ÞINGSETNINGARFUNDUR

mánudaginn 1. okt.

Árið 2001, mánudaginn 1. október, var hundrað tuttugasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og fjórða aðalþing í röðinni en hundrað fertugasta og önnur samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Gísli Gunnarsson steig í stólinn og lagði út af Lúk. 7:11–17.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
5. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
6. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
7. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
8. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
9. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
10. Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.
11. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
12. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
13. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
14. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
15. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
16. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
17. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
18. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
19. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
20. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
21. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
22. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
23. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
24. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
25. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
26. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
27. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
29. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
30. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
31. Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.
32. Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.
33. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
34. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurl.
35. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
36. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
37. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
38. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
39. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
40. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
41. Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
42. Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.
43. Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.
44. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
46. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
47. Sigríður Ingvarsdóttir, 4. þm. Norðurl. v.
48. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
49. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
50. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
51. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
52. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
53. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
54. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.
56. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
57. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.
58. Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
61. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
62. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:15]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 5. september 2001 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 5. september 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001."

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett og óska þingmönnum velfarnaðar í vandasömum verkum.

Alþingi kemur nú saman við aðstæður sem breytt hafa heimsmyndinni meira en nokkurn gat órað fyrir. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum voru ekki aðeins atlaga að þjóðinni sem þar býr heldur einnig atlaga að mannkyni öllu og þeim gildum sem verið hafa burðarásar í samfélagi siðaðra manna. Á morgunstundu létu þúsundir saklausra borgara lífið og sárin í sálu þeirra sem eftir lifa eru svo djúp að þau munu aldrei gróa að fullu. Árásin var hræðilegri og miskunnarlausri en við höfum áður getað gert okkur í hugarlund og þeir sem glæpinn skipulögðu skýla sér enn bak við leyndarhjúp nafnleysis og þagnar, tilgangurinn er hulinn, markmiðin hjúpuð myrkri.

Íslendingar hafa einhuga vottað bandarísku þjóðinni samúð og hluttekningu og hugur okkar hefur dvalið hjá ættingjum og vinum þeirra sem lífið létu. Sú samstaða er ítrekuð hér þegar Alþingi Íslendinga, elsta stofnun þjóðar okkar, kemur saman á ný. Við biðjum og vonum að ódæðisöflin sem verkið frömdu verði í fyllingu tímans látin sæta dómi og dregin til ábyrgðar á þann hátt sem ótvíræður verður talinn. Aðeins

með órofa samstöðu þjóða heims mun okkur takast að glíma við þessa nýju ógn.

Við sjáum nú skýrar en oftast áður hve samofin örlög þjóða eru orðin og hve mikilvægt er að sáttmálar alþjóðasamfélagsins séu virtir. Rætur vandans liggja víða og vafalaust mun taka langan tíma að komast fyrir þær að öllu leyti. Fáfræði og fátækt hafa löngum verið jarðvegur öfgaafla og gæðum heims er því miður svo misjafnlega skipt að hætta er á að hryðjuverkasamtök geti áfram náð að endurnýja raðir sínar. Því skiptir miklu að sýna þolinmæði og forðast að einfalda vandann um of.

Við Íslendingar höfum blessunarlega náð að festa hér í sessi opið og frjálst samfélag byggt á lýðræði og lögmálum réttarríkis og náð þeim árangri án þeirra mannfórna sem margar þjóðir heims hafa orðið að þola. Sjálfstæðisbarátta okkar var háð með orðsins brandi einum meðan aðrir urðu að beita vopnavaldi og við varðveitum enn þann þjóðarbrag að þeir sem fólkið felur trúnað eru frjálsir ferða sinna líkt og gildir um aðra landsmenn. Þannig hefur íslenskt samfélag löngum verið og verður vonandi um alla tíð. Við skiljum nú skarpar en nokkru sinni hvílík verðmæti eru í því fólgin.

Um leið og við leggjum baráttunni gegn hryðjuverkum það lið sem við megnum er mikilvægt að árétta að vonin um hið frjálsa og örugga samfélag er ekki draumsýn ein heldur getur einnig orðið veruleiki. Erindi Íslendinga meðal þjóða heims er einkum að árétta hin siðrænu gildi sem gera okkur frjáls, skapa með öllum mönnum öryggi og samkennd á grundvelli þess réttlætis sem í lýðræðinu felst.

Það hafa orðið vatnaskil í veröldinni og leiðin fram undan er okkur ókunn að flestu leyti. Hafin er vegferð sem enginn veit hvert leiða muni. Við erum öll, þjóðir heims, líkt og landkönnuðir á hættuslóðum staðráðin í að ná árangri í þörfu verki en án öruggrar leiðsagnar um hvort eða hvernig við munum ná heil heim á ný.

Við búum vissulega að góðu veganesti, lærdómum sögunnar og þeim lífsgildum sem eru órofa hluti af sjálfsvitund okkar og réttlætishugsjón. Samt hefur ógnin sem heiminum birtist á septembermorgni svipt okkur öryggi og fótfestu sem við áður nutum. Fram undan er tími óvissu og erfiðra ákvarðana, vegferð um slóðir sem þjóðir heims hafa aldrei þurft að feta áður. Ekkert okkar getur á þessari stundu skilið til hlítar eðli þeirra tímamóta sem hryðjuverkin mörkuðu. En eitt er víst, að veröldin verður aldrei söm og áður. Nú er því þörf á nýrri hugsun, handleiðslu þeirra siðrænu gilda sem verið hafa samfélagi okkar leiðarljós. Umburðarlyndi, samúð og skilningur eru samgróin vitund okkar og vissu um ágæti hins opna og frjálsa samfélags og í glímunni við hina nýju ógn má ekki kasta fyrir róða þeim eiginleikum sem gefið hafa frelsi og lýðræði sérstakt gildi. Það koma þeir tímar í lífi þjóða að fordómar og fjandskapur í annarra garð hljóta að víkja fyrir þeirri samstöðu sem nauðsynleg er, að átök um hagsmuni eða reipdráttur verða léttvæg fundin í samanburði við hin brýnu verk sem að höndum ber. Við lifum nú á slíkum tímum og vonandi munum við og aðrar þjóðir reynast þessum vanda vaxin.

Við höfum þegar fundið hvernig voðaverkin hafa með afgerandi hætti haft áhrif á efnahagslíf, hagsæld og lífskjör um heiminn allan. Enginn veit hve djúpstæð eða langvarandi slík áhrif kunna að verða og því er brýnt að við sýnum nú enn meiri varkárni og fyrirhyggju.

Íslenskt efnahagslíf hefur löngum haft tilhneigingu til að fara úr böndum þegar ytri áföll eða kappsemin í okkur sjálfum hafa skapað álag sem leitt hefur til verðbólgu og raskað viðkvæmu jafnvægi. Það má ekki gerast nú. Við verðum umfram allt að varðveita árangur og stöðugleika sem náðst hafði að festa í sessi á undanförnum áratug. Hið opna hagkerfi og alþjóðleg samskipti í fjármálum og viðskiptalífi hafa skapað stjórnvöldum aðstæður og skilyrði sem að mörgu leyti þrengja kostina til aðgerða á hverjum tíma og því er brýnt að samræma vel markmiðin sem að er stefnt, einkum þegar saman fara ýmis hættumerki hjá okkur sjálfum og mikill óvissutími í efnahagsmálum heimsins alls. Við þurfum nú að vega og meta á nýjan hátt hve langt má ganga í fjárfrekum fjárfestingum eigi verðlag og gengi að haldast stöðugt. Við þurfum að finna það meðalhóf sem fylgja má til að auka hagsæld og þjóðartekjur án þess að glata þeim stöðugleika sem tókst að ná með miklum fórnum. Í slíku mati verður ábyrgð Alþingis jafnan mikil og ég veit að þingheimur mun á komandi vetri vanda það verk og hafa í huga þær aðstæður sem nú hafa skapast um heiminn allan.

Það hefur verið okkar gæfa að hafa á umliðnum áratugum náð að leggja traustan grundvöll að velferð og hagsæld þjóðarinnar. Vonandi mun það lán áfram fylgja okkur þótt veröldin sé orðin vályndari.

Ég óska alþingismönnum velfarnaðar í vandasömum verkum sem bíða Alþingis á komandi vetri og bið þingheim að rísa á fætur og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með feröldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Pál Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:26]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa. Ég vona að störf Alþingis sem nú eru að hefjast verði landi og þjóð til heilla. Enn fremur læt ég í ljós þá ósk að við alþingismenn eigum gott samstarf við starfsfólk Alþingis eins og endranær.

Þingmennskuafsal Árna Johnsens og Hjálmars Jónssonar.

[14:28]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Borist hefur svofellt bréf, dagsett 2. ágúst 2001:

„Herra Halldór Blöndal, forseti Alþingis.

Ég undirritaður segi hér með af mér þingmennsku.

Virðingarfyllst,

Árni Johnsen.“

Samkvæmt þessu bréfi verður Drífa Hjartardóttir 1. þm. Suðurl. en hinn nýi þingmaður, Kjartan Ólafsson, verður 4. þm. Suðurl. Hann hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég býð Kjartan Ólafsson velkominn til þingstarfa.

Þá hefur borist annað bréf, dagsett 8. september 2001:

„Alþingi Íslendinga.

Halldór Blöndal forseti.

Ég undirritaður, 1. þm. Norðurl. v., segi hér með af mér þingmennsku. Ástæða þess er sú að ég hef tekið við embætti dómkirkjuprests og mun helga mig því fyrst og fremst.

Ég var kjörinn þingmaður 8. apríl 1995 en sat á þingum sem varamaður frá árinu 1991. Ég þakka þann trúnað sem mér hefur verið sýndur í störfum og þjónustu sem þingmanni og óska hinu háa Alþingi, alþingismönnum og starfsliði öllu velfarnaðar í bráð og lengd.

Hjálmar Jónsson.“

Samkvæmt þessu bréfi verður Vilhjálmur Egilsson 1. þm. Norðurl. v. en hinn nýi þingmaður, Sigríður Ingvarsdóttir, verður 4. þm. Norðurl. v. Hún hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég býð Sigríði Ingvarsdóttur velkomna til þingstarfa.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[14:29]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru og ekki hreyfa andmælum við því.

Mér hefur borist ein tilnefning, um 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal.

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist og Halldór Blöndal er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri fer kosningin fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum. Þeir sem kjósa Halldór Blöndal ýti á já-hnappinn en þeir sem vilja skila auðu ýti á hnappinn sem merktur er: greiðir ekki atkvæði. Á töflu á veggjum koma aðeins gul ljós því atkvæðagreiðslan er leynileg. Ég vek sérstaka athygli á því að á borðum þingmanna kviknar gult ljós við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt frá borði, sama á hvaða hnapp er ýtt.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Halldór Blöndal**, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 42 atkvæði, 19 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[14:30]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Samkvæmt þessu er Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., réttkjörinn forseti Alþingis.

Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við stjórn fundarins.

Ávarp forseta.

[14:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Páli Pétursyni, hlý orð í minn garð. Ég þakka hv. alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig á ný forseta Alþingis. Ég met það traust mikils.

Að venju hefur forsn. samþykkt starfsáætlun fyrir það þing sem nú er að hefjast og hefur henni verið útbýtt til þingmanna í dag. Þingfrestun að vori er áformuð í fyrra lagi á þessu þingi vegna sveitarstjórnarkosninga sem halda á 25. maí. Á seinasta þingi tókst okkur að standa við starfsáætlunina og ljúka þingstörfum á tilsettum tíma og vænti ég þess að svo megi einnig verða á þessu þingi.

Útboð í annan áfanga framkvæmda við Skálann fór fram í sumar og var tekið tilboði Íslenskra aðalverktaka í verkið. Samningurinn við verktaka kveður á um að framkvæmdum ljúki 23. ágúst á næsta ári og er gert ráð fyrir að byggingin verði tekin í notkun fyrir upphaf þings það ár. Miðað er við að hægt verði að taka bílastæði í kjallara Skálans í notkun nokkru fyrr eða í mars eða apríl 2002. Eins og kunnugt er verður tengibygging milli Skálans og Alþingishússins og leiðir af því að gera þarf nokkrar breytingar á þinghúsinu. Auk þeirra breytinga er fyrirhugað að ráðast í ýmsar aðrar breytingar á Alþingishúsinu á sumri komanda er miða að því að færa þinghúsið meir í upprunalegt horf. Það má til gamans geta þess að bygging Skálans er fyrsta byggingarframkvæmdin sem Alþingi ræðst í síðan viðbygging sem við nefnum Kringlu, var reist við Alþingishúsið árið 1908.

Seinasta fimmtudag var opnaður nýr vefur Alþingis. Að mínu mati er með þessum nýja vef stigið stórt skref í þá átt að bæta þjónustu við alþingismenn og allan almenning. Með nýja vefnum er Alþingi sem fyrr í fararbroddi þjóðþinga í Evrópu í vefútgáfu. Ég vil færa öllum þeim sem unnu að gerð vefsins kærar þakkir fyrir þeirra störf.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til þingheims fyrir að trúa mér fyrir forsetaembættinu. Ég vona að mér takist að eiga gott samstarf við hv. alþingismenn.

Þessum fundi er nú frestað til klukkan fjögur.

Fundi frestað kl. 14:43.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

mánudaginn 1. okt.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. Heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna,
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. Menntamálanefnd, 9 manna,
   i. Samgöngunefnd, 9 manna,
   j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. Umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna,
3. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar 17. maí 1999:

a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna,
b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna,
c. Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins, 3 manna og 3 varamanna,
d. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna,
e. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, 3 manna og 3 varamanna,
f. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, 5 manna og 5 varamanna,
g. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna,
h. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna,
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Lagt fram á lestrarsal:
Áskorun nokkurra félagasamtaka og stofnana um aðgerðir gegn kynþáttafordómum.
Erindi frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar.

[16:01]

Útbýting þingskjala:
Fjárlög 2002, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.
Þjóðhagsáætlun 2002, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[16:02]

Forseti (Halldór Blöndal):
Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal fara fram kosning sex varaforseta. Það er tillaga forseta að þessu sinni verði einungis kosnir fjórir varaforsetar. Leita þarf afbrigða frá þingsköpum um að kosning 5. og 6. varaforseta fari ekki fram að svo stöddu og skoðast þau samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.
Hefst þá kosning fjögurra varaforseta. Ég bið um lista.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi samkvæmt samþykktum afbrigðum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:
1. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
2. varaforseti: Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
3. varaforseti: Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
4. varaforseti: Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.

[16:02]

Forseti (Halldór Blöndal):
Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundarstörf og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu fastanefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd:
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Ásta Möller (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Gunnar Birgisson (A),
Hjálmar Árnason (A).

3. Félagsmálanefnd:
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A)
Magnús Stefánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Jónína Bjartmarz (A).

4. Fjárlaganefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Kristján Pálsson (A),
Jón Bjarnason (B),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Drífa Hjartardóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B),
Ásta Möller (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

6. Iðnaðarnefnd:
Guðjón Guðmundsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Árni Steinar Jóhannsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

7. Landbúnaðarnefnd:
Drífa Hjartardóttir (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Karl V. Matthíasson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þuríður Backman (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

8. Menntamálanefnd:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

9. Samgöngunefnd:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Hjálmar Árnason (A),
Kristján L. Möller (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Jón Bjarnason (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A),
Magnús Stefánsson (A).

10. Sjávarútvegsnefnd:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Hjálmar Árnason (A).

11. Umhverfisnefnd:
Kristján Pálsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Magnús Stefánsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Gunnar Birgisson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Ásta Möller (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

12. Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Magnús Stefánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jónína Bjartmarz (A).

Varamenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Kristján Pálsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

[16:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Tafla með fundatíma fastanefnda verður væntanlega tilbúin á morgun. Það er ósk forseta að fastanefndir komi saman til fundar hið fyrsta til að kjósa sér formann og varaformann og eftir atvikum til ræða störf nefndanna á þessu þingi.

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar 17. maí 1999.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu alþjóðanefndir svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ásta Möller (A).

Varamenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

Varamenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristján L. Möller (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Jónína Bjartmarz (A).

Varamenn:
Árni R. Árnason (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:
Aðalmenn:
Kristján Pálsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Katrín Fjeldsted (A).

Varamenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Sigríður Ingvarsdóttir (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Ögmundur Jónasson (B).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Magnús Stefánsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Einar K. Guðfinnsson (A).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Rannveig Guðmundsóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

Varamenn:
Ásta Möller (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Kjartan Ólafsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B).

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Þá var hlutað um sæti þingmanna. Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
3. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
4. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
5. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
6. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.
7. sæti hlaut Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
8. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
9. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich.
10. sæti hlaut Kristján L. Möller.
11. sæti hlaut Þuríður Backman.
12. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
13. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
14. sæti er sæti varamanns.
15. sæti hlaut Jón Bjarnason.
16. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
17. sæti hlaut Sigríður Ingvarsdóttir.
18. sæti hlaut Sigríður Jóhannesdóttir.
19. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
20. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
21. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
22. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
23. sæti hlaut Sverrir Hermannsson.
24. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
25. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
26. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
27. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
28. sæti hlaut Árni Steinar Jóhannsson.

29. sæti hlaut Árni R. Árnason.
30. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
31. sæti hlaut Halldór Blöndal.
32. sæti er sæti varamanns.
33. sæti er sæti varamanns.
34. sæti hlaut Ásta Möller.
35. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
36. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
37. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
38. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
39. sæti hlaut Katrín Fjeldsted.
40. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
41. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
42. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
43. sæti hlaut Karl V. Matthíasson.
44. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
45. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
46. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
47. sæti hlaut Kjartan Ólafsson.
48. sæti hlaut Jónína Bjartmarz.
49. sæti hlaut Kristján Pálsson.
50. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
51. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.
52. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
53. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
54. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
55. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti umhverfisráðherra.
59. sæti er sæti samgönguráðherra.
60. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
61. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti menntamálaráðherra.
66. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
67. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
68. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
69. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
70. sæti er sæti varamanns.
71. sæti er sæti varamanns.

Fundi slitið kl. 16:26.

---

2. FUNDUR

þriðjudaginn 2. okt.,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.

[19:50]

Útbýting þingskjala:
Áfangaskýrsla um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 9. mál, þáltill. JÁ og ÞSveinb, þskj. 9.
Átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni, 5. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 5.
Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 53. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 53.
Félagsleg aðstoð, 23. mál, frv. MF o.fl., þskj. 23.
Félagslegt forvarnastarf, 14. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 14.
Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, 4. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 4.
Fjárreiður ríkisins, 26. mál, frv. JB, þskj. 26.
Kirkjuskipan ríkisins, 19. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 19.
Kosningar til Alþingis, 13. mál, þáltill. SvH og GAK, þskj. 13.
Lífeyrissjóður sjómanna, 10. mál, frv. GAK, þskj. 10.
Lög um landsdóm, 12. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 12.
Lög um ráðherraábyrgð, 15. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 15.
Rekstur Ríkisútvarpsins, 7. mál, þáltill. SvH, þskj. 7.
Stéttarfélög og vinnudeilur, 16. mál, frv. GAK, þskj. 16.
Stimpilgjald, 18. mál, frv. MF, þskj. 18.
Stjórn fiskveiða, 3. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 3.
Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, 17. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 17.
Vatnalög, 11. mál, frv. SJS og KolH, þskj. 11.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

[19:50]

Forseti (Halldór Blöndal):
Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir og hefur hver þingflokkur, aðrir en þingflokkur forsrh., til umráða 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð sex mínútur og í hinni þriðju fimm mínútur hver þingflokkur.
Röð flokkanna í öllum umferðum er þessi: Sjálfstfl., Samfylkingin, Framsfl., Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.
Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl. Davíð Oddsson forsrh. í fyrstu umferð, í annarri umferð Ásta Möller, 19. þm. Reykv., og Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl., í þriðju umferð. Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv., Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl., í annarri og Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., í þriðju umferð. Fyrir Framsfl. tala Siv Friðleifsdóttir umhvrh. í fyrstu umferð, í annarri Jón Kristjánsson, heilbr.- og trmrh., og í hinni þriðju Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl. Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e., í fyrstu umferð, í annarri umferð Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv., og í hinni þriðju Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v. Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., og Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í annarri og þriðju umferð.

[19:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Heimurinn er í nokkru uppnámi um þessar mundir og þarf engan að undra. Gerð hefur verið óvenjulega hatursfull árás á óbreytta borgara í Bandaríkjunum. Illvirkjarnir, sem skipulögðu árásina, hafa ekki lýst glæpnum á hendur sér. Allir góðir og réttsýnir menn í veröldinni eru sammála um að þessum árásum og þeirri ógn sem þær valda verði að svara, helst þannig að eyðingaröflin verði með öllu upprætt. Íslendingar hafa óhikað skipað sér í hóp þeirra þjóða sem bregðast vilja við af mikilli festu. Eðli málsins samkvæmt verðum við fjarri því að vera í forustu, en við hljótum að vera tilbúnir til að leggja það af mörkum sem við megum. Auðvitað er enginn að tala um blindar hefndaraðgerðir í garð heilla þjóða eða þeirra sem ekki hafa annað til saka unnið en að aðhyllast önnur trúarbrögð en við. Enginn er að tala um að fara með aðgerðir vestrænna þjóða niður á eymdarstig hryðjuverkamannanna. Hvorki NATO sem heild né einstakar bandalagsþjóðir hafa samþykkt slíkar aðgerðir, enda hefur enginn eftir slíku samþykki leitað. Þeir, sem gefa slíkt í skyn, eru á villigötum sjálfir, eða eru að reyna að villa um fyrir öðrum.

Daginn eftir árásina á Bandaríkin lýsti Atlantshafsbandalagið yfir að hún jafngilti árás á öll bandalagsríkin. Ísland bar að sjálfsögðu ábyrgð á þessari yfirlýsingu eins og önnur ríki bandalagsins. Öryggisstefna NATO, sem samþykkt var á leiðtogafundi þess fyrir tveimur árum, gerir ráð fyrir að bandalagsþjóðirnar kunni að þurfa að bregðast sameiginlega við hryðjuverkum. Aðför sú gegn hryðjuverkaöflum, sem nú er í undirbúningi á alþjóðavettvangi, er ekki hefndaraðgerð heldur refsiaðgerð og lögregluaðgerð. Okkur er skylt að taka þátt í að refsa þeim sem ábyrgð bera á hryllilegum glæp og neyta allra úrræða til að koma í veg fyrir fleiri ódæði. Önnur afstaða kemur ekki til greina, ef vært á að vera í heiminum. Að öðrum kosti er niðurstaðan sú að enginn verður óhultur nema glæpamennirnir og hjálparkokkar þeirra.

Hin mannlega eyðilegging skiptir auðvitað mestu. En efnahagslegar afleiðingar voðaverksins eru einnig tilfinnanlegar, einkum ef tilræðismönnunum hefur tekist að valda varanlegum ótta meðal lýðræðisþjóðanna. Þá er hætt við að úr umsvifum dragi og ýmsir þættir efnahagslífsins verði þyngri og tímafrekari en fyrr. Einn anga erfiðleikanna, sem fylgt hafa í kjölfar árásanna, bar hratt hingað og varðaði tryggingarmál hins öfluga flugflota landsins, sem skyndilega voru komin í mikil óefni. Varð að bregðast hratt við og með óvenjulegum og umdeilanlegum aðgerðum. Vil ég, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, þakka forustumönnum stjórnarandstöðunnar fyrir jákvæða aðkomu að málinu.

Eins og dómsmrh. hefur bent á opinberlega er nú nauðsynlegt að skoða lagaumhverfi hryðjuverkabrota í ljósi nýjustu atburða. Vinna þarf að fullgildingu tveggja alþjóðasamninga á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þetta er samningur sem setur skorður við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og samningur gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Samhliða öðrum breytingum á refsilöggjöfinni vegna hryðjuverka er stefnt að lagabreytingum sem miða að því að banna notkun dulbúninga á mótmælafundum. Er hér litið til þeirra upphlaupa og óeirða sem blásið hefur verið til í tengslum við alþjóðlega fundi þar sem hettuklæddir atvinnumenn í ofbeldi hafa staðið fyrir árásum og skemmdarverkum. Loks verður í samvinnu við nágrannaþjóðir okkar hugað að breytingum á lögum og reglum í tengslum við framsal manna fyrir alvarlegustu brot eins og hryðjuverk.

Áður en dró til þeirra hörmungaratburða sem ég nefndi áðan höfðu markaðir víða um heim verið að veikjast vegna óvissu í efnahagsmálum, ekki síst í Bandaríkjunum og Japan, og samdráttareinkenni í sumum stærstu ríkjum Evrópusambandsins bættu ekki úr skák. Með árásunum fengu markaðirnir enn þung högg, enda eru ótti og óvissa versta innanmein frjáls markaðar. Hlutabréfamarkaðurinn hér á landi veiktist verulega síðustu missiri og fylgdi hann því sem var að gerast erlendis, en einnig komu til sérstakar staðbundnar ástæður. Sterk og skýr merki voru þó komin fram um að botni væri náð og fyrirtækin myndu brátt styrkjast. Verðbólga hafði aukist víða, en þó meira hér en í viðmiðunarlöndunum, og var breytingin nokkuð í takt við gengi krónunnar. Nú er verðbólga tekin að hjaðna á ný og horfur eru allgóðar, þótt verðbólga mæld 12 mánuði aftur í tímann verði enn um sinn há. En framtíðarhorfurnar eru þýðingarmeiri en fortíðin. Nú er því spáð að verðbólga verði 3,4% frá upphafi til loka næsta árs. Seðlabankinn hefur sagt að hann muni lækka sína vexti þegar hann sjái örugg teikn um að hans eigin spár gangi eftir. Einnig mun bankinn taka mið af því hvort stöðugleiki ríki á vinnumarkaði. Gangi þessar spár og vonir eftir ættu vaxtalækkanir að vera í sjónmáli.

Ríkisstjórnin er nú að leggja síðustu hönd á nýjan áfanga í þeim skattaumbótum sem hún hefur staðið fyrir á undanförnum árum. Algengt er að heyra menn rugla saman, óviljandi eða vísvitandi, eftir því hver á heldur, skatthlutföllum og skatttekjum. Ríkisstjórnin hélt því fram þegar hún lækkaði skatta á fyrirtæki úr 50% í 30% á sínum tíma að sú lækkun mundi, þegar upp væri staðið, skila meiri tekjum í ríkissjóð en áður því fyrirtækjunum gæfist eftir lækkunina aukið svigrúm til athafna og þar með til tekjuöflunar. Sama var sagt um skatt á fjármagnstekjur. Mat ríkisstjórnarinnar gekk eftir hvað fyrirtækin varðaði eins og beinharðar tölur sýna og reynslan varð einnig sú að 10% skattur á ýmis umsvif á fjármagnsmarkaði skilar mun meiri tekjum en 40–45% skattur gerði áður, vegna þess að hinn hái skattur drap öll viðskipti í dróma og þar með var ekkert til að skattleggja. Það er undrunarefni að ýmsum vinstri mönnum virðist fyrirmunað að skilja að 45% skattur á lítil sem engin viðskipti sé lakari kostur fyrir ríkissjóð en 10% skattur á mikil og líflega viðskipti.

Breytt efnahagsumgjörð gerði okkur kleift að auka kaupmátt launa á fáeinum árum hraðar en tókst að gera annars staðar. Lækkandi skatthlutfall á einstaklinga skilaði þannig meiri skatttekjum en hærra skatthlutfall hafði áður gert. Falsspámennirnir segja að skattar hafi verið hækkaðir, þegar hið rétta er að skatthlutföll hafa verið lækkuð, en skatttekjur hafa aukist eins og ríkisstjórnin spáði. Ekki þarf að taka fram að stjórnarandstaðan lagðist ætíð þungt gegn tillögum ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir og kæmi ekki á óvart þótt sú verði raunin, þegar stjórnarflokkarnir kynna tillögur sínar á næstunni.

Herra forseti. Tekjuskattar einstaklinga á Íslandi eru með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Þetta stafar bæði af háum persónuafslætti og eins er almenna skatthlutfallið tiltölulega lágt í samanburði við aðrar þjóðir. En rétt er að hafa í huga að tekjuskattskerfi Íslands, líkt og flestra annarra landa, er þannig uppbyggt að skattbyrðin fylgir hagsveiflunni. Hún hækkar sjálfkrafa þegar vel árar en lækkar þegar kreppir að. Þannig fæst ákveðin sveiflujöfnun í efnahagslífið, þ.e.

haldið er aftur af uppsveiflunni og dregið úr niðursveiflunni. Slík sveiflujöfnun er talin nauðsynleg í nútímahagkerfi og stuðlar að auknum stöðugleika. Þetta þýðir í raun að óteljandi hátekjuþrep eru í raun innbyggð í okkar skattkerfi. Sérstakt hátekjuþrep hlýtur því að orka tvímælis.

Herra forseti. Sjávarútvegsráðherra hefur nýlega kynnt tillögur nefndar um stjórn fiskveiða og hefur þrátt fyrir allt náðst meiri sátt um þær tillögur en títt er og er þó ágreiningur nægur. Meiri hluti myndaðist í nefndinni en einn stjórnarþingmaður hefur fyrirvara og stjórnarandstaðan er þverklofin í málinu. Bendir þó flest til þess að byggja megi í öllum meginatriðum á áliti meiri hluta nefndarinnar. Augljóst er að ríkt tillit hefur verið tekið til ítarlegrar skýrslu svokallaðrar auðlindanefndar þótt ekki sé þar hverjum bókstaf fylgt. Nú tekur við meðferð málsins í ríkisstjórn og þingflokkum og loks hér á Alþingi sjálfu og er óskandi að sem flestir rísi undir því að horfa fremur til heildarhagsmuna í málinu en að hengja sig fasta í smærri atriði sem sagan sýnir að vonlítið er að ná meirihlutasamstöðu um. Pólitískur keilusláttur hefur gert íslenskum sjávarútvegi mikinn skaða síðustu ár og áratugi og er mál að linni.

Staða sjávarútvegsins er athyglisverð um þessar mundir. Þegar horft er til árstíðabundinna uppgjöra mætti ætla að allt væri á vonarvöl. Það er vegna reglna um að færa beri í einu lagi áhrif gengisbreytinga þótt þær komi fram á löngum tíma í rekstri fyrirtækjanna. Hátt verð á afurðum sem hækkar enn vegna þróunar gengis er á hinn bóginn ekki fært til bókar á sama tíma. Þessar breytingar gera miklu meira en að vega upp þann aflasamdrátt sem verður vegna óhjákvæmilegra ákvarðana um kvóta. Ekki er vafi á því að þegar hin jákvæðu teikn fara að skila sér á blað munu þau ekki eingöngu hafa jákvæð áhrif í sjávarútvegsfyrirtækjunum heldur á nær allan hlutabréfamarkaðinn. Enn er sjávarútvegurinn mesti örlagavaldurinn í íslensku efnahagslífi þótt aðrir þættir séu að festa sig í sessi. Okkur bar að styðja vöxt nýrra greina. Við höfum fylgst með því á undanförnum árum hvernig nágrannar okkar Írar hafa sveigt til reglur og viðteknar hugmyndir til að greiða leið nýrra áhugaverðra fyrirtækja inn í sitt efnahagslíf. Eins og fyrr sagði er ríkisstjórnin að ræða einn slíkan þátt og hann ekki lítinn, sjálft skattaumhverfið. Við eigum ekki að láta við það sitja því við sérstakar aðstæður getur verið rétt að horfa til enn fleiri átta ef gullin tækifæri gefast hér eins og hafa gefist á Írlandi. Það er ástæða til að sýna meiri djörfung í þeim efnum en við höfum áður gert.

Ágætishorfur eru nú í orkuiðnaði landsmanna og er þýðingarmikið að við nýtum okkur þá möguleika. Virkjunin við Kárahnjúka er mjög álitlegur kostur hvernig sem á málið er litið og væri mikill skaði ef það stóra tækifæri gengi okkur úr greipum. Ekki liggur fyrir hvort samdráttur í flugumferð hefur áhrif á álframleiðslu og álverð í heiminum til lengri tíma, en þessi iðnaður hefur staðið vel af sér árssveiflur á fyrri óvissuskeiðum. Því ætti ekki að vera ástæða til að ætla að nýliðnir atburðir dragi varanlega úr þeim mikla áhuga sem vart hefur orðið að undanförnu á auknum fjárfestingum í þessum greinum hér á landi.

Herra forseti. Með markvissum hætti hefur verið dregið úr þenslu á undanförnum missirum. Það var ætíð sagt að sú aðgerð ætti að taka töluverðan tíma því nauðhemlun í efnahagslífinu mundi gera meira ógagn en gagn. Nú er ljóst að nokkuð dregur úr hagvexti á þessu ári. Viðskiptahalli fer ört minnkandi og þar með dregur úr þrýstingi á gengið. Fyrirliggjandi spár benda til þess að á næsta ári gæti orðið um lítils háttar samdrátt að ræða og viðskiptahalli haldi áfram að minnka, jafnframt því sem ört dragi úr verðbólgu. Það er því kominn rétti tíminn til að búa í haginn fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Hér munu fyrirhugaðar skattalækkanir gegna þýðingarmiklu hlutverki auk þess sem forsendur ættu brátt að vera fyrir vaxtalækkun. Einnig er því spáð að afkoma fyrirtækja í útflutningi og samkeppnisgreinum muni batna verulega á næstu mánuðum. Enn fremur er nú unnið ötullega að undirbúningi nýrra og arðbærra fjárfestinga, einkum í stóriðju, en ákvarðanir um slíkar framkvæmdir gætu haft áhrif þegar á næsta ári. Það er því flest sem bendir til þess að um nokkurn hagvöxt gæti orðið að ræða á næsta ári þegar áhrifa aðgerða fer að gæta, ef efnahagsframvindan á alþjóðavettvangi setur ekki strik í reikninginn.

Áætlanir benda til að hagvöxtur verði um 2,5% á ári frá 2003 til 2006 og viðskiptahalli haldi áfram að minnka. Ef ráðist verður í þær stóriðjuframkvæmdir sem nú eru í undirbúningi verður hagvöxturinn talsvert meiri. Það eru því allar forsendur til þess að hagur þjóðarinnar geti dafnað vel á næstu árum.

Á undanförnum árum hafa heildarframlög til rannsókna og þróunar á Íslandi aukist hröðum skrefum. Aukningin hefur fyrst og fremst orðið vegna aukinnar þátttöku fyrirtækja í rannsóknum en einnig með aukningu rannsókna á vegum hins opinbera samhliða uppbyggingu innan vébanda háskólans. Samhliða þessari þróun hefur afrakstur og árangur af rannsóknastarfsemi vaxið ört. Það sést í fjölmörgum nýjum tæknifyrirtækjum, endurnýjun og vexti eldri fyrirtækja og fjölgun starfa á sviði hátæknigreina. Þetta er áberandi í hugbúnaðargerð, lækninga- og stoðtækjaframleiðslu, lyfjaþróun, líftækni, erfðavísindum og fleiri greinum.

Hluta þessa árangurs má rekja til þeirrar hvatningar sem efling rannsóknasjóða hefur haft hér á landi og þeirra vinnubragða sem tekin voru upp við mat á umsóknum í samkeppni og eftirliti með nýtingu styrkjanna samkvæmt samningum um einstök verkefni. Allir tiltækir mælikvarðar benda til þess að sú fjárfesting hafi skilað sér vel. Breytt efnahagsumhverfi og aukið frelsi á fjármálamarkaði á tíunda áratugnum hefur einnig skapað mikilvægar forsendur þess að þekkingin nýtist með þessum hætti.

Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun laga sem þessir þættir lúta. Vægi málaflokksins verður aukið með því að stefnumótun fari fram í ráði sem starfi undir stjórn forsætisráðherra. Þar munu ráðherrar auk vísindamanna og fulltrúa atvinnulífs móta stefnu í málefnum rannsókna og þróunar. Er þetta nýlunda á Íslandi.

Nú er orðið ljóst að stærstu einkavæðingaráfangar ríkisstjórnarinnar munu nást á þessu kjörtímabili. Sala á hlutabréfum í Landssímanum hófst í fyrra mánuði. Nokkurt veður hefur verið gert út af þeirri sölu og dræmari undirtektum almennings og stofnfjárfesta en vænta hefði mátt, þegar haft var í huga um hve gott fyrirtæki var að ræða. Gengu sumir jafnvel svo langt að fullyrða að útkomunni yrði jafnað við stóráfall. Það er reyndar alþekkt að í dægurumræðunni hafi orð fallið mjög í verði. Fréttastofur kalla sérhvert smáverkfall í opinberum rekstri „neyðarástand" en það er sama orðið og notað var til að lýsa ástandinu á Manhattan í New York eftir árásina miklu. Vissulega hefði salan á bréfum í Landssíma Íslands mátt ganga greiðar fyrir sig en enginn skaði er orðinn. Ekkert áfall varð. Íslendingar munu áfram fá tækifæri til að eignast bréf í Landssímanum og stofnfjárfestar fá, þótt síðar verði, góð tækifæri til að átta sig og sjá til sólar og það sem

öllu máli skiptir er að staða Landssímans er óbreytt. Undirbúningur að sölu á hlutum ríkisins í Landsbanka Íslands heldur áfram og gengur sú sala vonandi vel.

Herra forseti. Nú sem fyrr taka heilbrigðismálin til sín drýgstan hlut ríkistekna og eftir því sér enginn þótt nauðsynlegt sé að sýna gætni og útsjónarsemi við notkun þeirra miklu fjármuna. Heilbrigðisráðherra hefur undirstrikað að meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum sé að tryggja landsmönnum heilbrigðisþjónustu þar sem allir hafi jafnan rétt, óháðan aðstæðum og búsetu. Á þetta ekki hvað síst við um aðgengi og þjónustu heilsugæslunnar sem er grunnstig heilbrigðisþjónustunnar. Fram undan er endurskipulagning heilsugæslunnar, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni. Sérstaklega verður hugað að mannaflaþörfinni og viðbrögðum við þeirri manneklu sem nú er við að fást.

Annað stórverkefni á sviði heilbrigðismála er að leggja grunn að aðgerðum í geðheilbrigðismálum í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var á Alþingi í vor. Geðraskanir eru meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi. Það eru æðimörg íslensk heimili sem þurfa að kljást við þennan vanda þótt það fari ekki alltaf hátt. Þessir sjúkdómar eru taldir valda meira vinnutapi og kostnaði fyrir samfélagið en flestir aðrir sjúkdómaflokkar, sem undirstrikar mikilvægi þess að bregðast við þeim af mikilli alvöru.

Herra forseti. Ég hóf ræðu mína á að ræða alþjóðamál enda tilefnið ærið. Við Íslendingar viljum taka þátt í þróun alþjóðamála. Við göngum hiklaust bæði til samvinnu og samkeppni við aðra. Utanríkisráðherra hefur boðið til utanríkisráðherrafundar NATO hér á landi næsta vor. Líklegt er að þar verði þýðingarmiklar ákvarðanir undirbúnar, ekki síst þær sem lúta að stækkun NATO. Afstaða Íslands er skýr í því máli og ekki eru efni til þess nú að ætla að árásin á Bandaríkin þurfi að breyta viðhorfum vestrænna ríkja til stækkunar bandalagsins.

Samskiptin við Evrópusambandið eru Íslendingum afar mikilvæg. Af þeim sökum og í samræmi við stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er af hálfu stjórnvalda fylgst náið með þróun mála í sambandinu.

Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að huga að aðild að ESB. Sú staðreynd að enginn stjórnmálaflokkanna hefur gert umsókn um aðild að Evrópusambandinu að stefnumáli segir mikla sögu um hvernig þessi mál snúa að Íslendingum. Þetta má skýra með því að samningurinn um hið evrópska efnahagssvæði virkar eins og til var ætlast og tryggir alla helstu viðskiptahagsmuni Íslands í Evrópusambandinu. Það breytir ekki því að huga þarf að tæknilegri aðlögun samningsins að samrunaþróuninni í ESB á öðrum sviðum en lýtur að viðskiptum. Þá má stækkun sambandsins til austurs ekki skaða íslenska viðskiptahagsmuni í umsóknarríkjunum, sem vissulega eru til staðar, en það mál ber að leysa samkvæmt grundvallarreglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Þannig stendur upp úr að viðskiptahagsmunir Íslendinga í Evrópu þrýsta ekki á um inngöngu í Evrópusambandið. Jafnframt blasa áfram við margir þekktir ókostir fyrir Ísland af aðild að ESB. Af þessu leiðir að færa yrði einhver önnur rök fyrir inngöngu í Evrópusambandið en lúta að áþreifanlegum hagsmunum og meginforsendum lífskjara þjóðarinnar.

Alþjóðavæðingin veitir Íslendingum ný tækifæri og það væri óráðlegt fyrir Ísland að binda sig um of Evrópusambandinu. Aðild að því felur í sér aðild að tollabandalagi og að því leyti er ESB lokaður félagsskapur. Jafnframt er vitað að opin og fjölbreytt viðskipti við aðrar þjóðir eru forsenda efnahagslegrar velgengni Íslendinga.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þingstörf eru að hefjast og vænta má fjörlegs þinghalds þótt alvara starfsins víki hvergi. Ríkisstjórnin væntir góðs samstarfs við stjórnarandstöðuna um framgang mála þótt hún biðjist ekki undan gagnrýni, rökræðum og hörðum deilum eftir því sem við á. Þjóðin veit að þrátt fyrir átök á Alþingi stendur sameiginlegur vilji þingheims alls til þess að vinna landi sínu og þjóð allt það gagn sem hann má. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:12]

Össur Skarphéðinsson:

Góðir landsmenn. Tæplega tvö hundruð Íslendingar misstu vinnuna í síðustu viku vegna voðaverkanna í Bandaríkjunum 11. september. Næstum tvö hundruð manns hér á landi, víðs fjarri vettvangi glæpsins, horfa allt í einu til óvissrar framtíðar, þurfa allt í einu að leita sér að nýrri vinnu, verða allt í einu að útskýra fyrir börnum sínum og mökum gjörbreytta stöðu á heimilinu. Við sendum þessu fólki hlýjar kveðjur okkar allra héðan úr þingsalnum.

En uppsagnir hundruða Íslendinga sýna betur en annað að árás glæpamannanna í New York og Virginíu var líka atlaga gegn okkur. Einörð samstaða okkar og Evrópuþjóðanna með Bandaríkjunum hefur þegar haft áhrif. Vegna hennar er hættan á útbreiddri styrjöld miklu minni en ella og Bandaríkjamenn hafa líka áttað sig á því að önnur vopn kynnu að reynast gagnlegri í þessari baráttu heldur en hefðbundinn vígbúnaður. Það sýna yfirlýsingar þeirra, m.a. um viðbrögð á alþjóðlegum fjármálamarkaði sem glæpamenn og hryðjuverkasamtök hafa hingað til getað nýtt sér nánast hindrunarlaust í þeim krafti að fáir skeyti um lyktina af peningum.

Atburðirnir 11. september leiða einnig til þess að Íslendingar þurfa ásamt öðrum vestrænum og evrópskum ríkjum að skilgreina öryggisþarfir sínar upp á nýtt. Ógnin sem að okkur steðjar í formi árásar skipulagðs herafla yfir landamæri hefur dvínað inn í sólarlag kalda stríðsins. Hættur nútímans eru einfaldlega orðnar öðruvísi og þær eru miklu margslungnari en áður og við Íslendingar þurfum að skilgreina af ískaldri alvöru öryggisþarfir okkar, borgaranna, mannvirkjanna og samfélagsinnviða okkar. Nú standa fyrir dyrum viðræður um bókun við varnarsamninginn og ég geng út frá því sem vísu að viðbúnaður gegn nýjum ógnum sé meðal lykilatriða í þeim viðræðum.

Góðir Íslendingar. Hryðjuverkin vega líka með öðrum hætti að okkar eigin persónulega frelsi. Við höfum þegar heyrt kröfur um hvers kyns hátæknieftirlit, gagnabanka og skráningar, allt á kostnað þess persónulega frelsis sem við höfum notið. Ég tel, herra forseti, að það væri mikill ósigur ef glæpamennirnir næðu að breyta samfélagsgerð okkar, næðu að breyta lífsstíl okkar með því að ganga með þessum hætti á frelsi almennings og gegn því þarf að stemma.

Góðir landsmenn. Þegar einn flokkur situr allt of lengi við völd getur það birst í því að framkvæmdarvaldið tekur sér meiri völd en því ber. Samfylkingin vill sporna gegn söfnun valds á fáar hendur og um leið vinna að gagnsærra samfélagi með róttækum breytingum á stjórnkerfinu, með aukinni stjórnfestu. Í fyrsta lagi teljum við að setja verði lög um opnar rannsóknarnefndir og skapa þar með þinginu raunhæfa

möguleika til að sinna eftirlitsskyldu sinni með framkvæmdarvaldinu. Í öðru lagi er brýnt að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokka líkt og t.d. ríkjahópur Evrópuráðsins, sem kannar spillingu í aðildarríkjum, telur að Alþingi eigi að gera. Í þriðja lagi verður að skýra rækilega ábyrgð ráðherra. Það er vægt til orða tekið að halda því fram að sú ábyrgð sé óljós í lögum í dag. Í fjórða lagi þarf að taka upp nýja hætti við skipun dómara við Hæstarétt til að taka af öll tvímæli um að flokkapólitík hafi þar engin áhrif. Í fimmta lagi ættu ráðherrar að segja tímabundið af sér þingmennsku til að skilja enn frekar milli löggjafans og framkvæmdarvaldsins. Og í sjötta lagi teljum við í Samfylkingunni að það eigi að gera Ísland allt að einu kjördæmi. Við teljum að við það aukist líkur á langþráðri sátt á milli strjálbýlis og þéttbýlis. Með því er líka slegið á kjördæmapot og með því er tryggt að atkvæði allra vegi jafnt.

Hin nýja jafnaðarstefna sem evrópsku jafnaðarflokkarnir jafnt sem Samfylkingin hafa fetað felur í sér bestu aðferðina að okkar mati til að skapa samfélag frelsis og jafnaðar. Í jafnaðarsamfélagi nútímans helst góð velferðarþjónusta í hendur við traust atvinnulíf sem hvílir á kröftugri menntastefnu. Í þessu felst sá gullni þríhyrningur sem okkar leið, leið Samfylkingarinnar, hvílir á, öflug velferðarþjónusta sem styðst við öflugt atvinnulíf sem byggist á öflugri menntun. Hvert horn þessa þríhyrnings hvílir á hinu.

Við teljum að það þurfi að fjárfesta í víðtæku menntunarátaki frá leikskóla til háskóla, frá grunnnámi til endurmenntunar. Þannig ætlum við í Samfylkingunni að ryðja brautina fyrir blómlegt atvinnulíf og fyrir skynsamlega byggðastefnu. Við höfum lagt fram róttækar hugmyndir, m.a. um að stytta leiðina gegnum framhaldsskólann og líka að skoða lækkun skólaskyldualdurs. Við höfnum hins vegar alfarið hugmyndum ríkisstjórnarinnar sem hafa komið fram í fjárlagafrv. um að hækka innritunargjöld í háskólum og framhaldsskólum um 40% og stíga þannig enn eitt skrefið að skólagjöldum. Samfylkingin er á móti skólagjöldum.

Góð velferðarþjónusta er annað hornið í þríhyrningi jafnaðarstefnunnar. Við höfum lagt fram ítarlegar tillögur um afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega og um sérstakt átak í málefnum ungra öryrkja og við höfum líka lagt fram hugmyndir til að ráða bót á ófremdarástandi sem ríkir á leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu þar sem 2.000 manns eru nú á biðlista.

Framsýn efnahagsstefna er þriðja hornið í þríhyrningi jafnaðarstefnunnar og hún byggir á því að tryggja stöðugleika, halda niðri verðbólgu, skapa umhverfi sem gerir kleift að lækka vexti, halda aftur af útgjöldum ríkisins og beita hóflegri skattastefnu. Framsýn efnahagsstefna, segi ég, vegna þess að hagstjórn felst ekki eingöngu í því að bregðast við aðstæðum líðandi stundar, góðæri eða samdrætti, heldur í því öllu fremur að styrkja hagkerfi til frambúðar þannig að það þoli samdráttarskeið og áföll og hafi líka þau sterku bein sem þarf til að lifa góða daga.

Sjálfstfl. hefur síðasta áratuginn farið með fjármál þjóðarinnar. Ég kalla hann áratug metanna. Undir forustu Sjálfstfl. settum við Íslandsmet í útgjaldaþenslu ríkisins, Norðurlandamet í verðbólgu, OECD-met í skattahækkunum, Evrópumet í viðskiptahalla og undir forustu Sjálfstfl. erum við Íslendingar þessa dagana að setja heimsmet í háum vöxtum. Undir forustu Sjálfstfl. uxu útgjöld ríkisins úr 149 milljörðum árið 1995 í 229 milljarða árið 2000 á verðlagi þess árs, um 80 milljarða á föstu verðlagi, og um leið vaxa skuldir heimilanna sem aldrei fyrr. Og undir forustu Sjálfstfl. jókst hlutfall heildartekna hins opinbera af landsframleiðslu um 17% á einum áratug. Á sama tíma lækkaði það í flestum öðrum OECD-ríkjum. Við þessar aðstæður er eðlilega þrýst á skattalækkun og sem jafnaðarmaður segi ég: Það á að byrja á því að afnema tekjuskatt af húsnæðisbótum og félagslegri aðstoð. Það er engin sanngirni í því að fátækt fólk sé að greiða skatt af bótum. En það er heldur engin sanngirni í því að millitekjufólk sé að greiða sérstakan hátekjuskatt af rúmlega 3 millj. kr. árstekjum sem eru ekkert annað en meðaltekjur í dag. En það væri ábyrgðarleysi af mér og það væri ábyrgðarleysi af Samfylkingunni að leggja til skattalækkanir nema segja jafnframt hvernig eigi að standa straum af þeim tekjumissi ríkissjóðs sem af því hlýst.

Samfylkingin hefur bent á að til lengri tíma sé hægt að skapa svigrúm til að lækka skatta einstaklinga með því að taka upp auðlindagjöld. Stefna okkar er að öll fyrirtæki greiði fyrir aðgang að takmörkuðum auðlindum eins og fiskstofnum, eins og orkulindum eða fjarskiptarásum. Auðlindagjald á að nota til að draga úr tekjusköttum einstaklinga en ekki til að blása út rekstur ríkisins. Þannig höfum við í Samfylkingunni skýrt leiðir okkar til þess að lækka tekjuskatta fólksins í landinu.

Kröftug menntastefna er öflugasta blóðgjöf sem hægt er að spýta í æðakerfi atvinnulífsins um þessar mundir. Hátæknivædd stóriðja í sátt við bæði náttúru og mannlíf er líka ein af mjólkurkúm framtíðar. En, ágætu Íslendingar, við skulum ekki gleyma því sem við höfum alltaf lifað af í gegnum aldanna rás. Við skulum ekki gleyma sjónum. Við eigum að tileinka okkur aftur hugsun Jóns forseta sem sagði í litlu kveri sem hann gaf út árið 1848, að Íslendingar þyrftu stöðugt að leita meiri og nýrra verðmæta úr hafinu. Snar þáttur af atvinnustefnu Samfylkingarinnar byggist einmitt á nýrri sókn í sjávarútvegi þar sem bent er á hvernig hnitmiðaðar rannsóknir gætu leitt til stóraukinnar verðmætasköpunar úr þessum gamalgróna atvinnuvegi okkar Íslendinga. Niðurstaða okkar er að með völdum fjárfestingum í rannsóknum væri hægt á 15 árum að tvöfalda þau verðmæti sem afla má úr hafinu í kringum Ísland.

Góðir Íslendingar. Þetta eru óvissir tímar. Voðaverkið í Bandaríkjunum var fyrsti heimssögulegi atburðurinn á 21. öldinni. Við eigum ekki að bregðast við hinni nýju veröld eftir 11. september með sókn gegn hinum seku einvörðungu. Við á Vesturlöndum eigum líka að skoða okkur sjálf, hvernig við fylgjum fram þeim gildum sem við hyllum a.m.k. í orði. Hnattvæðing er orð dagsins eins og hæstv. forsrh. drap á. En hnattvæðing hefur hvorki innihald né réttlætingu ef hún snýst einungis um viðskipti og fjármagn.

Við vitum öll að það er hlustað á rödd Íslands og við í Samfylkingunni teljum að forustumenn okkar eigi að slást í för með þeim sem á alþjóðavettvangi berjast fyrir því að Vesturlönd taki forustu um siðferðilega hnattvæðingu í kjölfar hinna viðskiptalegu og fjárhagslegu. Það er verðugt verkefni fyrir okkur Íslendinga á þessum válegu tímum. — Góðar stundir.

[20:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Eftir atburðina í Bandaríkjunum 11. september sl. stöndum við frammi fyrir breyttri heimsmynd. Þúsundir saklausra borgara sem mættir voru til vinnu á ósköp venjulegum þriðjudegi urðu fyrir barðinu á nýrri tegund hryðjuverka. Okkur óskiljanlegur trúarhiti og fjandsemi teymdi ódæðismennina til þessara skelfilegu

verka. Heimurinn er ekki samur eftir. Við hljótum á þessari stundu að velta því fyrir okkur hvað fái ungt fólk til að framkvæma árásir sem þessar.

Viðbrögð hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. vegna hryðjuverkanna hafa einkennst af styrk og festu. Íslendingum ber siðferðisleg skylda með alþjóðasamfélaginu að leggja sitt af mörkum til að uppræta þessa hryðjuverkahópa. Í samstarfi NATO-þjóða berum við ábyrgð, en eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. áðan var samþykkt fyrir tveimur árum að bandalagsþjóðirnar kunni að þurfa að berjast sameiginlega gegn hryðjuverkum.

Herra forseti. Öll erum við minnug þess þegar Framsfl. skar upp herör gegn atvinnuleysinu. Viðbrögð vinstri aflanna á sviði stjórnmálanna voru megn ótrú á að hægt væri að skapa 12 þúsund ný störf. Vantrú þeirra ásamt þeirri stöðnun sem ríkti þegar Framsfl. kom að ríkisstjórn 1995 átti eftir að breytast. Undir forustu núverandi stjórnarflokka hafa Íslendingar upplifað mesta samfellda hagvaxtarskeið sögunnar hér á landi. Framsóknarmenn hafa haft forustu um að fjöldi nýrra starfa hefur orðið til. Kaupmáttur almennings hefur aukist mikið. Tekjuskattur á einstaklinga hefur verið lækkaður. Velferðarkerfið hefur verið styrkt, svo sem með hækkunum bóta til ellilífeyrisþega og öryrkja. Forvarnir gegn neyslu vímuefna hafa verið auknar, fæðingarorlof lengt og bættur hefur verið hagur barnafjölskyldna með minni tekjutengingu bóta í samræmi við stefnu Framsfl. Flokkurinn hefur af festu staðið að baki þessum breytingum á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis.

Blikur eru nú á lofti í efnahagsmálunum. Við heyrum af uppsögnum starfsfólks. Hægt hefur tímabundið á efnahagslífinu. Vextir í landinu eru of háir og íþyngja heimilum og atvinnulífi. Séu atvinnuvegirnir reknir með tapi minnka skatttekjur ríkisins og atvinnuleysi eykst. Gegn þessari þróun viljum við vinna, m.a. með skattalækkunum á fyrirtæki.

Blómlegt atvinnulíf í landinu er undirstaða öflugs velferðarkerfis. Það er forsenda þess að hægt sé að verja auknum fjármunum til þeirra sem höllum fæti standa og til eflingar heilbrigðis- og menntakerfi. Mikið vantar upp á að margir þingmenn Samfylkingarinnar og þó sérstaklega Vinstri grænna átti sig á hinu augljósa orsakasamhengi á milli öflugra fyrirtækja og þess fjármagns sem til reiðu er í velferðarmálin. Núverandi stjórnarflokkar hafa náð góðum árangri og eru staðráðnir í að halda þannig á málum að hér verði áframhaldandi sókn til framfara og aukinnar hagsældar.

Herra forseti. Umræðan um umhverfismál hefur tekið miklum framförum hér á landi síðustu árin. Tilfinningahiti einkenndi umræðurnar oft og tíðum. Nú getum rætt um viðkvæm mál á yfirvegaðri hátt og án eins mikilla öfga og fyrr. Staða umhverfismála verður að teljast allgóð á Íslandi. Ný alþjóðleg umhverfisvísitala sýnir að við erum í einu af tíu efstu sætunum meðal þjóða heims. Staðan er því góð, bæði vegna þess að við erum heppin að búa við hreint loft og gnægð hreins vatns en einnig vegna þess að Íslendingar hafa sinnt umhverfismálunum vel.

Í umhvrn. höfum við lagt mikla áhersla á að vinna gegn mengun hafsins. Nýlega var undirritaður alþjóðasamningur sem Íslendingar áttu frumkvæði að og stóran þátt í að móta. Samningurinn lýtur að banni gegn notkun og losun þrávirkra lífrænna efna í hafið. Hér er um afar mikið hagsmunamál að ræða fyrir okkur vegna mikilvægis sjávarútvegsins fyrir afkomu okkar.

Síðastliðinn vetur lagði ég til á umhverfisstjórnarfundi hjá Sameinuðu þjóðunum að starfshættir alþjóðlegra stofnana við mat á mengun hafsins yrðu bættir verulega. Nýlega var haldinn hér á landi alþjóðlegur fundur um málið og er endurskoðun starfsháttanna því hafin.

Geislamengun í hafinu er ógn. Við höfum þrýst mjög á Breta að taka á málefnum Sellafield-stöðvarinnar og höfum einnig lýst áhyggjum vegna ákvörðunar Rússa um að heimila innflutning á 20 þús. tonnum af geislavirkum úrgangi annarra landa til Rússlands. Hér heima höfum við verið að hreinsa hafið, m.a. með umfangsmestu hérlendri forvarnaaðgerð vegna hættu á olíumengun, þ.e. hreinsun á El Grillo.

Herra forseti. Á alþjóðavettvangi hafa Íslendingar tekið virkan þátt í að koma Kyoto-bókuninni í framkvæmd. Viðtækur skilningur er á því meðal ríkja heims að ekki sé eðlilegt að útiloka Íslendinga frá því að nota endurnýjanlega orku til að framleiða málma sem notaðir eru m.a. í vistvænum tilgangi. Höfum hugfast að framleiðsla slíkra málma með okkar aðferð losar áttfalt minna af gróðurhúsalofttegundum í andrúmsloftið miðað við framleiðslu þar sem notuð eru kol eða olía.

Allt bendir til þess að íslenska ákvæðið hljóti samþykki síðar í haust. Nú er svo komið að ríki heims átta sig á því að íslenska ákvæðið er lofthjúpnum í hag og því umhverfisvænt en stjórnarandstaðan heldur áfram að berja höfðinu við steininn og talar gegn ákvæðinu. Reyndar hefur verið ömurlegt að hlusta á þann málflutning að íslensk stjórnvöld hafi gætt íslenskra hagsmuna of vel í þessu ferli.

Fram undan eru mikil framfaramál, svo sem löggjöf um úrvinnslugjald sem byggir á hagrænum hvötum sem bæta mun meðferð úrgangs og auka endurvinnslu og endurnýtingu.

Stjórnvöld hafa einnig hafið stórsókn í uppbyggingu á aðbúnaði og þjónustu á fjölsóttum ferðamannastöðum, þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Á næstu árum munu um 300 millj. kr. renna til þessarar uppbyggingar. Í náttúruvernd erum við einnig vissulega á krossgötum en eftir 28 ára hlé höfum við stofnað nýjan þjóðgarð á Snæfellsnesi og stefnt er að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, stærsta þjóðgarðs Evrópu, á næstunni.

Virðulegur forseti. Sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor munu setja mikinn svip á hina pólitísku umræðu á komandi vetri. Undanfarinn áratug hefur sveitarfélögum fækkað en þau stækkað og eflst að sama skapi. Um leið hefur átt sér stað mikill tilflutningur verkefna til sveitarfélaganna. Starf sveitarstjórnarmanna hefur því gjörbreyst á síðustu árum. Þá breytingu er nauðsynlegt að viðurkenna með því að kjör sveitarstjórnarmanna verði bætt þannig að þau endurspegli aukna ábyrgð og aukið starfsálag. Konur þurfa að láta meira til sín taka í sveitarstjórnum. Þeim þarf að fjölga en í dag eru konur tæplega þriðjungur sveitarstjórnarmanna. Framsfl. leggur mikla áherslu á eflingu sveitarfélaganna og telur það raunar lykilatriði í því að ná raunhæfum árangri í byggðamálum.

Herra forseti. Í upphafi máls míns gat ég um hina ógnvænlegu atburði sem orðið hafa á alþjóðavettvangi. Því er ekki að neita að hin stjórnmálalegu viðhorf hafa tekið nokkrum breytingum. Ýmsum hægri öflum hefur vaxið ásmegin sem og vinstri hreyfingum, byggðum á rústum gamla sovétsósíalismans. Framsfl. hafnar þessum leiðum. Stefna hans er traust miðju- og skynsemisstefna án öfga. Hann vill byggja á gildum lýðræðis og persónufrelsis þar sem lögð er áhersla

á að tryggja atvinnu, skapa fjölskyldum góðar aðstæður og standa vörð um velferð og jöfnuð.

Við sjáum fram á spennandi tíma í stjórnmálum. Ný kjördæmaskipan gerir það að verkum að endurnýjun þingmanna gæti orðið veruleg við næstu alþingiskosningar. Viðfangsefni þeirra sem fást við stjórnmál breytast einnig hratt í upphafi nýrrar aldar. Alþjóðavæðing, fjarskiptabylting, togstreita milli frama á vinnumarkaði og fjölskyldulífs og önnur viðfangsefni framtíðarinnar munu lita stjórnmálaumræðuna. Framsfl. mun ekki láta sitt eftir liggja. Framsfl. er tilbúinn að takast á við nýja tíma. — Góðar stundir.

[20:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Voðaatburðirnir vestur í Bandaríkjunum 11. sept. sl. eru mönnum að vonum ofarlega í huga. Allir þeir sem nú eiga um sárt að binda bæði í Bandaríkjunum og annars staðar eiga samúð okkar óskipta. Við fordæmum þessa atburði eins og við hljótum að fordæma ofbeldi og valdbeitingu utan laga og réttar hvar sem er, hvenær sem er og í hvaða meinta tilgangi sem er. Ekki síst gildir þetta ef saklausir borgarar eru fórnarlömb.

Í þessu sambandi, herra forseti, var ánægjulegt að heyra þann vitnisburð sem fram kom um viðhorf íslensku þjóðarinnar þegar Gallup gerði skoðanakönnun hér á landi og í nokkrum öðrum löndum. 90% íslensku þjóðarinnar vilja að þeir sem bera ábyrgð á þessum voðaverkum verði dregnir fyrir dóm og látnir sæta ábyrgð og taka út refsingu samkvæmt lögum og rétti. Sömu 90% eru ekki fylgjandi árásum eða hefndaraðgerðum af þessu tilefni. Íslendingar eru með öðrum orðum trúir arfleifð sinni sem vopnlaus og friðelskandi smáþjóð og vonandi verður þetta, sá ótvíræði þjóðarvilji sem þarna birtist, þeim ráðamönnum okkar sem hvað herskáastir hafa verið í tali holl leiðsögn.

Af heimavettvangi, herra forseti, eru mér m.a. ofarlega í huga málefni tveggja ríkisstofnana eða ríkisfyrirtækja. Það eru Ríkisútvarpið og Landssíminn. Ríkisútvarpinu er haldið í spennitreyju fjársveltis og það hefur sætt langvarandi einelti af hálfu Sjálfstfl. Þetta birtist, um þessar mundir, m.a. í því endemis metnaðarleysi að verið er að skera niður við trog starfsemi Ríkisútvarpsins og sá niðurskurður bitnar á svæðisútvörpunum sérstaklega. Starfinu sem þar hefur verið byggt upp sl. 20 ár eða svo, þeirri fréttamiðlun um land allt og innan svæðanna og því framlagi til dagskrárgerðar og menningar í landinu er nú verið að rústa. Þetta er, herra forseti, þvílíkt metnaðarleysi af hálfu ráðamanna Ríkisútvarpsins og ríkisstjórnarinnar, menntmrh. og stjórnarmeirihlutans, sem á þessu ber ábyrgð, að engu tali tekur. Eða ætla stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í hópi þingmanna af landsbyggðinni að láta bjóða sér þetta? Von að spurt sé.

Þetta, herra forseti, er mikið áfall á þeim svæðum þar sem þessi starfsemi hefur verið að eflast og þjónað mikilvægum tilgangi sem innbyrðis fréttamiðill og líka sem framlag þessara svæða til sameiginlegrar dagsakrárgerðar og menningar í landinu.

Þá að Landssímanum, herra forseti. Þar hefur ríkisstjórnin hæstv. anað áfram í sínu einkavæðingarofstæki, ekki hlustað á gagnrýni, ekki hlustað á andstöðu þjóðarinnar, sem liggur fyrir og er umtalsverð, og ekki einu sinni hlustað á ráðleggingar sérfræðinga, og því fer sem fer að Landssíminn gengur ekki út. Og hvað er þá gert? Jú, eins og venulega er leitað að sökudólgi. Aldrei man ég eftir því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, þegar hún hefur klúðrað einhverju með hæstv. forsrh. í broddi fylkingar, hafi dottið í hug að það væri henni sjálfri að kenna — aldrei. Það er ævinlega einhverjum öðrum að kenna: Þjóðhagsstofnun, Seðlabankanum, Hæstarétti, Skipulagsstofnun, Samkeppnisstofnun; bara einhverjum öðrum, en ekki ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Hver var sökudólgurinn í Landssímaklúðrinu? Það var ræfils Búnaðarbankinn sem gerði ekkert annað en fara að fyrirmælum ríkisstjórnarinnar og einkavæðingarnefndar, en hann var samt sökudólgurinn. Eins og aumingja Búnaðarbankinn hafi nú ekki fengið að þola nóg af þessari ríkisstjórn með viðskrh. sem lagði hann lengi í einelti, eins og kunnugt er.

Nei, herra forseti. Vel á minnst, Framsfl., er hann ekki stoltur af framgöngu sinni í Landssímamálinu? Það átti að standa í lappirnar í því máli. Það kom ekki til greina að selja grunnnetið. Það kom ekki til greina að útlendingar fengju meiri hlutann. En svo lak allt niður eins og venjulega hjá Framsfl. Er hann ekki stoltur af frammistöðu sinni í málinu?

Það var þannig, herra forseti, þegar ég var að alast upp að það þótti ekki stórmannlegt að kenna öðrum um sín eigin mistök og axarsköft. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með hann sjálfan í broddi fylkingar hefur tekið upp aðra siði og eftir því er tekið.

Herra forseti. Nú er upp hafinn mikill söngur í þjóðfélaginu. Skattalækkunarkórinn er kominn á svið. Í honum syngja ýmsar raddir, ungir sjálfstæðismenn, popp-prestar úr Verslunarráðinu og öðrum virkjum eignamanna og athafna; þeir sem eru að undirbúa landsfund Sjálfstfl., greinargerð fjárlagafrv. og ræður ráðherra. Skattalækkunarsöngurinn er þar kveðinn við ýmis stef. En hvar ætla þeir að bera niður? Ætla þeir að styrkja íslenska menningu með því að fella niður virðisaukaskatt á bókum? Nei, ég hef ekki heyrt það. Ætla þeir að lækka virðisaukaskatt á barnavörum? Hef ekki heldur heyrt það. Ætla þeir að afnema skatt á húsaleigubótum? Ekki heyrt á það minnst.

Þeir ætla að lækka hátekjuskattinn — hátekjuskattinn. Það er nauðsynlegast, segja þeir. Þetta óverulega álag á tekjur einstaklinga með hátt á þriðja hundrað þúsund á mánuði og hjóna með vel á fimmta hundrað þúsund krónur. Þar sér ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þörf á að bera niður og svo hjá gróðafyrirtækjunum.

Nú er það þannig, herra forseti, að sá hópur landsmanna sem sérstaklega hefur sætt auknum álögum að undanförnu er lágtekjufólk. Það hefur gerst í gegnum það að skattleysismörk hafa ekki fylgt verðlagi og þaðan af síður launaþróun. Öryrki, einhleypur öryrki á fullum bótum í dag sem engar aðrar tekjur hefur, hvað fær hann? Hann fær 80.199 kr. á mánuði. En vegna þess hvernig skattleysismörkin hafa þróast borgar hann 5.840 kr. í skatt af þessum tekjum á hverjum mánuði og fær þar af leiðandi ekki útborgaðar nema rúmar 74 þús. kr. Tólf sinnum þessi upphæð eru 70 þús. kr. rúmar eða rétt tæplega mánaðartekjur þessa öryrkja eða aldraða einstaklings, sem er í sambærilegri stöðu, eftir skatta á mánuði hverjum. Það eru engar tillögur uppi hjá Davíði Oddssyni, Geir Hilmari Haarde eða Halldóri Ásgrímssyni um að lækka skatta þessa hóps. Nei, en hátekjufólkið og gróðafyrirtækin — ekki endilega þau sem eru að komast á legg eða hefja starfsemi á landsbyggðinni eða sinna þróun eða nýsköpun í atvinnulífi — nei, fyrirtækin sem þó eru að hagnast. Það á að koma til móts við þau.

Þessari skattapólitík höfnum við. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekki til viðtals um skattapólitík af þessu

tagi. Ef menn hafa efni á því að lækka skatta og veikja tekjugrundvöll ríkisins eiga þeir ekki að byrja á þessum enda heldur hinum þar sem þörfin er mest fyrir bætt kjör.

Herra forseti. Talandi um atvinnulíf og efnahagsmál þá eru sérkennilegir textar í ræðum hæstv. forsrh. um þá hluti, að svo miklu leyti sem hann telur svara kostnaði að nefna það. Hæstv. forsrh. ræðir t.d. ekki mikið um gengismálin og skautar svona tiltölulega léttilega í gegnum þá staðreynd að gengi íslensku krónunnar hefur hrunið á þriðja tug prósenta á þessu ári. Auðvitað er það þannig, herra forseti, að nær væri að tala um stórfelldar vaxtalækkanir en þann skattalækkunarkór sem nú er upp hafinn. Vaxtalækkanir kæmu bæði atvinnulífi og ekki síður skuldsettum heimilum til góða. Það þarf og er mjög brýnt að skapa forsendur til þess að vextir geti lækkað en því miður hafa hagstjórnarmistök undanfarinna missira gert það að verkum að vextir eru hér með því hæsta sem þekkist og ágreiningur er uppi um það hvort enn séu forsendur til þess að lækka þá.

Herra forseti. Svo kostulegur sem texti forsrh. er á köflum, t.d. um efnahagsmál, þá tekur steininn úr þegar vikið er að sjávarútvegsmálum í þessari ræðu en þar segir m.a.:

„Sjávarútvegsráðherra hefur nýlega kynnt tillögur nefndar um stjórn fiskveiða og hefur þrátt fyrir allt náðst meiri sátt um þær tillögur en títt er og er þó ágreiningur nægur."

Fyrir það fyrsta, herra forseti, hvað þýðir nú þessi latína hjá hæstv. forsrh.? Eða lifir hæstv. forsrh. virkilega í þeim draumaheimi að tillögur þessa svokallaða meiri hluta, þingmanna Sjálfstfl. og tveggja embættismanna, séu sáttagrundvöllur? Það er meiri hluti í nefndinni, segir forsrh. En hvernig er hann samansettur? Jú, og svo er einn stjórnarþingmaður með fyrirvara. Er þá sérálit hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar orðið að ómerkilegum fyrirvara? Ja, honum er ekki sýnd mikil virðing í þessu.

Nei, herra forseti. Öllum er það ljóst að þetta nefndarstarf hefur ekki fært menn hænufet nær sáttum. Það eina sem eitthvert gagn er að í því eru sérálitin. Þar hefur fulltrúi okkar, Árni Steinar Jóhannsson, sett fram ítarlegar og sundurliðaðar tillögur um hvernig við viljum vinna okkur út úr þessu kerfi í áföngum og skipta þeim veiðiréttindum sem til staðar verða í framtíðinni milli leigumarkaðar, sveitarfélaganna, fyrir hönd sjávarbyggðanna, og útgerðarinnar, sem gæti fengið aðgang að sínum hlut á grundvelli afnotasamninga.

Svipað mætti segja, herra forseti, þegar forsrh. kemur að umhverfismálum. Það er kostulegur texti að orða sem svo að virkjun við Kárahnjúka sé mjög álitlegur kostur hvernig sem á málið er litið: „Virkjunin við Kárahnjúka er mjög álitlegur kostur hvernig sem á málið er litið," segir hæstv. forsrh. Er hæstv. forsrh. að segja að virkjun við Kárahnjúka sé mjög álitlegur kostur frá umhverfislegu sjónarmiði? Ef svo er þá er nú gengið lengra í þessari álnauðhyggju en ég hef áður heyrt og er þá mikið sagt. Eins og kunnugt er eru þeir menn til hér á landi sem virðast trúa því statt og stöðugt að ekkert nema álver geti tryggt atvinnu og skapað hagvöxt á komandi árum. Það er ótrúleg framtíðarsýn, ótrúleg vanþekking á því fjölbreytta sviði nýsköpunar í atvinnumálum sem er hér í gangi og allt í kringum okkur og byggist ekki á því að upphaf og endir allra hluta séu eða verði að vera álver. Það er ekki svo.

Vandinn, herra forseti, er nefnilega ekki sá að landsbyggðina eða landsmenn skorti tækifæri og möguleika í atvinnumálum. Hann er ekki sá. Vandi landsbyggðarinnar og það sem er að hrekja framleiðslustarfsemi af landsbyggðinni eru óhagstæð skilyrði, þ.e. hár flutningskostnaður, lélegar samgöngur, léleg fjarskipti, hátt orkuverð, vöntun á þriggja fasa rafmagni og svo ýmsir félagslegir og umhverfislegir erfiðleikar sem menn búa við, að koma börnum sínum til náms o.s.frv. Þetta gerir það að verkum að atvinnulíf og byggð á landsbyggðinni lætur undan síga, öfugt við það sem ætti að vera, að sköpuð væru sérstaklega hagstæð skilyrði til að byggja þar nýja hluti upp. Þeir hlutir verða ekki leystir með einu álveri sem e.t.v. kemur eða kemur ekki á einum stað á landinu, svo mikið er víst.

Herra forseti. Síðastliðið vor var haldið upp á tíu ára valdaafmæli Davíðs Oddssonar og það var mikið um dýrðir og þeir héldu boð hver fyrir annan, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. og fleiri stórmenni. Það var mikil mærð í fjölmiðlunum. Skömmu síðar hrundi gengi íslensku krónunnar um 20% og verðbólgan mældist í fyrsta skipti í rúman áratug í tveggja stafa tölu.

Það er þannig, herra forseti, að tímabært er að breyta þarna um kúrs, það er löngu tímabært. Menn sem hafa setið svo lengi við völd eða völdin hafa leikið þannig að allt sem gerist, stórt og smátt sem ekki lýtur þeirra ýtrasta vilja, reiti þá til reiði, þeir þurfa að fara að hvíla sig. Því fyrr sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fer frá völdum því betra.

Nú er seinni hálfleikur kjörtímabilsins hafinn og það er tímabært að hefja sókn sem miðar að því og því einu að koma henni frá.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[20:47]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Með leyfi forseta vitna ég í þingtíðindi sem greina frá umræðum sem eiga ársafmæli á morgun, 3. október, og hljóðar tilvitnunin svo:

„Þess hefur verið gætt að kaupmáttaraukningin nái einnig til þeirra sem ekki semja um kjör sín, svo sem aldraða og öryrkja og hafa öll þau skref sem ríkisstjórnin hefur stigið undirstrikað þann vilja hennar að varðveita og efla kaupmátt þessara hópa á kjörtímabilinu."

Þessi orð forsætisráðherra eiga ársafmæli á morgun. Raunar bera þau skýr einkenni áráttu hans að beita afflutningi og taumlausum blekkingum í málrófi sínu eins og sannaðist í ræðu þeirri sem hann flutti hér áðan og vikið verður að eftir hendinni.

Öll þau skref sem ríkisstjórnin hefur stigið undirstrika þann vilja hennar að varðveita og efla kaupmátt aldraða og öryrkja.

Hvernig líst öldruðum á forhert ósannindin sem í þessum orðum felast? Sem reynt hafa á sjálfum sér hríðversnandi kjör sem hin nýja auðvaldsstétt í landinu býr þeim, og ekkert lát á þeirri svívirðing að sjá.

Eða öryrkjum? Hvernig skyldi þeim lítast á boðskapinn? Tók kannski forsrh. mörg skref í réttlætisátt, þegar hann og hans nótar fóru höndum um málefni þeirra í framhaldi af hinum fræga öryrkjadómi? Ríkisstjórn Íslands reisti sjálfri sér í því máli níðstöng sem lengi mun standa óbrotgjörn. Í leiðinni upplýsti ríkisstjórnin landslýðinn um afstöðu sína til laga og réttar með því að virða að vettugi dóm æðsta dómstóls þjóðarinnar.

Í framsögu sinni tilkynnti oddviti ríkisstjórnarinnar að hún væri að leggja síðustu hönd á nýjan áfanga í skattaumbótum sem hún hefði staðið fyrir á undanförnum árum. Hann sagði í framhaldi af þessu að falsspámennirnir segðu að

skattar hafi hækkað, og bætti við að tekjuskattur einstaklinga á Íslandi væri með því lægsta sem þekkist í Evrópu.

En hvað segja staðreyndir um íslensk skattamál? Ég vitna fyrst í einn af þingmönnum Sjálfstfl., Pétur H. Blöndal, þar sem hann upplýsti í viðtali við Dagblaðið, og blaðið vísar til hinn 18. september sl., að skattaálögur á landsmenn hafi verið að stóraukast. Eignir og tekjur hefðu hækkað langt umfram verðlag og bæði eignarskattur og tekjuskattur hafi síðan hækkað enn meira. Er Pétur H. Blöndal kannski einn af falsspámönnunum?

Opinber gjöld á einstaklinga hafa nær því þrefaldast á síðasta áratug, áratug ríkisstjórnar Sjálfstfl., úr 38 milljörðum í 104 milljarða króna. Aukning bóta hefur hins vegar á sama tíma aðeins aukist um tæpan einn og hálfan milljarð og er til vitnis um gæfuskrefin sem ríkisstjórnin hefur stigið í málefnum aldraða og öryrkja og annarra bótaþega. Og harkalegast mun það bitna á þessum þegnum þjóðfélagsins þegar til framkvæmda koma nýjar reglur um fasteignamat með stórauknum gjöldum og voru þó ærin fyrir.

Hún þarf ekki að vera neitt leyndarmál, ástæða þess að sá sem hér stendur batt ráð sitt við Sjálfstfl. lungann úr starfsævi sinni. Sá flokkur sem ég aðhylltist hafði á stefnuskrá sinni frelsi til orða og athafna, frjálst framtak og frjálsa samkeppni, sem er forsenda frjáls markaðsbúskapar. Og sá flokkur boðaði jafnræði og hafði að einkunnarorði „stétt með stétt". Hinn nýi Sjálfstfl. hefur varpað öllum þessum gildum fyrir ofurborð.

Nú er hann flokkur hinna fáu fjársterku, auðvaldsins, sem flokkurinn hefur mulið undir aðalauðlind þjóðarinnar og starfar nú og stjórnar eftir nótum hinna nýju lénsherra. Frjálsan markaðsbúskap stundar hann með því að útdeila takmörkuðum gæðum til örfárra gæðinga sinna. Frjálst framtak hins nýja flokks lýsir sér í því að nú er aðgangur bannaður að aðalauðlind landsmanna og hundruðum sjósóknara, sem aldrei hafa stundað annað allt sitt líf en að sækja sjó, er bannað að sækja í sína eigin auðlind. Sviptir atvinnu og afkomu og hraktir frá óðulum sínum og verðlausum eignum eins og fé til slátrunar leitt.

Fáir virðast veita því athygli að fyrir landbúnaði er álíka komið og sjávarútvegi vegna kvótamála. Sú stétt er lokuð ungum mönnum að hefja búskap og efnaminna búalið hrakið á mölina syðra.

Frelsi til orða er þannig í framkvæmd hins nýja Sjálfstfl. að flestallir fjölmiðlar eru beygðir undir valdhroka hans og ríkisstjórnarinnar, sem beitir atvinnukúgun aðallega en öðrum þrælatökum ef á þarf að halda. Það eru dapurleg örlög fjölmiðlafólks sem á að gegna því hlutverki að skýra almenningi satt og rétt frá. Þau örlög í einræðisríkjum þekkja menn af spjöldum sögunnar. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að benda á að fyrsta frv. á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er frv. forsrh. um að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Allir vita hvers vegna. Vegna þess að forstjóri stofnunarinnar gætti ekki þeirrar vinnuskyldu sinnar við æðsta ráð að hylma með honum yfir staðreyndir í efnahagsmálum. Og nú er hann auðvitað réttdræpur eftir að hafa spáð neikvæðum hagvexti næsta ár þegar foringinn hefur ákveðið í fjárlagafrv. að hann skuli vera jákvæður.

Allur hinn svokallaði sáttamálatilbúnaður í kvótamálinu er ómerkilegur blekkingaleikur stjórnvalda frá upphafi til enda, auðlindaskattur vesæl yfirhylming til að festa gripdeildarkerfið í sessi, og gerir raunar allt málið að aumasta skrípaleik. Frjálslyndi flokkurinn hafnar með öllu þeim látalátum og markleysu sem felast í auðlindagjaldssnakki auðvaldsins og þingmanna þess. Með því móti einu að veiðileyfin verði boðin upp á opnum markaði getur þjóðin náð sanngjörnum og eðlilegum afrakstri auðlindar sinnar.

Ég vitna enn í ræðu Davíðs Oddssonar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með markvissum hætti hefur verið dregið úr þenslu á undanförnum missirum."

Þessi ummæli eru líkust því að hér tali maður drukkinn upp úr svefni en ekki forystumaður þjóðarinnar vakandi og allsgáður. Þetta þyrftu þeir að frétta í Seðlabankanum sem er að sliga fyrirtækin í landinu með okurvöxtum vegna þenslunnar í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin hefur dregið úr markvisst á undanförnum árum.

Þessu er því miður öfugt farið. Þenslan hefur aukist hröðum skrefum, svo mjög að hrollvekja virðist blasa við fram undan. Seðlabankinn brýst um á hæl og hnakka að verja gjaldmiðilinn sem hefur hríðfallið og valdið verðþenslu ásamt óbærilegum viðskiptahalla sem náð hefur yfir 200 milljörðum á örfáum árum.

Hverjar skyldu svo hinar markvissu aðgerðir vera? Aðalstjórntæki ríkisstjórnar til að sporna við verðþenslu, ríkisfjárlögunum, hefur verið beitt alveg öfugt. Í stað lífsnauðsynlegs niðurskurðar hafa þau hækkað ár frá ári langt umfram verðlagsþróun. Hvers vegna í ósköpunum? Vegna þess að ekki mátti stíga á neinar bremsur, því þá mundi falla skuggi á glansmynd góðærisins og stöðugleikans, sem raunar er nú rokinn út í veður og vind. Hér hafa laun hækkað langt umfram það sem þjóðarbúið þoldi og húrrandi launaskrið vegna ofþenslu á vinnumarkaði. Að vísu voru launahækkanir ýmissa starfstétta óhjákvæmilegar eins og kennarastéttarinnar til dæmis. Hér hafa linnulaus verkföll geisað, sem höfundur Matthildar kallar þjóðaríþrótt Íslendinga. En eru menn búnir að gleyma því hvaða skref ríkisstjórnin tók fyrst á kjörtímabilinu á undan öðrum góðærisskrefum? Tveim dögum eftir alþingiskosningarnar 1999 tók hún ákvörðun um að hækka laun sín og þingmanna um lítil 30%. Um hversu mörg hundruð prósent þyrfti að hækka laun hinna lægstlaunuðu til að þeir næðu sömu krónutölu í hækkun og þingmenn fengu þá?

Sá, sem hér talar, er einkavæðingarsinni. Hann hefur þó neyðst til að snúa af þeirri braut varðandi ríkisbankana og Landssímann. Ófrávíkjanlegt skilyrði af hans hálfu hafði verið að sala á stærri fyrirtækjum í eigu ríkisins yrði dreifð, svo sem sala bankanna. Árið 1998, í ágúst, kom það fram í viðtali Morgunblaðsins við Davíð Oddsson að hann taldi að hæfilegt væri að nýir eignaraðilar, sem að kaupum kæmu ættu 3–8%.

Síðan hefur forsætisráðherra og ríkisstjórn kúvent í því máli og út í það fen fylgir undirritaður henni ekki. Eins og sala Landssímans hefur farið úr hendi hingað til, er hún orðin að ömurlegum farsa. Ríkisvaldinu bar skylda til að beita sér fyrir því að fá sem hæst verð fyrir þessa verðmætu þjóðareign, sem hefur skilað þjóðarbúinu fúlgum fjár árlega. Þess í stað bíta þeir höfuðið af skömminni með því að lýsa yfir að þeir hefðu ekki getað horft framan í einkavinina sína ef sala Símans hefði farið fram fyrir tveimur árum, þegar gengi hans var tvöfalt hærra en nú. Og dreifð sala framkvæmd með þeim hætti að selja erlendum gróðapungi 25% hlut, og afhenda þeim hinum sama meiri hluta í stjórn fyrirtækisins. Ef spurt er: Eru mennirnir með réttu ráði, er svarið: Þeir eru með ráði auðvaldsins sem kjósendur þeirra virðast telja rétt ráð. Ella myndu þeir tæplega gefa þeim atkvæði sitt og

umboð til að stjórna landinu. En dagur reikningsskila mun upp renna. — Þökk sé þeim sem hlýddu.

[21:00]

Ásta Möller:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir þremur vikum varð heimurinn vitni að einu fólskulegasta ódæði allra tíma þegar fjöldamorðingar urðu þúsundum að bana í Bandaríkjunum. *Ótti við frekari hryðjuverk vekur ugg í brjósti og óöryggi* meðal fólks. Trúin á hið góða hefur beðið hnekki, traust hefur vikið fyrir tortryggni, heimsmyndin hefur breyst.

Til eru þeir sem halda því fram að varnarbandalög eins og Atlantshafsbandalagið séu tímaskekkja. Þeir sömu hljóta nú að endurskoða afstöðu sína. Við stöndum frammi fyrir ófriðartímum og vá af því tagi sem einungis órofa samstaða vestrænna ríkja getur varist. Vestræn ríki, í raun heimurinn allur, þarf að standa saman í að koma böndum yfir þá sem taka sér það vald að ógna lífi saklausra borgara með hryðjuverkum. Hinn harði lærdómur sögunnar hefur kennt okkur að ekki dugir að mæta hinu illa með linkind og undangjöf.

Margir hafa mynd Chamberlains, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, greypta í huga sér þegar hann steig hróðugur úr flugvél sinni, veifandi friðarskjali því sem hann hafði fengið Hitler til að undirrita. Það plagg reyndist ekki bleksins virði.

Lýðræðisríki byggja m.a. á hugmyndum um mannréttindi, ábyrgð og virðingu fyrir frelsi og lífi einstaklinga. Þau eru réttarríki þar sem brot á reglum samfélagsins leiða til refsingar. Stærri glæp en þann sem við urðum vitni að í beinni útsendingu er vart hægt að hugsa sér. Þeim sem ábyrgðina bera á að refsa — ekki í þeim tilgangi að leita hefnda heldur til að þeir standi reikningsskil gerða sinna — án þess þó að saklausir borgarar líði fyrir.

Vegir réttarríkisins og kristinnar trúar í þessa veru liggja hér samhliða. Guð kristinna manna er réttlátur, hann leitar ekki hefnda en refsar þeim sem brjóta gegn vilja hans.

Það er gæfa okkar Íslendinga við þá óvissu sem ríkir í heiminum í dag að traust ríkisstjórn situr hér að völdum. Ríkisstjórnin hefur markað ákveðna stefnu til framtíðar og fylgir henni fast eftir en lætur ekki stundarhagsmuni villa sér sýn. Hún tekur það meginhlutverk sitt alvarlega að tryggja öryggi og velferð þjóðarinnar allrar og standa vörð um velferðarkerfið. *Árangurinn hefur ekki látið á sér standa.*

Á síðustu árum höfum við Íslendingar lifað góða daga við mikinn hagvöxt og öfluga uppbyggingu atvinnulífs. Það hefur leitt til aukins kaupmáttar og velmegunar þjóðarinnar sem á sér vart fordæmi. Ýmis merki eru þó á lofti um samdrátt sem atvinnulífið og heimilin eru að bregðast við með ráðdeild og hagræðingu. Á sama tíma heyrum við af of mörgum dæmum þess að farið sé fram úr fjárlagaheimildum í opinberum rekstri. Það er áhyggjuefni. Leggja verður áherslu á að opinberar stofnanir bregðist við breyttum aðstæðum á sama máta og aðrir í samfélaginu, með ráðdeild og hagræðingu. Hér er nauðsynlegt að staldra við.

Skilgreina verður á ný og skerpa hvar hið opinbera þarf að vera þátttakandi í atvinnurekstri. Einkavæða á þau ríkisfyrirtæki sem hægt er og innleiða starfsaðferðir einkareksturs í stjórnun opinberra fyrirtækja í mun ríkari mæli en hingað til hefur verið gert, t.d. með þjónustusamningum eða með öðrum hætti sem leiðir til betri nýtingar opinberra fjármuna.

Öflugt atvinnulíf er undirstaða hagvaxtar, aukinnar atvinnu og kaupmáttar almennings. Það er jafnframt forsenda þess að við getum haldið úti velferðarkerfi í þeim gæðaflokki sem við eigum að venjast. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar og eitt brýnasta verkefni Alþingis nú að gera skattalegt umhverfi fyrirtækja samkeppnisfært við og helst hagstæðara en í nágrannalöndum okkar. Án þeirra breytinga munu fyrirtæki flytja starfsemi sína úr landi og möguleikar á auknum fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis skerðast. Lækkun skatta á fyrirtæki og afnám stimpilgjalda þarf að koma til framkvæmda sem allra fyrst. Auk þess má öllum *vera ljóst að hvorki atvinnulífið né heimilin í landinu geta* öllu lengur staðið undir hávaxtastefnu Seðlabankans.

Á sama hátt verður að huga að breytingum á skattlagningu einstaklinga og fjölskyldna. Þar skiptir mestu að fella niður eignarskatta. Eignarskatturinn er ranglátur skattur sem hefur verið aflagður í flestum ríkjum og tímabært að gera það einnig hér. Það sama gildir um hátekjuskatt, sem er í rauninni rangnefni, því að hann leggst jafnframt þunglega á duglegt fólk með meðaltekjur sem fráleitt teljast háar.

Afstaða stjórnmálaflokkanna til atvinnuuppbyggingar og efnahagslegra framfara endurspeglast í afstöðu þeirra til byggingar Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði. Stjórnarflokkarnir leggja áherslu á að renna frekari stoðum undir öflugt atvinnulíf, ekki síst utan höfuðborgarsvæðisins. Þeir munu áfram vinna ötullega að því að gera þetta verkefni að veruleika. Á meðan er Samfylkingin tvístígandi í afstöðu sinni og hefur engar raunhæfar tillögur um atvinnuuppbyggingu hér á landi. Vinstri grænir eru hins vegar hið sanna afturhald. Þeim er ávallt treystandi til að vera mótfallnir flestum hugmyndum sem leiða til hagsbóta.

Heilbrigðismál eru jafnan einn þyngsti þáttur fjárlaga. Heilbrigðisþjónustan snýst hins vegar ekki eingöngu um peninga heldur fyrst og fremst um rétt fólks til gæðaþjónustu þegar þörfin knýr á. Ég tel brýnt að skoða áherslur í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Til dæmis verður að skilgreina á ný hvaða meðferð á veita innan sjúkrahúsa og hvað utan þeirra. Jafnframt þarf að ákvarða ítarlegar rétt fólks til heilbrigðisþjónustu, þar með talda greiðsluþátttöku sjúklinga.

Herra forseti. Í upphafi ræðu minnar ræddi ég um breytta heimsmynd. Hún krefst nýrrar hugsunar í öryggismálum. Hæstv. dómsmrh. hefur að undanförnu kynnt hugmyndir sínar um mikilvægar aðgerðir til þess að takast á við ógnir sem stafa af hryðjuverkum. Ódæðin sem framin voru í Bandaríkjunum þann 11. sept. skutu heimsbyggðinni skelk í bringu. En ódæðismönnunum mun hins vegar ekki takast að breyta samfélögum okkar né þeim grunnreglum sem við byggjum á. Líf og starf okkar heldur áfram, sigurinn er ekki þeirra. — Góðar stundir.

[21:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Eðlilega hóf hæstv. forsrh. ræðu sína á því að minnast þeirra hryllilegu voðaverka sem framin voru í Bandaríkjunum 11. sept. sl. Öll þjóðin fylgdist með hvernig þúsundir saklausra borgara voru myrtar á grimmilegan hátt. E.t.v. höfum við verið sofandi fyrir því að hryðjuverk, sem bitna fyrst og fremst á saklausum borgurum, fara vaxandi í heiminum og eru framin vikulega og jafnvel daglega.

Við sjáum stuttar svipmyndir af hörmungum sem fólk í fjarlægum löndum má þola. Við fréttum af því að tugþúsundum barna og ungra kvenna sé rænt á ári hverju, seld í vændi, misþyrmt og jafnvel myrt. Sprengjuárásir, stríð og hungur — allt stuttar svipmyndir í fjölmiðlum af hörmungum og illvirkjum af mannavöldum.

En 11. sept. sáum við illvirkin á annan hátt, tókum þátt í vanlíðan, sorg og reiði, fylgdumst náið með atburðarásinni klukkutímum saman. Við vorum allt í einu óbeinir þátttakendur og það vakti okkur illilega til meðvitundar um þann veruleika vaxandi hryðjuverka sem við búum við. Því tökum við óhikað þátt í þeirri baráttu þjóða, sem vonandi er hafin, gegn hvers konar hryðjuverkastarfsemi. Sú barátta má þó aldrei vera háð á forsendum illvirkjanna eða með þeirra aðferðum þannig að lífi þúsunda saklausra borgara sé fórnað.

Góðir áheyrendur. Það kvað við svolítið nýjan tón hjá hæstv. forsrh. hvað varðar þróun efnahagsmálanna. Hér talaði ekki sá bullandi bjartsýni ráðherra sem við höfum hlustað á síðustu ár, sem með orðum sínum hefur hvatt fólk til að auka neyslu, og var sannarlega kominn tími til að hann skipti um gír í þessum efnum. Skattar á fyrirtæki hafa verið lækkaðir verulega. Ríkisstjórnin boðar enn frekari lækkun þeirra og verkalýðshreyfingin samdi um stiglækkandi tekjuskatt einstaklinga.

Ég tek undir að það er nauðsynlegt efnahagslífinu að fyrirtæki hér búi ekki við lakari rekstrarskilyrði en fyrirtækin í þeim löndum sem við miðum okkur við. En gleymum þá ekki minnstu en jafnframt mikilvægustu fyrirtækjum landsins, ef hægt er að orða það svo, þ.e. fjölskyldunni, hornsteini hvers þjóðfélags. Henni verður að skapa sambærileg og ekki síðri rekstrarskilyrði en í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Það er hægt að lækka skatta einstaklinga og fyrirtækja á þann hátt sem formaður Samfylkingarinnar benti á áðan en einnig með því að endurskoða frá grunni í hvað fjármunir hins opinbera eiga að fara. Slík heildarendurskoðun er löngu tímabær. Tekjur ríkisins hafa aukist verulega á síðustu árum en það hefur einnig orðið gífurleg útgjaldaaukning og ekki allt til brýnna samfélagslegra verkefna. Við í Samfylkingunni erum ekki í nokkrum vafa um hver forgangsverkefnin eru í traustu efnahagsumhverfi. Góð velferðarþjónusta, menntun fyrir alla, öflugt heilbrigðiskerfi, samábyrgð og jöfn tækifæri eru lykilorðin í stefnu Samfylkingarinnar.

Það fer því um mann hálfgerður hrollur við að lesa drög að ályktunum landsfundar Sjálfstfl. Af þeim verður ekki annað skilið en þar á bæ sé fullur vilji til að markaðsvæða heilbrigðiskerfið, einkavæða velferðarþjónustuna. Þetta gerist á sama tíma og vöntun er á fjármagni til heilbrigðisstofnana, deildir eru lokaðar og mikilvæg stétt heilbrigðisstarfsmanna, sjúkraliðar, eru í verkfalli. Þá eru þetta skilaboðin frá Sjálfstfl. Boðað er að rjúfa eigi sáttina um samábyrgðina, að sjá eigi á bak þeim þætti sem mörg okkar eru hvað stoltust af í íslensku samfélagi og forverar okkar vinstri manna í pólitíkinni börðust fyrir, og unnu sigra sem allir njóta góðs af.

Ráðherrann gat þessara drauma flokksforustu sjálfstæðismanna ekki í ræðu sinni. E.t.v. er þetta óuppgert mál við Framsfl., en hann hefur nú ekki reynst erfiður. Ég hvet ykkur, hlustendur, til að fylgjast grannt með hver verður niðurstaða landsfundar Sjálfstfl. Hver trúir því að frekari einkavæðing í heilbrigðiskerfinu muni tryggja okkur jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags? Eða er það stefnan að skapa hér tvískipt heilbrigðiskerfi, eitt fyrir þá ríku og annað fyrir þá efnaminni? Samfylkingin gerir kröfu um traust og ábyrga stjórn efnahagsmála sem tryggi jafnan rétt allra til velferðarkerfisins án tillits til efnahags.

Góðir áheyrendur. Formaður Samfylkingarinnar fór yfir það hér áðan hversu mikilvægt það er fyrir okkur að renna styrkari stoðum undir lýðræðið og að við eigum auðvitað að hafa lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri í hvívetna. Alþingi hefur til að mynda sett lýðræðislegar leikreglur um ákvarðanir er lúta að landnotkun á Íslandi og umhverfisvernd. Við búum t.d. við reglur sem snúa að gerð og framkvæmd skipulagsáætlana og um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Einn mikilvægasti þáttur þessara reglna er aðkoma almennings og möguleiki hans til að segja álit sitt. Það skiptir lýðræðið í landinu máli að þetta ferli sé virkt og fái að ganga til enda og að ekki sé varpað fram sleggjudómum áður en endanleg niðurstaða fæst, líkt og við höfum séð gerast varðandi mat á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Sleggjudómar eru jafnslæmir hvort sem í þeim felst afstaða með eða á móti viðkomandi framkvæmd. Samfylkingin leggur áherslu á að þær leikreglur sem Alþingi hefur sett séu virtar, síðan eigi sér stað málefnaleg umræða og á grundvelli hennar taki menn svo afstöðu.

Þjóðfélagið hefur á mörgum sviðum sett sér skýrar leikreglur, reglur sem í daglegu lífi ráða miklu í samskiptum okkar við annað fólk. Við viljum flest að þessar reglur séu í heiðri hafðar. Ef okkur falla þær ekki þá eigum við að breyta þeim en ekki fótumtroða. Markmið Samfylkingarinnar er virkt lýðræði þar sem framsýni í efnahagsmálum, öflug velferðarþjónusta og kröftug menntastefna hefur forgang. — Góðar stundir.

[21:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Fyrir skemmstu átti ég samtal um efnahagsmál við fróðan mann sem reyndi að telja mér trú um að sjávarútvegur skipti nánast engu um efnahagsframvinduna á Íslandi, það skipti síður en svo miklu máli í efnahagslegu tilliti að reisa álver á Reyðarfirði og ekki vildi hann sjá sín börn í vinnu á þvílíkum stað. Manninum var fyllsta alvara. Hann hélt því fram að nýja hagkerfið, ferðaþjónusta og opinber þjónusta á borð við heilbrigðisþjónustu, væri sá grundvöllur sem við mundum fyrst og fremst byggja efnahagslega velferð á í framtíðinni.

Núna, nokkrum vikum eftir þetta samtal, standa málin þannig að nýja hagkerfið er í niðursveiflu og ferðaþjónustan í heiminum er í uppnámi um sinn. Vissulega vonum við af alhug að hér sé um tímabundið ástand að ræða, að breyting verði á og alþjóðasamfélaginu takist að bregðast við þeim áhrifum sem hryðjuverkin óskaplegu hafa í för með sér.

Þetta samtal hefur hins vegar orðið mér hugstætt vegna þess viðhorfs til framleiðsluatvinnuveganna í landinu sem þarna kemur fram og virðist ekki einsdæmi í þjóðfélagsumræðunni um þessar mundir. Heilbrigðis- og velferðarþjónustu í þessu landi megum við aldrei skilja eða skilgreina þannig að þessir veigamiklu þættir samfélagsþjónustunnar geti farið að lifa sjálfstæðu lífi óháð því sem gerist í atvinnulífinu. Því verði jafnan að hafa það hugfast að það er atvinnustarfsemin og verðmætasköpunin sem býr til svigrúmið sem við höfum til að þjóna þeim sem sjúkir eru og þeim sem sjálfsagt er að tryggja réttindi í velferðarþjónustunni.

Eitt sinn var talað um að velferðin skyldi byggjast á varanlegum grunni og stjórnmálasamtök jafnaðarmanna sóttu fram undir þessu slagorði, velferð á varanlegum grunni. Þau samtök tilheyra reyndar fortíðinni og undantekning að forustumenn nýju samtakanna, sem tóku við undir merki Samfylkingar og Vinstri grænna, taki sér þessi orð í munn sem eitt sinn voru í hávegum höfð á vinstri væng stjórnmálanna.

En hvað felst í þessum orðum — velferð á varanlegum grunni? Í þeim felst að við verðum að virkja í mörgum skilningi til að geta rekið velferðarþjónustuna. Við verðum að virkja fallvötnin, við verðum að virkja viljann og hugvitið á öllum sviðum til þess að skapa okkur þau lífskjör sem eru með því besta í heiminum. Við verðum að nýta auðlindir okkar og skynsemi og sækja fram á öllum sviðum atvinnulífsins ef við ætlum að standa þeim þjóðum á sporði sem við höfum jafnan miðað okkur við á lýðveldistímanum. Öflug framsókn í atvinnumálum er ávísun á góða velferðarþjónustu. Í þessum anda eru stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin að vinna og ætla sér að gera það.

Það þarf að ríkja sátt um heilbrigðisþjónustuna. Það þarf að ríkja sátt um undirstöðuatriði velferðarkerfisins og um það þurfum við að geta sagt eins og skáldið forðum:

Viljans, hjartans, vitsins menning
opnast hér í einni þrenning.

Heilbrigðisþjónustan þarf þannig að byggja á pólitískri stefnumótun, á þeirri þekkingu og tækni sem fagfólkið býr yfir og hjartalagi sem setur þjónustu við fólk í fyrirrúm. Forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni hefur ráðist af því fram til þessa og mun ráðast af því meðan ég sit í embætti heilbrrh. hver þarf mest á þjónustunni að halda en ekki á því hver hefur bestu fjárráðin.

Virðulegi forseti. Verði friðurinn sem um þetta grundvallaratriði hefur ríkt í sundur slitinn, þá getum við ekki lengur talað um þessa þjónustu með stolti. Við verðum alltaf að gera okkur grein fyrir hvaða fólk það er sem við erum að þjónusta. Meira en helmingur þeirra sem leita sér læknis eru börn, öryrkjar og aldraðir. Eru það þessir hópar sem menn vilja gefa kost á að kaupa sig fram fyrir á biðlistum eða færast þeir aftur fyrir í biðröðinni þegar fagfólkið er upptekið við að sinna hinum?

Virðulegur forseti. Með því að stilla komugjöldum í heilsugæslunni í hóf vil ég koma þeim skilaboðum til almennings að nýta sér heilsugæsluna í ríkari mæli en nú er gert. Öflug almenn heilsugæsla er grundvöllur að góðu heilsufari þjóðar. Þörf er á að efla heilsugæsluna enn frekar og munu tillögur þess efnis vonandi liggja fyrir á nýju ári.

Annar þáttur sem skiptir verulegu máli í heilsufari þjóðar þegar við horfum til framtíðar eru forvarnir. Ég hef á þeim stutta tíma sem ég hef setið í embætti heilbr.- og trmrh. endanlega sannfærst um mikilvægi þess að veita í einn farveg öllu því fé sem varið er til forvarna. Ég tel afar brýnt að sameina krafta þeirra sem með einum eða öðrum hætti fást við að skipuleggja forvarnir á Íslandi. Stjórn og öll skipulagning forvarna þarf að vera einföld, gagnsæ og kraftmikil til þess að skjótur árangur náist og þeim fjármunum sem til þessa málaflokks renna sé varið á sem hagkvæmastan hátt.

Herra forseti. Ég endurtek að það góða sem við viljum í uppbyggingu velferðarþjónustu byggist á öflugri atvinnuuppbyggingu. Þess vegna vinnum við af fullum krafti að áætlunum um stóriðju. Þess vegna þarf að virkja fallvötnin *og hugvit landsmanna*. Þess vegna þarf að treysta grunn allra atvinnugreina og skapa þeim samkeppnishæf skilyrði á alþjóðamarkaði.

Stjórnmál snúast um að láta hugsjónir rætast. Við framsóknarmenn byggjum á hugsjónum um frelsi einstaklinganna, lýðræði, jafnræði, samhjálp og samvinnu og möguleika fólks til að láta drauma sína rætast. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf og traust velferðarkerfi verður ekki aðskilið í þessari framtíðarsýn. Með því að þetta tvennt fari saman sköpum við farsæld fyrir komandi kynslóðir. — Góðar stundir.

[21:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í dag eru liðnar þrjár vikur frá voðaverkunum í Bandaríkjunum og sá atburður hefur varpað skugga á hvern einasta dag sem upp hefur runnið yfir þjóðir heims síðan þá. Forsrh. hóf mál sitt með því að ræða um ástandið í heimsmálunum eftir árásirnar á New York og Washington og hann ræddi um svör og hann ræddi um viðbrögð við þeim árásum. Hann fullyrti að enginn væri að tala um blindar hefndaraðgerðir í garð heilla þjóða. Við skulum vona að forsrh. reynist sannspár í þessum efnum og okkur takist að róa og hugga börnin okkar og sefa ótta allra barna á þessari jörð.

Friðarhreyfingar um allan heim sameinast nú í fordæmingu voðaverkanna en jafnframt í ákalli sínu um skynsemi og yfirvegun í aðgerðum stórveldanna. Fólk hræðist hefndarhug og fólk hræðist ofsa hvaðan sem hann er upp runninn og sendir öflugt ákall um réttlæti út um heimsbyggð alla.

Íslendingar eru sú þjóð sem lætur í ljósi hvað mestan friðarvilja í nýafstaðinni alþjóðlegri könnun. Aðeins 6% Íslendinga vilja að Bandaríkjamenn ráðist á það land eða önnur lönd sem hýsa hryðjuverkahópana er frömdu ódæðin í New York og Washington þann 11. september. Níu af hverjum tíu Íslendingum vilja frekar fá hryðjuverkamennina framselda og dregna fyrir dóm. Afstaða Íslendinga er svo afgerandi að hún staðfestir enn eina ferðina þá fullyrðingu að friðarbarátta sé meirihlutabarátta og það verða íslensk stjórnvöld að hafa í huga og sem næst hjarta sínu þegar þau mæla fyrir munn þessarar vopnlausu þjóðar norður við ysta haf.

Góðir áheyrendur. Málefni þau sem í brennidepli eru af innanlandsvettvangi eru af ýmsum toga. Verðbólga, vaxtamál, einkavæðingin, — sem fer nú sennilega að verða búin, maður sér ekki að það sé mikið eftir til að selja — væntanleg efnahagsdýfa og frjáls markaður. Boðun samkeppni á raforkumarkaði hefur hleypt miklu kappi í orkuframleiðslufyrirtæki og satt að segja er ástæða til að óttast það hvernig ríkisstjórn Davíðs Oddssonar kemur til með að halda á málum í þeim efnum. Nú þegar blasa við ofstopafullar yfirlýsingar ráðherra varðandi Kárahnjúkavirkjun og fyrirliggjandi úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Virkjun við Kárahnjúka er mjög álitlegur kostur hvernig sem á málið er litið, segir *ráðherrann*. Í stað þess að leggja allt kapp á skynsamlega orkunýtingarstefnu til frambúðar, eins og rammaáætlun sjálfrar ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma gerir ráð fyrir, eru menn nú óðir og uppvægir að undanskilja fjölda virkjanakosta þeirri áætlun. Nú er meira að segja hafið *matsferli Norðlingaöldumiðlunar sem mundi raska Þjórsárverum* sem eru ein okkar allra dýrmætasta náttúruperla, perla sem stjórnvöld sjálf og ráðherrar úr ríkisstjórninni hafa svarið og sárt við lagt að verði ekki fórnað. Og stjórnvöld sjálf hafa tilgreint þessa náttúruperlu inn á lista Ramsar*samningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði*. En þegar til kastanna kemur er ríkisstjórninni ekkert heilagt í þessum efnum. Ef stóriðjuna vantar raforku áður en við erum búin að meta virkjanlegt vatnsafl og forgangsraða virkjunarkostum af skynsemi, þá ber bara að beygja sig fyrir vilja *stóriðjunnar jafnvel þó að ekki hafi verið sýnt fram á* arðsemi orkusölunnar. Með valdsmannlegri raust skipar forsrh. þjóðinni að trúa á álið hvað sem það kostar, þó að fyrir það

þurfi að fórna fegurstu náttúruauðlindum þjóðarinnar því að hvað gefa þær svo sem í aðra hönd?

Málflutningur forsrh. minnir á samtal úr Kristnihaldi undir Jökli þegar Jón Prímus spyr Umba: „Tökum við málstað jarðlífsins af því að það beri sig?" Þegar stefnumál ríkisstjórnarinnar og framganga hennar eru skoðuð, þá gæti maður freistast til að halda að á þeim bæ yrði svarið við þessari einlægu spurningu: Já, við tökum einungis málstað jarðlífsins beri það sig.

Gildismat forsrh. og ríkisstjórnarinnar er undarlegt á flestum sviðum. Boðuð er samþjöppun og einhæfni í atvinnulífi en þeim sýnd fyrirlitning sem vilja leggja lóð á vogarskálar fjölbreytni. „Ég veit ekki á hverju við lifum en fegurðinni má ekki fórna þegar milljónir hugmynda og tækifæra bulla og krauma í heiminum," segir ungur rithöfundur í blaðagrein fyrir skemmstu.

Forsrh. boðar öflugt starf á sviði rannsókna og vísinda í ræðu sinni en hann gerir sér vonandi grein fyrir þeim veruleika sem ríkt hefur meðal íslenskra vísindamanna sem hafa þurft að reiða sig á innlenda rannsóknarstyrki til þessa. Veruleiki Vísindasjóðs hefur t.d. verið sá að hann hefur þurft að bregðast við hátt í 300 umsóknum sem samtals hafa hljóðað upp á um 600 millj. kr. en til skiptanna hafa verið 150 millj. Þessi er raunveruleikinn og vilji Davíð Oddsson í alvöru efla möguleika innlendra vísindamanna á rannsóknastörfum þá er bara eitt að gera: Hækka fjárframlögin. Ef slíkt verður gert verður kannski hægt að fara að tala um að búið sé vel að þeim sem stunda vísindi í þessu landi. En það er ekki margt sem bendir til þess. Í dag er okkur tilkynnt að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þurfi að skera niður og hvar á að byrja? Í setrum Rannsóknastofnunarinnar úti á landi. Sama og með náttúrustofurnar. Þar á líka að draga saman. Þar hafa þó örfáir vísindamenn störf úti á landsbyggðinni. Svona stefna svíkur byggðastefnu og svíkur yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í málefnum vísinda. — Góðar stundir.

[21:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur nú gjörsamlega lagt í rúst afkomu fjölskyldna sjómanna á 80 smábátum sem stunduðu þorskveiðar í 40 daga með 30 tonna aflahámarki af þorski á sl. fiskveiðiári.

Slík er stjórnviska, réttlæti og góðmennska ráðherrans að hann úthlutaði atvinnurétti á þessu fiskveiðiári þar sem hver maður má veiða allt niður í 1,1 tonn af þorski.

Þeim hjónum, Pétri og Jóhönnu Thorarensen, sem eiga Hildu ST 33 frá Gjögri á Ströndum, er ætlað að lifa af því ásamt 638 kg af ýsu, 386 kg af ufsa og 933 kg af steinbít. Ýsunni og steinbítnum er nú ætlað að bíta á handfærin hans Péturs. Það er af flestum sem til þekkja talin lítil von til þess að áðurnefndar fisktegundir taki upp þá nýbreytni á nýrri öld. Það verður að fara þess á leit við dýralæknismenntaðan hæstv. sjútvrh. að hann taki að sér endurhæfingu þessara nýkvótasettu fisktegunda svo þær veiðist á veiðarfæri handfærakarlanna því næstu 40 menn í þessu kerfi fá mest að veiða 6,7 tonn af þorski allt fiskveiðiárið. Þeir fá sömu kíló af ýsu og steinbít og þau Pétur og Jóhanna. Sá sem mest má veiða í þessum flokki smábáta fær 14 tonn af þorski. Endurhæfing fisktegunda svo þær viti á hvaða króka þær eiga að bíta eða bíta ekki er því afar brýn nú í kjölfar þeirra mörgu stjórnviskuskrefa til sátta um stjórn fiskveiða sem sjútvrh. hefur þegar stigið.

Aðeins sjö bátar af þessum tæplega 80 bátum eru 6 tonn að stærð en 55 þeirra eru 2–4 brúttótonn að stærð. Hvar er atvinnuréttur þeirra sem haft hafa sjómennsku að atvinnu í áratugi? Það væri fróðlegt að sjútvrh. eða forsrh. segðu þessu fólki á næstu dögum hvernig það eigi að lifa. Þetta kallar forsrh. sjálfsagt í ræðu sinni að hengja sig í hin smærri atriði. Spurt er: Er ráðherra leyfilegt að nota lög og reglugerðir sem hann veit fyrir fram að sjómennirnir geta ekki unnið eftir refsilaust?

Nú liggur fyrir að fjölmörg svokölluð sáttaskref, eins og kvóti á löngu, keilu og skötusel, verða stigin af ríkisstjórninni í kjölfar þess víðtæka sáttavilja sem lagapöntunarfélagi LÍÚ hefur þegar verið sýndur og birtist í meirihlutaáliti hinnar svokölluðu sáttanefndar.

Ungir sjálfstæðismenn telja það sósíalisma að fara fyrningarleiðina og opna fyrir jafnræði í aðgangi að aflakvótum á markaði. Það er auðséð á þessum viðhorfum að sjálfstæðismenn standa ekki lengur fyrir stefnu sem vill efla byggðir og jafnræði með fólki í landinu.

Sjálfstfl. styður auðvaldsklíkur og kvótabraskara. Stefna hans og ríkisstjórnarinnar er eyðibyggðastefna sem þjóðin hlýtur að rísa upp gegn fyrr en síðar.

[21:31]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það hefur verið með ólíkindum að fylgjast með málflutningi stjórnarandstöðunnar í þessum umræðum. Ætla mætti að hér væri allt á heljarþröminni og allt sem ríkisstjórnin hefur gert og hyggst gera væri tóm vitleysa. Gott dæmi um offorsið í þessum umræðum eru ummæli formanns Vinstri grænna hér áðan um einelti Ríkisútvarpsins og einkavæðingu Landssímans. Slík stóryrði dæma sig sjálf. Að ég minnist nú ekki á málflutning síðasta hv. ræðumanns.

Eitt af því sem er gagnrýnt er útgjaldaaukning ríkissjóðs. Reyndar skilaði ríkissjóður 17 milljörðum af handbæru fé á síðasta ári og mun aftur skila verulegum afgangi í ár, sem verður notaður til að lækka skuldir. Samfylkingin segist hafa varað við mjög auknum ríkisútgjöldum. Þar fara ekki saman orð og athafnir því að við afgreiðslu fjárlaga í lok síðasta árs lagði Samfylkingin fram mikinn fjölda brtt., samtals að upphæð 5,5 milljarða rúma eða 5.520 millj. kr. í aukin ríkisútgjöld. Og Vinstri grænir voru engir eftirbátar, þeir lögðu fram tillögur um hækkun ríkisútgjalda upp á 3,3 milljarða og í félagi við Frjálslynda flokkinn upp á 2,2 milljarða, eða samtals 5,5 milljarða, 5.500 millj., nákvæmlega eins og Samfylkingin. Já, það hallast ekki á merinni hjá Samfylkingunni og Vinstri grænum þegar aukning ríkisútgjalda er annars vegar.

Sama er upp á teningnum þegar kemur að skattamálum. Formaður Samfylkingarinnar hefur á síðustu vikum býsnast mjög yfir mikilli skattheimtu. Þar fara heldur ekki saman orð og athafnir því að sami formaður hefur sl. tvö til þrjú ár skammað ríkisstjórnina reglulega fyrir að lækka skatta á almenning. Það á ekki að lækka skatta í góðæri, hefur hann sagt, en eins og menn muna var tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 4 prósentustig í þremur áföngum, sem er einhver mesta skattalækkun í sögu lýðveldisins og á stóran þátt í því að kaupmáttur hefur aukist meira hér á landi en í nokkru öðru landi á undanförnum árum. Í fjárlagafrv. næsta árs eru boðaðar enn frekari skattalækkanir. Meðal þeirra skatta sem ég tel að við verðum að lækka er eignarskatturinn sem er allra skatta ósanngjarnastur.

En hvað lagði Samfylkingin til í skattamálum við síðustu fjárlagagerð? Auðvitað skattahækkanir, samtals upp á 5 milljarða kr. Þar vó langþyngst tillaga um að hækka staðgreiðsluna, tekjuskatt einstaklinga, um rúma 3,3 milljarða, 3.350 millj. kr. Og hver trúir svo hjali formanns Samfylkingarinnar um lækkun tekjuskatts á fólkinu í landinu, eins og kom fram í ræðu hans hér áðan? Það trúir þessu auðvitað enginn og þess vegna minnkar stöðugt fylgi flokksins. Það sígur jafnt og þétt og skal engan undra.

Góðir áheyrendur. Við búum í landi tækifæranna og okkar fámenna þjóð gerir kröfu um að standa jafnfætis milljónaþjóðunum á flestum sviðum og að ríkið veiti landsmönnum sem mesta og besta þjónustu. En til að svo megi verða þurfum við að nýta tækifærin, skapa ný störf og auka útflutning.

Á undanförnum árum hefur orðið til mikill fjöldi góðra starfa á nýjum sviðum. Þar má nefna Íslenska erfðagreiningu, sem stjórnarandstaðan lagðist mjög gegn hér á Alþingi. Nú eigum við mikla möguleika í orkufrekum iðnaði og auðvitað er stjórnarandstaðan á móti, eins og hér hefur komið fram. Við höfum um áratuga skeið leitað að erlendum aðilum sem vilja fjárfesta í orkufrekum iðnaði á Íslandi með litlum árangri. Nú vilja tveir aðilar ráðast hér í miklar framkvæmdir.

Norðurál á Grundartanga vill auka framleiðslu sína úr 90 þús. tonnum í 240 þús. tonn. Sú stækkun mun skapa 300–400 ný störf í verksmiðjunni og þjónustu við hana og útflutningsverðmæti fyrirtækisins mun aukast um 25 milljarða kr. á ári. Það þarf ekki nýja virkjun til að útvega orku vegna þessarar stækkunar, aðeins að sækja aukið vatn til þeirra virkjana sem fyrir eru. Verksmiðjan er í góðri sátt við umhverfi sitt og eftirsóttur vinnustaður. Það þarf að ljúka samningum um orkukaup svo að framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar geti hafist sem fyrst.

Þá eru uppi áform um mikla virkjun við Kárahnjúka og álver í Reyðarfirði, sem gert er ráð fyrir að skapi allt að eitt þúsund ný störf á Austurlandi og útflutningsverðmæti upp á 50–70 milljarða á ári. Á Austurlandi hefur fólki fækkað verulega á undanförnum árum og atvinnutekjur eru þar með því lægsta sem gerist. Það er enginn vafi á því að álverið í Reyðarfirði mun hafa gríðarlega mikil og góð áhrif á Austurlandi og að sjálfsögðu einnig á þjóðarbúið. Vonandi hefjast þessar framkvæmdir sem fyrst.

Það er annars undarlegt að sumir stjórnmálamenn, og þá einkum Vinstri grænir og hluti Samfylkingarinnar, tala jafnan af mikilli fyrirlitningu um störf við stóriðju. Ég hef aldrei skilið það frekar en svo margt sem þaðan kemur. Störf við stóriðju eru mjög eftirsótt. Þegar Norðurál hóf starfsemi sína fyrir þremur árum sóttu 1.100 manns um vinnu þar. Meðalstarfsaldur er mjög hár í stóriðjufyrirtækjunum og laun betri en almennt gerist. Það er því engin ástæða, alls engin ástæða, til að gera lítið úr þessum störfum.

Mörg verkefni bíða Alþingis á komandi vetri. Ný byggðaáætlun er í smíðum og verður lögð fyrir þingið á næstu mánuðum. Því er oft haldið fram að stjórnvöld hafi ekkert sinnt byggðamálunum. Það er rangt. Ég minni á að mjög margt af því sem stefnt var að í byggðaáætlun þeirri sem Alþingi samþykkti vorið 1999 til þriggja ára hefur náð fram að ganga. Ég nefni stórátak í samgöngumálum, lækkun húshitunarkostnaðar á landsbyggðinni, stuðning við nýjar hitaveitur, tvöföldun framlaga til jöfnunar námskostnaðar, stóraukna fjarkennslu og öflugan stuðning við eignarhaldsfélög og atvinnuþróun á forræði heimamanna.

Góðir Íslendingar. Tími minn er á þrotum. Ég þakka áheyrnina. Við skulum horfa bjartsýn fram á veginn. Ég óska landsmönnum öllum gæfu og gengis.

[21:37]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Ein tilraunin enn til að sætta menn við stjórnkerfi fiskveiða hefur strandað. Ágreiningurinn um gjafakvótann og að útgerðarmenn skuli geta selt öðrum sameignina okkar, fiskinn í sjónum, heldur áfram. Samfylkingin hefur boðað skýra stefnu í þessu máli. Hún vill innkalla veiðiheimilda eftir fyrningarleið, afnema gjafakvótann í áföngum og koma á réttlæti til þess að nýta auðlindina. Flokkurinn gerði þetta að höfuðmáli fyrir síðustu kosningar. Fleiri tóku undir svipaðar kröfur og enn fleiri gera það nú.

Af þessu kom nokkur ótti að foringjum stjórnarflokkanna, ótti um að óánægja fólksins gæti brotist út í kosningunum. Og forsrh., ásamt Halldóri Ásgrímssyni, lofaði að fara í róður, fara í siglingu, friðarsiglingu. Þeir sögðu að þeim væri best treystandi til þess. Já, sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn, og fjöldamargir trúðu þeim. Forsrh. sagði frá þessari friðarsiglingu sinni hér áðan en með undarlega knöppu orðalagi. Í tólf línum gerði hann grein fyrir þessu og það vekur athygli að hæstv. sjútvrh. fékk ekki einu sinni orðið hér í kvöld til að lýsa þessari sátt sem er komin upp á borðið. Meiri hluti nefndar sjútvrh. hefur komið með fínar tillögur, segir hæstv. forsrh. Þetta haf væri því að baki og bara eftir að landa aflanum.

Mér dettur í hug vísa eftir Þorstein Valdimarsson. Í vísunni segir Þorsteinn fyrst frá ferðalokum annars frægs sæfaranda og gefur honum svo orðið, með leyfi forseta:

Hann Sindbað hann renndi' upp á sand
og sagði', er hann hoppaði' í land:
Ráðið hverju þið trúið,
en hafið er búið —
rétt það hrökk í mitt síðasta strand!

En ræðubútur strandkapteinsins — ekki Sindbaðs — er, þó stuttur væri, nóg efni í ræðu og þó lengri tími væri hér til ráðstöfunar en ég hef hér í kvöld. Aðalatriðið kom fram í þessum orðum hæstv. forsrh., með leyfi forseta: „... er óskandi að sem flestir rísi undir því að horfa fremur til heildarhagsmuna í málinu en að hengja sig fasta í smærri atriði sem sagan sýnir að vonlítið er að ná meiri hluta um".

Með þessu látlausa orðalagi er ráðherrann að gera virðulega útför loforða sinna úr síðustu kosningum. Það hlýtur sannarlega að vekja athygli þeirra sem tóku mark á hinum dýru svardögum sem foringjarnir stjórnarflokkanna lofuðu að beita sér fyrir sátt um. Orðin eru orðin að smærri atriðum, þessi loforð, sem vonlítið er að ná meiri hluta um. Ráðherrann vill ekki að menn séu að hengja sig í slíkt, smáatriði eins og jafnræði fólksins í sjávarbyggðunum til þess að nýta auðlindina, sem er við bæjardyrnar hjá þeim, í stað þess að þurfa að kaupa veiðiréttinn af þeim sem eru í náðinni hjá stjórnvöldum.

Sannleikurinn verður yfirleitt ljós að lokum. Það var aldrei nein meining á bak við loforðin um sættir. Þetta var allt saman leikrit sem foringjarnir skrifuðu saman og allt gekk eftir. Og nú styttist í lok þess ferils sem þeir félagarnir komu sér saman um að ætti að vera í þessu máli. Sáttin um stjórn fiskveiða er nú boðuð. Hún varð nefnilega ekki til með víðtæku samráði og opinni umræðu í lýðræðisþjóðfélaginu Íslandi, eins og kjósendur hafa kannski haldið. Hún varð til milli foringja stjórnarflokkanna og forustu LÍÚ. Þeim formönnum varð nefnilega ljóst á miðju síðasta ári

að auðlindanefnd, sem var að störfum, stefndi í að skila samræmdum tillögum um meðferð auðlinda í þjóðareign, og að í þeim tillögum yrði gengið út frá jafnrétti þegnanna til að nýta slíkar auðlindir. Þetta hefði auðvitað orðið algjör skandali að þeirra mati, einokunarréttur gjafakvótakerfisins var auðvitað í stórhættu ef svona yndi fram. En þeir áttu aðgang að nefndinni. Og eftir víðtækt samráð við LÍÚ varð veiðigjaldsleiðin til og henni var troðið inn í starf auðlindanefndarinnar. LÍÚ-forustan lýsti strax yfir því að hún féllist á þessa leið. Og þó að útgerðarmenn hefðu að sjálfsögðu engin efni á þessu — en ef það gæti gert þessa annars hamingjusömu þjóð enn þá hamingjusamari þá skyldi nú ekki standa á þeim. Og þó að þeir auglýsi grimmt þessa dagana það sem þeir kalla landsbyggðarskatt þá var þetta nú samt samningur þeirra við ríkisstjórnarflokkana. Nú hefur meiri hluti sáttanefndar sjútvrh. stimplað samninginn við LÍÚ og stjórnarflokkarnir ætla að verja einokunarkerfið áfram.

Við hjá Samfylkingunni flytjum á þessu þingi ýmsar tillögur um siðareglur í stjórnsýslunni. Ég veit að margir eru okkur sammála um að slík umræða sé tímabær. En stjórnmál byggjast á trausti og það fulltrúalýðræði sem hér ríkir setur stjórnmálamönnum þær skyldur á herðar að virða þær grundvallarreglur að orð skuli standa. Um það gilda óskrifaðar siðareglur. Trúverðugleiki allra stjórnmálamanna mun bíða hnekki ef forustumenn stjórnarflokkanna ganga gegn eigin orðum í þessu mikilvæga máli.

[21:43]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Atvinna er undirstaða velferðar okkar. Öflugt atvinnulíf er helsta forsenda hagsældar, lífsgæða og öflugs velferðarkerfis. Við verðum að nýta náttúruauðlindir okkar til lands og sjávar skynsamlega og með sjálfbærum hætti til þess að atvinnulífið megni að halda áfram uppi lífskjörum eins og best þekkjast. Við verðum að setja okkur leikreglur um nýtingu auðlindanna, auðlindirnar eru takmarkaðar og við verðum að umgangast þær sem slíkar.

Sjávarútvegurinn nýtir okkar mikilvægustu auðlind. Hann hefur skilað þjóðarbúinu það miklu á undanförnum árum að okkur hefur tekist að skapa hér lífskjör eins og best þekkjast í heiminum. En þjóðin hefur skiptar skoðanir um hvaða leikreglur eigi að gilda um afnotin af auðlindinni. Nú sem fyrr á sér stað mikil umræða um að gera þurfi verulegar breytingar á lagaumhverfi sjávarútvegsins. Í þeirri umræðu verðum við að gæta þess að aðgerðir stjórnvalda veiki ekki starfsgrundvöll sjávarútvegsins og þar með efnhagskerfið og vinni ekki gegn hagsmunum þjóðarinnar í heild.

Það er afar mikilvægt að þessi atvinnugrein búi við stöðugt starfsumhverfi þannig að menn viti hvert stefni til framtíðar. Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að þessari atvinnugrein sé ekki íþyngt með sköttum og gjöldum umfram aðrar atvinnugreinar þannig að vegið sé að rekstrargrundvelli hennar. Hins vegar er eðlilegt að sjávarútvegurinn taki þátt í kostnaði sem snertir greinina beint.

Í umræðunni sem fram undan er um starfsskilyrði sjávarútvegsins verður að taka tillit til margra ólíkra þátta sem málið snerta. Nefna má örfá dæmi um slík atriði. Óstöðugleiki og vanhugsaðar stjórnvaldsaðgerðir geta haft bein og neikvæð áhrif á afurðamarkaði sjávarútvegsins til tjóns fyrir greinina og þjóðarbúið. Gæta þarf jafnræðis milli landvinnslu og sjóvinnslu m.a. varðandi nýtingarhlutfall hráefnis vinnsluskipa sem skiptir einnig verulegu máli þegar litið er til heildarafla flotans.

Við verðum að finna leiðir til að minnka brottkast, jafnvel þannig að veiddur afli komi á land og þannig verði dregið úr verðmætasóun. Einnig þurfum við að komast að niðurstöðu um að tryggja rekstrargrundvöll strandveiðiflotans og smábáta. Við verðum að standa saman um að efla rannsóknir á hafinu og lífríki þess ásamt því að auka veiðarfærarannsóknir. Loks þurfum við að leggja aukna áherslu á eldi sjávarfiska og rannsóknir því tengdar.

Lífríki hafsins og umgengni um það skiptir miklu þegar til framtíðar er litið og okkur ber skylda til að tryggja hagsmuni kynslóða framtíðarinnar að þessu leyti. En auðsuppspretta okkar liggur ekki aðeins í auðlindum hafsins því við eigum miklar auðlindir sem felast í orkunni. Á síðasta kjörtímabili gengu stjórnvöld með ráðherra Framsfl. fremsta í flokki gegnum mikla orrahríð við uppbyggingu Norðuráls í Hvalfirði. Nú hefur sú gagnrýnisumræða að mestu hljóðnað og er von til þess að fljótlega verði ráðist í stækkun álverksmiðju Norðuráls sem mun bæta hag okkar enn frekar. Nú eigum við góða möguleika á stórfelldri atvinnuuppbyggingu á Austurlandi sem getur skipt miklu í byggðaþróun og skilað þjóðinni auknum þjóðartekjum ef af verður. Skiptar skoðanir eru um málið og sumir andstæðingar þess halda því fram að beislun vatnsafls við Kárahnjúka valdi miklu varanlegu náttúrutjóni og því beri að leggja þessi áform til hliðar.

Að sjálfsögðu ber að taka tillit til sjónarmiða náttúruverndar en við verðum einnig að líta til hagsmuna mannfólksins og byggðanna í landinu og við eigum að vega hlutina og meta og ná skynsamlegri niðurstöðu. Sumir andstæðingar þessa máls telja uppbyggingu virkjana og stóriðju á Austurlandi ekki heppilega og krefjast þess að ráðist verði í eitthvað annað. Þessi „eitthvað annað"-atvinnustefna sem þorri stjórnarandstöðunnar talar fyrir er ekki líkleg til að skapa okkur þau lífsskilyrði sem við stefnum að. Hún er fremur til þess fallin að skapa hér svipuð lífsskilyrði og hjá þjóðum sem við viljum alls ekki bera okkur saman við. Þessi atvinnustefna kallar yfir okkur atvinnuleysi og lakari kjör. Framsfl. vill ekki stuðla að slíku ástandi.

Nýjasta útspil Vinstri grænna í þessum efnum er að dæla hundruðum millj. kr. á Austurland til þess að gera „eitthvað annað" án skilgreindra markmiða. Þetta er glæsileg stefna eða hitt þó heldur.

Hæstv. forseti. Auðlindir lands og náttúru eru grundvöllur landbúnaðarins. Mikil þróun hefur átt sér stað í hefðbundnum landbúnaði og víða er verið að byggja upp í sveitum landsins ásamt því að unnið er að rekstrarlegri hagræðingu í greininni. Aukin menntun, rannsóknir og þróunarverkefni eru grundvöllur framþróunar og gera landbúnaðinum kleift að standa sig betur í aukinni samkeppni. Við eigum fyrirmyndar mennta- og rannsóknarstofnanir sem skipta miklu í þessu sambandi.

En hlutverk landbúnaðarins er annað og meira en framleiðsla fyrsta flokks matvæla með nýtingu hreinnar náttúru. Landbúnaðurinn tengist náið menningu og sögu þjóðarinnar sem og þróun búsetu og byggðar í landinu.

Nú er unnið að skilgreiningu fjölþætts hlutverks landbúnaðarins, enda er það ein af forsendum landbúnaðarstefnu framtíðarinnar.

Góðir áheyrendur. Okkur berast váleg tíðindi utan úr heimi. Afleiðingar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum í síðasta mánuði birtast okkur daglega í nýjum myndum og

atvinnuvegir sem allir dásömuðu fyrir nokkru berjast nú í bökkum. Það hriktir í stoðum efnahagskerfis heimsins. Ótti og óvissa grefur um sig meðal almennings um allan heim. Við slíkar kringumstæður er gott að tilheyra matvælaframleiðsluþjóð sem framleiðir hágæðamatvæli. Við þessar aðstæður sjáum við hve ríkir við Íslendingar erum af landinu okkar, *náttúrugæðunum, samfélagsgerðinni* og mannauðnum. Við erum sjálfum okkur nóg að mestu og við eigum að lifa í sátt og samlyndi hvert við annað og við land okkar. Það eru forréttindi að vera Íslendingur og búa á Íslandi. Það skulum við hafa í huga. — Góðar stundir.

[21:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Samkeppnishæf búseta og heimilishald krefst þess að hafa góðan aðgang að lágmarksþjónustu í sínu nánasta umhverfi. Það er á ábyrgð samfélagsins alls að tryggja að svo sé. Það kann að virðast einföld framkvæmd að loka pósthúsi eða bensínafgreiðslu, leggja niður bankaútibú og segja starfsmönnum upp, en með slíku er í raun verið að auka rekstrarkostnað bæði heimila og fyrirtækja svo um munar. Meint hagræðing kemur oft fram sem örlítil aukning á hagnaði en getur falið í sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þær byggðir sem eiga í hlut. Tökum bara lítið dæmi.

Í Árneshreppi á Ströndum er lítið en sterkt samfélag. Ferðafólk leggur þangað leið sína í auknum mæli að sumrinu og ferðaþjónusta er þar stuðningsbúgrein. Farsímasamband norður þar er lélegt og ekkert GSM-samband. Landssíminn rak þar símasjálfsala um skeið.

Fyrir nokkru spurði einn af ráðamönnum Símans heimamenn hvort ekki mætti láta taka niður þennan sjálfsala, hann bæri sig ekki. Oddvitinn svaraði því til að það væri ekki að þeirra vilja en þar á bæjum væri nú enn sú gestrisni að ferðalöngum yrði ekki meinað að fara í síma.

Póstkassi sem stóð á götuhorni rétt hjá Elliheimilinu Grund í Reykjavík var fjarlægður fyrir nokkrum vikum, væntanlega í sparnaðarskyni. Rekstur hans hefur ekki borið sig. Í báðum tilvikum er um að ræða lítilvægan sparnað sem þó hefur í för með sér stórvægilegar breytingar fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

Til skamms tíma byggðist styrkur atvinnulífs hér á landi á dreifræði. Fyrirtækjum var stjórnað á þeim sama stað og þau störfuðu og ákvarðanir voru teknar af fólki sem þekkti staðhætti vel.

Herra forseti. Það er skoðun mín að helsta meinið í íslensku atvinnulífi í dag sé oftrú á hagkvæmni stærðarinnar. Í dreifbýlu landi hentar þessi sýn engan veginn. Stækkun eininga í atvinnulífi og samfélagsþjónustu, einkavæðing með tímabundna arðsemi fjármagns sem höfuðmarkmið á sér takmörk og getur leitt til þess að tengsl við umhverfið rofna, fyrirtækin trénast upp og tapa sveigjanleika og aðlögunarhæfni, enda hafa eigendurnir ekki lengur samfélagslega skírskotun.

Tökum dæmi af Goða hf. Þar átti hagkvæmni stærðarinnar allan vanda að leysa. Fjöldi sláturhúsa og kjötvinnslufyrirtækja voru sameinuð í stórfyrirtækinu Goða. Mörg þessara fyrirtækja stóðu þó vel fyrir og þjónuðu ágætlega hagsmunum framleiðenda og neytenda. Svo kom hin meinta hagræðing. Kjötvinnslur voru seldar og sláturhúsum var lokað á miðju sumri. Afkoma fjölda bænda og heilla byggðarlaga var tekin í gíslingu. Goði féll loks á eigin hugmyndafræði en samt var hann búinn að vinna mikið tjón og ekki útséð með það enn. Og sama „goðafræðin" ræður ferð í sjávarútveginum. Stækkun fyrirtækja, kvótasala og áframhaldandi byggðaröskun.

Fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár hefur verið lagt fram og forsendur þess eru því miður afar veikar. Sala ríkiseigna á öllu að bjarga en gert er ráð fyrir sölu Landssímans *þó þjóðin hafi í raun sýnt það í verki að hún er* andvíg sölunni. Á sölu á ríkistekjum á að reyna að byggja fjárlögin. Ytri skilyrði efnahagsmála hafa verið einstaklega góð hin síðustu ár og eru í raun enn en samt virðist vera brýn nauðsyn að halda ríkisbúskapnum uppi með sölu eigna. Hvað gerum við ef harðnar á dalnum í alvöru? Ekki getum við selt sömu eignina tvisvar. Ríkisrekstur sem nærist á sölu eigna og viðskiptahalla stendur á veikum grunni.

Herra forseti. Það eru blikur á lofti og einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar eru háskaleikur með fjöregg þjóðarinnar. Það er mál að linni. Það er mál að keiluslætti þessarar ríkisstjórnar linni og hún fari frá. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur að leiðarljósi öryggi, velferð og hamingju fólks í landinu öllu. — Góðar stundir.

[21:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sannleikurinn um sáttaleiðina sem viðhöfð var af stjórnarliðum fyrir síðustu alþingiskosningar hefur nú litið dagsins ljós í meirihlutaáliti hinnar svokölluðu sáttanefndar.

Málaliðar ríkisstjórnarinnar fara að sjálfsögðu algjörlega eftir forskrift lagapöntunarmanna í LÍÚ, þeirra manna, sem aldrei hafa í samskiptum við landsmenn séð annað í stöðunni *en sína LÍÚ-sátt um ótakmarkað kvótabrask sér til handa.* Kvótabrask með tilheyrandi byggðaröskun, eignaupptöku og atvinnumissi hjá fólki í minni sjávarbyggðum.

Arðrán leiguliðanna sem nú borga sægreifunum 130 kr. fyrir óveiddan þorskinn í sjónum heldur áfram. Ríkisstjórn gjafakvótans styður hið nýja vistarband enda nýtur hún allra ráða frá lagapöntunarfélagi LÍÚ.

Ríkisstjórnin hefur uppi með skósveinum sínum þá einu tilburði að þjóna auðsöfnunarklíku þessa lands sem á nú eignabönd í öllum stærri fyrirtækjum landsins.

Hvað getur almenningur og þó sérstaklega fólkið í sjávarbyggðunum sagt um þá herför sem nú birtist og sjútvrh. hefur boðað sem tillögur sínar og ríkisstjórnarinnar? Þær eru víðs fjarri öllu því sem kallast getur sátt um fiskveiðistjórnina *eins og núverandi stjórnarherrar lofuðu þjóðinni. Sá lygavef*ur dugði til þess að þeim var falin landstjórnin og sáttagerðin sem nú birtist í óbreyttu kvótabraskskerfi. Það kerfi þjónar hagsmunum fárra útvaldra. Auðvaldsklíku Íslands.

Við öðru var varla að búast eftir handval hinna auðsveipu samherja í hina svokölluðu sáttanefnd. Niðurstaða meiri hlutans tekur í engu á þeim augljósu göllum sem kvótabraskskerfinu hafa fylgt.

LÍÚ fékk því ráðið við lagasetningu árið 1990 að engan þyrfti lengur að spyrja um hvert, hvenær né hverjum LÍÚ-gjafakvótinn, og þar með atvinnuréttur fólksins í sjávarbyggðunum, yrði seldur.

Auðvitað er svo líka í meirihlutaálitinu tekið heils hugar undir þá skaðlegu framkvæmd gegn veiðikerfi smábátanna *sem hæstv. sjútvrh. hefur unnið að með stjórnarathöfnum* sínum á þessu sumri. Með kvótasetningu nýrra fisktegunda á smábáta er veiðikerfi þeirra gert óframkvæmanlegt. Verið er að þröngva kvótabraskskerfi yfir fólk sem lifir á fiskveiðum

og vinnslu. Kvótakerfi sem fólk vill ekki þurfa að vinna undir.

Ályktanir smábátasjómanna alls staðar að af landinu eru samhljóða, þeir vilja áfram sóknarstýrt veiðikerfi smábátanna. Verkum hæstv. ráðherrans er hafnað. Við þessi áform mun brottkast afla aukast enn frekar og var þó óbærilegt fyrir.

Framkvæmi stjórnarflokkarnir að festa þessi ólög í sessi þá mun loksins renna upp fyrir fólki að gjafakvótakerfið og samþjöppun valds er verk núverandi ríkisstjórnar sem stendur vörð um einkavinaauðsöfnunarklíku fárra útvalinna.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í leiðara Bæjarins besta sem er blað sem gefið er út á Vestfjörðum. Þar stendur m.a.:

„... það verður aldrei sátt um stjórnun fiskveiða í þessu landi fyrr en dregin verða mörk milli strandveiða og úthafsveiða; fyrr en gjafakvótinn verður aflagður, fyrr en kvótabraskið verður aflagt. Það verður aldrei sátt um að heilu byggðarlögin verði lögð í eyði og íbúarnir sviptir aldagömlum rétti til veiða á flóum og fjörðum, þegar sýnt er eftir tveggja áratuga reynslu af kvótakerfinu að verndun fiskstofna, höfuðtilgangur laganna um fiskveiðistjórnun, hefur ekki gengið eftir. Það næst aldrei sátt um að vistvænasta veiðiaðferðin, krókaveiðar, verði lögð af til þess eins að þóknast stórútgerðinni. Né heldur að rétturinn til fiskveiða við strendur Íslands sé færður fáeinum einstaklingum og fjölskyldum til eignar og umráða um ómunatíð. Aldrei. Aldrei.“ Þetta segir í leiðaranum.

Ríkisstjórnin gerir sjómenn að leiguliðum, vegur að kjörum og kaupi fiskverkafólks og dregur máttinn úr dreifðum byggðum landsins. Með fagurgala er boðuð byggðastefna, en í verki er eyðibyggðastefnan framkvæmd.

Frjálslyndi flokkurinn vill byggja upp og efla byggð í landinu. Við höfnum þátttöku stjórnarliða í stjórn landsins. Við skorum á landslýð að fella fulltrúa stjórnarflokkanna í sveitarstjórnum, fella þá í næstu alþingiskosningum. Þannig viðbrögð almennings væru skýr skilaboð og verða ekki misskilin.

Góðir Íslendingar. Rísum upp gegn ranglæti. Í guðs friði. Góða nótt.

Fundi slitið kl. 22:01.

---

3. FUNDUR

miðvikudaginn 3. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum og viðbrögð við þeim, skýrsla utanríkisráðherra. — Ein umr.

2. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, stjfrv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aukaþing Alþingis um byggðamál í janúar 2002, 24. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 24.

Fjáraukalög 2001, 28. mál, frv. JB o.fl., þskj. 28.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Í fjárln.: Ólafur Örn Haraldsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Í efh.- og viðskn.: Vilhjálmur Egilsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í samgn.: Guðmundur Hallvarðsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Í sjútvn.: Einar K. Guðfinnsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í landbn.: Drífa Hjartardóttir formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í iðnn.: Hjálmar Árnason formaður og Guðjón Guðmundsson varaformaður.

Í félmn.: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Hryðjuverkin í Bandaríkjunum og viðbrögð við þeim, skýrsla utanríkisráðherra, ein umr.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um fyrirkomulag umræðunnar er samkomulag milli þingflokka. Umræðan skiptist í þrjár umferðir og mun standa í um það bil tvær klukkustundir. Í fyrstu umferð hefur ráðherra fimmtán mínútur og talsmenn flokkanna tíu. Í annarri umferð hafa þingmenn og ráðherrar fjórar mínútur hver til umráða og í þriðju og síðustu umferð hafa talsmenn flokkanna tvær mínútur hver og ráðherra fimm mínútur.

[13:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það þarf vart að fjölyrða um ástæður þess að ég hef frumkvæði að þessari umræðu hér á háttvirtu Alþingi. Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin hafa þegar haft djúpstæð áhrif um heim allan og ekki sér fyrir endann á afleiðingum þeirra. Seint eða aldrei mun mönnum líða úr minni þær ógnvekjandi myndir sem fyrir augu bar er tveimur farþegaþotum var flogið á turnana tvo í New York borg að morgni 11. september síðastliðins, og síðan einnig á Pentagon. Eflaust verður þess einnig langt að bíða að við áttum okkur til fullnustu á þýðingu þeirra voveiflegu atburða sem öll heimsbyggðin fylgdist með þennan örlagaríka dag fyrir þremur vikum. Eitt er þó hafið yfir allan vafa, að veröld okkar verður aldrei söm á eftir.

Harmleikurinn hefur margar hliðar, bæði mannlegar og efnahagslegar. Tölur um fórnarlömb hryðjuverkanna segja sína sögu. Nálega sex þúsund manns frá samtals um áttatíu ríkjum létu lífið eða er enn þá saknað eftir þennan blóðuga dag í sögu Bandaríkjanna. Tugir þúsunda eiga um sárt að binda eftir brotthvarf ástvina, þar á meðal börn sem misst hafa annað eða bæði foreldri.

Áður en lengra er haldið veit ég að þingheimur allur tekur undir samúðarkveðjur mínar til bandarísku þjóðarinnar, ríkisstjórnar Bandaríkjanna og allra þeirra fjölmörgu um heim allan sem syrgja lát ættingja og vina.

Hverjir stóðu að baki hinum samviskulausu árásunum þennan dag er sú spurning sem bandarísk stjórnvöld í samvinnu við fjölmörg ríki hafa leitast við að svara að undanförnu. Hinir seku verða dregnir til ábyrgðar. Um réttmæti þess efast enginn. Böndin bárust skjótt að hinum samviskulausa hryðjuverkamanni Osama bin Laden og samverkamönnum hans í Al Qaeda hreyfingunni sem láta fyrir berast í Afganistan í skjóli talibanastjórnarinnar í Kabúl. Á ráðsfundi í Atlantshafsbandalaginu í gær lögðu Bandaríkjamenn fram gögn um að árásirnar voru skipulagðar af Al Qaeda með vitund og vilja bin Ladens.

Menn leita skýringa á voðaverkunum. En látum ekki blekkjast. Þau hryðjuverkasamtök sem hér voru að verki eru ekki knúin áfram af háleitum pólitískum eða trúarlegum markmiðum heldur vakir einungis fyrir þeim að valda sem mestri eyðileggingu, sem dýpstum harmi og sem mestri upplausn. Þau ráðast að kjarna siðmenningar okkar og reyna með huglausum og grimmilegum árásum að grafa undan lýðræði og frelsi sem þau ríki sem samtökin beina helst spjótum sínum að hafa í hávegum.

Ríkisstjórnir sem styðja og hýsa hryðjuverkamenn bera hér mikla ábyrgð. Markmið alþjóðasamfélagsins er að einangra þá seku svo þeir eigi sér hvergi skjól og aðeins þannig verða samtök þeirra upprætt.

Til að skipuleggja og hrinda í framkvæmd voðaverkunum þann 11. september hefur þurft umtalsvert skipulag og ekki síður fjármagn. Hvaðan skyldi það komið? Tengsl alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka við smygl og sölu eiturlyfja og vopna eru löngu kunn. Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um eiturlyf árið 2000 segir m.a. að Afganistan sé stærsti framleiðandi ópíums í heiminum og að framleiðsla hafi aukist um helming frá árinu 1999, auk þess sem landið væri að verða hið stórtækasta í heiminum í framleiðslu á heróíni. Alþjóðlegir glæpahringir í samvinnu við herskáar sveitir hryðjuverkamanna gæta þess að halda smyglleiðum um fáfarna fjallvegi opnum. Baráttan gegn hryðjuverkum tengist með beinum hætti hinni almennu baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, svo sem peningaþvætti, smygli á eiturlyfjum, smygli á vopnum og mansali.

Efnahagslegt tjón af völdum árásanna er gífurlegt jafnt innan sem utan Bandaríkjanna. Samdráttur um heim allan í vöruviðskiptum, fjárfestingum og ferðamannaþjónustu sem má rekja til vaxandi öryggisleysis bitnar ekki síst á þeim sem þegar standa höllum fæti. Alþjóðabankinn hefur nú spáð að um tíu milljón fleiri einstaklingar verði dæmdir til örbirgðar og um 40.000 fleiri börn muni deyja innan við fimm ára aldur í heiminum af völdum efnahagslegs samdráttar í kjölfar hryðjuverkanna. Þótt við sem búum hér á landi megum vera þakklát fyrir þá guðsblessun að hafa ekki orðið fórnarlömb slíkra atburða, hafa þeir vissulega einnig bitnað á íslensku atvinnulífi eins og dæmin sanna síðustu daga.

Augljósustu og nærtækustu áhrif árásanna eru á flugrekstur í heiminum. Þessara áhrifa gætir einnig í miklum mæli hér á Íslandi þar sem á þriðja hundrað manns misstu vinnuna í kjölfar hagræðingar hjá Flugleiðum sem var óumflýjanleg að mati forráðamanna félagsins vegna voðaverkanna.

Ísland mun eflaust ekki fara varhluta af samdrætti í ferðaþjónustu. Líklegt er að dragi úr ferðamannastraumi, sér í lagi frá Bandaríkjunum, nema við verði brugðist. Á heimsmarkaði hefur verð á hlutabréfum lækkað stöðugt frá miðju síðasta ári og höfðu menn vonast til að markaðir réttu úr kútnum innan tíðar. Þess í stað lækkuðu helstu markaðir verulega eftir árásirnar og þótt þeir hafi eitthvað jafnast aftur er óljóst hvenær þeir taka við sér að nýju. Óvissa um framhaldið veldur því að fjárfestar um allan heim halda að sér höndum. Öll þessi aðstaða hefur sett milljónir starfa í hættu um heim allan og hundruð starfa hér á Íslandi.

Einstök samstaða hefur myndast um heim allan um nauðsyn þess að ríki standi saman í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum. Starfsemi þeirra þekkir engin landamæri og því duga skammt þau ráð sem einstakar ríkisstjórnir geta beitt. Það ber að fagna frumkvæði Bandaríkjastjórnar að vinna málefninu lið og baráttunni stuðning með myndun alþjóðlegs bandalags gegn hryðjuverkamönnum.

Samstaða innan alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr. Evrópuráðið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Sameinuðu þjóðinar hafa allar sem ein fordæmt árásirnar harðlega. Yfirlýsing öryggisráðsins frá 12. september tekur af allan vafa um rétt ríkja til sjálfsvarnar og hvetur ríki heims að víkja hvergi í baráttunni við þessa ógn við frið og öryggi í heiminum.

Mestu skiptir að þjóðir heims taki höndum saman í baráttunni við að tryggja að slíkir atburðir endurtaki sig ekki. Öll ábyrg ríki verða að leggjast á eitt um að útrýma þeirri vá sem heimsbyggðinni og þá ekki síst saklausum borgurum, stafar af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Fleira þarf til. Uppræta verður samskiptanet og stoðkerfi afla sem að árásinni standa. Efla verður viðbúnað ríkja til að bregðast við hryðjuverkum og afleiðingum þeirra. Nauðsynlegt er að samfélag þjóðanna samhæfi diplómatískar aðgerðir á vettvangi alþjóðasamtaka, ekki síst Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra. Efla þarf samstarf á fjölmörgum ólíkum sviðum, svo sem upplýsingaöflunar, réttarfars, löggæslu, bankamála, útlendingaeftirlits og almannavarna. Síðast en ekki síst er óhjákvæmilegt að þau ríki sem skuldbundist hafa hvert öðru um stuðning og aðstoð ef á þau yrði ráðist, geri viðeigandi ráðstafanir á sviði varnar- og öryggismála og er þar komið að hinum mikilvæga þætti Atlantshafsbandalagsins.

Í fyrsta sinn í sögu Atlantshafsbandalagsins var ákveðið að fólskuleg árás hryðjuverkamanna á Bandaríkin jafngilti árás á öll aðildarríki bandalagsins eftir að í ljós kæmi að hún yrði skilgreind sem utanaðkomandi árás. Nú liggur fyrir að svo hefur verið. Yfirlýsing bandalagsins markar straumhvörf í hálfrar aldar sögu þess. Ákvæði 5. greinar koma nú til framkvæmda í fyrsta skipti. Enn fremur ber nú að líta svo á að gagnkvæmar varnarskuldbindingar aðildarríkja geti einnig átt við um skipulagða hryðjuverkastarfsemi sem beint er gegn einu eða fleirum aðildarríkja. Ákvæði 5. gr. byggja á 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tryggir öllum ríkjum rétt til eigin varna og sameiginlegra.

Enn er óvíst með aðgerðir af hálfu bandalagsins. Ekki ber að líta svo á að sá sem verður fyrir árásinni sé háður samþykki allra aðildarríkja um þær aðgerðir sem hann hyggst

grípa til, enda væri það í mótsögn við réttinn til sjálfsvarnar sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna tryggir öllum öllum ríkjum. Íslensk stjórnvöld hafa lýst samstöðu með bandarískum stjórnvöldum við tilraunir þeirra til að hafa hendur í hári sökudólganna og draga þá til ábyrgðar. Hin nýja öryggisstefna bandalagsins sem samþykkt var á leiðtogafundi bandalagsins í Washington 1999 gerir ráð fyrir að bandalagið geti í auknum mæli þurft að bregðast við nýjum hættum og ógnum, svo sem hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og útbreiðslu gereyðingarvopna.

Mikilvægt er að Ísland taki virkan þátt í hinu alþjóðlega bandalagi gegn alþjóðahryðjuverkasamtökum og gerist svo skjótt sem kostur er aðili að þeim samningum sem miða að því að vinna gegn hryðjuverkum. Aðlaga þarf lög og reglur innan lands og er þessi vinna þegar hafin, meðal annars var lagður fyrir Alþingi á mánudag listi yfir samninga þarf að fullgilda á þessu þingi.

Fórnarlömb hryðjuverkamanna eru ekki einungis saklausir borgarar ríkja sem eru skotmörk þeirra heldur einnig saklausir borgarar þeirra ríkja sem styðja hryðjuverkamenn. Almenningur í Afganistan er langþjáður af hungri og öðrum hörmulegum afleiðingum stríða og ógnarstjórna. Milljónir flóttamanna eru í nálægum löndum. Þrjár milljónir Afgana hafa á undanförnum 25 árum flúið til Pakistan. Ótti almennings í Afganistan við hernaðaraðgerðir vegna tregðu talibanastjórnarinnar til samvinnu hefur hrint af stað nýrri öldu flóttamanna. Margir eiga hvergi höfði sínu að halla. Okkur ber skylda til að veita þessu fólki aðstoð. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að veita 10 millj. kr. til aðstoðar flóttamönnum frá Afganistan og verður haft samráð við Rauða kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar um ráðstöfun fjárins. Þessar mikilvægu stofnanir munu leita til almennings um stuðning við hjálparstarf í Afganistan og hvet ég landsmenn til að leggja því máli lið.

Þær aðgerðir sem Evrópusambandið hefur ákveðið að grípa til eru líklegar til að varða Ísland beint þar sem þær tengjast á ýmsum sviðum Schengen-samstarfinu og því samstarfi sem Ísland á við Europol á grundvelli sérstaks samstarfssamnings. Mun Ísland ekki láta sitt eftir liggja að grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á á sviði alþjóðlegrar lögreglusamvinnu í því skyni að efla enn frekar samstarf þjóða í baráttunni gegn þeim vágesti sem hér um ræðir. Þetta kann að kalla á ýmsar lagabreytingar hér á landi sem nú er til athugunar hjá hæstv. dómsmrh.

Nauðsyn er á samstöðu þjóðarinnar á þessum viðsjárverðu tímum. Grunur leikur á að fleiri ódæðisverk séu í undirbúningi en mikil óvissa ríkir um hvort, hvenær og hvar. Enginn er óhultur. Með samhentu átaki ríkja heims vona ég að koma megi í veg fyrir frekari ódæðisverk. Við verðum að taka höndum saman og berjast gegn þessari vá. Sú barátta er hafin yfir flokkadrætti. Landsmenn allir verða að standa saman. Ekki verður hjá því komist að um leið og öryggi landsmanna er gætt eins og frekast er kostur hljótist af því einhver óþægindi. Þegar hafa menn lent í töfum á flugi og lengri bið á flugvöllum vegna herts eftirlits.

Við megum ekki láta hryðjuverkamenn komast upp með það ætlunarverk sitt að grafa undan þeim gildum sem samfélag þjóðanna byggir á. Hryðjuverk eru glæpur gegn mannkyninu og aldrei réttlætanleg. Baráttan gegn hryðjuverkum er ekki barátta gegn einhverjum kynþætti, þjóðarbroti eða trúarhópi, heldur barátta gegn þeim sem standa að baki tilræðum og árásum á saklausa borgara og svífast einskis í þeim efnum. Baráttan verður ekki háð nema með samstöðu, innan lands og milli ríkja. Hér duga engar skammtímalausnir. Þörf er sameiginlegs langtímaátaks ef takast á að koma lögum yfir þá sem með beinum eða óbeinum hætti bera ábyrgð á ódæðunum.

Baráttan gegn hryðjuverkum er barátta fyrir framtíð okkar, fyrir frelsi, menningu, réttlæti og öryggi fyrir okkur sjálf og kynslóðirnar sem á eftir koma. Sú barátta er jafnframt barátta fyrir bættum hag og framtíð þess fólks sem nú líður fyrir návist hryðjuverkamanna. Í þessu máli geta því allir sameinast.

[13:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við erum öll, Íslendingar allir, slegin djúpri hryggð yfir þeim atburðum sem við urðum vitni að svo að segja í beinni útsendingu gegnum hið alsjáandi auga myndavélarinnar þann 11. sept. Ég tek heils hugar undir samúðarkveðjur sem íslensk stjórnvöld, hæstv. forsrh. og utanrrh., hafa sent bandarísku þjóðinni.

Það er alveg rétt sem hæstv. utanrrh. segir. Við munum aldrei gleyma þessum atburði. Þetta er ein af þeim myndum í lífi sérhvers manns sem greypist í hugann með þeim hætti að það fellur aldrei yfir þá minningu. Framtíðin er einhvern veginn ekki lengur ný og hugrökk, svo vísað sé til Huxleys, og jafnvel okkur sem erum búin að lifa í hálfa öld og höfum séð margar hörmungar í gegnum auga miðlanna finnst einhvern veginn eins og veröldin hafi tapað sakleysi sínu með vissum hætti. Okkur finnst einhvern veginn eins og heimurinn sé allur annar og miklu verri en hann var.

Þessi atburður hefur kallað fram órofa samstöðu nánast allra þjóða heimsins. Síðast í gær var Pútín Rússlandsforseti á ferðalagi í Brussel til þess að lýsa yfir gagnvart yfirstjórn NATO að hann væri reiðubúinn að taka upp sérstök og ný og önnur tengsl við NATO til að vinna gegn þeirri nýju vá sem við stöndum andspænis. Hæstv. utanrrh. kallar eftir samstöðu þjóðarinnar. Hann segir: Þetta mál er hafið yfir flokkadrætti. Við stöndum andspænis atburðum af því tagi að við þurfum að standa saman. Ég vil af því tilefni, herra forseti, segja það að mér hefur fundist málflutningur hæstv. utanrrh. ákaflega jákvæður og hófstilltur. Þó að ég geti ekki lofað hæstv. utanrrh. að ég muni verða honum samferða alla leið þá heiti ég honum samstöðu Samfylkingarinnar í þeim ákvörðunum sem hann hefur tekið nú þegar.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að sá mikli stuðningur sem Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið og þær þjóðir sem við finnum til skyldleika við hafa sýnt Bandaríkjamönnum hafi leitt til þess að viðbrögð þeirra hafi orðið miklu hófstilltari en ella. Einhvern tíma hefði maður búist við því að fyrstu viðbrögð Bandaríkjamanna gegn svona svívirðilegri árás huglausra hermdarverkamanna hefði leitt til eldflaugaárása, strax fyrsta kvöldið. En þeir sem e.t.v má kalla dúfur, skynsemismenn, menn yfirvegunar, menn eins og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, réðu ferðinni og kannski var það blökkudrengurinn, sonur fátæku blökkuforeldranna úr gettóunum í Bandaríkjunum, sem skynjaði hvað þarna var á ferð og réð förinni vegna þess að aðgerðir Bandaríkjamanna hafa verið miklu hófstilltari síðustu daga en fyrstu yfirlýsingar gáfu til kynna eins, t.d. yfirlýsingar Bush forseta sem mér líkuðu ekki til að byrja með. Veröldin verður aldrei söm aftur.

En það skiptir máli að við tökum saman höndum til þess að berjast gegn þessum voðaverkum. Mér líkaði vel sú

greining sem hæstv. utanrrh. var með hér áðan, þar sem hann tengdi saman þessar þrjár nýju ógnir sem steðja að okkur, þ.e. það eru hermdarverkin sem eru fjármögnuð með sölu fíkniefna og með mansali sem er e.t.v. það allra ógeðfelldasta af þessu öllu, þegar verið er að selja konur og börn til þess að fjármagna voðaverk af þessu tagi.

Herra forseti. Það skiptir mestu að tryggja að þessi atburður endurtaki sig ekki. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um það. Við eigum að taka yfirvegaðar og hófstilltar ákvarðanir. Auðvitað þarf að sýna hramm valdsins, það er rétt. En við eigum að hafa í huga þau orð sem formaður breska Verkamannaflokksins lét falla á þingi flokksins í gær: „Hinir látnu vilja ekki hefnd. Þeir vilja annars konar og jákvæðari minningu í huga eftirlifenda."

Ég tek heils hugar undir þessi orð. Ég er viss um að hæstv. utanrrh. a.m.k. gerir það líka í hjarta sínu. Það breytir ekki hinu að með einhverjum hætti verðum við að koma lögum yfir misindismennina, og hvernig gerum við það?

Ódæðismaðurinn Osama bin Laden situr í skjóli afganskra stjórnvalda. Það hefur komið fram að 94% íslensku þjóðarinnar vilja að sá kóni verði dreginn fyrir lög og dóm, enda hefur nú komið fram óræk sönnun fyrir því að hann stendur á bak við þetta. Með hvaða hætti drögum við hann þá fyrir lög og dóm? Hann situr í skjóli stjórnvalda sem virðast ekki vilja láta hann af hendi. Það þýðir einfaldlega að við verðum að fara og sækja hann. Hvers konar skilaboð væru það til annarra svipaðra hryðjuverkasamtaka ef við létum afgönsk stjórnvöld komast upp með að skjóta áfram skjólshúsi yfir hann? Það gengur ekki. Það þýðir að það verður að sækja hann. En það verður að gera með þeim hætti að það kosti ekki fórnir af hálfu óbreyttra borgara, barna, kvenna og karla sem eiga enga sök á þessu. Maður treystir því auðvitað að sameinuð herveldi heimsins geti gert slíkt.

Herra forseti. Heimurinn er breyttur eftir þetta. Hæstv. utanrrh. sagði: „Osama bin Laden og samtök hans vilja kalla glundroða yfir heiminn." Hvað hafa þau hafa gert nú þegar? Þau hafa lostið hrammi sínum á tvær táknmyndir bandarísks samfélags, annars vegar miðstöð hinnar alþjóðlegu fríverslunar, miðstöð hins alþjóðlega fjármagns, þ.e. World Trade Center, og hins vegar táknmynd bandarískrar stjórnsýslu. Þessu tvennu náðu þau. En auðvitað vilja þau þriðja líka. Þessir menn, þessir fúndamentalistar, vilja auðvitað kalla fram stríð á milli Vesturlanda og hins íslamska heims, m.a. til þess að geta hrundið frá völdum tiltölulega hófsömum ríkisstjórnum við Persaflóa. Það er eitt af því sem þeir eru að gera. Við á Vesturlöndum verðum auðvitað að gæta þess, þegar við svörum þessum hryðjuverkum, að við færum þeim ekki þann áfanga upp í hendur. Það skiptir öllu máli og það er þess vegna sem hófstillt viðbrögð skipta máli.

Ég hef áður sagt að a.m.k. af hálfu Íslendinga hafa viðbrögðin verið hófstillt til þessa þó að auðvitað hafi líka heyrst, jafnvel frá þeim sem síst skyldi, tal sem ekki er hægt að kalla annað eða telja til skyldleika við einhvers konar stríðsæsingar. En það kemur ekki úr utanrrn.

Hæstv. utanrrh. hefur lýst því ferli sem orðið hefur til þess að 5. gr. stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins hefur verið virkjuð. Ákvörðun Íslendinga um að taka þátt í þeirri virkjun var auðvitað meiri háttar ákvörðun sem var borin undir utanrmn. Eins og hæstv. utanrrh. hefur lýst hafa Bandaríkin hvaða rétt sem þau vilja, samkvæmt 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, til þess að grípa til þeirra aðgerða sem þau kjósa. En ef um er að ræða aðgerðir sem eru sameiginlegar af hálfu Atlantshafsbandalagsins og eru beinlínis hernaðaraðgerðir þá hlýtur líka að vera um meiri háttar aðgerðir að ræða sem eru bornar undir Atlantshafsráðið og þar með ræddar sérstaklega í ríkisstjórn Íslands. Þess vegna vil ég leyfa mér að varpa spurningu til hæstv. utanrrh. Komi til þess að Atlantshafsbandalagið verði aðili að hernaðaraðgerðum er þá ekki alveg ljóst að það verði rætt í ríkisstjórn Íslands og líka borið undir Alþingi, þ.e. þá nefnd Alþingis sem með þetta fer, utanrmn., í krafti þess sérstaka ákvæðis þingskapa um að meiri háttar ákvarðanir skuli bornar undir Alþingi Íslendinga með þeim hætti?

Að lokum, herra forseti. Við blasa nýjar ógnir. Þær blasa ekki bara við þessum stóru ríkjum úti í heimi heldur líka gagnvart okkur Íslendingum. Sú hætta er alltaf fyrir hendi að erlend hryðjuverkasamtök kjósi að slá tjöldum sínum hér á Íslandi. Menn kynnu að segja að það væri ótrúlegt og ótrúverðugt að halda slíku fram. En, herra forseti, fyrir 11. sept. hefði ég hlegið að þeim manni sem hefði sagt mér að erlend hryðjuverkasamtök gætu tekið herskildi fjórar flugvélar í innanlandsflugi í Bandaríkjunum, molað efnahagskerfi Bandaríkjanna, gert Bandaríkin stjórnlaus í nokkrar klukkustundir og skekið þannig skellum að Vesturlöndum öllum að sjálft efnahagskerfi okkar riðaði til falls. Allt getur gerst og við verðum að líta svo á að allt sé mögulegt. Hæstv. utanrrh. skilaði þinginu merkilegri skýrslu árið 1999 þar sem þetta mál er reifað með skynsamlegum hætti. Þar er einmitt sagt að það þurfi að meta þær raunverulegu hættur sem Íslandi sé búið í stjórnkerfi og mannvirkjum og það er sérstaklega tekið til hermdarverkastarfs. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Með hvaða hætti hefur hann undirbúið varnir Íslands gagnvart þessari nýju ógn? Hefur hann gert þetta mat? Ég spyr hann líka: Mun hann í þeim viðræðum sem fyrirhugaðar eru um bókun við varnarsamninginn einnig gera þessar nýju ógnir að meginatriði?

[13:59]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Árás hryðjuverkamanna á Bandaríkin 11. sept. sl. markar dapurleg þáttaskil í alþjóðlegum samskiptum og öryggismálum. Ekki beinlínis vegna þess að siðleysi hryðjuverkahópa, takmarkalaus fyrirlitning þeirra, mannfyrirlitning þeirra og grimmd hafi ekki áður endurspeglast í árásum á saklausa borgara. Þessi þáttaskil markast heldur ekki af því að okkur væri ekki kunnugt um að hryðjuverkahópar nytu velþóknunar og hernaðarlegs og fjárhagslegs stuðnings ákveðinna ríkja. Upplýsingar um beinan stuðning Sovétríkjanna og leppríkja þeirra við hryðjuverkamenn liggja fyrir, eru skjalfestar og hafa verið gefnar út.

Þáttaskilin urðu jafnvel ekki vegna þess að okkur væri ókunnugt um að hryðjuverkahópar og verndarar þeirra leituðu allra leiða, þar á meðal efna- og sýklavopna, til að koma höggi á hinn siðmenntaða heim. Upplýsingar liggja fyrir um tilraunir Íraka til að koma sér upp kjarnavopnum og efnavopnum. Þessar upplýsingar hafa einnig verið gefnar út á prenti.

Nei, hin dapurlegu þáttaskil hafa orðið vegna þess að á einum degi skilgreindu atburðirnir sjálfir og umfang þessara atburða þá meginógn sem nú steðjar að þjóðum heimsins. Og þessi ógn steðjar að þjóðum heimsins en öllu öðru framar steðjar hún að lýðræðisþjóðfélögum þar sem frelsi á öllum sviðum mannlegra samskipta er orðið undirstaða samfélagsins. Árásin á Bandaríkin er því aðför að lýðfrelsi og einstaklingsfrelsi, aðför að opnum og greiðum samskiptum

í markaðshagkerfi sem hefur öðru fremur bætt hag þjóða heimsins.

Árásin var umfram allt aðför að þeirri öryggistilfinningu sem er undirstaða slíkra opinna samfélaga, undirstaða mannlegra samskipta, undirstaða ferðalaga, alþjóðlegs samstarfs og samskipta.

Umfang atburðarins, manntjónið en einnig aðferðir glæpamannanna, hófu áður þekkta ógn í annað og meira veldi en menn höfðu getað ímyndað sér. Ekki aðeins var vopnum beitt gegn saklausum borgurum heldur var saklausum borgurum og almennum samgöngutækjum breytt í tortímingarvopn og þeim beitt með áður óþekktum afleiðingum.

Umfang atburðarins og val skotmarkanna breytti í raun eðli hermdarverka og þessi breyting er varanleg. Það er ljóst að tilgangur hryðjuverkamannanna var ekki aðeins að ráðast gegn Bandaríkjunum og því sem þau standa fyrir ásamt bræðraþjóðum sínum. Tilgangurinn var einnig að hrinda þjóðum heimsins út í trúarbragðaátök. Sérstaklega ber að fagna því hve einarðlega þjóðarleiðtogar hafa hafnað því að hér sé um að ræða átök milli trúarbragða. Sá stóri vandi sem upp er kominn er vandi allra þjóða og allra trúarbragða. Hann er vandi allra heimshluta og allra þjóðskipulaga. Svo einstæður atburður krefst sérstakra viðbragða, hann krefst mikils styrks, jafnt pólitísks styrks sem siðferðilegs. Hann krefst yfirvegunar en jafnframt kallar hann á fumlaus og hörð viðbrögð.

Viðbrögð Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í Atlantshafsbandalaginu hafa verið ákveðin og yfirveguð. Bandalagið hefur lýst því yfir að litið sé á árásina sem árás á öll bandalagsríkin. Gagnkvæmar skuldbindingar 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans verða þar af leiðandi virkar. Það markar tímamót sem og sú ákvörðun að líta svo á að hryðjuverk falli undir hinar gagnkvæmu skuldbindingar.

Enn er óljóst hvernig Bandaríkjamenn munu bregðast við í samræmi við rétt sinn til sjálfsvarnar. Mikilvægt er að átta sig á því að 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans byggir á 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tryggir öllum ríkjum rétt til sjálfsvarnar. Í tilvikum þar sem þessi réttur á við er ekki gert ráð fyrir því að leita þurfi sérstaks umboðs öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna til hernaðarlegra aðgerða. Ljóst er þó að viðbrögð Bandaríkjamanna við þessum hörmulegu atburðum verða mjög margþætt. Gripið verður til pólitískra, efnahagslegra og lagalegra aðgerða. Bandaríkin hafa lagt áherslu á samstöðu ríkja heimsins um slíkar ráðstafanir.

Afar mikilvægt er að þau ríki sem skotið hafa skjólshúsi yfir hryðjuverkamenn, veitt þeim aðstöðu til þjálfunar og fjármagnað athæfi þeirra, verði einangruð, aðþrengd og látin svara ábyrgð. Skilaboð breska forsætisráðherrans í þessu efni voru skýr og tæpitungulaus.

Óljóst er með hvaða hætti bandalagsþjóðir NATO taka þátt í aðgerðum. Hitt er ljóst að atburðirnir hafa þegar haft djúptæk áhrif á samstarf bandalagsþjóðanna. Þær þjappa sér saman og efla samstarf sitt. Bandalagsríkin hafa lýst yfir óskiptum pólitískum stuðningi við Bandaríkin og þær almennu aðgerðir sem þau hafa gripið til. Bandalagsríkin hafa einnig undirbúið stóraukið samstarf á því sviði sem hefur í raun verið allt of veikt, þ.e. samstarf á sviði upplýsingaöflunar. Það er ekki síst mikilvægur liður í forvarnastarfi og vörnum gegn frekari voðaverkum sem kunna að vera í undirbúningi.

Herra forseti. Utanrmn. Alþingis samþykkti á fundi sínum 12. sept. sl. ályktun um hina miskunnarlausu árás á Bandaríkin. Nefndin vottaði bandarísku þjóðinni sína dýpstu samúð og lýsti yfir stuðningi við Bandaríkjastjórn. Nefndin lagði áherslu á að þeir sem bæru ábyrgð á voðaverkunum yrðu dregnir til ábyrgðar og að þjóðir heimsins sameinuðust í baráttu gegn hryðjuverkamönnum og þeim sem veita þeim skjól. Nefndin stóð öll að þessari samþykkt og það undirstrikar þá breiðu pólitísku samstöðu sem þessi aðför að lýðræði og mannréttindum hefur skapað.

Á 2. fundi utanrmn. var staðfestur mótatkvæðalaust heils hugar stuðningur við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og stuðning hennar við ákvarðanir Norður-Atlantshafsráðsins. Miklu skiptir að almenn pólitísk samstaða verði um afstöðu til aðgerða vegna þessara hörmulegu atburða. Það er mikið í húfi. Einarðri kröfu um að hryðjuverkamennirnir verði framseldir hefur verið komið á framfæri. Ekkert bendir til þess enn að við þeirri sjálfsögðu kröfu verði orðið.

Í skoðanakönnunum hefur komið fram eindreginn stuðningur við framsal glæpamannanna hér á landi. Hins vegar hefur ekki komið fram hver afstaðan er til þess sem gera þarf ef framsalskröfunni verður áfram hafnað, enda hefur ekki verið leitað eftir þeirri afstöðu öfugt við það sem haldið hefur verið fram.

Eftir að kalda stríðinu lauk hafa þær raddir gerst háværari að ekki þyrfti að sinna öryggismálum. Andstæðingurinn hefði týnst, óvinurinn væri ekki í sjónmáli. Þeir sem hafa haft fætur á jörðinni hafa lagt áherslu á varnar- og öryggismál og bent á að að ýmsu leyti væri umhverfi öryggismála óljósara og ástandið óvissara en áður. Það hefur komið í ljós að þeir höfðu enn einu sinni rétt fyrir sér. Við þurfum að treysta varnarviðbúnað okkar og leita nýrra leiða gegn nýrri ógn. Við þurfum enn að reka ábyrgðarmikla varnarstefnu og treysta sameiginlegar varnir bandalagsþjóða okkar.

Íslendingar eru friðsöm þjóð. Í Atlantshafsbandalaginu sameinast þjóðir sem vinna saman að því að varðveita frið í sínum heimshluta með sameiginlegum öryggisráðstöfunum og skuldbindingum. Viðbrögð bandalagsríkjanna við þeim mikla vanda sem við stöndum nú frammi fyrir hafa verið yfirveguð og fumlaus. Ef til aðgerða kemur til að refsa hinum seku og uppræta útungarstöðvar hryðjuverkamannanna og bandamanna þeirra er hins vegar brýnt að þjóðir heimsins sýni samstöðu og bandalagsþjóðir NATO virði skuldbindingar sínar. Ekkert er hættulegra en að láta hryðjuverkamenn og verndara þeirra finna að þeir geti leikið á samstöðuleysi og úrræðaleysi þeirra sem standa vörð um lýðræði og mannréttindi.

Ljóst er að þessir miklu atburðir munu hafa afar neikvæð efnahagsleg áhrif á hagkerfi heimsins. Ljóst er að auðugri þjóðir munu hafa meira þanþol til að bregðast við þessum erfiðleikum en hinar fátækari. Þessir atburðir munu því hafa verst áhrif á stöðu fátækustu þjóða heimsins.

Það má búast við því að fyrstu viðbrögðin verði skammtímaviðbrögð, yfirveguð, vel grunduð skammtímaviðbrögð. Síðan munu menn velta því fyrir sér hvernig hægt sé að bregðast við til lengri tíma. Þá mun athygli heimsins beinast að því hve efnahagur heimsins styðst í vaxandi mæli, með hverju ári, við jarðefnaorkuvinnslu í Miðausturlöndum þar sem ríkir landlægt öryggisleysi, stjórnmál eru í upplausn og grundvöllur viðskipta háður duttlungum ófyrirleitinna harðstjóra og fjöldamorðingja á borð við Saddam Hussein. Þegar til lengri tíma er litið munu þjóðir heimsins ræða aðferðir og

leita leiða til þess að draga úr efnahagslegu vægi þessa heimshluta og draga úr pólitískri þýðingu jarðefnaorku ef takast á að leggja grundvöll að friðsamlegum alþjóðasamskiptum.

[14:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu og þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og að hafa frumkvæði að umræðunni. Það er bæði rétt og skylt að Alþingi taki þessi stóru og mikilsverðu mál til umfjöllunar.

Hér hefur komið fram og undir það skal tekið að samúð okkar með Bandaríkjamönnum og öðrum þeim sem eiga um sárt að binda af þessum sökum er óskipt og hefur með margvíslegum hætti verið látin í ljós á undanförnum vikum. Sú samstaða þjóða í millum sem skapast hefur í kjölfar þessara atburða er ákaflega mikilsverð og í raun merkilegur atburður. Hún má teljast nánast alger en hitt er nauðsynlegt að hafa í huga að hún er líka mjög brothætt.

Að mínu mati er alveg ljóst að þessi samstaða og hvernig með hana fer í framhaldinu ræðst alfarið af því sem gerist á næstu vikum og mánuðum, þ.e. hvernig til tekst í yfirveguðum og skynsamlegum viðbrögðum, hvernig samfélagi þjóðanna gengur að vinna sig í gegnum og út úr þessum atburðum og að ekki rísi deilur um aðferðafræðina sjálfa. Sama gildir hygg ég hér á landi, herra forseti. Sú samstaða sem hér hefur að sjálfsögðu skapast, sem m.a. var gerð grein fyrir af formanni utanrmn., þ.e. varðveisla hennar er að sjálfsögðu háð því að ekki rísi deilur um þær aðgerðir eða þá atburði sem kunna að verða í framhaldinu.

Við erum öll sammála um að barátta eða aðgerðir gegn hryðjuverkum og annarri skipulagðri glæpastarfsemi í heiminum eigi að hafa algeran forgang. Það er þó í sjálfu sér ekki trygging fyrir því að menn verði, hvorki hér né annars staðar, á eitt sáttir um allt það sem menn telja sig kunna að þurfa að gera í þeirri baráttu. Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, að menn ræði það eins og það er, að hryðjuverk, þ.e. ofbeldi og valdbeiting, eru alþjóðlegt og þekkt vandamál bæði úr sögunni, úr öllum trúarbrögðum og af öllum menningarsvæðum og hjá velflestum stærri ríkjum í heiminum. Við þurfum ekki að fara langt til að leita að dæmum um langvinn átök þar sem hryðjuverk koma við sögu. Á Spáni hafa aðskilnaðarsinnar í Baskahéruðum staðið fyrir hryðjuverkum um árabil. Á Ítalíu, í Frakklandi og í Þýskalandi er svipað uppi á teningunum. Svo nærri okkur sem á Norður-Írlandi hafa menn eða hópar þaðan beitt hryðjuverkum og í Bandaríkjunum sjálfum hafa hryðjuverk verið hluti af stjórnmálasögu þeirra eða innanlandssögu um langt árabil. Hreyfingar eins og Ku Klux Klan og Militant-sveitirnar, vopnaðar sveitir almennra borgara sem á síðari árum hafa m.a. verið sakaðar um að brenna kirkjur tiltekinna trúarhópa og þjálfa menn eins og Timothy McVeigh sem síðan gerðist sekur um skelfilegt hryðjuverk. Suður- og Mið-Ameríka á sér langa sögu hryðjuverka, bæði uppreisnarmanna, sérstakra minnihlutahópa og líka ríkisstjórna sem þar hafa leynt og ljóst beitt löglausum hryðjuverkum, gert út dauðasveitir o.s.frv. Lönd eins og Marokkó, Sri Lanka, að hluta til Indland, þ.e. Kasmír-hérað, og Japan hafa á löngum köflum meira og minna verið lömuð vegna langvinnra hryðjuverkaátaka.

Þetta er rakið hér, herra forseti, til þess að undirstrika að hryðjuverk, ofbeldisglæpir af því tagi og skipulögð glæpastarfsemi eru alþjóðlegt vandamál, þekkt um víða veröld. Við Vesturlandabúar gerðum því rangt í því ef við héldum að þetta vandamál væri einangrað og bundið við sérstök menningarsvæði eða sérstök trúarbrögð. Það er því miður ekki þannig því að þá væri væntanlega auðveldara að glíma við vandann. Þetta gerir það líka að verkum, herra forseti, að ekki er hægt að leita uppi og finna í efnislegum skilningi sem afmarkað fyrirbæri eitthvað sem heitir hryðjuverk og sprengja það í loft upp í eitt skipti fyrir öll. Það er ekki hægt vegna þess hvernig þetta djúprætta vandamál er vaxið og í ljósi þess sem ég fór yfir áðan, hvernig það er þekkt um veröld víða.

Það hlýtur líka, herra forseti, að fara svo að menn grafist fyrir um rætur þeirra voðaverka sem þarna voru unnin og annarra slíkra og beini sjónum að þeim kringumstæðum og þeim jarðvegi sem fóstrar hugarfar haturs og ofbeldis og fær jafnvel fjölmenna hópa til að ganga í opinn dauðann og fórna lífi saklausra borgara svo hundruðum og þúsundum skiptir. Þá neyðast menn til að horfast í augu við hluti eins og gríðarlega misskiptingu veraldargæða í heiminum, stöðu kúgaðra minnihlutahópa, ólýðræðislega stjórnarhætti, deilur um sjálfstæði eða stjórnskipulega stöðu landsvæða sem mjög víða í heiminum eru ein helsta undirrót hryðjuverkastarfsemi.

Ég held að við getum öll, herra forseti, verið stolt af viðbrögðum íslensku þjóðarinnar og þeim eindregna friðarvilja sem endurspeglast í afstöðu þess hluta þjóðarinnar sem þátt tók í skoðanakönnun, alþjóðlegri skoðanakönnun. Þær niðurstöður má draga saman á þann hátt að þar sé undirstrikað að íslenska þjóðin er áfram trú sinni arfleifð sem vopnlaus og *friðelskandi smáþjóð sem vill friðsamlegar og lýðræðislegar* aðferðir við lausn deilumála.

Herra forseti. Það fer ekki hjá því að hugur manna sé bundinn við það sem gerast kann í framhaldinu, jafnvel á allra næstu dögum. Ég vil leyfa mér að beina nokkrum spurningum til hæstv. utanrrh. sem því tengjast. Ég tel afar mikilvægt að þjóðréttarleg og lagaleg atriði í þessu máli séu höfð skýr. Það hefur ekki alltaf verið svo að menn hafi kannski nálgast þau atriði með nógu afdráttarlausum og skýrum hætti. Ýmsar spurningar vakna, m.a. út frá þeirri ákvörðun Atlantshafsbandalagsins að grípa að þessu sinni til svonefndrar 5. greinar. Hér stendur a.m.k. einn sá sem hafði efasemdir um þá túlkun og það leita á mig spurningar, t.d.: Hvar ætla menn í framtíðinni, ef hliðstæðir atburðir kunna að gerast en á smærri skala, að draga mörkin?

Pólitísk samstaða og þátttaka í aðgerðum, hvort sem þær væru leiddar af Bandaríkjunum eða af Sameinuðu þjóðunum eða öðrum aðilum, er síðan allt annað en spurningar um lögformlegt gildi þessarar 5. greinar, þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands og stöðuna í þjóðarétti, hvað varðar stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað slíkt.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. í fyrsta lagi: Á hæstv. ráðherra von á því að Bandaríki Norður-Ameríku lýsi ríkinu Afganistan stríði á hendur? Munu aðgerðirnar hefjast á þeim grundvelli að lýst verði yfir stríði, sem er lögfræðilegt hugtak og hefur gildi í þjóðarétti? Eða verða þessar aðgerðir réttlættar með vísan til 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna? Er það skoðun hæstv. utanrrh., afstaða hans, stefna hans eða ríkisstjórnarinnar, að fara ætti í þessar aðgerðir, ef til kemur, að undangenginni umfjöllun í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og samþykkt þar?

Um stöðu Íslands hljóta líka að vakna spurningar um hvort í gildi verði fyrirvari Íslands, þegar það gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum 1946, sem var ítrekaður af þáv.

utanrrh., Bjarna Benediktssyni, 1949 þegar Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, að Ísland muni aldrei lýsa annarri þjóð stríði á hendur.

Í ágætri bók um sögu utanríkisþjónustunnar er m.a. rakinn ágætlega aðdragandi þess að Ísland gekk í Sameinuðu þjóðirnar. Ísland sóttist eftir aðild að ráðstefnunni í San Francisco 1945 en fékk ekki og það strandaði á þeirri einörðu afstöðu Íslendinga að neita því að lýsa annarri þjóð stríð á hendur. Sameiginlega tók Alþingi á lokuðum fundi ákvörðun um að sitja heldur heima en að falla frá þessum fyrirvara. Utanrmn. og ríkisstjórn fjölluðu þá sameiginlega um málið og svipað má segja um þá afstöðu Íslands sem síðar hefur komið fram að við viljum vera vopnlaus smáþjóð og hvorki viljum né munum segja nokkurri þjóð stríð á hendur, eins og Bjarni heitinn Benediktsson utanrrh. orðaði það á sínum tíma í Washington 1949.

Gildir þessi fyrirvari enn og mun það þá leiða til þess að a.m.k. Ísland, hvað sem öðrum NATO-ríkjum líður, verði ekki aðili að slíku stríði?

[14:20]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það verður ekki ofsögum sagt af því að við lifum í nýrri veröld, gerbreyttri veröld frá því sem var. Slík hamskipti urðu á allri aðstöðu í veröldinni hinn 11. sept. sl. sem engan gat órað fyrir og enginn sér enn nema jaðar af þeim ósköpum sem þetta á eftir að hafa í för með sér. Sá jaðar slengdist að okkur nýverið þegar við þurftum að ganga í ábyrgð vegna flugsamgangna okkar, ábyrgjast upphæðir sem eru handa einhverjum stjarnfræðingum að nema en ekki venjulegu fólki.

Það þykir kannski of djúpt í árinni tekið að jafna þessum degi, 11. sept., við 1. sept. 1939 en sem stendur kann mönnum að ofhasa sú samlíking. En við vitum það ekki, okkur er það ekki ljóst af því að ég trúi að alla skorti hugmyndaflug til að gera sér grein fyrir því með nokkrum hætti til hvers þetta kann að leiða. Við sjáum aðeins brotabrot af því sem þær munu sjálfsagt valda, enda þarf meira en litla langsýni til að átta sig á því.

Nú hafa þessi ógnarlegu þrælmenni gefið fordæmi sem vekur mikinn ótta. Þarna sjá þeir sem ekki vilja á sárs höfði sitja við þjóðir heims, ekki við almenning, ekki við börn og gamalmenni, hverju er hægt að fá framgengt, hvað má takast í því æði, morðæði og vitfirringu sem þeir vilja stunda. Þeir eru ófáir sem starfa á þessum vettvangi svo að það er meira en vafasamt því miður að hægt verði að uppræta ódæðismenn eða sjá við vélabrögðum glæpalýðsins, því er verr og miður. En það er þó gerð tilraun til þess. Það er mjög merkilegt hversu víðtæk samstaða þjóða heims hefur tekist og það er vonandi að það boði að sínu leyti nýja tíma.

Maður sem ólst upp í kalda stríðinu hlýtur að fagna því þegar stórþjóðir heims í austri og vestri, Sovétríkin eins og það hét áður, Rússland nú, og Bandaríkin taka höndum saman. Það er auðvitað af hinu góða og því þarf að fylgja eftir. En það er alveg óvíst að það nægi til. Trúarbragðadeilur blandast þessu máli og ekkert í veröldinni hefur verið eins hatrammt og trúarbragðadeilur eða miskunnarlaust. Evrópa man tímana tvenna í því. Hún þarf ekki annað en rifja upp rannsóknarréttinn á Spáni á sínum tíma. Það hefur verið sagt í mín eyru af sögufræðingi að fáar eða engar stofnanir ættu eins mörg líf á samviskunni og kaþólska kirkjan. Ég kann ekki að rekja sannindi þessa.

Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir þeim ótrúlegu aðstæðum að í gildi gengu ákvæði í sáttmála Norður-Atlantshafsbandalagsins, að árás á einn aðila skuli vera árás á alla. Ég verð að játa að mig óraði aldrei fyrir því að til þess drægi en fyrst að svo er þá er okkar að standa við okkar þátt í þessum sáttmála undanbragðalaust. Á hinn bóginn er Ísland óvopnuð smáþjóð sem mun aldrei taka beinan þátt í vopnaviðskiptum. Við getum lagt til lið til friðargæslu en okkar er auðvitað fyrst og fremst að bera klæði á vopnin. Við getum lagt til hina dýrmætu aðstöðu á Suðurnesjum sem hefur verið eina og aðalframlag okkar til samtaka NATO. Ég hygg að sú eðlilega von sem menn báru í brjósti, m.a. ég, um að við mundum lifa þann dag að þurfa ekki að hafa her í landi okkar, sé borin von. Ég hygg að um ófyrirsjáanlega framtíð sé það borin von að hugsa til þess, hvað þá meira.

Í upphafi þótti mér að vísu sem forseti Bandaríkjamanna virtist nokkuð bráður til hefnda. Yfirlýsingar sem þaðan bárust voru með þeim hætti að vakti nokkurn óhug. Ég verð líka að játa að mér fannst þeir fullherskáir, okkar forustumenn, í fyrstu orðum sínum um þessa atburði. En þeim er auðvitað vorkunn.

Við Íslendingar eigum siðalögmál vegna hefnda. Ég vil að gamni rifja það upp að í Málsháttakvæði, sem svo heitir, segir: „Eigi veit, áður hefndum lýkur.“ Við Íslendingar, á sinni tíð þegar við bárum vopn hver á annan, höfðum af því þessa reynslu sem blasir við.

Í Konungsskuggsjá segir á einum stað svo, með leyfi forseta:

„En þó að nauðsynlegar sakir þröngvi þig til óspektar, þá gerst þú eigi bráður í hefndum, fyrr en þú sérð að vel verði framgengt og þar komi niður sem maklegt er.“ — Og enn segir í þeirri bók:

„Hefn meður hófi og sannsýni, en eigi meður illgjarnlegri ákefð.“

Þetta eru okkar siðalögmál. Þegar að því kemur að bandamenn okkar fara að sækja um skör fram eða gerast offari í hefndunum þá skulum við kynna þeim þessi siðalögmál okkar.

Eins og ég sagði er vonandi að nú rísi upp nýir tímar í betri samstöðu og samvinnu stórþjóða heims og allra þjóða. En þar er langt í land og á meðan þurfum við að fást við þessi ógnarvöld, ógnarofstækið sem hvorki spara fé né fjör til að koma ósköpum sínum fram. Það er dálítið erfitt fyrir okkur að setja okkur í þau spor að hægt sé að magna slíkt trúarofstæki upp í ungum mönnum að þeir fórni til þess lífi sínu en þar virðast múslimar hafa um auðugan garð að gresja. Og þá vita menn að á því kann að verða von að þeir sem hafa nóga peninga handa á milli, eins og t.d. þessi bin Laden, mæti einn góðan veðurdag á Concorde-torginu í París með atómsprengju, hún þarf ekki einu sinni að vera stór.

Möguleikar þessara manna, ef þeir vilja beita þeim eru ótæmandi og þess vegna er ógnin svona ótrúleg.

Framlag okkar eins og sakir standa er augljóslega að ljá áfram land okkar vegna þeirrar aðstöðu sem herveldi getur eignast þar og er af mörgum talin ein hin mikilvægasta.

Ég vil að svo komnu lýsa yfir stuðningi Frjálslynda flokksins í einu og öllu við athafnir íslenskra stjórnvalda að svo komnu vegna ógnaratburðanna í Bandaríkjunum 11. sept. sl.

[14:29]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Sú grimmd og mannvonska sem birtist okkur í aðgerðum hryðjuverkamanna í Bandaríkjunum 11. sept. sl. er óskiljanleg og um leið ógnvekjandi. Það að farþegaþotur með saklausum borgurum séu notaðar líkt og árásareldflaugar í þeim tilgangi að fórna sem flestum mannslífum, granda táknrænum mannvirkjum og vega að efnahagskerfi heimsins hlýtur að snerta tilfinningar fólks um allan heim, enda er það svo að ótti og óöryggi einkennir nú mannlíf og atvinnustarfsemi víðast hvar um heiminn. En hvað er til ráða?

Hæstv. utanrrh. hefur gert grein fyrir viðbrögðum íslenskra stjórnvalda. Í mínum huga einkennast þau af styrk og festu og rökréttri afstöðu. Ég styð afstöðu og viðbrögð ríkisstjórnarinnar af heilum hug og um leið vil ég nota tækifærið og hrósa hæstv. utanrrh., starfsmönnum utanríkisþjónustunnar og stjórnvöldum almennt fyrir þeirra þátt í þessu erfiða og viðkvæma máli. Einnig hefur hæstv. utanrrh. gert grein fyrir viðbrögðum og áformum sem almennt eru uppi í alþjóðasamfélaginu og er í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta.

Við skulum hafa það alveg á hreinu að ógnir hryðjuverkanna steðja að okkur nánast hvar sem er. Fram hafa komið fréttir af árangri stjórnvalda víða við að uppræta og koma í veg fyrir áform um hryðjuverk. Þær fréttir eru ógnvekjandi og vekja óhug. Til dæmis mun hafa tekist að koma í veg fyrir eiturgasárás á Evrópuþingið í Strassborg þar sem markmið hryðjuverkamanna mun hafa verið að deyða yfir 600 þingmenn og starfsmenn Evrópuþingsins, og í fjölmiðlum í dag kom fram að hryðjuverkamenn munu hafa haft uppi áform um árásir á franska knattspyrnulandsliðið þegar Evrópukeppni landsliða stóð yfir í Hollandi á síðasta ári. Við heyrum einnig nánast daglega fréttir af hryðjuverkum í einhverri mynd sem framkvæmd eru einhvers staðar í heiminum. Þessi villimennska bíður alls staðar handan við hornið.

Það hefur komið fram að hryðjuverkamenn og samtök þeirra nota sölu eiturlyfja til að fjármagna starfsemi sína. Í því birtist ein mynd glæpamennskunnar. Þeir eru ekki einugis holdi klædd drápstól sjálfir heldur einnig sölumenn dauðans og teygja á þann hátt anga sína inn í okkar samfélag.

Í umræðunni um þessi mál hefur m.a. verið vitnað í niðurstöðu könnunar sem var gerð hér á landi og bendir til að nánast öll þjóðin vilji að hryðjuverkamenn verði framseldir án hernaðarárása á þau lönd sem hýsa þá. Ég er ekki í vafa um að við öll sem hér erum höfum sömu skoðun á þessu. Vandinn er hins vegar sá að við höfum ekki þann aðgang að talibönum í Afganistan sem þarf til að hafa áhrif á þetta. Það vitum við öll. Þess vegna eru tilvitnanir í svona skoðanakannanir marklaus rök gegn fyrirhuguðum aðgerðum gegn talibönum og hryðjuverkamönnum í Afganistan.

Hins vegar má benda á að sama könnun sýnir að mikill meiri hluti er fyrir því að árásir verði gerðar á hernaðarlega mikilvæg mannvirki þessara glæpamanna til þess að ná til þeirra. Öll linkind gagnvart hryðjuverkamönnum er ávísun á frekari dauða og limlestingar saklausra borgara. Ekki mun duga að senda þeim væmin ástarbréf með ósk um að vera góðir strákar og virða frið. Það verður að mæta þeim af fullri hörku, koma böndum á þá og uppræta samtök þeirra. Það er liður í almennri baráttu gegn glæpum í heiminum og það er einnig liður í baráttunni gegn eiturlyfjum sem við höfum lagt svo mikla áherslu á og er þjóðþrifamál í okkar samfélagi.

[14:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. 11. september er dagurinn sem við munum aldrei gleyma, dagurinn sem enginn má gleyma, ekki til að ala á hatri heldur til að muna, skilja og læra af.

Herra forseti. Ég hef í starfshópi á vegum Norðurlandaráðs um friðargæslu komið að stefnumörkun um aukna samvinnu Norðurlandanna á átakasvæðum og innan alþjóðastofnana um fyrirbyggjandi aðgerðir á spennusvæðum, borgaralega áhættustjórnun og enduruppbyggingu í kjölfar átaka. Þessi starfshópur skilaði forsætisnefnd skýrslu stuttu fyrir hina hörmulegu atburði í Bandaríkjunum og mótaðist umræða í forsætisnefnd Norðurlandaráðs mjög af þeim atburðum sem höfðu þá orðið. Tillögur starfshópsins verða teknar fyrir á fundi Norðurlandaráðs í október en í skýrslunni er ásamt tillögum að finna álit og niðurstöður hópsins og jafnframt samantekt á störfum og stefnumörkun þeirra alþjóðastofnana sem við m.a. erum aðilar að og helstu áherslur hvers af Norðurlöndunum, og hef ég óskað eftir að skýrslunni verði dreift í utanrmn. Alþingis.

Evrópuráðið hefur líka nýverið tekið hryðjuverkin í Bandaríkjunum til umræðu. Rauður þráður í ræðum manna þar var að grípa ekki til hefndaraðgerða, hins vegar verði alþjóðasamfélagið að sameinast um að sækja þá glæpamenn sem að hryðjuverkunum komu og fyrir þeim stóðu til saka í nafni réttlætis, draga þá fyrir dómstóla.

Íslendingar eiga náið samstarf við Evrópuþjóðir þó að við séum ekki aðilar að Evrópusambandinu. Nú verðum við að hafa aðkomu að umfjöllun um hagsmuni Evrópu á þessum örlagatímum. Það má alls ekki gerast að skrifræði og stofnanavægi Evrópusambandsins bitni á okkur sem fyrir utan stöndum og verði til hindrunar því samstarfi sem við viljum eiga í Evrópu. Ísland má ekki vera veiki hlekkurinn í samstarfi Evrópuþjóða.

Herra forseti. Við viljum verja lýðræðið, frelsið og hin opnu samfélög Vesturlanda. Við trúum að hægt sé að brúa bil ólíkra trúarbragða og þjóðfélagsgerða, að unnt verði að útrýma fátækt og fordómum. Við vonum að einhvern tíma í framtíðinni náum við þangað að þjóðir heims lifi í sátt og samlyndi við gagnkvæmt umburðarlyndi.

En það sem skiptir máli núna er samstaða þjóða um að taka á saman gegn hryðjuverkum því það sem gerðist í New York 11. sept. getur gerst í Berlín á morgun eða jafnvel í okkar litla landi ef hryðjuverkahópur teldi sér akk í að sýna með því vald sitt. Okkur ber að ræða hvort sérstakan viðbúnað íslenskra stjórnvalda þurfi til að bregðast við aðgerðum hryðjuverkamanna. Utanrmn. mun að ósk fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni fara á næstunni yfir hvað líði framkvæmd þeirra tilagna sem fram koma í skýrslu utanrrh., „Öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót", sem við ræddum á Alþingi vorið 1999 og hvaða hætta okkur mundi helst stafa af hryðjuverkum.

Herra forseti. Ég tek undir það með formanni Samfylkingarinnar að það var þýðingarmikið að Evrópuríki brugðust svo sterkt við. Því ber að fagna að ekki var gripið til hefndaraðgerða með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Bandaríkin hafa haldið vel á málum hingað til þrátt fyrir glannalegt tungutak um stríð. Glæpur hefur verið framinn. Réttlætis er krafist. Hryðjuverk á að stöðva og að því standa Vesturlönd öll saman.

[14:37]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um viðbrögð við þeim skelfilegu atburðum, þeim hræðilegu glæpum sem voru framdir í Bandaríkjunum þann 11. sept. sl. og aðgerðum sem dómsmrn. hugar að um þessar mundir af því tilefni. Um leið þakka ég hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og tek undir orð hans.

Það er alveg ljóst að hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafa hvarvetna í nágrannaríkjum okkar kallað á að lög og reglur um varnir gegn hryðjuverkum verði skoðuð í nýju ljósi. Það er algjörlega nauðsynlegt að leita nýrra úrræða til þess að takast á við þær ógnir sem stafa af hryðjuverkum. Þetta á sérstaklega við um refsilöggjöf, svo og lögreglu- og öryggismál sem heyra undir verksvið dómsmrh. Ég hef þegar sett af stað sérstaka vinnu í ráðuneytinu til þess að láta kanna lög og reglur á þessu sviði. Í því sambandi verður tekið mið af endurskoðun laga sem þegar er stefnt að á öðrum Norðurlöndum vegna þessara atburða svo og ályktun dóms- og innanríkisráðherra ESB um margháttaðar aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi.

Á fundi dóms- og innanríkisráðherra ESB 20. sept. sl. var samþykkt ályktun um margháttaðar aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi. Koma þessar aðgerðir verulega inn á samstarf Evrópuríkja samkvæmt Schengen-samkomulaginu. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 25. sept. var dómsmrn. og utanrrn. falið að yfirfara þessar tillögur sérstaklega út frá því til hvaða úrræða íslensk stjórnvöld geta gripið. Sú könnun hefur þegar farið fram og brugðist hefur verið við samkvæmt því.

Í ályktuninni er m.a. lagt fyrir Evrópuríki að taka upp strangara eftirlit á ytri landamærum Schengen-svæðisins en einnig að efla eftirlit innan lands, einkum með því að útlendingar dvelji löglega í landinu og beri nauðsynleg skilríki því til sönnunar. Eins er hvatt til sérstakrar varfærni við útgáfu skilríkja, einkum vegabréfa, og hertar allar kröfur um framvísun löglegra skilríkja í tengslum við útgáfu vegabréfsáritana. Loks er hvatt til skipulagðra upplýsingasamskipta við Europol þar sem starfa sérstakir vinnuhópar til að rannsaka hryðjuverkastarfsemi í Evrópu.

Fyrir örfáum vikum var gengið frá samstarfssamningi Íslands við Europol þannig að íslensk lögregluyfirvöld geta nú tekið fullan þátt í lögreglusamvinnu á þeim vettvangi, sem er afar mikilvægt. Ég hef lagt fyrir bæði ríkislögreglustjóra og Útlendingaeftirlitið að grípa til þeirra aðgerða sem kveðið er á um í ályktuninni eftir því sem þær eiga við um starfsemi þessara stofnana. En huga þarf að margvíslegum aðgerðum í alþjóðlegu lagaumhverfi til þess að uppræta hryðjuverkastarfsemi. Það er algjör forsenda fyrir árangri að ríki samræmi aðgerðir sínar á þessu sviði þar sem brotastarfsemin teygir anga sína til margra heimsálfa í senn.

Ég mun leggja mikið kapp á að fullgilda þá alþjóðlegu samninga sem eru nauðsynlegir til að takast á við alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Þetta eru tveir samningar Sameinuðu þjóðanna, annars vegar alþjóðasamningur gegn hryðjuverkasprengingum frá árinu 1997 og alþjóðasamningur gegn fjármögnun hryðjuverka frá 1999. Loks er mikilvægt í þessu sambandi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem samþykktur var á síðasta ári. Íslenska ríkið hefur undirritað alla fyrrgreinda samninga sem eru umfangsmiklir að efni til. Í kjölfar hryðjuverkanna óskaði ég sérstaklega eftir því við utanrrh. að hraða undirritun á samningnum gegn fjármögnun hryðjuverka og var brugðist hratt og vel við og hann undirritaður af hálfu íslenska ríkisins fyrir tveimur dögum síðan.

Þessir undirstöðusamningar geyma mikilvægar skilgreiningar á refsiverðri háttsemi í tengslum við hryðjuverkastarfsemi og skipulagða glæpastarfsemi henni tengdri, m.a. vopnasmygli, peningaþvætti og ýmsum fjármunabrotum og jafnvel fíkniefnaviðskiptum. Einnig er mjög mikilvægt að samningarnir veita mikilvæg úrræði í alþjóðlegri lögreglusamvinnu og rannsókn brota af þessu tagi sem fer fram í mörgum löndum í senn og kveða á um alþjóðlega réttaraðstoð til að flýta megi rannsókn.

Fullgilding fyrrgreindra samninga kallar á sérstaka skoðun ýmissa laga. Það á einkum við um almenn hegningarlög þar sem væntanlega þarf að endurskoða skilgreiningu á hryðjuverkabrotum og ýmsum hugtökum þeim tengdum, en einnig atriði eins og um refsiábyrgð þeirra sem fjármagna hryðjuverkastarfsemi og ábyrgð fjármálastofnana.

Á sama tíma og hugað er að breytingum á refsilöggjöfinni vegna hryðjuverka þarf að leita úrræða til þess að draga úr hættu á óeirðum og ofbeldi á alþjóðlegum fundum eins og finna má alvarleg dæmi um frá þessu ári þar sem hettuklæddir ofbeldismenn hafa hleypt upp fundum og ráðist á lögreglu með alvarlegum afleiðingum. Með því að leggja bann við að menn klæðist dulbúningi á mótmælafundum er hugsanlega mögulegt að stemma stigu við þeirri hættu. Þá þarf líka að skoða sérstaklega reglur um framsal þeirra sem grunaðir eru um hryðjuverk.

Vegna atburðanna í Bandaríkjunum og þeirra aðgerða sem nauðsynlegt er að grípa til hef ég kallað refsiréttarnefnd á minn fund og falið henni að fara yfir fyrrgreinda alþjóðasamninga og alla þætti refsilöggjafarinnar sem endurskoða þarf eða breyta vegna fullgildingar þessara samninga. Ég stefni að því að leggja fram frv. síðar á þessu haustþingi með (Forseti hringir.) fyrrgreindum breytingum.

Ég vil einnig leggja sérstaka áherslu á að samþykkt verði frv. til laga um útlendinga sem er endurflutt á þessu þingi þar sem það var ekki afgreitt á síðasta þingi. Í frv. er ráðgert að til staðar séu mun skýrari heimildir en í núgildandi lögum til þess að synja útlendingum um landgöngu eða dvalarleyfi vegna öryggis ríkisins. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú er tíminn löngu liðinn.)

Já, hæstv. forseti, þetta er vissulega stuttur tími þegar við erum að ræða um svo alvarleg mál, en að lokum vil ég undirstrika það að við Íslendingar munum leggja okkar af mörkum til þess að skera upp herör gegn þessari skipulögðu glæpastarfsemi, þessari ógn sem nú steðjar að mannkyni. (**ÖS:** Gilda aðrar reglur um ráðherra?)

[14:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er mikill vandi að bregðast rétt við voðaverkum af því tagi sem áttu sér stað í Bandaríkjunum 11. sept. þegar farþegaflugvélar með saklausu fólki innan borðs voru gerðar að lifandi eldsprengjum með þeim afleiðingum sem allir þekkja. Fyrstu viðbrögð af hálfu talsmanna Bandaríkjanna og margra annarra ríkja var krafa um hefnd. Þótt slík krafa hafi hvorki verið sett fram af yfirvegun né hyggindum er hún að mörgu leyti skiljanleg því að hún á rætur í mannlegum tilfinningum sem við öll þekkjum.

Hryðjuverk eru í reynd tilræði, ekki aðeins við fórnarlömbin hverju sinni heldur við siðað samfélag og sú eldraun sem við stöndum frammi fyrir er að bregðast þannig við

að okkur takist að varðveita réttarríkið og þær grundvallarreglur um mannréttindi sem mannkynið hefur sameinast um. Hafa þarf hendur í hári þeirra sem voru ábyrgir fyrir þessum voðaverkum og leiða þá fyrir alþjóðlegan rétt. Það er grundvallaratriði að þetta sé gert á vettvangi alþjóðasamfélagsins, Sameinuðu þjóðanna, og að í einu og öllu sé farið að mannréttindasáttmálum.

Nú kann einhver að segja að Sameinuðu þjóðirnar séu svifaseinar og búi ekki yfir þeim tækjum sem nauðsynleg eru til að taka á slíkum vanda. Að vissu leyti er þetta rétt og minnir okkur á nauðsyn þess að efla öryggis- og eftirlitshlutverk Sameinuðu þjóðanna. „En það er framtíðin", segja ákafamenn. „Nú þarf að bregðast skjótt við." Í því sambandi vil ég minna á að hverjar þær aðgerðir sem gripið verður til þurfa að bera tilætlaðan árangur og við verðum að leggja það skýrt niður fyrir okkur í hverju sá árangur á að vera fólginn, að stuðla að réttlátari og friðvænlegri heimi. Ég leyfi mér að vara við fljótræði og ég vara við því að Íslendingar láti æsingamenn innan NATO teyma sig áfram í þessu máli.

Í fréttum ríkissjónvarpsins í gær var vísað í herskáar yfirlýsingar NATO og breska forsætisráðherrans sérstaklega. Framkvæmdastjóri NATO sagði að nú hefðu verið færðar óyggjandi sönnur á að hryðjuverkunum hefði verið stýrt af aðilum utan landamæra Bandaríkjanna og því bæri að skilgreina þau sem árás á Bandaríkin. Við það kviknaði 5. gr. NATO-samningsins sem segir að árás á eitt NATO-ríki jafngildi árás á önnur og þar með öll aðildarríki hernaðarbandalagsins.

Við þetta er sitthvað að athuga. Í fyrsta lagi kennir reynslan okkur að yfirlýsingar herstjórnar NATO og ýmissa ráðamanna í bandalagsríkjum okkar þar, ekki síst breska forsætisráðherrans, hafa á ögurstundu sem þessari ekki alltaf reynst traustar. Vísa ég þar t.d. í yfirlýsingar þessara aðila í tengslum við loftárásir NATO á Balkanskaga vorið 1999.

Í öðru lagi hlýtur það að orka tvímælis að skilgreina árás með þeim hætti sem hér er gert. Þessi skilgreining þýðir að á hryðjuverkaöld standa Íslendingar nær stríði en áður og geta hæglega sogast inn í hringiðu þeirra átaka sem háð eru á heimsvísu. Og þá skulum við hyggja að því hvað svokallaðir vinir okkar, ríkustu herveldi jarðarinnar, eru að aðhafast og hvernig þau koma fram í heiminum.

Hryðjuverk eiga sér víðar stað en í New York og í Washington. En okkar heimshluti kemur þá fyrst auga á þau að hagsmunum hins vestræna heims sé ógnað.

Um árabil hefur setið við völd í Afganistan stjórn svokallaðra talibana, ofstækistrúmanna sem beita ómældri kúgun gegn þeim sem voga sér að andæfa veldi þeirra. Heimurinn hefur lengi verið áhugalítill um þessa kúgun að undanskildum kvennahreyfingum sem hafa verið óþreytandi að vekja athygli á illu hlutskipti kvenna undir stjórn talibana. Sú var þó tíðan að heimurinn hafði meiri áhuga á Afganistan. Það var undir lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda, en þá gerðu sósíalistar uppreisn gegn lénsveldi íslömsku klerkanna og í kjölfarið fóru Sovétmenn með herlið inn í landið þeim til aðstoðar. Nú var stórveldahagsmunum ógnað og hófst mikið áróðursstríð. Á meðal þeirra fréttamanna sem fóru á vettvang var sá sem hér stendur. (Forseti hringir.) Ég heimsótti margar búðir uppreisnarmanna, frelsisherjanna sem svo voru nefndir í fjölmiðlum. Þeirra á meðal voru talibanar. Nú eru þessar frelsishetjur gærdagsins réttdræpar á sama hátt og Saddam Hussein áður (Forseti hringir.) vinur vesturveldanna þegar það þjónaði hagsmunum þeirra að beita Írökum í stríði við Íran á níunda áratugnum. Nú er hann óvinur NATO númer eitt.

Herra forseti. Við lifum í heimi harðrar og grimmrar valda- og hagsmunabaráttu. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar við stillum okkur upp eins og íslensk stjórnvöld gera nánast (Forseti hringir.) gagnrýnislaust við hlið Bandaríkjastjórnar, bresku stjórnarinnar og með hernaðarbandalaginu NATO, þá fer því fjarri að um það eitt sé að tefla að verja frelsi og mannréttindi. Við erum að taka afstöðu með auðugustu herveldum (Forseti hringir.) jarðarinnar og þeirra málstaður hefur ekki alltaf reynst góður.

Til að ljúka máli mínu, herra forseti, þessi (Forseti hringir.) alvarlegu deilumál eiga heima í öðrum farvegi en hjá hernaðarbandalaginu NATO. Þau eiga heima á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og sem vegvísi eigum við að hafa þá mannréttindasáttmála sem mannkynið hefur komið sér saman um.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vill í allri vinsemd óska þess að hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn virði svona nokkurn veginn þau tímamörk sem hér eru sett.)

[14:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Áhrif hinnar mannskæðu árásar hryðjuverkamanna á Bandaríkin þann 11. september sl. á öryggis- og varnarmál þjóða verða mikil og varanleg. Þeirra mun vafalítið sjá stað í starfsumhverfi og ferðatilhögun venjulegs fólks um veröldina.

Það er ekki nema rúmur áratugur síðan Berlínarmúrinn féll og gömlu Sovétríkin í austurblokkinni liðu undir lok, sem markaði endalok kalda stríðsins. Kalda stríðið einkenndist af kjarnorkuvígbúnaði og ógnarjafnvægi.

Vissulega var strax farið að tala um að ýmsar aðrar fyrirsjáanlegar hættur kæmu í stað kjarnorkuógnarinnar. Atlantshafsbandalagið, NATO, hefur á undanförum árum endurskilgreint öryggishugtakið og m.a. nefnt náttúruhamfarir, þjóðernisátök, umhverfisvanda, skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverk sem hugsanlega ógnun við öryggi aðildarríkjanna.

NATO hefur þurft að bregðast við sumum af þessum nýju hættum, sérstaklega þjóðernisátökum á Balkanskaga sem hafa ógnað stöðugleika í Evrópu. En þau átök hafa átt sér stað utan landsvæðis aðildarríkja NATO. Almenningur í Vestur-Evrópu og í Ameríku hefur almennt ekki óttast hernaðarárás á heimaland sitt.

Frá og með 11. september síðastliðnum gjörbreyttist þetta. Öryggistilfinningin er horfin. Sjálfsmorðssveitir hryðjuverkamanna gerðu, að þeim finnst, vel heppnaða árás undir stefnu heilags stríðs á tvær helstu borgir Bandaríkjanna, öflugasta herveldis heims, án þess að nokkrum vörnum yrði við komið. Kynslóðin sem er að vaxa úr grasi og man ekki eftir öryggisleysi kalda stríðsins stendur nú skyndilega frammi fyrir því að hún er hvergi óhult fyrir þeim ógnaröflum sem stóðu að baki árásinni á óbreytta borgara í Bandaríkjunum.

Eins og önnur vestræn ríki þarf Ísland nú að endurmeta varnar- og öryggisstefnu sína með hliðsjón af því hversu nálæg ógnin af hryðjuverkum er skyndilega orðin. Ísland studdi samþykkt NATO um að veita Bandaríkjunum stuðning í baráttunni gegn hryðjuverkamönnunum. Slíkur stuðningur af hálfu Íslands felst væntanlega helst í því að við leyfum afnot af Keflavíkurflugvelli, leggjum friðargæslu lið, og við þurfum jafnframt að vera viðbúin því að auka verulega löggæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar til að fylgjast með ferðum

manna og ekki síst að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt í farþegaflugi til og frá landinu.

Nú þegar hafa þessar árásir haft mikil áhrif á daglegt líf fjölmargra Íslendinga, m.a. vegna fjöldauppsagna flugfélaga. Þá þurfti ríkisvaldið einnig að tryggja áframhaldandi flugrekstur og var það sjálfsagt eins og málum er komið. Sú ógn sem fólki finnst steðja að sér í kjölfar árásanna hefur þegar haft gríðarleg áhrif. Þau áhrif á ferðaþjónustu hér á landi sem annars staðar geta orðið mikil og varanleg án þess að við getum nú þegar séð þær breytingar fyrir.

Af viðbrögðum Bandaríkjamanna og aðildarríkja NATO hingað til má ráða að þeir telji mikilvægt að ekki verði gripið til gagnaðgerða nema að vel yfirlögðu ráði. Það er einmitt kjarni málsins að varast blindan hefndarhug. Viðbrögðin við árásinni þurfa að beinast að hinum seku, annars eykst hættan á að hefndir kalli sífellt á endurteknar árásir hryðjuverkamanna.

Þá ber þess að gæta að aðgerðir Vesturlanda beri ekki keim af átökum siðmenninga. Líklegt er að aðgerðirnar beinist að ýmsum ríkjum múslima og araba, en það þarf að vera ljóst að baráttan beinist gegn hryðjuverkamönnum, ekki gegn þjóðum eða trúarbrögðum. Það er ekki tiltekin menning eða trúarbrögð, sem getur af sér hryðjuverkastarfsemi. Æskilegt er að halda beitingu hervalds í lágmarki. Ef árásir Vesturveldanna koma til með að valda stórfelldu mannfalli og tjóni á mannvirkjum í ríkjum araba, yrði sú hætta fyrir hendi að úr rústunum risu heiftúðugir menn sem væru efni í nýja hermdarverkamenn.

[14:54]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin sem hér eru til umræðu og afleiðingar þeirra, hinn mannlegi harmleikur, eru atburðir í mannkynssögunni sem mun taka okkur langan tíma að átta okkur á til fulls. Það er ekki ofsagt að heimurinn verður aldrei samur. Á sama tíma og við erum að átta okkur á þessum atburðum og margháttuðum afleiðingum þeirra og þýðingu er unnið að því á alþjóðavettvangi að ná samstöðu með þjóðum heims um það hvernig skuli við þeim brugðist og staðið að því að draga illvirkjana til ábyrgðar, draga til ábyrgðar og stöðva hermdarverkastarfsemi þeirra sem ógnar ekki bara öryggi okkar heldur lýðræði og frelsi um allan heim.

Sú samstaða sem náðst hefur með þjóðum heims um nauðsyn þess að standa saman í baráttunni gegn hryðjuverkum er einstök. Fornir fjendur snúa nú bökum saman enda er engin þjóð óhult og við vitum ekkert um það hvar eða hvenær frekari hryðjuverka er að vænta. Samstaða íslenskra stjórnvalda og stjórnvalda um allan heim lýtur fyrst og fremst, enn sem komið er, að tilraunum bandarískra stjórnvalda til að hafa hendur í hári hryðjuverkamanna og að draga þá til ábyrgðar.

Forsenda þess að hægt sé að draga hina seku til ábyrgðar er að ljóst sé hverjir þeir eru og nú munu liggja fyrir sönnunargögn um að árásirnar voru skipulagðar og með vitund og vilja bin Ladens. Um utanaðkomandi árás var að ræða sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins eru skuldbundin til að líta á sem árás á þau öll, enda er nú svo litið á að gagnkvæmar skuldbindingar ríkjanna geti einnig átt við um skipulagða hryðjuverkastarfsemi og annað er vissulega ekki hægt.

En afleiðingar hryðjuverkanna eru ekki bara mannlegur harmleikur og efnahagslegar heldur valda þær jafnframt áframhaldandi ótta og öryggisleysi, ekki aðeins í Bandaríkjunum heldur um allan heim og ógna með því bæði lýðræði og frelsi og öryggi í öllum heiminum. Ótti okkar allra hlýtur fyrst og fremst að vera við hernaðaraðgerðir og afleiðingar þeirra sem mega undir engum kringumstæðum hafa á sér svip eða blæ hefndaraðgerða. Sérstaklega ber að standa vörð um að hryðjuverkin grafi ekki undan því gildismati sem er grunnurinn að okkar samfélagi jafnt og margra annarra samfélaga þjóða heims og varast alla nálgun við orð eins og krossferðir. Það er hvorki ákveðin trú, þjóð né þjóðarbrot sem þjóðir heims hafa fordæmt og náð samstöðu um að brjóta á bak aftur heldur aðgerðir manna sem hafa gert sig seka um glæpi gagnvart mannkyninu. Áfram þarf að standa vörð um þau fjölmenningarlegu samfélög sem hvarvetna er að finna og víðar eru að rísa og það gildismat sem er grundvöllur þeirra samfélaga.

Hryðjuverk eins og þau sem eru tilefni þessarar umræðu hjá okkur nú er aldrei hægt að réttlæta og aldrei hægt að afsaka á nokkurn hátt. En ég er þeirrar skoðunar að okkur beri auk alls annars sem við þurfum að gera að reyna að leita skýringa þeirra og greina það umhverfi og þær aðstæður sem ráða þessum verkum og móta og skapa gerendur hryðjuverkanna. Aukinn skilningur getur aldrei verið til tjóns og ef vinna á bug á hryðjuverkum og verjast margháttuðum afleiðingum þeirra verður að ráðast á jarðveginn sem skapar þeim vaxtarskilyrði. Hryðjuverkin kalla ekki aðeins á ákvarðanir og aðgerðir alþjóðasamfélagsins heldur jafnframt á aðgerðir og vinnu hér heima svo sem hæstv. utanrrh. gat um í ræðu sinni. Það þarf að fullgilda alþjóðasamninga sem miða að því að samræma margháttuð viðbrögð við hryðjuverkum og huga að aðgerðum sem þörf er á á sviðum alþjóðlegrar lögreglusamvinnu og hugsanlegum breytingum á íslenskum lögum sem slíkar aðgerðir kalla á.

Herra forseti. Aðstæður flóttamanna frá Afganistan eru hræðilegri en orð fá lýst. Þær aðstæður eru annað viðfangsefni sem alþjóðasamfélagið verður að standa saman um að bregðast við og vera tilbúið til að rétta þar hjálparhönd.

[14:58]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er ljóst að hefðbundinn vígbúnaður, eldflaugavarnir og gervihnattanjósnir af fullkomnustu tegund hefðu ekki dugað gegn illvirkjunum sem létu til skarar skríða í New York og Washington. Því má okkur vera ljóst að hryðjuverkahópar af þessu tagi verða ekki brotnir á bak aftur með hernaði einum saman. Á það hefur margoft verið bent í umræðum liðinna vikna en ég held að Rudolf Scharping, varnarmálaráðherra Þýskalands, hafi verið einn sá fyrsti til að benda á þessa staðreynd.

Eins má vera víst að margra ára, jafnvel áratugabarátta kann að vera fram undan svo að réttlætið megi sigra að lokum. En við skulum hafa það hugfast að sprengjuherferðir gegn saklausu fólki þjóna engum tilgangi öðrum en að auka á upplausn og hörmungar, ekki síst í Miðausturlöndum. Baráttan gegn hryðjuverkaöflunum má alls ekki festa þau hin sömu öfl í sessi. Á það hefur Wesley Clark, fyrrverandi yfirmaður herafla NATO í Evrópu, bent meðal annarra.

Hryðjuverkin í Bandaríkjunum mega heldur ekki slæva dómgreind ráðamanna á Vesturlöndum. Ég er þeirrar skoðunar að fórnarlömbum hryðjuverkanna sé sýnd mest virðing með yfirveguðum og ígrunduðum viðbrögðum. Stjórnvöld á Vesturlöndum hljóta að gera heiðarlega tilraun til þess að grafast fyrir um orsakir, um rætur, voðaverka sem þessara. Í

slíku felst engin uppgjöf. Þvert á móti er það eina leiðin svo að hægt sé að draga einhvern lærdóm af þessum hrikalegu atburðum. Við verðum hreinlega að finna svörin og bregðast við í samræmi við þau því að hefnarþorstinn má ekki ráða ferðinni. Við megum heldur ekki beina reiði okkar gegn *múslimum, hvorki hér á landi né annars staðar.* Við megum ekki gefa fordómunum lausan tauminn og gera íslam að hinu illa. Það er bæði billegt og rangt.

Margir hafa orðað það sem svo að öryggiskenndin sem þeir höfðu áður sé horfin. Víst er að hertar öryggiskröfur verða gerðar og ferðafrelsi manna mun skerðast með beinum og óbeinum hætti í kjölfar hryðjuverkanna. Kröfur um aukið eftirlit með fólki hvar sem er og hvenær sem er fylgja í kjölfarið. Hætta er á að eftirlitssamfélagið blómstri með *ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir hinn almenna borgara* og við því ber að sporna.

Þessir hörmulegu atburðir hafa beint sjónum heimsbyggðarinnar að ógnarstjórn talibana í Afganistan. Það er þyngra en tárum taki, herra forseti, að þurft hafi hryðjuverkin 11. september sl. til þess. Ég hef oft velt því fyrir mér á undanförnum árum hvers vegna samfélag þjóðanna hafi látið talibanana óáreitta. Þeir hafa farið sínu fram. Þar eru mannréttindabrot daglegt brauð, aftökur án dóms og laga, ófrelsi til orðs og æðis og svo eru það konurnar. *Það verður að segjast eins og* er að allt of fáir hafa tekið upp málstað kvenna í Afganistan, kvennanna sem skrimta undir ógnarstjórn talibananna. En nú er að verða breyting á og það tækifæri ber að nýta.

Í þessu sambandi er umhugsunarvert að það er ekki fyrr en nú að pólitískur vilji skapaðist til þess í samfélagi þjóðanna að frysta innstæður talibananna á bankareikningum. Á dögunum voru t.d. frystar innstæður í Bretlandi að jafnvirði 9 milljarða kr. Einhverja seðla eiga þeir, þessir herramenn.

Herra forseti. Staðan í Afganistan var slæm fyrir 11. september. Þann 6. september sl. var sent út ákall um neyðaraðstoð vegna yfirvofandi hungursneyðar. Það er því afar lofsvert að ríkisstjórn Íslands skuli nú þegar hafa tekið ákvörðun um að veita 10 millj. kr. til þessarar neyðaraðstoðar. En betur má ef duga skal og ég er hrædd um að þetta sé byrjun á löngu og erfiðu ferli fyrir afgönsku þjóðina og finnst nú kannski einhverjum nóg komið.

[15:03]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Hinn 11. september sl. nötraði heimsbyggðin og má segja að fólk við sín daglegu störf ekki aðeins brann upp í báli hermdarverks heldur hvarf líka hin daglega veröld okkar í reyknum og eimyrjunni. Við tökum að sjálfsögðu öll undir samúðarkveðju hæstv. utanrrh. til bandarísku þjóðarinnar. Það er alveg ljóst að sú kveðja á sér stuðning hvarvetna þar sem Íslendingar eru og voru staddir á þessum dögum sem í kjölfarið komu. En okkur er dálítið orðfátt enn þá yfir því ótrúlega hatri sem illvirkið bar með sér, svo skefjalaust sem það var, en allir þeir sem sáu á eftir ástvinum og nánum samferðamönnum eiga samúð okkar og virðingu og sömuleiðis þökk og virðingu þeir sem hafa starfað við björgun í rústunum og starfað þar af ótrúlegri hetjulund og hafa unnið mörg þrekvirki.

Það er hins vegar ekki svo einfalt að árásinni hafi eingöngu verið beint gegn Bandaríkjunum þó svo að sárin hafi meir orðið þar því að skotmarkið var bygging þar sem starfaði mikill fjöldi fólks við alþjóðasamstarf, alþjóðaviðskipti. Af öllu þessu er alveg ljóst að hinn vestræni heimur opinna frjálsra samfélaga varð allur fyrir árás og henni var beint að grundvallarstoðum hans hvort sem hann er eingöngu um Vesturlönd eða nær inn í fleiri álfur sem er hið rétta. Afleiðingarnar koma ekki einungis fram í sárum þessa fólks sem mest hefur misst heldur líka í gífurlega miklum efnahagslegum skaða og vafalaust verður hann mestur hjá þeim sem minnst hafa til þessa borið úr býtum.

Hið rétta er að ofstækisfullir stríðsæsingamenn, hvar sem þeir taka til starfa, hafa reynt að koma slíku fram um langt árabil en þessi gjörð er stærst og verst og þungbærust. Það voru ekki einasta Bandaríkjamenn sem horfðu á eftir ástvinum sínum. Fórnarlömbin teljast hafa verið af um 40 þjóðernum og frá nærri því 40 þjóðríkjum.

Það er rétt að við getum þess í leiðinni að Bandaríkjamenn hafa á síðustu öld skipað sér sess sem ein af bestu *vinaþjóðum Íslendinga og við hljótum að senda þeim hlýhug* okkar. Við hljótum að fylgja þeim eftir þegar þeir leita leiða til að koma fram aðgerðum til að draga til ábyrgðar þá sem ábyrgir eru og þá sem hafa stutt ódæðismennina í gjörðum þeirra eða veitt þeim skjól. Það er mikil nauðsyn að þessar aðgerðir allar verði yfirvegaðar eins og þær hafa verið til þessa, þær verði einbeittar og skilyrðislausar. Það er nauðsyn okkur öllum sem viljum í framtíðinni búa áfram í veröld sem verður sem best opin og frjáls. Ef þetta tekst ekki verður *heimurinn ekki lengur opinn og frjáls.*

Það er alveg ljóst af samþykktum Atlantshafsráðsins og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna að þar er samhljómur með þeim ákvörðunum og ályktunum sem hér hafa verið settar fram af hálfu ríkisstjórnar Íslands og utanrmn. Alþingis. Og það er alveg ljóst að til þess að fylgja þeim ályktunum og ákvörðunum eftir verður Ísland að leggja sitt af mörkum til stuðnings við vinaþjóð í raun til þess að sameiginlegar aðgerðir bandalagsríkja þeirra beggja nái árangri og nái að *hrinda frá þeim og íbúum þeirra illvirkjum hvenær sem þeir* vilja koma sínu fram.

Það skiptir öllu máli, herra forseti, að við gerum okkur grein fyrir því að ef það tekst ekki verður ekkert frelsi því að það er ekkert frelsi án öryggis.

[15:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir þeirra þingmanna sem orðað hafa þakkir til hæstv. utanrrh. fyrir að eiga frumkvæði að þeirri umræðu sem hér fer fram og sömuleiðis þakkir til hæstv. dómsmrh. vegna yfirlýsinga hennar um undirritun og væntanlega fullgildingu þeirra alþjóðlegu samninga sem ætlað er að ná til hryðjuverka og annarrar skipulagðrar glæpastarfsemi sem nær þvers og kruss yfir landamæri þjóða.

Baráttan gegn hryðjuverkum í heiminum í dag er á ábyrgð allra þeirra sem fordæma hvers kyns voðaverk í veröldinni. Baráttan er á ábyrgð þeirra sem trúa á réttlætið en það er ekki létt eða einfalt að standa undir þessari ábyrgð. Það er gífurlega vandasamt og það krefst yfirvegunar og það krefst visku. Það krefst líka upplýstrar og vitrænnar umræðu. Það krefst yfirsýnar og skilnings, t.d. skilnings á því að hryðjuverk og önnur skipulögð glæpastarfsemi eru áþreifanlegur þáttur í ógn og ótta milljóna saklausra borgara um allan heim. Þessa saklausu þegna allra þjóða þarf að vernda, alla.

Ótal spurningar fara í gegnum hugann í þessu sambandi, herra forseti, og þær lúta margar að ábyrgð. Hver er ábyrgð þeirra stjórnvalda sem styðja og hýsa hryðjuverkamenn í dag? Hverjar eru þær þjóðir og hverjir eru þeir hryðjuverkamenn? Og hvaða hryðjuverk eru talin með? Eru jarðsprengjur

taldar til hryðjuverka? Þær granda ótal saklausum borgurum á hverju einasta ári. Eru aðgerðir hers og lögreglu víða um heim gegn almennum borgurum taldar til hryðjuverka? Það má nefna Kína í því sambandi, herra forseti.

Hvað með fylgifiskana eins og eiturlyfin, herra forseti? Hvar eru markaðirnir fyrir eiturlyfin og hverjir kaupa eiturlyfin? Eru þeir gerendur eða þolendur og hverjir bera ábyrgðina?

Herra forseti. Hvar eru markaðarnir fyrir vopnin? Hverjir framleiða þau vopn sem ganga kaupum og sölum? Hverjir selja þau og hverjir kaupa þau og hvar er þeim beitt? Hverjir falla fyrir þeim vopnum og hverra er ábyrgðin?

Herra forseti. Hverjir búa til eftirspurnina fyrir líkama kvenna og barna sem seld eru mansali til kynlífsþrælkunar? Herra forseti. Hverjir borga þá 7 milljarða bandaríkjadala sem árlega er talið að greiddir séu glæpahringjum sem standa að baki þrælasölunni, að baki nauðungarsölu hundruð þúsunda kvenna og barna á ári hverju? Hver er ábyrgð þeirra sem búa til þessa eftirspurn? Eða þeir fjármálamarkaðir, herra forseti, sem staldra ekki við eða spyrja einskis, skipta sér jafnvel ekki af þó að þeir finni nálykt af því fé sem sýslað er með. Ef þeir fjármálamarkaðir eru til, herra forseti, hver er þá ábyrgð þeirra?

Herra forseti. Ræðum um ábyrgð, ræðum um hlutina þó að þeir séu erfiðir, ræðum um þá út í hörgul og stöndum undir þeirri ábyrgð sem því fylgir að fylgja réttlætinu til sigurs.

[15:11]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Blóðbaðið, eldhafið og eyðileggingin sem við urðum vitni að 11. sept. sl. eiga sér ekki fordæmi í allri sögunni. Þar var farið langt yfir mörk þess sem við höfum kynnst áður af hálfu hryðjuverkamanna því þann dag köstuðu hinir óþekktu hryðjuverkamenn stríðshanskanum, einhliða og án viðvörunar, gegn vinum okkar, bandamönnum og frændum, og sögðu reyndar stríð á hendur öllu því sem hið frjálsa og lýðræðislega samfélag stendur fyrir.

Harmur og sorg eru nú orðin að reiði eða jafnvel hatri. Um leið og við biðjum fyrir fórnarlömbum þessa áfalls og fjölskyldum þeirra verðum við að hafa í huga hversu gríðarlega mikilvægt það er að viðbrögðin verði nákvæm og vel skilgreind og byggð á réttlátum grundvelli.

Hatur er ekki leið til endurgjalda. Hatur er hættulegt og leiðir til vítahrings sem ekki er unnt að losa sig úr. Umheimurinn og einkanlega bandaríska ríkisstjórnin sýndi í verki aðdáunarverða varkárni til að koma í veg fyrir nánast óhindraðar hefndarárásir sem í sjálfu sér hefðu verið skiljanlegar. Tel ég rétt að virða og meta þau varkáru viðbrögð. Áframhaldandi varkárni í viðbrögðum er nú lífsnauðsyn og alþjóðasamfélagið ber ábyrgð á því að brjóta vítahring hryðjuverka með sameinuðu átaki.

Til að leysa þennan hryllilega vanda verðum við að reyna að skilja hvað stendur á bak við slíkan voðaverknað, hvernig á að mæta honum og hvernig á að koma í veg fyrir endurtekningu. Þær tilgangslausu og yfirþyrmandi árásir sem við höfum nú reynt hafa breytt skilningi okkar á hugtakinu hryðjuverk. Við þurfum að setja okkur í önnur spor, búa okkur annan hugarheim til að skilja tilurð þeirra. Eingöngu alþjóðleg samvinna mun geta yfirunnið slíkan grimmdarverknað. Þolinmæði og sjálfsagi verða að hafa yfirhöndina í slíkri samvinnu.

Þótt stríðsrekstur sé okkur ekki að skapi er ekki unnt að sjá aðra leið til að mæta hryðjuverkum af þessu tagi. Við Íslendingar verðum að leggja okkar af mörkum eins og aðrar þjóðir. Fram til þessa höfum við horft á 5. gr. NATO-sáttmálans fyrst og fremst sem varnargrein okkur í hag. En nú er komið að okkur að veita af okkar takmarkaða framlagi til lausnar þessu ástandi. Styð ég ríkisstjórn okkar heils hugar í þeim efnum.

Ef við reynum aftur að leita skýringa á þeim ósköpum sem dunið hafa yfir þá verður ekki hjá því komist að viðurkenna að allt of oft hafa lönd fátæktar, óréttlætis, kúgunar og öfgastefna verið grunnurinn að hryðjuverkum. En við megum ekki einungis leita skýringa á þeim sviðum. Um allan heim, í austri sem vestri, norðri sem suðri, eru starfandi auðmagnskeðjur ólöglegra viðskipta, keðjur sem sýna ógnarvöld gagnvart þeim óupplýstu og fátæku. En gleymum ekki heldur þeim sem eru háðir þessum aðilum, t.d. vegna neyslu fíkniefna eða ólöglegra viðskipta. Þessir aðilar spyrja ekki um trúarbrögð, fátækt eða landamæri. Þeir eru starfandi í því hnattræna umhverfi sem við störfum í. Því er það enn brýnna að ná alþjóðlegri samstöðu um vel ígrunduð viðbrögð okkar við þeirri dæmalausu ógn sem við lifum í dag.

[15:15]

Útbýting þingskjals:

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 8. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 8.

[15:15]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Veröldin breytti um svip á nokkrum mínútum og að meira eða minna leyti í beinni útsendingu ljósvakamiðla. Hrottaleg og miskunnarlaus árás nafnlausra hugleysingja á saklausra borgara var svo átakanleg að orð fá því ekki lýst. Það verður ekkert aftur eins í heimsmálunum eftir atburðina 11. sept. Við Íslendingar skiljum ekki þá mannvonsku og þá mannfyrirlitningu sem að baki býr því sem við blasti í Bandaríkjunum.

Afleiðingar þessarar árásar eru margþættar og í raun miklu meiri en nokkur spáði fyrir um strax í kjölfar hinna hörmulegu atburða. En mikið vatn á eftir að renna til sjávar þar til allar afleiðingarnar verða mönnum ljósar. Ef til vill verða þær mun víðtækari og varanlegri en nokkurn grunar í dag. Hvað sem þeim vangaveltum líður er mikilvægt að þjóðir heims, og þar á meðal við Íslendingar, verði á varðbergi og reyni eftir megni að laga sig að hinni nýju heimssýn, hér heima og í samstarfi innan samfélags þjóðanna.

En hvernig snúa þessi mál að okkur Íslendingum? Fram að þessu hefur verið góð samstaða um þær ákvarðanir og aðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa orðið að grípa til í kjölfar árásanna 11. sept. Sumar þeirra hafa verið stórar í sniðum. Þar má telja veitingu tímabundinna ábyrgða upp á 2.700 milljarða kr. vegna flugflota Íslendinga og ákvörðun um að virkja 5. gr. sáttmála Atlantshafsbandalagsins. Um þær hafði ríkisstjórnin samráð við stjórnarandstöðuna hér í þinginu en um hið síðarnefnda raunar þó ekki fyrr en eftir að ákvörðun hafði verið tekin.

Það er einkar mikilvægt að víðtækt samráð og samvinna einkenni í öllu áframhaldandi hófstilltar en markvissar aðgerðir og ákvarðanir af hálfu íslenskra stjórnvalda sem til álita munu óhjákvæmilega koma á næstu vikum, mánuðum, missirum og jafnvel árum, beint eða óbeint í kjölfar atburðanna fyrir þremur vikum. Ég nefni nokkur dæmi. Hvernig

skal haga vörnum Íslands gagnvart hryðjuverkavánni? Hvaða afleiðingar munu þessi tíðindi hafa á viðræður íslenskra og bandarískra yfirvalda vegna bókunar um framkvæmd herverndarsamningsins í Keflavík? Verður óhjákvæmilegt, og í hvaða mæli, að styðja flugsamgöngur til og frá landinu og jafnvel ferðamannaþjónustuna í stórum stíl? Hver verða áhrif hugsanlegra aðgerða hér heima á Íslandi til að tryggja öryggi og verjast hættunni af hryðjuverkum? Hvernig munu þessar aðgerðir hafa áhrif á frelsi, mannréttindi og persónuvernd sem íslenskir borgarar hafa átt að venjast? Dómsmrh. nefndi til sögunnar nokkur atriði af þeim toga. Mun verða þörf á að endurmeta stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna? Ég fyrir mitt leyti vil styrkja þau bönd. Þurfum við að endurmeta stuðning okkar til vanþróaðra ríkja? Hver verða í bráð og lengd hin efnahagslegu áhrif fyrir okkar litla land?

Margs er að gæta. Spurningarnar eru margar og svörin fá. Spurningarnar eru vafalaust mun fleiri. Ég tel að það komi til greina við þessar aðstæður að setja á samráðshóp forustumanna stjórnmálaflokkanna til að fara yfir málin og vera á vaktinni. Grípa getur þurft til aðgerða með skömmum fyrirvara og mér þykir eðlilegt að festa niður samráðsferli í þessum efnum. Utanrmn. ein og sér dugir ekki vegna þess hve fjölþætt og fjölbreytilegt málið er.

Ég óska þess að hæstv. utanrrh. svari þessum hugleiðingum mínum í ræðu sinni og velti vöngum yfir því hvort slíkt opinbert samráð komi til greina. Það er mikilvægt að við göngum í takt á hinni grýttu og hægförnu braut á leið til friðar og frelsis í vályndum heimi.

[15:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það nálgast brátt mánuðinn frá því að voðaverkið í Bandaríkjunum átti sér stað. Það er dálítið sérkennilegt að hugsa til þess að svo langur tími sé liðinn, svo mjög er þessi atburður okkur í fersku minni sem fylgdust með honum, eins og heimsbyggðin öll nánast í beinni sjónvarpsútsendingu. Áhrifin eru, eins og hér hefur margoft komið fram í þessari umræðu, ólýsanleg. Fyrst og fremst kemur upp í hugann hinn mannlegi harmleikur þegar yfir sex þúsund manns, saklausir borgarar, týndu lífi vegna fólskulegra árása. En áhrifin eru líka þau sem hæstv. utanrrh. vakti réttilega athygli á. Áhrifin eru verst fyrir þá sem lakast standa í heimsbyggðinni sem verða nú fyrir því að heimsframleiðsla dregst saman og möguleikar þess fólks til þess að bjarga sér verða lakari. Þess vegna sjáum við að hér er ekki um að ræða stríð á milli mismunandi heimsviðhorfa, eins og stundum hefur verið haldið fram, heldur baráttuna á milli góðs og ills. Þar er línan auðvitað dregin. Við erum að fást við miskunnarlaust fólk sem eirir engu, síst af öllu mannslífum. Við verðum að nálgast það mál út frá því.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á, eins og raunar kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. Össurar Skarphéðinssonar, þeirri hófstillingu, yfirvegun og varkárni sem Bandaríkjamenn hafa sýnt frá því að þessir óskaplegu atburðir gerðust. Það er ástæða til að undirstrika þetta vegna þess að menn hafa stundum rætt um stríðsæsingar í þessu sambandi, þegar Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra hafa lagt fram hugmyndir sem lúta að því að uppræta hin illu öfl hryðjuverkamannanna vítt og breitt um heiminn. Það er augljóst mál, hvernig sem á málin er litið, að vitaskuld þurfa menn að bregðast við. Vitaskuld þurfa menn með einum eða öðrum hætti að ráðast gegn þessum öflum. Það getur vel verið að við verðum að tryggja friðinn með því að fara með ófriði vegna þess einfaldlega að við erum að fást við ofbeldisfólk sem mun ekki láta það aftra sér að grípa aftur til þess að fórna saklausum mannslífum.

Virðulegi forseti. Í hinu ágæta tímariti The Economist var fyrir skömmu sagt að við gætum ekki tryggt friðinn nema að berjast fyrir honum. Ég óttast að þannig sé það núna. Við þurfum að uppræta þau hryðjuverkasamtök hvar sem þau eru í heiminum sem standa að þessum voðaverkum. Við eigum ekki að vera þau börn að ímynda okkur að það verði gert án þess að við þurfum að beita óhefðbundnum aðferðum.

Bandaríkjamenn hafa upp á síðkastið aflað sér sönnunargagna sem benda í vaxandi mæli til sökudólgsins bak við þessi voðaverk. Það hefur verið unnið skipulega að þessum málum til að koma í veg fyrir að hryðjuverkamönnunum takist ætlunarverk sitt, þ.e. að hryðjuverkin leiði til þess að fleiri mannslífum verði grandað og við sláum af hugmyndum okkar um frelsi og siðmenningu í okkar heimshluta.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem hér hefur verið sagt. Íslenska ríkisstjórnin hefur haldið af mjög mikilli skynsemi á þessu máli og það er fagnaðarefni hve góð pólitísk samstaða hefur tekist á Alþingi og meðal þjóðarinnar um þetta mál. Ég hvet til þess að áfram verði haldið á þeirri braut varkárni og yfirvegunar sem hefur verið farin upp á síðkastið og íslenska ríkisstjórnin hefur svo sannarlega fylgt.

[15:24]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Varkárni og yfirvegun, voru lokaorð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Ég held að það eigi að einkenna aðgerðir okkar og ákvarðanir — yfirvegun. Við erum að tala um stórfelld hryðjuverk sem beint var gegn 50 þúsund manns og við verðum að bregðast við með því að að reyna grípa til einhvers konar aðgerða sem geta stemmt stigu við svipuðum fyrirætlunum í framtíðinni. En yfirvegun skal vera það sem mótar ákvarðanir okkar.

Ég verð þess vegna að segja, herra forseti, að ég varð dálítið hissa að heyra mál hæstv. dómsmrh. áðan þegar hún lýsti því hvernig hún hygðist leggja fram þingmál til þess, fyrir Íslands hönd, að stemma stigu við möguleikunum á slíkum hryðjuverkum. Það á meðal annars að gera með því að staðfesta hér samninga og leggja fram frumvörp sem miða að því, að því er mér virtist af stuttu máli hennar, að skerða frelsi manna, m.a. til þess að tjá skoðanir sínar. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að ég vil hafa minn rétt til að fara í kröfugöngu og mótmæla hæstv. utanrrh. eins og mig lystir. Það er verið að tala um að það eigi að neita mönnum um að fara í slíkar kröfugöngur eins og þá lystir.

Við þurfum alla vega að kanna með hvaða hætti við stígum fram á við í þessum efnum. Hvernig er hægt að bregðast við hryðjuverkum af þeim toga sem við erum að ræða um hér í dag með því að banna mönnum að grípa til þessara ráða. Þetta finnst mér ekki vera jákvætt framlag inn í þessa umræðu. Við eigum ekki að nota ferðina, þegar þjóðin er samstillt um að grípa til einbeittra aðgerða gegn vá af þessum toga, til að gera svona hluti.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem ég vildi um þennan atburð segja en við skulum umfram allt ekki nota hann til að fullkomna það sem hryðjuverkamennirnir vildu gera, sem var að sjálfsögðu að ráðast gegn lífsmynstri okkar, lífsstíl og samfélagsgerð. Það yrði gert með ákvörðun af þessu tagi, rasi menn um ráð fram.

[15:26]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Þessar umræður hafa verið mjög gagnlegar. Hér hefur komið fram mikil pólitísk samstaða um viðbrögð íslenskra stjórnvalda við þessum atburðum og stuðningur við yfirveguð viðbrögð Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í Atlantshafsbandalaginu. Þessi stuðningur er mikils virði.

Enn fremur er athyglisvert að taka eftir því, en í raun ekki undarlegt, hversu djúp áhrif þessir hörmulegu atburðir hafa haft á umræðu og hugmyndir allra, þar með talinna þingmanna, um öryggis- og varnarmál.

Ég vil aðeins taka fram í sambandi við það sem hefur komið fram á þessum fundi, t.d. hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem hefur efasemdir um túlkun 5. gr. og hvar eigi að draga mörkin, að þó að þarna sé um að ræða nýja tegund ógnar og menn séu að bregðast við hættu sem þeir hafa ekki brugðist við áður þá held ég að öllum sé ljóst, þegar menn líta á umfang þessa atburðar, að það var gjörsamlega ómögulegt annað en líta á þennan atburð sem árás á Bandaríkin og sem árás á hinn siðmenntaða heim, enda held ég að árásin hafi verið hugsuð þannig. Ég held að grundvöllur hennar hafi einmitt verið að láta þessa árás líta út sem árás á hinn siðmenntaða heim. Þess vegna tel ég ekkert annað hafa komið til greina en að láta þennan atburð gera 5. gr. Atlantshafssáttmálans virka.

[15:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði gjarnan kosið að svo hefði háttað til að svör hæstv. utanrrh. við spurningum hefðu legið fyrir áður en síðasta umferð umræðunnar hefði farið fram. En um það er ekki að fást úr því að önnur skipan er hér höfð á. Ég vil af þeim sökum taka fram fyrir mitt leyti og gera það alveg skýrt að ég er þeirrar skoðunar, eftir að hafa skoðað þau gögn sem ég hef tiltæk um það mál, að fyrirvari Íslands sem settur var við inngöngu okkar í Sameinuðu þjóðirnar 1946 og ítrekaður við inngöngu okkar í NATO 1949, þess eðlis að Ísland muni aldrei segja annarri þjóð stríð á hendur, sé enn í fullu gildi. Stjórnskipulegt gildi hans er að mínu mati óvefengjanlegt þar sem hann er m.a. samþykktur í formi þáltill. á Alþingi 27. febr. 1945. Ég hef hvergi séð neinar yfirlýsingar, tillögur eða komist yfir neinar ákvarðanir eða afgreiðslur, hvorki á Alþingi né annars staðar, sem hafa fellt þennan ótvíræða fyrirvara úr gildi.

Ég held að það mikilvægasta í þessu efni sé síðan að draga réttan lærdóm af atburðunum og bregðast rétt við. Ég held að nú, svipað og í lok heimsstyrjaldarinnar síðari, eigi mannkynið að átta sig á því að einustu varnirnar og eina aðferðin til að tryggja varanlegan frið er fólgin í fyrirbyggjandi aðgerðum og alheimsöryggisskipan. Það var lærdómur þjóðarleiðtoganna þegar leið á seinni heimsstyrjöldina sem m.a. var staðfestur í Atlantshafssáttmálanum frá 1941. Þann lærdóm eigum við aftur að draga og hann er í raun óumflýjanlegur. Vígbúnaður einstakra ríkja eða hópa ríkja í hernaðarbandalögum mun ekki duga nú frekar en í aðdraganda heimsstyrjaldanna beggja. Þetta var niðurstaða þeirra Roosevelts og Churchills. Þetta var lærdómurinn sem var lagður til grundvallar stofnun Sameinuðu þjóðanna sem menn því miður hafa tekið að gleyma á síðari árum. Sameinuðu þjóðirnar hafa veikst. Það er miður. Nú þurfa menn að taka þráðinn upp á nýjan leik og efla þá stofnun með það að markmiði að hún uppfylli þær væntingar sem menn bundu á sínum tíma við þau alheimssamtök, að þau geti tryggt alheimsöryggisskipan og frið.

[15:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka þessa umræðu og þá miklu samstöðu sem hefur komið fram hjá öllum þingmönnum, að fordæma þessar hræðilegu árásir sem hafa verið gerðar á saklaust fólk og eindreginn stuðning þingmanna við að vinna að því að slíkt geti ekki gerst aftur. Ég vil sérstaklega þakka formanni Samfylkingarinnar, Össuri Skarphéðinssyni, og reyndar formanni Frjálslynda flokksins jafnframt, Sverri Hermannssyni, fyrir eindreginn stuðning við það sem ríkisstjórnin hefur aðhafst fram að þessu. Ég lít svo á að þeir hafi lýst sig algjörlega sammála því. Ég hlýt jafnframt að leggja á það áherslu að reyna að varðveita sem besta samstöðu um áframhald þessa máls. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef kemur til sameiginlegra aðgerða Atlantshafsbandalagsins í þessu máli eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hér inn á, þá er þar um meiri háttar utanríkispólitíska ákvörðun að ræða. Og samkvæmt þingsköpum ber að hafa um það samráð við utanríkismálanefnd og að sjálfsögðu ríkisstjórn. Það hefur engin slík ákvörðun verið tekin. Það hefur engin beiðni um það komið fram og það hafa engar umræður orðið um það mál enn sem komið er. En að sjálfsögðu er ekki hægt að útiloka það, sérstaklega með tilliti til þess að 5. gr. Atlantshafssáttmálans er nú orðin virk í fyrsta skipti síðan samningurinn var undirritaður.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði jafnframt hvernig varnir Íslands yrðu undirbúnar í þessu ljósi og allur viðbúnaður hér á landi. Það er atriði sem þarf að eyða mikilli vinnu í. Og eins og hann vitnaði til þá höfum við í utanrrn. þegar fyrir löngu síðan hugleitt þessar nýju aðstæður eins og kom fram í þeirri skýrslu sem hann vitnaði til. Ég vil minna á að í þau síðustu tvö skipti sem æfingin Norður-Víkingur hefur farið fram hefur hún farið fram undir þeim merkjum að um væri að ræða hryðjuverkaárás hér á Íslandi. Menn hafa því þegar hugsað út í það.

Þar sem hv. þm. spurði hvort þessar aðstæður yrðu hafðar að leiðarljósi í viðræðum við Bandaríkjamenn vegna þeirrar bókunar sem þarf að ræða við þá um þá liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að slíkar viðræður á undanförnum árum hafa ekki síst mótast af því hver væri ástættanlegur lágmarksviðbúnaður hér á landi í ljósi nýrrar heimsmyndar og þeirrar váar sem við stöndum frammi fyrir að því er varðar hryðjuverkastarfsemi, glæpastarfsemi og ýmsar aðrar aðstæður. Við höfum haldið því fram að hér væri um lágmarksviðbúnað að ræða. Við þurfum að sjálfsögðu að endurmeta það í ljósi þessara aðstæðna. En ég held að það sé alveg ljóst, miðað við þær aðstæður sem nú eru komnar upp, að enn frekar er rétt að halda því fram að um algjöran lágmarksviðbúnað sé að ræða. Og við þurfum að sjálfsögðu að ræða öryggishugtakið í þessu ljósi.

Ég vil taka það fram að við höfum sérstaklega beint augum okkar að Keflavíkurflugvelli og flugstöðinni þar. Það vill svo vel til að í gær kom bandarísk flugmálastjórnin mönnum að óvörum á Keflavíkurflugvelli til að gera þar úttekt, eins og bandarísk flugmálastjórnin gerir víða um heim. Ef niðurstaða úttektarinnar er sú að ekki sé um fullnægjandi aðstæður að ræða þá getur það þýtt að allt flug verði bannað frá viðkomandi flugstöð til Bandaríkjanna. Þessi yfirvöld voru mjög ánægð með aðstæður á Keflavíkurflugvelli þannig að það sýnir að við höfum brugðist þar rétt við.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði hér nokkurra spurninga, í fyrsta lagi um túlkun á 5. gr., þ.e. varðandi öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og fyrirvara Íslands. Ég verð, herra forseti, vegna þess að ég sé að tími minn er útrunninn, að láta þessar spurningar bíða. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til þess að svara þeim. Ég er ósammála hv. þm. í mörgu því sem hann hefur haldið fram. Ég þarf hins vegar alllangan tíma til að svara hv. þm., en minni á að við hljótum að meta utanríkispólitíska hagsmuni okkar í ljósi núverandi aðstæðna en ekki aðstæðna 1945 og 1949.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 1. umr.

Stjfrv., 53. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 53.

[15:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mál það sem nú er tekið á dagskrá er náskylt þeirri umræðu sem hér var að ljúka, um hryðjuverkin í Bandaríkjunum. Hér er verið að mæla fyrir þingmáli sem ekki nokkrum manni hefði dottið í hug fyrir fáum vikum síðan að þyrfti að koma til kasta Alþingis með þeim hætti sem nú gerist, hvað þá þau atvik sem urðu þess valdandi að setja þurfti bráðabirgðalög 23. september sl.

Ég mæli, herra forseti, fyrir frv. til staðfestingar bráðabirgðalaga, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Umrædd bráðabirgðalög eru nr. 118/2001 og tóku gildi 23. september sl. eins og ég gat um.

Eins og nafn frv. ber með sér er gert ráð fyrir að ríkissjóði verði heimilt að takast um skamman tíma á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslensk flugfélög kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaði, hryðjuverkum eða svipuðum aðgerðum. Hér er m.a. haft í huga það tjón sem flugvélar geta valdið ef þær lenda á byggingum eða öðrum mannvirkjum utan flugvalla.

Eins og þingheimi er kunnugt og ég vík nánar að hér á eftir, var aðdragandi nefndra bráðabirgðalaga mjög skammur. Þar sem brýna nauðsyn bar til þess að ríkissjóður gæti með skömmum fyrirvara tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu gegn þeim tjónsatburðum sem ég hef gert grein fyrir var ákveðið að setja bráðabirgðalög sem veittu ríkissjóði slíka heimild.

Í lána- og flugvélaleigusamningum íslenskra flugrekenda sem stunda flug til og frá Íslandi og erlendis er almennt kveðið á um að viðkomandi flugrekandi skuli vátryggður fyrir nánar tiltekinni lágmarksfjárhæð gegn hverju einstöku tjóni af völdum viðkomandi loftfars sem verði hjá þriðja aðila vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka og áþekkra atvika.

Eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum hinn 11. september sl. og vegna þeirrar óvissu sem ríkt hefur í kjölfarið sögðu vátryggingarfélög um allan heim upp slíkum ábyrgðartryggingum og tilkynntu flugrekendum að þau mundu aðeins veita lítinn hluta af þeirri vátryggingavernd sem þau hafa veitt fram til þess. Uppsögn trygginganna tók gildi á miðnætti 24. september sl. Í kjölfarið tilkynntu lánveitendur íslenskra flugrekenda og eigendur flugvéla sem þeir nota þeim að þeir litu svo á að afnám tryggingaverndarinnar fæli í sér vanefndir á viðkomandi láns- og flugvélaleigusamningum. Þó svo að líkur séu taldar á að fljótlega verði unnt að fá keyptar einhverjar viðbótartryggingar á alþjóðlegum tryggingamörkuðum var ljóst að það mundi ekki standa til boða áður en ábyrgðartryggingar flugrekendanna féllu úr gildi. Því lá fyrir að allt flug íslenskra flugrekenda til og frá landinu og erlendis mundi stöðvast á miðnætti mánudaginn 24. september sl. ef ekki tækist fyrir þann tíma að veita þeim nauðsynlegar viðbótartryggingar.

Flugfélög um allan heim hafa leitað eftir því hjá stjórnvöldum í heimaríkjum sínum að þau tækjust á hendur nauðsynlegar ábyrgðartryggingar og hefur sú leið víða verið farin. Á fundi efnahags- og fjármálaráðherra Evrópusambandsins hinn 22. september sl. var samþykkt að við ríkjandi aðstæður færi tímabundinn stuðningur ríkisstjórna sambandsins við flugrekendur ekki gegn meginreglum sambandsins og var við það miðað að slíkar stuðningsaðgerðir gætu staðið í einn mánuð.

Í ljósi þess að afar brýnt var að flugrekstur íslenskra flugfélaga stöðvaðist ekki og ekki var séð að koma mætti í veg fyrir það nema ríkissjóður kæmi þar að sem ábyrgðaraðili með einum eða öðrum hætti, var farin sú leið að heimila slíkt með bráðabirgðalögum, samanber áðurnefnd bráðabirgðalög, nr. 118/2001. Við undirbúning lagasetningarinnar var haft samráð við fulltrúa stjórnarandstöðunnar og lýstu þeir sig sammála þeirri leið sem farin var.

Ég vil nota þetta tækifæri, eins og forsrh. gerði í gærkvöldi, og þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar fyrir samvinnu þeirra í þessu máli.

Tekið skal fram að gildistími laga þessara er skammur, eða til 25. október nk. Það er mat þeirra sem að málinu komu að innan þess tíma muni flugrekendum standa til boða tryggingar hjá tryggingafélögum sem munu uppfylla tryggingaþörf þeirra.

Í frv. sem ég mæli hér fyrir er gert ráð fyrir sama gildistíma, þ.e. til 25. október nk. En ég tel góðar líkur á því að innan þess tíma verði búið að finna einhverja lausn á þessu máli þannig að í raun verði gildistími þeirra ábyrgða sem hér um ræðir skemmri.

Í kjölfar setningar bráðabirgðalaganna gerði fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs samkomulag við Sjóvá-Almennar hf. og Samtök norrænna flugvátryggjenda um endurtryggingarverndina. Samkomulagið gildir frá 24. september til 25. október 2001. Í samkomulaginu kemur m.a. fram að ríkissjóður sem endurtryggjandi ábyrgist Sjóvá-Almennum fyrir hönd Samtaka norrænna flugvátryggjenda sem frumvátryggjendum, fulla greiðslu á tjónum sem kunna að verða bótaskyld úr þeim vátryggingum sem Sjóvá-Almennar hf. munu gefa út fyrir hönd Samtaka norrænna flugvátryggjenda í framhaldi af gildistöku bráðabirgðalaga nr. 118/2001.

Einnig kemur fram að vátryggingarnar séu ætlaðar íslenskum flugrekendum og eru flugvélarnar og hámark tryggingaverndar fyrir hverja og eina flugvél tilgreint í fylgiskjali við samninginn. Í samkomulaginu er jafnframt gerð grein fyrir vátryggingaskilmálum þeirra vátrygginga sem samkomulagið nær til.

Sjóvá-Almennar hf. munu innheimta iðgjald fyrir frumvátryggingar fyrir hönd Samtaka norrænna flugvátryggjenda.

Iðgjaldið er 25–50 bandarísk sent fyrir hvern farþega og fer fjárhæðin eftir þeirri tryggingavernd sem veitt er. Fyrir ábyrgðartryggingar loftfara í vöruflutningi verður innheimt tiltekið iðgjald fyrir frumvátrygginguna. Iðgjöldin verða innheimt í lok vátryggingatímabilsins, sem er að hámarki 30 dagar frá dagsetningu samkomulagsins og munu 85% af því renna í ríkissjóð sem gjald fyrir endurtryggingu ríkissjóðs samkvæmt samkomulaginu.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja bráðabirgðalög fyrir Alþingi þegar það kemur saman á ný. Því er það sem ég mæli hér fyrir þessu frv. sem, eins og áður segir, er samhljóða lögum sem sett voru með bráðabirgðalögum 23. september sl.

Ég legg til að lokum, herra forseti, að máli þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hæstv. efh.- og viðskn.

[15:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kem hingað upp til þess að mæla örfá orð í tilefni af því frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd Samfylkingarinnar að við munum styðja frv. eins og hefur áður komið fram af minni hálfu sem formanns þess flokks í viðræðum við ríkisstjórnina og eftir föngum hraða ferð þess í gegnum Alþingi. Þetta frv. er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem sett voru 23. september.

Eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnarskrá og lögum lýðveldisins er það talin frekar slæm lenska að grípa til bráðabirgðalaga. Þau eru ákaflega ill nauðsyn. Og ég held að þeirri skoðun deili með mér flestallir sem í þessum sölum sitja. Það var hins vegar tímaþröng sem rak til þess að nauðsynlegt var að setja þessi lög. Það var haft samband við stjórnarandstöðuna á sunnudeginum 23. sept. til að kanna hug hennar til þessara laga. Þá hafði að vísu, herra forseti, verið kunnugt frá föstudeginum 21. sept. að líklega væri ekki hægt að komast hjá því að setja einhvers konar lög. Mögulega hefði verið unnt að kalla saman þing á mánudegi. Það þurfti að ljúka þeirri óvissu sem skapast hafði fyrir lok mánudags, þannig að mögulega hefði verið hægt að kalla þingið saman til þess að setja slík lög með hraði. Það hefði hins vegar ekki falið í sér rétt skilaboð á þeim tíma þegar ljóst var að þeir sem tryggðu íslenska flugflotann voru farnir að ókyrrast. Það var nauðsynlegt að eyða óvissunni og á þeim grundvelli tók a.m.k. ég fyrir hönd flokks míns ákvörðun um að styðja þessa aðferð.

Ég vil, herra forseti, aðeins varpa nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh.

Í bráðabirgðalögunum sem forseti lýðveldisins staðfesti á Bessastöðum 23. sept. er talað um að tryggingin sem hér um ræðir sé veitt íslenskum flugrekendum sem stunda flug til og frá Íslandi og utan lands. Ef maður hins vegar les frv. þá er ekki um neina slíka takmörkun að ræða, heldur er flugflotanum öllum veitt sú vernd. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé með vilja gert að víkka þannig þá ábyrgð sem ríkissjóður tekur á sig. Eða má e.t.v. líta svo á að 3. mgr. 1. gr. feli í sér þessa takmörkun?

Í öðru lagi, herra forseti, þá kemur fram hjá hæstv. fjmrh. að gerður hefur verið tryggingasamningur við norræna samsteypu sem tryggingafélagið Sjóvá-Almennar starfar sem fulltrúi fyrir gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Hæstv. ráðherra greindi frá því að heimilt væri samkvæmt þessum lögum að taka gjald fyrir trygginguna og hann upplýsti jafnframt hve mikið það gjald væri, 25–50 sent, allt eftir þeirri vernd sem í boði er. Mér var ekki kunnugt um, herra forseti, að í boði væri mismunandi verð og vildi spyrja hæstv. ráðherra: Hver er munurinn á þeirri vernd sem er að baki fyrri upphæðinni og hinni síðari? Er ekki nauðsynlegt að veita sams konar vernd gagnvart íslenska flugflotanum, sama um hvers konar loftfar er um að ræða, fyrst það miðar við hvern einstakan farþega?

Jafnframt, herra forseti, tek ég eftir því að sá aðili sem mætir íslensku ríkisstjórninni fyrir hönd hinnar norrænu samsteypu tekur að launum 15% fyrir. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra: Hver er heildarupphæðin sem búist er við að komi fyrir þessa tryggingavernd af hálfu íslensku flugfélaganna. Ég skil það svo að það séu þeir sem greiða ríkissjóði gjaldið. Er um það að ræða að hið íslenska tryggingafélag Sjóvá-Almennar, sem mér finnst fá þarna furðu mikið í sinni hlut, þ.e. 15% einvörðungu fyrir kostnað, af því hér stendur í umsögn fjárlagaskrifstofu að þessum 15% verði varið til að mæta kostnaði tryggingafélagsins. Er það þá svo að tryggingafélagið fái 15% einungis fyrir kostnað en taki enga áhættu?

Í þriðja lagi, herra forseti, þá vildi ég segja að ég met það við hæstv. ríkisstjórn að hún skyldi með þessum hætti hafa samráð við stjórnarandstöðuna. Þetta mál er þannig vaxið að það er nauðsynlegt, eins og fram kom í umræðu hér fyrr í dag um munnlega skýrslu utanrrh., að ná sem mestri samstöðu meðal landsmanna og hefja þetta mál yfir flokkadrætti. Því miður kemur það betur og betur í ljós að afleiðingar þessa voðaverks á hag okkar, sem búum víðs fjarri vettvangi atburðarins, verða miklu meiri en menn uggðu. Það er alveg ljóst að þessir atburðir geta kallað tímabundna lægð yfir hagkerfi heimsins, jafnvel ástand sem stappar nærri efnahagskreppu. Það er ljóst að hér á Íslandi mun áhrifanna gæta töluvert harkalegar í hagkerfinu en við væntum í kjölfar atburðarins, a.m.k. fyrstu dagana á eftir. Það hefur t.d. komið fram varðandi flugið þar sem hundruð manna sæta nú atvinnumissi vegna afleiðinga þessa atburðar.

Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að ég er sammála ríkisstjórninni um að nauðsynlegt sé, eftir því sem föng eru, að hefja þetta mál yfir hefðbundna flokkadrætti á hinum pólitíska vettvangi. Þess vegna ítreka ég þakkir mínar til ríkisstjórnarinnar og segi jafnframt að efnislega munum við styðja þetta frv. en áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til að gera athugasemdir og jafnvel breytingartillögur við einstaka liði þess.

[15:50]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var meðal á annað hundrað Íslendinga staddur erlendis sunnudaginn 23. sept. þegar óvíst var um flug á mánudeginum vegna óvissu um tryggingamál sem ríkisstjórnin leysti úr. (Gripið fram í.) Þetta er kannski ekki beinlínis andsvar heldur undirtektir þeirra Íslendinga sem voru staddir erlendis við skjótum viðbrögðum ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar, fyrir að bregðast svo skjótt við sem raun ber vitni.

Ég veit að ég mæli fyrir munn þeirra allra: Bestu þakkir til ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu fyrir svo skjót viðbrögð. Það er ekki hægt að lýsa því hve margir voru áhyggjufullir vegna ástandsins sem þarna var að skapast eftir það sem áður hafði gerst í Bandaríkjunum. Ég veit að allir færa bestu þakkir til þeirra sem svo vel stóðu að málum.

[15:52]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti tekur undir þá skoðun hv. þm. að þetta hafi ekki verið andsvar og biður hv. þm. að setja sig á mælendaskrá ef þeir vilja flytja ræður.

[15:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, lýsi ég stuðningi við þetta frv. þótt ég hafi að sjálfsögðu fyrirvara við einstaka þætti þess. Ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki átt annarra kosta völ en grípa til þess ráðs að setja bráðabirgðalög. Það er rétt sem fram kom að fulltrúar stjórnarandstöðu voru kvaddir til fundar. Samráðsfundur er hugsanlega heldur dýrt orð því fundurinn átti sér stað fáeinum mínútum áður en fjölmiðlum var tilkynnt um bráðabirgðalögin. En ég endurtek að tíminn var naumur og menn urðu að hafa skjótar hendur.

Á þessum samráðsfundi lýstum við því yfir að við teldum brýnt að þessar tryggingar næðu til allra hlutaðeigandi flugfélaga, Flugleiða, Atlanta, allra þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Við lögðum áherslu á að þessar ráðstafanir væru til skamms tíma og kæmu til umfjöllunar á Alþingi.

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess að lýsa stuðningi okkar við framgangsmáta ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

[15:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir annarra hv. þm. til hæstv. ríkisstjórnar fyrir hversu hratt hún brást við. Ég tel þetta algjörlega nauðsynlega lagasetningu sem við erum að staðfesta hér. Hér er um að ræða gífurlegar upphæðir. 49 flugvélar þurfti að tryggja. Þetta er hálfur milljarður dollara á hverja vél, eða 50 milljarðar kr. á hverja vél. Samtals er heildartryggingarupphæðin 2.750 milljarðar kr. og væru Íslendingar sennilega 10 ár að vinna fyrir þeirri upphæð ef þeir gerðu ekkert annað. En líkurnar á að til þess komi eru náttúrlega mjög litlar.

Það sem mig langar til að spyrja um er hvort gerður hafi verið *gagnkvæmur endurtryggingarsamningur* við *önnur ríki* skv. 3. gr. Hafi það ekki verið gert hvet ég til þess að það verði gert nú þegar og eigi síðar. Hér er um mjög mikla áhættu að ræða og alveg ástæðulaust að Íslendingar beri hana einir. Ef svo ólíklega vildi til, sem afskaplega litlar líkur eru á, að tjón yrði þá er hægt að minnka áhættuna mikið með því t.d. að gera gagnkvæman endurtryggingarsamning við Norðurlandaríkin, Þýskaland eða eitthvert annað ríki sem væri tilbúið til þess. Þetta er verkefni sem þarf að leysa, helst fyrir hádegi á morgun.

Hingað til hefur það verið metið svo í endurtryggingarsamningum að ein breiðþota farist á 15–20 ára fresti af völdum hryðjuverka og stríðsástands. Á þessu ári hafa farist sex. Tvær fórust á Sri Lanka á jörðu niðri og síðan þessar fjórar sem fórust á flugi í Bandaríkjunum. Þannig eru allar forsendur fyrir tryggingaiðgjaldinu brostnar. Iðgjaldið var nánast hverfandi en nú eru menn farnir að reikna með miklu hærra iðgjaldi. Ég hef heyrt tölu um 300 kr. á hvern farmiða í öllum heiminum. Við erum því að tala um umtalsverða upphæð sem mun hækka fargjöld með flugfélögum.

Ég vil vekja athygli á niðurlagi 2. gr. þar sem segir, með leyfi herra forseta:

„Trygging ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkissjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða *vátryggjendur hefja að bjóða viðbótar ábyrgðartryggingar.*“

Nú er það að gerast, skilst mér, að einn aðili býður slíkar tryggingar og talað er um að þessi ábyrgð ríkissjóðs falli niður á föstudaginn vegna þess að einn aðili býður þessa tryggingu. Mér skilst að ámóta ákvæði sé ekki í ábyrgð Norðurlandaþjóðanna heldur veittu þau ábyrgð í 30 daga. Nú þurfa íslensk tryggingafélög að sæta því að semja við þennan eina aðila sem býður tryggingar. Hann krefst þess að gerður sé samningur til 12 mánaða og eðlilega með mjög háu iðgjaldi þar sem hann er fyrstur. Ég vil skora á hæstv. fjmrh. að skoða þetta ákvæði og hvort nauðsynlegt sé að breyta því þannig að íslensk tryggingafélög og þar með íslenskir flugrekendur, séu ekki ofurseldir fyrsta aðilanum sem býður tryggingar.

Það gerðist þegar þessari tryggingu var sagt upp, að nokkur ríki, þar á meðal Eistland, veittu ekki ábyrgð. Air Estonia var því kyrrsett og þess vegna var farið í gang með að tryggja slík félög með fyrsta forgangi en með mjög háu iðgjaldi. Þær aðstæður blasa nú við íslenskum flugrekendum að einn aðili er að bjóða tryggingar og þar með tekur gildi þetta ákvæði 2. mgr. 2. gr. Nú er farið að bjóða viðbótar ábyrgðartryggingar og þá fellur tryggingarábyrgð íslenska ríkisins niður, þó að ekki sé liðinn mánuður. Ég vildi gjarnan að menn skoðuðu þetta nákvæmlega í meðförum þingsins á þessu frv., hvort ástæða sé til að breyta þessu ákvæði þannig að það gildi í 30 daga og það verði skoðað hvernig önnur ríki hafa leyst þessa ábyrgð.

[15:58]

Útbýting þingskjals:

Siðareglur í stjórnsýslunni, 29. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 29.

[15:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Þær eru í samræmi við það sem áður var vitað um afstöðu stjórnmálaflokkanna til þessa óvenjulega máls.

Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum. Í fyrsta lagi vil ég svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi orðalag frv. Ég sé ekki að neitt hafi breyst frá því sem var í bráðabirgðalögunum. Það má vera að þingmaðurinn hafi haft eldri útgáfu af bráðabirgðalögunum undir höndum en þau sem síðan voru undirrituð og gefin út. Þetta er sama frv., sömu lögin sem óskað er eftir að hér verði samþykkt.

Að því er varðar mismunandi iðgjald, eða 25–50 sent, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, þá er þar ekki um að ræða mismunandi tryggingavernd. Ég hygg að þetta stafi af því að flugleiðir eru mislangar, mislangur tími sem vélarnar eru á lofti hverju sinni.

Að því er varðar 15% hlutdeild frumvátryggjendanna þá var spurt: Fá þeir þessa þóknun án nokkurrar áhættu? Svarið við því er nei, vegna þess að þeir taka að sér að tryggja gagnvart fyrstu 50 milljón bandaríkjadollurum í hverju tilfelli fyrir sig, út af hverjum einstökum atburði. Sú áhætta leggst á viðkomandi félag, u.þ.b. 5 milljarðar fyrir hvern atburð og má ætla að a.m.k. í einhverjum tilfellum ætti það að duga gagnvart slíku tjóni.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði um ákvæði 3. gr. og gagnkvæma endurtryggingu við önnur lönd. Það hefur ekki verið raunin að til slíkra samninga hafi verið gengið enda, eins og hann benti sjálfur á, eru allar líkur á því að þessi trygging og vernd sem í henni felst verði orðin óþörf, jafnvel

innan nokkurra daga. Um það vitum við auðvitað ekki fyrir víst en það tengist því sem þingmaðurinn benti einnig á, að nú eru vátryggingarfélög á alþjóðavísu að hefja sölu á tryggingum af þessu tagi á nýjan leik. Mér er kunnugt um a.m.k. tvo aðila sem bjóða á ný tryggingar þannig að ég vonast til þess að íslensku tryggingafélögin muni ekki sæta þeim afarkostum sem þingmaðurinn taldi hættu á, ef aðeins einn aðili væri á ferðinni.

Ég býst við að hitt sé alveg ljóst, að tryggingaiðgjöldin á þessu sviði, eins og þingmaðurinn sagði, muni vafalaust hækka verulega frá því sem áður var þegar þarna var ekki talin raunveruleg áhætta á ferðinni. Það er þá nýr kostnaður sem flugfélögin verða fyrir. Hann er auðvitað bagalegur fyrir þau eins og staðan er í þessum rekstri en eigi að síður er eðlilegt að félögin inni hann af hendi og þar með mundu þessi bráðabirgðalög falla úr gildi. Það er þá alveg óháð þeirri spurningu, sem ekki hefur reyndar verið spurt af hálfu félaganna, hvort til greina kæmi einhver stuðningur af opinberri hálfu almennt séð við þær aðstæður sem nú eru.

Þá er eðlilegt að þessi lög sem hafa þó þjónað tilgangi sínum falli úr gildi, félögin taki við með venjulegum hætti og ríkið losni undan ábyrgð sinni. Síðan geta menn rætt málin í framhaldinu í ljósi þeirrar nýju stöðu sem þá verður uppi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

4. FUNDUR

fimmtudaginn 4. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 2002, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.
[10:30]

Útbýting þingskjals:
Velferðarsamfélagið, 20. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 20.

Fjárlög 2002, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.
[10:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um ræðutíma í umræðunni, eins og var á síðasta þingi, og hann er þessi: Ráðherra hefur 35 mínútur til framsögu, 15 mínútur í annað sinn og 10 mínútur í þriðja sinn. Talsmenn þingflokka hafa 20 mínútur í fyrsta sinn en 10 mínútur í annað og þriðja sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa 10 mínútur í fyrra og síðara sinn. Andsvör verða leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í fyrstu umferð verður aðeins talsmönnum þingflokkanna og fjmrh. heimilt að veita andsvör.

[10:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér venju samkvæmt fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002. Í ræðu minni mun ég fjalla um meginþerslur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum eins og þær birtast í þessu fjárlagafrumvarpi. Auk þess mun ég gera grein fyrir helstu efnisatriðum frumvarpsins og þeim forsendum sem frumvarpið byggir á, en mun ekki fjalla um einstakar fjárveitingar í frumvarpinu.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2002 endurspeglar að mörgu leyti breytta stöðu efnahagsmála. Eftir kröftuga efnahagsuppsveiflu síðustu ár hefur hagkerfið færst nær jafnvægi á nýjan leik. Verulega hefur dregið úr innlendri eftirspurn og viðskiptahalli minnkar óðfluga. Einnig eru horfur á að verulega dragi úr verðbólgu á næstunni. Í kjölfarið hefur hagvöxtur minnkað. Þessi þróun leiðir óhjákvæmilega til minni tekjuauka hjá ríkissjóði. Við þessar aðstæður er eðlilegt að afgangur á ríkissjóði verði minni en verið hefur á undanförnum árum. Hins vegar er afar mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að afgangur á ríkissjóði á árinu 2002 verði 18,6 milljarðar kr., eða sem nemur tæplega 2,5% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur verður mun meiri eða rúmlega 41 milljarður kr. samkvæmt frumvarpinu. Þessi niðurstaða er til marks um þann árangur sem náðst hefur í stjórn efnahagsmála hér á landi á undanförnum árum og er í fullu samræmi við þá meginstefnu ríkisstjórnarinnar að viðhalda stöðugleika, styrkja undirstöðu atvinnulífsins og stuðla að áframhaldandi lífskjarabót fyrir fólkið í landinu. Reiknað er með að hreinar skuldir ríkisins verði komnar niður í 14% af landsframleiðslu undir lok næsta árs. Þetta þýðir að í fyrirsjáanlegri framtíð má gera ráð fyrir því að ríkið verði í heildina lánveitandi, en ekki skuldari, þótt vissulega muni ríkið halda áfram að gegna hlutverki sínu á lánamarkaði með útgáfu skuldabréfa.

Við þessar aðstæður eru veigamikil rök fyrir því að lækka skatta, jafnt á fyrirtækjum sem einstaklingum. Með skynsamlegum skattaaðgerðum er hægt að koma í veg fyrir neikvæða keðjuverkun í efnahagslífinu og ríkisvaldið getur þannig verið aflvaki í jákvæðum viðbrögðum hagkerfisins við niðursveiflunni. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að beita sér fyrir umfangsmiklum skattkerfisbreytingum sem munu koma til framkvæmda á næstu tveimur árum. Þessar aðgerðir voru kynntar af fjórum ráðherrum ríkisstjórnarinnar í gær og mun ég mæla fyrir frumvarpi um þær á Alþingi á næstunni. Þær breytingar sem eru fyrirhugaðar eru meðal annars að tekjuskattur fyrirtækja verður lækkaður um nær helming. Sérstakur eignarskattur fyrirtækja og einstaklinga verður felldur niður og almennur eignarskattur lækkaður um helming. Stimpilgjald verður lækkað. Verðbólgureikningsskil verða afnumin og fyrirtækjum heimilað að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt. Jafnframt verða fríeignamörk í eignarskatti hækkuð verulega á næsta ári til að koma í veg fyrir að nýleg hækkun fasteignamats leiði til hækkunar eignarskatta. Þá hækka viðmiðunarmörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga, hinum svokallaða hátekjuskatti, umtalsvert. Skatthlutfall í hinum almenna tekjuskatti einstaklinga lækkar um 0,33% og skattlagning á húsaleigubætur verður afnumin. Á móti er gert ráð fyrir smávægilegri hækkun á tryggingagjaldi til þess að geta stigið stærri skref en ella í

skattalækkunum. Markmiðið með þessum skattbreytingum er að sjálfsögðu fyrst og fremst að örva atvinnulífið og skapa með því ný og meiri verðmæti í þjóðarbúið.

Þessar aðgerðir eru mögulegar nú vegna þeirra umbóta sem orðið hafa í rekstri ríkissjóðs á undanförnum árum. Ríkisvaldið er nú í stakk búið til að bregðast við hinum breyttu aðstæðum efnahagslífsins á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í stað fálmkenndra handaflsaðgerða sem við Íslendingar þekkjum allt of vel. Hlutverk ríkisins sem sveiflujafnandi stjórntækis hefur verið styrkt og það er mjög í samræmi við góða hagstjórn að ríkið geri fyrirtækjum og einstaklingum auðveldara um vik með því að lækka skatta þegar efnahagsumhverfið er viðkvæmt.

Ríkisstjórnin hefur að auki ákveðið að beita sér fyrir lagabreytingum til að koma í veg fyrir að stórhækkun fasteignamats leiði til hækkunar eignarskatta á næsta ári eins og ég gat um. Enn fremur tekur um næstu áramót gildi næstsíðasti áfangi þess að persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur milli maka. Verður á næsta ári unnt að millifæra 95% hans milli maka í stað 90% á þessu ári og árið 2003 verður persónuafslátturinn að fullu millifæranlegur.

Þær aðgerðir sem kynntar voru í gær munu styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, gera íslenskt skattaumhverfi enn hagstæðara í alþjóðlegum samanburði og skapa þannig í senn forsendur fyrir því að erlend fyrirtæki flytji hingað starfsemi sína og draga úr líkum á því að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína af landi brott af skattalegum ástæðum. Öll þessi atriði munu hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið, skapa góðar forsendur fyrir frekari uppbyggingu þess og renna traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Lækkun eignarskatta er enn fremur rökrétt miðað við ríkjandi aðstæður hér á landi og stuðlar að auknum þjóðhagslegum sparnaði.

Efnahagsleg rök fyrir þessum breytingum eru margvísleg. Nú er tæplega áratugur frá því að gripið var til umfangsmikilla skattalækkana á fyrirtæki til þess að treysta stöðu atvinnulífsins og koma efnahagslífinu upp úr þeirri lægð sem þá hafði ríkt um margra ára skeið. Hæst bar á þeim tíma verulega lækkun tekjuskatts fyrirtækja og afnám aðstöðugjalds. Með þessu varð skattalegt umhverfi fyrirtækja hér á landi með því besta sem þekktist í okkar helstu viðskiptalöndum. Íslenskt atvinnulíf býr að vissu leyti við erfiðari aðstæður en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarins, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum og þar með meiri flutningskostnaðar og fleiri slíkra atriða. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífinu starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

Margt bendir hins vegar til þess að íslenskt atvinnulíf búi ekki lengur við það forskot sem hér ríkti í skattalegu tilliti á síðasta áratug. Þetta á bæði við um tekjuskattshlutfallið, sem í dag er einungis um meðallag OECD-ríkjanna, en var langt fyrir neðan það fyrir tæplega áratug. Einnig er rétt að hafa í huga að samhliða lækkun skatthlutfallsins hér á landi var skattstofninn breikkaður með afnámi hvers kyns frádráttarheimilda og er hann óvíða jafnbreiður og hér. Tillögur OECD í nýlegri úttekt á íslenska skattkerfinu hníga í sömu átt.

Enn fremur er afkoma atvinnulífsins lakari en verið hefur um nokkurt skeið sem meðal annars má rekja til minnkandi eftirspurnar, innan lands sem erlendis. Að nokkru má rekja þetta til utanaðkomandi áhrifa þar sem sú staða er nú uppi í alþjóðlegum efnahagsmálum að nánast öll helstu ríki heims eiga við nokkra efnahagsörðugleika að stríða og hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafa enn frekar aukið þar við. Verulega hefur hægt á hagvexti í Bandaríkjunum og Evrópu að undanförnu og ekkert lát er á efnahagserfiðleikunum í Japan. Sömu sögu er að segja af mörgum þróunarríkjum og ríkjum Asíu og Suður-Ameríku. Áhrifa þessa gætir að sjálfsögðu einnig hér á landi enda mörg þessara ríkja mikilvægir viðskiptaaðilar. Einnig hefur hægt verulega á innlendri eftirspurn eftir mikinn uppgang síðustu ára með tilheyrandi útgjaldaþenslu jafnt hjá heimilum sem fyrirtækjum. Hvort tveggja hefur skilað sér í lakari afkomu fyrirtækja og í einstaka tilvikum hefur það leitt til uppsagna starfsfólks þótt enn sé það í litlum mæli.

Að öllu samanlögðu verður því að telja afar sterk efnahagsleg rök fyrir því að grípa til áðurgreindra skattaaðgerða aðgerða nú. Áhrif skattalækkunar hjá fyrirtækjum og einstaklingum eru jákvæð í efnahagslegu tilliti. Fyrstu áhrif slíkra aðgerða munu skila sér tiltölulega fljótt og birtast í auknum umsvifum í efnahagslífinu, meðal annars vegna aukinna fjárfestinga sem leiða munu til aukinnar atvinnu og aukinna tekna heimila og betri afkomu fyrirtækja. Aukinn hagvöxtur og almenn umsvif í efnahagslífinu munu aftur skila sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs.

Það er því mikið gleðiefni að ríkisstjórnin geti við þessar aðstæður haldið áfram að styrkja undirstöður atvinnulífsins með þeim aðgerðum sem lýst hefur verið. Og haldið fast við þá stefnu, sem gefist hefur þjóðinni vel undanfarinn áratug, að markmið ríkisins sé að búa fyrirtækjum og einstaklingum slíkt umhverfi að það hvetji til aukinnar verðmætasköpunar. Ég trúi því að affarasælast sé að afla verðmætanna fyrst og ráðstafa þeim svo — en ekki að ráðstafa verðmætunum fyrst og vona svo bara það besta. Við Íslendingar þekkjum slík vinnubrögð allt of vel og vitum í hvaða ógöngur þau hafa leitt okkur.

Á þessu ári og því næsta verða stigin mikilvæg skref varðandi sölu ríkisfyrirtækja. Hér vegur þyngst sala á stærstum hluta ríkisins í Landssímanum, Landsbanka og Búnaðarbanka. Þessi sala mun skila umtalsverðum tekjum í ríkissjóð og gefa færi á að lækka skuldir ríkissjóðs svo um munar. Ekki er síður mikilvægt að með þessum aðgerðum er dregið marktækt úr ríkisumsvifum og stuðlað að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins á alþjóðamarkaði. Jafnframt má gera ráð fyrir að þær hleypi nýju lífi í hlutabréfaviðskipti og verði til þess að örva atvinnulífið og styrkja þannig almenna stöðu efnahagsmála.

Að undanförnu hafa orðið þáttaskil á þeim vettvangi eins og áður var nefnt. Verulega hefur hægt á hagvexti og innlendri eftirspurn eftir mikla uppsveiflu síðustu ára. Þessi þróun er hins vegar að mörgu leyti jákvæð. Þannig eru ótvíræð merki um að viðskiptahallinn sem varð til á uppgangsárunum sé nú á hröðu undanhaldi og að hagkerfið sé að færast í átt til aukins jafnvægis. Nýjustu spár benda til þess að hallinn lækki umtalsvert þegar á þessu ári og hinu næsta og verði að óbreyttu kominn niður undir 3% af landsframleiðslu á árunum 2003–2004. Jafnframt eru horfur á að verðbólga fari ört minnkandi á næstu mánuðum og verði komin á svipað ról og í helstu nágrannaríkjunum innan fárra missira. Enn fremur er rétt að benda á að viðskiptahallinn hefur nær alfarið stafað af auknum útgjöldum einkaaðila, heimila jafnt sem fyrirtækja og sveitarfélaga, þar sem rík-

issjóður hefur skilað umtalsverðum afgangi á undanförnum árum.

Þótt minni verðbólga og viðskiptahalli í kjölfar minni þenslu í efnahagslífinu séu fagnaðarefni er ástæða til þess að vera á varðbergi gagnvart vísbendingum um hugsanlegan samdrátt. Of hröð kæling hagkerfisins getur leitt til samdráttar sem gæti reynst erfitt að vinda ofan af á skömmum tíma. Að undanförnu hafa komið fram marktækar vísbendingar um að verulega hafi dregið úr hagvexti og er það hlutverk ríkisins að hafa sveiflujafnandi áhrif á þróunina og grípa til viðeigandi aðgerða til þess að efla atvinnulífið í landinu.

Við þessar aðstæður hljóta megináherslur í hagstjórninni, jafnt í ríkisfjármálum sem peningamálum, að miða að því að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins, meðal annars með því að hamla gegn verðbólgu og stuðla að auknum hagvexti. Þær aðgerðir sem boðaðar eru í frumvarpinu taka mið af þessum sjónarmiðum. Lækkun skatta og einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar eru mikilvægt framlag til þess að renna styrkum stoðum undir efnahagslífið og treysta atvinnu og almenn lífskjör í landinu sem eru meginmarkmið fjárlagafrumvarpsins.

Herra forseti. Ég mun nú víkja nánar að helstu þáttum fjárlagafrumvarpsins, bæði hvað varðar einstaka efnisþætti á tekju- og gjaldahlið þess sem og helstu efnahagsforsendur frumvarpsins.

Eins og ég nefndi áðan hefur staða efnahagsmála breyst í ýmsum veigamiklum atriðum á þessu ári. Í stað eftirspurnarþenslu gætir nú slaka og jafnvel samdráttar í sumum atvinnugreinum. Þessi snöggu umskipti koma í kjölfar mikilla hræringa á fjármagnsmarkaði á vordögum þar sem gengi krónunnar lækkaði mikið í kjölfar þess að horfið var frá fyrri vikmörkum. Viðbrögðin í hagkerfinu hafa einnig á margan hátt verið með líkum hætti og vænta mátti við slíkar aðstæður. Innflutningsverðlag hækkaði verulega sem aftur leiddi til aukinnar verðbólgu. Jafnframt dró mjög úr innflutningi og staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum batnaði. Eins og við var að búast hafði gengislækkunin hins vegar örvandi áhrif á útflutningsgreinarnar og leiddi til þess að samkeppnisstaða þeirra hefur stórbatnað.

Að mínu mati voru ekki efnahagslegar forsendur fyrir jafnmikilli gengislækkun íslensku krónunnar og varð síðastliðið sumar. Gildir þar einu hvort litið er á raungengi krónunnar í sögulegu samhengi eða á stöðu og horfur í efnahagsmálum almennt. Svipaðar skoðanir hafa reyndar komið fram af hálfu Seðlabankans og fjármálafyrirtækja. Bent hefur verið á að óróleiki og óvissa á fjármálamarkaði hafi haft hér mikil áhrif og jafnvel orðið til þess að gengislækkunin varð meiri en efnahagslegar forsendur voru fyrir.

Við þá þróun sem orðið hefur á nýliðnum árum á íslenskum fjármagnsmarkaði og með auknu sjálfstæði Seðlabankans við mótun peningamálastefnunnar hefur orðið ákveðin breyting á hagstjórnarhlutverki ríkisfjármála. Þannig er ekki hægt að beita ríkisfjármálum með sama hætti og áður til að breyta raunstærðum í efnahagslífinu með skjótvirkum hætti. Þess í stað verður hlutverk ríkisfjármála í ríkari mæli en áður að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum þegar til lengri tíma er litið. Þetta verður best gert með því að tryggja viðunandi afgang á rekstri ríkissjóðs og að rekstrarumhverfi í landinu miði að því að ná fram sem mestri hagkvæmni hvort sem er í rekstri heimila eða fyrirtækja.

En ríkisfjármálin snúast ekki eingöngu um langtímamarkmið. Stuðningur við stefnuna í peningamálum er einnig mikilvægur. Á undanförnum árum hefur rekstur ríkissjóðs skilað myndarlegum afgangi, bæði þegar á heildina er litið og eins, sem ekki er síður mikilvægt, þegar áhrif hagsveiflunnar eru undanskilin. Þannig nam afgangurinn á síðasttalda mælikvarðann tæplega 3,5% af landsframleiðslu á árunum 1999 og 2000. Á þessu ári er hins vegar útlit fyrir að sveifluleiðréttur afgangur verði minni, eða um 1% af landsframleiðslu. Þessa breytingu má einkum rekja til fárra en kostnaðarsamra útgjaldatilefna, einkum á sviði félags- og tryggingamála. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2002 er aftur á móti gert ráð fyrir að sveifluleiðréttur afgangur aukist á nýjan leik og verði 2,5% af landsframleiðslu. Þessi þróun sýnir svo ekki verður um villst að ríkisfjármálin hafa stutt dyggilega við stefnuna í peningamálum á undanförnum árum og þannig dregið úr áhrifum ýmissa miður æskilegra fylgikvilla efnahagsuppsveiflunnar.

Hátt vaxtastig hér á landi hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu og þar raddir orðið æ háværari sem telja tímabært að Seðlabankinn lækki vexti. Það er ljóst að það verðbólguskot sem fylgdi í kjölfar gengislækkunar krónunnar fyrr á þessu ári hefur orðið til þess að Seðlabankinn hefur beitt sér af meira afli en fyrr í því skyni að halda stýrivöxtum háum og það jafnvel þótt töluverðra samdráttareinkenna sé nú farið að gæta í efnahagslífinu. Rök bankans hafa verið að enn séu ekki komin fram nægjanlega skýr merki um að þenslan í hagkerfinu sé í rénun til þess að réttlæta lækkun vaxta og hefur í þessu samhengi einkum verið vísað til stöðunnar á vinnumarkaði.

Að öllu samanlögðu sýnist mér að sú stund hljóti að nálgast óðfluga að vextir geti lækkað. Annars vegar hlýtur að þurfa að horfa til þess að verðbólgan er að ganga hratt niður í kjölfar tímabundins verðbólguskots í sumar og haust. Hins vegar er ljóst að íslenskt atvinnulíf getur ekki til lengdar lifað við það vaxtastig sem nú ríkir og það kann að hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér og jafnvel birtast í aukinni verðbólgu þegar upp er staðið.

Sú aðlögun sem nú á sér stað í hagkerfinu mun að verulegu leyti móta efnahagsumgjörðina á næsta ári. Svigrúm til hagvaxtar er takmarkað og líkur á að heimilin og fyrirtæki í landinu verði að búa sig undir breyttar aðstæður frá því sem verið hefur á allra síðustu árum.

Í þessu sambandi vil ég fara nokkrum orðum um efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins og þann mun sem er á þeim og nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar sem talsvert hefur verið til umræðu síðustu daga. Fyrst vil ég segja að þessi umræða hefur verið býsna yfirlýsingakennd og borið vott um að menn hafi ekki kynnt sér staðreyndir málsins til hlítar. Ég hef t.d. verið borinn ásökunum bæði um sviksemi og lögbrot í þessu sambandi. Ég hlýt að hafna því og skora á þá aðila sem haldið hafa slíku fram að nota tækifærið við umræðuna hér í dag og draga slík ummæli til baka. En varðandi þetta mál að öðru leyti þá er það þannig að við gerð og lokafrágang tekju- og gjaldaáætlana fjárlagafrumvarps er höfð hliðsjón af nýjustu spám Þjóðhagsstofnunar eins og kveðið er á um í lögum. Hér er af ásettu ráði ekki kveðið fastar að orði í lögum enda getur auðvitað komið upp sú staða að nauðsynlegt sé að víkja frá spánni í tilteknum atriðum, meðal annars vegna þess að oft liggur endanleg þjóðhagsspá ekki fyrir þegar lokafrágangur fjárlagafrumvarpsins fer fram. Við hvaða spá á þá að miða? Það frávik sem nú er til staðar milli efnahagsforsendna fjárlagafrumvarpsins og þjóðhagsáætlunar felst reyndar fyrst og fremst í mismunandi mati á

efnahagsþróuninni á yfirstandandi ári. Það sem við í fjármálaráðuneytinu lesum út úr tölum um innheimtu skatttekna það sem af er árinu bendir einfaldlega til þess að samdráttur þjóðarútgjalda sé meiri en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Jafnframt sýnist okkur að útflutningsspá þjóðhagsáætlunar fyrir þetta ár sé því miður í hærri kantinum. Samanlagt leiðir þetta til þess að hagvöxtur samkvæmt áætlunum ráðuneytisins verður um 1,5% á þessu ári, eða tæplega 0,5% lægri en í þjóðhagsáætlun. Hvað næsta ár varðar munar mestu um mismunandi mat á verðbólguhorfum. Spá ráðuneytisins er um 5% meðalverðbólgu milli ára, sem er svipað og síðasta spá Seðlabankans gerði ráð fyrir, en tæplega 1% lægri en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Hins vegar er spáin um verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs svipuð, eða nálægt 3%. Þessi munur leiðir til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn standa sem næst í stað á næsta ári samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarpsins, en hann dregst saman um 1% í þjóðhagsáætlun. Þar af leiðandi er einkaneyslan talin verða óbreytt, að því er varðar fjárlagafrumvarpið, samanborið við 0,5% samdrátt í þjóðhagsáætlun. Enn fremur höfum við leyft okkur að vera bjartsýnni hvað varðar almennar fjárfestingarhorfur á næsta ári og byggjum það meðal annars á því að þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið muni hafa jákvæð áhrif á almennar væntingar fyrirtækja og einstaklinga þegar á næsta ári. Að auki má búast við því að þessar skattalækkanir hafi veruleg og jákvæð áhrif á sölu þeirra ríkisfyrirtækja sem nú hefur verið ákveðin.

Ég tel því fráleitt að hlaupa upp til handa og fóta út af því að forsendum fjárlagafrumvarpsins skuli ekki bera að öllu leyti saman við þjóðhagsáætlun. Munurinn á þessu er óverulegur eins og sést af því að landsframleiðslan í fjárlagafrumvarpinu er í krónum talið ívið lægri á árinu 2002 en í þjóðhagsáætlun. Það er því rækilegt vindhögg að halda því fram, eins og formaður Samfylkingarinnar hefur gert opinberlega og ýmsir, því miður, álpast til að hafa upp eftir honum, að efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins feli í sér tilraun til þess að fegra afkomu ríkissjóðs. Ef eitthvað er mundi afgangurinn vera meiri á þeim forsendum sem fyrir liggja í þjóðhagsáætlun en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að hagvöxtur á þessu ári geti orðið um 1,5%. Það þýðir í raun að tekjur þjóðarinnar standa sem næst í stað að raungildi miðað við hvern íbúa. Á næsta ári er í forsendum fjárlagafrumvarpsins gert ráð fyrir heldur minni hagvexti, eða nálægt 1%, en síðan muni hagvöxturinn glæðast á nýjan leik og verða á bilinu 2–3% næstu árin og reyndar enn meiri ef hafist verður handa um þau stóriðjuáform sem nú eru til umræðu.

Horfur um þróun utanríkisviðskipta í ljósi almennrar efnahagsþróunar gefa fyrirheit um jákvæða þróun viðskiptahallans á næstunni. Eins og nú horfir má fastlega gera ráð fyrir að í ár verði viðskiptahallinn töluvert lægri en fyrri spár gáfu til kynna. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 58 milljarðar kr. á þessu ári og rúmlega 40 milljarðar kr. á næsta ári. Þessi niðurstaða byggist meðal annars á væntingum um áframhaldandi samdrátt innflutnings eftir því sem hagkerfið lagar sig að nýju raungengi krónunnar.

Í þessu sambandi er þó mikilvægt að undirstrika að tekjur þjóðarbúsins eru nú í sögulegu hámarki og þau umskipti sem felast í þessum efnahagshorfum endurspegla fyrst og fremst aðlögun að nýju jafnvægi eftir óvenjusnarpt hagvaxtarskeið fremur en að efnahagskreppa sé skollin á. Hins vegar má gera ráð fyrir að hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafi einhver neikvæð áhrif á efnahagsþróunina hér á landi sem annars staðar. Hversu mikil slík áhrif kunna að verða og hvenær þau koma fram er hins vegar mjög erfitt að segja til um.

Eins og ég áður gat um er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 18,6 milljarðar kr. árið 2002, samanborið við um 21 milljarðs kr. afgang sem gert er ráð fyrir að verði á yfirstandandi ári. Lækkunin skýrist alfarið af minni söluhagnaði eigna. Þar sem tekjur af sölu eigna á árinu 2001 skila sér að mestu í sjóðstreymi næsta árs, verður lánsfjárafgangur árið 2002 hins vegar óvenjumikill, eða sem nemur rúmlega 41 milljarði kr., samanborið við tæplega 6 milljarða kr. neikvæða stöðu í ár. Það er því eðlilegt að skoða þessi tvö ár saman, en þau sýna að samanlagður lánsfjárafgangur verður um 35 milljarðar kr. gangi áætlanir um sölu eigna eftir. Ég tel að þetta sé mjög ásættanleg niðurstaða og í raun mikið fagnaðarefni að íslenska ríkið skuli með þessum hætti geta haldið áfram að greiða niður skuldir eða búa með öðrum hætti enn betur í haginn fyrir atvinnulífið og komandi kynslóðir. Þótt almenn sala á hlutabréfum í Landssímanum hafi kannski ekki gengið sem skyldi í fyrstu umferð er ég sannfærður um að það er tímabundið ástand enda benda fyrstu viðbrögð kjölfestufjárfesta til þess að þeir telji Landssímann áhugaverðan fjárfestingarkost. Líklegt verður einnig að telja að breytt skattaumhverfi, sem nú hefur verið kynnt, auki verðmæti fyrirtækisins.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að þeirri umræðu sem orðið hefur um afkomu ríkissjóðs í kjölfar birtingar á ríkisreikningi fyrir árið 2000 sem hefur vakið furðu margra. Það er til dæmis ekki með nokkurri sanngirni hægt að halda því fram að niðurstaða ríkisreiknings fyrir árið 2000 hafi verið „gríðarlegt áfall" eins og sagt hefur verið. Þótt vissulega sé hægt að lesa út úr ríkisreikningnum fyrir árið 2000 stórt frávik frá fjárlögum síðasta árs verður að gera þá kröfu að menn horfi til þeirra sérstöku atriða sem búa þar að baki. Skýringarnar á þessu liggja ljósar fyrir og hafa nákvæmlega ekkert með svonefnd lausatök í ríkisfjármálum að gera, eins og reyndar er rækilega útskýrt í þessum sama ríkisreikningi. Þar kemur skilmerkilega fram að frávikið stafar alfarið af færslu ýmissa óreglulegra liða, svo sem lífeyrisskuldbindinga, skattafskrifta o.fl. Að þessum liðum frátöldum fæst mun réttari mynd af rekstri ríkisins sem sýnir að tekjuafgangurinn vex milli áranna 1999 og 2000, en lækkar hins vegar aftur á árunum 2001 og 2002 í takt við minni efnahagsumsvif. Sambærileg þróun sést einnig þegar skoðaðir eru útreikningar á sveifluleiðréttri afkomu ríkissjóðs eins og ég gat um áðan.

Ein meginforsenda tekjuáætlunar fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2002 er að botni hagsveiflunnar verði senn náð og að hagvöxtur muni smám saman aukast á næstu árum. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr verðbólgu á næsta ári og að hækkunin innan ársins verði nálægt 3%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er því talinn haldast nokkurn veginn óbreyttur á næsta ári. Hins vegar er gert ráð fyrir að einkaneysluútgjöld á mann dragist lítillega saman og að sparnaður heimilanna muni þess vegna aukast. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að þótt hagvöxtur verði minni á næsta ári en í ár þá geti hann orðið um 1%. Í þessu sambandi geta skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar skipt sköpum enda hljóta þau að hafa veruleg áhrif á væntingar jafnt heimila sem fyrirtækja og þar með fjárfestingaráform o.fl. Í forsendunum

er enn fremur miðað við að gengi krónunnar muni heldur styrkjast á næsta ári.

Á þessum forsendum eru skatttekjur ríkissjóðs taldar geta numið rúmlega 222 milljörðum kr. en heildartekjur ríkissjóðs um 258 milljörðum kr. Samkvæmt þessum áætlunum standa skatttekjur nánast í stað að raungildi en heildartekjur lækka um tæplega 8 milljarða kr. Hér skiptir máli að fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir minni tekjum af sölu eigna en á yfirstandandi ári. Tekjuskattur einstaklinga hækkar í takt við hækkun launa. Tekjur af virðisaukaskatti eru óbreyttar að raungildi. Hins vegar er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila og fjármagnstekjuskattur muni skila minni tekjum en í ár vegna lakari afkomu fyrirtækja og versnandi stöðu og minni umsvifa á fjármagnsmarkaði.

Um næstu áramót kemur til framkvæmda annar áfangi af þremur í hækkun barnabóta. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingu hennar frá 27. október á síðasta ári. Í því fólst að barnabætur hækka um meira en þriðjung á árunum 2001–2003, eða sem nemur hátt í 2 milljörðum kr. Fyrsti áfangi kom til framkvæmda á þessu ári. Megininntak breytinganna er eins og kunnugt er að ótekjutengdar barnabætur eru teknar upp á nýjan leik, dregið er úr skerðingu bótanna vegna tekna og skerðing vegna eigna er felld niður. Þessar breytingar leiða til verulegrar hækkunar á ráðstöfunartekjum alls barnafólks, en hinir tekjulægri bera þó mest úr býtum.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 239 milljarðar kr. árið 2002 og hækka um liðlega 3% frá áætlaðri útkomu árið 2001. Útgjöldin dragast hins vegar saman að raungildi milli ára jafnvel þótt leiðrétt hafi verið fyrir lækkun lífeyrisskuldbindinga. Þetta endurspeglast í lækkun ríkisútgjalda í hlutfalli við landsframleiðslu um 1% frá áætlaðri útkomu þessa árs sem er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Ég vek sérstaka athygli á því að almennur rekstrarkostnaður ríkisins lækkar að raungildi á milli ára. Hins vegar hækka greiðslur lífeyris- og tryggingabóta eins og ég mun nánar víkja að hér á eftir. Í framhaldi af þessu vil ég benda á að heildarútgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu hafa lækkað á undanförnum árum og munu nema um 30,7% af landsframleiðslu árið 2002.

Í kjölfar aukins kostnaðar vegna meiri launa- og verðlagsbreytinga en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga fyrir árið 2001 ákvað ríkisstjórnin að rekstrarútgjöld í römmum ráðuneyta og stofnana fyrir árið 2002 skyldu lækkuð um 2% frá því sem annars hefði orðið. Það markmið hefur náðst. Að teknu tilliti til nýrra rekstrarverkefna, svo sem hjúkrunarheimilis við Sóltún og fleiri kostnaðarsamra þátta, lækka rekstrargjöldin að raungildi um 0,6% frá áætlaðri útkomu þessa árs. Áfram verður strangt eftirlit með framkvæmd fjárlaga á grundvelli nýrrar reglugerðar um það efni og stefnt að því að nýjum útgjaldatilefnum verði mætt með lækkun kostnaðar á öðrum sviðum eftir því sem kostur er.

Samkvæmt frumvarpinu aukast tekjutilfærslur til heimila nokkuð að raungildi frá áætluðum útgjöldum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi er um að ræða hækkun á útgjöldum almannatrygginga. Sú hækkun er tvíþætt og tekur bæði til almennrar hækkunar bóta um næstu áramót um rúm 7% og tillagna nefndar um aukinn bótarétt til þeirra sem höllustum fæti standa. Þær taka á árinu 2002 til heils árs, en breytingarnar tóku gildi um mitt þetta ár. Í öðru lagi aukast framlög til barnabóta um hálfan milljarð eins og áður er fram komið. Í þriðja lagi er Fæðingarorlofssjóður nú í fyrsta sinn rekinn í heilt ár auk þess sem einn mánuður bætist við rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

Herra forseti. Þetta frumvarp er lagt fram við nokkuð óvenjulegar aðstæður í efnahagsmálum miðað við það sem var fyrir ári síðan. Annars vegar hafa aðstæðurnar breyst þannig að þær eru með allt öðrum hætti en þá var. Verulega hefur hægt á efnahagsstarfseminni að undanförnu og víða má greina samdráttarmerki. Þótt þessi þróun hafi að nokkru leyti verið fyrirsjáanleg varð gengislækkun krónunnar enn frekar til þess að hraða henni. Hins vegar hafa aðstæður á alþjóðamarkaði einnig versnað og hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafa ekki bætt stöðuna. Þessi atriði hafa óhjákvæmilega áhrif á stöðu ríkisfjármála, sérstaklega tekjuhliðina þar sem verulega hefur hægt á innstreymi tekna í ríkissjóð. Gjaldahliðin er ekki eins næm fyrir þessum samdráttaráhrifum, nema síður sé, og því leiðir af sjálfu sér að afkoma ríkissjóðs hlýtur að versna.

Við þessar aðstæður njótum við þeirrar fyrirhyggju sem sýnd hefur verið við rekstur ríkissjóðs á undanförnum árum að hafa byggt upp myndarlegan afgang og jafnframt lækkað skuldirnar. Af þessum ástæðum erum við nú betur í stakk búin til þess að taka á okkur áhrif niðursveiflunnar án þess að rekstur ríkissjóðs fari á hliðina. Niðurgreiðsla skulda á undanförnum árum hefur skilað þeim árangri að vaxtakostnaður ríkisins hefur lækkað að raungildi. Varlega áætlað má ætla að vaxtalegur ávinningur ríkisins af þeim 100 milljarða kr. lánsfjárafgangi sem myndast hefur og mun á árunum 1998–2002 nema um 5 milljörðum kr. á ári. Þeim fjármunum tel ég sjálfsagt og eðlilegt að verja að hluta til lækkunar skatta á einstaklinga og fyrirtæki í samræmi við þá áætlun sem kynnt var í gær og ég hef hér gert nokkra grein fyrir. Ég er sannfærður um að aðgerðir af því tagi samrýmast fyllilega áframhaldandi traustri og aðhaldssamri hagstjórn þar sem þær munu, þegar upp er staðið, stuðla að breikkun skattstofna sem vegur upp á móti hugsanlegri tekjulækkun ríkissjóðs.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frumvarpinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. fjárln. Ég óska eftir nánu og góðu samstarfi við nefndina nú sem jafnan og vona að takast megi að afgreiða frumvarpið í samræmi við fyrirliggjandi starfsáætlun þingsins.

[11:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Inntak ræðu hæstv. fjmrh. var skattalækkanir eða skattbreytingar og sala á ríkisfyrirtækjum til þess að hafa áhrif á fjármál ríkisins. Þessar boðuðu skattbreytingar, sem hæstv. ráðherra gerði grein fyrir, eru í sjálfu sér pólitísk yfirlýsing og pólitísk stefnumörkun um það hvernig ríkisstjórnin hyggst láta mál þróast. Skattlagning hefur áhrif. Hún hefur áhrif á afkomu einstakra greina, hún hefur áhrif á einstaklinga og hún hefur líka mikil áhrif á t.d. búsetu fólks. Ef skattbreytingar leiða til þess að einni atvinnugrein er hyglað á kostnað annarrar eða að með þessum skattbreytingum séu atvinnugreinar í dreifbýli skattlagðar meira en áður var, þá er verið að taka pólitíska stefnu.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra, hann hlýtur að hafa velt því fyrir sér hvaða áhrif þessar skattbreytingar, þ.e. lækkun á tekjuskatti og hækkun á tryggingagjaldi, hafi á atvinnulíf í landinu, atvinnuvegi í dreifbýli, atvinnuvegi í þéttbýli, frumatvinnugreinarnar, þjónustuatvinnugreinarnar — með þessu

er verið að gefa pólitísk skilaboð. Getur hæstv. ráðherra gert grein fyrir því hvernig hann hefur metið þetta?

[11:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki minnsta vafa á því að fyrirhugaðar skattbreytingar, sem munu birtast þingmönnum væntanlega í dag í formi frv. sem hefur verið í undirbúningi, muni gagnast atvinnulífi alls staðar í landinu. Menn verða að líta á þetta sem eina heild. Tekjuskattur fyrirtækja lækkar. Og eignarskattur fyrirtækja, sem er mjög íþyngjandi fyrir mörg fyrirtæki, lækkar. Hvort tveggja er mikil hagsbót fyrir öll þau fyrirtæki sem greiða þessa skatta.

Tryggingagjaldið er hins vegar hækkað lítillega á móti samkvæmt þessum hugmyndum til þess að geta fjármagnað stærri skref heldur en ella hefði verið, bæði fyrir fyrirtækin og einstaklingana. Nettóútkoman úr þessu er veruleg hagsbót fyrir fyrirtækin, veruleg skattalækkun í heildina. Hins vegar er auðvitað ekki hægt að fullyrða það nákvæmlega hvernig þetta kemur út fyrir einstök fyrirtæki hvort sem þau eru staðsett hér í Reykjavík eða úti á landi. Það fer eftir aðstæðum í viðkomandi fyrirtæki.

Hins vegar vil ég benda á að í þessu er líka gert ráð fyrir því að unnt verði að gera fólki sem er með einstaklingsrekstur, rekstur í eigin nafni, kleift að breyta formi fyrirtækja sinna úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag án þess að til komi skattur á söluhagnað sem hefur staðið mörgum slíkum aðilum verulega fyrir þrifum. Þar er um að ræða mjög marga aðila sem stunda rekstur úti á landi, menn sem eru í smáútgerð, menn sem eru með alls kyns atvinnustarfsemi af þessu tagi, hafa kannski átt í erfiðleikum með að koma fyrirtækjum sínum á milli kynslóða eða draga sig út úr rekstri. Þetta þekkja menn víða um land. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

En í heildina er markmiðið með þessum breytingum að treysta undirstöður atvinnulífsins alls staðar, ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu heldur alls staðar. Halda menn að það skipti ekki máli fyrir fyrirtækin úti á landi að tekjuskatturinn og eignarskatturinn skuli lækka svona? Aðalmarkmiðið er auðvitað það að þessi fyrirtæki öll fái starfsgrundvöll þannig að þau geti byggt sig upp og skilað hagnaði. Skilað eigendum sínum hagnaði, skilað ríkissjóði sköttum, skilað starfsfólki sínu betri launum o.s.frv. Þetta er auðvitað markmiðið. Þetta er það sem ég held að við ættum að geta sameinast um hér í þinginu sem markmið sem allir eiga að geta tekið undir.

[11:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær óskir hæstv. ráðherra að fyrirtæki geti skilað hagnaði. En ég heyrði líka að hæstv. ráðherra hefur ekkert velt þessu fyrir sér og að það kemur flatt upp á hann að velta þessu fyrir sér.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki spurt stjórnarformann Byggðastofnunar hvaða áhrif þessi skattbreyting hefði á atvinnulíf í landinu. Því að við vitum, hvort sem ráðherrann veit það eða ekki, að tryggingagjald leggst á laun og tryggingagjald leggst fyrst og fremst á lífeyrisgreiðslur sem atvinnurekandi greiðir launþegum, þannig að þetta er skattheimta á laun í landinu og þetta er skattheimta á þau fyrirtæki þar sem meginútgjöldin eru laun. Ég er hér með töflu, sem ég get sýnt hæstv. ráðherra við tækifæri, sem sýnir hve mörg fyrirtæki á landsbyggðinni greiða nú tekjuskatt. Þau eru ekki mörg. Meginhluti tekjuskattsins fellur til hjá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Hins vegar er miklu hærra hlufall af fyrirtækjum úti um land sem greiðir tryggingagjald. Þetta segir þann veruleika sem við erum í. Ég harma það, herra forseti, að heyra að hæstv. ráðherra virðist ekki hafa sett sig inn í þann veruleika sem þarna er verið að sigla inn í. Ég hélt t.d. að það hefði þá verið í lófa lagið að spyrja stjórnarformann Byggðastofnunar um hvaða áhrif þessi skattbreyting hefði á atvinnulíf í landinu, á ferðaþjónustuna sem er fyrst og fremst launagreiðandi, ekki tekjuskattsgreiðandi, landbúnaðinn, sjávarútveginn, frumvinnslugreinarnar, sem eru fyrst og fremst launagreiðendur en ekki tekjuskattsgreiðendur. Ég hlýt því, herra forseti, að harma hve þetta er illa undirbúið, og af svörum hæstv. ráðherra hvað hann hefur lítið gert sér grein fyrir hvað verið væri að fara út í.

[11:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er rétt hjá hv. þm. að fá fyrirtæki úti á landi borgi tekjuskatt þá held ég að við ættum að reyna sameinast um að fjölga þeim með því að búa þeim þannig umhverfi að þau geti grætt og borgað skatta. (**JB:** Já.) Borgað þessi 18% sem við ætlum að leggja á í staðinn fyrir þessi 30. (**JB:** Alveg hárrétt.)

Að öðru leyti vil ég segja að mál það sem þingmaðurinn gerir að umtalsefni segir hann að sé illa undirbúið. Það finnst mér nokkuð stórmannlega talað um frv. sem viðkomandi þingmaður hefur ekki einu sinni séð — (**JB:** Ja, miðað við svör hæstv. ráðherra.) vegna þess að það kemur hingað á borðin í dag. Við skulum ræða þetta allt saman þegar það frv. kemur til 1. umr. sem ég vona að verði í næstu viku. Þá skulum við fara yfir þetta allt saman. Það er alveg sjálfsagt mál. En þetta frv. er hins vegar eitt af þeim þingmálum sem hefur hvað vandlegast verið undirbúið, rækilega undirbúið í ráðuneytinu og í samstarfi milli stjórnarflokkanna eins og mun koma í ljós þegar þingmenn fá þetta í hendurnar.

Að öðru leyti kæri ég mig ekkert um að svara þessum sleggjudómum þingmannsins eins og um það að ráðherrann viti ekki hver sé skattstofn tryggingagjaldsins, að hann leggist á laun. Ég svara því ekki.

[11:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þykir hæstv. fjmrh. vera venju fremur framstyggur hér á þessum morgni. Hann kemur hingað og vill ekki ræða við hv. þm. um meginefni ræðu sinnar sem voru þau frv. sem hann er ekki með til umræðu hér en ætlar hins vegar að leggja fram seinna í dag og ræða síðar. Helftin af ræðu hæstv. fjmrh. fjallar um tekjuskattslækkanir og svo þegar þingmenn koma hingað og spyrja hann út í það sem þeim finnst eðlilega að ýmsu leyti illa grundaðar tillögur eins og þær birtast okkur, þá bara hleypir hæstv. ráðherra í brýrnar og segir: Þetta er ekki til umræðu — og vill ekki svara hv. þm.

Herra forseti. Hvað veldur því að hæstv. fjmrh. er svona framstyggur á þessum morgni? Er það vegna þess að hann gerir sér grein fyrir því að góðærisveislunni er lokið? Eða er það vegna þess að hann gerir sér grein fyrir því að mistök á mistök ofan í höndum hans og hans nóta hafa leitt til þess að hér hefur hvelfst yfir þjóðina viðskiptahalli sem hefur leitt til stórfelldrar gengisfellingar, sem hefur leitt til dæmalausrar verðbólgu á seinni árum og sem aftur hefur leitt til gríðarlega

hárra vaxta? Er það það sem gerir hæstv. fjmrh. svona stirt í sinni á þessum morgni?

Hann kemur hér, að vísu þrotinn þeim sannfæringarkrafti sem hann hefur áður verið innblásinn af þegar hann hefur verið að flytja okkur fjárlagafrv. síðustu ára, þegar hann sannarlega hefur haft ástæðu til að mæla stoltur fyrir sínu frv. En þessi hrákasmíði sem hæstv. ráðherra hefur kjark til þess að bera fyrir þingheim og þjóð er þess eðlis að það er varla hægt að ræða um sumt af því.

Ég verð að segja það, herra forseti, að hæstv. fjmrh. — í fyrsta skipti á sínum ferli — fær fullkomna falleinkunn fyrir þær forsendur sem þetta frv. byggist á. Ég ætla að ræða þessar forsendur og sýna fram á að forsendur þessa frv., bæði hvað varðar hagvöxtinn eru fallnar, og þarf nú ekki mig til þess að segja frá því, og jafnframt að sýna fram á það að forsendurnar varðandi gengið og verðbólguna eru líka fallnar. Hvað er þá eftir sem þetta frv. stendur á? Svo kemur hæstv. ráðherra og segir að verðbólgan sé að ganga hratt niður. Hann talar eins og hann sé haldinn draumórum og segist vænta þess að vaxtastigið lækki. Af hverju? Vegna þess að íslensk fyrirtæki þola það ekki. Eru það einhverjar fréttir fyrir okkur?

Hvers vegna eru vextir svona háir, herra forseti? Það er vegna þess að þessum mönnum sem sitja mér hér til vinstri handar hefur mistekist við stjórn efnahagsmála. Þeim hefur mistekist svo hrapallega að Seðlabankinn, sem verður að fara að verðbólguforsendum þeirra, getur ekki lækkað vextina. Sökudólgarnir sitja hérna. Mennirnir sem eru að mergsjúga íslensk atvinnufyrirtæki sitja hérna. Og það er sérstaklega hæstv. fjmrh.

Hæstv. ráðherra óskar eftir því að menn biðji hann afsökunar. Afsökunar á hverju? Afsökunar á því að hafa afhjúpað þann blekkingaleik sem hann hefur staðið frammi fyrir, er talsmaður fyrir? Og svo leyfir hann sér að senda frá sér fréttatilkynningu til þess að reyna að hrekja það sem við í stjórnarandstöðunni höfum sagt. Og hvað kemur fram í henni? Enn ein blekkingin. Þessir menn eru meira að segja svo ósvífnir að þegar þeir eru að reyna að halda því fram að stjórnarandstaðan fari með rangt mál, þá senda þeir frá sér tölur sem standast ekki skoðun, herra forseti. Það segir í fyrrnefndri fréttatilkynningu, en það er á grundvelli hennar sem hæstv. fjmrh. óskar eftir að við biðjum hann afsökunar, að ráðuneytið geri ráð fyrir því að landsframleiðsla verði 782,5 milljarðar kr. en þjóðhagsáætlun hins vegar 783,4 milljarðar. Svo segir hæstv. ráðherra: „Það munar ekki nema tæpum milljarði.“

Herra forseti. Blekking hæstv. ráðherra varðandi þetta liggur í því að þessar tölur eru ekki sambærilegar, þær eru ekki settar á sama tommustokk. Ef tala ráðuneytisins væri sett á sama verðlag og tala þjóðhagsáætlunar, þá fæst munur upp á 6,1 milljarð. Hver á að biðja hvern afsökunar?

Mér finnst í fyrsta lagi að hæstv. fjmrh. eigi að biðja okkur afsökunar á því að hafa ekki haft kjark til að leggja fram forsendur fjárlaganna. Í fyrsta skipti á þeim 11 árum frá því að ég kom hingað er ekki sett fram tafla sem sýnir forsendur fjárlaga. Vita menn hvar í fjárlagafrv. er hægt að lesa hagvaxtarforsendurnar sem hæstv. ráðherra skammast sín fyrir, því að hann kokkaði þær sjálfur upp í andstöðu við þjóðhagsáætlun, í andstöðu við alla bankana eins og menn geta lesið, t.d. í Morgunkorni Íslandsbanka í gær? Maður þarf að lesa aftur á bls. 273 til þess að finna þær. Allar meginforsendurnar sem hæstv. ráðherra hefur lagt fyrir þjóðina eru kokkaðar uppi í hans eigin eldhúsi. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem hv. Alþingi er boðið upp á brugg.

Ég minni á að aukapersóna í Íslendingasögunum hét Ölkofri og bar heimabrugg á Alþingi hinu forna en fáir vildu kaupa. Menn þekktu timburmennina. Og nú eru timburmennirnir líka að koma fram eftir þetta brugg sem okkur er boðið í fjárlagafrv. vegna þess að forsendurnar eru svo ótrúverðugar og málflutningur hæstv. fjmrh. vekur svo lítið traust að það þurfti sérstakt inngrip Seðlabankans í gær til að varna því að fjárlagafrv. og málflutningur fjmrh. felldi krónuna enn einu sinni. Hver á að biðja hvern afsökunar, herra forseti? Ég bið hæstv. forseta afsökunar á því að manni rennur í skap undir svona málflutningi sem stendur ekki á neinu.

Herra forseti. Við höfum verið að tala um stjórnfestu í Samfylkingunni. Við höfum verið að tala um það sem á ensku heitir „good governance“, orðalag sem orðið stjórnfesta nær ekki alveg yfir en tekur ekki síst til fjárlaga. Það snýst ekki síst um að menn fari eftir þeim reglum sem er að finna í lögunum. Það vill svo til að það var hæstv. fjmrh. sem átti frumkvæði að því með góðum mönnum á þinginu að hér voru samþykkt lög árið 1997 um fjárreiður ríkisins og þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar.“ — Síðan segir og það er mikilvægt atriði: „Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.“

Herra forseti. Ég leyfi mér að halda því fram að við þetta sé ekki staðið. Ég leyfi mér að halda því fram að þessar meginforsendur fjárlagafrv. séu úr takti við það sem fyrir er lagt í lögunum. Má ég koma með nokkrar tölur, herra forseti?

Verðbólgan er í fjárlagafrv. talin um 5% að meðaltali á næsta ári. Samkvæmt Þjóðhagsstofnun er talið að hún verði 5,9%. Verðhækkun innan ársins samkvæmt fjárlagafrv. er talin verða 3%. Þjóðhagsstofnun segir 3,4%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður óbreyttur, segir í fjárlagafrv. Þjóðhagsstofnun segir að hann minnki um 1%. Hagvöxtur eykst um 1% segir í frv. Þjóðhagsstofnun segir að landsframleiðslan dragist saman um 0,3%.

Herra forseti. Verklagið kristallast kannski hvergi jafn vel og þegar þessir ágætu herramenn fara að reikna út hvað þeir ætli að hafa út úr útflutningi sjávarafurða. Í fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta, á bls. 27:

„Útlit er fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða standi í stað á þessu ári og þótt kvótaúthlutun fyrir næsta ár gefi tilefni til að reikna með einhverjum samdrætti sýnir reynslan að fyrirtækin eru vel í stakk búin til að grípa til aðgerða sem vega þar upp á móti.“

Hvað eru þeir að segja hér? Að fyrirtækin eigi að veiða umfram kvóta, landa fram hjá kannski, hvað eiga menn hérna við? Hvað segir hins vegar Þjóðhagsstofnun? Hún segir um árið 2001:

„Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða dragist heldur saman, eða um 1% frá fyrra ári.“

Fyrir árið 2002, þar sem fjmrn. segir að það verði engin breyting og enginn samdráttur, segir Þjóðhagsstofnun:

„Á næsta ári blasir við samdráttur í framleiðslu sjávarafurða vegna minni fiskveiðikvóta og má búast við að framleiðslan minnki um 4% milli áranna 2001 og 2002.“

Þjóðhagsstofnun reiknar með 4% samdrætti. Fjmrn. segir enginn samdráttur. Hver er undirstöðugrein íslensks þjóðar-

bús? Sjávarútvegur. Hverjum á að trúa? Mundi einhver lá mér ef ég segði að það væri verið að falsa tölur þarna? Ég ætla ekki að halda því fram. En íslensk málvitund mundi heimila slíkt. Ég ætla hins vegar að halda því fram að þetta sé í besta lagi ónákvæmni og í versta falli blekking.

Herra forseti. Það er ákaflega erfitt að átta sig nákvæmlega á áhrifunum á afkomu ríkissjóðs vegna þess að framsetning talna í frv. er víðast ákaflega óljós, bæði hvað varðar yfirstandandi ár og líka árið 2002. Af einhverjum ástæðum vantar hefðbundna töflu í frv. sem greinir frá þjóðhagsforsendunum. Menn verða því að rýna ákaflega vel í textann til þess að skilja forsendurnar. Og það verður að segjast eins og er, sem er ekki í anda stjórnfestu, að það eru víða mikil hlaup á tölum.

Mig langar bara, herra forseti, að lesa það sem stendur á bls. 30, rétt fyrir neðan miðju, með leyfi forseta:

„Í heild miðast forsendur fjárlagafrumvarpsins við 2–3% samdrátt þjóðarútgjalda á þessu ári og heldur minni samdrátt á næsta ári."

Þetta er ofboðslega nákvæmt fyrir okkur sem eigum að vinna með þetta. Svo segir á bls. 13 og þar fann ég loksins forsendurnar um gengið, með leyfi forseta:

„Í forsendunum er enn fremur miðað við að gengi krónunnar muni heldur styrkjast á næsta ári."

Guð láti gott á vita. En af hverju er miðað við þetta? Og hvað er miðað við að hún styrkist mikið? Mundum við ekki segja, herra forseti, að gengið væri ein af lykilforsendum fyrir fjárlagafrv.? Mundum við ekki segja að spár um þróun gengisins skiptu verulega miklu máli fyrir þróun viðskiptahátta og fyrir verðbólgu? Ég mundi nú segja það. Það lærði ég af hæstv. fjmrh.

Hvað er að marka þessar illa orðuðu forsendur í fjárlagafrv.? Íslandsbanki hefur skoðað þessa staðhæfingu fjmrn. og kastað henni fyrir róða. Í dag er birt greining Íslandsbanka og þar kemur fram sú skoðun, þvert á það sem hæstv. fjmrh. lætur sig dreyma um í óskhyggju sinni, að krónan muni ekki styrkjast heldur muni hún veikjast allverulega á næstu mánuðum. Íslandsbanki birtir í dag þá skoðun að gengisvísitala krónunnar muni hækka í allt að 150 stig á næsta ári sem þýðir að krónan mun veikjast töluvert. Hversu mikið? Hún mun veikjast um 3% samkvæmt þessu. Það þýðir að ein meginforsendan fyrir þróun gengis í þessu frv. er fallin. Hvað þýðir þetta varðandi verðbólguforsendurnar? Það þýðir að þær eru verulega óskýrar. Verðbólgan, sem verður 3% yfir árið samkvæmt útreikningum kokkameistaranna í eldhúsi fjmrn., verða samkvæmt þessum tölum Íslandsbanka — hann hefur alltaf haft miklu réttara fyrir sér heldur en þeir — verður ekki 3% yfir næsta ár heldur 4,8%. Hvað er þá fallið, herra forseti? Forsendur hæstv. fjmrh. fyrir hagvexti slegnar eins og keila af Þjóðhagsstofnun. Forsendur hæstv. fjmrh. varðandi gengið slegnar eins og keila af Íslandsbanka og þar með forsendurnar fyrir verðbólgunni líka.

Herra forseti. Við búum á óvissum tímum. Það er rétt. Þeir atburðir sem orðið hafa úti í heimi gera þessa óvissu miklu verri fyrir vikið og auðvitað væri þörf á samstöðu í þessum sölum til þess að ráða bót á þeim vanda. En hæstv. fjmrh. er ekki beinlínis að draga stjórnarandstöðuna til aðstoðar og liðsinnis þegar hann leyfir sér að leggja fram frv. sem er hálfkarað og gersamlega úr takti við raunveruleikann. Hver á að biðja hvern afsökunar, herra forseti?

Í raun, herra forseti, finnst mér að ég þurfi ekki að halda miklu lengri ræðu. Ég er búinn að sýna fram á að meginforsendur þessa frv. eru í besta falli ákaflega veikar. Auðvitað er hæstv. fjmrh. vorkunn að þurfa að leggja fram fjárlagafrv. við þessar aðstæður. En hann verður auðvitað að gæta sín á því hvaða skilaboð hann er að senda og verður að hugsa til enda það sem hann segir. Hvaða skilaboð er hann t.d. að senda Seðlabanka Íslands með fjárlagafrv.? Hann segir þrennt. Hann segir: Það er enginn hagvaxtardýfa fram undan. Hann segir líka: Það er bjart fram undan strax á næsta ári í efnahagslífinu. Þar með er ekki hægt annað en draga þriðju ályktunina: Það er engin þörf á verulegri vaxtalækkun. Það eru skilaboð sem hæstv. fjmrh. er að senda Seðlabankanum og auðvitað eru það kolröng skilaboð. Auðvitað vitum við það öll, eins og hæstv. fjmrh. missti út úr sér af þeirri skynsemi sem guð gaf honum, að íslensk atvinnufyrirtæki þola ekki vaxtastigið sem við búum við núna.

Skilaboðin sem hæstv. fjmrh. sendir hins vegar Seðlabankanum er að það sé nánast allt í himnalagi. Það sé smáræðis lag núna en svo batni þetta allt saman og þar af leiðandi sé engin þörf á vaxtalækkun. Þetta eru röng skilaboð. Þetta er ótrúverðugt frv. Þetta eru ótrúverðugar forsendur og markaðurinn hefur dæmt það eins og ég hef hér reifað með því að vitna í álit Íslandsbanka. Við sáum auðvitað flogin sem íslenska krónan tók í gær. Það er auðvitað orðið hart, herra forseti, þegar þarf fjmrh. sérstaklega til að ýta íslensku krónunni niður.

Herra forseti. Það var við þessar ótrúverðugu aðstæður sem hæstv. fjmrh. kom fram með sitt að mörgu leyti merkilega plagg um skattalækkanir í gær. Við hlustuðum á hæstv. forsrh. fyrir tveimur kvöldum tala um að þess væri að vænta að fram kæmu hugmyndir um skattalækkanir. Það var ekki hægt að skilja mál hans öðruvísi en svo að þær væru ekki tilbúnar. Við spurðum sérstaklega eftir þeim þegar hæstv. fjmrh. heiðraði fjárln. með komu sinni á fund á mánudag og hæstv. fjmrh. sagði: Jú, þetta er 600 millj kr. pakki. Það er ekki búið að ganga frá honum. Á fundi fjárln. í gærmorgun var heldur ekki búið að að ganga frá honum. Markaðurinn hins vegar tók þessu fjárlagafrv. með þeim hætti að hæstv. fjmrh. varð að kasta bjarghring til atvinnulífsins, til gjaldmiðilsins. Hann varð að bjarga okkur frá þeim mistökum sem honum hafa orðið á á síðustu dögum.

Þessi skattalækkunarpakki, herra forseti, sem hæstv. ráðherra segir að sé ekki til umræðu hérna en eyddi samt helmingi ræðu sinnar til að tala um er að mörgu leyti góður og atvinnulífið hlýtur að taka honum með jákvæðum hætti. Ég segi það fyrir hönd míns flokks að við ætlum að leyfa okkur þann munað að hugsa hverja tillögu til þrautar og leggjast ekki fyrir fram gegn neinu. Þetta er að ýmsu leyti í samræmi við það sem Samfylkingin hefur verið að tala um. Ég get auðvitað ekki annað en glaðst yfir því þegar ég sé að afnema eigi skatta á húsaleigubótum. Ég veit ekki hvað þær kosta, 100 millj. kr. Það er auðvitað allt of lítið sem verið er að rétta fátæku fólki með því. En það er samt sem áður áfangi, áfangi sem einn af mínum þingmönnum, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur barist fyrir árum saman. Ég dreg í efa að nokkur einn þingmaður eigi jafnmikinn þátt í því að ná þessum áfanga og einmitt hún.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að við eigum auðvitað að skoða hvaða áhrif þessar skattalækkanir hafa t.d. á landsbyggðina. Í mér rennur vestfirskt blóð. Þetta blóð hins vestfirska sonar rennur til skyldunnar við landsbyggðina. Ég spyr sjálfan mig: Hvernig kemur þetta út fyrir landsbyggðina? Ætlar hæstv. fjmrh. að halda því

fram að eftir 10 ára byggðamálaráðherratíð Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., þá sé einhver hagnaður af fyrirtækjum á landsbyggðinni? Spyrjið hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Hann getur sagt ykkur frá því. Þar er enginn hagnaður af fyrirtækjum upp til hópa þannig að þetta gagnast þeim ekki neitt, þó að verið sé að lækka skatthlutfall úr 30 niður í 18%. Hann er hins vegar að hækka tryggingagjaldið. Hann er að gera fyrirtækjum á landsbyggðinni erfiðara fyrir.

Hvað með sprotafyrirtækin sem þeir skrifuðu 3–4 blaðsíður um í fjárlagafrv. í fyrra en minnast varla á núna? Þau eiga ekki eignir því að þannig er rekstrarfyrirkomulag þeirra. Þau hafa ekki hagnað en þau hafa vinnuafl. Þeirra kapítal liggur í höfðum mannanna sem þeir ráða til starfa fyrir sig. Þessi hæstv. fjmrh. ætlar að skattleggja það. Það er því að mörgu að hyggja í þessu sambandi, herra forseti. Ég held því fram að margt geti verið jákvætt við þessar tillögur en jafnframt að þær gætu endanlega hrint fyrir ætternisstapa ýmsum smáfyrirtækjum í þekkingariðnaðinum. Ég held að þær gætu reynst eitthvað allt annað en hvalreki fyrir sum fyrirtækin á landsbyggðinni.

[11:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði: Hver á að biðja hvern afsökunar? Ég skal nú aðeins fara yfir það, herra forseti.

Hv. þm. heldur áfram að saka þann sem hér stendur um falsanir, sviksemi (**ÖS:** Ekki sviksemi.) og lögbrot. Það stendur upp úr hv. þm. hér. Ég gaf honum færi á því í upphafi máls míns að koma og draga þetta bara til baka, biðjast afsökunar þannig að við gætum látið þetta mál niður falla. En það er nú annað hljóð í strokkinn hjá viðkomandi þingmanni, þessum Nostradamusi íslenskra efnahagsmála. Hann heldur áfram að þvæla um þessar forsendur eins og sá sem ekkert veit. Hann heldur áfram að blaðra hér um þessar forsendur og er nú búinn að reikna það út að svindlið sem hann sakaði mig um, upp á 10 milljarða í landsframleiðslu, sé nú komið niður í 6 milljarða. Það er vegna þess að hann kann ekki að framreikna þessar tölur.

Maður verður annaðhvort að nota sömu forsendur annars aðilans beggja vegna, eða hins aðilans, bæði að því er varðar verðlag og að því er varðar hagvöxt, þannig að fréttatilkynning fjmrn. stendur.

Ef við hefðum viljað plata hv. þm. dálítið, lyfta pínulítið upp landsframleiðslunni til að fá meiri skatttekjur, þá hefðum við að sjálfsögðu notast við forsendurnar sem Þjóðhagsstofnun gaf, ef þær hefðu reyndar borist okkur á réttum tíma. Ég get sagt hv. þm. að talnabálki fjárlagafrv. var lokað 10. sept. og þá var stuðst við spá sem barst frá Þjóðhagsstofnun þann 4. sept. Og hver var hagvöxturinn þar 2002? 1%. Hvað gerðist síðan eftir að talnabálkinum var lokað? Þann 14. sept. barst ný spá frá Þjóðhagsstofnun. Hver er þjóðarframleiðslan þá samkvæmt þessu plaggi? Mínus 0,3%.

Ég ætla að segja þetta, herra forseti: Hver á að biðja hvern afsökunar? Hv. þm. Össur Skarphéðinsson á að biðja mig afsökunar á þessu fleipri sínu.

[11:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sagt að þetta stangist á við lög. Ég hef verið spurður að því hvort hæstv. fjmrh. sé brotamaður og ég hef kinokað mér við að halda því fram. Ég hef sagt: Þetta stangast á við lög. Þetta er ekki í anda laganna.

Ég minnist þess ekki að ég hafi kallað þetta sviksemi af hálfu hæstv. fjmrh. og hafi ég gert það þá bið ég hann afsökunar á því. En ég man ekki eftir því. Ég hef sagt að þarna hafi verið um blekkingar að ræða og ég hef sagt að þetta stangist á við lög.

Það liggur einfaldlega fyrir, herra forseti, eins og ég hef sýnt hérna fram á að það sem hæstv. fjmrh. leggur til grundvallar fjárlögunum er allt hrunið. Hagvaxtarspáin er röng. Verðbólguspáin er röng. Við eigum eftir að sjá hvernig vextirnir fara.

Hvað veldur því, herra forseti, að ekki er farið eftir lögum og notaðar þær upplýsingar sem koma frá Þjóðhagsstofnun? Það er auðvitað þetta einelti sem ríkisstjórnin hefur lagt Þjóðhagsstofnun í. Það á að leggja hana niður. Það á að níðast á þeim starfsmönnum sem þar vinna vegna þess að þeir hafa ekki viljað fela sannleikann. Þeir hafa aftur og aftur komið og sagt: Keisarinn er ekki í neinum fötum. Hann er klæðlaus. Og hrammur valdsins á að skella eins og múrsteinn í höfuðið á þeim. Það á að loka stofnuninni.

Það er til vansa þessari ríkisstjórn að fram kemur í fjárlagafrv. að eitt af því sem á einmitt að gera er að loka Þjóðhagsstofnun. Það á að meina okkur þingmönnum að hafa aðgang að sjálfstæðri stofnun og í staðinn er hæstv. fjmrh. að auka útgjöld ríkisins með því að koma upp aðstöðu innan fjmrn. til þess að vera með svona heimabrugg af þessu tagi sem hefur leitt til þess að krónan varla stendur undir álaginu og menn þurfa að grípa til hvers kyns ráðstafana bara til þess að bjarga henni. Markaðurinn trúir ekki á þetta og hæstv. ráðherra þarf að henda hingað inn hálfköruðum tillögum um skattalækkanir bara til þess að hysja brækurnar upp um þetta frv. vegna þess að hann hafði misst þær niður.

[11:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. heldur sig við falsanirnar og lögbrotin þó að orðið sviksemi sé dregið til baka. Ég tel að hann hafi orðið sér til fullkominnar minnkunnar í þessu máli. Ég sagði það í sjónvarpinu í gær og ég skal endurtaka það hér.

Hitt er annað mál að hér hefur ekkert lögbrot verið framið. Það er stuðst við — það er höfð hliðsjón af þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar — þjóðhagsáætluninni. Og það er gengið út frá sömu meginforsendum, vitanlega. Eins og merkur hagfræðingur greindi frá í sjónvarpinu í gær, þegar hann fór nokkrum fallegum orðum um hv. þm. og gamlan vopnabróður, er þetta byggt á sömu tölunum og sömu tölvumódelunum.

En svo vil ég líka taka það fram að það er nú ekki alltaf svo að þessar spár hafi staðist með vísindalegri nákvæmni. Auðvitað er það þannig með þessar spár, og jafnvel hugsanlega spár Íslandsbanka sem mér heyrist að hv. þm. vilji gera að forsendum fjárlaga, að það ríkir auðvitað viss ónákvæmni vegna þess að menn vita ekki alla hluti.

Ég ætla að nefna þingmanninum eitt dæmi. Fyrir tveimur árum var lagt fram frv. til fjárlaga fyrir árið 2000. Hvað sagði í forsendum þjóðhagsáætlunar um hagvöxt á því ári? 2,7%. Í fyrra var lagt fram frv. fyrir árið 2001. Þar var tala um hagvöxtinn á árinu 2000. Hver var hún þá orðin? 3,6%.

Í þessu frv. og þjóðhagsáætlun sem hér fylgir er enn á ný fjallað um hagvöxtinn á árinu 2000. Hvað segir þar? 5% hagvöxtur. Það er búið að endurskoða töluna aftur í tímann úr 2,7 upp í 3,6 og upp í 5%. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur náttúrlega að forsendur eru óvissar. Ég er ekki

að gera lítið úr vinnu Þjóðhagsstofnunar. Ég er að segja: Þeir gera þetta eftir bestu getu en aðstaðan er þessi.

Tal þessa hv. þm. um þetta mál er því fleipur. Hann á að biðjast afsökunar á því og hann er maður að minni fyrir að halda þessu áfram.

[11:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst yfir því að loksins eru sjáanleg merki hér í þingsal um að það rennur blóð í æðum þessa hæstv. fjmrh. *Ég mundi líka vera heldur órór ef ég sæti núna* í stól hæstv. fjmrh. með það umhverfi sem hann hefur átt svo mikinn þátt í að skapa, umhverfi sem leiðir til þess að íslensk fyrirtæki stynja undan þeim mistökum sem hæstv. ráðherra og hans félagar í ríkisstjórninni eru ábyrgir fyrir.

Við verðum að horfast í augu við staðreyndir og horfast í augu við raunveruleikann. Það er ekki rétt, finnst mér, og ekki góð vinnubrögð hjá hæstv. fjmrh. að koma hingað og flytja þetta fjárlagafrv. sitt eins og það sé bara allt í lagi.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að nokkur tími er liðinn síðan hann skrifaði frv. og lagði það fram og ýmislegt hefur gerst. Við vitum auðvitað öll að það sem er að gerast í kringum okkur í heiminum núna er af þeim toga að allt hnígur að því að forsendur frv. veikist enn frekar, því miður. Þróunin í kringum okkur í efnahgslífi umheimsins er einfaldlega þannig vegna þeirra voðaverka sem urðu í Bandaríkjunum að allt er á miklu örari niðurleið en menn reiknuðu með fyrst eftir að það verk gerðist. Það er auðvitað það sem við þurfum líka að taka mið af. Það sem hæstv. fjmrh. hefði þá getað gert var að segja mönnum sannleikann, segja mönnum að því miður sé ástandið þannig að líklegt sé að jafnvel það sem hann taldi að væri rétt og málaði í rósrauðum litum muni ekki ganga eftir. Það er auðvitað hinn *napri sannleikur*.

En hæstv. fjmrh. hefur ekki einu sinni haft kjark til þess að segja það.

[11:39]

Útbýting þingskjala:

Áhrif framræslu votlendis á fuglalíf, 61. mál, fsp. ÖS, þskj. 61.

Bið eftir heyrnartækjum, 66. mál, fsp. JóhS og ÁRJ, þskj. 66.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 63. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 63.

Innkaup heilbrigðisstofnana, 64. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 64.

Sala ríkisjarða, 65. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 65.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, 62. mál, fsp. ÖS, þskj. 62.

[11:40]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Eins og fjárlagafrv. ber með sér hafa orðið mikil umskipti í efnahagslífi þjóðarinnar. Þetta kemur fram með myndrænum hætti í þjóðhagsáætlun sem birt var á sama tíma og fjárlagafrv. Þar er talað um haustliti hagsveiflunnar. Þetta eru orð að sönnu.

Á þessu ári er talið að hagvöxtur verði verulega minni *en hann hefur verið á undanförnum árum*. Á fyrri hluta ársins var hagvöxtur góður og því felur þessi spá í sér að á seinni hlutanum verður hagvaxtarleysi eða jafnvel samdráttur. Veðrabrigðin virðast því falla að árstíðunum að þessu sinni. Einnig horfir þunglega fyrir næsta ár þótt skoðanir um þau efni séu skiptari. Þannig gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir nokkrum samdrætti en fjmrn. er bjartsýnna og reiknar með 1% hagvexti. Þegar grannt er skoðað er þetta e.t.v. ekki svo ýkja mikill munur. Umskiptin virðast óumflýjanleg frá hröðum hagvaxtartakti í hagvaxtarleysi um hríð eða a.m.k. lítinn vöxt.

Þótt ekki sé mikill munur á þessum spám er auðvitað nauðsynlegt að fjárln. fari rækilega yfir horfurnar til að tryggja að fjárlögin verði byggð á sem raunhæfustum forsendum. Það liggur í hlutarins eðli að eftir því sem gert er ráð fyrir að efnahagslífð verði öflugra á næsta ári þeim mun *rýmri verður staða ríkisins og ríkissjóðs að öðru óbreyttu*. Munurinn á umræddum spám virðist fyrst og fremst felast í tvennu. Annars vegar gefur fjmrn. sér meiri þjóðarútgjöld, þ.e. meiri einkaneyslu og fjárfestingu, en Þjóðhagstofnun, og hins vegar er ráðuneytið bjartsýnna varðandi framleiðslu og útflutning sjávarafurða. Þetta tvennt gefur náttúrlega rýmri stöðu ríkissjóðs.

Óvissa er að sjálfsögðu í öllum spám af þessu tagi. En hún er til beggja átta. Það gefur augaleið að fjárln. verður að skoða gaumgæfilega áætlanir um þróun efnahagslífsins á næsta ári. Þetta segir sig sjálft því að skynsamleg beiting ríkisfjármála í hagstjórnarskyni ræðst auðvitað af mati á horfum. Þannig er ástæða til meiri aðgerða til að örva efnahagslífið eftir því sem búist er við að lægðin verði dýpri og svo öfugt.

Við þær aðstæður og horfur sem blasa við í þjóðarbúskapnum er mikilvægt að fylgja stefnu í ríkisfjármálum sem leggur sitt af mörkum til að koma á jafnvægi og stöðugleika. Það er greinilegt að heimili og fyrirtæki hafa hafist handa við að taka til í fjármálum sínum og mæta þannig erfiðari skilyrðum í efnahagslífinu. Þannig er talið að sparnaður heimila aukist á þessu ári og því næsta og að fjárfesting fyrirtækja minnki. Ríkissjóður þarf einnig með sanngjörnum hætti að *taka þátt í niðursveiflunni, vera góð fyrirmynd og deila því* verkefni með heimilum og fyrirtækjum þar eð þjóðarbúið í heild hefur minna til skiptanna en áður.

Ríkissjóður þarf einnig að taka til í eigin ranni. Í því sambandi er brýnast að fyllsta aðhalds verði gætt í útgjöldum og að það svigrúm sem þannig myndast verði nýtt til að auðvelda heimilum og fyrirtækjum að glíma við niðursveifluna í efnahagslífinu. Á sama tíma þarf að gæta hagsmuna þeirra sem minna mega sín.

Í gær kynnti ríkisstjórnin margvíslegar breytingar á skattkerfinu og er þess að vænta að þær fyrirætlanir verði til þess að efla atvinnulífið í landinu, tryggja atvinnu almennings og létta skattlagningu af húsaleigubótum, svo nokkuð sé nefnt. Ég vek hins vegar athygli á því að menn mega ekki gleyma sér í verkefnum sem eru fyrst og fremst skemmtileg, þ.e. svo sem að lækka skatta, og ýta frá sér erfiðari verkefnum sem snúast um útgjaldaaðhald. Það er skammgóður vermir að lækka skatta ef ekki er raunveruleg innstæða fyrir þeirri skattalækkun að öllu athuguðu. Ég mun leggja mikla áherslu á þetta í störfum mínum í fjárln.

Fjárlagafrv. hefur verið lagt fram hér með 18,6 milljarða kr. afgangi. Þetta er álitlegur afgangur í ljósi efnahagslegra aðstæðna. Þó þarf að hafa í huga að meginhluti þessa afgangs stafar af eignasölu sem nemur samkvæmt frv. 15,5 milljörðum kr. Að frátöldum tekjum af sölu ríkiseigna er því afgangurinn rúmlega 3 milljarðar kr. Því er brýnna en ella að sýna gætni og útsjónarsemi við ákvörðun útgjalda ríkisins.

Að mörgu er að hyggja. Útgjöld ríkisins hafa haft tilhneigingu til að aukast töluvert umfram fjárlög. Til marks um þetta er áætlað í fjárlagafrv. að útgjöldin á þessu ári verði

nær 13 milljörðum kr. meiri en í fjárlögum. Þetta er umhugsunarefni þótt ýmsar skýringar megi að sjálfsögðu draga fram. Áætlanagerðina þarf að efla og eftirlit með útgjöldum frá einum tíma til annars.

Í þessum efnum er brýnt að ríkið geri sömu kröfur til sín og fyrirtæki og heimili þurfa að gera og að sjálfsögðu þarf að huga bæði að stóru og smáu. Ég mun beita mér fyrir því að fjárln. geri sig meira gildandi að því er varðar eftirfylgni og eftirlit með útgjöldum ríkisins. Á því sviði tel ég m.a. að fjárln. eigi að auka aðhald að opinberum framkvæmdum, einnig að veita aðhald að opinberum innkaupum og að fé ríkisins á þessum sviðum nýtist sem best. Jafnframt þarf nefndin að beita sér fyrir því að stofnanir haldi sig innan fjárlaga.

Virðulegi forseti. Þegar horft er til þeirra atriða sem ég hef rakið hér á undan er ljóst að niðurstaða fjárlagafrv. og stefna í ríkisfjármálum á næsta ári getur haft afgerandi þýðingu fyrir þróun efnahagslífsins. Til grundvallar frv. þurfa að liggja raunsæjar forsendur um þjóðhagshorfur og raunsæ áætlanagerð um þróun tekna og gjalda. Þetta er einkar mikilvægt á þessu stigi hagsveiflunnar. Jöfnum höndum verður að leggja áherslu á ráðdeild og útsjónarsemi annars vegar og skattalækkanir hins vegar. Eins og gefur að skilja eru þessi atriði tengd og reyndar er það svo að útgjaldahliðin ræður skattheimtunni þegar öllu er á botninn hvolft.

[11:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. fjmrh. áðan og stefnuræðu hæstv. forsrh. fyrr í vikunni og eftir að hafa farið yfir og lesið stefnumörkun sem fjárlögin bera með sér og ekki síst núna þær skattbreytingar sem boðaðar eru, kom mér í hug, herra forseti, hvort þessir ágætu ráðherrar sem bera ábyrgð á stjórn landsins, sem eiga að leiða okkur í jöfnuð og réttlæti, væru komnir á hreinar villigötur. Ég hef alvarlegar áhyggjur af þessu því að hvar sem við berum niður birtist þessi takmarkalausa trú, þessi mikla oftrú á mátt stærðarinnar, samruna og stækkun fyrirtækja. Og nú í skattamálunum á að gera sem best við þá efnamestu, líklega af því að í þeirra huga eru einmitt þessi stóru, efnuðu fyrirtæki sem geta greitt tekjuskatt og þeir einstaklingar sem geta greitt háa tekjuskatta máttarstólpar þjóðfélagsins. Það eru þeir máttarstólpar sem við gerum aldrei of vel við. Og ef við sjáum svigrúm og reyndar þó við sjáum ekki svigrúm eigum við samt að reyna að gera eins vel við þá máttarstólpa og við getum og meira en það.

Við sjáum þetta í íslensku atvinnulífi. Þar er markið sett á aukna samþjöppun, stækkun fyrirtækja og stækkun fyrirtækja um takmarkaðar auðlindir sem þýðir að önnur eru lögð niður. Og þetta afl fjármagnsins á að ráða ferð.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að minna hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn á að hógværð er dyggð og það er líka dyggð að vera smár. Við skulum vera minnugir þess litla vísukorns sem segir:

Oft velta þar fleiri völum úr leir
sem veikburða eru og smáir.

Þeir eiga líka rétt á athygli okkar, umönnun og hvatningu og að bera ekki síður með þeim byrðar alveg eins og hinum þessum auðugu máttarstólpum þjóðarfélagsins sem þetta frv. og þær skattatillögur sem hér eru lagðar fram, herra forseti, taka mið af að bæta hag. Það er svo mikilvægt fyrir þjóðarhaginn.

Herra forseti. Menn tala um haustkvöld í efnahagsmálum Íslendinga. Jú, það haustar og sem betur fer er lífi okkar þannig farið að við lútum sveiflum náttúrunnar, við fáum vor, við fáum sumar og haust og við fáum vetur og hver árstíð hefur allt gott til síns og ekki vildum við vera án neinnar þeirra. En hitt finnst mér nokkuð bratt sagt, herra forseti, að hausta þurfi svo sérstaklega í íslenskum efnahagsmálum og að það þurfi að koma eitthvað svo sérstaklega á óvart. Hefur eitthvað gerst? Hefur eitthvað gerst síðustu tíu ár? Höfum við verið að skipta oft um ríkisstjórnir eða forustu í ríkisfjármálum? Nei, það er alveg það sama.

Það voru að vísu alvarlegir hlutir sem gerðust þegar við fengum jarðskjálftana miklu á Suðurlandi í fyrra og vissulega er það svo þegar koma slíkar náttúruhamfarar að þá geta þær haft áhrif á efnahagslíf okkar. En ef frá eru talin slík tilvik verður að segjast eins og er að undanfarin ár hefur ríkisbúskapurinn búið við afar góð ytri skilyrði. Og í rauninni hefur ekkert breyst í því á þessu ári fyrr en þá kannski á allra síðustu mánuðum og allra síðustu vikum. Þó svo að gert hafi verið ráð fyrir að draga þurfi saman í fiskafla og vissulega er það alvarlegt, þá hefur það komið fyrir áður, og sá samdráttur er samt sem áður ekki svo tilfinnanlegur að hann eigi að valda neinum kollsteypum í sjálfu sér annað en að taka þarf fullt tillit til þess í efnahagsmálunum og í ríkisfjármálunum. Það er ekki fyrr en nú að við, bara á síðustu vikum, erum að upplifa mikla óvissu í alheimsviðskiptum og í öryggismálum vegna voðaverka sem unnin voru vestur í Bandaríkjunum og hafa áhrif á alla heimsbyggðina og er ekki fyrir séð. En þangað til höfum við í rauninni búið við ytri stöðugleika. Þess vegna hljótum við að verða að líta í eigin barm til að sjá hvað hefur gerst. Og mér finnst það, herra forseti, mjög bratt og ómaklegt þegar hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. fjmrh. er að reyna að finna sökudólga aðra en hann og aðra en ríkisstjórnina fyrir því hvernig farið hefur í efnahagsmálum á þessu ári.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til Viðskiptablaðsins 29. ágúst – 4. september 2001, með leyfi forseta. Viðskiptablaðið fylgist með viðskiptum og ég veit ekki til þess að það sé neitt sérlega andsnúið ríkisstjórninni sem slíkri né heldur fylgjandi henni ef út í það er farið. En í blaðinu segir að mistökin sem ríkisstjórnin hefur gert á undanförnum árum, ríkisstjórn sem hefur haft meiri þingmeirihluta en nokkur önnur ríkisstjórn um langan tíma, séu eftirfarandi:

„Erlend lántaka leiddi til mikils innflæðis fjármagns sem aftur varð til þess að gengi krónunnar styrktist. Seðlabankinn og ríkisvaldið hefðu átt að taka höndum saman um að koma í veg fyrir hækkun krónunnar t.d. með því að nota innflæðið til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins."

Ríkisstjórnin hafði fullt vald á þessu öllu. Seðlabankinn laut forustu fyrst viðskrh. og síðan forsrh. og þeim var í lófa lagið að stýra þessu. En þeir létu það vera. Það var hlaupin einhver glýja í augun, kannski vorglampi af því sem menn voru að tala um haustið áðan. Ég minnist þess þegar maður lét kálfana út á vorin í sveitinni, þá hlupu þeir stundum út í skurð og út í dý. Ég sá það og það var oft bið að draga þá upp úr dýjunum aftur. En þeir voru orðnir hinir rólegustu að hausti.

Ætli það sér kannski eins með þessa ríkisstjórn, að hún sést ekki fyrir þegar hún hleypur út úr fjósinu sínu á vorin, fer beint í dýin og skurðina. Áfram stendur í Viðskiptablaðinu, með leyfi forseta:

„Afnema átti vikmörk krónunnar miklu fyrr en gert var í

mars á þessu ári. En vikmörkin voru eins konar ríkisábyrgð á gengi krónunnar og urðu til þess að einstaklingar og fyrirtæki vanmátu þá gengisáhættu sem fylgir erlendum lántökum."

Hver réð yfir þessu? Hver réð yfir því að taka á þessu máli? Ríkisstjórnin? Ráðherrar sem fóru með efnahagsmálin, efnahagsstjórnina? Það var enginn jarðskjálfti þarna sem hafði áhrif þannig að þegar gengið var gefið frjálst, þegar vikmörkin voru afnumin, þá var eins og kæmi fram í máli hæstv. fjmrh. áðan að einhverjar náttúruhamfarir hefðu leitt til þess að vikmörkin voru afnumin og þess vegna fór allt svona illa. Ég hef aldrei heyrt slíka fjármálaspeki.

Vikmörkin voru afnumin fyrir kraft þeirra sem fóru með efnahagsstjórnina og þeir eru gagnrýndir hér fyrir að hafa ekki gert það fyrr. En þeir eru líka gagnrýndir fyrir það sem þeir gerðu svo á eftir og gerðu ekki.

Við ræddum á öðru þingi um rýmkun fyrir lífeyrissjóðina til þess að fjárfesta erlendis. Hér segir í Viðskiptablaðinu, með leyfi forseta:

„Fara átti varlegar í að rýmka heimildir lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga. Það er eðlilegt að lífeyrissjóðirnir kaupi erlendar eignir, en sú þróun verður að ganga í smáum skrefum svo þjóðhagslegum stöðugleika sé ekki raskað."

Það kemur ekki fram hversu stór þáttur þetta er, en þessi lög voru sett af þeim meiri hluta sem hér ræður ríkjum. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Aðhald í ríkisfjármálum hefði mátt byrja mun fyrr, en fjárlögin 1998 og 1999 báru töluverðan keim af kosningunum sem þá voru."

Og síðan en ekki síst, herra forseti.

„Aðilar í atvinnulífi og stjórnkerfi fóru inn í þessa uppsveiflu innblásnir af kenningum kenndum við nýja hagkerfið, sem urðu til þess að möguleikar tæknifyrirtækja sem framleiðslugeta hagkerfisins í heild voru stórlega ofmetnir. Það leiddi m.a. til bólu á hlutabréfamarkaði."

Herra forseti. Hver minnist ekki ræðu hæstv. fjmrh. fyrir ári síðan sem fjallaði nánast eingöngu um lofsöng til þessa nýja hagkerfis sem átti öllu að bjarga og stefnuræða hæstv. forsrh. hljómaði á það nákvæmlega sama? Já, það var vorleikur í þeim drengjunum þá.

Herra forseti. Það þurfti ekki að koma á óvart eftir þessa efnahagsstjórn árum saman, að kominn væri svo mikill viðskiptahalli. Allir efnahagssérfræðingar voru búnir að segja að gengið stæðist það ekki og það hlyti að koma að því að gengið sigi. Jafnmikill viðskiptahalli og verið hefur á undanförnum árum hlaut að leiða til brots.

Hið alvarlegasta við viðskiptahallann er að í allnokkur ár þróaðist hér atvinnulíf sem byggðist og nærðist á viðskiptahalla. Við byggjum upp heilu borgirnar, hvort sem þær heita Smáralind eða Kringla, sem nærast á viðskiptahalla. Þó að það sé nauðsynlegt að byggja verslun þá er varhugavert að byggja heilu atvinnugreinarnar og möguleika fólks á viðskiptahalla. Það hlýtur að koma að því að það gangi ekki lengur.

Ofan á þetta allt bætist síðan þetta mikla vor, þetta góðæristal. Auðvitað voru góð ytri skilyrði en það var ástæðulaust að ala svo á væntingum langt umfram það sem hið góða ástand gaf. Það leiddi til offjárfestinga og ofneyslu.

Ég má til með, herra forseti, að koma inn á þetta. Hæstv. fjmrh. leit á það eins og náttúruhamfarir að vikmörk gengisins hefðu verið gefin frjáls. Þetta hefur allt verið fullkomlega undir stjórn og á ábyrgð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Það sem við upplifum nú í því sem menn kalla samdrátt er fullkomlega á hennar ábyrgð.

Vík ég þá aftur að fjárlögunum sem eru hér til umræðu. Það hefur verið fjallað um það í ræðum að forsendur fjárlaganna væri nánast hvergi að finna eða þær faldar aftarlega í texta frv. Og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að mér finnst undirbúningi fjárlagagerðarinnar sjálfrar og framlagningu frv. ábótavant. Mér finnst að fjárln. eigi að koma miklu fyrr að gerð fjárlagafrv. og undirbúningi fjárlaga, fremur en að hún fái frv. í hendur eins og við hér almennt og síðan sé unnið úr því. Fjárln. á að koma að þeirri vinnu miklu fyrr að mínu mati. Það er þingið í heild sem vinnur að fjárlögum en ekki bara meiri hlutinn, ekki bara ráðherrarnir og framkvæmdarvaldið. Þess vegna er mikilvægt að svo verði.

Nú þegar í ljós kemur að framkvæmdarvaldið sjálft er farið að setja sér eigin efnahagsforsendur þá erum við komnir á hálan ís. Þá er ég ekki að tala um það út frá því að þar sé ekki nógu vel unnið heldur eiga að vera slík skil á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins að löggjafarvaldið geti með sjálfstæðum hætti ákveðið og metið þær efnahagsforsendur sem vinna þarf út frá. Ég tel því afar *mikilvægt, herra forseti,* að þingið verði styrkt, hugsanlega þannig að hluti Þjóðhagsstofnunar eða sú starfsemi sem þar er fari beint undir þingið og verði þinginu og fjárln. til aðstoðar við að ganga frá fjárlögum, sem gæti vel verið.

Athugið bara eitt: Ef það gerðist nú að fjmrn. eitt hefði þetta vald, það verkefni að undirbúa efnahagsforsendur og kveða þar úr um og svo allt í einu segði fjmrn: Ja, það verður halli eða eitthvað sem ekki passaði. Ja, yrðum við þá ekki bara að leggja fjmrn. niður? Stæði þá ekki þingið frammi fyrir því, ef einstakir ráðherrar hegðuðu sér þannig að öðrum í ríkisstjórninni félli það ekki í geð, að þá yrði á bara að leggja það niður, þó opinbert sé?

Það er ekki hægt annað en að minnast á sölu ríkiseigna. Sala ríkiseigna er grundvöllur þessa fjárlagafrv. eins og það hefur verið lagt fram, bæði fyrir fjárlög á þessu ári og hinu næsta. Herra forseti, það er hvorki traustur botn í þessu frv. né fjárlögum þessa árs því að enn er ekki búið að selja þær ríkiseignir sem þó hafði verið gert ráð fyrir að selja til að tryggja þá útkomu fjárlaganna sem gert hafði verið ráð fyrir. Það átti að selja Landssímann en sem betur fer, að mínu mati, þá hafnar þjóðin því, enn sem komið er, að Landssíminn verði seldur. Þjóðin á enn þá Landssímann og vill hafa svo áfram og vill ekki setja hann á markaðstorg til að þjóna þar hagsmunum fjármagnsins.

Ég vil minna á, í sambandi við Landssímann, að þær yfirlýsingar voru gefnar á sl. vetri eða fyrirvari, þegar lög um heimild til þess að selja Símann voru samþykkt, að tryggja ætti að ákveðin þjónusta, grunnþjónusta í gagnaflutningum, væri komin út um allt land áður en Landssíminn yrði seldur. Það átti líka að vera búið að jafna verð á gagnaflutningum um allt land áður en hann yrði seldur.

Ekkert af þessu liggur fyrir. Nú er búið að ákveða að selja fyrirtækið og í fjárlögum er hvergi gert ráð fyrir fé sem ætlað væri að sinna þeirri ábyrgð, sem þó hafði verið rætt um að ætti að vera fyrir. Nú, þegar við búum við mikið óöryggi í heimsmálum, í öryggismálum og heimsviðskiptum, þá ætti hver heilvita maður að sjá að þetta er ekki tíminn til að selja ríkiseignir. Þetta er ekki tíminn til að selja eitt mesta öryggisnet landsins, Landssímann. Þetta er heldur ekki tíminn til

að selja aðrar mikilvægar ríkiseignir úr landi eða hvert sem er.

Herra forseti. Fjárlagafrv. sem byggir á sölu ríkiseigna, eigna sem ég vil halda fram að velflestir landsmenn séu andvígir því að selja, fjárlagafrv. sem byggir á því að hér verði óbreytt gengi og því að verðbólga fari lækkandi — þó að við óskum okkur þess — er byggt á mjög veikum grunni.

[12:08]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að beina þeim orðum mínum til virðulegs forseta að breyting verði gerð á umræðu um fjárlagafrv. í framtíðinni, þó ekki væri nema að fresta henni um eina viku til að mönnum gefist kostur á að ígrunda hvað þau fela í sér. Af sérstökum ástæðum sá ég ekki þetta frv. fyrr en að morgni þriðjudags. Ég hef því aðeins haft tvo sólarhringa til að skoða frv., og er í öðrum önnum eins og líklegt er í upphafi Alþingis. Þess vegna er það, ef að líkum lætur, að yfirferð mín kann að verða nokkuð yfirborðskennd.

Hið sama er uppi á teningnum þegar við hugum að því hvenær við fréttum af áformum um skattalagabreytingu sem kynnt var að næturlagi í gær, auðvitað til þess að fjölmiðlar gætu predikað þetta gagnrýnislaust. Þeir spara heldur ekki hönd né fót til þess að þjóna valdhöfunum, liggja raunar hundflatir fyrir þeim og er fjarstýrt t.d. ríkissjónvarpinu og því sérstaklega. Þar á bak við mun ráða Hannes Hólmsteinn Gissurarson og má af því marka með hvaða virðulegum aðferðum þessu þjóðfélagi er stjórnað.

Enn bættist við, sem kannski er nú gamall siður, að við fengum ekki ræðu hæstv. fjmrh. í hendur fyrr en hann hóf að þylja hana upp. Menn sjá að ekki getur orðið um mikilvægar athugasemdir við hana að tefla þegar þannig er staðið að verki. Ef hæstv. forseti vildi beita sér fyrir þeirri breytingu að fresta, þó ekki væri nema um fjóra, fimm daga, umræðu um fjárlögin þannig að mönnum gæfist kostur á að rannsaka þau og setja sig inn í þau, ég tala nú ekki um fyrir flokk eins og minn sem enga aðild á að fjárln. þá gætum við komið athugasemdum á framfæri. Þess í stað er þegar tekið til við að ræða þessi mál og umræðum síðan frestað fram í desember.

Ég vil aðeins rifja það upp að frá því 1999, eins og lesa má í þingtíðindum, hefur sá sem hér stendur varað mjög alvarlega við þeirri þenslu sem blasti við öllum nema forustumönnunum, nema forsrh. einkum og sér í lagi. Það eru meinleg örlög að maður sem vill öllu ráða og ræður öllu skuli, sá sem hann er, ekkert vit hafa á fjármálum og peningamálum. Enda getum við séð að það þarf ekki lengi að velta vöngum yfir því hvers vegna niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er ekki valin. Hann ræður því vegna þess að hann hefur ekki með neinu móti getað fallist á að fram kæmi í áætlunum að hagvöxtur yrði neikvæður. Þetta blasir alveg við og þarf ekkert fleiri vitna við um það. En aðvaranir mínar og annarra voru virtar að vettugi.

Hvernig má það vera — og ég vík máli mínu að hæstv. fjmrh. — að svo virðist sem fjármálayfirvöld geri sér enga grein fyrir því til hvers á að beita fjárlögum? Hvert er aðalhagstjórnartækið í einu þjóðríki nema fjárlög? Hvað hefur gerst þau ár sem ég hef á nýjan leik átt hér sæti? Þau hafa hækkað. Útgjaldahlið fjárlaga hefur hækkað langt umfram verðlagsforsendur, langt umfram vöxt verðlags. Ég held að ég fari alveg rétt með að fjárlagafrv. ársins áður til ársins í fyrra, hafi endatölur sýnt aukningu um 13,5%.

Ríkið hefur þetta aðalvopn í höndum til að snúast gegn verðþenslu, að skera niður á fjárlögum og draga útgjöld ríkisins saman. Nú er því fagnað sérstaklega að það dregst saman, þenslan minnkar og neyslan dregst saman. Það er vegna þess að almenningur á að herða mittisólina til að draga úr viðskiptahallanum en ekki ríkið sjálft.

Ég óttast áframhald þessa. Mér sýnist að þetta fjárlagafrv. hækki um 14%, útgjaldahliðin, frá fjárlagafrv. sem lagt var fram í fyrra. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þótt formaður fjárln. tali alvarlega um að stíga á bremsur, að sama sagan endurtekur sig. Fjárlög fara langt fram úr, jafnvel þeirri nýju verðbólguþróun sem við höfum nú fyrir augum. Þetta er baneitrað, þetta er alveg baneitrað.

Ég hef engin tök á því að ræða af neinu viti um þessar nýju tillögur í skattamálum vegna þess að ég sá þær birtar í morgun í Morgunblaðinu á hlaupum þar sem ég hafði öðru að sinna. Enda mætti fyrr vera að einhver einn maður gæti á auga lifandi bili áttað sig á þessu.

En ég bendi sérstaklega á að það sem Seðlabanki er að gera með himinháum vöxtum er að sporna við þenslu, en skattalækkanir gera þveröfugt. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að það kemur fyrirtækjum í landinu vel að fá skattalækkanir. En þeim kæmi enn þá betur og fljótvirkar að fá vaxtalækkanir.

Mér sýnist í fljótu bragði að þessar skattalagabreytingar eigi einkum að verða beita fyrir kjósendur fyrir alþingiskosningar 2003. Ýmislegt er vafalaust til bóta í þessu en ég bendi einkum og sér í lagi á hvernig aðgerðirnar stangast á hver við aðra. Seðlabanki brýst um á hæl og hnakka og heldur vöxtum sem eru hreint og beint óbærilegir fyrir fyrirtækin. Til hvers er það? Til þess að hamla gegn viðskiptahalla og verðbólgu. Þetta vinnur, ef eitthvað skiptir máli í þessum skattatillögum, á öfugan veg við þessa stefnu Seðlabankans.

Hér er talað, og ég heyrði það rétt, að búist væri við að ekki væri mikill þrýstingur á gengið. En hvað segja síðustu fréttir okkur? Seðlabankinn, einnig í því efni, brýst um á hæl og hnakka til þess að hindra gengisfall og kaupir dollara fyrir milljarð á dag. Það er vegna þess að þenslan í þjóðfélaginu er allt of mikil.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sagði í sinni ræðu að horfur væru þungar fyrir árið 2002. En þrátt fyrir þessi ummæli formanns fjárln. hef ég enga sannfæringu fyrir því að neitt tillit verði tekið til þess af æðstu stjórnvöldum. Þeir vilja hafa uppi allt aðra glansmynd. Góðærismyndin verður að hanga uppi á hvers manns vegg. Og ekki er dregið af sér við það að predika um stöðugleika sem rokinn er út í veður og vind, því miður.

Mér sýndist að boðað væri að tekjuskattur ætti að lækka um 0,33%. Er það misminni mitt að útsvar muni verða hækkað um sömu tölu? Ég held ekki. Ég held ég muni það rétt frá því á vordögum, hygg ég, þegar þessar ákvarðanir voru teknar. Það á að lækka tekjuskatt á fyrirtæki úr 30% í 18%. Það er auðvitað glæsileg ákvörðun. En í hvern stað kemur hún niður, með leyfi? Hvað borga mörg fyrirtæki tekjuskatt eftir þessa niðursveiflu sem við höfum lifað? Ætli þau hafi ekki mjög mörg safnað fyrir skattleysi tekjuskatts á þessu tímabili?

Menn hafa spurt: Hvað þýðir hækkun tryggingagjalda? Hversu mikið fjármagn er þar á ferðinni? Enn er það alveg óupplýst og satt að segja er með ólíkindum að leggja svona tillögur fram nóttina fyrir umræðu um fjárlög þar sem mönnum gefst enginn kostur á að rannsaka málin og er neit-

að um upplýsingar um líklega veigamesta þáttinn í þessum skattalækkunartillögum hér á hinu háa Alþingi við 1. umr. fjárlaga.

Gæti það kannski verið að hækkun tryggingagjaldanna næmi miklu hærri upphæð en sem lækkun tekjuskattsins nemur? Það var spurt um þetta en því var ekki svarað. Og enn fremur þá leggst tryggingagjaldið miskunnarlaust á alla, á öll fyrirtæki í landinu og þess vegna er kannski verið að reyna að ná til þeirra sem ella hefðu verið tekjuskattslaus. Þetta hljóta að vera fyrstu viðbrögð manns við þessum fréttum, þessum lausafréttum sem berast mönnum til eyrna rétt um það bil sem maður er að ganga í ræðustól að leggja út af fjárlagafrv.

Það á að vera forgangsverkefni nú að koma böndum á útgjöld ríkissjóðs og í annan stað að tryggja að tekjur hans rýrni ekki.

Einn er sá skattur sem við eigum sjálfsagt heimsmet í og það er virðisaukaskatturinn. Ég þyrfti reyndar að fá upplýsingar um hvernig innheimta hans gengur. Maður hefur ískyggilegar upplýsingar, sem ég þyrfti að fá staðfestar af æðstu stjórnvöldum, um hvernig þeim málum muni vera háttað, að virðisaukaskattsvikin séu hreint og beint óbærileg. Það hefur ekki verið neitt leyndarmál og menn hafa sýnt mér fram á það hvernig stendur í þessum sökum í veitingahúsarekstrinum. Ég ætla ekkert að hafa það eftir. En mér þótti sem sá sem skýrði mér frá því gæti fært fullkomnar sannanir fyrir fullyrðingum sínum.

En almennt séð eru skattalækkanir ekki lækning á þessum spennutímum og ganga alveg þvert á þá stefnu sem uppi er um okurvextina. Ég óttast þótt ég sé fylgjandi háum vöxtum á þessum tíma — ég get ekki verið annað því að allt annað snýr við þeim hagfræðisjónarmiðum sem uppi eiga að vera — að lunginn úr fyrirtækjum standist þetta ekki og ég óttast að á hausti komanda verði hér nýtt uppi á teningnum varðandi fjármál og atvinnumál og fyrirtækjarekstur en við sjáum í dag þó að reynt sé að draga fjöður yfir allar kaldar staðreyndir.

Þrátt fyrir þessa stöðu kemur hæstv. fjmrh. hér og segir að staða okkar í efnahagsmálum sé vegna góðrar hagstjórnar þegar menn hafa misst vald á gengismálum. Áfram er bullandi viðskiptahalli og við erum komin töluvert á þriðja hundrað milljarða í halla samtals á þessum örfáu árum, líklega innan tíðar 250 þúsund millj. kr. sem afkomendur okkar eiga raunar að borga þegar þar að kemur.

Það er vafalaust hinni góðu hagstjórn að þakka að verðbólga er hér meira en þreföld á borð við viðskiptalönd okkar velflest. Þess vegna er það höfuðmálefni fyrir fyrirtækin, ef þess væri nokkur kostur, að lækka vexti, en ekki einhver fölsk framtíðarmúsík sem í skattatillögum ríkisstjórnar kann að felast án þess að ég geti fullyrt um það að óathuguðu máli.

Fullyrt er að fyrirtæki muni síður flýja land vegna hinna nýju skattbreytinga, sem menn ella teldu mikla hættu á. En ef eitthvað verður til þess að menn flýi með fyrirtæki sín úr landi þá eru það okurvextirnir sem þarf að beita.

Já, lækkun tekjuskatts á einstakling er $^1/_3$ úr prósenti og nú kemur bráðum til framkvæmda nýtt fasteignamat og brunabótamat. Hvað mun það færa einstaklingnum upp í hendurnar og þeim sem eru verst settir, öldruðum og öryrkjum? Verið er að tala um að koma til móts við þennan hóp manna, gjörvallan landslýðinn raunar, en ég á eftir að sjá það í framkvæmd. Það hafa alltaf verið notuð öll tækifæri til þess að strengja klóna á þeim, sér í lagi þeim sem ekkert geta samið fyrir sína hönd um hag sinn og kjör. Þegar ég nefni þetta þá rifjast upp fyrir mönnum þau býsn og undur sem menn upplifðu við uppkvaðningu öryrkjadóms og vinnubrögð og viðbrögð ríkisstjórnar Íslands við þeim dómi. Það er óþarft að rifja upp fyrir mönnum. Það hlýtur að vera mönnum í fersku minni.

Ég hygg að ef skoðuð eru tíu ár í rekstri ríkissjóðs þá kunni að koma á daginn að á engu þessara ára hafi afkoma ríkissjóðs verið jákvæð. Það er verið að skjóta undan reikningsuppgjöri hvorki meira né minna en milljörðum og milljarðatugum vegna stöðu lífeyrissjóðsmálanna. Og með veisluhöldum hefur verið rifjað upp nýlega hver aðalstjórnandinn er þessi tíu ár. En aldrei koma menn til dyranna eins og þeir eru klæddir. Allt er sett upp með endalausum blekkingavef.

Ég hef áður sagt að ég er einkavæðingarsinni og ég var mjög áhugasamur um einkavæðingu Landsbanka Íslands á sínum tíma og vann því máli það sem ég mátti, og eins fyrst í stað einkavæðingu Landssíma Íslands og Búnaðarbanka. Nú er þetta breytt. Nú hafa aðstæður og stefna ríkisvaldsins í þeim málum breyst á þann veg að ekki kemur til nokkurra mála að ég héðan af fylgi þeirri stefnu. Ég á síðari ræðutíma þar sem ég mun koma að þeim málum sérstaklega.

[12:28]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við 1. umr. um fjárlögin 2002 er nú eins og reyndar oft áður við fjárlagaumræðu dálítið erfitt að henda reiður á málflutningi stjórnarandstöðunnar, átta sig á því hvað hún vill og hvað hún vill ekki. Mér sýnist að þetta hafi mest farið í sagnfræðilega upprifjun á því hvað hafi gerst í efnahagsmálum og hvað hafi ekki gerst en lítið verið rætt efnislega um þennan lagabálk. Stjórnarandstaðan hefur gert heilmikið úr því að hér sé um hækkun rekstrarkostnaðar að ræða, að rekstrarkostnaður hafi hækkað, laun hafi hækkað, verðbólga hafi aukist og gengið hafi fallið.

Ég get svo sem eins og þeir líka farið í nokkra sagnfræði, herra forseti. Við 1. umr. fjárlaga í fyrra, svo og við 2. og 3. umr. fjárlaga í fyrra, gerði ég það að meginmáli að til þess að fjárlögin gætu staðist skipti öllu að launaþróun ríkisstarfsmanna yrði hin sama og á hinum almenna markaði. Þessu var fálega tekið, sérstaklega af stjórnarandstöðunni, og tók nú enginn undir.

Hitt er annað mál að í nærri allt fyrrahaust, sérstaklega meðan á hinu óheppilega vonda verkfalli kennara stóð, var vikulega efnt til upphlaups hér í þinginu. Hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. lágu undir ámælum. Fyrir hvað? Jú, fyrir að láta ekki undan kröfunum um 60–80% kauphækkun. Það var talið alveg forkastanlegt að ekki skyldi látið undan þessum kröfum. Það fór ekki á milli mála að öll stjórnarandstaðan stóð saman að þessu. Meira að segja formaður Frjálslynda flokksins lét ekki sinn hlut eftir liggja, herra forseti. Hann taldi í þeirri umræðu að sýnt væri að engir aðrir ríkisstarfsmenn mundu fara fram með kröfur eins og kennarar, að aðeins laun kennara ættu að hækka. Hann vildi þá láta líta þannig út að hann væri fæddur í gær. Það var valkosturinn sem hann taldi henta sér þá.

Hvernig fór þetta svo? Jú, það var samið. Það var samið við alla. Því miður var það þannig. (**SJS:** Vildirðu hafa þá enn í verkfalli eða hvað?) Því miður var það þannig að samið var um miklu hærri kauphækkanir til ríkisstarfsmanna en á hinum almenna vinnumarkaði. Ekki það að hinn ágæti

ríkisstarfsmaður eigi ekki skilið að fá góð laun. Staðreynd lífsins er bara sú að þeir sem vinna hjá ríkinu geta ekki til langframa, í heildina talið, búist við að kauphækkanir þeirra verði meiri en framleiðsluatvinnuvegirnir, þeir sem þurfa að standast samkeppni við útlönd og standa undir þessu þjóðfélagi, geta borið. En staðreyndin er sú, þannig fór þetta, að laun ríkisstarfsmanna hækkuðu meira en annarra.

Og svo koma þessir sömu menn hér og hneykslast á því að ríkið hafi aukið útgjöld sín. Þeir hneykslast á því. Hvernig skyldi standa á því að íslenska krónan lét undan síga á umliðnum missirum? Ætli það hafi ekki verið vegna þess að framleiðsluatvinnuvegirnir stóðust ekki þá skráningu. Markaðurinn dæmdi það svo. Markaðurinn dæmdi það. Krónan er frjáls og ræðst af markaði. Það er rétt að menn hafi þetta í huga þegar þeir hneykslast á ríkisútgjöldum.

Staðreyndin er sú, ekki ætla ég að mæla því á móti, að rekstrarkostnaður hins opinbera er allt of mikill. Því miður. Hann er allt of mikill. Við verðum að gera okkur grein fyrir því og það er hin ömurlega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Við höfum ekki getað hamið útgjöld hins opinbera á umliðnum árum, alls ekki, þrátt fyrir mikla og góða viðleitni. Menn hafa lítið gert af því hér í dag að ræða fjárlagafrumvarpið, en ég skal t.d. benda á útgjöldin til heilbrigðismála.

Útgjöld íslenska ríkisins til heilbrigðismála eru orðin gríðarlega mikil. Þau eru á áttunda tug milljarða. Þrátt fyrir að við höfum rætt þetta, farið ofan í það ár eftir ár og haft uppi miklar meiningar um að við vildum staldra við og reyna að ná tökum á þessu, þá er staðreyndin sú að okkur hefur ekki tekist það. Svo háttar til hér á Íslandi og reyndar í flestum Evrópuríkjum að stighækkandi kostnaður við heilbrigðismál, síaukinn kostnaður, er efnahagsvaldamál, bæði á Íslandi og í flestum öðrum ef ekki öllum OECD-ríkjunum. Svo hefur verið lengi.

Ég minni á að þetta var niðurstaðan fyrir tíu árum. Fyrir tíu árum gerðu flest Evrópuríki sér grein fyrir því að þau yrðu að taka á þessum síaukna kostnaði við heilbrigðismál. Það var Evrópudeild WHO, sem staðsett er í Kaupmannahöfn, sem hafði forustu um þetta og sneri sér til OECD. Þessar stofnanir hafa unnið að því í tíu ár undir leiðsögn Alþjóðabankans að reyna að stemma stigu við síhækkandi kostnaði, sérstaklega í hátæknigreinum heilbrigðismálanna, sem er alveg hreint að kæfa okkur.

Sum ríki Evrópu hafa þegar náð árangri. Ég vil nefna Þýskaland. Ég vil nefna Holland. Ég vil nefna Belgíu og sérstaklega vil ég nefna Frakkland. Frakkland hefur náð heilmiklum árangri í að stemma stigu við kostnaði. Ég vil nefna Frakkland vegna þess að í fyrra útnefndi Alþjóðabankinn Frakkland sem það ríki sem besta stjórn hefði á heilbrigðismálum sínum og næði þar bestum árangri þrátt fyrir að þeir eyddu alls ekki meira en aðrar þjóðir til heilbrigðismála. Þeim hefði tekist að stöðva sífellda aukningu framlaga til heilbrigðismála.

Ég held að rétt sé í þessari umræðu að benda hæstv. heilbrrh. á að athuga hvort ekki sé kominn tími til þess að við fáum aðstoð frá OECD og WHO. (**Gripið fram í:** Fá hann til að vera hérna við.) (**SJS:** Ætlið þið ekki að taka ráðuneytið?) Það er engin minnkun fyrir okkur Íslendinga að fá ráð frá þeim sem náð hafa árangri, árangri eins og margar Evrópuþjóðir. Við skulum horfast í augu við að við erum ekki að ná árangri í heilbrigðismálunum. Við skulum bara viðurkenna það. Þetta er langstærsti hluti útgjaldanna sem við erum að fást við í dag. Það sem skiptir máli gagnvart ríkisfjármálunum er nákvæmlega það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan, að koma böndum á útgjöldin. Það var hárrétt.

Menn hneykslast og tala mikið um forsendur fjárlaga, hvort þar geti verið villa um hálft prósent eða eitt í spám manna. Við höfum nú uppli fað það undanfarin ár að fram hafi komið margra prósenta mismunur, þegar dæmin hafa verið gerð upp, á því sem raunverulega hefur gerst og því sem menn ætluðu í spám sínum og þjóðhagsspá. Við skulum því ekki hafa miklar áhyggjur af því vegna þess að við erum, um leið og við samþykkjum fjárlög, okkar eigin gæfu smiðir og við höfum verulega mikið um það að segja hvernig efnahagsmálin þróast og ríkisútgjöldin ráða þar mjög miklu um.

Ef það er eins og hinir svartsýnu — svartsýnir menn geta oft verið raunsæir — vilja halda fram, að ýmis vá sé fram undan þá ætla ég ekki að gera lítið úr því. Við skulum ekki neita að hlusta á það. Svo kann að vera. Heimurinn er allur eins og kvika, a.m.k. þessar vikurnar a.m.k. og síðustu mánuði. Hið góða skaðar ekki og sé réttara að miða við svartsýnni spár þá skiptir öllu fyrir Alþingi að koma böndum á útgjöld sín því rekstrarkostnaður ríkisins skiptir höfuðmáli og það hvernig hann þróast. Hann má ekki halda áfram að vaxta sem hlutdeild vergrar landsframleiðslu. Það skiptir máli og þannig getum við haft áhrif á gang efnahagsmála á Íslandi. Það eigum við að gera. (**SJS:** Sú lægsta á Norðurlöndum hér.) Það skiptir í sjálfu sér ekki máli við hvað við miðum sem hlutfall. Ef rekstrarkostnaðurinn eykst þá erum við að taka frá einhverjum öðrum. Það er það sem skiptir máli. Við þurfum að vernda efnahagslífið. Við þurfum sannarlega á því að halda burt séð frá því hvort hagvaxtarspáin er mínus 0,3 eða plús 1. Það allt of lítill hagvöxtur fyrir framtíðaróskir og vilja þessarar þjóðar.

Hvernig sem við lítum á málið þá þurfum við á því að halda að gera allar þær ráðstafanir sem við getum til að auka hér framleiðsluna og gera starfsumhverfi atvinnurekstrarins betra. Við gerum það best með því að gæta vel að útgjöldum ríkisins. Í þessu fjárlagafrv. var t.d. gert ráð fyrir að útgjöldin yrðu lækkuð um 3 milljarða frá því sem menn ætluðu í fyrsta ramma fjárlaganna sem gengið var frá í aprílmánuði. Ég tel að sá niðurskurður sé síst of mikill. Það er vel hægt að skera niður ríkisfjármálin enn meira. Ríkisstofnanirnar og ráðuneytin eru vel haldin. Það er þykkt fitulag þar víða (Gripið fram í.) og má greinilega ná því niður. En menn venjast því eyðslustigi sem ríkir. Menn venjast því og verða samdauna því hvar sem er. Það skiptir ekki máli hvað fyrirtækin heita eða hvað þau gera. Þau verða samdauna því. Við höfum alls kostnað sem sannarlega má taka á.

Ég vildi óska þess fyrir hönd Alþingis, nú þegar við hefjum vinnu við fjárlagafrv., að okkur beri gæfa til að koma í veg fyrir það sem oftast hefur áður gerst, að í meðförum þingsins hafa fjárlögin hækkað, að vísu mest fyrir atbeina viðkomandi ríkisstjórnar. Ég ætla bara að vona að ríkisstjórnin beri gæfu til að sitja á strák sínum og koma ekki með hækkunartillögur meðan við ræðum fjárlagafrv. Ég ætla að bera hér fram þá ósk til handa okkur á Alþingi að við verðum þá menn til þess að hækka ekki heldur fjárlagafrv. Það væri meiri manndómur í því fólgin að við kæmum hér með lækkunartillögur um rekstrarkostnað ríkisins. Þannig leggjum við íslensku atvinnulífi mest til og best.

[12:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar var með eindæmum. Hann byrjaði að ráðast á kennara og sagði að kennarar væru undirrót alls hins illa í efnahagsmálum þjóðarinnar nú um stundir, stétt sem hafði beðið árum saman eftir því að fá kjör sín leiðrétt. Það var ekki hún sem óskaði eftir því að fara í verkfall mánuðum saman. Það var hreint eins og hv. þm. hefði fremur kosið að þetta verkfall stæði enn til þess að bjarga ríkisfjármálunum. Er það í raun skoðun hv. þm. að við hæfi sé að taka svona eina stétt fyrir?

Ekki var það betra þegar hann kom að sjúkrahúsunum og heilsugæslunni. Það voru kannski skilaboð inn í kjarasamningaviðræður sem standa nú yfir við sjúkraliða, að ef þeir fá einhverja viðbót þá setji þeir efnahagsmálin endanleg á hausinn, þ.e. ef þeir fái kauphækkun. Voru þetta skilaboðin sem hann vildi koma inn í þær viðræður þegar hann sagði að stighækkandi kostnaður í heilbrigðisþjónustunni væri einn stærsti efnahagsvandi þjóðarinnar?

Ætti hann kannski ekki að líta aðeins í eigin barm, herra forseti? Er það ekki einkavæðingin í heilbrigðiskerfinu sem er mesta efnahagsógnin í ríkisbúskapnum, það að með einkavæðingunni er framseldur sjálftökuréttur á peningum úr ríkissjóði? Þetta er það sem hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir.

Herra forseti. Er það virkilega svo að hv. þm. vilji taka svona einstakar stéttir, einstakar grunnstéttir samfélagsins, og kenna þeim um hina lélegu stjórn efnahagsmála sem flokksmenn hans hafa staðið fyrir?

[12:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Annaðhvort þarf hv. þm. Jón Bjarnason í heyrnarmælingu eða að hann hafi tamið sér að heyra bara það sem hann vill heyra.

Ég réðst ekkert á kennara hér. Ég benti bara á að á meðan þeir voru í sínu erfiða og vonda verkfalli var stjórnarandstaðan með kröfur í hverri viku um að hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. bæri að fara að þeirra kaupkröfum. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Síðan koma þessir sömu herrar (**SJS:** Tala við þá.) og gera hneykslast á því að ríkisútgjöld hafi hækkað á Íslandi. Ég var ekkert að ráðast á kennara. Það er eðlilegt að hver stétt berjist fyrir launum sínum. En það tekur hver mið af öðrum. Ef menn segja að þeir vilji taka undir kaupkröfur, hvort heldur almennings eða hvað stéttin heitir, hvort sem það eru bakarar eða smiðir, þá skulu menn átta sig á því að í kjölfarið fylgir kauphækkun.

Íslendingar hafa hækkað laun sín meira en allar samkeppnisþjóðirnar. Það er bara staðreynd sem menn verða að horfast í augu við. Við það veikjum við gengi krónunnar. Með því veikjum við samkeppnisstöðu Íslands.

Hafa allir, herra forseti, gleymt þeim dásamlega tíma í Íslandssögunni er laun á Íslandi hækkuðu um 10.000%, en kaupmátturinn, hvað varð um hann? Nei, hann bærðist ekki. Hann stóð á núllinu. Eru nú allir búnir að gleyma því?

Það er rétt fyrir menn að rifja þetta upp. Okkur ber í grundvallaratriðum að fara varlega í efnahagsmálum og við förum ekki varlega í efnahagsmálum nema við gætum fyrst og fremst að laununum. Launin eru langstærsti þáttur teknanna þannig að ef þau er ekki í takt við það sem er að gerast í samkeppnislöndunum þá verður engin önnur stærð í takt við það.

[12:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Að sjálfsögðu eru launin mikilvæg, herra forseti. Þau eru svo mikilvæg að meira að segja í tillögum fjmrh. að nýrri skattahækkun á einmitt að leggja aukinn skatt á laun. Á almenn laun í landinu á að leggja aukna skatta, á launagreiðsluna sem slíka og ekki lækkar það í sjálfu sér launakostnaðinn. Hv. þm. ætti því að kanna það hvernig þetta samsvarar því sem hann var að segja núna rétt áðan. Það er með endemum að taka stöðugt út eina og eina stétt. Hann ætti kannski að tala um hvað elli- og örorkulífeyrisþegar eru mikill baggi á efnahagskerfinu.

Herra forseti. Hv. þm. minntist ekki á neinar lækkanir. Ég get bent honum á nokkur atriði. Kannski getum við staðið saman um það. Það eru gæluverkefni. Það á að verja nokkur hundruð millj. kr., óvíst hversu miklu, til þess að halda hérna NATO-ráðstefnu í sumar. Þessi upphæð er nefnd til að byrja með en mikil óvissa er um hver verður endanlegur kostnaður. Eigum við ekki að sameinast um að skera það niður, nokkur hundruð millj. kr.? Það gæti farið til þess að greiða laun fyrir sjúkraliðana á sjúkrahúsunum. Hvað stendur ekki líka varðandi Schengen-samkomulagið, Schengen sem átti að flokka Íslendinga og erlenda gesti inn í landið? Það kostar milljarða króna. Og það studdi hann. (Gripið fram í.) Nei. (**Gripið fram í:** Það er ósatt.) Það er ósatt. Herra forseti. Ég tek það aftur. En flokkurinn sem hann styður og er að hæla sér hér af verkunum, hann hefði þó getað beitt sér innan hans fyrir því að þetta væri ekki. En þarna eru stórir póstar gjörsamlega (Gripið fram í.) meira en óþarfir. Þeir eru skaðlegir þjóðinni. Og það eru sjálfsagt fleiri póstar í fjárlögunum sem við getum vonandi orðið sammála um að skera niður en ekki að ganga á laun og kjör grunnstétta þjóðfélagsins.

[12:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. endurtók ósannindi sín hérna áðan. Ég réðst ekki á kennara en ég gerði athugasemdir við það að þeir sem styðja launakröfur í þjóðfélaginu verða að gera sér grein fyrir því að aukin laun hafa í för með sér aukinn kostnað. Stjórnarandstaðan, eins og aðrir, verður að vera sjálfri sér samkvæm í þessu máli eins og öðru. Það var þetta sem ég gerði að umræðuefni úr því að menn vildu fara í sagnfræði um það hver afstaða manna hefði verið í efnahagsmálum. Ég rifja það upp að ég varaði við þessu í öllum umræðunum um fjárlög í fyrra. Ég varaði sérstaklega við því og það tók enginn undir með mér, hvorki samfélagar mínir né stjórnarandstaðan að vísu. Það skal viðurkennt. En ég rifja þetta hér upp.

Ég gæti komið hér — og á vonandi eftir að gera það einhvern tíma — með tillögur um mikinn niðurskurð í ríkisrekstrinum. (Gripið fram í.) Ég talaði um ríkisreksturinn, hv. þm., um ríkisreksturinn, ekki um fjárfestingar ríkisins, um ríkisreksturinn. Ég get komið með margvíslegar tillögur. Ég þarf þó ekki að fara að hætti gamalla komma að finna endilega ástæðu til að spara þegar orðið NATO heyrist. Þegar þeir heyra orðið NATO eru þeir tilbúnir til að standa að lækkuninni. En ég er alveg sammála hv. þm. um að flestar af þeim ráðstefnum sem ríkið stendur fyrir, ríkisstofnanir og ráðuneyti, helmingurinn af þessu er bara net til að veiða vindinn. Það má leggja niður helminginn af öllum ráðstefnum sem ríkið og opinberar stofnanir standa fyrir og tvo þriðju af öllum fundunum. Ég get alveg staðið að því hér til að ítreka

það að ég get verið sammála — og eru þá ráðstefnurnar eða fundirnir ekki sérstaklega bundnar NATO.

[12:50]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðslur fyrir tannlæknaþjónustu, 67. mál, fsp. JóhS, þskj. 67.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 71. mál, fsp. MF, þskj. 71.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 72. mál, fsp. MF, þskj. 72.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 73. mál, fsp. MF, þskj. 73.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 74. mál, fsp. MF, þskj. 74.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 75. mál, fsp. MF, þskj. 75.

Réttarstaða erlendra kvenna, 70. mál, fsp. MF, þskj. 70.

[Fundarhlé. — 12:50]

[13:30]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér hafa farið fram umræður í morgun og nokkuð snörp orðaskipti. Í tilefni af því er ástæða til að nefna hvað varðar efnahagsforsendur sem hér var verið að deila um og vitna ég í Dagblaðið frá því í gær, með leyfi forseta, þar sem fram kemur í viðtali við þjóðhagsstofustjóra að Þjóðhagsstofnun hafi ekki verið látin vita af því að vinna stofnunarinnar yrði ekki lögð til grundvallar fjárlögum. Það kemur líka fram í Dagblaðinu í dag að ýmsir eru farnir að eiga við verðbólguspár, m.a. Þjóðhagsstofnun, Seðlabankinn, Landsbankinn – gjaldeyrismál, Kaupþing og Íslandsbanki og síðast en ekki síst fjmrn. núna. Og auðvitað er spá ráðuneytisins þeim að skapi því að þeir laga þetta í hendurnar á sér eins og það er.

Í umræðu um fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að fagráðherrar séu viðstaddir. Herra forseti. Þetta er í fimmta skipti sem ég geri athugasemd við það að fagráðherrar eru ekki viðstaddir umræðuna, 1. umr. fjárlaga. Ég hef sagt það áður að ég tel það að lágmarki vera skyldu fagráðherra að vera viðstaddir meðan frummælendur, talsmenn flokkanna flytja sína fyrstu ræðu. (**ÁRJ:** Við alla umræðuna.)

Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir að vera hér viðstaddur sem fagráðherra og þeim sem voru hér í morgun, en ég verð að segja, herra forseti, að það vantaði illa á að farið væri að tilmælum forseta eða forsætisnefndar um að ráðherrar séu viðstaddir umræðuna. Það sýnir lítilsvirðingu hæstv. ríkisstjórnar fyrir Alþingi.

Hægt er að benda á, virðulegur forseti, að meira að segja þegar stefnuræða forsrh. var á dagskrá fyrir tveimur kvöldum, þá var ráðherrabekkurinn auður eftir klukkutíma og meira að segja frummælandinn, hæstv. forsrh., farinn úr salnum klukkutíma eftir að hann lauk máli sínu. Ég tel að þetta sýni best hvaða álit hæstv. ríkisstjórn hefur á starfsemi þingsins. Þeir líta á hv. Alþingi sem afgreiðslustofnun og ekkert annað og þar eru mál knúin fram í krafti meiri hluta. Við þetta hef ég gert athugasemd og orð sem ég hef látið falla í þessa veru hafa verið á svipaðan máta undanfarin ár.

Ég þarf að gera athugasemd við annað, virðulegur forseti. Það er að aðeins talsmenn flokkanna megi fara í andsvör í fyrstu umferð. Það getur verið þannig, eins og gerðist hérna rétt áðan, að talsmaður Samfylkingarinnar varð að bregða sér frá og það þýddi að enginn mátti fara í andsvar af okkar hálfu við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson.

Virðulegur forseti. Alþingi hlýtur að gera kröfu til þess að stofnanir ríkisvaldsins séu samstilltar í þeim áætlunum og áformum sem eru lagðar fyrir þingið. — Ég tel sjálfsagt að geta þess að hæstv. menntmrh. hefur verið manna þaulsætnastur við umræður um fjárlög og kann ég honum bestu þakkir fyrir og get þess um leið og hann kemur í salinn núna.

Ég vil halda áfram með það sem ég byrjaði á, virðulegur forseti, að við hljótum að gera kröfu til þess að stofnanir ríkisvaldsins séu samstilltar í áætlunum og áformum sem eru lagðar fyrir þingið. Munurinn á þessu núna frá því sem verið hefur er að spá Þjóðhagsstofnunar og óskaspá fjmrn. greinir verulega á og það eru skiptar skoðanir, eins og hér hefur komið fram, um raunhæfnisspár þess síðarnefnda. En eins og ég fór yfir hér áðan og hæstv. fjmrh. hefur ugglaust heyrt er það orðið ljóst að þeir eru orðnir margir í þjóðfélaginu sem spá fyrir um þjóðarhaginn og auðvitað er það svo að spá fjmrn. er hæstv. fjmrh. mest að skapi. Það fer ekkert á milli mála.

En miðað við önnur frv. sem hér er verið að vinna við verð ég að segja að það fjárlagafrv. sem nú er til umræðu minnir mig á bíl sem er handmálaður. Bíll sem er handmálaður getur litið mjög þokkalega út í fjarlægð, sem sagt fjarskafallegur. Og það sló mig strax í upphafi að þetta fjárlagafrv. væri fjarskafallegt en við nánari skoðun sýnist mér að þetta sé ekki nærri því eins traust plagg og þau frumvörp sem við höfum verið að vinna með á undanförnum árum. Ég get ekki að því gert að þetta lítur svona út fyrir mér en það mun að sjálfsögðu koma í ljós, hv. þm. Sverrir Hermannsson, við yfirferð yfir þetta frv. hvort ég fer með rétt eða rangt mál. Það er vita vonlaust að menn geti á einum og hálfum degi farið yfir frv. svo að það teljist sterk yfirferð, ekki síst þegar heilan pakka vantar, sem reyndar barst á borð þingmanna núna í hádeginu. Það vantar heilan pakka til þess að menn geti áttað sig á forsendunum. Það kom fram í fréttum í gær að stóra hluti vantar inn í frv. Það eru um það bil 3 milljarðar sem þessi skattapakki hefur áhrif á fjárlagafrv. vegna ársins 2002. (Gripið fram í.) 2002 stendur hér, hæstv. fjmrh., og, með leyfi forseta, er alveg sjálfsagt að lesa það upp. Á síðustu blaðsíðu er umsögn fjmrn., fjárlagaskrifstofu, vegna ársins 2002, niðurstöðutalan: Nettóáhrif skattalækkana 2002 mínus 3 milljarðar. Það getur vel verið að þetta eigi að vera eitthvað annað, en þetta stendur hér. (**Fjmrh.:** Komið inn í frv.)

Upphafsorð frv., með leyfi forseta, eru þessi:

„Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2002 endurspeglar að mörgu leyti breytta stöðu efnahagsmála. Eftir kröftuga efnahagsuppsveiflu síðustu ár hefur hagkerfið færst nær jafnvægi á nýjan leik.“

Herra forseti. Hvert er það jafnvægi? Er það jafnvægi þegar okkur er kynnt árangurslaust fjárnám á fjórða hundrað talsins hjá fyrirtækjum og einstaklingum? Er það jafnvægi? Hvað er árangurslaust fjárnám? spyr einhver. Árangurslaust fjárnám er þegar kröfuhafar leggja ekki í að láta fara fram nauðungaruppboð vegna þess að þá þurfa þeir að reiða fram 150 þús. kr. og ef þeir gera slíka kröfu eru þeir fjármunir tapaðir, ef ekki eru eignir til staðar fyrir þeim upphæðum.

Þeir sem fylgjast með vita að ástandið hefur verið að versna. Ekki þarf annað en að líta á síður dagblaðanna til að sjá að nauðungaruppboð eru auglýst í hundraðavís.

Bara í Dagblaðinu í dag eru 50 auglýsingar um nauðungaruppboð og ég tel að ástæða sé fyrir því og spyr hæstv. fjmrh. hvort hann ætli að gera eða hafi gert ráðstafanir til þess að fara yfir það sem heitir kennitölubreytingar hjá fyrirtækjum. Svo virðist sem menn geti hafið rekstur hver á fætur öðrum ... (Forseti hringir). Virðulegur forseti. Ég má til með að gera athugasemd. Ég tel að það séu ekki komnar tíu mínútur til ræðu.

(**Forseti** (HBl)**:** Það þýðir nú ekki að deila við dómarann, hv. þm.)

Ég er hræddur um að það sé einhver vitleysa í þessu, en ég mun halda áfram máli mínu þegar fram líða stundir og ég á þá tíu mínútur eftir til að fylgja þessu eftir, en kennitölubreytingarnar bið ég hæstv. fjmrh. að athuga.

[13:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna ummæla hv. þm. er nauðsynlegt að taka fram að sá háttur er hafður á við þessa umræðu að talsmönnum flokka er gefinn kostur á því að taka til máls í upphafi án þess að andsvör séu veitt nema talsmenn flokkanna kjósi að veita þau. Þetta er gert til að hraða umræðunni til þess að tryggja það að sjónarmið einstakra flokka geti komið fram strax fyrir hádegi þannig að flokkarnir standi að því leyti nokkuð jafnir.

[13:41]

Útbýting þingskjala:

Greiðslur úr ábyrgðarsjóði launa, 68. mál, fsp. JóhS, þskj. 68.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 77. mál, fsp. MF, þskj. 77.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 78. mál, fsp. MF, þskj. 78.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 80. mál, fsp. MF, þskj. 80.

Staða jafnréttismála í utanríkisþjónustunni, 79. mál, fsp. MF, þskj. 79.

Styrkveitingar til atvinnuuppbyggingar, 81. mál, fsp. MF, þskj. 81.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 114. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 114.

[13:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Okkur er skammtaður nokkuð naumur tími og því gefst ekki tækifæri til að fara ítarlega í málin.

Ég vil byrja á að segja að framsetningin á fjárlagafrv. er með ágætum, skilmerkilega sett fram. Ég sakna þess að ekki skuli farið ítarlegar í skuldastöðu ríkis og sveitarfélaga og reyndar þjóðarinnar í heild sinni eins og gert hefur verið á skilmerkilegri hátt í fyrri fjárlagafrv. Mér finnst það hins vegar ekki vera undrunarefni í ljósi þess hvert stefnir í þeim efnum, í ljósi þess hvert stefnir varðandi skuldastöðu íslensku þjóðarinnar.

Fram til þessa hefur ríkisstjórnin gumað af árangri sínum í að færa niður skuldir ríkisins og það er rétt að árangur er þar talsverður. Ef við berum saman skuldastöðu ríkissjóðs frá því um miðjan 10. áratuginn við það sem nú er, þá hafa skuldir ríkisins verið færðar verulega niður. Um miðjan áratuginn eða árið 1995 námu skuldir ríkissjóðs 51,5% af vergri landsframleiðslu en samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að þær verði komnar niður í 39,2% á þessu ári og enn lægri á því næsta. Skuldir ríkissjóðs risu mjög hátt um miðjan áratuginn. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru þær lægri árið 1990 og námu þá 32,4%.

Það hefur verið áhyggjuefni að á sama tíma og ríkið hefur fært niður skuldir sínar hafa skuldir sveitarfélaganna vaxið. Þannig námu skuldir sveitarfélaganna árið 1990 4,3% af vergri landsframleiðslu en eru samkvæmt áætlunum 7,1% á þessu ári. Skuldir hins opinbera, ef við berum þær saman í upphafi 10. áratugar og nú á árinu 2001, hafa vaxið verulega eða úr 36,5% í 46,3%. Þessar skuldir eða þessar hlutfallstölur eru síðan ívið lægri ef skoðaðar eru nettóskuldir hins opinbera. Þær námu 19,1% árið 1990 en eru 27,5% af vergri landsframleiðslu árið 2001.

En lítum nú á skuldir heimilanna og lítum á skuldir fyrirtækjanna í landinu því að þar hefur orðið geigvænlegur vöxtur. Skuldir heimilanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu árið 1990 námu 46,3% en eru samkvæmt áætluðum tölum Þjóðhagsstofnunar 90,9% árið 2001. Og skuldir fyrirtækjanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru 71,6% árið 1990 en eru samkvæmt áætlunum Þjóðhagsstofnunar 140,9% árið 2001.

Hvað er verg landsframleiðsla? Hún mælir umfang efnahagsstarfseminnar og stendur nú í 742 milljörðum kr. Hvað eru skuldir fyrirtækjanna háar þegar við þýðum þessar hlutfallstölur yfir í beinharða peninga? Við erum að tala um yfir 1.000 milljarða kr. Við erum að tala um það, og það hlýtur að verða okkur öllum til umhugsunar, að skuldir þjóðarinnar eru nú orðnar 259% af vergri landsframleiðslu og hafa ekki verið hærri. Ég hef sett þessar tölur upp í stöplarit sem sýnir með hvaða hætti skuldir íslensku þjóðarinnar hafa vaxið á síðustu árum og útkoman er geigvænleg. Hún er mjög alvarleg. Sú staða sem við búum við nú er mjög alvarleg en þær tölur sem hér er um að tefla eru hærri en við erum vön að nefna í umræðu um efnahagsmál.

Áætlaðar skuldir heimilanna á þessu ári eru 675 milljarðar kr. en heildarskuldir þjóðarinnar nema nú 1.925 milljörðum kr. Ég furða mig á því að í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar skuli ekki vera vikið að þessu. Hér er fylgirit sem kemur með fjárlagafrv. sem heitir Stefna og horfur. Hvers vegna í ósköpunum er ekki farið yfir þessar stærðir? Þykir mönnum ekki skipta máli að taka þessa geigvænlegu stöðu til umræðu á Alþingi þegar skuldir íslensku þjóðarinnar eru 259% af vergri landsframleiðslu? Við erum að tala um 2.000 milljarða kr. Það er ekki að undra að þær kröfur rísi hjá atvinnulífinu og heimilunum í landinu að vextir verði lækkaðir. Við stefnum öllu fjármálakerfi og þar með efnahagslífi þjóðarinnar í voða verði ekki stigið gætilega til jarðar. Maður furðar sig á því að ríkisstjórnin skuli ekki leggja meira kapp á að fá þessu framgengt fremur en að grípa til þeirra skattkerfisbreytinga sem nú hafa verið boðaðar.

Að sönnu hefur þó ríkisstjórnin lagt á það áherslu, hún verður að njóta sannmælis að því leyti, að vextir verði færðir niður. En ég velti því mikið fyrir mér hvort þær efnahagsaðgerðir sem nú hafa verið boðaðar séu hyggilegar við þessar aðstæður. Fyrirtæki sem búa við þessa geigvænlegu skuldastöðu borga oft og tíðum tugi milljóna í vexti og afborganir af lánum. Þessi fyrirtæki eru ekki að skila hagnaði. Það eru hins vegar til fyrirtæki í landinu sem hafa hagnast vel og það er til þeirra sem ríkisstjórnin horfir með skattkerfisbreytingum sínum.

Ég velti því líka fyrir mér hvaða afleiðingar það kemur til með að hafa þegar ríkisstjórnin lækkar skatta með þessum hætti. Við skulum ekki gleyma því hvar borið er niður. Það

er ekki verið að breyta skattleysismörkunum, sem ekki hafa fylgt launaþróun í seinni tíð. Þegar til langs tíma er litið þá hafa skattleysismörkin ekki fylgt launaþróun. Það er ekki verið að létta skattbyrði af tekjulægsta fólkinu í landinu, ekki af öryrkjum eða láglaunafólki. Það er fyrst og fremst verið að þjóna fyrirtækjum sem sýna verulegan hagnað. Mér finnst athyglisvert að bera saman tvenns konar stærðir í þessu tilliti. Annars vegar er hægt að bera saman umfang velferðarþjónustunnar á Íslandi við það sem gerist hjá grannþjóðum okkar á Norðurlöndum og innan OECD. Þar stöndum við lakar að vígi. Við verjum hlutfallslega minna fjármagni til velferðarþjónustu en Norðurlandaþjóðirnar gera, svo að dæmi sé tekið. Sé síðan litið á skattheimtuna þá er hún minni á Íslandi, ekki að undra vegna þess að við verjum minna fé til þessarar starfsemi. Það er minni skattheimta á Íslandi en gerist á Norðurlöndunum og minni skattheimta en gerist að meðaltali innan OECD. Tekjuskattar einstaklinga á Íslandi nema 11,9% af vergri landsframleiðslu. Á Norðurlöndunum er þessi tala 17,5%. Í Evrópuríkjum OECD er hún reyndar ívið lægri, 10,2% og er 10,8% hjá ESB.

Fyrirtækjaskattar á Íslandi eru talsvert lægri en gerist bæði á Norðurlöndum og innan OECD, eða 1,2% hér á móti 3,5% af vergri landsframleiðslu á Norðurlöndum og 3,2% í Evrópuríkjum OECD. (Forseti hringir.)

Ég hef að sjálfsögðu hvergi nærri lokið máli mínu en tími minn er á þrotum. Ég leyfi mér hér með að biðja um orðið að nýju.

[13:52]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 27. mál, frv. MF o.fl., þskj. 27.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 25. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 25.

[13:52]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til fjárlaga fyrir árið 2002, stefnu og horfur í fjármálum ríkisins. Það var raunar ótrúlegt að heyra ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar fyrr í morgun og þau gífuryrði sem hann lét þar falla. Það er athyglisvert að þrátt fyrir merki um samdrátt í efnahagslífinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður skili myndarlegum afgangi og að áfram verði haldið á þeirri braut að greiða niður skuldir.

Aðhaldssöm stefna hefur skilað því að skuldir hafa lækkað verulega. Það sýnir sig í því að hreinar skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu hafi lækkað úr 34% árið 1995 í 22% samkvæmt áætlun ársins í ár og geta farið niður í 14% í lok næsta árs. Þetta eru allt aðrar tölur en hv. þm. Ögmundur Jónasson setti fram áðan. Það er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur verði 18,6 milljarðar kr. sem er 2,5% af landsframleiðslu. Það kemur glöggt fram að staða ríkissjóðs er traust og að aðhaldssamri stefnu er fylgt.

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er og hefur verið að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika. Það eru því veigamikil rök fyrir skattalækkunum jafnt á fyrirtæki og einstaklinga og nú hefur ríkisstjórnin ákveðið umfangsmiklar breytingar á skattamálum þeirra. Það eru bestu fréttirnar sem við höfum fengið lengi.

Þegar ríkisstjórnin lækkaði skatta á fyrirtæki úr 50% í 30% á sínum tíma kom í ljós að sú lækkun skilaði meiri tekjum í ríkissjóð en áður höfðu komið inn, þvert á það sem ýmsir töldu. Nú er komin fram tillaga um verulega lækkun tekjuskatts fyrirtækja sem formaður Vinstri grænna ræddi svo ósmekklega um sem gróðafyrirtæki í fyrrakvöld. Það er engin skömm að því að vilja græða og mikið er betra að fyrirtæki skili hagnaði heldur en tapi í rekstri.

Eignarskattur, sem er óréttlátur skattur, verður lækkaður. Ég tel það mikla kjarabót fyrir eldri borgara sem flestir búa í eigin húsnæði. Þá er boðuð lækkun á stimpilgjaldi og hækkun á viðmiðunarmarki um 20% í sérstökum tekjuskatti einstaklinga. Auk þess er rætt um afnám verðbólgureikningsskila og að fyrirtækjum verði gert kleift að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt. Allt er þetta gert til að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, gera íslenskt skattaumhverfi hagstætt í alþjóðlegum samanburði og skapa þannig í senn forsendur fyrir því að erlend fyrirtæki flytji starfsemi sína til Íslands og draga úr líkum á því að íslensk fyrirtæki færi starfsemi sína af úr landi af skattalegum ástæðum.

Á miðju yfirstandandi ári tóku gildi verulegar breytingar á bótum almannatrygginga til að tryggja hag þeirra sem talið var að hefðu minnstar tekjur. Þá hækkuðu bætur í upphafi ársins við að nýr tekjutryggingarauki var tekinn upp. Áætlað er að breytingar á bótum almannatrygginga kosti um 1.600 millj. kr. árlega og skýrir það hækkun á fjárlögum umfram verðlagsforsendur. Útgjöld fæðingarorlofssjóðs hækka einnig nokkuð eða um 2 milljarða þar sem um fyrsta heila rekstrarár sjóðsins verður að ræða á næsta ári. Við bætist einn mánuður í fæðingarorlofi feðra.

Um næstu áramót kemur til framkvæmda annar áfangi af þremur í hækkun barnabóta. Það er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar á síðasta ári. Í því fólst að barnabætur hækka um meira en þriðjung á árunum 2001–2003 eða sem nemur 2 milljörðum kr. Megininntak breytinganna er að ótekjutengdar barnabætur eru teknar upp að nýju. Dregið er úr skerðingu bótanna vegna tekna og skerðing vegna eigna er felld niður. Þessar breytingar leiða til verulegrar hækkunar á ráðstöfunartekjum alls barnafólks en hinir tekjulægri bera þó mest úr býtum sem er mikilvægast í þessum breytingum.

Eins og fram kom í stefnuræðu forsrh. hefur mikill kraftur verið í þeim atvinnugreinum sem sækja drifkraft sinn í rannsóknir og þróun. Árangurinn hefur skilað sér í fjölmörgum nýjum fyrirtækjum, endurnýjun og vexti eldri fyrirtækja og fjölgun starfa á sviði hátæknigreina. Þetta er áberandi í hugbúnaðargerð, lækninga- og stoðtækjaframleiðslu, lyfjaþróun, líftækni, erfðavísindum og fleiri greinum.

Herra forseti. Í þjóðhagsáætlun kemur fram að frá árinu 1990 hafi erlendum ferðamönnum fjölgað um 7,1% á ári að meðaltali. Heildartekjur af erlendum ferðamönnum á síðasta ári voru 30,5 milljarðar kr. Árásir hryðjuverkamanna á Bandaríkin munu vafalítið hafa umtalsverð áhrif á ferðaþjónustu og flugsamgöngur hér á landi.

Flest bendir til að töluvert muni draga úr spennu á vinnumarkaði þegar á næsta ári. Þannig má gera ráð fyrir að heldur dragi úr innflutningi fólks til landsins. Það er mjög mikilvægt að hér á landi haldi áfram að ríkja sú bjartsýni sem einkennt hefur þjóðina, enda hefur íslensk þjóð aldrei haft það eins gott og undangengin tíu ár.

Stjórnarflokkarnir leggja mikla áherslu á að virkjanaáform nái fram að ganga, byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði. Norðurál hefur jafnframt áhuga á stækkun og þá hefur Ísal hafið athugun á þeim möguleika að stækka álver félagsins í Straumsvík.

Herra forseti. Ég tel að þetta fjárlagafrv. sé gott frv.

[13:59]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Mönnum hefur að gefnu tilefni orðið nokkuð tíðrætt um forsendur fjárlagafrv. Það liggur ljóst fyrir að nú er fjárlagafrv. í fyrsta skipti lagt fram án þess að stuðst sé algerlega við forsendur Þjóðhagsstofnunar. Það veldur að sjálfsögðu því að við sem störfum í fjárln. hljótum að gera kröfu um að nefndin fái einnig í heimsókn til sín fleiri stofnanir sem fjallað hafa um þessar forsendur. Það er t.d. óhjákvæmilegt að við köllum til fulltrúa Þjóðhagsstofnunar og fáum álit þeirra á þeim tölum sem fjárlagafrv. byggir á.

Það er einnig athyglisvert að þegar okkur var kynnt fjárlagafrv. var í engu minnst á að hér væri stigið skref til hliðar miðað við fyrri hefðir við gerð fjárlagafrv. Því miður, herra forseti, veldur þetta því að ótrúverðugleiki blasir við verðandi gerð frv.

Það er hins vegar ljóst eins og fram hefur komið hjá hv. fjmrh. að munurinn á spá Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. er ekki slíkur að mikið beri í milli og hægt að segja í raun að það sé að flestu leyti innan skekkjumarka. Hér hefur þó verið bent á nokkur atriði sem valda undrun. Hæstv. fjmrh. hefur bent á að í raun sé spá Þjóðhagsstofnunar nýrri en spá fjmrn. og skulum við því ætla að það sé meira mark á henni takandi en þeirri eldri því venja er jú sú að nýrri áætlanir séu vonandi réttari en þær eldri.

Hæstv. fjmrh. nefndi að þann 4. september hefði spá Þjóðhagsstofnunar verið 1% hagvöxtur fyrir árið 2002, en þann 14. september hefði verið spáð samdrætti upp á 0,3%. Hér er því tíu daga munur og breytingin nokkur, en þó þannig að fjmrn. virðist hafa valið það að fara eftir fyrri tölunni vegna þess, eins og mátti skilja á hæstv. fjmrh., að þá hafi verið lokað talnabunka frv.

Því er eðlilegt, herra forseti, að spurt sé hvernig standi á því að þetta er nú í fyrsta skipti sem ekki er farið eftir forsendum þjóðhagsspár. Er þetta í fyrsta skipti sem tölur frá Þjóðhagsstofnun koma seinna en lokað er tölum eða er einhver önnur ástæða fyrir því að ekki er eftir þessu farið?

Það er athyglisvert í þessu samhengi að bera saman að fjárlagafrv. er kynnt á mánudegi þegar þing er sett. Á þriðjudegi fer fram umræða um stefnuræðu forsrh. og í hvorugt þessara skipta er fjallað t.d. um þær skattalækkunartillögur sem síðan voru kynntar á miðvikudegi. Nú er fimmtudagur og má því segja að það hafi verið tíðindi hvern einasta dag þessarar viku. Það er einnig athyglisvert varðandi þessa skattalækkanir að á mánudeginum er sagt frá því að hátekjuskattmörkum verði breytt, þ.e. að í frv. sé gert ráð fyrir 600 millj. til þess að mæta þeirri breytingu.

Nú þegar er ljóst, miðað við þær tillögur sem kynntar voru í gær, að breyting hefur orðið á fjárlagafrv. vegna þess að ekki er gert ráð fyrir hinum ágætu tillögum um skattleysi húsaleigubóta sem nú er búið að kynna nokkrum dögum eftir að fjárlagafrv. kemur fram. Því er eðlilegt að spurt sé: Eru fleiri breytingar í vændum eða má búast við því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson standi við það sem hann boðaði hér, þ.e. að hann mundi á öllum vígstöðvum berjast gegn því að nokkrar hækkanir kæmust í gegn miðað við það frv. sem hér liggur fyrir?

Herra forseti. Þó er eins og mig minni að ég hafi einhvern tímann áður heyrt eitthvað þessu líkt. En því miður, herra forseti, hefur hv. þm. þurft að standa að fjölda tillagna í þveröfuga átt við það sem hann hefur oft boðað í 1. umr. Við skulum vona, herra forseti, vegna hv. þm. að svo verði ekki í þetta sinn. Hægt er að taka undir það með honum að það er gífurlega mikilvægt að menn geti haft stjórn á útgjöldum ríkisins. Það er auðvitað eitt af meginverkefnunum. Og það er líka rétt að taka undir með hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, formanni fjárln., sem boðaði aukið aðhald nefndarinnar gagnvart því að stofnanir stæðu við fjárlög. Þetta hefur að vísu allt saman verið sagt áður. En við skulum vona að breyttir tímar séu fram undan og við þetta verði staðið.

Herra forseti. Í framhaldi af því sem ég sagði hér áðan bendir því miður ýmislegt til þess, þegar meira að segja áður en umræðan um fjárlögin á sér stað hefur ríkisstjórnin sjálf boðað breytingar á fjárlögnum, og þar af leiðandi hlýt ég að draga þá ályktun, að búast megi við því að breytingar verði gífurlegar á þeim vikum og mánuðum sem fram undan eru. Við skulum vona svo sannarlega að þær breytingar verði allar í jákvæða átt en ekki neikvæða.

En því miður bendir ýmislegt í forsendum fjárlagafrv. til þess að hættur séu fram undan. Áður hefur verið bent á hina gífurlegu erlendu skuldasöfnun sem átt hefur sér stað. Ljóst er að sú mikla skuldasöfnun veldur því að það er miklum mun erfiðara og gengur hægar að draga úr viðskiptahallanum vegna þess að stöðugt hækkar hlutfall þeirra þátta sem eru háðir hinum erlendum lántökum og stefnir í það nú að hluti af viðskiptahallanum á næsta ári verði bundinn að þessu leytinu til að 80%. Það segir okkur að sjálfsögðu að það verður mun erfiðara að ná viðskiptahallanum niður og það mun ganga miklum mun hægar en við höfum talið eðlilegt. Þar að auki bendir ýmislegt til þess, eins og nefnt var hér fyrr í morgun, að það geti reynst erfiðara fyrir þá styrkingu á genginu sem vonast er til í fjárlagafrv., og að ýmislegt bendi til þess, því miður segi ég, að hún náist ekki fram. En auðvitað reynum við að vera bjartsýn eins og hæstv. fjmrh. er við framlagningu síns fjárlagafrv.

Þetta mun að sjálfsögðu ráða ákaflega miklu um það hvernig til tekst að eiga við vandann, lækka þennan viðskiptahalla, sem er nú ein höfuðorsök þess vanda sem við stöndum nú frammi fyrir, þ.e. gengislækkunarinnar og hinnar auknu verðbólgu. Þetta ræður að sjálfsögðu miklu um það hvernig til tekst við að eiga við vandann. En enn á ný endurtek ég að við að sjálfsögðu reynum að vera sem bjartsýnust í þessum efnum.

Það er eitt atriði sem enn veldur áhyggjum í forsendum fjárlagafrv. og minnir okkur á að fjmrn. á ekki aðeins í ákveðnum deilum við Þjóðhagsstofnun, heldur hefur fjmrn. líka, ásamt að vísu miklum mun fleirum, átt í ákveðnum deilum við Seðlabankann. Því miður hef ég ekki rekið augun í að í fjárlagafrv. sé neitt sérstakt sem bendir til þess að það auðveldi Seðlabankanum að lækka vexti eins og allir hafa verið að vonast eftir. Því er nauðsynlegt, herra forseti, að spyrja hæstv. fjmrh. hvort eitthvað hafi farið fram hjá mér í þeim efnum, hvort eitthvað í forsendunum eða í frv. sjálfu hafi þau áhrif að það auki líkur á því að Seðlabankinn lækki vexti.

Mér sýnist hægt að segja að frv. sé í þessu tilfelli hlutlaust. En vera má að eitthvað hafi farið fram hjá mér því eins og áður hefur verið á bent er býsna flókið að finna í þeim pappírum sem við höfum fengið allar þær forsendur sem fjárlagafrv. byggir á því öðruvísi er nú staðið að verki en áður hefur verið.

Herra forseti. Hv. þingmenn hafa áður bent á að sá ræðutími sem okkur er skammtaður hér er býsna naumur og því er eðlilegt að ýmislegt verði eftir að liggja til seinni ræðu. Þó

er nauðsynlegt að skoða nokkur atriði í framhaldi af því að boðað er aukið aðhald og það er að hin svokallaða tveggja prósenta regla var sett á aðhaldsaðgerðir. Það er nauðsynlegt að skoða þetta og fá heildaryfirlit yfir þessar aðhaldsaðgerðir. Það verður að sjálfsögðu óskað eftir því í fjárln. að við fáum gaumgæfilegt yfirlit yfir það frá öllum ráðuneytum hvernig að þessu er staðið.

Herra forseti. Ég vil rétt svona í lok ræðu minnar nefna nokkur dæmi. Ég mun byrja á menntmrn. Aldrei þessu vant er hæstv. menntmrh. ekki viðstaddur, en hann hefur verið eins og fram hefur komið, ráðherra þaulsætnastur við fjárlagaumræðu.

Menntmrn. tekur að sjálfsögðu þátt í þessum aðhaldsaðgerðum eins og önnur ráðuneyti. Í frv. stendur á bls. 321, með leyfi forseta:

„Til þess að mæta sparnaðarmarkmiði ríkisstjórnarinnar lækkar framlag til að mæta nemendafjölgun og óvissum útgjöldum framhaldsskólanna um 82 millj. kr., framlag til framkvæmdar nýrrar skólastefnu lækkar um 30 millj. kr., framlag til ýmissa nýjunga í skólastarfi lækkar um 15 millj. kr. og að lokum lækkar framlag til símenntunarmiðstöðva um 10 millj. kr."

Herra forseti. Það er eðlilegt að spurt sé: Er hér menntastefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn? Er þetta forgangsröðun í menntamálum þjóðarinnar, þ.e. að skera niður þessa þætti?

Síðan til viðbótar eru hækkuð gjöld á nemendur, um 40% innritunargjöld í háskóla og um rúmlega 40% og upp í 100% á nemendur í framhaldsskólum. Er það forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í menntamálum að ráðast á þetta sem við höfum nú flest talið, trúi ég, að frekar hefði þurft að gera á annan hátt. Það hefði mátt forgangsraða á annan hátt í fjármálum ríkisins, með því að sjálfsögðu m.a. að bæta og styrkja menntakerfið í landinu.

[14:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék að því deiluefni sem uppi hefur verið hér og kom upp snemma í morgun um forsendur frv. með tilliti til þjóðhagsáætlunar. Ég verð að segja að hann gerði það öllu málefnalegar en flokksformaður hans, sem fór hér mikinn eins og kunnugt er. En hv. síðasti ræðumaður gerði þetta af prúðmennsku og málefnalega. Hann sagði reyndar að niðurstaðan úr þessu væri sú, sem ég hef auðvitað sagt, að þetta skiptir ekki máli tekjulega fyrir ríkissjóð. Ef eitthvað er þá hallar á ríkissjóð í forsendum fjmrn.

Hann spurði líka: Er þetta í fyrsta skipti sem einhverju munar á forsendum ráðuneytisins og þjóðhagsáætlun? Er þetta einsdæmi? Nei, þetta er ekki einsdæmi. Þetta er eiginlega eins dæmi og t.d. í fyrra þegar munur var á verðbólguforsendu þjóðhagsáætlunar og fjmrn. Með öðrum orðum, þess finnast dæmi að ekki hafi verið nákvæmlega sömu tölur og sömu forsendur. Þó byggir þetta á sömu grunnupplýsingunum. Skatttekjurnar sem við notum eru sömu skatttekjurnar og Þjóðhagsstofnun notar þegar hún er að gera sína þjóðhagsáætlun. Það getur verið að einhver tímatöf eða eitthvað slíkt sé í því. En í grunninn eru þetta sömu reiknilíkönin.

En gáum að því, hvað sem þessu líður, að áður en þetta frv. verður afgreitt þá kemur ný spá. Í desember verður þetta allt reiknað upp á nýtt í ljósi þeirra forsendna sem þá liggja fyrir. Það er eðlilegt að nota, eins og þingmaðurinn sagði, jafnan það sem nýjast er. Það er ekki hægt að taka inn nýtt þegar búið er að loka talnagrunninum. En í desember þegar við klárum þetta mál þá erum við væntanlega komin með nýjar og betri upplýsingar.

[14:12]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var að vísu ekki alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að ég hefði tekið undir það sem hann sagði, að það hallaði á varðandi tekjur ríkissjóðs eftir því við hvað væri miðað. Ég tók ... (**Fjmrh.:** Það er þannig.) Já, ég tek ekki afstöðu til þess fyrr en ég hef fengið nákvæmar upplýsingar um það og get farið yfir útreikninga þar af leiðandi. Ég sagði að flest benti til þess að munurinn væri innan skekkjumarka og gerði raunverulega ekki upp á milli þess í hvora áttina það væri.

Það er hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að þessar spár, þessi vísindi eru því miður komin svo stutt á leið að ótrúlegar skekkjur virðast koma upp. Hæstv. fjmrh. nefndi einmitt dæmi um hvernig það hefði verið gagnvart árinu 2000 í ræðu sinni í morgun.

Ég hef einmitt sjálfur gert töluverðar athugasemdir við það í fyrri fjárlagaumræðum hversu óáreiðanlegar þessar spár eru. Það hefur því miður komið aftur og aftur í ljós að býsna erfitt er að byggja á þessu. Þess vegna veldur það ákveðnum ótrúverðugleika þegar verið er að rokka með þetta svona fram og til baka og að það skuli ekki liggja fyrir alveg kvitt og klárt hvernig að þessu er staðið. Það verður að segjast alveg eins og er að því miður er framlagningin á forsendum fjárlagafrv. þannig að þær eru ekki jafnljósar og þær hafa verið oft áður. Að vísu hafa fulltrúar úr fjmrn. komið á fund fjárln. og látið okkur hafa töflur sem skýra þetta nokkuð.

Ég verð að segja, herra forseti, að lokum að það væri brýnt ef hæstv. fjmrh. gæti gefið okkur loforð um að framvegis verði forsendurnar miklum mun skýrari þannig að ekki þurfi að koma til slíkra deilna eins og því miður var óhjákvæmilegt í tengslum við framlagningu þessa fjárlagafrv.

[14:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að gera allt sem hægt er til þess að allar upplýsingar liggi skýrt og greinilega fyrir og séu gagnsæjar og öllum aðgengilegar. Út á það gengur nútímastjórnsýsla og starfshættir í Stjórnarráðinu, Alþingi og víðar. Í grunninn er prinsippið að menn eigi að hafa sömu upplýsingarnar til að vinna út frá, þ.e. móta stefnu sína eða taka afstöðu til hlutanna. Við reynum að gera okkar í því efni og ég veit að ekki stendur á þingnefndinni að gera það heldur.

Hins vegar er það svo og það mun hv. þm. væntanlega sjá þegar þetta verður betur rakið í þingnefndinni að ef eitthvað er tapar ríkissjóður 300–400 millj. á því að fara eftir eigin áætlunum en ekki Þjóðhagsstofnunar. Eftir stendur sú ásökun sem hefur ekki verið dregin til baka að ég hafi gert mig sekan um falsanir á tekjutölum ríkissjóðs og þar að auki lögbrot. Ég segi nú: Er þetta ekki of mikið af því góða? Mér sýnist a.m.k. einn þingmaður í salnum sammála því.

[14:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór hér áðan með rangt mál. Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni um fjárlögin að það væri ákaflega brýnt að ekki kæmi til frekari hækkunar á rekstrarútgjöldum ríkisins. Ég fór með þá herhvöt að nú þyrftum við helst, ef Alþingi ætlaði virkilega að

styðja íslenskt efnahagslíf, að lækka fremur rekstrarkostnað ríkisins en að hækka hann. Ég hef aldrei nokkurn tímann komið með þá herhvöt áður. En hv. þm. minntist þess að ég hefði oft sagt þetta áður. Það eru mikil og mjög alvarleg minnisglöp. Hann getur flett upp í fjárlögunum undanfarin ár, aftur á bak og áfram. Þetta hef ég aldrei sagt fyrr en núna og ég minnist þess ekki heldur að nokkur annar þingmaður hafi sagt þetta. Þannig að minni hans er mjög götótt.

Ég fór með þessa herhvöt núna vegna þess að hjá þjóðfélagi þar sem hagvöxtur er jafnlítill og hjá okkur Íslendingum þá er gríðarleg þörf á að halda niðri rekstrarkostnaði hjá hinu opinbera. Og aldrei meira en núna. Okkur liggur lífið við að ná hagvextinum upp. Þess vegna tók ég svona sterkt til orða, miklu sterkar en ég hef nokkurn tíma gert áður. Ég ætla að vona að þingmaðurinn átti sig á því að þetta var einstakt, enda ekki verið tilefnið til slíks á undanförnum árum.

[14:17]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið gleðiefni fyrir mig að geta sagt hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að ég viðurkenni fúslega að væntanlega hafi ég ekki verið nógu nákvæmur í orðavali. Undir lok ræðu hv. þm. kom hins vegar í ljós, nákvæmlega það sem ég átti við, að hann hefur sagt ýmislegt í líkingu við þetta. En eins og hv. þm. sagði hefur hann aldrei áður kveðið jafnsterkt að orði. Það má vel vera að ég hafi á árum áður lagt of þunga merkingu í sum orð hv. þm. en hann sagði að hann hefði oft talað í líkingu við þetta en aldrei jafnsterkt sem nú. Ég skal fúslega, herra forseti, viðurkenna það að ég hef ekki heyrt hv. þm. leggja jafnþung orð í þessa átt og nú. Hins vegar hefur andinn í ræðum hv. þm. jafnan verið mjög á þessa leið. Mér er það því gleðiefni að geta sagt það við hv. þm. enn einu sinni að hann hefur aldrei áður kveðið jafnsterkt að orði í þessum efnum.

Ég endurtek það sem ég sagði áður: Ég vona að hv. þm. geti staðið við þessi stóru og miklu orð því að ég er sammála hv. þm. í því að afar brýnt sé, í störfum nefndarinnar, að koma í veg fyrir að menn missi algerlega stjórn á útgjöldum ríkissjóðs. Það er auðvitað eitt af hlutverkum okkar að standa vörð um að sem allra best sé farið með almannafé.

[14:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að minni hv. þm. er aðeins að skýrast. Það er nefnilega nauðsynlegt að minna á það við fjárlagaumræðuna að útgjöld ríkisins verða til vegna þess sem er samþykkt á Alþingi. Hér á Alþingi stöndum við allan þingtímann og leggjum fram tillögur, flestar frá stjórnarandstöðunni, um að auka þetta, efla annað, fækka, stækka, breikka og betrumbæta. Það er þetta sem veldur útgjöldum ríkisins.

Það væri mjög gott ef hv. þm. færi nú í gegnum það sér og öðrum til gamans og fróðleiks að athuga hvað það er sem stjórnarandstaðan leggur til svona hér um bil á hverju ári af nýjum útgjöldum. Það er hollt að minnast þess núna þegar allir vilja taka undir hið rétta, að nauðsynlegt sé að halda útgjöldum ríkisins niðri. Þetta er alvörumál, mikið alvörumál. Við þurfum að lækka ríkisútgjöldin. Við þurfum helst að fækka ríkisstarfsmönnum. Það er mjög nauðsynlegt.

Ég minnist þess frá efnahagsumræðunni árið 1967 að þá var hinn ágæti rithöfundur, Ásgeir heitinn Jakobsson, í deilum við þáverandi efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar. Ég man eftir því að hann skrifaði og sagði: „Þegar hart er í ári hjá bóndanum þá fjölgar hann ekki þjónustustúlkunum í stássstofunni." Best að menn minnist þessa á þessu ári.

[14:21]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við þurfum út af fyrir sig ekkert að deila um það hvor hafi betra minni, ég eða hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hins vegar er ljóst að eitthvað er götótt minnið hjá hv. þm. vegna þess að ef hann fer yfir umræður og tillögur sem lagðar hafa verið fram við fjárlagaafgreiðslu síðustu tveggja ára þá hefur það ætíð verið svo að fulltrúar Samfylkingarinnar hafa lagt til ýmsar breytingar í útgjöldum og á stundum aukin útgjöld en ætíð með tillögum um meiri tekjur á móti. Í tillögum okkar hefur ætíð verið gengið út frá því að meiri afgangur fengist af í ríkissjóð en tillögur ríkisstjórnarflokkanna hafa gengið út frá. Minni okkar beggja er þá með einhverjum örlitlum götum. Hins vegar er það svo að svona hafa málin alltaf verið og þau orð sem hv. þm. lét falla hér í aðra átt eru hreinn og klár uppspuni.

Það er einnig athyglisvert sem hv. þm. segir varðandi það að skera niður rekstrarkostnað. Hv. þm. tók svo til orða að þessi 2% væru í raun allt of lítið. Það er ýmislegt sem bendir til þess að sums staðar sé undarlega að þessu staðið. Þess vegna fór ég fram á það áðan í ræðu minni að við fengjum nákvæmt yfirlit yfir það hvernig að þessu væri staðið.

Ég vil, herra forseti, aðeins nefna eitt lítið dæmi vegna þess að tími minn leyfir ekki meira. En í kaflanum um dóms- og kirkjumrn. segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir um 43 millj. kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 90 millj. kr."

Ja, það er von að sagt sé: Þetta kallar maður nú aldeilis hagræðingu.

[14:22]

Útbýting þingskjala:

Útgjöld heimila til lyfja- og læknisþjónustu, 69. mál, fsp. JóhS, þskj. 69.

Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, 31. mál, frv. MF o.fl., þskj. 31.

[14:23]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér er að venju lagt fram samkvæmt stjórnarskránni á fyrstu dögum þings og vinnslan með hefðbundnum hætti. Það sem er óvenjulegt við þetta frv. eru náttúrlega þær aðstæður sem það er lagt fram við og einnig mjög góður tekjuafgangur sem annað árið í röð er það verulegur að eftir því er tekið. Þessi gríðarlegi lánsfjárafgangur er einnig mjög athyglisverður sem lýsir fyrst og fremst mjög góðum rekstri ríkisins á undanförnum árum þar sem vextir hafa lækkað og afborganir veittra lána og sala ríkisfyrirtækja skilað miklum árangri.

Það hefur mikið verið dvalið við forsendurnar fyrir þessu fjárlagafrv. Stjórnarandstaðan hefur gert mikið úr því að það sé einhver munur, reyndar óverulegur munur, á tölum Þjóðhagsstofnunar annars vegar og ráðuneytisins hins vegar. Það virðist ekki geta komist inn í höfuðið á stjórnarandstöðunni að lögin skilyrða ekki að farið sé eftir tillögum Þjóðhagsstofnunar, enda væri það mjög úr takti við raunveruleikann að skylda ráðuneyti og ráðherra til að fara að tillögum einhverrar stofnunar úti í bæ, sem út af fyrir sig ber ekki ábyrgð

á frv. sem slíku. Það er enginn annar en hæstv. fjmrh. sjálfur sem ber ábyrgð á þessu frv. gagnvart þinginu og er til svara.

Hið nákvæmlega sama gildir hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum um allt land. Sveitarfélögin nýta sínar eigin forsendur og eigin tölur úr bókhaldi sínu og færa hugmyndir um breytingar á komandi ári inn í áætlanir sínar. Þær áætlanir eru síðan lagðar fram og það er að sjálfsögðu meiri hluti sem ber ábyrgð á því og bæjarstjóri eftir atvikum. Þetta er því mjög í takt við það sem annars staðar gerist og ekki á nokkurn hátt óeðlilegt. Hið óeðlilega í málinu er röksemdafærsla stjórnarandstöðunnar í málinu. Þessi röksemdafærsla er mjög einkennileg og hún í sjálfu sér sýnir ákveðinn veikleika. Það er ekki margt sem hægt er að finna bitastætt fyrir stjórnarandstöðuna að taka á, alla vega finna þeir það ekki. Það lýsir betur stjórnarandstöðunni en þeim tölum sem notaðar eru í frv. sjálfu.

Niðurskurður í frv. er upp á 1,4%, eftir því sem sagt er, sem er út af fyrir sig ekki mikið. Samkvæmt texta var gert ráð fyrir því að flatur niðurskurður á hvert ráðuneyti yrði um 2% en það virðist ekki hafa tekist. Augljóst er að það þarf að fara vel yfir það í fjárln. Hlutur Ríkisspítala og heilbrigðiskerfisins er náttúrlega stór í því dæmi. Ég held að fjárln. sjálf þurfi að fara yfir rekstur þessara stofnana og reyna að átta sig á því hvað valdi endalausum framúrkeyrslum stofnana eins og Ríkisspítalanna, sem eru meiri en menn gerðu ráð fyrir. Á síðasta fjárhagsári var gert ráð fyrir því að búið væri að ná utan um þann kostnað sem félli til vegna sameiningar spítalanna og einnig að þar með ætti rekstur þessara spítala og spítalans sem slíks að hafa náð jafnvægi. En það er ekki neitt sem bendir til þess samkvæmt nýjustu fréttum og munu spítalarnir fara fram úr fjárlögum upp á hundruð milljóna króna. Auðvitað þarf að koma til breytt rekstrarfyrirkomulag að einhverju leyti, bæði með því að auka frjálsræði deilda og hugsanlega með einhverjum öðrum aðgerðum sem menn ná sáttum um.

Samhliða þessu verður að skoða ýmislegt annað sem þarf leiðréttingar við. Það er ljóst að hvað varðar Íbúðalánasjóð þarf breytingar á framlögum sem varða greiðsluerfiðleikalán og ýmislegt annað er kannski ekki alveg í samræmi við raunveruleikann, en ég lít svo á að það séu leiðréttingar sem auðvelt verði að laga.

Þessu frv. fylgja og leiðréttingar eða breytingar á öðrum frv. annarra ráðuneyta, eins og menntmrn. þar sem um er að ræða skráningargjöld fyrir nemendur í framhaldsskóla og Háskóla Íslands. Af hálfu háskólamanna hefur verið litið á það sem árás á nemendur en að sjálfsögðu er ekki um neitt slíkt að ræða. Þessi gjöld hafa ekki hækkað árum saman og það er um óverulega hækkun að ræða sé miðað við útlagðan kostnað af skráningu nemenda. Gert er ráð fyrir að nemendur borgi við innritun þau gjöld er tengjast skráningu þeirra. Ég vildi því aðeins minnast á þetta hér vegna þess að mér finnst að nemendur í háskólanum hafi misskilið málið og haldi að þarna séu á ferðinni skólagjöld í takt við það sem gerist annars staðar, en því fer fjarri.

Eins og margoft hefur verið minnst á, herra forseti, eru þessi fjárlög lögð fram í mjög ótryggu heimsástandi og hryðjuverkin 11. september sl. hafa haft svo gríðarleg áhrif á heimviðskiptin að ekki er séð fyrir endann á því enn þá. Við vitum um ýmsar stærðir samt sem áður eins og að farþegafjöldi í millilandaflugi hefur minnkað um 20–40%, sem er ekki lítið. Það gæti haft sambærileg áhrif á ferðamennsku ef slíkt hefur varanleg áhrif og næði yfir mjög langan tíma. En ég vona svo sannarlega að það verði ekki. Sem betur fer hefur verið gripið inn í efnahagsástandið með eftirminnilegum hætti. Ríkisstjórn Bush Bandaríkjaforseta hefur gripið inn í efnahagsástandið í Bandaríkjunum til að lyfta upp markaðnum, þannig að hlutabréf á mörkuðum í Bandaríkjunum hækkuðu mjög verulega í gær.

Það sama gerðist í morgun eftir að ríkisstjórn Íslands ákvað skattalækkanir sínar og var í fréttum að hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands hafa hækkað allt upp undir 20% á þeim fyrirtækjum sem hafa fengið mesta hækkun, en að meðaltali um 7–8% eftir því sem ég frétti um hádegisbilið. Það er því greinilega hægt með ýmsum aðgerðum að koma atvinnulífinu til hjálpar og koma hjólunum á eðlilega ferð aftur.

En auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að samt sem áður er ástandið fram undan óljóst og þær aðgerðir sem á að grípa til til að koma þessum hryðjuverkaöflum á kné geta reynst erfiðar og langvinnar, þannig að einhver óvissa verður fram undan. En eigi að síður var það mjög mikilvægt sem ríkisstjórnin gerði og mikið fagnaðarefni að þær aðgerðir hafi virkað þannig að markaðurinn tók við sér og það er mikil trú á efnahagslífinu samfara því.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða miklu meira um þetta í bili. Vinna fjárln. er eftir. Það er mikið sem liggur fyrir, það er líka mikið sem er fram undan í heimsbúskapnum og í fjármálum okkar sjálfra hér á Íslandi sem getur haft áhrif á þessi fjárlög á næstu vikum og mánuðum, þannig að mörgu verður að hyggja við afgreiðslu fjárlaga í vetur.

[14:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að spyrja hv. þm. spurninga vegna þeirra orða sem hann lét falla varðandi hækkun á gjöldum við háskóla og framhaldsskóla.

Hv. þm. fullyrðir að þetta sé aðeins hluti af útlögðum kostnaði við innritun nemendanna. Það er því nauðsynlegt, herra forseti, að fá í svari hv. þm. nákvæma sundurliðun á þeim kostnaði, þannig að við sjáum nákvæmlega hvernig hann hefur þróast frá því hann var ákveðinn og hversu stór hluti þetta er þá af þeim útlagða kostnaði stofnananna.

Athyglisvert er að á þessu árabili hefur tæknin öll að sjálfsögðu aukist allverulega við innritun, ég hef því óljósan grun um að það megi jafnvel færa rök fyrir því að innritunarkostnaður hafi lækkað. En einnig er verið að hækka önnur gjöld en innritunargjöldin og það eru efnisgjöld í framhaldsskólum, þau eru hækkuð um 100%. Hin gjöldin eru þó hækkuð um rétt 40% og svo 42%.

Hins vegar segir, herra forseti, í fjárlagafrv. að þetta sé gert til að mæta sparnaðarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Ekki eru notuð þau rök að þetta sé gert til að koma til móts við aukinn kostnað vegna innritunar, heldur til að mæta sparnaðarákvæðum ríkisstjórnarinnar.

Einnig er athyglisvert, herra forseti, að með fjárlagafrv. er boðað að koma þurfi til lagabreytinga til að breyta þessum gjöldum. Því er eðlilegt að spyrja hv. þm. af hverju hann telji að sett hafi verið í lögin ákveðin krónutala en ekki t.d. ákveðið hlutfall af þeim útlagða kostnaði sem hv. þm. fullyrði að þetta væri aðeins brot af.

[14:35]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef orð ráðuneytismanna fyrir því að þessi kostnaður sé meiri en sem nemur þessum 25 þús. kr.

Hækkun gjalda verði því til þess að mæta þeim umframkostnaði. Ég veit að á síðasta fundi fjárln. var beðið um útskrift á þessu nákvæmlega, en hér er verið að gera ráð fyrir heildardæminu, ekki kostnaði einstakra deilda eða einstakra skóla. Ég ætla ekkert að fullyrða um það hvernig þetta skiptist á milli skóla eða milli deilda innan háskólans, ég veit það ekki. En ég er að segja það sem var sagt í nefndum á vegum embættismanna um hvað liggi á bak við, eins og gert er yfirleitt alls staðar í þessu kerfi og ég hef ekki haft ástæðu til að rengja það.

Ég geri ráð fyrir því að ástæða þess að lögin gera ráð fyrir fastri krónutölu sé einfaldlega sú að ekki náðist samkomulag um annað. Auðvitað ætti þetta að fylgja verðlagsþróun, þannig að ekki yrðu 30% eða 40% hækkanir á margra ára fresti sem valda miklum ágreiningi og leiðindum.

Það eru samt allir eða flestir sammála um það hygg ég að innritunargjöld í íslenska framhalds- og háskóla eru afskaplega hófleg og lág ef við miðum við skóla erlendis og öllum sanngjörnum mönnum finnst náttúrlega eðlilegt að þar sem þetta eru í rauninni málamyndagjöld þá hækki þau í takt við verðlag.

[14:37]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur nú dregið nokkuð í land varðandi fullyrðingar sínar og það er auðvitað af hinu góða.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég fór fram á það á fundi í fjárln. fyrir tveimur dögum að fá nákvæmlega sundurliðað hvernig þessi gjöld hafa verið innheimt í öllum framhaldsskólum landsins og háskólum svo hægt væri að sjá hvernig hafi verið miðað við þessi þök. En það er ýmislegt sem menn vita um varðandi gjöldin og að auðvitað eru fleiri gjöld innheimt en þessi. Það er því nokkuð hastarleg kveðja sem hv. þm. sendir námsmönnum, finnst mér, að þetta séu aðeins málamyndagjöld. Ég vil minna á að með þessari tillögu er gert ráð fyrir að t.d. nemendur sem stunda iðnnám, sem ég hélt að allir væru sammála um að þyrfti frekar að hvetja nemendur til, þurfi að greiða 58.500 kr. til að hefja slíkt nám.

Það getur vel verið, herra forseti, að þetta séu málamyndagjöld í huga hv. þm., en ég fullyrði að þetta eru ekki málamyndagjöld í hugum þeirra nemenda sem þurfa að greiða slíkar upphæðir. Enda er það ljóst og af því hafa borist fréttir að mikil óánægja er með þessar tillögur sem koma fram í fjárlagafrv.

Það er ljóst að ekki náðist samkomulag um annað eins og hv. þm. sagði þegar þessi lagafrv. fóru hér í gegn. Þess vegna er spurningin hvort samkomulag næst um eitthvað annað nú. Eða hvaða samkomulag er hv. þm. að tala um? Var þetta samkomulag á milli ríkisstjórnarflokkanna? Eða er spurningin um hvaða samkomulag næst þá nú á milli ríkisstjórnarflokkanna? Eða er hv. þm. kunnugt um að nú þegar hafi náðst fullkomið samkomulag milli ríkisstjórnarflokkanna um þessa hækkun?

[14:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um samkomulag. Frv. er komið fram, það gefur augaleið um hvað er samkomulag.

Ég held að óþarfi sé að teygja lopann meira í þessu. Ég bað um skýringar á því hvað lægi á bak við þessar hækkanir og ég hef látið þær koma fram hér. Ég er alveg viss um að stúdentar og háskólaborgarar vilja að sjálfsögðu ekki borga meira en þeir þurfa. Og ef þeir sleppa við að borga 35 þús. kr. og greiða í staðinn 25 þús. kr. fyrir innritunina, þá vilja þeir það. Það er enginn sem biður um að þurfa að borga meira. En ég er alveg handviss um að stúdentar munu skilja það. Auðvitað mótmæla þeir því að þurfa að borga meira, en ég held þeir skilji að þetta er ekki ósanngjörn greiðsla og í raun í takt við þær hækkanir sem hafa orðið á síðustu árum.

[14:40]

Útbýting þingskjala:

Biðlistar í heilbrigðiskerfinu, 97. mál, fsp. ÞBack og SJS, þskj. 97.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts, 84. mál, fsp. RG, þskj. 84.

Endurskoðun á EES-samningnum, 83. mál, fsp. RG, þskj. 83.

Siðareglur fyrir alþingismenn, 30. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 30.

Stækkun Evrópusambandsins, 82. mál, fsp. RG, þskj. 82.

Tillögur vegsvæðanefndar, 85. mál, fsp. RG, þskj. 85.

[14:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég er eiginlega sannfærð um það að í hjarta sínu er hæstv. fjmrh. sammála okkur í stjórnarandstöðunni um að þetta frv. sem við fjöllum nú um stendur á brauðfótum. Sýndur afgangur í þessu fjárlagafrv. er ekki marktækur vegna mikilla veikleika, bæði á tekju- og gjaldahlið. Og reyndar er það svo að á tekjuhliðinni setur ríkisstjórnin allt sitt traust á sölu ríkiseigna. Það er í reynd svo, herra forseti, að víða er látið reka á reiðanum í stjórn efnahagsmála og treyst á guð og lukkuna og sölu ríkiseigna.

Það verður mjög mikill viðskiptahalli áfram á næsta ári. Vextir eru hvergi hærri á byggðu bóli. Verðbólgan mjög mikil á þessu ári, þó spáð sé að hún fari lækkandi. Verðlagshækkanir hafa verið afar miklar sem fólk er auðvitað farið að sjá á kjörum heimilanna. Verðbreytingar sem mælast í neysluvísitölunni á milli áranna 2000 og til áætlunar á næsta ári eru 12–13% og það er afar mikið. Og maður veltir fyrir sér hvort það hafi verið tekið inn í verðlagsforsendur vegna fjárlaga þessa árs að þau byggðust á 4% verðbólgu, en verðbólgan verður á þessu ári á milli 8% og 9%. Ég spyr hvort mismunurinn, þ.e. verðlagsbreyting frá frv. og hver raunveruleikinn er, hafi verið tekinn inn í forsendurnar.

Stóra spurningin er líka uppi um efnahagsforsendur frv., en þar er meginforsenda sú að verðbólgan er talin verða um 5% að meðaltali á næsta ári en verðhækkun innan ársins vera mun minni, eða nálægt 3%.

Í þjóðhagsáætlun forsrh. kemur fram að áætlað er að neysluverðsvísitalan hækki um 5,9% á næsta ári, en launavísitalan um 5%. Og ég fæ ekki séð að verðbólgu- eða verðhækkunarspá frv. sé í samræmi við þetta og nauðsynlegt er að fjárln. fari vel yfir þessar forsendur.

Ég hef verulegar áhyggjur og ég hlýt að deila þeim með hæstv. fjmrh., bæði varðandi mikla skuldastöðu þjóðarbúsins við útlönd sem hefur aukist verulega, úr 57% af landsframleiðslu í árslok 1999 og stefnir í 111% nú í árslok, en ekki síður af skuldastöðu fyrirtækja sem mér sýnist að raungildi frá 1995 hafi aukist eitthvað á milli 600 og 700 milljarða. Og síðan koma skuldir heimilanna. Þar hljótum við öll að deila sameiginlega áhyggjum af því að skuldir heimilanna hafa vaxið að raungildi frá 1995 um 273 milljarða kr. á sex árum, en eignir heimilanna einungis um 80 milljarða á sama tímabili. Skuldir heimilanna á hvert einasta mannsbarn

eru orðnar 2,4 millj. kr. en skuldir þeirra verða nú í árslok áætlaðar 675 milljarðar kr.

Í þjóðhagsáætlun kemur fram að svo virðist að lífeyrissjóðslán heimilanna hafi vaxið um 25% á 12 mánaða tímabili og þau séu m.a. tekin til þess að greiða upp yfirdráttarskuldir í bönkum.

Þetta er auðvitað verulegt áhyggjuefni. Mér sýnist að við gætum staðið frammi fyrir verulegum greiðsluerfiðleikum hjá heimilunum, því miður. Þetta hefur bæði komið fram hjá Seðlabankanum og Þjóðhagsstofnun. Það má sjá að vanskil heimilanna eru að vaxa.

Hæstv. fjmrh. sagði í gær að það væri innstæða fyrir þeim skattalækkunum sem ríkisstjórnin boðar. Mér finnst ansi blóðugt að sjá þann mikla niðurskurð víða í velferðarkerfinu, bæði í heilbrigðismálum og félagsmálum, sem hér er boðaður. Á sama tíma segir hæstv. ráðherra galvaskur að full innstæða sé fyrir skattalækkunum, t.d. til stórfyrirtækja eins og hér eru boðaðar.

Umboðsmaður barna hefur kvartað mjög yfir þeim niðurskurði á fjárveitingum til þess veigamikla málaflokks, þ.e. einungis 18 millj. kr. Þó var þingið að samþykkja heildarstefnumótun í málefnum barna á sl. ári.

Við sjáum verulegan niðurskurð í málefnum fatlaðra, sem hefur verið gegnumgangandi undanfarin ár. Nær þrír milljarðar hafa verið teknir af lögbundnum framlögum sem þessi málaflokkur átti að fá á sl. sex árum. Staðan þar er sú að 164 einstaklingar eru á biðlista eftir sambýlum, samkvæmt upplýsingum frá biðlistanefnd fyrir tveimur árum, 174 á biðlista eftir þjónustuíbúðum, 10.800 dvalarsólarhringa í skammtímavistun vantar og 206 eru á biðlista eftir dagvistun. Samkvæmt þessum fjárlögum sýnist mér að taka eigi eitt eða tvö sambýli í rekstur á árinu og ekki einu sinni allt árið.

Hér er verið að boða aukningu á innritunargjöldum eða skólagjöldum, hækkun á þeim. Ég hef einnig áhyggjur af félagslega íbúðakerfinu en þrátt fyrir auknar lántökur til leiguíbúða sem boðaðar eru í frv. get ég ekki séð að félagasamtök eða sveitarfélög taki þessi lán eða geti staðið undir þeim þar sem vextir eru svo háir, hvað þá leigjendur sem þurfa að borga brúsann af öllu saman.

Lífeyrisþegar hafa einungis fengið 4% hækkun á þessu ári þó að, eins og fram hefur komið í máli mínu, launavísitalan hafi hækkað um 8,5% á síðasta ári og um 5% á þessu ári. Neysluverðsvísitalan hækkaði um 6,5% milli áranna 2000 og 2001 og er áætluð 5,9% milli áranna 2001 og 2002. Ég spyr hæstv. heilbrrh. hvort hann telji að lífeyrisþegar hafi að fullu fengið bætt í lífeyrisgreiðslum það sem þeir eiga að fá lögum samkvæmt með þessari 4% hækkun á lífeyrisgreiðslum.

Ég spyr, herra forseti: Telur hæstv. heilbrrh. það forsvaranlegt sem gerðist hér í sumar, miðað við þau kjör sem lífeyrisþegar hafa, er mikil hækkun varð á komugjöldum, á gjöldum fyrir röntgenþjónustu, í sérfræðilæknisþjónustu o.s.frv.? Ég tel, þó að hæstv. forsrh. hafi gumað af því að lífeyrisþegar muni fá 7% hækkun um áramótin, að eftir sem áður og eins og verið hefur venja þessarar ríkisstjórnar þá séu lífeyrisþegar hlunnfarnir, miðað við kjörin sem ríkisstjórnin skammtar þeim.

Herra forseti. Við í Samfylkingunni höfum sagt að við mundum skoða skattalækkanir sem hér hafa verið boðaðar af ríkisstjórninni. Það er þó ástæða til þess að hafa af því áhyggjur hvernig skattalækkunum er fyrir komið af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Verulegan hluti þessara skattalækkana á að mæta með hækkun á tryggingagjaldi. Það hlýtur að koma sér illa fyrir fyrirtæki sem ekki hafa skilað hagnaði, sérstaklega fyrirtæki úti á landi og ýmis þekkingarfyrirtæki, að þurfa að standa straum af lækkun á tekjuskatti hjá stórum fyrirtækjum sem skila hagnaði, skattalækkun úr 30 í 18% með hækkun á tryggingagjaldi.

Ég fagna því að loksins sé það í höfn að afnema skattlagningu á húsaleigubætur. Það bætir vissulega kjör láglaunahópanna. Ég er viss um að hæstv. félmrh. hefur átt í miklum erfiðleikum með að fá þetta mál í gegnum Sjálfstfl. og er ástæða til að óska hæstv. félmrh. til hamingju með það.

Maður veltir því fyrir sér hverju þetta skilar, herra forseti, t.d. til lífeyrisþega sem fóru í tíð þessarar ríkisstjórnar allt í einu að borga skatta f sínum bótum. Hverju skilar þessi 7 milljarða pakki til þeirra? Hverju skilar þessi 7 milljarða pakki, fyrir utan húsaleigubæturnar, til láglaunafólks sem gert er að lifa af 80–100 þús. kr. launum á mánuði?

Það eru því ýmsar spurningar sem vakna, herra forseti, við þær skattbreytingar sem hér eru boðaðar. Mér sýnist líka að verið sé að ávísa stórum hluta yfir til næstu ríkisstjórnar, þ.e. því hvernig fjármagna á þessar skattalækkanir, fyrir utan þann hluta sem endurheimta á í gegnum tryggingagjaldið.

Stimpilgjaldið, sem boðuð er lækkun á, höfum við í Samfylkingunni viljað skoða og reyndar hefur hv. þm. Margrét Frímannsdóttir flutt um það frv. Ég tel ástæðu til þess að skoða það sérstaklega enda gagnast það bæði, herra forseti, fyrirtækjum og einstaklingum. Þannig að ýmislegt er jákvætt í þessu þó að ég hafi nokkra fyrirvara hér á, eins og ég hef drepið á í mínu máli.

Herra forseti. Ég ítreka að þetta frv. þarfnast ítarlegrar skoðunar. Það stendur á brauðfótum. Það boðar aukna einkavæðingu og niðurskurð á velferðarkerfinu.

[14:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurnum um bætur almannatrygginga. Ég vildi koma á framfæri skýringum á prósentutölum í frv. sem varða þær bætur. Þær hækka um rúm 7% í upphafi ársins 2002 og hækkuðu síðast um 4% í upphafi þessa árs, eða um 11,6% á tveimur árum. Verðlagið er miðað við síðustu spá Seðlabanka Íslands um hækkun neysluverðsvísitölu. Þar er gert ráð fyrir að verðbólga milli áranna 2000 og 2001 verði 6,4%, en frá 2001–2002 verði hún tæp 5% miðað við þessa spá. Þetta eru forsendurnar fyrir útreikningunum í frv. og á þeim voru fjárlög þessa árs byggð.

[14:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að spyrja hæstv. heilbrrh. um, sem er afar mikilvægt og við fórum í gegnum það á síðasta þingi, hvort hann telji að grunnlífeyrir og tekjutrygging öryrkja og ellilífeyrisþega sé í samræmi við þau lagaákvæði sem Alþingi hefur samþykkt, þ.e. að lífeyrisgreiðslur haldist í hendur við launavísitölu? Telur hann að með því framlagi sem sett er hér í fjárlagafrv. fyrir næsta ár sé við það staðið? Það er afar mikilvægt að fá það fram.

Ég spyr líka, af því að hæstv. heilbrrh. þarf að skera niður um nokkur hundruð milljónir í málaflokki sínum: Getur hann sagt það hér og nú að hann muni ekki auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu? Getur hæstv. ráðherra staðið hér og sagt það við fólk að hann muni ekki auka greiðsluþátttöku sjúklinga fyrir heilbrigðisþjónustu og þar verði ekki skorin niður þjónusta frekar en orðið er?

Ég held að það sé afar mikilvægt að fólk verði fullvissað um að svo verði ekki gert. Þegar hefur nóg verið að gert með þeim hækkunum sem urðu á þessari þjónustu í sumar.

[14:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gömul umræða hér, eins og hv. þm. sagði, hvort miða eigi hækkun bóta við launavísitölu og taka launaskrið með inn í þá útreikninga. Það hefur ekki verið gert. Um það má auðvitað alltaf deila. Í uppsveiflu, eins og verið hefur undanfarið, þá kemur þar inn mismunur.

Ég hef rakið hvernig þessar hækkanir hafa verið reiknaðar á þessu ári og síðasta ári. Þegar uppsveifla er verður launaskrið og launavísitalan hefur verið hærri. Hins vegar er ekki víst að alltaf ári svo. Þannig að ég held að farsælla sé að hafa fasta viðmiðun við hækkun neysluverðsvísitölu.

[14:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að miðað við svör hæstv. heilbrrh. megi notendur heilbrigðisþjónustunnar óttast um sinn hag. Hæstv. ráðherra treystir sér ekki til þess að taka af skarið um að hann muni ekki auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni eins og gert var í sumar. Það kemur á óvart að hæstv. ráðherra geti ekki tekið af skarið með það hvort hann muni standa í ístaðinu eða hvort þjónustugjöld verði hækkuð.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann að skoða þann möguleika? Það liggur þá fyrir ef hann er að skoða þann möguleika. Mér finnst hins vegar afar erfitt að skilja við 1. umr. fjárlaga með nokkur hundruð millj. kr. gat sem hæstv. ráðherra á eftir að stoppa í til að mæta þeim niðurskurði sem boðaður er í málaflokki hans, án þess að við vitum neitt um hvað ráðherrann ætlar að gera. Hvernig ætlar ráðherrann að mæta 400 eða 500 millj. kr. niðurskurði? Eru það ekki 700 millj. með flötum niðurskurði sem ráðherrann á að brúa fram að lokaafgreiðslu fjárlaga? Ég spyr: Hverjar eru hugmyndir ráðherrans? Getur hann upplýst okkur um þær hugmyndir sem hann hefur til að mæta 700 millj. kr. niðurskurði, þ.e. með þeim flata niðurskurði sem hann á að taka á sig? Ég held það sé afar mikilvægt, herra forseti, að þessari umræðu ljúki ekki án þess að við fáum það fram.

Jafnframt er nauðsynlegt, miðað við svör ráðherrans, að draga fram lagaákvæði sem lífeyrisþegar treysta mjög á til að fá hækkun á kjörum sínum í samræmi við það sem aðrir fá í þjóðfélaginu. Það er alveg ljóst af orðum ráðherrans að hér er miðað við neysluvísitöluna en ekki við launabreytingar, eins og við flest hér inni höfum skilið það lagaákvæði sem Alþingi samþykkti. En ég spyr, herra forseti: Hvar á að bera niður í öllum þessum niðurskurði?

[14:58]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur kynnt fjárlagafrv. fyrir árið 2002 og forsendur fjárlagagerðarinnar. Það er óvenjuerfitt fyrir okkur þingmenn og þjóðina alla að átta sig á forsendum fjárlagagerðarinnar þar sem þeim upplýsingum sem við fáum, bæði frá hæstv. ráðherra og ríkisstjórn, Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands ber ekki saman. Sérfræðingum okkar ber ekki saman um hver grunnurinn er, hvernig ástandið í þjóðarbúinu er og hverjar forsendurnar kunna að vera.

Hér stendur því margt á brauðfótum varðandi fjárlagagerðina. Sumt liggur hjá okkur sjálfum, þ.e. í afgreiðslu og framsetningu fjárlaga og þjóðhagsspá okkar upp á síðkastið, þar sem við höfum ýmist verið mjög bjartsýn og spilað allt upp, að mörgu leyti hvatt til meiri framkvæmda og bjartsýni en efni stóðu til á þeim tíma. Inn á milli höfum við svo dottið niður í svartsýnisspár. Það er erfitt að finna meðalveginn og vera raunsær þegar þær leiðbeiningar sem við fáum eru svo misvísandi sem raun ber vitni. Þannig hefur þetta verið um nokkurn tíma. Við höfum í raun ekki vitað almennilega hvernig hagkerfi okkar stendur og hvað við megum leyfa okkur.

En hér kemur líka fleira til. Mikið óöryggi hefur verið úti í hinum stóra heimi vegna hinna voveiflegu atburða sem okkur eru öllum kunnugt um og heimurinn er að bregðast við. Við munum gera það líka. Ég vil í þeim töluðu orðum vara við því að við látum hrífast með inn í einhverjar aðgerðir sem við teljum að við verðum að standa að í varúðarskyni, eitthvað sem muni kosta okkur mikla fjármuni, einhverjar aðgerðir sem munu, auk þess að vera dýrar, kosta það að við munum skerða hér persónufrelsi. Við þurfum að vera sjálfstæð í hugsun þegar kemur að því að bregðast við þeim miklu hryðjuverkum sem allur heimurinn er að bregðast við núna. Hryðjuverk hafa verið stunduð um langa tíð og munu verða það áfram. Ég vil að við sýnum varkárni og sjálfstæði varðandi þessi mál.

En snúum okkur aftur að fjárlagafrv. Hagkerfi okkar er lítið og þar af leiðandi veikt. Við látum oft eins og við séum milljónaþjóð og höfum efni á öllu því sem okkur langar til að veita okkur og högum okkur oft á tíðum eins og peningarnir spretti af trjánum og gleymum því oft að við lifum á grunnatvinnuvegum, sem verða þá að hafa forsendur til að geta starfað eðlilega og skilað arði í þjóðarbúið eins og sjávarútvegi, ferðaþjónustu og fleiri greinum. Okkar litla hagkerfi er því ákaflega viðkvæmt fyrir öllum sveiflum. Við erum viðkvæm fyrir því að safna miklum skuldum sem við höfum verið að gera. Og því ber að fagna ef hægt er að greiða niður skuldir ríkisins.

En aðrar skuldir hafa einnig verið að hrannast upp sem ríkið er ekki að greiða niður og það er áhyggjuefni. Þó að það komi ekki inn á ríkissjóð, þá berum við sem þjóð eftir sem áður alltaf öll sameiginlega þessar skuldir, þ.e. skuldasöfnun fyrirtækja erlendis og skuldasöfnun heimilanna. Vil ég þá vitna í orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem talaði hér fyrr í dag og fór yfir þau mál.

Við erum frjáls og fullvalda þjóð en með svo lítið hagkerfi að stundum erum við viðkvæm í því tilliti að halda sjálfstæði okkar og því verðum við að standa saman að því að greiða niður skuldirnar. En það er ekki sama hvernig það er gert. Það er gott að standa að aðhaldi í ríkisrekstri og það er gott að geta lækkað skatta en við verðum þá að hafa efni á því.

Því er haldið fram, og hæstv. fjmrh. nefndi það í ræðu sinni, að innstæður væru fyrir þeim skattalækkunum sem boðaðar eru í frv. Ég er ekki jafnsannfærð og hann um að við höfum efni á þeim núna, ekki miðað við fjárþörf margra þeirra opinberu fyrirtækja sem við viljum og höfum sameinast um að hafa og viljum að þjóni okkur almennilega. Við verðum að muna til hvers við greiðum skatta. Við greiðum skatta til þess að hér sé grunnþjónusta, heilbrigðisþjónusta og löggæsla. Það sé góð samfélagsþjónusta. Þetta er sú þjónusta sem við viljum hafa til staðar og til þess þurfum við fjármagn.

Það er spurning hvort forsenda hafi verið fyrir jafnmikilli gengisfellingu krónunnar og raun varð á um daginn, en þar kemur aftur til þetta sama að í litlu hagkerfi þarf ósköp lítið til til þess að mál fari úr böndunum og gengisfelling krónunnar er þar með.

En það er fleira sem gerir okkur erfiðara um vik við að meta fjárlagafrv. en þessi langi undanfari. Það eru þær breytingar sem ríkisstjórnin boðar á hækkun tryggingagjalds og lækkun tekjuskatts ásamt fleiri breytingum. Ekki hefur gefist neinn tími til að meta það hvaða áhrif þetta hefur og í raun trúi ég því að hæstv. ríkisstjórn sjái það ekki fyrir sér heldur hvernig þetta muni virka, ekki bara í krónum talið, hvað þetta gefur í krónum og tekjum til ríkissjóðs, heldur hvernig þetta muni svo virka út í samfélagið því það er alveg óruggt að þetta hefur ekki sömu áhrif hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem fyrirtæki hafa mörg hver staðið sterkara heldur en fyrirtæki almennt úti á landi. Hækkun tryggingagjaldsins mun því að öllum líkindum koma þyngra niður úti um land en á höfuðborgarsvæðinu og lækkun tekjuskattsins sömuleiðis skila sér betur til fyrirtækja hér heldur en víða úti um land. Ef við förum frá fyrirtæki til fyrirtækis þá er þetta ekkert einhlítt, en því miður er grunnurinn þessi.

Það ber að fagna því að afnema eigi skatt af húsaleigubótum, en þessi flati niðurskurður samkvæmt 2%-aðhaldsreglunni kemur til með að verða mörgum fyrirtækjum í opinberum rekstri mjög erfiður. Á sama tíma er þeim gert að afla meiri sértekna og það er þegar orðið þeim mörgum erfitt að gera það. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég mun ljúka máli mínu í seinni ræðu.

[15:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera mismunandi forsendur fjárlaga að umræðuefni, það er víst nóg komið af þeirri umræðu hér í dag. En ég vil ræða það sem ég tel vera mikið áhyggjuefni í þessum fjárlögum og það er niðurskurðurinn á velferðarþjónustunni.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. félmrh. væri í húsinu eða væri hér inni og hlýddi á mál mitt því ég hef spurningar til hans. Hæstv. heilbrrh. þurfti að víkja úr húsi, þannig að spurningar til hans munu berast síðar og hann mun taka hér til máls seinna. En ég vildi gjarnan að hæstv. félmrh. hlýddi á mál mitt.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti mun láta athuga hvort félmrh. er í húsinu.)

Ég get svo sem hafið mál mitt á því að ræða um heilbrigðisþjónustuna á meðan hæstv. félmrh. er að koma hingað í salinn.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. félmrh. er farinn úr húsinu, en það er verið að gera ráðstafanir til þess að hafa samband við hann og vita hvort hann geti komið.)

Herra forseti. Mér finnst það vera lágmark að fagráðherrar séu viðstaddir umræðuna. Við erum að ræða rammafjárlög þar sem við tökum fyrir hvert ráðuneyti sérstaklega og það er lágmark að ráðherrarnir séu viðstaddir til að svara fyrirspurnum ef einhverjar eru varðandi málaflokkinn.

Herra forseti. Hér hefur verið nokkuð rætt um skólagjöld og auknar álögur á námsfólk. Það sem er kannski enn meira áhyggjuefni eru álögur á sjúklinga. Ef við skoðum það sem segir um heilbrrn. í fjárlagafrv., þ.e. það sem snýr að sjúkrahúsunum, þá er alveg ljóst að bara á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar sem tæpir 20 milljarðar fara til rekstrar þess stóra sjúkrahúss, til þess rekstrar koma 2 milljarðar beint úr vasa sjúklinga sem eru sértekjur sjúkrahússins. Til viðbótar koma síðan, einnig úr vasa sjúklinga, 92 millj. sem er hækkun á greiðslum vegna röntgenþjónustu. En eins og menn kannski vita voru gjöld á sjúklinga vegna röntgenþjónustu hækkuð í sumar, þeim var breytt úr föstu gjaldi yfir í hlutafallsgjald, sem er auðvitað mjög íþyngjandi fyrir sjúklinga.

Ég hefði líka viljað spyrja hæstv. heilbrrh. þegar hann kemur hér og heldur sína ræðu hvort kostnaður sé enginn lengur við sameiningu sjúkrahúsanna vegna þess að upphæðirnar sem áttu að fara í kostnað við sameininguna eru felldar niður, 150 milljónirnar sem gert var ráð fyrir til sameiningarinnar. Þá er einnig gert ráð fyrir að spítalinn hagræði um 181 millj. En ekki hefur nú tekist betur til um hagræðingu frá því í fyrra þar sem honum var gert að spara 400 millj. að það tókst aðeins að spara 100 millj. þar. Þannig að 300 millj. kr. halli er þar eftir frá síðasta ári sem kemur yfir á þetta ár. Þetta er verulegt áhyggjuefni og varla raunhæft að ætlast til að unnt sé að ná þessari hagræðingu.

Síðan ætlaði ég að spyrja hæstv. ráðherra út í biðlistana, en á fjórða þúsund manns biðu nú í september eftir aðgerðum og þar af eru 668 sem bíða eftir bæklunaraðgerðum. Það kom fram á ferð heilbr.- og trn. á heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi í síðustu viku að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri treysti sér til að fækka á þessum listum um 60 bæklunaraðgerðir fyrir aðeins 18 millj. kr., án þess að það hækkaði nokkurn kostnað, þeir treystu sér til þess að fækka á þessum listum. Sama á við um Landspítala – háskólasjúkrahús. Þeir treysta sér til að fækka um 200 á þessum biðlistum fyrir 60 millj. kr. Ég get ekki séð að sérstakar fjárveitingar séu til þess að koma á þessum aðgerðum. En þetta er mikill sparnaður, því það er ákaflega dýrt að vera með sjúklinga á biðlistum, dýrt fyrir samfélagið og dýrt fyrir einstaklingana.

Mig langar aðeins að koma að málefnum geðsjúkra, en hæstv. forsrh. sýndi nokkurn skilning á stöðu þeirra í stefnuræðu sinni í vikunni. En því miður hefur verið afleitt ástand á geðdeildunum og sérstaklega vil ég nefna geðdeildina í Fossvogi. Erfitt hefur verið að manna deildirnar og rúmum hefur verið fækkað. Og ég ætla að vona að það eigi ekki eftir að henda aftur, en ég veit um slík tilvik frá sl. vetri að alvarlega sjúku fólki sem var í lífshættu var vísað frá geðdeildunum. Það má ekki henda. Ég ætla að vona að breyting verði þar á, a.m.k. lofa orð forsrh. góðu hvað varðar þennan málaflokk og ég vona að staðið verði við það.

Aftur á móti er stórvandi á Landspítalanum, þ.e. útskriftarvandinn. Það eru á annað hundrað manns inni á sjúkrahúsunum sem ekki ættu að vera þar, heldur á hjúkrunarheimilum og það er ekki tekið á þeim þætti. Sóltúnið kemur til notkunar núna í vetur. Þangað fara rúmlega 90 manns og síðan í Sunnuhlíð 15 manns. En það bíða enn á þriðja hundrað manns í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými. Ef menn ætla spítalanum að spara þá verða þeir að gera honum kleift að útskrifa þessa hjúkrunarsjúklinga yfir á hjúkrunarheimilin.

Er von á hæstv. félmrh., forseti?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti getur upplýst að félmrh. hefur fengið boð um að nærveru hans sé óskað.)

Vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurðist hér fyrir um lífeyrisþegana og hvort hæstv. ráðherra teldi að hækkanir sem þeir ættu rétt á samkvæmt lögum væru að skila sér til þeirra, langar mig að geta þess að lífeyrisþeginn, hvort sem það er öryrki eða aldraður, sem fær strípaðar bætur, fær rúmar 80 þús. kr. á mánuði og hann greiðir heil mánaðarlaun

í skatt til baka á ári. Þess vegna þarf að svara spurningu hér: Hverju mun þessi skattapakki ríkisstjórnarinnar skila þessum hópi? Hverju mun skattapakki ríkisstjórnarinnar skila lífeyrisþegum og öryrkjum sem greiða jafngildi heils mánaðar í skatt á ári?

Það væri líka fróðlegt að fara aðeins ofan í þessa 7% hækkun. Ég veit ekki betur en að laun hafi hækkað um 8,5% en lífeyrisgreiðslurnar eiga aðeins að hækka um 7%. Þess má líka geta að verðlag á árinu hefur hækkað tvöfalt miðað við bótagreiðslur. Það væri líka fróðlegt að vita hvort ríkisstjórnin ætlar að koma til móts við kröfur aldraða sem hafa farið fram á að þeir greiði fjármagnstekjuskatt af lífeyrisgreiðslum en ekki tekjuskatt, því að auðvitað er þetta sparnaður lífeyrisþega sem er þarna að koma til greiðslu úr lífeyrissjóðunum og þeir hafa barist fyrir því að þurfa ekki að borga venjulegan tekjuskatt heldur 10% fjármagnstekjuskatt af lífeyrisgreiðslum sínum. Um þetta væri fróðlegt að fá upplýsingar frá ríkisstjórninni áður en umræðunni lýkur.

Ég var hér með ýmsar spurningar til hæstv. félmrh. Hann er ekki kominn hingað til að svara en ég vonast til þess að hann láti sjá sig. Tími minn er senn á þrotum. Ég verð þó að segja að málaflokkur fatlaðra í fjárlagafrv. er algjör hneisa. Þær fjárveitingar sem á að setja í þann málaflokk bjóða ekki upp á annað en óbreytt ástand.

Þegar talað var um að færa ætti málefni fatlaðra til sveitarfélaganna var því lofað að biðlistum yrði eytt, að fjárveitingar kæmu til þess að þeim yrði eytt á næstu þremur árum. En nú kemur ekki neitt. Þegar málaflokkurinn er áfram hjá ríkinu á fólk bara að bíða áfram. Þetta er ekki boðlegt og ég trúi ekki öðru en hæstv. félmrh. eigi eftir að taka aðeins til í sínum ranni því að hér ríkir algjört ófremdarástand.

Það eru 200 fatlaðir sem bíða eftir búsetu. Ekkert kemur fram til að bæta ástandið. Foreldrum fatlaðra barna í Reykjavík hefur verið lofað úrbótum í skammtímavistun. Það á að svíkja ef farið verður að frv. Þar er líka langur listi. Þetta eru foreldrar sem eru með mikið fötluð börn heima og eru að sligast. Eins og við vitum þá miðst velferðarkerfi okkar við það að fólk geti haft börnin sín heima hjá sér sem lengst. Við skulum ekki gleyma því að þjónusta við fötluð börn er líka þjónusta við fjölskyldur þeirra. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég verð að ljúka máli mínu. Mér þykir afleitt í umræðu um þennan málaflokk að ráðherrarnir skuli ekki vera viðstaddir til að svara spurningum. Ég tel að margt sé órætt, sérstaklega í félagsmálageiranum í þessu fjárlagafrv.

[15:20]

Útbýting þingskjala:

Ákvörðun refsinga við afbrotum, 91. mál, fsp. GÖ, þskj. 91.

Erlend fjárfesting, 92. mál, fsp. SvanJ, þskj. 92.

Meðlagsgreiðslur, 86. mál, fsp. MF, þskj. 86.

Menningarhús á landsbyggðinni, 96. mál, fsp. SJS, þskj. 96.

Nálgunarbann, 90. mál, fsp. GÖ, þskj. 90.

Óbein fjárfesting, 93. mál, fsp. SvanJ, þskj. 93.

Samtenging sjúkraskráa, 99. mál, fsp. KolH og ÞBack, þskj. 99.

Stytting rjúpnaveiðitímans, 94. mál, fsp. SJS, þskj. 94.

Tjón á útihúsum af völdum jarðskjálfta, 88. mál, fsp. MF, þskj. 88.

Virðisaukaskattur á bókum, 95. mál, fsp. SJS, þskj. 95.

[15:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessari umræðu hafa þingmenn gjarnan hafið máls á því að forsendur frv. séu veikar og umdeilanlegar. Ætla ég ekki að fjölyrða um þau mál heldur einungis minna á að orð hæstv. fjmrh. og fleiri ráðherra úr ríkisstjórninni í garð Þjóðhagsstofnunar upp á síðkastið sýna nú glögglega að Þjóðhagsstofnun hefur átt undir högg að sækja hvað varðar afstöðu ríkisstjórnarinnar til hennar. Mér sýnist orðið algerlega einsýnt að tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að losa Þjóðhagsstofnun undan hæl þessarar ríkisstjórnar sé mjög tímabær. Það er algerlega tímabært að Alþingi eignist sjálfstæða stofnun á borð við Þjóðhagsstofnun sem almennir þingmenn geti leitað til þannig að þeir hafi aðstæður og möguleika á því að nýta krafta og kunnáttu þess fólks sem starfar á Þjóðhagsstofnun því að greinilegt er að hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert við það fólk að gera, kunnáttu þess eða sérfræðiþekkingu.

Fjárlagafrv. er að mörgu leyti flókin lesning og það er ekki einfalt fyrir þingmenn að takast á við að gera grein fyrir öllu því sem athugasemda er þörf við á svo skömmum tíma sem hér er til umráða og svo skömmum tíma eftir að frv. hefur verið lagt fram. En margt hefur komið í ljós í umræðunni og það sem er alvarlegast að mati þeirrar sem hér stendur er að nú liggur á borðinu og er skráð svart á hvítu *í þá pappíra sem við höfum hér til meðferðar að góðærið* var framkallað og búið til með skuldasöfnun og þá fyrst og fremst skuldasöfnun heimilanna.

Það er geigvænleg staðreynd að skuldir heimilanna skuli nú standa í yfir þúsund milljörðum króna. Skuldir heimilanna eru hærri nú en nokkru sinni áður. Í kaflanum um stefnu og horfur í frv., þessu fylgiriti hér með fjárlögunum, er viðurkenning ríkisstjórnarinnar á þessu, að hún hafi nánast logið góðærinu upp á heimilin í landinu því þar segir, með leyfi forseta:

„Mikill hagvöxtur ár eftir ár, meðal annars í kjölfar stóraukins kaupmáttar heimilanna, aukið frelsi á fjármagnsmarkaði og ör vöxtur nýrra atvinnugreina á sama tíma og verðbólga var tiltölulega lítil, varð án efa til þess að skapa miklar væntingar sem aftur kyntu undir fjárfestingar- og neysluáformum“ — eins og það er orðað, herra forseti — „bæði heimila og fyrirtækja, sem ekki var í öllum tilvikum efnahagsleg innstæða fyrir og var í mörgum tilvikum beinlínis fjármögnuð með lánum. Þetta leiddi óhjákvæmilega til þess að viðskiptahallinn jókst umtalsvert.“

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur með þessum orðum lýst því yfir að það sé heimilunum að kenna hversu mikið viðskiptahallinn jókst. En hvar sitja heimilin nú eftir neysluhvatningar ríkisstjórnarinnar undanfarin ár? Heimilin sitja í óviðráðanlegri skuldasúpu og það er skelfilegt til þess að vita að einu úrræði ríkisstjórnarinnar í þessu fjárlagafrv. skuli vera þau að lækka skatta á fyrirtæki sem skila umtalsverðum arði.

Úr því að ég nefni skattalækkanirnar, herra forseti, þá er ekki úr vegi að vekja athygli fólks á því að með hækkun tryggingagjaldsins sem kemur á móti skattalækkununum, er verið að fjármagna skattalækkanirnar með álögum á atvinnurekendur og einyrkja. Ég vil gera einyrkjana sérstaklega að umtalsefni, herra forseti, því ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og stærri fyrirtæki á markaðnum hafa beinlínis hvatt til þess að fólk hætti að vera launþegar og gerist verktakar. Þetta er umræða sem hefur verið í gangi undanfarin ár, herra forseti,

og það er sannarlega þess virði að henni sé gefinn gaumur núna því fjöldi manns sem starfar sjálfstætt í sínum atvinnugreinum hefur látið undan ákveðnum þrýstingi sem hefur verið í kerfinu á að hætta að líta á sig sem launþega og eru nú orðnir í mjög ríkum mæli einyrkjar, sjálfstætt starfandi í sínum greinum. Þetta á t.d. við um listamenn. Þetta á við um vísindamenn, ýmsa iðnaðarmenn og ótal fleiri. Þetta fólk á nú að þurfa að bera núll komma sjötíu og eitthvað prósent hækkun á tryggingagjaldinu, sem á eftir að verða þessu fólki verulega þungur baggi í einföldum atvinnurekstri sínum og á eftir að verða heimilum þeirra þungur baggi. Heimilin í landinu eiga því enn og aftur, herra forseti, að blæða.

Það er heldur ekki forsvaranlegt að auknar álögur skuli boðaðar í þessu frv. á stúdenta og námsmenn, bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi, því menn skulu ekki horfa fram hjá því að í frv. koma líka fram vísbendingar um að álögur verði auknar á nemendur í framhaldsskólum.

Síðan eru það málefni sjúklinga því það er alveg ljóst að hér stefnir í auknar álögur á fólk sem þarf að leita sér lækninga og leita sér aðstoðar heilbrigðiskerfisins. Og það er þetta fólk, venjulegt fólk, almenningur í landinu sem hefur ekkert sér til sakar unnið annað en að reyna að brauðfæða sig og fjölskyldu sína, sem á að fjármagna skattalækkanir á stóru gróðafyrirtækin. Hv. 1. þm. Suðurl. sagði áðan í ræðustóli að ekkert ljótt væri við það að græða. (**DrH:** Og stend við það.) Herra forseti. Við verðum að skoða þessa hluti í breiðu samhengi og athuga hvaðan við erum að taka peningana, hver sé að bera hinar raunverulegu byrðar í samfélaginu. Það er ekki eignafólkið, herra forseti. Það er almenningur.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu þá er erfitt að komast yfir allt sem mann langar að nefna á þeim skamma tíma sem hér er til ráðstöfunar. En ég get ekki látið hjá líða að koma örfáum orðum að umhverfismálunum. Það væri nú betra ef hæstv. umhvrh. væri hér í salnum, en eins og komið hefur fram í umræðunni þá eru ráðherrarnir kannski í önnum og hafa ekki allir tækifæri til að sitja hér. En það er nauðsynlegt að gera athugasemd við það strax í þessari umræðu, herra forseti, að ákveðnir þættir í umhverfismálunum eru þannig vaxnir að gera þarf athugasemdir við þá.

Í fyrsta lagi, herra forseti, vil ég nefna að ljóst er að ríkisstjórnin ætlar að leggja niður Náttúruverndarráð. Þetta er undarlegt, herra forseti. Til eru lög í landinu sem heita Lög um náttúruvernd. Þau kveða á um að í landinu skuli samkvæmt þessum lögum starfa Náttúruverndarráð. Enn hefur ekki verið lagt fram frv. um að Náttúruverndarráð verði lagt niður. Enn liggur engin slík samþykkt fyrir. Og það er undarlegt að þessar 8 millj. sem var þó búið að hysja fjárframlög til Náttúruverndarráðs upp í skuli nú bara eiga að falla niður og ákall náttúruverndargeirans, vísindamanna, náttúruverndarnefnda og annarra sem starfa innan þess geira, til samfélagsins er þar með hljóðnað. Það á ekki lengur að leggja fé af fjárlögum íslenska ríkisins í hlutverk þess.

Svo er það önnur athugasemd varðandi umhverfismálin. — Nú kemur hæstv. umhvrh. í salinn og því er þess virði að spyrja hæstv. umhvrh. um rökstuðning varðandi niðurfellingu þessara 8 millj. kr. sem ætlaðar hafa verið til starfsemi Náttúruverndarráðs, en greinilegt er að leggja á ráðið niður.

Annað sem mig langar til að spyrja hæstv. umhvrh. um lýtur að Vatnajökulsþjóðgarði. Nú er það vitað og hæstv. umhvrh. kom að því í ræðu sinni þegar stefnuræða hæstv. forsrh. var til umræðu, þá gat hæstv. umhvrh. um það að Vatnajökulsþjóðgarður yrði stofnaður á næstunni. Eftir því sem ég best veit og þingsályktunartillagan á sínum tíma gerði ráð fyrir, þá á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á næsta ári. Ekki er sýnilegt í fjárlagafrv., herra forseti, að setja eigi nokkurt fé í þá stofnun. Það er harla undarlegt þar sem við vitum að 10 milljónir voru áætlaðar af fjárlögum þessa árs í að stofna Snæfellsnessþjóðgarð, sem gert var með myndarbrag í sumar er leið. En nú spyr maður: Hvað með Vatnajökulsþjóðgarð? Er verið að fresta þeim áformum eða á ekki að kosta neitt að stofna hann?

Það má kannski hrósa hæstv. umhvrh. fyrir það að verið er að rétta (Forseti hringir.) að ákveðnu marki hlut náttúruverndar sem snýr að náttúruverndaráætlunin, bæði hvað varðar Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Því ber að fagna sem vel er gert. Ef ég hefði lengri tíma væri hægt að fagna fleiru en líka hægt að gagnrýna fleira í fjárlagafrv.

[15:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kom fram að ekki væri búið að flytja frv. vegna niðurlagningar Náttúruverndarráðs. Það er rétt. En það er stefnt að því að leggja ráðið niður og verður væntanlega flutt frv. um það hér í þinginu. Þá falla niður þær 8 millj. kr. sem til ráðstöfunar voru til Náttúruverndarráðs. Á sínum tíma kom tillaga, m.a. frá forstjóra Náttúruverndar ríkisins, um að skoða bæri hvort leggja ætti ráðið niður vegna þess að lög hafa breyst mikið og frjáls félagasamtök eflst þannig að ráðið gegnir í dag ekki sama hlutverki og áður fyrr. Ég tel því mun skynsamlegra að leggja ráðið niður en að hafa það áfram starfandi í þeim farvegi sem það er nú.

Varðandi Vatnajökulsþjóðgarðinn þá færast þær 10 millj. kr. veittar voru til að undirbúa þjóðgarðinn Snæfellsjökul yfir á Náttúruvernd ríkisins, þannig að það er millifærsla í fjárlögunum hvað það varðar. Á bls. 451 í fjárlagafrv. er liður sem heitir Þjóðgarður, undirbúningur, upp á 2,8 millj. og meiningin er að það fjármagn nýtist í sambandi við Vatnajökulsþjóðgarð.

Að vísu verður að segjast eins og er, að það er stefna okkar að stofna þjóðgarðinn á næsta ári. Þjóðlendufrumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að óbyggðanefnd skeri úr um eignarhald, t.d. á jöklinum. Mér skilst að nú þegar hafi einhverjir bændur gert tilkall til hlutdeildar í jöklinum þannig að vera má að við þurfum að skoða það mál betur áður en við tökum einhverjar ákvarðanir.

[15:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi Náttúruverndarráð. Lögboðið hlutverk Náttúruverndarráðs er að koma saman til náttúruverndarþings og ræða á breiðum grunni stöðu náttúruverndar í landinu öllu. Frjáls félagasamtök taka ekki yfir þetta hlutverk Náttúruverndarráðs.

Við skulum bara tala um þessi mál tæpitungulaust, herra forseti. Það hafa staðið deilur um Náttúruverndarráð. Hæstv. umhvrh. hefur beðist undan þeirri gagnrýni sem Náttúruverndarráð hefur leyft sér að senda umhvrn., m.a. vegna gjörða hæstv. umhvrh. Það er ekki laust við það, herra forseti, að maður hugleiði hvort þær deilur og þau erfiðu samskipti, sem margir mundu kannski segja að hæstv. umhvrh. hafi boðið heim, séu þess valdandi að ráðið er bara sett af.

Ég fullyrði, herra forseti, að náttúruverndarþing hefur öflugt hlutverk samkvæmt lögum. Mér þykir það grundvall-

arbreyting að breyta þannig skipan mála algerlega án þess að því hlutverki verði sinnt nokkurs staðar annars staðar.

Varðandi sjálfstætt starfandi frjáls félagasamtök þá vil ég minna á þær deilur sem urðu hér á Alþingi í fjárlagaumræðu í fyrra þar sem Náttúruverndarsamtök Íslands, öflugustu frjálsu félagasamtökin á sviði náttúruverndar sem hægt er að kalla því nafni, þ.e. frjáls félagasamtök, fengu ekki sinnt þeim óskum sínum að fara inn sem sérmerktur fjárlagaliður með einhverja hungurlús á fjárlögum. Á meðan fengu Umhverfisverndarsamtök Íslands, sem rekin eru af fyrrv. hæstv. ráðherra, samflokksmanni hæstv. umhvrh., nafngreinda fjárveitingu fyrir sitt starf. Þar komu upp deilur sem blandast líka inn í þetta mál. Þannig er allt þetta undarlega vaxið og gagnrýnivert. Hæstv. umhvrh. hefur ekki skýrt þetta með fullnægjandi rökum.

[15:36]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það tekst kannski ekki að útskýra þetta fyllilega í andsvari enda mun fjallað um viðkomandi frv. þegar það verður tilbúið og það lagt fyrir Alþingi.

Varðandi náttúruverndarþingið þá erum við með til skoðunar í ráðuneytinu að breyta því í umhverfisþing sem hefði mun víðtækara hlutverk en náttúruverndarþing hefur í dag.

Varðandi ráðgefandi hlutverk Náttúruverndarráðs þá hefur lagaumhverfið breyst alveg gífurlega. Við erum með Náttúruvernd ríkisins, sem er orðin stofnun og óx eiginlega upp úr Náttúruverndarráði, þannig að nú sinnir heil ríkisstofnun ráðgefandi hlutverki sem Náttúruverndarráð hafði með höndum hér áður fyrr. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur einnig hlutverk samkvæmt lögum sem að vissu leyti tekur á svipuðum atriðum og Náttúruverndarráð hefur gert. Að mínu mati er Náttúruverndarráð barn síns tíma. Það er að verða úrelt fyrirbæri. Ég tel að það sé eyðsla á skattfé borgaranna að viðhalda því. Það er ekki þannig að umhvrh. vilji ekki fá gagnrýni á störf sín, alls ekki. Frjáls félagasamtök hafa miklu hlutverki að gegna við að veita stjórnvöldum aðhald í umhverfismálum. Þau eru ekkert að víla það fyrir sér. En það að halda uppi Náttúruverndarráði og borga 8 millj. kr. í það á ári þykir mér vera eyðsla á skattfé borgaranna. Þess vegna mun ég leggja til að ráðið verði lagt niður af því að við erum að vinna sömu verkin annars staðar og fáum þessa ráðgjöf annars staðar. Þetta er því úrelt fyrirbæri.

[15:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir, það er ekki tilefni til eða tími til að ræða þetta í grunninn. Aftur á móti er gott að hér skuli hafa verið hreyft við þessu máli. Það er þá líka algerlega búið að ramma það inn að við hæstv. umhvrh. erum fullkomlega ósammála um hlutverk Náttúruverndarráðs. Við eigum greinilega eftir að fá tækifæri til þess að ræða það frekar.

Ég minni bara á að nú er starfsmaður í hálfu stöðugildi hjá Náttúruverndarráði og þetta eru auðvitað ekki blíðar kveðjur sem fólk í opinberri þjónustu fær, að fá þessi skilaboð í gegnum fjárlög ríkisins að það eigi að leggja störf þess niður. Svona vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar.

Varðandi jarðir, sem hæstv. umhvrh. nefndi, og ákveðin mál sem leysa þarf þegar stofna skal þjóðgarða þá skal minnt á að það er orðið brýnt úrlausnarefni að ríkið, og þá kannski ekki síst umhvrn. og jarðadeild landbrn., fari að vinna uppbyggilegt starf í þá veru að jarðir í eigu ríkisins séu ekki stöðugt seldar úr eigu ríkisins heldur verði skoðaðir þeir möguleikar að við getum búið til einhvers konar skiptimynt, þ.e. að jarðir sem ríkið á víða um land gætu mögulega gengið sem skiptimynt upp í aðrar jarðir sem væru fýsilegar vegna friðlýsingar- eða náttúruverndarmála. Þar er mjög yfirgripsmikið mál sem ég held að sé þess virði að Alþingi ræði og taki til umfjöllunar á þessum vetri.

[15:39]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ræddi um skuldir heimilanna. Það hafa fleiri gert í þessari umræðu. Ég tek undir áhyggjur þeirra þingmanna sem hafa rætt um skuldir heimilanna. Þær eru allt of miklar og hafa vaxið allt of hratt. Mér fannst hv. þm. hins vegar tala þannig að þetta væri ríkisstjórninni að kenna. Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að fólk hefði fjármagnað eyðsluna með lántökum vegna þes að ríkisstjórnin, að ég skildi, hefði logið góðærinu upp á fólk. Þetta eru nú ansi stór orð, ekki síst með tilliti til þess að kaupmáttur hefur aukist miklu meira á Íslandi en í nokkru öðru landi á undanförnum árum. Einstaklingarnir og heimilin hafa því haft meira fé til umráða vegna kaupmáttaraukningar. Það er svo önnur saga hvernig menn hafa farið með peningana sína og hversu frakkir þeir hafa verið í fjárfestingum en það er ekki hægt að kenna ríkisstjórninni um það.

Ég spyr hv. þm: Er það virkilega meining hennar að ríkisvaldið, stóri bróðir og hæstv. fjmrh., fari að stjórna fjárfestingum heimilanna? Vill hv. þm. taka upp gamla kerfið þar sem þurfti leyfi stóra bróður til að kaupa sér bíl, sófasett eða eldhúsinnréttingu? Ég held að við verðum að treysta fólkinu sjálfu, heimilunum og forsvarsmönnum heimilanna í landinu, til að fara með sín fjármál. Hins vegar er það rétt að það þarf að hvetja fólk til aukins sparnaðar, það er mál málanna, en ekki að koma hér og kenna ríkisstjórninni um það sem miður hefur farið.

Þá nefndi hv. þm. að heimilin mundu blæða vegna fyrirhugaðra skattalækkana og fyrirhugaðra breytinga á tryggingagjaldinu. Það fannst mér alveg með ólíkindum. Staðreyndin er náttúrlega sú að skattalækkunin sem var boðuð í gær mun leiða til stóraukins ráðstöfunarfjár heimilanna. Skattarnir á einstaklingunum eru lækkaðir um milljarða. Tekjuskatturinn lækkar strax um áramótin, eignarskatturinn lækkar um helming, sérstaki eignarskatturinn verður afnuminn o.fl. Ég get ekki með nokkru lifandi móti skilið að það verði til að auka erfiðleika heimilanna í landinu.

[15:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig hefur kaupmáttaraukningin skipst á milli heimila? Hvað með bilið á milli ríkra og fátækra í þessu samfélagi? Kaupmáttur fátækra hefur ekki aukist. Fátækir verða fátækari á Íslandi og ríkir verða ríkari. Það að búa til prósentutölu sem gefur til kynna aukinn kaupmátt segir ekki sannleikann.

Sannleikurinn er auðvitað sá að bilið milli ríkra og fátækra hefur breikkað vegna hvatningar frá þessari ríkisstjórn í þá veru. Og hver hefur hvatt til þess að fólk eyði og spenni? Ríkisstjórnin hefur hvatt til þess. Ríkisbankarnir hafa árum saman boðið lán í heilsíðuauglýsingum. Undanfarin tvö til þrjú ár hafa einstaklingum verið boðin alls kyns lán til að fjármagna neyslu sína, af því að góðærið sé svo gott og kaupmátturinn svo mikill. Auðvitað hefur fólk látið blekkjast. En það er vegna hvatningar frá ríkisstjórninni sem hefur klifað á þessu með góðærið.

Herra forseti. Einyrkjar í landinu framfleyta fjölskyldum. Þeir koma til með að eiga erfiðara með að gera það þegar tryggingagjaldið hækkar. Þess vegna bitnar hækkun tryggingagjaldsins á heimilum í landinu.

Ég ætla líka að minna hv. þm. á það, herra forseti, að skuldugir einstaklingar borga ekki eignarskatt.

[15:43]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni á að kaupmáttur launa er reiknaður með sama hætti á Íslandi og í öllum öðrum löndum í kringum okkur. Allar skýrslur sýna að hann hafi aukist langmest á Íslandi á undanförnum árum. Það er auðvitað hægt að halda hér fallegar ræður um að þetta hafi komið misjafnlega niður á fólki, það er náttúrlega eins og alltaf er. En almennt hafa laun hækkað hér langt umfram það sem gerst hefur í nágrannalöndunum. Það hefur auðvitað skilað sér til heimilanna í landinu.

Að það sé ríkisstjórninni að kenna að menn hafi tekið lán af því að bankarnir buðu þau, ég skil bara ekki slík rök. Það er varla eins og lóttóvinningur að fá lán í banka. Sjái maður auglýsingu í blaði þar sem einhver er að bjóða honum lán þá hleypur hann ekki til og tekur lánið bara af því að það stendur til boða. Þetta eru alveg furðuleg rök. Ég á ekki eitt einasta orð yfir þau.

En hv. þm. svaraði ekki spurningu minni. Ég spurði hana hvort hún vildi taka upp gamla kerfið, að einstaklingarnir eða heimilin í landinu sem ætla að fjárfesta þurfi að spyrja stóra bróður, hæstv. fjmrh. eða hans menn, hvort þeir megi kaupa sér bíl, sófasett eða eldhúsinnréttingu, eða annað slíkt. Þannig var það hér á árum áður. Öðruvísi getur ríkisstjórnin ekki stjórnað eyðslu heimilanna. Það er bara þannig.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Við eigum að treysta fólkinu í landinu fyrir því að hafa forræði yfir eigin fjármálum. Við eigum ekki að að anda ofan í hálsmálið á hverjum einasta manni. Við eigum að treysta fólkinu í landinu.

[15:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega hundalógík. Það er enginn að tala um að ríkisstjórnin eigi að stjórna beinum útgjöldum heimilanna eða stjórna því hvort einstaklingar kaupa sér bíl eða sófasett. Það er útúrsnúningur, herra forseti, og ekkert annað.

Hv. þm. segir að lækkun tekjuskattsins sé t.d. eitt sem ríkisstjórnin sé að gera fyrir heimilin í landinu en það er eitthvað sem kom fram í gegnum kjarasamninga en ekki að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að það eru verk ríkisstjórnarinnar að hækka innritunargjöld í skóla. Það eru verk ríkisstjórnarinnar að hækka þjónustugjöld á sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Það eru verk ríkisstjórnarinnar sem kalla á aukna verðbólgu. Þetta eru verk ríkisstjórnarinnar sem bitna á heimilunum í landinu og hafa orðið þess valdandi að skuldir heimilanna eru núna hærri en nokkru sinni áður. Og, herra forseti, já, ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar.

[15:46]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Nú er andsvörum lokið þannig að ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. frekar en ég vil bara ítreka það að ég skil ekki þessa hundalógík sem hún hefur haldið hér fram. En sl. tíu ár hafa varaformenn Sjálfstfl. stýrt fjmrn., fyrst Friðrik Sophusson og síðan núv. hæstv. fjmrh. Geir Haarde og á þeim áratug hefur orðið gríðarleg breyting til hins betra í stjórn ríkisfjármálanna. Ég held að það sé hollt að rifja það aðeins upp hvernig ástandið var þegar ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. tók við völdum árið 1991 eftir áralanga stjórn vinstri flokkanna.

Góðæri undanfarinna ára hafði verið illa nýtt og þjóðin hafði hlaðið upp skuldum jafnt utan lands sem innan. Það var sjálfvirk þensla í ríkisútgjöldum og allt stefndi í strand. Góðærið var á enda, þorskstofninn á hraðri niðurleið, miklir erfiðleikar í landbúnaði og iðnaði og niðursveifla á mörkuðum stóriðjufyrirtækja þannig að rekstur þeirra var á heljarþröm. Atvinnulífinu hafði að hluta til verið haldið gangandi með fyrirgreiðslu úr sjóðum sem voru á hvínandi kúpunni og ríkissjóður varð að taka á sig milljarða króna vegna bágrar stöðu þessara sjóða. Stórkostlegur halli var á rekstri ríkissjóðs ár eftir ár og fráfarandi stjórn hafði gefist upp við að stjórna fjármálum ríkisins. Þetta var búið sem ný ríkisstjórn tók við árið 1991 og vandamálin sem nýr fjmrh. þurfti að glíma við voru gríðarleg.

Þessu til viðbótar gekk svo kröpp efnahagslægð yfir Evrópu sem olli okkur Íslendingum miklum erfiðleikum. Erfiðleikar fyrirtækja í höfuðatvinnuvegum okkar leiddu til þess að atvinnuleysi fór hratt vaxandi og forusta ASÍ spáði því að það stefndi í 20% atvinnuleysi. Ríkisstjórnin gerði það að einu höfuðviðfangsefni sínu að skapa atvinnuvegunum rekstrarskilyrði svo að þeir gætu þraukað þá erfiðleika sem við var að etja og væru í stakk búnir til nýrrar sóknar og aukinnar atvinnusköpunar. Ráðist var í verulegan niðurskurð á útgjöldum ríkisins í harðri andstöðu við stjórnarandstöðuna sem taldi að allt væri hægt að gera fyrir alla og lagði fram ótal tillögur þar að lútandi og hefur reyndar gert það árlega allar götur síðan. Má minna á fjárlagagerðina í fyrra þar sem stjórnarandstaðan lagði til milljarða í auknum ríkisútgjöldum.

Smátt og smátt fóru aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar að skila árangri. Halli ríkissjóðs fór minnkandi, atvinnulífið rétti úr kútnum og segja má að flest hafi verið á réttri leið síðan.

Herra forseti. Mér finnst rétt að rifja þetta upp við umræðu um fjárlagafrv. til að menn átti sig á hversu gífurleg umbreyting hefur orðið og árangur náðst á þeim áratug sem sjálfstæðismenn hafa haldið um stjórnartaumana í fjmrn. Það markmið sem var sett í upphafi, að snúa milljarða og jafnvel tugmilljarða halla ár eftir ár í afgang á fjárlögum, náðist smátt og smátt og á undanförnum árum hefur ríkissjóður skilað miklum afgangi sem hefur lækkað skuldir ríkisins og þar með vaxtakostnaðinn sem var allt of hár.

Í fjárlagafrv. næsta árs er gert ráð fyrir afgangi ríkissjóðs upp á 18,6 milljarða og lánsfjárafgangi upp á 41 milljarð. Ef einhver hefði spáð slíku fyrir áratug þá hefði hann verið álitinn galinn. En talandi um vexti þá verður að minnast á þá staðreynd að þau erlendu fyrirræki sem meta lánshæfi einstakra ríkja setja Ísland í hóp með traustustu ríkjum heims sem er auðvitað mikil viðurkenning á góðri hagstjórn.

Það er auðvitað sérstök ástæða til að fagna því að bætt staða ríkissjóðs hefur gert það mögulegt að lækka skatta bæði einstaklinga og fyrirtækja. Tekjuskattur einstaklinga var lækkaður um fjögur prósentustig í þremur áföngum sem er einhver mesta skattalækkun sem um getur. Millifæranlegur skattafsláttur milli maka hefur verið stóraukinn og fasteignamati hefur verið breytt til stórhagræðis fyrir fólk á landsbyggðinni. Þá má minna á að barnabætur stórhækka í þremur áföngum á árunum 2001–2003.

Í gær voru kynnt áform ríkisstjórnarinnar um miklar skattalækkanir sem taka gildi á tveimur næstu árum. Þessar tillögur munu leiða til skattalækkunar á einstaklinga upp á 5,5 milljarða. Þetta er auðvitað gífurleg kjarabót fyrir landsmenn. Lækkun tekjuskatts, aflagning skattlagningar húsaleigubóta, hækkun fríeignarmarks í eignarskatti og frítekjumarka í sérstökum tekjuskatti er mikið fagnaðarefni en sérstaklega finnst mér ástæða til að fagna helmingslækkun eignarskatts og afnámi sérstaks eignarskatts. Eignarskatturinn er að mínu áliti allra skatta óréttlátastur vegna þess að eignir manna hafa yfirleitt orðið til vegna tekna sem þegar hefur verið greiddur skattur af.

Þá er í tillögum ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir verulegum skattalækkunum á fyrirtækin í landinu. Enginn vafi er á því að þær lækkanir munu styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og skapa forsendur fyrir frekari uppbyggingu þeirra. Það er reynsla okkar af skattalækkun á fyrirtækin í upphafi síðasta áratugar.

Lækkun skatta hefur verið og er stefna Sjálfstfl. öfugt við vinstri flokkana sem vilja hækka skatta og minni ég á brtt. þeirra við síðustu fjárlagagerð þar sem Samfylkingin lagði til skattahækkanir upp á tæpa 5 milljarða og Vinstri grænir voru liðlega hálfdrættingar og lögðu til skattahækkanir upp á 3 milljarða.

Ég hef áhyggjur af verulegri lækkun framlaga til Byggðastofnunar í þessu frv. Byggðastofnun fékk eins og aðrar ríkisstofnanir tilmæli um að lækka rekstrarútgjöld um 2% frá fyrra ári og stofnkostnað og viðhald um 7,5%. Stofnunin gerði tillögur um hvernig að þessari lækkun skyldi staðið. Samtals eru þetta 6 millj. og tillögur stofnunarinnar sem voru teknar gildar voru þær að 3,9 millj. færu í hagræðingu hjá stofnuninni sjálfri og 2,1 millj. hjá atvinnuráðgjöfum á landsbyggðinni. Þessi lækkun kemur fram í frv. en því til viðbótar hafa verið færðar 12,5 millj. frá Byggðastofnun til iðnrn. á lið sem kallast Íslenska upplýsingasamfélagið með þeirri skýringu að annars vegar sé það vegna rafræns samfélags og hagnýtrar upplýsingatækni á landsbyggðinni og hins vegar til að byggja gagnagrunn um málefni landsbyggðarinnar.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ég skil ekki þá tilfærslu. Nú hefur Byggðastofnun verið flutt út á land. Þróunarsvið stofnunarinnar var flutt til Sauðárkróks fyrir þremur árum. Margir spáðu illa fyrir þeim flutningi og sögðu að ekki mundi takast að fá menntað fólk til starfa fyrir norðan en fyrrv. starfsmenn hættu allir störfum þegar að flutningi kom. Slíkar spár reyndust sem betur fer rangar og hálfur þriðji tugur umsókna barst um þessar átta stöður. Til starfa kom ágætisfólk með fjölbreytta menntun. Reynslan af þessum flutningi var það góð að ákveðið var að flytja aðra starfsemi stofnunarinnar til Sauðárkróks á þessu ári og nú er öll starfsemi Byggðastofnunar undir sama þaki fyrir norðan. Það fór eins með þann flutning að allir starfsmenn að einum undanskildum hættu störfum og þurfti því að ráða nýjan forstjóra og 12–15 starfsmenn aðra. Allt hefur þetta gengið ágætlega. Stofnunin fékk öflugan forstjóra og ágætt starfsfólk og starfsemin er komin á fulla ferð. Mér finnst það ekki góð skilaboð að það skuli eiga að færa verulega fjármuni frá Byggðastofnun til ráðuneytisins fyrsta árið sem stofnunin starfar að öllu leyti úti á landi. Ég tel eðlilegast að þau verkefni sem ráðuneytið ætlar að vinna fyrir þessar 12,5 millj. hefðu verið unnin af Byggðastofnun á Sauðárkróki og skil satt að segja ekki hvernig ráðuneyti byggðamála dettur í hug að standa svona að málum og treysti því að hæstv. iðnrh. sjái til þess að þessu verði breytt við meðferð fjárlagafrv. á Alþingi.

Það er að vísu réttilega tekið fram í fjárlagafrv. að nú sé unnið að nýrri byggðaáætlun fyrir árin 2002–2003 sem verður lögð fyrir Alþingi á haustþingi. Þar er einnig sagt að gert sé ráð fyrir að framlög breytist miðað við breyttar áherslur áætlunarinnar. Það er allt gott um það að segja en ég tel að í þessu fjárlagafrv. sem við erum að fjalla um núna fyrir næsta ár hefðum við frekar átt að efla Byggðastofnun en veikja. Byggðastofnun er ein þeirra stofnana sem margir tala illa um og oft sjáum við ályktanir um að leggja skuli hana niður. Þessar raddir koma oftast af svæði 101 í Reykjavík og eru settar fram af mikilli vanþekkingu, stundum af fólki sem finnst að allt sem er hinum megin við Elliðaár sé núll og nix.

Byggðaröskunin er eitt stærsta vandamál okkar Íslendinga og er ekki auðveld við að eiga. Mörg dæmi eru um að fólk flytji af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins þó að það hafi ágæta afkomu. Byggðastofnun hefur látið gera mjög ítarlegar kannanir á ástæðum þessara flutninga. Höfuðástæða brottflutningsins samkvæmt þeim könnunum er einhæfni atvinnulífsins og því hefur stofnunin stóreflt atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni sem er alfarið á forræði heimamanna og eru nú öflug atvinnuþróunarfélög í öllum landshlutum sem eru að gera ágæta hluti.

Það er skoðun mín að efla eigi starfsemi Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Þess vegna á ráðuneyti byggðamála ekki að vera að tína til sín fjármuni og verkefni frá stofnuninni.

Nú eru á fjárlögum fjórða árið í röð 300 millj. kr. til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni eins og gert var ráð fyrir í þeirri byggðaáætlun sem var samþykkt á Alþingi vorið 1999 og ég fagna því. Þessi eignarhaldsfélög eru í öllum landshlutum, missterk að vísu og hafa gert ágæta hluti í eflingu atvinnulífsins en því miður hefur ekki tekist að koma þessari starfsemi almennilega í gang í einstökum landshlutum þar sem ekki hefur tekist að útvega mótframlag heimamanna en þeir þurfa að leggja til 60% stofnfjár á móti 40% sem koma frá Byggðastofnun.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um fjárlagafrv. að sinni. Ég lýsi mikilli ánægju með þau markmið sem þar koma fram, að draga marktækt úr ríkisumsvifum og stuðla að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins á alþjóðamarkaði og jafnframt ítreka ég mikla ánægju með að enn eitt árið verður ríkissjóður rekinn með verulegum afgangi jafnframt því sem skattar verða stórlækkaðir á einstaklingum og fyrirtækjum.

[15:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var líkara jarðarfararræðu yfir ríkisstjórninni en raunveruleikanum, að verið væri að mæra látinn vin því að svo miklar rangfærslur voru hjá hv. þm. Veit hann hver viðskiptahallinn er? Veit hann hver viðskiptahallinn í stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið á sl. tveimur til þremur árum og til dagsins í dag? Er það til þess að hæla sér af? Veit hann hver verðbólgan er í dag? Varð hún bara til af engu? Hún varð til undir hagstjórn þessarar ríkisstjórnar. Veit hann hverjir vextirnir eru í dag? Og vaxtamet hér á landi, er það til að hæla sér af? Veit hann hvernig vöxtur þjóðarframleiðslu hefur orðið á síðustu árum? Hann hefur nánast staðið í stað. Veit hann hvernig útflutningsverðmæti hafa staðið á síðustu árum? Nánast í stað. Það er því af ýmsu hægt að hæla sér fyrir ríkisstjórn sem er búin að sitja

samfleytt í tíu ár nánast, a.m.k. sumir þeirra og allt of lengi ...

(**Forseti** (ÍGP): Ég minni á að andsvaratíminn er ein mínúta.)

... og það í einu mesta góðæri sem þjóðin hefur búið við.

[15:57]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ég hefði talað eins og ég væri að jarða látinn vin. Það er nú öðru nær. Vinur minn er í fullu fjöri og á eftir að lifa lengi enn, vonandi í áratugi. Hins vegar flutti ég ákveðna minningarræðu um fyrrv. ríkisstjórnir, ríkisstjórnir vinstri manna. Ég skil að það komi við kaunin á hv. þm. Þeir voru hér við stjórnvölinn áður en við tókum við árið 1991. Hér var allt á heljarþröminni. Ríkissjóður var á hvínandi kúpunni þegar við tókum við og ég skil það svo sem ósköp vel að hv. þingmanni þyki ... (Gripið fram í.) Nú gerist hv. þm. Vinstri grænna órólegur. Ég vona að hann fái orðið hér á eftir, herra forseti, og þurfi ekki að tala í mínum ræðutíma. En ég skil vel að vinstri menn séu viðkvæmir fyrir því að menn rifji upp afrek þeirra í ríkisstjórn Íslands. Þau voru ekki svo falleg.

[15:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem er mjög mikilvægt að hv. þm. Guðjón Guðmundsson átti sig á er hverjar eru hinar raunverulegu staðreyndir í afrekum ríkisstjórnarinnar. Þær eru þessar: Viðskiptahallinn hefur aldrei verið meiri en sl. þrjú ár og aukning í útflutningi aldrei minni.

Hann hafði áhyggjur af Byggðastofnun og ég tek undir það með honum. En gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir því að fyrirhugaðar skattbreytingar sem hafa verið boðaðar munu enn auka á vanda atvinnurekstrar úti á landi? Þær munu enn þyngja skattbyrði þeirra þar sem meginhluti rekstrarkostnaðar er laun. Gerir hv. þm. sér grein fyrir því að verið er að stórauka álögur á atvinnugreinar úti á landi með þessum skattbreytingum?

[15:59]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég geri mér ágætlega grein fyrir stöðu ríkisfjármálanna og stöðu ríkissjóðs og ég veit að hv. þm. gerir það líka þó að hann tali í þessum tón. Staðreyndin er sú að við höfum rekið ríkissjóð ár eftir ár með miklum afgangi. Við höfum verið að greiða niður skuldir ríkisins í stórum stíl sem þýðir á móti að vaxtagreiðslur ríkisins lækka um milljarða. Kaupmáttur fólksins í landinu hefur aukist meira hér en í nokkru öðru landi eins og ég gat um í ræðu minni.

Varðandi það að skattbreytingarnar komi eitthvað sérstaklega illa niður á landsbyggðinni, þá þoli ég það bara satt að segja ekki þegar menn tala alltaf um atvinnulíf á landsbyggðinni eins og það sé annars flokks atvinnulíf. Af hverju talar hv. þm. um fyrirtækin á landsbyggðinni eins og þau séu einhver annars flokks fyrirtæki? Ég skil það ekki.

[16:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson er búinn að koma sér upp sinni eigin útgáfu af stjórnmálasögunni svo ekki sé nú sagt mannkynssögunni. Það er þannig að það var allt vitlaust og ómögulegt sem gert var fyrir 1991 og allt gott síðan. Hv. þm. er ansi sperrtur og dreissugur svo ekki sé sagt drambsamur þegar hann mælir fyrir þessari einkaútgáfu sinni af stjórnmálasögunni í svart/hvítum litum.

En hv. þm. hefði átt að fara aðeins lengra aftur og rifja upp fyrir okkur ástandið haustið 1988 þegar ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. hrökklaðist frá. Þá átti hrollvekjumyndin við sem hv. þm. dró hér upp. Hverjir höfðu þá farið með völdin? Sjálfstfl. hafði setið í ríkisstjórnum, verið ráðandi aðili í fimm ár og fjóra mánuði samfellt. Þá átti þetta neyðarástand við í atvinnumálum landsmanna sem hv. þm. var að draga hér upp og kenna vinstri mönnum um. Ég held að hv. þm. ætti að vera aðeins hógværari og umgangast sögulegar staðreyndir af aðeins meiri auðmýkt. Þessi stjórnmálasaga hans mun ekki ganga upp hversu lengi sem hv. þm. reynir að selja mönnum hana.

[16:01]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gamalt máltæki sem segir að sannleikanum verður hver sárreiðastur og ég skil það vel að foringi Vinstri grænna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, skuli bregðast reiður við. Hann var ráðherra í þessari kolómögulegu ríkisstjórn, sem sat á Íslandi áður en við tókum við völdum, sem var að koma öllu á heljarþröm, atvinnulífið var á heljarþröminni. Ég skil það vel að hv. þm. skuli reiðast þegar þessi afrek hans eru rifjuð upp. Hv. þm. segir að ég sé sperrtur og drambsamur. Já, ég er dálítið sperrtur yfir frammistöðu okkar í þessi tíu ár en ég er ekkert drambsamur. Ég er hins vegar mjög ánægður með afrek okkar í ríkisstjórn.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engu líkara en hv. þm. og sumir flokksbræður hans hafi farið í smiðju í austurveg og lært þar hvernig eigi að að reyna að breyta sögunni. Það er alveg greinilegt að Sjálfstfl. er að reyna að þurrka út tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og aðild sína að ríkisstjórnum, t.d. á árunum 1983–1988, reyna að þurrka aðild sína út úr stjórnmálasögunni eins og þeir hafi hvergi nærri neinu komið og kenna þeirri ríkisstjórn um sem tók við þrotabúinu haustið 1988.

Hvers vegna hrökklaðist Þorsteinn Pálsson frá ef ekkert var að og kom því þó á þann rétta kjöl að atvinnulífið gekk hér vel og verðbólgan var komin niður í eins stafs tölu um mitt ár 1990? Þetta eru staðreyndir málsins og það þýðir ekki að láta svona, hv. þm. Guðjón Guðmundsson, þó að mönnum sé mikið í mun.

Það má líka taka það sem hér var nefnt. Hversu mikið af hinu margrómaða góðæri undanfarin ár var tekið að láni þegar uppsafnaður viðskiptahalli á sex ára tímabili stefnir núna í 250 milljarða kr.? Er það ekkert sem menn þurfa að hafa hugann við? Er bara allt í himnalagi, hv. þm.?

[16:03]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. verði alltaf reiðari og reiðari og endurtek bara að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Ég held að það hafi verið aðrir þingmenn í þessum sal en ég og mínir flokksbræður sem fóru í smiðju í austurveg. Ég hugsa að það standi nær hv. andmælanda. (Gripið fram í.) En ég ætla ekki að fara að rifja upp alla stjórnmálasögu aldarinnar. Ég rifjaði upp í stuttu máli hvernig ástandið var þegar við tókum við stjórnartaumunum árið 1991. (Gripið fram í.) Það var bara nákvæmlega eins og ég lýsti því áðan.

(**SJS:** Hversu langt ...?) Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gæti fengið orðið á eftir þannig að ég gæti talað þessa einu mínútu sem ég má tala. Hún er nú reyndar á þrotum. Þingmaðurinn er í miklum ham, hann er reiður, hann þolir ekki að heyra sannleikann og það er þá best að hætta þessu þannig að hann geti tekið ró sína á ný.

[16:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið eftir því núna í tvo daga, bæði í umræðunni í gær og svo aftur núna að hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur reynt að draga upp þá mynd að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum gert tillögur að því að auka útgjöld ríkisins. Mér finnst rétt að það komi fram að við höfum lagt til aukningu en líka tillögur um tekjur en það er ekki sama hvernig hlutirnir eru sagðir. Ég vil draga fram einn milljarð í þessu sambandi sem ég veit ekki betur en ég og hv. þm. hefðum verið sammála um að auka útgjöld ríkisins um og það var í tengslum við Orkubú Vestfjarða. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson vildi gera það í gegnum sölu á Orkubúi Vestfjarða en við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum hafa þann háttinn á að gera það með beinum framlögum. Mér finnst því rangt að stilla málum upp þannig að við gerum bara tillögu að útgjöldum. Það er ýmislegt á bak við og í þessu tilfelli, í sambandi við þennan milljarð, þá var það spurning um hvernig og hvaða form ætti að vera á því en báðir voru sammála um þau auknu útgjöld, ekki satt?

[16:06]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef vakið athygli á, og ítrekað núna í þessari viku, afrekum vinstri grænna við fjárlagagerðina á síðasta ári þar sem þeir lögðu til að auka ríkisútgjöldin um 5,5 milljarða, að vísu bara 3,3 milljarða einir og sér en svo voru þeir með tillögur í félagi við Frjálslynda flokkinn upp á 2,2 milljarða, samtals 5,5 milljarða.

Þeir lögðu líka til skattahækkanir upp á 3 milljarða. Það er hins vegar rétt sem hv. þm. segir um Orkubú Vestfjarða. Þeir vildu gera þetta með þessum hætti. Ég vildi fara að ósk heimamanna. Fyrir iðnn. þingsins lá álit fulltrúa allra sveitarstjórna á Vestfjörðum að þetta yrði gert með þeim hætti sem gert var. Ég studdi heimamenn í því og stóð að því.

[16:07]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ánægður með að hv. þm. samþykkir þetta. Þar er gerð grein fyrir einum af þessum milljörðum. Þar vorum við hjartanlega sammála og ég vil draga það fram í þessari umræðu að það er ekki sanngjarnt að væna menn um það að standa í því að auka útgjöld ríkisins því að oft og tíðum eru skýringar sem tekur langan tíma að útskýra hvernig staðið er að málum. Í þessu tilfelli, varðandi þennan milljarð var það spurning um hvernig ætti að gera það, og báðir voru sammála um það. Ég vil bara að það komi fram að þetta þarf skýringa við og það er ekki hægt að slá því fram að menn vilji standa að útgjaldaaukningu en hafi ekki aðrar tillögur á móti sem sannarlega voru settar fram.

[16:07]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var víða sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson kom við í ræðu sinni og ég vil byrja á því að athuga hvort ég hafi skilið orð hv. þm. rétt varðandi umfjöllun hans um flutning Byggðastofnunar. Það var í raun ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að viðbrögð ríkisstjórnarinnar við því að verið væri að flytja Byggðastofnun út á land væru þau að það bæri að flytja fjármuni frá stofnuninni til ráðuneytisins, þ.e. að ríkisstjórnin væri að rýra stofnunina af þeirri ástæðu að hún var flutt út á land og þess vegna þurfi að efla ráðuneytið. Ég verð að fá svör við þessu frá hv. þm.

Síðan þarf ég að rifja örlítið upp fyrir hv. þm. af þeirri einföldu ástæðu að hann hélt því fram að ríkisstjórnin hefði verið upptekin við það hvern einasta dag á valdaferli sínum að lækka skatta en þar sem tími minn er allt of stuttur til þess að ég geti farið yfir þetta, þá verð ég að gera það í seinna andsvari mínu en það er augljóst mál af því sem ég hef fyrir framan mig, sem er meira að segja úr hinu merka dagblaði Morgunblaðinu, að það er heldur betur víðs fjarri að ríkisstjórnin hafi ekki gert annað en að lækka skatta.

[16:09]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur misskilið eitthvað orð mín eða ekki hlustað nógu vel ef hann hefur heyrt mig segja það að þessi flutningur verkefnis frá Byggðastofnun hafi verið vegna þess að stofnunin var flutt út á land. Ég sagði hins vegar og mér finnst það að þegar stofnun er flutt út á land þá eigi að efla hana með sama hætti og þegar hæstv. umhvrh. beitti sér fyrir því að Landmælingar voru fluttar út á land. Það tókst einstaklega vel vegna þess að ráðuneytið stóð á bak við þann flutning og studdi og efldi fyrirtækið. Ég hef verið þeirrar skoðunar að slíkt ætti að gera með Byggðastofnun líka og veit að það verður gert. En ég hef aðeins lýst óánægju minni með það að þetta eina verkefni skuli eiga að fjármagnast af þessum peningum og vinnast inni í ráðuneyti. Ég taldi að það ætti frekar að vinnast í stofnuninni, Byggðastofnun á Sauðárkróki.

[16:10]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. raunar staðfesta það sem ég sagði að þetta væri raunverulega refsiaðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna flutningsins.

Ég lofaði því áðan, herra forseti, að lesa örlítið fyrir hv. þm. og hljóðar þetta svo í Morgunblaðinu þann 27. sept. sl., með leyfi forseta:

„Afkoma ríkissjóðs hefur batnað mikið á undanförnum árum en á sama tíma hefur hið opinbera jafnframt verið að teygja sig æ dýpra ofan í vasa skattgreiðenda.

... hið opinbera hefur verið að taka til sín stöðugt stærri skerf af þjóðarkökunni. ...

Heildartekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru 35,8% árið 1990, 36,2% árið 1995 en hafa vaxið hratt síðan og voru komnar í 42% í fyrra. Þetta er aukning um 17,3% á einum áratug og 3,7% hærra en meðaltalið fyrir OECD-ríkin. ...

Árið 1990 skilaði tekjuskattur á einstaklinga 20,5% af heildarskatttekjum hins opinbera en í fyrra var þetta hlutfall komið í 21,9% ...

... Persónuafslátturinn hefur ekki fylgt vísitölubreytingum, afslátturinn var 23.376 kr. 1991 en var 24.211 kr. að meðaltali í fyrra. Hefði persónuafslátturinn fylgt vísitölunni væri hann nú 29.913 kr." — Sér eru nú hverjar skattalækkanirnar.

[16:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo að það sé alveg á hreinu, þá er það útúrsnúningur að ég hafi sagt að þetta væri refsiaðgerð ríkisstjórnarinnar. Menn eiga ekki að hafa svona rangt eftir þeim sem eru að tala hérna, það er bara ómerkilegt.

Varðandi skattana geta menn lesið eins mikið og þeir vilja upp úr Mogganum. Mér kemur bara ekkert við hvað Mogginn er að segja. Ég var að benda á hvað hefur verið gert hér í skattamálum á undanförnum árum. Ég minnti á að tekjuskatturinn var lækkaður um 4 prósentustig í þremur áföngum sem er einhver mesta skattalækkun í sögunni. Ég minnti á að millifæranlegur skattafsláttur milli maka hefur verið stóraukinn og verður kominn á að fullu eftir eitt ár. Ég minnti á að fasteignamatinu var breytt sem þýðir stórkostlega lækkun á fasteignagjöldum á landsbyggðinni. Ég minnti á að barnabætur stórhækka núna ár eftir ár, um 2 milljarða á þremur árum. Og svo minnti ég náttúrlega á það sem er í tillögum ríkisstjórnarinnar frá því í gær þar sem enn á að stórlækka skatta, lækka eignarskattinn um helming, fella niður sérstaka eignarskattinn, tekjuskatturinn, staðgreiðslan lækkar um næstu áramót o.s.frv. Það er því sama hve mikið menn lesa upp úr Mogganum, þetta er stórkostlegur árangur í skattamálum.

[16:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um fjárlagafrv. fyrir 2002 og ég vil segja það í byrjun að þó að þetta sé fyrir margra hluta sakir hið merkilegasta plagg, þá er það merkilegasta í því í raun og veru það sem ekki er sagt vegna þess að undirtónninn í frv. er svo gríðarlegur að það kallar á hliðarráðstafanir, ef vel ætti að vera, það sem sett er fram í þessu plaggi, fjárlagafrv. Hér er gefinn tónninn um að langmesti hlutinn af þeim rúmum 18 milljörðum sem eru afgangur af þessum fjárlögum, langmesti hlutinn af þeim peningum er fenginn með sölu ríkiseigna. Eru menn virkilega svo blindir í þessu landi að þeir geri sér ekki grein fyrir því hér í þingsölum að það að framkalla kerfisbreytingar á einu samfélagi sem byggja á sölu Landssímans, sölu Landsbankans, sölu Búnaðarbankans, einkavæðingu af ýmsu tagi og e.t.v. einkavæðingu í orkugeira, muni ekki hafa gríðarlegar afleiðingar? Þetta vitum við öll.

Í fjárlagafrv. eru nánast engar tillögur um mótaðgerðir, mótvægi við því sem allir vita að framkallast af þessum ákvörðunum. Það eru gríðarlegar ákvarðanir sem hér er verið að taka. Miðað við einkavæðingu eða hlutafélagavæðingu ríkiseigna má gera ráð fyrir því að allar þessar stofnanir muni draga úr starfsemi úti á landi. Ég fullyrði það að alls staðar annars staðar í löndum sem við berum okkur saman við væri á grunni ákvarðanatöku af þessu tagi sett fram plagg og áætlun sem væri byggð á mótvægisaðgerðum við afleiðingar af því sem hér er verið að gera. Það er ekkert af því tagi hér inni, ekki neitt.

Ofan í kaupið liggur fyrir að áfram verður haldið með óbreytt fiskveiðistjórnarkerfi. Möguleikar á stækkun fyrirtækjanna eru auknir. Við vitum að sú ákvörðun leiðir til stækkunar fyrirtækja og samþjöppunar og þar af leiðandi erfiðleika um landsbyggðina alla. Einu mótvægisaðgerðirnar sem ég sé í þessu frv. eru 139 millj. kr. til styrkingar á dreifikerfi í strjálbýli, sem er allt of lág fjárhæð. Fyrirtækið Rarik hefur bent á að það þyrfti að vera 400–700 millj. kr. á ári ef vel ætti að vera. Engar aðrar ráðstafanir eru gerðar. Þvert á móti eru út um allt í frv. tillögur og ákvarðanir sem gera það að verkum að þjónusta opinberra fyrirtækja úti á landi minnkar. Þess í stað ætti að gera hliðarráðstafanir, vilji menn á annað borð selja ríkiseignir og að draga saman þjónustu, sem ég er náttúrlega innilega á móti. Ég berst hatrammlega á móti því en það virðist vera staðreynd en þá eiga menn auðvitað að gera jafnframt áætlun um mótaðgerðir gagnvart þessu. Það bólar ekkert á þeim, ekki neitt.

Ég get bara drepið niður í minni heimabyggð. Þar er áætlaður sparnaður á Akureyri við að leggja niður morgunútsendingar frá 1. okt. Þar er fyrst og fremst um að ræða launakostnað tveggja manna, sem má ætla að sé um það bil 1,5 millj. kr. fram til áramóta.

Víða í hinum opinbera rekstri er verið að skerða þjónustu ríkisins úti á landi, ofan á það sem hér er gert ráð fyrir. Hvað halda menn að gerist í bankakerfinu? Hvað halda menn að gerist varðandi þjónustu Símans o.s.frv.? Auðvitað leiða breytingarnar til fækkunar starfa. Það er ekki hægt að sjá annað út úr þessu. Ég vara menn við að loka augunum fyrir afleiðingum gjörða sinna.

Breytingar af því tagi sem hér eru boðaðar, varðandi sölu ríkisfyrirtækja og einkavæðingu, hafa átt sér stað víða um Evrópu. En á sama tíma og menn hafa séð fram á eða tekið ákvörðun um slíkar kerfisbreytingar þá hefur í öllum tilfellum, jafnvel í Mið-Evrópu, t.d. Bæjaralandi, verið gerðar áætlanir um að endurreisa atvinnulífið á öðrum grunni en verið hafði, t.d. í námagreftri — ekki eftir á þegar skaðinn er skeður heldur áður. Slíkar áætlanir þarf að gera áður en starfemi sem hefur verið grundvöllur samfélags um árabil er einkavædd eða lögð niður. Það er forkastanlegt að menn skuli viðhafa slík vinnubrögð árið 2002 við stórar ákvarðanir af þessu tagi, að menn eigi bara að fá þetta framan í sig eins og sand. Nú er nóg komið. Í byggðum eins og í Hrísey eru teknar ákvarðanir, nánast frá degi til dags, um hvort leggja eigi niður störf í þessu litla byggðarlagi. Menn þurfa nánast að flýja byggð sína eins og undan stríðsrekstri. Það er þá kannski verr sett en fólk sem lendir í stríðsrekstri því að það fer með skuldir á herðunum til nýrra svæða. Þetta er ekki boðlegt. Þessi áform eru ekki boðleg nema við vitum nákvæmlega hvað við erum að gera.

Af hverju er ekki farið út í markvissar mótvægisaðgerðir ef menn eru svo sannfærðir um að það þurfi að einkavæða öll þessi fyrirtæki? Ég er á móti því. En af hverju er ekkert gert? Af hverju er fólkinu ekki sagt það hreint út: Við ætlum að hætta öllu. Farið bara. Það jafngildir því mjög víða. Fólk er farið að finna smjörþefinn af þessu fyrst núna á seinustu tveimur árum, þar sem störf hafa verið lögð niður til að hagræða og spara eins og það er kallað víða um land. Þetta gerist í öllu bankakerfinu. Þetta gerist hjá póstinum. Víðar og víðar er dregið úr þjónustu. Við vitum nákvæmlega hvað þessi einkavæðing þýðir. Þessir 18,6 milljarðar — sennilega eru 3 af þeim reyndar raunverulegur afgangur af rekstri ríkisins — eru ákaflega dýru verði keyptir. Við skulum gera okkur grein fyrir því.

Ég kalla eftir því, virðulegi forseti, að þeir sem leggja slíkar tillögur fram, hæstv. ríkisstjórn og hennar ráðherrar, upplýsi okkur um afleiðingarnar sem þeir telja að þessi ákvörðunartaka hafi og hvað þeir hafi hugsað sér að gera til mótvægis.

Það er líkt og þeir sem ráða ferðinni nú geri engan greinarmun á því að stjórna fyrirtæki og stjórna samfélagi. Þegar menn stjórna fyrirtæki þá geta þeir hagað sér eins og þeir

vilja og menn verða að éta það sem úti frýs ef sjoppan gengur ekki. En ef við stjórnum samfélagi gilda allt önnur lögmál. Ég frábið mér að menn tali hér og hagi sér eins og stjórnendur fyrirtækis þegar það liggur á borðinu að hlutskipti okkar er að stjórna samfélagi. Stórar ákvarðanir eins og þessar kalla á svörin sem ég hef óskað eftir eftir. Ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi þingheim um það til hvaða hliðarráðstafana menn muni grípa vegna þeirra breytinga sem hæstv. ráðherra telur nauðsynlegar og hvenær slíkar aðgerðir fari í gang. Eða eiga menn bara að láta það yfir sig ganga að allt sé selt undan þeim og fólk verði í stórum stíl nánast að flýja heimili sín um land allt?

[16:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Inn í þá umræðu koma að sjálfsögðu þær skattalækkanir sem hafa verið boðaðar. Ég hef hlýtt á umræðuna í morgun og þótti með ólíkindum að heyra, sérstaklega frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, af því dómadagssvartnætti sem þar kom fram. Það var eins og allt væri að farast. Ég leit út um gluggann og þar var ekki stórhríð eða rigning eins og ég átti von á eftir að hafa hlýtt á ræðuna. Það var bara ágætisveður.

Munurinn á spá Þjóðhagsstofnunar, sem hv. þm. og fleiri hafa gert athugasemd við, er að sjálfsögðu sá að ríkisstjórnin vissi af fyrirhuguðum skattalækkunum og þeim áhrifum sem þær kynnu að hafa á spárnar. Óneitanlega hafa svo veigamiklar og stórfelldar skattalækkanir mikil áhrif.

Það liggur fyrir að fjárlagafrv. er alltaf spá. Það er spá um alls konar atriði fyrir næsta ár og það er markmið, trúi ég, hvers fjmrh. að ríkisreikningur, þegar upp er staðið, sé sem næst spánni. Það er metnaður hans þannig að ég reikna með því að fjmrn. vandi sig mjög þegar kemur að forsendum og gerð þessarar spár. Auðvitað geta komið upp óvænt atvik, t.d. öryrkjadómurinn og annað slíkt, sem raska þessari spá en burt séð frá slíku á spáin að standast. Það hlýtur að vera metnaður þeirra sem semja fjárlagafrv.

Herra forseti. Við erum að fjalla um fjárlagafrv. í ljósi þessara skattalækkana. Þær hafa þegar haft mikil áhrif. Verðbréfavísitalan, úrvalsvísitalan hækkaði í morgun, strax við opnun, um 6–7% og hefur haldist þannig í dag. Mörg fyrirtæki hafa hækkað töluvert meira. Landsbankinn hefur hækkað um 11% og það segir sig sjálft að slík skattalækkun á að þýða hækkun á gengi. Þegar hluthafar sjá að þeir halda eftir af hverjum 100 kr., sem fyrirtæki hefur í hagnað, 82 kr. í staðinn fyrir 70 þá hlýtur það að hafa í för með sér aukinn tekjustraum. Þar sem verðmat fyrirtækja fer alfarið eftir tekjustraumi sem hluthafinn sér þá á gengið að hækka að öðru jöfnu um 17% við þessa breytingu eina sér.

Þá gerist dálítið merkilegt, herra forseti. Ríkissjóður er að selja þrjú stór fyrirtæki. Landssímann, upp á 41 milljarð; Landsbankann, þar sem ríkissjóður á enn þá 14 milljarða, og Búnaðarbankann, þar sem ríkissjóður á enn þá 13 milljarða að verðmæti, og það var fyrir hækkunina í morgun. Ef þessi fyrirtæki sem eru samtals 68 milljarðar að verðmæti hækka um 17%, eins og þau ættu að gera og munu væntanlega gera að öðru óbreyttu, þá fær ríkissjóður 12 milljarða í tekjuauka á næsta ári, 12 milljarða. Allur pakkinn sem við erum að tala um kostar 7 milljarða að frádregnum 3,5 milljörðum sem gert er ráð fyrir að skattbreytingin skili í formi aukningar á veltu í þjóðfélaginu. Þannig erum við að tala um að ríkissjóður sé að fórna 3,5 milljörðum en fái 12 milljarða í staðinn. Það eru ekki léleg býtti.

Þá kemur að því að hugleiða: Hvað gerist ef við færum skattinn niður í 0%? Við skulum bara leyfa okkur að leika okkur að því. Þá gerðist það að gengið ætti að hækka um 43%. Þessi þrjú fyrirtæki hækka um 29 milljarða. Á móti verður ríkissjóður að fórna tekjuskatti upp á 6,8 milljarða á ári þannig að hann mundi græða 22 milljarða á því að fara með skattinn niður í 0%. Þetta er dálítið merkilegt. Auðvitað mætti ekki gera það enda geri ég ráð fyrir að Evrópusambandið mundi rísa upp á afturlappirnar. (**Gripið fram í:** Hvað mundi það selja þau oft?) Þetta dugar í þrjú og hálft ár.

Herra forseti. Ég vil endilega hafa frið til að halda ræðu mína. Ég vil ekki standa í viðræðum við hv. þm. þó að þeir séu æstir yfir þessum upplýsingum. Ég get vel skilið að menn eigi erfitt með að ímynda sér að það borgi sig að fara með skattinn niður í 0%. En það gæti gerst. Ég vil endilega að hv. nefnd sem fær þetta til umfjöllunar skoði þann möguleika að létta skattbyrði eins og hægt er, í samræmi við alþjóðasamninga. Ef við segjum að þeir færu niður í 5% tekjuskatt á fyrirtæki þá fengjum við hingað fullt af erlendum stórfyrirtækjum, sem væri aldeilis búbót.

Herra forseti. Er gott að hlutabréf hækki í verði? Sumir segja að það séu bara ljótir karlar sem eigi hlutabréf. Sumir hafa meira að segja þá lífssýn að almennt sé það ljótt fólk sem eigi hlutabréf og taki þátt í atvinnulífinu. En svo er ekki. Þegar hlutabréf hækka þá er auðveldara fyrir nýsköpun að fá fjármagn, áhættufjármagn, það auðveldar nýsköpun á Vestfjörðum, á Norðurlandi eystra og víðar um land, Norðurlandi vestra líka. Það er auðveldara að fá fjármagn til nýsköpunar þegar hlutafé er verðmætt og mikil eftirspurn eftir því. Þetta væri miklu betri leið, að lækka skatta á fyrirtæki, til að fá fjármagn til nýsköpunar heldur en það sem menn hafa trú á, að búa til einhverja opinbera nýsköpunarsjóði þar sem opinberir starfsmenn hittast einu sinni í mánuði og ákveða að veita fjármagn til nýsköpunar. Það er steindautt kerfi. Það er mikið skynsamlegra að leyfa markaðinum að vinna rétt.

Herra forseti. Svo er líka lagt til að hækka tryggingagjald. Sumir hafa gagnrýnt það. Hvað þýðir hækkun á tryggingagjaldið? Það er skattur á laun. Við búum við þau mótsagnakenndu einkenni núna að hér er mjög mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Á landinu starfa fleiri þúsund erlendir verkamenn og iðnaðarmenn og það vantar fólk. Þá er mjög skynsamlegt að gera vinnuna dýrari og þvinga fyrirtækin til þess að spara vinnu með hagræðingu og ná þannig fram meiri hagnaði. Þessi aðgerð er því ekki út úr korti eins og kann að virðast í fyrstu. Þegar menn tala um það að fyrirtæki úti á landi skili ekki hagnaði þá þykir mér leitt að heyra að menn hafi ekki meiri trú á landsbyggðinni en þetta. Auðvitað skila fyrirtæki úti á landi hagnaði eins og önnur fyrirtæki. Þau eiga a.m.k. að gera það, herra forseti. Ég vil að öll fyrirtæki á landinu skili hagnaði og borgi há laun.

Það er fleira í pípunum. Það á að lækka stimpilgjald. Því miður lækkar það ekki eins mikið og ég hefði viljað. Mér sýnist að það sé mjög almennur vilji til þess á meðal hv. þm. að fella niður stimpilgjaldið. Ég vil gjarnan að nefndin skoði hvort nú sé ekki lag til þess að taka á honum stóra sínum varðandi stimpilgjaldið. Fyrir þessu öllu er innstæða vegna þess að ríkissjóður hefur verið rekinn með miklum afgangi, sem stafar af mikilli hækkun launa.

Svo á að lækka eignarskatta. Því miður eru þeir ekki lækkaðir alveg niður í 0%, en eignarskattar eru refsing fyrir sparnað og ráðdeildarsemi. Það fólk sem stundar sparnað og ráðdeildarsemi, eyðir ekki í jeppa og utanlandsferðir af

tekjum sínum, safnar oft og tíðum eignum, þó að launin séu lág, herra forseti. Oft er þetta lágtekjufólk. Því er refsað með eignarsköttunum, eins og einn örorkulífeyrisþegi kvartaði undan fyrir einu eða tveimur árum. Hann hafði lagt fyrir af örorkulífeyri sínum og var kominn með eignir. Hann var allt í einu orðinn áskrifandi að eignarskatti til ríkisins vegna þess að hann hélt vel utan um krónurnar sínar þó ekki væru þær margar.

Herra forseti. Ríkisstjórn Sjálfstfl. hefur sl. tíu ár lækkað umtalsvert álögur á atvinnulífið. Við það hefur það blómstrað, borgað hærri laun og með hækkandi launum hafa því orðið mikil vandræði að mati vinstri manna. Barnabætur hafa lækkað — það er mikil ógn að fólk skuli hafa svona háar tekur — og tekjuskattar hafa hækkað mjög umtalsvert. Það er líka mjög vont að mati þeirra sem vilja helst alltaf hafa sömu lágu launin. Nú er lag að lækka skattana. Ég vil að menn skoði sérstaklega í nefndinni að lækka jafnvel tekjuskatt fyrirtækja niður í 0%.

[16:32]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að taka af allan vafa um hvort einhver misskilningur sé á ferðum þá heyrði ég ekki betur en hv. þm. hafi haldið því fram að fjmrn. hefði haft ákveðna vitneskju fram yfir t.d. Þjóðhagsstofnun varðandi væntanlegar skattbreytingar sem voru síðan kynntar í gær. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. hefði sagt að þar af leiðandi væri eðlilegt að fjmrn. væri með aðrar niðurstöður en Þjóðhagsstofnun af þeirri ástæðu að þeir hefðu vitað af þessum fyrirhuguðu skattbreytingum og þess vegna væri eðlilegt að útkoma fjmrn. væri, að því er mér skildist, betri en hjá Þjóðhagsstofnun.

Því spyr ég, herra forseti, hv. þm. hvort hér hafi verið um misskilning að ræða hjá mér eða ekki og fullyrðingin hafi sem sagt verið sú að fjmrn. hafi haft vitneskju sem þeir þar af leiðandi hafa ekki látið fara yfir til Þjóðhagsstofnunar.

[16:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hæstv. fjmrh. hafi vitað hvað hann ætlaði að leggja fram sjálfur í dálítinn tíma. En þær upplýsingar getur hann ekki gefið upp, hann má ekki gefa þær upp. Hann þarf að halda þeim mjög leyndum vegna þess, eins og kemur í ljós núna að verðbréfamarkaðurinn tók á skrið. Það er ekki ráðlegt að dreifa slíkum upplýsingum, sem geta haft mikil fjárhagsleg áhrif, nema til mjög þröngs hóps. Ég vissi þetta ekki fyrr en eftir klukkan fjögur í gær og það vissi þetta enginn í mínum flokki eftir því sem ég best veit fyrr en eftir klukkan fjögur. Og það hefur örugglega verið með ráðum gert.

Ég reikna með því að fjmrh. hafi vitað þetta sjálfur og vegna þess arna hafi hann með sjálfum sér sett örlítið aðrar áherslur í fjárlagafrv. en Þjóðhagsstofnun.

[16:34]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að vekja á því athygli að hér er auðvitað allt önnur söguskýring en hæstv. fjmrh. hafði uppi sjálfur vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði að tölur Þjóðhagsstofnunar, spár Þjóðhagsstofnunar hefðu komið seinna en spá fjmrn. Þar var hvergi minnst á það að þarna væri um allt aðrar upplýsingar að ræða, fyrir utan það að hæstv. fjmrh. hélt því fram og hefur haldið því fram í fréttatilkynningu að útkoman hjá fjmrn. væri, ef eitthvað væri, verri en hjá Þjóðhagsstofnun. Hér er því eitthvað sem rekst á, fyrir utan það að hæstv. fjmrh. sagði það sjálfur á kynningarfundi með fjárln. að í fjárlagafrv. væru eingöngu 600 milljónirnar sem gert væri ráð fyrir í hátekjuskatti og annað væri ekki inni og ekki tekið tillit til af þeirri einföldu ástæðu að ekki væri búið að taka neinar ákvarðanir um málið.

Mér heyrist því, herra forseti, að hv. þm. sé að hluta til að gefa til kynna að hæstv. fjmrh. hafi vísvitandi haldið upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun og það tel ég nú býsna alvarlega ásökun á hendur hæstv. ráðherra.

[16:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svara fyrir hæstv. fjmrh. í þessu máli en hann hefur að sjálfsögðu haft hugmyndir um sínar eigin fyrirætlanir. Það hlýtur að vera. Og þegar hann er að setja forsendur fyrir fjárlagafrv. þá hlýtur hann að gera það á eigin ábyrgð því að hann vill að fjárlagafrv. standist sem spá og hann og ráðuneyti hans hljóta að setja metnað sinn í það að fjárlagafrv. standist. Þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að hann noti sínar eigin forsendur við það og taki að sjálfsögðu mið af þeim forsendum sem Þjóðhagsstofnun gefur upp og síðan snurfusi hann hana til eftir bestu getu sjálfur og þá miðað við þær áætlanir og fyrirætlanir sem hann sjálfur hefur í hyggju.

[16:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ef það er eitthvað eitt sem hægt er að segja að einkenni þessi fjárlög og umgjörð þeirra þá er það orðið „óvissa". Það vakti strax athygli mína þegar ég sá litinn, þennan kuldabláa lit á bókinni, að innihaldið mundi líklega verða eitthvað í samræmi við það. Sólskinsliturinn guli er gufaður upp, horfinn út í veður og vind og kuldablár, klakablár litur kominn á kápuna hjá hæstv. fjmrh. Og innihaldið, herra forseti, er í raun og veru algjörlega í samræmi við það.

Óvissan er fólgin í öllum þeim aðstæðum og þeim breytingum sem við höfum verið að sjá ganga yfir og er engan veginn séð fyrir endann á. Þó ekkert annað kæmi til en þær miklu sviptingar í gengi krónunnar, sem við höfum horft á frá því snemma á þessu ári og standa yfir enn, þar sem Seðlabankinn berst um á hæl og hnakka að reyna að halda genginu uppi með handafli og kaupum, inngripum dag eftir dag, verðbólguþróunin og óvissa tengd því, þá dugar það til að sjá að auðvitað eru forsendurnar mjög óljósar og það er að mínu mati misráðið að reyna að ræða þetta öðruvísi en þannig. Það er ekkert að því, hvorki fyrir hæstv. fjmrh. né aðra, að viðurkenna að svona er staðan.

Þegar það svo bætist við að stóratburðir úti í heimi hafa skekið efnahagslífið og berast hingað til okkar og eru þegar farnir að hafa áhrif, algjörlega ófyrirséð hversu mikil og langvinn þau verða á næstu missirum, t.d. á eina höfuðgrein okkar atvinnulífs, ferðaþjónustuna, þá er það einfaldlega fólgið í öllum aðstæðum að óvissan er mikil og það er eðlilegast að ræða þetta á þessum grunni.

Það er, herra forseti, að koma æ betur í ljós að góðæriseveislunni, sem ég hef kallað svo, er lokið. Og það sem verra er, það verður ljósara með hverju árinu sem líður eða hverjum mánuðinum sem líður að nú er að koma að skuldadögunum og að þetta góðæri var að verulegu leyti eyðsla umfram efni. Skuldasöfnun þjóðarbúsins á þessu tímabili er geigvænleg. Menn geta síðan komið hér og sagt að þetta sé því að kenna að kaupmáttur hafi aukist of hratt. En það er ekki bara það, að sjálfsögðu ekki, vegna þess að umgjörðin sem efnahagslífinu var að þessu leyti búin bauð upp á þetta.

Menn verða að horfa til allra þátta í þessu sambandi, til gengisskráningarinnar og til þeirrar keyrslu sem stjórnvöld höfðu forustu fyrir um, þensluna sem varð til á þessu landshorni og þessarar sífelldu góðærissíbylju sem auðvitað hvöttu til eyðslu, lántöku, útlánastefnu bankanna o.s.frv. Niðurstaðan blasir því við okkur: Þessi eyðsla var að verulegu leyti umfram efni, ávísun á vaxandi skuldir þjóðarbúsins í heild út á við og þyngri greiðslubyrði af þeim skuldum á komandi árum.

Það er sérstaklega alvarlegt, herra forseti, hvernig vaxtakostnaðurinn af vaxandi erlendum skuldum þjóðarbúsins hleðst núna upp. Það veldur því að þó að vöruskiptajöfnuðurinn lagist með minni innflutningi þá tommar það nánast ekkert gagnvart viðskiptahallanum því vaxtakostnaðurinn kemur þar upp á móti. Svokallaður jöfnuður þáttatekna verður núna neikvæður um milljarðatugi, svo nemur milljarðatugum meir milli ára. Hallinn á þessum lið, jöfnuði þáttatekna, sem að uppistöðu til er vaxtakostnaðurinn af erlendum skuldum þjóðarbúsins umfram erlendar eignir, var af stærðargráðunni 10–12 milljarðar mestallan síðasta áratug. Hann stökk upp í 20 milljarða á síðasta ári. Hann stefnir í rúma 30 milljarða á þessu ári og stefnir í hátt í 40 milljarða á árinu 2002. Þetta eru staðreyndir málsins. Svo koma menn hér og belgja sig yfir því hvað efnahagsstjórnin sé góð og allt sé í fína lagi.

Ég veit að vísu að einstöku menn, eins og hv. þm. Pétur Blöndal, hafa verið að vara við þessu á undanförnum árum. En menn bjuggu sér til deyfilyf gagnvart þessu ástandi og þar á meðal hv. þm. Var hann ekki að tala hér um að þetta væri góðkynja viðskiptahalli og hann væri allt annars eðlis en áður vegna þess að minni ríkisábyrgð væri á honum? En þarf ekki að borga hann samt? Mun þjóðarbúið ekki þurfa að standa við skuldbindingar sínar út á við?

Það er dálítið merkilegt þegar sjálfstæðismenn koma hér og sperra sig yfir því hvað allt hafi nú verið fullkomið hjá þeim en eru svo ekki menn til að ræða þessar staðreyndir málsins heldur búa sér til billegar skýringar á því að þetta sé allt í lagi. Góðkynja viðskiptahalli hvað? Hann er nákvæmlega sama eðlis og hann hefur alltaf verið hvað það varðar að íslenska þjóðarbúið, fyrirtæki okkar allra, verður að virða þessar greiðsluskuldbindingar sínar út á við. Sáralítið af þeim mun geta fallið á aðra aðila vegna þess að þetta er í gegnum banka og fjármálastofnanir sem við getum ekkert annað en látið standa við skuldbindingar sínar. Það liggur bara þannig. Og minnst af þessu mundi hverfa jafnvel þó að einhver fyrirtæki stæðu ekki við skuldbindingar sínar.

Uppsafnaður viðskiptahalli, herra forseti, á árunum 1998 til og með árinu 2002, ef marka má spár, verður 254 milljarðar kr., ef ég hef lagt rétt saman upp úr þjóðhagsáætluninni. 254 milljarðar kr. eru ekkert smáræði. Vaxtakostnaðurinn af þeim viðskiptahalla sem þarna safnast upp er ekkert smáræði og það er hann sem við erum að horfast hér í augu við. Hreinar skuldir þjóðarbúsins hafa aukist gríðarlega. Að vísu þarf að hafa gengisbreytingarnar þar í huga, ef við reiknum þær í erlenda mynt þá er aukningin minni. En frá árunum 1997, 1998, þegar þær voru um 50% af landsframleiðslu og upp í það að verða núna í lok þessa árs, ef svo heldur fram sem horfir, um 110% af landsframleiðslu, komnar vel yfir landsframleiðslu hvers árs. Það eru hreinar skuldir þjóðarbúsins út á við.

Það var nú gömul þumalputtaregla, hvort heldur sem var í rekstri heimilis eða fyrirtækis, að þá væri nú farið að syrta í álinn ef skuldirnar væru komnar upp fyrir ársveltuna, var það ekki? Einhverjir hafa heyrt slíka viðmiðun. Það er nákvæmlega það sem nú hefur gerst hjá íslenska þjóðarbúinu að hrein skuldastaða okkar, hreinar skuldir okkar erlendis, sem sagt brúttóskuldir að frádregnum eignum erlendis eru orðnar meiri en landsframleiðslan.

Örfá orð, herra forseti, um skattapólitíkina, sem ég kem kannski betur að í seinni ræðu. Þar er fyrst og fremst um einn jákvæðan þátt að ræða og það er afnám skatta á húsaleigubætur. Að öðru leyti eru þessar breytingar verulega umdeilanlegar og að mínu mati sumpart alveg misráðnar. Ég tel það hneykslanlega skattapólitík að hækka frítekjumark hátekjuskatts, hlífa einstaklingum með 280 þús. kr. tekjur á mánuði alveg sérstaklega, færa þau mörk upp í 330 þúsund, en hrófla ekki við hinum almennu skattleysismörkum sem valda því að m.a.s. bótaþegar í almannatryggingakerfinu eru farnir að greiða umtalsverða skatta af hámarksbótum á mánuði hverjum.

Eða þá láglaunafólkið. Tökum konur í láglaunastörfum sem eru með 90–100 þús. kr. á mánuði að meðaltali í heilum starfsgreinum samkvæmt nýjasta Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar. Þær borga 12–15 þús. kr. á mánuði í skatta af þeim launum. Konur á landsbyggðinni í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum eru með 98.700 kr. að meðaltali í laun á mánuði. Þær ná ekki 100 þús. kr., fullvinnandi manneskjur í þessum starfsgreinum á landsbyggðinni. En þær mega borga 12.000 kr. í skatta eða þar um bil af þeim launum. Það finnst þeim í lagi, höfðingjunum sem hér ráða áherslum. Og Framsfl. lætur sig hafa þetta með þeim. En það er forgangsverkefni hjá þessum flokkum að lyfta frítekjumarki hátekjufólks og menn eru búnir að finna sér upp nýja réttlætingu, nýtt hugtak, nýtt nafn, millitekjuskattur, að þetta álag á hátekjur sé millitekjuskattur af því að hann byrjar að telja við 280 þús. en núna 330 þús. á mánuði hjá einstaklingi og hátt á sjöunda hundrað þús. hjá hjónum þegar búið verður að færa þessi mörk upp. Vorkennir Sjálfstfl. og Framsfl. svona mikið hjónunum með vel á sjöunda hundrað þús. kr. á mánuði að hann telji meiri ástæðu til að létta skattana á þeim heldur en lágtekjufólki, öldruðum og öryrkjum með kannski 80–90 þús. kr á mánuði? Það er það sem blasir við okkur. Hver eru byrjunarlaun sjúkraliða sem nú eru í verkfalli? Þau eru innan við 90 þús. kr. á mánuði en þær mega borga skatta af þeirri smán, það er allt í lagi að mati þessara manna.

Herra forseti. Ég mun í seinni ræðu minni koma aðeins inn á skattapólitíkina sem snýr að atvinnulífinu. Hún er að mínu mati einnig mjög illa ígrunduð vegna þess að þar eru valdar áherslur í skattamálum sem ég held að séu varasamar, að lækka mjög mikið skatta á hagnað fyrirtækja sem þó búa við þetta góða afkomu, að þau eru að græða og færa það að hluta til yfir í launatengda skatta, þ.e. tryggingagjald. Þetta óttast ég, herra forseti, að verði til ófarnaðar.

[16:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Tveir hv. þm. beindu til mín fyrirspurnum sem ég hef ekki svarað. Í fyrsta lagi bað hv. 5. þm. Reykv. um svör við því hvort á döfinni væri frekari hækkun á hlutdeild sjúklinga í kostnaði við heilbrigðiskerfið. Ég get svarað því til að engar slíkar raunhækkanir eru á döfinni. Ég hef þegar gefið yfirlýsingar um að ég hyggist ekki taka upp t.d. innritunargjöld á sjúkrahús eða ný gjöld. Hlutdeild sjúklinga í einstökum gjöldum var hækkuð á liðnu sumri. Ekki hafa verið til umræðu frekari raunhækkanir að þessu leyti.

Hv. 15. þm. Reykv. gerði hagræðingarkröfuna og sparnaðartöluna sem lendir á einstökum stofnunum að umræðuefni. Það er þessi 1% hagræðingarkrafa sem sett er á allar stofnanir heilbrrn. Hún gerir um 307 millj., ef ég man rétt, en hagræðingarkrafan fer svo upp í 2% með sértækum aðgerðum. Það er rétt að stærstu spítalarnir bera um 180 millj. af þessari uppphæð, Landspítalinn – háskólasjúkrahús. Hins vegar verður að horfa á þessa tölu í tengslum við þann mikla rekstur sem þar er um að ræða því að þetta er rekstur upp á 20,4 milljarða. Ég er þó ekkert að draga úr því að ætíð er erfitt að hagræða í slíkum rekstri en þó verður að líta á það að þarna er aðeins um þriggja daga veltu á spítalanum að ræða eða tæplega það.

Síðan varðandi biðlistana. Nefndir voru sérstaklega bæklunarbiðlistarnir sem ég tek undir að eru tilfinnanlegir. Ég get sagt það hreinskilnislega að sá biðlisti fer í taugarnar á mér. Ég hef fylgst með því á yfirstandandi ári hver þróunin er í þessum efnum. Við erum að fara yfir fjárhag okkar og fjárhagsramma og það sem út af stendur það sem eftir er ársins, með tilliti til þess hvort við höfum nokkra möguleika á að fjölga bæklunaraðgerðum. Við höfum sett 80 millj. í þennan málaflokk á næsta ári til þess að stytta biðlistana af 350 millj. sem við höfðum í ráðuneytinu samkvæmt rammafjárlögum til nýrra verkefna. Við teljum því að það sé eitt af forgangsverkefnum okkar að reyna að stytta þennan biðlista. Það er alveg ljóst að til mikils er að vinna að gera það því að fólk sem bíður er á lyfjum og líður þjáningar. Ég dreg ekkert úr því.

Hv. þm. kom einnig inn á geðsviðið og hvaða aðgerðir væru fyrirhugaðar í þeim efnum. Fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. að það svið væri til sérstakrar skoðunar. Við erum að setja þetta upp sem eitt af forgangsmálum ráðuneytisins. Ég tel afar brýnt að fara yfir þennan málaflokk og það hvaða aðgerðir kæmu að mestu gagni. En þessi málaflokkur er afar víðfeðmur. Geðsviðið snýst ekki eingöngu um geðdeild Landspítalans – háskólasjúkrahúss. Það er miklu víðfeðmara. Ég hef reynt að fylgjast með því á árinu hvort það sé þannig að fólk í neyðartilfellum sé ekki tekið inn. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið hefur svo ekki verið. Allir sem eru í neyð eru teknir inn. Hins vegar eru alltaf í þessum rekstri erfiðleikar á sumrin vegna þess að það gengur erfiðlega að manna þessar deildir þegar sumarleyfi eru. Ég veit ekki hvort hv. þingmenn gera sér grein fyrir því, ég a.m.k. gerði mér ekki grein fyrir því áður en ég kom að þessu, hve óskaplega stór deild þetta er. Það vinna hvorki meira né minna en 600 manns á geðdeild Landspítalans – háskólasjúkrahúss. Því miður verða truflanir á þessum rekstri yfir sumarið þegar fólk tekur sín frí því að það gengur erfiðlega að fá afleysingar í þessum rekstri.

Margs konar aðgerðir koma til greina í þessu efni. Það eru t.d. umræður um það hvort möguleikar séu á því að heilsugæslan komi meira inn á geðsviðið, að þar séu möguleikar á þjónustu. Einnig er skortur á félagslegum úrræðum fyrir geðsjúka. Það hefur verið unnið gott verk, t.d. hefur klúbburinn Geysir, sem ég þekki til, unnið gott verk í atvinnumálum geðsjúkra og það þarf auðvitað að styðja slíka starfsemi. Það er mjög mikilvægt. Ég átti nýlega viðræður við forsvarsmenn Geðhjálpar. Það er mjög mikilvægt að styðja við geðrækt og eftirmeðferð geðsjúkra. Einnig hef ég unnið að því að koma upp forvarnateymum til að berjast gegn sjálfsvígum en það er á vegum landlæknisembættisins. Sú vinna er komin af stað og voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess í sumar að gera það.

Ég tel að mikil þörf sé á því að sameina kraftana í þessum málaflokki og ég hef einsett mér að ráðuneytið leggi vinnu í það. Vafalaust þarf að leita samstarfs við önnur ráðuneyti í þessum efnum og sérstaklega félmrn. en þessi mál skarast milli ráðuneyta. Ég veit að hæstv. félmrh. er allur af vilja gerður til að ræða þau mál. Á þessar aðgerðir er ekki kominn verðmiði enn en ég held að það sé brýnt verk að fara yfir skipulag þessara mála og leitast við að forgangsraða þeim í þágu geðsjúkra, ekki síst að efla forvarnaþáttinn í þessum málum. Það er mikið til vinnandi að gera það því að þarna er um mjög viðkvæman málaflokk að ræða sem þarf að skipuleggja vel og leggja vinnu í það mál.

Ég vildi koma þessum svörum á framfæri og læt máli mínu lokið.

[16:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau svör sem hann gaf við þeim fyrirspurnum sem ég bar fram í ræðu minni fyrr á fundinum.

Varðandi hagræðinguna á Landspítalanum þá er, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, gert ráð fyrir að þeir hagræði eða spari 181 millj. En í ljósi þess að þeim var gert að spara 400 millj. í fyrra og þeim tókst aðeins að spara 100 millj. þá velti ég því fyrir mér og spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji að það sé frekar unnt núna þegar róðurinn er orðinn enn erfiðari og 300 millj. kr. hali er þarna frá því í fyrra.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hyggist bregðast við þeim vanda sem spítalinn stendur frammi fyrir varðandi útskriftarvandann. Það hefur verið kallað fráflæðivandi, en um 200 manns á spítalanum sem ættu að vera t.d. á hjúkrunarheimilum eða annars staðar teppa rúm á spítalanum. Í fjárlagafrv. get ég ekki séð að það sé viðbót nema þá á Sóltúni þar sem eru 92 pláss og síðan í Sunnuhlíð þar sem eru 15 pláss en það bíða á þriðja hundrað manns eftir hjúkrunarrýmum í brýnni þörf og til þess að geta sparað í heilbrigðisþjónustunni þarf að vera leið fyrir spítalann að koma sjúklingum á rétta staði.

Hvað varðar geðsviðið vil ég fagna því að það eigi að taka sérstaklega á þessum málflokki sem er ákaflega viðkvæmur eins og hæstv. ráðherra sagði. Það er verið að vinna alls kyns mjög mikilvæga vinnu víða í samfélaginu eins og hæstv. ráðherra nefndi, samanber Geysi, geðræktarverkefnið og sjálfsvígsverkefnið sem ráðherrann nefndi. En ég hefði gjarnan viljað fá svör við því hvernig ráðherra hyggst bregðast við útskriftarvandanum og síðan þetta með sparnaðinn hjá spítalanum.

[16:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi sparnaðinn á spítölunum mun á næstunni verða farið yfir það mjög vandlega hvaða möguleikar verða í því efni. Ég hef átt ágætt samstarf við framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra spítalans og reglulegar viðræður án þess að ég sé að taka þau mál upp á mitt borð. Stjórnin hefur víðtækt umboð í þessum efnum. Ég vona að þessi markmið náist án þess að þjónusta sé skert að marki. Ég hef miklar áhyggjur af ástandinu á sjúkrahúsinu núna, því ástandi sem þar skapast í tengslum við verkfall sjúkraliða. Ég vona að það mál leysist þó að það sé annað mál. Hins vegar mun verða farið yfir þessi mál mjög vandlega á næstunni og ég vonast til þess að unnt verði að ná þessum 1% sparnaðarmarkmiðum.

Varðandi svo fráflæðið frá spítalanum. Það er stórmál sem hv. þm. drepur á þar. Ég legg mikla áherslu á að það verður að fara af stað frekari uppbygging hjúkrunarrýma fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu. Sóltún mun bætast við á næsta ári, en sett var upp bráðabirgðaaðstaða á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi fyrir þá sjúklinga sem þar fara inn. (Forseti hringir.) Ég verð líklega að klára að svara hv. þm. í næsta andsvari ef ég má, herra forseti.

[17:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem honum gafst tími til að koma á framfæri í fyrra andsvari sínu, og væri gott að fá frá honum upplýsingar um hvað sé frekar á döfinni sem snýr að hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum fyrir þá fjölmörgu sem bíða í brýnni þörf eftir þeim. Sóltúnsheimilið kemur ekki í gagnið fyrr en í vetur og hluti af þeim sjúklingum sem ættu að fara þar inn eru inni á Landspítala í sérstakri þjónustu.

En ég kom ekki alveg að öllum spurningum til hæstv. ráðherra í fyrra andsvari mínu. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann að því hvort einhver áform væru uppi um það hvernig bregðast bæri við mannaflavandanum í heilbrigðisþjónustunni og hvort einhver áform væru uppi um sérstaka menntun eða hvernig bæri að bregðast við, því að eins og hæstv. ráðherra kom inn á eru um 600 manns í vinnu, bara á geðdeild Landspítalans, og þar hefur þurft að glíma við mjög mikla manneklu og erfiðleika við að fá starfsfólk. Sjúkraliðaverkfallið er auðvitað líka stórt vandamál sem við stöndum frammi fyrir, og hversu illa launuð umönnunarstörfin í heilbrigðisþjónustunni eru. Það er eiginlega til háborinnar skammar í velferðarkerfi okkar hve við vanmetum þessi mikilvægu störf, hjúkrunarstörfin, og okkur ber auðvitað að greiða vel fyrir þau.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann með einhver ráð uppi í erminni við þessum vanda í mönnun í heilbrigðisþjónustunni?

[17:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst örfá orð um hjúkrunarrýmin. Það er ljóst að sem betur fer er mikill áhugi hjá þeim stofnunum sem hafa byggt upp hjúkrunarrými á undanförnum árum, sjálfseignarstofnunum, að halda áfram þeirri uppbyggingu. Við höfum verið að vinna í því að Framkvæmdasjóður aldraðra geri áætlun um það hvernig hann kemur að henni. Ég vona því að ekki líði langur tími þangað til við getum tekið ákvörðun um framhaldið því að það er mjög brýnt. Það er rétt að biðlistinn er langur, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, og í heilbrigðisáætlun eru áform um að stytta þennan biðlista eins og hv. þm. veit, og þingheimur veit sem samþykkti heilbrigðisáætlun samhljóða í vor.

En hvað varðar mönnunina í heilbrigðisþjónustunni þá er þar mikið verkefni við að fást. Ég vildi að ég hefði einhverjar patentlausnir uppi í erminni. Hins vegar hafa ýmsir aðilar rætt þetta við mig. Ég hef t.d. nýlega átt fund um þetta mál með hjúkrunarfræðingum sem hafa áhuga á að fara í verkefni þessu tengt, þ.e. að kynna starfsstétt sína á jákvæðan hátt, og ráðuneytið er auðvitað tilbúið að styðja við slík verkefni. Reyndar var haldin ef ég man rétt — það var fyrir mína tíð — ráðstefna um mönnun í heilbrigðisþjónustu, og það er mjög brýnt að vinna í þessum málum. En auðvitað eru svo launamálin aftur sérstakur þáttur í þessu.

[17:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til þess að inna hæstv. heilbrrh. eftir því hvað sé að gerast varðandi fjárveitingar og starf Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, SÁÁ. Á þeim fjárhagsvanda er ekki tekið í fjárlagafrv. heldur greint frá því að þar standi yfir samningar. Í fréttum undanfarið hefur verið gerð grein fyrir bæði verulega aukinni þörf á meðferð, og ég tala nú ekki um fyrirbyggjandi aðgerðir, en fyrst og fremst er það meðferð og síðan eftirmeðferð sem líður fyrir fjárskortinn. Sömuleiðis bitnar það á greiningu ákveðinna sjúkdóma hjá þeim sem þangað hafa leitað en hún hefur verið mikilvæg, bæði fyrir þá og jafnframt allt heilbrigðiskerfið, en sú þjónusta hefur verið felld niður vegna fjárskorts. Þessi starfsemi virðist því vera í miklum vanda. Heimilið sem hefur verið rekið á Staðarfelli í Dölum og hefur verið talið gegna afar mikilvægu hlutverki í þessu starfi hefur staðið lokað síðan í vor, og af fréttum að dæma er allt í óvissu um hvenær sú starfsemi hefst aftur.

Ég vildi gjarnan, herra forseti, heyra hvort hæstv. heilbrrh. gæti gefið svör um hvað þarna er að gerast og hvernig tekið verður á þeim mikla vanda sem er greinilega fyrir hendi.

[17:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur staðið yfir í ráðuneytinu vinna í sumar við að gera þjónustusamning við SÁÁ. Þeir eiga við vanda að etja og fjárvöntun í sínum rekstri og hefur verið unnið að því að kortleggja það. Ég vona svo sannarlega að það takist að ná slíkum samningi og þá liggi fyrir hvaða þjónusta er af þeim keypt, m.a. þá að meta þjónustuna á Staðarfelli, skimunina fyrir lifrarbólgu C sem hefur verið framkvæmd þar og önnur þau verkefni sem þeir hafa haft með höndum. Þeir hafa unnið mikilvægt starf sem ég tel afar mikilvægt í heilbrigðisþjónustunni. Við höfum lagfært launabætur sem þeir áttu inni upp á 36 millj. kr. sem koma inn á fjáraukalög, en hins vegar hef ég ekki á þessari stundu niðurstöðu um það hvort þessi þjónustusamningur næst eða hvað hann muni kosta en það mun vonandi skýrast á næstu vikum þannig að við getum þá gert okkur grein fyrir hvaða kostnaður er honum samfara.

Ég legg auðvitað áherslu á að fyrir þessari starfsemi sé séð en ég legg líka mikla áherslu á að settur sé utan um hana rammi og það sé ljóst hvað við erum að kaupa og hvaða þjónustu á að veita á þessari ágætu stofnun.

[17:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu vildum við að þessi starfsemi þyrfti ekki að aukast að umfangi. Að sjálfsögðu vildum við að ytri umgjörð samfélags okkar væri slík að þessum sjúkdómstilfellum fjölgaði ekki eins og raun ber vitni. Auðvitað vildum við helst að samfélagið sem slíkt væri betra og mannvænna þannig að til þess þyrfti ekki að koma og ber að leggja höfuðáherslu á að byggja upp samfélag sem dregur úr líkum á þessum sjúkdómum.

Engu að síður er þetta staðreynd eins og hæstv. ráðherra kom inn á. Ég vil ítreka að það er afar mikilvægt að fjármál, rekstur og framtíð þessarar starfsemi komist sem allra fyrst á öruggari grunn en hann er nú, þannig að þeir mörgu einstaklingar, sem eiga allt sitt undir því að þetta starf geti gengið sem best, fái þarna þjónustu og úrbætur.

[17:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta að bæta að öðru leyti en því að ég legg á það mikla áherslu yfirleitt og hef hug á gera það áfram að gerðir séu þjónustusamningar og árangursstjórnunarsamningar í heilbrigðiskerfinu. Það er gagnleg yfirferð yfir mál að gera slíka samninga og gera sér grein fyrir hvaða þjónusta er í boði og hvað hún á að kosta. Ég tel að nauðsynlegt sé að leggja vinnu í slíka starfsemi og það hefur reynst vel þar sem slíkir samningar hafa verið gerðir. Ég vona að þessi samningur náist við SÁÁ og endurtek að þar er um mikilvæga starfsemi að ræða og því miður hefur þörfin á þessari þjónustu farið vaxandi bæði vegna áfengisneyslu en ekki síður vegna eiturlyfjaneyslu sem einnig er alvarlegt vandamál í okkar samfélagi og þarf ekki að lýsa því.

[17:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég mun í stuttu máli fara aðeins aftur í þær fyrirhuguðu skattbreytingar sem voru boðaðar hér í þinginu í morgun og síðan varpa fram nokkrum spurningum varðandi einstök atriði í fjárlögunum.

Um þær breytingar sem boðaðar voru í skattamálum í morgun af hæstv. fjmrh. og hafa verið kynntar hér frekar og lagðar fyrir þingið í lagafrumvarpsformi er ýmislegt að segja.

Það ber í sjálfu sér að fagna því að skattur á húsaleigubætur skuli vera felldur niður. Hann var óréttlátur og ber að fagna því að hann sé felldur niður. Sömuleiðis get ég alveg tekið undir að ýmislegt varðandi stimpilgjöld var orðið mjög óréttlátt. Það sést ekki af þeirri fréttatilkynningu sem gefin var út né af orðum hæstv. ráðherra með hvaða hætti lækkun á stimpilgjöldum eigi að koma til framkvæmda en t.d. lántökur erlendis — en mörg fyrirtæki og jafnvel einstaklingar taka lán erlendis — voru að því er ég best veit undanþegnar stimpilgjöldum til ríkisins en aftur á móti þurfti að greiða stimpilgjöld af lánum sem tekin voru í innlendum fjármálastofnunum. Ég hygg, herra forseti, að víða hafi verið komin upp misvísun og óréttlæti varðandi stimpilgjöldin sem ástæða var til að skoða og vonandi taka þær skattbreytingar sem hér eru boðaðar að einhverju leyti á því og gera þær réttlátari bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Hitt er svo furðulegt að farið skuli í það að lækka skatta á einstaklingum og fyrirtækjum, lækka tekjuskatt á þeim, í þeirri óvissu sem nú er um efnahagsástandið og tekjugrunn ríkisins.

En það sem ég ætlaði fyrst og fremst að gera að umtalsefni, herra forseti, er það að boðað er að tryggingagjald hækki um 0,77%. Tryggingagjaldið hefur þótt afar ósanngjarnt í mörgum tilvikum. Tryggingagjaldið leggst fyrst og fremst á launakostnað, greidd laun og það leggst á þann hluta lífeyrissjóðsiðgjalda sem atvinnurekandinn innir af hendi. Og að ætla að hækka tryggingagjald á laun þýðir að verið er að refsa þeim fyrirtækjum, þeirri atvinnustarfsemi sem lætur meginhluta tekna sinna af rekstri ganga til launa en lætur minna ganga til að leggja peninga inn á banka eða kaupa hlutabréf eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal var að tala um. Í sjálfu sér er ekkert annað en gott að segja um hlutabréfaeign ef hún er eðlileg, en þetta er ósanngjarnt.

Einnig ber að líta á að atvinnugreinarnar eru þannig samsettar hér á landi að framleiðslugreinarnar, landbúnaður og sjávarútvegur, eiga í raunverulegum rekstrarörðugleikum þannig að þar er ekki mikill tekjuskattur á ferðinni sem er verið að létta af þessum atvinnugreinum en það er heilmikill launakostnaður. Sama er líka að segja um atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu, meginþáttur í þeim rekstri er líka laun.

Tekin hefur verið saman skýrsla á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga af Haraldi Líndal þar sem könnuð var sametning á tekjuskatti og tryggingagjaldi á fyrirtæki árið 2000. Þar kemur í ljós að um 90% af öllum tekjuskatti á fyrirtæki fellur til á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það eru einungis um 10% af upphæðum sem fyrirtæki utan Stór-Reykjavíkursvæðisins eru tekjuskattsskyld eða greiða tekjuskatt.

Að sjálfsögðu ber að harma að fyrirtæki víða um land séu ekki með það góða afkomu, það góðan rekstrargrunn að þau geti skilað tekjuskatti. En þetta er bara staðreynd sem verður að horfast í augu við og þýðir enga óskhyggju þegar verið er að vinna úr því.

Hins vegar þegar litið er á fjölda fyrirtækja sem greiða tryggingagjald á árinu 2000, þá eru 44% utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Við sjáum að þungi atvinnurekstrarins sem greiðir einmitt ekki tekjuskatt er utan höfuðborgarsvæðisins og byggist náttúrlega, þegar verið er að tala um hvort það er á höfuðborgarsvæðinu eða utan höfuðborgarsvæðisins, fyrst og fremst á atvinnugreinum sem eru staðsettar þar.

Í umræðunni um þörfina fyrir að jafna stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hefur einmitt verið talað um að það ætti helst að gera í gegnum skattkerfið. En eins og núna er, þá er um beina tvísköttun að ræða á atvinnustarfsemi úti á landi þar sem allir flutningar verða að koma frá einum stað, frá suðvesturhorninu, og flutningarnir til þessara fyrirtækja eru síðan skattlagðir til ríkisins og á það leggst síðan líka virðisaukaskattur þannig að það er margföld skattlagning á ýmsum aðföngum til rekstrar fyrirtækja úti á landi. Auk þess eru þetta fyrirtæki sem eiga ekki sama aðgang að lánsfjármagni. Það kemur líka fram í þeirri skýrslu sem ég var að vitna til. Auk þess eru þau að jafnaði með fjármagn sem þau fá að láni á verri kjörum en gerist hér. Það er því á margan hátt sem mismunun kemur fram í rekstrarskilyrðum fyrirtækja eftir því hvar þau eru og svo líka í hvaða greinum þau eru. Eigi nú að fara að auka skattbyrðina í gegnum tryggingagjaldið þá mun það virka sem beinn aukaskattur eða aukin skattlagning, aukinn þungi á sköttum á frumvinnsluatvinnugreinarnar, þjónustugreinarnar og þær atvinnugreinar sem eru úti um land. Þetta er bara svona.

Mér er jafnvel nær að halda að sú hækkun sem þarna er fyrirhuguð gæti fljótlega unnið upp þá lækkun á tekjuskatti sem ætlunin er að ná með þessu. Það er einmitt ekki svo, herra forseti, að hljóðið sé þannig núna að vandræði séu hjá fyrirtækjum með allan tekjuskattinn og tekjurnar. Þó svo að hæstv. fjmrh. hafi reyndar ýjað að því í sjónvarpsviðtali í gær að með því að lækka tekjuskattinn, þá mundu fyrirtæki síður fara að hagræða eða láta bókhaldið koma þannig út að þau slyppu við tekjuskatt, þetta væri svona hvatning til þess að menn væru ekki að hagræða í bókhaldi, hann komist einhvern veginn þannig að orði, þá held ég að það sé einmitt svo að það sé meiri hætta á að fyrirtæki eigi erfitt með að standa skil á launum og halda rekstri sínum á næstu mánuðum og muni þar takast á við eitthvað annað en að spekúlera í tekjuskatti. En þessi skattur, tryggingagjaldið, mun koma hart niður.

Herra forseti. Ég hefði viljað spyrja félmrh. hvað sé að gerast varðandi félagslega eignaríbúðakerfið sem mörg

sveitarfélög standa í miklum vandræðum með. Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. er farinn.

Enn fremur hefði ég vilja spyrja hæstv. menntmrh. hvað sé að gerast með framhaldsskólana. Hvers vegna er t.d. valið að lækka eða leggja niður framlag til framhaldsdeilda framhaldsskólanna úti á landi? Og svo má áfram telja, herra forseti. Það eru mörg svona atriði einmitt víða um land sem ég sé í fjárlagafrv. að eru slæm.

[17:23]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég mun mjög stytta mál mitt, enda nóg troðið eins og Jón Hreggviðsson sagði undir hanganum. En ég á skapnaðarerindi, herra forseti, við talsmann Sjálfstfl., hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, vegna þessara umræðna sem urðu í dag og þeirra orða sem hann viðhafði og ég þarf að svara. Hvað segir hæstv. forseti um það?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti sér í tölvunni að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er ekki húsi en forseti mun láta kanna hvort hann er hér skammt undan.)

Einmitt. Ég hefði viljað fara örfáum orðum á meðan um einkavæðingartilburði hæstv. ríkisstjórnar. Ég var einkavæðingarsinni en vegna framkvæmdar á þeim málum hef ég hlotið að snúa við blaðinu varðandi þessi fyrirtæki, sérstaklega bankana. Ég tel að einkavæðing þeirra nú sé ranglega tímasett. Það sem er rangt tímasett er gersamlega óbrúkhæft í pólitík. Þess vegna hlýt ég að vísa því til hæstv. ríkisstjórnar að hugsa sig tvisvar um áður en á þetta ráð verður brugðið með bankana.

Það sýnir sig að tíminn er líka rangur varðandi Landssímann og þessi aðferð, sem notuð hefur verið nú, virðist ætla að mistakast með hættu á tapi við söluna.

Ég vil enn fremur benda á, minna á og rifja upp að á sinni tíð voru norskir bankar einkavæddir. Það kom þó ekki í veg fyrir að þegar þá ber upp á sker vegna tapa, útlánatapa, þá varð norska ríkið að koma til skjalanna og kaupa þessi fyrirtæki svo ekki riðlaðist allt þeirra fjármálakerfi. Ég óttast að til þessa kunni að draga hér á Íslandi. Ég óttst það mjög. Bankarnir dældu inn erlendu fé, aðallega vegna vaxtamunar þar og hér, og síðan kom á þær fjárhæðir þessi forógnarmikla gengisfelling þannig að það þarf enginn að segja mér að þarna kunni ekki að taka í hnúkana.

Það má auðvitað segja að bankarnir hafi verið undanfarin missiri á útlánafylleríi og þá er alltaf hætt við að timburmenn geri vart við sig á eftir. Ég nefni sem dæmi þó að það sé hálfbágt að þurfa að vera að nefna nöfn að Landsbanki Íslands lánaði þekktum athafnamanni, Jóni Ólafssyni, yfir 800 millj. kr. til að kaupa lóðir fyrir suður í Arnarnesi til þess að braska með. Þetta var auðvitað gert að undirlagi Framsfl., enda berst fulltrúi Framsfl. í bæjarstjórn Garðabæjar um á hæl og hnakka að reyna að koma af stað byggingum til að losa um þessi ósköp. Það er dreifða salan sem ég er óskaplega óánægður með að ekki hefur gengið eftir, margendurteknar yfirlýsingar hæstv. forsrh. um bankana sér í lagi, að það hlyti að fara fram dreifð sala á þeim. Hann skundaði síðan til Hóla og hélt þar messu og hann kunni þá að nefna þá sem aðallega áttu hlut að máli í hinum fræga Orca-hópi.

En nú er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mættur og ég minni á það sem hann sagði með réttu að laun opinberra starfsmanna hefðu hækkað langt umfram greiðslugetu ríkisins. (**EOK:** Og laun annarra.) Og laun annarra. Það lá í orðum hans að ég hefði verið einn af þeim sem hefðu valdið hér upphlaupi vikum saman vegna kjarabaráttu kennarastéttarinnar. Það er rangt. Það gerði ég ekki eins og ganga má úr skugga um í þingtíðindunum. Ég tók engan þátt í upphlaupum hér á hinu háa Alþingi vegna deilu kennarastéttarinnar, aldrei. Það gerði ég vegna þess að ég taldi alla þá umræðu stórspilla stöðunni. Hið eina sem ég sagði í eitt einasta skipti var að ég sæi ekki betur en nauðsyn bæri til að bæta kjör kennarastéttarinnar sem hefðu dregist von úr viti aftur úr og kannski ollu keðjuverkunum í launamálum þjóðarinnar. Þetta var um það að segja.

Hv. þm. hefur setið á hlustinni þegar við vorum að ræða stefnuræðu forsrh. því þar segir, með leyfi forseta:

„Hér hafa laun hækkað langt umfram það sem þjóðarbúið þoldi og húrrandi launaskrið vegna ofþenslu á vinnumarkaði."

Þetta sagði ég núna á þriðjudaginn í umræðum um stefnuræðu forsrh. Ég veit það ekki en ég geri fyllilega ráð fyrir því að hv. þm. Einar Oddur, málsvari Sjálfstfl. í fjármálum og varaformaður fjárln. sérstaklega, að það hafi verið borið undir hann strax eftir kosningar 1999 að hækka skyldi laun þingmanna og ráðherra um ein 30%. Einhvern tíma hefði honum þótt, þegar hann var í fyrirsvari fyrir Vinnuveitendasambandið að þetta væri ógæfulegt fordæmi svo ekki sé meira sagt.

Við höfum lifað um efni fram, Íslendingar. Á því er ekki nokkur vafi. Og við höfðum verið táldregnir, allur almenningur af verðbréfahéðnum sem hafa teflt upp verðbréfabraskinu á yfirspenntum fjármálamarkaði og svo þykjast þeir auðvitað lausir allra mála þegar almenning, sem hefur hlýtt á fortölur þeirra og áróður, ber upp á sker. Og hálfömurlegt er til þess að vita að það muni teljast til hagvaxtar, byggingarbraskið á höfuðborgarsvæðinu, vegna flótta landsbyggðarmanna til suðvesturhornsins.

Ég óttast, herra forseti, að forusta hæstv. ríkisstjórnar kunni bara að stjórna í góðæri. Og það er ekki von á góðu þegar formaður stjórnarinnar dáleiðir sjálfan sig endalaust með blekkingum eins og við höfum fyrir augum.

[17:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Öllum þeim sem fást við kjaramál er löngu kunnugt að aðalhvatinn, aðalhreyfiafl allra kjarasamninga og allra launakrafna, er það sem miðað er við, viðmiðin og aftur viðmiðin. Geri menn samning við einn um að hækka laun hans þá er um leið búið til nýtt réttlæti handa öllum öðrum sem hafa þá hækkun til viðmiðunar. Það kallar á nýtt réttlæti og þeir fara líka fram á kauphækkanir. Þetta fór ég yfir í fyrra og minnist þess að hafa þá rætt um það við hv. þm. Sverri Hermannsson.

Ég fagna því að hv. þm. hafi látið þau orð falla í umræðum um stefnuræðuna að við höfum hækkað laun of mikið miðað við aðrar þjóðir. Því miður var ég ekki viðstaddur þá umræðu en það er hárrétt hjá honum. Við Íslendingar höfum hækkað laun okkar meira en allar aðrar þjóðir. Það er vandamál okkar vegna þess að launin eru aðalþáttur allra útgjalda. Það eru sjötíu og eitthvað prósent af fastatekjum ríkisins, af fastatekjum þjóðfélagsins. Þetta skiptir öllu máli.

Þegar kreppir að í samfélaginu, þ.e. þegar hagvöxturinn dettur niður og verður nánast enginn eða mjög lítill þá ríður á að gera sér grein fyrir því að það verður að staldra við. Það verður að spyrna við gegn launakröfunum hvar sem er, hverjir sem bera þær fram og hvernig sem á stendur. Þetta er aðalatriði málsins. Þetta vildi ég sagt hafa. Ég held að ég hafi talað mjög skýrt hér í dag. Ég endurtek það enn og aftur: Við

verðum að minnast þess að við getum ekki, undir þessum kringumstæðum, orðið við kröfum um hærri laun. Einhvers staðar verður að setja strikið þó að það sé sárt fyrir þá sem kunna að standa í launabaráttu. Við komumst ekki hjá því að setja ákveðin mörk.

[17:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég sérstaklega vekja athygli á þessari yfirlýsingu talsmanns Sjálfstfl. um launamál, að launahækkanir, hvernig sem á stendur, hverjir sem í hlut eiga, eigi ekki rétt á sér. Er hann að tala til sjúkraliðastéttarinnar sem er með innan við 90 þús. kr. í byrjunarlaun? Er hann að tala til þeirra?

Gerir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson engan greinarmun á láglaunafólki og hátekjufólki? Skiptir engu máli hver tekjumunurinn er í þjóðfélaginu? Skiptir það hann engu máli? Er bara horft á málin með einu auga í miðju enni, málavextir aldrei kannaðir eða greinarmunur gerður á þeim annars vegar sem bráðnauðsynlega þurfa á launahækkunum að halda og hinum sem hafa ærið nóg? Mér finnst þetta vægast sagt undarlegur málflutningur, herra forseti.

Við ræðum hér um fjárlög og sú umræða sem fer fram nú snýst um aðalatriði málsins. Eins og menn þekkja þá fer nú í hönd mikil vinna í tengslum við fjárlagafrv. og henni lýkur ekki fyrr en undir áramótin. Þá mun þingmönnum gefast tækifæri til að fara nánar í saumana á málum, verði nefndin ekki við ábendingum og kröfum sem fram hafa verið settar um breytingar á frv.

Mig langar á þessum fáu mínútum sem ég hef til ráðstöfunar, að tipla á örfáum atriðum sem fram koma í þessu litla riti sem fylgir fjárlagafrv. og heitir Stefna og horfur. Ég notaði fyrri ræðu mína til að fara yfir skuldastöðu ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja í landinu og heimila og vakti athygli á þeirri ófrýnilegu mynd sem þar blasir við okkur en heildarskuldir þjóðarbúsins eru núna 259% af vergri landsframleiðslu og hafa ekki verið hærri.

Ég staðnæmist fyrst við þá yfirlýsingu sem gefin er í þessu litla riti að við þær aðstæður sem við búum við nú sé ástæða til að lækka skatta. Síðar segir að íslenskt atvinnulíf búi ekki lengur við það forskot sem hér ríkti í skattalegu tilliti á síðasta áratug. Þetta eigi bæði við um tekjuskattshlutfallið sem í dag sé einungis um meðallag OECD-ríkjanna en hafi verið langt fyrir neðan það fyrir tæpum áratug. Síðan er vísað í aðra þætti einnig.

Herra forseti. Þetta er ekki alls kostar rétt staðhæfing. Við skoðun á skatthlutfalli hér á landi annars vegar og innan OECD hins vegar kemur í ljós að íslensk fyrirtæki — hér erum við fyrst og fremst að tala um tekjuskatta fyrirtækja — búa við mun lægri skatta en gerist hjá OECD, eða 1,2% af vergri landsframleiðslu á móti 3,2% hjá OECD. Hins vegar er það svo að tekjuskattur einstaklinga, og það er rétt, er ívið hærri en gerist innan OECD eða 11,9% hér á landi á móti 10,2% hjá Evrópuríkjum OECD. Þó er tekjuskattur einstaklinga mun lægri hér á landi en á Norðurlöndum, þar sem þetta hlutfall er 17,5% af landsframleiðslunni.

Hvað varðar launa- og tryggingagjöld þá eru þau mun lægri hér á landi en annars staðar, 2,9% af landsframleiðslu hér á landi á móti 11,5% hjá OECD. Það eru fyrst og fremst skattar á vöru og þjónustu sem eru ívið hærri hér á landi en í þessum samanburðarríkjum okkar. Þegar litið er á heildartekjur hins opinbera þá eru þær mun lægri hér en gerist hjá viðmiðunarríkjum okkar hjá OECD, eða 35,9% á móti 39,8%. Þetta hlutfall er miklu hærra síðan á Norðurlöndum, 47,9%. Þær staðhæfingar sem hér koma fram í fylgiriti fjárlagafrv., hvað varðar samanburð á skattlagningu á Íslandi annars vegar og skattlagningu innan OECD hins vegar, eru því ekki alls kostar réttar.

Næst vil ég staðnæmast við skrautfjaðrir ríkisstjórnarinnar. Þar eru fyrstar til að telja barnabæturnar. Hér segir, með leyfi forseta, og er þar vísað til hækkunar á barnabótum á árabilinu 2001–2003 sem nemur 2 milljörðum króna:

„Fyrsti áfangi kom til framkvæmda á þessu ári. Megininntak breytinganna er að ótekjutengdar barnabætur eru teknar upp á nýjan leik, dregið er úr skerðingu bótanna vegna tekna og skerðing vegna eigna er felld niður. Þessar breytingar leiða til verulegrar hækkunar á ráðstöfunartekjum alls barnafólks en hinir tekjulægri bera þó mest úr býtum."

Hér kemur tvennt fram, að það eigi að hækka barnabætur um 2 milljarða á árabilinu 2001–2003 og síðan er staðhæft að þeir beri mest úr býtum sem minnstar hafi tekjurnar. Í þessu sambandi vil ég minna á hver þróunin hefur orðið í greiðslu barnabóta á undanförnum árum. Árið 1991 námu barnabætur alls 4,8 milljörðum kr. Undir aldarlok hafði þessi upphæð lækkað og var komin í 3,8 milljarða kr., hafði sem sagt lækkað um einn milljarð eða þar um bil. En samkvæmt útreikningum fjmrn. nam þessi munur um 2 milljörðum að raungildi og var samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins 5,8 milljarðar 1999, kominn niður í 3,8 milljarða undir aldarlok. Þarna munaði sem sagt 2 milljörðum sem menn ætla núna að skila til baka á næstu þremur árum. Menn eru þar með að færa barnabæturnar í svipað horf, sennilega eru þær þó heldur lægri, en var fyrir áratug.

En gagnast þetta því fólki sem hefur minnstu tekjurnar eins og staðhæft er? Það sem gerðist með ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðasta vetri var hið gagnstæða. Það var verið að draga úr tekjutengingu kerfisins þannig að hlutfallslega kæmi ívið meira til þeirra sem hefðu meðaltekjur eða hærri tekjur. Hluti af þessum ráðstöfunum var að sjá til þess að fyrir börn sjö ára og yngri yrði greiddur ótekjutengdur barnabótaauki að upphæð 33–34 þús. kr. Það var hugsunin.

Ég veit ekki hve margir muna eftir því að fyrir fjórum árum eða þar um bil voru greiddar fyrir öll börn 40 þús. kr., ekki bara að sjö ára aldri heldur að 16 ára aldri. Þegar þetta var afnumið var einn hópur skilinn eftir. Það voru börn tekjulægsta fólksins. Það fékk greitt fyrir barn að sjö ára aldri viðbótargreiðslu, sem svo var nefnd, sem nam 31–32 þús. kr. Þessi greiðsla var síðan felld brott við skattkerfisbreytingarnar á sl. vetri. Fólkið sem hefur minnstar tekjur bar því ekki mest úr býtum við þessar skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er þrotinn. Ég er í rauninni rétt að hefja yfirferð mína en ég ætla núna og helst sem oftast að virða tímamörk og lýk máli mínu.

[17:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þekkt þjóðarböl á Íslandi, þ.e. víxlhækkun kaupgjalds og verðlags. Við vorum mesta ógæfuþjóð Evrópu í stjórn okkar efnahagsmála. Það var margsýnt fram á það í gegnum áratugi að þeir sem báru minnst úr býtum í allri þeirri óstjórn voru þeir lægst launuðu í samfélaginu. Við sífellda hækkun launa þar sem menn elta hver annan og búa til nýtt réttlæti bera þeir tekjulægstu alltaf minnst úr býtum. Hinir tekjuhæstu koma betur út úr því. Um þetta urðum við sammála fyrir rúmlega 10 árum, að við gætum ekki gengið

þennan veg lengur, við yrðum að stoppa við, yrðum að setja rautt strik, við yrðum að stoppa. Það var gert.

Ég var þá í forsvari fyrir vinnuveitendur. Við sömdum um nánast engar kauphækkanir til allra, það fékk enginn neitt. Við hverja var ég að semja? Við Alþýðusamband Íslands. Hverjir sömdu nákvæmlega eins? Það var BSRB. Hver var formaður þar? Sá sami og núna, hv. þm. Ögmundur Jónasson. Var ég óréttlátur í þeirri kröfugerð? Herra forseti, já, ég var það. Ég var mjög óréttlátur. Ég taldi nauðsynina slíka að það væri ekki hægt að komast hjá því að vera óréttlátur. Ég hef aldrei hælt mér af þeim samningum. Aðstæðurnar voru þannig að við gátum ekki gert neitt annað. Þjóðarbúsins vegna urðum við að komast út úr þessari vitleysu. Þjóðin varð að komast út úr vitleysunni öllum til hagsbóta, þeim tekjulægstu mest. Það sem ég segi núna um launamálin er nákvæmlega hið sama og þá.

[17:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út á þetta gekk mín gagnrýni, þ.e. að hverju sinni verður að taka mið af aðstæðum. Það sem á við á einum tíma á ekki við á öðrum tíma. Það sem á við um einn hóp á ekki við um annan hóp.

Ég vísaði til kröfugerðar Sjúkraliðafélags Íslands sem stendur í verkfallsbaráttu þar sem upphafslaun eru innan við 90 þús. kr. á mánuði og ég vísaði til þess að mikilvægt væri að koma til móts við kröfur þessa hóps, að mér fyndist það vera mikið réttlætismál.

Síðan er það annar handleggur að fyrir tíu árum eða um það bil þegar verðbólga var mæld hér í tveggja stafa tölum, um 30%, þá myndaðist um það víðtæk sátt í þjóðfélaginu að keyra hana niður með markvissu samstilltu átaki. Ég stóð heils hugar að baki því átaki og það tókst. En markmiðið var ekki að keyra samfélagið inn í frost til frambúðar. Á þessu átti að bygga kaupmáttaraukningu og að sjálfsögðu ætluðu menn að beita sér fyrir réttlæti varðandi tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Þess vegna verður að meta málin í því ljósi og við þurfum að skoða kröfur einstakra hópa með þessa réttlætishugsun í huga.

[17:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir 12 árum var hagvöxtur dauður á Íslandi. Við horfum fram á það í dag að hagvöxtur er nánast að verða enginn. Við erum á mjög hættulegri braut.

Auðvitað eru menn alltaf óréttlátir þegar þeir ræða um launamál. Ég veit ósköp vel að hjúkrunarfræðingar hafa hækkað mjög mikið í launum. Þeir hafa hækkað meira en sjúkraliðar. Það gefur sjúkraliðum nýtt réttlæti. Það er alveg hárrétt. Ég veit líka að ófaglærðir hafa hækkað minna en sjúkraliðar. Hvað ætla menn að gera svo? Jú, semja við eina stéttina til að búa til nýtt réttlæti handa öðrum. Og hvar ætla menn að enda? Sagan segir hvar við endum. Við endum hvergi, bara í vitleysu.

Auðvitað er hver sá sem leggur til að nú sé stoppað og nú sé hætt, alltaf óréttlátur. Auðvitað er það alltaf. Það er kannski ekki viturlegt af stjórnmálamanni að segja sannleikann. Það er kannski betra að tala um það sem allir vilja heyra, eitthvert eyrnakonfekt. En aðstæður í dag eru bara ekki þannig. Við verðum að segja sannleikann eins og hann er. Við komumst ekki hjá því að stoppa launahækkanir í samfélaginu. Við komumst ekki hjá því vegna þess að það er öllum til hagsbóta að stöðva þær. Það gæti ekki leitt til neins annars en enn þá meiri kaupmáttarhraps allra, ef við stoppum þær ekki. Svo geta menn deilt um það hvar á að stoppa og hvenær. Ætla menn að stoppa í dag? Ætla menn að bíða í þrjá mánuði eða þrjár vikur eða þrjú ár? Menn geta deilt um það. En það verður að segja söguna eins og hún er. Við getum ekki haldið áfram að hækka laun ríkisstarfsmanna. Við stöndum frammi fyrir því að samkeppnishæfni Íslands er í hættu. Við stöndum frammi fyrir veiku gengi. Við verðum að verja samkeppnisstöðu Íslands og íslenska gengið til að tryggja afkomu allrar þjóðarinnar.

[17:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að menn eigi alltaf að segja sannleikann. Það kann hins vegar að orka tvímælis hversu viturlegt það er fyrir menn að opinbera skoðanir sínar, sérstaklega þegar þær eru á þá lund sem hér hefur verið lýst. Það er alltaf óréttlæti í umræðu um launamál, segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Ég held að þetta sé rangt hjá honum. Ég held að hægt sé að fjalla um launamál á réttlátan hátt og auðvitað á það að vera keppikefli okkar allra að stuðla að réttlátu launakerfi. Það er hins vegar annar handleggur að við kunnum að hafa mismunandi skoðanir á því í hverju þetta réttlæti er fólgið. Mér finnst harla undarlegt núna að ætla að stilla upp við vegg stétt láglaunafólks, sjúkraliðum sem eru að heyja sína kjarabaráttu með innan við 90 þús. kr. í byrjunarlaun og þegar til starfsaldurs er litið þá eru launin líka mjög lág, eins og talsmaður Sjálfstfl. sagði hér áðan, með því að í húfi væri gengið og þjóðarhagur. Það finnst mér bæði ranglátt og reyndar algerlega út í hött.

[17:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það gefst ekki mikill tími til þess að lesa sér til og skoða tillögur ríkisstjórnarinnar í fjármálum þessa dagana.

Eins og menn vita á Frjálslyndi flokkurinn ekki aðild að fjárln. Fyrir okkur er málið kynnt á mánudaginn var með framlagningu fjárlagafrv. Síðan kemur í gærkvöldi fréttatilkynning sem ríkisstjórnin kynnir sem viðamestu aðgerðir í skattamálum á síðari tímum, aðgerðir sem vafalítið hafa verið lengi til umfjöllunar í ríkisstjórninni og verið kynntar þingmönnum stjórnarflokkanna að undanförnu.

Stjórnarandstaðan á hins vegar að ræða málin efnislega við 1. umr. fjárlaga, fáum klukkustundum eftir að viðamiklar breytingar eru gerðar á tekjum ríkissjóðs og fjárlagafrv. Þessi umræða hlýtur að miklu leyti, nú í ljósi þessara aðstæðna, að verða af okkar hálfu, óbreyttra þingmanna stjórnarandstöðunnar sem ekki eigum aðild að vinnu við undirbúning fjárlaga, að snúast um spurningar til fjmrh. til þess að fá skýringar og nánari upplýsingar sem væntanlega munu þá koma að notum þegar menn ræða þessi mál við 2. umr. Auðvitað hafa menn þá haft miklu meiri tíma til þess að kynna sér fjárlagafrv. og þau stefnumál og viðhorf sem hafa verið til umfjöllunar á þeim tíma sem líður fram að 2. umr. fjárlaga.

Ég hef tekið eftir því í dag að jafnvel hinir vönu menn sem árum saman hafa setið í fjárln. hafa tekið fram í umræðum í dag að þeir hafi ekki haft nægan tíma til þess að setja sig inn í fjárlagafrv. Sumir hafa reyndar talað um að framsetning þess væri með talsvert öðru sniði en verið hefði á undanförnum árum og þar af leiðandi hefðu þeir kannski ekki sömu möguleika og áður til þess að átta sig fljótt á efni frv. Ég mun því í máli mínu beina spurningum til hæstv.

fjmrh. og einnig til hæstv. heilbr.- og trmrh. En mig langar þó áður en ég ber fram spurningar mínar að víkja aðeins að nokkrum atriðum og ber fyrst niður í þeirri fréttatilkynningu um skattamál sem ég sá í gærkvöldi og vil aðeins tjá skoðanir mínar í stuttu máli eða fyrstu viðbrögð við þeim tillögum.

Ég fagna sérstaklega nokkrum atriðum sem eru komin fram í þessum tillögum. Það er m.a. afnám skattlagningar á húsaleigubætur. Ég er mjög sammála því að hún skuli vera felld niður. Svo eru það einnig breytingarnar varðandi eignarskatt og sérstakan eignarskatt einstaklinga. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að eignarskatturinn væri óréttlátur skattur og að eignamörk einstaklinga í því viðmiði væru allt of lág. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það nokkuð undarlegt að þegar fólk hefur barist fyrir því að eignast þak yfir höfuðið nánast alla sína ævi eða lungann úr ævinni með vinnu, lántökum og greiðslu lána þá skuli því vera gert að borga séstaka eignarskatta af eignum sem eru kannski bara gott einbýlishús. Þetta er náttúrlega hálfgerð tvísköttun og óréttlátt að því leyti. Þess vegna er ég sammála því sem þarna kemur fram um breytingar á eignarsköttunum og tel að þær séu til bóta. Ég hef hins vegar ákveðnar efasemdir um niðurfellingu eða réttara sagt lækkun á frítekjumörkum varðandi hátekjuskatt. Ef ég hefði átt að leggja þá tillögu á vogarskálar hefði ég a.m.k. velt því virkilega fyrir mér hvort ekki hefði verið réttlátara og betra ef þeir peningar sem ríkið ætlar að láta frá sér í hátekjuskattinum hefðu verið notaðir í hækkun persónuafsláttar. Eins og staðan er nú hefði ég talið eðlilegra ef þeir fjármunir sem ríkið hefur viljað setja inn til að lækka tekjur af einstaklingum, hefðu verið settir í persónuafsláttinn og þar af leiðandi nýst launþegum, sérstaklega þeim sem lægri hafa tekjurnar. Spurningar mínar á eftir munu að sumu leyti snúast um það að fá nánari skýringar á sumum þessara atriða.

Varðandi það sem snýr að fyrirtækjum þá hef ég ákveðnar efasemdir um tryggingagjaldið, þ.e. hvernig það muni koma út almennt fyrir atvinnureksturinn því ef við lítum í fjárlagafrv. þá sést þar í töflu á bls. 278 að áætlun lögaðila, væntanlega í tekjuskatti, er um 8 milljarðar á þessu ári, árið 2001. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að á árinu 2002 verði þetta 6 milljarðar sem er níu sinnum minna en tekjuskattur af einstaklingum sem er tæpir 54 milljarðar.

Ef það á að lækka úr þessum 6 milljörðum, sem væntanlega hafa verið settir inn í fjárlagfrv. miðað við 30% tekjuskatt — eða hvað? Mér er spurn, eða var gert ráð fyrir 18% skatti þegar menn settu þessa tölu þarna inn? Mér er það ekki alveg ljóst. Ef þetta hefur verið sett inn miðað við 30% tekjuskatt þá geri ég ráð fyrir að þeir 6 milljarðar sem gert er ráð fyrir lækki sem þessu hlutfalli milli 30 og 18% í frv. Fróðlegt væri að fá skýringar hæstv. fjmrh. á því.

Tekjuskattur af fyrirtækjum á næsta ári, ef ég skil þetta rétt, að óbreyttri afkomu fyrirtækjanna, fer verulega niður úr þessum 6 milljörðum. Alla vega sýnist mér það miðað við þessi atriði.

Nú sé ég að tími minn er að verða búinn en ég hef nokkrar spurningar sem ég ætla að bera fram. Það er í fyrsta lagi:

Hvað munu eignarskattar einstaklinga hækka mikið á næsta ári? Því það er ekki gert ráð fyrir að þeir lækki fyrr en árið 2003.

Hversu háar tekjur hefur ríkissjóður áætlað af skattlagningu húsaleigubóta á þessu ári, og hversu margir einstaklingar greiða skatt af húsaleigubótum?

Hversum miklar tekjur tapast úr ríkissjóði vegna lækkunar á heildartekjum af hátekjuskatti og hversu margir greiða hátekjuskatt?

Síðan eru hér spurningar varðandi skatta á fyrirtæki (Forseti hringir.) sem ég ætla að fá að afhenda hæstv. fjmrh. og heilbr.- og trmrh. á blaði. Þeir geta þá komið inn á það síðar í máli sínu.

[18:03]

Útbýting þingskjala:

Aflamark í ýsu, 101. mál, fsp. EKG, þskj. 101.

Átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, 116. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 116.

Fjölskyldustefna utanríkisþjónustunnar, 113. mál, fsp. MF, þskj. 113.

Framhaldsskóla- og háskólanám með fjarkennslusniði, 102. mál, fsp. EKG, þskj. 102.

Framkvæmd laga um húnæðismál, 98. mál, fsp. ÖJ, þskj. 98.

Greiðslur fyrir tjón af völdum jarðskjálfta, 87. mál, fsp. MF, þskj. 87.

Greiðslur til sveitarfélaga vegna jarðskjálfta, 89. mál, fsp. MF, þskj. 89.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 115. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 115.

Húsaleigubætur, 36. mál, frv. ÁRJ, þskj. 36.

Lagaráð, 35. mál, frv. BH o.fl., þskj. 35.

Lífríkið á Hornströndum, 103. mál, fsp. EKG, þskj. 103.

Loftferðir, 32. mál, frv. KLM o.fl., þskj. 32.

Lyfjastofnun, 104. mál, fsp. EKG, þskj. 104.

Mat umsjónarnefndar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á gildi lands norðan Vatnajökuls, 100. mál, fsp. KolH, þskj. 100.

Opinber framlög til hagsmunasamtaka, 106. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 106.

Orkukostnaður lögbýla, 105. mál, fsp. EKG, þskj. 105.

Óhefðbundnar lækningar, 33. mál, þáltill. LMR o.fl., þskj. 33.

Skemmtanahald á útihátíðum, 107. mál, fsp. KolH, þskj. 107.

Skipan opinberra framkvæmda, 6. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 6.

Skógræktarmál og Bernarsamningurinn, 109. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 109.

Störf hjá hinu opinbera, 108. mál, fsp. GÁS, þskj. 108.

Tekjuskattur og eignarskattur, 110. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 110.

Umfang og rekstrarkostnaður heilbrigðisþjónustunnar 1990–2001, 34. mál, beiðni BH o.fl. um skýrslu, þskj. 34.

[18:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er búið að ræða mikið um þetta fjárlagafrv. Ég ætla að halda mig við forsendur þess, sem breyttust raunar í gær þegar ríkisstjórnin tilkynnti breytingar á eignarsköttum og tekjusköttum og fleiri aðgerðir.

Ég ætla fyrst að taka undir það að ástæða er til að fagna því að skattur á húsaleigubætur eigi að falla niður. Ég lýsi líka yfir stuðningi mínum við að lækka eigi stimpilgjaldið og vona sannarlega að menn gangi þar heldur lengra en skemmra vegna þess að það er afar óréttlátur skattur. Það

væri nær að afla tekna einhvers staðar annars staðar en með slíkum skatti.

Ég verð hins vegar að gagnrýna hækkunina á tryggingagjaldinu. Ég átta mig hreinlega ekki á því hvernig á því stendur, þegar menn ætla að koma til liðs við atvinnulífið, að menn skuli snúa sér að því að skattleggja þann hluta atvinnulífsins sem kannski á erfiðast. Það eru þeir sem ekki borga tekjuskatta. Mér finnst þetta eiginlega á skjön við það sem menn segjast ætla sér með þessum aðgerðum almennt séð. Ég tel ástæðu til þess að menn fari vandlega yfir það hvar þetta kemur niður, á hvers konar fyrirtækjum, á hvers konar atvinnurekstri, og athugi hvort það sé ekki rétt að fara aðra leið en þessa.

En mig langar til að leiða umræðuna að dálitlu öðru. Nú hafa flestar efnahagsspár ríkisstjórnarinnar brugðist að undanförnu. Þær hafa reynst óskhyggja og stundum allt að því glópsleg bjartsýni. Hæstv. ráðherrar hafa reynt að tala gengi krónunnar upp en á sama tíma hefur hún fallið hraðar en nokkru sinni fyrr. Það eru engin dæmi um svo hratt gengisfall í sögu krónunnar síðan hún var felld með handafli fyrir 12–13 árum síðan. Ráðherrar hafa jafnframt reynt að tala verðbólguna niður en hún er enn þá meiri, rís enn þá hærra en hún hefur gert á áðurnefndu tímabili. Árangurinn af fórnum verkafólks, sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var að tala um hér áðan, er að fjúka út í veður og vind. Það er sannarlega kvíðaefni ef mönnum tekst ekki að stöðva þá þróun sem nú er í gangi.

Stjórnvöld hafa á undanförnum árum tekið niður girðingar og opnað fjármálakerfið fyrir frjálsum viðskiptum. Nú er þetta agnarsmáa hagkerfi hér orðið galopið og girðingalaust gagnvart öðrum gjaldmiðlum í kringum okkur og öðrum hagkerfum. Það er berskjaldað. Ýmsum reglum hefur einnig verið beytt hér heima og það hefur einnig haft áhrif. Stjórntækin sem menn nota í dag til að hafa áhrif á gengið eru afar veikburða. Fleiri og fleiri spyrja: Stenst þetta litla hagkerfi til lengdar, galopið, tengslin við stóru hagkerfin í kring? Og traustið á þessu hagkerfi er í verulega mikilli hættu.

Hluti þeirra ráðstafana sem hæstv. ríkisstjórn var að tilkynna í gær veldur mér umhugsun. Nú segir hæstv. ríkisstjórn: Við skulum leyfa íslenskum fyrirtækjum að gera upp reikninga sína, ársreikninga sína, og færa bókhald sitt í erlendri mynt.

Hvaða skilaboð eru þetta? Þetta eru skilaboð um að íslenska krónan sé afar döpur og lítils virði sé litið til framtíðarinnar. Ég velti því fyrir mér hvaða áhrif þetta hefur. Hefur þetta ekki þau áhrif að hinn mikli flótti frá íslensku krónunni haldi áfram og jafnvel á auknum hraða? Hvernig stendur á því að krónan hefur fallið undanfarna daga og undanfarnar vikur? Er einhver skynsamleg ástæða fyrir því? Ekki að mati þeirra sem stjórna hér. Þeir hafa aldeilis talað í aðrar áttir. Þeir hafa talað um að engin ástæða væri til þess að gengið félli meira en það hefur gert. En það hefur samt haldið áfram að falla. Seðlabankinn hefur tekið 25 milljarða lán til þess að kaupa íslenskar krónur, til að reyna að halda uppi gengi krónunnar.

Ég minni á að ýmsir fjármálaspekingar eru farnir að halda því fram opinberlega, ábyrgir menn í fjármálalífinu, að á þessum áratug muni íslenska krónan nánast hverfa út úr efnahagslífinu, a.m.k. hjá fyrirtækjum í landinu. Þegar þetta fer svo saman við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að menn skuli ekkert vera að nota íslenskar krónur, færa bara sitt bókhald í annarri mynt og gera ársreikninga í annarri mynt, eru þá ekki tvisvar tveir fjórir? Er þetta þá ekki bara búið, eru menn ekki að fara að kveðja íslensku krónuna?

Það er ekki þannig að ég sé mikill áhugamaður um að til framtíðar notum við íslenskar krónur. Ég tel reyndar að miðað við það sem gert hefur verið, með því að tengja okkur við efnahagslíf í kringum okkur, þá muni menn ekki taka skrefin aftur á bak. Menn munu ekki taka þau skref til baka sem stigin hafa verið til að opna hagkerfið. Af því leiðir að menn munu þurfa að skoða það mjög alvarlega hvort íslenska krónan muni ekki standast í þessu hagkerfi — í tengslum við þau hagkerfi sem eru hér í kringum okkur.

En ég spyr hæstv. fjmrh., því hann hlýtur að hafa sest yfir þessi mál með sínum ráðgjöfum og spekingum: Er engin hætta á ferðum? Er engin hætta á því að þessi flótti frá íslensku krónunni verði slíkur að menn ráði ekki neitt við neitt? Hvernig hugsa menn sér að stjórna þessum hlutum ef atvinnulífið í landinu ætlar meira og meira að snúa sér yfir í aðrar myntir, yfir í evrur, yfir í dollara og yfir í sterlingspund? Fjármálaspekingarnir á Íslandi segja að það muni gerast á næstu árum.

Maður hlýtur því að spyrja: Er þá hætta á því að menn missi stjórn á því að halda gengi íslensku krónunnar í jafnvægi? Þetta hefur oft flögrað að mér upp á síðkastið þegar maður hefur séð að allar yfirlýsingar ráðamanna um gengismál hafa reynst vitleysa um langt skeið. Það hefði enginn getað ráðið af þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið út á undanförnum missirum og árum, að það gæti gerst sem gerst hefur í gengismálum. Sú þróun heldur áfram.

Ég held að ástæða sé til þess að menn skoði þetta vandlega og tali opinberlega um það. Það er í raun engin boðleg skýring — miðað við það sem ráðamenn hafa sagt um þessa hluti — á því að Seðlabankinn skuli þurfa að standa í þessum krónukaupum alla daga, eins og staðan er í dag. Ef íslensk fyrirtæki leggja á flótta frá íslensku krónunni þá duga sko ekki neinir 25 milljarðar til að halda uppi gengi hennar. Það er a.m.k. mín skoðun.

Það hefði verið ástæða til að ræða hér um ýmislegt. En ég vil fyrst og fremst koma þessu að vegna þess að mér finnst ástæða til að hæstv. fjmrh. fjalli svolítið um það hverju við megum eiga von á hvað þetta varðar og hvort hann telji enga hættu á ferðum. Ég veit að vísu að hæstv. fjmrh. er kannski ekki í stakk búinn til að setja einhverjar grýlur upp á veggina en hann gæti þó a.m.k. reynt að útskýra það fyrir þeim sem ekki skilur hvort þetta sé allt í lagi sem þarna er að gerast og hvaða áhrif það sem ríkisstjórnin er að gera með þessu muni hafa á stöðu krónunnar. Hann mætti gjarnan skýra hvort hann geri ráð fyrir að sú þróun sem er í gangi, þ.e. að Seðlabankinn kaupi krónur alla daga, verði svona áfram og hvað muni snúa þeirri þróun við?

[18:15]

Útbýting þingskjala:

Ólympískir hnefaleikar, 39. mál, frv. GunnB o.fl., þskj. 39.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 38. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 38.

[18:16]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í dag fór ég almennt yfir efnahagslegar forsendur fjárlagafrv. og ræddi þá nokkuð um okkar litla hagkerfi og hversu valt það væri. Miðað við þær upplýsingar sem við fáum í ræðu hæstv. fjmrh. í yfirlýsingum og stefnu Þjóðhagsstofnunar, yfirlýsingum Seðlabankans og

vaxtastefnu, þá fellur þetta ekki allt í sama farveg. Ég trúi því a.m.k. ekki að fjárlagafrv. sé lagt fram með þeirri vissu að það sé á traustum grunni. Ég held að allir sem hafa komið að frv. hljóti að gera sér ljóst að blikur eru á lofti og þær breytingar sem kynntar voru í gær á skattkerfinu eru ekki, að mínu mati, til þess fallnar að styrkja þann grunn sem fjárlagafrv. byggir á. Áður en við afgreiðum frv. þarf að fara mjög vel yfir það hvernig þessar breytingar koma niður á mismunandi atvinnugreinum. Ég held að þær upplýsingar sem hér hafa komið fram og hv. þingmenn hafa reifað þegar við 1. umr. beri vitni um að þetta þurfi að skoða mjög vel.

Ég hef áhyggjur af skuldasöfnun og að við getum ekki áfram verið frjáls þjóð og haldið sjálfstæði okkar með sjálfstæðum gjaldmiðli. Ég hef áhyggjur af því að við séum smám saman að veikja sjálfstæði okkar og að einn bitinn af því hafi komið fram í gær þegar nú verður leyft að skrá efnahagsreikninga fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum og það gefi vísbendingu um að menn hafi ekki trausta trú á íslenska gjaldmiðlinum og verði til þess að veikja hann enn frekar.

Það er togstreita á milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar Seðlabankans hvað vextina varðar. Það verður að halda verðbólgu í skefjum og Seðlabankinn telur að enn þá sé ekki óhætt að lækka vextina. Hvenær sá tími rennur upp er erfitt að segja. En eitt er víst að það er örugglega ekki innstæða fyrir þeim skattalækkunum sem hér eru boðaðar og kæmu niður á rekstri opinberrar þjónustu. Þetta eru viðamestu aðgerðir í skattamálum sem framkvæmdar verða og hafa verið gerðar um langan tíma. Það er hægt að taka undir afnám skatts á húsaleigubætur og það var kominn tími til þess að fara yfir stimpilgjöldin. En ég er hrædd um að þetta muni ekki jafna kjör fólks í landinu heldur frekar ýta undir meiri mun á milli ríkra og fátækra og jafnframt að veikja enn frekar veikari byggðir úti um land af því að þessi breyting á skattkerfinu mun leggjast mismunandi á atvinnugreinar.

Hæstv. forseti. Mig langar að ræða aðeins um heilbrigðismál og launamál því að nú er öllum stofnunum og öllum ráðuneytum gert að draga saman, beita aðhaldi. Eftir því sem ég þekki til innan heilbrigðisþjónustunnar þá berst hún í bökkum í dag við að halda sjó og halda uppi lögboðinni þjónustu. Það hafa verið umtalsverðar breytingar á launatöxtum. Það hefur verið launaskrið. Og þó svo að mæla megi það launaskrið hjá nokkrum fagstéttum í háum prósentum þá er ekki samasemmerki á milli hárrar prósentuhækkunar í þessu launaskriði og þess að þessir einstaklingar eða fagstéttir séu hálaunastéttir því að svo lengi er hægt að draga að semja við opinbera starfsmenn, hvort sem það eru kennarar, hjúkrunarfræðingar eða sjúkraliðar, að þegar loksins er samið eftir jafnvel tveggja ára samningstímabil þá verða launahækkanirnar vitaskuld háar í prósentutölu því að fagstéttir innan heilbrigðisþjónustunnar, innan kennarastéttarinnar eru vitaskuld ekki bara að miða sig við sambærilegar stéttir hins opinbera heldur ekki síður við það sem er að gerast á hinum almenna launamarkaði. Það er mjög alvarlegur hlutur og dýrt fyrir þjóðarbúið að missa faglært fólk úr þeim störfum sem það er menntað til og þetta gerist ef launaþróun hjá opinberum starfsmönnum fylgir ekki almennri launaþróun. Hér hefur verið spenna á launamarkaðnum og þetta kemur mjög greinilega fram núna innan sjúkrahúsanna, innan heilbrigðisþjónustunnar. Stórir hópar sjúkraliða hafa sagt upp störfum. Ég ætla að vona að samið verði hið allra fyrsta svo næstu daga verði hægt að koma rekstri sjúkrahúsanna í eðlilegt horf. Og þó svo að það verði samið núna þá munum við samt sem áður ekki fá alla sjúkraliðana sem sagt hafa upp störfum inn á stofnanirnar aftur því að þeir eru farnir í önnur störf. Þetta gerðist hjá kennurum líka. Þetta er þjóðfélaginu dýrt og það þýðir ekkert að flagga því hér að það verði að halda aftur af launum opinberra starfsmanna. Laun þeirra verða að fylgja hinum almenna launamarkaði. Annars erum við í vondum málum. Þetta er grunnþjónusta sem verður að vera í lagi.

Ég er ekki að tala fyrir því að hækka taxta ýmissa sérfræðinga sem gætu verið í þeirri aðstöðu að skammta sér laun. Ég er ekki að tala fyrir því. Ég er að tala fyrir hinum almenna launamanni hjá hinu opinbera.

Til þess að ná fram verulegum sparnaði í jafnmikilvægum málaflokki og jafndýrum og heilbrigðisþjónustan er — hún mun halda áfram að aukast bara vegna þess að samsetning þjóðarinnar er slík. Við erum að eldast. Fleiri fyrirburar geta lifað. Við getum hjálpað fleirum og þjónustan mun verða dýrari — þurfum við aftur á móti að breyta kerfinu þannig að við nýtum ódýrari þjónustu. Við þurfum að stórbæta heilsugæsluna. Við þurfum að fjölga störfum þar. Við þurfum að auka stöðugildi þar til þess að fá ódýrari þjónustu og beina henni frá sérfræðiþjónustunni, beina henni frá einkarekstrinum sem nú ríkir og hefur þanist út. Við þurfum að gæta þess að halda lyfjakostnaði niðri, ekki með því að leggja kostnaðinn á neytendur heldur með því að velja ódýrari lyf.

[18:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að segja nokkur orð hér í lokin eftir þá löngu en að mörgu leyti þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram í allan dag. Ég vil þakka þeim sem tekið hafa þátt í henni fyrir framlag þeirra til málefnalegra umræðna.

Margt hefur vissulega borið á góma. En auðvitað hefur mörgum orðið að umtalsefni annað frv. sem búið er að útbýta og þar á meðal sjálfum mér, þ.e. frv. til laga um breyting á ýmsum skattalögum sem fram er komið í bandormsformi. Það mál munum við auðvitað ræða sérstaklega síðar þegar það kemur til 1. umr. og tel ég þess vegna rétt að geyma mér að svara spurningum um þau málefni sérstaklega núna og mun reyna að gera það í framsögu fyrir því frv. þegar þar að kemur sem verður vonandi í næstu viku.

Ég tel að hér hafi verið drepið á margt. Stjórnarandstaðan hefur að sjálfsögðu reynt að benda hér á það sem hún telur vera snögga bletti á frv., undirbúningi eða forsendum þess. Við því er ekkert að segja ef það er gert málefnalega og eðlilega eins og flestir hafa gert hér í dag.

Mig langar að segja örfá orð um fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar varðandi uppgjör í erlendri mynt og ársreikninga og bókhald í erlendri mynt sem ætlunin er að heimila. Það er náttúrlega ekki partur af fjárlagafrv. sem slíku og það er heldur ekki inni í þessu skattafrv. vegna þess að það mundi koma sem breyting á lögunum um bókhald og ársreikninga sem er væntanleg í kjölfarið. Um það verður því líka sérstök umræða. Ég vil bara segja að ég tel ekki að sú breyting sem hérna er verið að tala um muni hafa nokkur áhrif á framtíð krónunnar. Ég tel að það sé annað mál og reyndar miklu stærra. En spursmálið um að heimila fyrirtækjum að gera upp ársreikninga í erlendri mynt er fyrst og fremst hugsað sem hagræðingarmál, hagkvæmnismál fyrir fyrirtæki sem eru í miklum og jafnvel fjölþættum erlendum viðskiptum. Það getur auðveldað þeim samstarf við erlend

fyrirtæki og auðveldað þeim starfsemi sína að fá þessa heimild. Þó er ekkert endilega víst að mjög mörg fyrirtæki telji sér þetta henta. En sjálfsagt er að bjóða upp á þetta fyrir þá sem telja það henta sér.

Ég sagði áðan að ég vildi geyma mér að svara spurningum um skattamálin eða ítarleg atriði í þeim þar til það mál kemur sérstaklega til umræðu. Ég segi þetta aftur vegna þess að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson er genginn í salinn. Hann afhenti mér lista með spurningum sem flestar snúa að því máli. Reyndar svarar frv. ýmsum þeirra og töflur í greinargerð og þess háttar um upphæðir af ýmsu tagi. Ég vænti þess að hann hafi skilning á því að ég muni koma nánar að því efni þegar við ræðum það vonandi í næstu viku, enda er óhægt um vik fyrir mig að lesa upp allar þessar spurningar og ætla að svara þeim þegar aðrir þingmenn hafa ekki heyrt þær eða rökstuðninginn fyrir þeim af hálfu fyrirspyrjenda.

Ég tek undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér fyrr í dag, að auðvitað er óvissa í kringum þetta mál. Það er ekki fyrir það að frv. er í blárri kápu, kuldablárri eða klakablárri kápu eins og þingmaðurinn sagði. Það er bara alltaf þannig að í svona máli eru margir óvissuþættir. Það höfum við náttúrlega rætt ítarlega hér í dag, sérstaklega við upphaf umræðunnar.

Hins vegar er skýringin á því að liturinn í ár er blár sú að það er ákveðin litasería í gangi: gulur, rauður, grænn og blár, sem fer hringinn. Flóknara er það mál nú ekki. Það er því enginn sérstakur kuldi eða klaki á bak við þessa kápu eða þetta frv.

Ég tel að umræðan í dag geti að mörgu leyti hjálpað fjárln. við sitt mikilvæga verkefni sem fram fer á næstu vikum, u.þ.b. tveimur næstu mánuðum. Það er auðvitað þannig að 1. umr. um fjárlagafrv. á að vera almenns eðlis eins og hér hefur verið í dag. Það hefur ekki verið mikið rætt hér um einstakar fjárveitingar eða slíkt. Þannig á það heldur ekki að vera við 1. umr. að mínum dómi. Það á að ræða þetta á almennum forsendum og um hlutverk frv. í hinu efnahagslega samhengi. Síðan ræðum við framhaldið við næstu umræður.

Ég held líka að umræðan í dag geti að ýmsu leyti orðið til gagns fyrir efh.- og viðskn. þegar hún tekur til umfjöllunar frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Hér hafa komið fram ýmis sjónarmið sem hún getur farið yfir og haldið til haga eftir atvikum.

Ég vil að endingu þakka mönnum á nýjan leik fyrir þessa umræðu og vonast til að sjá alla þingmenn hér jafnkáta og hressa við 2. umr. um málið.

[18:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein lítil athugasemd eða spurning til hæstv. ráðherra. Í ræðu hans fyrr í dag vék hæstv. fjmrh. sérstaklega að auknu aðhaldi í rekstrarútgjöldum ríkisins. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra nánar út í þetta. Í ræðu sinni sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Að teknu tilliti til nýrra rekstrarverkefna, svo sem hjúkrunarheimilis við Sóltún og fleiri kostnaðarsamra þátta, lækka rekstrargjöldin að raungildi um 0,6% frá áætlaðri útkomu þessa árs."

Getur hæstv. ráðherra skýrt fyrir okkur í hverju þetta felst og hvort hann telji samninginn sem gerður var við Aðalverktaka og Securitas, undir heitinu „Öldungur hf.", verði til þess að lækka rekstrarútgjöld ríkisins til þessa málaflokks?

Annað áhersluatriði í ræðu hæstv. ráðherra í lokaorðum hans var að hann teldi að við nytum nú „fyrirhyggju" undanfarinna ára. Í ræðu minni fyrr í dag vakti ég athygli á geigvænlegri skuldaaukningu íslenska þjóðarbúsins. Það kemur fram að skuldir íslensku þjóðarinnar, fyrirtækjanna, heimilanna, sveitarfélaganna og ríkissjóðs, nema 259% af vergri landsframleiðslu og hafa ekki verið hærri um langan aldur. Er það dæmi um fyrirhyggju undanfarinna ára?

[18:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Dæmi um fyrirhyggju undanfarinna ára, í því samhengi sem við erum hér að tala, að því er varðar fjárlögin og rekstur ríkisins, er að sjálfsögðu hvernig tekist hefur, í þeirri mynd sem hv. þm. er með, að lækka skuldir ríkisins. Það er svigrúmið sem gefur okkur núna möguleika á að gera ýmsa hluti, t.d. að lækka skatta.

Skuldaaukning þjóðarbúsins er hins vegar eilítið önnur saga eins og þingmaðurinn veit. Þær skuldir sem hann er að tala um að heimili og fyrirtæki hafi stofnað til hafa verið ákvarðaðar á forsendum sem einstaklingar og fyrirtæki hafa sjálf ákveðið en ekki ríkið, nema þá með óbeinum hætti. Við erum því ekki að tala um alveg sömu hlutina.

Að því er varðar fyrri spurninguna, þá er það þannig að rekstrarútgjöldin í frv. eru 0,6% lægri að raungildi, þ.e. upphæðin þegar búið er að taka tillit til verðþróunar, heldur en fyrirsjáanleg útgjöld samkvæmt okkar spá á þessu ári. Þá er búið að taka tillit til þess að inn í útgjöldin á næsta ári kemur m.a. þetta dýra hjúkrunarheimili, sem kostar nokkur hundruð milljónir í rekstri. Þessi rekstur er dýr. Það er dýrt að veita þessa þjónustu, hver svo sem gerir það. Þar munar nokkur hundruð milljónum í rekstrarkostnaði. Það eru fleiri nýir hlutir að bætast við í rekstrinum sem valda kostnaði en þrátt fyrir það hefur tekist að minnka útgjöldin annars staðar. Í rauntölum minnka því umsvifin um 0,6%. Margur mundi kannski segja að það væri nú ekki nægur samdráttur, það væri ekki næg minnkun útgjalda. En eftir atvikum tel ég að það sé viðunandi.

Tilgangurinn með því að nefna þetta sérstaka hjúkrunarheimili er eingöngu sá að það er tekið í dæmaskyni. Það er ekki verið að tala um hjúkrunarheimilið sjálft í þessu sambandi.

[18:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði líka verið harla undarlegt vegna þess að samningurinn við Sóltún, við Securitas og Aðalverktaka, er miklu dýrari fyrir ríkissjóð en samsvarandi samningar við aðra aðila, Grund, Dvalarheimili aldraðra sjómanna o.s.frv. Skýringin er sú að það þarf að fjármagna úr pyngju skattborgarans arðgreiðslur til eigenda þessarar stofnunar.

Hæstv. ráðherra segir að það sé ekki samhengi á milli skulda fyrirtækjanna og ríkissjóðs hins vegar. Hann bendir réttilega á að skuldir ríkissjóðs hafi verið færðar niður. Á sama tíma hafa hins vegar skuldir fyrirtækjanna rokið upp úr öllu valdi. Ég vil halda því fram að þar sé samhengi á milli. Skuldir fyrirtækjanna eru núna, samkvæmt áætlunum Þjóðhagsstofnunar, meira en 1.000 milljarðar kr. Brot af þessum skuldum hvílir væntanlega hjá Öldungi hf., hjá Securitas og Aðalverktökum, vegna Sóltúnsheimilisins.

Með þessu formi einkaframkvæmda verður á sú breyting að skuldsetning er núna færð í auknum mæli á fyrirtæki sem sinna opinberri þjónustu. Þegar upp er staðið verður það hins vegar ríkissjóður sem borgar hverja einustu krónu til þessa

reksturs en bókhaldinu er núna háttað á annan veg. Þetta er blekkingaleikur og mikil sjálfsblekking ef hæstv. fjmrh. telur að þarna sé ekki samhengi á milli, annars vegar lækkandi skulda ríkissjóðs og hins vegar stóraukinna skulda fyrirtækja í landinu. Mér finnst áhyggjuefni ef hæstv. fjmrh. hefur ekki áhyggjur af þeirri skuldasprengingu sem hefur orðið í okkar þjóðfélagi.

[18:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú eiginlega alveg ótrúlegt hvað hv. þm. teygir sig langt í umræðum hér um alla skapaða hluti til þess að draga hið margumræddda hjúkrunarheimili Sóltún inn í umræðuna. Áhugi hans (**ÖJ:** Má ekki ræða það?) og andstaða hans við það mál er slík að jafnvel þó þessi starfsemi sé nefnd í dæmaskyni í ræðu minni, sem hefði að sjálfsögðu verið algjör óþarfi að gera, þá efnir hann hér til umræðu um það í andsvari og vekur það mál allt upp á nýtt, hvernig þetta er fært í bókhaldi o.s.frv. (**ÖJ:** Má ekki ræða þetta?) Vitanlega má ræða þetta. Við skulum ræða þetta hvenær sem er. Við höfum oft gert það. En þetta er algjört aukaatriði í sambandi við frv. til fjárlaga á þessu ári og ræður mínar. Algjört aukaatriði. Þetta er algjört aukaatriði þegar verið er að tala um skuldir ríkissjóðs og samhengi þeirra við skuldir þjóðarbúsins. (**ÖJ:** Af hverju er ráðherrann svona reiður?)

[18:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þóttu svör hæstv. ráðherra ekki nægilega skýr. Það liggur fyrir að margir af fjármálaspekingunum í landinu spá því að íslenska krónan muni hverfa út úr atvinnulífinu á þessum áratug. Það eru ekki lítil tíðindi og mér finnst að þegar ríkisstjórnin segir: „Gott og vel, fyrirtækin í landinu mega gera upp í erlendri mynt," þá sé það til að flýta fyrir þeirri þróun. Ég spyr því: Er ríkisstjórnin þá að leggja blessun sína yfir þá framtíð krónunnar? Ég hlýt líka að ætla að menn hafi farið yfir það hvernig sá ferill verður, ef þannig verður staðið að málum að fyrirtækin í landinu færa sig smám saman frá íslensku krónunni yfir í erlendar myntir.

Ég spurði líka að því og langaði til að fá svar hæstv. ráðherra við því hvaða ástæðu hann telur fyrir því að íslenska krónan er að falla núna. Hún stendur lægra heldur en hún hefur gert í manna minnum en heldur samt áfram að falla. Mér finnst hugsanlegt að það sé samhengi milli þess að menn séu á flótta frá krónunni og því að hún er að falla. Ég vildi gjarnan heyra betri skýringar en hæstv. ráðherra gaf hér áðan. Hann sagði nánast: Þetta hefur engin áhrif, þetta skiptir engu máli. Þetta er bara bókhald.

En traustið á íslensku krónunni er ekki bara bókhald. Það er nákvæmlega bara traust. Ef menn missa traustið á íslensku krónunni þá fellur hún. Ég spyr: Hvers vegna fellur hún núna? Er ekki bara ágætt að hæstv. ráðherra gefi okkur skýringuna á því? Af hverju heldur hún áfram að falla?

[18:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarninn í fyrirspurn þingmannsins er sá að hann vill fá að vita hvort ég telji að sú breyting sem við ráðgerum, sú breyting að heimila fyrirtækjum að gera ársreikning sinn og bókhald upp í erlendri mynt, hafi einhver framtíðaráhrif til þess að útrýma íslensku krónunni eða hafi þær afleiðingar að hún muni hverfa. Ég tel ekki að svo sé.

Hér voru nefndir til sögunnar ónafngreindir fjármálaspekúlantar eða fjármálaspekingar svokallaðir sem munu einhverjir hafa haft þá skoðun og hafa kannski enn að krónan muni hverfa einhvern tíma á næsta áratug. Ég er ekki sammála því. Tilgangurinn með þessari breytingu er ekki að ýta undir það. Alls ekki. Tilgangurinn með þessari breytingu er að gera þeim fyrirtækjum sem eru í sérstakri aðstöðu að því er varðar erlend viðskipti kleift að styrkja stöðu sína gagnvart erlendum samstarfsaðilum og gera þeim auðveldara fyrir í starfsemi sinni, í viðskiptum sínum. Slík ráðstöfun er til að gera þeim auðveldara og hagkvæmara að reka starfsemi sína. Markmiðið er nú ekkert flóknara en það. Á bak við það býr enginn dularfullur eða annarlegur tilgangur.

Hitt er svo auðvitað mjög mikilvæg og stór spurning óháð þessu: Hver verður framtíð krónunnar í breyttu gjaldmiðilsumhverfi sem við munum e.t.v. sjá fram á eftir einhver ár, t.d. í Evrópu? Það er nú ekki alveg á næstunni. Ég sé ekki fyrir mér að Bretar muni taka upp evruna. Danir hafa fellt það í atkvæðagreiðslu. Óvíst er hvað Svíar gera og svo er einnig með allar hinar þjóðirnar sem standa fyrir utan þetta.

En þannig er þetta hugsað. Ég tel að spurningin eigi í sjálfu sér fullan rétt á sér. Þetta er mjög stór og mikilvæg spurning en ég tel ekki þörf á að ræða hana í samhengi við þessa breytingu.

[18:44]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel fulla ástæðu til að þakka hæstv. fjmrh. fyrir ágæta fjárlagaræðu og framsögu hér í dag og þau svör sem hann hefur veitt okkur þingmönnum við athugasemdum og spurningum. Eins vil ég líka þakka honum og starfsmönnum hans fyrir mikla vinnu að undanförnu.

Fjárln. mun taka þetta frv. til hefðbundinnar vinnslu. Væntir nefndin góðs samstarfs við ráðherra og starfsmenn hans og mun leitast við að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í frv.

[18:45]

Útbýting þingskjals:

Kynning á alþjóðlegum viðskiptafélögum, 117. mál, fsp. ÖJ, þskj. 117.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:46.

---

5. FUNDUR

mánudaginn 8. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

2. Fjárlög 2002, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Umfang og rekstrarkostnaður heilbrigðisþjónustunnar 1990–2001, beiðni um skýrslu, 34. mál, þskj. 34. *Hvort leyfð skuli.*

4. Stjórn fiskveiða, frv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.

5. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.

6. Átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tilkynningar um formennsku í eftirfarandi nefndum:

Í umhvn.: Magnús Stefánsson formaður og Kristján Pálsson varaformaður.

Í heilbr.- og trn.: Jónína Bjartmarz formaður og Lára Margrét Ragnarsdóttir varaformaður.

Í menntmn.: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Í utanrmn.: Tómas Ingi Olrich formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Í allshn.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 22. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 22.

Brunatryggingar, 42. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 42.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, 44. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 44.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, 37. mál, þáltill. ÁMöl o.fl., þskj. 37.

Húsnæðismál, 41. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 41.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 76. mál, fsp. MF, þskj. 76.

Landsvegir á hálendi Íslands, 47. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 47.

Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, 46. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 46.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, 48. mál, þáltill. ÁSJ, þskj. 48.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, 43. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 43.

Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, 55. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 55.

Talsmaður útlendinga á Íslandi, 52. mál, þáltill. GÖ o.fl., þskj. 52.

Tekjuskattur og eignarskattur, 45. mál, frv. DrH o.fl., þskj. 45.

Tólf ára samfellt grunnám, 51. mál, þáltill. JB o.fl., þskj. 51.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, 49. mál, þáltill. SJS, þskj. 49.

Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, 54. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 54.

Vopnalög, 40. mál, frv. ÁMöl o.fl., þskj. 40.

Varamenn taka þingsæti.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 8. okt. 2001.

„Þar sem Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og bréfs 1. varaþm. á lista Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi, Katrínar Andrésdóttur héraðsdýralæknis, að 2. varaþm. á listanum, Björgvin G. Sigurðsson framkvæmdastjóri, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Bryndís Hlöðversdóttir,
formaður þingflokks Samfylkingarinnar."

Hér er bréf frá Katrínu Andrésdóttur, dags. 8. okt. 2001

„Undirrituð tilkynnir hér með að vegna anna nú þegar hæst hóar í sláturtíð sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi nú á haustdögum 2001.

Virðingarfyllst,
Katrín Andrésdóttir."

Björgvin G. Sigurðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá hafa enn fremur borist þessi bréf:

„4. okt. 2001.

Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. á lista Samfylkingarinnar í Norðurl. e., Örlygur Hnefill Jónsson lögmaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e."

„Reykjavík, 8. okt. 2001.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og bréfs 1. varaþm. á lista Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Ólafíu Ingólfsdóttur, að 2. varaþm. á listanum, Ármann Höskuldsson forstöðumaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl."

„Selfossi, 7. okt. 2001.

Herra forseti Alþingis,

Halldór Blöndal.

Sökum anna get ég ekki tekið sæti Guðna Ágústssonar ráðherra, 2. þm. Suðurl., á Alþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
Ólafía Ingólfsdóttir,
1. varaþm. Framsfl. í Suðurl."

Enn hefur mér borist bréf, dags. 8. okt. 2001.

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að varaþingmaður

Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir arkitekt, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf."

Kjörbréf Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur, Örlygs Hnefils Jónssonar og Ármanns Höskuldssonar hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt. En þar sem þau hafa eigi tekið sæti á Alþingi fyrr ber þeim að undirrita drengskaparheit.

[Ármann Höskuldsson, 2. þm. Suðurl., Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, 3. þm. Vestf., og Örlygur Hnefill Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Örlygur Hnefill Jónsson og Ármann Höskuldsson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Loftárásir á Afganistan og aðstoð við uppbyggingu.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hafa orðið mikil tíðindi síðasta sólarhringinn eins og við vitum. Bandaríkjamenn og nokkrar aðrar þjóðir hafa gert loftárásir á Afganistan í því skyni að knýja stjórn talibana til þess að framselja ódæðismanninn Osama bin Laden.

Nú er það svo að stríð eru alltaf ótíðindi. Enginn fagnar styrjöld og vitanlega eigum við öll þá ósk heitasta að sem minnst tjón hljótist meðal almennra borgara vegna þessara árása. En ég tel að í þeirri stöðu sem upp var komin hafi verið erfitt að komast hjá þeim. Heimurinn allur vill sjá Osama bin Laden og samtök hans dregin fyrir lög og dóm til að gjalda illverka sinna. Ég tel að það hefðu verið röng skilaboð til hryðjuverkasamtaka heimsins ef hann hefði komist upp með að sitja áfram í skjóli kúgunarstjórnar talibana og halda áfram að stjórna hryðjuverkum sínum þaðan.

Aðdragandi átakanna og átökin sjálf í gær og í nótt hafa hins vegar þegar leitt til þess að milljónir Afgana eru komnar á flótta og ljóst er að alþjóðasamfélagið verður að gera allt sem í þess valdi stendur til að koma þeim til aðstoðar.

Það hefur þegar verið upplýst í þessum sölum, herra forseti, að Íslendingar munu styrkja flóttamenn í Afganistan með fjárframlagi. Ég vildi spyrja hæstv. forsrh. hvort óskir um frekari aðstoð af hálfu Íslendinga hefðu borist frá alþjóðastofnunum í ljósi síðustu atburða og jafnframt hvort það hafi verið rætt í ríkisstjórninni að Íslendingar mundu í fyllingu tímans þegar átökin eru frá senda hjálparlið eða veita annars konar aðstoð við uppbyggingu í Afganistan.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrirspurnina og inngang hans að henni.

Eins og kom fram hjá hv. þm. hefur ríkisstjórnin þegar lagt til hliðar 10 millj. kr. sem er hærra framlag en yfirleitt er ákveðið af ríkisstjórn utan fjárlaga til verkefna af þessu tagi. Oftast eru upphæðirnar 1–2 millj. kr. en að þessu sinni var ákveðið að leggja til hliðar 10 millj. kr. og óskað eftir því að Rauði krossinn hefði meðalgöngu um að koma þeim fjármunum til þess fólks sem búið hefur við hörmungar. Þetta var reyndar gert nokkru áður en loftárásir áttu sér stað. En menn vissu svo sem af því að að þeim kæmi. Það var sérstaklega tekið fram af hálfu hæstv. utanrrh. í ríkisstjórninni að við því mætti búast að til frekari aðgerða yrði gripið. Við höfum látið það í ljós við þá aðila sem við höfum rætt við — nú síðast fyrir tíu mínútum átti ég samtal við sendiherra Bretlands sem kom með skilaboð frá forsætisráðherra Bretlands og lét ég þess getið að Íslendingar teldu að þeir ættu með tvennum hætti að koma að málinu, annars vegar með því að taka þátt í alþjóðlegri hjálp og hins vegar þegar að lokaniðurstöðum kæmi að eiga þá þátt í því að binda endahnútinn frekar um friðinn en ófriðinn.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýr svör. Ég skil svör hans þannig að þegar þessi átök verða um garð gengin muni íslensk stjórnvöld aðstoða við uppbyggingu í Afganistan einhvern veginn frekar en nú þegar hefur verið samþykkt.

Mig langar jafnframt að varpa annarri fyrirspurn til hæstv. forsrh. Fram hefur komið að Íslendingar hafa ásamt öðrum bandalagsþjóðum í Atlantshafsbandalaginu tekið þátt í þeirri ákvörðun að bregðast sameiginlega við þessum hryðjuverkum með sérstakri samþykkt sem gerð var í Atlantshafsráðinu. Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh. hvort þær aðgerðir sem hófust í nótt hafi verið bornar undir ráðið og bornar sérstaklega undir íslensku ríkisstjórnina og jafnframt hvort hann viti til þess að fyrirhugað sé að ráðast í frekari aðgerðir og hvort einhverjar slíkar hafi verið bornar undir íslensk stjórnvöld.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi sérstaka árás var ekki borin sérstaklega undir okkur frekar en mjög margar aðrar ríkisstjórnir. Við vissum að vísu að til þeirra mundi draga en við vissum ekki klukkustundina eða jafnvel daginn sem það mundi gerst. Það hefur komið fram og kemur til að mynda fram í þeim skilaboðum sem ég fékk í dag frá forsætisráðherra Bretlands, eins og þar segir: „Military action is of course a part of wider strategy." Eins og ég hef sagt þá er þetta aðeins fyrsti hlutinn. Þetta er fyrsta aðgerð. Ef þetta væri hefndaraðgerð þá mætti láta hana duga. En þetta er ekki hefndaraðgerð. Þetta er refsiaðgerð og þvingunaraðgerð gerð í þeim tilgangi að knýja talibanastjórnina til samstarfs og knýja hana til þess að framselja þá hermdarverkamenn sem hún hefur veitt skjól.

Stuðningur íslensku ríkisstjórnarinnar við hernaðaraðgerðir í Afganistan.

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. sömuleiðis vegna þeirra alvarlegu atburða sem orðið hafa í al-

þjóðamálum, þ.e. með árásum Bandaríkjamanna og Breta á Afganistan.

Ég vil fyrst segja að það eru mikil vonbrigði að svona skuli komið, að hafin sé árás á þetta stríðshrjáða land og þessa hröktu og soltnu þjóð eða þjóðir sem Afganistan byggja. Það er nú að gerast að til viðbótar hinu skelfilega manntjóni sem varð í Bandaríkjunum 11. september sl. eru nú án nokkurs vafa óbreyttir borgarar teknir að falla í Afganistan.

Það vekur athygli að þessar árásir eru hafnar án nokkurrar lokaaðvörunar og eru einhliða aðgerðir og einhliða ákvarðanir Bandaríkjamanna og Breta, framkvæmdar án undangenginnar umfjöllunar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ég vil lýsa vonbrigðum með að ríkisstjórn Íslands skuli þegar hafa lýst stuðningi við þessar árásir og ég spyr hæstv. forsrh.: Hvaða nauðsyn bar til þess að gera það og það svona skjótt? Ég vil einnig spyrja af hverju það sé gert í nafni ríkisstjórnar Íslands án undangengins samráðs við utanrmn. Alþingis? Það er að vísu svo að utanrmn. kemur saman í fyrramálið til reglulegs fundar og þar mun þetta mál verða á dagskrá. En það hefði að mínu mati verið eðlilegt að til fundar hefði verið boðað og samráð haft um þetta mál við utanrmn. Alþingis áður en ríkisstjórnin úttalaði sig í þessum efnum.

[15:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að þessi aðgerð sem gripið var til í gær sé í samræmi við tvær ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við umræður á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég tel að aðgerðin sé í samræmi við áður yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar og ég tel hana vera í samræmi við þá ályktun eða þá niðurstöðu sem var komin frá utanrmn. að við þessum voðaverkum yrði að bregðast. Ég tel því að þessi gjörð sé í samræmi við allt þetta, tvær ályktanir öryggisráðsins, umræður í allsherjarþinginu, samþykkt utanrmn. Alþingis og samþykkt ríkisstjórnar Íslands sem mönnum var kunnugt um.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ljóst að mikil samstaða hefur verið um það meðal þjóða heimsins að að sjálfsögðu þyrfti að gera allt sem mögulegt væri til að koma í veg fyrir að sambærilegir atburðir endurtækju sig og að sjálfsögðu þarf að draga þá fyrir lög og dóm sem þarna bera ábyrgð.

Hitt er alveg ljóst að í þessari samstöðu hefur ekki verið fólginn frekar en í yfirlýsingu utanrmn. fyrirvaralaus stuðningur við hvaðeina sem kynni að verða gert og án tillits til þess hvernig það yrði gert. Og ljóst er að margir þjóðarleiðtogar hafa jafnframt því að lýsa yfir stuðningi við Bandaríkjamenn og viðleitni þeirra til að skapa samstöðu um aðgerðir gegn hryðjuverkum, vísað til þess að síðan ætti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að fjalla um slíka hluti. Það er a.m.k. alveg ljóst að ég er þeirrar skoðunar að hvert eitt skref sem tekið væri í þessum efnum ætti að varða með ákvörðunum í öryggisráðinu. Ég er því ósammála þeirri túlkun, hún gildir alla vega ekki fyrir mína hönd, að sú ályktun sem utanrmn. gerði á fundi sínum þrem, fjórum dögum eftir atburðina í Bandaríkjunum hafi sjálfkrafa falið í sér stuðning við hvaðeina sem gert er í framhaldinu og án tillits til hvernig að því er staðið.

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vek athygli á því að allar ríkisstjórnir NATO-ríkjanna virðast telja með sama hætti og ég að þessi aðgerð sé í samræmi við samþykktir öryggisráðsins. Það er enginn ágreiningur um það. Það mundi ekki fara vel á því að hefja viðræður í utanrmn. við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon um með hvaða hætti Bandaríkjamenn ættu að haga árásum sínum á Afganistan. Ég er ekki viss um að það kæmi mikið út úr þeim ráðagerðum öllum.

Ég tek líka fram að ég er aldrei að tala í nafni hv. þm. sérstaklega heldur í nafni ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans hér á Alþingi.

[15:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég var að vona að hæstv. forsrh. gæti hafið sig upp úr útúrsnúningum þegar svona alvarlegir atburðir eru á dagskrá. Það er alveg ljóst að ég var ekki að ætlast til þess að utanrmn. Alþingis segði Bandaríkjastjórn fyrir verkum.

En hitt er annað mál að þegar talað er í nafni lýðveldisins Íslands eins og ríkisstjórnin gerir fyrir sitt leyti, auðvitað ekki Alþingis öðruvísi en um það sé haft samráð við Alþingi, þá á að fara að landslögum, venjum og hefðum í þeim efnum. Það stendur skýrum orðum í þingsköpum Alþingis að hafa beri samráð við utanrmn. Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir á sviði utanríkismála. Og ef það er ekki meiri háttar ákvörðun á sviði utanríkismála að lýsa stuðningi við hernaðaraðgerð af þessu tagi þá vandast nú málið, herra forseti. Það var það sem ég var að vitna til að eðlilegt hefði verið að rætt hefði verið við utanrmn.

Ég er feginn því að forsrh. gerir ekki tilraun til að tala fyrir mína hönd. Það fer best á því, held ég, að ég reyni að gera það sjálfur. En ég vil biðja hæstv. forsrh. að hafa það í huga að ég hef rétt til minna skoðana á utanríkismálum rétt eins og hann hefur til sinna.

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég dreg ekkert úr því að hv. þm. hafi rétt til sinna skoðana en þær eru afskaplega, finnst mér, óviðfelldnar um þessar mundir og ekki í neinum takt við það sem ríkir um allan hinn siðaða heim, verð ég að segja. Ég tel að skoðanir hans séu mjög á skjön við allt sem þar gerist. Og ég tel að mikill meiri hluti þingsins, eins og kom fram hjá hv. 1. fyrirspyrjanda, formanni Samfylkingarinnar, sé ekki fylgjandi þeim niðurstöðum og áherslum sem hv. þm. hefur.

Geðheilbrigðismál.

[15:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. lagði í stefnuræðu sinni í síðustu viku sérstaka áherslu á stórverkefni í heilbrigðismálum sem væru aðgerðir í geðheilbrigðismálum. Á málþingi um þjónustu við geðfatlaða utan stofnana sl. föstudag á vegum Rauða krossins komu fram miklar væntingar hjá þeim sem eiga við þessa sjúkdóma að stríða og hjá aðstandendum þeirra og starfsfólki í geðheilbrigðisþjónustu til þessara orða í stefnuræðunni.

Þar kom fram að þrengt hefur að geðsjúkum og þjónustu við þá og að 50–60 og jafnvel 100 geðfatlaðir eru heimilislausir og margir bíða eftir húsnæði. Einnig kom fram að

250–300 bíða eftir eftirmeðferð á Reykjalundi, þ.e. þeir sem hafa verið inni á geðdeild, og að engin eftirfylgni er af hálfu heilbrigðiskerfisins með þeim sem útskrifast af stofnunum og þess vegna er meira um það eða meiri hætta á því að fólk veikist fljótt aftur. Þessa eftirfylgniþjónustu töldu menn brýnasta og töluðu jafnvel um hrópandi þörf. Því spyr ég hæstv. forsrh.:

Í hverju verður þetta átak í geðheilbrigðismálum fólgið?

Verður tekið á vanda 50–100 heimilislausra?

Verður komið á eftirfylgni og þjónustan aukin?

Eða hvers mega geðsjúkir, aðstandendur þeirra og starfsfólk í geðheilbrigðisþjónustu vænta?

[15:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get ekki á þessum vettvangi núna við þessar aðstæður farið út í einstök atriði í þeim stóra og mikla málaflokki sem hv. þm. vék að. En þau ummæli sem ég viðhafði eru ekki ummæli mín eingöngu heldur ríkisstjórnarinnar allrar og hæstv. heilbrrh. sérstaklega sem hefur viljað gera þessu máli sérstök skil og var áfram um það að í stefnuræðu yrði lögð sérstök áhersla á þennan þátt málsins og í því sambandi eru menn auðvitað að hugsa til þeirra þátta sem fram koma í heilbrigðisáætlun til tíu ára sem samþykkt hefur verið á hv. Alþingi.

Ég tel að þessi málaflokkur sé miklu stærri í sniðum en við almennt gerum okkur grein fyrir vegna eðlis hans og með hvaða hætti þessi sjúkdómur getur dulist mörgum, því að það lýtur enn þeim lögmálum, kannski því miður, að menn fari í felur með sjúkdóma af þessu tagi. Fyrir því er rótgróin hefð þó að augu manna hafi opnast fyrir því að þetta séu sjúkdómar eins og aðrir, og reyndar umfangsmeiri en aðrir í mörgum tilfellum og þurfi að ræða opinskátt.

Ég var því að undirstrika þá ætlan ríkisstjórnarinnar á næsta ári og næstu árum að taka mjög örugglega og stíft á þessum mikla málaflokki. Til þess stóð vilji hæstv. heilbrrh. sem var áfram um það að þessum málaflokki yrðu gerð sérstök skil í stefnuræðunni.

[15:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta svar og ég tek undir með honum að þetta er ákaflega stór og mikilvægur málaflokkur og ég veit að hæstv. heilbrrh. hefur lagt mikla áherslu á þetta. En það vegur auðvitað alltaf mjög þungt þegar hæstv. forsrh. gerir þennan málaflokk sérstaklega að umræðuefni í stefnuræðu. Eins og ég sagði í máli mínu áðan eru miklar væntingar hjá þeim sem eiga við þennan sjúkdóm að stríða og aðstandendum þeirra til einmitt þessara orða hæstv. ráðherra og þess vegna vildi ég spyrja hæstv. ráðherra:

Verða viðbótarfjárveitingar auknar til málaflokksins? Eru þær væntanlegar á næstunni?

Það væri mikilvægt að fá upplýsingar um það því að ég veit að margir bíða eftir að fá svör við því hvaða úrbóta er að vænta frá ríkisstjórninni.

[15:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég undirstrika að með þessum orðum og yfirlýsingum sem við höfum verið að gefa í tengslum við stefnuræðuna erum við að leggja áherslu á að setja þennan þátt í ákveðinn forgang innan heilbrigðismálaflokksins, hins stóra heilbrigðismálaflokks. Þess mun síðan sjást merki hér í meðförum þingsins þegar að því kemur.

[15:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil bara fagna þessari yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. að þessi málaflokkur verði tekinn sérstaklega fyrir og að við munum þá vonandi sjá sem fyrst áhrif þeirra orða og í framhaldi af því aukna þjónustu til þeirra sem stríða við þennan alvarlega sjúkdóm.

Fyrirkomulag ökuprófa.

[15:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar kemur fram að fyrirhugað er að taka upp nýtt fyrirkomulag ökuprófa þannig að framkvæmd þeirra verði ekki lengur á hendi Umferðarráðs og mun þetta nýja fyrirkomulag leiða til þess að framlög til Umferðarráðs lækka um 46 millj. kr.

Því er eðlilegt að spurt sé: Á hverra vegum kemur þá framkvæmd ökuprófanna til með að verða eftir 1. jan. 2002, því að í fjárlagafrv. kemur fram að hún muni verða tekin úr höndum Umferðarráðs?

Hver eru rökin fyrir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru?

Þá er einnig óhjákvæmilegt, herra forseti, að spyrja um hvernig þetta kemur niður á starfsmönnum sem inna þessi störf af hendi í dag. Koma þessar breytingar til með að leiða til fækkunar starfsfólks og kannski er ekki hvað síst mikilvægt að spyrja hvar á landinu eru þessi störf unnin í dag? Ef þau eru unnin úti á landi koma þau þá til með að halda áfram að vera úti á landi?

Að lokum er rétt að hafa nokkur orð um þá staðreynd að eftir talsverða gagnrýni á framkvæmd ökuprófa á níunda áratugnum hafa verið gerðar úrbætur á framkvæmdinni sem eflaust eiga sinn þátt í því að tjónum hjá nýliðum í akstri hefur fækkað umtalsvert á seinustu árum og það var sannarlega orðið tímabært að sjá þær háu tölur fara lækkandi.

[15:27]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fsp. Það er vissulega satt og rétt að við þurfum að hafa varann á og gæta að okkur þegar við erum að fjalla um umferðaröryggismál og ökukennsla og ökupróf eru svo sannarlega hluti af þeim.

Ég tel að það geti verið heppilegt að fara þá leið að taka framkvæmd ökuprófa frá Umferðarráði og bjóða jafnvel út þá þjónustu en hins vegar yrði gerð prófanna væntanlega á sama stað og öllum þeim öryggiskröfum sem gerðar eru til þeirra prófa mun verða fullnægt. Það er ekki alveg frágengið hvernig þetta verður framkvæmt en vonir standa til þess að ekki verði breyting í starfsmannafjölda Umferðarráðs við þessar breytingar og að þeir sem þegar hafa þessa framkvæmd á sinni hendi, m.a. úti á landsbyggðinni, geti jafnvel tekið að sér þá þjónustu.

Ég vona því svo sannarlega að þetta komi ekki til með að hafa miklar breytingar í för með sér fyrir starfsfólk. Hins vegar legg ég áherslu á að ég tel að breytingar sem þessar geti haft jákvæð áhrif fyrir það unga fólk sem er að taka bílpróf og er að fara út á vegi landsins. Okkur veitir svo sannarlega ekki af að taka víða til hendinni varðandi umferðaröryggismálin þar sem slysin hafa því miður verið allt of mörg og alvarleg. Við þurfum að snúa þeirri þróun við.

[15:29]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég get verið sammála hæstv. dómsmrh. um að standa þurfi vel að umferðaröryggismálum í landinu. Eins og ég benti á, herra forseti, í máli mínu hér áðan hefur meðvitað verið tekið á málefnum er varða ökuprófin á síðustu árum. Þær aðgerðir virðast hafa skilað árangri og þess vegna verð ég að ítreka spurningu mína, herra forseti:

Hvað er það sem rekur á eftir hæstv. ríkisstjórn að gera breytingar á framkvæmd ökuprófa í dag þar sem þær breytingar sem gerðar hafa verið upp á síðkastið virðast hafa skilað færri slysum meðal nýliða í akstri?

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist varðandi hugmyndir hæstv. ráðherra um útboð og spyr: Er þetta enn ein einkavæðingarframkvæmd ríkisstjórnarinnar sem hér er á prjónunum?

[15:30]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. um að þetta breytta fyrirkomulag, þessar hugmyndir um breytingu, eru ekki nýjar af nálinni og hafa verið ræddar innan Umferðarráðs oft áður. Ég tel því að fullljóst sé að menn telji að við getum fengið mun betri framkvæmd ökuprófa út úr þessu fyrirkomulagi. En það er að sjálfsögðu svo að fylgjast verður mjög nákvæmlega með því hvernig til tekst.

[15:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér virðist nokkuð ljóst af svörum hæstv. ráðherra að ekki sé búið að ígrunda hvaða breytingar eigi að fara í. Við höfum hins vegar fengið að heyra að hæstv. ráðherra telur að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru komi ekki til með að draga úr umferðaröryggi okkar og komi ekki til með að skerða eða rýra á nokkurn hátt framkvæmd ökuprófanna.

Þá skil ég ekki, herra forseti, hvað rekur á eftir hæstv. ríkisstjórn að vaða inn í Umferðarráð og gera breytingar af þessu tagi sem þó virðast ekki vera í samræmi við neina heildarbreytingu á stefnumörkun Umferðarráðs sem væri þó alveg hægt að ræða í stóru samhengi því að umferðaröryggismál og framkvæmd umferðaröryggismála eru risastór málaflokkur sem skiptir verulegu máli að haldið sé á með styrkri hendi og að ekki sé rasað um ráð fram með að krukka í einstök atriði þegar það er ekki verið að skoða stefnu málaflokksins í heild í því sambandi. Ég ítreka, herra forseti, að mér þykir undarlegt ef hér eru á ferðinni einn ein einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar.

[15:32]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég verð að segja að ég get ekki verið sammála hv. þm. um að ástæða sé til að tortryggja þessar breytingar vegna þess að það er ekkert endilega gefið að kennsla á vegum hins opinbera sé betri en kennsla á vegum einkaaðila. Ég vil benda á að fjölmargir ökuskólar eru reknir í landinu þannig að ég get ekki verið sammála henni um það.

Eins og ég sagði áðan eru þessar hugmyndir ekki nýjar af nálinni. Þær hafa áður verið ræddar og mönnum finnst rétt að prófa að fara þessa leið.

Ég vil líka ítreka að búið er að gera ótal margt til þess að tryggja betur umferðaröryggi í landinu og eins og ég sagði áðan þá mun ekki af veita. Ég vil leyfa mér að benda á alls konar átak sem hefur verið gert í umferðinni, svo sem herta löggæslu, sérstakt umferðarátak ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar, lagabreytingar, og núna síðast í sumar breytingar á reglugerð sem hækka verulega sektir. Ótalmargt er því búið að gera í þessum efnum og ég get fullvissað hv. þm. um að haldið verður áfram á þeirri braut og einnig hvað snertir framkvæmd ökuprófa. Það verður fylgst vel með því máli.

Umferðarmál við Smáralind í Kópavogi.

[15:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að bregða mér heim í Kópavog með fyrirspurn minni til hæstv. samgrh. Eins og alþjóð er kunnugt verður Smáralind í Kópavogi opnuð á miðvikudaginn, verslunarmiðstöð í 63 þús. fermetra húsnæði. Fyrstu fimm dagana búast menn við að 50–200 þús. gestir komi í Smáralindina og forsvarsmenn Smáralindar búast við 5 milljón heimsóknum á ári eða hátt í 100 þús. komur á viku.

Lengi hefur verið ljóst að þetta mannvirki muni gjörbreyta umferðarmunstri í Kópavoginum og að honum. Nú velta menn því fyrir sér hvort gestir muni sitja fastir í umferðarhnút og hvort íbúar Linda-, Smára- og Salahverfis komist heim til sín. Margir óttst líka aukna umferð inn í íbúðargöturnar.

Snemma á þessu ári var haft samband við samgrh. um aðgerðir sem liðkað gætu umferðina og breytingar á forgangsröðun framkvæmda sem fyrir liggur að fara í. Kópavogsbær, þ.e. yfirvöld í Kópavogi, hafa tvöfaldað Fífuhvammsveg og breikkað Smárahvammsveg. En betur má ef duga skal. Gert er ráð fyrir að hámarksumferð inn á Hagasmárann verði 1.100 bílar á klukkustund. Sunnan við Hagasmára má búast við að Reykjanesbrautin verði flöskuháls og að á þessu svæði geti orðið mikil slysahætta. Þess vegna spyr ég: Hver er afstaða samgrh. til þess að fresta mislægum gatnamótum við Arnarnesveg og tvöfalda þess í stað Reykjanesbrautina frá Hagasmára að Kaplakrika með ljósum við Arnarnesveg? Mun ráðherra beita sér fyrir því að aðgerðir við Hafnarfjarðarveg komist á vegáætlun, þ.e. annaðhvort að bæta við akrein frá Hafnarfjarðarvegi upp á Arnarnesbrú eða gera vinstri beygju af Hafnarfjarðarvegi inn á Fífuhvammsveg, en þetta eru svo til jafngildir möguleikar?

[15:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og get jafnframt sagt frá því um leið og ég svara fyrirspurninni að í dag verða formlega tekin í notkun hin miklu umferðarmannvirki sem eru mislæg gatnamót í Mjóddinni sem tengja saman Reykjanesbrautina og Nýbýlaveg í Kópavogi m.a. Þessi vegaframkvæmd er mjög mikilvæg til þess að auka afkastagetu vegakerfisins á þessu svæði og mun væntanlega hafa m.a. áhrif á umferð inn í Smárann og reyndar víðar um þetta svæði.

Hvað varðar framkvæmdir við tengingar inn á Smárasvæðið af Reykjanesbrautinni þá hafa Vegagerðin og samgrn. átt í mjög góðu samstarfi við bæjaryfirvöld í Kópavogi í þeim tilgangi að bæta úr, taka tillit til þeirrar miklu umferðar sem mun væntanlega, eins og hv. þm. benti á, verða þarna á þessu svæði.

Við höfum rætt m.a. um það sem kom fram hjá hv. þm., að fresta mislægu gatnamótunum við Arnarnesveginn og tvöfalda fremur brautirnar. Þetta er allt saman til skoðunar og í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og við munum leitast við

að finna þær lausnir sem bæta úr sem fyrst og eru jafnframt nauðsynlegar aðgerðir til frambúðar.

[15:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Já, ég átti svo sem von á því að þessi mál hefðu verið rædd a.m.k. í þingflokki Sjálfstfl. Við höfum ekkert komið að hugmyndum um breytingar á forgangsröðun í þingmannahópnum. En það liggur fyrir að mislæg gatnamót við Arnarnesveg og tvöföldun Reykjanesbrautar að þeim sem eru á áætlun 2003–2004 eru svipuð hvað kostnað varðar og að tvöfalda Reykjanesbrautina alla leið að Kaplakrika með ljósum við Arnarnesveginn. Að óbreyttu yrði tvöföldunin ekki komin á fyrr en eftir fimm til sjö ár eftir því sem Vegagerðin hefur upplýst og auðvitað yrðu framkvæmdir við Hafnarfjörð að haldast í hendur við þetta enda eru þær á áætlun.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að mislæg gatnamót í Mjódd hjálpa en þau hjálpa ekki sunnan við Hagasmárann.

Það kemur fram hjá samgrh. að bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa haft samráð við ráðherrann um aðlögun og breytingar og gott væri að heyra hvort fyrir liggur að kalla saman þingmannahópinn og taka formlega ákvörðun um breytingar á framkvæmdaröð.

[15:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu hefur Vegagerðin mjög farsæla vinnureglu, vil ég segja, um samstarf við þingmenn hvers kjördæmis þegar kemur að áætlunum um vegaframkæmdir. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að þingmenn Reykn. muni koma að þessu máli. Mér heyrist að um þetta verði ekki ágreiningur ef marka má afstöðu hv. þm. til þessara hugmynda. Hvað um það. Ég held að þetta þurfi að skoða mjög vandlega. Þetta eru feiknalega dýr mannvirki og þess vegna ríður á miklu að velja þann kostinn sem er hagstæðastur bæði í bráð og í lengd. Það er alveg ljóst að þessi mannvirkjagerð, þ.e. bygging verslunarmiðstöðvar þarna í Kópavogi hefur vitanlega feiknalega mikil skipulagsleg áhrif og mikil áhrif á gerð umferðarmannvirkja sem við sáum ekki fyrir þegar verið var að undirbúa framkvæmdaáform í tengslum við vegáætlunina.

[15:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessar upplýsingar. Hér er um stórfellt mannvirki að ræða, ekki bara 70 verslanir þar sem sumar eru vöruhús á mörgum hæðum heldur líka eins konar félagsmiðstöð eða sem sagt aðstaða til þess að vera með alls kyns uppákomur. Þetta er miklu stærra mannvirki en við höfum áður gert okkur í hugarlund hvað slíkt varðar og mun hafa gífurleg áhrif og sú umferð sem búist er við að verði þarna.

Auðvitað er ég jákvæð fyrir því að það verði skoðað hvernig við gerum umferðina eins lipra og unnt er fyrir Kópavog og Kópavogsbúa og að þetta verði sú lyftistöng fyrir bæjarfélagið sem menn hafa stefnt að. En þingmannahópurinn er að gæta hagsmuna kjördæmisins í heild og vel má vera að þeir sem hafa beðið eftir gatnamótunum við Arnarnesveg verði ekki jafnhressir og ég með það að breyting verði gerð. En ég þakka þessi viðbrögð, herra forseti.

Fjárlög 2002, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Umfang og rekstrarkostnaður heilbrigðisþjónustunnar 1990–2001.

Beiðni BH o.fl. um skýrslu, 34. mál. — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Beiðni leyfð til heilbrrh. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 3. mál (úthlutun aflahlutdeilda o.fl.). — Þskj. 3.

[15:44]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt ásamt öllum þingmönnum Samfylkingarinnar frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta er í þriðja sinn sem við flytjum þetta þingmál og efnislega hafa ekki orðið miklar breytingar á því. Þó vil ég geta þess að við höfum breytt 1. gr. frv. sem fjallar um dagabátana að því leyti til að gert er ráð fyrir hraðari aðlögun að nýju kerfi hvað varðaði þá báta í upphafi vegna þess að þegar frv. var samið lá ekkert annað fyrir heldur en að dagabátarnir yrðu skertir um 25% á ári og mundu þar með ljúka möguleikum sínum til þess að veiða á mjög stuttum tíma. Við leggjum þess vegna til í 1. gr. að aðlögunin verði fimm ár hvað þá varðar en tíu ár að öðru leyti.

Eftir að þetta gerðist var gerð breyting á lögum varðandi krókabáta, svokallaðra dagabáta, og fækkun daganna fastsett við 10%. Þess vegna er ástæða til þess — líka vegna þess að það kerfi hefur staðið lengur — að gera breytingu á þessu. Við leggjum því til að dagarnir hjá þessum bátum skerðist samhliða öðrum réttindum.

Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan verið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það hefur ítrekað komið fram á undanförnum árum. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum.

Við framboð Samfylkingarinnar var sú stefna mótuð að komið skyldi á jafnræði þeirra sem nýta sjávarauðlindina. Í tillögum auðlindanefndar sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir tveimur leiðum til gjaldtöku og úthlutunar veiðiréttinda. Önnur er svokölluð veiðigjaldsleið þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi úthlutun veiðiréttinda til útgerðarmanna líkt og verið hefur en með innheimtu gjalds af nýtingu auðlindarinnar. Hin leiðin er svokölluð fyrningarleið.

Tillögur endurskoðunarnefndar um stjórn fiskveiða liggja nú fyrir. Nefndin er klofin. Meiri hluti hennar, fulltrúar Sjálfstfl. og annar fulltrúi Framsfl. vilja fara afbrigði af veiðigjaldsleið. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hinn fulltrúi Framsóknarflokksins vilja hins vegar fara fyrningarleið. Þetta segir svolítið um átökin um stjórn fiskveiða, hvernig þessi nefnd klofnaði, og það þrátt fyrir að í hana væri skipað með þeim hætti sem gert var. Sjútvrh. valdi þennan hóp af stakri kostgæfni eins og menn sjá auðvitað.

Góð samstaða virtist á tímabili í nefndinni um að breyta ætti veiðiréttinum í aflahlutdeildarsamninga. Til þess þarf innköllun veiðiheimilda og nýja úthlutun. Þeir sem skipa meiri hlutann nú hlupu frá þeirri umræðu þegar þeim varð ljóst að Samfylkingin mundi aldrei samþykkja að þessum samningum yrði úthlutað eingöngu til þeirra sem eru nú handhafar kvótans. Ég, sem fulltrúi Samfylkingarinnar, gerði þá kröfu að þeir sem vildu stunda útgerð fengju jafnan rétt til að keppa um þær veiðiheimildir sem breytt yrði í aflahlutdeildarsamninga. Helstu rök andstæðinga þeirrar leiðar voru að útgerðir mundu ekki þola innköllun veiðiheimilda vegna þess að þær yrðu að kaupa sambærilegar heimildir á markaðnum og þær misstu við innköllunina. Margar þessara útgerða hefðu goldið þessar veiðiheimildir fullu verði og talið var að slík aðferð væri skattur á útgerðina.

Þegar ljóst var að ekki næðist áfangi til sátta á þessum grundvelli í nefndinni lagði ég fram tillögu um að á næstu sex árum yrðu 5% aflahlutdeilda innkölluð hvert ár, breytt í aflahlutdeildarsamninga og sett á markað þar sem allir útgerðarmenn hefðu jafnræði til að nálgast heimildirnar en handhafar kvótans fengju andvirði samninganna þegar þeir yrðu seldir í fyrsta sinn. Með þessari leið væri komið mjög til móts við þá sem nú eru í útgerð en samt sem áður næðist verulegur áfangi til lausnar á þessu stóra deilumáli. Ef þessi aðferð yrði notuð mundi hún lengja aðlögunartímann sem er talað um í okkar tillögu, sem ég fer betur yfir á eftir.

Meiri hlutinn felldi þessa tillögu og féllst ekki á að halda áfram umræðum á þeim grundvelli sem þarna var lagður. Sleit hann öllum viðræðum, lagði hugmyndir um aflahlutdeildarsamninga á hilluna og lagði fram tillögur sínar um þá leið sem Landssambands íslenskra útvegsmanna féllst á þegar auðlindanefnd skilaði af sér. Ekki fór þó meiri hlutinn að tillögum auðlindanefndar um aukinn aðgang að veiðiheimildum eða uppboð á heimildum vegna kostnaðargjalda en gerir auðlindanefndinni upp ýmsar hugmyndir af öðru tagi líka.

Mér var sagt frá því að á aðalfundi Samtaka fiskvinnslunnar á föstudaginn var hafi hæstv. sjútvrh. haldið því fram að auðlindanefnd hafi lagt til að veiðiheimildir yrðu færðar á fiskvinnslustöðvar. Þetta er af og frá. Auðlindanefnd ræddi þessa hugmynd en hafnaði henni. Ég held að hæstv. sjútvrh. þurfi að lesa betur. Það er fyrirsjáanlegt að ekki er unnt að fara veiðigjaldsleiðina þannig að jafnræði og réttlæti verði tryggt. Í henni felst áframhaldandi einokun og greinin verður áfram undir pilsfaldi stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir pólitískum ákvörðunum um upphæð veiðigjaldsins. Þessi tillaga er auk þess ekki í samræmi við meginlínu tillagna auðlindanefndarinnar. Hjá auðlindanefndinni er gert ráð fyrir jafnræði aðila til nýtingar allra auðlinda í þjóðareign með útboðum nýtingarréttinda, að því tilskildu að samkeppniaðstæður séu fyrir hendi. Skyldu þær ekki vera fyrir hendi í sjávarútvegi á Íslandi? Tillaga auðlindanefndarinnar um svokallaða fyrningarleið er hins vegar í þeim anda. Þetta frv. þingflokks Samfylkingarinnar er því í samræmi við aðaltillögu auðlindanefndar um ráðstöfun annarra auðlinda í þjóðareign þar sem jafnræði og opinn aðgangur að nýtingunni er hafður að leiðarljósi.

Enginn vafi er á því að fyrningarleiðin, og þar með þetta frv. þingflokks Samfylkingarinnar, leysir úr aðalágreiningnum um aðgang og gjaldtöku fyrir aðgang að sjávarauðlindinni. Okkar tillaga er um að afnema þá einokun sem nú er á aðganginum og að mynda jafnræði í framtíðinni til að nýta þessa auðlind. Hún er tillaga um kerfi sem þjónar útgerðinni og byggðarlögum í landinu. Megintilgangur breytinganna er að tryggja þetta jafnræði og atvinnufrelsi sem mér hefur hér orðið tíðrætt um.

Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á aflahlutdeildarsamningi til fimm ára í senn á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Greiðslum fyrir veiðiheimildir verður dreift á það ár sem þær eru nýttar á. Allar aflahlutdeildir verða komnar á markað eftir tíu ár, samkvæmt þessari tillögu.

Fiskveiðiflotanum verður skipt í þrjá útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, og fær hver um sig tiltekinn hluta heildaraflahlutdeilda. Smábátunum er heimilað að leigja til sín aflakvóta frá öðrum útgerðarflokkum en útgerðarmenn annarra fiskiskipa öðlast ekki heimild til að leigja til sín aflakvóta frá smábátum. Þetta er gert til að verja smábátakerfið þar til menn hafa séð hvernig markaðurinn virkar.

Sérstakt tillit verður hægt að taka til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuerfiðleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.

Vilji útgerð ekki nýta aflahlutdeild sem hún hefur aflað sér á markaði er henni ekki heimilt að framselja hlutdeildina heldur skal skila henni inn og verður hún þá umsvifalaust boðin öðrum. Einungis verður hægt að leigja frá sér innan ársins allt að 50% af aflaheimildum hvers árs, enda hafi útgerð staðið skil á greiðslu vegna heimildanna. Framsalskerfi aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt núverandi úthlutunarkerfi verður óbreytt þau tíu ár sem tekur að hverfa frá því.

Tekið er á brottkasti í tillögum okkar. Næstu tvö fiskveiðiár skal löndun á afla utan kvóta heimiluð. Verð aflans skal miðast við að útgerðir hagnist ekki á slíkum veiðum en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Slíkur afli skal seldur hæstbjóðanda og mismunur af andvirði þess sem útgerðin fær og greidds verðs skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fiskistofu verður falið að hafa umsjón með útboðum aflahlutdeilda en henni jafnframt gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar.

Þetta eru í hnotskurn þær tillögur sem við leggjum til.

Mig langar til að tala dálítið um kosti aflahlutdeildarsamninga og bera þá saman við kosti eignarkvótans sem við búum við núna. Eignarkvótinn bindur stjórnvöld hvað varðar úrræði við veiðistjórn. Ef menn vilja breyta fiskveiðistjórnarkerfinu þá verður það erfitt og mjög þungt í vöfum vegna eignarhaldsins á kvótunum. Ef aflahlutdeildarsamningar eru ekki til lengri tíma en fimm ára eða svo er auðveldlega hægt að breyta fiskveiðistjórninni og leigukerfi á veiðiheimildum, eins og verið er að tala um, gefur kost á ýmsum möguleikum við fiskveiðistjórnina sem ekki eru til staðar núna, t.d. að leigja út veiðiheimildir á tilteknum miðum og svæðum til þess að stýra veiðiálagi á einstaka fiskstofna og á einstök svæði. Það myndast margir möguleikar við það að geta boðið út veiðiheimildir með þessum hætti.

Mig langar til að nefna það, af því að ýmsir virðast ekki átta sig á því, að aflamarkskerfið sem menn kalla í daglegu tali kvótakerfið og eignarhaldið á veiðiheimildunum, sem er tekist á um í raunveruleikanum fyrst og fremst, eiga í sjálfu sér ekkert sameiginlegt. Aflamarkskerfið er fiskveiðistjórnarkerfi. Það hefur ekkert með það að gera að útgerðarmennirnir þurfi að eiga veiðiheimildirnar til þess að það virki. Ég er sannfærður um að það er hægt að láta fiskveiðistjórnarkerfið betur og á miklu skynsamlegri hátt hafa það sveigjanlegra en það er í dag með því að afnema eignarhaldið á veiðiheimildunum og koma á leigukerfi, sem fyrst og fremst væri hugsað sem þjónusta við útgerðina.

Skömmtunarkerfi sem við erum að tala um, aflamarkskerfið, hlýtur alltaf að leiða til þess að veiðiheimildirnar fái verðgildi. Þó að við hefðum sóknarstýringarkerfi þá stæðu menn samt frammi fyrir sams konar vandamáli. Sóknarstýringarkerfi veldur því líka að veiðileyfin og sóknarstýringareiningarnar öðlast verðgildi. Þess vegna þurfa menn að horfast í augu við að einhver verður að eiga þessi réttindi. Það eru bara tveir möguleikar til í því, annaðhvort hið opinbera eða útgerðarmenn.

Menn hafa talað um að dreifa veiðiheimildum, jafnvel með öðrum hætti. Þær tillögur hafa ekki verið uppi á borðunum í alvöru fyrr en nú, að þessi tillaga kemur fram um það að fiskvinnslan megi líka eiga veiðiheimildir. Ég ætla að fjalla aðeins um það vegna þess að það verður eðlisbreyting á umræðunni þegar menn eru farnir að tala um að aðrir aðilar en útgerðarmenn geti átt veiðiheimildir. Í framhaldi af þessu má gera ráð fyrir því að til verði fyrirtæki sem ekki eru í útgerð en munu byggja sig upp í framtíðinni með það fyrir augum að eiga fyrst og fremst veiðiheimildir og selja aðgang að auðlindinni. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki nokkur vafi á því að ef eignarhaldskerfið verður ofan á og þeir sigra í þessari baráttu sem það vilja þá muni þeim hömlum sem eru nú á því að framselja veiðiheimildirnar verða létt af. Fyrir því hef ég gild rök.

Tillögur meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar ganga einmitt út á að aflétta þeim hömlunum sem nú eru á framsali heimilda eða fækka þeim. Tillaga um að færa veiðiheimildir á fiskvinnslustöðvar og um það að menn geti framselt enn þá meira af veiðiheimildunum án þess að veiða sjálfir er skýr vísbending um það sem verður í framtíðinni. Þessum hömlum verður alfarið létt af. Og hvað gerist þá? Til verða fá fyrirtæki sem eiga Íslandsmið og selja aðgang að þeim.

Fróðlegt var að sjá grein sem hv. þm. Pétur Blöndal skrifaði í Morgunblaðið í síðustu viku þar sem hann var að spyrja eins og hann gerir gjarnan stundum: Hvers vegna gera menn ekki hlutina? Hvers vegna fara menn ekki skynsamlegar leiðir? spurði Pétur Blöndal. Af hverju leigja ekki stóru útgerðarfyrirtækin sem eiga veiðiheimildirnar þær út? Hann fékk ekkert skynsamlegt svar við þessu, því hann sá það auðvitað með því að skoða hvaða verð hefur verið á veiðiheimildunum, að það var ekki nokkur glóra fyrir Granda t.d., þó að það sé prýðilega rekið fyrirtæki, að veiða þann fisk sem Grandi hafði þarna til ráðstöfunar, því hann hefði haft svo miklu, miklu meira út úr því að selja bara aðganginn að auðlindinni. Og ef Grandi hefði nú grætt á því, þá væru býsna margir aðrir sem mundu hafa grætt á því og það enn meira, sem ekki eru að gera það gott í útgerð og fiskvinnslu á Íslandi en eiga samt veiðiheimildir.

Og hvert er svarið? Svarið er að mínu viti eitt af þeim svörum sem hv. þm. Pétur Blöndal gaf sér í greininni, þ.e. að þeir þyrðu það líklega ekki, það mundi allt verða vitlaust í landinu, sagði hv. þm., ef menn sæju til þessara stóru fyrirtæki selja aðgang að auðlindinni með þessum hætti.

Ég held að þetta sé rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Það sé þess vegna sem þeir, þessir útgerðaraðilar, selja ekki aðgang að auðlindinni meira. En þegar þeir telja sig vera búna að vinna slaginn um Íslandsmið þá efast ég ekkert um hvert framhaldið muni verða. Þá munu þeir selja aðgang að fiskimiðunum og það verður aðalstarfsemi þeirra fyrirtækja.

Þegar þessu fyrirkomulagi var komið á olli það strax miklum átökum í landinu. Síðan hafa þau átök vaxið ár frá ári. Þeir sem vilja hafa þetta svona hafa víst talið að þeir mundu geta beðið af sér skúrina. En það hefur nú ekki gerst. Fólk lítur á þetta sem hverja aðra einokun, óskiljanlega aðferð þegar sameign er nýtt sem séreign. Það eru logandi illdeilur, byggðaröskun og atvinnugreinin er lokuð. Samt safnar þessi atvinnugrein skuldum og ekki virðist vera beint samband á milli þeirra ræðuhalda sem maður hefur hlustað á á undanförnum árum um hvað þetta sé hagkvæmt fyrirkomulag og þess að útgerðin í landinu blómgist. En fólk er ekki að hugsa um þetta. Fólk er að hugsa um það að því finnst þetta hróplegt óréttlæti.

Síðan er annað sem vert er að minnast á, að réttindi útgerðarmanna eru óskýr. Réttindi þjóðarinnar, sem er eigandi auðlindarinnar og enginn þrætir í raun og veru um að þetta sé þjóðarauðlind, eru óskýr. Vegna þess að hópur manna fer með þau réttindi eins og eign sína. Við sem höfum viljað fara fyrningarleið og innkalla þessar veiðiheimildir höfum verið úthrópuð fyrir það að vilja kollvarpa útgerðinni í landinu.

Eins og ég kom að áðan lagði ég til í nefndinni, þessari svokölluðu endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða, að innköllunin færi þannig fram að útgerðarmenn fengju slík réttindi greidd í upphafi þegar búið væri að skilgreina veiðiréttindin upp á nýtt, þ.e. skilgreina þau í tíma sem þarf að gera og flestir virðast vera sammála um. Auðlindanefndin lagði það til. Í nefndinni virtist vera mikill stuðningur við það fyrirkomulag að breyta í raun og veru veiðiréttindunum í skilgreind réttindi til ákveðins tíma. Þá mundu réttindi sem búið er að skilgreina á þann hátt taka nýtt verð. Þau mundu verða verðlögð á markaðnum miðað við það hvað menn hefðu þau til langs tíma og hvert magnið er á hverjum tíma og einnig af öðrum ástæðum.

Menn gætu síðan tekið þá ákvörðun að innkalla veiðiheimildirnar og sagt sem svo: gott og vel við skulum hjálpa útgerðinni í landinu út úr þessum vanda með því að greiða til útgerðarinnar virði þeirra réttinda sem markaðurinn ákveður. Ef við gerum þetta svona, þá tel ég að við séum að gefa

útgerðinni í landinu færi á mjög mjúkri lendingu út úr þessu vandamáli. Við værum að koma á nýju kerfi sem væri hugsað fyrst og fremst sem þjónusta við útgerðina, án þess að kollvarpa nokkru sem þennan atvinnuveg varðar.

Ef til vill þarf að svara þeirri spurningu hvort þetta sé sanngjarnt. Væri sanngjarnt að taka slík réttindi af útgerðarmönnum?

Annar sjálfstæðismaður, hv. þm. Tómas Ingi Olrich, skrifaði líka í Morgunblaðið í síðustu viku, og í grein sinni kallaði hann það að innkalla veiðiheimildirnar „þjóðnýtingu einkaeignarréttar". Mér finnst ástæða til að vekja athygli á þessum orðum „þjóðnýtingu eignarréttar" kallaði hann það ef veiðiheimildirnar yrðu innkallaðar. Hann sagði að útgerðarmenn hefðu fengið veiðirétt í krafti veiðireynslu. Að þeir hefðu keypt kvóta í góðri trú um að þeim sem settu lögin væri treystandi og spurði hvort ugerðin hefði verið blekkt. Hann sagði að innköllun aflaheimilda væri upptaka á eignarrétti sem til hefði verið stofnað á fullkomlega löglegan hátt.

Ekki held ég því fram að útgerðarmenn hafi verið að brjóta lög. Þeir voru hins vegar að kaupa veiðiréttindi hver af öðrum. Ekki af eigandanum, þeir voru að kaupa vonina. Þeir voru að fjárfesta í voninni um að á hv. Alþingi mundu menn hafa reglurnar eitthvað svipaðar áfram eins og þær hafa verið.

Var ástæða til þess að gera sér góðar vonir um þetta? Ég segi nei. Bullandi átök eru búin að vera um þetta mál frá upphafi. Og það er engin ástæða til þess að útgerðarmenn keyri fram slíkar röksemdir fyrir því að þeir hafi staðið í góðri trú með að kaupa þau réttindi dýru verði.

En hitt vil ég þó segja að mér finnst taka steininn úr — en það er kannski kominn tími til og hefði betur verið fyrr sagt af ráðamönnum þjóðarinnar, hv. þm. og ráðherrum, að þeir litu þannig á að aðgangurinn að þjóðarauðlindinni væri einkaeignarréttur. Og það væri bara þjóðnýting að ætla sér að gera breytingar á því.

En það er ekki aldeilis þannig sem menn hafa talað á undanförnum árum. Menn hafa talað sífellt um það að hér væri auðlind í eigu þjóðarinnar og að útgerðarmenn væru einhvers konar handhafar slíkra réttinda. En samt sem áður hefur þeim verið gefinn sá kostur að geta selt og keypt þessi réttindi eins og þeim hefur sýnst.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, orðaði það svo á fundi sem ég var á um daginn að þetta væri landnám, hann kallaði þetta nýtt landnám. Útgerðarmönnum, sem hefðu verið að gera út á þeim tíma sem kvótanum var komið á, hafi í raun inni auðnast eða hafi verið fengin í hendur einhvers konar landnámsréttindi, (Gripið fram í.) hið nýja landnám.

Síðan kemur hin stóra röksemd, að 80% af veiðiheimildunum hafi gengið kaupum og sölum.

Í fyrst lagi er þetta lygi. Það er ekki rétt að 80% af veiðiheimildunum hafi gengið kaupum og sölum. Þetta er fundið út með því að slá öllu saman, sameiningu fyrirtækja þar sem sömu eigendur eiga í einu fyrirtæki eftir sameiningu þar sem nafnaskipti hafa orðið á fyrirtækjum.

Og svo er annað. Það er svolítið áhugavert að velta fyrir sér annarri röksemd sem við höfum oft heyrt úr ranni útgerðarmanna, þegar menn tala um að útgerðarmenn hafi keypt þessi réttindi, og hún er sú að verslun með veiðiheimildir sé verslun innan hópsins, þ.e. milli útgerðarmanna og fari lítið út úr atvinnugreininni. Ég hef tekið eftir því að þessar tvær röksemdir, annars vegar verslun innan hópsins og hins vegar að þetta allt saman sé búið að ganga kaupum og sölum og röksemdir séu fyrir því að menn eigi að halda þessum eignarréttindum, þær röksemdir eru aldrei hafðar saman. Það er alltaf haft langt á milli þeirra í máli manna. Og skyldi ástæðan fyrir því ekki vera sú að mönnum finnist það kannski ekki eiga alveg við að segja annars vegar að menn séu búnir að kaupa þetta svo mikið hver af öðrum og hins vegar að þessi verslun hafi farið meira og minna fram innan hópsins, sem er nákvæmlega skýringin sem ég sagði áðan? Þetta er meira og minna vegna sameiningar fyrirtækja, það eru sömu aðilar sem eiga þetta áfram.

Við sem leggjum til að veiðiréttindin verði innkölluð leggjum til að almennar leikreglur gildi í þessum atvinnuvegi eins og öðrum hér í landinu. Við erum ekki að leggja til sértækar aðgerðir.

Hæstv. forseti. Mér þykir dapurlegt að hæstv. forseti, Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e. skuli ekki vera hér. Mér finnst ástæða til að hann hlýði á mál mitt. Ég geri ráð fyrir að hann geti gert það á skrifstofu sinni. Hann hefur verið mikill áhugamaður um umræður um þessi mál. Hann hefur talað um það hvað eftir annað að það væri svo mikil ósanngirni í því ef breyta ætti þessum reglum.

Við erum ekki að leggja til að búnar verði til einhverjar sértækar reglur. Við erum að leggja til almennar reglur með tillögum okkar. Það er þess vegna ástæða til að minna á að það væri kannski tilefni til að leggja til einhverjar sértækar reglur.

Hvernig urðu þessi réttindi t.d. til? Muna menn eftir því að einu sinni lá lína þvert yfir landið og ef menn keyptu veiðiheimildir norður fyrir línuna, þá fengu menn 25% viðbót ofan á þorskkílóið sem þeir keyptu í kvóta. Muna menn eftir því að einu sinni var sú lína færð til suður fyrir Hornafjörð? Hornafjörður hafði verið sunnan við hana. Sú lína var einu sinni færð suður fyrir Hornafjörð. Muna menn eftir því að sumir, örfáir menn, fengu skipstjórakvóta?

Menn muna kannski ekki eins vel eftir því að fjöldi skipa var byggður og lögð hafði verið inn umsókn um byggingu þeirra þegar dró til þess að það yrði farið að loka fyrir smábátaútgerð undir 10 tonnum í kvótanum.

Fjöldi skipa fékk úthlutun út á það að til væru kilir sem lágu í hópum uppi á landi og út á það var veiðiréttindum úthlutað. Tilraunaveiðileyfi sem einstakir bátar fengu á rækju t.d. og fleiri fisktegundum voru eftir 2–3 ár gerð að eignarréttindum. Sértækar úthlutanir eins og dragnót og slíkar veiðar sem útvaldir fengu urðu líka að eignarréttindum.

Allt er þetta með sama brag. Hér hefur verið stofnað til eignarhalds á veiðirétti með fáránlegum hætti og fyrir löngu hefði átt að taka á því máli.

Ég ætla að koma að fleiru sem ég hefði viljað segja, herra forseti, í seinni ræðu minni.

[16:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson leggur hér fram mikið frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ég geri engar athugasemdir í sjálfu sér við það að hugmyndir séu komnar fram um breytt fiskveiðistjórnarkerfi. Það kerfi sem við erum með í dag er að sjálfsögðu ekki gallalaust og gott að menn leiti leiða til að finna einhverjar nýjar aðferðir til að stjórna þessu.

Það hefur reyndar vafist fyrir mönnum að finna leiðir sem nýst gætu betur. Ég segi því miður. Hér er aðferð sem gerir ráð fyrir því að afskrifa þessar heimildir á tíu árum og

úthluta þeim síðan með uppboðum. Ég ætlaði að spyrja hv. þm. um hvað hann hefði hugsað í þessu sambandi. Við vitum að sumar útgerðir hafa fjárfest fyrir milljarða, jafnvel marga milljarða, í skipum. Þær hafa tekið lán sem eru kannski upp á nokkra áratugi. Þessi lán eru með veði í skipunum og aflaheimildunum. Er hann ekkert hræddur um að það geti komið upp skaðabótakrafa á ríkissjóð í framhaldi af slíkri lagabreytingu?

Mig langaði einnig til að vita hvað flutningsmaður gerir ráð fyrir að uppboðin geti gefið þjóðinni miklar tekjur. Eða með öðrum orðum: Hvað á að skattleggja útgerðina mikið fyrir þessar veiðar miðað við þessar hugmyndir?

[16:17]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, mörg fyrirtækið hafa fjárfest í íslenskum sjávarútvegi. Þau eru flest öflug. Ég efast ekki um að þau muni standa sig vel í því umhverfi sem við leggjum til að komið verði á. Það mun auðvitað hjálpa þeim mikið að vera fyrir í útgerð, að vera með öflugan rekstur. Ég held að engin ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af þessum fyrirtækjum ef framtíðin yrði í samræmi við það sem hér er verið að leggja til.

Varðandi skaðabótakröfur á ríkið þá liggur fyrir í dómum Hæstaréttar að ef þess sé gætt að gefinn sé eðlilegur aðlögunartími þá geti Alþingi breytt þessum reglum. Skaðabótakröfur væru þá ekki til staðar nema menn gerðu þetta afar harkalega, breyttu kerfinu á augabragði, t.d. eins og hæstv. sjútvrh. breytti kerfinu varðandi steinbítinn í sumar og breytti svo aftur. Hugsanlegt kæmi skaðabótakrafa og menn ynnu slíkt mál ef þannig yrði farið að. En við erum ekki að leggja það til. Hæstv. ráðherra gerði þetta hins vegar um skeið í sumar.

Það er ekki mjög gott að gera sér fulla grein fyrir því hvað uppboðin gefa til þjóðarbúsins. Ég held hins vegar að það sé nokkuð ljóst að það verði miklu lægra verð á veiðiheimildum í leigukerfi en í því kerfi sem verið hefur hér á undanförnum árum. Þar hefur hátt verð mergsogið stóran hluta útgerðarinnar. Ég held að frjáls og liðugur aðgangur að veiðiheimildum muni fyrst og fremst verða til þess að rekstur fyrirtækjanna ráði því hvað þau treysta sér til að greiða á markaðnum og að mjög eðlilegar ákvarðanir verði teknar á slíkum markaði.

[16:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mjög á óvart hve þetta frv. er illa hugsað, að það skuli ekki vera neinar hugmyndir um það hjá flutningsmönnum hvað þetta geti gefið af sér. Þeir virðast engar hugmyndir hafa um hvað veiðiheimildir, sem eru þekkt stærð miðað við það sem er úthlutað í dag, geti gefið mikið af sér, hvert hugsanlegt leiguverð verður eða uppboðsverð. Það kemur mjög á óvart að þeir hafi ekki velt þessu fyrir sér. Er þetta þá bara eitthvert málamyndafrumvarp? Eru menn bara að slá því fram til að gera eitthvað?

Mér finnst dálítið merkilegt að heyra að menn efist ekkert um að fyrirtækin sem hafa hingað til staðið sig vel, muni halda því áfram. Auðvitað eru þarna góðir menn sem standa vel að stjórn fyrirtækja sinna en þeir hafa treyst því að við búum við kerfi sem standi um langan tíma. Tíu ár eru ekki svo langur tími.

Hæstiréttur sagði að ef breytingar ættu sér stað á mjög löngum tíma þá gætu menn komist hjá skaðabótakröfu. En fjárfestingar, t.d. í einu skipi, eru 20–30 ára fjárfestingar. Ég get því ekki séð að flutningsmenn hafi heldur skoðað þá hlið málsins, þ.e. hve langur tími sé eðlilegur miðað við dóma Hæstaréttar.

Ég verð því að draga þá ályktun, herra forseti, því miður, að flutningsmenn hafi ekki lagt sig nægjanlega fram um að skoða afleiðingar þessa frv., ef af lögum yrði, og hvað mundi koma í staðinn. (**SvanJ:** Það er þrælskoðað.) Ég vona svo sannarlega að það komi þá betur í ljós seinna í umræðunni.

Ég er einn af þeim, herra forseti, sem hafa mikinn á huga á að stjórn okkar á veiðum verði almennt með þeim hætti að við getum verið ánægð með niðurstöðuna. Það þarf kannski að gera betur til þess.

[16:21]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað fórum við yfir það hvað fyrirtæki gætu greitt og hvað væri líklegt að þau mundu greiða. Maður gerir auðvitað ráð fyrir því að ábyrgir stjórnendur fyrirtækja bjóði í veiðiheimildir með það í huga að fyrirtækin gefi af sér arð. Með því að skoða fyrirtæki eins og Samherja á Akureyri, á árunum 1996–1997, komust menn t.d. að þeirri niðurstöðu að það fyrirtæki hefði ekki getað borgað nema í hæsta lagi 12 kr. fyrir þorskígildið. Mér finnst líklegt að veiðiheimildir verði býsna misjafnar á þessum markaði en þær hljóta þó að taka mið af möguleikum fyrirtækjanna. Lengra geta menn kannski ekki farið en að skoða rekstur fyrirtækjanna til þess að átta sig á því hvert verðið gæti hugsanlega orðið.

Hv. þm. sagði að þetta væri illa hugsað frv. Ég ætla samt að vona að hann hafi lesið það vel. Við lögðum mikla vinnu í það. Ég held að okkur hafi tekist að sigla fyrir flestar víkur í því. Ég mundi treysta mér fullkomlega til að standa ábyrgur fyrir því að þetta mundi ganga upp sem við erum að leggja til hér. Ég er sannfærður um það. Þetta yrði miklu, miklu betra fyrirkomulag en menn búa við í dag.

Hv. þm. sagði að menn hafi verið að fjárfesta í traustinu. Það var það sem ég var að segja hér áðan. Trausti á hvað, bullandi óánægju allra landsmanna meira og minna gegn þessu kerfi? Á hvað var treyst? Var treyst á hv. þm. Kristján Pálsson? Líklega. Ég held nefnilega að þeir sem hafa treyst á óbreytt kerfi, hafi treyst fáum, talið að þeir hefðu völdin og hefðu þau áfram.

Ég held að menn ættu að líta í eigin barm og velta því fyrir sér hvort fara eigi með fulltrúalýðræðið eins og farið hefur verið með það í þessu máli.

[16:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, lagt fram af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni o.fl. Þetta frv. kemur nú fyrir þingið í þriðja skipti. Það er ekkert vafamál að umræðan um stjórn fiskveiða á eftir að taka drjúgan þátt þingsins í vetur. Það er bullandi ágreiningur í samfélaginu um það hvernig þessum málaflokki er stjórnað. Þar sem ég var einn af þeim sem tilnefndir voru í þessa endurskoðunarnefnd þá vil ég segja frá því að ég skilaði þar minnihlutaáliti. Hið sama gerðu fulltrúi Samfylkingarinnar, Jóhann Ársælsson, og Kristinn H. Gunnarsson frá Framsfl.

Ég held að þessi mál verði kannski aldrei leyst með því að flokkarnir komi einhliða fram með skoðanir sínar á því hvernig þeir vilja breyta kerfinu. Átökin eru mikil eins og menn vita og meiri hluti nefndarinnar setur fram meirihlutaálit, eins og þingheimi er kunnugt, sem í grófum dráttum breytir engu um stöðu mála en færir málin í heild sinni

kannski til verri vegar. Í því sambandi mætti nefna fækkun og stækkun fyrirtækja, aukna samþjöppun sem er þyrnir í okkar augum í sambandi við stjórn fiskveiða.

Það hefur komið fram á síðustu dögum að þær tillögur sem meiri hluti endurskoðunarnefndarinnar setti fram leiða til áframhaldandi óróa í samfélaginu. Það er klárt mál. Á allra síðustu vikum hefur fjöldi félaga smábátaeigenda ályktað til þingheims og til ríkisstjórnar og í raun lýst neyð sinni. Það er ákall um hjálp og það að mega vera til. Tíu félög smábátaeigenda víða að af landinu hafa í grundvallaratriðum ályktað á sama hátt, öll þessi félög. Þau biðja, eins og ég sagði áðan, nánast um leyfi til þess að fá að vera til.

Þessi tíu smábátafélög eru allt í kringum landið eins og ég sagði áðan, frá Austurlandi, Suðurlandi, Reykjavík, Hornafirði, Ströndum, Norðurlandi, Snæfellsnesi, Bakkafirði, Ísafirði og Grímsey. Smábátaeigendur í Grímsey skrifa til okkar hér og ríkisstjórnarinnar:

„Við undirritaðir íbúar í Grímsey skorum hér með á stjórnvöld að afnema ákvæði laga um krókabáta sem koma eiga til framkvæmda 1. sept. nk. Með framkvæmd umræddra laga verður fótum kippt undan þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað í smábátaútgerð á undanförnum missirum."

Og síðan kemur niðurlagið sem segir sína sögu og um það eru allir sem áhyggjur hafa af þessum málum samhljóða:

„Smábátafélag Grímseyjar krefst þess að sá lagaóskapnaður sem skákað hefur náttúruöflunum og stöðvað alla línuútgerð krókabáta, verði tafarlaust felldur úr gildi og lögfest verði veiðikerfi krókabáta sem í gildi var 31. ágúst sl."

Virðulegi forseti. Það stendur upp á okkur að koma áfram með tillögur sem geta sætt þjóðina. Hins vegar er augljóst að núverandi stjórnarmeirihluti keyrir fram, eins og ég sagði áðan, nánast óbreytt kerfi. Það er borðleggjandi að um það verður aldrei sátt. Eins er borðleggjandi að það mun leiða af sér, bara á örfáum missirum, áframhaldandi byggðahrun víða um landið. Við megum því engan tíma missa í umfjöllun okkar um þessi mál.

Þar sem ég er bjartsýnismaður er ég enn að gera mér vonir um, þó að niðurstaða endurskoðunarnefndarinnar hafi verið mikil vonbrigði, að með umræðu um þessi mál í þinginu, ekki síst miðað við þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir í byggðamálum, geti stjórnarandstaðan komið málum þannig fyrir að einhver tillöguflutningur verði í þá átt að leiðrétta þá stöðu, a.m.k. tímabundið þó ég geri mér grein fyrir því að það verði kannski á grunni meirihlutavalds hv. þm. sem styðja þessa ríkisstjórn. Ég ber þá von enn í brjósti.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn ætli í blindni að keyra fram kerfi sem gengur í berhögg við það sem fiskveiðistjórnarlögin byggðust á, þ.e. að vernda fiskstofna landsins. Það er verið að setja tegundir í kvóta sem við náum ekki einu sinni að veiða samkvæmt veiðiráðgjöf. (**SvH:** Keila, langa.) Keila, langa, segir hv. þm. Eitthvað er nú þetta mál komið á skjön og það hvernig staðið er að því.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að menn setja í kvóta tegundir sem næst ekki einu sinni að veiða? Það er alveg fáránleg hugmynd og fáránleg framsetning. Það sem er enn þá fáránlegra í því sambandi er að þeim sem rita okkur þessar yfirlýsingar, þessum tíu félögum smábátaeigenda, er haldið utan við að eignast þennan kvóta. Þetta er alveg furðulegur ráðahagur.

Nefndin um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða margklofnaði eins og kunnugt er. Þó er ástandið nú ekki verra en svo að í raun er svolítill samhljómur hjá þeim sem skiluðu minnihlutaálitum.

Fyrningarleið og fyrningarleið, það er ekki sama hvernig fyrningin er útfærð og það er ekki sama hvernig kerfi sem byggir á fyrningarleið er útfært. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Þess vegna skila menn áliti hver fyrir sig í minni hlutanum, enda er að mörgu leyti miklu eðlilegra að þannig sé staðið að málum úr því sem komið var. Menn undirstrikuðu því áherslur sínna flokka.

Ég lít svo á að hægt sé að hefja samninga um breytingar sem þjóðin gæti sæst á ef vilji væri fyrir hendi enn á ný. Mér sýnist og maður heyrir það í umræðunni og verður þess áskynja á fundum að margir stjórnarliða eru miklu nær t.d. okkar tillögum, eins og við setjum þær fram, en þeim tillögum sem meiri hlutinn setur fram núna.

Ég hef stórar áhyggjur af þróuninni og samþjöppuninni vegna þess að skjótt skipast veður í lofti í heimi okkar. Og varðandi t.d. framsalsmöguleika, þá líst manni nú bara ekkert á að opnað sé fyrir það að við missum hreinlega úr höndunum á okkur áunninn rétt þjóðarinnar til úthafsveiða.

Hvernig verður landslagið ef við lítum á næstu fimm til tíu ár? Getur ekki landslagið orðið þannig að með frekari samþjöppun komi fram krafan í bankakerfinu hér um að opnað verði fyrir erlendar fjárfestingar í útgerðinni? Og þá skipast nú skjótt veður í lofti ef við höfum nánast ekkert nema markaðinn sem ræður því hvernig þetta fer á milli fyrirtækja og manna.

Við verðum að taka á þessu máli, gera grundvallarbreytingar. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram fyrningarleið sem byggir á hægfara en taktfastri þróun í þá átt að fyrna aflaheimildirnar á 20 árum. En við setjum ströng skilyrði og þess vegna höfum við sett fram okkar eigin nefndarálit, eða ég hef sett fram mitt eigið nefndarálit, í nefndinni um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða vegna þess að byggðatenging er mjög mikilvæg fyrir okkur og það að vald sé fært til sveitarfélaganna til þess að hafa um það að segja hvernig veiðiheimildum er ráðstafað.

Það er líka mjög mikilvægt að þau fyrirtæki sem starfa í greininni í dag fái góða aðlögun til þess að fóta sig á breyttum aðstæðum. Það tel ég mjög mikilvægt fyrir allra hluta sakir. Þess vegna hafa fyrirtækin sem eru starfandi í greininni eftir okkar hugmyndum forkaupsrétt að stórum hluta veiðiheimildanna, eða einum þriðja. Síðan er lagt til að einn þriðji af því sem fyrnt er verði settur á markað.

Til þess að gera aðlögunina að þessu nýja kerfi enn þá auðveldari fyrir þá sem eru í þessu útgerðarmunstri í dag, er gert ráð fyrir því að fyrirtækin eigi kost á því að hafa umráðarétt yfir sofandi kvóta fyrstu sex árin þannig að þeir fái endurleigurétt á 3% af þeim 5% sem fyrnd eru fyrstu sex árin.

Sumir hafa sagt að þetta sé flókið kerfi. En þetta er kerfi sem taktfast leiðir okkur til baka. Sérstaklega er nauðsynlegt í mínum huga að draga fram að byggðirnar og fólk í sjávarbyggðum landsins eigi einhvern tilverurétt og það sé ekki bara undir fyrirtækjum eða einstaklingum sem eiga peninga komið hvernig hlutirnir þróast þar.

Í umræðunni um sjávarútvegsmál hefur mikið verið rætt um það að til þess að gera svona breytingar þurfi að taka af einhverjum. Þeir sem verja núverandi kerfi draga þetta mjög sterkt fram: „Ef þið eruð með hugmyndir um fyrningarleið og breytingar á þessum nótum þarf að taka af einhverjum." En þessir sömu menn átta sig ekki á því að eins og kerfið

er uppbyggt nú þá er veiðileyfi á það að taka af byggðunum með krafti peningavaldsins. Við erum að tala um að þetta sé jafngilt og það eigi raunar frekar að standa að því með stjórnvaldsaðgerðum og lýðræðislega að færa veiðiheimildir til baka til umráða fyrir þá sem hafa um áratuga og kannski árhundruða skeið nýtt þessa auðlind. Það er mjög mikilvægt.

Hv. þm. Kristján Pálsson kom inn á markaðinn og gjaldið fyrir veiðiheimildir. Í mínum huga og flokksmanna minna er ekki aðalatriði að fá sem mesta peninga út úr greininni. Það er ekki okkar aðalmarkmið. Við setjum það ekki á oddinn. Aðalmarkmið okkar er það að við getum þróað greinina yfir í það veiðiform sem við viljum sjá, leggja aukna áherslu á vistvænar veiðar og leggja aukna áherslu á byggðatengingu.

Það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir því hvernig markaðurinn mundi virka ef boðið væri upp eins og t.d. í tillögum Samfylkingarinnar, miklu hraðar en ég hef talað fyrir. En það er augljóst að sá markaður sem er í gangi núna gefur ekki rétta mynd af verði á veiðiheimildum. Þetta er svo lítið að það kemur ekkert í ljós fyrr en meira magn er til ráðstöfunar hvert raunverulegt verð veiðiheimilda er.

Við vitum það öll sem höfum verið að vinna í þessum málum að hver 5% í veiðiheimildum — geta þau ekki farið í 5–8 milljarða ef allt er reiknað upp í stert miðað við það sem menn eru að borga, háar upphæðir fyrir kílóið, eins og ástandið er í dag? En það ástand er engan veginn til þess að taka mið af því eins og ég sagði áðan er svo lítið magn á markaðnum í dag.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara örstutt koma með þetta innlegg í umræðu um fiskveiðistjórnarkerfið. Ég á þá ósk heitasta að við getum í umræðunni í vetur þokað málum áleiðis í þá átt sem við viljum sjá greinina þróast. Það er augljóst í mínum huga að keyrum við áfram og verði lagasmíð á grunni tillagna meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar þá verður hér bullandi ófriður næstu ár, bullandi ófriður um allt þetta mál. Það getur ekki farið öðruvísi. Við verðum að bera gæfu til þess að leiða stjórnarmeirihlutann inn á einhvers konar plástralausnir þó við gerum okkur grein fyrir því að þeir hafa gjörsamlega bitið sig í það að við eigum að viðhalda núverandi kerfi. En einhverjar lausnir verða að koma við bráðavanda, t.d. eins og hjá smábátaútgerðinni. Það er alveg augljóst. Smábátarnir í hrönnum — það er farið að binda þá — eru búnir með sín 4 tonn. Ég mun fyrir mína parta reyna að leiða það fram og koma því til leiðar að breytingar sé hægt að gera í þá átt að tryggja stöðu þeirra.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vildi aðeins koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Hér er um að ræða mál sem er búið að koma fyrir þingið tvisvar áður. Það var í umræðunni hér í fyrra og ég úttalaði mig um það þá, en taldi mikilvægt að koma inn með þessa sjónvinkla frá okkar hálfu.

[16:39]

Útbýting þingskjala:

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, 57. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 57.

Áframeldi á þorski, 58. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 58.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 112. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 112.

Rannsóknir á þorskeldi, 56. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 56.

Tryggingarskilmálar vátryggingafélaga, 59. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 59.

[16:40]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur í störfum sínum í endurskoðunarnefndinni verið með tillögur sem hann hefur nú kynnt og eru út af fyrir sig ágætar, held ég, miðað við það sem hann er að „presentera".

Ég velti fyrir mér þessari svokölluðu byggðatengingu á úthlutun kvóta. Hvað þýðir það? Þýðir það að þær byggðir sem hafa það verst fái lægsta verð? Svo hafa aðrar byggðir það aðeins skárra og fá þær þá eitthvað annað verð? Á þá að skipta þessu eftir því hvernig gengur í byggðum landsins? Ef það gengur t.d. illa á einhverju svæði á Suðurnesjum, fá þeir þá aðra úthlutun en t.d. á Akureyri þar sem gengur mjög vel? Eða fá þeir á Raufarhöfn miklu betri úthlutun en einhverjir aðrir? Ég hef verið að velta því fyrir mér hvað þetta geti orðið flókið kerfi. Hvernig á að leysa þetta?

Það sem ég hef talið erfiðast við að eiga í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er brottkastið. Ég hélt að menn væru sífellt að leita leiða til þess að koma í veg fyrir það þannig að við nýttum þann afla sem dreginn er um borð í þessi skip hverju sinni.

Ég get ekki séð að úthlutun afla með þessu útboðskerfi leysi brottkastið. Menn eru að kaupa ákveðið magn af fiski og reyna að ná eins miklum verðmætum út úr honum og þeir geta því að þeir eru væntanlega að kaupa þetta á uppboði fyrir mikinn pening þannig að þeir henda því sem ekki er nógu verðmætt. Það er nákvæmlega eins og gerist í kvótakerfinu.

Hvernig ætlar hv. þm. í tillögum sínum þá að leysa brottkastið með þessum tillögum? Er eitthvað annað sem á að leysa það?

[16:42]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. þm. Kristján Pálsson hefur lesið tillögur mínar lauslega eða nefndarálitið.

Það kemur alveg skýrt fram í nefndarálitinu að við leggjum til að tekið verði mið af stöðu sjávarbyggða, sem sagt sveitarfélaganna, í fiskvinnslu og veiðum síðustu tíu ár. Það er alveg ljóst að það þarf lagasmíð á grunni svona tillagna, alveg eins og það þarf lagasmíð á grunni tillagna meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar.

Við tökum það alveg skýrt fram eða ég tek það alveg skýrt fram í mínum tillögum að ég vil færa vald til sveitarfélaganna um það sem þau fá úthlutað, færa það til þeirra. Í textanum er gerð grein fyrir því að það er í valdi sveitarfélaganna samkvæmt þessum hugmyndum að hafa álit á því og framkvæma það eftir því hvernig þau vilja sjá hlutina þróast. Sveitarfélögin gætu t.d. í því sambandi ákveðið að hafa ekkert veiðileyfisgjald. Þau gætu ákveðið að bjóða ekki upp heldur úthluta til fyrirtækja sem starfandi eru í sveitarfélaginu þess vegna.

Þau gætu líka á vissan hátt ákveðið það að setja hlutina á markað. Þau gætu ákveðið það heima fyrir að treysta grunn t.d. sjávarjarða. Og þau gætu ákveðið heima fyrir að leggja meiri áherslu á vistvænar veiðar sem við leggjum mjög mikið upp úr. Með valdi þeirra yfir þessum hluta sem í mörgum tilfellum mundi gagnast smábáta- og bátaflotanum víða í sjávarbyggðum, er ég sannfærður um að brottkastsvandamálið yrði miklum mun minna. Ég held að það gefi alveg augaleið.

Við verðum að finna einhverjar sjálfvirkar leiðir. Við verðum að framkalla kerfisbreytingar sem leiða til þess að jafnmikið vandamál og brottkastið er hverfi. Það dugar ekki

til lengri tíma litið að vera hér með lögreglu á öllum póstum.

[16:45]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki almennilega séð hvernig þetta gengur upp. Sveitarfélögin eiga að ákveða þetta á einum stað, stjórnvöld ætla að ákveða þetta á öðrum, það verður greinilega stríðsástand hér í kringum landið. Ég átta mig ekki á hvernig sveitarstjórnir eiga að taka á úthlutuninni sem slíkri. Fyrir nokkrum áratugum, tæplega tveimur áratugum, var til umræðu að sveitarfélögin fengju úthlutun aflaheimildanna. Sú hugmynd var kynnt sveitarfélögunum og þau beðin um álit og ég minnist þess sem þáverandi sveitarstjórnarmaður að sveitarstjórnarmenn almennt kærðu sig ekkert um að vera að úthluta aflahlutdeildum í byggðarlögum sínum. Þeim fannst þetta of nærri sér og erfitt fyrir lítil sveitarfélög að úthluta og gera upp á milli manna innan sveitarfélagsins. Ég er ekki að segja að sveitarstjórnarmenn geti ekki skipt um skoðun. Ég á ekki von á því að þetta hjálpi sveitarstjórnarmönnum nokkurn skapaðan hlut. (**Gripið fram í:** Það var þegar þú varst í sveitarstjórn.) Það voru fleiri í sveitarstjórn en ég.

Það er annað sem ég velti fyrir mér, herra forseti, sem varðar brottkastið og þann vanda sem menn eiga við í núverandi kerfi og það er nýliðun í kerfinu. Hvernig ætla menn að tryggja það að ungir, efnilegir sjómenn sem vilja fara í útgerð geti komist að? Nú gerum við ráð fyrir því að þeir sem bjóða í séu þeir sem vilja og eiga peninga og geta boðið hæst fái mest. Er þá gert ráð fyrir því væntanlega að sveitarstjórnin geti líka ákveðið að ungir menn í sveitarfélaginu fái ákveðnar úthlutanir og þá verði sveitarstjórnin sjálf með sínar reglur og hver sveitarstjórn verði með sínar reglur um hvernig þeir úthluta til nýrra aðila?

[16:47]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo algengt hérna í þingsalnum á hinu háa Alþingi að menn treysti ekki sveitarstjórnarmönnum. Sú hugmynd með aðkomu sveitarfélaganna og sveitarstjórna — við höfum dæmi þar sem það gengur alveg glimrandi. Ég skal nefna dæmi úr mínu kjördæmi þar sem Grenivík hefur 1.000 tonna þorskígildiskvóta. Sveitarstjórn Grenivíkur notar hann sem skiptimynt í samningum við Útgerðarfélag Akureyringa um myndarlega vinnslu á staðnum. Það má því ekki alltaf halda að við á hinu háa Alþingi og kerfi í Reykjavík geti eitt stjórnað málum.

Sú reynsla sem fékkst af byggðakvóta var auðvitað í þeim dúr og í þeim mæli að það gat kannski ekkert farið hjá því að rifist yrði um þetta lítilræði upp á 1.500 tonn. Það gefur augaleið. Og það er engin reynsla komin á svona hugmynd út frá 1.500 tonnum, hv. þm. Kristján Pálsson.

Ef við víkjum að nýliðun, þá hef ég annað dæmi úr kjördæmi mínu. Ég veit ekki betur en að þeir gömlu í Grímsey hafi ákveðið að ungu mennirnir skyldu hafa forgang um að nýta þennan svokallaða byggðakvóta. Ég veit ekki betur en það sé tilfellið.

Menn mega því ekki alltaf gefa sér það á hinu háa Alþingi að menn hugsi ekki heila hugsun heima fyrir. Mér finnst það mjög algengt hér. Ég held að það séu bara sleggjudómar og alls ekki rétt. Og það á að færa völdin í miklu meiri mæli heim til sveitarfélaga og héraða til þess að bæta stjórnsýsluna í landinu. Það er skoðun mín.

[16:49]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki gleyma að bjóða hv. þm. Vinstri grænna velkomna í hópinn sem vilja innkalla veiðiheimildir og setja þær á markað. Þó það sé að hluta til, þá er það veruleg breyting frá því sem áður var.

Vegna þess að hv. þm. nefndi hér áðan eða gaf það til kynna að við værum að innkalla veiðiheimildirnar of hratt og að hugmyndir þeirra um 20 ára innköllun væru skynsamlegri, þá langar mig til þess að vita aðeins betur hvað þetta þýðir.

Hjá Vinstri grænum er verið er tala um að innkalla 2% á ári fyrstu sex árin og síðan 3% í viðbót sem útgerðarmennirnir eiga að fá að hafa áfram á sérstökum samningi. Síðan stendur einhvers staðar líka í bókinni að þetta eigi að endurskoðast áður en 20 árin eru liðin. En þessi 3% sem hlaðast upp fyrstu sex árin eru gengin út aftur eftir 12 ár, sýnist mér. Er það þá hugmyndin að þau verði síðan látin aftur til útgerðarmannanna án endurgjalds úr því ákvæðið um endurskoðun eftir 20 ár er þarna inni? Mig langar til að fá svar við þessu.

Síðan langar mig til að nefna eitt vegna þess að ég er ekki ánægður með það sem hv. þm. sagði á frekar neikvæðan hátt, hann talaði um að menn ættu ekki að koma með einhliða skoðanir, eins og það væru einhliða skoðanir okkar að flytja svona þingmál. Ég spyr: Ætla vinstri grænir þá ekki að flytja þetta sem þingmál, þessar hugmyndir sínar um sjávarútvegsmálin? Af því að þeir vilja geta samið við aðra um hvernig þetta eigi að vera. Er ekki rétt að sýna á spilin sín? Er ekki bara gott að menn takist á við þetta eins og við höfum gert hér að leggja fram tillögur okkar um hvernig við viljum gera þessa hluti og leyfum mönnum að takast á um þær og gagnrýna þær?

[16:51]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talar um hvort ekki sé rétt að sýna spilin. Ég tel að ég hafi í nál. mínu algjörlega sýnt spilin. Ég lagði nál. mitt fram eftir umfjöllun í þingflokki og fullkomin samstaða var um það.

Ég hef líka sagt frá því opinberlega og í blaðagreinum að sú aðferð að fara fyrningarleið og innkalla veiðiheimildir á tiltölulega löngum tíma sé fyrst og fremst hugsuð til þess að gefa þeim aðilum sem eru í kerfinu núna og óneitanlega þurfa að breyta lifnaðarháttum sínum og lífssýn meiri möguleika á því að aðlagast nýju kerfi.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að farið er rólega í sakirnar fyrstu sex árin, innköllunin er orðin 60% á 12 árum. En fyrstu sex árin er í raun og veru bara verið að innkalla um 2% á ári, eða 12%. Það er mjög væg aðgerð í sjálfu sér.

Ég batt fyrir mína parta miklar vonir við að stjórnarmeirihlutinn gæti komið til móts við okkur á þessum nótum, þó svo að við þyrftum að bíta í það súra epli að sjá þróunina til betri vegar gerast á miklu lengri tíma en við hefðum viljað sjá gerast. Þannig standa málin.

En sjávarútvegsstefna okkar er alveg hrein og skýr. Ég held að ég hafi ekkert verið að draga skóna niður af sjávarútvegsstefnu Samfylkingarinnar. Ég hélt ég hefði sagt að ég væri vongóður um að flötur yrði á því að stilla saman strengi til að ná mönnum inn á línu sem gæti fært okkur til betri vegar.

[16:53]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona það líka og ég hef fulla ástæðu til að vona það vegna þess að mér finnst að Vinstri grænir hafi stigið stórt skref í áttina til sjónarmiða okkar og var að vekja athygli á því áðan og var mjög ánægður með það.

Ég vildi hins vegar skilja aðeins betur hvernig þeir hugsa þessa fyrningu og spurði að því. Og ég endurtek þá spurningu: Hvernig ber að skilja þá klásúlu um að úthlutun, þ.e. þessi úthlutun á veiðiréttindunum sem eru þarna dregin frá í upphafi og útgerðarmenn geta fengið aðgang að, eru fyrnd en samt hjá útgerðarmönnunum og á að endurskoða áður en 20 ár eru liðin. Mér finnst það ekki passa við það að samkvæmt töflunni sem er í bókinni, í séráliti hv. þm., eru þessi 3% horfin út við 12 árin. Ég spyr: Á að skilja þetta svo að meiningin sé að útgerðarmennirnir fái þetta síðan bara aftur þá?

Þetta var nú ekki flóknara. En mér finnst þetta skipta máli vegna þess að auðvitað þurfum við að ná saman um það hve hratt við innköllum þetta. Auðvitað skiptir það máli.

Ég tel hins vegar að við höfum spilað út alvarlega í því máli. Það er bæði hægt að innkalla þetta með því að gefa mönnum árafjöldann til þess að aðlaga sig og einnig er hægt að gera það með því að koma til móts við þá á því verði sem fæst fyrir þær veiðiheimildir sem koma á markað. Við höfum lagt það til. Ég held að það sé skynsamlegt vegna þess að það gefur okkur færi á að koma nýju kerfi á hraðar en ella.

[16:55]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt og rétt skilið hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að við erum að fara mjög varlega í þessum tillögum okkar í fyrninguna fyrstu árin. Það er gert mjög meðvitað til þess að skapa þennan yfirgang frá gamla kerfinu til þess nýja, og gera hann auðveldari.

Það er auðvitað áhyggjuefni og það hefur komið fram í umræðunum að fjárfesting í útgerð er náttúrlega ekki til örfárra ára. Þetta er 10, 15, 20 ára fjárfestingardæmi. Ég held að engum sé greiði gerður með tillögum sem framkalla einhvers konar kollsteypur. En ég vil þó segja í þessu sambandi að hv. þm. Jóhann Ársælsson skilur tillögurnar í grundvallaratriðum rétt.

Í tillögum okkar segir einnig að fyrningin skuli eiga sér stað á 20 árum. Stærsti hluti fyrningarinnar er kominn fram á fyrstu 12 árunum. Það er alveg rétt. En það segir líka í tillögunum að innan 20 ára skuli skoða framhaldið. Það liggur alveg ljóst fyrir í þessum tillögum að fyrningin hefur átt sér stað á 20 árum.

Og þá er það spurningin (**JÁ:** Þá fá þeir að hafa þetta eitthvað lengur.) um framhaldið. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessum tillögum, hv. þm., að menn fái að hafa þær lengur bundnar en til þessa 20 ára tímabils. Þannig er þetta sett fram.

En ég vil enn og aftur árétta að kannski stendur það síst upp á okkur að vera að etja okkur saman á þessum nótum þar sem ljóst er að við erum báðir inni á því að fara einhverja slíka leið. Við eigum náttúrlega að beina spjótum okkar að stjórninni sem keyrir harða pólitík í þá átt að viðhalda því kerfi sem hefur leikið landsmenn svo grátt sem raun ber vitni.

[16:58]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Fyrir skömmu lauk svokölluð endurskoðunarnefnd hæstv. sjútvrh. störfum. Það hefur vakið athygli mína hvað það var sem menn hafa helst eytt tíma sínum í að ræða. Það virðist vera sem helst sé uppi á teningnum að ræða það eitt hvort eigi að skattleggja sjávarútveginn eða þjóðnýta aflaheimildir.

Mér dettur í hug hvort það geti verið að menn séu búnir að gleyma því til hvers við lögðum af stað í þessa ferð. Var það ekki öruggt mál þegar við hófum stjórn fiskveiða að það var meining allra að reyna með því að hámarka þann arð sem þjóðfélagið hefði af fiskveiðunum? Ég held að svo hafi verið. En í þessari umræðu, hvort við eigum að skattleggja eða þjóðnýta, þá virðist vera eins og menn hafi alveg gleymt þessu.

Nú vita það allir, herra forseti, og ég ætla ekki að gera ágreining í sjálfu sér við flutningsmenn frv., að ég hef lengi og alla ævi verið þeirrar skoðunar að ef ein þjóð ætlar að tryggja það endanlega að hún hafi aldrei arð af atvinnugreinum sínum, þá þjóðnýti hún hana. Það eru nú þó nokkuð mörg hundruð þúsund dæmi sem hafa komið fram í Evrópu og um allan heiminn á síðustu tveim mannsöldrum sem sanna það.

Ég hef líka verið þeirrar skoðunar að það sé lítt til bóta og alltaf til skaða að skattleggja atvinnurekstur inn. Mér er alveg sama um það þó meiri hluti þessarar nefndar hafi komist að því að nú eigi að fara að skattleggja sjávarútveginn. Ég get ekki séð að þær tillögur séu hótinu betri en þær aðrar sem hafa litið dagsins ljós á undanförnum árum. Og það liggur alveg fyrir að þrátt fyrir að hæstv. sjútvrh. ætli nú að gera þær tillögur að sínum, þá mun ég aldrei styðja þær, og berjast mjög harkalega gegn þeim hugmyndum.

Í þessu sambandi langar mig, herra forseti, til að spyrja menn hvort ekki sé ástæða til þess að rifja aðeins upp og fara yfir það hvað það er efnislega sem við erum að fást við. Við höfum stjórn fiskveiða fyrir rúmum 20 árum. Förum nú aðeins í gegnum þetta og rifjum það upp, ef ég mætti reyna að meta það frá mínum sjónarhóli hvar við stöndum.

Frá mínum sjónarhóli séð hefur þessi aflamarksleið, aflakvótaleiðin, gengið í veiðum uppsjávarfiskanna, síldinni og loðnunni og kolmunnanum, og ég get ekki betur séð en hún hafi gengið upp. Ég get ekki betur séð en að nýting framleiðslutækjanna sé ágæt og mér sýnist þessi heimild til að selja veiðiréttinn hafa nýst mönnum, að nýtingin á framleiðslutækjunum, bæði í landi og á sjó, sé góð. Það er mikil arðsemi, ég tel mig alveg geta dæmt um það, það er mikil arðsemi í dag af þessum veiðum, bæði veiðum og vinnslu. Ég verð ekki var við neinar deilur um þessar veiðar. Ég er sannfærður um að arðurinn af þessum veiðum gengur hratt út í þjóðfélagið. Þegar svo er, þá ríkir líka sátt, herra forseti.

Ef ég fer yfir dæmið gagnvart skelveiðunum og krabbadýrunum sýnist mér í grófum dráttum að þetta gangi nokkurn veginn. Ég veit að vísu að það er þó nokkur söun í rækjunni. Það er töluverðu af smárækju hent. Ég veit vel um þau sjónarmið og ég get svo sem alveg tekið undir að líklega mundi olíureikningur fiskiskipanna vernda rækjuna jafn vel og þetta stjórnkerfi. Eigi að síður sýnist mér þetta nokkurn veginn ganga. Þetta er nokkurn veginn alveg skaðlaust.

Hins vegar þegar við komum að þorskaflanum, botnfiskveiðunum, sem við höfum að stjórna 1984, nokkrum árum seinna en loðnuveiðunum, þá get ég ekki merkt annað, fari ég í gegnum það frá a til ö, en allt hafi gengið aftur á bak.

Ég get ekki með nokkru móti séð nokkurn árangur. Ekki nokkurn. Við höfum farið aftur á bak. (Gripið fram í.) Alls staðar. Við veiðum mun minna af öllum tegundum. Hefur sóknin minnkað? Nei, nei. Sóknin hefur mjög mikið vaxið. Við erum með þrisvar sinnum meira afl í togurunum núna en fyrir 15 árum. Allt er þetta eins. Arðsemin er að minnka stórkostlega. Það munar mörgum tugum milljarða í tekjum þjóðfélagsins í ár og fyrra og hittiðfyrra miðað við það sem ætti að vera í eðlilegu ári. Mjög mikið.

Við vitum líka að sóunin í þessu kerfi er skelfileg. Það vita allir. Fiskistofa veit það. Ráðuneytin vita það. Hafró hlýtur að vita það. (**Gripið fram í:** Allir sjómenn.) Allir sjómenn vita það. (**Gripið fram í:** Veit ráðherrann það?)

Hins vegar er hið sorglega í þessu dæmi að stjórn LÍÚ hefur tekið afstöðu sem er út af fyrir sig alveg skýr og einbeitt — þeir hafa tekið afstöðu sem er bara ein: Afneitun. Þeir hafa afneitað öllu. Þeir neita að viðurkenna að nokkrir gallar séu á kerfinu. Alltaf. Alls staðar. Það er mjög skýrt hjá þeim. Ég persónulega er sannfærður um að þeir mundu t.d. neita því og afneita því að jörðin snerist ef þeir héldu að það passaði þeim. Svo harðir eru þeir í afstöðu sinni. Það er mjög gott að vera einarður en það getur nú komið mönnum í koll. (**Gripið fram í:** Þú lýgur því.)

Þetta held ég að sé hin hörmulega staða okkar í dag. Við erum einhvern veginn búin að týna fókusnum á vandamálinu. Vandamálið er það að aflakvótakerfið, sem ég held að reynist okkur vel í uppsjávarfiskunum þar sem við erum að veiða einsleitar tegundir með sams konar veiðarfærum, reynist bara þokkalega í skel og rækju o.s.frv., það hefur alls ekki reynst nothæft við bolfiskveiðarnar. Það er kerfið sjálft sem er ónothæft. Ónothæft kerfi getur ekki batnað við það að skattleggja það. Það er nú bara enn þá vitlausara. Verður ónothæft kerfi nothæft við það að þjóðnýta það? Nei, það er ég alveg sannfærður um að verði ekki. Því hörmulegra er það að mönnum gengur svo illa að viðurkenna fyrsta skrefið. Við verðum bara að byrja á að viðurkenna fyrsta skrefið og viðurkenna að okkur hafi mistekist. Er einhver smán að því? Nei, það er engin smán að því. Við verðum að byrja á byrjuninni og viðurkenna að okkur hafi mistekist. Þannig getum við reynt að fikra okkur áfram. Þessir hlutir eru ekki einhver einföld mynd, eins og þetta sé eitthvað í einni vídd og bara skipti máli það sem við ímyndum okkur að við veiðum. Það hlýtur að skipta máli hvenær við veiðum það, hvar við veiðum það og hvernig við veiðum það. Og við höfum mjög mikla reynslu og við höfum mjög mikla þekkingu. Við höfum gríðarlega þekkingu íslenskra skipstjórnarmanna sem hafa stundað Íslandsmið lengi. Við höfum gríðarlega þekkingu íslenskra vísindamanna sem hafa sannarlega verið að rannsaka mjög marga hluti. Við vitum það nákvæmlega, og það eru mjög margir sem vita það. Við höfum þekkingu á hitastigi. Við vitum hvernig þetta breytist, hvernig hitastigið breytist, hvernig fæðuframboðið breytist, og auðvitað liggur það fyrir þessari þjóð og stjórnvöldum þessa þjóðfélags að reyna að fikra sig áfram til þess að koma í veg fyrir sóunina. Þetta kerfi býður okkur upp á það að við veiðum ofan af stofninum. Við vitum það allir. Við vitum það allir að við erum á mjög hættulegri braut.

Við hljótum þess vegna að eiga núna að staldra við og athuga hvort við getum ekki — í stað þess að vera að halda opinberar alþjóðaráðstefnur sem gera okkur að hálfgerðum kjánum með yfirlýsingu um það að við séum með besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi o.s.frv., sem er ákaflega hrátt og leiðinlegt — viðurkennt að við þykjumst hafa náð ákveðnum árangri í ákveðnum tegundum. Annað hafi mistekist hjá okkur. Bara segja það. Ég get ekki séð að það ylli okkur skaða þótt við gerðum það. Við höfum svo óskaplega mörg dæmi um erfiðleika sem við lendum í þegar við erum að fást við botnfisktegundirnar þar sem við erum að veiða margar tegundir saman á margvísleg veiðarfæri og þetta rekur sig hvað á annars horn.

Því miður hafa stjórnvöld gripið til þess ráðs sem ég held að sé versta ráðið og hefur komið okkur mjög illa, það er að segja: Sjá hvað við erum ábyrgir. Sjá hvað við erum ábyrgir, *við förum eftir tillögum vísindamannanna. Og vísindamenn*irnir búa yfir bestu fáanlegu þekkingu o.s.frv. Við kunnum alla þessa rullu.

Nú liggur það fyrir að bæði gagnvart líffræðinni í hafinu er skekkjan óskapleg — það getur munað mörg hundruð prósentum — og líka gagnvart þeirri stærðfræði og tölfræði sem við erum að nota, það getur munað öðru eins. Við erum þannig ekkert nálægt því að hafa nokkra hugmynd um stofnstærðirnar sem við erum að fást við.

Ég ætla að taka eitt ömurlegt dæmi af því að hæstv. sjútvrh. er að hlusta á mig. Þegar hann var nýtekinn við þessu virðulega ráðherraembætti fór ég með honum vestur á firði og við vorum á fundi á Patreksfirði. Þar komu útgerðarmenn allra dragnótarbótanna og skýrðu hinum hæstvirta ráðherra frá því nákvæmlega hvernig þeir hentu öllum kolanum. Það var búið að færa kvótann niður í 5.000 tonn að ósk ... (**Gripið fram í:** Það var búið að færa hann niður í 3.000 tonn.) 3.000 — já, þess frekar — að ósk og kröfu vísindamannanna og drengirnir sögðu bara satt og rétt frá því, þeir gátu ekki annað en hent þessu.

Nú hefur krafa vísindamannanna áfram verið sú að halda kvótanum svona langt niðri. En allir vita að það er ekkert að gera nema að henda kolanum. Samt höldum við þessu áfram. Enn þá er kolakvótinn mjög langt niðri. Og hvað gera menn? Þeir vita allir að honum er hent alls staðar. (**KLM:** Nú hendum við ýsunni.) Ég ætla nú ekki að fara í gegnum allar tegundirnar. Ég er bara að nefna dæmi um vandamálið. Við tókum þann kost að fara eftir vísindamönnunum af því að þeir kröfðust þess og svo sögðum við: Sjáið skýrslurnar, við lögðum til svona lítið og skýrslurnar sýna svona lítið, sjá hvað við erum ábyrgir. Þetta er sá kostur sem við höfum tekið.

En það voru þó til tveir skárri kostir. Annar var að hlusta ekki á þessa fóbíu og veiða. Við höfum veitt þetta 12–14 þús. tonn af kola í gegnum árin vegna þess að við vitum að með þessu úthaldi veiðum við það hvort sem er í meðalári. Hinn kosturinn var að taka fóbíuna alvarlega og ætla ekki að veiða nema svona lítið en þá hefðum við þurft að að banna ákveðin veiðarfæri, loka ákveðnum togslóðum o.s.frv. Við gerðum það ekki. Við ákváðum að fara sýndarmennskuleiðina sem er í öllum tilfellum sú versta. Við erum að því í dag.

Við verðum að hætta þessari afneitun vegna þess að það er áríðandi fyrir þjóðfélagið að auka tekjur sínar af sjávarútvegi. Þó að byggðir landsins séu núna kannski óskaplega illa farnar vegna þess að forsendur þeirra hafa verið eyðilagðar mun það bitna á öllu þjóðfélaginu áður en yfir lýkur ef við nýtum ekki Íslandsmið eins og menn. Þetta er ekki bundið við einstök sjávarpláss og einstaka landshluta.

Ég skora því á alla sem hlýða á mál mitt, herra forseti, að horfast í augu við þetta. Hætta þessari afneitun, horfast í

augu við þetta og reyna að finna einhverja lausn. Ég er ekki að halda því fram að það sé til nein patentlausn. Hins vegar var verið að sýna mér áðan fiskidaga Færeyinganna. Þar er verið að gera tilraunir. Það eru fleiri að stjórna fiskveiðum sínum heldur en við Íslendingar og fleiri eiga líf sitt undir þeim, þannig að við verðum að feta okkur áfram.

Það kom hér fram, herra forseti, í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Árna Steinars Jóhannssonar, að þinginu hefðu borist áskoranir hvaðanæva að af landinu, frá öllum félögum smábátaeigenda, vegna þeirrar hörmulegu stöðu sem því miður er komin upp. Ég vil taka það fram að ég hef alla tíð harmað það að sjútvrn. skyldi verða fyrir þeirri ógæfu að heyja þetta stríð við smábátana. Það er að mínu mati algerlega tilgangslaust. Lengi hefur legið fyrir að sú forsenda í lögum og þau atriði sem þar var bent á að mundu ekki standast stjórnarskrá væru alveg tilhæfulaus.

Deilan um ýsuna sem kom upp varðandi smábátana og hin mikla þörf fyrir það að vera ábyrgur eins og þessir menn, þessir hræsnarar, kalla sig, deilan um 3.000–5.000 tonn af ýsu á ári, er fjarstæða. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, eins og ég hef látið í ljós áður og ég hef víðar látið í ljós opinberlega, að það eigi að hætta við þau áform sem stjórnvöld hafa nú uppi um að kvótasetja smábátana. Við á þinginu gerðum sannarlega samkomulag. Allir þingflokkar stóðu saman að því árið 1996 að ná friði við þennan bátaflokk. Það er hægt að ná friði, og það verður að ná friði. Það er hægt að semja um þetta. Ég er þess fullviss, herra forseti, að það er hægt að ná þverpólitískri samstöðu um þetta.

Ég ber þá ósk í brjósti að hæstv. sjútvrh. beri gæfu til þess að hafa forustu um það að ná þessari sátt aftur. Það færi best á því fyrir alla aðila að forustan væri hans. En ef það er ekki og hann er ófáanlegur til þess að láta af þeirri kröfu sinni að deyða þennan útgerðarflokk, og þar með stóran hluta landsbyggðarinnar og mjög mörg sjávarþorp, þá verður ekki við það unað, heldur munu koma hér fram tillögur þingmanna, örugglega úr öllum stjórnmálaflokkum, sem munu knýja á um það. Þá verða hér átök. Hjá því verður ekki komist. Þá reynir á það hvort menn vilja fylgja samvisku sinni og hinni brýnu þörf sem landsbyggðinni er í í dag, og sem þjóðfélagið í heild verður í á morgun, að við reynum þá að lifa við einhverja smásátt, og gerum þetta kerfi, sem nógu vitlaust er nú fyrir, ekki enn þá vitlausara eins og við höfum gert, því miður, núna frá 1. sept. þegar allir byrjuðu endanlega að henda ýsunni.

Ég ætla að vona, herra forseti, að til þess komi ekki. En það geta ekki liðið margir dagar þar til úr því verður skorið hvort ríkisstjórnin og hæstv. sjútvrh. bera gæfu til þess að hverfa frá þeirri braut sem þeir mörkuðu í vor, og fyrir misskilning var upphaflega mörkuð í janúar 1999, hvort þeir ná aftur sátt við einkaframtakið í sjávarútvegi vítt og breitt um landið því að sú langa leið sem fram undan er, að komast í gegnum þetta misheppnaða fiskveiðistjórnarkerfi, er löng leið og erfið. En á meðan verðum við að reyna að lifa í einhverri lágmarkssátt við þjóðfélagið, og það fólk sem lifir og starfar í íslenskum sjávarútvegi hringinn í kringum landið. Öðruvísi mun okkur farnast illa.

[17:17]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti hér skörulega ræðu og þar var margt skynsamlega mælt en ekki þó allt. Þó var þar fleira skynsamlegt en miður skynsamlegt.

Ég vildi hins vegar rifja upp, varðandi skarkolann, að eftir hinn ágæta fund sem við áttum á Patreksfirði hækkaði hæstv. sjútvrh. kvótann um $^1/_3$, úr 3.000 tonnum í 4.000 tonn. Þar er hann reyndar enn. Hins vegar virðist, samkvæmt tölum um veiðina, sem veiðin hafi braggast og þær aðgerðir séu að skila árangri.

En sú fullyrðing að ráðuneytið hafi farið í stríð gegn smábátamönnum og krafa ráðherrans sé um að deyða þennan útgerðarflokk er þvílíkt út í hött að maður má vart mæla í því samhengi. Það var lagasetning Alþingis sem mælti fyrir um krókaaflamarkið sem hv. þm. er að vísa til. Ef ég man rétt þá greiddi hann því atkvæði eins og flestir sem þá sátu á þingi.

[17:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var forveri hæstv. sjútvrh. sem hóf þetta stríð. Það skiptir engu máli þó að hann hafi erft það, hann er handhafi stríðsins.

Við mótmæltum þessu gerræði harkalega, mjög margir stjórnarþingmenn. Við mótmæltum því opinberlega, hér á þinginu, í blöðum, í útvarpi og í þingflokkunum. Niðurstaðan í janúar varð sú að við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fluttum tillögu um að fresta gildistöku laganna til 1. sept. árið 2000. Það gerðum við með vitund allra um að við værum að reyna að finna tíma til að vinna þessu líf. Ef við erum sökudólgarnir þá er það hið sama og að segja að þeir sem fái aftöku frestað séu orðnir böðlar þegar að henni kemur.

[17:19]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafna því algjörlega að hafa erft eitthvert stríð. En hafi það verið gott verk hjá þeim hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og Kristni H. Gunnarssyni að fresta því um eitt ár að lögin tækju gildi, ef ég man rétt, **(Gripið fram í:** Eitt og hálft.) eitt ár frá því sem lagt var til í upphaflega frv., þá var stríðsvilji minn a.m.k. ekki meiri en svo að ég lagði jafnframt til að því yrði frestað um eitt ár til viðbótar, og gekk að mati sumra hv. þm. sem hér eru inni ansi langt í að láta reyna á það hvort það stæðist stjórnarskrána. Þannig að stríðsviljinn og eyðileggingarhvötin sem mér er gerð upp hér var ekki meiri en svo.

[17:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða þessara árása, þessarar aðfarar að smábátunum, var skilningur á dómi sem lá fyrir frá 3. des. 1998. Það var forsendan að menn töldu sig þurfa að gera þetta hjá forvera hæstv. ráðherra.

Í tíu mánuði, bráðum 11 mánuði, hefur sjútvrh. haft með höndum greinargerð Sigurðar Líndals prófessors og Skúla Magnússonar lektors sem kveða skýrt á um það að skilningur þeirra sé sá, studdur mörgum rökum, að þetta hafi verið gjörsamlega tilhæfulaust. Í 11 mánuði hefur hæstv. sjútvrh. ekki séð ástæðu til að svara þessari viðamiklu greinargerð einu einasta orði. Það segir allt sem segja þarf. Það þarf ekkert frekar að segja um afstöðu hans.

[17:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið ákaflega athyglisvert að hlusta á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson fjalla um kerfið sem hér er til umræðu og skýra okkur frá því að núv. hæstv. sjútvrh. stýri árásum á smábátasjómenn og þar af leiðandi á fjölmörg byggðarlög á landinu. Það var líka athyglisvert að

hlusta á þau orð hans að núv. hæstv. sjútvrh., Árni Mathiesen, hefði erft átökin frá fyrrv. sjútvrh. og sé handhafi stríðsins gegn byggðarlögum í landinu.

Ég vildi nota tækifærið hér í stuttu andsvari og spyrja hv. þm. um það landsvæði sem hann er kjörinn á þing fyrir, þ.e. Vestfirði, vegna þess að hann kom ekki inn á það mál: Er hið frjálsa framsal sem tekið var upp árið 1990 hluti af vandamálum vestfirskra byggða? Um þetta spyr ég vegna þess að frá árinu 1997 til ársins 2000 hefur þorskígildistonnum á Vestfjörðum fækkað um tæplega 10 þús. tonn.

[17:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig hafa lagt töluvert á mig við að skýra út að ég teldi fullreynt að aflakvótakerfið í botnfisktegundunum, þ.e. þar sem þyngdareiningar eru andlag leyfisins, og að það hefði sannað sig í gegnum tíðina að við gætum ekki notað þessa aðferð, a.m.k. ekki án þess að breyta henni verulega. Ég kom inn á að það væru miklu fleiri víddir en þyngdareiningin ein sem skiptu máli.

Ég tók það líka fram að ég teldi það ekkert aðalatriði í þessu máli hver ætti aflaheimildir, hvort við værum að skattleggja sjávarútveg eða leyfa eða leyfa ekki verslun í sjávarútvegi. Aðalatriðið var að gera sér grein fyrir því á hlutlægan hátt hvaða árangri við hefðum náð og hvaða árangri við hefðum ekki náð. Niðurstaða mín var alveg skýr. Ég er viss um að við erum ekki að ná árangri í botnfiskveiðum.

[17:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þau tvö ár sem ég hef setið hér á hinu háa Alþingi hef ég ekki heyrt aðra eins líkræðu um sjávarútvegsstefnu núverandi stjórnvalda og þá sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var að flytja hér áðan. Þetta var hörð ræða og það er eðlilegt að hæstv. sjútvrh. hafi ekki liðið vel undir henni.

Ég vil spyrja hv. þm., vegna þess að nú er landsfundur Sjálfstfl. fram undan og ofurkapp hefur verið lagt á að reyna að mynda einhvers konar samstöðu áður en landsfundurinn hefst til að stinga ofan í þá sjálfstæðismenn sem eru ekki ánægðir með stefnuna eins og hún er í dag, skoðanabræður hv. þm.: Mun hann ræða þetta á svipaðan hátt og hann gerði hér á væntanlegum landsfundi sem hefst næsta fimmtudag? Eða má búast við því að hann, eins og svo margir aðrir sem koma til landsfundar, muni hlusta á innsetningarræðu formanns flokksins þar sem þeim verði eins og síðast nánast bannað að ræða sjávarútvegsmál á landsfundi Sjálfstfl.?

[17:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjávarútvegsstefnan á Íslandi er stefna sem allir stjórnmálaflokkar hafa tekið þátt í að móta. Alþfl., Alþýðubandalagið, Framsfl., allir stjórnmálaflokkar hafa tekið þátt í þessu. Hún er ekki einkamál núv. ríkisstjórnar. Það er langt því frá. Menn hafa fylgt aflakvótakerfinu. Allir.

Ég ætla bara, herra forseti, að segja við hv. þm., úr því að hann var svo smekklegur að spyrja að þessu þarna í restina: Þekkir hann mig að því, herra forseti, að tala tungum tveim? Þekkir hann mig að því að segja eitt í dag og annað á morgun? Þekkir hann mig að því að segja eitt hér og annað á öðrum stað?

[17:26]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði áðan að hann gerði ekki mikinn mun á því hvort verið væri að skattleggja útgerðina eða þjóðnýta — að mér skildist — veiðiréttinn. Nú spyr ég hv. þm.: Lítur hann þannig á að verið sé að þjóðnýta veiðiréttinn með því að fyrna veiðiheimildirnar? Lítur hann þannig á að útgerðin í landinu eigi auðlindina?

Síðan langaði mig til að spyrja hv. þm., þar sem hann talaði um að hann vildi að það yrði reynt að feta sig út úr þessu kerfi því að það væri fullreynt og menn gætu séð að það gengi ekki upp: Með hvaða hætti telur hann að eigi að gera það? Telur hann að það þurfi ekki til þess einhvers konar fyrningarleið, eins og við erum að leggja til, til að fara út úr kerfinu? Telur hann (Forseti hringir.) ekki þurfa að taka tillit til þeirra sem eru í útgerðinni á þeim tíma sem það tekur að leggja kerfið af?

[17:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Frá upphafi hef ég litið á það og lít á það enn sem eðlilegan hlut að útgerðin í landinu sé handhafi þeirra veiðiréttа sem er úthlutað hverju sinni. Sameignin, þ.e. skylda ríkisins til þess að hámarka veiðina og fara sem best með hana, er ríkisins. En útgerðin í landinu er handhafi þessa réttar. Þannig að hvort sem við köllum það eignarrétt eða eignarréttarígildi, það liggur fyrir í mörgum dómum, þá tel ég eðlilegt að útgerðin í landinu sé handhafi réttarins.

Ég lít á fyrningarleiðina sem þjóðnýtingarleið. Ég geri það. Það er alveg skýrt í mínum huga. Ég tel það langsamlega farsælast þessu þjóðfélagi að útgerðarmenn landsins, smáir sem stórir, séu handhafar réttarins.

[17:28]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. þm. telur að útgerðin eigi að vera handhafi veiðiréttindanna og eigi að geta keypt þau og selt, hvað ætlar hann sér þá í þessu máli? Hvernig á að fara að því þegar hann vill breyta kerfinu og menn hafa skuldsett sig bak og fyrir út af því? Verða menn ekki að koma til móts við útgerðina með einhverjum hætti, með einhvers konar fyrningarleið, eins og við höfum lagt hér til að verði farin? Eða hvernig hugsar hann sér þessa niðurstöðu, að fara út úr kerfinu sem nú er unnið eftir? Mig langar til að fá betri og skýrari svör um þetta. Það er ekki nóg að segja: Þetta er ónýtt, við skulum hætta. Menn verða líka að segja til um hvaða aðferðum eigi að beita.

[17:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað hef ég ekki nákvæma útfærslu á því hvernig við skuli bregðast og auðvitað mundi mér ekki duga einnar mínútu andsvar til þess.

Ég vil þó taka t.d. fiskidaga Færeyinganna: Ef skip sem er á aflamarki fengi í staðinn fiskidaga þá mundu fiskidagarnir í sjálfu sér hafa nákvæmlega sama eignarréttarígildið og þyngdareiningin, þ.e. aflakvótinn. Því fylgdu nákvæmlega sömu réttindin og menn hefðu sömu möguleika til þess að hagnýta sér það. Þá væri ekki verið að taka neitt af neinum heldur yrðu menn að vera við því búnir að stjórnvöld reyndu á hverjum tíma að gera sitt besta til þess að stjórna veiðunum. Þá verður það að vera stjórnvalda að ákveða í hvaða formi veiðiréttinum er úthlutað.

[17:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Óneitanlega var fróðlegt að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson lýsa því yfir að hæstv. sjútvrh. hefði brotið loforð við smábátaútgerðina frá því fyrir nokkrum missirum. Í öðru lagi var líka fróðlegt að heyra hv. þm. lýsa því yfir að hæstv. sjútvrh. væri í reynd að leiða gervalla smábátaútgerð í landinu á höggstokk með því að taka undir kvótategundir sem hingað til hefur verið heimilt að veiða frjálsar sem aukaafla.

Hv. þm. spurði líka áðan: Er ég þekktur að því að standa ekki við orð mín? Ég spyr þess vegna hv. þm. Það liggur fyrir tilboð til hans um að flytja með ýmsum þingmönnum stjórnarandstöðunnar frv. sem miðar einmitt að því að heimila smábátamönnum að veiða þessar tegundir áfram frjálsar án kvóta. Ég spyr hv. þm., af því að hann er þekktur að því að standa við orð sín eins og hann réttilega bendir á: Ætlar hann að þekkjast þetta boð?

[17:31]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að leiðrétta það að ég sagði ekkert um það að núv. hæstv. sjútvrh. hefði svikið eitthvað sem hann hefði lofað fyrir nokkrum vikum. Það er einhver misskilningur.

Hins vegar liggur fyrir og ég hef skrifað um það opinberlega og rætt um það opinberlega að ef núverandi stjórnvöld bera ekki gæfu til þess að falla frá þeirri ógæfuleið sem þau eru á þá sé ég reiðubúinn til þess að taka höndum saman við hvern sem er, í hvaða flokki sem er, til þess að fá þessari ógæfu hrundið. Auðvitað og að sjálfsögðu, herra forseti, er ég reiðubúinn til þess að gera það. Ég lýsti því yfir áðan að tíminn væri mjög naumur, að það yrði að koma til þess innan mjög skamms og það mundi gerast ef gæfa ríkisstjórnarinnar yrði ekki sú að hafa frumkvæði um það sjálf.

[17:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að tala tæpitungulaust. Hann er maður sem stendur við orð sín. Hann segir það sjálfur. Við þekkjum hann að því. Því vænti ég þess að innan skamms liggi fyrir hvort hv. þm. ætlar að þekkjast það boð að vera á frv. hv. þingmanna Guðjóns A. Kristjánssonar, Karls V. Matthíassonar og fleiri þingmanna stjórnarandstöðunnar um þetta mál.

Ég spyr að gefnu tilefni, herra forseti. Hv. þm. sagði í vor nákvæmlega það sama og hann er að segja núna. Það kom ekkert frv. fram þá. Hann og ýmsir félagar hans úr Sjálfstfl. sem töluðu með svipuðum hætti áttu kost á því þá að koma því frv. úr hv. sjútvn. í þessa sali. Hv. þm. átti líka kost á því að koma til fundar með þingmönnum Vestfjarða fyrr í sumar til þess einmitt að skora á ríkisstjórnina að gera nákvæmlega þetta.

En ég tek orð hv. þm. trúanleg og lýsi því yfir að stjórnarandstaðan mun ganga eftir því innan mjög fárra daga að hv. þm. standi við þessi orð.

[17:34]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson þarf ekki að ganga eftir neinu. Hann getur treyst því sem sagt hefur verið. Hann hefur fulla ástæðu til þess.

Mönnum gengur ekkert annað til en eitt. Það liggur fyrir alls staðar í sjávarbyggðunum kringum landið að ekki verður lifað án hörmulegra afleiðinga við þá stöðu sem er í dag. Að fá þessu breytt er því spurning um líf eða dauða fyrir fjölmargar byggðir. Því hefur enginn maður ástæðu til þess að efast um annan, alls enga, ekki nokkra. Menn hafa enga ástæðu til að efast um að menn muni ganga fram af fullri einurð með vilja sínum fram í því að gera allt til þess að þessu verði breytt, þetta verði fært til fyrra horfs, þess fyrra horfs sem við sömdum um 1996 og sátt var um á Alþingi.

[17:35]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Nú er komin upp svolítið óvenjuleg staða. Hér er á dagskrá Alþingis frv. til laga um um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, og 1. flm. er Jóhann Ársælsson. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir mjög ítarlega framsögu og ágæta greinargerð í því frv. sem hér er til umræðu.

En nú hefur umræðan einhvern veginn þróast þannig eftir mikla eldmessu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hún er farin að snúast í raun um allt annað en það frv. sem hér er á dagskrá. (Gripið fram í.) Sú umræða er reyndar mjög nauðsynleg og þörf, en ég hafði nú sett mig á mælendaskrá til þess aðeins að bregðast við frv. hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og meðflytjenda hans.

Um þá miklu ræðu sem hér var flutt síðast af hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni vil ég aðeins segja, og ég hef látið vita af því í mínum þingflokki, að ég styð þau sjónarmið sem hann kynnti varðandi smábáta og þarf ekkert að hafa fleiri orð um það. Ég tel einfaldlega að þau rök sem hafa verið dregin fram í því og komu fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, dugi. Þau snerta vanda sjávarbyggða. Þau snerta lífið í landinu. Þau snerta sjávarútvegsstefnuna almennt og þau snerta í rauninni sjávarútvegskerfið í heild sinni.

Ég tel að ófært með öllu að stefna í voða atvinnu, sérstaklega í minni sjávarplássum víða úti á landi, fyrir örfáar þúsundir tonna og láta þjóðfélagið loga stafna á milli, ekki síst í ljósi þess að þessi tonn eru veidd í dag þó að þau séu ekki vegin og metin í heildarveiðinni. Þá vísa ég til eins mesta veikleika þessa fyrirkomulags, þess veiðikerfis sem við búum við núna, þ.e. brottkastsins. Ég vísa til verulegrar ónákvæmni í fiskveiðiráðgjöf, með fullri virðingu fyrir vísindamönnum sem vinna í afskaplega flóknu umhverfi og vísa til þess sem áður hefur komið til umræðu hér, þ.e. nýtingarstuðla frystitogara sem veita þeim forgjöf fram yfir landvinnslu. Með þessum rökum, herra forseti, hef ég sagt frá því í mínum þingflokki og ég hef sagt frá því opinberlega að þau sjónarmið sem hér hafa komið fram um smábátana, lagalegar forsendur eru ekki þær að hv. Alþingi neyðist til þess að kvótasetja þennan útgerðarflokk og því eigum við að ganga aftur til samkomulagsins frá 1996.

Þetta var um þá ræðu sem hér var flutt áðan og þá stefnu sem umræðan tók og langar mig nú aðeins til þess að víkja að því sem ég upphaflega ætlaði að gera, þ.e. frv. hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og fleiri. Ég vil segja í því sambandi að miklar vonir voru bundnar við starf auðlindanefndar og rétt er að minna á að tillagan um auðlindanefnd kom fram hér á hv. Alþingi frá fulltrúa stjórnarandstöðunar, ef ég man rétt, hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Miklar vonir voru bundnar við störf þessarar nefndar vegna þess að umræðan um auðlindagjald, um veiðileyfagjald og um arð og tekjur af sjávarútveginum, hefur verið mjög áberandi síðustu árin og síðustu missirin og skapað afskaplega mikla óvissu fyrir þá sem starfa í þessari mikilvægu grein. Þess vegna var það

afskaplega vel til fundið að skipa þverpólitíska nefnd og ég hygg að þingheimur allur hafi bundið miklar vonir við það starf sem fram fór í nefndinni.

En það er nú oft einmitt þannig að þegar væntingar eru miklar þá verða vonbrigðin þeim mun meiri ef útkoman verður ekki sú sem menn höfðu vonast til. Sannarlega, herra forseti, voru það mikil vonbrigði að auðlindanefndin skyldi klofna nánast í frumeindir í margólík sjónarmið.

Þegar grannt er skoðað kemur það e.t.v. ekki svo mikið á óvart að skoðanir manna um land allt á sjávarútvegi séu jafnmargar og þeir sem tjá sig. Hér er um gífurlega hagsmuni að ræða. Þetta er sú stoð sem efnahagslífið byggir fyrst og fremst á. Þetta er gildasta stoð efnahagslífs íslensku þjóðarinnar og þess vegna er eðlilegt að menn hafi ólíkar skoðanir á málinu. Það voru sem sagt mikil vonbrigði. Ég held hins vegar að rétt sé að árétta það úr 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að auðlindin er eign þjóðarinnar. Það finnst mér vera ákveðinn útgangspunktur. Þó að einstaklingar og félög þeirra hafi umráðarétt yfir þessari sameign þjóðarinnar þá er það útgangspunktur í því sem verið er að tala um.

Ég virði mjög það sjónarmið sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kynnti hér og kemur fram í ítarlegri og mjög faglegri og vel unninni greinargerð um þau markmið að auka og ná jafnræði hvað varðar aðgengi að og notkun auðlindarinnar. Ég virði það sjónarmið. En ég leyfi mér að spyrja um leið varðandi það markmið, sem er göfugt og ber auðvitað að stefna að, hvort nokkurn tíma verði hægt að ná slíku markmiði meðan takmarka þarf aðgengi að auðlindinni. Er það þá ekki eins og sá ágæti sjávarútvegsráðherra Jørgen Niclasen sagði: „Mission impossible", þegar hann var að lýsa fyrir hv. sjávarútvegsnefnd þeirri viðleitni að vilja hafa jafna veiði allan ársins hring, má segja, og á öllum árum og líta fram hjá þeim náttúrulegu sveiflum fiskstofna sem ávallt koma? Ég varpa fram þeirri spurningu hvort það markmið, jafnræði, muni í rauninni nást til hlítar meðan takmarka þarf aðgengi að auðlindinni. Um leið og þarf að takmarka sprettur upp ákveðið misræmi því að sumir komast að en aðrir ekki.

Aðalatriðið í þessu hlýtur að vera að þjóðin sjálf, eigandi auðlindarinnar, fái sem mestan arð af sameiginlegri auðlind sinni. Mér finnst á stundum í þessari umræðu dálítið lítið gert úr þó þeim efnahagslega árangri sem hefur náðst og þarf ekki annað en að vísa til þess sem menn hafa kallað — og geta svo sem deilt um — velferðarástand, góðæri síðustu ára. Óneitanlega hefur efnahagur íslensku þjóðarinnar á síðustu árum verið nokkuð traustur og nokkuð sterkur. Þar sem sjávarútvegurinn er meginstoð í efnahagslífi okkar þá hlýtur það að benda til þess að menn hafi náð einhverjum efnahagslegum ávinningi af nýtingu auðlindarinnar, hvað svo sem okkur finnst um aðferðina að öðru leyti.

Ég vil spyrja út frá hugmyndinni um jafnræði sem ég ítreka að mér finnst vera mjög göfugt og skynsamlegt markmið að stefna að: Getum við talað um að það náist fullt jafnræði með því að fara hina svokölluðu fyrningarleið og kalla veiðiheimildir til baka reglulega eftir þeirri aðferð sem lýst er í frv.? Næst þá fullt jafnræði gagnvart landsbyggðinni? Þar sem flestar veiðiheimildirnar liggja nú úti á landsbyggðinni, skapar það þá ekki ákveðna óvissu fyrir heilu sjávarútvegsplássin þar sem óvíst er hvar þessar afturkölluðu veiðiheimildir lenda? Getur það kallast jafnræði þegar hið hóflega gjald sem um er talað — ýmsir hafa reiknað það út og birt í fjölmiðlum og nefndar hafa verið 300–400 milljónir á sjávarútvegspláss eins og Vestmannaeyjar og 200–300 milljónir á stað eins og Grindavík — er það fullt jafnræði þegar sá skattur leggst á slík pláss og fer í hina óseðjandi hít, ríkiskassann, til annarrar ráðstöfunar?

Ég spyr líka: Hvað með landsbyggðina? Er það jafnræði gagnvart landsbyggðinni? Með því að setja innkallaðar veiðiheimildir á uppboðsmarkað, erum við þá ekki um leið að auðvelda útlendingum að komast bakdyramegin inn í efnahagslögsögu okkar sem eigendur? Á það hefur verið bent að þróunin hafi verið í þá átt að erlendir aðilar hafi komið sér upp leppum, íslenskum ríkisborgurum. Nú eftir Valdimarsdóminn, þegar veiðileyfi eru gefin tiltölulega auðveldlega út, þá vantar ekkert annað en fjármagn og fisk á uppboð (Gripið fram í.) sem opnar útlendingum enn frekar möguleika til að bjóða í aflaheimildir og komast bakdyramegin inn.

Ég velti þessu upp, herra forseti, út frá hugmyndum um jafnræði gagnvart þjóðinni og gagnvart sjávarplássum þar sem veiðiheimildirnar óneitanlega eru. Ég spyr mig hvort við náum jafnræði í nýliðun. Það er auðvitað áhyggjuefni hversu erfiðlega gengur fyrir nýliða að komast inn í greinina. Við þekkjum dæmi þess að einstaklingar eru að basla við að kaupa sér báta og fá sér veiðileyfi og eru síðan leiguliðar annarra. Ég spyr hvort það sé jafnræði gagnvart þeim, að setja hinar afturkallanlegu veiðiheimildir á opinn uppboðsmarkað þar sem afl fjármagnsins mun ráða. Eru þessir einstaklingar almennt burðugir til þess að standast uppboð sem eiga sér stað á frjálsum markaði? Eru það þessir einstaklingar sem einatt eiga greiðastan aðgang að fjármagni? Eða getur verið að hinir, sem eru stórir og sterkir fyrir, sem hafa greiðastan aðgang að fjármagninu, muni sigra í þeim slag? Erum við þá búin að ná jafnræði gagnvart nýliðum, sem er að sjálfsögðu mjög göfugt markmið? (Gripið fram í.)

Ég spyr einnig hvort þessar tillögur stuðli að jafnræði gagnvart þeim sem eru fyrir í greininni og í mörgum tilvikum búnir að gera hagstæða langtímaviðskiptasamninga við erlenda aðila um tiltölulega gott verð. Kemst starf þeirra í uppnám? Kemst markaðsstarf þeirra í uppnám? Getur verið að upp kæmi óöryggi gagnvart slíkum fyrirtækjum og sú fjárfesting sem hefur verið lögð í markaðssókn slíkra fyrirtækja kæmist í uppnám ef þessi leið yrði fyrir valinu, og er það þá jafnræði gagnvart þeim?

Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að markmiðin eru göfug. Ég hef þó ákveðnar efasemdir um að svokölluð fyrningarleið og samhliða auðlindagjald nái þeim markmiðum sem hv. þm. kynnti í ágætri og ítarlegri framsöguræðu sinni og sett eru fram í grg. með frv.

Ég árétta það sem ég nefndi áðan að ég hef velt mikið fyrir mér hvort jafnræðið náist á meðan aðgengið að auðlindinni er takmarkað. Felst ekki í því að færri komist að en vilja? En það fylgir augljóslega takmörkun.

Hitt er annað mál að ég vil taka undir, og ætti svo sem ekkert að koma á óvart, bráðabirgðaákvæði a í 9. gr., þ.e. um tilraun með brottkast. Þetta hefur áður komið til umræðu hér á hv. Alþingi. Ég hygg að margir hv. þm. hafi lýst skoðun sinni á þessu og þeirra á meðal sá er hér stendur. Ég tek undir það sjónarmið að brottkastið er einn svartasti bletturinn á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi þar sem miklum verðmætum er sóað með því að þvinga menn til að kasta verðmætum í sjó, í stað þess að koma með þau að landi. Það skiptir engu hversu flóknar myndavélar við notum eða hversu margir eftirlitsmennirnir verða, á meðan þetta er innbyggt í kerfið þá mun brottkastið eiga sér stað. Þar fara milljarðar beinlínis í súginn auk þess sem brottkastið hefur

áhrif á mælingar Hafrannsóknastofnunar á stofninum. Þess vegna er það eðlilegt — ég tek undir það sem fram kemur í frv. eins og ég nefndi áðan og hef lýst þeirri skoðun minni áður — að heimila mönnum að koma með allan afla að landi. Þeir sem það kjósa tilkynna hvaða hlut skuli ekki draga af kvóta sínum en tryggja þarf að útgerð geti ekki gert út á slíkt. Þess vegna þarf andvirðið af markaðssölunni að vera hæfilega lágt til þess að menn geri ekki út á slíkt.

Ég spyr hv. þm. Jóhann Ársælsson, af því að hér er ekki nefnd nein prósenta, hvað hann teldi hæfilega prósentu til útgerðar og áhafnar. Hugsunin er rétt, eins og hún kemur fram í frv., að útgerð og áhöfn skuli fá hæfilegan hluta af markaðsverðinu en annað renni til Hafrannsóknastofnunar. Eru menn að velta fyrir sér 15%, 20% eða meira? Þá vil ég spyrja hvort ekki væri hyggilegt að sá hluti sem útgerð fær ekki, af þeim afla sem ekki dregst af kvóta, að víkka það aðeins þannig að sá hluti renni ekki aðeins til Hafrannsóknastofnunar heldur einnig í sjóð um öryggismál sjómanna, í markaðssókn, slysavarnir sjómanna og þar fram eftir götunum.

Herra forseti. Ég hef lýst efasemdum mínum um þá leið sem kynnt er í frv. Ég geri mér grein fyrir því að um þessa leið eru skiptar skoðanir. Ekki þarf annað en að vísa í niðurstöður endurskoðunarnefndarinnar og þau vonbrigði sem kviknuðu þegar ljóst var að nefndin hefði klofnað í herðar niður, í hluta og þá nokkuð marga. Það á svo sem ekki að koma á óvart að skoðanir um þetta séu nokkuð skiptar hér á hv. Alþingi.

[17:53]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei heyrt önnur eins rök og þau sem fram komu hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, að vegna ónákvæmni í fiskveiðiráðgjöf sé í lagi að leyfa frjálsar veiðar og þá bara hjá ákveðnum hluta flotans. Ég ætla ekki að fara mjög mikið í þetta vegna þess að tíminn er svo stuttur en mig langar að spyrja hv. þm. vegna þess að eftir því sem ég best veit hefur hann í tvígang gefið vilyrði sitt fyrir því að styðja að krókabátar fengju viðbótaraflaheimildir í steinbít og ýsu og einnig að þeir fengju hlutdeild í löngu og keilu. Það er tilbúið frv. um að veita þeim þessar viðbætur og þar fyrir utan hlutdeild í löngu og keilu. Ætlar hv. þm. að vera á móti því að það frv. verði tekið í gegnum sjútvn.? Ætlar hann að leggjast gegn því að smábátarnir fái þær viðbætur sem um hefur verið talað?

[17:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er leitt að þegar hér á sér stað efnisleg umræða þá skuli alltaf skola upp einum og einum hv. þm. sem tekst vísvitandi að grípa til hins skæða og gamla vopns, útúrsnúninga.

Það er rangt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að ég hafi staðið hér og sagt að vegna óvissu í ráðgjöf ætti að gefa allar veiðar frjálsar á krókabáta og taka það frá aflamarksbátum. Það er rangt hjá hv. þm. að ég hafi sagt það. (**KPál:** Ég sagði ekki „að taka frá“.) Ég á ekki að þurfa að endurtaka það sem ég sagði. Ég reyndi að færa rök fyrir því og fleiri rök en hv. þm. nefndi hér.

Ég ætla ekkert að svara hv. þm. því hvaða frv. ég muni styðja. Ég mun styðja það frv. sem felur í sér þá leið sem samkomulag náðist um 1996. Hins vegar er rétt að árétta að þá leið á að fara án þess að rífa af aflamarksbátunum, hinum gömlu vertíðarbátum.

[17:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi tvískinnungur er náttúrlega með ólíkindum. Hv. þm. var spurður einfaldrar spurningar. Það gekk listi hjá smábátamönnum um allt land þar sem þeir fóru fram á að fá viðbótarheimildir í ýsu og steinbít, eins og gert var ráð fyrir í tillögum sem lágu fyrir þinginu fyrir þinglok í vor.

Ég veit að hv. þm. er kunnugt um þessa tillögu. Nú segir hv. þm. að hann vilji ekkert svona kerfi lengur. Nú vil ég bara að allir veiði frjálst, segir hann. Auðvitað vilja allir veiða frjálst. En það var búið að ganga frá ákveðnum vilyrðum fyrir þennan hluta bátaflotans, sem er í bullandi vandræðum eins og margoftið hefur fram. (Gripið fram í.) Hv. þm. er að ganga á bak orða sinna með því að segja: Núna vil ég ekki taka mark á þessu lengur, það eru engin loforð í gildi sem ég hef gefið fram að þessu. Nú er komið allt annað hljóð í strokkinn.

[17:56]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar dæma sig sjálf og ég tel þau ekki svaraverð.

[17:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það afar athyglisvert sem hér hefur komið fram, bæði hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og síðan hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, þ.e. að þeir styðji ekki þá lagasetningu sem sett var á smábátana frá 1. sept. og vilji þar breytingar á.

Við stöndum frammi fyrir því að stór hluti smábátaflotans liggur bundinn við bryggju og getur ekki róið vegna þeirra ákvæða að ekki megi koma með meðafla að landi. Afleiðingin er sú að allt er stopp og fiskvinnslan sem byggir á þessum afla hefur stöðvast og sama má segja um útflutninginn á afla þessara báta. Ég leyfi mér því að spyrja, herra forseti, vegna þess hversu alvarlegt mál er hér á ferðinni, enda er ekki nóg að hv. þingmenn lýsi yfir því að þeir séu andvígir því ástandi sem nú er og krefjist úrbóta: Ætlar hv. þm. Hjálmar Árnason nú þegar að beita sér fyrir breytingum á því sem við nú stöndum frammi fyrir?

[17:58]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessu er fljótsvarað. Ég hef ásamt fleiri þingmönnum stjórnarliða unnið að þessu. Við erum að vinna í þessu og munum halda því áfram.

[17:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka hversu brýnt þetta er en bendi þó jafnframt á að það að setja smábátana inn í kvótasetningu eins og aðrar veiðar var eitt af grundvallaratriðum þeirrar fiskveiðistjórnar sem ætlunin er að keyra hér áfram. Ég fagna því svo sem ef hv. þm. Hjálmar Árnason finnur fleiri þingmenn innan stjórnarliðsins til að vinna að slíkri grundvallarleiðréttingu. Ég mundi fagna því að það kæmi þá fram heldur fyrr en seinna og helst strax. Það mundi styðja frv. sem þingmenn stjórnarandstöðunnar eru að leggja fram til að ná fram þeirri brýnu leiðréttingu.

[17:59]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf ekki að brýna mig í þessum efnum. Það þarf heldur ekki að árétta fyrir mér alvarleika þessa máls. Mér er kunnugt um ástand smábátanna. Þeir liggja bundnir, það er alveg hárrétt.

Það sem ruglar jafnframt kerfið er að ýsan tekur upp á því að færa sig um set og gefur sig allt í einu á fiskislóð fyrir norðan land og setur eiginlega allt kerfið í uppnám. Þetta er farið að skaða markaði og þetta er farið að skaða sjávarpláss.

Þessi kvótasetning sem hér er til umræðu, þó að umræðuefnið hafi upphaflega verið allt annað, er óþörf. Ég tel að hæstaréttardómurinn, svokallaður Valdimarsdómur, knýi stjórnvöld ekki til þess. Ég virði fullkomlega þau rök sem Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, virtir lögfræðingar, tefla fram í þeim efnum. Þess vegna segi ég að við ættum að notast við þær reglur sem í gildi voru árið 1996 en — og ég legg áherslu á það — án þess að rífa aflaheimildir af vertíðarbátum og aflamarksbátum.

[18:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól Alþingis til að vekja athygli á þeirri tímamótayfirlýsingu sem hefur komið fram á þessum fundi. Ég vil vekja athygli á því að hér var að tala hv. þm. Hjálmar Árnason, varaformaður þingflokks framsóknarmanna, nú starfandi formaður þingflokks framsóknarmanna, sem gaf þá yfirlýsingu um smábáta sem gerð var. Hann situr einnig í sjútvn.

Og það var varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, sem talaði áðan um smábátana og annað slíkt, þannig að ég get ekki annað en vakið athygli á því, herra forseti, að ég sé ekki betur en að kominn sé nýr meiri hluti í sjútvn. fyrir því að breyta þessum ólögum sem tóku gildi. Ég tel þá rétt að menn spóli til baka og breyti þessu smábátakerfi sem við höfum verið að tala um og ekki fékkst rætt fyrir þinglok í vor úr því að hér er kominn meiri hluti fyrir því.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason, starfandi þingflokksformann Framsfl.: Þiggur hann boð formanns Samfylkingarinnar sem kom hér fram áðan til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar?

[18:02]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt vegna orða hv. þm. Kristjáns L. Möller að fram komi að þau sjónarmið sem ég lýsi hér eru sjónarmið mín. Ég er ekki að flytja sjónarmið þingflokksins en ég geri ráð fyrir að innan hans séu afskaplega skiptar skoðanir um þessi mál eins og reyndar víðar. Það er nú einu sinni svo, og það er tilfinning mín, að afstaða til annars vegar togaraútgerðar og hins vegar smábáta, svo dæmi sé tekið, ráðist meira af búsetu en af flokkum, og að ágreiningurinn innan flokkanna sé á stundum ekki minni en á milli flokka.

Hvað varðar hið ágæta tilboð þá ætla ég ekkert að taka þátt í neinu kapphlaupi um gerð frv. eins og ég hef lýst. Ég tel hins vegar að ég sé tilbúinn með frv. ef því er að skipta. En ég tek undir það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði og tel að farsælast væri ef hæstv. sjútvrh. vildi leiða málið til þeirra lykta sem hér hafa verið dregnar upp.

[18:03]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að hæstv. sjútvrh. hvarf héðan úr salnum þegar þeir stjórnarþingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Hjálmar Árnason voru að ræða það frv. sem þingmenn Samfylkingarinnar voru að flytja, þó að þessi umræða sé nú komin út í annað form.

En hv. þm. Hjálmar Árnason lýsti því yfir að þetta væru sjónarmið hans. Við eigum að fara eftir sannfæringu okkar og engu öðru. Vafalaust eru skiptar skoðanir hjá framsóknarmönnum um þetta. En ég ítreka það sem ég sagði áðan: Hér hefur komið fram athyglisverð yfirlýsing frá starfandi þingflokksformanni Framsfl., frá varaformanni fjárln., sem er sjálfstæðismaður, og ég get ekki séð betur en að með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sé kominn nýr meiri hluti í sjútvn. til að breyta þessu.

Ég treysti því og vona að allir þeir sem hafa viljað og vilja breyta þessu kerfi og hverfa frá þeim ólögum sem sett voru á smábátana, og sem munu ganga af mörgum sjávarbyggðum dauðum, karpi ekki um hverjir flytja það heldur setjist niður og komi saman nothæfu frv.

[18:04]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vegna orða hv. þm. um fjarveru hæstv. sjútvrh. taka fram að ég geri engar athugasemdir við það. Mér finnst reyndar ekki við hæfi að ýja að því að einstakir ráðherrar hverfi úr þingsalnum af einhverjum annarlegum hvötum, mér finnst það alls ekki við hæfi. Hv. þm. veit að hér er gott hátalarakerfi í öllu húsinu, það eru sjónvörp í öllum skrifstofum um húsið allt og ég hygg að hv. þm. hafi ekki kynnt sér hvers vegna hæstv. ráðherra er ekki í salnum. Á því eru líklega afar eðlilegar skýringar og geri ég engar athugasemdir við það.

En ég vil jafnframt árétta það að ég tala hér í eigin nafni. Það er gaman að heyra hv. þm. telja upp titla, „starfandi formaður þingflokks", „varaformaður fjárln.". Varaformaður fjárln. er líka formaður Vest-norræna þingmannaráðsins, var kosinn það í morgun. Ég sé hins vegar ekki að það breyti neinu. Hér eru þingmenn að tala út frá sannfæringu sinni sem einstaklingar en ekki í nafni flokka.

[18:07]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að stuttur tími er til andsvara ætla ég að svara betur í ræðu minni á eftir því sem hv. þm. spurði um.

En mér finnst ég þurfi að spyrja hv. þm. líka í tilefni af orðum hans. Hann talaði mikið um jafnræðið og spurði hvort það næðist með þeim tillögum sem við erum með, spurði hvort jafnræði næðist gagnvart landsbyggðinni, hvort jafnræði gagnvart nýliðum næðist og spurði reyndar hvort jafnræði yfirleitt næðist ef þyrfti að skammta eitthvað.

Já, það næst. Við höfum leikreglur í þjóðfélaginu sem er ætlað að koma á jafnræði og jöfnum rétti manna til þess að nálgast verðmæti. Við leggjum einfaldlega til að í sjávarútveginum verði komið á leikreglum sem séu sambærilegar við þær sem gilda í öðrum atvinnugreinum. Að ekki verði handvalið á þann hátt sem gert var í upphafi, og úthlutun látin standa um aldur og eilífð sem byggðist á því að einhverjir hefðu verið að gera út einhver þrjú ár á öldinni eða hefðu fengið af öðrum ástæðum ... (Forseti hringir.) — Hæstv. forseti?

(Forseti (ÁSJ)**:** Forseti vill biðjast velvirðingar á því að tímamæling þingsins er biluð, tölvukerfið er bilað, þannig að ég verð að mæla tímann öðruvísi.)

Hæstv. forseti. Á ég að skilja það svo að tími minn sé liðinn?

(Forseti (ÁSJ)**:** Í fyrstu umferð, já.)

[18:07]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem erfitt í mínútu andsvari að fara yfir heimspekilegar vangaveltur um þetta flókna

fyrirbrigði sem jafnræði er. En eitt af því sem ég var að reyna að velta upp og hv. þm. vék að er jafnræði á opnum, almennum uppboðsmarkaði. Er það jafnræði gagnvart nýliðum sem standa kannski peningalega á brauðfótum, er það jafnræði gagnvart sjávarplássum á landsbyggðinni þar sem afl fjármagnsins stjórnar á opnum útboðsmarkaði? Í því felst auðvitað að það er ekkert jafnræði í sjálfu sér.

Er það jafnræði gagnvart þeim sem stendur á brauðfótum fjárhagslega andspænis þeim sem hefur greiðan aðgang að fjármagni frá stóru, stöndugu fyrirtæki? Í mínum huga er það ekki jafnræði og það er það sem ég var að reyna að velta hér upp.

[18:10]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki mundi standa á mér að fara í leiðangur með hv. þm. til þess að leita að betri leið sem skilaði mönnum meira jafnræði. En eitt er þó alveg víst að ekki er jafnræði í kerfinu eins og það er núna. Og ef hv. þm. hefur slíkar áhyggjur af því að við komumst ekki nógu langt með tillögur okkar, þá erum við auðvitað tilbúnir til að fara með honum í göngu til að finna eitthvað enn þá betra til að bæta mönnum möguleikana sem eru á uppboðsmarkaðnum.

En við hvað búa menn í dag? Menn eiga við það að búa að eiga enga möguleika. Nýliðar eiga enga möguleika á því að koma upp útgerð í landinu. Og sveitarfélög eða byggðarlög þar sem gert hefur verið út eins lengi og menn muna eru kannski orðin kvótalaus og eiga enga möguleika til að rétta sig aftur við í því kerfi sem er núna, einfaldlega vegna þess að sá markaður sem boðið er upp á er á þann veg. Og þar er aldeilis ekki jafnræði sem ríkir til þess að komast að veiðiheimildunum, það er ekki einu sinni hægt að fá að bjóða í þær, hvað þá meira.

Þetta er það sem við stöndum frammi fyrir og ef við ætlum að leita einhvers réttlætis verðum við auðvitað að notast við þær hugmyndir sem við höfum bestar hverju sinni. Ég skal skoða nýjar hugmyndir ef hv. þm. hefur þær.

[18:10]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að við munum ekki komast til botns í þessari umræðu um jafnræði. Ég tek undir það að ekki er gildandi jafnræði eins og fyrirkomulagið er í dag. Það eiga ekki allir aðgang að því.

En ég var að reyna að færa rök fyrir því að með þeim hugmyndum sem hv. þm. og félagar hans kynna með fyrningarleið og uppboðsleið þá tel ég að jafnræði náist ekki heldur. Þá erum við komin að þeirri spurningu: Er eitt misvægið betra en annað? Þar með erum við komin í enn frekara huglægt mat.

Ég kann ekki neina einfalda patentlausn á þessu en kannski er meginniðurstaðan sú, eins og ég var að velta hér upp í byrjun, að meðan aðgengið að auðlindinni er takmarkað munum við aldrei ná þessu endanlega jafnræði. Og við munum alltaf sitja uppi með ákveðið misrétti, við getum kallað það svo, a.m.k. ekki jafnræði. Ég held því að leitin að jafnræðinu, þó að við færum hönd í hönd, ég og hv. þm., gæti falið í sér nokkuð langa göngu. Kannski „Mission Impossible".

[18:12]

Útbýting þingskjala:

Afskrifaðar skattskuldir, 122. mál, fsp. JóhS, þskj. 122.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 60. mál, frv. GE o.fl., þskj. 60.

Heilsugæslulæknar á höfuðborgarsvæðinu, 123. mál, fsp. RG, þskj. 123.

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 124. mál, fsp. SJóh, þskj. 124.

Nauðgunarmál, 118. mál, fsp. KolH, þskj. 118.

Nýtt byggðakort ESA á Suðurnesjum, 121. mál, fsp. KPál, þskj. 121.

Þingsköp Alþingis, 119. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 119.

[18:13]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram athyglisverðar umræður og athyglisverðar yfirlýsingar komið fram í umræðu um það frv. sem við erum hér að ræða. Mér liggur við að óska þess að hæstv. forsrh. gerði það sem hann virðist hafa gert varðandi geðheilbrigðismálin, þ.e. kynnt sér þau mál alvarlega, og þess vegna var komið inn á það í stefnuræðu hans að á þeim málum þyrfti að taka. Ég held að hæstv. forsrh. þyrfti að kynna sér ástandið í sjávarbyggðunum þar sem verið er að binda bátana, þar sem beitningafólkið hefur ekki vinnu, þar sem fiski er kastað, þar sem ýsunni er kastað af því að ekki eru til heimildir fyrir henni, og koma því síðan að í stefnuræðu að þessu þurfi að breyta.

Mér er vel ljóst að vandasamt er að búa til fiskveiðistjórnarkerfi sem fullkomin sátt getur verið um, og ég veit að ekki er unnt að gera öllum til geðs því að þarfirnar og skoðanirnar eru ólíkar. En kerfið verður fyrst og fremst að vera hagkvæmt og réttlátt.

Í frv. Samfylkingarinnar sem við ræðum nú og Jóhann Ársælsson er 1. flm. að fer þetta saman. Að auki er stefnt að jafnræði varðandi aðgang að auðlindinni og að þjóðin fái öll að njóta arðsins. En ég er ekki að halda því fram að frv. feli í sér auðvelda lausn né einföld svör við öllum spurningum og lausnin er ekki ódýr. En hún felur í sér jafnræði og það getur meiri hluti þjóðarinnar örugglega sætt sig við.

Ég sagði að hér hefðu fallið merkilegar yfirlýsingar. Þetta frv. hefur dregið það fram að tveir stjórnarþingmenn hafa gefið ákaflega sterkar yfirlýsingar sem geta vakið þær vonir að unnt sé að breyta því sem verst er, þ.e. þeirri lagagerð sem samþykkt var gagnvart smábátunum við síðasta kvótaár þegar það hófst. Ég vil taka undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar á bolfiski, þ.e. þorski, ýsu og fleiri tegundum, hefur bókstaflega brugðist. Ég vil taka undir að kvótastýring á veiðum á uppsjávarfiski virðist hafa tekist.

Herra forseti. Það er ástæða til að geta þess að það eru fjölmargir Íslendingar í dag sem telja að fiskveiðistjórnarkerfið og framkvæmd þess sé þjóðarskömm. Þetta eru þung orð og alvarleg og ég bið hæstv. sjútvrh. að taka tillit til þessara orða og mark á þeim, því að það eru skoðanir fjölda manna að svona sé komið. Það er vegna þess að kerfið krefst þess að sjómenn hendi fiski, veiddum frá Raufarhöfn að Reykjanesi, eins og ástandið hefur verið undanfarið og ugglaust er ástandið víðar þannig. **(GAK:** Sama hvorn hringinn þú ferð.) Sama hvorn hringinn þú ferð, segir hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. Síðasta gjörð, að auka hámark þess afla sem einstök útgerð má eiga, úr 10% í 12% af úthlutaðri heildarheimild í hverri tegund, er einnig ástæða fyrir þeirri skoðun að um þjóðarskömm sé að ræða.

Kvótasetning ýsu, keilu, skötu og skötusels er síðan þannig aðgerð að hún leiðir til þess að brottkast hefur stóraukist, ekki bara þessara nefndu tegunda heldur hefur brottkast á þorski einnig aukist. Kannski er rétt að velta fyrir sér hvernig það gerist. Það er vegna þess að menn eru knúnir til, með síðustu aðgerðum, að koma aðeins að landi með verðmesta fiskinn vegna þess að veiðiheimildirnar sem þeir hafa aðgang að eru orðnar svo takmarkaðar.

Enn fremur er ástæða til að velta fyrir sér hvernig verðlag á fiski á mörkuðum er í dag. Kílóverð á þorski á markaði í dag er frá 120 kr. upp í 320 kr. Og á hverju byggist munurinn? Hann byggist á stærð. Stærsti fiskurinn, 8 kg og þyngri, er á 320 og upp í 340 kr., fiskur sem er 5–6 kg er seldur á 240 kr., smáfiskurinn fer niður í 120 kr. en leiguverðið á markaði í dag á þorski er 150 kr. Það eru 150 kr. sem kostar að leigja sér kíló af þorski. Hvað þýðir það? Það þýðir að sá sem leigir kílóið á þessu verði kemur ekki að landi með annan afla en þann sem er á 300–320 kr. kg. Ég tel að það sé ástæða til að kynna sér aflasamsetninguna á mörkuðum í dag, frá 1. sept., samanborið við landaðan afla á sama tíma á síðasta ári, bara að skoða aflasamsetninguna á mörkuðunum í dag. Þá er ég að tala um stærðir og tegundir miðað við á sama tíma sl. ár. Hvað skyldi löndun smábátaflotans af ýsuafla hafa minnkað mikið? Það væri fróðlegt að vita, og hvort það eitt sé ekki ástæða fyrir hæstv. sjútvrh. til þess að skoða nú málið alvarlega og gera breytingar á. Ég treysti því að fari hann í að skoða þessi mál geti hann séð hvað í rauninni er á ferðinni.

Mér virðist ekki áhugi hjá hæstv. ríkisstjórn á athugun og úttekt á þessum hlutum sem ég er að nefna. Mér finnst það vera undarlegt virðingarleysi og undarlegt skeytingarleysi og lítilsvirðing stjórnvalda á skoðun almennings á þessum málum. Það hefur margoft verið skoðað og gerðar athuganir á því að meiri hluti þjóðarinnar er á þeirri skoðun að fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er í framkvæmd sé til vansa og að það þurfi að koma á nýrri framkvæmd við nýtingu auðlindarinnar sem er fiskurinn í sjónum við Ísland. Hver er réttur sjómanna sem stundað hafa fiskveiðar í áratugi ef þeir eru ekki eigendur að útgerð? Þeirra réttur er enginn. Þeir mega ekki veiða einn einasta fisk nema rétt í soðið fyrir sjálfa sig þó að þeir hafi aðgang að bát.

Sjómenn sem hafa búið við kerfi sem er kennt við 40 daga kerfið — þeir máttu veiða 30 tonn á þessum 40 dögum — búa nú við það að meðaltalsúthlutunin til þessara 89 báta er 8 tonn. Ég þekki sjómenn sem sættu sig við og voru glaðir með að veiða 25–30 tonn í þessu kerfi, og hafa þannig getað framfleytt sér undanfarin ár, en sitja núna uppi með aðeins 5–8 tonna veiðiheimild samkvæmt skeyti frá hæstv. sjútvrh. Og hvað þýðir það? Það er dauðadómur yfir viðkomandi aðila og það er óviðunandi á þeim tímum þegar upplýsingarnar eiga að vera klárar.

Maður veltir fyrir sér hvaða leið er hægt að fara. Ég var að veifa hér í dag því sem heitir færeyska sóknardagakerfið. Af hverju var ég að veifa því? Af því að ég er að benda á að í því felist kannski einhver lausn. Magnús Þór Hafsteinsson fiskifræðingur og fréttamaður gerir í sjómannadagsblaðinu Víkingi grein fyrir framkvæmd þess kerfis sem færeyskur sjávarútvegur byggir á. Þar segir, og með leyfi forseta ætla ég að vitna í nokkra staði án þess að tiltaka þá sérstaklega, að færeyskur sjávarútvegur sé í mikilli sókn. Má segja slíkt hið sama um íslenskan sjávarútveg hvað varðar botnlægar tegundir? Er íslenskur sjávarútvegur í mikilli sókn? Ég skal svara því. Nei. Íslenskur sjávarútvegur er niðurlægður hvað varðar þessar tegundir vegna þess að fyrir nokkrum árum var mjög algengt að 450–460 þús. tonn væru veidd af þorski á Íslandsmiðum en veiðin er komin niður í 150–170 þús. tonn. Ekki hef ég nákvæma tölu en meira að segja átti helst að veiða minna en það.

Hins vegar er sagt að við Færeyjar gangi veiðarnar vel, afli margra tegunda fari vaxandi og fiskstofnar virðist í þokkalegu ásigkomulagi. En fyrir tæpum 10 árum gerðu stjórnvöld í Danmörku og Færeyjum samning sín á milli um að taka upp fiskveiðistjórnarkerfi. Færeyingar voru á hvínandi hausnum þá en hvaða kerfi var tekið upp? Jú, kerfið var tekið upp frá hinni gömlu nýlenduþjóð Dananna, Íslendingum. Þetta kerfi er búið að leika lausum hala í 18 ár á Íslandi, þetta sem Færeyingarnar áttu að fara eftir.

En hvað gerðist? Þegar Færeyingar voru komnir í þann vanda að kvótakerfið olli sífellt meiri og meiri óánægju og alls kyns svindl var stundað í tengslum við skráningu á afla, og afla var hent í sjóinn — hljómar þetta eitthvað kunnuglega, er það ekki, herra forseti, nákvæmlega þetta sem er að gerast á Íslandi í dag? Er ekki ýsan orðin gul allt í einu? Er ekki alls konar svindl í framhjávigt? Er ekki verið að kasta fiski í meira mæli en nokkurn tíma áður? Samt situr hæstv. sjútvrh. sallarólegur yfir þeim tillögum sem hann ætlar að leggja fyrir þingið og láta fara í gegn, og yfir þeim lögum sem gengu í gildi núna 1. sept. En hvað gerðu Færeyingar? Þeir sneru við blaðinu og þeir stofnuðu nefnd. Það var ekki nefnd eins og hæstv. sjútvrh. skipaði, sem átti að verða sáttanefnd. Þeir stofnuðu í árslok 1995 nefnd sem var kölluð fiskveiðistjórnarnefnd. Þá áttu sæti í henni allir fulltrúar hagsmunaaðila og frá hafrannsóknastofnun og landstjórninni. Þessi nefnd þurfti bara tvo mánuði til að leggja til nýtt fiskveiðistjórnarkerfi sem umbylti fiskveiðistjórninni við Færeyjar. Og hver er árangurinn? Hver skyldi svo árangurinn vera? Ágæt aflabrögð, markaðirnir sáttir, meiri tekjur hjá sjómönnum, meiri tekjur hjá útgerðarmönnum, enginn skortur á fiski. Eina vandamálið sem eftir stendur er kannski að útgerðir í Færeyjum skortir heimildir fyrir veðum, þær skortir gild veð fyrir lánum. Viðruð hefur verið hugmynd að lausn á því vandamáli í Færeyjum, og ég efast ekki um að menn sem hafa komist að þeirri niðurstöðu sem náðist í Færeyjum munu finna lausn á þessum hlutum.

Virðulegur forseti. Ég er búinn að skrifa nokkrar greinar og hugleiðingar um sjávarútvegsmál og þær hafa allar gengið í þá átt að reyna að ná sátt, reyna að ná friði, reyna að ná einhverjum árangri og mér virðist það vera þannig að hver sú ræða sem maður flytur sé flutt fyrir nærri því daufum eyrum, a.m.k. daufum eyrum stjórnarliða. Ég tel að sú niðurstaða sem við þurfum að ná fram sé að jafnræði sé um aðgang að auðlindinni og endurnýjun geti átt sér stað í greininni. Annars verður úrkynjun. Öllum útgerðarmynstrum verði boðin sambærileg skilyrði. Það verður að virða mannréttindaákvæði í stjórnarskrá varðandi frjálst val á atvinnu og það ber að viðurkenna að það er ekki hægt að einkavæða fiskstofna. Þess vegna segi ég að það er grundvallaratriði að þeir sem nýta auðlind greiði fyrir það eðlilegt gjald sem renni í sjóði til hagsbóta fyrir almenning og til stoðgreina þeirra sem tengdar eru viðkomandi auðlind. Almennar reglur um nýtingu og umgengni við almenning eða auðlindir þurfa að vera svo einfaldar og skýrar að þær séu óumdeildar.

Ég held að það sé svo komið að menn geti aldrei aftur orðið hinn frjálsi sjálfstæði sjómaður, trillukarl eða togarajaxl,

Íslandsbersi eða einfari á miðum. En það er hægt að nálgast þessa hugmyndafræði. Það er hægt að komast í námunda við ímynd hins frjálsa og óháða, þ.e. hugtökin um frelsi einstaklingsins og jafnræði þegnanna, ef menn leggjast á eitt, og það er búið að nefna hér í dag oftar en einu sinni möguleika á sáttum. Ég virði þá hv. tvo stjórnarþingmenn sem hafa gengið svo langt í berhögg við ríkisstjórnina um leið og þeir ræddu það frv. sem Samfylkingin ber fram undir forystu Jóhanns Ársælssonar.

[18:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér hafa spunnist í dag hinar ánægjulegustu umræður um tillögu Samfylkingarinnar um nýskipan mála við stjórn fiskveiða. Til að það sé dregið saman í örstuttu máli, áður en ég vík að orðum síðustu ræðumanna sem mér finnst nauðsynlegt að gera í máli mínu, þá hafa allir stjórnarandstöðuflokkarnir á hv. Alþingi lagt fram hugmyndir sem ganga í einhverja veru í svipaða átt og þessar tillögur Samfylkingarinnar. Það má kannski segja að allar byggi þær á einhvers konar hugsun um að fyrna aflaheimildir og opna á ný aðgang að útgerð með einhverjum hætti.

Menn greinir á um hve hratt skuli í þetta farið. Það er ekkert launungarmál að við í Frjálslynda flokknum höfum sett fram þá stefnumótun í tvígang að fara þessa leið á fimm árum, fara sem sagt frekar hratt í það að komast á milli kerfa.

Við höfum líka bent á það, eins og kemur reyndar einnig fram í tillögu samfylkingarmannanna og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að eðlilegt sé að skipta flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka til að fást við þetta vandamál sem við erum að ræða um í dag vegna þess að vandamálið við stjórn fiskveiða er flókið. Það er ekkert svakalega einfalt og það er alls ekki það sama í öllum hlutum flotans. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vék ágætlega að því í dag, reyndar að sumu leyti með sömu orðum og ég viðhafði í Kastljósi í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum þar sem ég benti á að mér vitanlega væri ekki mjög mikill ágreiningur um kvótaskiptar veiðar nótaflotans svo dæmi væri tekið. Enda held ég að það sé bara til að flækja umræðuna þegar menn tala á þann hátt að hægt sé að stýra 1 tonns trillu eins og 2.000 tonna skuttogara eða þaðan af stærra verksmiðjuskipi sem veiðir allar tegundir, síld, loðnu, makríl, úthafskarfa og aðrar fisktegundir og getur í raunverulega breytt þeim í unnar afurðir. Þegar menn viðhafa slíkan málflutning eingöngu og reyna að fara yfir allt sviðið með því segja að í stjórn fiskveiða skuli vera ein regla frá trillunni sem er 1 tonn og upp í 2.000 tonna togara, fullvinnsluskip, þá eru þeir bara í þeirri umræðu til þess að reyna að flækja málið vegna þess að þá vilja þeir ekki ræða málið efnislega og fara í gegnum það hvernig eðlilegt og rétt og betra væri að stjórna fiskveiðum hér við land.

Ég vil vegna umræðna sem hér hafa orðið í dag, bæði vegna orða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og eins orða hv. þm. Hjálmars Árnasonar, taka eftirfarandi fram: Við Karl V. Matthíasson fluttum á liðnu vori tillögu sem miðaði að því að koma í veg fyrir að smábátaflotinn yrði kvótasettur. Við töldum mikilvægt að koma í veg fyrir það vegna afleiðinga sem við töldum að mundu fylgja slíkri aðgerð. Sú afleiðing hefur berlega komið í ljós nú á þessum eina mánuði sem liðinn er frá kvótasetningu smábátanna, og hefur verið farið um það mörgum orðum í dag.

Ég tel mig líka hafa fullvissu fyrir því að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sé tilbúinn að flytja þetta mál með okkar. Ég er alveg sannfærður um að þeir þingmenn sem ég hef nú nefnt í stjórnarandstöðunni séu þeirrar gerðar að þeir muni ekki setja það sem skilyrði fyrir framgangi málsins að hvert eitt nafn þeirra sé á undan einhverjum öðrum nöfnum. Málefnið verður látið ráða. Ef málið er þannig vaxið að hægt sé að fá þingmenn úr öllum flokkum til að flytja það þá skiptir nafnaröðun í þessum málflutningi engu. Málefnin hljóta að ráða, enda held ég að allir þeir sem hér hafa talað í dag í þessa veru hafi talað af heilindum og að þeir hafi litið svo á að þeir væru að vinna þjóð sinni þá mest gagn þegar þeir gætu komið í veg fyrir að hér yrði innleitt kerfi fyrir smábátana sem gerði ekkert annað en sóa verðmætum og vega að byggðum landsins. Ef menn halda að nöfn skipti einhverju máli í þessu sambandi, þ.e. hver sé 1. eða 2. flm., þá held ég að svo sé ekki. Ég held að þeir sem hafa tjáð skoðanir sínar í dag í þessu máli séu miklu heilli í sínum málflutningi en svo. Það er mín skoðun.

Aðalvandamálið sem við ræðum í tengslum við stjórn fiskveiða eru hinar almennu botnfiskveiðar. Þær eru aðalvandamálið við stjórn fiskveiða. Það er margbúið að benda á að eftir því sem hæstv. sjútvrh. dettur í hug að tína fleiri fisktegundir inn í hið almenna botnfiskveiðikerfi því verra verður það, því erfiðara verður að vinna í því. Og fleiri sjómenn neyðast til þess að taka þátt í brottkasti eftir því sem fisktegundunum er fjölgað í þessu kerfi. Það er alveg dagljóst að með því að setja aflamarkskerfið á fisktegundir í smábátakerfinu þá eykst brottkastið og það hefur aukist mikið undanfarnar vikur og mun fara versnandi ef ekkert verður að gert. Þess vegna hefði ég haldið að kominn væri tími á að hæstv. sjútvrh. endurskoðaði afstöðu sína til þeirrar útfærslu sem hann hefur talað fyrir að ætti að ganga yfir veiðikerfi smábáta. Ég held að það þjóni ekki hagsmunum okkar í ábyrgri fiskveiðistjórn. Ef ég man rétt var haldin mikil alþjóðaráðstefna um ábyrgar fiskveiðar á dögunum. Ég tel mig ekki geta talað fyrir því að veiðikerfi okkar í almennum botnfiskveiðum sé ábyrg fiskveiðistjórn eins og það er framkvæmt í dag.

Það er alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði í andsvari í dag að hann frestaði kvótasetningu á veiðar smábáta fyrir ári síðan um eitt ár. Það hefði farið betur á því ef það hefði verið gert áfram þannig að menn væru ekki í þeirri krísu sem þeir eru nú heldur að ræða hvernig fiskveiðum yrði stýrt í framtíðinni og ekki undir pressu vegna útfærslunnar sem núna er í gildi á veiðum smábátanna.

Tillaga Samfylkingarinnar sem var tilefni allrar þessarar umræðu í dag er um það að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu og hvernig megi komast þar til annarra hátta en viðgengist hafa á undanförnum árum.

Sá sem hér stendur og flokkur hans átti ekki aðild að þeirri endurskoðunarnefnd sem nýlega lauk störfum og hefur stundum verið kölluð „sáttanefnd". Þar af leiðandi hefur ekki í neinni skýrslu nýlega birst álit okkar í Frjálslynda flokknum eða nein sérstök sáttatilboð um það hvernig mætti nálgast það vandasama verkefni að skipa stjórn fiskveiða með nýjum hætti. Ég tel að a.m.k. tvennt liggi ljóst fyrir. Í fyrsta lagi verður aldrei sátt um að keyra óbreytt kvótakerfi inn í framtíðina og allra síst færa það yfir alla smábáta landsins með tilheyrandi byggðaröskun, með tilheyrandi tilflutningi á aflaheimildum eins og verið hefur í stóra kerfinu. Í öðru lagi er eitt sem við vitum ekki, og nú kemur að því eina sem ég er beinlínis ósammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um úr ræðu hans áðan. Hann sagði: „Við vitum hvernig hitastig breytist." Það er algert öfugmæli. Það vitum við ekki.

Við höfum ekki hugmynd um hvernig hitastig sjávar breytist öðruvísi en að mæla það. Við gátum t.d. ekkert sagt fyrir um að svo mundi breytast hitafar fyrir Norðurlandi á tveim, þrem árum að þar mundi verða bullandi ýsugengd eins og hefur komið upp núna. Við bara gátum það ekki. Menn sem hafa búið við Húnaflóa í hálfa öld og fengu þar vart ýsu í soðið áratugum saman gátu heldur ekki sagt um það fyrir fjórum árum að þar mundi allt í einu byrja að mokfiskast ýsa með hlýnandi sjó. En það gerðist og sama þróun er núna fyrir Norðurlandi. Þá er komið að því að bátar sem hafa stundað veiðar fyrir Norðurlandi árum eða áratugum saman eiga enga viðmiðunarreynslu í ýsu eða sáralitla þannig að allt ber að sama brunni, útfærsla veiðikerfis eins og okkar, sem við höfum viljað keyra núna yfir smábátaflotann, gengur ekki upp. Það sóar verðmætum og við umgöngumst auðlindina óeðlilega. Og það sem verst er er að við kennum ungum sjómönnum að hluti af eðlilegu starfsumhverfi sé að velja úr aflanum því að ungir sjómenn kalla brottkast að velja úr aflanum. Þegar maður spyr unga sjómenn sem hafa starfað í tvö til fimm ár hvort þeir hafi tekið þátt í brottkasti þá segja þeir: „Þú átt við að velja úr aflanum." Það er akkúrat það. Þeir hafa sumir hverjir aldrei tekið þátt í fiskveiðum öðruvísi en að velja úr aflanum með einhverjum hætti. Þó að formælendur óbreytts kvótakerfis hafi ævinlega hrokkið í þann bakkgírinn að tala um að fiski hafi verið hent í öðrum kerfum eða undir annarri stjórn þá lagar það ekki nokkurn skapaðan hlut í þessu kvótakerfi.

Framkvæmdin nú er eins og hv. þm. Gísli S. Einarsson lýsti, þ.e. að menn hentu fiski sem ekki næði ákveðnum kílóafjölda vegna þess að þeir ætluðu sér að fá 250 kr. eða 300 kr. fyrir aflann upp úr sjónum. Því var haldið fram meðan sérstakt Kvótaþing til leigu á aflaheimildum var við lýði að Kvótaþingið sem slíkt hefði hækkað verð á leigukvótanum upp úr öllu valdi. Nú er búið að afnema það og ekki er annað að sjá en kvótaverðið nái hinum hæstu hæðum þrátt fyrir það og ekkert sýnilegt annað en að verð á leigukvótum muni halda áfram að hækka. Það er það sem þeim sem nú eru handhafar aflaheimildanna tekst að leggja á veiðiheimildirnar og láta aðra borga fyrir þær. Það er ekki eigandi auðlindarinnar, íslenska þjóðin, sem fær afgjaldið heldur greiða aðrir sjómenn á kvótalitlum skipum eða kvótalausum skipum, ég vil segja, nánast okurleigu fyrir óveiddan fisk sem öðrum hefur verið fengin handhöfn á. Þegar Landssamband íslenskra útvegsmanna lýsir því yfir að 80% af aflaheimildum hafi skipt um hendur þá er það kennitölutilfærsla. Það hefur ný kennitala tekið við aflaheimildunum að hluta. Ekki er hægt að segja að menn hafi selt það beint yfir borðið. Oftast er þetta í tengslum við sameiningu fyrirtækja eða þá að menn eru að taka yfir fyrirtæki og taka þar út fé í sambandi við hlutabréf. Sumir eiga þau áfram og það er gott ef menn vilja eiga áfram í sjávarútvegi. En það hafa líka streymt ótaldir milljarðar úr sjávarútveginum og skuldir sjávarútvegsins hafa verið að aukast á undanförnum árum. Þær hafa aukist mikið frá 1995 og eru nú taldar um 182 milljarðar.

Mig langar aðeins, með leyfi forseta, að vitna í skýrslu um niðurstöðu nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Ég vek athygli á því að í skýrslunni eru lögð til ýmis nýmæli, m.a. að það megi færa kvóta á fiskvinnslu, megi minnka veiðiskylduna og hugsanlega megi tvö fyrirtæki eiga eina fisktegund saman, 50% hvort, nema í þorski. Þar má fyrirtækið hafa 12% hlutdeild. Þar kemur og fram að festa beri niður það veiðikerfi sem sett var á smábátana 1. sept. Þetta eru m.a. tillögur meiri hlutans sem birtast í þessari skýrslu.

Í skýrslunni eru hins vegar aðrar tillögur sem mér finnst að mörgu leyti mun athyglisverðari. Mig langar að fá að vitna aðeins í álit hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann segir í áliti sínu, með leyfi forseta, í kaflanum um leiðir til úrbóta:

„Beinast liggur fyrir að selja réttindin á markaði. Þessi lausn, svonefnd fyrningarleið, felur í sér að ljúka núverandi úthlutun veiðiheimildanna með því að innkalla þær á tilteknu árabili og ráðstafa þeim síðan á markaði."

Í áliti hv. þm. kemur fram, neðarlega á bls. 78 í skýrslunni, að fyrningarleiðin sé vænlegust. Hann fer síðan yfir það hvernig mætti koma því fyrir. Hann telur nokkur atriði til sögunnar og segir síðan:

„Fleira mælir með fyrningarleiðinni. Nefna má eftirfarandi:

Verð á veiðiheimildum verður lægra þar sem það mun miðast við þær tekjur sem hægt er að hafa af nýtingu þeirra í stað þess jaðarverðs sem nú er."

Mig langar til að víkja að þessu atriði. Það er alveg rétt sem hv. frsm. þessa máls, hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að í dag, að verði aflaheimildir settar á markað þá er næsta víst að útgerðarmenn landsins, sem þá hafa sjálfdæmi um að verðleggja til sín veiðiheimildirnar og þeir yrðu að bjóða í þær ef kerfið væri sett þannig upp, mundu ekki borga 150 kr. fyrir. Þetta væri þó háð því hvort menn væru að gera raunverulega breytingu sem ætti að gilda til margra ára, ella væri hætt við því að bankastofnanirnar sem veitt hafa stórfyrirtækjunum mikið veð í óveiddum fiski, hinum svokallaða kvóta, væru tilbúnar að teygja sig ansi langt í að veita fyrirgreiðslu til fyrirtækja umfram það sem væri kannski eðlilegt miðað við rekstrarforsendur. Ég hygg að ef aflaheimildirnar væru allar settar á markað þá væri ekki ólíklegt að verðið mundi fljótlega fara niður í um 12–20 kr., eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi í dag.

Fyrr í dag var rætt um jafnræði, hvort þær hugmyndir sem hér hafa verið ræddar dygðu til að koma á jafnræði. Ég hef sagt það, varðandi uppboð á veiðiheimildum, að ég sé ekki að það mundi gerast án einhvers konar stýringar. Reyndar kemur það fram í tillögu Samfylkingarinnar. Það hefur komið fram í tillögum Vinstri grænna og það hefur líka komið fram í hugmyndum Frjálslynda flokksins.

[18:51]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ýmislegt sem ég hefði viljað tala um við hv. þm. Ég ætla samt að láta nægja að spyrja um eitt atriði. Hann kom inn á það að hann teldi að innkalla ætti veiðiheimildir miklu hraðar en við höfum lagt til og gera það á fimm árum. Því langar mig til þess að spyrja hv. þm.: Telur hann að það mundi ganga gagnvart þeirri útgerð sem hefur skuldsett sig á undanförnum árum? Eða hefur hann velt því fyrir sér hvort sú tillaga sem ég bar fram í endurskoðunarnefndinni, um að útgerðinni gæfist kostur á að fá þá fjármuni til sín sem kæmu inn við fyrstu sölu veiðiheimildanna eftir að þær væru settar á markað, væri eitthvað sem hann gæti skrifað upp á? Hún mundi auðvita þýða að aðlögunartíminn hjá fyrirtækjunum yrði tíu ár, ef þannig yrði farið að. Innköllun á fimm árum, veiðiheimildir til fimm ára og þeir fjármunir sem inn kæmu féllu í hlut

fyrirtækjanna í fyrsta skipti sem heimildir yrðu boðnar upp. Ég spyr hv. þm. að þessu.

[18:52]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið nákvæmlega spurninguna. En við í Frjálslynda flokknum lítum svo á að það sé betra að fara hratt á milli þessara kerfa, eins hratt og mögulegt er. Við höfum talið að fimm ára aðlögunartími nægði til þess að skipta um kerfi.

Við höfum líka sagt að eðlilegra væri að smábátaflotinn og jafnvel strandveiðiflotinn þyrftu ekki að fara inn í beina uppboðsleið heldur hefðu stýrða aðlögun. Í hugmyndum okkar höfum við sagt að sóknarstýring smábátaflotans væri betri en aðrar aðferðir til að stýra veiðum hans. Ég er reyndar á þeirri skoðun, byggi það m.a. á því sem ég hef heyrt af þróun stýrikerfisins í Færeyjum, að það væri mun heppilegra fyrir okkur að fara með allan strandveiðiflotann yfir í sóknarstýrt kerfi fremur en að reyna að þróa það áfram í einhvers konar sölu- eða leigukerfi aflaheimilda. Ég held að við munum ná betri árangri í umgengni um auðlindina en með núverandi kerfi eða kvótaleigu.

[18:54]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um að betra sé að fara hratt út úr kerfinu og inn í nýtt kerfi. Ég hefði hins vegar talið að það gæti valdið verulegum vanda í þeim fyrirtækjum sem eru í sjávarútvegi núna ef veiðiheimildirnar, sem hafa kannski nýlega verið keyptar eins og gerist í einstökum tilfellum, eru teknar mjög hratt af fyrirtækjunum og menn fá þá ekki neinar bætur fyrir það. Ég tel hins vegar að til sé betri flötur á málinu, þ.e. í samræmi við það sem við höfum lagt til. Við höfum lagt til, og teljum okkur hafa skoðað það nokkuð vel, að fyrirtækin ættu að geta lifað það af ef þessu kerfi yrði breytt á 10 árum. Það er í samræmi við það sem ég hef sagt, að ef menn innkalla þetta á 5 árum og bæta fyrirtækjunum með greiðslu í fyrsta skiptið sem veiðiheimildirnar yrðu settar á markaðinn, þá mundi það jafngilda 10 ára aðlögun. Það er þetta sem ég var að spyrja um.

Ég tel hins vegar að vangaveltur hv. þm. um sóknarstýringarkerfi meðfram þessu kerfi séu góðra gjalda verðar. Ég tel ekki ólíklegt að menn muni kannski fljótlega fara að fikra sig inn á eitthvað slíkt að hluta til í flotanum. Mér finnst bara eðlilegt að menn ræði það vandlega.

Ég held hins vegar að menn verði að horfast í augu við það að til þess að menn fari að tala af skynsemi og fullum áhuga um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu þá þurfi að gera það sem við erum að leggja til, taka á eignarhaldinu og koma því máli frá. Í framhaldi af því opnast leiðir til að tala um þessa hluti.

[18:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, við tölum að nokkru leyti hvor sitt málið við þessa umræðu. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talar um eignarkerfið. Ég lít svo á að útgerð þurfi fyrst og fremst að hafa veiðirétt. Hún þarf að hafa nýtingarrétt. Að mínu viti þarf hún ekki sölurétt og ekki leigurétt og að því leyti er ég ekki alveg sáttur við útfærsluna í tillögum Samfylkingarinnar, þ.e. að útgerðin geti haldið áfram að leigja kvóta innan þess tímabils sem er í gangi. Ég hefði talið betra að það yrði tekið af og ef menn vildu ekki nýta þær heimildir, hvort sem það eru heimildirnar sem þeir fá úthlutað eða heimildirnar sem þeir leigja til sín, þá yrðu þær settar á markað og aðrir gætu gengið að þeim. Þannig væri líka léttara að stýra því hvert þessar aflaheimildir fara, bæði með tilliti til byggðasjónarmiða eða út frá uppruna þeirra, ef svo má að orði komast, hvort sem er innan útgerðarflokks eða með tilliti til byggðasjónarmiða.

Auðvitað getur bratt fráhvarf valdið vandamálum í þessu. En menn hafa verslað með þessar heimildir vitandi að þær eru ekki þeirra eign, heldur þjóðareign. Ef það er vandamál að fara frá þessu á fimm árum, er það þá svo mikið vandamál að það sé ekki hægt? Menn eru að færa heilu fisktegundirnar, eins og hæstv. sjútvrh., inn í kerfið, einn, tveir og þrír eða kippa þeim út úr því. Við munum hvernig var með steinbítinn í sumar. Ég held því að fimm ár séu bara þokkalegur tími.

[18:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst sú umræða sem farið hefur fram í dag vera góð og málefnaleg, ekki síst ræða síðasta hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Umræðan hefur speglað þá þróun sem mér finnst gæta í umræðum um kvótakerfið og breytingar á stjórnkerfi fiskveiða.

Þessar breytingar eru allar, finnst mér, að færast í þá veru að rétt sé að fara fyrningarleiðina, að rétt sé að þróa með einhverjum hætti leið sem byggir á afnámi gjafakvótans. Það er það sem menn hafa í reynd verið að ræða í dag.

Fram hefur komið að fyrir utan Samfylkinguna er þessi skoðun líka uppi, t.d. hjá hv. þm. Vinstri grænna sem hér hafa talað. Það var t.d. ákaflega athyglisvert að hlýða á hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson lýsa því yfir að hann vildi í reynd afnema gjafakvótakerfið á 20 árum. Við þekkjum öll skoðanir hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, sem hefur lýst ákaflega svipuðum skoðunum. Skoðanir hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar eru ákaflega skyldar skoðunum þeirra sem ég hef nefnt.

Í dag hefur einnig verið fróðlegt að hlusta á hv. þm. Hjálmar Árnason sem lýsti því yfir að honum þætti hugsunin á bak við þessa aðferð göfug. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli, herra forseti, að menn nái sem víðtækastri samstöðu um þessa leið.

Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Auðvitað skildi ég að í mörgum meginatriðum var hann sammála því frv. sem við þingmenn Samfylkingarinnar flytjum og er hér til umræðu. Mig langar þess vegna, herra forseti, að heyra frá honum hvað það er helst sem hann getur ekki sætt sig við. Ég hlustaði á andsvar hans við ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar þar sem hann tiltók eitt atriði en hvað er það annað sem honum er andsnúið? Það er mikilvægt að fá það fram til þess að við getum skynjað og fundið þá snertifleti sem eru með flokkum okkar varðandi þetta mikilvæga mál.

[19:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því hér áðan að ég teldi betra að fara þannig á milli kerfa að afnema leigu- og sölurétt útgerðanna til að taka á því vandamáli. En á meðan menn eru að fara á milli kerfa þurfa þeir auðvitað að koma aflaheimildum á milli sín. Mér hefur aldrei dottið í hug að mönnum væri bannað að skipta á jöfnum heimildum ef þeir væru í sams konar veiðiskap eða í sams konar útgerðarflokki. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að flotanum væri skipt upp í aðgreinda útgerðarflokka með ekki mjög ósvipuðu sniði og m.a. Samfylkingin hefur gert og reyndar Vinstri grænir einnig, þannig að í þeirri útfærslu er ekkert mjög langt á

milli manna. Og ef menn ætla að ná víðtækri samstöðu um að útfæra svona mál þá verða þeir auðvitað að setjast yfir þessi atriði og rekja þau hver fyrir öðrum. Öðruvísi ná menn ekkert saman um þetta mál.

En fyrst og fremst mundi ég vilja láta það vera alveg skýrt að útgerðin þarf að vita sinn veiðirétt, hafa veiðiréttinn fyrir framan sig. Hún þarf aldrei sölurétt á leigurétti á óveiddum fiski. Útgerðin þarf að hafa veiðiréttinn og nýtingarréttinn. Mér finnst það grundvallaratriði að það sem ég hef kallað kvótabrask í þessu kerfi hverfi út og kvótamarkaður eða ríkið sjái um að færa þessar heimildir á milli ef menn ætla ekki að skipta á jöfnum skiptum. Ég held að það sé alveg grundvallaratriði. Öðruvísi held ég að menn komist ekki í þessa vektora.

Ég get síðan sagt það til viðbótar, svo það sé ljóst, að með því að fara í aðgreinda útgerðarflokka verður miklu auðveldara að stíga þessi skref því að hugsanlega má skilja nótaflotann og frystitogaraflotann eftir tímabundið.

[19:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessi svör. Þau voru skýr og þau gefa mér miklu gleggri grein en ég hafði áður á því hvað það er sem skilur þessa tvo flokka að, Samfylkinguna og Frjálslynda flokkinn, varðandi hugmyndir um framtíðarstjórnkerfi fiskveiða. Mér finnst satt að segja, herra forseti, að það séu nú ekki stórir hlutir.

Það sem stendur helst í hv. þm., og ég get ímyndað mér þá í Frjálslynda flokknum, er framsalið. Það er í rauninni ekkert annað sem ég sé að sé á millum okkar og ekki búið að brúa. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að það sem við höfum sagt um skiptingu útgerðarinnar í flokka sé nákvæmlega eins og hv. þm. og félagi hans, hv. þm. Sverrir Hermannsson, hafa verið að tala um.

Ég er líka þeirrar skoðunar að aðferðin sem þeir eru í meginatriðum að tala um sé ákaflega svipuð okkar, enginn munur sé þar á nema hvað hraðann varðar. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vill gera þetta ákaflega fljótt. Hv. þm. Jóhann Ársælsson sem hefur verið talsmaður okkar í þessum efnum vill fara sér hægar í sakirnar. Og hann hefur líka brugðið byttu undir þann leka sem ýmsir andstæðingar á tillögum okkar hafa talið felast í því að útgerðin geti ekki tekið við því áfalli sem fælist í svo hröðu afnámi gjafakvótans nema með einhvers konar aðstoð. Hv. þm. Jóhann Ársælsson lagði einmitt fram sérstaka tillögu um að á fyrstu fimm árum hins nýja kerfis samkvæmt tillögum okkar fengju núverandi handhafar aflahlutdeilda andvirðið tímabundið, á fyrstu fimm árunum, í sínar hendur. Með því væri verið að létta breytinguna.

Þetta er eitt af því sem hv. þm. er ósammála um, en þetta er heldur ekki annað en bitamunur en ekki fjár. Mér sýnist því, herra forseti, að þessi umræða hafi leitt í ljós að hér sé ákaflega víðtækur snertiflötur millum Samfylkingarinnar og hv. þingmanna Frjálslynda flokksins.

[19:06]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Í dag hafa farið hér fram um margt mjög efnismiklar umræður og kannski ekkert skrýtið í 1. umr. um sjávarútvegsmál á nýbyrjuðu þingi. En umræðurnar hafa hins vegar minnst fjallað um dagskrármálið, um það frv. sem lá fyrir til umræðu, enda er það kannski heldur ekkert skrýtið. Þetta er frv. sem flutt er óbreytt eða alla vega lítið breytt í þriðja skipti og hefur þar af leiðandi verið fjallað um það áður.

Umræðan hefur hins vegar í því samhengi ekki síður snúist um skýrslu hinnar svokölluðu endurskoðunarnefndar og þá ekki bara niðurstöðu meiri hlutans heldur um niðurstöðu fulltrúa Vinstri grænna, hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar. Það sem hins vegar hefur skinið í gegn og má eiginlega segja að komi fram í grg. með frv. og snýr að endurskoðunarnefndinni og má segja að kristallist í minnihlutaáliti hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og hvernig það er unnið og um það hef ég haft nokkur orð áður og í flutningi þessa frv. hér, er að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði ekkert umboð til að semja í þessari nefnd. Hann tók ekki mjög alvarlega það hlutverk að reyna að leita sátta í málinu því að hann átti bara að fara með flokkslínuna eins og hún birtist í frv. sem hér er flutt í þriðja skiptið, ekkert eða lítið breytt.

Ég vil þó nefna eitt atriði í sambandi við framsöguræðu hv. þm. þar sem hann nefndi auðlindanefndina og fiskvinnslukvótann. Hann vitnaði í ræðu mína frá því á föstudaginn á fundi Samtaka fiskvinnslustöðva þar sem ég hefði sagt að auðlindanefndin hefði lagt til fiskvinnslukvóta. Það gerði ég ekki. Ég sagði ekki að auðlindanefndin hefði lagt til fiskvinnslukvóta. Ég sagði hins vegar, ef ég man orðalagið rétt, að tillagan ætti ákveðna samsvörun í umfjöllun auðlindanefndarinnar, þar sem hún fjallaði um handhöfnina almennt, og komst að þeirri niðurstöðu að fleiri ættu að geta verið handhafar kvótans en þeir sem ættu skip eða sú aðferð að vista kvótann á skipum. Ef hv. þm. trúir mér ekki verð ég að senda honum textann af ræðunni minni og þá mun hann sjá þetta mjög skýrt. En mér fannst reyndar eins og hv. þm. hefði verið að vitna í það sem hann hefði heyrt sagt frá ræðunni, þannig að ég vil ekki ætla honum að hann hafi farið rangt með að yfirlögðu ráði.

Aðeins hefur verið minnst á kvótasetningu og að þrjár nýjar tegundir voru settar í kvóta þann 1. september. Það er alltaf svo þegar verið er að setja tegundir í kvóta að þá kemur það niður á einhverjum sem hafa verið að byrja veiðar í þeim tegundum. En ástæður fyrir því að tegundir eru settar í kvóta eru þær að sóknin í tegundirnar er ekki í jafnvægi. Hún er orðin meiri en tegundirnar þola og það er þá væntanlega vegna þess að fleiri eru farnir að sækja í tegundirnar en áður var. Og eftir því sem færri tegundir verða fyrir utan kvóta verður meira álag á þær en áður. Þeir sem hafa lítinn kvóta í öðrum tegundum leggja sig eftir því að veiða þær tegundir sem eru utan kvóta. Það hefur verið mjög áberandi með keilu og löngu að fleiri aðilar hafa verið að fara í slíka veiði og það er ástæðan fyrir því að verið er að kvótasetja tegundina. Nefni ég til sögunnar t.d. að talað er um að þrír línubátar hafi verið að bætast í flotann til að veiða þessar utankvótategundir, bátar sem koma utan frá og hefðu fyrir dóminn í desember 1998 ekki getað komið inn í þessa veiði. En þar sem ekki er lengur hægt að stjórna með aðgangstakmörkunum samkvæmt þeim dómi er þeim fullkomlega heimilt að koma inn í veiðina. Þeir eru í eigu Íslendinga og jafnvel þó að fjármögnunin sé með ábyrgðum erlendra aðila þá er það fullkomlega löglegt. En eftir sem áður stendur það að sóknin í þessar tegundir er að aukast og tegundirnar eru farnar að bera þess merki.

Svipaða sögu má segja af skötuselnum, þar hefur sóknin verið að aukast mjög mikið. Aflinn hefur nærri þrefaldast vegna nýrra veiðarfæra sem verið er að beita við veiðina og við höfum dæmi um það frá nágrannalöndum okkar, bæði

Noregi og Frakklandi, að skötuselsstofnar hafa hrunið nánast fyrirvaralaust eftir að aukning á sókn og aukning á afla hefur verið svo mikil eins og dæmi eru um hjá okkur.

Mjög athyglisverð umræða fór fram á milli þeirra hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og Guðjóns A. Kristjánssonar um hvort við þekktum það hvernig hitastig breyttist í sjónum. Ég held að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafi rétt fyrir sér í því að við vitum ekki hvernig hitastig breytist í sjónum. Við kunnum að mæla það á hverjum einstökum stað og einstöku dýpi og einstökum tíma en við getum ekki sagt fyrir um það með nægilega mikilli nákvæmni hvernig hitastigið verður á morgun eða eftir mánuð eða eftir eitt, fimm eða tíu ár. Þetta er auðvitað eðli náttúruvísindanna og eitt af því sem við verðum að hafa í huga þegar við erum að fjalla um það, og hvort okkur hafi tekist vel upp við fiskveiðistjórnina eða ekki, að umhverfið er síbreytilegt.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson rakti í grófum dráttum sögu fiskveiðistjórnar í landhelgi okkar Íslendinga. Hann taldi að kvótakerfið gengi upp í uppsjávarveiðum, rækjuveiðum og veiðum á öðrum skelfiski en taldi að illa hefði tekist til við stýringu á botnfiskveiðum og að okkur bæri að viðurkenna að okkur hefði mistekist. Hann fjallaði einnig um vísindamennina og hvaða hlut þeir ættu að máli, ónákvæmnina sem þar væri að finna. Það er þess vegna rétt í umræðu um ónákvæmnina að gera okkur örlitla grein fyrir því að þó að um sé að ræða ónákvæmni og óvissu í mælingum á stofnstærðinni þá er það ekki ástæða til að kasta ráðgjöf fiskifræðinganna fyrir róða og sleppa veiðunum frjálsum. Frekar er ástæða til að við förum varlega. Ég hef frekar áhyggjur af því, eins og staðan er hjá okkur í dag, að við förum ekki nægjanlega varlega heldur en að við séum að fara of varlega. Breytileikinn og skekkjan virðist, eins og málin standa í dag, vera það mikil. En við munum vonandi vita meira um þetta þegar fram líður. Í gangi eru mjög umfangsmiklar athuganir á þessu kerfi og hvernig það allt saman virkar og hvernig það gengur upp og hvernig við getum best nýtt það við fiskveiðistjórnina.

Það þýðir hins vegar ekki að menn geti ekki leiðrétt sig þegar þeim skjátlast og eitthvað kemur upp sem augljóslega mætti betur fara, samanber þá umræðu sem hér spratt um skarkolann, að í ljós kom þegar búið var að ákveða að skarkolaaflinn yrði einungis 3.000 tonn að þessi afli var talsvert undir því sem er eðlilegur meðafli við aðrar veiðar og nánast óhjákvæmilegt að komi með í veiðarfæri. Þess vegna var það á þeim grundvelli, þegar farið hafði verið ofan í þessar tölur og þær reiknaðar upp á nýtt út frá þeim meðafla sem líklegt var að óhjákvæmilegt væri að veiða að ég hækkaði kvótann um $^1/_3$ í 4.000 tonn. Það er því ekki svo að ekkert sé óumbreytanlegt í þessu.

Talsvert hefur verið rætt um brottkastið og það er víðar en í sambandi við skarkolann sem það hefur verið vandamál. Það hefur m.a. verið spurt hvort ráðherrann gerði sér grein fyrir sóuninni sem innifalin er í brottkastinu. Því er til að svara að ráðherrann gerir sér grein fyrir því. Hann gerir sér grein fyrir því vegna þess að hann lét gera tvær athuganir á brottkasti á sl. ári. Annars vegar var skoðanakönnun meðal sjómanna og hins vegar samanburður á eldri mælingum, annars vegar á lönduðum afla og hins vegar afla um borð í fiskiskipi.

Niðurstöður þessara kannana voru á sama veg og reyndar í sama dúr og eldri kannanir og ekki mjög langt frá sams konar athugunum í Noregi. Við höfum því nokkra hugmynd um hvernig brottkastið hefur verið á síðustu árum. Við höfum þó ekki nákvæma mynd af því og ekki það nákvæma að hægt hafi verið að sjá hvernig þetta var áður fyrr. En með breyttum vinnubrögðum við mælingar, m.a. með fjölgun eftirlitsmanna, munu innan tíðar liggja fyrir upplýsingar. Við getum þá mælt breytingar og fylgst með því hvernig þetta er að þróast. Alla vega er það ætlunin með þessu breytta fyrirkomulagi að geta fylgst með þessu. Fleiri breytingar hafa verið gerðar á lögum og reglugerðum í þessu efni, m.a. að hið svokallaða undirmál, sem heimilt er að veiða og telst að hálfu til kvóta, var við upphaf þessa fiskveiðiárs fært úr 7% í 10%. Það þýðir að undirmálsfiskurinn, sem hv. þm. Gísli S. Einarsson var að tala um og lægsta verðið fæst fyrir á markaði, 120 kr., telst bara hálfur fiskur í kvótanum. Fyrir kvótakílóið, í þeim skilningi fást því ekki 120 kr. heldur hugsanlega 240 kr. En auðvitað kostar það að veiða kvótakílóið tvisvar og það á auðvitað við um alla þá sem stunda brottkast. Um leið og þeir henda einum fiski þurfa þeir að veiða annan í staðinn ef þeir ætla að ná kvótanum sínum. Þetta er ekki alveg eins einfalt og hv. þm. Gísli S. Einarsson gerði því skóna. Unnið hefur verið að því að breyta lögum og reglugerðum til að minnka þrýstinginn á brottkast. Það verður áfram og vonandi kemur eitthvað meira út úr því áður en langt um líður.

Það hefur talsvert verið rætt um færeyska sóknardagakerfið, m.a. í samhengi við brottkastsumræðuna. Færeyska sóknardagakerfið er í grundvallaratriðum ekki mjög ólíkt okkar kvótakerfi. Það byggir á því að mæla stærð fiskstofnanna og ákvarða hvert eigi að vera heildaraflamarkið í hverjum stofni fyrir sig. Í staðinn fyrir það að við útdeilum þessu sem kvóta á fiskiskipin þá útdeila Færeyingar fiskidögum í samræmi við, eða alla vega er prinsippið það, það sem hægt er að veiða á hverjum degi. Þeir stýra sókninni að því að veiða hið ákvarðaða eða ráðlagða heildaraflamark.

Munurinn á okkar kerfi og þeirra kerfi felst meira í þeim veiðarfærum sem eru notuð. Þar er línu- og handfæraveiði miklu algengari en hjá okkur. Togararnir eru í sumum tilfellum settir talsvert utar en við gerum, en þó ekki í öllum tilfellum. Það er svolítið misjafnt hvað línan er dregin langt fyrir utan við ströndina hjá okkur. Netaveiði er hins vegar miklu minni við Færeyjar en við Íslandsstrendur. Einnig eru þeir með miklu meiri og víðtækari svæðalokanir en við höfum verið með og finnst mörgum nóg um hvað svæðalokanir hafa verið tíðar að undanförnu. Þetta er held ég að sé meginmunurinn.

Undantekning frá þessu með netaveiðarnar eru veiðar Færeyinga á grálúðu og skötusel. Færeyingar segja: Þar getum við ekki stjórnað með fiskidögum. Það passar ekki að stjórna netaveiðum með fiskidögum. Það gengur bara ekki upp að segja þeir. Þeir segja líka, og mér skilst að sjávarútvegsráðherra Færeyja, Jørgen Niclasen, hafi sagt frá því á fundi með hv. sjútvn. Alþingis að í þessum netaveiðum væri brottkast því að þar væri meðafli. Af því yrði brottkast.

En hvernig er þá ástand fiskstofnanna í Færeyjum borið saman við ástand fiskstofnanna við Ísland? Menn fóru fögrum orðum um það hve gott ástand væri í Færeyjum. Staðreynd málsins er hins vegar sú að bæði í ár og í fyrra fengu Færeyingar ráðleggingar frá fiskifræðingum sínum um að fækka fiskidögunum til að draga saman afla af því að fiskstofnarnir væru að minnka. Þetta á við um ufsa, ýsu og þorsk. Þeir hafa hins vegar ekki farið eftir þessu nema að mjög takmörkuðu leyti og það varð til þess að formað-

ur fiskveiðiráðgjafarnefndarinnar sagði af sér. Ég held því að þegar við skoðum þetta aðeins betur þá sjáum við að meginmunurinn á þessum tveimur kerfum sé annars vegar í línu- og handfæraveiði og hins vegar í netaveiði. Við vitum að verðmætasti hluti okkar afla kemur úr vertíðarfiskinum á netunum. Það er sá fiskur sem er uppistaðan í því sem ég hef oft kallað verðmætasta fiskmarkað í heimi, þ.e. saltfiskmarkaðnum í Katalóníu á Spáni. Ég held að það yrði mjög lítið úr þessum mjög svo góða markaði okkar ef við hættum netaveiðinni og veiddum vertíðaraflann á línu og handfæri eins og þeir gera í Færeyjum.

Herra forseti. Einnig hefur talsvert verið rætt um krókaaflamarkið eða svokallaða smábáta, sem eru ekkert svo smáir og veiða ekki svo lítið, alla vega sumir hverjir. Það hefur verið rætt um minn hlut í þessu og eins það hvað ég erfði frá forvera mínum. Ég vil ekki kannast við að forveri minn hafi staðið í stríði við smábátasjómenn eða að annar hvor okkar eða báðir vilji smábátaveiðar feigar. Hins vegar hefur minn hlutur í þessu máli verið annars vegar að leggja til frestun á að krókaaflamarkið taki gildi um eitt ár og hins vegar að leggja til að aflahlutdeild krókamarksbátanna yrði aukin. Allur sá illvilji sem mér er gerður upp felst í að leggja til frestunina og leggja til aukninguna.

Ég hef ekki alveg áttað mig á þeirri liðssöfnun sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur unnið að til að gera breytingar á krókaaflamarkinu, að reyna að safna liði meðal stjórnarþingmanna með áskorunum á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson héðan úr stólnum, reyndar í samræmi við það, skilst mér, sem þeim fór á milli í útvarpsþætti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er reyndar með skemmtilegri mönnum í útvarpsþáttum. En ég fæ ekki betur séð en að í þessu frv. Samfylkingarinnar sé einmitt gert ráð fyrir því að smábátarnir, 15 tonn eða minni, verði í kvótakerfinu alveg eins og hinir. Munurinn er bara sá að þeir eiga að kaupa krókaaflamarkið, eða hvað það mun heita, á uppboði. Ég fæ því ekki almennilega séð að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson eigi svo mikið sameiginlegt með þessari stefnumörkun Samfylkingarinnar, eins og hann sagði reyndar í ræðu sinni, að hann mundi aldrei greiða atkvæði með því að lagður yrði skattur á útgerðina. Mér finnst þess vegna vera þversögn í því sem komið hefur fram hjá hv. formanni Samfylkingarinnar, Össuri Skarphéðinssyni, í þessari liðssöfnun hans, hvað þá í því að hann reyni að draga til liðs við sig einnig hv. starfandi þingflokksformann Framsfl. sem lýsti svipuðum sjónarmiðum úr pontu.

Herra forseti. Þetta hafa verið efnismiklar umræður. Þær hafa farið um víðan völl og ég hef því miður örugglega ekki tæpt á öllu því sem fram hefur komið en ég hef reynt að gera mitt besta.

[19:26]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Úr því að tíminn er svona stuttur þá ætla ég aðeins að nefna eitt atriði. Hæstv. ráðherra hélt því fram að ég hefði ekki haft umboð til þess að semja í nefndinni. Þetta var öfugmæli. Hæstv. ráðherra hafði ekki umboð til að semja við mig í nefndinni vegna þess að hann komst ekki frá LÍÚ-leiðinni. Hann þurfti að þjóna þeirri niðurstöðu sem hafði fengist með samningum við LÍÚ áður en auðlindanefndin skilaði af sér, niðurstöðu sem hefur fylgt okkur eins og draugur fram á þennan dag. Ég held að hæstv. ráðherra ætti frekar að reyna að spila einhverju út í umræðunni til samkomulags og sátta. Það hefur skort á það frá hæstv. ráðherra. Við munum ekki ná árangri í þessu máli nema hæstv. ráðherra leggi sig fram. Það vantar verulega upp á að það. Ég skora á hann að gera það.

[19:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með frv. þá var verið að reyna að leita sátta. Ég held að hv. þm. Jóhann Ársælsson neiti því ekki að af hálfu nefndarmanna úr meiri hlutanum hafi það verið gert. En eins og fram kemur segir þar einnig að Samfylkingin mundi aldrei samþykkja tiltekna hluti sem fólgnir voru í þeirri tillögu. Ég sé því ekki annað en höfnunin í samkomulagsvinnunni hafi komið frá hv. fulltrúa Samfylkingarinnar, Jóhanni Ársælssyni.

[19:28]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið stóð einfaldlega þannig að þegar rætt var um það lítilræði sem átti að innkalla, samkvæmt þeim hugmyndum sem voru á flögri í nefndinni um hvernig með það ætti að fara, þá lá það skýrt fyrir hjá sjálfstæðismönnunum í nefndinni að ekki kæmi til greina annað en að þeir útgerðarmenn sem væru handhafar kvótans í dag hefðu forkaupsrétt að því lítilræði sem yrði innkallað. Það var bara einfaldlega ekki fyrir hendi að við gætum fallist á slíkt. Tillögur okkar hafa gengið út á að ná árangri, einhverjum áfanga til þess að fá jafnræði inn í þessa atvinnugrein. Það næst ekki með því að þeir sem eru í henni fyrir hafi forgang að því sem er innkallað.

[19:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef mig misminnir ekki þá var þetta lítilræði sem átti að innkalla 4–5% á ári. Það er í nokkru samræmi við það sem kom fram í tillögum Kristins H. Gunnarssonar og Árna Steinars Jóhannssonar sem hv. fulltrúar Samfylkingarinnar hafa farið fögrum orðum um í umræðunni.

Varðandi kaupréttinn sem um er að ræða þá er það stöðugleikinn sem skiptir mestu máli í þessu kerfi og skiptir hinar veikari byggðir mestu máli. Sjávarútvegurinn er atvinnugrein landsbyggðarinnar, númer eitt, og mestu máli skiptir að viðhalda þar stöðugleika. Vandamálið við fyrninguna er að hún kallar á óstöðugleika. Fyrningin snýst um að taka kvótann frá þeim sem eru með hann í dag og færa hann yfir til einhverra annarra. Hinar veiku byggðir á landsbyggðinni þurfa á öðru að halda en að lífsbjörgin sé rifin frá þeim.

[19:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra flutti hérna áðan fróðlegt og yfirgripsmikið erindi um fiskveiðistefnu Færeyinga, um ástand fiskstofna í Færeyjum, um færeyska sjávarútvegsráðherrann, um hitastig í hafi, um skarkola, um brottkast, um nýjar aðferðir til þess að veiða skötusel, um saltfiskmarkað í Katalóníu og svo ræddi hann lítillega um hv. þm. Einar Odd Kristjánsson.

Hæstv. sjútvrh. talaði hins vegar ekki í ræðu sinni um stjórnkerfi fiskveiða og alls ekkert um það frv. sem lá hér fyrir. Hins vegar féll hann í þá gryfju, sem hann er nú búinn að hanga ofan í síðan endurskoðunarnefndin lauk störfum, að veitast að hv. þm. Jóhanni Ársælssyni persónulega og ásaka hann um að hafa slitið einhvern frið.

Herra forseti. Ég held því fram að það sé hæstv. sjútvrh. sem hafi rofið þann frið sem var saminn í auðlindanefndinni með því að taka upp einungis hráan málstað LÍÚ og

kasta burt þeim vísi að samkomulagi sem auðlindanefndin samþykkti, m.a. varðandi veiðigjaldsleiðina.

[19:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá friður sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi, og varð til í auðlindanefndinni, gekk út á það að gera ekki upp á milli tveggja leiða. Samt sem áður var reynt að ná samkomulagi í endurskoðunarnefndinni um leið sem gæti orðið sem flestum hugnanleg. En þegar það náðist ekki varð að velja aðra hvora leiðina.

Og eins og ég hef sagt þurfa byggðirnar á öðru að halda en því að lífsbjörgin sé rifin frá þeim, og eitt af þeim atriðum sem nefndinni bar að líta til var einmitt hagsmunir byggðanna. Og þar af leiðandi, fyrst að ekki var hægt að koma fram með fyrningarleið eða samningshlutdeildarleið sem tryggði stöðugleikann var ekki um annan kost að ræða en að fara veiðileyfagjaldsleiðina.

[19:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvers vegna skyldi nú auðlindanefndin hafa sett fram tvær jafnréttháar tillögur í skilagrein sinni? Getur ástæðan hafa verið sú að það lá auðvitað málamiðlun í því að sameina þessar tvær leiðir? Það var sáttaflöturinn sem m.a. ég taldi að lægi í þessu dæmi. Það var sáttaflöturinn sem hæstv. ráðherra tók og braut með sínum tveimur höndum nokkrum dögum eftir að búið var að ganga frá skilagrein nefndarinnar.

Gefum okkur að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér og nauðsynlegt hafi reynst að fara veiðigjaldsleiðina. En hann lýsir ranglega þeirri leið og hann hefur í frammi vísvitandi blekkingar, segi ég, þegar hann er að lýsa þeirri leið. Hann heldur því fram að það hafi verið hrá leið sem einungis fólst í því að taka gjald fyrir veiðiheimildirnar en láta útgerðarmennina óáreitta hafa þær áfram, óskertar.

Það vill svo til að í auðlindanefndarskýrslunni segir um veiðigjaldsleiðina að setja hafi átt sérstakar reglur til þess að tryggja sveigjanleika í viðskiptum með aflaheimildir og aðgengi í greininni. Og hvernig átti að gera það? Með því að taka upp þá reglu að allir handhafar aflahlutdeildar skuli setja ákveðinn hundraðshluta aflahlutdeilda sinna árlega á markað.

(**Forseti** (GuðjG): Því miður er klukkan í púltinu biluð þannig að mínútan er liðin og vel það.)

Ja, ég bið hæstv. forseta afsökunar, ég gerði mér ekki grein fyrir því.

[19:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Endurskoðunarnefndin leitast við að auka sveigjanleikann með því að leggja til tillögur um meira frelsi í framsali. (**ÖS:** En nú þýðir það ekki.) En eins og fram kemur í nál. með frv. var það Samfylkingin sem hafnaði málamiðlunartillögu um fyrningarleið.

[19:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði byggðirnar þurfa á öðru að halda en að veiðiheimildirnar væru rifnar frá þeim, ég held að ég hafi skrifað þetta rétt eftir honum. (**Sjútvrh.:** Lífsbjörgin.)

Nú er það svo, hæstv. sjútvrh., að það er akkúrat það sem núverandi stjórnkerfi fiskveiðanna hefur gert. Það hefur m.a. orðið til þess að á norðanverðum Vestfjörðum hafa aflaheimildirnar í almennum botnfiski minnkað úr 9,3% fiskveiðiárið 1995 í 4,8% árið 2001.

Síðan vil ég vekja athygli hæstv. ráðherrans á því að smábátasjómenn, sem eru að vinna í veiðikerfi smábátanna, biðjast undan því, hæstv. ráðherra, að þurfa að vinna í þessu brottkastskerfi sem þú varst að láta á þá. Þeir vilja fá að vinna áfram í því kerfi sem þeir hafa verið að vinna í undanfarin ár, eru tilbúnir til þess, og ég veit ekki annað en að þeir hafi tjáð sig jafnvel að þeir væru tilbúnir að taka á sig einhverjar sóknartakmarkanir ef það mætti verða til þess að þeir fengju áfram að veiða í því kerfi sem þeir vilja starfa í en þú vilt ekki leyfa þeim.

[19:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa vissulega orðið breytingar á þeim afla sem berst að landi í hverri verstöð meðan kvótakerfið var að. En þær breytingar hafa ekki orðið meiri en urðu áður en kvótakerfið kom á, þannig að við verðum að gera ráð fyrir því, eins og oftst áður, að það geti verið sveiflur í því hvernig aflinn berst að landi.

En þegar við erum að reyna að stýra veiðinni, m.a. til þess að vernda fiskstofnana, verða allir hlutar flotans að taka þátt í því, líka smábátasjómenn. Og það gengur ekki upp að smábátaflotinn veiði tíu þúsund tonn af óslægðum afla fram yfir ákveðið heildaraflamark hvers árs, og sem svarar þriðjungi heildaraflamarksins. Það gengur ekki, hv. þm.

[19:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að jafnvel á síðasta fiskveiðiári nýtti aflamarksflotinn ekki veiðiheimildir sínar í steinbít. Og ég held að ég muni rétt að það hafi verið hátt í tvö þúsund tonn sem hinn stóri, öflugi aflamarksfloti nýtti ekki í steinbít heldur notaði til að búa sér til aðrar fisktegundir sem hentuðu veiðum hans betur. Þannig vil ég nú segja, hæstv. forseti, að mér finnst þessi mikli áhugi hæstv. sjútvrh. á að keyra menn inn í kvótakerfið í smábátaveiðunum ekki alveg eiga við rök að styðjast.

Ég vil líka vekja athygli á því að með hlýnandi sjó umhverfis landið hefur ýsugengd aukist á grunnslóð og þannig mun það vera meðan sjór er hlýr. Það þýðir að smábátarnir eiga betri aðgang að veiðiheimildum innan tólf sjómílna heldur en t.d. togaraflotinn, sem á almennt ekki veiðiheimildir allt í kringum landið, sérstaklega ekki fyrir vestan og norðan.

Að öllu samanlögðu er það niðurstaða mín að þetta kerfi sem er verið að setja yfir smábátana auki brottkast verulega.

[19:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í staðinn fyrir að vera að rífast um króka-aflamarkskerfið eða kvótakerfið eigum við að reyna að leita leiða til þess að sníða af þá galla sem eru á kerfinu, og hvernig megi aðlaga það breytingum í náttúrunni.

En hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi sérstaklega steinbítinn og að aflamarksskipin hefðu ekki veitt kvótann sinn á þarsíðasta fiskveiðiári (**GAK:** Síðasta.) eða síðasta fiskveiðiári og þá væntanlega þarsíðasta líka. En ég vil minna hann á það að í millitíðinni höfum við gert breytingar á svokallaðri „tegundartilfærslu" sem hann hefur gagnrýnt mjög mikið í langan tíma. Hún er nú takmörkuð og það mun væntanlega leiða til þess að ekki verður hægt að breyta

í svo stórum stíl einni tegund í aðra og væntanlega mun tegundartilfærslan nýtast sem meðaflaregla eins og hún var upprunalega hugsuð.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 19:40.

---

6. FUNDUR

þriðjudaginn 9. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 114. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 114.

[13:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum. Frumvarpið er mál nr. 114 og er að finna á þingskjali 114.

Þetta skattafrumvarp sem er eitt það viðamesta er lagt hefur verið fram um árabil felur í sér víðtækar umbætur í skattamálum, jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum með samsvarandi áhrifum á íslenskt efnahagslíf.

Í fyrsta lagi eru lagðar til margvíslegar breytingar á skatthlutföllum og viðmiðunarstærðum skattkerfisins bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Tekjuskattar fyrirtækja lækka verulega og sama má segja um eignarskatta fyrirtækja og einstaklinga. Nokkur lækkun verður einnig á tekjuskatti einstaklinga auk þess sem lagt er til að skattskylda húsaleigubóta falli niður. Á móti þessum lækkunum er gert ráð fyrir lítils háttar hækkun á tryggingagjaldi frá og með árinu 2003. Breytingarnar taka að öðru leyti gildi ýmist á árunum 2002 eða 2003.

Í öðru lagi er lagt til að verðbólguleiðréttingar í skattskilum og reikningsskilum verði afnumdar sem er stórt skref í átt að aðlögun okkar skattkerfis að kerfum annarra ríkja.

Í þriðja lagi er lagt til að skattaleg meðferð einstaklinga í atvinnurekstri við yfirfærslu rekstrar í einkahlutafélag lúti sömu reglum og yfirfærslur milli annarra félagaforma. Að lokum eru lagðar til ýmsar breytingar er fyrst og fremst snúa að túlkun og framkvæmd laganna.

Víkjum þá nánar að einstökum tillögum.

Sem fyrr segir er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á skattalögum sem varða bæði einstaklinga og fyrirtæki og munu þessar breytingar koma til framkvæmda á næstu tvö árin. Að því er varðar einstakar breytingar frumvarpsins á sköttum einstaklinga eru þessar helstar:

Í fyrsta lagi ber að nefna hækkun á fríeignarmörkum almenna eignarskattsins og sérstaka eignarskattsins, hins svokallaða þjóðarbókhlöðuskatts, um 20% til þess að koma í veg fyrir að hækkun fasteignamats á þessu ári leiði til hækkunar eignarskatta á næsta ári. Ef ekki kæmi til þessi hækkun á lögunum að þessu leyti til og þessi breyting á fríeignarmörkunum myndu tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni aukast um á að giska 1 milljarð kr.

Í annan stað verða frítekjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga, hinum svokallaða hátekjuskatti, hækkuð um 15% vegna tekna sem aflað er á þessu ári. Þetta þýðir að þeir sem eru að greiða fyrir fram upp í þennan skatt á síðari hluta yfirstandandi árs munu í einhverjum tilvikum eiga inneign við endanlega álagningu skattsins í lok júlí á næsta ári.

Í þriðja lagi mun almenni tekjuskatturinn lækka um 0,33%, þ.e. úr 26,08% í 25,75% frá næstu áramótum, sem kemur til framkvæmda við staðgreiðslu í byrjun árs 2002. Þessi ákvörðun var tekin í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum á liðnum vetri í góðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, en hún hefur ekki verið lögfest og er þess vegna hluti af þessu frumvarpi hér.

Í fjórða lagi lækkar almennur eignarskattur einstaklinga úr 1,2% í 0,6% miðað við árslok 2002. Jafnframt því mun sérstaki eignarskatturinn, hinn svokallaði þjóðarbókhlöðuskattur sem í dag er 0,25%, falla niður frá sama tíma. Áhrif þessara breytinga munu koma fram við álagningu á árinu 2003. Í þessu sambandi má benda á að með upptöku samræmds fjármagnstekjuskatts árið 1996 með álagningu 10% skatts á nafnvexti sem áður voru skattfrjálsir og lækkun skatta á öðrum fjármagnstekjum einstaklinga, brustu veigamiklar forsendur fyrir álagningu eignarskatta á einstaklinga. Af ýmsum ástæðum var þó á þessum tíma ekki talið tímabært að lækka eða afnema eignarskatta samhliða upptöku fjármagnstekjuskattsins, meðal annars vegna þess að fyrstu áætlanir gáfu til kynna að fjármagnstekjuskatturinn mundi skila tiltölulega litlum tekjum. Annað hefur hins vegar komið á daginn og af þeim ástæðum er talið eðlilegt að stíga myndarlegt skref í átt til lækkunar eignarskatta á einstaklinga.

Í fimmta og síðasta lagi er lagt til að húsaleigubætur verði skattfrjálsar frá og með árinu 2002 til að létta undir með þeim sem minna mega sín á húsnæðismarkaðnum.

Framangreindar breytingar á sköttum einstaklinga eru eðlilegt framhald af þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar á kjörtímabilinu, eins og lækkun almenna skatthlutfallsins, breytingum á barnabótum, fullri millifærslu persónuafsláttar milli maka, auknum heimildum til viðbótarlífeyrissparnaðar o.s.frv.

Eins og áður sagði felur frumvarpið einnig í sér viðamiklar breytingar á sköttum fyrirtækja. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að nú er tæplega áratugur frá því að gripið var til umfangsmikilla skattalækkana á atvinnurekstrinn í landinu til þess að treysta undirstöður íslensks atvinnulífs og koma

efnahagslífinu upp úr þeirri lægð sem það var í á þeim tíma. Hæst bar veruleg lækkun tekjuskatts fyrirtækja á þeim tíma sem og afnám aðstöðugjaldsins. Með þessum breytingum varð skattalegt umhverfi fyrirtækja hér á landi með því besta sem þekktist í okkar helstu viðskiptalöndum.

Frá þessum tíma hafa hins vegar orðið stórfelldar breytingar á alþjóðavettvangi sem hafa gjörbreytt þessari mynd. Samhliða auknu frelsi í alþjóðaviðskiptum hafa augu stjórnvalda í vaxandi mæli beinst að því að treysta samkeppnisstöðu fyrirtækja, meðal annars með lækkun fyrirtækjaskatta. Af hálfu atvinnulífsins hefur verið brugðist við þessari þróun með aukinni hagræðingu, sameiningu fyrirtækja og fleiri viðlíka aðgerðum. Þetta hefur reynst nauðsynlegt til þess að fyrirtæki geti mætt sífellt aukinni samkeppni erlendis frá, þar sem landamæri skipta sífellt minna máli og fjármagn, fyrirtæki og vinnuafl leita einfaldlega til þeirra landa sem bjóða hagstæðustu aðstæðurnar.

Íslenskt atvinnulíf býr að mörgu leyti við erfiðari aðstæður frá náttúrunnar hendi, ef svo má segja, heldur en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarins sem og fjarlægðar okkar frá erlendum mörkuðum. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífinu starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

Enn fremur bendir margt til þess að íslenskt atvinnulíf búi ekki lengur við það forskot sem hér ríkti í skattalegu tilliti á síðasta áratug. Þetta á við um tekjuskattshlutfallið sem í dag er rétt undir meðallagi OECD-ríkjanna, en var langt fyrir neðan það fyrir tæplega áratug. Einnig er rétt að hafa í huga að samhliða lækkun skatthlutfallsins hér á landi var skattstofninn breikkaður með afnámi ýmissa frádráttarheimilda og er skattstofninn því óvíða jafnbreiður og hér. Eins má halda því fram að álagning eignarskatta á fyrirtæki líkt og hér er gert sé að verða einsdæmi meðal vestrænna ríkja enda hafa flest ríki sem enn lögðu eignarskatta á fyrirtæki á upphafi síðasta áratugar fellt þá niður.

Herra forseti. Þetta eru í stuttu máli þau efnahagslegu rök sem liggja að baki þeim breytingum sem er að finna í frumvarpinu á skattlagningu fyrirtækja. Hér eru á ferðinni einhverjar umfangsmestu skattalækkunaraðgerðir sem gripið hefur verið til gagnvart íslensku atvinnulífi. Enginn vafi leikur á því að þær munu örva atvinnulífið og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu þess, bæði fyrir tilstilli innlendra og erlendra fyrirtækja og þannig renna traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf.

Lítum þá nánar á einstaka þætti þessara breytinga. Fyrsta breytingin og væntanlega sú veigamesta er lækkun tekjuskatts hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaða ábyrgð úr 30% í 18% á árinu 2002 sem kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2003. Á sama tíma lækkar tekjuskattur sameignarfélaga og samlagsfélaga úr 38% í 26%.

Í öðru lagi er helmingslækkun almenna eignarskattsins, þ.e. úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002. Jafnframt verður sérstaki eignarskatturinn afnumin frá sama tíma. Þessi áhrif munu koma fram við álagningu ársins 2003.

Í þriðja lagi er lagt til að tryggingagjaldið hækki um 0,77% til að skapa betra og meira svigrúm fyrir ríkissjóð í ljósi framangreindra breytinga. Hér er því valin sú leið að lækka skatta á fjármagn og hækka skatta á vinnuafl sem er að mörgu leyti rökrétt miðað við ríkjandi aðstæður og stuðlar að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Einnig er rétt að hafa í huga að tryggingagjöld hér á landi eru tiltölulega lág miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum jafnvel þótt tekið sé tillit til lífeyrisiðgjalda.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum og reikningsskilum frá 1. janúar 2002. Það er stórt skref í aðlögun okkar skattkerfis að kerfum annarra ríkja. Alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja og allt starfsumhverfi þeirra kallar á þessa breytingu, þ.e. að reikningsskil þeirra verði samburðarhæf við reikningsskil erlendra keppinauta, auk þess sem erlendir viðskiptaaðilar skilja almennt ekki afkomuhugtak íslenskra fyrirtækja.

Ekki er auðvelt að meta áhrif þessara aðgerða til fullnustu á afkomu ríkissjóðs. Ef einungis er horft til bráttóáhrifa, þ.e. án tillits til hugsanlegra áhrifa þeirra á almenna framvindu efnahagsmála og þar með einnig á afkomu ríkissjóðs, má ætla að tekjur ríkissjóðs gætu lækkað um nálægt 7 milljörðum króna á næstu þremur árum. Þessi fjárhæð gefur hins vegar engan veginn rétta mynd af stöðunni þar sem hér er alveg litið fram hjá ýmsum veigamiklum efnahagslegum áhrifum þessara aðgerða sem munu m.a. birtast í auknum fjárfestingum, aukinni atvinnu, aukinni tekjumyndun og almennt auknum umsvifum í þjóðarbúskapnum. Meðal annars má ætla að þessar aðgerðir muni leiða til bæði aukinna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi og koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda. Jafnframt má ætla að lækkun eignarskatta skili sér að hluta í auknum þjóðhagslegum sparnaði og að hluta í aukinni veltu. Öll þessi atriði eru í reynd grundvallarforsenda þess að gripið er til þessara aðgerða.

Niðurstöður útreikninga á efnahagslegum áhrifum aðgerðanna benda til þess að nettóáhrif skattalækkana af þessari stærðargráðu á afkomu ríkissjóðs séu um það bil helmingur þeirrar fjárhæðar sem áður var nefnd eða nálægt 3,5 milljörðum króna. Jafnvel má telja sennilegt að jákvæðu áhrifin verði mun meiri, ekki síst þegar fram í sækir.

Að lokum er rétt að fara nokkrum orðum um önnur atriði frumvarpsins sem sum hver eru ekki síður mikilvæg jafnt fyrir einstaklinga sem fyrirtæki.

Fyrst ber að nefna breytingar á skattskyldu við yfirfærslu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verið að færa eigur einstaklings í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft. Markmiðið með þessari breytingu er að gera einstaklingum í atvinnurekstri kleift að breyta um rekstrarform án þess að til skattlagningar söluhagnaðar komi. Eingöngu er gert ráð fyrir að hægt sé að breyta einstaklingsrekstri í einkahlutafélag en ekki í hlutafélag eða önnur rekstrarform. Í gildandi lögum er að finna ákvæði er fjalla um sameiningu og skiptingu félaga. Samkvæmt umræddum ákvæðum hefur skipting eða sameining hlutafélaga, samvinnufélaga og sameignarfélaga ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann er lætur eignarhlut sinn í hlutafélagi, samvinnufélagi eða sameignarfélagi af hendi enda séu skilyrði umræddra ákvæða uppfyllt að öðru leyti. Í ljósi þess þykir eðlilegt að einstaklingum sem stundað hafa rekstur í eigin nafni verði heimilt að umbreyta rekstrarforminu og færa reksturinn yfir í einkahlutafélag án þess að til skattskyldu verði stofnað enda er í raun ekki um yfirfærslu eigna að ræða heldur fyrst og fremst umbreytingu á rekstrarformi.

Annað atriði frumvarpsins sem vert er að nefna er skattaleg meðferð samlagsfélaga, samlagshlutafélaga og eigenda þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði skýrt á um

skattalega meðferð samlagshlutafélaga og samlagsfélaga. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er ekki að finna ákvæði um þessi félagsform. Hins vegar hefur samlagshlutafélögum verið skipað á bekk með hlutafélögum með tilliti til skattskyldu. Þannig var að finna í eldri lögum ákvæði um skattlagningu samlagshlutafélaga, en með lögum nr. 30/1971 féll það ákvæði niður. Ástæða þess er talin sú að menn hafa á þeim tíma ekki talið félagsform þetta skipta miklu máli þar sem það tíðkaðist lítt hér á landi. Hins vegar er í auknum mæli farið að bera á þessu félagsformi á ný og í ljósi þess er lagt til að kveðið verði skýrt á um skattalega meðferð samlagshlutafélaga og samlagsfélaga. Er í frumvarpinu lagt til að um skattalega meðferð samlagshlutafélaga fari eins og um hlutafélög, þar með talið um skattalega meðferð arðs til eigenda, en samlagsfélaga eins og um sameignarfélög.

Til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og lúta að lækkun á skatthlutfalli lögaðila eru lagðar til breytingar á reiknuðu endurgjaldi.

Markmið með breytingum sem gerðar eru á orðalagi gildandi laga er að leitast við að koma í veg fyrir að hluthafar eða hlutareigendur í fyrirtækjum ákvarði sér laun eða endurgjald langt undir því sem almennt getur talist eðlilegt endurgjald fyrir sambærileg störf fyrir óskylda eða ótengda aðila. Í frumvarpinu er styrkt sú skattframkvæmd sem verið hefur, að vinna manns í atvinnurekstri lögaðila sem hann eða fjölskylda hans á eignar- eða stjórnunaraðild að, verði skattlögð með sambærilegum hætti og vinna hans í eigin rekstri. Ekki þarf að taka fram að þessum ákvæðum er að sjálfsögðu ætlað að koma í veg fyrir að menn færi sér í nyt ný ákvæði laga hér til að misnota þau.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til smávægilegar breytingar á ákvæðum gildandi laga um skattalega meðferð framlags launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda þar sem túlkun gildandi ákvæða, eins og þeim var breytt með lögum nr. 86/2000, hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd. Er þar einkum um að ræða annmarka sem lúta að því að forsendur fyrir útreikningum á því hvernig meta skuli áunnin lífeyrisréttindi og þau lífeyrisréttindi sem gert er ráð fyrir að aflað verði til framtíðar, eru óljósar. Því eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ákvæðinu sem miða að því að skýra og auðvelda framkvæmd þess án þess að efnisreglum verði breytt.

Að lokum er rétt að nefna tillögu um gjaldtöku vegna útgáfu bindandi álita í tvísköttunarmálum. Samkvæmt gildandi lögum hefur ríkisskattstjóri heimild til að taka sérstakt gjald fyrir útgáfu bindandi álita, sbr. lög nr. 91/1998. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra verði veitt sams konar gjaldtökuheimild til útgáfu bindandi álita er varða túlkun tvísköttunarsamninga. Er gjaldinu ætlað að standa straum af þeim kostnaði sem fjmrn. hefur af gerð slíkra álita.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum þessa umfangsmikla og mikilvæga frv. Ég vona að um þetta mál geti orðið góð samstaða hér á Alþingi þótt að sjálfsögðu sé ekki hægt að ætlast til þess að öll pólitísk öfl með sínar mismunandi forsendur geti sameinast um þingmál sem þetta. Þetta mál hefur hins vegar fengið afar vandaða umfjöllun í fjmrn. og á vegum ríkisstjórnarflokkanna á undanförnum mánuðum. Það hefur verið lengi til umfjöllunar og það hefur verið undirbúið í mínu ráðuneyti, m.a. með starfi vinnuhópa og nefnda, í mjög langan tíma. Það er þess vegna rangt að halda því fram að það hafi verið hrist fram úr erminni á tímabilinu 1.–3. október vegna gagnrýni aðila hér innan þings.

Það tókst að halda þessu máli á þeim vettvangi sem til var stofnað, þ.e. innan ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna, án þess að fréttir bærust af því út um víðan völl eins og stundum gerist, og ég tel að það sé afar mikilvægt. Þetta gerðum við m.a. til þess að koma í veg fyrir óheppileg áhrif slíkra tíðinda á starfsemi fyrirtækja í landinu og á verðbréfamarkaðinn almennt séð eða fjármagnsmarkaðinn allan. Menn verða að hafa það í huga í sambandi við svona mál, enda þótt búið hafi verið að tala almennt um þessar breytingar sem stefnu ríkisstjórnarinnar, að engum hlut er í raun og veru lokið fyrr en öllu er lokið í pakka af þessu tagi. Það er ekkert mál frá fyrr en öll málin eru frá. Frá þessu máli var gengið milli ríkisstjórnarflokkanna fyrir nokkru síðan og ákveðið að hafa kynninguna á því með þeim hætti sem orðið hefur, þ.e. að kynna það opinberlega tveim dögum eftir framlagningu fjárlagafrv. Ég tel að það hafi gefist vel og gefið mjög góða raun og við sjáum á viðbrögðunum á fjármagnsmarkaðnum hvílík ánægja er með þetta mál á þeim vettvangi, og það er vel. Ég hygg að það sé í fyrsta skipti sem slík mælanleg viðbrögð verða við tíðindum af þessu tagi, í það minnsta var met á verðbréfamarkaðnum hvað varðar hækkun á einum degi.

Ég vil líka bæta því við, vegna þess að ýmsir eru eðlilega að velta fyrir sér hvað þetta muni kosta ríkissjóð í krónum talið, að við teljum það mat sem liggur fyrir hér í frv., ef eitthvað er, vanmeta þær tekjur sem ríkissjóður mun hafa af þessu máli í heild sinni og ofáætla hið hugsanlega tekjutap. Ég hef t.d. ekki nefnt það, sem þó er augljóst, að söluhagnaður af ríkisfyrirtækjum þeim sem ætlunin er nú að selja mun að sjálfsögðu vaxa vegna þessara breytinga. Verðmæti fyrirtækjanna mun aukast vegna þess að tekjustreymið í þeim verður meira sem nemur þessum skattbreytingum. Þess vegna er alveg ljóst að ríkissjóður mun hafa verulegan ávinning af auknum söluhagnaði þeirra fyrirtækja sem hér er um að ræða, Landssímans, Landsbankans og Búnaðarbankans, og einfalt mál að nefna ágiskanir um hversu mikið gæti verið þar um að ræða, og það hefur reyndar verið gert hér í þingsalnum af hv. þm. Pétri Blöndal við umræðu um fjárlagafrv. í liðinni viku.

Það eru auðvitað mörg fleiri atriði sem koma við sögu í þessu máli. En menn verða líka að hafa í huga tímasetningarnar á þessum aðgerðum. Fyrsti hluti þeirra kemur til framkvæmda um áramót en stærsti hluti þeirra hefur ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs fyrr en á árinu 2003. Þess vegna verða menn að huga vel að slíkum þáttum, tímasetningunni, þegar menn eru að meta áhrifin af þessu frv.

Ég er hins vegar ekki í vafa um það að sú staðreynd, að samkvæmt þessu frv. mun tekjuskattur fyrirtækja lækka strax um næstu áramót, mun hafa mikil áhrif á hegðun fyrirtækja úti á markaðnum frá og með næstu áramótum og jafnvel fyrr, jafnvel frá og með framlagningu þessa máls hér á Alþingi. Og það er ekki vafi á því að þau áhrif munu öll verða til hins betra, þ.e. í átt til meiri umsvifa, meiri atvinnu, meiri fjárfestingar og framkvæmda og þar með meiri skatttekna þegar fram í sækir. Áhrifin af þessu frv. eru í átt til þess að örva atvinnulífið.

Sumir segja að hækkun tryggingagjaldsins muni verða til þess að draga úr krafti svokallaðra vaxtargreina í iðnaði, sprotafyrirtækja og fleiri þess háttar aðila. Þá verða menn að hafa í huga að mörg slík fyrirtæki hafa á undanförnum árum

verið að hasla sér völl, fyrirtæki í íslenskri eigu, ekki hér á Íslandi heldur erlendis, í Lúxemborg, í Danmörku, hér og þar þar sem menn hafa stofnað í kringum þau eignarhaldsfélög. Og vegna hvers er það? Það er vegna þess að menn eru að safna eigin fé inn í þessi fyrirtæki hjá þeim sem hafa trú á framtíðartekjustreymi þeirra og að þau muni verða arðbær og geta borgað tekjuskatt í framtíðinni. Menn eru að safna hlutafé frá slíkum aðilum en vegna núverandi skattkerfis okkar borga menn eignarskatt af slíku innborguðu eigin fé og þess vegna hafa menn verið að koma sér fyrir annars staðar, þó að um sé að ræða íslensk fyrirtæki og íslenska starfsmenn, til þess að losna við þennan eignarskatt.

Og hvað erum við að gera hér með þessum tillögum? Við erum einmitt að koma til móts við slík fyrirtæki með því að lækka eignarskattinn. Og ég sé auðvitað fyrir mér að þetta sé aðeins skref, áfangi í því að leggja hann síðan niður, a.m.k. hvað varðar atvinnureksturinn eins og mörg önnur lönd hafa verið að gera.

Hvað segir þetta okkur þá? Þetta segir okkur náttúrlega að það er ekki hægt að taka eitt atriði út úr þessum pakka og horfa á það einangrað. Það er ekki bara hægt að segja: Tryggingagjaldið getur íþyngt sprota- og vaxtargreinum í nýja hagkerfinu. Það er rétt, það getur gert það. Það er ábyggilega hugsanlegt að finna slík dæmi. En þá verða menn að horfa á hina þættina líka og hugsa með sér: Hvað kemur þarna á móti? Ég tel ekki minnsta vafa á því að það sem kemur á móti er yfirgnæfandi hagstætt og þegar menn taka þennan pakka í heild sinni, horfa á hann með allt atvinnulífið í huga, allan atvinnureksturinn í landinu og þar með hagsmuni allra landsmanna, sé þetta yfirgnæfandi jákvætt.

Ég ætla ekki að bæta frekar við þetta mál, herra forseti, í þessa framsögu. Ég tel að sjálfsögðu að það sé mjög margt í þessu máli sem þarf að skoða í þingnefndinni. Nú skulum við gá að því að við erum hérna með eitthvert flóknasta skattamál á milli handanna sem þingið hefur fengið til meðferðar í mörg ár. Og þess vegna m.a. var lögð áhersla á að geta útbýtt því í Alþingi 3. október en vera ekki með það á síðustu dögum þinghalds fyrir jól. Það var til þess að Alþingi fengi eðlilegan vinnutíma til að fjalla um það en það var líka til þess að allir aðilar úti í þjóðfélaginu sem láta sig þetta varða, og þeir eru margir, hefðu svigrúm og tíma og tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum að og þyrftu ekki að vinna það undir mikilli tímapressu eins og því miður hefur oft verið raunin. Ég tel að þessi vinnubrögð séu til fyrirmyndar. Og ég undrast það ef menn eru að gagnrýna að þetta frv. hafi komið svona snemma fram, en sú athugasemd hefur borist mér til eyrna. Það er auðvitað aukaatriði. Aðalatriðið er núna að þingnefndin setjist yfir það, kalli fram öll sjónarmið sem ástæða er til að hlýða á, gefi mönnum færi á að koma sínum sjónarmiðum að og síðan afgreiðum við þetta mál tímanlega fyrir áramót þannig að allir viti hvar þeir standa í þessum efnum frá og með 1. janúar nk. Og þá mun ekki líða á löngu þar til atvinnufyrirtækin í landinu taka við sér, þá mun ekki líða á löngu þar til umhverfið verður breytt, við getum hætt að hafa áhyggjur af því að missa fyrirtækin okkar úr landi. Við getum frekar farið að huga að því að kalla heim þau sem eru horfin og leita fanga á nýjum vígstöðvum að því er varðar erlend fyrirtæki sem gætu hugsað sér að setjast hérna að með alvöruatvinnustarfsemi.

Þetta er markmiðið með málinu, herra forseti. Það er þess vegna sem við höfum lagt svona mikla vinnu í það og undirbúið það jafn vel og raun ber vitni. Og ég vona svo sannarlega að þetta mál fái hér málefnalega og vandaða umfjöllun þó að ég geri auðvitað ekki kröfu til þess að allir séu sammála hverju einasta atriði sem hér er lagt af stað með. En ég held að stefnan sem er mótuð í frv. sé mjög til framdráttar og heilla íslensku samfélagi.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu og enn fremur til 2. umr.

[13:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að þetta mál hafi verið lengi í undirbúningi í ráðuneyti hans og ég dreg það ekki í efa. Þetta mál er þannig vaxið að það er nauðsynlegt að ná um það sem bestri samstöðu og fá sem mesta málefnalega umræðu um það.

Nú hefur það hins vegar gerst, herra forseti, að um leið og þetta mál kemur fram hefur Alþýðusamband Íslands brugðist ákaflega harkalega við og kvartað undan skorti á samráði. Í yfirlýsingu sem frá því kom í gær segir að ekki bendi neitt til annars en að hækkun tryggingagjaldsins, sem hæstv. ráðherra mærði svo hérna áðan, mundi fara beint út í verðlagið, auka verðbólgu og þannig leiða til beinnar kaupmáttarskerðingar fyrir almenning í landinu. Sömuleiðis segir þar að þessar aðgerðir muni leiða til minni umsvifa og samdráttar í viðskiptum. Og í þriðja lagi, herra forseti, segir í ályktun ASÍ að það sé vandséð hvernig verkalýðshreyfingin komist hjá því að segja launalið kjarasamninga upp í byrjun næsta árs.

Ég spyr því, herra forseti: Hvað segir hæstv. fjmrh. við þessari efnislegu gagnrýni Alþýðusambands Íslands? Meira fýsir mig þó að vita, herra forseti: Er það svo að þessar viðamiklu tillögur séu lagðar fram án þess að nokkurt samráð sé haft við Alþýðusamband Íslands?

[13:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var hvorki haft samráð um þessar tillögur við Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Verslunarráðið né aðra slíka aðila. Hins vegar er auðvitað nægt svigrúm til þess eftir að málið er komið fram að fara yfir þetta og ég tel að það sé auðvitað eðlilegt. Og ég fagna því að ASÍ skuli nú hafa birt landsmönnum skoðanir sínar á þessu máli.

Hins vegar verð ég að segja það að ég skil ekki alveg þessa gagnrýni. Hvernig má það vera að hækkun tryggingagjalds, sem á að koma til framkvæmda 1. jan. 2003, geti haft áhrif á það sem menn eru að sýsla í kjaramálunum í byrjun árs 2002? Hvernig má það vera að hækkun tryggingagjalds árið 2003 geti haft þannig áhrif á verðbólguna á árinu 2001 og í janúar eða febrúar 2002? Ég held að þetta standist bara ekki, herra forseti.

Þar að auki er algjörlega ósannað mál og ekki hægt að fullyrða um það að hækkun tryggingagjaldsins muni koma beint fram í verðlaginu. Hvað þá með lækkun tekjuskattsins, hvað þá með lækkun eignarskattsins? Virkar það ekki í hina áttina? Og það eru yfirgnæfandi áhrif.

Þannig að ég held að menn geti ekki fullyrt um þetta en það er sjálfsagt að fara yfir það.

[13:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra sagði hér í lokaorðum andsvars síns er ekki hægt að fullyrða að öllu leyti um

afleiðingar þessara aðgerða. Hann býður líka upp í dans hér í þessum sölum og segir: Það er sjálfsagt að fara yfir þetta.

Ég fagna auðvitað þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra, herra forseti. Nefndin sem á að fá þetta til umfjöllunar verður að fá ráðrúm til þess að fara yfir málið. En það vill svo til að á baksíðu DV í dag lýsir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, því yfir að engum stafkrók verði breytt í þessu frv. Það er nefnilega þannig að margt í því frv. sem hér liggur fyrir er ákaflega jákvætt. Margt er hins vegar þess eðlis að það þarf að skoða betur alveg eins og hæstv. ráðherra bendir hér á. Þess vegna finnst mér það nokkuð umhendis þegar talsmenn stjórnarinnar í þessu máli, t.d. hv. formaður efh.- og viðskn., lýsa slíku yfir.

Ég býst auðvitað við því að hæstv. ráðherra muni tryggja nefndinni ráðrúm til að vinna málið en ég lýsi því þó yfir, herra forseti, að ég tel að svona viðamikið mál hefði átt að bera undir Alþýðusamband Íslands.

[14:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei flutt frv. á Alþingi sem ekki hefur mátt breyta stafkrók í. Að sjálfsögðu er það ekki þannig með þetta mál. Alþingi hefur auðvitað síðasta orðið. Alþing hefur lagasetningarvaldið. Það þarf ekki að ræða það. Þetta frv. er auðvitað lagt fram og fær þinglega meðferð til þess að farið verði í saumana á hverju einasta atriði.

Mér þykir Alþýðusambandið hins vegar taka nokkuð drjúgt upp í sig í yfirlýsingu sinni, sem ég hef undir höndum, með því að fullyrða að þetta frv. leiði til kjaraskerðingar og muni setja kjarasamninga í uppnám. Ég leyfi mér að efast um spádómsgildi þeirrar fullyrðingar og spyr: Hvernig geta menn fullyrt þetta, með tilliti til tryggingagjaldsins, að þessi verði áhrifin á árinu 2002 þegar tryggingagjaldið tekur ekki gildi fyrr en 2003? Ég veit ekki hvernig menn geta fullyrt það.

Hér er talað um að venjulegt launafólk eigi að taka á sig kjaraskerðinguna og þess háttar. Það er ekki nein kjaraskerðing í þessu frv. að okkar dómi. Þvert á móti er markmiðið að bæta kjörin, efla atvinnulífið, hækka launin og auka velmegun í landinu.

[14:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði að hann kynnti þinginu umfangsmestu skattalækkanir fyrir atvinnulífið fyrr og síðar. Ég hef efasemdir um að þetta sé rétt orðalag. Ég efast um að þessar skattkerfisbreytingar muni koma íslensku atvinnulífi til góða. Þær munu leiða til þess að dregið verður úr þeirri stoðþjónustu sem atvinnufyrirtæki og heimili njóta í landinu. Hitt sé annað mál að þetta mun gagnast þeim fyrirtækjum sem búa við hagnað en ekki hinum sem núna þurfa að þola auknar álögur í formi tryggingaiðgjaldsins.

Spurningin sem ég vildi bera fram til hæstv. ráðherra er þessi: Hvernig svarar hæstv. fjmrh. Íslands Öryrkjabandalaginu sem hefur lýst furðu sinni á því að á sama tíma og dregið er úr skattheimtu við öflugustu og stöndugustu fyrirtæki landins þá er látið undir höfuð leggjast að létta hlut þeirra í íslensku þjóðfélagi sem standa verst að vígi? Öryrki sem hefur 80 þús. kr. á mánuði er skattlagður um 70 þús. kr. á ári. Við þessu er ekki hreyft og ég inni hæstv. fjmrh. eftir skýringum á þessu.

[14:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bera benda hv. þm. á að við höfum í tvígang á síðasta þingi sett ný lög til þess að bæta hlut þeirra aðila sem hér var spurt um. Við settum ný lög í maí sem voru hugsuð til þess að rétta hlut þess hóps sem þingmaðurinn gat um. Ég veit ekki betur en það kosti ríkissjóð stórfé á ári hverju. Má ég svo benda á að það er gert ráð fyrir því að hinar almennu bætur muni hækka í upphafi næsta árs samkvæmt fjárlagafrv. um rúmlega 7% á meðan almenn launahækkun fyrir fólkið sem hann t.d. er umboðsmaður fyrir, opinbera starfsmenn, og reyndar einnig á almenna vinnumarkaðinum, er 3%. Þannig er með engu móti hægt að halda þessu fram eins og hv. þm. gerir. Það er bara ekki sanngjarnt.

[14:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fullyrðir að komið hafi verið til móts við öryrkja á Íslandi. Hér fóru fram einhverjar mestu umræður í sögu Alþingis um frægan dóm Hæstaréttar sem ríkisstjórn Íslands gekk gegn og Öryrkjabandalagið, sem var að halda upp á afmæli sitt fyrir fáeinum dögum, lýsir því yfir að öryrkjar á Íslandi búi við lögskipaða fjárhagsneyð.

Sá öryrki sem mestar bætur getur fengið fær 80 þús. kr. úr ríkissjóði. Fjárhaldsmaður þessa sjóðs, hæstv. fjmrh., hefur talað fyrir skattkerfisbreytingum sem fela í sér umtalsverðar skattalækkanir hjá þeim fyrirtækjum á Íslandi sem skila hagnaði. Þetta er gert á sama tíma og virtar eru að vettugi kröfur og óskir frá íslenskum öryrkjum og Öryrkjabandalaginu.

Ég endurtek spurningu mína við hæstv. fjmrh.: Hvernig svarar hann Öryrkjabandalagi Íslands?

[14:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að mótmæla því sem fram kom í upphafi síðasta andsvars hv. þm., að ríkisstjórnin hafi ekki virt dóm Hæstaréttar. Á Alþingi voru sett sérstök lög til þess að unnt væri að framfylgja þeim dómi, svo óljós sem hann var. Þingmaðurinn veit náttúrlega mætavel að það kostaði ríkissjóð stórfé, bæði sú lagasetning og eins lagasetningin í maí sem kom í kjölfar nefndarstarfs vegna þessa máls.

Ég vil svo bæta því við að þetta frv. sem við erum nú með til umræðu hefur það að markmiði að efla atvinnulífið á Íslandi til þess að það geti skapað meiri verðmæti sem við getum síðan fengið meiri skatttekjur af. Skyldi það ekki verða raunin á endanum, þegar öllu er á botninn hvolft, að vegna ráðstafana af þessu tagi munum við hafa meira til ráðstöfunar í okkar sameiginlega sjóð til að leggja í félagsleg verkefni og til þess að greiða þeim sem eru bótaþegar á Íslandi og eiga allt gott skilið meiri bætur en ella. Ég held að það sé akkúrat þannig. Það er undirstaða þess máls sem hér var hreyft við.

[14:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins einn þáttur úr þessum skattalagapakka sem ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um, þ.e. áform um að gera fyrirtækjum mögulegt að breyta úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög, sem er fyrst og fremst umbreyting á rekstrarformi eins og hæstv. fjmrh. sagði. En við þessa breytingu tapa sveitarfélögin töluverðum tekjum vegna þess að einstaklingsrekstur borgar hærri skatta og þar

af er hluti sveitarfélaga tæplega 12%. Ef við tökum dæmi af fyrirtæki með 5 millj. kr. hagnað þá er sveitarfélagið að tapa 600 þús. kr. af sköttum þessa fyrirtækis sem annars hefði verið í einstaklingsrekstri. Við að gera fyrirtækjum kleift að breyta þessu yfir í einkahlutafélög, sem ég hef ekki á móti, þá tapast þessar 600 þús. kr. af tekjuskattinum sem annars hefði runnið til sveitarfélagsins en ríkið fær áfram sitt.

Hér er að mínu mati, herra forseti, enn einu sinni ráðist á tekjustofna sveitarfélaga. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. út í þessa skiptingu og hvernig hún verður hugsuð eftir þetta, eftir þær breytingar sem eru boðaðar. Hvernig á að bæta sveitarfélögunum upp þetta tekjutap ef allir sem stunda einstaklingsrekstur í dag breyta rekstrarforminu í einkahlutafélög og fara í 18% tekjuskatt þar sem allt fer til ríkisins en ekkert til sveitarfélaganna?

[14:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er hreyft við athyglisverðu atriði. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða um þetta frekar en margt annað. Þetta er reyndar hægt að gera í dag. Menn geta breytt rekstri sínum úr einstaklingsbundnu formi yfir í einkahlutafélög og þá gerist það sama að því er varðar sveitarfélögin. Þá dettur niður útsvarið hjá sveitarfélögunum þannig að við vitum í raun ekki hversu margir muni hagnýta sér þetta eða með hvaða hætti.

En miðað við tölurnar sem þingmaðurinn nefndi þá lækka náttúrlega tekjur ríkissjóðs líka úr 26% skatti ofan í 18% skatt. Þetta er hins vegar hlutur sem þarf að fara betur í og m.a. ræða þetta við Samband ísl. sveitarfélaga. Þetta er nokkuð sem við höfðum áttað okkur á en það er ekki með nokkru móti hægt að kasta á þetta ákveðinni tölu. Við vitum ekki hve mikil breytingin er af því að við getum gert þetta í dag þó að líklegt sé að fleiri muni taka upp slíkt rekstrarform samkvæmt nýja kerfinu en gera það í dag.

[14:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar. Mér virtist það koma honum á óvart að komið var inn á þennan þátt málsins. Það er sannarlega rétt að fyrirtæki geta gert þetta í dag en það eru alls konar hindranir í skattkerfinu sem hamla slíkum breytingum eins og hæstv. fjmrh. gat um í ræðu sinni áðan. Nú stendur til að gera breytingar sem eiga að auðvelda einstaklingum að taka upp slíkt rekstrarform.

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því en vil að sjálfsögðu sjá að sveitarfélögunum verði bætt upp tekjutapið sem þarna verður. Það er sannarlega rétt að ríkissjóður mun tapa. Af þessu dæmi sem ég tek mundi ríkissjóður tapa 438 þús. í skatt en sveitarfélagið 600 þús. Þannig er mismunurinn. Það væri ekki í fyrsta skiptið sem hæstv. ríkisstjórn ákveður að ráðast á tekjustofna sveitarfélaga.

Hins vegar fagna ég þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. er hann gerði lítið úr yfirlýsingum formanns efh.- og viðskn. um að engu yrði breytt í meðförum efh.- og viðskn. Ég held, herra forseti, að hæstv. fjmrh. ætti að beita sér fyrir því að efh.- og viðskn. taki þetta upp og tryggi tekjustofna sveitarfélaga í þessu sambandi.

[14:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér er litlu við þetta að bæta. Þetta mál liggur alveg fyrir. Einstaklingsfyrirtæki geta í dag breytt sér yfir í einkahlutafélög. Þá myndast í mörgum tilfellum söluhagnaður sem í dag er skattlagður samkvæmt ákveðnum reglum. Við ætlum að auðvelda mönnum þessa breytingu með því að hætta að skattleggja þennan söluhagnað, sem er í raun ekki nýmyndun tekna og eðlilegt skattandlag í þeim skilningi heldur pappírsbreyting, formbreyting. Þetta hefur gert mörgum manninum erfitt fyrir sem hefur stundað sjálfstæðan atvinnurekstur, t.d. við að draga sig út úr rekstrinum, koma afkomendum sínum inn í reksturinn, selja hann eða gera alls kyns breytingar sem menn vilja gera eftir því sem árin færast yfir þá. Það er kjarni þessa máls.

Að því er varðar sveitarfélögin þá þarf að setjast yfir málið með þeim – ríkið tapar peningum, sveitarfélögin hugsanlega einhverju – og skoða hvernig hægt er að meta áhrifin. Þingnefndin gerir það að sjálfsögðu og við munum gera það einnig.

[14:12]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af umræðum um fjárlagafrv. og sérstaklega þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um forsendur frv. er nauðsynlegt að spyrja hæstv. fjmrh. einnar lítillar spurningar.

Við höfum bent á það að menn hafi verið að leika sér með tölur varðandi þær skattbreytingar sem hér eru í forsendum fjárlaga. Meðal annars fengum við þær upplýsingar á kynningarfundi að um 600 millj. væri að ræða sem kæmu til framkvæmda á árinu 2002. Við fengum síðan upplýsingar um það á fundi í fjárln. að hér væri eingöngu um að ræða 15% hækkun frítekjumarka á svokölluðum hátekjuskatti.

Nú segir, herra forseti, í fylgiskjali tvö með því frv. sem hér er til umræðu:

„Í tekjuáætlun frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2002 hefur þegar verið gert ráð fyrir þeim breytingum á skattalögum sem hefðu áhrif á það ár."

Herra forseti. Hér er eitthvað sem ekki passar. Í ljósi þeirra orða hæstv. fjmrh. að þetta mál hafi fengið mjög vandaða umfjöllun bæði í ríkisstjórn og ráðuneyti þá hlýtur að vera eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra á hvorum staðnum er ekki rétt farið með. Ég sé ekki betur en það skeiki a.m.k. þeim 150 millj. sem gert er ráð fyrir að tapist við að skattleggja ekki lengur húsaleigubætur.

[14:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er rétt hjá hv. þm. Það er vegna þess að ákvörðunin um að taka húsaleigubæturnar inn í þetta mál var tekin eftir að þessum talnabálki fjárlagafrv. var lokað. Þannig skeikar um það bil 150 millj. Þær 600 millj. sem við höfðum lagt til hliðar, það fer svolítið eftir því hvernig á þetta er litið, voru ætlaðar til að fjármagna kostnaðinn af þessum skattbreytingum á árinu 2002. Við teljum reyndar að skattbreytingin vegna hátekjuskatts sé nettó upp á 400 millj., brúttó upp á 600 millj. kr og síðan bætast við þessar 150 millj. kr. vegna húsaleigubótanna. Þetta er rétt ábending hjá þingmanninum sem ert glöggur maður. Þetta þarf að fara betur yfir í fjárlaganefndinni. Það er alveg hárrétt.

[14:15]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í orðaskiptum þingmanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og hæstv. fjmrh., þá er kannski sitthvað í frv. sem þarf að skoða betur. Þar eru kannski tölur sem stemma ekki alfarið.

Ég vil þó segja, herra forseti, að mér finnst andinn í frv. að mörgu leyti jákvæður. Ég hef sagt fyrir hönd Samfylkingarinnar að við munum skoða allar þessar tillögur ákaflega vel og ég held að það sé rétt sem hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni að þegar allt er skoðað í frv. þá verði afleiðingarnar jákvæðar fyrir atvinnulífið. Ég held að ekki fari hjá því að þegar verið er að lækka skatta af fyrirtækjum í landinu fyrir milljarða hlýtur það að koma þeim til góða. Annað hvort væri nú.

Hins vegar, herra forseti, hljóta alltaf að vakna ákveðnar siðferðilegar spurningar um hvernig ber að nýta það svigrúm sem ríkissjóður hefur til skattalækkunar. Ég segi það ekki síst í árferði eins og núna þegar fyrir liggur að ákaflega margir bera skarðan hlut frá borði. Í íslensku samfélagi eru ákaflega margir sem ekki hafa notið þess góðæris sem við mörg höfum notið á síðustu árum. Við erum í stjórnmálum m.a. til að rétta hlut þessa fólks, a.m.k. við sem teljum okkur jafnaðarmenn og erum í Samfylkingunni og aðrir jafnaðarmenn hvar í flokki sem þeir standa.

Við hljótum auðvitað að velta því fyrir okkur hvort frekar hefði átt að veita eitthvað af þessu fjármagni til að rétta hlut þessa fólks.

Hér er einnig, herra forseti, verið að ræða á málefnalegan hátt grundvallaratriði sem varðar réttmæti þess, tilgang og afleiðingar, að lækka skatta á fyrirtæki. Hugmyndafræði hæstv. fjmrh. er eftirfarandi:

Með því að lækka skatta á fyrirtæki er verið að bæta rekstrarumhverfi þeirra. Verið er að koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flýi til útlanda og einnig er verið að laða fram stofnun nýrra fyrirtækja, verið er að auka veltu í samfélaginu og þar með að auka tekjur hins opinbera, treysta grundvöll atvinnulífsins í landinu. Ég er sammála því, herra forseti, að til þess að geta haldið úti góðri velferðarþjónustu þurfum við öflugt atvinnulíf. Þetta tvennt helst í hendur. Það er skoðun okkar í Samfylkingunni að ekki sé hægt að bæta velferðarkerfið, ekki sé hægt að halda því í núverandi stöðu nema atvinnulífið sé sterkt og hvíli á sterkum stoðum.

Gegn þessu er teflt öðrum rökum. Það er t.d. athyglisvert að í þeirri ályktun Alþýðusambands Íslands sem hæstv. fjmrh. hefur átt nokkurn orðastað um við mig fyrr í umræðunni, er öðru haldið fram. Þar er einfaldlega sagt að ekkert bendi til annars en að hækkun tryggingagjaldsins t.d. muni fara beint út í verðlag, muni þar með auka verðbólgu og með þeim hætti leiða til beinnar kaupmáttarskerðingar fyrir fólk í landinu.

Þetta eru rök, herra forseti, sem eru sett fram af hagfræðideild Alþýðusambands Íslands og menn hljóta auðvitað að skoða þetta út í hörgul.

Hæstv. fjmrh. heldur því fram að aðgerðir ríkisstjórnarinnar efli veltu fyrirtækjanna og þær auki umsvif viðskipta í landinu og þar með aukist tekjur ríkissjóðs. Þar með geti hæstv. fjmrh. þegar fram í sækir eða sá sem situr þá í hans stóli haft meira fjármagn til þess að styrkja velferðarkerfið.

Alþýðusamband Íslands er einfaldlega á annarri skoðun. Þetta er mjög athyglisverð deila sem mér finnst að við þurfum að taka til umræðu. Alþýðusambandið telur að þegar allt er skoðað, þá leiði þessar boðuðu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til minni umsvifa og samdráttar í viðskiptum. Getur verið, herra forseti, að báðar þessar skoðanir séu réttar? Það getur verið að þegar maður skoðar hugmyndir hæstv. fjmrh. einar og sér um að lækka skatta á fyrirtækjum, þá hafi hann fullkomlega rétt fyrir sér um að það muni í framtíðinni leiða til aukinnar veltu sem muni styrkja atvinnulífið og þar með auka tekjur ríkissjóðs og hjálpa samfélaginu til að halda úti góðri og öflugri velferðarþjónustu. En hins vegar þegar tillögum hæstv. fjmrh. um að efla og auka tryggingagjaldið er bætt við þessar skattalækkanir getur vel farið svo að það sé Alþýðusambandið sem hafi rétt fyrir sér. Ég vil a.m.k. leyfa mér að halda því fram að fyrirtæki, eins og ég kem að síðar í ræðu minni, á landsbyggðinni fari ekki vel út úr þessu. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þegar lögð eru saman áhrif allra þeirra tillagna sem koma fram í frv. hæstv. fjmrh. komi fyrirtæki á landsbyggðinni verr út heldur en þau gera í dag.

Ég held líka að sú varnarræða sem á köflum var þrungin sannfæringu og ástríðuþrótti fyrir áhrifum skattbreytinganna á sprotafyrritæki, sólrisugreinarnar, að rök hæstv. ráðherra hafi ekki að öllu leyti verið rétt, þau hafi verið rétt að því marki sem nær til fyrirtækja í þeim greinum sem eru að hasla sér völl erlendis en ekki þeirra litlu fyrirtækja sem eru að verða til hér innan lands, fyrirtækja sem á sínum tíma voru ákaflega smá eins og nafni minn Össur hf., Marel og fleiri.

Við skulum skoða, herra forseti, við hvaða aðstæður þessar tillögur eru settar fram. Ég vil líka áður en ég held áfram máli mínu segja að þó að menn geti haft efasemdir um hversu lengi þessar tillögur voru í undirbúningi í fjmrn. og þó að við í stjórnarandstöðunni, einhverjir okkar, kunni að hafa sproksett hæstv. ráðherra varðandi það að þetta hafi verið hrist fram úr erminni til þess að svara ákveðinni gagnrýni, þá verð ég að hrósa honum fyrir það að tímasetningin hvort sem hann ætlaði að setja þetta fram á þeim degi sem hann gerði eða ekki, var hárnákvæm. Hæstv. ráðherra hafði þá verið grimmilega gagnrýndur, bæði af stjórnarandstöðu og líka ýmsum leiðandi aðilum innan fjármálamarkaðarins fyrir veikar stoðir fjárlagafrv. og búið var að sýna fram á að ýmsar meginforsendur frv. stóðust ekki lengur. Við þær aðstæður bilaði trú markaðarins að sjálfsögðu og það birtist í því, herra forseti, að staða krónunnar veiktist. Seðlabankinn þurfti að grípa inn í myntmarkaðinn eins og þurfti reyndar líka í gær með fordæmalitlum hætti. Við þær aðstæður var gríðarlega sterk nauðsyn fyrir því að hið opinbera spilaði út einhverjum aðgerðum til að reyna að efla trú markaðarins.

Auðvitað fer ekki hjá því að þegar lagðar eru fram skattalækkunartillögur sem hlaupa á milljörðum hlýtur það að efla trú markaðarins og það var hárrétt hjá hæstv. ráðherra að flýta framlagningu þessara tillagna og koma fram með þær á þessum degi.

Herra forseti. Hvernig stendur á því að nauðsynlegt er að veita þessa blóðgjöf, veita þetta nýja súrefni og koma með þessa vítamínsprautu inn í íslenskt atvinnulíf? Nauðsynin byggir auðvitað á því að ákveðin mistök hafa orðið við hagstjórnina. Þegar við horfum í kringum okkur blasir það við að verðbólga á Íslandi er þrefalt hærri en í löndunum sem við erum að keppa við. Halda menn að þetta hafi ekki áhrif á stöðu fyrirtækjanna í landinu? Halda menn að þetta leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir fyrirtækin í landinu? Að sjálfsögðu. Og við erum í þeirri hættu, herra forseti, að þessum kostnaðarhækkunum af verðbólgunni verði þrýst áfram út í verðlagið og þar með séum við komin inn í þennan argvítuga spíral fortíðarinnar þar sem verðbólgan býr til verðhækkanir sem þrýsta á um enn frekari verðbólgu.

Sömuleiðis, herra forseti, er alveg ljóst að vaxtastig á Íslandi er fullkomlega óviðunandi. Það er miklu hærra en í þeim löndum sem við höfum borið okkur saman við og

erum að keppa við. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. í umræðum um fjárlagafrv. er einfaldlega óviðunandi fyrir fyrirtækin í landinu að búa við þetta vaxtastig. Vaxtastigið er að kyrkja íslenskt atvinnulíf. Hvers vegna eru vextir þá ekki lækkaðir eins og hæstv. fjmrh. vill, eins og hæstv. forsrh. telur nauðsyn á, eins og við erum auðvitað öll að kalla eftir? Ástæðan er einföld.

Ríkisstjórnin hefur sett Seðlabanka Íslands ákveðin verðbólgumarkmið og bankinn verður að fara eftir þeim. Hann hefur svo að segja eitt tæki og það eru vextirnir, það er stýring vaxta. Það umhverfi sem ríkisstjórnin hefur skapað hér á landi er einfaldlega þess eðlis að Seðlabankinn treystir sér ekki til þess að lækka vexti. Þvert á móti má segja að hér á landi hafi orðið vaxtahækkun. Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að ef maður skoðar hlutföll vaxtaþróunar hér og erlendis, þá er þetta rétt. Það er þannig að erlendis hafa vextir verið að lækka, meira að segja hríðlækka en þeir hafa staðið í stað hér heima á Íslandi. Það þýðir auðvitað ekkert annað en hlutfallsleg vaxtahækkun.

Við þessar aðstæður, herra forseti, er eðlilegt að menn skoði einhverjar aðrar leiðir til að reyna að leysa úr læðingi vaxtaþrótt í atvinnulífinu. Það er ekki hægt að lækka verðbólguna nákvæmlega núna. Vegna ríkisstjórnarinnar er ekki hægt að lækka vexti. Þá er spurning: Er hægt að veita nýtt súrefni inn í æðakerfi atvinnulífsins með því að lækka skatt á fyrirtæki?

Við í Samfylkingunni höfum sagt að við séum fyllilega reiðubúin til að skoða skattalækkanir hjá fyrirtækjum. Við höfum að vísu sagt að það væri langbest að hnitmiða svigrúmið á lítil og meðalstór fyrirtæki. Við höfum líka tekið sérstaklega út þekkingarfyrirtækin, sprotafyrirtækin og sagt að einhvern veginn þurfi að búa til leiðir til þess að greiða fyrir þeim. Skattalækkanirnar sem hæstv. fjmrh. hefur boðað í frv. sínu gagnast þeim ekki. Hvernig eru þessi fyrirtæki í dag? Rekstrarform þeirra er talsvert öðruvísi heldur en hinna hefðbundnu fyrirtækja. Þau eiga ekki húseignir, leigja þær. Hvar liggur fjármagn þeirra? Það liggur í þekkingunni sem býr í höfði vinnuaflsins. Segja má að þessi fyrirtæki séu öðruvísi en önnur fyrirtæki á Íslandi að því leyti til að fjármagnið, kapítalið stendur upp úr sætum sínum kl. 6 á kvöldin og labbar heim. Það er enginn hagnaður hjá þessum fyrirtækjum. Yfir línuna er enginn hagnaður hjá þeim, þau eru að byggja sig upp og urðu illilega úti í þeirri lægð sem við höfum núna lent í með efnahagslíf okkar. Þess vegna þýðir lítið að hjálpa þeim með því að lækka skatta á hagnaði þessara fyrirtækja.

Er einhver hjálp í að hækka tryggingagjaldið? Að sjálfsögðu ekki. Kostnaður þessara fyrirtækja liggur að verulegu leyti í launagjöldum og tillögur hæstv. fjmrh. auka launakostnaðinn hjá þeim. Þess vegna er auðvelt að halda því fram eins og þetta mál horfir við í dag að tillögur ríkisstjórnarinnar leiði til þess að umhverfi sprotafyrirtækjanna versnar. Hvað er það sem ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ætlum að lifa á í ellinni? Við ætlum auðvitað að lifa á þeirri framlegð sem kemur frá þessum fyrirtækjum, þessum nýju fyrirtækjum. Það var þess vegna þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tók þátt í því fyrir tveimur eða þremur árum að skrifa greinargerð með fjárlagafrv. og það voru heilar þrjár blaðsíður um hversu mikilvægt hlutverk þessi fyrirtækin væru tekin að leika í íslensku efnahagslífi. Nú blasir það við, þess er a.m.k. óskað af hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni fjárln., að hann styðji frv. sem gengur í þveröfuga átt.

Herra forseti. Ég sagði áðan að siðferðilegar spurningar vakna þegar maður stendur andspænis svona skattapakka. Hæstv. fjmrh. segir: Það er svigrúm til að lækka skatta, m.a. vegna þess að hann er að selja ríkisfyrirtæki og hann notar andvirðið til að greiða niður skuldir ríkisins í útlöndum, og þá þarf hann ekki að borga eins mikla vexti. Við höfum svigrúm. Gott og vel. Hvernig eigum við að nota svigrúmið? Það er alveg prýðilegt að velta því fyrir sér að nota hluta þess til að lækka skatta á fyrirtækjum.

En hvað með fátækt fólk á Íslandi? Hvað fær það í sinn hlut? Við jafnaðarmenn höfum sagt að ef lækka á skatta á fyrirtækjum, þá verði líka að lækka skatta á þeim sem eiga erfiðast í íslensku samfélagi. Það má segja hæstv. fjmrh. til hróss að hann stígur skref í þá átt. Hann hefur tekið upp tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hefur barist fyrir því árum saman að skattur á húsaleigubætur væri afnuminn. Það er gert í þessu frv. og ég fagna því. En það er ekki nóg, herra forseti. Ef við skoðum t.d. þróun skattleysismarka, þá sjáum við hvernig þeir sem minnst bera úr býtum hafa verið leiknir af skattastefnu núverandi ríkisstjórnar.

Síðan 1990 hafa meðallaun samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar hækkað um 80%. Þá er átt við launaskrið og allt innifalið. Umsamin laun hafa á sama tíma hækkað um 40%. En hvað hafa skattleysismörkin hækkað á þessum tíma? Um 21%. Þetta er ástæðan fyrir því að þegar maður skoðar staðtölur frá ríkisskattstjóra, þá birtist sú staðreynd að á síðasta ári fjölgaði framteljendum um 1,8% en virkum skattgreiðendum fjölgaði um 6,8%. Hvaðan komu þessi 5% sem allt í einu voru farin að borga skatta? Það var fátækt fólk á Íslandi. Það voru bótaþegar á Íslandi sem lifa af bótum velferðakerfisins af því að þeir geta ekki dregið fram lífið á annan hátt. Það er verið að skattleggja þetta fólk. Menn hljóta að þurfa að svara þeirri siðferðilegu spurningu: Verður ekki að rétta þessu fólki eitthvað þegar við erum að rétta fyrirtækjum milljarða? Þetta er spurningin sem við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur.

Herra forseti. Aðeins um tryggingagjaldið. Ég fékk Þjóðhagsstofnun til að kanna nokkra þætti úr samræmdu skattframtali rekstraraðila vegna ársins 2000 eins og ríkisskattstjóri afhenti stofnuninni þau gögn. Þetta eru gögn sem ná yfir 10.600 aðila sem skiluðu samræmdu skattframtali, aðallega lögaðilar. Þarna er um að ræða úrvinnslu úr tilteknum liðum í framtalinu til að fá fram hlutfallslega skiptingu hagnaðar og taps eftir landshlutum annars vegar og hins vegar yfirlit um afkomu þekkingarfyrirtækja. Og að því er þekkingarfyrirtækin varðar, herra forseti, er skemmst frá því að segja að niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er sú að flest fyrirtæki í þessum greinum hafi verið rekin með tapi árið 1999. Með öðrum orðum, skattalækkanirnar gagnast þessum fyrirtækjum ekkert miðað við gögnin frá Þjóðhagsstofnun.

Í þessum gögnum er líka sláandi að fram kemur að yfirgnæfandi hluti, eða 85%, af hagnaði fyrirtækja á árinu 1999 — þetta eru nýjustu gögnin — verður til á höfuðborgarsvæðinu. Einungis 15% eru hjá fyrirtækjum sem eru skráð á landsbyggðinni. Þetta veldur því að ávinningur af skattalækkun ríkisstjórnarinnar kemur miklu síður fram á landsbyggðinni. Þessar 2.700 millj. sem fyrirtækin eiga að fá í sinn hlut í skattalækkunum falla fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðið.

Nú kynni einhver að segja að með góðum rökum mætti samt halda því fram að landsbyggðin nyti alltént hluta af

skattalækkunum þótt það væri í hlutfallslega minna mæli en höfuðborgarsvæðið, en ég dreg í efa að hægt sé að halda slíku fram. Tryggingagjaldið leggst miklu þyngra á þau miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið í gögnum frá Þjóðhagsstofnun. Þar kemur fram að þó að fyrirtæki sem eru skráð á landsbyggðinni hafi bara 15% heildarhagnaðar fyrirtækja, þá greiða þau samt 35% launanna þannig að tryggingagjaldið væri þeim flatur launaskattur sem leggst á vinnuafl. Þetta þýðir í reynd að fyrirtæki á landsbyggðinni greiða 35% af þeim viðbótarkostnaði sem leggst á fyrirtæki í landinu vegna hækkunar á tryggingagjaldi en þau njóta aðeins 15% af ávinningi tekjuskattslækkunarinnar. Þetta er miðað við þau nýjustu gögn sem við höfum um skatta og ég tek fram að þetta er miðað við árið 1999 vegna þess að Þjóðhagsstofnun hafði ekki nýrri gögn.

Hvað þýðir þetta miðað við þessar upplýsingar? Ávinningur fyrirtækja vegna lækkunar á tekjusköttum fyrirtækja er 2.700 millj. og miðað við gögn Þjóðhagsstofnunar má ætla að fyrirtæki á landsbyggðinni fái í sinn hlut 15% eða um 400 millj. kr. Útgjaldaaukning fyrirtækjanna vegna hækkunar á tryggingagjaldi er hins vegar 2.500 millj. og gögn Þjóðhagsstofnunar virðast benda til þess að fyrirtæki á landsbyggðinni þurfi að taka á sig 35% af því eða 875 millj. Munurinn er því hálfur milljaður í mínus þegar horft er til landsbyggðarinnar meðan höfuðborgarsvæðið hagnast um 600–700 millj. Þetta er að vísu fljótareikningur sem byggður er á þeim upplýsingum sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun í morgun og ég tek fram að ég er þarna einungis að bera saman tryggingagjaldið og síðan tekjuskattsbreytingarnar. Ég er ekki að taka neitt annað inn í þetta, en mér sýnist sem þetta bendi til þess að þó að það sé rétt sem hæstv. fjmrh. segir að í heild muni þessar skattbreytingar hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið í landinu, þá er alveg ljóst að þær muni ekki hafa jákvæð áhrif á fyrirtækin á landsbyggðinni.

[14:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir einu í sambandi við ræðu hv. þm. Ég heyrði hann ekki nefna afstöðu sína til breytinga varðandi hátekjuskattinn svokallaða. Ég tók hins vegar eftir því að í umræðum um stefnuræðu forsrh. lét þingmaðurinn orð falla í þá átt að Samfylkingin og hann væru andvíg því að skattleggja millitekjufólk sem hefði rúmar 3 millj. á ári með þeim hætti sem nú er gert með þessum svokallaða hátekjuskatti. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Er hann sammála eða er hann á móti þeirri tillögu sem liggur fyrir í frv. um að hækka mörkin í þessum skatti um 15%?

[14:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki á móti henni. Þetta eru hins vegar, eins og ég sagði áðan, ákveðnar siðferðilegar spurningar sem við þurfum að svara. Hvernig eigum við að nota það svigrúm sem við höfum? Ég segi það fyrir sjálfan mig að ég er ekki á móti þessari skattbreytingu en ég tel að réttlátara væri ef svigrúmið sem við höfum og er nýtt til þess færi t.d. í það að hjálpa þeim allra lakast settu.

[14:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn er ekki á móti þessu en er hann með því? Ætlar hann að sitja hjá við afgreiðslu um þessi ákvæði frv.? Við höfum talið að nægilegt svigrúm væri til að gera þetta. Við höfum talið það eðlilegt. Ég hélt að ég hefði stuðning formanns Samfylkingarinnar við þetta mál miðað við ummæli hans í umræðum í þinginu í síðustu viku um stefnuræðu forsrh. Vill hann skýra þetta eitthvað nánar? Ætlar hann að vera með því að hækka mörkin í hátekjuskattinum um 15%? Ætlar hann að vera á móti því? Sennilega ekki miðað við það sem hann sagði núna eða ætlar hann kannski bara að sitja hjá?

[14:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg fyrir að við munum skoða nákvæmlega þær breytingar sem hér eru lagðar til. Ég mun sitja hjá við sumar. Ég mun vera á móti við einhverjar og ég mun styðja sumt.

[14:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er um að ræða margþættar breytingar í skattkerfinu en þær eru helstar að til stendur að lækka tekjuskatta fyrirtækja úr 30% í 18% og gildir sú breyting frá 1. janúar 2002. Talið er að þetta muni kosta ríkissjóð 2.700 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að sérstakur eignarskattur fyrirtækja falli niður í lok þessa sama árs. Sú skattkerfisbreyting mun kosta ríkissjóð 400 millj. Gert er ráð fyrir að eignarskattur fyrirtækja lækki í árslok 2002 um 1.100 millj. þegar skattprósentunni verður breytt úr 1,2 í 0,6%.

Fríeignarmörk í eignarskatti einstaklinga eiga að hækka um 20% í árslok árið 2001 en gert er ráð fyrir að það muni leiða til þess að ríkissjóður verði af 1.000 millj. Gert er ráð fyrir að fríeignarmörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga hækki um 15% á árinu 2001. Þetta mun leiða til þess að ríkissjóður verður af 600 millj. kr. Hvað þýðir þessi breyting í reynd? Hún þýðir að verið er að hækka þau mörk sem eru á svokölluðum hátekjuskatti en á tekjur umfram þessi mörk er lagt sérstakt álag sem nemur 7%. Byrjað er að leggja þennan skatt á við um 275 þús. kr. á mánuði og til stendur að hækka þau þannig að þau verði 322 þús. kr. árið 2001 og 331.667 kr. árið 2002. Menn eru að koma til móts við þennan tekjuhóp sérstaklega með þessari breytingu með því að létta byrðar á millitekju- og hátekjuhópum vegna þess að þessi skattprósenta, 7% skattur, kemur einvörðungu á þær tekjur sem eru umfram þetta mánaðarkaup, 331 þús. kr. á árinu 2002. Það er rétt að hafa þessar stærðir í huga þegar við hyggjum að skattleysismörkunum og þegar við hyggjum að þeim kröfum sem Öryrkjabandalagið hefur sett fram.

Það er breyting á sérstökum eignarskatti einstaklinga, gert er ráð fyrir að hann falli niður í árslok 2002. Það er gert ráð fyrir að eignarskattur einstaklinga lækki úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002. Það mun kosta ríkissjóð 2 milljarða. Tekjuskattur einstaklinga á síðan að lækka um 0,33% frá 1. janúar 2002. Það mun kosta 1.250 millj. kr. á árinu 2002. Hér er rétt að hafa í huga að þetta er hluti af viðameiri skattbreytingum sem við höfum rætt áður á þinginu, en eins og menn kunna að muna var sveitarfélögum veitt heimild til að hækka útsvar allverulega en ríkissjóður eða ríkið lækkaði tekjuskattshlutfallið á móti. Þetta hafði þó í för með sér skattahækkun á einstaklinga sem nam 0,33% þegar upp var staðið og það var gagnrýnt í þingsal að persónuafslættinum var ekki breytt á sama tíma og þetta var gert og það hefur í för með sér að skattleysismörkin lækka að raungildi. Við höfum áður farið í gegnum þessa umræðu.

Síðan er gert ráð fyrir að skattlagning húsaleigubóta falli niður frá 1. janúar 2002, nokkuð sem við úr stjórnarandstöðunni höfum fagnað hér. Hitt höfum við meiri efasemdir um,

að hækka tryggingagjald um 0,77% frá 1. janúar árið 2003. Þetta mun að sönnu afla ríkissjóði umtalsverðra tekna. Talið er að þetta muni færa 2.500 millj. inn í ríkissjóð. En þegar upp er staðið er gert ráð fyrir því í grg. með frv. að nettóáhrif þessara skattalækkana verði 3 milljarðar á árinu 2002, 4,1 milljarður á árinu 2003.

Nú hafa menn rætt nokkuð um hvort þetta komi til með að gagnast efnahagslífinu og þá sérstaklega fyrirtækjum í landinu og ýmsir orðið til að taka undir að svo muni verða. Sjálfur hef ég miklar efasemdir um það. Í fyrsta lagi gagnast þetta að sjálfsögðu einvörðungu þeim fyrirtækjum sem búa við hagnað vegna þess að um er að ræða lækkun á tekjuskatti fyrirtækja á þeim tekjum sem fyrirtækin eru að afla, hagnaði þeirra. Á hin fyrirtækin sem engan hagnað sýna eru hins vegar settar auknar álögur. Tryggingagjaldið hækkar um 0,77% og það þannig fært upp í 6%.

Fyrir nokkrum árum var sett fram sú kenning vestur í Bandaríkjunum og kennd við Reagan og Margréti Thatcher einnig að það væri atvinnulífinu óumdeilanlega til góðs að lækka á það skatta. Í því sambandi var oft talað um brauðmolakenninguna sem byggði á því að ef hinum öflugu og tekjumiklu einstaklingum og fyrirtækjum væri veitt nóg svigrúm til að baka sín stóru brauð þá mundu molar af þeirra borði hrjóta til annarra í samfélaginu. Þetta reyndist ekki verða. En þessari kenningu var haldið hér á loft af einum helsta efnahagssérfræðingi Sjálfstfl., hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem skýrði það út fyrir okkur þingmönnum og þjóðinni að því lengra sem við gengjum í því að lækka skatta, því meira hagnaðist samfélagið allt. Hæstv. fjmrh. var í raun að taka undir þessi sjónarmið í ræðu sinni áðan þegar hann sagði að það væri sérstaklega til góðs að lækka skatta á hlutafélög og fyrirtæki í landinu. Hvers vegna? Vegna þess að þau fyrirtæki sem ríkisstjórnin er að selja mundu hækka í verði, þau mundu hækka svo mikið í verði að ríkissjóður mundi fá meira fyrir þessa mola sem verið er að gefa út og suður eða selja öllu heldur — það er í því samhengi reyndar sem þetta er sett fram — að samfélagið og ríkissjóður mundi hagnast á þessari sölu. Þetta er hugsun af sama meiði sem ég held að sé afskaplega vafasöm.

Mig langar til að nefna í því sambandi að gerðar hafa verið kannanir þar sem fyrirtæki hafa verið spurð að því hvað þau telji mikilvægast að sé til staðar í samfélaginu til þess að þau setji sig niður. Það hafa verið gerðar kannanir á Norðurlöndum. Hvað er mikilvægast að sé til staðar í samfélaginu til að þau komi sér fyrir á þeim stað? Svörin hafa verið mjög á einn veg: Við viljum hafa góða leikskóla, góða skóla, góð sjúkrahús, elliheimili og við viljum búa við góðar samgöngur. Við viljum hafa afnot af netinu og aðgengi að því. Fólk spyr um það núna. Með öðrum orðum, þá er vísað í stoðþjónustu samfélagsins. Hún er að sjálfsögðu nauðsynleg fyrirtækjum og atvinnulífinu jafnt sem fjölskyldum. Að sjálfsögðu er þetta samtengt og ég er að setja þessar efasemdir fram í því samhengi að menn halda því fram að skattalækkanir á fyrirtæki muni ótvírætt koma þeim til góða þegar upp er staðið. Ég efast um að svo sé vegna þess að skattar eru notaðir til þess að fjármagna þessa þjónustu sem er þeim síðar mikilvæg.

Hvers vegna ræðst ríkisstjórnin í þessar breytingar? Hún segir og því hefur verið haldið fram í gögnum sem frá henni hafa komið síðustu daga að hún sé að gera íslenskt atvinnulíf samkeppnishæfara. Menn hafa í því sambandi vísað í samanburð á skattlagningu fyrirtækja í OECD og í Evrópusambandinu. Í ritinu Stefnu og horfum sem fylgir frv. til fjárlaga, með leyfi forseta, er eftirfarandi m.a. haldið fram:

„Margt bendir til þess að íslenskt atvinnulíf búi ekki lengur við það forskot sem hér ríkti í skattalegu tilliti á síðasta áratug.“

Ég veit ekki hvað þetta „margt“ er sem talið er benda til þess að svo sé vegna þess að þegar að er gáð — og hér byggi ég á heimildum frá OECD sem ég fékk fyrir fáeinum dögum frá Þjóðhagsstofnun — kemur fram að íslensk fyrirtæki eru skattlögð miklu minna en gerist almennt innan OECD. Þannig er tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi 1,2% af vergri landsframleiðslu á móti 3,2% í OECD. Þetta á reyndar við um skattlagningu almennt. Þegar litið er til tekjuskatta einstaklinga, þegar litið er til launa- og tryggingagjalda þá erum við með mun lægri skatta. Það er helst þegar litið er til skatta á vöru og þjónustu að við liggjum hærra. Þar erum við með skatta sem nema 16,2% af vergri landsframleiðslu á móti 12,4% hjá Evrópuríkjum OECD sem ég hef tekið til viðmiðunar. Þegar hins vegar litið er á heildina þá eru heildartekjur eða heildarskatttekjur á Íslandi miklu lægri en gerist innan OECD, að ekki sé minnst á Norðurlöndin, eða 35,9% af vergri landsframleiðslu á móti 47,9% á Norðurlöndum og 39,8% í Evrópuríkjum OECD.

Aðrar spurningar vakna þegar við hyggjum að þeim skattkerfisbreytingum sem ríkisstjórnin stendur fyrir vegna þess að sú þjónusta sem við búum við á heilbrigðissviði, í skólakerfinu, í vegasamgöngum og annars staðar í því sem kallað hefur verið stoðþjónusta samfélagsins, er nokkuð sem flestir og allir eflaust vilja viðhalda. Við deilum um hitt, hvernig við ætlum að formagna hana, hvernig við ætlum að borga fyrir hana. Ætlum við að borga fyrir hana í gegnum skattkerfið eða ætlum við að borga í beinum notendagjöldum? Um þetta stendur mikil pólitísk deila í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin hefur komið alveg heiðarlega fram í þessu efni. Hún hefur skýrt okkur frá því hvert hún vilji stefna. Hún vill stefna að því að draga úr sköttum en auka notendagjöldin, auka þjónustugjöld. Hún gerir m.a. grein fyrir þessu í bæklingi sem var gefinn út af fjmrn. fyrir nokkru síðan og heitir Einkaframkvæmd.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum sem aftur eru háð frammistöðu þess sem veitir þjónustuna með tilliti til gæða og verðs.“

Það stenst reyndar ekki. Síðari hluti þessarar setningar stenst ekki. Við þekkjum náttúrlega dæmið af Sóltúni og öðrum stofnunum og starfsemi sem ríkisstjórnin hefur einkavætt og búið miklu hagstæðari og betri kjör en öllum öðrum aðilum sem sinna samsvarandi starfsemi. Þar vitna ég til elliheimilanna svo dæmi sé tekið.

Hér kemur pólitík ríkisstjórnarinnar berlega í ljós. Ætlunin er, með öðrum orðum, að lækka skatta almennt, lækka skatta á fyrirtæki sérstaklega, þau sem hafa mestan hagnað, og að draga úr sköttum á einstaklinga. Þar er byrjað á þeim sem hafa hæstu tekjurnar en ekki hinum sem búa við erfiðust kjörin. Síðan er hugmyndin að innheimta þessa peninga á annan hátt, í gegnum notendagjöld. Fyrsta dæmið um þetta núna á þessu hausti er að sjálfsögðu skólagjöldin í Háskóla Íslands. Þau eru hækkuð um 40%. Ég veit ekki hve mörg þúsund nemar í Háskóla Íslands hafa þegar undirritað mótmæli til að afþakka þessa afmælisgjöld til Háskóla Íslands frá ríkisstjórninni og hæstv. menntmrh. Birni Bjarnasyni. Það voru

2.000 búnir að undirrita þetta plagg síðast þegar ég frétti. Eflaust er hópurinn orðinn miklu stærri. Þetta er pólitíkin sem við erum að ræða um. Um það og nákvæmlega þetta fjalla þær skattkerfisbreytingar sem hér eru til umfjöllunar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni en ég lýsi andstöðu við þennan pakka þegar á heildina er litið. Ég get hins vegar tekið undir sitt hvað í þessum skattatillögum og sumu fagna ég. Ég fagna því að réttur sé hlutur þeirra sem eru á húsaleigumarkaði. Þeir hafa búið við önnur og lakari kjör en þeir sem eru að afla eignarhúsnæðis. Mér finnst eðlilegt að þarna sé meira jafnræði á milli, ekki síst í ljósi þess að tekjulægri hluti samfélagsins þarf að leita út á húsaleigumarkaðinn.

Ég get líka tekið undir aðra þætti þótt ég áskilji mér rétt til að skoða það nánar. Þar vísa ég t.d. í að fríeignamörk í eignarskatti einstaklinga skuli vera hækkuð. Mér finnst mjög mikilvægt að fullorðið fólk sé ekki hrakið út úr íbúðum sínum og húsum vegna mikillar skattlagningar. Ég hef vakið máls á þessu í blaðaskrifum að undanförnu í tengslum við breytt fasteignamat og skattlagningu sem því tengist.

En ég vil sérstaklega vara við teimur meginþáttum, þ.e. þeirri aðferðafræði sem almennt er beitt gagnvart atvinnulífinu, gagnvart fyrirtækjum í landinu, að tekjuskatturinn skuli lækkaður en skattlagning sem tengist launum hækkuð. Ég tel þetta sérstaklega varasamt í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í þjóðfélaginu. Þegar kreppir að mörgum fyrirtækjum vegna óhóflegs fjármagnskostnaðar og vegna erfiðari skilyrða en fyrirtækin hafa búið við um nokkurt skeið þá finnst mér mjög óráðlegt að fara þessa leið. Þetta er annar meginþátturinn sem ég vil gagnrýna í þessum skattatillögum.

Hinn meginþátturinn er sá að menn skuli ætla sér að hreyfa við hátekjuskattsmörkunum eins og gert er án þess að breyta persónuafslættinum, án þess að breyta skattleysismörkunum. Ég hefði talið eðlilegra að byrja á þeim enda. Verið er að létta sérstaklega sköttum af millitekjuhópum og hátekjufólki. Ég veit ekki hve stórt hlutfall greiðir þennan hátekjuskatt, en það er sá hluti þjóðfélagsins sem býr við skást kjörin. En á sama tíma er skilinn eftir sá hópur sem síst skyldi og ætla ég að enda mína ræðu á því að vekja enn á ný athygli á þeim kröfum sem fram hafa verið settar af Öryrkjabandalagi Íslands sem lýsir furðu yfir því að öryrkjum sé gert að búa við lögskipaða fjárhagsneyð.

[14:57]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 128.

[14:58]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það taki neinu tali að vera að þæfa þetta mál á hinu háa Alþingi. Á opinberum vettvangi í dag hefur því verið lýst yfir af formanni efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til meðferðar að engu verði breytt í þessum pakka. Þá vitum við það og þess vegna segi ég að ég veit eiginlega ekki til hvers maður er að eyða orðum að þessu. En þó hefur málinu kannski verið skákað til aðeins af hæstv. fjmrh. sem sagði að reyndar væri ekkert að marka þennan formann, hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Það sagði hann fullum fetum, að það væri ekki að marka þetta sem formaðurinn segði og þess vegna tekur málið vonandi þá stefnu að menn fái að leggja orð í belg.

Hitt er svo annað mál að enginn getur ætlast til þess í svo flóknu máli sem þetta er og sem hefur tekið hæstv. ríkisstjórn marga mánuði að vinna, að maður taki afstöðu beinlínis til einstakra þátta í tillögunum. Margar eru mjög álitlegar, aðrar síðri. Þar sem ég á kannski von á að verða spurður eftir afstöðu minni til hátekjuskattsmarkanna þá skal ég taka það fram að sjálfsagt hefur það ekki verið í upphafi ætlan löggjafans að leggja hátekjuskatt á miðlungstekjur eins og nú er gert. En á hinn bóginn treysti ég mér ekki til þess að greiða atkvæði með hækkun þeirra marka að lágtekjumörkunum, skattleysismörkunum, óhreyfðum.

En ég vildi aðeins minnast á, af því að ég hef gert það áður, vinnubrögð í sambandi við þessi mikilvægu mál eins og þetta mál og raunar aðalmál fjármálanna, fjárlagafrv. Látum svo vera að hæstv. ríkisstjórn vilji vinna slíkar tillögur í miklum trúnaði. En hún á ekki erindi við hið háa Alþingi í fyrsta falli. Fyrst sýnir hún málið fjölmiðlum til þess að lofa þeim að predika yfir því og leggja út af því. Þetta er eitt með öðru sem sýnir þá umgengni sem hæstv. ríkisstjórn og stjórnvöld almennt temja sér gagnvart hinu háa Alþingi.

Varðandi fjárlögin sjálf og umræðu um þau fær maður alls engan tíma að kalla til þess að ígrunda þau. Og maður sér ekki stefnumótunarræðu hæstv. fjmrh. fyrr en maður er sestur á þann sama fund þar sem málið er tekið til umræðu, og á einum degi, og að því búnu vísað aftur til desembermánaðar.

En það sem ég á þessu stigi málsins finn þessum málatilbúnaði öllum mest til foráttu er að uppi er sú stefna, kennd Seðlabankanum, að beita okurvöxtum í þjóðfélaginu til þess að draga úr þenslu, til þess að baráttan við viðskiptahallann og hríðfallandi gengi hafi framgang. Þetta eru hagfræðikenningar sem ég minnist að á skólaárum mínum var haldið mjög að mér. Þar að vísu, og má skjóta því inn í, hafa þeir það eins og í fleiru sér til afbötunar, hæstv. ríkisstjórn, að Birgir Ísleifur Gunnarsson sé að framkvæma þessa stefnu. Þeir sem störfuðu í Sjálfstfl. lengi vita að Birgir Ísleifur Gunnarsson hefur aldrei gengið um þvert gólf án þess að hafa skriflegt umboð forustu flokksins til þess arna. Og fyrir því er það að þetta er auðvitað stefna ríkisstjórnarinnar, okurvextirnir, og gerðir í þeim tilgangi sem ég lýsti hér áðan. Og þykir engum mikið og er ekkert undarlegt enda þótt vextirnir kunni rétt u.þ.b. að vera að setja mörg fyrirtæki á hliðina.

Þessar tillögur ganga í þveröfuga átt. Þær ganga í þá átt að lækka álögur á fyrirtækjum sérstaklega og gera þeim kleift að auka umsvif sín. Og hvað þýðir það? Það vinnur auðvitað gjörsamlega á móti þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur hinum megin við þilið, uppi í Seðlabanka. Það eru þessi gagnvirkandi áhrif málatilbúnaðarins sem mér er hulin ráðgáta að menn skuli fara nú. Miklu skjótvirkari leið hefði verið að lækka vextina en það er kannski jafnröng aðferð í þessari miklu spennu og þenslu sem við búum við.

Eins og ég segi virðist sem hæstv. ríkisstjórn hafi í mörgum mjög veigamiklum þáttum misst tök á stjórn fjármála og peningamála, og þar eru ekki, þótt sjálf afkoma ríkissjóðs sé bærileg, öll kurl komin til grafar. Og maður hlýtur enn að spyrja: Hvernig í ósköpunum má það vera að sjálfum fjárlögunum skuli ekki vera beitt í þessu skyni? Aðalvopni stjórnvalda til þess að hafa hemil á þenslu og verðbólgu. Ár eftir ár, árum saman, er það ekki borið við. Og nú fáum við í hendurnar fjárlagafrv. sem er 14% hærra en fjárlagafrv. sem flutt var á þinginu í fyrra. Og engin ástæða til að ætla að nein breyting verði á því að hækkun útgjaldaliða fjárlaga verði langt umfram verðlagsþróun.

Já, það kom fram í máli hæstv. fjmrh. að mikil ánægja væri á fjármagnsmarkaði vegna þessara ákvarðana og hann hefði tekið mjög við sér þegar þetta spurðist. Ég verð að segja

alveg eins og er að mér hrýs hálfgert hugur við þeim vinnubrögðum sem hafa tíðkast, t.d. á verðbréfaþingum okkar. Og ég man ekki betur en að fyrir örskömmu síðan, kannski mánuði eða svo, hafi þeir kallað upp yfir sig þar að nú væri hinni mjúku lendingu náð og nú væri hægt að taka á ný til óspilltra málanna. Þetta eru fjárglæframenn, margir þessara ungu manna sem starfa á þessum mörkuðum, fjárglæframenn sem hafa narrað fólk til þess að ausa yfir sig skuldunum svo að seint verður bitið úr nálinni með vinnubrögð þeirra. Menn spila matador í hlutafélögum og sitja svo eftir með sárt ennið, gjaldþrota.

Þannig er skuldasöfnun í þessu þjóðfélagi. Ríkisbankarnir sjálfir — að þeir skyldu ekki vera stöðvaðir af með það að dæla inn fé vegna vaxtamunar erlendis og hér — dældu hér inn fé eins og ölvaðir menn. Og halda menn að ekki þurfi að borga þetta? Og hver ætlar, hæstv. fjmrh., að greiða 200 þús. millj. kr. skuld sem sjávarútvegurinn í hagræðingarskyni hefur stofnað til? Því allt sem hann gerir í þessu sambandi, bæði að eyða fiskstofnum og safna skuldum, er hagræðing á þeirra máli. Það kemur að því að borga þurfi þessar ógnarskuldir og það er kvíðvænlegt. Því margir sem lítils mega sín í fjármálum hafa verið narraðir til kaupa á bréfum sem síðan eiga eftir að verða og eru þegar orðin verðlítil.

Það er auðvitað góðra gjalda vert að gerðar séu tillögur og sett lög sem hvetja menn til þess a.m.k. að vinna í landinu sínu og reka fyrirtæki þar. En ég held að t.d. í vaxtamálum þyrfti nú gott betur og aðra aðstöðu til að fyrirtæki erlendis færu að flytja heim í stórum stíl. Ég er ekki mjög vongóður um það.

Við vitum að meginþáttur þess að sæmilega hefur tekist til um jafnvægi í þjóðarbúskapnum á allmörgum undanförnum árum hefur verið að þakka því samkomulagi sem hæstv. ríkisstjórnin hefur náð við samtök verkalýðsins. Nú bregður svo við að þegar þessar tillögur liggja fyrir verkalýðssamtökunum eru viðbrögð þeirra iskyggileg. Og enda þótt meginþungi af þessum breytingum komi ekki til framkvæmda og hafi ekki áhrif fyrr en 2003 er ekkert undarlegt þótt verkalýðssamtökin uggi að sér og bregðist við því sem nú á að fara að lögsetja þótt það komi aðeins síðar til framkvæmda vegna þess að sú lykkjustund er ekki löng.

Og hér leyfi ég mér, hæstv. forseti, að vísa til greinargerðar þeirra í nokkrum þáttum til þess að ég, fyrir mitt leyti, láti koma fram hversu miklar áhyggjur ég hef af þeim.

Verkalýðshreyfingin, Alþýðusambandið, segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin“ — og ég les þetta til þess að þetta komist í þingtíðindi og verði þar skráð — „er ekki aðeins að þrengja mjög að möguleikum verkalýðshreyfingarinnar til að ná til baka þeirri kjaraskerðingu sem orðið hefur undanfarna mánuði, heldur auka hana enn frekar. Boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú ganga þannig þvert á kröfur verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir sem leiddu til lækkunar verðbólgu. Gangi boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eftir er vandséð hvernig verkalýðshreyfingin getur komist hjá því að segja upp launalið kjarasamninga í byrjun næsta árs og beita samtakamætti sínum til að sækja kjarabætur fyrir félagsmenn sína.“

Hér er talað tæpitungulaust og því miður, að mínum smekk, í nokkrum hótanatón. En þeir telja sig vafalaust vera í fullkomnum rétti með það og beita því þess vegna.

Þeir segja svo enn fremur, með leyfi forseta, að skattalækkanirnar muni fyrst og fremst skila sér til hátekjufólks og eignamanna á sama tíma og skattleysismörkum verði haldið óbreyttum. „Niðurstaðan er sú að venjulegt fólk á að taka á sig kjaraskerðinguna.“

Svo segja þeir enn, með leyfi forseta:

„Þess vegna er það mat okkar að aðgerðin sem slík, sem hefur þá yfirskrift að efla íslenskt atvinnulíf, muni auka samdrátt í fyrirtækjunum vegna kjaraskerðingar sem leiðir af aðgerðinni.“

Þetta er alvarlegt ef rétt reynist og ég kann ekki að meta í sjónhendingu. Ég veit aðeins það að á næstunni þarf hæstv. ríkisstjórn á því að halda frekar en nokkru sinni áður að ná góðu samkomulagi við verkalýðshreyfinguna.

Það er vonandi að ýmsir þættir í þessum tillögum verði til þess að leiða verkalýðshreyfinguna til samkomulags. Aðrir hafa greinilega þveröfug áhrif. Og það er það alvarlega í málinu.

Ég ætla, eins og ég sagði, ekki að taka afstöðu til einstakra þátta í þessum tillögum. Mér hefur ekki gefist kostur á að ræða þá við mitt fólk og fyrr er ekki hægt að ætlast til þess að einstökum þáttum verði gerð skil, þótt það sé að vísu lítill vandi með einstaka þætti málsins.

[15:12]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið lagt fram eitt mikilvægasta frv. á sviði skattamála og fjármála um langa hríð. Ég fagna þessu frv. og eins og vitað er standa báðir ríkisstjórnarflokkarnir einhuga að því.

Með frv. er enn á ný staðfest sú markvissa stefna ríkisstjórnarflokkanna að viðhalda stöðugleika í landinu, efla velmegun, reka ríkissjóð með afgangi og styrkja fjármála- og atvinnulíf landsins þannig að það nái að standa undir öflugu og góðu velferðarkerfi.

Framsfl. kom til leiks í ríkisstjórn á fyrra kjörtímabili 1995 einmitt með þessi markmið í huga, markmið sem byggja á raunsæi þess að án öflugs atvinnulífs og vel rekins ríkissjóðs er ekki hægt að halda úti velferðarkerfi í landinu. Allar aðrar hugmyndir, svo sem að reka velferðarkerfið með lánum, eru óðs manns æði eins og allir hljóta að sjá. Það voru því hin skýru markmið Framsfl. að efla atvinnu, skapa þau störf sem allir þekkja og óþarfi er að telja upp í þúsundum, það þekkja allir vel, efla þannig störfin og velferðarkerfið og ná með heilbrigðu atvinnulífi að auka framlög til velferðarmála.

Hver maður sem hefur fylgst með stjórnmálum veit að við þetta hefur verið staðið, veit að svo mikið hefur verið aukið í framlögum til velferðarmála að stjórnarandstaðan finnur ríkisstjórnarstefnunni það helst til foráttu að of miklu hafi verið eytt. En um leið og ég segi þetta er okkur í ríkisstjórnarflokkunum, og ekkert síður í Framsfl. en öðrum flokkum hér á þingi, ljóst að betur má ef duga skal. Og kröfur okkar til okkar sjálfra sem stöndum að ríkisstjórn og kröfur almennings í landinu eru þær að stöðugt verði þjónusta aukin við þá sem þurfa á velferðarkerfinu að halda, ekki síst þá sem minna mega sín, og það er þá fyllilega í samræmi við það að þetta frv. kemur hér fram til þess að styrkja og efla atvinnulífið í landinu.

En það er ekki aðeins velferðarkerfið sem við erum að hugsa um og að skapa næg störf í landinu með því að efla fyrirtækin, heldur viljum við skapa öryggi og stöðugleika. Öryggi er ekki aðeins atvinnuöryggi, öryggið er líka öryggi fjölskyldnanna um að fyrirvinnurnar hafi næga vinnu ekki aðeins í dag heldur til lengri framtíðar. Og með slíku öryggi

vinnum við einmitt að velferð í landinu, öryggi sem heimilin þurfa á að halda, bæði ungum og gömlum til hagsbóta.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa einnig lagt áherslu á hagvöxtinn og er því ástæða til að leggja enn frekar áherslu á slíkt núna þegar horft yrði til þess að vegna hagsveiflunnar má búast við hægari hagvexti en áður.

Það er einmitt í ljósi þessa samspils atvinnulífs og heilbrigðs reksturs á ríkissjóði og þar með öruggum stoðum undir velferðarkerfið að þetta frv. er lagt fram.

Ég tel að frv. og samþykkt þess þegar að því kemur muni efla fjármálakerfið og atvinnulífið í landinu og sést það best á þeim viðbrögðum sem strax hafa orðið við frv. Segja má að það sé gleðilegt að í fyrsta skipti á Íslandi hafi einmitt mælst, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., snögg viðbrögð við aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna þess að menn treysta henni, en það er líka ánægjuefni vegna þess að það sýnir að íslenskt fjármálalíf er komið í takt við það sem við þekkjum í nágrannalöndunum, þ.e. að fjármálalífið er fljótt til svara og viðbragða eins og dæmið sem hér liggur nú fyrir sannar.

Ég held að það hafi ekki einungis verið efni frv. sem kom blóðinu til að streyma hraðar í efnahagslífinu, heldur hafi það einnig verið tímasetningin eins og margir hafa minnst hér á, m.a. formaður Samfylkingarinnar. Tímasetningin var góð m.a. vegna þess að hún kom fram í upphafi þings en þó ekki aðeins það, heldur vegna þess að hún var má segja tvíburabróðir eða tvíburasystir eftir því hvernig menn vilja orða það, fjárlagafrv. og kom sterkt til liðs við það.

Og það sjá allir sem vilja gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki haft samráð við fulltrúa atvinnulífsins að þar er ekki á ferðinni tilraun til að misbjóða slíkum aðilum. Það vita allir sem fyrirtæki hafa rekið og að fjármálastjórn hafa komið að grundvallaratriði er að með slík mál sé farið þannig að ekki berist út, heldur að hlutirnir komi jafnt til allra og allir sitji þar við sama borð og að enginn spákaupmennska eða hræðsluáróður nái að spilla þeim árangri. Í því felst ekki að ríkisstjórnin ætli ekki að hafa samráð. Nú er komið að slíku samráði, þ.e. frv. hefur verið lagt fram. Nú er þessum aðilum að sjálfsögðu fyrstum allra boðið til samstarfs við þingið til afgreiðslu og farsælla lykta á þessu máli.

Ég fellst fyllilega á þau rök sem hér hafa komið fram og tel að dæmin sanni, þó að hagfræðikenningar muni sennilega vera nokkuð til tveggja átta, að þetta frv. og lög sem verða samþykkt muni leiða til aukinna tekna fyrir ríkissjóð. Ég tel þess vegna að ekki sé hægt að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að leggja þetta fram vegna þess að frv. og lögin verði á kostnað einhverra. Þvert á móti tel ég að það sé mönnum til hagsbóta sem njóta ávaxta af góðu atvinnulífi.

Ég held að menn eigi ekki að reyna í þessum sal að kasta fram efasemdum út í samfélagið, til almennings og til fyrirtækja um að við búum í einangruðu samfélagi á Íslandi. Ég held að allir sem hafa komið nálægt atvinnurekstri og hafa fylgst með örri þróun, og þá þarf ekki að minnast á alþjóðavæðingu, viti að við stöndum ekki aðeins núna í samkeppni um fólkið okkar, unga fólkið, menntaða fólkið, við stöndum í samkeppni um fyrirtækin okkar. Við þurfum að laða hingað fyrirtæki og okkur hefur ekki tekist það eins vel og við hefðum viljað, en kannski þurfum við fyrst og fremst að gæta þess að missa ekki fyrirtækin frá okkur. Það er engin miskunn í slíkri samkeppni og við þurfum ekki að biðjast neinnar vægðar nema við ætlum að hafa atvinnulíf á Íslandi sem á að búa við önnur kjör en þau lönd sem eru að bjóða miklu betri aðstæður.

Eignarskattur verður lækkaður með framlagningu frv. og lagasetningu sem hér er mælt fyrir. Þetta tel ég vera mjög heilbrigt. Eignarskattur er úrelt fyrirkomulag í svo miklum mæli sem verið hefur. Ég held að flestir hljóti að átta sig á því að það hlýtur að vera arðurinn af eigninni sem við eigum að skattleggja en ekki eignirnar. Þegar við horfum frá fyrirtækjunum og til eigna almennings í landinu, við þurfum ekki að vera að tala um eitthvert stóreignafólk heldur hinn almenna borgara, þar sem eignafyrirkomulag á húsum og húseignum á Íslandi er fyrst og fremst það að einstaklingarnir eiga húsin og íbúðir sem fólk býr í, þá sjá allir að það er réttlætismál gagnvart stórum hluta landsmanna að lækka eignarskatta.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að áhrifum á afkomu ríkissjóðs og minna fyrst og fremst á eina augljósa staðreynd. Vegna hagsveiflunnar og ýmissa aðstæðna er svigrúm ríkissjóðs ekki jafnmikið og verið hefur. Meðal annars hefur verið brugðið á þau ráð að draga saman í rekstri og hagræða hjá ríkinu, en ekki aðeins það, heldur hefur verið dregið saman í framkvæmdum. Sú kenning er alþekkt að það eigi ríkið ekki að gera heldur þvert á móti að auka opinberar framkvæmdir, en það er því miður ekki svigrúm til slíks. Þess vegna tel ég að skattalækkunin núna sé einmitt á réttum tíma til að koma með vítamínsprautu inn í hagkerfið og verða því til heilla.

Það er sjálfsagt að nefna það einnig, þó að það fari ekki hæst í umræðunni, að með frv. og samþykkt þess verður sköttum létt af húsaleigubótum.

Ég vil að menn minnist þess að það gerist ekki oft að skattar séu lækkaðir á tekjur. Stefna ríkisstjórna undanfarinna ára, ég segi ekki áratuga en um mjög langan tíma, hefur verið sú að halda skattlagningu af öllum tekjum til haga, en koma fyrst og fremst til móts við þá sem á því þurfa að halda með því að koma inn tekjumegin eða með einhverjum öðrum aðgerðum í stað skattalækkana. Ég tel þess vegna að hér hafi verið tekið sérstakt skref og menn hafi lagt sérstaka lykkju á leið sína með því að létta sköttum af húsaleigubótum af þeim sem þær fá.

Eitt vil ég nefna nú við 1. umr., sérstaklega með tilliti til þess sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni þar sem hann gerði stórgróðafyrirtækin að umtalsefni. Það eru ekki einungis stórgróðafyrirtæki sem munu njóta þessa. Það eru fyrirtæki á borð við meðalstór og smærri fyrirtæki sem líka munu njóta ávaxtanna af skattalækkuninni.

Mönnum hefur verið tíðrætt um hækkun skattleysismarka. Ég finn það sömuleiðis í viðtölum við fólk, bæði nú og fyrr að menn óska eftir hækkun skattleysismarka og telja að það sé einhver mesta kjarabótin. Auðvitað væri það kjarabót ef við gætum hækkað skattleysismörkin. En menn skulu hafa tvennt í huga. Ávinningurinn er ótrúlega lítill miðað við þær fjárhæðir sem ríkissjóður þyrfti að greiða við hækkun skattleysismarka. Þannig mun svo vera að þúsund króna hækkun í skattleysismörkum, sem mörgum þykir nú ekki mikið, þúsund krónurnar eru léttar í vasa þó að ég viti að marga munar um þúsund krónur, þær kosta ríkissjóð milljarð og kemur þó ekki allt til ávinnings fyrir þann sem nýtur þess stuðnings.

Ef við hefðum einn milljarð, ég tala nú ekki um tvo, þrjá, sem við værum að ná vegna hækkunar á skattleysismörkum og hefðum það til hagsbóta fyrir þá sem minna mega sín, vildum við þá ekki e.t.v. eyða þeim peningum og því svigrúmi ríkissjóðs? Gætum við þá ekki ráðstafað því á annan hátt? Við skulum því minnast þess að hækkun skattleysismarka kemur ekki aðeins þeim eignaminni og tekjuminni

til hjálpar, heldur öllum og er því ekki með neinum hætti tekjujöfnunarverkfæri.

Virðulegi forseti. Ég tel að frv. sem hér liggur fyrir um skattamál sé stórt skref fram á við til þess að efla atvinnulífið og standa undir þeim meginmarkmiðum sem fyrir liggja að treysta atvinnu og auka þar með tekjur velferðarkerfisins til að standa undir þeirri velmegun og því lífi sem Íslendingar vilja lifa.

[15:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst ein lítil athugasemd. Hv. þm. telur að þessar skattkerfisbreytingar muni ekki leiða til minni tekna fyrir ríkissjóð þegar upp er staðið vegna þess að þær muni hafa í för með sér meiri umsvif. Nú kemur fram í fylgigagni með frv. að gert er ráð fyrir að þessar skattbreytingar muni rýra tekjur ríkissjóðs um rúma 7 milljarða. Hins vegar er gert ráð fyrir tekjum vegna aukinna efnahagsumsvifa sem nemi 3,5 milljörðum, en nettóáhrif þessara skattalækkana verði 3 milljarðar á árinu 2002, 4,1 milljarður 2003, samtals 3,6 milljarðar þegar litið er til þessa tímabils. Ég vil bara vekja athygli á þessu.

Í öðru lagi benti hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson á að Sjálfstfl. og Framsfl. stæðu hér einhuga að baki. Hann fagnaði því að mikil viðbrögð hefðu orðið við frv. og aldrei hefðu þau orðið meiri eða fljótari, sneggri, en með þessu frv. Það er alveg rétt að mjög var fagnað á fjármagnsmarkaði þegar skattafrv. hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes var lagt fram. En það komu líka fram viðbrögð frá öðrum aðilum, í gær frá Alþýðusambandi Íslands og áður frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þar eru þessar breytingar harðlega fordæmdar.

Ég leyfi mér einnig, herra forseti, að draga stórlega í efa að það standist að þessar skattkerfisbreytingar muni stuðla að aukinni velmegun eins og hv. þm. lagði áherslu á. Þær munu a.m.k. ekki gera það fyrir öryrkja, þær breyta engu um kjör þeirra. Ég efast líka um að þessar skattkerfisbreytingar muni efla atvinnu í landinu og að þær byggi á raunsæi. Hér hafa verið færð rök fyrir hinu gagnstæða. Ég óska eftir að heyra rökstuðning hv. þm. fyrir skoðunum hans.

[15:30]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, menn sýna skjót viðbrögð. Að sjálfsögðu hljóta aðrir en atvinnulífið einnig að sýna viðbrögð eins og fram hefur komið.

Ég tel hins vegar að þegar þessir aðilar fara að kynna sér frv. betur og koma fram með sínar ábendingar, sem e.t.v. verða til einhverra breytinga, þá komist menn að þeirri niðurstöðu, sem ég tel vera rétta, að málið verði til hagsbóta fyrir þá sem í ASÍ eru og sömuleiðis Öryrkjabandalagið.

Ef ég má taka upp það sem fulltrúar flokkanna hafa átt hér orðaskipti um þá skilur þar í milli okkar og vinstri grænna að við í Framsfl. leggjum fyrst og fremst áherslu á að í landinu sé heilbrigt atvinnulíf, heilbrigð fyrirtæki sem veiti næga atvinnu og greiði skatta og skyldur ásamt þeim sem vinnuna hafa þannig að hægt sé að veita peninga inn í velferðarkerfið. Dæmin sína það og sanna, hver maður getur séð það, jafnvel á tímum samdráttar eins og verið hefur núna í hagsveiflunni. Okkur hefur tekist að leggja meira fram til velferðarmálanna, m.a. til heilbrigðismála og til öryrkja. Það tel ég sanna þá meginkenningu sem ég hef sett fram í máli mínu ásamt fleirum.

[15:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu viljum við stuðla að heilbrigðu atvinnulífi. Við viljum jafnframt stuðla að réttlátri og raunsærri skattlagningu.

Ég vek athygli á því að með þessum skattkerfisbreytingum er verið að færa hátekjuskattshlutfallið úr 275 þús. í 331 þús. kr. á mánuði árið 2002, á sama tíma og öryrki með 80 þús. kr. á mánuði er skattlagður um 70 þús. kr., eða sem nemur nánast heilum mánaðartekjum hans. Þetta finnst mér vera ranglátt. Ég fæ ekki skilið hvernig þetta getur stuðlað að velmegun á Íslandi.

[15:32]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við aðgerðir í efnahagsmálum þarf að horfa til margra hópa í samfélaginu. Það þarf m.a. að horfa til millitekjufólksins, fólksins sem yfirleitt stendur í húsbyggingum, fjölskyldna sem eru að koma upp börnum og hafa mikil útgjöld. Þessu fólki þurfum við líka að sinna og það gerir þetta frv.

Við eigum að koma til móts við láglaunafólkið og þá sem þurfa á velferðarkerfinu að halda, ekki með því að rugla skattkerfinu, heldur með öðrum aðgerðum, t.d. bótakerfinu eins og gert hefur verið á undanförnum árum, þó svo að betur megi ef duga skal. (**ÖJ**: Með breytingunni á húsnæðiskerfinu, núna síðast?)

[15:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að láta það tækifæri fram hjá sér fara þegar hægt er að spyrja fulltrúa Framsfl. út í þær skattkerfisbreytingar sem hér er verið að boða. Það hefur hins vegar verið svo að Framsfl. hefur því miður oft verið sem hálfgerð b-deild Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur haft það hlutverk að koma fram fyrir hönd Framsfl. En nú fáum við einn framsóknarmann til að fara yfir þennan skattalagapakka sem hér er verið að boða.

Ég vil því nota þetta tækifæri og spyrja fulltrúa Framsfl., sem hér talar, hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, út í atriðið sem ég nefndi hér áðan. Mér sýnist að ein breytingin í þessum skattalagapakka, þ.e. auknir möguleikar einstaklingsfyrirtækja til að söðla um yfir í einkahlutfélög, geri það að verkum að tekjustofnar sveitarfélaga lækki töluvert mikið. Það er vegna þess að þau fá hluta af þessum skatti. Fyrr í dag tók ég dæmi um fyrirtæki með 5 millj. kr. hagnað, að eftir breytinguna mundu skatttekjur sveitarfélaga af fyrirtækinu lækka um 600 þús.

Ég vil spyrja fulltrúa Framsfl. út í þetta, herra forseti, og heyra hvort þetta sé ný stefna framsóknarmanna eða hvort sveitarfélögunum skuli bætt þetta upp.

Enn fremur vil ég spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson út í það hvort Framsfl. sé mjög kátur með að þessar skattkerfisbreytingar, sem að mestu koma til lækkunar á fyrirtækjum í þéttbýli, að tryggingagjaldið leggst jafnt á bændur. Er Framsfl. mjög ánægður með það? Telja framsóknarmenn að bændur séu þannig í sveit settir að 0,77% hækkun tryggingagjalds verði til að auðvelda þeim að draga fram lífið?

[15:35]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það liggja beint við að ríki og sveitarfélög skoði áhrif þessara skattalaga ef þau verða samþykkt hér. Það verður að meta þau ásamt ýmsu öðru sem

er í stöðugri skoðun, hvernig upp skuli gert ef á einhvern hallar. Ég tel að það sé eitt þeirra verkefna sem við höfum hér á þinginu. Við eigum að vinna að því og svo sannarlega munum við fagna því að sveitarfélögin komi fram með rök sín, hvort sem þau styðja málflutning hv. þm. eða ekki.

Varðandi bændur og tryggingagjaldið þá vil ég minna á að ég tel eðlilegt að bændur, eins og aðrir í landinu sem hafa með rekstur að gera, greiði sambærileg gjöld og aðrir. Allur rekstur í landinu á að sjálfsögðu að sitja við sama borð. Ef okkur þykir að við þurfum að styrkja bændur, búsetu og byggðarlög, þá eigum við að gera það með öðrum móti, eins og svo sannarlega er gert með margvíslegum hætti og ómögulegt að rekja hér í örstuttu svari.

Við eigum að sjálfsögðu að koma mjög myndarlega til liðs við bændur. En við eigum ekki að gera það með því að að rugla skattkerfi sem þarf að hvíla á jöfnuði og öryggi fyrir alla sem stunda rekstur.

[15:37]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var gefin mikilvæg yfirlýsing um bændur og tryggingagjald. Ég vil leyfa mér, þó ég hafi það ekki á pappírum hér, að efast um að svo sé með skattgreiðslur og eignarskatta hjá bændum. Hins vegar mun það koma að fullu fram í auknu tryggingagjaldi.

Það er athyglisvert að heyra frá fulltrúa Framsfl. að hann vilji ganga hér fram fyrir skjöldu og hækka álögur á bændur eins og hér hafa komið fram, þó að þeir njóti lítils af þeim lækkunum sem boðaðar eru í þessum pakka.

En það er annað, herra forseti, sem mig langar að spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson út í, þ.e. varðandi skattleysismörkin og umræður hans um skattleysismörkin. Hann sagði að hver þúsundkall mundi kosta einn milljarð.

Það er sennilega rétt að það er engin ástæða til að hækka skattleysismörk, t.d. á okkur alþingismönnum eða öðrum. En hvað með ellilífeyrisþega? Hvað með þá ellilífeyrisþega sem fá seðil frá Tryggingastofnun upp á 65.250 kr. og borga 5.400 kr. í skatt í hverjum mánuði? Væri ekki ástæða til að breyta þessu?

[15:38]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Ég vil orða þessa spurningu öðruvísi ef ég má leyfa mér það, án þess ég vilji snúa út úr fyrir hv. þm.

Það er að sjálfsögðu ástæða til þess að koma til móts við og til liðs við ellilífeyrisþega og aðra þá sem þurfa á einhvers konar stuðningi að halda. En það eigum við ekki að gera með því að breyta skattkerfinu. Við eigum að gera það með öðrum hætti. Skattleysismörkin eru ekki réttu tækin. Skattleysismarkabreytingar, hennar njóta allir, bæði ríkir og fátækir, hvort sem hv. þm. vill telja alþingismenn með eða ekki. (**ÖJ:** Er hægt að telja gamla fólkið með?)

Þess vegna eigum við miklu frekar, ef svigrúm er til, að nýta það til bóta og styrkja með öðrum hætti en ekki að breyta því skynsamlega skattkerfi sem við höfum búið við (Gripið fram í.) á síðustu árum.

[15:40]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott mál og göfugt, eins og hv. 12. þm. Reykv. benti á í máli sínu, að laða hingað fyrirtæki og þá jafnframt að styrkja þau fyrirtæki sem fyrir eru í landinu.

En ég vil benda hv. 12. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh. á að miklu skiptir að þau fyrirtæki geti jafnt átt heimilisfesti á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og skapað þar atvinnu. Þetta verður að skoða við meðferð þessa frv., m.a. með tilliti til tryggingagjalds eins og formaður Samfylkingarinnar benti á fyrr í dag í ræðu sinni um þetta frv.

Ég vil því spyrja 12. þm. Reykv.: Er hann ekki sammála mér um að skilyrði fyrirtækjanna verði gerð jafngóð á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og að það sé réttlætismál?

[15:41]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef spurningin er um hvort ég vilji haga skattkerfinu þannig að fyrirtæki og einstaklingar úti á landsbyggðinni búi við annað skattkerfi en þeir sem á höfuðborgarsvæðinu búa, þá er svar mitt alfarið: Nei.

Þessar hugmyndir hafa skotið upp kollinum í mörgum flokkum, jafnvel öllum flokkum. En þetta væri að mínu mati mjög óheppileg aðgerð. Hvar ætlum við að draga mörkin um landsbyggð? Telst Eyjafjarðarsvæðið, vaxtarsvæði sem við getum svo sannarlega fundið út um allt land, vera landsbyggð? Eiga þeir að búa við annað skattkerfi en þeir í Þingeyjarsýslunni? Hvar ætlum við að draga mörkin? Við Elliðaárnar, um Hellisheiðina? Ætlum við austur á Hvolsvöll eða upp í Borgarfjörð?

Ég held að við verðum að halda okkur við það skattkerfi sem við höfum. Ef við viljum styrkja landsbyggðina, þá segi ég — líkt og um annan stuðning í þjóðfélaginu — að hvort sem við viljum styðja bændur eða einstök byggðarlög, sem ég svo sannarlega styð, byggðastefnu með árangursríkum hætti, þá eigum við að gera það með öðrum hætti en að fara út í það óráð að rugla skattkerfið og reyna að draga einhverjar línur um byggðir landsins þar sem menn njóti mismunandi skatta. Allt mun það leiða til glundroða.

[15:42]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður virðist hv. 12. þm. hafa misskilið hrapallega þá spurningu sem ég var hér að setja fram. Ég var ekki að tala um að koma upp mismunandi skattkerfi á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ég var að benda honum á að í þessu annars ágæta frv. gæti verið fólgin mismunun með tryggingagjaldinu, að hækkun á tryggingagjaldi komi mikið þyngra niður á landsbyggðarfyrirtækin heldur en þau í höfuðborginni. Það var það sem ég var að tala um, að gætt yrði að því og litið til þessa. (**Gripið fram í:** Breytingu á tryggingagjaldi?) Nei, hv. þm., ég er að tala um, eins og hv. formaður Samfylkingarinnar hefur bent á, að þessi hækkun á tryggingagjaldi kæmi þyngra niður á landsbyggðarfyrirtækjum en á fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og hvort það þyrfti ekki að jafna það og huga að því við meðferð þessa frv. Ég var alls ekki að biðja um mismunandi skattlagningu þegna landsins.

[15:44]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið hv. þm. velvirðingar ef ég hef ekki skilið fyllilega spurningu hans. Ég er ekki einu sinni viss um að ég hafi enn áttað mig fyllilega á því hvert hann er að fara. E.t.v. áttaði ég mig á spurningunni en ég get alls ekki ráðið í hvaða leiðir þingmaðurinn vildi helst fara í því efni.

Ég kem aftur að því sem ég hef sagt, að ef við með þessari lagasetningu, eins og með svo margvíslegri lagasetningu drögum fram þau áhrif sem eru mismunandi eftir byggðum

landsins, hvort sem við erum þar að tala um höfuðborgarsvæði, landsbyggð eða sjávarbyggðir eða til sveita, þá eigum við að leita annarra leiða til að koma til móts við þau.

Ég undirstrika að ég er stuðningsmaður þeirrar byggðastefnu sem rekin hefur verið og tel að við megum þar síst slaka á. Við verðum að styðja við byggðir landsins. En skattkerfið er ekki rétta verkfærið til slíkra hluta.

[15:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Loksins, loksins sjáum fyrir okkur lækkun á sköttum.

Við höfum búið við mjög hækkandi laun undanfarin svona sjö árin, sem aldrei fyrr. Það er að sjálfsögðu afleiðing af því að ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa markvisst verið að lækka álögur á atvinnulífið. Það hefur getað borgað hærri laun. Við þetta hafa skattar hækkað langt umfram hækkun launa vegna þess hvernig tekjuskatturinn er uppbyggður.

Fasteignaverð hefur sömuleiðis hækkað í takt við launahækkanir. Það er þekkt fyrirbæri og þar með hafa eignarskattar líka hækkað umfram laun þar sem öll frítekjumörk og fríeignamörk hafa hækkað eins og verðlag. Þetta hefur valdið því að tekjur ríkissjóðs hafa hækkað langt umfram verðlag og laun og þá hefur verið svigrúm til að bæta úr ýmsu í velferðarkerfinu. Þar hafa bætur verið hækkaðar umfram verðlag. Þar hafa menn brugðist við dómum með umtalsverðum greiðslum til örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega. Menn hafa stórhækkað laun opinberra starfsmanna og það sem kannski er verst er að verðmæti lífeyrisréttar þeirra hefur stórhækkað. Hann hefur hækkað um 100 milljarða eða meira en sem nemur verðmæti Landssímans, Búnaðarbankans og Landsbankans á síðustu fimm árum.

Nú loksins eiga skattgreiðendur að fá smávegis af þessari köku, ekki mikið, lítið, en smávegis og það er spor í rétta átt.

Varðandi ræðumennsku hv. stjórnarandstæðinga þá finnst mér hún vera þannig að þeir séu frekar uppteknir af því að skipta þjóðarkökunni en að stækka hana. Ég vil miklu frekar sjá þjóðarkökuna stækka þannig að allir fái meira heldur en að vera sífellt upptekinn af því að minnka hana með því að skipta henni og skipta.

Herra forseti. Loksins er eignarskatturinn lækkaður, eignarskatturinn sem hindrar sparnað. Það fólk sem með ráðdeild og sparnaði neitar sér um jeppa og utanlandsferðir og hefur nurlað saman smáfé, sem þótti einu sinni dyggð, jafnvel hjá bændum, herra forseti, og fulltrúum bænda, varð áskrifandi að eignarskatti til ríkisins. Sá maður sem náði 1 millj. umfram eignarskattsmörkin varð áskrifandi að 14.500 kr. á ári í skatt, ævilangt og alla tíð. Það varð til þess að fjöldi manns nennti ekkert að spara og fór að kaupa jeppa eins og hinir og eyða í utanlandsferðir.

Eignarskatturinn er hemill á sparnað. Og nú á að lækka hann um helming.

Svo er auk þess felldur niður þjóðarbókhlöðuskatturinn sem var einu sinni settur á til að byggja þjóðarbókhlöðu. Það er löngu búið að því. Hún er löngu risin, komin í fullan rekstur. En skatturinn hefur af einhverjum ástæðum alltaf gleymst. Nú á að fella hann niður, loksins.

Fjöldi eldri borgara býr í eigin húsnæði og er að bisa við að borga eignarskatta af lágum tekjum og spara ríkinu stórfé meðan þeir fara ekki inn á stofnanir þess. Þessu fólki hefur verið refsað, refsað fyrir að reyna að halda út í eigin húsnæði. Nú á að minnka þessar álögur sem betur fer og mættu þær falla alveg niður mín vegna.

Herra forseti. Loksins, loksins. Tekju- og eignarskattar fyrirtækja eru lækkaðir. Við höfum séð í auknum mæli í kjölfar alþjóðavæðingar blómleg fyrirtæki fara úr landi með hagnaðinn, bara hagnaðinn þangað sem tekjuskattar eru lægri og eignarskattar, þangað sem eignamyndun borgar sig í fyrirtækjum. Eignarskattar fyrirtækja eru nánast hvergi til nema á Íslandi. Nú er þessi skattur lækkaður niður í 18% og það mun verða til þess að fyrirtækin fara ekki úr landi og hugsanlega koma einhver fyrirtæki til landsins.

Ég hef reyndar reiknað út, og benti á það í umræðu um fjárlagafrv. um daginn, að ríkissjóður er að selja 68 milljarða af eignum sínum, þ.e. Landssímann, Búnaðarbankann og Landsbankann, og skattalækkun á fyrirtækjum, þ.e. ef hluthafinn sér 82% standa eftir af hagnaðinum í staðinn fyrir 70% áður, þýðir að hann sér 17% meira standa eftir en áður.

Miðað við hvernig fyrirtæki eru verðmetin á markaði, þar sem litið er til framtíðartekjustrauma, þá eiga af þessari aðgerð einni saman hlutabréf að hækka um 17%. Þessi eina aðgerð á að hækka hlutabréf um 17%. Þar á meðal hlutabréf í þessum fyrirtækjum sem ríkissjóður er að selja. Það þýðir 12 milljarða, herra forseti, 12 milljarða í hækkun á verði til ríkissjóðs.

Þetta vita þeir sem hafa stundað verðbréfaviðskipti, svo sem eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hann þekkir að sjálfsögðu þessi fræði öllsömul. (**Gripið fram í:** Mesti verðbréfa...) Hann er mesti verðbréfamiðlari þingsins. (**SJS:** En ræðumaður? Hvernig er með hann?) Ég sjálfur er löngu hættur þessu. (**ÖJ:** Það er bara prívat.) (**SJS:** Já, já.) (**ÖJ:** Það er nú allt annað.)

Ef skatturinn yrði lækkaður enn frekar, niður í 10%, þá mundi ríkissjóður græða enn meir. (**SJS:** En 0%?) 0%? Þá mundi hann græða mest (**SJS:** Já.) á næstu þrem árum, herra forseti, því hann fórnar náttúrlega einhverju til líka. (**SJS:** Neikvæð hækkun.) (**Gripið fram í:** Hækkar verðið á Símanum ...) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður þingmenn að leyfa ræðumanni að flytja mál sitt í friði.)

Ég legg því til að hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar leggist alvarlega yfir það með það í huga að afla fjár til velferðarkerfisins, að lækka þennan skatt niður í 10% og slá met í tekjusköttun fyrirtækja niður á við þannig að við fáum hingað fjöldann allan af fyrirtækjum erlendis frá. Það yrði mjög jákvætt.

Herra forseti. Lagt er til að hækka hátekjumörk. Það er bara til að mæta hækkun á launum og dugar varla til þannig að maður getur nú bara svona kinkað kolli yfir því. Auðvitað á að fella þennan skatt niður. (**ÖJ:** Hvað með skattleysismörkin?)

Síðan er lagt til að hækka eignarskattsmörk til að mæta hækkun á fasteignaverði. Það er líka aðgerð til að bregðast við gífurlegri hækkun á fasteignaverði. Það kemur reyndar þannig út að þeir sem skulda mikið njóta þess ekki en hinir sem skulda lítið njóta þess mikið og er þá loksins farið að verðlauna fólk fyrir ráðdeild, þ.e. að skulda lítið.

Herra forseti. Líka er lagt til að hætta að vera með verðbólgureikningsskil. Þau eru á margan hátt og alla vegana réttlátari en reikningsskil sem tíðkast erlendis og víðast hvar. Vegna samanburðar við útlönd get ég fallist á þessa aðgerð. En hún er ekki eins réttlát. Hún t.d. gerir það að verkum að fyrirtæki sem er skuldsett — og þar hefur verðbréfamarkað-

urinn komið með vitlausa útleggingu eða það sem við höfum heyrt frá þeim — skuldsett fyrirtæki hafa fengið tekjufærslu vegna þess að talið er að þau hafi hagnast á skuldunum vegna verðbólgu. Og það gera þau.

Nú á að hætta að koma með þessa tekjufærslu. Ekkert breytist í rekstrinum. Það eina sem gerist er að reksturinn sýnir lakari niðurstöðu. Hann sýnir lakari niðurstöðu vegna þess að tekjufærslan fellur niður og tekjuskattar þessara fyrirtækja lækka þar af leiðandi. Það eina sem breytist er að það sýnist vera lakari niðurstaða og tekjuskatturinn lækkar á fyrirtæki sem skulda. Á fyrirtæki sem skulda. Hjá hinum sem eru með peningalegar eignir hefur verið reiknað með gjaldfærslu af sömu ástæðu og þau munu sýnast hafa betri stöðu og borga hærri skatta. En ég felst á þetta vegna þess að þarna er verið að aðlaga reikningsskil okkar erlendri reglu og það er jákvætt.

Herra forseti. Það sem ég tel ekki vera jákvætt í þessu frv. er skattfrelsi húsaleigubóta. Þær voru ákveðnar á sínum tíma þetta háar sem þær nú eru vegna þess að þær voru skattlagðar. Þær hefðu verið ákveðnar lægri, eins og vaxtabætur, ef þær hefðu verið skattfrjálsar. Og þetta kemur líka þannig út að þetta skattfrelsi kemur því fólki sem borgar enga skatta hvort sem er ekki til góða. Það kemur eingöngu þeim til góða sem borga skatta og þar af leiðandi sumu fólki með dágóðar tekjur. Einstaklingur sem er t.d. með 133 þús. kr. í tekjur fær óskertar húsaleigubætur í dag og hann fengi þær skattfrjálsar núna þó hann sé með þetta háar tekjur, bara fyrir sjálfan sig.

Þá hef ég að sjálfsögðu einnig athugasemdir við tryggingagjaldið. Það er skattur á laun, en um leið er það krafa um arðsemi í fyrirtækjunum. Tryggingagjaldið verður hækkað um sem nemur einum starfsmanni af 130, þ.e. fyrirtæki sem er með 130 starfsmenn þurfa að hagræða um einn starfsmann á heilu ári og þætti nú ekki mikið. En það er greinilegt að ASÍ reiknar ekki með því að íslensk fyrirtæki séu hæf til að hagræða yfirleitt nokkurn skapaðan hlut heldur velti öllu út í verðlagið ef þau geti, það sé engin samkeppni neins staðar og þau geti velt þessari litlu hagræðingu út í verðlagið. Það er merkilegt að gert sé yfirleitt ráð fyrir því að einhver hagvöxtur sé á Íslandi.

Herra forseti. Hér hefur nokkuð verið vitnað í afstöðu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., og ummæli hans rangtúlkuð. Hann segir nefnilega, með leyfi herra forseta: „Það eru afar litlar líkur á því að þessum skattapakka verði breytt." (**Gripið fram í:** Afar litlar!) Afar litlar, en samt líkur. Þó það séu ekki nema 1% líkur þá eru það líkur, enda hefur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ekkert með það að gera hvað hv. Alþingi tekur ákvörðun um frekar en hæstv. fjmrh. Hann hefur heldur ekkert um það að segja. Hv. Alþingi tekur þá ákvörðun sem það vill, burt séð frá vilja hæstv. fjmrh. eða vilja formanna einstakra hv. nefnda. (Gripið fram í.) (**ÖJ:** Nú talar hann af eigin reynslu úr nefnd.)

Þessi ummæli hafa verið mistúlkuð í umræðunni og vildi ég gjarnan leiðrétta það.

Þá er líka loforð, sem ekki kemur reyndar fram í þessum pakka, sem ég get líka sagt um: Loksins, loksins. Það er lækkun á stimpilgjaldi sem hefur verið boðað. Ég hef heyrt mjög marga þingmenn, líka stjórnarandstöðuþingmenn, lýsa því yfir að þeir séu fylgjandi því að lækka stimpilgjaldið. Vil ég nú skora á þingmenn alla vegna þess hvað þetta er vitlaus skattur að þegar það frv. kemur fram þá bara ákveði þeir að fella það alveg niður eða fella það niður í þá veru að eingöngu þinglýsingarskjöl verði stimpluð. Þessi skattur er óskaplega dýr í framkvæmd og hamlar öllu atvinnulífinu og meira að segja Seðlabanki Íslands fer í kringum þessi lög með því að búa til endurhverf verðbréfaviðskipti, svokölluð endurhverf verðbréfaviðskipti. Með þeim er Seðlabankinn að fara í kringum þessi lög með því að nota sömu skuldapappírana aftur og aftur og borga stimpilgjaldið bara einu sinni vegna þess að þessi skattur gerir skammtímafjármögnun gjörsamlega ómögulega eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson þekkir sem sérfræðingur á þessu sviði, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hann veit náttúrlega að stimpilgjald á skammtímapappíra eyðileggur alla möguleika á fjármögnun.

Herra forseti. Ég fagna þessum tillögum. Ég vona að hæstv. fjmrh. haldi áfram á þessari braut og felli niður sumt af þessu eins og eignarskattinn á fyrirtæki, lækki tekjuskatta fyrirtækja enn frekar í ljósi þess að hann græðir á því með því að hækka verðið á þeim fyrirtækjum sem hann ætlar að einkavæða og mun einkavæða í framtíðinni, því það er hellingur eftir.

[15:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill helst enga skatta. Þetta eru gamlir frjálshyggjudraumar eða draumórar sem við höfum heyrt frá postulum nýfrjálshyggjunnar, Friedman, Hayek og Buchanan, þeim mönnum sem hafa boðað afnám skatta, vilja að fólk borgi bara við aðaldyrnar á Landspítalanum, hjá Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hagaskólanum eða í háskólanum, því að sjálfsögðu á þessi þjónusta að vera við lýði. Það á að greiða fyrir hana með öðrum hætti. Þótt það leiði til mismununar virðist hv. þm. ekki hafa minnstu áhyggjur af því.

Hv. þm. talar um stórauknar kauphækkanir og kaupmáttaraukningu á liðnum árum. Því miður hefur hún ekki verið nægileg hjá ýmsum stéttum. Ég vil spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal hvort honum finnist boðlegt að bjóða sjúkraliðum t.d. sem heyja harða verkfallsbaráttu og kjarabaráttu innan við 90 þús. kr. í byrjunarlaun. Annað sem ég vildi inna hv. þm. eftir varðandi góðærið sem hann gumaði hér af, er hvort hann hafi ekki af því áhyggjur að það kunni að hafa verið reist á sandi nú þegar í ljós kemur að íslenska þjóðin skuldar meira en 2 þúsund milljarða kr., að skuldir íslensku þjóðarinnar skuli núna hafa náð því hámarki að vera 259% sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og hefur aldrei verið hærra.

[16:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að ég vildi enga skatta. Ég vil skynsamlega skatta. Ég vil skatta sem ekki drepa skattstofninn, ekki drepa atvinnulífið, ekki drepa það í dróma heldur lætur það lifna og dafna, láta frumkvæði fyrirtækja dafna og láta fyrirtækin skila hagnaði. Ég geri kröfu til þess, herra forseti, að fyrirtækin skili hagnaði. Því vil ég benda hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem hefur nú rekið fyrirtæki, á það að fyrirtæki eiga að skila hagnaði.

Varðandi kjaradeilu sjúkraliða, þá ætla ég ekki að blanda mér í þá deilu. Ég þekki ekki launakjör sjúkraliða út í hörgul. Ég veit ekki hvað er borgað í vaktaálag og ég þekki ekki þau laun út í hörgul. En launakjör ríkisstarfsmanna hafa hækkað umtalsvert, miklu meira en laun á almennum markaði í stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar. Það er því ekki rétt að þau hafi ekki hækkað. Þau hafa hækkað umtalsvert og lífeyrisskuldbindingarnar hafa hækkað um 100 milljarða

kr. á síðustu fimm árum. Það er meira en Landssíminn, Landsbankinn og Búnaðarbankinn seljast á.

Hvað varðar viðskiptahallann, þá hef ég margbent á hættuna af því hve hann er orðinn mikill. Ég hef margbent á það og viljað grípa til ráðstafana, t.d. lækkun á eignarskatti sem örvar sparnað, lækkun á stimpilgjaldi og öðrum eignatengdum gjöldum sem ... (**ÖS:** Þú hefur ekki gert það í þessum sölum.) Víst hef ég gert það hérna. Ég hef margoft bent á það hve viðskiptahallinn er mikill og það hefur verið samþykkt þáltill. frá mér um að ríkisstjórnin eigi að finna leiðir til að ná niður, skuldum íslensku þjóðarinnar, fyrir árið 2015 og ná þeim niður í núll.

[16:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal segist ekki þekkja launakjör sjúkraliða. Ég get upplýst hann um það að byrjunarlaun eru innan við 90 þús. kr. Hv. þm. hefur leyft sér að alhæfa og fullyrða um launakjör sjúkraliða sem annarra starfsmanna ríkisins og launafólks á markaði. Hann leyfir sér líka að senda íslenskum lífeyrisþegum kaldar kveðjur þegar hann harmar það að kjör þeirra skuli hafa batnað á liðnum árum. Þetta finnst mér vera kaldar kveðjur.

Ég vil spyrja hv. þm. þegar hann talar um skynsemi og væntanlega þá einnig réttlætið í skattlagningunni. Finnst honum skynsamlegt og réttlátt að á sama tíma og tekjumörk hátekjuskatts eru hækkuð í 331 þús. kr. á mánuði, þá skuli öryrkinn skilinn eftir á köldum klaka? Finnst honum það skynsamlegt og finnst honum það réttlátt eða rúmast það hugtak ekki í málflutningi hv. þm.?

[16:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók einmitt fram að ég þekkti ekki kjör sjúkraliða. Ég tók það fram, ég var ekki að fullyrða eitt eða neitt. (Gripið fram í.) Ég sagði að tekjur ríkisstarfsmanna almennt hefðu hækkað mikið og þetta er víst í eina stéttin eða ein af fáum sem á eftir að semja við. (**ÖJ:** Hafa þær hækkað nóg?) Ja, það veit ég ekki, mér sýnist að lífeyrisskuldbindingarnar hafi hækkað alveg nóg eða um 100 milljarða sem eru um 5 millj. á hvern einasta ríkisstarfsmann sem verðmætið hefur hækkað. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að ræða við hv. þm.

(**Forseti** (GuðjG): Gæti hv. þm. fengið að flytja ræðu sína í friði fyrir stanslausum frammíköllum.)

Hátekjuskatturinn er hemill á dugnað og frumkvæði og ég vil benda á að einstaka örorkulífeyrisþegi borgar hátekjuskatt. Það eru til sjómenn sem eru með örorkulífeyri og eru yfir þessum mörkum. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GuðjG): Forseti verður að minna á að ekki er ætlast til að stunduð séu samtöl hér úr ræðustól Alþingis.)

[16:05]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Loksins, loksins sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstfl., og hrósaði öllum þeim skattalækkunum sem hér eru lagðar til. Ég hjó eftir því eða ég vil gjarnan spyrja hv. þm. út í það, heyrði ég virkilega rétt að hv. þm. væri andvígur lækkun húsaleigubóta? Heyrði ég það rétt? (**PHB:** Ekki lækkun.) Að lækka skattana.

Herra forseti. Ég heyri það á hv. þm. að ég hafi heyrt rétt frá hv. þm. Hér er ég með launaseðil þar sem einstæð móðir með þrjú börn fær 7.750 kr. í húsaleigubætur en borgar 3.004 kr. í skatta af þeim, einstæð móðir með þrjú börn. Þetta finnst hv. þm. óréttlátt að leggja af. Þessi einstæða móðir með þrjú börn borgar 32 þús. kr. í húsaleigu á mánuði.

Herra forseti. Ég hugsa að kjör hennar batni ekki mikið við þær 3.000 kr. sem Sjálfstfl. ætlar allra náðarsamlegast að taka í burtu af þessu og endurgreiða. En mikið óskaplega er það hryllilegt að hlusta á alþingismenn árið 2001 á Alþingi Íslendinga andmæla því að þetta sé gert. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum. Mér finnst það með ólíkindum þegar ég heyri þennan talnaglögga hv. þm. fara hér yfir tryggingabætur og hvernig hann talar um þær og minni á að í sjónvarpsviðtali á síðasta ári taldi hann að óregla ellilífeyrisþega og öryrkja væri stór hluti af vandamálum þeirra. Þvílíkt og annað eins. Ég held að menn ættu að skammast sín fyrir að láta svona orð út úr sér í ræðustól í hv. Alþingi.

[16:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Einstæð móðir með þrjú börn og 32 þús. kr. leigu fær um 16.000 kr. í húsaleigubætur. Þær bætur voru á sínum tíma ákveðnar vegna þess að þær voru skattaðar. Þær voru ákveðnar svona hátt af því að þær voru skattaðar. Þær hefðu verið ákveðnar lægri ef þær væru skattfrjálsar. Þannig var það ákveðið með vaxtabæturnar. Það var vitað fyrir fram að þær voru skattfrjálsar og þar af leiðandi voru þær ákveðnar lægri en ella. (Gripið fram í.) Nei, vaxtabæturnar sem eru alltaf bornar saman við húsaleigubæturnar eru skattfrjálsar en þær voru ákveðnar lægri vegna þess að þær eru skattfrjálsar. Menn geta að sjálfsögðu haft bætur skattskyldar og haft þær hærri sem nemur skattinum og það breytir ekki neinu.

Hv. þm. gat ekki setið á sér af því að hann var orðinn reiður, að tala um meint ummæli mín um óreglu örorkulífeyrisþega sem er ekki rétt. Ég sagði þetta aldrei, herra forseti, og ég er búinn að bera það af mér og hv. þm. getur ekki sannað þetta. En hann heldur áfram að tuðast á þessu og tönnlast á því vegna þess að það hentar honum í umræðunni. Hann hefur ekki önnur rök.

[16:08]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður sagt það og ég hef áður lesið upp úr þeim fréttaþætti sem hv. þm. tók þátt í þar sem hann talaði um óreglu hjá ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum sem væri meginástæða vandræða þeirra. Það er ekki það að ellilífeyrisþegi sem fær 65 þús. kr. í bætur á mánuði borgar 5.400 kr. í skatt. Það er ekki það. Það er ekki það að húsaleigubæturnar sem ég er með á launaseðli og get leyft hv. þm. að sjá, að sú einstæða móðir sem fær 7.750 kr. í húsaleigubætur á mánuði er að borga 3.004 kr. í skatt á mánuði. Þetta er hér svart á hvítu. Það er langbest að taka svona dæmi, enda held ég að hv. þm. hafi tekið fullt af dæmum í skattamálaumræðu sinni hér á undan.

Herra forseti. Ég ítreka það og segi: Það er rétt að ég verð frekar vondur fyrir hönd þeirra ellilífeyrisþega sem hafa byggt þetta þjóðfélag upp þegar ég heyri hv. þm. tala með slíkri lítilsvirðingu um tryggingabætur og annað eins og hann gerir hér oft og títt á Alþingi.

[16:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð aftur að endurtaka að bæturnar eru ákveðnar í upphafi með það í huga að þær séu skattskyldar hjá þeim sem borga skatt. (**KLM:** Eru þær þá of háar?) Get ég fengið ræðufrið?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. Pétur Blöndal hefur orðið og það er einlæg ósk forseta að hann fái að nota þessa einu mínútu truflunarlaust.)

Bæturnar eru ákveðnar þannig að tekið er tillit til þess að þær séu skattskyldar og það er líka réttlátt vegna þess að það fólk, þeir örfáu sem eru undir skattleysismörkum fá þá bæturnar óskertar. Þannig að skattfrelsi þessara bóta er félagslega óréttlátt vegna þess að fólk sem borgar engan skatt hvort sem er nýtur þess ekki, en þeir sem borga skatt og jafnvel fólk sem er með dágóðar tekjur eins og ég nefndi hérna áðan, fær þær skattfrjálsar, óskertar og það finnst mér óréttlátt. Að einstaklingur sem þarf bara að sjá fyrir sjálfum sér og er með 133 þús. kr. á mánuði skuli fá óskertar bætur og þurfi ekki að borga af þeim tekjuskatt eins og öðrum tekjum sem hann hefur, það finnst mér óréttlátt. En þetta er það sem menn vilja og þetta er það sem menn hafa ákveðið að láta yfir sig ganga.

[16:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir það með hv. þm. sem hann sagði um stimpilgjaldið. Ég tel að menn eigi að skoða það mjög vandlega að fella það að sem mestu leyti niður.

Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hann hafi engar áhyggjur af því hve mikill mismunur myndast á milli almennrar skattlagningar og þeirrar skattlagningar sem verður á lítil fyrirtæki þegar það liggur fyrir og menn hafa borið það vel saman, að fyrir þessa breytingu var tiltölulega lítill munur á því hvað menn borguðu í skatta eftir því hvort þeir tóku það út úr fyrirtækjunum eða greiddu með launum sínum, en með þessu verður meira en helmingsmismunur á skattinum. Það er alveg klárt mál að mínu viti að það mun kalla meira og meira á að farið verði að flytja einkaneysluna inn í einkahlutafélögin.

Ég tók eftir því að hv. þm. nefndi tryggingagjaldið ekki neitt í ræðu sinni. (**PHB:** Jú.) Það hefur þá farið fram hjá mér og ég bið afsökunar á því ef svo hefur verið. En ég vil segja að eins og þessi tillaga liggur fyrir, þá lenda miklu fleiri fyrirtæki í landinu í því að fara illa út úr sköttum eða verr út úr sköttum en þau hafa gert heldur en hin sem fá hagnað af þessum breytingum einfaldlega vegna þess að býsna stór hluti fyrirtækja og alveg sérstaklega á landsbyggðinni eru ekki gerð upp með hagnaði. Það liggur því alveg á ljósu að þarna verða mjög margir sem þurfa að fara að borga meira og það eru fyrirtækin sem standa verst. Ekki eru menn að hjálpa atvinnulífinu, með því, hv. þm.? Er það?

[16:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. ræddi ákveðið vandamál sem eru skattsvik þar sem menn nota sér skattkerfið til að losna undan sköttum og það er svo sem þekkt. Bótasvik eru einnig þekkt þar sem menn eru að ná sér í bætur sem ekki eiga rétt á því. Þetta er vandamál sem við höfum við að glíma og við höfum sett í lagasetninguna mjög ítarlega bálka til að koma í veg fyrir skattsvik af þessum toga.

En auðvitað vex hvatinn við þessa aðgerð og því miður gleymdi ég að koma inn á það atriði, en ég hef að sjálfsögðu hugleitt það að sá hvati vex. Áður var það þannig að ef menn höfðu 100 kr. í tekjur frá fyrirtæki, borguðu þeir 30 kr. í tekjuskatt, þá voru 70 kr. eftir. Ef þeir borguðu það út sem arð, borguðu þeir 7 kr. í fjármagnstekjuskatt og borguðu sem sagt í heildina 37 kr. af hundraðkallinum, þannig að það var mjög ámóta og sá tekjuskattur sem lagður er á einstaklinga og borgaði sig ekki að fara út í þessar æfingar nema vegna alls konar tekjutenginga barnabóta, vaxtabóta o.s.frv. En núna verður hvatinn enn frekari og það leiðir til þess að menn fara að sjálfsögðu að hugleiða hvort ekki eigi að lækka tekjuskatt einstaklinga líka. Það hefur ekki mátt gera að hingað til vegna þess að það er alltaf sagt að nú sé þensla og það muni auka þensluna að lækka tekjuskatt einstaklinga. En það má vel vera að við lendum í þeirri stöðu að við getum lækkað tekjuskatt einstaklinga og þá legg ég til að það verði gert.

Hvað varðar tryggingagjaldið, þá sagði ég að fyrirtæki sem er með 130 manns þurfi að spara einn mann á næstu tveim árum eða næsta ári til þess að standa jafnt með tryggingagjaldið eftir sem áður. Mér þykir leitt að heyra ef hv. þm. heldur því fram að fyrirtæki úti á landi séu ekki með hagnað. Það er mjög dapurlegt og því þarf að kippa í liðinn. Fyrirtæki eiga alls staðar að skila hagnaði jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem úti á landi.

[16:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Því miður er hafa fyrirtækin úti á landi miklu minni hagnað og bera miklu meira tap en fyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu. Það liggur alveg ljóst fyrir að hækkunin á tryggingagjaldinu mun koma illa niður á þeim.

Ég held að menn hafi þurft að hugsa sig kannski aðeins betur um. Mér heyrist á hv. þm. að hann hafi a.m.k. ekki fengið tækifæri til þess að átta sig á því hvort sá mismunur sem verið er að gera núna á sköttum fyrirtækja og sköttum einstaklinga muni valda vandkvæðum af því tagi sem hann var hér að lýsa og ég nefndi áðan. Yfir það þurfa menn að fara betur.

Ég ætla að nefna það líka að hv. þm. talaði um skatt á húsaleigubætur og sagði að það ætti bara við um þá sem borga skatt. Hverjir á Íslandi borga ekki skatt? Ég held að þeir séu ekki orðnir margir því að breytingarnar á undanförnum árum hafa orðið til þess að menn eru farnir að borga skatt af bótum. Og hverjir fá þá ekki húsaleigubæturnar í gróða núna?

[16:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Sem betur fer hafa laun á Íslandi hækkað sem aldrei fyrr og bætur líka þannig að velflestir eru farnir að borga tekjuskatt vegna þess að tekjuskattsmörkin hafa eingöngu hækkað eins og verðlag. En bæði launin og bæturnar hafa hækkað langt umfram verðlag. Þess vegna borgar sem betur fer alltaf færra og færra fólk ekki skatt. En að sjálfsögðu eru einhverjir til enn þá sem borga ekki skatt og ef þeir njóta húsaleigubóta þá fá þeir þær óskertar núna eftir sem áður og þeir munu einskis njóta í þessari breytingu.

[16:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi gagnrýna það að þegar ríkisstjórnin telur vera svigrúm til 7 milljarða kr. skattalækkana að svo lítið komi í hlut láglaunafólks, lífeyrisþega og skuldsettra barnafjölskyldna. Vissulega ber að fagna húsaleigubótunum sem munu gagnast láglaunafólki en þó ekki þeim sem eru á biðlista núna eftir leiguhúsnæði vegna þess að afnám skatta á húsaleigubótum mun hverfa í vaxtahækkanir á lán til leiguíbúða sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir. Það lítilræði sem tekjuskattur einstaklinga er lækkaður um

er fyrst og fremst til komið vegna kjarasamninga og þýðir örfáa hundraðkalla í skattalækkun handa fólki með lágar og meðaltekjur. Sú skattalækkun sem hér er boðuð mun því fyrst og fremst gagnast stórfyrirtækjum og stóreignamönnum.

Það er líka ástæða til að gagnrýna það, herra forseti, að ríkisstjórnin er, a.m.k. að verulegu leyti, að vísa því til næstu ríkisstjórnar hvernig eigi að fjármagna þessar skattbreytingar. Tryggingagjaldið sem stendur að miklu leyti undir verulegri tekjuskattslækkun á fyrirtæki er ekkert annað en landsbyggðarskattur eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur sýnt fram á og það er fórnarkostnaður landsbyggðarinnar til þess að lækka verulega tekjuskatta á stóreignafyrirtæki sem skila hagnaði.

Herra forseti. Ég gagnrýni líka þá takmörkuðu útreikninga sem fylgja þessum miklu skattalagabreytingum og það vantar víða rökstuðning fyrir því sem sett er fram í þessari greinargerð.

Þegar litið er á tekjuskatta fyrirtækja á þessu og síðasta ári og áætlun næsta árs þá stendur t.d. sú fullyrðing á hálfgerðum brauðfótum að lækkun á skatthlutfalli fyrirtækja á síðasta ári hafi leitt til aukinna skatttekna og virðist sú skýring miklu nærtækari að umsvif fyrirtækja og afkoma fylgi hagsveiflu efnahagslífins en að skattalækkun, t.d. í tekjuskatti, ráði þar nokkrum úrslitum. Þannig er allt of mikið gert úr því að skattalækkanir á fyrirtæki séu eitthvert svar við þeim kreppueinkennum sem alls staðar blasa við. Með sama hætti væri hægt að lækka skatta á almenning í 20% eða lækka neysluskatta verulega til þess að auka kaupgetu fólks sem hefði þá auðvitað áhrif á innspýtingu í atvinnulífið.

Í frv. kemur fram að lækkun tekjuskatts fyrirtækja sé áætluð 2,7 milljarðar kr. með því að lækka skatthlutfallið úr 30% í 18% sem er 40% lækkun og þá hlýtur tekjuskatturinn fyrir lækkun að hafa verið 6 milljarðar og 750 millj. og álagning tekjuskatta árið 2000 var 10,3 milljarðar kr. Samkvæmt fjárlagafrv. er tekjuskattur fyrirtækja í ár áætlaður 8 milljarðar kr. og 6 milljarðar kr. á næsta ári og þá er ekki gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts um 2,7 milljarða sem væntanlega kemur fram á árinu 2003. Þannig hafa tekjuskattar á fyrirtæki án þeirra breytinga sem nú eru gerðar lækkað úr 10,3 milljörðum á árinu 2000 í 6 milljarða á árinu 2002 sem er yfir 4 milljarða lækkun á tveimur árum. Lækkun tekjuskatta fyrirtækja er skýrð með efnahagssveiflu niður á við. Ef það er svo er hrunin sú fullyrðing, að mínu mati, í frv. að lækkun skatthlutfallsins á síðasta áratug hafi leitt til aukinna skatttekna. Miklu frekar er skýringin sú að auknar skatttekjur voru afleiðing hagsveiflu og hurfu þegar hún hjaðnaði. Auk þess eiga hóflegir kjarasamningar, eins og ASÍ hefur bent á, líka sinn þátt í hagsveiflu liðinna ára. Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að þetta skattadekur við stórfyrirtækin í landinu sem skila verulegum hagnaði en borga litla skatta til samfélagsins m.a. vegna lágs skatthlutfalls á undanförnum áratug og frádráttarbærni í yfirfæranlegu rekstrartapi, er varla forsvaranlegt auk þess sem þau greiða einungis 10% skatt af arði af fjármagnstekjum sem er afar sjaldgæft ef það þekkist nokkurs staðar í samkeppnislöndum okkar.

Réttlætingin á þessari miklu skattalækkun til stórfyrirtækjanna, að hún dragi okkur upp úr niðursveiflunni og skapi hér atvinnu og aukin umsvif sem ríkisstjórnin metur á 3,5 milljarða, er hér því verulega ýkt og ég vara við að menn séu að gleypa þessa skýringu hráa.

Herra forseti. Margar spurningar vakna sem frv. og greinargerðin svara ekki. Í fyrsta lagi spyr maður hvort þetta sé réttur og eðlilegur tími til umfangsmikilla skattalækkana á fyrirtæki — þeim fylgir mikið tekjutap ríkissjóðs — á sama tíma og þeir sem verst hafa það í þjóðfélaginu lenda í miklum niðurskurði á fjárlögum næsta árs. Svarið við því er að það er vafasamt og það er spurning hvort vaxtalækkun hefði ekki verið skynsamlegri við þessar aðstæður en stórfelld skattalækkun sem einkum gagnast þeim, eins og ég segi, stórfyrirtækjum og stóreignamönnum. Vaxtalækkun hefði hins vegar gagnast öllum skuldugum einstaklingum og flestöllum fyrirtækjum.

Í öðru lagi vaknar sú spurning hvort jafnræðis milli atvinnugreina sé gætt í skattalækkun. Svarið er að skattalækkunin skilar sér fyrst og fremst til stórra fyrirtækja með mikinn hagnað eins og hefur verið sýnt fram á í þessari umræðu og hækkun tryggingagjalds sem skila á fjármagni í kassann á móti er afar ósanngjörn og skilar engu fyrir lítil eða meðalstór fyrirtæki sem hafa lítinn sem engan hagnað en mikla launaveltu. Einyrkjar og launafólk sem skikkað er á sérstaka verktakasamninga lendir því líka illa í því með þessu tryggingagjaldi. Aftur gæti þetta svo haft, eins og ASÍ hefur réttilega bent á, veruleg verðlagsáhrif, aukna verðbólgu og stuðlað að verulegri kaupmáttarskerðingu.

Herra forseti. Í fjórða lagi vil ég benda á að með þessum breytingum er hugsanlega verið að rýra tekjur sveitarfélaganna, en tilfærsla á rekstri úr einstaklingsrekstri eins og frv. boðar *yfir í sameignarfélög og hlutafélög mun skerða* útsvarsstofninn. Ég spyr fjmrh. um þá útreikninga. Hvaða áhrif hafa þessar skattalagabreytingar á tekjur sveitarfélaga? Hefur það verið áætlað og hefur verið haft samráð við sveitarfélögin um þessar breytingar? En því fleiri sem hafa möguleika á að flytja verulegan hluta launatekna sinna yfir í arðgreiðslur, sem gerast mun með þeim breytingum sem hér eru boðaðar, því meira rýrir það tekjur sveitarfélaganna og ástæða er til að benda á það nú þegar auka á möguleika á yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélög að einkahlutafélögum hefur fjölgað gífurlega eða um 64% á tæpum fjórum árum. Fjölgunin frá árslokum 1996 eru 4.900 einkahlutafélög og voru þau í október á liðnu ári tæplega 14 þús. Athyglisvert er að á árunum 1997–1999, eða á þremur árum, fóru 685 einkahlutafélög í gjaldþrot og ástæða er til að skoða hvort þetta tengist kennitöluflakki þar sem eigendur fyrirtækja hirða ábatann af rekstrinum en senda reikninginn af opinberum gjöldum til fjmrh. og launakröfur til Ábyrgðarsjóðs launa, enda höfðu afskrifaðar skattaskuldir þrefaldast á árinu 2000 og voru tæpir 12 milljarðar kr. Þetta rekstrarform gefur möguleika, eins og ég nefndi, á að taka hluta launa út í arði og greiða 10% skatt og ábyrgð eigenda er líka takmörkuð við hlutafé sem að lágmarki getur verið 500 þús. kr.

Í þessu sambandi má líka minna á að arðgreiðslur eigenda einkahlutafélaga sem jafnframt fengu greidd laun frá félögum sínum jukust um 53% milli áranna 1998 og 1999 og má ætla að hlutur arðgreiðslna sem aðeins er greiddur af 10% skattur sé vaxandi hlutur í heildarlaunagreiðslum eigenda einkahlutafélaga. Að þessu snýr einmitt spurning mín um hvort verið sé að auka skattlagningu á launatekjur og minnka skattlagningu á fjármagn með þessum breytingum og búa til skattalegt hagræði þannig að hluti launa hjá eigendum fyrirtækja verði enn frekar skattaður með 10% skatti. Það var sett fram í Morgunblaðinu árið 1998 að hagstæðara væri að telja fram fjármagnstekjur en launatekjur og því haldið

fram að skattar af 5 millj. kr. tekjum yrðu 200 þús. kr. lægri, og sagt orðrétt, með leyfi forseta:

„Færa má rök að því að skattalegt hagræði geti verið því samfara fyrir sjálfstætt starfandi einstakling að vera með rekstur sinn í formi einkahlutafélags og reikna sér fjármagnstekjur fremur en reikna sér endurgjald og telja fram launatekjur."

Herra forseti. Með þessum breytingum nú verður þetta enn hagstæðara en verið hefur. Nú á að opna fyrir það, eins og hér er sagt, yfirfærslu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög, en í frv. er lagt til að heimilt verði að færa eigur einstaklinga í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Yfirfærsla úr einstaklingsrekstri í hlutafélag án þess að það hafi í för með sér skattskyldar tekjur þýðir að eignir sem eru umfram bókfært verð verða ekki endurmetnar eins og nú er, en samkvæmt núgildandi reglum yrðu eignir — við getum nefnt t.d. kvóta — verðlagðar á markaðsverði við afhendingu til hlutafélagsins og söluverðið skattlagt hjá fyrri eiganda, þ.e. einstaklingum, og samkvæmt frv. fer ekki fram neitt skattauppgjör við aðilaskiptin og ekki kemur til skattlagningar fyrr en við sölu félagsins á þessum eignum.

Samkvæmt gildandi skatthlutföllum hefði ekki munað miklu á skattlagningu frá því sem var, herra forseti, en nú verður heldur betur breyting á. Félagið hefði borgað 30% og einstaklingurinn 10% af afganginum og munurinn hefði fyrst og fremst legið í hátekjuskattinum. En með þeirri breytingu á skatthlutföllum sem frv. gerir ráð fyrir er komin upp sú staða að menn geta lækkað verulega skatta að fengnum fyrningum og kvóta í einstaklingsrekstri með því einu að breyta starfseminni í hlutafélag og selja síðan eignir og kvóta út úr félaginu. Í stað skatta upp á 38–45% kemur um það bil 26% skattur. Um það munar verulega þegar verið er að auka á gjafakvótann því að fyrir breytinguna var greiddur 38% skattur og þá að viðbættum hátekjuskatti ef því var til að dreifa en nú er skatturinn einungis 26%. Með þessu frv. er því alveg örugglega verið að örva mjög og fjölga þeim sem taka upp einkahlutafélagaformið. Þeir geta hagrætt skattalega og greitt sér verulegan hluta launa í formi arðs með 10% skatti. Þegar bilið er orðið svona mikið milli skatta fyrirtækja og einstaklingsskatta þá mun þetta örugglega örva það og við munum sjá það á næstu árum. Því spái ég, herra forseti.

Munurinn á skattgreiðslum getur verið nú fyrir skattalagabreytinguna um og yfir 10% eftir skattformum eftir því hvort um er að ræða einstaklinga eða einkahlutafélag og hefur fjöldi einkahlutafélaga farið stöðugt vaxandi eins og ég nefndi. En með þessum skattalagabreytingum verður munur á skatthlutfalli orðinn yfir 20% og enginn efi er á að tilhneiging verður til þess að færa launatekjur í arð og söluhagnað. Það mun stóraukast.

Margir líta svo á að tekjuskattur lögaðila sé í reynd skattur á eigendur og að skattur á fyrirtækin sé bráðabirgðagreiðsla upp í endanlegan skatt eigandans. Nú er hinn endanlegi skattur 37%, þ.e. 30% í hlutafélaginu og 10% af afganginum við arðgreiðslu eða sölu hlutabréfanna. Það er svipað og skattur á launatekjur sem er um 38,5%. Með breytingunum samkvæmt frv. verður skattlagning eigenda 26,2%, þ.e. langtum minni en skattlagning launatekna. Til að jafna bilið þyrfti fjármagnstekjuskattur t.d. sennilega að hækka í um 20–22%. Það er reyndar furðulegt þegar sífellt er með skattalagabreytingu verið að stækka þann hóp sem getur tekið hluta af launum sínum sem arðgreiðslu sem greiddur er af 10% skattur. Maður spyr hvers vegna fjmrh. verður ekki við kröfu lífeyrisþega um að þeir greiði fjármagnstekjuskatt af lífeyrisgreiðslum sínum úr lífeyrissjóðum sem að $^2/_3$ eru ekkert annað en vextir eða fjármagnstekjur.

Herra forseti. Heildarskattlagning fyrirtækja og eigenda þeirra er þegar, fyrir þessa skattalagabreytingu, minni hér en nokkurs staðar annars staðar en í OECD-löndunum. Fullyrðingar í grg. frv. um að breytingar hafi orðið hér á eru alls ekki rökstuddar og virðast ekki byggðar á neinum fyrirliggjandi eða tilgreindum upplýsingum. Staðreyndin er sú að við höfum lækkað skatthlutfall á atvinnurekstur meira á síðasta áratug en nokkur önnur þjóð innan OECD-landanna.

Í yfirliti OECD frá 1999 þar sem fyrirtækjaskattar OECD-ríkjanna eru skoðaðir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var ekkert land með lægri skatt en við höfðum á íslensk fyrirtæki, þ.e. 1,3% af landsframleiðslu en meðaltal OECD-ríkjanna var 3,3%. Þegar meðaltal 15 ríkja ESB var skoðað var það 3,6%. Skattar á einstaklinga hér á landi voru aftur á móti töluvert yfir meðaltali OECD-ríkjanna eða 12,8% af vergri landsframleiðslu, en meðaltal OECD-ríkjanna var 10,3% og meðaltal ESB-ríkjanna 11%. Fyrirtækjaskattur hefur lækkað frá árinu 1993, úr 45% í 30% og nú er stefnt í 18%.

Ég held, herra forseti, að nær væri að skoða — efh.- og viðskn. hlýtur að skoða það — að í stað þess að fara niður með tekjuskattshlutfallið eins og hér á að gera, úr 30 í 18%, þá verði frekar stefnt að því að nýta það svigrúm sem ríkisstjórnin telur sig hafa til að athuga lækkun á stimpilgjaldi og taka þar áfanga sem gagnast mundi bæði fyrirtækjum í heildina litið og eins einstaklingum, ekki síst þeim sem eru íbúðakaupum.

Ég hvet líka til þess að áhrifin af afnámi verðbólguleiðréttinga, sem ég hef ekki tíma til að fjalla um hér, verði skoðuð nákvæmlega. Það hefur komið fram að könnuð hafi verið áhrif verðbólguleiðréttinga á fyrirtæki og niðurstaðan var á þá leið að hagnaður fjármálastofnana og örfárra annarra fyrirtækja hafi aukist við afnám verðbólgureikningsskila en afkoma annarra fyrirtækja versnað.

Ég held, herra forseti, að það liggi nokkuð ljóst fyrir að skattlagning á laun og launatengdar tekjur, lífeyri, bætur og fleira, er miklu meiri en skattlagning á arð af fjármagni og endurgjald fyrir rentu af auðlindinni. Staðreyndin er nefnilega sú að ríkisstjórnin hefur á umliðnum árum, ekki síst með þessari breytingu, horfið frá jafnræði í skattlagningu og gert grundvallarbreytingu á skattkerfinu, fjármagni og stóreignamönnum til hagsbótar á kostnað þeirra sem minna hafa milli handanna. Einstaklingar með sömu tekjur eru skattlagðir misjafnlega eftir því hvernig tekjurnar myndast. Þegar öllu er til haga haldið þá eru einstaklingar með háar tekjur skattlagðir vægar en þeir sem hafa lágar tekjur. Gleggst merki þess eru hvernig skattleysismörk hafa verið fryst, sem í reynd greiddi síðustu tekjuskattsbreytinguna árið 1997 til þeirra sem betur höfðu það. Lífeyrisþegar sem engan skatt greiddu af lífeyri og fullri tekjutryggingu árið 1995 eru nú farnir að greiða 70 þús. kr. í skatt á ári, sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslum þeirra. Það skýrist fyrst og fremst af því að skattleysismörkin hafa að mestu verið fryst en ekki af hækkun lífeyrisgreiðslna sem ekki hafa fylgt launavísitölu og oft ekki neysluvísitölu.

Ég hvet til þess að gengið verði alla leið og núna, þegar búið er núna að afnema skatt af húsaleigubótum, þá verði

skattur á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga líka felldur niður. Það er fáránleg skattlagning. Ég spyr hæstv. fjmrh. um skoðun hans á því.

Sömuleiðis verður að skoða hvort hið skattalega svigrúm sem ríkisstjórnin telur að nú sé fyrir hendi nýtist betur skuldsettu fólki með miðlungstekjur, ekki síst barnafólki. Ég hvet til þess, herra forseti, að það verði skoðað sem rætt var um á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga, sem stjórnarflokkarnir í raun felldu, að ótekjutengdi hluti barnabótanna nái til barna að 16 ára að aldri en ekki einungis til barna að sjö ára aldri. Þetta eru aðgerðir sem nýtast miklu frekar fólki með meðaltekjur og barnafjölskyldum, þær leiðir sem ég hef nefnt.

Ákveðin rök eru fyrir að skoða lækkun eignarskatta, ekki síst vegna eldra fólks sem býr í stærri skuldlausum eignum en hefur litlar tekjur. Ég spyr ráðherra hvort útreikningar liggi fyrir um samsetningu eigna og tekna hjá þeim sem greiða eignarskatta. Í þeim skattalagabreytingum sem hér er rætt um er ekki síst um að ræða rýmri tekjumörk í hátekjuskatti. Þetta er spurning um forgang og hvort og hvernig þessar breytingar skila sér til fólks með lágar og miðlungstekjur. Hátekjuskattur á einstaklingsárstekjur um 3,4 millj. kr. getur vissulega verið skattur á fólk með meðaltekjur, sem tímabundið hefur yfirvinnu vegna húsnæðiskaupa og þess háttar og hefur því slíkar tekjur. Aftur á móti er ekki hægt að tala um að heimilitekjur upp á tæpar 7 millj. í árstekjur hjá hjónum séu einhverjar miðlungstekjur, enda hefur ASÍ sýnt fram á að þessar tekjur, sem hátekjuskatturinn er miðað við, er langt yfir meðaltekjum á sl. ári og árinu þar áður. Það þarf því að skoða vandlega hvort of langt sé gengið í þessu efni, bæði að því er varðar eignarskattsbreytinguna og hátekjuskattinn. Umfram allt þarf að skoða hvort ekki sé gengið allt of langt í að lækka tekjuskatt á fyrirtæki.

Ég segi fyrir mitt leyti, herra forseti, að ef frv. kemur óbreytt úr efh.- og viðskn. þá finnst mér ekki koma til greina að styðja þennan hátekjuskatt. Ef við höfum ekki svigrúm til þess að gera betur en gert er í þessu frv. fyrir fólk með lágar tekjur og meðaltekjur, mun ég ekki styðja þennan hátekjuskatt. Að óbreyttu mun ég ekki styðja það að frítekjumark hátekjufólks verði aukið.

Ég hvet til þess, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð, að nefndin skoði vel þær hugmyndir sem ASÍ hefur um skattbreytingar, t.d. hugmyndir um neysluskatta til að setja kjarasamningana ekki í uppnám. Það verður ekki litið fram hjá þeim verðbólgu- og verðlagsáhrifum sem þessar skattbreytingar hafa á heimilin í landinu og munu rýra kjör þeirra. Það er óþolandi á sama tíma og dekrið við fyrirtæki og stóreignamenn gengur út í öfgar.

[16:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja það um þennan skattapakka hæstv. ríkisstjórnar að mér finnst hann í raun hafa verið fullkomlega fyrirsjáanlegur. Það er í ekkert í honum í aðalatriðum sem kemur á óvart. Hér er við völd hægri stjórn sem hefur siglt eftir leiðarljósum nýfrjálshyggju í efnahagsmálum, svona í aðalatriðum. Sjálfstfl. hefur verið algerlega ráðandi í þessu samstarfi með sama hætti og hann réð lögum og lofum í samstarfi við Alþfl. á kjörtímabilinu 1991–1995. Þetta ber frekar keim af málamiðlunum, ef einhverjar eru, innan Sjálfstfl. heldur en hinu að Framsfl., sem eins og stundum áður er fjarverandi í salnum að mestu leyti, hafi haft þar einhverja hönd í bagga.

Framsóknarmenn hafa þó hugsanlega átt þátt í því að ríkisstjórnin ákvað af allri rausn sinni, að því er mér skilst á síðustu stigum málsins, að offra heilum 150 millj. kr. í að afnema skattlagningu húsaleigubóta. Þar birtist örlætið. Þar birtist gæska ríkisstjórnarinnar til þeirra sem menn geta væntanlega orðið sammála um að standi frekar höllum fæti í lífsbaráttunni en hitt, lágtekjufólks sem leigir húsnæði. Húsaleigubæturnar eru jú tekjutengdar eins og menn muna. En að öllu öðru leyti eru þessar skattaáherslur ríkisstjórnarinnar klassískar hægri áherslur.

Það var því ekki að undra að hv. þm. Pétur Blöndal kæmi hér eins og frelsaður maður, nýbaðaður maður, og segði bara: Loksins, loksins. Loksins skattalækkun á hátekjufyrirtæki, gróðafyrirtæki og hátekjufólk. Það er auðvitað órækasta sönnun þess að hér er um hægri pakka að ræða hve hv. þm. Pétur Blöndal var yfir sig barnslega glaður í ræðustólnum áðan.

Ég verð líka að segja, herra forseti, að mér blöskrar að heyra talið um hátekjuskattþrepið, þetta væga álag sem er í íslenska tekjuskattskerfinu á hæstu laun. Sjálfstfl. er búinn að finna upp nýtt hugtak, meðaltekjuskatt. Ég heyrði þetta hjá ungliðum Sjálfstfl. í viðtölum þar sem ræddur var aðdragandi landsfundar þeirra og þings þeirra. Þá var þetta hugtak komið í loftið, meðaltekjuskattur og alveg sérstakt hneyksli að skattleggja meðaltekjur. En hvað er þetta í reynd? Þetta er álag á tekjur ofan við frítekjumörkin, vel á fjórða hundrað þús. kr. hjá einstaklingi og vel á sjöunda hundrað þús. kr. hjá hjónum. Það leggst bara á þau laun sem eru þar fyrir ofan. Það eru engar meðaltekjur í þessu landi. Þó menn fari að borga þarna 7% álag á laun sem komin eru upp fyrir þetta. 7% virka ekki niður fyrir þau mörk. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta sé haft á hreinu því að mér virðist þetta stundum misskiljast.

Þegar þetta er sett í samhengi, herra forseti, við skattamálin að öðru leyti, þá staðreynd að íslenski tekjuskatturinn er flatur í einu þrepi að slepptu þessu álagi á hátekjur, ekki þrepaskattur eins og hann er víða í nálægum löndum, þá er auðvitað mikil ósvífni að bera hlutina á borð eins og nú er gert varðandi þetta litla álag sem eftir situr í íslenska tekjuskattskerfinu á hæstu laun. Ég fullyrði það. Það bítur auðvitað höfuðið af skömminni að skattleysismörkin hafa ekki fylgt verðlagi og þaðan af síður launaþróun undanfarin ár. Við þeim er ekki hróflað. Það leiðir til þess, eins og áður hefur komið fram og ég hef dregið athygli að, að menn eru farnir að borga umtalsverða skatta af bótum, af hæstu örorkubótum eða hæstu ellilífeyrisbótum. Lágtekjufólk sem er á launum rétt ofan við þessar bætur, t.d. sjúkraliðar með innan við 90 þús. kr. í byrjunarlaun, borgar umtalsverða skatta. Ef við tökum meðallaun kvennastéttanna í landinu samkvæmt launakönnun kjararannsóknarnefndar þá þykir nú sennilega fæstum að konur, t.d. á landsbyggðinni, í störfum almenns verkafólks eða konur í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum séu ofhaldnar í sínum launum. Þar eru launin innan við 100 þús. kr. á mánuði að meðaltali á allri landsbyggðinni í seinna tilvikinu en þær eru taldar borgunarmenn fyrir 12–15 þús. kr. sköttum af þeim launum. Það er ekki ein einasta tillaga um að gera ráðstafanir gagnvart skattbyrði þeirra en hátekjuskattinn, álagið á hæstu launin á að lækka. Það er dálítið skondið, herra forseti, að þessi hækkun hátekjumarksins í frítekjuskattinum lyftir þessu gagnvart einstaklingum rétt upp fyrir hið fræga þingfararkaup. Það er stundum rætt um að laun þingmanna séu góð. Sýnist sitt hverjum um það að

vísu. En það er þó þannig — það er ágætt að þjóðin hafi það til hliðsjónar — að við náum ekki í þennan hátekjuskatt með þingfararkaupi okkar. Ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á því. Það er ekki fyrr en menn eru komnir á talsvert hærri laun en þingmenn hafa sem menn byrja að borga þetta 7% álag á launin, þar fyrir ofan. Ég hafna því þessari nálgun, herra forseti, og lýsi mikilli andstyggð minni á því að menn reyni að læða því inn hjá fólki — ég tel það ómálefnalegt — að hér sé um einhvern ósanngjarnan millitekju- eða meðaltekjuskatt að ræða. Þannig er það ekki. Þetta er eingöngu á þann hluta launanna sem liggur ofan við allar meðaltekjur í landinu, hvort sem við miðum við einstaklinga eða hjónafólk.

Þegar við tökum atvinnulífið, herra forseti, þá verð ég líka að segja að ég hef miklar efasemdir um þá útfærslu sem hér er valin. Ég tel þarna farið vitlaust í að laga starfsumhverfi atvinnulífsins, jafnvel þó menn telji sig hafa efni á því að slaka þar út nokkrum tekjum. Það er að vísu ekki mikið sem á að koma nettó í hlut atvinnulífsins vegna þess að tryggingagjaldið á að hækka á móti. En ég held að það sé ekki það brýnasta, ef menn ætla að taka til í starfsskilyrðum atvinnulífsins, að stórlækka tekjuskattinn á þeim fyrirtækjum sem þó eru að hagnast. Athugum hvaða fyrirtæki það eru. Það eru fyrst og fremst fyrirtæki í fjármálageiranum, fyrirtæki sem eru í klassískri fákeppnisstöðu á markaði og hafa meira og minna geta skammtað sér gróða svo ríflegan gegnum tíðina að þau hafa fullnýtt alla frádráttarmöguleika og borga þar af leiðandi tekjuskatt. Vorkennum við þeim sérstaklega? Ég geri það ekki.

Ég held að það væri brýnna að skoða starfsskilyrði nýsköpunar og þróunar í atvinnulífinu og skoða þær greinar sem sannanlega búa við erfiða afkomu. Þar má nefna ferðaþjónustuna sem dæmi, mestu vaxtargrein íslensks atvinnulífs sl. ár, sem hefur aukið gjaldeyristekjur þjóðarbúsins hlutfallslega meira en nokkur önnur á undanförnum árum — er númer tvö í dag á eftir sjávarútveginum — en býr við þá stöðu að afkoman er mjög erfið, nýtingartími fjárfestinga stuttur og launakostnaður hlutfallslega hár. Það er alveg ljóst að í ferðaþjónustunni, bæði í gistingu og í margs konar afþreyingu sem hún byggir á, er launaliðurinn mjög hátt hlutfall.

Þessar breytingar verka þar af leiðandi mjög íþyngjandi á svo til öll ferðaþjónustufyrirtæki landsins. Ég þekki fá þeirra, því miður, sem hafa gert upp með miklum hagnaði undanfarin ár. Í sjávarútveginum er tekjuskattur því miður afar sjaldséð fyrirbæri og af hverju er það? Það er af því að afkoman hefur verið mjög sveiflukennd. Það eru miklar fjárfestingar í greininni. Það eru því þungar afskriftir þar og síðast en ekki síst hafa menn mjög víða verið að nýta sér töp frá umliðnum árum og í gegnum sameiningu fyrirtækja þannig að tekjuskattur er þar ekki fyrirferðarmikill. En þetta mun bitna þungt á þeim greinum sjávarútvegsins þar sem launaliðurinn vegur enn þá að einhverju ráði, þeim hlutum fiskvinnslunnar þar sem launin skipta máli. Dæmi: Lítil sérhæfð vinnslufyrirtæki þar sem mikið er byggt á handverki, þar sem ekki er um mjög vélvædda vinnslu að ræða og þar sem launaliðurinn er hlutfallslega stór. Virðisaukinn í frekari vinnslu ferskfisks í landi er einmitt þessu marki brenndur. Útflutningur á flökum, í flug o.s.frv., bitnar greinilega þungt á þeim greinum. Og þá kemst ég að þeirri niðurstöðu, herra forseti – það er kannski engin óskapleg speki og það hafa allir rétt til sinna skoðana í þessu efni – en ég bið menn að mæta því með rökum hvort ekki sé ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að þetta komi svona niður. Og það er hárrétt sem menn hafa hér sagt, margir á undan mér í umræðunni, að það er líka veruleg ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að þetta komi þyngra niður á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Það liggur í hlutarins eðli í raun og veru og við þekkjum það, því miður, að afkoma fyrirtækjanna er að meðaltali erfiðari á landsbyggðinni. Þau borga sjaldnar tekjuskatt. Höfuðstöðvar stóru fyrirtækjanna sem frekar eru að hagnast eru hér. Vinnuaflsfreku greinarnar í frumvinnslu sjávarafurða og landbúnaði eru úti á landi. Ferðaþjónustan hefur verið að eflast á landsbyggðinni. Allt ber þar að sama brunni.

Ég er ekki að segja, herra forseti, að þetta séu kannski gríðarlega stór mál. Hér er ekki verið að færa til fjármuni þannig að maður hafi ekki séð annað eins. Það er auðvitað bull og vitleysa að þetta sé einhver sögulegur pakki hvað stærðina snertir, mældur í nokkrum milljörðum. Það er ekki þannig. Það er alveg augljóst að sviptingar í skattamálum fyrirtækja og einstaklinga hafa áður verið meiri. Það er fyrst og fremst gort í hæstv. ráðherrum þegar þeir vilja komast á spjöld sögunnar fyrir þennan pakka, og það er ekkert að marka þó að þetta frv. sé dálítið þykkt. Það er ekki víst að efnisleg verkan þess sé í samræmi við það.

Mér finnst hafa meira gildi að átta sig á pólitísku skírskotuninni sem í þessu er fólgin og hvað menn eru að fara, að svo miklu leyti sem maður gefur sér að menn geri það með fullri meðvitund, og þá undrast ég, herra forseti, þessar áherslur. Ég tel ekki skynsamlegt að fara svona langt niður með tekjuskattinn, og hef raunar alla fyrirvara á því að vera nokkuð að lækka hann. Hann er hér enn neðan við meðaltal OECD. 30% eftir á greiddur tekjuskattur lögaðila í 8% verðbólgu er sannanlega ekki mjög hár. Það er bara staðreynd. 18% eru náttúrlega komin þarna mjög neðarlega, og þá erum við sennilega komin í næstneðsta sætið á eftir Írlandi af öllum löndum.

Svo er sagt hér, og það er ágætt að það er viðurkennt í grg. með frv., sem ég hef oft minnt á þegar menn tala um skattbyrðar atvinnulífsins, að launatengdur kostnaður atvinnulífsins á Íslandi er með því lægsta sem þekkist jafnvel þó að lífeyrisskuldbindingar og greiðslur í lífeyrissjóði séu teknar með. Það held ég að hafi verið styrkur fyrir íslenskt atvinnulíf en ekki öfugt. Þegar við berum saman og skoðum heildarskattbyrði fyrirtækjanna má ekki bara einblína á tekjuskattinn. Við skulum líka taka launatengda kostnaðinn. Hann er lágur hér og það stendur nákvæmlega efst á bls. 14 í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Einnig er rétt að hafa í huga að tryggingagjöld hér á landi eru tiltölulega lág miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum jafnvel þótt tekið sé tillit til lífeyrisiðgjalda."

Hver er þá lærdómurinn af þessu tvennu, herra forseti? Það eru ekki nein efnisleg rök til að halda því fram að skattbyrði á atvinnulífið sé þung á Íslandi. Þvert á móti er hún létt og það furðulega er, þegar að er gáð, að á öllum Norðurlöndunum er skattbyrðin á atvinnulífið frekar létt. Norðurlöndin skera sig þannig úr að þar eru háir óbeinir skattar, og það eru háir tekjuskattar annars staðar en á Íslandi, alveg upp í 50–55%, 60% í Svíþjóð. Þess vegna verður ekki sagt að það sé skattaumhverfið sem sé að hrekja atvinnulíf burt frá Norðurlöndunum og eitthvað annað enda er það í raun og veru ekki svo. Það eru bara alls ekki borðfastar staðreyndir að hér sé brostinn á einhver almennur

flótti atvinnulífs úr landinu, fyrirtækja úr landinu. Og hvert ættu þau að flytja? Eiga þau að flytja til Þýskalands þar sem skattbyrði atvinnulífsins er miklu hærri, m.a. í gegnum mjög háan launatengdan kostnað þar sem tryggingakerfið hvílir í raun og veru að miklu leyti á herðum fyrirtækjanna en ekki á almennum skattgreiðendum. Það eru aðrir hlutir sem ráða því fyrst og fremst hvar fyrirtækin setja sig niður. Ég fullyrði það. Það er fyrirsláttur þegar menn eru að tala um að það sé hið skattalega umhverfi sem hafi þarna einhver áhrif. Ég hef talað við marga forsvarsmenn fyrirtækja og þegar ég spyr þá hvers vegna þeir setji þessa starfsemi þarna en hina hér, af hverju þessi framleiðsla sé í Danmörku eða af hverju þessi fiskréttaverksmiðja sé í Frakklandi, hafa ástæðurnar aldrei verið skattaleg skilyrði. Þær eru nálægðin við markaðinn og þær eru þá frekar tollar eða viðskiptakjör að því leyti en ekki skattar. Ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma heyrt menn bera það fram sem ástæðu að þeir væru að forða sér frá Íslandi vegna óhagstæðra skatta. Ég fullyrði að það er fyrirsláttur sem hér er uppi hafður í þeim efnum.

Herra forseti. Fleira í þessum dúr mætti svo sannarlega ræða, t.d. spurninguna um eignarskattana og hvort það sé svo, eins og hv. þm. Pétur Blöndal fagnaði náttúrlega grátklökkur af gleði, að þeir væru að lækka. En hvernig er þetta með eignarskatta einstaklinga? Er ekki frítekjumarkið gagnvart þeim þannig að það þarf að vera um að ræða hreina eign manna að frádregnum skuldum upp á einar 5 millj. eða hvað það er í augnablikinu fyrir einstakling og 10 millj. fyrir hjón eða svo? Það er ekki eins og um mikla skattbyrði sé að ræða á þessi fáu prómill sem þarna eru á ferðinni. Það geta líka verið ákveðin efnisleg rök fyrir því að menn leggi eitthvað til samfélagsins vegna eigna sinna sem þeir hafa ákveðin réttindi út á og samfélagið hefur líka gert mönnum kleift að mynda og hefur í sumum tilvikum ákveðinn kostnað af, fleiri en bara sveitarfélög. Mér finnast menn vera fljótir að gleyma þessu öllu saman þegar þeim hentar það.

Ég spyr, herra forseti: Hvernig á að fjármagna endurreisn menningarbygginga ef þjóðarbókhlöðuskatturinn verður lagður niður? Auðvitað ætti ekki að kalla hann því nafni lengur því að hann er löngu hættur að renna til Þjóðarbókhlöðunnar. Undanfarin ár hefur hann gengið til þess að koma nokkrum af verðmætustu menningarhúsum landsins í stand sem voru meira og minna að grotna niður og fúna og hrynja hvert á fætur öðru. Hvernig ætla menn þá að leysa úr þeirri þörf? Gæti hæstv. fjmrh. gæti svarað því eða þá hæstv. menntmrh. því að ég hef ekki heyrt múkk frá honum um hvað eigi þá að koma þarna í staðinn. Byrjar þá ekki sami barningurinn og sama sveltið sem veldur því að menningarverðmætin í landinu verða fyrir áföllum á nýjan leik? Það hefur þó miðað talsvert í þá átt og mörg menningarlega og byggingarsögulega merk hús hafa fengið uppreisn æru núna á síðustu árum. Manni hefur vissulega stundum brugðið í brún yfir kostnaðartölunum en annaðhvort höfum við Bessastaði, Stjórnarráðið, ráðherrabústaðinn og hvað þetta nú er, í nokkurn veginn fokheldu standi eða við bara ættum að rífa þessi hús. Það hefur þó tekist í gegnum þennan tekjustofn að hafa þau nokkurn veginn í lagi. Þannig að ég spyr: Hvaðan eiga þá fjármunir að koma í það á komandi árum ef þessi tekjustofn verður sleginn af? Ég held að þrátt fyrir allt hafi ekki verið nein teljandi óeining um hann en mér er að vísu vel kunnugt um það að Sjálfstfl. hefur haft þetta mál sem eitt af sínum heilögu málum. Það hefur nýst honum mjög vel að geta ályktað um þetta á eiginlega hverjum einasta fundi rétt eins og Rás 2 er búin að vera eitthvert vinsælasta ályktunarefni á öllum fundum ungra sjálfstæðismanna, að hana skuli selja eða einkavæða. Þess vegna held ég að það sé óráð hjá Sjálfstfl. að afsala sér þessum ágætu og vinsælu umfjöllunarefnum á landsfundum sínum. Um hvað ætlar aumingja Sjálfstfl. að ályktа þegar þjóðarbókhlöðuskatturinn verður afnuminn og ég tala nú ekki um ef Rás 2 yrði slegin af? Ég held að það sé bara misskilningur hjá þeim að standa svona að málum.

Herra forseti. Að síðustu verður svo ekki of oft á það minnt að þessi mál eru ekkert óskaplega flókin þegar til kastanna kemur. Við borgum samneysluna fyrir tekjur ríkissjóðs. Við stöndum undir velferðarkerfinu og opinberum framkvæmdum. Ef menn skerða þessar tekjur, draga úr og veikja tekjugrunn ríkissjóðs og samneyslunnar í landinu kemur það fram, annaðhvort í niðurskurði þessarar þjónustu eða hallarekstri ríkissjóðs. Þriðji kosturinn er svo sá, sem maður sér auðvitað glitta hér í líka, að notendurnir verði í vaxandi mæli enn frekar en orðið er látnir borga fyrir þjónustuna og menn eiga að vera heiðarlegir í þessum efnum. Menn eiga að svara því hreint út hvar þeir ætla þá að bera niður ef þeir ætla að minnka tekjur ríkis og sveitarfélaga sem hafa fram að þessu staðið undir samneyslunni. Og það eru engin svör að vísa til tímabundinna tekna af sölu ríkiseigna því að sú lind þornar upp og það á undraverðum hraða ef svo heldur sem horfir. Þessi ríkisstjórn er langt komin með að afhenda allar verðmætustu sameignir þjóðarinnar og hvað ætlar hún þá að selja á næsta kjörtímabili? Hún er búin með nokkurn veginn allt á þessu. Hvernig á þá að brúa bilið ef menn hafa samtímis veikt tekjugrundvöll ríkissjóðs og samneyslunnar? Ég hef vissulega tekið eftir því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. hefur í raun verið í hópi þeirra varkárari úr röðum stjórnarliða þegar þessi mál ber á góma. En hann er sá sem ber þessi mál fram hér og verður að svara fyrir pólitík ríkisstjórnarinnar í þessum efnum hvort sem honum er það ljúft eða leitt.

[16:58]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þessi umræða í dag hefur um margt verið gagnleg og fróðleg og víða hefur verið komið við. Ég ætla að reyna að bæta einhverju inn í það sem hér hefur áður komið fram.

Það er auðvitað göfugt markmið hjá ríkisstjórninni með framlagningu þessa frv. að reyna að laða að fyrirtæki erlendis frá og að koma í veg fyrir að innlend fyrirtæki fari úr landi. Það er hins vegar ljóst að margt í þessu er í raun og veru þvingaðar aðgerðir vegna þess að þegar menn eru að bera saman samkeppnishæfni fyrirtækja er auðvitað eðlilegt að menn beri saman hvernig skattar eru m.a. milli landa.

Herra forseti. Það segir þannig í frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2002, með leyfi forseta:

„Eins má halda því fram að álagning eignarskatta á fyrirtæki líkt og hér er gert sé að verða einsdæmi meðal vestrænna ríkja, enda hafa flest ríki sem enn lögðu eignarskatta á fyrirtæki í upphafi síðasta áratugar fellt þá niður. Sömu sögu má segja um álagningu stimpilgjalds ... “

Það má því raunverulega segja varðandi þetta tvennt að það er vonum seinna að ríkisstjórnin stígi skref í þá átt að reyna að jafna samkeppnishæfni fyrirtækja og reyna að vinna að þeim markmiðum sem ég nefndi áðan.

Það er hins vegar eðlilegt að bera saman þegar verið er að lækka skatta af fyrirtækjum og að menn skoði ýmsa aðra

þjóðfélagsþegna. Hér hefur í dag verið bent á ýmsa þegna sem njóta bóta af ýmsum toga sem þeir greiða skatta af og hefði verið kannski eðlilegt að horfa til.

Það eru nokkur atriði sem ég hefði viljað spyrja hæstv. fjmrh. um. Það er tvennt sem tengist beint því sem segir í frv. til fjárlaga og er hluti af þeim tillögum sem hér liggja fyrir, þ.e. það markmið ríkisstjórnarinnar að koma raunverulega í veg fyrir að hækkun fasteignamats auki tekjur ríkissjóðs. Það er vissulega komið til móts við það en mér sýnist að það séu a.m.k. tvenns konar gjöld sem þar liggja utan garðs og er eðlilegt að hæstv. fjmrh. skýri það fyrir okkur, ég tala nú ekki um ef það er misskilningur af minni hálfu. Ég á þar við erfðafjárskatt annars vegar sem augljóslega hlýtur að hækka við hækkun fasteignamatsins og þess vegna spurning hvort við eigum von á tillögu um að hann verði lækkaður eða því verði mætt á einhvern hátt.

Ég hef hér undir höndum áætlun frá fjmrn. sem efh.- og viðskn. fékk senda 29. júní sl., þar er að vísu tekið fram að um lauslegt mat sé að ræða, en þar kemur fram að þeir gera ráð fyrir að áhrifin verði um 50 millj. kr. tekjuauki í ríkissjóð vegna þeirrar hækkunar. Hitt gjaldið sem ég hefði viljað spyrja hæstv. fjmrh. um er stimpilgjald. Í þessu sama bréfi kemur fram að áætlað er að það muni af þessum áhrifum hækka um 80 millj. kr. Hér er um að ræða 130 millj., sem ég hef ekki fundið að sé gerð tilraun til að koma í veg fyrir að auki tekjur ríkissjóðs, eins og segir þó í markmiði ríkisstjórnarinnar, að koma eigi í veg fyrir að nýtt fasteignamat leiði til hækkunar á tekjum ríkissjóðs. Þetta vona ég að hæstv. fjmrh. skýri fyrir okkur á eftir.

Í dag hefur töluvert verið rætt um hvaða áhrif hækkun á tryggingargjaldi hefur, sérstaklega á ákveðin fyrirtæki af ákveðinni gerð og jafnvel miðað við staðsetningu þeirra. Það er þó rétt áður en lengra er haldið að vekja athygli á því að ekki er annað að sjá en að í frv. sé varlega áætlaður sá tekjuauki sem ríkissjóður fær af hækkun tryggingagjaldsins. Vegna þess að ef tölur eru bornar saman, þ.e. miðað við fjárlagafrv. fyrir árið 2002 en þá er gert ráð fyrir að tryggingagjaldið skili um 22,5 milljörðum og það segir að hvert prósentustig skilar um það bil 4,3 milljörðum og þess vegna, ef áfram er reiknað, ætti tekjuauki ríkissjóðs af hækkun tryggingagjaldsins að vera rúmlega 3 milljarðar, rétt um 3,3 milljarðar en ekki er gert ráð fyrir því í áætlun ríkisstjórnar að þetta séu nema 2,5 milljarðar. Ef þessi tala er síðan borin saman við lækkun tekjuskattsins á fyrirtæki sem er áætluð um 2,7 milljarðar, þá sjáum við að í rauninni er tryggingagjaldið hugsanlega að gefa ríkissjóði meira en sem nemur lækkun tekjuskattsins. Þess vegna er brýnt að það sé skoðað enn frekar hvernig þetta kemur mismunadi niður á fyrirtæki og hvort ríkisstjórnin er í rauninni með þessu móti að nálgast það markmið sem hún setur sér með þessum breytingum, sem ég trúi að flestir séu sammála um að sé afar nauðsynlegt að ná. En þetta segir okkur þá að þarna gæti verið mismunur á sem skiptir verulegu máli. Eins og hefur komið fram í dag eru þetta ákveðin fyrirtæki, þ.e. þar sem launaþátturinn vegur þungt, sem þessi breyting á tryggingagjaldinu kemur mjög þungt niður. Þetta er ekki síst í vaxtagreinum í iðnaði og þjónustu og ýmis nýstofnuð fyrirtæki sem slík hækkun mun þrengja verulega að. Það eru fyrirtæki sem t.d. eru ekki byrjuð að skila hagnaði og munu þar af leiðandi ekki greiða tekjuskattinn og þetta mun þar af leiðandi leggjast þyngra á þau og hugsanlega koma í veg fyrir að þau geti skilað sér með jafnmiklum krafti í hagvexti og menn gera sér vonir um.

Fyrr í dag kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar, að hann hefði fengið minnisblað frá Þjóðhagsstofnun þar sem hann óskaði eftir ákveðnum upplýsingum. Í þeim upplýsingum er afar sláandi hvernig þessi breyting á gjöldunum, þ.e. lækkunin á tekjuskattinum og hækkunin á tryggingagjaldinu, kemur mismunandi við svæði landsins, þ.e. annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðina. Hv. þm. vék að þessu og nefndi nokkrar tölur í því samhengi og er eðlilegt að þær séu ítrekaðar hér vegna þess að þær eru eins og ég sagði áðan mjög sláandi. Miðað við þau gögn Þjóðhagsstofnunar virðist vera að ætla megi að fyrirtæki á landsbyggðinni fái í sinn hlut um 15% af þeim ávinningi sem kemur af lækkun tekjuskattsins eða um 400 millj. en útgjaldaaukning fyrirtækjanna vegna hækkunar á tryggingagjaldi er hins vegar um 2,5 milljarðar, þ.e. miðað við áætlun ríkissjóðs, en eins og ég nefndi áðan er hægt að færa rök fyrir því að þau séu jafnvel enn meiri. En gögn Þjóðhagsstofnunar virðast benda til að fyrirtæki á landsbyggðinni þurfi að taka á sig 35% af því, eða um 875 millj. og þess vegna er talan í mínus um 600–700 millj. og jafnvel hærri ef við miðum við þá hærri tölu sem ég nefndi áðan. Þetta er vissulega áhyggjuefni sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að hv. efh.- og viðskn. fari alveg sérstaklega yfir því að ég trúi ekki að það sé ætlunin með tillögunum að skapa þann vanda sem þetta getur gert, þ.e. að auka þann vanda sem nú þegar er víða því miður í atvinnulífi landsbyggðarinnar og væri frekar ástæða til að reyna að leita leiða til að efla það og styrkja en að koma hér með tillögur sem í raun og veru getað virkað íþyngjandi fyrir þau fyrirtæki sem þar starfa.

Herra forseti. Það eru fleiri tillögur frá ríkisstjórninni sem nauðsynlegt er að velta örlítið fyrir sér. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi það í andsvari fyrr í dag að það væri, eigum við ekki að segja örlítil ónákvæmni í frv. í tengslum við tekjuáætlun frv. til fjárlaga fyrir árið 2002, því að í ljós kemur að þar er ekki áætlað fyrir öllum þeim breytingum sem hér eru inni sem tengjast því ári.

Annað orðalag vakti athygli mína og, með leyfi forseta, segir á bls. 13 í frv. sem hér er til umræðu:

„Loks eru frítekjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga, sem stundum er ranglega nefndur „hátekjuskattur“, hækkað enda leggst skatturinn núorðið í auknum mæli á fólk með tekjur rétt yfir meðaltali þar sem viðmiðunarmörkin hafa dregist verulega aftur úr almennri launaþróun undanfarin ár.“

Hér eru býsna miklar fullyrðingar í stuttum texta og fyrsta hugrenning er að sjálfsögðu sú miðað við það sem segir í lok tilvitnunarinnar, að viðmiðunarmörkin hafi dregist verulega aftur úr almennri launaþróun, að menn hljóta einnig að velta fyrir sér skattleysismörkunum og hvernig þróun þeirra hefur verið. Það er augljóst mál að þau hafa líka dregist verulega aftur úr hinni venjulegu launaþróun og þess vegna er athyglisvert að bera saman þróun þessara þátta, þ.e. annars vegar þróun tekjumarka hátekjuskattsins og hins vegar þróun skattleysismarkanna. Ef við byrjum á að skoða árin frá 1993–2002, þá hafa tekjumörk hátekjuskattsins hækkað um 63,1% en skattleysismörk einstaklinga um 18%. Hér er mikill munur á. Ef við þrengjum örlítið tímabilið og skoðum árin frá 1997–2002, þá hafa tekjumörk hátekjuskattsins hækkað um 41,8% en skattleysismörk einstaklinga um 15,8%. Enn munar verulegu. Ef við styttum tímabilið enn og skoðum árin frá 1998–2002, þá er gert

ráð fyrir að tekjumörk hátekjuskattsins hækki um 24,5% en skattleysismörk einstaklinga um 13,2%. Ef sú fullyrðing sem hér er sett fram sem virðist vera og er væntanlega rétt, þá er augljóst að skattleysismörkin hafa dregist enn meira aftur úr en tekjumörk hátekjuskattsins.

Hér er einnig rætt um meðaltal. Vissulega er hægt að skoða meðaltalið út frá ýmsum tölum og leika sér með þær og hér er væntanlega verið að horfa örlítið til framtíðar sem er enn erfiðara að spá um heldur en það sem fyrir liggur. En ef skoðaðar eru þær tölur sem nýjastar eru til, þ.e. þær tölur sem eru vegna tekna árið 2000, þá sjáum við varðandi hátekjuskattinn að það eru tæplega 7% sem greiða hátekjuskatt eða um 14 þús. af þeim 214 þús. sem gefa upp tekjur til skatts. En ef einungis eru skoðaðir þeir sem greiða tekjuskatt nettó, þ.e. þeir sem greiða tekjuskatt umfram bætur, þá eru þeir 156.600 og hlutfallið er þá um 9,3%. Ef við skoðum þessar tölur, þá liggur ljóst fyrir að við erum enn töluvert hátt fyrir ofan meðaltalið.

Það eru síðan 10,7% karla sem greiða hátekjuskatt og af giftum körlum greiða um 11% hátekjuskatt en fjölmennasti hópurinn sem greiðir hátekjuskatt eru hjón eða um 11,8%. Ef horft er til framtíðar og velt fyrir sér hjá hverjum þessar 600 millj. koma til með að lækka skattana þá held ég að við getum varla farið mikið upp fyrir 15% sem munu njóta þess og þá sjáum við að enn eigum við langt í meðaltalið. Einnig er hægt að bera saman launatekjurnar sem slíkar í hreinum tölum og þá sjáum við að töluvert vantar upp á. En orðalagið sem hér er notað „rétt yfir meðaltali" er auðvitað býsna mikil hlaup. En við eigum því að venjast í ýmsum tölum frá hinu ágæta fjmrn. að vissulega eru mikil hlaup í tölum og hugsanlegt að hægt sé að réttlæta þetta orðalag með því að segja að „rétt yfir" sé 100 þús. kr. eða kannski rúmlega það eftir því hvernig reiknað er.

Herra forseti. Það er augljóst að þær tillögur sem hér liggja fyrir eru viðamiklar og hæstv. fjmrh. nefndi að þær hefðu verið vandlega unnar af hálfu ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra nefndi einnig að mikið verk biði efh.- og viðskn. að fara yfir þetta frv. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra. Ég tel að mikil vinna bíði efh.- og viðskn. að fara yfir ýmsa þætti frv. og ég vek enn athygli á því að markmiðið er nokkuð ljóst og þess vegna er mikilvægt að vandað sé til verka og reynt að lagfæra það sem betur má fara. Ég hef í ræðu minni reynt að benda á nokkur atriði sem betur mættu fara að mínu mati, við lauslega skoðun þó, og ég vænti þess að nefndin muni fara miklum mun vandlegar yfir málið og reyna að koma því til hins besta vegar. Það er auðvitað afar mikilvægt að við náum að snúa við þeirri þróun sem því miður stefnir í í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og það er ljóst að þetta frv. er ein besta staðfesting á því að ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu áttað sig á þeirri þróun sem er fram undan og vill stíga ákveðin skref til að snúa henni við. Ég held að það sé okkur öllum að sjálfsögðu til hagsbóta að það mark náist og treysti því að efh.- og viðskn. muni leggja sig alla fram í því að bæta það sem bæta þarf en gefi sér ekki fyrir fram að engu verði breytt eins og hv. þm., formaður efh.- og viðskn., lét því miður hafa eftir sér í fjölmiðli í dag.

[17:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir yfirgripsmikla ræðu. Það er rétt sem hann gat um að skoða þarf erfðafjárskattinn og stimpilgjaldið til lækkunar almennt vegna þess að sérstaklega íbúðarhúsnæði, sem er kannski einn stærsti þátturinn í tekjum af stimpilgjaldi, hefur hækkað ótæpilega og það þarf að skoða hvort ekki eigi að lækka stimpilgjaldið svipað og mörkin í eignarskattinum. Stimpilgjaldið er skattur á skuldara og félagslega er það mjög þungur skattur oft og tíðum fyrir fólk sem lendir í fjárhagslegum vandræðum og kröggum. Það gleymist oft. Þannig að þetta er ófélagslegur skattur.

Hv. þm. gat þess, og þess vegna kem ég í andsvar, að fyrirtæki í nýsköpun hefðu oft og tíðum ekki hagnað en bara gjöld vegna skattsins. En hann gleymir því að þegar fyrirtæki er stofnað, þá er það yfirleitt alltaf, vonandi alltaf, til að græða í framtíðinni. Og ef menn sjá 82% af tekjunum eftir skatt í framtíðinni í staðinn fyrir 70%, þá eykur það gleði fjárfesta til að fjárfesta í viðkomandi fyrirtæki. Það gerir fyrirtækjunum léttara að fá fjármagn inn í fyrirtækið þegar fjárfestirinn getur séð 82% af arðinum, hagnaðinum, renna í sinn vasa í staðinn fyrir 70%. Þetta vinnur því ekki á móti nýsköpun heldur með henni. Þetta stuðlar að nýsköpun og það vildi ég sérstaklega undirstrika í þessu, að lækkun á tekjusköttum stuðlar að nýsköpun og eykur gleði manna til að fjárfesta í atvinnulífinu.

[17:15]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa tekið undir með mér varðandi erfðafjárskattinn og stimpilgjaldið og í raun að hluta til tryggingagjaldið. Það sem ég var fyrst og fremst að gera, hv. þm., var að bera saman hvernig þessir tveir þættir kæmu fram gagnvart fyrirtækjum og var fyrst og fremst að vara við að þarna gætu menn verið að stíga óþarflega langt í hækkun tryggingagjaldsins. Mér heyrist að hv. þm. sé í raun á þeirri línu að jafnvel lækka tryggingagjaldið en ekki hækka það.

Ég var fyrst og fremst að vara við að þetta geti þar af leiðandi verið þessum fyrirtækjum m.a. svo íþyngjandi að þau kæmust ekki úr þessum byrjunarsporum sínum. Vonandi er það rétt hjá hv. þm., sem ég veit að þekkir býsna vel til í fyrirtækjaheiminum og ég tala ekki um í heimi fjárfesta, að þessi breyting verði til þess að menn vilji frekar fjárfesta í þessum fyrirtækjum. En ég er sannfærður um að það mundi enn auka vilja þeirra til þess að fjárfesta í þessum fyrirtækjum ef tryggingagjaldið væri ekki hækkað, ég tala nú ekki um hækkað svona mikið, vegna þess að það mun þá að sjálfsögðu auðvelda þessum fyrirtækjum fyrstu skrefin áður en þau fara að skila hagnaði vegna þess að tryggingagjaldið, eins og hv. þm. þekkir býsna vel, tekur ekkert mið af því hvernig hagnaðurinn verður að öðru leyti en því að því meiri sem hagnaðurinn er þá gerum við ráð fyrir að því fleiri starfsmenn gætu hugsanlega unnið hjá fyrirtækinu og þar af leiðandi þyrftu menn að borga enn hærra tryggingagjald.

Herra forseti. Mér sýnist við hv. þm. vera að mestu leyti sammála um þá þætti sem hér eru ræddir. En hann vil að sjálfsögðu ganga miklum mun lengra en ég í því að lækka ýmsa skatta af ýmsum gerðum, ég tala nú ekki um á fyrirtækjum, en ég held að við séum sammála um að við viljum auðvitað tryggja fyrirtæki í nýsköpun sem allra best hin fyrstu ár þegar þau eru að stíga sín fyrstu skref.

[17:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar menn ákveða að ráðast í nýsköpun, stofna nýtt fyrirtæki, reikna þeir með því að tekjur verði hærri en gjöld í framtíðinni, að þeir hafi af því hag, hagnað. Það

þýðir að menn reikna með því að launakostnaður og annar kostnaður í fyrirtækinu verði langt undir tekjunum þannig að þessi litla hækkun á tryggingagjaldi sem svarar til þess að sparaður sé einn maður af 130 manns — af 130 manns þarf einn að spara – vegur miklu skemmra en lækkun á tekjuskattinum sem eykur hagnaðarvon manna miklu meira en þetta. Ég hugsa því að þessi breyting í heild sinni eigi að leiða til þess að menn verði fúsari til að leggja fé í nýsköpun en leiði einnig til þess að menn hugi betur að launakostnaði og reyni að spara í mannskap. Það er líka jákvætt. Ég sé ekki annað en við getum verið sammála um það hvort tveggja.

Varðandi það að lækka skatta almennt þá er ég hlynntur því. En að sjálfsögðu vil ég ekki fella þá niður því að þá hefði ég enga peninga til að reka velferðarkerfið fyrir. Það má vel vera að við séum komnir yfir mörkin í mörgum sköttum þannig að lækkun á sköttum þýði hækkun á tekjum ríkissjóðs nákvæmlega eins og gerðist þegar fjármagnstekjuskatturinn af sölu hlutafjár var lækkaður. Þá stórjukust tekjur ríkissjóðs þó að skatturinn lækkaði úr 48% niður í 10%.

[17:18]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo er stundum með hv. þm. að hann virðist oft gera ráð fyrir því að megnið í okkar fyrirtækjum sé línulegt og að hægt sé að reikna ýmsa hluti áfram eftir línunni. Málið er þó það að við hrærumst í mannlegu samfélagi sem lýtur ekki endilega beinum lögmálum stærðfræðinnar heldur kemur ýmislegt fleira við sögu. Þess vegna er ekki hægt að gefa sér að hægt sé bara að lækka áfram skatta og lækka og það auki stöðugt tekjur í ríkissjóð. Það er að sjálfsögðu ekki hægt því, eins og ég segi, koma miklu fleiri þættir þar við sögu.

Hv. þm. er afar mikið að velta fyrir sér hvernig megi lækka skatta á fyrirtækjum með það að markmiði, að hans mati, að bæta þau og efla og styrkja en segir þó, eins og áðan, að auðvitað megi ekki ganga svo langt fram að við veikjum stoðir velferðarkerfisins. Þetta er býsna ánægjulegt. En það getur vel verið að við séum ekki endilega sammála um hvenær stoðir velferðarkerfisins fara að veikjast. Ég held því t.d. fram að við séum að ganga á ýmsan hátt heldur langt í því að tryggja velferðina og við þurfum verulega að varast það. En ég er algerlega klár á því að við verðum að tryggja það að hjól atvinnulífsins snúist vegna þess að öðruvísi getum við aldrei byggt upp velferðina. Ég tel að velferðin og menntakerfið eigi að hafa forgang. Ég sakna þess mjög, eins og hefur komið fram hjá mér áður úr þessum ræðustól, varðandi fjárlög ríkisins fyrir næsta ár að þar sé forgangsraðað miðað við að menn hafi sett sér það mark að tryggja velferðina áfram og efla menntunina. Það hlýtur að vera okkar markmið til framtíðarinnar og ef við náum saman um það að halda atvinnulífinu þannig að það geti skapað auknar tekjur í ríkissjóð til þess að tryggja þetta þá höfum við náð langt.

[17:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og fleira sem lýtur að tekjustofnum ríkisins.

Skattar og skattastefna er stefna um það hvernig menn vilja beita skattálagningu og skatttekjum til samneyslu eða til jöfnuðar. Því þarf ekki að koma á óvart að þær tillögur sem hér eru lagðar fram af ríkisstjórn Sjálfstfl. með Framsfl. miða að því að draga úr skattheimtu þeirra sem taldir eru hafa hin breiðu bök, máttarstólpar þjóðfélagsins að þeirra mati, og þar með veikja grunn jöfnuðar, samfélagsþjónustu og velferðarkerfis.

Við notum skatta og skattheimtu til jöfnuðar. Við notum skatta til þess að tryggja jöfnuð til menntunar. Við notum skatta til þess að tryggja jöfnuð til velferðarkerfisins, til heilbrigðisþjónustu og við notum líka skatta til þess að jafna ýmsan aðstöðumun fólks. Við notum skatta til þess að tryggja tekjujöfnuð þeirra sem ekki eiga möguleika á því að afla sér tekna á vinnumarkaði með sama hætti og aðrir samborgarar okkar. Við notum skatta til þess að tryggja tekjujöfnuð og tryggja öllum lágmarkssamfélagslaun. Þennan grundvöll megum við í sjálfu sér ekki veikja.

Beita mætti sköttum til jöfnuðar líka í fleiri atriðum og hefur það einmitt verið gert æ ofan í æ að umtalsefni á fundum sveitarfélaganna vítt og breitt um landið. Eins og skattheimtu er nú háttað, sérstaklega með óbeinum sköttum og beinum gjaldtökum, þá er mismunun í gjöldum til ríkisins eftir því hvar fólk býr.

Á höfuðborgarsvæðið er allur innflutningur til landsins að meginhluta til og á höfuðborgarsvæðinu er öll meginþjónustan, hin opinbera meginþjónusta sem allir landsmenn þurfa að leita til og sækja. Til að geta sótt þessa þjónustu þarf, hvort heldur það er fólk eða fyrirtæki, að leggja á sig bæði tíma sem kostar peninga og vinnu og svo líka beinan útlagðan kostnað í formi aksturs og í formi flutningskostnaðar á vörum og þjónustu. Þessi kostnaður er skattlagður. Tökum t.d. skatta á flutninga. Skattar eru lagðir á flutninga í formi þungaskatts og bifreiðaskatta og svo þegar þeir skattar og sá kostnaður er kominn út í verð á vöru og þjónustu er svo aftur lagður á þetta virðisaukaskattur. Allt eru þetta skattar sem renna til ríkisins og verða til þess að ríkið með skattheimtu sinni og skattastefnu mismunar einstaklingum og fyrirtækjum eftir búsetu. Nú hefði kannski verið lag að huga að þessu við gerð áætlana ríkisstjórnarinnar um breytingar á sköttum og stefnu í skattamálum, þ.e. að huga að því hvort ekki hefði verið hægt að hafa áhrif á byggðastefnuna og búsetuskilyrðin til jöfnuðar í gegnum skattkerfið.

Engum dylst að eitt það dýrasta sem hent hefur þjóðfélagið á undanförnum árum hefur verið gífurleg byggðaröskun, flutningur fólks af mörgum svæðum úti á landi til höfuðborgarsvæðisins þar sem þurft hefur að byggja upp aðstöðu og þjónustu fyrir það alveg upp á nýtt. Þessir fólksflutningar eru einmitt ein af ástæðunum fyrir þeirri þenslu sem hér hefur verið og allir landsmenn síðan súpa seyðið af og veldur þeim vandræðum sem við stöndum nú frammi fyrir í efnahagsmálum.

Við skulum aðeins líta á hvernig þetta blasir við. Nú er verið að kynna skipulag fyrir höfuðborgarsvæðið til ársins 2024. Í því skipulagi er einmitt gert ráð fyrir fjölgun fólks. Í Morgunblaðinu í dag er vitnað í ýmislegt úr þessu skipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið til næstu 20 ára og ég vil leyfa mér, herra forseti, að fá að vitna til þess. Þar er fyrst farið yfir hvernig fólksflutningunum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hefur verið háttað. Svo er sagt, með leyfi forseta:

„Ef sama þróun yrði áfram væru allir landsmenn samankomnir á höfuðborgarsvæðinu eftir um 70 ár. Slík þróun er sem betur fer ekki líkleg og hefur í þessari áætlun verið gert ráð fyrir að nokkuð dragi úr búferlaflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og að um 70%

landsmanna búi á höfuðborgarsvæðinu í lok skipulagstímans árið 2024."

Þetta eru þær forsendur sem gengið er út frá. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar því samkvæmt þessari spá úr 168 þús. árið 1998 í um 228 þús. árið 2024 eða um 60 þús. manns. Náttúruleg fjölgun núverandi íbúa á svæðinu, og þá er átt við fæðingar umfram látna, er talin verða um 30 þús. manns, en talið er að um helmingur þessarar fjölgunar á næstu 20 árum verði í formi fólksflutnings af landsbyggðinni eða frá útlöndum. Allir sjá hvílíkan gífurlegan kostnað og óhagræði þetta mun hafa í för með sér því að varla er verið að skipuleggja þarna alveg út í loftið heldur er gert ráð fyrir að stjórnvöld muni, eins og þau hafa gert hingað til, reka þannig hagkerfi, skipulag og skattastefnu að fólk mun halda áfram að flytja hingað eins og verið hefur á undanförnum árum.

Herra forseti. Er ekki ástæða til þess að staldra við þetta atriði og hugsa um hvort við séum þarna á réttri braut? Verið var að nefna í þessu sambandi að samgöngumannvirki á höfuðborgarsvæðinu, bara til þess að anna flutningum fólks miðað við þessa fjölgun, kostuðu einhvers staðar á bilinu 40–60 milljarðar kr., að mig minnir. Fleira þarf svo að byggja upp. Því er ekki að undra, herra forseti, þó að þeir sem hafa verið að skoða hvernig megi hafa áhrif á þá þróun sem verið hefur undanfarin ár og snúa henni við, hafa viljað horfa til nýrra þátta.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að vitna til skýrslu sem Samband ísl. sveitarfélaga fékk Harald Líndal Haraldsson hagfræðing til að vinna. Hún var gefin út í maí árið 2001. Þar er rakið ítarlega hvernig þetta hefur þróast á undanförnum árum, m.a. varðandi flutning fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, hvernig ríkið skattleggur fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu beint og óbeint með flutningskostnaði, dýrari menntun, með því að það er dýrara fyrir fólk að sækja opinbera þjónustu hingað til höfuðborgarsvæðisins en fyrir þá sem hér búa. Þetta er svo allt skattlagt aukalega jöfnum höndum, t.d. í formi virðisaukaskatts.

Þetta er rakið ítarlega í þessari skýrslu hvernig mismunun birtist beinlínis eftir búsetu. Í skýrslunni er einmitt lögð áhersla á að tekin verði upp ný stefna. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna í tillögur þessarar skýrslu sem Samband ísl. sveitarfélaga lét vinna. Hér segir:

„Til eflingar atvinnulífi á landsbyggðinni hefur ýmsum aðgerðum verið beitt, m.a. beinum fjárstuðningi. Árangurinn hefur látið á sér standa. Hér er lagt til að farin verði ný leið í byggðamálum á Íslandi og höfðað til markaðslögmálsins.

Á undanförnum árum hefur ríkt þensla á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess en samdráttur víða á landsbyggðinni. Þessu til staðfestingar eru tekjur einstaklinga og fyrirtækja og velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni.

Telja verður eðlilegt að nota skatta til að hamla gegn þeim ójöfnuði í búsetu sem leiðir af þenslu á höfuðborgarsvæðinu og samdrætti á landsbyggðinni. Hér er lagt til að tekjuskattsálagning og/eða tryggingagjald á fyrirtæki verði lægri á fyrirtæki sem rekin eru t.d. utan 100 km radíusar frá Reykjavík."

Þetta er ein veigamesta tillagan sem lögð er fram í þessari skýrslu og vekur athygli, ekki síst, herra forseti, vegna þess að í tillögum ríkisstjórnarinnar til skattbreytinga er einmitt lögð áhersla á það að lækka tekjuskatt á einstaklinga og fyrirtæki. En í framtíðinni, á árinu 2003, á að hækka tryggingagjaldið. Í þessari skýrslu Haralds Líndals er einmitt vikið að þessu ítarlega. Þar er greint frá því að fjöldi fyrirtækja sem greiddu tekjuskatt á árinu 2000 er í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu 5.376 en á landinu öllu 7.017, þ.e. 1.651 fyrirtæki utan Reykjavíkursvæðisins. En fjöldi fyrirtækja sem greiddu tryggingagjald var í Reykjavík og á Reykjanesi 6.656 en á öllu landinu 10.089. Það greiða sem sagt 6.656 fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu tryggingagjald en 3.433 á landsbyggðinni. Því er augljóst, herra forseti, þegar beita á sköttum með þessum hætti á atvinnureksturinn, hvar það kemur harðar niður og hvar það kemur betur. Þessar tillögur í skattamálum ganga þvert á þær hugmyndir sem Samband ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögin vítt og breitt um landið hafa lagt til í ályktunum sínum um að beita skattkerfinu til jöfnunar á búsetuskilyrðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Sveitarfélögin hafa ályktað um þetta. Ég vil einmitt, herra forseti, víkja að tillögum sem Samband sveitarfélaga á Norðurl. v. samþykkti á ársþingi sínu á Stað í Hrútafirði í ágúst sl. Þeir samþykktu einmitt að væri til þess svigrúm þá ætti að beita skattkerfinu til jöfnuðar, til að jafna búsetu og starfsskilyrði fyrirtækja.

Ég leyfi mér, herra forseti, að benda á atriði sem þeir telja að ættu að njóta forgangs umfram önnur í skattkerfið. Þar segir:

„Þingið telur aðgerðir í skattamálum nauðsynlega viðbót við önnur áform í byggðamálum og bindur vonir við að árangur náist verði þeim framfylgt. Til að ná nokkurri leiðréttingu í byggðamálum bendir þingið á eftirfarandi leiðir:

Lægra endurgreiðsluhlutfall námslána til þeirra sem velja sér búsetu utan þéttbýlis á suðvesturhorni landsins mundi stuðla að fjölgun háskólamenntaðs fólks á landsbyggðinni.

Útgjöld vegna ferðalaga milli heimilis og vinnustaðar verði frádráttarbært frá skatti. Við vitum að úti á landi eru verulegar fjarlægðir milli staða, milli heimilis og vinnustaðar. Með samdrætti í frumvinnslugreinum og bættum samgöngum sækir fólk fremur vinnu um langan veg. Af þessum sökum er ferðakostnaður við að sækja atvinnu oft svo mikill að þau laun sem í boði eru skerðast verulega. Af þessu leiðir búseturöskun með öllu því óhagræði sem henni fylgir. Mikil bót væri að því að útgjöld vegna ferðalaga milli heimilis og vinnustaðar væru frádráttarbær frá skatti. Lagt er til að þessi regla verði óháð búsetu.

Krefjist nám breyttrar búsetu er lögð áhersla á að námskostnaður verði jafnaður.

Til að styrkja stoðir atvinnulífsins á landsbyggðinni er lagt til að atvinnustarfsemin þar verði undanþegin almenna tryggingagjaldinu sem er 0,99%. Þetta mun einnig stuðla að flutningi á atvinnustarfsemi af höfuðborgarsvæðinu út á land, stuðla þar að jafnvægi og snúa fólksflóttanum við.

Loks er lagt til að landbúnaður verði undanþeginn atvinnutryggingargjaldi sem innheimt er með tryggingagjaldinu. Þetta er réttlætismál vegna þeirra vandamála sem við er að stríða í sveitum landsins."

Herra forseti. Í þessum tillögum og tilsvarandi tillögum víða um land er einmitt ákall til ríkisvaldsins, ákall til Alþingis og þeirra sem móta skattastefnu ríkisins, að beita sköttum til að jafna atvinnu- og búsetuskilyrði þannig að samkeppni og samkeppnishæfni verði óháð búsetu. Þær aðgerðir sem nú er stefnt að miða einmitt að hinu öndverða. Þess vegna ber að harma það hvernig hér er gengið fram. Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til Alþingis og efh.- og viðskn.,

þegar hún fær þetta frv. til meðferðar, að hún skoði vandlega hvernig hægt er að beita skattkerfinu til að jafna starfs- og búsetuskilyrði í landinu frekar en snúa því á hinn veginn, eins og þessar tillögur miða frekar að.

Herra forseti. Skattar á atvinnureksturinn hafa verið að aukast á undanförnum árum, þ.e. alls konar flatir skattar. Það hafa verið starfsleyfi, eftirlitsgjöld alls konar, mýgrútur af gjöldum sem eru einmitt flatir skattar, óháð stærð og óháð því hvar fyrirtækin eru staðsett. Lítil fyrirtæki þurfa oft að greiða jafnmikið og stærri fyrirtæki fyrir þessi starfsleyfi. Oft þurfa líka fyrirtæki úti á landi ekki aðeins að greiða þessi starfsleyfi og eftirlitsgjöld heldur líka kostnaðinn sem fylgir því að viðkomandi eftirlitsstofnanir sinni þessum verkum. Eftirlitsstofnanirnar eru síðan gjarnan staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Þarna er komin flöt skattlagning sem þenst út og leggst með miklum ójöfnuði á atvinnurekstur í landinu og hún leggst yfirleitt á fyrirtækin óháð stærð þeirra.

Þetta vildi ég benda á, herra forseti, að virkileg ástæða væri til að skoða þegar farið verður ofan í þessi skattmál. Er það raunverulega markmið ríkisstjórnarinnar að styrkja og jafna aðstöðu atvinnurekstrar í landinu, óháð staðsetningu og stærð fyrirtækja? Þessi skattastefna sem nú er kynnt kemur harðast niður á litlum fyrirtækjum, sprotafyrirtækjum, þjónustufyrirtækjum, fyrirtækjum í frumvinnslunni, landbúnaði og sjávarútvegi, fyrirtækjum sem að meginhluta greiða tekjur sínar í laun til starfsmanna. Það er einmitt þetta sem ber að harma í skattstefnu ríkisstjórnarinnar sem hún nú hefur kynnt. Ég skora á efh.- og viðskn. að snúa þessari stefnu við þjóðinni allri til hagsbóta.

[17:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í dag höfum við rætt um frv. til laga um skattbreytingar. Í þeim hefur mjög margt fróðlegt komið fram. Segja má að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um boðaðar skattalækkanir hvíli í raun á þremur stoðum.

Í fyrsta lagi er þetta gert í samræmi við góða hagstjórn, að ríkið lækki skatta þegar hægist á efnahagslífinu og aðgerðinni er í raun ætlað að virka hvetjandi á atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar.

Í öðru lagi má benda á að góð afkoma ríkissjóðs á undanförnum árum gerir ríkisstjórninni mögulegt að bregðast við lækkandi hagvexti.

Í þriðja lagi er ljóst, eins og reyndar hefur komið fram í umræðum hér í dag, að síharðnandi alþjóðleg samkeppni gerir kröfur um að íslenskt skattaumhverfi sé samkeppnishæft við önnur lönd og það á auðvitað bæði við um fyrirtæki, heimili og einstaklinga.

Við erum í samkeppni við útlönd á mörgum sviðum. Við erum í samkeppni við útlönd, m.a. um vel menntað fólk. Þess eru auðvitað mörg dæmi að Íslendingar fari út í heim og læri. Margir þeirra hafa ekki snúið aftur til Íslands, m.a. vegna aðstæðna hér en aðrir hafa á seinni árum séð möguleika á Íslandi og komið til baka. Þetta skiptir allt máli. Við erum líka í samkeppni um fyrirtæki og með þessum aðgerðum minnka líkur á því að fyrirtæki flytji úr landi en þess eru einmitt dæmi í dag. Þessum staðreyndum megum við ekki gleyma þegar við fjöllum um þetta mál.

Ég er í sjálfu sér sammála mörgu því sem fram kom í ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, t.d. að okkur beri að tryggja velferðarkerfi í landinu. Það er alveg ljóst og um það erum við sammála. Ég er líka sammála hv. þm. um að okkur beri að efla menntun í landinu og að því hefur þessi ríkisstjórn stuðlað.

Helstu breytingar í frv. eru, eins og komið hefur fram, að tekjuskattur fyrirtækja lækkar almennt úr 30% niður í 18%. Eignarskattur fyrirtækja lækkar úr 1,5% í 0,6%. Sérstakur eignarskattur fyrirtækja, svokallaður þjóðarbókhlöðuskattur, fellur niður miðað við árslok 2002. Verðbólgureikningsskil verða afnumin frá 1. jan. 2002.

Fyrirtækjum verður heimilt að færa bókhald og árseikninga í erlendri mynt frá 1. jan. 2002 og það er í raun enn eitt dæmið um alþjóðavæðinguna sem ég kom inn á í ræðu minni. Í gær var iðnn. Alþingis m.a. í heimsókn hjá Norðuráli í Hvalfirði. Þá sáum við glöggt að þegar þeir gera reikninga sína þá miða þeir við dollara. Þetta er hluti þeirrar alþjóðavæðingar sem við höfum verið að tala um.

Í frv. er gert ráð fyrir að skattur af húsaleigubótum verði afnuminn. Þessi þáttur skilar sér til fátækasta fólksins í landinu. Það er vissulega rétt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur margbent á þetta og talið þetta afar óréttlátt. Ég gleðst yfir því að þessar breytingar skuli verða að veruleika.

Það er líka talað um hækkun á frítekjumarki eignarskatts og sérstaks eignarskatts. Þessar breytingar koma sér t.d. mjög vel fyrir aldrað fólk. Í mörgum tilfellum hef ég séð dæmi um að aldrað fólk er að greiða skatta af til þess að gera lágum tekjum en þar hefur einmitt eignarskatturinn áhrif.

Tryggingagjald hækkar um 0,77% frá 1. jan. 2003. Síðan er gert ráð fyrir að stimpilgjöld lækki frá 1. jan. og það kemur sér auðvitað mjög vel bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Mér finnst líka ástæða til í þessari umræðu að benda á aðrar skattbreytingar sem gerðar hafa verið á kjörtímabilinu. Persónuafsláttur hjóna eða sambýlisfólks var að fullu gerður millifæranlegur. Það var mikið deilumál í þinginu um mjög langan tíma. Eins og hv. þm. muna voru einungis 80% millifæranleg en nú má færa allan persónuafsláttinn á milli.

Einnig hefur verið samþykkt að gefa fólki kost á viðbótarlífeyrissparnaði, þ.e. hann hefur hækkað um 2% í 4% með mótframlagi ríkisins. Þetta hefur hvatt til sparnaðar en oft er talað um að við Íslendingar eyðum um efni fram. Skattafsláttur vegna hlutafjárkaupa hefur verið framlengdur til ársins 2002 og fjölmargir Íslendingar hafa notað sér slíkan skattafslátt. Á þessu kjörtímabili hefur einnig verið dregið úr álögum ríkisins á ökutæki, eldsneyti og verið dregið úr neyslustýringu.

Stuðningur við barnafólk hefur verið aukinn. Annar áfangi af þremur í hækkun barnabóta kemur til framkvæmda nú um næstu áramót. Alls munu barnabætur hækka um þriðjung á árinu 2002–2003, alls um 2 milljarða kr. Þar með næst fyrsti áfangi í fyrirhuguðum barnakortum. Almannatryggingabætur hafa einnig verið hækkaðar á kjörtímabilinu um 3 milljarða kr. Allt eru þetta leiðir til skattalækkana sem hafa áhrif á velferð íslensku þjóðarinnar. Við megum ekki gleyma því að hér er um aðgerðir að ræða bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ef fyrirtækin í þessu landi ganga ekki þá verður erfitt að uppfylla þær óskir sem komu fram í ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, um að tryggja velferð og efla menntun. Gangi ekki að reka fyrirtæki þessa lands og reyndar heimilin þá mun okkur ganga illa að ná settum markmiðum.

[17:48]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins spyrja annan fulltrúa Framsfl. sem tekur þátt í þessari umræðu í dag. Honum

var tíðrætt um að þessar skattalagabreytingar væru m.a. til að gera fyrirtækjum mögulegt að flytja erlendis frá til Íslands sem sannarlega er rétt og vonandi verður til að þetta gerist. Ég fagna þessu, er hlynntur þessu. Ég held að þetta sé hið besta mál.

Á þingum áður á meðan Framsfl. var í stjórnarandstöðu fluttu nokkrir þingmenn Framsfl. oft tillögur um að breyta sköttum til hagsbóta fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason út í það hvort Framsfl. væri ekki tilbúinn að skoða það mál að nota skattkerfið til þess að jafna rekstrarskilyrði fyrirtækja milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Þar tek ég dæmi af tryggingagjaldinu. Við þekkjum það að í Noregi hefur tryggingagjaldið í mörg ár verið misjafnt eftir því hvort fyrirtæki er rekið í Ósló eða í Norður-Noregi. Þetta hafa framsóknarmenn oft verið með, þó kannski sérstaklega þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Hver er skoðun framsóknarmanna nú á því að nota skattkerfið til þess að jafna aðstöðumun og rekstrarskilyrði fyrirtækja milli höfuðborgar og landsbyggðar? Einnig má minna á hvernig þungaskattinum hefur verið breytt í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar sem gerir það að verkum að flutningur á lengstu leiðum, t.d. frá höfuðborgarsvæði austur á land, hefur hækkað um allt að 40% í tíð núv. ríkisstjórnar.

[17:50]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller spyr mig hvort ég eða öllu heldur Framsfl. geti hugsað sér að fyrirtæki njóti sérstakra skattahlunninda úti á landsbyggðinni. Hv. þm. talar um að framsóknarmenn hafi verið með slíkar tillögur. Það þarf ekki að horfa lengra aftur í tímann heldur en bara til síðasta kjörtímabils. Ákveðnir þingmenn Framsfl. hafa verið með tillögur um að fólk úti á landsbyggðinni og fyrirtæki nytu skattahlunninda þannig að hv. þm. þarf ekki að fara mjög langt aftur í tímann.

Hins vegar er alveg ljóst að það er ákaflega erfitt að finna viðunandi viðmið í þessum efnum. Hvar eigum við t.d. að draga mörkin á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, hvar á sú lína að vera? Hvernig er með vaxtarsvæðin úti á landsbyggðinni þar sem í raun og veru er bullandi vöxtur o.s.frv.? Þetta eru flókin mál og ég get auðvitað ekki svarað fyrir flokkinn í heild sinni en mér finnst að þetta komi alveg til greina.

[17:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. finnist koma til greina að nota skattkerfið til jákvæðrar mismununar milli höfuðborgar og landsbyggðar. Ég er þeirrar skoðunar og hef oft tekið sem dæmi hvernig tryggingagjaldi í Noregi hefur verið breytt. En það er nú þannig í þessum skattatillögum sem hér liggja fyrir, m.a. í flutningi Framsfl. sem annars aðilans að ríkisstjórn, að þar er verið að hækka tryggingagjaldið sem mun leggjast sérstaklega af fullum þunga á fyrirtæki úti á landsbyggðinni vegna þess að mjög mörg fyrirtæki á landsbyggðinni borga hvorki skatt né eignarskatt. Ávinningurinn af þessum skattkerfisbreytingum kemur þannig fyrirtækjunum ekki til góða. Mér finnst vera dálítið bil á milli þeirra skoðana sem hv. þm. var að lýsa og tillagnanna sem hér liggja frammi og Framsfl. er aðili að.

Ég vildi vekja athygli á þessu, herra forseti, nú við þessa umræðu, vegna þess að mér finnst stundum að athafnir hv. framsóknarmanna fari ekki endilega saman við það sem þeir eru að tala um nema þá að það sé þannig, eins og við höfum oft haft á tilfinningunni, að Framsfl. sé hálfgert varadekk í þessari ríkisstjórn og Sjálfstfl. stjórni þessu alfarið vegna þess að á vegum Sjálfstfl. hefur ekki verið ljáð máls á að beita skattkerfinu til þeirrar jöfnunar sem ég hef verið að gera að umtalsefni.

Ég ítreka það og segi aftur: Þungaskatturinn sem leggst mjög illa á flutning á aðföngum til fyrirtækjareksturs á landinu hefur stórhækkað. Hann hefur stórhækkað í ríkisstjórnartíð Sjálfstfl. og Framsfl. Um það höfum við áður rætt. Þar af leiðandi hefur hann hækkað vöruverð og gert fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni erfiðari.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég er sammála skattkerfisbreytingum sem verða til þess að fyrirtæki flytja til landsins. Ég hefði viljað sjá í þessum tillögum líka jákvæða mismunun til þess að jafna fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

[17:53]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Stundum finnst mér ræður hv. þm. eins og gömul grammófónplata sem sett er á í tíma og ótíma. Þannig hafa einmitt andsvör hv. þm. verið í dag. Hann klifar á þessum sömu hlutum. Auðvitað vinna flokkar saman að svona tillögum þegar þeir eru í ríkisstjórnarsamstarfi. Mér finnst eins og hv. þm. sé að horfa til baka, kannski til áranna 1991–1995 þegar Alþýðuflokkurinn sálugi var í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Þá gerðist það býsna oft að þessir stjórnarflokkar voru nánast að semja um ýmsa hluti í beinni útsendingu í fjölmiðlum. Hins vegar hafa núverandi stjórnarflokkar, bæði Framsfl. og Sjálfstfl., borið gæfu til þess að leysa sín mál innan fjögurra veggja. Auðvitað erum við ekki alltaf sammála en stundum er sagt að góðir hlutir gerist hægt. Það eru ákveðnar málamiðlanir sem eiga sér stað og hver veit nema við náum því sem við auðvitað stefnum öll að, að styrkja atvinnulíf þessa lands, hvort heldur er úti á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu.

[17:55]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það frv. sem rætt hefur verið hér í dag, um viðamiklar skattkerfisbreytingar, hefur að geyma margar tillögur sem ég er hlynntur. Í ræðu formanns Samfylkingarinnar hafa komið fram ákveðnir fyrirvarar um frekari skoðun á þessum málum. Þetta mál er stórt og mikið og það þarf að kalla eftir mörgum gögnum og fá ýmsa útreikninga til þess að fara í gegnum það til þess að skoða heildaráhrifin af skattapakkanum.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að fara mikið inn á þau mál sem búið er að ræða og margir eru sammála um sem hér hafa talað. Ég ætla þó að koma inn á nokkra þætti þessa frv. og vil byrja á því sem ég tók fram í stuttu andsvari við hæstv. fjmrh. í dag um áhrif af ákveðnum þætti í þessum breytingum, þ.e. að gera fyrirtækjum kleift eða réttara sagt gera þau betur í stakk búin til að skipta úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög. Ég er sammála því að þetta þurfi að gera og það sé eðlilegt. Það hefur verið mjög ósanngjarnt í skattalögum, eins og reyndar hefur komið fram hér í dag, gagnvart fullorðnu fólki sem er kannski að ganga út úr rekstri og afkomendur að taka við. Þetta sem hér er gert mun þannig örugglega leiða til þess að fleiri munu fara þessa breytingaleið og nýta sér þetta tækifæri.

Þetta hefur hins vegar í för með sér, herra forseti, að þessi einstaklingsfyrirtæki sem hafa verið að borga 38,76%

skatt fara ofan í 18% skatt og þar af leiðandi skerðast tekjur sveitarfélaga mjög mikið. Ég tók í dag og ætla að taka aftur dæmi af einstaklingsfyrirtæki sem er með 5 millj. kr. í hagnað. Það fyrirtæki borgar í dag miðað við núverandi skattprósentu 1.338 þús. í tekjuskatt og tæp 12% í útsvar eða 600 þús. Samtals er skatturinn um 1.940 þús. kr.

Ég er viss um að mjög margir munu nota sér þá skattkerfisbreytingu sem hér er boðuð og þá tilslökun sem gerð er til þess að gera einstaklingum og fyrirtækjum þetta kleift. Þar af leiðandi detta út þessar tekjur sveitarfélaga og hefur nú verið nóg fyrir í gegnum skattkerfið sem við ræddum á síðasta þingi í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga. Þar hefur gengið mikið á tekjur sveitarfélaganna á undanförnum árum með þeim breytingum sem hafa átt sér stað og þá er alveg sama hvort það er í þessum dúr eða hlutabréfaafsláttur eða á mörgum öðrum sviðum sem ég ætla ekki að ræða hér en var mikið rætt um á síðasta þingi. Það er með öðrum orðum verið að skerða tekjustofna sveitarfélaga og þess vegna fagna ég því sem kom fram í andsvari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni fyrr í dag, að þetta verði skoðað með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og í efh.- og viðskn. Þar af leiðandi var líka strax komið fram að hæstv. fjmrh. gerði að engu boðanir formanns efh.- og viðskn., Vilhjálms Egilssonar, sem sagði eitthvað á þá leið að ekki stafkrók yrði breytt í þessu frv. í meðförum efh.- og viðskn. Ég fagna þessari yfirlýsingu og hvet þingnefndina til að skoða þetta ákaflega vel. Þetta getur líka verið töluvert misjafnt frá einu sveitarfélagi til annars.

Inn í þetta blandast að sjálfsögðu líka að mörg fyrirtæki á landsbyggðinni greiða ekki mikla skatta og það má sjá í nýútkomnu riti Frjálsrar verslunar sem kom út annaðhvort í gær eða dag. Við sjáum þegar flett er í gegnum það að fyrirtæki á landsbyggðinni borga ekki mikla skatta, hvað þá eignarskatta sem er nú mjög fátítt. Það er vegna þess að húsnæði fyrirtækja og húsnæði á landsbyggðinni er ódýrara en á höfuðborgarsvæðinu og þannig fá fyrirtæki á landsbyggðinni ekki þennan skattalega ávinning. Hins vegar munu þau árið 2003 borga töluvert hærra tryggingagjald sem leiðir til aukinnar skattheimtu þessara fyrirtækja en fá samt ekki að njóta ávaxtanna af skattalækkun. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um þjóðarbókhlöðuskattinn.

Skattalegur ávinningur fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu er með öðrum orðum og að mínu mati miklu meiri en fyrirtækja úti á landi. Og ég hvet hv. efh.- og viðskn. til að skoða það mál líka vel og er reyndar þess fullviss vegna þess að formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fór mjög vel í gegnum þetta mál gagnvart landsbyggðarfyrirtækjum og ég veit að eftir því verður gengið í efh.- og viðskn. þar sem hann á sæti, að þessi dæmi verði skoðuð.

Ég segi að ávinningurinn fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu verður miklu meiri. Ég get tekið sem dæmi fyrirtæki hér í höfuðborginni sem heitir Baugur. Það rekur fjölmargar matsöluverslanir og er með mikinn rekstur. Þetta fyrirtæki velti á síðasta ári 26,5 milljörðum kr. og skilaði 816 millj. kr. í hagnað fyrir skatta í fyrra. Þetta kemur fram í riti Frjálsrar verslunar. 30% skattur þessa fyrirtækis í dag væri 245 millj. kr. Skatturinn dettur niður í 147 millj. kr. þegar hann verður kominn niður í 18%. Tekjuskattslækkun þessa fyrirtækis verður 98 millj. kr. Taka má fleiri svona dæmi og fara yfir í sjávarútveginn.

Ef ég tek bara nokkur sjávarútvegsfyrirtæki úr kjördæmi mínu, Norðurl. v., má sjá þar fyrirtæki eins og Skagstrending, sem velti 2,1 milljarði kr. á síðasta ári, tapaði 401 millj. en borgaði 565 millj. kr. í laun. Skattalegur ávinningur þess fyrirtækis verður væntanlega enginn. En útgjöld aukast vegna hækkunar tryggingagjalds.

Sama má segja um fyrirtækið Þormóð ramma – Sæberg á Siglufirði sem velti 5 milljörðum kr. á síðasta ári. Tap þess fyrirtækis var 554 millj. Heildarlaunagreiðslur voru 1.400 millj. kr. Tryggingagjaldið mun hækka útgjöld fyrirtækisins um 11 millj. kr. á því ári, en skattalegur ávinningur virðist enginn.

Taka má fleiri dæmi af höfuðborgarsvæðinu, t.d. tryggingafyrirtækið Sjóvá-Almennar sem hagnaðist um 534 millj. á síðasta ári, skattar þess fyrirtækis lækka um 64 millj. kr., en tryggingagjaldið eykst aðeins um 4,3 milljarða.

Ef við förum yfir í olíugeirann, tökum Olíufélagið sem dæmi, þá er hagnaður þess 618 millj., skattalækkunin mun færa því fyrirtæki 74 millj. kr.

Ef tekin eru fleiri fyrirtæki bara af handahófi úr þessari bók sem kom fram í dag, t.d. Tryggingamiðstöðin og Skeljungur, má sjá að þau fyrirtæki sem ég hef hér talið upp fá skattalækkun upp á 320 millj. kr. með þeim breytingum sem boðaðar eru á tekjuskattinum úr 30% niður í 18%.

Þetta nefni ég hér, herra forseti, eingöngu til að bera það saman við það sem við höfum stundum verið að karpa hér um og á ég þá við tryggingabætur til þeirra sem njóta slíkra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins, sama hvort það eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar. Ellilífeyrisþegar samkvæmt greiðsluseðli sem ég hef hér fá 65 þús. kr. í greiðslu á mánuði. Þeir eiga að borga 5.300 kr. í skatt á mánuði. Og ef maður leikur sér með tölur og tekur þessar 5.346 kr. sem gamla fólkið borgar í skatt í dag, þá borgar það tæpar 65 þús. kr. á 12 mánuðum.

Þær 320 millj. sem ég sýndi hér fram á sem tekjuskattslækkun hjá Baugi, Sjóvá-Almennum, Olíufélaginu, Tryggingamiðstöðinni og Skeljungi, duga til þess að útrýma, ef ég má nota það orð, staðgreiðslusköttum hjá 5.000 bótaþegum eins og ég hef tekið dæmi um.

Ekki má skilja orð mín svo að ég sé endilega að andmæla því sem hér kemur fram, þ.e. skattalækkun á fyrirtæki. Hún hefur sannarlega virkað þannig að hún á að hleypa nýju lífi í efnahagslífið og auka möguleika á því að fyrirtæki snúi vörn í sókn, skapi fleirum vinnu og borgi e.t.v. hærra kaup o.s.frv.

En mér finnst hæstv. ríkisstjórn allt of oft gleyma þessum minnstu bræðrum okkar og þá kannski sérstaklega ellilífeyrisþegunum sem tóku þátt í og bjuggu til þetta þjóðfélag, það velmektarþjóðfélag sem við lifum í í dag, og býr við mjög skertan lífeyrissjóð vegna þess að þeir voru jafnvel ekki til þegar þetta fólk var að byrja vinnu eða á þeim árum sem það hafði hreinlega kannski enga vinnu allan veturinn. Eða á þeim árum sem þetta fólk var jafnvel að annast foreldra sína og ættingja og koma okkur, sem njótum afrakstursins í dag og lifum í vellystingum praktuglega, til manns. Svartasti bletturinn á þjóðfélaginu í dag er skattar sem verið er að leggja á ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega, eins og ég hef verið að taka dæmi um og hef tekið sem dæmi skattalækkanir þeirra fyrirtækja sem ég hef talið upp og hvernig þær gætu dugað til þess að, ef svo má að orði komast, brauðfæða 5.000 bótaþega til að útrýma þeim sköttum sem ég hef tekið sem dæmi. Auðvitað eru þetta grófar tölur en engu að síður er rétt að hafa þetta í huga.

Okkur ber nefnilega líka að hugsa um þann smæsta fyrirtækjarekstur sem er í landinu en það eru fjölskyldurnar og

einstaklingarnir. Hvernig í ósköpunum á fólk að draga fram lífið með þeim smánarbótum sem við erum með? Ég er ekki með þessu að tala fyrir því að skattleysismörk verði hækkuð upp allan skalann. Ég er ekki hlynntur því að skattleysismörk fólks með milljón kr. í tekjur á mánuði, sem við getum líka séð í Frjálsri verslun, séu hækkuð. Við verðum að finna aðrar leiðir til að jafna þennan mun.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ýmislegt í frv. sem ég er hlynntur og ég er sáttur við þó að ég hafi ákveðna fyrirvara um frekari vinnslu og úrvinnslu þessara mála og vil að ýmis atriði verði skoðuð.

Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í vor um verðbreytingafærslu og að fyrirtækjum verði gert kleift að færa ársreikning sinn í erlendri mynt. Ég er ákaflega hlynntur þeim parti, þótt mér bregði svolítið við núna við verðbreytingafærsluna að skoða þær tölur sem lagðar eru fram og hvernig þær spár koma til með að hafa áhrif á fyrirtækin, en ég vona svo sannarlega að það sé eingöngu vegna þess hve verðbólgustigið er hátt um þessar mundir. Þegar fyrirspurnin var lögð fram á sínum tíma og hæstv. fjmrh. svaraði var verðbólgan því miður farin verulega á skrið en tímann þar á undan hefði þetta verið mjög gott og komið fyrirtækjum vel.

Það er sannarlega réttlætismál og í takt við nútímann að leyfa fyrirtækjum sem hafa megnið af tekjum sínum erlendis frá að færa bókhald sitt í erlendri mynt. Þetta er framkvæmdaratriði, ekki stórmál og mun ekki hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér hvað varðar tekjuöflun ríkissjóðs.

Herra forseti. Eitt í lokin, vegna þess að mönnum hefur orðið tíðrætt um þær skattkerfisbreytingar sem hér eru, og það er vaxtastigið í landinu. Ég hef sagt það á mörgum stöðum, segi enn og vil segja það úr ræðustól Alþingis: Íslendingar búa við okurvexti í dag. Fyrir allmörgum árum þegar ég var töluvert yngri man ég að hér var maður í Reykjavík sem lánaði fólki peninga, það var vafalaust meðan allt var bannað, og hann lánaði peninga á háum vöxtum. Ég held að hann hafi verið kallaður „okurvaxtamaður". Sá maður var dreginn fyrir dóm og fékk einhverra mánaða eða ára fangelsi.

Ég hef stundum hugsað til þess að ef slíkt kerfi væri í dag hvað bankastjórn og bankastjóri Seðlabankans ættu að fá marga mánuði fyrir það okurvaxtastig sem viðgengst í dag og er að sliga allan fyrirtækjarekstur og heimilin í landinu. Það er beinlínis verðbólguhvetjandi og ég held að allir stjórnmálamenn séu sammála um að það þurfi að lækka vexti, nema bankastjórar Seðlabankans. Það er alveg með ólíkindum hve seint á að grípa þar á málum. Það er nefnilega þannig að vaxtalækkun fer ekki að virka hjá okkur á Íslandi fyrr en eftir eitt til eitt og hálft ár. Og að kenna því um núna í peningastjórnuninni að þenslan sé svo mikil að þess vegna sé ekki hægt að lækka vexti í landinu, eru öfugmæli að mínu mati. Eða hver er þenslan á Raufarhöfn? Eða Stöðvarfirði? Eða Bolungarvík? Þenslan er á einu svæði, á höfuðborgarsvæðinu, og e.t.v. bara í Kópavogi, í Smáralindinni sem á að opna á morgun, 10. okt. kl. 10.10.

Ef halda á vaxtastiginu svo háu eingöngu vegna þenslunnar á höfuðbogarsvæðinu, hvers eiga þá fyrirtæki og einstaklingar úti á landi, sem berjast í bökkum að gjalda, sem þurfa að búa við sama okurvaxtastigið um allt land?

Þá kröfu verður að gera, og það er eiginlega með ólíkindum og ég vil ekki trúa því að ekki sé hægt að hafa áhrif á það, að Seðlabankinn lækki vexti sem allra fyrst og viðurkenni þá vitlausu stjórnun sem hefur verið, vegna þess að ef þetta verður ekki gert er samkeppnishæfni fyrirtækja stefnt í voða, öll nýsköpun verður fyrir bí og það sem verra er er að almenningur gerir e.t.v. hærri kröfur um laun vegna þverrandi kaupmáttar, sem gerir það að verkum að kjarasamningar verða í uppnámi fljótlega eftir áramót eins og ASÍ er að spá.

Háir vextir leiða til verðbólgu og þetta er ógn við íslenskt þjóðfélag og íslenskan hagvöxt.

Herra forseti. Þjóðlöndin í kringum okkur eru öll að lækka stýrivexti sína. Þannig var danski seðlabankinn fyrir skömmu að lækka stýrivexti sína um fimm punkta, úr 4,15% í 4,10. Þetta eru tölur sem við þekkjum ekki hér á Íslandi. Þessi vaxtalækkun var gerð til að vinna á móti styrkingu dönsku krónunnar gagnvart evrunni en síðast lækkaði bankinn vexti sína þann 18. september um 50 punkta í kjölfar vaxtalækkana í Bandaríkjunum og Evrópu út af hryðjuverkunum.

Það er alveg með ólíkindum, herra forseti, að við skulum þurfa að búa við þetta efnahagsástand sem hér er, okurvexti sem eru að sliga bæði fyrirtækin og einstaklinga í landinu. Ef eitthvað hefði þurft að gera sem fyrst í efnahagsmálum hefði vaxtalækkun þurft að koma þar til.

Herra forseti. Ekki gefst tími til þess nú við 1. umr. að fara í gegnum alla þá þætti sem eru í frv. Ég ítreka það sem ég sagði að margt í því er jákvætt. Ég hef ákveðna fyrirvara eins og aðrir samflokksmenn mínir úr þingflokki Samfylkingarinnar, við höfum ákveðna fyrirvara og við höfum ákveðnar skoðanir á þessum málum. Ég hvet hæstv. efh.- og viðskn. til að fara vel í gegnum þessi atriði.

Ég fagna því að þau orð sem formaður efh.- og viðskn. sagði í Dagblaðinu í dag um að skattapakkanum verði ekki breytt, hafa verið gerð að engu í þessari umræðu og vænti ég þess að efh.- og viðskn. fari vel í gegnum þetta og kanni hvaða áhrif þetta hefur jafnt fyrir atvinnulífið í heild sinni, fyrir atvinnulífið og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og það verði skoðað hvort ekki megi jafnvel nýta þessa skattkerfisbreytingu til að jafna rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, því ekki veitir af. Rekstrarskilyrði fyrirtækja úti á landsbyggðinni eru margfalt verri en fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Og það er annar þátturinn í því sem er að sliga atvinnurekstur vítt og breitt um landið, fyrir utan það að undirstöðuatvinnuvegur okkar, sjávarútvegurinn, býr við mjög erfið rekstrarskilyrði og tap slíkra fyrirtækja á síðasta ári hefur verið mikið um allt land meðan bankar, tryggingafélög og önnur fjármálafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu græða á tá og fingri.

[18:14]

Útbýting þingskjals:

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 132. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 132.

[18:15]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég fagna mjög þessu frv. sem hér er til umræðu. Ég fagna því að nú þegar við höfum ár eftir ár rekið ríkissjóð með miklum afgangi, greitt niður skuldir ríkisins og náð góðum tökum á efnahagsmálunum þá skuli þjóðin fá að njóta þess í lækkuðum sköttum. Ef maður horfir langt aftur í tímann þá hefur það yfirleitt verið á þann veg hér á Alþingi að Alþingi hefur verið að hækka skatta en ekki lækka og skattalækkanir eru fremur fátíðar.

Á þessu hefur að vísu orðið veruleg breyting í tíð tveggja ríkisstjórna Sjálfstfl. og Framsfl. Ég minni hér á nokkrar þeirra skattalækkana sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir

á undanförnum árum og minni þá náttúrlega fyrst og enn einu sinni á þá miklu lækkun sem gerð var á tekjuskattinum á síðasta kjörtímabili þegar hann var lækkaður um fjögur prósentustig í þremur áföngum. Það er einhver mesta skattalækkun sem um getur og var stórkostleg kjarabót fyrir almenning í landinu og á sjálfsagt stærstan þátt í því að kaupmáttur hefur aukist hér meira á undanförnum árum en í nokkru öðru landi. Og tekjuskatturinn lækkar enn um næstu áramót.

Ég minni líka á að skattafsláttur hjóna er nú að verða að fullu millifæranlegur. Stefnt er að því í fjórum áföngum og þriðji áfangi kemst í gagnið á næsta ári. Ég tel að það sé mikið réttlætismál ekki síst fyrir heimavinnandi fólk, t.d. fólk sem er bundið yfir börnum og kemst ekki á vinnumarkaðinn og hinn aðilinn í hjónabandinu vinnur mikið. Þá er auðvitað réttlætismál að hann geti nýtt að fullu skattkort makans.

Ég minni á breytingu á fasteignamati sem stórlækkaði fasteignagjöldin á landsbyggðinni og er gríðarlegt hagsmunamál fyrir fólk og fyrirtæki á landsbyggðinni.

Og þó það séu kannski ekki beint skattalækkanir þá má minna á stórátök sem gerð hafa verið til hagsbóta fyrir sérstaklega yngra fólk. Ég minni á fæðingarorlofið sem var stóraukið og barnabætur sem einnig eru stórauknar, eða um 2 milljarða á þremur árum.

Þessu til viðbótar er í frv. sem við ræðum núna m.a. lögð til 50% lækkun á eignarskatti, helmingslækkun, og auk þess hækkun fríeignamarks í eignarskattinum. Mér finnst þetta alveg sérstakt réttlætismál vegna þess að mér hefur lengi fundist eignarskatturinn allra skatta óréttlátastur. Það er nú svo að eignir manna verða yfirleitt til vegna tekna sem einstaklingarnir hafa borgað skatta af áður. Hef ég alltaf litið á eignarskattinn sem nokkurs konar tvísköttun.

Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að eignarskattur, hár eignarskattur, er líka hemill á sparnað. Eignarskatturinn er líka gríðarlega óréttlátur, finnst mér, gagnvart íbúðareigendum. Það er út í hött að þó að fólk eigi sæmilega íbúð þá skuli það þurfa að borga skatt af eigninni. Þetta bitnar sérstaklega þungt á eldra fólki sem býr í sínum íbúðum sem það kannski hefur búið í í áratugi og hefur enga burði til að borga skatta af þessum eignum. Þess vegna finnst mér sérstakt fagnaðarefni að nú skuli eiga að lækka eignarskattinn um helming og ég tel að við eigum að stefna að því að fella hann alveg niður.

Það er einnig ánægjuefni að þjóðarbókhlöðuskatturinn skuli nú aflagður. Það er nú svo með þessa sérstöku skatta sem stundum hafa verið settir á út af einhverju ákveðnu verkefni að þeir hafa orðið ansi lífseigir og gengið illa að koma þeim fyrir kattarnef. En nú er loksins stefnt að því að þjóðarbókhlöðuskatturinn leggist af.

Menn hafa deilt hér nokkuð um sérstaka eignarskattinn sem stundum er kallaður hátekjuskattur. Nú er frítekjumarkið hækkað þannig að það fer úr 280 þús. í eitthvað um 322 þús. Mér finnst þetta réttlætismál. Mér finnst 280 þús. kr. ekki vera hátekjur. Þetta bitnar mjög hart á sérstaklega ungu fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, koma sér fyrir í lífinu og vinnur mikið, leggur mikið á sig til að geta eignast eitthvað, en það lendir í sérstökum hátekjuskatti ef það fer yfir 280 þús. kr. í tekjur. Ég hefði reyndar talið að þetta frítekjumark ætti að hækka meira. En þetta er góður áfangi og það verður hækkað aftur á næsta ári á eftir. Þetta bitnar líka illa t.d. á sjómönnum sem eru mikið fjarverandi í löngum túrum. Menn á frystitogurum og öðrum slíkum skipum hafa oft allgóðar tekjur og mér finnst ekki sanngjarnt að skattleggja þetta fólk eitthvað sérstaklega fyrir að vinna mikið og leggja mikið á sig.

Lagðar eru til verulegar skattalækkanir á fyrirtækin í landinu. Það er enginn vafi á því að þær lækkanir munu styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og skapa forsendur fyrir frekari uppbyggingu þeirra. Það er einfaldlega reynsla okkar af skattalækkunum á fyrirtækin í upphafi síðasta áratugar. Iðnn. þingsins var, eins og nefnt var áðan af hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, í heimsókn á Grundartanga í gær og átti þar viðræður við forsvarsmenn stóriðjufyrirtækjanna þar. Forsvarsmenn Norðuráls voru m.a. spurðir að því hvaða áhrif þeir teldu að þessar skattalækkanir mundu hafa á þeirra fyrirtæki ef af yrði. Þeir töldu að það mundi auka áhuga þeirra á fjárfestingu á Íslandi og gera þá enn ákveðnari í að fjárfesta frekar á Grundartanga, sem ég tel að sé mikið hagsmunamál bæði fyrir svæðið og fyrir landið allt. Þarna er stefnt að mikilli stækkun og fjölgun starfa upp á 300–400 manns í verksmiðjunni og þjónustu við hana, auk þess sem við þetta mun útflutningsverðmæti frá verksmiðjunni aukast um 25 milljarða kr. á ári. Þessir menn lýstu því sem sagt yfir að þessi skattbreyting, ef af yrði, mundi auka enn áhuga þeirra á að fjárfesta meira á Íslandi.

Það hefur verið nokkuð athyglisvert að fylgjast með umræðum hér í dag. Stjórnarandstaðan hefur reynt að gera þetta allt heldur tortryggilegt, m.a. nefndi hv. þm. Sverrir Hermannsson það að ríkisstjórnin hefði misst tökin á fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar og að nú væri stóraukin hækkun á fjárlögum milli ára. Ég gat nú ekki annað en brosað út í annað þegar ég hlustaði á þetta og rifjaði upp um leið tillögu Frjálslynda flokksins við fjárlagagerðina í fyrra þegar þeir lögðu til hækkun á ríkisútgjöldum upp á nokkra milljarða. Og svo tala menn svona.

Hv. þm. Samfylkingarinnar hafa nefnt það hér nokkuð margir að hækkun tryggingagjaldsins komi verst við landsbyggðina. Mér finnst menn með þessu tala dálítið niður til landsbyggðarinnar. Landsbyggðin er ekkert annars flokks. Það er nú þannig að á landsbyggðinni eru stöndug fyrirtæki og þar eru líka veikburða fyrirtæki. Á höfuðborgarsvæðinu eru líka stöndug fyrirtæki og þar eru líka veikburða fyrirtæki. Á landsbyggðinni eru bæði vel og illa rekin fyrirtæki. Á höfuðborgarsvæðinu eru líka bæði vel og illa rekin fyrirtæki. Menn mega ekki alltaf tala um landsbyggðina eins og hún sé annars flokks. Ég er ósammála því.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi að þessar skattbreytingar muni fyrst og fremst gagnast stórfyrirtækjunum og stóreignamönnum. Mér finnst þetta nú svona ákveðnir öfgar. Auðvitað gagnast þetta hinum almenna launamanni. Það gagnast ekki síst íbúðareigendum þegar eignarskatturinn stórlækkar. Það gagnast ungu fólki sem vinnur mikið, eins og ég nefndi hér áðan, og þénar sæmilega að frítekjumarkið í sérstaka eignarskattinum skuli hækkað. Það eru ekki neinir stóreignamenn sem eiga venjulega íbúð og þéna kannski eitthvað yfir 300 þús. á mánuði. Þetta eru bara ósköp venjulegir Íslendingar.

Það gagnast þeim sem verr eru staddir að skattur á húsaleigubótunum skuli afnuminn. Sem betur fer kemur þetta því flestum að gagni þó auðvitað, eins og hér hefur verið nefnt, séu alltaf einhverjir sem ekki njóta þess sem verið er að gera.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi líka að 10% skattur af fjármagnstekjum á Íslandi væri lægri en nokkurs staðar annars staðar. Og ég segi nú bara: Guði sé lof. Eftir að hafa

hlýtt á ræðu hv. þm. vitum við á hverju við eigum von ef Samfylkingin kemst til valda. Þá verður þessi skattur væntanlega hækkaður sem mér finnst afleitt því hann er auðvitað ekki bara fyrir einhverja stóreignamenn eða braskara og bisnessmenn. Hann leggst á hinn almenna sparifjáreiganda í landinu sem greiðir verulegar upphæðir í þennan skatt. Mér finnst hann alveg nógu hár 10% og væri algjörlega andvígur því að hækka hann.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að skattapakkinn hefði verið fyrirsjáanlegur því að Sjálfstfl. væri við völd í hægri stjórn. Ég er alveg sammála hv. þm. í því. Þetta var fyrirsjáanlegt. Sjálfstfl. hefur boðað það leynt og ljóst að hann vildi minnka skattheimtuna á landsmönnum og hér er einfaldlega verið að standa við það sem flokkurinn hefur sagt. Það er verið að standa við fyrirheit um skattalækkanir.

Þessu er öfugt farið með vinstri flokkana. Menn hafa þar einfaldlega aðrar áherslur. Ég er hérna með fyrir framan mig hluta af þeim brtt. sem stjórnarandstaðan lagði til við fjárlagagerðina í fyrra og, með leyfi forseta, langar mig að vitna í fyrsta lagi í brtt. Samfylkingarinnar sem lagði til að tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla yrði hækkuð um 3 milljarða og 350 millj., 3.350 milljónir. kr.

Samfylkingin lagði líka til að tekjuskattur lögaðila yrði hækkaður um 250 millj. kr., virðisaukaskattur um 350 millj. kr. og vörugjald af innfluttum ökutækjum um 150 millj. kr., og þessu til viðbótar svo að innheimta 2.700 kr. gjald á hverja þorskígildislest af úthlutuðu aflamarki, sem átti að gefa eitthvað um 750 millj. kr.

Ég er einnig með brtt. frá Vinstri grænum fyrir framan mig. Með leyfi forseta, þá lögðu þeir til að sérstakur tekjuskattur, þ.e. hátekjuskatturinn sem ég hef nefnt í ræðu minni, yrði hækkaður um 300 millj. kr., skattur á fjármagnstekjur hækkaður um 800 millj. kr., sem væntanlega hefði þá þýtt að prósentan yrði hækkuð, tekjuskattur lögaðila hækkaður um 1.200 millj. kr., áfengisgjald hækkað um 300 millj. kr. og hagnaður af einkasölu hækkaður um 400 millj. kr.

Eitthvað fleira held ég hafi nú komið fram af skattahækkunartillögum við fjárlagaumræðuna í fyrra. Ef ég man rétt voru Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri grænir með sameiginlega brtt. upp á einhverja tvo eða þrjá milljarða þannig að þetta sýnir bara muninn á áherslum Sjálfstfl. og vinstri flokkanna. Við höfum boðað og viljum lækka skatta. Vinstri menn kunna alltaf það ráð helst að hækka skatta. Þar liggur munurinn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um frv. að sinni. Ég ítreka ánægju mína með að frv. skuli vera komið fram og vona að það fái greiða leið í gegnum þingið.

[18:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tíndi til nokkur dæmi um afrek ríkisstjórnarinnar og nefndi þar fyrst lækkun á tekjuskatti einstaklinga, að skatturinn hefði verið færður verulega niður á undangengnum árum. Það er rétt. Um miðjan áratuginn eða upp úr miðjum áratug var skattprósentan komin í 42% tæp og er núna 38,37%. En er hv. þm. kunnugt um að fyrir tíu árum var skattprósentan 39,79% og á sama tíma hefur persónuafsláttur ekki fylgt launaþróun þannig að skattleysismörk hafa lækkað að raungildi? Þetta þýðir að skattlagning á einstaklinga hefur verið aukin á undangengnum árum.

Önnur skrautfjöðrin sem hv. þm. tíndi til voru barnabæturnar. Hann sagði að þær yrðu auknar um 2 milljarða kr. á næstu þremur árum. Er hv. þm. kunnugt um að barnabætur verða að þessum tíma liðnum jafnvel ívið lægri en þær voru að raungildi fyrir einum áratug?

Hv. þm. sagði að þjóðin fái notið þeirra skattkerfisbreytinga sem hér eru í vændum. Hefur hann ekki áhyggjur af því þegar skattbreytingarnar eru gaumgæfðar og í ljós kemur að um er að ræða 4,1 milljarð kr. í skattalækkunum á árinu 2003, að rúmlega helmingur, eða 2,7 milljarðar kr., ganga til þeirra fyrirtækja sem skila hagnaði? Finnst hv. þm. þessum breytingum réttlátlega skipt á meðal landsins þegna?

[18:30]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn eru að vitna hér einn áratug aftur í tímann, þá munum við það sem þá vorum á þingi að við vorum að ganga inn í gríðarlega erfiðleika. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem tók við 1991, tók náttúrlega við alveg hörmulegu búi. Hér var allt á heljarþröminni. Atvinnulífið var allt í kaldakoli. Stofnaðir höfðu verið alls konar óráðsíusjóðir til að bjarga þessu fyrir horn. Ríkisstjórnin varð að byrja á því að setja milljarða í að kála þessum sjóðum. Ég minni á að á þessum tíma spáði Alþýðusamband Íslands 20% atvinnuleysi. Fyrsta verk ríkisstjórnarinnar var að grípa til gríðarlega erfiðra aðgerða sem komu mjög við landsmenn til að ná þjóðarskútunni á réttan kjöl. En ríkisstjórnin sagði alltaf, forsrh. sagði alltaf: Þegar við erum komin á lygnan sjó munum við láta landsmenn njóta þess. Og það er það sem við höfum verið að gera á undanförnum árum. Við höfum verið að rétta kúrsinn, við höfum verið að lækka skattana og gera eitt og annað fyrir fólkið í landinu af því að nú gengur vel. Við höfum náð tökum á efnahagsmálunum. Við höfum verið að greiða niður skuldir ríkisins. Og við erum að lækka skattana, í ótal liðum eins og ég nefndi áðan.

Þó að menn vitni eitthvað aftur í fortíðina, tíu ár aftur í tímann þegar allt var hér í kaldakoli, þá er það bara ekkert sambærilegt. Vegna þess að nú höfum við náð tökum á þessum málum og við erum að skila þjóðinni því sem hún lagði á sig á erfiðleikaárunum í upphafi síðasta áratugar.

Að skattalækkanirnar gangi til fyrirtækja, ég er nú ekki með tölurnar fyrir framan mig, það er einfaldlega ekki rétt að þær gangi nánast að öllu leyti til fyrirtækjanna í landinu. Ég minni á stórlækkun á eignarskattinum sem gagnast auðvitað almenningi. Ég minni á lækkun á svoköllum hátekjuskatti sem er skattur sem leggst á stóran hluta af hinum almennu launamönnum í landinu og fleira og fleira sem ég taldi upp í ræðu minni áðan. Það er því einfaldlega rangt þegar hv. þm. gefur það í skyn að almenningur í landinu njóti ekki þessara skattalækkana.

[18:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilefni þess að ég rifjaði upp liðna tíð voru orð hv. þm. sjálfs, sem var að bera saman skattprósentuna nú og fyrir fáeinum árum. Ég fór nokkur ár lengra aftur í tímann til að sýna fram á að skattprósentan fyrir tíu árum er svipuð og hún er nú, en þó hafa skattleysismörk ekki fylgt launaþróun, þannig að álögur á almenning hafa verið auknar.

Á sama tíma eru menn nú að kynna skattkerfisbreytingar sem létta ekki álögum af láglaunafólki, fyrst og fremst af millitekjuhópum og hálaunafólki og síðan þeim fyrirtækjum sem skila hagnaði. Út á þetta hefur gagnrýni stjórnarandstöðunnar fyrst og fremst beinst í umræðunni í dag og ég mun gera nánar grein fyrir sjónarmiðum mínum hér á eftir.

En gagnrýni mín gekk út á þau ummæli hv. þm. að þessar skattkerfisbreytingar gögnuðust þjóðinni allri.

[18:34]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt að skattprósentan sé svipuð og hún var fyrir tíu árum. Þar að auki vil ég bæta því við að þegar ríkisstjórnin lækkaði tekjuskattinn á einhverju stigi fyrir nokkrum árum, þá hlupu sveitarfélögin til með Reykjavíkurborg í broddi fylkingar og hirtu skattalækkunina okkar í hækkun á útsvari og ekki var þá við ríkisstjórnina að sakast.

Og að ekki sé verið að létta neinu af láglaunafólki. Hverjir njóta húsaleigubóta? Er það ekki láglaunafólkið í landinu? Eru það burgeisarnir og stórfyrirtækin? Ég hélt ekki.

Það er auðvitað eðlilegt að vinstri menn gagnrýni þessar skattalækkanir. Það er ósköp eðlilegt. Við höfum einfaldlega gjörólíkar áherslur í skattamálum, Sjálfstfl. og vinstri flokkarnir. Við viljum lækka skatta og við viljum að þjóðin njóti sín og menn hafi ánægju af því að starfa og eigi eitthvað eftir, geti eignast eitthvað. Vinstri menn sjá aldrei önnur ráð en að hækka skatta eins og dæmin sanna við síðustu fjárlagagerð þegar Samfylkingin lagði til skattahækkanir upp á 5,5 milljarða og Vinstri grænir líka.

[18:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sumt af því sem verið er að leggja til er ekki lækkun á sköttum heldur hækkun. Og sú hækkun er sett fram í því augnamiði að geta lækkað einhverja aðra skatta í staðinn. Hækkun á tryggingagjaldinu er stór hluti af þeirri skattalækkun sem er gerð möguleg. Mér finnst svolítið undarlegt af hv. þm. að tala um það eins og verið sé að niðurlægja landsbyggðina með því að benda á að þau fyrirtæki sem munu verða verst úti séu að töluvert miklu stærri hluta til á landsbyggðinni.

Það liggur fyrir í tölum að um helmingurinn af öllu tapi í atvinnurekstrinum er hjá landsbyggðarfyrirtækjum, en einungis um 15% af hagnaðinum. Þetta segir sína sögu vegna þess að landsbyggðin hefur fyrirtæki sem standa kannski að mörgu leyti ekki eins vel og almennt er á höfuðborgarsvæðinu.

Er rétta leiðin að skattleggja slík fyrirtæki og ganga nærri þeim? Er ekki nær að taka eitthvað af þeim hagnaði sem myndast heldur en að ganga á þau fyrirtæki sem ekki hafa náð hagnaði? Ég spyr.

Síðan vil ég nefna eitt af því hv. þm. talaði um að við vildum breyta fjármagnstekjuskattinum og hækka hann. Það er rétt. En við höfum ekki lagt til að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður á fólki vegna almenns sparnaðar. Við höfum talað um að þegar menn eigi mikla peninga og hafi hagnað af fjármunum eigi að líta á það eins og aðrar tekjur. Það á að líta á það eins og atvinnurekstur. Það er orðinn atvinnurekstur þegar menn eru farnir að hafa verulegar tekjur af fjármunum og á ekki að líta öðruvísi á það.

Við lögðum til ýmsar hækkanir í fyrra. Það er alveg rétt. En við gerðum það til þess að fjármagna aukningu á útgjöldum sem við lögðum til.

[18:37]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í öðru orðinu segir stjórnarandstaðan að skattalækkunin komi nánast öll fyrirtækjunum í landinu til góða. Í hinu orðinu býsnast hún yfir hækkun tryggingagjaldsins. Á hverjum lendir tryggingagjaldið aðallega? Skyldi það ekki vera á fyrirtækjunum en ekki einstaklingunum eða láglaunafólkinu?

Varðandi það að þetta lendi eitthvað þyngra á landsbyggðinni, það hefur ekkert verið sýnt fram á það með neinum rökum. Menn slá því fram að landsbyggðin fari eitthvað voðalega illa út úr þessu. Hv. þm. nefnir það að helmingurinn af tapinu sé á landsbyggðinni. Þá er væntanlega helmingurinn á höfuðborgarsvæðinu, ef ég kann að reikna. Tvisvar sinnum helmingur er einn heill.

Ég minni á það sem ég nefndi í ræðu minni áðan að stórkostleg breyting hefði verið gerð á fasteignamatinu í landinu sem kemur landsbyggðinni mjög til góða og lækkar fasteignaskattinn víða um land um helming, sem kemur bæði einstaklingunum og fyrirtækjunum úti á landi til góða. Það var auðvitað til stórkostlegra bóta fyrir fyrirtækin úti á landi, fyrirtæki sem bjuggu við það að þurfa að borga af einhverjum skemmum eins og þær stæðu á dýrasta stað í Reykjavík. Þessu hefur verið breytt og þetta er náttúrlega til gríðarlegra hagsbóta fyrir reksturinn á landsbyggðinni.

Varðandi hækkun fjármagnstekjuskattsins viðurkennir hv. þm. að Samfylkingin vilji hækka hann, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem ef ég veit rétt er einn helsti skattamálasérfræðingur Samfylkingarinnar og hefur setið um langt árabil í efh.- og viðskn. þingsins og verið einn helsti talsmaður Samfylkingarinnar. Og ég tek auðvitað mark á því sem hún segir. Hún var ekki með neinn fyrirvara um það að hún vildi breyta uppbyggingu skattsins. Hún sagði einfaldlega: Skatturinn er of lágur. 10% er of lágt. Hvergi í heiminum er borgað svona lágt og við þurfum að hækka það. Hv. þm. sagði síðan að eðlilegt hefði verið að þeir legðu til skattahækkanir í fyrra vegna þess að þeir lögðu til aukin ríkisútgjöld. Það er auðvitað alveg hárrétt og það er það sem ég hef verið að benda á og gagnrýna. Menn vilja tala í öðru orðinu um að ríkisstjórnin sé að missa tök á útgjöldum ríkisins. Í hinu orðinu leggja þeir til milljarðahækkanir á útgjöldum og skattahækkanir á móti.

[18:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru til rök og mörg rök fyrir því að hækkun á tryggingagjaldinu muni leggjast meira á landsbyggðina. Tekjur fyrirtækjanna eru rúm 70% á höfuðborgarsvæðinu en tæp 30% á landsbyggðinni. Samt er tapið af fyrirtækjunum u.þ.b. helmingurinn, eða um 50% á hvorum stað. Það segir sína sögu um hvernig staðan almennt er hjá fyrirtækjunum og hvernig tryggingagjaldið muni þá koma niður.

Og ég endurtek: Það hefur komið fram og kom fram í umræðum frá okkar hendi í sambandi við fjármagnstekjuskatt að við vildum að rífleg mörk væru á því að fólk gæti átt sparnað og að lægri fjármagnstekjuskattur yrði á honum.

Mér finnst hins vegar ástæða til að nefna, vegna þess að hv. þm. er með miklar upptalningar um þau afrek sem ríkisstjórnin hefur verið að vinna og að hún hafi náð tökum á efnahagsmálunum, að við erum að stríða við gífurlegan viðskiptahalla, hæstu vexti sem fyrir finnast, skuldasöfnun meiri en aldrei fyrr og bullandi verðbólgu. Er það ástand sem hægt er að segja að eigi að vera?

[18:41]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum vissulega karpað endalaust um tryggingagjaldið á landsbyggðinni, við fáum enga niðurstöðu í það hér í þessum ræðustóli í dag. Við erum einfald-

lega ósammála og ég tel að hv. þm. hafi ekki sýnt fram á niðurstöðu með neinum rökum.

Ég minni enn og aftur á að fyrirtækin á landsbyggðinni fá alveg stórkostlega lækkun núna í fyrsta sinn vegna breytinganna á fasteignamatinu, sem auðvitað er alveg til gríðarlegra hagsbóta fyrir fyrirtækin í landinu og náttúrlega ekki síður fyrir fólkið sem býr úti á landi.

Hv. þm. er að bögglast með fjármagnstekjuskattinn. Það getur vel verið að þeir hafi haldið því fram í umræðum hér þegar hann var settur á að hann ætti að vera eitthvað öðruvísi. En ég ítreka það að helsti skattamálasérfræðingur Samfylkingarinnar, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur setið lengur í efh.- og viðskn. en nokkur krati í manna minnum, hafði engan fyrirvara á þessu. Eingöngu að hækka prósentuna, 10% væri allt of lágt og lægra en nokkurs staðar í heiminum og við skulum hækka það, sagði hv. þm.

[18:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að þar skilur á milli hægri manna og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að við viljum beita sköttum til jöfnuðar. Við viljum beita sköttum til að standa undir öflugu velferðarkerfi, öflugu menntakerfi og við viljum jafna lífskjör fólks með sköttum þegar nauðsyn krefur. Þar greinir á milli okkar og Sjálfstfl. að þeir vilja að þeir sem hafi hæstar tekjurnar fái að njóta þess og greiði þar af leiðandi hlutfallslega minni skatta. Þar skilur á milli.

En varðandi þau orð hv. þm. að verið væri að tala niður til landsbyggðarinnar og að þessar skattaáherslur ríkisstjórnarinnar komi þar harðast niður, þá er afar mikilvægt að hv. þm. átti sig á þeirri staðreynd að á síðasta fimm ára tímabili, aðeins á fimm ára tímabili undir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafa þau 14.000 ný störf sem hafa orðið til í landinu öll orðið til á höfuðborgarsvæðinu. Við erum um 280 þús. manns, 14.000 ný störf urðu til á þessu fimm ára tímabili, en aukningin um þau 14.000 störf verður öll á því svæði þar sem aðeins 190 þús. manns búa. Og er það nema von að sveitarstjórnir, hvort sem það er á Norðurl. v. eða á Vestf., komi með ákall til ríkisstjórnarinnar og Alþingis um að beita þeim tækjum, beita því afli sem ríkisvaldið hefur í gegnum skattkerfið til að reyna að ráða þarna bót á og leiðrétta til að snúa slíkri þróun við. Hvað ætlar hv. þm. að segja við sveitarstjórnir á Norðurl. v. sem bera fram þetta ákall?

[18:45]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta alveg dásamleg ræða frá talsmanni Vinstri grænna. Það hafa orðið til 14.000 ný störf, öll á höfuðborgarsvæðinu, landsbyggðin fær ekki neitt.

Hvað hafa Vinstri grænir lagt til í atvinnumálum? Hvernig hafa þeir tekið á þeim stóru tækifærum sem landsbyggðinni hafa boðist? Hvernig tóku þeir á umræðunni um Fljótsdalsvirkjun í fyrra og álver í Reyðarfirði? Hvernig hafa þeir talað um Kárahnjúkavirkjun núna og álver í Reyðarfirði sem mun skapa 1.000 ný störf á Austurlandi? Eitt þúsund ný störf. Jú jú, þeir koma hér með frv. um að setja 400 millj. í atvinnulíf á Austurlandi, alveg óskilgreint. Hættir að tala um að tína fjallagrös, nú á bara að setja 400 millj. í þetta. Svo koma þingmenn þessa flokks og fara að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að engin störf verði til úti á landi. Ég á bara ekki til eitt einasta aukatekið orð.

Ég minni á Reyðarál. Ég minni líka á stækkun Norðuráls á Grundartanga. Ég hef ekki heyrt þingmenn þessa flokks lyfta litla putta til að styðja það mál. Það þarf jú að sækja vatn upp í Þjórsárver og mér heyrist sem þau séu á móti því.

Hvað verður til á Grundartanga ef þeir fá þessa stækkun þar eins og ég nefndi hér áðan, stækkun á verksmiðjunni? 300–400 ný störf, sennilega nær 400 í verksmiðjunni og þjónustu við hana. Þetta er fyrirtæki sem ræður ekki orðið aðra til starfa en þá sem búa norðan Hvalfjarðar. 85% starfsmannanna búa þar í dag og þjónustan er í stórauknum mæli sótt þangað. Hún er veitt af fólki sem býr á svæðinu frá Akranesi og alveg vestur í Stykkishólm og jafnvel lengra. Þetta hvort tveggja er auðvitað stórkostlegt tækifæri fyrir landsbyggðina: Reyðarál og Norðurál.

Og að fulltrúi Vinstri grænna af öllum þingmönnum á Alþingi skuli koma hér og skamma ríkisstjórnina fyrir að búa ekki til störf á landsbyggðinni, ég bara á ekki eitt einasta orð.

[18:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki þá miðstýringu eða ríkisforsjá eins og hv. þm. var hér með að Alþingi færi að búa til störf.

En það sem Alþingi ber að gera er að skapa þá umgjörð um atvinnulífið að það geti dafnað og blómstrað. Vinstri grænir hafa ekki verið við stjórn sl. fimm ár en vonandi kemur að því hið fyrsta að við komumst í stjórn.

En ég spyr ítrekað, herra forseti, hverju ætlar hv. þm. að svara íbúum á Norðurl. v., á Vestfjörðum og jafnvel á Vesturlandi eða hluta Vesturlands, sem ekki munu njóta stóriðjudraumanna sem hv. þm. er að veifa? Hverju ætlar hann að svara því þegar þau koma með þetta ákall, að þau óski eftir því að það verði kannað hvort hægt sé að hafa áhrif á það í gegnum skatta að jafna skilyrði fólks til búsetu og fyrirtækjanna til rekstrar?

[18:48]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að þeir vilji ekki ríkisforsjá þarna hjá Vinstri grænum, Alþingi eigi ekki að vera að búa til störf. Samt las ég frv. sem var á dagskrá þingsins í gær en komst því miður ekki til umræðu þar sem þeir eru að leggja til að ríkið setji 400 millj. á ári, í ein sex ár held ég, til að búa til eitthvað úti á landi. Þeir eru hættir að tala um fjallagrös og hreindýramosa, nú á bara að gera eitthvað. Hv. þm. segir að Vinstri grænir hafi ekki verið við stjórn sl. fimm ár. Ég hélt nú satt að segja að þeir hefðu aldrei verið við stjórn. Sem betur fer, segi ég. Sem betur fer. Það yrði þá ekki mikið um uppbyggingu á landsbyggðinni samanber viðbrögð þeirra við þessum stórkostlegu atvinnutækifærum bæði á Austurlandi og Vesturlandi. Svo kemur hv. þm. og segir: Hverju ætlarðu að svara Norðurl.v. og Vestfjörðum o.s.frv.?

Ég spyr þá hv. þm.: Hverju ætlar hann að svara íbúum á Vesturlandi og Austurlandi þegar hann berst með kjafti og klóm gegn einhverjum stórkostlegustu atvinnutækifærum sem við höfum staðið frammi fyrir í áraraðir eða jafnvel áratugi?

[18:49]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, 133. mál, þáltill. ÖHJ, þskj. 133.

Erfðafjárskattur, 134. mál, frv. ÖHJ o.fl., þskj. 134.

Iðnaðarlög, 137. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 137.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 136. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 136.

Skattgreiðslur fyrirtækja og einstaklinga, 129. mál, fsp. JóhS, þskj. 129.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, 50. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 50.

[18:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er margt öfugsnúið í pólitíkinni. Hér höfum við í dag hlýtt á talsmenn Sjálfstfl., hægri menn, tala fyrir ríkisforsjá. Þeir guma af því að vilja skapa 1.000 störf á Austurlandi með málmbræðslu og stórvirkjunum sem koma til með að kosta um 300 milljarða kr. Á sama tíma er þessi flokkur að tala fyrir skattalækkunum og skattkerfisbreytingum sem sannanlega munu leiða til þess að stoð- og stuðningskerfi fyrir atvinnulíf í landinu verður veikt. Það er að gerast og það hefur verið að gerast. Menn hafa verið að loka pósthúsum. Menn eru að loka útibúum bankanna og margvíslegri þjónustustarfsemi við fyrirtæki og heimili í landinu. Og menn ætla að ganga lengra.

Hér talaði einn helsti efnahagstalsmaður Sjálfstfl. í dag, Pétur H. Blöndal, og kvað ríkisstjórnina ekki ganga nægilega langt í því að skera niður skatta á fyrirtæki í landinu. Sú mynd sem blasir við landsmönnum ef þessir frjálshyggjudraumar eða -draumórar verða að veruleika er sú að landsmenn verða látnir greiða fyrir þá þjónustu sem þeir njóta: í skólum, á sjúkrahúsum, á elliheimilum, við innganginn, í afgreiðslunni, vegna þess að þetta verður innheimt með sjúklingasköttum og skólagjöldum. Við erum að verða vitni að fyrstu slíku ráðstöfununum í fjárlagafrv. sem kynnt var hér fyrir fáeinum dögum þar sem skólagjöld í Háskóla Íslands eru hækkuð um 40%. Þetta er pólitíkin sem liggur að baki. Þetta er sú pólitík sem við erum að ræða hér.

Í rauninni er það mjög heiðarlegt af fulltrúum Sjálfstfl. að koma eins grímulaust til dyranna og þeir hafa gert í umræðunni hér í dag.

Þessar skattkerfisbreytingar sem hér eru til umræðu snúast fyrst og fremst um lækkun á fyrirtækjasköttum, í fyrsta og öðru lagi lækkun á tekjusköttum þeirra einstaklinga sem búa við meðaltekjur og háar tekjur.

Það eru þessir þættir í skattafrv. sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum helst gagnrýnt. Við höfum tekið undir að byrðum skuli létt af leigjendum húsnæðis. Það er löngu tímabær breyting. Það er mikilvægt að þeir búi ekki við lakari kjör en fólk sem er að eignast húsnæði.

Það er sitthvað annað í þessum skattbreytingum sem við höfum einnig tekið undir, t.d. að skattar á íbúðarhúsnæði skuli léttir o.s.frv.

En þegar á heildina er litið höfum við gagnrýnt þessar breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Annars erum við að gera athugasemdir við það að ráðist skuli í þær skattbreytingar yfirleitt.

Í annan stað höfum við gagnrýnt þá aðferðafræði sem beitt er, að við þær aðstæður sem nú blasa við í þjóðfélaginu, samdrátt og erfiðleika hjá fjölda fyrirtækja, skuli tekjuskattur fyrirtækja lækkaður en á sama tíma er tryggingagjaldið hækkað. Tryggingagjaldið þurfa öll fyrirtæki að borga, óháð hvernig tekjum þeirra er háttað, einnig þau fyrirtæki sem nú berjast í bökkum. Tryggingagjaldið er orðið æðihátt og fer með fyrirhuguðum breytingum sem hér liggja á borðinu upp í 6%. Það er þetta sem við höfum fyrst og fremst verið að gagnrýna enda teljum við að áherslur hefðu átt að vera aðrar við núverandi aðstæður.

Varðandi aðra þætti þessarar umræðu fagna ég því hve heiðarlega Framsfl. kom fram við þessa umræðu þótt málflutningurinn hafi að sönnu komið mér nokkuð á óvart. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sagði að stjórnarflokkarnir stæðu einhuga að baki þessum breytingum. Og hann sagði að þessar breytingar hefðu vakið mikinn fögnuð í þjóðfélaginu. Hvert er þjóðfélag hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar? Það var verðbréfamarkaðurinn sem fagnaði. Verðbréfamarkaðurinn fagnaði. Verslunarráðið fagnaði. Samtök atvinnulífsins fögnuðu.

En hv. þm. hlustaði ekki á aðrar raddir, þær sem komu frá verkalýðshreyfingu, sem komu frá Öryrkjabandalaginu sem furðaði sig á því að á sama tíma og skattívilnanir væru færðar hátekjufólki skyldi hátekjuskattsviðmið fært úr 275 þús. kr. í 331 þús. kr. Á sama tíma og þetta er gert er hvergi hreyft við skattleysismörkunum sem á undanförnum árum hafa verið að dragast aftur úr almennri launaþróun.

Hv. þm., talsmaður Framsfl., sagði að þetta væri ekki svo ýkja slæmt og minnti okkur á, sem er alveg rétt, að hækkun skattleysismarka er dýr. Það er dýr ráðstöfun. Hverjar þúsund krónur, hélt hann fram, kosta einn milljarð. Þetta er dýrt. Engu að síður er þetta ráðstöfun sem kemur lágtekjufólki, öryrkjum og öðrum sem búa við kröpp kjör, að miklu gagni. Og þau gagnast einnig atvinnulífinu vegna þess að þetta fyrirkomulag er einnig stuðningur við atvinnufyrirtækin í landinu.

Ég ræddi ekki alls fyrir löngu við danskan mann. Hann kvað þá leið sem Íslendingar færu til að styrkja fyrirtækin, að hafa skattleysismörk þetta lág, mjög skynsamlega. Og hann sagði að þetta fyrirkomulag væri án efa til þess að sporna við þeirri þróun sem þeir hefðu orðið varir við, Danir, á liðnum árum og áratugum, að fyrirtæki, agnarsmá fyrirtæki með slakan fjárhag, reyndu að fara yfir í svarta atvinnustarfsemi. Hann sagði að þessi ráðstöfun væri skynsamleg, að við værum að gera skynsamlega hluti með þessum stuðningi við atvinnulífið, við fyrirtækin í landinu.

Það er þannig ekki rétt að þetta sé einvörðungu stuðningur við lágtekjufólkið, og réttlátt í þeim skilningi, heldur er þetta einnig stuðningur við atvinnulífið í landinu. Það er hægt að styðja við fyrirtækin á annan hátt en þann sem ríkisstjórnin ætlar að fara, að lækka tekjuskatta á fyrirtæki.

Enn vil ég benda á það að millifærslukerfið, hvort sem er í sköttum eða í velferðarþjónustunni, kemur að sjálfsögðu atvinnulífinu einnig til góða. Í stað þess að fyrirtæki greiði laun miðað við þær aðstæður að í hverri fjölskyldu þurfi að sjá sjúkri manneskju farborða, vera með börn á framfæri og vera að byggja allt lífið, hefur þjóðfélagið komið því þannig fyrir að við færum fjármunina til, komum hinum sjúku til aðstoðar, þeim sem eru með börn á framfæri, þeim sem eru að reisa sér hús eða íbúð eða eru að fara út á leigumarkaðinn. Samfélagið hefur komið sér upp þessu millifærslukerfi út frá hagræðingar/skynsemissjónarmiðum. Og þær breytingar sem ríkisstjórnin er að leggja til eru að sumu leyti tilræði við þetta hagræðingarkerfi.

Þetta er sú gagnrýni, herra forseti, sem við höfum sett fram við þessar skattkerfisbreytingar. Ég tek það fram að það er sitthvað í þessum breytingum sem við tökum að sjálfsögðu undir og skrifum upp á. En þegar á heildina er litið viljum við fjármagna velferðarþjónustuna og þetta millifærslukerfi

með sköttum en ekki þjónustugjöldum vegna þess að við teljum það hagkvæmara, skynsamlegra og réttlátara.

[19:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka þingmönnum fyrir þær umræður sem orðið hafa í dag um þetta stóra og mikilvæga frv. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og fleiri lögum er tengjast skattamálum. Hér hefur eðlilega margt borið á góma eins og venjubundið er við umræður af þessu tagi og ýmsum sjónarmiðum verið hreyft sem eðlilegt er að þingnefndin skoði.

Meginatriði málsins er eftir sem áður að við núverandi aðstæður er mjög brýnt, að dómi þeirra sem að þessu frv. standa og það hafa samið, að gera þær umbætur í skattamálunum sem hérna eru lagðar til.

Ég verð að segja að það er býsna fróðlegt að fylgjast með málflutningi einstakra þingmanna. Sumir þingmenn hafa setið lengi á Alþingi og átt sér hér langa sögu. Ég er sjálfur í hópi þeirra sem hafa verið hér hvað lengst af núverandi þingmönnum og ég man vel eftir því þegar fyrir 12–13 árum var lagt fram annað frv. um tekjuskatt og eignarskatt af hálfu þáverandi ríkisstjórnar sem gekk pínulítið í aðra átt heldur en þetta frv. Tveir af ráðherrunum í þeirri ríkisstjórn sem þá sat hafa talað hér í dag, hæst. páv. samgrh. og hæstv. páv. félmrh. Mér heyrist að vísu, og ég vil taka það fram strax, að sjónarmið þeirra hafi í mörgum atriðum breyst og það hafa eflaust sjónarmið okkar allra á svona löngum tíma gert. En það er samt sem áður býsna forvitnilegt að rifja þetta upp og ég gerði mér það til gamans í dag meðan ég var að hlusta á umræðurnar að ég náði mér í þingskjölin frá þessum tíma, þar á meðal nál. sem ég lagði fram um þetta efni á þeim tíma. Það er býsna fróðlegt að sjá hvað menn voru þá að bauka við í þessum efnum, haustið 1988, miðað við það sem menn eru að gera núna. Þá voru menn að leggja til að hækka tekjuskatt fyrirtækja úr 48% upp í 50% svo eitthvað sé nefnt. Þá voru menn að hækka tekjuskattinn til ríkisins um ein tvö prósentustig í hinum almenna tekjuskatti einstaklinga. Þá voru menn að stórhækka eignarskattana þó að nú virðist það vera orðin býsna útbreidd hreyfing, sem betur fer, að sú stefna sé röng og það sem lagt er til í þessu frv. sé bæði réttmætt, eðlilegt og skynsamlegt, ekki síst að því er varðar skatta á íbúðarhúsnæði og eignarskatta fyrirtækja.

Þetta er til upprifjunar, herra forseti. Það er ástæðulaust að orðlengja mikið um þetta. En þetta var þá stefnan og menn börðust fyrir því með kjafti og klóm í sundurtættu stjórnarliði þess tíma að koma saman tillögum um þetta efni, hækka tekjuskatt fyrirtækja, hækka tekjuskatt einstaklinga, hækka eignarskatta einstaklinga og fyrirtækja þannig að virkilega munaði um. Hæsti eignarskatturinn eftir þessar breytingar gat farið upp í 2,95% þannig að hér hefur orðið mikil stefnubreyting sem betur fer og mikil ástæða er til að fagna því að ofstækisfullar hugmyndir af því tagi sem þá voru kynntar í þinginu eiga sér engan hljómgrunn lengur að því er ég tel og tel þessar umræður í dag reyndar hafa sýnt.

Það er líka ástæða til að fagna því að það virðist vera orðin almenn hreyfing til stuðnings því í þinginu að gerbreyta skatti eins og stimpilgjaldi og vinstri flokkarnir, ef eitthvað er, gagnrýna núverandi ríkisstjórn fyrir að vera ekki nógu snör í snúningum í þeim efnum og hafa ekki gengið nógu hratt fram í því að fella niður skatt sem gefur ríkinu 3,3 milljarða samkvæmt fjárlagafrv. næsta árs.

Það er alveg ljóst, eins og ég hef sagt um þetta mál, að ekki er hægt að gera allt fyrir alla í þessum efnum. Þess vegna verður stimpilgjaldið að bíða fram á árið 2003. Það mun koma í sérstöku frumvarpsformi á þessu þingi, vonandi fyrr en síðar. En það er ekki hægt að gera það strax vegna þess að við erum að forgangsraða þessu öðruvísi. Alveg eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson rakti mjög skilmerkilega áðan þá er búið að gera mjög marga aðra hluti á undanförnum missirum og árum í þessum skattamálum til þess að koma til móts við fjölmörg sjónarmið, þar á meðal sjónarmið barnafjölskyldnanna, bæði að því er varðar barnabætur og fæðingarorlof og fleira af því tagi. Við höfum rakið það hér í umræðum sem búið er að gera. Ég fór yfir það í framsöguræðu minni líka. Þetta verða menn að hafa í huga.

En nú er tímabært að fara í þær breytingar sem hérna er lagt til til þess að geta haldið áfram að byggja upp í framtíðinni og búa til meiri verðmæti sem koma síðan til skattlagningar. Þetta er grundvallarsjónarmiðið, grundvallarafstaða sem ég veit að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ekki skrifað upp á en mér heyrist að Samfylkingin, í það minnsta að sumu leyti, geti tekið undir. En þess vegna eru menn í mismunandi stjórnmálaflokkum að þeir hafa ekki sömu sýn á þessa hluti og eins og ég sagði í framsögu minni þá geri ég enga kröfu ti þess að menn skrifi upp á þetta í öðrum stjórnmálaflokkum. Ríkisstjórnin hefur komið sér saman um þessa stefnu og átt um það mjög gott samstarf á milli flokkanna og við erum sannfærðir um að þetta mun skila okkur miklum árangri þegar fram í sækir og þess verður ekki langt að bíða að mínum dómi. Hér hafa því orðið miklar breytingar og ég heyri að eitt og annað í frv. á stuðning töluvert út fyrir stjórnarflokkana.

Ég hef sagt það áður, t.d. fyrr í dag, að ég hafi aldrei lagt fram frv. sem ekki megi gera neinar minnstu breytingar á. Þess vegna liggur alveg fyrir að nauðsynlegt er að fara í saumana á frv. Hitt er náttúrlega ljóst, og það er það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir í DV, að meginstefna frv. liggur fyrir og við ætlum ekkert að hverfa frá henni hvað svo sem líður einstökum atriðum og einhverju því sem eflaust má betur fara. Ég dreg það ekkert í efa í svona flóknu og umfangsmiklu máli. En meginstefnan liggur fyrir og við munum ekki hverfa frá henni. Við hyggjumst lögfesta hana.

Herra forseti. Ég vil þá víkja örfáum orðum að nokkrum fyrirspurnum sem mér bárust. Það eru að vísu ekki allir fyrirspyrjendur hér við og ég mun þá kannski koma að því við betra tækifæri. En hv. þm. Einar Már Sigurðarson situr hér og hann beindi til mín nokkrum spurningum, t.d. varðandi erfðafjárskattinn og stimpilgjaldið og áhrif fasteignamatshækkunarinnar á þessu ári á þessa skatta. Um stimpilgjaldið er það að segja sem ég sagði áðan, að frv. er í smíðum um það mál. Það mun ekki koma til framkvæmda á næsta ári þannig að við gerum ekki ráð fyrir því að grípa til neinna sérstakra aðgerða vegna fasteignamatshækkunarinnar á stimpilgjaldi. Vel má vera að ríkissjóður hafi út úr því einhverjar 80 millj. eins og þingmaðurinn gat sér til um. Ég þori ekki að fullyrða um það. En ég ætla ekki að halda því fram að við ætlum að gefa þá peninga neitt sérstaklega eftir í þessum pakka.

Að því er varðar erfðafjárskattinn þá nefndi hann að þar gæti verið um að ræða 50 millj. kr. tekjuauka. Ég hef ekki sönnur á því en ég vil segja að erfðafjárskatturinn hefur nýlega verið fluttur úr félmrn. þar sem hann átti reyndar ekki heima eðli málsins samkvæmt. Hann var fluttur þaðan yfir í fjmrn. Við höfum síðan verið að endurskoða það kerfi í

heild sinni og ég geri mér vonir um að geta flutt frv. um nýja skipan þeirra mála á þessu þingi. Það er ekki rétt að gera því skóna að í því felist miklar lækkanir frá því sem nú er, enda er erfðafjárskattur hér á landi lægri en víða í nálægum löndum. En þetta atriði sem þingmaðurinn nefndi mun að sjálfsögðu koma til athugunar í sambandi við þessa endurskoðun.

Síðan nefndi þingmaðurinn spurninguna um tekjurnar af tryggingagjaldinu. Ég tók eftir því að í þeim gögnum sem Alþýðusambandið sendi frá sér að þeir draga í efa að þarna sé um að ræða tekjur upp á 2,5 milljarða kr. heldur 3,3 og það er náttúrlega beinn framreikningur á áætlun fjárlagafrv. Sú tala er rétt, þ.e. brúttóáhrifin af hækkun tryggingagjaldsins um 0,77% eru 3,3 milljarðar kr. en af því greiðir atvinnulífið 2,5 milljarða kr. Rétt er að benda á það strax, áður en þingmaðurinn bendir mér á það, að á bls. 12 er villa að því er þetta varðar þar sem talað er um brúttóáhrif tekna ríkissjóðs varðandi tryggingagjaldið. Hins vegar er þetta rétt fram sett í fylgiskjalinu sem fylgir hérna með. Þar er talað um 2,5 milljarða kr. kostnað atvinnulífsins, þ.e. það sem mundi koma í ríkissjóð frá atvinnufyrirtækjunum af þessari hækkun. Þetta er rétt að leiðrétta. En það breytir ekki því að talan 2,5 er þá tekjuauki sem ríkissjóður hefði af þessu að því er okkur sýnist best. En þetta er líka rétt að skoða betur í þingnefndinni eins og allar þessar tölur.

Varðandi síðan önnur atriði sem þingmaðurinn nefndi þá tel ég kannski ekki beint ástæðu til þess að fjölyrða um þau. Ég vil hins vegar taka undir það sem hann sagði í ræðu sinni, að það er mjög varhugavert að taka þessa reikninga alla saman úr fjárlagafrv. og annars staðar og bara reikna eitthvert línulegt samband. Þess vegna höfum við ekki reiknað það þannig út að tekjur af 18% tekjuskatti fyrirtækja séu bara línulegt hlutfall af því sem 30% skatturinn gefur vegna þess, eins og hann sagði réttilega, að ekki er um að ræða svona beint línulegt samband í mannlegu samfélagi eða í efnahagslegri kviku og hringiðu þar sem hlutirnir breytast og hegðun fyrirtækja og einstaklinga breytist og menn taka nýjar ákvarðanir með tilliti til umhverfisins. Það er af þeim sökum sem við höfum reiknað með því að þetta hefði verulega örvandi áhrif á efnahagslífið og á skatttekjur ríkissjóðs þegar fram í sækir. Ég tek undir það að alveg nauðsynlegt er að menn hafi þetta sjónarmið í huga þó að hann hafi kannski haft annað atriði sjálfur í huga þegar hann nefndi þetta.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra, herra forseti. Ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hér hafa tekið til máls. Það er mjög nauðsynlegt að öll sjónarmið séu reifuð við 1. umr. Síðan vil ég taka það fram að bæði ég sjálfur og starfsmenn ráðuneytisins munu að sjálfsögðu verða þingnefndinni innan handar eins og kostur er til þess að fá botn í þetta mál og fá það afgreitt á heppilegum tíma fyrir áramót þannig að við lendum ekki í tímaþröng með þetta mál fyrir jólin.

[19:13]

Útbýting þingskjala:

Skattlagning launa og fjármagns, 130. mál, fsp. JóhS, þskj. 130.

Verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, frv. VE o.fl., þskj. 135.

[19:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aðeins eina örstutta athugasemd og fyrirspurn í tilefni af sögulegri skoðun hæstv. fjmrh. Hann fór aftur til ársins 1988 og minnti okkur á að þeim tíma hefði sú ríkisstjórn sem þá sat við völd hækkað tekjuskatt á fyrirtækjum um tvö prósentustig, sagði hann. Hún greip eflaust til annarra ráðstafana, en á þessum tíma var verið að búa í haginn fyrir samninga á vinnumarkaði sem löngum hafa verið kenndir við þjóðarsátt og komu okkur inn á beinu brautina, færðu verðbólgu niður úr 30% niður undir 1% og grundvöllur til uppbyggingar var orðinn til. Síðan varð breyting á næstu árum. Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda og hann fór að taka til hendinni. Hann fór að lækka skatta á fyrirtæki en auka álögur á einstaklinga og því miður á ýmsa hópa sem máttu ekki við tekjuskerðingu eða auknum álögum. Ég minni á hinar stórfelldu breytingar á barnabótunum, auknar álögur á sjúklinga. Lyfjakostnaður jókst og þegar kom fram undir lok áratugarins var ráðist á félagslega húsnæðiskerfið þannig að áherslum var breytt í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Sköttum á fyrirtækjum var aflétt eða úr þeim dregið. Álögur á einstaklinga, sjúklingahópa, skólanema voru auknar.

Ég fékk það á tilfinninguna undir lestri hæstv. fjmrh. eða sögulegri upprifjun hans að hér hefðu menn í dag almennt verið að óska eftir hærri sköttum. Ég vissi ekki alveg hvernig ég átti að skilja hæstv. ráðherra. Ég held að menn séu nokkuð við sama heygarðshornið. Menn vilja öfluga skattheimtu en réttláta. Gagnrýnin gekk fyrst og fremst út á rangláta skattlagningu ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokksins sérstaklega.

[19:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf mér við lok umræðunnar og undirtektir hans varðandi málflutning minn að mörgu leyti. Hreinskilni hæstv. ráðherra er einnig þakkarverð í sambandi við erfðafjárskattinn og stimpilgjaldið, að engu verði lofað um breytingar á þessu þingi þrátt fyrir að verið sé að vinna að sérstakri endurskoðun á erfðafjárskattinum. Það hefur ekki komið fram opinberlega áður, að ég held, en varðandi stimpilgjaldið hefur það auðvitað komið fram að einhver bið muni verða á að það taki gildi. Einnig er rétt að þakka hæstv. ráðherra þá leiðréttingu sem hann bætti við sem var tímabær en er villandi á bls. 12 í frv.

Herra forseti. Að lokum er rétt að ítreka að umræðan hefur um margt verið fróðleg og varpað ljósi á að margt bíður í efh.- og viðskn. Ég fagna einnig þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að þau orð hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., sem hann lét falla í viðtali við DV í dag, túlkun okkar margra á þeim orðum var nokkuð önnur en hjá hæstv. ráðherra en ég vona að hæstv. ráðherra þekki hv. þm. betur en við mörg í salnum og treysti því og trúi að hæstv. ráðherra fari þar rétt með og túlkun hans sé rétt á þeim orðum og því muni ekki standa á því að skoðaðar verði þær breytingar sem menn telja vera til bóta í máli þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:19.

7. FUNDUR

miðvikudaginn 10. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 114. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Í upphafi síðari fundar, fyrirspurnafundarins, fara fram tvær utandagskrárumræður. Hin fyrri er um sölu á hlutabréfum Landssímans hf. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. tvö og er málshefjandi hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Sú umræða er um fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar, 131. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 131.

Útvarpslög, 138. mál, frv. PHB, þskj. 138.

Tilkynning um kosningu embættismanna alþjóðanefnda.

[13:31]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Borist hafa tilkynningar um formennsku í eftirfarandi alþjóðanefndum:

Í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Einar K. Guðfinnsson formaður og Jóhanna Sigurðardóttir varaformaður.

Í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Í Íslandsdeild NATO-þingsins: Tómas Ingi Olrich formaður og Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður.

Í Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Ísólfur Gylfi Pálmason formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Einar Oddur Kristjánsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Vilhjálmur Egilsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins: Kristján Pálsson formaður og Katrín Fjeldsted varaformaður.

Í Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Magnús Stefánsson formaður og Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 114.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:33.

---

8. FUNDUR

miðvikudaginn 10. okt.,
að loknum 7. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Innkaup heilbrigðisstofnana, fsp. ÁRJ, 64. mál, þskj. 64.

2. Lyfjastofnun, fsp. EKG, 104. mál, þskj. 104.

Til iðnaðarráðherra:

3. Mat umsjónarnefndar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á gildi lands norðan Vatnajökuls, fsp. KolH, 100. mál, þskj. 100.

4. Orkukostnaður lögbýla, fsp. EKG, 105. mál, þskj. 105.

Til viðskiptaráðherra:

5. Kynning á alþjóðlegum viðskiptafélögum, fsp. ÖJ, 117. mál, þskj. 117.

Til umhverfisráðherra:

6. Lífríkið á Hornströndum, fsp. EKG, 103. mál, þskj. 103.

Til dómsmálaráðherra:

7. Skemmtanahald á útihátíðum, fsp. KolH, 107. mál, þskj. 107.

Umræður utan dagskrár.

Sala á hlutabréfum Landssímans hf.

[13:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að salan á hlutabréfum Landssímans var eitthvert mesta klúður sem þessi þjóð hefur lengi orðið vitni að. Það er raunar sama hvort horft er til verðlagningar, tímasetningar eða söluaðferðarinnar sjálfrar. Allt var þetta í andstöðu við vilja markaðarins og sjálf aðferðin var meira að segja gagnrýnd af forstjóra Símans.

Herra forseti. Fyrst aðeins að þeim hráskinnaleik sem nú stendur yfir varðandi forstjóra Símans. Ég kvarta ekki undan því hvernig hann og raunar stjórn fyrirtækisins hefur haldið á hlut mínum og skattborganna í því fyrirtæki, það hefur satt

að segja tekist býsna vel. Nú er forstjóri Símans sendur í frí þó að hann hafi losað um umdeilanleg tengsl til þess að sýna góða reglu á hlutunum við einkavæðinguna og það er prýðilegt fordæmi. Eða er það kannski ekki fordæmi?

Hvaða siðareglur gilda um einkavæðingarnefndina sjálfa? Er ekki formaður hennar stjórnarformaður í fimmta stærsta fyrirtæki landsins? Hefur ekki þetta félag eða eignarhaldsfélag á vegum þess, sem hann er líka stjórnarformaður í, fjárfest beint eða óbeint í ýmsum óskráðum félögum sem starfa á sviðum sem eru skyld starfsemi Landssímans? Telur ekki hæstv. samgrh. að það þurfi að gilda skýrar siðareglur líka fyrir þá sem sitja í einkavæðingarnefnd og veita henni forstöðu, alveg eins og forstjóra Símans, til þess að koma í veg fyrir að árekstrar gætu hugsanlega komið upp í framtíðinni?

Herra forseti. Mér þykir vænt um Símann. Síminn var fyrsta fyrirtækið sem ég starfaði hjá. Ég byrjaði sem sendill hjá Símanum þegar ég var átta ára gamall meðfram barnaskóla. Þegar kom fram í menntaskóla og mér tók að spretta grön þá var ég næturvörður hjá Símanum og gætti eigna hans, bæði á Sölvhóli og líka húsanna hérna handan við götuna sem nýlega voru seldar.

Herra forseti. Ég þori að fullyrða að sá gamli næturvörður sem hér stendur í stóli gætti eigna Símans vel. Það sama verður hins vegar ekki sagt um hæstv. samgrh. og einkavæðingarnefnd. Það var einkavæðingarnefnd sem hæstv. ráðherra ber pólitíska ábyrgð á í þessum efnum sem bar ábyrgð á því að Síminn var ekki seldur þegar markaðurinn fór með himinskautum alllangan tíma. Hæstv. ráðherra skildi ekki vitjunartímann og einkavæðingarnefndin svaf á verðinum. Silaháttur stjórnvalda felldi Símann í verði um 20–30 milljarða að mati fjármálamanna sem gjörþekkja fjarskiptamarkaðinn.

Verðið. Markaðurinn sem þessi ríkisstjórn hefur gert að guði sínum sagði að verðið væri allt of hátt. Greiningardeild Íslandsbanka færði afar sterk rök fyrir því. Landsbréf voru sömu skoðunar, Íslensk verðbréf líka. Ég spyr hæstv. samgrh.: Af hverju var ekki farið að ráðleggingum markaðarins? Af hverju var ekki farið að þeim ráðum sem Búnaðarbankinn sem sá um útboðið gaf einkavæðingarnefndinni?

Tímasetningin. Það eru mörg ár síðan stjórnvöld ákváðu að selja Símann og fyrst búið var að ákveða það hví í ósköpunum fór salan ekki fram meðan markaðurinn var langtímum saman á flugi? Ég rifja upp að þegar frv. um sölu Landssímans var lagt fyrir Alþingi á síðasta ári þá var það útskýrt nákvæmlega fyrir þingheimi að salan ætti að fara fram í vor. Henni var svo enn frestað fram á haust. Þá höfðu markaðir fallið enn meira, verðgildi Símans rýrnað enn frekar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað réð þessum frestunum?

Aðferðin. Ég sagði strax að það væri röng aðferð að bjóða kjölfestufjárfesti meiri hluta í stjórninni gegn því að kaupa einungis fjórðung í fyrirtækinu. Hvers vegna? Vegna þess að meiri hluta fylgja völd, m.a. tækifæri til þess að nota hið gríðarlega fjárstreymi í gegnum fyrirtækið til þess að sópa upp öðrum smáum fyrirtækjum á markaðnum, láta fyrirtækinu blæða eins og það heitir víst á markaðsmáli. Kjölfestufjárfestirinn fékk því mikinn afslátt, honum bauðst í raun fyrirtækið á lægra verði en litlu fjárfestunum. Það er ástæðan fyrir því að svona fór.

Það var líka rangt að hafa ekki gengið frá því hver kjölfestufjárfestirinn yrði til þess að stefna fyrirtækisins inn í framtíðina yrði ljós. Það að ekki var búið að gera það skapaði óvissu sem varð til þess að lífeyrissjóðirnir treystu sér ekki inn. Hvernig brugðust svo stjórnvöld við? Jú, formaður einkavæðingarnefndar skammaði fjölmiðla. Hæstv. samgrh. réðst af hörku á Búnaðarbankann og sagði að allt væri honum að kenna og báðir slógust þeir í för með hæstv. forsrh. sem sagði að lífeyrissjóðirnir hefðu haft samráð um að eyðileggja stefnu stjórnvalda.

Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. samgrh.: Er hann enn þeirrar skoðunar að Búnaðarbankinn hafi átt sök á því hvernig fór eða ætlar hann að nota tækifærið og biðja bankann afsökunar? Er hann enn þeirrar skoðunar að lífeyrissjóðirnir hafi haft samráð um að kaupa ekki eða ætlar hann að sýna drenglyndi og biðja þá afsökunar? Í ljósi þess hvernig einkavæðingarnefnd hefur stýrt söluferli Símans, telur hann þá ekki rétt að fela einhverjum öðrum að stýra því héðan í frá?

[13:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. þekkja er sala á hlutabréfum í Landssímanum hafin. Það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að ríkið dragi sig út úr starfsemi á samkeppnismarkaði líkt og er að gerast víða í Evrópu. Aðdragandi þessa var langur og allur undirbúningur við sölu Símans afar vandaður. Meira en 2.600 einstaklingar hafa skráð sig fyrir hlut í Símanum, þar af fleiri en 600 starfsmenn Símans.

Þá sýndu 17 fyrirtæki og sjóðir því áhuga að gerast kjölfestueigendur í Símanum, sem sýnir hversu góður fjárfestingarkostur fyrirtækið er talið hjá þeim sem þekkja fjarskipti hvað best og um leið hve fyrirtækið er vel í stakk búið, ekki síst tæknilega, til að verða öflugur hlekkur í keðju alþjóðlegs fjarskiptafyrirtækis.

Við undirbúning var lögð áhersla á að gefa almenningi og starfsmönnum kost á að kaupa allt að 16% hluta í fyrsta áfanga á undan fjárfestum. Sala til kjölfestuaðila færi fram í öðrum áfanga, en það er sá áfangi sem nú stendur yfir. Jákvæð viðbrögð starfsmanna eru augljós vottur um sterka stöðu fyrirtækisins og þá miklu trú sem starfsfólkið hefur á framtíð fyrirtækisins við einkavæðingu.

Einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar lagði ríka áherslu á vandaðan undirbúning sölunnar. Að undangengnu útboði þar sem yfir 20 fyrirtæki og fjármálastofnanir kepptu var samið við hið virta alþjóðlega ráðgjafarfyrirtæki, ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers, um verðmat Símans og sölu til kjölfestuaðila. Fyrirtækið sem jafnframt starfar hér á landi hefur mikla reynslu á þessu sviði. Þá var samið við Búnaðarbanka Íslands við sölu og skráningu hér innan lands.

Verðmat Símans var mjög vandað, byggt á fyrirliggjandi rekstraráætlunum og mati sérfræðinga á framtíðarvirði fyrirtækisins. Ég verð að viðurkenna að ég er sáttari við þá gagnrýni sem ég hef setið undir fyrir hátt verð en væri ég sakaður um að verðið væri of lágt. Síminn er mikils virði hvað sem þingmenn stjórnarandstöðunnar eða einstakir sérfræðingar á fjármálamarkaði segja. Það hefur þegar sýnt sig að gengi hlutabréfanna til almennings, 5,75, var miðað við sanngjarnt verð, enda eru bréf í fyrirtækinu farin að seljast í dag á genginu 6,1 á tilboðsmarkaði Verðbréfaþings Íslands.

Málshefjandi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hafði uppi gagnrýni í þinginu í vor þegar salan var rædd. Taldi hann víst að selja ætti á undirverði. Hann sagði einnig að of hratt væri farið þegar áform voru uppi um að selja í júní en sagði samt

í maí að selja hefði átt fyrir 2–3 missirum og fyrir miklu hærra verð, talaði þá um allt að 60 milljarða kr. Hvað segir þingmaðurinn í dag? Hann virðist í niðurtalningarkórnum sem telur verðið of hátt og reynir að gera það tortryggilegt að ekki var selt í vor. Slíkur málflutningur er fjarri því að vera traustvekjandi.

Í umræðum í þinginu í vor sagði ég að salan færi fram þegar aðstæður leyfðu. Meginástæða þess að ekki var selt þá var að Eftirlitsstofnun EFTA hafði ekki skilað áliti sínu um meintan ríkisstuðning við Símann vegna kæru Tals hf. Þá sögu ættu hv. þm. Samfylkingarinnar að þekkja vel. Ríkisstjórnin taldi ekki forsvaranlegt að taka þá áhættu að skapa óvissu um virði Símans vegna meðferðar ESA. Það var ekki fyrr en undir lok júlímánaðar að jákvæð niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar barst og það var mat sérfræðinga minna að haustið væri heppilegur tími fyrir söluna. Ég vil árétta að sú ákvörðun að selja dagana 19.–21. september var tekin að yfirveguðu ráði í vor, að því gefnu að ákvörðun ESA lægi fyrir. Allt tal um að umhyggja fyrir öðrum símafyrirtækjum hafi ráðið þeirri ákvörðun að selja í haust er tilraun til þess að sverta pólitíska andstæðinga og sá málflutningur er ekki samboðinn formanni Samfylkingarinnar.

Virðulegi forseti. Í dag er unnið að öðrum áfanga sölu Landssímans, sölu til kjölfestufjárfestis. Sú sala er mjög mikilvæg fyrir framhaldið og þróun verðs á hlutabréfum í Símanum. Það er vissulega ástæða til þess að fagna því hversu margir hafa sýnt Símanum áhuga. Mjög miklu máli skiptir að fá öflugt fyrirtæki til samstarfs við Símann. Fyrirtæki sem kaupir 25–35% í Símanum er að taka að sér mikilvægt verkefni í áframhaldandi uppbyggingu og þjónustu á sviði fjarskiptanna. Því er eðlilegt að kjölfestuaðilinn njóti stuðnings stærsta eigandans, þ.e. ríkissjóðs, til að tryggja meiri hluta í stjórn fyrirtækisins. Í traustu umhverfi lagasetningar og reglna skiptir ekki máli hver eigandi fyrirtækisins er.

[13:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Alþingi samþykkti sölu Landssímans á vordögum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs voru sölunni andvígir. Við höfum síðan þá ítrekað mótmælt sölunni og varað ríkisstjórnina við að hún væri á rangri leið. Einkavæddur Landssími, ég tala nú ekki um í meirihlutaeigu útlendinga, mun koma á fullkominni einokun á markaðnum. Sú einokun mun koma niður á neytendum og ekki síst bitna á hinum dreifðu byggðum landsins. Þess vegna á ekki að selja Landssímann. Þjóðin verður ekkert sáttari við söluna þó að Búnaðarbankinn sé skammaður eða forstjóri Landssímans látinn víkja úr starfi. En þetta segir sína sögu um þennan vef og vandræðagang sem í kringum söluna hefur verið.

Síminn og fjarskiptin eru grunnþættir í öryggisneti þjóðarinnar. Nú eru ekki tímar gáleysis í öryggismálum þjóðarinnar né til fjárhættuspils með eignir ríkisins á alþjóðapeningamörkuðum.

Landssíminn er sterkt fyrirtæki sem skilar milljörðum króna á ári í beinar tekjur til ríkissjóðs. Landssíminn á áfram að vera opinbert fyrirtæki í eigu allra Íslendinga. Styrk fyrirtækisins á að beita með auknum krafti til að byggja áfram upp öflugt dreifikerfi um allt land. Það á að tryggja öllum landsmönnum jöfnuð og góða þjónustu án tillits til búsetu. Þetta les ég sem skilaboð þjóðarinnar þegar hún hafnaði sölu Landssímans. Það er krafa þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. staldri hér við í einkavæðingunni og endurmeti allar áætlanir sínar um sölu Landssímans.

[13:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í dag hafa 49 fyrirtæki starfsleyfi á sviði fjarskipta á Íslandi. Það ríkir með öðrum orðum bullandi samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að ríkið dragi sig út úr rekstrarumhverfinu. Ákvörðun um það liggur fyrir. Alþingi hefur lýst vilja sínum til þess. Í kjölfarið hefur einnig markvisst verið unnið að því að tryggja samkeppnisumhverfi á fjarskiptamarkaði. Með hliðsjón af því hefur verið unnið skipulega að því að bæta úr dreifikerfi Landssímans sem hefur verið æðiholótt, eins og hér hefur verið bent á, þrátt fyrir að stofnunin hafi verið í ríkiseigu. Það hefur einnig verið unnið markvisst að því að jafna aðstöðu landsmanna að svonefndu dreifikerfi.

Herra forseti. Það er mikilvægt að ríkissjóður fái sem mest fyrir eigur sínar. Sala hlutabréfa byggir að miklu leyti á huglægu mati kaupenda, þ.e. trú þeirra á bréfunum, trú þeirra á þeirri fjárfestingu sem lagt er í. Hér er um að ræða hlutabréf í eigu ríkisins. Ég tel, herra forseti, að framkoma stjórnarandstöðu í þessu máli hafi frá upphafi verið með ólíkindum. Upphrópanir, köll og neikvæðar yfirlýsingar skyldu þó ekki hafa dregið úr tiltrú markaðarins, svo merkilegt sem það hljómar, og þar með beinlínis skaðað ríkissjóð? Það er mikil ábyrgð, herra forseti, að tala svo ógætilega sem stjórnarandstaðan hefur gert um mikilvægar eignir ríkissjóðs.

[13:49]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það verður seint sagt að salan á Landssíma Íslands hafi tekist eins og menn óskuðu. Fyrir því eru margar ástæður sem hafa þegar verið nefndar, óheppileg tímasetning, flóknar leikreglur við söluna og e.t.v. óraunhæft verðmat. Vonandi á þetta þó ekki eftir að skaða ferlið meira en orðið er en við eigum líka að nota reynsluna til að læra af.

Nú síðustu daga hefur trúverðugleiki einkavæðingaráformanna verið nokkuð til umræðu. Trúverðugleika forstjóra Landssímans hefur borið á góma vegna tengsla hans við fyrirtæki sem skilaði áhugayfirlýsingu á 25% kjölfestuhluta í Landssímanum, Opin kerfi hf. Formaður einkavæðingarnefndar tekur undir gagnrýnina í DV og orðar það svo að ferlið þurfi ekki aðeins að vera hlutlaust heldur þurfi það að virðast vera það líka. Undir þetta get ég tekið. Þetta snýst um trúverðugleika. En formaður einkavæðingarnefndar hefur líka verið gagnrýndur fyrir að vera í tvöföldu hlutverki, annars vegar við að selja eignir ríkisins en hins vegar sé hann mikilvirkur í persónulegum viðskiptum á markaði.

Aftur komum við að trúverðugleikanum. Auðvitað á sá einstaklingur sem fær það mikilvæga ábyrgðarhlutverk að stýra viðamikilli sölu ríkiseigna og hefur mikið um það að segja hvernig þær fara á almennan markað að vera algerlega hafinn yfir gagnrýni af þessu tagi, ella fer trúverðugleiki ríkisstjórnarinnar og einkavæðingaráformanna fyrir lítið.

Samfylkingin telur eðlilegt að þau fyrirtæki ríkisins sem eru í samkeppnisrekstri verði seld. Hins vegar er ekki sama hvernig staðið er að sölu ríkiseigna. Markmiðið hlýtur að vera að fá sem hæst verð fyrir eignirnar og aflétta einokun á sviðum sem samkeppni á að geta þrifist, neytendum og öllum almenningi til hagsbóta. Á því hvernig til tekst ber ríkisstjórnin óskoraða ábyrgð og getur ekki skellt skuldinni á neinn annan ef miður fer.

Það má um margt gagnrýna vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við einkavæðingaráformin og er tími til kominn að þau verði endurskoðuð áður en lengra er haldið. Salan á Landssímanum gefur ríkisstjórninni næg tilefni til slíkrar naflaskoðunar.

[13:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Eitt af meginmarkmiðum einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar er að skapa samkeppni á markaði, ekki einvörðungu að fá mögulegt hámarksverð fyrir það sem verið er að selja. Ef sala Símans hefði farið fram í vor hefði það ekki eingöngu skaðað Íslandssíma heldur hefði það getað haft slæm áhrif á fjarskiptamarkaðinn í heild sinni. Það er dæmigert fyrir þingmenn á vinstri vængnum að taka ekki tillit til þeirra sem eru að fóta sig á markaðnum heldur hugsa eingöngu þröngt um málið. Skipta nýju fjarskiptafyrirtækin engu eða starfsfólk þeirra fyrirtækja? Átti ríkissjóður blákalt að valtra yfir allt og alla í vor?

Það var athyglisvert að hlusta á hv. formann þingflokks Samfylkingarinnar þegar hann talaði um lífeyrissjóðina, að þeir hafi ekki viljað koma nálægt þessu máli. Þeir töldu verðið of hátt en einnig að sú óvissa, að vita ekki hver yrði kjölfestufjárfestir gerði það að verkum að áhættan væri of mikil. Þegar hefur verið undirstrikuð sanngirni þess að selja á genginu 5,75. Bréf í fyrirtækinu seljast í dag á genginu 6,1. Það er skýrt merki af hálfu eigandans um að ekki standi til að selja fyrirtækið gegn lægra verði. Í því felast einnig skýr skilaboð til kjölfestufjárfestis og því sérlega ánægjulegt hve margir sýna Símanum áhuga. En um leið er sérstakt rannsóknarefni hve fálmkennd fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna virðist vera. Mýmörg dæmi um fjárfestingar í erlendum fyrirtækjum sem lífeyrissjóðirnir hafa tekið þátt í benda til þess að þeir hafi ekki vitað haus né hala á þeim fyrirtækjum, t.d. í Bandaríkjunum. Það er rannsóknarefni út af fyrir sig hvers vegna lífeyrissjóðirnir hafa ekki áhuga á einu albesta fyrirtæki sem komið hefur á hinn frjálsa markað hér á landi.

Hv. formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, sagði á vordögum:

„Við erum þeirrar skoðunar almennt að það fari vel á því að flytja samkeppnisrekstur úr höndum ríkisins yfir á markað og við leggjumst ekki gegn því að samkeppnisrekstur Símans verði seldur."

Það er mjög ánægjulegt, en það er hins vegar athyglisvert að hlusta á vinsti græna. Vinstri menn eru í mótsögn við sjálfa sig eins og endranær.

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir Guðmundi Franklín Jónssyni, fjárfesti í New York, og félögum og með fullri virðingu fyrir símanum á Möltu, þá neita ég því ekki að mér brá í brún morguninn sem landsmenn fengu þær fréttir í útvarpsfregnum að þessir aðilar ásamt öðrum kæmu til greina sem svokallaður kjölfestufjárfestir í Landssíma Íslands. Þeir áttu að koma í stað þeirrar kjölfestu sem núverandi eigandi Landssímans, íslenska þjóðin, hefur verið þessari stofnun frá upphafi vega.

Landssími Íslands er mikilvægt þjónustufyrirtæki. Það er hefur ekki aðeins byggt upp eitthvert besta fjarskiptakerfi sem við þekkjum í heiminum. Það hefur líka reynst landsmönnum mikilvæg gullgerðarvél. Það hefur fært ríkissjóði tugi milljarða á liðnum áratugum í ríkissjóð til að reka og standa straum af kostnaði við samneyslu í landinu.

Nú hefur ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á Alþingi ákveðið að svipta þjóðina þessari mikilvægu eign sinni. Ekki nóg með það heldur hefur hún ákveðið að íþyngja jafnframt íslenskum skattborgurum. Þegar við bentum á að reynslan erlendis frá sýndi okkur ótvírætt að draga mundi úr þjónustu, einkum í dreifðum byggðum, þá var okkur bent á, m.a. af hæstv. ráðherra, að menn hefðu nýsett í lög ákvæði þess efnis að ríkissjóður gæti eftir sem áður fjármagnað það sem ekki gæfi arð. Þannig er verið að afsala okkur dýrmætri eign og jafnframt íþyngja íslenskum skattborgurum. Það er áhyggjuefni að þjóðin eigi ekki betri hagsmunagæslumenn en þessa ríkisstjórn.

[13:56]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það viðurkenna allir að fyrsta skrefið í sölu Landssímans hafi mistekist. Menn eru að vísu ekki alveg sammála um hvað hafi brugðist en ljóst er að bæði verðlagning, tímasetning og söluaðferð eru gagnrýndar. Eins er ljóst að allir tengjast þessir þættir á einhvern hátt saman. Það er eðlilegt að verðið taki mið af tímasetningunni og líka eðlilegt að tímasetningin sé valin með hliðsjón af verði á hverjum tíma.

Þrátt fyrir yfirlýst markmið um það að fá sem mest fyrir ríkisfyrirtæki mátti skilja suma hæstv. ráðherra þannig að það ætti ekki við um Símann. Af sérstakri umhyggju fyrir almenningi væri gott að verðið hefði lækkað og mætti þess vegna hugsanlega lækka enn meira.

Herra forseti. Hvar eru hinar almennu reglur um einkavæðingu? Hvers vegna þarf að klæðskerasauma sumar reglur í hvert sinn sem ríkisfyrirtæki er selt? Síðan bregðast hæstv. ráðherrar við með mismunandi hætti, ýmist með því að skammast yfir því hverjir hafi keypt eða hverjir hafi ekki keypt, eins og dæmin sýna.

Hvar er sjálfsgagnrýnin? Hæstv. ráðherrar ásamt formanni einkavæðingarnefndar voru fljótir að finna ýmsa sökudólga. Það voru fjölmiðlar, Búnaðarbankinn, lífeyrissjóðirnir og ýmsir aðrir hugsanlegir kaupendur. Hér áðan kom hv. þm. Hjálmar Árnason og bætti stjórnarandstöðunni við. Mikill er máttur stjórnarandstöðunnar.

Hvergi virðist hvarfla að þessum ágætu mönnum að horfa í eigin barm og velta fyrir sér hvort hugsanlega væru einhver mistök hjá þeim sjálfum. Það er eins og þessir ágætu aðilar hafi engan áhuga á því að læra af reynslunni.

Auk þessa vekur athygli, herra forseti, að það virðist ekki aðeins sem söluáætlun einkavæðingarnefndar hafi ekki gengið eftir. Við tókum eftir því í frv. til fjáraukalaga í gær að það er farið fram á 300 þús. kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar nefndarinnar sem áætlaður var á árinu 15 millj. Það er ekki skrýtið þó að aðdragandinn hafi verið langur og vandaður.

[13:58]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Sala Símans er eðlilegt og rökrétt framhald á því efnahags- og atvinnuumhverfi sem þróast hefur hér og þroskast á undanförnum árum. (**SJS:** Og vel heppnað.) Einkar vel heppnað.

Það er mikilvægt í þessari umræðu að hafa markmið slíkrar sölu í huga en þau eru í meginatriðum að annars vegar er sölunni ætlað að skapa tekjur fyrir ríkissjóð samhliða því að einkaaðilum er falinn rekstur og hins vegar það, sem

ekki er síður mikilvægt, að styrkja samkeppnisumhverfið enn frekar, en það skilar sér eins og við vitum í betri þjónustu og hagstæðari gjöldum til neytenda.

Síðara atriðinu virðast Samfylkingin og nokkrir þingmenn hennar algerlega hafa misst sjónar af þegar þeir hafa haft uppi þá gagnrýni að betra hefði verið að selja Símann í vor, á sama tíma og Íslandssími stóð í hlutafjárútboði sínu, frekar en í haust. Þessi gagnrýni er reyndar ekki heldur í samræmi við þær ráðleggingar sérfræðinga sem töldu að markaðurinn færi upp á við með haustinu en látum það liggja á milli hluta. Reyndar er ekki hægt að fylgjast nákvæmlega með stefnu Samfylkingarinnar í sölumálum Símans þar sem sú stefna er breytileg frá degi til dags.

Markmið einkavæðingar ríkisfyrirtækja er ekki að valta yfir þá samkeppnisaðila Símans sem eru að reyna að fóta sig á annars viðkvæmum og krefjandi markaði heldur að styrkja og efla þá samkeppisstöðu sem fyrir er.

Herra forseti. Að krefjast þess líkt og Samfylkingin gerði, þ.e. að fara af stað með sölu Landssímans á sama tíma og annað fyrirtæki er að reyna að festa sig í sessi, lýsir miklu skilningsleysi og vanþekkingu á samkeppnismarkaðnum.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við í stjórnarandstöðunni og þingheimur allur heyrðum ekki svona ræður þegar verið var að setja Tal á markaðinn á sínum tíma. Þá komu ekki ráðherrar og þingmenn Sjálfstfl. og héldu stólparæður um að það þyrfti að gera allt sem hægt væri til þess að hjálpa Tal hf. og eigendum þess til að koma sér vel fyrir á markaðnum. En ég vænti þess auðvitað að þetta bendi til þess að það séu einhvers konar veðrabrigði í vændum hjá hv. þingmönnum stjórnarliðsins.

Ég er sammála því sem hæstv. samgrh. segir og hér hefur komið fram í umræðunni að Síminn er fínt fyrirtæki. Það stendur ákaflega vel tæknilega og viðskiptalega og er vonandi hægt að fá það verð fyrir fyrirtækið sem hæstv. ráðherra óskar eftir.

En mér þykir vænt um að hæstv. ráðherra hafi rifjað upp það sem ég sagði hér á vordögum, að fyrst menn á annað borð ákváðu að selja Símann þá hefðu þeir átt að fara í það fyrr. Hvers vegna? Vegna þess að þá væri Síminn ekki verðlagður á 40 milljarða, þá hefði hann verið seldur á 60–70 milljarða. Er það ég sem held því fram, herra forseti? Nei, það er formaður einkavæðingarnefndar sjálfur sem sagði í Kastljósi, tvítók það raunar, að fyrir ári hefði mátt selja Símann fyrir 60–70 milljarða. Hann sagði á sama vettvangi að undirbúningurinn hefði verið nægur, með leyfi forseti:

„Við hefðum getað verið tilbúnir til þess í fyrra en það var ákveðið að gera það ekki. Það var ákveðið að fara ekki af stað vegna þess að þá voru fyrirhuguð útboð annarra fyrirtækja."

Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessu en þá, herra forseti, að þessi töf hafi þá kostað íslenska ríkið ansi háar upphæðir.

Hvað var það sem stóð sem ein af lykilforsendunum í frv. um sölu Landssímans og sölu bankanna líka? Að fá sem mest fyrir bankana á markaði. Það er ekki það sem hæstv. ráðherra hefur gert. Honum hafa orðið á margvísleg mistök og hann væri maður að meiri ef hann axlaði þau og viðurkenndi einfaldlega að mönnum hefðu orðið á mistök. Í stað þess kemur hann hingað og notar ekki tækifærið til þess að biðja Búnaðarbankann afsökunar, hann notar ekki tækifærið til þess að draga ásakanir sínar á hendur honum til baka, hann notar ekki tækifærið til þess að biðja lífeyrissjóðina afsökunar, hann notar ekki tækifærið til þess að draga ásakanir sínar á hendur þeim til baka. Hann kemur hingað og hristir sig bara eins og reigður hani, honum finnst allt vera í góðu lagi. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Það eru ríkisstjórnin og einkavæðingarnefndin sem bera ábyrgð á þessum mistökum.

[14:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu sem er að ljúka hér. Ég verð að viðurkenna að það er ekki nærri eins mikið afl í stjórnarandstöðunni í þessari umræðu og ég bjóst við miðað við allar þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar um framvindu sölunnar. (**ÖJ:** Menn hafa nú bara tvær mínútur.) En ég undraðist mjög orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar hann nafngreindi hér símafyrirtæki og einstaklinga í þeim tilgangi að reyna með því að gera söluna tortryggilega. Það liggur fyrir að með auglýsingu var aðilum, væntanlegum kjölfestufjárfestum, gefinn kostur á því að vera í hópi þeirra sem fengju að gera tilboð. Það hefur engum verið boðið það sérstaklega og það hefur ekki verið fallist sérstaklega á að þeir aðilar sem hv. þm. nefndi geri tilboð. Úr þessu er verið að vinna og það er fullkomlega óeðlilegt (Gripið fram í.) að láta að því liggja að það sé sérstaklega verið að sækjast eftir einum frekar en öðrum. (Gripið fram í.) Og ég held að hv. þm. ætti að fara betur yfir ræðu sína áður en hann kallar hér meira fram í.

En varðandi framvindu þessarar sölu þá er alveg ljóst að við gerðum ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir kæmu að þessu. Hins vegar er þetta ekki í fyrsta sinn sem lífeyrissjóðirnir í landinu sitja hjá þegar ríkið selur, og mætti minnast þeirra fyrirtækja sem við höfum staðið að sölu á og m.a. held ég að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi verið áhugamaður um sölu fyrirtækisins og Þróunarfélagsins.

En hvað um það. Við höldum okkar striki. Ríkisstjórnin hefur ekki hugsað sér að fara að ráðum stjórnarandstöðunnar og lækka verðið eða falla frá þeim áformum sem uppi eru um söluna. Við munum halda okkar striki. Síminn stendur fyrir sínu.

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins.

[14:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Ríkisútvarpið hefur sætt margs konar þrengingum í sínum rekstri undanfarin ár og það má segja að steininn hafi tekið úr á þessu ári og þessu hausti.

Það er alveg skýrt að það er menntmrh. sem ber ábyrgð á rekstrarlegum málefnum Ríkisútvarpsins, ráðherra skipar sjálfur alla framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins sem fer með rekstrarvald, útvarpsstjóra, forstöðumenn deilda og formann útvarpsráðs. Ríkisútvarpið hefur með margvíslegum hætti búið við þrengdan hag undanfarin missiri og ár. Þar má fyrst nefna að afnotagjaldi hefur verið haldið lítt breyttu og það hefur engan veginn fylgt kostnaðarhækkunum í rekstri útvarpsins. Ríkisútvarpið hefur þar af leiðandi verið þvingað til að keppa á auglýsingamarkaði af ýtrasta mætti, fara út í aukna kostun efnis o.s.frv.

Í öðru lagi voru uppsafnaðar lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, sem myndast höfðu á löngum starfstíma, færðar yfir á stofnunina fyrir nokkrum árum án þess að útvarpinu væri gert það léttara eða kleift að bera þær á nokkurn hátt. Þær verka nú mjög íþyngjandi á fjárhag útvarpsins og yfir 200 millj. kr. á ári fara úr rekstri stofnunarinnar af þeim sökum. Flutningur sjónvarpsins í Efstaleiti á síðasta ári varð einnig kostnaðarsamur, kostaði yfir einn milljarð kr., án þess að Ríkisútvarpinu væri gert auðveldara að mæta þeim kostnaði.

Tap hefur verið á rekstri fyrirtækisins undanfarin ár, það safnast upp. Eigið fé hefur fallið úr um 90%, eins og það var fyrir sex til sjö árum, niður í um 20% nú. Það er svo komið, herra forseti, að Ríkisútvarpið er rekið á yfirdráttarheimild. Það er rekið á fitti og það er náttúrlega ekki gott ráðslag eins og allir hljóta að sjá. Skuldir útvarpsins eru að verulegu leyti í erlendri mynt þannig að með gengisfalli krónunnar hafa þær þyngst á fóðrum en tekjurnar falla til í íslenskum krónum, eins og öllum er ljóst.

Margvíslegar aðgerðir sem nú er verið að grípa til og misjafnlega yfirvegaðar sumar valda óánægju meðal starfsmanna og birtast m.a. í því að hlutfall fjármuna útvarpsins sem fer til beinnar dagskrárgerðar er í fyrsta skipti í sögunni komið niður fyrir 60%. Einna tilfinnanlegast, herra forseti, og kannski hvað táknrænast koma þessar þrengingar Ríkisútvarpsins niður á rekstri svæðisstöðvanna. Á Akureyri hófst sú starfsemi 1985 og morgunútsendingar hófust fyrir fjórtán árum, á árinu 1987. Þeim var hætt nú 1. okt. sl. Á Akureyri voru þegar best lét 12–15 manns við störf í rúmum tíu stöðugildum. Þar eru núna sex störf eftir. Þar fækkaði um tvo á þessu hausti, útsendingartími og þjónusta hefur dregist verulega saman og tekjur munu þar af leiðandi falla þannig að þegar upp er staðið verður sáralítill sparnaður af fyrirtækinu. Á Egilsstöðum er útsendingartíminn að dragast saman um 28% og á Ísafirði, þar sem aðeins þrjú störf voru á svæðisstöðinni, hefur núna verið skorið niður hálft stöðugildi tæknimanns þannig að möguleikar þeirrar stöðvar til að þjóna bæði útvarpi og sjónvarpi eru verulega skertir.

Þetta, herra forseti, er mjög bagalegt, ekki síst vegna þess að svæðisbundin fjölmiðlun á landsbyggðinni hefur veikst á undanförnum árum og hlutverk svæðisstöðva Ríkisútvarpsins þar af leiðandi verið þeim mun mikilvægara. Þarna hefur verið mikilvæg þjónusta bæði sem fréttamiðlun innan svæðis sem framlag til dagskrárgerðar allra landsmanna og til að tengja saman í þessum efnum, fréttalega og menningarlega, landsbyggð og höfuðborgarsvæði.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst það ótrúlegt metnaðarleysi, aumingjadómur, að standa nú þannig að málefnum Ríkisútvarpsins á þessum tímum að það uppbyggingarstarf sem þar hefur verið unnið, t.d. á svæðisstöðvunum, skuli núna vera að koðna niður. Það er þá ekki góðærinu fyrir að fara a.m.k. í þessum efnum. Við hljótum að spyrja hæstv. *menntmrh., sem óumdeilanlega ber hér rekstrarlega* ábyrgð sem yfirmaður Ríkisútvarpsins og þá sá meiri hluti hér á Alþingi sem hann styður:

Er ætlunin að láta þetta viðgangast svona áfram, dankast svona áfram? Er ætlunin að halda áfram að þrengja að Ríkisútvarpinu, einni mikilvægustu menningarstofnun landsins, eða verða Ríkisútvarpinu sköpuð skilyrði til að sinna hlutverki sínu með reisn á nýjan leik?

Það er óhjákvæmilegt að menntmrh. geri grein fyrir stöðunni því að við svo búið má ekki standa lengur.

[14:10]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rangt sem hv. þm. hélt fram að verið væri að þrengja eitthvað sérstaklega að Ríkisútvarpinu. Það er talið að rekstrartekjur þess á þessu ári verði um 2,7 milljarðar og ég held að það séu fáir fjölmiðlar hér á landi sem hafa jafnmiklar tekjur og Ríkisútvarpið.

Það sem hefur gerst hjá Ríkisútvarpinu eins og á öðrum fjölmiðlum er að auglýsingatekjur hafa minnkað og ég hef talið sjálfsagt að Ríkisútvarpið brygðist við með sama hætti og aðrir fjölmiðlar þegar auglýsingatekjur minnka að þá taki menn mið af því. Þar er Ríkisútvarpið í samkeppnisrekstri við aðra og því sé tekið mið af því í rekstri Ríkisútvarpsins og þá rifi menn seglin ef nauðsyn krefur þegar slíkar tekjur minnka. En almennt séð er ekki unnt að segja að það sé verið að þrengja eitthvað sérstaklega að Ríkisútvarpinu. Því var heimiluð hækkun á afnotagjöldum núna á þessu ári og tekjur þess af afnotagjöldunum eru að aukast, þannig að það verður að nálgast þetta mál á réttum forsendum.

Hins vegar er það rétt að auglýsingatekjurnar hafa minnkað og það er sá vandi sem menn standa frammi fyrir í Ríkisútvarpinu eins og menn standa frammi fyrir í öllum fjölmiðlum hér á landi og eru að taka á, hver með sínum hætti. Ef Ríkisútvarpið er á annað borð í samkeppnisstöðu, eins og það er varðandi auglýsingamarkaðinn, þá finnst mér ekki eðlilegt að þannig sé staðið að verki að þegar þær tekjur minnka þá séu opinberar álögur hækkaðar til þess að brúa bilið. Það er hlutur sem menn verða að líta til þegar þetta mál er rætt.

Varðandi síðan einstök atriði þegar rætt er um að taka þurfi á fjármálum Ríkisútvarpsins þá er það svo að nú fara fram viðræður með fulltrúum menntmrn., Ríkisendurskoðunar og fjmrn. og fulltrúum Ríkisútvarpsins um fjármál stofnunarinnar þar sem farið er yfir einstaka þætti, tekið mið af þeim áformum sem menn hafa verið með innan stofnunarinnar um fjárhagslegt aðhald, tekið mið af því sem menn sögðu að mundi gerast innan stofnunarinnar þegar hún flyttist í eitt hús o.s.frv. Það liggja fyrir ýmsar áætlanir frá undanförnum árum frá Ríkisútvarpinu um hagræðingu í rekstri þess sem mér finnst sjálfsagt að skoða og fara yfir. Hitt er ljóst varðandi lífeyrisgreiðslurnar að það þarf að taka það mál til sérstakrar skoðunar.

Varðandi svæðisstöðvarnar og það sem hv. þm. vék sérstaklega að um þær þá er mér kunnugt um að útvarpsráð fjallaði um það mál á fundi sínum í gær og fékk þá m.a. nýjar upplýsingar um stöðu mála frá svæðisútvarpi Ríkisútvarpsins á Akureyri sem verða athugaðar á milli funda í ráðinu og síðan verður tekin afstaða til málsins að nýju eftir tvær vikur. Skoðun mín í þessu efni er sú að ekki eigi að draga úr þessari þjónustu á landsbyggðinni nema unnt sé að sýna fram á verulegan fjárhagslegan sparnað í ljósi þess að Ríkisútvarpið hefur mikla fjármuni til ráðstöfunar, eins og ég sagði, þótt auglýsingatekjur þess dragist saman um nokkra tugi milljóna. Og RÚV heldur úti svæðisútvarpsstöðvum á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði og hefur samið við Útvarp Suðurlands um dagskrárgerð fyrir Svæðisútvarp Suðurlands. Þessi starfsemi er í samræmi við útvarpslög og árangursstjórnunarsamning við menntmrn. þar sem segir að fjölþætt íslensk dagskrárgerð í byggðum landsins verði efld í samræmi við byggðaáætlun og efni frá landsbyggðinni aukið

um 5% á samningstímanum, þ.e. frá 1. jan. 2000 til 31. des. 2002.

Í ljósi þeirrar þróunar sem er í byggðamálum tel ég eðlilegt að hugað sé að nýjum aðgerðum og m.a. því hvort ekki sé unnt að nýta krafta starfsmanna og húsrými RÚV á Akureyri með skipulegri hætti á þann veg að Rás 2 verði breytt í miðstöð svæðisútvarpa með aðsetur á Akureyri. Þar með yrði til innan RÚV eining sem gæti haft jafngóð áhrif og Háskólinn á Akureyri hefur haft fyrir háskólastigið og þróun þess í landinu. Ég mun beina því til útvarpsráðs og útvarpsstjóra að þessi kostur verði skoðaður til hlítar um leið og lagt er almennt á ráðin um framtíð svæðisútvarpanna. Vona ég að fyrirspyrjandi og aðrir þingmenn séu sömu skoðunar og ég, að með slíkri breytingu á innviðum Ríkisútvarpsins yrði hlutur þess á landsbyggðinni styrktur svo um munaði.

[14:15]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Framsýnir Þingeyingar tóku upp þann góða sið á ofanverðri 19. öld að handskrifa blöð sem gengu milli bæja með fréttir úr héraði. Þetta varð öðrum til eftirbreytni.

Í nútímafjölmiðlun skipta svæðisútvörp miklu og kemur þar margt til. Fólk fær fréttir um allt land af því sem er að gerast á útsendingarsvæðum stöðvanna og ekki gleymist að þar er margt jákvætt að gerast. Það er nefnilega svo að það er ekki sama hvaðan horft er á hlutina.

Vegna þessa, herra forseti, skiptir miklu að dagskrárgerð sé unnin af heimamönnum og sjónarmiðum landsbyggðarinnar sé komið á framfæri en um 80% af efni Ríkisútvarpsins á Akureyri hefur farið út á landsrásina. Svæðisstöðvarnar skapa einnig og skerpa ímynd íbúanna á landsbyggðinni og sjálfsmynd þeirra. Hér er um störf hjá hinu opinbera að ræða sem vistuð eru á landsbyggðinni og er það í samræmi við stefnu hins háa Alþingis og byggðaáætlun að fjölga störfum þar.

Akureyri hefur verið að styrkjast byggðarlega og er það fagnaðarefni. Þetta eru því slæm skilaboð sem verið er að senda því starfi sem öflugasta svæðisútvarpið er að vinna, að fækka þar starfsmönnum úr tíu í sex og svipta í einu vetfangi 40 þús. Norðlendinga helming útvarpsefnis síns. Sama gildir um Ísafjörð og Egilsstaði.

Herra forseti. Þessu hljótum við að mótmæla. Þetta er enn ein aðförin að búsetu á landsbyggðinni. Nú skilst mér á orðum hæstv. menntmrh. að sem betur fer sé útvarpsráð að skoða þessi mál nánar. Því skora ég á hæstv. menntmrh. að sjá til þess að útvarpinu sé gert kleift að efla frekar það menningarstarf sem svæðisstöðvarnar vinna og ég fagna þeim hugmyndum sem hæstv. ráðherra kynnti hér í stóli áðan, að gera útvarpið á Akureyri að miðstöð svæðisútvarpanna á landsbyggðinni því menning er líka byggðamál nú sem fyrr.

[14:17]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Án vafa er Ríkisútvarpið áhrifamesti skóli þjóðarinnar. Þessi vinsæla stofnun er enda líklega sú eina sem heldur uppi kynningu á fjölbreytileika íslenskrar menningar og þjóðarsálar. Þá er rétt að minna á að fréttastofa útvarpsins hefur ítrekað notið almenns og sterks trausts í skoðanakönnunum á meðal almennings. Það er á þessum forsendum, herra forseti, sem það er mjög mikilvægt að verja Ríkisútvarpið á grundvelli íslenskrar menningar og lýðræðis. Þetta eru í rauninni sömu rök og Thatcher notaði á sínum tíma þegar hún og félagar hennar slógu skjaldborg utan um BBC.

Við getum ekki haldið Ríkisútvarpinu áfram í spennitreyju eins og verið hefur. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, bæði frá hæstv. ráðherra og öðrum sem hafa talað í þessari umræðu, að ber að fara varlega í og ég mótmæli þeim niðurskurði sem orðið hefur á landsbyggðinni sérstaklega, ekki bara í föstum útibúum heldur líka meðal fréttaritara víða um land. Ég fagna því yfirlýsingu hæstv. ráðherra og ákvörðun útvarpsráðs í gær.

Fjárhagurinn er farinn að naga Ríkisútvarpið niður að rótum. Einn þriðji tekna kemur af auglýsingum og tveir þriðju af áskrift. Þessi áskriftargjöld hafa hækkað um 10% á tíu árum á sama tíma og helstu samkeppnisaðilar hafa hækkað sína áskrift um yfir 50% og allt að 70%. Við þurfum að grípa til aðgerða, við þurfum, á meðan annað hefur ekki verið gert, að leyfa a.m.k. áskriftinni að fylgja verðlagsþróun. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji koma til greina að útgjöld útvarpsins til Sinfóníuhljómsveitarinnar verði færð yfir á fjárlög. Ég tel, herra forseti, mikilvægt að tryggja tilveru og grundvöll þessa áhrifaríkasta skóla þjóðarinnar.

[14:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt til á hv. Alþingi að Ríkisútvarpið verði áfram viðurkennt sem stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar geta vanrækt.

Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt einar við í starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum. Ríkisútvarpið ætti að vera fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan rammaáætlunar eða þjónustusamnings til þriggja eða fimm ára í senn. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu og verði farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu. Ríkisútvarpið gæti áfram fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það mæti þörfum sem flestra landsmanna með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum. Nýskipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem nú er þar sem flokkspólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.

Herra forseti. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir sjálfsagt og æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1. Ef vá ber að höndum kalla almannahagsmunir eftir að Ríkisútvarpið með sitt víðtæka dreifinet sé ávallt tiltækt. Meðal annars þess vegna á Ríkisútvarpið að vera í þjóðareign.

[14:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. kemur hér og fullyrðir að ekki sé verið að þrengja að fjárhag Ríkisútvarpsins. Nefnir hækkun afnotagjalda sem var ákveðin á þessu ári, 7%, þegar þörfin var 16% bara þannig að Ríkisútvarpið gæti haldið í við verðlagshækkanir.

Auglýsingatekjur hafa minnkað, segir hæstv. ráðherra. Hann viðurkennir það fúslega. Og hvaða aðgerðir leggur hæstv. ráðherra til sem lausn á þeim vanda Ríkisútvarpsins? Hann getur ekki á sér setið og enn eina ferðina rekur hann hornin í Rás 2 eins og óþekkur strákur úti á róló með teygjubyssu í vasanum.

Við skulum aðeins skoða, herra forseti: Hvað er það sem Rás 2 gerir fyrir Ríkisútvarpið? Aflar auglýsingatekna umfram aðra þætti í starfseminni. Hvað er ráðherrann að hugsa? Hvaða heimspeki er þetta? Hvaða hagfræði er þetta? Ekki hagfræðin sem mér var kennd í Verslunarskóla Íslands, herra forseti.

Sá þáttur sem aflar auglýsingatekna til Ríkisútvarpsins er Rás 2 og stendur undir umtalsverðum þætti rekstrar Rásar 1 sem er flaggskip íslenskra fjölmiðla. Það er vilji Alþingis að Ríkisútvarpið sé flaggskip íslenskra ljósvakamiðla. Þess vegna hefur löggjafinn lagt afar mikilvægar og vandmeðfarnar skyldur á herðar Ríkisútvarpinu, lýðræðislegar skyldur, skyldur er varða öryggi þjóðarinnar og skyldur sem eru af menningarlegum toga. Alþingi ber skylda til að tryggja þessari stofnun nægilegt fjármagn til að geta rækt allar þessar skyldur. Og að það skuli þurfa að skera niður starfsemi stofnunarinnar á þann hátt sem nú er verið að gera, þar sem það bitnar fyrst og fremst á dagskrárefninu, er ekki til þess fallið að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins sem flaggskips ljósvakafjölmiðla á Íslandi.

[14:24]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Þegar ræddar eru aðhaldsaðgerðir hjá Ríkisútvarpinu er rétt að rifja upp að í desember á síðasta ári fékk Ríkisútvarpið heimild til þess að hækka afnotagjöldin um 7% og tók sú breyting gildi þann 1. jan. sl. Sú hækkun skilar um 280 milljónum í viðbótartekjur frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Ég nefni þetta sérstaklega til að bregðast við málflutningi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér í upphafi um það að sífellt sé verið að þrengja að Ríkisútvarpinu. Hins vegar, og það er alveg ljóst, hefur þrengt að á auglýsingamarkaði. Það kemur að sjálfsögðu niður á Ríkisútvarpinu eins og öðrum fjölmiðlum. Og þá er von að spurt sé: Hvernig á að bregðast við því? Á þá að rjúka til og heimila meiri hækkun á afnotagjöldum? Ég segi nei. Ríkisútvarpið verður að mæta þeim tekjusamdrætti með aukinni hagræðingu í rekstri rétt eins og önnur fyrirtæki.

Ég get nefnt sem dæmi að það væri unnt að sameina t.d. fréttastofur útvarps og sjónvarps. Og mér þótti mjög athyglisverð hugmynd menntmrh. um að flytja Rás 2 til Akureyrar. Það gæti svo sannarlega styrkt svæðisútvarpið.

En ég vil draga það sérstaklega fram að það sem stendur Ríkisútvarpinu helst fyrir þrifum um þessar mundir er úrelt löggjöf sem þrengir að starfsemi stofnunarinnar og kemur í veg fyrir að hún fái lagað sig nægilega vel að breyttum aðstæðum í fjölmiðlarekstri. Sú ósk hefur komið fram frá forráðamönnum stofnunarinnar að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag og sú ósk kom eftir mjög ítarlega skoðun þar innan dyra. Það er orðið mjög brýnt að endurskoða lög um Ríkisútvarpið, breyta stofnuninni í hlutafélög í eigu ríkisins og skoða allar leiðir til tekjuöflunar fyrir Ríkisútvarpið. (**ÖJ:** Þetta var í andstöðu við samtök starfsmanna.)

[14:27]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh. sem hann gaf áðan um eflingu svæðisútvarpsins á Akureyri og vonandi annarra svæðisstöðva á landsbyggðinni.

Sá niðurskurður sem tók gildi nú 1. október hjá Ríkisútvarpinu á landsbyggðinni kom mér ekki á óvart. Þetta er í takt við aðrar aðgerðir og/eða aðgerðaleysi hæstv. ríkisstjórnar í byggðamálum. Orð og athafnir hafa nefnilega aldrei farið saman í byggðamálum hæstv. ríkisstjórnar.

Í byggðaáætlun er fjallað um að efla starfsemi svæðisstöðvanna, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisfjölmiðlar efli starfsemi á landsbyggðinni, meðal annars með aukinni dagskrárgerð og útsendingum frá starfsstöðvum Ríkisútvarpsins þar."

Herra forseti, við þetta hefur ekki verið staðið, svo sannarlega ekki, samanber fækkun starfa á Akureyri undanfarin ár sem hér hefur verið rædd. Og með þeim aðgerðum sem tóku gildi 1. október, er útsendingartími svæðisútvarps Norðurlands sennilega skorinn niður um 55%.

Má ég einnig benda á að nettókostnaður við svæðisútvarpið á Akureyri er einungis 20 millj. kr. Hér er því enn einu sinni verið að skera niður þjónustu á landsbyggðinni.

Herra forseti. Við afgreiðslu á þessum sparnaðartillögum í útvarpsráði bókuðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar m.a. eftirfarandi:

„Meginábyrgðina á ófremdarástandi í fjármálum Ríkisútvarpsins ber hins vegar ríkisstjórnin og einkum menntamálaráðherra. Í hans umsjá hafa afnotagjöld, helsti tekjuliður Ríkisútvarpsins stöðugt rýrnað miðað við verðlagsþróun. Ráðherrann hefur ekki bent á aðrar tekjuleiðir og því att Ríkisútvarpinu í sífellt auknum mæli út á samkeppnismarkað auglýsinga og kostunar. Þegar nú kreppir að á þeim markaði eru að lokum ekki önnur ráð en niðurskurður á dagskrá.

Þessi fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er í raun aðeins hluti af þeim stærri vanda að fyrirtækið hefur enga framtíðarstefnu. Starfsemi Ríkisútvarpsins einkennist því æ meir af bráðabirgðalausnum og skammtímaráðstöfunum sem koma niður á starfsanda á vinnustaðnum og sjá má í hnignandi ímynd fyrirtækisins meðal þjóðarinnar."

Herra forseti. Þessi bókun lýsir rammanum utan um sparnaðaraðgerðir Ríkisútvarpsins. Hæstv. menntmrh. verður m.a. að svara því sem í bókuninni felst.

[14:29]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er mikill og á sér langa sögu eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði vel grein fyrir hér við upphaf þessarar umræðu.

Ríkisútvarpinu er haldið í spennitreyju og hefur verið haldið í spennitreyju undanfarin ár. Það þarf eitthvað meira að koma til heldur en innbyrðis hagræðing í fyrirtækinu eins og núna er verið að skoða. Það verður í þessu sambandi að líta á rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar og þann mikla fjárhagsvanda sem Sinfóníuhljómsveitin á við að etja líka.

Ég vildi með nokkrum orðum nefna þann þátt sem snýr að landsbyggðinni og svæðisstöðvunum því að með niðurskurði í útsendri dagskrá fæst mjög lítill fjárhagslegur sparnaður en tap verður á öðrum sviðum. Það verður mikið menningarlegt tap, það verður mikill sjónarsviptir að þeim útsendingum sem nú þegar eru á Vestfjörðum, á Akureyri og á Egilsstöðum því að það er verið að skera útsendingarnar mjög mikið

niður, mest á Akureyri en sparnaðurinn verður sáralítill í krónum talið því að á móti kemur tap á auglýsingum sem vegur að mestu upp þennan fyrirhugaða sparnað.

Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga að úti á landsbyggðinni hafa héraðsfréttablöðin verið að detta út. Það er ekkert dagblað gefið út á öllu Austurlandi. Svæðisútvarpið þar hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki og er eini fréttamiðillinn innan fjórðungsins. Ef það á að skera liðinn meira niður er það mikið menningarlegt verðmætatap.

[14:31]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Sérstaða Ríkisútvarpsins, útvarps allra landsmanna, hefur hingað til verið fólgin í því að sinna vel landsbyggðinni. Nú þegar kreppir að og skera þarf niður kostnað verð ég að lýsa undrun minni og áhyggjum vegna þess að niðurskurðinum skuli vera beint í svo stórum mæli að svæðisútvörpunum. Rekin eru þrjú svæðisútvörp úti um landsbyggðina. Á Vestfjörðum er tækniþjónustan skert verulega, á Austfjörðum dregst útsendingartími saman um fjórðung og útvarp Norðurlands fer langverst út úr þeim aðgerðum sem nú eru í gangi hjá Ríkisútvarpinu þar sem útsendingartími þess hefur minnkað um helming.

Þarna er á ferðinni stórlega skert þjónusta við þetta svæði sem nær frá Ströndum austur á Langanes og telur tæplega 40 þúsund íbúa. Starfsfólki hefur að sjálfsögðu verið sagt upp störfum í kjölfar breytinganna en 1996 voru tíu stöðugildi við RÚVAK en eru nú um sex.

Þar sem starfsfólk svæðisútvarpsins hefur einnig sinnt fréttaöflun og fréttavinnslu fyrir aðalfréttatíma Ríkisútvarpsins má búast við að fréttaþjónusta Ríkisútvarpsins almennt af landsbyggðinni verði ekki söm og áður.

Annað sem vert er að líta á hjá útvarpi allra landsmanna er dreifingarkerfið en útvarpið hætti að senda út á miðbylgju fyrir ári síðan þegar Skjaldarvíkursendir var lagður niður. Á Eyjafjarðarsvæðinu, í Fnjóskadal, í Víkurskarði og víða þar fyrir austan virðast útsendingar ekki nást, hvorki á FM né langbylgju eftir að Ríkisútvarpið hætti útsendingum um Skjaldarvíkursendi. En ég fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. varðandi framtíð svæðisútvarpsins á Akureyri, þ.e. að það verði miðstöð svæðisútvarpanna og þar með eflist þau og dafni um ókomna tíð.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og ég þakka jafnframt hæstv. menntmrh. fyrir svörin þó að ég verði að segja að mér fundust þau rýr í roðinu í öllum aðalatriðum. Sú fullyrðing mín stendur óhögguð að það hefur þrengt að Ríkisútvarpinu með margvíslegum hætti á undanförnum árum. Það er staðreynd að afnotagjöld hafa hvergi nærri fylgt verðlagi ef litið er til nokkurra síðustu ára þó svo að 7% hækkun hafi nú loks verið heimiluð sem gefur reyndar ekki nema 140 millj. kr. í tekjur á ársgrundvelli öfugt við 280 eins og hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir sagði áðan.

Afnotagjöldin hafa ekki fylgt verðlagi, lífeyrisskuldbindingarnar hvíla þungt á útvarpinu og taka á þriðja hundrað milljónir út úr rekstrinum á ári. Flutningur sjónvarpsins í Efstaleitið varð mjög dýr og Ríkisútvarpið varð að taka það af eigin tekjum sínum. Sinfóníuhljómsveitin hefur fengið meira til sín. Taprekstur hefur safnast upp og hleður á sig kostnaði. Ríkisútvarpið skuldar mikið í erlendri mynt og þær byrðar þyngjast þegar gengi krónunnar fellur. Ríkisútvarpið er rekið á yfirdráttarheimild. Segir þetta ekki sína sögu? Geta hæstv. menntmrh. og hv. formaður menntmn. komið hér og sagt eins og ekkert sé að það sé bara rangt að það hafi þrengt að Ríkisútvarpinu undanfarin ár? Það eru algjörlega borðleggjandi, óhrekjandi sannanir fyrir því að starfskilyrði þessarar stofnunar hafa verulega versnað. Ríkisútvarpið er verr í stakk búið nú en það hefur verið um langt árabil til að sinna sínu mikilvæga hlutverki. Það er náttúrlega eins og argasta öfugmæli að vitna í byggðaáætlun í ljósi þess sem verið er að gera á svæðisstöðvunum núna.

Hugmyndir menntmrh. um að breyta Rás 2, ef ég skildi hann rétt, í einhvers konar miðstöð svæðisútvarpanna er sjálfsagt að skoða. En það er ekki rétta aðferðin að byrja á því að láta þá starfsemi sem þar er hrynja niður, er það? Og það er eins gott að á bak við þetta sé ekki gamla þráhyggja Sjálfstfl. um að koma Rás 2 fyrir kattarnef þannig að um leið og ég lýsi mig tilbúinn til að skoða þær hugmyndir hef ég alla fyrirvara á því hvað á bak við þær liggur. (Forseti hringir.) Herra forseti. Það er alveg ljóst að þær hugmyndir sem hér er varpað fram koma ekki í stað þeirrar starfsemi sem nú er verið að skerða hjá Ríkisútvarpinu.

[14:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta er skrýtin ræða að hlusta á þetta allt saman, að tala um og rekja hér breytt rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins og láta eins og það sé Alþingis að bregðast við því. Hvað með önnur fyrirtæki í landinu sem standa frammi fyrir breyttum aðstæðum? Ríkisútvarpið hefur sína tekjustofna og á að gera sínar áætlanir í samræmi við þá og vinna innan þeirra tekjumarka sem því eru sett. Það er ósköp einfalt. Ríkisútvarpið gerði sjálft áætlun um flutning í Efstaleiti og það var farið eftir því í einu og öllu sem Ríkisútvarpið lagði til. Og að leggja það svo hér upp að með því sé verið leggja einhvern bagga á Ríkisútvarpið (Gripið fram í.) og búa þetta til með þessum hætti. Það er alveg furðulegt að heyra þennan málflutning þingmannsins. Hann er ekki til þess fallinn að leysa vanda Ríkisútvarpsins. Það ábyrgðarlausa tal um meðferð á opinberum fjármunum, sem hv. þm. stundar hér, er ekki til þess fallið að leysa vanda Ríkisútvarpsins. Þetta ábyrgðarlausa tal er ekkert nýnæmi. Hann vill alltaf hækka skattana. Hann vill alltaf hækka álögurnar á borgarana í landinu til að standa undir og býr svo til nýja bagga sem borgararnir eiga að greiða eins og kom fram í þessari ræðu hans. Þetta er því ekkert nýtt. Og það er ekkert nýtt fyrir þingmenn að heyra ræðuna um að hækka beri skatta, afnotagjöld og önnur gjöld á borgarana en líta ekki á það hvort menn standi að sínum rekstri með þeim hætti að hann sé innan þeirra marka sem sett eru og eru hófleg og eðlileg. (**SJS:** Hver ber ábyrgð á því? Er það ekki ráðherra?) Alþingi setur mörkin í þessu efni. Alþingi kemur að því að ákvarða fjárhagsramma Ríkisútvarpsins og Alþingi kemur að því að ræða þessi mál og við erum að gera það. En við gerum það ekki á þeim forsendum að það eigi alltaf að auka álögurnar á borgarana eins og hv. þm. leggur til þannig að ef auglýsingatekjur minnka þá eigi að velta því yfir á afnotagjaldagreiðendur. (**SJS:** Ertu búinn að segja af þér sem ráðherra?) Ég hef ekki sagt af mér sem ráðherra. Ég þarf ekki að eiga orðastað við þingmanninn á þessum forsendum. Það sýnir hvernig málflutningur hans er hvernig hann grípur hér fram í og á hvaða furðulegum forsendum það er gert.

Ég þakka fyrir þann stuðning sem hefur komið fram við þá hugmynd að flytja Rás 2 til Akureyrar, gera hana að miðstöð svæðisútvarpa og styrkja þannig landsbyggðarútvarpið undir merkjum Ríkisútvarpsins og efla þá starfsemi sem það á að reka um landið allt.

Innkaup heilbrigðisstofnana.

Fsp. ÁRJ, 64. mál. — Þskj. 64.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Árlega nota íslenskar heilbrigðisstofnanir umtalsverðar fjárhæðir til innkaupa á alls kyns rekstrarvörum, lækningatækjum, húsgögnum og margvíslegum nauðsynjavörum. Þó svo að stofnun haldi sig innan fjárlaga og eftirlit sé haft með því, virðist ekki vera haft eftirlit með innkaupum þessara stofnana eða þau endurskoðuð. Einnig virðist skorta á að tækjakaup heilbrigðisstofnana séu samhæfð. Frægt er dæmið um tækjakaup Landspítala og Borgarspítala á tölvustýrðu sneiðmyndatæki sem kostaði milljónatugi, tæki sem aðeins voru notuð skamma stund dag hvern hvort.

Heilbrigðisstofnanir hafa verið að kaupa mörg mjög dýr lækningatæki og það án sameiginlegs útboðs. Ég vil nefna dæmi þar sem þrjár heilbrigðisstofnanir keyptu röntgentæki. Hver stofnun keypti sitt tæki sem eflaust hefði kostað mun minna ef einn aðili hefði látið gera tilboð í þau öll í einu og séð um kaupin. Hvert slíkt lækningatæki kostar tugmilljónir króna. En það er algengt að verð á stórum lækningatækjum sé um 100 millj. kr. og því hagkvæmt að vera með sameiginlegt útboð, það gæti skilað tugmilljónum.

Útboð og sameiginleg innkaup hafa verið viðhöfð við kaup á rekstrarvörum með góðum árangri og hafa hinar ýmsu stofnanir geta gengið inn í þau tilboð og það er vel.

Mig langar til að nefna annað dæmi um hvernig hægt er að spara í innkaupum án þess að verið sé að gefa eftir í gæðum því að gæðin mega ekki víkja fyrir sparnaði að mínu mati. Heilbrigðisstofnun hér á landi keypti hjólastóla sem framleiddir eru í Kína samkvæmt evrópskum stöðlum á 15 þús. kr. stykkið. Fullkomlega sambærilega við hjólastóla sem aðrar stofnanir eru að kaupa á 50–70 þús. kr. stykkið. Þarna væri hægt að fá þrjá til fimm hjólastóla á verði eins.

Herra forseti. Ég spyr því hæstv. heilbrrh. hvernig staðið sé að eftirlits- og samhæfingarmálum og fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hverjir hafa eftirlit með og endurskoða innkaup heilbrigðisstofnana sem eru á fjárlögum ríkisins og hvernig er því eftirliti háttað?

2. Hverjir samhæfa tækjakaup heilbrigðisstofnana til að koma í veg fyrir hugsanlega offjárfestingu?

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. beindi til mín tveimur fyrirspurnum:

„Hverjir hafa eftirlit með og endurskoða innkaup heilbrigðisstofnana sem eru á fjárlögum ríkisins og hvernig er því eftirliti háttað?"

Því er til að svara að innkaup eru eins og hver annar þáttur í rekstri heilbrigðisstofnana og eru því undir stjórn og ábyrgð viðkomandi framkvæmdastjóra eða forstjóra. Framkvæmdastjóri heilbrigðisstofnunar ber ábyrgð gagnvart heilbr.- og trmrh. og stjórn stofnunar í samræmi við lög, stjórnarfyrirmæli og erindisbréf framkvæmdastjóra. Heilbrigðisstofnunum ber eins og öðrum ríkisstofnunum að framfylgja innkaupastefnu ríkisins. Það felur m.a. í sér að stofnunum ber að fara eftir reglum varðandi innkaup, útboð á vöru og þjónustu o.fl. Stofnunum ber að nýta sér samninga sem Ríkiskaup hefur gert varðandi innkaup, m.a. svonefnda rammasamninga.

Heilbr.- og trmrn. og Landspítali – háskólasjúkrahús gerðu á síðasta ári sérstakt samkomulag við Ríkiskaup um samstarf í innkaupamálum heilbrigðisstofnana. Samkvæmt því samkomulagi vinnur ákveðinn starfsmaður í heilbrrn. að innleiðingu og markaðssetningu rafvænna innkaupa hjá heilbrigðisstofnunum og greiningu á innkaupaþörfum þeirra með það að markmiði að auka skilvirkni og hagkvæmni í innkaupum. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun hjá heilbrigðisstofnunum eins og öðrum ríkisstofnunum. Í þessu felst m.a. að endurskoða reikninga stofnana og framkvæma stjórnsýsluendurskoðun þar sem könnuð er meðferð og nýting fjármuna. Ber Ríkisendurskoðun að vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hverjir samhæfa tækjakaup heilbrigðisstofnana til að koma í veg fyrir hugsanlega offjárfestingu?"

Heilbrigðisstofnanir leggja fram beiðnir um fjárveitingar til tækjakaupa með fjárlagatillögum sínum. Stofnanir hafa þá forgangsraðað beiðnum eftir mikilvægi þeirra. Við fjárlagagerð leggur heilbr.- og trmrn. síðan mat á beiðni þessara stofnana um tækjakaup. Þá er lagt faglegt og fjárhagslegt mat á hversu brýn þörfin er og hvort ástæða sé til að viðkomandi stofnun hafi yfir slíku tæki að ráða. Einungis stærstu heilbrigðisstofnanir fá sérstaka fjárveitingu á fjárlögum til tækjakaupa. Aðrar stofnanir fá fjárveitingar til tækjakaupa af sérstökum safnliðum sem ráðuneytið úthlutar hverju sinni.

Um minni háttar búnað og tæki sem fjármögnuð eru af rekstrarfjárveitingu stofnana gildir það sama og um innkaup annarra rekstrarvara, samanber svarið við 1. tölulið hér að framan.

Þetta eru í stuttu máli svör við því hvernig þetta kerfi virkar og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli sem er mikilvægt í rekstri heilbrigðisstofnana.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Það kemur í ljós í svari hæstv. ráðherra að engin samhæfing er í tækjakaupum. Þó að beiðnir komi fram fyrir fjárlagagerðina og það sé metið hvort kaupa eigi tæki er ekki nein vinna lögð í að samhæfa tækjakaupin þannig að leitað verði sameiginlegra útboða við kaup á mjög dýrum tækjum, eins og ég benti t.d. á í sambandi við röntgentækin, sem ég teldi mikla þörf á. Það er auðvitað mjög mikilvægt að menn kaupi vandaða vöru og menn mega ekki dragast aftur úr vegna sparnaðar en það verður að mínu mati, og ég get ekki heyrt annað en að ráðherra taki undir, að efla eftirlit með tækjakaupum til að ná fram hagkvæmni og nýta betur almannafé.

Ég minni á dæmið um hjólastólana sem ég nefndi áðan, þar sem hjólastóll kostar 15 þús. kr. í hagkvæmustu kaupum en 50–70 þús. kr. annars staðar, þannig að það munar verulega miklu.

Líka væri fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um það hvort hann hefur upplýsingar um hve mikið af innkaupum stofnana og tækjakaupum heilbrigðisstofnana er boðið út.

Ég hefði líka talið ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra, ef hann hefur það á takteinunum, út í boðsferðir lyfjafyrirtækja þar sem læknum eru kynnt ákveðin lyf sem eru ekki endilega alltaf ódýrustu lyfin. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi skoðað þau mál og kannað áhrif þessara ferða, svokallaðra boðsferða, á lyfjainnkaup og lyfjakostnað, og ef hann hefur ekki gert það, hvort hann telji ekki ástæðu til að skoða þann þátt.

En það er mjög mikilvægt, herra forseti, að það sé fylgst mjög náið með innkaupum sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana og að hópur sérfræðinga vegi og meti þörf til innkaupanna og síðan hvernig til hafi tekist með þau.

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek að hér er um mikilvægt mál að ræða og allar ábendingar í þessu efni og umræður um þetta mál eru af hinu góða.

Ég vil benda á það meginatriði í þessu sambandi, af því að minnst var á sneiðmyndatæki áðan, að stóru sjúkrahúsin hafa verið sameinuð og sú sameining leiðir náttúrlega til mikillar samræmingar varðandi tækjakaup þessara stóru stofnana þar sem stóru tölurnar sjást. Það er auðvitað æskilegt að nota útboð sem mest. Ég hef reyndar ekki tölur á reiðum höndum yfir það hve mikið er boðið út — ég get aflað þeirra — en það er æskilegt að sem mest sé boðið út, ég er þeirrar skoðunar.

Hvað röntgentækin varðar er það nú þannig á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum að menn hafa reynt að nýta þau til hins ýtrasta — það er nú reynslan — þannig að þetta gengur ekki þannig fyrir sig að þar séu keypt svo og svo mörg röntgentæki í einu. En hitt er annað mál að kosti samninga og útboða ber auðvitað að nýta sem best í þessu kerfi.

Ég hef ekki kannað boðsferðir lyfjafyrirtækja, hef ekki upplýsingar um hvort þær hafi einhver áhrif á innkaup á rekstrarvörum til heilbrigðiskerfisins og innkaup á lyfjum. Ég hef heyrt um þetta mál getið í umræðunni en ég vonast sannarlega til að slíkt hafi ekki úrslitaáhrif. Það er þó sjálfsagt að huga að þessum málum eins og öðrum í þessu kerfi.

Lyfjastofnun.

Fsp. EKG, 104. mál. — Þskj. 104.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Í fyrra gengu í gildi ný lög sem sameinuðu Lyfjaeftirlit og lyfjanefnd ríkisins þannig að úr varð ný stofnun, Lyfjastofnun ríkisins. Það var því að vonum að stjórn Byggðastofnunar ákvað á fundi sínum að rita viðkomandi ráðherra bréf og vekja athygli á þessu í samræmi við hina samþykktu byggðaáætlun þar sem kveðið var á um að lögð yrði áhersla á að opinberum störfum fjölgaði eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og að því markmiði yrði m.a. náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Stjórnin leit svo á að með stofnun nýrrar stofnunar, Lyfjastofnunar, gæfist gott tækifæri til þess að efna þau fyrirheit sem gæti að líta í byggðaáætluninni sem samþykkt var hér á Alþingi.

Það var mat stjórnvalda, hæstv. þáv. heilbrrh., að hér væri strangt til tekið ekki um að ræða nýja stofnun heldur sameiningu tveggja stofnana og þess vegna ætti þetta ákvæði ekki við. Ég er að vísu alveg ósammála þessari lagatúlkun hæstv. ráðherra en látum það liggja á milli hluta vegna þess að hæstv. þáv. ráðherra lýsti því yfir í blaðaviðtali í Degi 12. ágúst árið 2000 að, svo ég vitni nú orðrétt í hæstv. ráðherra:

„Ég mun leggja áherslu á það við nýjan forstjóra stofnunarinnar sem ráðinn verður innan tíðar að hann setji öll þau verkefni út á land sem hægt er að vinna þar. Þá á ég við þá eftirlitsþætti sem eru úti á landi og þau verkefni önnur sem mögulegt er að vinna annars staðar en í Lyfjamálastofnun."

Þegar skoðuð eru þau ákvæði lyfjalaganna þar sem kveðið er á um hlutverk Lyfjastofnunar er auðvitað greinilegt að mjög mörg þau verkefni sem unnin eru innan vébanda þeirrar ágætu stofnunar eru þess eðlis að staðsetning starfsmanna skiptir ekki öllu máli. Það er kveðið á um að meta skuli lyf og aðrar vörur sem undir þessi lög heyra í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, svo sem að annast útgáfu, breytingu, niðurfellingu og afturköllun markaðsleyfa lyfja, afgreiða umsóknir um leyfi til að flytja lyf inn og selja gegn lyfseðli, annast útgáfu leyfa til rannsókna með lyf, annast skráningu aukaverkana lyfja og upplýsingagjöf o.s.frv., hvers konar eftirlit, skráningu og náttúrlega sérstaklega skráningarstarfsemi sem er augljóst að getur vel átt heima utan höfuðborgarsvæðisins og jafnvel utan þeirrar stofnunar þó að hún sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. um þetta mál með eftirfarandi spurningu:

Hver varð árangurinn af tilmælum ráðherra á árinu 2000 um að færa verkefni hinnar nýju Lyfjastofnunar, svo sem eftirlitsþætti, í auknum mæli út á land?

[14:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að hreyfa þessu máli og ég geri hér með grein fyrir því.

Lyfjastofnun varð til með lögum nr. 108/2000 um breytingu á lyfjalögum frá 1994. Umrædd breyting hafði í för með sér sameiningu á starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins en þessi stofnun fékk ekki ný verkefni. Lyfjastofnun hóf svo formlega starfsemi sína 1. nóv. árið 2000.

Stofnunin er að mestu fjármögnuð með þjónustugjöldum sem hún aflar með gjaldtöku vegna veitinga markaðsleyfa fyrir lyf, umfjöllun um lyf með markaðsleyfi og gjaldtöku vegna eftirlits með lyfjafyrirtækjum og stofnunum. Umfjöllunin um markaðsleyfi er um $^3/_4$ af starfseminni.

Strangir tímafrestir eru á verklokum umfjöllunar sem byggjast á því að umfangsmikil gögn hafi borist stofnuninni á réttum tíma. Flestir viðskiptavinir Lyfjastofnunar eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis. Þau verkefni sem Lyfjastofnun ber lögbundið að sinna krefjast sérfræðiþekkingar, sérstaklega á sviði læknis- og lyfjafræði, og starfar stofnunin í nánu samstarfi við sérfræðinga Háskóla Íslands, sérfræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, yfirdýralæknisembættið, landlæknisembættið og Hollustuvernd.

Stofnunin er mjög háð sérfræðiþekkingu og skal þess getið að yfir 70% starfsmanna hafa háskólapróf. Í kjölfar samninga um Evrópska efnahagssvæðið þurfa starfsmenn að taka þátt í starfi vísindanefnda hjá Evrópsku lyfjastofnuninni í London og á vegum framkvæmdastjórnar ESB.

Þegar forstjóri var ráðinn til starfa hjá Lyfjastofnun í september árið 2000 var óskað eftir því að kannaðir væru möguleikar á að vinna ákveðin verkefni á landsbyggðinni. Forstjóri stofnunarinnar kannaði hvaða verkefnum væri hægt að sinna á landsbyggðinni, bæði með tölvuvinnslu í huga og einnig með tilliti til staðsetningar verkefna og aðgengis að sérfræðingum. Niðurstaðan varð sú að mögulega væri hægt að sinna eftirliti með starfsemi lyfjabúðar, sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila á landsbyggðinni í hlutastarfi, t.d. frá Akureyri.

Í september árið 2000 var auglýst eftir lyfjafræðingum og dýralækni og þess getið í auglýsingu að staðsetning á landsbyggðinni kæmi vel til greina. Niðurstaðan varð því miður sú að enginn lyfjafræðingur á landsbyggðinni sótti um starf. Tveir dýralæknar, staðsettir á landsbyggðinni, sóttu um hlutastarf en báðir höfðu hug á því að flytja sig hingað á höfuðborgarsvæðið.

Stofnunin hefur leitast við að flytja verkefni frá höfuðborgarsvæðinu, samanber ofangreint, en slíkt hefur ekki borið árangur til þessa. Og ég vil bæta því við að minn vilji stendur til þess að kanna áfram möguleikana þó að ég verði því miður að svara því á þessu stigi að árangur hefur ekki orðið af viðleitninni til þessa.

[14:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að rifja upp þá umræðu sem varð þegar verið var að ræða ný lög um Lyfjastofnun hér í fyrra eða hittiðfyrra, ég man ekki nákvæmlega fyrir hversu löngu síðan. Þá var einmitt rætt um hvort stofnunin gæti starfað úti á landi og það kom mjög skýrt í ljós, bæði í heilbr.- og trn. og hér í umræðunni í þinginu, að þessi stofnun væri sérfræðistofnun sem væri mjög háð sérfræðingum sem starfa eða búa hér á höfuðborgarsvæðinu og þurfa að sinna þessu í hlutastarfi. Jafnframt kom í ljós að fyrirtækin sem stofnunin væri að þjóna væru hér á höfuðborgarsvæðinu og svo erlendis og stofnunin þyrfti að sæta mjög ströngum tímamörkum í mörgum tilvikum, þannig að menn töldu ekki ráðlegt að staðsetja stofnunina annars staðar eða verkefni hennar heldur en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Mig langaði bara til að rifja þetta upp vegna þess að þetta kom til umræðu þegar þessi lög voru til umfjöllunar hér í þinginu og í heilbr.- og trn.

[14:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það sem vakti athygli mína í svari hæstv. ráðherra þegar hann var að telja upp rökin fyrir því að stofnunin þyrfti að vera í Reykjavík var að hún byggði starfskrafta sína á svo háu hlutfalli af háskólamenntuðu fólki og sérmenntuðu og að hún þyrfti að geta tekið þátt í vísindasamstarfi, sótt ráðstefnur erlendis og svo víðar.

Ég mótmæli því að þetta geti í sjálfu sér verið rök fyrir því að þurfa að staðsetja stofnun hérna í Reykjavík. Ég þekki stofnanir og veit um stofnanir úti um land sem eru með mjög hátt hlutfall af háskólamenntuðu fólki, taka mikilvægan og virkan þátt í erlendu samstarfi og skila sínu hlutverki ágætlega. Ég vara þannig við því þegar verið er að draga upp svona myndir af því að á höfuðborgarsvæðinu eigi að vera háskólamenntaða fólkið og stofnanirnar, úti á landsbyggðinni geti verið eftirlitsaðilar og sendibílstjórar og aðrir, þó að það séu líka göfug verkefni.

Ég hvet til þess að þau sjónarmið séu höfð í huga að háskólamenntað starfsfólk geti líka starfað úti á landi.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu.

Hvað stendur upp úr? Það stendur upp úr að á vegum Lyfjastofnunar fór fram athugun á því hvort hægt væri að staðsetja þessi störf utan höfuðborgarsvæðisins. Hin faglega niðurstaða innan stofnunarinnar varð sú að það væri hægt. Það væri fullt af verkefnum, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, sem hægt væri að vinna utan stofnunar, gagnstætt því sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir var að halda hérna fram. Það liggur sem sagt fyrir að það er hægt, ef að því er staðið, að færa þessi verkefni frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina.

Hæstv. ráðherra upplýsti það hvernig að þessum tilmælum hefði verið staðið á sínum tíma og ég verð að segja að það var óskaplega vesældarlegt að segja sem svo í auglýsingu: „Þið megið svo sem vinna úti á landi.“ Það stóð í raun í þessari auglýsingu þannig að það ekki var von til þess að fólk færi að þyrpast til þessara starfa af landsbyggðinni þegar fyrir liggur að þetta var hvorki hrátt né soðið.

Hins vegar vil ég fagna alveg sérstaklega yfirlýsingu núv. hæstv. heilbrrh. sem mér fannst kveða við allskýran tón í þessu máli. Hæstv. heilbrrh. sagði að vilji hans stæði til þess að þessi starfsemi gæti í vaxandi mæli verið úti á landi og það kemur mér ekki á óvart. Ég þekki svo til sjónarmiða og verka hæstv. heilbrrh. að ég veit að þar hefur hann lög að mæla. Ég vil hvetja hæstv. heilbrrh. í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið frá stofnuninni sjálfri um að hægt sé að starfrækja fullt af þessum verkefnum utan stofnunarinnar úti á landsbyggðinni, til þess að gera aðra atrennu að þessu máli og reyna að tryggja að þessi verkefni verði unnin í vaxandi mæli á landsbyggðinni, m.a. vegna þess sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, að hér er um að ræða sérhæfð verkefni sem krefjast háskólamenntunar. Við þurfum einmitt að búa til aðstæður sem gera það að verkum að háskólamenntað fólk, ungt fólk sem er að koma frá útlöndum og vill t.d. hasla sér völl í starfsemi af þessu taginu, eigi þess kost að búa úti á landi eins og vilji mjög margra stendur til.

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Ég vil láta það koma fram í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. að mér fannst ræða hans bera keim af útúrsnúningum. Ég var aðeins að skýra frá því í hverju starfsemi stofnunarinnar væri fólgin og hvers eðlis hún væri. Hins vegar sagði ég ekkert um það að hún gæti ekki starfað úti á landi vegna þess að þar starfaði háskólamenntað fólk eða að fólk úti á landi gæti ekki sótt ráðstefnur erlendis. Það er langt í frá.

Meginrökin fyrir staðsetningu stofnunarinnar eru að viðskiptavinir hennar eru í miklum mæli á höfuðborgarsvæðinu. En það skiptir ekki máli að því leyti til, eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það hefur komið fram í athugun á þessu máli að hægt er að vinna þessi störf úti á landsbyggðinni og verið

hefur gerð atrenna að því. En varast ber að að leggja út af orðum mínum öðruvísi en þau voru sögð. Ég hef alls ekki haldið því fram að stofnanir sem hafa háskólamenntað fólk innan sinna vébanda gætu ekki verið staðsettar úti á landi og fólk hefur alveg einurð til að ferðast til útlanda þó það sé ekki í Reykjavík. Það er ljóst. Ég var aðeins að skýra frá eðli þessarar stofnunar. Ég hef heimsótt hana. Þetta er miklu stærri stofnun en ég gerði mér í hugarlund áður. Hún er á einni stórri hæð úti á Eiðistorgi. Þetta er mikil starfsemi. Þetta er flókin og margbrotin starfsemi og ber þakka því fólki sem þar vinnur og hefur verið að endurskipuleggja verkefni sín.

Mat umsjónarnefndar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á gildi lands norðan Vatnajökuls.

Fsp. KolH, 100. mál. — Þskj. 100.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á síðasta þingi urðu nokkur orðaskipti á milli mín og hæstv. umhvrh. um mat á ólíkum nýtingarkostum lands á svæðinu norðan Vatnajökuls og samanburð á þeim tveimur kostum að virkja á svæðinu eða stofna þar þjóðgarð. Hæstv. umhvrh. upplýsti Alþingi þá um að hún hefði sent hæstv. iðnrh. ákveðið erindi þar sem þess var óskað að ráðuneytið fæli verkefnisstjórn rammaáætlunar að kanna hvort og með hvaða hætti verkefnisstjórnin gæti tekið á þeim þáttum að meta eða leggja einhvers konar mat á möguleika svæðisins fyrir uppbyggingu á sviði þjóðgarðs eða náttúruverndar.

Ég spurði hæstv. iðnrh. síðar á þinginu hvað hefði gerst varðandi þetta erindi og hvernig vinnunni yndi fram. Hæstv. ráðherra svaraði mér og hv. þingmenn geta kynnt sér svar hennar á þskj. 1414 í máli 698 frá síðasta þingi. Hæstv. ráðherra sagði eftirfarandi í svarinu, með leyfi forseta:

„Umsjónarnefndin er að leggja lokahönd á fyrstu drög skýrslu sinnar um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð."

Þar kemur fram að umsjónarnefnd með verkefninu hafi verið skipuð. Síðan segir í svarinu, herra forseti:

„Ætlunin er að kynna þau á fundi verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Það fer eftir viðbrögðum verkefnisstjórnar hvenær endanleg skýrsla verður tilbúin. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun verður skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar auglýst á næstunni. Skýrslurnar ættu því að geta legið frammi á sama tíma."

Þegar þetta er ritað, herra forseti, er liðið undir vor á Alþingi. Eins og menn vita kom skýrsla Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og um hana var fjallað í eðlilegu ferli. En aldrei hefur komið upp á borðið umtöluð skýrsla þessarar umsjónarnefndar svo að ekki var því að heilsa að hún lægi frammi til skoðunar á sama tíma og matsskýrsla Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar. Nú tel ég því fyllilega tímabært, herra forseti, að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari skýrslu téðrar umsjónarnefndar?

[15:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt fóru níu samtök sem starfa á sviði náttúruverndar fram á það við stjórnvöld að verndar- og útivistargildi svæðisins fyrir norðan Vatnajökul yrði metið faglega og mat lagt á gildi þjóðgarðs á þessu svæði samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Með bréfi iðn.- og viðskrn. hinn 22. september á síðasta ári var því beint til verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma að hún kannaði hvort og þá hvernig unnt væri að bregðast við erindi samtakanna. Í framhaldi af því var verkefnisstjórn rammaáætlunar falið þetta sérstaka verkefni þar sem ljóst þótti að margir þættir í vinnu við undirbúning rammaáætlunarinnar gætu nýst við verkið auk margvíslegra gagna sem safnað hefur verið af öðrum aðilum, m.a. Landsvirkjun, vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Efnistök gátu þó ekki orðið með þeim hætti sem að er stefnt við samanburð virkjunarkosta í rammaáætlun þar sem þær aðferðir voru ekki að fullu mótaðar.

Í lok október 2000 var lögð fram tillaga að verklýsingu fyrir verk þetta sem iðnrh. féllst á. Í samræmi við verklýsinguna fól verkefnisstjórnin sérstakri umsjónarnefnd að stýra verkinu. Vinnan reyndist nokkuð umfangsmeiri en í upphafi var gert ráð fyrir og tók því lengri tíma en upphaflega var áætlað. Nefndin lauk störfum í ágúst síðastliðnum með því að skila drögum að skýrslu til verkefnisstjórnar.

Auk þeirra er skipuðu umsjónarnefndina hafa ýmsir komið að þessu verki á vegum verkefnisstjórnar. Ber þar helst að nefna Þjóðhagsstofnun sem vann greinargerð um efnahagslegt gildi þjóðgarðs norðan Vatnajökuls. Verkefnastjórnin mun senda iðn.- og viðskrh. í þessari viku niðurstöður sína.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Niðurstöðurnar eru væntanlegar í þessari viku, segir hæstv. ráðherra og ég fagna því sannarlega því að það er orðið meira en tímabært að þessar niðurstöður líti dagsins ljós. Ég harma hins vegar að þessar niðurstöður skyldu ekki hafa legið fyrir á þeim tíma sem ætlað var, þ.e. á sama tíma og matsskýrsla Landsvirkjunar um umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar lá fyrir. Þessi mikli dráttur sem orðið hefur á skilum skýrslunnar gerir það að verkum að það gagn sem hægt hefði verið að hafa af niðurstöðum hennar er orðið lítið, kannski ekkert, því að eins og allir vita er matsferli Kárahnjúkavirkjunar í sjálfu sér lokið þar sem úrskurður Skipulagsstofnunar hefur verið felldur þó svo að málið hafi síðan lent í kæruferli. Þá er málið ekki lengur þannig opið til skoðunar að hægt sé að meta ólíka möguleika á landnýtingu á svæðinu norðan Vatnajökuls því það er búið að loka málinu. Það er alveg ljóst að stefna stjórnvalda, sem eins og allir vita er að virkja á svæðinu norðan Vatnajökuls, að setja Kárahnjúkavirkjun þar niður, kemur í veg fyrir það að á sama svæði verði hægt að stofna til þjóðgarðs. Ég fullyrði því, herra forseti, að þarna rekast mál hvort á annars horn. Mikil vinna sem umsjónarnefndinni var falið að leysa af hendi fékk ekki meira vægi en svo að ekki var gerð krafa um að skýrslu hennar yrði skilað á þeim tíma sem hún mundi nýtast best til samanburðar. Ég harma því að öll sú mikla vinna sem ég efa ekki að hafi verið lögð í málið skuli ekki nýtast til þess sem upphaflega var ætlast.

[15:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. um að búið sé að loka þessu máli vegna þess að ferlinu er ekki lokið.

Lögin eru einu sinni þannig að umhvrh. hefur síðasta orðið og meðan umhvrh. hefur ekki kveðið upp úrskurð sinn er þessu máli ekki lokið og því hefur ekki verið lokað.

Eins og allir vita munu umhvrh. berast frekari gögn í málinu. Hún hefur leitað eftir frekari gögnum, m.a. frá Landsvirkjun, áður en hún kveður upp sinn úrskurð. Málið sem hér er til umfjöllunar hefur því aðgang að þessu ferli þó svo langt sé um liðið. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að þetta er búið að taka dálítið langan tíma og hefði verið æskilegt að það hefði tekið styttri tíma, en að einhverju leyti er þarna um frumkvöðlastarf að ræða, að mínu mati, þar sem þetta er nokkuð sem við höfum ekki gert áður og þess vegna hefur það sennilega tekið þetta langan tíma. Ég get verið spennt eins og hv. þm. að vita hvað kemur út úr þessu og nú held ég að það séu mjög fáir dagar þangað til niðurstaða verður birt opinberlega.

Orkukostnaður lögbýla.

Fsp. EKG, 105. mál. — Þskj. 105.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á liðnu ári spurði ég hæstv. iðnrh. nokkurra spurninga sem tengjast stöðu lögbýla sem ekki eru tengd veitukerfum. Ástæðan var einfaldlega sú, eins og við vitum, að gífurleg hækkun hefur orðið á olíukostnaði sem hefur haft ýmislegt í för með sér eins og menn þekkja, fjölskyldurnar þekkja og fyrirtæki þekkja. En þó hefur einkanlega einn hópur orðið sérstaklega illa fyrir barðinu á þessu miklu hækkunum og það er sá hópur bænda sem býr við þær aðstæður að geta ekki keypt orku frá veitukerfum orkufyrirtækjanna og hefur ekki aðstöðu til þess að setja upp heimarafstöð og verður þess vegna að kynda upp með olíu.

Í svari hæstv. ráðherra kom fram að orkukostnaður býlis sem þyrfti að nota 32.800 kwst. við beina hitun væri 222 þús. kr. á ári á þessum tíma ef olía væri notuð til kyndingarinnar. Áætlaður kostnaður við að kaupa frá Rarik við sambærilega orkunotkun væri um 80 þús. kr. Mismunurinn væri því 140 þús. kr. eða rúmlega 10 þús. kr. á mánuði sem er auðvitað gífurlegur aukakostnaður og baggi fyrir þau býli sem um er að ræða. Hér er um að ræða 45 lögbýli. Ég hygg að 20 séu í ábúð en 25 í eyði, en hluti þessara svokölluðu eyðibýla er í ábúð hluta úr árinu. Ég varð var við mikil viðbrögð eftir að ég fór að hreyfa þessu máli á hv. Alþingi. Fjöldi fólks hafði samband við mig, bæði fólk sem bjó við þennan kost en einnig fólk sem rann til rifja sá mikli kostnaður sem leggst á þessi býli.

Ég fagnaði því mjög þegar hæstv. ráðherra lýsti því yfir við lok svars síns að hæstv. ráðherra hefði ákveðið að fela nefnd á vegum ráðuneytisins að kanna stöðu þessara mála og gera tillögur um aðgerðir vegna lögbýla sem ekki eru tengd veitukerfum orkufyrirtækjanna.

Vegna þess að ég tel að hér sé um að ræða knýjandi mál — mánuðirnir líða og orkukostnaðurinn hrannast upp — og vegna þess að hæstv. ráðherra brást við þessum áhyggjum mínum með svo jákvæðum hætti þá hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. iðnrh. hvað líði störfum þeirrar nefndar sem hún fól að kanna stöðu lögbýla sem eru ekki tengd veitukerfum orkufyrirtækjanna.

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á vegum nefndarinnar sem hv. fyrirspyrjandi minntist á í máli sínu hafa verið unnin drög að mögulegu fyrirkomulagi niðurgreiðslna á olíu til hitunar íbúðarhúsa. Miðað við þau drög er gert ráð fyrir að olíustyrkir nái til þeirra íbúðarhúsa sem ekki eiga kost á að tengjast raforkukerfi orkufyrirtækjanna. Umræðan í nefndinni er því ekki bundin við lögbýli eins og fram kemur í fyrirspurninni heldur er verið að fjalla um vanda allra þeirra íbúðareigenda sem kynda með olíu og ekki eiga kost á að tengjast raforkukerfinu. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok þessa mánaðar.

Þá vil ég einnig taka fram að í ráðuneytinu er nú unnið að smíði frv. til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar af almannafé. Stefnt er að því að leggja frv. fyrir Alþingi í næsta mánuði. Það er löngu tímabært að setja heildstæða löggjöf um jöfnun húshitunarkostnaðar, enda miklum fjármunum varið í því skyni. Verði tekin ákvörðun um greiðslu olíustyrkja, sem ég mun stefna að, er gert ráð fyrir að ákvæði þess efnis verði í hinu boðaða frv.

[15:17]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er hreyft afskaplega mikilvægu og stóru máli, þ.e. vanda þeirra býla sem kynt eru með olíu og eru ekki tengd rafdreifikerfinu. Rétt er að hafa í huga að mjög miklar framfarir hafa orðið varðandi tækni á sviði raforkuframleiðslu á síðustu árum, ekki síst í Evrópu og nefni ég sem dæmi að Danir eru leiðandi í veröldinni við að framleiða vindmyllur.

Kostnaður upp á 222 þús. kr. á ári til að kynda eitt býli eru yfir 2 millj. kr. á tíu árum. Í ljósi þeirra miklu framfara sem hafa orðið og nýrrar tækni sem komið hefur fram teldi ég mjög hyggilegt að líta til þeirra þátta svo sem vindmyllna á þessi einangruðu býli sem ekki tengjast kerfinu og megi nýta fjárfestinguna eða það fé sem fer til niðurgreiðslna til að koma slíku upp.

[15:18]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég tel að um mikið réttlætismál sé að ræða að þeir sem eiga engan kost annan en þann að kynda með olíu fái aðstoð við að halda þeirri kyndingu gangandi. Við sem höfum búið við það fyrirkomulag að kynda með olíu vitum hve dýrt það er rekstrarlega séð varðandi olíuna sjálfa og eins rekstrarskostnaðinn við olíukyndingar yfirleitt. Þetta er mjög óþægilegur kyndingarmáti sem getur verið mjög erfiður fyrir fólk að búa við.

Ég fagna því að hæstv. iðnrh. hefur ýtt á störf nefndar sem mun skila áliti um að þessir aðilar allir fái einhverja úrlausn og þar með verði málið leyst.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom í máli hæstv. ráðherra. Ljóst er að hæstv. ráðherra hefur brugðist mjög vel við frá því að þessu máli var fyrst hreyft hér á Alþingi með því í fyrsta lagi að beina málinu inn í þann farveg sem þegar var kominn í ráðuneytinu í þá nefnd sem er að vinna að þeirri endurskoðun sem fram kom, og síðan að nefndin er um það bil að ljúka verki sínu hvað þetta mál áhrærir sérstaklega. Ég tel það fagnaðarefni hversu hratt og vel hefur verið unnið að málinu.

Ég tek líka undir það með hæstv. ráðherra að vitaskuld þarf sú niðurgreiðsluleið sem hæstv. ráðherra var að boða að ná til allra íbúðareigenda en ekki bara á lögbýlum og það er auðvitað hárrétt athugasemd.

Ég neita því vissulega ekki að það er dálítið vandmeðfarið hvernig á að standa að styrkjum og niðurgreiðslum af þessu tagi og eins og kom fram þegar ég á sínum tíma mælti fyrir þessari fyrirspurn, fyrri fyrirspurninni sem liggur til grundvallar þessu máli hér, þá vakti ég athygli á að þetta mætti ekki leiða til þess að hvati myndaðist til þess að nýta olíu til húshitunar heldur fremur þegar um væri að ræða þá stöðu að fólk ætti ekki annan valkost en að nota olíuna, þá yrði reynt að koma til móts við slíka aðila.

Ég tel þess vegna að einboðið sé, eins og hæstv. ráðherra talar um, að málum varðandi niðurgreiðslu á orkukostnaði fólks sé skipað með heildstæðum hætti. Hér er um að ræða mikið réttlætismál. Um er að ræða mál sem snýr að lífskjörum fólksins á landsbyggðinni, ekki síst til sveita. Þess vegna er nauðsynlegt að staðið sé vel að þeim málum og ég fagna þeirri umræðu sem fór fram og þeim stuðningi sem kom fram við málið hjá þeim hv. þm. sem hér töluðu.

[15:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa málinu og eins þær undirtektir sem það hefur fengið hér. Ég held ég muni það rétt að 2% þjóðarinnar noti enn þá olíu til upphitunar og er það í sjálfu sér mjög lágt hlutfall miðað við það sem víða er, en aðrar þjóðir hafa svo sannarlega tekið eftir því hve vistvæn við erum á þessu sviði og er það ánægjulegt.

Hvað varðar það mál sem hv. þm. Hjálmar Árnason kom inn á með vindmyllurnar og að ef það þróaðist í þá átt að verða hagstætt efnahagslega, þá er að sjálfsögðu ekki útilokað að við það að breyta yfir í slíka vistvæna orku mætti horfa til þeirra aðila á svipaðan hátt og gert hefur verið þegar menn hafa farið yfir í hitaveitur. Eins hefur sú ákvörðun verið tekin að þeir sem hætta að taka niðurgreiðslur frá ríkinu vegna húshitunarkostnaðar en fara yfir í eigin framleiðslu í sambandi við bændavirkjanir fái að njóta svipaðrar fyrirgreiðslu og fái sem nemur fimm ára styrkveitingu í eingreiðslu. Mér finnst því að vindmylluþátturinn ætti að geta átt erindi þarna inn þegar að því kemur að hann verður raunhæfur, ef hann á annað borð reynist verða það.

Kynning á alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Fsp. ÖJ, 117. mál. — Þskj. 117.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Á árinu 1999 var varið 15 millj. kr. til kynningar á lögum um alþjóðleg viðskiptafélög. Árið eftir var aftur varið 15 millj. kr. til þessarar kynningarstarfsemi. Síðan var ráðgert að verja 10 millj. árið eftir og samkvæmt upplýsingum hæstv. viðskrh. til Alþingis hafði ríkisstjórnin á prjónunum 5 millj. fyrir árið 2003.

Samkvæmt fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna virðist hafa verið skrúfað fyrir þær fjárveitingar. Við fáum eflaust upplýsingar um það núna hjá hæstv. ráðherra.

Þetta er samstarfsverkefni Fjárfestingarstofunnar, viðskrn. og Verslunarráðs Íslands til að kynna lög nr. 31/1999. Um hvað fjalla þessi lög? Þau miða að því að laða til landsins erlend fyrirtæki með gylliboðum um lága skatta. Í stað þess að greiða 30% tekjuskatt eins og íslensk fyrirtæki gera skyldu þessi fyrirtæki greiða 5% tekjuskatt. Þau áttu ekki að greiða nein stimpilgjöld, þau áttu ekki að greiða neina eignarskatta. Menn gerðu ráð fyrir því að ef þetta yrði kynnt rækilega á erlendri grundu mundi það laða fyrirtæki til landsins.

Á vegum OECD hefur verið unnið að því að sporna gegn skaðlegri skattasamkeppni eins og það er kallað, að ríki sameinist um það sem kallað hefur verið eins konar „code of conduct", siðferðisþröskuld sem hamli gegn því að þau undirbjóði hvert annað í skattalegu tilliti. Hinn 26. júlí árið 2000 var samþykkt í ráðherraráði OECD skýrsla „Report on Progress in Identifying and Eliminating Harmful Tax Practices" þar sem m.a. er birtur listi yfir lög eða reglur ríkja sem geta hugsanlega talist fela í sér skaðlega skattasamkeppni. Á meðal þeirra laga sem komu til athugunar í þeirri nefnd eru umrædd lög sem íslenska ríkisstjórnin hefur varið tugum milljóna af skattfé til að kynna á erlendri grundu í samvinnu við Verslunarráð Íslands.

Nú er hæstv. viðskrh. spurður hvaða árangur hafi orðið af samstarfi viðskrn. og Verslunarráðs Íslands um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum.

[15:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, voru samþykkt á Alþingi 19. mars 1999. Voru fyrstu starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga gefin út í ágúst það ár. Alls hafa tíu félög fengið starfsleyfi sem alþjóðleg viðskiptafélög auk þess sem tvær umsóknir um starfsleyfi hafa nýverið hlotið jákvæða afgreiðslu af hálfu starfsleyfisnefndar. Má því eiga von á að tvö starfsleyfi til viðbótar verði veitt á næstunni. Enn eru að berast umsóknir um starfsleyfi jafnframt því sem ráðuneytið og starfsleyfisnefnd berast reglulega fyrirspurnir frá aðilum sem íhuga þetta félagsform.

Tiltölulega skammur tími er liðinn frá gildistöku laga nr. 31/1999 og helmingur stofnaðra félaga á minna en heilt starfsár að baki. Starfsemi flestra félaganna er því í mótun og er almennt ekki búin að taka á sig endanlega mynd. Því er of snemmt að segja til um það á þessari stundu hver ávinningur ríkissjóðs verður af þessum félögum í formi aukinna skatttekna.

Ég vil til viðbótar segja að það sem kom fram hjá hv. þm. er rétt að þessi lög hafa verið eitthvað til skoðunar hjá OECD og gildir það um margar aðrar þjóðir að lagasetning af þeirra hálfu hefur verið til skoðunar vegna þess að þar er áhugi fyrir hendi á að samræma lög á þessu sviði og eins má segja að ESA hafi haft einhverja svipaða tilburði uppi.

Þetta er það sem ég vildi að kæmi fram sem svar við fyrirspurn hv. þm.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég hreyfi þessu máli á Alþingi. Ég gerði það m.a. í fyrirspurn 10. nóvember á síðasta ári og þá svaraði hæstv. viðskrh., sá sami og nú svaraði, fyrirspurn minni svo, með leyfi forseta:

„Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, eru á meðal þeirra laga og reglna sem komið hafa til skoðunar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að lögin geti mögulega talist skaðleg. Þar ráði tveir þættir einkum úrslitum: Annars vegar hið lága skatthlutfall, þ.e. 5% samanborið við 30% almennt hlutfall. Hins vegar það að alþjóðleg viðskiptafélög

eru að hluta girt af gagnvart innlendri atvinnustarfsemi þar sem alþjóðleg viðskiptafélög mega ekki eiga hluti í innlendu fyrirtæki. Af hálfu OECD er ætlunin að fara nánar yfir listann og því er ekki ljóst hvað verður á endanlegum lista yfir lög og reglur sem fela í sér skaðlega skattasamkeppni."

Nú spyr ég hæstv. viðskrh.: Getur verið að íslenska ríkisstjórnin hafi haldið áfram að kynna þessi lög og reyna að laða fyrirtæki til landsins á meðan OECD telur það vera álitamál hvort þau standist þá grundvallarreglu sem menn vilja setja til að sporna gegn skaðlegri skattasamkeppni? Getur verið að ríkisstjórninni finnist sæmandi að fara fram með þessum hætti? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari skoðun hjá OECD? Ég ítreka þessa spurningu mína: Finnst hæstv. ráðherra að sæmandi og ríkisstjórninni að ganga gegn alþjóðlegri viðleitni til að setja þjóðunum einhverjar siðareglur í þessum efnum?

[15:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil að hér komi fram að ekkert stórkostlegt kynningarstarf hefur verið í gangi á þessu sviði. Þetta hefur fremur verið á þann veg að fyrirspurnum sem borist hafa (**ÖJ:** 40 milljónir.) hefur verið svarað. Verslunarráð sem hefur farið með það hlutverk samkvæmt samningi sem var í gildi en er nú runnin úr gildi vegna þess að hann var aldrei hugsaður til frambúðar.

Hvað varðar skoðun OECD þá er mér ekki kunnugt um að þaðan séu komin endanleg svör. Reyndar er það fjmrn. sem fer með málið, þ.e. kvartanir hafa borist þangað. Eins og ég segi þá hef ég ekki heyrt að þeim hafi borist endanleg svör frá OECD heldur er þetta vinna sem þar fer fram og nær til allra OECD-þjóðanna.

Það stóð til á síðasta vetri að leggja fram breytingu eða frv. til breytinga á þessum lögum. Eins og opinbert varð þá var það ekki gert. Það þýðir að lögin eru ekki þannig úr garði gerð að þau séu, ef mætti orða það þannig, nægilega fýsileg til að laða virkilega að erlend fyrirtæki. Mér sýnast því frekar minni líkur til framtíðar á að veruleg starfsemi verði á þessu sviði en verið hefur fram að þessu.

Lífríkið á Hornströndum.

Fsp. EKG, 103. mál. — Þskj. 103.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á 122. löggjafarþingi, veturinn 1997–1998, fluttu þingmenn Vestf. till. til þál. um tilraunaveiðar á ref og mink á friðlandinu á Hornströndum. Málið var ekki útrætt og var endurflutt ári síðar og þá hafði tillögugreininni verið breytt í samræmi við niðurstöðu meiri hluta umhvn. og hljóðaði þá svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar og takmarkaðar veiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Náttúrustofa Vestfjarða og Háskóli Íslands setji reglur um og hafi eftirlit með veiðunum og gefi ráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður um áhrif veiðanna. Tryggt verði að veiðarnar spilli ekki árangri þeirra rannsókna sem fram undan eru á refum á svæðinu."

Þetta mál fékk öllum að óvörum talsverða umfjöllun í þinginu. Því máli var þannig komið fyrir að undir hálfgerðum hótunum um ofbeldi og purkunarlitlum málþófshótunum tókst illu heilli að koma í veg fyrir að vilji meiri hluta umhvn. næði fram að ganga. Málið var því miður stoppað í meðförum þingsins og komst ekki lengra. Þetta gerðist þrátt fyrir að margir séu þeirrar skoðunar að núverandi ástand sé farið að valda tjóni á lífríkinu á Hornströndum. Menn hafa vakið athygli á því að sú staðreynd að ekki hafi verið staðið fyrir neinum veiðum á ref og mink í friðlandinu hafi valdið tjóni á lífríkinu á sjálfum Hornströndum en jafnframt hafa íbúar nærliggjandi byggða, bæði á Hornströndum og inni við Ísafjarðardjúp, vakið athygli á því að það hafi orðið gegndarlaus fjölgun á ref og mink í friðlandinu sem valdi búsifjum utan friðlandsins.

Enn hefur athygli okkar verið vakin á þessu í opinberri umræðu. Þess vegna brá ég á það ráð að spyrja hæstv. umhvrh. af þessu tilefni hvort hæstv. ráðherra telji tilefni til að bregðast við upplýsingum um að fjölgun refa og minka sé farin að hafa neikvæði áhrif á lífríkið í friðlandinu á Hornströndum.

[15:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Því er til að svara að umræðan um refi og minka í friðlandinu á Hornströndum hefur staðið um nokkurt skeið. Rætt hefur verið um að refir leiti út fyrir svæðið. Samkvæmt rannsóknum á vegum Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða árin 1998–2000 fjölgaði nokkuð grenjum í ábúð í friðlandinu á Hornströndum eftir að grenjavinnslu lauk þar árið 1994. Grendýr verja tiltekin svæði fyrir öðrum refum og kallast slík svæði óðul. Stærð óðala getur ekki farið niður fyrir ákveðin mörk sem ákvarðast af fæðuframboði á svæðinu. Þannig eru óðul á norðanverðum Hornströndum minni en Jökulfjarðamegin vegna þess að meira er um fuglabjörg og reka af ýmsu tagi að norðanverðu. Fjölgun grenja í ábúð virðist hafa gengið hratt fyrir sig og hætta árið 1999, fimm árum eftir friðun. Þannig er þar ekki, samkvæmt þessu, gegndarlaus fjölgun um þessar mundir heldur stöðugleiki. Jafnframt má gera ráð fyrir því að gelddýrum hafi fjölgað og flutningur refa út úr friðlandinu hafi aukist nokkuð.

Árið 1999 var gerð úttekt á því hvaða fuglategundir væri að finna í Hlöðuvík og Kjaransvík á Hornströndum og hverjar yrpu þar. Samanburður við svipaða könnun sem fram fór á sama svæði árið 1983 sýnir að á þessu hafði engin marktæk breyting orðið frá því að fyrri könnunin var gerð. Fjölbreytileiki fuglalífsins hafði sem sé ekki minnkað.

Refir eiga gott með að klifra og hika ekki við að fara út á þær syllur í fuglabjörgum sem þeim eru aðgengilegar. Þetta á jafnframt við um þær syllur sem helst eru aðgengilegar mönnum. Hafi refir náð að fækka bjargfuglum á viðkomandi syllum eða koma í veg fyrir að fuglarnir verpi þar hlýtur slíkt að vera sérstaklega áberandi fyrir þá sem leita eggja í björgum. Í ljósi stærðar þessara fuglabjarga, Hornbjargs og Hælavíkurbjargs, verður þó að teljast afar ólíklegt að afrán tófunnar skipti máli fyrir afkomu bjargfuglastofnanna.

Minkur hefur aldrei verið algengur í Hornstrandafriðlandi þótt hann sé að finna þar og minkaveiðar hafa aldrei verið miklar þar. Svæðið er harðbýlt og víða afar brimasamt að vetrarlagi, einkum að norðanverðu sem gerir minknum erfitt fyrir um fæðuöflun. Jafnframt er þekkt að refur hefur truflandi áhrif á fæðuöflun minka og fyrir kemur að refur drepi þá. Því er ólíklegt að mink hafi fjölgað þar eftir friðun þó að það hafi ekki verið sérstaklega rannsakað.

Hornstrandafriðland er einstakt í sinni röð og það er stærsta samfellda svæðið á Íslandi þar sem refir eru alfriðaðir. Jafnframt er það eina svæðið hérlendis þar sem telja má að stofnstærð refanna ráðist nær eingöngu af náttúrulegum aðstæðum á svæðinu.

Miðað við þær upplýsingar sem ráðherra hefur aflað sér frá þeim sem rannsakað hafa refi á Hornströndum, frá Náttúrustofu Vestfjarða og veiðistjóra, tel ég að svo stöddu ekki ástæðu til að bregðast við, enda ekki komnar fram neinar upplýsingar um verulega neikvæð áhrif af friðun refsins á viðkomandi svæði. Svar mitt er: Að að svo stöddu sé ekki ástæða til að grípa til neinna sérstakra aðgerða.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir skilmerkileg svör sem byggja á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið bæði af Páli Hersteinssyni og einnig af Náttúrustofu Vestfjarða sem ég hef haft möguleika á að fylgjast dálítið með.

Það sem stendur upp úr er m.a. að í þessum rannsóknum liggur fyrir að það hafi orðið veruleg fjölgun á refum í friðlandinu á þessum árum, fjölgun á grenjum í ábúð sem gekk hratt yfir eins og hæstv. ráðherra vakti athygli á, þó að vísindamenn virðist meta það svo að refafjöldinn sé kominn í jafnvægi.

Það kom líka fram að vegna þessara aðstæðna hafi flutningur refa út fyrir svæðið einnig aukist. Það kemur heim og saman við ástandið eins og því er lýst af heimamönnum. Mér finnst því að þessar rannsóknir hafi þar með rennt nokkrum stoðum undir sjónarmið þeirra sem hafa áhyggjur af vaxandi streymi vargsins út fyrir friðlandið sem leggist bæði á fuglalíf og annað dýralíf utan friðlandsins.

Hún kemur mér nokkuð á óvart, sú niðurstaða að ekki hafi orðið marktæk breyting á fjölbreytileika fuglalífs á þeim rannsóknarsvæðum í Hlöðuvík og Kjaransvík. Hins vegar liggur það líka fyrir, sem kom fram þegar menn fóru frá Ísafirði í bjarg núna sl. vor, að það leyndu sér ekki ummerkin eftir refinn. Hann hafði bókstaflega hreinsað heilu björgin af eggjum og fugli og eggjatakan varð því vart svipur hjá sjón.

Í ljósi þessa, virðulegi forseti, og ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið hjá hæstv. ráðherra um fjölgun refsins og lýsinga þeirra sem fóru í bjargið, að það sé ástæða til að fylgjast betur með þessu máli. Ég er sammála því sem hér hefur komið fram, að lífríkið á Hornströndum er alveg einstakt. Möguleikarnir fyrir okkur sem viljum njóta þess eru óendanlegir og þess vegna er mjög mikils virði að fjölbreytileiki lífríkisins viðhaldist þar um ókomna tíð.

[15:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég er sammála því að mikilvægt sé að fjölbreytileikinn haldi sér. Sumir hafa talað um að lífríkið eigi undir högg að sækja vegna refsins. Hins vegar er ekkert sem bendir til þess miðað við þær upplýsingar sem við höfum. Þó er sjálfsagt að menn fylgist áfram með refnum og lífríkinu á Hornströndum og þingið hefur komið myndarlega að því.

Náttúrustofan á Vestfjörðum hefur á síðustu árum, frá 1998 til dagsins í dag, fengið fjárveitingar til þessara rannsókna. Ég veit að hv. þm. Vestf. hafa staðið dyggilega við bakið á stofunni varðandi þau mál en 12,5 millj. hafa farið til rannsókna á lífríkinu á Hornströndum, þar á meðal til refarannsókna. Þess vegna búum við yfir þokkalegum upplýsingum þó að þær mættu að sjálfsögðu vera meiri og þeim fjölgar trúlega með tímanum.

Við sjáum ekki neitt sem bendir til þess að lífríkið eigi undir högg að sækja vegna refsins. Við sjáum heldur ekki að refurinn leggist mikið á lömb. Mér skilst að dánartíðni lamba hafi ekki aukist þarna í kring. Hins vegar hefur ref fjölgað almennt á Íslandi, um allt land. Það hefur sýnt sig að hærri framlög hafa farið til þess eiga við refinn um allt land. Við munum að sjálfsögðu fylgjast með þessum málum áfram en ég tel ekki ástæðu til, miðað við þær upplýsingar sem við búum yfir, að grípa inn í með aðgerðum að svo stöddu.

Skemmtanahald á útihátíðum.

Fsp. KolH, 107. mál. — Þskj. 107.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Í kjölfar útihátíða síðustu verslunarmannahelgar var mikil umræða í fjölmiðlum um útihátíðarmenningu þjóðarinnar og um það ástand sem skapaðist, ekki síst á svokallaðri Eldborgarhátíð þar sem saman voru komin um 8 þúsund manns.

Ýmsir aðilar funduðu um málið, t.d. þeir sem starfa á sviði vímuefnavarna og einnig þeir sem starfa í þágu fórnarlamba kynferðisofbeldis. Hæstv. dómsmrh. var meðal þeirra sem brugðust við og frá því var skýrt í fjölmiðlum 8. eða 9. ágúst að hún hefði ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem ætti að fara yfir reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Það er sannarlega ekki vanþörf á, eftir þær hremmingar sem fólk lenti í á þessum útihátíðum síðustu verslunarmannahelgar.

Það er auðvitað grafalvarlegt mál, herra forseti, þegar haldnar eru útihátíðir — sem við þekkjum öll að eru að hluta til fylleríssamkomur — þar sem ekki er gætt lágmarksheilbrigðisþjónustu og þar sem framdir eru ófyrirleitnir glæpir eins og þeir sem við fréttum af eftir síðustu verslunarmannahelgi, að menn byrluðu væntanlegum nauðgunarfórnarlömbum sínum smjörsýru til að auðvelda sér glæpina. Það að ekki hafi verið krafist almennilegrar aðstöðu fyrir heilbrigðisþjónustu á þessum hátíðum er skelfilegt að horfast í augu við.

Ég fagnaði í hjarta mínu þeirri ákvörðun hæstv. ráðherra að skipa starfshópinn sem ég nefndi í upphafi máls míns. Nú spyr ég hæstv. ráðherra frekar út í starf þessa hóps: Hvað líður störfum hans? Þegar um svo alvarleg mál er að ræða þá skiptir verulegu máli, herra forseti, að rétt og vel sé unnið, að þeir hópar sem til svona starfa veljast hafi skýrt upplegg og geti skilað af sér vinnu sem komi til með að gagnast þeim sem á þurfa að halda.

[15:46]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Eins og fram kemur í fyrirspurn hv. þm. hefur verið skipaður starfshópur til þess að fara yfir reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Taldi ég í ljósi þess ástands sem skapaðist um síðustu verslunarmannahelgi að þörf væri á að fara yfir gildandi lög og reglur er snerta útihátíðir.

Segja má að verslunarmannahelgin sé sérstakur fyrirbæri þrátt fyrir að í nokkrum nágrannalandanna séu langar helgar með mánudagsfríi yfir sumarmánuðina. Það er bæði

gömul saga og ný að fólki ofbjóði sú mikla ölvun og atgangur sem oft á sér stað á útihátíðum. Fréttaflutningur um gróf kynferðisbrot, líkamsárásir og fíkniefni er ekki nýr af nálinni.

Árið 1990 samdi starfshópur á vegum dómsmrn. viðmiðunarreglur um útisamkomur sem áttu að vera sýslumönnum til hliðsjónar í þessum málum. Þessar reglur eru að mörgu leyti góðra gjalda verðar en brýn þörf er á að endurskoða þær og móta nýjar og fastmótaðri.

Fréttaflutningur af atburðum síðustu verslunarmannahelgar fór ekki fram hjá neinum. Alls voru 17 skipulögð hátíðahöld í boði vítt og breitt um landið. Fjöldi þeirra kynferðisbrota sem tilkynntur var þessa helgi er mikið áhyggjuefni.

Í heimsókn minni á neyðarmóttöku vegna nauðgunar í vor var m.a. farið yfir stöðu og úrræði á kynferðisbrotamálum og þróun þeirra mála að undanförnu. Tilgangur þess fundar var m.a. sá að leiða saman sérfræðinga sem komu að málaflokknum og ræða leiðir til að bregðast við vandanum. Lýstu starfsmenn neyðarmóttökunnar yfir sérstökum áhyggjum yfir þeirri aukningu sem orðið hefur í hópnauðgunum. Er full ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun.

Ungur aldur og mikil áfengisneysla virðist einkenna þær aðstæður þar sem kynferðisbrot eru framin, en viðnám brotaþola er þá lítið eða ekkert. Vakti ég þá athygli á því að í nágrannalöndum okkar hefur m.a. verið brugðist við þessu með því að leggja meiri áherslu á misneytingarþátt kynferðisbrota og tel ég rétt að skoða það sérstaklega hér á landi. Mér þótti hins vegar gleðilegt að heyra að samstarf neyðarmóttökunnar og lögreglunnar hefur verið með ágætum og á skipulögðum grunni.

Í kjölfar verslunarmannahelgarinnar síðustu fundaði ég með fulltrúum lögregluyfirvalda og landlækni ásamt fulltrúum frá neyðarmóttöku og Stígamótum þar sem farið var yfir stöðu mála. Í framhaldinu ákvað ég að koma á fót faglegum starfshópi til þess að fara yfir þennan málaflokk. Var óskað eftir tilnefningu fulltrúa í áðurnefndan starfshóp frá embættum ríkislögeglustjóra og landlæknis, frá Stígamótum, neyðarmóttöku vegna nauðgana, Sýslumannafélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Enn fremur mun fulltrúi dómsmrn. eiga sæti í starfshópnum og stýra starfi hans.

Auk þeirra sem skipa starfshópinn munu fleiri aðilar koma að starfi hópsins með einum eða öðrum hætti. Er starfshópnum ætlað að samræma enn frekar en nú er samstarf þeirra aðila sem koma að lög- og heilsugæslu á útihátíðum. Við það er miðað að starfshópurinn skili af sér skýrslu þar sem fram komi m.a. tillögur um framtíðarfyrirkomulag þessa málaflokks.

Undanfarið hefur innan ráðuneytisins verið unnin undirbúningsvinna vegna þessa starfshóps þar sem m.a. hefur verið aflað gagna erlendis frá. Verður að telja eðlilegt að vel sé vandað til undirbúnings, enda um víðfeðmt verk að ræða. Áætlað er að hópurinn muni koma saman til fundar þann 12. október næstkomandi og að vinnu hópsins muni ljúka á vormánuðum.

Herra forseti. Því miður hafa hátíðahöld verslunarmannahelganna verið dýru verði keypt fyrir marga og því tel ég nauðsynlegt að útihátíðahald verði tekið til endurskoðunar og fært í fastari skorður. Telja verður að meiri hluti þeirra útihátíða sem jafnan eru í boði ár hvert fari vel fram. Mikið er t.d. um vel skipulagðar fjölskylduhátíðir og er það vel.

Þá má einnig nefna að þjóðhátíðin í Vestmannaeyjum á sér t.d. ríka hefð en upphaf hátíðarinnar er raunar rakin til ársins 1874 þegar Vestmanneyingar komust ekki vegna veðurs á þjóðhátíð sem haldin var á Þingvöllum til að minnast 1000 ára byggðar Íslands. Þess í stað héldu þeir eigin þjóðhátíð í Herjólfsdal.

Margoft hefur heyrst það viðhorf að skipulagðar útihátíðar af því tagi þar sem unglingum er safnað saman til margra sólarhringa drykkju með öllum þeim vandamálum sem slíkt hefur í för með sér eigi ekki að láta viðgangast. Á móti má benda á að ef engar útihátíðir væru skipulagðar mundu unglingarnir samt sem áður safnast saman og neyta áfengis. Væru unglingarnir þá án eftirlits, aðhlynningar og öryggis sem þeir búa við á vel skipulagðri hátíð.

Ég vil að lokum enn fremur benda á að ég hef óskað eftir því við embætti ríkislögreglustjóra að gerð verði ítarleg úttekt á valdheimildum lögreglu á útihátíðum og hvort þörf sé á breytingum í þeim efnum.

[15:51]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka upp þetta mál og dómsmrh. fyrir snögg viðbrögð eftir verslunarmannahelgina og þau svör sem hún hefur gefið hér. Ég held að öllum sé ljóst að ákveðin kaflaskil hafi orðið í útihátíðahaldi um síðustu verslunarmannahelgi. Það voru óhuggulegar lýsingar á aðbúnaðinum sem unglingunum var boðið upp á. Rusl lá á víðavangi og salerni voru illa þrifin og slíkt og almennt taumleysi ríkti.

Alvarlegasta hliðin á þessu máli var fjöldi nauðgana og annarra ofbeldisverka sem komu upp á þessum hátíðum og þeim aðferðum sem var beitt við ofbeldisverkin. Það er eins og að senda börnin sín á hættusvæði að leyfa þeim að fara á þessar útihátíðir. Ég held að tímabært sé að foreldrar sammælist um að setja ákveðnari reglur um aldurstakmark barna sem fá að fara á útihátíðir af þessu tagi og það er nauðsynlegt, eins og kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að setja ákveðnari reglur frá hendi stjórnvalda um þessi mál.

[15:53]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég vil líkt og aðrir þakka fyrir fyrirspurnina. Ég held að það sé mjög mikilvægt í þessu sambandi og í því ljósi, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, að starfshópurinn á að skila í vor, að gripið verði hratt og örugglega til aðgerða af því að það má aldrei gerast aftur sem henti á sumum útihátíðum í sumar, þ.e. skelfilegir glæpir í tugatali, nauðganir og hópnauðganir á unglingsstúlkum. Herra forseti. Það þarf að verður að grípa til allra hugsanlegra ráða eða bragða til þess að reyna að stemma stigu við þessu og ekki síst breyta hugarfarinu þannig að fólk skundi ekki á úti- og skemmtihátíðir með það í huga að fremja glæpi.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin og þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni. Það er alveg ljóst að hér er um skelfilega og alvarlega hluti að ræða. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að halda þessum starfshópi það vel að verki að niðurstaða hans liggi fyrir sem allra fyrst þannig að þær reglur sem koma til með að verða endurnýjaðar verði endurnýjaðar með góðum fyrirvara fyrir næstu verslunarmannahelgi. Eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði þá megum við aldrei horfa aftur upp á hátíðir á

borð við þá sem haldin var á Eldborg eða þær hátíðir sem haldnar voru um síðustu verslunarmannahelgi.

Tilkynntar voru hátt á annan tug nauðgana eftir þá helgi og enn eru að koma inn, herra forseti, tilkynningar um nauðganir sem áttu sér stað um verslunarmannahelgina síðustu. Þær eru svo sannarlega ekki allar komnar fram og þær verða ekki allar tilkynntar. Það verður að taka fljótt og vel á málum eins og talað hefur verið um því að það er ekki eðlilegt að á útihátíðum verslunarmannahelgarinnar skuli hátt í 200 manns þurfa að leita sér læknis vegna annars en þess sem hægt er að laga með plástri eða kremi. Gífurlegt ofbeldi fer fram á þessum hátíðum og það er virkileg þörf fyrir að taka fast á. Mér sýnist að hæstv. dómsmrh. hafi skipað í þennan starfshóp fólk sem við treystum auðvitað vel til verka. Ég er sannfærð um að þessi hópur getur skilað öflugri niðurstöðu. En það skiptir verulegu máli að henni verði fylgt fast eftir og ef þarf að breyta lögum til þess að koma lögum yfir menn sem stunda hópnauðganir þá þarf að gera það á þessu þingi. Svona mál, herra forseti, þarf að vinna hratt og örugglega.

[15:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og þingmönnum fyrir þessa umræðu. Eins og fram kom í fyrri ræðu minni er starfshópnum ætlað að samræma enn frekar en nú er samstarf þeirra aðila sem koma að lög- og heilsugæslu á útihátíðum.

Hópurinn mun hafa víðtækt samráð við ýmsa aðila. Ég get nefnt m.a. Barnaverndarstofu, umboðsmann barna, samkomuhaldara og félagasamtök sem láta sig málefnið varða.

Þá vil ég líka geta þess að eins og menn þekkja er mikill viðbúnaður hjá lögreglu um hverja verslunarmannahelgi og fíkniefnalöggæsla mikil um land allt. Má þar sem dæmi nefna að allmargir fíkniefnaleitarhundar eru notaðir við löggæslu um þessa helgi og nýtur lögreglan einnig liðsinnis tollgæslu í þessu skyni. Þá eru á ferðinni teymi lögreglumanna sem öll hafa fíkniefnaleitarhund meðferðis. Þessi teymi eru hreyfanleg milli lögregluumdæma um allt land og falla undir lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Þetta er viðbót við aðra löggæslu og er það vel.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu þá eru kynferðisbrot alvarlegustu brotin sem framin eru á útihátíðum. Oft kemur fram gagnrýni á hve fá mál eru kærð miðað við þau mál sem tilkynnt eru. Í áðurgreindum starfshópi verður sérstaklega farið ofan í þennan blett á þjóðfélaginu með því að samþætta enn betur samstarf lögreglunnar og heilsugæslunnar sem starfar á útihátíðum.

Oft og tíðum er því miður ekki vitað hvern á að kæra. Enginn er til frásagnar um það hver hafi verið að verki eða ekki er hægt að bera kennsl á brotamann eftir mjög stutt kynni. Auðvelt er að hvefa í fjöldann á útihátíðum þar sem mörg þúsund manns eru saman komin kannski í niðamyrkri. Oft koma kærur inn mörgum mánuðum eftir útihátíðir og þá er erfiðara að rannsaka málin.

Þá vil ég aftur minna á þá staðreynd að ungur aldur og mikil áfengisneysla virðist einkenna aðstæður þegar kynferðisbrot eru framin þar sem viðnám brotaþola er þá lítið eða ekkert. Þá má einnig nefna til sektarkennd brotaþola.

Í lokin vil ég segja það, herra forseti, að starfshópnum er ætlað að leita leiða til að sporna við ýmsum neikvæðum hliðum þessara skemmtana, bæði með nánara samstarfi þeirra aðila sem helst koma að þessum hátíðum og öruggara skipulagi þeirra, og má í því samhengi líka skoða enn frekar auknar kröfur til skemmtanahaldara. Bind ég vonir við að starf nefndarinnar muni skila árangri í þessum efnum.

Fundi slitið kl. 15:58.

---

9. FUNDUR

fimmtudaginn 11. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2001, stjfrv., 128. mál, þskj. 128. — 1. umr.
2. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 115. mál, þskj. 115. — 1. umr.
3. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 132. mál, þskj. 132. — 1. umr.
4. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 136. mál, þskj. 136. — 1. umr.
5. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 137. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Átak til að lengja ferðaþjónustutímann, 139. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 139.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 142. mál, fsp. MF, þskj. 142.

Rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru, 143. mál, fsp. ÁHösk, þskj. 143.

Umferðarlög, 140. mál, frv. HjÁ og VE, þskj. 140.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, 120. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 120.

Umræður utan dagskrár.

Kjaramál sjúkraliða.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um kjaramál sjúkraliða. Málshefjandi er hv. 13. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, en hæstv. fjmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við höfum oft deilt um það hér í þingsölum hvort nægjanlegu fé sé varið til heilbrigðisþjónustunnar og oft hafa ýmsir þættir heilbrigðiskerfisins verið gagnrýndir, ekki að ástæðulausu. En þegar á heildina er litið erum við stolt af heilbrigðisþjónustunni og almennt held ég að hægt sé

að fullyrða að það fólk sem hefur þurft að reiða sig á þessa þjónustu vegna alvarlegra sjúkdóma ber henni vel söguna. Kerfið býr þannig vel að okkur þegar á heildina er litið.

En hvernig búum við að því fólki sem ber þessa þjónustu uppi? Hvernig launum við sjúkraliðanum sem daga og nætur situr við hlið sjúklings á gjörgæsludeild? Hver eru launakjör þeirrar stéttar sem við höfum mest af að segja, mest bein samskipti við þegar við leggjumst inn á sjúkrahús? Hvernig launum við þeim einstaklingi? Eða eigum við að orða þetta öðruvísi: Hvernig launum við þeim einstaklingi sem við köllum að sjúkrabeðinum okkur til halds og trausts jafnt að nóttu sem og degi?

Byrjunarlaun sjúkraliða eru 89.173 kr. Hæst geta grunnlaunin orðið 139 þús. kr. og þau laun fá aðeins örfáir einstaklingar í stéttinni. Hér erum við að tala um stétt sem almennt hefur náð miklum starfsaldri, meðallengd ráðningarsambands eru rúmlega 16 ár. Meðalgrunnlaun sjúkraliða eru 117 þús. kr. Þetta er stétt sem við ætlumst til að sé reiðubúin til starfa að nóttu sem degi alla daga ársins, helga daga jafnt sem virka daga, um jól og páska, því allar stundir þarf að manna sjúkragangana. Ég er sannfærður um að öll gerum við okkur grein fyrir því að þessi störf eru bæði andlega og líkamlega slítandi. Það á að launa þessi störf vel. Ég spyr þá sem aðeins geta hugsað á markaðsvísu á grundvelli framboðs og eftirspurnar: Er það ekki umhugsunarvert að 100 sjúkraliðar skuli nú hafa sagt upp störfum og að fleiri séu á útleið? Er það ekki umhugsunarvert að meðalaldur í stéttinni, sem fyrir 10 árum var ekki hár, skuli nú kominn í 48 ár og stefnir upp á við? Er það ekki umhugsunarvert og jafnframt áhyggjuefni að ungt fólk skuli ekki lengur koma til starfa í þessari undirstöðustétt heilbrigðisþjónustunnar?

Ef vel ætti að vera þyrftu laun sjúkraliða að tvöfaldast en sú lágmarkskrafa sem við hljótum að gera er að við samningaborðið verði teknar alvarlega réttmætar ábendingar stéttarinnar um hvernig dregið hefur í sundur með sjúkraliðum og öðrum stéttum. Í þessu sambandi hafa sjúkraliðar bent á kjaraþróun lögreglumanna, tollvarða og einnig hefur verið vísað inn í heilbrigðiskerfið sjálft.

Í ársbyrjun 1998 námu grunnlaun sjúkraliða 81% af launum hjúkrunarfræðinga. Núna er þetta hlutfall komið niður í 67%. Hjúkrunarfræðingar eru vel komnir að sínum launum og mættu þau vera miklu hærri. En ég spyr: Hvers eiga sjúkraliðar að gjalda? Hvers vegna er þeim þröngvað út í verkfallsátök sem allir vildu vera lausir við? Hvers vegna er ekki þegar í stað gengið til samninga á grundvelli réttmætrar kröfugerðar sem þessi stétt hefur reist?

Um næstu mánaðamót er liðið eitt ár síðan samningar losnuðu. Við höfum ekki efni á að bíða deginum lengur eftir að þessi deila verði leyst. Nú er þeirri beiðni, þeirri ósk og kröfu beint til hæstv. fjmrh. að hann gangi þegar í stað til móts við sjúkraliða og forði heilbrigðiskerfinu frá frekari vandræðum en þegar hafa skapast. Fyrirsjáanleg eru enn þá meiri vandamál ef ríkisstjórnin er ekki reiðubúin að sýna raunsæi og sanngirni í þessari kjaradeilu.

[10:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil út af fyrir sig þakka hv. framsögumanni fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi með tiltölulega málefnalegum hætti þó ég sé þeirrar skoðunar, að því er þessa deilu varðar eins og aðrar kjaradeilur, að þær leysist ekki í sölum Alþingis heldur við samningaborðið sem er ekki að finna í þessum sal.

Ég vil byrja á því að segja, herra forseti, að ég tel að sjúkraliðastéttin sé afskaplega mikilvæg starfsstétt í þjóðfélaginu. Þetta er stétt sem sinnir mikilvægum líknar-, hjálpar-, umönnunar- og hjúkrunarstörfum sem ekki ber að vanmeta. Ég ber mikla virðingu fyrir starfi sjúkraliðans.

En það er með þessa kjaradeilu eins og aðrar að það verða báðir að leggja sig fram um að reyna að semja og ríkisvaldið verður auðvitað að hafa til hliðsjónar þá samninga sem það hefur gert við aðra starfshópa og það verður líka að hafa til hliðsjónar það sem fyrir liggur af öðrum samningsvettvangi. Sjúkraliðar starfa víðar en hjá ríkinu. Það eru til að mynda sjúkraliðar í bæjarstarfsmannafélögum víða um landið. Eg held að það séu eitthvað í kringum 70 sjúkraliðar í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar og þeir hafa fyrir löngu samið við sína vinnuveitendur og gert svokallaða aðlögunarsamninga á grundvelli kjarasamninganna frá 1997. Ég er hræddur um að menn verði líka að gefa gaum að slíkum fordæmum sem samið hefur verið um annars staðar á kjaravettvangnum.

Nú er staðan því miður sú að Sjúkraliðafélagið er eina stéttarfélagið sem semur við ríkið sem ekki hefur gert kjarasamning í þessari lotu. Það er eina félagið sem er eftir af aðildarfélögum BSRB eða annarra samtaka og er mjög miður að þetta skuli hafa dregist með þessum hætti. Það er fyllsta ástæða til að harma það en ég hafna því að þar sé eingöngu ríkisvaldinu um að kenna. Er það eingöngu ríkisvaldinu að þakka að það er búið að semja við öll hin félögin? Auðvitað er það ekki þannig. Auðvitað er þetta þannig að tveir aðilar koma að þessu samningaborði og báðir verða að leggja sig fram.

Við höfum lagt áherslu á tvennt í þessu máli, bæði það að kostnaðaráhrifin af þessum samningum yrðu sambærileg við áhrifin af samningum við aðra. Þar með er ekki endilega sagt að launahækkanirnar í prósentum eða launatölurnar sjálfar eigi að vera nákvæmlega eins. Kostnaðaráhrifin eru það sem við viljum leggja áherslu á og svo hitt að dregið verði úr miðstýringunni í samningnum og hann verði í meira mæli fluttur yfir til stofnananna sem viðkomandi starfsmenn vinna hjá, að það verði meiri áhersla lögð á svokallaða stofnanasamninga.

Enn sem komið er hefur ekki tekist að finna flöt á þessu og því miður er það svo að Sjúkraliðafélagið hefur haldið sig við sína upphaflegu kröfu, um mjög mikla hækkun grunnlauna. Ef eitthvað er hefur sú krafa verið ítrekuð og endurtekin upp á síðkastið, þegar maður hélt satt að segja að það væri eitthvað farið að miða í deilunni milli samningsaðila.

Ég geri mér auðvitað vonir um að það takist að ná landi í þessari kjaradeilu sem fyrst. Ég held að það sé mjög mikilvægt, eins og hv. framsögumaður undirstrikaði, ekki bara fyrir fólkið sem nýtur þjónustu þessara starfsmanna og stofnananna sem sjúkraliðarnir vinna hjá, sem þurfa að geta rekið sína starfsemi í friði og í þokkalegu góðu trausti þess að starfsemin rofni ekki eða slitni, heldur er það líka mikilvægt fyrir sjúkraliðana sjálfa að komist verði að niðurstöðu í þessu máli. Þess vegna hafna ég því að ríkið, fjmrn. eða fjmrh. hafi þröngvað sjúkraliðum út í verkfallsátök, eins og framsögumaðurinn komst að orði. Ég hafna því algerlega um leið og ég vil skora á viðsemjendur okkar, sem eiga fulltrúa sína hér uppi á pöllum, að ganga heils hugar að þessu verki með það fyrir augum að ljúka samningum. En þá verða báðir aðilar auðvitað nokkuð á sig að leggja eins og ævinlega í slíkum samningum.

[10:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Samningar sjúkraliða hafa verið lausir frá 1. nóvember í fyrra eða í tæpt ár. Þann tíma hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar haldið þeim í kjaraprísund. Ég tek undir að það er mjög mikilvægt fyrir alla, ekki síst fyrir velferðarkerfið, að þessi deila verði leyst sem fyrst. Sjúkraliðum hefur verið boðið upp á smánarlaun fyrir þeirra erfiðu og verðmætu störf. Laun þeirra hafa dregist verulega aftur úr viðmiðunarstéttum, svo sem lögreglumönnum, tollvörðum og hjúkrunarfræðingum. Krafa þeirra er að sá mikli munur verði jafnaður. Það er sanngjörn krafa.

Stjórnvöldum ber einnig að standa við alþjóðasamþykktir um sömu laun karla og kvenna fyrir jafngild störf. Krafa sjúkraliða er að byrjunarlaun þeirra verði sambærileg við laun tollvarða og lögreglumanna. Í dag fá sjúkraliðar minna en 90 þús. kr. í byrjunarlaun.

Einn stærsti vandinn í heilbrigðisþjónustu okkar er mannaflaskorturinn. Við honum verður að bregðast. Það verður ekki gert nema með því að meta störfin að verðleikum og greiða fyrir þau mannsæmandi laun. Öldruðum mun fjölga og þörfin fyrir hjúkrun og umönnun þeirra og annarra mun aukast. Það kallar á fleiri hendur til þeirra starfa.

Þær eru áhyggjuefni og sláandi niðurstöðurnar úr viðhorfskönnun Sjúkraliðafélagsins, að yngsta fólkið sem útskrifast skilar sér ekki inn í greinina. Það fer í önnur og betur borguð störf. Fjöldi sjúkraliða hefur gefist upp á þeim smánarkjörum sem þeim eru boðin. Stéttin er að deyja út. Það er vanvirðing af hálfu ríkisstjórnarinnar við hin verðmætu störf sjúkraliða og við sjúklinga sem þurfa á þjónustu þeirra að halda að sjúkraliðar neyðist enn á ný til að beita verkfallsvopninu til að knýja fram kjarabætur.

[10:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hlýt sem ráðherra heilbrigðismála að hafa miklar áhyggjur af þróuninni í kjaradeilu ríkisins og Sjúkraliðafélags Íslands sem óhjákvæmilega hefur veruleg áhrif á heilbrigðisþjónustuna í landinu. Það er vilji minn að hægt verði að halda uppi öflugri heilbrigðisþjónustu alls staðar á landinu til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Til þess að svo megi verða verðum við að hafa ánægt starfsfólk.

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að gæði þjónustunnar ákvarðast fyrst og fremst af starfsfólkinu sem veitir þjónustuna, hvort sem það eru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar eða ófaglærðir. Ég tek undir það að hlutverk sjúkraliða er afar mikilvægt í heilbrigðisþjónustunni. Þetta vita allir sem njóta þessarar þjónustu, ekki síst þeir sem þarfnast umönnunar þegar heilsan hefur gefið sig vegna aldurs eða sjúkdóma.

Að sjálfsögðu eru það ekki eingöngu launin sem skapa góða starfsaðstöðu og ánægju á vinnustað þó að ég dragi síður en svo úr mikilvægi þeirra. Ráðuneytið vill stuðla að góðu samstarfi við heilbrigðisstarfsfólkið og leggur áherslu á að skoða allar þær leiðir með sjúkraliðum sem geta leitt til lausnar á þessari deilu. Ég veit að mikil vinna hefur verið lögð fram af hálfu Sjúkraliðafélags Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss við gerð stofnanasamnings og hefur ríkt góður samstarfsandi milli aðila. Þessari vinnu lýkur ekki endanlega fyrr en ljóst hefur verið um innihald miðlægs kjarasamnings. Það er von mín að við gerð stofnanasamninga verði hægt að aðlaga launakerfi sjúkraliða betur að þeim störfum og aðstæðum sem sjúkraliðar starfa við um allt land. Það er einlæg ósk mín og von að aðilar nái hið fyrsta samkomulagi sem þeir geta báðir sætt sig við eins og gengur í kjarasamningum í landinu.

[10:46]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Allir sem hafa komið nálægt kjarasamningum þekkja að samanburður er það sem knýr þá áfram. Þeir sem fara fram með launakröfur hafa alltaf rétt fyrir sér vegna þess að þeir eru alltaf með samanburð. Þannig hefur það alltaf gengið og þannig mun það alltaf ganga.

Ég efast ekkert um að það sé rétt með farið að hjúkrunarfræðingar hafi hækkað meira en einhverjir aðrir o.s.frv. En spurningin er um það hver á ekki að hækka. Eiga ófaglærðir að hækka? Auðvitað er það þannig. Auðvitað gera menn kröfur. Auðvitað munu læknar koma í vetur. Þeir munu berjast fyrir sínu réttlæti. Þeir munu gera sínar kröfur. Þannig er þetta.

Það er alveg víst að það er miklu auðveldara um að tala en í að komast, að semja um kjör fólks. Það er mjög erfitt og mjög lýjandi starf. Og ég fullyrði að Alþingi kemur ekki til neinnar hjálpar, það er engin hjálp að umræðu hér utan dagskrár um kjaramál. Það er bara þannig. (**ÖJ:** Á bara að þegja málið í hel?) Það er ekki verið að hjálpa því fólki sem er í því erfiða starfi að ná samningum. Ég þekki það og hv. 13. þm. Reykv. á að þekkja það líka. Þetta er vandaverk og menn leggja sig mjög fram. Þeir sem standa fyrir utan slíkt og koma og ræða í púlti Alþingis um þessa hluti leggja málinu ekki lið. Þeir eru bara til trafala, þeir eru bara til að gera þetta erfiðara. (**ÖJ:** Á hvern hátt vill hv. þm. leggja málinu lið?) Þannig leggja menn málum lið, að láta það góða fólk sem um samningana fjallar, vera í friði. Þannig vinna menn best.

[10:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að stundum er brýnt að koma með athugasemdir en best er að gera það í ræðutíma sínum.

[10:48]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Uppsagnir sjúkraliða eru mikið áhyggjuefni, en það eru ýmsar aðstæður í vinnuumhverfi sjúkraliða sem þarf að taka tillit til við lausn kjaradeilunnar. Sjúkraliðar eru nær eingöngu konur. Vinnan getur verið mjög erfið, og eykur vaktavinnan enn frekar á það álag sem er í vinnunni. Sjúkraliðum býðst alla starfsævi fátt annað en vaktavinna. Og þegar konur eldast hlýtur viðvarandi vaktavinna að vera mjög slítandi enda er mikið brottfall úr stéttinni eftir að sjúkraliðar hafa náð 50 ára aldri. Nýliðun ungra sjúkraliða er mikið áhyggjuefni enda skila þeir sér ekki inn í umönnunarstörfin að loknu námi heldur leita í önnur og betur launuð störf.

Starfsemi heilbrigðisstofnana hefur orðið fyrir mikilli röskun. Hún hefur verið mismunandi eftir sjúkrahúsum en hún verður viðvarandi ef þessi kjaradeila leysist ekki hið fyrsta. Hætt er við að fleiri sjúkraliðar en nú þegar hafa sagt upp störfum hverfi úr umönnunarþjónustunni í betur launuð störf. Eins og fram hefur komið hafa um 100 sjúkraliðar þegar hætt og óljóst hvort þeir muni hverfa til starfa sinna aftur.

Ef taka má mið af launaþróun karla og kvenna í sambærilegum störfum undanfarna áratugi mega kvennastéttir eins

og sjúkraliðar bíða næstu þrjár kynslóðir eftir launajafnrétti. Er það samkvæmt jafnréttisáætlun? Er það ásættanlegt?

[10:50]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér um kjaramál sjúkraliða sem sinna erfiðum störfum og standa vaktina allan sólarhringinn meira og minna. Hins vegar finnst mér mjög varasamt, herra forseti, að verið sé að færa kjarasamninga inn í sali hv. Alþingis. Annars vegar situr hv. frummælandi sem annar aðilinn að deilunni og hins vegar situr hæstv. fjmrh. sem hinn aðilinn. Þetta er náttúrlega ekki nægilega gott, herra forseti.

Í kjarasamningum koma iðulega fram villandi upplýsingar. Menn tala um byrjunarlaun, dagvinnulaun o.s.frv. sem gefa oft og tíðum afskaplega lélega mynd af heildarlaunum viðkomandi stéttar. Og þetta er gert vísvitandi. Nú er ég ekki að segja að þær tölur sem hér hafa verið nefndar séu mjög villandi. En það er alveg öruggt að laun sjúkraliða eru hærri en þetta, sem og annarra stétta.

Herra forseti. Það gleymist alltaf hver borgar. Öll laun opinberra starfsmanna eru greidd með sköttum almennings í landinu, sköttum annarra launþega. Svo eru það ekki bara launin sem við erum að fjalla um, við erum líka að fjalla um lífeyrisskuldbindingarnar. Og þær hafa hækkað um 100 milljarða, herra forseti, á síðustu fimm árum, sem gera 5 millj. á hvern einasta starfandi opinberan starfsmann. Það er búið að hækka laun þeirra, hækka eignir þeirra um 5 millj. Og þetta skuldar restin af þjóðinni því að enn á eftir að gera upp 140 milljarða til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem gera yfir milljón á hvern einasta vinnandi Íslending.

Laun opinberra starfsmanna hafa hækkað umtalsvert umfram önnur laun undanfarin ár þannig að við þurfum að horfa á þessa deilu, sem er síðasta deilan í þessari lotu eins og hæstv. fjmrh. nefndi, í því ljósi. Ég bið menn um að horfa líka til lífeyrisréttarins sem enginn virðist meta og síst af öllu opinberir starfsmenn.

[10:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Forseti. Hvernig má það vera að eilíft sé logandi eldur á milli ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og starfsstétta ríkisins sem semja þurfa um kjör sín? Það er friður á almennum vinnumarkaði þar sem menn umgangast af virðingu en hjá ríkinu hirða menn ekki um að ræða við fólk sem er með lausa samninga. Hér er beðið um frið til þess að ræða saman og haft um það orð að hér séu rædd alvarleg samfélagsmál inni á þingi. Og 5. þm. Vestf. segir: Megum við fá frið til að ræða saman? Ég ætla að benda á að samningar hafa verið lausir frá 1. nóvember í fyrra, í heilt ár. Skyldi hafa verið friður til að ræða saman?

Og er það til umhugsunar að umönnunar- og uppeldisstéttir hafa með hörku þurft að sækja rétt sinn til flokks allra stétta — og það kjörorð er nú orðið háðulegt öfugmæli — er það alvarlegt umhugsunarefni fyrir fólk? Ég segi já, af því að það stefnir í flótta úr umönnunarstörfum. Ætlum við að una því? Ég segi nei.

Stefnum við hraðbyri í sömu þróun og sums staðar annars staðar, að fólk erlendis frá sem sækir okkur heim til að lifa með okkur í velferðarríkinu sitji uppi með þungu umönnunarstörfin illa launuð? Ætlum við þangað eða ætlum við að burðast við að jafna leikinn í þessu samfélagi?

Hverjir hafa svo verið að leita réttar síns við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og þurft að grípa til óyndisúrræða? Fyrst og fremst fagstéttir sem eru að meiri hluta konur. Kvennastéttir dragast aftur úr. Jafnrétti á launamarkaði er að verða jafnfjarlægur draumur og á áttunda áratugnum þegar konur risu upp gegn óréttlætinu.

Og nú eru sjúkraliðar í verkfalli. 100 hafa sagt upp. Þær hafa dregist aftur úr og allir vita það. Þær bera sig saman við karlastéttir og vilja að kjör stétta séu skoðuð. Komum okkur nú að verki.

[10:55]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 13. þm. Reykv. Ögmundi Jónassyni fyrir að vekja máls á þessari mjög alvarlegu kjaradeilu sem staðið hefur allt of lengi eða í eitt ár eins og komið hefur fram hér í umræðunni.

Sjúkraliðar eru mjög mikilvæg starfsstétt eins og reyndar aðrar stéttir innan heilbrigðiskerfisins. Það sem er mjög alvarlegt í kjaradeilu eins og þessari er að hún bitnar í raun og veru á röngum aðilum, þ.e. á aðilum sem síst skyldi, *sjúklingum. Það er mjög alvarlegt mál.*

Umönnunarstörf í landinu eru of illa launuð og það er vissulega áhyggjuefni. En við megum ekki gleyma því að kjaradeila eins og þessi leysist ekki hér í þingsal. Langt í frá. Þess vegna hvet ég samningsaðila til þess að slíðra sverðin og leysa kjaradeiluna sem allra fyrst. Og ég veit að það er vilji til þess bæði í ríkisstjórninni og hjá sjúkraliðum.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var að þessu sinni hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem var hér í hinu klassíska hlutverki þingmanna Sjálfstfl. og stjórnarliðsins að ónotast út í það að mál af þessu tagi séu rædd á Alþingi. Auðvitað vill Sjálfstfl. ekki að athygli sé vakin á þessari deilu hér á Alþingi. Og auðvitað vill Sjálfstfl. helst að fjölmiðlar þegi um þetta verkfall þannig að athygli þjóðarinnar sé ekki dregin að smánarlegum launum sjúkraliða og því ófremdarástandi sem skapast vegna verkfalls þeirra. Og allra síst vill Sjálfstfl. að þetta sé rifjað upp á þeim degi sem hann ætlar að setja glanshátíðina miklu, landsfund sinn.

En sem betur fer, herra forseti, er ekki svo komið enn þá að við þurfum leyfi Sjálfstfl. til að taka upp mál hér á Alþingi, því ráðum við sjálf sem hingað erum kjörin. Og það er eðlilegur hlutur og sjálfsagður að athygli sé dregin að því ástandi sem þarna er að skapast. Og ég fullyrði að það hefur hjálpað í kjaradeilum sambærilegra stétta á undanförnum mánuðum að athygli væri vakin á málum þeirra hér inni á þingi eins og dæmið frá kennaradeilunni sýnir.

Það alvarlega, herra forseti, er fólgið í samskiptunum sem þarna eru orðin föst í sessi. Það er ekki talað við stéttir, sérstaklega ekki ef um er að ræða umönnunar- eða uppeldisstéttir, fyrr en þær eru búnar að standa í löngu verkfalli eða öðrum aðgerðum. Kennarar, lögreglumenn, sjúkraliðar, sjúkraþjálfar, þroskaþjálfar, hjúkrunarfræðingar — meira og minna allar þessar stéttir geta sagt sömu sögu. Þær voru samningslausar lon og don, það var ekki við þær talað fyrr *en þær voru búnar að beita einhverjum þeim aðgerðum sem* þeim var heimilt.

Þetta gengur ekki, herra forseti. Og það er auðvitað sérstaklega til skammar að sjúkraliðar skuli nú sitja nánast einir eftir með mjög léleg laun, ein mikilvægasta fagstétt heilbrigðisþjónustunnar, það er viðurkennt af öllum. Hvað stendur í vegi fyrir því að þeir fái sambærilega leiðréttingu

launa sinna og aðrir hafa verið að fá á undanförnum missirum? Það er algjörlega óskiljanlegt að þeir skuli þurfa að fara í hörkuverkfall til þess að við þá sé talað.

[10:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. viðbrögðin að öðru leyti en því að reyna að skella skuldinni á ástandinu á sjúkraliða sem standa utan Sjúkraliðafélags Íslands. Þeir standa ekki í vegi fyrir því að gengið verði til samninga á grundvelli kröfugerðar Sjúkraliðafélagsins.

Krafan er sú að launakjör stéttarinnar verði bætt umtalsvert og að sjúkraliðar verði ekki settir skör lægra en aðrar stéttir utan sem innan heilbrigðisþjónustunnar sjálfrar. Þetta er ekki aðeins réttmæt krafa af hálfu sjúkraliða, heilbrigðisþjónustunni er lífsnauðsynlegt að verða við þessari kröfu til að geta mannað sjúkragangana, til þess að einhver fáist til að taka það að sér að sinna sjúku fólki allan ársins hring, um helgar og virka daga, til að vaka þegar aðrir eiga frí, um jólin og páskana.

Halda menn að hægt sé að ganga að því sem vísu að fólk fáist til þessara ábyrgðarmiklu starfa, sem eru bæði krefjandi og lýjandi, fyrir laun sem eru að meðaltali fyrir stéttina 117 þús. kr. í grunnlaun, byrjunarlaun um 90 þús. kr.?

Halda menn að fólk bíði í röðum til að starfa á þessum kjörum eða við þessi erfiðu störf? Ef einhver stendur í þeirri trú að þetta gangi upp er það hrapallegur misskilningur enda er brostinn á flótti úr þessari starfsstétt vegna þeirrar óbilgirni sem henni er sýnd, vegna þeirra kjara- og starfsskilyrða sem henni eru búin.

Herra forseti. Ég spyr: Hvað stendur í vegi fyrir því að samið verði? Eru einhvers staðar gerðar við það athugasemdir að launakjör sjúkraliða verði bætt? Ef svo er, þá er hér með óskað eftir því að sá hinn sami gefi sig fram.

Er andstaða í ríkisstjórninni eða eru samtök atvinnurekenda að gera athugasemdir? Ef svo er, þá skyldu þeir rísa upp úr leðursófunum og leyfa okkur að heyra í sér. Við gætum spjallað um launaskrið hjá ýmsum hálaunahópum í þjóðfélaginu og það hróplega kjaramisrétti sem hefur verið að myndast í landinu.

Reyndar trúi ég því ekki (Forseti hringir.) að neinn vilji bregða fæti fyrir sjúkraliða. Hitt þykir mér líklegra að hæstv. fjmrh. muni hafa stuðning (Forseti hringir.) yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar til að gera myndarlegt átak, bæta kjör sjúkraliða og binda (Forseti hringir.) þannig enda á þessa alvarlegu kjaradeilu.

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. hefur tvær mínútur. Það er naumt skorinn stakkur í tíma í utandagskrárumræðum og ekki ætlast til að menn lesi upp af blöðum eftir að rautt ljós er komið.)

[11:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er nú út af fyrir sig ekki miklu við þetta að bæta. Þessi umræða skilur ekki mikið eftir frekar en maður átti von á.

Þó kom það fram í máli eins þingmanns að það stæði upp á ríkið að gera sambærilega leiðréttingu gagnvart sjúkraliðum og gert hefur verið við aðrar stéttir. Þetta sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en þetta er ekki rétt vegna þess að við erum að tala um að gera sambærilega leiðréttingu að því er varðar kostnað. Um það er verið að tala. Ég veit ekki hvernig þingmaðurinn vill túlka sín eigin orð með það.

Ég hafna því líka algjörlega að ég hafi verið að skella skuld á einhverja ákveðna aðila utan við þessa deilu í máli mínu. Ég vakti bara athygli á því að ákveðinn hópur sjúkraliða er í öðrum stéttarfélögum en því sem á í þessari deilu. Auðvitað er ekki hægt að horfa fram hjá því.

Aðalatriðið í þessu máli, herra forseti, er að sjálfsögðu það að leysa deiluna eins fljótt og hægt er. Það verður að gera innan þess ramma sem ríkinu er mögulegur í þessu máli. Sá rammi hefur m.a. orðið til í þeim samningum sem við höfum gert við aðra opinbera starfsmenn, sem hv. 13. þm. Reykv. er líka umboðsmaður fyrir sem formaður BSRB. Við höfum reyndar átt ágætt samstarf um þetta á umliðnum mánuðum. Við gerðum t.d. í vor samkomulag um að hækka vaktaálag hjá ákveðnum hópum, þar á meðal sjúkraliðum og öðrum þeim sem starfa við sambærilegar aðstæður.

En ég ítreka það sem ég sagði í upphafi. Ríkið getur ekki gengið einhliða að þeim kröfum sem lagðar hafa verið fram. Enginn sem semur við ríkið getur ætlast til þess að það verði gert, að bara verði skrifað undir kröfurnar og menn þurfi ekkert að koma til móts við ríkið. Það er ekki sanngjörn krafa af hálfu viðsemjenda okkar. Við ætlumst til að þeir komi til móts við okkur og þá mun ekki standa á ríkinu að reyna að leysa þetta mál.

Fjáraukalög 2001, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 128.

[11:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 sem lagt hefur verið fram í þinginu að þessu sinni mun fyrr en vant er.

Ég vil leggja áherslu á að frv. kemur snemma fram til þess að geta m.a. greitt fyrir því að fjárln. þingsins geti lokið störfum sínum, bæði að því er varðar fjáraukalög þessa árs og fjárlagafrv. fyrir næsta ár, á þeim tíma sem ráðgerður er samkvæmt starfsáætlun þingsins. Ég tel að þessi þróun sé mjög jákvætt nýmæli, þ.e. að flytja þessi mál framar á dagskrá þingsins og leggja fjáraukalögin fram í fyrstu viku þings eða þar um bil.

Samkvæmt frumvarpinu eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar óbreyttar frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins, en innbyrðis breytingar eru nokkrar. Í frumvarpinu kemur jafnframt fram að lagt er til að útgjöld ríkissjóðs hækki um 13,4 milljarða króna sem að stórum hluta skýrist af breytingum á launum ríkisstarfsmanna, eins og hér var til umræðu áðan, gengisbreytingum og breytingum á bótum almannatrygginga, auk nokkurra sérstakra tilefna.

Frumvarpið ber með sér þær breytingar sem orðið hafa í efnahagsmálum á árinu en verulega hefur dregið úr innlendri eftirspurn og innflutningi sem aftur hefur áhrif á skatttekjur ríkissjóðs til lækkunar. Þegar dregur úr þenslu í efnahagslífinu er mikilvægt að staða ríkissjóðs er það sterk fyrir að hægt er að mæta þeim samdrætti án þess að kollsteypur verði og grípa þurfi til aðgerða sem þrengja hag heimila og fyrirtækja eins og áður gerðist oft við svipaðar aðstæður. Áfram hefur verið unnið að hertri framkvæmd fjárlaga og lögð áhersla á að brugðist verði við umframútgjöldum innan ársins og hallarekstur stofnana aðeins bættur ef sýnt er fram á að gripið hefur verið til þeirra aðgerða að reksturinn verði

framvegis innan fjárheimilda. Loks eru ekki veitt viðbótarframlög nema í þeim tilvikum að þau séu ófyrirséð eða vegna nýrrar lagasetningar Alþingis eða sérstakra ákvarðana ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir að tekjur ríkissjóðs séu óbreyttar í heild frá áætlun fjárlaga eru nokkrar breytingar, eins og ég sagði, til hækkunar og lækkunar á einstökum liðum teknadálksins. Nú er áætlað að skatttekjur verði 5 milljörðum króna lægri en áætlað var í fjárlögum en á móti er gert ráð fyrir auknum söluhagnaði af eignum og er því heildarniðurstaðan óbreytt að því er varðar tekjurnar. Nokkuð skiptir í tvö horn í þróun skatttekna. Áætlað er að virðisaukaskattur skili tæplega 9 milljarða minni tekjum en áætlað var en á móti kemur að skattar á laun, hagnað og eignir verða 3,4 milljörðar umfram áætlanir. Í tekjunum koma þannig glögglega fram áhrif samdráttar í neyslu heimilanna, sem einkum birtast í minni innflutningi, auk þess sem fjárfesting er talin dragast saman á árinu. Tekjuskattar einstaklinga, tryggingagjald og eignarskattar skila meiri tekjum en áætlað var, meðal annars vegna meiri launabreytinga en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Heildartekjur verða þannig 253 milljarðar og er sú áætlun byggð á þróun innheimtu það sem af er ári sem og niðurstöðu ríkisreiknings 2000 auk framvindu efnahagsmálanna. Fyrirvara verður að gera við áætlun um söluhagnað af eignum því sala á hlut ríkisins í Landssímanum hf. fer það seint fram á árinu að óvissa er um hvorum megin við áramót tekjurnar verða færðar. Tekjur geta því orðið lægri eða hærri en hér er áætlað vegna þessa og verða lagðar fram brtt. við þennan lið þegar niðurstaða úr tilboðum kjölfestufjárfesta liggur fyrir seinna í haust.

Fjárheimildir hækka um 13,4 milljarða samkvæmt frumvarpinu. Þar af skýra kjarasamningar, breytingar á gengi, hækkun bóta almannatrygginga, vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur af meiri eignasölu, sem að sjálfsögðu er bæði inn og út í þessu uppgjöri, samtals 10,2 milljarða króna. Afgangurinn nemur tæplega 1,5% af niðurstöðu fjárlaga 2001, eða 3,2 milljörðum. Þar af vegur þyngst endurmat vaxtabóta 600 millj. kr., kostnaður við undirbúning á sölu eigna 300 millj. kr., endurmat útgjalda Fæðingarorlofssjóðs 250 millj. kr. og kostnaður við að ljúka kennslu í framhaldsskólum vegna verkfalls á árinu 2000 230 millj. kr. Loks má nefna að útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um 270 millj. kr. vegna gengisbreytinga og hækkunar lána til skólagjalda, og sótt er um 120 millj. kr. framlag til að bæta eftirstöðvar tjóna af völdum jarðskjálftanna á Suðurlandi.

Af framkvæmdaliðum munar mest um 350 millj. kr. fjárveitingu til að greiða kostnað við ný fjárhagskerfi ríkissjóðs sem voru boðin út á árinu en kostnaður vegna þeirra hefur fallið að stærri hluta á þetta ár en ráð var fyrir gert í fyrri áætlunum. Þar er um að ræða flýtingu í kostnaði frá næsta ári yfir á þetta ár. Þá hefur ríkisstjórnin samþykkt tilboð verktaka um að flýta framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll og skýrir það 250 millj. kr. hækkun á þessu ári. Þó er flýtingin ríkissjóði án aukakostnaðar, og lækka framlög vegna þessa um sömu fjárhæð á næsta ári þótt kostnaðurinn sjálfur komi til greiðslu á því ári eins og til stóð. Hér er um það að ræða að verktakinn lánar ríkissjóði, lýkur framkvæmdinni á þessu ári en vegna samninganna kemur greiðslan til bókar á þessu ári þótt útborgun sé ekki fyrr en á því næsta. Loks er lagt til að framlög til flugvalla hækki um 108 millj. kr. í samræmi við flugmálaáætlun ársins 2000 og að framlög til nýframkvæmda í vegagerð verði aukin um 100 millj. kr. en þar er um að ræða fjármagn til þess að greiða fyrir framkvæmd þeirri sem hafin er við gatnamót Vesturlandsvegar og Víkurvegar.

Samtals eru útgjöld ríkissjóðs því áætluð rúmlega 232 milljarðar króna á næsta ári. Miðað við 253 milljarða tekjur verður þá afgangur í ríkissjóði um 21 milljarður á árinu og lækkar um 13 milljarða, eins og ég gat um við framsögu mína um fjárlagafrv. næsta árs. Handbært fé frá rekstri lækkar heldur minna eða um 11,5 milljarða, einkum vegna þess að lífeyrisskuldbindingar þær sem færðar eru til bókar á þessu ári koma ekki til greiðslu á árinu. Fjármunahreyfingar skila 33 milljörðum minna en fjárlög gerðu ráð fyrir og rýrnar því lánsfjárafgangur ársins um samtals 44,7 milljarða og verður samkvæmt þessu neikvæður um 6 milljarða króna.

Helstu skýringar á minni lánsfjárafgangi, auk minna handbærs fjár frá rekstri, eru að reiknað er með að 21 milljarður kr. af söluandvirði eigna verði greiddur í ríkissjóð á næsta ári þar sem sala eigna fer það seint fram á árinu, eins og ég gat um áðan, að nettósölutekjur sem koma í ríkissjóð verða um það bil 13 milljörðum lægri en áætlað var. Auðvitað skiptir ekki höfuðmáli hvorum megin við áramót þessar greiðslur lenda, og eðlilegt er að taka tillit til þess ef horft er á hinn mikla lánsfjárafgang sem ráðgerður er á næsta ári. Enn fremur er ljóst að ekki verður af 8 milljarða króna endurgreiðslu af lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem til stóð að það fyrirtæki greiddi ríkinu á þessu ári, og verður unnið að því máli á næsta ári. Þar með koma þeir peningar ekki inn í lánsfjárafgang ríkissjóðs. Loks eru kaup hlutafjár og eiginfjárframlög um það bil 12 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og skýrist það frávik að stærstum hluta af tvennu: Í fyrsta lagi er lagt til að greitt verði 9 milljarða stofnframlag til Seðlabanka Íslands í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um bankann og yfirlýsingu sem gefin var út í sumar í tengslum við erlenda lántöku þá. Í öðru lagi er í samræmi við heimild í 7. gr. fjárlaga 2001 lagt til að ráðstafað verði um 2,8 milljörðum til að kaupa hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og þá fjármuni þarf að reiða fram.

Í ljósi breytinga á lánsfjárafgangi og stöðunnar á innlendum fjármálamarkaði á árinu hafa áform um lántökur og afborganir verið tekin til endurskoðunar eins og heðbundið er. Er því lagt til að lántökur ríkissjóðs verði auknar um 33 milljarða frá því sem áætlað var í fjárlögum. Þar af eru 25 milljarðar sérstakt lán sem tilkynnt var um fyrr á árinu og ég var að nefna, en ætlunin er að verja því til þess að efla erlenda stöðu Seðlabanka Íslands auk þess að styrkja eigið fé bankans um þá 9 milljarða sem ég gat um. Hér er um að ræða óvenjulega lántöku vegna þess að hér er ekki um að ræða lán til þess að fjármagna framkvæmdir eða neitt þess háttar eins og heðbundin erlend lán ríkisins hafa verið heldur er verið að nota þetta í þetta tvennt sem hvort tveggja er mjög mikilvægt. Mismunurinn sem hér stendur út af skýrist af auknum erlendum lántökum til að standa undir endurfjármögnun afborgana og vaxta af erlendum lánum ríkissjóðs sem komu til gjalddaga á árinu.

Þrátt fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs sé nokkru lægri en í fjárlögum 2001 tel ég að staða ríkissjóðs sé áfram gífurlega traust. Ef litið er á tekjur og gjöld án óreglulegra liða, svo sem lífeyrisskuldbindinga og söluhagnaðar af eignum, er niðurstaðan rúmlega 13 milljarða króna afgangur. Lækkun lánsfjárafgangsins skýrist að stærstum hluta af því að tekjur af sölu eigna færast yfir áramót, eins og ég drap á, og að lagt er til að stofnframlög og hlutafjárkaup nemi 12 milljörðum

króna sem færast á hinn bóginn til eignar í efnahagsreikningi ríkisins.

Herra forseti. Ég hyggst ekki fara frekari orðum um þetta frv. Ég hef farið yfir helstu þætti í því og þær breytingar sem í því felast frá áætlun fjárlagaársins. Ég hyggst ekki rekja frekar einstaka liði í frumvarpinu umfram það sem gert hefur verið enda tel ég að 1. umr. máls af þessu tagi eigi að vera á almennum nótum. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[11:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ýtti við mér til að fara í andsvar við hæstv. ráðherra voru orð hans um kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Þetta mál hefur verið eitt alvarlegasta málið í fjármálum ríkisins og sveitarfélaganna núna síðustu ár, þ.e. hvernig ríkið tekur hreinlega eignir sveitarfélaganna upp í andvirði skulda þeirra við félagslega íbúðakerfið sem sveitarfélögin hafa lent í miklum vandræðum með.

Ég man ekki betur að í umræðum um Orkubúið síðasta vetur þegar þetta var samþykkt hefði því ítrekað verið lýst yfir að andvirði Orkubúsins yrði ekki tengt uppgjöri vegna félagslega íbúðakerfisins heldur yrði tekið á þeim málum á landsvísu, að skipuð hafi verið nefnd til að gera tillögur um hvernig ætti að standa að því.

Eftir því sem ég best veit, herra forseti, hefur ekkert komið út úr þessu nefndastarfi enn. Málin standa enn þannig að ætlunin er, að því er ég best veit, að ganga að eignum sveitarfélaganna á Vestfjörðum upp í skuldir, taka andvirði Orkubúsins upp í skuldir við félagslega íbúðakerfið, án þess að á þessu máli sé tekið í heild sinni á landvísu.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er að gerast varðandi skuldir félagslega íbúðakerfisins og lausnir þess á landsvísu?

[11:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhætt að segja að það hafi margt gerst í þessu máli frá því hv. þm. tók síðast til máls um þetta efni í þinginu. Þetta mál er mjög langt komið. Það eru að nást samningar við sveitarfélögin um það.

Auðvitað er algjörlega af og frá og ótrúlegur málflutningur að tala um að verið sé að ganga að eignum sveitarfélaganna eða hafa af þeim eignir þeirra. Það er verið að borga þeim stórfé fyrir þessar eignir, 2,8 milljarða, eins og hér kemur fram. Það er gert með ákveðnum skilyrðum, þ.e. að gerð verði upp vanskil í íbúðalánakerfinu og að fullt samráð verði haft við eftirlitsnefnd sveitarfélaganna þar sem það á við. Sum sveitarfélög eru komin á það stig fjárhagslega að eftirlitsnefndin hefur hafið störf að því er þau varðar. Og það sem snýr að félagslega kerfinu að öðru leyti, að því er varðar að gera það sjálfbært í þessum sveitarfélögum, að það fjármagn sem þar er um að ræða verði sett á sérstakan biðreikning á meðan beðið er lausnar á landsvísu að því er þetta vandamál varðar.

Að öðru leyti fá sveitarfélögin í beinhörðum peningum þá upphæð sem umfram þetta er. Nú er vissulega misjafnt hversu mikið er þar um að ræða. Sum sveitarfélög fá verulega miklar fjárhæðir út úr þessu, verulega mikla peninga sem skipta þau miklu máli við að endurskipuleggja fjármál sín sem full nauðsyn er á að gert verði. En þetta leysir ekki vanda allra sveitarfélaganna. Vesturbyggð hefur nokkra sérstöðu eins og allir vita vegna þess hvernig málum er komið í því sveitarfélagi.

En að öðru leyti tel ég að þetta sé afskaplega vel heppnuð aðgerð þar sem ríkisvaldið kaupir þessa eign af sveitarfélögunum og það er auðvitað gert með kaupsamningi sem báðir skrifa undir. Þetta er samningur sem gerður er og sveitarfélögin geta út af fyrir sig hafnað því að taka þátt í þessu. En það er verið að ganga frá fjármögnuninni á þessu máli, þessum 2,8 milljörðum, í þessu fjáraukalagafrv. á grundvelli þeirrar heimildar sem er að finna í fjárlögum ársins. Þess vegna kemur þetta mál við sögu í frv. hér.

[11:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa getað komið með gagnmerkari og ítarlegri svör um hvað líði vinnu við að taka á málinu heildstætt á landsvísu hvað varðar vandamál félagslega íbúðakerfisins. Þetta mál hefur verið í stöðugri vinnslu nú í nokkur ár og virðist enn í því ferli að þetta sé áfram í skoðun. Enn þá er verið að leita að eignum hjá sveitarfélögunum. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru þvinguð beint eða óbeint til að láta andvirði eigna sinna upp í þessar skuldir og meira að segja eru þau þá látin setja hluta af andvirðinu inn á biðreikning uns sér fyrir endann á endurskoðuninni.

Herra forseti. Ég harma að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta komið með betri svör um hvernig á þessum málum verði tekið á landsvísu. Ég harma það.

[11:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að þingmaðurinn skuli harma þetta. Ég harma málflutning hans í þessu máli vegna þess að hann virðist ekki með nokkru móti geta áttað sig á því hvað hér er um að ræða. Hann talar eins og það eigi bara að taka Orkubúið og fara með það frá Vestfjörðum og hætta að selja íbúum þar rafmagn. Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur.

Ég tel að þetta orkubúsmál sé hin besta aðgerð í þágu sveitarfélaganna. Ég tel mig geta varið hana þótt hún kosti ríkissjóð þessa 2,8 milljarða. Vissulega má um það deila hvort það kaupverð sé ekki allt of hátt. Það væri kannski málefnaleg gagnrýni frá hv. þm., að verið væri að fara illa með almannafé að kaupa þetta svona háu verði. En ég tel mig geta varið þetta verð á grundvelli þeirra útreikninga sem fyrir liggja um málið. Ég tel að það séu hagsmunir Vestfirðinga og sveitarfélaganna þar að eiga þessi viðskipti. Þess vegna höfum við farið út í þetta.

Ríkisvaldið er að koma til móts við sveitarfélögin á Vestfjörðum í þessu máli en ekki að níðast á þeim eins og hv. þm. heldur ítrekað fram, bæði núna og á síðasta þingi út af þessu máli. Hann talar eins og það sé verið að níðast á sveitarfélögunum fyrir vestan. Sum þeirra fá nokkur hundruð milljónir til ráðstöfunar út úr þessu. Ég man ekki betur en Ísafjarðarbær fái jafnvel rúman milljarð til ráðstöfunar í peningum til að laga til í skuldamálum sínum og greiða fyrir því að sveitarfélagið geti haldið áfram að byggja sig upp. Ég hélt að það væri einhvers virði fyrir íbúana þar og þá sem ráða för í þeim sveitarfélögum.

[11:22]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt í upphafi að taka undir með hæstv. fjmrh. að það er afar gleðilegt hversu snemma við tökum fyrir frv. til fjáraukalaga. Það er ánægjulegt fyrst og fremst vegna þess að það tryggir að fjárln. geti samhliða

unnið að fjárlagafrv. fyrir árið 2002 og frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001. Það er mikilvægt vegna þess að ella væri að hluta til um tvíverknað að ræða. Þess vegna ber að fagna því sérstaklega að þetta hafi náðst í þetta sinn. Það er óhætt að taka það fram einnig að margt í þessu fjáraukalagafrv. sýnir okkur að fleira hefur verið að færast til betri vegar þó enn höfum við ekki náð því marki sem sett var með fjárreiðulögunum síðustu.

Það er líka ánægjulegt við þetta að við þurfum þar af leiðandi ekki að endurtaka umræðu um forsendur fjárlaga. Svo stutt er hér á milli að eðlilegt er að notaðar séu sömu forsendur og sömu spár fyrir árið 2001 og gert er í fjárlagafrv. fyrir árið 2002. Því þarf ekki að endurtaka umræður, svo kunnar eru þær, um mismunandi spá fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar, en þær koma fram í þessu frv. eins og í frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Megineinkennið er eins og hæstv. fjmrh. benti á sú breyting sem orðið hefur í efnahagslífinu, þ.e. samdrátturinn, verðbólgan, gengisþróunin og viðskiptahallinn. Þetta kemur allt saman fram hér. Ég mun því ekki eyða tíma mínum í að endurtaka það sem við ræddum við 1. umr. um fjárlög fyrir árið 2002.

Það er ljóst, eins og ég sagði áðan, að við höfum ekki alveg náð þeim markmiðum sem sett voru með nýjum lögum um fjárreiður ríkisins. Við vorum á fundi í fjárln. í gær að ræða skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í apríl sl. um fjárlagaferlið. Þar er víða komið við og m.a. fjallað um fjáraukalög. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna stuttlega í þessa skýrslu. Þar segir m.a.:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga."

Þetta er í raun tilvitnun í hin nýju fjárreiðulög. En síðan segir, með leyfi forseta:

„Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana skuli jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Rökin fyrir þessu eru tilgreind í athugasemdum með frv. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár."

Því miður, herra forseti, næst þetta markmið ekki algjörlega og m.a. er í frv. til fjáraukalaga verið að fjalla um ákveðinn rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Þó er rétt að taka fram að þrátt fyrir að þarna sé markmiðið býsna skýrt þá eru auðvitað oft og tíðum æði óljós skilin þarna á milli og getur verið mikið álitamál hvort tilgreina eigi fjárheimildir í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Ég mun á eftir fjalla lítillega um nokkur atriði sem ég tel að séu álitamál, sum að vísu að mínu mati augljóslega þess eðlis að þau eigi heima frekar í fjárlögum næsta árs heldur en í fjáraukalögum.

Herra forseti. Ýmislegt tengist þó fjáraukalögunum og ákvarðanir um hvað fari þar inn eru ekki síst í höndum ríkisstjórnar. Þó er ljóst að Alþingi ákveður allt sem tengist nýjum lögum, en það sem er ófyrirséð er oft og tíðum ákvörðun ríkisstjórnar.

Ég vil enn á ný, með leyfi forseta, vitna í þessa skýrslu frá Ríkisendurskoðun um fjárlagaferlið, því þar segir m.a.:

„Þegar stofnað er til útgjalda án fjárheimildar en gengið út frá því að hennar verði leitað síðar, hefur fjárveitingavaldið í raun og veru verið fært frá þinginu. Búið er að stofna til útgjaldanna og því hefði neitun þingsins litla þýðingu. Auk þess er margt óljóst varðandi lagalega ábyrgð ráðherra neiti þingið að samþykkja fjárveitingu vegna útgjalda sem búið er að stofna til. Síðast en ekki síst er mjög ósennilegt að ríkisstjórn sem nýtur stuðnings meiri hluta þingmanna yrði synjað um fjárveitingu. Eftir á veitt fjárheimild felur þannig í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar, enda þótt hið formlega fjárveitingavald sé áfram hjá þinginu."

Herra forseti. Þetta var tilvitnun í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það er rétt að vekja sérstaka athygli á þessari síðustu setningu og eðlilegt að brýna það fyrir ríkisstjórn að hún fari þar af leiðandi varlega með þetta vald sitt og gæti þess ætíð að gera þetta ekki nema í ýtrustu neyð því þarna er í raun verið að framselja, eins og hér segir, fjárveitingavaldið til ríkisstjórnar frá þinginu, þó svo að hið formlega vald sé þar.

Það verður því miður að segja að á nokkrum stöðum í þessu frv. til fjáraukalaga kemur fram að ekki, a.m.k. að mínu mati, hafi verið nægilega gætt aðhalds í því af hálfu ríkisstjórnarinnar að auka útgjöld án fjárheimilda.

Við höfum, minni hlutinn í fjárln., óskað eftir ýmsum upplýsingum sem því miður náðist ekki af hálfu fjmrn. að hafa tilbúnar fyrir þessa umræðu og þess vegna er vinna okkar í því að bera saman þessa hluti öllu erfiðari en ella hefði orðið. Þetta þýðir að sjálfsögðu að við munum fara betur yfir þessi mál í störfum fjárln.

Það sem við óskuðum eftir var að fá sundurliðun á því hvað væri í raun búið að ákveða og hvað væri verið að áætla til loka ársins, þ.e. fá algjörlega klára skýrslu um hvaða útgjöld hafi átt sér stað nú þegar án heimildar frá þinginu og hvað verið er að áætla fyrir.

Þetta rifjar að sjálfsögðu upp það sem áður hefur gerst milli umræðna um fjáraukalög, þá hefur oft og tíðum mikið bæst við af liðum sem ekki hafa komið fram í frv. sjálfu. En við verðum að vona að það sé eitt af því sem lagast hefur milli ára að nú verði mun minna um slíkt en áður hefur verið.

Fyrir ári var t.d. æðimargt sem kom upp á og rétt að vekja athygli á í samhengi við æðstu stjórnina, sem hið háa Alþingi er hluti af, að þar vekur að sjálfsögðu athygli nú að ekkert virðist hafa þurft að koma inn á hvað varðar Alþingi þetta árið. Eins og hv. þm. muna væntanlega komu ansi miklar upphæðir sem ollu nokkrum deilum, og sumar ekki fullskýrðar enn, á milli umræðna á síðasta ári. Við vonum að þingið hafi tekið sig sérstaklega á og þetta sé vísbending um að hér hafi ekki verið farið fram úr fjárheimildum.

Eins og ég sagði áðan var það þannig í fyrra að í frv. voru einnig núll krónur hjá Alþingi en milli umræðna komu síðan upp stórar tölur.

Herra forseti. Ég ætla að fletta örlítið fram og til baka í frv. og að hluta til spyrja hæstv. fjmrh. skýringa, en geri mér grein fyrir að hæstv. ráðherra mun væntanlega ekki eiga svör við þeim öllum. Ég vona að hæstv. ráðherra svari því sem hann hefur tök á.

Það sem fyrst vekur athygli er tengt heimildum, þ.e. heimild 8.23, þar sem verið er að leita heimilda til að stofna

hlutafélag um rekstur landskerfis fyrir bókasöfn. Engin skýring er á því hvað er á ferðinni. Hvers vegna þarf að stofna um þetta hlutafélag, hverjir verða aðilar með ríkisvaldinu í því hlutafélagi og hvenær er ætlað að stofna hlutafélagið og hvert er væntanlegt hlutafé? Þess vegna spyr ég, af því að hvergi er gert ráð fyrir slíku hlutafé í frv.: Á þetta kannski frekar heima á fjárlögum næsta árs?

Annað vekur einnig athygli að heimildin er veitt en er þó skilyrt samþykki menntmrh. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki að hluta til að beiðni menntmrh. Slík beiðni hlýtur að koma þaðan eða er þetta hugmynd sem hefur fæðst í fjmrn.?

Ef við förum aftur og skoðum athugasemdir við einstaka fjárlagaliði, þá vekur það athygli hjá forsrn. að þar er gerð tillaga um 20,7 millj. kr. fjárveitingu til skrifstofu forsrn. vegna aukins rekstrarkostnaðar skrifstofunnar í ár og í fyrra. Nú vísa ég til þess sem ég sagði áðan, um það sem fjárreiðulögin segja um fjáraukalög. Þess vegna hlýtur að vera um álitamál að ræða, því hér er m.a. gefin sem skýring að verkefni forsrn. hafi aukist á undanförnum árum. Það er ekki eingöngu bundið við það ár sem nú er að líða heldur undanfarin ár. Því enn spurt hvort ekki hefði verið eðlilegra að þetta hefði verið í fjárlögum.

Herra forseti. Sú tala sem vekur hvað mesta athygli er einnig undir forsrn. og óhjákvæmilegt að leita skýringa á henni. Lagt er til að veitt verði 300 millj. kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar við sölu á hlutabréfum ríkisins. Um er að ræða kostnað vegna ráðgjafar, umsjónar með sölu og frágangs skjala. Rétt er að taka fram að á fjárlögum er áætlað að þessi liður sé 15 millj. kr. Hér er því um býsna mikla hækkun að ræða. Því er nauðsynlegt að fá á því skýringar hvað þetta er og hvernig þetta skiptist. Varla er um eina tölu að ræða vegna eins verkefnis eða eins þáttar í einu verkefni. Þetta er líklega ein mesta hækkun sem fram kemur í frv. og eðlilegt, m.a. í ljósi þeirra umræðna sem átt hafa sér stað um einkavæðingarmál, að þetta sé skýrt því býsna langt er farið frá þeirri áætlun sem vinna átti eftir.

Þá er einnig eðlilegt, þegar verið er að fjalla um forsrn. sem er það ráðuneyti sem væntanlega á helst að vera leiðbeinandi fyrir önnur ráðuneyti, að velta því fyrir sér að farið er fram á 10 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til endurbóta og viðhalds á Þingvallabænum í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 13. febrúar sl. Hér er verið að vinna að þörfu verki, að endurbæta og viðhalda Þingvallabænum. En það er eðlilegt að spurt sé þegar tekin er ákvörðun svo snemma árs, þ.e. 13. febrúar, um að bæta við fjárveitingum um 30%, hvort framkvæmdum verði lokið fyrir þetta fjármagn eða hvort þetta sé áætlað á þeim mánuðum sem eftir eru ársins. Eða hvað var það í þessum efnum sem var algjörlega ófyrirséð í desembermánuði þegar við gengum frá fjárlögum fyrir árið 2001?

Næst er ráðuneyti menntamála og þar vekja athygli í fyrsta lagi tveir þættir sem ég held að eðlilegt sé að horfa a.m.k. til hvort ekki hefðu frekar átt heima á fjárlögum. Það eru vissulega hin þörfustu verk sem tengjast hvort um sig rannsóknum. Þetta er annars vegar liðurinn 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni og hins vegar 6.60 Vísindasjóður. Annars vegar er verið að leita eftir heimild um 80 millj. kr. vegna fyrirhugaðs samnings um rannsóknir á vegum háskólans. Þá koma upp spurningarnar: Hvenær er gert ráð fyrir að þessum samningi ljúki? Og er eðlilegt að verið sé að áætla fjármuni vegna fyrirhugaðs samnings? Samningurinn virðist samkvæmt þessu ekki tilbúinn. Reynir þetta svo mjög á á síðustu mánuðum að þetta megi ekki bíða fjárlaga næsta árs?

Sama má segja raunverulega um vísindasjóðinn, þar sem farið er fram á 40 millj. aukafjárveitingu til að auka styrki til vísindarannsókna. Eins og ég sagði áðan er hvort tveggja afar mikilvæg verkefni, en með hliðsjón af fjárreiðulögunum er spurning hvort þetta hefði ekki frekar átt heima í fjárlagafrv.

Herra forseti. Undir menntmrn. er býsna stór og mikilvægur kafli sem ég get væntanlega ekki fjallað eins ítarlega um og ég hafði ætlað mér vegna þess að tíminn líður gjarnan fljótt í ræðum um þessi málefni, þ.e. framhaldsskólar landsins. Ég hef undanfarin ár vakið sérstaka athygli á því að þar sé ákveðinn vandi innbyggður að því er virðist í kerfinu og því miður virðist ekki vera ætlunin að taka á þeim vanda, hvorki í fjárlagafrv. sem liggur fyrir, þar sem hefði í raun verið eðlilegast að taka á vandanum, né í fjáraukalagafrv. sem ég hef bent á að er þó gert gagnvart ýmsum stofnunum.

Það vekur athygli þegar tölur eru skoðaðar varðandi framhaldsskólana að sumir þeirra voru t.d. um síðustu áramót með mikinn hala. Og þegar skoðaðar eru síðan nýjustu tölur sem ég hef undir höndum, sem eru frá mánaðamótunum ágúst/september, þá er augljóst mál að flestir ef ekki allir þeir skólar sem voru með þennan hala um síðustu áramót eru enn þá með svipaðan hala um mánaðamótin ágúst/september. Það segir okkur að lítið eða ekkert hefur verið gert í málum þeirra. Það sem er alvarlegast er að ég sé ekki betur en að sumir skólarnir hafi jafnvel verið að auka halann. Þeir skólar sem voru jafnvel með engan eða lítinn hala um áramót hafa nú fengið og sitja nú uppi með enn stærri hala.

Í fjáraukalagafrv. er eingöngu mætt ákveðnum hlutum sem tengdust verkfallinu og einstökum öðrum þáttum en því miður virðist ekki tekið á þessum kerfisvanda. Ég held að ljóst sé að framhaldsskólarnir verði eitt stærsta viðfangsefnið okkar í fjárln. á þessu hausti. Við höfum áður fjallað um misjafna en sem betur fer betri stöðu heilbrigðisstofnana og farið sérstaklega yfir þau mál. Ég held að við blasi að það verði okkar stóra verkefni núna, í einstökum stofnunum, að skoða stöðu framhaldsskólanna.

Einnig er athyglisvert að meðan hali skólanna vex virðast ákveðnir safnliðir í ráðuneytinu þrútna út. Það hlýtur maður að tengja umræðunni um hið fjárhagslega sjálfstæði stofnananna og ábyrgð forstöðumannanna. Þegar safnliðir safnast þannig upp og er útdeilt samkvæmt ákvörðunum í ráðuneytinu sjálfu, oft á tíðum að því er virðist á síðustu mánuðum eða síðustu vikum ársins eða jafnvel á fyrstu vikum næsta árs þar á eftir, þá hlýtur það að gera stjórnendum þessara stofnana mjög erfitt fyrir að standa við þetta fjárhagslega sjálfstæði og sinna hinni fjárhagslegu ábyrgð, sem er auðvitað afar mikilvægt ef á að ná tökum á rekstri slíkra stofnana.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ljóst að ég næ ekki að koma í ræðu minni inn á öll þau atriði sem ég taldi nauðsynlegt að gera. Ég mun því koma hér væntanlega aftur seinna í dag og bæta nokkru þar við.

En ef ég held mig áfram við menntmrn. þá er líka athyglisverður liður sem kemur fram hér varðandi Iðnskólann í Hafnarfirði. Eðlilegt er að spurt sé út í hann vegna þess að þarna er um einkaframkvæmd að ræða. Hér er gerð tillaga um aukafjárveitingu vegna virðisaukaskatts, eins og það er orðað, af húsaleigu. Áður var gert ráð fyrir að hún fengist endurgreitt. Það hlýtur að vera eðlilegt að spyrja að því hvernig á því standi að þetta lá ekki ljóst fyrir þegar samningar voru gerðir um þessa einkaframkvæmd, ég tala

nú ekki um þegar fjárlög fyrir þetta ár voru samþykkt. Ég óska skýringa á því hvernig á því standi að menn hafi haldið að þeir fengju virðisaukaskattinn endurgreiddan þegar í ljós kemur að svo er alls ekki.

Hér eru síðan tveir liðir varðandi Menningarsjóð og Menningarsjóð félagsheimila, sem virðast tilkomnir vegna atburða sem gerðust árið 1998. Það er auðvitað eðlilegt að spurt sé hvernig standi á því að það er ekki fyrr en í fjáraukalögum ársins 2001 sem slíkt kemur upp. Hvað hefur farið úrskeiðis í fjárhagskerfi ríkisins þegar svona getur dregist allan þennan tíma?

Herra forseti. Að lokum er eitt atriði sem nauðsynlegt er að spyrja hæstv. fjmrh. um vegna þess að hjá fjmrn. er einn þáttur sem hefur vakið sérstaka athygli mína og er nauðsynlegt að fá skýringar á, þ.e. skýrsluvélakostnaður. Farið er fram á töluvert aukna fjárheimild vegna þessa árs vegna samnings sem fjmrn. hefur gert við Skýrr hf. Því er eðlilegt að spurt sé hvernig á því standi að samningurinn sé svo fjarri því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hvernig var útboðið? (Forseti hringir.) Var ekki gert ráð fyrir þeirri dreifingu kostnaðar sem gert var ráð fyrir í fjárlögum eða er búið að breyta þessum samningi miðað við það útboð sem aðrir aðilar þurftu að miða við þegar þeir gerðu tilboð í verkið?

[11:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég vissi ekki betur en að í þessu fjáraukalagfrv. yrði heimildargrein þar sem gert væri ráð fyrir því að andvirði Skólabrúar 2 mundi renna til framkvæmda á vegum Alþingis. Ég vil taka fram að þessu leyti og líka vegna ummæla hv. þm. að það kom í ljós í sambandi við þær byggingarframkvæmdir sem voru við Austurstræti að ekki var hægt að treysta verklegu og fjármálalegu eftirliti Framkvæmdasýslu ríkisins og af þeim sökum hefur Alþingi tekið það í sínar hendur í sambandi við þá skálabyggingu sem hér er verið að reisa við Kirkjustræti.

[11:44]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki skýrt út fyrir hv. þm. hvernig standi á því að sú heimild sem hv. þm. gerði ráð fyrir að væri í fjáraukalagafrv. er þar ekki.

Vegna þess sem hann ræddi um Austurstrætið og orðræðu mína um það þá var enginn dómur í orðum mínum um hvað raunverulega hefði gerst. En það er alveg ljóst að enn er ósvarað því miður of mörgum spurningum sem upp hafa komið um þau gögn sem borist hafa til fjárln. og afar nauðsynlegt er allra aðila vegna að skýr svör fáist við þeim. Ég get tekið undir með hv. þm. að nauðsynlegt er og gott að þingið treysti sér til að halda algjörlega utan um framkvæmdir við Skálann og við skulum vona að það verði til þess að þar verði allar áætlanir nákvæmar og standist allar skoðanir og þá þróun sem á byggingunni verður.

[11:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Ég átta mig ekki alveg á því sem hv. þm. sagði þegar hann ræddi um hvað gerst hefði í sambandi við nýbygginguna við Austurstræti. Ég óskaði sérstaklega eftir því við ríkisendurskoðanda að hann færi nákvæmlega yfir þetta mál og skýrði það frá toppi til táar. Ég vil jafnframt taka fram að þegar rætt var um þessi mál í sambandi við fjáraukalög fyrir síðasta ár sá fjárln. ástæðu til að rannsaka málið á eigin vegum fram hjá forsætisnefnd og lagði þar til þær fjárhæðir sem veittar voru í fjáraukalögum, svona hér um bil. Ég taldi að vísu að það væri ónóg og bað um að þar yrði meira fjár aflað. Fjárln. tók þá með sínum hætti ábyrgð á því að fjárlagaheimildir í fjáraukalögum væru nægar.

Síðan kom í ljós þegar ég kom frá Kanada — ég hafði verið mér þar til hvíldar — að þær tölur voru ófullnægjandi. Ég hef ekki skýringar á því. En hitt veit ég að þetta fordæmi kennir okkur að Alþingi getur ekki treyst á framkvæmdarvaldið né heldur eftirlit fjármála fjárln. í sambandi við framkvæmdir hér á reitnum.

[11:46]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér eru býsna alvarlegar yfirlýsingar gefnar af hv. þm. Það er ekki hægt að treysta framkvæmdarvaldinu. Það er ekki hægt að treysta fjárln. Ég held að í stuttu andsvari sé ekki hægt að svara öllum þeim stóryrðum sem hér féllu.

En það er alveg ljóst að ekki eru skýringar á öllu komnar fram, eins og kom fram hjá hv. þm. Það hafa ekki fengist svör við öllum spurningum. Það er auðvitað alveg ljóst að nokkrar fullyrðingar stangast á og ég ætla ekki í þessum ræðustól að gerast dómari í því hver hefur rétt fyrir sér.

Skýrslan sem hv. þm. nefndi, þ.e. skýrsla frá Ríkisendurskoðun, hefur ekki fengið afgreiðslu enn í fjárln. og á meðan hún hefur ekki fengið afgreiðslu þar hefur nefndin ekki lokið vinnu sinni við málið. Það er afar mikilvægt, ekki síst fyrir þessa stofnun hér, að þetta mál komist á hreint þannig að það liggi algjörlega ljóst fyrir hvað hafi farið úr böndum. Þannig er hægt að læra af reynslunni. Einnig er mikilvægt að það sé algerlega kristaltært hvar ábyrgðin liggur í málinu, vegna þess að þessi stofnun getur að sjálfsögðu ekki skilið jafnstórt mál og þetta eftir einhvers staðar úti í móum. Það verður að fá skýringar.

Það kom fram hjá hv. þm. að hv. þm. getur ekki skýrt hvernig á því stóð að ekki var sett eins mikið fjármagn til þessara framkvæmda á síðasta ári og virtist síðan koma fram að þyrfti. Það er væntanlega sameiginlegt áhugamál allra hv. þm. að fá þetta mál algjörlega á hreint þannig að við getum lært af reynslunni. Vonandi verður staðið betur að þeim framkvæmdum sem fram undan eru.

[11:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér mælt fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001. Fjáraukalögin og framlagning þeirra gefa tilefni til að skoða vinnu Alþingis við fjárlagagerðina í heild, ábyrgð þingsins og hlutverk framkvæmdarvaldsins.

Ríkisendurskoðun hefur gert úttekt á fjárlagaferlinu — „skipulagi og aðferðum sem tengjast mótun, þinglegri afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga á Íslandi," segir í upphafsorðum skýrslunnar. Í þessari skýrslu er síðan rakið allítarlega hvernig undirbúningi við fjárlagagerðina er háttað hjá ríkisstjórninni, hjá einstökum stofnunum, hjá ráðuneytunum og síðan hjá fjárln. og Alþingi.

Ég tel, herra forseti, að full ástæða sé til þess að Alþingi taki þessa skýrslu til formlegrar umfjöllunar og fari yfir þær ábendingar sem þar eru. Þessi skýrsla er til meðferðar í fjárln. og hefur þar aðeins verið farið yfir hana en hún er til frekari skoðunar í nefndinni. Ég tel raunhæfan möguleika að hún komi síðan til umræðu og meðferðar hjá Alþingi til þess að Alþingi geti látið skoðun sína í ljós um hvað betur mætti fara.

Í þessari skýrslu er rakið ferlið í heild sinni og einnig minnt á hvað áunnist hafi í þessari vinnu á liðnum árum, hvað hafi batnað og hvað mætti betur fara. Ég vil einmitt gera fjárlagaferlið að umtalsefni út frá mínum eigin hugleiðingum í tengslum við þessa skýrslu og kynnum mínum af þessari vinnu.

Eins og er hefst fjárlagaferli næsta árs formlega í upphafi ársins, þannig að í mars eru komin drög að stefnumörkun í ríkisfjármálum frá ríkisstjórninni fyrir komandi ár. Þá eru komnar fram upplýsingar um bundin útgjöld og fyrstu drög tekjuáætlunar næsta árs. Þá er kominn grunnur til að ákveða hver skuli vera afkomumarkmið þjóðarbúsins á næsta ári og hver áætlaður heildarfjárlagaramminn skuli vera. Þetta liggur venjulega fyrir, eins og nú er, í mars og síðan hefst vinnan í framhaldi af því.

Herra forseti. Ég tel að það væri athugandi að einmitt á vormánuðum, í apríl eða vel fyrir lok vorþings, legði hæstv. fjmrh. fram eins konar frumdrög að fjárlagafrv. fyrir næsta ár, þar sem greint yrði frá þeim meginmarkmiðum sem ætlunin væri að stefna að, meginþáttum í útgjöldum fyrir næsta ár. Þá gæfist þinginu kostur á því að fjalla um það strax á því stigi og leggja fram athugasemdir eða áherslur inn í vinnuna fyrir komandi ár. Að þeim umræðum loknum væri síðan eðlilegt að frv. yrði í raun vísað til fjárln. Fjárln. hefði síðan tilsjón með vinnu fjárlagafrv. þar til það yrði þá lagt fram fyrir þing að hausti eins og nú er. Vinnan yrði þar unnin, eins og ég segi, með tilsjón fjárln. og með þátttöku ráðuneyta og ríkisstjórnar, en fjárln. kæmi beint að málinu.

Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að eins og er er þáttur þingsins og fjárln. afar takmarkaður við fjárlagagerðina. Segja má, eins og hér hefur oft verið nefnt, að ríkisstjórnin styðjist við meiri hluta Alþingis við undirbúning vinnu sinnar og margt er rétt í því. En staðreyndin er sú að fjárlög eru afgreidd af Alþingi og Alþingi ber ábyrgð á þeim, Alþingi í heild sinni en ekki bara meiri hluti þingsins. Það er því þingið allt sem afgreiðir frv. og þess vegna er mjög mikilvægt að þingið sem heild axli ábyrgð og komi að þessari vinnu.

Herra forseti. Starfshættir fjárln., sem er sú fagnefnd þingsins sem tekur á fjármálum og fjárlagaferlinu, eru þannig að upp úr miðjum september kemur hún til starfa. Hún fær heimsóknir sveitarstjórna vítt af landinu og svo eftir 1. okt. eða þegar þingsetning hefur farið fram og 1. umr. um fjárlagafrv. er lokið tekur hún til starfa við fjárlagafrv. Þá er það í megindráttum orðið fullmótað og litlu breytt úr því nema leiðréttingar komi frá ríkisstjórninni í fjárlagavinnuferlinu.

Síðan vinnur fjárln. og skilar síðan af sér fjárlagafrv. til 3. umr., fyrir jól, og með því er í raun lokið vinnu fjárln., a.m.k. í megindráttum. Það er hrein tilviljun ef fjárln. kemur saman til fundar eða fjallar um fjárlögin, um ríkisfjármálin, um þróun efnahagsmála eða um framkvæmd fjárlaga frá áramótum til hausts. Þetta, herra forseti, tel ég óeðlilegt. Ég held að þarna megi bæta verulega úr og styrkja beina aðkomu þingsins að fjárlagagerðinni.

Þegar við lítum að öðru leyti á fjárlagagerðina sjálfa þá sýnist mér að aðkoma þingsins og þingnefnda að þeirri vinnu sé stöðugt að verða örðugri, líkt og í öðrum málum. Vinnan fer í auknum mæli fram í ráðuneytunum og nefndir þingsins verða að reiða sig á þá vinnu sem þar er unnin. En þar er framkvæmdarvaldið og að mínu viti er mikilvægt að Alþingi og þingnefndir geti styrkt stöðu sína og hafi aðgang að óháðum ráðgjöfum og sérfræðivinnu.

Tökum t.d. fjárln. og fjárlagagerðina. Nú liggja fyrir hugmyndir um að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Hún hefur þó verið sá aðili sem hefur lagt, að því marki sem hægt hefur verið, hlutlaust mat á fjárlagaforsendur og svo þróun efnahagsmála til fjárln. Nú stendur til að leggja hana niður og verður þá fjárln. að treysta á þau gögn og þann undirbúning sem framkvæmdarvaldið sjálft leggur fyrir nefndina. Ég tel, herra forseti, að það sé miður og að huga verði að því að styrkja störf þingnefnda og þingsins við undirbúning og framkvæmd fjárlaga.

Um fjáraukalög eru skýr ákvæði í fjárreiðulögum, í 43. gr. fjárreiðulaga stendur, með leyfi forseta:

„Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.“

Og í 44. gr. fjárreiðulaga stendur, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.“

Nú er það svo, herra forseti — ég hef áður gert það að umtalsefni í tengslum við fjáraukalögin — að í raun er það óbreytt í þessu frv. til fjáraukalaga að í megindráttum eru þar tillögur sem ekki krefjast þeirra neyðaraðgerða sem heimild til fjáraukalaga gerir ráð fyrir. Að vísu er það rétt að inn koma launahækkanir sem orðið hafa á tímabilinu, enda er heimild fyrir því í sjálfum fjárlögunum. Þar er heimilt að taka inn umsamdar kjarabætur, umsamdar launabreytingar á tímabilinu. Um fæstar aðrar breytingar hér ætti hins vegar að taka slíka skyndiákvörðun.

En lítum aðeins á þetta frv. Í fyrsta lagi hafa þær meginbreytingar orðið á teknahliðinni að gert er ráð fyrir því að skattur á vöru og þjónustu verði mun lægri en gert var ráð fyrir, vegna samdráttar í innflutningi og minnkandi neyslu hér á landi. Vissulega er það fagnaðarefni ef dregur úr viðskiptahallanum og neyslan og innflutningurinn á almennum neysluvörum færist í átt að því sem þjóðartekjur bjóða upp á. En það sem þar á að koma á móti, herra forseti, og er afar veikt, er að ætlunin er að fá auknar tekjur af sölu eigna. Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir 15,5 milljörðum kr. í tekjur af sölu eigna en í þessu frv. til fjáraukalaga er gert ráð fyrir að það sé aukið um 6 milljarða kr., að samtals verði seldar eignir fyrir 21,5 milljarða á þessu ári. Þarna er fyrst og fremst um að ræða fyrirhugaða sölu á Landssímanum og auk þess á Landsbanka og e.t.v. Búnaðarbanka.

Sala á þessum fyrirtækjum er ekki um garð gengin og við höfum öll verið vitni að því hvernig farið hefur með sölu Landssímans, að þar hefur þjóðin í raun hafnað því að Landssíminn verði seldur eins og ríkisstjórnin hafði gert ráð fyrir. Hún tók ekki þátt í því að kaupa hlutabréfin í þessu almenna hlutabréfaútboði sem kallað var. Þjóðin lítur svo á að hún eigi öll Landssímann og er í raun andvíg því að hann sé seldur — þannig les ég skilaboð þjóðarinnar. Þarna er hins vegar áfram gert ráð fyrir því, til að brúa tekjuþörf ríkissjóðs, að þessi sala fari fram. Fari þessi sala hins vegar fer ekki fram þá standa ríkisfjármálin að því leyti í uppnámi. Þess vegna finnst mér í þessu sambandi um gjörsamlega óraunhæfa tekjuáætlun að ræða.

Ef við lítum síðan á nokkur atriði sem hér eru undir einstökum liðum fjárlagafrv. þá er þar fyrst að telja að fjárlögin

í ár gerðu ráð fyrir, að mig minnir, tæplega 4% innbyggðum verðlagshækkunum á árinu. Nú er sýnt að verðlagsbreytingar verða a.m.k. 6,5% þannig að í almennan rekstur stofnana ríkisins mun skorta í kringum 2%, miðað við stöðuna eins og nú er. Ljóst er að margar stofnanir og margt í starfsemi ríkisins mun eiga erfitt með að mæta þessum verðhækkunum án þess að fá aukið fé á fjárlögum en því er ekki til að dreifa í þessu fjáraukalagafrv.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur hér gert grein fyrir nokkrum atriðum í fjáraukalagafrv., þar sem gert er ráð fyrir útgjaldaauka, sem fara á svig við fjárreiðulögin. Fyrst er til að taka framlög til forsrn. Þar er gerð tillaga um 20,7 millj. kr. hækkun til skrifstofunnar vegna aukins rekstrarkostnaðar í ár og í fyrra. Þrátt fyrir að fjmrn. hafi sett strangar og skýrar reglur til stofnana ríkisins um meðferð ríkisfjármálanna þá virðast ráðuneytin sjálf eiga erfiðast með að fylgja þeim.

Ég vil benda á fleira undir forsrn. Óbyggðanefnd virðist vera stofnun í örum vexti. Henni var í upphafi ætlað að vera lítil stofnun, eitt eða tvö stöðugildi, til að samræma og fylgjast með störfum. En nú, herra forseti, er gert ráð fyrir því að auka fjármagn til hennar á þessu ári um 10,8 millj. kr. Mig minnir að hún sé þá komin í einar 50–60 milljónir í heild á þessu ári. Ekki verður annað séð en að framlög til hennar muni áfram rjúka upp. Það er því virkilegt áhyggjuefni að horfa til þeirrar þróunar.

Ég vil líka víkja að utanrrn. Utanrrn. er það ráðuneyti sem hefur hækkað hvað mest á fjárlögum á síðustu árum. Á árunum 1998–2000 hefur, að því er ég best veit, hækkun til þessa ráðuneytis orðið um 30% af raungildi á fjárlögum eða í kringum 1.200 millj. kr. Áfram hækka framlögin á þessu ári. Ég vil t.d. benda á að hér er sótt um 30 millj. kr. á fjáraukalögum vegna undirbúnings utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins sem fyrirhugað er að halda á Íslandi vorið 2002. Í fjárlagafrv. næsta árs eru ætlaðar nærri 200 millj. kr. til þessa verkefnis og kemur fram í umsögn um það að búist sé við að sú upphæð verði hærri. Ég býst sjálfur við að sú upphæð verði verulega miklu hærri. Ætlunin er að verja miklum fjármunum í að halda ráðstefnu hér á vegum Atlantshafsbandalagsins sem að mínu mati er afar óskynsamlegt, í fyrsta lagi að eyða fjármunum í þetta og í öðru lagi að draga athyglina að Íslandi, inn í þau hernaðarumsvif sem nú virðast því miður fara vaxandi með beinni eða óbeinni þátttöku Atlantshafsbandalagsins. Fyrir litla friðelskandi þjóð eru þetta ekki tímar til að vera að dragast inn í slíka hernaðartengda ráðstefnu.

Hjá sjútvrn., herra forseti, er farið fram á um 50 millj. kr. í fjáraukalögum vegna hvalatalningar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 2001. Í sjálfu sér er mjög eðlilegt að hvalir séu taldir en að það skuli þurfa að koma svo skyndilega til að það fari inn í fjáraukalög er alveg óþarfi.

Í síðasta lagi vil ég nefna, herra forseti, vanda framhaldsskólanna. Hann er mikill. Á honum virðist ekki tekið í þessu fjáraukalagafrv. Ég vil t.d. benda á að bara að hjá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, (Forseti hringir.) er hallinn tæpar 40 millj. kr. frá fyrri árum, svo er og ástatt um marga aðra skóla og virðist ekkert á því tekið.

Herra forseti. Ég mun svo koma að fleiri þáttum í umfjöllun um fjáraukalögin í seinni ræðu minni í dag.

[12:09]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Niðurstaða fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. sem fylgir þar á eftir mun hafa afgerandi áhrif á þróun efnahagslífs í landinu og mikla þýðingu. Það ber því að vanda til þeirra verka eins og gert hefur verið og frv. hæstv. fjmrh. ber með sér.

Við höfum hér við framlagningu fjárlagafrv. fjallað um almenn atriði í þróun efnahagslífs þjóðarinnar. Þar hefur verið rætt um nokkur helstu áhersluatriðin svo sem að ná niður verðbólgu svo fljótt sem verða má, viðhalda stöðugleika í efnahags- og atvinnulífi og örva atvinnulífið með öllum hætti innan áhrifasviðs ríkisvaldsins. Það hefur m.a. verið gert með því að boða fyrirhugaðar skattalækkanir.

Hlutverk ríkissjóðs við að ná þessum markmiðum er afar mikið. Það er mikið vegna þess að ríkið þarf að ganga á undan með góðu fordæmi. Útgjöld ríkisins hafa áhrif á þensluna í þjóðfélaginu og þarf því ríkisvaldið að taka vel til hendinni og halda þar vel um alla þræði.

Ljóst er að við þurfum að ná þessum markmiðum á skömmum tíma og til þess hefur ríkisvaldið ekki mörg tæki. Það tekur langan tíma að vinda ofan af umfangsmiklum rekstri og því eru skjótvirk tæki ríkisvaldsins næstum eingöngu útgjaldamegin, þ.e. að halda útgjöldum ríkisins í skefjum. Ég tel því mikilvægt að fjáraukalögin beri vott um þetta markmið, þ.e. að hemja útgjöldin.

Skipta má útgjöldum í fjáraukalögum í tvennt. Annars vegar eru þau nauðsynleg viðbrögð ríkisstjórnarinnar við aðsteðjandi og nauðsynlegum útgjöldum. Það hefur svo sannarlega verið allnokkuð um slík tilefni á síðasta ári, t.d. vegna heilbrigðisþjónustunnar, tryggingamála, viðbrögð við dómum Hæstaréttar, t.d. öryrkjadómnum, og fleira mætti telja. Allt eru þetta þörf og brýn mál til þess að koma til móts við þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu og þá sem þurfa á þjónustu velferðarkerfisins að halda.

Hinn þátturinn útgjalda í fjáraukalögum er hins vegar tengdur margvíslegum beiðnum ráðuneyta sem tengjast alloft rekstri. Því er ekki að neita að við fljótlega skoðun hefðu einhver þessara verkefna mátt vera inni á fjárlögum síðasta árs. Jafnvel hefði mátt taka þau inn á fjárlög ársins 2002. Við vitum vel að fjárþörf ráðuneytanna til margra brýnna verkefna er mikil. Það verður þó að segja eins og er, að við þær aðstæður sem búum við, í tímabundinni niðursveiflu í efnahagslífinu, er sáralítið svigrúm ef nokkurt til þess að ganga lengra en fjáraukalagafrv. segir hér til um.

Virðulegi forseti. Fjáraukalögin eru núna rúmir 13 milljarðar. Það eru um 6% af fjárlögum ársins í ár. Ég tel að Alþingi og ríkisstjórnir á næstu árum og missirum eigi að setja sér það markmið að ná þessu hlutfalli niður, að fjáraukalögin séu ekki svo hátt hlutfall sem nú er. Ég tel að fjáraukalög ættu, þegar frá eru taldir kjarasamningar og útgjöld tengd kjarasamningum, svo sem lífeyrisskuldbindingar, ekki að fara yfir 1–2%. Þannig hefðu fjáraukalögin í ár þurft að vera, aðeins 2–3% í heild eða um 5–7 milljarðar. Þetta tel ég óframkvæmanlegt við aðstæðurnar núna en ég tala hér fyrst og fremst um framtíðarmarkmið ríkisstjórna og fjárln.

Fjárln. tekur nú frv. til fjáraukalaga til vinnslu og mun leggja sig alla fram um góð vinnubrögð hvað það snertir. Við fögnum því að frv. komi fram svo snemma og að hægt sé að vinna að því jafnhliða fjárlagafrv. sjálfu. Ég tel að nefndin eigi í vinnu sinni að beita sér fyrir því að áætlanagerð á veg-

um ríkisins verði bætt og að nefndin eigi að hafa frumkvæði og beita áhrifum sínum til þess að stofnanir haldi sig innan fjárlaga.

Nefndin mun leitast við að eiga sem best samstarf við hæstv. fjmrh., ríkisstjórn og Alþingi. Nefndin hefur þegar hafið störf eins og fram kom í máli hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Þar hefur verið beðið um margvíslegar sundurliðanir og skýringar. Ég tel að það sé vel. Við eigum að taka allt slíkt, skoða það vel og vanda til verka þannig að þessi fjáraukalög verði framlag Alþingis til bættrar efnahagsstjórnar í landinu og til þess að ná því markmiði að hin tímabundna sveifla niður á við í efnahagslífi þjóðarinnar verði eins grunn og kostur er og uppsveifla í hagkerfinu nái sér sem fyrst af stað.

[12:17]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er raunar svo vegna umræðna um ríkisfjármálin að það vill verða leiðigjarnt til lengdar að japla á sömu atriðunum eins og belja á frosinni næpu. En hjá því verður ekkert komist. Öll þessi umræða þarf að vera í samhengi þannig að ýmislegt af því sem ég hef áður sagt í umræðu um fjárlög og fleiri atriði þessu að lútandi mun ég endurtaka að einhverju leyti. Það væri sök sér ef eitthvert mark væri tekið á stjórnarandstöðunni í þessu sambandi þó að maður yrði að margendurtaka ummælin. En svo er ekki. Svo er alls ekki í neinu efni.

Hér hef ég hamrað á því að rekstur ríkisins, fjárlögin, væru einna mestur skaðvaldur vegna þeirrar þenslu sem ríkir í þjóðfélaginu. Þau stórhækka frá ári til árs. Mér taldist svo til að þau hefðu hækkað um 13,5% frá fjárlögunum 2000, fjárlagafrv. sem afgreitt var fyrir 2001, og nú bætast við um 6%. Þetta er sem sagt hækkun í fljúgandi þenslu um 20%. Enginn af hæstv. ríkisstjórnarmönnum virðist vilja leggja eyru við.

Ég hef haldið því fram og held því enn fram að útgjaldahlið fjárlaga hafi úrslitaáhrif, sé það vopn sem Alþingi eða öllu heldur ríkisvaldið, svo maður beini orðum beint að því, hefur til þess að hamla gegn verðþenslu og verðbólgu. Hér búum við við þrefalda eða fjórfalda verðbólgu miðað við viðskiptalönd okkar en samt sem áður er haldið áfram að kynda bálið með þeim ótrúlegu aðferðum að stórhækka útgjaldahlið fjármálanna. Ég hef enga sannfæringu fyrir því, a.m.k. hníga engin rök að því, og geta sannfært mann um að þetta breytist nú. Fjárlagafrv. nú er 14% hærra en það fjárlagafrv. sem fyrst var lagt fram á síðasta þingi. En við skulum vona að Eyjólfi batni.

Þetta er háskaleikur sem menn hljóta að átta sig á. Af orðum hv. formanns fjárln. áðan var að skilja að útgjöld ríkissjóðs hefðu áhrif á þensluna í landinu. Hann er þá búinn að uppgötva það og það er svo sem nokkur árangur að formaður fjárln. telur að útgjöld ríkisins hafi áhrif á þensluna í landinu. En hann sagði líka að það tæki langan tíma að vinda ofan af ástandinu og hann ætlar sér til þess mörg ár því mörg ár taki að vinda ofan af ástandinu og móta bætta efnahagsstefnu. Í þessum orðum felst mjög hörð gagnrýni auðvitað á ráðandi og ríkjandi fjármálayfirvöld.

En fleira á erfitt uppdráttar en aðeins rekstur ríkisins. Við vitum að sveitarfélögin hafa stóraukið skuldir sínar, eins og sjá má reyndar á kaupum ríkisins á Orkubúi Vestfjarða þar sem sveitarfélögin neyðast til þess að selja þessa mjólkurkú sína til þess að rétta við fjárhag sinn. Sum eru raunar þannig sett að þau verða áfram í mikilli úlfakreppu. Það sagði mér sveitarstjóri þeirra í Vesturbyggð eigi alls fyrir löngu að þeir ættu langt í land með að ná fótfestu í fjármálum sínum sem þyrfti.

Hitt er svo annað mál að í fjáraukalögum á margt sér eðlilegar rætur. Það er aldrei hægt að sjá fyrir öll atvik sem upp koma í rekstri ríkisins. Aftur á móti þyrfti það að vera sem minnst og ekki er fyrir það að synja að um einstakar ríkisstofnanir er farið öðrum höndum en ætlast er til í fjárreiðulögum milli ára. Þar er fyrst að nefna forsrn. Frá afgreiðslu fjárlaga utan fjárlagaheimilda á nú að bæta ráðuneytinu upp fjárframlög um 370 millj. kr. eða rúma milljón á dag. Og þetta fjármagn langmest eða 300 milljónir er ætlað til þess að undirbúa einkavæðingu, sölu ríkiseigna.

Það má fyrr vera sprengingin frá því sem áður hefur birst í áætlunum um kostnað af sölu ríkiseigna. Það er alveg nauðsynlegt að fá þessa gríðarlegu tölu sundurgreinda, 300 milljónir. Hvað fær nefndin í kaup? Fær hún kannski launauppbót fyrir meðferð sína á sölu Landssímans eða meðferð sína við undirbúning á sölu Landsbankans, þar sem brunað er áfram í þeim málum án þess að gá til neinna átta og ekki þeirrar að verð þessara verðmætu ríkiseigna hefur hríðlækkað núna hin tvö síðustu árin? En menn þurfa að ná inn fjármagni til þess að færa til tekna inn á ríkisreikning til að glansmyndin verði ótrufluð. Nei, ég legg áherslu á að maður fái upplýsingar og sundurliðun á þessum gríðarlega kostnaði sem þarna skýtur upp kollinum.

Enn fremur er alveg augljóst að engin tök hafa enn náðst á rekstri heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Þarna þarf að flytja gríðarlegar fjárhæðir til hennar og þrátt fyrir það lengjast biðlistarnir. Þrátt fyrir það er uppi mikil ókyrrð og átök hjá starfsfólki þeirrar greinar sem ekki sér fyrir endann á.

Ég verð að segja að mér ofhasaði að hlusta á forseta Alþingis, hv. þm. Halldór Blöndal, þegar hann ræddi um Alþingi og fjárfestingar á vegum þess, þar sem hann sagði að vegna fjárreiðu í málefnum Alþingis, og ég held ég hafi það síðan orðrétt, getur Alþingi ekki treyst fjármálayfirvöldum né eftirliti með opinberum framkvæmdum. Ég bið forláts ef þetta er ekki nákvæmlega eftir haft. En hér er forsetinn sem sagt bæði að kenna fjármálayfirvöldum um hvað úrskeiðis fór hjá Alþingi og lýsa yfir vantrausti á fjármálayfirvöld. Ég óska eftir því sérstaklega að hæstv. fjmrh. gefi manni skýringu á réttmæti þessara ummæla því að þetta er yfirvaldið okkar á hinu háa Alþingi.

Frægt varð á sínum tíma þegar menn á Austurlandi gerðu hinar svonefndu Egilsstaðasamþykktir, þar sem samþykkt var að ríkissjóður væri skuldlaus. Þetta var á tímum Jónasar frá Hriflu. Í leiðinni var líka samþykkt að Jónas væri ekki geðveill. Það heitir núna geðröskun. Og þegar mann missa alveg vitið í stjórn fjármála þá er það vitröskun. Öllu er tekið með mýktinni af því sem að er.

Og nú mun sjálfsagt landsfundur Sjálfstfl. samþykkja að ríkissjóður sé skuldlaus, — ég veit að enginn mun fagna því meira en hæstv. fjmrh. — að gengið sé að styrkjast, viðskiptahalli að hverfa, erlendar skuldir að lækka, vextir að lækka — og það sem að er í þeim efnum verður Birgi Ísleifi Gunnarssyni kennt um, ef eitthvað er að — stöðugleiki fullkominn. Þess verður kannski getið í framhjáhlaupi, þó það komi nú ekki fjármálum við, að náðst hafi bærilegar sættir í fiskveiðimálunum.

Öll þessi atriði sem ég hef hér nefnt hljóta að verða falin inni í samþykktum landsfundar Sjálfstfl. af því sem þau má

öll finna í orðræðum hæstv. forsrh. á undanförnum vikum og mánuðum, bara öll.

En það er svo sem ekki á því von, ef menn eru svona blindir í þessum stóru málum okkar, að þeir veiti rétta leiðsögn.

[12:28]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Fjárlög og fjáraukalög eru fastir liðir á dagskrá þingsins eins og lög gera ráð fyrir og verð ég að segja hæstv. fjmrh. það til hróss að fjáraukalögin eru fyrr á ferðinni en oft áður og gott er til þess að vita að menn vilja upplýsa þingið sem allra fyrst um það hvað hafi farið fram úr því sem gert var ráð fyrir í fjárlögunum sjálfum.

Það er vandaverk að gera fjárlög þannig úr garði að engu skeiki, enda ekki hægt. Eigi að síður eru fjárlögin byggð upp á mjög mismunandi hátt eins og margir hafa bent á hér þannig að sumt er hægt að áætla betur en annað. Sjálfvirk útgjöld eins og gengisbreytingar og verðbólguhækkanir launa, lífeyrisgreiðslur og annað slíkt, er erfitt að mæla fyrir fram. Annað má vel sjá fyrir, t.d. framkvæmdir eða ákvarðanir, stórar ákvarðanir sem koma oft og tíðum fram mjög skyndilega og enginn hefur getað áttað sig á er annað.

Ég hef tekið eftir því að sveigjanleiki í ríkisfjármálum er mun meiri en tíðkast í áætlanagerð t.d. sveitarfélaga þar sem fjárhagsáætlanir eru oftast nær þannig klipptar að fjárveitingar eru einungis til ársins og keyrsla fram úr þeim er yfirleitt óheimil. Samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá ríkinu er það þó þannig að sjálfvirkni í rekstri ríkisstofnana er gríðarleg og framúrkeyrsla þeirra getur verið allt að einn og hálfur mánuður af rekstri þeirra samkvæmt þeim verklagsreglum sem í gildi eru. Þannig hefur t.d. Landspítalinn – háskólasjúkrahús heimild til þess að fara, samkvæmt þessu, 2,2 milljarða fram úr á einu ári ef þannig stendur á. Ef horft er á alla þessa sjálfvirkni áttar maður sig á því hvað hlýtur að vera erfitt að halda utan um það að reksturinn rúmist innan ramma fjárlaganna. Síðan falla slíkar sprengjur eins og t.d. hefur gerst í heilbrigðiskerfinu, þegar búið er að keyra svona fram úr lengi er allt í einu ekki hægt að ganga lengra og þá koma upp björgunarmál eins og urðu hér í fyrra og hittiðfyrra í gegnum fjárln., sem hafa leitt til þess að nú er ekki beðið um neina aukafjárveitingu frá heilbrigðiskerfinu vegna sjúkrahúsanna þrátt fyrir að við vitum að það eru hundruð milljóna sem standa fram úr og hefur þegar verið lýst yfir að Landspítali – háskólasjúkrahús fari 300 milljónir fram úr áætlun, en það rúmast sem sagt innan þessarar sveigju sem er einn og hálfur mánuður í rekstri spítalans.

Herra forseti. Ég álít að sveigjan sé allt of mikil og það sé ekki nokkur leið fyrir fjmrn., ef þetta er nákvæmlega svona, að stöðva miklar framúrkeyrslur. Þess vegna álít ég að skoða þurfi mjög þær verklagsreglur sem eru í gildi og átta sig á því hvort, þótt einhverjar viðvörunarbjöllur fari af stað áður, þarna sé ekki allt of langt gengið.

Hér hefur ýmislegt verið tíundað sem farið hefur fram úr og vel hefði mátt sjá fyrir, og ég get alveg tekið undir það. Það kom mér mjög á óvart þegar í ljós kom að flugvöllurinn í Reykjavík hafði fengið 250 millj. kr. án þess að nokkur heimild væri fyrir því. Ég ætla ekki að efast um að þetta hafi verið skynsamlegt, en ekki var haft neitt samráð um það við neina aðila þannig að þarna verða allt í einu til einhver útgjöld sem að mínu áliti hefðu ekki þurft að koma til en eru samt ákveðin. Ég tel, herra forseti, að það sem hefur gerst undanfarið í rekstri ríkisins, og þá fyrst og fremst í málum og málefnum sem snúa að framúrkeyrslum vegna stofnkostnaðar eins og dæmin sanna, að það hafi dregið mjög úr trúverðugleika fjárlagagerðarinnar og úr trúverðugleika kerfisins. Ekki er ljóst hver ber ábyrgð á hverju.

Það er t.d. algjörlega óviðunandi að Framkvæmdasýsla ríkisins geti komist upp með að segja að það séu einhverjir aðrir sem beri ábyrgð á framkvæmdum sem eru á þeirra vegum ellegar þá að ráðherra standi uppi með að þeir geti ekki heldur lýst því yfir hreint og klárt að þeir beri ábyrgð á þeim framkvæmdum sem standa yfir á vegum ráðuneytis þeirra. Þetta eru náttúrlega engar verklagsreglur og ég held að vel sé hægt að leita í smiðju hjá sveitarfélögunum til að ná betur utan um þessa hluti. Þar er alveg augljóst hver það er sem ber ábyrgð á framkvæmdum, það er bæjarstjórinn sjálfur í samráði við bæjarráðið og þar er aðgangur á milli mjög greiður, sem má kannski segja að sé ekki milli ríkisstjórnar og Alþingis.

Ég held, herra forseti, að það sé fyllilega tímabært líka að reyna að auka samráð Alþingis, og þá sérstaklega fjárln. og ríkisins og þá hugsanlega fjmrn. og fjárln., um það hvenær aukin framlög úr ríkissjóði umfram fjárhagsáætlanir eru nauðsynlegar. Ég sé ekkert að því að samráð þessara tveggja aðila sé meira en það er í dag. Mér finnst mjög miður að maður sjái einhvern kostnað kominn inn í fjáraukalög, kostnað sem á að vera búið að leita heimildar fyrir áður en farið er út í framkvæmdina, en stöndum einfaldlega frammi fyrir því að búið er að eyða þessum peningum, framkvæmdin er komin og þar með erum við að afgreiða eitthvað sem enginn getur breytt í sjálfu sér.

Þess vegna skora ég á hæstv. fjmrh., sem ég veit að er annt um að trúverðugleiki fjárlaganna sé mikill, og hann hefur sýnt það, að hann auki það samráð sem er þegar til staðar — ég tek fram að ég lít ekki svo á að meiri hluti og minni hluti sé það sama, ekki endilega. Samstarf þessara aðila innan fjárln. hefur verið gott en að lokum endar þetta allt hér inni í sölum Alþingis. En ég lít svo á að samstarf ráðuneytisins og fjárln. eigi að verða meira. Og ég vona að unnið verði að því.

[12:37]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er býsna athyglisvert þegar hv. þm. Sjálfstfl. koma hér upp og gefa yfirlýsingar. Við heyrðum fyrr í umræðunni miklar yfirlýsingar frá hv. þm. Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, sem voru miklum mun kröftugri en þær yfirlýsingar sem hér komu fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Það er því eðlilegt að spyrja hv. þm. aðeins út í hvað hann á við með því að dregið hafi úr trúverðugleika fjárlaganna og að hann vilji berjast fyrir því að auka hann. Þetta er auðvitað, eins og ég sagði, ekki sama yfirlýsing og hv. þm. Halldór Blöndal gaf þar sem hann tók afdráttarlaust fram að hann treysti ekki framkvæmdarvaldinu, hann treysti ekki fjárln. og eins og hv. þm. Kristján Pálsson benti á er meiri og minni hluti ekki það sama, t.d. í fjárln., það er augljóst mál. Ég skil orð hv. þm. Halldórs Blöndals þannig að hann treysti ekki meiri hluta fjárln., hann treysti ekki framkvæmdarvaldinu, hann treysti ekki hæstv. fjmrh. fyrir fjármálum ríkisins, a.m.k. að því er snýr að Alþingi.

Mér fannst hv. þm. Kristján Pálsson vera að einhverju leyti að taka undir með hv. þm. Halldóri Blöndal, þó að hann hafi ekki gengið jafnlangt. Mér þykir því nauðsynlegt á þessu stigi að algjörlega liggi ljóst fyrir hvort hv. þm. Kristján Pálsson er að taka undir með forseta Alþingis eða hvort

hann á við eitthvað annað, því að hv. þm. nefndi m.a. stofnun sem hv. þm. Halldór Blöndal nefndi einnig, þannig að hann var með ýmsar vísanir í þá átt að hann væri að einhverju leyti að taka undir með forseta þingsins. Það er auðvitað afar merkilegt ef tveir hv. þm. Sjálfstfl. eru að gefa eitthvað slíkt í skyn og gæti kallað á það að við yrðum að taka hér upp umræður um hvert traustið væri orðið í þingflokki Sjálfstfl. til ríkisstjórnarinnar.

[12:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er algjör útúrsnúningur hjá hv. þm. sem er náttúrlega ekki svaraverður. Það er fyrst og fremst verið að reyna að tala af hreinskilni um hvernig fjárlög þróast og hvað mætti betur fara. Hv. þm. er kannski ekki vanur hreinskilinni umræðu um þau mál sem skipta einhverju.

Auðvitað skiptir máli að fjárlögin séu eins trúverðug og kostur er. Það hafa augljóslega komið upp mörg dæmi þess að fjárveitingar til ýmissa stórra framkvæmda hafa verið allt of naumar og framúraksturinn svo mikill að menn hefur sett hljóða. Þar hefur komið til umræðu t.d. skrifstofubygging Alþingis. Margt annað hefur reyndar einnig komið til sem ég ætla ekkert endilega að telja hérna upp. En vegna þess að þetta eina atriði kom upp, þá hefur það að mínu áliti dregið úr trúverðugleika áætlunargerða og eftirlitskerfis ríkisins og náttúrlega þá fjárlaga um leið, að slíkar ótrúlegar framúrkeyrslur skuli geta gerst án þess að nokkur einasti maður virðist vita um það eða ætla sér að bera ábyrgð á því. Mér finnst það mjög slæmt og ég hika ekkert við að láta það koma fram á þessum stað.

Ég vil taka fram að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist. Og ef eitthvað er, þá finnst mér að núv. ríkisstjórn hafi tekið þetta alvarlega og það er virkilega verið að reyna að skoða þetta ofan í kjölinn. Það er verið að leita leiða í gegnum Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda og fleiri aðila.

Það sem ég var að benda á einnig eru sjálfvirk útgjöld sem hafa verið samþykkt hér á Alþingi. Alþingi hefur sjálft skammtað margt af því sem við erum í vandræðum með í dag.

[12:42]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru auðvitað ekki svör að halda því fram að eitthvað sé útúrsnúningur og nefna síðan engin dæmi um að verið sé að snúa út úr.

Varðandi það að ég sé ekki vanur hreinskiptnum umræðum, þá er það alrangt hjá hv. þm., enda treysti ég því að við séum að eiga hér hreinskiptin skoðanaskipti um þetta mál eins og önnur, um það hlýtur þetta að snúast.

Það sem ég var hins vegar að vekja athygli á var það að hv. þm. nefndi nokkur dæmi um hvernig að málum hefði verið staðið og hv. þm. kvartaði mjög ákveðið undan því að skortur væri á samráði. Þess vegna vakti ég athygli á því að það væri auðvitað ekki það sama, meiri hluti og minni hluti í fjárln. Ég hefði haldið að meira samráð væri haft við meiri hlutann en minni hlutann. En ef það er að koma í ljós að við hv. þm., sem tilheyrir meiri hluta fjárln., er ekkert samráð haft varðandi þær ákvarðanir sem teknar eru á milli, þá er það auðvitað býsna alvarlegt mál. Ég skil afar vel að hv. þm. líði illa undir slíku, að sjá á pappírum sem dreift er í frv. til fjáraukalaga ýmsar þær tölur sem áður höfðu hvergi komið fram og hv. þm. hafði hvergi áður rekist á, því að þar eru vissulega margar tölur sem eðlilegt hefði verið að um hefði verið fjallað, m.a. í fjárln., ég tala nú ekki um ef meiri hluti fjárln. eða fulltrúar í meiri hlutanum hafa ekki einu sinni heyrt um slíkt.

Það er eitt atriði enn, herra forseti, sem er rétt að spyrja hv. þm. út í vegna þess að hann er að ræða hér um opinberar framkvæmdir og telur að þar sé ýmislegt sem betur megi fara, og vissulega má taka undir ýmislegt þar. En hv. þm. nefnir ekki að nýlega hefur hæstv. ráðherra sett reglugerð og jafnvel mátti skilja orð hv. þm. á þann hátt að hann hefði ýmislegt við þá reglugerð að athuga, vegna þess að hann taldi að í henni þyrfti ýmislegt miklum mun betur að fara, án þess að víkja einu orði að því að það væri komin ný reglugerð.

[12:44]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var að reyna að segja, þegar hv. þm. fór að tala um að sá sem hér stendur og annar þingmaður hefðu ekki trú á ríkisstjórninni — og það var það sem ég kallaði útúrsnúning — og að eitthvert vantraust væri á ríkisstjórnina þó að menn væru í hreinskiptnum umræðum hér um málefni eins og fjárlögin (Gripið fram í.) þá er það auðvitað ekkert vantraust að ræða málin opinskátt, síður en svo. Það sýnir frekar styrk og það að menn eru ekki hræddir við að tala um málin.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, eins og ég sagði áðan, að það er ýmislegt sem má betur fara og það samráð sem hv. þm. var að tala um mætti vera meira við einstaka þingmenn í fjárln. um umframkeyrslur sem eru mjög margar. Flestar af þeim eru hugsanlega þess eðlis að um þær er ekki hægt að hafa mikið samráð en svo eru aðrar sem er vel hægt að hafa samráð um. Ég vil upplýsa það að yfirleitt er ekki neitt samráð um þær, yfirleitt ekki. Ég tel að úr því megi bæta.

[12:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Kristján Pálsson gerir sér grein fyrir veigamiklum ágöllum við vinnu fjárlaga og ábyrgð og framkvæmd þeirra og fjáraukalögin. Ég vil þó vekja athygli hans á einu. Hann talaði um nauðsyn þess að hafa samráð. En lögin um fjárreiður ríkisins kveða á um miklu meira en samráð. Þau kveða á um að útgjöld utan fjárheimilda séu óheimil nema í algjörum undantekningartilvikum sem eru tilgreind, þ.e. ófyrirséð atvik eins og kjarasamningar eða ný löggjöf sem þarf að grípa til skyndilega. Að öðru leyti ber að leita heimilda fyrir fram, ekki samráðs heldur heimilda fyrir fram. Og það er þetta sem skortir á að sé gert.

Hér dugar því ekki samráð. Hér verða að koma til gjörbreytt vinnubrögð og að aðilar átti sig á því hver í rauninni beri ábyrgðina á þessari framkvæmd. Það er því ekki nóg að hæstv. ráðherra hafi samráð við einstaka nefndarmenn. Honum ber að sjá til þess að fjárreiðulögum sé fylgt. Og það er þingsins að færa þetta til betri vegar.

Ég vildi benda hv. þm. Kristjáni Pálssyni á það, þrátt fyrir hans annars góðu athugasemdir við það sem betur mætti fara, að þetta eru lög.

[12:47]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. þm. Jón Bjarnason deilum ekkert mikið um það að sumt af því sem við erum að fjalla um hér heyrir undir fjárreiðulög. Aftur á móti eru fjárlögin sem slík áætlun alveg eins og áætlun sveitarfélaga um

fjársýslu næsta árs og það er aldrei hægt að gera þetta þannig að það sé nákvæmlega upp á punkt og prik. Þess vegna gera fjárreiðulögin að sjálfsögðu ráð fyrir því að fæstar tölur í sjálfu sér standist. En aftur á móti verður að ætlast til þess að framkvæmdir standist nokkurn veginn þær áætlanir sem gerðar eru. Og það þarf að breyta því að haft sé um það nákvæmt samráð og það fyrir fram.

Ég tek alveg undir það með hv. þm. að ég lít svo á að þegar verið er að breyta fjárlögum í tilfellum þar sem um verklegar framkvæmdir er að ræða, eigi að hafa samráð um það fyrir fram við fjárln.

[12:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að fjárln. eigi að koma miklu meira að umfjöllun málsins, hvort sem menn kalla það samráð eða ekki, en ítreka það að hún er sú þingnefnd sem á að taka á fjármálunum og fjárlögunum. Mönnum er í lófa lagið að sækja um heimildir fyrir greiðslum. Það er ekkert óeðlilegt að forsendur fjárlaganna breytist með ýmsum hætti en þá er það hin rétta leið að fara með það inn í þingið fyrir fram. Það er hægt að gera í apríl. Það er hægt að gera í mars. Það er hægt að gera alltaf þegar þing starfar. Og sum af þeim útgjöldum sem við erum að sjá hér voru samþykkt af hálfu ríkisstjórnar meðan þing sat í vetur. Slíkt er náttúrlega ekkert nema að fara á svig við fjárreiðulögin, þó svo að hún beri þetta seinna upp með fjáraukalögum að hausti, en þá er búið að stofna til þessara útgjalda. Gjaldaliðir frv. eru fastsettir þannig að þar er meira en um áætlun að ræða í flestum tilvikum.

Þess vegna legg ég áherslu á það, herra forseti, að oftar en einu sinni á ári komi fram frumvörp um fjáraukalög þannig að Alþingi sé í rauninni virkt eins og lög kveða á um við ákvörðun útgjalda.

[12:51]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú alveg fallist á það að fjáraukalög gætu komið oftar fram í þinginu en einu sinni á ári. Það er náttúrlega spurning hvað snemma það ætti að gerast, en að það væri að vori og svo aftur að hausti er ekki óeðlilegt. Hjá mörgum sveitarfélögum er fjárhagsáætlun endurskoðuð oftar en einu sinni á ári. Í raun er gert ráð fyrir því í ýmsum lögum um sveitarstjórnarmál þar sem um dýrar framkvæmdir er að ræða að leggja þarf þær undir félmrn. eða ákveðnar nefndir á vegum ríkisins vegna þess ríkið treystir ekki því að sveitarfélögin hafi þrek til þess að standa undir stórum og dýrum framkvæmdum.

Það er ýmislegt gert á vegum sveitarfélaga, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, sem mér finnst við vel geta lært ýmislegt af. Við höfum farið yfir það að erlendis er mjög mikill agi á fjárlögum víða, eins og t.d. í Bandaríkjunum þar sem stofnanir eru lokaðar ef fjárveitingar þrýtur áður en fjárhagsárinu lýkur. Við höfum kynnst því hér hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli að þar hefur komið upp sú staða að það átti að loka innan nokkurra klukkutíma áður en málinu var bjargað fyrir horn. Það var einfaldlega vegna þess að fjárveitingar til vallarins á ákveðnum sviðum höfðu klárast löngu áður en heimildir voru tilbúnar. Það varð uppi fótur og fit út af þessu máli.

Hér þekkist ekki neitt slíkt. En það má kannski grípa inn í áður og ýmislegt gera ... (**JB:** Það er búið að loka Staðarfelli.) Það er út af allt öðrum ástæðum. Það má ýmislegt gera áður en gripið er til svo róttækra ráðstafana, en þetta er samt eitthvað sem menn vita af.

[12:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hafa orðið nokkur orðaskipti um mikilvægi þess að hafa traust eftirlit með framkvæmdum á vegum hins opinbera og tek ég undir mikilvægi þessa. Ég vil þó geta þess að ég tel ekki síður mikilvægt að við tökum aðra þætti til umfjöllunar þegar kemur að því að hýsa starfsemi á vegum ríkisins. Þá vísa ég til þeirrar stefnu sem upp hefur verið tekin í seinni tíð að hrekja stofnanir út úr eigin húsnæði og í rándýrt húsnæði á vegum einkaaðila jafnvel þótt sýnt sé að þetta sé miklu kostnaðarsamara fyrir skattborgann, fyrir ríkissjóð. Ég nefni sem dæmi Íbúðalánasjóð sem var hrakinn úr eigin húsnæði í rándýrt húsnæði af þessu tagi.

Eitt er að hafa áhyggjur af því hvernig til tókst með eftirlit með húsnæði sem tekið hefur verið undir starfsemi Alþingis. Hitt finnst mér meira álitamál hvernig á því stóð að Alþingi tók ekki ákvörðun um að festa kaup á Austurstræti 8–10 í stað þess að verja kvartmilljarði, um 250 millj. kr. til að innrétta hús án þess að eignast nokkurn hlut í því, á stað sem fyrirsjáanlegt er að við þurfum á því að halda að hafa skrifstofuhald. Ég spyr sjálfan mig líka þegar húsnæði Símans var selt hvernig á því stóð að Alþingi íhugaði ekki þann kost að festa kaup á því húsnæði.

Við erum að ræða frv. til fjáraukalaga og ég tek undir þau orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar að það kann að vera nauðsyn að taka fjáraukalög til umfjöllunar oftar en einu sinni á ári. Vísa ég þar í frv. sem hv. þm. hefur þegar lagt fram á þingi þar sem hann leggur til að fjáraukalög verði tekin til umfjöllunar á Alþingi á hausti og vori, því eins og hann hefur bent á og reyndar kemur fram í lögum um fjárreiður ríkisins þar sem fjallað er um fjáraukalögin og meðferð þeirra, er ekkert óeðlilegt að taka þurfi á ófyrirséðum útgjöldum, útgjöldum sem ekki voru fyrirsjáanleg þegar fjárlög eru tekin til afgreiðslu.

Hins vegar verð ég að segja, herra forseti, að við skoðun á þessu frv. til fjáraukalaga er nú að finna sitt af hverju sem var fyrirséð og hefði verið eðlilegt að tekið væri til umfjöllunar og afgreiðslu með fjárlögum. Ég staðnæmist fyrst við forsrn. Þar er m.a. gerð tillaga um 20,7 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til skrifstofunnar vegna aukins rekstrarkostnaðar hennar í ár og í fyrra. Að vísu er vísað til þess í skýringum með þessari fjárveitingu að þetta sé að hluta til vegna ákvarðana sem teknar hafi verið á Alþingi, en aðeins að hluta til. Ég spyr: Er þetta þá komið undir duttlungum ráðamanna í því ráðuneyti? Hið sama er uppi á teningnum þegar við víkjum að öðru ráðuneyti, utanrrn. Þá gerist það ár eftir ár að þar er um verulega útgjaldaaukningu að ræða sem á ekki rætur að rekja til ákvarðana sem teknar hafa verið á Alþingi.

En þótt þessi fjárveiting, 20,7 milljónir, sé há og óútskýrð, há miðað við það að við erum að tala um rekstrarkostnað skrifstofunnar að verulegu leyti, þá staðnæmist ég nú fyrst við næsta lið þegar kemur að 300 millj. kr. aukafjárveitingu til tveggja liða á liðnum Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Lagt er til að veitt verði 300 millj. kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar við sölu á hlutabréfum ríkisins. Um er að ræða kostnað vegna ráðgjafar, umsjónar með sölu og frágangi skjala.

Nú vitum við það erlendis frá þar sem einkavæðingarríkisstjórnir sitja að völdum að það er blómlegur iðnaður, blómlegur atvinnurekstur fyrir pólitíska vildarvini viðkom-

andi ríkisstjórna að hlaða sér inn í þennan geira, þennan ráðgjafargeira. Ég leyfi mér að spyrja: Hvernig greinist þetta í sundur? Hvert renna þessar milljónir? Ég tek undir með hv. þm. Sverri Hermannssyni sem óskaði eftir því að sérstaklega yrði gerð grein fyrir þessu. Hver eru laun einkavæðingarnefndar, svo dæmi sé tekið? Hver er þessi ráðgjafar- og sérfræðikostnaður? Í hverju er hann fólginn? Í hverju er þessi ráðgjöf fólgin? Mér finnst að þetta þurfi að fá nánari umfjöllun, herra forseti.

Síðan er annað sem er dæmigert fyrir þessi fjáraukalög sem önnur í valdatíð Sjálfstfl., þ.e. að verkefni sem tengjast á einhvern hátt einkavæðingu eða einkaframkvæmd kalla alltaf á aukinn kostnað miðað við það sem okkur var upphaflega talin trú um að fælist í verkefninu. Ég rek augun í að Iðnskólinn í Hafnarfirði, sem er einkaframkvæmdarverkefni, kallar á 16,7 millj. kr. aukafjárveitingu.

Næst staðnæmist ég við ráðstefnur á vegum utanrrn. Þar vísa ég í 30 millj. kr. sem óskað er eftir vegna undirbúnings utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins sem fyrirhugað er að halda á Íslandi vorið 2002. Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en ljóst er að nokkuð af útgjöldunum mun falla til á þessu ári.

Nokkuð af útgjöldunum við undirbúning á þessum fundi, 30 millj. kr.? Ég tek nú einnig undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni og set stór spurningarmerki við þessa samkomu hér á næsta vori. Ég vil fá að vita: Hvað ætlar ríkisstjórnin að verja miklu fé í þennan fund? Þarf ekki að ræða það á Alþingi? Þarf ekki að ræða það á Alþingi ef á að verja tugum eða hundruðum milljóna króna af skattfé til þessa fundar? Við erum að tala um hluta af undirbúningnum sem fellur til á þessu ári og nemur 30 millj. króna.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti hyggst gera matarhlé klukkan eitt og spyr hv. þm. hvort hann vilji gera hlé á flutningi ræðu sinnar eða hvort hann geti lokið henni á tveimur til fjórum mínútum.)

Ég vil fá að gera hlé á henni.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:31]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Ég var að fjalla í ræðu minni um aukafjárveitingu til utanrrn. í tengslum við fyrirhugaðan fund NATO hér á næsta ári, en gert er ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi samkvæmt þessu frv. En við nánari skoðun á þessu máli kemur í ljós að í fjárlagafrv. fyrir komandi ár er gert ráð fyrir 170 millj. kr. fjárveitingu vegna þessa fundar NATO hér næsta vor. Hér segir að þetta sé tímabundin fjárveiting í eitt ár vegna utanríkisráðherrafundar NATO og samstarfsríkja þess sem ákveðið er að halda á Íslandi vorið 2002. Áætlunin er ekki endanleg. Skyldi hér vera um að ræða hálfsmánaðarfund eða vikufund? Nei, við erum að tala um tveggja daga fund sem við erum núna beðin um að samþykkja aukafjárveitingu fyrir upp á 30 millj. og samkvæmt fjárlagafrv. upp á 170 millj., upp á 200 millj. kr. vegna undirbúnings. Og það segir í fjárlagafrv. að endanlegar áætlanir liggi ekki fyrir.

En hverjar eru líkurnar, hver eru líkindin? Erum við að tala um 300 millj.? Erum við að tala um 400 millj.? Erum við e.t.v. að tala um hálfan milljarð vegna þessa fundar NATO hér næsta vor? Og í hverju er þessi undirbúningur fólginn og í hvað fara þessir peningar skattgreiðenda? Borgar þetta fólk ekki sjálft undir sig hótelkostnaðinn? Í hvað fara þessi hundruð millj. kr. vegna tveggja daga fundar NATO hér næsta vor? Það er ætlast til þess að við samþykkjum núna 30 millj., að við samþykkjum 170 millj. við afgreiðslu fjárlaga og jafnframt er tekið fram að endanlegar áætlanir liggi ekki fyrir. Mér finnst þetta, herra forseti, fullkomið ábyrgðarleysi og ég lýsi mikilli andstöðu við það að skattpeningum sé varið til þessa fundar.

Ég held áfram að fara yfir frv. til fjáraukalaga. Ég staðnæmist næst undir liðnum dóms- og kirkjumálaráðuneyti, við Stjórnartíðindi. Þar er lagt til að framlag til Stjórnartíðinda verði hækkað um 6 millj. kr.

„Á grundvelli álitsgerðar starfshóps um lögleiðingu EES-gerða var samþykkt í ríkisstjórn fyrr á þessu ári að birting EES-samningsins á netinu verði flutt frá utanríkisráðuneytinu til Stjórnartíðinda sem fái sérstaka fjárveitingu að fjárhæð 6 millj. kr. ...“

Þetta kom til umfjöllunar á þingi sl. vor. Þá var talað um að setja þessar gerðir yfir í rafrænt form því að í því mundi felast mikill sparnaður. Þannig var um þetta rætt og höfðu ýmsir uppi við það mótmæli að lög og reglur væri ekki að finna hér í ritaðu máli. En þetta var samþykkt. En nú spyr ég: Var ekki gert ráð fyrir því að af þessu yrði sparnaður? Var það ekki markmiðið með þessari breytingu? En nú segir að ekki sé gert ráð fyrir að útgjöld utanrrn. lækki við flutning þessa verkefnis yfir til dómsmrn. Ég vil vekja á þessu sérstaka athygli við þessa umræðu.

Ég staldra hér við Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég ætla ekki að fara um hann mörgum orðum. Gert er ráð fyrir því að lækka framlagið til hans í ljósi þess að menn gera ráð fyrir heldur minna atvinnuleysi en í fyrri spám. Er það vissulega vel. Menn ætla, samkvæmt þeim upplýsingum sem hér er að finna, að hvert prósentustig, hvert atvinnuleysisstig kosti um 900 millj. kr., en menn ætla að atvinnuleysi verði að meðaltali 1,4% en ekki 1,8%. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé ekki einmitt sjóður sem eigi að líta á sem sjóð í stað þess að hafa þarna gegnumstreymisfjármagn. Við höfum í seinni tíð verið að setja alls kyns verkefni undir þann gjaldstofn, þann tekjustofn sem Atvinnuleysistryggingasjóður reiðir sig á, fæðingarorlofið svo dæmi sé tekið og aðra þætti. Ég vildi rétt aðeins vekja máls á þessu.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands fær 61,9 millj. kr. og er það vel vegna þess að þetta er stofnun sem hefur verið í miklu fjársvelti og hefur það oft verið gagnrýnt á Alþingi að ekki skuli búið betur að þessari stofnun enda biðlistar langir og er það staðfest í greinargerð með frv. að skjólstæðingar stofnunarinnar hafi þurft að bíða í yfir ár eftir þjónustu. En síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Stjórnendur stofnunarinnar hafa aukið skuldina við Ríkiskaup sem sér um innkaup á heyrnartækjum.“

Og þá er vísað í fyrri skuld sem vikið er að fyrr í greinargerðinni. Stjórnendur stofnunarinnar hafa aukið við skuldina hjá Ríkiskaupum. Staðreyndin er sú að þessari stofnun hefur verið skammtað of naumt, of litlir fjármunir. Þess vegna hafa orðið til biðlistar. Við höfum vakið máls á þessu og það komu fram tillögur, ef ég man rétt, við afgreiðslu síðustu fjárlaga um aukið framlag til þessarar starfsemi.

Ég staðnæmist næst við iðnaðarráðuneyti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Farið er fram á að 45 millj. kr. framlag vegna kostnaðar af undirbúningsvinnu Fjárfestingarstofnunar við uppbyggingu stóriðju. Þar vegur þyngst undirbúningur Reyðaráls í mati á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði. Auk þess er um

að ræða kostnað við kynningarstarf og vegna undirbúnings samningagerðar."

Hér er verið að tala um 45 millj. kr. Er ekki Reyðarál einkafyrirtæki? Er það ekki Reyðarál og fjárfestar sem að því koma sem eiga að standa straum af þessum kostnaði? *Ég spyr. Ætlar ríkissjóður að greiða allan þennan kostnað?* Er það svona sem á að glansfæra tölurnar í tengslum við stóriðjuáform stjórnvalda, þ.e. að láta ríkissjóð taka á sig verkefni og kostnað sem eiga að heyra undir aðra aðila? Er þetta eðlilegt? Ég vildi gjarnan fá við þessu svör.

Ég staðnæmist við Náttúrufræðistofnun Íslands. Því hefur oft verið hreyft á Alþingi að ekki sé nægilega vel búið að þeirri stofnun. Sannast sagna rekur mann í rogastans þegar í ljós kemur að óskað er eftir 13 millj. kr. aukafjárveitingu, m.a. til að fjármagna leiguhúsnæði sem stofnunin ætlar að taka undir sýningargripi væntanlega, inni í Súðarvogi.

Er þetta ekki stofnun sem á að vera opin almenningi? Á hún ekki að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir sitt safn sem á að vera opið almenningi? Þótt ég telji það hið besta mál að samþykkja þessa aukafjárveitingu þá hefði ég kosið að tekið væri heildstætt á málefnum þessarar stofnunar á fjárlögum Alþingis. Það er mergurinn málsins, herra forseti, að við erum hér að fjalla um ýmsa þætti og ýmsa liði sem eiga heima á fjárlögum en ekki í fjáraukalögum, sem eiga fyrst og fremst að taka á tilfallandi og ófyrirséðri útgjaldaaukningu.

Í því sambandi langar mig að lokum að staðnæmast við einn lið undir umhverfisráðuneyti. Hann heitir einfaldlega Ýmis verkefni. Þar segir, með leyfi forseta:

„*Núpsstaður í Skaftárhreppi er talinn merkilegur staður* bæði vegna náttúrufars og menningarverðmæta. Þar hefur lengi verið búið með fornum hætti og hús þar flest með fornu sniði. Í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 28. september 1999, um að skipuð skyldi nefnd til að undirbúa kaup ríkisins á jörð og húsum að Núpsstað í því skyni að vernda þau verðmæti sem þar er að finna, er hér gerð tillaga um 2 millj. kr. aukafjárveitingu til starfsemi nefndarinnar."

Þetta er eflaust hið besta mál þótt ég hafi ekki kynnt mér það til hlítar. En ég spyr: Á svona lagað heima í fjáraukalögum? Það er vísað í ríkisstjórnarsamþykkt frá árinu 1999 og farið fram á það að í fjáraukalögum samþykkjum við 2 millj. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis. Ég vil taka það fram að ég er ekki að leggjast gegn því, síður en svo. Ég er að leggjast gegn vinnubrögðum af þessu tagi. Mér finnst þau ekki í samræmi við þær hugmyndir sem fjáraukalög eiga að vera reist á.

[13:43]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi 1. umr. um frv. til fjáraukalaga hefði hugsanlega getað orðið öðruvísi ef tekist hefði að vinna þá lista sem við óskuðum eftir í minni hluta í fjárln. Við óskuðum sérstaklega eftir því að fá lista yfir þau útgjöld sem *þegar hefðu verið innt af hendi, þar sem um væri að ræða* ákvarðanir sem teknar hefðu verið fyrr á árinu. Við spurðum á hvaða tíma þær hefðu verið teknar, hvenær hefði verið greitt út og hvað væri óafgreitt, vegna þess að það horfir svolítið öðruvísi við að ræða einstaka liði frv. ef vitað er að búið er að greiða viðkomandi beiðni fyrir þó nokkuð löngu síðan, hugsanlega með fyrirvara um samþykki Alþingis. En þó er það aldeilis ekkert víst.

Einnig er umhugsunarvert að þegar við ræðum frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 þá er hér aðeins mættur hæstv. fjmrh. þegar við ættum að vera að ræða þetta frv. við alla ráðherra ríkisstjórnarinnar, vegna þess að við búum við rammafjárlög. Eitt sinn var ákveðið að breyta vinnubrögðum við gerð fjárlaga, færa ábyrgðina meira út til fagráðuneytanna þannig að þau ættu að vera ábyrgari í allri sinni áætlanagerð. Þar af leiðir að hér er jafnvel ekki hægt að ræða annað en útlínur, *meginlínur* frv. til fjáraukalaga við hæstv. fjmrh. Þó að hann leggi það hér fram og beri á því ábyrgð þá hljótum við að vilja ræða einstaka kafla við viðkomandi fagráðherra og velta því fyrir okkur hvað hefur brugðist í áætlanagerð hjá ráðuneytunum, því að þau bera fulla ábyrgð á því hvernig komið er og þeirri niðurstöðutölu sem hér er.

Auðvitað má skipta fjáraukalögunum upp í ákveðna þætti. Við erum með ófyrirséða þætti eins og kjarasamningana. Við erum með dóma. Við getum orðið fyrir áföllum sem ríkið þarf að bæta á einhvern hátt eins og gerðist í jarðskjálftunum á Suðurlandi í fyrrasumar. En við erum líka með ákvarðanir sem er alveg augljóst að hafa legið fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár. Og síðan erum við með nýjar ákvarðanir.

Sumir hæstv. ráðherrar hafa farið af stað u.þ.b. hálfum mánuði, þrem vikum eftir að fjárlög hafa verið samþykkt, það er árviss atburður og byrjaði svo sem ekkert með þessari ríkisstjórn, þá hafa þeir farið út um landið til að undirrita ýmsa samninga og skuldbindingar sem ekkert er getið um í aðdraganda afgreiðslu fjárlaga.

Við hljótum að velta því fyrir okkur og skoða gaumgæfilega hvert einasta fagráðuneyti út frá þeim breyttu vinnureglum sem við höfum. Við hljótum líka að skoða að í þessu frv. til fjáraukalaga er það sem kallað er heima hjá mér á *Stokkseyri ótrúlegur tittlingaskítur frá einstaka ráðuneyti* þar sem verið er að biðja um tvær milljónir í þetta og þrjár milljónir í hitt, en á sama tíma eru ríkisstjórnarákvarðanir með a.m.k. 200 milljóna kr. pott til að mæta ýmsum slíkum liðum, ýmsu því sem getur komið óvænt upp í störfum ráðuneyta á fjárlagaárinu, því er settur upp þessi stóri pottur, svo ekki sé talað um fjölda safnliða sem eru undir hverju ráðuneyti. Ef allt er tínt til er þarna um mun hærri upphæðir að ræða. Auk þess er ríkisstjórnin með á sínum lið að mig minnir 129 milljónir.

En liðurinn sem heyrir undir fjmrn. sem heitir ósköp einfaldlega Ríkisstjórnarákvarðanir, er upp á 200 milljónir. Það segir manni, virðulegi forseti, að þessi ágæta ríkisstjórn hefur tekið ákvarðanir langt umfram þessar 200 milljónir sem voru í pottinum og þar er ekki í öllum tilvikum um ófyrirséða eða óviðráðanlega atburði að ræða sem ríkisstjórnin hefur þurft að mæta, sem er sjálfsagt fyrir Alþingi að taka á hverju sinni og alveg sjálfsagt eftir gerð hverra kjarasamninga sem ríkið kemur að að Alþingi komi saman til að samþykkja þau útgjöld sem kjarasamningar fela í sér hverju sinni.

En það er alveg með ólíkindum að horfa á þetta frv. til fjáraukalaga, fyrir utan þá stóru þætti sem ég tel að ekkert sé hægt að gera við, eins og þá sem snúa að kjarasamningum. Við getum auðvitað ekki sett inn einhverja líklega upphæð í fjárlög þess árs sem samningar standa yfir vegna þess að þar væri verið að gefa ákveðnar línur. Það er útilokað. Hins vegar getum við mætt því sem út úr samningum kemur hverju sinni. En hvað varðar frv. til fjáraukalaga, þá er alls ekki um að ræða að þarna sé eingöngu verið að mæta ófyrirséðum þáttum, síður en svo. Við erum hér með ákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur tekið og einstaka ráðuneyti eru að fara fram á fjárveitingar til einstakra verkefna sem, eins og ég sagði áðan, hafa örugglega legið fyrir við samþykkt fjárlaga fyrir þetta ár. Önnur verkefni eru þess eðlis að ég tel bara

sjálfsagt að þau bíði og hljóti eðlilega umræðu við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Þar virðist ekkert vera sem a.m.k. brennur á einmitt núna að leysa úr og þess vegna skipti máli að við fengjum lista yfir þá þætti sem ætti eftir að greiða út varðandi þær beiðnir sem hér eru á ferðinni. Ég ætla aðeins, virðulegi forseti, að fara yfir nokkrar beiðnir hér á eftir þó að ég hefði sannarlega kosið að viðkomandi fagráðherrar væru á staðnum.

Við megum heldur ekki gleyma því að til er reglugerð sem segir að ráðherrar, fagráðherrar, sem eiga að standa að þessari rammaáætlun, og ráðuneytin skuli hafa virkt eftirlit með starfsemi undirstofnana eða þeirra stofnana sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti. Á minnst tveggja mánaða fresti eiga ráðuneytin að skoða reksturinn eða stöðuna hjá þeim stofnunum sem heyra til ráðuneytis.

Og hvað skyldi það nú vera gert í mörgum tilvikum? Hvað skyldu mörg þessara ráðuneyta standa fullkomlega við það að veita stofnunum sínum það aðhald sem til þarf og fara að þeim reglum sem settar eru? Í reglugerð er kveðið á um að ráðuneytin skuli vera með eftirlit a.m.k. og ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Og þau skulu gefa út viðvörun til þeirrar stofnunar sem í hlut á ef hún er að fara langt fram úr fjárlögum þess árs eða hefur tekið upp verkefni sem ekki er áætlað fyrir á fjárlögum yfirstandandi árs.

Það er mjög mikilvægt og hefur mjög mikið að segja í framkvæmd fjárlaga hvers árs að eftirlitið sé virkt, alveg sama hvort um er að ræða Alþingi og eftirlitshlutverk Alþingis að ég tali nú ekki um það að ráðuneytin, fagráðuneytin sinni eftirlitshlutverki sínu vegna þess að það er undirstaða þess að rammaáætlanir gangi eftir og að við náum þeim árangri sem að var stefnt þegar sú breyting var gerð að fagráðuneytin báru meiri ábyrgð hvert á sínum málaflokki.

Grunnurinn, hver er hann? Ég spurði starfsmenn fjmrn. á fundi fjárln. um daginn hvaða kennitölur væru notaðar. Er t.d. einhver reiknireglа eða eitthvert reiknilíkan sem notað er sérstaklega við áætlun á fjárþörf stofnana, útgjöldum t.d. hvað varðar launaliðinn? Við vitum að starfsmenn eru misdýrir. Við vitum að stofnanir búa mjög misjafnlega hvað varðar húsnæði. Sumar eru í leiguhúsnæði, aðrar í eigin húsnæði og kostnaðurinn er afar misjafn. Hefur verið gerð úttekt á því hver kostnaðurinn er á hvern starfsmann hjá ríkisstofnunum og hefur verið reynt að finna út einhvers konar reiknireglu sem hægt er að nota til viðmiðunar þegar framlög til stofnana eru ákveðin?

Mér heyrðist á starfsmönnum fjmrn. að það hefði ekki verið gert og ég tel reyndar, virðulegi forseti, að það sé mjög margt eftir í þeirri grunnvinnu sem þarf að eiga sér stað áður en rammafjárlög og þau vinnubrögð sem við viljum gjarnan viðhafa hér virki að fullu.

Hér kom mjög merk yfirlýsing úr ræðustól í morgun frá virðulegum forseta þingsins þar sem hann sagði okkur hv. þingmönnum að hann gæti ekki treyst framkvæmdarvaldinu þegar um væri að ræða fjárveitingar til Alþingis og að hann gæti ekki heldur treyst fjárln. Alþingis í vinnu hennar varðandi úttektir, eftirlit og síðan tillögur um framlög til starfsemi eða framkvæmda Alþingis.

Þar á ofan sagði hæstv. forseti þingsins að hann treysti ekki heldur á eftirlit Framkvæmdasýslu ríkisins með framkvæmdum hjá Alþingi og þess vegna hefði yfirstjórn Alþingis bara tekið að sér þetta eftirlit sjálf, yfirstjórn Alþingis ætlaði að fara með eftirlitið þar sem hún treysti ekki Framkvæmdasýslu ríkisins.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Er það ekki þannig að við búum hér við ákveðin lög sem lúta að m.a. eftirliti með framkvæmdum á vegum ríkisins og að Alþingi og framkvæmdir á vegum Alþingis falli undir þau lög? Ef það er þannig, sem við höfum orðið vör við að undanförnu, að pottur er brotinn hvað varðar eftirlit Framkvæmdasýslu ríkisins með framkvæmdum, þarf þá ekki að taka lögin um Framkvæmdasýsluna til endurskoðunar og það strax? En á meðan þau eru í gildi verðum við að fara að þeim leikreglum sem við höfum sett okkur þangað til þeim verður breytt. Við hunsum þær ekki og það gerir Alþingi ekki heldur.

Hæstv. forseti sagði að hann hefði treyst á að söluandvirði húseignar Alþingis, þ.e. Skólabrú, færi til framkvæmda hér á Alþingi. Nú skilst mér að búið sé að selja eignina að Skólabrú. Á hvað var eignin seld? Um hvaða fjárhæðir er að ræða? Í hvað rann eða í hvað á söluandvirði þeirrar húseignar að renna? Hvað fékkst fyrir hana? Hver keypti hana? Slíkar spurningar hljóta að vakna eftir þessa komu hæstv. forseta Alþingis í ræðustól. Og sú yfirlýsing eða sá dómur sem hæstv. forseti felldi hér yfir framkvæmdarvaldinu og yfir fjárln. Alþingis, nefndarstarfi Alþingis, var alls ekkert léttvægur. Það er mjög alvarlegt þegar hæstv. forseti þingsins lætur þau orð falla sem hann gerði hér úr ræðustól áðan. Það er mjög alvarlegt. Við hljótum að hugsa um það og við hljótum að ræða það hvernig a.m.k. við hv. þm. sem sitjum í fjárln. Alþingis, höfum brugðist hvað varðar eftirlit og hvað varðar tillögur og framlög til Alþingis, bæði til að reka Alþingi og til þeirra framkvæmda sem hafa staðið yfir og standa fyrir dyrum. Við hljótum, virðulegi forseti, að taka það til umræðu í fjárln. hvað það var sem þarna brást að mati forseta og óska eftir skýringum frá forsn. um þau efni. Ég kem þeirri ósk minni hér með á framfæri, virðulegi forseti, að fjárln. fái skriflegar skýringar á því hvað fólst í orðum hæstv. forseta Alþingis áðan.

Ég ætla síðan að fara örstutt yfir vegna þess að ég nefndi þennan lið 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir, þar sem um er að ræða pott upp á 200 milljónir fyrir utan safnliði einstaka ráðuneytis, aðeins að nefna þær tillögur sem koma frá einstökum ráðuneytum og þá fyrst frá fjmrn., frá ríkisstjórninni þar sem er óskað eftir heimildum, nýjum heimildum í 4. gr. frv.

Þar segir í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

„Sótt er um heimild til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með að hún standi yfir um nokkurra ára skeið. Rannsóknin hófst á þessu ári og er því sótt um heimild í fjáraukalögum vegna þess kostnaðar."

Var sótt um þessa heimild í aðdraganda þess að fjárlög fyrir þetta ár voru afgeidd? Lágu þessar upplýsingar fyrir þegar fjárlög fyrir árið 2001 voru samþykkt?

Síðan er hér önnur heimild eða ósk sem vekur athygli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heimildir 7.30–7.32 eru vegna kaupa á fasteignum. Þröngt hefur verið um Skipulagsstofnun að Laugavegi 166 og er sótt um heimild til kaupa hluta af Laugavegi 164 en ríkissjóður á nú þegar helming þess. Auðvelt er að opna á milli þessara tveggja eignarhluta."

Upplýst var á fundi fjárln. að þó að svona þröngt sé um Skipulagsstofnun stæði samt ekki til að hún flytti strax í þetta

nýja húsnæði. Þess vegna spyr ég, virðulegi forseti: Mætti þessi heimild ekki bíða þar til fjárlög fyrir árið 2002 verða afgreidd?

Þá kemur að því sem ég kallaði tittlingaskít áðan, þ.e. óskir einstakra ráðuneyta um þessi smáu framlög sem ég hélt að ætti að mæta úr þessum sameiginlega potti sem ríkisstjórnin hefur og af safnliðum einstakra ráðuneyta. Ef við byrjum t.d. á Æðstu stjórn ríkisins, Opinberar heimsóknir, þá er lögð til aukafjárveiting að fjárhæð 7 millj. kr. til að mæta kostnaði vegna aukinna umsvifa í rekstri embættisins, þ.e. embætti forseta Íslands, árið 2000, sem stöfuðu einkum af atburðum tengdum hátíðahöldum og opinberum heimsóknum.

Nú hljóta heimsóknir forseta Íslands að vera skipulagðar með nokkurra mánaða fyrirvara og eins þau hátíðahöld sem forsetinn tekur þátt í. Það er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, að það skuli þurfa að koma upp aftur og aftur að lögð sé til aukafjárveiting vegna aukinna umsvifa í opinberum heimsóknum. Rammafjárlög fela í sér að er settur ákveðinn rammi og forseti Íslands eins og aðrir eiga að halda sig innan þess ramma og miða kostnaðaráætlanir sínar við hann í upphafi hvers árs.

Undir forsætisráðuneyti er liðurinn Ýmis verkefni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Farið er fram á 300 millj. kr. aukafjárveitingu til tveggja viðfangsefna á þessum lið.

1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Lagt er til að veitt verði 300 millj. kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar við sölu á hlutabréfum ríkisins. Um er að ræða kostnað vegna ráðgjafar, umsjónar með sölu og frágangi skjala."

Virðulegi forseti. Þarna hefði mér fundist að eðlilegt að söluandvirðið væri notað til þess að mæta þessum kostnaði svo ekki þyrfti að koma til aukafjárveiting þess vegna.

Síðan vil ég nefna t.d. utanrrn. Undir liðnum Yfirstjórn er sótt um 2 millj. kr. fjárveitingu vegna fyrirhugaðrar formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 27. febrúar sl. að Ísland taki að sér formennsku í ráðinu. Þá hefur væntanlega eitthvað verið eftir af 200 millj. kr. pottinum og safnliðunum. Ef menn hafa samþykkt þetta 27. febrúar — svipað gildir reyndar um margar aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið þar sem verið er að biðja um framlög til í þessu fjáraukalagafrv. Á þeim tíma hefur líklega eitthvað verið eftir á þessum safnliðum og þá hefðu menn átt að taka frá fjármagn til þess að mæta þeim ákvörðunum sem voru teknar til þess að standa straum af kostnaði þeirra. Það hefur ekki verið gert.

Það er hægt að fara svona yfir þessi verkefni, t.d. varðandi landbrn. Þar er liðurinn Ýmis verkefni þar sem lagt er til að veittar verði 4 millj. kr. í eitt verkefni og svo 4,2 millj. kr. framlag til úttektar á hugsanlegri hættu neytenda af neyslu vara sem innihalda innflutt nautakjöt eða nautakjötsafurðir í kjölfar kúariðu í Evrópu. Þetta er líka búið að liggja fyrir mánuðum saman og landbrn. hefði átt að mæta þessu af sínum safnliðum.

Virðulegi forseti. Þannig væri hægt að fara yfir fjölmörg verkefni en ég læt það bíða betri tíma vegna þess að það segir sig sjálft að þegar um rammafjárlög er að ræða þá eiga hæstv. fagráðherrar að vera viðstaddir umræðu um þau atriði sem varða þeirra ráðuneyti.

[14:03]

Útbýting þingskjala:

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 146. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 146.

Fjarskipti, 145. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 145.

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 150. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 150.

Milliliðalaust lýðræði, 144. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 144.

[14:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma þetta snemma með frv. til fjáraukalaga. Mér sýnist að öll bókhaldsvinnsla ríkissjóðs sé í örri framþróun og góðri. Ég vil líka nota tækifærið og þakka því starfsfólki sem þar vinnur skipulega og vel að þessum málum.

Herra forseti. Þannig er að við fáum fjárlög yfirleitt 1. október eða stuttu seinna. Þau eru unnin á Alþingi fram í desember og þá erum við að fjalla um spá fyrir næstu 0–12 mánuði þegar þau eru afgreidd. Síðan koma fjáraukalög sem taka á þeim atriðum sem fjárlögin náðu ekki til, þ.e. frávikum frá spánni sem átti að verða því að þetta er jú einu sinni spá.

Mér sýnist að það megi skipta fjáraukalögum í fjóra hluta. Það eru í fyrsta lagi atriði sem eru algerlega ófyrirséð, menn geta ekki séð fyrir. Það eru ýmiss konar slys, það eru dómar, það eru kjarasamningar eða eitthvað því um líkt.

Síðan eru það atriði sem felast í lagasetningu Alþingis, þar sem Alþingi setur lög kannski í febrúar/mars sem hækka útgjöld ríkissjóðs úr takti við fjárlög sem þetta sama Alþingi hafði samþykkt stuttu áður. Í rauninni ætti slík útgjaldaaukning að vera falin í viðkomandi frv. og hækka fjárlögin sjálfkrafa.

Síðan koma til ýmsar heimildir sem ráðuneytin eru að fá út árið, þ.e. frá og með deginum í dag, eitthvað sem menn ætla að fara út í, eins konar millifjárlög. Það er í sjálfu sér eðlilegt vegna þess að atvinnulífið gengur sífellt hraðar og hraðar og hugsanlega þarf að fara að setja fjárlög oftar en einu sinni á ári og jafnvel til lengri tíma en eins árs.

En svo kemur fjórði þátturinn sem ég vildi helst ekki sjá. Það eru útgjöld sem lágu fyrir þegar fjárlög eru samþykkt. Það er hallarekstur á ríkisfyrirtækjum sem vitað var um þegar fjárlög voru samþykkt. Slíkt á ekki að vera til. Í því sambandi langar mig til að lesa úr 49. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, með leyfi forseta:

„Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds."

Svo einfalt er það. Það er á ábyrgð forstöðumanna og stjórna ríkisaðila að fjárlög séu haldin. Þá vaknar upp spurning sem ég hefði kannski viljað spyrja hæstv. fjmrh. Hann er nú horfinn á braut en ég spyr hennar samt: Hefur einhverjum verið sagt upp? Hefur einhverjum forstöðumanni verið sagt upp vegna þess að áætlanir sem hann gerði stóðust ekki, vegna þess að jafnvel núna er verið að koma með beiðnir um fjárveitingar fyrir árið 2000?

Herra forseti. Mér finnst að það eigi að stuðla að enn meiri aga í ríkiskerfinu. Menn eiga að líta á fjárlög sem lög. Þau eru landslög. Nákvæmlega eins og það er bannað að brjótast inn í banka og stela peningum þá er bannað að brjótast inn í ríkissjóð og stela peningum. Fjárlög eru lög sem ákvarða útgjöld ríkissjóðs. Það verða allir að hafa í huga og þau ganga framar öðrum lögum sem segja að það eigi að veita þessa og þessa þjónustu. Ef fjárlögin segja að það

séu til þessir peningar til þess og ekki meir þá á að skerða þjónustuna. Það eiga forstöðumenn stofnana að gera.

Herra forseti. Ég vil taka undir með öðrum hv. þm. að eðlilegt sé að fjáraukalög séu sett oftar en einu sinni á ári. Eins og ég gat um er hraðinn í atvinnulífinu og efnahagslífinu orðinn það mikill að það er eðlilegt að sett séu fjárlög, tvisvar, jafnvel þrisvar á ári og þá tekið mið af þeim breytingum sem hafa orðið ófyrirséð, tekið mið af þeim lögum sem Alþingi hefur samþykkt á tímabilinu og tekið inn í það sem menn hyggjast gera. En ég vil ekki sjá aftur tekið á vandamálum liðins tíma sem vitað var um áður en fjárlögin voru samþykkt.

Herra forseti. Neðst á síðu 66, svo að ég nefni einstök dæmi, stendur um Hafrannsóknastofnun, með leyfi forseta:

„Farið er fram á 50 millj. kr. framlag vegna hvalatalningar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 2001. Talið var frá skipum og flugvélum með sérhæfðum aðferðum."

Þegar maður las fram að þessum punkti þarna hélt maður að það væri fyrirhugað að fara út í talningu og menn biðu eftir heimild Alþingis. Nei, það er búið að telja. Svo stendur að þetta sé gert á fimm ára fresti. Samkvæmt mínum upplýsingum eru sex ár liðin síðan síðast var talið svo ekki var þetta alveg sérdeilis ófyrirséður atburður sem þarna átti sér stað. Þetta var ekki eldgos, jarðskjálfti eða eitthvað slíkt. Þetta er eitthvað sem gert er á fimm ára fresti og það eru sex ár síðan það var gert síðast. Þetta lá alveg fyrir þegar fjárlög voru samþykkt og var ljóst fyrir löngu þannig að maður spyr sig: Hvernig stendur á þessu dæmi, að það sé búið að eyða 50 millj. úr ríkissjóði? Ég minni á að bannað er að brjótast inn í banka, herra forseti.

Síðan er annað dæmi á síðu 76. Þetta eru bara einstök dæmi sem ég nefni af tilviljun fram og til baka og þau eru nokkru fleiri. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sjúkrastofnanir SÁÁ. Lagt er til að veitt verði 36 millj. kr. aukaframlag til sjúkrastöðva SÁÁ til leiðréttingar á rekstrargrunni fyrir árin 2000 og 2001."

Fyrir árið 2000, það er löngu liðið. Það var liðið þegar fjárlög voru samþykkt. Þetta er dæmi um lítinn aga. Það þarf að auka agann, herra forseti, í meðförum ríkisfjármála.

Síðan vil ég geta þess, herra forseti, að neðst á bls. 49 kemur fram dálítið merkilegt í einni setningu. Það er eiginlega dulið. Það hefur reyndar komið til tals hér áður:

„... fyrirhuguð kaup á hlut sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða skýra 2,8 milljarða lækkun lánsfjárafgangs."

Ríkissjóður er sem sagt að kaupa 60% af hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og fyrir það greiðir hann 2,8 milljarða sem segir mér að verðmatið á þessu fyrirtæki sé 4,6. Það er sem sagt verið að kaupa gullkú þarna, kynni maður að halda. En hvers vegna vill enginn annar kaupa en ríkissjóður? Það er vegna þess að mat á þessu fyrirtæki er miklu lægra. Mér er kunnugt um að mat á þessu fyrirtæki er miklu lægra en 4,6 milljarðar. Ríkissjóður er að borga allt of hátt verð fyrir þetta til þess að leysa ákveðinn vanda sveitarfélaga fyrir vestan sem er reyndar sameiginlegur vandi sveitarfélaga um allt land, þ.e. félagslega íbúðakerfið sem fjármagnað var með ódýrum lánum frá Byggingarsjóði verkamanna með 1% vöxtum. Ég hefði talið miklu eðlilegri leið að horfast í augu við það að ríkissjóður fær ekki nema 1% vexti af þeim lánum sem hann veitti í gegnum Byggingarsjóð verkamanna og afskrifa þessi lán til helminga eða meira, núvirða þau miðað við núverandi vexti á markaði, 6% eða eitthvað svoleiðis, afskrifa þau þannig og segja við eigendur þessara íbúða, hvort sem það eru einstaklingar eða sveitarfélög: Þið getið fengið niðurskrift á þessum skuldum allt að núvirðingu, sem í flestum tilfellum er um helmingur, gegn því að íbúðin falli út úr félagslega kerfinu. Þá er þetta bara eins og hver og önnur íbúð og þá er búið að viðurkenna að þessi niðurgreiðsla á vöxtum, 1%, sem var hugsuð sem hjálp, er niðurgreiðsla, að þetta er hjálp og við ætlum að hjálpa þeim sem eiga þessar íbúðir með því að gefa þeim helminginn af lánunum, eftirstöðvarnar. Það finnst mér miklu hreinlegri leið og þetta mundi leysa vanda sveitarfélaganna um allt land, ekki bara á Vestfjörðum og til þyrftu engar sértækar aðgerðir sem felast t.d. í því að kaupa einhver fyrirtæki á allt of háu verði. Svo getur verið að einhver sveitarfélög verði enn þá í vanda og þá þarf að leysa þann vanda sérstaklega.

Herra forseti. Vegna þess hvað laun ríkisstarfsmanna hafa hækkað mikið á undanförnum árum og alveg sérstaklega lífeyrisskuldbindingar þeirra sem eru meira og minna ógreiddar, herra forseti — það eru 140 milljarðar ógreiddir úr ríkissjóði. Það eru millj. kr. á hvern vinnandi mann í landinu — þá legg ég til að hæstv. fjmrh. og fjárln. taki núna á honum stóra sínum og skeri eins mikið niður í ríkisútgjöldum og hægt er til þess að ná inn þessum aukakostnaði á skattgreiðendur í landinu, fækki ríkisstarfsmönnum eins og hægt er, geri meiri kröfur og skipuleggi betur. Ekki á að skerða þjónustu því að ekki er samasemmerki milli þess að setja peninga í velferðarkerfið og fá út úr því þjónustu. Ég vil gera velferðarkerfið skilvirkara. Ég vil að velferðarkerfinu verði stjórnað betur þannig að við fáum aukna velferð fyrir minni pening.

[14:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom að venju víða við í ræðu sinni. Ég ætla að einskorða mig við eitt atriði vegna þess að líking hv. þm. við það að fara ekki að fjárlögum var í þá átt að það væri það sama og að brjótast inn í banka. Hann tók ákveðið dæmi á bls. 66 í frv. varðandi hvalatalningu og benti réttilega á að ákvörðun um þessa hvalatalningu hefði verið tekin af ríkisstjórninni þann 13. mars 2001 og að þessi talning væri búin að fara fram. Hann sagði jafnframt að þessi talning ætti í raun að fara fram á fimm ára fresti en að þessu sinni hefðu liðið sex ár á milli talninga. Það er eiginlega ekki hægt að ræða nánar um málið fyrr en svar liggur fyrir frá hv. þm. um það hver það hefði verið í þessu tilfelli, miðað við líkingu hv. þm., sem braust inn í bankann.

[14:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna er um ræða óöguð vinnubrögð. Ég minni á að fyrir nokkrum árum voru menn að samþykkja á hinu háa Alþingi fjáraukalög 10 ár aftur í tímann. Þá voru vinnubrögðin miklu verri, og menn eru að vinna sig fram til þess að sýna meiri aga.

Ég benti á þetta dæmi einmitt til þess að hvetja alla forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisstjórnina og aðra til þess að sýna meiri aga í vinnubrögðum, fara að fjárlögum. Ég er að undirstrika það að fjárlög eru ekki bara eitthvað út í loftið fyrir ríkisstofnanir sem þær þurfa ekkert að fara eftir. Ég er að benda á að fjárlög eru lög, ekkert síður en önnur lög, og að það er jafnalvarlegt að brjóta þau lög eins og önnur. En okkur miðar áleiðis í því að auka agann í þessu kerfi og þess vegna tók ég svona sterkt til orða, að bera saman innbrot í

banka og innbrot í ríkiskassann. Þetta var hins vegar miklu verra áður fyrr.

[14:18]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom sér hjá því að svara spurningunni um það hver hefði í þessu tilfelli brotist inn í bankann en hélt sig áfram við líkinguna þannig að það er nauðsynlegt að endurtaka spurninguna til hv. þm. um það hver í þessu tilfelli, þessu ákveðna tilfelli sem hv. þm. nefndi, braust inn í bankann miðað við hans líkingar.

Nauðsynlegt er að rifja upp með hv. þm. hvað segir í lögum um það hver hafi eftirlit, af því tilefni að hv. þm. ræðir gjarnan um forstöðumenn stofnana og ábyrgð þeirra — sem að sjálfsögðu er ekki lítil — en það eru fleiri sem bera ábyrgð því að í reglugerð um Stjórnarráðið segir í 4. gr. að „fjármálaráðuneytið hefur almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga og veitir almennar leiðbeiningar þar um. Það fylgist með því að heildarútgjöld stofnana séu í samræmi við fjárheimildir".

Nánar er síðan fjallað um þetta í öðrum greinum og vikið að því að ráðuneytisins sé ekki bara að hafa eftirlit með framkvæmd einstakra mála og fjárreiðum stofnana, þ.e. einstakra ráðuneyta, heldur segir orðrétt í 12. gr., með leyfi forseta:

„Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð." — Og síðan er haldið áfram um það hvernig bregðast eigi við ef menn hafa farið fram úr.

Mér sýnist því, herra forseti, augljóst af orðum og dæmi hv. þm. að hann sé annaðhvort að tala um hæstv. sjútvrh. eða hæstv. fjmrh., að annar hvor hæstv. ráðherra hafi brotist inn í banka.

[14:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi þetta sérstaka dæmi og ég tók það fram að þetta væri eitt af mörgum dæmum úr fjáraukalögunum. Ég vil undirstrika að ég nefndi það til þess að það yrði til eftirbreytni héðan í frá. Ég ætla ekki að fara að hengja einhvern fyrir þetta dæmi, alls ekki, og það væri ekki skynsamlegt vegna þess að við erum að taka í notkun ný lög, lögin um fjárreiður ríkisins, og þau lög eiga að stuðla að auknum aga og eru farin að gera það. Það eru einmitt þau lög sem ég nota núna til þess að benda á þetta dæmi til þess að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Ég ætla ekki að fara að leita að einhverjum sökudólg. Það hefur ekkert upp á sig. Þetta hefur verið miklu verra í fortíðinni og ég ætla að vona að það að ég skuli nefna þetta hér verði til þess að menn gæti þess betur í framtíðinni að fara að fjárlögum.

[14:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétri H. Blöndal vaxa í augum vaxandi skuldbindingar ríkissjóðs vegna lífeyrisgreiðslna, sérstaklega í þeim hluta lífeyrissjóðsins sem nú hefur lokað með lögum og er á leiðinni í sólarlagið, því að það er á þann hluta lífeyrisskuldbindinganna sem kjarasamningar hafa fyrst og fremst áhrif.

Hv. þm. segir að þessum útgjaldaauka eigi að mæta með kröftugum niðurskurði, þó án þess að skerða þjónustu. Hvað vill hv. þm. skera niður? Vill hann sameinast mér í því að fella tillögur um að verja 30 millj. kr. til undirbúnings á NATO-ráðstefnu næsta vor sem ráðgert er að verja 170 millj. kr. til aukalega á fjárlögum, og er þar ekki séð fyrir endann á útgjöldunum? Sumir ætla að þar kunni að verða 300–400 millj. kr. kostnaður, jafnvel nefna menn 500 millj. kr. Er hann tilbúinn að byrja þarna og fella þennan útgjaldalið niður? Hvar er það sem hv. þm. vill skera niður án þess að skerða þjónustu? Drýgstur hluti útgjalda ríkisins gengur til fjármögnunar á velferðarþjónustunni. Þar vega þyngst rekstrargjöldin sem eru launakostnaður. Vill hv. þm. fækka fólki á sjúkrahúsum landsins? Vill hann fækka í kennarastéttinni eða er þetta bara innantómt og ábyrgðarlaust tal?

[14:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að ég vildi fá meira af velferð fyrir minni pening. Hv. þm. fer allt í einu að tala um NATO. Ég vissi ekki að NATO væri hluti af velferðarkerfinu á Íslandi. Það getur vel verið að hv. þm. líti þannig á og þá er náttúrlega sjálfsagt að halda áfram aðild að NATO.

Herra forseti. Það sem ég vil er betri skipulagning, betri stjórnun, betri hagræðing. Ég nefni það að Grandi hf., vel rekið fyrirtæki í Reykjavík, hefur fækkað fólki umtalsvert, um helming á u.þ.b. fimm eða tíu árum, án þess að minnka framleiðsluna. Þetta vil ég líka sjá í heilbrigðiskerfinu. Ég vil sjá að fólki fækki um helming, læknum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, um helming, minnka vinnuna á hvern mann án þess að minnka þjónustuna, án þess að minnka framleiðsluna sem er á heilbrigði fólks. Þetta er hægt. Þetta gera fyrirtæki í einkarekstrinum. Þau gera þetta þar. (**Gripið fram í:** En að fækka í hernum líka?) Það er búið að fækka í hernum, herra forseti. Meira að segja eru sumar flugvélar ómannaðar. Með hagræðingu og betri stjórnun er hægt að fækka umtalsvert í velferðarkerfinu og ná fram meiri velferð og ég geri kröfu til þess.

[14:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Ég sé ekki hvernig NATO tengist íslenskum velferðarmálum," segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Jú, við erum að tala um útgjöld ríkisins og sparnað í útgjöldum og hv. þm. reynir að víkja sér undan alvarlegri spurningu með útúrsnúningum af þessu tagi. Hins vegar opnaði hv. þm. Pétur H. Blöndal hug sinn og ég vona að sem flestir hafi heyrt þennan talsmann Sjálfstfl. tala til þjóðarinnar og tala til starfsfólks á sjúkrahúsum og í skólum landsins.

Hann segir: „Við skulum gera eins og þeir gerðu hjá Granda. Við skulum fækka starfsmönnum sjúkrahúsanna. Við skulum fækka læknum á sjúkrahúsunum um helming. Við skulum fækka hjúkrunarfræðingum um helming. Við skulum fækka sjúkraliðum um helming og allt þetta munum við gera án þess að skerða þjónustuna." Er það Sóltúnsmódelið sem hv. þm. hefur í huga sem kemur sannarlega til með að verða miklu dýrara fyrir ríkissjóð og skattborgarana en sú þjónusta sem rekin er á vegum ríkis og sveitarfélaga?

[14:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. virðist leggja útgjöld ríkisins að jöfnu við útgjöld velferðarkerfisins. Það er ekki aldeilis rétt. Ég tel það langt í frá. Hluti, og hann stór, af útgjöldum ríkisins fer til velferðarkerfisins en hluti af því fer örugglega ekki til NATO.

Svo segir hann að ég sé talsmaður Sjálfstfl. Ég er ekki talsmaður eins eða neins nema sjálfs mín. Ég tala aldrei

um að „við sjálfstæðismenn" höfum þessa og þessa skoðun eins og hv. þm. segir iðulega. Þeir eru bara með eina skoðun og eina sál, margir þessara vinstri manna. (**ÖJ:** Í atkvæðagreiðslum eru þeir ...) Ónei, ekki heldur. Það sem ég var að segja að ... (Gripið fram í.) Herra forseti. Gæti ég fengið frið til að halda ræðuna? Það sem ég var að segja er að nákvæmlega eins og atvinnulífið hefur í áratug þurft að hagræða og framleiða meira með færra fólki vil ég gera þá sömu kröfu til hins opinbera, til opinberra starfsmanna. Þegar ég segi að það eigi að fækka fólki hjá hinu opinbera og minnka þannig útgjöld á skattgreiðendur því allt er þetta greitt með sköttum — hver einasta króna í launum opinberra starfsmanna er greidd með sköttum — þá er ég að segja að skipuleggja eigi störfin þannig að vinnan verði minni á hvern mann og færra fólk þurfi til þess að framleiða meiri vöru, meiri velferð. Þetta er þekkt í einkageiranum. Þetta verða menn að gera, herra forseti. En það er eins og hv. þm. geti ekki séð fyrir sér að opinberir starfsmenn geti unnið vel og skipulega.

Umræðu frestað.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 1. umr.

Stjfrv., 132. mál (skráning bréfa erlendis). — Þskj. 132.

[14:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, á fyrirliggjandi þingskjali.

Rafræn skráning verðbréfa á Íslandi hófst aðeins fyrir rétt um það bil 16 mánuðum en fyrsta rafbréfið á Íslandi var skráð 13. júní í fyrra. Á þeim tíma sem liðinn er hafa verið skráð með rafrænum hætti íslensk verðbréf að andvirði um það bil 800 milljarða íslenskra króna að markaðsvirði. Nánar skiptist það þannig að um 350 milljarðar eru hlutabréf en um 450 milljarðar eru skuldabréf. Fyrir næstu áramót verður búið að skrá rafrænt um það bil 95% af öllum útgefnum markaðsverðbréfum í landinu. Jafnframt hefur á undanförnum árum verið lögð nokkur áhersla af hálfu ýmissa aðila á að kynna erlendum fjárfestum tækifæri sem bjóðast til fjárfestinga í íslenskum verðbréfum. Forsenda þess að betur megi gera í þeim efnum er að unnt sé samkvæmt lögum að bjóða hluta af útgefnum verðbréfaflokki til sölu erlendis.

Í viðskiptum með rafbréf er það yfirleitt gert með þeim hætti að útgefendur ákveða að flytja ákveðinn hluta útgáfunnar til þeirrar verðbréfamiðstöðvar í því landi þar sem markaðurinn er. Markmið þeirra breytinga sem ég mæli hér fyrir að gerðar verði á 13. gr. laganna miðar þar af leiðandi að því að koma til móts við þarfir fjármálamarkaðarins að þessu leyti.

Herra forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um fjáraukalög 2001.

[14:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hér skuli vera önnur þingmál til umræðu en fjáraukalögin. Á fundi með þingflokksformönnum hafði verið um það rætt að það mál yrði eitt á dagskrá í dag. Þingfundi yrði hins vegar ekki haldið lengur áfram en til kl. 4 í síðasta lagi vegna þess að menn vildu verða við þeirri eðlilegu ósk frá Sjálfstfl. að ljúka þinghaldi snemma þar sem Sjálfstfl. er að hefja landsfund sinn. Það kom mér mjög á óvart, vægast sagt, að skyndilega væri fjáraukalagaumræðunni skotið á frest. Þar voru tveir á mælendaskrá, þar á meðal ég. Ég verð hins vegar ekki í þinginu komandi mánudag þegar málið verður væntanlega tekið upp aftur. Ég hefði gjarnan viljað eiga orðastað við talsmenn Sjálfstfl. sem hér hafa tjáð sig, m.a. hv. þm. Pétur H. Blöndal. Mér hefði fundist eðlilegt að hv. þm. yrði sýnd sú lágmarkskurteisi að ræða þetta breytta fyrirkomulag við þá áður en þessi ákvörðun var tekin.

Ég vildi að þetta kæmi fram.

[14:32]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þar sem sá ágæti forseti sem nú er á forsetastól getur ekki svarað fyrir þetta, því að við vorum að skipta, vil ég aðeins greina frá því að hæstv. fjmrh. þurfti að fara. Það lá fyrir í kringum hádegið. Þá var einn maður á mælendaskrá, hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Ég hafði samband við hann og spurði hvort hann vildi hafa þetta með þessum hætti eða fresta umræðunni. Hann vildi frekar að hæstv. ráðherra yrði viðstaddur. Hv. þm. Ögmundur Jónasson bað síðan um orðið um leið og umræðunni var frestað en það var gert í algjöru samkomulagi við þann eina hv. þm. sem var á mælendaskrá.

[14:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. og hæstv. varaforseta þingsins voru tveir á mælendaskrá. Ég er annar þeirra. Það var ekki haft neitt samráð við mig um að fresta máinu á þennan veg. Ég ítreka það að á fundi sem haldinn var með þingflokksformönnum, þar sem rætt var um þinghald vikunnar, var um það rætt að þetta eina mál yrði á dagskrá í dag og þingfundi ekki lokið síðar en kl. 4.

Ég vil vekja á þessu athygli. Mér finnst eðlilegt að óskir manna séu virtar og haft sé samráð við menn áður en farið er fram með þessum hætti. Ég vildi ítreka þetta sjónarmið.

[14:33]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Mér finnst nú satt að segja sem hv. þm. sé að reyna að leita uppi ágreining. Mér finnst það ómakleg gagnrýni að fara að gagnrýna það núna að fleiri en eitt mál séu á dagskrá. Dagskráin er búin að vera í gangi síðan kl. 10.30 í morgun með fimm mál á dagskrá. Ég skil ekki svona málatilbúnað. Ég segi það alveg eins og er.

Ég ítreka að haft var samband við þann hv. þm. sem var næstur á mælendskrá, hv. 4. þm. Austurl., Einar Má Sigurðarson. Hann var mjög sáttur við það og fannst eðlilegt að umræðunni yrði frestað þar sem hæstv. fjmrh. gat ekki verið viðstaddur. Hv. þm. vildi að ráðherrann væri viðstaddur umræðuna. Það var auðvitað ekki haft samband við hv. þm. Ögmund Jónasson því að hann barði í borðið og bað um

orðið um leið og umræðunni var frestað. Ég ítreka að þetta er ómaklegur málatilbúnaður og hv. þm. ekki til sóma.

[14:34]

Ögmundur Jónasson:

Um þetta vil ég segja eitt, herra forseti. Það er sitthvað sem snertir stjórn þingsins, af hálfu þeirra sem hér ráða húsum, sem verður tekið til nánari umfjöllunar.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (reglugerð). — Þskj. 136.

[14:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Í frv. er í stuttu máli kveðið á um að viðskrh. sé heimilt að kveða nánar á um framkvæmd samningalaga með reglugerð. Þetta er gert með hliðsjón af þróun mála vegna upptöku EES-tilskipunar nr. 93/13/EB, um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum, í íslenskan rétt með breytingu á samningalögum árið 1995. Samningalögin voru sett 1936. Er þau voru sett var ekki talin þörf á að hafa reglugerðarheimild í lögunum. Þegar lögunum var breytt 1995 var ekki talið nauðsynlegt að setja sérstaka reglugerð vegna upptalningar á ósanngjörnum samningsskilmálum í viðauka við fyrrnefnda tilskipun, sér í lagi vegna þess að talið var að dómstólar og viðkomandi stjórnvöld mundu kynna sér upptalninguna í þingskjalinu.

Þar eð framkvæmdastjórn ESB hefur ekki talið að viðaukinn við tilskipunina sé tekinn upp með réttum hætti í rétt aðildarríki sambandsins, og málarekstur hefur verið í gangi gagnvart Svíþjóð fyrir dómstóli Evrópubandalagsins, svo og vegna þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefur spurst fyrir um þessi atriði hér á landi, þykir rétt að hafa reglugerðarheimild í lögunum þannig að vöntun á slíkri heimild tefji ekki lausn málsins þegar og ef á reynir hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir því að frv. þetta hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég óska þess að málinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:38]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Hér er lagt fram frv. um breytingu á lögum nr. 7/1936. Það er ein setning, aðeins um framsal löggjafarvalds svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð."

Ég vil benda á, herra forseti, að lög nr. 7/1936 eru hin ágætustu lög sem vel hafa gagnast á viðskiptasviðinu. Hið háa Alþingi setti þar lög sem þegnarnir hafa búið við í 65 ár án þess að framkvæmdarvaldið hafi getað sett reglugerðir um framkvæmd laganna. Það er vel og er slík löggjöf hinu háa Alþingi til sóma.

Ég gagnrýni hið mikla og eftirlitslausa framsal löggjafarvalds sem hefur átt sér stað og hef þess vegna lagt fram þáltill. sem þegar hefur verið útbýtt hér á þinginu þar sem tekið er á þessum málum. Í tengslum við hana mun ég reifa frekar þessi viðhorf um framsal löggjafarvalds. Ég tel að hið háa Alþingi eigi að fara með mikilli varúð í framsal á löggjafarvaldi og skoða það ætíð gagnrýnum augum. Framsal af þessu tagi er einungis til að skerða 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Þessu vildi ég koma á framfæri, herra forseti. Ég tel að skoða þurfi betur hvort unnt sé að uppfylla tilgang þessa frv. með öðrum hætti en reglugerðarheimild. Ég bendi á að mér sýnist sem þessi reglugerð eigi aðeins að vera varnagli sem er hægt að grípa til. Ég tel það hins vegar kost þessara laga, nr. 7/1936, að þau eru, eins og löggjöf var oft á árum áður, vönduð, góð og tæmandi og sett á hinu háa Alþingi en ekki með ákvæðum úr ráðuneytunum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum.

[14:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Þetta er hárrétt ábending. Ég fagna því þingmáli sem hv. þm. hefur lagt fram varðandi þetta. Það er allt of mikið um að framkvæmdarvaldið leiti til þingsins eftir reglugerðarheimildum sem fela raunverulega í sér framsal á valdi til framkvæmdarvaldsins.

Út af fyrir sig hef ég ekki kynnt mér þetta sérstaka mál sem hér er til umræðu. En ég saknaði þess nokkuð í framsöguræðu hæstv. ráðherra að hún skyldi ekki gera þinginu betri grein fyrir því en fram kemur í grg. með frv. og í framsögu hennar hvað í þessu getur falist. Hér er á ferðinni ein lítil lagagrein um að viðskrh. sé heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Þetta virðist ákaflega saklaust en það er nauðsynlegt að við fáum frekari vitneskju um hvað hér býr að baki og hvernig ráðherra hyggst beita þeirri heimild sem hann kallar eftir frá þinginu.

Í greinargerðinni er talað um að það hafi ekki verið talið nauðsynlegt við upptöku þessarar tilskipunar, sem fjallar um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, í íslenskan rétt að setja sérstaka reglugerð vegna upptalningar á ósanngjörnum samningsskilmálum í viðauka. Hvað er hér átt við nákvæmlega með „ósanngjörnum samningsskilmálum", sem ráðherra er að kalla eftir heimild frá Alþingi til þess að beita í slíkum tilvikum? Hér kemur fram að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi ekki talið að viðauki við tilskipunina með upptalningu á ósanngjörnum samningskilmálum væri tekinn upp í rétt aðildarríkjasambandsins með viðunandi hætti og að málarekstur hafi verið í gangi fyrir dómstóli Evrópubandalagsins, mál framkvæmdastjórnarinnar gegn Svíþjóð. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Í hvaða tilvikum getur það komið upp að ráðherrann beiti slíku ákvæði sem hér er kallað eftir? Hér er ég einungis að leggja fram fyrirspurn til að glöggva mig betur á því hvað ráðherrann biður Alþingi um. Ég fæ þetta mál að vísu til skoðunar í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti en hefði talið æskilegt, ekki síst með hliðsjón af þeirri ábendingu sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni um framsal á valdi frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins, að vita hvað í frv. felst.

[14:43]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta er ekki stærsta málið sem ég mun flytja á þinginu í vetur. Það er nokkuð ljóst og mér er svo sem ekkert óskaplega sárt um það. Ég tel þó að það feli í sér ákveðna neytendavernd og þess vegna sé ástæða til að gera þessa breytingu. Auðvitað er full ástæða til þess að fara

nákvæmlega ofan í það í hv. nefnd hvort við í ráðuneytinu séum ekki að gera rétt með því að leggja til breytinguna.

Eins og ég rakti í knappri framsöguræðu minni snýst málið um hugsanlega ósanngjarna samninga við neytendur. Eins og fram kom eru uppi slík mál í sambandi við Svíþjóð og EFTA hefur komið með fyrirspurn varðandi þetta. Þess vegna er þessi tillaga um breytingu á lögunum gerð, þannig að mál sé þannig háttað að komi til þess að við lendum í svipuðu máli og t.d. Svíar hafa lent í þá höfum við lagalegan og framkvæmdalegan farveg til þess að leysa þau mál.

Ég hvet eindregið til þess að þetta verði skoðað nákvæmlega í nefndinni og endurtek að þetta er ekki stærsta málið sem ég flyt í vetur.

[14:45]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að síðasta athugasemd hæstv. viðskrh. hafi verið óþörf. Ég vænti meira af hæstv. viðskrh. en þessa litla frv. og býst ekki við að það sé hennar stærsta mál. Engu að síður erum við að reyna að átta okkur á hvað í þessu felst, herra forseti, og því er kallað eftir viðbrögðum ráðherra.

Ég spyr t.d. hvort ráðherrann gæti fallist á það sem ég teldi ákveðinn öryggisventil fyrir neytendur, af því að hér er um að ræða málsmeðferð gagnvart neytendum, þ.e. í því tilfelli sem kemur upp ósanngjörn málsmeðferð gagnvart þeim, að skoða breytingu á 1. gr. þessa frv. í þá átt að ráðherra væri heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laganna í samráði við Neytendasamtökin. Það væri sem sagt hægt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð en ráðherrann yrði a.m.k. að leita umsagnar eða hafa samráð við Neytendasamtökin um setningu slíkrar reglugerðar, sem snertir eins og ráðherrann réttilega nefndi, neytendavernd. Um það spyr ég, herra forseti, hvort ráðherrann er opin fyrir því að kanna hvort gera ætti þá breytingu á ákvæði þessa frv.

[14:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar samráð við Neytendasamtökin þá er það alveg sjálfsagt mál. Ég tel að það þurfi ekki að kveða neitt á um það í lögum. Þau verða að sjálfsögðu, reikna ég með, með umsögn um þetta frv. eða kölluð á nefndarfund. En þetta snýst um að mögulegt verði að taka upp viðauka við EES-samninginn í reglugerð. Öll sú upptalning yrði látin koma fram í viðkomandi reglugerð. Ég held að allir hljóti að sjá að það væri ekki rétt málsmeðferð að taka þetta upp í lög en hins vegar gæti verið mikilvægt, ef til þess kæmi að við þyrftum að taka á þessum málum, að um það væri að ræða að viðaukinn væri í reglugerð.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar þá er hér fyrst og fremst um varnagla að ræða og þess vegna er málið flutt.

[14:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ágætt að fá það fram í ræðustól þingsins að hæstv. viðskrh. ætli að hafa samráð við Neytendasamtökin um setningu reglugerðar eins og heimilt verður ef þetta frv. verður að lögum.

Hitt er annað mál að það er tvennt ólíkt þ.e. yfirlýsing frá hæstv. ráðherra um að hún ætli að beita sér fyrir því og hitt að slíkt samráð verði lögbundið. Ég treysti þessari ríkisstjórn ekki eða einstökum ráðherrum, miðað við fyrri reynslu, til að hafa uppi eðlilegt samráð eða samskipti við hagsmunasamtök um hina ýmsu málaflokka. Við höfum brennt okkur illa á því í mörgum málum, m.a. þeim sem heyra undir hæstv. viðskrh. Ég get nefnt bankalögin þar sem verið var að breyta bönkunum í hlutafélög. Þá var margkallað eftir því að haft yrði eðlilegt samráð við samtök bankamanna. Þetta er dæmi sem kemur upp í hugann. Fleira mætti auðvitað nefna, t.d. samráð við aldraða eða öryrkja á vettvangi heilbrigðismála og félagsmála.

Það hefur einmitt oft verið farið út í það, svo ég nefni t.d. heilbrigðismál og lífeyrisþega, að lögbinda að samráð sé haft við hagsmunaaðila þegar lögum sem þá snerta er breytt. Þess vegna er allt annað, herra forseti, að þurfa að treysta yfirlýsingu frá ráðherra um samráð við Neytendasamtökin heldur en að slíkt samráð sé haft við þau samkvæmt lögum.

Ég mun, herra forseti, beita mér fyrir því í nefndinni að samstaða náist um að það verði sett í lög og áskilið að samráð sé haft við samtök neytenda um setningu þeirrar reglugerðar sem þetta frv. lýtur að.

[14:50]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Lög eiga að vera tæmandi eftir því sem hægt er. Hér er verið að opna þessi ágætu lög nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með því að setja inn í þau reglugerðarheimild. Það tel ég slæmt og bendi á að þessi lög hafa gilt fyrir þegna landsins í 65 ár án þess að slíka heimild hafi þurft. Ég ítreka því enn og óska eftir því að hv. efh.- og viðskn. skoði hvort hægt sé að finna lausn á þessu máli með öðrum hætti en þessu framsali löggjafarvalds.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:51]

Útbýting þingskjala:

Áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 141.

Innkaup heilbrigðisstofnana, 148. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 148.

Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, 147. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 147.

Markaðssetning lyfjafyrirtækja, 149. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 149.

Iðnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (iðnráð). — Þskj. 137.

[14:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

Með frv. þessu er stefnt að nokkrum breytingum á ákvæðum iðnaðarlaga um iðnráð. Er þá höfð hliðsjón af þróun í starfsemi þeirra á undanförnum árum en erfitt hefur reynst að halda uppi starfsemi þeirra í litlum sveitarfélögum. Nú eru einungis starfandi iðnráð á þremur stöðum á landinu, í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði.

Starfsemin felst fyrst og fremst í því að veita umsögn um umsóknir iðnaðarmanna um meistarabréf. Með frv. er felld niður sú skylda samkvæmt iðnaðarlögum að kjósa iðnráð í

kaupstöðum en í staðinn er gert ráð fyrir heimild til að stofna iðnráð í sveitarfélagi með yfir 5.000 íbúa.

Hinn 1. des. 1999 voru alls níu sveitarfélög með þann fjölda íbúa, þar af fimm sveitarfélög í Reykjavík og nágrenni, með öðrum orðum: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær og Mosfellsbær, jafnvel sex sveitarfélög ef Akranes er talið með. Seltjarnarnes var rétt fyrir neðan mörkin með 4.658 íbúa. Hin sveitarfélögin sem voru með yfir 5.000 íbúa voru Reykjanesbær, Akureyri og Árborg. Heimilt verður að hafa eitt iðnráð fyrir Reykjavík og þau nágrannasveitarfélög sem fullnægja skilyrðinu um íbúafjölda.

Það er nýmæli að sameina megi iðnráð í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að lögreglustjóri láti af hendi meistarabréf að fenginni umsögn, annaðhvort næsta iðnráðs, en þar undir fellur iðnráð í viðkomandi sveitarfélagi, eða iðnráðs Reykjavíkur. Með þessu eru höfð í huga ákvæði reglugerðar nr. 217/1971, um kosningu og starfssvið iðnráða. Þó er gert ráð fyrir að ætíð megi leita til iðnráðs Reykjavíkur en ekki þurfi að leita til iðnráðs á staðnum. Slíkt getur falið í sér hagræði þar sem iðnráð er lítt virkt eða sérstakar aðstæður fyrir hendi.

Í 2. gr. frv. er kveðið ítarlegar á um hlutverk iðnráða í lögum með hliðsjón af ákvæðum fyrrnefndrar reglugerðar um kosningu og starfssvið iðnráða. Hlutverk iðnráðanna er að halda uppi eftirliti með ákvæðum iðnaðarlaga varðandi handiðnað og einnig eftir atvikum annarra laga, vera stjórnvöldum almennt til ráðuneytis um mál er iðnað varða og veita eftir atvikum öðrum aðilum aðstoð á sviði iðnaðarmála.

Loks er kveðið á um það í greininni að kosning í iðnráð skuli vera til fjögurra eða sex ára en í gildandi reglugerð hefur verið miðað við fjögur ár. Verði frv. óbreytt að lögum er ekki talið að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 14:56.

10. FUNDUR

mánudaginn 15. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 132. mál, þskj. 132. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 136. mál, þskj. 136. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 137. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 146. mál, þskj. 146. — 1. umr.
5. Fjáraukalög 2001, stjfrv., 128. mál, þskj. 128. — Frh. 1. umr.
6. Átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 125. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 125.

Framkvæmd laga um opinberar framkvæmdir, 155. mál, fsp. JóhS, þskj. 155.

Lagning háspennulína í jörð, 154. mál, fsp. KF, þskj. 154.

Lyfjatjónstrygging, 127. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 127.

Matvælaeftirlit, 152. mál, fsp. SJóh, þskj. 152.

Skimun fyrir riðu, 153. mál, fsp. SJóh, þskj. 153.

Stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, 158. mál, þáltill. ÁHösk o.fl., þskj. 159.

Svæðisskipulag fyrir landið allt, 157. mál, þáltill. ÓV, þskj. 157.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 156. mál, frv. PHB og KF, þskj. 156.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 132. mál (skráning bréfa erlendis). — Þskj. 132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (reglugerð). — Þskj. 136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Iðnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (iðnráð). — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (lögheimili). — Þskj. 146.

[15:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966. Er hér um að ræða breytingar á skilyrðum þess að útlendingar geti öðlast eignarrétt eða afnotarétt að fasteignum hér á landi.

Í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga er gerður áskilnaður um að útlendingur skuli hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár til þess að hann megi öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi. Þó getur ráðherra veitt leyfi til að víkja frá þessu skilyrði samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna.

Á undanförnum árum hefur mikill fjöldi útlendinga sótt um slíka undanþágu, einkum makar íslenskra ríkisborgara. Hefur umsóknum um undanþágur frá lögunum fjölgað verulega frá rúmlega 100 umsóknum árið 1997 í hátt á þriðja hundrað umsóknir á síðasta ári. Undanþágu frá þessu skilyrði laganna hefur aldrei verið hafnað.

Með hliðsjón af þessu er lagt til í frv. að fyrrgreindur áskilnaður, tímalengd, þ.e. að útlendingur skuli hafa átt lögheimili hér á landi í fimm, ár verði felldur niður. Þess í stað verði nægilegt að útlendingur eigi lögheimili hér á landi til þess að hann geti öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign. Mun það einfalda ferli þessara mála, létta afgreiðslu umsókna um undanþágur af ráðuneytunum og bæta réttarstöðu þeirra útlendinga sem eiga lögheimili hér á landi og vilja kaupa fasteign. Flytji útlendingur hins vegar af landi brott rakna skilyrðin við á nýjan leik og hann verður því að sækja um leyfi samkvæmt lögunum til að kaupa fasteign eftir það. Vert er að árétta sérstaklega að þegar rætt er um útlending í þessu sambandi er aðeins átt við erlenda einstaklinga en ekki erlend fyrirtæki sem hyggja á kaup á fasteignum.

Þess ber að geta í lokin að sérreglur gilda um útlendinga sem koma hingað til lands til að stunda atvinnu eða stofna til atvinnurekstrar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og kaupa fasteign í því skyni hér á landi. Hefur lagabreytingin því ekki áhrif á þá.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[15:08]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir framsögu hennar í þessu máli. Hér er verið að stíga ákveðin skref fram á við til þess að auka rétt útlendinga og ég tala nú ekki um maka Íslendinga þannig að nú loksins sjáum við að þeir geti fjárfest hér í fasteignum.

Þetta er strax til bóta. Eins og hæstv. dómsmrh. nefndi þá á þetta ekki við um fyrirtæki. En eflaust munu samt sem áður verða umræður því tengdar í hv. allshn. Ég sé ekki fram á annað en þetta sé hið allra besta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjáraukalög 2001, frh. 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 128.

[15:11]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 náði ég ekki að ljúka öllum þeim athugasemdum sem ég vildi koma á framfæri áður en málið fer til nefndar. Þeir atburðir gerðust hins vegar í kjölfar ræðu minnar þegar hv. þm. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, fór í andsvör, að óhjákvæmilegt er að eyða nokkrum orðum að því sem fram kom í andsvörum hv. þm.

Það er óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. geri þinginu grein fyrir því hvað þar var á ferðum vegna þess að hv. þm. vék m.a. að því að í frv. til fjáraukalaga væru ekki þættir sem hann taldi að þar ættu að vera, þ.e. að gert væri ráð fyrir heimild til þess að andvirði Skólabrúar 2 muni renna til framkvæmda á vegum Alþingis. Með þessum orðum er hv. þm. í raun að segja að einhverjar framkvæmdir hjá Alþingi hafi farið fram úr þeim fjárheimildum sem til staðar eru. Það kom hins vegar ekki fram í ræðu hv. þm. um hvað var verið að ræða. Í seinna andsvari kom hins vegar fram að eitthvað tengdist þetta hugsanlega fjárlögum síðasta árs. En það var þó ekki fyllilega ljóst.

Af þessum sökum spurði ég á fundi fjárln. í morgun fulltrúa frá forsrn. sem þar voru hjá okkur hvort skýringin væri sú að á leiðinni frá þeim til fjmrn. hefðu hugsanlega einhverjar upplýsingar glatast. Þar fékk ég þær upplýsingar að forsrn. hefðu sent Alþingi eins og öðrum stofnunum sem þeir sinna við fjáraukalagagerðina fyrirspurnir um það hvort hugsanlega væri eitthvað hjá stofnuninni sem þyrfti að fara inn í frv. til fjáraukalaga. Þessir fulltrúar í forsrn. svöruðu hins vegar þannig að engin svör hefðu borist frá hinu háa Alþingi og þeir þar af leiðandi dregið þá ályktun að ekkert væri þar á ferðinni. Því er óhjákvæmilegt, herra forseti, að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hugsanlegt sé að þessar upplýsingar hafi af einhverjum misgáningi farið í fjmrn. og þar verið stöðvaðar og það skýri orð hv. þm. um að framkvæmdarvaldinu væri ekki treystandi, þ.e. að framkvæmdarvaldið tæki ekki tillit til óska hins háa Alþingis til þeirra hluta sem metið er hér innan veggja að nauðsynlegir séu.

Herra forseti. Einnig vakti annað athygli mína í andsvari hv. þm., þ.e. annað en að framkvæmdarvaldinu væri ekki treystandi, og það var að fjárln. væri ekki treystandi. Vegna þess að þar þekki ég betur til en hjá framkvæmdarvaldinu vænti ég þess að um einhvern misskilning hljóti að vera að ræða þar sem ég kannast ekki við að fjárln. hafi ekki staðið sig í stykkinu í þessu efni og má jafnvel segja að það sé á ýmsan hátt til fyrirmyndar hvernig fjárln. hefur einmitt velt þessum málum fyrir sér í kjölfar skýrslu sem forsetar Alþingis fóru fram á að Ríkisendurskoðun ynni varðandi framkvæmdirnar í Austurstrætinu.

Herra forseti. Það er ekki tími til þess að rekja það mál allt saman hér en það er eðlilegt að hæstv. fjmrh. sé einnig spurður að því hvaða skilaboð hann telji að hv. þm., forseti Alþingis, sé að senda ýmsum öðrum stofnunum ríkisins þegar hv. þm. segir að þingið hafi tekið allar framkvæmdirnar í sínar hendur, allt eftirlit sem þeim tengist og, að því mér skildist, nær allar ákvarðanir einnig. Hvaða skilaboð er verið að senda öðrum ríkisstofnunum í kjölfar nýrrar reglugerðar sem hæstv. fjmrh. hefur nýlega sett og ég geri ráð fyrir að við flest innan þessara veggja teljum að gildi um allar stofnanir, jafnt Alþingi sem aðrar? Því spyr ég hæstv. ráðherra: Telur hann að þessi yfirlýsing hv. þm. standist skoðun miðað við þessa nýju reglugerð?

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég hefði átt ýmislegt eftir að segja og koma á framfæri athugasemdum við fjárlagafrv. sjálft. Þetta var aðeins nauðsynlegur inngangur í kjölfar þeirra orðaskipta sem fóru á milli okkar hv. þm. Halldórs Blöndals á fimmtudaginn var.

Ég var staddur á bls. 63 í frv. til fjáraukalaga þegar fyrri ræðu minni lauk og þar er athyglisverð setning neðst á síðu sem ég tel óhjákvæmilegt að fá nánari skýringar á. Þetta er liður sem fjallar um alþjóðleg samskipti og augljóst að hér er hið þarfasta mál á ferðinni. En það sem vekur athygli mína er síðasta setningin sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Til stendur að yfirfara og endurmeta umfang og skipulag þessarar þjónustu.“

Hér er átt við alþjóðleg samskipti sem fram að þessu hafa verið greidd af öðrum aðilum, þ.e. af Evrópusambandinu. Hér hefði ég talið nauðsynlegt að fyrir lægi að sjálfsögðu þessi skoðun og yfirferð áður en slík tillaga er lögð fram í fjáraukalagafrv.

Á næstu síðu eru athyglisverðir hlutir sem tengjast utanrrn. Í ljósi orða sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lét falla um fjárlagafrv. vek ég athygli á ráðstefnum sem utanrrn. ýmist er að undirbúa eða hefur haldið. Það er meira að segja svo knappt áætlað til ráðstefna fyrir kjörræðismenn Íslands að sækja þarf um viðbótarfjárveitingu í fjáraukalagafrv. upp á litlar 2 millj. kr. Það hefði verið hægt að gera ráð fyrir því að einhverjir sjóðir gætu dekkað slíka upphæð og enn er spurt hvort hæstv. fjmrh. telji í raun eðlilegt að slíkar upphæðir séu settar í fjáraukalagafrv.

Þau ummæli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem ég minntist á voru um hið mikla fitulag í ríkiskerfinu sem enn mætti skera og tók hann þar sérstaklega fyrir ráðstefnur, ferðalög og annað þess háttar. Það er augljóst mál að þarna er hugsanlegt að velta fyrir sér hlutum í þessu samhengi. En þarna er einnig verið að ræða um 30 millj. kr. vegna undirbúnings utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins og augljóst að þar er jafnvel naumt skammtað þrátt fyrir að í

fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir 170 millj. — þarna er því verið að tala um 200 millj. kr. — vegna þess að miðað við það sem fram kom hjá fulltrúum utanrrn. á fundi fjárln. í morgun telja þeir að þetta sé mjög varlega áætlað og eigi eftir að hækka töluvert mikið. Það er augljóst að þetta verður líklega stærsti fundur sem hér hefur verið haldinn og því eðlilegt að spyrja hæstv. fjmrh., þar sem hæstv. utanrrh. er ekki hér, hvernig á því standi að árið 2002 er valið til þess að halda þennan fund og hvort ekki hefði verið nauðsynlegt að gefa sér örlítið meiri tíma til undirbúnings þannig að menn gætu áttað sig örlítið á umfanginu áður en þeir ákveða slíkan fund.

Herra forseti. Svo er athyglisvert mál undir liðnum landbúnaðarráðuneyti þar sem verið er að fjalla um yfirdýralækni. Þar virðist hafa tekið ótrúlega langan tíma að bregðast við ákvörðun kjaranefndar sem kveðin var upp 16. nóvember 1999. Það er með ólíkindum að í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 sé verið að biðja um fjármagn til þess að bregðast við því sem úrskurðað var um fyrir nærri tveimur árum síðan.

Herra forseti. Eins og ég bjóst við kemst ég ekki í þessari seinni ræðu, sem er aðeins tíu mínútur, yfir öll þau atriði sem ég hefði viljað koma á framfæri þannig að ég verð að reyna að stikla á stóru og velja úr. Ég bregð mér því yfir á bls. 70 þar sem fjallað er um merka gjöf til íslensku þjóðarinnar, þ.e. Auðunarstofu. Þar er lagt til að veitt verði 10 millj. kr. aukaframlag til byggingar Auðunarstofu. Skýringar á þessu eru m.a. taldar gengisbreytingar og vaxtakostnaður. Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að velta fyrir sér hvernig slíkt getur verið skýring á gjöf frá Norðmönnum til okkar, þ.e. hvernig gjöfin geti verið háð gengisbreytingum sem slík. Og hvaða vaxtakostnaður hefur fallið á þessa merku gjöf? Það er alveg óhjákvæmilegt að þingheimi sé gerð grein fyrir því hvernig þessir hlutir hafi orðið til. Því spyr ég hæstv. fjmrh. hvort hugsanlegt sé að fá einhverjar skýringar á þessu máli.

Síðasta atriðið sem ég vil minnast á í lokin varðar málefni fatlaðra í Reykjavík, en þar er afar sérkennileg beiðni. Farið er fram á 15 millj. kr. viðbótartframlag vegna þess að greiða þarf starfsmönnum ferðakostnað allt að fjögur ár aftur í tímann vegna ákvæðis í kjarasamningi. Ég spyr, herra forseti, hvernig getur það gerst að það sé ófyrirséð sem stendur í kjarasamningi og gildir a.m.k. í fjögur ár aftur í tímann?

[15:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég tók fram hér þegar þetta mál var síðast rætt, hafði ég gert ráð fyrir að í fjáraukalagafrv. yrði heimildargrein sem er í samræmi við bréfaskriftir fjmrn. og Alþingis. Hér áttu sér einfaldlega stað mistök sem ekki komu að sök því að ég hef þegar leiðrétt það við 1. umr. málsins. Svo vil ég benda hv. þm. á, ef hann vill fá að vita hvað gerist í forsn., að rétt er að tala við forsn. en ekki einstök ráðuneyti.

Í öðru lagi vil ég að það komi fram í sambandi við þau ummæli sem ég hafði hér síðast um Austurstræti og þá staðreynd að framkvæmdir þar fóru fram úr að ég lít svo á að forsn. og mér sem forseta Alþingis beri að bregðast við og tryggja eftirleiðis að slíkt endurtaki sig ekki. Þess vegna er fyllilega tímabært að ég lýsi þvílíku yfir. Það má auðvitað finna að því að ég sem forseti Alþingis hafi ekki borið gæfu til að standa betur að framkvæmdum við Austurvöll og ég skorast ekki undan þeirri ábyrgð. En ég vil að það komi alveg skýrt fram að forsn. hefur tekið á þessu máli og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Ég er með þessum orðum minum og yfirlýsingum minum á Alþingi með engum hætti að skorast undan þeirri ábyrgð sem ég ber á því sem hér hefur gerst.

[15:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hér sé upplýst að þetta hafi verið mistök af hálfu fjmrn. En varðandi orð hv. þm. um að það eigi að ræða við forsn. en ekki einstök ráðuneyti um hvað gerist í forsn., þá var ég ekki að velta því fyrir mér hvað gerst hefði í forsn. vegna þess að ég taldi að hv. þm. hefði lýst því afar vel á fimmtudag, þ.e. að þetta hafi verið mistök einhvers staðar. Ég var eingöngu að leita upplýsinga um hvar þessi mistök hefðu getað orðið. Það er augljóst að forsrn. hefur skrifað Alþingi og spurst fyrir um hvort hugsanlega ætti eitthvað að fara inn í frv. til fjáraukalaga, en forsrn. hefur engin svör fengið við því. Það er upplýst hér af hv. þm. að það sé vegna þess að bréfaskiptin hafi átt sér stað við fjmrn. Því er augljóst, miðað við orð hv. þm., að mistökin liggja þá í fjmrn. og ég vænti þess að þau orð sem hv. þm. lét falla á fimmtudaginn um vantraustið eigi þar af leiðandi við fjmrn. eða að það verði skýrt á annan hátt af hv. þm. á eftir.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt vegna þess að þessi umræða er hér hafin að hv. þm. skýri fyrir okkur, forseti Alþingis, við hvaða framkvæmdir hér er átt við. Til hvaða framkvæmda þarf þetta fjármagn, þ.e. söluvirði Skólabrúar 2, að fara til þess að hið háa Alþingi haldi sig innan fjárheimilda?

[15:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta hálfbrosleg umræða. Hv. þm. er að reyna að finna einhvern sökudólg þó að smávegis mistök hafi átt sér stað sem eru leiðrétt þegar við 1. umr. á Alþingi (Gripið fram í.) varðandi staðreyndir sem lágu fyrir í fjárln. og forsn. Ég veit að bæði sá sem kallaði fram í, hv. 3. þm. Norðurl. e., og sá sem hér talaði áðan vita hvernig þessi mál eru vaxin því að þeir fulltrúar sem þeirra flokkar eiga í forsn. fylgjast vel með og eru í mjög nánu og góðu sambandi við leiðtoga sína. Ég veit líka að málefni Austurstrætis hefur borið á góma í fjárln. þannig að mér finnst að hv. 4. þm. Austurl. eigi ekki að tala eins og út úr hól í þessu máli.

[15:25]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er spurning hver talar út úr hól í þessu máli, en það er augljóst miðað við orð hv. þm. að greinilega er um Austurstræti að ræða. Það er ánægjulegt að þessar upplýsingar skuli koma hér fram. Það er rétt hjá hv. þm. að fjárln. hefur verið að velta þessu máli fyrir sér. Fjárln. hefur að sjálfsögðu fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar um þessar framkvæmdir og augljóst er að ákveðnar fullyrðingar standast ekki, þ.e. að í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru ákveðnir hlutir fullyrtir sem var síðan í bréfi frá forsn. Alþingis gerð athugasemd við. Þar er önnur fullyrðing frá öðrum aðila og síðan kemur þriðji aðili við sögu sem er með þriðju fullyrðinguna.

Það er lykilatriði að þessi mál verði skýrð þannig að ekkert sé verið að velkjast í vafa um hvað hið rétta er í málinu. Það er líka mikilvægt að allir aðilar komist að niðurstöðu í málinu og geti lært af því þannig að þau mistök sem þarna urðu verði ekki endurtekin. Hv. þm. ætlar ekki að skorast undan því að bera einhverja ábyrgð á því og ég vona að enginn þeirra sem ábyrgð bera skorist undan því. Það er

lykilatriði að við áttum okkur á því hverjir beri ábyrgðina og hverju við þurfum að breyta til þess að slíkir hlutir endurtaki sig ekki.

Nú eru hafnar framkvæmdir á Alþingisreitnum sem eru mikilvægar og afar mikilvægt er að vel takist til vegna þess að ég lít svo á að hið háa Alþingi hljóti að stórum hluta til að vera fyrirmynd í þessum efnum fyrir aðrar stofnanir hjá ríkisvaldinu. Ef okkur tekst það ekki þá er mjög erfitt fyrir okkur að gera þær kröfur til annarra að þeir sýni fordæmi sem hið háa Alþingi getur ekki gert sjálft.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna aðeins umræðuna um fjárreiður Alþingis, meðferð á fjármunum þess, fjármunum til reksturs, kaupa og byggingar og fasteigna þess. Eins og hér hefur komið fram er skýrsla sem Ríkisendurskoðun vann um fjárreiður Alþingis hvað þetta varðar og hér hefur verið til umræðu, til umfjöllunar í fjárln. og var það síðari hluta fyrravetrar. Þeirri umfjöllun er ekki lokið. En að mínu viti er alveg ljóst, herra forseti, að taka þarf verulega á í fjármálastjórn Alþingis eins og það hefur birst okkur m.a. í þessari úttekt sem var kynnt í fjárln. Hún hefur reyndar ekki verið afgreidd úr nefndinni þannig að ég vil ekki ræða það í einstökum atriðum. Eins og hæstv. forseti og hv. þm. Halldór Blöndal hefur gert hér grein fyrir þá axlar hann persónulega ábyrgð á þessu máli sem mér finnst nú ekki heldur vera embættislega rétt. Hv. þm. er forseti þingsins og á að koma fram sem slíkur á vegum forsn. Ef það þarf aukinn stuðning við stjórn þingsins þá er kannski hægt að athuga það að formenn þingflokka komi þar líka að, þ.e. ef styrkja þarf enn betur stjórn þingsins.

Mjög erfitt er að fallast á að það sé góð fjármálastjórn að taka á leigu rándýrt húsnæði hér í grenndinni og síðan fjármagnar Alþingi allar innréttingar og innanstokksmuni án þess að á því fylgi nokkur eignarréttur eða slíkt. Ég nefni þetta hér, herra forseti, en að öðru leyti er skýrslan til umfjöllunar í fjárln. og verður væntanlega afgreidd þaðan.

Varðandi fjáraukalögin almennt, þá vil ég, herra forseti, enn og aftur benda á lögin um fjárreiður ríkisins. Mér hefur fundist í umræðunni um skyldur framkvæmdarvaldsins að menn hafi mjög einblínt á skyldur forstöðumanna einstakra stofnana, að þeir virði ekki fjárlagaheimildir og annað því um líkt sem þeim beri, og að menn hafi verið að setja reglur og jafnvel viðurlög um hvernig með skuli fara gagnvart forstöðumönnum stofnana hinna ýmsu ráðuneyta. Mér finnst, herra forseti, að þar sé byrjað á röngum enda. Fyrst eigi að fara í ráðuneytin sjálf og þar verði að vera bæði sú fjármálaumsýsla og sú ábyrgð fyrir hendi sem lögin kveða á um, Alþingi er þar ekki undanskilið, og að þar eigi að byrja að taka á málunum. Meginhluti þeirra tillagna og fjárbeiðna sem liggja fyrir í frv. til fjáraukalaga eru með þeim hætti að annaðhvort er það búið að skuldbinda sig til greiða þær eða inna þær greiðslur af hendi áður en leitað er heimildanna og það er ekki samkvæmt fjárreiðulögum. Það eru bara undantekningartilvik sem heimila að hægt sé að samþykkja greiðslur án þess að Alþingi sé búið að samþykkja þær, þ.e. að framkvæmdarvaldið geti reitt af hendi greiðslur án þess að Alþingi samþykki, en þá beri þegar í stað að bera það undir Alþingi. Farið er allt of frjálslega með fjárreiðulögin, ekki síst af ráðuneytunum. Ég minntist á forsrn. og utanrrn. og svona getum við áfram talið þar sem um tugi milljóna króna er að ræða og verið er að sækja um til reksturs á fjáraukalögum og jafnvel búið að inna þær greiðslur af hendi án þess að heimildir séu fyrir.

En ég vildi spyrja um eitt atriði, herra forseti. Það er eitt sem mér þykir vanta og við hefðum viljað sjá fjallað um í fjáraukalögunum, það er um stöðu framhaldsskólanna í landinu. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár benti ég ítrekað á að ekki væri tryggt nægilegt fjármagn til reksturs framhaldsskólanna í landinu og auk þess væri ekki tekið á þeim skuldum sem hefðu hlaðist upp hjá framhaldsskólunum og þeir látnir bera áfram án þess að úr verði greitt. Við horfum sérstaklega upp á þá skóla, herra forseti, sem eru með verknám eða heimavistir sem verða illa úti í meðferð ráðuneytisins og í meðferð Alþingis á fjárlögum til þessara stofnana.

Ég er með undir höndum gögn sem sýna að stór hópur framhaldsskóla hefur verið rekinn með halla og safnað upp skuldum á síðustu árum og eru enn með slíkar skuldir og er þeim til verulegs tjóns, trafala og takmörkunar í öllu starfi. Og þetta eru skólar sem eru reknir á ábyrgð ríkisins, bæði hvað varðar fjármagn og líka verkefni, verkefni sem þessu skólum eru falin og trúað fyrir að sinna. Þetta birtist þannig í starfi þeirra að þeir verða stöðugt að skera og skera niður námsframboð og eðlilegar nýjungar í starfi sínu og eins og ég nefndi áðan bitnar þetta harðast á verknámsskólunum, þeim sem eru með starfsmenntun, þetta bitnar harðast á þeim. Í fjáraukalagafrv., þrátt fyrir að fyrir liggi vísbendingar um skuldir þessara skóla og stofnana, er ekki lagt til að tekið sé á þessum vanda, en þetta liggur allt fyrir skjalfest. Þetta finnst mér ekki ábyrg vinnubrögð, herra forseti, og vildi óska eftir því við hæstv. forseta að hann kæmi því á framfæri við menntmrn. að þarna sé ekki staðið að af ábyrgð. Ég óska eftir svari frá fjmrh. um það hvernig ætlunin er að taka á þessum skuldum og þeim fjárhagsvanda framhaldsskólanna sem þeir standa frammi fyrir nú, bæði vegna yfirstandandi árs og fyrri ára.

Að lokum, herra forseti, er það skoðun mín og ég hef lagt fram tillögur til breytinga á lögum um fjárreiður ríkisins sem miða að því að fjáraukalög komi fram oftar en einu sinni á ári. Það er í hæsta máta eðlilegt að forsendur fjárlaga geti breyst með ýmsum hætti frá því að þau eru samþykkt fyrir jól og þangað til að hausti árið eftir. Það getur gerst með ýmsu móti og þess vegna geta einstakar framkvæmdir orðið með þeim hætti að eðlilegt sé og hagkvæmt að til þeirra sé veitt meira fé á árinu varðandi ýmis rekstrarviðfangsefni o.s.frv. Alþingi getur samþykkt ný lög á vorþingi sem hafa í sér fjárskuldbindingar. Það er í hæsta máta eðlilegt og þá kveða lögin svo á um að setja á lögin fyrir fram um greiðsluheimildir. Þess vegna tel ég eðlilegt að frv. til fjáraukalaga verði lagt fram að vori í þinglok, að fjárln. starfi líka eftir áramót að fjármálunum, komi að undirbúningi fjárlaga fyrir næsta ár og einnig að athuga hvaða breytingar þarf að gera á yfirstandandi fjárlögum fyrir fram til að full og eðlileg samfella verði í fjármálaumsjón ríkisins.

Í ljósi umræðunnar í dag tel ég þetta enn brýnna. Það er afar brýnt að fjáraukalög séu gefin út ekki sjaldnar en tvisvar á ári, t.d. að vori og svo aftur að hausti, þannig að þinginu gefist möguleiki á að farið sé að lögum varðandi fjárreiður ríkisins og jafnframt þá líka að koma að nauðsynlegum ábendingum og leiðréttingum á yfirstandandi fjárlögum.

[15:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað var það ofsagt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að verulega þyrfti að taka á í fjármálastjórn Alþingis og hann færði ekki rök fyrir þeim orðum sínum. Hitt er rétt að sú framkvæmd sem hér hefur verið til umræðu fór mjög fram úr. Við höfum gert við því í forsn. með því að hafa mjög rækilegt eftirlit, bæði með fjárreiðum og með verklagi og áður með útboðslýsingu, útboðsgögnum og útreikningum í sambandi við útboð, þannig að við höfum mjög rækilega tekið á í þessum efnum.

Ég hafði raunar áður sem gamall samgönguráðherra hagað mér svo í framkvæmdum hér eins og ég gerði í viðskiptum mínum við Vegagerðina, en það reyndist nú svo að það var ekki fullnægjandi. En ég skal hins vegar hafa það í huga, og ef einhver forsætisnefndarmaður er hér fjarverandi skal ég bera honum þau boð að hv. þm. vilji koma okkur til aðstoðar um fjármálastjórn þingsins ef svo ber undir.

[15:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal og virðulegur forseti þingsins svaraði sér eiginlega sjálfur þegar hann gat þess að á sl. ári hafi þingið farið verulega fram úr fjárheimildum og verið þar í miklum vandræðum með að draga þar í land, þannig að hann svaraði eiginlega sjálfur, hv. þm., því sem málið snerist um.

Þingið, eins og fleiri aðilar, fór langt fram úr þeim fjárheimildum sem lög höfðu heimilað því. Ekki skal lagður dómur á hvort það hafi verið hagkvæmt fyrir þingið, en það segir okkur enn frekar hversu brýnt það er að fjáraukalög komi fram tvisvar á ári svo að virðulegur forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, þurfi ekki að fara með þessum hætti á svig við lög eins og fleiri sem eru í þeim sporum að eyða fénu fyrr en heimildir hafa komið til þess frá Alþingi.

Ég held því að málið sé einmitt það að verklaginu verður að breyta og að fjáraukalög verði lögð fram oftar á ári, hvort sem það er hæstv. forseti sem ber ábyrgð á Alþingi, eða einstök ráðuneyti eða stofnanir sem fái samþykkið fyrir fram eins og þingið vill en heimilda sé ekki leitað eftir á.

[15:40]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að endurtaka þetta. Það er kannski vont ef fjárlaganefndarmenn eru ekki allir inni samtímis, en þá er sjálfsagt að endurtaka þetta oft.

Ég tók ákvörðun um það um leið og ég varð var við að byggingin fór fram úr og bað Ríkisendurskoðun um að gera rækilega úttekt á málinu. Um leið og sú skýrsla lá fyrir kynnti ég hana öllum fjölmiðlum þannig að mönnum mætti vera ljóst hvaða slys hafði hér gerst. Og þá eins og nú reyndi ég ekki að bera neinar sakir af sjálfum mér í þeim efnum.

Í öðru lagi, eins og ég hef sagt áður, höfum við ráðið sérstakan reyndan, traustan verkfræðing sem hefur víða komið að í eftirlitsstörfum, m.a. við göngin undir Hvalfjörð, til að fylgjast með verkinu nú og hann gefur okkur mánaðarlegar skýrslur um hvernig verkið stendur og um fjárreiður. Það er því alveg ljóst að við höfum tekið ákvörðun um að reyna að fylgja þessu verki eftir eins vel og við mögulega getum. Og ég vænti þess að ekki þurfi til þess að koma að við þurfum að biðja um fjáraukaheimildir af þeim sökum, nema eitthvert slys hendi, sem ég á alls ekki von á að gerist og á ekki að geta gerst vegna þess hversu vel hefur verið staðið að undirbúningi útboða, hversu vel hefur verið staðið að því að fylgja útboðum eftir, gæta þess að þar séu engar villur, og með því að skrá rækilega og afgreiða jafnóðum þau mál sem upp koma.

[15:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki mín tillaga að verið se oeint að veikja stöðu Alþingis gagnvart sjálfu sér. En að sjálfsögðu þarf að fara með málefni þess eftir sömu reglum og gilda um almenna opinbera stjórnsýslu. Og það verður vonandi stöðugt bætt þar um.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, herra forseti, að þessi umræða snýst ekki um hvort einstakir ábyrgðaraðilar, hvort sem það er virðulegur forseti þingsins eða ráðuneytisstjórar ráðuneyta eða framkvæmdastjórar fyrir einstökum stofnunum, þurfi að grípa til einhverra neyðarráðstafana. Þetta snýst um það að fjárreiður okkar og lög um fjárreiður ríkisins séu með þeim hætti að vinnan hjá framkvæmdarvaldinu geti gengið eðlilega fyrir sig. Það gerir hún ekki meðan framkvæmdarvaldið tekur sér það vald að ákveða skuldbindingar eða greiðslur sem ekki eru fjárlagaheimildir fyrir. Þó svo að þau geti búist við því og vænst þess að Alþingi samþykki það eftir á, þá á þetta ekki að gerast þannig. Þess vegna er afar mikilvægt að fjáraukalög verði gefin út tvisvar á ári, að vori — og þá getur verið hægt að gera þær leiðréttingar sem nauðsynlegar eru og Alþingi er sátt við að gera og samþykka á fjárlögum yfirstandandi árs — og síðan aftur að hausti, þannig að ekki þurfi að fara á svig við lög um fjárreiður ríkisins.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er nokkuð athyglisvert að umræðan hefur upp á síðkastið aðallega snúist um fjárhagsleg málefni Alþingis, sem er hins vegar einn örfárra aðila sem alls ekki eru í þessu frv. Ef maður flettir upp á fremstu síðunum og skoðar fjárveitingar til þess sem kallað er æðsta stjórn ríkisins þá eru þar bæði embætti forseta Íslands og ríkisstjórnin sjálf sem þurfa viðbótarfjárveitingar en ekki Alþingi. Samt er það aðalumfjöllunarefnið hér, m.a. hvernig það hafi gerst að auknar fjárheimildir til Alþingis hafi ekki ratað inn í frv. Það er nauðsynlegt og þarft að fá það upplýst en skiptir kannski ekki öllu máli, einfaldlega vegna þess að við erum að ræða um fjáraukalagafrv. við 1. umr. og Alþingi ákveður auðvitað sjálft það sem því sýnist og þarf í sjálfu sér ekkert á fjmrn. sem millilið að halda til að koma inn í endanlega gerð frv. áður en það verður afgreitt með þeim fjárveitingum sem það telur sig þurfa á að halda til rekstrar síns. Eru menn nokkuð að gleyma því að því ræður Alþingi sjálft og gengur frá þessu frv. eins og það vill hafa það í lokin? Ekki síst á það við þegar um þess eigin fjárveitingu eða rekstrarfé er að ræða.

Auðvitað er eðlilegt ef því verður við komið að Alþingi upplýsi fjmrn. um hvað það telur sig þurfa í þessum efnum og að það sé sett inn í frv. við 1. umr. Það er betri svipur á því, rétt eins og er gert með fjárlagafrv. Að sjálfsögðu er áætlað fyrir fjárveitingum til Alþingis en síðan verður endanlega farið yfir það og það ákveðið eða því breytt, ef svo ber undir, með brtt. fyrir 3. umr.

Varðandi húsnæðismál Alþingis að öðru leyti verð ég að segja að það sem ég varð mest undrandi á í því máli var kannski ekki að, eins og allt of oft gerist hjá opinberum aðilum, framkvæmdir færu fram úr áætlun, því miður. Ég

varð hins vegar mjög undrandi á þeirri kúvendingu í stefnu um húsnæðismál Alþingis sem manni var allt í einu skýrt frá að búið væri að ákveða, að hætta við nýbyggingar á vegum Alþingis sjálfs hér á reitnum þar sem byggt yrði, í framhaldi af núverandi byggingu sem er að rísa, viðbótarhúsnæði sem hannað yrði sérstaklega eftir þörfum Alþingis og bættist við á reitnum á komandi árum. Ég hafði vonað að loksins kæmist áætlun um slíka uppbyggingu í gagnið og ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að eiga sitt húsnæði sjálft, ráða því og reka það. Ég varð því ósköp lítið hrifinn þegar ég frétti af þessum leigusamningi.

Enn þá undarlegra eða óskiljanlegra er að svo óhönduglega skyldi takast til, úr því að Alþingi ákvað að vera enn um sinn stórtækur leigjandi á húsnæði í Kvosinni, að það þyrfti að sitja eftir sem áður uppi með umframkostnað. Auðvitað hefði Alþingi ekki átt að koma nálægt þessu máli fyrr en allt væri klappað og klárt og það gat flutt inn í húsnæðið fullfrágengið og borgað viðeigandi leigu. Ég verð að játa að ég skil ekki hvernig þetta gat gerst en ætla ekki að ergja mig á að fara meira yfir það.

Það alvarlega er að þetta virðist miklu nær því að vera regla en undantekning eins og þetta hefur gengið sl. missiri, að framkvæmdir á vegum hins opinbera og sérstaklega á vegum æðstu stofnana ríkisins lendi langt fram úr áætlun. Þetta er þeim mun bagalegra sem það liggur í hlutarins eðli hversu vont fordæmi það er, þ.e. hvernig Alþingi og ráðuneytum gengur að halda öðrum aðilum við efnið í hinu opinbera kerfi þegar menn sýna jafnslæmt fordæmi og raun ber vitni.

Hvernig er það t.d. fyrir forsrn. að sitja uppi með það að framúrkeyrslan á framkvæmdum í því ráðuneyti er einhver sú hroðalegasta sem sést hefur lengi í framkvæmdum á vegum ráðuneytisins sjálfs? Það kostaði ókjör að gera upp stjórnarráðshúsið og ekki tók betra við þegar Þjóðmenningarhúsið var tekið í notkun eins og allir muna. Þetta, herra forseti, er auðvitað mjög slæmt.

Að lokum vil ég taka fram að ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það gangi ekki ef menn ætla að hætta að líta á framkvæmdir á vegum Alþingis sem opinberar framkvæmdir og láta einhver sérlög gilda um þær. Auðvitað eru þetta opinberar framkvæmdir og lög og reglur um opinberar framkvæmdir eiga að taka yfir þetta. Hins vegar er það ágætt ef Alþingi ákveður að hafa þar til viðbótar sérstakt eftirlit á sínum vegum til að geirnegla þetta enn betur en endranær. Það kann að vera hið besta mál ef menn hafa fundið í það góðan eftirlitsaðila. En ég tel ekki að það eigi að gilda margs konar lög eða margs konar verklagsreglur hér um opinberar framkvæmdir eftir því hvort þær eru á vegum Alþingis, forsrn., Hæstaréttar, biskupsins eða hvar það nú er. Ef þetta eru opinberar framkvæmdir í venjulegum skilningi þess orðs þá eiga þær auðvitað að falla undir sömu reglur.

Það eru tvö eða þrjú efnisatriði, herra forseti, sem ég ætla að nefna örlítið úr því að ég er farinn að tjá mig um þetta fjáraukalagafrv., sem ég hafði þó ekkert sérstaklega hugsað mér. Það eru útgjöld á tveimur sviðum sem ég verð að segja að vekja mér undrun. Í öðru tilvikinu er um að ræða 300 millj., í hinu tilviku 30 millj. Það þarf að bæta 300 millj. við framlög til forsrn. út af einkavæðingarbrölti, 300 millj. Hvernig getur þetta gerst? Hvað er hér á ferðinni? Hvers konar áætlun var lögð til grundvallar þessum verkefnum af hálfu forsrn.? Þó að það eigi að selja eitthvað örlítið meira eða reyna að selja, það gengur ekki út, eitthvað örlítið meira af opinberum eignum á þessu ári, er það frambærilegt að forsrn. þurfi að koma og biðja um 300 millj. í viðbót? Eru menn ekki ansi lausir á aurunum þegar kemur að gæluverkefnunum? Þá virðist ekkert vandamál að kippa inn 300 millj. kr. aukafjárveitingu, af því að það er í gæluverkefni, að koma út sameiginlegum eigum þjóðarinnar. Ég fæ ekki betur séð en það sé það sem þarna er á ferðinni undir liðnum forsætisráðuneyti.

Hitt eru svo 30 millj. í utanrrn. til að undirbúa fund. Ekki til að halda NATO-fundinn á næsta ári heldur til að undirbúa hann. Þurfa þeir 30 millj. til að undirbúa þetta sem á að gerast um mitt næsta ár? Hvað á það að kosta þá? Eru það ekki 180 millj. eða eitthvað svoleiðis? Þarna virðast til nógir peningar og hleypur á hundruðum milljóna þegar gæluverkefni af þessu tagi eru á ferðinni. Hvenær var það borið undir Alþingi að Ísland byðist til að taka að sér þennan fund? Hefur utanrrh. leyfi til að samþykkja að við bjóðumst til að halda hérna fundi sem kosta hundruð millj. án þess að það sé svo mikið sem rætt á Alþingi Íslendinga sem fer með fjárveitingavaldið? Var þetta kannski borið upp í þingflokkum stjórnarflokkanna? Samþykktu þeir fyrir fram að styðja síðan tillögur um fjáraukalög og fjárveitingar í fjárlögum næsta árs?

Mér finnst þetta, herra forseti, ansi vel í lagt. Ég varð að segja alveg eins og er. Ríkisstjórnin ákveður innan fjárlagaársins að sulla út í einkavæðingargæluverkefnin sín, 300 millj. í viðbót og einhvers staðar á góðra vina fund hefur utanrrh. farið og boðist til að halda NATO-fund. Það eru 30 millj. í aukafjárveitingu á þessu ári og sjálfsagt hátt í 200 millj. á næsta ári og óvíst að það dugi. Þetta er allt saman ákveðið einhvers staðar úti í bæ og eftir á koma þeir til Alþingis og biðja um peninga eins og ekkert sé. Þetta ráðslag þykir mönnum til fyrirmyndar, eða hvað? Það er allt fullkomið sem þessi ríkisstjórn gerir eins og kunnugt er og ef eitthvað fer úrskeiðis þá er það ævinlega öðrum að kenna. Það hefur ekki heyrst af einu einasta tilviki í sögu þessarar ríkisstjórnar þar sem hún hefur að eigin áliti gert nokkuð rangt.

Sökudólgarnir eru hins vegar orðnir margir. Þess vegna datt mér í hug hvort menn gætu ekki kennt bara Búnaðarbankanum um framúrkeyrslu Alþingis — ég leyfði mér að kalla það fram í áðan. Það má kalla það hótfyndni en það er ekki vitlausara en margt annað sem mönnum hefur dottið í hug þegar þeir þurfa að finna sér einhvers staðar sökudólg. Auðvitað hafa svo eftirlitsaðilarnir og Framkvæmdasýslan fengið að finna til tevatnsins.

Að lokum, herra forseti, saknaði ég þess að sjá hér lið í þessu fjáraukalagafrv. Ég var að vona að ég sæi hér annaðhvort undir forsrn., mögulega utanrrn. eða menntmrn., beiðni um aukafjárveitingu til að kaupa skipið Íslending og koma því hingað heim. Ég verð að segja alveg eins og er að mér sviður sá aumingjadómur að láta það mál vera afvelta mánuðum saman í þeirri stöðu sem, að ég best veit, það er enn þá. Þar er einstaklingur með þar á herðunum skuldbindingar sem nema væntanlega einhverjum tugum milljóna króna, maður sem hefur unnið mikið afrek við að byggja þetta skip og safna liði til að sigla því vestur um haf í fræga ferð sem þótti heppnast einstaklega vel og var mikil og góð landkynning. Nú liggur skipið eftir því sem ég best veit í reiðileysi vestan hafs. Menn hafa ekkert komist áleiðis í því að leysa það mál. Ég gerði mér vonir um að e.t.v. hefðu menn ákveðið að reyna að koma því fyrir í fjáraukalagafrv. og biðja um

fjárveitingu til að kaupa skipið eða reyna að ná samningum við eigandann, þó ekki væri nema taka inn heimildargrein í frv. til að ganga til samninga við hann þó upphæðir væru ekki endanlega niðurnegldar.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi eitthvað af þessu máli frétt og hver sé hugur hæstv. fjmrh. í þessum efnum. Væri hæstv. fjmrh. ekki tilbúinn að styðja það að fjárln. Alþingis fari ofan í saumana á þessu máli og kanni hvað þarf til að fá farsæla niðurstöðu í þetta mál og við setjum okkur það að loka ekki þessu fjáraukalagafrv., eða a.m.k. ekki fjárlögum næsta árs, nema til staðar séu fullnægjandi lagaheimildir til þess að leysa málið. Ég skora á menn að gera það. Annars virðist sú hætta blasa við að þetta mál falli í gleymsku með einhverjum hætti eða verði afvelta áfram. Ég held að það sé engum til sóma að skilja þannig við það.

[15:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að venju ergilegur. Hann ergist nú mjög yfir því að halda eigi hér ráðstefnu NATO og finnst hér hafa verið of í lagt.

Það eru ein 14 ár síðan haldin var NATO-ráðstefna á Íslandi síðast, en við erum aðilar að NATO. Ég veit að hv. þm. er á móti því og hefur í sjálfu sér aldrei samþykkt þann gjörning. Þrátt fyrir allt erum við aðilar að þessu bandalagi sem allir eru sammála um, meira að segja Rússar, að sé það eina sem haldið getur uppi löggæslu eða friðargæslu í okkar heimi. Það er ekki hægt að kalla aðra til. Það að við skulum vera aðilar að því bandalagi er náttúrlega til marks um framsýni stjórnmálamanna fyrri tíðar sem sáu sér hag í að vera í því frá fyrsta degi. Mér fyndist það hálflágkúruleg afstaða ef íslensk stjórnvöld ætluðu að skorast undan því að taka þátt í og hafa ráðstefnu á 14 ára fresti, sem einn af aðilum að NATO.

Ég spyr hv. þm. hvort það sé virkilega afstaða hans að okkur sé það sæmandi að taka ekki að okkur ráðstefnu NATO á rúmlega áratugs fresti, sem fullgildir aðilar að þessum samtökum. Við treystum á þessi samtök og höfum hugsað okkur að vera í þeim þó að hv. þm. styðji ekki þá afstöðu að vera í NATO. Við sem sjálfstæð og fullvalda þjóð tökum þátt í samstarfi lýðræðisríkja.

[15:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel okkur það ákaflega vel sæmandi að halda ekki NATO-þing og það eru ekki feit rök í mínum huga að 14 ár séu síðan það var síðast gert. Það eru margar þjóðir í heiminum sem telja sig fullsæmdar af því að halda ekki NATO-þing. Ég hef t.d. aldrei heyrt að það hafi valdið þeim hugarangri í Svíþjóð að vera ekki aðilar að NATO og halda ekki NATO-fundi á svona 14 ára fresti. Ég held að hv. þm. ætti að hafa það í huga að hér er ekki um venjuleg fyrirbæri að ræða, eins og sést á þeim óheyrilegu kostnaðartölum sem þarna eru á ferðinni.

Við höldum hér oft fjölmenn þing og ráðstefnur í ýmiss konar samstarfi sem við erum aðilar að, hvort sem það er nú umdeilt eða óumdeilt. Við getum þar tekið Norðurlandaráðsþing á fimm ára fresti og ýmsar slíkar stórar ráðstefnur. Ég hef aldrei séð kostnaðartölur í líkingu við þetta, ekki neitt af þessari stærðargráðu. Það þarf kannski nokkurra millj. kr. viðbótarfjárveitingar hjá einhverjum aðilum sem hafa slíkt með höndum. En tölur af þessu tagi sjáum við varla, enda er hér um ræða fyrirbæri sem kostar óheyrilega öryggisgæslu sem fylgir þvílíkur kostnaður að engu tali tekur.

Mér er ekki kunnugt um að Íslendingar hafi verið skyldugir til þess á nokkurn hátt að bjóðast til að halda þetta þing. Mig grunar þvert á móti að það hefði verið öðrum NATO-þjóðum að meinalausu þó þingið hefði ekki verið haldið hér. Mig grunar að þetta hafi verið að frumkvæði okkar sjálfra, af einhverjum metnaðarástæðum, misskildum að mínu mati, að boð var lagt inn um að við skyldum taka þetta að okkur. Svo kemur reikningurinn hingað.

Ég var ekki bara að gagnrýna það að þetta skyldi gert heldur líka hvernig það ber að, að Alþingi stendur frammi fyrir beiðnum um aukafjárveitingar eftir að ráðamenn okkar hafa skuldbundið okkur með tilboði um að halda þingið, án þess að það væri rætt hér fyrst og ákveðið, með svipuðum hætti og við vitum öll t.d. að Ísland mun sækja eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna seint á þessum áratug. Við vitum að það mun kosta peningana. Það er fínt og þá ber það líka að með réttum hætti. Við stöndum öll saman um að sjá fyrir þeim útgjöldum sem af því leiðir.

[16:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Og svo kemur reikningurinn hingað, segir hv. þm. Auðvitað kemur reikningurinn hingað. En það verður að segjast um þessa fjárveitingu, þessa heimild, að aðeins er verið að *undirbúa málið*. Það er ekki búið að *framkvæma* eitt eða neitt í þessu máli. Hér er verið að biðja um fjárveitingu til undirbúnings fyrir ráðstefnu sem halda á hér á næsta ári. Það er ekkert óeðlilegt við það, finnst mér.

Auðvitað hefði mátt hugsa sér að þessi heimild hefði verið í fjárlögunum. Ég er ekki að segja að það hefði verið verra. En fyrst að svo var ekki er þetta í sjálfu sér fullboðlegt.

Mér fannst hálfklaufalegt hjá hv. þm. að minnast á Svíþjóð í þessu sambandi, að Svíar hefðu aldrei haft áhuga á því að halda NATO-þing. Auðvitað hafa þeir ekki gert það enda eru þeir ekki aðilar að NATO og hafa aldrei verið (**SJS:** Og líður vel.) þannig að ég varð dálítið hissa á þessari röksemdafærslu hv. þm. Það er eins og hann fylgist ekki betur með. Ég veit þó að hann veit betur en svo.

Auðvitað kostar þetta mikið. Það kostar mikið að fá hér hundruð manna á ráðstefnu frá svo miklu varnarbandalagi eins og NATO er. Ég tala nú ekki um á þeim tímum sem við lifum, þegar NATO stendur í því að reyna að knésetja hryðjuverkamenn um allan heim, hryðjuverkamenn sem hreykja sér af því að drepa sem flesta og senda núna hótanir í allar áttir.

Það er þannig ekki skrýtið þó að þetta kosti mikla peninga og ég segi, herra forseti, að við eigum að vera hreykin af því að vera aðilar að NATO, þessu bandalagi sem allar þjóðir í heiminum keppast um að fá að vera í í dag, meira að segja Rússar. Þó að það kosti okkur einhvern pening þá sýnir það einfaldlega að við ætlum ekki að láta okkar eftir liggja til að hlutirnir geti gengið eðlilega fyrir sig.

[16:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Út frá sambærilegum orðum hv. þm. í fyrra andsvari hans, að allar þjóðir í heiminum mærðu NATO og vildu í það ganga og meira að segja Rússar, eins og hv. þm. orðar það, virðist hv. þm. greinilega hafa aðra heimsmynd fyrir augunum dagsdaglega en ég. Ég veit ekki betur en að mikill minni hluti hinna tæplega 200 sjálfstæðu ríkja í heiminum séu aðilar að NATO og langstærstur hluti fullvalda ríkja heimsins er ekki á leiðinni þangað inn og hefur ekki

sótt um aðild að NATO. Þar á meðal eru nokkur hlutlaus ríki í Evrópu sem ég veit heldur ekki til að séu á leiðinni þangað inn, ríki eins og Svíþjóð, sem ég nefndi, Írland, Sviss, Austurríki o.fl. Heimurinn er miklu flóknari og fjölbreyttari en svo.

En ég ætla ekki að fara að raska ró hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Hann gæti sofið illa í nótt ef hér yrðu látin falla einhver efasemdaorð um óskeikulleik og algilt ágæti NATO. Ég veit að hv. þm. er þeirrar skoðunar að það geri allt rétt og sé hin eina endanlega og sanna lausn á öryggisvanda heimsins, sú hernaðarhugsun sem þar á sitt musteri. Ég vil lítið af því vita og tel litla sæmd í því í sjálfu sér að samsama Íslendinga, herlausa þjóð og friðsama, sem sem betur fer hefur lítið gert af vopnaskaki um árhundruða bil, þessu bandalagi. Þess vegna lítum við algjörlega gagnstæðum augum á það mál að þetta sé eitthvert metnaðartilefni, eitthvað til að fyllast stolti yfir og ausa í stórfé, að halda fund af þessu tagi hér. Að mínu mati á það kannski eftir að reynast okkur mjög erfitt, ósköp einfaldlega vegna ástands heimsmála.

Burt séð frá þessu öllu leyfði ég mér að gagnrýna hér málsmeðferðina. Það er dálítið erfitt að verða, herra forseti, ef maður má aldrei velta upp hlutum sem lúta að aðferðafræði, að þá sé maður ævinlega umsvifalaust tekinn efnislega, líkt og maður sé að tjá sig út frá afstöðu sinni til viðkomandi máls. Ef hv. þm. Kristján Pálsson telur aðgerðafræðina hér til fyrirmyndar, þ.e. að ákveða fyrst að bjóðast til að halda þennan fund og leita svo eftir fjárveitingu, þá er það hans mál.

[16:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka mönnum fyrir þessar umræður um fjáraukalagafrv. fyrir árið 2001 þó að óneitanlega verði þær dálítið slitróttar þegar umræðum er skipt með þeim hætti sem óhjákvæmilegt reyndist að gera að þessu sinni, frá því að við hættum hér sl. fimmtudag og þar til þráðurinn var upp tekinn að nýju í dag.

Ég ætla ekki að fara í mikið af þeim smáatriðum úr þeim fyrirspurnum sem bornar hafa verið fram. Þar hefur verið vakin athygli á ýmsum þáttum í fjáraukalagafrv. eins og eðlilegt er. En það er eðlilegra að leita svara við flestum þeirra í fjárln., hjá fulltrúum þeirra fagráðuneyta sem hlut eiga að máli, að svo miklu leyti sem skýringar í frv. sjálfu eru ekki fullnægjandi að dómi manna.

Það er ævinlega þannig að menn geta verið ósammála um hvort rétt eða skylt sé að veita fé til ákveðinna tilefna en megnið af tillögunum í frv. er til komið vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í efnahagsumhverfi okkar og hafa sett svip sinn á þróun ríkisfjármálanna á árinu. Ljóst er að af þeim 13,4 milljörðum sem óskað er eftir viðbótarheimildum til að inna af hendi samkvæmt þessu frv. eiga kjarasamningar, breytingar á gengi, hækkun bóta almannatrygginga, vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur, sem er til kominn vegna meiri eignasölu en áður var ráð fyrir gert, langsamlega stærsta hlutinn. Þar við bætast síðan ýmsir aðrir kerfislægir þættir og útreikningsmál, t.d. hækkun vaxtabóta og fleiri slík atriði. Aukin útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna gengisbreytinga o.s.frv. eiga líka stóran þátt.

En menn hafa gaman af því að tala um það sem þeir hafa hér sjálfir kallað tittlingaskít, litlu upphæðirnar í þessu frv. Það orð var notað hér í umræðunni á fimmtudaginn. Menn geta auðvitað verið þeirrar skoðunar að lágar fjárhæðir séu þess eðlis. En ef málin eru þannig vaxin að um er að ræða ófyrirséð ný útgjöld fara þær upphæðir inn í þetta frv., hvort sem þær eru litlar eða stórar í sjálfu sér. Það er eðli hlutarins sem skiptir máli en ekki endilega sú upphæð sem um er að tefla.

Að því er varðar deilu manna hér fyrr á fundinum um Skólabrú 2, sem hæstv. forseti þingsins gat um á fimmtudag, þá skal ég taka á mig ábyrgðina á þeim mistökum að sú heimildargrein er ekki inni í þessu frv. Við lögum það þá bara á milli umræðna. Við forseti þingsins höfum rætt um þetta hvað sem líður bréfaskriftum þingsins við forsrn.

Ég ætla síðan að nefna örfá atriði sem menn hafa drepið á í dag, t.d. það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom að varðandi Auðunarstofu. Þar er tekið dæmi um mál sem að vísu er ekkert mjög stórt í sniðum, 10 millj. kr., og gefnar á því ákveðnar skýringar í frumvarpstextanum sem hv. þm. finnast dálítið furðulegar. Hér er um það að ræða að aðilar í Noregi færðu Íslendingum gjöf. Það er alveg rétt. En þessi gjöf er þeim annmörkum háð að viðurinn í þetta hús sem kemur frá Noregi er gefinn Íslendingum sem tré úti í skógi í Noregi. Það kostar sitt í norskum krónum að gera sér mat úr þeim efnivið. Vissulega er þetta allt heldur óvenjulegt mál. Vegna þess hvernig það er í pottinn búið hafa því miður fallið til ótrúlega miklir og stórir kostnaðarliðir vegna verkefnisins. Mér finnst það afskaplega leiðinlegt, ég verð bara að viðurkenna það. Hún er undarleg og óvenjuleg sagan sem tengist þessu húsi.

En þetta hús verður að klára að byggja fyrst að á því var byrjað. Norðmenn gáfu okkur efnivið sem notaður verður til að byggja upp þetta fornfræga mannvirki. Við verðum auðvitað að manna okkur upp í að klára þetta verk. Hér er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til að halda áfram verkinu á þessu ári, annarri fjárveitingu, að mig minnir 20 millj. kr. í fjárlagafrv. næsta árs og þar fyrir utan ætlar biskupsstofa, biskupsembættið, að leggja til ákveðið fjármagn til að hægt verði að klára þetta. Það veit ég að mun gleðja hv. þm. Jón Bjarnason, fyrrum forstöðumann á Hólum.

Svona er það með þessi mál, þó að þau virðist lítil og óveruleg. Þau eiga sér öll einhverjar skýringar og þó að ég hafi munað skýringuna á þessu máli þá man ég kannski ekki nákvæmlega allar forsendur hvers einasta atriðis í frv. Ég mæli hins vegar með því að menn fari í gegnum þetta allt, eins og lög gera ráð fyrir, á vettvangi fjárln.

Það eru tvö önnur mál sem hefur borið á góma hérna. Annað er kostnaðurinn við einkavæðinguna. Menn hafa gert sér mat úr því að óskað sé eftir hlutfallslega tiltölulega háum nýjum fjárheimildum í forsrn., 342 millj. En af þeim eru 300 vegna kostnaðar við útboðs- og einkavæðingarverkefni. Það er náttúrlega vegna þess að frá því að fjárlög voru samþykkt fyrir þetta ár hefur sú stefna verið mótuð að fá til vinnu í þessu máli ráðgjafarfyrirtæki, innlent og erlent, sem kostar heilmikið. Það kostar heilmikla peninga að hafa slíka aðila í þjónustu sinni þó að það sé kannski tiltölulega lítið hlutfall af þeim verðmætum sem vinna þessara aðila hjálpar til við að skapa, vegna þess að verkefni þessara manna er náttúrlega að reyna að fá sem mest fyrir þær eignir ríkisins sem um er að ræða og standa þannig að málum að hægt sé að hámarka hag almennings af öllum þessum viðskiptum. Þetta er vissulega dýrt. Ég hef ekki nánari sundurliðun á þessu. Það var spurt um það hér í umræðu á fimmtudaginn hvernig þetta skiptist. Eflaust verður hægt að afla einhverra upplýsinga um það í fjárln. En þetta er skýringin á því að þetta verkefni er hér í fjáraukalagafrv., málið var ekki komið svo langt þegar fjár-

lög ársins voru afgreidd að þetta lægi fyrir. En viðkomandi aðilar hafa unnið verk sitt prýðilega vel, að því er ég best veit, þó að þeir séu dýrir starfskraftar.

Síðan er annað mál sem menn voru að skiptast á skoðunum um rétt áðan, NATO-fundurinn sem fyrirhugaður er á næsta ári hér í Reykjavík, þ.e. utanríkisráðherrafundur NATO. Þetta er engin venjuleg NATO-ráðstefna heldur utanríkisráðherrafundur. Á hann koma sem sagt utanríkisráðherrar allra NATO-ríkjanna 19 ásamt föruneyti.

Þar fyrir utan mæta utanrríkisráðherrar allra þeirra landa sem eru í samstarfsverkefnum með Atlantshafsbandalaginu innan vébanda „Partnership for Peace", eins og það heitir á ensku, samstarfs um frið. Þannig að þetta verður gríðarlega fjölmennur fundur og á honum verða margir heimsþekktir einstaklingar vænti ég og mikið fylgdarlið. Margir þessara manna gera að sjálfsögðu sínar eigin ráðstafanir að því er varðar öryggi þeirra. Hitt er annað mál að allt slíkt þarf að tryggja mjög vel af hálfu heimamanna og auðvitað ljóst að því fylgir nokkur kostnaður. Við höfum ákveðið að óska í þessu frv. eftir 30 millj. kr. aukafjárveitingu til að setja þetta mál í gang. Síðan er óskað eftir stærri fjárveitingu í fjárlagafrv. sjálfu og jafnvel óljóst hvort hún nægir, en það mun væntanlega skýrast áður en fjárlögin verða afgreidd í desember.

Þetta var þó kannski ekki það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að amast við. Hann var eiginlega að velta upp þeirri spurningu hvort utanrrh. hefði nokkurt leyfi til að bjóða til svona ráðstefnu án þess að hafa rætt það á Alþingi og þá væntanlega fengið fjárheimildir fyrir fram. Ég skildi þingmanninn þannig, eins og hann talaði um aðferðafræðina í málinu.

Ég vil bara leyfa mér að halda því fram fullum fetum að utanrrh., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar sem þetta mál var rætt og ákveðið, hafi til þess fulla heimild. Síðan er það okkar verkefni, ríkisstjórnarinnar, að óska eftir fjárheimildum í þessu máli eins og við gerum með þessum hætti, bæði í þessu þingskjali og í fjárlagafrv. Þá er það auðvitað Alþingi sem ræður því hvort það vill leggja fram þessa fjármuni. Ef niðurstaða þingsins er sú að þingið vilji ekki gera þetta þá verður ekkert af þessum fundi. Þá verður bara ekkert af honum. Þá verðum við bara að segja frá því á vettvangi NATO að ekki hafi verið stuðningur við það í þessari stofnun sem fer með fjárveitingavaldið. Ég held að þetta sé allt frekar einfalt mál að því er hina formlegu hlið varðar.

Ég vil svo aðeins, út af fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um Íslending, segja að ekki lá fyrir til afgreiðslu nein aukafjárveitingarbeiðni sem mér er kunnugt um sem hægt var að taka afstöðu til varðandi það verkefni. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um það mál að þessu sinni.

[16:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það ljóst að utanrrh. getur boðist til þess fyrir okkar hönd að halda fundi. Við ætlum ekki að fara að takmarka eða skilyrða það vald í sjálfu sér. En það liggur jafnframt í hlutarins eðli að Alþingi gerir það náttúrlega ekki að gamni sínu að gera ráðherra lýðveldisins afturreka með boð af því tagi sem menn hafa lagt fram í alvöru á alþjóðavettvangi í alþjóðasamstarfi. Það hlýtur líka að skipta einhverju máli hvort menn eru að tala hér um venjulegar ráðstefnur eða fundi þar sem þátttakendur borga fyrir sig sjálfir og kostnaður gistilandsins er óverulegur, mælist kannski í svolitlum umsjónarkostnaði og utanumhaldi, eða þessi ósköp sem þarna eru á ferðinni í þessu NATO-tilviki, þar sem kostnaðurinn kemur til með að hlaupa á hundruðum milljóna.

Ég gagnrýni að þegar um slíka hluti er að ræða þá sé það ekki rætt fyrir fram og það síðan a.m.k. kynnt Alþingi að til standi að bjóðast til að taka slíkt að sér. Mig rekur t.d. ekki minni til þess, sem nefndarmanni í utanrmn., að þetta mál hafi borið þar upp áður en tilboðið var lagt fram fyrir Íslands hönd. Mér finnst að það hljóti að þurfa að skoða þessi mál eftir því hvað í hlut á og hversu háa fjármuni menn eru að tala um. Það getur ekki verið að ég hafi heyrt það rétt, að hæstv. fjmrh. mæla almennt með því verklagi að fyrst bjóðist menn til að gera þetta eða hitt, taka að sér hluti sem kosta ómælda fjármuni úr ríkissjóði, og komi svo eftir á og biðji um peningana. Þetta er þá fyrsti fjármálaráðherrann í sögu lýðveldisins sem er almennt hrifinn af slíku verklagi. Ég hélt að menn vildu yfirleitt hafa röðina hinsegin.

Varðandi Íslending þá tek ég það gilt sem hæstv. ráðherra segir hér, að það hafi því miður ekki legið fyrir nein tillaga frá þeim ráðuneytum sem eðlilegast væri að færi með þetta mál, forsrn. sem hafði yfirumsjón með landafundahátíðahöldunum og afmælishaldinu öllu, samgrn. sem ráðuneyti ferðamála eða menntmrn. eða hvers sem það nú væri. Ég vona samt sem áður að þetta mál verði skoðað áður en umfjöllun um þetta frv. hér lýkur.

[16:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma aðeins aftur að ummælum þingmannsins um utanríkisráðherrafund NATO. Það er svo að þegar ríkisstjórnin tekur ákvörðun um að fallast á eða bjóðast til að vera gestgjafi á slíkum fundi þá gerir hún það auðvitað í trausti þess að hún hefur þingmeirihlutann á bak við sig. (**SJS:** Var hann spurður?) Þannig er ekkert vafamál í okkar huga að ríkisstjórnin hefur þingstyrk og fylgi til að taka ákvörðun af þessu tagi, sem eðli málsins samkvæmt er hennar verkefni. Þetta er auðvitað á verkefnasviði utanrrn. og utanrrh. sem leggur síðan málið fyrir í ríkisstjórninni.

Ég held því að menn þurfi ekkert að vera að deila um formsatriðin í þessu máli. Ég geri mér hins vegar alveg ljóst að hv. þm. er ekki hrifinn af fundahaldi af þessu tagi. Hann er bara á móti því að við séum að halda hér fundi á vegum NATO. Ég minnist þess í fljótu bragði að slíkur fundur sem þessi hafi tvívegis áður verið haldinn á Íslandi, síðast 1987 og þar áður 1968. Ég held að framkvæmdin hafi í bæði skiptin verið Íslandi og Íslendingum til sóma. Ég vona að það verði þannig líka árið 2002.

[16:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt voru eiginlega einu aðilarnir sem virkilega voru ánægðir með þetta NATO-fundahald hér á sinni tíð starfsmenn Bændahallarinnar, því að þeir fengu allir utanlandsferð af því að tæma þurfti Hótel Sögu svo að hátignirnar gætu hreiðrað um sig allar eins og þær lögðu sig.

En ég veit alveg að hæstv. fjmrh. er ekki alvara þegar hann reynir að verja aðferðafræðina í þessu máli. Það hlýtur að skipta máli hvort við erum að tala um eitthvað sem er það smávægilegt í útgjöldum að það nánast rúmist innan ramma rekstraráætlunar viðkomandi ráðuneyta eða hvort við erum að tala um útgjöld upp á hundruð milljóna. Það er ekki á hverjum degi sem menn bjóðast til þess að taka slíka hluti

að sér og koma svo hingað með reikninginn og biðja um aukafjárveitingu.

Eigum við ekki að halda pólitískum ágreiningi um NATO-aðild utan við þetta og ræða, af því við erum hér að ræða um fjáraukalög, þessa aðferðafræði. Þá trúi ég ekki öðru en að hæstv. fjmrh. sé mér sammála um að þegar svona stórar tölur eru á ferðinni þá ætti að standa öðruvísi að málum.

[16:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að þakka hæstv. ráðherra fyrir skýringarnar og svörin varðandi Auðunarstofu. Ég held að hæstv. ráðherra hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann orðaði það svo að Norðmenn hefðu gefið okkur þennan efnivið. Það er afar sérkennilegt að gjöfin er tré úti í skógi. Það er auðvitað skýringin á því að bæði gengisbreytingar og vaxtakostnaður hafa komið þarna við sögu, að menn hafa þurft, miðað við þetta, að fella trén og höggva þau til og gera ýmislegt til þess að koma þeim til þess staðar þar sem þau eiga að nýtast til þessarar byggingar. Þetta er auðvitað afar sérkennileg gjöf en ég vona að þetta verði hin besta stofa þegar upp verður staðið. Við vonum að ekki þurfi að koma til fleiri beiðna á fjáraukalögum vegna verkefnisins heldur náist að ljúka því.

Hins vegar hjó ég eftir öðru atriði og langar til að spyrja hæstv. ráðherra örlítið nánar út í það, þ.e. varðandi einkavæðingarkostnaðinn. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra að það er lykilatriði að þegar að slíku verki er staðið þá sé vandað til allra verka. Þar af leiðandi þarf auðvitað líka að vanda til áætlunargerðarinnar. Það er auðvitað athyglisvert að áætlað var í þetta, fyrir þetta ár, 15 millj. kr. en nú er komið með beiðni upp á 300 millj. til viðbótar og það eru væntanlega fullkomnar skýringar á því. Hins vegar vekur athygli að í fjárlögum fyrir næsta ár er eingöngu áætlað að þetta séu 16,4 millj. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki séu þá á dagskrá ansi mikil einkavæðing á næsta ári eins og okkur hefur heyrst að standi til. Eða er ætlunin að þessar 300 millj. nýtist líka til þeirrar einkavæðingar sem fyrirhuguð er á næsta ári?

[16:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú engu við þetta Auðunarstofumál að bæta. Það gaukaði því að mér einn þingmaður hvort við gætum nú ekki fundið eitthvað skemmtilegt til að senda Norðmönnum svona í vináttuskyni, en ég veit ekki um það.

Að því er varðar einkavæðingarmálið þá hafa þarna verið ráðin ráðgjafarfyrirtæki í þjónustu ríkisins. Ég hef skilið það þannig að þau muni ljúka sínu verkefni, að skipuleggja þessa hluti, þannig að þessi fjárhæð dugi fyrir því sem eftir er í þessum stóru málum. Ég geri mér vonir um að ekki þurfi að bæta miklu við þetta enda er þetta vissulega myndarleg upphæð. Ég tel samt áreiðanlegt að starf þessara aðila hafi orðið til þess að gera þau fyrirtæki sem þarna er um að ræða enn verðmætari en ella hefði verið. Við getum fyrir vikið gert þetta fagmannlega og fengið meira fyrir eignir ríkisins en ella hefði verið.

[16:26]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst skorta örlítið á það í ræðu hæstv. ráðherra áðan að við fengjum að heyra viðhorf hans almennt til ýmissa liða sem við höfum bent á að samkvæmt fjárreiðulögunum sé kannski örlítið hæpið að séu í frv. til fjáraukalaga. Ég vil þó endurtaka það sem ég sagði hér í fyrstu ræðu minni að mjög margt hefur færst til betri vegar og þetta er auðvitað miklu nær lagi en verið hefur undanfarin ár. Ég tel að stigin hafi verið mjög stór skref í rétta átt.

Ég minntist á eitt atriði í lok ræðu minnar hérna áðan sem væri gaman að heyra frá hæstv. ráðherra með, málefni fatlaðra í Reykjavík, þ.e. þegar verið er að greiða starfsmönnum fjögur ár aftur í tímann, eða eins og segir hér, með leyfi forseta: „... hafi þeir farið yfir svokallaða flutningslínu sem til margra ára hefur miðast við Elliðaá." Hér segir að svo hafi verið til margra ára, herra forseti. Það er athyglisvert vegna þess að í fjáraukalagafrv. á auðvitað ekki að vera annað en það sem er ófyrirséð. Það er alveg vonlaust að draga þá ályktun að það hafi verið ófyrirséð sem verið hefur inni í kjarasamningi til margra ára.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég mundi vilja vísa til nefndarinnar. Aftur á móti var gerður kjarasamningur við starfsmannafélag þessara starfsmanna á þessu ári og eftir því sem ég man best var ákveðið að fella niður þessa svokölluðu flutningslínu sem er náttúrlega úrelt fyrirbæri í kjarasamningum nú. Ég býst við því að starfsmenn hafi fengið eitthvað í staðinn fyrir að láta þetta af hendi, þau réttindi sem fylgdu þessari flutningslínu og þær greiðslur sem fylgdu henni. Þarna er um að ræða einhvers konar uppgjör á þessu máli.

Nánar get ég ekki farið út í þetta vegna þess að ég hef ekki við höndina upplýsingarnar um þetta. En eitthvað af því tagi liggur að baki þeirri fjárveitingabeiðni sem þarna liggur fyrir.

[16:28]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt sem kom hér fram hjá hæstv. fjmrh., að stærsti hluti þeirra breytinga sem hér eru lagðar til eru til komnar vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í efnahagsumhverfinu, kjarasamninga, gengisbreytinga o.s.frv. Hæstv. ráðherra sagði líka að við hefðum gaman af því að tala um þessar litlu upphæðir en ef um ófyrirséð útgjöld væri að ræða, ættu þau útgjöld að fara inn í fjáraukalög.

Ég er ekki að öllu leyti sammála þessu vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur 200 millj. kr. pott sem hún hefur óskipt til að mæta ýmsum verkefnum sem kunna að falla til á hverju fjárlagaári. Einnig hefur ríkisstjórnin og hvert ráðuneyti safnliði til þess að mæta ófyrirséðum verkefnum. Þess vegna er dálítið sérkennilegt að sjá hér sumar upphæðirnar, eins og þegar skipt er um ráðherra og breytingar verða á starfsliði aðstoðarmanna ráðherra vegna ráðherraskipta, að þá þurfi að sækja um 2,4 millj. líkt og hjá heilbrrn.

Það er einnig dálítið sérstakt að sjá undir menntmrn. að þar eru mjög mörg verkefni sem heita „Rannsóknir og önnur verkefni".

„Lagt er til að veittar verði 80 millj. kr. vegna fyrirhugaðs samnings um rannsóknir á vegum háskólans. Að auki er sótt um 40 millj. kr. til rannsóknarmála á lið 236 Vísindasjóður, 10 millj. kr. á lið 239 Rannsóknarnámssjóður og um 20 millj. kr. á lið 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi."

Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort þetta eru ekki verkefni sem megi bíða og hljóta eðlilega afgreiðslu t.d. á fjárlögum næsta árs. Og þegar um er að ræða kjarasamninga eða ákvarðanir kjaranefndar frá því árið 1999, getur það varla flokkast undir ófyrirséð, eins og er t.d. hvað varðar

yfirdýralækni. Og þannig eru þó nokkuð mörg verkefni í þessum fjáraukalögum sem ekki er hægt að flokka undir ófyrirséð.

[16:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hefðbundið í umræðum um fjáraukalögin að deilt sé um hvort liðir séu ófyrirséðir eða ekki. Við höfum haft þá stefnu að reyna að takmarka eins og nokkur kostur er þær óskir sem koma um aukafjárveitingar einmitt á þeim grundvelli.

Hins vegar er það svo eins og t.d. með þann lið sem þingmaðurinn nefndi að safnast hefur upp óuppgert mál yfir nokkurra ára tímabil sem þarf að ljúka. Og þá er eðlilegast að mínum dómi að gera það á þennan hátt. Hinn kosturinn væri sá að taka þetta inn í fjárlagafrv. næsta árs. Það má svo sem segja að það breyti ekki öllu, en ég tel að í þessu tilfelli hafi þetta verið eðlilegast.

Að því er varðar það sjónarmið sem fram kom hjá þingmanninum í upphafi, þá er það alveg rétt að ríkisstjórnin hefur 200 millj. kr. lið til að ráðstafa í ófyrirséða hluti. Það er að sjálfsögðu gert þegar upp koma tilvik þar sem þarf að veita fé skyndilega, t.d. vegna náttúruhörmunga erlendis eða annarra slíkra atburða, þá er gripið til þess liðar. Ráðuneytin hafa síðan sína safnliði til að ráðstafa í ófyrirséða hluti og eitt og annað eins og alkunna er. En það sem hér er er hins vegar talið falla utan við þá liði og er þess vegna ástæða til að veita í sérstakar fjárveitingar á grundvelli fjáraukalaga.

[16:33]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tíminn er stuttur, en engu að síður hlýt ég að halda áfram þessari upptalningu.

Sótt er um 2 millj. kr. fjárveitingu vegna fyrirhugaðrar formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Ríkisstjórnin samþykkti þetta á fundi sínum 27. febrúar sl. Hins vegar hafði legið fyrir mjög lengi að við mundum taka við þeirri formennsku, það var vitað.

Fyrir ári var gerður samningur varðandi uppbyggingu heilsugæslustöðvar í Hveragerði. Sá samningur var undirritaður fyrir ári. Nú er beðið um 3 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta húsaleigu í nýrri heilsugæslustöð sem átti að taka í notkun á miðju þessu ári, var gert, en vantaði peninga fyrir leigunni.

Og Félagsmál, ýmis starfsemi. Beðið er um 16 millj. fjárheimild til móttöku flóttamanna. Þetta er rangt. Þetta er til að mæta halla. Þetta er röng fullyrðing í fjáraukalagafrv. vegna þess að þessar 16 millj. eru aldeilis ekki til þess að taka á móti flóttamönnum núna á næstu vikum. Það er til að mæta uppsöfnuðum halla. Rétt skal vera rétt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:34]

Útbýting þingskjala:

Leigubifreiðar, 167. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 168.

Málefni aldraðra, 162. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 163.

Náttúruvernd, 159. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 160.

Persónuafsláttur barna, 151. mál, þáltill. ÁHösk, þskj. 151.

Póstþjónusta, 168. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 169.

Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, 161. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 162.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 160. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 161.

Átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[16:35]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sérstakt átakt til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Þetta mál er á þskj. 5 og er 5. mál þingsins. Auk mín eru það þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem bera fram þessa till. til þál.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á næstu árum átak til að efla byggð um land allt og stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og mannlífs. Átakið hefjist 2002 á Austurlandi og beinist að verkefnum á sviði þróunar-, byggða-, viðskipta- og menningarmála. Til þessa átaksverkefnis á Austurlandi verði veitt 400 millj. kr. árlega í sex ár af fjárlögum íslenska ríkisins. Þróunarfélagi Austurlands verði falin ábyrgð á ráðstöfun fjárins að því er Austurland varðar. Árangur og framvinda verkefnisins verði metin áður en tímabilið er hálfnað og í ljósi þess verði öðrum landshlutabundnum átaksverkefnum hrundið af stað. Hvert átaksverkefni standi í allt að sex ár og verði metið á sama hátt og það fyrsta. Við val verkefna verði annars vegar lögð áhersla á fjölbreytni í atvinnusköpun og hins vegar á stuðning við hvers kyns nýsköpun og þróun."

Herra forseti. Þingályktunartillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

Um nokkurra ára skeið hafa átt sér stað stórfelldir búferlaflutningar hér á landi. Mikil fólksfjölgun hefur verið á höfuðborgarsvæðinu en víðast hvar á landsbyggðinni hefur fólki fækkað að sama skapi eins og nýtt yfirlit Hagstofu Íslands yfir fyrstu níu mánuði ársins gefur til kynna. Þannig hefur t.d. ársstörfum undanfarið fækkað gífurlega í mörgum sjávarplássum með sölu og/eða flutningi aflaheimilda og aukinni tæknivæðingu í útgerð og fiskvinnslu. Á sama tíma hefur orðið mikill samdráttur í hefðbundnum búskap. Þjónusta við þessar undirstöðuatvinnugreinar hefur því einnig dregist saman. Einnig hefur dregið úr opinberri þjónustu á mörgum sviðum. Þegar búferlaflutningar verða umfram eðlilega þróun og fækkun íbúa fer að segja til sín í samfélaginu hefst flókið ferli sem ekki er einfalt að skilgreina. Við ákveðnar aðstæður flytur jafnvel það fólk sig um set sem hefur góða vinnu og húsnæði. Brýnt er að bregðast við þessari þróun og að mati flutningsmanna eðlilegt að til þess verði varið fjármagni úr sameiginlegum sjóði landsmanna en nýting þess verði á hendi heimaaðila. Með tillögunni sem hér er lögð fram er verið að stíga fyrsta skrefið af mörgum nauðsynlegum til að rétta hag landsbyggðarinnar.

Herra forseti. Eðlilegt þykir að hefja átak af þessu tagi á Austurlandi enda hefur áðurnefnd þróun í íbúafjölda og atvinnumálum komið fram af miklum þunga á Austurlandi. Nú svo komið að margar byggðir standa þar mjög höllum fæti. Hætta er á að þær veikustu leggist smám saman af á næstu árum ef ekkert verður að gert. Við þessa þróun í íbúa- og atvinnumálum á Austurlandi bætist sú staðreynd að væntingar fólks um hugsanlega stóriðju á Reyðarfirði hafa

verið miklar, biðin hefur leikið marga grátt. Óvissa um eigið atvinnuöryggi og framtíðarsýn við óbreyttar aðstæður hefur fyllt marga vonleysi og óöryggi. Fólki hefur verið haldið í spennitreyju, það telur sig hvorki geta farið né snúið sér að öðru. Flutningsmenn telja ekki að stóriðja með risaverksmiðjum sé það úrræði sem leysi vanda landsbyggðarinnar, sérstaklega hvað jaðarbyggðir snertir út frá atvinnusvæði stóriðjunnar, og gildir það raunar um landið í heild. Þess í stað eigi að hlúa að fjölþættu atvinnu- og menningarlífi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Áríðandi er að grípa til aðgerða nú þegar. Í tillögu þessari til þingsályktunar er gert ráð fyrir að sérstakt átak verði gert á Austurlandi í atvinnumálum og athygli sérstaklega beint að verkefnum á sviði þróunar-, byggða-, viðskipta og menningarmála með það að markmiði að efla byggðina og auka fjölbreytni mannlífsins.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjölmargar tillögur í byggða- og atvinnumálum frá því að flokkurinn fékk fulltrúa á Alþingi. Ég vil vekja sérstaka athygli á því. Þær tillögur byggja á sjónarmiðum um jöfnuð og jafnræði og taka mið af því grundvallarsjónarmiði hreyfingarinnar að íbúar þessa lands eigi rétt á að búa við svipuð kjör óháð búsetu.

Viðbótartillaga þessi, herra forseti, er því viðbótartillaga við þá hugmyndafræði og tillögur sem áður hafa verið lagðar fram.

Mikið vantar á að fólk sem býr utan stærstu þéttbýlisstaða njóti sömu kjara og þeir sem búa í nánd við þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Sem dæmi má nefna að lánakjör í bönkum virðast önnur þegar óskað er lána til starfsemi í dreifbýli ef taka á mið af aukinni ásókn í lán frá Byggðastofnun og gildir þá einu hvort um er að ræða skammtímaeða langtímalán. Auk þessa virðist sem bankarnir reyni að komast hjá því að veita há lán til langs tíma til fyrirtækja á smærri stöðum. Þá vill brenna við að viðhorf til frumkvöðla í hinum dreifðari byggðum séu neikvæð og skilningur á mikilvægi þess að styrkja nýsköpun virðist takmarkaður. Að mati flutningsmanna þessarar tillögu væri aukinn stuðningur við frumkvöðla í fámennari byggðarlögum mikil lyftistöng. Þannig yrði fleiri og fjölbreyttari stoðum skotið undir samfélagið. Sérhæfð þjónusta við fyrirtæki og frumkvöðla er afar takmörkuð í fámennari byggðarlögum og því eru möguleikar til að hrinda hugmyndum í framkvæmd ekki margir.

En við viljum aðgerðir til jöfnunar. Því telur Vinstri hreyfingin – grænt framboð það mikilvæga grundvallarforsendu í hverju velferðarsamfélagi að tryggja fulla atvinnu og störf við hæfi. Jafnframt er næg og fjölbreytt atvinna ásamt öflugri velferðarþjónustu, traustu menningarlífi og öruggu umhverfi grundvöllur hverrar lífvænlegrar byggðar og forsenda farsællar byggðaþróunar.

Herra forseti. Í samræmi við þá afstöðu að jafna beri aðstöðu fólks og auka sem kostur er jöfnuð og jafnrétti í landinu, þar með talið aðstöðu manna óháð búsetu, vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð beita sér fyrir róttækum aðgerðum til að stöðva þá búseturöskun sem nú á sér stað og snúa þróuninni við með marghátttuðum aðgerðum sem ná til landsins alls. Þær sérstöku aðstæður sem nú eru á Austurlandi kalla á tafarlausar aðgerðir af hálfu hins opinbera. Átaksverkefni til sex ára getur skilað miklu inn í austfirskt samfélag og nauðsynlegt er að slíkt verkefni sé sett fram og framkvæmt á forsendum íbúanna sjálfra. Átaksverkefnið þarf að vera hnitmiðað og jafnframt þarf það að treysta þá fjölmörgu þætti sem sterkt samfélag byggist á. Rétt er að endurskoða árangur og framvindu verkefnisins áður en tímabilið er hálfnað.

Styrkir og önnur fjárframlög til atvinnuþróunar í fámennari byggðarlögum eru af skornum skammti og mest af þeirri fyrirgreiðslu og þjónustu sem er til reiðu þarf að sækja til höfuðborgarinnar. Slíkt getur verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Stuðningurinn er oftast bundinn lágum fjárhæðum og einungis hluta þess kostnaðar sem um er að ræða. Slíkir styrkir veita hvorki hugmyndum brautargengi né eru líklegir til að stuðla að þróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Herra forseti. Þótt sveitarfélögin, Byggðastofnun og fleiri aðilar hafi sinnt margvíslegum verkefnum sem hafa það að markmiði að styrkja atvinnu og búsetu og þrátt fyrir að margt gott hafi verið unnið að tilstuðlan þessara aðila á liðnum árum einkennast mörg þessara verkefna frekar af því að bjarga rekstri tiltekinna fyrirtækja og atvinnuöryggi á viðkomandi stað en því að stuðla að nýsköpun eða framþróun fyrirtækja í rekstri.

Atvinnuþróunarfélögin sem þegar hafa unnið sér fastan sess á nokkrum stöðum á landinu gegna lykilhlutverki þegar um er að ræða byggðatengdar aðgerðir og stuðning stjórnvalda við verkefni á landsbyggðinni. Að mati flutningsmanna eru þau best til þess fallin að greina þarfir samfélagsins hvert á sínu svæði og veita þá sérfræðiþjónustu sem við á hverju sinni. Þess vegna gerir tillaga þessi ráð fyrir því að Þróunarfélagi Austurlands verði falin umsjá með ráðstöfun fjárins.

Herra forseti. Ég ætla í nokkrum orðum að gera grein fyrir starfsemi Þróunarstofu Austurlands en hún starfar á breiðum grunni að framþróun í atvinnulífi og jákvæðri samfélagsþróun á Austurlandi. Stjórn Þróunarfélagsins skipa fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga og stofnana á Austurlandi auk fulltrúa Byggðastofnunar. Meginviðfangsefni félagsins er að vinna að eflingu atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga á Austurlandi. Til að sinna því sem best stendur félagið fyrir víðtæku þróunarstarfi í landshlutanum.

Félagið rekur Þróunarstofu Austurlands og er starfseminni skipt í þrjú svið, þróunarsvið, viðskiptasvið og byggðasvið. Meginmarkmið er að starfrækja sérhæfða þróunarstofu sem hafi að leiðarljósi frumkvæði að framþróun í austfirsku samfélagi, sé fært um að axla ábyrgð varðandi atvinnu- og byggðaþróun og skili sýnilegum árangri. Starfsmenn Þróunarstofunnar hafa sýnt í verki að þeir geta skilað góðum árangri á öllum sviðum stofnunarinnar og eftirspurn eftir vinnuframlagi er miklu meiri en þeir geta sinnt. Áhersla hefur verið lögð á að koma þróunarstarfi sem víðast að í samfélaginu, jafnt hjá fyrirtækjum í rekstri og með stofnun nýrra rekstrareininga. Með þessum hætti hefur Þróunarstofan komið á þróunarstarfi langt umfram afkastagetu félagsins sjálfs. Þjónusta Þróunarstofu Austurlands hefur haft hvetjandi áhrif á atvinnustarfsemi í fjórðungum, sérstaklega utan hefðbundinna atvinnuvega í fiskvinnslu og landbúnaði.

Þróunarstofa Austurlands hefur unnið að stefnumótunarverkefnum sveitarfélaga, í menningarmálum og ferðamálum, stofan tekur þátt í erlendu samstarfi, rekur frétta- og þjónustuvef, stundar þróunarstarf af ýmsum toga og veitir ráðgjöf við stofnun nýrra fyrirtækja. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um starfssvið Þróunarstofunnar fram til þessa.

Herra forseti. Með því að lýsa starfsemi Þróunarstofunnar viljum við benda á mikilvægi hennar og draga fram hvað felst í starfsemi hennar, þannig að ljóst sé hvers vegna við felum Þróunarstofunni þetta verkefni, umsjá fjárins og að

fylgja þessu verkefni eftir. En þó að ég nefni aðeins nokkur dæmi um starfssvið Þróunarstofunnar þá hefur árangur náðst, bæði með markvissri stefnu og því að flest stærstu fyrirtækin í landshlutanum, leiðandi fyrirtæki í mörgum greinum og ýmis önnur fyrirtæki, félög og stofnanir hafa stutt félagið með aðild, margháttaðri aðstoð og samstarfi. Á sama hátt hafa öll sveitarfélög á Austurlandi og Samband sveitarfélaga á Austurlandi staðið dyggilega að baki félaginu. Stuðningur Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands hefur verið starfsemi Þróunarstofunnar mikilvægur en sjóðurinn hefur stutt Þróunarstofuna fjárhagslega og með því að styrkja margvísleg verkefni á hennar vegum. Þróunarstofan sér um daglegan rekstur Atvinnuþróunarsjóðsins.

Herra forseti. Þrátt fyrir góðan árangur á mörgum sviðum hefur fjárskortur haft mjög hamlandi áhrif á starfsemina. Fjárfestar hafa fram til þessa um of haldið að sér höndum þar sem mat á fjárfestingarkostum er kostnaðarsamt og þar af leiðandi óhagkvæmt að koma að umfangslitlum fjárfestingarverkefnum, sem eru hlutfallslega mörg á landsbyggðinni. Auk þess eru fjárfestingarkostir og framtíðarmöguleikar á landsbyggðinni enn ótrúlega illa kynntir og oft eru heimamenn sjálfir lítt trúaðir á þá kosti sem fyrir hendi eru. Þessu þarf að breyta. Miklir möguleikar eru fyrir hendi til að efla fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf á Austurlandi en til þess þarf aukið fjármagn. Féð þarf að vera aðgengilegt í formi styrkja og lána á hagstæðum kjörum til lengri tíma. Mörg verkefni bíða úrlausnar á Austurlandi. Fé það sem tilgreint er í tillögunni mætti m.a nýta til eftirtalinna verkefna: Að koma á styrktarkerfi fyrir nýsköpunar- og þróunaverkefni sem tengt væri frumatvinnugreinunum, setja á stofn sérstök þróunarverkefni í sjávarútvegi og landbúnaði og sinna uppbyggingu rannsóknaumhverfis og kerfis er lyti ekki síst að hagnýtum rannsóknum. Þá má nefna að uppbyggingarstarf á sviði ferðaþjónustu er mjög brýnt og t.d. markaðsstarf og kynning á landshlutanum erlendis, í tengslum við komu nýrrar ferju til Seyðisfjarðar og beint flug til útlanda um Egilsstaðaflugvöll en hvort tveggja er í undirbúningi.

[16:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef maður vill vera jákvæður getur maður sagt að þessi tillaga sé ákveðin viðleitni. Samt er annað orð mér ofar í huga núna og það er orðið sýndarmennska. Það er verið að reyna að slá ryki í augu fólks á Austurlandi. Staðreyndin er sú að það verkefni sem stjórnvöld styðja og hafa á prjónunum er stærsta byggðamál sem við höfum fjallað um á hv. Alþingi að mínu mati, Noral-verkefnið. Þeir hv. þm. sem leggja fram þessa tillögu styðja ekki það mál þó svo sveitarfélögin á Austurlandi geri það. Þróunarstofan styður það líka en að sjálfsögðu eru Vinstri grænir á móti.

Annað mál hefur verið til umræðu sem varðar Austurland og er mikið framfaramál og því tengist mikil atvinnuuppbygging, þ.e. fiskeldið. Vinstri grænir eru náttúrlega á móti því líka. Því er gripið til þess ráðs að sjóða saman tillögu sem felur í sér að veita 2,4 milljarða kr. til Austurlands í algjörlega óskilgreind verkefni. Ekki nóg með það, heldur á í framhaldinu að veita fé til annarra landshluta, eftir því sem ég skil tillöguna, þannig að við erum þar kannski að tala um 10 milljarða í óskilgreind verkefni, bara í eitthvað.

Þetta er að mínu mati tillaga sem dæmir sig sjálf og að mínu áliti er hún með því lakara, þegar ég hugsa til þeirra tillagna sem áður hafa komið fram af hálfu þessa þingflokks í sambandi við byggðamál.

[16:52]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur fellt dóm sinn um þessa tillögu og talar um viðleitni eða sýndarmennsku. Við erum auðvitað, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að sýna viðleitni. Herra forseti, ég tel að sú viðleitni sem við sýnum á þessu sviði sé öllu meiri en viðleitni hæstv. ríkisstjórnar sem býður ekkert nema Noral-verkefnið sem stærsta byggðaverkefni sögunnar.

Við höfum ekki trú á því, herra forseti, að álver í Reyðarfirði muni treysta byggð, hvorki á öllu Austurlandi, frá Bakkafirði niður að Höfn, né á Vestfjörðum eða annars staðar á landinu. Það er enginn vafi á því að Noral-verkefnið, álverið í Reyðarfirði, mun auðvitað hafa umtalsverð áhrif í byggðum næst álverinu. Á því leikur enginn vafi. En við skulum þá, herra forseti, líka ræða um hvort það séu jákvæð byggðaáhrif, að reisa svo risastóra álverksmiðju í svo fámennu byggðalagi sem Fjarðabyggð er. Við skulum þá líka tala um jákvæða byggðaþróun.

Það má setja það þannig upp að við séum á móti öllu. Við erum á móti því að illa sé farið með náttúruna, að það sé farið óvarlega í fiskeldi í sjó með því að rækta lax sem ekki er af íslenskum uppruna. Við viljum að farið verði varlega í sakirnar. Við höfum aldrei sagt að við séum á móti fiskeldi en við viljum fara að með gát til þess að spilla ekki öðrum atvinnuvegum og framtíð íslenska laxins.

[16:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér heyrist að hv. þm. sé nú þegar kominn á flótta frá sinni eigin tillögu. Séu það rök gegn Noral-verkefninu að það styðji ekki atvinnulíf á öllu Austurlandi og ekki á Vestfjörðum þá finnst mér það ekki vera mjög sterk rök. Með því að styrkja Miðausturland mun það hafa áhrif um allt Austurland og líka á Norðurl. eystra, alveg til Akureyrar. Þar fyrir utan mun þetta verkefni, og ef af stækkun álvers í Hvalfirði verður einnig, auka útflutningstekjur þjóðarinnar um 15%.

Hvað ætlar hv. þm. að benda mér á í síðari ræðu sinni sem getur slagað eitthvað upp í þau áhrif, bæði á atvinnulíf og efnahagslíf, sem Noral-verkefnið hefur?

[16:56]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum nú ekki búin að byggja þetta álver enn þá. Við erum ekki búin að reisa þessa risavirkjun, því að álverið stendur ekki eitt og sér. Það þarf að hafa alla myndina í huga, þ.e. Noral-verkefnið eins og það leggur sig. Við erum ekki búin að byggja þetta og höfum ekki séð hvort þetta skilar einhverjum arði í þjóðarbúið. Það getur allt eins farið svo að við sitjum uppi með kostnað af verkefninu þegar til lengri tíma er litið.

Óskilgreind verkefni, segir hæstv. ráðherra. Við erum ekki að tala hér um sokkaverksmiðjur eða ákveðnar verksmiðjur, eitt stykki af einhverju. Við erum hér að tala um að á mörgum sviðum þarf fjármagn og stuðning við þau fyrirtæki sem fyrir eru í Austurlandi. Það þarf stuðning við allar þær hugmyndir og áhuga manna á að koma á nýjum fyrirtækjum. Við ætlum ekkert að leggja upp fyrir Austfirðinga hvaða fyrirtæki það ættu að vera. Það á að vera að frumkvæði þeirra sjálfra. Ég kalla það ekki óskilgreind verkefni. Ég kalla það verkefni sem spretta úr heimabyggð.

[16:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Bachman mælti hér fyrir þáltill. sinni og fleiri vinstri grænna um hvernig styrkja ætti byggð í landinu. Hv. þm. sagði m.a. að greina ætti þarfir samfélagsins á hverju svæði fyrir sig, þ.e. hvaða þarfir eru á hverju svæði. Það á einnig að styrkja íbúaþróun samkvæmt þessari þáltill.

Nú er í undirbúningi gríðarlegt verkefni sem nánast allir Austfirðingar styðja og bíða eftir að komist til framkvæmda. Þarfir íbúanna eru virkilega ljósar í þessu máli. Þarfir samfélagsins eru líka virkilega ljósar en svo koma vinstri grænir og segja að þeir vilji fara að greina þarfir samfélagsins. Samfélagið hefur þegar tekið upp á sína arma stórkostlegt verkefni sem beðið er eftir að komist í framkvæmd en vinstri grænir berjast eins og þeir mögulega geta til að koma í veg fyrir það.

Mér finnst, herra forseti, að það sé búið að greina þarfir samfélagsins af hálfu vinstri grænna, þeir vilja helst ekkert gera nema eitthvað allt annað en samfélagið vill. Því miður.

Ég spyr hv. þm. að því hvað hún hafi þá hugsað sér að gera. Hvað hefur hún í hendi til að geta sagt að þessi þáltill. bregðist við þörfum samfélagsins?

[16:59]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þessar mundir er unnið að gríðarlega stóru verkefni, þ.e. að undirbúa virkjun og stóriðju á Reyðarfirði. Það er verið að undirbúa verkefni sem allir Austfirðingar hafa beðið um og biðja um, sagði hv. þm.

Þetta er ekki rétt, herra forseti. Þetta er eina byggðaverkefnið sem ríkisstjórnin reiðir fram. Og það er þess vegna sem íbúar Austurlands þiggja þetta frekar en ekki neitt. Ekki er boðið upp á neitt annað, herra forseti. Þetta er byggastefna hæstv. ríkisstjórnar.

Hvað viljum við gera?

Ég skal nefna eitt verkefni, bara eitt verkefni. Það er markaðssetning á Austurlandi tengd fluginu. Verið er að undirbúa að koma á beinu flugi til Evrópu næsta sumar og að taka á móti nýrri ferju eftir tvö ár. Hvaða fjármagn þurfum við til að markaðssetja Austurland og til að taka á móti ferðamönnum frá Evrópu að ári liðnu, að tveimur árum liðnum? Þetta er eitt af mörgum fjárfrekum verkefnum sem hæstv. ríkisstjórn hefur engan áhuga á að sinna heldur beinir hún öllum sínum áhuga að stærsta byggðaverkefni sögunnar.

[17:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að ekki vilji allir Austfirðingar þau verkefni sem ríkisstjórnin er að berjast fyrir. Það má hugsanlega finna nokkra sem ekki vilja stóriðju á Austurland, en þeir eru örugglega ekki margir, ég fullyrði það. Og ég vil minna hv. þm. á að það var Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. alþm., og mikill baráttumaður hér, sem hóf umræðuna um stóriðju á Austurlandi. (**Gripið fram í:** Tuttugu prósent vilja hana ekki.) Hann hóf þá umræðu og hann er einn af hugmyndasmiðum vinstri grænna um ýmis önnur mál nú til dags.

Að segja að einhverjir Austfirðingar vilji þetta ekki, það er eflaust hárrétt. En ég fullyrði að langstærstur hluti Austfirðinga bíður eftir því að þetta verkefni verði að veruleika.

[17:02]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hefur hv. þm. talað við íbúa jaðarbyggðanna? Þeir eru Austfirðingar líka. Hvaða áhrif mun hugsanleg stóriðja á Reyðarfirði hafa á byggðir norðan Héraðs, sunnan Djúpavogs? Þetta er ekki á atvinnusvæði stóriðjunnar. Ætli það geti ekki verið að þetta hafi líka neikvæð áhrif, ekki bara jákvæð áhrif?

Vissulega eru jákvæð áhrif þau að mikil umsvif verða á staðnum meðan á uppbyggingu stendur en því miður geta svo mikil umsvif hugsanlega haft þau áhrif að þau kollsteypi því litla samfélagi sem er á Austurlandi.

Af því hv. þm. nefndi flutningsmann fyrri tillögu, fyrrv. þingmann Austurlands, Hjörleif Guttormsson, mætti ég þá biðja hv. þm. að bera saman þessi tvö verkefni, þ.e. það hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði fyrir á sínum tíma og þann mannfjölda sem þá átti að vinna í hugsanlegri verksmiðju og þá stóriðju sem nú er verið að tala um.

[17:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinstri grænir minna nú stundum á unglinga á mótþróastiginu sem benda yfirleitt á „eitthvað annað". Nú eru þeir komnir hér með eitthvað annað sem er býsna erfitt að skilja. Menn tala t.d. um „störf við hæfi", „á forsendum íbúanna sjálfra" o.s.frv. Auðvitað er þetta ekkert annað en lýðskrum. Það kemur reyndar fram — (Gripið fram í.) já, já, reyndar kemur fram að 20% íbúanna — það er nefnilega gjarnan þannig þegar við erum í ræðustól að þá byrja vinstri grænir og sérstaklega foringi þeirra að gjamma frammí. Það kom fram í einu frammíkallinu áðan að 20% Austfirðinga væru á móti virkjun og stóriðju einungis. En ég spyr ef við setjum þetta upp á þennan máta, 400 millj. í sex ár, hvað með aðra landshluta? Og þetta er allt saman óskilgreint. Við vitum ekkert um hvað er verið að tala.

Hv. foringi Vinstri grænna talaði í frammíkalli um skógrækt, og Héraðsskógaverkefnið frá 1981, það væri virkilega eitthvað annað, en það er ekkert nýtt á bak við það.

Þannig halda þeir áfram, herra forseti, slíku lýðskrumi.

Ég sakna þess að sjá ekki í þessum tillögum það sem fólk í Vinstri grænum hefur verið að klifa á að undanförnu um að tína hreindýramosa, safna saman fjallagrösum, pressa hundasúru o.þ.h. en nú tala þeir um ferjuna. Ég veit ekki betur en að Byggðastofnun hafi lánað verulega til þessarar ferju.

Ég sé því ekkert í rauninni nýtt á bak við þetta. Og ég spyr: Hvað með aðra landshluta? Það eru aðrir landshlutar í vandræðum með atvinnu. Hvað með Vestfirði? Eigum við að færa alla þessa peninga á Austfirðina í sex ár? Og þá spyrja þingmenn auðvitað: Hvað með aðra landshluta? (**SJS:** Það er hér í tillögunni. Hefurðu ekki lesið tillöguna?)

[17:05]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun óska eftir því að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason lesi tillöguna og reyni að skilja hana. Ég er ekki að ætlast til og get ekki ætlast til þess að hann sé sammála henni því hann er haldinn álþráhyggju eins og svo margir aðrir.

En við erum að tala um að koma á sérstöku átaki í byggðamálum. Hann viðurkenndi það sjálfur áðan að vandamál væru á fleiri stöðum en á Austurlandi. Það eru nefnilega vandamál úti um land. Fólksflutningur er af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið. Það eru ekki allir sem hafa sérstakan

áhuga á því að flytjast búferlum. En af ýmsum ástæðum neyðist fólk til að flytja vegna þess að það býr ekki við sömu kosti og kjör og við gerum hér á höfuðborgarsvæðinu.

Við viljum að byrjað verði á Austurlandi, en síðan verði farið í samsvarandi átak á öðrum svæðum sem eru jafnilla stödd. Það þarf að meta árangur þess verkefnis að þremur árum liðnum og þegar niðurstöður liggja fyrir og búið verður að meta þetta, þá verði farið í önnur verkefni.

Þetta er að mörgu leyti það sérstakt verkefni að við teljum ekki rétt að dreifa því út í öll kjördæmin strax, heldur byrja á einum stað, meta það, sjá hvernig þetta gefst, hvernig uppskeran verður. Það er mjög mikilvægt í þessu sambandi að verkefnið standi a.m.k. í sex ár, þannig að þau verkefni sem hleypt yrði af stað fái almennilegt brautargengi.

[17:08]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það væri erfitt að skilja þetta verkefni, erfitt væri að reyna að skilja það. Ég er alveg sammála því. Það er nákvæmlega þess vegna sem ég kem hér upp og spyr t.d.: Hvað þýðir þetta „á forsendum íbúanna sjálfra"? Hvað þýðir það? Hvað með önnur byggðalög? Þrjú ár o.s.frv. Þau eru nú fljót að líða.

Það kom reyndar líka fram hér þegar hv. þm. mælti fyrir tillögunni að þetta væri ekki til þess að bjarga þeim fyrirtækjum sem eru á svæðinu, þetta væri bara til nýsköpunar. Í hverju er þessi nýsköpun fólgin?

Hv. þm. gerði lítið úr Byggðastofnun, að Byggðastofnun væri að henda peningum í einhver fyrirtæki sem stæðu illa o.s.frv.

Ég sé og skynja að þetta er afar flókið verkefni og ég bið hv. þm. að reyna að skýra það út, um hvað hv. þm. er í raun og veru að tala í þessum tillögum sínum?

[17:09]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að tala fyrir því að styrkja byggð með öðrum hætti en að nota risaverkefni sem Noral-verkefnið er og kalla það mestu byggðastyrkingu allra tíma. Við viljum fara í styrkingu byggðar á forsendum íbúanna sjálfra. Það ætti ekki að vera mjög erfitt að skilja það. Það bíða fjölmörg verkefni (**ÍGP:** Hvað með 80 prósentin?) alls staðar á landinu, úti í hinum dreifðu byggðum, sem fá ekki sömu fyrirgreiðslu og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Bankarnir lána ekki það sama. Það eru aðrir vextir. Menn hafa ekki áhuga á því að fjárfesta úti á landi o.s.frv. Það má telja upp langan lista.

Við erum að tala um að fara í sérstakt verkefni þar sem þessi fyrirtæki, hvort sem þau eru starfandi í dag eða vaxtarsprotar og fara í þau fjölmörgu verkefni sem bíða úrlausnar. Ég ætla ekki að telja þau upp en þau eru til í hverju einasta kjördæmi.

[17:10]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Markmið þessarar tillögu eru með þeim göfugri sem maður hefur séð hér á prenti og get ég tekið undir öll þau göfugu markmið sem sett eru um að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni.

Í afskaplega ítarlegri greinargerð, sem allur þingflokkur Vinstri grænna stendur að, eru færð rök fyrir því hvers vegna þessi þáltill. er flutt. Til að gera langa sögu stutta fjallar greinargerðin, fyrri hluti hennar, um þá byggðaþróun sem átt hefur sér stað á Austfjörðum og reyndar annars staðar á landinu á síðustu árum. Og niðurstaða af því er sú að byggð á Austurlandi sé komin að hættumörkum. Þess vegna þurfi að grípa til einhverra ráðstafana, það þurfi með öðrum orðum að gera eitthvað og gera eitthvað fljótlega.

Undir þennan þátt greinargerðarinnar tek ég alveg af heilum hug, enda er það mjög í samræmi við það sem m.a. Byggðastofnun og flestir þeir sérfræðingar sem um hafa fjallað hafa sagt: að byggð á Austurlandi er komin alveg að hættumörkum og verði ekki gripið til aðgerða fljótt muni það hafa verulega alvarlegar afleiðingar. Undir þetta tek ég.

Þess vegna er afskaplega fróðlegt að sjá hverjar lausnirnar eru samkvæmt þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. Ég get tekið undir með hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að það er að mörgu leyti nokkuð erfitt að átta sig á því hverjar hinar skjótvirku lausnir eru. Vegna þess að ef þarf að grípa til aðgerða fljótt vegna hins hættulega ástands í byggðasamsetningunni á Austfjörðum, þá þurfi að grípa til skjótvirkra aðgerða.

Eitt er þó alveg ljóst samkvæmt þáltill. að stóriðja kemur ekki til greina. Það liggur líka nokkuð ljóst fyrir eða það má ályktа út frá greinargerðinni að fiskeldið kemur heldur ekki til greina. Það er niðurstaða þingflokks Vinstri grænna (**Gripið fram í:** Rangt.) þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi gefið það út í trekað að eina sjáanlega aðgerðin sem geti snúið byggðaþróun á Austurlandi við með jákvæðum áhrifum á efnahagslíf, með jákvæðum áhrifum á byggðaþróun og þar fram eftir götunum og fyrir þjóðina í heild, sé það verkefni sem unnið er að og tengist Kárahnjúkum og álveri í Reyðarfirði.

Niðurstaða Vinstri grænna gengur þvert á það sem Þjóðhagsstofnun hefur sagt um þessi mál. Það gengur líka þvert á það sem fram kom m.a. í heimsókn hv. iðnn. upp á Grundartanga, þar sem m.a. bæjarstjórinn á Akranesi fór yfir það með nefndarmönnum hvaða áhrif stóriðja hefði haft á byggðarlögin á Vesturlandi þar sem þróunin var að sumu leyti svipuð og er að gerast núna á Austurlandi. Og það var annar tónn sem bæjarstjórinn á Akranesi boðaði, eins og yfirleitt Skagamenn og Vestlendingar sjálfir greina frá, en þau válegu áhrif og þau válegu tíðindi sem Vinstri grænir gjarnan boða ef gripið yrði til stóriðju. Þar hefur byggðaþróunin með öðrum orðum snúist við: Vestlendingar eru jákvæðir, þar fjölgar fólki, þar fjölgar störfum og almennt ríkir bjartsýni. Öfugt við þá svartsýni og þá neikvæðni sem þingflokkur Vinstri grænna boðar, ekki síst í efnahagsmálum og atvinnumálum.

Það var líka fróðlegt að heyra hjá hv. framsögumanni þegar hún sagði: Við boðum róttækar aðgerðir. Ég endurtek: Við boðum róttækar aðgerðir í atvinnumálum Austfirðinga. Hverjar eru nú þessar róttæku aðgerðir? Eftir að hafa rýnt gaumgæfilega í greinargerðina kemst ég að þeirri niðurstöðu sem hér hefur verið fjallað um — að það á að leggja 400 millj. úr ríkiskassanum í eitt og annað. Hvað er nú þetta eitt og annað? Það er að efla ferðaþjónustu. Það er að kynna landsvæði. Það er að efla fræðasetur og menningu og það er að efla þróunarverkefni í landbúnaði og sjávarútvegi. Efla, styrkja, kanna, rannsaka. Ég spyr: Er þetta róttæk nýsköpun, rétt eins og Austfirðingum hafi aldrei dottið í hug að kynna ferðaþjónustu sína, efla fræðasetur sín og sinna þróunarstörfum í landbúnaði og sjávarútvegi? Það er alrangt. Austfirðingar hafa unnið merkilegt starf á því sviði þannig að þetta eru ekki róttækar aðgerðir. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að þetta er sýndarmennska, og ekki síður

sé það skoðað í ljósi þess að í þessari greinargerð er talað um, eins og allir byggðasérfræðingar eru reyndar sammála um, að það þurfi skjótvirkar aðgerðir. Eru það skjótvirkar aðgerðir til þess að byggja upp atvinnulíf — að rannsaka, að efla, að kynna? Á því sviði hefur heilmikið verið gert en því miður hefur það takmörkuðu skilað. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Ég tek þess vegna undir það með hv. þm. sem nefndi hér áðan að hugsanlega endurspeglaði þetta þá frægu atvinnustefnu Vinstri grænna sem kennd hefur verið við hundasúrur, fjallagrös og hveraörverur.

Það hefur heilmikið verið gert og það skiptir heilmiklu máli að sveitarstjórnarmenn upp til hópa á Austfjörðum, almenningur á Austfjörðum og nánast allir sérfræðingar sem að hafa komið, mæla með því að gripið verði til þess að ná skjótum jákvæðum áhrifum til þessa stærsta verkefnis sem ráðist hefur verið í í sögu þjóðarinnar. Markmiðin með þessari þáltill. eru afskaplega jákvæð og þau eru góð. Að sama skapi tel ég þau hins vegar vera eins fjarri raunveruleikanum og hugsast getur. Ég tel þau vera sýndarmennsku og yrði þessi stefna ofan á í byggðamálum, ekki bara Austfirðinga heldur þjóðarinnar allrar, væri verið að drepa landsbyggðina, að leggja hana niður í raun og veru.

[17:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason rakti ýmsar leiðir sem mætti fara til að treysta byggð. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. telji að þær lokanir á pósthúsunum hérna norður og austur um land sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir verði til að treysta byggð, bæta þjónustu og styrkja atvinnugreinarnar í byggðum landsins?

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, þegar fulltrúar Norðurhéraðs komu á fund til okkar í fjárln. og gerðu grein fyrir því að símasambandið væri með þeim hætti að útilokað væri að nota posa sem var þó á ýmsum sölustöðum, ferðaþjónustustöðum og víðar, vegna þess að símasambandið slitnaði alltaf. Þeir gerðu okkur líka grein fyrir því að símasambandið væri reyndar líka þannig í almenningssímum að ekki væri hægt að halda þar út símtöl vegna þess að sambandið væri svo lélegt og ekki væri hægt að halda uppi og ljúka samtölum. Ég hef ekki heyrt neinar sértækar tillögur til þess að grípa hér til, en þetta er mjög takmarkandi fyrir starfsemina, heldur eru menn uppteknir af því að selja Landssímann, selja það tæki sem hægt væri að beita til jöfnuðar fyrir þessi sveitarfélög. Þar hefur hugur hv. þm. Hjálmars Árnasonar heldur betur snúist en hann hafði sett það að markmiði að þessum jöfnuði í þjónustu yrði komið á áður en Landssíminn yrði seldur. Ég leyfi mér því, herra forseti, að benda hv. þm. á að það er talsvert bil milla orða, gjörða og ákvarðana hjá Framsfl. í byggðamálum varðandi það sem hann lýsti yfir fyrir ári síðan að hann ætlaði að beita sér fyrir.

[17:20]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var andsvar í ræðu um atvinnu- og byggðamál á Austfjörðum. Fyrst um fjarskiptamálin: Þar sem hv. þm. Jón Bjarnason situr í samgn. er honum kunnugt um að þar er einmitt unnið að því, og hefur verið rætt á Alþingi, að bæta fjarskiptasambandið út um land allt og kannski er rétt að minna hv. þm. á að þessi fjarskipti hafa engan veginn verið nógu góð þrátt fyrir eign ríkisins á þessum Landssíma.

Hins vegar er hér verið að ræða um atvinnuuppbyggingu á Austfjörðum. Ég heyrði enga tillögu hjá hv. þm. hér í andsvari um einhverjar úrlausnir á atvinnumálum Austfirðinga heldur fór hann að vitna í fræga ræðu sína frá eldhúsdegi sem snerist mest um einn póstkassa á Hringbraut og símasjálfsala á Ströndum. Hún er þá kannski orðin sem því nemur breiðari, atvinnustefna Vinstri grænna, með hundasúrum og fjallagrösum.

[17:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili ekki þessum stórmennskuhroka hv. þm. Ég viðurkenni alveg að það skiptir atvinnulíf máli hvort heldur það er í Árneshreppi eða í þorpum á Austurlandi hvort þar er opinn sími. Fyrir mér skiptir það máli, herra forseti, hvort þar er opið pósthús. Ég deili ekki þessum hroka og fyrir mér skiptir það máli hvort það er póstkassi nálægt elliheimilinu Grund. Það er alveg hárrétt. Mig skiptir það máli hvort aðilar á Norðurhéraði geta stundað ferðaþjónustu með eðlilegum hætti hvað símþjónustu varðar eins og það að geta tekið við greiðslukortum.

Mér finnst þetta skipta máli. Já, herra forseti. Mér finnst þetta skipta máli.

[17:23]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir auðvitað máli hvernig póstþjónustan er og það skiptir máli hvernig fjarskiptaþjónustan er. Um það er enginn ágreiningur. Það þarf ekkert að tyggja það enn einu sinni upp að að því er unnið. Þetta veit hv. þm. enda situr hann í samgn.

Við erum að ræða um atvinnuuppbyggingu í heilum landsfjórðungi og það sem ég reyndi að draga fram í ræðu minni, herra forseti, var að ég sé ekkert róttækt eða nýtt í þeim tillögum sem þingflokkur Vinstri grænna boðar, þ.e. að kynna landsfjórðunginn, að efla ferðaþjónustu, stuðla að einhverjum rannsóknum í frumgreinum eins og sjávarútvegi og landbúnaði og þar fram eftir götunum. Mér finnst það jaðra við móðgun við þá á Austfjörðum sem virkilega hafa lagt sig fram um að sinna þessum þáttum og gert það á sumum sviðum alveg með miklum tilþrifum og miklum ágætum. Og að kalla þetta róttækar tillögur til þess að bæta atvinnulíf Austfirðinga finnst mér jaðra við móðgun gagnvart Austfirðingum sjálfum.

Ég sé ekki að hér séu róttækar tillögur sem bæti núverandi atvinnuástand og snúi vörn í sókn. Ég var að reyna að draga þetta fram, herra forseti, og ég var líka að reyna að draga það fram og vitna til helstu byggðasérfræðinga þjóðarinnar, bæði hjá Byggðastofnun og Þjóðhagsstofnun, að verkefnið í Reyðarfirði er það skjótvirkasta og jákvæðasta fyrir atvinnulíf og atvinnuuppbyggingu á Austfjörðum eins og dæmin sanna, bæði áhrifin af Straumsvík og áhrifin af Grundartanga á Vesturland. Það var það, herra forseti, sem ég var að reyna að draga fram. En ég ítreka að ég sé ekki róttæknina eða frumleikann í þeim atvinnutillögum sem vinstri grænir kynna með þessari þáltill.

[17:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Meginástæða þess að við leggjumst gegn þeim stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi, virkjunum og álverksmiðju, sem verið hafa uppi á borðum ráðamanna undanfarin ár er sú að við teljum að þeim fylgi óréttlætanleg náttúruspjöll, neikvæð umhverfisáhrif þessara framkvæmda séu svo mikil að þær séu ekki verjandi. Við erum sammála embætti skipulagsstjóra ríkisins í þeim efnum.

Þegar svo við bætist að mjög er deilt um þjóðhagslegt gagn þessara framkvæmda og ljóst er að þeim fylgir mikil áhætta og hvert einasta starf er óheyrilega dýrt er greinilega að mörgu að hyggja í þessum efnum. Skoðanakannanir hafa sýnt að um 20% Austfirðinga og helmingur þjóðarinnar er sammála okkur í því að ekki sé hyggilegt að ráðast í þessar framkvæmdir. Fyrir liggja nokkuð vandaðar vísbendingar um að um það bil svona sé þetta, að þjóðin sé nokkurn veginn klofin til helminga í afstöðu sinni til þessa máls og að umtalsverð andstaða sé við þessi áform á Austurlandi.

Er þá mjög málefnalegt, herra forseti, að koma í ræðustól eins og sérstaklega þingmenn Framsfl. og hæstv. ráðherrar hafa gert og láta eins og það sé þvílík fásinna og svo fráleit sjónarmið sem við höfum staðið fyrir í þessum efnum, og stöndum enn, að engu tali taki? Eru innistæður fyrir orðbragði af því tagi sem hér var uppi haft af hæstv. ráðherra og aðstoðarmönnum hæstv. ráðherra í því að reyna að finna þessari tillögu allt til foráttu?

Hver var neikvæður núna? Hverjir höfðu allt á hornum sér? Hverjir voru á móti? Það voru þingmenn Framsfl. Er það þá vegna þess, herra forseti, að þeir séu ánægðir með ástandið í byggðamálum? Er það þess vegna? Er það vegna þess að þeir séu í alvöru að reyna að segja okkur að hinn hrikalegi byggðavandi sem nánast öll landsbyggðin glímir nú við muni leysast með einu álveri á einum stað á landinu? Er það virkilega það sem verið er að bera hér á borð? Það getur ekki verið. Jafnvel þótt við ræddum um staðbundin áhrif álvers á stóriðju á Austurlandi, og þó að við yrðum þess vegna sammála um að þau yrðu nokkur á því svæði, er algjörlega borin von að halda því fram að þetta verkefni sé eitthvert innlegg í hinn almenna atvinnu- og byggðavanda landsbyggðarinnar. Það má hins vegar segja um þessa tillögu. Hún er róttæk vegna þess að hún tekur sem útgangspunkt þá aðferðafræði sem gefist hefur best í þeim löndum nálægum okkur sem hafa náð miklum árangri í að glíma við neikvæða byggðaþróun á afmörkuðum svæðum. Hafa menn leyst byggðavandann á skosku eyjunum með álverum? Nei. Hafa menn náð aukinni fólksfjölgun í skosku hálöndunum með álverum? Nei. Hefur fólki fjölgað á nýjan leik á vesturströnd Írlands af því að þar hafi risið álver? Nei. Eða í Finnmörku? Nei.

Það sem fyrst og fremst hefur skilað mönnum vænlegum og góðum árangri er einmitt ný nálgun af því tagi að styðja heimamenn til þeirra verkefna sem þeir vilja ráðast í. Er það móðgun við Austfirðinga, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sagði sem auðvitað er farinn á dyr þegar hann er búinn að ausa hér úr sér skömmunum, að leggja til að veittur sé myndarlegur stuðningur til atvinnuþróunar og nýsköpunar á Austurlandi? Svarið er nei. Það er nákvæmlega það sem allir þeir sem af miklum vanefnum eru að glíma við atvinnuþróun á landsbyggðinni biðja um vegna þess að það eru hreinir smáaurar sem menn hafa í höndunum til þeirra verkefna í dag. Mergurinn málsins er sá að ekki vantar tækifæri og það vantar ekki möguleika. Ég hef farið vítt um land, setið marga fundi og ráðstefnur, t.d. bæði á Vestfjörðum og á norðausturhorninu um sl. páska þar sem einhverjir fleiri voru af þeim sem hér eru í salnum. Voru menn hugmyndalausir á Þórshöfn, á fundinum um atvinnumál í norðaustursýslunni? Var það skortur á möguleikum og tækifærum sem háði mönnum? Nei. Þá vantaði stuðning við þau verkefni sem þeir vilja reyna að koma áfram. Þröskuldarnir eru of margir vegna þess að aðstöðumunurinn er svo mikill landsbyggðinni í óhag. Svo koma hér þingmenn Framsfl. væntanlega ánægðir með ástandið, eins og þeir tala, í staðinn fyrir að skammast sín fyrir frammistöðu ríkisstjórnar sinnar í þessum efnum sem er sú versta í sögunni. 1.300 manns eru farnir af landsbyggðinni það sem af er þessu ári. Er það ekki nóg fyrir Framsókn? Hefur hún þá ekkert annað til málanna að leggja en að koma hér og gera lítið úr tillöguflutningi annarra, bara af því að hann gengur ekki út á þetta álver? Er það frambærilegt?

Hvað mörg þúsund manns hefur landsbyggðin tapað síðan framsókn settist í ríkisstjórn? Milli sex og átta þúsund manns eru flutt af landsbyggðinni umfram þá sem þangað hafa farið á þessum tíma. Er Framsókn ánægð með þá frammistöðu sína? Telur hæstv. núv. ráðherra byggðamála að ráðherra hafi af miklu að státa í því embætti það sem af er? Sennilega hefur einhver flottasta flétta í stjórnmálum síðari ára verið sú þegar Sjálfstfl. kom af sér vandamálinu og hausverknum mikla, byggðamálum, yfir á Framsfl. og Framsókn tók við því eins og öðru, enda í því öfundsverða hlutskipti eins og kunnugt er í þessu hjónabandi með Sjálfstfl. að taka á sig skammirnar og vammirnar.

Síðan verð ég að segja, herra forseti, út frá því líka sem ég vitnaði hér til um viðhorf til þessara mála, til umhverfismálanna og stóriðjumálanna, að þegar það liggur nú fyrir að hálf þjóðin er andvíg þessum framkvæmdum og telur þau umhverfisspjöll sem þeim yrðu samfara ekki réttlætanleg, er það þá frambærilegt út frá venjum um umburðarlyndi gagnvart mismunandi skoðunum að ræða hlutina á þeim nótum sem þingmenn Framsfl. gerðu hér með hæstv. ráðherra í broddi fylkingar? Ég verð að vísu að segja að ónotin í ráðherra komu mér ekki á óvart. Og það er athyglivert hversu illa hæstv. iðnrh., sem fer með byggðamál, hefur tekið öllum hugmyndum sem komið hafa um aðgerðir á því sviði. Ég minnist þess hvernig hæstv. ráðherra tók hér í hugmyndir sem jafnframt liggja fyrir þessu þingi um sérstakt byggðaþing og hefðu nú sennilega ýmsir talið að ráðherrann ætti að fagna því að áhugi væri á byggðamálum og stuðningur við að eitthvað væri gert í þessum efnum. Hér er verið að bjóða fram stuðning við að leggja aukna fjármuni til byggðaaðgerða í landinu. Hvernig bregst hæstv. ráðherra við? Með útúrsnúningi og skætingi eins og hæstv. ráðherra er einum lagið.

Svo koma hér þingmenn, eins og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, nú í forsetastóli, og segja hundasúrubrandarann. (**HBl:** Hann er nú líka góður.) Þetta er mjög góður brandari um hundasúru. Og nú er búið að bæta hreinadýramosa við fjallagrösin og hundasúrurnar sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason er í raun búinn að gera að einkennisjurt Framsfl. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég hafði ekki áttað mig á því fyrr að grænu flyksurnar í flokksmerki Framsfl. væru hundasúrur fyrr en hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason gerði þær að einkennisjurt flokksins í eldhúsdagsumræðum á liðnu vori.

Nei, herra forseti, ég tel að menn dæmi sig sjálfa út af borðinu með slíkum málflutningi,. Með slíkum frösum gera þeir það. Ef málefnafátækt Framsfl. er svo svakaleg í umræðum um atvinnu- og byggðamál að menn þurfi að grípa til slíkra hluta þá er best að þeir eigi um það við sjálfa sig.

En að lokum, herra forseti, er það eitthvað til þess að skammast sín fyrir (Forseti hringir.) að gera verðmæti úr íslenskum jurtum? Er lyfjaiðnaðurinn, snyrtivöruiðnaðurinn sem er farinn að velta hundruðum milljóna og skapa miklar (Forseti hringir.) útflutningstekjur, til þess að hafa hann

hér í flimtingum með þessum hætti? Telur Framsfl. það sérstaklega sér til framdráttar?

[17:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem hv. 3. þm. Norðurl. e. vék ekki að því sérstaklega er gott að fá strax í upphafi þessarar umræðu skýringu á því hvað felst í tillögugreininni, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þessa átaksverkefnis á Austurlandi verði veitt 400 millj. kr. árlega í sex ár af fjárlögum íslenska ríkisins."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Árangur og framvinda verkefnisins verði metin áður en tímabilið er hálfnað og í ljósi þess verði öðrum landshlutabundnum átaksverkefnum hrundið af stað. Hvert átaksverkefni standi í allt að sex ár og verði metið á sama hátt og það fyrsta."

Ber að skilja þetta svo að hv. flutningsmenn ætlist til þess að þessi átaksverkefni verði fjögur og hver landsfjórðungur tekinn af öðrum sólarsinnis, þannig að það verði Austfirðingafjórðungur, Sunnlendingafjórðungur, Vestfirðingafjórðungur og Norðlendingafjórðungur? Eða er það hugsun hv. flm. að þegar fram vindur eigi að taka fleiri en einn landsfjórðung fyrir? Eða á kannski að fara rangsælis og taka Norður-Þingeyjarsýslu á undan Suðurlandi? Það væri fróðlegt að fá þetta upplýst.

[17:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að tillagan sé alveg nægjanlega skýr til þess að varða þá leið sem við viljum fara í þessum efnum. Við viljum hefja þetta átaksverkefni á Austurlandi og fyrir því eru margvísleg rök. Þau koma fram í greinargerð með frv. Það er rétt að við leggjum til að þessum fjármunum verði varið í þessu skyni, 2,4 milljörðum á öllu áætlunartímabilinu á Austurlandi. En áður en það tímabil er hálfnað, þ.e. innan tveggja til þriggja ára og í ljósi reynslunnar af því hvernig verkefnið fer af stað á Austurlandi, verði borið niður annars staðar í landinu þar sem aðstæður eru sambærilegar.

Það þarf ekkert að fara í útúrsnúninga og spissfyndugheit um það hvort menn eigi að fara rangsælis eða réttsælis, fari til suðurs áður en menn fara til norðurs. Langæskilegast væri að öll þau svæði landsins þar sem sambærilegar aðstæður eru, þ.e. þar sem menn búa við fólksfækkun og erfiðleika af því tagi — það liggur nokkuð fyrir hvar ástandið er þar alvarlegast, þ.e. á norðausturhorni landsins, Vestfjörðum og um norðvestanvert landið, ef maður tekur þau svæði sem mest hafa verið að tapa fólki — hvort sem menn færu í þetta eftir gömlu fjórðungunum sem að mestu leyti heyra sögunni til og eru í raun ekki til sem afmarkaðar einingar í stjórnsýslunni nema bara í sagnfræðilegu tilliti og meira að segja eru sýslurnar dottnar upp fyrir, eða á grundvelli nýju kjördæmanna, þ.e. þeirra svæða innan þeirra þar sem þörfin er mest, þá held ég að það mundi ekki vefjast neitt fyrir mönnum að skilgreina þau svæði á Íslandi sem eru í mestri þörf fyrir aðgerðir af þessu tagi. Það er alveg ljóst að um þetta er einmitt beðið af hálfu þeirra sem standa í vörninni fyrir byggðunum og eru að reyna að sinna atvinnuþróunarstarfi á þessum svæðum.

Ég hvet t.d. hv. þm., ef hann hefur ekki gert það nýlega, að fara til Vestfjarða, heimsækja Þróunarstofu Vestfjarða og ræða við það ágæta fólk sem þar starfar, hlusta á allar hugmyndirnar sem menn hafa þar fram að færa um möguleika Vestfjarða t.d. á sviði ferðaþjónustu og fjölmörgum fleiri sviðum og taka jafnframt eftir með hversu tómar hendurnar menn eru að reyna að sinna þessu starfi.

[17:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég tók rétt eftir þá talaði hv. þm. um að það ætti að verja 2,4 milljörðum til verkefnisins. Er það ekki rétt? Þá reiknar hann með gömlu kjördæmunum sex, virðist mér — en á árunum 2002–2004 eigi þá að verja 200 milljónum af þessum 2,4 milljörðum. Mér finnst ekki óeðlilegt að hv. þm. geri gleggri grein fyrir máli sínu svo að hægt sé að ræða tillöguna vendilega og samviskulega, líka vegna þeirra ummæla sem hann hafði um aðra hv. þm. Er hann að ræða um það að þessir 2,4 milljarðar dreifist um landið á næstu tíu árum, 20 árum eða eiga að vera 200 milljónir á árunum 2002–2004 og svo kannski 20 milljarðar á næstu þrem árum? Eða hvað er hv. þm. að hugsa?

Eins og fram kom af svari hv. þm. þegar hann fann að því að ég spurði, er þessi tillaga alveg óhugsuð. Hv. þm. hefur ekki gert sér grein fyrir því í hvaða röð hann vill taka fjórðungana. Hann minntist að vísu á Norður-Þingeyjarsýslu, sem ekki kom á óvart, Norðvesturland og Vestfirði, sem þá aftur þýðir að hann telur kannski ástæðulaust að hugsa um Vesturland og Suðurland. Nú eru veik svæði t.d. í Vestur-Skaftafellssýslu. Ég held að hv. þm. ætti að leggja leið sína til Vestur-Skaftafellssýslu. Það eru líka veikar byggðir t.d. í Dalasýslu. Ég held að hv. þm. ætti að fara í Búðardal og velta fyrir sér hvort ástæða sé þá til að geyma fjárveitingar til þessara byggðarlaga kannski til 2020. Það væri fróðlegt að fá að vita ögn nánar hvernig hv. þm. hugsar þetta.

[17:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. Halldór Blöndal minnir á mörg svæði á landinu þar sem er við erfiðleika að etja í byggðamálum, eins og Dali og Vestur-Skaftafellssýslu. Ekki er mér kunnugt um að það eigi að leysa vanda þessara svæða með álverum.

Við erum alveg sammála um að það þarf að taka betur á í þessum byggðamálum því núverandi ástand er óviðunandi. Það er algjörlega óásættanlegt að þessir hlutir haldi svo fram sem horfir.

Af hverju erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ófeimin við að leggja til að umtalsverðum opinberum fjármunum verði á næstu árum varið til þessara verkefna? Það er vegna þess að við teljum þetta mjög góða fjárfestingu. Við teljum þetta eitt af því skynsamlegasta sem hið opinbera getur gert með fé sitt um þessar mundir því að það er enginn vafi á því að núverandi ástand, sú mikla byggðaröskun sem við búum við og höfum gert núna lengst af valdatíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem er að verða eitt versta tímabilið í þessum efnum í sögu þjóðarinnar, alla vega seinni áratuga og alda í sögu þjóðarinnar, er þjóðinni geysilega dýrt, óhagkvæmt og sársaukafullt á allan hátt.

Þess vegna eru þetta ekki miklir fjármunir, herra forseti, 2,4 milljarðar kr. Ef virðulegur forseti Alþingis hefði nennt að lesa tillöguna eða gert það án þess að snúa öllu á haus þá kemur það alveg skýrt fram að við erum að tala um 2,4 milljarða kr. í þetta átak á Austurlandi og sambærilegar fjárhæðir þá væntanlega til annarra svæða sem gjarnan mættu fara af stað samsíða og þá þarf enga röð. Þá þurfa menn ekkert að vera að vandræðast með það hvort þeir fari rangsælis eða

réttsælis, eins og virðulegur forseti Alþingis. Menn bara ýta þá úr vör samtímis á öðrum svæðum.

Við teljum þetta ekki mikla fjármuni. Þó að það væru þessir 10–12 milljarðar sem hæstv. ráðherra nefndi í andsvari sínu áðan þá eru það ekki stórar tölur í ljósi þess að herkostnaður byggðaröskunarinnar fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu er metinn upp á nokkra milljarða kr. á hverju ári. Og álversdraumarnir eiga að kosta á þriðja hundrað (Forseti hringir.) milljarða kr. pakkinn. Eru þá 10–12 milljarðar í þessi verkefni mikið, ef það skilaði nú umtalsverðum árangri? (**Iðnrh.:** Borgar ríkið það?)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þingmann á að andsvaratíminn er tvær mínútur.)

[17:42]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að nota tíma minn til að fara yfir þá ágætu þáltill. sem hér er til umræðu. Það hafa þau gert, hv. þm. Þuríður Backman og síðar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Það sem er mér efst í huga núna eru viðbrögð stjórnarliða og þá sérstaklega framsóknarmanna.

Mér finnst forkastanlegt af hæstv. iðnrh., sem er byggðamálaráðherra, að stilla málum þannig upp að þetta sé sýndarmennskutillaga. Mér finnst forkastanlegt líka og ég átti ekki von á því í þingsölum Alþingis að menn gætu lagst svo lágt að tala um það að ef menn eru ekki sammála stjórnarliðinu um lausnir í uppbyggingu atvinnu úti á landi þá séu þeir á móti öllu. Hvers konar málflutningur er þetta? Þetta er bara spurning um það að menn vilja fara aðrar leiðir.

Síðan stendur upp úr hverjum þingmanni stjórnarliða og þá sérstaklega framsóknarmönnum: „Hvað ætlið þið að gera?" Frjálshyggjutónninn er nú farinn að dvína ansi mikið hér í orði miðað við aðgerðir ríkisstjórnarinnar, hvernig hún stendur í málum yfir höfuð. Er það ekki markmið ríkisstjórnarinnar að draga sig út úr atvinnurekstri og skapa umgjörð til þess að aðrir geti stundað atvinnu?

Síðan er rætt um það hér og menn eru krafnir svara um það hvaða verksmiðju þeir ætli að byggja. Ég held að hv. þingmenn sem tala svona geri sér ekki nokkra grein fyrir því hvernig landið liggur úti um land. Landið liggur þannig að menn eru með tillögur og hugmyndir í bunkum til þess að fara í gang með ýmsa starfsemi. Það hefur margoft komið fram hérna í þinginu að það sem stendur þessum tillögum fyrir þrifum er vöntun á fjármagni. Atvinnuþróunarfélögin úti um allt land eru með alls konar hugmyndir um atvinnuuppbyggingu, öllsömul, hvar sem þau eru á landinu. Þetta vitum við öll.

Það er einmitt þessi sýn sem við höfum, þ.e. sú sýn að gera fólkinu í landinu mögulegt að byggja atvinnurekstur við sitt hæfi á eigin forsendum. Og það er makalaust að þurfa að snúa út úr hlutunum eins og hæstv. iðnrh. gerir, byggðamálaráðherrann, með því að telja að það séu sýndarmennskutillögur.

Hvernig hefði t.d. verið háttað í atvinnumálum Hríseyinga eða Ólafsfirðinga ef atvinnuþróunarfélagið á svæðinu hefði haft þótt ekki væri nema nokkra tugi milljóna til að styðja þær hugmyndir sem upp komu þegar að kreppti í atvinnumálum á þessum stöðum? Þar var verið að tala um smápeninga, 10 millj. t.d. á öðrum staðnum og enginn möguleiki á að verða við því. Ég frábið mér, hér á hinu háa Alþingi, að menn tali og meðhöndli tillögur sem eru settar fram í einlægni á þann hátt sem byggðamálaráðherra gerir.

Það er flott að geta staðið hér og verið kokhraustur, sérstaklega framsóknarmenn, sem dag eftir dag, mánuð eftir mánuð, eru að breyta grunnstoðkerfisfyrirtækjum landsins í óhag fyrir landsbyggðina. Hlutafélagavæðing bankakerfisins er hluti af þessu stóra vandamáli landsbyggðarinnar. Við vitum það öll sem hér erum að þar eru nú húsbændur sem hafa ekki áhuga á nýrri atvinnuuppbyggingu úti á landi. Þess vegna verða þeir sem breyta hlutunum á þennan hátt, t.d. hvað bankana varðar, að gjöra svo vel að koma með tillögur til mótvægisaðgerða. Ég vil taka það fram að ég vildi ekki hlutafélagavæða bankana og minn flokkur vildi það ekki. Við vildum beita pólitískri stýringu og það eru mörg dæmi um að menn beiti pólitískri stýringu í opinberum banka til að ná markmiðum sínum um uppbyggingu. Af hverju erum við t.d. í Norræna fjárfestingarbankanum? Hann vinnur á forsendum markaðarins en á að beita afli sínu til þess að ná fram þeim markmiðum okkar að byggja upp ný fyrirtæki og stuðla að atvinnuuppbyggingu á Norðurlöndum. Við höfum notið góðs af því á þeim sviðum þar sem við höfum fengið lán. Þessi ríkisstjórn áttar sig ekkert á því hvað hún er að gera með breytingum sínum. Hún er gjörsamlega sofandi gagnvart afleiðingum gjörða sinna ef hún kemur ekki með neinar mótvægisaðgerðir.

Hlutafélagavæðing Símans, hlutafélagavæðing Póstsins, þetta er allt farið að hafa þau áhrif að draga úr möguleikum fólks á landsbyggðinni, í fyrsta lagi til atvinnu og náttúrlega dregur þar í öðru lagi úr þjónustu. Ég fullyrði það, virðulegi forseti, að í öllum öðrum löndum væri búið að leggja tillögur til mótvægisaðgerða ef menn ætluðu sér í þessa einkavæðingu, þ.e. ef menn væru meðvitaðir um það sem þeir eru að gera sem hæstv. ríkisstjórn ætti að vera. Efnahagsbandalagið hefur gripið til mótvægisaðgerða í hjarta Evrópu, suður í Bayern, vegna þess að þeir hafa þar t.d. dregið úr málmiðnaði. Það örlar ekki á svona tillögum hjá hæstv. ríkisstjórn. Hér má allt reka á reiðanum.

Þó vil ég segja eitt. Það er ein nefnd sem áttar sig á því til hvers hennar tillögur leiddu. Það er sú nefnd sem um daginn skilaði meirihlutaáliti til ríkisstjórnarinnar og hv. Alþingis um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Þeir áttuðu sig á því að samþjöppun og fækkun fyrirtækja ásamt vélvæðingu mundi leiða til þess að störfum fækkaði á landsbyggðinni. Hvað gerðu þeir? Þeir leggja til í þeirri tillögu sinni að 350–500 millj. kr. verði árlega varið til að byggja upp atvinnulíf í öðrum atvinnugreinum en sjávarútvegi, í þeim byggðarlögum sem treyst hafa á sjávarútveg. Þetta er það eina sem maður hefur séð í þessu samhengi sem ber vott um að menn séu meðvitaðir um afleiðingar þess að fækka fyrirtækjum og stækka þau. Hins vegar er ekki um neinar mótvægisaðgerðir frá hæstv. ríkisstjórn að ræða. Þessi vinnubrögð eru algjörlega óásættanleg. Hvert ár kemur skýrsla um að hlutirnir fari heldur á verri veg hvað landsbyggðina varðar.

Virðulegi forseti. Svona tillögur eru ekki sýndarmennskutillögur. Það er ekki boðlegt á hinu háa Alþingi að skensa Vinstri hreyfinguna – grænt framboð með aulalegum bröndurum um hundasúrur og þess háttar. Ég hélt að Framsfl. vildi hyggja að jarðargróðanum og ég hélt að þingmenn Framsfl. vissu að t.d. lyfjaiðnaðurinn er nú um stundir okkar þriðji stærsti vaxtarbroddur, að því er ég best veit. Vita hv. þm. ekki að jarðargróður er undirstaða alls lyfjaiðnaðar? Það er illa komið fyrir okkur hv. þm. ef við gerum okkur ekki grein fyrir einföldustu hlutum.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, 169. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 170.

Útlán opinberra sjóða til nýbyggingar íbúðarhúsnæðis, 164. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 165.

Þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis 1990–2000, 163. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 164.

[17:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er naumast hvað það hefur farið fyrir brjóstið á hv. þm. og öðrum hv. þm. Vinstri grænna að þessi tillaga þeirra skyldi gagnrýnd á hv. Alþingi. Það er undarlegt að þeir skuli ekki þola aðeins meira í umræðunni, miðað við þau stóru orð sem þeir yfirleitt nota.

Það er augljóst af þeirri umræðu sem fram hefur farið — og henni er engan veginn lokið — að hv. þm. Vinstri grænna sjá þjóðfélagið allt öðruvísi fyrir sér en a.m.k. sú sem hér stendur. Það er eins og þeir geri sér enga grein fyrir því hvernig er að reka ríkissjóð. Það eiga að vera til peningar í ríkissjóði til þess að deila út án tillits til þess hvort ríkissjóður fær einhverja peninga inn. Og hv. þm. sem hér talaði áður, formaður Vinstri grænna, var undrandi á að við skyldum ekki vera glöð yfir að fá þennan mikla stuðning frá Vinstri grænum við að leggja meira fjármagn til byggðamála.

Hverjum hefur nokkurn tíma dottið í hug að Vinstri grænir væru á móti útgjöldum úr ríkissjóði nema að því leyti að þeir eru á móti því að halda NATO-fund vegna þess að þeir eru náttúrlega enn tengdir hinum gamla tíðaranda frá því að Alþýðubandalagið var til? Þeir vilja vera á móti NATO en annars eru þeir alltaf tilbúnir að styðja útgjöld ríkisins en koma aldrei með tillögur um tekjur. Svona sjónarmið og svona hugsunarhátt þoli ég ekki því það verður að ætlast til þess af hv. þm. að þeir hafi einhverja heildarmynd þegar þeir tala um svo viðkvæm stjórnmál sem byggðamál. Af því að hv. þm. talar um að aldrei séu neinar mótvægisaðgerðir skal *ég svara því í síðari ræðu minni.*

[17:52]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það færi nú betur á því að hæstv. iðnrh., byggðamálaráðherrann, styddist við einhverja heildarmynd. Ég er ansi hræddur um að verk hennar sýni að sú heildarmynd er ekki til staðar. Það var það sem ég ræddi hvað mest um í ræðu minni. Enn og aftur leyfir hæstv. ráðherra sér að halda því fram að við séum óábyrg í fjármálum og vitum ekki hvaðan þessir peningar eigi að koma.

Var ekki verið að samþykkja 300 millj. kr. aukafjárveitingu út af einkavæðingardekrinu? Er ekki verið að nota hundruð milljóna til undirbúnings atvinnustarfsemi sem við viljum ekki sjá? Þetta er spurning um sýn okkar á tilveruna. Eðlilega mundum við, á grunni skoðana okkar, virðulegi forseti, veita þessum fjármunum, sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra nota í annað, í farveg sem við teljum til heilla til framtíðar er litið. Hvað halda menn að allt þetta brölt kosti, undirbúningurinn, þ.e. vinnan, með tilliti til fjármála og skipulags og síðan beinharðar framkvæmdir eins og orku- og iðjuvegir? Þetta er allt spurning um sýn manna og hvernig menn vilja þróa samfélagið. Það er eins og hæstv. ráðherra og hennar flokksmenn í Framsfl. haldi að ef ríkið komi ekki inn með beinar aðgerðir í uppbyggingu á stóriðju og virkjunum verði bara drómi yfir samfélaginu.

Hafa menn í Sjálfstfl. og Framsfl. virkilega enga trú á möguleikum almennings og félagasamtaka þeirra til að stunda hér atvinnuuppbyggingu? Þá er mér illa brugðið.

[17:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom við hv. þingmann að ég skyldi halda því fram að vinstri grænir væru óábyrgir í fjármálum en hann gat ómögulega rökstutt hið gagnstæða í máli sínu. Ég leyfi mér því að halda því fram áfram að þeir séu óábyrgir í fjármálum.

Hann talaði í fyrri ræðu sinni um pólitíska stýringu í bönkum. Það er í sjálfu sér í andstöðu við það sem formaður þingflokks Vinstri grænna sagði síðasta vetur, að ekki ætti að stýra bönkunum pólitískt — þeir ættu að vera í eigu ríkisins. Þegar ég spurði hann hvernig ætti þá að ákveða þessa stefnu í bönkunum, þessum góðu bönkum sem áttu að vera í eigu ríkisins, ef stjórnunin ætti ekki að vera pólitísk þá hafði hann engin svör við því. Kannski getur hv. þm. frætt mig um þetta.

Hann segir að nota eigi þessa peninga, sem ég sé að nota á degi hverjum og eru þá væntanlega notaðir í eitthvað rangt, í aðgerðirnar sem þeir leggja til. Ég bið hv. þm. að benda mér á hvað er rangt við það sem ákveðið er að leggja fjármagn í undir mínum ráðuneytum. Það er eins og hv. þm. átti sig ekki á því að ástæða þess að við mælum með því að farið verði í stóra Noral-verkefnið fyrir austan er að fjárfestar eru tilbúnir að fjárfesta í verkefninu.

Hvað virkjunina varðar er það einfaldlega þannig að með þeim orkusamningi sem í undirbúningi er og allar líkur eru á að gangi upp fær Landsvirkjun greiddan allan þann kostnað sem hún hefur lagt í út af virkjuninni. Sá kostnaður sem núna verður af framkvæmdum fæst greiddur til baka þegar þessar framkvæmdir eru komnar í gang. Það er ekki eins og ríkissjóður sé að leggja allt þetta fjármagn í þetta verkefni. Hv. þm. ætti að vera búinn að átta sig á því.

[17:57]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi pólitíska sýn í bankakerfinu þá hélt ég að ég hefði skýrt hana ágætlega með því að taka sem dæmi Norræna fjárfestingarbankann. (**Gripið fram í**: Snýst þetta ekki um íslenska bankakerfið?) Þar er viss pólitísk sýn og það er ekkert að því að taka dæmi frá útlöndum þar sem vel hefur tekist til. Ég er bara að tala um það, virðulegi forseti, að nota peningana í annað. Ég hélt að það hefði verið mjög skýrt í máli mínu. Ég er bara að tala um að ef menn hafa ekki sömu stefnu í uppbyggingu atvinnumála og ríkisstjórnin þá gera þeir tillögur um annað. Hæstv. byggðamálaráðherra er náttúrlega fullkunnugt um að til undirbúnings þessum málum hafa verið veittar gríðarlegar fjárupphæðir á undanförnum árum. (**Iðnrh.**: Það kemur allt til baka.) Við vitum það öll. Fæst allt til baka, segir hæstv. byggðamálaráðherra en það er ekki í hendi enn þá. Það er búið að setja gríðarlega peninga í þetta.

Við höfum í okkar málflutningi talað fyrir annarri sýn varðandi uppbyggingu atvinnu í landinu. Menn þurfa ekki að halda, eins og ég sagði í ræðu minni, að hugmyndir manna um uppbyggingu komist ekki í framkvæmd þótt ekki sé unnið að því hörðum höndum, miðstýrt héðan frá Reykjavík, að byggja stóra verksmiðju þar sem í kringum þúsund manns geta unnið ef allt er til talið. Það er bara ekki þannig.

Eyjafjörður beið eftir álveri í 15–20 ár. Ég veit ekki til þess að menn hafi hætt að hugsa þar heila hugsun þótt

sú verksmiðja hafi ekki komið. Ég veit ekki til annars en atvinnumálin hafi gengið bærilega þrátt fyrir það.

[17:59]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Út af því sem hv. þm. sagði nú síðast vil ég minna á að samkvæmt hans eigin tillögum um sjávarútvegsmál er gert ráð fyrir að hlutur togara verði skertur um 20%, sem þýðir að skera eigi niður fimmta hvern togara í Eyjafirði. Kannski er kominn tími til að fara að hugsa að nýju um álver þar um slóðir ef fólkið á ekki að þurfa að hrökklast burtu.

Ég verð að biðja hv. 3. þm. Norðurl. e. afsökunar á því að ég hafði mislesið tölur eins og ég geri stundum. Ég áttaði mig ekki á að hugmyndin væri að veita 400 millj. á ári í 6 ár og það ætti að veita 1,2 milljörðum kr. til Austurlands áður en farið væri að huga að öðrum fjórðungum í þessum tillögum. Eins og þessi tillaga er sett fram liggur beinast við að skilja það á hinn veginn. Þetta kemur mér satt að segja nokkuð á óvart. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Árangur og framvinda verkefnisins verði metin áður en tímabilið er hálfnað og í ljósi þess verði öðrum landshlutabundnum átaksverkefnum hrundið af stað."

Þetta skil ég svo að það eiga að bíða þess að tímabilið sé hálfnað áður en farið er í átaksverkefni í öðrum landsfjórðungum. Það þýðir þá á máltu máli að það á að veita 1,2 milljörðum kr. til Austurlands samkvæmt þeirra hugmyndum áður en menn fara að gefa sig að öðrum fjórðungum. Það má auðvitað segja að þetta sé að beina sjónum sínum til Austurlands og er auðvitað ekkert nema gott um það að segja að hv. þingmenn vilja standa vel að þeim fjórðungi. Til þessa hefur ekki hallast á því að ýmsir aðrir þingmenn hafa mjög beint sjónum sínum að öðrum fjórðungum án þess að hugsa um landið í heild.

Ég vil vekja athygli á því sem hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármagn það sem veitt er til átaksverkefnisins skal ekki nota til framkvæmda sem eru á föstum fjárlagaliðum ríkis og sveitarfélaga."

Ég held að mjög nauðsynlegt sé að hafa þetta mjög skýrlega í huga þar sem við erum að tala um tæpa 10 milljarða kr. Við hugsum okkur að 2,4 milljarðar kr. fari í hvern fjórðung, sem ég veit ekki hvort er hugsun flutningsmanna. Þetta er að sjálfsögðu verulegt fé. Hér er verið að tala um þau hagnýtu verkefni sem bíða úrlausnar á Austurlandi, með leyfi forseta, og sagt að féð mætti nýta til þess:

„Að koma á styrktarkerfi fyrir nýsköpunar- og þróunarverkefni sem tengt væri frumatvinnugreinunum, setja á stofn sérstök þróunarverkefni í sjávarútvegi og landbúnaði og sinna uppbyggingu rannsóknaumhverfis og kerfis er lyti ekki síst að hagnýtum rannsóknum."

Auðvitað eru þetta áhugaverð verkefni og væri mjög gott ef flutningsmenn gætu skýrt nánar hvaða sérstök þróunarverkefni þeir hafa í huga í sjávarútvegi og landbúnaði fyrir austan. Þeir leggja höfuðáherslu á að byrja þar og nefna þetta fyrst, þ.e. frumatvinnugreinarnar. Því væri mjög gott og upplýsandi ef hægt væri að fá um það nokkru nánari upplýsingar. Um leið vek ég athygli á að á þessu svæði — því að rætt er um ferðaþjónustu — strandar mest á samgöngum. Það er t.d. bent á nauðsyn þess bæði fyrir Austurland og Norðausturland að vegur komi niður með Jökulsá á Fjöllum vegna þess að Dettifoss hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. En í þessari tillögu er sem sagt ekki gert ráð fyrir því að fara í annað kjördæmi og þaðan af síður gert ráð fyrir því að einni einustu krónu af þessum tæpu 10 milljörðum verði varið til þess að greiða fyrir samgöngum, flýta uppbyggingu vega eða með öðrum hætti greiða fyrir ferðaþjónustunni. Maður áttar sig því ekki alveg á því hvað þessir hv. þm. hafa í huga í sambandi við ferðaþjónustuna.

Herra forseti. Ég verð að segja að í fyrstu verkar þessi tillaga þannig á mig að hv. þm. séu að reyna að gera það sama og KR í gamla daga, að bjarga í horn í þeirri erfiðu stöðu sem þeir eru í nú varðandi Austfirðinga með því að leggjast af alefli gegn því að ráðist verði í Kárahnjúkavirkjun og leggjast af alefli gegn því að álver verði reist við Reyðarfjörð. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að það yrðu óréttlætanleg náttúruspjöll ef ráðist yrði í þá virkjun. Ég man satt að segja ekki eftir því að hann hafi notað önnur orð en náttúruspjöll um allar þær stórvirkjanir sem ráðist hefur verið í hér á landi. Ég hygg að hann hafi — ég veit ekki hvort hann sagði mikið um Búrfellsvirkjun að vísu — en ég hygg að hann hafi ævinlega síðan hann hóf afskipti af stjórnmálum verið andvígur álverum svo að þessi hans afstaða kemur ekki á óvart. Og eins og heyra mátti í ræðu hv. þm. þá taldi hann það eftir að hvert starf í álverinu væri, ég held að hann hafi notað orðalagið „óheyrilega dýrt". Það var a.m.k. sú merking í hans orðum.

Nú er þetta gömul deila, alveg frá því að ráðist var í Búrfellsvirkjun, hvort rétt sé að kosta svo miklu til einstakra starfa eins og gert er í orkufrekum iðnaði, álveri og öðrum slíkum iðnaði. En það er auðvitað um leið spurningin um það hvort við viljum nýta auðlindir landsins og fallvötnin. Ef við viljum nýta fallvötnin til þess að framleiða orku í miklum mæli og hvort við viljum nota þá orku til þess að vinna ál, vetni eða hvað annað sem nefnt er, þá hlýtur ævinlega að vera mikil fjárfesting á bak við hvert starf í orkugeiranum eða iðnaðargeira sem styðst við orku, sem einu sinni var skilgreint stóriðja. Þess vegna lýtur þessi athugasemd hans líka þeim grundvallarágreiningi sem verið hefur milli okkar þar sem ég held því fram að við eigum að nýta fallvötnin til þess að létta okkur stöfin við að hafa það gott og sómasamlegt í landinu til þess að við getum borið okkur saman við önnur lönd. En það gerum við ekki nema nýta orkuna.

Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. að allur byggðavandi leysist ekki með einu álveri á einum stað á landinu. En mér sýnist að þessi tillaga eins og hún liggur fyrir sé þannig fram borin að allur byggðavandi eins og hann er séður af Vinstri grænum eigi að leysast með því að leggja 400 millj. til Austfjarða á ári næstu árin, svo ég átta mig ekki alveg á því hvort sýnin er þá að öllu misjöfn. En við verðum einhvers staðar að byrja og auðvitað vitum við báðir að álver við Reyðarfjörð mun bæta atvinnuástand þar, breikka atvinnugrundvöllinn og verða til þess að bæta almennt það vinnusiðferði og vinnumóral sem þar er.

[18:07]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hóf ræðu sína á því að segja að tillögur mínar væru til þess fallnar að minnka eða draga úr togaraútgerð í Eyjafirði og þá væri kannski þörf á álveri þar á svæðinu. Ég vil bara benda hv. þm. á að hann hefur ekki lesið tillögurnar mjög gaumgæfilega vegna þess að þar eru ítarlegar tillögur um byggðatengingu og leigu á aflahlutdeildum þannig að það er algerlega ástæðulaust að vera með framsetningu af þessu tagi þegar menn hafa ekkert

kynnt sér hvernig tillögurnar eru upp byggðar og til hvers þær muni leiða. Hins vegar er augljóst að tillögurnar eru þess eðlis að þær geta leitt af sér breytt útgerðarmunstur að einhverju leyti. En ég frábið mér að menn tali svona.

Það er heldur ekki rétt að Vinstri grænir vilji ekki nýta fallvötnin eins og margoft hefur komið fram í málflutningi okkar í þinginu. Hvenær höfum við sagt það? Við höfum aldrei sagt það. Við höfum hins vegar skoðanir á því til hvers eigi að nota þá orku sem er virkjuð. Við höfum alla tíð sagt að við vildum ekki virkja fallvötnin eða gufuaflið til þess að knýja fram mengandi stóriðju. Það er ekkert samasemmerki á milli þess og að segja að við séum á móti því að virkja fallvötnin. Það er bara firra. Við viljum bara að gera það til annarra nota og við höfum margoft tekið það fram í málflutningi okkar í þinginu, mörgum sinnum. Þetta eru því útúrsnúningar.

[18:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að tillögur hans fælu það í sér að þær mundu e.t.v. breyta útgerðarmunstrinu, eins og hann orðaði það, en á hinn bóginn mundu togararnir halda sínum hlut. Hvernig hugsar hann sér þá breytt útgerðarmunstur?

[18:09]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg furðulegt að upplifa það á hinu háa Alþingi hvað eftir annað að þeir sem kenna sig við *frjálsræði og frjálshyggju krefja okkur ævinlega um* rekstrarplön fyrir fyrirtæki á Íslandi. Ég vil bara minna hv. þm. á, úr því að við erum að tala um Eyjafjörð, að þar eru duglegir útgerðarmenn. Heldur hv. þm. að ég ætli að gefa þeim formúlu fyrir því hvernig þeir eigi að reka sín fyrirtæki? Þvílík fásinna, þvílík gamaldags framsetning. Er árið 1960? Það er bara ekki þannig.

Duglegir útgerðarmenn vinna eftir þeim lögum og reglum sem hið háa Alþingi setur og þeir finna hverju sinni þá leið sem þeim þykir henta sínu fyrirtæki, auðvitað. Okkar hlutverk er að búa til ramma og hafa sýn. Ég hélt að menn á hinu háa Alþingi vissu það. Við eigum ekki að hræra í grautarpottinum hjá hverjum og einum. Það er ekki okkar hlutverk. Ef hafragrauturinn hleypur í kekki hjá einhverjum úti í bæ þá er það hans vandamál vegna þess að hann hefur ekki hrært í pottinum.

[18:11]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakkaði nú guði fyrir að hv. þm. talaði um hafragraut en ekki fjallagrasamjólk. Ef ég skildi andsvar hv. þm. rétt, þetta síðara andsvar, þá staðfesti það það sem ég sagði að hugmynd hans er ekki að taka afla af togurunum við Eyjafjörð og hann vill halda að því leyti óbreyttu útgerðarmynstri þar. Mér heyrðist hann vera að staðfesta þann skilning sinn.

[18:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. Halldór Blöndal hefur að því er virðist gagnrýnt tillöguna fyrir það að hún eigi ekki að taka til annarra landshluta jafnframt nógu fljótt, þá er að sjálfsögðu rétt og skylt að ræða það. Ég tók það fram í ræðu minni að við sæjum það fyrir okkur að innan tveggja til þriggja ára væri hægt að hrinda úr vör verkefnum á öðrum svæðum. Ef menn vilja byrja enn fyrr, ef hv. þm. Halldór Blöndal telur ástandið í byggðamálum svo slæmt — og ég get út af fyrir sig deilt með honum þeirri meiningu — að það þurfi að grípa til aðgerða fyrr og um allt land, þá skulum við endilega ræða það. Ekki mun standa á okkur. Við erum einmitt að bjóða stuðning við það að farið verði í stórátak í þessum efnum.

Já, það er rétt að frumgreinarnar landbúnaður og sjávarútvegur og möguleikar þeim tengdir við úrvinnslu og ýmiss konar virðisaukandi starfsemi tengda þessum frumgreinum eru nefndar í tillögunni. Af hverju skyldi það nú vera? Er ekki líklegt að möguleikar landsbyggðarinnar sem byggja ekki síst á þessum tveimur megingreinum, alla vega strjálbýlisins og byggðakeðjunnar við sjávarsíðuna, liggi fólgnir í ýmsum hlutum sem tengjast eðlilega þessum höfuðatvinnugreinum svæðanna? Auðvitað er það svo. Þar er til staðar margs konar þekking og aðstaða sem er hægt að nýta og er verið að reyna að nýta í ýmiss konar virðisaukandi starfsemi og menn mættu hafa meiri stuðning við það.

Það er rétt að ég er enginn sérstakur stuðningsmaður stóriðjuframkvæmda almennt. En ég áskil mér rétt til að skoða hvert einstakt tilvik í þeim efnum og hef reynt að gera það. Sama gildir með virkjanir. Ég hef ekki lagt stein í götu þeirra og hef getað stutt margar virkjanir sem hér hefur verið farið í af því að það hefur vantað rafmagn, samanber stækkun Kröflu, Vatnsfellsvirkjun, Sultartangavirkjun, eðlilegar virkjanir sem hafa sér samfara enga eða ekki umtalsverða viðbótarröskun í náttúrunni og voru eðlilegir kostir að taka. En það þýðir ekki að ég skrifi upp á hvað sem er. Það hroðalega við þá nauðhyggju sem hér er rekin áfram er að menn vaða blint áfram án tillits til þess hvaða umhverfisáhrif eru af þeim framkvæmdum sem í hlut eiga hverju sinni.

Það er hægt að hugsa sér margs konar stóriðju sem notar m.a. orku og mikinn mannafla þar sem hvert starf kostar ekki jafnmikið og í þessari álbræðslu sem þeir sjá eina.

[18:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ræddi almennt um tillöguna eins og hann hafði áður gert og aðrir flutningsmenn hennar. En ég var að spyrja um sérgreint atriði. Ég var að spyrja hvort hann gæti skýrt fyrir þingheimi hvað hann ætti við þegar stendur í greinargerð með tillögunni, með leyfi hæstv. forseta:

„... setja á stofn sérstök þróunarverkefni í sjávarútvegi og landbúnaði ...“

Mér fyndist auðvitað mjög gagnlegt ef slíkt kæmi fram. Við erum annars vegar að tala alveg skýrt um að styrkja atvinnulíf á Austurlandi með þeim hætti sem meiri hluti Austfirðinga leggur áherslu á. Það er alveg rétt sem gefið er í skyn í greinargerð með þessari tillögu að Austfirðingar yrðu fyrir miklum vonbrigðum og við getum sagt áfalli ef svo færi að ekki yrði ráðist í stóriðjuframkvæmdir við Reyðarfjörð.

Ég er alveg sammála flutningsmönnum um að þær vonir sem fólk hefur um styrkari og breiðari atvinnugrundvöll eru miklar og þess vegna áfall ef þær vonir verða að engu. Með hliðsjón af því yrði gagnlegt ef flutningsmaður gæti talað skýrar um það sem hann ber fyrir brjósti. Ef á bak við þessa tillögugrein eru bara þessar almennu vangaveltur sem við höfum verið með um byggðamálin síðasta áratuginn, líka þegar þessi hv. þm. var í ríkisstjórn, þá er það nú ekki virkilega bitastætt. Ég hygg því að flestir séu okkur sammála um að óhjákvæmilegt sé að við ráðumst í byggingu álversins.

[18:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þróunin í þessari umræðu er auðvitað mjög merkileg sem er vegna þess hvernig stuðningsmenn þessara álversframkvæmda stilla hlutum upp, að ef þetta álver rísi ekki og þeir sem ekki gagnrýnislaust skrifa upp á það, þeir eigi þá að birta lista, upptalningar yfir önnur fyrirtæki. Og er þetta þá ekki gagnkvæmt? Vill þá ekki hv. þm. Halldór Blöndal og stuðningsmenn stjórnarliðsins birta okkur lista yfir verksmiðjur, skilgreindar eftir tegundum starfsemi sem þeir telja að eigi að reisa á öðrum stöðum á landinu?

Er þetta ekki gamli tíminn þegar menn tóku miðstýrðar ákvarðanir um að hér skyldi rísa niðursuðuverksmiðja, þarna skyldi prjóna sokka o.s.frv. Ég hélt að við værum að reyna að komast frá þeim tíma og markmiðið væri að skapa hagstæð skilyrði og leggja grunn og undirstöðu undir fjölbreytt og gróskumikið atvinnulíf. Þannig nálgast menn þetta orðið hjá öðrum þjóðum. Við sitjum hér föst með einhverja gamla arfleifð sem leiðir af þessari ofurtrú á stóru, miðstýrðu pakkalausnirnar, og gekk að hluta til aftur í niðurstöðu meiri hluta endurskoðunarnefndar sem ætlar að láta fjögur ráðuneyti í Reykjavík með eyrnamerktum peningum byggja upp atvinnulíf í staðinn fyrir sjávarútveginn sem menn viðurkenna að er að hrynja niður á grundvelli óbreyttrar stefnu.

Ég gæti reynt að telja upp, ef ég hefði meiri tíma, ýmis tækifæri tengd landbúnaði og sjávarútvegi. Menn hafa verið að reyna að koma upp kítínverksmiðjum til að framleiða verðmæti úr rækjuskel, kræklingaeldi, menn hafa af veikum mætti verið að reyna að prófa kúfiskveiðar á norðausturhorni landsins og ekki fengið merkilegan stuðning til þess, hafa mátt berjast um á hæl og hnakka til að fá eðlilega lánafyrirgreiðslu, t.d. í bönkum, til að byggja skip o.s.frv. til þeirra veiða.

Í landbúnaðinum hafa menn verið að reyna að þróa ýmsa möguleika tengda ferðaþjónustu og afþreyingu, lífræna ræktun, skógrækt, að komast í að upprunamerkja vöru þannig að hægt væri að bjóða upp á fjölbreyttara úrval upprunamerktrar vöru af ýmsum toga, hágæðavöru, o.s.frv. Ég get út af fyrir sig búið til lista fyrir hv. þm. ef það er það sem málið snýst um.

[18:18]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Kítínverksmiðja hefur risið á Siglufirði. Ég er nú ekki sannfærður um að hægt sé að reisa slíka verksmiðju hringinn í kringum landið og búast við því að hver og ein þeirra fái nægilegt hráefni. Ekki þýðir nú að hugsa þannig. Ég held að menn verði að hafa eitthvað víðari sjóndeildarhring en það.

Herra forseti. Það sem liggur fyrir og býr á bak við þessa tillögu er að flutningsmenn hafa hafnað þeirri leið að nýta fallvötnin á Austurlandi til að byggja þar upp atvinnu. Þeir hafa hafnað þeirri leið að nota og nýta auðlindir Austurlands fyrir það fólk sem býr á Austurlandi. Það er það alvarlega í þessu máli. Auðvitað vitum við, eins og ég sagði áðan, gamlir þingmenn að norðan, að hv. þm. hefur verið á móti álveri við Eyjafjörð. Ég hafði satt að segja ekki búist við að hann yrði með jafnmiklum ákafa á móti álveri á Austurlandi.

Þegar við erum að ræða um að reisa háskóla, og hér stendur að ekki megi nota þessa fjármuni til framkvæmda sem eru á föstum fjárlögum ríkisins, skiptir miklu máli að margt fólk búi á Austurlandi, þar séu háskólamenntaðir menn og þannig umhverfi. Þar sé mikil verkkunnátta og verkþekking, og auðvitað mundi álver styrkja þá hugmynd en ekki draga úr henni. Þannig að fyrsta skrefið til að ná þeim markmiðum sem hv. þm. vilja ná með þessari þáltill., og þau markmið eru út af fyrir sig göfug, er auðvitað að byggja á þeim möguleikum sem við höfum, hvar sem þeir eru. Og þá er vænlegasti og besti möguleikinn álver við Reyðarfjörð. Það er alveg gefið mál að hver sá þingmaður sem leggst gegn þeirri framkvæmd missir mikið traust á Austurlandi.

[18:20]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem átt hefur sér á stað á hinu háa Alþingi um þá þáltill. sem hér liggur fyrir hefur um margt verið góð. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er sem landsbyggðarmaður mjög hlynntur svæðisbundinni byggðastefnu og hef reynt að tala fyrir henni og tel að við Íslendingar eigum að fara meira út í þá framkvæmd og tileinka okkur það sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar í fjöldamörg ár í byggðamálum og nálgast þetta á þann hátt.

Ég bíð mjög spenntur eftir nýjum tillögum um byggðaáætlun. Þegar ég segi svæðisbundin byggðastefna þá á ég auðvitað við það að ef menn komast að þeirri niðurstöðu að byggðastefna gagnvart Vestfjörðum sé best þannig að þar verði efld smábátaútgerð, þá er það hið besta mál. Og þá ætti auðvitað að stuðla að því og ef menn komast að þeirri niðurstöðu að smábátaútgerðin gangi vel í staðinn fyrir togaraflotann sem var í upphafi þess tímabils, þá er það hið besta mál.

Í rauninni má segja að menn hafi beitt svæðisbundinni byggðastefnu gagnvart Eyjafirði. Menn hafa gert Eyjafjörð að miðstöð menntunar á landsbyggðinni, byggt þar upp háskóla og annað, og er hið besta mál. Sama má segja um Miðausturland, ef menn komast að þeirri niðurstöðu að þar sé hægt að byggja álver vegna þess að skilyrði eru hagstæð í Reyðarfirði, þá er það hið besta mál. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef verið mjög skotinn í þeirri hugmynd og er hlynntur henni, þó að ég hafi ákveðna fyrirvara sem ég ætla að koma hér að á eftir.

Í byggðamálum þyrftum við Íslendingar, eins og ég sagði áðan, að notfæra okkur það sem gefist hefur vel annars staðar. Ég held að það sé úrelt dæmi í sambandi við styrki að gera það á þann hátt sem lagt er til í þáltill. þar sem gerð er tillaga um að 400 millj. kr. verði veittar til Austurlands, og vil leyfa mér að spyrja hv. flutningsmenn tillögunnar: Hvað með Vestfirði og hvað með Norðurland vestra? Ekki er nú byggðavandinn minni þar en á Austurlandi? Af hverju er það ekki tekið með í þessu dæmi?

Síðan langar mig að spyrja þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Hvers vegna er átakið nú allt í einu komið niður í 400 milljónir á ári? Vegna þess að í till. til þál. sem flutt var í upphafi þessa kjörtímabils, árið 1999, um sérstakar aðgerðir í byggðamálum sem þingflokkur Vinstri grænna lagði til, var það hvorki meira né minna en 5 milljarðar á ári. (**SJS:** Hvað var það?) 5 milljarðar. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að tillaga eins og sú sem ég er hér að vitna í, ég held að hún skemmi fyrir byggðaumræðu í landinu og hafi gert það vegna þess að þegar menn eru að setja niður hina og þessa punkta um milljón þar og 500 milljónir hér o.s.frv., sé það ekki byggðamálaumræðunni til framdráttar.

Ég hefði, herra forseti, viljað sjá tillögur um það t.d. — eins og ég ræddi um vegna tillögu um skattapakka ríkis-

stjórnarinnar um tryggingagjald — að lagt væri á misjafnt tryggingagjald eftir landshlutum líkt og Norðmenn eru búnir að gera í mörg ár, og jafna þar með rekstrarskilyrði fyrirtækja milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Þess má geta að fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni er töluvert erfiðari og skattatillögurnar núna eru eingöngu í þá veru að íþyngja fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni en ekki létta, vegna þess að mjög fá fyrirtæki fá skattalegan ávinning af lækkun tekjuskatts og eignarskatts.

Benda má á skattatillögu sem formaður Samfylkingarinnar hefur flutt um sprotafyrirtæki, þ.e. að leggja lægri skatta á fyrirtæki sem eru að hasla sér völl t.d. í þekkingariðnaði. Ég hef flutt þáltill. um þungaskattinn sem kemur ákaflega illa út fyrir atvinnurekstur á landsbyggðinni og frá 1998 eru til útreikningar um að þungaskattur hefur hækkað um allt að 40–45% frá 1998 þegar um lengstu vegalengd er að ræða eins og austur á land. Þungaskatturinn íþyngir fyrirtækjum mikið úti á landi og skekkir samkeppnisstöðu þeirra. Um þetta hef ég flutt þáltill. og sú tillaga verður flutt von bráðar með smáviðbót á þessu þingi.

Nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa einnig flutt tillögu um að athuga með svokallaða stofnstyrki sem er nokkuð sem tíðkast hefur í Evrópu og í Noregi í mörg ár. Norðmenn tóku þetta upp þegar þeir höfnuðu Evrópusambandsaðild. Þeir nota stofnstyrki og gera miklar arðsemiskröfur að vísu. Og ef fyrirtækjahugmynd og fyrirtækjastofnun fer í gegnum alla þá síu er hægt að veita stofnstyrki. Það væri virkilega þörf á að gera það.

Við höfum talað um flutning á fjarvinnslustarfsemi út á land. Ég vil aðeins benda á að fjarvinnsla hefur sennilega aðeins gengið á einum stað á landinu og það er á Siglufirði, hjá Sparisjóði Siglufjarðar sem er þar með mikla og öfluga starfsemi í samráði við Kaupþing í Reykjavík. Forstjóri Kaupþings og aðrir hafa lýst því að sú starfsemi sé mjög góð og af hinu góða. Það vantar að ríkið komi á eftir og flytji eitthvað af sínum störfum út á land. Og má minna á loforð hæstv. forsrh. og annarra um flutning Hagstofuverkefna til Ólafsfjarðar sem ekki urðu að veruleika. Um það höfum við fjallað, bæði þegar verið var að ræða um sölu á Landssímanum og annað, að hægt er að gera margt til að auðvelda fyrirtækjum á landsbyggðinni slíkan rekstur og styrkja hann en flutning þarf.

Ég spyr einnig, hvað með Byggðastofnun? Mér finnst Byggðastofnun ákaflega hölt og lömuð um þessar mundir og ég hef einhvern veginn á tilfinningunni að hún sé í miklu fjársvelti og eitthvað mikið sé að. Ef til vill er það bara ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna sem gerir það að verkum að Byggðastofnun er að drabbast niður.

Herra forseti. Margt gott kemur fram í greinargerðinni og öðru sem tillögunni fylgir og hér er flutt. En mér finnst samt mjög skrýtið og endurtek því spurningu mína um það: Hvers vegna að veita eingöngu 400 millj. kr. til Austurlands í sex ár, hvers vegna ekki í önnur kjördæmi? Sannarlega er mikið vandamál á öðrum stöðum. Eða er það eins og mig grunar, að verið sé að veifa einhverjum rúsínum eða gulrótum í andlit Austfirðinga vegna þess hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur komið fram sem andstæðingar fyrir atvinnuuppbyggingu á Miðausturlandi, og þá á ég auðvitað við álver?

Ég vil rétt í lokin ítreka það og segi: Ég held að það sé kominn tími til hjá okkur að fara í svæðisbundnar byggðaaðgerðir, að búa til svæðisbundna byggðastefnu. Ekki er þar með sagt að byggðastefnu fyrir Vestfirði skuli endilega kópera fyrir Austurland eða öfugt. Það þarf að taka á þessu miðað við hvert svæði og til þess getum við notað svokallað byggðakort sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.

Herra forseti. Rétt í lokin um atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Ég er hlynntur því að nota og nýta náttúruna og njóta náttúrunnar. Það liggur fyrir núna og um það hefur verið deilt hér hvort framkvæmdir eigi að fara í umhverfismat eða annað. Ég er hlynntur því að allar framkvæmdir fari í umhverfismat. Jákvæð niðurstaða hefur komið fyrir álver á Reyðarfirði. Jákvæð niðurstaða hefur komið fyrir höfn á Reyðarfirði, fyrir línulögnina og vegi að hluta. Kárahnjúkavirkjun er hins vegar í kæruferli og ekkert um það að segja, það er bara lögum samkvæmt. Ég bíð eftir þeirri niðurstöðu en ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, ég er og hef verið ákaflega skotinn í þeirri hugmynd að byggja álver á Reyðarfirði. Reyðarfjörður virðist falla vel til þess og það er hið besta mál, þó að ég hafi ákveðna fyrirvara og um það þarf ég ekki að ræða hér nú vegna þess að verkið er í umhverfismatsferlinu og ýmislegt sem þar kemur fram.

Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að kröfur um ákveðna arðsemi eru náttúrlega algjört grundvallaratriði í því og ég segi einnig hér rétt í lokin að ég held og vona að þegar (Forseti hringir.) umhvrh. úrskurðar í sínu kæruferli þá geti jafnvel komið ýmislegt gott út úr því verkinu til framdráttar.

[18:29]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. Kristjáns Möllers: Hvers vegna ekki Vestfirðir? Við viljum byrja á Austurlandi með þetta sérstaka átaksverkefni, svæðistengt verkefni, og ef hv. þm. les þetta vel þá á að koma til annarra landsfjórðunga eða svæða. En við viljum að þetta verkefni sé metið innan þriggja ára þannig að hægt sé að fara í önnur verkefni með tilliti til þess hvernig hefur gengið. Var fjármagnið nóg, hverju mun þetta skila o.s.frv.?

Við segjum að þetta séu róttækar aðgerðir. Þær eru það vegna þess að það á að grípa inn á mörg svið. Þess vegna eru þær róttækar. Ég fagna öllum þeim tillögum sem koma fram á þingi sem styðja byggð í landinu og ég fagna þeim tillögum frá Samfylkingunni og frá öðrum þingflokkum sem miða í þessa átt. Það er sama hvaðan gott kemur. Ég held að við ættum öll að standa saman að þeim verkefnum sem styrkja byggð í landinu því að það er dýrt að leggja byggðir í eyði og það er dýrt að auka þensluna hér á höfuðborgarsvæðinu.

Varðandi það hvernig fara eigi í þetta verkefni erum við að áætla þarna 400 millj. árlega. Við viljum gjarnan hækka þessa upphæð ef menn eru tilbúnir til þess. Við nefndum hærri upphæð í fyrri þáltill. okkar en það var fyrir landið allt. Nú er þetta svæðisbundið og við töldum okkur vera raunsæ að halda þessu við 400 millj. Það skilar drjúgu ef þær eru notaðar vel í fjórðungnum en það er ekki þar með sagt að sömu upphæð þurfi í aðra fjórðunga eða önnur svæði því að bæði geta verkefnin verið brýnni og svæðin minni. Það þarf bara að meta það í hvert skipti sem átaksverkefni er sett í gang.

[18:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaðist ekki til þess að svar frá hv. 1. flm. þessarar þáltill. kæmi hér í stuttu andsvari. Ég spyr mig hins vegar að því, og spurði þegar ég las þessar tillögur: Hvers vegna eingöngu Austurland? Ég held að það geti

ekkert annað komið út úr því en að þar sé verið, eins og ég segi, að veifa smágulrótum fyrir framan Austfirðinga sem líta þannig á, og hafa reyndar séð það alla tíð, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð berjist gegn þeirri atvinnuuppbyggingu sem þar á að vera í formi stóriðju. Þess vegna get ég ekki lagt annan skilning í það að byrjað sé á Austurlandi vegna þess að, eins og ég sagði áðan, bæði á Norðurl. v. og ég tala ekki um á Vestfjörðum hefur byggðavandinn heldur betur verið og er jafnvel meiri en á Austurlandi og jafnvel öðrum svæðum staðbundnum innan kjördæma. Þess vegna skildi ég ekki hvers vegna ætti að taka Austurland eingöngu út úr og sér, og hef frekar styrkst í því.

Þetta á að meta eftir þrjú ár. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að t.d. Vestfirðir þoli ekki þriggja ára bið með sértækar aðgerðir í byggðamálum. Ég held að það sé ekki hægt að bíða svo lengi. Vandinn þar kallar á skjótar og fljótvirkar aðgerðir. Og ef við ætlum að taka á vanda Vestfirðinga eftir þrjú ár, drottinn minn dýri, hvað verður búið að gerast þá? Að maður tali ekki um nokkur svæði innan Norðurl. v. eða nokkur svæði innan allra annarra kjördæma þannig að ég endurtek það og segi: Ég fagna allri umræðu um byggðamál á hinu háa Alþingi en mér finnast sumar tillögurnar vera þannig að þær séu ekki byggðamálaumræðunni til framdráttar.

Ég lýsti því í ræðu minni áðan hvernig ég hefði viljað fara í gegnum þessi byggðamál með því að fara að hætti Norðmanna og annarra sem menn hafa verið að bera sig saman við og leita í smiðju þeirra og koma með þær aðgerðir sem þar eru. Þær hugnast mér betur en þessar.

[18:33]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst hvers vegna við viljum byrja á Austurlandi. Þar hefur fólksfækkun verið mikil sem og á öðrum stöðum á landinu en einhvers staðar viljum við byrja. Það er ekki hægt að álasa okkur fyrir það að hafa aðra sýn til uppbyggingar byggða í landinu en stóriðjusýnina eina sér.

Ég vildi óska þess að hv. þm. kynntu sér stefnu og strauma í uppbyggingu dreifðra byggða í nágrannalöndum okkar. Við getum farið til Skotlands, við getum farið til Írlands, við getum farið til Norðurlandanna og við getum séð að þeir hafa allt aðrar áherslur en stóriðjustefnuna. Og við höfum fengið að heyra hjá sérfræðingum sem hafa komið frá þessum löndum og sem hafa sinnt byggðamálum að því miður séum við 10–15 árum á eftir okkar samtíð. Við eigum að læra af reynslu þeirra. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekki á móti því að virkja fallvötnin, við erum ekki á móti Austfirðingum, við höfum aðra sýn til byggðaþróunar.

[18:34]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki neinu við þetta að bæta nema ég get sagt að ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. um það sem hún sagði, að við erum 10–15 árum á eftir öðrum í sambandi við byggðamál, og ég fór mjög vel í gegnum það í ræðu minni þar sem ég var að tala um svæðisbundna byggðastefnu, hvort sem þar er verið að tala um tryggingagjaldið, skattamálin, þungaskattinn eða annað, og fjarvinnsluverkefnin sem hefur verið vitnað hér til, bæði á Írlandi og Skotlandi. Að sjálfsögðu hefur verið mikilfengleg atvinnuuppbygging í hinum smáu byggðarlögum þar.

Það hefur e.t.v. líka verið gert í krafti þess að þau lönd eru innan Evrópusambandsins og hafa notið stofnstyrkja þaðan og þess líka að Bandaríkjamenn, bandarísk fyrirtæki, hafa sótt mjög til þessara landa til þess að láta vinna alls konar vinnu í fjarvinnslu. Og það er hárrétt sem hér kemur fram, og ég ætla að taka undir það, að við erum langt á eftir í byggðamálum og það er sannarlega rétt að byggðavandi undanfarinna ára kostar þjóðarbúið mikla peninga.

[18:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi ekki alveg þennan neikvæða tón í máli hv. þm. Kristjáns Möllers því að hv. þm. tók það sérstaklega fram að hann væri stuðningsmaður svæðisbundinna byggðaaðgerða og byggðaáætlana. Það er nákvæmlega það sem þessi tillaga gengur út á. Hann nefndi fordæmi í Noregi og víðar að. Það er einmitt það sem vísað er til í þessari tillögu — við viljum nota þá nálgun í sambandi við þessi mál að horfa á, með fjölbreytni að leiðarljósi, þann grunn sem byggðin þarf að hafa til þess að geta dafnað. Og það er einmitt það sem hefur gefist vel, þ.e. að styðja heimamenn í þeim verkefnum sem þeir vilja beita sér fyrir, styðja þá með öflugum utanaðkomandi stuðningi og það er í sjálfu sér sama hvaðan hann kemur, hvort hann er eyrnamerktur Evrópusambandi eða kemur frá íslenska ríkinu í okkar tilviki. Þetta er allt saman spurning um fjármuni og afl til að gera hlutina og gera þá með réttu hugarfari og nálgast vandamálin á réttan hátt, taka á hinum undirliggjandi orsökum þessa vandamáls sem menn eru sem betur fer í vaxandi mæli að horfa á núna. Þannig hefði ég haldið að hv. þm. ætti einmitt að fagna þessari tillögu.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég fagna hverri einustu tillögu og hverri einustu umræðu sem hér er um byggðamál af því að það er þó til marks um það að menn eru meðvitaðir um vandamálið. Menn vekja á því athygli og menn eru að kalla eftir umræðum um það. Mér er alveg nákvæmlega sama hvort tillögurnar eru fluttar af Samfylkingunni eða einhverjum öðrum þannig að það voru vonbrigði að heyra hv. þm. ónotast svona út í þetta af þeirri einu ástæðu að þeir sem á bak við tillöguna standa eru ekki stuðningsmenn þessarar tilteknu stóriðju, sem er auðvitað ekki aðalatriði þessa máls. Hitt er ljóst að ein ástæða þess að okkur ber niður á Austurlandi fyrst er að okkur er vel ljóst að þar hafa risið væntingar sem munu þýða, ef ekki verður af neinum framkvæmdum, að þar er umtalsverð hætta á bakslagi. Það er reyndar eitt af því sem ég og margir fleiri höfum nefnt í sambandi við þessi mál, menn hefðu átt að ganga þar gætilegar um gleðinnar dyr því að auðvitað áttu menn að gera ráð fyrir þeim möguleika að af þessu yrði kannski ekki.

[18:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af andsvari hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar ítreka ég það sem ég sagði áðan: Ég tel að þessi tillaga sé ekki í takt við þá svæðisbundnu byggðastefnu sem ég hefði viljað sjá vegna þess að ég vil horfa á landið allt, ekki eitt kjördæmi út af fyrir sig. Ég segi alveg hiklaust að ég bíð eftir því að sjá hvað kemur út úr þeirri byggðaáætlun sem verið er að vinna núna. Ég vonast til að út úr henni komi eitthvað bitastætt og verði eitthvað sem á að vinna í og gera en ekki orð eða eitthvað sem sett er á prent og ekki verður unnið eftir eins og hefur gerst í núverandi byggðaáætlun.

Bara rétt í lokin, herra forseti, um þá þáltill. sem hér er fjallað um og snýr að Austurlandi. Mig langar að spyrja hv. þm.: Hvað með Norðausturland og Norðausturlandskjördæmi? Hvað með t.d. Raufarhöfn? Við höfum séð það núna og sjáum hvernig fólk hefur flutt þaðan og íbúum fækkað. Við sjáum það núna og heyrum neyðarkall frá Raufarhöfn vegna framkvæmda við höfnina. Mikla peninga þarf að veita í þær framkvæmdir. Raufarhöfn eins og ýmsir aðrir staðir tekur á móti loðnu eða bræðslufiski og þar er rekin stór og mikil loðnubræðsla sem veitir mörgum vinnu. Nú er það svo, vegna þess að þróunin hefur verið slík í útgerð og skipin stækka og stækka, að hin stærri skip og flestöll loðnuskip geta ekki siglt inn í þá höfn til að landa. Þess vegna segi ég: Ég fagna öllum þeim tillögum sem koma fram um byggðamál almennt og það fannst mér verst við þessa tillögu að hér er eingöngu tekið á einum landshluta og ég ítreka það sem ég sagði áðan: Ég held að það byggist eingöngu á því að hér vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð rétta Austfirðingum eitthvað í staðinn fyrir það, ef af þeirra ósk verður, að ekki verði úr byggingu álvers á Austurlandi.

Ég segi það rétt í lokin, herra forseti: Ég ætla rétt að vona bæði Íslands alls og Austfirðinga vegna að af álverinu verði með þeim fyrirvörum sem ég hef á því máli.

[18:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er a.m.k. ekki svo komið enn þá að hv. þm. Kristján Möller þurfi að segja þeim sem hér talar frá stöðu mála á Raufarhöfn. Ég er nokkuð vel inni í því hvernig þeir hlutir standa en ég er þakklátur fyrir upplýsingarnar frá hv. þm. sem gerir nú mjög hosur sínar grænar fyrir íbúum um norðaustanvert landið og hefur flutt frá Siglufirði.

Það er heldur ekki þannig komið að hv. þm. Kristjáni Möller hafi verið falið úrskurðarvald um það hvaða tillögur séu umræðum um byggðamál til framdráttar og hvaða tillögur ekki. Er ekki bara best að reynslan skeri úr um það? Ég hef a.m.k. ekki vanið mig á það í umræðum í þinginu að vera að dæma út af borðinu eða úr leik málflutning eða tillöguflutning þingmanna vegna þess að ég telji hann ekki vera á þeim forsendum sem umræðunni séu heppilegastar eða mest til framdráttar og hvar værum við þá stödd í þessum efnum? Það er a.m.k., herra forseti, ekki til þess að lýsa jákvæðum vilja og hugarfari eða að menn vilji taka hlutina með jákvæðum hætti að koma hér upp eins og hv. þm. Kristján Möller gerir og finna tillöguflutningi annarra allt til foráttu en setja síðan á langar ræður um það hversu gott og gáfulegt allt sé sem hann sjálfur leggur til.

[18:41]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að nota þessa einu mínútu sem ég hef til að biðja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon innilega afsökunar á að ég skuli taka málefni Raufarhafnar sem dæmi. Það kemur upp í huga minn að þegar ég kom á fund í Hrísey um atvinnumál þar á sl. hausti og tók til máls tók ég eftir því hve styggur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var við þá umræðu og, eins og hann orðaði það, að hann gerði athugasemd við að menn væru komnir úr öðrum sóknum. Ég hef bara ekki áttað mig á því sem þingmaður, herra forseti, að ég þurfi að fá sérstakt leyfi hjá Steingrími J. Sigfússyni til að tjá mig um málefni, jafnvel á Raufarhöfn eða einhvers annars staðar utan við mitt kjördæmi. Ég tel a.m.k. sjálfsagt að hv. þm. ræði um málefni Norðurl. v., ef honum sýnist svo, og verð að segja alveg eins er og verð bara að ítreka það að ég bið hann innilega afsökunar á að hafa vogað mér að taka Raufarhöfn sem dæmi og höfnina þar. En það er skrýtið hvað maðurinn verður alltaf styggur þegar menn úr öðrum sóknum, svo notað sé hans orðalag, tala um það.

Bara rétt svo í lokin: Mig langar til að vita hvað gerði það að verkum að till. til þál. um sérstakar aðgerðir í byggðamálum datt úr 5 milljörðum 1999 niður í bara 400 millj. núna. Ég hefði gjarnan viljað hafa alla þessa peninga. En hvað skeði? Það hefur ekki verið útskýrt.

[18:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. 3. þm. Norðurl. v. hvort bæri að skilja orð hans svo að hann væri sammála þeirri hugsun sem felst í þessari tillögu ef hún tekur til samgönguþáttarins og landsins alls.

[18:43]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að viðurkenna að ég skildi ekki alveg spurningu hv. 1. þm. Norðurl. e. hvað varðar þessa tillögu og samgöngur landsins. Ég hef verið mjög hlynntur öllum þeim samgöngubótum sem gerðar eru í landinu og hef talið þær mjög mikilvæga leið til þess að styrkja byggð í landinu. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að árið 2001 skuli sumir landshlutar enn þá búa við niðurgrafna fjallvegi sem illmögulegt er að komast um. Ég er mjög hlynntur þeirri samgönguáætlun sem verið er að vinna að. Ég tel reyndar að setja mætti meiri peninga í ýmsa hluti sem verið er að gera. Ef hv. þm. er að spyrja hvort ég sé t.d. hlynntur jarðgangagerð eða öðru er svarið já við því. Það hef ég verið alla tíð. Frekari uppbygging í samgöngukerfinu á landsbyggðinni er auðvitað til góðs og styrkir ýmsar byggðir. En það má líka snúa spurningunni við, hvort það sé, þrátt fyrir að árið 2001 sé komið, slappleikanum í samgöngumálum að kenna að við sjáum enn þá vegi eins og þá sem eru t.d. á norðausturhorninu eða fjallveginn frá Þórshöfn og yfir eða bara á Vestfjörðum og annars staðar. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál hvernig þeir vegir eru. Þeir hafa ekki verið til að styrkja byggð á þessum stöðum þannig að sannarlega get ég sagt að ég hefði viljað sjá meiri peningum varið til bættra samgangna á mun fleiri stöðum á landsbyggðinni en gert hefur verið nú upp á síðkastið.

[18:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki orðað fyrirspurn mína nógu skýrt. Eins og þessi þáltill. liggur fyrir tekur hún ekki til samgönguframkvæmda. En eins og hv. þm. talaði áðan í andsvari fannst mér einmitt sem hann saknaði þess, hvort sem slíkt yrði sett beint í tillöguna eða með öðrum hætti.

Þá langar mig að þrengja spurninguna. Yrði hann sammála þessari tillögu, eins og hún er hugsuð, ef hún tæki til landsins alls?

[18:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að svara þessari spurningu. Það má eiginlega segja að ég geti svarað þessu á þann veg að ég held að 400 millj. fyrir landið allt dugi ekki til. Ég nefndi það áðan að Byggðastofnun er að mínu mati í fjársvelti og það er sannarlega þannig að mörg fyrirtæki á landsbyggðinni geta ekki leitað til bankakerfisins og fara þá til Byggðastofnunar til þess að fá fyrirgreiðslu vegna atvinnuuppbyggingar eða bara til að halda í horfinu. Við þekkjum dæmi um að mál hafi verið að flækjast inni hjá Byggðastofnun allt frá

því í janúar sl. og hafa ekki verið afgreidd enn. Þetta varðar lítil fyrirtæki úti á landi í 1.500 manna kaupstað sem veitir 30–40 manns atvinnu. Þannig má segja sem svo að ef þessar 400 millj. væru til skiptanna þá mundu þær ekki duga til að hleypa lífi í ýmislegt sem þarf að gera úti á landsbyggðinni. Ef það er til samgöngumála þá dugar það lítið í þann pott sem á vantar. En allir peningar til að bæta samgöngur yrðu vel þegnir.

[18:47]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna þeirri hugsun sem kemur fram í þessari þáltill., þ.e. að efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Hins vegar hlýt ég að spyrja hvaða verkefni er átt við. Að vísu eru talin upp í greinargerð með tillögunni ýmis verkefni. Eins og hv. 10. þm. Reykn., Hjálmar Árnason, benti á þá eru það verkefni sem þurfa töluverðan tíma. Ég held hins vegar að það séu allt saman þörf verkefni.

Þá hlýtur það einnig að vera spurning hvort flutningsmenn tillögunnar hafi hugsað um hvaða landshlutar fengju næst þessa 2,4 milljarða. Það hefur verið nokkur umræða um það en ekki alveg ljóst hvar yrði borið niður þar á eftir. Auðvitað brenna þessi mál mjög víða á fólki á landsbyggðinni. Ég þykist vita að fólk úr öðrum kjördæmum hlýtur að spyrja sig, þar sem erfitt ástand er: En hvers vegna ekki ég?

Þá má benda á, eins og margir hv. þm. hafa gert í þessum umræðum, að Byggðastofnum hefur ekki haft þá fjármuni sem æskilegt væri til að styrkja fyrirtæki á landsbyggðinni. Það er ekki, eins og skilja má af tillögunni, að Byggðastofnun komi aðeins að málum í eins konar slysavörn. Hún styður líka við frumkvæði og sá hlutur er frekar að eflast.

Þá hlýtur það að vera mikil spurning hvernig Austfirðingum hugnast þessar tillögur, þessar sérstöku aðferðir. E.t.v. hugnast þeim þær vel. Kannski þurfa þeir frekar stuðning við þau áform sem nú eru uppi um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í fjórðungnum. Ég segi fyrir mína parta að Austfirðingar allir, frændur mínir og vinir, hafa stuðning minn í þeim málum ef af verður. Ég tel það fagnaðarefni ef sýnt verður slíkt frumkvæði að byggja upp á landsbyggðinni alvörufyrirtæki.

Það er bara ein stóriðja starfandi núna á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins. Það er lítil verksmiðja norður í Þingeyjarsýslu, Kísiliðjan við Mývatn. Hún hefur þurft að berjast fyrir lífi sínu. Það hafa ekki allir viljað una við þá starfsemi þó hún hafi verið þar í 30 ár. Menn hafa sett sig upp á móti henni án þess að benda á eitthvað annað.

Það er alltaf fagnaðarefni þegar byggt er upp á landsbyggðinni til þess að nýta þar gögn og gæði landsins. En auðvitað á að gera það vel. Ég tel styrkingu byggðar á Austurlandi brýnasta byggðamál þjóðarinnar í dag. Það mun styrkja Norðurland, það mun styrkja Suðurland. Austfirðir eru sá hlekkur í hringnum sem er hvað veikastur núna. Norðurland og Suðurland þurfa öflugt bakland á Austfjörðum og auðvitað á að efla þar allar samgöngur til Evrópu. Enginn landshluti liggur nær Evrópu en Austurland.

Ég vil sjá virka stefnu í að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, líka á Austfjörðum. Virkasta byggðastefna sem rekin hefur verið hér er sennilega sú að opinberum störfum á höfuðborgarsvæðinu hefur stöðugt fjölgað. Þó hið háa Alþingi hafi talað um það sérstaklega í byggðaáætlun að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni hefur niðurstaðan verið sú, þegar byggðaáætlanir hafa verið skoðaðar, að þeim störfum hefur fjölgað um 451 á höfuðborgarsvæðinu en fækkað um 31 á landsbyggðinni. Þá er ég að tala um þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Flutningsmenn þáltill. tala um jafnar aðstæður, jöfnuð, jafnræði og aðgerðir til jöfnunar. Ég vil aðeins segja það um virkjunarmál að þar vil ég einnig sjá jafnræði. Ég vil sjá jafnræði í virkjana- og orkumálum í landinu. Það hefur öllum þótt það sjálfsagt að virkja á Þjórsársvæðinu og jafnvel Þingvallasvæðið til að efla atvinnu í höfuðborginni með orkufrekum iðnaði á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst að við verðum að láta landsbyggðina njóta þess sama, sama velvilja og þess fólks sem þar býr.

Herra forseti. Margt athyglisvert kemur fram í grg. með þáltill. þessari, margar þarfar ábendingar. Það mætti hugsanlega vinna þessi mál samhliða öðrum áformum sem nú eru uppi varðandi Austurland. Verði ekki af þeim áformum um stóriðju sem þar eru, sem við vitum ekki á þessari stundu, þá er ljóst að styrkja þarf byggð á Austurlandi.

[18:53]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að svara í örstuttu andsvari nokkru sem kom fram í ræðu hv. þm. Hvað vilja Austfirðingar sjálfir? Austfirðingar sjálfir hafa ekki verið spurðir um hvað þeir vilji annað en álver. Austfirðingar hafa sjálfir hugmyndir um mörg verkefni sem þeim hefur ekki tekist að koma áfram. Það er ekki bara að það vanti faglega aðstoð eða ráðgjöf heldur vantar fjármagn. Það strandar alltaf á fjármagni. Það er ekki verið að tala um styrki. Austfirðingar vilja ekki vera styrkþegar frekar en aðrir. Austfirðingar vilja sitja við sama borð og aðrir landsmenn og þeir vilja geta fengið lán á hagstæðum kjörum. Þau lán eru ekki fyrir hendi í bankakerfinu í dag nema að mjög takmörkuðu leyti.

Fyrir hönd Austfirðinga get ég fullyrt að þeir vilja fjölbreytta atvinnuuppbyggingu. Þó svo það verði af þessum miklu stóriðjuframkvæmdum þá veit ég að eftir sem áður vilja Austfirðingar byggja á meiri breidd en einni stóriðju og geta nýtt náttúruafurðir svæðisins, þá er ég bæði að tala um til lands og sjávar. Þeir vilja þróa áfram vinnslu í landbúnaði, vinnslu í sjávarfangi og koma afurðum sínum á markað. Við höfum stystu leið til Evrópu hvort heldur er með flugi skipum. Við eigum að nýta legu landsins en okkur er fyrirmunað að gera það í dag. Við þurfum að styrkja alla þá sem geta farið í framleiðslu og stundað útflutning til hagsbóta fyrir landið.

[18:55]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég benti á það í ræðu minni að sú stofnun sem hefur farið með byggðamálin, Byggðastofnun, þyrfti vissulega á meira fé að halda til þess að veita styrki og lán, á Austfjörðum eins og annars staðar. Auðvitað geta Austfirðingar sótt um fyrirgreiðslu í þeirri stofnun eins og landsbyggðin almennt.

Ég tek undir það með hv. þm. að auðvitað verður að huga að jaðarsvæðum. Ég tel margt gott í tillögu þeirra um að huga sérstaklega að jaðarsvæðum. Eflaust þarf þess bæði sunnar og norðar á fjörðunum. Fjölbreytni í atvinnulífi er það sem við þurfum. Þess vegna hef ég talað fyrir því líka. Við þurfum hina stærri kosti. Það er hluti af fjölbreytninni og í skjóli þeirra munu vaxa upp fjölbreytt störf með hámenntuðu fólki sem mun koma inn á svæðið. Það hefur verið mín sýn. En ég geri ekki lítið úr því að gæta þurfi að því að styrkja jaðarbyggðirnar. En þeim fækkar sem verða í vanda,

ef meginhluti íbúanna verður betur kominn þá er auðveldara að rétta hjálparhönd þeim fáu sem eftir yrðu.

[18:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er búið að fara vítt yfir sviðið í umræðunni sem hefur verið um margt afar áhugaverð. Ég veit satt að segja ekki hvað kemur til með að standa upp úr í þeim efnum, hvort það verður hundasúruhjal hv. þm. Framsfl. eða hvort það verður ofurtrú hæstv. iðnrh. á að álbræðslan skili svo miklum þjóðhagslegum arði að það réttlæti öll þau náttúruspjöll sem eru fylgifiskar virkjanaframkvæmda sem fyrirhuguð álbræðsla á Reyðarfirði krefst.

Það er alveg ljóst, af því að sá hv. þm. sem talaði á undan mér ræddi um jöfnuðinn í virkjanamálum, að þess hefur verið krafist að um allt land ríki slíkur jöfnuður og sú krafa hefur verið mjög lengi á lofti. Þá er virkilega þess virði, herra forseti, að athugað sé hvers konar virkjanir við Íslendingar eigum möguleika á að setja á laggirnar og til hvers við ætlum að nýta þá raforku sem mögulegt er að framleiða í þeim virkjunum.

Af því að hv. þm. Hjálmar Árnason tók þátt í þessari umræðu og talaði í afar lítilsvirðandi tón um þá þáltill. sem hér liggur fyrir þá langar mig að nefna, herra forseti, metnaðarfulla hugmynd sem gæti hentað afskaplega vel á Austfjörðum og þyrfti ekki að kosta þær náttúrufórnir sem fyrirhugað álver á Reyðarfirði óhjákvæmilega hefði í för með sér. Það er vetnisvæðingin, herra forseti.

Nú er nýafstaðið orkuþing í Reykjavík, metnaðarfullt þing sem fjallaði á yfirgripsmikinn og mjög fræðandi hátt um orkumál. Þar komu aldeilis fram hugmyndir frá framsýnu fólki sem gefa okkur fyllilega tilefni til að ætla að Íslendingar geti tekið forustuna í umhverfisvænni orku og orkuframleiðslu og þá er átt við vetni, vindorku og sólarorku.

Getur verið, herra forseti, að með því að hætta við áform um mengandi álbræðslu á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun, sem mundi valda gífurlegum óafturkræfum náttúruspjöllum, þá gætum við með frambærilegri hugmyndaauðgi komið í veg fyrir allt slíkt með því að efla vistvænt vetnissamfélag, setja fjármuni í það og byrja á Austfjörðum? Hver veit nema einhver slík hugmynd lúri hjá Þróunarstofu Austfjarða? Hver veit nema vísindamenn Íslands búi yfir rannsóknarniðurstöðum sem gætu reynst á heimsmælikvarða í baráttunni við sjúkdóma á borð við krabbamein og eyðni? Enginn skyldi gera lítið úr þeim uppgötvunum sem íslenskir læknar hafa gert varðandi virk efni í íslenskum jurtum til lækninga.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason skyldi hugsa sig betur um næst þegar hann gerir hundasúrur að aulalegum brandara í þingræðu á hinu háa Alþingi því það hefur orðið svo að hundasúrurnar, fjallagrösin og hreindýramosinn sem hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er legið á hálsi að nefna í ræðum, þessar jurtir hafa hvað oftast verið nefndar í ræðum hv. þingmanna Framsfl. í mjög lítilsvirðandi og lágkúrulegum tóni. Það eru ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum, herra forseti, hvað þessi vísindi eiga eftir að færa íslensku þjóðarbúi í framtíðinni umfram það sem möguleg álbræðsla á Reyðarfirði getur nokkurn tíma fært okkur.

Herra forseti. Við skulum ekki tala eins og ekki sé ágreiningur um mögulegan þjóðhagslegan hagnað af álbræðslunni því sá ágreiningur er bullandi og lærðir menn, hagfræðingar sem og aðrir hafa komið fram á sjónarsviðið með mjög öflug rök sem teflt er gegn rökum hæstv. iðnrh. um mögulegan hagnað af álbræðslunni. Og enn hefur Landsvirkjunarmönnum sem reyna að halda því fram að það sé svo arðbært að selja orkuna okkar til stóriðju, ekki tekist að hrekja svo viðunandi sé röksemdafærslu þeirra hagfræðinga sem varað hafa við því að setja öll okkar egg í sömu körfuna. Hvað ætlum við Íslendingar að gera þegar við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, sem við gætum mjög auðveldlega staðið frammi fyrir innan skamms ef áform stjórnvalda sem nú ráða ríkjum verða að veruleika, að þrír fjórðu hlutar allrar orku sem framleidd verður á Íslandi verði seld til stóriðju? Hvar erum við þá stödd varðandi einhæfni atvinnulífs?

Um hvað fjallar sú tillaga sem liggur fyrir hér? Hún fjallar um aukna fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni, ekki einhæfni heldur fjölbreytni. Það vill svo til að Íslendingar hafa verið að reyna að gera sig gildandi á alþjóðavettvangi í umræðu um fjölbreytni. Við fullgiltum samninginn um líffræðilega fjölbreytni og hæstv. umhvrh. og jafnvel hæstv. iðnrh. geta þess hér stoltar í ræðum að við séum aðilar að þeim samningi og er það vel.

Herra forseti. Hver er afstaða þessara hæstv. ráðherra til fjölbreytni í mannlífinu? Hvernig geta hæstv. ráðherrar og hv. þm. Framsfl. sem hafa tjáð sig í þessari umræðu og jafnvel nokkrir hv. þm. Samfylkingarinnar haldið því fram að einhæf risaálbræðsla sem býður upp á einhæf störf sé kostur sem Austfirðingar ættu að taka feginshendi ef þeim byðist fjölbreytni á borð við þá sem þáltill. sem hér um ræðir fjallar um. Staðreyndin er sú að Austfirðingum hefur ekki verið rétt nein önnur hugmynd og af hugmyndum þeim sem eru í vexti í lággróðrinum meðal Austfirðinga, af þeim hugmyndum sem þar krauma, hefur engin hlotið náð fyrir augum hæstv. ríkisstjórnar. Þróunarstofa Austfjarða hefur ekki fengið það fjármagn sem hún hefur þó óskað eftir í þær hugmyndir sem krauma í grassverðinum.

Herra forseti. Við skulum heldur ekki gleyma því að þeir Austfirðingar finnast og e.t.v. fleiri en nokkurn grunar sem segja með hnútinn í maganum: Ég ætla bara að vona að þeir fari að koma með þetta álver hingað því að þá get ég kannski selt húsið mitt og flutt héðan burt. Þeir Austfirðingar eru til sem hugsa svona og hafa svona tilfinningar. Mér finnst hv. þm. Framsfl. sem talað hafa í þessari umræðu vera að gera lítið úr tilfinningum þeirra.

Herra forseti. Þessi byggðatillaga, þessi einnar hugmyndar byggðastefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er ekki til þess fallin að auka fjölbreytni mannlífs, hvorki á Austfjörðum né annars staðar í landinu. Fjölbreytni mannlífsins fæst með því að efla og styðja við bakið á þeim hugmyndum sem eru til staðar í grasrót hvers samfélags fyrir sig.

[19:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kvað í raun kannski við örlítið annan tón í ræðu hv. þm. áðan því að hv. þm. var að benda á ágætismál — það er alveg hárrétt — varðandi vetnissamfélag, vindorku og sólarorku og það er einmitt verið að vinna að þessum málum. Það er nákvæmlega verið að vinna að þessum málum. Hv. þm. talaði með ákveðinni lítilsvirðingu um ágætan félaga okkar sem hefur beitt sér í þessum málum, beitt sér mjög í vetnismálum. Því miður er hann ekki lengur í þingsalnum, hv. þm. Hjálmar Árnason.

Ég er mjög hlynntur fjölbreyttu atvinnulífi á Íslandi. Ég kem frá byggðarlagi þangað sem stórt atvinnufyrirtæki flutti fyrir eins og tíu árum síðan og ég veit hve mikil margfeldisáhrif það hefur haft. Sumir segja í dag að þetta sé

býsna einhæfur atvinnuvegur. En þetta gjörbreytti samfélaginu. Þetta gjörbreytti sýslunni. Ég er enginn sérstakur áhugamaður um byggingu álvera. En eftir að ég hafði verið á Austurlandi og eftir að ég hafði hitt sveitarstjórnarmenn á Austurlandi þá varð ég alveg sannfærður um að ég væri tilbúinn að berjast fyrir því að það kæmi álver á Austurlandi. Það hefur einmitt komið fram í þessari umræðu að um það bil 80% íbúa Austurlands vilja gjarnan uppbyggingu álvers á Austurlandi. Einungis 20% eru á móti því.

Í sjálfu sér, eins og ég segi, eru þessar hugmyndir dálítið flotkenndar. Að sjálfsögðu er í góðu lagi að vera með tillögur sem þessa. Ég hef ekkert á móti því. En eins og kom fram í fyrra andsvari mínu við (Gripið fram í.) hv. 1. flm. þessarar tillögu þá gekk mér ansi illa að skilja út á hvað hún gekk. Það voru alla vega nokkur dæmi hér sem eru áþreifanleg og ég er þeim sammála.

[19:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt ef hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason er til í að endurskoða afstöðu sína til þessarar tillögu því að ekki kvað við jákvæðan tón í fyrri ræðu hv. þm. áðan. Ég ber það af mér að ég hafi talað af nokkurri lítilsvirðingu um hv. þm. Hjálmar Árnason hér. Það ber ég af mér. Ég var einungis að geta þess áðan að metnaðarfullar hugmyndir okkar allra og þar með taldar metnaðarfullar hugmyndir hv. þm. Hjálmars Árnasonar um vetnissamfélag geta svo auðveldlega náð fótfestu og orðið að veruleika á Austurlandi. Þær hugmyndir þurfa ekkert endilega að blómstra í Reykjavík. Á meðan hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason dekrar við það að við getum sinnt vetnissamfélaginu hér sunnan heiða þá ætlar hann að reisa mengandi álbræðslu á Austfjörðum og heldur því svo fram í andsvari að 80% Austfirðinga séu samþykkir því að setja þessa álbræðslu þarna niður meðan hann veit að Austfirðingum hefur ekkert annað verið rétt í byggðamálum.

Hvað er langt síðan farið var að tala um að bæta samgöngur á Austfjörðum til þess að efla atvinnu þar? Hvað er langt síðan átti að gera jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og hvað hefur hæstv. ríkisstjórn gert í þeim málum, göngin sem eiga að kosta 4,5 milljarða kr.? Ekki eru þau komin enn. Og hvað er Landsvirkjun búin að eyða miklu í umhverfismat og rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar og mögulegrar Kárahnjúkavirkjunar? Sennilega öðru eins, kannski 4,5 milljörðum. Það hefði haft úrslitaþýðingu fyrir atvinnumál Austfirðinga ef peningum af þessum stærðargráðum hefði verið varið í að bæta samgöngur á Austfjörðum en ekki í óarðbærar hugmyndir sem njóta ekki trausts um álbræðslu á Reyðarfirði.

[19:09]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er talsvert í lagt að segja að ég væri samþykkur þessari tillögu og væri búinn að breyta afstöðu (Gripið fram í.) minni. Hins vegar — ef hv. þm. getur hlustað á andsvar mitt í tvær mínútur. Það er eins og þessir ágætu vinstri grænir geti aldrei þagað á meðan á andsvörum stendur — hafa stórfyrirtæki áhrif á það að við eigum möguleika á einhverju öðru. Margfeldisáhrif verða til við það að stór fyrirtæki blómstri, ýmiss konar þjónusta í þessu sambandi, og ég er alveg viss um að þar með getum við eflt menntun í landinu, eflt nýsköpun í landinu o.s.frv.

Alveg eins og ég sagði rétt áðan, eftir að hafa hlustað á sveitarstjórnarmenn á Austurlandi þá fannst mér sjálfum sem þingmanni á Suðurlandi og fyrrverandi sveitarstjóra ég ekki geta beitt mér gegn þessu vegna þess að þetta er eitthvað sem þeir vilja sjá og fyrir utan það þá hefur þetta margfeldisáhrif á samfélagið. Þetta eykur hagvöxt og eykur möguleikana á því að við getum gert eitthvað annað, eins og svo oft er sagt í röðum Vinstri grænna.

[19:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi frasi um eitthvað annað er farinn að hljóma ansi hjákátlega og hann nota eflaust allir þingmenn. Ég hef örugglega notað þennan frasa og mér hefur verið legið á hálsi fyrir að nota hann. Nú er hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason farinn að nota „eitthvað annað“ um stóriðjuna.

Varðandi þetta eitthvað annað, þá höfum við verið að tala um það í þau rúm tvö ár sem ég hef setið á þingi að það þurfi að skoða byggðavandann og atvinnumál landsbyggðarinnar upp á nýtt og ein hugmynd um eitt álver á Reyðarfirði leysir ekki byggðavanda eða atvinnuvanda landsbyggðarinnar. Á þeim níu mánuðum sem liðnir eru af þessu ári hafa 1.300 manns flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Þessar vísbendingar halda áfram að hrópa hærra á okkur og á meðan þetta er að gerast gerir hæstv. ríkisstjórn ekkert annað en að einblína á stóriðjuna á Reyðarfirði sem enginn veit hvort kemur. Á meðan hæstv. ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. horfir ekki á þessa staðreynd heldur einblínir á stóriðjuna er ekki hægt að gera neitt annað en einblína á stóriðjuna.

Ég ætla að enda þetta andsvar mitt, herra forseti, á tilvitnun í ungan rithöfund sem skrifaði í Morgunblaðið um daginn. Hann var að fjalla um stóriðjumálin og ástandið á Austfjörðum. Hann sagði eitthvað á þá leið að þegar samanlögð fallvötn Íslands væru öll farin að knýja álverksmiðjur þá yrðu þeir sem ekki störfuðu í álverksmiðjum að gera eitthvað annað. Svo sagði þessi ungi rithöfundur, með leyfi forseta:

„... og sköpunarkraftur þeirra er Íslands eina von.“

Sköpunarkraftur þeirra sem ekki trúa á stóriðjuna heldur leyfa sér að trúa á eitthvað annað er Íslands eina von segir rithöfundurinn Andri Snær Magnason.

[19:13]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur um margt verið hin ánægjulegasta en lýsir um leið þeim mikla vanda sem við eigum við að etja í byggðamálum og hversu flókinn og margslunginn sá vandi er. Ljóst er að þessi till. til ál. hefur í raun ekki nema eitt markmið og það er auðvitað að vera andsvar við því sem verið er að vinna að fyrir austan, þ.e. uppbyggingu stóriðju. Það er meginástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt og mér finnst hv. þm. Vinstri grænna ekkert hafa verið að fela það enda er það bara eðlilegt. Þeir hafa, eins og hv. þingmenn hafa margsagt í dag, aðra sýn á það hvernig á að vinna að lausn þessa vanda. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Það er bara eðlilegt að við höfum hinar margvíslegustu skoðanir um þetta mál. Við eigum að reyna að halda umræðunni í þeim farvegi að við getum reynt að víkka hana og auka þekkingu á sviðinu til þess að auka líkurnar á því að við náum árangri.

Ég verð hins vegar að segja að þessi tillaga gengur alveg í grunninn gegn minni hugsun af því einfaldlega að þegar búið verður að virkja og reisa álver við Reyðarfjörð þá skapar sú framkvæmd gífurlega möguleika fyrir okkur um allt samfélagið vegna þess að við erum að auka þjóðartekjur okkar, við erum að auka útflutning okkar sem er afar mikilvægt og

með því að fá þetta trukk í efnahagslífið munum við auka möguleikana á því að við getum leyst þann mikla vanda sem við er að etja í byggðamálum. Þess vegna er ég ekki sammála þeirri uppsetningu sem mér þykir hv. þm. vinstri grænna hafa gert of mikið af hér í dag, þ.e. að líta á það sem andstöðu við það að leysa byggðavandann að reisa álver við Reyðarfjörð. Í mínum huga er því alveg þveröfugt farið.

Ég lít á það að reisa álver við Reyðarfjörð sem eitt af því stóra í að leysa byggðavandann. En jafnframt tek ég fram að það að reisa álver við Reyðarfjörð er ekki eingöngu bundið við hagsmuni Austfirðinga. Auðvitað skipta hagsmunir Austfirðinga mjög miklu í því máli. En það eru hagsmunir þjóðarinnar í heild sem þarna er verið að tefla um og þegar við aukum og bætum hag þjóðarinnar erum við að sjálfsögðu um leið að auka möguleikana á að taka á þeim vanda sem margir hafa verið að lýsa í dag og er mjög margvíslegur og víða mjög aðkallandi.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að þegar búið verður að reisa álver við Reyðarfjörð þurfum við ekki að horfa sömu augum á það svæði og við gerum í dag og þess vegna getum við lagt mun meiri áherslu á ýmis önnur svæði sem eiga við mjög mikla erfiðleika að etja. Við getum stoppað á nokkrum stöðum á landinu. Ég ætla ekkert að fara mjög langt, ég ætla að fara á norðausturhornið. Við gætum líka verið í Barðastrandarsýslu. Á ýmsum svæðum er mjög mikil vandi sem þarf að taka á. Það er vissulega hægt að taka undir margvíslega gagnrýni sem hefur komið fram hjá ýmsum hv. alþingismönnum um það að sú ríkisstjórn sem við sitjum með nú er ekki að einhenda sér í að leysa þennan vanda heildstætt. Mér þykir hins vegar mjög hart að eina verkið sem þeir hafa þó verið að reyna að standa sig sem best í, þó að auðvitað sé hægt að gagnrýna ýmislegt í því ferli, að verið sé að eyða orkunni í að gagnrýna það, vegna þess að eins og ég sagði áðan, ef það mál nær fram erum við að stórauka möguleikana á því að við getum tekið á byggðavandanum á raunhæfan hátt.

Herra forseti. Ræðutíminn er svo naumt skammtaður að ég sé að tíminn flýgur frá mér. Ég ætla því að reyna að snúa mér að nokkrum þeim atriðum sem hafa vakið athygli mína sérstaklega í þessum umræðum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um ýmislegt í ræðu sinni og taldi að mjög miklar deilur væru uppi um þjóðhagsleg áhrif Noral-verkefnisins. Það er auðvitað rétt að einstaka menn hafa verið með aðrar skoðanir, en sýnt hefur verið fram á á mjög sterkan og sannfærandi hátt, t.d. af Þjóðhagsstofnun, hvaða áhrif þetta hefur og þau módel sem þar eru notuð eru viðurkennd af flestum færustu hagfræðingum og spekingum þjóðarinnar. Vissulega hafa einstaka menn gefið sér aðrar forsendur og það þekkjum við hv. þm. væntanlega allir að það eru forsendurnar sem skipta yfirleitt mestu máli í því hvað við fáum út úr dæmunum okkar. Þess vegna er ekkert skrýtið þó að menn geti reiknað hvað sem er út. En Þjóðhagsstofnun hefur með módeli sínu sem þeir hafa lagt fyrir flesta þessara aðila, og það er viðurkennt módel sem á að gefa hvað besta niðurstöðu, og þess vegna er það sem við sjáum þá miklu möguleika í þessari framkvæmd. Hins vegar er alveg rétt að þetta er ekki í hendi. En hvað er í hendi fyrr en það er orðið? Megum við ekki gera nokkurn skapaðan hlut öðruvísi en að við höfum það alveg kristaltært og getum tekið utan um það, þá væri nú lítið gert.

Það sama má segja í byggðamálum. Ef ekkert má gera nema það sem nýtist öllum hinum dreifðu byggðum, þá verður býsna lítið gert. Við verðum því að reyna að horfa heildstætt á þessa hluti. Við þurfum að skoða þjóðarkökuna í heild sinni og eitt af því sem vantar í tillöguna er hvar eigi að taka þessa peninga. Hvaðan eiga þessar 400 millj. á ári að koma? Við getum talið ýmislegt upp, ég ætla ekki að gefa mér það hversu há upphæðin verður í lokin. En það er líka alveg ljóst að það eykur líkurnar á því að við getum notað peninga í þessi verkefni ef við aukum þjóðarhag.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að leika sér með tölur og fór nokkuð frjálslega með þær. Ég veit að vísu ekki nákvæmlega hvaða skoðanakönnun hann var að tala um þegar hann segir að þjóðin skiptist nokkurn veginn til helminga í því væntanlega hvort við eigum að fara í Noral-verkefnið í heild sinni eða ekki. Ég hef hér skoðanakönnun úr DV sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé að fjalla um og birt var 8. ágúst sl. Það er auðvitað ekki mjög nákvæmt að segja að þjóðin skiptist algerlega í tvo jafna helminga. Þarna er reyndar eingöngu verið að spyrja um Kárahnjúkavirkjun. Þetta var á þeim tímapunkti þegar úrskurður Skipulagsstofnunar var nýlega kominn og þrátt fyrir það eru 53,5% þjóðarinnar fylgjandi Kárahnjúkavirkjun, 46,5% andvíg þegar teknir eru þeir hópar sem taka afstöðu. En þetta er bara Kárahnjúkavirkjun. Allar skoðanakannanir sem ég þekki til þar sem spurt hefur verið um álver hefur fylgi með álveri verið mun meira en þetta og ég vek enn athygli á því á hvaða tímapunkti könnunin var gerð.

En það voru fleiri athyglisverðar tölur sem komu fram í þeirri skoðanakönnun og ein sem vakti mesta athygli mína og sérkennilegt ef hv. þm. Vinstri grænna hafa ekki tekið eftir henni líka, vegna þess að það var alveg ótrúlega hátt fylgi við Kárahnjúkavirkjun meðal stuðningsmanna Vinstri grænna, alveg ótrúlega hátt miðað við málflutninginn í þeim flokki vegna þess að þar er ætíð talað eins og þar séu allir í einum kór og allir stígi taktinn. Þar kemur í ljós, ef við tökum bara þá sem tóku afstöðu, að 39% þeirra sem lýstu yfir stuðningi við Vinstri græna voru fylgjandi Kárahnjúkavirkjun, 61% andvíg. Þetta er að vísu meiri hluti. En þegar menn hlusta á málflutning sumra hv. þm. Vinstri grænna um hvernig eigi að meðhöndla meiri hluta og minni hluta í ýmsum málum, hlýtur maður að velta því fyrir sér hvernig er farið með þennan minni hluta, sem er að vísu í flokknum þeirra, en hann fær ekki mikinn hljómgrunn hjá hv. þm. flokksins.

[19:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara örstutt í tilefni af ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Hann vitnar í skoðanakannanir og segir að sumir vinstri grænir kjósendur vilji virkjun. En ég hef miklu meiri áhyggjur af því hvernig kjörnir fulltrúar matreiða hlutina og taka afstöðu. Ég hef tekið eftir því í dag að allir forsvarsmenn Samfylkingar sem hafa talað mæla mjög fyrir þessu verkefni og fyrir stóriðjuáformum. Þess vegna held ég að gott væri að hv. þm. upplýsti þingheim um það hvort þingflokkur Samfylkingarinnar muni samþykkja þetta verkefni því að þannig hljómar það úr munni þeirra sem tala fyrir hönd þingflokksins. Ég held að það væri ágætt að upplýsa hvort sú liðskönnun sem hv. þm. hefur væntanlega gert leiði til þess að afstaða þingflokksins sé einróma til þessara mála.

[19:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru athyglisverðar spurningar sem hv. þm. ber fram og ánægjulegt að lenda í yfirheyrslu af hálfu hv. þm.

Ég ætla að byrja á því, herra forseti, af því að ég var ekki búinn að ljúka allri umfjöllun um þessa ágætu skoðanakönnun að vekja athygli hv. þm. á því að ef hann skoðar skiptingu milli flokka, þá er það nákvæmlega niðurstaðan í þeirri skoðanakönnun að fylgismenn virkjunarinnar, einn stærsti hópur í einstökum flokkum er í Samfylkingunni, þannig að við skulum ekkert láta okkur bregða við það að hér hafi þrír hv. þm. Samfylkingarinnar talað á þessum nótum.

Hins vegar er ljóst eins og sést mjög vel á skoðanakönnuninni að skiptar skoðanir eru um málið í öllum flokkum. Það sem ég var að vekja athygli á var það að hv. þm. Vinstri grænna tala eins og ekki séu skiptar skoðanir hjá þeim. Ég held að ekki hafi farið fram hjá nokkrum manni að skiptar skoðanir hafa verið í Samfylkingunni um þetta mál, ég held að það hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni. Hins vegar liggur fyrir sameiginleg ályktun þingflokks og framkvæmdastjórnar um það að endanleg afstaða til málsins verður ekki tekin fyrr en öll kurl eru komin til grafar í málinu og það verður að sjálfsögðu ekki fyrr en búið er að kveða upp úrskurð um umhverfismatið á Kárahnjúkavirkjun. Það er ekki fyrr en þá sem allar upplýsingar verða komnar um málið og það eru auðvitað hin, eigum við ekki að segja eðlilegu vinnubrögð hjá stjórnmálaflokki þar sem eru m.a. skiptar skoðanir að hinkra eftir að allt sé komið upp á borð í málinu. Hins vegar hefur aldrei vafist neitt fyrir mér hvaða afstöðu ég hef í málinu. Hún hefur verið alveg skýr held ég allan tímann og við fórum vel yfir það, ég og ýmsir hv. þm. Vinstri grænna í umræðunni um Fjótsdalsvirkjun. Ég hef óbreytta skoðun. Ég get hins vegar rifjað upp hvaða skoðanir sumir aðrir höfðu fyrir nokkrum árum. Það getur vel verið að það verði gert í andsvörum á eftir.

[19:24]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur náttúrlega í ljós að við höfum mjög ólíkar skoðanir á því hvernig menn setja fram sín mál og það er auðvitað ákaflega nytsamlegt fyrir þjóðina að átta sig á því að samfylkingarþingmenn haga skoðunum sínum eftir skoðanakönnunum hverju sinni. Ef það eiga að vera vinnubrögðin á hinu háa Alþingi, þá býð ég nú ekki í það. Ég haga ekki málflutningi mínum eftir skoðanakönnunum hverju sinni. Ég tala fyrir þeim málum sem ég trúi á og ég hélt að við værum kjörnir til þess. Þess vegna finnst mér og ég spyr hv. þm. Einar Má Sigurðarson, hvort honum finnist það ekki frekar óviðfelldið ef við eigum að hlaupa eftir því hverju sinni. Ég hélt að við værum kjörnir til annarra hluta, að standa við okkar sannfæringu og taka afstöðu eftir henni en ekki að hlaupa eftir skoðanakönnunum.

En ég hef að sjálfsögðu tekið eftir því að þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem eru viðriðnir norðausturkjördæmið eru að verða svellharðir með áformunum.

[19:26]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar sérkennileg nálgun sem hv. þm. hefur á málinu með því að ásaka þann sem hér stendur um að mynda sér skoðanir eftir skoðanakönnunum. Það er víðs fjarri og það ætti hv. þm. að vita að ég hef ætíð staðið með sannfæringu minni, bæði í þessum málum sem öðrum.

Hins vegar er ljóst og ég fór að nefna þessar skoðanakannanir hérna vegna þess að það voru nokkrir hv. þm. Vinstri grænna sem fóru að ræða um að ákveðin prósentutala Austfirðinga væri ákveðinnar skoðunar og það virtist vera réttlæting fyrir því að þeir hefðu ákveðna skoðun. Það er því afar sérkennilegt ef hv. þm., sem er í hópi hv. þm. sem þannig töluðu, ætlar að fara að skamma mig fyrir þá. Ég held að hv. þm. ætti frekar að ræða þetta mál í þingflokki sínum.

[19:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að gera að umtalsefni þá fullyrðingu hv. þm. að hagsmunir þjóðarinnar við að koma á laggirnar 420 þús. tonna álbræðslu á Reyðarfirði séu miklir.

Það verður að halda því til haga í umræðunni, herra forseti, að um þessa hagsmuni eru mjög skiptar skoðanir og það er ekki eins og kom fram í ræðu hv. þm. einn eða tveir sem hafa stigið fram á sjónarsviðið heldur margir mætir menn sem hafa komið fram með þær skoðanir að hér sé verið að taka gífurlega áhættu. Nægir að nefna grein í Viðskiptablaðinu frá því í vor eftir Axel Hall og Ásgeir Jónsson þar sem þeir gera að umræðuefni þá miklu áhættu sem landsmenn taka með svona mikilli orkusölu til einnar atvinnugreinar. Það er alkunna, herra forseti, að í því að tengja jafnstóran hluta af orkuframleiðslu Landsvirkjunar álverði er gífurleg áhætta fólgin.

Hvaða fyrirtæki ætlar að taka þessa áhættu? Landsvirkjun sem er rekin fyrir fé okkar borgaranna. Landsvirkjun sem greiðir ekki skatt. Landsvirkjun sem treystir sér til að fullyrða það að ríkisstjórnin ætli að ábyrgjast lánsfé sem virðist eiga að verða 100 milljarðar kr. því að ekki er að sjá að Landsvirkjun ætli að fjármagna virkjun sem þarf til að reka þetta álver með öðru en lántökum eða þá með auknu eigin fé. Og hvert mundi hún sækja það? Í vasa okkar. Ég fullyrði því hér, herra forseti, að hv. þm. Einar Már Sigurðarson fer með rangt mál þegar hann segir að einungis einn eða tveir hafi stigið fram á sjónarsviðið til að mótmæla því að um arðbærar fjárfestingar og þjóðarhag sé að ræða.

[19:29]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held mig við það að um mikla hagsmuni þjóðarinnar sé að ræða og mun ekki taka það til baka. Ef ég hef sagt að það væru einungis einn eða tveir þá biðst ég afsökunar á því. Ég minnist þess ekki. Ég hef hugsanlega misst það út úr mér en það var alls ekki það sem ég ætlaði mér að segja, að það væru einn eða tveir. Ég mótmælti hins vegar þeirri fullyrðingu að það væru mjög skiptar skoðanir, þ.e. að verið væri að gefa það til kynna að það væru stórir hópar eða álíka stórir hópar þessarar skoðunar. Það er alveg augljóst mál að það eru fleiri en einn eða tveir, þó það nú væri. Vissulega er alveg rétt að auðvitað er áhætta í þessu. En hvað er það sem við getum gert í landinu án þess að það sé áhætta? Ætli það sé ekki áhætta, t.d. fyrir samfélagið á Austurlandi að hafa nær eingöngu eina stoð undir því, þ.e. sjávarútveginn? Auðvitað er það mikil áhætta. Það er mun minni áhætta hins vegar ef við getum fjölgað stoðunum og haft þær tvær, að það sé bæði stóriðja og sjávarútvegur. Þannig erum við búin að minnka verulega áhættuna í því til framtíðar litið.

Hins vegar er ljóst að það verða auðvitað þeir sem gera samningana sem komast að þeirri niðurstöðu hvernig á að tengja t.d. orkuverðið. Menn hafa komist að því að eðlilegt

sé að tengja það álverinu að einhverju leyti, ekki 100% að sjálfsögðu. Einnig er ljóst að af þessu verkefni verður ekki nema fjárfestarnir hafi trú á því. Um það snýst málið og þess vegna er ekki hægt að líkja þessu máli við, eigum við að segja hefðbundnar byggðaaðgerðir vegna þess að þarna er fjármagnið að koma frá fjárfestunum og þeir munu hafa áhuga og trú á málinu. Það er einnig athyglisvert að sumir hafa svo litla trú á þessu máli að þeim þótti ekki einu sinni taka því að skoða það, hvað þá meir. Það held ég að hljóti, þó að hér sé jafnvel kurteislega orðað, að flokkast undir eða a.m.k. nálgist mjög fordóma gagnvart málinu.

[19:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson lætur að því liggja að ég hafi fordóma gagnvart þessu máli. Það kann vel að vera. Ég fullyrði samt, herra forseti, að ég hef lagt mig fram um að skoða þetta mál frá öllum sjónarhornum. Ég tel mig nokkuð vel að mér í því. Eftir mjög nána skoðun hefur álit mitt styrkst á því að hér sé um mjög áhættusama fjárfestingu að ræða fyrir íslenskt þjóðarbú.

Af því að hv. þm. talaði um útreikninga Þjóðhagsstofnunar máli sínu til stuðnings, þegar hann talaði um þjóðhagslegan ábata, þá verð ég að minna hv. þm. á að það hefur vakið deilur að sá maður sem fer fyrir stóriðjunefnd ríkisstjórnarinnar og er formaður í samninganefnd ríkisstjórnarinnar í viðræðunni um Noral-verkefnið er einmitt forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Er ekki hægt að vefengja þá reikninga sem frá Þjóðhagsstofnun koma þegar um svo augljós hagsmunatengsl er að ræða?

[19:32]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti ekki við hv. þm. þegar ég talaði um fordóma. Í því tilfelli vísa ég til þess að ákveðnir fjársterkir aðilar hefðu velt fyrir sér fjárfestingum í þessu ágæta væntanlega fyrirtæki og ekki einu sinni talið ástæðu til að skoða málið en hafa hins vegar á sama tíma haldið áfram að fjárfesta víða erlendis. Ég vildi orða það svo kurteislega að það nálgaðist a.m.k. fordóma að gefa sér ekki einu sinni tíma til að skoða fjárfestingarkostinn en hlaupa þess í stað vítt og breitt um veröldina.

Spurningin um hvort það veki efasemdir um heilindi manna að þeir skuli taka þátt í verkefninu víðar og vera forstjórar í stofnunum. Ég held að formúlan og líkanið sem notað er til útreiknings sé ekki samið af forstjóranum heldur sé það viðurkennt innan hagfræðinnar sem módel. Mér þykir það afar langt gengið af hv. þm. ef hann ætlar að fara að ýja að því, líkt og hæstv. forsrh. hefur stundum verið að gera, að Þjóðhagsstofnun sé ekki hæf til ákveðinna hluta.

[19:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Skoðanakannanir hefur borið hér nokkuð á góma. Það var vitnað til þeirra fyrr í umræðunni. Ég vitnaði m.a. til þeirra af þeirri ástæðu að hér voru uppi fullyrðingar sem ég taldi að stæðust ekki þegar betur væri að gáð.

Annars vegar var talað fyrir hönd allra Austfirðinga, að þeir vildu þetta álver og væru allir stuðningsmenn þess. Ég hygg þó sannarlega að viðurkenna að þar finnst umtalsverð andstaða við þetta mál þó hún sé mun minni í þeim landshluta en annars staðar, að mörgu leyti af mjög skiljanlegum ástæðum vegna væntinga þeirra um batnandi hag ákveðins hluta íbúanna.

Að hinu leytinu vitnaði ég til skoðanakannana því máli mínu til stuðnings að þetta væri mjög umdeilt mál meðal þjóðarinnar, það lægi fyrir og ég teldi miklu uppbyggilegri skoðanaskipti að ræða þetta með hliðsjón af þeirri staðreynd. Ég held að ég hafi tekið svo til orða að þjóðin væri klofin í tvær álíka stórar fylkingar. Ég hygg að það séu innstæður fyrir því, bæði í þessari könnun sem hv. þm. vitnaði til þó að það sé sennilega við það að vera marktækur meiri hluti fyrir framkvæmdunum og marktækur minni hluti andvígur þeim. En þar munar ekki miklu, 53% á móti 47. Ef ég man rétt hafa svipaðar vísbendingar komið út úr fleiri könnunum.

Ég er hins vegar ekki einn af þeim sem trúa skoðanakönnunum og taka afstöðu í pólitík út frá þeim. Ég áttaði mig á því fyrir löngu að ég hefði lítið að gera í stjórnmálum ef ég nálgaðist málin eins og spurningin snerist um að fara út og taka veðrið og haga sér síðan í samræmi við veðurspána. Ég held að það hafi legið alveg ljóst fyrir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mótað skýra afstöðu í þessu máli. Hins vegar er það eðlilegasti hlutur í heimi að einhver hluti stuðningsmanna okkar hafi önnur viðhorf. Þannig er alltaf í öllum umdeildum málum, einhver skörun í því milli stuðningsmanna flokka eins og m.a. kemur fram í þessari könnun, að hörðustu stuðningsmenn stóriðjuframkvæmdanna, flokkar sem bera þær sérstaklega fyrir brjósti eins og Framsfl., býr við að drjúgur hluti stuðningsmanna hans er þeim andvígur.

[19:35]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrðist á hv. þm. að við séum býsna sammála um skoðanakannanir og það er nú vel. Við höfum báðir gefið yfirlýsingar um að við notum ekki skoðanakannanir til að móta skoðanir okkar á málum. Við höfum aðrar aðferðir til þess. Ég held að ég hafi gert skilmerkilega grein fyrir ástæðum þess að ég fór yfir tölur úr þessari skoðanakönnun, þ.e. hvernig sumir hv. þm. töluðu um þær. Ég skildi það svo að sumir væru jafnvel að réttlæta ákveðnar skoðanir með slíku.

Ég tek undir það með hv. þm. að sú skoðanakönnun sem ég nefndi, ég hefði alveg eins getað tekið aðra sem Gallup gerði örlitlu fyrr, sýnir auðvitað fyrst og fremst að það eru skiptar skoðanir um málið meðal þjóðarinnar. Það er ekkert launungarmál. Þannig hefur það verið. Sú skipting virðist ná um samfélagið allt. Það virðast ekki vera neinir hreinir „trúarhópar" í málinu, það er ekki þannig. Um málið eru gífurlega skiptar skoðanir og má segja að það sé eðlilegt. Málið er í ákveðnu ferli. Það er til umfjöllunar víða og ekkert að því að menn hafi á því misjafnar skoðanir.

Ég verð hins vegar að leyfa mér að vona að þegar öll kurl eru komin til grafar þá verði ekki jafnmikill ágreiningur í málinu, þá verði meiri samstaða. Það er ósk mín í þessu máli, að við náum sem allra mestri samstöðu um málið. Ég er sannfærður um það, eins og ég hef sagt hér áður, að þetta muni bæta hag þjóðarinnar og skapa okkur möguleika á alveg nýrri sókn í byggðamálum. Ég vona að við hv. þm., allir sem hér erum í salnum, séum sammála um að á því sé þörf. Ef einhvern tíma hefur verið þörf þá er það nú.

[19:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Seinna atriðið sem ég ætlaði að gera athugasemdir við í máli hv. þm. varðaði þjóðhagslegar forsendur málsins og gagnrýni hans á þau sjónarmið sem ég og fleiri

höfum sett fram í umræðunni, að þau væru umdeild. Ég hygg að ekki sé hægt að orða það öðruvísi en svo að þannig sé það. Hagfræðinga hefur greint verulega á um þetta og við verðum að hafa það í huga að helstu talsmenn og stuðningsmennm málsins og þeir sem aðallega hafa annast útreikningana eru frá Landsvirkjun og stjórnvöldum, sem knýja þetta mál áfram. Gagnrýnin hefur fyrst og fremst komið frá óháðum hagfræðingum og óháðum aðilum sem hafa verið að rannsaka þetta mál. Við skulum hafa það í huga.

Áhættan er augljós. Hún er gríðarleg. Hér um að ræða 300 milljarða kr. pakka eða eitthvað nálægt því. Það er auðvitað alveg ljóst að þetta mundi auka skuldsetningu þjóðarbúsins verulega. Það hefur verið reiknað út og er ekki umdeilt að þetta muni valda aukinni verðbólgu og hækka vexti. Herkostnaður þjóðarbúsins verður því umtalsverður. Það er ekki umdeilt. Okkur greinir væntanlega á um hvort hann sé réttlætanlegur og hvort mögulegur ávinningur vegi þar upp á móti þannig að útkoman sé jákvæð eða ekki. Ég held að ekki sé hægt að halda hinu fram að málið sé ekki umdeilt.

[19:38]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að málið er umdeilt og að allir þættir málsins eru umdeildir. Ég var aðallega að gera athugasemdir við að gefið sé í skyn að gífurlegar deilur væru um hinar þjóðhagslegu forsendur. Það held ég að sé ekki. Auðvitað eru deilur um ákveðnar forsendur í útreikningunum en ekki svo miklar um módelið sem notað er til þessa að reikna áhrifin.

Hins vegar er einnig ljóst að mikill misskilningur hefur verið á ferðinni, og það kemur býsna vel fram m.a. í athugasemdum Þjóðhagsstofnunar við úrskurð Skipulagsstofnunar. Þar var vitnað um ýmislegt eg í pappírum frá Þjóðhagsstofnun er í tvígang fjallað um úrskurðinn og þá eru notuð mjög skýr orð. Þjóðhagsstofnun segir þar um ákveðin atriði í úrskurðinum, einfaldlega: „Þetta er alrangt, þetta er rangt."

Það er í raun ekki hægt að tala miklu skýrar um málin, þ.e. þarna var um slíkan misskilning að ræða að Þjóðhagsstofnun valdi svo sterk orð að segja: „Þetta er alrangt, þetta er rangt."

[19:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka félögum okkar, hv. þm. í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, í fyrsta lagi fyrir að hafa lagt þetta mál fram og í öðru lagi fyrir að hafa staðið fyrir þeirri byggðaumræðu sem hér hefur farið fram í dag. Þar er ekki vanþörf á og færi betur á því að slík umræða færi oftar fram í sölum Alþingis. Ég fagna því að þessi umræða skuli eiga sér stað hér í dag og að menn ræði byggðamál frá ýmsum sjónarhornum. Mér finnst hins vegar dálítið hafa borið á því að menn hafi hnýtt í þau sjónarmið að það beri að efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Í þessu tilfelli er verið að tala um önnur tækifæri og aðra sýn til framtíðar fyrir Austfirði en eingöngu þá sem tengist álveri eða virkjunarkostum á Austfjörðum. Ég er ekki andvígur þeirri hugsun að virkja og byggja upp atvinnulíf á Austfjörðum með álveri, ef sýnt er að vel takist til. Ég kem að því síðar í málflutningi mínum en ætla ekki að gera það mál eitt og sér að einhverju sérstöku umræðuefni.

Ég tel að umræðan sem hér hefur farið fram um byggðamál hafi verið góð. Menn hafa auðvitað skipst á skoðunum um þau sjónarmið sem þar hafa verið sett fram. Ég get tekið undir það, sem mér finnst koma skýrt fram í þessari þáltill. þeirra hv. þm. Vinstri grænna, að hér verði tekin upp það sem kannski mætti kalla skilgreinda svæðisbundna byggðastefnu. Ég held að það sé af hinu góða að reyna að hugsa málin á þá vegu vegna þess að hagsmunir fólks eru ekki alveg þeir sömu hvar sem er á landinu.

Svo ég taki eitt örlítið dæmi til þess að skýra mál mitt þá má kannski segja að umræðan, t.d. um fiskveiðistjórnarmálin, hefur borið mikinn skaða af því að þeir sem harðast hafa talað fyrir kvótakerfi hafa talað fyrir sams konar kvótakerfi á tveggja tonna trillu og 2.000 tonna skuttogara. Hvers konar umræða er það? Hvaða vit er í þeirri umræðu yfirleitt? Ef menn halda að íslenska kvótakerfið mundi batna við samþykkt Sjálfstfl. um að taka upp sérstakt auðlindagjald ofan á óbreytt kerfi þá er það alger misskilningur. Það er slík reginfirra að það er furðulegt að 700 manna hópur skuli hafa getað komist að þeirri niðurstöðu. Nóg um það í bili.

Við erum einfaldlega í vörn hér á landi þegar kemur að landsbyggðinni, atvinnu fólks þar, búsetu fólksins, högum þess, menntunarstigi þess, atvinnumöguleikum þess og framtíðarsýn. Við höfum mátt horfa upp á það meðan vegið hefur verið að byggðunum. Sérstaklega hefur verið vegið að sjávarbyggðunum á undanförnum árum. Stefnumörkunin nú er beinlínis að vega enn frekar að þeim, taka frá sjávarbyggðunum atvinnumöguleikana. Fólki í sjávarbyggðunum og bændum hefur verið fækka. Landbúnaður hefur átt undir högg að sækja. Sláturhúsum hefur fækkað og þannig mætti lengi telja. Ýmis atvinna sem hefur tengst hinum gömlu frumvinnslugreinum hefur átt undir högg að sækja og fólki í úrvinnsluiðnaði í kringum þær hefur fækkað. Því verður samt ekki á móti mælt að fiskveiðarnar eru víðast hvar stóriðja, ef hægt er að orða það svo, margra byggðarlaga. Þau eru kannski lítil í sjálfu sér, byggðarlögin sem slík, en það fer ekki á milli mála að fiskveiðarnar eru þar undirstaða og tryggja að viðkomandi byggðir geti haldið velli.

Ég kem frá Vestfjörðum þar sem fiskurinn hefur verið okkar stóriðja og við þurfum ekkert að rífast á Vestfjörðum sérstaklega um það að þar eigi að rísa eitthvert álver. Við höfum átt möguleika okkar og undirstöðu í því að geta stundað þessar fiskveiðar. Við höfum litið svo á að fiskveiðar væru undirstaða okkar og ættu að geta verið okkar stóriðja og við viljum fá að byggja á þeim áfram. Við erum hins vegar ekki, tel ég, að leggjast gegn því ef menn í öðrum landshlutum sjá önnur tækifæri.

Það er oft og tíðum talað um að fiskveiðar og vinnsla þeim samfara sé einhæft atvinnulíf. Er bara ekki allt í lagi með að atvinnulífið sé einhæft ef fólkið sem lifir í þeirri byggð er sátt við það? Ef það vill lifa af fiskveiðum og vinnslu, sættir sig við það, vill stunda þann atvinnuveg, er það þá ekki bara allt í góðu lagi? Er ekki allt í fína lagi með það að Grímseyingar stundi fiskveiðar og veiði fisk? Hver fjandinn er að því? Af hverju eru menn að tætast í umræðunni um að það skuli taka grunnatvinnuvegina frá landsbyggðinni, frá sjávarþorpunum sem hafa byggt á þeim?

Vera kann að sumum mönnum sem eru komnir langt frá uppruna sínum finnist að ekki megi byggja á svona einhæfu atvinnulífi. Ég segi hins vegar að það eigi að byggja á einhæfu atvinnulífi ef fólkið í viðkomandi byggðum vill byggja á því. Það er þá sú undirstaða sem má vera til þess að önnur atvinnustarfsemi fái blómstrað því það er ekki gæfulegt spor að rífa fyrst undan byggðunum það sem þær geta byggt á

til þess að fara svo að reisa við eitthvað annað. Það er ekki gæfuspor.

Auðvitað er fjölmargt sem kemur upp í hugann þegar við erum almennt að ræða um byggðamál og ég þakka enn og aftur fyrir það að hér skyldi hafa spunnist almenn umræða um þau. Ýmis gjöld leggjast auðvitað þyngra á landsbyggðina, á fyrirtæki og fólk á landsbyggðinni, heldur en t.d. á Stór-Reykjavíkursvæðið. Það er hægt að nefna þungaskatt sem hér hefur verið nefndur í dag, virðisaukaskattinn, flutningsgjöld út á land, allt leggst þetta þyngra á fólk úti á landsbyggðinni í gegnum vöruverð og þjónustu en t.d. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Þá mætti spyrja á móti: Væri þá ekki eðlilegt að menn skoðuðu það hvort ekki mætti með virkri skattastefnu gera það að verkum að fólk á landsbyggðinni nyti í einhverju betri kjara til móts við það sem það er að leggja fram í dýrari lífskjörum, dýrari aðföngum og dýrari þjónustu? Ég segi jú. Það á alveg hiklaust að skoða hvað það er sem getur komið landsbyggðinni til góða til að jafna þessi lífskjör, koma á móti þeirri skattlagningu sem hvílir á landsbyggðinni.

Því miður hefur stefna ríkisstjórnarinnar verið sú að öll hennar verk hafa hlaðið undir það að byggðin efldist og þjappaðist saman á suðvesturhorninu miklu frekar en að styrkja landsbyggðina. — Ég sé að ég er búinn með tímann minn og hef þó ekki lokið máli mínu.

[19:48]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, um það sem hann er að segja hér. Hér hafa verið rædd byggðamál og það er þarft.

Auðvitað má vekja athygli á því að á þessari stundu eru einungis þingmenn stjórnarandstöðunnar í þinginu að ræða þau mál en þeir sem bera höfuðábyrgð á byggðamálum undanfarinna ára eru ekki hér.

Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. um sérstöðu byggðanna. Auðvitað á að samspila, segi ég, fiskveiðistjórnarkerfið og áætlanir í byggðamálum en það er aldrei gert. Þetta eru séraðgerðir á báðum stöðum. Auðvitað er hægt að styrkja byggðina gríðarlega með því að hún fái að njóta sérstöðu sinnar eins og hann bendir réttilega á varðandi Vestfirði, og þekkja fáir betur til hversu miklu máli það skiptir.

Menn hafa áður rætt um að nýta sérstöðu byggða. Ég man eftir því og þykist vita að hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, minnist þess líka að talað var um að efla, svo við ræðum landbúnaðarmál, sauðfjárbúskap sérstaklega á Hornströndum og í Þistilfirði af því að þau svæði væru betur en önnur til þess búskapar fallin að bændur gætu þar rekið fé fram um heiðar. Auðvitað á að horfa til slíkrar sérstöðu og það þarf að gera miklu meira af því en gert er í byggðamálum.

Ég ítreka að það á að stýra fiskveiðistjórnarkerfinu sérstaklega með tilliti til byggða og þess eru dæmi að þessi litli byggðakvóti, 1.500 tonn, hafi hreint og beint reist úr rústum staði þar sem menn máttu vart lengur róa til fiskjar og voru búnir að vera undir kastljósi fjölmiðlanna svo mánuðum og jafnvel árum skipti.

[19:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alls ekki sagt að ég sé ósammála þessu andsvari. Ég tek heils hugar undir það að byggðirnar verða að fá að njóta staðarkosta sinna, hvort sem það eru landkostir eða sjávarkostir, og það vitlausasta sem við getum gert á Íslandi er að halda áfram að rústa byggðirnar. Það er, eins og greinilega hefur komið fram, markviss stefna núverandi ríkisstjórnar. Hæstv. sjútvrh. hefur beinlínis lýst því yfir að það bæri að framfylgja kvótasetningu á smábátana. Hvað þýðir það? Það þýðir að við erum að leggja margar byggðir í hættu. Þær halda e.t.v. ekki velli. Ef sjútvrh. væri fjárspilafíkill væri svona áhætta kölluð fíkn.

[19:52]

Flm. (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið í dag um þáltill. okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að þessi tillaga er flutt í fullri einlægni og vilja til þess að hafa áhrif á jákvæða þróun byggða. Þetta er ekki sýndarmennskutillaga til þess að sýna eitthvað. Við viljum að farið verði í sérstakt átak um landið þar sem byggðin er veik. Við viljum að skilgreind svæðisbundin byggðastefna verði tekin upp því að, eins og hér hefur komið fram í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, hafa svæðin, mismunandi byggðasvæði þó að jafnveik séu, öll sína sérstöðu og mismunandi möguleika til þess að styrkja byggð. Við eigum að nýta okkur þessa sérstöðu.

Eins og tillagan ber með sér er hér ekki listi af skilgreindum afmörkuðum verkefnum því að við viljum ekki fara út í slíkan málflutning. Við viljum að þessum fjármunum, sem menn geta deilt um hvort eru litlir eða miklir — ég veit bara að *það munar um 400 millj. inn í sérstakt átaksverkefni fyrir* Austurland, fyrir það svæði, árlega næstu sex árin til þess að byggja undir þau fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum í dag — verði varið til þess að koma þeim hugmyndum á framfæri sem borðleggjandi eru rekstrarhafar og gætu skapað drjúga atvinnu á svæðinu.

Við erum ekki að gera lítið úr Byggðastofnun með þessari tillögu. Byggðastofnun er fjárvana stofnun eins og margar aðrar opinberar stofnanir og þyrfti að hafa meira afl til þess að styrkja byggð, a.m.k. hefur Byggðastofnun ekki haft nokkra möguleika til þess að vinna gegn þeim pólitísku öflum sem eru annars ráðandi í þjóðfélagi okkar og brjóta niður byggð í landinu.

Við höfum nefnt hér nokkur svið sem væri afar brýnt að fara í. Eitt þeirra er markaðssetning á fjórðungnum og það á ekki að gera lítið úr því. Til hvers er verið að berjast fyrir alþjóðlegum flugvelli, reglubundnu millilandaflugi og farþegaflutningum með ferjunni á milli landa, ef ekki er möguleiki á að fara í markaðskynningu, ef ekki er möguleiki á að taka á móti þeim farþegum sem við erum að vona að komi? Það vantar fjármagn í þetta stóra verkefni. Hvers má sín einn ferðamálafulltrúi sem starfar að markaðssetningu fyrir allt Austurland? Hvernig getur hann hrundið af stað átaksverkefni ásamt því að reka tjaldsvæði og almenna ferðaþjónustu í einu horni? Hvernig á fjárvana atvinnugrein eins og ferðaþjónustan að fara í það verkefni að markaðssetja Austurland til að taka á móti ferðamönnum og kyrrsetja þá í þeirri merkingu að þeir eyði frítíma sínum á Austurlandi en fari ekki beint í Gullfoss/Geysis-hringinn? Það á ekki að vera samasemmerki á milli þess að efla menntun, að efla nýherjabúðir, að efla þróunarstofur, að efla þróunarstarf á Austurlandi, og álvers. Tækifærin eiga ekki að bíða eftir álverinu, að þá eigi allt að fara í gang og þá skapist möguleiki til þess að koma upp einhverri starfsemi. Við eigum að fara í þetta núna vegna þess að þetta vantar núna.

Öll þau verkefni sem við höfum hér í huga eru sprottin frá heimamönnum sjálfum. Þeir sem eiga eftir að koma inn í þetta verkefni þegar og ef af því verður og telja sig geta nýtt einhvern hluta þessa fjármagns munu sækja um það til Þróunarfélagsins. Það mun síðan meta hvort verkefnið sé af þeim toga að rétt sé að þróa það áfram. Við eigum ekki að bíða eftir álveri til að koma þessu á. Fjórðungurinn líður fyrir það að hafa ekki meiri og betri stuðning við háskólanám. Að vísu erum við með, og ég geri ekki lítið úr því, fjarnám á háskólastigi en það þarf miklu meira. Við erum með atvinnugreinar eins og skógræktina sem sannarlega þarf á stuðningi að halda inni á svæðinu. Við erum með afurðir úr skógræktinni sem skógurinn skapar. Við getum nefnt sveppi — er enginn framsóknarmaður hér inni, herra forseti? Má ég biðja hæstv. forseta um að bæta villisveppum á listann yfir þörunga, fjallagrös og hundasúrur? Þá hef ég komið því til skila.

(**Forseti** (ÍGP): Hæstvirtur forseti mun verða við þessari ósk.)

Já, bæta við villisveppum. Það eru hugmyndir um að tína villisveppi og koma þeim beint á markað. Það er fjölmörg slík verkefni sem bíða. Ég ætla ekki að tíunda það neitt frekar en hv. þm. Halldór Blöndal bað um lista yfir einhver ákveðin verkefni eins og ekki væri hægt að fara í svona átaksverkefni án þess að vera þegar tilbúinn með einhvern lista. Hann þarf ekki að liggja fyrir. Við ætlum ekkert að búa hann til. Við ætlum að skapa þeim vettvang sem hafa vilja og getu til að fara í framleiðslu, og eins ætlum við að styrkja þau fyrirtæki sem þegar eru að bjóða einhverja þjónustu. Við ætlum að styrkja þessi fyrirtæki en við ætlum ekki að segja hvaða fyrirtæki þetta eru þannig að listinn liggur ekki fyrir.

Hæstv. forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum aðra sýn til uppbyggingar byggða en að horfa til stóriðju sem innleggs í byggðamál. Stóriðja út af fyrir sig er líka mjög mismunandi. Við höfum talað um stóriðju sem hefði 150 manns í vinnu. Það er stóriðja eða verksmiðja sem mundi hugsanlega passa miklu betur inn í austfirskt samfélag heldur en sú 600 manna stóriðja sem verið er að undirbúa núna. Við verðum að horfa á þetta í samhengi þegar við erum að tala um stærðir og stóriðju. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki á móti því að virkja fallvötnin en okkur er bara ekki sama hvernig það er gert.

Kárahnjúkavirkjun eins og hún er lögð upp í dag er að okkar mati óásættanlegt rask á náttúrunni og það eru fleiri sem meta það svo. Skipulagsstjóri og Skipulagsstofnun hefur metið það svo. Þetta stóra álver verður ekki byggt inn í samfélagið nema virkjað verði við Kárahnjúka. Við höfum aðra sýn, bæði hvað varðar uppbyggingu á atvinnu og hvað varðar nýtingu á fallvötnum. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vitnaði til orkuþings og ég hvet alla, sérstaklega hv. þm. Framsfl., til að kynna sér þau gögn sem þar voru lögð fram og þá fyrirlestra sem þar voru fluttir um þá möguleika sem við höfum á nýtingu fallvatnanna því að þeir eru miklu meiri og fjölbreyttari en að binda þá við þessa einlitu þráhyggju um að hafa risastór uppistöðulón til þess að fóðra risaverksmiðjur. Við getum nýtt fallvötnin á Austurlandi og það eigum við auðvitað að gera en með öðrum hætti en þarna er lagt til og þá þannig að ekki verði svona mikil náttúruröskun af.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum, eins og hér kemur fram og þessi þáltill. ber með sér, fjölbreytni í staðinn fyrir einhæfni og ég tek undir orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar þar sem hann dró sérstaklega fram áðan, og ég hafði ekki gert fyrr í máli mínu, að fiskveiðistefnan eins og hún hefur verið rekin er eyðibýlastefna. Það þýðir lítið að vera með sérstakt átak í byggðamálum ef ekki verður breytt um stefnu í sjávarútvegsmálum, ef ekki verður breytt um stefnu varðandi landbúnaðinn og ef ekki verður horfið frá þessari markaðshyggju og það verði ætíð og alltaf litið á hagkvæmni stærðarinnar sama hvaða byggðarlög eiga í hlut. Ef stjórnvaldsaðgerðir verða allar á sama veg og þær hafa verið þýðir lítið að fara í einstakt átaksverkefni eða sinna hinum dreifðu byggðum ef á sama tíma er unnið að því að leggja þær af.

Ég vil bara endurtaka það sem ég sagði í upphafi máls míns, herra forseti, að þessi tillaga á að byggja á almennum aðgerðum, aðgerðum sem eru til jafnaðar fyrir kjör fólksins í landinu og þá gætum við sett upp langan lista. Við gætum nefnt þungaskattinn, menntunina, virðisaukaskattinn, aðgengi að opinberri þjónustu o.s.frv. Við erum að tala um að það verði að fara í þessar almennu aðgerðir jafnframt því að fara í sérstakt átaksverkefni. Þetta eru róttækar aðgerðir þó að þær taki til lengri tíma. Þetta er engin stóriðja og ég get ekki séð að framkvæmdir jafnstórar og stóriðjan á Austurlandi er þurfi endilega að vera til farsældar fyrir þjóðina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:04.

---

11. FUNDUR

þriðjudaginn 16. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2001, stjfrv., 128. mál, þskj. 128. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 115. mál, þskj. 115. — 1. umr.
4. Fjarskipti, stjfrv., 145. mál, þskj. 145. — 1. umr.
5. Stjórn fiskveiða, frv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr.
6. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurl.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Áfallahjálp, 166. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 167.

Áfengislög, 126. mál, frv. RG o.fl., þskj. 126.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 165. mál, fsp. GAK, þskj. 166.

Fjáraukalög 2001, frh. 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 115.

[13:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Með lögum nr. 7/1975 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Tilgangur var sá að auka öryggi skipa og mannslífa á höfunum og tryggja að íslensk lög séu í samræmi við alþjóðlegar siglingareglur. Flest aðildarríki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru aðilar að þessum alþjóðareglum.

Í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hefur verið unnið að breytingum og lagfæringum á þessum alþjóðareglum, einkum er varða viðbótarmerki fyrir fiskiskip og ratsjárvara á björgunarbátum. Þegar vörpu í togara er kastað þá verður skip á togveiðum að hafa tvö hvít ljós en hvítt ljós lóðrétt yfir rauðu ljósi þegar varpan er hífð upp. Þetta var áður heimildarákvæði en er nú skylt. Einnig má nefna að lögfestir eru ratsjárvarar á björgunarbátum.

Með frv. þessu er lagt til að lögfestar verði framangreindar breytingar á samþykktum alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 145. mál (jöfnunargjald, heimtaugar). — Þskj. 145.

[13:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

Breytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar er um það að ræða að tryggja enn frekari aðgang að heimtaug en gildandi fjarskiptalög mæla þegar fyrir um og hins vegar að tryggja varanlega fjármögnun alþjónustukvaða sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákveðið.

Samskipti á fjarskiptamarkaði hafa stóraukist frá því að gildandi fjarskiptalög voru samþykkt á Alþingi. Ein meginbreytingin sem varð við gildistöku þeirra var að aðgangur nýstofnaðra fjarskiptafyrirtækja var tryggður að heimtaugum Landssíma Íslands hf. Ísland var þannig eitt af fyrstu ríkjum til að tryggja þennan aðgang með lögum. Nú hefur Evrópusambandið sett reglugerð um sama efni sem er orðinn hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Sú EES-regla sem hér um ræðir er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000, frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 47/2001 frá 30. mars sl. um breytingu á XI. viðauka EES-samningsins, var ákveðið að reglugerðin yrði hluti samningsins. Alþingi staðfesti þá ákvörðun með þál. 11. maí 2001.

Efni hinnar nýju reglugerðar leiðir til þess að nauðsynlegt er að endurskoða gildandi ákvæði fjarskiptalaga þar sem hún mælir afdráttarlaust fyrir um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að heimtaugum fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Gildandi lagaákvæði mæla hins vegar aðeins fyrir um að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið aðgang að heimtaugum þegar það er réttlætanlegt vegna eðlis eða umfangs fjárfestinga í heimtaug sem er forsenda viðskiptasambands, þ.e. fjarskiptafyrirtæki ætti rétt á að fá aðgang að heimtaug í umráðum fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild þegar það gæti ekki sjálft komið honum á vegna þess kostnaðar sem það hefur í för með sér að grafa fyrir símalögnum í grónum hverfum.

Í reglugerðinni felst að rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild skuli uppfæra viðmiðunartilboð sín þannig að þau innifeli aðgang að heimtaug og ýmiss konar aðstöðu og þjónustu sem er nauðsynleg til að sambandi verði komið á milli notanda og fjarskiptafyrirtækis. Viðmiðunartilboð eru eins konar heildsöluverðskrá fyrir fjarskiptaþjónustu. Þetta getur falið það í sér að ef nýstofnað fjarskiptafyrirtæki vill bjóða almenningi almenna talsímaþjónustu eða háhraðagagnaflutningaþjónustu í samkeppni á það þess kost að leigja af Landssíma Íslands hf. aðgang að koparþráðum í jörðu hvort sem heimtaugin er leigð í heild sinni eða afmarkað tíðnisvið. Fyrirtækið ætti einnig rétt á því að leigja aðgang í símstöð fyrir búnað sem nauðsynlegur er fyrir tenginguna.

Reglugerðin hefur einnig ákvæði um skyldur innlendra stjórnvalda til að tryggja að gjaldtaka fyrir aðganginn stuðli

að sanngjarnri og lífvænlegri samkeppni. Með þessu öllu er stuðlað að því að þrátt fyrir árataga forskot eins fyrirtækis á fjarskiptamarkaði geti samkeppni komist á og þrifist. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að talið er sannað að ekkert efli eins framþróun fjarskiptaþjónustu í síbreytilegu umhverfi og lágt verð til neytenda og heilbrigð samkeppni.

Frv. þetta hefur einnig að geyma ákvæði um gildistöku í þágu jöfnunarsjóðs alþjónustunnar. Samkvæmt gildandi fjarskiptalögum er gert ráð fyrir að hægt sé að kveða á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita alþjónustu. Umfang alþjónustu er skilgreint í 13. gr. laganna og ákvæðum reglugerðar nr. 641/2000, um alþjónustu, þar sem nánar er mælt fyrir um hvaða þættir fjarskiptaþjónustu geta fallið þar undir. Þurfi fjarskiptafyrirtæki að veita alþjónustu þrátt fyrir að hún sé rekin með tapi eða óarðbær vegna ákvörðunar stjórnvalda getur það öðlast endurkröfurétt á hendur sérstökum jöfnunarsjóði. Sá sjóður er fjármagnaður með gjaldi sem lagt er á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna talsímaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Þjónusta Neyðarlínunnar sem lýtur að neyðarsímsvörun verði talin til alþjónustu sem fjármagna bæri með framlögum úr jöfnunarsjóði.

Tvö undanfarin ár hefur gjaldstofn sjóðsins verið ákveðinn með sérstökum lögum fyrir hvert einstakt ár en með frv. þessu er ætlunin að gjaldstofn verði ótímabundinn og því þurfi ekki að leggja sérstakt frv. fram á hverju þingi nema breytingar verði á fjárþörf eða tekjum jöfnunarsjóðsins.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[13:41]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir er svo sem ekki frv. sem þarf að vera ágreiningur um. Eins og fram kom eru meginmarkmið frv. tvö, þ.e. að tryggja rekstrarleyfishafa sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild aðgang að heimtaugum og hins vegar að koma gjaldstofni vegna jöfnunarsjóðs alþjónustu í varanlegt form.

Aðeins varðandi jöfnunarsjóðinn, herra forseti. Ég er sammála því atriði. Ég á sæti í hv. samgn. og þangað fer frv. til frekari útfærslu en mér sýnist að hér sé verið að fara inn á það að búa til gjaldstofn sem geri það að verkum að hæstv. samgrh. þarf ekki að koma með frv. til laga á hverju ári til að ákveða þann gjaldstofn sem á að vera. Það er svo með mörg önnur gjaldskrárákvæði sem koma frá hinu háa Alþingi að menn hafa verið að því undanfarin ár að festa þetta í lög og koma síðan með lagafrv. til að breyta þeim. Það var eftir kröfu frá einhverjum eftirlitsstofnunum sem það er gert en hér er farið inn á það svið að búa þetta til til lengri tíma. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh. út í það rétt að lokum hvað þennan lið varðar hvort engin hætta sé þá á því að við verðum rekin til baka með þetta vegna kröfunnar um að þetta þurfi að ákveða í lögum fyrir hvert og eitt ár.

Í annan stað er í frv. farið inn á það að setja fastar niður ákvæði um skilyrðislausan aðgang fjarskiptafyrirtækja að heimtaugakerfi landsmanna sem er vistað hjá Landssíma Íslands, því stóra fyrirtæki. Þetta atriði er auðvitað ákaflega mikilvægt, að fest sé í lög og fest sem allra fastast um skilyrðislausan aðgang og að ekki sé hægt að nota neinar aðferðir til að hefta aðgang fjarskiptafyrirtækja að heimtaugum landsmanna. Það vinnst náttúrlega margt með því og er þjóðhagslega hagkvæmt að allir fái aðgang að heimtaugunum. Og ef ég má aðeins minna á það frá umræðum um sölu Landssímans á sl. vori, þá rifjaðist það upp fyrir mér að við erum að tala um allt að 140 þús. heimtaugar í landinu sem eru grafnar í jörðu, sem eru koparleiðslur sem Póstur og sími, eins og hann hét þá, gróf í jörðu vítt og breitt um landið inn á hvert heimili og margar línur inn á sum. Það eru með öðrum orðum 95 þús. einstaklingar sem eru með þessar heimtaugar og 45 þús. fyrirtæki.

Hér, herra forseti, er það sett fastar niður, eftir tilskipun og ákvörðun frá hinu Evrópska efnahagssvæði, að festa í reglugerð og lagabálk hjá okkur þessar afdráttarlausu kvaðir á rekstrarleyfishafa um að veita aðgang að heimtaug, festa það betur en verið hefur hingað til. Eins og kom fram í máli hæstv. samgrh. hefur það þurft að fara í gegnum Póst- og fjarskiptastofnun þó að ég vilji taka skýrt fram að ég telji að það hafi ekki verið neinum vandkvæðum bundið en þarna er þetta sett miklu fastar og betur niður.

Ég vil rétt nefna annað atriði í lokin. Við getum endalaust deilt um á hvað eigi að selja aðganginn að þessum heimtaugum. Í umræðum um sölu á Landssímanum kom það fram, m.a. hjá nokkrum viðmælendum okkar í hv. samgn., að leigugjaldið sem þeir greiddu Landssímanum nálgaðist allt að því okur, eins og einn samkeppnisaðilinn komst að orði.

Ég minni á að leigulínuverðið, þ.e. leiga fyrir heimtaug, er 1.111 kr. í dag, hafi það ekkert hækkað frá því í vor.

Það kom fram hjá einum viðmælanda, einum fulltrúa fjarskiptafyrirtækis sem er að hasla sér völl á hinum íslenska markaði, að ýmislegt benti til þess að hvati væri til að auka þann kostnað af kerfinu, heimtaugakerfinu og grunnlínukerfinu. Hann taldi að það mundi síðan hafa þær afleiðingar að gjaldið yrði reiknað út, eftir einhverjum forsendum sem Landssíminn, leyfishafinn fyrir allar þessar heimtaugar hefur, til Póst- og fjarskiptastofnunar sem gæti ekki annað en samþykkt gjaldskrána.

Hjá starfsmönnum Landssímans, á þessum fundi með samgn. út af sölu Landssímans eins og ég hef áður vikið að, kom fram að um 29% starfsmanna Landssímans vinna við grunnlínukerfið. Ekki veit ég hve margir tengjast eingöngu heimtaugakerfinu, en það eru auðvitað fjölmargir.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki mikill ágreiningur um þetta mál. Hér er verið að stíga eðlilegt skref í takt við nútímann, þar sem allir aðilar á fjarskiptamarkaðnum eiga að fá skilyrðislausan og óhindraðan aðgang að heimtaugum, sem Landssíminn ræður yfir, sem liggja í hvert hús og eru mikil verðmæti. Verðmæti þeirra á sennilega eiga eftir að aukast sitt ef eitthvað er með nýrri tækni eins og málin eru að þróast í dag.

Herra forseti. Ég á sæti í hv. samgn. þar sem málið verður tekið fyrir og ég held að hér sé hið besta mál á ferðinni.

[13:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl.v. fyrir undirtektir við frv. Vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. þá vil ég í fyrsta lagi nefna að eins og fram kom í ræðu minni áðan er verið að setja þessi ákvæði inn í fjarskiptalögin, þ.e. ákvæði um gjaldstofn vegna jöfnunargjaldsins. Gert er ráð fyrir því að það gjald verði innheimt með álagningu og innheimtukerfi þinggjalda þannig að það þurfi ekki á hverju einasta ári að taka málið upp í þinginu og afgreiða sérstaklega. Þetta skiptir heilmiklu máli, ekki síst fyrir fyrirtæki eins og Neyðarlínuna sem hefur þurft að sæta því að vera í óvissu

fram eftir ári um það hvort Alþingi féllist á þessa heimild. Með þessu er rekstrargrundvöllur og aðstaða fyrirtækisins sem rekur Neyðarlínuna tryggð að því marki sem lögin gera ráð fyrir. Það er afskaplega mikilvægt og þannig er hægt að innheimta jafnframt fyrir fram hjá fyrirtækjunum þar sem það á við.

Að hinu leytinu vil ég segja að vonandi er engin hætta á því að þingið reki okkur til baka með þetta, eins og hv. þm. orðaði það. Umgjörðin um þetta ákvæði er afskaplega traust og í öllu falli í samræmi við heimildir til skattlagningar, sem eru styrktar mjög með þeirri aðferð sem við höfum hér.

Hvað varðar heimtaugarnar, aðgang að þeim og verðlagningu, þ.e. fastagjaldið sem hv. þm. talaði um að væri okur, þá vil ég aðeins rifja það mál upp.

Verðlagningin á heimtaug er byggð á kostnaðarmati og yfirferð Póst- og fjarskiptastofnunar, sem er eftirlitsstofnunin sem á að gæta hagsmuna neytenda og annarra fjarskiptafyrirtækja gagnvart markaðsráðandi fyrirtæki. Það skiptir miklu máli að öllum sé það ljóst. Ég veit að hv. þm. er það vel inni í þessu máli að honum er það ljóst. Verðlagningin er byggð á gögnum frá Landssímanum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur farið yfir. Reynt er að leggja vandað mat á hver raunkostnaður er við heimtaugarnar. Hvers vegna er það? Jú, það er til þess að sú hætta sé ekki fyrir hendi að það sé verið að undirverðleggja heimtaugargjaldið. Þannig er komið í veg fyrir að önnur fjarskiptafyrirtæki sem velja þann kost að selja aðgang að heimtaug lendi í vandræðum í samkeppninni við stóra markaðsráðandi fyrirtækið, þ.e. vegna þess að verðinu sé haldið óeðlilega lágu. Það er í raun og veru í þágu annarra fjarskiptafyrirtækja að verðið sé rétt metið, það sé nægjanlega hátt til að dekka þann kostnað sem sannarlega er af lagningu heimtaugar. Þetta er mikið grundvallaratriði og skiptir miklu til þess að tryggja samkeppni á þessu sviði.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að í frv. er gert ráð fyrir því, það er partur af regluverki Evrópusambandsins og hins Evrópska efnahagssvæðis, að hægt sé að koma á viðskiptum um heimtaug, annað hvort vegna símaþjónustu eða vegna internetþjónustu. Fólk getur því valið að nýta heimtaugina sem Landssími Íslands á með viðskiptum við eitt fyrirtæki vegna símaþjónustunnar og annað fyrirtæki vegna internetþjónustunnar. Neytendur eiga hverju sinni kost á að tryggja sér hagstæðustu viðskiptin á grundvelli þessarar löggjafar og samkeppninnar.

[13:53]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Út af orðum hæstv. samgrh. um orð mín um okur á heimtaugagjaldi þá vil ég að það komi skýrt fram að það voru ekki mín orð. Ég minntist hins vegar á orðalag samkeppnisaðila Símans á fundi samgn. þegar fjallað var um sölu Landssímans.

Ég hef ekki haft þau gögn undir höndum sem gerðu mér kleift að vega og meta hvort um okur er að ræða eða ekki. Ég vil að það komi skýrt fram að samkeppnisaðilarnir töldu þetta nálgast okur. Það voru samkeppnisaðilarnir sem orðuðu það þannig að þessi gjaldskrá, eins og hún er byggð upp, það kostnaðarmat sem lagt er fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til þess að samþykkja eða hafna heimtaugagjaldinu, væri óeðlileg vegna þess að það væri hvati til að auka kostnað við heimtaugar til þess að fá hærra gjald.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. samgrh. að þetta tryggir að ekki sé verið að selja þetta á of lágu verði til þess að svína á samkeppnisaðilanum. En samkeppnisaðilar orðuðu það líka þannig að þetta skapaði möguleika á því að færa tekjur milli liða hjá Landssímanum sem heldur utan um heimtaugakerfið. Þannig er líka hægt að nálgast þetta í þá áttina. Með öðrum orðum, menn sögðu stutt og laggott: Hversu margir eru starfsmennirnir og hve mikill er hinn eiginlegi kostnaður við heimtaugarnar? Kostnaðurinn var sá sem Póst- og fjarskiptastofnun hafði samþykkt. Um þetta tjáði sig ekki verri maður en Eyþór Arnalds, forstjóri Íslandssíma, á fundi með samgn.

Það er sem sagt klárt að ég hef ekki haft aðstöðu eða þekkingu til að leggja mat á kostnaðinn, við verðum að taka þetta trúanlegt. En þeir sem starfa í þessum bransa höfðu þessar áhyggjur. Ég get reyndar sagt, svona þegar maður lítur á tölurnar og fer að leika sér með þær — ef maður ruglast ekki á núllunum við að margfalda þær á blaði — að tekjur Landssímans eru eitthvað um 160 millj. á mánuði af þessum heimtaugum. Ég ætla hins vegar ekki að leggja neinn dóm á kostnaðinn eða annað slíkt í þessu sambandi. Það er sannarlega rétt að þetta kostnaðarmat er unnið eftir gögnum sem Landssíminn safnaði og Póst- og fjarskiptastofnun hefur farið yfir og samþykkt.

Herra forseti. Ég vildi aðeins láta það koma skýrt fram, án þess ég ætli að orðlengja það meira — enda held ég að það sé best að þetta frv. komist sem fyrst til samgn. og þarf ekki að teygja tíma Alþingis við að ræða þetta sjálfsagða mál sem hér er — að það voru ekki mín orð að þetta væri okur, það voru orð samkeppnisaðilanna.

[13:56]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Örstutt. Það sem við erum að ræða hér í fyrsta lið er svokallað jöfnunargjald. Ég verð alltaf dálítið hvumpinn þegar ég heyri orðið „jöfnunargjald" vegna þess að það á væntanlega að jafna vöruverð eða eitthvað slíkt. Hér er ekki um það að ræða. Hér er um það að ræða að leggja gjald á alla símnotendur til að greiða alþjónustu, þar á meðal öryggisþjónustu, Neyðarlínuna og annað slíkt, sem hugsanlega finnast einstök dæmi um hjá símnotendum að þeir hafi ekkert við að gera. Ég get séð fyrir mér fyrirtæki sem er í rekstri og þarf aldrei á Neyðarlínunni að halda. Þá vaknar spurning um hvort þetta sé yfirleitt þjónustugjald, hvort ekki sé um að ræða skatt á það fyrirtæki.

Gangi maður út frá því að hér sé um skatt að ræða þá verður maður dálítið efins um hvort hægt sé að framselja skattlagningarvald til þess aðila sem hér á að ákvarða gjaldið, sem er Póst- og fjarskiptastofnun, hvort Alþingi megi framselja skattlagningarvaldið með þessum hætti. Ég vil að hv. nefnd sem fær þetta til umfjöllunar skoði það mál sérstaklega, hvort um sé að ræða skatt eða þjónustugjald og hvort öruggt sé að allir þeir sem greiði þetta gjald noti þá þjónustu sem það á að fjármagna.

Þetta er nefnilega ekki jöfnunargjald í þeim skilningi að það eigi að jafna verðlag á einhverjum vörum, eins og jöfnunargjald á sement eða mjólk o.s.frv., heldur er hér um að ræða gjald sem á að renna til annarrar þjónustu, sem er alþjónusta.

[13:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. vil ég segja að það er ljóst að hér er um skatt að ræða sem við erum að ákveða. Það er ákveðið hver skatturinn á að vera. Auðvitað er ekki nokkur einasta leið að segja til um hver þurfi að nota Neyðarlínuna. Þetta er aðferð sem við höfum viðhaft til að

tryggja þá starfsemi. Aðferðin er sú að öll fjarskiptafyrirtækin greiði í þennan sameiginlega sjóð og auðvitað koma neytendur að því fyrr eða seinna. Ég vil bara undirstrika að þetta er aðferðin sem við töldum eðlilegt að samþykkja hér á Alþingi á sínum tíma til að afla tekna til þess sem við köllum alþjónustu. Í þessu tilviki erum við eingöngu að tala um Neyðarlínuna.

Að öðru leyti er alþjónusta, eins og við höfum skilgreint hana, m.a. hin almenna síma- og gagnaflutningaþjónusta. Hún er hins vegar ekki styrkt úr jöfnunarsjóði enda er það aðallega Landssími Íslands sem veitir þá þjónustu og mundi greiða í þann sjóð. Þannig er þetta og ég vildi að þetta kæmi skýrt fram hér við umræðuna.

[14:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er rétt skilið hjá mér að hæstv. ráðherra segi að þetta sé skattur, þá er náttúrlega fráleitt að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákvarðað fjárhæð skattsins því Alþingi má ekki framselja skattlagningarvald samkvæmt stjórnarskránni.

[14:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það segir hér í 1. gr.:

„Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,12% af bókfærðri veltu ..."

Það er því fastbundið í 1. gr. frv. hver upphæðin á að vera. Þetta skal raunar endurskoða árlega á Póst- og fjarskiptastofnun. Það er alveg ljóst eins og segir hér, með leyfi forseta, að:

„Verði útgjöld meiri en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs."

Það millifærist því eins og hér er gert ráð fyrir. En upphæðin er ákvörðuð, þ.e. skatthlutfallið er ákvarðað eins og er um aðra skattlagningu almennt.

[14:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að hann telur mikilvægt að koma málum hið fyrsta til nefndar. Forseta er kunnugt um að á morgun er fundur í samgn. og þess vegna er nú þetta bráðræði á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 3. mál (úthlutun aflahlutdeilda o.fl.). — Þskj. 3.

[14:05]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. 1. mgr. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða kveður á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta þýðir að allir íslenskir þegnar eiga jafnmikið í þeim villtu fiskum, skeljum og öðrum sjávardýrum sem lifa á Íslandsmiðum og skiptir þá ekki máli hvort Íslendingurinn er nýfætt barn fátækrar konu, gamalmenni á elliheimili, sjö ára stúlka, tvítugur háseti eða fimmtugur útgerðarmaður. Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta er nokkurs konar forsenda laganna og áréttting þess hvaða hugarfar og viðhorf voru ríkjandi fyrir einum áratug þegar lögin voru sett.

Sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta eru dýr orð og mjög mikilvæg. Í þeim felst virðing fyrir öllum þegnum landsins og þau eru áréttting þess að við búum í lýðræðisríki. Enn fremur kemur fram í 1. gr. I. kafla laganna um stjórn fiskveiða hvert markmið þeirra sé, þ.e. að þau eigi að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna, svo og að þau skuli einnig tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Að lokum er kveðið svo á um að úthlutun veiðiheimilda myndi hvorki eignarrétt né óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildunum.

Ég les nú, með leyfi forseta, 1. gr. I. kafla laga um stjórn fiskveiða:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Nú skal spurt: Hvernig hefur tekist til með framkvæmd þessara laga? Getum við sagt með sanni að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar? Getum við sagt að lögin hafi stuðlað að verndun nytjastofna Íslandsmiða? Getum við sagt að lögin hafi stuðlað að hagkvæmri nýtingu þessara sömu nytjastofna? Getum við sagt að lögin hafi tryggt trausta atvinnu og byggð í landinu? Getum við sagt að það viðhorf sem birtist í þessari 1. gr. um eignarréttinn eða óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildunum hafi verið rétt og virt?

Þegar við veltum þessum spurningum fyrir okkur er okkur öllum ljóst að við neyðumst til að svara öllum þessum spurningum neitandi.

Sú virðing sem kemur fram í 1. gr. fyrir eignarrétti íslensku þjóðarinnar hefur verið fótum troðin. Í mörgum tilvikum getum við sagt að lögin hafi ekki stuðlað að verndun nytjastofnanna, a.m.k. má leiða að því sterkar líkur. Það er áreiðanlegt að lögin hafa illa stuðlað að hagkvæmri nýtingu nytjastofnanna og enn áreiðanlegra er að þessi lög hafa alls ekki stuðlað að tryggri og traustri atvinnu og byggð í landinu.

Herra forseti. Öll ákvæði 1. gr. I. kafla þessara laga hafa verið brotin. Hægt er að sanna með upptalningu á ótal dæmum brottkast á smáum og stórum fiskum sem er staðreynd. Einnig er hægt að sanna með því að sýna fram á að ákveðinn hluti fiskiskipaflotans hendir í hafið þúsundum tonna af hausum, hryggjum og afskurði sem gætu aflað þjóðinni hundruð milljóna króna í gjaldeyristekjur, fyrir nú utan hvaða aðferðir eru notaðar þegar nýtingarstuðlar eru reiknaðir út í þessu sambandi. Það er svo sannarlega rétt þegar sagt hefur verið að samkeppnisstaðan í greininni sé kolvitlaus, röng og ill.

Við höfum einnig séð hvernig aflaheimildir hafa á einni nóttu skipt um handhafa eða jafnvel leigjendur svo þeir sem höfðu trygga atvinnu að kveldi voru allt í einu orðnir atvinnuleysingjar að morgni af því að aflaheimildirnar voru seldar eða leigðar kvöldið áður.

Já, 1. gr. I. kafla laganna um stjórn fiskveiða felur í sér háleita sýn og markmið. En margar aðrar greinar þessara laga eru ekki í anda 1. gr. a.m.k. verður ekki annað sagt um hvernig tekist hefur til með framkvæmdina, því framkvæmd

þessara laga hefur orðið til þess að hinir efnilegustu útgerðarmenn og skipstjórar hafa breyst í spekúlanta verðbréfa og aura, sem hefur leitt til þess að skuldir útgerðarinnar í landinu hafa stóraukist og sumar þeirra svo mikið að nokkur fyrirtæki eru í stórhættu.

Á þeim rúma áratug sem lögin hafa verið í gildi má segja að bókstaflegt hrun hafi orðið víða um land. Einn af öðrum sigldu togararnir burt og kannski var ekki hjá öðru komist í sumum tilvikum. En að aflaheimildirnar hafi ekki verið eftir í byggðunum eða að fólkinu sem þar bjó hafi ekki verið gefinn kostur á að halda þeim eftir, er hin mesta ósvinna, ranglæti og heimska.

Framkvæmd og ýmis ákvæði fiskveiðistjórnarlaganna hefur orðið til þess að nú er sundur slitinn friður í landinu og svo hefur reyndar verið undanfarin ár. Þetta friðarrof og ósætti var orðið svo augljóst að hæstv. forsrh. sá sig knúinn til að gefa loforð fyrir síðustu alþingiskosningar um að komið yrði á sáttanefnd um sjávarútveg á Íslandi. Hæstv. ráðherra stóð við þetta loforð. Sáttanefnd var sett á laggirnar. En því miður eru vonbrigðin mikil. Naumur meiri hluti nefndarinnar hefur skilað áliti sem er í rauninni allt að því lítilsvirðing við lög og rétt í landinu. Niðurstaða þessa meiri hluta er að engu skuli breytt nema að hóflegt auðlindagjald skal nú lagt á sjávarútveginn, en þó þannig að önnur gjöld falli niður í staðinn.

Herra forseti. Um daginn fór ég niður á bryggju í sjávarplássi. Við hana lá u.þ.b. 30 tonna bátur. Þar um borð voru bræður tveir að gera netin klár. Ég spurði hvernig gengi hjá þeim. Þeir svöruðu að reksturinn gengi frekar illa því þeir hefðu veitt fisk fyrir 60 millj. kr. en hefðu mátt borga í leigu fyrir það 30 millj. Annar hver fiskur sem veiddist, og auðvitað komu aðeins stórir fiskar um borð í þennan bát, fór í lestar þess sem skráður var fyrir kvótanum og leigði þeim á kvótaþingi, sem sumir hafa kallað „leynimarkaðinn".

Herra forseti. Allt frá því í vor þegar Alþingi Íslendinga fékk ekki að afgreiða frv. til laga um veiðar smábáta, sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og undirritaður lögðu fram, hafa verið haldnir fjölmennir fundir um allt land. Á Ísafirði var haldinn 800 manna fundur Vestfirðinga og í fyrradag var haldinn fjölmennur fundur á Austfjörðum. Þá hafa verið haldnir fundir sveitarstjórnarmanna og fjölmargra annarra. Alls staðar hafa þessir fundir krafist þess að þau lög sem gilda um veiðar smábáta verði tekin til gagngerrar endurskoðunar því fjölmargar byggðir landsins eru enn á ný komnar í uppnám. Mönnum hlýtur senn að verða ljóst hversu mikilvæg smábátaútgerð er orðin atvinnulífi og byggð í þessu landi.

Herra forseti. Gjaldþrot og atvinnuleysi blasa nú við fjölmörgu fólki og ríkisstjórnin daufheyrist við enda er hún ekki að hlusta. Það er að vísu eitthvað farið að tala um aukinn byggðakvóta til að setja enn einn plásturinn á hina miklu und íslensks sjávarútvegs. Hvar á þetta að enda?

Öllum hlýtur að vera ljóst hvers vegna þingflokkur Samfylkingarinnar hefur nú lagt fram það frv. sem hér er til umræðu. Það er gert til þess að jafna aðstöðu manna til að sækja sjóinn og koma á réttlátri úthlutun veiðiheimildanna. Það er gert til þess að 1. gr. I. kafla laganna um stjórn fiskveiða verði á ný hafin til vegs og virðingar og til þess að skapa megi sátt við íslenska útgerðarmenn og íslenska þjóð. Þetta verður að gerast.

Frumvarpið sem hér um ræðir gerir ráð fyrir fyrningarleiðinni sem æ fleiri sjá nú sem vænstan kostinn. Takmarkið er síðan að allar aflaheimildir til veiða á Íslandsmiðum fari á uppboð en að útgerðinni sé skipt í þrjá mismunandi flokka. Þá er möguleiki til þess að bæta þeim útgerðum sem keypt hafa sér aflaheimildir með ýmsu móti en auðvitað er það útfærsluatriði sem verður, eins og ég sagði áðan, að gerast í sátt við alla hagsmunaaðila eins og oft er komist að orði.

Herra forseti. Á þeim tímum sem við lifum núna verður okkur að vera ljóst að sættir og friður eru nauðsyn þess að gott og blómlegt líf þrífist í landi okkar. Þetta á ekki síst við innan þeirrar atvinnugreinar sem er grundvöllur afkomunnar um allt land. Þess vegna hlýtur Alþingi Íslendinga að taka fagnandi þessu frv. Samfylkingarinnar sem gerir ráð fyrir miklum og jákvæðum breytingum á stjórn fiskveiða hér í landinu.

[14:21]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Mér er nokkur vandi á höndum. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur ræðu mína. (**Gripið fram í:** Kalla á hann, kalla á hann.) Að vísu er fulltrúi hans kannski mættur hér, ég veit ekki hvort eindrægnin eftir landsfund Sjálfstfl. er slík að hv. þm. Einar Oddur gæti verið fulltrúi sjávarútvegsráðherrans í umræðunni. (**EOK:** Hvaða skens er þetta?) Nú, svör hv. þm. eru þau að þetta sé skens þannig að það gengur þá ekki upp, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. ráðherra er ekki í húsi en forseti mun, ef hv. þm. óskar eftir, reyna að hafa upp á honum — hann mun vera væntanlegur á hverri stundu.)

Ég þakka fyrir það. Ég ætla þá að ræða aðra hluti á meðan og þá fyrst það að þessi umræða er nú búin að standa þó nokkurn tíma og er komin í gang aftur. Hún hefur farið nokkuð vítt um. Gagnrýni á þá tillögu sem við ræðum hér hefur ekki verið mjög mikil og reyndar er það þannig að þessi tillaga, þ.e. innköllun eða fyrning veiðiheimilda eins og menn vilja kalla núna, hefur átt vaxandi fylgi að fagna. Fleiri og fleiri eru að komast að þeirri niðurstöðu að eina leiðin út úr þeim ógöngum sem við erum í í sjávarútvegsmálunum, a.m.k. áður en menn geti breytt fiskveiðistjórnarkerfinu ef menn vilja gera þá hluti eða til þess að viðhalda aflamarkskerfinu ef menn vilja það, sé fyrningarleiðin. Og hvernig sem menn líta á hina eiginlegu fiskveiðistjórn og hvernig eigi að fara að gagnvart henni sjá allir vandann sem er í því fólginn að kalla veiðiheimildirnar til baka af útgerðinni sem fyrir er, hvort sem það er vegna þess að menn ætli að breyta sjálfu fiskveiðistjórnarkerfinu eða af því að menn vilja koma á réttlæti og jafnræði til þess að nýta auðlindina, eins og er aðalgrunnurinn undir þessari tillögu okkar. Við höfum þó alls ekki útilokað neinar aðrar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Og ég vil ítreka það svo það sé alveg skýrt að við höfum alla tíð verið til viðræðu um það að hafa öðruvísi fiskveiðistjórnarkerfi á t.d. smábátunum heldur en á öðrum hlutum flotans.

Og við höfum líka verið afar jákvæðir gagnvart því að menn settust virkilega vandlega yfir niðurstöðurnar af þessu aflamarkskerfi sem við höfum búið við undanfarin ár og skoðuðu það nákvæmlega. Því það hefur svo sannarlega ekki skilað miklum árangri. Mig langar í því sambandi til þess að fara yfir fáeinar tölur.

Í upphafi þings var hér útbýtt Þjóðhagsáætlun. Á næstaftasta blaði hennar innanverðu er tafla, Afli og aflaverðmæti 1994–2002, þ.e. áætluð veiði á þessu fiskveiðiári. Og þar kemur það mjög skýrt í ljós hver breytingin er á leyfðum veiðum á þessum tíma. Þarna hefur kerfið virkað

alveg eins og menn ætluðust til allan tímann. Og ég ætla að fara yfir töfluna til þess að glöggva þá sem ekki hafa séð hana.

Í þorskinum er núna gert ráð fyrir að veiða 9.000 tonnum minna en árið 1994 og þótti nú mörgum illa komið þá.

Í ýsunni er verið að leggja til að veitt verði 23.000 tonnum minna, 58.000 voru það 1994 en núna er lagt til að 35.000 tonn verði veidd.

Í ufsanum er verið að leggja til helmingi minni veiði en var á árinu 1994, þ.e. 31.000 tonn en 63.000 voru þau á árinu 1994.

Í karfanum voru það 95.000 1994 en 25.000 tonnum minna núna. Í úthafskarfanum er þetta svipuð veiði, 2.000 tonnum minna.

Í steinbítnum er nákvæmlega sama tala og var 1994.

Í grálúðunni er það 8.000 tonnum minna en 1994.

Í skarkolanum er það 7.000 tonnum minna, það voru 12.000 tonn 1994 en 5.000 tonn núna.

Svona er öll taflan nema hvað varðar síld, loðnu og kolmunna. Við stöndum frammi fyrir því að árangurinn er aftur á bak í öllum tegundunum. Full ástæða er til þess að menn skoði vandlega þetta kerfi sem veiðistjórnarkerfi. Ef menn kæmust síðan að þeirri niðurstöðu að þetta kerfi væri ekki heppilegt sem veiðistjórnarkerfi væru góð ráð dýr. Ekki hoppa menn á augabragði út úr þessu kerfi með því eignarhaldi sem búið er að koma á veiðiheimildirnar. Þetta er ein af röksemdunum sem hlýtur líka að þurfa að horfa á. En auðvitað eru aðrar röksemdir að mínu viti enn þá veigameiri eins og þær að auðvitað þarf að vera jafnræði til atvinnu á Íslandi. Og það þarf réttlæti fyrir byggðarlög og þá sem stunda þennan atvinnuveg.

Ég var að vona að hæstv. ráðherra kæmi nú í salinn svo ég gæti spurt hann nokkurra spurninga. Veit hæstv. forseti nokkuð um ...?

(**Forseti** (GÁS): Ekki frekar en fyrr, hann mun vera á leiðinni samkvæmt boðum sem frá honum hafa komið en ekki er hann kominn í hús samkvæmt upplýsingum á skjá forseta.)

Hæstv. forseti. Það er nú nokkuð farið að líða á tíma minn og ég hefði gjarnan viljað koma að þeim spurningum sem ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. ráðherra áður en ræðu minni lyki. Ég ætla því að hinkra áður en henni lýkur alveg og sjá hvort ráðherrann verður kominn.

En landsfundur Sjálfstæðisflokksins var haldinn núna fyrir helgina og fram á helgina og menn tóku auðvitað mjög eftir því hvað þar var að gerast í sjávarútvegsmálum. Þar var tekist á um framhald þeirra mála. Ég hlustaði á ræðu hæstv. sjútvrh. sem hann flutti þegar við vorum að ræða þetta mál ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar, hann hefur fengið nýjar upplýsingar um stöðu mála hjá ráðherra. Hann mun vera á leiðinni og kemur eftir fimm til sex mínútur. Ég sé hins vegar á töflu minni að hv. þm. á eingöngu sex og hálfa mínútu eftir. Forseti vill bjóða hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.)

Hæstv. forseti. Ég ætla að þiggja það.

(**Forseti** (GÁS): Það verður gert fimm mínútna hlé á þessum fundi.)

[Fundarhlé. — 14:33]

[14:36]

Flm. (Jóhann Ársælsson) (frh.):

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. hélt ræðu við umræðu um þetta mál þegar það var á dagskrá hér áður og hann tók svo til orða, með leyfi hæstv. forseta:

„... hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði ekkert umboð til að semja í þessari nefnd. Hann tók ekki mjög alvarlega það hlutverk að reyna að leita sátta í málinu því að hann átti bara að fara með flokkslínuna eins og hún birtist í frv. sem hér er flutt í þriðja skiptið, ekkert eða lítið breytt."

Hæstv. forseti. Ég þarf að fá að vitna í Morgunblaðið líka. Þar er verið að segja frá umræðum á landsfundi Sjálfstfl. Hér segir:

„Síðan sagði Davíð: „Menn ræða um (niðurstöðu) endurskoðunarnefndar um sjávarútvegsmál eins og hún sé endapunktur. Þessi nefnd hefur skilað áliti með fyrirvara og meiri hluti stjórnarflokkanna hefur náð þar ákveðinni samstöðu. Minni hlutinn er á öðru máli. Síðan gengur málið til sjávarútvegsráðherrans, þaðan til ríkisstjórnarinnar, þaðan til þingflokkanna, þannig að það er margt sem á eftir að gerast í umræðu um þessi mál og auðvitað mun sú vinna sem fram hefur farið hér á fundinum, þær umræður sem hér hafa átt sér stað, sú vinna sem fór fram í sjávarútvegsnefndinni fyrir atbeina sjávarútvegsráðherra sérstaklega hafa mikið að segja um það hvernig þeirri vinnu lýkur. Hins vegar gerðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni sérstaka tillögu. Þeirri tillögu var hafnað. Þessum tillögum hefur nú skolað hér inn á landsfund Sjálfstæðisflokksins. Þær felast í breytingartillögum Markúsar Möllers og fleiri. Það er algjörlega ljóst að ef slík tillaga yrði samþykkt yrði vinna sjávarútvegsráðherrans, ríkisstjórnarinnar og þingflokksins alveg fyrir bí. Þannig að tillagan gengur ekki upp og getur ekki í raun markað stefnuna fram á veginn. Það er áríðandi að sjávarútvegsráðherrann, ríkisstjórnin og þingflokkurinn hafi þá leiðsögn frá landsfundinum sem í nefndaráliti sjávarútvegsnefndarinnar felst. Ég vænti þess að landsfundarfulltrúar muni átta sig á þessari mikilvægu niðurstöðu."

Að þessum orðum loknum fór fram skrifleg atkvæðagreiðsla ..."

Skilaboðin voru ákaflega skýr. Hvað var á ferðinni þarna? Var það ekki flokkslínan? Hver var það sem var fastur í flokkslínu? Var það ekki hæstv. sjútvrh.? Var þetta ekki lýsing hæstv. forsrh. á því hvernig hæstv. sjútvrh. dinglaði á þessum öngli allan tímann og hafði ekki umboð til að semja um eitt eða neitt í þessari nefnd? Og það stóð aldrei til. Frá upphafi voru það stjórnarflokkarnir sem sömdu um þetta mál og tróðu þessari tillögu inn í auðlindanefndina sem skilaði henni svo út. Síðan hefur hæstv. sjútvrh. unnið að þessu máli í framhaldi með þeim hætti sem við þekkjum þó að hann sé að bregða mér um það að ég hafi verið á flokkslínunni og ekki getað hreyft mig um spönn.

Hvaða þýðingu hefur tillaga Sjálfstfl.? Er taumurinn uppi í Framsfl.? Ég spyr. Sjálfstfl. virðist hafa tekið þá ákvörðun á landsfundinum að þessi lína yrði bara keyrð. Við vitum ekki hvort Framsfl. mun hafa þá afstöðu eða ekki. En ég sé ekki að það sé nein leið til baka fyrir Sjálfstfl. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hefur hann nokkra möguleika til að semja um eitthvað annað en landsfundur Sjálfstfl. komst að niðurstöðu um? Er sú leið sem samþykkt var á fundi Sjálfstfl. orðin eini möguleiki Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum? Hefur það þá ekkert að gera með samstarfsflokkinn heldur, hvað þá stjórnarandstöðuna, hvernig framhaldið á að verða? Ef

ekki verður farin veiðigjaldsleið þá virðist hæstv. ráðherra ekki hafa umboð til eins eða neins. Ég spyr þess vegna: Er taumurinn uppi í Framsfl.? Er Framsfl. sammála þessari niðurstöðu sem fékkst á landsfundinum?

Svo langar mig að spyrja: Hvaða þýðingu hefur þessi niðurstaða? Hefur hæstv. sjútvrh. farið yfir það og velt því fyrir sér hvaða breyting verður í raun á úthlutun veiðiréttar ef hið opinbera fer að úthluta veiðirétti gegn gjaldi? Verður ekki eðlisbreyting á úthlutun veiðiréttar ef það er gert? Munu ekki vakna möguleikar annarra en þeirra sem nú hafa fengið úthlutunina þegar sú úthlutun verður tekin upp gegn gjaldi sem Sjálfstfl. er núna búinn að samþykkja?

Auðvitað er ákveðin eftirgjöf fólgin í því sem Sjálfstfl. var að gera á þessum landsfundi, sem sagt viðurkenning á því að þjóðin eigi þetta. En sú viðurkenning á ekki að ná lengra en það sem raun ber vitni að er í tillögum þessarar nefndar. En að hægt sé að úthluta miklum verðmætum frá hinu opinbera til einhvers útvalins hóps inn í langa framtíð án þess að neitt liggi fyrir á hvaða verðleikum það sé gert, það hlýtur að kalla á áframhaldandi átök um þetta mál.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að ekki muni vakna nein réttindi annarra til þess að fá úthlutun gegn gjaldi ef þeir sækja um því að fram á þennan dag áður en nýja kerfið sem Sjálfstfl. er að boða tekur gildi, var þetta réttur útgerðar byggður á fortíð. En þegar menn fara að láta af hendi réttindi þjóðarinnar úr sameign gegn gjaldi hlýtur að verða eðlisbreyting á þessu. Menn verða að horfast í augu við að það þarf að skilgreina þessa hluti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann látið skoða þetta? Hefur hann látið lögfræðinga skoða þetta?

Ég endurtek spurningu mína: Er Sjálfstfl. þá búinn að loka fyrir alla aðra möguleika en þá sem voru samþykktir þarna eða hefur manni sést yfir eitthvað í samþykktum landsfundar? Er hæstv. ráðherra sem sagt gjörsamlega fastur á flokkslínunni?

[14:43]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum enn stjórnkerfi fiskveiða og frv. Samfylkingarinnar um breytingu á kerfinu.

Það stjórnkerfi sem við höfum búið við hefur kallað á svonefnt kvótabrask. Fínni orð um sömu aðgerð eru viðskipti með aflaheimildir. Ef viðskipti eru á þann veg að þau leiða til skerðingar á kjörum sumra en hossa öðrum fyrir atbeina löggjafans þá er um að ræða brask og siðleysi. Það er fráleitt að lögin hafi verið sett til að vinna eftir þeim á þann máta sem gert er nú. Þess vegna verður að breyta lögunum.

Menn eru að selja sameign þjóðarinnar. Þeir komast upp með að leggja skipum, reka áhöfnina, græða á kvótasölu og veðsetja sameign þjóðarinnar og svo gengur sameignin jafnvel í erfðir. Þetta vita menn allt saman og þetta viðgengst fyrir opnum tjöldum og þeir sem græða mest hæla sér af því án þess að löggjafarvaldið grípi inn í atburðarásina. Menn tala um kvótaeign sína og þeir fara með kvótaeignina eins og þeim sjálfum hentar án allra afskipta þrátt fyrir lög og lagasetningu og það sem stendur í 1. gr. laganna. Það var ekki markmið með lögunum um fiskveiðistjórn, ef ég man rétt, heldur áttu lögin að vernda fiskstofnana og leiða til meiri hagkvæmni. En, herra forseti, ég verð að segja að það virðist allt saman gleymt. Ef maður lítur til þess og umræðu sem varð á landsfundi Sjálfstfl. um þessi mál þá virðist fiskverndunin vera dottin fyrir borð hjá þeim ágæta flokki. Kerfið er meingallað. Menn eru að kaupa kvóta dýru verði. Menn eru að leigja til sín kvóta á ofurverði þegar þá vantar heimildir fyrir meðafla og oft er meðafla hent í sjóinn til að sleppa við refsingu fyrir að koma í land með veiddan afla sem ekki er heimild fyrir.

Einnig hefur komið fyrir að menn sem eiga nægar heimildir í ýsu hafa lent í því að fá netin full af þorski. Það er svolítið merkilegt að tegundirnar synda nærri því í hvaða tegund af netum sem er og gera engan greinarmun þar á. Það er eins og að hver sú tegund sem verður á vegi togskips með troll eða snurvoðar fari í veiðarfærið. Ef ekki er heimild á viðkomandi skipi er síðasta úrræðið að henda aflanum dauðum aftur í sjóinn.

Herra forseti. Ég nefndi að landsfundur Sjálfstfl. væri nýafstaðinn. Þar gerðust reyndar mikil tíðindi. Samþykkt var prinsipp-sjónarmið jafnaðarmanna um árabil, sem er gjald fyrir aðgang að auðlind sjávar. Þar gerðust einnig þau tíðindi að mikill baráttumaður fyrir þeirri leið sem við jafnaðarmenn höfum barist fyrir, þ.e. fyrningarleiðinni eða að kvótakóngarnir skili gjafakvótanum, sagði sig úr Sjálfstfl. Sá aðili var Markús Möller eins og komið hefur fram í fjölmiðlum og var ekki seinna vænna fyrir hann að gera það og ég virði mann sem stendur svo fast við skoðanir sínar.

Mér þykir líka merkilegt, herra forseti, að menn sem barist hafa gegn stefnu Sjálfstfl. í fiskveiðistjórnarmálum skuli vera þar áfram og láta traðka á skoðunum sínum. Ég á þar við menn sem segja í viðræðu: Þið verðið að breyta kerfinu, en kjósa síðan sjálfir íhaldið. Ég á við menn eins og forustumenn ýmissa trillukarla sem bölsótast yfir kerfinu í viðræðu við mann en svo mæta þeir á landsfund og kjósa íhaldið með breitt bros á vör.

Í DV í gær var umfjöllun um meint misferli sem tengist leigu á aflaheimildum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mikill fjöldi viðskipta með aflamark á sér stað á degi hverjum. Til að slík viðskipti séu rakin þarf í fyrsta lagi að vera grunur um að eitthvað gruggugt sé á ferðinni varðandi tekju- og kostnaðarskráningu viðskiptaaðila. Í öðru lagi er samkvæmt framansögðu ekki hægt að rekja viðskiptin samkvæmt reikningum frá kvótamiðlurum. Því þyrftu skattrannsóknarmenn að flokka skýrslur Fiskistofu og reyna að rekja út frá þeim hvaða viðskipti eiga sér stað milli viðkomandi aðila. Kunnugir telja hins vegar að slíkt sé svo mikil vinna að það sé nær óvinnandi vegur að finna út úr þessu."

Hvað er verið að ræða um? Það er verið að ræða um milljarðaviðskipti sem eru á dökkgráu svæði þar sem verið er að skjóta undan fjármunum sem á að greiða skatt af.

Herra forseti. Þessar upplýsingar liggja fyrir og enginn vandi að rekja þær ef menn vilja. Það er verið að framkvæma skattsvik fyrir opnum tjöldum án þess að yfirvöld reyni á nokkurn hátt að skipta sér af því sem fram fer. Slík vinnubrögð eru gjörsamlega óþolandi.

Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Ætlar hann eða ætlar ríkisstjórnin að láta það viðgangast að það sé upplýst í fjölmiðlum að fram fari stórkostleg skattsvik án þess að lyfta hönd á móti slíkum vinnubrögðum? Án þess að taka í taumana og koma í veg fyrir að menn séu að svíkja undan skatti, hreinlega stela frá þjóðinni?

Það hlýtur að vera krafa mín og okkar allra sem hér erum að hæstv. sjútvrh. svari því hvort meiningin sé að taka á skattsvikum og svindli sem er í kringum fiskveiðistjórnarkerfið.

Herra forseti. Ég vitna enn í grein í DV í gær þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Hafa má í huga að samkvæmt tölum á vef frá Fiskistofu hafi meðalverðið oft farið niður fyrir 50 krónur, undanfarna mánuði, reyndar stundum niður í 3 krónur eða minna á kíló." — Hvað skyldu menn vera að segja þarna? Verið er að segja í rauninni að verið sé að falsa tölur. Vita menn að þorskur sem er 8 kg eða meira, 8+ eins og kallað er, gengur á leiguverði á 150 kr.? Vita menn að smáþorskurinn gengur á leigu á 120–130 kr.? Það virðist ekki vera því að upplýsingar liggja fyrir um allt annað. — „Ef samkvæmt því er miðað við að uppgefið verð hjá Fiskistofu sé t.d. að meðaltali 55 krónur á kíló" — eins og hér er sagt — „er heildarupphæðin á þessum þorskaflamarksviðskiptum tæpir 2,8 milljarðar króna."

Þetta er það sem skráð er. En líklegt er að um helmingi hærri upphæð eða meira sé að ræða. Þetta sýnir sem sagt svart á hvítu að gífurlegt misræmi er á milli talna um kvótaleigu og veruleikans og hafa ber í huga að hér er aðeins verið að nefna brot af heildarviðskiptum með aflamarksviðskipti á síðasta fiskveiðiári. Þegar þessar tölur eru hafðar í huga, 2,8 milljarðar, er aðeins verið að nefna brot af þeim viðskiptum sem áttu sér stað á sl. ári.

Herra forseti. Tíma mínum er næstum lokið í þessari seinni ræðu. Ég vil enda orð mín með þessu: Það er aðeins spurning um hvenær en ekki hvort gerð verður grunnbreyting á stjórn fiskveiða, eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem við samfylkingarmenn erum að tala hér fyrir.

Herra forseti. Ég ítreka þá spurningu sem ég beindi til hæstv. sjútvrh. hvort hann muni beita sér fyrir afskiptum af meintu kvótasvindli sem skýrt er frá í Dagblaðinu í gær.

[14:54]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða eru nefnd fjögur markmið, fjórar göfugar leiðarstjörnur sem lögin eiga að tryggja að farið sé eftir og tryggð séu. Í fyrsta lagi er talað um sameignina, þ.e. sameign þjóðarinnar, í öðru lagi um verndun nytjastofnanna, í þriðja lagi um hagkvæma nýtingu og í fjórða lagi og ekki er það veigaminnsta markmiðið, að tryggja atvinnu og byggð í landinu.

Herra forseti. Ef litið er á einstök markmið má segja þetta: Sameign þjóðarinnar er stöðugt að færast á færri hendur. Í skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun um sjávarútveg og byggðaþróun á Íslandi, kemur m.a. eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Tuttugu stærstu handhafar veiðiheimilda í september 1992 réðu yfir 36% af heildarveiðiheimildunum. Í mars 2001 hafa 20 stærstu handhafarnir nú yfir að ráða 59% af veiðiheimildunum. Af þessu er ljóst að yfirráð veiðiheimilda hafa safnast á færri hendur.

Með hliðsjón af því hvernig veiðiheimildir hafa flust milli byggðarlaga og þróun íbúafjölda á landsbyggðinni hefur verið er ljóst að ákvarðanatökur stjórnenda þeirra fyrirtækja, sem fram koma á töflu 2, geta orðið afdrifaríkar fyrir þróun byggðar á næstu árum að öllu óbreyttu."

Herra forseti. Samkvæmt þessu sést að veiðiheimildir eru stöðugt að færast á færri hendur og nú ráða 20 stærstu handhafar veiðiheimildanna yfir tæplega 60% þeirra.

Í öðru lagi er talað um verndun. Setja má stórt spurningarmerki við það hvort það markmið hafi náðst. Mér sýnist að flestir botnfiskstofnar séu í lægð. Eflaust hefur markmið með friðun síldar tekist á sínum tíma, sem oft er vitnað til, en ástand fiskstofnanna er ekki eins og vænta mætti af þessum lögum. Það er langt í frá. Og ég held að setja verði stórt spurningarmerki gagnvart því hvernig nýtingu þeirra er háttað.

Í þriðja lagi er talað um hagkvæma nýtingu. Hagkvæm nýting er ekki bara arður fárra fyrirtækja. Fiski er hent, við heyrum stöðugt fleiri sögur af því. Það mætti líka nýta margt af því sem er hent, eins og hausa og hryggi og flytja út, t.d. er Nígeríumarkaður vel móttækilegur fyrir slíku. Af þessu sést að nýtingin er engan veginn eins og best væri á kosið.

Herra forseti. Í fjórða lagi var það markmið laganna að tryggja atvinnu og byggð í landinu. Ég held að menn fari ekki í grafgötur um að þar hafi kannski pottur helst verið brotinn.

Mig langar til að nefna eitt lítið dæmi um kvóta heima í héraði, ef hann fer hefur hann áhrif á íbúaþróunina á viðkomandi stað. Það er ekki endilega samasemmerki milli þess að fólkið flytji þangað sem kvótinn fer. En óöryggið losar um fólkið og það fer. Með leyfi forseta, vil ég lesa úr áðurnefndri skýrslu:

„Mynd 8 sýnir sama fyrir Hrísey og mynd 7 sýnir fyrir Ísafjörð og Hnífsdal. Margt er svipað með þessum myndum. Íbúum Hríseyjar fækkar öll árin frá og með 1995. Á tímabilinu frá 1995 til 2000 fækkar íbúum Hríseyjar um 89. Þeir voru 277 í árslok 1994 en í árslok 2000 voru þeir komnir niður í 188.

Veiðiheimildir höfðu minnkað úr 4.038 fiskveiðiárið 1992/1993 í 579 fiskveiðiárið 2000/2001, eða um 3.459 þorskígildistonn."

Herra forseti. Þarna er nefnt dæmi þar sem íbúum í einu sveitarfélagi fækkar um þriðjung á sama tíma og veiðiheimildir minnka í 579 tonn úr 4.038.

Niðurstaða skýrslunnar er þessi, með leyfi forseta:

„Hér að framan hefur verið leitast við að svara þeirri fyrirspurn stjórnar Byggðastofnunar hvort lögin um stjórn fiskveiða hafi haft áhrif á byggðaþróun í landinu. Ljóst er að ákvæði laganna um frjálst framsal veiðiheimilda hefur haft víðtækar afleiðingar á þróun byggðar í landinu með tilflutningi aflaheimilda á milli landshluta og einstakra byggðarlaga. Sem dæmi má nefna að byggðarlög á Snæfellsnesi eru að styrkjast en byggð á Vestfjörðum að veikjast. Þetta hefur leitt til verulegrar skuldaaukningar í sjávarútvegi, lækkunar launa í fiskvinnslu í samanburði við aðrar atvinnugreinar og fólksflótta af landsbyggðinni."

Herra forseti. Hér ber allt að sama brunni. Sennilega hefur engin ein löggjöf haft sömu áhrif á íbúaþróun í landinu og fiskveiðilöggjöfin. En sem betur fer virðast sumir vera að vakna og maður heyrir jafnvel talað um að auka byggðakvóta til að koma til móts við þá staði sem mest er að blæða eftir skyndileg áföll. Og þess eru dæmi að slík kvótaúthlutun hefur bætt ástand á þeim stöðum.

[15:01]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um það frv. til laga sem þingflokkur Samfylkingarinnar hefur flutt og er nú til umræðu í annað skipti á hinu háa Alþingi. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka mikinn þátt í þeirri umræðu. Í fyrra skiptið sem þetta var rætt urðu orð hæstv. sjútvrh. tilefni þess að ég vil koma og leggja aðeins orð í belg. Þá sagði hæstv. sjútvrh., með leyfi forseta:

„Hinar veiku byggðir á landsbyggðinni þurfa á öðru að halda en að lífsbjörgin sé rifin frá þeim."

Ég vona að þetta sé nokkurn veginn orðrétt eftir haft. Það er sannarlega rétt. En spyrja má að því hvort það

hafi ekki verið einmitt núverandi kvótakerfi, núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, sem hafi sannarlega dregið lífsbjörgina frá mörgum litlum sveitarfélögum á landsbyggðinni. En svo er að þegar eitt er dregið burtu þá bætist það við hjá öðrum og það er sannarlega svo að ýmis önnur sveitarfélög hafa fengið til sín þær aflaheimildir.

Herra forseti. Ein af verstu hliðunum á þessu máli er kannski að eftir að hið frjálsa framsal var tekið upp 1990 geta útgerðaraðilar tekið sig til og selt í burtu allan kvótann, þess vegna að nóttu til, og eftir stendur eitt byggðarlag lagt í rúst, ef svo má að orði komast. Og eignir fólksins sem þar býr — það hefur e.t.v. eytt ævinni í að byggja sér húsnæði og koma sér fyrir — eru gerðar verðlausar í sömu andránni, um leið og aðrir fara með miklar fúlgur fjár út úr sölu á kvótanum.

Ég ætla ekki endilega að nefna nein sérstök byggðarlög, en menn geta spurt sig og menn geta horft til hinna ýmsu staða á landsbyggðinni. Hvað hefði t.d. gerst á Skagaströnd ef áform utanaðkomandi aðila um að yfirtaka Skagstrending hefðu orðið að veruleika? Hvað gerðist á Ísafirði þegar Samherji keypti Guðbjörgina? Þetta gula skip átti að landa áfram á Ísafirði eins og ekkert væri. En skipið sigldi í burtu og kvótinn með.

Um þetta hefur verið mikið rætt og ritað. Í skýrslu sem Byggðastofnun hefur tekið saman um sjávarútveg og byggðaþróun á Íslandi kemur margt athyglisvert fram. Ég vil m.a. vitna til samantektar á bls. 2, með leyfi forseta:

„Markmið laga um stjórn fiskveiða er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskstofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Og byggð í landinu! Hefur það verið gert? Jú, sannarlega á sumum stöðum. En að sama skapi hefur dvínað mjög og dalað á öðrum stöðum sem tekið hefur verið frá.

Ég held að menn þurfi ekkert að velkjast í vafa um að miklar framfarir og hagkvæmni hafi orðið í nýtingu og að samþjöppun hefur átt sér stað í greininni. Aftur á móti er það alveg deginum ljósara að lögin hafa ekki styrkt búsetu í dreifðum byggðum landsins á fjölmörgum stöðum sem við þurfum ekki endilega að telja hér upp. Nægir í þessu sambandi að tala t.d. um Vestfirði þar sem úthlutað aflamark í þorski til skipa með heimahöfn á Vestfjörðum náði því að vera 23.295 tonn eins og segir í þessari skýrslu og til samanburðar var úthlutunin á fiskveiðiárinu 2000–2001 12.957 tonn. Þannig hafa verið fluttar frá landshlutanum veiðiheimildir í þorski sem nema tæpum 10.400 tonnum. Skal engan undra að það komi við. Þarna hafa með öðrum orðum verið fluttar í burtu veiðiheimildir í þorski sem verðleggja má á 9–10 milljarða kr.

Herra forseti. Þetta er ein versta hliðin á fiskveiðistjórnarkerfi okkar. Hitt atriðið er að sjálfsögðu hið frjálsa framsal, þ.e. að útgerðarmenn sem hafa fengið úthlutað veiðiheimildum geta tekið sig til og selt þær á einu bretti og farið út með fúlgur fjár eins og mörg dæmi eru um.

Leiga á kvóta og kvótabrask er annar þáttur. Ég vil nefna enn annað atriði, þó kannski eigi ekki að taka einstök dæmi til þess að dæma heilt kerfi. Í svari hæstv. sjútvrh. við fyrirspurn minni á síðasta þingi um úthlutað loðnumark, aflamark og annað, kemur nokkuð athyglisvert fram. Þar kemur fram að tvö síðustu fiskveiðiár hefur það verið mikið stundað af eigendum smábáta að kaupa loðnu, jafnvel þegar hún er dauð, búin að hrygna, og færa á viðkomandi smábát. Loðnan verður að sjálfsögðu ekki veidd á handfæri af þessum smábát. Jafnvel er hún dauð. En þá er hægt að halda áfram og leigja frá sér þær aflaheimildir í þorski og öðru sem menn hafa á þessum viðkomandi smábát.

Finnst hæstv. sjútvrh. þetta hægt? Á að vera hægt að gera þetta svona, þ.e. að menn jafnvel versli með dauða loðnu fyrir þorsk til þess að geta haldið áfram í þessu braski, að leigja frá sér heimildir? Þeir róa ekki. Aðrir nýta það að sjálfsögðu en eru í erfiðleikum með að láta enda ná saman eða gera það nánast ekki heldur.

Herra forseti. Ég sagði það hér í umræðum um skattamál og umræðum um Byggðamál að á Íslandi þarf að taka upp svæðisbundna byggðastefnu. Sú svæðisbundna byggðastefna þarf m.a. að koma inn í fiskveiðistjórnarkerfið vegna þess að ef menn komast að þeirri niðurstöðu að Vestfjörðum verði best haldið í byggð og fái að blómstra og sækja fram á ný með smábátum þá á að taka það inn í fiskveiðistjórnarkerfið og gera það þannig. Það á ekki eingöngu við Vestfirði. Við höfum heyrt ályktanir frá ýmisum byggðarlögum jafnt fyrir austan, norðan og annars staðar. Þetta þarf að leiða inn í það kerfi.

Annað mjög slæmt sem ég gleymdi að nefna áðan er að þeir sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum en selja þær frá sér fara í mjög mörgum tilfellum með peninga sína úr landi, nýta sér heimildir til þess að fara með fé úr landi. Þeir nýta sér einnig alls konar heimildir til þess að þeir þurfi ekki að borga skatta af þessum tekjum. Þetta er að mínu mati stærsti ljóðurinn á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Það eru líka til sögur um að peningar sem fást fyrir sölu aflaheimilda í sjávarútvegi séu notaðir til þess að koma mönnum inn í aðrar starfsgreinar í þjóðfélaginu. Það er spurning hvort það skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja. Það er sennilega töluvert öðruvísi en var á sínum tíma að geta selt kvóta landsmanna, fengið fyrir það fúlgur fjár og keypt tvær, þrjár, tískuvöruverslanir í Kringlunni eða tvö, þrjú verslunarpláss þar. Ég hygg að það skekki dálítið samkeppnisstöðu fyrirtækja á þessu sviði í Kringlunni, að maður tali nú ekki um ef það væri uppi í Smáralind núna. Það skyldi þó ekki vera að eitthvað af þeim peningum sem eru að koma inn og hafa komið inn undanfarið fyrir sölu aflaheimilda séu að fara inn í þennan verslunarrekstur og þessar verslunarmiðstöðvar sem verið er að byggja á höfuðborgarsvæðinu?

Hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson ræddi um vanda sem er lýst í þessari skýrslu. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um það. Nærtækt er að taka dæmi um hið smáa en góða samfélag í Hrísey. Þar hefur íbúum fækkað um 89 eins og talað er um í skýrslunni. En þar sér maður línuritið alveg í takt við aflaheimildir sem fara í burtu. Til þess að Hrísey fái áfram að blómstra sem byggð þarf ekki mikið að gera þar í byggðamálum. Það er í raun sáraeinfalt sem þarf að gera. Þar eru aðilar sem vilja hefja útgerð. Byggðakvóti gæti hjálpað þar til eins og hann hjálpaði til á Þingeyri og ýmislegt fleira væri þar hægt að gera. En kerfið má hvergi nota í jákvæðum skilningi til þess að breyta vörn í sókn, ef svo má að orði komast, í hinum fjölmörgu byggðarlögum sem hafa farið mjög halloka út af fiskveiðistjórnarkerfinu, að maður tali nú ekki um eftir árið 1990 þegar frjálsa framsalið var leyft.

Herra forseti. Þessi sala á aflaheimildum út úr greininni hefur líka orðið til þess að stórauka skuldir sjávarútvegs. Ég blæs á það að öll skuldasöfnun í sjávarútvegi sé eingöngu vegna nýfjárfestinga. Það er ekki rétt. Stór hluti af henni er vegna kvótakaupa. Frá árinu 1995–2000 hækkuðu skuldir sjávarútvegsfyrirtækja um tæplega 61%. Á þessum fimm

árum hækkuðu skuldirnar úr 108 milljörðum í 173 milljarða. Veit nokkur hverjar skuldir sjávarútvegsins eru í dag? Sennilega þarf að reikna það daglega miðað við gengiþróun. Mér kæmi ekki á óvart þó það væru rúmar 200 milljónir. (**GE:** Heldurðu að það sé ekki 300 milljarðar?) Ef ég hef verið að nota hér orðið milljónir þá er það náttúrlega rangt. Það eru náttúrlega milljarðar til að fyrirbyggja misskilning. (**Gripið fram í:** Eru það ekki yfir 300 milljarðar?)

Herra forseti. Þegar þetta mál var síðast á dagskrá var ákaflega athyglisvert að fylgjast með ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, varaformanns fjárln., stærstu nefndar þingsins, fulltrúa Sjálfstfl. í því embætti, sem ég segi að hafi haldið hér líkræðu, eina þá mestu sem ég hef hlustað á á Alþingi um sjávarútvegsstefnu stjórnvalda. Ég get ekki kallað hana annað en líkræðu þegar rætt var um botnfiskveiðarnar. Hann sagði eitthvað á þá leið að kerfið væri ónýtt. Hann nefndi það líka að sjávarútvegsstefnan væri að deyða hin ýmsu sjávarþorp út um allt land. Þetta er hárrétt. Ég spurði hann í stuttu andsvari hvort hann mundi flytja sömu eldræðuna á landsfundi Sjálfstfl.? Nú veit ég ekki hvort hann gerði það, hvorki í nefndinni né á fundinum. Ég veit það ekki. Ég fylgdist ekki svo grannt með því, en ég vona að svo hafi verið.

En ég vil aðeins segja að lokum að þó svo að landsfundur Sjálfstfl. hafi komist að einni niðurstöðu um hvað sá flokkur vill í sjávarútvegsmálum þá er það ekki það sama og að verið sé að ákveða sjávarútvegsstefnu Íslendinga. Sem betur fer situr Alþingi enn þá skörinni hærra en landsfundur Sjálfstfl. þó ég geti vel ímyndað mér að forustumenn Sjálfstfl. vilji helst hafa það hinsegin, þ.e. að ákvarðanir landsfundar Sjálfstfl. eigi svo bara að stimpla á Alþingi.

Þetta á, eins og hefur komið fram, eftir að fara í gegnum ríkisstjórn. Hæstv. sjútvrh. á eftir að vinna úr málinu. Þetta á eftir að fara í gegnum þingflokkana og þetta á eftir að koma til þings. Ég spái því að miklar og harðar umræður verði um það frv. sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn í þessum málum.

Ég hlustaði líka um daginn á starfandi formann þingflokks Framsfl., hins stjórnarflokksins, hvernig hann talaði um smábátana og annað í þessum málum þannig að, herra forseti, síður en svo er komin sátt meðal stjórnarliða og það er ekki komin sátt í landinu um sjávarútvegsstefnu til frambúðar. Svo er ekki. Það verður ekki gert með ályktun frá endurskoðunarnefnd sem er mynduð af tveimur þingmönnum Sjálfstfl., einum fulltrúa iðnrh. og síðan prófessor úr háskólanum sem var skipaður af hæstv. sjútvrh. Þetta er hins vegar lítið skref í rétta átt og kannski er það merkilegasta í þeirri samþykkt að Sjálfstfl. var að fallast á veiðileyfagjald eða auðlindagjald, eða hvað við eigum að kalla það. Og íslenskir útvegsmenn hafa fallist á að greiða hóflegt veiðileyfagjald ef það yrði til sátta.

Eins og ég segi þá er þetta skref í rétta átt. Ég sem fyrrverandi alþýðuflokksmaður hlustaði á það ungur maður þegar ég var að byrja að fylgjast með pólitík ... (Gripið fram í.) núverandi jafnaðarmaður, já. Ég fylgdist með því þegar Alþfl. vildi leggja á auðlindagjald alla sína tíð. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og margir hafa selt sig út úr greininni. Menn greinir þó á um hvort það eru 80% eða 75% eða hvað. Ég hef ekki þær tölur. En margir eru sannarlega búnir að selja sig út úr greininni, fara með fullar hendur fjár og mikla peninga út úr greininni í aðrar greinar eins og ég ræddi um áðan og því miður hefur ekki tekist nægjanlega vel ná á í skottið á þeim peningum sem þar flæða á milli sem samfélagið að sjálfsögðu hefði átt að fá miklu meiri skatta af en það í raun og veru hefur fengið.

Það sem ég vil enda á að segja, herra forseti, er að lítið hænufet hefur verið stigið í átt til þess að reyna að ná samstöðu meðal Íslendinga um sjávarútvegsstefnu sem er ákaflega brýnt að gera. Þess vegna voru það mikil vonbrigði að svokölluð endurskoðunarnefnd skyldi ekki hafa komist að niðurstöðu og að það hafi ekki orðið til þess að ná frekari samstöðu um þetta mál vegna þess að atvinnugreinin sem slík — og það er kannski það mikilvægasta — að atvinnugreinin sem slík þarf að hafa löggjöf í kringum þetta sem gerir það að verkum að menn vita hvaða rekstrarskilyrði og hvaða form þeir eigi að búa við næstu 10–30 ár. Það er ákaflega mikilvægt fyrir greinina en því miður virðist mér að þær tillögur sem hér hafa komið fram verði ekki til þess að draga úr deilum í landinu um sjávarútvegsstefnuna meðal almennings. Almenningi er misboðið þegar hinir ýmsu aðilar selja sig út úr greininni. Fjölmiðlar segja frá hvað menn fá fyrir að selja fiskinn sem syndir einhvers staðar í sjónum og þá er almenningi misboðið hvernig þetta er og því hefur þetta ekki orðið til sátta. En ég segi það í lokin, herra forseti, að Sjálfstfl. steig hænufet í rétta átt og hefur viðurkennt hóflegt veiðileyfagjald eða auðlindagjald og það er kannski það merkilegasta við landsfund Sjálfstfl.

[15:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mig langar til þess að gera að umræðuefni eina af meginforsendum stjórnar fiskveiða og sennilega meginástæðu þess að kvótakerfið var sett á árið 1984. Ætlunin með því var að bæta nýtingu okkar á auðlindinni, stækka fiskstofnana, vernda miðin og halda við byggð í landinu. Ef menn muna svo langt aftur í tímann að minnast þess hvernig kvótakerfið var 1984 þá byggðist það á því að flotinn gæti allur haldið til veiða. Þá voru beinlínis gerðar ráðstafanir til þess að allir hefðu einhvers konar afkomu af veiðunum, þrátt fyrir niðurskurð í þorski. Það geta menn séð með því að fletta upp í sögunni. Ég ætla ekki að rekja það frekar í máli mínu.

Ég staðhæfi að eitt markmið kerfisins var að viðhalda byggðinni í landinu og tryggja þar fulla atvinnu, með þeirri útfærslu sem þá var sett á, jafnvel þó að það markmið kæmi síðar inn í lögin. Reyndin er hins vegar sú að unnið var á móti því markmiði með lagasetningunni árið 1990, um frjálst framsal veiðiheimilda.

Það væri ágætt ef hæstv. sjútvrh. færi ekki mjög langt því að ég er að hugsa um að fara yfir það hvernig okkur hefur tekist til við að veiða þessa botnfiskstofna okkar. Um það hefur auðvitað aðalágreiningurinn í þessu veiðikerfi staðið, þ.e. nýtingu okkar á botnfiskafla vegna þess að botnfiskveiðar hafa verið meginstoð atvinnu víðast hvar um landið þó að ákveðin landsvæði hafi vissulega átt betri afkomu í uppsjávarveiðum en önnur.

Ef við skoðum hvað við höfum verið að aðhafast á Íslandsmiðum og hvað við höfum tekið af Íslandsmiðum í einstökum fisktegundum, þá höfum við fyrir okkur tímabil sem nær yfir hálfa öld, 50 ár. Á 50 árum kemur í ljós að við höfum að meðaltali, fram til 1998, verið að veiða 371 þús. tonn af þorski á hverju einasta ári. Núna veiðum við 190 þús. tonn. Það er kvótinn sem áætlað er að við veiðum. Mismunur á milli þessara tveggja talna er 181 þús. tonn, sem vantar inn í veiðina. Það er auðvitað rétt að draga það fram

að síðasta áratug síðustu aldar var afli okkar iðulega undir 200 þús. tonnum.

Ef við lítum á meðaltalsveiðina á ýsu þá var hún 60 þús. tonn í 50 ár. Í dag veiðum við 30 þús. tonn. Þar vantar 30 þús. tonn upp á að við náum meðaltalsafla síðustu 50 ára.

Ef við lítum á ufsann þá veiddum við á ári 70 þús. tonn af ufsa í hálfa öld að meðaltali en erum núna að veiða 35 þús. tonn.

Ef við lítum á karfann þá veiddum við 92 þús. tonn á ári í 50 ár. Við erum núna að veiða 65 þús. tonn af gullkarfa og djúpkarfa.

Ef við lítum á steinbítinn þá veiddum við 15 þús. tonn að meðaltali en veiðum núna 13 þús. tonn. Þar er einna minnsti munurinn en steinbíturinn kom reyndar ekki aftur inn í kvótann fyrr en árið 1996 eins og menn muna. Hann fór inn í kvótakerfið 1994 en var tekinn út úr því aftur og kom svo aftur inn í kvótakerfið 1996.

Grálúðan. Þar höfum við aflaviðmiðun í 30 ár. Við byrjuðum eiginlega ekkert að veiða grálúðu af neinum krafti fyrr en eftir 1970. Þar er meðalveiðin 29 þús. tonn í 30 ár. Við erum núna komnir upp í 20 þús. tonn aftur en veiddum um 10 þús. tonn í nokkur ár.

Sé mið tekið af þessum 50 árum var meðalaflinn hjá okkur á Íslandsmiðum 637 þús. tonn af þessum botnfisktegundum. Núna vantar í þann afla, ef við ættum að skoða hver frádrátturinn er í þessu dæmi, 288 þús. tonn til að við náum meðalársafla. Það vantar nærri því helming upp á að við fáum svipaðan afrakstur af botnfiskstofnum okkar á því fiskveiðiári sem nú er að byrja og undanfarin fiskveiðiár hefur vantað u.þ.b. 240–250 þús. tonn í botnfiskveiðina til þess að við næðum svipuðum afla á land og við veiddum árlega að meðaltali í hálfa öld.

Það er ekki með nokkrum vitrænum rökum hægt að halda því fram, fyrir sæmilega menntaða þjóð eins og Íslendingar eru, að kvótakerfið okkar hafi byggt upp fiskstofnana eða að við séum að ná verulegum árangri við stjórn botnfiskveiðanna. Við getum vel sæst á að stjórn uppsjávarveiða með kvótakerfi hafi gengið upp. Ég held að það sé ekkert svo mikil ágreiningur um það í þjóðfélaginu að menn geti ekki búið við það, þó að vissulega hafi iðulega verið skilið eitthvað eftir af uppsjávartegundum í hafinu og heimildirnar ekki fullnýttar. Þar fyrir utan eru tegundir sem eru algerlega frjálsar uppsjávarflotanum, t.d. kolmunni. En þegar klifað er á því að við séum með heimsins besta fiskveiðistjórnarkerfi við stýringu á botnfiskveiðum þá verð ég að taka þannig til orða að mér finnst verið að ljúga að fólki. Ég get ómögulega orðað það öðruvísi.

Það stendur ekki steinn yfir steini í kvótakerfinu og vart hægt að segja að við höfum með því náð árangri við stjórn veiðanna og uppbyggingu fiskstofnanna, því miður. Það hefur allt farið á hinn veginn og ósætti meðal þjóðarinnar hefur aukist. Það verður enginn friður um að hafa til frambúðar þá útfærslu sem við búum við. Ég get ekki séð það, herra forseti og hæstv. sjútvrh., að kvótakerfið hafi nokkurn skapaðan hlut batnað þó að 600–700 manns á landsfundi Sjálfstfl. hafi samþykkt að bæta veiðileyfagjaldi ofan á óbreytt kerfi. Kvótakerfið hefur ekkert batnað við það, ekki nokkurn skapaðan hlut. Kvótakerfið lagast ekkert við að vera óbreytt og við að sett er veiðileyfagjald ofan á það. Það mun áfram viðhalda öllu ósættinu, byggðaröskuninni, takmörkun á nýliðun, lélegri nýtingu og ekki ná að byggja upp fiskstofnana og annað eftir því.

Þar fyrir utan er geysilegt ósætti um það meðal þjóðarinnar að á undanförnum árum hafi handhafar veiðiheimildanna getað tekið mjög mikla fjármuni út úr kvótakerfinu í gegnum sölu aflaheimilda. Það getur aldrei orðið sátt um að aflaheimildir sem er merktar í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sem sameign þjóðarinnar verði til frambúðar í eignarböndum fárra manna eða fárra fyrirtækja. Það er einfaldlega þannig að hinar dreifðu sjávarbyggðir landsins þurfa á því að halda að hafa atvinnufestu í sjávarútvegi og í veiðum. Það er m.a. sú niðurstaða sem t.d. stjórnarandstaðan komst að í álitum sínum í hinni svokölluðu endurskoðunarnefnd, þar að auki líka hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem sagði í séráliti sínu í niðurstöðukaflanum:

„Að öllu ofanrituðu samanlögðu legg eftirfarandi til:

1. Að farin verði fyrningarleið.

2. Að veiðar smábáta grundvallist á samkomulagi Landssambands smábátaeigenda við sjávarútvegsráðherra sem gert var 1996, enda brjóti það ekki í bága við stjórnarskrá.

3. Að byggðakvóti verði aukinn.

4. Að dregið verði úr kvótasetningu fisktegunda sem veiðast sem meðafli."

Skýrara getur það varla orðið.

[15:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. mjög skilmerkilega ræðu. Þar fór ekkert á milli mála. Mig langar þó að spyrja hann um eitt, vegna þess að ég hygg að við þekkjum flest til sögu hans í pólitík og þeirrar staðreyndar að hann átti á árum áður samleið með hæstv. sjútvrh. og var í sama flokki og hann og hefur væntanlega setið marga landsfundina. Hér hafa menn verið að minnast á það með réttu að þessi sami landsfundur samþykkti fyrir sitt leyti auðlindagjald, þá grundvallarhugmynd og hugmyndafræði að þessi auðlind, fiskurinn í sjónum, væri seljanleg og hagnaðurinn ætti að renna til þjóðarinnar.

Mig langar til að óska eftir því að hv. þm. uppfræddi okkur hin sem ekki hafa verið á svona landsfundum um hvort þetta sé ekki alveg nýtt og hvort ekki sé full ástæða til að staldra við þessa breytingu. Man hv. þm. eftir því að hæstráðandi til lands og sjávar, hæstv. forsrh. eða hvað þá hæstv. sjútvrh., hafi fyrr en nú talað um mikilvægi auðlindagjalds og það að þessi hugmynd og þetta prinsipp ætti við rök að styðjast?

Kemur það hv. þm. ekki dálítið á óvart að Sjálfstfl. hafi tekið þessa U-beygju og sé kominn til byggða að þessu leyti? Það er nefnilega eins og mig minni að þegar við jafnaðarmenn héldum ræður um mikilvægi þess að þessum skilmálum yrði til haga haldið þá hafi Sjálfstfl., hæstv. sjútvrh., núv. og fyrrv., hæstv. forsrh. og öll heila hersingin, æpt og gólað og talið það hina mestu ósvinnu. Eða misminnir mig? Ég bið hv. þm. að leiðbeina mér á þeirri braut.

[15:31]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég sé ekki besti maðurinn til að fletta upp í um sögu landsfunda Sjálfstfl. en skal þó af góðmennsku minni reyna að verða við óskum hv. þm.

Hin seinni ár hef ég fyllilega gert mér grein fyrir því að ef Landssamband ísl. útvegsmanna muni samþykkja að greiða gjald til að viðhalda kvótakerfinu þá mundi slík stefna verða ofan á í Sjálfstfl. Hún hefur orðið það.

[15:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vill ætla að hér hafi verið greitt lausnargjald Sjálfstfl. til LÍÚ. Vissulega er öllum ljóst að þær hugmyndir um gjaldtöku, þ.e. þær upphæðir sem nefndar eru, eru á svipuðum nótum og það sem þegar er greitt. Mig langar samt að reyna betur og bið hæstv. ráðherra að koma inn á það hér á eftir hvort það geti verið hreint og klárt misminni af minni hálfu að hér í þessum sal hafi sjálfstæðismenn hver um annan þveran — ég nefndi það áðan, herra forseti, og fyrirgefðu orðbragðið — hrópað og galað að þeim mönnum sem voguðu sér að ræða um réttlætið sem í því fælist að þeir sem nýttu veiðiheimildir greiddu eigenda þeirra, þjóðinni, auðlindagjald, eðlilegt afnotagjald. Það eru ekki mjög mörg ár né mörg missiri síðan sömu menn töldu þetta fásinnu og algerlega út úr kortinu. Að því leyti, herra forseti, er þó fagnaðarefni að menn séu komnir til byggða og síðan má lagfæra auðvitað gjaldtökuaðferðina sem slíka. Þetta er þó lítið hænufet. Þá á bara eftir að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu líka, fara hina svokölluðu fyrningarleið, ná aflaheimildum aftur til eigandans sjálfs. Menn verða með öðrum orðum að fylgja þessari sókn eftir.

Er ekki hv. þm. sammála um að að þessu leyti miði þó örlítið í rétta átt, í ljósi fortíðarinnar, í ljósi hinnar hörðu afstöðu gegn hugmyndum af þessum toga sem hv. þm. og sveitungi minn hefur áður staðið fyrir?

[15:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að Sjálfstfl. hefur tekið þá afstöðu sem hann hefur iðulega hafnað á undanförnum árum, undanförnum þingum, fjölda mörgum stjórnmálafundum og landsfundum, að útgerðarmenn ættu ekki að greiða fyrir auðlindina. Hann hefur horfið frá því.

En hvers vegna hvarf hann frá því? Hann hvarf frá því vegna þess að hin harða andstaða við núverandi kvótakerfi hefur leitt útgerðarmenn að þeirri niðurstöðu að sennilega væri rétt að taka upp einhvers konar vott af gjaldtöku til þess að festa kerfið óbreytt í sessi.

Niðurstaðan sem mér finnst hafa komið út úr landsfundi Sjálfstfl. er að menn hafa viðurkennt það, samþykkt það sem stefnu Sjálfstfl., að leggja auðlindagjald ofan á óbreytt kvótabraskskerfi. Allt annað verður óbreytt þeim til handa sem aflaheimildirnar hafa.

[15:35]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Ef frv. sem hér um ræðir yrði að lögum, halda menn þá virkilega að það leiddi til þess að tryggja atvinnu á landsbyggðinni og styrkja byggð þar? Þar sem 92% kvótans eru nú á landsbyggðinni, þ.e. utan Reykjavíkur, hversu stór biti væri það þá fyrir landsbyggðina að kyngja ef taka ætti af þeim aflaheimildir í gegnum fyrningarleið, þ.e. gera þær upptækar á tíu árum eins og frv. gerir ráð fyrir og gera útgerðaraðilum að kaupa þær til sín aftur á uppboði þar sem seld eru hæstbjóðanda hverju sinni þau réttindi að fá að veiða í sjónum? Þegar 5% aflaheimildanna eru metin á 8 milljarða, halda menn þá virkilega að þetta geri t.d. trillukörlum úti á landi auðveldar fyrir eða að útgerðir nái að hagræða líkt og verið er að hvetja til? Ég skil ekki hvernig hægt er að setja samasemmerki á milli byggðaþróunar og fyrningarleiðar.

Íbúaþróun hefur því miður verið landsbyggðinni afskaplega óhagstæð á undanförnum árum þar sem fylgni hefur mælst á milli þess að kvóti fari frá byggðarlögum og íbúafækkunar. Að sama skapi hefur ekki mælst fylgni í hina áttina, þ.e. þótt kvóti komi í byggðarlög þá virðist fólksfjölgun ekki fylgja þar á eftir.

Hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, gerði að umræðuefni í ræðu sinni áðan samanburð á því sem úthlutað hefði verið af aflaheimildum árið 1994 og nú í ár. Hæstv. sjútvrh. hefur hingað til ákvarðað heildarafla einstakra fisktegunda að fengnum tillögum vísindamanna. Það er nákvæmlega það sem farið er fram á í þessu frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Heildarafli einstakra fisktegunda verður áfram ákveðinn árlega samkvæmt tillögum vísindamanna og fiskveiðiárið verður óbreytt."

Um leið og hv. 3. þm. Vesturl. Jóhann Ársælsson gagnrýnir það sem haft er að leiðarljósi við úthlutun á heildarafla einstakra fisktegunda og að það hafi ekki gefið góða raun, þá er það sama lagt til í þessu frv.

Við verðum að gera okkur grein fyrir að tillögur vísindamanna eru oft og tíðum byggðar á gegnsæjum rökum. Það er erfitt að gera sér grein fyrir stofnstærðum og fyrirsjáanlegum áhrifavöldum þar. Þrátt fyrir að afskaplega faglegum vinnubrögðum sé beitt af Hafrannsóknastofnun og að við höfum góðum fiskifræðingum á að skipa þá geta þeir ekki kveðið upp með staðreyndir heldur líkindi. Ástand fiskstofna fer alls ekki eingöngu eftir veiðum, samanber hrun innfjarðarrækjustofnsins vegna breyttra aðstæðna í sjónum.

Ég sé ekki hvernig það getur komið landsbyggðinni til hjálpar, treyst byggð í landinu og tryggt atvinnu þar, að ríkið hrifsi til sín aflaheimildirnar og selji þær hæstbjóðanda hverju sinni.

[15:39]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst fjalla um hvernig þetta geti komið landsbyggðinni til góða. Ég vil minna á að veiðiheimildir eru ekki ókeypis. Þær eru greiddar fullu verði. Það verð er miklu hærra en verðið sem yrði á þeim markaði sem við erum að tala um. Það gengur ekki að menn tali eins og veiðiheimildir kosti ekki neitt á Íslandi í dag. Fyrir þær greiða menn slíkt verð að það er ekki vafi á því að það yrði þægilegra fyrir þá sem búa úti á landi og hafa góða aðstöðu til að sækja gjöful fiskimið að hafa aðgang að leigumarkaði eins og við erum að leggja til að verði.

Mundi t.d. trillukörlum ganga betur að komast yfir veiðiheimildir? Ég segi já. Það er ekki vafi á því að ef veiðiheimildir væru almennt boðnar fram á leigumarkaði, eins og við erum að lýsa hérna, þá yrði það mikið framboð á veiðiheimildum og þá þyrfti ekki að kaupa veiðiheimildir til eilífðarnóns eins og núna er verið að kaupa af útgerðarmönnum. Þar af leiðandi mundu þeir sem eru með besta reksturinn, fá hæsta verðið fyrir góðan fisk, eiga auðvelt með að nálgast veiðiheimildir.

Síðan vil ég setja út á það, eins og ég er vanur, að menn tali um að kaupa aftur veiðiréttinn af útgerðarmönnum. Útgerðarmenn hafa að vísu sumir hverjir keypt veiðirétt. Ekki nærri allir og ekkert nálægt því 80% af þeim sem eru núna í útgerð. Þeir sem keypt hafa þennan veiðirétt hafa ekki keypt hann í góðri trú, að mínu viti, vegna þess að slíkar deilur hafa staðið um þetta kerfi að enginn hefur keypt í þeirri vissu að kerfinu yrði ekki breytt.

Við höfum líka lagt til, í tillögum okkar hefur verið gengið út frá því, að aðlögunartími yrði nægur. Við höfum meira að segja hreyft möguleikum á því að bæta mönnum tjónið af

því að tapa veiðiheimildunum með öðrum leiðum.

[15:42]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Landssamband ísl. útvegsmanna framreiknaði fyrir skömmu hvernig hið hóflega veiðigjald kæmi niður á einstökum byggðarlögum. Mér þætti gaman að sjá þær tölur eða öllu heldur skelfilegt ef framreiknað yrði hvernig sú fyrningarleið sem hér um ræðir kæmi niður á einstökum byggðarlögum.

[15:42]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst eiginlega frábært að hv. þm. skyldi nefna þetta sem LÍÚ var að gera um daginn, að reyna að búa til einhverja grýlu úr þessu veiðigjaldi sem Sjálfstfl. ætlar að leggja á útgerðina ofan á óbreytt kerfi.

Ég hef gengið frá fyrirspurn — ég veit ekki hvort búið er að dreifa henni — þar sem farið er fram á svör við því hvað útgerðin í landinu borgar fyrir veiðiréttindi í dag. Þau eru ekki borguð til ríkisins. Það er ekki veiðileyfagjald Sjálfstfl. sem var samþykkt um helgina. Það er veiðileyfagjald þeirra sem núna eru handhafar kvótans og það eru engir smáaurar. Það eru ekki einhverjar milljónir af því tagi sem LÍÚ var að lýsa í auglýsingum sínum um daginn. Það eru margfaldar þær tölur sem LÍÚ var með í auglýsingunum.

[15:43]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, sagði í ræðu um daginn að þessi fyrningarleið sem hér um ræðir mundi líklegast kosta 12 milljarða á meðan hóflegt veiðigjald kostar 2 milljarða. Hvernig í ósköpunum halda flutningsmenn frv. að það kæmi við landsbyggðina ásamt þeim neikvæðu margfeldisáhrifum sem óneitanlega fylgdu í kjölfarið? Ég bara spyr.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta í upphafi ræðu.)

[15:44]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Tillögur Samfylkingarinnar um sjávarútvegsmál liggja ljósar fyrir. Í þessari umræðu hefur komið fram að stjórnarandstaðan styður að farin verði fyrningarleið þó að kannski sé ekki hægt að tala um fyrningarleið undir einu merki vegna þess að það er ekki sama hvernig henni er hrint í framkvæmd. Það hefur líka komið berlega í ljós í umræðunum.

En það eru fleiri en stjórnarandstaðan sem aðhyllast breytt fiskveiðistjórnarkerfi á grunni fyrningarleiðar. Við sáum á landsfundi sjálfstæðismanna að þar er drjúgur hópur sem vill fara þá leið til þess að vinda ofan af kerfinu. Og við vitum af vinnunni í endurskoðunarnefnd að fulltrúi framsóknarmanna þar vill fara þessa sömu leið. Ég vara hv. þingmenn við því að setja verð á aflaheimildir þegar talað er um fyrningarleið og miða við núverandi verðlag á mörkuðum vegna þess að það er ekki marktækt — það er svo lítið magn sem fer á markaðinn — en eins og ég sagði er ekki sama hvernig fyrningarleið er hrint í framkvæmd. Eins og kunnugt er höfum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lagt fram tillögu sem byggir á þríliðun á ráðstöfun þeirrar aflahlutdeildar sem er fyrnd þannig að það kemur allt öðruvísi út í raun og veru.

Virðulegi forseti. Ég kom í pontu aðeins vegna þess að hæstv. sjútvrh. er í þingsalnum og hlustar á mál okkar. Ég vil nota tækifærið í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er á Alþingi. Það er alveg augljóst að stjórnarandstaðan, auk verulegs hluta beggja stjórnarflokkanna, margra þingmanna og margra almennra félaga þeirra, kallar á breytingar. Það er líka jafnaugljóst, held ég, öllum hér að það verður engin sátt um þá línu sem gefin var í endurskoðunarnefndinni um að viðhalda að langmestu leyti óbreyttu kerfi. Og þá vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. þegar hann metur stöðuna hér í þingsalnum og þegar hæstv. ráðherra metur stöðuna á sínum heimavígstöðvum í sínum flokki og síðan hjá samstarfsflokknum hvernig hann líti á framhald þessara mála. Ég er viss um að menn vilja reyna allt sem þeir geta til þess að koma að málinu á nýjan leik með það fyrir augum að finna lendingu þannig að allir geti sem best við unað.

Tillögur sjálfstæðismanna og meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar eru bara ávísun á að menn haldi áfram að keyra með þessi mál í bullandi ósátt við þorra landsmanna. Það liggur alveg klárt fyrir.

Síðan eru líka inni í þessum tillögum meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar mjög erfið mál sem við hv. þm. getum náttúrlega aldrei sætt okkur við að verði ekki breytingar á, nefnilega áframhaldandi samþjöppun og stækkun fyrirtækja. Við vitum til hvers það leiðir þó að menn séu að tala um framlög til byggðanna upp á 350–500 millj. til þess að slá á það. Síðan eru stórhættuleg atriði inni í tillögunum sem manni sýnast eiga að opna fyrir og það er verslun með áunninn úthafsveiðikvóta Íslendinga. Það er aldeilis ekkert smámál í því farvatninu.

Ég get ekki séð fyrir mér að við höfum nokkurt leyfi til þess hér að stuðla að lagabreytingum sem gera það mögulegt að áunninn réttur Íslendinga í úthafinu geti gengið kaupum og sölum til útlanda þannig að þjóðin standi uppi með það að eiga e.t.v. engan úthafsveiðikvóta eftir að næsta tímabili í sjávarútvegsmálum gengur yfir. Eins og menn vita gengur þetta upp og niður og menn sem eru handhafar kvóta hafa neyðst til þess að selja þegar illa gengur, ef þeir hafa haft leyfi til þess, og það er engan veginn hægt að sætta sig við þá óáran.

Það er einvörðungu þessi spurning sem ég vildi koma á framfæri, virðulegi forseti, þ.e. hvernig hæstv. sjútvrh. sjái fyrir sér framhaldið, hvort hann geti fallist á einhvers konar aðkomu að þessum málum á nýjan leik til að freista þess að ná sáttum í málinu og hvaða leiðir hæstv. ráðherra telji færar til þess.

[15:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki hafði ég hugsað mér að leggja orð í belg í þessari umræðu en þó fer það svo að gömlum Vestfirðingi rennur blóðið til skyldunnar í þeirri umræðu sem hér fer fram og svo sannarlega hefði ég viljað sjá fleiri í þessum þingsal taka þátt í umræðu um sjávarútvegsmál, fleiri ræða þetta stóra hagsmunamál og hvernig á að leysa það. Ég hefði viljað sjá fjölda sjálfstæðismanna hér í þessum sal fara yfir það hvað felst í tillögum og niðurstöðu landsfundar þeirra um sjávarútvegsmál og veiðigjaldið sem menn ætla að sameinast um að taka upp. Ég hefði viljað heyra þá útskýra af hverju það er ásættanlegt. Ég hefði viljað heyra þá lýsa því hverju við megum búast við, hver raunveruleikinn sé á bak við þá niðurstöðu sem menn hafa kallað sátt í Sjálfstfl., sáttatillöguna sem varð til þess að öflugir menn með sterkar skoðanir í sjávarútvegsmálum og stjórn fiskveiða hafa sagt skilið við og kvatt flokkinn. Og ekki þeir fyrstu sem það hafa

gert, einmitt vegna þess hvernig flokkurinn hefur haldið á málum.

Það er umhugsunarefni hve litlu stjórnarliðar láta sig þessa umræðu varða, jafnstórt og þetta mál er, stjórn fiskveiða, auðlindin, óveiddi fiskurinn, eignarhaldið á honum, og hvað þeir taka lítinn þátt í henni hverju sinni sem hún er tekin hér upp. Það er í raun og veru að mestum hluta stjórnarandstaðan sem ræðir málin og það er frekar blæbrigðamunur á afstöðu þingmanna í stjórnarandstöðunni en meginmunur. Meginmunurinn er um það hver á óveidda fiskinn í sjónum og hver hefur ráðstöfunarrétt yfir honum, hvort við ættum að kalla hann til baka til eigendanna, þjóðarinnar, eða hvort við ætlum að viðhalda því kerfi sem hefur orðið til, meira eða minna rekist áfram frá því að kvótakerfið var sett á laggirnar á sínum tíma og með þeim aðgerðum sem hafa verið lögfestar í þessum sal og gert það að verkum að við stöndum þar sem við stöndum í dag.

Samfylkingin hefur skoðað mjög vel þróun mála í sjávarútveginum sl. áratugi og farið yfir það með hvaða hætti eigi að fjalla um þessi mál og hvert við viljum fara. Við erum sannfærð um að sú leið sem hefur verið kynnt í frv. okkar, sem Jóhann Ársælsson mælti fyrir og við erum í framhaldsumræðu um, sé leiðin sem á að fara, að fyrningarleiðin skili okkur þangað einhvern daginn í framtíðinni að ákveðnu réttlæti hafi verið fullnægt, að við höfum sótt eignina okkar, eign fjöldans, og förum með hana eins og á að fara með sameign, að við lánum hana, að við veitum heimild til að veiða hana, að við hleypum duglegum og þróttmiklum sjómönnum í auðlindina til þess að sækja björg í bú og skaffa okkur þau auðæfi sem þessi þjóð á að eiga og deila með sér.

Það er umdeilanlegt hvaða árabil er það rétta. Við höfum stungið upp á 10 árum. Við höfum lagt til að unnt sé að innleysa kvótann á 10 árum en í nefndinni um stjórn fiskveiða sem hæstv. sjútvrh. setti á laggir í kjölfar niðurstöðu auðlindanefndar fór það reyndar svo að við ákváðum að tefla fram eins og unnt væri þessari lausn okkar og frekar að leita sátta með því að leggja til lengra tímabil til að ná inn eignum þjóðarinnar heldur en það sem við höfum talið ásættanlegt, allt í nafni sátta, í nafni þess að komast inn í þessa framtíðarsýn sem við erum sannfærð um að sé það sem þessi þjóð þarf.

Við gerum okkur alveg grein fyrir því að flokkur setur fram stefnu en það þarf, ef reyna á að ná samstöðu um stefnuna, oft að slá af og það þarf að reyna að leita leiða til þess að ná samstöðu um réttu leiðina jafnvel þó að hægar sé farið en kosið er. En það dugði ekki í þessu tilfelli. Þess vegna erum við þar stödd að við eigum væntanlega eftir að sjá tillögur útfærðar í kjölfar landsfundar Sjálfstfl. koma inn á þingið náist samstaða í ríkisstjórn um að fara þá leið. Við fáum væntanlega að heyra það allt hér á eftir þegar hæstv. sjútvrh. tekur til máls í þessari umræðu.

Spurt hefur verið: Hvernig á landsbyggðin að ráða við fyrningarleiðina? Hvernig á landsbyggðin að ráða við það að kvóta sem hún á sé skilað inn? En landsbyggðin hefur farið hræðilega illa út úr því kerfi sem við erum með í dag. Þeir sem hafa haft umráðarétt yfir kvótanum og talið sig eiga hann og hafa heimild til að ráðstafa honum hafa hvað eftir annað farið með lífsbjörgina úr byggðarlaginu og menn hafa ráðstafað þessari eign að eigin geðþótta og látið sig það einu gilda hvað það hefur þýtt fyrir heimabyggðina. Þegar á reynir verður eigin budda þyngri á vogarskálinni en hagsmunir byggðarlagsins. Og kvótagróðinn hefur hrannast upp eins og menn hafa bent hér á og það er athyglisvert að þegar skyggnst er á bak við eignarhlut í hinum ýmsu mannvirkjum eða í sjóðunum koma nöfn slíkra ósjaldan upp.

Ég ætla að staldra aðeins við þetta, hvað útgerðin þolir og hvað byggðarlögin þola. Kannski var ástæðan fyrir því að ég bað um orðið, herra forseti, að í sumar skrifaði Magnús Jónsson afskaplega athyglisverða grein sem vakti mjög mikla athygli. Hluti af þeirri grein fjallar um afskriftaleikinn og ég tel að sá kafli eigi erindi inn í þessa umræðu. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þennan kafla:

„Til að skilja hvað átt hefur sér stað síðustu tíu árin eða svo er nauðsynlegt að setja upp dæmi og skoða laga- og reglurammana sem gilt hafa á mismunandi tímum þessa tímabils. Dæmið sem ég tek er um tvær útgerðir, A og B, sem hvor um sig átti einn góðan togara, og fengu úthlutað 2.000 þorskígildistonnum hvor í fyrstu úthlutun eftir nýjum lögum frá 1990. Á þessum tíma fólust engin bókhaldsleg verðmæti í úthlutuðum aflaheimildum. Fljótlega fóru hins vegar að eiga sér stað kaup- eða leiguviðskipti með kvótann. Verð á óveiddum fiski varð til á gervimarkaði og þeir sem keyptu, töldu sig vera að leggja fé í varanlega eign sem hlyti að mega afskrifa rétt eins og aðrar eignir. Úthlutaðar aflaheimildir mátti hins vegar í fyrstu hvorki afskrifa né eignfæra. Þetta umhverfi skapaði tækifæri. Með því að A „seldi" B sínar aflaheimildir og B „seldi" A sínar án nokkurra raunverulegra fjármagnstilfærslna, varð til 2.000 tonna afskrifanleg kvótaeign hjá báðum auk þess sem „salan" skapaði tekjur í bókhaldi beggja. Bókfært verð kvótaeignarinnar var smám saman hækkað upp í það sem skattayfirvöld og lánastofnanir þoldu. Þau mörk hafa verið um 1 milljón króna á tonn af óveiddum þorski og því varð til afskriftarstofn kvótaeignar upp á allt að 2 milljarða króna hjá hvoru fyrirtækjanna. Afskriftir upp á 20% eða 400 milljónir króna færðust árlega á „gjaldareikning" beggja fyrirtækjanna. Þau urðu tekjuskattslaus og söfnuðu jafnvel inneign á „ónýttu tapi". Svona meðgjöf skattgreiðendanna var síðan notuð til að fyrirtækin gætu keypt nýjar aflaheimildir og stækkað eignastofninn. Bæði fyrirtækin, A og B, keyptu þannig 500 tonn til viðbótar og bókfærð kvótaeign þeirra fór úr 2 milljörðum í 2,5 milljarða króna.

Þrátt fyrir að togari hvors fyrirtækis væri aðeins 1 milljarðs virði var bókfærð „eign' eftir þessi fáu ár orðin 3,5 milljarðar króna hjá hvoru. Allt var þetta löglegt.

Undir „afskriftalekann" var sett með lögum nr. 118/1997. En enn þá voru ónýttir möguleikar kvótakerfisins. Fyrirtækjunum, sem bæði höfðu verið einkafyrirtæki, var nú breytt í hlutafélög og þau síðan sameinuð í AB hf. Fyrirtækið með 7 milljarða eign fór á hlutabréfamarkað og voru 40% boðin til kaups. Gengi bréfanna var 1,2 og á næstu vikum runnu liðlega 3 milljarðar króna inn í rekstur fyrirtækisins, sem var í reynd áfram að fullu undir stjórn fyrri eiganda einkafyrirtækjanna, enda áttu þeir 60% hluta þess. Enn var keyptur kvóti og nú nýtt skip. Þegar upp var staðið var AB hf. orðið einn af útgerðarrisunum með 7 þúsund tonna kvóta og þrjá togara og „markaðsvirði" upp á um 10 milljarða króna. Og allt var þetta löglegt."

Kannast einhver við frásögnina þó fjárhæðirnar séu e.t.v. aðrar og önnur nöfn sett á skipin?

Herra forseti. Þessi grein er einkar fróðleg og vakti verðskuldaða athygli þegar hún birtist. Ég ætla ekki að lesa hana alla upp. Ég hvet þá þingmenn sem til mín heyra til að gera það. Þar er auðvitað farið yfir það hvað menn notuðu

svo þennan mikla gróða í, hvort heldur var verðmætt byggingarland, eyjar, firðir, verslunarhallir, laxeldi, fótboltafélög eða annað. En ég ætla að grípa aðeins niður á öðrum stað í greininni:

„En hver seldi viðbótarkvótana og hvaða afleiðingar hefur ofanlýst atburðarás haft á þjóðfélagsgerð okkar? Þegar margir eigendur smærri útgerða sáu, að ótrúlega fjármuni var hægt að fá fyrir kvótann, jafnvel hundruð milljóna fyrir kvóta lítils báts, stóðust þeir ekki freistinguna að selja og lái ég þeim það ekki. Helför litlu sjávarplássanna hófst, lífsbjörgin var seld, lífæð þorpanna klippt í sundur og rétturinn til sjálfsbjargar var á bak og burt. Enginn rekstrargrundvöllur var fyrir nýliða að kaupa bát og kvóta á milljón krónur tonnið af óveiddum fiski. Allt í einu stóðu ættmenn, vinir og vinnufélagar frammi fyrir því að einn úr hópi þeirra gat gengið út sem moldríkur maður á sama tíma og hinir stóðu eftir réttlausir, án atvinnu og eignalausir."

Herra forseti. Hér er líka hægt að setja nöfn á byggðarlögin. Hér gæti ég nefnt nöfn úr hópi fólks sem ég þekki.

Herra forseti. Þetta er kerfið sem Sjálfstfl. hefur nýlega tekið ákvörðun um að viðhalda. Þetta er kerfið sem Sjálfstfl. hefur ekki leyfi til að víkja frá. Þetta er kerfið þar sem taka á lítið skref, sem við hljótum út af fyrir sig að fagna, með því að setja á veiðigjald. Við fögnum því svo fremi sem það verður ekki bara óbreytt ástand með því að það sé verið að sækja það sama og áður var sótt í Þróunarsjóð. Það verður fróðlegt að heyra hvað sjútvrh. segir okkur um það litla skref, um hvernig hann meti hvað útgerðin þolir. Við höfum undanfarið fengið að heyra af hálfu þessara aðila hvað útgerðin þolir.

Það hefur verið nefnt hér af hverju ekki hafi verið hægt að sækja til útgerðarinnar með sköttum það sem menn telja að hún skuldi samfélaginu fyrir að valta og skalta með sameignina. Guðmundur Árni Stefánsson bar fram fyrirspurn fyrir ári síðan um skattgreiðslur útgerðarinnar. Það varð uppi fótur og fit. Auðvitað höfðu engir skattar verið greiddir. Auðvitað er það þannig hjá þessum fyrirtækjum, sem eru með allt á bókhaldsfætinum, að þar fer ekkert til baka. Skattarnir voru varla vinnukonuskattar. Ég held að samanlagt hafi verið, ef ég man það rétt, eitthvað um 200 millj. kr. sem komu í skatta frá útgerðinni í heild sinni.

Það segir okkur það sem segja þarf og þessi saga segir okkur að það verður að breyta þessu kerfi. Þessi saga segir okkur að þó að stíga eigi lítið skref, smáhænufet, sem við eigum að fagna vegna þess að dropinn holar steininn. Á þessum landsfundi gerði Sjálfstfl. sér grein fyrir því að hann gæti ekki horfið af vettvangi öðruvísi en gera einhverja samþykkt sem gæti virkað eins og skref í þá átt sem þjóðin krefst að farið verði. Satt best að segja er það svo að þessi þjóð lítur á eitt mál ofar öðrum sem mesta óréttlæti sem yfir hana hefur dunið, þ.e. að örfáir útvaldir skulu hafa ráðstöfunarrétt á óveiddum fiskinum og ráða verðlaginu á honum óveiddum, taka allan afraksturinn af honum í sína eigin þágu. Það er stærsta óréttlæti okkar tíma og þess vegna skildi Sjálfstfl. sinn vitjunartíma.

Við höfum verið hávær. Við höfum sagt að nú verði ekki lengur við unað. Nú skal greiða fyrir aðgang að auðlindinni. Ég tel að það sé fyrst og fremst okkar málstaður sem hefur gert það að verkum að núna kemur Sjálfstfl. út af landsfundi með tillögu um greiðslu fyrir afnot af auðlindinni. Ég hlakka til að heyra sjútvrh. skýra okkur frá því hvaða fjárhæðir menn ætli að innheimta fyrir auðlindina okkar. Ég hlakka til að heyra hann segja okkur hvort þessi samþykkt sé undir sömu sök seld og aðrar samþykktir frá landsfundi Sjálfstfl. í velferðarmálum sem við höfum innt sjálfstæðismenn eftir og þeir sagt: Það er sitt hvað, landsfundarsamþykkt eða stjórnarstefna. Nú bíðum við spennt. Er þetta bara landsfundarsamþykkt eða verður þetta stjórnarstefna hjá stóra flokknum sem nú hefur tekið hænufet?

[16:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætlaði satt að segja að bíða eftir ræðu hæstv. ráðherra og bregðast við henni en er tímabundinn vegna fundar annars staðar innan örfárra mínútna. Ég ætla því að nota tækifærið núna enda er sennilega ekki mjög margt að frétta hjá hæstv. sjútvrh. Það mátti glögglega sjá í Morgunblaðinu í dag þar sem hæstv. sjútvrh. gerir grein fyrir afstöðu sinni þegar afstaða Sjálfstfl. til hinna stóru mála liggur fyrir. Þá sagði nefnilega hæstv. sjútvrh., með leyfi forseta:

„Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra tók fram í upphafi máls síns að hann hefði ekki verið talsmaður auðlindagjalds. „En ég hef heldur ekki litið svo á að ég ætti að vinna gegn auðlindagjaldi. Ég hef litið svo á að mitt hlutverk væri að leita sátta í þessu máli og finna lausn sem allir gætu sem best við unað.""

Hefði ég ekki sagt frá því fyrir fram, þá mætti ætla að hér væri að tala sáttasemjari ríkisins en ekki sjútvrh. þjóðarinnar. Hann hefur enga skoðun á þessu máli. Hann mun bara gera það sem honum er sagt.

Síðar í þessari sömu grein er að finna viðtal við hæstv. forsrh. Þar segir hann um þessi drög að ályktun um sjávarútvegsmál orðrétt:

„Í ályktuninni er ekki hvert orð eins og ég vildi hafa það nákvæmlega."

Síðan sagði hann: „... en þetta er besta niðurstaðan sem við gátum sett saman undir forystu sjávarútvegsráðherrans."

Hún væri með öðrum orðum orðið langtum betri hefði ekki forustan verið í höndum sjútvrh. Þetta var lymskuleg sneið hjá hæstv. forsrh. Það væri ekki betur hægt að gera undir forustu sjútvrh. Hann hefði auðvitað vilja hafa þetta öðruvísi. Þetta er í raun, herra forseti, þó að virki broslegt, sannleikurinn um þennan flokk, Sjálfstfl., þegar kemur að hinum stóru málum.

Þessari litlu frétt fylgir mynd af nokkrum fulltrúum, væntanlega á fundi þessarar sömu sjútvn. á þessum sama landsfundi. Hverja má m.a. sjá þar? Fremstan í flokki sér maður Kristján Loftsson, sveitunga okkar hæstv. sjútvrh. og andstæðing hans í hvalamálinu og mesta gagnrýnanda sem hann hefur fyrir hitt í þeim efnum. Þeir eru á öndverðum meiði í því máli. Við hlið hans er hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur allt, allt aðra stefnu en hér hefur nokkru sinni verið nefnd. Hann vill senda veiðiheimildirnar heim í hvert hús. Þar rétt fyrir aftan glittir í hv. þm. Gunnar Birgisson. Hann talaði mjög fyrir því á þessum fundi að fara hina svonefndu fyrningarleið sem menn hafa rætt um í því frv. sem hér hefur verið fyrir lagt.

Með öðrum orðum eru þrír talsmenn ólíkra sjónarmiða á sömu myndinni. Í sömu fréttinni er síðan að finna viðtal við hæstv. forsrh. sem vildi hafa þetta öðruvísi en að betur hafi ekki verið hægt að gera undir forustu hæstv. sjútvrh. Sjútvrh. svarar síðan því að hann hafi eiginlega enga skoðun á þessu máli, hvorki með auðlindagjaldi né heldur á móti því, hann sé bara sáttasemjari ríkisins.

Herra forseti. Þetta er skrýtinn flokkur, Sjálfstfl. Og hann þykist stjórna þessu landi. Hann þykist í fararbroddi og marka stefnu til lengri framtíðar.

Herra forseti. Ég þekki þennan flokk býsna vel. Ég hef bæði þurft að vinna með honum, gerði það í ríkisstjórninni 1991–1995 og ég minnist þess að ef við alþýðuflokksmenn nefndum hugtakið „auðlindagjald" þá ætlaði allt vitlaust að verða á ríkisstjórnarheimilinu. Um síðir tókst okkur hins vegar að koma ígildi þess gjalds inn, þ.e. þróunarsjóðsgjaldinu, en að það mætti kalla það auðlindagjald, gjald fyrir afnot af þessari auðlind, því var ekki til að dreifa. Á það mátti Sjálfstfl. ekki heyra minnst, ekki eitt aukatekið andartak. Auðvitað vissi ég betur þegar ég spurði hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson áðan um hans reynslu í þessum efnum. Sjálfstfl. er nefnilega að sveigja af braut. Hann er auðvitað, herra forseti, eins og Barbapabbi. Hann breytir um lit og lögun eftir því sem honum hentar best og þykir best. Svo koma þessir sömu menn hér, herra forseti, og vilja halda því fram að Samfylkingin, breiðfylking jafnaðarmanna með 17 þingmenn, sé sundurleit og ekki sjálfri sér samkvæm þegar veruleikinn er auðvitað sá að Sjálfstfl. er samsafn ólíkra sjónarmiða, hefur alltaf verið það og mun alltaf verða. Það endurspeglast best í myndinni sem ég minntist á áðan.

Þess vegna held ég, herra forseti, að það þjóni engum tilgangi að spyrja hæstv. sjútvrh. um nokkurn skapaðan hlut. Hann má ekki segja neitt. Hann mun reyna að safna saman sjónarmiðum og reyna að búa til úr því eitthvað í líkingu við heillega sýn og heillega stefnu sem flestir geti sætt sig við. En hins vegar er þessi sáttasemjari í sjávarútveginum ekki allra því að í þessari stuttu grein segir hann líka, með leyfi forseta:

„... ég held að sú niðurstaða sem þar hefur komið fram sé vel til þess fallin að við getum náð um hana sátt."

Og áfram heldur Árni: „Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það er stór hópur sem er algjörlega á móti því að veiðileyfagjald sé lagt á. Þeir aðilar í þeim hópi sem fallast á að veiðigjaldið sé lagt á eru að leggja mikið á sig til að ná sáttum í málinu." Hann sagði hins vegar að þeir hinir, sem vildu fyrningarleiðina, séu einstrengingslegir í afstöðu sinni. Þeir vilja með öðrum orðum fá að ráða öllu, segir hæstv. sjútvrh., sáttasemjari Sjálfstfl.

Herra forseti. Ég legg til að hús sjávarútvegsins, a.m.k. skrifstofur ráðherra, verði fluttar upp í Borgartún. Sáttasemjari ríkisins á þar heima.

[16:15]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Margt hefur verið sagt í þessari umræðu. M.a. hefur sú setning verið látin falla að samfylkingarmenn vilji að ríkið hrifsi til sín aflaheimildir. Á það skal minnt að í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða er tekið fram að íslenska þjóðin sé eigandi nytjastofnanna á Íslandsmiðum. Þess vegna er skrýtið þegar svona er talað.

Einnig er sagt í þeirri grein að þó að menn hafi veiðirétt sé það ekki óafturkræfur réttur. Eins og komið hefur fram í umræðunni hefur verið margbent á að þeir sem leigja til sín kvóta eða jafnvel kaupa kvóta geta ekkert verið vissir um að þeir eigi hann til eilífðar, enda er það greinilega skilningur t.d. sjútvrh. eins og kom fram í vor þegar hann hugðist gefa steinbítsveiðar algerlega frjálsar. Þeir sem brugðust ókvæða við þeim gerningi voru útgerðarmenn sem höfðu keypt steinbítskvóta fyrir t.d. 50 millj. örfáum mánuðum eða vikum áður, og sáu sína sæng útbreidda. Ef þeir hefðu beðið aðeins hefðu þeir mátt fara á fríar steinbítsveiðar. En sem betur fer fór það ekki eins og ætlað var í fyrstu með steinbítinn.

Síðan hefur verið sagt að landsbyggðarskattur yrði svo mikill ef veiðiheimildir yrðu boðnar út. Ég spyr eins og margir aðrir: Hversu margar milljónir króna eða hversu margir milljarðar hafa verið greiddir af sjómönnum í dag og útgerðarmönnum, helst lítilla útgerða, í leigu- og kvótakaup? Ég er alveg sannfærður um að þær upphæðir eru ævintýralegar háar og sem betur fer hefur hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, komið með skýra og gagnmerka fyrirspurn í því sambandi.

Vissulega er það rétt að mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa keypt til sín aflaheimildir af öðrum. En í tillögum okkar, Samfylkingarinnar, um fyrningarleiðina erum við að nefna ýmsa möguleika til að bæta þetta. Við getum hugsað okkur, svo að ég taki einfalt dæmi, landeiganda nokkurn sem á lóð við bæjarmörk, þorp sem hefur myndast, og lóðir vantar. Ef ekkert gengur eða rekur um að fá lóðir á því landi, er landið tekið eignarnámi í almannaþágu en landeigandinn fær bætur fyrir. Þetta er það sem við erum að benda á að verði auðveldlega hægt. Við gætum kallað það mjúka lendingu. Sú lending yrði mýkri en lendingin sem blasir við í fjármálum ríkisins og margra heimila og fyrirtækja í landinu sem horfa á vexti og undarlega útreiknaðar verðbætur hækka lánin dag frá degi um milljónir á milljónir ofan og um leið skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna sem ekki eru of vel sett fyrir.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra ef hann gæti svarað henni á eftir, en það er kannski ekki víst að hann hafi þær upplýsingar og það verður þá bara að hafa það, hvort hann hafi heyrt að norsk fyrirtæki séu farin að leggja inn milljónir króna eða jafnvel hundruð milljóna, a.m.k. tugi milljóna inn á reikninga íslenskra útgerðarfyrirtækja svo þau geti leigt kvóta hér og veitt fyrir þessi fyrirtæki. Ég hef heyrt þessu fleygt. Ég vona að það sé ekki rétt en hæstv. ráðherra veit þetta kannski betur því að auðvitað heyrir hann margt og mikið sem er að gerast í þessum geira.

Á sínum tíma þegar verið var að úthluta byggðakvóta var óskað eftir því að sveitarfélögin kæmu með tillögu um hvernig ætti að úthluta kvótanum. Sem betur fer var samkomulag og oftast samkomulag um hvernig þetta var gert og í mörgum tilvikum reyndist þetta mjög vel og jákvæð aðgerð að mínu viti. En eitt sveitarfélagið óskaði eftir því að fá að setja aflann eða kvótann, veiðiheimildina á markað þannig að þeir bátar sem tilheyrðu því byggðarlagi mundu fá að bjóða í. Við því var víst ekki hægt að verða þar sem talið var að lög hömluðu slíkri aðgerð. En þarna hefði verið kærkomið tækifæri til að sjá hvernig þetta hefði virkað. Þetta var lítið dæmi.

Einnig má velta því fyrir sér að Sjálfstfl., sem vill kenna sig við frjálsa samkeppni og frjálsa viðskiptahætti og hafa allt opið, skuli berjast svona ákaft gegn því að opna markaðinn, að sem flestir hafi aðgang að honum. Þess í stað eru öll teikn um að þeir vilji loka þessu og viðhalda því kerfi sem hefur verið að myndast, þ.e. að aflaheimildirnar fari á færri og færri fyrirtæki. Er það draumur einhverra að þetta endi síðan bara í einu fyrirtæki? Og hvað er það þá orðið? Er það þá ekki orðið eins og það var í Rússlandi þegar aðeins einn hafði vald yfir öllu og síðan fáir kommissarar sem voru með á jötunni. Þetta er alvarlegt mál og við verðum að breyta þessu kerfi með því að ganga þá leið sem Samfylkingin er

að leggja til. Allur þingflokkur Samfylkingarinnar stendur að þessu einhuga.

Sjálfstfl. er tvístruð hjörð hvað þetta varðar. Landsfundarfulltrúar voru u.þ.b. 1.200 en tæplega 700 sem tóku þátt í kosningunum um þessi mál. Ég spyr: Hvar var allt fólkið? Er öllum sama eða þorðu hinir sem ekki greiddu atkvæði að tjá skoðun sína? Voru þeir hræddir við eitthvert vald sem er eitt og sterkt?

[16:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Karl V. Matthíasson vék áðan að því sem Landssamband íslenskra útvegsmanna var að dunda sér við um daginn, að finna út einhverja tölu á hvað væri borgað í fyrningu ef fyrningarleiðin yrði farin annars vegar og auðlindagjaldsleiðin hins vegar. Mig minnir að þeir hafi nefnt töluna 25 þús. kr. á hvern íbúa í auðlindagjald á Ísafirði. Það væri fróðlegt ef það yrði skoðað og hægt væri að reikna út hvað þær byggðir sem misst hafa frá sér allar veiðiheimildirnar — hvaða byggð ætti maður að taka sem dæmi, ætli það sé ekki best að taka bara Bolungarvík sem missti frá sér svo til allar veiðiheimildirnar í stóra aflamarkskerfinu á nánast einu bretti til Grindavíkur, sennilega einhvers staðar á bilinu 5–6 þús. þorskígildistonn — hvað skyldi hver Bolvíkingur hafa misst frá sér í eignum og tekjumöguleikum bara við það að horfa á eftir öllum aflaheimildunum burt, plús skipin, plús verðfallið sem varð í byggðunum og minnkandi atvinnu? Ég held að þessi reikningskúnst þeirra hjá LÍÚ hafi kannski vakið menn til umhugsunar um að það má reikna þetta líka á þennan veg og skoða hvað sum byggðarlög hafa raunverulega þurft að fórna í þessu kvótakerfi. Það eru engir smáaurar fyrir fólkið hvorki þegar þetta átti sér stað né til framtíðar.

[16:28]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, sannarlega er þetta góð ábending sem kemur fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að flutningur kvótans, t.d. af Vestfjörðum, hafði mjög mikil áhrif á ekki bara eingöngu atvinnulíf heldur t.d. verð á fasteignum. Ég vil taka undir það sem hv. þm. bendir á að þegar aflaheimildir fara úr byggðinni sem eru undirstaða atvinnunnar, þá rýrnar náttúrlega þar allt. Við höfum séð hvernig fasteignaverð hefur lækkað á landsbyggðinni og það voru margir sem bentu á að það væri óréttlátt hversu há fasteignagjöldin þar væru miðað við fasteignaverð og töluðu um að lækka ætti fasteignaskattinn. En auðvitað hefði besta aðgerðin verið að skapa það umhverfi að fasteignirnar hefðu hækkað aftur í verði. Mig langar að geta þess í þessu sambandi að t.d. á Suðureyri, einu fegursta plássi landsins, lækkuðu fasteignir til muna þegar togarinn var farinn þaðan, Elín Þorbjarnardóttir, og hrun varð í fiskvinnslunni en þegar smábátarnir byrjuðu að róa þar hækkaði verð á fasteignum og í þau hús sem voru farin að tæmast og engar gardínur voru fyrir komu gardínur og fólk, það kom bjartsýni, gleði og von sem núna er verið að reyna að drepa.

[16:30]

Útbýting þingskjala:

Aflamark í ýsu, 101. mál, svar sjútvrh., þskj. 158.

Árósasamningurinn, 174. mál, fsp. ÓV, þskj. 175.

Lífeyrissjóður bænda, 171. mál, fsp. DrH, þskj. 172.

Náttúruverndaráætlun, 173. mál, fsp. ÓV, þskj. 174.

Reglugerðir frá umhverfisráðuneyti, 170. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 171.

Skattfríðindi í skjóli laga um alþjóðleg viðskiptafélög, 172. mál, fsp. ÖJ og KolH, þskj. 173.

Skipulag innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, 175. mál, fsp. KolH, þskj. 176.

[16:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn að þó að umræður séu líflegar er minnst talað um dagskrármálið. Það er helst að hv. þm. annarra flokka en þess sem í heilu lagi flytur frv. reyni að ræða það eitthvað á málefnalegum grundvelli.

Hins vegar verð ég að segja að sú ræða sem ber hæst í umræðunni er ræða hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sveitunga míns, og leikrænir tilburðir hans í ræðunni sem minna mig á gamla góða daga þegar við lékum saman í skólaleikriti og ef ég man rétt lék hv. þm. eðlisfræðing sem var með þá firru í kollinum að hann væri sir Isaac Newton. En hvað um það, það er önnur saga.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson bar sig illa undan þeim orðum mínum fyrr í umræðunni að hann hafi ekki haft neinn vilja til þess að semja í endurskoðunarnefndinni, til þess að leita sátta, og hafi verið bundinn við flokkslínuna sem kemur fram í dagskrármálinu sem er frv. flutt hér í þriðja skipti. Síðan heldur hann því fram að bæði ég sjálfur og fulltrúar Sjálfstfl. hafi, ekki síður en hann, verið bundnir á klafa flokkssamþykkta þar sem formaðurinn, hæstv. forsrh., hafi á landsfundi um síðustu helgi hvatt til þess að ályktunardrög, þar sem tekið er undir niðurstöður endurskoðunarnefndarinnar, væru samþykkt.

Það er svolítið athyglisvert að skoða tímaröðina í þessu. Við erum annars vegar að tala um frv. sem er flutt á þriðja þinginu í röð, þ.e. búið að flytja það þrjú ár í röð. Hv. þm. vill ekki víkja frá því í nefndarstarfi, hann segir meira að segja frá því í greinargerðinni að hann hafi ekki viljað samþykkja ákveðna hluti og þegar í ljós hafi komið að hann hafi ekki viljað samþykkja þá hafi tilraun til sátta mistekist og hann hafi þar af leiðandi ekki verið með í því að ná sáttinni sem meiri hlutinn náði. Hins vegar er tímaröðin sú að á landsfundi Sjálfstfl. 1999 vék flokkurinn frá fyrri samþykktum sínum, um að leggja ekki á veiðileyfagjald, í þá átt að veiðileyfagjald kæmi til greina og hann vildi vinna að því að leita að sátt í því efni vegna þess að sáttin í sjálfri sér væri mikilvæg vegna stöðugleika greinarinnar. Viðtækari sátt væri mikilvæg vegna greinarinnar.

Síðan er þetta nefndarstarf í gangi, fyrst auðlindanefndin og síðan endurskoðunarnefndin, og út úr því kemur niðurstaða, meirihlutaniðurstaða sem formaðurinn leggur til að flokkurinn samþykki og hann samþykki þar með að taka upp veiðileyfagjald. Hann er tilbúinn til að leita sátta og víkja frá skoðun sinni um að ekki sé skynsamlegt að leggja á veiðileyfagjald, og taka upp veiðileyfagjald. Það er greinilegt að hinir sem vilja bara einhverjar sérstakar leiðir í útfærslunni — og þeim nægir ekki að það sé viðurkennt grundvallaratriði — vilja láta kné fylgja kviði og að nákvæmlega þeirra leið verði farin. Það er ekki nóg að það sé viðurkennt að allur almenningur eigi að hafa sjáanlega hlutdeild í arðinum af auðlindinni, það sé viðurkennt í orði og verki, heldur á líka að fara aðra leið sem rífur heimildirnar af þeim sem eru með þær, af byggðunum, og guð má vita hvert þær fara.

Það sjá auðvitað allir að það er stórkostlegur munur á þessari afstöðu og þessari aðferðafræði. Engin samlíking um flokkslínuna er í þessu. Það er hins vegar athyglisvert að hv.

þm. Jóhann Ársælsson spyr síðan um afstöðu hins stjórnarflokksins og hvort ráðherrann sé bundinn flokkslínunni. Framsfl. ákvað að fara aðra leið í því að vinna úr sínu máli. Hann skipaði til þess nefnd. Hann hefur löngum gert það í stórum og miklum málum og það hefur komið ágætlega út fyrir hann. Sú nefnd mun væntanlega skila niðurstöðu mjög bráðlega. Það er auðvitað ekki ljóst hver niðurstaða hennar verður en það er síðan auðvitað hlutverk sjútvrh. að vinna úr þessum efnivið og koma með frv., fara síðan með það inn í ríkisstjórn og þingflokka. Auðvitað eru líkur til þess að þetta frv. verði í samræmi við samþykktir flokkanna. Gangi þær samþykktir eitthvað á misvíxl þurfa auðvitað flokkarnir að leysa úr því ósamræmi en fram til þessa hefur það ekki vafist fyrir þessum flokkum að leysa úr málum og koma fram með farsæla niðurstöðu.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson vék að alvarlegu máli ef satt reynist. Ég þekki ekki þá frétt nákvæmlega sem hann var að vitna í en hann var að vitna til þess að uppi væru höfð skattsvik í skjóli kvótasvindls. Það er auðvitað skattyfirvalda fyrst og fremst að taka á þessu máli en þurfi þeir atbeina sjútvrn. eða stofnana þess eins og Fiskistofu verður hann að sjálfsögðu veittur.

Nokkrir þingmenn, þar á meðal hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, Kristján Möller og Karl V. Matthíasson og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, viku að byggðamálunum. Þeir tína auðvitað til valin dæmi um það hversu illa er farið með byggðirnar. Staðreyndin er hins vegar sú að frá því að kvótakerfið var tekið upp hafa ekki orðið meiri breytingar á milli byggðarlaga í lönduðum afla en var áður. Margsinnis hefur verið sýnt fram á þetta. Það var talað um þegar tilteknir togarar hurfu úr byggðarlögum eftir að kvótakerfið var tekið upp. Hvernig var þetta fyrir daga kvótakerfisins? Þá hurfu líka togarar úr byggðarlaginu, og meira að segja margir á fjórða áratugnum þegar togaraflota Ísfirðinga var siglt til Nýfundnalands og hann seldur. Ég tala nú ekki um þegar síldin hvarf, þá voru uppi erfiðleikar á Siglufirði og á Ströndunum. Þessir hlutir gerast algerlega óháð því hvort það er kvótakerfi eða ekki. En þessi byggðaáhrif eru auðvitað sérmál út af fyrir sig og of langt mál að fara út í hér miðað við þann tíma sem ég hef í þessari ræðu.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson nefndi norsk fyrirtæki og aðkomu þeirra að íslenskum fyrirtækjum. Ég þekki þetta ekki nema úr fréttum í fjölmiðlum. Þar kom fram að íslensk fyrirtæki væru með skip skrásett á Íslandi sem hefðu tryggingar erlendra aðila í fjármögnun sinni. Það er ekkert ólöglegt við þetta en vel getur verið að einhverjum finnist það óæskilegt. Ég ætla ekki að kveða upp neina dóma um það. En þetta gæti staðið á bak við spurningu hv. þm. um þetta efni.

Það kom m.a. fram hjá hv. þm. Karli V. Matthíassyni að hann hefur miklar áhyggjur af því hvað gerist þegar aflaheimildir fara úr byggðarlaginu, og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson tók undir þær með honum. Þeim virðist hins vegar ekki vera sama um það hvernig aflaheimildirnar fara. Þeim virðist vera alveg sama um það hvað mundi gerast ef þær færu vegna þess að fyrirtækin gætu ekki ráðið við að kaupa þær á uppboði í keppni við fjársterkari aðila annars staðar frá. Þá hafa þeir engar áhyggjur af því að veiðiheimildirnar fari. En veiðiheimildirnar geta alveg eins farið á þann hátt og eru meira að segja miklu líklegri til að fara á þann hátt heldur en á nokkurn annan hátt.

Það hefur síðan verið vísað heilmikið til landsfundar Sjálfstfl. Hann er að sönnu merkileg pólitísk stofnun og sennilega eru ekki margar pólitískar stofnanir fyrir utan ríkisstjórn og Alþingi sem eru merkilegri en landsfundir Sjálfstfl. En þar var ákveðið að flokkurinn vildi að tekið yrði upp hóflegt veiðileyfagjald til sátta. Þetta gjald yrði, eins og staðan er í dag, tvisvar til þrisvar sinnum hærra en það gjald sem nú er greitt. Bæði yrði um kostnað að ræða og sýnilega hlutdeild í umframhagnaði útgerðarinnar þannig að þessu á að vera vel til skila haldið. En ef menn eru eitthvað að efast, herra forseti, um að menn þori að taka afstöðu í atkvæðagreiðslum á landsfundi Sjálfstfl. verða menn auðvitað að hafa slíkar efasemdir fyrir sig. Þessi tiltekna atkvæðagreiðsla, herra forseti, var hins vegar skrifleg og leynileg þannig að það þurfti enginn að hafa neinar áhyggjur af því að einhver annar vissi hvernig hann greiddi atkvæði.

[16:42]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hélt því fram að við sem vorum þarna í þessari blessaðri nefnd hefðum bara viljað fara einhverjar sérstakar leiðir. Það var auðvitað ekki hægt. En af hverju var það ekki hægt? Það var af því að hæstv. ráðherra vildi fara sína sérstöku leið og það var ekki um neitt annað að ræða. Sú leið varð til áður en auðlindanefndin skilaði af sér og það var það sem ég átti við. Ég var að reyna að sýna fram á það í ræðu minni hvers konar flokkslína hefði legið allar götur frá því áður en auðlindanefndin skilaði af sér og þangað til Sjálfstfl. samþykkir endanlega sína flokkslínu núna. Ég spyr: Var þetta sáttatal? Sneri það bara að því að það væri hægt að ná sátt milli stjórnarflokkanna um þessa hluti? Er það ekki komið á daginn eftir allan þennan feril að það náði aldrei lengra? Ég segi: Slík sátt verður ekki við þjóðina. Enda er það augljóst í dag.

[16:43]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað alrangt hjá hv. þm. og þarf ekki annað en lesa greinargerðina með frv. til þess að sjá það. Það var verið að leita leiða til sátta, það var verið að reyna að nálgast sjónarmið hv. þm., en það tókst ekki vegna þess að hann hafnaði því sem þar var verið að bjóða og því náðist ekki sátt nema um það sem meiri hlutinn náði sátt um. Hv. þm. neitaði að vera með í því sem hefði hugsanlega getað orðið víðtækari sátt.

[16:44]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski rétt að ég rifji upp hvað það var sem ég neitaði. Ég neitaði að á því lítilræði af veiðiheimildum sem talað var um að innkalla væri forkaupsréttur handa þeim sem hefðu haft veiðiheimildirnar. Ég vildi fara fram á það að þetta smáræði sem ætti að innkalla yrði til staðar og menn gætu keppt um það á jafnræðisgrundvelli. Það voru fulltrúar hæstv. ráðherra sem gerðu það aftur á móti að skilyrði að ef einhverjar veiðiheimildir yrðu innkallaðar skyldi útgerðin hafa forkaupsrétt að þeim þegar þeim yrði úthlutað aftur. Ég spyr: Hver stillti hverjum upp við vegg?

[16:44]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mjög eðlilegt að hv. þm. í nefndinni reyndu að leita þeirra leiða sem skapa stöðugleika í sjávarútvegi í byggðum landsins. Þannig voru þær tillögur sem þeir voru að reyna að ná sátt um við hv. þm. Jóhann Ársælsson en hann neitaði þeim.

Hann hefur sjálfur kosið að lýsa þessari atburðarás í greinargerðinni. Þar kemur fram að það var fulltrúi Samfylkingarinnar sem hafnaði tillögunni þegar í ljós kom að hann mundi aldrei samþykkja tiltekna hluti sem verið var að vinna að, þá var enginn grundvöllur fyrir því að ná saman um það sem var verið að reyna að gera. Þetta er augljóst — hans eigin orð á prenti eru til vitnis um það.

[16:45]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi orð hæstv. ráðherra Árna Mathiesens áðan langar mig að segja að ég er ekki alveg á sömu skoðun og hann. Þeir stjórnarandstæðingar sem hafa verið að flytja frv. hafa gert mjög vel grein fyrir því en við höfum með því líka verið að lýsa ástandinu eins og það er í dag, hvaða afleiðingar núverandi sjávarútvegskerfi hefur haft og hvað það hefur skapað miklar ósættir í landinu. Þetta er leið sem við erum að benda á og hægt er að fara, fyrningarleiðin, sem fjöldi manna fylgir og miklu fleiri en kemur fram á landsfundi Sjálfstfl.

Að lokum þetta. Ef þetta er löglegt og er að gerast sem við vorum að tala um í sambandi við aðkomu Norðmanna að kvótakerfinu er það mjög erfið samkeppnisaðstaða fyrir íslensk fyrirtæki.

[16:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ekki á sömu skoðun, það hefur komið fram. En það breytir auðvitað ekki þeirri staðreynd að leitað hefur verið sátta, og fulltrúar hv. þm. Samfylkingarinnar hafa ekki viljað taka í þá útréttu sáttarhönd. Þeir hafa viljað halda sig við þær tillögur sem leiða til óstöðugleika, leiða til óvissu um það hvaða veiðiheimildir einstakar útgerðir hafa og hvaða veiðiheimildir einstakar byggðir hafa, óvissu sem er umfram það sem ríkti áður en kvótakerfinu var komið á og hefur ríkt síðan kvótakerfið kom á. Þeir vilja auka óvissuna og það er eitthvað allt annað en það sem sjávarbyggðir okkar þurfa á að halda og þjóðbúskapur okkar þarf á að halda.

[16:48]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að benda hæstv. sjútvrh. á að það ríkir mjög mikil óvissa nú í sjávarútvegskerfinu. Ég get nefnt dæmi um sjávarpláss á Íslandi sem var að missa tvo togara annað, a.m.k. einn, og hinn er sigldur í burtu og við vitum ekkert hvað verður. Það er mjög mikil óvissa. Og ef kerfið heldur áfram að vera eins og það er heldur þessi óvissa áfram. Tilhneiging kerfisins er sú að rétturinn til veiðanna er með aflaheimildunum að færast á færri og færri hendur og það skapar mikla óvissu. Það er það sem við þurfum að átta okkur á. Við þurfum líka að átta okkur á því að þó að þetta fari á opinn markað hafa allir aðgang að því.

[16:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alltaf óvissa í sjávarútvegi og hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson kom reyndar inn á það varðandi líffræðilega þáttinn sem ekki gefst tóm til að fjalla um í þessari umræðu en gefst væntanlega seinna.

Hins vegar virðist það vera svo að sjávarútvegsfyrirtækin eru að styrkja stöðu sína og þar með styrkist staða sjávarbyggðanna. Núna er að koma inn tölfræði fyrir síðasta ár og þar virðast, samkvæmt því sem var í Morgunblaðinu, þvert á það sem fram kom í fyrri umræðunni, skuldir útgerðarinnar ekki vera að aukast heldur virðist sem útgerðin hafi greitt niður skuldir um 10–15 milljarða á síðasta ári. Þá er verið að tala um fyrirtæki sem eru utan Verðbréfaþingsins þannig að þvert á það sem kom fram eru þau að styrkja stöðu sína og það minnkar auðvitað óvissuna.

Síðan, herra forseti, virðist sem framlegð fyrirtækjanna á Verðbréfaþingi sé 27% á fyrri hluta ársins og verði ekki verri á síðari hluta ársins þannig að stöðugleikinn minnkar við sterkari stöðu fyrirtækjanna, herra forseti.

[16:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjútvrh. nefndi fjórða áratuginn og að áður hefði björgin líka verið seld frá bæjunum og nefndi það þegar togaraflotinn var seldur til Nýfundnalands. Nú talar sjútvrh. um grundvallaratriði. Veit hann ekki um lífshættina fyrir vestan? Veit hann ekki hvernig menn gátu tekið höndum saman og sýnt samtakamátt af því að það var hægt að sækja sjóinn? Veit hann ekki að fjölskyldufeður með mörg börn en enga peninga lögðu saman og stofnuðu Samvinnufélag Ísfirðinga, bátaútgerð sem átti eftir að verða lyftistöng fyrir bæjarfélagið árin á eftir, áratugina á eftir, af því að það var hægt að sækja sjóinn. Það er grundvallarmunur á þeim tíma og deginum í dag. Þetta er það sem við erum að ræða um, þennan grundvallarmun í sjósókn.

Herra forseti. Ráðherrann er með ólund yfir því að Samfylkingin hafi ekki viljað taka þátt í niðurstöðu hjá nefndinni. Útgerðin hefur ekki borgað skatta. Sjálfstfl. og fyrirliði ríkisstjórnar vill ekki fyrningu en hvaða skref verður veiðigjaldið? Það höfum við ekki fengið að heyra.

[16:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samtakamáttur er auðvitað enn þá fyrir hendi og það er hægt að grípa til ýmissa ráða í dag eins og áður þegar kvótinn fer úr byggðarlaginu eða skip er selt. Það er einmitt dæmi um það í byggðarlaginu sem hefur verið til umræðu og einmitt í samræmi við það sem fram kom, ef ég man rétt, að gula Guggan hafi verið seld frá Ísafirði en möguleikarnir í útgerðinni hafa ekki verið minni en svo að keypt hefur verið önnur gul Gugga sem nú er gerð út frá Ísafirði.

[16:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér mjög á óvart að ráðherrann skuli falla í þá gryfju að koma með slíkan samanburð. Við erum stöðugt að tala um möguleikann til sjósóknar. Þegar búið er að færa aflaheimildirnar á svo fáar hendur eru það þær hendur sem ráða hvar er veitt og hvar lagt upp. Ég er að lýsa muninum á fjórða áratugnum á Ísafirði og í dag. Það er grundvallarmunur og þetta eru grundvallaratriði.

Herra forseti. Auðlindanefndin náði mikilli sátt og maður lítur með aðdáun á það nefndarstarf. Það sama verður ekki sagt um seinni nefndina sem endaði í bullandi ósátt. Hér hefur komið fram að útgerðin hefur ekki verið að borga nema eiginlega þróunarsjóðsgjaldið og ég spyr, enn á ný, af því að þessu skrefi var hælt sem landsfundurinn er að taka: Hvaða skref verður það? Hverju má búast við af þessu veiðigjaldi?

[16:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert að falla í neina gryfju hér. Ég er bara að lýsa þeirri staðreynd sem hin nýja Gugga er auðvitað tákn um, þær breytingar sem hafa orðið á útgerð fyrir vestan. Þar er bara annars konar útgerð í dag og sá

afli sem þar kemur að landi er mjög svipaður og hefur verið síðustu áratugina, og er það vel.

Varðandi síðan spurninguna um hvað verður í framtíðinni, þá hef ég lýst því hvernig staðið verður að þeirri vinnu og á hverju þar verður byggt þannig að þingmaðurinn getur leitt að því líkur hver niðurstaðan verður.

Varðandi síðan það að auðlindanefndin hafi skilað af sér í sátt sem var gott og að endurskoðunarnefndin hafi skilað af sér í ósátt sem var auðvitað lakara en það er auðvitað auðveldara, með allri virðingu, að ná sátt um tvo valkosti en þegar menn verða að komast að niðurstöðu um bara einn valkost. Við getum ekki samþykkt lög frá Alþingi þar sem sami flotinn á að vera í tvenns konar kerfum. Við verðum að velja þar á milli og það gerði endurskoðunarnefndin.

[16:55]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að eignir fólks á landsbyggðinni séu hluti af útgerðarkostnaðinum — einn á bát, annar á fiskvinnslu. En síðan er það fólkið sem byggir eignir sínar í kringum kerfið og er búið að vinna með því alla tíð og hefur treyst á það. Þegar báturinn er seldur, og kvótinn, verður það ekki endurreist. Fólk hefur áður misst báta — bátar hafa farist allt frá þjóðveldisöld — en menn höfðu rétt á því að endurnýja skip sín og gátu þannig treyst búsetuna. Þetta er stóri munurinn. Það verður að líta til þess og tryggja þessar eignir fólks sem hefur bundið þær í sjávarplássunum í trausti þess að þar gæti það búið, og það fólk hefur verið svipt gríðarlega miklum eignum.

[16:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekki lögfræðilega rétt að þessar eignir sem hv. þm. nefnir séu hluti af eignum eða kostnaði útgerðarinnar. Ég skil hins vegar alveg sjónarmiðið sem fram kemur hjá honum og það sem getur gerst þegar eitthvað óvænt kemur upp á og haft áhrif á verðgildi eignanna.

En ég fullyrði að fyrningarleið með uppboði eins og hv. þm. leggja til í frv. er leið hámarksóstöðugleika fyrir sjávarbyggðirnar og sjávarútveginn og það eru mestar líkur til þess að eitthvað hendi sem við vildum ekki að kæmi fyrir og eignirnar rýrnuðu ef það kerfi kemst á.

[16:56]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að hér sé verið að leita leiða til þess að geta byggt upp víða þar sem menn hafa misst þessar heimildir og geta ekki lengur sótt fiskimið. Ég segi það að þetta hefur farið illa með landsbyggðina, og er ekkert verra, og eignaupptaka fólks þarna er gríðarleg. Ég hef, herra forseti, lagt fram á hinu háa Alþingi tvær fyrirspurnir um fasteignir fólks á landsbyggðinni, annars vegar um hvað sé verið að byggja þar og hins vegar hvernig verðmætamat sé á eignum á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Það er engin tilviljun að ég óska eftir við hæstv. félmrh. að þetta verði skoðað frá 1990.

[16:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kerfi þar sem verið er að reyna að takmarka veiðigetuna hlýtur að stangast á við kerfi þar sem verið er að reyna að auka veiðigetuna á einhverjum tilteknum stöðum nema menn ætli að minnka hana einhvers staðar annars staðar á móti. Og í þessu kerfi óstöðugleikans, uppboðs og fyrninga, eru það auðvitað þeir sem hafa verðmætustu eignirnar á bak við sig, sem hafa mesta andlagið gegn lánveitingunum, sem geta boðið hæst í veiðiheimildirnar. Og þá eru það auðvitað þessar veikari byggðir sem, eins og lýst hefur verið, búa við það að þar er fasteignaverð lægra en annars staðar og standa þannig veikast. Þær munu því fara halloka fyrir hinum sterkari byggðum þar sem fasteignaverðið er hærra og andlagið fyrir lánveitingunum er meira. Þess vegna segi ég að það mun koma nákvæmlega í ljós í svörum við þessum fyrirspurnum, sem auðvitað verður svarað, hvaða byggðir það eru sem standa sterkast og hafa sterkustu stöðuna til þess að bjóða í veiðiheimildirnar. Það eru ekki veiku sjávarbyggðirnar sem þingmenn þó vilja gæta hagsmuna fyrir.

[16:59]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu um frv. Það er æðimargt sem hefur verið rætt en það er líka fjölmargt sem borið hefur á góma sem er ástæða til að ræða um en verður ekki tími til í þeim ræðutíma sem ég hef hér.

Mér finnst þó ástæða til að tala um fáeina hluti. Ég ætla að byrja á því að nefna það sem hæstv. ráðherra var að segja hér áðan um kvótakerfi eða ekki kvótakerfi í byggðarlögum, að skip fari þó að ekki hafi verið kvótakerfi — en þau koma ekki með sama hætti til baka, og það er málið. Það þýðir ekki að halda því fram að það sé sama staða til þess að byggja upp atvinnuvegi í þessum byggðarlögum eins og var áður en þetta kerfi kom til. Það er einfaldlega ekki skynsemi í því að stofna til útgerðar á þessum stöðum eða yfirleitt undir þessu kerfi.

Mér fannst líka alveg frábært að hæstv. ráðherra skyldi nefna, máli sínu til stuðnings, kaup á báti til Ísafjarðar sem ber að vísu sama nafn og stórt skip sem þar var og fór í burtu og margir muna eftir. En þessi bátur sem var keyptur í staðinn er 6 tonn og hann er auðvitað einkaútgerð — ekkert nema gott um þá útgerð að segja — en hann er í aflahámarkskerfinu sem nú er verið að þrengja verulega að með þeim tillögum sem komnar eru fram og það er síðasta smugan sem verið er að loka í kvótakerfinu. Fyrir því gerir hæstv. ráðherra sér fulla grein.

Allt frá 1990 hefur þessi smuga verið opin en þá átti að loka henni með lögunum sem voru sett. Ef það hefði verið gert hefði smábátaflotinn fengið úthlutað 2.400 tonnum. Það væru, giska ég á, kannski 1.500 tonn í dag sem allur smábátaflotinn á Íslandi hefði til ráðstöfunar ef lögin frá 1990 hefðu verið látin standa fram á þennan dag. Það gerðu menn ekki. Menn ákváðu að opna smugu fyrir smábátaútgerð. Af hverju? Ég hef alltaf litið þannig á að menn hafi talið sig vera að gera aðgerð til bjargar byggðunum. Ég bið menn bara að hugsa til baka og velta fyrir sér hvernig ástandið væri í æðimörgum sjávarbyggðum landsins ef þessi smuga hefði ekki verið opin, og líka að velta því fyrir sér hversu lengi það endist sem hefur verið byggt á möguleikum þessarar smugu. Ég tel ekki að það endist mjög lengi og ég bendi á hvernig fór fyrir litlu bátunum sem fóru inn í aflamarkskerfið í upphafi. Þar er ekki stór útgerð eftir í dag.

Síðan var hæstv. ráðherra að tala um að við hefðum slegið á sáttarhönd þeirra í samningaferli þessarar nefndar. Ég segi bara enn og aftur: Þvílíkt og annað eins. Það sem hæstv. ráðherra bar fyrir sig var það að ég hefði ekki getað fallist á kröfu þeirra um að útgerðarmennirnir hefðu forkaupsrétt að þessu lítilræði sem átti að innkalla. Ég vísa algerlega til

föðurhúsanna að það hefði átt að ráða úrslitum. Ef einhver sáttatónn var í mönnum hefðu þeir þá ekki gengið lengra en það til móts við okkar sjónarmið? Ég hefði a.m.k. ímyndað mér það.

Það liggur fyrir að sú leið sem var staðfest á landsfundi Sjálfstfl. hefur vakað allar götur síðan dró til loka þess að auðlindanefndin skilaði af sér. Nú birtist hún líklega sem samningur — þó er ekki búið að skrifa undir enn þá — en að öllum líkindum kemur í ljós að þetta er samningur milli stjórnarflokkanna og honum eigi að troða í gegnum Alþingi með þessum hætti. Það er ekki sáttaleið, það er þó alveg klárt. Menn eiga örugglega eftir að finna áfram fyrir pólitískum átökum um sjávarútvegsmálin. Og ég tel að í raun og veru sé ekki hægt að bjóða upp á neina raunhæfa sáttaleið nema á þeim grundvelli sem við erum að leggja til hér. Þetta er okkar útfærsla. Það má ræða með ýmsum hætti hvernig eigi að gera þessa hluti en ef sérgæðin handa þeim sem eru núna í útgerð á Íslandi eiga að halda áfram verður aldrei sátt um stjórn fiskveiða.

[17:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu minni taldi ég Gugguna vera tákn um þær breytingar sem hafa orðið á útgerð á Vestfjörðum. Ég tel að sú útgerð sé að festa sig í sessi og allt það sem ég hef lagt til í þessu efni hefur miðað að því. Hins vegar lýsti hv. þm. algerlega hugarfari sínu og síns flokks gagnvart sáttinni. Hann orðaði það svona nokkurn veginn, ég skrifaði það niður jafnóðum: „Ef það var sáttatónn, af hverju var ekki gengið lengra til móts við okkur?"

Þetta er útgangspunkturinn, herra forseti. „Af hverju var ekki gengið lengra til móts við okkur?" Það er ekki það að hv. þm. og hans flokkur hefði átt að koma til móts við útrétta sáttarhönd. Nei, það var ekki málið. Það átti að ganga lengra til móts við hann en þar með eru menn auðvitað að viðurkenna að búið var að ganga til móts við hann. Hann vildi bara ekki taka í útréttu höndina heldur sló hann á hana og vildi ekki taka þátt í sáttinni. Hann verður að lifa við það, hann sló á höndina.

[17:05]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Litlu verður Vöggur feginn ef það er tákn um nýja tíma í útgerð á Íslandi að gera út 6 tonna skip. Það er ekki að ég sé að setja út á þá útgerð. Ég tel að hún sé afskaplega skynsamleg oft og tíðum. En það er verið að setja fótinn fyrir hana og framtíð hennar með þeim lögum sem menn ætla að koma í gegnum Alþingi. Af því að hæstv. ráðherra talaði um að ég hefði lýst hugarfari mínu, og hann spurði af hverju við hefðum ekki gengið lengra til móts við þá, þá er það bara þannig að ég á bókstaflega erfitt með að segja frá því hversu langt ég var búinn að ganga til móts við þeirra sjónarmið þegar að þessum kafla kom. Það var ekki um stóra hluti að semja í þessari nefnd og ég tel að við höfum gengið eins langt og mögulegt var til móts við þá sem við vorum þarna að reyna að semja við. Hæstv. ráðherra kýs að kalla það að ég hafi slegið á sáttarhönd, og hann má svo sem hafa það orðalag mín vegna.

Ég tel reyndar að full ástæða hafi verið til að slá á þá sáttarhönd sem þar var rétt fram, svo lítið var þar komið til móts við þau sjónarmið sem ég hef barist fyrir. Sjónarmið mín eru þau að í framtíðinni komist á jafnræði til að nýta þessa auðlind, að þessi atvinnuvegur verði jafnsettur öðrum hvað nýliðun varðar og að þar sé réttlæti haft í heiðri og jafnræði til að nýta auðlindina eins og aðrar auðlindir. Það væri þá í fullu samræmi við allar aðrar tillögur um það hvernig eigi að nýta auðlindir á Íslandi. Hvers vegna stöndum við í þessu þrasi um eina auðlind sem ekki má hafa reglur sambærilegar öðrum? Það er vegna þess að Sjálfstfl. er að ganga erinda einhverra fárra á kostnað allra hinna.

[17:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfstfl. gengur einungis einna erinda. Hann gengur erinda þjóðarinnar.

[17:08]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sjálfstfl. ætti þá að hlusta á þjóðina.

[17:08]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessar umræður hafa verið fróðlegar og ekki síður það frv. sem hér liggur fyrir. Maður gat auðvitað sagt sér það sjálfur um leið og það var lagt fram að þegar fyrrv. alþýðubandalagsmenn vilja gera það að grundvelli í atvinnugrein að frjálst markaðsuppboð eigi að stjórna veiðum og vinnslu er auðvitað eðlilegt að leggja við hlustir og velta fyrir sér hvað sé á ferðinni.

Kannski er best að athuga fyrst það sem stendur í greinargerð með þessu frv., í kafla sem hefst með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Grundvöllur stefnumörkunar." Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan verið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum sem ígildi eignar."

Þetta er lýsing hv. þm. á því þegar kvótakerfið var tekið upp. Nú er nauðsynlegt að hann og þeir aðrir flutningsmenn sem standa að þessu frv. útskýri nokkru nánar hvað fyrir þeim vakir.

Ég var á Alþingi þegar þessir atburðir gerðust og man vel eftir því alvarlega ástandi í fiskveiðimálum þjóðarinnar þegar við sáum fram á að þær aðhaldsaðgerðir sem við höfðum áður beitt dugðu hvergi nærri til. Sú regla hafði verið tekin upp á 8. áratugnum, eins og hv. þm. man, að takmarka fiskiskipastólinn með þeim hætti að óheimilt var að flytja fiskiskip til landsins nema annað væri lagt til hliðar eða úrelt í staðinn. Nokkur dæmi eru um að slíkt var gert. Það var að sjálfsögðu kostnaðarsamt fyrir útgerðina en eins og hv. þm. man kannski, ég veit það ekki, voru oft á þeim tíma mikil átök um það hvort sjávarútvegspláss ættu að fá heimild til þess að kaupa til landsins ný fiskiskip vegna þess að þau fiskiskip sem fyrir voru höfðu verið seld á brott. Í sumum tilfellum höfðu þau strandað.

Einstaka sinnum kom það fyrir, og ég man tvö dæmi um það, að staðir fengu togara fram hjá þessari reglu sem ég er að lýsa. Annar togarinn fór til Ísafjarðar og hinn til Hafnarfjarðar. Svo munum við að sjálfsögðu líka eftir því þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens veitti heimild til þess að kaupa nýjan togara erlendis frá, Stakfellið, til Þórshafnar. Þetta var undantekningin. En aðalreglan var sem sagt sú að banna innflutning á fiskiskipum nema annað jafnstórt skip færi úr landi. Með þessum hætti var búið að takmarka mjög aðgang að auðlindinni og þetta hafði það í för með sér að verð á fiskiskipum hér á landi var hærra en raunvirði skrokksins á hverjum tíma vegna þess að í kaupunum fólst veiðiréttur inn. Ég veit að hv. þm. man mjög vel eftir þessu. Þá trúðum við því að sóknarstýringin mundi duga.

Hins vegar kom síðar á daginn að sóknarstýringin dugði hvergi nærri. Mun meira var veitt en gert hafði verið ráð fyrir og það olli því m.a. að þorskstofninn hrundi. Þegar síðan kvótakerfið var lögfest var í því visst svigrúm. Annars vegar var gert ráð fyrir föstum kvóta og hins vegar var gert ráð fyrir því að skip mættu hafa sóknarmark. En aðalatriðið var að heimildir til þorskveiði voru skornar niður um 40% eða svo ef ég man þetta rétt.

Nú segir að fram að þeim tíma hafi skipin mátt veiða að vild. Útgerðum var frjálst að beita skipum sínum eins og þær framast gátu, að vísu með þeim takmörkunum sem fólust í sóknarmarkskerfinu. Nú vil ég spyrja hv. þm., 1. flm. þessa frv., Jóhann Ársælsson, beint að því hvort þessi upprifjun sem ég er hér með samrýmist þessari setningu sem ég vil nú lesa úr greinargerð hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi."

Í hverju fólust sérréttindin? Í því að fá að veiða minna en áður? Í því að fá ekki að nota fiskiskipin með jafnmiklu afli og áður? Við höfum hér á þingi hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, sem á þessum tíma var togarasjómaður fyrir vestan. Hann var formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins um fjölmörg ár. Er það reynsla hans frá þessum tíma að útgerðarmanni hans á þeim tíma, Jóakim Pálssyni, hafi verið veitt einhver sérréttindi með lögfestingu kvótakerfisins? Lítur hann svo á? Auðvitað ekki. Hann lítur auðvitað ekki svo á að sú útgerð hafi fengið kvótann gefins á þeim tíma, enda fékk útgerðin ekki þennan kvóta gefins. Þau réttindi sem útgerðarmenn og skipstjórar höfðu til að beita sínum skipum og sínum bátum voru takmörkuð. Hér stendur síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi."

Ég vil spyrja hv. þm. hvort þeir útgerðarmenn, sem höfðu gert út á árunum áður en kvótakerfið kom til sögunnar og urðu fyrir þeirri skerðingu sem kvótakerfið hafði í för með sér, hafi hagnast. Þekkir hv. þm. ekki dæmi þess að útgerðarmenn og skipstjórar á þessum tíma misstu mikið af eigum sínum? Sumir urðu gjaldþrota vegna þess að þeir máttu ekki beita skipum sínum eins og áður. Þekkir hann ekki þessi dæmi? Ég þekki þau. Sú sorgarsaga gerðist ekki aðeins á Norðausturlandi. Hún gerðist víðar.

Þetta vita flutningsmenn. Þeir vita að það sem ég segi hér er rétt. Þeir vita líka að þegar kvótakerfið var lögfest heyrðist ekki ein einasta rödd í þessu þingi, hvorki frá framsóknarmönnum, sjálfstæðismönnum, alþýðuflokksmönnum né alþýðubandalagsmönnum, sem sagði að svipta ætti alla útgerðarmenn landsins rétti til veiðanna og bjóða veiðiheimildirnar upp á þeim tíma. Þær raddir heyrðust ekki, auðvitað ekki. Hvers vegna ekki? Vegna þess að það hefði verið eignaupptaka. Hv. þm. mætti kynna sér hvað skrifað hefur verið um þessi mál síðan. Ég minnist þess í því sambandi að hann hefur stundum talað um það að hann vilji virða stjórnarskrána en um það hafa verið skrifaðar glöggar ritgerðir, m.a. af Sigurði Líndal prófessor, að það hefði verið stjórnarskrárbrot á þeim tíma að svipta menn kvótanum. Stjórnarskrárbrot, hvorki meira né minna. Enda hefur Alþingi ekki einhliða heimild til þess, fyrirvaralaust og að ástæðulausu, að svipta menn atvinnuréttindum og eigum sínum. Af þeim sökum var farið mjög gætilega í sakirnar þegar kvótalögin voru sett.

Ég vil líka minna á að þetta er ekki í fyrsta skipti sem nauðsynlegt hefur verið að setja kvóta á fiskiskip. Hér í þingsalnum situr núna hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson. Honum er vel kunnugt um að sá háttur var uppi hafður á Ísafirði að afhenda nokkrum bátum allan rétt til veiði á innfjarðarrækju í Ísafjarðardjúpi. Það voru nokkrir menn sem máttu veiða rækju eftir þar til settum reglum. Ég man ekki eftir því að Ísfirðingar hafi á þeim tíma talað um að rétt væri að svipta þá menn rétti til veiðanna og bjóða þann rétt upp. Ég man ekki eftir því. Mig minnir þvert á móti að krafa þeirra hafi verið að þeir mundu halda þessum rétti til að veiða einir þá rækju sem var í Ísafjarðardjúpi.

Hið sama gerðist við Húnaflóa. Ég man eftir því að ákveðinni útgerð var veitt leyfi til að veiða kúfisk fyrir vestan og annarri útgerð fyrir norðan. Það má segja að það hafi kannski verið að afhenda mönnum mikil réttindi án endurgjalds, að leyfa þeim að fara í kúfiskveiðarnar. Hitt er auðvitað algerlega ljóst að við höfum verið með kvótaveiðar hér lengur en kvótaandstæðingar kæra sig um að muna. Ég verð að segja, herra forseti, að mér er það fullkomlega óskiljanlegt þegar menn koma upp í þennan stól, menn sem hafa haft atvinnu af fiskveiðum eða þjónað veiðibátaflotanum, og halda því fram eins og ekkert sé að það sé sjálfsagt að taka 10% af útgerðinni á hverju ári og bjóða upp.

Hvað finnst t.d. hv. þm., sem er kunnugur á Akranesi og kunnugur á Snæfellsnesi, Jóhanni Ársælssyni, hv. 3. þm. Vesturl., eðlilegt að bátar almennt á hans svæði megi missa mörg prósent af útgerð sinni þannig að útgerðarmaðurinn geti haldið áfram útgerðinni? 10%, 20%, 30%? (Gripið fram í.) Hann þekkir þar mjög vel til, þessi hv. þm. Hann þekkir þar mjög vel til og hann veit hvað hann er að tala um. 10% fyrning á hverju ári er það sem hann talar um. Hvað mega þessar útgerðir við því að missa mikið?

Ég vil segja í annan stað: Hvernig stendur á því að svo margir ungir menn kjósa sér að starfa annars staðar en í sjávarútvegi? Auðvitað vegna þess að þessi atvinnugrein er meira rægð en nokkur önnur atvinnugrein í landinu þó að við eigum allt okkar líf undir henni og efnahag okkar. Ræða þessa hv. þm. var gott dæmi um þá lausung í málflutningi sem einkennir suma menn í þingsalnum og væri vissulega ástæða til að hafa um það langa ræðu. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hluta úr einni málsgrein 3. gr. frv., svohljóðandi:

„Sé atvinnuöryggi í sjávarbyggð ógnað vegna skorts á afla til vinnslu er ráðherra þó heimilt að láta bjóða aflaheimildir sérstaklega til leigu til útgerða sem skuldbinda sig til að landa afla til vinnslu þar."

Í þessu sambandi er margt að athuga. Það er t.d. alveg ljóst, ef ég man rétt, að hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, getur ekki fallist á að ríkið geti þannig skuld-

bundið sjómenn og útgerðarmenn til að landa á ákveðnum stöðum fyrir ákveðin fyrirtæki. Fróðlegt væri að heyra hvað hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, hv. 4. þm. Vestf., segir um þá málsmeðferð. Ég man ekki betur en hann sé þeirrar skoðunar að það eigi að vera fullkominn aðskilnaður veiða og vinnslu og hefur hann með þeim málflutningi haldið fram alveg gagnstæðum skoðunum við þær sem fyrrverandi ráðherrar Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum höfðu, t.d. Matthías Bjarnason.

Ég vil líka spyrja hv. þm., af því að hann flytur þessa tillögu. Við skulum rifja upp nokkur pláss. Við getum byrjað í mínu kjördæmi, þar er ég kunnugastur.

Ætli sjávarútvegsbyggðinni Hrísey hafi verið ógnað vegna þess að þar vantaði fisk til vinnslu? Hvernig ætli þetta sé á Húsavík? Hvernig gengur með saltfiskverkunina á Kópaskeri? Hvernig er saltfiskverkunin á Raufarhöfn? Er miklu af íslenskum fiski landað þar? Hvernig gengur fiskverkun á Þórshöfn? Svo ég taki bara þessa staði í mínu kjördæmi. Meinar hv. þm. að það eigi að grípa inn í, samkvæmt þessari grein, og bjóða aflaheimildir sérstaklega til leigu til þess að afla hráefnis til þessara staða? Við getum líka talað um Ólafsfjörð í þessu sambandi.

Það vantar víðar fisk, t.d. á Bakkafirði og Vopnafirði. Við getum haldið svona áfram, á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Um hvað er hv. þm. að tala? Ég geri ráð fyrir því að hann geri sér jafnmikla grein fyrir því og ég að þessi orð eru sett á blað af því að þingmaðurinn og þingflokkurinn vita að þeir þurfa aldrei að standa við þau. Þeir vita að það er fullkomlega ómögulegt að hægt sé að útvega leiguheimildir á fiskikvóta til að fullnægja þeirri þörf sem er á fiski til vinnslu um allt land án þess að skapa vandræði á öðrum stöðum. Hvaða aðrir staðir eru það sem hv. þm. hefur í huga þegar hann er að tala um að færa til aflann, leiguafla hvaðan? Er hann að tala um að fara með leiguafla frá Akranesi, frá Grundarfirði, frá Ólafsvík frá Hellissandi þangað norður? Um hvað er hv. þm. að tala? Hvaða staður er það á landinu sem hefur úr svo miklum afla að moða að hann geti liðsinnt öðrum byggðarlögum án þess að það komi niður á fiskverkafólki á þeim stað? Hvað er hann að tala um mikinn fisk, mikinn afla í heildina, þegar hann er að tala um að færa fisk frá einum stað til annars til að halda uppi fiskvinnslu? Þegar hann talar með þessum hætti er hann þá að tala um að útgerðarfélögin og staðirnir séu aflögufærir til fiskvinnslunnar alla mánuði ársins? Hvað er hann að tala um? Heldur hv. þm. að einn einasti sjómaður á landinu eða ein einasta fiskverkakona trúi að í þessum fyrirheitum felist einhver glæta um úrlausn, að menn viti ekki hvernig Íslendingar hafa lifað af sjávarafla og viti ekki hvernig landið er byggt upp?

Það er auðvitað lágmark þegar heilir þingflokkar flytja mál, þar á meðal menn sem hafa unnið og þjónað útvegnum, flytji tillögur sem eru nálægt þeim raunveruleika sem við búum við í landinu, eitthvað nálægt atvinnuuppbyggingu í landinu.

[17:28]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefði verið ástæða til að fagna komu hv. 1. þm. Norðurl. e. í þessa umræðu. Hann velur hins vegar þann kostinn að koma hingað þegar allir hafa lokið ræðum sínum og heimtar svör við hinum fjölbreytilegustu spurningum sem maður á að svara á tveimur mínútum og illa það. Mér finnst að hæstv. forseti þingsins ætti að veita mönnum tækifæri til að svara orðum hans almennilega.

Hann spurði hvort menn hefðu hagnast í skjóli sérréttinda. Hann vildi að ég færði rök fyrir því. Ég þarf ekki að færa önnur rök fyrir því en að benda mönnum á það hvernig menn hafa selt aðganginn að þessari auðlind á okurprís, farið út með jafnvel hundruð milljóna. Ég þarf ekki að fara lengra með það.

Hann hélt því fram að það hefði verið stjórnarskrárbrot að svipta menn veiðirétti í upphafi. Ég hef aldrei haldið því fram að það hefði átt að svipta menn veiðirétti í upphafi. Ég held því hins vegar fram að það að hafa þetta kerfi lokað til lengdar sé brot á atvinnuréttindum og jafnræði. Því höfum við haldið fram allan tímann. Við höfum aldrei verið á móti því að menn sem fyrir voru í útgerð þegar kerfið var sett á gætu haldið áfram að veiða, en það var fáránlegt, óréttlátt og hefur valdið miklum vanda um byggðir landsins, að menn skyldu ekki bera gæfu til að koma á jafnræði til að nýta auðlindina í framtíðinni.

Hv. þm. spurði líka hvers vegna menn vildu ekki fara í útgerð í dag og gaf sér svarið. Það er út af rógnum um kerfið. Hann ætti að spyrja þá sem langar til að gera út hvers vegna þeir séu ekki í útgerð. Hvaða svar skyldi hann fá? Það er ekki möguleiki að stofna til útgerðar í dag svo að glóra sé í.

[17:30]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú spurning sem hv. þm. hlýtur að svara og verður að svara er þessi: Hvað er á bak við þá fullyrðingu hans að sameign þjóðarinnar hafi verið afhent, með leyfi hæstv. forseta: „tilteknum aðilum án endurgjalds"? Hvaða aðilar fengu aukin réttindi með kvótakerfinu? Hverjir voru það? Var það Haraldur Böðvarsson? Er það eitt af þessum fyrirtækjum sem hv. þm. hefur sérstaklega í huga að hafi fengið án endurgjalds rétt til veiða á Íslandi? Ég hélt að það fyrirtæki hefði verið um áratugi í sjávarútvegi. Ég man ekki betur en að Haraldur Böðvarsson hafi byrjað þilskipaútgerð fyrir 1900 og meðal annars í Njarðvíkum eða Keflavík. Ekki man ég betur. Fékk þetta gróna fyrirtæki eitthvað án endurgjalds?

Hv. þm. er að þjónusta smábáta á Akranesi og Snæfellsnesi. Var smábátakörlunum sem ég get suma nafngreint afhentur einhver réttur án endurgjalds á því herrans ári 1984? Var það? Eða höfðu þessir menn verið sjómenn og höfðu þessir menn byggt upp sín fyrirtæki? Og á næstu árum á eftir voru þeir sviptir rétti til að veiða í sama mæli og áður. Er það að afhenda þeim án endurgjalds einhver sérréttindi?

[17:33]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mönnum voru afhent sérréttindi án endurgjalds. Menn fengu ekki bara rétt til þess að sækja sjó. Menn fengu líka rétt til þess að selja öðrum aðganginn að auðlindinni og á því er mikill munur. Menn fengu sérréttindi. Menn fengu að vera í friði fyrir samkeppninni. Það fengu engir aðrir að komast að og þess vegna sitja menn í landi sem annars væru sjómenn. Það eru sérréttindin sem við erum að tala hér um.

Það hvort menn hafi fengið einhver réttindi til fiskveiða til viðbótar við það sem þeir höfðu er ekki spurning sem þarf að svara hér, heldur því hvort að réttlæti hafi verið fólgið í því að festa til frambúðar í sessi sérréttindi handa þeim sem voru svo heppnir að vera við fiskveiðar á Íslandi á þeim þremur árum sem menn tóku viðmiðunina af eða fengu

úthlutanir með ýmsum skrýtnum hætti sem hv. þm. hefur staðið að hér með ákvörðunum á Alþingi að láta menn hafa veiðiréttindi út á.

[17:34]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég rakti það í ræðu minni að það var á áttunda áratugnum sem sú regla var tekin upp að veiðiréttur fylgdi skipum og það var á áttunda áratugnum, fyrir daga kvótakerfisins, sem skip hækkuðu af þeim sökum í verði. Þetta veit ég að hv. þm. veit þó að hann kjósi að láta öðruvísi.

Svo vil ég aðeins rifja upp skemmtilegt samtal sem ég átti við Gylfa Gunnarsson útgerðarmann í Grímsey. Þar sem við sátum og spjölluðum saman á bátnum hans sagði hann við mig: „Jæja, Halldór minn. Ég er nú einn af þessum kvótakóngum sem hef fengið þetta allt saman gefins." (**JÁ:** Þú hefðir átt að ...) Þetta sagði blessaður karlinn Gylfi Gunnarsson í Grímsey. Hann var einn af þessum sægreifum sem verið er að öfundast yfir. En hvað hefur hann gert af sér, sá maður, að flytjast út í Grímsey frá Akureyri á unga aldri og stunda þar sjóinn allan tímann? Og hann er sægreifi.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er leitt að hv. þm. Halldór Blöndal skyldi ekki hafa komið fyrr inn í þessa umræðu meðan menn áttu eftir einhvern ræðutíma. Hann hefur komið hér fram með margar spurningar og margar fullyrðingar um ýmislegt. Sumu af því hefur hann beint til mín. Þó ætla ég að byrja á því að spyrja hann einnar spurningar.

Ég tók eftir því að hann talaði um að þorskstofninn hefði hrunið. Ég vil bara spyrja: Hvenær hrundi þessi þorskstofn? Hvaða ár var það sem hann hrundi? (**JÁ:** Og hvaða kerfi var í gangi?) Bara til að ég átti mig á því í hvaða tímaröð hann er að hugsa hlutina. Hann spurði reyndar hvort ég áliti að það hefði verið stjórnarskrárbrot ef menn hefðu verið sviptir veiðirétti. Ég vil tala um þetta sem veiðirétt eftir að við tókum upp kvótakerfið vegna þess að það var ekki einhliða kvótakerfi eins og ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal veit mætavel. Það var bæði kvótakerfi og sóknarkerfi. Menn höfðu val. Menn höfðu nánast val allan þann áratug frá 1984 og fram á árið 1990 til að raða sér að nýju upp í fiskveiðum. Þeir sem minni aflaheimildir höfðu gátu valið sér sóknarmark og þannig endurraðað sér í öllu nema þorski framan af, og síðan þorski og karfa síðar. Síðan gátu skip farið á milli svæða og þá fengu menn meðalkvótasvæði. Ýmsar fleiri aðferðir voru til þess að menn sem töldu sig hafa minni veiðiheimildir gætu lagað fyrir sig stöðuna. En rétt er að vekja athygli á einu. Árið 1984 fiskaðist nánast upp á tonn sami þorskafli á Íslandsmiðum og árið 1983. Hins vegar sagði spá fiskifræðinga að við mundum fara mjög neðarlega. En við fiskuðum yfir 280 þús. tonn, ef ég man rétt, bæði árin.

[17:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. þm., að svo miklu leyti sem maður getur dregið ályktanir af ræðu hans, vill hann ekki halda því fram að Jóakim Pálsson hafi fengið einhver sérréttindi með kvótakerfinu. Auðvitað er mikilvægt að fá þá viðurkenningu frá hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, sem þá útgerð þekkti mjög vel, að Jóakim Pálsson var enginn sérréttindagaukur, enginn sæpáfi sem fékk allt upp í hendurnar og afhent af ríkinu, eins og verið er að gefa í skyn af mönnum eins og hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni, heldur hafði hann og hans menn, bæði sem skipstjóri fyrst og síðan sem útgerðarmaður, unnið fyrir því sem hann átti og unnið fyrir því sem hann hafði. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga.

Hitt er svo aftur ekki ný bóla að hv. þm. tali hér í þeim tón að alltaf sé jafnmikill þorskur í sjónum umhverfis landið. Það er ekki svo. Eins og hann á að vita og á að muna varð það hlutskipti Davíðs Oddssonar þegar hann tók við sem forsrh. að skerða mjög verulega veiðar úr þorskstofninum, veiðiheimildir skipanna — ég man ekki hvort það var um 50%. Hv. þm. man það áreiðanlega betur en ég. En það var mjög tilfinnanlegt — vegna þess að menn litu svo á að þorskstofninn væri í hættu.

[17:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg sjálfsagt að hressa upp á minni hv. þm. Það var eftir 1993 sem þurfti að skera verulega niður kvóta á Íslandsmiðum og fórum við alveg niður í 155 þús. tonn ef mig minnir rétt. Það var hins vegar eftir að við vorum búnir að setja hér á einstefnukvótakerfi sem við gerðum 1990. Frá og með árinu 1990 voru útgerðarmönnum fengnar varanlegar eignarheimildir yfir aflaheimildum. Fram að því höfðu menn bæði sóknarkerfi og aflamarkskerfi og gátu, eins og ég sagði áður, endurraðað sér í útgerðarforminu. Sá útgerðarmáti sem var á árabilinu 1980 til 1990 var því bæði sóknarmarkskvóti og aflamarkskvóti. Þar af leiðandi höfðu menn í sókn sinni, eins og áður var, sjósóknarrétt.

[17:40]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vék að því í ræðu minni að sóknarmarkskvótinn hafi ekki gengið upp vegna þess að ekki var hægt að stemma stigu við ofveiði. Það er á hinn bóginn mjög gagnlegt að fá þessa upprifjun frá hv. þm. sérstaklega vegna þess að árið 1990 þegar þessar breytingar urðu á kerfinu var Alþýðubandalagið við völd hér og Alþfl., Framsfl. og Borgaraflokkurinn. En Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu á þeim tíma sem hv. þm. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, segir nú að verstu óhöppin hafi gerst. Mesti skaðinn varð þá, sagði hv. þm., þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu. Því er varla að hann geti kennt Sjálfstfl. um það.

[17:41]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt er að sjá hv. 1. þm. Norðurl. e. taka þátt í umræðunni. Þó hefði verið mun ánægjulegra ef hann hefði komið fyrr því að ræður hans hafa verið mjög skörulegar og áheyrilegar. Ég þakka fyrir það.

Hins vegar langar mig til að spyrja hv. þm. hvað hann óttist við frjálsan markað á aflaheimildum og fyrningarleiðina. Hann spurði hvað yrði ef 10% væru tekin af fiskveiðiflota Snæfellinga. Það er eins og hann geri ráð fyrir að þessum heimildum verði bara varpað út í myrkrið og þær komi ekki aftur inn þannig að hægt sé að veiða þær. Það er gert ráð fyrir að þær fari á markað.

Það er líka talað um það í greinargerðinni að hægt sé að bæta útgerðarmönnum sem keypt hafa sér kvóta af öðrum það tjón sem þeir kunna að verða fyrir. Það má því koma til móts við þá og ekkert hindrar að svo verði. Þetta hefur komið fram í umræðunni og nefndi ég það fyrr í dag. Ég vil segja að þetta er mjög vel mögulegt og minni á að hv. 3. þm. Vesturl. nefndi þetta einmitt í störfum sínum við sáttatillöguna, bara svo að ég minni á það.

Reyndar vil ég segja að það er mjög ósmekklegt að tala eins og við séum að ræða óvirðulega um duglega og dugmikla útgerðarmenn sem stundum hafa fengið á sig nafnið sægreifar. Þetta eru menn sem eru alls góðs maklegir og eiga virðingu skilda. (Forseti hringir.) En kerfið eins og það er í dag er orðið mjög vont og slæmt.

[17:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki á síðustu orðum hv. þm. Í þessari tillögu kemur berlega fram og það er beinlínis sagt að útgerðarmönnum hafi verið afhent ákveðin sérréttindi. Hver voru þau? Að útgerðarmennirnir máttu veiða minna en áður?

Ég vil líka spyrja hv. þm. vegna þess að hann segir: „Við erum reiðubúnir til að bæta þeim útgerðarmönnum skaðann sem hafa keypt sér kvóta." Þetta segir hv. þm. Hvað heldur hann að ríkið sé reiðubúið til að greiða mikla peninga til þess að bæta slíkt tjón? Eiga skattgreiðendur að greiða það? Hver á að greiða það? Er verið að tala um að ríkið geti boðið upp veiðiheimildir og með þeim staðið undir að endurgreiða útgerðunum? Ef það er gert, spyr ég þá á móti, yrði það þá ekki til þess að hækka verðið kvótanum, þ.e. ef þannig er staðið að málum? Auðvitað yrði það til þess.

Ég vil enn fremur segja að ef við hugsum okkur að það eigi að skera kvótann niður um 10% á ári, þá jafngildir það tveim til þrem togurum á Eyjafjarðarsvæðinu, tveim til þrem togurum á ári. Hve lengi skyldu eyfirskar byggðir þola það? (Gripið fram í.) Hvernig geta þingmenn Eyjafjarðar lagt slíkt til, menn sem eru kjörnir á þing af því fólki sem þar býr? Og þegar verið er að tala um þessar aflaheimildir, hvað er þá að segja um þær fiskverkakonur sem vinna í frystihúsinu á Akureyri, frystihúsinu á Dalvík, frystihúsinu á Neskaupstað og frystihúsinu á Eskifirði? Er þetta fólk gjörsamlega réttlaust í huga hv. þingmanna? (Gripið fram í.)

[17:46]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skilaboð hv. 1. þm. Norðurl. e. til þeirra sem reka fiskvinnslustöðvar í dag eru þessi: Þið skuluð ekki skapa þannig skilyrði í fiskvinnslufyrirtækjum ykkar að fiskverkakonum verði útrýmt úr húsunum. Það er gott að heyra að fiskverkakonur hafi fengið þennan málsvara. Það er vel.

Það hefur alveg gleymst að tala um skipstjórakvóta þegar menn hafa verið að rekja sögu kvótakerfisins, hvers vegna hann var afnuminn. Af hverju var ekki settur á hásetakvóti og sjómannakvóti? Það hefði alveg mátt taka það inn í þessa umræðu áðan þegar verið var að rekja sögu kvótakerfisins.

Í sambandi við uppboðið. Í fyrsta skipti sem uppboð af því tagi sem við höfum nefnt færi fram, þá mætti alveg láta útgerðina fá þann pening. Það er alveg rétt og það yrðu góðar bætur.

[17:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ummælum hv. þm. felst viðurkenning á því að sumar útgerðir hefðu ekki ráð á að kaupa þann kvóta sem til uppboðs kæmi hverju sinni handa sínu skipi. Þá vaknar auðvitað spurningin um hvernig eigi að bregðast við. Ég vil vekja athygli á því að slíkar útgerðir hafa að sjálfsögðu ekki bolmagn til að halda áfram rekstri sínum eftir að búið er að skera aflaheimildir þeirra niður um 10–40%. Hvað kemur þá upp? Hvaða menn eru í þessum störfum? Og eru þeir undir það búnir að ganga til annarra starfa í landi? Ég spyr.

Það sem vakir fyrir hv. þm. er auðvitað að skapa sem mestan glundroða í þessari umræðu. Ég skil ekki hvernig á því stendur að einn þingflokkur skuli gera það og með þessum hætti, veikja sjávarútveginn og fólk úti á landsbyggðinni, þ.e. trú þeirra á að landsbyggðin haldi velli.

[17:48]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér er nú nokkur vandi á höndum. Hér hefur hæstv. forseti þingsins komið inn í umræðuna eftir að manni eru lokaðir flestir möguleikar á að taka þátt í henni. Ég hef svo sem ekki nein ráð handa hæstv. forseta um hvernig eigi að bregðast við þessu en það væri kannski ráð að velta því fyrir sér hvort koma ætti á námskeiði fyrir hv. þm. til þess að þeir viti örugglega hvernig umræðum skuli háttað hér, þannig að ef þeir ætla að taka þátt í þeim þá sé hægt að veita andsvör og koma til skila því sem maður vill í þessari umræðu.

Ég hitti hæstv. forseta þegar það lá fyrir að það var búið að fresta þessari umræðu sem nú er í gangi (Gripið fram í.) og ég fór fram á það við hann að þessi umræða yrði sem allra fyrst. En ég tók það sérstaklega fram að auðvitað (Gripið fram í.) þyrftum við báðir að geta verið viðstaddir hana. (**Gripið fram í:** Hvað er rangt við fundarstjórn forseta í þessu efni?) Hæstv. forseti stjórnar hér fundi og gerir þá athugasemdir við það sem ég er að segja hér ef honum finnst það ekki við hæfi.

Ég tel hins vegar fulla ástæðu til (Gripið fram í.) að menn velti því alvarlega fyrir sér hvernig stendur á því (**Gripið fram í:** Er bannað að fara á mælendaskrá?) að hæstv. forseti gat ekki mætt fyrr til umræðunnar. Ég er auðvitað að mótmæla því. (Gripið fram í.) Mér finnst það heldur lítilmannlegt að koma til umræðunnar þegar maður hefur lokið öllum sínum ræðum og fær ekki tækifæri til að svara almennilega fyrir þær spurningar sem hæstv. aðalforseti þingsins leggur hér fram og þær ásakanir sem falist hafa í máli hans.

[17:50]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í almennri stjórnmálaumræðu undir því yfirskyni að ég sé að tala um fundarstjórn forseta. Það dettur mér ekki í hug. Ég vil á hinn bóginn vekja athygli hv. 1. flm. á því að 17 þingmenn eru flutningsmenn þessa frv. – 17 þingmenn. Ekki eru þeir allir dauðir. (**Gripið fram í:** Hvað eru sjálfstæðismennirnir margir?)

[17:51]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að 17 þingmenn sitja fyrir Samfylkinguna á þingi. Ég veit þó ekki betur en hæstv. forseti hafi nefnt nafn mitt æðioft í ræðum sínum hér. Ég hefði viljað hafa tækifæri að svara honum. Þegar ég fór fram á það við hann að þessari umræðu yrði fram haldið sem fyrst þá sagði ég það við hann að auðvitað þyrfti hann að tryggja að hann gæti verið við sjálfur. Ég hafði fulla ástæðu til þess að ætla þyrfti að spjalla þyrfti eitthvað við hann um þessi mál. Hann hefur áhuga á þeim og skoðanir á þeim. Ég botna þó ekkert í því og vil óska eftir því að fá það upplýst hvernig stóð á því að hann þurfti þrengjast til þess að hafa umræðuna þannig að hann kæmist ekki til hennar fyrr en henni væri að ljúka.

[17:52]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil enn segja að ég er óvanur því að tala um almenn stjórnmál undir því yfirskyni að ég sé að tala um fundarstjórn forseta. Ég hafði ætlað mér að hafa þessa umræðu á fimmtudaginn en það var m.a. þingflokksformaður Samfylkingarinnar sem óskaði eftir því að hún yrði í dag.

Ég vil líka segja að þessi orðaskipti nú eru fyrsta skiptið, allan þann tíma sem ég hef fylgst með störfum Alþingis, sem 1. flm. frumvarps kveinkar sér undan því að aðrir skuli taka til máls um það.

[17:52]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill almennt segja að samkvæmt þingsköpum eiga almennir þingmenn kost á því að tala tvisvar sinnum og flutningsmaður þrisvar sinnum. Öllum er heimilt að setja sig á mælendaskrá ef þeim sýnist og nýta þann rétt.

[17:53]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Eftir síðustu ræðu 1. flm. efast maður nú um að flutningsmenn þessa máls hafi búist við að um það yrði mikil umræða. Þeir óska þess kannski sérstaklega að um þessi mál sé minni umræða en þingmenn almennt vilja. Ég verð að lýsa furðu minni á því að hægt sé að gera athugasemd við það að rætt sé hér um frv. sem eru lögð fram með eðlilegum hætti.

Hingað til hefur það verið venja, eftir því sem ég best veit, að sá sem er í forsvari fyrir mál sé síðastur á mælendaskránni og passi upp á það sjálfur að enginn komi eftir það, geri bara samkomulag við hæstv. forseta. Að vera að agnúast úti í þetta er alveg með ólíkindum. Ég vona að ég þurfi aldrei að heyra þetta aftur.

Ég ætlaði aðeins að tala stutt, herra forseti, um þetta mál sem, ef af yrði, yrði stórkostleg og stórhættuleg breyting á rekstri helsta atvinnuvegar þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn skiptir öllu fyrir afkomu þessarar þjóðar og þá skiptir það öllu hvernig þeim málum er stjórnað.

Ég hef tekið til máls einu sinni áður í þessari umræðu. Ég spurði þá um ýmis atriði sem mér fannst ekki koma fram hvernig ætti að stýra. Ég hef t.d. — og síðasti ræðumaður kom vel inn á það — spurt hv. flm. að því hvernig eigi að stjórna veiðum í framtíðinni, ég tala ekki um á næstu 10 árum, þegar taka á 10% af aflaheimildum hvers skips fyrir sig, þjóðnýta og bjóða hæstbjóðanda. Ég ætlaði að fá það sérstaklega fram hjá hv. flm.: Hvað felst í því að selja aflaheimildir til hæstbjóðanda? Eru þær þá boðnar hverjum sem er?

Ég sé að hér er talað um útgerðarfyrirtæki. Það stendur hér að það megi selja þetta hæstbjóðanda og tekjurnar renni til Hafrannsóknastofnunar, stendur hér. Svo segir, með leyfi forseta:

„Útgerðir allra skipa sem leyfi hafa til veiða samkvæmt lögum þessum skulu hafa jafnan rétt til að bjóða í þær aflaheimildir sem í boði verða."

„Útgerðir allra skipa" þýðir í raun ekki að það sé bundið við skip. Það þýðir að það séu útgerðir. Útgerðir eru fyrirtæki. Geta verið fyrirtæki, þess vegna margra skipa og frystihúsa. Þetta getur verið fyrirtæki sem á alls konar aðrar eignir og getur notað þessar aflaheimildir að vild, getur þess vegna deilt þeim til kaupfélagsins sem er einnig í eigu útgerðarinnar. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu. Ég sé ekki annað en að þau göt sem eru í þessu hér leiði til þess að aflaheimildir geti farið á hendur hvers sem er í landinu.

Ræðan sem hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti hér áðan var ágæt. Í henni endurspeglaðist vel hvernig staðið hefur verið að útgerðarmálum á Íslandi frá öndverðu. Við þekkjum það vel að áður en til þess kom að stjórna þyrfti veiðum réðu útgerðarmennirnir sjálfir því hvernig farið var með afla og hvenær farið var á sjó. Þeir stjórnuðu skipum sínum. Þeir báru ábyrgð á skipinu, fjárfestu í því og réðu mannskapinn um borð. Það voru þeir sem réðu skipstjórana sem stýrðu skipunum eftir að þau voru komin frá landi. Eigi að síður var það útgerðin sem réð ráðstöfun aflans, nema í einstöku tilvikum, er farið var út í sérstaka leigu sem gekk til kirkna og annarra aðila. En það er annað mál. Í meginatriðum var málið rekið þannig að útgerðir og útgerðarmennirnir réðu skipunum, aflanum og því hvernig veitt var.

Það er ekki fyrr en farið var að stjórna veiðunum að einhverju marki að deilur komu upp um hvernig ætti að standa að veiðum, enda urðu skipin mun stærri á seinni árum og miklu flóknari veiðiskapur en áður hafði þekkst. Eigi að síður hefur það verið innprentað í þjóðina frá upphafi að útgerðarmaðurinn eigi skipið og skipinu fylgi þær aflaheimildir sem útgerðin og skipverjar hafa náð inn á það.

Þær hugmyndir sem hér eru, um að taka þennan rétt af útgerðinni og færa hann yfir til ríkisins, þær aflaheimildir sem skipið er búið að afla sér, er grundvallarbreyting sem stríðir gegn allri vitund okkar um hvernig eigi að skapa sér eignarrétt í þessu landi.

Það kemur mér í sjálfu sér ekki mjög á óvart að menn með sósíalískar skoðanir, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson, skuli koma með slíkar hugmyndir. Hugmyndir hans um ríkið hafa líka ávallt verið þannig að réttast væri að ríkið ætti allt og stjórnkerfi Ráðstjórnarríkjanna hefur alltaf verið það ofarlega í huga hans sem alþýðubandalagsmanns og sósíalista. Það kemur mér því ekki á óvart þó hann vilji að aflaheimildirnar verði hjá ríkinu, að ríkið leigi þetta út og síðan fái þeir sem vilja til sín heimildirnar.

Með kvótanum 1984 var náttúrlega mjög margt gert sem allir voru sammála um, þ.e. sú breyting að aflaheimildir sem menn höfðu öðlast á reynslutímabili, sem þá var þrjú ár, yrði viðmiðun í kvóta sem útgerðir mættu síðan veiða á hverju ári meðan kvótakerfið yrði við lýði. Kvótakerfið var sett á 1984 og þá í eitt ár til reynslu. Þá var eingöngu um kvótakerfi að ræða. Það var ári seinna sem ákveðið var að flækja þetta og koma inn svokölluðu sóknardagakerfi fyrir skip sem ekki höfðu haft neina reynslu. Það sóknardagakerfi raskaði öllum stýringum svo það var engin leið að átta sig á því hver aflinn yrði á hverju ári og aflinn varð sífellt meiri og meiri en ráðleggingar fiskifræðinga gerðu ráð fyrir þannig að endanlega sprakk kerfið. Og þess vegna var því lokað 1991.

Eftir sem áður hefur af ýmsum ástæðum, m.a. út af smábátum, ekki tekist að hafa neina alvörustjórn á kerfinu. Það má líka segja, herra forseti, að framúrkeyrslan á níunda áratugnum hafi verið svo gríðarlega mikil að fiskstofnarnir hafa í raun ekki átt sér viðreisnarvon eftir það. Ég held að það sé kjarni málsins að fiskstofnarnir hafa aldrei náð sér eftir þá gríðarlegu ofveiði sem varð hér á níunda áratugnum.

Herra forseti. Ég verð að segja að ég hef áður lýst yfir vonbrigðum mínum með hve illa unnið þetta frv. er í raun-inni. Ég heyri að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur ekki gert sér neina grein fyrir því hvernig uppboðin koma til með að

verða. Það hefur einnig komið fram hér í umræðunum að flutningsmenn gera sér enga grein fyrir því hvernig landsbyggðin og útgerðin munu geta þróast undir slíku kerfi sem hér er verið að tala um. Samkvæmt þessum hugmyndum er verið að kyrkja útgerðina í 10 ár, smám saman verið að draga allan mátt úr þessu rekstrarformi og bjóða upp á eitthvað alveg nýtt sem enginn gerir sér grein fyrir hvernig muni þróast. Það er alveg augljóst mál að enginn gerir sér grein fyrir hvernig þetta getur þróast.

Við vitum að þegar útgerðin gengur illa gengur líka illa í byggðunum úti á landi. Það gengur alls staðar illa þegar óvissa er um útgerðina og þá er mikil óvissa um byggðirnar sjálfar. Ég heyri það á útgerðarmönnum sem hafa kynnt sér þetta mál að ef þetta yrði einhvern tímann að veruleika er nokkuð ljóst að útgerðarmenn, eins og þeir kallast í dag, hverfa. Ég held að ekki verði gert út nema undir merkjum einhverra fyrirtækja eða lífeyrissjóða, t.d. einhverra stórra fyrirtækja, deCODE eða einhverra annarra, sem eiga mikla peninga og hafa efni á því og vita alltaf fyrir fram að þeir geti boðið það hátt að þeir hafi einhverjar aflaheimildir í höndunum. Þeir einir geta tekið þá áhættu að kaupa sér skip. Það að kaupa sér skip, eins og kerfið er í dag, er í rauninni áhættusamt en það er þó trygging fyrir því að menn eru með einhvern afla á skipið sem þeir eru með svo lengi sem skipið gengur. Eftir það geta menn selt hann eitthvert annað en samkvæmt þessu nýja kerfi eru menn ekki með neina tryggingu, menn eru jafnvel farnir út í milljarðafjárfestingu með lánum sem eru upp á áratugi en hafa ekki neina tryggingu fyrir veiðum nema í eitt ár í senn. Menn geta þannig alveg eins búist við því að á næsta ári eða næstu þrem, fjórum árum hafi þeir enga veiði.

Ég held því að þróunin hljóti að verða sú að það verði einvörðungu fyrirtæki sem alltaf eru með það mikla peninga í höndunum að þau geti yfirboðið ef þau sjá að markaðurinn er að þróast þannig að verðið verði hærra en í fyrra.

Þar með er verið að setja landsbyggðina alla á hausinn. Það er verið að setja landsbyggðina alla um koll með þessum hugmyndum. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé það sem þessir hv. flutningsmenn eru að leggja til. En ég held að þeir hafi því miður, herra forseti, ekki gert sér neina grein fyrir því hvað mundi gerast ef þessar hugmyndir næðu fram að ganga.

Ég held, herra forseti, að þessir hv. þm., eins og svo margir aðrir, séu einfaldlega að skipa sér á bekk með þeim mörgu sem eru að leggja útgerðina í einelti. Það er bókstaflega verið að hundelta það fólk sem stendur í því að gera út skip, sem um leið og oftast nær er að reka mjög öflug fiskvinnslufyrirtæki og er burðarásar í öllum þeim byggðum þar sem það er. Undir þessu kerfi hefur þessu fólki tekist að þroska og þróa gríðarlega öflug útgerðarfyrirtæki sem hafa burði í dag til þess að keppa á erlendum vettvangi, bæði með því að leita á erlend mið og einnig með því að hasla sér völl í útgerð og fiskvinnslu erlendis sem er náttúrlega mjög farsæl þróun fyrir íslenska hagsmuni. (**Gripið fram í:** Skilar það sér hingað inn?) Það skilar sér að sjálfsögðu í kassann til Íslands. Það eru fjölmargir Íslendingar sem starfa við það að reka erlend fiskvinnslufyrirtæki sem eru í eigu íslenskra útgerðaraðila. Auðvitað ganga þau fyrirtæki misjafnlega, hv. þm., en það er mjög dýrmæt reynsla og það hefur verið sóst eftir því að íslenskir útgerðarmenn og fiskverkendur miðluðu af reynslu sinni með því að reka fyrirtæki, bæði úti í Evrópu og víða annars staðar.

Þannig yrði þessari farsælu þróun sem hefur náðst í gegnum kvótakerfið kastað fyrir róða í einu vetfangi ef slíkar hugmyndir næðu fram að ganga eins og hér eru bornar fram.

Það er að sjálfsögðu margt sem hefur því miður farið aflaga í kvótakerfinu. Ég vona að okkur takist að laga það. Það viðurkennist alveg fúslega að kvótakerfið hefur verið rekið með miklum skrykkjum alveg frá því það var sett á 1984, m.a. vegna þess að við höfum ekki náð að stjórna veiðunum eins og ætlast var til. Við höfum ekki ráðið við brottkastið eins og til stóð og okkur hefur heldur ekki í raun tekist alveg að halda afkastagetu flotans í skefjum. En það er út af alls konar glufum í kerfinu sem verið er að reyna að loka núna. Loksins, eftir nærri 20 ár, er verið að reyna að loka síðustu glufunni. En það er ekki þar með sagt, herra forseti, að kerfið hafi ekki fleiri kosti en galla. Sá galli sem hefur fyrst og fremst trónað upp úr núna er brottkast á afla og í því tilliti tel ég að sjómenn þurfi að líta æðimikið í eigin barm. Það er alveg forkastanlegt ef öll sú sóun er í raun staðreynd eins og sjómenn segja sjálfir. Ég þekki það að sjálfsögðu, eins og ég hef margoft sagt hér inni, að brottkast hefur tíðkast mjög lengi en það hefur aldrei verið í þeim gríðarlega mæli sem verið er að tala um, og það eru engir aðrir en sjómenn sem geta komið í veg fyrir það.

Það er ýmislegt annað sem hefur því miður ruggað þessum báti óþarflega mikið í kringum kvótakerfið, og það var eins og þegar ákveðið var að veðsetja aflaheimildir. Það var þessi hávirðulega stofnun, Alþingi, sem ákvað það 1996, ef ég man rétt, að aflaheimildir með skipum væru veðsetjanlegar. Það er ástæðan fyrir því að skuldir útgerðarinnar ruku upp úr öllu valdi. Það er ekki kvótakerfinu að kenna heldur var það þessu eina ákvæði að kenna, að veðsetning aflaheimilda var heimiluð.

Ég lít svo á að þar séu menn þegar komnir í efsta þrep og að ekki verði meira veðsett en þegar hefur verið gert. Núverandi veðsetning veldur því samt að ekki er hægt að hrófla við þessu kerfi, og alls ekki á 10 árum eins og hv. flutningsmenn eru að leggja til. Veðsetningarnar sem hvíla þegar á flotanum eru flestar frá svona 10 og upp í 20–30 ár og því engin leið að hugsa sér neina afskriftaleið á skemmri tíma nema þá að borga skaðabætur. Ég hef ekki trú á því að þjóðarbúið hafi efni á því fyrir utan þann skaða sem þjóðin mun hljóta við það að þurfa að búa við það kerfi sem hér er verið að leggja til.

Herra forseti. Hér hefur verið rætt um ýmsa heiðursmenn, m.a. kom hér forseti þingsins og ræddi um mikla útgerðarmenn af Vestfjörðum og taldi að þeir ættu ekki skilið að vera kallaðir einhverjir sægreifar. Ég get alveg tekið heils hugar undir það, sérstaklega varðandi frænda minn, Jóakim Pálsson heitinn, en hann og fleiri útgerðarmenn á Vestfjörðum, sennilega flestir útgerðarmenn, höfðu mikinn metnað, greiddu reikninga sína með skilum, höfðu gott samband við sjómenn sína og lögðu nótt við dag til þess að tryggja sínar byggðir. Þessir menn höfðu miklar rætur til byggða sinna og þeir fylgdu þróun, þessir aldamótamenn sem voru aldir upp á litlum skipum og þráðu það að sjá sína sjómenn á stórum og traustum skipum sem gætu róið út í hvaða veðri sem væri og mennirnir kæmu samt heilir í land eftir hverja veiðiferð. Ég held að þetta hafi blundað í öllum þessum miklu útgerðar- og framkvæmdamönnum. Þess vegna fylgdu allir þessir aðilar því á sínum tíma að fara af vertíðarbátunum og á togarana. Flestir þessara manna eða margir þeirra voru á lífi þegar kom að því að setja á kvótakerfið og þeir samþykktu það einnig, ekki til þess að ögra byggð í landinu, öðru nær, heldur til þess

að tryggja hag þessara útgerða sem hafa þó verið byggðar upp, einmitt í kringum fyrirtæki úti á landi.

Það eru einmitt ræturnar í kringum þessi fyrirtæki sem hafa haldið skipunum og þessari vinnu með þeim hætti sem nú er, og er enn. Og ég held að með því kerfi sem verið er að boða hér slíti menn upp allar þessar rætur. Menn slíta upp allar þær rætur sem tengjast byggðum og landi og skapa ekkert annað en glundroða, því miður, með þessum tillögum. Ég legg því til að menn átti sig á þessu þegar málið kemur í nefnd, a.m.k. þeim álitamálum sem hér hafa verið talin upp.

[18:13]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hv. þm. byrjaði síðast á því að kenna mér hvernig ég ætti að biðja um mína ræðu þegar ég væri með svona umræðu vil ég upplýsa að ég gerði það en hæstv. forseti, 1. forseti þingsins, bað um orðið eftir að ég hóf þá ræðu. Þannig átti ég ekki kost á því að koma henni aftur fyrir hans ræðu. En það er önnur saga og ætla ég ekki að tala meira um hana.

Útgerðir allra skipa geta gert hvað sem er við veiðiheimildirnar, sagði hv. þm. áðan þegar hann var að tala um okkar tillögur. Þetta er alrangt. Það er alfarið gert ráð fyrir því að það verði úthlutað á skip og að ekki verði hægt að selja veiðiheimildirnar aftur nema 50% á því ári sem yfir stendur, þ.e. að því aflamarki sem úthlutað er fyrir árið sem yfir stendur. Þannig er það þá í samræmi við framsalið sem er núna fyrir í kerfinu meðan aðlögunartíminn stendur.

Hv. þm. fór að tala um að ég væri úr Alþýðubandalaginu og að ég vildi að ríkið ætti allt. Ef það er þannig er þjóðin orðin býsna sósíalísk í þessu máli og hefur verið það alla tíð. Hún hefur viljað eiga þetta, hún hefur viljað eiga auðlindina. Sjálfstfl. vill hins vegar að þeir sem eru í útgerð eigi auðlindina. Þar greinir Sjálfstfl. og þjóðina á. Ég er mjög stoltur af því að ég skuli vera með sömu skoðun og þjóðin hefur almennt á þessu mikilvæga atriði.

Síðan var hv. þm. að spyrja mig hvernig uppboðið mundi virka. Ég hef ekki góðan tíma til að lýsa því. Ég get þó sagt að útgerðarmenn voru ekki í vandræðum með að finna sér grundvöll til að versla með veiðiheimildir þegar þeir fengu tækifæri til þess. Það þurfti ekki að kenna þeim það. Þeir gerðu það á fáeinum vikum eða mánuðum eftir að búið var að gefa þeim tækifæri til þess að framselja veiðiheimildirnar.

[18:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist einmitt vera að koma í ljós enn og aftur að hv. flutningsmenn geri sér ekki grein fyrir því hvað það þýðir sem þeir eru að leggja hér til. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Útgerðir allra skipa sem leyfi hafa til veiða samkvæmt lögum þessum skulu hafa jafnan rétt til að bjóða í þær aflaheimildir sem í boði verða ...“

Það segir, útgerðir allra skipa. Útgerð er ekki sama og skip. Það eru skip sem hafa heimildirnar í dag. Það eru ekki útgerðirnar heldur skipin. Ég átta mig ekki á því hvað er verið að meina hérna. Annaðhvort veit hv. flm. ekki betur ellegar hann er vísvitandi að leggja til eitthvað sem er allt annað en hann er samt að meina. Ég held að málið hljóti að þurfa frekari skýringa við af hálfu flutningsmanna þegar það kemur til nefndar.

Ég hef út af fyrir sig ekkert verið á móti því, herra forseti, að þjóðin sé kölluð eigandi auðlindarinnar í hafinu, enda er það í eðli sínu svo að enginn einstaklingur getur slegið eign sinn á eitthvað í hafinu. Aftur á móti er veiðirétturinn, þ.e. aflaheimildin og veiðirétturinn á þeim fisk sem má veiða, eign útgerðarmannanna. Mér finnst mikill munur á því og hvort menn eigi einhverja fiska syndandi í sjónum um alla ævi og alla framtíð. Auðvitað getur þjóðin breytt þessu kerfi einhverntíma og lagað til ef hún æskir svo, en ég held að við deilum ekkert endilega um það að þjóðin geti átt „fiskinn í sjónum“ en að eftir sem áður hafi útgerðarmennirnir, skipin eða skipstjórarnir einir réttinn til að veiða fiskinn.

[18:17]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagðist ekki hafa á móti því að þjóðin væri kölluð eigandi. Hv. þm. er kannski að vísa til þess að stundum er börnum leyft að eigna sér kindur á fjalli. Ég vandist því a.m.k. þegar ég var í sveit. Það þýddi ekkert endilega að maður hefði af þeim afraksturinn. En þetta er meira en svo. Þetta er stærra mál en svo að menn fái að eigna sér hluti. Þetta snýst um atvinnuréttindi. Þetta snýst um jafnræði til þess að taka þátt í þessum atvinnuvegi. Ég ætla ekki að segja meira um það því mig langar til að reyna að koma því til skila að það að allar útgerðir í þessari tillögu, eins og hv. þm. nefndi, skuli hafa jafnan rétt til þess að bjóða í þetta þýðir, ef hv. þm. hefur lesið frv. vel, að einungis er hægt að nota veiðiheimildirnar á skip og það er einungis hægt að framselja helminginn af þeim veiðirétti sem búið er að úthluta fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Það er líka hægt í núgildandi kerfi og er haft þannig til samræmis. En þetta þýðir í raun og veru að útgerðir geta ekkert gert við veiðiheimildir sem þær fá úthlutað samkvæmt þessu kerfi annað en að nota þær af því að gert er ráð fyrir að þær skili þeim inn aftur ef þær nota þær ekki.

Svo nefndi hv. þm. að a.m.k. væri kominn tími til að loka síðustu smugunni, að nú stæði til að loka síðustu smugunni. Ég spyr hv. þm. og ég held að ástæða sé til þess að óska eftir því að hann svari því hér: Hvernig heldur hann að umhorfs væri í hinum ýmsu smærri byggðarlögum allt í kringum landið og jafnvel þeim sem við köllum stærri byggðarlög ef þessari smugu hefði verið lokað 1990 eins og lögin sem þá voru sett stóðu til? Heldur hann að það væri björguleg útgerð í hinum ýmsu smábyggðum allt í kringum landið sem eru að gera núna út með smábátum?

[18:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú ekkert sambærilegt við smábátana 1990. Árið 1990 var sett á hið svokallaða krókakerfi. Ég held ég fari ekki rangt með að gert var ráð fyrir því þá að í krókakerfinu mundu menn veiða milli 3 og 4 þús. tonn þremur til fjórum árum seinna. (**Gripið fram í:** 2.400.) Eða 2.400, ókei, enn þá minna. Aflinn sem verið var að veiða í þessu kerfi 1990 var því nánast enginn.

Núna eru þessir sömu bátaflokkar að veiða 60 þús. tonn. Ef þessu hefði verið lokað 1990 hefði enginn tekið eftir því. Það er nú bara staðreynd málsins. Það hefði enginn tekið eftir því. (Gripið fram í.) Aftur á móti fagna ég því reyndar að þessu var ekki lokað algjörlega þá. Ég (Gripið fram í.) hef alltaf viljað að smábátarnir fengju svigrúm til þess að reka heilsársútgerð þannig að menn hefðu af því fulla vinnu að reka smábáta og ég held að það hafi tekist ágætlega. Það

eru aftur á móti takmörk fyrir því hvað hægt er að hleypa þessum útgerðarflokki langt því að endingu hlýtur þetta alltaf að vera þannig að það er tekið af öðrum. Ég held að komið sé ágætis jafnvægi á milli þessara flokka og þær tillögur sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram verða að mínu viti til þess að leysa það mál. Ég á ekki von á öðru en að þegar þær eru komnar fram og sú viðbót sem smábátarnir eiga að fá samkvæmt nýjum tillögum sem hafa verið kynntar, þá muni smábátaeigendur verða sáttir við sinn hlut.

[18:22]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Kristjáns Pálssonar, þegar hann var að tala um gamla útgerðarmenn, vil ég taka sérstaklega fram að ég ber mikla virðingu fyrir þeim útgerðarmönnum og sérstaklega þeim sem stofnuðu til útgerða eins og hann var að lýsa hér áðan og sem glímdu við Ægi og þróuðu sínar útgerðir. Það er ekki þeim að kenna hvernig við höfum misst stjórn á fiskveiðikerfinu okkar. Og það er ekki rétt að áfellast eigendur útgerða fyrir það hvernig fyrirkomulagið er í dag. Það er mjög slæmt og það hefur leitt til mikilla deilna, svo mikilla að hæstv. forsrh. sá sig tilneyddan að gefa kosningaloforð um að skipuð yrði sérstök sáttanefnd um sjávarútvegsmálin í landinu. Sú sáttanefnd var skipuð eftir síðustu kosningar. En hún hefur ekki skilað neinu sáttaáliti vegna þess að það sem hún er að skila er einfaldlega það sama og er við lýði í dag, nema aðeins er verið að tala um eitthvert veiðileyfagjald eða auðlindagjald, lítils háttar upphæðir miðað við það sem ætti að vera. Þetta vildi ég segja núna.

[18:24]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er það ekki þessum gömlu horfnu útgerðarmönnum að kenna hvernig komið er, að sjálfsögðu ekki. Þeir áttu upphafið að því að skapa þann mikla flota sem við eigum í dag (Gripið fram í.) og ber aflann að landi. Þeir byggðu upp flest þau frystihús sem starfa í dag. Það sem er í húfi eru störf þessara manna. Þetta er því alls ekki þeim að kenna. Það er frekar þeim að þakka að við skulum þó lifa við þær vellystingar sem íslenska þjóðin býr við í dag.

Það eru fyrst og fremst deilusérfræðingar þessarar þjóðar sem hafa getað komið upp þeirri öfund sem nú ríkir í kringum útgerðina þannig að ekki má nokkur einasti maður fara út úr útgerð með einhverjum hagnaði öðruvísi en að hrópað sé hér á torgum að hann hafi nánast stolið sameign þjóðarinnar og tekið með með sér. Það er náttúrlega óþolandi fyrir alvöru atvinnumenn í þessari grein að liggja undir þessum ámælum ár eftir ár og jafnvel áratug að verða, því þó að þessum mönnum þyki vænt um útgerðir sínar og störf og hafi áhuga á þessu þá dregur þetta smám saman máttinn úr kröftugustu mönnunum og þeir reyna að velja sér einhver önnur störf og við töpum einfaldlega frá okkur hæfasta fólkinu til þess að standa í útgerð. Ég held að mikil ástæða sé til þess að þeir menn sem hafa haldið uppi deilum í þjóðfélaginu í öll þess ár fari að átta sig á því hvað þetta getur haft alvarlegar afleiðingar.

[18:26]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn að áfellast þetta fólk. Það er verið að áfellast kerfið. Ég segi svo ekki meira um það.

Minn gamli fyrrverandi félagi úr Alþýðubandalaginu, ef ég man rétt, hv. þm. Kristján Pálsson, þarf að tileinka sér það að hinn frjálsi markaður getur líka verið til góðs og það er það sem við sjáum í sambandi við uppboðsleiðina. Þegar við erum að tala um fyrningu, erum við ekki að tala um að fyrningaraflinn sé bara tekinn, honum hent út í myrkrið og ekki veiddur aftur. Það er gert ráð fyrir því að útgerðir muni bjóða í hann, og þegar það er gert í fyrsta sinn má segja — útfærslan verður til umræðu í nefndinni — að útgerðir sem hafa greitt fyrir muni fá það til baka í fyrsta sinn. En svo er reiknað með því að að lokum þróist þetta þannig að uppboðsfjárhæðirnar renni til samfélagsins sem gæti orðið m.a. til þess að efla aðra starfsemi í byggðunum og þá hafa fleiri möguleika til þess að koma að þessu, alveg eins og ungu mennirnir hér áður fyrr sem verið var að tala um áðan, sem horfðu út á sjóinn og vissu að þeir máttu róa, vissu að þeir gátu fengið sér bát, lítinn árabát, látið vini sína smíða hann eða smíðað hann með þeim og róið til fiskjar án þess að þurfa að kaupa til þess leyfi af þeim útgerðarmönnum sem þá voru í útgerð. Við þekkjum langa sögu um slíkt einokunarböl sem var á Íslandsmiðum um aldir.

[18:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Karl V. Matthíasson segir að það sé einungis verið að áfellast kerfið en ekki þá menn sem hófu þetta ævintýri, útgerðarævintýri. Eins og ég sagði áðan samþykktu þessir miklu höfðingjar og lögðu sumir hverjir til það kvótakerfi sem við erum að vinna við í dag.

Þó svo að fyrningin renni nú til einhverra sem vilja kaupa, þó svo að hún geri það þá verður þetta frekar spurning um það hverjir verði eftir til að kaupa. Ég er ekki mjög sannfærður um að í því óvissa útgerðarfyrirkomulagi og því umhverfi sem menn þurfa að búa við undir þessum sífelldu uppboðum, hafi nokkur áhuga á því að setja peningana sína í slíkan rekstur því að fjárfestingin getur verið einskis virði á morgun eins og ég var að tala um áðan.

Ég held að hv. þm. geri sér ekki grein fyrir því hvað er að gerast með þessu. Ég efast ekkert um að menn séu að reyna að gera sitt besta til þess að finna eitthvert annað kerfi. En því miður gera þeir sér ekki grein fyrir afleiðingunum, herra forseti. Ég vil að endingu skora á hv. flutningsmenn að skoða þetta mjög rækilega og ræða við útgerðarmenn um hvað þetta geti haft í för með sér, ef af verður, því það er ekkert gaman að því að sitja uppi með tillögu í farteskinu það sem eftir er ævinnar þar sem verið er í rauninni að leggja til að leggja núverandi útgerðarform í rúst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[18:30]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Þessi tillaga var einnig flutt á 126. löggjafarþingi.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Jóhann Ársælsson.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2003.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði fyrir eðlilega verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði, heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði."

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland eru bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafar þingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna." Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum."

Fullvíst má telja að það viðskiptalega umhverfi sem nú ríkir í verslun með óunninn fisk hér á landi fullnægi ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

Sú þingsályktunartillaga sem hér er flutt á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum."

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótrufluðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil verið starfandi uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá er ríkjandi mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði er samt sem áður ríkjandi mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum." Í slíkum viðskiptum er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fényti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir með lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst. Þetta ástand leiðir til þess að á Íslandi liggja upplýsingar um afurðaverð á erlendum mörkuðum fyrir unninn fisk og fiskafurðir ekki fyrir mánuðum og jafnvel árum saman. Á sama tíma eru auðfengnar allar upplýsingar um verð afurða hjá öðrum þjóðum, t.d. í Færeyjum og Noregi.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um Kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið

og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefin leiguverð á óveiddum fiski eru algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Að sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Við fullyrðum að þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast. Þá fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en það verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Í grg. með tillögunni eru raktar meginástæður þess að eðlilegt sé að taka upp fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Þetta fyrirkomulag er þekkt frá öðrum löndum, m.a. í Noregi og Færeyjum og hefur gefist vel. Reyndar hafa t.d. í Færeyjum verið sett, til viðbótar þessu, sérstök skilyrði um að hluti aflans á færeyska flotanum skuli seldur á markaði. Þar er skylt að selja allt að 30% aflans á fiskmörkuðum.

Flestir sem fylgjast með sjávarútvegi þekkja vel hversu mikil uppsveifla hefur verið í Færeyjum. Ég fullyrði að ef slíkt skref væri stigið hér á landi, að skilja að fjárhagslega veiðar og vinnslu — það leiðir ekki endilega til þess að allur fiskur verði seldur á fiskmarkaði en mundi örugglega stuðla að því. Væri á sama tíma stefnt að því að auka sölu afla á fiskmarkaði þá mundi þjóðin hagnast um marga milljarða í auknu verðmæti fyrir sjávarafurðir.

[18:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessari þáltill. og ætla að segja hér nokkur orð.

Ég tel þetta afar mikilvægt mál sem hér er til umræðu. Við í Samfylkingunni höfum reynt að móta stefnu okkar gagnvart leikregum þjóðfélagsins sem mest út frá sanngjörnum leikreglum. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá verða þær leikreglur til á markaði í markaðsþjóðfélagi. Það þarf að hafa samræmi milli þessara leikreglna, bæði innan þeirra greina sem eiga í hlut og líka milli hinna ýmsu atvinnugreina í þjóðfélaginu. Skondið er að nefna dæmið um að það er ekki langt síðan gerð var krafa um að Póstur og sími, sem áður var en er nú kominn á söluskrána, aðskildi farsímakerfið frá annarri starfsemi sinni. Það þótti það sjálfsagt að Síminn var skyldaður til að gera þetta.

Það virðist liggja í augum uppi að aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu ætti að vera sjálfsagður hlutur þó svo að menn gætu átt hlutabréf í hinum ýmsu fyrirtækjum, bæði þeim sem væru í veiðum og öðrum sem væru í vinnslu. Út á það væri í raun ekkert að setja en menn yrðu að ganga frá málum sínum með aðskildu bókhaldi fyrir aðskiljanlegan rekstur.

Eitt má nefna líka. Menn hafa leyft takmarkaða þátttöku erlendra aðila í fiskvinnslu á Íslandi. Því er í raun og veru ekki hægt að breyta nema aðskilja veiðar og vinnslu. Eins og mál standa núna gagnvart sjávarútveginum munu fáir mæla því bót að opnuð verði leið fyrir erlenda aðila inn í útgerðina á Íslandi á meðan útgerðarmenn geta keypt upp og eignast Íslandsmið. Kerfið er þannig í dag. Ætli menn að fá erlenda fjárfestingu inn í fiskvinnsluna, sem ég tel ekki síður eðlilegt en fyrir aðra hluta atvinnurekstrar á Íslandi, þá verða menn að stíga þetta skref.

Það er ástæða til þess að nefna að nú liggur fyrir tillaga, sem ég heyrði ekki betur en hæstv. sjútvrh. tæki prýðilega undir, um að fiskur ætti að fara á markað á Íslandi. Af því ég veit að hæstv. ráðherra ætlar að tala í þessari umræðu þá vonast ég til að hann gefi okkur upplýsingar um hvenær við megum eiga von á því að tekið verði á þessum markaðsmálum, þ.e. að fiskur fari á markað.

Ég sé fyrir mér að sjávarútvegurinn á Íslandi muni blómgast sem aldrei fyrr þegar markaðurinn fær að leysa hans mál, þegar menn hætta að hafa miðstýrðar sérreglur í gangi vegna kvótans, þegar menn setja fiskinn á markað og þegar menn skilja á milli veiða og vinnslu þannig að ekki sé endalaust tekist á um verðmæti aflans eins og nú er gert og allir þekkja.

Þetta var nú það sem ég vildi segja um málið, hæstv. forseti. Ég vona sannarlega að menn láti hendur standa fram úr ermum og komi þessu til framkvæmda, því það er alveg ábyggilegt að það mun strax hafa áhrif til góðs. Það mun auka möguleika manna til að starfa í fiskvinnslunni. Maður talar nú ekki um ef um leið yrði aðgangur að fiskinum aukinn á mörkuðum. Það hefur sýnt sig, um það eru nýleg dæmi eins og frá Færeyjum, að í Færeyjum jókst verulega hreyfingin í fiskvinnslu. Ég held að flestir sem vilja leggja það á sig að velta þessum málum dálítið fyrir sér muni komast að þeirri niðurstöðu að þessi tillaga sé mjög skynsamleg. Menn ættu þess vegna að koma henni til framkvæmda sem fyrst.

[18:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þannig vill til að ég er ósammála hv. flutningsmönnum, bæði í þeim forsendum sem þeir gefa sér og í aðferðunum sem þeir vilja beita í þessu efni. Ég er þeirrar skoðunar að það sé frekar styrkur íslensks sjávarútvegs en hitt, þ.e. sú samtvinning sem er og hefur verið milli veiða og vinnslu í gegnum tíðina. Það má hins vegar alltaf deila um hver hlutföllin eigi að vera í atvinnugreininni, hve mikið þetta eigi að tvinnast saman og hve mikið eigi að vera sitt í hvoru lagi. Ég tel heppilegast að það ráðist af markaðsaðstæðum á hverjum tíma og almennum leikreglum.

Ég tel að þegar við komum kvótakerfinu á þá höfum við að vissu leyti flutt þyngdarpunktinn í sjávarútveginum frá vinnslunni og til útgerðarinnar. Ég tel að aðrar aðgerðir sem gerðar hafa verið síðan hafi þá frekar ýtt undir þetta en hitt. Ég held að til þess að markaðurinn og almennar leikreglur geti ráðið því hver hlutföllin eru ættum við frekar að nálgast þetta mál með því að auka frjálsræðið og auka möguleika þeirra sem að þessu koma, og bendi þá m.a. á tillögur endurskoðunarnefndarinnar sem eru mjög athyglisverðar. Ég tel það vænlegra en að setja reglur og hindra menn með boðum og bönnum í að gera það sem þeir mundu e.t.v. telja skynsamlegt að öðrum kosti.

Þetta mál er endurflutt og ef mig misminnir ekki hef ég tjáð mig um það áður á Alþingi og læt þetta nægja að sinni.

[18:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Í tilefni af orðum hæstv. sjútvrh. vil ég segja að þessi tillaga setur ekki það skilyrði að útgerð geti ekki keypt eða fiskvinnsla geti ekki keypt afla af útgerð þar

sem eignaraðilar eru þeir sömu. Hún kveður hins vegar alveg skýrt á um fjárhagslegan aðskilnað veiðanna og vinnslunnar.

Við sem flytjum þessa tillögu teljum hins vegar mikilvægt að koma á eðlilegum viðskiptaháttum á fiskmarkaði og að fiskmarkaðurinn kæmi hér mjög inn í verðmyndunina. Tillagan kveður skýrt á um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu en festir það í sjálfu sér ekki niður að allur afli skuli fara um fiskmarkaðinn. Við teljum hins vegar að breytingin mundi leiða til þess fyrr en seinna.

Ég gat þess í framsögu minni að ég væri þeirrar skoðunar að það ætti að láta fiskmarkaðina sjá um verðmyndun á afla og það mundi verða þjóðinni til hagsbóta, það mundi auka verðmæti sjávarfangsins og skapa mikla atvinnu. Ég er alveg sannfærður um það. Í dag eru mörg fyrirtæki vítt og breitt um landið, stór og smá, að kaupa afla á fiskmarkaði, í raun við allt of lítið framboð. Það þekkist að menn á Vestfjörðum kaupi steinbít austur á Hornafirði, keyri hann til Ísafjarðar og vinni hann þar. Alveg á sama hátt og fiskur fer frá Norðurlandi og hingað til Reykjavíkur, nú eða þá af Suðurnesjum og norður í land. Margar fiskvinnslur hafa aðlagað sig því að starfa á markaðnum að stórum hluta og sumar að öllu leyti og hafa starfað þar árum saman. Þarf ekki annað en ræða við þá fiskvinnslumenn sem eru í Samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar, sem kaupa svo til allt sitt sjávarfang eða langmest af öllu sínu sjávarfangi á fiskmörkuðum og hafa staðið sig frábærlega í því að ná háu verði.

Að öllu samanlögðu tel ég að þessi tillaga gæti orðið til að flýta slíkri þróun og ég tel það æskilegt. Þó að þessi tillaga lögskipi ekki að menn verði að selja aflann í gegnum markað þá gerir hún ráð fyrir því að það sé algjör fjárhagslegur aðskilnaður milli veiða og vinnslu. Það er vissulega þekkt form í löndunum í kringum okkur og hefur ekki valdið þeim þjóðum skaða að séð verði, frekar er að það hafi lyft upp aflaverðmæti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:56.

---

12. FUNDUR

miðvikudaginn 17. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, frv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og bréfs frá 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Vesturl., Helgu Halldórsdóttur, að 2. varaþm. á listanum, Skjöldur Orri Skjaldarson bóndi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl."

Síðara bréfið hljóðar svo:

„Forseti Alþingis, Halldór Blöndal,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Ég undirrituð, sem skipa sæti 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. á Vesturlandi, get að svo stöddu ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Guðjóns Guðmundssonar, 4. þm. Vesturl.

Virðingarfyllst,
Helga Halldórsdóttir skrifstofumaður, Borgarnesi."

Kjörbréf Skjaldar Orra Skjaldarsonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt, en þar sem hann hefur eigi tekið sæti á Alþingi fyrr ber honum að undirrita drengskaparheit.

[Skjöldur Orri Skjaldarson, 4. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:33]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Skjöldur Orri Skjaldarson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[13:34]

Útbýting þingskjals:

Áfengislög, 176. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 177.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 3. mál (úthlutun aflahlutdeilda o.fl.). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:35.

---

13. FUNDUR

miðvikudaginn 17. okt.,
að loknum 12. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Stækkun Evrópusambandsins, fsp. RG, 82. mál, þskj. 82.
2. Endurskoðun á EES-samningnum, fsp. RG, 83. mál, þskj. 83.
3. Fjölskyldustefna utanríkisþjónustunnar, fsp. MF, 113. mál, þskj. 113.

Til félagsmálaráðherra:

4. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fsp. ÁRJ, 63. mál, þskj. 63.
5. Réttarstaða erlendra kvenna, fsp. MF, 70. mál, þskj. 70.

Til fjármálaráðherra:

6. Endurgreiðsla virðisaukaskatts, fsp. RG, 84. mál, þskj. 84.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Tillögur vegsvæðanefndar, fsp. RG, 85. mál, þskj. 85.

Til dómsmálaráðherra:

8. Meðlagsgreiðslur, fsp. MF, 86. mál, þskj. 86.

Til umhverfisráðherra:

9. Stytting rjúpnaveiðitímans, fsp. SJS, 94. mál, þskj. 94.

Til iðnaðarráðherra:

10. Nýtt byggðakort ESA á Suðurnesjum, fsp. KPál, 121. mál, þskj. 121.

Til heilbrigðisráðherra:

11. Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, fsp. ÁMöl, 147. mál, þskj. 147.
12. Markaðssetning lyfjafyrirtækja, fsp. ÁRJ, 149. mál, þskj. 149.

Stækkun Evrópusambandsins.

Fsp. RG, 82. mál. — Þskj. 82.

[13:36]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til utanrrh. um hvaða afleiðingar stækkun Evrópusambandsins hafi fyrir hagsmuni Íslands í Evrópu. Þessi fyrirspurn skarast að nokkru við fyrirspurn númer tvö á dagskrá þessa fundar sem er um endurskoðun á EES-samningnum og vænti ég þess að hæstv. utanrrh. gefist möguleiki á að koma því sem máli skiptir að í svörum við þessum tveimur spurningum.

Þessi spurning mín er líka afskaplega opin og það er viljandi. Ég vænti þess að ráðherra fari yfir þýðingarmestu þætti stækkunar og áhrif á hagsmuni okkar í Evrópu. Stækkun Evrópusambandsins stendur fyrir dyrum. Það á að ljúka aðildarsamningum við þau lönd sem verða tekin inn fyrir árslok 2002. Tólf lönd eru í biðröðinni og vilja inn, en eins og við vitum komast þau ekki öll að.

Íslensk stjórnvöld hafa stutt stækkunina eindregið og tek ég undir þá afstöðu. Löndin sem sækja um telja aðildina grundvallaratriði varðandi uppbyggingu heima fyrir og sem friðar- og öryggismál. En Ísland verður af markaðsmöguleikum sem nú eru fyrir hendi við mörg umsóknarríkin samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA. Fríverslunarsamningar hafa veitt okkur betri markaðsaðgang í löndum sem nú sækja inn í Evrópusambandið en sambandið sjálft hefur haft við þau. Nú munu þau fá bættan aðgang að mörkuðum Íslands meðan við missum samninga og þurfum að fara að greiða tolla fyrir sumar afurðir í samræmi við bókun 9 í EES-samningnum.

Noregur hefur hins vegar byggt upp markað fyrir marga milljarða, 10 milljarða, ef ég man rétt og fær þar með tilsvarandi kvóta sem nú mun gilda inn á allt Evrópusambandssvæðið. Hvaða afleiðingar hefur þetta fyrir okkur? Sömuleiðis skiptir máli hvernig ný tækifæri verða til í viðskiptum og fjárfestingum á hinu stækkaða svæði og hvort þau kalla á úrbætur hjá okkur, t.d. í lagasetningu.

Svo er það Myntbandalagið. Á athyglisverðri ráðstefnu Samtaka iðnaðarins nýverið um Evrópusambandið og evruaðild talaði meðal annarra dr. Sixten Korkman, framkvæmdastjóri á sviði efnahags- og peningamála hjá ráðherraráði Evrópusambandsins. Hann sagði evruna hafa útrýmt óstöðugleika gengis á evrusvæðinu sem öll Evrópa nyti góðs af. Hann sagði líka að auk sameiginlegrar myntar fengist Evrópusambandið við tvö krefjandi viðfangsefni, annars vegar stækkunarferlið sem mundi auka landfræðilegt flatarmál, mannfjölda, efnahagsumsvif og fjölda landa innan Evrópusambandsins, en hitt ferlið væri að ná fram stofnanalegum umbótum á eðli og gerð Evrópusambandskerfisins til að styrkja ábyrgð þess. Hvaða áhrif, herra forseti, hefur þessi þróun á stöðu okkar Íslendinga?

[13:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ísland hefur lýst yfir eindregnum stuðningi við fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins. Stækkunin er jákvæð fyrir Evrópu, bæði pólitískt og efnahagslega. Hún mun treysta friðinn í Evrópu, auka hagvöxt í umsóknarlöndunum og skapa traustara umhverfi fyrir atvinnulíf og viðskipti. Þetta er allri Evrópu í hag og þjónar einnig hagsmunum okkar Íslendinga.

Stækkunin felur í sér ýmiss konar möguleika fyrir okkur Íslendinga, en á móti kemur að óvissa ríkir um innflutningsskilyrði fyrir sjávarafurðir okkar eins og ég mun víkja að hér á eftir.

Ekkert bendir til þess að nokkur sérstök vandkvæði séu á stækkuninni fyrir Ísland þótt hafa verði þann fyrirvara á að viðræður eru ekki hafnar um aðlögun umsóknarlandanna að Evrópska efnahagssvæðinu. Við höfum látið það í ljós að við munum ekki fara fram á frekari hindranir í frjálsri för fólks en önnur EES-ríki. En við höfum áskilið okkur rétt til þess að beita öryggisákvæðum ef upp kæmi alvarleg röskun á vinnumarkaði.

Samningar okkar við umsóknarlöndin um fríverslun munu falla úr gildi við aðild þeirra að Evrópusambandinu, þar á meðal ákvæðin um fríverslun með fisk. Það þarf að semja við ESB um hvað við eigi að taka. Mikilvægir hagsmunir eru í húfi og hætta er á að markaðsaðgengi íslenskra fyrirtækja fyrir ýmsar sjávarafurðir muni ekki aðeins versna og við missa það forskot sem við njótum á þessum mörkuðum gagnvart samkeppnisaðilum innan Evrópusambandsins heldur eigum við á hættu að verða verr sett í ýmsum tilvikum. Þá mundi samkeppnisstaða okkar gagnvart samkeppnisaðilum innan Evrópusambandsins að öllum líkindum versna enn frekar ef öll þessi lönd taka upp hina sameiginlegu evrópsku mynt.

Hér á Ísland mikilla hagsmuna að gæta því að sum þessara landa voru eitt sinn, og hafa alla burði til þess að verða aftur, mikilvægur markaður fyrir ýmsar sjávarafurðir. Á hinn bóginn eru viðskiptin lítil um þessar mundir og stafar það af þeim samdrætti sem þessi lönd hafa mætt við aðlögun sína að frjálsum markaðsaðstæðum. Hér þarf því að finna sanngjarna lausn í samningum við ESB þar sem m.a. er tekið tillit til tapaðra sóknarfæra á þessum mikilvægu mörkuðum.

Ég hef margítrekað lýst yfir áhyggjum mínum yfir því hve markaðsuppbygging okkar hefur verið takmörkuð í þessum löndum. Norðmönnum hefur orðið betur ágengt og hafa þeir t.d. um 50% af fiskmarkaðnum í Póllandi meðan Ísland hefur aðeins 1%. Vafalítið hafa þeir haft að leiðarljósi að þessi markaðssókn gæti reynst þeim gagnleg í samningaviðræðum við ESB þegar þessi ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu. Utanrrn. hefur boðið útflytjendum til samstarfs til að bæta markaðshlut okkar og ráðuneytið hefur þegar hafið undirbúningsvinnu í þessu skyni. En hér dugar skammt vilji stjórnvalda því mikilvægt er að íslenskir útflytjendur skoði vel sóknarfæri á þessum mörkuðum og það er líka rétt að við höfum haft nánast lítið sem ekkert fjármagn til þessarar vinnu.

Fjölgun aðildarlanda mun gera rekstur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þyngri í vöfum og verður að mæta því með aukinni árvekni og framtaki. Á nýlegum EES-ráðsfundi hélt ESB því m.a. fram að stækkun mundi gera ríkari kröfur til einsleitni og að atkvæðagreiðslur innan Evrópusambandsins yrðu algengari. Af því mætti leiða að jafnvel enn þá minni möguleikar væru til að taka tillit til sérstakra aðstæðna, t.d. í EFTA/EES-ríkjunum, eftir að stækkunin hefur átt sér stað.

Einnig er rétt að hafa í huga að eftir stækkunina verða hin nýju aðildarlönd gagnaðilar okkar og munum við eiga mikið undir þeim eins og öðrum aðildarlöndum Evrópusambandsins varðandi rekstur samningsins. Þess vegna er mikilvægt að efla samstarf okkar við þessi lönd og að því höfum við unnið í utanrrn. eftir bestu getu og munum halda því áfram.

[13:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Hér er nokkuð viðamikið mál á ferðinni og ástæða er til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á því á hinu háa Alþingi. Mig langar til að inna hæstv. utanrrh. eftir því hvenær ráðgert sé að hefja viðræður við umsóknarlöndin, þ.e. þau sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu. Hæstv. ráðherra sagði að viðræður væru ekki hafnar um aðlögun að EES-samningnum. Gott væri að hæstv. ráðherra gæti greint frá því hvenær þær gætu hugsanlega hafist, ef hann veit það, og hvernig undirbúningi þeirra verður háttað í utanrrn. og af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvernig samstarfi við útflutningsfyrirtæki eða atvinnufyrirtæki á Íslandi verði háttað í þeim undirbúningi.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör. Mér finnst að við verðum að staldra svolítið við það að við erum núna að taka afleiðingunum af því að útflytjendur hafa ekki sótt inn á svæðið að sama marki og Norðmenn hafa gert. Einnig kom fram í máli utanrrn. að litlir peningar hafi verið til þessara verkefna. Ég skil það svo að hann sé þá að ræða um markaðssókn og stuðning stjórnvalda við að byggja upp markaði á þessu svæði. Þá er spurningin: Er hægt að gera eitthvað héðan af eða erum við búin að missa af tækifærinu?

Ráðherra sagði jafnframt að við ættum á hættu að verða verr sett og að það kæmi upp ákveðin staða ef öll löndin taka upp sameiginlega evrópska mynt. Ég hef mikinn áhuga á því að við reynum að átta okkur á hvað það þýði fyrir Ísland ef önnur lönd Evrópu taka upp sameiginlega mynt. Ég velti því líka fyrir mér vegna þess hve miklar breytingar hafa orðið hjá Evrópusambandinu — ýmis nýmæli hafa verið tekin upp hjá stofnunum sambandsins, þ.e. aukin áhrif og sömuleiðis aukið löggjafarvald — hvað það hafi að segja fyrir okkur. Til dæmis vil ég minna á að nýverið sá dómsmrh. sig knúna til að mótmæla harðlega áformum um aðgerðir Evrópusambandsins til að berjast gegn hryðjuverkamönnum. Það mál snerti Schengen-samstarfið, en átti að halda utan sameiginlegs vettvangs Schengen-ríkjanna. Er það eitt af því sem blasir við hjá okkur að þrátt fyrir að við hugsanlega fáum endurskoðun á EES-samningnum séu þvílíkar breytingar orðnar að við ýtumst út fyrir og jafnvel að það hafi áhrif á hvernig samningurinn stendur gagnvart stjórnarskrá okkar?

[13:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við í utanrrn. og utanríkisþjónustunni erum alltaf að berjast fyrir helstu hagsmunamálum Íslands. Það er hins vegar alveg rétt að við komumst oft og tíðum ekkert að því borði þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Ég veit að hv. alþm. muna eftir því í svokölluðu fiskimjölsmáli þegar utanrrn. fór í mikla baráttu til að rétta okkar hag, þá áttum við ekki einu sinni aðgang að byggingunni þar sem viðræðurnar áttu sér stað. Eftir nokkurt þóf komust okkar menn þar inn á Schengen-passa vegna þess að þeir höfðu aðgang að byggingunni vegna aðildar okkar að Schengen. Ef við hefðum ekki verið aðilar að því, hefðum við ekki einu sinni getað verið á göngunum þar sem verið var að taka þessar mikilvægu ákvarðanir. Þannig er nú staðan í sumum málum.

Hvað varðar það sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði í sambandi við viðræður við umsóknarlöndin, þá erum við alla tíð að tala við umsóknarlöndin. Við gerum það með heimsóknum til þeirra og við reynum að gera þeim grein fyrir stöðu okkar og aðstæðum og því er almennt tekið vel. En samningaviðræðurnar verða ekki við þessar umsóknarþjóðir. Þær verða við Evrópusambandið og þær eru ekki hafnar. Við notum hins vegar hvert tækifæri til þess vekja athygli á stöðu okkar til þess að reyna að fá fram sanngjarna lausn þegar að því kemur. Það verður hins vegar að viðurkennast að athygli Evrópusambandsins beinist í mjög takmörkuðum mæli til Evrópska efnahagssvæðisins. Þeir eru uppteknir við þróun Evrópusambandsins. Þeir eru uppteknir við stækkunina. En við reynum að gera okkar besta til að halda athygli þeirra við þessar staðreyndir því það liggur fyrir að þegar stækkunin verður samþykkt þá mun það ekki eingöngu koma til afgreiðslu í þjóðþingum umsóknarlandanna og þjóðþingum Evrópu. Það er hlutur sem við þurfum jafnframt að afgreiða á Alþingi Íslendinga því að stækkun Evrópusambandsins er jafnframt stækkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

Endurskoðun á EES-samningnum.

Fsp. RG, 83. mál. — Þskj. 83.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Þá erum við komin að stóra málinu. Mun okkur takast að fá endurskoðun á EES-samningnum þannig að hann verði viðunandi fyrir Íslendinga?

Evrópusambandið hefur breyst mjög mikið frá því að Evrópska efnahagssvæðið var myndað. Rómarsáttmálinn hefur verið uppfærður þrisvar. Gerðar hafa verið breytingar á Maastricht- og Amsterdam-samningi. Á annan tug stofnana hafa orðið til. Fríverslunarsamningar við löndin sem við höfum átt viðskipti við falla niður eins og ég hef þegar komið inn á og svo má nefna að sveitarfélagasamband innan Evrópusambandsins er orðið mjög öflugt og þar koma Evrópusvæðislöndin ekki að.

Hvað okkur varðar má búast við að róður þyngist og erfiðara verði að ná eyrum yfirstjórnar Evrópusambandsins og margir óttast rýrari árangur fyrir Ísland í samstarfi þjóðanna. Það kom fram í máli utanrrh. fyrir stundu að við höfum ekki einu sinni haft aðgang að göngunum þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Hvernig getum við tryggt aðkomu okkar að þeim ákvörðunum þannig að við séum ekki bara að taka við afleiðingunum og setja þær í lög hjá okkur án þátttöku?

Margir telja að samkeppni um styrki verði harðari, að minna fé komi e.t.v. til vísinda og rannsókna á Íslandi og því hefur verið hreyft að EES-ríkin og þar með Ísland muni e.t.v. verða knúin til að veita nýju löndunum styrk sem væri ný ábyrgð af okkar hálfu meðan við erum ekki aðilar að því sem máli skiptir. Við höfum rætt á Alþingi um aðkomu EFTA-ríkjanna, eins og áðan, þátttöku á fundum og hvernig við getum blandað okkur í málin.

Utanrrh. hefur sagt margoft að óhjákvæmilegt sé að aðlaga EES-samninginn að breyttum aðstæðum. Norðmenn virtust hins vegar ekki hætta á slíka endurskoðun og hefur mátt skilja að Norðmenn telji sig fremur tapa en græða á slíkri endurskoðun. Þeir virðast þó hafa opnað á tæknilega endurskoðun samningsins miðað við fréttaflutning, t.d. eftir Lúxemborgarfundinn. Eftir fund EES-ráðsins í Lúxemborg sagði hæstv. utanrrh., með leyfi forseta, að við stæðum frammi fyrir miklu hagsmunamáli sem væru tollar á fisk, síld, humar og fleira og að beðið væri eftir viðtölum við Evrópusambandið. Fram kom að allur kraftur færi í stækkun sambandsins og skipulagsbreytingarnar þar, að í þeirra máli hefði komið fram að við gætum ekki vænst þess að Evrópusambandið gerði undanþágur fyrir þau lönd sem stæðu utan þess. Þau viðhorf eru sýnilega uppi að fara þurfi með varúð í málinu.

Er það svo og eru Íslendingar og Norðmenn á öndverðum meiði í þessu þýðingarmikla máli fyrir hagsmuni okkar?

[13:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að því er varðar fyrri spurninguna, þá var það svo að á fundi mínum með Thorbjørn Jagland, utanrríkisráðherra Noregs, í apríl sl., ræddum við um stöðu EES-samningsins og á fundinum ákváðum við að gefnu samþykki stjórnvalda í Lichtenstein að fela háttsettum embættismönnum að vinna skýrslu um stöðu EES-samningsins og setja fram hugmyndir um það sem mætti betur fara í rekstri hans og hvernig hægt væri að bregðast við þeim breytingum sem nú eiga sér stað innan Evrópusambandsins.

Hópur embættismanna frá ríkjunum þremur og skrifstofu EFTA kom saman í Brussel 18. maí og var skýrsla frá þeim fundi rædd á fundi sem utanríkisráðherrar Íslands, Noregs og Liechtenstein áttu með sér 25. júní sl. í Lúxemborg. Skýrslan var fyrsta sameiginlega tilraun þessara ríkja til að gera nýtt stöðumat í ljósi breyttra aðstæðna innan Evrópusambandsins. Í þessari skýrslu er bent á að EES-samningurinn hafi hingað til uppfyllt þær væntingar sem gerðar voru til hans. Hins vegar er vakin athygli á breytingum á grundvallarsamningum ESB sem leiða til þess að stefnumótun og undirbúningur ákvarðana innan Evrópusambandsins fer fram í vaxandi mæli að auknu leyti í ráðherraráðinu og vinnuhópum þess þar sem EFTA-ríkin þrjú hafa engan aðgang. Auk þess hafa áhrif Evrópuþingsins aukist til muna. Þar kemur jafnframt til samstarf sveitarfélaga og ýmislegt annað sem hefur haft í för með sér miklar breytingar.

Einnig er vakin athygli á því að þess gæti í auknum mæli að sambandið setji sér markmið og samþykki áætlanir um efnahagsmál sem hafa bein áhrif á innri markað Evrópusambandsins án þess að EFTA-ríkin þrjú hafi nokkra formlega aðkomu að slíkri stefnumótun. Má nefna í því sambandi t.d. Lissabon-ferlið. Ákveðið var upp úr þeim fundi að halda áfram viðræðum í vinnuhópnum.

Á fundi mínum með Louis Michel, utanríkisráðherra Belgíu, þann 17. ágúst hér á landi, en hann gegnir formennsku innan Evrópusambandsins um þessar mundir, kynnti ég honum þessi sjónarmið sem lýst er í skýrslunni, þ.e. að EES-samningurinn endurspeglaði ákvæði Rómarsáttmálans eins og þau stóðu á árinu 1991 eða eins og þau voru áður en til komu sáttmálarnir í Maastricht, Amsterdam og Nice. Þróun hafi átt sér stað innan Evrópusambandsins á undanförnum árum, ekki síst á sviði umhverfismála og félagsmála, sem ekki sé með neinum fullnægjandi hætti endurspeglað í EES-samningnum. Þessi þróun geri okkur erfiðara fyrir að ná fram þeirri svokölluðu einsleitni sem að var stefnt á Evrópska efnahagssvæðinu og þetta kalli á skoðun á möguleikum til þess að lagfæra EES-samninginn. Utanríkisráðherra Belgíu lýsti því

yfir að hann teldi hugmyndir um uppfærslu samningsins og myndun vinnuhóps í því sambandi áhugaverðan og sagðist vera reiðubúinn til að leggja slíkt til innan ráðherraráðsins.

Á fundi EES-ráðsins sem haldinn var 9. október í Lúxemborg lýstu EFTA-ríkin yfir áhyggjum vegna ákveðins misræmis milli EES-samningsins og Rómarsáttmálans eins og hann hefur þróast. EFTA-ríkin áréttuðu einnig að þessi munur gæti haft áhrif á einsleitni á EES-svæðinu og leitt til ójafnvægis. Ákvörðun hefur hins vegar ekki enn þá verið tekin um næstu skref í þessu ferli.

Síðan er spurt hvort það sé ágreiningur í þessu máli milli Íslands og Noregs. Löndin tvö hafa oft rætt þetta mál sín í milli. Ljóst er að bæði ríkin vilja einhverjar lagfæringar á EES-samningnum. Á þessu stigi tel ég alls ekki rétt að tala um ágreining. Löndin eiga náið samráð um þessi mál. Einhver áherslumunur er á milli Íslands og Noregs um hversu langt er hægt að ganga. Slíkur skoðanamunur er eðlilegur í samskiptum þjóða.

Ég hef haldið því fram að lagfæring EES-samningsins sé nauðsynleg og ég mun beita mér fyrir því. Hins vegar er því ekki að leyna að slík lagfæring verður ekki auðveld í framkvæmd. ESB er mjög upptekið af stækkun og hefur um þessar mundir minni tíma aflögu til að sinna öðrum málum eins og áður hefur komið fram. Málflutningur okkar hefur notið ákveðins skilnings en ljóst er að það verður erfitt að sannfæra framkvæmdastjórnina og öll aðildarríki ESB um víðtæka endurskoðun. Vísbendingar hafa þó verið gefnar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar um að hugsanlega sé vilji til að skoða takmarkaða tæknilega aðlögun samningsins.

Hvað varðar aðlögunarþátttöku okkar í stofnunum Evrópusambandsins, sem ég vil leggja áherslu á, eða breytingu á bókun 9 um fisk, er ég alls ekki jafnbjartsýnn. En við í utanríkisþjónustunni munum halda áfram að fylgja þessu máli mjög fast eftir og hafa um það samráð við Alþingi og þá sérstaklega hv. utanrmn.

[13:59]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Samfylkingin leggur áherslu á að á Alþingi sem annars staðar í samfélaginu sé mikilvægt að gefa framtíð Evrópusamstarfsins mikinn gaum.

Ég vil jafnframt hvetja hæstv. utanrrh. til þess að halda fast á þessum málum og brýna hann sérstaklega, vegna þess hve hlutverk hans er óhemjumikilvægt í ríkisstjórninni að þessu leyti, til að gefa þeim gaum ef fram fer sem horfir að EES-samningurinn haldi ekki. Sérstaklega er þetta hlutverk hæstv. utanrrh. mikilvægt í ljósi þess að samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn hefur nú ákveðið allur sem einn að stinga hausnum endanlega í sandinn með formanni sínum og ákveða að ekki þurfi að neinu að huga hvað þessi mál varðar. Ég verð að lýsa því yfir að það er ábyrgðarhlutur fyrir ríkisstjórnina að láta þá skammsýni sem birtist í fréttum frá landsfundi sjálfstæðismanna um þessi mál ráða för. Því fagna ég sérstaklega hversu mjög hæstv. utanrrh. hefur gefið gaum þeim athugasemdum sem fram hafa komið um framtíð Evrópusamstarfsins.

[14:00]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem aðallega upp til að vekja athygli á orðum hæstv. utanrrh. um stöðu EES-samningsins. Það liggur ljóst fyrir, þrátt fyrir áherslumun innan EES-ráðsins eins og það er kallað, að það er vilji fyrir því að reyna að ná fram breytingum og hugsanlega vilji til þess hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og ráðherraráðinu. En hæstv. utanrrh. talaði um hugsanlega takmarkaða tæknilega aðlögun samningsins. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli hv. þm. á þessum orðum. Það eru margir fyrirvarar í þessari setningu. Kannski segir þessi setning meira en margt annað um stöðu Íslands á hinu Evrópska efnahagssvæði og gagnvart ESB.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Hér hafa áhugaverðar upplýsingar komið fram og ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær. Ég tek undir þau orð að hann á vísan stuðning okkar í því sem hann er að takast á við. Staðan er erfið. Þetta er mjög varfærnislega orðað, þ.e. hugsanleg takmörkuð tæknileg aðlögun. Þannig er að á fundi á þriðjudag í EFTA/EES-nefndinni í Brussel talaði Brinkmann nokkur fyrir hönd Evrópusambandsins. Hann talaði þannig að opnað væri fyrir tæknilegar breytingar EES-samningsins. Hann sagði jafnframt að það væri opnað á að skoða breytingar sem tengjast niðurfellingu á fríverslunarsamningunum. Það er að sjálfsögðu stóra málið fyrir Ísland, hvort utanrrh. okkar tekst að ná þeim breytingum fram.

En herra Brinkmann sagði tvennt. Hann sagði annars vegar að aldrei hefði borist formleg ósk frá EFTA um að taka upp EES-samninginn. Það getur átt rætur í því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt hér, að menn eru að störfum í vinnuhópnum og reyna enn að leita samstöðu um hvernig hægt sé að sækja á um breytingar.

Í öðru lagi sagði Brinkmann að til að unnt yrði að taka upp samninginn þyrftu EFTA-löndin að vera samstiga. Lesist: Þau eru það ekki í dag. Þau verða að tala einni röddu. Ég geri mér fulla grein fyrir því, herra forseti, að vandi hæstv. utanrrh. er ekki einvörðungu innan hans eigin ríkisstjórnar. Vandinn felst einnig í því að fá með sér vinaþjóðina sjálfa, Norðmenn, til að sækja á um sömu aðlögun, sömu þýðingarmiklu breytingar á EES-samningnum og við þurfum svo sárt á að halda.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég á ekki við nein vandamál að stríða gagnvart ríkisstjórn Íslands í þessum máli. Ég vinn þetta verk í fullu umboði hennar og fer með þessi mál. Ég hef haft frumkvæði að umræðu um þessi mál innan EFTA-landanna og gerði það á fundi í apríl sl. með Þorbirni Jagland. Það hefur verið unnið stöðugt að þessu máli síðan og það verður gert áfram.

Það er mikilvægt að fá úr því skorið hversu miklar lagfæringar við getum fengið. Þá vitum við a.m.k. hvar við stöndum. Því skal þó ekki neitað að þetta er ekkert létt. Menn koma ekki hlaupandi til okkar til að óska eftir því að aðstoða við að rétta okkar hlut.

Ég get tekið það sem dæmi að við höfum barist fyrir því í mörg ár að komast inn á svokallaða European Conference eða Evrópuráðstefnu um framtíð Evrópu. Þangað hefur umsóknarríkjum alltaf verið boðið. Þar er verið að ræða mál sem varða hagsmuni Íslands. Þar er verið að ræða mál sem varða framtíð Íslands. Í framhaldi af viðræðum sem ég átti um þetta mál við utanrrh. Belgíu á Íslandi í ágúst, hefur Íslandi og öðrum EFTA-löndum nú í fyrsta skipti borist boð um að þeim sé boðin þátttaka í þessari ráðstefnu nk. laugardag. Að sjálfsögðu munum við þiggja það þó að við höfum ekki

verið sérstaklega undir það búnir þar sem þetta boð barst fyrir nokkrum dögum. Það hefur tekið mörg ár að fá að vera með til þess að ræða þessi mál. Það er ekki svo að þar séu teknar miklar ákvarðanir en það er þó strax til bóta að fá að ræða ýmis mál sem varða hagsmunamál Íslands. Hins vegar getur jafnvel tekið mörg ár að ná því fram. Þannig er þetta og það er mikilvægt að hv. alþm. geri sér grein fyrir því að staða okkar er ekki alltaf mjög góð í þessum efnum.

Fjölskyldustefna utanríkisþjónustunnar.

Fsp. MF, 113. mál. — Þskj. 113.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Alþingi samþykkti í maí 1997 þáltill. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Ríkisstjórn á hverjum tíma gegnir afar mikilvægu hlutverki þar. Því verður að ætla að í hverju ráðuneyti hafi verið settar ákveðnar vinnureglur sem tryggi fjölskylduvænt umhverfi þeirra sem þar starfa.

Margir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og fjölskyldur þeirra búa við ákveðna sérstöðu vegna flutningsskyldu. Tíður flutningur milli landa, sendiráða og starfsstöðva utanríkisþjónustunnar getur bitnað illa á þessum fjölskyldum, ekki síst á mökum og börnum þeirra sem starfa fyrir okkur, ýmist erlendis eða hér heima. Því þarf sértækar aðgerðir til að tryggja fjölskylduvænt starfsumhverfi þessa fólks og önnur kjör þeirra.

Mér er kunnugt um að í framhaldi af samþykkt þáltill. skipaði hæstv. utanrrh. sérstaka nefnd til að gera tillögur um mótun fjölskyldustefnu utanríkisþjónustunnar. Hún skilaði áliti sínu og tillögum í október 1998. Með nefndarálitinu fylgdi listi yfir þætti þar sem talið var að úrbóta væri þörf frá því sem áður hefði verið. Um er að ræða níu veigamikil atriði sem varða m.a. lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna, kostnaðarhlutdeild ráðuneytis í forskólagjöldum og skólagjöldum barna þeirra, sérstakir styrkir vegna fjölskylduheimsókna og styrkir vegna heimsókna barna starfsmanna til búsetustaðar erlendis, tengsl barna starfsmanna sem búsettir eru erlendis við íslenska skólakerfið, einkum með tilliti til íslenskukennslu og kennslu íslenskra fræða, aðstoð vegna móðurmálskennslu fyrir börn flutningsskyldra starfsmanna við heimkomu, öryggiseftirlit á heimilum starfsmanna erlendis og bókasöfn með íslensku efni í sendiráðum og fastanefndum.

Öll þessi atriði ásamt öðrum sem fram koma í áliti nefndarinnar eru afar mikilvæg til að skapa starfsfólki utanríkisþjónustunnar og fjölskyldum þeirra fjölskylduvænt umhverfi. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur tillögum nefndar sem hæstv. ráðherra skipaði um mótun fjölskyldustefnu utanríkisþjónustunnar verið fylgt eftir? Ef svo er, hver varð niðurstaðan varðandi þau níu atriði þar sem nefndin taldi að úrbóta væri þörf, samkvæmt sundurliðun í fylgiskjali með áliti nefndarinnar — þeim atriðum sem ég fór yfir áðan?

[14:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa spurningu. Þannig er að þessum tillögum nefndarinnar hefur verið fylgt eftir eftir því sem hægt hefur verið en það er enn þá unnið að framgangi nokkurra tillagna eins og vill oft verða.

Ég ætla að reyna að svara þessu í réttri röð og svara fyrst 1. spurningu.

Vegna sífelldra breytinga á búsetu er almennt ekki um það að ræða að makar flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar geti stundað atvinnu eða komið sér upp lífeyrisréttindum. Makar þeirra starfsmanna sem tilheyra B-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna hafa eftir starfslok framfærslu af eftirlaunum starfsmanns og við andlát hans öðlast makar hluta þeirra lífeyrisréttinda til æviloka. Við skilnað verða makar hins vegar án lífeyrisréttar.

Þetta fyrirkomulag hefur í ljósi þjóðfélagsbreytinga undanfarinna ára sætt aukinni gagnrýni. Óeðlilegt þykir að makar flutningsskyldra starfsmanna sem fórnað hafa möguleikum sínum til starfsframa til að fylgja mökum sínum í þjónustu ríkisins skuli við starfslok eða skilnað vera án viðunandi lífeyrisréttinda.

Við þá breytingu sem gerð var á Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna í lok árs 1997 versnaði aðstaða maka flutningsskyldra starfsmanna enn. Makar þeirra sem hófu störf eftir árið 1997 og tilheyra þar af leiðandi A-deild lífeyrissjóðsins verða nú nánast án lífeyrisréttinda við fráfall maka eða hjónaskilnað. Kjör íslenskra sendierindreka hafa almennt verið miðuð við kjör í utanríkisþjónustum hinna Norðurlandanna. Í þeim löndum hafa hliðstæð sjónarmið leitt til þess að mökum hafa verið tryggð lífeyrisréttindi. Utanrrn. hefur skipað starfshóp sem er að störfum og er ætlað að vinna að tillögum í þessum efnum. Starfshópurinn er um þessar mundir að ljúka störfum sínum og mun ráðuneytið leggja fram tillögur sínar í framhaldi af þeirri vinnu.

Varðandi 2. spurningu vil ég segja þetta: Þegar starfsmaður þarf að greiða há skólagjöld í starfsríki til þess að afla börnum sínum eðlilegrar menntunar er heimilt að greiða honum skólagjaldsstyrk sem nemur 90% af skólagjöldum. Ráðuneytið greiðir hlut í skólagjöldum barna útsendra starfsmanna fram að upphafi háskólanáms eða þar til nemandi hefur lokið námi sem veitir honum rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, þó ekki eftir lok þess skólaárs þegar barnið verður 21 árs.

Varðandi 3. spurningu: Heimilt er ef sérstakar ástæður mæla með því að greiða leikskólstyrk fyrir börn í eitt ár áður en þau ná skólaskyldualdri en þó aldrei fyrir börn yngri en fjögurra ára. Til frádráttar kemur upphæð sem samsvarar leikskólagjöldum í Reykjavík.

Svar mitt við 4. spurningu er eftirfarandi:

Þegar barn flutningsskylds starfsmanns dvelur langdvölum á Íslandi er heimilt að greiða flugfargjald fram og til baka fyrir það tvisvar á hverju 12 mánaða tímabili milli Íslands og þeirrar borgar þar sem foreldri starfar á vegum utanríkisþjónustunnar til loka þess almanaksárs að barnið verður 21 árs. Ef foreldrarnir eða annað þeirra kjósa þess í stað að heimsækja barnið eða börnin getur utanrrn. einnig styrkt slíkt. Í reglunum kveður á um að ætíð skuli kaupa lægsta fáanlega fargjald.

Varðandi 5. spurningu er um sama atriði að ræða og í svari mínu við 4. spurningu hér að framan.

Svar við 6. spurningu: Almennt eru öryggismál á heimilum flutningsskyldra starfsmanna erlendis í höndum starfsmanna sjálfra í samráði við sendiherra á viðkomandi stað. Í vissum tilvikum er heimilað að ráðuneytið greiði fyrir

uppsetningu og rekstur þjófavarnarkerfis en það er ljóst að öryggiskröfur fara nú mjög vaxandi og við þurfum að líta til þess.

Svar við 7. spurningu: Utanrrn. og menntmrn. fengu árið 2000 sameiginlega 3 millj. kr. fjárveitingu til að undirbúa íslenskukennslu í fjarnámi fyrir íslensk börn sem búsett eru erlendis. Að þessu hefur verið unnið í tengslum við verkefni ríkisstjórnarinnar um íslenska upplýsingasamfélagið. Unnið er að þessu verkefni í Kennaraháskóla Íslands og er vinnsla þess á lokastigi.

Svar við 8. spurningu: Almennt eru slík bókasöfn ekki í íslenskum sendiráðum en starfsmönnum sjálfum látið eftir að útvega sér þetta efni. Vegna þess hversu mikið framboð er á slíku efni og hvað endurnýjun er hröð hefur ekki verið talið aðgengilegt fyrir íslensku utanríkisþjónustuna að standa að bókasöfnum í sendiráðum og fastanefndum erlendis.

Svar við 9. spurningu: Samkvæmt reglum utanrrn. er heimilað að veita styrk vegna stuðningskennslu, þar með talið við móðurmálskennslu á Íslandi fyrir börn sem flytja búferlum til Íslands vegna flutnings foreldris í starfi.

Herra forseti. Ég hef reynt að svara þessu mjög snarlega en ég mun sjá til þess að koma þessum svörum skriflega til hv. fyrirspyrjanda þannig að þetta kunni að liggja ljósar fyrir henni. Ég hef þurft að ástunda hér mikinn hraðlestur sem mér þykir miður en geri það af tillitssemi við hv. alþingismenn.

[14:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrirspurnina. Það er auðvitað þannig að í málum sem þessum er fordæmi ríkisvaldsins mjög mikilvægt, þegar fjölskyldustefna og jafnréttisstefna er annars vegar. Við skulum gera okkur grein fyrir því, herra forseti, að makarnir eru þrátt fyrir allt oftast konur.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að í hópi flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar hefur konum auðvitað fjölgað talsvert á undanförnum árum en það er þó einu sinni svo, herra forseti, að það er aðeins ein kona sendiherra fyrir Ísland og ég veit ekki til þess að það sé að breytast. Við erum því aðallega að tala um réttindi kvenna.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hann þurfti reyndar að gefa svolítið í á köflum þannig að erfitt var að fylgja honum eftir. Hins vegar er einna mikilvægast, ef horft er til stöðu starfsmanna ráðuneyta, að fjölskyldustefna utanríkisþjónustunnar sé í mjög góðu lagi.

Við þekkjum öll dæmi þess, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir kom hér inn á, að í flestum tilvikum eru það konurnar sem eru í makahlutverkinu. Þegar þær láta af störfum hér heima til að fylgja eiginmanni eftir til starfa erlendis þá er ekki eins og þær verði atvinnulausar eða fari eingöngu til að sinna fjölskyldunni. Hlutverk makanna á erlendri grund er afar mikilvægt og þær eru nánast í fullri vinnu hjá utanríkisþjónustunni. Þess vegna ættu þær auðvitað að vera þar á launum en alla vega er algert lágmark að viðkomandi ávinni sér full lífeyrisréttindi. Þegar heim er komið þá er, eins og hæstv. ráðherra kom inn á áðan, oft erfitt fyrir makana að fá vinnu. Fyrir það fyrsta er ekki vitað hve lengi er dvalið heima og síðan er ekki alltaf hægt að ganga að þeim störfum sem látið var af þegar flutt var til útlanda. Þess vegna skiptir þetta afar miklu máli.

Í ágætri greinargerð sem starfsmenn hæstv. ráðherra unnu og tillögum um fjölskyldustefnu utanríkisþjónustunnar er m.a. lagt til að stofnað verði sérstakt fjölskylduráð utanríkisþjónustunnar þar sem félag maka íslenskra erindreka ætti fulltrúa. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er slíkt fjölskylduráð starfandi?

[14:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og þann skilning sem fram kemur á aðstæðum starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Ég tel afskaplega mikilvægt að sá skilningur sé fyrir hendi á Alþingi því að við verðum ekki alltaf vör við það í okkar ágæta þjóðfélagi að svo sé. Það er afskaplega mikilvægt að þeir sem kynnast þessum aðstæðum, eins og margir hv. þm. gera, ræði það eins og hér hefur verið gert.

Auðvitað er það svo að makar þessara starfsmanna — starfsmennirnir eru þó sem betur fer í vaxandi mæli konur þannig að þetta snýst að einhverju leyti við — eru ekki einu dæmin í okkar samfélagi þar sem lífeyrisréttindi eru afskaplega takmörkuð, t.d. við skilnað. Það er alveg ljóst að annað hjóna er miklu meira úti á vinnumarkaði en hitt. Það er komið ríkt tilefni til þess að endurskoða þessi mál almennt í þjóðfélaginu þannig að hægt sé að skipta lífeyrisréttindum sem ekki er hægt í dag. Það á við hv. alþm. og marga fleiri. Við vitum að þau störf eru krefjandi og leggja oft og tíðum mikið á maka. Þetta á því ekki eingöngu við í utanríkisþjónustunni.

Ég hef gert mér far um að eiga mjög gott samstarf við fulltrúa maka í utanríkisþjónustunni sem hafa með sér sérstakt félag. Við höfum hlustað á rök þeirra og ég vonast eftir því að starfið sem núna er í gangi muni leiða til einhverra úrbóta í þessum málum. Það er vissulega afskaplega mikilvægt að finna þann góða skilning sem hér er á hv. Alþingi og ég vil þakka sérstaklega fyrir það.

Nýtt byggðakort ESA á Suðurnesjum.

Fsp. KPál, 121. mál. — Þskj. 121.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Suðurnesjamenn fréttu það í Morgunblaðinu í lok júlímánaðar sl. að þeir væru komnir út af byggðakorti ESA. Það hafði verið samþykkt af ríkisstjórninni að tillögu hæstv. iðn.- og viðskrh. 25. júní sl. Nokkrum dögum eftir þessa frétt Morgunblaðsins eða 8. ágúst tók nýtt byggðakort gildi samkvæmt ákvörðun ESA og í samræmi við vilja hæstv. iðn.- og viðskrh. Þessi frétt kom okkur Suðurnesjamönnum mjög á óvart, þó ekki endilega að einhver breyting stæði til heldur sú staðreynd að hæstv. ráðherra hefði ekki séð ástæðu til, á undirbúningstíma sem var mjög langur, að hafa samband við sveitarstjórnir á Suðurnesjum um fyrirætlanir sínar og gefa þeim kost á andmælum.

Allt frá því að byggðamál voru færð frá Alþingi beint undir iðn.- og viðskrn. hefur heyrst af þeim áhuga ráðuneytisins að minnka það svæði sem Byggðastofnun þjónaði. Ákvörðun hæstv. ráðherra er að mörgu leyti mjög undarleg þegar litið er til annarra sveitarfélaga í kringum höfuðborgina sem sum hver eru nær borginni en byggðarlög á Suðurnesjum. Þar má til taka Hveragerði og Akranes, en 45 km eru frá

höfuðborginni til Hveragerðis og 49 km til Akraness. Ef við berum svo saman byggðarlög á Suðurnesjum við þetta þá eru 55 km til Sandgerðis og sama fjarlægð til Garðs, en bæði þessi sveitarfélög eru á Suðurnesjum.

Akraneskaupstaður átti að falla út samkvæmt tillögu ESA en því var breytt af iðnrh. af einhverjum ástæðum. Ég vil leyfa mér að mótmæla harðlega því tómlæti sem sveitarfélögum á Suðurnesjum hefur verið sýnt í þessu máli af hálfu hæstv. iðn.- og viðskrh. Suðurnesjamenn sitja uppi með þessa ákvörðun. Það verður að teljast lágmark að þeir sem hafa átt nokkur samskipti við Byggðastofnun viti hvaða áhrif svo mikil breyting hefur. Ætlast hefði mátt til þess að ráðuneytið hefði svör við því á hreinu strax og ákvörðun þeirra lá fyrir. Því er þó ekki að heilsa og svör til sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum eru mjög rýr. Það eina sem fengist hefur svar við er að ríkisstyrkir fáist ekki en glufa sé ef um landbúnað og sjávarútveg er að ræða því reglur ESA ná ekki til þess.

Þar sem þetta er alls ekki fullnægjandi, herra forseti, verður að spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða áhrif mun nýtt byggðakort ESA hafa á aukningu hlutafjár í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja í samræmi við byggðaáætlun?

2. Hvaða áhrif mun það hafa á þátttöku Byggðastofnunar í rekstri Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar samkvæmt samningi?

3. Hvaða áhrif mun það hafa á þjónustu Byggðastofnunar á Suðurnesjum að öðru leyti?

[14:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir þann skæting sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda ætla ég að svara þessu málefnalega.

Samkvæmt reglum EES-samningsins eru ríkisstyrkir almennt óheimilir. Frá þessu eru nokkrar undantekningar, þar á meðal er heimilt að veita byggðastyrki með vissum skilyrðum. Forsendur fyrir því að heimilt sé að veita byggðastyrki eru að fyrir liggi sambyggt byggðakort. Slíkt kort afmarkar þau svæði þar sem slíkir styrkir eru heimilir. Á grundvelli samþykkts byggðakorts þarf að tilkynna ESA um styrkjaáætlanir eða styrki til einstakra verkefna. Á vegum Byggðastofnunar er nú unnið að því að tilkynna alla þá starfsemi Byggðastofnunar sem kann að falla undir þessar reglur.

Rétt er að benda á að styrkir til sjávarútvegs og landbúnaðar falla ekki undir reglur EES-samningsins og því hefur byggðakortið engin áhrif á stuðningsaðgerðir stjórnvalda hvað þessar atvinnugreinar varðar.

Þá er í gildi svokölluð minniháttarregla sem hefur það í för með sér að einstakir styrkir sem eru undir 100 þús. ECU eða rúmlega 9 millj. íslenskra króna eru heimilir.

Svör við spurningum hv. þm. eru:

1. Eins og ég sagði áðan er Byggðastofnun að vinna að tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem m.a. verður gerð grein fyrir framlögum stofnunarinnar til starfsemi eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni í samræmi við gildandi byggðaáætlun 1999–2001. Á þessari stundu er því ekki hægt að segja til um með fullri vissu hvort þessi framlög verða metin sem byggðastyrkir. Ég hef áður sagt að það kæmi mér á óvart ef Eftirlitsstofnunin kæmist að þeirri niðurstöðu að um óheimila styrki væri að ræða. Það fer þó væntanlega eftir þeirri fjárfestingarstefnu sem rekin er af einstökum félögum hvaða augum starfsemi þeirra verður litin. Ég vænti þess að þau geri eðlilega ávöxtunarkröfu.

2. Ég vísa til þess sem ég sagði áðan, að Byggðastofnun er að vinna að tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA um alla þá starfsemi stofnunarinnar sem kann að flokkast undir ríkisstyrki. Ég á ekki von á að ESA komist að þeirri niðurstöðu að Byggðastofnun verði óheimilt að veita fjármagn til starfsemi atvinnuþróunarfélaganna. Félögin verða að sjálfsögðu að setja sér reglur um þann stuðning sem þau geta veitt einstökum aðilum þannig að starfsemi þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppni sjálfstætt starfandi ráðgjafa og þjónustuaðila. Þetta sjónarmið er alveg óháð hinu nýja byggðakorti. Jafnframt er þess að geta að atvinnuþróunarfélögin gegna mun almennara hlutverki fyrir sín svæði en aðstoð við einstaka aðila.

3. Eins og þjónustu Byggðastofnunar hefur verið háttað hingað til þá á ég ekki von á því að hið nýja byggðakort hafi áhrif svo nokkru nemi á starfsemi á svæðinu. Ég verð þó að setja þann fyrirvara að ESA á eftir að leggja mat á ríkisstyrkjaþáttinn í starfsemi Byggðastofnunar. Þess vegna væri óvarlegt af mér að fullyrða neitt fyrr en sú niðurstaða liggur fyrir.

Vegna orða hv. þm. vil ég segja að ráðuneytið lagði áherslu á að byggðakortið væri skilgreint samkvæmt kjördæmum. Á það var ekki fallist af ESA heldur var þess krafist að horft yrði til sveitarfélaga í þessu sambandi og að sveitarfélögin á Reykjanesi og Akranesi féllu utan byggðakortsins. Rökin voru þau að þarna væri um eitt atvinnusvæði að ræða. Við vissum reyndar af því að þegar síðasta byggðakort var samþykkt þá taldi ESA að Reykjanes ætti ekki að vera inni á byggðakortinu en féllust á að svo yrði áfram vegna þess að þá var mjög slæmt atvinnuástand á Reykjanesi sem, guði sé lof, er ekki nú.

Hvað varðar Akranes og það svæði þá féllust þeir á að að svæði væri tilgreint innan byggðakorts vegna þess að það er dýrt að ferðast á milli þess svæðis og höfuðborgarsvæðisins. Ekki var talið hægt að neita því að það væri hátt hlutfall af launum verkamanns að fara um göngin. Þess vegna varð þetta niðurstaðan hvað varðar það svæði. Hins vegar féllust þeir ekki á að Reykjanes félli innan byggðasvæðisins. Rökin voru m.a. þau að þar væri atvinnuástand gott og þeir hefðu ætlað sér, þegar það byggðakort var samþykkt sem áður lá fyrir, að Reykjanes félli utan svæðisins.

[14:28]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn og fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt á því að koma þessu máli á hreint og fá um það skynsamlega umræðu. Ég held að það megi ábyggilega segja um alla þingmenn þessa svæðis að sú sérkennilega ákvörðun sem tekin var um byggðakortin kom okkur mjög á óvart. Við höfðum enga nasasjón af henni fyrr en við sáum þessa frétt Morgunblaðsins um mitt sumar.

Mér hefur gengið afar erfiðlega að sjá t.d. hvaða rök geta legið fyrir því að hafa Akranes áfram þarna inni en fella Sandgerði út af kortinu. Ég vil minna á að ýmsir hlutir hafa gerst í Sandgerði á undanförnum mánuðum og árum sem hafa gert það atvinnusvæði nokkuð viðsjált, mundi ég segja. Ég verð að segja að mér finnst óheppilegt að þetta skyldi gerast núna og með þessum hætti.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil segja það við hæstv. ráðherra að ég var ekki með neinn skæting í hennar garð. Ég nefndi

eingöngu staðreyndir og ég verð því miður að segja það einnig að mér fannst svör ráðherra ekki mjög beysin. Hún hefur nánast engu bætt við það sem áður hefur verið sagt.

Ég furða mig á því að ekki sé unnið hraðar að slíkum málum sem skipta svo miklu máli fyrir sveitarfélögin á þessu svæði, að það skuli taka mánuði og ég veit ekki hve langan tíma að fá greitt úr svörum sem eðlilega hefðu átt að liggja fyrir þegar afgreiðsla þessa máls fór fram í ráðuneytinu.

Ég vil bara segja, varðandi fjarlægðir frá höfuðborginni, að maður hefði í sjálfu sér ekki undrast að gengið yrði út frá radíus frá höfuðborginni sem mundi síðan eiga við um öll þau sveitarfélög sem innan hans væru. Ég get tekið Grindavík sem dæmi, sem er líka á Suðurnesjum. Grindavík var ekki tekin út af þessu korti. Ástæðan fyrir því var sú að þeir ættu svo mikið land. Grindvíkingar eru 2.300 en Sandgerðingar eru 1.400. Þessi rök eru svo út úr kú að maður áttar sig ekki á því hvernig hægt er að bera þetta á borð.

Sandgerðingar hafa átt í miklum erfiðleikum með sjávarútveg. Þeir eru búnir að missa nánast allan sjávarútveg frá sínu svæði. Í Garðinum eru ýmsir erfiðleikar og Garður er láglaunasvæði. Ef spurningin snýst um það hvort menn þurfi að fara í gegnum göng þá skýrir það kannski eitthvað en ég get ekki séð að það eigi við um allt í þessu máli.

[14:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta mál er í raun ósköp einfalt. Það var unnið að því af fullum heiðarleika í ráðuneytinu. Hins vegar hef ég sagt við sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og get endurtekið það hér að upplýsingagjöf hefði alveg mátt vera betri af minni hálfu og ráðuneytisins. Það skal ég alveg viðurkenna.

Aðalatriðið er að við börðumst fyrir hagsmunum Reyknesinga eins og kostur var. En þetta varð engu að síður niðurstaða þessarar stofnunar sem við þurfum að beygja okkur undir og ég veit ekki betur en þeir tveir hv. þm. sem hér hafa talað hafi verið fylgjandi því að við yrðum aðilar að EES-samningnum, a.m.k. eru þeir í flokkum sem eru í dag býsna tengdir og jákvæðir gagnvart honum. Svona eru staðreyndirnar. Að vera að tala um sjávarútveg í Sandgerði í þessu sambandi er náttúrlega ekki sanngjarnt og það segir mér að hv. þm. hefur ekki hlustað á það sem ég sagði því að sjávarútvegur kemur þarna ekki við sögu þar sem hann er utan EES-samningsins.

Eitt af því sem ESA setur sem skilyrði og vinnur eftir er fólksfjöldi í viðkomandi sveitarfélagi. Nú er það svo að Vatnsleysustrandarhreppur sem þarna kemur inn á milli hefði í raun átt að vera innan byggðakortsins vegna þess að þar býr ekki fleira fólk en raun ber vitni. En af því að stofnunin gerir kröfur um að svæðin séu samfelld, að ekki komi auðir blettir inn á milli, þá lendir Vatnsleysustrandarhreppur inni á þessu svæði sem ekki telst byggðakort. Ég held að það þýði ekkert að vera að rökræða þetta hér. Við þurfum bara að fara að þessum reglum. Við höfum barist eins og við höfum getað fyrir því að halda þessu sem minnst breyttu frá því sem áður var. Engu að síður stöndum við frammi fyrir staðreyndum í þessu máli. Þetta mál var tvívegis rætt í ríkisstjórn og samstaða var um það þar.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Fsp. ÁRJ, 63. mál. — Þskj. 63.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Þörf og eftirspurn eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hefur aukist verulega undanfarin ár á sama tíma og stöðin hefur verið aðkreppt fjárhagslega. Atgervisflótti háir starfseminni. Stöðin er ekki samkeppnishæf í launum um sérfræðinga. Ekki hefur verið unnt að ráða staðgengla fyrir þá sem hættu störfum eða fóru í barneignarfrí og starfsmenn hafa ekki átt þess kost að fylgjast með því sem er að gerast í greininni. Á sama tíma og þeim fötluðu börnum sem stöðin þjónar fjölgar um meira en 100% og tilvísanir til hennar tvöfaldast fjölgar stöðugildum um tvö, úr tæplega 28 í um 30 stöður.

Verkefni hennar hafa aukist gífurlega án þess að fjárveitingar fylgdu þeim auknu verkefnum. Ég nefni dæmi. Fyrir fjórum árum tók Greiningarstöðin við þjónustu við einhverf börn af barna- og unglingageðdeildinni. Stöðin hefur nú fengið jafnmargar stöður til að sinna þeirri þjónustu og BUGL var með þegar hún gafst upp vegna ónógs mannskaps. Auk þess hafa nýlegar skilgreiningar og skilningur á einhverfu orðið til þess að fleiri börn greinast með þá fötlun og sama á við um Asperger-heilkennin. Blöndun fatlaðra barna í skólakerfinu kallar líka á aukna þjónustu stöðvarinnar.

Þörfin fyrir þjónustu við börn og ungmenni á skólaaldri hefur aukist verulega en slíkar tilvísanir hafa tvöfaldast á síðustu fjórum árum. Ég ætla að vitna í bréf frá móður sem bíður eftir þjónustu Greiningarstöðvarinnar fyrir barn sitt en bréfið var einnig sent hæstv. ráðherra. Hún segir, með leyfi forseta:

„Yngsta barn mitt, átta ára drengur í Laugarnesskóla, bíður eftir greiningu hjá Greiningarstöð ríkisins vegna gruns um að hann sé annaðhvort með Asperger-heilkenni eða einhvers staðar á einhverfurófinu eins og sagt er.

Beiðni frá skólasérfræðingi er frá í maí í vor og mér er sagt að það sé engin von um greiningu á þessu skólaári. Þetta er algjörlega óviðunandi. Heilt ár í námi og þroska barns fer algjörlega í vaskinn vegna þess að réttur stuðningur frá réttum aðilum fæst ekki fyrr en greining liggur fyrir og glatast mikilvægt tækifæri til að koma honum til þroska á heilu ári.“

Hún segir einnig að drengurinn sé ekki í tengslum við það sem er að gerast í skólanum og að allt fari fyrir ofan garð og neðan hjá honum. Í fjárlagafrv. er ekki fjárveiting til að ráða bót á þessu afleita ástandi heldur rétt til að halda úti þeirri skertu þjónustu sem nú er veitt. Móðirin sem skrifar bréfið, Ragna Steinarsdóttir, mun ekki fá greiningu fyrir son sinn á þessu skólaári og það fá heldur ekki fjölmörg önnur börn í svipaðri stöðu, verði fjárveitingar ekki auknar.

Herra forseti. Ég spyr því hæstv. félmrh. (Forseti hringir.) vegna þessa alvarlega ástands:

1. Hversu löng bið er eftir greiningu og ráðgjöf hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins?

2. Á hvaða aldri eru þeir sem bíða, þ.e. hve margir í hverjum aldursflokki?

3. Eru einhverjir hópar fatlaðra sem njóta ekki þjónustu stöðvarinnar?

4. Eru uppi áform um úrbætur í málefnum stöðvarinnar og ef svo er, hverjar eru þær?

[14:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 og starfar samkvæmt 16. gr. laga um málefni fatlaðra. Stofnunin hefur frá upphafi þjónað öllu landinu. Það hefur orðið umtalsverð fjölgun á þeim börnum og ungmennum sem njóta þjónustu stofnunarinnar á síðustu fimm til sex árum. Á árinu 1995 voru þau 290 en árið 2000 voru þau 493. Um 200 börnum og ungmennum hefur verið vísað þangað til greiningar á hverju ári síðastliðin tvö til þrjú ár en auk þess hefur stofnunin árlega eftirfylgd með um 300 börnum og ungmennum.

Stöðugildi við Greiningar- og ráðgjafarstöðina eru eins og fyrirspyrjandi rakti réttilega 30 en þar af eru nokkur hlutastörf og alls vinna tæplega 40 manns við stofnunina með sérþekkingu á ýmsum sviðum fatlana. Má þar nefna lækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfa, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, félagsráðgjafa og leikskólakennara.

Biðtími samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni á Greiningarstöðinni er eftir forskoðun sex til tólf vikur og við forskoðun er metin þörf barnsins fyrir ítarlegri greiningu, einnig er veitt fyrsta ráðgjöf um fötlun og þjónustuþarfir og fóru 55 börn í forskoðun árið 2000.

Þá eru það yngri börn með almennar þroskaraskanir. Fyrir börn á fyrstu tveimur aldursárum með alvarlegar fatlanir er biðtími eftir fyrstu þjónustu átta til tólf vikur en síðan er biðtími eftir þjónustu einstakra sérfræðinga sviðsins, t.d. talmeinafræðings eða sálfræðings mun lengri. Fyrir eldri börn á forskólaárum er biðtími til skólaathugunar og til staðfestingar á þroskahömlun sex til tólf mánuðir. 40 börnum var vísað til sviðs 1, þ.e. sviðs barna með almennar þroskaraskanir árið 2000 og alls nutu 109 börn þjónustu þessa sviðs á því ári og þar af voru 33 fædd á árunum 1998–2000, þ.e. tveggja ára og yngri.

Á sviði 2 eru skólabörn og ungmenni með almennar þroskaraskanir og afleiðingar höfuðáverka. Biðtími til greiningar og ráðgjafar er nú a.m.k. tólf mánuðir og er sífellt að lengjast. Fjöldi nýrra tilvísana á þetta svið var 77 en heildarfjöldi sem naut þjónustu sviðsins var 102 árið 2000.

Á sviði 3 eru þeir sem eru með hreyfihamlanir. Biðtími eftir að þjónusta hefjist er stuttur fyrir yngstu börnin. Fyrir börn nær grunnskólaaldri er biðtíminn nær fjórir til sex mánuðir. Alls nutu 125 börn þjónustu sviðsins. Nýjar tilvísanir voru 28 árið 2000.

Svið 4 er einhverfu- og málhömlunarsvið. Biðtími fyrir börn yngri en þriggja ára með sterkan grun um einhverfu er um þrír mánuðir en níu til tíu mánuðir fyrir eldri forskólabörn. Biðtími eftir greiningu á einhverfu hjá eldri einstaklingum með staðfesta fötlun er átta til níu mánuðir og börnum með Asperger-heilkenni sem hafa eðlilega greind er í litlum mæli sinnt á þessu sviði. Alls naut 131 barn þjónustu sviðsins árið 2000 og nýjar tilvísanir voru 44.

Þá er spurt hvaða hópar njóti ekki þjónustu Greiningarstöðvarinnar. Því er svarað þannig frá hendi yfirlæknisins:

Börnum sem búa við alvarleg þroskafrávik en eru ofan marka þroskahömlunar, þ.e. að því er mér skilst lítið þroskahömluð, er vísað frá. Fullorðnum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára er ekki sinnt þó að ekki séu aldursmörk í lagagrein um Geiningarstöð. Einstaklingar með Asperger-heilkenni njóta, eins og áður sagði, yfirleitt takmarkaðrar þjónustu stöðvarinnar. Börn og ungmenni með vægari málhamlanir og sértækar málhamlanir eiga ekki aðgang að þjónustu stöðvarinnar. Skólabörn með einhverfu. Síðan hefur stofnunin ekki getað komið að málum ýmissa barna með sjaldgæfar fatlanir og einungis hluti barnanna með höfuðáverka hefur notið þjónustu stöðvarinnar. Uppsafnaður rekstrarhalli þessarar stöðvar ... (Forseti hringir). Herra forseti. Ég er þá búinn með tímann minn en get í seinni ræðu botnað þetta.

[14:43]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það var afar leitt að hæstv. félmrh. skyldi ekki ná að svara fjórðu spurningunni því að það er eflaust hún sem brennur á flestum.

Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessar fyrirspurnir á hinu háa Alþingi. Það sem er alltaf verst og erfiðast í þessum málum er biðin alveg frá því að grunur vaknar og þar til staðfesting liggur fyrir um það hvers er að vænta og hvað þurfi að gera. Þarna er um að ræða afar krefjandi vinnu og það er líka mjög mikilvægt að það starfsfólk sem þarna vinnur geti fylgst faglega með því hvað er að gerast annars staðar í heiminum því að alltaf eru nýjar og nýar upplýsingar að koma fram um einstakar fatlanir.

Við vitum líka hvaða hópur hefur orðið verst úti eða er erfitt að sinna og það er Asperger-hópurinn sem er í þessu einhverfurófi. Það er afar mikilvægt að vinna með þann hóp til þess að fyrirbyggja líka til framtíðar með því reyna að grípa inn í sem allra fyrst hvað þá krakka varðar.

[14:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég átti þess kost ásamt fleiri hv. þm. að heimsækja þessa merku stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fyrir skömmu. Þar kom berlega í ljós hversu gríðarlega mikilvægt og krefjandi starf er þar unnið.

Herra forseti. Það er líka ljóst hversu viðkvæmt þetta starf er og það versta sem þjónusta á borð við þessa býr við er óvissa. Sú er þó raunin nú vegna þess að fjármagn skortir til að þjóna þörfum þeim sem til staðar eru úti í samfélaginu og á meðan bíður fjöldi einstaklinga eftir greiningu og meðferð.

Herra forseti. Ég tel að þær fjárhæðir sem upp á vantar til að hægt sé að sinna þeim einstaklingum sem bíða, eða a.m.k. að draga úr þörfinni, séu það lágar að til skammar sé að láta þær vanta. Til þess eru afleiðingar af biðinni allt of alvarlegar og líklega veldur biðtíminn enn meiri kostnaði þegar upp er staðið því að vanræksla á meðferð og greiningu kostar líka sitt.

[14:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Yfirgripsmikil svör vantar varðandi málefni Greiningarstöðvarinnar. Málefni hennar hafa talsvert verið til umræðu í fjölmiðlum upp á síðkastið. Það er augljóst að það er búið að hagræða verulega hjá stofnuninni, auka verulega afköstin og lækka töluvert kostnaðinn fyrir hvert barn. Nú er mál að við fáum hugmyndir að varanlegum lausnum frá hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur tjáð sig um málefni stöðvarinnar í fjölmiðlum. Að mínu mati hefur hann gert það á óviðurkvæmilegan hátt með því að leiða fram í dagsljósið að draga þurfi úr ferðalögum hjá stofnuninni, þar hafi orðið talsverð þensla og verulegar upphæðir þar gangi í risnu og aðkeypta þjónustu. Hæstv. ráðherra skuldar þingheimi skýringar á því hvað hann meinar með svona hlutum. Við þurfum að fá að heyra hverjar eru þær varanlegu lausn-

ir sem hæstv. ráðherra hefur í sjónmáli varðandi málefni Greiningarstöðvarinnar.

[14:47]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta var ágætisyfirferð hjá hæstv. ráðherra og yfir sögu þessarar stofnunar. En ég hefði gjarnan viljað að tíminn væri frekar notaður til að svara þeim spurningum sem hér voru lagðar fram og þá fyrst og fremst síðustu spurningunni: Hver eru áform um úrbætur í rekstri þessarar stofnunar?

Ef skoðuð eru fjárlög, ef skoðaður er ríkisreikningur og ef skoðaðir eru verkefnavísar ríkisins þá get ég ekki séð að ráðuneytið mæti þeirri þörf sem þarna er á nokkurn hátt.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Það voru mjög alvarlegar upplýsingar sem hæstv. ráðherra kom með við þeim spurningum sem hann þó svaraði. Biðlistar hafa vaxið. Biðtími er sífellt að lengjast. Ráðherrann nefnir vikur, mánuði og allt upp í ár, ársbið eftir þjónustu. Vissir hópar fá enga þjónustu hjá þessari stöð. Fjöldi fatlaðra barna fær enga þjónustu, alls ekki meðan stöðin er svona aðkreppt fjárhagslega. Börn með Aspergerheilkenni fá takmarkaða þjónustu. Eldri börn með alvarleg þroskafrávik fá ekki þjónustu. Fullorðnir, 18 ára og eldri, fá enga þjónustu. Þó eru engin aldurstakmörk í lögunum um Greiningarstöðina. Stöðin hefur ekki bolmagn til þess að sinna skólabörnum með einhverfu og það er ekki hægt að sinna eftirliti og ráðgjöf með börnum með heilalamanir og börnum með sjaldgæfar fatlanir, þau fá ekki þjónustu. Þetta kom fram hjá hæstv. ráðherra.

Það er fjöldi barna sem þyrfti á þjónustu stöðvarinnar að halda sem fær hana ekki. Þetta er mjög alvarlegt. Þetta er stöðin sem greinir hvaða áframhaldandi þjónustu börn þurfa sem búa við alvarlegar fatlanir. Ég spyr hæstv. ráðherra og ég vonast til þess að hann svari því að úrbætur verði gerðar varðandi verkefni stöðvarinnar og fjármál hennar. Ég spyr í síðustu spurningunni: Eru uppi áform um úrbætur í málefnum stöðvarinnar og ef svo er, hverjar eru þær?

Það verður að koma viðbótarfjármagn. Þetta eru ekki stórar upphæðir sem við erum að tala um til þess að þessi merka stofnun geti sinnt því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum. Ég vonast til þess, herra forseti, að það komi í lokasvari ráðherrans eitthvað um úrbætur í málefnum stöðvarinnar.

[14:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að ég held að það sé unnið prýðilegt starf á Greiningarstöðinni. Ég tel að ekki sé ágreiningur um að þar vinni færir sérfræðingar gott starf. Biðtími eftir upphafsgreiningu er yfirleitt ekki langur. Það er hins vegar biðtími til framhaldsgreiningar og hin brýnni tilfelli hygg ég að séu tekin föstum tökum strax.

Varðandi atgervisflóttann sem menn staðhæfa að sé af stöðinni þá er náttúrlega afleitt að missa gott fólk en launakjör þeirra sem þarna vinna verða að vera í samræmi við það sem annars staðar er hjá ríkinu. Það er ekki hægt að fara að borga sálfræðingum eða sérfræðingum á Greiningarstöðinni eftir einhverjum öðrum samningum en þeim sem gilda við aðrar hliðstæðar stéttir.

Það hefur verið við fjárhagsvanda að etja og Greiningarstöðinni hefur gengið illa að halda sig innan ramma fjárlaga. Uppsafnaður halli stofnunarinnar frá árinu 1997 er orðinn 18,5 millj. en með 12 millj. viðbótarfjárheimild á árinu 2002 teljum við í ráðuneytinu að rekstrargrunnur stofnunarinnar hafi verið leiðréttur.

Á hinn bóginn er ljóst að stofnunin hefur ekki tök á að greiða niður uppsafnaðan halla. Ráðuneytið hefur því lagt áherslu á að hann verði bættur. Ég ætla að leggja fram frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins á yfirstandandi þingi og í því frv. er að finna ítarlegri ákvæði um hlutverk og þjónustu stofnunarinnar en er að finna í 16. gr. laganna um málefni fatlaðra og okkur gefst þá tækifæri til að ræða málefni Greiningarstöðvarinnar aftur undir þeim dagskrárlið.

Árið 2000 voru 800 börn með umönnunarmat frá Tryggingastofnun — til upplýsingar — og fjögur börn í hverjum árgangi virðast vera alvarlega fötluð, þ.e. í þyngsta fötlunarflokki.

Réttarstaða erlendra kvenna.

Fsp. MF, 70. mál. — Þskj. 70.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í maí sl. var birt skýrsla jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins um svokallaðan heimilisþrældóm eða það sem nefndin kallar einnig nútímaþrældóm. Er þar átt við einstaklinga, í flestum tilvikum konur eða unglingsstúlkur, sem koma eða eru skikkaðar til starfa á einkaheimilum fyrir lág laun. Evrópuráðsþingið skilgreinir heimilisþrældóm þegar einstaklingi er gert með hótunum, beitingu á ofbeldi að inna af hendi störf og hljóta litla eða enga greiðslu fyrir, oft eftir að hafa verið ginntur til starfa á fölskum forsendum.

Þótt umræðan um þessi mál sé tiltölulega ný af nálinni er í skýrslu Evrópuráðsins nefnd nokkur dæmi. Árið 1994 rannsakaði nefnd í Frakklandi mál 200 einstaklinga sem sætt höfðu heimilisþrældómi og voru öll málin rekin fyrir dómi. 95% þolenda voru konur, flestar frá Afríku og Filippseyjum. 20% vinnuveitenda voru Frakkar, önnur 20% vinnuveitenda voru erlendir diplómatar.

Í Bretlandi hafa félagasamtök beitt sér í málum 4 þúsund kvenna sem hnepptar hafa verið í heimilisþrældóm. Þessar konur koma frá 29 þjóðríkjum, flestar frá Filippseyjum. Vinnuveitendur þeirra koma frá botni Miðjarðarhafs, Grikklandi, Ítalíu, Bretlandi og Bandaríkjunum. Almennt er talið að mikill fjöldi kvenna sé í þessari stöðu í Belgíu, þá sérstaklega í Brussel, ekki síst vegna þess hve margir erlendir erindrekar eru þar að störfum. Sama gildir um Ítalíu. Þar er talið að þúsund kvenna séu í þessari stöðu og í Austurríki hafa þessi mál nýverið verið tekin upp á opinberum vettvangi.

Virðulegi forseti. Nú er ég ekki að segja að glæpir eins og heimilisþrældómur séu til staðar hér á landi. Evrópuráðið hefur hins vegar hvatt til umræðu um stöðu mála í aðildarríkjunum og sent frá sér ákveðin tilmæli um aðgerðir til að bregðast við glæpum af þessu tagi. Við erum svo sem ekki alsaklaus í þessum efnum. Laun kvenna sem komið hafa hingað til að vinna á einkaheimilum hafa fram til þessa verið ótrúlega lág og lítið sem ekkert eftirlit hefur verið með aðbúnaði þeirra.

Fyrir rúmu ári hélt forseti ASÍ því fram í dagblaði að í tilvikum þar sem um væri að ræða misnotkun á erlendu

vinnuafli sem hér kemur til að vinna á einkaheimilum fari fjölgandi. Fyrir tæpu ári síðan lýsti hæstv. ráðherra því yfir að kannaðar yrðu aðstæður þessara kvenna hér á landi og á grundvelli þess komið með tillögur til úrbóta. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Er lokið könnun á aðstæðum, réttarstöðu og skyldum erlendra kvenna sem koma til landsins og vinna á einkaheimilum? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar könnunar?

Nær könnunin einnig til þeirra sem starfa á heimilum fulltrúa erlendra ríkja sem hér dvelja um lengri eða skemmri tíma?

Hafa kvartanir eða kærur borist frá erlendum konum sem vinna á einkaheimilum hér á landi? Ef svo er, hve margar eru kvartanirnar, hver tók við þeim og hvernig hefur verið unnið úr þeim?

[14:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er þetta verkefni tiltekið. Í 3. gr. er tekið fram að félmrn. muni í samvinnu við Starfsmannafélagið Sókn kanna aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna á einkaheimilum. Í ráðuneytinu starfar nefnd sem á að kanna aðstæður erlends vinnuafls hér á landi og hún mun m.a. kanna aðstæður þessara kvenna, sem og annarra erlendra ríkisborgara sem eru hér á vinnumarkaði. Nefndinni er ætlað að skila tillögum til úrbóta fyrir 1. apríl nk. Í þessari nefnd eiga bæði sæti fulltrúar frá ASÍ og Starfsgreinasambandinu.

Frá því í sumar er það Starfsgreinasambandið sem fer yfir ráðningarsamninga og veitir umsögn vegna atvinnuleyfa þeirra sem starfa á einkaheimilum. Þessi nefnd mun án efa kanna stöðu þessara einstaklinga og athuga hvort eitthvað er athugavert við aðstæður þeirra. Fulltrúi Starfsgreinasambandsins mun koma með upplýsingar inn í nefndina sem verður unnið úr.

Þá ber að geta þess að í ráðuneytinu hefur einnig farið fram heildarendurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga og mun það frv. verða lagt fram fljótlega í þinginu. Meðal atriða sem ættu að bæta réttarstöðu þessara einstaklinga eru m.a. öruggari tryggingar fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu, aukin trygging á að þeir sem koma hingað fái upplýsingar um íslenskukennslu, samfélagsfræðslu, réttindi sín og skyldur.

Það skal tekið fram að erlendar konur sem koma hingað til lands að vinna á einkaheimilum og eru utan EES-svæðisins þurfa að sækja um atvinnuleyfi á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Þá þarf m.a. að liggja fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefni sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn.

Frá sl. sumri er það Starfsgreinasambandið sem veitir umsögn um umsókn um atvinnuleyfi, en það er veitt af Vinnumálastofnun. Sú vinnuregla hefur verið viðhöfð um nokkurn tíma að veita leyfið einungis til 6 mánaða í fyrstu. Ef um framlengingu er að ræða þá er kallað eftir upplýsingum um greidd laun, greiðslur opinberra gjalda, greiðslur í lífeyrissjóð og tryggingar. Að fengnum þessum upplýsingum er tekin ákvörðun um hvort veita eigi að framlengingu á leyfi.

Á þessu ári hafa einungis 24 ný atvinnuleyfi vegna erlendra kvenna sem vinna á einkaheimilum verið veitt þannig að það er ekki um stóran hóp að ræða. Vinnumálastofnun hefur í nokkrum tilfellum samþykkt annað atvinnuleyfi til einstaklinga sem hafa haft atvinnuleyfi til að vinna á einkaheimilum þannig að þeir geti unnið hlutastarf utan þess heimilis sem þeir eru ráðnir á. Þetta hefur þótt bæta réttarstöðu þeirra og koma í veg fyrir einangrun þeirra. Áður var það ASÍ en nú veitir Starfsgreinasambandið þessum konum góða aðstoð ef eitthvað hefur bjátað á.

Spurt er hvort könnunin nái einnig til þeirra sem starfa á heimilum fulltrúa erlendra ríkja. Það gilda allt önnur sjónarmið varðandi þá sem starfa á heimilum fulltrúa erlendra ríkja hér á landi. Í fyrsta lagi er í c-lið 13. gr. laganna um atvinnuréttindi útlendinga ákvæði þar sem útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja eru undanþegnir því að þurfa að sækja um atvinnuleyfi. Í öðru lagi eru þeir sem ráðnir eru í sendiráð starfsmenn þess ríkis sem viðkomandi sendiráð tekur til. Þeir starfsmenn þurfa einungis dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum.

Spurt er um hvort kvartanir eða kærur hafi borist frá erlendum konum sem vinna á einkaheimilum. ASÍ var umsagnaraðili til langs tíma. En í sumar tók Starfsgreinasambandið við. Samkvæmt upplýsingum frá ASÍ var ekki mikið um að erlendar konur sem unnu á einkaheimilum leituðu til þeirra með kvartanir eða kærur. Það var aðeins eitt mál sem kom upp fyrir tilstilli þriðja aðila en það var leyst farsællega á sínum tíma samkvæmt upplýsingum ASÍ. Samkvæmt upplýsingum frá Starfsgreinasambandinu er ekki mikið um að leitað sé til þeirra en það ber náttúrlega að hafa í huga að hér er um tiltölulega fáa einstaklinga að ræða.

[15:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Okkur Íslendingum hættir til að halda að hér á okkar kæra Fróni séum við óhult fyrir ýmiss konar óþverra sem þrífst víða úti í heimi. Hugtök eins og mansal, kynlífsþrælkun og heimilisþrælkun er nokkuð sem við lesum um og heyrum af í fjölmiðlum en hugsum svo með okkur að slíkt gerist ekki á Íslandi.

Herra forseti. Það hefur hins vegar komið í ljós að armar skipulagðrar glæpastarfsemi á borð við þá sem hér var nefnd hafa teygt sig hingað og við eigum að vera á varðbergi gagnvart henni hér ekki síður en úti í heimi. Þess vegna vil ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka upp þessi mál og vekja þannig athygli á þeirri umræðu sem á sér stað um þessi mál úti í löndum og hjá Evrópuráðinu þar sem hún á sæti.

[15:01]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég held að það sé mikilvægt að koma á þessari umræðu hér heima. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir minntist á hluti eins og mansal og annað sem við höfum rætt um sem einnig hefur verið til umræðu í Evrópu.

Það má kannski segja að það sé tímabært að kíkja undir pottlokið í þessum málum. Að vísu höfum við ekki eins langa vinnukonuhefð og annars staðar í Evrópu. Við erum því ekki að tala um eins stóran hóp og kannski er þeim mun auðveldara fyrir okkur að skoða hann og fylgjast með honum þannig að koma megi í veg fyrir nokkra einustu mismunun eða misnotkun á íslenskum heimilum.

[15:02]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þetta tækifæri sem við fáum til að ræða þetta viðkvæma mál. Það verður að segja eins og er að það eru engir í eins viðkvæmri stöðu og þeir sem vinna einir á heimilum, jafnvel einhvers staðar í dreifbýli. Þeir geta búið við mjög misjafnan kost, ég tala ekki um þegar um er að ræða hálfmállaust eða almállaust fólk frá fjarlægum heimshlutum.

Við megum þó ekki gleyma okkur alveg í hryllingnum vegna þess að margar þeirra stúlkna sem hér eru til umræðu koma hingað og vinna á góðum heimilum, njóta góðs atlætis og fyrir þær er þetta mikilvæg lífsreynsla. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa gott eftirlit en við megum ekki gleyma að það eru líka góðar og jákvæðar hliðar á þessu máli.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vitnaði áðan til skýrslu sem samþykkt var í Evrópuráðinu og þar með tilmæli til aðildarríkja Evrópuráðsins um að taka á stöðu þeirra kvenna sem koma frá útlöndum og vinna inni á heimilum. Vegna þess að ekki hafa gilt neinar reglur eða einungis verið slakar reglur í mörgum aðildarríkjum Evrópuráðsins um þetta mál var það tekið upp sem vandamál. Það er tekið upp sem vandamál vegna þess að mjög stór hópur kvenna, sá hópur skiptir þúsundum samkvæmt þessari skýrslu, verður fyrir andlegu og líkamlegu ofbeldi í þessu svokallaða heimilisþrælahaldi. Með leyfi virðulegs forseta, stendur hér:

„... einnig er nefnd sem falið hefur verið að kanna aðstæður erlends vinnuafls og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi að hefja störf. Nefndinni er jafnframt falið að skila tillögum um úrbætur ...

Má af því sjálfu leiða að aðstæður þeirra sem vinna á einkaheimilum með atvinnuleyfi verða sérstaklega skoðaðar því þar er nánast eingöngu um konur að ræða."

Þarna er ekki, virðulegi forseti, vitnað í ræðu hæstv. ráðherra á þessu þingi. Þessi ræða var flutt fyrir ári síðan, 1. nóvember fyrir ári síðan. Síðan þá hefur þessi nefnd, að því er virðist, ekki gert mjög mikið og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk í morgun þá sofnaði hún eða lagðist í dvala síðla vetrar þegar þáv. formaður nefndarinnar, Sigríður Lillý Baldursdóttir, lét af störfum. Nefndin er núna rétt nýtekin til starfa. Það er liðið ár frá því að hæstv. ráðherra sagði að þessi mál yrðu könnuð. En nefndin er enn á byrjunarpunkti hvað þessi mál varðar.

Þetta eru engin vinnubrögð. Að ég tali nú ekki um þá yfirlýsingu sem fram kemur í jafnréttisáætluninni sem ríkisstjórnin samþykkti. Þar var beinlínis lagt til að aðstæður þessara kvenna yrðu kannaðar sérstaklega. Það hefur ekki verið gert, ekki nokkur skapaður hlutur. Evrópuráðið hefur sent tilmæli og það verður sjálfsagt, eins og venjan er, ekkert gert með þau heldur.

[15:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að sem betur fer sé ástandið ekki eins hábölvað og skilja mætti á sumum þeim sem hér hafa tekið til máls. Það er rétt að vinnu þessarar nefndar hefur ekki skilað fram sem skyldi vegna mannaskipta í ráðuneytinu, þ.e. formaðurinn hvarf til annarra starfa. En nefndin hefur verið endurskipulögð og er að störfum og hún fylgist með þessu máli.

Það er auðvitað verkalýðshreyfingarinnar að aðstoða okkur og veita okkur upplýsingar ef hún verður vör við að illa sé komið fram við starfsfólk. Eins og ég nefndi áðan þá þekkjum við hins vegar ekki nema eitt einasta dæmi um að verkalýðshreyfingin hafi þurft að skipta sér af þessu starfsfólki vegna þess að ekki hafi verið komið vel fram við það.

Það má geta þess að margar af þessum stúlkum ílendast hér. Þær giftast hér, stofna heimili og verða góðir borgarar og vafalaust mjög til kynbóta í þjóðfélaginu. Það er ekki til marks um að þeim líki illa. Mér finnst það vera frekar sönnun þess að þeim líki vel ef þær vilja setjast hér að. Það er fengur fyrir okkur að fá þær. Það þarf ekki nema koma á hestamannamót til þess að sjá hvers konar kvennablómi hefur sótt okkur heim á undanförnum árum.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 53. mál, *nál.* efh.- og viðskn., þskj. 179; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 180.

Stjórn fiskveiða, 178. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 181.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts.

Fsp. RG, 84. mál. — Þskj. 84.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til fjmrh. um hvað líði sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu.

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er að á síðasta þingi fluttu nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar frv. til laga um að færa þessar endurgreiðslur til fyrra horfs. Frv. vísaði til þessara breytinga en það eru fjögur ár síðan endurgreiðsluhlutfallið var lækkað úr 100% í 60%. Þetta vildu þingmenn Samfylkingarinnar færa til baka þannig að skatturinn yrði 100% endurgreiddur.

Jafnframt var lagt til að bið eftir endurgreiðslu yrði stytt úr tveimur mánuðum í einn mánuð. Á sínum tíma var slík vinna undanþegin söluskatti og við breytinguna yfir í virðisaukaskatt hefði hún sjálfkrafa orðið að fullu skattskyld ef undanþága hefði ekki komið til. Ástæða undanþágunnar sem gerð var, miðað við grein Guðlaugar Valdimarsdóttur í tímaritinu Tíund í fyrra, var að full skattskylda hefði haft í för með sér hækkun á byggingarkostnaði og byggingarvísitölu og ástæða hafi verið til að halda verðbólgu í skefjum. En skilja hefur mátt að önnur ekki síðri ástæða endurgreiðslunnar hafi verið að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Í ljós hefur komið að frá því að lækkun á endurgreiðslu tók gildi hefur umsóknum stórfækkað og endurgreiðslufjárhæðir lækkað. Það gefur til kynna að svört atvinnustarfsemi hafi aukist til muna. Ætla má því að með því að færa endurgreiðslu til fyrra horfs muni það stuðla að betri skilum til skattyfirvalda og þar með auknum skatttekjum þó endurgreiðslubeiðnum fjölgi og greiðslur hækki. Frv. Samfylkingarinnar um að færa endurgreiðsluna á ný í 100% fékk þá meðferð hjá efh.- og viðskn. á sl. vori að nefndin flutti till. til þál. um að fjmrh. gengist fyrir sérstakri úttekt á áhrifum

lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskattsins og að í úttektinni yrði m.a. lagt mat á hvort lækkunin hefði aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonir stóðu til, hvort svört atvinnustarfsemi hefði aukist og hvort hækka eigi endurgreiðsluhlutfall og auka aðgengi að því á ný.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvað líði hinni sérstöku úttekt sem þingmaðurinn vék hér að og sérstök þál. var samþykkt um á sl. vori. Um þetta er það að segja að þessi úttekt er hafin. Henni lýkur vonandi fljótlega og þá verður unnt að greina efnislega frá niðurstöðum hennar.

[15:11]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir þessa fyrirspurn sem varðar í raun almannahag. Ég tel nauðsyn á að færa þessi mál að mestu leyti til fyrra horfs, þ.e. að viðhaldsvinna, nýbygging og endurbygging húsnæðis verði að hluta frádráttarbær frá skatti.

Ég tel einnig að þessi breyting muni leiða til betri skattskila og ekki síst hafa áhrif til hins betra í viðhaldi fasteigna.

Ég þakka auðvitað fyrir svar hæstv. ráðherra en hvet til þess að þetta verði gert hið fyrsta, klárað með frv. fyrir áramót þannig að menn viti að hverju þeir ganga varðandi húsbyggingar, viðhald og frádrátt þeirrar vinnu frá skatti.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Þetta var einstaklega knálegt svar. Úttektin er hafin og þegar henni verður lokið verður skýrt frá niðurstöðunum. Þetta segir mér að e.t.v. sé hún komin í gang en það sé ekki tímabært að ræða þessi mál enn þá á hv. Alþingi.

Auðvitað er ég með þessari fyrirspurn að ýta við þessari úttekt, hafi fjmrn. ekki hafið þá vinnu sem þarf að setja í gang til að hægt sé að taka ákvörðun um það hvort endurgreiðslur virðisaukaskattsins verði hækkaðar úr 60% í 100%. Auðvitað var ég að vonast til að ráðherrann gæti upplýst um að þessi vinna tæki brátt enda af því að hún er í raun ekki mjög mikil. Ég hef sjálf upplýsingar um hvernig endurgreiðslum hefur verið háttað frá árinu 1990 og það er alveg ljóst að fjárhæðir voru hærri á árinu 1996 en árin á undan. Árið 2000 voru þær örlítið hærri en árin frá 1996. Það er alveg ljóst, eins og kom fram í greinargerð með frv. Samfylkingarinnar, að þessar fjárhæðir hafa lækkað.

Af hverju, herra forseti, lækka fjárhæðirnar? Af hverju? Það er vegna þess að það eru æ færri sem borga virðisaukaskattinn af þessari vinnu. Þegar fólk kaupir vinnu af þessu tagi þá fær það ótrúlegustu sögur af verðinu sem hægt er að fá þegar samið er beint og hins vegar verði án nótu, þar með án virðisaukaskatts. Í gangi virðist tvenns konar verð. Sá sem er að láta vinna fyrir sig og ætlar að borga virðisaukaskattinn fær verkið á allt öðru verði en sá sem gerir það ekki. Þess vegna, herra forseti, er þetta afar brýnt mál og ég vænti þess að fjmrh. komi með það hið fyrsta fyrir þingið.

Tillögur vegsvæðanefndar.

Fsp. RG, 85. mál. — Þskj. 85.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbrh. Hvernig hyggst hann bregðast við tillögum vegsvæðanefndar og hver er afstaða ráðherra til þess að girða búfé af í beitarhólfum í stað þess að girða vegina af?

Virðulegi forseti. Frá 1990 hef ég af og til borið fram fyrirspurnir annars vegar um hvort einhver nefnd hafi hafið störf varðandi lausagöngu og vörslu búfjár eða hvort hún hafi náð niðurstöðu og skilað tillögum og hverjar þær séu. Nú síðast er spurt um tillögu svokallaðrar vegsvæðanefndar, en hún skilaði skýrslu undir yfirskriftinni Þjóðvegir og búfé í janúar á þessu ári.

Það er ástæða fyrir því af hverju slíkar fyrirspurnir eru ekki nýjar af nálinni. Þetta er afar stórt mál, þ.e. hvernig á að taka á því. Í raun hefur það verið þannig hjá okkur að búfé hefur haft meiri rétt á vegum landsins en nokkurn tíma fólkið sjálft. Þegar gluggað er í þessa skýrslu sem hér hefur verið skilað þá sést að nefndin telur í fyrsta lagi að það eigi að girða af fjölförnustu og hættulegustu vegina og sem samfelldast, í annan stað að koma upp beitarhólfum eða afgirtum löndum fjarri vegi til að friða ákveðin svæði ágangi búfjár. Í þriðja lagi yrðu alltaf til mjög stór svæði þar sem lausaganga búfjár væri alls ráðandi og þar yrðu varúðarskilti að duga. Hér er samandregið það sem ég lít á að sé niðurstaða nefndarinnar. Vegagerðinni er ætlað að girða og bera kostnað af viðhaldi veggirðinga.

Nú eru svæði auðvitað mjög ólík í þessu landi og meira að segja innan svæða. Nægir þar að nefna höfuðborgarsvæðið. Tillögur um að banna lausagöngu búfjár í svokölluðu landnámi Ingólfs hafa verið fluttar hér ótal sinnum og ekki náð fram að ganga á Alþingi. Það var t.d. allt önnur staða í Kjósinni en í þéttbýlinu á Reykjanesi. Nú má segja að hér sé að verða lausagöngulaust, ef hægt er að nota þannig orð, ef Grindavík er undanskilin og að höfuðborgargirðingin hafi búið til beitarhólf yfir í Ölfus.

Herra forseti. Að mínu mati er það fullkomlega óásættanlegt að girða af alla þjóðvegi og það er líka óásættanlegt að hleypa búfé á viðkvæm svæði t.d. inn á hálendið þar sem lítil eða enginn gróður er. Við eigum að hætta að gefa búfé forgang fram yfir fólkið þannig að sá sem ekur á vegum úti og lendir í því að lamb hleypur fyrir bílinn sé ekki áfram réttlaus. Lausnin hlýtur að vera að girða ofan byggðar og ofan helstu þjóðvega og meðfram auðnum hálendissvæða, búa til stór beitarhólf þannig að öllum, fólki og búfé, líði vel.

[15:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þessi lokaskýrsla vegsvæðanefndar sem nefnist Þjóðvegir og búfé kom út í janúar sl. og ég hef kynnt hana í ríkisstjórn. Í henni er að finna 16 tillögur ásamt greinargerðum sem miða að því að draga úr slysahættu á þjóðvegum þar sem búfé á í hlut. Forveri minn, Guðmundur Bjarnason, skipaði þessa nefnd.

Auðvitað er það mál sem hér er rætt samgöngumál eða samgönguvandamál fremur en landbúnaðarmál þótt bæði landbrh. og ekki síður bændur þessa lands hafi áhyggjur af því og vilji sjá það fara í fastan farveg.

Ég vil nefna hér þær tillögur sem nefndin skilaði frá sér. Hún leggur til að gengið verði út frá því að ákveðið verði að friða suma hluta vega og þá verði þeir girtir samfelldum veggirðingum og á þeim svæðum verði lausaganga búfjár bönnuð. Á öðrum vegsvæðum þar sem ekki er um samfelldar girðingar að ræða verði ökumönnum gerð grein fyrir því með tilheyrandi umferðarmerkjum að búast megi við búfé. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að ekki er hægt að ætlast til þess að við ráðum við að girða af alla vegi landsins. En við verðum að fara að eins og margar aðrar þjóðir, að vara bílstjórana við þeirri hættu sem getur stafað af búfé á einstaka leiðum í dreifðum byggðum. En það er mjög mikilvægt að girða vegina af þar sem umferðin er þyngst og mest. Mér finnst þetta horfa þokkalega að því leyti að mér finnst að Vegagerðin og ríkið viðurkenni nú fremur en fyrr ábyrgð sína í þessu máli.

Þegar hv. þm. spyr hver sé afstaða ráðherra til þess að girða búfé af í beitarhólfum í stað þess að girða vegina af, þá er ekki auðvelt að svara þessu já eða nei. Ég get tekið dæmisögu úr mínu kjördæmi sem ég þekki vel. Skeggjastaðir í Flóa er saklaust býli í miðjum Flóanum. Um Þjórsártún í Ásahreppi gildir nákvæmlega það sama. Þetta eru eignarlönd bænda. Einn daginn kom ríkið — við getum ímyndað okkur að þessar jarðir séu svona eins og þessi þingsalur — og klauf löndin í sundur hér frá Jóni Sigurðssyni og yfir í hinn endann á salnum. Bóndinn á landið báðum megin. Ríkið eignaðist 15 metra sneið í gegnum þessi lönd. Fyrst var þetta saklaus flutningur ríðandi manna og vagnhjóla með hestum fyrir. Nú er þetta iðandi umferð á 100 km hraða bíll við bíl.

Þessir bændur hafa t.d. farið fram á að fá undirgöng undir veginn til að geta nýtt lönd sín. Þeim beiðnum hefur verið hafnað. Ég spyr hv. þm.: Væri réttlætanlegt að fara í gegnum garðinn hjá henni og segja að hún yrði að borga þessa gönguleið? Þarna sjáum við að ríkið hlýtur í mörgum tilfellum að bera ábyrgð á vegunum. Ríkið á vegina. Hins vegar verða bændurnir, og þeir eru fúsir til þess, að koma til samstarfs um þessi málefni. Það er ljóst. Hér er dæmi um menn sem búa við þær aðstæður að því er hafnað að þeir fái ræsi til þess að geta nýtt til að reka kýr og hross sín um sem auðvitað eiga hvergi að vera á þjóðvegum. Þar eru þetta stórhættulegir gripir. Bændur verða að reka yfir vegina í gegnum umferðina, taka mikla áhættu með gripi sína og jafnvel börn sín. Í þessari baráttu hafa bændurnir staðið við ríkisvaldið um langa hríð á hinum fjölförnu leiðum.

Þess vegna er mál að linni þessari umræðu og að við komum henni í farveg. Ég hef átt samstarf við dómsmrh. og samgrh. Þarna verða ríkisstofnanir, sveitarfélög, lögreglan, bændur og landeigendur, þó þeir stundi ekki búskap, að koma að þessum stóru verkefnum til að koma þessu í ásættanlegt form þannig að úr verði lausn sem hentar bæði eigendum búfjár og eigendum jarða sem lentu í því að jarðir þeirra voru klofnar í tvennt, en ekki síst til þess að skapa það öryggi sem mikilvægast er fyrir umferðina og fólkið í bifreiðunum sem ferðast um vegina í landinu.

[15:24]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að vekja máls á þessu. Lausaganga búfjár á vegum er mjög víðtækt vandamál og hefur haft í för með sér allt of mörg slys og hættur á slysum. Hún ógnar öryggi vegfarenda fyrir utan allan þann kostnað sem hlýst af slysum á fólki og skemmdum á farartækjum. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra þarf að líta á þetta frá mörgum hliðum. Eitt er þó víst að reglur þurfa að vera samræmdar í þessum málum. Það gengur ekki að banna lausagöngu búfjár í einu sveitarfélagi en að í því næsta gildi ekki sömu reglur. Við eigum að gera allt sem við getum til að draga úr slysahættu því það gengur ekki lengur að hafa þetta í því horfi sem þetta er í dag. Og ef reistar eru girðingar þá verður að sjálfsögðu að halda þeim við. En það gengur ekki að það lendi á bóndanum ef Vegagerðin heldur ekki við þeim girðingum sem henni ber að halda við.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Því miður er það þannig hvað varðar árekstra umferðarinnar og búfjár að það gerist alveg óskaplega lítið. Nefndir koma og fara, skila skýrslum og síðan situr að mestu leyti við óbreytt ástand.

Nú er haustið komið með sínu myrkri og við erum farin að fá fréttir af fyrstu alvarlegu slysunum þar sem stórgripir í lausagöngu eru á vegunum og menn lenda í því að keyra á þá.

Ég hef barist fyrir því, herra forseti, að menn taki á þessu máli m.a. með því að koma á vörsluskyldu stórgripa, aðskilja í umræðunni stórgripina annars vegar og sauðféð hins vegar. Stórgripunum tengjast alvarlegustu slysin og það er tiltölulega lítið mál, tiltölulega lítil röskun á högum bænda almennt í landinu að koma á lögbundinni vörsluskyldu stórgripa, enda er það að mínu mati tímaskekkja að hross og nautgripir séu að þvælast á umferðarmiklum vegum.

Um sauðfé gildir allt annað. Það er allt annað og öðruvísi vaxið verkefni að reyna að girða það allt saman af. Ég hef margendurflutt um þetta frv., herra forseti, með meðflutningsmönnum úr öllum flokkum en hingað til hefur landbn. þingsins tekist snilldarlega að drepa frv. En ætli við reynum ekki einu sinni enn.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég ætla að styðja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þegar hann leggur þingmálið fram enn einu sinni og halda áfram að koma með mín mál. Þetta er tíunda árið sem ég hreyfi þessari lausagöngu búfjár og ég hef ekki tölu á nefndunum eða tilvísununum til nefnda.

Hæstv. ráðherra nefndi 16 tillögur í niðurstöðum skýrslunnar. Má ég nefna tvær. Fyrst tillögu 15, með leyfi forseta:

„Lögleitt verði bann gegn rekstri búfjár á þjóðvegum í rökkri og dimmu."

Má ég nefna tillögu 16, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að við hönnun og lagningu nýrra vega verði gerðar tilraunir með að hafa á þeim undirgöng eða „opnar rásir" við helstu rennslisleiðir búfjár."

Það er sem sagt enn verið að ákveða að alls staðar eigi að gera ráð fyrir því að búfé sé á ferli í næstu nálægð við vegina og að á nýjum vegum og nýjum þjóðbrautum eigi að vera girt meðfram og rennslisleiðir undir. Það urðu mér gífurleg vonbrigði að heyra í hæstv. landbrh. Oft höfum við átt orðastað áður en hann komst í þetta embætti og ég var að vona að í þetta sinn kvæði við nýjan tón, að það yrði metnaður landbrh. að taka á í þessu máli. En þetta er sama svarið og undanfarin tíu ár, þ.e. að ríkisstjórnin þurfi að skoða, að búið sé að kynna niðurstöðu nefndarinnar, það þurfi samræmt átak o.s.frv.

Herra forseti. Það er afskaplega dýrt að girða meðfram öllum þjóðvegum og Vegagerðin á að greiða það. Hvernig

væri að ríkisstjórnin liti einu sinni þannig á að þetta væri allt sami vasinn, tæki þetta fjármagn sem Vegagerðin á að leggja fram og færi í samvinnu við bændur, og landbrh. fengi það verkefni að skoða það að girða af stóru svæðin sem búfé er á? (Forseti hringir.) Auðvitað hef ég samúð með bóndanum og það er undantekningaratriði þegar vegurinn liggur þvert yfir jörðina.

[15:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er leiðinlegt ef ég veld hv. þm. vonbrigðum. En þessi skýrsla með 16 tillögum liggur fyrir og það er ákveðinn vilji ríkisstjórnarinnar að fylgja henni eftir og verið er að gera það í mörgum tilfellum. Í mörgum tilfellum er Vegagerðin að ná samningum við stjórnir sveitarfélaganna þar sem hægt er að girða með hreinni veggirðingu og ná samkomulagi um málið. Þetta er að gerast víða.

Ég vil nefna að gallinn á þessu var oft sá að Vegagerðin var að girða og síðan var opið í báða enda oft og tíðum. (**SJS:** Eins og fleira.) Það skapaði þrengsli og hættu. Búfé rann inn á svæðið. Ég er sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að því leyti að hann telur auðveldara að eiga við stórgripina. Þeir eru náttúrlega miklu hættulegri og ég er sammála honum að taka þurfi á því. Ég nefni eitt dæmi. Ríkisvaldið, Vegagerðin, hefur í stórum stíl lagt reiðvegi nútímans meðfram hraðbrautunum þannig að þegar við förum um Flóann þá eru þar glæsilegir hestar og reiðmenn á leið með hraðbrautinni sem getur líka skapað hættu. Þetta höfum við kannski verið að gera.

En ég held að það þurfi að taka á þessu. Ég tel að þessi skýrsla sé nýtt gagn í þetta mál. Ég tel að nú þegar menn hafa áttað sig betur á þessum hlutum, ekki síst ríkisvaldið og Vegagerðin, þá sé nýr tími upprunninn þar sem við munum ná miklum árangri. Við sjáum það t.d. með kaffistofurollurnar að þær eru t.d. horfnar frá Litlu kaffistofunni af því að menn girtu meðfram veginum og settu þær hinum megin við girðinguna. Margir góðir hlutir hafa því verið að gerast. Þetta er búfé þeirra í Reykjavík og af Reykjanesi stundum þannig að ég tel að árangur sé töluverður. En betur má ef duga skal.

Hæstv. forseti. Þessi skýrsla er nýtt gagn inn í þessa umræðu og henni verður fylgt eftir.

Meðlagsgreiðslur.

Fsp. MF, 86. mál. — Þskj. 86.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu síðan lagði ég fram fyrirspurn til dómsmrh. á þskj. 86 um meðlagsgreiðslur. Mér varð strax ljóst að erfitt yrði að afla fullnægjandi svara við öllum liðum fyrirspurnarinnar sem fjallar um fjölda úrskurða um *greiðslu tvöfalds eða aukins meðlags með barni eða börnum* og hvernig staðið væri við slíka úrskurði.

Ástæða þess að ég setti fram fyrirspurnina er hins vegar sú að ég tel umræðu um fyrirkomulag á innheimtu meðlagsgreiðslna löngu tímabæra. Upphaflega var einfalt meðlag með barni hugsað sem lágmarksgreiðsla til framfærslu sem ríkið ábyrgðist. Ekki var um að ræða mat á framfærsluþörf þar sem gert væri ráð fyrir að meðlagsgreiðendur tækju þátt í ýmsum kostnaði sem til fellur vegna barns eða barna sem meðlag er greitt með. Hægt er að úrskurða um greiðslu á tvöföldu eða auknu meðlagi og þá er það gert á grundvelli tekna meðlagsgreiðanda og/eða aðstæðum þess sem fer með forræði barnsins. Foreldri sem á að fá meðlagið verður hins vegar að sjá alfarið um innheimtu þess. Ríkið ábyrgist ekki greiðslu á aukna meðlaginu. Innheimtustofnun ber ekki að annast, og sér ekki um innheimtuna. Þrátt fyrir að hún hafi til þess lagalega heimild hefur hún ekki viljað nýta hana.

Virðulegi forseti. Ég þekki nokkur dæmi þess að einstaklingar, feður, sem hafa áður verið úrskurðaðir á grundvelli tekna sinna og bágrar fjárhagsstöðu mæðra til að greiða aukið meðlag með börnum sínum stóðu aldrei við þessar greiðslur. Mæðurnar sóttu aldrei málið til enda vegna þess að til þess þurfti að kaupa aðstoð lögfræðings sem var ofviða bágri fjárhagsstöðu þeirra. Auk þess óttuðust þær að samband barna við feður yrði látið gjalda þess færu þær í hart.

Í þeim tilvikum sem ég þekki til var, þrátt fyrir mikla þörf og fjárhagslega erfiðleika, enga aðstoð að fá frá föður fyrir utan einfalt meðlag. Þessi tilvik eru hvergi skráð því þau koma hvergi fram opinberlega. Þessum mæðrum varð einfaldlega tilfinningalega og fjárhagslega ofviða að sækja rétt barna sinna til þessa aukameðlags.

Mér er fyllilega ljóst að ekki er hægt að svara á fullnægjandi hátt öllum þeim spurningum sem ég lagði fram en þar er ekki að sakast við fulltrúa ráðuneytis sem vann að svarinu. Þvert á móti veit ég að mikil vinna var lögð í að afla upplýsinga af hálfu ráðuneytis og var iðulega haft samband við mig sem fyrirspyrjanda. Þetta eru fyrirmyndarvinnubrögð og þess vegna vil ég gjarnan geta þess hér. En spurningar mínar til hæstv. ráðherra eru:

1. Hversu mörgum hefur í meðlagsúrskurði verið gert að greiða tvöfalt meðlag með barni eða börnum við sambúðarslit eða hjónaskilnað sl. fimm ár? Hversu margir þeirra hafa staðið skil á þessum greiðslum?

2. Ef um vanskil er að ræða, hver er heildarupphæð vanskila og í hve mörgum tilvikum hefur verið leitað til dómstóla vegna slíkra mála?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingum sem tryggja betur að úrskurði um greiðslu á tvöföldu meðlagi verði framfylgt?

[15:35]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu viðfangsefni sem er afar mikilvægt fyrir margar fjölskyldur, og brýnt að fyrirkomulag *þessara greiðslna sé gott og skilvirkt. Raunar vil ég líka* þakka hv. þm. fyrir góð orð hennar til starfsmanna dómsmrn.

Þess má geta að í dag er lágmarksmeðlag kr. 13.895. Í fyrsta lagi er spurt um hve mörgum hafi verið gert að greiða tvöfalt meðlag með barni eða börnum við sambúðarslit eða hjónaskilnað sl. 5 ár. Því er til að svara að samkvæmt upplýsingum frá öllum sýslumönnum á landinu var kveðinn upp 21 úrskurður um tvöfalt meðlag við þær aðstæður sem um er spurt. Til viðbótar er rétt að segja að í því skyni að fá sem skýrasta mynd af heildarfjölda úrskurða um aukið meðlag hefur verið kallað eftir upplýsingum frá sýslumönnum um fjölda slíkra úrskurða á tímabilinu frá 1. október 1996 til 1. október 2001, hvort sem þeir eru kveðnir upp í tengslum við sambúðarslit eða skilnað foreldra eða ekki. Ekki er óalgengt að kröfur um aukið meðlag komi fram síðar og í málum foreldra sem hvorki hafa verið í sambúð né hjúskap. Hér getur

t.d. verið um að ræða úrskurð um eitt og hálft meðlag og um hærra meðlag en sem nemur tvöföldu lágmarksmeðlagi.

Í svörum sýslumanna kemur fram að alls hafi verið kveðnir upp 124 úrskurðir um aukið meðlag á umræddu tímabili og er þá meðtalinn þessi 21 úrskurður sem ég nefndi áðan. Á hinn bóginn eru hér hvorki taldir upp úrskurðir um sérstök framlög samkvæmt 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, né úrskurður um menntunarframlög samkvæmt 13. gr. laganna, enda ekki um þá spurt. Ég tel rétt að fram komi að dómsmrn. hefur þær upplýsingar frá embættum sýslumanna að mun algengara sé að foreldrar semji um aukið meðlag með börnum heldur en að úrskurða þurfi um það, án þess að tölur liggi fyrir um fjölda slíkra samninga.

Hv. þm. spyr einnig hve margir þeirra sem gert hefur verið að greiða tvöfalt meðlag hafi staðið skil á þeim greiðslum, og ef um vanskil sé að ræða, hver sé þá heildarupphæð vanskila. Þessari fyrirspurn verður ekki svarað með óyggjandi hætti. Ef reyna ætti að svara henni yrði að freista þess að kalla eftir upplýsingum frá öllum aðilum úrskurðarmála samkvæmt framansögðu en þó væri ekki unnt að gera þeim skylt að veita svör. Það sem fram kemur í svari mínu við næsta lið fyrirspurnarinnar gefur þó til kynna að ekki sé algengt að leita þurfi til dómstóla vegna slíkra mála.

Næsti liður fyrirspurnarinnar lýtur að því í hve mörgum tilvikum slíkt hafi verið gert. Óskað var eftir svörum frá öllum dómstjórum um það hve oft rétthafi, samkvæmt úrskurði sýslumanns um meðlag með barni umfram lágmarksmeðlag, hafi lagt fram beiðni um áritun dómara um að aðför megi fara fram sbr. III. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, fyrir tímabilið frá 1. október 1996 til 1. október 2001. Í svörum frá Héraðsdómum Vestfjarða, Austurlands, Vesturlands, Norðurlands vestra og Suðurlands kemur fram að engin slík beiðni hafi komið fram á umræddu tímabili. Í svari Héraðsdóms Reykjaness kemur fram að dómstólum hafi borist þrjár slíkar beiðnir, í svari Héraðsdóms Reykjavíkur að tvær beiðnir hafi borist og í svari Héraðsdóms Norðurlands eystra að ein beiðni hafi borist dómstólum á tímabilinu.

Að lokum er spurt hvort ég hyggist beita mér fyrir lagabreytingum sem tryggi betur en nú er að úrskurði um greiðslu á tvöföldu meðlagi verði framfylgt. Þessu vil ég svara með því að benda á að samkvæmt 24. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kræft með fjárnámi meðlag með barni sem sýslumaður hefur úrskurðað. Sama gildir um samning foreldra um meðlag sem staðfestur er af sýslumanni.

Samkvæmt III. kafla aðfararlaga skal beina aðfararbeiðni vegna úrskurðar sýslumanns um aukið meðlag til héraðsdómara til áritunar um að aðför megi gera samkvæmt henni. Sama gilti um kröfu sem lögtaksréttur var fyrir þar til aðfararlögum var breytt með 35. gr. laga nr. 15/1998. Ég hef nú ákveðið að vísa því til réttarfarsnefndar að kanna hvort og þá með hvaða hætti unnt sé að breyta aðfararlögum til þess að einfalda innheimtu samkvæmt úrskurði sýslumanna um aukin meðlög, sérframlög og menntunarframlög. Í þessu sambandi vil ég þó benda á að einfaldasta, og væntanlega ódýrasta, lausnin á innheimtu aukinna meðlaga er að mínu mati sú að Innheimtustofnun sveitarfélaga nýti þá heimild sem hún hefur samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971, um stofnunina, þar sem m.a. er mælt fyrir um heimild hennar, sé þess óskað, til þess að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags sem er hærra en lágmarksmeðlag. Miðað við þær upplýsingar sem ráðuneytið aflaði sér í tilefni þessarar spurningar er ekki ástæða til að ætla að veruleg vandamál séu til staðar í núverandi fyrirkomulagi. Hins vegar kemur vel til greina að gera þær breytingar sem ég nefndi áðan ef ljóst þykir að þær séu til bóta og bæti og einfaldi innheimtuna.

[15:40]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um afar mikilvæga fyrirspurn að ræða frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Ég fagna viðbrögðum hæstv. dómsmrh. um að láta réttarfarsnefnd skoða þessi mál.

Það er einn hópur sem er afar brýnt að skoða, og hann varðar menntunarframlag til barna 18–20 ára. Fróðlegt væri að sjá hversu margir úrskurðir eru í því efni. Ég hygg að þeir séu bara örfáir. Ég get alveg lofað ykkur því, ágætu þingmenn, að ungmenni í dag fara ekki með slík mál alla leið. Mæður eiga oft mjög erfitt með að ganga á feður í þessum málum og þetta er ákveðið vandamál. En ég get alveg lofað ykkur því að 14–15 þús. kr. fyrir ungmenni í menntaskóla eru talsverðir peningar. Ég tel þetta vera mál sem þyrfti að fara dálítið vel ofan í saumana á og það væri mjög verðugt verkefni í tengslum við þá umræðu sem hér hefur átt sér stað.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún gaf og ekki síst fyrir það að hún er tilbúin til þess að skoða þær leiðir sem mögulegar eru til þess að gera þær lagabreytingar sem tryggja betri innheimtu meðlaga, þegar um aukið meðlag er að ræða, heldur en er í dag. Ég er alveg sannfærð um að það er töluverður hópur mæðra — í flestum tilvikum er um að ræða einstæðar mæður — sem aldrei leita eftir aðstoð við að innheimta þennan meðlagsauka vegna þess að það felur í sér kostnað sem þær ráða ekki við.

Eitt af þeim dæmum sem ég nefndi áðan að mér væri kunnugt um er af móður sem er með tvö börn og annað þeirra á við langvarandi erfið veikindi að stríða. Efnahagur er mjög bágur og hún hefur bara ósköp einfaldlega sagt: Ég get það ekki miðað við núverandi fyrirkomulag, ég get ekki staðið í því að innheimta þetta aukna meðlag sem barninu mínu þó ber til þess að tryggja framfærslu þess og tryggja að það hafi betri möguleika í lífinu vegna þess að það felur í sér það mikinn kostnað fyrir mig.

Þessar tvær leiðir sem hæstv. ráðherra bendir á eru þær leiðir sem ég hef verið að skoða. Ég hef verið að íhuga að flytja hérna frv. en að sjálfsögðu mun ég bíða þar til athugun ráðuneytis á málinu lýkur. Ég bið jafnframt hæstv. ráðherra að taka inn í umræðuna hvort einhver möguleiki sé að horfa sérstaklega til þeirra einstæðu foreldra sem eru með börn sem eiga við erfið langvarandi veikindi að stríða.

Virðulegi forseti. Að lokum ítreka ég að mér var ljóst að ég var að leggja fram fyrirspurnir sem hugsanlega væri erfitt að svara en starfsmenn ráðuneytis ásamt hæstv. ráðherra höfðu samband við mig og gerðu mér grein fyrir því hver staða málsins væri og inntu mig eftir hvað það væri sem ég vildi afdráttarlaust fá fram. Ég þakka enn og aftur fyrir þessi vinnubrögð. Maður á þeim ekki að venjast.

[15:44]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og gagnlegar ábendingar. Ég tel að við búum við nokkuð gott fyrirkomulag á þessu sviði þó að hugsanlega

megi bæta það svo sem með breytingum á aðfararlögum eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni.

Það er hins vegar auðvitað fullkomlega ljóst að alltaf verður erfitt að knýja fram innheimtu í tilvikum þar sem annaðhvort vilji eða geta til greiðslu er ekki fyrir hendi. Það getur verið vandamál í einstökum tilvikum sem ekki væri hægt að girða fyrir með neinu fyrirkomulagi í þessum efnum.

Eins og ég sagði áðan mun ég skoða hugsanlegar breytingar. Hér er um að ræða mál sem miklir hagsmunir eru bundnir við. Því ber okkur að sjá til þess að umgjörðin sé eins trygg og skilvirk og kostur er á.

Stytting rjúpnaveiðitímans.

Fsp. SJS, 94. mál. — Þskj. 94.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. umhvrh. fyrirspurn sem varðar það hvort til greina hefði komið að stytta rjúpnaveiðitímann og hefja hann t.d. ekki fyrr en 1. nóv. í stað 15. okt. Það væri í því skyni að hlífa stofninum við óhóflegu veiðiálagi og ekki síður af umhverfisástæðum, til að draga úr hættu á akstri veiðimanna utan vega eða akstri á lélegum vegarslóðum. Ég lagði þessa fyrirspurn fram strax í byrjun þings og henni var dreift að ég best veit 2. eða 3. október. Mér urðu það því nokkur vonbrigði að hæstv. ráðherra skyldi ekki komast til að svara fyrirspurninni áður en rjúpnaveiðitíminn hófst 15. október. Það hefði verið betra að ræða þetta mál áður en sá tími gekk í garð.

Staðan er þannig, herra forseti, að rjúpnastofninn er í mikilli lægð. Hann er nálægt því að komast í sögulegt lágmark, er t.d. kominn niður undir það sem hann var á árunum 1992–1993 þegar hann var einna minnstur nú á seinni árum. Þetta ástand gildir eiginlega um allt land. Það er kannski á Austfjörðum sem hægt er að segja að stofninn sé í sæmilegu horfi. Veiðiálagið virðist fara vaxandi og dreifast meira um allt landið þannig að nú má heita að þungt veiðiálag sé að verða á öllu landinu strax í upphafi veiðitímans. Það er ekki lengur bundið við suðvesturhorn landsins eins og það var áður. Tækjakostur manna til veiðanna hefur stórbatnað, torfærubifreiðir gera mönnum kleift að fara langt inn á hálendið og keyra vegarslóða sem áður voru lokaðir o.s.frv.

Staðreyndin er sú að bæði bændur og aðrir landeigendur, sveitarstjórnir, Vegagerðin og lögreglan ráða æ verr við það ástand sem skapast oft fyrstu daga rjúpnaveiðitímans. Ég held að það verði að segja það eins og er, herra forseti, að í upphafi þessa veiðitíma hefur nánast ríkt ófremdarástand, t.d. á norðausturhorni landsins. Það er tæpast hægt að kalla það annað þegar þannig er komið að lögregla og björgunarsveit, t.d. á Þórshöfn, hefur verið nánast í samfelldu útkalli síðan rjúpnaveiðitíminn hófst við að leita að týndum skyttum, við að draga bíla upp úr vegum þar sem þeir eru fastir og bjarga mönnum til byggða.

Ég vil taka það fram að auðvitað er allur þorri veiðimanna til fyrirmyndar. En frá því eru því miður undantekningar og er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig þetta mál er að þróast. Ég hefði talið — það er mat margra sem vel til þekkja t.d. bænda og sveitarstjórna á norðausturhorni landsins — að það væri mjög vænleg aðgerð að stytta rjúpnaveiðitímann, þess vegna bæði í upphafi og í lokin, til verndar stofninum. Það mundi jafnframt hlífa landinu við þessum viðkvæma tíma á haustin þegar bleytur eru oft miklar og land og vegir þola illa átroðning og umferð. Þess vegna hefði ég talið að það hefði legið vel við fyrir hæstv. umhvrh., bæði frá verndunarsjónarmiði með tilliti til stofnsins og líka landsins, að taka til rækilegrar skoðunar að gera þarna ráðstafanir og láta þetta ástand ekki viðgangast óbreytt ár eftir ár.

[15:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurningar hv. þm. lúta eiginlega að tvennu, þ.e. í fyrsta lagi að utanvegaakstri og síðan að óhóflegu veiðiálagi.

Varðandi það að stytta veiðitímann vegna utanvegaaksturs þá vil ég koma því á framfæri og það er bannað samkvæmt náttúruverndarlögum að aka utan vega og merktra vegarslóða við veiðar sem og í öðrum tilgangi. Séu vegarslóðar í það slæmu ástandi að varhugavert sé að hleypa umferð á þá er það hlutverk Vegagerðarinnar og lögreglu að loka þeim og lögreglu ber að fylgjast með því að akstur utan vega eigi sér ekki stað.

Það er rétt sem hér er bent á að því fylgir vandi er veiðimenn sækja til veiða strax í upphafi veiðitímans. Vandinn felst m.a. að því að skilgreina hvað eru vegarslóðar og hvað eru vegir og hverju eigi að halda opnu og hverju eigi að loka.

Landmælingar Íslands eru í samstarfi við Vegagerðina að kortleggja um þessar mundir allt hálendið, þ.e. hvað eru vegir og hvað eru slóðar. Það er ein af forsendum þess sem við munum nota okkur í framtíðinni til að taka á þessum akstri. Það mun auðvelda okkur að loka með réttmætum hætti vegum og slóðum til að taka betur á því. Ég vil líka koma því á framfæri að ég er sannfærð um að í framtíðinni verður meira notast við þyrlur til að taka á þessum málum, myndatökur o.s.frv. þannig að veiðimenn freistist ekki til að fara út fyrir og skemma landið.

Varðandi það að stytta veiðitímann vegna óhóflegs veiðiálags þá er mikilvægt að við skoðum afföll rjúpunnar, náttúruleg afföll. Rannsóknir sýna að náttúruleg afföll eru langmest í upphafi veiðitímans, m.a. vegna afráns, veðurs, fæðuframboðs og sjúkdóma. Það er ljóst að veiðimennirnir eru ekki einir orsök affallanna í rjúpnastofninum heldur er þetta samspil margra þátta. Til að rannsaka þetta vel ákváðum við að friða svæðið í kringum höfuðborgarsvæðið í þrjú ár fyrir veiðum og sú rannsókn gengur þokkalega.

Umhvrn. hefur ekki fengið neinar tillögur eða ábendingar um að sem stendur þurfi að grípa inn í til að stytta veiðitímann vegna óhóflegs veiðiálags, en það eru Náttúrufræðistofnun Íslands, veiðistjóri og ráðgjafarnefnd um villt dýr sem ráðleggja okkur í þessu sambandi.

Þurfi hins vegar að grípa til aðgerða í framtíðinni þá er brýnt að þau mál séu skoðuð fyrir fram þannig að menn þurfi ekki að taka ákvarðanir í skyndingu. Ég hef því sett niður nefnd til að skoða hvað sé hægt að gera ef hemja þarf veiðarnar. Það er búið að skipa nefnd en í henni eiga sæti Sigmar B. Hauksson, sem er formaður Skotveiðifélags Íslands, Arnór Sigfússon fuglafræðingur, Áki H. Jónsson veiðistjóri, Guðmundur H. Guðmundsson, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sigurður Á. Þráinsson fulltrúi umhvrn. og Sesselja Jónsdóttir fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga. Þessi nefnd

er núna að skoða hvaða aðgerða sé hægt að grípa til ef þess gerist þörf. Svo er ekki í augnablikinu en það gæti komið til þess.

Það eru helst þrjár aðferðir sem hægt er að nota. Í fyrsta lagi er hægt að friða stór svæði til að hemja veiðarnar. Það er ekki mjög snjallt að margra mati, af því að þá færist veiðin til. Það er þó ekki útilokað. Í öðru lagi er hægt að stytta veiðitímann. Það gerði t.d. þáv. umhvrh. árið 1993, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann stytti veiðitímann í lokin þannig að menn hættu 22. nóvember en ekki 22. desember. Veiðin færðist bara til, það var ekkert minna veitt.

Í þriðja lagi er hægt að banna sölu á villibráð í verslunum og á veitingastöðum. Það hefur verið reynt í Bretlandi og Bandaríkjunumm með góðum árangri en það er líka hægt að svindla á því. Menn hafa þó talið að þetta sé kannski besta leiðin. Talið er að 10% veiðimanna veiði helminginn af því sem veiðist af rjúpu og gæs og með þessari aðferð væri hægt að taka á þessum hálfatvinnumönnum sem gætu þá ekki selt bráðina eins auðveldlega og þeir geta í dag.

Skotveiðimenn hafa sjálfir rætt þessi mál. Þeir hafa gert skoðanakönnun í sínum hópi og niðurstaðan hjá þeim — hún var kannski ekki mjög vísindaleg, ég þekki það ekki beint — var að 73% þeirra vildu frekar banna sölu á bráðinni en stytta veiðitímann. Það voru einungis 27% sem vildu stytta veiðitímann.

Svar mitt er því að ég tel að það þurfi ekki að grípa til aðgerða núna. Við erum að skoða það faglega hvað unnt sé að gera ef á þarf að halda seinna meir.

[15:54]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég held að hér fari um margt fram þörf umræða. Ég vil benda á að akstur utan vega er bannaður með lögum um náttúruvernd og friðun, að viðlagðri refsingu. Auðvitað eiga menn að fara að þeim lögum.

Það er talað um að hlífa stofninum. Það er þarft markmið og göfugt að blessuð rjúpan hvíta, eins og segir í kvæðinu, eigi sér formælendur á hinu háa Alþingi. Það hlýtur alltaf að vera spurning hvort rétt sé að friða rjúpuna lengur í byrjun tímans eða fyrr í lok veiðitímans. Eins og hæstv. ráðherra benti á eru miklu meiri náttúruleg afföll fyrst og kannski er betra að veiðimenn fái að skjóta þá. Hugsanlegt er, og um það munu mér fróðari menn dæma, að sterkari fuglarnir komist lengur fram á vetur og þess meiri ástæða til að láta þá í friði og þeir séu líklegir til að byggja upp stofninn.

Inn í þetta hlýtur að koma það sjónarmið sem einnig varðar mannfólkið að veður eru válynd eftir því sem á vetur líður.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Það er ánægjulegt út af fyrir sig að þetta mál eigi að skoða. Þetta var valinkunnugt sæmdarfólk sem þarna var talið upp. Að mínu mati hefðu gjarnan mátt vera í hópnum fleiri staðkunnugir menn með langa reynslu af þessum málum, t.d. þekktir veiðimenn eða rjúpnaskyttur meðal bænda á Vestfjörðum eða Norðausturlandi, en gott og vel.

Ég tek hins vegar mikið mark á þeim mönnum sem hafa fylgst með ástandi þessara mála mjög lengi. Ég tek jafnframt mark á því þegar forsvarsmenn sveitarfélaga og aðilar frá Vegagerð og lögreglu viðurkenna að þeim gangi æ verr að hafa stjórn á þessum hlutum. Það er því miður staðreynd sem ekki verður umflúin.

Ákvæði laga sem banna akstur utan vega eru svona og svona þegar komið er upp á heiðar og vegarslóðar gerast æ ógreinilegri. Hvað er vegur og hvað er ekki vegur? Er það orðinn vegur ef einhver hefur keyrt eftir mel og næsti maður kemur og sér slóð á melnum og telur þá að sjálfsögðu að hann sé í fullum rétti til þess að halda þar áfram? Þetta er kannski ekki alveg svona einfalt þegar á hólminn er komið.

Hvað er vegur? Er vegarslóði, sem liggur inn að gangnakofa og er fljótandi í vatni, vegur þegar hann heldur varla hundi — svo að maður orði það bara eins og gert er í sveitinni?

Herra forseti. Það verður að horfast í augu við raunveruleikann eins og hann er. Kosturinn við að stytta tímann í upphafi er sá að það hlífir líka landinu. Það er enginn vafi á því að landið er gjarnan viðkvæmast fyrstu vikurnar á haustin þegar bleytur eru miklar og frost ekki komið í jörð. Þá er landið hvað viðkvæmast fyrir álagi nema þá ef vera skyldi þegar klakinn er að fara úr á vorin.

Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að hraða þessari skoðun. Þetta ástand er ekki nógu gott. Veiðimenn — sá sem hér talar getur þess vegna talist í þeim hópi — hafa miklar áhyggjur af þessu ástandi og vilja að á því sé tekið. Það sýnir m.a. niðurstaða skoðanakönnunar sem sýnir vilja skotveiðimanna sjálfra. Ekki þarf að efast um hug bænda og landeigenda í þessum efnum. Hann kemur fram með margvíslegum hætti og ég vonast til að hæstv. ráðherra ýti þessu verkefni hratt áfram.

[15:57]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi það sem hv. þm. Örlygur Hnefill sagði hér áðan þá er það rétt að þurfi, rjúpunnar vegna, að stytta veiðitímann þá er auðvitað langmesta skynsemin að gera það í lok veiðitímans. Þá geta veiðimennirnir í byrjun veitt rjúpurnar sem annars mundu deyja af náttúrulegum afföllum og það er líka mjög skynsamlegt.

En það er líka rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, Steingrími J. Sigfússyni, að vegna utanvegaaksturs og spjalla á landi þá væri skynsamlegra að stytta fremsta tímabilið. En þetta eru tvö mál sem skoða þarf. Ég vil ítreka að það er ekkert sem bendir til þess í augnablikinu að það þurfi yfirleitt að grípa til aðgerða vegna rjúpunnar sjálfrar, þrátt fyrir að hún sé í lægð.

Hins vegar er það vandamál sem snýr að okkur núna og blasir við vegna utanvegaaksturs. Það er hins vegar ekki nýtt vandamál og á ekkert endilega við einmitt núna þó að auðvitað séu margir uppi á hálendinu að skjóta. Það á við um utanvegaakstur yfirleitt, allt sumarið þess vegna. Menn geta t.d. sveigt hver sína leiðina fram hjá fyrirstöðu og búið til nýja vegarslóða. Landmælingar Íslands og Vegagerðin eru að kortleggja þetta. Það er verið að vinna að þessu frekar hratt og ég býst við því að við höfum einhver svæði kortlögð þegar á næsta ári. Þannig er hugsanlegt að í upphafi næsta rjúpnaveiðitímabils verðum við með einhver svæði kortlögð þannig að við getum farið að taka fastar á þeim varðandi utanvegaakstur.

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Einbreiðar brýr, 111. mál, fsp. KPál, þskj. 111.
Girðingalög, 180. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 183.

Greiðslur fyrir veiðiheimildir 1996/1997 til 2000/2001, 179. mál, fsp. JÁ, þskj. 182.

Út af dagskrá voru tekin 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

14. FUNDUR

fimmtudaginn 18. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, stjfrv., 53. mál, þskj. 53, nál. 179, brtt. 180. — 2. umr.
2. Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, stjfrv., 169. mál, þskj. 170. — 1. umr.
3. Málefni aldraðra, stjfrv., 162. mál, þskj. 163. — 1. umr.
4. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — 1. umr.
5. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 39. mál, þskj. 39. — 1. umr.
6. Loftferðir, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.
7. Landsvegir á hálendi Íslands, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Fyrri umr.
8. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
9. Átak til að lengja ferðaþjónustutímann, þáltill., 139. mál, þskj. 139. — Fyrri umr.
10. Umferðarlög, frv., 140. mál, þskj. 140. — 1. umr.
11. Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, þáltill., 133. mál, þskj. 133. — Fyrri umr.
12. Erfðafjárskattur, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.
13. Millilíðalaust lýðræði, þáltill., 144. mál, þskj. 144. — Fyrri umr.
14. Persónuafsláttur barna, þáltill., 151. mál, þskj. 151. — Fyrri umr.
15. Svæðisskipulag fyrir landið allt, þáltill., 157. mál, þskj. 157. — Fyrri umr.
16. Stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, þáltill., 158. mál, þskj. 159. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson, forsrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþm. á lista Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur tekið sæti á Alþingi áður og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 13.30 í dag, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um löggæsluna í Reykjavík. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir verður til andsvara.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 185. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 192.

Fartölvuvæðing framhaldsskólanna, 183. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 186.

Farþegaflutningar til og frá Íslandi, 181. mál, fsp. KF, þskj. 184.

Rannsókn óupplýstra mannshvarfa, 182. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 185.

Tilhögun þingfundar.

[10:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess um dagskrá dagsins að áformað er að ganga til atkvæða um fyrsta dagskrármálið að aflokinni 2. umr. og verður í kjölfar þess efnt til nýs fundar. Með öðrum orðum er að því miðað að gera fyrsta dagskrármálið að lögum í dag ef þingheimur fellst á slíka málsmeðferð. Má því reikna með atkvæðagreiðslu um fyrsta dagskrármálið að aflokinni 2. umr. málsins. Hvenær það verður getur forseti ekki sagt um. Það er undir hv. þingmönnum komið.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 2. umr.

Stjfrv., 53. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 53, nál. 179, brtt. 180.

[10:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að

takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Frv. sem hér er til umræðu er lagt fram í því skyni að staðfesta bráðabirgðalög sem sett voru 23. september sl. Með bráðabirgðalögunum tókst ríkissjóður á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns sem hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Bráðabirgðalögin voru sett í framhaldi af því að vátryggjendur um allan heim sögðu upp ábyrgðartryggingum flugrekenda vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl.

Í bráðabirgðalögunum var gert ráð fyrir því að tryggingin sem ríkissjóður veitti mætti ekki gilda lengur en til 25. október 2001. Nú hefur hins vegar komið í ljós að vátryggjendur eru ekki enn farnir að bjóða fullnægjandi ábyrgðartryggingar. Því er nauðsynlegt að framlengja gildistíma tryggingar ríkissjóðs enn um sinn og er lagt til að hún geti staðið allt til ársloka 2001. Í þessu sambandi bendir nefndin jafnframt á að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur veitt aðildarríkjum sambandsins heimild til að framlengja veitta tryggingavernd allt til næstu áramóta ef það verður talið nauðsynlegt.

Nefndin leggur áherslu á að henni verði gerð grein fyrir því sem allra fyrst hvort og þá hvernig tekist hafi að takmarka ábyrgð ríkissjóðs eins og áform eru uppi um. Nefndin óskar jafnframt eftir upplýsingum um hvort önnur tryggingavernd bjóðist áður en framlenging ábyrgðarinnar tekur gildi 25. október nk. og hvort aðrar þjóðir hafi þá framlengt heimild ríkissjóðs viðkomandi lands til að veita tryggingaverndina með svipuðum hætti og hérlendis.

Nefndin leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[10:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hefur stjórnarandstaðan tekið undir þetta mál, bæði á fyrstu stigum þess þegar bráðabirgðalögin voru sett og jafnframt í umfjöllun nefndar um það.

Eins og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir gat um áðan hagar nú svo til að óljóst er hvort takist að verða okkur úti um endurtryggingavernd áður en kemur að þeirri dagsetningu sem var að finna í hinum upphaflegu bráðabirgðalögum sem hér eru til staðfestingar.

Nú hagar jafnframt svo til, herra forseti, að þingið er að fara í frí í kjördæmaviku og þess vegna þarf þessi heimild að vera fyrir hendi. Ég vil fyrir hönd Samfylkingarinnar lýsa því yfir að við styðjum þetta mál. Hér er um að ræða mál sem er í eðli sínu ákaflega snúið og gæti við vissar aðstæður bakað ríkissjóði mikla ábyrgð. Það er hins vegar þannig að ekki er öðruvísi hægt að tryggja að flug geti haldið áfram til og frá landinu. Þess vegna styðjum við þetta.

Hins vegar er nauðsynlegt að fram komi að í efh.- og viðskn. var það ákaflega eindregin ósk þess fulltrúa Samfylkingarinnar sem fjallaði um málið, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að áður en framlenging ábyrgðarinnar sem hér er lögð til á sérstöku þingskjali taki gildi 25. október þá verði hv. efh.- og viðskn. gerð grein fyrir því hvort aðrar þjóðir hafi með svipuðum hætti framlengt ábyrgð ríkissjóðs viðkomandi lands og jafnframt hvaða staða er þá uppi varðandi öflun endurtryggingaverndar að þessu leyti, herra forseti.

Ég vil líka geta þess að við fulltrúar Samfylkingarinnar höfum í umfjöllun málsins óskað eftir upplýsingum um hvað felist í þeim 15% sem tryggingafélag á að fá í sinn hlut af því gjaldi sem heimilt er samkvæmt síðasta málslið 1. gr. að innheimta fyrir hönd ríkissjóðs. Ég hef ekki enn fengið svör við þessu, herra forseti. Ég ætla ekki að ganga eftir þeim núna. Til þess er nægur tími í nefndinni þegar að því kemur. Ég vil einungis halda því til haga að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir á þessu stigi málsins.

Herra forseti. Við í Samfylkingunni styðjum þetta mál eindregið.

[10:40]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér nauðsynlegt frv. sem ég styð eindregið. Á því að slík bótaábyrgð falli á þjóðina eru afskaplega litlar líkur, nánast hverfandi. En tjónið yrði svo gífurlegt — við erum að tala um 50 milljarða á hverja flugvél, þ.e. 200 þús. kr. á hvern íbúa landsins, milljón á fimm manna fjölskyldu — við erum að tala um þvílíkt tjón að það má ekki gerast. Ég lagði á það áherslu við 1. umr. að hæstv. ríkisstjórn hefði samband við önnur ríki, vinveitt ríki, t.d. Norðurlöndin sem við höfum gott samstarf við. Bara endurtryggingasamningur eða endurtryggingasamkomulag við Dani mundi minnka áhættuna niður í einn tuttugasta. Endurtryggingasamningur við öll Norðurlöndin sem er þeim líka í hag, sem minnkar líka áhættu þeirra, mundi minnka áhættuna niður í 1%. Ég skora því á hæstv. ríkisstjórn, hafi hún ekki þegar fengið slíkan endurtryggingasamning, að gera það nú þegar, að senda mann út af örkinni bara í hvelli til þess að ná slíkum samningi. Það er ekki gott fyrir 250 þús. manna þjóð að bera slíka áhættu. Ég vil því eindregið fara þess á leit að hæstv. ríkisstjórn komi á slíkum gagnkvæmum endurtryggingasamningi við aðrar ríkisstjórnir.

[10:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðjum eindregið þetta frv. og vonum jafnframt heitt og innilega að til þess þurfi ekki að koma að grípa þurfi til þessarar ábyrgðar. Við vonum líka að sem allra fyrst komist á sá friður og það öryggi í heiminum að hægt sé að fella þessa ábyrgð niður.

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styður frv. einhuga.

[10:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Samgöngur eru undirstaða í nútímasamfélagi. Ekki síst skipta flugsamgöngur miklu máli fyrir þjóð eins og Íslendinga, eyland þar sem flugsamgöngur í nútímasamfélagi gegna jafnmikilvægu hlutverki og raun ber vitni. Það snýr í rauninni að sjálfstæði þjóðarinnar.

Hinir hræðilegu atburðir þann 11. september sl. settu þennan þátt samgöngumála í verulegt uppnám hér sem annars staðar. Þess vegna er það skylda ríkisvaldsins að grípa þar inn í og þess vegna styður þingflokkur Framsfl. frv. sem hér er til umræðu.

[10:43]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég minnist þess, og síðan eru liðin ein 20 ár eða meir, að hér reis einu sinni upp þáv. forsrh. Ólafur

Jóhannesson, blessuð sé minning hans, og lýsti því yfir að þann veg væri háttað í þjóðmálum okkar út af sérstöku máli sem þá var á dagskrá að menn yrðu að kasta sér fyrir borð þó að ekki sæist til lands. Ég var ekki mjög snokinn fyrir slíkum vinnubrögðum á sinni tíð en þar kom núna í þessu máli að ég verð að gangast undir þessar aðstæður. Við sjáum auðvitað ekki til lands með þær fjárhæðir sem hér er um að tefla. En hér er engra kosta völ nema hafa gömul ráð Ólafs Jóhannessonar.

Frjálslyndi flokkurinn styður frv. eindregið ásamt þeirri breytingu sem til stendur að gera á því.

[10:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka þingheimi fyrir þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið og þá samstöðu sem um það er orðin. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hér er á ferðinni mikið alvörumál og Alþingi er hér að heimila ríkisvaldinu að gangast undir gríðarlega mikla ábyrgð. Vonandi reynir ekki á hana. Vonandi reynist hún óþörf.

Ég vil taka það fram vegna ummæla í umræðunni að enda þótt frv. með þeirri breytingu sem ráðgerð er geri ráð fyrir að það verði heimilt til áramóta að veita þessa ábyrgð þá munum við í ríkisstjórninni kappkosta að reyna að hafa þennan tíma sem stystan og gera það sem við getum til þess að þetta mál verði komið í eðlilegt horf með eðlilegum tryggingasamningum milli flugfélaganna og tryggingafélaga sem fyrst þannig að ríkið megi losna undan þessari ábyrgð svo skjótt sem verða má. Ef kostur er í millitíðinni að gera gagnkvæma endurtryggingasamninga við önnur ríki þá munum við skoða það. En eðlilegast, heppilegast og heilbrigðast er að greinin sjálf, flugreksturinn, finni lausn á tryggingamarkaðnum til að leysa þetta óvenjulega og afbrigðilega vandamál þar sem við eigum vissulega ekki annan kost en þann sem hér liggur fyrir.

Ég vildi að þetta kæmi fram og ég vil að það sé alveg ljóst, bæði þingheimi og þeim sem hlut eiga að máli á markaðnum, að við munum ekki framlengja þessa ábyrgð lengur en brýnasta þörf er á jafnvel þó að heimildin sé til áramóta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 180 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 2.–16. mál.

Fundi slitið kl. 10:48.

---

15. FUNDUR

fimmtudaginn 18. okt.,
að loknum 14. fundi.

Dagskrá:

1. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, stjfrv., 53. mál, þskj. 53 (með áorðn. breyt. á þskj. 180). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, stjfrv., 169. mál, þskj. 170. — 1. umr.
3. Málefni aldraðra, stjfrv., 162. mál, þskj. 163. — 1. umr.
4. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — 1. umr.
5. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 39. mál, þskj. 39. — 1. umr.
6. Loftferðir, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.
7. Landsvegir á hálendi Íslands, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Fyrri umr.
8. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
9. Átak til að lengja ferðaþjónustutímann, þáltill., 139. mál, þskj. 139. — Fyrri umr.
10. Umferðarlög, frv., 140. mál, þskj. 140. — 1. umr.
11. Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, þáltill., 133. mál, þskj. 133. — Fyrri umr.
12. Erfðafjárskattur, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.
13. Milliliðalaust lýðræði, þáltill., 144. mál, þskj. 144. — Fyrri umr.
14. Persónuafsláttur barna, þáltill., 151. mál, þskj. 151. — Fyrri umr.
15. Svæðisskipulag fyrir landið allt, þáltill., 157. mál, þskj. 157. — Fyrri umr.
16. Stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, þáltill., 158. mál, þskj. 159. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 3. umr.

Stjfrv., 53. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 196.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GunnB, HjÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, MS, MF, ÓV, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SkjS, SP, SvH, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖHJ, ÖS.

18 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, GÖ, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SJS, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 197).

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 169. mál (forgangsröð verkefna o.fl.). — Þskj. 170.

[10:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingu, og lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi hinn 20. maí 2001. Í áætluninni er m.a. fjallað um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu og er þar byggt á niðurstöðum nefndar um forgangsröðun.

Í heilbrigðisáætlun segir m.a. á bls. 21, um uppbyggingu og þróun heilbrigðisþjónustunnar:

„Heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur lengst af einkennst af valddreifingu og sjálfstæði stofnana. Það stafar sjálfsagt af því að faghópar, frjáls félagssamtök, styrktarfélög og heimamenn á hverjum stað hafa ráðið miklu um uppbyggingu og þróun þjónustunnar. Ráðuneyti heilbrigðismála var til að mynda ekki stofnað fyrr en árið 1970. Í þessu skipulagi fólst að frumkvæðið var venjulega hjá mörgum aðilum og þeim sem nutu heilbrigðisþjónustunnar stóð næst að hafa áhrif á framkvæmd hennar. Meginveikleiki þessa fyrirkomulags var hins vegar skortur á samhæfingu í uppbyggingu og rekstri heilbrigðisþjónustunnar.

Tilraunir til markvissrar stefnumótunar í heilbrigðismálum hafa átt erfitt uppdráttar því að stjórn málaflokksins hefur verið dreifð og ósamhæfð."

Mikil vinna hefur verið lögð í stefnumörkun og áætlanagerð á síðustu árum og ýmislegt hefur breyst varðandi stjórn málaflokksins, svo sem flutningur sjúkrahúsa og heilsugæslu til ríkisins. Þegar kemur að sérfræðilæknisþjónustu, sem ýmist er veitt af læknum á eigin stofu eða á göngudeild sjúkrahúss, er stjórn hennar hins vegar enn „dreifð og ósamhæfð". Möguleikar heilbrigðisyfirvalda á stýringu þessarar þjónustu eru að ýmsu leyti takmarkaðir. Magn þjónustunnar og tegund hefur því oft ráðist af öðru en markmiðum heilbrigðisyfirvalda, jafnvel þegar um er að ræða þjónustu sem að verulegu leyti er greidd af ríkinu. Fyrirkomulag sérfræðiþjónustu utan stofnana hefur að talsverðu leyti ráðist af fjölda sérfræðinga á viðkomandi sviðum og því hvort þeir kjósa að veita þjónustuna innan eða utan stofnana. Erfitt hefur því reynst að framfylgja markmiðum heilbrigðisyfirvalda varðandi forgangsröðun.

Megintilgangur frumvarps þessa er að gera heilbrigðisyfirvöldum kleift að vinna að markmiðum heilbrigðisáætlunar til 2010 en eins og áður greindi hefur tekist víðtæk samstaða um hana. Í því sambandi vil ég benda á að það hefur lítinn tilgang að samþykkja stefnu í heilbrigðismálum ef heilbrigðisyfirvöld hafa ekki þau tæki sem þarf til að framfylgja þeirri stefnu.

Eins og nú háttar gerir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samninga við sjúkrahús um ferliverk, samninganefnd Tryggingastofnunar við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um vinnu á stofum og samninganefnd ríkisins um laun heilbrigðisstarfsmanna á sjúkrahúsum. Ekki hefur verið nægilegt samræmi í þessum samningum. Læknar hafa því t.d. getað flutt sig á milli samninga eftir því hvar þeir fá best greitt fyrir vinnu sína. Þetta hefur m.a. leitt til þess að erfitt hefur reynst að halda utan um útgjöld vegna samninga við lækna. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að ein samninganefnd skipuð af ráðherra semji um greiðslur fyrir ferliverk og vinnu á stofum. Einnig er nauðsynlegt að náið samráð sé haft við samninganefnd ríkisins þegar um er að ræða samninga við aðila sem vinna samkvæmt báðum samningunum.

Mikilvægt er að fagleg rök og hagkvæmni ráði því hvar þjónusta er veitt. Sama gildir í þeim tilvikum sem sérhæfð starfsemi er þess eðlis að heppilegra er að hún fari fram á sjúkrahúsum eða hagkvæmara að hún sé á einum stað. Þá er nauðsynlegt vegna kennslu- og fræðahlutverks sjúkrahúsa að þar fari fram sem allra fjölbreyttust starfsemi. Þegar læknar eru í fullu starfi á sjúkrahúsi telja heilbrigðisyfirvöld æskilegra að þeim sé sköpuð aðstaða til að sinna ferliverkum inni á stofnuninni fremur en að þeir séu jafnframt með stofurekstur. Því þurfa sjúkrahúsin að geta byggt upp göngu- og dagdeildarþjónustu á sjúkrahúsum, þar sem hægt sé að sinna þeim ferliverkum sem heilbrigðisyfirvöld telja eðlilegt að séu unnin á sjúkrahúsum.

Tilgangur frumvarps þessa er eins og áður sagði að gera heilbrigðisyfirvöldum kleift að vinna að markmiðum heilbrigðisáætlunar, m.a. varðandi forgangsröðun verkefna og hvar heilbrigðisþjónusta skuli veitt.

Til að ná þessu markmiði eru lagðar til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu þess efnis að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

Þá er gert ráð fyrir að í stað þess að tryggingaráð skipi samninganefnd vegna samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn sé nefndin skipuð af ráðherra og henni jafnframt falið að semja um ferliverk á sjúkrahúsum. Greiðslur samkvæmt samningum um heilbrigðisþjónustu utan stofnana skipta milljörðum og verður að telja eðlilegt að samninganefnd sem gerir samninga um þessa þjónustu sé skipuð af þeim ráðherra sem ábyrgð bera á málaflokknum en ekki af stjórn einnar af undirstofnunum ráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að í samninganefndinni verði tveir tilnefndir af Tryggingastofnun og verði annar þeirra varaformaður, einn tilnefndur af fjármálaráðherra, en aðrir skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn Tryggingastofnunar vinni fyrir nefndina og starfsmönnum verði fjölgað til þess að gera stofnuninni kleift að leggja fram nauðsynlega vinnu vegna samningsgerðar.

Loks eru lagðar til breytingar á almannatryggingalögum sem stafa af framangreindri breytingu laga um heilbrigðisþjónustu. Þannig er lagt til að í 39. gr. laga um almannatryggingar verði vísað til laga um heilbrigðisþjónustu varðandi samninga um greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu. Þá eru ákvæði um daggjöld gerð skýrari og heimildir Tryggingastofnunar til eftirlits með greiðslum samkvæmt samningunum styrktar.

Ég mun nú rekja nánar helstu breytingarnar sem felast í frv.

Í 1. gr. frv. er lagt til að þremur nýjum málsgreinum verði bætt við 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og verða þær 3.–5. mgr. 3. mgr. er þess efnis að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að fagleg rök og hagkvæmni ráði því hvar þjónusta er veitt en ekki ákvarðanir einstakra heilbrigðisstarfsmanna eða hópa. Loks er nauðsynlegt vegna kennslu- og fræðahlutverks sjúkrahúsa að þar fari fram sem allra fjölbreyttust starfsemi. Þá er nauðsynlegt að tryggja að heilbrigðisyfirvöld geti stýrt því hve mikla heilbrigðisþjónustu af tiltekini tegund þau vilja kaupa, fyrir hvaða verð og hvar slík heilbrigðisþjónusta skuli veitt. Ráðherra þarf því með vísan til framangreinds að geta hafnað greiðsluþátttöku í þjónustu sem fer í bága við framangreind markmið.

4. mgr. er þess efnis að í stað þess að tryggingaráð skipi samninganefnd vegna samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn sé nefndin skipuð af ráðherra. Nefndin skal einnig annast samninga við fyrirtæki, þ.e. einkafyrirtæki sem veita heilbrigðisþjónustu sem ákveðið hefur verið að taka þátt í að greiða. Þá skal hún annast samninga við opinberar stofnanir, en þar er aðallega um að ræða sérfræðiþjónustu án innlagnar, þ.e. ferliverk. Þessir samningar yrðu þá á sömu hendi og ætti það að tryggja betur samræmi milli þeirra. Einnig er mikilvægt að samninganefndin hafi náið samráð við samninganefnd ríkisins þegar um er að ræða samninga við aðila sem vinna samkvæmt báðum samningunum. Gert er ráð fyrir að í samninganefndinni verði tveir fulltrúar tilnefndir af Tryggingastofnun og verði annar þeirra varaformaður, einn tilnefndur af fjármálaráðherra, en aðrir skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Tala nefndarmanna er ekki bundin, en ráða má af ákvæðinu að nefndarmenn skuli ekki vera færri en fimm. Hins vegar er ráðherra heimilt að skipa fleiri nefndarmenn. Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn Tryggingastofnunar vinni fyrir nefndina og starfsmönnum verði fjölgað til þess að gera stofnuninni kleift að leggja fram nauðsynlega vinnu vegna samningsgerðar. Greiðslur samkvæmt samningum um heilbrigðisþjónustu utan stofnana skipta milljörðum og er því mjög mikilvægt að vandað sé til þessarar vinnu og að nefndin fái nauðsynlega sérfræðiaðstoð. Í frumvarpinu er áréttað að samninganefndin skuli við ákvarðanir leggja áherslu á gæði þjónustunnar og hagkvæmni og er gert ráð fyrir að þjónustan verði boðin út samkvæmt lögum um opinber innkaup þegar það á við.

Loks er lagt til að við bætist ný málsgrein, 5. mgr., þar sem áréttað er að ráðherra geri verksamninga samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og að ríkisstofnunum í A-hluta sé heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum sömu laga.

Í 2. og 3. gr. frv. eru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar sem leiða af breytingum á 1. gr. frv.

Í 4. gr. eru breytingar sem leiða af 1. gr. Lagt er til að sérákvæði um röntgengreiningu og geislameðferð verði felld brott, enda er eðlilegt að líta svo á að röntgengreining falli undir rannsókn og sé ákvæðið því óþarft. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Þá er lagt til að ráðherra geti ákveðið hámark þess gjalds sem sjúkratryggður einstaklingur greiði og er gert ráð fyrir að það taki einnig til tannlækninga. Slík heimild er í núgildandi lögum þegar um er að ræða læknisþjónustu og lyf og er talið eðlilegt að hún gildi einnig um tannlækningar.

Í 5. gr. er lagt til, í stað núgildandi ákvæðis þar sem gert er ráð fyrir að aðalreglan sé sú að ráðherra setji gjaldskrá um greiðslu sjúkratryggingar vegna tannlæknaþjónustu, að aðalreglan verði sú að samninganefnd skv. 1. gr. semji um greiðsluþátttöku vegna tannlæknaþjónustu en ráðherra setji gjaldskrá ef samningar takast ekki.

Í 6. gr. er lagt til að í 1. mgr. 39. gr. laga um almannatryggingar verði vísað til laga um heilbrigðisþjónustu um skipan samninganefndar, samanber 1. gr. frv. þessa. Samninganefndin gerir samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku vegna heilbrigðisþjónustu og við stofnanir og fyrirtæki fyrir sambærilega þjónustu en Tryggingastofnun semji um aðra þjónustu.

Í 2. mgr. 39. gr. núgildandi laga er ákvæði um daggjöld og segir þar „daggjöld sjúkrahúsa“ þó ákvæðið taki nú eingöngu til dvalarheimila aldraðra, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum. Þykir því skýrara að tilgreina þetta nákvæmlega í lögunum. Þá er lagt til að tekið verði fram í lögunum að daggjöld vegna hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og daggjöld hjúkrunarheimila skuli ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd samkvæmt svonefndu RAI-mati. Það er í samræmi við núgildandi framkvæmd. Áfram er gert ráð fyrir að daggjöld skuli ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma. Samkvæmt núgildandi ákvæðum 39. gr. skulu daggjöld einnig taka mið af þeirri þjónustu sem ráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti. Nú er kveðið á um þessa þjónustu í lögum um málefni aldraðra og reglugerðum á grundvelli þeirra og er gerð tillaga um að ákvæðinu verði breytt í samræmi við það. Þá er jafnframt gert ráð fyrir ákvæði um að ráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd.

Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laganna er gert ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir eða einkaaðilar geti ákveðið daggjöld, sem innheimt væru hjá sjúklingi og Tryggingastofnun greiddi síðan sjúklingi tiltekna upphæð upp í kostnaðinn. Hér er um að ræða fyrirkomulag sem er íþyngjandi fyrir sjúkling, bæði þyrfti sjúklingur að leggja út fyrir kostnaðinum og greiðslur til hans frá Tryggingastofnun ríkisins yrðu skattskyldar, enda hefur þessi heimild ekki verið notuð um áratuga skeið. Því er lagt til að þessi málsgrein verði felld niður.

Í 7. gr. eru lagðar til breytingar á 41. gr. laga um almannatryggingar til samræmis við breytingar sem gerðar eru á skipan samninganefndar. Gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins geri áfram samninga um þjónustu sem henni ber að veita og fellur ekki undir verksvið samninganefndar skv. 39. gr. laganna, svo sem um þau hjálpartæki sem stofnunin tekur þátt í að greiða og samninga við sjúkrahús erlendis þegar sjúklingar eru sendir á vegum „siglinganefndar“, sbr. 35. gr. laganna, til læknismeðferðar erlendis. Ákvæði um útboð eru óbreytt en um þau gilda jafnframt ákvæði laga um opinber innkaup, nr. 94/2001.

Í 2. mgr. er áréttað að lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, gildi um samninga Tryggingastofnunar um afmörkuð rekstrarverkefni.

Í 8. ákvæði eru ákvæði þess efnis að heilbrigðisstarfsmönnum sé skylt að veita Tryggingastofnun þær upplýsingar sem stofnunin þarf til að hún geti ákveðið réttar bætur til

umsækjenda og gengið úr skugga um að greiðslur reikninga séu í samræmi við samninga og veitta þjónustu. Jafnframt er tekið fram að sé um að ræða upplýsingar úr sjúkraskrám skuli þær einungis veittar læknum eða eftir atvikum tannlæknum stofnunarinnar.

Í kostnaðarmati frv. er gert ráð fyrir, verði það óbreytt að lögum, að útgjöld ríkisins aukist um 11 – 12,5 millj. kr. á ári. Hér er um að ræða kostnað vegna breytinga á samninganefnd og er þá gert ráð fyrir að nefndamönnum fjölgi um tvo, verkefnið aukist um fjórðung og ráðnir verði tveir sérfræðingar frá Tryggingastofnun til að starfa með nefndinni.

Hæstv. forseti. Ég hef í nokkuð ítarlegu máli fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar. Eins og áður hefur komið fram hefur mikið verið unnið á sviði stefnumótunar í heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var samþykkt samhljóða á hv. Alþingi sl. vor.

Megintilgangur þessa frv. er að gera heilbrigðisyfirvöldum kleift að framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið í heilbrigðisáætlun og fagleg rök og hagkvæmni ráði ákvörðunum í heilbrigðismálum.

Vegna umræðu um frv. sem þegar hefur farið fram vil ég að lokum nefna að samþykkt frv. felur í sjálfu sér ekki í sér neinar breytingar á rekstrarformi heilbrigðisþjónustu eða hvar hún skuli veitt. Tilgangur þess er eingöngu að gera heilbrigðisyfirvöldum kleift að stýra heilbrigðisþjónustu í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er hverju sinni með fagleg sjónarmið og hagkvæmni að leiðarljósi.

Ég tel afar brýnt að þetta frv. nái fram að ganga á haustþingi og leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[11:08]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er alvarleg og mikil breyting í 6. gr. sem varðar 39. gr. laga um að tekið verði út ákvæði um að viðkomandi hjúkrunarheimili hafi heimild til að vísa máli sínu til gerðardóms ef ósætti er á milli ráðuneytis og viðkomandi stofnunar um ákvörðunartöku ráðuneytisins varðandi daggjöld. Ég tel að hér kveði við nokkuð nýjan tón frá því sem áður hefur verið. Vísað er til þess að hjúkrunarþyngd ein skuli ráða um ákvarðanir daggjalda en í núverandi vinnuferli ráðuneytisins er sagt að hjúkrunarþyngdin vegi 60% af heildardaggjöldum en 40% séu aðrir rekstrarlegir þættir og rekstrarlegt umhverfi. Er verið að breyta þessum ákvæðum þannig að hér skuli eingöngu hjúkrunarþyngdin tekin, vegin og metin, en ekki aðrir aðlægir rekstrarþættir hjúkrunarheimilanna?

Það er alvarlegt mál og hefur gerst í gegnum árin og áratugina að heilbrrn. hefur tekið einhliða ákvörðun um daggjöld án þess að daggjaldastofnun hafi nokkuð haft um það að segja. Nákvæmlega sami texti er hér í frv., um að þetta skuli gert í samráði við heilbrigðisstofnanir en það hefur aldrei verið gert. Hér er því verið að taka út ákvæði þá einu málsvörn sem hjúkrunarheimilin hafa haft til þessa, þ.e. að vísa máli til gerðardóms ef ósætti kemur upp á milli ráðuneytis og viðkomandi stofnunar. Mér sýnist að heldur halli á þessar stofnanir í málinu ef svo heldur fram sem horfir og 6. gr. þessa frv. verður samþykkt.

[11:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginmarkmiðið með þessu frv. er að styrkja þann grundvöll sem helst hefur staðið undir ákvörðuðum daggjöldum og það sem helst hefur valdið ágreiningi. Með öðrum orðum að styrkja RAI-matið og grundvöll þess. Vissulega þarf að hafa samráð við daggjaldastofnanir um ákvörðun daggjalda. Hér eru ákvæði um að svo skuli gert. Þau standa en aðalstefnumörkun þessa frv. er að styrkja ákvæði um hjúkrunarþyngd, sem helst hefur valdið vandkvæðum í þessum samskiptum.

[11:11]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hæstv. heilbrrh. þá svo að hér sé um þá stefnumörkun að ræða í þessu frv. að alvara sé á bak við þann texta að daggjöld skuli ákveðin í samráði við viðkomandi hjúkrunarheimili eða daggjaldastofnanir.

Þetta er mjög mikilsvert mál vegna þess að því miður hafa, eins og komið hefur fram í máli mínu áður, þessar daggjaldastofnanir átt í verulegum rekstrarerfiðleikum á umliðnum árum vegna þess að utanaðkomandi áhrif hækkana hafa ekki verið teknar inn í þann daggjaldagrunn sem stuðst hefur verið við. Ég tel að það hafi verið afar slæmt er hin svokallaða daggjaldanefnd, árið 1991 ef ég man rétt, var aflögð og þáv. heilbrrh. tók þetta allt í sínar hendur. Sú ákvörðun fór fram án nokkurs samráðs við hjúkrunarheimili.

En hér er boðuð ný stefna og ég fagna því ef heilbrrn. ætlar að taka þá stefnu að hafa samráð við hjúkrunarheimilin og horfa á rekstrarumhverfið eins og það er í reynd. Það er mjög erfitt fyrir sjálfseignarstofnanir að taka úr eigin sjóðum ár eftir ár til að reka hjúkrunarheimilin líkt og verið hefur undanfarin ár. En ég fagna því og er sammála heilbrrh. Auðvitað eigum við að vinna að þessu sameiginlega með heilbrigðisstofnununum, að daggjöldin séu sönn og rétt og menn taki hvorki of lítið né of mikið fyrir þá þjónustu sem veitt er. En heilbrrh. þarf líka að vega og meta eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, þ.e. hvaða þjónusta er veitt. Það á ekki að borga öllum jafnt. Það á auðvitað að borga eftir þjónustunni. Ég fagna því að hér sé komin ný stefna og ferskir vindar leiki um heilbrrn.

[11:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að meta hvað vindarnir eru ferskir. Ég held að það sé næstum því logn úti en ég þakka honum orð hans um þetta. Hins vegar vil ég undirstrika, og þetta veit hv. þm. því að hann er kunnugur þessum málum, að á vegum heilbrrn. hefur undanfarna mánuði farið mikil vinna í að greina stöðu þeirra stofnana sem sjá um öldrunarmálin. Það er mjög áríðandi að sú vinna fari fram. Mér er kunnugt um ýmsa erfiðleika sem sjálfseignarstofnanir eiga við að etja sem við þurfum að fara nánar yfir, t.d. hvernig þær eigi að standa að viðhaldi og uppbyggingu. Umhverfið er mjög breytt að þessu leyti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að samstarf og miðlun upplýsinga og viðræður sem liggja til grundvallar ákvörðunum um daggjöld verði að fara fram.

Ég endurtek það sem ég sagði, að hjúkrunarþyngdin er náttúrlega það sem skiptir meginmáli í þessu. Þar er um mesta fjármuni að ræða, þ.e hvort hún er meiri eða minni, og það er RAI-matið sem liggur til grundvallar þar.

[11:15]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í gegnum tíðina hafa samningar við sjálfstætt starfandi lækna verið í höndum Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og samninganefndar lækna hins vegar. Svo gerðist það fyrir nokkrum árum, sennilega í tíð Sighvats Björgvinssonar sem heilbrrh., ef ég man rétt, að sett

var reglugerð sem gerði læknum kleift að veita meðferð og gera aðgerðir á sjúkrahúsum og fá greitt samkvæmt samningi TR og Læknafélagsins. Þessi þáttur starfseminnar jókst síðan verulega í kjölfarið og fyrir nokkrum árum var tekin sú ákvörðun að færa tiltekið fjármagn frá Tryggingastofnun til sjúkrahúsanna, og sjúkrahúsin sjálf hefðu með höndum samninga við lækna um ferliverk.

Með þessu frv. sem við höfum nú fyrir framan okkur er í raun og veru verið að færa samningsgerð vegna ferliverka og starfsemi sjálfstætt starfandi lækna aftur í sama horf, hún er þá aftur á einni hendi. Þess vegna langar mig til að varpa fram spurningu til heilbrrh. vegna áhyggna sem komu fram á málþingi í tengslum við aðalfund Læknafélags Íslands sem haldinn var á laugardaginn var. Þar komu m.a. fram áhyggjur um að þessi skipan samningamála mundi hafa í för með sér mikið ójafnræði milli annars vegar greiðslna til lækna sem vinna ferliverk inni á sjúkrahúsi og hins vegar til þeirra sem vinna þessi störf utan sjúkrahúsanna, þ.e. í öðru tilvikinu væri ríki að semja við ríki og í hinu tilvikinu væri ríki að semja við sjálfstætt starfandi lækna.

Þess vegna langar mig til þess að varpa fram þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort um verði að ræða eina samninganefnd um þessi störf utan og innan sjúkrahúsa, þ.e. hvort ein samninganefnd verði frá ríkinu og önnur frá læknum. Eða hvernig mun þessi breyting formgera sig þegar hún kemur til framkvæmda?

[11:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er megintilgangur frv. og þess að setja þetta samningsumboð á eina hönd að jafnræði sé á milli aðila. Frv. er í sjálfu sér hlutlaust hvað varðar rekstrarform. Það á eingöngu að ríkja jafnræði milli aðila hvort sem þessi verk eru unnin inni á sjúkrahúsum eða utan þeirra, það er megintilgangurinn með frv. og megintilgangurinn með því að sameina þetta samningsumboð. Þær jafnræðisreglur sem eru í gildi í samfélaginu eiga auðvitað að tryggja að þarna sé aðilum ekki mismunað fyrir sams konar störf. Þarna er eingöngu verið að samræma samningsumboðið en ég held að of mikið sé gert úr áhyggjum af því að læknastéttinni verði mismunað.

[11:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi svör. Ég tel að þau séu mjög mikilvæg og ættu að slá á áhyggjur læknastéttarinnar.

Það var annað atriði sem mig langaði jafnframt að spyrja hæstv. ráðherra um. Mig langar að lesa eftirfarandi á bls. 4 í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Sama gildir í þeim tilvikum sem sérhæfð starfsemi er þess eðlis að heppilegra er að hún fari fram á sjúkrahúsum eða hagkvæmara að hún sé á einum stað.“ Og síðan segir áfram: „Þá er nauðsynlegt vegna kennslu- og fræðahlutverks sjúkrahúsa að þar fari fram sem allra fjölbreyttust starfsemi. Þegar læknar eru í fullu starfi á sjúkrahúsi telja heilbrigðisyfirvöld æskilegra að þeim sé sköpuð aðstaða til að sinna ferliverkum inni á stofnuninni fremur en að þeir séu jafnframt með stofurekstur.“

Og þá langar mig að varpa fram spurningu til hæstv. ráðherra: Má skilja greinargerðina á þann veg að heilbrigðisyfirvöld muni í kjölfar þessa frv. færa störf eða verk í meira mæli inn á sjúkrahúsin en gert hefur verið? Á undanförnum árum hefur flutningur á störfum frekar verið frá sjúkrahúsunum í stofur úti í bæ, og þess vegna er mikilvæg spurning hvort þarna sé verið að nota þetta frv. til að færa störfin á ný inn á sjúkrahúsin. Eða munum við jafnvel í kjölfarið sjá fram á að ítarlegri skilgreining fari fram á þeirri starfsemi sem á og þarf að fara fram inni á sjúkrahúsunum og hvergi annars staðar og þannig verði betur skilgreint hvað það er sem hægt er að gera utan sjúkrahúsa, þ.e. aðgerðir eða meðferðir, þar sem ekki er þörf á sjúkrahússinnlögn?

[11:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mikla nauðsyn á að fram fari skilgreining á því og fagleg umræða innan heilbrigðisþjónustunnar hvaða störf eiga að vera inni á sjúkrahúsum og hvaða störf eiga að vera utan þeirra. Ég hef orðið var við áhuga á því að slík umræða fari fram og slíkar skilgreiningar og ég vil stuðla að meiru í þeim dúr.

Varðandi svo greinargerðina og það sem í henni er að finna varðandi fjölbreytta starfsemi inni á sjúkrahúsum, þá hef ég líka orðið var við umræðu um hana og háskólahlutverk sjúkrahúsanna. Þær skoðanir eru uppi í heilbrigðisþjónustunni að fjölbreytt starfsemi þurfi að fara fram inni á sjúkrahúsum vegna kennsluhlutverksins. En svo eru aðrir sem eru þeirrar skoðunar að hægt sé að sinna því kennsluhlutverki annars staðar. Um þetta þarf að fara fram mjög fagleg umræða og ég vil stuðla að því að sú umræða fari fram. Það er mitt svar varðandi þetta.

En frv. í sjálfu sér felur ekki í sér neina ákvörðun um það frá minni hendi að fara að breyta þessu. Hins vegar verður þessi umræða um hlutverk sjúkrahúsanna að fara fram. Hvað á að vera inni á sjúkrahúsum? Á allt sem er þar inni núna að vera þar inni? Ég er alveg tilbúinn til að stuðla að faglegri umræðu um þetta mál.

[11:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu og almannatryggingar sem ég get ekki séð annað en að séu allar meira og minna til bóta. Þarna er verið að taka nokkuð til í kerfinu. Verið er að fá ráðherra tæki til þess að koma stefnu sinni á framfæri, til að koma á forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu, stefnumörkun sem hefur verið samþykkt hér á Alþingi.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er megintilgangurinn að gera heilbrigðisyfirvöldum kleift að vinna að markmiðum heilbrigðisáætlunar, forgangsröðun verkefna og hvar heilbrigðisþjónustan skuli veitt. Ég tók þátt í miklu starfi forgangsröðunarnefndar og hef saknað þess að hafa ekki séð meira koma til framkvæmda af því sem þar var samþykkt. Ég fagna því þess vegna að nú virðist ætla að verða breyting á og hér er verið að gera ráðherra mögulegt að koma forgangsröðunarmálunum í gott horf.

Sömuleiðis fagna ég því að verið sé að auka heimildir Tryggingastofnunar til eftirlits með greiðslum samkvæmt samningum og einnig að verið sé að skýra ákvæðin um daggjöldin. Það hefur verið að gerast alls staðar í heiminum og það er verið að fara eftir ákveðnum viðmiðunum í daggjaldagreiðslum. Þar vil ég sérstaklega nefna RAI-matið sem hæstv. ráðherra gerði að umræðuefni hér og það tekur auðvitað til margra þátta við kostnað á þjónustunni. Og hér á sem sagt að fara að taka það inn í matið.

Það er annað sem ég vil líka nefna, hámarksgreiðslu fyrir tannlæknaþjónustu. Tannlæknakostnaður hefur ekki verið undir hámarki hingað til heldur annar heilsufarskostnaður eða lækniskostnaður. Það hefur verið að þróast í þá átt

undanfarið að foreldrar og þeir sem fá hluta af tannlæknakostnaði greiddan af hinu opinbera, Tryggingastofnun, hafa alltaf verið að greiða meira og meira úr eigin vasa vegna þess að gjaldskrá Tryggingastofnunar hefur ekki verið í samræmi við gjaldskrá tannlækna og þeir hafa verið að láta fólk greiða hærri upphæðir en gjaldskrá Tryggingastofnunar segir til um. Kostnaður fólks vegna tannlækninga barna sinna og sjálfs sín hefur aukist mjög. Breytingar á þessu eru mjög jákvæðar í frv.

Ég tel að nánast allt í þessu frv. sé mjög til bóta. Aftur á móti tel ég að við þurfum að skoða ákveðna þætti nokkuð betur. Ég verð að segja eins og er að ég hafði áhyggjur af því, eftir að hafa setið málþing lækna á aðalfundi Læknafélagsins um síðustu helgi, hvað þetta frv. hefur fallið í grýttan jarðveg meðal lækna. Það er mikilvægt að það sé ákveðin sátt milli heilbrigðisyfirvalda og starfsstétta sem starfa við kerfið.

Það er líka dálítið ankannalegt og leiðinlegt þegar þingmenn koma þar sem verið er að kynna frv. sem ekki hafa verið lögð fram á Alþingi — stjórnarandstöðuþingmennirnir hafa aldrei séð viðkomandi frv. — en nánast allir í salnum virðast vera með það í höndum og eru að vitna í greinargerðir og skýringar án þess að þingmenn, sem eiga að fjalla um þetta og hefðu nú gjarnan viljað koma inn í umræðuna, hafi það við höndina. Það er auðvitað ákaflega hvimleitt. En það er nú einu sinni svo að stjórnarandstaðan sér ekki frv. fyrr en þeim er dreift í þinginu.

Aftur á móti fylgdist ég með kynningu á þessu frv. á málþingi Læknafélagsins og umræðum í kjölfarið. Læknar gagnrýndu þar frv. mjög harkalega, verð ég að segja, og upp komu spurningar um hvort — og það var þá aðallega samninganefndin sem var þar til umræðu og það er kannski eðlilegt að læknar séu ekki tilbúnir til að fallast á svona breytingar án þess að koma þar að. Efasemdir komu þarna fram um að þessi samninganefnd stæðist samkeppnislög. Vísað var til svipaðra breytinga sem höfðu orðið í Svíþjóð fyrir nokkrum árum og að menn væru að hverfa frá vegna þess að þetta hefði eiginlega drepið niður alla sérfræðiþjónustu.

Þetta eru auðvitað þættir sem hv. heilbr.- og trn. þarf að skoða þegar málið kemur til hennar og heyra nánar í þeim sem hafa reynslu af svipuðum vinnubrögðum.

Það var líka gagnrýnt, eins og kom reyndar fram í andsvari áðan, að sami aðili, þ.e. ríkið í þessari samninganefnd, væri að semja við sjálft sig, sem væru Ríkisspítalarnir, og einnig við einkaaðila, þ.e. sjálfstætt starfandi lækna. Menn töldu að hér væri á ferðinni grundvallarbreyting sem ekki mundi nást sátt um. Þetta voru orðin sem féllu um þetta frv. á málþingi aðalfundar Læknafélagsins.

Vegna þessa langar mig að spyrja hæstv. ráðherra og biðja hann að lýsa því fyrir okkur: Hver er munurinn á verkefnum nýju samninganefndarinnar, sem kveðið er á um hér í frv., og verkefnum samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins sem hafði þessa samninga á hendi áður? Fróðlegt væri að fá skýringar á því frá hæstv. ráðherra áður en þessari umræðu lýkur.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég tel að hæstv. ráðherra hafi farið vel yfir þetta frv. og ég geri ekki athugasemdir við sérstaka þætti þess þótt ég telji að ítarleg umræða þurfi að fara fram um samninganefndina í heilbr.- og trn. þegar málið kemur þangað. Við þurfum e.t.v. einnig að fá nánari skýringar á RAI-matinu. Ég er ekki viss um að allir séu með á takteinum hvað felst í því enda er það nokkuð nýtt og víða verið að taka það upp í heilbrigðisþjónustu. Þetta er það sem ég vildi segja í upphafi.

Gagnrýnisraddir frá hv. þm. Sjálfstfl. í garð heilbrrh. varðandi þetta mál komu mér nokkuð á óvart en ég vona að athugasemdirnar sem komu fram í andsvari séu ekki alvarlegar.

Ég tel þetta vera nauðsynlega tiltekt í lögunum og ég tel jafnframt að hún geri heilbrigðisyfirvöldum kleift að vinna markvissar og nýta betur fjármagn sem fer til heilbrigðisþjónustunnar ef menn nýta fyllilega þær lagabreytingar sem hér er verið að leggja til.

[11:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. góðar undirtektir við frv. Varðandi undirtektir lækna hygg ég að þær séu að hluta til byggðar á því að læknastéttin stóð í þeirri meiningu að verið væri að mismuna rekstrarformum með þessu frv. Ég vona að sá misskilningur hafi verið leiðréttur.

Varðandi kynningu á frv. þá er frv. búið að vera nokkuð lengi í undirbúningi og umræða hefur farið fram um það. Menn, m.a. í læknastétt, hafa vitað af þeim umræðum sem hafa verið um þessi mál á vettvangi ráðuneytisins. Meðal annars komu þeir að máli við mig og töluðu um að samráð vantaði og þess vegna var frv. kynnt á aðalfundi þeirra. Mér þótti rétt að koma til móts við þá. Ég vil bara biðja forláts á því. Mér þykir þetta leitt. Ég skil alveg afstöðu hv. þm. til þessa. Það hefði vafalaust verið allt í góðu lagi að kynna stjórnarandstöðunni frv. áður en það kom fram. En ég vona að þetta komi ekki að sök.

Heilbr.- og trn. mun fjalla um málið og vinna það vandlega eins og hennar er von og vísa, kalla eftir skýringum á ýmsum atriðum og umsögnum frá læknum.

[11:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar skýringar. Ég hefði gjarnan viljað fá frá hæstv. ráðherra í seinna andsvari hans skýringar á muninum á þessum samninganefndum, annars vegar nýju samninganefndinni og hins vegar samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins, þ.e. hvort þarna sé um eitthvert annað verksvið að ræða, að hvaða leyti nýja nefndin er öðruvísi eða starfssvið hennar öðruvísi en þeirrar nefndar sem hingað til hefur séð um slíka samninga eða þeirra nefnda sem hafa séð um slíka samninga.

[11:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginmunurinn sem þetta frv. felur í sér frá því sem nú er, er að umboð samninganefndarinnar til þess að semja við lækna sem vinna á sjúkrahúsum og þeirra sem vinna utan sjúkrahúsa verður á hendi eins aðila eftir samþykkt frv. Það er líka ætlunin að styrkja stöðu þessarar nefndar til þess að afla sér upplýsinga og skýra þau ákvæði sem hún á að vinna eftir. Í þessu felst meginmunurinn. Í staðinn fyrir að samningsumboðið sé á hendi tveggja nefnda er það nú sameinað hjá einni samninganefnd. Hv. þingmenn rekur kannski minni til þess að umræða um þetta kom upp í sumar í tengslum við umræðuna um ferliverkin. Þá komu fram þær skoðanir innan heilbrigðisstétta að óheppilegt væri að þetta samningsumboð væri skipt eins er samkvæmt núgildandi lögum.

[11:36]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér er til umræðu stjórnarfrv. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar, lagt fram af hæstv. heilbr.- og trmrh.

Frv. felur m.a. í sér, eins og komið hefur fram, að sameina eigi samninganefndir þær sem semja við lækna um svokölluð ferliverk, hvort sem þau eru unnin innan sjúkrahúsa eða utan þeirra. Til þessa hefur ráðherra gert samninga við sjúkrahúsin um ferliverk og þar hefur ríkið reyndar verið að semja við ríkið, en samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins hefur samið við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um vinnu á stofum. Þessar tvær nefndir eða verkefni þeirra verða samkvæmt frv. sett til einnar nefndar og hlýtur það að vera ákvörðun stjórnvalda hvernig hagað er samningastarfi í þessari grein jafnt og öðrum. Í frv. er síðan tiltekið hvernig í nefndina skuli valið.

Ég dreg ekki dul á að ég hefði helst viljað sjá að Tryggingastofnun ríkisins væri falið að kaupa öll ferliverk innan og utan sjúkrahúsa. En ég get vel sætt mig við að þessu sé beint í þann farveg sem kemur fram í frv.

Í máli manna hér hefur komið fram að verulegar efasemdir eru meðal lækna um ýmis atriði í frv. og ályktaði aðalfundur Læknafélags Íslands um þær efasemdir um síðustu helgi.

Bent hefur verið á að heilbrigðisstarfsmenn eins og það er orðað, en aðallega er átt við lækna, hafi getað flutt sig á milli samninga eftir því hvor samningurinn hefur boðið þeim upp á betri kjör og þess vegna hafi reynst erfitt að halda utan um útgjöld vegna sérfræðiþjónustu. Reyndar verður maður að líta svo á að slíkt val geti verið jákvætt, sérstaklega þegar litið er til þess að flestir læknar hafa einungis við einn vinnuveitanda að semja, ólíkt því sem flestum öðrum stéttum stendur til boða. Ríkið er að jafnaði eini vinnuveitandinn og hjá sjálfstætt starfandi læknum er kostnaður greiddur fyrst og fremst af ríkinu, en að nokkrum hluta þó af sjúklingum.

Auðvitað eru heilbrigðisyfirvöld að reyna að ná utan um kostnað við heilbrigðisþjónustu og það skiptir alla landsmenn máli að vel sé staðið að því, að hún sé rekin á þann hagkvæmasta hátt sem hægt er og að hún sé faglega fyllilega sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Mér hefur fundist sú tilhneiging vera æ meira áberandi að til þess að ná utan um kostnað í þjónustunni sé millistjórnendum fjölgað og að stýriapparatið, stýrikerfið á stofnununum hafi bólgnað út. Maður fer að velta fyrir sér hvort ekki fari að koma að því að spara megi nokkuð í stjórnunarkostnaði með því að fela heilbrigðisstarfsmönnum, og þá á ég fyrst og fremst við lækna, meiri ábyrgð á þeirri vinnu sem þeir sinna. Þeir bera auðvitað faglega ábyrgð á sinni vinnu en ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög æskilegt að setja saman faglega ábyrgð og fjárhagslega ábyrgð og þá er ég að líta á þjónustu innan og utan sjúkrahúsa.

Mér finnst sem sagt að auka þurfi vægi lækna og að þeir eigi að fá að axla þá ábyrgð sem þeir eru hæfir til að gera. Engir eru eins færir um það og þeir vegna þess að mestallur kostnaður í heilbrigðisþjónustunni er ákvarðaður af læknum vegna þeirrar þjónustu sem þeir eru að veita sínum sjúklingum.

Mér finnst mikilvægast að gengið sé út frá þeirri grunnhugsun í heilbrigðisþjónustu við landsmenn að hún sé lagskipt, að hún skiptist með skýrum hætti í grunnþjónustu, sérfræðiþjónustu og sjúkrahúsþjónustu, og það kom fram í máli ráðherra áðan í andsvörum að hann hefði fullan skilning á þessu.

Ég tel því að alla þá þjónustu sem hægt sé að veita hjá heimilislæknum eigi að vera hægt að sækja þangað og að heilsugæsluna eigi að efla í því skyni. Það er verðugt að rifja upp stöðuna milli grunnþjónustunnar og sérhæfðu þjónustunnar, sjúkrahúsþjónustunnar, að það er svona svipað og Davíð og Golíat. Grunnþjónustan krefst kannski 10% af heildarkostnaði við heilbrigðisþjónustu en sjúkrahúsþjónustan 90%. En hlutfall verkefna sem þær eru að fást við í sjúklingafjölda, svo það sé tekið til viðmiðunar, er alveg þveröfugt við þetta, þ.e. að talið er að heilsugæslan geti sinnt um 90% þeirra verkefna sem til falla í heilbrigðisþjónustu og skilji þá eftir 10% af reyndar mjög sérhæfðum verkefnum hjá sjúkrahúsunum.

Ráðherra hefur með skýrum hætti lýst yfir vilja sínum til þess að efla heilsugæsluna. Hann hefur skipað nefnd til að gera tillögur þar að lútandi. Það sem ekki er framkvæmanlegt hjá grunnþjónustunni þarf að sinna af sérfræðilæknum, bæði á göngudeildum sjúkrahúsanna og á einkareknum stofum þeirra. Loks verður það sem eftir er viðfangsefni sjúkrahúsa.

Ekki er verjandi að sjúkrahús sinni verkefnum sem hægt er að leysa annars staðar og jafnvel ódýrar. Það ætti að vera keppikefli heilbrigðisþjónustunnar að sjúkrahús hafi sem minnst af óþörfum verkefnum svo að þau geti séð vel um þá sjúklinga sem enginn annar getur sinnt, m.a. vegna sérhæfingar starfsfólks, sérþekkingar starfsfólks eða sérhæfðs tækjabúnaðar. Helst þyrftu að geta verið einingar innan sjúkrahúsanna með meira faglegt og fjárhagslegt forræði yfir þeirri þjónustu sem þar er veitt.

Háskólahlutverkið eða kennsluhlutverkið finnst mér ekki nægja sem rök vegna þess að kennsla t.d. læknanema og hjúkrunarnema fer einnig fram utan sjúkrahúsa. Hún fer fram í heilsugæslunni og það er mjög mikilvægt að þeir sem eru að læra þessar greinar kynnist verkefnunum á réttum stað, t.d. að þeir kynnist ekki eftirliti með heilbrigðum ungbörnum, eins og ungbarnaeftirliti, inni á sérhæfðum kennsluspítala, heldur kynnist þeir börnunum í því umhverfi með sínum fjölskyldum þar sem þeim er fyrst og fremst sinnt og það er í heilsugæslunni.

Í áranna rás hefur vissulega margt breyst í meðferð veiks fólks. Legudögum hefur fækkað eftir aðgerðir og auðvitað leiðir það til aukins álags á starfsfólk spítalanna þegar æ veikari sjúklingar liggja inni og þurfa umönnun. Sjúklingar komast fyrr á fætur eftir aðgerðir og er það vel. Vel skipulögð heimahjúkrun á þátt í því að hægt er að sinna sjúklingum í vaxandi mæli heima fyrir.

Í 1. gr. frv. segir að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu. Þetta er í samræmi við þau markmið sem sett voru og fram komu í heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2001.

Segja má að það geti í ýmsum tilvikum orkað tvímælis að ráðherra ákveði hvar þjónusta fari fram, svo fremi sem kostnaður er álíka mikill og gæði sambærileg. Þá getur það verið samkomulag milli læknis og sjúklings sem á að ráða og fagleg sjónarmið verða ávallt að vera í fyrirrúmi. Læknar munu ekki sætta sig við að veita aðra þjónustu en þá sem þeir telja besta faglega séð og ég held að sjúklingarnir hljóti að vera þeim sammála.

Hvað gæðum í heilbrigðisþjónustu viðvíkur er eftirlitshlutverk landlæknis skýrt í mínum huga og á ég þar við fagleg gæði í læknisstarfi.

Þá kem ég aftur að því hve miklu skiptir að sérfræðingar í læknisfræði hafi líka sinn skýra sess í læknisþjónustunni, en um þá er lítið sem ekkert fjallað í heilbrigðisáætlun og þeirra er heldur ekki getið í lögum um heilbrigðisþjónustu. Athugasemdir hafa verið gerðar við það orðalag, bæði í heilbrigðisáætlun og í núverandi frv., að stjórn sérfræðilæknisþjónustu sé dreifð og ósamhæfð og bent á ýmis rök gegn þeirri fullyrðingu. En rétt er þó að benda á og undirstrika að allur samanburður við önnur lönd á faglegu innihaldi sérfræðiþjónustu hér á landi er okkur Íslendingum hagstæður, enda búum við vel af menntuðum og metnaðarfullum læknum.

Kannski og vonandi verður það svo að sátt og samlyndi geti ríkt milli lækna og heilbrigðisyfirvalda um ákvarðanir af því tagi sem ég hef nefnt og um sem flesta þætti sé fjallað í frjálsum samningum milli yfirvalda og læknastéttarinnar þótt ráðherra eigi að sjálfsögðu að hafa rétt til að ákveða kostnaðarhlutdeild sjúklingsins.

Komi upp ágreiningur þarf að vera til vettvangur til að leysa úr honum. Í landinu eru í gildi samkeppnislög og er eðlilegt að litið sé til þeirra þegar með þarf. Traust og trúnaður og gott samstarf heilbrigðisyfirvalda við lækna er grundvallaratriði í heilbrigðisþjónustu og allri þjónustu við sjúklingana.

Herra forseti. Frv. verður að loknum umræðum á Alþingi vísað til hv. heilbr.- og trn. og við yfirferð þess þar verður leitað eftir áliti þeirra aðila sem málið kann að varða.

[11:47]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég leyfi mér að fagna sérstaklega þessu frv. sem hæstv. heilbrrh. hefur nú mælt fyrir sem nauðsynlegu framlagi í þágu íslenskrar heilbrigðisþjónustu. Með frv. er kveðið á um ábyrgð heilbrrh. og stefnumörkun í heilbrigðisþjónustunni og ábyrgð hans og forgangsröðun verkefna innan heilbrigðisþjónustunnar. Þar er jafnframt kveðið á um heimildir heilbrrh. til handa til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið til að stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar.

Markmið frv. er fyrst og fremst að tryggja heilbrrh., handhafa framkvæmdarvaldsins í þessum málaflokki, tækin til að samhæfa stjórn þjónustunnar og tryggja að hún sé í samræmi við þau markmið sem að er stefnt og Alþingi hefur sett heilbrigðisþjónustunni með samþykkt heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 á liðnu þingi, sem full pólitísk samstaða var um.

Áætlunin að viðbættum fjárlögum og lögum um heilbrigðisþjónustuna markar nauðsynlegan ramma um það hvernig íslensk heilbrigðisþjónusta skuli vera og jafnframt rammann um hvað hún skuli kosta. Ábyrgðinni á málaflokknum verða að fylgja ótvíræðar heimildir til að starfa, stjórna og skipuleggja innan þess ramma sem Alþingi hefur markað. Og skipulagið ber að byggja bæði fyrst og síðast á hagsmunum og þörfum þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda, að ógleymdu því höfuðmarkmiði heilbrigðisþjónustunnar og heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 sem er heilbrigði fyrir alla.

Frv. geymir enga afstöðu til mismunandi rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu. Frv. leggur hvorki grunn að einkavæðingu innan heilbrigðiskerfisins né setur það einkavæðingu nokkrar skorður. Frv. mælir fyrst og fremst fyrir um að samningar við lækna um greiðslur fyrir ferliverk skuli vera á einni hendi, í höndum einnar nefndar sem ráðherra skipi. Frv. er ætlað að breyta því fyrirkomulagi sem nú er, að launa- og verktakagreiðslur til lækna séu ákveðnar á þremur stöðum. Ákvæði frv. gengur út á að samningar um laun lækna verði í höndum tveggja en ekki þriggja og að hægt verði að tryggja nauðsynlega samræmingu.

Herra forseti. Ég á bágt með að sjá einhverjar forsvaranlegar ástæður eða röksemdir fyrir andstöðu við frv., þ.e. ákvæði þess um eina samninganefnd, og held að almennt hljóti því að vera tekið fagnandi nema þar sem ég tel að einhvers misskilnings hafi gætt um efni frv. eða tilgang þess.

Tilgangur heilbrigðisáætlunar er ekki að spara í heilbrigðiskerfinu í þeim skilningi að draga saman þjónustu þó hún byggi m.a. á því að mikil þjóðhagsleg hagkvæmni leiði af því að ná markmiðum hennar. Og því er ætlað að ná með hvers konar efldu forvarnastarfi og fyrirbyggjandi aðgerðum.

Hins vegar verður sífellt að gæta fullrar hagkvæmni gagnvart því gífurlega og sívaxandi fjármagni sem heilbrigðisþjónustan kallar á og sem allar aðstæður, þar á meðal vaxandi aldur þjóðarinnar, sýna að á enn eftir að aukast jafnt og þétt á komandi árum.

Viðfangsefnin og vandamálin sem við er að etja í heilbrigðismálum eru ýmis og þau eru mörg sem eftir er að leysa og þarf að finna lausnir á. En þar sem launin eru langstærsti hluti útgjalda heilbrigðisþjónustunnar þá leiðir þetta hugann m.a. að mönnun hennar.

Fullnægjandi mönnun er ein meginforsenda góðrar heilbrigðisþjónustu og mikilvægasti þátturinn í að ná markmiðum heilbrigðisáætlunar. En heilbrigðisþjónustuna bera uppi aðrar og fleiri stéttir en læknar, ekki síst þá þjónustu sem veitt er á hjúkrunarheimilum og annars staðar þar sem aldraðir þurfa á hjúkrun og umönnun að halda.

Sjúkraliðar eru þar ekki þýðingarminnsta fagstéttin, en samkvæmt upplýsingum sem lágu fyrir í vor á ráðstefnu sem haldin var um menntun heilbrigðisstétta og mannaflaspár heilbrigðisþjónustunnar, vantaði sjúkraliða í sem svarar 45% stöðugilda innan heilbrigðisþjónustunnar. Samkvæmt spám um mannaflaþörf, að teknu tilliti meðal annars til breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu árum, þyrfti innan heilbrigðisþjónustunnar að fjölga um 300 einstaklinga með sjúkraliðaréttindi á hverju einasta ári næstu fimm árin og síðan um 100 sjúkraliða á ári þaðan í frá.

Ef ekki verður brugðist við þessum fyrirsjáanlega skorti, er ljóst að gæði heilbrigðisþjónustunnar munu dragast saman. Til að bregðast við þörfinni fyrir fleiri sjúkraliða til starfa hefur m.a. verið rætt um að sérsmíða þurfi sjúkraliðanámið að þörfum ófaglærðs starfsfólks sem vinnur við aðhlynningu, það þurfi að bæta starfsaðstöðu sjúkraliða og vinna að bættri ímynd starfsins.

Hjá því verður hins vegar aldrei litið að það eru launakjörin sem í boði eru sem ráða ekki minnstu um hver ímynd starfsins er og eru ein meginástæða þess að sífellt færri sækja í nám í þjónustu á sviði umönnunar og aðhlynningar hvers konar, þ.e. í hin dæmigerðu kvennastörf. Þetta tel ég að hafi ekki minna að segja, þ.e. hvernig við stöndum að því að fjölga í þessari stétt, en þau ákvæði sem frv. fjallar um og kemur að kjaramálum lækna.

En ég geri ráð fyrir að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn. og ég vænti að þar fái það vandaða og gagngera meðferð.

[11:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. virðist ætla að láta til sín taka í því sem máli skiptir við að endurskoða þýðingarmikla þætti í heilbrigðiskerfi okkar. Á því er ekki vanþörf. Ég óska honum góðs gengis í því brýna verkefni og að honum takist að koma fleiru í verk en því sem hér er að finna, jafnágætt og það er.

Það er merkileg staða uppi hjá okkur Íslendingum hvað varðar einkarekstur. Þegar við förum að skoða hvernig einkarekstur hefur þróast eiginlega af sjálfu sér, án mikillar umræðu og þýðingarmikilla ákvarðana um að opna fyrir einkarekstur, hvort heldur í mennta- eða heilbrigðiskerfi, þá hefur það gerst og gerist í skjóli einhvers konar pilsfaldakapítalisma. Þannig er það í menntakerfinu. Opnaðir hafa verið einkaskólar og einkaskólarnir fá sama ríkisframlag og ríkisskólarnir, en þeir fá bara leyfi til að taka gjöld til að hafa sinn skóla flottari, til að kaupa betri, fleiri og dýrari tæki, búa betur að nemendum og greiða betri laun. Síðan á ríkisskólinn að keppa við þetta fyrirkomulag sem ábyggilega þekkist hvergi á byggðu bóli.

Förum svo yfir í heilbrigðiskerfið. Þar hafa ákveðnar fagstéttir fengið heimild til að flytja starfsemi sína frá sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum í einkarekstur á stofu úti í bæ. Og hver borgar þegar upp er staðið? Neytandinn, sjúklingurinn. Afgangurinn fer á samneysluna, eðlilega, af því að þær fagheilbrigðisstéttir sem hér um ræðir hafa fengið heimild til þess að vinna á eigin forsendum nokkurn veginn, auðvitað með ákveðnum samningum, allt öðruvísi samningum en þeirra sem starfa á stofnunum og sjúkrahúsum, og senda Tryggingastofnun reikninginn.

Auðvitað er eftirtektarvert að svo sé komið að skoða verði í alvöru sjálfstæða starfsemi t.d. lækna og ferliverk þeirra, hvort heldur er á einkastofunum eða hvort opna eigi á að heimila læknum sem starfa á sjúkrahúsunum — og það gera flestir sem eru með stofur úti í bæ líka — svokölluð ferliverk inni á sjúkrahúsunum. (**Gripið fram í:** Þeir eru það.) Í ríkari mæli. Hvað er svo þetta sem við köllum ferliverk? Þau eru í mörgum tilfellum ýmsar aðgerðir, mismunandi stórar.

Hér kom hv. þm. Ásta Möller og sagði að mikilvægt væri að skoða hvað þurfi að fara fram inni á sjúkrahúsunum. Ég er sammála hugsun þingmannsins Ástu Möller. En ég mundi sjálf kjósa að orða það svo að við verðum að skoða hvað best sé að fari fram á sjúkrahúsunum en ekki annars staðar, af því að á sjúkrahúsum eru í mörgum tilfellum skurðstofurnar, aðgerðastofurnar, tækin, öryggisþættirnir og allt sem þarf að vera reiðu ef eitthvað kemur upp á.

Auðvitað vitum við öll varðandi aðgerðir sem hafa farið fram úti í bæ að ef eitthvað kemur t.d. upp á, þá senda læknar á viðkomandi stofu, eða hvað það heitir einkarekna fyrirbærið úti í bæ, sjúkling sinn um leið og eitthvað sýnist óöruggt beint á sjúkrahúsið þar sem viðkomandi læknir er e.t.v. sjálfur læknirinn sem tekur við sjúklingnum á sjúkrahúsinu til þess að meðhöndla í réttu umhverfi það sem e.t.v. hefur farið úrskeiðis.

Það á að skoða alla þessa þætti, skoða hvað best er að fari fram á sjúkrahúsunum, skoða hvernig við nýtum best þá dýru stofnun sem sjúkrahús er, hvað við viljum að sé þar, hvernig hún er búin tækjum og hvað sé í lagi að gera annars staðar.

En við eigum líka að vera gagnrýnni á hvað einkastofnun er, hvort heldur það er einkaskóli eða einkasjúkrahús þó í smáum stíl sé, og hvers konar ríkisrekið samfélagsfyrirbæri við viljum hafa. Ég verð að viðurkenna að mér hefur alla tíð fundist afskaplega undarlegt, og ég hef af því reynslu, að vera með barn sem þurfti að fara í margar aðgerðir og eftirlit á sjúkrahúsi. Stærstu aðgerðirnar voru undantekningarlaust gerðar á sjúkrahúsinu, eftirlit og skoðun utan sjúkrahússins. Litlu aðgerðirnar voru gerðar á stofu úti í bæ sem læknirinn á sjúkrahúsinu rak með félögum sínum. Við þekkjum þetta öll. Ég verð að viðurkenna að þegar ég kom klukkan fimm um eftirmiðdaginn með barn sem átti að fara í svæfingu og aðgerð og læknarnir sem þarna voru voru allir búnir að vera við aðgerðir fyrr um daginn á sjúkrahúsinu og nú var svo komið að fínu skurðstofurnar á sjúkrahúsinu stóðu auðar en ég komin með barnið til að fara með það í svæfingu á lítilli aðgerðastofu úti í bæ, að ég spurði mig æ ofan í æ: Af hverju er ég hér? Af hverju mætti ég ekki, t.d. að loknum stóru aðgerðunum á sjúkrahúsunum klukkan þrjú, eða hvað klukkan er nú þegar þar er hætt, með barnið í öruggt umhverfi? Þrátt fyrir allt átti að svæfa það. Af hverju var ég með það úti í bæ þar sem beðið var kannski eftir 17 aðgerðum klukkan fimm um dag? Af hverju sat ég þar á lítilli biðstofu með fjöldanum öllum af sjúklingum, börnum eða fullorðnum? Og af hverju sat ég með barnið mitt bak við lítið tjald og beið eftir að það vaknaði þannig að ég gæti borið það út í bílinn til að keyra það heim? Af hverju var ég ekki með barnið í öruggara umhverfi? Auðvitað gengur þetta allt vel ef maður er svo heppinn að ekki koma upp nein vandamál. En ég hugsaði um stóra sjúkrahúsið og barnadeildina sem ég þekkti svo vel, fyrirmyndarbarnadeild. Ég velti því fyrir mér af hverju við erum með heilbrigðiskerfi þar sem barnið fer ekki í aðgerð þarna áfram og er í fínu umhverfi meðan það er að vakna og af hverju ekki er búið betur að barnadeildinni með þessum fjármunum í stað þess að flytja verkefni út í bæ svo að læknirinn þar fari að selja ríkinu vinnu sína með öðrum hætti en inni á sjúkrahúsinu.

Sjaldan hef ég orðið glaðari en þegar þáv. heilbrrh. Guðmundur Árni Stefánsson tók skrefið í að byggja barnaspítalann sem búið var að tala um áratugum saman. Ég fagnaði því og ég mun fagna því þegar hann verður opnaður af því að ég þekki starfsemina í því umhverfi.

Ég verð að segja, hv. þingmenn, að þegar við erum að ákveða að kaupa dýr rannsóknartæki á stofu úti í bæ af því það sé svo hagkvæmt að allir sem þurfa að fara í slíka rannsókn fari bara í rannsóknina á rannsóknarstofu úti í bæ og borgi sinn skerf og reikningurinn sé síðan sendur á samneysluna — tækið er ekki til á spítalanum — að þegar maður situr við sjúkrabeð fárveiks sjúklings með 40 stiga hita og það þarf að pakka honum inn og senda hann út í bæ á rannsóknarstofu til að láta hann fara í rannsókn þar af því að sniðugra þótti og betra að hafa dýra rannsóknartækið þar en á spítalanum, þá viðurkenni ég, með þá samfélagssýn sem ég hef, að ég skil ekki hagkvæmnina og dæmið af því að mér finnst að besta aðstaðan eigi að vera á sjúkrahúsinu, að þar eigi að vera hagkvæmni. Þar eigum við að skoða hvernig reksturinn er bestur.

Þess vegna hef ég t.d. verið fylgismaður þess að sameina stóru sjúkrahúsin og að ákveða hvar við ættum að hafa barnaspítala þar sem besti aðbúnaðurinn væri, í stað þess að

deila honum á þrjá staði, að ákveða hvar bestu rannsóknartækin skuli vera og að öruggt sé að sá sem veikastur er geti farið í tækið en ekki þurfi að pakka honum inn og keyra hann í sjúkrabíl fram og til baka fárveikan og að við nýtum rannsóknastofurnar.

Gera menn sér grein fyrir því að ef sjúklingur lendir á sjúkrahúsi hér á landi á föstudagskvöldi og ekki er hægt að finna út hvað að honum amar, jafnvel þó það sé dularfullt, jafnvel hættulegt, þá er engin rannsóknastofa opin fyrr en á mánudegi? Ég lenti í því fyrir ári síðan að sitja yfir slíkum sjúklingi. Það var sennilega ekki talið nógu alvarlegt að kallað væri út fólk. Þannig var það.

Ég hef líka komið á sjúkrahús í sjálfri Ameríku, vöggu einkavæðingar og einkareksturs á öllum sviðum, á sjúkrahús þar sem kemur fólk alls staðar að úr heiminum. Ég sat með lækni þar klukkan átta um kvöld og það var pípað á hann. Og ég spurði: Er þetta ekki sjúkrahús þar sem er eiginlega bara allt er í gangi til fimm á daginn? Nei, þetta sjúkrahús hefur hvorki efni á því að láta skurðstofurnar sínar standa auðar né að nýta ekki rannsóknartæki og rannsóknastofur, helst allan sólarhringinn.

Það sem ég er hér að segja er að við þurfum að skoða margt. Ég stend ekki hér með lausnirnar. Ég opinbera fyrir ykkur þær hugsanir sem hafa áreitt mig á sérstökum stundum þegar ég er að njóta heilbrigðiskerfisins sem mér finnst afbragðs gott á Íslandi. Ég held að leitun sé á betra en því að fara á sjúkrahús sjálfur eða með barn eða aldraðan hvað þjónustuna, umönnunina eða umhyggjuna varðar og það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með því í gegnum tíðina hve starfsmannahald hefur verið stöðugt á þungum deildum sjúkrahúsanna. Það er til slíkrar fyrirmyndar. Ég vil að við hlúum að þessum þætti til að þannig verði það áfram að við metum um leið og við forgangsröðum, eins og hæstv. ráðherra er að tala um, hvað viljum við helst, hvað sé best að fari fram á sjúkrahúsunum.

Svo held ég að fyrr en síðar verðum við að líta þannig á að einkarekstur sé einkarekstur og að fyrir hann sé borgað, ef það er það sem fólk endilega vill — það er ekki mín stefna — en að hið opinbera sjái um rekstur hins opinbera þannig að við eigum möguleika á því, ef fagstéttir t.d. í heilbrigðiskerfinu — ég nefni þetta vegna þess að nú erum við að ræða heilbrigðiskerfið en þetta á við um fleiri — vilja vera úti á markaðnum með eigin rekstur, þ.e. ef niðurstaðan á eftir að verða sú við skoðun í samfélaginu, eigum við þá ekki að hafa það þannig að allt það færa fólk í heilbrigðisstétt, sem er úti um allan heim að störfum, geti komið heim að starfa á stofnunum og sjúkrahúsum þar sem fólk nú er í tveim og þrem störfum og aðrir komast ekki að?

Herra forseti. Þetta eru vangaveltur mínar, ekki lausnir, ekki endilega umræða um hverja grein í frv. En svo sannarlega á þessi umræða við hér og nú.

[12:08]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hugleiðingar hv. þm. eru afskaplega gagnlegar og gagnrýnar og þannig þarf alltaf að ræða um heilbrigðiskerfið. Það þarf að ræða það á mjög gagnrýninn máta.

Mig langaði aðeins að ræða um þann þátt sem snýr að því sem ég tel vera misskilning í huga stjórnmálamanna á þingi, þ.e. þegar verið er að tala um einkarekstur. Stefna t.d. Sjálfstfl. er sú að heilbrigðisþjónusta sé samfélagsleg þjónusta sem að mestu eigi að greiða úr opinberum sjóðum. Ég ætla að endurtaka þetta. Heilbrigðisþjónusta er samfélagsþjónusta sem að mestu á að greiða úr opinberum sjóðum. Í dag er skiptingin þannig að 85% eru greidd úr opinberum sjóðum en 15% af þjónustugjöldum sem koma úr vasa einstaklinga. Það er með því minnsta sem gerist innan OECD. Þetta hlutfall hefur verið óbreytt.

Það sem skiptir máli í þessari umræðu er að þetta breytist ekki. Hins vegar segir enginn mér að ríkið eða sveitarfélögin séu best í að reka heilbrigðisþjónustu. Eitt er það sem ríkið á að gera, þ.e. að skilgreina þjónustuna, hvað eigi að kaupa, og síðan að láta það í hendur annarra aðila til að veita þjónustuna. Ríkið skilgreinir, borgar og hefur eftirlit. Aðrir aðilar, þess vegna einkaaðilar, veita þjónustuna undir þessu eftirliti samkvæmt ákveðnu verði.

Ég held einmitt að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi hitt naglann á höfuðið þegar hún nefndi sjúkrahúsið í Bandaríkjunum sem hún heimsótti. Var það ríkisrekið sjúkrahús? Nei, það var ekki ríkisrekið sjúkrahús. Það var einkarekið sjúkrahús, geri ég ráð fyrir.

[12:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara eitt sem við hv. þm. Ásta Möller erum sammála um og það er að heilbrigðisþjónustan eigi að vera samfélagsþjónusta. Um annað held ég að við séum mjög á öndverðum meiði. Það dugir ekki að segja að þetta hafi verið u.þ.b. þannig að sjúklingar borgi 15% og að hlutfallið sé lágt vegna þess að þetta snýst auðvitað um af hverju hlutfallið er. Hverjir sjá um verðlagninguna? Hvernig verður verðlagning til? Ég hef verið ágæt í stærðfræði og er dálítið stolt af því og það fær mig enginn til að trúa því að betra sé að reisa fyrst stór og glæsileg sjúkrahús og búa þau góðum skurðstofum en síðan komi einhverjir aðrir og byggi skurðstofur t.d. úti í bæ. Þeir eru fram á miðjan dag á sjúkrahúsinu og nota stofurnar þar en fara síðdegis út í bæ og nota stofurnar þar. Þetta eru a.m.k. tveir steinkumbaldar. Það er a.m.k. tvöfalt sett af tækjum. Auðvitað er verið að gera þetta af því að verðlagningin er tvenns konar. Og hver borgar? Samfélagið. Það er mjög einfalt.

Auðvitað var sjúkrahúsið sem ég var að nefna og sem ekki telur sig hafa efni á því að hætta um miðjan dag að nýta það sem kostar eitthvað og hefur verið fjárfest, einkasjúkrahús. En það þýddi ekkert að fara með reikningana þaðan inn í einhverja tryggingastofnun, enda kemur þangað fólk alls staðar að úr heiminum og borgar fúlgur fyrir.

Það ætti frekar að vera umhugsunarefni fyrir þann flokk sem alltaf er að tala um einkarekstur að reyna að skoða það þá frekar að stofna slíkt sjúkrahús hér þar sem þeir sem vilja vera í einkarekstri geta tekið til sín sjúklinga alls staðar að úr heiminum og látið þá borga fyrir þjónustuna. Af hverju þarf að stunda þennan pilsfaldakapítalisma í samfélagsþjónustunni hjá okkur?

[12:13]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta gefur tilefni til umræðu á ýmsum nótum. Ég lít svo á að frv. sem við erum með hérna fyrir framan okkur opni á aukna möguleika til þess að nýta þau tæki sem eru inni á sjúkrahúsunum.

Eins og ég benti á áðan í andsvari við hæstv. heilbrrh., þá opnaði heilbrigðisráðherra Alþýðuflokksins á ferliverk inni á sjúkrahúsunum einmitt til þess að nýta betur þau tæki og tól sem eru þar. Og það hefur verið gengið enn lengra í þá veru.

Það sem mér finnst eitt mikilvægasta verkefnið fram undan í heilbrigðisþjónustu er að ná utan um kostnaðinn. Og það er hægt að gera m.a. með samningum við heilbrigðisstarfsmenn um ákeðið magn þjónustu, hvort sem það er gert innan eða utan sjúkrahúsa. Það er þannig, hv. þingmaður, að sum verk í heilbrigðisþjónustu eru þess eðlis að fólk þarf ekki að leggjast inn á sjúkrahús til þess að þau séu gerð.

Mörg verk, eins og t.d. hálskirtlataka sem nefnd var hér áðan, er hægt að gera utan sjúkrahúsa. Hún þarfnast ekki innlagnar. Og eftirlitið á að vera slíkt og þjónustan, að fólk á að vera öruggt. En það þarf ekki sjúkrahús til. Ef einstaklingur sem fer í hálskirtlatöku er lagður inn á sjúkrahús — það væri þá náttúrlega í einhverjum sérstökum tilvikum — þá kallar það á aukið starfsmannahald og aukinn kostnað.

Það er hægt að gera það jafnöruggt, jafn vel og með jafnmiklu eftirliti úti í bæ. En kostnaðurinn er minni. Það er bara þannig að þegar fólk er að veita þjónustu og heldur sjálft utan um peningana þá fer það betur með aurana. Þannig er það.

[12:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp í lokin til að fyrirbyggja þann hugsanlega misskilning að ég hafi ekki tekið undir þetta frv. Ég fagna því sem hér á að gera. Ég fagna því að það á að nánar eigi að fjalla forgangsröðun. Ég fagna því að skoða eigi stofnanir. Ég hef tekið undir að það er mikilvægt að skoða hvað best sé að fari fram inni á sjúkrahúsunum. Ég vil að það sé tekið kröftuglega á þessum málum. Ég vil að menn séu gagnrýnir. Mér líkar það ekki að þessi mál hafi verið eins og opinn krani þar sem sumir, alls ekki allir, hafa getað farið út í bæ, opnað það sem þeim hefur sýnst og sent reikninginn á samfélagið. Þetta geta ekki allar fagstéttir.

Ég vil líka taka það fram að þeir læknar sem hafa verið með aðgerðir úti í bæ eru margir hverjir frábærir. Ég hef farið til þeirra og fundist ég örugg. Ef verið var að vísa í dæmi sem ég tók þá var það ekki kirtlataka. Það eru gerðar heilmargar vandasamar aðgerðir úti í bæ.

Ég vil að við förum að skoða þetta. Ég vil að menn fari að ákveða hvað er einkarekinn skóli og hvað ekki. Og hvað er einkarekin starfsemi á heilbrigðissviði og hvað ekki.

[12:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur hæstv. heilbrrh. lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

Þetta frv. er að mörgu leyti mjög áhugavert. Og tilgangur frv. á að vera að: „ ...að styrkja stöðu heilbrigðisyfirvalda til að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og að heimila heilbrigðisráðherra að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði þjónustunnar."

Við höfum nýlega samþykkt heilbrigðisáætlun sem gilda á til ársins 2010. Ef við ætlum að ná þeim markmiðum sem þar eru lögð fram og við höfum samþykkt þá verður að breyta stjórnun í heilbrigðisþjónustunni.

Við höfum varðandi ferliverk haft tvær samninganefndir og þjónustan hefur þróast sjálfkrafa, að eigin frumkvæði, eigin hvötum og raunar þróast af framboði þeirra sérfræðinga sem hafa verið til staðar innan ákveðinna greina á ákveðnum tíma. Þjónustan hefur þróast ómarkvisst frá heilsugæslunni eins og til stóð að byggja hana upp, yfir í sífellt meiri sérfræðiþjónustu utan heilbrigðisstofnana.

Það hefur verið mikið bráttumál að fá aukið fé til sjúkrahúsa hvar sem er á landinu, ekki síður úti á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu. Reynt hefur verið að fjölga ferliverkum þar til að efla sérfræðiþjónustu úti um land og hefur gengið mjög erfiðlega að fá aukið fjármagn til þeirrar starfsemi. Vísað hefur verið til fjárhagsramma hverrar stofnunar fyrir sig. Þetta hefur staðið mörgum stofnunum fyrir þrifum. Þær hafa ekki getað bryddað upp á nýrri þjónustu, ekki getað fengið til sín t.d. lækna eins og kvensjúkdómalækna, barnalækna, sálfræðinga og sérfræðinga, nema í mjög takmörkuðum mæli þar sem mjög hefur verið þrengt að þessum stofnunum. Sérfræðingar á þessum sviðum hafa aftur á móti getað komið eða veitt þjónustu á eigin stofu eða eigin forsendum án þess að hafa nokkrar áhyggjur af fjárhagsramma sjúkrahúsanna.

Svona hefur þetta þróast. Ég fagna því að það skuli reynt að koma einhverjum böndum á þessa þróun, þ.e. að við höfum áhrif á að heilbrigðisþjónusta verði veitt í grunnþjónustunni, ef við reynum að beina frumþörfum inn til heimilislækna á heilsugæslustöðvum, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, að sérfræðingar séu nýttir þegar á þarf að halda og sjúkrahúsþjónustan sé efsta stigið sem tekur við erfiðustu tilfellunum.

Þetta hefur allt farið í rugling hjá okkur. Margir hafa farið beint til sérfræðinga með sín vandamál, oft vegna þess að það hefur ekki verið hægt að fá tíma á heilsugæslustöðvunum. Það á sérstaklega við um höfuðborgarsvæðið. Hér er bara mjög erfitt að komast að og þar af leiðandi hefur fólk frekar farið beint til sérfræðinga þar sem auðveldara hefur verið að að komast að. Þar af leiðandi höfum við ekki stýrt þessu eins og við hefðum viljað.

Ég held að forsenda þess að hægt sé að koma á þessum samningum og að hlutirnir gangi vel í framtíðinni — því auðvitað verður þetta ekki gert nema í góðu samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn og þá sérstaklega lækna — sé að farið verði í þá vinnu að skilgreina þá þjónustu sem við teljum að eigi að vera á sjúkrahúsunum, hún sé skilgreind þar og hvað við teljum að geti verið unnið utan sjúkrahúsanna. Ef þessi vinna liggur fyrir þegar farið verður í samningaviðræður, þá held ég að samningar um ferliverkin verði auðveldari í framhaldi af því.

Í aðeins einni grein frv. er komið inn á greiðslur til dvalarheimila, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila, sem ekki eru á föstum fjárlögum. Það á að greiða þessum stofnunum samkvæmt hjúkrunarþyngd eða RAI-mati. Ég held að það hljóti að vera af hinu góða að þar sé samræmdur grunnur og að greiðslur til viðkomandi stofnunar séu þá metnar eftir hjúkrunarþyngd. Í RAI-mati er meira en bara hjúkrunarþyngdin. Við í heilbr. og trn. munum fara vel yfir hvað þetta þýðir.

Eins þurfum við að skoða 8. gr. vel, þar sem segir: „Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að veita Tryggingastofnun ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar úr sjúkraskrám, vegna ákvörðunar um greiðslu bóta..."

Við þurfum auðvitað að vita nákvæmlega hvar við stöndum gagnvart persónuverndinni þegar við förum yfir þessa grein.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Í heildina líst mér vel á þetta frv. Við þurfum alla vega að taka til

hendinni ef við ætlum að ná markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar. Það er þjóðhagslega hagkvæmt að veita þjónustu á réttu þjónustustigi. Því ber okkur líka að efla forvarnirnar, auka þjónustu í heimahúsum og nýta þá starfskrafta sem við höfum, t.d. sjúkraliða og ófaglært starfsfólk, til að sinna grunnþjónustunni og í heimahjúkruninni. Við verðum öll að leggjast á eitt við að finna hverju verkefni rétt þjónustustig.

[12:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þm. hv. Samfylkingarinnar fagna því að frv. er komið fram og tel að flest atriði þess séu til bóta. Eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fór hér yfir áðan þá skiptir þetta miklu máli, þ.e. forgangsröðun þeirrar þjónustu sem á að veita. Það auðveldar það að ná markmiðum heilbrigðisáætlunar sem samþykkt var hér á Alþingi af fulltrúum allra flokka. Ég tek einnig ég undir það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður kom aðeins inn á varðandi auknar heimildir Tryggingastofnunar til eftirlits.

Ég vildi þó kannski spyrja hæstv. ráðherra fyrst, áður en ég fer út í það sem mér finnst skipta hvað mestu máli í þessu frv. Í 6. gr. frv. segir:

„Ráðherra skal ákveða daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum með reglugerð að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir."

Síðan segir: „Daggjöld hjúkrunarheimila og daggjöld vegna hjúkrunarrýma skulu ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd."

Þau daggjöld sem áætluð eru á dvalarheimilum, hvaða regur gilda um þau? Hvernig eru þau metin? Hvaða kröfur eru gerðar til dvalarheimila fyrir aldraða? Hvernig er eftirliti háttað af hálfu ráðuneytis eða annarra aðila með því að sú þjónusta sem gert er ráð fyrir að sé til staðar, miðað við það fjármagn sem viðkomandi stofnun fær, sé veitt? Er um reglubundið eftirlit að ræða? Þetta á þá auðvitað einnig við um hjúkrunarheimilin, það þarf auðvitað reglubundið eftirlit.

Mér hefur virst af heimsóknum mínum á dvalarheimili aldraðra vítt og breitt um landið, að það vanti töluvert upp á að eftirlitið með þessum stofnunum sé fullnægjandi. Þjónustan sem veitt er á viðkomandi stofnunum er afar mismunandi. Ég held að mikil þörf sé á að samræma þessa þjónustu, endurskoða þær reglur sem gilda um hana, þ.e. á dvalarheimilum fyrir aldraða, og sjá til þess að þjónustan sem á að veita sé til staðar, sérstaklega hvað varðar þá sem eiga við einhverja sjúkdóma að stríða en þurfa ekki að vera á hjúkrunarheimilum. Þar ber auðvitað að athuga þjónustuna og þær kröfur sem gerðar eru til starfsfólks. Er krafa gerð um það að hjúkrunarfræðingur, sjúkraliði eða læknir sé í föstu starfi eða eftirliti — eða allir þessir heilbrigðisstarfsmenn séu reglubundið til staðar? Er eitthvað um að rekin séu elliheimili eða dvalarheimili fyrir aldraða án þess að faglærður starfsmaður úr heilbrigðisstétt, annaðhvort sjúkraliði eða hjúkrunarfræðingur, starfi á staðnum? Eru einhver dæmi þess? Ef svo er þá vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Segir ekki í þeim reglum sem gilda um starfsemi slíkra stofnana að þar skuli vera faglærður heilbrigðisstarfsmaður í fullu starfi?

Virðulegur forseti. Það sem ég vildi gera hér fyrst og fremst að umtalsefni er e.t.v. ástæða þess að þetta frv. er lagt fram, þ.e. hvernig farið hefur með greiðslu fyrir ferliverk inni á sjúkrahúsum og hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Þegar reglugerðin var sett á 1992 þá var, að mig minnir, miðað við að þarna væri um verk að ræða þar sem ekki þurfti að leggja sjúklinginn inn nema í undantekningartilvikum, þá helst ekki nema í um 24 tíma. Þegar ferliverkaeiningar svokallaðar voru ákveðnar á heilbrigðisstofnanir þá var viðmiðunin sett á árin 1996 og 1997. Síðan þá hefur hlutverk mjög margra sjúkrastofnana og sérstaklega sjúkrahúsa út um landsbyggðina breyst. Mikill metnaður hefur verið lagður í það af hálfu þeirra sem hafa rekið þessi sjúkrahús að bjóða upp á fjölþætta og öðruvísi starfsemi en veitt var á viðmiðunarárunum 1996 og 1997. Engu að síður hefur afstaða ráðuneytisins ekki breyst nema að litlu leyti til þess hversu margar einingar eiga að fara á viðkomandi sjúkrahús eða sjúkrastofnun.

Ríkisendurskoðun tók að sér að gera úttekt á ferliverkum sjúkrahúsa og henni var skilað í júní sl. Staðan á níu sjúkrahúsum á landinu var athuguð. Sex þessara níu sjúkrahúsa höfðu farið verulega fram úr þeim áætlunum sem gerðar voru varðandi það magn ferliverka sem hvert sjúkrahús fékk úthlutað. Niðurstöðutölur Ríkisendurskoðunar segja, ef miðað er við tölur frá þeim níu sjúkrahúsum sem úttektin náði til, að umfang ferliverka í heild hafi aukist um tæplega 4% milli áranna 1999 og 2000 en dæmi eru um einstök sjúkrahús þar sem vöxturinn var mun meiri, jafnvel tugir prósentna. Samtals var farið meira en 333 þús. einingar fram yfir úthlutað einingamagn á sex þessara sjúkrahúsa á viðkomandi tímabili.

Ýmsir munu halda því fram að þetta væri stjórnendum sjúkrahúsanna að kenna, að þarna væri verið að fara langt út fyrir þann ramma sem áætlaður er í fjárlögum hverju sinni, að reglurnar segðu að menn skulu halda sig innan þess ramma sem ákveðinn er. Og innan þess ramma er ferliverkaeiningum úthlutað.

Þegar stjórnendur þessara sjúkrahúsa hafa síðan farið í viðræður um breytingar við heilbr.- og trmrn. hefur það auðvitað átt mjög erfitt um vik með að auka fjárveitingar, einfaldlega vegna þess að Alþingi hefur líka sett ráðuneytinu ákveðinn ramma til að fara eftir. Þá hafa þeir sem starfa á sjúkrahúsunum ákveðin ráð til að mæta þessu. Og ég ætla, virðulegi forseti, að lesa upp úr skýrslunni án þess að tilgreina um hvaða stofnun er að ræða, hvernig því er mætt þegar úthlutaðar einingar eru uppurnar um mitt ár. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er um að ræða eitt dæmi af mörgum, með leyfi forseta:

Í ársbyrjun árið 2000 tilkynnti nýráðinn framkvæmdastjóri sérfræðingum við þessa ákveðnu stofnun að meðan einingakvóti stofnunarinnar væri óbreyttur yrði við það miðað að ekki yrðu unnin ferliverk umfram kvóta, þ.e. 56.034 einingar. Sérfræðingar voru ósáttir við þetta og brást hluti þeirra við með því að koma á fót einkarekinni læknastofu utan stofnunarinnar. Náðust samningar milli sérfræðinganna og Tryggingastofnunar um einingar vegna þeirrar starfsemi. Framkvæmdastjóri vann að því í samráði við ráðuneytið að stofnunin fengi auknar heimildir til ferliverka og voru sérfræðingar upplýstir um framgang mála. Í maí var ljóst að einingakvóti yrði senn á þrotum. Um miðjan júní voru einingar stofnunarinnar uppurnar. Til að bregðast við ákvað ráðuneytið að fela Tryggingastofnun ríkisins að gera samning við hvern og einn sérfræðing um tiltekinn fjölda eininga út árið. Samningarnir fólu samtals í sér 55.000 einingar. Samkvæmt þeim gerði Tryggingastofnun ríkisins beint upp við sérfræðingana en stofnunin innheimti sjúklingahluta og

aðstöðugjöld. Ekki var unnið að fullu upp í þann viðbótarkvóta sem fékkst með þessu móti á árinu 2000 en í heild námu unnin ferliverk á þessari stofnun 105.069 einingum á því ári — á því ári sem áður hafði fengið úthlutað, virðulegi forseti, 56.034 einingum. Til viðbótar við þau ferliverk sem hér hefur verið fjallað um vinnur háls-, nef- og eyrnalæknir ferliverk innan stofnunarinnar sem farandsérfræðingur með samning við Tryggingastofnun ríkisins. Svæfingalæknir stofnunarinnar vinnur með honum samkvæmt sérstökum samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Það er sem sagt í viðbót við þessar 105.000 einingar sem urðu niðurstaðan eftir árið — þegar úthlutaðar einingar voru 56.000.

Og af hverju skyldi þetta nú vera? Það er vegna þess að þarna er um tvöfalt samningakerfi að ræða. Og ég tel að það frv. sem ráðherra leggur hér fram sé eitthvert besta svarið við þeirri gagnrýni sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi það hvernig farið er með ferliverkið.

Ég tel að ef ein samninganefnd heldur um stýrið séu meiri möguleikar á að meta raunverulega þörf stofnunar, það sé hægt að sleppa þeim viðmiðunarárum sem áður voru og meta betur hvort t.d. skuli farið út í meiri sérhæfingu á sjúkrahúsum úti um landsbyggðina þar sem ákveðin þjónusta er keypt af þeim og ferliverkaeiningum úthlutað á móti. Og með því sé í raun og veru líka hægt að nálgast mun betur það markmið sem sett er fram í heilbrigðisáætlun um forgangsröðun verkefna innan heilbrigðisþjónustunnar. Ef slík samninganefnd á að skila sem bestum árangri verður auðvitað að fara í það verkefni sem hér hefur verið nefnt, þ.e. að skoða vel hvaða verkefni á að vinna inni á sjúkrastofnunum og hvaða verk er hægt að vinna utan þeirra og, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, að skilgreina þetta með mjög skýrum hætti.

Ef sú skilgreining liggur fyrir mun það auðvelda mjög hvernig m.a. er staðið að úthlutun ferliverkaeininga sem deila hefur staðið um alveg síðan fyrir 1998 en þá yfirtóku sjúkrahúsin sjálf samningana. Það setti þeim afar þröngar skorður. Ég tel, virðulegi forseti, að nánast öll sú gagnrýni sem fram hefur komið á stjórnendur sjúkrahúsa varðandi framúrkeyrslu vegna ferliverkaeininga, sé óréttmæt. Ég tel að úthlutuðum ferliverkaeiningum hafi vísvitandi verið haldið niðri vegna þeirra möguleika að semja aukalega við TR. Ég tel að frá því að þessir samningar voru gerðir við sjúkrahúsin hafi aldrei verið gerðir raunhæfir samningar, aldrei verið gerðar raunhæfar áætlanir og aldrei verið gert raunhæft mat á þörf hverrar sjúkrastofnunar, aldrei gert ráð fyrir að þau yfirtækju samningana við starfandi sérfræðinga varðandi ferliverkin vegna þess að menn vissu að sérfræðingarnir gátu farið yfir á aðra samninga og jafnvel opnað læknastofur í litlum stofum við hlið sjúkrahúss á hverjum stað.

Þess vegna fagna ég mjög því frv. sem ráðherrann hefur lagt hér fram því að ég tel að þessi leið sé sú skynsamlegasta til þess að ná hámarksárangri. Varðandi það frv. sem hér er, verði það að lögum sem ég vona svo sannarlega að verði og það sem allra fyrst, verður um leið að skoða og með skýrum hætti hvert hlutverk sjúkrahúsanna á að vera og hvert hlutverk sjálfstætt starfandi stofnana á að vera þannig að hægt sé að skoða það þegar samningar eru gerðir við sérfræðingana. Ég á sjálf sæti í heilbr.- og trn. og mun leggja mitt af mörkum.

Ég tel að sá ótti sem fram hefur komið eða andstaða hjá læknastéttinni og sérfræðingum gagnvart þessu frv. sé algjörlega ástæðulaus vegna þess að það er ekki verið að setja skorður við því að verk verði unnin. Þau verða unnin. En það verður kannski meiri samræming í því hvar þau verða unnin og af hverjum. Það er löngu tímabært að takast á við það verkefni.

[12:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á tveimur lagabálkum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar. Ég hef að sjálfsögðu fyrirvara um einstakar greinar þessa frv. og á eftir að átta mig fyllilega á því hvaða afleiðingar þær kynnu að hafa. Þó vil ég taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram við umræðuna, að mér sýnist frv. vera til þess fallið að styrkja stöðu heilbrigðisyfirvalda til að marka stefnu um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni og ná betur utan um fjármálin. Reyndar er staðfest af hálfu fjmrn. að svo muni að öllum líkindum verða.

Ég vil taka undir það sjónarmið hæstv. heilbrrh. að það er mjög mikilvægt að góð fagleg umræða fari fram um hvað eigi að vera inni á sjúkrahúsum og hvað utan þeirra. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Þuríði Backman, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í heilbr.- og trn., um það efni.

Mig langar þá til að leggja áherslu á að þessi umræða er engan veginn einföld. Við heyrðum t.d. fulltrúa Sjálfstfl. lýsa því yfir við umræðuna, aftur og ítrekað, að á sjúkrahúsum ætti ekki að vera neitt sem ekki væri — ég man nú ekki hvernig það var orðað — óþarfar aðgerðir ættu ekki að fyrirfinnast inni á sjúkrahúsunum. Og ég skildi þingmennina svo að þeir vildu að það sem hægt væri að vinna utan veggja sjúkrahúsanna ætti að vera á einkareknum stofum. Síðan var því bætt við að að sjálfsögðu ætti samfélagið að greiða fyrir þessa þjónustu.

Einn hv. þm. bætti um betur og sagði að miklar líkur væru á því að verkin yrðu betur unnin og fyrir minni peninga. Reynslan erlendis frá talar nú ekki þessu máli vegna þess að það heilbrigðiskerfi í heiminum sem er einkarekið, bandaríska heilbrigðiskerfið, er jafnframt kostnaðarsamasta heilbrigðiskerfi í heiminum. Það er dýrt vegna þess að heilbrigðiskerfið þarf að bera uppi fjárfesta sem fjárfest hafa peninga í því kerfi og vilja taka út úr því arð, auk þess sem það þarf að bera uppi mikið bákn lögfræðinga sem malar gull á kostnað sjúklinga og sjúkrahúsa í Bandaríkjunum.

Vandinn við þessa umræðu, þrátt fyrir góðan ásetning hæstv. heilbrrh. að vilja halda umræðunni á faglegum nótum, um hvað eigi að vera inni á sjúkrahúsum og hvað utan veggja þeirra — ég tek undir það sjónarmið — er sá að við eigum náttúrlega í höggi við einstaklinga og hópa sem eru fyrst og fremst bisnessmenn þótt þeir klæðist hvítum læknasloppum. Þeir vilja koma þessari þjónustu inn í einkarekstur sinn úti í bæ. Og þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við.

Vandinn er sá að það er svo erfitt að hafa hemil á ferlinu. Fyrsta skref er að tiltekin aðgerð er framkvæmd utan veggja sjúkrahúsanna. Síðan er gerð krafa um að jafnræðis sé gætt í greiðslum, sömu upphæð eigi að greiða inni á sjúkrahúsunum og utan veggja þeirra. Síðan hefur tilheigingin verið sú að verða við þessari kröfu, eins vafasöm og mér finnst hún vera. Síðan er gengið enn lengra. Nú er kvartað yfir því að það sem fyrirfinnst innan veggja sjúkrahúsanna sé niðurgreitt, það njóti stuðnings af bakumhverfi sínu og þess vegna verði að úthýsa verkinu alveg af sjúkrahúsinu. Það er næsta skref.

Við verðum að átta okkur á því að þegar sérfræðingar utan veggja sjúkrahúsanna eru að taka ákvarðanir, sem þeir segja fyrst og fremst vera á faglegum nótum með hag sjúklingsins fyrir brjósti, þá eru þeir jafnframt að taka fjárhagslega ákvörðun um hvert fjármagni verður beint. Ég þekki dæmi af því sjálfur. Þegar ég þurfti einhvern tímann að leita læknis og fara í myndatöku átti að vísa mér í Domus Medica. Ég spurði hvernig í ósköpunum stæði á því að mér væri ekki vísað inn á sjúkrahús þar sem þessi aðstaða er og þjónustan veitt og minnti lækninn á að hér væri hann að taka fjárhagslega ákvörðun, hann væri að beina fjármagni sem kæmi frá samfélaginu inn í tiltekinn einkarekstur. Síðan er niðurstaðan sú að þessi stofnun fær smám saman yfir að ráða vandaðri tækjabúnaði en er fyrir hendi inni á sjúkrahúsunum. Við munum hvernig það gerðist þegar sú stofnun, eða það fyrirtæki, festi kaup á rándýru tæki sem ríkinu var síðan stillt upp við vegg og átti ekki annarra kosta völ en að fjármagna. Þess eru dæmi að menn hafi verið keyrðir í sjúkrabílum af Borgarspítalanum upp í Domus Medica til að fara þar í myndatöku í miklu betri tækjabúnaði en fyrirfannst á Borgarspítalanum, a.m.k. á þeim tíma sem ég hef mitt dæmi um, þannig að allt er þetta mjög flókið mál. Ég minni á að í þessari umræðu, þótt ég vilji gjarnan að hún sé á faglegum nótum og þannig á hún að vera, erum við líka að ræða um peningahagsmuni.

Ég fagna þeim yfirlýsingum sem fram hafa komið frá hæstv. heilbrrh. um að hann vilji sporna við einkavæðingu innan heilbrigðisþjónustunnar. Hann á minn stuðning í því efni.

[12:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Eitt atriði fékk mig til þess að biðja um orðið. Það er að ég á í fórum mínum úrskurð úrskurðarnefndar almannatrygginga vegna örorkuþega sem er að missa tennur vegna tannholdssjúkdóms. Það er verið að gera breytingar á þeim tveimur lagabálkum sem þarna skipta máli og mig langar til þess að fræðast um það hjá hæstv. ráðherra hvort verið sé að taka á því sem kemur við sögu í þessum úrskurði og ég ætla að koma hér til skila.

Þessi maður hefur átt við miðtaugasjúkdóma að stríða en hefur verið að missa tennur af öðrum ástæðum. Hann telur sig ekki, og það styðja bréf frá læknum, hafa sama gagn af því að fá lausar tennur eins og annað fólk vegna skjálfta sem hann hefur af sínum sjúkdómi. Hann hefur því sótt um að fá aðstoð til þess að fá fastar tennur og í þessu plaggi sem er frá úrskurðarnefnd almannatrygginga er vitnað í lög nr. 117 um almannatryggingar þar sem segir að sjúkratryggingar skuli veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Síðan er sagt:

„Það liggur fyrir að viðkomandi er að missa tennur vegna tannholdssjúkdóms. Við leit í gagnagrunni fundust engar endanlegar sannanir fyrir því að sá sjúkdómur sem hann hefur valdi alvarlegum tannholdssjúkdómum. Af þessu verður að draga þá ályktun að tannvandi hans sé ekki afleiðing sjúkdóms hans.

Á þessum grundvelli er honum neitað um þessa aðstoð sem gert er ráð fyrir að hægt sé að veita mönnum í þeirri stöðu sem hann er í.

Mig langar til þess að fræðast um það hjá hæstv. ráðherra hvort nokkuð í þeim breytingum sem verið er að leggja til á þessum lögum geri það kleift varðandi þennan mann eða menn í þessari stöðu, þ.e. sem ættu að eiga möguleika til þess að fá aðstoð við t.d. að fá fastar tennur auðvitað með þann úrskurð að baki að þeir þurfi virkilega á því að halda, þ.e. að hægt sé að koma til móts við þá vegna þess að það er ekki hægt miðað við úrskurðarorð úrskurðarnefndar almannatrygginga. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa úr lokaorðum þar.

„Að mati nefndarinnar má ráða af fyrirliggjandi gögnum að tannholdsvandinn sé aðalorsök þess að kærandi hefur misst tennur. Ekki verður af gögnum málsins ráðið hvers vegna kærandi hefur glímt við tannholdsvanda. Margar ástæður geta legið þar að baki, jafnt almenn tannhirða sem aðrir sjúkdómar.

Ekkert kemur fram í gögnum máls og engin rök hafa verið færð fram fyrir því að tannholdsvandamál kæranda séu þess eðlis að þau geti talist til annarra sambærilegra tilvika, sbr. 7. og 3. gr. og þannig verið grundvöllur greiðsluskyldu. Kærandi er með miðtaugasjúkdóm en að mati nefnarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að hann valdi tannholdssjúkdómum og verður tannvandi kæranda því ekki rakinn til hans. Ekki er dregið í efa að erfiðara en ella er fyrir kæranda að nota venjulegar gervitennur vegna skjálfta. Ákvæði almannatrygginga veita hins vegar ekki heimild til þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar sem eru afleiðing hans.“, þ.e. sjúkdómsins.

Það er sem sagt ekki heimild til þess að koma til móts við þennan mann af því að hann er ekki að missa tennurnar vegna rétts sjúkdóms.

Mér finnst þetta afskaplega dapurleg niðurstaða fyrir þá sem lenda í þessu. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkuð sé í þeim breytingum sem er verið að gera á þessum tvennum lögum sem gerir það fært að koma til móts við menn í þeirri stöðu sem hann er í. Ég staðnæmdist helst við lokaákvæðið í 4. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í greiðslu kostnaðar við tannlækningar og ákveða frekari kostnaðarþátttöku í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í þessari grein.“

Mundi þetta ákvæði t.d. ná til þeirra tilvika sem ég er að tala um. Getur ráðherrann upplýst mig um málið og hvort honum er kunnugt um að svona hagi til og hvort farið hafi verið yfir þetta þegar verið var að semja frv. sem liggur hér fyrir?

[12:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem hér hefur farið fram og þann stuðning sem frv. hefur fengið. Ég met hann mikils. Umræðan hefur bæði snúist að hugmyndafræðinni varðandi heilbrigðiskerfið og hlutverki sjúkrahúsa og nýtingu sjúkrahúsa sem hv. 4. þm. Reykn. kom að. Það er eitt af þeim aðkallandi verkefnum sem við erum ætíð að fást við að nýta þann mikla tækjakost, aðstöðu, þekkingu og skipulag á sjúkrahúsunum í þágu sjúklinga. Æskilegt er að það nýtist sem best og ég tel að frv. sé jákvætt skref í þá átt. Ég endurtek að frv. kemur ekki að neinu leyti í veg fyrir rekstur utan sjúkrahúsa. Það er hlutlaust hvað það snertir. Eigi að síður tel ég nauðsynlegt, eins og ég talaði um í upphafi, að fram fari mat á því og umræða um það hvaða heilbrigðisþjónustu heppilegt sé að veita utan sjúkrahúsa. Ég endurtek það sem ég hef áður sagt um það. Ég tel að einkarekstur á þessu sviði og rekstur

sjúkrahúsa geti farið saman og að okkar verkefni sé að finna heppilegasta skipulagið í þessum efnum.

Hv. 3. þm. Suðurl. kom inn á eftirlit og kröfur með dvalarheimilum aldraða, hvernig það er veitt og hvort reglubundið eftirlit sé með þessum stofnunum, hvort hjúkrunarfræðingar eða læknar starfi á öldrunarstofnunum. Það er hlutverk landlæknis að hafa eftirlit með heilbrigðisstofnunum. Það eftirlit hefur beinst í ríkum mæli að sjúkrahúsum og læknisverkum sem þar hafa farið fram og því er ekki að neita að það hefur ekki verið reglubundið eftirlit með öldrunarheimilum. Vafalaust mætti koma á betra skipulagi í þeim efnum og er ég tilbúinn til þess að afla mér frekari upplýsinga í framhaldi af þessum ábendingum og ræða það innan ráðuneytisins hvort við getum bætt hér úr.

Ég hef ekki í huganum a.m.k. dæmi um öldrunarheimili án hjúkrunarfræðings eða aðgangs að lækni. Þar er þá eitthvert neyðarástand varðandi mönnun. Ég ætla ekkert að útiloka það. En ég held að svo sé nú samt og tel mig hafa vissu fyrir því að það sé meginreglan og að það sé ekki nema þá í einhverjum undantekningartilfellum sem slíkt fagfólk vantar og er það mjög tilfinnanlegt ef svo er og auðvitað ber að stefna að því að það sé alls staðar fyrir hendi.

Að öðru leyti þakka ég hv. þingmanni fyrir öflugan stuðning við frv. og tel að það geti tækifæri til þeirrar samræmingar sem hún kom inn á og vitnaði til ferliverkaskýrslunnar í því efni.

Ég tek undir með hv. 13. þm. Reykv. að það er flókið að fara yfir það hvert eigi að vera hlutverk sjúkrahúsa og hvað eigi að vinna utan sjúkrahúsa. Ég endurtek það, enda vorum við sammála um það efnislega að um það þarf að fara fram fagleg umræða með öryggissjónarmiðin í fyrirrúmi og það hvað komi sjúklingunum best. Ég efast ekkert um að læknar sem starfa utan sjúkrahúsa séu mjög færir menn og hafi þau sjónarmið í heiðri. En faglega umræðan verður þarna að vera númer eitt og líka þær öryggiskröfur sem gerðar eru um þessa starfsemi. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla að læknastéttin sé ekki tilbúin til þess að ræða þær kröfur og fara eftir þeim í sínu starfi. Ég ber mikið traust til hennar hvað þetta varðar.

Varðandi spurningu hv. 3. þm. Vesturl. um þátttöku í tannlæknakostnaði og úrskurðarnefndina þá verð ég að upplýsa að ekkert í þessu frv. tekur á því vandamáli sem hann nefndi. Hins vegar er sá embættismaður ráðuneytisins sem var ráðinn í ráðuneytið í sumar og sér um þessi mál að vinna mikið starf við reglugerð um þátttöku í tannlæknakostnaði og þær reglur sem um það gilda. Ég vonast til að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir innan tíðar. Þess ber að geta að miklir erfiðleikar hafa verið á því að ná samningum við tannlækna. Samningaumleitanir hafa verið í gangi mjög lengi. Ég hef áhuga á að gera gangskör að því hvort ekki sé mögulegt að ná samkomulagi milli tannlækna og Tryggingastofnunar um greiðslu Tryggingastofnunar til þeirra. Ég vona svo sannarlega að það takist. En það hefur ekki tekist enn. Það hefur truflað þessa vinnu. Þó að í sjálfu sér sé hægt að breyta reglugerðum án þess að samningar taki gildi þá höfum við viljað kappkosta að hafa heildaryfirsýn yfir þessi mál og ég vonast til og vil gera mitt til þess að samningar takist á þessum vettvangi.

Ég held að ég hafi farið yfir þær spurningar sem beint var til mín. Ég vil endurtaka þakkir fyrir mjög góða og málefnalega umræðu um þetta mál sem er flókið og vandasamt. Það tekur til ýmissa hagsmuna. Auðvitað verðum við að hafa hagsmuni notenda heilbrigðisþjónustunnar í fyrirrúmi. En við verðum líka að muna að hið góða starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni, læknar, fagfólk og allir sem við hana vinna, ber hana uppi. Ég vil kappkosta að hafa sem best samstarf við alla þessa aðila. Kjör og starfsumhverfi er auðvitað stór þáttur í þessum samskiptum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:04]

Umræður utan dagskrár.

Löggæslan í Reykjavík.

[13:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að vara alvarlega við þeim niðurskurði sem orðinn er í löggæslumálum, ekki síst hér í höfuðborginni, sem farinn er að ógna öryggi og þjónustu við borgarbúa þannig að í algjört óefni stefnir. Ekkert er ofsagt í því að fjöldi lögreglumanna er nú undir öryggismörkum. Hefðbundin sólarhringsvakt lögreglunnar á svæði sem nær frá Seltjarnarnesi upp í Hvalfjarðarbotn taldi áður 23–27 menn á vakt en nú eru aðeins 16 lögreglumenn á vakt. Enn fremur eru dæmi um að vaktir séu svo undirmannaðar að þær fari allt niður í 11 lögreglumenn sem ætlað er að halda uppi löggæslu á svæði þar sem búa 123 þúsund íbúar.

Það er hálfnöturlegt að á sama tíma og margar þjóðir eru að ræða um að styrkja löggæslu og öryggismál er um að ræða gífurlegan samdrátt í löggæslu hér með alvarlegum afleiðingum. Alvarlegt ofbeldi og fíkniefnaneysla hefur farið vaxandi, líkamsmeiðingar hafa tvöfaldast á 10 árum og vaxandi óöryggis gætir meðal borgarbúa sem telja sig ekki óhulta að kvöld- eða næturlagi í borginni, að ekki sé talað um hvað niðurskurðurinn ógnar umferðaröryggi og eykur slysahættu. Grafalvarlegt er líka að 75% aukning hefur orðið á milli ára á ofbeldismálum sem kærð hafa verið en ekki er hafin rannsókn á. Þau mál hlaðast upp og eru nú orðin 350, og mörg þeirra meira en ársgömul. Fjöldi lögreglumanna er hér langt undir því sem lögreglustjórinn sjálfur metur að sé lágmarksþjónustustig við borgarbúa og yfirvinna þeirra lögreglumanna sem eftir standa er skorin niður um 25%. Ég spyr ráðherra hvort hún hyggist beita sér fyrir auknu framlagi til löggæslunnar áður en fjárlög verða afgreidd nú frá þinginu.

Það jaðrar vissulega við að hæstv. ráðherra vanræki embættisskyldur sínar þegar hún lætur þetta ástand viðgangast og þegar hæstv. ráðherra er átalin fyrir þetta er bara hundur í ráðherranum sem vísar eigin vanrækslu og ábyrgðarleysi yfir á borgaryfirvöld. Maður verður hreinlega dolfallinn við að hlusta á að ráðherrann virðist ekki þekkja sína eigin ábyrgð sem yfirmaður lögreglunnar í landinu. Hæstv. ráðherra reynir þess í stað aftur og aftur að væna borgina um að bera ábyrgð á niðurskurði sem ráðherrann hefur sjálf staðið fyrir. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort það sé í samræmi við ábyrgð ráðherrans sem yfirmanns lögreglunnar að vísa ábyrgð á ófremdarástandi í löggæslumálum yfir á borgaryfirvöld.

Það skiptir ekki máli að 170 vínveitingastaðir fengu leyfi frá ríkisvaldinu til reksturs og 20–30 hjá borgaryfirvöldum eftir árið 1998. Það sem skiptir máli er að dómsmrh. og ríkisvaldið en ekki borgaryfirvöld bera ábyrgð á því að eftirliti með vínveitingastöðum er ábótavant. Eða ætlast hæstv.

dómsmrh. til þess að borgin láti loka vínveitingastöðum af því að ríkisvaldið sinnir ekki þeim skyldum sínum að halda uppi nauðsynlegri löggæslu í borginni? Hvaða úrræði hafa borgaryfirvöld önnur en skipulagsúrræði sem þau hafa beitt til að takmarka vínveitingastaði? Vill hæstv. dómsmrh. að borgaryfirvöld gangi með óeðlilegum hætti á umráða- og eignarrétt eigenda fasteigna í höfuðborginni, jafnvel þannig að jafnræðisreglan sé ekki virt?

Fróðlegt væri að heyra viðbrögð ráðherrans við frétt í DV í gær um að takmörkun á útgáfu nýrra veitingaleyfa hjá borginni hafi hækkað verð á veitingahúsum í miðbænum. Það gengur þvert á málflutning ráðherrans. Hæstv. ráðherra á að hætta að hengja bakara fyrir smið og taka þess í stað upp samvinnu við borgaryfirvöld um lausn löggæslumála í borginni. Því hefur ráðherrann hafnað og það er ekki í þágu borgarbúa, svo mikið er víst. Það er líka jafnljóst að það er ekki lögreglunni að kenna að hún er lítt sýnileg enda eru lögreglumenn að sligast undan álagi og ræða nú um að grípa til aðgerða vegna þess að samningur sem taka átti gildi 1. október sl. með launahækkun til þeirra hefur ekki gengið eftir. Ég spyr: Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir lausn á þeim málum?

Ég spyr líka: Er ráðherrann reiðubúin, í samvinnu við borgaryfirvöld, að gangast fyrir mati á lágmarksþjónustu fyrir löggæsluna í Reykjavík, mati sem lýtur að löggæslu í miðborginni, hverfislöggæslu, eftirliti með vínveitingahúsum og umferðareftirliti? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að framfylgja ályktun landsfundar Sjálfstfl.? Þar fékk ráðherrann ræki lega ofanígjöf því fundurinn ályktaði að styrkja bæri löggæslustofnanir og varaði við að of nærri réttaröryggi borgara landsins væri gengið með sparnaði á vettvangi löggæslu. Loks átel ég ráðherrann fyrir að neita að afhenda mér fjárlagatillögur lögreglustjórans fyrir næsta ár sem knýr mig til að kæra aftur til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Skýringin er sjálfsagt sú að ráðherrann skammast sín fyrir að 35 lögreglumenn og 100 millj. vantar til að halda uppi lágmarksþjónustu á sama tíma og 9 millj. koma á fjárlögum næsta árs til að bæta við tveim lögreglumönnum.

Ég hef lagt spurningar fyrir ráðherrann sem ég vænti að hún svari við þessa umræðu.

[13:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Tilefni þessarar utandagskrárumræðu eru málefni lögreglunnar í Reykjavík sem iðulega hafa komið til umræðu á undanförnum missirum. Mér þykir miður að enn einu sinni er opnuð umræða um löggæslumálin í borginni undir neikvæðum formerkjum. Í starfi mínu sem dómsmrh. hef ég varið stærstum hluta í málefni sem tengjast löggæslunni.

Eitt mikilvægasta einkenni þess að löggæslumál séu í góðu horfi er að ákveðin öryggistilfinning sé merkjanleg hjá almenningi. Ég hef þá trú að hinn almenni borgari í Reykjavík og í nágrannasveitarfélögunum telji öryggi sínu ágætlega borgið og að lögreglan standi sig mjög vel í sínu starfi. Raunar er þetta staðfest í nýlegri skoðanakönnun sem embætti lögreglustjórans í Reykjavík stóð fyrir. Það er hins vegar dapurlegt að sú umræða sem hér er vakin með órökstuddum fullyrðingum um bágborið ástand löggæslunnar er fyrst og fremst til þess fallin að grafa undan þeirri öryggistilfinningu sem borgararnir hafa.

Ég vísa því algerlega á bug að ófremdarástand ríki í löggæslumálum borgarinnar. Vandi miðborgarinnar sem margir ræða um á allt aðrar rætur. Borgaryfirvöld sem hafa fullt ákvörðunarvald um stefnumótun í veitingahúsastarfsemi miðborgarinnar, t.d. um opnunartíma og veitingar áfengisleyfa, virðast hafa misst stjórn á þróun mála og neita að horfast í augu við vandann en krefjast síðan úrbóta frá ríkinu. Nefna má að vínveitingaleyfum hefur fjölgað um ríflega 60% í miðborginni frá því að R-listinn komst til valda sem, ásamt tilraunum með opnunartímann, hefur skapað vanda sem bregðast verður við.

Ég hef margoft bent á að borgaryfirvöld geti beitt með markvissari hætti þeim úrræðum sem þegar eru til staðar í lögum til að stemma stigu við vandamálum í veitingarekstri miðborgarinnar auk þess sem endurskoðun á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar stendur fyrir dyrum í ljósi nýrrar reglugerðar. Loks skal bent á að þegar er starfandi samstarfsnefnd lögreglu og borgaryfirvalda þar sem unnt er að ræða vandamál sem tengjast ástandinu í miðbæ Reykjavíkur. Nefndin hefur lagt fram tillögur sem unnið verður að á næstunni og koma til skoðunar í dómsmrn. Ekkert skortir því á samstarf hvað þetta snertir.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir reisir allan sinn málflutning um svokallað lágmarksþjónustustig á vinnuskjölum sem ráðuneytinu bárust frá lögreglunni í Reykjavík í þarsíðustu fjárlagavinnu. Raunar talaði þingmaðurinn áður um öryggismörk en hefur sem betur fer greinilega látið af þeirri orðanotkun þegar sýnt þótti að hún væri byggð á misskilningi. Það er afar merkilegt að þingmanninum kom á óvart að ríkisstofnanir gera ýtrustu kröfur í fjárlagavinnu. Þingmaðurinn var ráðherra í sjö ár og ætti að þekkja betur til. Er nema von að menn velti því fyrir sér hvort þetta sé leikaraskapur eða hefur hv. þm. öllu gleymt?

Kjarni málsins er sá að lögreglan í Reykjavík er afar öflug. Hún sinnir störfum sínum vel og hefur verið að eflast á síðustu missirum. Það sýnir aukinn málafjöldi á sviðum sem standa og falla með frumkvæðisvinnu lögreglumanna, t.d. varðandi umferðar- og fíkniefnabrot þar sem lögreglan hefur sýnt mikinn og góðan árangur.

Það er rétt að lögreglan í Reykjavík á við tímabundinn rekstrarvanda að stríða sem krefst þess að embættið gæti aðhalds út þetta rekstrarár. En eins og fram hefur komið er reiknað með að embættinu verði gert kleift að fjölga aftur lögeglumönnum um áramótin þegar nýr árgangur útskrifast úr Lögregluskólanum.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til lögreglunnar í landinu, og þá sérstaklega til lögreglustjórans í Reykjavík, verið hækkaðar verulega í samræmi við áherslu ríkisstjórnarinnar í baráttu gegn fíkniefnum. Frá árinu 1997 hafa fjárveitingar verið hækkaðar um ríflega 55 millj. kr. til þess að bæta 13 fíkniefnalögreglumönnum til starfa við þennan málaflokk. Nýverið var bætt við embættið 5 fíkniefnalögreglumönnum sem sinna götueftirliti og hefur starf þeirra þegar borið góðan árangur hér í borginni.

Þá eru ótaldar sérstakar fjárveitingar, hátt í 50 millj., sem runnið hafa til rannsókna umfangsmikilla mála og tækjakaupa. Á næsta ári munu fjárveitingar til embættisins enn hækka til þess að fjölga lögreglumönnum í hverfalöggæslu. Ég hef lagt sérstaka áherslu á þennan málaflokk enda eiga afbrot sér líka stað í hverfum borgarinnar og þar fer fram hið raunverulega forvarnastarf gagnvart börnum og ungmennum. Haldið verður áfram á sömu braut. Ég hef fullan hug á því að styrkja löggæsluna enn frekar.

Herra forseti. Allri aukningu fjárframlaga eru hins vegar settar skorður af því mikilvæga markmiði ríkisstjórnarinnar að halda útgjaldaaukningu ríkisins í skefjum. Það á hins vegar ekki að koma á óvart að virðulegur þingmaður Jóhanna Sigurðardóttir hafi lítinn skilning á því. Þjóðarskútan væri löngu komin á hliðina ef allar útgjaldatillögur hv. þm. og félaga hennar í þingflokki Samfylkingarinnar hefðu náð fram að ganga.

[13:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft alvarlegu máli og tölurnar í þeim skýrslum sem við höfum aðgang að tala sínu máli. Alvarlegum afbrotum fjölgar. Alvarlegum líkamsmeiðingum fjölgar. Og hvar? Aðallega á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í miðbæ Reykjavíkur. Þó að hæstv. ráðherra hafi tilfinningu fyrir því að öryggi borgarbúa sé „nægilega mikið" og sé „talsvert" og því sé „ekki áfátt" verð ég að segja, herra forseti, og vekja athygli á því að hæstv. ráðherra ferðast um bæinn varin í ráðherrabílnum sínum milli húsa á meðan við sem þurfum stöku sinnum að ganga í gegnum miðbæinn eftir að skyggja tekur erum dauðhrædd við það. Sannleikurinn er sá að fólk er orðið hrætt við að ganga í gegnum miðbæ Reykjavíkur að nóttu til og ég geri ráð fyrir, herra forseti, að lögreglan hafi beyg af því líka. Það er alveg ljóst að eftirlit inni á vínveitingastöðum er ekki nægilega mikið og lögreglan segir fullum fetum að hún veigri sér við að fara inn á vínveitingastaði í miðbæ Reykjavíkur til þess að sinna löggæslu vegna þess að um mannfæð er að ræða.

Samstarf milli borgaryfirvalda og ríkisins til að leysa þessi mál er algerlega nauðsynlegt og þó að samstarfsnefnd sé starfandi er samt verið að kalla eftir auknu samstarfi. Hæstv. ráðherra getur ekki hafnað því að þörf sé á auknu samstarfi á meðan við sjáum vandamálin hrannast upp og fara stækkandi. Tímabundinn rekstrarvandi sem hæstv. ráðherra viðurkennir að sé til staðar hjá embætti lögreglu í Reykjavík verður auðvitað ekki eingöngu leystur með fjárframlögum. Það skiptir verulegu máli að fólk taki til hendinni, tali saman og skilgreini löggæsluna í Reykjavík, hlutverk hennar og hvað það er sem upp á vantar til þess að hún verði fullnægjandi.

[13:44]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Velferðarríkið einkennist m.a. af þremur meginþáttum: menntun, heilbrigðismálum og öryggi borgaranna. Íslendingar geta stoltir sagt frá því að menntun og heilbrigðismál eru í afskaplega góðu horfi hjá íslensku þjóðinni.

Því er hins vegar haldið fram, og stór orð hafa fallið um það, að öryggi borgara kunni að vera í hættu. Ég vil vara við því að menn taki of stórt upp í sig í slíkri umræðu. Okkur ber að tala faglega og varlega um jafnalvarlegt mál og öryggi borgaranna er. Hér er ekki um flokkspólitískt mál að ræða heldur kannski miklu fremur þverpólitískt, og það snertir ekki aðeins Reykjavíkurborg eina. Um þetta hefur m.a. verið ályktað í sveitarfélögum eins og Garði, Mosfellsbæ og Hveragerði þar sem kallað er eftir aukinni löggæslu. Og ég ítreka að í þessum sveitarfélögum má segja að hinn þverpólitíski hljómur endurspeglist. Því hljótum við að spyrja: Hvað er það sem veldur? Er það skortur á fjármagni í ljósi aukinna verkefna sem stöðugt færast á hendur lögreglu og brenna á henni, að sumu leyti vegna upplausnarástands í samfélagi, eða getur það verið nýtt skipulag sem er við lýði í löggæslumálum þjóðarinnar þar sem við höfum í rauninni tvöfalt kerfi, annars vegar ríkislögreglustjóra og hins vegar það hefðbundna kerfi sem verið hefur við lýði áratugum saman? Við hljótum auðvitað að spyrja hvort þetta tvöfalda kerfi sé það skilvirka kerfi sem við viljum sjá í löggæslu.

Málið snýst með öðrum orðum, forseti, um það hvort heildarframlag fjármagns til löggæslu sé nægjanlegt til þeirra verkefna, hvort skipulag löggæslumála sé sem skilvirkast. Með öryggi borgaranna í huga er auðvitað full ástæða til þess að yfirfara slík mál og ég fagna yfirlýsingu hæstv. ráðherra um það nefndarstarf sem er í gangi en það er samstarf sveitarfélaga, ráðherra og löggæsluyfirvalda.

[13:46]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það verður að segjast eins og er að það er allt að því grátbroslegt að fylgjast með þeirri pólitísku orðræðu sem hefur átt sér stað að undanförnu um löggæslumál í Reykjavík, ekki síst með dómsmrh. í broddi fylkingar. Sjálfstæðismenn eru greinilega slegnir algerri blindu og gera ekki greinarmun á hagsmunum borgarbúa og eigin pólitísku hagsmunum sem felast í því að koma höggi á Reykjavíkurlistann. Er það virkilega svo að hæstv. dómsmrh. vilji gera allt sem í hennar valdi stendur til að þurfa ekki að bera ábyrgð á löggæslumálum í Reykjavík? Hvað skyldu lögin segja og hvar er nú öryggi borgaranna sem ályktað er um á hátíðarstundum? Það á að vera í fyrirrúmi, alveg óháð pólitík.

Það hefur meira að segja gengið svo langt að hæstv. dómsmrh. telur að Reykjavíkurborg eigi sjálf að kosta til viðbótarlöggæslu vegna fjölgunar vínveitingahúsa í borginni. Reykjavíkurborg eigi sjálf að axla ábyrgð á eigin samþykktum. Er þá hæstv. dómsmrh. að lýsa sig samþykka tillögum sjálfstæðismanna sem fyrst komu fram í nóvember 1994 í borgarstjórn og síðan aftur nú frá meiri hlutanum um að staðbundin löggæsla eigi að fara yfir til sveitarfélagsins? Þetta er kannski leið ráðherra til að lýsa þeirri skoðun sinni. Gott ef satt er.

Er sama viðhorf gagnvart Akureyri þar sem fjölgun vínveitingahúsa hefur verið talsverð? Á Akureyrarbær líka að kosta viðbótarlöggæslu og axla sína ábyrgð? Það væri mjög gott að fá svör við því frá hæstv. ráðherra. Ekki veit ég til þess að sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur hafi bókað eða greitt atkvæði gegn nýjum vínveitingastöðum í borginni. Aldrei. Það væri þá saga til næsta bæjar ef sjálfstæðismenn ætluðu að leggja stein í götu einkaframtaksins. Það væri algerlega ný pólitík. Ég hef ekki orðið vör við að þeir hafi verið með sérstaka stefnumörkun í málefnum vínveitingahúsa Reykjavíkur nema að það er bannað að vera fullur á Austurvelli. Það er það eina sem ég hef heyrt.

Líka mætti athuga hvernig úrskurðarnefndin hefur unnið í þessum málum. Ég man aðeins eftir einu dæmi þar sem hún hefur ekki staðið með vínveitingamönnum gegn Reykjavíkurborg og íbúum hennar um að staðir fái ekki leyfi þannig að það er spurning hvort ekki eigi að fara fram einhver önnur skýr stefnumörkun.

[13:48]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hv. málshefjandi hrópar hátt um meintan niðurskurð og fjárskort hjá lögreglunni og að lögreglumenn í Reykjavík séu það fáir að öryggi borgaranna sé stefnt í voða. Það er ábyrgðarhluti að koma því inn hjá almenningi að öryggisþjónusta í borginni sé ekki í lagi. Slík fullyrðing verður

að vera studd gildum rökum en þar hefur þingmaðurinn brugðist.

Staðreyndin er að samkvæmt OECD leggur Ísland næststærsta hlutdeild af landsframleiðslu til öryggis- og lögreglumála á Norðurlöndum. Samanburðarupplýsingar sýna að um 20% fleiri lögreglumenn eru á hvern íbúa hér á landi en t.d. í Noregi og Danmörku. Samt eru alvarleg afbrot margfalt fleiri þar en hér, ekki síst í höfuðborgum landanna. Staðreyndin er að lögreglan hefur náð verulegum árangri í störfum sínum. Í nýlegri frétt frá Vátryggingafélagi Íslands kom fram að um 17% fækkun hafi orðið á umferðarslysum og 21% fækkun slasaðra á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Og hver er ástæðan að mati VÍS? Jú, öflugt forvarnastarf og efld löggæsla.

Ég tel að almenningur hafi þá mynd af lögreglunni að hún sé afkastamikil, úrræðagóð og nær miklum árangri. Samkvæmt nýlegri könnun telur almenningur að lögreglan sinni öryggismálum borgarinnar vel. Hins vegar hlýtur það að vera umhugsunarefni að sama könnun bendir til að borgarar telji sig ekki nægilega örugga í miðbænum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ætti fremur að beina sjónum sínum að þeim ósóma sem hefur stjórnlaust vaxið upp og þrifist í miðborginni í skjóli R-listans. Borgarbúar treysta lögreglunni í Reykjavík. Borgarbúar hafa hins vegar skömm á sóðabúllum og þeirri kvenfyrirlitningu sem þær standa fyrir og það eru flokksfélagar hv. málshefjanda sem stýra Reykjavíkurborg nú um stundir sem bera ábyrgð á því. Í sporum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hefði ég verulegar áhyggjur af því.

[13:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mergurinn málsins er sá að lögreglan í Reykjavík er of fámenn og henni er skammtað of lítið fjármagn. Þessi umræða utan dagskrár á rót að rekja til þessarar staðreyndar og til niðurskurðar á yfirvinnu lögreglunnar sem mátti helst ekki ræða hér á Alþingi. Ég kann hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þakkir fyrir að taka þetta mál og halda því uppi á yfirborðinu.

Mér finnst ekki neikvætt að taka málin upp með þessum hætti. Mér finnst það jákvætt og mér finnst það ábyrgð, og ef það er staðreynd að við búum ekki við öryggi í borginni á að ræða það, að sjálfsögðu. Hitt finnst mér alvarlegra ef við ætlum að innræta fólki falska öryggiskennd.

Hv. þm. Ásta Möller vísaði í samanburð við norræn ríki. Ég hef einnig samanburðartölur. Sl. sumar birtust í bresku dagblaði umkvartanir lögreglunnar í London um mannfæð en þar eru 290 íbúar um hvern lögreglumann og til samanburðar var bent á að í New York væri 161 íbúi um hvern lögreglumann, í Berlín 124 um hvern lögreglumann og í Chicago 211 um hvern lögreglumann. Einnig voru tínd til óhagstæðari dæmi, Manchester, 376. Hér eru 423 íbúar um hvern lögreglumann og ef við aðeins tökum þá lögreglumenn sem eru sýnilegar á götum úti er talan 745, og það hefur sigið á ógæfuhliðina á síðustu árum.

Árið 1984 voru íbúar sem tilheyrðu umdæmi lögreglunnar í Reykjavík 88 þúsund talsins. Nú eru þeir 123 þúsund og þessar hlutfallstölur sem ég vitnaði hér í eru orðnar miklu óhagstæðari en þær voru fyrir hálfum öðrum áratug. Á þessum málum verður að taka.

[13:53]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er bæði rétt og skylt í hvert skipti sem slíkt kemst til tals í þinginu, að auka þurfi fjárframlög til hinna og þessara hluta, að taka það skýrt og skorinort fram að það er einlægur vilji og ásetningur að standa vörð um ríkissjóð. Við höfum áður lýst yfir að ekki stendur til að hækka fjárlögin í meðferð þingsins. Það verður þannig. Við leggjum meira til öryggismála en flestar aðrar þjóðir. Ég er ekki fær um að dæma um hvernig við förum með það en það verður að duga, þannig er það og við vitum það vel. Við höfum verið að efla löggæslu mjög mikið á Íslandi. Það hafa verið miklar kröfur um að berjast gegn aukinni fíkniefnanotkun. Það er rétt, við höfum gert það. Við berjumst gegn framboðinu en menn verða að vita það og muna að það er líka baráttan gegn eftirspurninni. Hún skiptir öllu máli. Sú víglína liggur inn á heimili hvers einasta Íslendings. Það er ekki það að við sækjum peninga til ríkisins. Þar verðum við að standa saman og átta okkur á því að leiðin er ekki sú að krefja ríkið um meiri framlög. Það er ekki leiðin. Þjóðfélagið verður sjálft að taka þátt í þessu grafalvarlega stríði. Öðruvísi töpum við því.

[13:54]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Sannleikanum verður hver sárreiðastur og það er satt að segja dapurlegt að fylgjast hér með ráðherra í afneitun og ótrúlegt að fylgjast með málflutningi ráðherrans. Látið er í veðri vaka að það sé hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem hafi búið til það ófremdarástand sem er í löggæslumálum þegar staðreyndir liggja á borðinu. Þær eru þessar helstar:

Landsfundur Sjálfstfl. sér ástæðu til þess að bóka sérstaklega að tryggja verði réttaröryggi borgaranna, og varar við frekari sparnaði á þeim vettvangi. Ekki er það Jóhanna Sigurðardóttir. Lögreglumennirnir sjálfir fara fram og vara við því að þeir ráði ekki við þau verkefni sem þeim eru á hendur falin. Borgararnir tala um það opinberlega hér að þeir séu hræddir við að vera á ferli í miðbænum sökum þess að öryggis þeirra sé ekki gætt. Veruleikinn er þessi, herra forseti. Borgaryfirvöld, R-listi og Sjálfstfl., hafa talað í sömu veru. Hér hefur það verið réttilega áréttað, og undir taka bæjarfélögin hér í kring, Kópavogur, Mosfellsbær, Garðurinn, Grindavík. Ég gæti haldið áfram og talið þau upp langflest. Eru þetta hreinar tilviljanir? Er þetta allt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að kenna? Stendur hún á bak við þetta samsæri gegn hæstv. ráðherra? Nei, auðvitað er það ekki svo. Ástandið er vanmáttugt og hæstv. ráðherra hefur því miður, á þeim tveimur árum sem hún hefur gegnt embætti, ekki ráðið við það verkefni að tryggja örugga löggæslu og það var raunar strax á fyrstu vikum ráðherraferils hennar sem hún tók upp stríð sitt við lögregluna.

Nei, hér verður að snúa við blaði, herra forseti. Tunglið er ekki úr osti þó að ráðherrann segi það. Löggæslumálin eru ekki í lagi og verða ekki í lagi bara af því að ráðherrann vonar það og vill trúa því. Það þarf meiri fjármuni og það þarf líka betri stjórnun í þessum efnum. Það er hinn kaldi, harði raunveruleiki þessa máls hvað sem mönnum kann að finnast.

[13:57]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þegar fjallað er um löggæslu í höfuðborginni þarf að gera það á ábyrgan hátt, og ásakanir um að

löggæsla sé hér undir öryggismörkum eru alvarlegar. Ráðherra dómsmála hefur svarað þeim ásökunum en mér finnt rétt að hnykkja á nokkrum atriðum máli hennar til stuðnings.

Fjárveitingar hafa hækkað nokkuð að raungildi á síðustu árum og í fjárlagafrv. fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir verulegri hækkun á fjárframlögum til lögreglunnar í Reykjavík.

Þegar bornar eru saman tölur milli landa um brotatíðni kemur í ljós að Reykjavík er enn sú friðsæla borg sem við héldum og viljum hafa hana. Öllu máli skiptir að í höfuðborg okkar sé næg löggæsla fyrir hendi. Tölur um fjölda lögreglumanna í London, New York, Berlín og Chicago komu fram áðan. Samanburðurinn milli Íslands og hinna Norðurlandanna er Reykjavík afar hagstæður. Hér mun vera einn lögreglumaður á hverja 430 íbúa, í Danmörku einn á hverja 529 og í Noregi einn á hverja 550 íbúa. Við erum að vísu í friðsælum heimshluta þannig að það er ekki raunhæft að bera okkur saman við New York og Chicago. Aðalatriðið er að næg löggæsla sé fyrir hendi þannig að lögreglan geti, fyrir utan venjuleg verkefni og það að tryggja réttaröryggi borgaranna, upplýst brot og glæpi en einnig sinnt forvörnum og reynt að draga úr glæpatíðni á vitrænan hátt. Þar skiptir uppeldi og aðbúnaður ungs fólks mestu þótt afbrotamenn geti komið frá góðum heimilum eins og dæmin sanna. Reyndar virðist sem ótrúlega stór hluti þeirra ungu manna sem leiðist út í afbrot hafi lent illa úti í skólagöngu sinni og hafi slæma reynslu af skólakerfinu. Þar er vettvangur sem skylt er að gefa betri gaum.

Ég lýsi yfir fullu trausti mínu á dómsmrh. og lögreglunni í Reykjavík og ég veit að stjórnvöld munu styðja við starf lögreglunnar framvegis sem hingað til af fyllstu ábyrgð.

[13:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að yfirlæti og hroki ráðherrans er með þeim hætti að hún svarar ekki einni einustu af fimm spurningum sem lagðar voru fyrir hana og voru tilefni þessarar utandagskrárumræðu. (**Dómsmrh.:** Það er ekki rétt.) Staðreyndin er nefnilega sú að ráðherrann er með allt niður um sig í þessum málum. Hún horfir á málin úr sínum fílabeinsturni og gerir sér ekki grein fyrir ástandinu í löggæslumálum í borginni, og það er auðvitað grafalvarlegt ef ráðherra dómsmála, yfirmaður lögreglunnar, er ekki starfi sínu vaxin, þegar hún þekkir ekki vandann. Veit ráðherrann ekki um vaxandi ofbeldi sem hér er, sem er alvarlegra ofbeldi en við höfum áður þekkt? Þekkir ráðherrann ekki vaxandi fíkniefnaneyslu og aukna slysahættu vegna aukins umferðarþunga? Á sama tíma er verið að fækka verulega í lögreglunni í Reykjavík, svo mikið að 35 lögreglumenn vantar til að halda uppi lágmarksþjónustu, og ég fullyrði og sagði það hér áðan að löggæslan hér er undir öryggismörkum. Það vantar 35 löggæslumenn til að halda uppi lágmarksþjónustu að mati lögreglustjórans í Reykjavík. Og hvað ætlar ráðherrann að gera? Bæta við tveim lögreglumönnum á næsta ári. Það er allt og sumt. Það er ekkert skrýtið þótt landsfundur Sjálfstfl. hirti ráðherrann og skipi henni að styrkja löggæsluna í Reykjavík og hætta þessum sparnaði sem bitnar á borgarbúum.

Þetta eru staðreyndir málsins sem við stöndum frammi fyrir og það er alvarlegt, herra forseti, þegar ráðherrann hefur ekki meiri skilning á vanda löggæslunnar hér í borginni en lýsir sér í málflutningi hennar. Mér heyrist á máli ráðherrans að það sé raunverulega dagskipun úr Valhöll að vera hér í heilögu stríði við borgaryfirvöld í hverju málinu á fætur öðru. Því miður bitnar þetta á saklausum borgarbúum, t.d. hér í löggæslunni.

Ekki er amast við því þó að settir séu miklir peningar, t.d. í Kópavog, til þess að greiða fyrir því að opna Smáralindina, bæði í löggæslunni og í vegaframkvæmdum. En hér er ráðherrann með allt niður um sig í þessu máli og því miður bitnar það á borgarbúum. Þetta er alvarleg staða, herra forseti.

[14:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það hefur verið ótrúlegt að þurfa að hlusta á ræðu hv. málshefjanda. Mér var raunar bent á að hún hefði í útvarpsviðtali núna í hádeginu kosið að lýsa orðum mínum um vanda miðborgarinnar sem þvælu. Ég vísa þessum ummælum auðvitað til föðurhúsanna og furða mig á því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem er þingmaður Reykvíkinga, skuli kjósa að haga málflutningi sínum á þennan hátt, bæði í ræðu og riti, (Gripið fram í.) um málefni löggæslunnar í Reykjavík og um miðborgina. Ég tel að lögreglan í Reykjavík hafi staðið sig mjög vel í sínum störfum (**JóhS:** En ráðherrann?) og það eru auðvitað afskaplega erfið störf sem þeir sinna og krefjandi. Sannarlega vil ég styrkja starf þeirra enn frekar og fagna því nýgerðum kjarasamningi þar sem náðist samþykkt um að lækka starfslokaaldur lögreglumanna niður í 65 ára aldur.

Þessa dagana stendur yfir vinna á milli Landssambands lögreglumanna og sýslumannsembættanna um nánari útfærslu kjarasamnings sem ráðuneytið hefur ekki beina aðkomu að. Sú vinna hefur því miður gengið hægar en búist var við en vonandi næst fljótlega samkomulag. Þar með hef ég svarað síðustu spurningu hv. fyrirspyrjanda en þær voru margar.

Þá vil ég geta þess að náðst hefur fram aukning framlaga til Lögregluskólans sem gerir honum kleift að fjölga nemendum. Vegna skorts á fagmenntuðum lögreglumönnum er öflugur skóli forsenda fyrir frekari fjölgun í lögregluliðum landsins.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar hér er ekki síst sérkennilegur í ljósi þess að lögreglan á Íslandi stendur vel í samanburði við nágrannaríki okkar. Bent hefur verið á að í OECD-samanburði frá 1998 leggjum við Íslendingar næstmest af Norðurlöndunum af mörkum þannig að ég fullyrði að málefni lögreglunnar eru í góðu lagi (**GÁS:** ...tala við lögregluna.) en auðvitað má alltaf betur gera og að því stefni ég.

Málefni aldraða, 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 163.

[14:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999. Í frv. er gert ráð fyrir að gjald úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði hækkað úr 4.578 kr. í 4.826 kr. eða um 248 kr.

Úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru m.a. veittir styrkir til byggingar þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða og til nauðsynlegra breytinga og endurbóta á húsnæði

sem notað er til þjónustu við aldraða. Auk þess styrkir sjóðurinn rekstur á stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra stjórnar sjóðnum og gerir árlega tillögu til heilbr.- og trmrh. um úthlutun úr sjóðnum til verkefna.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þeir sem greiða gjaldið eru einstaklingar á aldrinum 16–69 ára. Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem verður 781.579 kr. eða lægri á tekjuárinu 2001. Jafnframt skulu skattstjórar fella niður gjaldið af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum undir 70 ára aldri sem dveljast á dvalar- eða hjúkrunarheimilum.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er með frv. hækkað *um 5,41% og miðast hækkunin að hálfu við breytingu á* byggingarvísitölu og að hálfu við breytingu á neysluvísitölu.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er í raun eitt af fylgifrumvörpum fjárlagafrv. og ég tel brýnt að frv. hljóti afgreiðslu á haustþingi þannig að það fylgi fjárlagafrv. við afgreiðslu þess. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:07]

Landsvegir á hálendi Íslands, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 47. mál. — Þskj. 47.

[14:13]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands. Ásamt mér eru flutningsmenn hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ásta Möller, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kjartan Ólafsson og Sigríður A. Þórðardóttir.

Tillagan *hljóðar svo:*

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Nefndin verði skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, einum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Samtökum ferðaþjónustunnar, einum af Náttúruvernd ríkisins og einum af Vegagerðinni.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 125. og 126. löggjafarþingi en var ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt með þeirri breytingu að einn nefndarmaður skal nú skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar.

Umferð á hálendi Íslands fer sívaxandi. Samkvæmt tillögunni skal skipuð nefnd sem semji drög að framtíðarskipulagi og uppbyggingu landsvega á hálendinu þannig að komast megi um það án mikilla svaðilfara, en með nokkrum takmörkunum þó.

Aðalleiðir, þ.e. Kjölur, Sprengisandur, Kaldidalur/Uxahryggir og Fjallabaksleið nyrðri, þurfa að vera færar dugmiklum fólksbílum, venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir helsta ferðamannatímann, þ.e. frá júní til september.

Vinsælar leiðir á borð við leiðirnar að Öskju, Gæsavötnum, Herðubreið og Snæfelli, Fjallabaksleið syðri, hringleið um Heklu, Emstruleið, inn í Þórsmörk, Dómadalsleið í Landmannalaugar, um Haukadalsheiði, Eyfirðingabraut, yfir Öxi, að Lakagígum og fleiri vinsælar ferðaleiðir á hálendinu þurfa að vera færar öllum venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir sumartímann.

Til að þetta geti orðið til frambúðar þarf að veita fé til uppbyggingar og viðhalds þessara vega á hverju ári. Í flokkun veganna þarf að koma fram tilgangur þeirra, þ.e. hverjir fara um þá og hvert. Setja þarf viðmiðunarreglur um hvar á að brúa og hvar ekki. Rétt er að fjármagnið skiptist eftir þessari flokkun og ástandi og mikilvægi hvers vegar eins og reynt er að gera í byggð.

Með góðum og greiðfærum vegum á hálendinu er hægt að draga úr utanvegaakstri og stuðla þar með að verndun gróðurs og ósnortinna svæða, auka öryggi ferðamanna á ferðum um hálendið og tryggja að ekki verði „óvart" til nýjar slóðir hér og þar.

Með efldu vegakerfi á hálendinu er auðveldara að stýra umgengni ferðamanna og náttúruunnenda. Almenningi er þannig gefinn kostur á að njóta stórkostlegrar náttúru, nokkuð sem ekki hefur hingað til verið mögulegt á venjulegum farartækjum.

Nauðsynlegt er að taka mið af skipulagi miðhálendis Íslands við skipulagningu vegakerfis um hálendið. Það ætti að einhverju leyti að taka mið af hugmyndafræðinni um að ferðamenn fari um hálendið og njóti náttúrunnar að degi til en dveljist eins og við verður komið við jaðar þess eða á skipulögðum svæðum yfir nætur.

Á síðasta þingi var þessi þáltill. send til umsagnar víðs vegar og ég verð að segja það, mér til mikillar ánægju, að henni var mjög vel tekið af öllum sem sendu inn umsagnir. Samtök ferðaþjónustunnar gerðu eina athugasemd. Hún laut að því að ekki væri tilnefnt frá þeim. Ég tók hana þá til greina og sú breyting er núna komin inn að Samtök ferðaþjónustunnar tilnefni einn þeirra sem eiga að sitja í nefndinni.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta en óska eftir því að tillögunni verði vísað til hv. samgn.

[14:18]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég fagna því markmiði sem fram kemur í þessari þáltill. Ég tel það skipta ferðaþjónustu miklu, t.d. á Norður- og Suðurlandi að vegir um Sprengisand og Kjöl séu bættir. Það þarf ekki að laga nema um 150 km af Sprengisandsleið, frá efstu bæjum í Bárðardal að góðum vegi sunnan heiða. Kjalvegur er nú þegar góður að norðan og allt að Hveravöllum.

Herra forseti. Það skiptir miklu að þessir vegir séu lagaðir. Það er mismunandi verðurfar á Norðurlandi og Suðurlandi og oft er fólk á ferð þar á milli og væri kostur, ef veður eru válynd og leiðinleg, að geta farið á stuttum tíma að norðan og suður eða að sunnan og norður. Það skiptir miklu að auðvelda fólki samgöngur milli þessara tveggja svæða. Ég tel að þessi tillaga, verði hún að veruleika, um að þessir vegir verði bættir mundi efla ferðaþjónustu og væri styrkur jafnt fyrir Suðurland sem Norðurland. Það eru ekki nema 200–300 km á milli ef þessir vegir eru notaðir en annars þarf að keyra 700–800 km á milli þessara landshluta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 169. mál (forgangsröð verkefna o.fl.). — Þskj. 170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Málefni aldraða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraða). — Þskj. 163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 39. mál. — Þskj. 39.

[14:26]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika. Þetta frv. var til umfjöllunar á 126. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt og er lagt fram að nýju óbreytt.

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Vilhjálmur Egilsson, Einar Oddur Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón A. Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sigríður Ingvarsdóttir.

Frv. er svohljóðandi:

„1. gr. Heimil er keppni og sýning á ólympískum hnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna ólympíska hnefaleika.

2. gr. Heimil er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum.

3. gr. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um ólympíska hnefaleika.

4. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Með frumvarpi þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Rétt er að taka fram að ólympískir hnefaleikar eru keppnisgrein á Ólympíuleikum og hafa verið það lengi. Algjört einsdæmi er að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni.

Gera verður skýran greinarmun á annars vegar ólympískum hnefaleikum, með öðrum orðum áhugamannahnefaleikum, og hins vegar atvinnumannahnefaleikum sem eru stundaðir í öllum heimsálfum. Reglur og öryggiskröfur greinanna eru afar ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Alvarleg slys eru þekkt í atvinnumannahnefaleikum en þannig slys hafa ekki orðið í áhugamannahnefaleikum vegna hinna ólíku reglna sem um þá gilda. Samkvæmt sænskri rannsókn frá árinu 1990, sem Yvonne Haglund læknir gerði á því hvort varanlegur skaði gæti orðið á heila af völdum áhugamannahnefaleika, virðist svo ekki vera sé fylgt ströngum áhugamannareglum eins og í Svíþjóð.

Lögð er áhersla á að það á að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda. Að öðru leyti standa óbreytt lög nr. 92/1956 sem banna hnefaleika í atvinnuskyni.

Eins og segir í grg. með frv. voru hnefaleikar bannaðir árið 1956 vegna meiðsla sem urðu við iðkun þessarar íþróttar. Það voru sem sagt ekki ólympískir hnefaleikar eins og hér er verið að leggja til heldur atvinnumannahnefaleikar.

Meginmunurinn á þessum tveimur greinum er verulegur.

1. Í áhugamannahnefaleikum eða ólympískum hnefaleikum eru notaðar höfuðhlífar og þykkari hanskar sem eru sérhannaðir til að draga úr skaðsemi höggsins.

2. Í áhugamannahnefaleikum eru þrjár þriggja mínútna lotur en í atvinnumannahnefaleikum geta lotur verið allt að 12 sinnum 3 mínútur.

3. Ólympískir hnefaleikar snúast um að skora stig. Engin aukastig eru gefin fyrir að slá andstæðinginn niður eða rota hann. Hugtakið „tæknilega sleginn út" eða TKO er ekki til og minna en 1% allra ólympískra hnefaleika endar með rothöggi. Ólympískir hnefaleikar, júdó, karate, glíma og ýmsar fleiri bardagaíþróttir eru fyrst og fremst hugsaðar sem sjálfsvarnaríþróttir. Ólympískir hnefaleikar byggjast ekki á því að sigra með því að meiða andstæðinginn eins og margir andstæðingar ólympískra hnefaleika halda fram, heldur byggist sigurinn á því að vinna á stigum og vörnin er mjög mikilvægur þáttur í ólympískum hnefaleikum, ekki bara sóknin.

4. Meiðsli í ólympískum hnefaleikum eru mun minni eða allt að fimmtíufalt minni en í atvinnumannahnefaleikum.

5. Að meðaltali vankast áhugamannahnefaleikari í meira en hundruðustu hverri keppni og þá má hann ekki keppa í þrjá mánuði þar á eftir. Slíkar reglur eru ekki í atvinnumannahnefaleikum.

6. Áhugamannahnefaleikari má ekki keppa þegar hann er orðinn 33 ára eða eldri.

7. Læknisskoðun er skyld fyrir og eftir keppni.

8. Skylda er að hafa sérstaka viðurkennda keppnisbók og það er mjög sjaldgæft í öðrum íþróttagreinum.

9. Dómgæsla og reglur miða að því að vernda hnefaleikarann eins og framast er kostur. Leikur er stöðvaður ef annar keppandinn hefur yfirburði. Mjög hart er tekið á ólöglegum höggum og ef keppendur verða uppvísir að slíku er þeim tafarlaust vísað úr keppni.

10. Ólympískir hnefaleikar hafa verið keppnisgrein á Ólympíuleikum síðan 1904 og hafa verið mjög vinsæl grein og til stendur að taka upp hnefaleika fyrir konur á næstu Ólympíuleikum.

11. Ólympískir hnefaleikar eru sjálfsvarnaríþrótt líkt og glíma, karate, júdó og fleiri íþróttir sem heita austrænum nöfnum. T.d. er leyfð kennsla og iðkun í jeetkunedo sem er tælensk íþrótt sem kallast kickbox á ensku. Þar er barist með hönskum eins og í hnefaleikum og einnig eru leyfð spörk í þeirri grein. Í annarri austurlenskri sjálfsvarnaríþrótt, taekwondo, er barist með berum hnefum og fótum og meiðslatími er mun hærri en í ólympískum hnefaleikum, en taekwondo er ólympísk íþrótt og mjög vinsæl keppnisgrein hér á landi. Ég hef ekki heyrt einn eða neinn í þessum sal né þá læknasamtök koma með tillögur um að banna þá íþrótt. Þá má nefna líka kumite, sem er bardagahluti karateíþróttarinnar, þar sem hendur og fætur eru notaðar. Hafi menn verið að horfa á sjónvarp á sunnudaginn var þá hafa þeir getað séð hvernig kumite fer fram. Í þeirri íþróttagrein eru menn með hanska á höndum og notaðar eru hendur og fætur. Í því tilviki er ekki meiningin að keppendur snertist nema lítillega. En þetta lítillega hefur í för með sér nefbrot, kinnbrot, rifbeinsbrot og allt þar á milli, þannig að meiðslatíðni í þessum íþróttagreinum er mjög há.

12. Atvinnuhnefaleikar eru bannaðir í nokkrum löndum, m.a. Svíþjóð og Noregi. En ólympískir hnefaleikar eru hvergi bannaðir nema á Íslandi, hvergi í heiminum bannaðir nema á Íslandi sem er eiginlega mjög sérstakt. Allar hinar greinarnar sem ég tíndi til eru hins vegar leyfðar.

Þeir sem mest hafa talað á móti ólympískum hnefaleikum halda því fram að þessi íþrótt sé hættuleg iðkendum, að meiðsli séu tíð og geti verið varanleg. Rétt er að fara yfir nokkur atriði í þessu sambandi en gerðar hafa verið margar rannsóknir á ólympískum hnefaleikum.

Árið 1960 skipaði Norðurlandaráð nefnd til að rannsaka hversu áhættusamt væri að stunda ólympíska hnefaleika. Margir læknar voru kallaðir til verkefnisins ásamt fleiri fagmönnum. Niðurstaða nefndarinnar var að meiðsl í ólympískum hnefaleikum væru alls ekki meiri en í öðrum íþróttagreinum og ekki væri ástæða til að banna íþróttina.

Árið 1985 fól sænska þingið sænska íþróttasambandinu að láta fara fram á rannsókn á öryggi við iðkun áhugamannahnefaleika í Svíþjóð til að komast að því hvort fyrrverandi eða núverandi áhugahnefaleikarar hefðu orðið fyrir nokkrum varanlegum heilaskemmdum. Sænska íþróttasambandið fékk færustu sérfræðinga á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi til að gera þessar rannsóknir. Þær fóru fram á íþrótta-, taugalækninga- og bæklunardeild sjúkrahússins. Eins og áður sagði var það dr. Yvonne Haglund sem var með þessar rannsóknir en hún varði doktorsritgerð sína um þetta mál árið 1990. Markmið rannsóknanna var að meta varanlegar heilaskemmdir sem hlutust í áhugamannahnefaleikum í Svíþjóð frá 1970 eða um 15 ára skeið.

Rannsakaðir voru 50 fyrrverandi áhugahnefaleikar, 25 sem höfðu háð marga keppnina, „high match boxers", og 25 með tiltölulega fá mót að baki. Hnefaleikararnir voru bornir saman við tvo hópa, 25 knattspyrnumenn og 25 frjálsíþróttamenn á sama aldursskeiði. Þeir voru síðan allir bornir saman við fjórða hópinn sem samanstóð af venjulegu fólki héðan og þaðan. Þátttakendur voru spurðir um íþróttaferil sinn, menntun, atvinnu, hjúskaparstétt, snertingu við lífræn leysiefni, neyslu áfengis eða lyfja og lifnaðarhætti yfirleitt.

Helstu niðurstöður rannsókna voru að verulegur munur kom fram eftir félagslegri stöðu. Hnefaleikar voru stundaðir af mönnum sem voru minna menntaðir og stunduðu sjaldnar stjórnunarstörf. Þeir neyttu einnig áfengis og lyfja í ríkari mæli en þó mest áður en þeir hófu að iðka hnefaleika. Þegar rannsóknin var gerð var líf allra hnefaleikaranna og samburðaraðilanna í traustum skorðum félagslega.

Allir rannsóknaraðilar gengust undir venjulega læknisskoðun. Allir þátttakendur gengust undir víðtæka taugafræðilega rannsókn þar á meðal minni háttar geðrannsókn. Einn hnefaleikari sem var með mörg mót að baki og þrír knattspyrnumenn sýndu lítils háttar frávik frá eðlilegu ástandi. Ég endurtek: Einn hnefaleikari og þrír knattspyrnumenn sýndu lítils háttar frávik frá eðlilegu ástandi en enginn verulegur munur fannst þó á hópnum, allir sýndu normal prófgildi. Taugarafrænar rannsóknir sýndu engan marktækan mun á hópnum og engin merki um varanlegar heilaskemmdir komu fram hjá hnefaleikurum eða samanburðarhópunum.

Einnig var gerð taugasálfræðileg rannsókn. Notað var staðlað taugasálfræðipróf sem náði til snertiskyns, hreyfifærni, vitsmuna og minnisverkefna. Aðeins á einu sviði kom fram munur á hópunum. Hópurinn með mörg mót að baki gat síður bankað með fingrunum en hinir. Veruleg fylgni fannst á milli fjölda móta, lengdar hnefaleikaferils og fingraleikni. Fingraleikni var ekki undir lágmarki nema hjá tveimur hnefaleikurum. Enginn hnefaleikaranna var álitinn hafa ákveðin merki um skerðingu andlegs atgervis. Engin merki fundust um verulega taugasálfræðilega skerðingu.

Niðurstaðan úr rannsókninni sem gerð var fyrir Norðurlandaráð og rannsókninni sem gerð var á Karólínska sjúkrahúsinu leiddu til hliðstæðrar niðurstöðu: Það á ekki að banna ólympíska hnefaleika.

Rannsóknir hafa einnig verið gerðar í öðrum löndum um sama efni, t.d. á Írlandi, Bretlandi og Finnlandi. Þær rannsóknir sýndu að ólympískir hnefaleikar leiddu ekki til heilaskaða og að hætta á áverkum af völdum ólympískra hnefaleika væri tiltölulega lítil í samanburði við aðrar íþróttir, áverkar á höfði sem ættu sér stað í keppni væru aðallega vægur heilahristingur.

Könnun á Írlandi árin 1992–1993 sýndi að ólympískir hnefaleikar leiddu ekki til heilaskaða, að hætta á áverkum af völdum ólympískra hnefaleika væri tiltölulega lítil í samanburði við aðrar íþróttir.

Í grein úr þýska fagtímaritinu Sportsverletzung, „Sportschaden" sem birtist í mars 1999, er greint frá úttekt á slysum vegna sjálfvarnaríþrótta og byggist hún á athugunum á sjúkraskýrslum og skýrslum tiltekins tryggingafélags yfir 15 ára tímabil. 137 slys voru skráð sem áttu sér stað í þessum íþróttum. Af þeim áttu 47 tilvik sér stað í júdó, 44 í karate eða kumite, 22 í fjölbragðaglímu (wrestling), 9 í taekwondo, 7 í hnefaleikum og færri tilvik í öðrum tilteknum íþróttagreinum sem falla undir sjálfsvarnaríþróttir.

Í frétt sem birtist í breska læknatímaritinu The British Medical Journal í ágúst árið 1998 kemur fram að samkvæmt slysaskráningu í Hollandi á tíu ára tímabili, frá 1987–1996, voru skráð 18 þúsund slys þar sem heilaáverkar komu við sögu. Í 4.300 tilvikum urðu slysin í knattspyrnu, í 3.400 tilvikum í reiðmennsku og í 70 tilvikum í hnefaleikum.

Í annarri grein sem birtist í sama tímariti í febrúar 1998 var bent á að af dauðsföllum við íþróttaiðkun í Bretlandi á árunum 1986–1992 væru þrjú af völdum hnefaleika, 77

dauðsföll við mótoríþróttir, 69 við flugíþróttir, 54 vegna fjallaklifurs og 28 dauðsföll vegna hestaíþrótta.

Í Bandaríkjunum var gerð rannsókn á tíðni meiðsla í íþróttum. Þar lentu ólympískir hnefaleikar í 71. sæti á listanum.

Þannig er því ekki fyrir að fara að ólympískir hnefaleikar séu mjög hættuleg íþrótt miðað við margar aðrar. Það er ljóst að flestallar íþróttir eru hættulegar, nema kannski að tefla, spila bridge og slíkt sem er hættulaust. Það er ekki hættulaust að leika fótbolta (Gripið fram í.) ef menn ætla að skalla þungan bolta — ég hef áður farið í gegnum það — og sérstaklega ef menn skalla hver annan. Sú íþrótt hefur ekki verið bönnuð og enginn komið með tillögu þar um. Þá brysti nú þingmönnum kjarkurinn ef fara ætti að taka þannig á einhverjum slíkum málum eða öðrum sjálfsvarnaríþróttum. Ég hef ekki heyrt eitt orð um það í þessum sal að talað sé um karate, kumite, taekwondo eða aðrar slíkar íþróttir. Ég skora á þingmenn kynna sér málið og horfa á þessar íþróttir.

Hér er verið að tala um að hverfa frá gömlu forsjárhyggjunni sem gengur út á að ríkið þurfi að horfa yfir öxlina á mönnum og segja þeim hvað þeir eiga að gera í hvert skipti. Mín lífsskoðun er bara önnur. Ég er alveg klár á því að sumir hér inni hafa þessa lífsskoðun en ég vil hins vegar að fólk geti valið hvaða íþróttir það stundar. Það hefur ítrekað verið sýnt fram á að ólympískir hnefaleikar eru meðal þeirra íþrótta sem eru hvað hættuminnstar.

Í Bandaríkjunum fara fram mót sem heita Silver Gloves og Golden Gloves þar sem börn og unglingar frá 8 ára og upp í 15 ára keppa. Bardagarnir eru yfir 2.000 og loturnar milli 5 og 6 þúsund og örfá tilfelli hafa komið upp síðustu árin þar sem þörf hefur verið á læknishjálp.

Árin 1997 og 1998, til upplýsingar, voru bardagar í ólympískum hnefaleikum áætlaðir yfir 23 þúsund og þátttakendur tæplega 23 þúsund. Skráð voru 98 meiðsli á öllum þessum mótum Golden Gloves og Silver Gloves í Bandaríkjunum.

Ég hef reynt að rekja það í stuttu máli að hér er ekki um að ræða íþrótt sem er mjög hættuleg. Ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm verðum við náttúrlega að banna allar þær íþróttir sem eru hættulegar. Mikið er um að skráð séu meiðsli í kumite og í taekwondo, sem er gífurlega vinsælt núna meðal ungmenna á Íslandi. Sama á við um kickbox, í reiðmennsku og fótbolta, ég tala nú ekki um að vera í marki í handbolta. Því hefur verið haldið fram af markverði sem var frægur á árum áður að hann hafi orðið fyrir heilaskaða vegna höggs sem hann fékk frá bolta í höfuðið af stuttu færi. Hvar eiga menn þá að draga línuna? Auðvitað er hægt að fara yfir það með fræðilegum rökum að það sé einhver hætta af ólympískum hnefaleikum. Ég er ekki að bera á móti því en ég er að segja að slysatíðni í þessari íþrótt er minni en í flestum öðrum íþróttum. Það er því stóreinkennilegt að við séum eina landið í heiminum sem bannar þetta. Aftur á móti er ég alveg á móti því að hér verði leyfðir atvinnumannahnefaleikar. Það er allt önnur deild. Hnefaleikar nútímans eins og þeir stunda Mike Tyson og hvað þeir heita nú allir þessir kappar. Þar eru á ferð skylmingarþrælar nútímans. Þar er barist upp á líf og dauða. Þar er barist upp á æruna og háar peningaupphæðir. Það eru gladíatorar nútímans. (Gripið fram í.) Það eru ekki ólympískir hnefaleikar og ég er mjög á móti því að það verði iðkað hér. Ég hef þó eins og margir aðrir gaman af því að horfa á það í sjónvarpi, eins og margir andstæðingar ólympískra hnefaleika. Þeir vaka fram eftir á nóttu og horfa á þetta á Sýn, eins ég og fleiri. (**Gripið fram í:** Allir með bros á vör á eftir.) Já, með bros á vör á eftir. En eins og ég segi þar eru að berjast gladíatorar nútímans.

Hér erum við hins vegar að tala um almenningsíþrótt fyrir unglinga og fullorðna. Þetta er ólympísk grein. Ef menn hafa horft á sjónvarpið sl. vor þegar íslenskir hnefaleikarar fóru til Bandaríkjanna og kepptu þar við áhugahnefaleikara í Minnesota, þá var mjög gaman að fylgjast með því og gaman að sjá hvað þeir stóðu sig vel, landar okkar. Þeir voru þar að keppa við þeirra bestu menn. Þessir íþróttamenn eru hins vegar í skúmaskotum að iðka hnefaleika.

Það hefur líka mjög gott uppeldislegt gildi að stunda þessa íþrótt, kostar mikinn sjálfsaga og hefur hjálpað mörgum unglingnum við að leysa úr vandamálum sínum. Mér finnst þetta orðið hlægilegt. Hér eru seldir hanskar og allt hvað eina til að stunda þessa íþrótt. Hérna stunda menn þetta. (**Gripið fram í:** Það er bannað.) Já, það er bannað segir einhver. Ég er á móti þeirri forsjárhyggju sem hér hefur ríkt of lengi. Ég held að þetta hafi verið bannað hér árið 1956 á röngum forsendum. Þá var verið að banna atvinnumannahnefaleika en ekki áhugamannahnefaleika.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta í bili en legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[14:48]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í grg. með frv. kemur fram sú fullyrðing flutningsmanna að það sé algjört einsdæmi að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Ég vildi gjarnan fá að vita hvort rétt sé með farið. Er þetta einsdæmi í veröldinni, ágætu flutningsmenn?

Ég vil líka spyrja þá hvort þeir telji að framgangur þessa máls muni leiða til góðs. Mun það leiða til þess að ofbeldisverkum í miðborg Reykjavíkur fækki? Mun þetta ekki leiða til fjölgunar ofbeldisverka? Mun ofbeldi minnka og munu menn hætta að greiða hver öðrum kjaftshögg á götum úti og ástunda þetta eingöngu í ætluðu rými? Ég hef haft langt mál um þetta frv., þ.e. þau frv. sem áður hafa verið flutt, og ætla ekki að endurtaka það allt heldur segja þetta og óska eftir því að flutningsmenn geri grein fyrir því hvort þeir séu þess fullvissir og geti lagt fram óyggjandi staðreyndir fyrir því að það sé einsdæmi að á Íslandi sé box bannað.

Í annan stað langar mig að vita hvort þeir telji að þetta muni leiða til þess að ofbeldi í Reykjavík muni minnka eða nánast leggjast af.

[14:50]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég segja þetta: Það er einsdæmi hér á landi svo að ég viti til að það sé bannað að keppa í ólympískri grein. Við erum þátttakendur í Alþjóðaólympíusambandinu og ég veit ekki til að við bönnum aðrar greinar sem eru stundaðar á Ólympíuleikum.

Svo er þetta sem maður heyrir um að ofbeldi muni aukast í miðbæ Reykjavíkur. Eru menn hér að fara að stunda íþróttir til að læra að slást í miðbæ Reykjavíkur? Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur. Ég hugsa að ofbeldið hér í Reykjavík gæti frekar minnkað með tilkomu þessarar íþróttar. Ég sé bara engan mun á því. Það eru hundruð einstaklinga sem stunda þessa íþrótt í dag. Eru þeir að fara að berja menn niðri í miðbæ? Ég hef ekki orðið var við það. Menn sem stunda þessar sjálfsvarnaríþróttir eru ekki í því að fara niður í bæ og lemja náungann. Þetta er alveg ótrúlegt. Það er líka alveg ljóst að fólk hér í miðbæ Reykjavíkur mun ekki hætta að

slást en það er ekki hægt að klína því á það að ólympískir hnefaleikarar séu þar á ferðinni eða þeir sem stunda karate eða taekwondo eða hvað þetta heitir allt saman. Ég held að svona sé ekki hægt að alhæfa þannig að ég vísa þessu alveg heim til föðurhúsanna.

Ég fullyrði að það er algjört einsdæmi að hér sé sérstaklega bönnuð ólympísk keppnisíþrótt. Ég vona að við berum gæfu til þess á þingi að leiða þetta mál til lykta og leyfa ólympíska hnefaleika og fara úr forsjárhyggjunni yfir í eðlilega hugsun.

[14:52]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hvort þetta væri einsdæmi í veröldinni en mér heyrðist hv. þm. segja að þetta væri einsdæmi hér á landi. Þar er dálítill munur á. Ég spurði hvort það væri einsdæmi í veröldinni að box væri bannað með þessum hætti.

Í annan stað voru mér líka lögð önnur orð í munn. Ég spurði: Eru flutningsmenn sannfærðir um að ofbeldi muni minnka? Þar er dálítill munur á eða hvort ég hefði fullyrt að ofbeldi mundi aukast. Ég spurði: Eru flutningsmenn sannfærðir um að ofbeldi muni minnka?

[14:53]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að svara hv. þm.: Ísland er eina ríkið í heiminum sem bannar ólympíska hnefaleika svo að það sé alveg á hreinu.

Í öðru lagi get ég ekki fullyrt að ofbeldi minnki með tilkomu ólympískra hnefaleika. Ég mundi telja að það væri frekar í þá áttina heldur en að það mundi aukast. En hver á að segja til um svoleiðis? Við getum kannski sagt eftir 10 ár, þegar við erum búin að leyfa ólympíska hnefaleika, hvort það hafi aukist eða minnkað. Þá getum við rætt um það hér á þinginu.

[14:54]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika er lagt hér fram í þriðja sinn á þessu kjörtímabili. Í fyrsta skipti var það fellt, í fyrra fékk það enga afgreiðslu og nú er það lagt fram í þriðja sinn. Efnislega ætla ég ekki að fara yfir þetta frv. við 1. umr. Ég vísa til fyrri umræðna um frv. í bæði skiptin sem það var flutt og til allra þeirra umsagna sem um frv. hafa komið. Ég hef enga trú á því að í sjálfu sér komi neitt nýtt fram við þessa umræðu í dag.

Ég tek hér til máls, herra forseti, vegna þess að ég vil gera athugasemd við dagskrá þingsins, í fyrsta lagi að mál sem er nr. 39 skuli vera tekið fram fyrir önnur mál á dagskrá sem voru með lægri málsnúmer og sem hefði örugglega frekar þurft að vera vísað til nefndar og til umsagnar núna á næstunni heldur en þetta mál sem þegar hefur fengið mjög góða umræðu og umsagnir víða að. Ég geri athugasemd við að þetta mál skuli ekki hafa fengið að bíða enn um sinn. Þegar komið er að deginum í dag geri ég athugasemd við að það skuli vera sett á dagskrá sem liður nr. 5 en síðast á dagskrá dagsins í dag mál varaþingmanna sem nauðsynlega þurfa að koma til umræðu og hefðu að mínu mati og fleiri átt að vera fyrr á dagskránni svo að hv. varaþingmenn gætu með góðu móti talað fyrir sínum málum og þingfundur þá ekki staðið fram á kvöld.

Annað vildi ég ekki segja um þetta mál að sinni. Ég held að það sé að mörgu leyti þegar útrætt.

[14:57]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill geta þess að hann telur að enn séu góðar líkur á því að þingmál varaþingmanna komist að í dag.

[14:57]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta ágæta mál er nú, eins og fyrri ræðumaður sagði, tekið fyrir hér í þriðja skipti þriðja árið í röð. Fyrsta árið var það fellt, í fyrra fékk það mjög rækilegar umsagnir, bæði frá minni hluta menntmn. og heilbr.- og trn., þar sem mælt var gegn samþykkt frv. og var hætt við að setja það í atkvæðagreiðslu af einhverjum dularfullum ástæðum. Nú er það enn á ný komið á kreik og tekið fram fyrir önnur mál til að troða inn á dagskrá á undan málum varaþingmanna sem nauðsynlega þurfa að komast að í dag. Mér virðist vera svolítil boxnáttúra í þessari aðferð og ég vil mótmæla henni.

Hv. þm. Gunnar Birgisson telur ekki alveg öruggt að boxæfingar muni hvetja til frekara ofbeldis sem því miður er þó farið að gæta víða. Ég er hins vegar alveg sannfærð um að það að fara að æfa árásaríþrótt hvetur til aukins ofbeldis. Ég vil minna á að þegar box var bannað árið 1956 var ein af ástæðunum sú að hópur ungra manna í Reykjavík sem æfði box var farinn að sitja fyrir fólki sem kom út af skemmtistöðum í Reykjavík og slá það kalt. Það var ein af ástæðum þess að þetta var bannað á sínum tíma. Og ég held því miður að mannkyninu hafi ekki farið svo fram á þessum tíma að þessi hætta sé ekki lengur fyrir hendi. Ég held að við eigum að láta það vera að lögleiða box á ný fyrst við bárum gæfu til þess á sínum tíma að banna það. Það eru margar þjóðir sem öfunda okkur af því að við skyldum stíga þetta skref á sínum tíma. Í Noregi hefur verið mikill áhugi á því að banna ólympískt box. Ég veit ekki hvort það verður af því á þessu ári en það hefur staðið til í nokkur ár og er mikill áhugi á því á norska þinginu. Svo mun vera víðar þannig að við erum hér að fara svolítið í öfuga átt við umræðuna í heiminum.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna í dag. Ég mun hins vegar hvetja til að þetta mál fái enn á ný afar vandaða umfjöllun í hv. menntmn.

[15:00]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að leiðrétta hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur. Þetta er ekki árásaríþrótt heldur sjálfsvarnaríþrótt. Fólk má ekki koma hérna upp og snúa öllum staðreyndum við.

Ég vil líka skora á hv. þm. að leggja eitthvað fram því máli sínu til sönnunar að hnefaleikarar á sjötta áratugnum hafi setið fyrir mönnum á dansstöðum eða skemmtistöðum til að kýla þá kalda þegar þeir kæmu út af stöðunum. Þetta eru stór orð. Mér finnst að fólk eigi að vanda málflutning sinn og ekki hafa hann í þessum dúr. Það væri rétt kannski að fá einhverjar skýrslur um þetta mál. Mér finnst þetta hins vegar stór orð sem hér eru höfð í frammi.

Það er ljóst að árið 1956 var verið að banna atvinnumannahnefaleika og séu lögin glöggt lesin þá er spurning hvort ólympískt box er ólöglegt eða ekki. En ég er þeirrar skoðunar, ekki haldinn þeirri forsjárhyggju sem hv. þm. vill, að láta stóra bróður horfa yfir öxlina á okkur í einu og öllu, að við ættum að samþykkja þetta frv. Hún fullyrti að á Norðurlöndum væri verið að banna þetta. Þeir eru búnir að banna þetta víða þar, m.a. í Svíþjóð þar sem þeir hafa verið með

atvinnumannahnefaleika. Danir eru ekki búnir að því. Svíar áttu einu sinni heimsmeistara, Ingemar Johannsson, sem vann einu sinni Floyd Patterson en tapaði fyrir honum aftur að vísu. En ég hef ekki heyrt að aðrar Norðurlandaþjóðir séu að fara í að banna ólympíska keppnisgrein.

[15:02]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mun ekki reynast erfitt að sýna fram á að það er rétt sem ég sagði í upphafi máls míns vegna þess að um það eru til blaðagreinar frá þeim tíma. Ég mun reyna m.a. í þeirri ítarlegu og mjög svo nákvæmu vinnu sem mun fara fram í menntmn. — það er vart hægt að sjá að veturinn muni endast okkur til að gera allt sem fram undan er — að færa fram þessa ágætu grein svo að hv. þm. megi kynna sér þetta mál þó gamalt sé.

Það er mikill áhugi á boxi. Sérstaklega hafa félagar í einum af okkar ágætu stjórnmálaflokkum sýnt þessu máli mikinn áhuga. Ég veit að þeir sitja m.a. í stjórn í því bæjarfélagi sem ég bý í. Fyrir 17. júní í ár var borin í hús auglýsing um 17. júní hátíðahöldin. Eitt af því sem átti að vera til skemmtunar í bænum var barnabox. Það átti að horfa á börn berjast í hringnum, náttúrlega með þeim tækjum sem samkvæmt lögum eru bönnuð, boxhönskum og vonandi grímum, varla með sjóvettlingum.

Ég verð að segja að mér finnst þetta ekki til fyrirmyndar og mjög mikill slappleiki að slíkt skuli fara fram í landinu.

[15:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Þuríður Backman sleppti honum áðan varðandi gerræði stjórnar þingsins í að koma þessu máli á dagskrá. Mér þykir, herra forseti, alvarlegt þegar málum varaþingmanna sem sitja mögulega sinn síðasta dag á Alþingi er ýtt aftur fyrir mál af þessu tagi, sem Alþingi hefur sóað tíma í að vinna að og ræða á tveimur fyrri þingum þessa kjörtímabils. Þó að virðulegur forseti hafi látið í ljós þá skoðun sína áðan að honum sýndist að mál varaþingmannanna kæmust engu að síður að þá gef ég sáralítið fyrir þá sýn virðulegs forseta. Auðvitað hefði virðingar þingsins verið gætt gagnvart varaþingmönnunum og þeirra málum ef þau hefðu af tillitssemi við þá verið sett fram fyrir þetta mál sem allur þingheimur veit að þingmenn vilja gjarnan takast á um.

Þingheimur hefur viljað rífast um þetta mál, herra forseti, á undanförnum tveimur þingum þegar það hefur verið flutt. Nú þurfum við hv. alþm. að ákveða það hver fyrir sig hvort við ætlum að leyfa hv. varaþingmönnum að komast að með sín mál. Að því leyti finnst mér það ákveðið gerræði í stjórn þingsins að láta það í hendur hv. alþingismanna hvort málum hv. varaþingmanna verði hleypt að. Ég er ekki sátt við að sitja uppi með þá ábyrgð því að auðvitað vil ég að þingmál hv. varaþingmanna komist að án þess að þau þurfi að ræða inn í nóttina. Nær hefði verið að ræða þetta mál inn í nóttina.

Herra forseti. Það jaðrar við þráhyggju hv. þm. Gunnars Birgissonar að tala fyrir þessu máli þriðja árið í röð þegar Alþingi hefur í atkvæðagreiðslu fellt það. Hvers vegna lýsir hv. þm. sig ekki bara sigraðan? Nei, hann færist allur í aukana. Hann eflist til muna og safnar fleiri hv. þm. á undirskriftalistann undir málið.

Nú er svo komið að 26% þingmanna flytja málið. Ég segi að það jaðri við þráhyggju og einhvers konar krossferð sem hv. þm. Gunnar Birgisson virðist vera í gagnvart þessu máli. Ég gagnrýndi hv. þm. í fyrra fyrir að hafa ekki einu sinni bætt við ræðuna sína frá 125. löggjafarþingi, þar sem hann einungis las upp greinargerðina. Nú ætla ég að hæla honum, herra forseti, fyrir að ræðan hans þetta árið var þó yfirgripsmeiri og hafði frekari upplýsingar um sjónarmið hans en ræðan sem hann flutti á 126. löggjafarþingi. Það má þó hæla honum, herra forseti, fyrir að hann hefur bætt við málflutning sinn og þarf af leiðandi má segja að hann hafi hækkað í mjög lágum bunka okkar nefndarmanna í hv. menntmn. og hv. heilbr.- og trn. þingsins, þ.e. þeim bunka sem merktur er rök með lögleiðingu ólympískra hnefaleika. Sannleikurinn er auðvitað sá að rökin gegn lögleiðingunni hafa verið miklu sterkari og í miklu hærri bunkum á borðum hv. nefndarmanna.

Það er rangt hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni að hér hafi ekki komið fram neinar hugmyndir eða óskir um að banna aðrar árásaríþróttir sem eru stundaðar hér á landi. Hv. þm. hefur þá gleymt þeim ræðum sem fluttar voru hér í fyrra og trúlega hittiðfyrra líka þar sem a.m.k. sú sem hér stendur sagði, og eftir því sem minni mitt rekur til þá töluðu fleiri hv. þingmenn á þeim nótum, að ef það kæmi í ljós og ef það væri staðreyndin að íþróttir á borð við taekwondo, kickbox og — nú er ég búin að læra nýtt, herra forseti — kumite, að ef hægt væri að færa sönnur á að þessar íþróttir séu á sama átt skaðlegar og hnefaleikarnir sem valda heilaskaða, duldum höfuðáverkum vegna þess að leyfð eru þung höfuðhögg í greininni, þá hef ég lýst mig reiðubúna, herra forseti, að banna þessar íþróttir líka. Því er rangt með farið hjá hv. þm. sem kom fram í hans ræðu áðan að þetta hefði ekki verið nefnt í umræðunni því að það hefur verið gert.

Herra forseti. Af því að hv. þm. Gunnar Birgisson nefndi í ræðu sinni barnabox þá verður mér allri lokið, herra forseti. Mér þykir ábyrgð foreldra mikil gagnvart því sem börn eru hvött til að gera, ekki bara hér á landi heldur út um allt. Það að heyra hv. þm. tala um það sem eftirsóknarvert að átta ára börn séu af foreldrum sett inn í boxhring til að berja hvert á öðru vekur mér mikinn leiða, herra forseti. Ég mundi óska eftir að sjá ábyrgari foreldrastefnu hér á landi en svo að foreldrar fari að hvetja börn sín til að standa í boxhring og berja félaga sína í höfuðið þar sem rothögg eru ekki bönnuð. Þar sem rothögg gefa líka stig.

Ábyrgð okkar sem foreldra er mjög mikil. Ég spyr hv. þm.: Hvert ættu börn sem hvött yrðu til þess af foreldrum sínum að stunda hnefaleika að leita sér að fyrirmyndum í íþróttinni? Nefni hv. þm. mér einn frægan ólympískan hnefaleikakappa, herra forseti, bara einn. Auðvitað mundu börn ekki sækja sér fyrirmyndir í hóp ólympískra hnefaleikakappa, ó nei. Fyrirmyndin yrði Mike Tyson. Ekki er hann fyrirmynd sem ég mundi vilja sjá börnin mín líta upp til. Dóttir mín sem stundar ballett heldur að Lára Stefánsdóttir ballerína sé merkilegasta manneskjan á jarðríki. Sonur minn sem lærir á saxófón lítur upp til Jóels Pálssonar. Ég er stolt af því að börnin mín skuli ekki líta upp til eða miða sig við Mike Tyson. Ef það er ábyrgð okkar þingmanna að skapa hér uppeldisskilyrði sem eru til fyrirmyndar þá eigum við auðvitað að standa vörð um bannið sem er í gildi á ólympískum hnefaleikum.

Herra forseti. Af tillitssemi við mál hv. varaþingmanna ætla ég ekki að hafa mál mitt lengra. Ég lýsi því hins vegar yfir að mér þykir dýrmætum tíma Alþingis og hv. alþingismanna sóað í mál af þessu tagi þriðja árið í röð.

[15:12]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti þetta slæm ræða hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Ég er að flytja málið aftur. Ef menn eru ekki taldir út í þessari íþrótt þá halda þeir náttúrlega áfram. Það er þannig. Sama ræða og í fyrra, sagði hv. þm. Hún var mjög svipuð núna og í fyrra. Hún var öðruvísi í hittiðfyrra. Það er málið. Hv. þm. verður að fylgjast betur með. Af því að hv. þm. er þeirrar skoðunar og flokkur hennar að vera á móti öllu þá er það líklega aðalatriði hjá þingmönnum þessa flokks að koma upp og vera á móti. Það kemur ekkert á óvart.

Ég bíð eftir frv. frá hv. þm. um að banna aðrar sjálfsvarnaríþróttir og geri hér að umræðuefni átta ára börn. Ég ætla bara að biðja hv. þm. að kynna sér taekwondo og átta, níu og tíu ára börn sem það stunda. Hún semur þá væntanlega frv. um að banna aðrar sjálfsvarnaríþróttir. Þá væri hv. þm. samkvæm sjálfri sér.

En ég ætla ekki að tefja tímann fyrir varaþingmönnunum.

[15:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal gangast við því að ræðan á 125. löggjafarþingi hafi þvælst fyrir mér og að mig hafi minnt að hún hafi verið endurflutt á 126. löggjafarþingi þannig að ég skal taka það til baka, herra forseti.

Varðandi sjálfsvarnaríþróttir þá má ekki rugla sjálfsvarnaríþróttum saman við ólympíska hnefaleika, taekwondo, kickbox eða kumite. Ég skal taka áskorun hv. þm. um að hugleiða frv. sem banni þær árásaríþróttir sem stundaðar eru hér á landi, séu þær með þeim hætti sem við hv. þm. höfum grun um. Við höfum fengið upplýsingar um að þær séu stundaðar á sömu nótum og hnefaleikar, þ.e. þar sem rothögg eru leyfð og högg í höfuð eru ekki bönnuð og jafnvel gefa stig. Ég skal sannarlega taka þeirri áskorun að hugleiða þetta.

[15:15]

Katrín Fjeldsted:

Forseti. Hér er komið fram í þriðja sinn frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Í þau tvö skipti sem frv. kom til umræðu hér tjáði ég mig um það í allítarlegu máli og ég ætla ekki að endurtaka þær ræður hér. Ég ætla að vísa til fyrri umræðna um þetta mál. Það eru örfáir punktar sem mig langar til að hnykkja á og þeir eru eftirfarandi — ef flutningsmaður gæti gefið mér athygli sína smástund. — Ég hinkra bara, forseti. — Já, nú er fyrsti flutningsmaður tillögunnar kominn í sæti sitt.

Ég ætlaði að byrja á því að segja að öllum rökum 1. flm. frumvarpsins, Gunnars Birgissonar, hefur þegar verið svarað í mjög ítarlegu máli. En mér virðist hann ekki breyta neinum af fullyrðingum sínum þrátt fyrir það, nema einni. Ef ég man rétt sagði hann og fleiri flutningsmenn þessa frv. að í barna- og unglingakeppnum í Golden- og Silvergloves-keppnum væri ekki vitað um nein slys. En í ræðu hans nú kom fram að í 23.000 keppnum hefðu orðið 98 meiðsli. Ég held að þetta séu nýjar upplýsingar. Þær urðu til þess að hann tjáði þá skoðun sína að þetta þýddi að íþróttin væri ekki mjög hættuleg. Að mínu viti aðskilur box sig frá öðrum keppnisgreinum í því að vera ekki varnaríþrótt — að vera ekki sjálfsvarnaríþrótt eins og þorri hinna, heldur er hún stunduð í árásarskyni.

Það er alveg rétt að ekki eru skoruð sérstök stig í ólympískum hnefaleikum út á rothögg en það eru heldur ekki veitt refsistig. Rothöggið gefur sem sagt stig. Þannig er ekkert sem letur keppendur, það er ekkert sem eykur líkurnar á því að þeir hlífi höfðinu á andstæðingi sínum.

Ég vil líka nefna að keppni í ólympísku boxi á að fara fram í viðurvist læknis. Það er skýrt kveðið á um það. Ég hef lýst því hér áður að það er falskt öryggi, einkum hvað áverka á heila snertir, nema vel útbúin taugaskurðdeild sé í fárra mínútna fjarlægð frá keppnisstað. Þess vegna hafa læknar líka skipt sér af þessu máli. Þess vegna samþykkti Alþjóðasamband lækna að beita sér fyrir banni á hnefaleikum. Þess vegna tóku Evrópusamtök lækna undir þá áskorun nú í haust, samhljóða, á fundi sínum. En þangað til bann við hnefaleikum, og þá er verið að tala um alla hnefaleika, nær fram að ganga er því beint til Alþjóðaólympíusambandsins og boxsambanda um allan heim að bannað verði að slá í höfuð þegar keppt er í boxi.

Mér finnst þetta skipta heilmiklu máli. Læknar eru þeir sem eru kallaðir til ábyrgðar, þ.e. boxkeppni má ekki fara fram nema að viðstöddum lækni. Og þegar Alþjóðasamtök lækna og Evrópusamtök lækna eru þeirrar skoðunar að höfuðáverkar í boxi séu það alvarlegt mál að hætta beri keppni í áhugamannahnefaleikum á Ólympíuleikunum finnst mér vert að leggja við hlustir.

Ég gef í rauninni mjög lítið fyrir yfirlýsingar sumra flutningsmanna þessa frv. um forsjárhyggju ríkisins nema þeir gangi þá alla leið og vilji að forsjárhyggja ríkisins banni ekki atvinnuhnefaleika. Þá fyrst verða þeir trúverðugir. Það er ekki hægt að segja að það sé forsjárhyggja að banna áhugamannabox en það sé ekki forsjárhyggja að banna atvinnumannabox. Menn geta komið hér með rökstuðning sem sýnir hversu miklar tekjur þjóðarbúið gæti fengið af því að bjóða hingað Mike Tyson og einhverjum álíka hetjum hnefaleikanna, halda keppni af þessu tagi hér á landi, menn geta búið til alls konar slík dæmi og sýnt hvað það sé mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna og þjóðarbúið og guð veit hvað. En að halda því fram að það sé ekki forsjárhyggja að banna atvinnuhnefaleika, það sé bara forsjárhyggja að banna ólympískt box, það stenst ekki.

Frá 8 ára aldri má keppa í alþjóðlegum keppnum í ólympísku boxi. Það þýðir að það má fara að þjálfa ung börn í boxi nokkru fyrr þannig að þau verði reiðubúin að keppa frá 8 ára aldri. Ég er kannski svona mikil forsjárhyggjukona að ég tel að í ljósi þess ástands sem er meðal ungs fólks á Íslandi sé þetta ekki það sem við þurfum mest á að halda til viðbótar.

Komið hefur fram að konur muni keppa á næstu Ólympíuleikum. Við höfum talað um þá alþekktu reglu sem öllum finnst sjálfsögð — að ekki megi slá fyrir neðan beltisstað — menn hljóta að breyta reglunum þegar konur fara að keppa á Ólympíuleikunum enda hangir ekkert fyrir neðan beltisstað á konum sem til vandræða horfir. Ég held að boxarar um allan heim verði nú að hugsa um þetta. Konur sem stunda box verða að krefjast þess að leyft verði að slá fyrir neðan beltisstað.

Við höfum áður í þessum sal talað um þau rök að heilinn ætti að skipta meira máli en kynfærin og ég ætla ekki að rifja það upp frekar. En mér finnst í rauninni hálfgrátlegt að sjá þetta mál komið hér enn einu sinni á dagskrá Alþingis vegna þess að það hefur verið fellt af Alþingi. Hér eru fjölmargar tillögur fluttar að nýju, frv., þingsályktanir, sem ekki ná fram

að ganga af ýmsum ástæðum, tímaskorti og hinu og þessu eða komast ekki á dagskrá. Þær eru oft endurfluttar en það er mjög sjaldgæft að sjá endurflutt mál sem þingið hefur þegar tekið afstöðu til á svo skýran hátt sem það gerði — því málið var fellt. En það er nú svo, þetta er staðreyndin.

Ég lít svo á að það sé rétt að þetta mál fari í þann farveg sem það gerði við fyrri meðferð. Það hefur kannski ekki svo mikið breyst nema þetta þó að einn af flutningsmönnunum hefur áttað sig á því að það er saga um a.m.k. 98 meiðsli í Golden- og Silvergloves-keppnunum og hann orðar það svo að þetta sé ekki mjög hættuleg íþróttagrein. Ég hef margoft bent hv. þm. Gunnari H. Birgissyni á að allar tölur sem hann fór með hér áðan um tíðni áverka í íþróttum séu ekki nothæfar til samanburðar, og hef höfðað til hans betri vitundar sem verkfræðings, að þekking hans á stærðfræði hljóti að vera á þá lund að hann sjá hvenær tölur eru samanburðarhæfar og hvenær ekki.

En ég geri ráð fyrir að þetta frv. fari inn til menntmn. og komi inn til heilbr.- og trn. á sama hátt og það hefur gert við fyrri umfjöllun.

[15:25]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir málefnalega umræðu í þetta skipti um þetta mál, ólympíska hnefaleika. En hvers vegna við erum ekki að leyfa atvinnumannabox og það sé forsjárhyggja — það er alveg ljóst að það er hættuleg íþrótt, mjög hættuleg íþrótt. Og það held ég að allir viti sem á það horfa og fylgjast með og hafa upplýsingar um meiðsli í þeirri grein. En eins og ég hef margrakið hér úr þessum stól eru meiðsli í íþróttum mismunandi tíð og spurningin er hvenær á að banna það og hvenær ekki. En það er alveg ljóst að ólympískt box er meðal þeirra íþróttagreina sem í eru hvað minnst meiðslin. Hvers vegna eigum við að banna það? Er það út af einhverjum gömlum málum sem eru óupplýst, og öllu ruglað saman þar sem menn voru hér með atvinnuhnefaleika?

Ég náttúrlega fagna því mjög ef konur fara að stunda þessa íþrótt. Sem betur fer, fyrir okkur karlmennina, hangir ekkert neðan beltisstaðar á konum en það er alveg ljóst að það gerir það ofan mittis.

[15:26]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Já, það hangir margt á hinni og þessari spýtunni.

Þingmaðurinn segir að ég sé málefnaleg í þetta sinn. Ég held að ég hafi verið það líka í hin skiptin þegar ég fjallaði um þetta mál og vitna til fyrri ræðna minna um þetta mál.

Box er hættuleg íþrótt. Atvinnubox er hættuleg íþrótt, segir þingmaðurinn. Ég er alveg sammála því. En það sem við erum ósammála um er hvort ólympískt box sé hættuleg íþrótt. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé. Ég er þeirrar skoðunar að þjálfun, æfing í íþróttasal í ólympísku boxi sé mjög góð æfing, loftsækin, fín þjálfun, en það eru keppnir og svokallað „sparring" þar sem heilaáverkar koma fyrir, og höfuðhlífar þær sem notaðar eru í ólympísku boxi bjarga því ekki við, því miður.

Meiðsli í þróttum eru mismunandi tíð. Menn töluðu hér áðan um áverka sem gætu orðið við að fá fótbolta í höfuðið. Ég er alveg viss um að ef heilaáverkar í fótbolta væru algengir væri löngu búið að banna að skalla bolta. En það er bara ekki þannig. Það koma fyrir slys, jú, en það virðist vera mikill munur á því hvort fólk skallar bolta á ákveðnum stað ofan á höfðinu eða fær hnefahögg á hliðina á höfðinu eða framan á það. Heilinn bregst nefnilega ekki eins við. Og ég er viss um að öll fótboltasambönd heimsins hefðu stoppað það að boltar yrðu skallaðir ef afleiðingarnar yrðu svipaðar og við höfuðhögg í boxi, hvort sem er atvinnuboxi eða áhugamannaboxi. En svo er ekki.

[15:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það er með miklum ólíkindum að menn skuli enn vera að eyða tíma í þetta mál og að menn skuli ekki hafa látið sér það að kenningu verða að við það er mjög mikil andstaða og það var fellt hér í atkvæðagreiðslu á Alþingi fyrir tveimur árum. Í aðalatriðum er samsetning Alþingis óbreytt og það er ekkert sérstakt sem gefur tilefni til að ætla að þetta mál njóti meiri stuðnings nú. Að sjálfsögðu er mönnum frjálst að halda áfram að berja höfðinu við steininn ef þeim er það þvílíkt sáluhjálparatriði, eins og það virðist vera hv. þm. Gunnari Birgissyni og félögum hans, að taka tíma Alþingis í þetta mikla þjóðþrifamál, eða hitt þó heldur.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnast þingmenn sem hér eru meðflutningsmenn geðlitlir frekar í þessum efnum, að láta teyma sig áfram út í þetta fen. Hafa menn nú ekkert þarfara við tímann að gera? Og eru engin þarfari umbótamál í þjóðfélaginu sem hv. þm. finna sig í til að beita orku sinni? Ég hef ekki kannað það, herra forseti, núna — ég gerði það í fyrra — og það kom í ljós að þetta var eina þingmálið sem hv. þm. Gunnar Birgisson, þessi mikli foringi sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi, hafði flutt. Nú er kjörtímabilið rúmlega hálfnað og það skyldi nú ekki enn standa svo að erindi þessa mikla leiðtoga sjálfstæðismanna í Kópavogi og á Reykjanesi hingað inn á Alþingi á öllu þessu kjörtímabili hafi verið það eitt að reyna að fá hér löggleyfða hnefaleika? Ja, það væru mikil tíðindi. Öll þúsundin á Reykjanesi hafa þá ekki til einskis kosið hann ef þetta verður hans mikla framlag hér, óskert, til löggjafarsamkundunnar í heil fjögur ár. Einhverjar fyrirspurnir kann hv. þm. að hafa lagt fram en a.m.k. stóðu mál þannig í fyrra að þetta var eina þingmálið, eina frv. eða eina tillagan, sem hv. þm. hafði flutt. Og mig undra þær áherslur, það verð ég að segja. Mig undra þær áherslur.

Nú veit ég að hv. þm. er mætur maður og hefur víða lagt gjörva hönd á plóginn. Hann er mikill framkvæmdamaður og ég held að ég hljóti þar af leiðandi að leyfa mér að segja að sennilega hefði hann betur haldið sig við vegagerðina en að standa í þessum ósköpum því ég get engan veginn flokkað það undir framfaramál í þjóðfélaginu að nudda áfram með þetta hér.

Þá verð ég líka að segja, herra forseti, að mig undrar mjög það skipulag á störfum þingsins sem við stöndum frammi fyrir í dag, að þessu máli er troðið hér inn í dagskrána á undan málum þeirra varaþingmanna sem við vitum að eru að fara af þingi í dag. Með því er auðvitað verið að gera eitt og ekkert nema eitt, það er í reynd verið að taka málfrelsið af þeim þingmönnum sem hefðu gjarnan viljað tjá sig í þessu máli. Menn gera það nefnilega ekki, af tillitssemi við þá varaþingmenn sem eiga eftir að mæla fyrir öðrum málum áður en þessum fundi lýkur. Þegar þar til viðbótar bætist að fyrir löngu var búið að koma þeirri ósk á framfæri frá einum þingflokki að hér yrði ekki fundahald mjög langt fram eftir

degi af ástæðum sem eru venjubundnar og yfirleitt virtar, að fyrir dyrum stendur landsfundur sem hefst á morgun hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þá er venjan, eins og þingmenn þekkja, að greiða fyrir slíku með því að hér séu ekki linnulaus fundahöld alveg ofan í landsfundina.

Ég mótmæli þessu, herra forseti. Ég get með engu móti skilið að þetta mál sé þannig vaxið og eigi að hafa þannig forgang umfram önnur mál, m.a. og ekki síst í ljósi þess að Alþingi er búið að fjalla rækilega og þinglega um þetta mál, taka það til nefndar, taka þar við umsögnum, afgreiða það aftur inn í deildina og fella það. Það er mönnum ekki nóg. Þetta mikla forgangsmál, af einhverjum undarlegum ástæðum, fær allt aðra meðhöndlun en hér um bil öll önnur þingmannamál. Tugum ef ekki hundruðum saman liggja góð mál, flutt af þingmönnum, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, óafgreidd í nefndum þingsins ár eftir ár. En ekki þetta. Nei. Það eru einhver þau sambönd við almættið hér á þinginu sem hv. 1. flutningsmaður hefur, eða stuðningsmenn hans, sem gera það að verkum að þetta mál er tekið allt öðrum tökum og troðið hér inn í dagskrána með þessum hætti til að reyna að koma því með sem minnstri umræðu til nefndar, að nota sér tillitssemi þingmanna við þá varaþingmenn sem hér eiga eftir að mæla fyrir málum. Þetta er ósmekklegt, herra forseti. Þetta er heldur óviðfelldið, svo ég noti nú orðalag sem er mjög í tísku um þessar mundir.

Ég mótmæli þessari framgöngu forsetanna. Ég tel að þeir séu ekki að sýna hér þá hlutlægni í fundarstjórninni sem eðlileg væri.

Um þetta mál, herra forseti, er náttúrlega margt að segja og flest af því er þegar sagt. Ég get því svo sem eins og síðasti hv. ræðumaður, sem hefur áður flutt mjög góðar, rökfastar ræður gegn þessu máli við umræður, og hefur talað þar ekki síst út frá sinni faglegu þekkingu, vísað til þess sem ég hef um þetta sagt og reynt að tína það til. Það litla sem ég hef kannski nýtt fram að færa eru hlutir sem mér áskotnuðust í sumar þegar ég var að spyrjast svolítið fyrir um stöðu þessara mála í sumum nálægum löndum. Það er kannski tvennt sem ég vil nefna, annars vegar þá hreyfingu sem komin er í Svíþjóð á að fara ekki í þessa átt, ekki að leyfa atvinnubox sem Svíar bönnuðu fyrir löngu síðan, nei, skoða heldur m.a. áhugamannabox og ýmsar aðrar sambærilegar íþróttir með það í huga að takmarka þær eða banna. Þar er hreyfingin komin í þá átt að fara frekar að fordæmi Íslendinga og banna boxið alveg, láta sér ekki nægja að banna bara atvinnuboxið. Þar hafa menn m.a. nefnt fleiri skyldar íþróttir, árásaríþróttir, þar sem um mikla snertingu iðkendanna er að ræða. Hv. þm. Gunnar Birgisson og fleiri stuðningsmenn málsins nefna mjög gjarnan að leyfa eigi þetta af því að hitt sé ekki bannað — furðuleg röksemdafærsla. Það eru ekki rök fyrir því að leyfa hass þó að tóbak sé leyft. Það er ekki þannig, hv. þm. Gunnar Birgisson, eða hvað?

Það eru engin rök fyrir því að leyfa þetta þó að einhverjar aðrar hættulegar íþróttir séu kannski iðkaðar. Annars getum við líka skoðað þær og farið rækilega yfir hvort meiri ástæða sé til, af heilsufarsástæðum og jafnvel af uppeldis- og siðfræðilegum ástæðum, að leyfa eða banna ýmislegt sem er látið viðgangast. En ekki nota þá aumlegu röksemdafærslu að af því að ýmislegt annað sé leyfilegt eigi bara að leyfa þetta líka.

Hvar enda menn almennt í nálgun sinni á málum ef þeir nota þessa aðferð? Hvar endar sú vegferð? Ég bið hv. þm. að hugleiða það. Ætli verði þá ekki ansi margt leyft á endanum ef þetta eru orðnar frambærilegar röksemdir?

Ég hvet hv. þm. sem hafa ekki fyrir fram algjörlega óhagganlega sannfæringu á annan hvorn veginn í málinu en vilja kynna sér það og þá þróun sem hægt er að tala um að sé í umhverfinu að kynna sér t.d. það sem hefur verið að gerast í þessum efnum í Svíþjóð og fleiri Evrópulöndum. Ég hygg að Hollendingar hafi líka verið að skoða þessi mál. Og ég bendi mönnum á að skoða það sem Alþjóðasamtök lækna hafa látið frá sér fara um þessi mál, einmitt núna nýlega og þar á meðal á þessu ári. (**Gripið fram í:** Evrópusamtök.) Evrópusamtök lækna. Þar eru menn að herða baráttuna. Menn eru að herða baráttuna gegn boxinu og vilja að farið sé að fordæmi Íslendinga vegna þess að þetta sé íþrótt, ef íþrótt skyldi kalla, sem ekki eigi að leyfa — það sé bara þannig.

Það getur vel verið að mönnum finnist það engu máli skipta. En á hverjum vilja menn þá taka mark þegar kemur að heilsufarslegum málefnum ef t.d. ekki Evrópusamtökum lækna? Þeir Evrópusinnar sem hér eru flutningsmenn hljóta a.m.k. að taka mikið mark á því þegar allt er gott sem kemur fram undir þessum formerkjum, Evrópu, ekki satt? (**Gripið fram í:** Hlustar þú þá?) Ég tek fullt mark á því. En ég skoða kost og löst á þeim hlutum sem eru evrópskir eins og öllum öðrum.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þetta mál — og það er gleðilegt, það er gott, það gerir mig bjartsýnni á að menn lendi ekki í þeirri vitleysu að fara að samþykkja þetta hér í einhverju fljótræði — mér sýnist þetta mál vera að lenda í vaxandi mótbyr, og að þróunin í kringum okkur, bæði faglega og líka pólitískt, sé þannig að það sé að þyngjast fyrir fæti enda er nóg af öðrum ágætum íþróttum til þess að stunda og það þarf ekki að bæta þessu við.

Svo er náttúrlega alltaf spurningin um hvað er íþrótt og hvað ekki. Það er mikill misskilningur að alls staðar séu allir skapaðir hlutir leyfðir nema á Íslandi. Það er alls ekki svo. Ætli sumar íþróttirnar þættu ekki skrýtnar, og sennilega mundi fáum detta í hug að stunda þær, sem lesa má um í fornum bókum og þóttu ágætlega brúklegar í þá daga. En þá voru nú dálitlir pústrar og meiðingar eins og sögurnar bera með sér og sennilega dytti engum í hug að leyfa slíkt athæfi í dag.

Frekar er nú þróunin, held ég, í hina áttina, að við setjum okkur um þetta einhverjar skynsamlegar reglur og drögum þannig mörkin að ekki sé hættu á stórfelldum heilsuskaða boðið heim, og meiðingum af þessum toga sem hér eiga í hlut og eru mjög sérstaks eðlis, og ég sé ekki að nein ástæða sé til að vera að taka áhættu af. Ég bara sé það ekki.

Það er alveg ósambærilegt sem maður heyrir oft notað í þessari umræðu, að tilfallandi óhöpp og slys verði í hinum og þessum íþróttagreinum. Það er bara svoleiðis allt annar hlutur. Það er ekki frambærilegt að mínu mati að fara út í einhverja tölfræði af þeim toga vegna þess að það eru þó oftast ýmiss konar meiðsl sem stafa ekki af eðli sjálfrar íþróttarinnar. Það er ekki ætlun manna, eða á a.m.k. ekki að vera, að meiða menn í knattleikjum svo dæmi sé tekið þó að slíkt gerist auðvitað.

Herra forseti. Það er eins með mig og alla aðra þingmenn — mér leiðist að lengja fundinn vegna þeirra varaþingmanna sem ég veit að eiga eftir að flytja mál sitt hér og ætla þar af leiðandi að (Gripið fram í.) leifa því sem eftir er af ræðutíma mínum hér í aðalatriðum. Það býður þó vonandi ekki heim þeim misskilningi að ég sé eitthvað að slaka á í baráttu minni

gegn þessu máli. Ég mun gera allt sem ég mögulega get til að koma í veg fyrir að þessi vitleysa verði samþykkt.

[15:40]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Mér finnst það á málflutningi þingmanna, sérstaklega vinstri grænna og síðasta ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að þeir séu á móti því að mál sem þeir eru á móti komi hér á dagskrá. Það er nú lýðræðið og afstaða hv. þm. kemur mér ekkert á óvart. Hann er á móti öllu, og hans flokkur. Hann er formaður afturhaldsflokksins á Íslandi. Það er von að hann komi hér og sé á móti þessu. Það er alveg ljóst. Ég tel þetta eitt af framfaramálunum. Það er nú svo merkilegt. En þau eru nú ekki mörg beysin málin sem hv. þm. hefur flutt hér úr þessu ræðupúlti og talað langt mál um. (Gripið fram í.)

Ef ég á að vera í vegagerðinni, hv. þm., held ég að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ætti að fara í sjónvarpið og sleppa því að vera hér á Alþingi, eða fara norður í Þistilfjörð og stunda kvikfjárrækt eða eitthvað slíkt. Ég ætla ekki að fara að tala um málið á þessum nótum en hann er vanur að hafa orðbragð um menn sem mér finnst ekki sæmandi. Það er kannski ekki slæmt gagnvart mér en gagnvart öðrum úr þessum stól, kollegum sínum hér í þinginu, sem er oft til skammar.

Tvennt vakti athygli mína. Ég hélt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði dottið á höfuðið. Hann vill leyfa hass og hann er orðinn Evrópusinni. Hann er orðinn Evrópusinni. Batnandi mönnum er best að lifa. En ég vil ekki leyfa hass.

[15:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú sat hv. þm. Gunnar Birgisson svona tvær armslengdir fyrir framan mig og hlustaði, sem og aðrir þingmenn, og mér er þar af leiðandi ómögulegt að skilja hvernig hv. þm. gat misheyrt þetta svona hrapallega. Ég var einmitt að gera athugasemdir við þá röksemdafærslu að það ætti að leyfa þetta vegna þess að ýmsar aðrar hættulegar íþróttagreinar eða sambærilegar árásargreinar væru ekki bannaðar. Það tel ég aumlega röksemdafærslu. Og ég sagði: Það eru ekki rök fyrir því að leyfa hass, að tóbak er ekki bannað. Það var þetta sem ég sagði, hv. þm. Skilst þetta ekki? Á ég að fara yfir þetta aftur? Ég er að mótmæla því að menn reyni að koma málum sínum fram með svona óframbærilegri röksemdafærslu. Það var allt og sumt.

Að ég sé á móti ýmsu — það er alveg hárrétt. Ég er iðulega á móti hlutum. Ég er á móti öllu sem ég tel vera vitlaust og rangt og ég skammast mín ekkert fyrir það. Ef ég væri það ekki þyrfti að fara að athuga mig eitthvað því þá væri ég ekki að bregðast við og taka afstöðu til hlutanna út frá minni sannfæringu. Erum við ekki hérna á þingi til þess? Ætlum við að bogna í hnjánum af því að einhverjir eru að væla um það að við séum neikvæð og á móti einhverju? Nei, ekki hann Steingrímur J. Sigfússon. Ég er á móti því sem ég er á móti og biðst ekkert afsökunar á því. Að sjálfsögðu hafa þingmenn síðan rétt til sinna skoðana. Ég vona að ég hafi ekki skilist þannig að ég væri að amast við því að menn töluðu fyrir sínu máli — ef þeir bara gera það með rökum.

Það sem ég gagnrýndi var hvernig staðið er að fundarstjórninni hér í dag. Ég tók það sérstaklega fram að menn hafa auðvitað fullan rétt til þess að endurflytja sín mál út í hið óendanlega, hversu vitlaus sem þau eru. Þess vegna getur hv. þm. Gunnar Birgisson verið á þingi í 20 ár og flutt þetta mál í hvert einasta skipti og ekkert einasta annað mál öll þessi 20 ár. Það er hans réttur.

[15:44]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagðist vera á móti öllu sem honum finnst vera rangt. Það er nú flest í þessum sal sem honum finnst rangt því hann er á móti öllu nema því sem hann flytur sjálfur eða hans flokkur.

En málið er þetta sem við erum að tala um: Eigum við að leyfa íþróttagrein? Og við erum að tala um að ólympískt box sé ekki hættulegra en aðrar íþróttagreinar. Það er búið að sýna fram á það hér með rökum, með rannsóknum hvað eftir annað. Það er alveg ljóst að ólympískt box er ekki hættulaust frekar en fótbolti. Ég man ekki betur en að hv. þm. hafi í fyrra verið hér í gifsi. Hann varð að setjast í sér stól og hann var þó í knattspyrnu í það skiptið. Það er engin íþrótt hættulaus.

Það er eins og við flutningsmenn séum hér af ásettu ráði að leggja til að leyfa íþrótt sem mundi valda þvílíkum áverkum og skaða. Það er ekki um það að ræða. Þetta er allt gert með góðum hug. Og það er gert líka til þess, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að fólk fái að velja þá íþrótt sem það vill stunda. En það náttúrlega er alveg bannorð í þínum hópi, bannorð.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta finnast mér nú alltaf bestu rökin, að þetta sé bara orrustan um frelsið í heiminum, að víglínan liggi þarna, að fá að boxa, ekki málfrelsi og skoðanafrelsi og slíkir hlutir, nei. En að fá að boxa, þar liggur sko víglínan milli þeirra sem vilja frelsið og hinna sem vilja það ekki.

Ég tel þetta ekki vera mikið hugsjónamál eða stórkostlegt frelsismál af þessum toga. Við setjum okkur alls konar reglur í þessu samfélagi vegna þess að það er í þágu almannaheilla. Við höfum komist að því að siðað samfélag manna byggir á ákveðinni reglusetningu. Það er ekki hægt öðruvísi. Annars værum við bara enn þá í frumskóginum. Þetta eru ekkert öðruvísi reglur en aðrar slíkar. Við skulum ekki rífast um það, hv. þingmenn, hvort rétt geti verið að hafa reglur af þessum toga eða ekki. Við skulum ræða um hvort þær séu skynsamlegar. Við erum vonandi orðin það þroskuð að við viðurkennum að til þess höfum við Alþingi og til þess höfum við stjórnvöld og margs konar skipulag í okkar samfélagi og ýmiss konar leikreglur, að það er nauðsynlegt. En það á auðvitað að ræða það á hverjum tíma hvort þessar reglur séu skynsamlegar og hvort hvers kyns takmarkanir, sem menn geta auðvitað sagt að þetta sé, séu nauðsynlegar og réttlætanlegar vegna þess að þær varðveiti frelsi annarra og tryggi almannaheill. Ég get ekki tekið það upp eftir hv. þm. að þetta sé mál af þeim toga sem hægt sé að selja mönnum út á svona hluti.

Svo kom hv. þm. með þetta að menn gætu meiðst í fleiri íþróttum og m.a. að sá sem hér stendur hefði orðið fyrir því að slíta hásin í knattspyrnu inni í Valsheimili. Það er alveg hárrétt. En það vildi nú einmitt svo til að ég stóð aleinn á gólfinu og var að snúa mér á hægri fætinum með boltann á vinstri löppinni og það kom enginn við mig. Þetta var einmitt

þannig óhapp sem getur alltaf orðið og á í sjálfu sér ekkert skylt við eina tegund íþrótta frekar en aðra í þessu samhengi. Ég hefði alveg eins getað verið úti að skokka. Þetta eru því engin rök, hv. þm. Það er allt öðuvísi ef menn eru að berja hver annan viljandi í höfuðið. Það er allt annað mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:48]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðatryggingar, 188. mál, fsp. JóhS, þskj. 199.

Fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 21. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 21.

Gjaldþrotaskipti, 177. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 178.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, 184. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 191.

Starfssvæði og verkefni hjá Suðurlandsskógum, 187. mál, fsp. KPál, þskj. 198.

Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, 186. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 193.

Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, fyrri umr.

Þáltill. ÖHJ, 133. mál. — Þskj. 133.

[15:49]

Flm. (Örlygur Hnefill Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf sem felur það í sér að stjórnvaldsfyrirmæli um nánari útfærslu laga komi til skoðunar Alþingis, t.d. þeirrar þingnefndar sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög, og hljóti ekki staðfestingu ráðherra fyrr en samþykki viðkomandi þingnefndar liggur fyrir."

Sú þáltill. sem hér er flutt varðar sjálfan grundvöll þrískiptingar ríkisvaldsins, þ.e. í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Hv. þingmenn eiga að vita að höfuðmarkmið með starfi þeirra á að vera að setja þegnum landsins lög og reglur að fara eftir. Þetta er ekki hlutverk framkvæmdarvaldsins. Hins vegar veit þingheimur allur hvaðan lögin koma og hvar stærstur hluti þeirra er saminn, þ.e. í smiðjum framkvæmdarvaldsins, ráðuneytunum.

Spyrja má, herra forseti, hvort það sé hin æskilega þróun eða hvort hv. þingmenn eigi ekki að vinna meira að smíði og samningu laga. Það er skoðun mín en verður ekki aðalumræðuefni um þáltill. þá sem hér er flutt. Því, herra forseti, það er sama hvar lagafrv. eru samin eða hvaðan þau koma, þau orð sem þar eru sett á blað verða aldrei að lögum fyrr en hið háa Alþingi hefur blessað þann texta og samþykkt hann sem lög frá hinu háa Alþingi. Alþingi og þingmenn hafa því sett lög eftir yfirferð og umræður um þau þannig að þau lög og þær reglur sem borgurunum er gert að fara eftir og búa við koma frá réttkjörnum og lýðræðiskjörnum fulltrúum þjóðarinnar, hv. Alþingi.

Um hitt gegnir öðru máli, og það allt öðru máli, þegar hið háa Alþingi framselur þetta ríkasta vald sitt, vald til að setja þegnunum reglur, löggjafarvaldið, til framkvæmdarvaldshafanna, ráðherranna. Þetta er þegar Alþingi heimilar í lögum að ráðherra setji eða skuli setja nánari reglur, t.d. um framkvæmd laga. Með framsali löggjafarvalds eru réttkjörnir fulltrúar fólksins í landinu, þjóðarinnar, hv. alþingismenn, að fela öðrum hluta þess valds sem þeir voru kjörnir til að beita og fara með samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þetta skiptir máli varðandi lagaframkvæmdarreglur, þ.e. reglugerðir sem byggja á heimild. Þar sem sagt er t.d.: Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur o.s.frv. Eða þegar þetta byggir á boði, þar sem segir t.d.: Ráðherra skal setja reglur o.s.frv. um það sem lýtur að framkvæmd viðkomandi laga. Þetta skiptir enn meira máli þegar um lagasetningarreglugerðir er að ræða, þegar löggjafinn, hv. Alþingi, hefur veitt með heimild eða boði framkvæmdarvaldshöfum, ráðherrum, að meira eða minna leyti leyfi til að setja fyrirmæli um tiltekið efni.

Samkvæmt grundvallarreglum stjórnskipunar Íslands, sbr. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er það hlutverk Alþingis að setja þegnum landsins lög. Í þessu felst heimild til handa Alþingi, kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, til að setja þegnunum löggjöf hvort heldur hún varðar samskipti þegnanna innbyrðis eða samskipti þegnanna við ríkisvaldið.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands gerir þannig ráð fyrir þrígreiningu ríkisvaldsins. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Ef 2. gr. stjórnarskrárinnar er skilin eftir orðanna hljóðan og með hliðsjón af því að hugtakið löggjafarvald táknar þá starfsemi sem fólgin er í setningu réttarreglna, hverju nafni sem nefnast, ætti öðrum en löggjafanum að vera óheimilt að setja réttarreglur. Löggjafanum ætti samkvæmt þessu að vera óheimilt að framselja löggjafarvald sitt, og skal í því sambandi bent á að í stjórnarskránni eru engin ákvæði sem heimila löggjafanum að framselja þetta vald sitt.

Öllum er hins vegar ljóst að sú venja er löngu helguð að í einstökum lögum sé heimild eða boð til framkvæmdarvaldshafa um að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna eða önnur tilgreind atriði í reglugerð eða öðrum stjórnvaldsboðum. Hefur þetta tíðkast allt frá setningu stjórnarskrárinnar árið 1874, en ljóst er að þetta hefur færst í vöxt. Hefur þessi framkvæmd þannig helgast af langri venju. Ástæða þessa er að löggjafinn getur sparað sér að setja ítarlegar reglur um hrein framkvæmdaratriði og lagasetning öll yrði flóknari og yfirgripsmeiri og löggjafarstarf allt seinunnara. Þá þarf oft að breyta reglum þegar reynsla af þeim liggur fyrir eða í einstökum málaflokkum varðandi daglega útfærslu og því oft nauðsyn að hafa þennan hátt á, og má nefna ýmsar ástæður svo sem þessar:

1. Tímaskortur. Á Alþingi er oft mikið vinnuálag og fjöldi aðkallandi mála getur verið mikill. Hér kemur einnig til að Alþingi situr ekki allt árið, sumarhlé, jólaleyfi o.fl. stytta þingtímann.

2. Mannekla. Nátengd tímaskorti þingmanna er mannekla á Alþingi. Meðan stöðugt fjölgar starfsfólki hjá hinu opinbera hefur ekki verið sama þróun á hv. Alþingi. Þetta leiðir til aukins vinnuálags á þingmenn sem hefur það m.a. í för með sér að þingmenn verða að fela framkvæmdarvaldshöfum mikinn þátt í setningu réttarreglna með því að bjóða

eða heimila þeim setningu reglugerða og annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

3. Tæknileg viðfangsefni. Nútímalöggjöf krefst oft lagasetningar um flókin tæknileg viðfangsefni sem ekki er á færi nema sérfróðra manna að fást við svo vel sé. Erfitt getur verið fyrir stjórnmálamenn að átta sig á þessum viðfangsefnum og setja um þau þær réttarreglur sem vel eru við hæfi og er því oft leitað til sérfróðra framkvæmdarvaldsaðila.

4. Ófyrirsjáanlegar aðstæður. Þegar lög eru sett miða þau yfirleitt við það ástand sem er á hverjum tíma, enda löggjafanum ekki frekar en öðrum gefið að sjá fram í tímann. Framkvæmd lagasetningar hefur þannig þróast í þá átt að Alþingi hefur sett lög, grunnreglur, en falið handhöfum framkvæmdarvalds, ráðherrum, að setja reglur um nánari útfærslu laganna. Hér er því um það að ræða sem kallað er framsal löggjafarvalds, þ.e. þegar um er að ræða heimild í lögum til þess að setja þegnunum fyrirmæli eða reglur, sem án slíkrar lagaheimildar hefði aðeins verið hægt að setja í lögum.

Eftirlitsvald dómstóla með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa leiðir af 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þess ber þó að gæta að í þessu felst engin frumkvæðisskylda dómstóla varðandi þetta eftirlit með reglum, t.d. reglugerðum. Það reynir því aðeins á þetta eftirlit dómstóla að eitthvað það komi fram í máli sem til þeirra er skotið sem athugavert þykir t.d. við lagastoð reglugerðar.

Vegna þessa er eðlilegt að koma á þeirri skipan að Alþingi hafi eftirlit með þeim fyrirmælum sem koma frá framkvæmdarvaldshöfum á grundvelli framsals Alþingis á löggjafarvaldi.

Þá skiptir það réttaröryggi allra og eftirlit með reglugerðum að lagasafn sé þannig úr garði gert, hvort heldur er hin bóklega útgáfa eða vefur Alþingis, að allra reglna og reglugerða sé getið við viðkomandi lög og lagagreinar sem reglur sækja heimild til.

Herra forseti. Þegnar landsins eiga ekki að búa við það, svo ég taki dæmi, að t.d. ungur maður af Snæfellsnesi sem hugsanlega kemst í vinnu hjá einhverju ráðuneytinu á næstu mánuðum, semji þar reglur, hversu ágætur sem hann kann að vera, með samþykki viðkomandi ráðherra sem setji skorður og kvaðir á t.d. trillukarl að vestan eða frá Norðfirði, bónda úr Flóanum eða Þistilfirði, konu sem rekur verslun á Blönduósi eða kaupmanninn á horninu í Reykjavík, eða stórveldin sem ráða mestallri verslun í landinu. Þetta á ekki að gera án þess að hv. Alþingi hafi skorið úr um þessar reglur að mínu mati.

Eðlilegast er að sá aðili sem veitir öðrum heimild til þess að vinna þessi verk, að setja þegnunum reglur, hafi eftirlit með því að heimildin sé notuð á þann hátt sem heimildargjafinn getur samþykkt og ekki sé farið út fyrir heimildina. Hér er því gerð tillaga um að eftirlit þetta verði í höndum Alþingis, t.d. á þann hátt að sú nefnd sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög fari yfir reglugerðirnar og framkvæmdarvaldsfyrirmælin og þau hljóti ekki staðfestingu fyrr en að þeirri skoðun lokinni. Þannig er tryggt virkt eftirlit Alþingis með því löggjafarvaldi sem það hefur framselt til framkvæmdarvaldshafa að reglugerðir hafi bæði lagastoð og séu í samræmi við þau lög sem þær byggjast á og í anda þeirra laga. Með þessu fyrirkomulagi væru skerptar línur 2. gr. stjórnarskrár um að Alþingi fari með löggjafarvaldið.

Herra forseti. Því er þessi þáltill. flutt á hinu háa Alþingi. Ég tel sóma þess, hins háa Alþingis, mundu vaxa af slíku verki sem hér er lagt fram.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þáltill. þessari verði vísað til hv. allshn.

[15:59]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér mælti hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson fyrir mjög mikilvægu máli sem, eins og hann rakti í ræðu sinni, snertir í raun grundvöll lýðræðisins og þann grundvöll sem stjórnskipan okkar byggir á, þrískiptingu ríkisvaldsins eins og hún er nánar tiltekin í stjórnarskrá okkar og stjórnskipunarrétti.

Eins og menn vita er gert ráð fyrir að Alþingi fari með löggjafarvaldið ásamt forseta Íslands, en þó er það svo að vald Alþingis er í raun ekki í samræmi við það hlutverk sem þeirri stofnun er ætlað í stjórnarskrá okkar. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að við gætum vel að og hugum vel að því hvert við erum að stefna í þessum efnum.

Áður hefur farið fram í þessum þingsal heilmikil umræða um þessar áherslur, hvernig þær eru að breytast í stjórnskipaninni og hvernig ofuráhersla er að verða á vægi framkvæmdarvaldsins, á meðan vægi Alþingis og löggjafarvaldsins er að minnka. Því hefur jafnvel verið haldið fram að Alþingi sé að verða nokkurs konar stimpilstofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Við sem hér sitjum, herra forseti, berum mikla ábyrgð í þessum efnum og eigum að standa vörð um að Alþingi sinni því hlutverki sem því er ætlað í stjórnarskrá lýðveldisins.

Hv. þm. leggur til að Alþingi fylgist með þeim fyrirmælum sem koma frá framkvæmdarvaldshafanum, að Alþingi hafi eftirlit með því og hafi yfirlit yfir þau fyrirmæli sem framkvæmdarvaldshafinn er að gefa. Það hefur verið að aukast mjög í seinni tíð að reglugerðarheimildir séu opnar, mun opnari en áður og það getur haft í för með sér ákveðna réttaróvissu. Reglugerðir eru háðari breytingum en lögin og oft á tíðum er réttarstaða manna ekki ljós, hvað þá þegar framsal löggjafarvals er eins mikið og raunin hefur verið.

Ég held að vægi framkvæmdarvaldsins og þetta mikla reglugerðaveldi sem við búum við sé mun meira hér en t.d. á Norðurlöndunum. Þar hefur þingið ekki framselt í sama mæli vald sitt eins og Alþingi því að þar er áherslan einfaldlega mun meiri á löggjafarvaldið en hér. Fyrir því eru gefnar margar skýringar, m.a. hefur verið nefnd sú skýring að hefð sé fyrir því á Norðurlöndunum að þar starfi minnihlutastjórnir sem krefjast miklu meira samráðs við aðra í þinginu. En hér á landi er ákveðin meirihlutahefð. Það er hefð fyrir því að sá sem valdið hefur ráði hverju sinni. Þannig getur margt valdið þessari þróun sem átt hefur sér stað.

Ég fagna því að hv. þm. skuli leggja fram þessa tillögu. Ég held að hún sé af hinu góða og geti kannski snúið við þeirri þróun sem hefur átt sér stað og er alls ekki nægilega góð. Ég held að ef ekki verði gætt að stöðu hins háa Alþingis, að vegsemd og virðingu þessarar stofnunar og löggjafarvaldinu, eins og það er skilgreint í stjórnarskrá og í stjórnskipunarréttinum, þá sé kannski ekki nema von að farið hafi eins og raun ber vitni.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra og fagna tillögu hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 134. mál (matsverð fasteigna). — Þskj. 134.

[16:04]

Flm. (Örlygur Hnefill Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1994, með síðari breytingum.

1. gr. frv. er svohljóðandi:

„Við A-lið 9. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Sé markaðsverð fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi slík matsgjörð, sem ekki er eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu skv. 1. mgr. 11. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessari grein."

Með setningu laga um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, voru lögbundnar reglur um greiðslu skatts til erfðafjársjóðs af öllum fjárverðmætum og fjármunaréttindum. Við setningu laganna var gengið út frá því að löggjafinn hefði sett reglur sem mismunuðu þegnunum ekki með tilliti til skattlagningar. En tímar breytast og þær reglur sem voru sanngjarnar og réttlátar við setningu geta snúist upp í andhverfu sína.

Á þeim tíma sem ákvörðun er tekin um það að miða í 9. gr. laga nr. 83/1984 við fasteignamatsverð til gjaldstofns erfðafjárskatts var um að ræða reglu sem telja má að verið hafi sanngjörn öllum þegnum þjóðfélagsins. Á þessum tíma má segja að undantekningalítið hafi söluverð eigna verið hærra en gildandi fasteignamatsverð, óháð því hvar á landinu eignir voru og því hvort þær voru í þéttbýli eða sveit. Nú er staðan hins vegar sannanlega önnur. Þeim dæmum fjölgar stöðugt, og þá sérstaklega í hinum dreifðu byggðum, að ekki er hægt að selja eignir fyrir fasteignamatsverð. Með öðrum orðum er fasteignamatsverð, sem er gjaldstofn, í mörgum tilvikum orðið hærra, og það mikið hærra, en raunverulegt söluverð eignanna. Til eru einnig þau tilvik að ekki er hægt að koma viðkomandi eignum í verð. Því er ljóst að erfingjar geta staðið frammi fyrir því að þurfa að greiða umtalsverðan erfðafjárskatt af eign sem í raun er miklu minna virði.

Það er því þannig komið að mikið óréttlæti felst í skattlagningu sem byggð er á A-lið 9. gr. varðandi fasteignir og hallar þar mjög á landsbyggðina og erfingja eigna þar. Hins vegar er ljóst að í öðrum liðum greinarinnar er gert ráð fyrir að hægt sé að byggja á matsverði eða markaðsverði varðandi eignir sem þar er fjallað um. Má þar t.d. nefna bifreiðir. Það vitum við, herra forseti, að bifreiðir eru eftir tegundum jafnmikils virði, hvort sem þær eru í eign fólks á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu.

Frv. sem hér er flutt tel ég vera mikið réttlætismál. Ég tel það bæta úr þeim mismun sem skapast hefur milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Kemur þar til að fasteignir á landsbyggðinni hafa í auknum mæli selst undir fasteignamatsverði og skattstofninn hefur því ekki verið raunverðmæti eignanna. Um ástæður þess að fasteignaverð á landsbyggðinni hefur verið að lækka má margt segja, enda tel ég að stærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar og landsbyggðarfólks sé að þeirri þróun verði snúið við og verðmæti eigna þess verði tryggt. Það segir sig sjálft að fólksfækkun á landsbyggðinni undanfarin ár hefur það í för með sér að fasteignir, eignir fólks á landsbyggðinni, lækka í verði.

Ástæður fólksfækkunarinnar eru margvíslegar. Atvinnuöryggið hefur verið að skerðast og er stjórnkerfi fiskveiða þar mikill áhrifavaldur að mínu mati. Veiðiheimildir flytjast milli staða, en fólk flytur inn á höfuðborgarsvæðið vegna þessa óöryggis. Opinberum störfum hefur fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, en landsbyggðin hefur ekki notið fjölgunar á þeim störfum sem vissulega mundu treysta byggð þegar frumvinnslan er á undanhaldi.

Herra forseti. Þess ber þó að geta að þetta hefur verið fært til betri vegar með endurmati fasteigna þannig að þessir hlutir hafa verið færðir nær raunveruleikanum.

Ég hef lagt fram tvær fyrirspurnir á Alþingi til hæstv. félmrh. Önnur er fyrirspurn um útlán opinberra sjóða til nýbygginga, annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu og eins fyrirspurn um þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu undanfarin 10 ár. Ég vona að þau svör geti skýrt þessa mynd betur.

Herra forseti. Betur má ef duga skal og laga þessa hluti því að raunveruleikinn er sá að verðmæti eigna getur verið langt undir þeim skattstofni fasteignamats sem lagður er til grundvallar og þá er um óréttláta skattlagningu að ræða.

Það má, herra forseti, í þessu sambandi benda á að nýlega er fallinn dómur Hæstaréttar sem var kveðinn upp fimmtudaginn 27. september sl. og var nr. 338/2001. Þar var um það að ræða að eign hafði verið seld á sjö milljónir en fasteignamat eignarinnar var 13.069 þús. Erfingjunum var gert að greiða skatt af sex milljónum umfram raunverulegt söluverð — sex milljónum sem voru aldrei þeirra eign. Í því dæmi var erfingjum gert að greiða 3.481 þús., þ.e. af 13 milljónunum, í stað 1.932 þús., sem hefði verið ef skattstofninn hefði verið hin raunverulega eign, hið raunverulega verð og munar hér 1.548 þús. Ég þekki dæmi þar sem hafa komið tilboð í fasteignir sem hafa ekki einu sinni dugað til þess að greiða erfðafjárskattinn af þeim.

Herra forseti. Hér er einnig um það að ræða að á þeim döpru tímum sem viðkomandi fjölskyldur ganga í gegnum við andlát náinna skyldmenna, oftast foreldra, þá verður þessi skattlagning virk, þ.e. við flutning eignarréttarins á fasteigninni frá foreldrum til barna eða annarra eftirlifenda. Á slíkum sorgartímum er það slæmt ef eftirlifendur finna þau ósanngjörnu viðbrögð hins opinbera að skattlagning til ríkisins taki ekkert tillit til þess raunveruleika sem um er að ræða og þeirra raunverulegu verðmæta sem koma í hlut eftirlifenda. Þá er hér um að ræða mikla mismunun eftir því hvar skattandlagið er, þ.e. fasteignin, hvort hún er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

Á það má einnig benda að í mörgum tilvikum ef ekki flestum hafa erfingjarnir, börnin, tekið virkan þátt í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fjölskyldunnar sem erfingjarnir þurfa svo að greiða af skatt.

Sú breyting sem lögð er til á lögum þessum er réttlætismál. Hér er gert ráð fyrir því að þegnarnir séu skattlagðir í samræmi við raunverulega eign sína en ekki út frá mati sem fylgir fasteignamatsverði um stóran hluta landsins. Þetta mál er því byggðamál jafnframt því að vera réttlætismál þegar svo er komið að fólk sem búsett er á ákveðnum stöðum landsins þarf að greiða hlutfallslega hærri skatta miðað við verðmæti en þeir sem búsettir eru eða erfa eignir t.d. á höfuðborgarsvæðinu, þar sem raunverð fasteigna sem betur fer hefur haldist hátt og umfram fasteignamatsverð.

Ég hef talið það sanngjarna reglu að miða við fasteignamatsverð á höfuðborgarsvæðinu, þó svo að raunverðið sé

hærra. En þeim mun ósanngjarnari er hún eins og hún hefur verið, að koma niður á fólki sem á eignir á landsbyggðinni og erfir eignir þar.

Til að fullnægja réttlætinu í þessum efnum er lagt til að erfingjar geti valið að fá metnar fasteignir sem þeir erfa. Þá yrði miðað við að matið væri unnið og framkvæmt af matsmönnum sem sýslumenn tilnefna, samanber 17. og 18. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Og að varðandi mat þetta sé farið eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 20/1991 eftir því sem við getur átt.

Til þess að ekki séu notuð gömul gögn varðandi þetta mat, er gert ráð fyrir því í frv. að slíkt mat megi ekki vera eldra en fjögurra vikna.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þessu frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[16:13]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frv. til laga sem hv. 4. þm. Norðurl. e., Örlygur Hnefill Jónsson, hefur flutt er mjög merkilegt. Það tekur á miklu réttlætismáli, þ.e. breytingu sem varðar marga þegna þessa lands. Málið er flutt í framhaldi af því að lög frá hinu háa Alþingi hafa leitt til atvinnuháttabreytinga í landinu og nægir þar að nefna, t.d. bara lög um stjórn fiskveiða eða um landbúnað í landinu. Þau gera það að verkum að ójafnvægi hefur myndast líkt og hér er um fjallað, þ.e. munur á fasteignamati og söluverði eigna á Íslandi með tilliti til þess erfðafjárskatts.

Það er mikið réttlætismál að þetta frv. sé flutt hér. Það er jafnframt um mikið byggðamál að ræða og í raun mjög eðlilegt að hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, þingmaður Samfylkingar í Norðurl. e., flytji þetta mál. Í raun hefur það verið svo nú um alllangan tíma að ýmsir þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið í fararbroddi við að benda á það misrétti og órétti sem skapast hefur milli höfuðborgarbúa og landsbyggðarbúa. Þetta er einmitt enn eitt dæmið um það.

Ég hef áður sagt það að í mínum huga á að vera fullkomið jafnrétti allra þegna landsins, sama á hvaða sviði það er, hvort sem það er til að reka fyrirtæki, senda börn í nám eða til að hita hús sín, híbýli sín, sem oft á tíðum er gert eftir opinberum leiðum. Hið sama á að gilda um kosningar til Alþingis. Oft hefur verið talað um að þar ríki mikið óréttlæti og talað er um að íbúi á Vestfjörðum hafi ígildi tæplega fimm atkvæða á móti einu atkvæði höfuðborgarbúa. Þetta vil ég að sjálfsögðu að sé jafnað. Ég er jafnaðarmaður, ég er þingmaður Samfylkingarinnar, sem eru samtök jafnaðarmanna. Það er eiginlega undarlegt að frv. sem hér er til umræðu skuli ekki hafa komið mun fyrr fyrir hið háa Alþingi.

Dæmið sem hv. þm. fjallaði um hér áðan, um erfðafjárskatt, annars vegar miðað við fasteignamatsverð húsnæðis og hins vegar söluverð, sýndi náttúrlega stórkostlega mikinn mun. Það getur ekki verið sanngjarnt að erfingjar skuli þurfa að leggja út svo mikla peninga, eingöngu vegna þess að þeir hafi erft húsnæði sem e.t.v. er orðið mjög gamalt. Í lifanda lífi hafði hinn látni kannski ekki tök á að halda við fasteigninni, m.a. vegna þess að margt eldra fólk hefur varla til hnífs og skeiðar af bótum sínum. Viðkomandi hafði kannski ekki unnið á fullu og hafði jafnvel ekki vinnu meðan lífeyriskerfið var að verða til og hafði jafnvel lélegan lífeyri síðustu árin. Allt þetta kemur að þessu máli.

Í þessum dúr hafa menn rætt um þessi mál. Ég vil bæta þar aðeins við, herra forseti. Ég get rétt ímyndað mér að til séu mörg dæmi um sveitabýli þar sem fólk deyr drottni sínum frá eigninni og erfingjarnir eiga að taka við. Eignin selst þá jafnvel ekki vegna búháttabreytinga og enginn vill taka við búi í dag. Þetta er því mikið réttlætismál sem hér er flutt og á hv. þm. þakkir skildar fyrir að hreyfa því og flytja það meðan hann situr hér sem varaþingmaður. Eiginlega má segja að það mættu margir aðalþingmenn vera ánægðir ef þeir væru búnir að flytja jafnmörg mál og hv. þm. hefur gert hér, að hafa hreyft jafnmiklu réttlætismáli og hér hefur verið flutt. Ég held að formaður okkar jafnaðarmanna megi vera stoltur af þessum varaþingmanni sínum sem flutt hefur þetta frv.

[16:18]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að hér er verið að hreyfa athyglisverðu máli sem vissulega má kalla réttlætismál, þó að ég telji ekki að það gefi tilefni til þess að hafa hér uppi miklar yfirlýsingar í hástigi eða annað um stöðu mála almennt á landsbyggðinni. Ég held að þetta út af fyrir sig gefi ekki tilefni til þess.

En frv. er hins vegar mjög athyglisvert að mínu mati og tekur á vandamáli sem upp getur komið. Hins vegar held ég að mikilvægt sé að menn geri sér samt sem áður aðeins grein fyrir hugtökum sem mér fannst aðeins örla á að menn væru að rugla saman, eða að hv. þm. Kristján Möller væri pínulítið að rugla saman, vegna þess að við erum annars vegar að tala um brunabótamat sem er mat sem á að endurspegla raunverulegan byggingarkostnað viðkomandi eigna og hins vegar fasteignamat sem ætti að öllu jöfnu að endurspegla það sem er markaðsvirði sambærilegra eigna. Síðan höfðum við til skamms tíma sérstakan stofn sem var fasteignagjaldsstofn sem var notaður til þess að leggja á fasteignagjöld óháð því hvert fasteignamat viðkomandi eigna var. Okkar góða ríkisstjórn hrinti hins vegar þessu óréttlætismáli af höndum okkar eins og hv. þm Kristjáni Möller er mætavel kunnugt.

Vandinn í þessu máli hins vegar er auðvitað það sem hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson benti alveg réttilega á. Það er kjarni málsins og kjarni þess vanda sem við er að glíma, þ.e. þegar upp kemur staða þar sem það er bersýnilega þannig, eins og kom fram í þeim umræddu dómi sem hv. þm. vísaði til, að raunverulegt markaðsverð viðkomandi eignar er ekki í samræmi við fasteignamatið eins og það ætti þó að vera. Fasteignamatið, virðulegi forseti, er eins og menn vita endurreiknað og athugað á hverju einasta ári af Fasteignamati ríkisins til þess að reyna að láta það endurspegla raunverulegt markaðsverð. Við þekkjum dæmi um þetta af landsbyggðinni. Til eru dæmi af einstökum byggðarlögum þar sem fasteignamatið sjálft hefur verið að lækka á milli ára á sama tíma og fasteignamat t.d. á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað vegna þess að markaðsvirði fasteignanna hefur farið hækkandi.

Þetta gerir það að verkum að það misvægi skapast sem allir þekkja og er tilefni þess að þetta mál er flutt undir forustu hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar, þ.e. þetta vandamál sem upp kemur þegar um er að ræða misvægi milli fasteignamatsins og raunverulegs markaðsverðs.

Síðan þekkjum við önnur dæmi sem líka draga athygli okkar að þessum vanda, t.d. það sem upp kom í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi. Þá höfðum við dæmi jafnvel innan sama sveitarfélagsins þar sem þetta mat var mjög misvísandi. Þar kom fyrir að menn sem áttu sambærileg hús, bjuggu í sama sveitarfélagi, fengu mjög mismunandi bætur. Þetta dregur athygli okkar að því hversu mikilvægt er fyrir

okkur að þessi grunngerð samfélagsins, þessi mælikvarði sem menn byggja eignamat sitt og tryggingavernd sína á, sé í 100% lagi.

Stóra málið í þessum efnum þegar við lesum lögin, eins og hv. 1. flm. kom mjög vel að í sínu ágæta máli hér áðan, er að grunnhugmyndin að baki þessum gjaldstofni, sem erfðafjárskatturinn er hérna í þessu tilviki, er sú að hann á að endurspegla tiltekið markaðsverð en ekki einhverja ímyndaða tölu. Ég geri ráð fyrir því t.d. að ef verið væri að skipta einhverjum óefnislegum eignum, t.d. hlutafé, þá mundi væntanlega koma til skipta raunverulegt söluandvirði þeirra án þess ég geri mér grein fyrir því ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar, en biður hv. þingmenn í hliðarsal að hafa hægt um sig.)

Ég tek undir það. Þeir hefðu mjög gott af því að hlusta á þessa ræðu.

Þá geri ég ráð fyrir því að stuðst yrði við raunverulegt markaðsverð þessara eigna en ekki eitthvert óeiginlegt verð, einhver gjaldstofn sem ekki mældi raunvirði.

Því er augljóst þegar maður hlýðir á þennan málflutning að það hlýtur að hafa verið hugsun löggjafans á þeim tíma þegar verið var að setja þetta í lög að erfðafjárskatturinn endurspeglaði skattstofn sem væri í samræmi við raunverulegt virði eignarinnar og þess vegna var væntanlega talað um fasteignamat en ekki brunabótamat.

Nú er sem sagt komið fram að tiltekið misvægi er þarna á milli. Því er eðlilegt að menn skoði þetta. Ég fagna þess vegna frv. Það getur vel verið að þegar við skoðum þetta nánar komi upp einhver mál sem geri það að verkum að fara þurfi einhverjar aðrar leiðir að þessu en hér er verið að leggja til. En ég tek undir það meginmarkmið þessa frv. sem lýtur að því að reyna að koma í veg fyrir þetta óréttlæti sem greinilega er til staðar í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Milliliðalaust lýðræði, fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 144. mál. — Þskj. 144.

[16:24]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Á síðustu öld má segja að þróun lýðræðisins hafi staðnað við fulltrúalýðræðið og nú í upphafi nýrrar aldar blasa við tækifærin til að stíga stór skref í átt að milliliðalausu lýðræði.

Hér er mælt fyrir tillögu þess efnis að Alþingi álykti að setja á stofn nefnd sem kanni möguleika á notkun netsins við að þróa og taka upp milliliðalaust lýðræði í mun meira mæli en verið hefur hina síðari áratugi og nokkurn tíma á Íslandi.

Nefndin kanni hvernig hægt er að nota netið til að þróa milliliðalaust lýðræði og hafi þar að leiðarljósi öfluga persónuvernd við framkvæmd kosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna á netinu. Nefndin skal skipuð fulltrúa Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stúdentaráðs Háskóla Íslands, Alþingis Íslendinga og fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin kanni jafnframt hvaða áhrif milliliðalaust og beint lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórna þar sem auðvelt og jafnvel byltingarkennt gæti verið að nota milliliðalaust lýðræði í miklum mæli. Stefna skal að því að kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fari samhliða hefðbundnum kosningum fram á netinu innan fárra ára.

Ljóst er að þær miklu breytingar sem orðið hafa á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum á Vesturlöndum síðustu áratugi kalla á breytingar á lýðræðisfyrirkomulaginu. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign, meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar allt á að fólk hafi miklu meira um hagi sína að segja en áður. Sá tími er liðinn undir lok að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir fyrir fólkið og tímabært að færa valdið í miklu meira mæli til fólksins en verið hefur. Netið, alnetið, og mikill og almennur aðgangur að því býður upp á möguleika til að stórauka milliliðalaust lýðræði og gera það að veruleika án þeirra galla sem augljóslega fylgja tíðum atkvæðagreiðslum. Við þekkjum ýmis slík dæmi frá Sviss þar sem of tíðar atkvæðagreiðslur gera það að verkum að fólk verður leitt og nennir síður að ómaka sig á kjörstað og lýðræðið þynnist út og fólk hættir að sinna þessu mikilvæga hlutverki sínu.

Kosningar á netinu í kjölfar upplýsinga- og tæknibyltinganna eru að verða að veruleika og brýnt að kanna þegar í stað kosti þeirra og galla. Tímabært er að stíga skrefið frá Apenu til alnetsins ef svo má segja, herra forseti, við lýðræðislega stjórnarhætti og færa völdin til fólksins. Fulltrúalýðræðið hefur að mörgu leyti gengið sér til húðar þó því fari fjarri að hægt sé að leggja það af. Ekki er hægt að taka upp stjórnskipan sem byggist ekki á fulltrúalýðræðinu og hinn almenni borgari getur ekki tekið þennan þátt í störfum Alþingis og fulltrúalýðræðisins í sínar hendur í almennum atkvæðagreiðslum. Kjörnir stjórnmálamenn munu eftir sem áður semja lögin og útfæra.

Í raun er kominn tími til að lýðræðið leiti upprunans, en í stað handauppréttinganna á Agora-torginu forðum á gullöld Grikkja rétta menn nú upp hönd á netinu þess í stað. Fulltrúalýðræði hins illa upplýsta og fátæka almennings hefur runnið sitt skeið á enda og næsta framfaraskeið mannkyns þarf að eiga sér stað á stjórnmálasviðinu með milliliðalausu lýðræði og notkun netsins við að koma því á, gera það ódýrara og auðveldara í framkvæmd. Því er brýnt að kanna áhrif þess á samfélagsþróunina að taka upp og efla beint lýðræði nú í kjölfar upplýsingabyltingarinnar þegar tölvueign og tölvuaðgengi almennings hefur aukist um þúsundir prósentna á örfáum árum.

Herra forseti. Hlutverk og tilgangur þessarar tillögu er að þróa lýðræðið áfram í ljósi aukinnar menntunar og betri aðgangs að upplýsingum sem leiðir til þess að hinn almenni borgari getur nú tekið ákvarðanir í formi beins lýðræðis um mörg meginmál samfélagsins. Það er fjarstæðukennt að ætla að 21. öldin sætti sig við óbreytt fulltrúalýðræði og þeim hverfandi áhrifum sem kjósendur hafa á stjórn samfélagsins í gegnum það fyrirkomulag. Þess mun verða krafist að bilið á milli þeirra sem stjórna og er stjórnað minnki verulega. Við notkun og innleiðingu netsins í lýðræðisferli okkar er einnig komið á samræðu borgaranna við stjórnvöld, þar sem borgarar landsins geta lagt inn hugmyndir og verið virkir þátttakendur í stjórn lands síns. Með þeim hætti eflist og styrkist stjórnmálasamræða í millum borgaranna um kjör sín, eins og að mörgu leyti hefur nú þegar átt sér stað með tilkomu netsins hin allra síðari ár.

Herra forseti. Líkt og fram kemur í grein Karls Blöndals, aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins, í Morgunblaðinu þann 16. mars árið 2000 gerðu bandarískir demókratar merka tilraun

með lýðræði á netinu í prófkjöri sem viðhaft var í Arizona í mars árið 2000. Var það í fyrsta sinn sem gerð var tilraun með lagabindandi kosningu með þeim hætti í Bandaríkjunum. Ásamt netatkvæðinu var hægt að kjósa með því að mæta á kjörstað eða senda atkvæði sitt í pósti. Tilraunin tókst vonum framar og miklum mun fleiri tóku þátt í prófkjörinu en í fyrri prófkjörum flokksins í því sama fylki áratuginn á undan. Þátttaka jókst stórum og tilgangnum var náð. Skráðum kjósendum var útdeilt kennitölu og síðan þurftu þeir að skrá inn upplýsingar af tvenns konar skilríkjum til að geta greitt atkvæði á netinu, segir Karl í grein sinni. Atkvæðagreiðslan tók um það bil tvær mínútur í framkvæmd og kjósendur þurftu ekki að ómaka sig á kjörstað nema þeir sem svo kusu að gera eða gátu ekki eða vildu ekki kjósa á netinu. Þeim stóð til boða að greiða atkvæði með hefðbundnum hætti, eins og áður sagði. Kosning á netinu dregur jafnframt stórum úr því umfangi og mikla kostnaði sem fylgir stórum atkvæðagreiðslum, hvort sem er á sveitarstjórnarstiginu eða fyrir þjóðina alla.

Það fyrirkomulag sem viðgengist hefur síðustu tvær aldirnar í formi fulltrúalýðræðisins hefur að mörgu leyti gengið sér til húðar. Það er löngu tímabært að kanna nýjar leiðir til að íbúar geti haft bein og milliliðalaus áhrif á stjórn samfélagsins. Heimurinn hefur gjörbreyst frá þeim tíma þegar verjandi var að óskir fólksins þyrftu að fara í gegnum fulltrúa þess að einu eða öllu leyti, fulltrúa sem höfðu tíma og aðstæður til að sinna mikilvægum ákvarðanatökum en almenningur alls ekki á þeim tíma. Nú hefur þorri almennings aðstæður og upplýsingar til að taka sjálfur allar stærri ákvarðanir um hagi sína og líf.

Herra forseti. Milliliðalaust lýðræði í gegnum netið þar sem fólkið tekur í æ meira mæli ákvarðanir sjálft er sú framþróun sem þarf og mun eiga sér stað í stjórnmálalífinu, þá í formi þjóðaratkvæðagreiðslna þar sem ákveðinn hluti atkvæðisbærra borgara getur krafist þess að ákveðin mál verði tekin til atkvæða af þegnum þjóðarinnar eða íbúum einstakra sveitarfélaga, sérstaklega með tilliti til þeirra auknu verkefna sem sveitarfélögunum hefur verið falið. Einnig ber að skoða sérstaklega hvernig notkun netsins getur og hefur þegar gjörbreytt starfsemi og eðli stjórnmálaflokka og þátttöku félaga þeirra í starfseminni, í gegnum netið og tölvupóstlista og hina ýmsu umræðuhópa sem starfræktir eru á netinu og fólk skráir sig sérstaklega í. Þetta er umbylting á möguleikum til öflugrar og skapandi stjórnmálaumræðu innan flokka. Með þessum hætti styrkir netið stjórnmálastarf og stjórnmálaflokka í stað þess að veikja, eins og vikið verður að síðar.

Hættan er sú að tíðar atkvæðagreiðslur valdi því að fólk verði leitt og þreytt á því að taka þátt í þeim og nenni ekki að fara á kjörstað oft eða nokkrum sinnum á ári. Lausnin á þeim vanda og fram hjá þeirri hættu er lýðræði á netinu. Við þróun og notkun netsins við atkvæðagreiðslur er brýnt að gæta fyllsta öryggis við persónuvernd og kanna þarf sérstaklega og til hlítar allar leiðir til að tryggja öfluga persónuvernd í rafrænum kosningum á netinu. Gæta skal þess að áfram verði viðhafðar hefðbundnar atkvæðagreiðslur til hliðar við netkosningar til að tryggja að fólk sem sökum fátæktar, elli eða annarra aðstæðna getur ekki nýtt sér netið eða kýs að gera það ekki, hafi fulla aðkomu að kosningunum. Stefna skal að því að allar þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram á netinu samhliða hefðbundnum kosningum eða póstkosningum og síðar meir kosningar til Alþingis og sveitarstjórna.

Mesta áhyggjuefnið við þróun og upptöku milliliðalauss lýðræðis er hvernig minnihlutahópum reiðir af við beint lýðræði eða kosningar á netinu. Tryggja þarf að engir hópar verði útundan í þessari þróun enda er tilgangurinn að gera fólk að betri og ábyrgari borgurum við stjórn sinna samfélaga. Tölur sýna að þátttaka fólks sem er fátækt og lítið menntað er minni en annarra í þjóðaratkvæðagreiðslum almennt og þetta sanna sérstaklega dæmi frá Sviss og Bandaríkjunum þar sem tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur eru stundaðar í mörgum fylkjum. Skoða þarf sérstaklega hvernig tryggja má að kjör og aðgengi tiltekinna minnihlutahópa að samfélaginu og ákvarðanatöku innan þess versni ekki í milliliðalausu lýðræði, heldur batni frá því sem nú er.

Meginviðfangsefni stjórnmálastarfsins er að komast að því hvaða lausnir flestir telja bestar og séu til mestra hagsbóta fyrir samfélagið. Einfaldast er að spyrja fólkið beint í stað þess að fela það nokkrum fulltrúum þess sem fólk kýs á fjögurra ára fresti eða þaðan af lengri tíma. Beint lýðræði upprætir einnig óhófleg áhrif fjársterkra og háværra hagsmunaafla sem oft hafa mikil áhrif á kjörna fulltrúa stjórnmálaflokkanna, ekki síst þegar litið er til Íslands þar sem bókhald flokkanna er lokað og fjárreiður þeirra leyndarmál. Í því efni vísum við flutningsmenn þessarar þáltill. í frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárreiður flokkanna. Miklu erfiðara er að hafa áhrif á kosningu heillar þjóðar enda erfitt að múta þjóð og erlendar rannsóknir frá Bandaríkjunum og Sviss sýna fram á að fjársterk hagsmunasamtök mega sín mun minna í þjóðaratkvæðagreiðslum en í beinum áhrifum á kjörna fulltrúa. Fjölmiðlar og borgarar landsins eiga skýlausa kröfu á að vita hvaða stórfyrirtæki hafa styrkt flokkana og sjá þannig svart á hvítu hver ítök þeirra eru í viðkomandi flokki.

Leynd og pukur með fjármál flokkanna grafa undan tiltrú almennings á stjórnmálum og stjórnmálamönnum og þar með lýðræðinu. Það er ekki hægt að byggja upp öflugt samfélag nema við búum við öflugt lýðræði.

Ákveðin skilyrði þarf að setja um umfang mála sem borin eru undir þjóðina og fjölda þeirra á ári. Brýnt er að ofgera ekki þjóðinni með of tíðum atkvæðagreiðslum. Notkun netsins slær hins vegar á hættuna á því að fólk hætti að ómaka sig á kjörstað eða sinna milliliðalausu lýðræði.

Með leyfi hæstv. forseta langar mig að vitna til orða Jóns Baldvins Hannibalssonar, sendiherra og fyrrv. hv. alþm., sem fram komu í Morgunblaðinu 25. maí 1997:

„Íslendingar ættu að geta hugsað sér að verða tilraunastofa í frekari þróun lýðræðislegra stjórnarhátta vegna lýðræðishefðar okkar, menntunarstigs og fámennis þjóðarinnar sem ætti að auðvelda að láta tilraunina heppnast.

Lýðræði okkar er í grundvallaratriðum vanburðugt og ófullkomið vegna þess að við höfum aldrei í lýðveldissögunni notið þeirra grundvallarmannréttinda sem felast í jöfnum atkvæðisrétti, einn maður eitt atkvæði, né heldur notið þess að geta ráðið persónuvali í kosningum.

Af þessum sökum er vafalaust kominn tími til að endurmeta reynsluna og hugsa stærra. Hugmyndir um ... beina þátttöku almennings, með minna vægi fulltrúalýðræðis, eru fyllilega tímabærar og mjög áhugaverðar.

Tilgangurinn væri auðvitað að auka ábyrgð og sjálfsaga kjósenda, þeir yrðu að taka beina ábyrgð á afleiðingum gerða sinna með slíku vali. Það væri verið að styrkja þá stoð lýðræðisins sem byggist ekki aðeins á réttindum heldur líka á skyldum.“

Um leið og við eflum beint lýðræði er nauðsynlegt að jafna atkvæðaréttinn til fulls og gera Ísland allt að einu kjördæmi. Fyrir því eru engin rök að atkvæði allra Íslendinga séu ekki jafngild. Misjafnt vægi atkvæða er ekkert annað en skýlaust mannréttindabrot og svartur blettur á stjórnmálum landsins. Jafn atkvæðisréttur er þó fyrst og fremst spurning um mannréttindi og með því að gera landið að einu kjördæmi væri tryggt að allir í landinu hefðu nákvæmlega sömu möguleika til að hafa áhrif á stjórn landsins, því öll atkvæði væru jafnþung.

Stefna ætti að því um leið og stigin eru fyrstu skref í átt til milliliðalauss lýðræðis að atkvæðavægi allra Íslendinga verði jafnt og landið gert að einu kjördæmi.

Herra forseti. Milliliðalaust og beint lýðræði hefur það vissulega í för með sér að það veikir stjórnmálaflokkana sem lýðræðislega kjölfestu í stjórnmálum en styrkir þá með öðrum hætti, eins og ég kom inn á fyrr. Hins vegar hefur það á margan hátt átt sér stað nú þegar að stjórnmálaflokkarnir séu ekki þær kjölfestur í stjórnmálalífi okkar sem þeir áður voru. Með hruni alræðisríkjanna í austri fyrir áratug hefur vægi hinnar hugmyndafræðilegu baráttu sem skipaði fólki í tvær hatrammar fylkingar, gráar fyrir pólitískum járnum, minnkað verulega þó að átök hugmyndafræðinnar séu að sjálfsögðu enn við lýði og verði alltaf þegar menn takast á um hlutverk ríkisvaldsins, skattheimtu og forgangsröðun verkefna hins opinbera svo dæmi séu nefnd. Á móti kemur að með endalokum átakanna miklu á milli pólanna tveggja sem tókust á í kalda stríðinu skapast jarðvegur fyrir heilbrigða stjórnmálaumræðu og þar af leiðandi fyrir milliliðalaust lýðræði, líkt og segir í þeirri máttugu úttekt sem breska tímaritið Economist gerði fyrir fimm árum og Morgunblaðið birti í aukablaði í maí árið 1997, með leyfi forseta:

„En þetta eru smáatriði borið saman við þá hávaðasömu bardaga, sem sósíalisminn og einstaklingshyggjan, markaðshagkerfið og miðstýringin háðu forðum."

Herra forseti. Hvað er lýðræði? Ef við skilgreinum lýðræði sem hugmyndina um að fólkið skuli ráða þá er milliliðalaust lýðræði nær upprunanum en það lýðræðisfyrirkomulag sem tíðkast hefur víðast hvar og felur í sér kosningar til löggjafar- og eða framkvæmdarvalds á nokkurra ára fresti. Til að taka nýlegt íslenskt dæmi um raunverulegt lýðræði eða tilraun til þess má nefna atkvæðagreiðsluna sem átti sér stað í Reykjavík fyrir nokkrum mánuðum síðan um framtíðarstað flugvallarins í Vatnsmýrinni. Sú atkvæðagreiðsla var merkileg tilraun í milliliðalausu lýðræði og líklegt er að hún gefi tóninn fyrir innleiðingu beins lýðræðis á sveitarstjórnarstiginu þar sem það á best við og líklegast er til að taka út sinn þroska sem lýðræðisform 21. aldarinnar og framtíðar.

Herra forseti. Tæknin hefur breytt eðli og inntaki lýðræðisins, líkt og herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði svo eftirminnilega í ræðu við setningu Alþingis í október árið 2000. Nú er einstaklingurinn hjá jafn vel upplýstri þjóð og Íslendingar eru þess umkominn að veita álit sitt og umsögn nánast hvenær sem er í krafti þekkingar sinnar og hæfni. Menntabyltingin og aðgengi að upplýsingum gera þetta að veruleika og eiga að fleyta okkur frá fulltrúalýðræði síðustu alda til milliliðalausrar þátttöku borgaranna sjálfra við stjórn samfélaga sinna.

Herra forseti. Ég legg til að tillögu þessari verði vísað til allshn.

[16:39]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir yfirgripsmikla framsöguræðu með þessari ágætu þáltill. sem hér er á dagskrá.

Tillagan sem sýnir mikla framtíðarsýn er afar tímabær vegna þess að hún tengir afar vel saman þróun tækninnar og þróun lýðræðisins. Það er mjög mikilvægt að Alþingi setji niður sérstaka nefnd til þess að fara yfir alla þá möguleika sem netið skapar okkur, bæði til þess að þróa lýðræðið og eins til þess að gera ýmsar tilraunir með breytingar á kosningafyrirkomulagi.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að nefnd fari yfir þessi mál og ég held að það sé brýnt að hún taki til starfa sem allra fyrst vegna þess að á næsta vori fara fram sveitarstjórnarkosningar og mikilvægt er að þar verði stigin fyrstu skref í þeirri tilraun að nota netið við kosningar. Það hefur komið fram hjá áhugafólki um þetta mál að breyta þurfi lögum á Alþingi til þess að slík tilraun geti farið fram. Það er afar mikilvægt fyrir nefnd sem þessa að geta nýtt sér þær kosningar til þess að gera ákveðnar tilraunir á þessu sviði þannig að setja megi reglur sem staðið geta nokkuð inn í framtíðina.

Einnig er mikilvægt, eins og kemur fram bæði í tillögunni sjálfri og greinargerðinni, að gætt sé öflugrar persónuverndar vegna þess að það er eitt af þeim málum sem menn hljóta að hugsa til þegar þeir nota netið í þessu skyni.

Við þekkjum ákveðnar tilraunir sem gerðar hafa verið nú um nokkurra ára skeið af ýmsum fjölmiðlum, m.a. á netinu, þ.e. skoðanakannanir svokallaðar sem auðvitað fullnægja ekki þeim skilyrðum sem við setjum venjulegum skoðanakönnunum. Þar er persónuvernd ekki tryggð nákvæmlega eins og við vildum sjá það, þ.e. með reglum, og held ég að við flest tökum misjafnlega mikið mark á slíkum könnunum. Því er mikilvægt að setja þetta í ákveðinn farveg þannig að þessi tækni nýtist okkur við slíkar kannanir.

Einnig er ljóst að þessi tækni skapar alveg nýja möguleika til að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að það er auðvitað allt annað fyrirkomulag að geta spurt þjóðina á slíkan hátt en að setja upp það mikla bákn sem þjóðaratkvæðagreiðsla raunverulega er og það gæti orðið til þess að þróa áfram slíka meðferð lýðræðisins, að leyfa þjóðinni að svara ákveðnum grundvallarspurningum vegna þess að að sjálfsögðu hefur netið líka skapað alveg nýja möguleika til þess að koma upplýsingum til þjóðarinnar.

Möguleikarnir eru þess vegna ótæmandi og því er mikilvægt að þetta sé sett í farveg sem vísar okkur veginn inn í framtíðina.

Þeir möguleikar eru einnig athyglisverðir sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi í framsöguræðu sinni, sem netið og þetta fyrirkomulag um kosningar skapar stjórnmálaflokkum og starfi þeirra. Flestir sem hafa áhuga á lýðræðinu fylgjast væntanlega vel með þverrandi starfi flestra stjórnmálaflokka, ekki bara hér á landi heldur víða um heim. Því er mikilvægt að stjórnmálaflokkarnir nýti sér, eins og þeir hafa gert í sívaxandi mæli, þessa nýju tækni og þess vegna er eðlilegt að við þróum fyrirkomulagið áfram á þessu sviði þannig að stjórnmálaflokkarnir séu í takt við að mæta þessu. Við verðum þess vegna að tryggja að allar leikregur séu sem best úr garði gerðar. Ég er sannfærður um að sú leið sem hér er lögð til muni leiða okkur í þá vegferð sem mun tryggja okkur það að niðurstaðan verði sem allra best.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langa ræðu um þetta. Ég trúi því og treysti að nefndin sem fær málið til umfjöllunar muni skoða þetta gaumgæfilega og vonandi mæla með samþykkt tillögunnar.

Þó tel ég rétt að vekja athygli á einu atriði að lokum, þ.e. orða sendiherra okkar í Washington, Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem vitnað er til í greinargerð með tillögunni, þar sem hann ræðir einmitt um það að aðstæður okkar á Íslandi eru slíkar að það er mjög verðugt verkefni að við skoðum það að við séum ákveðin tilraunastofa í þessum efnum. Við búum við þær aðstæður að við eigum að geta gengið lengra en ýmsar aðrar þjóðir í tilraunaskyni og þar með leitt þjóðir heimsins áfram í þessari þróun.

[16:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er aðall samfélaga sem kenna sig við lýðræði að stuðla að dínamískri, lifandi og stöðugri þróun þess, lifandi umræðu og dínamískri og stöðugri þróun lýðræðisins.

Það er rétt sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson benti á í framsöguræðu sinni að að mörgu leyti hefur umræðan um lýðræðið staðnað á undanförnum árum og áratugum. Því er tímabært svo ekki sé meira sagt að leggja fram þessa framsæknu og góðu tillögu.

Að færa valdið til fólksins er ekki endilega einfalt mál og það skiptir mjög miklu að þar sé rétt að verki staðið. Tæknin hefur fært okkur upp í hendurnar tæki sem við höfðum ekki áður, tæki sem við getum nýtt til þess að dreifa valdi betur í samfélaginu og tryggja lýðræðislegri vinnubrögð.

Það er mjög mikilvægt í þessari umræðu að grundvöllur þess að koma á milliliðalausu lýðræði, eins og lagt er til í till. til þál., sé fyrir hendi. Sá grundvöllur er ekki fyrir hendi nema tryggð séu jöfn tækifæri allra þegnanna, mikil menntun þeirra og hæfi þeirra til að takast á við þær spurningar sem við þurfum að takast á við í nútímasamfélagi. Þess vegna byggir tillaga sem þessi að sjálfsögðu á hugsjónum jafnaðarmanna um jöfn tækifæri, jöfn tækifæri til menntunar ekki síst og rímar algjörlega saman við þær skoðanir okkar.

Ég ætla ekki að leggja mörg orð í belg. Ég fagna þessari tillögu sérstaklega og vænti þess að hún muni vísa okkur veginn fram á við í vönduðum tilraunum til þess að koma á milliliðalausu lýðræði hér á landi. Eins og hefur komið fram áður í þessari umræðu getur Ísland orðið tilraunastofa í þeim efnum. Til þess höfum við fulla burði. Við þurfum hins vegar að vanda okkur, huga vel að hverju skrefi sem tekið er og gæta þess mjög vel að allir þegnar landsins séu þátttakendur í slíkri lýðræðisþróun.

[16:47]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér lögð fram mjög athyglisverð þáltill. sem mér finnst horfa mjög til framtíðar. Tímarnir breytast og tækni gærdagsins getur orðið úrelt á morgun. Því er mjög brýnt að þingmenn séu vakandi yfir þeim kostum og þeim breytingum sem eru að verða á samfélagi okkar. Ég fagna því þessari tillögu sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur lagt hér fram.

Samfylkingin er jákvæður og framfarasinnaður flokkur. Því er við hæfi að þingmenn hennar flytji tillögu eins og hér liggur fyrir. Það tel ég fagnaðarefni, herra forseti.

[16:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að ég halli ekki á neinn af þeim sem hér sitja að jafnaði með mér í þessum sölum þegar ég segi að við sem ekki erum varaþingmenn heldur aðalþingmenn getum margt lært af þeim prýðilegu varaþingmönnum sem hér hafa komið í ræðustól í dag. Ég er þá ekki bara að tala um þá tillögu sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar hefur flutt hér og félagi hans og okkar í Samfylkingunni, hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, heldur eru síðar í dag á dagskrá ákaflega merkilegar tillögur frá varaþingmönnum annarra flokka, sem ég vænti líka að verði fróðlegar umræður um. Ég tel að gæði þeirra tillagna og greinargerða sem með fylgja eigi það sammerkt að vera talsvert meiri en yfirleitt er að finna í þessum sölum. Þetta segi ég nú ekki til þess að hnika niður félögum mínum í þinginu, heldur miklu frekar til þess að benda á hve öflugt lið varaþingmanna við höfum á þingi.

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur hér lagt fram tillögu sem er ákaflega merkileg, um milliliðalaust lýðræði. Ég held að á engan sé hallað með að sú framsaga sem hann hafði með þeirri tillögu og greinargerðin sem henni fylgdi sé í alla staði óvanalega vönduð. Sá fróðleikur sem þar er saman dreginn um lýðræðið, þróun lýðræðisins og þá möguleika sem tækni nútímans gerir okkur kleift að brúka til þess að bæta og dýpka lýðræðið, er mikilsverður.

Þetta, herra forseti, speglar líka vissan mun á stefnu okkar í Samfylkingunni og stefnu annarra flokka, t.d. Sjálfstfl. Það er athyglisvert að á þeim degi sem við ræðum hér tillögu þingmanns Samfylkingarinnar um milliliðalaust lýðræði þá eru örfáir dagar liðnir frá því að Sjálfstfl. hélt landsfund þar sem samþykkt var, með nokkuð þéttum meiri hluta ef ég man rétt, tillaga um að menn skuli ekki beita rafrænum kosningum. Með öðrum orðum: Ég skil þá tillögu þannig að Sjálfstfl. vilji hverfa frá nútímanum, hverfa frá því að nota þá tækni sem til er orðin vegna þess að í þeim flokki sjá menn lýðræðið með allt öðrum augum en t.d. í Samfylkingunni.

Nú er það svo, herra forseti, að í þessum sal sem ég horfi yfir sé ég að vísu engan þingmann Sjálfstfl. mættan. Það er því kannski umhendis af mér og ekki ákaflega nærgætið að ræða við fjarstaddan stjórnmálaflokk um skort hans á skilningi á eðli lýðræðisins. En það er eigi að síður þannig, herra forseti, að þessi tillaga stendur ekki ein. Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á að þróa umræðu í landinu um lýðræðið. Við höfum lagt hér fram hvert þingmálið á fætur öðru sem er beinlínis sett fram til þess að styðja undirstöður lýðræðisins í landinu.

Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að þegar einn stjórnmálaflokkur er hefur lengi setið við völd og hefur læst klóm valdsins svo að segja í hverja einustu stofnun samfélagsins, eins og Sjálfstfl. hefur gert á síðustu árum, og við höfum þó kannski séð hvað jafnátakanlegast á allra síðustu vikum og jafnvel dögum þegar hæstv. forsrh., formaður flokksins, reynir jafnvel að skipa fjölmiðlum fyrir um hverja þeir megi tala við og hverja ekki, þá er það auðvitað hlutverk flokks eins og okkar, jafnaðarmanna, að reyna að vega þar á móti. Þess vegna höfum við lagt hér fram hvert þingmálið á fætur öðru sem miðar að því að styrkja lýðræðið. Við erum t.d. að leggja fram á næstunni þingmál sem miðar að því að gera landið að einu kjördæmi. Með því erum við að reyna að hrinda í framkvæmd því gamla kjörorði jafnaðarmanna:

Einn maður – eitt atkvæði. Þetta eru grundvallarmannréttindi, herra forseti. Ég tel sjálfur að lýðræði hér á landi geti aldrei talist fullkomnað fyrr en búið er að ganga frá þessu.

Við höfum líka lagt fram anga af því sem hér er lagt til. Ár eftir ár hafa þingmenn Samfylkingarinnar, undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, lagt fram tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það tengist auðvitað þessu. Við höfum lagt fram fjölmörg mál sem miða að því að styrkja löggjafarsamkunduna og stemma framrás framvæmdarvaldsins sem í hverju málinu á fætur öðru þrengir að löggjafanum. Þess vegna hafa þingmenn Samfylkingarinnar lagt fram tillögur um að þingið fái tæki til þess að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og sinna eftirlitsskyldu. Við höfum lagt fram tillögur um að teknar verði upp opnar rannsóknarnefndir af hálfu þingsins. Við teljum auðvitað, herra forseti, að það sé forsenda þess að hægt sé að treysta stöðu löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Fyrr í dag lagði hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson fram ákaflega merkilegt þingmál sem einmitt miðar að því að styrkja eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, þ.e. reyna að stemma þessa ótrúlegu fíkn framkvæmdarvaldsins til að veita sjálfu sér heimildir til að setja reglugerðir um hvaðeina sem oft styðjast við hæpin lög. Svona gæti ég talið hvert málið á fætur öðru, herra forseti.

Það mál sem hér er lagt fram af þingmönnum Samfylkingarinnar, með hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson í broddi fylkingar, um milliliðalaust lýðræði, er þess vegna hluti af ákveðinni lífssýn jafnaðarmanna, hluti af lífssýn Samfylkingarinnar. Það má vel vera að þau mál, þó að samþykkt væru í skyndingu, mundu ekki gjörbreyta samfélaginu. Það er hins vegar ljóst að þau miða að því að styrkja það sem þetta samfélag og innviðir þess hvíla á, þ.e. lýðræði.

Herra forseti. Tæknin gerir það að verkum að við sjáum djarfa fyrir nýrri framtíð þar sem mönnum verður betur gert kleift en áður að hafa bein áhrif á sinn eigin hag og eigin framtíð.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson rakti það m.a. í sinni frábæru ræðu áðan hvernig breyttar aðstæður gera það að verkum að við þurfum ekki í dag, eða ættum ekki að þurfa í eins ríkum mæli og áður, að hvíla á stoðum fulltrúalýðræðisins. Auðvitað var það þannig áður að menn höfðu ekki tök á að kynna sér mál til hlítar. Þess vegna fólu menn fulltrúum sínum að taka ákvarðanir. Þessi röksemd er slegin burt með tilkomu netsins. Enginn þingmaður í þessum sal á meiri möguleika en almennur borgari úti í samfélaginu á að kynna sér til hlítar flókin mál vegna tilkomu netsins. Samgöngur áður fyrr komu líka í veg fyrir að menn gætu farið á kjörstað til þess að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum. Það er einnig liðin tíð. Hafi sú röksemd haft eitthvað undir sér þá er hún líka fallin með þeim möguleika sem hv. þm. hefur reifað hér og lýst með dæmum hvernig menn hafa notað netið til kosninga.

Ég held, herra forseti, að það sé frábær hugmynd sem hér kemur fram og hún gæti gert það að verkum að við gætum gert Ísland að þeirri tilraunastofu sem formaður Alþýðuflokksins forðum lagði til, Jón Baldvin Hannibalsson. Þessi leið felst í því að við tökum upp, með þeim hætti sem hv. þm. lagði hér til, kosningar á netinu. Samhliða mundum við líka hafa kosningar með hefðbundnu sniði. Það á að koma í veg fyrir að, herra forseti, að einhver fari hallur í því kerfi og einhver geti ekki séð sér fært að taka þátt í kosningum.

[16:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv., hélt því fram hér áðan að með því að gera landið að einu kjördæmi þá mundi fulltrúalýðræðið styrkjast og sjálfstæði Alþingis verða meira.

Mig langaði til að spyrja hv. þm. hvernig hann sæi fyrir sér að valið yrði á lista fyrir allt landið þannig að það tryggði frekar að fulltrúalýðræðið styrktist. Eins og þetta er í dag þá er það víða þannig að kjördæmin ákveða sjálf hvernig listarnir líta út í prófkjörum og fólkið í kjördæminu tekur þá ákvörðun með lýðræðislegri kosningu í prófkjöri. Ef landið yrði eitt kjördæmi yrði væntanlega einn listi. Hver mundi ákveða niðurröðun á þann lista? Væri það ekki flokksformaðurinn sjálfur og hans nánustu menn sem mundu ákveða hverjir sætu á þeim lista og þá væntanlega velja þá sem væru þeim fylgispakir? Þar með réðu þeir einir því hvernig störf flokksins mundu þróast.

Það hafa oft áður komið upp hugmyndir, herra forseti, um að gera landið að einu kjördæmi. Menn hafa haldið að það mundi bjarga fulltrúalýðræðinu en það eru kannski mun fleiri rök sem benda til þess að fulltrúalýðræðinu yrði mun hættara með því að hafa landið eitt kjördæmi og einn lista.

[16:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst fyrir hönd Sjálfstfl. yfir því að hér eru alltént 14 þingmenn inni og einn af þeim er sjálfstæðismaður.

Ég held hins vegar að hv. þm. Kristján Pálsson kunni að hafa heyrt aðeins hluta ræðu minnar. Hann hefur a.m.k. misskilið hana. Ég var ekki að segja að það þyrfti að styrkja fulltrúalýðræðið. Ef ég á að vera alveg hreinskilinn við hv. þm. þá er ég þeirrar skoðunar að í framtíðinni væri æskilegt að afnema það. Ég tel að sá þráður sem varpað er inn í framtíðina í þeirri tillögu sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson leggur hér fram sé einmitt það sem við eigum að reyna að spinna okkur eftir.

Ég er þeirrar skoðunar að það væri auðvitað æskilegast í óskaveröld framtíðarinnar, útópíunni, að taka upp kerfi hinna gömlu Aþeninga, þar sem einn maður hafði eitt atkvæði og það þurfti enga sérstaka fulltrúa til að ráða fyrir fólkið. Nú sé ég bjarma fyrir framtíð í krafti nýrrar tækni sem gæti fært okkur nær þessu. Ef ég á að vera fyllilega raunsær þá tel ég ekki að þetta sé mögulegt að öllu leyti, herra forseti, en ég tel hins vegar að það sé mögulegt að færa sig nær þessu.

Ég er þeirrar skoðunar að það ætti frekar að veikja fulltrúalýðræðið með því að koma beinu og milliliðalausu lýðræði á í fleiri málum. Ég tel t.d. að sú leið sem menn eru að fikra sig eftir í sveitarstjórnum, a.m.k. hér í Reykjavík undir ákaflega skeleggri forustu Reykjavíkurlistans þar sem menn fá tækifæri til þess að segja álit sitt á þungum deilumálum samtíðarinnar, sé mjög jávætt. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi menn að taka upp í öðrum sveitarfélögum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur um mál eins og stjórnkerfi fiskveiða og í öllum erfiðum deilumálum þar sem hægt er að setja upp valkosti með mjög skýrum og einföldum hætti. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi jafnvel að taka það upp að leyfa fólki í sveitarfélögum að kjósa sveitarstjórann. Ég er einnig alveg til umræðu um að fólkið í landinu eigi að hverfa frá

þingræðinu og kjósa oddvita framkvæmdarvaldsins beinni kosningu. Ég er til umræðu um það.

[17:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var að tala um frumvörp sem Samfylkingin ætlaði að leggja fram, m.a. um það að gera landið að einu kjördæmi. Þess vegna kom ég nú með þessa fyrirspurn til hv. þm. en ég veit að hann er hér út af allt öðru máli.

Ég ætla ekki að leggja dóm á það sem hv. þm. sagði, hvort ætti að kjósa bæjarstjóra beinni kosningu og um ýmislegt annað á netinu eða hafa almennar kosningar mjög tíðar og þá á netinu. Ég er alveg sammála því að það væri vel hægt að nota netið til að afla sér vitneskju þannig að fólk geti myndað sér skoðanir á ýmsum málum sem upp koma hér hjá fulltrúum þess á Alþingi. Það mætti eflaust þróa einhverjar aðferðir til þess.

Ég get alveg séð fyrir mér, herra forseti, að það mætti auka fulltrúalýðræðið og völd þess mjög umfram það sem nú er með því að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald. Ég held að það hafi sýnt sig í gegnum árin að þegar löggjafarvaldið er svo nátengt framkvæmdarvaldinu þá er erfitt að skilja þar á milli og völd framkvæmdarvaldsins yfir þingflokkunum er ótvírætt mjög mikið. Það er kannski óæskilega mikið og torveldar mjög aðkomu þingmanna oft og tíðum að umræðum sem væru nauðsynlegar.

En ég fagna hins vegar tillögunni sem hér er til umræðu. Mér finnst það mjög gagnlegt og ánægjulegt að hún skyldi borin fram af þessum unga þingmanni.

[17:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skulda hv. þm. afsökunarbeiðni. Hv. þm. varpaði til mín tilteknum spurningum sem ég í hita leiksins, af því ég hef ástríðufulla sannfæringu um gæði þessa máls, gleymdi að svara.

Hv. þm. spurði mig hvernig ég sæi fyrir mér, ef komið væri á einu kjördæmi á Íslandi, að menn veldu á lista? Mér heyrðist hv. þm. tala um að það kynni þá að fara þannig að (**KPál:** Að þú réðir öllu.) ákveðnir valdamiklir formenn réðu öllu.

Bíðum nú við, herra forseti, er hv. þm. ekki að tala við vitlausan flokksformann? Er hv. þm. ekki að koma af landsfundi flokks síns sem ekki var beinlínis hægt að segja að stafað hafi mikilli lýðræðisgleði frá? Ég segi það nú, herra forseti, vegna þess að á þeim fundi var samþykkt tillaga sem gengur nákvæmlega gegn þeirri hugmynd sem hér er viðruð, sem hv. þm. Kristján Pálsson reyndar lofar.

Ég er þeirrar skoðunar að ef landið væri eitt kjördæmi, þá væri vel mögulegt að viðhafa prófkjör, ekki síst á netinu. Sá möguleiki er líka uppi að fram væri settur tiltekinn fjöldi frambjóðenda og að þeir sem kysu tiltekinn flokk fengju að raða þeim upp sjálfir í kosningunni. Ég held að það væri nokkuð djarft en þar með værum við búin að mola það sem hv. þm. var að tala gegn, kannski af biturri reynslu, sem er einræði flokksformanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuafsláttur barna, fyrri umr.

Þáltill. ÁHösk, 151. mál. — Þskj. 151.

[17:05]

Flm. (Ármann Höskuldsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari mælist Alþingi til þess að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að foreldrar njóti 50% persónuafsláttar fyrir hvert barna sinna.

Herra forseti. Þjóðinni er það mikilvægt að að halda jöfnum og jákvæðum vexti svo að jafnvægi aldurssamsetningar hennar raskist ekki. Til þess að svo megi vera er mikilvægt að ríkisvaldið taki af skarið og byggi upp skattkerfið þannig að tillit sé tekið til barnafjölskyldna. Öllum má vera það ljóst að barnafjölskyldur verða fyrir hlutfallslega meiri útgjöldum en einstaklingar og barnlausir sambýlingar. Tekjutenging barnabóta er enn óeðlilega mikil, sem kemur best fram í því að fyrirvinnur barnamargra fjölskyldna þurfa að vinna meira til að metta munnana. Þannig brjóta þær fljótt launamúrinn sem notaður er til viðmiðunar barnabóta.

Herra forseti. Kerfið hefur því í raun snúist upp í andstöðu gagnvart fjölskyldum í landinu, smáum sem stórum. Hagstætt skattaumhverfi til handa barnafjölskyldum er engu þýðingarminna fyrir þjóðarhag en hagstætt skattaumhverfi fyrirtækja. Því að í raun eru fyrirtækin í landinu fjölskyldurnar sem allt annað byggir á.

Í dag eru slagorð eins og „launahvetjandi umhverfi" algeng í íslensku samfélagi. Hins vegar tel ég að tími sé kominn til þess að Alþingi taki upp hvetjandi skattaumhverfi til handa fjölskyldum í landinu. Fólksfjölgun á Íslandi var á milli ára 1999 og 2000 um 1,48% sem er töluverð lækkun ef við miðum við fólksfjölgun milli áranna 1987 og 1988 sem var um 1,75%. Ef við lítum á tölur frá Hagstofunni um fæðingar á árunum 1986–1990, er meðaltalið um 17,7 fæðingar á hverja 1.000 íbúa. Þessi tala hefur farið lækkandi allt frá upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Þannig er hún um 17,1 á árunum 1991–1995 og komin niður í 15,3 á árinu 1997.

Nágrannaþjóðir okkar hafa margar hvetjandi skattkerfi til handa barnafjölskyldum. Frakkar veita foreldrum hálfan persónuafslátt fyrir fyrstu tvö börn sín og síðan einn heilan fyrir hvert barn umfram það. Bretar taka ekki virðisaukaskatt af vörum er tengjast barnauppeldi og styðja þannig við fjölskylduna, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Á Íslandi var skattafsláttur vegna barna afnuminn með staðgreiðslukerfi skatta og hefur ekki komið inn síðan. Það er þó ástæða til að fagna barnakortum sem framsóknarmenn áttu forustu um að lögleiða á síðasta þingi.

Herra forseti. Framtíð þjóðarinnar byggir ekki hvað síst á eðlilegri fjölgun hennar. Í nútíð skal byggja ef framtíð skal tryggja.

Að lokum, herra forseti, vonast ég til að þáltill. þessi fái farsæla afgreiðslu í þinginu og henni verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[17:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að fjalla eilítið um þá tillögu sem hér er flutt af hv. þm. Ármanni Höskuldssyni, um persónuafslátt barna. Ég fagna því sem fram kemur í þessari tillögu. Hún miðar að því að bæta skattaumhverfi barnafjöl-

skyldna með því að foreldrar njóti 50% persónuafsláttar fyrir hvert barna sinna.

Ég hygg að það sé ljóst að hér á landi látum við miklu minna fjármagn til velferðarmála og málefna barna en þjóðir sem við berum okkur saman við. Það er vissulega hægt að taka undir það með hv. þm. að skattkerfið sem við búum við er alls ekki hvetjandi fyrir barnafjölskyldur. Reyndar er það svo, þegar maður lítur til liðinna ára, að það sé frekar letjandi en hitt.

Ég minni á að 1995 voru t.d. barnabætur miklu hagstæðari barnafjölskyldum en þær eru nú. Á því gerði ríkisstjórnin að vísu nokkra bragarbót á síðasta þingi í kjölfar kjarasamninga, þar sem auka átti við barnabæturnar á næstu þremur árum. En eigi að síður verður barnabótakerfið að þremur árum liðnum, þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda, ekki eins hagstætt og það var 1995.

Þetta dreg ég hér fram við þessa umræðu til að sýna að það er frekar afturför í þessu en hitt. Þá var ótekjutengdi hluti barnabótanna hagstæður barnafjölskyldum að því leyti að hann gekk þó upp til 16 ára aldurs en nú gengur ótekjutengdi hluti barnabótanna, 33 þús. kr. ef ég man rétt, til barna fram að 7 ára aldri. Þar fyrir utan er hann lægri nú, 33 þús. kr., en hann var á árinu 1995 en þá var hann um 40 þús. kr.

Við þurfum því að gera miklu betur en við höfum gert, vegna þess að ég er alveg sannfærð um að það að gera vel við barnafjölskyldur, t.d. eftir þeirri leið sem hv. þm. mælir fyrir, mun styrkja mjög fjölskyldurnar í landinu. Það mun að mínu viti ekki hafa í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð sem ekki skilar sér aftur með einum eða öðrum hætti. Það að gera ekki vel við barnafjölskyldur í landinu skapar bara ýmis félagsleg vandamál, bæði í félagskerfinu og heilbrigðiskerfinu.

Framsóknarmenn hafa vissulega verið með ágætar hugmyndir, eins og barnakort í síðustu kosningum og þá hugmynd sem hv. þm. leggur nú fram, um 50% persónuafslátt fyrir hvert barn. En þeir eru í vondum félagsskap, þeir eru í félagsskap með Sjálfstfl. Ég þekki það af eigin reynslu að það er erfitt að vinna að umbótum í velferðarmálum í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Þess vegna hef ég skilning á því þegar ég sé að þetta gengur erfiðlega hjá framsóknarmönnum, þó viljann vanti ekki eins og þessi tillaga ber með sér.

Nú geri ég mér ekki alveg grein fyrir því með því að lesa þessa tillögu eða hlusta á ágæta framsöguræðu þingmannsins hvernig hann hugsar sér þennan 50% persónuafslátt. Ég vil þó í þessu sambandi minna á að ég hef á a.m.k. þremur eða fjórum þingum flutt tillögu um að nýta megi ónýttan persónuafslátt barna að 80% hluta, þ.e. barna frá 16–19 ára aldurs að báðum árum meðtöldum. Þar er um þó nokkuð miklar fjárhæðir að ræða. Þegar ég var að skoða þetta fyrir svona þremur fjórum árum voru um 2,5 milljarðar kr. ónýttur persónuafsláttur barna. Manni finnst það nokkuð klént, nú þegar persónuafsláttur er orðinn millifæranlegur að fullu milli hjóna, að einstæðir foreldrar t.d. geti ekki nýtt sér ónýttan persónuafslátt barna sinna.

Það þarf ekki að hafa mörg orð, herra forseti, um að þegar ein fyrirvinna er fyrir fjölskyldu, kannski einstæð móðir með tvö eða þrjú börn, þá fylgja þeim gífurleg útgjöld og kannski litlar tekjur. Við vitum að útgjöld fjölskyldna vegna unglinga eru jafnvel meiri en vegna yngri barna. Þess vegna hefur mér alltaf fundist það mikið réttlætismál að tekjulágar barnafjölskyldur, ekki síst einstæðir foreldrar, megi nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna.

Þetta er sama hugsun og býr að baki hjá hv. þm. þar sem hann talar um að foreldrar fái 50% persónuafslátt fyrir hvert barna sinna. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. — hann leiðréttir mig þá ef svo er ekki — sé með hugmyndir um að sá persónuafsláttur sem fólk getur nýtt sér, sé 50% af þeirri fjárhæð sem hvert barn má nýta. Það væri fróðlegt að vita hvort einhverjir útreikningar liggja að baki þessu, hvaða útgjöld þetta hefur í för með sér og hvort þetta sé sama hugsun og ég setti fram sem býr að baki þessari tillögu hjá hv. þm.

Ég vona sannarlega að þessi tillaga fái góða umfjöllun í þeirri nefnd sem hún fer til. Ég geri ráð fyrir því, þar sem þetta er skattamál, að málið fari til efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Ég geri einnig ráð fyrir því að hv. þm. hafi allan Framsfl. að baki sér í þessu máli. Ég hygg því að um þetta mál og það sem ég hef flutt getum við náð samstöðu. Þá kæmi fljótt í ljós hvort farin yrði sú leið sem ég nefndi um nýtingu á ónýttum persónuafslætti eða sú leið sem hv. þm. leggur til. Ég tel að við getum náð góðri samstöðu um það með framsóknarmönnum í efh.- og viðskn.

Herra forseti. Þar með er örugglega kominn drjúgur meiri hluti fyrir þessu máli hér á þingi. Ég veit að stjórnarandstaðan mun styðja þetta mál. Ég geri mér svo sannarlega vonir um að um þetta mál, ásamt þeirri leið sem ég nefndi, getum við náð samstöðu með framsóknarmönnum. Þannig gætu barnafjölskyldur átt von á verulegri búbót á þessu þingi og bættum hag. Við erum sammála um það, stór meiri hluti hér á þinginu, að bæta þurfi kjör og aðbúnað barnafjölskyldna hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Svæðisskipulag fyrir landið allt, fyrri umr.

Þáltill. ÓV, 157. mál. — Þskj. 157.

[17:17]

Flm. (Ólöf Guðný Valdimarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. um gerð svæðisskipulags fyrir landið allt. Í tillögunni er lagt til að umhvrh. hlutist til um að gert verði svæðisskipulag fyrir þau svæði á landinu sem ekki hafa þegar verið skipulögð og að kannað verði með hvaða hætti verði komið til móts við sveitarfélögin til að standa straum af kostnaði við skipulagsgerðina umfram það sem kveðið er á um í skipulagslögum.

Markmiðið með tillögunni er að tryggja að fyrir liggi skipulagsáætlun fyrir landið í heild.

Mikið hefur verið rætt um byggðaþróun og hvernig bregðast megi við þeim vanda sem fylgir stórfelldum búferlaflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Gripið hefur verið til aðgerða á ýmsum sviðum, og er það vel. Gerð hefur verið metnaðarfull byggðaáætlun og fleiri áætlanir sem ætlaðar eru til að bregðast við vandanum og snúa þróuninni við. Oft miðast þessar áætlanir við afmarkaða þætti byggðaþróunar og eru úr heildarsamhengi. Í þeim er verið að taka á einstökum málaflokkum án þess að meta áhrif, jákvæð eða neikvæð, á aðra þætti. Sjaldnast er kannað hvaða áhrif aðgerð í einni atvinnugrein getur haft á aðrar atvinnugreinar eða hver áhrif aðgerða á einum stað, t.d. í einum landshluta, geta verið á aðra landshluta eða landið í heild.

Það er því afar mikilvægt að gerð sé skipulagsáætlun fyrir landið allt, eða fyrir öll svæði á landinu, áætlun sem tekur á heildstæðan hátt á öllum samfélagsþáttum sem varða búsetu og byggðaþróun, áætlun sem er forsenda fyrir því að hægt sé að bera saman og meta mismunandi hugmyndir og kosti og áhrif þeirra á samfélagið til lengri eða skemmri tíma. Þannig er hægt að auðvelda ákvarðanatöku og gera hana markvissari á öllum stigum stjórnsýslunnar. Og þannig er best tryggt að ákvarðanataka skili þeim árangri sem henni var ætlað í upphafi.

Í 1. gr. skipulags- og byggingarlaga segir m.a., með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi."

Samkvæmt lögunum er allt landið skipulagsskylt og skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag í árslok 2007. Vel hefur verið unnið að skipulagsmálum í mörgum sveitarfélögum en mörg sveitarfélög hafa ekki enn þá neina heildstæða skipulagsáætlun að vinna eftir. Þetta á einkum við um dreifðari byggðir landsins. Ég þori að fullyrða að skipulagsáætlun auðveldar jákvæða byggðaþróun. Ég veit að flestir sveitarstjórnarmenn gera sér grein fyrir þessu en mörg sveitarfélög hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að láta vinna þessa vinnu. Því tel ég að aðstoð við svæðisskipulagsgerð komi þessum sveitarfélögum betur en mörg önnur aðstoð og sé í raun undirstöðuatriði fyrir endurskipulagningu á uppbyggingu á landsbyggðinni.

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun sem varðar fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.

Og hvað þýðir þetta?

Herra forseti. Þetta þýðir að mótuð er heildarstefna um hvernig menn vilja sjá byggðina sína þróast og tengjast nágrannabyggðarlögum á 12 ára tímabili. Þannig geri menn sér grein fyrir þeim möguleikum og tækifærum sem felast í hverju byggðarlagi, hvar eigi að styrkja þéttbýli, hvar bestu skilyrði fyrir landbúnað séu, hvar land eigi að vera ósnortið, hvar verslun og þjónusta eigi að vera, hvernig skynsamlegt sé að byggja upp menntakerfið, hvernig þeir vilji sjá samgöngur þróast innan einstakra svæða og milli svæða, hvar þeir ætli að gera ráð fyrir auknum íbúafjölda og byggja upp með tilliti til þess.

Ótal spurningar vakna og leitað verður svara og lausna sem eru mótaðar á viðkomandi svæðum í samvinnu við og með þátttöku íbúanna sjálfra. Þannig er mótuð heildaráætlun til að taka á vanda fólksfækkunar og snúa byggðaþróun með vitund íbúanna og möguleikum þeirra til að hafa áhrif á þróunina. Það tel ég afar mikilvægt.

Það er ljóst, eins og málin hafa þróast, að ekki er hægt að gera áætlanir um að fjölga íbúum og atvinnutækifærum á öllum stöðum á landinu umsvifalaust. Það er því mikilvægt að menn komi sér saman um hvernig skynsamlegt sé að byggð þróist á landinu öllu og til hvaða heildstæðu aðgerða þurfi að grípa til að ná þeim markmiðum. Þetta er ekki síst mikilvægt í sambandi við sameiningu og stækkun sveitarfélaga, og er til þess fallið að skapa sátt um viðkvæmar aðgerðir í byggðamálum. Ómarkvissar og handahófskenndar ákvarðanir og aðgerðir í byggðamálum eru til þess fallnar að auka óvissu og óánægju, auk þess sem þær leiða í flestum tilfellum til óhóflegra og óþarfra útgjalda. Sem sagt, tilraunastarfsemi í byggðamálum er kostnaðarsöm og skilar í flestum tilfellum litlum árangri.

Nú kunna einhverjir að hugsa sem svo: Hvað kemur skipulagsgerð Alþingi við? Skipulagsgerð er á hendi sveitarfélaganna og þau geta gert svæðisskipulag ef þau vilja. Það er rétt að samkvæmt skipulags- og byggingarlögum skal skipulag gert að frumkvæði sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar.

Herra forseti. Á efri stigum stjórnsýslunnar er verið að móta lagaramma og taka mikilvægar og afdrifaríkar ákvarðanir í ýmsum málum er varða sveitarfélögin og búsetu á landsbyggðinni. Það er því að mínu mati bráðnauðsynlegt fyrir þá sem taka ákvarðanir á þeim stigum að fyrir liggi skipulagsáætlun sem tryggir skynsamlega nýtingu lands og tekur á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þörfum þeirra sem búa á viðkomandi svæðum.

Ef við tökum sem dæmi samgöngumál gæti verið afskaplega þarft fyrir stjórnvöld að heimamenn væru búnir að koma sér saman um heildstæða áætlun um hvernig þeir vildu sjá samgöngumálin þróast á næstu 12 árum með tilliti til annarra þátta í byggðaþróun, í stað þess að allir séu að reyna að koma sínum vegarspotta á vegaáætlun. Þannig er einnig auðveldara að forgangsraða verkefnum í sátt og stýra fjárútlátum.

Nýlega var svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið kynnt. Í tengslum við vinnu þess vöknuðu spurningar sem vöktu íbúana til umhugsunar og vöktu áhuga þeirra á að taka þátt í umræðunni og hafa áhrif á framvindu mála. Umræðan um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar var svo öflug að efnt var til sérstakrar atkvæðagreiðslu um tilvist hans. Öll slík umræða er jákvæð og gagnleg fyrir byggðarlag og hvetur til áhuga á að vera virkur þátttakandi í að móta umhverfið og samfélagið. Jafnframt vaknar ábyrgðartilfinningin gagnvart samfélaginu. Einstaklingurinn verður mikilvægur hlekkur í þróun þess.

Nú eru haldnir fundir þar sem kostir tillögunnar eru kynntir og dregnir fram þeir jákvæðu þættir sem höfuðborgarsvæðið mun hafa upp á að bjóða á komandi árum. Svona umræða vekur í flestum tilfellum áhuga og löngun til að verða hluti af þessu samfélagi. Slík umræða þarf að mínu mati að fara fram á öllu landinu, umræða um framtíðarþróun hvers byggðarlags, byggð á skipulagsáætlun þar sem fram koma framtíðaráform um uppbyggingu og dregnir eru fram kostir þess að búa á viðkomandi svæði.

Jákvæð umræða er mikilvægur þáttur í byggðastefnu. Í dag einskorðast umræðan mikið við að bjarga byggðum landsins úr vanda. Skilaboðin þurfa að vera: Hér er eitthvað að gerast, hér ætlum við að byggja upp, hér er framtíð. Þannig veit ég að margir íbúar á landsbyggðinni hugsa og þannig byggðastefnu þurfum við að halda á lofti.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim meginforsendum sem liggja að baki þáltill. um að leggja til við Alþingi Íslendinga að umhvrh. hlutist til um að gert verði svæðisskipulag fyrir þau svæði á landinu sem ekki hafa þegar verið skipulögð. Með því á ég við að umhvrh. hafi frumkvæði að því að sveitarfélögin hefji þessa vinnu og auðveldi þeim undirbúninginn með upplýsingum og ráðgjöf. Þá tel ég einnig mikilvægt að kannað verði með hvaða hætti hægt sé að koma fjárhagslega til móts við sveitarfélögin til að gera þeim kleift að sinna þessu mikilvæga verkefni. Eins og flestir vita eru þau mörg mjög misjafnlega í stakk búin til að taka á sig auknar fjárhagsskuldbindingar.

Að svo mæltu, herra forseti, óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. umhvn. að lokinni 1. umr.

[17:28]

Útbýting þingskjala:

Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, 189. mál, fsp. RG, þskj. 200.

Myntbandalag Evrópu og upptaka evru, 195. mál, fsp. RG, þskj. 206.

Sjóðandi lághitasvæði, 192. mál, þáltill. ÖHJ o.fl., þskj. 203.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 194. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 205.

Stjórn fiskveiða, 193. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 204.

Stuðningur við frjálsa leikhópa, 190. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 201.

[17:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um gerð svæðisskipulags fyrir landið allt, sem hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir hefur mælt fyrir, er að mínu mati hið merkasta og þarfasta mál. Eins og hv. þm. rakti í ágætri ræðu sinni þegar hún mælti fyrir tillögunni er gerð svæðisskipulags afar mikilvæg til að byggja á framtíðaráætlanir byggðar, búsetu, nýtingar lands og auðlinda hvarvetna á landinu.

Það er líka, herra forseti, afar mikilvægt að svæðisskipulag sé unnið nokkurn veginn samtímis fyrir landið allt til þess að hægt sé, eins og hv. þm. kom inn á, að taka nokkurn veginn samræmda stefnu, eftir því sem mögulegt er, fyrir framtíð byggðar í landinu öllu. Við horfum upp á það núna að ágætt og metnaðarfullt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið hefur verið kynnt, og það vakti áhuga íbúanna og viðbrögð í samfélaginu. Þar er t.d. gert ráð fyrir því að fjölgun á þessu svæði verði um ákveðið árabil um 60 þúsund manns og þar af flytji 30 þúsund af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Samtímis eða nokkru seinna verður við síðan að búa til svæðisskipulag fyrir Vestfirði, Norðurland, Austfirði og Suðurland, og hvert svæði mun náttúrlega vafalaust skipuleggja sína byggð, sína búsetu og sínar áætlanir, miðað við að þar fjölgi einnig, a.m.k. má ætla að metnaður þeirra standi til þess.

Það gefur því augaleið að til þess að það sé eitthvert samræmi í þeim markmiðum og áætlunum sem verið er að gera í þróun byggðar, búsetu og nýtingu náttúruauðlinda, er mikilvægt að líta á þetta einmitt í heild sinni til þess að þarna verði þá ekki togstreita.

Annað sem hv. þm. minntist á, og kemur fram í tillögunni sjálfri, er að mörg fámenn og stór sveitarfélög með mikið land hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að axla ábyrgð af þessari vinnu. Tökum til dæmis alla Vestfirðina, þau gríðarlega stóru og landmiklu sveitarfélög, hvort sem það eru Strandir eða annað, þar sem er bæði fámennt og ekki miklar tekjur en mikið land og náttúruauðlindir, svæði sem mikilvægt er að sé skipulagt — þessi sveitarfélög ráða að sjálfsögðu engan veginn við þetta á eigin spýtur. Jafnmikilvægt er það samt sem áður.

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi, að þessi þáltill. og sú greinargerð sem hv. þm. hefur fylgt úr hlaði er afar þýðingarmikið mál fyrir landið allt. Ég styð eindregið að þegar tillagan kemur til hv. umhvn. fái hún ítarlega og góða umfjöllun og fáist afgreidd hér á þinginu.

[17:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til þess að þakka hv. þm. Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli á hinu háa Alþingi með till. til þál. um gerð svæðisskipulags fyrir landið allt.

Eins og fram kom í ræðu hv. framsögumanns skiptir mjög miklu máli að ljúka þessu verkefni fljótt og vel og, eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti á, að þessi svæðisskipulög verði unnin meira og minna á sama tíma á landinu.

Við höfum séð það á undanförnum dögum og vikum þegar svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins hefur verið kynnt — það er nú til kynningar, m.a. er fundur um það í Hafnarfirði í kvöld — að gríðarlega miklu máli skiptir að hinn almenni borgari eigi kost á því að segja skoðun sína á tillögum til svæðisskipulags og leggja eitthvað til málanna þar um þannig að allir, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur allir borgarar landsins, hafi rétt til þess að koma skoðunum sínum á framfæri um það hvernig skuli skipulagt til langrar framtíðar. Ég hygg að þetta sé að takast alveg ágætlega með kynningu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og það er von mín að svo verði um önnur slík skipulög.

Eins og hv. flutningsmaður Ólöf Guðný Valdimarsdóttir benti á er mikils til vinnandi að stuðla að skynsamlegri byggðaþróun sem leiðir til markvissra aðgerða í byggðamálum hér á landi. Einmitt með þessu tæki getum við stutt þá þróun þannig að hún verði skynsamleg og markviss og ekki síst í takt við vilja fólksins. Aðeins þannig náum við raunhæfum árangri í landnotkun og þróun byggða hér á landi.

Í tillögunni er m.a. lagt til að kannað verði hvernig komið verði til móts við sveitarfélögin til að standa straum af kostnaði við svæðisskipulagsgerð umfram það sem kveðið er á um í skipulagslögum. Þetta er algjörlega nauðsynlegt því að við vitum að sveitarfélögin standa mjög misjafnlega fjárhagslega og eru misjafnlega burðug til þess að takast á hendur þetta veigamikla og mikilvæga verkefni. Ég lofa því fyrir hönd flokks míns að fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. umhvn. munu taka þetta mál til gagngerrar skoðunar, skoða það vendilega, þannig að við reynum að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig tryggja megi að þessi svæðisskipulög verði gerð hratt og örugglega og vandlega.

[17:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum till. til þál. um gerð svæðisskipulags fyrir landið allt. Þessi tillaga er virkilega þörf. Eins og komið hefur fram í máli hv. þm. sem tekið hafa undir ræðu flutningsmanns, hv. þm. Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur, þá er þetta mál sem er ekki seinna vænna að taka á.

Vissulega er kveðið á um það í skipulags- og byggingarlögum að landið allt sé svæðisskipulagsskylt og að það eigi að vera búið að svæðisskipuleggja það fyrir, ef ég man rétt, 2008. Í skipulags- og byggingarlögum er líka kveðið á um áætlanir um landnotkun á landsvísu. Eitt nýtt mál er nú að koma inn á borð hv. umhvn. varðandi umhverfismat skipulagsáætlana þannig að alveg ljóst er að þessi mál eru í mjög mikilli deiglu.

Það hefur verið rætt á Alþingi í tengslum við fjárlög að Skipulagsstofnun hafi skort fjármagn, hafi skort fjárveitingar frá hinu opinbera til þess að standa undir því starfi við áætlanagerð sem þó er lagt á Skipulagsstofnun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Þingmenn hafa gert athugasemdir við að þannig skuli nú haga málum að áætlanagerð skuli vera látin sitja á hakanum eins og raun ber vitni þegar fjárveitingar eru annars vegar. Því er alveg ljóst að hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir hittir naglann á höfuðið með þessari tillögu.

Það er sannarlega tímabært að tekið verði vel til hendinni og þessum málum verði komið í það horf að við sjáum að áætlanir verði gerðar sem hægt er að vinna eftir. Við verðum líka að bíta í það súra epli, herra forseti, að það að gera áætlanir kostar peninga. En það eru líka fjármunir sem er vel varið því hvernig eigum við að stýra svo stórum málaflokki sem skipulagsmálum ef ekki eru settir fjármunir í áætlanagerð? Framsýni tilheyrir áætlanagerð.

Ég fullyrði því, herra forseti, hér er framsýn tillaga á ferðinni, tillaga sem styður það að gerðar séu langtímaáætlanir sem er auðvitað hin skynsamlega leið til að taka á stórum málaflokkum í stjórnsýslunni. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að þegar þessi tillaga kemur til umfjöllunar í hv. umhvn., kem ég til með að leggja henni lið og sjá til þess að hún fái skjóta umfjöllun, svo skjóta sem hv. formaður umhvn. leyfir, því að við skulum ekki geyma því, herra forseti, að það hefur verið við ramman reip að draga að koma þingmannamálum í gegnum nefndir. En hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir nýtur þess þó að vera í Framsfl. sem er kannski í þessu tilfelli réttur flokkur. Það vona ég.

[17:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ekkert nýtt þó að ég komi í þennan stól og hrósi hv. þm. Framsfl. Ég er búinn að gera það árum saman eins og þingheimur veit. En hv. þm. Ólöf G. Valdimarsdóttir er kraftaverkakona því hún hefur leitt til þess að hér streyma þingmenn Vinstri grænna hver á fætur öðrum í ræðustól og mæra ekki bara hv. þm. heldur flokkinn allan og þó sérstaklega formann umhvn. sem í dag er hv. þm. Magnús Stefánsson ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Ég veit ekki, herra forseti — og þó gæti nú kannski herra forseti sagt mér eitthvað um það — hvort þetta viti á eitthvað á landsfundi VG sem mér skilst að byrji á morgun og hvort það kunni þá að verða einhvers konar stefnubreyting í afstöðu flokksins til Framsfl. Ég skal ekkert um það segja.

Herra forseti. Ég kem hérna líka til þess að hrósa hv. þm. sem flytur þetta ágæta mál. Hún flutti fjölda raka í máli sínu fyrir því hvers vegna ætti að styðja þetta mál og koma því fram. Hún drap lítillega á náttúruvernd, þó einna minnst af öllum þeim ágætu rökum sem hún flutti. Ég held hins vegar að svæðisskipulag sé besta tækið sem við höfum. Skipulagstillögur af þessu tagi eru besta tækið sem við höfum til þess að koma fram jákvæðri stefnu um náttúruvernd. Ég tala sem gamall umhverfisráðherra sem barðist fyrir því árum saman að reyna að ná samkomulagi um friðlýsingar á tiltölulega smáum svæðum. Það var gríðarlega erfitt oft og tíðum vegna margvíslegs eignarhalds, vegna þess að menn einfaldlega voru á móti því og það þurfti ekki nema einn gikk í hverri veiðistöð til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að ná friðlýsingu á tiltölulega smáum skikum í krafti þeirra laga sem þá giltu. Það er að vísu búið að breyta þeim örlítið varðandi þetta.

Ég var hins vegar líka þeirrar ánægju aðnjótandi að staðfesta fyrstu svæðisskipulögin og þá rann það allt í einu upp fyrir mér að þau voru tækin til þess að ná fram náttúruvernd. Þau knýja sveitarfélög til þess að vinna saman, oft sveitarfélög á stóru svæði. Oft er það þannig að það þarf einmitt slíka samvinnu til þess að ná fram samræmdri stefnu um náttúruvernd og það var niðurstaða mín að líkast til væri hægt að ná gríðarlegum árangri í náttúruvernd í gegnum svæðisskipulög og hætta einfaldlega að reyna að beita þeim lögum sem þá lágu fyrir. Ég veit að hv. þm. þekkir þetta ekki síður en ég, sennilega af gamalli reynslu, kannski ekki jafnbiturri og ég.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, herra forseti, að fyrir þá sem vilja koma fram stefnu um náttúruvernd séu skipulagstillögur, svæðisskipulag, rétta aðferðin. Þess vegna segi ég að ég er ákaflega hlynntur því af þessum sökum að þessi tillaga nái fram að ganga.

Svo vil ég bara, herra forseti, taka undir góðar óskir hv. þm. Vinstri grænna um jákvætt hugarfar formanns umhvn. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur greinilega bundist einhvers konar pólitísku ástfóstri við þann góða mann því hún hefur fulla trú á því að þessi tillaga nái þar fram að ganga. Ég er ekki alveg jafnbjartsýnn og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir á það. Eigi að síður holar dropinn steininn og vera má auðvitað að hv. þm. Ólöf G. Valdimarsdóttir komist svo oft í þessa sali, án þess að ég sé að spá nokkru um framtíðina, að atgervi hennar og atfylgi dugi til þess að tillagan nái fram að ganga.

[17:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hittir naglann á höfuðið og mælir alveg rétt, að það er óvanalegt að sú sem hér stendur skuli sjá ástæðu til þess að hæla sérstaklega þingmönnum Framsfl. Ég vildi satt að segja, herra forseti, að það gæti verið oftar því mér lætur einkar vel að hæla fólki þó ég segi sjálf frá.

Hitt er misskilningur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hafi verið að hæla sérstaklega hv. núv. formanni umhvn., hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, því hann er að sjálfsögðu nýtekinn við starfi. Ég vil fá að sjá, herra forseti, hvernig hv. þm. Magnús Stefánsson heldur á sínum málum. En það sem ég var að vekja athygli á í ræðu minni áðan var að hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir nýtur þeirra fríðinda og kannski þeirra forréttinda í hv. umhvn. að vera úr sama flokki og hv. formaður nefndarinnar. Þar af leiðandi held ég að hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir sé ekki endilega dropinn sem holar steininn því það erum við, þingmennirnir í stjórnarandstöðuflokkunum sem komum aldrei neinum þingmannamálum í gegnum nefndir. En ég hef ástæðu til að vera bjartsýn með þessa tillögu þar sem hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir er í sama flokki og hv. formaður umhvn.

Svo má náttúrlega hafa skoðun á því hvort hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir sé í réttum flokki eður ei.

[17:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan veit ég að VG er að fara að halda landsfund sinn og auðvitað eru þau upptekin af því. En drottinn minn dýri, ég leyfi mér að vera algjörlega mótfallinn þeirri skoðun sem hér kom fram hjá hv. þm. að það séu einhver sérstök forréttindi að fá að vera í Framsfl. Það var ekki hægt að skilja hv. þm. öðruvísi en að hv. þm. Ólöf G. Valdimarsdóttir nyti þeirra einstöku fríðinda að fá að vera í sama flokki og hv. þm. Magnús Stefánsson.

Nú er hér staddur starfandi þingflokksformaður Framsfl. Ég er viss um að hann gæti af skyndingu rétt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur litla umsókn um að ganga í Framsfl. og þá nýtur hún þessara sömu forréttinda og þá nær hún kannski fram öllum tillögunum sem hv. þm. virðist sitja á.

En gamanlaust, herra forseti, það sem ég held að skipti mestu máli varðandi þetta er að hér er um að ræða tillögu sem er ákaflega þörf og hana er hægt að skoða frá mörgum sjónarhornum. En hún er ekki bara tímabær heldur líka framsýn. Ég vænti þess að í krafti eigin gæða muni tillagan hljóta náð fyrir augum umhvn., ekki bara vegna þess að hv. formaður hennar er þeirra forréttinda aðnjótandi að fá að vera í sama flokki og hv. þm. Ólöf G. Valdimarsdóttir.

[17:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er ekki kannski staður til þess að ræða á þessum nótum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson en ég þakka honum fyrir að leggja okkur lið í að auglýsa landsfund Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (**Gripið fram í:** Hvar verður hann?) sem hefst, eins og hv. þm. gat um, á morgun og stendur um helgina. Hann er öllum opinn sem vilja hlýða á hugmyndir og hugsjónir þess flokks, sem ganga ekki hvað síst út á umhverfismál, þar sem einmitt hefur verið barist fyrir því að gerðar séu langtímaáætlanir um mál, þar sem barist er fyrir því að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu og verndun vatnsafls og jarðvarma sé gert það hátt undir höfði að hægt sé að segja að vinnan sem í þá rammaáætlun hefur farið verði þess virði og að sú rammaáætlun verði til þess sem til var ætlast.

Ég veit líka að hv. þm. Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur er vel kunnugt um að áætlanir af þessu tagi eru mikilvægar og mikilvægt tæki í stjórnsýslunni, því hún hefur á sínum vettvangi komið að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég vil nefna áætlanir á borð við vegáætlun og hafnaáætlun og fleiri áætlanir sem við fjöllum um á Alþingi. Það skiptir verulegu máli að þær séu gerðar af framsýni og af skynsemi og það þarf alla alþingismenn til að taka þátt í umræðunni um slíkar áætlanir. Það þarf breiða samstöðu um slíkt og þá skiptir máli að faglega sé staðið að verki, að faglega sé haldið á málum. Ég treysti því og ég finn það á greinargerðinni sem fylgir tillögunni sem hér er til umfjöllunar að krafa er gerð um að faglega sé að verki staðið og þegar öllu er á botninn hvolft skiptir mestu máli að faglega sé að verki staðið og að áætlanir séu gerðar af framsýni og þeim síðan fylgt.

[17:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki ætlunin með orðum mínum áðan að vekja upp erfiðar kenndir eða afbrýðisemi hv. formanns Samfylkingarinnar út í Framsfl. Hann er kominn í svo margar hosur og búinn að ganga með grasið í skónum á eftir þeim flokki um langan tíma og heldur því vafalaust áfram óháð þessu ágæta máli hér. Ég vona að þetta raski ekki ró hans miklu meir. En ég veit að afbrýðisemin er, eða ég hef heyrt það og lesið að afbrýðisemin sé erfiður dilkur að draga.

Ég ítreka að málið er að mínu viti gott. Það er afar þarft og eins og hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir hefur hér mælt fyrir og gert grein fyrir er ekki síst mikilvægt fyrir allar byggðir landsins að þetta mál fái framgang. Ég ítreka stuðning minn við þessa þáltill. hv. þm. og fagna því að framsóknarmenn komi með góðar tillögur líka hér inn í þingið.

[17:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skylt er skeggið hökunni. Það má ekki gleyma því að það var stofnandi Framsfl. sem á sínum tíma stofnaði þá hreyfingu jafnaðarmanna sem núna rennur aftur í sama farvegi. Að vísu eru nokkrar smálækjarsytrur til hliðar við hana.

Það ætti þess vegna ekki að koma hv. þm. Jóni Bjarnasyni neitt á óvart þó að ég minntist stundum þessa sameiginlega uppruna og mælti hlýlega til þessa flokks. Það er einfaldlega þannig að allir hafa til síns ágætis nokkuð, líka Vinstri hreyfingin – grænt framboð, líka hv. þm. Jón Bjarnason. Aftur og aftur hef ég nú komið í þennan stól til þess að mæra ágætar tillögur þess hv. þm. Hins vegar er það, herra forseti, eins og að nefna snöru í hengds manns húsi ef maður talar um Framsfl. við hv. þm. VG. Ég veit ekki af hverju þetta stafar og vil ekki leiða getum að því. Ég segi bara að ég fagna því að hv. þm. sér, eins og ég, margt jákvætt við þá tillögu sem við erum að ræða og svo bið ég hann bara afsökunar á því að hafa leyft mér að benda á þá staðreynd að hv. þm. VG eru komnir hérna í einhvers konar pólitíska leik turtildúfunnar við Framsfl. í aðdraganda landsfundar.

[17:52]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég er eiginlega gáttaður á þeim umræðum sem hér hafa farið fram. Tveir hv. þm. Framsfl. hafa hér mælt fyrir mjög merkum málum og það eru viðbrögð við þeim sem vekja furðu mína. Þau hafa leitt til þess að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa streymt í ræðustól og ekki einungis mært þessa ágætu samþingmenn mína úr Framsfl. heldur og Framsóknarflokkinn allan. (Gripið fram í.) Bregður nú svo við að mjög er mér tregt tungu að hræra. Og það sem meira er, menn leggja hér sál sína á borðið og lýsa úr innstu skotum tilfinningalífs síns afstöðu sinni til einstakra hv. þm. Framsfl. svo sem eins og hins virðulega formanns hv. umhvn., Magnúsar Stefánssonar. Þar að auki má ekki gleyma því að hér hafa hv. þm. stjórnarandstöðu komið og lýst mikilli aðdáun, ekki bara á þeim hv. varaþingmönnum sem hér eru starfandi þingmenn núna og flokknum í heild, heldur farið í hættulegt daður við Framsfl. Við fögnum því að sjálfsögðu. Þetta kemur ekkert á óvart því Framsfl. er breiður miðjuflokkur. Hér koma ferskir þingmenn inn með mjög merk mál og það er kjarni málsins. Ég vil lýsa yfir stuðningi við það merka mál sem hv. þm. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir hefur flutt hér og einstakir þingmenn hafa tekið undir. Þetta er mjög faglega og vel flutt mál. En ég fagna líka vaxandi áhuga og tilhugalífi einstakra þingmanna og daðri við okkur framsóknarmenn. (Gripið fram í.) Við fögnum því. (**ÖS:** Það var nú bara Jón Bjarnason.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, fyrri umr.

Þáltill. ÁHösk o.fl., 158. mál. — Þskj. 159.

[17:55]

Flm. (Ármann Höskuldsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að umhvrh. stofni nefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu. Meðflutningsmenn mínir að tillögu þessari eru hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Drífa Hjartardóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Árnason og Margrét Frímannsdóttir.

Meginmarkmið þjóðgarðsins verði að kynna jarðsögu Heklu, staðhætti í nágrenni hennar og síðast en ekki síst, sögu sambúðar fjalls og þjóðar.

Herra forseti. Hvers vegna ætti að gera Heklu að þjóðgarði?

Hekla er þekktasta eldfjall Íslands, bæði heima og að heiman. Heklu er fyrst getið í ritum frá 13. öld, hinum fornu Lögmanns-, Konungs-, Flateyjar- og Gottskálksannálum. Í þessum annálum er getið hinnar fyrstu eldsuppkomu í Heklu eftir að áar okkar numu hér land. Hekla hafði ekki gosið í tæp 200 ár þegar gos hófst í henni 1104. Afleiðingar eldgossins voru miklar fyrir íslenskt mannlíf og lögðu marga bæi í Þjórsárdal og á heiðum í auðn. Fréttir til Evrópu bárust frá munknum Benedeit er orti kvæði um Heklu í kringum 1120 er hann var við hirð Maude drottningar á Englandi. Hann mun hafa verið fyrstur til að tengja Heklu og hreinsunareldinn saman. Hróður Heklu fór hratt um alla Evrópu og komust fræðimenn fljótt að þeirri niðurstöðu að Hekla mundi vera annar af tveimur megininngöngum í hið neðra ásamt Etnu á Sikiley. Herbert kapellán í Clairvaux og seinna erkibiskup á Sikiley jók enn frægð Heklu er hann bar saman Etnu og Heklu. Með leyfi herra forseta:

„Hinn nafnfrægi eldketill á Sikiley sem kallaður er strompur vítis er að því er menn fullyrða eins og smáofn í samjöfnuði við þetta gífurlega víti."

Þarna vísar hann til Heklu.

Ekki er að því að spyrja að þegar slíkar fréttir fóru að berast af seinni inngangnum í hreinsunareldinn komust fræðimenn í Evrópu að því að vistin í Heklu væri mun verri en sú er beið manna í Etnu. Má segja að hróðri Heklu hafi ekki verið skákað eftir þetta.

Það gat líka komið sér vel að eiga greiðan aðgang að hinu neðra er ófögnuði þurfti að koma fyrir. Samkvæmt Þjóðsögum Jóns Árnasonar kvað síra Magnús prófastur til Kirkjubæjarklausturs, Höfðabrekku-Jóku niður á eftirfarandi hátt, með leyfi herra forseta:

Heklugjá er heljarkrá.
Henni gusar eldur frá.
Stofuna þá ég stefni þér á,
stað skaltu engan betri fá.

Ekki er að því að spyrja að til hennar hefur ekki síðan spurst.

Fyrstu eldfjallafræðilegar athuganir sem gerðar voru við Heklu og eru færðar í Flateyjarannál, eru á gosinu 1341, með leyfi herra forseta:

„Menn fóru til fjallsins þar sem uppvarpið var og heyrðist þeim sem bjargi stóru væri kastað innan um fjallið. Þeim sýndust fuglar fljúga í eldinum, bæði smáir og stórir með ýmsum látum. Hugðu menn vera sálir."

Hér eru menn að sjálfsögu að lýsa því hvernig aska og gjall hendist upp úr gosgígnum með tilheyrandi sprengidrunum og notast við viðmið sem þeim eru tömust.

Fyrir nágranna Heklu hefur það aldrei þótt gott er sú gamla tekur upp á að byrsta sig. Hraun hafa tekið af bæi og beitarland svo ekki verður aftur endurheimt og búpeningur spillst fyrir sakir flúoreitrunar. Síðan 1104 hefur Hekla gosið 17 sinnum smáum og stórum gosum. Öll eiga eldgosin það sammerkt að hefjast með miklu sprengigosi en breytast síðan yfir í hraungos. Hekla hefur því hlaðist upp úr ösku, gjalli og hraunum sem þekja hlíðar hennar og næsta nágrenni. Samtíma nýrri virkjanasögu þjóðarinnar og virkjun Búrfells hóf Hekla nýtt tímabil í sinni gossögu og hefur síðan þá gosið á um tíu ára fresti, sjálfsagt til þess að minna okkur mennina á að þrátt fyrir getu okkar og kunnáttu megum við okkar lítils fyrir mætti hennar, ókrýndrar drottningar íslenskra eldfjalla.

En saga Heklu nær lengra aftur en nemur söguöld okkar Íslendinga því í nágrenni hennar finnast menjar eldgosa frá jökultíma sem og íslausum tíma fram til sögualdar. Þrjú eldgos skera sig þar úr og hafa verið nefnd af Sigurði heitnum Þórarinssyni prófessori, Hekla 3 um 2.900 ára gamalt, Hekla 4 um 5.000 ára gamalt og Hekla 5 um 7.000 ára gamalt. Öll þessi gos voru mikil sprengigos sem lögðu ösku yfir allt landið sem teppi væri. Raunar lögðu rannsóknir Sigurðar heitsins á gjóskulögum frá Heklu grunninn að nýrri fræðigrein innan eldfjallafræðinnar er nefnd hefur verið öskulagafræði. Með öskulagafræði geta menn síðan byggt upp gjóskulagatímatal fyrir áhrifasvæði eldfjalla sem nýtist fleiri fræðigreinum en eldfjallafræðinni. Nýlegar rannsóknir á norðanverðum Bretlandseyjum, studdar til að mynda af gjóskutímatali Heklu, sýna að Hekla hafði með gosinu fyrir tæpum 3.000 árum gríðarleg áhrif á heiðarbyggðir eyjanna.

Herra forseti. Hekla er einstök á meðal jafningja. Hún telst til megineldstöðva og líkist meira erlendum eldkeilum hvað eldvirkni og kvikuframleiðslu snertir en hinum hefðbundnu íslensku eldfjöllum. En þrátt fyrir að líkjast í háttum erlendum systrum sínum er hún þeim frábrugðin að lögun og í raun eina eldkeilan í heiminum sem er hryggjarlaga. Það skýrist af því að fjallið gýs ávallt um norðaustur/suðvestur sprungu er liggur eftir því endilöngu en ekki hringlaga toppgíg eins og hefðbundnar eldkeilur. Því er Hekla séð úr norðri eða suðri eins og bátur á hvolfi en úr austri og vestri hefur hún hina fullkomnu lögun eldkeilu.

Land í kringum Heklu er í stöðugri mótun. Ný hraun renna og brenna land svo illt er yfirferðar nema fuglinum fljúgandi. Frost og þíða vinna síðan á úfnum hraunum og aska seinni tíma gosa fellur yfir þau og fyllir gjótur. Þannig verða hraunin smátt og smátt fær öðrum en fuglum himins. Er hraunin hafa kólnað nemur í þeim land gróður, hið fyrsta gamburmosi en síðan blómplöntur og æðri gróður, er jarðvegur hefur í þeim myndast.

Herra forseti. Hekla er því ekki aðeins eins og risavaxin kennslubók í eldfjallafræðum heldur og í fræðum lífsins og hvernig það nemur nýtt land.

Um Heklu og hennar nánasta umhverfi liggur fjöldinn allur af vísindalegum greinargerðum, bókum, ljóðum og öðrum almennum ritum. Hekla hefur verið frá öndverðri 13. öld ástæða þess að menn hafa stungið niður penna til að skrá sögu hennar eða athafnir. Með upplýsingaöldinni jókst til muna fjöldi fræðilegra greina um eðli hennar og uppruna og er ekkert lát þar á enn í dag. Fróðleiksfúsum vil ég benda sérstaklega á bók Ferðafélags Íslands frá árinu 1995 sem

dreift var í pósthólf þingmanna. Þar fer Árni Hjartarsson jarðfræðingur ítarlega yfir náttúrufar og sögu Heklu.

Herra forseti. Af þessum stutta inngangi má ljóst vera að Hekla er meir en verðug þess að verða gerð að þjóðgarði okkar íslendinga. Hvað væri meira viðeigandi en að opnun þess þjóðgarðs yrði á því herrans ári 2004, á 900 ára afmæli „eldsuppkomu hinnar fyrstu í Heklufelli", eins og segir í Konungsannál, og á þeim drottins degi 20 júní, en þann dag gengu þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson fyrstir manna á Heklutind árið 1750.

Að lokum, herra forseti, vonast ég til þess að þingsályktunartillaga þessi fái farsæla afgreiðslu í þinginu og að henni verði vísað til hv. umhvn. Alþingis.

[18:03]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Sem meðflutningsmaður vil ég leggja nokkur orð í belg. Hv. 1. flm. Ármann Höskuldsson hefur flutt hér afar fróðlega og vandaða ræðu sem hefur verið mjög ánægjulegt að hlusta á.

Markmiðið með stofnun þjóðgarða er m.a. að tryggja framvindu náttúrunnar eftir eigin lögmálum og gefa almenningi kost á að njóta náttúrunnar á viðkomandi svæði og læra að þekkja náttúruleg lögmál og ferli. Þjóðgarðar hafa í flestum tilfellum erlendis eflt ferðaþjónustu á viðkomandi svæðum. Sums staðar erlendis eru þjóðgarðar stórir atvinnuveitendur sem veita mörgum fjölþætta og sérhæfða atvinnu og geta þar af leiðandi gengt því hlutverki að vera vaxtarbroddur í byggðaþróun.

Það er spurning hvernig hægt er að samræma betur hagsmuni heimamanna og þeirra sem vilja stofna þjóðgarð, þ.e. ríkisins, en oft og tíðum hefur heimafólk talið stofnun þjóðgarðs vera ógn við tilveru sína þar sem yfirráð yfir viðkomandi svæði eru færð í hendur ríkisins. Því þarf að leggja áherslu á að mjög mikilvægt er að þjóðgörðum sé stjórnað í samráði og samstarfi við heimamenn.

Herra forseti. Eins og fram kemur í þáltill. er Hekla eitt þekktasta eldfjall á Íslandi og allt svæðið er einstakt. Hekla er merkilegt fjall sem er í sífelldri mótun. Sú sem hér stendur fylgist með fjallinu úr eldhúsglugganum sínum og hefur fylgst með hverju einasta gosi frá 1970. Það eru ekki allir sem búa við þau hlunnindi að hafa Heklu í bakgarðinum hjá sér. Reyndar hefur sveitarstjórn Rangárvallahrepps farið fram á að Hekla og svæðið í kringum Heklu verði friðlýst þannig að ég tel að það fari mjög vel á því að svæðið verði gert að þjóðgarði. Þá kæmi til betra skipulag á umferð ferðamanna við Heklu sem er töluvert mikil og síðast en ekki síst yrði komið í veg fyrir að vegur yrði lagður upp á Heklu og pósthús reist þar, eins og einn núv. hæstv. ráðherra hefur lagt til. (**KolH:** Framsóknarráðherra, er það ekki?) Jú, reyndar. Ég er alfarið á móti því. Umferð við Heklu er töluvert mikil og hún á ekki að vera þannig að hægt sé að aka rútu upp þar upp. Það er óvirðing við svo virðulegt fjall.

Meginmarkmið með stofnun þjóðgarðs er að kynna jarðsöguna og staðhætti í nágrenni hennar og sögu sambúðar fjalls og þjóðar.

Herra forseti. Mig langar til þess að vitna í ljóð eftir Jónas Hallgrímsson, sem hann orti til herra Pauls Gaimards:

Þú stóðst á tindi Heklu hám
og horfðir yfir landið fríða,
þar sem um grænar grundir líða
skínandi ár að ægi blám;
en Loki bundinn beið í gjótum
bjargstuddum undir jökulrótum —
þótti þér ekki Ísland þá
yfirbragðsmikið til að sjá?

Eins langar mig til að vitna í Gunnarshólma eftir Jónas Hallgrímsson, með leyfi forseta:

Beljandi foss við hamrabúann hjalar
á hengiflugi undir jökulrótum
þar sem að gullið geyma Frosti og Fjalar.
En hinum megin föstum standa fótum
blásvörtum feldi búin Tindafjöll
og grænu belti gyrð á dalamótum;
með hjálminn skyggnda, hvítri líkan mjöll,
horfa þau yfir heiðavötnin bláu,
sem falla niður fagran Rangárvöll;
þar sem að una byggðarbýlin smáu,
dreifð yfir blómguð tún og grænar grundir.
Við norður rísa Heklutindar háu.
Svell er á gnípu, eldur geisar undir
í ógnadjúpi, hörðum vafin dróma
...

Herra forseti. Ég hef lokið tilvitnun minni.

Hekla er sannarlega drottning allra eldfjalla og á það sannarlega skilið að vera sýnd sú virðing að vera gerð að þjóðgarði.

[18:09]

Útbýting þingskjala:

Kynning á evrunni, 197. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 208.

Stjórn fiskveiða, 191. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 202.

Styrking Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, 196. mál, fsp. ÞBack, þskj. 207.

[18:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Já, mönnum hitnar í hamsi og þeir fara með ljóð þegar landsvæði sem fólk tengist tilfinningalegum böndum er til umfjöllunar á háu Alþingi og það ber að skilja og bera virðingu fyrir því.

Hins vegar er ég ekki viss um að ég þori að hæla eða mæra þá tillögu sem hér liggur fyrir, þar sem hún er því miður flutt, herra forseti, af framsóknarþingmanni. En ég ætla samt að leyfa mér það. Ég verð þá bara að taka við skothríð frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á eftir ef svo ber undir.

Um þessa tillögu sem er svo sannarlega af hinu góða vil ég segja, herra forseti, að ég hugleiddi þegar ég las hana hvort hér væri ekki bara hugsað full smátt, minnug þeirrar umræðu sem hefur farið fram um svokallaða sýnishornanáttúruvernd. Nú eigum við mörg friðlönd. Við vitum öll sem hér erum í sal hversu erfiðlega hefur gengið að halda þeim úti og reka þau svo sómi sé að. Í því máli höfum við verið að beita okkur hér einhver í öllu falli, við að reyna að fá úrbætur. Hér hefur líka verið fjallað á undanförnum tveimur árum talsvert um þjóðgarða og sú sem hér stendur hefur tvisvar sinnum flutt tillögu úr þessum stóli varðandi þjóðgarð og í bæði skiptin var sú tillaga að sjálfsögðu svæfð í nefnd.

En varðandi það að hugsa stórt þá held ég að það sé fyllilega tímabært að skoða möguleikann á umtalsverðum þjóðgörðum á hálendi Íslands. Í því sambandi langar mig til að minna á tillögu sem var lögð fram hér af hv. fyrrv. þm. Hjörleifi Guttormssyni á 122. löggjafarþingi, og gott ef ekki endurflutt síðar, á 123. löggjafarþingi, þar sem lagt var til að stofnaðir yrðu nokkrir þjóðgarðar á hálendi Íslands

(**Gripið fram í:** Fjórir.) Já, nánar tiltekið fjórir þjóðgarðar, sem mundu þá hafa innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Það má til sanns vegar færa að þessi tillaga sem hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti hafi í raun endað í þeirri tillögu sem samþykkt var á Alþingi, að stofna Vatnajökulsþjóðgarðs. Við vitum öll að við stöndum frammi fyrir því að það verður gert að öllum líkindum og vonandi á næsta ári.

En það þýðir ekki að láta deigan síga og hér við sitja því baráttan fyrir stórum þjóðgörðum á miðhálendi Íslands er þess virði að við heyjum hana af afli.

Ég hef efasemdir um að Hekla sem eitt lítið fjall í þessu samhengi virki sem sá öflugi þjóðgarður sem ég held að við höfum þörf fyrir á hálendinu. Vil ég þess vegna koma hér með tilvitnun í greinargerð við þá tillögu sem ég nefndi áðan þar sem fjallað er um Mýrdalsjökul og möguleikann á þjóðgarði í kringum Mýrdalsjökul, þar sem hugmyndin var og er að setja Heklu inn í þau mörk. Hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði þetta svo í sinni greinargerð, með leyfi herra forseta:

„Mýrdalsjökulsþjóðgarður. Stærð Mýrdalsjökulsþjóðgarðs er áætluð um 3.100 ferkílómetrar. Innan hans lægju Mýrdalsjökull með skriðjöklum, svo og Eyjafjallajökull, Torfajökull og Tindfjallajökull. Eðlilegt væri að Friðland að Fjallabaki yrði innan þjóðgarðsins. Þá er gert ráð fyrir að náttúruverndarsvæði við Heklu, svo og Emstrur og Fjallabak, yrðu hluti af þjóðgarðinum, sem og Þórsmörk og Eldgjá sunnan Fjallabaksvegar nyrðri."

Hér er hugsað á nótum sem mér falla betur en í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir. Ég vil því hvetja til þess í þessari umræðu og þeirri umræðu sem á eftir að fara fram vonandi í hv. umhvn. um þessa tillögu, að við víkkum út mörkin, að við tökum stærra skref, tökum skrefið til fulls og stofnum Mýrdalsjökulsþjóðgarð, 3.100 ferkílómetra þjóðgarð sem yrði einn af fjórum stórum þjóðgörðum á hálendi Íslands. Ég held að fullt tilefni sé til þess. Ég held reyndar að það liggi á. Ég held að það bráðliggi á, því ef við skoðum allar þær framkvæmdahugmyndir sem virðast vera í farvatni framkvæmdaglaðra fyrirtækja og stofnana, þá eru þær geysilega miklar, ekki bara í vatnsaflinu sem við þekkjum hér öll og þarf ekki að hafa um fleiri orð um heldur ekki síður í jarðhitanum. Viðkvæm jarðhitasvæði, háhitasvæði á borð við Torfajökulssvæðið, kunna að vera í hættu ef við lokum ekki þessum svæðum fyrir hugmyndum framkvæmdamanna og stofnum öfluga, risastóra þjóðgarða, sem yrðu þjóðgarðar á heimsmælikvarða sem við gætum öll verið stolt af og gætu fleytt okkur inn í framtíðina, bæði tilfinningalega, sem hamingjusamri þjóð og líka ekki síður efnahagslega því efnahagslegt gildi þjóðgarða er orðið óumdeilt.

[18:15]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að fagna þessari till. til þál. um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni sem lögð hefur verið fram af hv. þm. Ármanni Höskuldssyni ásamt nokkrum þingmönnum Suðurlandskjördæmis. Hún sýnir okkur svo ekki verður um villst að nýting og vernd eru tvær hliðar á sama peningi og okkur ber að líta þannig á landið að það gefi okkur bæði möguleika til verndar og til nýtingar og að það tvennt eigi saman. Að því leyti fagna ég þessari tillögu frá hv. þm. Framsfl. alveg sérstaklega.

Ég heiti því að þessi tillaga verður grandskoðuð í hv. umhvn. eins og aðrar þær tillögur sem hér hafa verið ræddar fyrr í dag. Þar mun hún fá mjög faglega umfjöllun. Mig langar samt að greina frá því að sú sem hér stendur er þeirrar skoðunar að e.t.v. sé komið að þeirri stundu, í umræðu um þjóðgarða, friðlönd, fólkvanga og annað sem stuðlar að náttúruvernd hér á landi, að við tökum okkur tíma til að huga að heildstæðri stefnumótun fram í tímann, og þá meina ég langt fram í tímann eins og aldarfjórðung. Sú stefnumótun er í raun alveg jafnmikilvæg, stefnumótunin til verndunar, eins og stefnumótunin til nýtingar sem nú er innan rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Ég vildi nota þetta tækifæri, herra forseti, til að koma hugleiðingum mínum á framfæri en ítreka að þessi tillaga er allrar athygli verð og mun fá ítarlega skoðun í hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak til að lengja ferðaþjónustutímann, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 139. mál. — Þskj. 139.

[18:17]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um markvisst átak til að lengja ferðaþjónustutímann á Íslandi. Ásamt mér flytja þessa tillögu hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra í samráði við Ferðamálaráð, Byggðastofnun og Samtök ferðaþjónustunnar að hrinda af stað markvissu átaki til að lengja ferðaþjónustutímann á Íslandi svo nýting gistirýma og annarrar þjónustu við ferðamenn aukist til muna. Sérstaklega skal tekið tillit til landsbyggðarinnar í þessu máli þar sem ferðaþjónusta er mun minni yfir vetrartímann en hún gæti orðið, miðað við þá aðstöðu og möguleika sem fyrir hendi eru."

Herra forseti. Staða ferðaþjónustunnar sem sjálfstæðrar atvinnugreinar hefur verið að styrkjast undanfarin ár. Þróun þessa atvinnuvegar hefur verið mjög jákvæð og ef við horfum nokkur ár aftur í tímann, t.d. til fyrri hluta áttunda áratugarins, þá voru mjög fáir ferðaþjónustubæir á Íslandi. En um það leyti sem sá áratugur byrjar fara menn að tala um að það gæti verið góð aukabúgrein hjá bændum að að bjóða ferðamönnum inn á sveitabæi og fylgjast með starfi þeirra sem þar búa, því starfi sem fylgdi landbúnaðinum og fylgir. Reyndar er það svo að í dag hafa mörg bændabýli aðstöðu til að bjóða ferðamönnum gistingu sem er þeim til ánægju og tekjuauka.

Þróunin hefur líka verið nokkuð ör í þessari grein og kröfurnar hafa aukist. Samfara því hefur verið lagt út í meiri aðstöðu og jafnvel miklar byggingar í kringum þetta. Þróun greinarinnar hefur líka verið sú að menn hafa jafnvel notað útihús og breytt þeim í aðstöðu fyrir ferðamenn. Í framhaldi af því hafa komið upp hótel sem hafa kostað mikla peninga. Eins og ég segi hefur ferðamennskan aukist og þau hafa nýst vel yfir sumartímann. Það hefur verið ágæt nýting í mörgum tilvikum yfir hásumarið en hið sama verður ekki sagt um vetrartímann, eða haust og vor.

Af þeim sökum hafa þessi fyrirtæki átt í nokkrum erfiðleikum, þau hafa verið skuldsett og það hafa verið erfiðleikar

hjá hótelum á landsbyggðinni, t.d. vegna þess að lánasjóðir hafa heldur ekki verið nógu góðir við þessa grein, hafa ekki stutt nógu vel við ferðaþjónustuna og ferðaiðnaðinn í landinu. Erfitt er að fá lán til hótela og slíkrar starfsemi og þau eru líka til skamms tíma, miðað við þann tíma sem fjárfestingin á að nýtast. Hugsum okkur hótel sem reist er í dag. Hve mörg ár á að vera hægt að nýta það? Við svörum því í huganum: Það á að vera hægt að nýta það í áratugi.

Ég held að engin lánastofnun láni til hótelbygginga eða hótelframkvæmda í meira en 10–15 ár. Þetta er mjög alvarlegt mál, sérstaklega með tilliti til þess að þessi grein er farin að afla gífurlega mikilla gjaldeyristekna og kemur í raun og veru næst á eftir sjávarútvegi, ef við t.d. miðum við hagtölur frá árinu 2000. Þar er sjávarútvegurinn stærstur og næst kemur ferðaþjónustan sem sjálfstæð atvinnugrein, að undanskildum liðnum aðrar greinar, en þær eru fjölmargar í iðnaði og margs konar öðrum útflutningi og annarri starfsemi sem gefur gjaldeyristekjur. En tekjur af erlendum ferðamönnum hafa farið sívaxandi.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig Reykjavíkurborg hefur blómstrað í þessu tilliti yfir vetrartímann líka með ráðstefnum og öðru. Engu að síður hefur það líka komið fram, sem bendir enn á það að við erum ekki alveg nógu vakandi í þessari atvinnugrein, að það er mikill skortur á ráðstefnuhúsnæði í höfuðborginni og menningarhúsnæði úti um land sem mundi styrkja þessa grein ferðaþjónustunnar, þ.e. að fá ýmsa hópa, félög eða fyrirtæki, til að koma hingað og halda ráðstefnur.

Það hafa verið blikur á lofti síðustu dægrin í ferðamennskunni. Við höfum séð, í framhaldi af þeim voðaverkum sem unnin voru í New York 11. sept., mikinn afturkipp í flugi. En það sem við þurfum að gæta okkar á í þessu er að fyllast ekki bölsýni og svartsýni. Við þurfum frekar að vera bjartsýn. Við þurfum að leggjast á árar og auglýsa landið okkar af miklum krafti og benda á þá möguleika sem landið okkar býður upp á. Þessa dagana er staðan þannig á hótelum víða um land þannig að á fjölda þeirra er nýtt jafnvel aðeins eitt herbergi af 20 eða 30. Þá eru bara einn, tveir gestir í þeim hótelum núna. Ég spyr: Er ekki hægt að gera eitthvað til þess að þessi nýting verði meiri og betri? Ég er fullviss um að það sé hægt. Eða hvernig stendur á því t.d. að ferðamönnum hefur fjölgað svo mjög á síðustu árum, eins og ég hef áður getið? Það er einmitt vegna þess að landið hefur verið markaðssett. Landið hefur verið auglýst, en sérstaklega hefur það verið auglýst með tilliti til fegurðar sumarsins. Hins vegar hafa ekki verið auglýstir þeir möguleikar sem veturinn býður upp á.

Ég minnist þess að ég var staddur á bæ einum í febrúar sl. þar sem starfrækt var ferðaþjónusta. Á þennan bæ komu 20 japanskir ferðamenn. Og hvað voru þessir ferðamenn að gera í febrúar á Íslandi? Þeir voru komnir hingað til þess að horfa á norðurljósin. Það var meginástæða fyrir því að þeir komu. Landið hafði verið auglýst: Komið og sjáið norðurljósin í norðrinu á Íslandi. Það þarf oft ekki mjög mikið til þess að kveikja áhugann og glæða hjá ferðafólki og að fá fólk til að koma.

Ég var á ferð um Vestfirði fyrir fáeinum dögum og gisti í Bjarnarfirði á Ströndum þar sem mjög dugmikið og jákvætt fólk hefur komið upp svokallaðri galdrasýningu. Það er komið galdrasafn í Hólmavík. Þetta hefur verið mikil lyftistöng fyrir byggðarlagið og ýtt undir ferðaþjónustu. Skemmst er að minnast hinnar miklu og ágætu samkomu hjá þeim í kringum 12. ágúst sl. þar sem Megas og hljómsveitin Sigur Rós og fleiri góðir listamenn komu fram, fjöldinn allur af fólki. En núna á þessari stundu eru mjög fáir gestir þar á hótelinu í gamla Klúkuskóla. Þetta er hægt að bæta. Það verður að gera með með auglýsingaherferð til að kynna þá möguleika sem Ísland býður.

Við gætum líka sagt: Ísland er land friðar og kyrrðar. Hversu margir mundu ekki vilja koma til okkar ágæta lands og njóta friðarins og kyrrðarinnar, eins og ég naut í Bjarnarfirði á Ströndum nú fyrir fáum dögum. Við sem þarna vorum á ferð ókum líka fram hjá ágætum ferðaþjónustubæ, Bæ í Steingrímsfirði í Kaldrananeshreppi. Þar er mjög fallegt og gott að koma og þangað er fólk líka farið að sækja. En til þess að jaðartíminn verði betur notaður þarf að láta vita af því að þar sé pláss og að fólk geti komið þangað til að eiga hér góðar stundir á okkar landi.

Auðvitað kostar þetta peninga — miklar fjárhæðir. Í dag hafa verið lagðar fram nokkrar tillögur sem gera náttúrlega ráð fyrir ýmsum fjárútlátum. En þessi tillaga gerir ráð fyrir því að þessi fjárútlát séu fjárfesting, fjárfesting til þess að afla meiri tekna fyrir þjóðarbúið og til að efla og styrkja atvinnulífið. Þess vegna er þessi þáltill. lögð fram.

Nýlega var lögð fram skýrsla um menningartengda ferðaþjónustu og hún er mjög góð. Í henni koma fram ágætar tillögur sem mætti nýta í þessu átaki. Ég og meðflutningsmenn mínir erum ekki að leggja fram þáltill. um að stofnuð verði nefnd heldur að hrint verði af stað markvissu átaki til að lengja ferðaþjónustutímann. Ég tel að miðað við þær aðstæður sem nú eru sé brýnt að taka á þessu máli.

Flugleiðir hafa staðið sig mjög vel í að markaðssetja Ísland. Þeir hafa auglýst mjög mikið og sett miklar fjárhæðir í það. Og við megum þakka fyrir það sem þar hefur verið gert enda hefur það komið allri þjóðinni til góða. En ég tel að eins og ástandið er í dag, í öllum þeim samdrætti sem orðið hefur, beri samfélaginu að koma hér að. Það mundi líka hafa áhrif til bjartsýni, til jákvæðni og eyða þeirri óvissu og þeirri neikvæðu umræðu sem gert hefur vart við sig gagnvart þessari atvinnugrein. Einnig af þeim sökum er þetta lagt hér fram.

[18:32]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði bara með nokkrum orðum að taka undir þessa merku tillögu, sem ég er reyndar meðflutningsmaður að, og vekja athygli á því að hér er auðvitað verið að fjalla um mjög mikilvægt mál, ekki síst um þessar mundir.

Það er nú svo að á undanförnum árum hefur heilmikið verið gert til að laða ferðamenn til Íslands á svokölluðum jaðartímum, og það hefur borið nokkurn árangur. Undanfarin ár höfum við a.m.k. séð hér í Reykjavík mikinn fjölda af ferðamönnum, t.d. frá Ameríku og Norðurlöndunum, sem hafa jafnvel verið hérna á Austurvellinum og í kringum Alþingishúsið alveg fram undir jól. Þetta fólk hefur verslað mikið t.d. í tískuvöruverslunum í Reykjavík. Ég talaði við ágæta konu sem rekur tískuvöruverslun hér í bænum og hún sagði mér að þessi viðskipti hefðu verið mjög vaxandi undanfarin ár, fólk hefði komið hingað sérstaklega frá Norðurlöndunum til að kaupa tískuvörur, komið hingað eina helgi, og þetta kom mér alveg gjörsamlega á óvart. Hún sagði hins vegar því miður að frá 11. september hefði þetta gjörsamlega fallið niður, fólk sæist varla lengur.

Ég held að við, sem höfum starfa okkar vegna verið á ferð með flugvélunum í haust, sjáum merki þessa. Það er náttúrlega ekki mikið af þessari traffík núna en vonandi

bætir aftur í þótt ég sé ansi hrædd um að það verði ekki á þessum vetri. Ef við höfum einhvern tímann þurft að vinna markvisst er það akkúrat núna, til þess að reyna að fá hingað fólk, sérstaklega á jaðartímanum, vegna þess að um er að ræða fólk sem skreppur oft í stuttar ferðir, fjóra, fimm daga kannski, og þessum ferðum er hægt að fresta. Öðru máli gegnir væntanlega um sumarleyfisferðir sem búið er að skipuleggja árið áður kannski og panta ferð fyrir húsbílinn með ferjunni og allt það.

Reyndar liggur fyrir tillaga sem ég rak augun í í öllum bunkanum um að athugað verði með að hafa ferjusiglingar til landsins allt árið. Ef það er unnt held ég að þar sé komin leið til að fá hingað stöðugan straum af túristum sem ferðast á eigin bílum og stoppa þá lengur en þeir ferðamenn sem ég tæpti á áðan.

Svo er annað með haust- og jaðartímaferðirnar. Því miður hefur gengið mjög illa að fá þessa ferðamenn til að fara eitthvað út fyrir Reykjavíkursvæðið. Þeir koma hingað mikið til að eiga skemmtilega helgi í Reykjavík, og það helsta sem þeir geta hugsað sér að fara er kannski að skreppa tvo, þrjá tíma að Gullfossi og Geysi og búið. Annars eru þeir yfirleitt bara hérna á veitingastöðunum og í tískuvöruverslununum eins og ég tók fram áðan. Það þarf náttúrlega að gera sérstakt átak í því að auglýsa þá afþreyingu sem er í boði þannig að fólk komi hingað gagngert til að taka þá framhaldsflug til Húsavíkur eða á einhvern annan stað úti á landi þar sem eitthvað sérstakt og eftirsóknarvert er í boði. Það er t.d. eftirsóknarvert fyrir marga að fá að skjóta fugla þótt það sé náttúrlega ekki hægt að hleypa mörg þúsund manns í það. Og það er eftirsóknarvert að komast á hvers konar veiðar, t.d. sjóstangaveiði. Af þeim erlendu ferðamönnum sem ég hef haft þá ánægju af að fylgja um landið er fátt sem þeir hafa haft jafnmikla ánægju af eins og að komast í sjóstangaveiði. Yfirleitt hafa þeir aldrei upplifað neitt þessu líkt og þykir það alveg óhemju spennandi. Þetta mættum við kannski auglýsa miklu betur og stunda lengur en bara í júlímánuði.

Ég veit að það er vandamál víða um land að ferðamannatíminn er búinn 20. ágúst, eftir það sést varla ferðamaður. Það er auðvitað mjög slæmt mál þegar búið er að leggja mikið fé í mannvirki til að taka á móti ferðamönnum ef þau á bara að nota í kannski einn og hálfan mánuð á ári. Það getur náttúrlega ekki gengið.

Ég verð að segja að ég tel að með því að samþykkja þessa tillögu sem Karl Matthíasson og við fleiri úr Samfylkingunni leggjum hér fram verði hægt að bæta stöðu þessara mála mikið.

Og ég vil minna á það í lokin að það er ekkert svo fráleitt — ef mesti hrollurinn fer nú úr fólki út af þessum hryðjuverkum — að hægt verði að fljúga beint til einhverra staða úti á landi eins og t.d. Egilsstaða, bara beint frá t.d. Hamborg eða Dublin, og bjóða upp á einhverja sérstaka afþreyingu tengda ferðaþjónustu. Þá lít ég ekki síst til þessarar menningartengdu ferðaþjónustu sem ég bind miklar vonir við að geti orðið til þess að hjálpa okkur að lengja ferðamannatímann.

[18:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi tillaga snýst um það að auka arð af fjárfestingu, atvinnuveginum. Þessi atvinnuvegur er ferðaþjónusta og eins og hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson rakti áðan er líklega enginn annar atvinnuvegur sem hefur vaxið jafnhratt á síðustu árum og einmitt ferðaþjónustan.

Hv. þm. rakti líka, með því að færa hér tölur til stuðnings máli sínu, að ferðaþjónusta er núna næstmikilvægasti atvinnuvegurinn hvað varðar öflun gjaldeyris. Ja, það skyldi þó ekki skipta máli, herra forseti, á þessum síðustu og verstu tímum, að afla gjaldeyris inn í þetta samfélag, þar sem margt riðar til falls vegna þess að okkur skortir gjaldeyri, þar sem krónan m.a. hefur stundum á þessu ári verið í frjálsu falli af því að okkur hefur skort gjaldeyri.

Herra forseti. Ég held að hér sé verið að hreyfa ákaflega þörfu máli. Fyrir utan sjávarútveg er engin atvinnugrein eins mikilvæg hvað varðar öflun gjaldeyris og ferðaþjónustan. Eins og hv. þm. sagði munar örlitlu að því leytinu að ferðaþjónustan skilar svolitlu meira heldur en meira að segja orkufrek stóriðja. Það skiptir miklu máli.

Hvað eru svo stjórnvöld að gera? Af því að ég sé að hv. þm. Jónas Hallgrímsson sem hér situr í fjarveru eins af sínum góðu félögum og ætlar að halda stutta ræðu á eftir — hann er búinn að kveðja sér hljóðs — hvað skyldu þessir ágætu félagar hans vera að gera til þess að efla ferðaþjónustuna í landinu? Jú, þeir eru að fara að hækka tryggingagjald. Hvað þýðir það? Það er í rauninni ekkert annað en flatur skattur á vinnuafl. Ferðaþjónusta byggir fyrst og fremst á vinnuafli þannig að ekki er sú aðgerð stjórnvalda fallin til þess að ýta undir ferðaþjónustu í landinu. Nei, enn og aftur eru það þingmenn stjórnarandstöðunnar, í þessu tilviki Samfylkingarinnar, sem koma hérna fram með tillögu sem horfir mjög til framtíðar hvað varðar þessa grein.

Það eru einfaldlega þannig tímar uppi núna, herra forseti, að við þurfum að huga að öllu. Við þurfum að gera það sem við getum til þess að efla þær greinar sem skila gjaldeyri, skapa störf, í þessu samfélagi.

Hv. þm. Karl Matthíasson rakti það hvernig áföll erlendis eru líkleg til þess að hafa ákaflega neikvæð áhrif á þá grein sem við erum hér að ræða. Þetta gengur einfaldlega út á að nýta sérstöðuna. Og sérstaðan er margvísleg. Ef við ætlum að lengja þann tíma sem hægt er að nota til þess að laða helst erlenda ferðamenn hingað til landsins verðum við að draga fram sérstöðuna. Okkur hefur tekist það að ýmsu leyti. Hv. þm. gat þess að Reykvíkingum hefði dugað nokkuð vel að beita ráðstefnum til þess að lengja tímann sem hótelin geta nýtt herbergi sín yfir veturinn.

Mig langar að rifja upp eitt ákaflega árangursríkt dæmi. Það er það hvernig menn hafa verið að selja gamlárskvöldið. Hv. þm. vísaði í sagnfræðilegt minni Einars Benediktssonar — sem seldi jú norðurljósin — þegar hann sagðist hafa rekist á 20 Japana sem voru komnir hingað alla leið norður undir hjara veraldar til þess að skoða norðurljósin. Hundruð, og ég held jafnvel þúsundir eða hátt á annað þúsund, Japana komu hingað fyrir tveimur árum beinlínis til þess að sjá annars konar ljós braga um himininn, þ.e. flugelda sem Reykvíkingar skutu upp. Það þykir svo sérstakt að menn koma úr fjarlægum heimsálfum til þess að skoða það og greiða ærinn gjaldeyri fyrir. Þetta er dæmi um það hvernig menn geta notað sérstöðu til þess að selja landið.

Hv. þm. ræddi líka í skáldlegu máli um aðra sérstöðu sem e.t.v. væri hægt að nota í þessu skyni. Hann talaði um kyrrðina og friðinn sem hinn íslenski vetur og snævi þakin jörð færa mönnum hið innra, mönnum sem ala að öðru jöfnu aldur sinn á malbiki stórborganna í iðunni þar sem aldrei heyrist þögn. Það skiptir nokkru máli, herra forseti, fyrir þá sem lifa í hinni þungbæru streitu stórborganna að geta staðið á fjallsgnípu, geta staðið á snævi þöktum hól og horft yfir

kyrrðina, horft yfir landslag sem mannshöndin hefur ekki hrært. Menn eru reiðubúnir til þess að greiða fyrir það mikið fjármagn. Þetta er dæmi um sérstöðuna.

Herra forseti. Ef ég mætti draga inn í þessa umræðu áhugamál mín — Ísland hefur ákveðna sérstöðu að því er varðar t.d. veiðar á sérstökum tegundum sem hvergi er að finna nema umhverfis heimskautið. Ég er að tala um t.d. sjóbleikju og sjóbirting. Menn geta aðeins farið í örfá lönd til þess að veiða sjóbleikju. Menn koma víðs vegar að, stangaveiðimenn, til þess að fara um Ísland til Grænlands til þess að veiða sjóbleikju þar. Hvers vegna geta þeir ekki komið hingað og veitt sjóbleikju? Þeir geta það að sjálfsögðu en það hefur enginn haft rænu á að markaðssetja þann möguleika.

Hvað með sjóbirtinginn, þennan stórvaxnasta silung sem öslar um straumvötn álfunnar? Hann á hvergi sinn líka nema kannski í örfáum straumvötnum á suðvesturodda Írlands og í þeim þungu elfum sem streyma frá jöklum Suðurlandsins og til hafs. Skaftfellski sjóbirtingurinn á engan sinn líka í heiminum.

Af því að við erum að tala um ferðaþjónustu má rifja það upp að ferðaþjónusta með þeim hætti sem hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson lýsti hérna áðan hófst í kringum veiði. Hún hófst með því að enskir aristókratar sem höfðu þá sérstöku lífsreynslu að veiða sjóbirting í tunglsljósi komu hingað á tímum erfiðra samgangna til þess að veiða náskyldan ættingja hans, urriðann í Þingvallavatni. Þeir gistu þá að Efri-Brú í Grímsnesi þar sem þjóðskáldið mikla og borgarskáldið Tómas Guðmundsson ólst síðar upp. Hann varð mikill veiðimaður af því að sitja við fótskör þessara ensku meistara eða síðustu kynslóðarinnar sem hingað kom til veiða. Í erlendum blöðum er hægt að finna upplýsingar og auglýsingar á ensku um ferðaþjónustuna á Efri-Brú. Þetta er eitt af því sem við getum enn þann dag í dag gert. Sjóbirtingurinn og sjóbleikjan ganga ekki duglega í íslensk straumvötn fyrr en tekur að rökkva vel að hausti og dag tekur að stytta. Við getum markaðssett þetta.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir talaði um annars konar veiðar. Ég er sannfærður um að á þessum tímum, þegar menn eru betur efnum búnir og reiðubúnir til að verja æ meiri fjármunum til þess að sinna áhugamálum sínum af þessu tagi, og hafa æ meiri tíma en áður, er einmitt hægt að draga fram sérstöðu af þessu tagi til þess að lengja þann tíma sem íslensk hótel og gististaðir geta notað til að selja þjónustu sína. Til þess þurfum við atbeina stjórnvalda. Stjórnvöld þurfa að bera kostnaðinn af því að kynna landið, kynna þetta, og það þarf aðvitað góð ráð og menn þurfa að leggja saman höfuð til að finna bestu leiðirnar. Mér finnst sem hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson hafi stigið skrefið lengra en margir aðrir með sinni ágætu tillögu sem hér liggur fyrir.

[18:47]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Sú þáltill. sem hér er flutt hefur það markmið að auka ferðamannastraum utan þess tíma sem nefndur hefur verið aðalferðamannatíminn, þ.e. sumarið. Hér er verið að reyna, og það er markmið málsins, að efla ferðaþjónustu á þeim tíma sem eignir og tæki eru vannýtt og stuðla þannig að því að aðilar í þessum rekstri nái inn þeim dýrmætu tekjum sem hægt væri að ná á þessum tíma. Það er mergurinn málsins. Þessi tæki eru til staðar, eignirnar eru til staðar, hótelin og gistirými. Það er alveg hárrétt sem hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, benti á í ræðu sinni áðan þegar hann nefndi þetta og jafnframt hv. 9. þm. Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir. Þau bentu á að þarna væru menn að ná inn þessum dýrmætu tekjum á vannýttum tíma. Hér er um stórt mál að ræða sem hv. 2. þm. Vestf., Karl V. Matthíasson, flytur.

Það liggur fyrir samkvæmt skoðanakönnunum að 70% af þeim erlendu ferðamönnum sem hingað koma koma til þess að skoða landið, skoða náttúruna og það þýðir að hugur þeirra stendur út á landsbyggðina. Þessi tillaga stuðlar þannig að því að styrkja ferðaþjónustuna á landsbyggðinni. Miklar væntingar eru um stóraukinn ferðamannastraum til Íslands. Það var fyrst á síðasta ári sem erlendir ferðamenn voru fleiri en íbúar okkar góða lands, voru um 300 þúsund. Menn hafa verið að nefna háar tölur í þessu sambandi, 1.200 þúsund og jafnvel enn hærri tölur svo að veltur á milljónum. Því hlýtur maður að spyrja: Hvernig er landsbyggðin í stakk búin til þess að taka á móti þessum stóraukna fjölda? Það verður að gerast með því að ferðamennska utan hásumartímans sé efld. Ég mundi vilja sjá fleiri störf sem tengjast stjórn ferðamála vistuð á landsbyggðinni þannig að landsbyggðin nái að eflast en sé ekki að dragast saman eins og því miður hefur verið með okkar þjóð í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ef landsbyggðin eflist ekki þá náum við ekki þessum góða ávinningi, þá náum við ekki þessum miklu gjaldeyristekjum sem við eigum innan seilingar, eins og hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, benti á í góðri ræðu sinni.

[18:50]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi mínum við það málefni sem hér er til umfjöllunar. Hér er vissulega hreyft mjög þörfu máli. Það kom fram, svo að ég byrji á einhverju, í meginmáli 1. flm., hv. þm. Karls V. Matthíassonar, að ferðaþjónustan hafi eflst og styrkst undanfarin ár. Það er alveg hárrétt að vissu marki og á vissum landsvæðum. Við erum einmitt stödd á því landsvæði þar sem þessi svonefnda ferðaþjónusta hefur eflst mest. Ég er ekki að mæla því í mót nema síður sé en hefði gjarnan viljað sjá hana eflast úti á landi ekkert síður.

Okkur sem komum utan af landsbyggðinni og höfum svolítið með ferðaþjónustuna að gera finnst stundum að ekki sé litið lengra en kannski til Bláa lónsins, Þingvalla, Geysis og Gullfoss og að þetta sé hringurinn. Það sem er kannski verra er að ferðir erlendra ferðamanna hafa styst. Það er sannanlega verri nýting á áætlunarbílunum og það á ekki síður við um þá sem koma sjóleiðina til landsins. Það er alveg ljóst. Ferðirnar eru að styttast og fleiri þurfa að koma til þess að gefa af sér þær tekjur sem við þurfum.

Ég minnist þess að á þeim tíma sem við vorum að baksa í því að styrkja og styðja beina innkomu til landsins að tveir staðir aðrir en Keflavíkurflugvöllur nutu þess að fá farþega beint inn til landsins. Annar var Akureyri um nokkurra ára skeið. Hinn var Húsavík. Svissnesk ferðaskrifstofa stóð að þessu beina leiguflugi til landsins og þá sáum við líka, landsbyggðarbúarnir, fólkið koma beint út á land nákvæmlega eins og gerist austur á landi í dag og ferðaþjónustan sem menn hafa verið að byggja upp naut þess í ríkum mæli.

Ég er ekki að vanþakka eða deila á það sem hér var sagt gott um stærsta og öflugasta ferðaþjónustufyrirtæki okkar Flugleiðir. Þeir hafa vissulega lagt mikið á sig í að markaðssetja og auglýsa landið okkar. Þeir hafa líka lagt til fjármuni og vinnu úti á landi með kaupum og rekstri á hótelum þannig að þeirra hlutur er vissulega mikill. En það breytir ekki því

að við fáum allt of lítið af því sem kakan ætti að gefa okkur landsbyggðarbúunum og það er líka meginefni þessarar tillögu og það sjónarmið styð ég.

Hvað er þá til ráða? Það er að markaðssetja landið allt saman. Ef við skoðum þá bæklinga sem gefnir hafa verið út, bæði í máli og myndum undanfarin ár, kemur nefnilega í ljós að sáralítill hluti af því kynningarefni sem gefið hefur verið út er annars staðar frá en af afmörkuðu landsvæði. Þetta þykir okkur miður sem búum úti á landi og viljum gjarnan njóta þess sem til landsins kemur af ferðafólki. En þetta er náttúrlega til þess að laga og leiðrétta og við verðum að treysta því að það verði gert.

Sá myrki skuggi sem dró upp á himininn 11. september sl. hefur nú þegar sett mörk sín á ferðaþjónustuna í þessu landi og afkomu stærstu ferðaþjónustufyrirtækjanna og svo verður eflaust enn um hríð. Því er spurningin: Hvað er til ráða? Hvað getum við gert til þess að snúa þessari slæmu þróun við? Við getum einmitt gert það sem menn hafa verið að lýsa áður í ágætum ræðum sínum, bent á þá kosti sem þetta land hefur, þann frið og það öryggi sem við búum við. Ég efast um að nú séu möguleikar hjá ferðaþjónustufyrirtækjunum að fara í öfluga markaðsetningu. En nú er lag. Nú er nefnilega lag að benda á okkar sérstæðu kosti og það verður að gerast með peningum sem koma úr almannasjóðum. Það er mín skoðun. Ég held að enginn einstakur aðili geti farið í það í dag. En það væri vissulega þess virði að skoða í alvöru hvort þetta væri ekki það sem brýnast væri að gera í stöðunni núna og gæfi sem allra mest af sér innan sem skemmstra tímamarka.

Ég hef alltaf mikla ánægju af því að hlusta á hv. þm. Össur Skarphéðinsson þegar hann fer hér með himinskautum og það gerði hann vissulega þegar hann fór að blanda saman hækkun tryggingagjalds, sem ekki er orðin, og flötum skatti á atvinnureksturinn í landinu. Sannleikurinn er sá að til koma aðrar ráðstafanir — ég má til með að koma aðeins inn á þetta — sem felast í áformum okkar ágætu hæstv. ríkisstjórnar um fyrirhugaðar skattalagabreytingar þannig að með því að fyrirtækin fari að þéna peninga þá séu þau ekki að borga 30% í tekjuskatt heldur fari hann niður í 18%. Ætli það vegi ekki líka eitthvað á móti þessu hækkaða tryggingagjaldi, ef af verður, svo að það komist bara til skila.

Ég endurtek stuðning minn við þetta málefni og tel að það hafi mjög mikla þýðingu að það nái fram að ganga.

[18:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmenn Framsfl. sem koma hingað sem varaþingmenn og hafa vissulega átt góða spretti hér í dag eru miklu sjálfstæðari í fasi og framkomu en þeir sem sitja hérna alla jafna fastir í taumi flokksins.

Hv. þm. gerði örlítið að umræðuefni það sem ég sagði um tryggingagjaldið og ég heyrði ekki betur en að hann klykkti út með því að segja um það gjald: „ef af verður". Það fannst mér hraustlega mælt hjá hv. þm. Ég veit að hann meinar þetta vel.

Hv. þm. sagði líka að ég mætti ekki gleyma því að þó að tryggingagjald yrði hækkað í framtíðinni þá kæmi á móti lækkun á sköttum fyrirtækjanna. Hann gladdist eðlilega vel yfir því að skattar fyrirtækjanna yrðu lækkaðir úr 30% niður í 18%. Ég gæti hleypt í mig svolítilli fólsku og spurt hv. þm. hvort hann telji að hagnaður ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni sé svo mikill að þetta skipti einhverju máli. Ég dreg það í efa.

Ástæðan fyrir því að ég kom upp er þó sú að mér fannst hv. þm. mæla af miklu viti um þessi mál enda hefur hann árum saman sýslað um þau. Kynni ástæðan fyrir því að sjónir erlendra ferðamanna hafa fyrst og fremst beinst að suðvesturhorninu en því miður ekki að þeim perlum og náttúrugersemum sem við eigum víðs vegar um landsbyggðina, stafa af því að eitt tiltekið stórt fyrirtæki, sem auðvitað er Flugleiðir eins og við vitum, hefur fyrst og fremst fyrir hönd þjóðarinnar séð um að auglýsa landið? Getur verið að það sem vanti sé í rauninni miðstýrð stefna um það hvernig eigi að auglýsa þetta land og að hún þurfi að vera fjármögnuð að stórum hluta af ríkinu og stýrt þaðan? Erum við þá komin að þeirri niðurstöðu að það þurfi að færa þetta úr höndum markaðarins til að útdeila réttlætinu í þessum efnum?

[19:00]

Jónas Hallgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi það að ferðaþjónustan þyrfti að styrkjast og eflast til að hafa tekjur til að greiða skatta. Það var megininntakið í orðum mínum.

Ég nefndi það líka að við mættum ekki vanmeta það sem Flugleiðir hafa gert. Það er vissulega mikið. Þingmenn hafa á hverju einasta þingi sem ég hef komið hér að málum verið með tillögur um hækkun á fjárlögum til Ferðamálaráðs þar sem það nyti ekki þeirra tekna sem það ætti lögformlega að hafa. Það hefur ekki náð fram að ganga.

Ég sagði áðan að við stæðum í þeim sporum í dag að það þyrfti fé úr almannasjóðum til að gera átak. Ferðamálaráð hefur ekki þá fjármuni hvernig svo sem menn líta á það. Hvort það er miðstýrt eða ekki miðstýrt skal ég ekkert um segja. Hins vegar vantar þarna sárlega peninga til landkynningar. Landkynning á að vera þannig að það á að markaðssetja landið allt, ekki aðeins þann litla hluta sem helst hefur notið þess fram að þessu.

[19:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að það þyrfti e.t.v. nokkra miðstýringu á kynningu á landinu, að líklega væri slík kynning best komin í höndum stofnana á borð við Ferðamálaráð. Það má vel hugsa sér að um það sæju einhvers konar landshlutasamtök á sviði atvinnuþróunar sem fengju fjármagn til að auglýsa landshluta sína. Ég skal ekki um það segja. En ég held samt sem áður að hv. þm. hafi átt við að jafnvel þó hann væri þakklátur fyrir það sem Flugleiðir hafa gert, og það er ég líka, þá sé ástæðan fyrir því að útlendingar sem hingað koma til heimsókna vita lítið af náttúru landsins og fegurð þess utan suðvesturhornsins, liggi í því að það eru fyrst og fremst Flugleiðir sem auglýsa suðvesturhornið.

Eftir að hafa sumrum saman ferðast um Ísland er ég alltaf meira og meira hissa á því sem það hefur upp á margt að bjóða. En á hinum síðustu og verstu tímum er ég ákaflega hissa yfir því hve fáir koma og skoða þessar náttúrugersemar okkar. Ég var t.d. þeirrar ánægju aðnjótandi fara á Langanes í fyrsta skipti um nokkurra áratuga skeið í sumar. Ég hitti varla nokkurn mann þar fyrir en var undrandi yfir þeirri sérstöku og einstöku náttúruperlu sem Íslendingar eiga þar. Hvernig stendur á því að það veit enginn af henni og enginn fer þangað? Það er sennilega af því að enginn hefur hag af því að draga fram sérstöðu þessa svæðis. Hins vegar er það með þeim hætti sem við þurfum að vinna, að draga fram sérstöðu einstakra landshluta til að ná betri nýtingu á þeirri fjárfestingu sem liggur þar.

Ég held að hv. þm. og ég séum sammála um það. Okkur kann að greina pínulítið á um leiðir að því marki en við erum þó alla vega sammála um eina ákaflega notadrjúga leið til að setja meira fjármagn til þess að kynna landið. Ég er svo sammála hv. þm. um að nú er sérstakt lag á að kynna Ísland erlendis.

[19:03]

Jónas Hallgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að hafa þá ánægju að tilkynna hér og nú að til stendur að það verði beint flug til Egilsstaða í sumar frá Þýskalandi. Það mun breyta stöðu Austfirðinga mikið. En hvers vegna verður þetta beina flug til Egilsstaða í sumar? Það er vegna þess að við eigum atvinnuþróunarfélag, Þróunarstofu Austurlands, fyrir austan sem, m.a. fyrir tilstuðlan Byggðastofnunar, hefur gert okkur ýmislegt kleift. Mér er kunnugt um að Þróunarstofan hefur stutt mjög að því að hjálpa til við að koma á þessu beina flugi.

Við erum afskaplega hamingjusöm fyrir austan að vita af því að þetta sé að nálgast. Við treystum því að það sé staðreynd þó að það sé ekki víst nema að 99% því að allt er í heiminum hverfult í dag.

[19:04]

Útbýting þingskjals:

Skráning S-merktra lyfja, 198. mál, fsp. ÞBack, þskj. 209.

[19:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að ráðgert var að þessi fundur stæði eigi lengur en til klukkan sjö. Nú er klukkan orðin sjö og eru þrír hv. þm. á mælendaskrá í 9. dagskrármáli. Forseti mun freista þess að ljúka umræðu um málið þannig að það megi fara til nefndar og er því ekki gert ráð fyrir að mikið fleiri bætast á mælendaskrá í þessu máli.

[19:05]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er ákaflega þörf og umræðan um ferðaþjónustuna í landinu yfir höfuð. Það sem stendur hins vegar upp úr er að mínu mati, eins og komið hefur fram hjá fleiri hv. þm., að vandamálið er fyrst og fremst peningaleysi. Ég kannast við það frá því að hafa unnið að ferðamálum fyrir mitt sveitarfélag norður á Akureyri þar sem ég var stjórnarformaður Ferðamálaskrifstofu Eyjafjarðar í fjögur ár og þekki þennan málaflokk vel.

Það eru þessir lykilaðilar, Ferðamálaráð, Byggðastofnun og Samtök ferðaþjónustunnar sem þurfa aukinn stuðning. Ég held að við gætum margt lært af Dönum. Hér er uppi sama vandamálið og Danir stóðu frammi fyrir á 8. áratugnum. Þá gerðu þeir sér grein fyrir því að þeir hefðu bara auglýst Kaupmannahöfn og að allir héldu að Danmörk væri Kaupmannahöfn og ekkert annað. Þeir hrintu af stað markvissu átaki um að kynna alla Danmörku og það gafst ákaflega vel. Það þarf svo sem ekki að tíunda frekar vandamál landsbyggðarinnar. Hlutirnir hafa náttúrlega bara æxlast svona. Við erum með Flugleiðir, þetta stóra fyrirtæki okkar. Það auglýsir sjálft þetta svæði á suðvesturhorninu og Gullfoss og Geysis hringinn. Við höfum notað peninga til kynningar, meira að segja í gegnum Flugleiðir. Þar er starfsfólk okkar og því er greitt með opinberu fé. Það hefur verið sett inn á Flugleiðaskrifstofurnar. Við erum öll mannleg og það gerist bara þannig að þetta svæði fær miklu meiri athygli.

Við höfum líka staðið frammi fyrir því undanfarin ár að ferðaskrifstofurnar, sem að langmestu leyti eru staðsettar hér, selja fremur þetta svæði. Þar af leiðandi gerist nákvæmlega það sama og Danir stóðu frammi fyrir á sínum tíma, að landsbyggðin, með alla þá möguleika sem þar eru, verður afgangsstærð. Út á landsbyggðina er fólkinu ekki beint fyrr en orðið er fullt hér. Þetta er bara lögmál sem við verðum að gera okkur grein fyrir og hver er þá lausnin? Ég held að menn séu um allt land að vinna mjög gott starf og hafi alls konar góðar hugmyndir um afþreyingu. Ég tel hins vegar að lausnin felist í því að það þarf, til mótvægis við þessa stöðu, meiri fjármuni til landshlutabundinna miðstöðva ferðamála til að standa jafnfætis þessu svæði í kynningu.

Það gefur augaleið að á þá staði sem ekki eru kynntir, sem menn hafa ekki barið augum, þ.e. markaðsaðilarnir og ferðaskrifstofurnar, kemur ekki fólk. Við þekkjum þetta. Við fyrir norðan eyddum háum fjárhæðum t.d. í að fá fleiri skemmtiferðaskip norður. Bara með því að nota peninga í það mál, kynna stöðu okkar og landsvæði á markaðstorgi skemmtiferðaskipanna í Flórída þá var eins og við manninn mælt. Ferðamönnum fjölgaði um fleiri þúsund á örfáum árum. En þetta er gríðarlega dýrt og þessa peninga hefur ferðaþjónustan úti á landi ekki haft.

Ég fagna þessari umræðu. Hún er mjög þörf en í mínum huga þarf númer eitt, tvö og þrjú, aukið fjármagn í markaðssetninguna úti á landsbyggðinni. Við höfum mjög duglegt fólk sem vinnur í þessum málaflokki alls staðar. Við höfum nóg af góðum hugmyndum. Þetta er fyrst og fremst spurning um fjármagn. Ef við leggjum það ekki til þá erum við að vinna okkur stórtjón til lengri tíma litið. Það er óheppilegt. Danir komust að þeirri niðurstöðu. Það er óheppilegt að minnka landið svo að það verði bara kraginn í kringum höfuðborgarsvæðið, Reykjanesið, og vart fari spurnir af öðru en því sem er á því þrönga svæði. Þetta hafa allir reynt vegna þess að þær reynast best auglýsingarnar sem kynntar eru maður á mann, þ.e. fjölskyldumyndirnar sem veturinn eftir sumarfríið eru sýndar í boðum. Það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir okkur að slík kynning fari sem víðast.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti, en ég hef alltaf verið stuðningsmaður þess að sett verði aukið fjármagn í þessa starfsemi úti á landi. Ég held að landsbyggðin standi mjög höllum fæti miðað við það sem gert er fyrir þennan málaflokk á suðvesturhorninu. Orsakir þessa liggja auðvitað í augum uppi, t.d. sú staðreynd að Flugleiðir hafa starfsemi sína hér o.s.frv. en við höfum líka sett peninga í kynningu hér umfram það sem gert hefur verið annars staðar. Við höfum verið með upplýsingamiðstöð ferðamála hér sem er greidd af opinberu fé. Hins vegar hefur ekki fyrr en á allra síðustu árum, síðustu tveimur árum, verið unnið þannig hvað varðar landsbyggðina. Sveitarfélögin hafa sjálf þurft að standa í þessu. Ég þekki þann barning vel. Slíkt hefur kostaðærið fé fyrir minni sveitarfélögin og stór kaupstaður eins og Akureyri kveinkaði sér mjög undan þeim kostnaði og þá geta menn ímyndað sér hvernig það hefur verið annars staðar.

Auknir fjármunir í málaflokkinn er okkar stefna og við munum gefa því allt það afl sem við höfum, að menn opni augun fyrir því að setja meira fé í þetta. Við erum ekki að tala um neinar stórar fúlgur, einhverja tugi milljóna. Þessi atvinnugrein sem núna er orðin sú næststærsta í gjaldeyrisöfluninni á það sannarlega skilið að fá aukið vægi. Ætli þetta sé ekki sú af okkar stærstu atvinnugreinum sem fær minnst frá ríkinu til stuðnings? Ég gæti ímyndað mér það.

Virðulegi forseti. Þetta er gott mál. Við munum styðja það og eflast öll. Ég heyri að stjórnarliðar í Framsfl. eru inni á því líka en við sjáum hvað setur.

[19:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að leggja orð í belg þar sem ég er einn af meðflutningsmönnum þessarar þáltill. sem ég tel tímabæra. Það er orðið tímabært að við leggjum áherslu á að lengja ferðamannatímann. Það hafa aðrar þjóðir sem hafa miklar tekjur af ferðamennsku gert. Þær eru að lengja ferðamannatímann í báða enda og það þyrftum við auðvitað að gera.

Ég veit að atburðirnir 11. september í New York hafa gert það að verkum að áhugi fyrir ferðalögum erlendra ferðamanna, til landa eins og Íslands hefur aukist. Eftirspurnin hefur orðið mun meiri. Menn líta á þetta land sem öruggt, fallegt og hreint og vilja því koma hingað.

Auðvitað kostar þetta peninga en við höfum þó sett talsvert í að markaðssetja Ísland sem ferðamannaland og ef við höldum ekki áfram og eflum markaðssetninguna og beinum henni á tímabil þar sem minni ferðamennska er þá erum við auðvitað að kasta á glæ fjármunum sem við höfum þegar sett í atvinnugreinina. Við höfum hér ýmsar fjárfestingar sem ber að nýta meiri hluta ársins. Við höfum margt sem fólk sækist eftir að skoða. Ég nefni sem dæmi að það er eftirsóknarvert fyrir þá sem ferðast að koma og sjá norðurljósin. Það er eitt af því sem menn sækjast eftir. Ég veit að í Indónesíu hafa menn t.d. markaðssett Balí sem stað þar sem maður ætti að sjá sólarlagið. Í starfi mínu sem leiðsögumaður áður fyrr fór ég í þrígang með hópa til að skoða sólarlagið á Balí, sem er dýr ferðamannastaður. Auðvitað getum við gert eins með norðurljósin. Við getum boðið fólki að skoða norðurljósin og markaðssett þau á sama hátt.

Menn fara um grísku eyjarnar til að skoða eldfjöll og eldfjallasvæði og kaupa dýrum dómum hraunmola, t.d. rauðamöl sem við höfum hér í öllum vegum í Grímsnesinu. Fólk er að kaupa þetta í krukkum í grískа Eyjahafinu vegna þess að því finnst þetta svo merkilegt. Það er því ýmislegt hægt að gera til þess að draga að ferðamenn og læra af öðrum þjóðum.

Hér var minnst á að efla þyrfti ferðamennskuna út á land og hún mætti ekki aðeins vera hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er alveg rétt og þá þarf auðvitað eitthvað til að draga ferðamenn að. Gott dæmi um slíkt sem er hvalasafnið á Húsavík sem er alveg einstakt safn. Það er gott dæmi um safn sem gæti dregið til sín ferðamenn. Við þekkjum að í Evrópu hafa víða verið upp sértæk söfn, t.d. söfn um kaupmenn og ferðir þeirra um Evrópu. Þangað kemur fjöldi manns, bara vegna þess að þar eru þessi sértæku söfn. Söfn um heilbrigðisþjónustu frá því á miðöldum. Ég skoðaði eitt slíkt safn í sumar í Frakklandi sem var mjög merkilegt. Ýmislegt svona getum við gert.

Mjög góð hugmynd sem nýlega kom fram er að kynna handritin eða konungsbók Eddukvæða sérstaklega. Þó að handritið sé ekki merkilegt útlits og þó að í því séu engar myndir þá er auðvitað hægt að vinna mjög skemmtilegt og áhugavert safn í kringum það handrit. Ég er ekki frá því að hægt sé að fá hingað fjölda ferðamanna og þetta geti orðið okkar Móna Lísa eins og menn hafa bent á.

Fleira er mjög merkilegt á Íslandi, t.d. fornminjar eins og hér í miðborginni í Reykjavík svo sem rústir fyrsta bæjarins sem var byggður hér, fyrsta landnámsbæjarins. Auðvitað verðum við að passa upp á það sérkenni og megum ekki byggja þar yfir heldur verðum við að halda því til haga og sýna það ferðamönnum.

Varðandi söfnin sem ég nefndi áðan þá eru þau ekki aðeins til að draga að erlenda ferðamenn heldur einnig innlenda ferðamenn, utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Það eigum við auðvitað að leggja mikla áherslu á. Það gera aðrar þjóðir. Þær leggja mikla áherslu á að fá landsmenn sjálfa til að ferðast utan hins hefðbundna ferðamannatíma.

Annað held ég að gæti líka orðið til þess að draga að ferðamenn til Íslands. Það er nálægðin við Grænland og möguleikarnir á því að geta farið um heimskautasvæðin til Grænlands héðan, sem ég veit að heillar marga erlenda ferðamenn. Þeir telja það kost að geta farið á svona sérstæðar slóðir, ferðast um Ísland og síðan til Grænlands í sömu ferðinni.

Jarðhiti og jöklar. Þessi fyrirbæri geta menn auðvitað skoðað hvenær sem er ársins og ætti ekki að vera síðra að koma hingað að vetrarlagi til að upplifa þá náttúru. Svona mætti auðvitað lengi telja.

Eitt langar mig svo að nefna áður en ég lýk máli mínu. Ég held að það sé vel til fundið að efla menningartengda ferðaþjónustu eins og verið hefur til umræðu undanfarið. Þá ætti jafnframt að byggja á frumkvæði fólksins á hverjum stað, ekki að menn ákveði þetta miðstýrt t.d. frá Reykjavík eða ákveðnum stofnunum heldur láta fólkinu á hverjum stað eftir að byggja upp þessa menningartengdu ferðaþjónustu. Það hefur gefið góða raun í öðrum löndum og ég held að við getum litið til reynslunnar þar í þessum efnum.

Herra forseti. Ég ætla að vona að þessi þáltill. nái fram að ganga og að nefnd verði sett í að vinna að því að lengja ferðaþjónustutímann á Íslandi.

[19:19]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem tekið hafa þátt í þessum umræðum og sérstaklega hinar jákvæðu móttökur sem þessi þáltill. hefur fengið.

Það hefur verið rætt eilítið um það í þessari umræðu að landsbyggðin hafi orðið hornreka í ferðaþjónustunni undanfarin ár. Það er alveg rétt, enda segir í þessari þáltill.:

„Sérstaklega skal tekið tillit til landsbyggðarinnar í þessu máli þar sem ferðaþjónusta er mun minni yfir vetrartímann en hún gæti orðið, miðað við þá aðstöðu og möguleika sem fyrir hendi eru.“

Á þetta er lögð áhersla í þáltill.

Ég vil segja, herra forseti, að mín tilfinning fyrir ferðamálum á Íslandi er sú að það gætu orðið vatnaskil í henni. Það sem verður gert á næstu missirum í ferðaþjónustu getur haft mikil áhrif á það hvernig henni muni reiða af á næstu árum, hvort hún muni eflast sem sjálfstæð atvinnugrein eða hvort hún verður áfram hjá mörgum sem hliðargrein með annarri atvinnu.

Það sem verið er að leggja áherslu á með þessu er að ferðaþjónustan verði efld og styrkt með kynningarátaki á Íslandi þannig að hún verði örugg atvinnugrein þar sem eru mörg ársstörf.

Segja má að hótelin á Íslandi hafi ekki fjármagn til að standa í miklum auglýsingum á erlendri grund. Það er mjög dýrt og kostnaðarsamt.

Innanlandsflugið á undir högg að sækja og því fleiri sem ferðamenn eru því betur verður það náttúrlega nýtt og gefur

því meiri tekjur. Síðan vitum við hver staðan er hjá Flugleiðum og ekki bara Flugleiðum heldur flugfélögum um allan heim. Þess vegna getum við ekki ætlast til þess að það fyrirtæki muni standa í miklum fjárfestingum til að markaðssetja landið. Því er nauðsynlegt að hrinda úr vör markvissu átaki til að lengja ferðaþjónustutíma og efla ferðaþjónustuna og snúa vörn í sókn. Ég er sannfærður um það, herra forseti. Ég mæli með því að þessari þáltill. verði vísað til samgn. Ég er sannfærður um að hún muni fá mikla umfjöllun í samgn. einmitt vegna þess ástands sem blasir við okkur núna og þeirra hræringa sem eiga sér stað í ferðaþjónustunni, ekki bara á Íslandi heldur víða annars staðar.

Sagt hefur verið að samfylkingarmenn komi sífellt með tillögur sem geri kröfur um fjáraustur en ekki neitt eigi að koma á móti. Vissulega kemur hér fram tillaga sem gerir ráð fyrir því að lagðir séu fram fjármunir. En ef þessir fjármunir verða lagðir fram munu tekjur koma á móti, mun meiri tekjur en settar verða í þetta. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Þetta er eitt það besta atvinnumál sem hefur verið lagt fram að mínu viti og er hið besta mál.

Herra forseti. Vegna þess að menn hafa farið hér með ljóð langar mig að ljúka máli mínu með nokkrum vísuorðum úr kvæði Huldu, með leyfi forseta:

Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, Drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 6., 8. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 19:25.

16. FUNDUR

þriðjudaginn 30. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 39. mál, þskj. 39. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Átak til að lengja ferðaþjónustutímann, þáltill., 139. mál, þskj. 139. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, þáltill., 133. mál, þskj. 133. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Erfðafjárskattur, frv., 134. mál, þskj. 134. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Milliliðalaust lýðræði, þáltill., 144. mál, þskj. 144. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Persónuafsláttur barna, þáltill., 151. mál, þskj. 151. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Svæðisskipulag fyrir landið allt, þáltill., 157. mál, þskj. 157. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, þáltill., 158. mál, þskj. 159. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
10. Áfangaskýrsla um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
11. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
12. Landsdómur, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
13. Ráðherraábyrgð, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.
14. Kosningar til Alþingis, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
15. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.
16. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
17. Velferðarsamfélagið, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.
18. Félagsleg aðstoð, frv., 23. mál, þskj. 23. — 1. umr.
19. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðni Ágústsson landbrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Tilhögun fundaviku.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég býð þingmenn velkomna til þingfunda á ný að lokinni kjördæmaviku.

Forseti vill geta þess að þing Norðurlandaráðs stendur nú yfir í Kaupmannahöfn, og féll þingfundur niður í gær enda eru allmargir ráðherrar og þingmenn fjarverandi í dag og á morgun af þeim sökum.

Forseti vill enn fremur vekja athygli á að þingfundur verður á föstudag svo sem fram kemur í starfsáætlun þingsins sem gefin var út við upphaf þinghalds í haust.

Varamenn taka þingsæti.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tvö bréf, hið fyrra dags. 26. október sl.:

„Þar sem ég, herra forseti, er á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum tekur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, sæti mitt á Alþingi frá 30. október nk.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Davíð Oddsson."

Síðara bréfið, dags. 30. okt. 2001, hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og þess að 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi tekur í dag sæti á Alþingi, að 2. varaþm. listans, Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Stefanía Óskarsdóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Aflamarksbátar, 209. mál, fsp. SvanJ, þskj. 234.

Afnám kvótasetninga, 210. mál, fsp. SvanJ, þskj. 235.

Atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 229.

Árósasamningurinn, 174. mál, svar utanrrh., þskj. 226.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða ápekkra atvika, 53. mál, þskj. 196.

Erlend fjárfesting, 92. mál, svar viðskrh., þskj. 194.

Ferðaþjónusta á norðausturhorni Íslands, 199. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 213.

Greiðslur fyrir tjón af völdum jarðskjálfta, 87. mál, svar viðskrh., þskj. 217.

Greiðslur til sveitarfélaga vegna jarðskjálfta, 89. mál, svar viðskrh., þskj. 219.

Greiðslur úr ábyrgðarsjóði launa, 68. mál, svar félmrh., þskj. 210.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 74. mál, svar dómsmrh., þskj. 190.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 76. mál, svar fjmrh., þskj. 189.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 77. mál, svar landbrh., þskj. 187.

Kosningar til sveitarstjórna, 202. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 227.

Lögreglan í Reykjavík, 206. mál, fsp. GÁS, þskj. 231.

Nálgunarbann, 90. mál, svar dómsmrh., þskj. 220.

Náttúruvernd, 200. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 214.

Óbein fjárfesting, 93. mál, svar viðskrh., þskj. 195.

Rannsókn óupplýstra mannshvarfa, 182. mál, svar dómsmrh., þskj. 225.

Samningsbundnir gerðardómar, 203. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 228.

Samtenging sjúkraskráa, 99. mál, svar heilbrrh., þskj. 212.

Skattfríðindi í skjóli laga um alþjóðleg viðskiptafélög, 172. mál, svar viðskrh., þskj. 216.

Skipulagsmál á hálendinu, 208. mál, fsp. SvanJ, þskj. 233.

Vernd votlendis, 201. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 215.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skerðing á starfsemi tæknifrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

[13:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að varpa fram spurningu til hæstv. heilbrrh. um starfsemi — eða skerðingu á starfsemi — glasafrjóvgunardeildar Landspítalans – háskólasjúkrahúss.

Við vitum það öll að barnleysi er böl, herra forseti, og sennilega vita það fáir betur en þeir sem hafa reynt það á sjálfum sér um lengri eða skemmri tíma. Á síðustu árum vill hins vegar svo til að til skjalanna hefur komið ný og góð tækni sem gerir okkur kleift, góðu heilli, að hjálpa þeim sem ekki geta eignast börn með þessum hefðbundnu háttum, herra forseti.

Ég hygg að segja megi að í hvert skipti sem það er hægt sé verið að gera lítið kraftaverk. Á síðustu árum hefur okkur tekist með þessum hætti að gera 1.200–1.300 kraftaverk á þessari tilteknu deild. Á hverju einasta ári er verið að gera þar 350 aðgerðir og þriðjungurinn af þeim heppnast.

Það má segja, herra forseti, að þessi deild okkar hér á Íslandi taki langt fram flestum svipuðum deildum erlendis, og það er okkar gæfa sem höfum orðið aðnjótandi þjónustu þessarar deildar að það ágæta fólk sem kalla má burðarstoðir undir starfsemi hennar hefur ekki látið glepjast af gylliboðum erlendra stofnana sem hafa viljað fá þetta góða fólk til sín.

Á síðasta ári var aðgerðum þarna fækkað úr 350 í 305 og það var vegna kringumstæðna sem ég vil ekki segja að séu á valdi hæstv. ráðherra. Nú er enn verið að fækka aðgerðum niður í 292 á ári. Ég get ekki fallist á það, herra forseti. Mér sýnist að það sé vegna mistaka við útreikning á lyfjakostnaði fyrir þetta ár. Það vantar einungis 5 millj. til þess að hægt sé að framkvæma þær aðgerðir sem búið var að lofa. Það var búið að lofa fólki þessum aðgerðum, herra forseti.

Ég veit að það er hart í ári. Í góðri bók segir að guðs miskunn sé það fyrsta sem deyr í hörðu ári en ég veit að hæstv. heilbrrh. vill ekki bera ábyrgð á þessu miskunnarleysi og ég spyr hann því: Mun hann ekki gera sitt til að koma í veg fyrir að slík mistök valdi þessum skaða hjá nokkrum hópi fólks?

[13:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Strax og mér bárust fregnir af því að tæknifrjóvgunardeildinni yrði lokað vegna þess að kostnaður vegna S-merktra lyfja væri kominn fram úr áætlun fórum við yfir verðlagsforsendur í lyfjunum. Niðurstaðan er að þessi lokun er óþörf þeirra vegna og störf munu hefjast á deildinni á allra næstu dögum.

Jafnframt hefur komist til tals að ræða við starfsfólk og lækna á deildinni um starfsumhverfi þeirra, hvort e.t.v. væri heppilegra að gera þjónustusamninga um þessa starfsemi. Við munum fara í þær viðræður en ég get ekki sagt um það á þessu stigi til hvaða niðurstaðna þær leiða. Það er von mín að truflunin leiði ekki til röskunar á starfsemi þessarar mikilvægu deildar. Það er alveg rétt hjá hv. 7. þm. Reykv. að hún hefur skilað alveg gífurlega góðum árangri þannig að okkur er annt um að starfsemin haldi áfram og sem betur fer verður það á næstu dögum.

[13:41]

Ásta Möller:

Herra forseti. Málefni tæknifrjóvgunardeildar eru í brennidepli þessa dagana. Ég tek undir að deildin sýnir mjög góðan árangur. Um það bil helmingur þeirra meðferða sem hafnar eru heppnast hér, til samanburðar við fjórðung annars staðar í Evrópu. Ég vil benda á að þessi starfsemi krefst ekki sjúkrahússinnlagnar og því fagna ég sérstaklega að hæstv. heilbrrh. hefur tekið fram að möguleikar séu á að gera þjónustusamninga við þá fagaðila sem sinna þessari þjónustu.

Aðeins hluti þeirra sem fá þessa þjónustu fá niðurgreiðslu á henni. Það er einungis í fyrstu til fjórðu meðferð, við fyrsta barn, sem fólk fær niðurgreiðslu á þessari þjónustu. Eftir það greiðir það meðferðina nánast að fullu. Fólk greiðir 80% við annað barn en ríkið 20%. Við þriðja barn greiðir ríkið ekki neitt. Það er mjög brýnt að nota þær umræður sem hafa skapast núna til þess að taka ákvörðun um hvort þessi nauðsynlega þjónusta, sem er ekki bráðaþjónusta, eigi heima á sjúkrahúsum. Þetta má útfæra á ýmsan máta, m.a. með því að gera samkomulag við fagaðila sem sjá um þjónustuna í dag — leigja þeim starfsemina eða selja, a.m.k. er mjög mikilvægt að þessi starfsemi sé til staðar og fái að þróast eðlilega.

[13:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna orðum hæstv. heilbrrh. þar sem hann lýsti því yfir að starfseminni á glasafrjóvgunardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss yrði haldið áfram. Vegna hugsanlegra áforma um að gera þjónustusamning vil ég ítreka að þótt aðgerðir sem þessar verði gerðar úti í bæ má það aldrei verða til þess að mismuna fólki eftir efnahag, þ.e. miða aðgang að þjónustunni við efnahag.

Það er alveg rétt að fólk greiðir stóran hluta af þessari þjónustu sjálft inni á spítalanum en ég minni á að á Landspítalanum er til orðin mjög dýrmæt reynsla og ótrúlega góður árangur, mun betri en annars staðar, 45% árangur á móti 26% árangri annars staðar í Evrópu. Slík þjónusta og slíkar aðgerðir þurfa auðvitað að vera til staðar og gerðar á háskólasjúkrahúsi þannig að háskólasjúkrahúsið standi undir nafni. Þar verður að vera fjölbreytt þjónusta.

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa gripið fljótt til aðgerða því að það er ófært að fólk sem hefur beðið eftir þjónustu þurfi að líða fyrir það og bíða vegna þess að það vantar 5 millj. kr. upp á lyfjakostnaðinn.

[13:45]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég lét segja mér þrim sinnum án þess að trúa að það væri ætlan yfirvalda að stefna þessu viðkvæma lífshagsmunamáli í ófæru vegna 5 milljóna króna. Nú hefur á nýtt ráð verið brugðið sem betur fer og ég vil þakka heilbrrh. fyrir það framtak.

[13:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég sagði áðan að í hörðu ári væri miskunn guðs það fyrsta sem léti lífið. En við höfum séð að miskunnarleysið býr ekki í brjósti hæstv. heilbrrh. eins og þingheimur vissi raunar fyrir. Og ég kann hæstv. ráðherra bestu þakkir fyrir snöfurmannleg viðbrögð. Hann hefur gripið með röskum hætti inn í gang mála.

Þegar ég grennslaðist fyrir í morgun hjá þar til bærum stjórnvöldum á Landspítalanum og í ráðuneyti um stöðu málsins var það í uppnámi. Þá var ekki búið að tryggja þetta fjármagn. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að eftir að hann fór í málið og skoðaði það sé búið að ganga frá því að þær milljónir sem þarf til þess að tryggja starfsemina til áramóta verði útvegaðar. Þetta skiptir ákaflega miklu máli. Þjóðfélaginu ber skylda til þess að hjálpa fólki til þess að öðlast þá hamingju sem felst í því að eignast börn, og það hefur þetta samfélag gert svikalaust. Í þessu tilviki er um að ræða fólk sem hafði fengið loforð um að það gæti gengið til þessara aðgerða á tilteknum tíma. Það hafði gert sínar ráðstafanir og það hafði líka búið sig undir það með öðrum hætti og það skiptir máli að staðið sé við það sem sagt er.

Herra forseti. Ég ætla ekki að nota þetta tækifæri til þess að fara síðan út í umræður sem hv. þm. Ásta Möller gaf í raun tilefni til og hefur gert með skrifum sínum. Ég er þeirrar skoðunar — og hef áður fært rök fyrir því — að þetta sé hluti af þeirri grundvallarþjónustu sem samfélagið á að veita, og það verður að vera algjörlega tryggt að þeim sem þurfa hennar við verði aldrei mismunað vegna fjárhagslegrar stöðu sinnar. En ég óttast að þær hugmyndir sem eru á kreiki í umræðunni núna gætu leitt til þess.

En ég ítreka aftur þakkir mínar til hæstv. ráðherra vegna niðurstöðunnar í þessu máli.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka góð orð í minn garð. Hins vegar var eitt atriði sem ég hef kannski ekki verið nógu skýrmæltur um áðan. Viðræður um þjónustusamning miða að því að tæknifrjóvgunardeildin verði áfram í sínu umhverfi á spítalanum og njóti stoðdeilda hans. Það eru möguleikar til þess að gera þjónustusamning þó að þessi starfsemi verði þarna inni áfram og viðræðurnar munu miða að því. Við annað tækifæri er síðan hægt að taka upp umræður um þjónustusamninga almennt þótt ég ætli ekki að gera það á þessu stigi. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram við þessa umræðu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ráðstefna um loftslagsbreytingar.

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er að hefjast fundur aðildarríkja að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Marrakesh í Marokkó.

Fyrir nokkru síðan lýsti þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þeirri skoðun sinni að Alþingi bæri að senda fulltrúa á vettvang enda er um að ræða eitt brýnasta umhverfismál okkar tíma. Umhvrn. virtist sömu skoðunar því formlega var spurst fyrir um fyrirætlanir Alþingis í þessu efni, af hálfu ráðuneytisins. Forseti Alþingis svaraði í nafni forsn. að ekki stæði til að Alþingi sendi fulltrúa á ráðstefnuna.

Þess skal getið að Árni Steinar Jóhannsson, varaforseti þingsins, bókaði mótmæli gegn þessari ákvörðun. Þegar neikvæð afstaða stjórnar Alþingis lá fyrir var sú ákvörðun tekin í þingflokki okkar að þess yrði engu að síður freistað að senda fulltrúa þingflokksins til Marrakesh á kostnað þingflokksins sjálfs en að því tilskildu að sá fulltrúi nyti réttinda sem þingmaður hliðstætt því sem gerist almennt um þingmenn á slíkum ráðstefnum. Þingflokkurinn sneri sér þá til forseta Alþingis til að fá staðfestingu á því að fulltrúi þingflokksins gæti farið í nafni Alþingis en þinginu að kostnaðarlausu. Einnig þessu var hafnað.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmælir harðlega þessum vinnubrögðum og hvetur jafnframt til þess að Alþingi endurskoði afstöðu sína til þátttöku í alþjóðasamstarfi.

Fimm fulltrúar fara til Marrakesh frá Íslandi. Það er ekki nema sjálfsagt að ráðherrar og embættismenn sem hafa það verkefni að fylgjast með þessu brýna hagsmunamáli sæki þennan mikilvæga fund. Hitt er fráleitt að fulltrúum þjóðþinganna sem setja lögin sé haldið fyrir utan hann.

[13:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að hinn 24. september fékk ég bréf frá ráðuneytisstjóra umhvrn. sem lýkur með þessum hætti:

„Með bréfi þessu vill ráðuneytið gefa Alþingi kost á því að senda fulltrúa á aðildarríkjaþingið. Viðkomandi þingmenn fengju aðild að íslensku sendinefndinni en allur kostnaður við hugsanlega þátttöku félli á Alþingi. Þar sem tilkynna þarf skrifstofu loftslagssamningsins um samsetningu sendinefndarinnar með góðum fyrirvara óskar ráðuneytið eftir svari eigi síðar en 5. október nk.“

Ég lét ráðuneytið að sjálfsögðu vita að ef Alþingi vill taka þátt í alþjóðlegu samstarfi þarf það ekki á aðstoð ráðuneyta að halda við að senda þangað þingmenn eða sendinefndir heldur tekur slíkar ákvarðanir sjálft. Ég skil satt að segja ekki — ég get sett það innan sviga — hvernig ráðuneytisstjóra dettur í hug að senda mér bréf með þvílíku efni.

Ég ritaði formanni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ögmundi Jónassyni, bréf hinn 19. okt. 2001, svohljóðandi:

„Hinn 24. september barst Alþingi bréf frá umhverfisráðuneyti þar sem Alþingi var gefinn kostur á að fá aðild að sendinefnd Íslands á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Marrakesh í Marokkó 29. október nk. Forsætisnefnd samþykkti á fundi sínum 8. október að hafna þessu boði enda hefur umhverfisnefnd ekki tekið málið upp við forsætisnefnd. Árni Steinar Jóhannsson óskaði bókunar á fundi forsætisnefndar þess efnis að hann teldi að leita hefði átt allra leiða til að senda þingmannasendinefnd á ráðstefnuna. Af þessum sökum er ekki hægt að verða við þeirri beiðni að einstakir þingmenn sitji ráðstefnuna sem fulltrúar Alþingis."

Og það er afstaða mín að ef þingnefndir óska eftir því að senda fulltrúa á ráðstefnur erlendis taki þær það upp við forsn. Þá kemur að því að ákveða með hvaða hætti slíkar sendinefndir eru skipaðar en einstakir þingmenn geta ekki útnefnt sjálfa sig sem sérstaka fulltrúa Alþingis á einstökum ráðstefnum úti um heim jafnvel þó að þeir borgi sjálfir undir sig.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Aðalatriði þessa máls er ekki afstaða umhvrn. eða hæstv. umhvrh. Sú afstaða var fullkomlega eðlileg. Óeðlileg var hins vegar afstaða og vinnubrögð stjórnar Alþingis.

Loftslagsmál eru eitt stærsta umhverfismál samtímans og alþjóðasamfélagið leitar allra leiða til að bregðast við. Eftir umhverfisráðstefnuna í Buenos Aires árið 1998 var um það rætt í umhvn. Alþingis að eðlilegt væri að þingið legði meiri rækt við að fylgjast með þróun mála á þessu sviði og sendi fulltrúa Alþingis á vettvang. Slíkt væri í samræmi við vinnubrögð annarra þjóðþinga og sem dæmi má nefna að á ráðstefnuna í Marrakesh sendir finnska þingið þrjá þingmenn og Norðmenn senda fimm þingmenn á kostnað Stórþingsins. Frá Íslandi fer umhvrh. og sveit embættismanna en enginn fulltrúi Alþingis.

Minna má á að væntanlega kemur til kasta Alþingis innan tíðar að staðfesta Kyoto-bókunina og taka í framhaldi af því margar ákvarðanir sem lúta að loftslagsmálum. Íslensk stjórnvöld virðast hafa skilning á mikilvægi málsins enda fara fimm fulltrúar þriggja ráðuneyta til fundarins í Marrakesh auk umhvrh. Íslenskum þingmönnum er hins vegar meinað að sækja ráðstefnuna í nafni þingsins.

Þessu er harðlega mótmælt en jafnframt hvatt til þess að þingið endurskoði afstöðu sína til þátttöku þingmanna í mikilvægri stefnumótun á alþjóðavettvangi.

[13:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi.

Auðvitað er það svo að hið háa Alþingi forgangsraðar ferðum sínum og alþjóðasamskiptum en í því ljósi er nokkuð einkennilegt að ráðstefnan um loftslagsbreytingar skuli ekki vera ofarlega á þeim forgangslista miðað við mikilvægi málefnisins, herra forseti. Það má vel vera að í umhvn. hafi það eitthvað skolast til að fylgja því eftir að fulltrúar yrðu sendir til Marrakesh. Það var rætt eftir Kyoto-ráðstefnuna og eftir ráðstefnuna í Haag í fyrra en það hafa orðið formannsskipti í þeirri nefnd og menn hafa kannski ekki fylgt hlutunum eftir þess vegna. En sú sem hér stendur tók þátt í ráðstefnunni í Haag í fyrra og hafði af því mikið gagn, herra forseti, en það var auðvitað gert eftir óbeinum leiðum. Og þeir þingmenn sem þar voru frá hinu háa Alþingi voru fulltrúar í sendinefnd alþjóðaþingmannasamtakanna Globe. Þeir voru ekki fulltrúar Alþingis. Hins vegar sendu frændþjóðir okkar þingmenn, sendinefndir úr umhverfisnefndunum, til þátttöku á ráðstefnunni enda var full ástæða til, herra forseti.

[13:57]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Út af því máli sem hér hefur verið til umræðu vil ég bara staðfesta að þetta mál hefur ekki verið rætt sérstaklega í umhvn. nú á haustþingi eftir að ég tók sæti í henni, og get ég þar með staðfest orð hæstv. forseta. Hitt er annað mál að auðvitað er hér um að ræða mjög stórt og viðamikið mál á alþjóðavísu sem snertir okkur að sjálfsögðu mjög eins og aðrar þjóðir, og full ástæða væri til þess að umhvn. tæki það upp og ræddi hvort nefndin mundi sækja eftir því að fulltrúi hennar fengi sæti í sendinefnd Íslands á þeim fundum sem um þetta mál fjalla. Mér fyndist eðlilegur máti að slíkt kæmi í gegnum umhvn. þingsins.

Ég vildi bara koma hér og staðfesta að þetta mál hefur ekki verið rætt sérstaklega í nefndinni á þessu haustþingi.

[13:58]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni af þessum umræðum vil ég ítreka það sem ég áður sagði að það eru einstakar nefndir þingsins sem eiga að taka afstöðu til þess hvort þær telji ástæðu til að óska eftir fjárveitingum til þess að taka þátt í ráðstefnum erlendis eða öðru alþjóðlegu samstarfi. Beiðni um slíkt á ekki að berast frá framkvæmdarvaldinu eða einstökum ráðuneytum. Þetta mál sem hér er um að ræða barst til forsn. frá umhvrn. og var að sjálfsögðu svarað sem slíku.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 39. mál. — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Frv. vísað til 2. umr. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BH, EKG, EMS, GE, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JÁ, JónK, JHall, KÓ, KHG, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, SI, SkjS, SÓ, StB, TIO, VE, VÞV, ÞSveinb, ÖS.

nei: KF*, SvH.

5 þm. (ÁSJ, ÁRJ, JB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁMM, BBj, DrH, EOK, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JBjart, KVM, KolH, KLM, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, VS, ÞKG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Átak til að lengja ferðaþjónustutímann, frh. fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 139. mál. — Þskj. 139.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖHJ, 133. mál. — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Erfðafjárskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 134. mál (matsverð fasteigna). — Þskj. 134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Milliliðalaust lýðræði, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 144. mál. — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Persónuafsláttur barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHösk, 151. mál. — Þskj. 151.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, EMS, GE, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, SI, SkjS, SÓ, StB, SvH, TIO, VE, VÞV, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (ÁSJ*) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁMM, BBj, DrH, EKG, EOK, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, VS, ÞKG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Svæðisskipulag fyrir landið allt, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓV, 157. mál. — Þskj. 157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHösk o.fl., 158. mál. — Þskj. 159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Rekstur Ríkisútvarpsins, fyrri umr.

Þáltill. SvH, 7. mál. — Þskj. 7.

[14:03]

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Á þskj. 7 á ég till. til þál. um rekstur Ríkisútvarpsins. Þessi tillaga er endurflutt. Hún var lögð fram á síðasta þingi en komst ekki til umræðu þá. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar."

Þetta er að vísu svo viðamikið og viðurhlutamikið mál að sjálfsagt yrði ekkert fundið að því þótt væntanleg nefnd mundi taka til þess eins og eitt ár. Í greinargerð með tillögunni segir svo:

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Í samræmi við það miðar tillagan að því að Alþingi kjósi nefnd sem semji frumvarp til nýrra laga um Ríkisútvarpið. Nefndinni ber að semja frumvarpið innan þess stefnuramma sem hér fer á eftir í 12 liðum:

a. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.

b. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.

c. Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.

d. Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan rammaáætlunar eða þjónustusamnings

til þriggja til fimm ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.

e. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu og verði lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu.

f. Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.

g. Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.

h. Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.

i. Ný skipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú, þar sem flokkapólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.

j. Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar akademía, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu, úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og síðast en ekki síst starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.

k. Ráðning útvarpsstjóra væri í höndum þessa útvarpsráðs. Stofnunin sjálf, þ.e. starfsfólk, og útvarpsráð veldi í sameiningu útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði óskorað umboð til skipulagningar stofnunarinnar og til mannaráðninga og annars forræðis á rekstri, samhliða fullri ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Útvarpsráð hefði skilyrðislaust umboð til að setja útvarpsstjórann af ef því er ítrekað misboðið í því hvernig stofnunin hunsar þær ábendingar um dagskrárstefnu og rekstur sem ráðið setur fram.

l. Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði farvegur fyrir allar skoðanir.

Þetta eru þau 12 atriði sem væntanlegri nefnd eru sett fyrir til þess að fara eftir við samningu frv. um rekstur Ríkisútvarpsins sem hér er lögð til. Sem betur fer er margt í þjóðmálunum sem hið háa Alþingi getur verið sammála um enda þótt það sé mikill siður að stjórnarandstaðan seilist langt til að bera ýmis mál stjórnarliðsins út á hræsibrekkur og seilist kannski á stundum um hurð til lokunar þegar mikið þykir við liggja.

Í sama máta þykir stjórnarliðinu lengstum sem tillögur stjórnarandstöðunnar séu næsta óþarfar og í flestu falli réttdræpar. Ríkisútvarpið og rekstur þess til frambúðar er mál sem mjög mikilvægt er að sem víðtækust samstaða náist um.

Flutningsmaður hefur á þingskjali þessu sankað saman í 12 liðum því helsta sem hann hyggur að eigi að vera vegvísir í því máli. Honum dettur ekki í hug að þar sé að finna tæmandi hugmyndir, enda sjá betur augu en auga. Hann bindur t.d. miklar vonir við að ný vænleg viðhorf fáist fram í málinu þegar því verður vísað til þeirra í þjóðfélaginu sem það á einkum erindi við, en þeir eru fjölmargir, háskólarnir, vísindastofnanir, samtök rithöfunda og listamanna, Íslensk málnefnd, sveitarstjórnir og samtök launþega auk þess sem ég nefndi Félag starfsmanna Ríkisútvarpsins. Miklu fleiri mætti nefna, en menntmn. sem væntanlega fær tillöguna til meðferðar er treyst til að sjá vel fyrir öflun álita og upplýsinga.

Þótt tæknivæðingu fleygi fram er óumdeilt að útvarp og sjónvarp, tvær greinar á sama meiði, séu öflugustu miðlar sem fram til þessa hafa komið fram á sjónarsviðið. Þess vegna er auðsætt að þeim verði beitt af kostgæfni til eflingar undirstöðuþátta í þjóðfélaginu. Tökum sem dæmi stöðu íslenskunnar, þessarar frumforsendu þess að við getum talist menningarþjóð. Hún er raunar undirstaða tilveruréttar okkar. Ýmsir tala digurbarkalega um að henni sé engin hætta búin, hún hafi lifað af danska áþján um margra alda skeið og komi frá þeim hremmingum fegurri en nokkru sinni. Menn gleyma að taka með í reikninginn að þjóðin átti alltaf bækur á íslensku að lesa og sönglistin íslenska lifði í hverju koti. Þó er talið að ekki hefði mátt muna meiru en því að við eignuðumst Guðbrandsbiblíu á móðurmálinu. Talið er að Norðmenn hafi glatað tungu sinni aðallega fyrir það að guðsorð, talað og ritað, var á dönsku um aldaskeið.

Að dómi þess sem hér talar leikur enginn minnsti vafi á að innrás enska sjóræningjamálsins á Íslandi mun á skemmri tíma en menn órar fyrir skaðskemma móðurmál okkar ef ekki er spyrnt við báðum fótum strax og undir eins og nýjum og stórefldum baráttuaðferðum beitt.

Á degi bókarinnar á liðnu ári segir Matthías Johannessen skáld og fyrrum ritstjóri í ávarpi svo, með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að á næstu árum verði skorið úr um það hvort íslenskan lifir eða deyr sem skiljanlegt framhald arfleifðarinnar. Enginn mun vernda arf okkar og tungu, nema við sjálf. Hvorki fjarlægð né einangrun, úr því sem komið er. Hver tegundin af annarri deyr út í náttúrunni. Og í mannlífinu hafa tungurnar dáið út, hver af annarri. Ekki íslenzkan.

Ekki enn! Baráttan um tunguna fjallar ekki einungis um framtíð hennar, heldur alla arfleifðina. Forsendur þess að við erum þjóð, en ekki óþjóð. Í þessari baráttu er hollt að hafa í huga svofellda lýsingu í Prests sögu Guðmundar góða: „... þá þótti honum hart um höggva, því að þar var yndi hans sem bækurnar voru ...“ Í sjávarháskanum miðjum saknaði Ingimundur, fóstri Guðmundar biskups, bókakistu sinnar og var hún fyrir borð drepin, eins og segir í sögunni. Ingimundur endurheimti hana óbrotna, þegar hana rak á land nokkru síðar. En það er alls óvíst að við heimtum okkar bókakistu aftur, ef við glutrum henni fyrir borð. Og hvað þá?“

Af því sem útvarp og sjónvarp eru án tvímæla sterkustu miðlarnir, hljótum við þá ekki þess vegna þegar í stað að taka þá í þjónustu almennings sem sterkasta vopnið í baráttu okkar fyrir menningu okkar og raunar tilverurétti þar sem tungan er? Allt bjartsýnistal um að tungan lifi af hvað sem á dynur er óráðstal að engu hafandi. Ef hið háa Alþingi getur orðið tillögumanni sammála í þessu höfuðatriði eru því allir vegir færir að ná allsherjarsamkomulagi um skipan mála.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hv. þm. á að samkvæmt 58. gr. þingskapa má eigi nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál.)

[14:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er sammála megininntaki þeirrar þáltill. sem hér hefur verið talað fyrir og gengur út á að Alþingi álykti að kosin verði nefnd sem skipuð verði fulltrúum allra þingflokka til að semja frv. um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Gert er ráð fyrir því að þessi nefnd ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar. Þessari nefnd er síðan sniðinn ákveðinn rammi, mótaður ákveðinn stefnurammi í nokkrum liðum, og ég tek undir með starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins þegar þau lýsa stuðningi við megininntak þáltill. sem gengur út á það að styrkja Ríkisútvarpið og kalla að fulltrúa úr mismunandi pólitískum áttum til að ráða ráðum sínum um framtíð þess. Einnig eru mörg atriði í stefnurammanum sem nefndin á að starfa samkvæmt sem ég er sammála. Þar er þó sitthvað sem ég vil gera athugasemdir við. Í d-lið segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan rammaáætlunar eða þjónustusamnings til þriggja til fimm ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum."

Ég hef ákveðnar efasemdir um að það sé raunsætt að svipta Ríkisútvarpið auglýsingatekjum sínum. Þær eru snar þáttur í fjármögnun Ríkisútvarpsins. Hitt finnst mér einnig skipta mjög miklu máli að svo sé búið um hnúta varðandi fjármögnun Ríkisútvarpsins að það sé eins óháð framkvæmdarvaldinu og kostur er. Sú leið sem við höfum farið, og er hin sama og Norðurlandaþjóðirnar, BBC og fleiri útvarpsstöðvar sem reknar eru á vegum hins opinbera hafa kosið sér, er að afla tekna með afnotagjöldum. Mér finnst vel koma til greina að finna nýjar leiðir þar, að tengja afnotagjöldin fasteign eða eitthvað af því tagi, en ég hef ákveðnar efasemdir um að færa fjármögnunina inn í ríkissjóð á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir og held að Ríkisútvarpið yrði of háð framkvæmdarvaldinu með þeim hætti.

Ég minnist umræðna á Alþingi — fyrr á þessu ári mun það hafa verið — þegar um þetta var rætt í þingsölum. Þá spurði ég ýmsa stjórnarsinna, ýmsa fulltrúa Sjálfstfl. sem tóku þátt í umræðunni, hvort þeir sæju fram á að Ríkisútvarpinu yrðu tryggðar jafnmiklar tekjur ef stofnunin færi inn á fjárlög. Menn treystu sér ekki til að fullyrða að svo yrði og ég hef ákveðnar efasemdir um þetta. Mér finnst að svara þurfi tveimur spurningum: Viljum við hafa ríkisútvarp sem er kostað af hinu opinbera, af almenningi? Ef svarið er játandi, þá er komið að því að svara annarri spurningu: Á hvern hátt ætlum við að fjármagna það? Þá stöndum við frammi fyrir þessum tveimur valkostum; að gera það í gegnum fjárlög eða með afnotagjöldum eða einhverjum áþekkum gjöldum. Ég er hlynntari því.

Hinn liðurinn sem ég vildi gera athugasemd við er j-liðurinn í greinargerðinni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar akademía, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu, úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins." Síðan er vikið að ráðningu útvarpsstjóra í næsta lið.

Nú er þetta náttúrlega gert til þess að höggva á tengslin á milli stjórnmálaflokkanna og stofnunarinnar og í sjálfu sér finnst mér sú hugsun sem hér býr að baki vera mjög virðingarverð. En ég spyr hvort ekki væri hreinast, eftir sem áður, að það væri Alþingi sem tilnefndi fulltrúa. Við vitum að ítök stjórnmálaflokkanna liggja víða. Það er t.d. vikið að landsbyggðinni þarna, að hún skuli fá fulltrúa í útvarpsráði. Hvernig yrði það tryggt? Í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga hugsanlega. Þar gætu orðið fyrir valinu jafnágætir menn og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson eða Alfreð Þorsteinsson. Þeir munu ekki vera með öllu ópólitískir menn. Ég held sem sagt að það væri að mörgu leyti hreinlegra að Alþingi skipaði í útvarpsráð og síðan mætti hugsa sér að krafist yrði aukins meiri hluta, 7 af 9 atkvæðum eða annað þess háttar, svo að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðu í útvarpsráði yrðu sín í milli að semja um ráðningu útvarpsstjóra og um aðrar grundvallarákvarðanir. Þetta mætti hugsa sér.

Ég sagði áðan að í k-lið greinargerðarinnar væri einmitt vikið að ráðningu útvarpsstjóra og þar er lögð áhersla á að starfsmenn komi að málum. Þetta finnst mér vera gott sjónarmið og styð það. Það mætti vissulega hugsa sér að starfsmenn hefðu eitthvað um það að segja þegar útvarpsstjóri yrði ráðinn til stofnunarinnar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en þessi tillaga er lögð fram af góðum hug til Ríkisútvarpsins. Ég tek undir megininntak hennar, að skipuð verði þverpólitísk nefnd til þess að fara yfir stöðu Ríkisútvarpsins og reynt verði að ná sátt um framtíð þess. Ég geri hins vegar athugasemdir við einstaka þætti og hef vikið sérstaklega að tveimur þeirra.

[14:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson taka í megindráttum undir þau sjónarmið sem koma fram í þessari tillögu. Ég er þeirrar skoðunar að öflugt og sjálfstætt þjóðarútvarp verði að vera til staðar og að það sé forsenda þess að hægt sé að halda uppi lýðræðislegri umfjöllun. Eitt af því sem ég tek undir með hv. flm. Sverri Hermannssyni er að í vaxandi mæli sjáum við að Ríkisútvarpið stendur í flokkspólitískum skugga. Við sjáum auðvitað að valdamenn í samfélaginu hafa reynt að beita aðstöðu sinni til þess að ráða þar inn fólk og þeir hafa gert það. Við skulum ekkert vera að skafa utan af því.

Ég er algerlega sammála því sem fram kemur í máli hv. flm. að nauðsynlegt sé að tryggja að þjóðarútvarpið verði raunverulega sjálfstætt og að við búum svo um hnúta, alveg burt séð frá því hverjir eru í valdastólum hverju sinni, að flokkspólitísk áhrif og tengsl verði útilokuð. Það á að útiloka þau frá þjóðarútvarpinu. Og ég tel að sú tillaga sem hv. flm. Sverrir Hermannsson leggur hér til geti orðið mikilvægt skref að þeim áfanga. Það er margt í greinargerðinni hjá hv. þm. sem ég er ákaflega glaður með. Ég er sömu skoðunar og hann með að við þurfum að gera það algjörlega skýrt að Ríkisútvarpið verði ekki gert að hlutafélagi.

Herra forseti. Fyrir einhverjum árum hefði ég e.t.v. talað öðruvísi. Ég var á sínum tíma nokkuð hallur undir það að rekstrarformi Ríkisútvarpsins yrði breytt til þess að gera það

sveigjanlegra í rekstri. Ég sé hins vegar með hvaða hætti menn hafa farið með það form. Ég er algjörlega andvígur því að til greina komi að selja Ríkisútvarpið. Ég er hins vegar sannfærður um að valdamiklir stjórnmálaflokkar, valdamiklir menn innan þeirra, séu þeirrar skoðunar að æskilegt væri að gera það í framtíðinni. Við höfum auðvitað séð hugmyndir um að selja hluta af Ríkisútvarpinu. Við munum þegar stjórnmálaflokkur hélt landsfund fyrir nokkrum árum og ekkert kom út af þeim landsfundi sem þótti pólitískt merkilegt nema að það var ákveðið að efla trúna í landinu og að selja Rás 2.

Herra forseti. Ég tel að ef þessari stofnun yrði breytt í hlutafélag væri það vísbending um vilja ríkisvaldsins til þess að stíga síðar skref í átt að sölu. Ég er því algjörlega andvígur. Niðurstaða mín eftir að hafa hlýtt á mál hv. flm. var sú að tillagan sem hann flytur hér væri ekki síst sett fram af umhyggju hans fyrir íslenskri tungu. Mér sýndist sem í máli hans gætti nokkurrar svartsýni um framvindu málsins, framvindu íslenskrar tungu. Auðvitað hljóta menn að staldra við og hlusta þegar slíkur maður talar, sem hefur verið menntmrh. með miklum ágætum og sem talar tunguna með betri og merkilegri hætti en ákaflega margir aðrir Íslendingar sem nú eru á dögum. Ég tel þess vegna að við þurfum að hlusta á þessi varnaðarorð. Ein af þeim leiðum sem við getum notað til þess að sporna við öfugþróun sem við sjáum einmitt varðandi tunguna er að efla Ríkisútvarpið sem miðil fræðslu. Ég tel að þau rök sem hv. þm. flytur hér fyrir því hlutverki Ríkisútvarpsins séu nokkuð góð. Ég er þó ekki alveg sammála hv. þm. um að útvarpið svari ekki áhuga manna fyrir fræðslu. Ég er þeirrar skoðunar að hljóðvarpið hafi staðið sig ákaflega vel í þeirri grein. Ég tel hins vegar að sjónvarpið, sá meiður stofnunarinnar, hafi mjög látið sinn hlut liggja eftir í þeim efnum.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað farið nokkrum orðum um þá hugmynd sem hv. þm. setur fram varðandi yfirstjórn Ríkisútvarpsins. Að vissu marki er ég henni sammála en þetta er eitt af því sem við þurfum að skoða betur. Við erum sammála um að losa þurfi Ríkisútvarpið undan pólitískri misnotkun, hættunni á pólitískri misnotkun, hættunni á pólitísku oki. Hvaða leiðir eigum við að fara til þess? Ég held að við séum sammála um að útvarpsráð eins og það er í dag heyri fortíðinni til. Það er engum til gagns og alls ekki Ríkisútvarpinu.

Eigum við að styrkja Ríkisútvarpið með því að taka það algjörlega út af auglýsingamarkaði? Hver eru rökin fyrir því? Það má færa þau rök sem hv. flm. tæpti aðeins á í sínu máli að ef Ríkisútvarpið er í miklum mæli háð auglýsingum á samkeppnismarkaði sveiflast hagur þess auðvitað mjög með sveiflum þjóðarbúsins. Það þýðir, eins og við horfum fram á núna, að stofnunin getur horft fram á fjárþurrð sem nemur hundruðum milljóna. Þetta er auðvitað ákaflega óæskilegt varðandi stofnun af þessu tagi. Ég er þess vegna hallur undir þá hugmynd, andstætt hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að það sé einnar messu virði að skoða það rækilega að taka stofnunina algjörlega úr auglýsingasamkeppni við aðra fjölmiðla.

Ég held líka, herra forseti, að eins og málin eru að þróast á fjölmiðlamarkaði í dag gæti það með vissum hætti styrkt aðra kima fjölmiðlamarkaðarins og það er nauðsynlegt til þess að tryggja lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Hún er ekki nógu sterk í dag, m.a. út af því hvernig þróunin er á fjölmiðlamarkaðnum þar sem við sjáum að allt hnígur í átt að vaxandi samþjöppun.

Herra forseti. Hv. þm. leggur til að þingið kjósi nefnd sem hafi innan vébanda sinna fulltrúa allra þingflokka og að þessi nefnd eigi að komast að niðurstöðu og semja frv. um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Ég tel af og frá að svo viðamiklu máli verði lokið á sex mánuðum en mér finnst allt í lagi að gera áhlaup að því og tel að þessi nálgun hv. þm. sé prýðileg.

[14:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi auglýsingamarkaðinn og auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins þá vil ég benda á að auglýsingatekjur eru mjög drjúgur hluti af tekjum Ríkisútvarpsins. Ef við ætlum að taka Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði þá stöndum við frammi fyrir tveimur valkostum: Að hækka afnotagjöld, streymið til Ríkisútvarpsins úr ríkissjóði af skattpeningum, eða að skera niður starfsemina. Þetta eru þeir valkostir sem við stöndum þá frammi fyrir. Ég er því ekki sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hvað þetta snertir þótt eðlilegt sé að skoða þetta mál eins og öll önnur að sjálfsögðu.

Hitt vil ég einnig nefna að þær raddir hafa heyrst úr heimi auglýsingafyrirtækjanna að þau telji þetta ekki góðan kost. Þetta mundi veikja starfsgrundvöll þeirra. Þetta gæti verið til skamms tíma orðið til hagsbóta fyrir ýmsar frjálsar útvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem svo eru nefndar, en til lengri tíma er litið óttast menn að þetta yrði engum til framdráttar, hvorki auglýsingafyrirtækjunum né hinum stöðvunum.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ákaflega sjaldgæft að hv. þm. Ögmundur Jónasson komi hingað og gerist málsvari auglýsingamarkaðarins í landinu.

En hv. þm. urðu á örlítil rökfræðileg glöp. Hann benti á að hætta væri á því, ef Ríkisútvarpið væri tekið út af auglýsingamarkaði, að þá þyrfti að skera niður starfsemi þess. Hv. þm. tilheyrir flokki sem hóf umræðu utan dagskrár einmitt vegna þess að stjórnvöld voru í óðaönn við að skera niður starfsemi Ríkisútvarpsins. Hvers vegna? Vegna þess að það kreppti að á auglýsingamarkaði. Hringekja rakanna er því komin fullan hring í þessu máli.

Menn standa frammi fyrir þrennu varðandi fjármögnun Ríkisútvarpsins. Í fyrsta lagi að hækka nefskattinn, afnotagjöldin. Í öðru lagi að láta það að fullu á fjárlög og í þriðja lagi að halda áfram þeirri blöndu sem við höfum nú.

Ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson nái ekki því markmiði sem hann vill ná með aðferðinni sem hann virðist fylgja, þ.e. óbreyttu ástandi. Hann og flokkur hans hefur sjálfur bent á skafankana sem fylgja því. Með þeim hætti er Ríkisútvarpið mjög háð sveiflum markaðarins, sem geta verið æðikrappar eins og reynsla síðustu missira hefur sýnt. Það leiðir til þess að jafnvel á miðju fjárlagaári getur voldug og burðug stofnun eins og Ríkisútvarpið allt í einu lent í þeirri djúpu kreppu sem hún virðist stödd í núna í fjárhagslegu tilliti. Ég held að minni mitt bresti ekki þegar ég rifja það upp að fjölmiðlar hafa upplýst að hundruð milljóna skorti.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það væri ekki eins og að smella fingri að breyta þessu. Það mundi kosta allmiklar fórnir. Við erum hins vegar að tala um stefnu til framtíðar. Auðvitað tökum við ekki ákvörðunin um þá stefnu hér. Það er eitt af því sem yrði reifað í nefndinni.

[14:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi eru auglýsingar hvorki góðar né slæmar. Auglýsingar geta verið góðar og þær geta verið slæmar. Auglýsingar geta verið okkur mikilvægar til að koma upplýsingum á framfæri um vöru og þjónustu, félagastarfsemi o.s.frv. Ég er því enginn andstæðingur auglýsinga nema síður sé.

Í öðru lagi er það alveg rétt að auglýsingatekjur eru mjög sveiflukenndar. Svo er einnig um tekjur ríkissjóðs, þær eru sveiflukenndar eins og við þekkjum, ekki síst í ljósi þess að ríkissjóður hefur verið að skila góðum afgangi, einmitt í ljósi þenslunnar. Þegar dregur úr henni þá dregur úr tekjum ríkissjóðs og ef við setjum Ríkisútvarpið á fjárlög mun það að sjálfsögðu verða háð þessum sveiflum.

Í þriðja lagi vil ég nefna að fyrir rúmum tíu árum var ég formaður nefndar sem gerði drög að nýju frv. um Ríkisútvarpið. Þessi nefnd kannaði mjög rækilega ýmsa kosti varðandi fjármögnun Ríkisútvarpsins. Við leituðum gagna frá Norðurlöndunum, BBC og víða að úr heiminum. Niðurstaðan varð sú að þrátt fyrir alla annmarka þá væri það svo mikils virði að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins sem allra best að menn voru tregir að hverfa frá afnotagjöldunum.

Mér finnst hins vegar vel koma til álita að finna aðra tekjustofna, að tengja afnotagjöldin t.d. fasteign í stað þess að binda það við viðtækin. En þetta eru mál sem þarf að skoða. Ég fagna því að þessi tillaga skuli komin fram um að kalla menn úr mismunandi pólitískum áttum til að setjast yfir þetta brýna mál.

[14:36]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Umræður um útvarp og sjónvarp hafa á stundum verið fyrirferðarmiklar hér á Alþingi. Ég minnist þess sérstaklega þegar ég var formaður menntmn. neðri deildar og barðist fyrir því að útvarps- og sjónvarpsrekstur yrði gefinn frjáls. Mig minnir að þá hafi svo vikum skipti verið haldnir daglegir fundir í nefndinni og stóðu oft marga tíma því að það þurfti að ræða það nákvæmlega og gera sér grein fyrir þeim afleiðingum og þeirri hættu sem því fylgdi að aðrir en ríkið rækju hér útvarp.

Svo skrýtið sem það er hefur niðurstaðan orðið sú að enginn þeirra sem greiddi atkvæði á móti frjálsum útvarpsrekstri á sínum tíma hefur flutt frv. um það hér á Alþingi að rétt væri að ríkið sæi hér eitt um útvarpsrekstur á nýjan leik. Slíkar raddir heyrast ekki lengur.

Hér hefur hv. 18. þm. Reykv., Sverrir Hermannsson, lagt fram þáltill. sem aðrir vinstri menn sem eiga sæti hér á Alþingi taka undir, þar sem því er algjörlega hafnað að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag. Nú er það svo að það er mjög flókið og seinvirkt fyrir fyrirtæki — þó stofnun sé kölluð — að starfa samkvæmt fjárlögum. Hver einasta fjárfesting sem ráðast þarf í þarf að vera ákveðin innan stofnunarinnar ári áður en fjárlög taka gildi. Við getum tekið sem dæmi að þegar um er að ræða framkvæmdir og ákvarðanir Ríkisútvarpsins á næsta ári þá yrði slík ósk eða beiðni frá stofnuninni að hafa legið fyrir í janúarmánuði á þessu ári og ganga síðan í gegnum menntmrn., fjmrn., Alþingi og þar fram eftir götunum þangað til að síðustu að fallist yrði á slíka fjárfestingu.

Það er auðvitað augljóst að þessi langa þrautaganga veldur því að Ríkisútvarpið er seint í svifum. Það getur ekki gengið, sem verið er að reyna að gera að skóna í þessum texta, að hægt sé að leyfa þessari einu ríkisstofnun, Ríkisútvarpinu, að vera viðbragðsfljótari til ákvarðana sem varða fjármál en aðrar opinberar stofnanir. Vitaskuld verður Ríkisútvarpið að vinna samkvæmt fjárlögum eins og aðrar stofnanir. (**Gripið fram í:** Eins og Alþingi.) Eins og Alþingi. Með þessum hætti er gefið í skyn að hlutirnir séu öðruvísi en þeir eru.

Það eru mörg ár síðan ég lýsti þeirri skoðun minni að ég vildi láta breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, einfaldlega vegna þessa ágalla. Það var líka vegna hins, að ég hafði vonir bundnar við að Ríkisútvarpið gæti, þegar svo væri komið, orðið víðsýnna í ýmsum ákvörðunum sínum varðandi efnisval, bæði í fréttum og eins í afþreyingu eða í menningarlegum efnum. Einnig væri líklegra að Ríkisútvarpið tæki meira tillit til þeirra sem vilja njóta þjónustunnar og skiptir þá ekki máli hvort við erum að tala um landshluta aðra en Reykjavík.

Þannig háttar t.d. um morgundagskrá útvarpsins á Akureyri. Á hana hlustuðu tvo daga í viku, samkvæmt skoðanakönnunum, 50% þeirra íbúa sem búa á svæðinu frá Húsavík til Langaness, og 25% íbúanna alla fimm daga vikunnar. Samt sem áður kaus Ríkisútvarpið að bregðast þannig við erfiðleikum í rekstri að leggja þessa þjónustu niður, þó mér skiljist að nú eigi að taka hana upp á nýjan leik. Þetta sýnir glögglega kæruleysi þeirra sem þar ráða ríkjum gagnvart því fólki sem býr á þessu landsvæði. Ekki kostaði svo mikla fjármuni að halda úti þessari þjónustu. Við sjáum á þessu hvaða tryggingu landsbyggðin hefur fyrir því að tillit sé til hennar tekið í opinberum stofnunum sem er að öllu leyti stjórnað héðan af höfuðborgarsvæðinu. Af þeim sökum má segja að það komi ekki á óvart að þingmenn Reykvíkinga skuli sérstaklega standa að þessu máli.

Ég vil í annan stað benda á að víða um land hafa móttökuskilyrði, bæði útvarps og sjónvarps, verið erfið. Þannig hefur það verið á sömu stöðunum svo árum og áratugum skiptir. Ég reyndi meðan ég var samgrh. að koma á samstarfi milli Landssímans og Ríkisútvarpsins um dreifinguna og tókst ekki þó í það væri sett svokölluð sáttanefnd. Við vitum nú hvernig gengur með sáttanefndirnar.

Ég sé að sáttanefnd verður hér á dagskrá í sambandi við stefnuna í sjávarútvegsmálum síðar í þessari viku en ég skil ekki af hverju formenn stjórnarandstöðuflokkanna flytja ekki þáltill. um sáttanefnd í efnahagsmálum. Það væri ekki ónýtt ef hægt væri að koma öllum stjórnmálaflokkum alls staðar ofan í sama grautarpottinn þannig að enginn munur verði þar á.

En vonandi verður það nú samt svo enn um hríð að stjórnmálaflokkarnir reyni að halda sínum málum fram, hafa sínar skoðanir og gera sér nokkra grein fyrir því hvar raunverulegur vilji þeirra stendur til uppbyggingar þjóðfélagsins og hvernig einstakir þættir eigi að vinna saman. Ég er þeirrar skoðunar, og tel óhjákvæmilegt að það komi fram hér, að það verði að íhuga mjög rækilega hvort ekki sé rétt að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag í eigu ríkisins. Ég tel að það verði að reyna að meta kosti þess og galla. Það liggur fyrir að á síðustu mánuðum hafa þar verið teknar ákvarðanir sem benda til þess að þeir sem búa úti á landi geti ekki treyst á Ríkisútvarpið eins og það er rekið.

[14:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það ekki svo að við höfum ekki rætt kosti og galla hlutafélaga í þessum þingsal. Ég vil spyrja hv. þm. Halldór Blöndal, hæstv. forseta Alþingis, hverja hann telur vera kosti þess að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Væru þeir helstir að losa Ríkisútvarpið undan áhrifum Alþingis þannig að Alþingi hafi ekkert um það að segja hvað gerist þar innan veggja? Er hann að hugsa um að selja hlutabréfin, þá væntanlega á markaði líkt og nú stendur til að gera við Landssímann? Hverja telur hann kosti þess að færa Ríkisútvarpið út á markað á þennan hátt?

[14:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. 13. þm. Reykv., Ögmund Jónasson, á að Ríkisútvarpið vinnur á markaði, eins og komist er að orði, í samkeppni við sjónvarpsfyrirtæki og útvarpsrekstur, bæði hér í Reykjavík og úti á landi. Það liggur ljóst fyrir að sum þessara fyrirtækja eiga mjög örðugt uppdráttar vegna hinnar sérstöku stöðu Ríkisútvarpsins. Í þessu samhengi má kannski íhuga hvort Ríkisútvarpið gæti með öðrum, meira afgerandi og jákvæðari hætti, komið að uppbyggingu útvarps- eða sjónvarpsstarfsemi á minni stöðum úti á landi ef það væri hlutafélag fremur en þegar útvarpið er stofnun.

Ég skildi ekki alveg hvað vakti fyrir hv. þm. þegar hann spurði mig að því hvort áhrifa Alþingis mætti ekki gæta í Ríkisútvarpinu. Nú er það svo að við þessar umræður hefur einmitt komið fram að flokkapólitísk sjónarmið megi ekki heyrast í útvarpsráði og talið sérstaklega til gildis þeim tillögum sem hér eru að þar megi ekki vera flokkapólitísk áhrif. Flokkapólitísk áhrif blandast ekki í þessum sal. Þegar við erum að tala um áhrif Alþingis þá erum við að tala um þau áhrif sem þeir stjórnmálaflokkar hafa á rekstur útvarpsins sem eru hér á hinu háa Alþingi. Og þegar menn vilja gera lítið úr stjórnmálum og lítið úr Alþingi þá grípa þeir oft til þess að tala um flokkapólítísk áhrif. Ég hef ekki verið einn þeirra manna sem hafa reynt að stækka sig á því að taka þannig til orða þannig að ég vík þessari athugasemd hv. þm. til annarra en mín.

[14:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi eitthvað misskilið mig. Ég er fylgjandi því að Ríkisútvarpið sé ríkisútvarp í opinberum rekstri og heyri undir Alþingi og að Alþingi skipi útvarpsráð. Ég gerði grein fyrir því sjónarmiði áðan. Ég var ekki að gera stjórnmálin tortryggileg á þann hátt sem mér virðist hv. þm. hafa skilið orð mín, nema síður sé.

Hins vegar gengur formbreyting í átt til hlutafélags út á það að færa stofnanir undan þessu valdi, undan ríkisvaldinu og undan Alþingi. Út á það gengur það. Þá koma aðrir aðilar að málum og þá eru það væntanlega fulltrúar fjármálalífsins sem kæmu til með að fjárfesta í þessari starfsemi til að hafa af henni arð. Ég á erfitt með að skilja að starfsemi sem ber sig illa og á í vök að verjast verði betur borgið í höndum aðila sem ætla að reyna að hafa eins mikinn arð út úr starfseminni og kostur er. Því auglýsi ég einfaldlega eftir því hverja kosti hv. þm. telur vera við það að gera Ríkisútvarpið að markaðsvöru eins og mér virðist hann vera að leggja til.

[14:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. 13. þm. Reykv. muni það eins og ég að þegar við vorum að ræða um Landssímann á sínum tíma, ljósleiðarann og þá hluti, þá stóð Landssíminn höllum fæti á margan hátt af því að hann var opinber stofnun, þegar kom til úrskurðar Samkeppnisstofnunar. Ég hygg að hv. þm. muni að þetta sé rétt.

Með sama hætti liggur ljóst fyrir að útvarpið eins og staðið er að því nú verður að vera mjög gætið í dagskrárpólitík sinni vegna hinnar miklu sérstöðu sinnar. Ég hygg að við séum sammála um það. (**ÖJ:** Þá er það Samkeppnisstofnunar að takast ...) Ég hef af þessum sökum haft miklar áhyggjur af því hvernig Samkeppnisstofnun getur gripið inn í ýmsa þætti í okkar þjóðlífi. Ég get tekið það sem dæmi þegar ég barðist fyrir því, en Samkeppnisstofnun var þar á öðru máli og greip inn í. Þá hef ég margsinnis vakið athygli á því að Stöð 2 og Ríkisútvarpið hafa í raun fram undir þetta haft einokun á sínu sviði fjölmiðlunar vegna þess að ljósleiðarinn hefur ekki verið tengdur í hús og vegna þess að þær rásir um loftið sem við ráðum yfir hafa verið takmarkaðar. Ég hef verið hræddur við slíka einokun. Þess vegna hafa skoðanir mínar bæði á fjölmiðlun og símaþjónustu, fjarskiptum, mótast mjög af því hvernig hægt sé að standa á móti einokun og hvernig hægt sé að tryggja neytendum sem besta almenna þjónustu, sem ég sé ekki að verði gert öðruvísi en svo í sambandi við útvarpsrekstur en að þessi sterka stofnun hafi frjálsari hendur um rekstur sinn og þjónustu en hún hefur nú.

[14:51]

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Hvernig skyldi á því standa að útvarpsstjóri telur sig tilneyddan að bregða á það ráð að skerða þjónustu útvarpsins? Þeir sem ráða ferðinni í þjóðfélaginu hljóta að geta svarað þessu sjálfir. Það er af því að ekki er á hann hlustað. Það er á það horft aðgerðarlaust að útvarpið er á gjaldþrotaleið. En það sýnir auðvitað viðsýni hv. 1. þm. Norðurl. e. að honum skuli aðeins vera það í huga hvernig þjónustan var skert til norðausturhornsins þar sem íbúarnir flýja umvörpum vegna þeirrar stefnu í sjávarútvegsmálum sem hann er einn aðalhöfundur að.

Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv. fyrir þær góðu undirtektir sem þeir veittu tillögunni. Ég gerði mér aldrei vonir um að ekkert væri athugavert af þeirra hálfu við tillögugerðina. Ég hygg að greinargerðin svari í öllum aðalatriðum þeim athugasemdum sem fram komu en mér tókst ekki að flytja í fyrri ræðutíma mínum, en geri nú, til vonar og vara, með leyfi hæstv. forseta, þó að ég sé að lesa upp eigið hugverk. Þar segir svo, með þessu nauðsynlega leyfi:

„Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og þeim röksemdum beitt að stofnunin þurfi að geta brugðist skjótt við í samkeppni og verið fljót til ákvarðana. Hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins er óþörf til að gefa stofnuninni slíkt svigrúm. Með lögum um stofnunina má gefa henni allt það umboð sem hún kann að þurfa á að halda til að vera jafnviðbragðsfljót til ákvarðana eins og hlutafélag getur verið. Breyting stofnunarinnar í hlutafélag gefur hins vegar til kynna að til greina kæmi að selja það hlutafélag.“ — Og til þess eru raunar refarnir skornir. — „Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni landsmanna og ekki hvað síst fyrir fjölmiðlaveröld landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg.

Núgildandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum er óviðunandi. Afnotagjöld eru að

vísu ekki há með tilliti til þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir, en rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni meðgjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig, en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breyting að koma til. Ekki verður séð að önnur lausn sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.

Gerð er tillaga um að viðskiptaauglýsingar verði felldar út úr dagskrá útvarpsins. Hins vegar er þörf félagasamtaka og opinberra stofnana fyrir að koma á framfæri tilkynningum til almennings of brýn til að þær megi fjarlægja úr útvarpinu.

Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, eru hinir eðlilegu miðlar til að jafna þennan aðstöðumun. Og sumir þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast, en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og ígrundað efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru í dag.

Þjóðarútvarpi þarf að vera stýrt af hæfum fulltrúum fólksins í landinu. Þessi tillaga ber með sér að núgildandi skipan á flokkapólitísku, þingkjörnu útvarpsráði þyki ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þess í stað er gerð tillaga um að safnað verði saman allstóru ráði hinna hæfustu fulltrúa víðs vegar að úr samfélaginu. Vel mætti hugsa sér að slík akademía yrði tilnefnd einungis í fyrsta skipti og endurnýi sig svo sjálf með einhverjum hætti.

Grunnurinn undir réttarbót af því tagi, sem hér er fjallað um, þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagsumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar."

Svo mörg voru þau orð. Ég hygg nú að allmörg atvik liðinna ára og áratuga færi okkur heim sanninn um að heldur ógæfusamlegt kann að vera á stundum að Ríkisútvarpið sé undir stjórn flokkapólitíkusa valinna af hinu háa Alþingi.

[14:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar. Hér við umræðuna voru rifjaðar upp deilur sem risu fyrir fáeinum árum um frjálst útvarp sem svo er nefnt, markaðsútvarp. Ég upplifði þessar deilur á svolítið annan veg, leit á þetta sem deilur og skoðanaskipti um hvernig við gætum tryggt gæðaútvarp á Íslandi, gott, traust og frjótt útvarpsefni.

Nú er það að gerast sem margir hafa óttast. Eftir að fjöldi útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva kemur til sögunnar fara þær að gera kröfur um að þær búi við nákvæmlega sömu markaðsskilyrði og Ríkisútvarpið. Því er alveg rétt sem fram kom í máli hæstv. forseta, Halldórs Blöndals, að þá kemur Samkeppnisstofnun til sögunnar og reynir að þröngva öllum inn í þennan farveg. Það sem gerist er að þessi grunnþjónusta sem í útvarpssamfélagi okkar er Ríkisútvarpið, stendur frammi fyrir miklum hættum þannig að þar þarf að draga saman seglin. Þetta er raunveruleg hætta nú, ekki síst þegar menn eru haldnir þeirri markaðshugsun sem ræður ríkjum í ríkisstjórn Íslands.

Það er mjög brýnt að tillagan sem hér liggur fyrir og er til umræðu komi til umfjöllunar hið allra fyrsta. Þá er ég að vísa í sjálft inntak tillögunnar sem lýtur að því að kalla fulltrúa mismunandi pólitískra flokka, þingflokkanna, að málinu. Sem stendur véla menntmrn. og fjmrn. um framtíð Ríkisútvarpsins og má nefna að í ágústlok skipaði hæstv. menntmrh. þriggja manna nefnd, frá fjmrn., menntmrn. og Ríkisendurskoðun, til að fara yfir fjármál stofnunarinnar. Ég er alls ekki andvígur því að Alþingi hafi afskipti af Ríkisútvarpinu, þvert á móti á Ríkisútvarpið að mínum dómi að heyra undir Alþingi og lúta forsjá þess. Alþingi á hins vegar að fara vel með þetta vald sitt og skipa fulltrúa í útvarpsráð, þess vegna eftir þeim kokkabókum sem er að finna í þáltill. Það finnst mér alveg geta farið saman.

En þegar kemur að því að skipuleggja innviði stofnunarinnar, að ákveða hvernig starfsemin skuli skipulögð þá finnst mér að stofnunin eigi að hafa frelsi til slíks. Þá á hið pólitíska vald að halda sig til baka.

Nýlega mátti heyra að hæstv. menntmrh. vill að Rás 2 verði flutt til Akureyrar, þannig er það orðað. Ég lít svo á að menn séu í þeim tillögum að leggja rás 2 niður undir því yfirskini að það eigi að flytja hana til Akureyrar. Ég hefði kosið að menn kæmu hreint til dyranna í þessu efni og sagt hreint út að það stæði til að leggja Rás 2 niður, tillaga hæstv. ráðherra gengur út á það og ekkert annað þó það sé gert undir öðru yfirskini.

Varðandi skipulag innan Ríkisútvarpsins og skipulagsumræðuna þá má nefna að í maí skilaði hópur starfsmanna Rásar 2 álitsgerð til útvarpsráðs um framtíð vetrardagskrár Rásar 2 þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Hópurinn leggur til að endurskoðuð verði vinna á svæðisstöðvum með það að markmiði að þær verði meira áberandi í landsrásum."

Sama viðhorf kemur fram í álitsgerð forstöðumanna svæðisstöðva Ríkisútvarpsins frá 22. október. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að mati forstöðumanna svæðisstöðva er þungamiðja þessa máls ekki að flytja Rás 2 norður til Akureyrar heldur að auka hlut svæðisstöðvanna í dagskrá rásarinnar."

Til þess að slíkar breytingar verði gerðar þarf Ríkisútvarpið á auknum tekjum að halda. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Stöðugur niðurskurður starfseminnar undanfarin fjögur ár hefur verið niðurdrepandi fyrir starfsandann hjá Ríkisútvarpinu og niðurskurðurinn er farinn að bitna verulega á dagskrá bæði útvarps og sjónvarps. Nýjasta dæmið er bókun útvarpsstjóra á framkvæmdastjórnarfundi Ríkisútvarpsins þar sem gerðar eru tillögur um mikinn samdrátt í dagskrá sjónvarps.

Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins var mörgum ljós þegar Morgunblaðið gerði um miðjan ágúst úttekt á fjárhagsþróun hjá Ríkisútvarpinu undanfarin 10 ár. Í framhaldinu var skipuð sú nefnd sem ég vék að áðan með fulltrúum fjmrn., menntmrn. og Ríkisendurskoðunar, sem á að kanna fjárhag stofnunarinnar. Nefnd þessi hóf ekki störf að neinu marki fyrr en í byrjun þessa mánaðar, í októberbyrjun, en hún á að skila niðurstöðum fyrir miðjan nóvember. Að mínum dómi er ekkert vit í öðru en að bíða eftir þessum niðurstöðum áður en ráðist verður í þær breytingar sem hæstv. menntmrh. hefur rætt um varðandi niðurlagningu á Rás 2.

Framar öllu öðru þarf að koma rekstri Ríkisútvarpsins á réttan kjöl og ég tel að forsenda þess og forsenda þess að það takist að skapa sátt um framtíð Ríkisútvarpsins sé að kalla til

fulltrúa frá öllum stjórnmálaflokkum, öllum þingflokkum, eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Að því marki styð ég hana eindregið.

[15:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu máli, þ.e. að tryggja að áfram verði til ríkisútvarp á Íslandi sem tryggi öllum landsmönnum þjónustu á tveimur rásum og eins sjónvarpsefni.

Menn hafa talið að á Ríkisútvarpið mætti treysta í þeim efnum að það tryggði öllum landsmönnum nokkuð sambærilega stöðu til að nálgast það efni sem flutt er í útvarpi með góðu dreifikerfi þannig að tryggt sé að útsendingar nái til sem flestra landsmanna.

Mig langar að gera að umræðuefni mál sem tengist þessu, þ.e. sparnaðaraðgerðir sem gripið hefur verið til hjá Ríkisútvarpinu að undanförnu. Að þessu sinni ætla ég ekki að ræða sérstaklega um landshlutaútvarpið heldur það að á undanförnum árum hefur verið séð til þess af hálfu Ríkisútvarpsins að fréttatímar þess væru sendir til sjómanna og Íslendinga í öðrum löndum á sérstakri tíðni, stuttbylgju. Þannig hefur það verið í mörg ár. Ég hygg að það hafi verið um 1984 sem útsending á töluðu máli hófst á stuttbylgju. Fram að því höfðu þessar sendingar frá Ríkisútvarpinu farið eftir svokölluðum morsleiðum, meðan loftskeytamenn voru enn þá starfandi á stórum hluta íslenska skipaflotans.

Frá árinu 1984, að ég held, hefur töluðu máli verið útvarpað á stuttbylgjutíði, á um 11.000 og 13.000 kílóríðum ef ég man rétt. Þessar sendingar hafa verið ætlaðar til þess að tryggja sjómönnum á fjarlægum miðum fréttir frá Ríkisútvarpinu, bæði innlendar og erlendar. Einnig berast þær fréttir til flugáhafna sem hafa verið starfandi erlendis og ferðamanna, nánar tiltekið allra þeirra sem á annað borð hafa borið sig eftir viðtækjum sem gætu tekið á móti þessum sendingum.

Lengi var þetta sent á tveimur rásum, eins og ég gat um áður, en í sparnaðarskyni var ákveðið á sl. ári að senda þetta fréttaefni út á aðeins einni rás. Síðan ber svo við, núna 4. september hygg ég að það hafi verið, að Ríkisútvarpið hættir alfarið að senda fréttir á stuttbylgju bæði til Evrópu og Ameríku. Það hefur orðið til þess að m.a. sjómenn á fjarlægum miðum hafa ekki getað hlustað á fréttir Ríkisútvarpsins. Eftir því sem ég kemst næst þá gæti Ríkisútvarpið verið að spara um 100–140 þús. kr. á mánuði með þessum niðurskurði.

Ég verð að segja að það er afar leitt þegar þannig er komið að Ríkisútvarpið sér sér ekki lengur fært að viðhalda þjónustu sem það hefur veitt í áratugi, m.a. útsendingu fréttaefnis á stuttbylgju til annarra landa og sjómanna á hafi úti. Þarna er sparað um of að mínu viti. Hins vegar er verið að skera niður starfsemi Ríkisútvarpsins með því að Ríkisútvarpinu eru ekki tryggðar eðlilegar tekjur. Út á það gengur sú tillaga sem hér er flutt af hv. þm. Sverri Hermannssyni, að tryggja að rekstur Ríkisútvarpsins verði áfram í eigu íslensku þjóðarinnar og tryggja að landsmenn allir, hvort sem þeir eru staddir á hafi úti eða erlendis, geti alla vega náð þessu fréttaefni. Eins er mikilvægt að vítt og breitt um landið geti menn hlustað á rásir útvarpsins.

Það eru náttúrlega öfugmæli þegar hv. þm. Halldór Blöndal heldur því fram að í þessari tillögu felist einhver andstaða gegn svæðisútvörpum úti á landi. Það segir beinlínis hér í b-lið upptalningarinnar, með leyfi forseta:

„Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.“

Þetta er algert öfugmæli eins og ýmislegt annað sem hv. þm. tekst þessa dagana að lesa úr meiningu og tillöguflutningi manna, þegar hann reynir að túlka skoðanir annarra.

Ég tel að Ríkisútvarpið sé verðmæti fyrir íslenska þjóð og það eigi að halda Ríkisútvarpinu áfram í eigu ríkisins og tryggja þar með bæði Rás 1 og Rás 2 og sendingar sjónvarps vítt og breitt um landið og að allir landsmenn sitji þar við sama borð. Til þess þarf að tryggja Ríkisútvarpinu tekjur og hér er lagt til að það verði beinlínis gert á fjárlögum.

[15:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tel þetta hið þarfasta þingmál sem hér er til umræðu. Hér hefur farið fram ágætisumræða um rekstur Ríkisútvarpsins.

Mig langar aðeins, vegna ummæla síðasta ræðumanns um að ekki séu lengur sendar út fréttir á stuttbylgju, að taka undir að þetta hefur verið mjög þörf þjónusta Ríkisútvarpsins, að senda út á stuttbylgju. Ég starfaði lengi vel erlendis mánuðum saman ár hvert og nýtti mér einmitt þessa þjónustu. Ég velti því þó fyrir mér hvort það er í raun sparnaðaraðgerð að hætta þessum sendingum eða hvort ný tækni hefur kannski tekið við. Í seinni tíð hef ég a.m.k. nýtt mér þá þjónustu, sem ég býst við að eigi við um mjög marga aðra, að hlusta á fréttir Ríkisútvarpsins í gegnum internetið eða í gegnum tölvu. Líklega er það viðhorfið hjá forustumönnum Ríkisútvarpsins að önnur tækni hafi þarna tekið við af stuttbylgjusendingunum. Nú segi ég þetta án þess að vita fyllilega hvort sú er raunin. Ég hef alla vega tekið eftir því að menn notfæra sér mjög mikið þá góðu þjónustu sem fer fram í gegnum vef Ríkisútvarpsins á internetinu í gegnum heimasíðuna. Þar er hægt að kalla fram eldri fréttir, nýjar fréttir, sjónvarpsfréttir o.s.frv.

Ég vildi, herra forseti, aðeins koma með þessa athugasemd. Að öðru leyti er ég hlynnt þessari þáltill. og tel þarft að setja á laggirnar þverpólitíska nefnd til að vinna að stefnumörkun í þá veru sem hér er lagt til.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu alveg rétt að ný tækni er víða að ryðja sér til rúms og þeir sem hafa aðgang að henni geta vissulega nýtt sér hana. Sjómenn á fjarlægum miðum geta þó í fyrsta lagi verið þannig staðsettir að þeir hafi ekki samband í gegnum gervihnött og í öðru lagi er ekkert sjálfgefið að í skipum þeirra sé búnaður til að taka á móti sendingum í gegnum internetið eða gervihnött. Meðal annars af þessum ástæðum hafa sjómenn viljað viðhalda því að fá þessar sendingar á stuttbylgju. Og ég hygg reyndar að það sé verulegur þjóðhagslegur sparnaður af því að Ríkisútvarpið annist þessar sendingar á stuttbylgju frekar en að hver og einn sé að borga, oft og tíðum talsvert dýrar, tengingar eins og þegar verið er að senda þetta í gegnum gervihnött þar sem það er hægt en það er reyndar ekkert alls staðar. Ef menn eru t.d. staddir á mjög hárri breiddargráðu eins og norður í Barentshafi getur verið að ekkert samband sé í gegnum gervihnött að þessu leyti. Og þar að auki þurfa útgerðirnar þá að kosta því til að setja þennan búnað um borð í skipin og það eru, allténd enn þá, þó nokkuð miklir fjármunir þó

að þessi tækni eins og önnur tækni fari auðvitað lækkandi í verði með árunum.

Ég vil bara vekja athygli á því að þetta nægir ekki fyrir sjómenn.

[15:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar sem komu hér fram. Ég tel þær vera mjög mikilvægar og sýna fram á að það er ekki tímabært hjá Ríkisútvarpinu að leggja niður þessar sendingar á stuttbylgju. Það er ljóst á andsvarinu hér frá hv. þm. að sjómenn eru ekki í stakk búnir til þess að nýta sér tölvuþjónustuna á öllum stöðum. Þess vegna get ég tekið undir þá gagnrýni sem kom fram í ræðu hans hér áðan að það er lítill ávinningur í þeim sparnaði, ef um sparnaðartillögu er að ræða, að hætta þessum stuttbylgjusendingum. En sjálfsagt munu þær falla niður í framtíðinni eftir því sem tækninni fleygir fram.

[15:18]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. sem hv. þm. Sverrir Hermannsson flytur er allra góðra gjalda verð. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fögnum því að sjálfsögðu, eins og margoft hefur komið fram hér í þingsölum, ef menn vilja styðja við bakið á rekstri ríkisútvarps í landinu. Það eru að vísu hlutir í greinargerðinni sem maður gæti gert athugasemdir við en þær kæmu þá fram við umfjöllun í nefndum.

Ég vil t.d. staldra við það að Ríkisútvarpinu væri ekki heimilt að auglýsa. Ég held að það sé mikilvægt fyrir landið okkar allt að t.d. ýmiss konar tilkynningar sem eru ígildi auglýsinga berist út yfir allt landið þannig að skilaboðin séu klár og skýr. Það er í mínum huga mjög nauðsynlegt og styrkir okkar menningarlegu arfleifð og þjappar okkur saman sem einni þjóð. Þannig tel ég að þarna séu atriði í þáltill. sem þarf að athuga betur.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum margoft lagt fram tillögur til betrumbóta á rekstri þannig að betur væri stutt við bakið á Ríkisútvarpinu, m.a. með tillögum um fjárframlög til Ríkisútvarpsins. Það er sorglegt að horfa upp á að það virðast vera ýmis öfl hér í þjóðfélaginu sem vilja sjá máttinn dreginn úr þessari stofnun. Við höfum t.d. séð það úti á landi — þar er gjarnan byrjað þegar verið er að draga úr ríkisrekstri eins og við höfum séð á mörgum öðrum sviðum. Þannig er t.d. með svæðisútvarpið á Akureyri. Það var stofnun sem á blómatíma sínum var með um tólf starfsmenn, tíu full stöðugildi, en er nú komin niður í sex stöðugildi. Það var draumur okkar allra sem vildum styrkja svæðisstöðvarnar að þær gætu gegnt lykilhlutverki og mættu eflast til þess að búa til dagskrárefni sem gæti síðan kúplast inn á landsrásina, ekkert endilega staðbundið. En staðan er sú að sum öfl hér í þjóðfélaginu vilja þessa starfsemi í burt.

Umræðan sem verið hefur um Ríkisútvarpið upp á síðkastið er að mörgu leyti eðlileg vegna þess að þeir sem hafa haslað sér völl á markaðnum staðbundið eða þjónað stærri eða smærri svæðum eru að upplifa samdrátt og halda að með því að Ríkisútvarpið hætti starfsemi sinni fái þeir stærri hluta af auglýsingakökunni. Þetta er þó engan veginn í hendi og við megum ekki missa sjónar á því að Ríkisútvarpið gegnir lykilhlutverki í okkar landi.

Ég tel að það sé styrkur Ríkisútvarpsins að vera undir Alþingi og vera sett undir stjórn héðan. Ég sé ekkert slæmt við það að fulltrúar pólitískra flokka eða afla í samfélaginu hafi hönd í bagga með rekstri á slíkri stofnun. Við höfum nefnilega skýrar hugmyndir um skyldur þessarar stofnunar. Og þær eru náttúrlega fyrst og fremst fólgnar í að þjóna landinu öllu og miðunum. Ég tel að það sé nauðsyn fyrir landið að hafa útvarps- og sjónvarpsstöðvar sem geta leyft sér að vera metnaðarfyllri en takmarkaðar stöðvar geta vegna smæðar sinnar í langflestum tilvikum. Það er alveg sama hvort við tölum um stöðvar sem eru erlendis eða stöðvar sem hafa haslað sér völl hér.

Ég tel að það hafi að mörgu leyti verið mjög gott fyrir alla landsmenn að Ríkisútvarpið hefur fram að þessu getað ráðið til sín metnaðarfullt fólk sem hefur á metnaðarfullan hátt sett upp dagskrá sem sumum hefur kannski ekki líkað en öðrum hefur líkað, og maður hefur fengið pata af og komist í tæri við dagskrá sem ekki er flutt í jafnríkum mæli á þeim stöðvum sem þurfa að byggja á vinsældum hverju sinni og kannski bara að mestu leyti tónlist, og þá dægurtónlist hvers tíma.

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi tillaga sé góðra gjalda verð og ég el þá von í brjósti að við, sem flestir þingmenn hér, getum náð saman um það að styrkja Ríkisútvarpið. Það er alveg augljóst að meiri fjárframlög þurfa að koma til og að endurskoða þarf gjaldskrá fyrirtækisins. Það þarf að efla svæðisstöðvarnar og gera þennan rekstur þannig að hann sé metnaðarfullur fyrir landið allt og miðin. Það held ég að sé meginmálið.

Í dag er orðið tiltölulega auðvelt og ekki mjög kostnaðarsamt að setja upp útvarpsstöð ef maður hefur ekki önnur markmið en þau að þjóna einhverju afmörkuðu svæði. Það kostar örfáar milljónir. Menn mega ekki láta glepjast af kostnaðinum við tæknina bara því að auður Ríkisútvarpsins er auðvitað starfsfólkið sem þar vinnur, starfsfólkið sem býr til dagskrána, starfsfólkið sem hefur tækifæri til að afla frétta og útbúa fréttir á þann hátt sem við gerum kröfu til. Og til þess þarf starfsumhverfi sem starfsfólkið sættir sig við. Það þarf að geta unnið að sínum málum og þetta kostar fjármuni. Ef við ætlum að hafa metnaðarfulla stöð í landinu sem uppfyllir þessar kröfur þarf einfaldlega að standa betur við bakið á Ríkisútvarpinu og svæðisstöðvunum og auðvitað sjónvarpinu með.

[15:24]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil eins og flestir þeir sem hér hafa tekið til máls þakka fyrir framkomna þáltill. um rekstur Ríkisútvarpsins og tek undir megintillögu hennar um að kosin verði nefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, til að semja frv. um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Ég ætla ekki að fara í einstaka liði í greinargerðinni, ég get tekið undir flest, annað ekki en við munum ræða það betur síðar.

Ég vil að afstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sé ljós og tel að það hafi reyndar komið hér fram að við teljum mikilvægt að Ríkisútvarpið verði áfram í eigu allra landsmanna, sé áfram ríkiseign. Það er hægt að færa fyrir því mörg rök en helstu rökin eru auðvitað þau að við þurfum að eiga fjölmiðil sem allir hafa aðgang að og sem sinnir þeirri öryggisþjónustu sem Ríkisútvarpið á að gera.

Varðandi fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins — við erum núna með afnotagjöld af hverju tæki sem er nokkuð flókið kerfi og ekki mjög vinsælt eins og er. Ég tel mjög mikilvægt að við finnum aðra leið ef við ætlum að afnema akkúrat þessa innheimtu, að fundin verði önnur leið sem geri Ríkisútvarpið að sterkum miðli, óháð ríkisframlögum. Þar

gæti þá verið um að ræða nefskatt eða einhvern sérstakan skatt þó að hann yrði fenginn með öðrum hætti en þeim sem er nú til að geta tryggt hlutleysi Ríkisútvarpsins.

Í dag er gott að vita til þess að til séu þingmenn sem aðrir sem láta sér annt um Ríkisútvarpið. Það hefur verið óþolandi að fylgjast með því hvernig fjárhagur Ríkisútvarpsins hefur versnað á undanförnum árum. Stofnunin er í fjársvelti og hefur ekki getað sinnt því hlutverki sem starfsmenn stofnunarinnar hafa metnað til og vilja standa undir, og er í miklum fjárhagserfiðleikum núna sem hefur komið fram í niðurskurði. Eitt af þeim sparnaðarráðum sem gripið var til var að draga úr starfsemi svæðisstöðvanna úti um land. Við þurfum að standa vörð um svæðisstöðvarnar, efla þær, ekki að draga úr starfseminni. Við þurfum að fela svæðisstöðvunum fleiri verkefni en þær hafa í dag. Við höfum mjög hæfa starfsmenn úti um land sem eru fullfærir um að vinna miklu meira efni en þeir gera í dag sem er þá hægt að setja inn á aðalrás Ríkisútvarpsins.

Svæðisstöðvarnar eru mikilvægar fyrir það að flytja staðbundið efni, efni sem á ekki heima eða ratar illa inn í útvarp allra landsmanna en vekur áhuga heimamanna og er mikilvægt til þess að styrkja böndin heima fyrir.

Það er ekki sanngjarnt að svipta Ríkisútvarpið og Rás 2 auglýsingatekjum. Við vitum öll að þegar við viljum koma auglýsingum á framfæri veljum við miðilinn eftir eðli auglýsinganna. Oft viljum við að auglýsingar okkar komist til allra landsmanna og þá er Ríkisútvarpið sá miðill sem tryggast kemur auglýsingunum á framfæri. En það þurfa þá að vera móttökustöðvar og dreifikerfið verður að vera tryggt og það er það ekki í dag, hvorki í hinum dreifðu byggðum né til sjófarenda. Og ég tek undir orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um að útsendingar til sjómanna verði að bæta. Þetta kostar peninga. Við skulum því standa saman að því að styrkja Ríkisútvarpið. Það verður, miðað við núverandi kerfi, að hækka afnotagjöldin, þau verða að fylgja verðlagi og gott betur miðað við hve fjárþurfi Ríkisútvarpið er orðið. Við skulum líka minnast þess þegar við erum að tala um samkeppni og aðstöðu sjónvarps- og útvarpsfyrirtækja hér í landinu að við erum ekki nema um 280 þúsund manna þjóð og það er alveg spurning hversu margar stöðvar, hvort heldur það eru útvarps- eða sjónvarpsstöðvar, landið í raun og veru ber, hversu miklar kröfur við getum gert til fjölda stöðva í svo fámennu landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfangaskýrsla um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, fyrri umr.

Þáltill. JÁ og ÞSveinb, 9. mál. — Þskj. 9.

[15:31]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um áfangaskýrslu frá verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég flyt þessa tillögu ásamt hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Mig langaði til þess að spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. iðnrh. væri í húsinu.

(Forseti (GÁS)**:** Nei, hæstv. iðnrh. er ekki húsinu. Forseta var hins vegar kunnugt um þessa ósk hv. þm., um að hún yrði viðstödd þessa umræðu. Boðum hafði verið komið til ráðherrans um þau efni. Hún ku hafa verið að koma af fundi suður með sjó. En ég sé að hún var einmitt að koma í hús. Ég vænti því þess að ráðherrann verði komin í salinn eftir örfáar sekúndur eða mínútur.)

Hæstv. forseti. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kalla eftir áfangaskýrslu frá verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem helstu virkjunarkostir sem taka þarf ákvarðanir um á næstu missirum verði metnir.

Stjórnvöld taki mið af niðurstöðum áfangaskýrslunnar við val nýrra virkjunarkosta þar til rammaáætlunin hefur tekið gildi.

Í febrúar 1997 tók ríkisstjórnin ákvörðun um að iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, léti gera rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skyldi lokið fyrir árið 2000. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti og vera grundvöllur að forgangsröðun þeirra. Á fyrri hluta ársins 1999 var unnið að undirbúningi verkefnisins sem fékk kjörorðið Maður – nýting – náttúra; rammaáætlun um nýtingu jarðvarma.

Í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur á 126. þingi um hvernig vinnu við gerð rammaáætlunar miðaði í upphafi árs 2001 kom fram að verkefnastjórnin hefði sett sér það markmið að í lok árs 2002 mundi hún skila fyrsta áfanga mats á allt að 25 virkjunarhugmyndum af hugsanlegum 100 sem komið gætu til umfjöllunar í rammaáætlun.

Verður að telja það afar bagalegt að ekki sé að vænta mats frá verkefnastjórninni fyrr en í fyrsta lagi í lok árs 2002 þar sem taka þarf mikilvægar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir fyrir þann tíma. Er því með tillögu þessari lagt til að kallað verði eftir áfangaskýrslu frá verkefnastjórninni. Þar verði þeir virkjunarkostir metnir sem að mati iðnaðarráðherra þarf nauðsynlega að taka ákvarðanir um á því tímabili sem líður þar til fyrsti áfangi rammaáætlunar liggur fyrir. Slík skýrsla yrði forsenda ákvarðana stjórnvalda við val nýrra virkjunarkosta auk þess sem hún gæti komið í veg fyrir hatrammar deilur um virkjunarkosti."

Hæstv. forseti. Við þurfum á meiri sátt að halda um virkjanir og stóriðju á Íslandi en ríkt hefur fram að þessu. Það eru fleiri en ég sem segja það. Mig langar til að vitna í orð hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. frá 10. september 2001, en þá lét hann eftirfarandi orð falla í Kastljósi ríkissjónvarpsins:

„... og það skiptir miklu máli að menn sameini sjónarmið sem fylgja náttúruvernd og atvinnuuppbyggingu. Það höfum við í Framsóknarflokknum verið að gera, að reyna að finna sátt milli þessara sjónarmiða. Það er mjög erfitt en það er afskaplega auðvelt að standa á götum úti og hrópa allt niður og hafa ekkert í staðinn."

Og þetta er að sönnu ekki í fyrsta skipti sem forustumaður í Framsfl. lýsir yfir vilja til þess að ná sáttum í einu af helstu deilumáum samtímans. Helsta tilraunin í þá átt var rammaáætlunin sjálf um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hins vegar hefur komið í ljós að sú áætlun kemur ekki í veg fyrir að Landsvirkjun fari fram með virkjanahugmyndir sínar og fái til þess liðsstyrk frá ríkisstjórninni og hæstv. iðnrh.

Mig langar til að vitna hér í grein sem Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, skrifaði í Morgunblaðið 5. september, en þar er hann að vitna til orða um þessi mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forstjóri Landsvirkjunar mætir í Kastljós sjónvarpsins og ásakar Náttúruvernd ríkisins um að leggjast gegn öllum virkjunaráformum fyrirtækisins. Staðreyndin er hins vegar sú að Kárahnjúkavirkjun er eina virkjunarframkvæmdin sem Náttúruverndin hefur hafnað í mati á umhverfisáhrifum."

Svo heldur áfram:

„Á betri dögum tala ráðamenn hins vegar um nauðsyn þess að ná þjóðarsátt um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og í því skyni var kynnt rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma að norskri fyrirmynd skömmu fyrir kosningar 1999.

Þegar Finnur Ingólfsson og þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, kynntu áætlunina hinn 9. mars sama ár er haft eftir Guðmundi Bjarnasyni í Morgunblaðinu degi eftir að rammaáætlunin skuli ná til allra virkjunarframkvæmda annarra en þeirra sem þegar væru hafnar. Var þar fyrst og fremst átt við Fljótsdalsvirkjun og miðlunarlón við Eyjabakka.

Umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, sagði á Alþingi, hinn 14. febrúar árið 2000:

„Virðulegur forseti. Ég tel rammaáætlun þá sem verið er að hefja vinnslu á núna, Maður, nýting, náttúra, mjög mikilvæga og mjög mikilvægt að fara í þá vinnu til að reyna að ná sáttum. Ég teldi ekki rétt að fara í stærri virkjanir án þess að búið væri að ná sáttum um þá rammaáætlun eða afgreiða hana sem heild eða ná niðurstöðu í henni sem heild. Ég teldi það ekki æskilegt.

En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að að sjálfsögðu getur Alþingi tekið þær ákvarðanir sem það vill hverju sinni þannig að ekki er hægt að útiloka hér um aldur og ævi að teknar verði nýjar ákvarðanir. En að mínu mati er ekki meiningin með rammaáætluninni að setja í gang umfangsmikla vinnu og tína svo út einstakar virkjanir áður en við erum búin að klára þá áætlun vegna þess að það væri ekki í anda þess að ná sáttum um þessi virkjanaáform ef við höfum ekki svo til allt undir þegar við erum að ganga í þá vinnu. Ég tel því ekki æskilegt að taka stórar virkjanir út úr ..."

Þessi skilningur ráðherrans stangast nú á við raunveruleikann. Kárahnjúkavirkjun, Búðarhálsvirkjun og Villinganesvirkjun voru settar í mat á umhverfisáhrifum löngu áður en gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður rammaáætlunar liggi fyrir haustið 2002. Einnig er hafin vinna við mat umhverfisáhrifum vegna stækkunar Kröfluvirkjunar, byggingu Núps- og Urriðafossvirkjana og væntanleg er matsáætlun frá Landsvirkjun um Norðlingaöldulón í Þjórsárverum, sem vafalaust mundi lenda mjög ofarlega í verndargildi, gæfist rammaáætluninni tími til að meta það enda njóta verin alþjóðlegrar verndar samkvæmt Ramsar-samningnum um verndun votlendis.

Iðnaðarráðherra, sem hefur lögsögu í málinu, tilkynnti verkefnisstjórn rammaáætlunarinnar með bréfi dagsettu 26. maí 2000 að hún mundi fá að „... koma sjónarmiðum sínum á framfæri í greinargerð áður en ráðherra tekur ákvörðun um útgáfu virkjunarleyfis". Hvað Kárahnjúkavirkjun varðar mun verkefnisstjórn gefast tækifæri til að skila bráðabirgðaniðurstöðum."

Þetta var þá, 26. maí 2000. Ég vitna hér í þessa umfjöllun Árna Finnssonar til að sýna hvernig sífellt hafa verið gefin loforð um að menn reyndu að ná sáttum og vinna að þessum málum þannig að sættir næðust, það yrði farið yfir öll þessi mál, reynt að raða niður virkjunarkostunum og ná sáttum um í hvaða virkjanir ætti nú að fara þannig að þegar að taka ætti ákvarðanir um nýjar virkjanir þá lægi sú vinna fyrir. Rammaáætlunin hefur hins vegar tafist. Við vitum að eins og er þá er gert ráð fyrir að hún liggi fyrir haustið 2002. Fram að þeim tíma er gert ráð fyrir að menn taki ákvarðanir um mjög mikilvæga virkjanakosti.

Tillagan sem hér er til umræðu er lögð fram í þeim tilgangi að hægt verði að skapa sátt um þær ákvarðanir sem teknar verða á þessum tíma, þar til rammaáætlunin liggur fyrir. Mér sýnist, og mér er engin launung á því, að það stefni í mikil átök um sumar vegna þeirra ákvarðana sem virðast liggja í loftinu. Landsvirkjun heldur ótrauð áfram t.d., að undirbúa ákvörðun um Norðlingaölduveitu sem virkjanakost. Kannski er þó ekki hægt að tala beint um virkjanakost en engu að síður, ætlunin er að virkja vatnið sem kemur úr Norðlingaölduveitu. Það er vitað fyrir fram að um þetta mál verða gífurleg átök. Náttúruverndarmenn hafa látið það koma mjög skýrt fram að þeir telji fráleitt að hafa áhrif á Þjórsárverin með þeim hætti sem gert er ráð fyrir með þessari Norðlingaölduveitu.

Ég verð að segja að mér finnst það makalaust ef menn ætla ekki að nota þá vinnu sem lögð hefur verið í rammaáætlunina til að meta þá virkjunarkosti sem afgreiða skal á næstunni. Ég óskaði eftir því að hæstv. iðnrh. yrði hér svo hún gæti svarað því hvort hún væri ekki sammála mér um að nota ætti vinnuna að rammaáætluninni til að komast að niðurstöðu um í hvaða röð eigi að virkja, fyrir þá stóriðju sem nú er verið að tala um að bæta við hjá landsmönnum.

Ég held að það væri mikið slys ef menn færu t.d. lengra og tækju ákvörðun án þess að bera saman við aðra virkjanakosti, m.a. ef menn tækju ákvörðun um að byggja virkjun í Norðlingaölduveitu. Nú veit ég ekkert út á hvað það gengur hjá Landsvirkjun að taka þennan kost fram yfir aðra. Ég veit að vísu að hann getur orðið tilbúinn eitthvað fyrr heldur en aðrir kostir. En ég veit líka að það eru ýmsir möguleikar til þess að virkja sem ekki eru mjög langt undan. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þessu fyrirtæki, Norðuráli, sem verið er að tala um að nýti þá raforku sem þar yrði til, liggur ekki svo ósköpin á að það geti ekki beðið einhverja mánuði eða missiri eftir því að fá þá raforku sem hugsanlega fengist frá Norðlingaölduveitu.

En það eru fleiri virkjunarkostir sem þarna mundu líka koma til skoðunar. Ég geri alveg sama fyrirvara við þá. Auðvitað þyrfti að fá mat á þeim kostum frá fólkinu sem hefur verið að vinna að þessu verkefni, áður en ákvarðanir verða teknar. Ég spyr: Um hvað eru menn að tala þegar þeir tala um að tryggja sátt um virkjanaframkvæmdir og stóriðju á Íslandi? Ég spyr hæstv. ráðherra að því: Um hvað eru menn að tala í því sambandi?

Til hvers lögðu menn upp í gerð þessarar rammaáætlunar ef það á ekki að notfæra sér hana núna, þegar þó er ekki lengra í að hún verði tilbúin en raun ber vitni? Það liggur samt fyrir að það þarf að taka ákvarðanir, það bendir a.m.k. flest til þess að taka þurfi ákvarðanir um þessa virkjunarkosti? Eða ætla menn bara að halda áfram með bundið fyrir bæði augun og leggja í þann slag sem örugglega er fram undan ef ekki verður staðið faglega að þessu máli?

Við vitum að heimamenn, t.d. á áðurnefndu svæði, eru á móti þessari virkjun. Ég tel að það sé mikilsvert að menn reyni að vinna faglega að þessum málum þannig að málum verði ekki stefnt í enn verra horf en þarf þegar ákvörðun verður tekin um næstu virkjun.

[15:46]

Útbýting þingskjala:

Einkaframtak í heilbrigðisþjónustu, 221. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 246.

Fjárveitingar til háskóla, 219. mál, fsp. SvanJ, þskj. 244.

Fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu, 222. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 247.

Framhaldsskóla- og háskólanám með fjarkennslusniði, 102. mál, svar menntmrh., þskj. 188.

Landanir á Vestfjörðum, 211. mál, fsp. SvanJ, þskj. 236.

Skýrsla um menningartengda ferðaþjónustu, 205. mál, fsp. GÁS, þskj. 230.

Staða jafnréttismála í utanríkisþjónustunni, 79. mál, svar utanrrh., þskj. 223.

Styrkir til atvinnumála kvenna, 207. mál, fsp. DrH, þskj. 232.

Tjón á útihúsum af völdum jarðskjálfta, 88. mál, svar viðskrh., þskj. 218.

[15:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson mælt fyrir till. til þál., sem hann flytur ásamt hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, sem felur það í sér að kalla eftir áfangaskýrslu frá verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem helstu virkjunarkostir sem taka þarf ákvarðanir um á næstu missirum verði metnir. Og síðan að stjórnvöld taki mið af niðurstöðum áfangaskýrslunnar við val nýrra virkjunarkosta þar til rammaáætlunin hefur tekið gildi.

Eins og kom fram í máli hans er þessi vinna öll í gangi og það hefur komið áður fram á hv. Alþingi að áfangaskýrslan komi í lok árs 2002. Hins vegar kemur núna um áramótin ákveðin milliskýrsla þar sem fjallað er um 10–12 vatnsaflsvirkjanir. En þetta verkefni er ákaflega umfangsmikið og kallar á mjög mikla vinnu og ég veit að það er unnið vel í þeirri verkefnastjórn sem hér hefur verið vitnað til.

Ég vil taka fram út af því sem hv. þm. sagði að ekki er hægt að samþykkja þáltill. þessa efnis meðan lögin um raforkuver eru óbreytt vegna þess að þar kemur fram, svo ég lesi bara, með leyfi forseta, 3. gr.:

„Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til."

Þannig hljóðar nú þessi grein í raforkulögunum og hún segir okkur að Landsvirkjun hefur nánast þær skyldur að afla orku til þeirra fyrirtækja sem kalla eftir slíku. Um það snýst málið og að þessu hefur þetta fyrirtæki verið að vinna og það vill svo til að nú um þessar mundir er eftirspurnin meiri en oft hefur verið og tel ég það gleðiefni. Það getur verið umdeilt hvort svo sé, en ég tel það gleðiefni að hér skuli vera áhugi fyrir að fjárfesta í stóriðju. Allir sjá að það skapar störf en ég ætla nú ekkert að fara dýpra út í það því það er mál sem ekki er samstaða um og ég ætla ekki að vekja upp þá umræðu alla. En svona lít ég á þetta mál.

Það var ekkert annað en góður hugur að baki því að fara út í þessa mikilvægu vinnu og sá hugur er til staðar. Við verðum bara að sjá til hvernig þessu vindur fram því skyldurnar höfum við, samkvæmt lögum í dag, til að vinna að málum eins og við erum að gera, bæði stjórnvöld, að mínu mati, og eins fyrirtækið Landsvirkjun.

Hv. þm. gerði svona frekar lítið úr því fannst mér að hann teldi að hægt væri að ná sátt um þessi mikilvægu mál og kannski er það rétt hjá honum að það verði ekki þægilegt. Engu að síður skulum við ekki ákveða neitt fyrir fram í þeim efnum.

Ég vil ítreka að ég tel að unnið sé samkvæmt lögum að þessu verkefni og ég bind miklar vonir við verkefnisstjórnina um rammaáætlun og það sem þar kann að verða niðurstaðan. Í sjálfu sér hef ekki mikið meira um það að segja á þessu stigi.

[15:53]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og menn vita er rammaáætlunin ekki ákvörðun Alþingis heldur ríkisstjórnar. Mér finnst það í sjálfu sér ekki öllu skipta ef það er niðurstaða hæstv. ráðherra að ekki sé hægt að samþykkja þessa þáltill. Þá geta menn skoðað það. En það ætti ekki að hafa áhrif á afstöðu hæstv. ráðherra vegna þess að rammaáætlunin er ákvörðun ríkisstjórnar. Vilji menn fara eftir því sem þar kemur fram er það auðvitað bara pólitísk niðurstaða. Ég get ekki séð að Landsvirkjun geti, bara vegna þess að hún hafi það hlutverk að skaffa rafmagn, valið út einhver virkjanaverkefni, og að hæstv. iðnrh. sé þá nauðbeygð til þess að skrifa upp á það ef það skyldi nú gerast áður en rammaáætlunin verður tilbúin. Ég get ekki fallist á þá skoðun sem mér virðist skína út úr því sem hæstv. ráðherra var að segja um þetta.

Ef hæstv. ráðherra hefur fundist að ég gerði lítið úr því að hægt væri að ná sátt í þessum málum hef ég orðað hlutina öðruvísi en ég ætlaði því að ég er sannfærður um að hægt er að ná a.m.k. miklu meiri sátt um virkjanaframkvæmdir og stóriðju á Íslandi en hefur verið fram að þessu. Almennt held ég að Íslendingar séu ekki á móti því að virkja fallvötn og hafi ekki verið á móti því heldur að vera með einhverja stóriðju hér í landinu. Hins vegar hefur vantað verulega upp á að menn hafi unnið eðlilega að undirbúningi þessara verkefna. Það er vandinn sem við stöndum frammi fyrir.

Ég ég skora á hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir því að menn vinni faglega að þessum hlutum þannig að það sé ekki eintóm nauðhyggja sem reki menn áfram þegar ákvarðanirnar eru teknar. Ég held að það yrði afar gott innlegg í þá sátt sem menn óska eftir í þessum málum ef eitthvert mat yrði lagt til grundvallar helstu virkjunarkostum þegar menn taka næstu ákvarðanir.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að rammaáætlunin er ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það breytir því ekki að það eru lög í landinu og lagagrein sem ég las upp hérna áðan kveður nánast á um að Landsvirkjun hafi þær skyldur að afla orku.

Svo ég fari nú aðeins yfir þetta aftur, hæstv. forseti:

„Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið."

Síðan þessi lög voru sett höfum við fengið lögin um mat á umhverfisáhrifum þannig að fyrirtækjunum er í sjálfu sér í sjálfsvald sett hvort þau vilja fara út í það ferli og síðan kemur í ljós hvað kemur út úr því öllu saman. Ég tel að það

sé á ákveðnum misskilningi byggt að telja að með samþykkt þáltill. á hv. Alþingi séum við að afnema þessa grein sem er svona skýr eins og raun ber vitni.

Vel getur verið að það hafi eitthvað að segja í málflutningi hv. þm. að hann kvíði því að þurfa að taka afstöðu til t.d. framkvæmda við Norðlingaöldu. Hann sagði áðan eða lét að því liggja að það væri svo sem allt í lagi þótt fyrirtækið Norðurál þyrfti eitthvað að bíða eftir því að fara út í frekari stækkanir. Mér þætti gaman að vita hvort það er almenn skoðun Samfylkingarinnar. Mér er ekki kunnugt um það en ég hef grun um að svo sé ekki miðað við samtöl mín við ýmsa þingmenn.

[15:56]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst svör hæstv. ráðherra benda til að full ástæða sé til að kvíða framhaldinu í þessu. Nógur tími hefur verið til þess að vinna að undirbúningi þess að láta Norðurál hafa rafmagn og ýmsir möguleikar eru fyrir hendi til þess. Landsvirkjun hefur hins vegar bundið sig við það og bitið í sig að þessi Norðlingaölduveita yrði notuð. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ráðherrann nánast vera að lýsa því yfir að þessi rammaáætlunarvinna sé til einskis gagns, hún sé ekki til neins vegna þess að einhver lög í landinu komi í veg fyrir að hægt sé að fara eftir henni.

Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þetta. Ég er þá ekki hissa á því að hæstv. ráðherra hafi ekki tekið undir það sem ég er að segja hérna ef hæstv. ráðherra lítur þannig á málið að rammaáætlunin geri ekkert gagn vegna þessara laga og að Landsvirkjun geti bara verið í kjörbúðinni og valið þann kost sem henni dettur í hug og síðan eigi menn að skrifa upp á það hér, og að ekki sé litið á aðra kosti og einn kostur undirbúinn og síðan standi menn frammi fyrir því í hv. Alþingi að segja já eða nei við honum. Það er þá eins og vaninn hefur verið í þessum málum.

Það er nú ekki mikið að marka yfirlýsingarnar um það að menn vilji reyna að ná einhverjum sáttum ef vinnubrögðin eiga að halda áfram með þeim hætti sem við höfum séð á undanförnum árum og virðist eiga að birtast hér áfram gagnvart þinginu og þeim sem láta sig þessi mál einhverju skipta.

Ég segi það alveg eins og er að ég get svarað því játandi sem hæstv. ráðherra sagði að ég kvíði verulega fyrir þessu. Ef menn ætla sér að fara þá leið sem mér sýnist blasa við núna er ástæða til að kvíða því að mikil átök verði um það sem er fram undan og að það verði líka átök hér á hv. Alþingi ef menn standa frammi fyrir einum kosti sem stillt er upp þegar ekki er einu sinni þörf á því að hafa það þannig.

[15:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt að ég telji að rammaáætlun geri ekkert gagn, að hún sé til einskis. Ég tel það mjög mikilvægt starf sem þar er unnið. En ég ítreka að við þurfum að vinna eftir lögum, þ.e. lögum um raforkuver.

Hv. þm. heldur því fram að Landsvirkjun bíti eitthvað í sig og við séum ekkert að velta fyrir okkur öðrum virkjanakostum og öðrum möguleikum til þess að afla orku fyrir þau fyrirtæki sem hafa óskað eftir slíku. Þetta er ekki rétt. Við í iðnrn. — og það hefur verið fréttaflutningur af því — höfum unnið verulega í þá átt að reyna að átta okkur á stöðunni, þ.e. hversu mikla orku við gætum skaffað t.d. með jarðhitanum á Reykjanesi. Ég ætla ekkert að fullyrða neitt um hvernig sú mynd lítur út og hvað gæti komið út úr því en það er ekki eins einfalt og hv. þm. vill vera láta. Miðað við þær miklu framkvæmdir og stækkanir sem t.d. fyrirtækið Norðurál hyggst fara út í er þetta ekki þannig að það sé einfalt að leysa það. Þá er ég að tala um að leysa það án þess að Norðlingaölduveita verði inni í myndinni.

Ég skora á hv. þm. að horfa á þetta á breiðum grundvelli. Við getum rætt það betur síðar, en mér finnst eins og málið sé töluvert flóknara en hv. þm. vill vera láta.

[16:00]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hæstv. iðnrh. langar mig til þess að koma því á framfæri að auðvitað gerum við þingmenn okkur allir grein fyrir því að Landsvirkjun er stofnuð til þess að búa til rafmagn, m.a. fyrir stóriðju á sínum tíma. En það breytir ekki því að Landsvirkjun er háð því að fá virkjanaleyfi hverju sinni. Það sem verið er að kalla eftir í þessari þáltill. er reyndar búið að kalla eftir á ýmsan hátt hér í þinginu.

En ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Vilja menn bara nokkuð svona heildaryfirsýn og mat á hlutunum? Er það ekki það sem þetta snýst um? Vegna þess að maður hefur nú heyrt af ýmsum sem áhrif hafa í stjórnarflokkunum að það þurfi hreinlega, áður en farið er í einhverjar slíkar bollaleggingar, að koma þessum stóru áformum sem nú eru í farvatninu í gang fyrst.

Ef upplegg ráðherrans er slíkt að Landsvirkjun sé bara skylt að skaffa orku, hvað ætlar þá hæstv. ráðherra að gera á grunni stefnunnar fyrstir koma, fyrstir fá? Ef fjórir vilja búa til Reyðarálsverksmiðju eins og nú er í farvatninu á þá Landsvirkjun að keyra upp afl með kolum? Því það liggur alveg ljóst fyrir að þá verður ekki orka til eða orkumöguleikar í landinu.

Við þessu verðum við að fá svör frá hæstv. ráðherra, þ.e. varðandi þetta slugs og seinagang í þessari vinnu sem margoft hefur verið beðið um. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vorum t.d. með þingmál í fyrra, till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu. Hún fékkst ekki rædd. Menn á stjórnarheimilinu hafa einfaldlega ekki áhuga á að ræða þessi mál og reyna að skapa sér framtíðarstefnu um hvernig við eigum að fara í orkuvinnslu og orkunotkun í landinu.

Herra forseti. Ég spyr: Er það ekki tilfellið að ríkisstjórnin ætlar sér hreinlega að koma þeim málum fram sem núna eru á teikniborðinu og síðan kannski að skoða eitthvað í þessum dúr?

[16:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur alltaf verið ljóst hvað varðar Kárahnjúkavirkjun að hún er ekki inni í þessu ferli. Það er nú bara eins og það er.

En ég tel að ekki sé rétt að halda því fram að seinagangur sé í þessu starfi. Þetta er mikið starf. Frábær maður leiðir það sem heitir Sveinbjörn Björnsson og allir þekkja.

Ég held að menn megi heldur ekki hafa oftrú á þessu verkefni. Það er nú svo að hið pólitíska vald í landinu ákveður hlutina alltaf endanlega. Menn geta ekki búist við því að þessi rammaáætlun verði þannig fram sett að þing, pólitískir stjórnmálaflokkar og valdhafar komi ekkert að málum, þetta verði bara listað upp í rammaáætlun og þar með séu allir hlutir leystir. Ég held að þetta sé kannski dálítið stórt atriði í málinu. En þeir sem ekkert vilja gera nota það náttúrlega sem skjól að benda alltaf á rammaáætlunina af því það er

þó alla vega frestur fyrir þá sem ekki vilja framkvæma. Ég er ósammála því. Ég tel, og bendi nú aftur á lögin í því sambandi, að við munum halda áfram að leysa þau verkefni sem berast og þær fyrirspurnir og óskir eftir orku eins og við getum þó að við getum aldrei fullyrt að það muni takast að öllu leyti.

Eins og lögin eru í dag hefur Landsvirkjun miklar skyldur. En svo vitum við líka að við erum að fara inn í gjörbreytt raforkulagaumhverfi ef Alþingi samþykkir frv. sem nú kemur brátt fram og þar með verður miklu meira frjálsræði í þessum efnum. Eins getum við verið að horfa fram á það áður en mjög langur tími líður að jafnvel erlend fyrirtæki af Evrópska efnahagssvæðinu verði þátttakendur í virkjanaframkvæmdum á Íslandi.

[16:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra leggjast lágt þegar talað er um okkur, sem viljum fara skipulega í hlutina hér í landinu, sem talsmenn þess sem ekkert vilja gera. Mönnum er fullkunnugt um það alls staðar í samfélaginu og líka á hinu háa Alþingi að deilan snýst um það hvernig á að fara í hlutina. Það er málið.

Við skulum bara átta okkur á því að ef mikill áhugi verður á þessari einhæfu framleiðslu áfram, þ.e. álframleiðslunni, þá eigum við ekki nokkra rafmagnsframleiðslumöguleika bara eftir þrjú til fjögur stórverkefni af þessu tagi í viðbót. Það er full ástæða til þess að setjast niður og skoða sinn gang og sjá hvert við stefnum í þessum málum. Þannig er staðan. Vinna að rammaáætlun er tilraun til þess og það á auðvitað að fjalla um hana á hinu háa Alþingi. Það er hápólitískt mál.

Þeir sem ekki vilja tillögur stjórnarinnar um einhvers konar uppbyggingu þurfa ekki að vera á móti öllu. Þeir vilja væntanlega eitthvað annað. Snýst ekki ágreiningurinn um það? Ef ég vil ekki dysja rusl á einum stað þýðir það ekki að ég sé á móti rusli og vilji hvergi dysja það. Ætli ég vilji kannski ekki einhvern annan stað eða aðrar lausnir? Þetta vil ég að komi fram.

Við erum með þetta verkefni fyrir austan upp á 7 teravattstundir og tvö eða þrjú önnur áform eru í gangi og maður var síðast um daginn að frétta af enn einu verkefninu og áhuga norður í Eyjafirði. Fljótt gengur nú á þær 25–30 teravattstundir sem þjóðin hefur upp á að hlaupa í raforkuframleiðslu. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þess hraða sem nú er á málunum: Hvaða sýn hafa menn í framhaldi af þessu ef þeir ætla að nota þetta allt í þann einhæfa iðnað, álbræðsluna?

[16:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að allt orkar tvímælis það gjört er.

Mér fannst hann svolítið óheppinn þegar hann fór að tala um eitthvað annað. Það er nú orðið dálítið feimnismál að tala um það því sannleikurinn er sá að a.m.k. þeirri sem hér stendur þykja sumir stjórnmálaflokkar vera dálítið duglegir að benda bara á eitthvað annað sem er mjög óskilgreint og erfitt að höndla.

Það er rétt að miklar óskir hafa komið fram um orkuafhendingu af hálfu þeirra sem bæði hyggjast fara hér í stórframkvæmdir og eru hér í stórframkvæmdum þannig að mikið gæti orðið virkjað á næstunni. En við höfum nú sennilega ekki virkjað nema 15–20% af okkar orkuauðlindum þannig að heilmikið er eftir. Þar að auki eigum við miklu meiri möguleika í sambandi við jarðvarmann heldur en kannski hefur verið vitað um. Vil ég þá nefna t.d. Torfajökulssvæðið í því sambandi þar sem fram hafa farið gífurlegar rannsóknir á vegum Orkustofnunar. Þetta er eitthvert merkasta svæði í heimi hvað jarðhita varðar. Þannig að víða liggja möguleikarnir.

Svo er eitt enn sem getur skipt miklu máli, að það er farið að bora miklu dýpra og það gæti líka þýtt að við getum nýtt betur þau svæði sem við þegar höfum ákveðið að nýta og þá verndað önnur.

Ég viðurkenni samt alveg að það er eðlilegt að menn velti þessum hlutum fyrir sér því að þetta eru stór mál sem snúa að okkur viðkvæmu náttúru. Þau snúa líka að okkar mikilvægu atvinnutækifærum og mikilvægu auðlindum sem við náttúrlega nýtum og viljum nýta að einhverju marki. En einhvers staðar liggur línan og einhvers staðar verðum við að spyrja okkur stórra spurninga um hversu langt skuli ganga.

[16:09]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessa till. til þál. um áfangaskýrslu frá verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Það er alveg ljóst varðandi þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja í það vinnu að forgangsraða hugsanlegum virkjanakostum vatnsafls og jarðvarma á Íslandi, að verkefni þessarar nefndar er mikið og það tekur tíma að vinna rammaáætlun. Ég efa ekki að þeir fulltrúar sem vinna rammaáætlunina leggi sig fram og vilji skila góðu verki. Því miður hefur verkefnið annaðhvort verið viðameira en menn töldu í upphafi eða umfangið aukist með vinnunni, enda efa ég ekki að þetta sé verkefni sem þurfi nokkurn tíma til þess að koma frá sér ef það á að ná þeim tilgangi að ná sáttum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Ég segi að því miður sé þessi skýrsla ekki komin fram því að fyrir liggur að áætlað er að ráðast í stórfelldar virkjunarframkvæmdir. Það má nefna tvær. Önnur hefur þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum og hefur eiginlega, má segja, verið tekin út af borðinu, þ.e. Kárahnjúkavirkjun, þar sem umhverfisrask þeirrar virkjunar er óásættanlegt. En við eigum eftir að fá niðurstöðu hæstv. umhvrh., úrskurð varðandi þá virkjun. Ég ætla ekki að fara í neinar umræður um það, en að mínu mati er sú vinna komin út fyrir það sem lög um mat á umhverfisáhrifum segja til um. Önnur virkjun er í undirbúningi, þ.e. Norðlingaölduvirkjun. Um hana eru líka þegar miklar deilur. Heimamenn hafa mótmælt nær einróma skerðingu Þjórsárvera sem er óumflýjanleg afleiðing þeirrar virkjunar.

Þegar við erum að tala um nýtanlegt vatnsafl, er ekki nægilegt að líta á allt rennandi vatn í landinu. Við getum þegar tekið út stór vatnsföll, stórar ár eins og Jökulsá á Fjöllum og Hvítá. Ég held að þjóðin muni örugglega um nokkuð langa framtíð sameinast um að skerða hvorki Dettifoss né hrófla við Gullfossi. Ef við höldum svona áfram og teljum til fossa og flúðir sem okkur þykir mikið yndi og fegurð af og geta laðað bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn að til að skoða, þá minnkar nú vatnsaflið sem við höfum til nýtanlegrar orku.

Ég tel að það hafi verið til fyrirmyndar hjá hæstv. ríkisstjórn að setja upp rammaáætlunina Maður – nýting – náttúra, og fara þar að dæmi Norðmanna sem eru þegar

búnir að ganga að þeirra eigin mati of langt hvað varðar virkjunarkosti. Við eigum þess vegna að læra af reynslu þeirra.

Það er miklu erfiðara að takast á um einstakar framkvæmdir þegar þrýst er á virkjanakosti vegna umsókna ákveðinna fyrirtækja eins og nú, erlendrar stóriðju sem sækist eftir að komast til Íslands í vatnsaflið sem hér er. Ég tel alveg fráleitt, þrátt fyrir lög um raforkuver, að verða að fara í einu og öllu eftir eftirspurninni, að það sé nóg að hingað komi sendinefndir frá erlendri stóriðju, geri fyrirspurnir og óski eftir að setja hér upp stóriðju, að þar með sé eftirspurnin komin og þar með verði Landsvirkjun að sjá til þess að hugsanlega geti þetta fyrirtæki fengið raforku í hugsanlega þá virkjun sem það er að sækja um.

Í fyrsta lagi er virkjunarleyfið nú gefið héðan. Ég tel því að það hljóti að vera á valdi ríkisstjórnarinnar að fresta ákvörðunum um undirbúning og byggingu raforkuvera vegna beiðni erlendra fyrirtækja. Ekkert segir að þetta þurfi að afgreiða á stundinni. Okkur ber að uppfylla eftirspurn um raforku, þ.e. væntanlegri nýtingu, en þar sem verkáætlun, ef svo má segja, stendur þannig af sér með rammaáætlunina, tel ég algjörlega óásættanlegt að ekki sé hægt að fresta ákvörðunum þar til rammaáætlun liggur fyrir. Þá er ég ekki að tala um að allt eigi að slá út af borðinu og við séum á móti öllu. Það er bara miklu betra að ná sáttum um rammaáætlunina, ná sáttum um hugsanlega virkjunarkosti, en um einstaka framkvæmd eins og Kárahnjúkavirkjun og Norðlingaölduvirkjun.

Herra forseti. Ef undanþáguákvæði Kyoto-bókunarinnar sem við Íslendingar erum að sækja um verður samþykkt, þ.e. íslenska ákvæðið þar sem við verðum undanþegin mengunarkvótanum að meiri hluta en við höfum þegar fengið, þá mun áhugi erlendrar stóriðju á að koma upp verksmiðjum hér á landi aukast að mun. Nýlega fréttist af rússneskri sendinefnd. Hún var stödd norður í Eyjafirði að gá að landrými fyrir stóriðju. Fleiri munu koma í kjölfarið. Eigum við að uppfylla þarfir þeirra stóriðjufyrirtækja sem koma núna á næstunni alveg skilyrðislaust? Ég dreg það stórlega í efa og ég fagna þessari þáltill.

[16:18]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég harma að hæstv. iðnrh. skuli ekki sjá sér fært að ...

(**Forseti** (GÁS): Hæstv. ráðherra er í húsinu enn þá og forseti getur sótt hana ef ósk kemur fram um það.)

Hún kannski skilar sér þá í sal.

Herra forseti. Þessi tillaga snýst um vinnubrögð, fagleg og góð vinnubrögð og pólitíska stefnumótun og, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir, er hún ekki lögð fram að ástæðulausu. Tvö og hálft ár eru síðan vinnan við rammaáætlunina um nýtingu vatnsorku og jarðvarma hófst. Okkur er sagt að það verði a.m.k. eitt ár í viðbót þar til einhvers konar botn fæst í eina 20 eða 25 virkjanakosti í þeirri vinnu. Hins vegar sagði hæstv. iðnrh. áðan að nú um áramótin yrðu lögð fram gögn eða einhvers konar mat á 10–12 vatnsaflsvirkjunum. Hæstv. ráðherra fór hins vegar ekki nánar út í hvað væri þarna á ferðinni og hvaða virkjunarkosti væri verið að bera saman eða hvaða vægi þessir kostir hefðu í ákvarðanatöku stjórnvalda í þessum málum. Ég vildi gjarnan inna hæstv. iðnrh. eftir því hvers konar samanburður verður hér á ferðinni. Um hvaða kosti er verið að ræða og hvaða gildi hafa þeir innan rammaáætlunarinnar sem slíkrar? Það er brýnt að þetta komi fram við umræðuna.

Í annan stað segir hæstv. ráðherra að það búi góður hugur að baki vinnunnar vegna rammaáætlunarinnar. Við skulum vona það. En, herra forseti, maður skyldi heldur ekki hafa oftrú á því ferli og áfram munu óskir verða afgreiddar eins og þær berast inn, sagði hæstv. iðnrh.

Það er kannski ekki skrýtið að á mann leiti ákveðnar efasemdir um gildi þess mikilvæga starfs sem fer fram undir merkjum rammaáætlunarinnar þegar hæstv. iðnrh. talar með þessum hætti. Áður hefur verið spurt um það á hinu háa Alþingi hvert hið raunverulega gildi áætlunarinnar sé, bæði lagalegt og annað. Svörin verða æ loðnari, herra forseti, eftir því sem lengra líður á þessa mjög svo mikilvægu vinnu.

Ég verð að segja eins og er að það setti að mér ákveðinn beyg við að heyra hæstv. iðnrh. tala eins og hún gerði áðan, segja að menn skyldu ekki hafa oftrú á þessu ferli. Hér er verið að leggja í mikla, faglega, fræðilega og vandaða vinnu sem færustu sérfræðingar okkar á þessum sviðum hafa tekist á hendur og ég vona að út úr því komi eitthvað sem við gætum byggt á ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ef ekki á að vinna svona, herra forseti, hvernig á þá að vinna? Á þá að halda áfram, eitt verkefni í einu, alveg án tillits til framtíðarinnar? Á alltaf að efna til ófriðar þegar kostur gefst? Á að fara í Norðlingaölduveituna sem hér hefur verið rædd eins og við blasir á þessari stundu, án þess að það taki nokkurt tillit til gerðar rammaáætlunarinnar?

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að mér líkar ekki með öllu þessi málflutningur og mér finnst líka skjóta skökku við að hæstv. ráðherra skuli skýla sér á bak við 3. gr. raforkulaganna. Til hvers var þá farið af stað með rammaáætlunina? Þetta liggur fyrir og hefur alltaf gert, herra forseti.

Í ljósi þess að lagaumhverfi raforkuframleiðslunnar mun breytast, líklega á næsta ári, þeim mun mikilvægara er og verður, herra forseti, að þá sé til pólitískur rammi um það hvernig við ætlum að halda þessu áfram hér á landi. Þeim mun mikilvægara er það, herra forseti.

Þess vegna vara ég við því, herra forseti, að ráðherrann skýli sér í öðru orðinu á bak við 3. gr. raforkulaganna, en sé svo í hinu að gefa vísbendingar um áætlanir sem kannski verða og kannski verða ekki.

Við hljótum að standa frammi fyrir því, herra forseti, að við þurfum að forgangsraða bestu kostunum. Um það snýst rammaáætlunin. Og þessi tillaga er sett fram til þess að reyna að stuðla að sátt og friði um þá kosti sem næstir okkur eru í tíma, að þeir séu metnir faglega og fái þá umfjöllun sem geri það að verkum að hægt sé að ná einhvers konar sátt um virkjunarkostina sem fram undan eru.

En það er kunnara en frá þurfi að segja, herra forseti, að ríkisstjórnin, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hefur ekki setið á sátts höfði í virkjanamálunum. Því miður virðist mér, herra forseti, að svo muni enn halda áfram um sinn og þá mun rammaáætlunin um nýtingu vatnsafls og jarðvarma ekki verða sú leið úr sjálfheldu sem hún átti að verða.

[16:24]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég lýsti því yfir áðan í andsvari við hæstv. iðnrh. að ég teldi mjög tímabært að þessari vinnu um rammaáætlun yrði hraðað eins og hugur stjórnvalda stóð til. En ég sagði jafnframt í andsvarinu, og ég vil árétta það, að ég held að það sé ekki mikill áhugi á framgangi málsins. Ég held að stefnan sé sú á stjórnarheimilinu að koma í framkvæmd þeim verkefnum sem eru í

augsýn, eru á teikniborðinu núna, og síðan megi e.t.v. skoða rammaáætlunarmál. Og því var ekki andmælt.

Það gefur augaleið að lögin um Landsvirkjun setja fyrirtækinu miklar skyldur á herðar. En ég vil árétta að auðvitað fer Landsvirkjun eftir landslögum og þarf að fá leyfi fyrir öllum sínum framkvæmdum eins og aðrir í okkar samfélagi þannig að ekki er hægt, eins og hæstv. ráðherra gerði, að skýla sér á bak við það að Landsvirkjun beri að skaffa hverjum sem vill þá orku sem hann þarf. Þetta gengur ekki fyrir sig á þennan hátt og er undansláttur. Það á ekki að ræða málin á þessum grunni.

Ég vil jafnframt benda á að fram er kominn fjöldi tillagna um það hvernig eigi að fara í þessi mál. Ég nefndi til sögunnar áðan till. til þál. frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og þeim sem hér stendur um sjálfbæra orkustefnu. Þar er einmitt farið ítarlega yfir það hvað við sjáum fyrir okkur varðandi sjálfbæra orkustefnu. Við förum í greinargerð með þeirri þáltill. yfir vinnuferlið sjálft, sem svona rammaáætlun byggir á. Margt þarf þar að taka til umfjöllunar, t.d. magn hagnýtrar orku hérlendis, þar sem menn greinir e.t.v. eitthvað á um hvað framtíðin beri í skauti sér vegna betri tækni til nýtingar o.s.frv. En það liggur nokkuð ljóst fyrir hvað við getum vænst að framleiða af orku hér í landinu.

Við þurfum að velta fyrir okkur umhverfisáhrifum af orkunotkun í þessari rammaáætlun. Eins og ég sagði áðan þurfum við að gera okkur hugmyndir um hvað við viljum nýta af þeirri nýtanlegri orku sem er til staðar í landinu. Hv. þm. Þuríður Backman benti á að full samstaða er um það meðal þjóðarinnar að virkja ekki Gullfoss og virkja ekki Dettifoss. En samt verða menn að átta sig á því að uppi eru tillögur um Arnardalslón fyrir norðan og þar með að taka Dettifoss austur um eða það vatn sem nærir þann foss.

Fyrir þinginu liggur núna frv. til orkulaga sem byggir á gjörbreytingu vegna tilskipunar Evrópusambandsinsog ef að líkum lætur þá er það undanfari hlutafélagavæðingar og síðan einkavæðingar. Að örfáum árum liðnum, ef menn fara í einkavæðingu á þessum framleiðsluþætti í landinu, þá vitum við hvert stefnir og hvað menn vilja þegar kemur til kasta beinharðra peninga í viðskiptum. Við gætum lent á flótta í ákvarðanatöku um það t.d. hvort virkja ætti Gullfoss í harðæri sem gæti skapast að 10, 20 árum liðnum eða eitthvað því um líkt. Því er mjög mikilvægt fyrir okkur að fara í þessa vinnu við rammaáætlun og margt þarf að skoða í því máli.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur bent á að stórverkefni bíður okkar við notkun á innlendri orku í staðinn fyrir innflutt eldsneyti. Hingað er flutt gríðarlega mikið eldsneyti sem við kaupum dýrum dómum frá útlöndum. Þetta þarf allt að skoða, t.d. mismunandi leiðir til vistvænna orkugjafa, eflingu á innlendum rannsóknum og þróun sem mjög er kallað á í samfélaginu. Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því hvaða stöðu við viljum sjá í þessum málaflokki bara að aldarfjórðungi liðnum. Tuttugu og fimm ár eru ekki lengi að líða. Viljum við standa frammi fyrir því að vera búin að nota alla ódýrustu virkjanakostina kannski í fjögur, fimm verkefni, án þess að hafa hugsað okkur um og gert nokkurn ramma um það hvert við stefnum í þessum málum? Hlutirnir gerast hratt. Menn bíða í biðröðum og það leiðir til þess að menn eru á handahlaupum með hönnun á virkjunum, t.d. Urriðafoss, Gnúpavirkjun og stíflur við Norðlingaöldu, til þess að auka vatnsmagnið. Þetta ber einkenni óskipulagðra vinnubragða, auðvitað. Það er verið að bregðast við því að fyrstir koma, fyrstir fá og það verður leyst.

Það fer ekki hjá því, ef menn gera ekki heildstæða áætlun um það hvernig þeir ætla að fara í þessa auðlind, að við verðum á þessum flótta og gerum stærri mistök en við getum sætt okkur við að örfáum árum liðnum. Það er í þessu ljósi sem við verðum að skoða þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er á þrotum. Ég held að við stöndum frammi fyrir þeirri sorglegu staðreynd að núverandi ríkisstjórn Íslands hefur engan áhuga á þessari vinnu að svo komnu máli. Hún vill keyra áfram þessi mál sem eru á teikniborðinu og hafa til þess tvö, þrjú ár sem það tekur að setja þessi stóru verkefni í gang og síðan að fara í einhvers konar skoðun á þessum málum. Þetta er afleitt. Við köllum eftir því — og ég styð þessa þáltill. að því leytinu til — að í gang fari heildstæð vinna, heildstæð sýn til langrar framtíðar um hvernig við ætlum að standa að orkuöflun og orkuvinnslu í landinu.

[16:31]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið hérna fram um þessa þáltill. Það hafa verið jákvæðar undirtektir við hana af öllum nema hæstv. ráðherra. Það kom mér á óvart hvað hæstv. ráðherra var neikvæð. Þá er ég að tala um það sem hún lét frá sér fara um rammaáætlunina. Niðurstaða mín af þeim orðum er sú að hæstv. ráðherra telji að rammaáætlunin muni eiginlega ekki breyta neinu. Það er atriði sem menn hljóta að spyrjast nánar fyrir um og fara í gegnum í framhaldinu vegna þess að ég held að allir landsmenn sem hafa eitthvað fylgst með þessu hafi reiknað með því að rammaáætlunin ætti einmitt að breyta miklu, hún ætti að skapa þá sátt sem menn hafa verið að kalla eftir um það hvernig við færum í virkjanir á Íslandi og í hvaða röð við tækjum mögulega virkjunarkosti.

Það hefði verið gaman, og ég held til að upplýsa menn hér, ef hæstv. ráðherra hefði sagt eitthvað um það hvort hún teldi að t.d. Norðlingaölduveita væri hluti af þessum 12 möguleikum á líklegum virkjunarkostum sem hún lét liggja að hér að kæmu um áramótin frá þessum starfshópi.

Ég tel að frá hendi hæstv. ráðherra hafi ekki verið neinn vilji til þess að létta umræðuna. En það hefði líka verið fróðlegt að vita hvort full samstaða væri í ríkisstjórninni um að skoða ekki aðra kosti en Norðlingaölduveitu, að enginn annar kostur væri skoðaður í staðinn fyrir hana. Það hefur legið fyrir mjög skýr yfirlýsing frá hæstv. landbrh. um að aldrei yrði virkjaður fersentimetri af þessu svæði. Það er þá nýtt ef hæstv. landbrh. hefur tekið nýja stefnu í því máli því það kom mjög skýrt fram hjá honum þegar hann bauð sig fram til varaformanns Framsfl. að þetta væri stefna hans í málinu. Því miður er hæstv. landbrh. ekki hér þannig að hann getur ekki svarað því núna hvort hann hafi breytt um stefnu. En menn hljóta að ganga eftir því við hann í framhaldinu.

Það sem ég var að segja um þessa hluti var ekki það að ég væri á móti því að virkjað yrði til þess að skapa Norðuráli raforku. Það er ég ekki. Ég tel hins vegar að verið sé að stefna málum í óefni með því að Landsvirkjun setji allt sitt traust á það að hún fái að virkja við Norðlingaölduveitu. Ég tel að full ástæða sé til þess fyrir Landsvirkjun að gera ráð fyrir því að þurfa á öðrum kostum að halda. Það er ekki nóg fyrir hv. Alþingi að standa frammi fyrir því að það verði búið að undirbúa þessa virkjun og að hér þurfi menn að svara því hvort þeir vilji virkja þar eða ekki, því annars verði ekki af neinum samningum við Norðurál. Menn vita að fjölmargir möguleikar eru til virkjana á þessu svæði sem hægt er að

grípa til og undirbúa. Norðurál var rétt að klára núna þá stækkun sem hefur verið þar í undirbúningi. Það er ekki búið að undirbúa þessa stækkun Norðuráls sem nú er verið að tala um og það mun auðvitað taka tíma.

Hvort ráðist verður í þessa Norðlingaölduveitu eða aðrar virkjanir á þessu svæði mun ekki tefja þetta mál svo neinu nemur vegna þess að Norðlingaölduveita dugar ekki. Hún dugar ekki fyrir þeirri stækkun sem þarna er verið að ræða um.

Þetta eru hlutir sem ég tel fulla ástæðu til að skoða nánar. Mér finnst það dapurleg niðurstaða af þessari umræðu að við skulum standa frammi fyrir því að hæstv. iðnrh. sé nánast að segja okkur að það verði keyrt áfram með kíkinn fyrir blinda auganu, a.m.k. alveg þangað til búið er að taka ákvarðanir um næstu líklegar virkjanir og stóriðju á Íslandi. Það er að bætast í. Við sjáum núna að það eru komnir nýir aðilar og það gætu komið nýir og nýir á hverjum degi á næstunni út á það sem hv. 5. þm. Austurl. var að nefna áðan, þ.e. að sú breyting sem getur orðið á fyrir Íslendinga hvað varðar Kyoto-bókunina, að þeir fái tækifæri til að auka útblástur, þýðir að fjölmörg svona fyrirtæki sækja nú hingað. Því held ég að ástæða sé til þess að menn verði búnir að búa til dagatalið fyrir Ísland um það hvenær og hvar eigi að virkja í framtíðinni og hversu langt menn ætla að ganga.

Ég segi bara að lokum, og það skulu vera lokaorð mín í þessari umræðu, að ég hafði vonast til þess að á meðan sá tími líður þangað til rammaáætlunin verður til, sem átti að vera stærsta sáttainnleggið í þetta, þá færu menn ekki út í að taka ákvarðanir um að virkja á mjög umdeildum stöðum á Íslandi. Ég hélt að það væri skilningur á þessu. Sem betur fer er ekki langur tími sem er fram undan þangað til rammaáætlun liggur fyrir. En mér virist stefna í óefni hvað þetta varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Frv. GAK, 10. mál (iðgjöld). — Þskj. 10.

[16:38]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem snýr að Lífeyrissjóði sjómanna og greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóðinn.

Frumvarpið er um breytingu á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna og 1. gr. þess hljóðar svo:

„1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjald til sjóðsins skal nema 12% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 8%.

Eins og vitað er greiðir launagreiðandinn almennt til lífeyrissjóða í dag, eða margra lífeyrissjóða, 6% og launþeginn 4%, samanlagt 10%. Þarna er því verið að leggja til að auka tímabundið inngreiðslu í sjóðinn um 2%.

Svo er sagt í 2. gr. að lög þessi öðlist þegar gildi ef samþykkt verða. Þá er í frv. ákvæði til brb., svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna mynda tvö prósentustig af greiðslu launagreiðanda ekki réttindi til lífeyris fyrr en tryggingafræðileg úttekt sýnir að Lífeyrissjóður sjómanna getur staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum.“

Frv. fylgir svofelld greinargerð sem ég ætla að vitna í af og til:

Frumvarp sama efnis var flutt á 126. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Um alllangt skeið hafa eignir Lífeyrissjóðs sjómanna ekki staðið undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Stjórn sjóðsins hefur leitað leiða til að minnka muninn milli eigna hans og skuldbindinga. Í nokkur skipti, eins og okkur er reyndar kunnugt á Alþingi, hafa verið gerðar lagabreytingar sem allar hafa haft í för með sér mikla skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna.

Þó að lagasetningin hafi yfirleitt snúið beint að lögunum um Lífeyrissjóð sjómanna, vegna þess að um hann gilda sérlög, þá hafa lífeyrissjóðir annars staðar á landinu sem hafa haft sjómenn innan sinna vébanda, m.a. á Vestfjörðum, Austfjörðum, í Vestmannaeyjum og víðar, oftast nær fylgt á eftir þeim aðgerðum varðandi sjómannadeildir sínar sem gerðar hafa verið í Lífeyrissjóði sjómanna. Því er frv. samið sérstaklega með Lífeyrissjóð sjómanna í huga að hann hefur verið leiðandi í því hvernig þessar viðmiðunarreglur eru varðandi réttindi og útgreiðslur í lífeyrismálum sjómanna almennt og þau ákvæði þá verið tekin upp af stjórnum í viðkomandi lífeyrissjóðum. En þó að hér sé talað um Lífeyrissjóð sjómanna má segja sem svo, eins og ég kem síðar að í máli mínu þegar ég minnist á ávöxtun lífeyrissjóða almennt, sérstaklega þegar þeir tryggja sjómenn, að menn hafa staðið frammi fyrir því að þurfa að gera svipaða hluti og stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna hefur neyðst til að taka á.

Í greinargerðinni segir að þrátt fyrir þetta vanti enn um 4.494 millj. kr., þ.e. þrátt fyrir þær aðgerðir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og miðað hafa að því að lagfæra stöðu lífeyrissjóðsins en hafa orðið til þess að skerða réttindi lífeyrisþeganna. Þrátt fyrir það vantar enn þá 4.494 millj. kr. eða eða 6% til þess að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum hans samkvæmt tryggingafræðilegu mati miðað við árslok 2000, en halli sjóðsins árið á undan, þ.e. á árinu 1999, var 2.185 millj. kr. eða um 3,2%. Með viðvarandi halla sjóðsins yfir 5% verður lögum samkvæmt að grípa til ráðstafana sem felast í enn frekari lækkun réttinda sjóðfélaga ef engar viðbótargreiðslur koma til. Eins og menn vafalaust muna í hv. Alþingi voru sett lög um almenna starfsemi lífeyrissjóða árið 1997 og í þeim lögum segir á þá leið, ef ég man rétt, að stjórnum lífeyrissjóða beri að aðhafast eitthvað til þess að tryggja stöðu lífeyrissjóðanna. Venjulega er nú ekki hægt að grípa til nema tvenns konar aðgerða, þ.e. annaðhvort að auka inngreiðslur í lífeyrissjóðinn ef lífeyrissjóðurinn á ekki fyrir réttindum sínum og þá til þess að laga stöðu hans án þess að bein réttindainnfærsla komi á móti eins og hér er lagt til, eða þá að stjórnarmenn í lífeyrissjóði samkvæmt þeim lögum neyðast til að grípa til aðgerða sem skerða lífeyrisréttindi og laga þar af leiðandi stöðu sjóðsins.

Ef ég man rétt þá er ákvæðið þannig að á meðan sjóðurinn á fyrir yfir 95% af skuldbindingum sínum þá þarf stjórnin ekki að aðhafast neitt. En þegar að því kemur að lífeyrissjóður er ekki talinn eiga fyrir meira en á milli 90 og 95% af skuldbindingum sínum þá kemur viðvörun og menn þurfa að meta hvort þeir ætla að aðhafast eitthvað og verða þá að gera það a.m.k. ef óbreytt ástand varir um lengri tíma eða yfir fjögur ár. Stefni hins vegar niður fyrir það að lífeyrissjóður eigi fyrir 90% af skuldbindingum sínum þá ber stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs — sjái hann ekki fram á betri tíð og

auknar inngreiðslur — að grípa þegar í stað til aðgerða sem rétta stöðu lífeyrissjóðsins. Þessi lög um almenna starfsemi lífeyrissjóða í landinu kveða því mjög stíft á um að stjórnirnar hafa ákveðna ábyrgð á stöðu sjóðsins. Síðan má ekki aftur auka réttindin til sjóðfélaga fyrr en lífeyrissjóðurinn er kominn í yfir 105%, ef ég man rétt. Þá má sem sagt fara að greiða út. Frá því að menn detta niður fyrir 90% og þangað til þeir geta aftur farið að lagfæra réttindi sjóðfélaga þá þarf að auka eignastöðu sjóðsins um 15%.

Þetta er eitthvað sem ég hugsa að menn kannski þurfi að fara að skoða almennt miðað við hvernig staða lífeyrissjóðanna hefur verið að þróast á undanförnum missirum og verðtrygging þeirra skuldbindinga sem lífeyrissjóðirnir eiga í fjármunum sínum, hvort þetta bil er akkúrat það rétta og hvort það eigi að vera eins og það er í þessum lögum um almenna starfsemi lífeyrissjóða.

Það segir áfram, með leyfi forseta, í greinargerðinni:

„Með því að hækka lögbundið framlag launagreiðanda í Lífeyrissjóð sjómanna um tvö prósentustig, án þess að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukist, er stigið mikilvægt skref í þá átt að brúa það sem upp á vantar til að sjóðurinn eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum. Auk þess er það réttlætismál að launagreiðendur leggi fram sinn skerf og taki þátt í því að koma sjóðnum á réttan kjöl."

Það er nefnilega þannig að atvinnurekendur eiga sæti í stjórnum lífeyrissjóða og bera, á meðan þeir sitja þar, á því ábyrgð að lífeyrissjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og það er auðvitað markmið lífeyrissjóðanna að reyna að tryggja einhvern viðunandi rétt lífeyrisþeganna. Ýmis rök hníga því til þess að atvinnurekendur komi að þessu máli, m.a. með þeim tillögum sem hér eru lagðar til. Greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna vegna örorkulífeyris eru t.d. afar háar, sem er afleiðing af því hversu hættulegt sjómannsstarfið er, og á undanförnum árum hefur örorkulífeyrir komist nálægt 45% af heildarlífeyrisgreiðslum í Lífeyrissjóði sjómanna þegar sambærilegt hlutfall hjá öðrum lífeyrissjóðum er mun lægra og í sumum tilfellum allt niður í 20%. Þarna er Lífeyrissjóður sjómanna, og kannski aðrir lífeyrissjóðir sem hafa sjómenn innan sinna vébanda, í raun og veru að taka á sig mun meiri og þyngri ábyrgð en gerist almennt í öðrum lífeyrissjóðum. Þetta tengist auðvitað hárri slysatíðni sjómanna og hættulegu sjómannsstarfi en það hlýtur hins vegar að vera spurning á móti hvort útgerðinni sé þá ekki rétt ætlað að koma sterkar inn í þá stöðu sem komin er upp í Lífeyrissjóði sjómanna og jafnvel öðrum lífeyrissjóðum sem tryggja sjómenn innan sinna vébanda þar sem lífeyrissjóðurinn virkar svona stórt, m.a. í örorkuþættinum.

Ég lít a.m.k. svo á að séu útgerðarmenn ekki á nokkurn hátt tilbúnir til að koma að því vandamáli sem er núna í Lífeyrissjóði sjómanna eins og hér er lagt til — en það vandamál stafar annars vegar af mjög hárri örorku, sem greidd er út í heildarlífeyrisgreiðslum, og hins vegar af þeim pakka sem var settur inn sem félagsmálapakki á sínum tíma varðandi 60 ára regluna en hefur aldrei fylgt nein fjárveiting — sé vandinn aukinn. Ríkisvaldið og sjómannasamtökin deila — í sjómannasamtökunum er talið að ríkisvaldið ætti að greiða um 1,3–1,4 milljarða inn í Lífeyrissjóð sjómanna ef lagfæra ætti þá ábyrgð sem fallið hefur á sjóðinn eftir að lögin um 60 ára regluna voru samþykkt hér samhljóða á Alþingi, um það að sjómenn mættu hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri. Núna eru í gangi málaferli við ríkisvaldið um það hvort ríkisvaldið eigi að bera ábyrgð á þeirri lagasetningu. Ef ekki, þá vantar því meira upp á.

Í frumvarpinu er lagt til að þessi hækkun á hlutfallslegri greiðslu launagreiðanda myndi ekki aukinn rétt til lífeyris fyrr en tryggingafræðileg úttekt sýnir að sjóðurinn getur staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum. Þess í stað verði auknar greiðslur í sjóðinn af þessum toga notaðar til þess að brúa það sem upp á vantar hvað snertir skuldbindingar sjóðsins og framtíðarhagur sjóðfélaga þannig bættur. Jafnframt munu auknar greiðslur launagreiðenda verða til þess að stöðva enn frekari skerðingar á réttindum núverandi lífeyrisþega í Lífeyrissjóði sjómanna.

Í þessari lokasetningu í greinargerðinni tel ég að vikið sé að mjög áríðandi máli því að það eru jú þeir sem núna eru lífeyrisþegar í Lífeyrissjóði sjómanna sem mundu verða fyrir skerðingu ef hún kæmi til framkvæmda þegar á næsta ári.

Því miður hefur ávöxtun lífeyrissjóðanna á fjáreignum sínum verið slök á árinu 2000 og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég veit bestar eru ekki líkur til þess að Lífeyrissjóður sjómanna komi betur út á árinu 2001. Ekki skal ég segja um það hvort hann er neitt sérstakur í því tilliti, ég gæti vel trúað að það væru margir lífeyrissjóðir sem yrðu líka með neikvæða ávöxtun eigin fjár á árinu 2001. En á síðasta ári kemur Lífeyrissjóður sjómanna út með það að ávöxtunin er neikvæð um 0,5% þó að meðalávöxtun síðustu sex ára sé jákvæð um 6,8%.

Það segir fljótt til sín þegar ávöxtunin er ekki betri en þessi og þetta er ekkert einsdæmi hjá Lífeyrissjóði sjómanna því m.a. hjá Lífeyrissjóði Austurlands er ávöxtunin á síðasta ári mínus 4,3% og í Lífeyrissjóði Vestfirðinga er hún mínus 4,9%. Í Lífeyrissjóði Bolungarvíkur er hún mínus 5,9% og í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja plús 0,4%. Það er talið að það þurfi lágmark að vera ávöxtun upp á plús 3,5% til þess að menn haldi í við réttindaávinninginn og ekki hallist á varðandi réttindi manna.

Staðan gæti hreinlega orðið sú, þó að ég geti ekkert fullyrt um það, að þegar á næsta ári, á árinu 2002, stæði stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna frammi fyrir því að sjóðurinn ætti ekki fyrir nema innan við 90% af skuldbindingum sínum. Og þá kemur akkúrat upp sú staða sem ég vék að varðandi löggjöfina um heildarlífeyrissjóði í landinu, að sjóðstjórninni ber að aðhafast eitthvað þegar í stað. Og miðað við það að útgerðin neiti alfarið að leggja sjóðnum til aukið fé, eins og hér er lagt til, og axli þá ábyrgð að þeir eru jú stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum — það getur varla bara verið hlutverk stjórnarmanna að standa að skerðingum, að þeir beri enga aðra ábyrgð — þá get ég ekki annað séð en að hér sé verið að flytja mál sem er afar nauðsynlegt að sé rætt og farið í gegnum.

Eins og ég gat um áður er staða Lífeyrissjóðs sjómanna og annarra lífeyrissjóða af tveimur ástæðum kannski verri en annarra. Í fyrsta lagi varðar það örorkuþáttinn og í öðru lagi skuldbindingar sem lagðar voru á sjóðinn um 60 ára regluna. Þó að búið sé að gera þá reglu hlutlausa núna er uppsafnaður vandi af henni, eins og ég gat um áður, 1,3–1,4 milljarðar bara í Lífeyrisjóði sjómanna.

Mér finnst ekki hægt að horfa á það þegjandi að þeir sem núna eru lífeyrisþegar hjá þessum lífeyrissjóðum þar sem þeir eiga kannski að meðaltali 20–40 þús. kr. lífeyrisrétt — sjómenn byrjuðu ekki að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum fyrr en 1987, þeir byrjuðu að greiða af hálfum heild-

arlaunum sínum 1985 og síðan 75% 1986 og að fullu 1987 en höfðu þar áður aðeins greitt af kauptryggingu og m.a.s. fyrstu árin eftir 1970 aðeins af hálfri hásetatryggingunni — að þessir menn séu að eignast mjög lítil réttindi vegna þess að litlar inngreiðslur voru í sjóðinn. Og þetta eru einmitt mennirnir sem núna eru kannski farnir að taka lífeyri og munu á næstu fimm, sex árum verða lífeyrisþegar. Þetta eru mennirnir sem unnu alla sína ævi en greiddu fá ár í lífeyrissjóð og aðeins hluta af sinni starfsævi af öllum launum, og eiga nú lífeyrisrétt á bilinu 20–40 þúsund. Þeir yrðu fyrir skerðingunni ef það þyrfti að beita henni á næsta ári, enn aukinni skerðingu ofan í það sem þurfti að aðhafast fyrir tveimur árum.

Mér finnst ekki á bætandi og þess vegna tel ég afar brýnt að þetta mál fái vandaða umfjöllun og menn skoði það hvort ekki megi fara þessa leið til að laga stöðu lífeyrissjóðanna þannig að þeir lífeyrisþegar sem núna eru að taka út sinn lífeyri, lítinn lífeyri, verði ekki sérstaklega fyrir skerðingu. Það eru auðvitað allar líkur til þess að þó að nú sé neikvæð ávöxtun um tvö ár í lífeyrissjóðunum á fjármunum þeirra að meðaltali, miðað við það sem þyrfti að vera, þá eru líkur til þess að það vari ekki um langa framtíð og innan kannski eins árs eða jafnvel styttri tíma verði komin betri tíð varðandi ávöxtun á þessum fjármunum lífeyrissjóðanna. Við skulum a.m.k. vona það.

Meðan menn standa frammi fyrir núverandi ástandi er varla sanngjarnt að það verði borgað af lífeyrisþegum með sáralítil lífeyrisréttindi en fyrir síðari tíma lífeyrisþega, eftir kannski 5, 10 eða 15 ár, verði aftur komin upp sú staða að það verði hægt að auka við lífeyrisréttindin. Þá verði talan sem sagt komin í þessi 105%, lífeyrissjóðir eigi fyrir þeim skuldbindingum sínum og þá megi auka réttinn en að vandi sjóðsins sé tekinn út á tiltölulega fámennum hópi manna sem hefur lítinn lífeyrisrétt. Þetta tel ég að sé sanngirnismál og ég trúi því varla fyrr en ég tek á því að Landssamband íslenskra útvegsmanna, sem vafalaust verður í forsvari fyrir íslenska útvegsmenn í þessu máli, sé með þeirri hugsun að þeir eigi bara að sitja í stjórnum lífeyrissjóða og taka þar ákvarðanir sem eingöngu eru til skerðingar en að öðru leyti séu þeir ábyrgðarlausir þegar kemur að vanda lífeyrisþega. Ef sú verður niðurstaðan sé ég enga aðra leið en að flytja hér einhvern tíma frv., vonandi með sem flestum þingmönnum, um það að atvinnurekendur eigi ekkert erindi í stjórnir lífeyrissjóðanna.

[16:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu brýnt hagsmunamál og réttlætismál. Hv. flutningsmaður, Guðjón A. Kristjánsson, hefur gert grein fyrir því út á hvað frv. gengur, að hækka iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna um 2 prósentustig og að útgerðarmenn axli tilkostnaðinn. En einnig fylgir ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að réttindi muni ekki aukast fyrr en tryggingafræðileg úttekt hafi sýnt að Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum.

Það kom einnig fram í máli hv. flm. hve erfið staða lífeyrissjóðsins er, að það vanti tæplega 4,5 milljarða kr. eða 6% til þess að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati við árslok 2000. Hann benti á að halli sjóðsins sé nú meiri en hann var árið áður en á árinu 1999 nam hallinn rúmum 2 milljörðum eða 3,2%. Reyndar var staða Lífeyrissjóðs sjómanna enn þá verri áður því að á árinu 1998 nam hallinn tæpum 10 milljörðum kr. eða 13,6%. Síðan, eins og fram kom í máli hv. þm., tók ávöxtun lífeyrissjóðanna kipp upp á við og staða sjóðsins batnaði en síðan hefur hallað undan fæti með þeim afleiðingum sem hér hafa verið tíundaðar.

Hvað hefur verið gert til þess að bregðast við þessum vanda? Jú, til kasta Alþingis kom þetta mál á árinu 1999. Þá voru samþykkt lög á Alþingi þar sem lífeyrisréttindi sjómanna voru skert um 11,5% og á þessu ári átti að koma til sögunnar enn meiri skerðing eða 12% um mitt árið 2001 þannig að vegna þessarar erfiðu stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna hefur þurft að skerða réttindi þeirra sem þessu nemur.

Hvers vegna er eðlilegt að ríkissjóður annars vegar og útgerðarmenn hins vegar komi að þessu máli og axli þá ábyrgð sem hv. flm. gerir kröfu til? Jú, mér fannst hann færa mjög haldgóð rök fyrir því. Í fyrsta lagi hefur Lífeyrissjóður sjómanna verið eins konar viðlagasjóður fyrir útgerðina. Lífeyrissjóðir í landinu greiða að jafnaði 20–25% af útgreiddum lífeyri í örorkubætur. Þessi hlutfallstala hjá Lífeyrissjóði sjómanna er 45%. Næstum því helmingur af öllum greiðslum úr sjóðnum gengur til örorkubóta og er sjóðurinn þess vegna eins konar viðlagasjóður fyrir útgerðina. Þetta er ein ástæðan fyrir því að útgerðarmönnum ber að koma að þessu máli.

Hvers vegna ætti ríkissjóður einnig að koma að málinu? Jú, þannig háttar til að ríkið hefur margoft komið að kjaramálum sjómanna, illu heilli nú nýlega, en t.d. á árinu 1981 var samið um svokallaðan félagsmálapakka. Sjómenn afsöluðu sér á þeim tíma 2–3% í fiskverði. Til sögunnar kom svokölluð 60 ára regla sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gerði grein fyrir, regla sem gekk út á það að sjómenn gætu hætt störfum 60 ára að aldri en ríkissjóður ætlaði þá að koma með fjármagn inn í sjóðinn til að standa straum af þessum kostnaði. Það var þáttur ríkisins í þessum félagsmálapakka. Eins og fram kom í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar nam þessi upphæð sem hefði þurft að koma til sögunnar 1,3 milljarði kr., væntanlega á núvirði, og ég man ekki betur en við fyrri umræður þessa máls hafi hæstv. fjmrh. tekið því alllíklega að ríkið hlypi undir bagga enda öllum ljós ábyrgð ríkisins í þessu máli.

Þetta er ástæða þess að ég tel rök fyrir því að útgerðarmenn standi straum af þeim kostnaði sem hlýst af frv., þ.e. greiði þessi 2% til viðbótar inn í Lífeyrissjóð sjómanna, og einnig fyrir hinu að ríkið komi að þessu máli með fjárframlagi til Lífeyrissjóðs sjómanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsdómur, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

[17:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm sem ég flyt ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur. Með þessari þáltill. er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm með það að markmiði að einfalda framkvæmd laganna sem orðin eru úrelt og hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á dóms- og réttarkerfinu.

Lög um landsdóm voru síðast endurskoðuð árið 1960 eða upp úr því í kjölfar þáltill. sem þá hafði verið samþykkt. Þá höfðu þau gilt frá 1905 til 1960 eða 1963 alveg óbreytt.

Samhliða þessari tillögu er flutt önnur tillaga sem felur í sér að einnig fari fram heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð. Hér er um tengd mál að ræða þannig að rétt er að heildarendurskoðun verði gerð samtímis á báðum lögunum sem orðin eru nær 40 ára gömul.

Þessi mál eru liður í flutningi og stefnumálum Samfylkingarinnar um lýðræði og stjórnfestu, en Samfylkingin hefur lagt fram nokkur mál sem um það fjalla, m.a. á þessu þingi.

Tillagan felur sem sagt í sér að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm og að í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og ljúki hún störfum fyrir árslok 2002. Nefndin hafi að markmiði að einfalda framkvæmd laganna og tryggja tilteknu hlutfalli alþingismanna málshöfðunarrétt samkvæmt lögunum. Jafnframt verði kannaðir kostir þess og gallar að leggja af landsdóm en ábyrgð á hendur ráðherrum verði komið fram fyrir almennum dómstólum.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa samkvæmt tillögunni og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur Íslands tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Herra forseti. Hér hef ég verið að vitna til efnisgreinar tillögunnar sjálfrar. Það er farin nokkuð sérstök leið að þessu. Ekki er lagt til að ríkisstjórn verði falin endurskoðun á þessum lögum heldur að þetta verði á ábyrgð og forræði forsn. sem er eðlilegt, herra forseti, vegna þess að við erum að fjalla um landsdóm og málshöfðunarrétt fyrir landsdómi sem aldrei hefur reyndar verið kallaður saman. Hann er einungis kallaður saman ef kemur til málshöfðunar á hendur ráðherra og því er óeðlilegt að þeir fjalli um mál, þ.e. framkvæmdarvaldið og ráðherrar, sem snýr að þeim.

Lögin um ráðherraábyrgð kveða á um efnisþætti ráðherraábyrgðar, skilyrði sakfellingar og viðurlög. Lögin um landsdóm kveða aftur á móti á um skipan dómsins og dómsferlið sjálft.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1963 fer landsdómur með og dæmir þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra en eins og kunnugt er hefur landsdómur aldrei verið kallaður saman hérlendis þó það hafi vissulega komið fyrir í nokkur skipti í nágrannalöndunum.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Í 29. gr. stjórnarskrárinnar er einnig kveðið á um að forseti Íslands geti ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur dæmt nema með samþykki Alþingis. Stjórnarskráin setur því breytingu á skipan þessara mála þröngar skorður en samkvæmt henni er ákæruvaldið gegn ráðherra í höndum Alþingis og dómsvaldið í þeim málum sem Alþingi samþykkir að höfða hjá landsdómi. Án breytingar á stjórnarskránni virðist löggjafinn því einungis geta ákvarðað um hvernig skipan dómsins skuli háttað, fyrir hvaða athæfi eða verknað ráðherra skuli sæta ábyrgð og hvaða viðurlögum hann skuli sæta.

Lög um landsdóm, eins og ég sagði áðan, voru fyrst sett árið 1905 en heildarendurskoðun fór fram á þeim lögum árið 1960 og ný lög voru sett um dóminn á árinu 1963. Sú löggjöf fól í sér gagngerar breytingar á lögum um landsdóm. M.a. var dómurum fækkað um helming, en hann skipuðu áður 30 dómarar. Reglurnar um skipan dómsins þóttu úreltar og flóknar. Það nýmæli var þá sett í lögin að Alþingi kysi fimm menn úr sínum hópi, svokallaða saksóknarnefnd, til að vera saksóknara til aðstoðar þegar mál væri höfðað gegn ráðherra.

Í greinargerð með frumvarpi sem Ólafur Jóhannesson samdi um landsdóm og varð að lögum nr. 3/1963 kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Satt er það að refsiábyrgðar ráðherra gætir minna, þar sem þingræðisstjórn er komin í fastar skorður. Þar er málshöfðun gegn ráðherra fyrir sérstökum stjórnardómstóli fátíð. Þörf á slíku úrræði er þar miklu minni. Hin þinglega ábyrgð veitir ráðherrum nauðsynlegt aðhald, og ráðherra, sem meiri hluti þings vill losna við, verður að víkja. Í þingstjórnarlöndum er þingmeirihluti oft samábyrgur ráðherra og liggur í hlutarins eðli, að sá meiri hluti samþykkir ógjarna málshöfðun gegn ráðherra. Samt sem áður er það ofmælt, að í þingstjórnarlöndum sé ákvæðum um refsiábyrgð ráðherra og um sérstakan ráðherradóm algerlega ofaukið. Þar getur orðið þörf á slíkum úrræðum, þegar sérstaklega stendur á. Vitund um, að sérstakur dómstóll sé tiltækur, ef brot er framið, getur og veitt ráðherra almennt aðhald. Það er því eigi aðeins ástæðulaust heldur og óskynsamlegt, að afskrifa þetta úrræði, sem algerlega gagnslaust."

Í landsdómi eiga nú sæti 15 dómendur, eftir þá breytingu sem var gerð 1963, þ.e. hæstaréttardómarar, dómstjórinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Síðan eru átta kosnir af Alþingi. Forseti Hæstaréttar er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Í 13. gr. laga nr. 3/1963 kemur fram að ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skuli gerð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda er sókn málsins bundin við þau. Alþingi kýs jafnframt mann til að sækja málið af sinni hendi. Enn fremur kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar. Síðan tekur við langt, þunglamalegt og flókið dómsferli sem lýst er í yfir fimmtíu greinum í lögunum.

Eins og allir þekkja hefur ákvæði um landsdóm aldrei verið beitt. Ríkar og alvarlegar ásakanir á hendur ráðherra þurfa að koma til til að svo verði. Það sem fyrst og fremst gefur tilefni til þessarar endurskoðunar er úrelt ákvæði laganna og því rétt að sníða þau að því dómskerfi sem við búum við.

Gildandi ákvæði um landsdóm, sem staðið hafa óbreytt frá setningu þeirra, eru mjög flókin og þung í vöfum og þau hafa ekki fylgt þeirri þróun sem hefur orðið í dóms- og réttarkerfinu þar sem stefnan hefur verið að fækka sérdómstólum. Samkvæmt lögunum fer landsdómur með mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra og dæmir í þeim.

Fræðimenn hafa gagnrýnt tilvist þessa dóms og hafa m.a. lagt til ákveðnar breytingar á landsdómi. Vil ég þar vitna t.d. til Gunnars G. Schrams sem fjallaði um þýðingu hans í bók sinni Um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Segir hann þar m.a., með leyfi forseta:

„Má því spyrja, hvort ekki væri réttara að leggja dómstól þennan niður og fá verkefni hans Hæstarétti, sem fullfær er að annast það."

Einnig segir dr. Gunnar, með leyfi forseta:

„Alþingi myndi eftir sem áður hafa í sínum höndum ákæruvaldið vegna embættisbrota ráðherra."

Mér sýnist þetta mun einfaldari og heppilegri lausn. Nægilegt réttaröryggi ætti að vera fólgið í því að ákæruvaldið yrði áfram í höndum Alþingis. Jafnframt mundi sú skipun sem dr. Gunnar nefnir fella úr gildi þær vafasömu reglur sem nú gilda um skipan landsdóms. Sú hugmynd fer að verulegu leyti saman við hugmyndir sem hér eru settar fram um breytingu á dómnum. Þrátt fyrir niðurfellingu landsdóms mætti enn fremur skoða hvort ástæða væri til að huga að breytingum á réttarfarslögum og lögum sem fjalla um dómstóla þannig að Alþingi geti tilnefnt sérstaka meðdómendur í dómsmálum á hendur ráðherrum.

Hér má enn fremur benda á að í Danmörku hafa fræðimenn haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sem sé stirt og þunglamalegt geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð.

Við flutningsmenn tökum sem sagt undir að ástæða sé til að einfalda skipan þessara mála og jafnvel leggja af landsdóm þannig að ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum með venjulegum hætti, þ.e. þeir verði saksóttir sem hverjir aðrir embættismenn. Það krefst breytinga á stjórnarskránni en engu að síður er fyllsta ástæða til að kanna þennan kost. Þannig fyrirkomulag tíðkast í Englandi, en jafnframt eru í gildi þar í landi sérstakar siðareglur fyrir ráðherra. Þótt ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum mætti engu síður hugsa sér að málshöfðunarréttinum væri í höndum Alþingis eins og áður. Jafnvel gæti komið til skoðunar að Alþingi kjósi eftir sem áður fulltrúa til setu í almennum dómstóli komi til málshöfðunar á hendur ráðherra. Rökin fyrir framangreindu eru m.a. þau að æðstu handhafar framkvæmdarvalds eru ráðherrar. Þær stofnanir sem fara með ákæruvald (ríkissaksóknari/ lögreglustjóri) heyra undir ráðherra, a.m.k. að formi til. Í nágrannaríkjum okkar er þó þróunin sú að tryggt verði sjálfstætt ákæruvald. Því verður að telja eðlilegt að Alþingi fari með málshöfðunarréttinn í þessu tilviki og kjósi fulltrúa í dóminn.

Herra forseti. Við flutningsmenn leggjum einnig til í þessari tillögu að kannað verði hvort ekki sé eðlilegt að tryggja betur rétt minni hluta alþingismanna til málshöfðunar. Ástæða þess er einkum sú hefð sem hér er fyrir meirihlutastjórnum og því nauðsynlegt að réttur minni hlutans verði betur tryggður. Það styrkir lýðræðið og veitir um leið stjórnarmeirihlutanum hverju sinni meira aðhald. Í því sambandi er rétt að benda á 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan rannsóknarnefndar sem er algjörlega óvirk. Ástæða þess að tillögur um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar hafa allar verið felldar utan ein er að málefni eða málsástæður ályktunarinnar beinast oft að sitjandi ráðherra eða málaflokki hans sem stjórnarmeirihlutinn ver. Í skjóli meiri hlutans hafa því 50–60 tillögur um skipan rannsóknarnefndar með stoð í 39. gr. stjórnarskrár sem fluttar hafa verið sl. 40 ár, eða allar utan ein, verið felldar.

Hér er sem sagt verið að styrkja meira þingræðið og aðhald með framkvæmdarvaldinu með þeirri leið sem við nefnum að skoðuð verði, þ.e. að tryggja betur rétt minni hluta alþingismanna og það verði skoðað í þessu tilfelli að tryggja á tilteknu hlutfalli alþingismanna málshöfðunarrétt samkvæmt lögunum. Það er raunverulega meginefni þeirra breytinga sem við leggjum til fyrir utan að einfalda dóminn og skoða kosti þess og galla að leggja af landsdóm en ábyrgð á hendur ráðherrum verði komið fram fyrir almennum dómstólum.

Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að forsætisnefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að ráðist verði í vinnu við að einfalda framkvæmd og jafnvel gera grundvallarbreytingar á lögum um landsdóm. Ég tel eðlilegt að það verði forsætisnefnd sem hafi þarna ákveðið forræði á málinu eins og hér er lagt til. En til þess þarf einnig stjórnarskrárbreytingu. Jafnframt mætti halda því fyrirkomulagi sem felst í lögum um landsdóm að Alþingi komi að skipun dómsins t.d. með því að Alþingi tilnefni sérstaka meðdómendur er taki sæti í dómi kæmi til þess að höfðað verði mál á hendur ráðherra.

Herra forseti. Við leggjum til að skipuð verði fimm manna nefnd eins og ég sagði í upphafi máls míns og hún ljúki störfum fyrir árslok 2002. Ég held að allir hljóti að geta fallist á að það er sjálfsagt að setjast yfir þetta mál eins og hér er lagt til og skoða hvort ekki sé hægt að ná breiðri samstöðu um að endurskoða 40 ára gömul lög sem eru alls óvirk og þung í vöfum og farin verði sú leið eins og hér er mælt fyrir um að einfalda alla framkvæmd.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:19]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem er 1. flm. þessa máls, hefur farið mjög ítarlega yfir efni tillögunnar og útskýrt mjög vel hver sé tilgangurinn með framlagningu þáltill. um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og hef ég í sjálfu sér fáu við það að bæta.

Árið 1998 var ályktun samþykkt á Alþingi á grundvelli tillögu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum um að fram færi könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Skýrsla þessi var síðan lögð fram í nafni forsrh. á vorþingi 1999 og segja má að skýrslan tengist að nokkru því máli sem nú er lagt fram. Skýrslan var mjög ítarleg og mjög góð. Nefndin hafði unnið þar mikið starf undir forustu Páls Hreinssonar. Í skýrslunni koma fram m.a. tillögur um að til að bæta í raun og veru eftirlit með starfsemi stjórnvalda og til að tryggja aukna ábyrgð valdhafa í stjórnkerfinu sé mikilvægt að skoða hvort ekki sé rétt að láta fara fram heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð, sem er næsta tillaga á dagskrá þingsins en tengist óneitanlega þessari tillögu sem hér er lögð fram um landsdóm.

Staðreyndin er sú að það kerfi sem við búum við varðandi ráðherraábyrgðina hefur ekki virkað. Það hefur verið of stíft og of flókið til að það hafi nokkurn tíma verið virkt. Ég held að ástæða þess sé ekki fyrst og fremst sú að íslenskir ráðherrar fari betur með vald sitt en kollegar þeirra í öðrum löndum heldur kannski ekki síður það að kerfið sé einfaldlega of stíft, það virki bara ekki eins og það er og þess vegna er það sem við leggjum til að það sé í raun og veru kannað hvort ekki sé rétt að skoða þetta kerfi allt saman frá grunni.

Einnig er rétt að minna á það í tengslum við þessa umræðu þegar við erum að tala um ráðherraábyrgð, að það er kannski fyrst og fremst verið að tala um þá lagalegu ábyrgð sem ráðherra ber gagnvart Alþingi á störfum sínum. Það er sú ábyrgð sem við erum almennt að tala um þegar við erum að tala um ráðherraábyrgð en auðvitað bera ráðherrar líka hina pólitísku ábyrgð sem við getum kallað þinglegu eða pólitísku ábyrgðina sem þeir hljóta alltaf að búa við líka. Við

sjáum þess fjölda dæma frá öðrum ríkjum þar sem ráðherrar segja af sér vegna slíkrar ábyrgðar, þeirrar pólitísku ábyrgðar sem þeir telja sig bera, en það er í raun og veru annar hlutur en hér er verið að tala um.

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti lítillega í framsögu sinni hefur Samfylkingin verið að leggja fram mörg mál sem tengjast hugtakinu stjórnfestu sem ganga út á það að betrumbæta stjórnkerfið, gera það gagnsærra og tryggja betur en raun er að með valdið sé farið af varfærni, eftir skýrum fyrir fram ákveðnum leikreglum og tilheyrandi ábyrgð fylgi því ef út af þeim skýru leikreglum er brugðið. Við teljum að þetta þurfi að tryggja mun betur en verið hefur og sú tillaga sem hér er lögð fram er liður í því. Samfylkingin hefur í tengslum við þá tillögugerð sína lagt fram fjölda annarra mála sem líka hafa það að leiðarljósi að gera stjórnsýsluna betri og auka ábyrgð valdhafa og auka eftirlit með valdhöfunum. Má þar nefna tillögur um að lagaráð verði stofnað innan veggja Alþingis, að skipan hæstaréttardómara verði breytt til að koma í veg fyrir hættu á pólitískum áhrifum við skipan þeirra, að bókhald og fjárreiður stjórnmálaflokkanna verði gerð opin þannig að kjósendur viti hverjir helstu fjármálalegu bakhjarlar stjórnmálaflokkanna eru í raun og veru.

Ég vil aðeins draga það inn í umræðuna að sú tillaga sem við leggjum fram hér er liður í þeirri viðleitni okkar í Samfylkingunni að reyna að bæta stjórnsýsluna, bæta stjórnkerfið sem við búum við í landinu í átt til aukins lýðræðis vegna þess að allt snýst þetta um það markmið að gera lýðræðið betra og vera tilbúin að endurskoða það á hverri stundu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri um þetta ágæta mál enda hefur hv. þm. farið ítarlega yfir það í framsögu sinni. Ég vildi einungis koma með þessar örfáu athugasemdir.

[17:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem hafði framsögu fyrir því máli sem við ræðum hér, flutti skýra og ágæta ræðu um það hvert markmiðið væri með flutningi þeirrar tillögu sem hér er á dagskrá og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir fylgdi því einnig eftir með ákveðnum áherslum. Sá sem hér stendur er 3. flm. að tillögunni og styð ég að sjálfsögðu það sem hér hefur komið fram.

Ég vildi hins vegar hnykkja aðeins á því að það sem hér er verið að leggja til er að þessi mál verði skoðuð í heild sinni, þau verði tekin upp og menn reyni að horfa til þess hvers vegna við erum með ákvæði af þessum toga, hvers vegna við erum með lög af þeim toga þar sem Alþingi er færður málshöfðunarrétturinn þegar kemur að því að fjalla um ráðherrana. Grundvallarhugsunin í þessu er vitaskuld sú að þrígreining ríkisvaldsins gengur út á það að Alþingi hafi eftirlit með stjórnvöldum. Við erum hins vegar með þær reglur nú í gildi að það tæki sem landsdómur er er varla virkt, enda hefur hann ekki komið saman. Því er hugmyndin sú að reyna að taka þessi mál til endurskoðunar, velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að hafa þetta með þessum hætti, hvort ástæða sé til að færa þetta undir almenna dómstóla eða hvort ástæða sé til að finna enn eina leiðina með það að markmiði að tryggja að vel sé farið með það vald sem ráðherrum er falið.

Hér er ekki verið að leita leiða til að koma mönnum undir refsiábyrgð í tíma og ótíma. Það er langur vegur þar í frá. Fyrst og fremst er verið að velta því upp hvernig hægt er að tryggja að Alþingi hafi tækifæri til, og þá einkum minni hluti Alþingis, að hafa það eftirlit með ráðherrum sem nauðsynlegt er. Eins og þessum málum er fyrir komið núna verður að teljast frekar ólíklegt, líka í ljósi þingræðisreglunnar að meiri hluti Alþingis verði að styðja þá ríkisstjórn sem situr hverju sinni, að til þess komi að landsdómur verði kallaður saman, en það sem hér er lagt til er fyrst og fremst heildarendurskoðun á þessum hlutum með það að markmiði að aðhald með ráðherrum og ríkisstjórn hverju sinni sé eins gott og það getur orðið. Það hlýtur alla vega að verða hlutverk minni hluta Alþingis að veita slíkt aðhald. Það er markmiðið með þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 185. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 192.

[17:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Hér eru lagðar til breytingar á ákvæðum um kynferðisbrot gegn börnum sem miða að því að veita börnum ríkari refsivernd gegn slíkum brotum.

Breytingarnar sem lagðar eru til eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er ráðgert að það verði afdráttarlaust refsiverð háttsemi að kaupa kynlífsþjónustu af einstaklingi undir 18 ára aldri og varði það allt að tveggja ára fangelsi. Samkvæmt núgildandi lögum kann slík háttsemi að varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Þar segir að hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. Einnig getur greiðsla til barns fyrir kynlífsþjónustu varðað við 65. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, sem kveður á um að hver sem hvetji barn til lauslætis eða leiði það með öðrum hætti á siðferðilega glapstigu skuli sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá er vitanlega það eitt að eiga kynferðisleg samskipti við ung börn refsivert. Varðar allt að 12 ára fangelsi að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að fjórum árum, sbr. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Með breytingunum verður börnum veitt aukin refsivernd miðað við gildandi löggjöf þar sem bannið við kaupum á vændi barna er fortakslaust og verknaður refsiverður án tillits til þess hvort barn hafi verið táldregið. Einnig felur ákvæðið í sér rýmri refsivernd þar sem aldursmörk þess ná til 18 ára aldurs í stað 16 ára.

Þótt ekki sé ástæða til að ætla að barnavændi hafi verið stundað í miklum mæli hér á landi þykir allt að einu brýnt að gefa þessum vanda sérstakan gaum og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana. Því þykir rétt að slíkur verknaður verði lýstur refsiverður í almennum hegningarlögum og er það í samræmi við sambærilegar breytingar á hegningarlögum annars staðar á Norðurlöndum. Með því er lögð sérstök áhersla á alvarleika þessara brota. Bannið er liður í því að vernda börn og sporna við kynferðislegri misnotkun þeirra sem útbreidd er víða um heim. Einnig er þetta í samræmi við

alþjóðlegt samstarf á þessu sviði sem hefur það markmið að vinna gegn kynferðislegri misnotkun barna. Má þar sérstaklega nefna skyldur okkar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, um að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögmætri kynferðislegri háttsemi eða notað til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna.

Í öðru lagi eru lagðar til í frv. breytingar á 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga um að þyngja refsingu fyrir vörslu barnakláms þannig að slík háttsemi varði allt að tveggja ára fangelsi ef brot er stórfellt.

Núgildandi ákvæði hegningarlaganna er frábrugðið hliðstæðum ákvæðum í norrænni refsilöggjöf að því leyti að refsingar geta ekki orðið þyngri en sektir. Á öllum öðrum Norðurlöndum getur varsla barnakláms varðað fangelsi. Í Danmörku og Finnlandi geta viðurlög við því varðað varðhald eða fangelsi allt að sex mánuðum. Í Noregi og Svíþjóð geta refsingar við þessum brotum verið fangelsi allt að tveimur árum en sé um stórfellt barnaklámsbrot að ræða getur allt að fjögurra ára fangelsisrefsing legið við því samkvæmt sænskum refsilögum.

Bann við því að hafa slíkt efni í vörslu sinni er talið geta dregið úr eða jafnvel fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð slíks efnis. Að virtu þessu og alvarleika þessara brota þykir nauðsynlegt að þau geti varðað þyngri refsingum samkvæmt almennum hegningarlögum.

Að lokum vil ég leggja sérstaka áherslu á að þær breytingar sem hér eru lagðar til á ákvæðum um kynferðisbrot gegn börnum eru aðeins hluti af heildarendurskoðun á þessu sviði sem ekki þykir þó ástæða til að bíða með í ljósi mikilvægis þeirra. Á vegum dómsmrn. er fyrirhuguð frekari endurskoðun á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga varðandi kynferðisbrot gegn börnum.

Um þessar mundir starfar nefnd sem ég skipaði síðasta vor til að gera tillögur um viðbrögð við niðurstöðum fyrrgreindrar rannsóknar á vændi og félagslegu umhverfi þess. Meðal annars var nefndinni falið að kanna hvort unnt væri að veita börnum og ungmennum ríkari refsivernd gegn kynferðisbrotum. Að fengnum tillögum þessarar nefndar verður hugað að frekari lagabreytingum í víðara samhengi á þessu sviði sem ég vonast til að leggja fram tillögur um síðar á þessu þingi.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[17:34]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að fagna því frv. sem hér er fram komið sem hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir. Hér er um ákveðna herðingu að ræða varðandi kynferðislega misnotkun á börnum og því ber að fagna. Það má ekki gleyma því að á síðustu árum hefur ýmislegt komið í ljós, sérstaklega í þeim skýrslum sem hafa verið gerðar. Þar hefur pottlokinu verið lyft af ýmsu sem þrífst í samfélaginu, þ.e. það varð sýnilegt með þeim skýrslum. Þar er auðvitað líka um drengjavændi að ræða sem ekki var talið líklegt að viðgengist hér. En auðvitað er allt sem finnst erlendis líka hér. Ég fagna því þessum breytingum.

Ég fagna einnig þeirri vinnu sem er í gangi varðandi endurskoðun á þessum kafla hegningarlaganna sem og þeirri vinnu sem er í gangi hjá nefndinni, sem hefur eflaust margar dýrmætar tillögur í farteskinu. Ég er sérstaklega fylgjandi þeirri endurskoðun því að ég fer ekki ofan af því að fælingarhrif í þessum málum hafa mjög mikið að segja.

En það er líka mjög mikilvægt að við greinum á milli þess sem kallað er heilbrigt kynlíf ungs fólks, að það sé ekki allt sett undir neikvæð formerki. Við þurfum alltaf að vara okkur á því að greina þar á milli. En hv. allshn. mun fara yfir þetta.

Í dag var opnaður á vegum Barnaheilla nýr vefur. Þar er fólki sem verður vart við barnaklám á netinu gert kleift að tilkynna það með orðsendingu, þær síður verða skoðaðar og síðan kærðar. Það er eitt af því sem verið er að vinna að og er auðvitað samstarf lögreglu, dómsmrn., netfyrirtækjanna o.s.frv. Þar er því afar mikilvæg vinna að fara af stað varðandi netið og barnaklámið sem er angi af öllu þessu máli. Það er margt að gerast og ég vænti mikils af þeirri vinnu sem fram undan er og umræðum í hv. allshn.

[17:36]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja fram frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem snýr að kynferðisbrotum gegn börnum. Sérstaklega þakka ég fyrir þá vinnu sem er í gangi á vegum dómsmrh. og snýr að refsiákvæðum vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Skýrsla sem var birt þingheimi á síðasta þingi hefur orðið til að staðfesta það sem marga grunaði og aðrir vissu að væri í gangi hér á landi. Ég held að okkur sé óhætt að líta til nágrannalanda okkar á hverjum tíma og hafa í huga að það sem er í gangi þar, bæði gott og slæmt, finnst hér á landi líka þó að umsvifin kunni að vera minni. Ef barnaklám tíðkast hjá nágrannalöndum okkar þá tíðkast það hér líka.

Ég hef svo sem ekki ákveðna athugasemd við frv. en vil þó óska eftir því að hv. allshn. skoði sérstaklega 1. gr. þar sem lagt er til að þeir sem greiða börnum yngri en 18 ára fyrir samræði eða önnur kynferðismök við börnin skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Persónulega finnst mér þetta mjög vægur dómur og tillaga um væga refsingu. Þó að ég sé kannski ekki refsiglöð kona og telji að fangelsisvist sé ekki ávallt mannbætandi þá verða ákvæði um þyngd dóma að vera í réttu hlutfalli við alvarleika brotsins. Og þegar það snýr að börnum þá eru kynferðisafbrot mjög alvarleg.

Ég vil benda á að hér hefur verið dreift skjali, sem er 22. mál þingsins, frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Þar er 1. flm. Kolbrún Halldórsdóttir ásamt Steingrími J. Sigfússyni og mér, en þar leggjum við til að hver sá sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skuli sæta fangelsi í allt að fjögur ár. Þetta á við fullorðna líka. Ég vil bara vísa til þeirrar sýnar að þegar þetta snýr að börnum þá skulum við líta til þess að hegningin sé strangari en þegar kynlífsafbrot eiga við fullorðna.

Ég þakka annars fyrir og fagna þeirri vinnu sem er í gangi og vona að fleiri frv. og breytingar á þessum málum sjái dagsins ljós á þessum vetri.

[17:40]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir stuðning þeirra við þetta frv. Ég tel mjög mikilvægt að við komum þessum lagabreytingum fljótt í gegnum þingið. Það er rétt sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir minntist á, að við vorum saman á fundi hjá Barnaheillum þar sem verið var að opna þennan nýja vef og óska eftir ábendingum frá almenningi í þessum málum. Það er ljóst að ef við ætlum að

ná árangri gegn þessum alvarlegu afbrotum, þ.e. barnaklámi, þá þurfum við að standa saman.

Við þurfum samstillt átak sem flestra hér á landi ásamt því að efla alþjóðlegt samstarf. Sem betur fer hafa Íslendingar lagt sitt af mörkum í því sambandi og þannig get ég nefnt að sérstök þverfagleg nefnd sem starfar hjá ríkislögreglustjóraembættinu fer sérstaklega með rannsókn þessara brota og hjálpar til við að upplýsa þau. Þar að auki erum við í sérstöku samstarfi bæði við Interpol og Europol og bandarísk lögregluyfirvöld. Ég vænti þess að við munum ná einhverjum árangri á þessu sviði og er ekki vanþörf á. Því miður hefur netið opnað fyrir enn frekari afbrot af þessu tagi.

Mig langar aðeins til þess að víkja að athugasemdum síðasta ræðumanns og bendi á að það kemur fram í athugasemdum við frv., um refsinæmi varðandi kaup á kynlífsþjónustu af einstaklingi yngri en 18 ára, að alls staðar á Norðurlöndunum þar sem tekið er á þessum málum er þyngsta refsing tveggja ára fangelsi og allt niður í sex mánuði. Við höfum reynt að hafa samræmingu milli refsiviðurlaga okkar og annarra Norðurlanda, sérstaklega kannski á þessu sviði. Ég vildi láta þetta koma fram. En auðvitað mun hv. allshn. fara yfir málið.

[17:42]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins fá frekari upplýsingar hjá hæstv. ráðherra um hvort vænta megi endurskoðunar eða breytingar á almennum hegningarlögum á ákvæðum varðandi sifjaspell. Þessar lagabreytingar eru eingöngu ákvæði um að einhver greiði fyrir kynlífsþjónustu eða samræði við börn yngri en 18 ára. Hvað með sifjaspell þar sem ekki er greitt fyrir og börn eru yngri en 18 ára? Megum við vænta breytinga á refsilöggjöfinni varðandi það?

[17:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau afbrot sem við ræðum um, annars vegar sifjaspell og hins vegar þetta sérstaka ákvæði um fortakslaust bann við kaupum á kynlífsþjónustu hvers konar af ungmennum yngri en 18 ára, eru tvenns konar afbrot. Mér finnst hins vegar sjálfsagt að við skoðum öll þessi ákvæði. Raunar eru þau sífellt í endurskoðun, sérstaklega þeir kaflar hegningarlaganna sem snúa að kynferðisbrotum.

Sérfræðinganefndin sem ég nefndi áðan, sem er að skoða ýmis mál í kjölfar vændisskýrslunnar og skýrslu sem kom út um samanburð á lagaumhverfi varðandi klám á Norðurlöndum, er að fara yfir ýmsa þætti þessara mála, sérstaklega sem snúa að kynferðisbrotum gagnvart börnum. Ég vil líka nefna það að í þessu frv. er fjallað um vörslu á barnaklámi. Vitaskuld er það afbrot sem snýr að dreifingu í raun miklu alvarlegra mál. Ég held að það þurfi að skoða það ákvæði líka sérstaklega.

Eins og ég sagði áðan erum við að stíga fyrsta skrefið í endurskoðun á þessari löggjöf og við eigum eftir að sjá hvaða tillögur koma frá nefndinni en þar eru ýmis mál í sérstakri athugun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðherraábyrgð, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

[17:44]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Þessi þáltill. sem ég flyt er náskyld málinu sem ég mælti fyrir áðan um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm.

Tillaga þessi felur í sér að Alþingi álykti að heildarendurskoðun skuli fara fram á ákvæðum laga um ráðherraábyrgð með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu. Í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og skal hún hafa hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum. Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2002.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn.

Þessa tillögu flyt ég ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, Lúðvíki Bergvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Jóhanni Ársælssyni.

Ástæða þess að gerð er tillaga um heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð er sú að telja verður að ýmis ákvæði laganna séu ófullkomin og óskýr. Má þar t.d. nefna ákvæði 6. og 7. gr. ráðherraábyrgðarlaga vegna athafna undirmanna og er rík þörf á að þau verði tekin sérstaklega til skoðunar. Má t.d. benda á að í Danmörku geta ráðherrar orðið ábyrgir vegna athafna undirmanna á grundvelli skorts á eftirliti og leiðbeinandi fyrirmælum.

Einnig má nefna að engin ákvæði er að finna varðandi ábyrgð ráðherra ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Ég vil nefna í því sambandi að ég hef á undanförnum þingum flutt frv. um þetta ákvæði að ef ráðherra gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum sem hafa verulega þýðingu fyrir meðferð máls á Alþingi þá sæti hann ábyrgð samkvæmt ráðherraábyrgðarlögum. En nú hef ég valið þá leið með hliðsjón af því að ég hef líka lagt fram frv. um heildarendurskoðun á landsdómi að flytja þetta í búningi þáltill. þar sem einnig verði tekið á því ákvæði sem snýr að ábyrgð ráðherra á undirmönnum á grundvelli skorts á eftirliti og leiðbeinandi fyrirmælum, en það eru ákvæði sem eru í dönsku ráðherraábyrgðarlögunum.

Ráðherraábyrgð getur hvort tveggja verið lagaleg og pólitísk. Samkvæmt lögum nr. 4/1963 getur lagaleg ábyrgð t.d. falist í stjórnarskrárbroti, broti á landslögum eða að ráðherra misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættismörk sín, og stofnar með því heill einstaklinga eða almennings í hættu. Lögin eiga því við um embættisbrot ráðherra. Skilyrði refsiábyrgðar eru að brotin séu annaðhvort framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Stjórnmálaleg ábyrgð lýtur öðru fremur að hinni þingræðislegu ábyrgð, en um hana segir í tímaritinu Sagnir frá 1985 í grein eftir Magnús Hauksson, með leyfi forseta:

„Stjórnmálalega ábyrgðin er nokkuð annars eðlis en sú lagalega. Hún er engum lagareglum háð. Það má hugsa sér að hún skiptist í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er ríkisstjórn ábyrg gagnvart kjósendum því í lýðræðisríkjum verða ráðherrar að leggja embættisverk sín og stjórnarstefnu undir dóm kjósenda við almennar kosningar. Jafnvel þótt ráðherra vilji ekki vera áfram í embætti skiptir dómur kjósenda máli því flokkur

hans líður fyrir verk hans eða nýtur þeirra eftir atvikum. Það má því einnig tala um flokkslega ábyrgð ráðherra. Loks má nefna þinglega ábyrgð ráðherra þar sem þingræði er í heiðri haft. Ráðherrar verða að standa þinginu reikningsskil ráðsmennsku sinnar og verja stefnu sína og framkvæmdir. Þar eð þingið ræður í raun og veru hverjir sitja í ráðherrastólunum verða þeir sem í þeim sitja hverju sinni að gæta þess að haga hvorki orðum sínum né gerðum á þann veg að þeir glati trausti meiri hluta þingsins."

Fram kemur einnig í þessari grein að auðvelt ætti að vera að halda lagalegu ráðherraábyrgðinni aðgreindri frá þingræðishugtakinu. Öðru máli gegni hins vegar um stjórnmálalegu ábyrgðina. Þingræði og þingleg ráðherraábyrgð merki það sama.

Pólitíska ábyrgðin lýtur þannig nokkuð öðrum lögmálum en sú lagalega. Má segja að um hana gildi frekar skráðar og óskráðar siðareglur og það traust og trúnaður sem ráðherra hefur hjá þingi og þjóð. Hjá nágrannaþjóðum okkar er það algengt, þótt hér heyri það til undantekninga, að ráðherra segi af sér sem ekki nýtur lengur trausts til að gegna þeim trúnaðarstörfum sem honum er treyst fyrir. Hér þarf ekki eingöngu að vera um að ræða refsi- eða bótaábyrgð fyrir embættisbrot eða brot gegn lögum. Miklu fremur liggur hin pólitíska og siðferðilega ábyrgð að baki afsögn ráðherra erlendis. Einnig er ljóst, og mér finnst það vera grundvallaratriði, að því markvissari og skýrari sem ráðherraábyrgðarlögin eru því auðveldara verður að leggja mat á hina pólitísku ábyrgð ráðherra.

Við þekkjum það að erlendis er miklu algengara en hér að ráðherrar segi af sér. Það hefur iðulega komið fyrir jafnvel þó að ráðherrar sjálfir eigi ekki beina sök á því máli sem ráðherrann segir af sér út af. Þekkjum við þar ýmis mál sem hafa komið upp sem aftur á móti minna er um hér.

Ljóst er að æðstu embættismenn framkvæmdarvaldsins fara með vandmeðfarið vald og nauðsynlegt er að samhliða slíku valdi fari rík ábyrgð, enda bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum samkvæmt lögunum og stjórnarskrá. Því tel ég og við sem flytjum þetta mál nauðsynlegt að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, ekki síst þar sem lögin eru óljós og matskennd á köflum og inn í þau vantar mikilvæg ákvæði sem t.d. er að finna í norskum og dönskum lögum um ráðherraábyrgð, m.a. þau sem ég nefndi áðan. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að ráðherrar sæti ábyrgð samkvæmt lögunum gefi þeir þinginu röng svör eða villandi upplýsingar. Varla þarf um það að deila að mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Þetta ákvæði er mjög skýrt í þessum dönsku lögum sem við leggjum til að verði m.a. skoðuð þegar þessi heildarendurskoðun fari fram því að grundvallaratriðið, og það sem við leggjum áherslu á, er að ráðherraábyrgðarlögin hér verði sambærileg við það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við og það er einmitt haft að leiðarljósi í þáltill. sjálfri að við skipan þessarar nefndar, verkefni hennar og vinnu, hafi hún hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum.

Með þeim tveimur ákvæðum sem við höfum lagt áherslu á verður refsivert ef ráðherra er fundinn sekur um athæfi eins og ég hef hér lýst. Þetta var sett inn í dönsku ráðherraábyrgðarlögin árið 1964.

Herra forseti. Með hliðsjón af því sem ég hef sagt tel ég að það sé rétt að þessi heildarendurskoðun fari fram. Ég tel að það ákvæði sem við leggjum líka áherslu á, að ráðherra sé ábyrgur fyrir stjórnarframkvæmdum öllum, þar með töldum athöfnum undirmanns hans, sé nokkuð sem við þurfum að skoða. Það hefur komið upp hér í nokkrum tilvikum að um það hafa verið skiptar skoðanir og um það deilt m.a. hvort ráðherraábyrgðarlögin hér séu það matskennd að þau taki ekki til ábyrgðar ráðherra á gjörðum undirmanna sinna. Það er alveg ljóst að menn þurfa að leggjast yfir það hvernig þeir vilja haga því fyrirkomulagi og hvort styrkja eigi eða skerpa þau ákvæði sem lúta að ábyrgð þeirra á athöfnum undirmanna sinna.

Herra forseti. Bæði í þessari tillögu og þeirri sem ég mælti fyrir áðan, um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm, er lagt til að forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa, Hæstiréttur einn og lagadeild háskólans annan. Það er af ásettu ráði sem þetta er haft eins í báðum þessum tillögum vegna þess að við flutningsmenn teljum að betur geti á því farið að sú nefnd sem fær þetta verkefni hafi bæði málin undir, enda eru málin nátengd, þ.e. bæði heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð og eins lögin um landsdóm. En það mundi nefndin sem fær þetta mál til skoðunar auðvitað athuga.

Líkt er á komið með þessu máli og hinu fyrra sem ég mælti fyrir að það var síðast skoðað 1963 og þá var ráðherraábyrgðarlögunum nokkuð breytt þó ekki væri um neinar grundvallarbreytingar ræða þá. En í ljósi þess að langur tími er liðinn frá því að þau lög voru endurskoðuð og að margt hefur breyst í þjóðfélaginu — hlutverk framkvæmdarvaldsins er orðið nokkuð annað en það hefur verið — þá tel ég fulla ástæðu til að þessi mál verði bæði tekin fyrir í heild sinni og að þau fari í skoðun hjá sérstakri nefnd sem forsætisnefnd skipi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til líkt og í hinu fyrra að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[17:56]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er grundvallaratriði að gera refsiábyrgð ráðherra virka, ekki vegna þess að maður hafi endilega séð fyrir svo mörg brot sem kynnu að valda refsiábyrgðinni í sjálfu sér, heldur er refsiábyrgð ráðherra hugsuð fyrst og síðast sem varnagli ef til þess kemur. Eins og kerfið á Íslandi er núna þá er það algjörlega óvirkt og það er ekki nógu gott, herra forseti.

Eins og ég minntist reyndar á í ræðu minni í málinu sem var á undan á dagskránni þá lagði nefndin sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda til að skoðað yrði hvort ekki væri rétt að gera heildarendurskoðun á ráðherraábyrgðarlögunum og voru færð fyrir því ansi sterk rök að mínu mati, þ.e. að nokkur vafi leiki á því að lögin séu nægilega skýr, að hægt sé að nota þau í þeim tilgangi sem til var ætlast. Það verður að segjast eins og er að það er mjög undarlegt að engar af þeim góðu tillögum sem fram koma í skýrslu nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda hafi verið lagðar fram af hálfu ríkisstjórnarinnar eftir því sem ég best veit. Það tel ég mjög undarlegt í ljósi þess hversu þar er um mjög góðar tillögur að ræða og umræðan í samfélaginu hefur einmitt verið í þá veruna að ástæða sé til að taka þær ábendingar alvarlega sem þar eru settar fram.

Í sumar hefur eftirlit með meðferð opinbers valds verið óvenjumikið til umræðu í samfélaginu vegna máls fyrrverandi þingmanns, Árna Johnsens, en í því máli kom fram

ótvírætt mikil brotalöm á því hvernig eftirlitinu með þessu er háttað í stjórnsýslunni. Í tengslum við það mál sem er enn í rannsókn kom m.a. til umræðu hugsanleg ábyrgð ráðherra. Til skoðunar kom hvort þeir embættismenn sem að málinu komu kynnu að bera einhverja ábyrgð og í raun er ekki útséð um það enn hvert angar þess máls kunna að teygja sig.

Á tímabili beindust sjónir fjölmiðla og annarra sem um málið fjölluðu að hugsanlegri ábyrgð menntmrh. vegna starfa fyrrverandi þingmannsins í byggingarnefnd Þjóðleikhússins og það var eins og sú umræða nánast rynni út í sandinn af hálfu allra sem tóku þátt í henni. En ég tel ástæðu þess hafa fyrst og fremst verið þá hversu óskýrar þessar reglur eru. Það er mjög erfitt, hvort heldur stjórnmálamenn eða fjölmiðlar fjalla um þessi mál, þ.e. um eins alvarlega hluti og ábyrgð ráðherra er og reyndar líka ábyrgð embættismanna, ef lögin og þær reglur og venjur sem um þau mál gilda eru svo óljós sem reyndin er.

Það er líka rétt að ítreka að það sem við erum að fjalla um í sjálfum ráðherraábyrgðarlögunum er í raun refsiábyrgðin. Það er ekki hin pólitíska ábyrgð sem ég reyndar tel líka vera nánast óvirka í íslensku samfélagi. Það er aðeins eitt dæmi um að ráðherra hafi sagt af sér á grundvelli hinnar pólitísku ábyrgðar. Það er líka rétt að ítreka að með slíkri viðurkenningu, þegar ráðherrar viðurkenna, eins og við höfum fjölda dæma um erlendis frá, að þeir telja sig þurfa að sæta eða axla pólitíska ábyrgð, þá eru þeir á engan hátt um leið að segja að þeir hafi gerst sekir um nokkuð sem hugsanlega valdi refsiábyrgð eða broti gegn ráðherraábyrgðarlögum. Þetta eru tveir ólíkir hlutir. En þetta blandast nú samt og ég held að það sé mikilvægt líka að taka umræðuna um hina pólitísku ábyrgð ráðherra upp í tengslum við refsiábyrgðina.

Mörg dæmi þess eru utan úr heimi að ráðherra eða þingmaður sem hefur axlað sína pólitísku ábyrgð og sagt af sér, geri það þrátt fyrir að hann lýsi því jafnframt yfir að hann sé algjörlega ósammála þeim ásökunum sem að honum beinast. Hann getur hins vegar einfaldlega þurft að meta aðra þætti eins og hvort umræða um tiltekið mál skaði trúverðugleika hans sem ráðherra og valdi þannig ákveðnum skaða líka fyrir hlutverk hans sem er gríðarlega mikilvægt í samfélaginu.

Um þetta eru fjöldamörg dæmi. Í mörgum tilvikum hafa þessir sömu þingmenn eða ráðherrar síðan átt fjölskrúðugan feril sem stjórnmálamenn eftir sem áður og leggja það þá í dóm kjósenda sinna hvort þeir eigi erindi sem erfiði inn í stjórnmálin aftur. Dæmi um þetta er t.d. Ritt Bjerregaard sem lét árið 1991 af þingflokksformennsku í þingflokki jafnaðarmanna í Danmörku eftir langa deilu um húsnæðismál hennar sem tengdust eitthvað skattamálum. Henni var einnig vikið frá árið 1978 þegar hún var kennslumálaráðherra í stjórn Ankers Jörgensens vegna ásakana um lúxuslifnað í París. En eftir þetta er Ritt enn virk í stjórnmálum og hefur setið á danska þinginu og síðar á Evrópuþinginu. Hún var síðast ráðherra framkvæmdastjórnar ESB í umhverfismálum og nú í matvælum.

Poul Schlüter, þáverandi forsætisráðherra Danmerkur, sagði af sér árið 1993 eftir að gefin var út skýrsla rannsóknardómara sem taldi ráðherrann hafa veitt þinginu rangar upplýsingar um Tamílamálið svokallaða. Gagnrýni rannsóknardómarans kom þessum þáverandi forsætisráðherra Íhaldsflokksins, sem hafði setið í tíu ár, fullkomlega á óvart. Hann taldi sig hafa skýrt rétt frá öllum staðreyndum málsins og taldi sig hafa farið rétt að í öllu því máli. En Tamílamálið átti rætur að rekja til ársins 1987 þegar Erik Ninn-Hansen, þáverandi dómsmálaráðherra, ákvað að meina ættingjum tamílskra flóttamanna að flytjast til landsins. Þessi ákvörðun braut hins vegar í bága við dönsk lög og nýr dómsmálaráðherra hnekkti henni. Schlüter og fleiri stjórnmálamenn voru sakaðir um að hafa reynt að þagga málið niður. Schlüter fól síðan hæstaréttardómaranum Mogens Hornslet að rannsaka málið og það er í þessari skýrslu Hornslets, sem er 6.000 blaðsíðna skýrsla um rannsókn málsins, sem ráðherrann sjálfur er harðlega gagnrýndur ásamt fjölda annarra sem málinu tengdust.

En það sem mér fannst fyrst og fremst athyglisvert í tengslum við Tamílamálið í þeirri skýrslu — einnig ef maður horfir á það í tengslum við umræðuna sem hefur verið hér heima t.d. í sumar um mál Árna Johnsens og þá erum við að tala um þá sem hugsanlega kunna að bera ábyrgð í svona máli — er hversu mikla ábyrgð embættismenn bera og ábyrgð embættismanna gagnvart því ef ráðherra gefur þeim fyrirmæli sem þeir telja ekki rétt og ekki standast lög. Það er beinlínis tekið fram, um einn embættismanninn sem var forstöðumaður útlendingaeftirlitsins, að jafnvel þó að ráðherrann hafi gefið út skipun um að ekki ætti að heimila þessum Tamílum að komast til landsins þá hafi honum sem embættismanni borið skylda til að veita þeim leyfi til að koma inn í landið. Með öðrum orðum er ábyrgð háttsettra embættismanna gagnvart hinu pólitíska valdi mjög rík. Það er ætlast til að þeir mótmæli þegar þeir telja ráðherra eða aðra pólitíska fulltrúa vera á villigötum. Þetta þótti mér mjög fróðlegt að skoða í tengslum málið sem upp kom hér í sumar. Ég held að við þurfum að velta þessu fyrir okkur hér í ljósi þess sem ég sagði áðan, þ.e. að Alþingi er æðsta stofnun ríkisins og náttúrlega mjög mikilvægt að við sinnum eftirlitshlutverki okkar og að allir sem til eru kvaddir í því kerfi sem við búum við, hvort sem það eru embættismenn, ráðherrar, þingmenn eða aðrir, sinni ábyrgð sinni og axli hana ef út af er brugðið.

Ég held að við þurfum að vanda okkur aðeins betur við það hér. Við erum að sjá það gerast á hinu háa Alþingi að þingmönnum er t.d. meinað um upplýsingar um svo sjálfsagðan hlut eins og forsendur fjárlaga af hæstv. ráðherra. Nýverið var þingmanni neitað um upplýsingar sem búa að baki fjárlagatillögum tiltekinnar stofnunar. Sami hv. þm. fær hins vegar þær sömu upplýsingar sem almennur borgari í gegnum úrskurðarnefnd um upplýsingamálefni sem honum er neitað um sem þingmanni. Maður veltir því fyrir sér: Er ekki eitthvað pínulítið galið í þessu kerfi sem við þurfum að skoða? Ég held að við þurfum að gæta að því að Alþingi á að hafa þetta eftirlitshlutverk. Þó að það sé vissulega mikilvægt að hinn almenni borgari, fjölmiðlar og aðrir sem upplýsingalögin ná til eigi ákveðinn rétt, þá hefði maður haldið að réttur þingmannsins, sem eftirlitsaðila með framkvæmdarvaldinu, ætti að vera ríkari.

[18:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum þáltill. um ráðherraábyrgð og eins og fram kom í framsögu er ég einn af flutningsmönnum tillögunnar. Reyndar hafa samherjar mínir og félagar sem töluðu á undan mér gert mjög ítarlega og góða grein fyrir þessu máli þannig að það væri kannski að bera í bakkafullan lækinn að bæta við það. Engu að síður vil ég leggja áherslu á hve mikilvægt er að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um ráðherraábyrgð. Þetta eru að verða 40 ára gömul lög og það er alveg ljóst og reynslan hefur sýnt það að þau

virka ekki. Bæði eru þessi gömlu lög óskýr á margan hátt og einnig ófullkomin. Þannig er orðið aðkallandi að gerðar verði endurbætur á lögunum og þau skoðuð í heild.

Einnig er farið ítarlega yfir þetta í greinargerðinni og gerður greinarmunur á lagalegri og pólitískri ábyrgð ráðherra. Það hafa félagar mínir gert á undan mér, ég ætla því ekki að endurtaka það. En við flutningsmenn tillögunnar leggjum á það áherslu að við endurskoðun á lögunum verði litið til ráðherraábyrgðarlaga í öðrum löndum. Það er mjög mikilvægt að við séum ekki eftirbátar annarra í þeim efnum.

Hér er tekið sérstaklega á ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna sinna og þann þátt þarf að skoða rækilega. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti réttilega á að það hafi komið mjög vel í ljós í umræðunum um málefni Árna Johnsens í sumar og ábyrgð menntmrh. og þá einnig annarra embættismanna sem komu að því máli.

Einnig er mikilvægt að taka á upplýsingaskyldu ráðherra og ábyrgð þeirra ef þeir gefa villandi upplýsingar, ekki aðeins villandi upplýsingar heldur einnig rangar upplýsingar eða þá að þeir leyni upplýsingum. Það verður að segjast eins og er að það er ákaflega hvimleitt þegar þingmenn þurfa að eltast við upplýsingar eftir öðrum leiðum, sem þeir ættu auðvitað að fá í gegnum þingið með beiðni þaðan.

Að endurskoða lögin er mjög stórt atriði, sérstaklega það sem snýr að eftirlitsskyldu Alþingis með framkvæmdarvaldinu og til þess að þingmenn geti sinnt því eftirlitshlutverki þurfa lögin að vera skýr. Einnig er lagt til að farið verði eftir dönsku lögunum sem eru mun skýrari.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem er 1. flm. þessa þingmáls gerði ákaflega vel grein fyrir málinu í upphafi umræðunnar en hún lenti einmitt í því nýverið að vera synjað um upplýsingar um forsendur fjárlaga varðandi málefni lögreglunnar. Ég tel mig einnig hafa lent í því að ráðherra hafi gefið mér rangar upplýsingar á sínum tíma þegar ég spurðist fyrir um málefni Landsbankans og Lindar, þar sem ég bað þáv. viðskrh. um upplýsingar um þau mál. Ég tel mig ekki hafa fengið þar réttar upplýsingar. Það er því orðið mjög brýnt að þessi lög verði gerð skýrari og séð verði til þess að þingmenn geti sinnt eftirlitsskyldu sinni og eftirlitshlutverki til að styrkja þingræðið í landinu.

Herra forseti. Þetta er mikilvægt atriði til að treysta trúnað milli ráðherra og þingsins og við verðum að sjá til þess að lögin verði í samræmi við svipaða lagasetningu í öðrum löndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. SvH og GAK, 13. mál. — Þskj. 13.

[18:12]

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Á þskj. 13 flytjum við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson till. til þál. um kosningar til Alþingis. Þessi tillaga kom til umfjöllunar og umræðu á hinu háa Alþingi hinn 8. mars sl. Þá fóru fram allítarlegar umræður um tillöguna. Tillagan er flutt af þeirri brýnu nauðsyn að þau kosningalög og kjördæmaskipan sem menn festu í lögum fyrir skemmstu eru ömurleg mistök og verður best lýst með því að vísa til 2. varaforseta Alþingis, hv. þm. Vesturl. Guðjón Guðmundssonar, þar sem hann sagði að hún væri arfavitlaus, sem mun vera áhersluauki við kolvitlaus eða snarvitlaus.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa til þessarar umræðu og efnis þáltill. sjálfrar og hef ekki lengri signingar yfir málinu nú en legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 17. mál. — Þskj. 17.

[18:13]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hér er talað fyrir till. til þál. um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs. Tillagan hljóðar svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skili nefndin áliti innan eins árs."

Þáltill. svipaðs efnis hefur tvívegis verið lögð fram á Alþingi án þess að hljóta afgreiðslu. Nú er tillagan endurflutt en á textanum eru gerðar breytingar og þar teknar til greina ýmsar ábendingar sem komið hafa fram við umræðu á fyrri þingum auk þess sem farið hefur verið rækilega í gegnum umsagnir um þáltill. sem hafa borist víða að.

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða fremur ungt fólk til starfa en eldra fólk, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Sumar stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka þá stefnu upp að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við þau aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði.

Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólki og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga þannig að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að liggja fyrir fengju þeir launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks. Í þessu sambandi má benda á að Samband íslenskra bankamanna og fleiri samtök hafa lýst þungum áhyggjum yfir því misrétti gegn eldra starfsfólki sem viðgengst á vinnustöðum og segja þau að það færist mjög í vöxt að fólk sé látið gjalda aldurs.

Meðal ábendinga sem fram hafa komið má nefna að Mannréttindaskrifstofa Íslands telur ástæðu til að ítreka grundavallarreglu Sameinuðu þjóðanna um eldra fólk sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1991. Þar kemur m.a. fram að eldra fólk eigi að hafa um það að segja hvenær og á hvern hátt starfslok verða.

Í því sambandi má nefna að í stjórnkerfinu, gott ef ekki á vegum forsrn., starfar nefnd sem kannar sveigjanleg starfslok og hvernig skuli að því staðið. Aðild að þeirri nefnd eiga m.a. fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, bæði atvinnurekenda- og launamannamegin.

Í umsögnum sem Alþingi hafa borist vegna þessa máls sem hér er flutt hafa almennt komið fram mjög jákvæð viðbrögð og er hvatt til þess að málið fái framgang. Á meðal þeirra sem tekið hafa undir efni þingsályktunartillögunnar má nefna Landssamband eldri borgara, Mannréttindaskrifstofu Íslands, BHM, BSRB, þjóðkirkjuna, Eyþing, Öryrkjabandalag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Vissulega hafa einnig komið fram gagnrýnisraddir og varnaðarorð. Þannig segir í umsögn Samtaka atvinnulífsins, með leyfi forseta:

„Löggjöf eins og hér er gerð tillaga um skapar hins vegar fleiri vandamál en henni er ætlað að leysa. Hún er eingöngu til þess fallin að skerða snerpu og viðbragðsflýti fyrirtækja og dregur þannig úr samkeppnishæfni þeirra og þá jafnframt atvinnumöguleikum starfsmanna."

Flutningsmaður telur þetta sjónarmið ekki eiga við rök að styðjast. Þvert á móti hafi komið fram sterkar vísbendingar um að æskudýrkun sem svo hefur verið nefnd geti komið fyrirtækjum í koll og beinlínis orðið til þess að veikja stöðu þeirra.

Þetta eru athyglisverð og umhugsunarverð skilaboð sem koma frá Samtökum atvinnulífsins, að það muni draga úr snerpu og viðbragðsflýti fyrirtækja ef þau ekki ráða ungt fólk til starfa. Ég hef um þetta miklar efasemdir. Til þess að geta tekið mikilvægar og afdrifaríkar ákvarðanir með skjótum hætti þarf fólk að hafa þekkingu og hafa öðlast reynslu og þannig starfsaldur.

Að lokum langar mig til að nefna örfá áhersluatriði sem koma fram í umsögnum sem bárust um þáltill. á síðasta þingi. Í erindi þjóðkirkjunnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að starfsmenn þurfi ekki að vera í óvissu um starf sitt eftir að aldur fer að færast yfir enda er starfsreynsla þessa fólks oftar en ekki með því dýrmætara sem stofnun hefur yfir að ráða."

BSRB tekur eindregið undir efni tillögunnar og segir hana í samræmi við stefnu samtakanna.

Í álitsgerð Landssambands eldri borgara er eindregið mælt með því að þessi tillaga fái skjóta og jákvæða afgreiðslu á Alþingi. Hér segir m.a. með leyfi forseta:

„Auk þeirra raka sem fram eru færð í greinargerð með tillögunni fyrir þörf á slíkri lagasetningu má benda á að það er mjög þekkt á vinnumarkaði að vissrar tregðu gæti gagnvart því að eldra fólk fái fyrirgreiðslu til að sækja endurmenntunarnámskeið og því meiri tregðu sem það er eldra."

Síðan segir: „Þjóðfélagslega telur stjórnin að það sé mikilvægt að endurnýja og viðhalda starfsmenntun fólks og þeim mun örar sem fólk verður eldra. Ýmis fleiri rök mætti nefna til sem mæla með því að tillaga þessi fái jákvæða afgreiðslu Alþingis."

Þarna er vikið að örlítið öðrum þætti en tillagan beinlínis fjallar um, þ.e. fólki sé ekki sagt upp vegna aldurs. Þarna er komið inn á athyglisverða vídd í þessari umræðu vegna þess að fólk getur verið látið gjalda aldurs á annan hátt eins og Samtök eldri borgara benda á, t.d. með því að torvelda eldra fólki eða gera því ekki eins hægt um vik að sækja starfsmenntunarnámskeið og yngra fólki. Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum telur mikilvægt að tryggja að fólki verði ekki mismunað í starfi vegna aldurs. Öryrkjabandalagið mælir með samþykkt þessarar tillögu en bendir um leið á nauðsyn slíkrar vinnuverndar fyrir fatlaða ekkert síður en aldraða.

Bandalag háskólamanna telur tillöguna eiga mikinn rétt á sér og vill lýsa yfir fullum stuðningi við hana og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð henni til rökstuðnings. Hér segi, með leyfi forseta:

„Rík þörf er á að tryggja betur með lögum að fólk verði ekki látið gjalda aldurs á vinnumarkaði."

Kvenréttindafélag Íslands leggur áherslu á að tillagan verði samþykkt, lýsir eindrengum stuðningi við hana og vekur athygli á því að sterkar vísbendingar séu um að slík mismunun á vinnustað vegna aldurs bitni fremur á konum en körlum. Hér segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er mjög alvarleg stefna og gildir það bæði um fólk og fyrirtæki. Það er ekki atvinnulífinu til framdráttar að reynslumiklum starfsmönnum sé sagt upp og ungt og reynslulítið fólk ráðið í staðinn. Sé starfsmanni sagt upp af aldursástæðu einni þá má líta á það sem brot á mannréttindum.

Kvenréttindafélag Íslands telur nauðsynlegt að stjórnvöld láti þetta mál til sín taka. Gera þarf faglega úttekt á því um hve stóran hlut launafólks er hér að ræða, á hvaða aldri þeir eru, kyn þeirra, búsetu og menntun."

Þetta segir meðal annars í áliti Kvenréttindafélags Íslands.

Mannréttindaskrifstofa Íslands vísar í grundvallarreglu Sameinuðu þjóðanna sem ég vék að í upphafi máls míns.

Að lokum vil ég minnast á umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar er tekið undir hugmyndina að baki tillögunni en í álitsgerðinni er ekki talið að hægt sé að ná markmiðum hennar eingöngu með lagasetningu. Samtök sveitarfélaga á Norðurl. v. taka ekki afstöðu til málsins.

Varðandi þetta atriði, að ekki sé hægt að ná fram markmiðum tillögunnar með lagasetningu einni, þá held ég að það sé rétt. Reyndar held ég að það sé ekki hlaupið að því að tryggja í lögum að fólki sé ekki mismunað vegna aldurs. Það er hægt að styrkja réttarstöðu fólks á margvíslegan hátt, í kjarasamningum og vissulega er einnig hægt að gera það í lögum, t.d. gæti eldra fólk haft lengri uppsagnarfrest en yngra fólk. Það er hægt að tryggja einhvers konar biðlaunaréttindi og annað af því tagi. Hitt er þó að ég held rétt, sem kom fram í umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að breytingunum verður ekki einvörðungu komið á með lögum heldur einnig breyttu hugarfari, því að tryggja jákvæða afstöðu. Ég leyfi mér að auglýsa eftir jákvæðari afstöðu frá Samtökum atvinnulífsins en fram kemur í umsögn samtakanna um þessa þáltill. Þar er vísað í snerpuna og viðbragðsflýtinn. Ég held að sú afstaða sé ekki á rökum reist. Ég held að hún sé byggð á ranghugmynd og misskilningi. Ég hvet til víðtækrar umræðu um þetta í þjóðfélaginu. Ég hef dvalið við þessar umsagnir þar sem ég vildi sýna fram á að nánast allir sem um þáltill. hafa fjallað telja mjög brýnt að hún nái fram að ganga.

[18:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir þessa þáltill. frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ég tel mikilvægt að leggja vinnu í að finna út hvernig hægt er að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort sem það er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Þetta er tímabær umræða sem þarf að fara fram.

Ég held að það sé alveg rétt sem kom fram hjá framsögumanni, þ.e. að ekki verði að öllu leyti hægt að taka á þessu með lagasetningu. Það þarf auðvitað að auka umræðuna um þessi mál. Það þarf jákvæða umræðu og vekja athygli á þessu í samfélaginu. Auðvitað er á vissan hátt komið að þessu í lagasetningu, ég vil t.d. vísa til jafnréttislaga þar sem ekki aðeins um jafnrétti kynjanna að ræða heldur einnig jafnrétti milli ungra og gamalla. Sömuleiðis vísa ég til mannréttindaákvæða í stjórnarskránni en samkvæmt þeim er ekki er heimilt að mismuna fólki eftir ákveðnum atriðum, t.d. aldri.

Ég vil líka minna á að ég hef rætt nokkuð um þessi mál og m.a. flutt frv. um sveigjanleg starfslok. Ég tel mjög mikilvægt að sveigjanlegum starfslokum verði komið á. Það mál hefur ekki náð fram að ganga. Í umræðum um það hefur verið vísað til þessarar nefndar forsrh. um sveigjanleg starfslok. Ég hef borið fram fyrirspurnir um vinnu þeirrar nefndar því að það er orðið okkuð brýnt að hún hraði störfum sínum og á verði komið raunverulega sveigjanlegum starfslokum þannig að fólk geti unnið lengur en til sjötugs ef það hefur heilsu, vilja, getu og möguleika til.

Varðandi ungt fólk og eldra fólk í störfum þá ber okkur að hafa í huga þau verðmæti sem felast í reynslu og þekkingu eldra fólks á vinnumarkaði. Einnig er annað sem ég vil nefna í þessu sambandi og það er hversu eldra fólk er tryggara við vinnustað sinn en yngra fólk gjarnan er. Það hefur sýnt sig í könnunum að eldra fólk sækir vinnu mun betur og er minna frá vegna veikinda, kemur meira til vinnu þó það sé hálflasið. Ég vitna hér til könnunar sem Vinnumálastofnun kynnti nýverið um starfsfólk á hjúkrunarstofnunum þar sem sú niðurstaða varð í könnuninni að eldra fólkið er samviskusamara. Það gæti e.t.v. verið vegna þess að það er hræddara um að missa vinnuna. Ég veit það ekki en a.m.k. varð þetta niðurstaðan í þessari könnun Vinnumálastofnunar.

Við vitum að þegar kreppir að á vinnumarkaði þá hefur tilhneigingin verið að láta eldra fólkið fara fyrr. Það er kvartað undan því að fólk sem fer úr vinnu, jafnvel fyrir fimmtugt, eigi erfitt með að fá vinnu aftur. Yngra fólk er látið ganga fyrir. Vissulega ber að huga að þessum málum og vonast er til þess að farið verði í að skoða hvernig hægt verði að stuðla að því að eldra fólk verði ekki látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða á annan hátt.

[18:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tek undir efni þessarar þáltill. sem hér er flutt af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og tel að verið sé að hreyfa mjög þörfu máli og nauðsynlegu í okkar þjóðfélagi og sérstaklega þá með tilliti til þess hvernig mál hafa verið að þróast almennt á vinnumarkaði á undanförnum tíu árum eða þar um bil. Það sjónarmið virðist vera talsvert ríkjandi að hinir eldri og reyndari starfsmenn, starfsmenn með mikla starfsreynslu sem búa að lífsreynslu og mikilli þekkingu, séu látnir víkja fyrir yngra fólki.

Ég tel mjög mikilvægt að fram fari endurskoðun á lögum, eins og segir hér í greinargerðinni, með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga þannig að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Það er allténd mín skoðun að í reynslu starfsmanna séu falin mikil verðmæti fyrir hvert fyrirtæki. Vissulega ber að huga að þeim verðmætum þegar verið er að ræða um starf og stöðu fólks í fyrirtækjum, að hið svokallaða „útlit fyrirtækjanna" sé ekki sett í öndvegi og alfarið horft til þess að starfsfólk sé undir ákveðnum aldri eða hafi yngra yfirbragð og yngra útlit, á kostnað reynslunnar, þekkingarinnar og samviskuseminnar í starfi. Þá er ég ekki að gera lítið úr samviskusemi og dugnaði ungs fólks í starfi, ég á einfaldlega við að það sé ekki rétt að ganga fram hjá starfsreynslu og kunnáttu fólks þó að það sé komið á seinni hluta starfsferils síns.

Þess vegna tek ég mjög undir það sem segir hér í efni tillögunnar, að nefnd verði skipuð með fulltrúum samtaka launafólks og fulltrúa stjórnmálaflokkanna á Alþingi og nefndin skoði með hvaða hætti megi bæta réttarstöðu eldra fólks. Margt bendir til þess að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ungt fólk sé tekið fram yfir eldra fólk og þar af leiðandi held ég að hér sé verið að hreyfa mjög góðu máli og vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að flytja þetta mál aftur.

Ég sé líka í greinargerðinni, eins og hún lítur út núna, að fjöldamörg samtök hafa tekið þessari þáltill. vel og leggja eindregið til að hún verði samþykkt, m.a. Landssamtök eldri borgara, Öryrkjabandalag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, launþegasamtökin sum og þannig mætti lengi telja. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, ég ætla bara að lýsa því yfir að ég tel að það sé mikilvægt að slík endurskoðun laganna fari fram ef það mætti verða til þess að starfsreynsla eldra fólks og réttindi yrðu meira metin en manni hefur virst vera í framkvæmd á undanförnum árum og missirum. Þess vegna vil ég eindregið mælast til þess að þessi tillaga fái stuðning og að alþingismenn leggi henni lið.

[18:35]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið hér í umræðu á Alþingi. Ég gleymdi að leggja til að málinu yrði vísað til félmn. að lokinni þessari umræðu og geri það hér með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Frv. GAK, 16. mál (lausir kjarasamningar o.fl.). — Þskj. 16.

[18:36]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þetta mál er endurflutt en 1. gr. þessa frv. hljóðar svo:

„Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda

sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings." — Þ.e. án þess að nýr kjarasamningur hafi komist á. — „Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi." Síðan segir: „Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu."

Og 2. gr. er um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Með frv. þessu fylgir svo grg., með leyfi forseta:

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega *ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum* saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk *að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir* lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi *er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið* hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði. Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera *nýjan kjarasamning bætast 30 dagar við afturvirkni* hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga á launþeginn orðið lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir og má rifja hana upp síðar ef þurfa þykir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni" LÍÚ sl. 14 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 14 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek" LÍÚ í þessum efnum tel ég vera einsdæmi.

Þetta held ég að skýri efnislega þetta frv. Menn geta svo lesið hér fylgiskjalið sem er yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna, sem eru sennilega versta dæmið sem við eigum í íslensku þjóðfélagi um það hvernig dregist hefur árum og áratugum saman, margendurtekið, að gera kjarasamninga og þar af leiðandi hefur ákveðin stétt launamanna, í þessu tilfelli fiskimenn sem þarna er miðað við í töflunni, orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu af þeim sökum. Aðrar stéttir hafa jafnframt orðið fyrir þessu, um það má örugglega finna dæmi þó að þau séu kannski ekki eins alvarleg og viðvarandi og verið hefur í kjaradeilum sjómanna á undanförnum árum.

Ég vil því eindregið beina því til hv. Alþingis að þetta frv. verði litið réttum augum og það verði afgreitt með því hugarfari að hér er um réttarbót til launþega að ræða. Hún ætti að geta orðið til þess að ýta undir að menn semji fyrr en ella og sjái sér ekki hag í því að draga gerð kjarasamninga um of. Tillagan, eins og áður hefur verið greint, gengur út á annars vegar sex mánaða ákvæði þegar afturvirkni byrjar, og hins vegar þegar ár er liðið skal afturvirknin ná til alls þess tíma sem kjarasamningur hefur verið laus án þess að samið hafi verið um hækkanir. Þetta má hins vegar leysa upp með því að semja um eingreiðslu sem menn kæmu sér saman um ef talið er óhagkvæmt einhverra hluta vegna að vera með afturvirk ákvæði. Það getur vissulega verið það af ýmsum ástæðum varðandi launabókhald og launagreiðslur.

[18:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Að mínum dómi er hér á ferðinni hið ágætasta mál. Í dag — ég held að ég fari rétt með — er eitt ár liðið frá því að kjarasamningar sjúkraliða runnu út. Hvað skyldi ríkissjóður hafa hagnast á því að samningar hafa dregist á langinn sem þessu nemur? Ég hef ekki á hraðbergi þá upphæð en hún er mikil. Hitt er víst að sjúkraliðar hafa að sjálfsögðu ekki hagnast á þessum drætti.

Þetta er ekkert einsdæmi. Á almennum vinnumarkaði er þekkt að endemum hve lengi sjómenn hafa verið án samninga, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, flm. þessa frv., og hið sama gildir hjá hinu opinbera. Í sumum tilvikum er það einfaldlega vegna þess að ríki og sveitarfélög hafa ekki ráðið við gang mála. Það er mikill fjöldi félaga sem verið er að semja við og þá gerist

það að sest er að samningaborði með þeim sem hafa mestan þrýstinginn á bak við sig, hafa boðað til verkfalls eða verkfall hefur skollið á, og hin eru þá látin bíða. Þetta gerist að hluta til.

Hins vegar getur sú staða komið upp að viðsemjandi launafólks reyni beinlínis að draga samninga á langinn vegna þess að það hagnast honum, og slíkt er ótækt. Þetta frv., ef að lögum verður, mundi sporna gegn því vegna þess að hér er gert ráð fyrir því að þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildi hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið. Reyndar mundi ég vilja ganga enn lengra og segja að samningar eigi að gilda frá því samningarnir runnu út, þ.e. frá því að samningur rann út þá eigi samningurinn að gilda. Síðan mætti hugsa sér að svo væri ef samningar væru gerðir innan sex mánaða frá því að þeir runnu út, og síðan gæti komið þessi síðari regla sem kveður á um í frv. ef þeir drægust enn á langinn. Mér finnst að nálgast mætti þetta mál líka á annan hátt og segja sem svo að sá háttur skuli hafður á að samningar gildi frá því að þeir renna út nema til verkfalls komi. Að ef til verkfalls kemur þá sé einfaldlega annað upp á tengingnum, að þá komi til kasta annarra reglna og þá semji samningsaðilar um upphaf samningsins en lögin gildi ekki um slíkt. Eftir því sem ég hugsa málið betur vildi ég ganga enn lengra en tillögumaður. Þó að þetta sé vissulega mikil réttarbót, og ég tek undir það, þá tel ég að samningar eigi að gilda frá þeim degi sem þeir renna út jafnvel þótt þeir hafi dregist á langinn nema til verkfalla hafi komið, þá semji samningsaðilar en séu óháðir lögum.

En það sem mér finnst vera mikilvægt í þessu máli er að það fái góða umfjöllun. Ég held að nauðsynlegt sé að taka á þessu máli og ég hef orðið var við vilja atvinnurekenda og þar á meðal hjá ríkinu að endurskoða þessi lög með þetta í huga því að þetta gengur engan veginn upp eins og málum er nú komið.

[18:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þetta atriði sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði að umtalsefni að e.t.v. mætti hafa þessa hugsun öðruvísi þó að í því fælist réttarbót, að eigi virkaði aftur fyrir sig ef til verkfalla kæmi, ef ég hef skilið hugmynd hans rétt. (**ÖJ:** Frá því að samningur fellur úr gildi.) Frá því að samningur félli úr gildi.

Ég skil hugsunina hjá hv. þm. en mér finnst hins vegar að hún gæti alveg verkað öfugt. Hún gæti orðið til þess ef einhver svona viðmið væru að menn sæju sér bara hag í því að draga kjarasamninginn til þess að upphafshækkunarákvæðin féllu niður, og þá yrði að taka það sérstaklega upp sem samningsákvæði.

Þess vegna ákvað ég að setja þetta svona upp, að það skyldi gerast með lagaboði eftir sex mánuði að þrír mánuðir kæmu strax inn, ekki allur tíminn heldur þrír mánuðir, þannig að fyrir lægi að sá réttur væri launþegans. Og það eina sem stéttarfélagið mætti gera í því máli væri að semja um það sem eingreiðslu ef menn vildu, frekar en að láta það virka aftur fyrir sig í launareikningnum, en launþeginn teldist jafnsettur eftir sem áður.

Ég er ekki alveg tilbúinn að kaupa þá hugmynd sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi áðan vegna þess að ég held að hún gæti orðið til þess að atvinnurekendur segðu sem svo: Eigum við ekki bara að draga þetta þangað til farið verður í verkfall? Þá fellur þetta út og semja þarf um ákvæðið.

[18:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mál þarf að sjálfsögðu að gaumgæfa mjög vel. Mér finnst að hin almenna regla eigi að gilda, að kjarasamningar gildi frá þeim degi sem þeir runnu út. En ég tek undir að ýmis álitamál eru hér uppi og eðlilegast væri að menn settust saman í nefnd, fulltrúar vinnumarkaðar bæði frá launamönnum og atvinnurekendum, og réðu ráðum sínum í þessu því að ég hef trú á því að það sé vilji beggja megin borðs að endurskoða þessi mál.

[18:51]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki hafna ég því að þessi mál séu skoðuð og auðvitað mun hv. nefnd taka þetta mál til umfjöllunar og vafalaust verða menn frá vinnuveitendum og atvinnurekendum kallaðir þar að verki og spurðir álits, þannig að ég hygg að málið ætti að geta fengið mjög góða umfjöllun. Það kunna alveg að vera álitaefni í þessu og ekki ætla ég að halda því fram að sá texti sem ég hef skrifað hér sé eini sannleikurinn í málinu, það kunna að vera önnur sjónarmið.

En ég tel hins vegar að réttarbót launþegans eigi að vera sú að hann viti að réttur hans til launagreiðslna verði afturvirkur, hann verði ekki saminn af honum bara með því að draga gerð kjarasamninga von úr viti eins og t.d. gæti vel komið upp núna hjá sjúkraliðum, að þeir væru búnir að vera án launahækkana í heilt ár og fengju það ekki bætt í samningi.

Umræðu frestað.

[18:53]

Útbýting þingskjala:

Akstur utan vega, 223. mál, fsp. KolH, þskj. 249.

Byggðakvóti, 218. mál, fsp. SvanJ, þskj. 243.

Laun og launahlutfall í flotanum, 212. mál, fsp. SvanJ, þskj. 237.

Rannsóknir á áhrifum veiðarfæra, 214. mál, fsp. SvanJ, þskj. 239.

Samstarf við Microsoft, 220. mál, fsp. SvanJ, þskj. 245.

Staða banka og sparisjóða, 217. mál, fsp. JóhS, þskj. 242.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, 216. mál, fsp. JóhS, þskj. 241.

Verðmæti steinbítskvóta, 213. mál, fsp. SvanJ, þskj. 238.

Þorskveiði smábáta, 215. mál, fsp. SvanJ, þskj. 240.

Út af dagskrá voru tekin 17.–18. mál.

Fundi slitið kl. 18:55.

17. FUNDUR

miðvikudaginn 31. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Áfangaskýrsla um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 10. mál, þskj. 10. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Landsdómur, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ráðherraábyrgð, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Kosningar til Alþingis, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að í dag verða tvær utandagskrárumræður.

Hin fyrri hefst klukkan þrjú og er um lyfjanotkun ungmenna í framhaldsskólum. Þar er málshefjandi hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson verður til andsvara.

Hin síðari hefst um klukkan hálfþrjú og er um skýrslu Byggðastofnunar, um byggðarlög í sókn og vörn. Þar er málshefjandi hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Færsla bókhalds í erlendri mynt, 224. mál, fsp. GE, þskj. 250.

Heildarlántökur erlendis, 225. mál, fsp. GE, þskj. 251.

Heildarskuldir sjávarútvegsins, 226. mál, fsp. GE, þskj. 252.

Kvikmyndalög, 227. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 253.

Skylduskil til safna, 228. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 254.

Athugasemdir um störf þingsins.

Rekstur vélar Flugmálastjórnar.

[13:33]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. samgrh. vegna máls sem nú er ofarlega á baugi og varðar rekstur flugvélar Flugmálastjórnar. Ástæða umræðunnar, virðulegur forseti, er að meiri hluti fjárln. hafnaði beiðni minni um afrit af loggbók Flugmálastjórnarvélarinnar sem ég tel nauðsynlegt að fá á borð nefndarinnar svo að ég geti sinnt eftirlitsskyldu minni sem þingmaður.

Nú hefur komið fram að gögnum um þá sem fljúga með vélinni er eytt eftir hverja ferð. Mér er ljóst að tímagjald er hið sama hvort sem hvert sæti er nýtt í leiguflugtíma eða eitt sæti þannig að þó að reikningar væru birtir þá segði það lítið. Það vakti athygli mína þegar fjölmiðlar óskuðu upplýsinga um ferðir og farþega flugvélarinnar að þá fengust þær ekki og að lokum er komið í ljós eins og áður sagði að gögnum er fleygt, um hverjir hafa verið tryggðir í flugi. Meðal annars þess vegna hef ég komið því til leiðar að málið er til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun. Að gefnu tilefni vil ég því beina eftirfarandi spurningum til hæstv. samgrh.:

1. Hversu lengi hefur það tíðkast að gögn séu eyðilögð eftir hverja ferð vélarinnar?
2. Hver gefur þau fyrirmæli að gögnum sé eytt?
3. Er ákvæði um meðferð gagna sem þessara í verklagsreglum stofnunarinnar?
4. Var haft samráð við ráðuneytið eða Ríkisendurskoðun um heimild til að eyða þessum gögnum?
5. Hvaða aðili ber ábyrgð á því og gefur fyrirmæli um eyðingu þessara gagna?

Þetta eru margar spurningar en samt nauðsynlegt að halda þeim til haga og hægt væri að svara þeim í stuttu máli. Að lokum spyr ég: Er flugrekstrarleyfi umræddrar vélar svo víðtækt að það gildi um allar gerðir flugþjónustu?

[13:36]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar ræðu sem hér var flutt vil ég að eftirfarandi komi fram:

Rannsókn af því tagi sem þingmaðurinn vill hefja tel ég að eigi að vera á hendi Ríkisendurskoðunar. Þingmönnum var í lófa lagið að leggja fram óskir sínar um að máli færi til Ríkisendurskoðunar. Því var það að mínu mati ekki aðalatriði að leggja þetta fyrir fjárln.

Nefndir eru mjög önnum kafnar, ekki síst fjárln. Hv. þm. gat ekki lagt fram nein rök önnur en þau að hann hefði heyrt um einhverjar ábendingar eða ágiskanir varðandi málið sem hann ber hér fram. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir gat hann ekki lagt fram nein rök önnur en orðasveim eða annað sem hann hafði heyrt og gat því nefndin alls ekki orðið við þessu. Enda væri það til að æra óstöðugan ef fjárln. ætti að bregðast við í hvert skipti og þingmanni kemur til hugar að leggja fram svo vanbúna tillögu. Þá gerði nefndin ekki annað.

Nefndarmenn eru vafalaust þeirrar skoðunar að allar upplýsingar af þessu tagi eigi að vera ljósar. Þess vegna

taldi nefndin rétt að framvísa málinu til Ríkisendurskoðunar þannig að þingmanninum væri ekki meinað að halda málarekstri sínum áfram. Meiri hlutinn undirstrikaði hins vegar að hann teldi að málið væri vanbúið til þess að nefndin færi að kanna það að beiðni þingmannsins.

[13:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Þær eru mjög sérkennilegar, tilraunir hv. þm. Gísla S. Einarssonar til að koma höggi á menn um þessar mundir. Ég vil valda hv. þm. miklum vonbrigðum með því að segja honum að ég sem samgrh. hef ekki gefið nein fyrirmæli um að eyða gögnum. Samkvæmt upplýsingum úr DV, væntanlega frá samstarfsmönnum hv. þm., kemur fram að á vegum samgrn. hafi verið flogið fyrir 5 millj. kr. það sem af er kjörtímabilsins. Það er alrangt. Reikningar hafa verið greiddir fyrir 1.912 þús. kr. vegna flugs.

Það er reynt að gera það tortryggilegt að flugvélin flaug í heimabæ minn. Ég fór ásamt starfsmönnum úr Siglingastofnuninni og ráðuneytinu til Akureyrar til að skrifa undir samninga við Slysavarnafélagið Landsbjörgu og lét fljúga með mig til baka til Stykkishólms vegna þess að ég hafði lofað því að taka á móti og ávarpa gesti sem sátu ráðstefnu í Stykkishólmi og mæta til Ólafsvíkur í móttöku, þar sem verið var að frumsýna leikritið Fróðárundrin sem var liður í að reyna að efla ferðaþjónustu á svæðinu.

Ég þurfti að nota flugið til að komast á sem skemmstum tíma vegna þess að ég hafði verið ásamt með iðn.- og viðskrh. í Reykjavík í Laugardalnum að kynna íslenska hestinn og þurfti að komast til Reykjavíkur strax um kvöldið og notaði þess vegna þessa flugvél. Það eru skýrar og klárar reglur af hálfu Flugmálastjórnar um að ráðuneytin fái afnot af vélinni, þannig að það gilda ekki um þessa flugvél neinar reglur sem ráðuneyti samgöngumála hafa sett um að eyða eigi einhverjum gögnum. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Það er á ábyrgð Flugmálastjórnar hvaða upplýsingar eru gefnar um þá sem fljúga með vélinni. Auðvitað eru það ráðuneytin sem ákveða hvenær vélin er nýtt og hverjir fara með vélinni hverju sinni.

[13:40]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir í upphafi að ég undrast að svo mikil leynd skuli vera yfir notkun þessarar vélar að talað sé um að gögnum um hana sé eytt. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvers vegna, ef ekkert tortryggilegt er á ferðinni, þetta liggi þá bara ekki ljóst fyrir. Er þá nokkuð að fela?

Aðalástæðan fyrir því að ég kem hér upp er hins vegar sú að ég vil lýsa yfir áhyggjum mínum yfir því að trekk í trekk, herra forseti, skuli meiri hlutinn á Alþingi meina hv. þm. stjórnarandstöðunnar að sinna lögbundu hlutverki sínu með því að neita þeim um gögn. Það er eins og meiri hlutinn hafi á langri valdatíð sinni gleymt að þinginu ber að hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins og það er háalvarlegt mál ef þeim er ekki gert kleift að sinna þessu hlutverki sínu.

Ég vísa m.a. til þess að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur var nýlega meinaður aðgangur að gögnum vegna fjárlagatillagna lögreglunnar. Hún fékk rétti sínum hins vegar framgengt sem almennur borgari fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamálefni. Er það ekki orðið svolítið skrýtið, herra forseti, ef réttur hins almenna borgara til aðgangs að upplýsingum er orðinn ríkari en réttur þingmanna?

Herra forseti. Ég tel að þarna sé mjög alvarlegt mál á ferðinni. Ég vil nota tækifærið og hvetja hæstv. forseta til þess að taka þetta mál upp í forsn. og kanna hvort hið háa Alþingi þurfi ekki að gera eitthvað í að tryggja að Alþingi geti sinnt hinu lögbundna hlutverki sínu, að hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Ef hið háa Alþingi og forseti Alþingis tekur ekki upp hanskann fyrir þessa stofnun og fyrir hv. þm., svo að þeir geti sinnt eftirlitshlutverki sínu, þá erum við á hálum ís.

[13:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst það orðið afar hvimleitt, alvarlegt og niðurlægjandi fyrir þingið hvernig, aftur og aftur, vetur eftir vetur þarf að ganga eftir því við ráðherra og opinberar stofnanir að þingið fái eðlilegar upplýsingar, m.a. svo að þingmenn geti sinnt störfum sínum, eins og hv. þm. Gísli Einarsson er að gera. Hann vill fá að sinna eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu. Það er auðvitað furðulegt að hann hafi ekki atbeina formanns fjárln. og fjárln. til að sinna hlutverki sínu sem þingmaður.

Hvað gerir hæstv. ráðherra þegar hann er inntur eftir eðlilegum svörum um notkun á vél Flugmálastjórnar? Hann byrjar að afsaka eigin notkun og notkun ráðuneytisins á vélinni. Hér á auðvitað að upplýsa um það sem beðið er um. Sé það ekki gert vaknar auðvitað tortryggni og grunur um að hér sé eitthvað á ferðinni sem ekki þoli dagsins ljós. Það er alveg skýrt í mínum huga, bæði samkvæmt lögum um bókhald og líka lögum um loftferðir, þá á að geyma þessi gögn. Það gengur gegn lögum ef það er brotið og þessum gögnum er fleygt. Ef það er rétt að Flugmálastjórn geymi ekki þessi gögn þá er það grafalvarlegt. Ég skora á hæstv. ráðherra að svara eðlilegum spurningum sem til hans er beint.

Það er auðvitað líka mikilvægt, herra forseti, ég tek undir það með hv. formanni þingflokks Samfylkingarinnar, að forsn. taki þetta mál upp þegar svo er komið að þingmenn þurfa að leita réttar síns gegnum úrskurðarnefnd um upplýsingamál, ekki sem þingmenn heldur sem almennir borgarar, til að geta sinnt hlutverki sínu og farið í gegnum fjárlög með eðlilegum hætti, kannað málin og fjallað um þau út frá nánari upplýsingum og faglegum vinnubrögðum.

Af þessu tilefni hvet ég til þess, herra forseti, að þetta mál verði tekið upp af forsn. þingsins.

[13:45]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Tilefnið að þessum umræðum er sú beiðni sem hv. þm. Gísli S. Einarsson kom fram með innan fjárln. um að nefndin taki til rannsóknar sérstaklega loggbók Flugmálastjórnar. Þessari beiðni fylgdi enginn rökstuðningur. Það var ekki hægt að fá nein gögn um það á hvaða grundvelli væri farið fram á það að fjárln. blandaði sér í þetta mál. Það kom heldur ekki fram ein einasta skýring á því hvers vegna ágætur þingmaður, hv. þm. Gísli S. Einarsson, fór ekki þá leið sem honum er opin, að snúa sér til Ríkisendurskoðunar til að fá þessar upplýsingar. Og það skortir enn í þessum þingsal á skýringar á því hvers vegna þingmaðurinn fer ekki þær leiðir sem honum eru opnar og hvers vegna í ósköpunum þingflokksformaður Samfylkingarinnar segir að þingmönnum sé meinað að vinna störf sín á þessum grundvelli.

[13:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ef hv. þm. sem starfa í fjárln. — og þá er ég sérstaklega að vísa til orða hv. síðasta þingmanns — er það ekki ljóst að það er hlutverk hv. fjárln. Alþingis, þeirra þingmanna sem þar sitja, að hafa m.a. eftirlit með meðferð opinberra fjármuna er ég alveg hætt að botna í hlutunum hér.

Herra forseti. Hvar er eðlilegri vettvangur fyrir þingmann sem hefur fyrir því sérstök rök að færa fram slíka beiðni en í hv. fjárln.? Ég tel mjög eðlilegt að slík beiðni sé lögð fram og ég undrast að ekki skuli vera orðið við þeirri beiðni heldur látið að því liggja að þingmaðurinn sé að hnýsast í málefni sem honum komi ekki við.

[13:47]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur verið upplýst í þessari umræðu að allt tilefnið byggist á því að fram hafi verið settar órökstuddar getgátur og svo er verið að ýja að því að það sé óeðlilegt að fjárln. hafi hafnað slíkum beiðnum. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt af hálfu fjárln., eins og málið er lagt fyrir, að fjárln. synji slíkri beiðni sem er greinilega byggð á mjög vafasömum forsendum. Hér er um að ræða órökstuddar getgátur eins og fram hefur komið og þess vegna mjög eðlilegt að þingmaðurinn leiti annarra leiða sem hann þá sjálfur kýs.

Hér hefur það verið upplýst í umræðunni hvað eftir annað að það séu til ýmsar leiðir í þessu sambandi, bæði gegnum Ríkisendurskoðun og með ýmsum öðrum hætti eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lýst. Þess vegna er auðvitað alveg fráleitt að tala um að verið sé að binda hendur þingmanna eða koma í veg fyrir að þingmenn geti unnið störf sín þó að menn sinni ekki beiðnum eins og þeim sem þarna komu fram. Þvert á móti hefur það komið glögglega fram í þessari umræðu að það eru fjöldamargar leiðir fyrir þingmenn eins og almenning í landinu að fá upplýst mál sem eðlilega eru fram borin. Þess vegna er alveg fráleitt að tala með þeim hætti að reynt sé að koma í veg fyrir slíkar beiðnir.

[13:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla bara að koma á framfæri upplýsingum vegna þess að Grænlandsflug hefur verið tengt þessari umræðu og ferðir ráðherra á fundi á Grænlandi. Mér þykir rétt að hv. þingmenn viti að a.m.k. í mínu tilfelli var farið nákvæmlega yfir kostnaðinn, annars vegar hver hann væri með því að fljúga til Kaupmannahafnar, þaðan til Syðri-Straumsfjarðar og síðan áfram, og svo hins vegar að nota sér flugvél Flugmálastjórnar. Þar sem síðari leiðin reyndist nokkru ódýrari var hún farin. Auðvitað er alltaf umdeilanlegt hvort ráðherrar almennt eigi að sækja fundi en þetta er eitt af því sem maður telur mikilvægt, að stunda hið norræna samstarf, og ég vildi koma þessum upplýsingum á framfæri.

[13:49]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, þingflokksformanni Samfylkingarinnar, að hv. þm. Gísli S. Einarsson hefði lagt fram sérstök rök í þessu máli en hér í umræðunni hefur það komið fram að hann lagði engin slík rök fram. Það var beðið um þau rök og þau voru ekki birt. Mér er ekki ljóst hvers vegna þingflokksformaðurinn kýs að fara hér með rangfærslur en svona er nú málið vaxið. Það hefur ekki verið kynnt í þessum umræðum hvernig stendur á því að þingmaðurinn kýs að fara ekki þá leið sem honum er opin. Hann hefur ekki stutt það neinum rökum í þessari umræðu hvers vegna hann kýs að gera það ekki og getur svo heldur ekki lagt fram rökstudda beiðni um það hvers vegna hann vill blanda fjárln. í málið.

[13:50]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að starfsreglur þingsins og allir í þessum sal geri einmitt ráð fyrir því eftirlitshlutverki sem þingið hefur, ekki síst fjárln., og hv. þm. hafa vísað til. Við deilum ekki um það. Við deilum hins vegar um það hvernig mál skuli koma til þingnefnda til þess að þær geti unnið það.

Fjárln. telur að öll mál er varða opinbera stjórnsýslu eigi að vera uppi á borðinu og þar skuli sannleikurinn liggja fyrir. Við teljum hins vegar að þingmenn verði að vanda málatilbúnað sinn. Ef þingmaðurinn hefði lagt fram einhverjar þær upplýsingar sem margsinnis var beðið um, einhverjar þær upplýsingar sem gæfu nefndinni farveg og ástæðu til að taka dýrmætan tíma sinn í þetta, hefði hún strax orðið við slíkri beiðni. Ef nefndin hefði slíkar upplýsingar eftir athugun ríkisendurskoðanda hefði hún sömuleiðis orðið við því þannig að menn mega ekki rugla því saman að hér sé nefndin, eða þingið, að reyna að bregðast því að styðja við bakið á upplýsingaskyldu gagnvart þingmönnum.

Fjárln. opnaði einmitt þingmanninum leið til Ríkisendurskoðunar með því að framvísa málinu þangað um leið og meiri hlutinn lét það alveg í ljós að málið væri ekki í þeim búningi hjá nefndinni að nefndin sjálf gæti tekið það. Hins vegar yrði málið fellt í þann farveg sem þingmanninum hefur alltaf staðið opinn, að leita til Ríkisendurskoðunar, og ég verð að taka undir mótmæli gegn því sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði þegar hún sagði að þingmaðurinn hefði haft sérstök rök fyrir því. Það voru einmitt þau rök sem okkur vantaði. Hvar eiga beiðnir þingmanna og svör við þeim að enda? Hvenær förum við að rannsaka landtökubáta Landhelgisgæslunnar ef einhverjum dettur í hug að spyrja um það? Hvenær eigum við að svara því hvernig traktorarnir á Hvanneyri hafa verið notaðir utan garðs eða innan?

[13:53]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég harma þá aðferð sem hæstv. ráðherra og virðulegir stjórnarþingmenn nota í þessari umræðu. Ég harma það. Þann 24. júlí lagði undirritaður fram beiðni um að fjárln. óskaði eftir afriti af loggbók flugmálastjórnarvélar. Þegar málið var tekið til umræðu, 29. október, sagði ég strax að rökin hjá mér væru umfjöllun í dagblöðum sem var ekki hlustað á. Það var ekki hlustað á að það væru nein rök að dagblöðum, fjölmiðlum, væri neitað um upplýsingar sem þau höfðu leitað eftir. Þess vegna benti ég á þá mögulegu leið að vísa málinu til Ríkisendurskoðunar. Það var svo gert með því að meiri hluti hv. fjárln. neitaði að taka málið til umfjöllunar en gerði ekki athugasemd við eða vísaði bara bréfinu beint áfram. Ég þakka auðvitað fyrir þá afgreiðslu. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu en ég lýsi þungum áhyggjum yfir viðbrögðum hæstv. samgrh. sem segir að undirritaður sé að koma höggi á menn.

Virðulegur forseti. Ég óska skýringa á þessum orðum. Ég óska skýringa á þeim orðum hæstv. ráðherra að undirritaður sé að koma höggi á menn.

Mér sýnist, virðulegur forseti, að niðurstaða þessa hljóti að vera sú að hæstv. samgrh. verði að birta skýrslu um þetta efni sem við höfum verið að fjalla um í þessari umræðu um störf þingsins.

[13:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þess sem hér hefur verið rætt er nauðsynlegt að taka skýrt fram að vitanlega eru farþegar sem fara með flugmálastjórnarvélinni skráðir alveg á sama hátt og gert er ráð fyrir í lögum um aðra flutninga með flugi. Reglur segja í dag að auki til um þá sem fara með ferjum. Þeir sem sigla með Herjólfi eru skráðir þannig að það liggur fyrir eftir hverja ferð hverjir hafa verið farþegar.

Sama gildir um millilandaflug eins og hv. þm. þekkja en þessi gögn eru hins vegar ekki geymd. Aðalatriði málsins er hins vegar það að útgjaldatilefnið sem í þessum tilvikum snýr að ráðuneytum er alveg skýrt í bókhaldi ríkisins þannig að ríkisendurskoðandi metur það og gerir væntanlega athugasemdir ef honum sýnist sem tiltekin útgjöld séu utan eðlilegra marka. Þá eru að sjálfsögðu gerðar athugasemdir. Það er því alveg skýrt að ráðuneytin gera glögga grein fyrir tilefni og ástæðum þess að flugvél Flugmálastjórnar er notuð. Það er á þeim vettvangi sem ég tel eðlilegt að fara yfir málið og það gerir Ríkisendurskoðun. Það liggur hins vegar alveg fyrir að samgrh. hefur ekki gefið nein fyrirmæli, svo ég svari hv. þm. Gísla S. Einarssyni, um að eyða gögnum. Það liggur allt uppi á borðinu og í þessu tilviki er það á valdi Flugmálastjórnar hvernig þessi gögn eru geymd.

[13:57]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill segja, af þessu tilefni, að að því leyti sem þessi umræða hefur snúið að störfum þingsins mun hann, einkum og sér í lagi vegna almennra óska hv. 9. þm. Reykv. og 5. þm. sama kjördæmis, íhuga það að þessi mál almennt, möguleikar þingmanna til eftirlits með framkvæmdarvaldinu, verði að sjálfsögðu rædd og skoðuð í forsn. nú sem fyrr. Að öðru leyti er þessari umræðu um störf þingsins lokið og gengið verður til dagskrár.

Rekstur Ríkisútvarpsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvH, 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Áfangaskýrsla um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ og ÞSveinb, 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 10. mál (iðgjöld). — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Landsdómur, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Ráðherraábyrgð, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvH og GAK, 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 185. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:02.

---

18. FUNDUR

miðvikudaginn 31. okt.,
að loknum 17. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, fsp. ÁMöl, 147. mál, þskj. 147.
2. Markaðssetning lyfjafyrirtækja, fsp. ÁRJ, 149. mál, þskj. 149.
3. Áfallahjálp, fsp. ÁRJ, 166. mál, þskj. 167.

Til iðnaðarráðherra:

4. Háspennulínur í jörð, fsp. KF, 154. mál, þskj. 154.

Til viðskiptaráðherra:

5. Kynning á evrunni, fsp. ÞSveinb, 197. mál, þskj. 208.

Til samgönguráðherra:

6. Farþegaflutningar til og frá Íslandi, fsp. KF, 181. mál, þskj. 184.

Kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fsp. ÁMöl, 147. mál. — Þskj. 147.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Biðlistar í heilbrigðisþjónustu hér á landi eru staðreynd og eru merki um ákveðna veikleika í þjónustunni. Samkvæmt samantekt landlæknis frá liðnu vori bendir margt til þess að biðlistar séu að lengjast og biðtími eftir aðgerðum einnig. Fólk þarf að bíða í rúmlega eitt og hálft ár eftir aðgerð á almennum skurðdeildum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og biðtími eftir bæklunaraðgerð er um eitt ár.

Biðtími eftir aðgerð getur reynst sjúklingi afdrifaríkur. Aðgerðin sem hann bíður eftir getur staðið í vegi fyrir fullri virkni hans í samfélaginu og getur skert lífsgæði hans verulega. Biðtíminn er kostnaðarsamur fyrir einstaklinginn jafnt sem þjóðfélagið í heild.

12. júlí sl. felldi Evrópudómstóllinn dóm er varðar viðurkenningu á rétti sjúklinga til að leita sér heilbrigðisþjónustu í löndum Evrópusambandsins ef sambærileg þjónusta býðst ekki í heimalandi viðkomandi tímanlega. Dómurinn varðar mál tveggja hollenskra einstaklinga sem fengu ekki heilbrigðisþjónustu í heimalandi sínu en leituðu eftir henni í öðru landi Evrópusambandsins.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þeir hefðu átt rétt á endurgreiðslu frá tryggingakerfi heimalands síns. Í dómsorði sínu viðurkenndi Evrópudómstóllinn rétt sjúklinga sem eru á biðlista eftir aðgerð í heimalandi sínu, á að fá meðferð í öðru landi Evrópusambandsins og skyldi hún greidd af sjúkratryggingu viðkomandi í heimalandi hans. Að því tilskildu að meðferðin sé vísindalega viðurkennd og falli undir sjúkratryggingu sjúklings er heilbrigðisyfirvöldum óheimilt að synja viðkomandi um greiðslu vegna læknismeðferðar í öðru landi Evrópu nema í þeim tilvikum sem heilbrigðiskerfi landsins getur boðið sömu eða sambærilegra þjónustu án óhóflegrar biðar. Réttindi og skyldur velferðarkerfa í Evrópu eru ekki samræmd og ákvarðar hvert aðildarríki hvernig það hagar málum sínum í þeim efnum. Hins vegar mega ríkin ekki brjóta á grundvallarréttindum þegnanna, sem tryggð eru með Evrópusáttmálanum, til að leita sér þjónustu nema rökstuddar og málefnalegar ástæður liggi þar að baki.

Áhrif þessa dóms er þegar farið að gæta. Miklar umræður hafa orðið í Bretlandi um þetta mál enda eru biðlistar í heilbrigðisþjónustu þar langir og biðtími eftir þjónustu eftir því. Í byrjun október fjölluðu bresk blöð um fyrsta breska sjúklinginn sem fór gagngert til Þýskalands í kjölfar dómsins til að fá liðskiptaaðgerð á hné en hann hafði beðið í tvö ár og átti enn eftir að bíða í um tíu mánuði til viðbótar eftir aðgerð í Bretlandi. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef eru bresk yfirvöld nú að gera áætlun um að senda hópa Breta til meginlandsins til aðgerða til að grynnka á biðlistum. Af þessu tilefni varpa ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrrh.- og trmrh.:

Telur ráðherra að niðurstaða Evrópudómstólsins 12. júlí sl., um að sjúklingar eigi rétt á að fá greiddan kostnað við heilbrigðisþjónustu, sem ekki er unnt að veita á tímabæran hátt í heimalandinu en framkvæmd er í öðru aðildarríki Evrópubandalagsins, hafi fordæmisgildi á Evrópska efnahagssvæðinu og gildi því fyrir Íslendinga jafnt sem aðra þegna á svæðinu?

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í fyrirspurn þessari er væntanlega verið að vitna til dóms Evrópudómstólsins í máli Smits og Peerbooms frá 12. júlí sl. þar sem sjúkrahúsmeðferð er talin falla undir þjónustuhugtakið í Rómarsáttmálanum. Aðildarríkjum Evrópusambandsins er þó heimilt að takmarka aðgang að sjúkarhúsmeðferð í öðrum ríkjum séu fyrir því haldbær rök svo sem að tryggja fjárhagslegan stöðugleika í heilbrigðiskerfinu. Þess má geta að Ísland sendi dómstólnum greinargerð í málinu og voru sjónarmið okkar staðfest í meginatriðum.

Í umræddu máli kemst dómstóllinn m.a. að þeirri niðurstöðu að það kerfi að samþykkja þurfi sjúkrahúsvist erlendis fyrir fram, sé samrýmanlegt ákvæði Rómarsáttmálans að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Aðildarríki mega þó ekki synja sjúklingi um nauðsynlega meðferð en við mat á því hvort meðferð sé nauðsynleg verða aðildarríkin að taka tillit til þriggja þátta.

Í fyrsta lagi hvort heilbrigðisstofnun heima fyrir geti veitt meðferðina án of mikillar tafar.

Í öðru lagi þarf að meta ástand sjúklings sérstaklega í hvert skipti.

Í þriðja lagi, og hér kemur mikilvægt atriði með tilliti til fyrirspurnarinnar, hafa aðildarríkin heimild til að meta nauðsyn þess að hafa í landinu nægt og stöðugt framboð af hágæðasjúkrahúsmeðferð og tryggja fjárhagslegan stöðugleika sjúkratrygginga.

Tekur dómstóllinn sérstaklega fram að færi stór hluti tryggðra sjúklinga að leita til erlendra sjúkrahúsa gæti það

haft í för með sér að ógerlegt væri að skipuleggja og fjármagna sjúkrahúsþjónustu. Niðurstaða Evrópudómstólsins gefur þannig ekki færi á því að sjúklingar geti án takmarkana leitað sér sjúkrahúsmeðferðar erlendis sem ekki er unnt að veita tímanlega í heimalandinu.

Um fordæmisgildi dómsins að öðru leyti vísa ég til þess að þó að Evrópudómstóllinn sé búinn að fella heilbrigðisþjónustu undir Rómarsáttmálann hafa aðildarríkin eigi að síður víðtækar heimildir til að takmarka aðgang að slíkri þjónustu, þ.e. með vísan til þeirra þátta sem ég hef áður nefnt, svo sem til að tryggja nægt framboð heilbrigðisþjónustu og fjárhagslegan stöðugleika sjúkratrygginga.

[14:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi gerði biðlista að umtalsefni og sagði réttilega að bið eftir aðgerð geti verið sjúklingum afdrifarík. Við vitum dæmi þess að fólk hefur látist meðan það beið eftir mjög mikilvægum aðgerðum og það er alveg rétt.

Aftur á móti er í þessar fyrirspurn verið að spyrja um það þegar ekki er unnt að veita á tímabæran hátt aðgerð í heimalandinu. Nú höfum við ekki lög hér á landi um hámarksbið eftir aðgerð. Ég hef einmitt lagt fram frv. um að settur verði hámarksbiðtími eftir ákveðnum aðgerðum sem er í samræmi við niðurstöðu forgangsröðunarnefndar hæstv. heilbrrh. En það hefur ekki verið samþykkt.

Hins vegar vil ég benda á að fram hefur komið hjá sjúkrahúsunum, við heimsókn heilbrn., að þau hefðu getað grynnkað mjög á biðlistunum með ekki mjög háum fjárveitingum og það hér innan lands. Ég hefði talið að frekar hefði átt að leggja áherslu (Forseti hringir.) á að fá þær fjárveitingar því að hægt hefði verið að fækka um 200–300 manns á biðlistum með litlum fjárveitingum til viðbótar.

[14:10]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu áhugaverða máli. Mig langar til að bæta aðeins við spurninguna áður en hæstv. ráðherra tekur aftur til máls, þ.e. um stöðu þeirra sjúklinga sem ekki geta fengið þjónustu í heimalandi sínu af öðrum ástæðum en að það sé ekki hægt á tímabæran hátt, heldur vegna þess að það hefur e.t.v. orðið trúnaðarbrestur milli læknis og sjúklings eins og dæmi eru um eða meint mistök eða einhver vandamál slík hafa komið upp að sjúklingur eða t.d. heimilislæknir hans telja að hann muni ekki geta nýtt sér þá þjónustu sem boðið er upp á heima fyrir.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svör hans og lít svo á að þessu máli sé ekki lokið. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt að hin fjárhagslega staða sjúkratrygginga ráði mestu í þessu máli. Það sem ræður mestu í þessu eru mannréttindi, þ.e. réttur sjúklinganna til þjónustu. Niðurstaða Evrópudómstólsins þýðir að stjórnvöld geta ekki neitað fólki um að fá heilbrigðisþjónustu í öðru landi innan Evrópska efnahagssvæðisins nema heilbrigðisyfirvöld geti boðið sömu eða jafngóða meðferð án ótilhlýðilegrar eða óhóflegrar biðar.

Niðurstaðan í þessu máli skiptir verulegu máli fyrir Íslendinga því að Íslendingar sem eru á biðlista eftir tiltekinni meðferð á heilbrigðisstofnunum hér í landi gætu þá að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sótt um að komast í sams konar meðferð eða aðgerð í öðrum löndum Evrópska efnahassvæðisins, t.d. á Norðurlöndum, og fengið hana greidda af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi. Er þá miðað við greiðslu sem er sambærileg við greiðslu fyrir sams konar aðgerð hér heima. Íslendingar hefðu sem sagt möguleika á að komast til heilsu fyrr en ella með því að leita út fyrir landsteinana.

Ef niðurstaðan er sú að þessi dómur eigi við Íslendinga þá þurfa heilbrigðisyfirvöld einnig að skoða kosti og galla við það að auka við meðferðarúrræði hér heima eða á hinn bóginn að senda sjúklinga utan. Það er alveg ljóst að Íslendingar vilja helst fara í aðgerð hér á landi, enda treysta þeir íslenskri heilbrigðisþjónustu best. Ég tel því að þessi úrskurður Evrópudómstólsins leggi aukna pressu og auknar skyldur á heilbrigðisyfirvöld til að skoða biðlistamál í heilbrigðisþjónustunni til hlítar. Ég tel að þessi dómur sé tímamótadómur. Það hefur lengi verið beðið eftir honum vegna þess að hann segir að það séu mannréttindi að veita tímanlega heilbrigðisþjónustu.

Ég hefði gjarnan viljað ræða þetta mál nánar en hef ekki tíma til þess.

[14:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni fyrir að hreyfa þessu máli sem vissulega er stórt. Það er alveg ljóst hvert mitt sjónarmið er í þessu efni sem forgangsmál og ég held að það fari saman við almennt álit þjóðarinnar, þ.e. að keppa beri að því að veita sem besta heilbrigðisþjónustu hér heima og stefna að því að vinna á biðlistum með auknum fjárveitingum þannig að hægt sé að vinna á þeim með íslenskri heilbrigðisþjónustu. Það hlýtur að vera markmið númer eitt.

Ég vil taka fram að þó að biðlistar séu auðvitað tilfinnanlegir, og ég er ekki að draga úr því, þá hafa þeir sjúklingar sem hafa verið í brýnustu þörf í ýmsum greinum komist í aðgerðir. Ég skal ekki segja um það á þessari stundu hvað dómsorðið „án of mikillar tafar" innifelur. Það er túlkunaratriði sem mundi koma til mats siglinganefndar sem fer yfir þessi mál fyrir okkar hönd.

Varðandi það sem hv. 14. þm. Reykv. spurði um trúnaðarbrest á milli læknis og sjúklings, hvort það væru rök fyrir að leitað sé meðferðar erlendis, þá er það einn af þeim þáttum sem siglinganefnd mundi taka fyrir, en hún fer með þessi mál. En um þetta eru ekki nein skýr lagaákvæði. (Forseti hringir.)

Ég vil undirstrika að lokum að okkur ber að fara grannt yfir þennan dóm. En stefnan er skýr, að reyna að byggja upp sem fullkomnasta heilbrigðisþjónustu innan lands og leita þá út fyrir landsteinana með það sem ekki er heppilegt að byggja upp hér.

Markaðssetning lyfjafyrirtækja.

Fsp. ÁRJ, 149. mál. — Þskj. 149.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Lyfjakostnaður hins opinbera stefnir í að vera tæpir 5 milljarðar á þessu ári og er þar ekki meðtalinn ærinn kostnaður sjúklinga sjálfra af lyfjum. Talið er að lyfjafyrirtæki verji 30% af veltu sinni til rannsókna á

lyfjum en þó nokkuð hærri fjárhæð til markaðssetningar, eða 35–40%. Stór þáttur í markaðssetningunni er að hafa áhrif á lækna því það eru jú þeir sem ávísa lyfjunum. Meiri peningar lyfjafyrirtækjanna fara til læknanna, þ.e. í markaðssóknina, en í rannsóknir á lyfjunum. Og þetta er athyglisvert. Sá kostnaður fer að sjálfsögðu út í lyfjaverðið. Ýmsar aðferðir eru notaðar og ýmsum meðulum beitt. Algengt er að lyfjafyrirtæki bjóði læknum á erlendar ráðstefnur til að kynna framleiðslu sína. Þá eru jafnvel dæmi um að mökum sé boðið með. Heyrst hefur af boðsferðum sem eru ekkert annað en skemmtiferðir, kynningarþátturinn er þar til málamynda. Þetta eru boðsferðir í þeim tilgangi að læknar vísi á lyf viðkomandi fyrirtækis, lyf sem eru jafnvel mun dýrari en önnur sambærileg lyf, sem hefur áhrif á heildarkostnað okkar. Lyfjafræðingur Tryggingastofnunar ríkisins lýsti því yfir nýlega að eitt af vinsælustu bólgulyfjunum hér á landi sé fjórum sinnum dýrara en sambærilegt eldra lyf. Og hvers vegna ætli læknar vísi svo mikið á hið dýra lyf?

Það er altalað að hjá vissu lyfjafyrirtæki viðgangist ákveðið gulrótarkerfi fyrir lækna sem felst í því að þeim sem eru duglegir að sækja lyfjakynningar þeirra sé umbunað — með hjólreiðaferð til Frakklands þetta árið en í fyrra var það lúxusferð til New York. Það er auðvitað siðlaust ef þetta viðgengst og læknar taka þátt í því. Og þetta á auðvitað ekki að viðgangast. Menn gerðu stórmál vegna rauðvínsflösku á dögunum en hún er hjóm eitt miðað við ferðalögin. Þeir sem gerst þekkja til þessa heims telja að slíkum ferðum hafi frekar fjölgað en hitt.

Heilbrigðisyfirvöld hjá ýmsum þjóðum hafa sett strangar reglur um samskipti lækna við lyfjafyrirtæki. Í Bandaríkjunum eru mjög ákveðnar reglur, t.d. á sjúkrahúsum. Þar hafa lyfjakynnar aldrei beinan aðgang að læknum heldur fer allt kynningar- og sölustarf fram á sameiginlegum fundum lækna og apóteks sjúkrahússins. Hérlendis hafa þeir beint samband við læknana. Þyrfti ekki að taka á þessu?

Í Svíþjóð eru líka strangar reglur um boðsferðir lækna og þeim gert að greiða sjálfir hluta kostnaðar, og allar boðsferðir fara í gegnum yfirvöld eða vinnuveitendur.

Engar ákveðnar reglur gilda um þessi mál hérlendis. Læknafélag Íslands og Samtök verslunarinnar gerðu með sér samning í fyrra um samskipti lyfjafyrirtækja og lækna en við lestur þeirra get ég ekki séð að komið sé algjörlega í veg fyrir svokallaðar mútuferðir lyfjafyrirtækja. Þær eru vissulega í áttina en allt of slappar.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Eru til einhverjar reglur frá hinu opinbera um markaðssetningu lyfjafyrirtækja fyrir lækna? Ef svo er ekki, telur ráðherra að setja þurfi slíkar reglur? Hefur verið kannað hvort boðsferðir lyfjafyrirtækja fyrir lækna hafi haft áhrif á lyfjaverð og lyfjakostnað hins opinbera?

[14:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli en hún hefur beint þeirri fyrirspurn til heilbrrh. hvort til séu einhverjar reglur um markaðssetningu lyfjafyrirtækja fyrir lækna.

Því er til að svara að í lyfjalögum, nr. 93/1994, er kveðið á um auglýsingar og kynningar á lyfjum. Kemur þar glöggt fram á hvern hátt má auglýsa lyfseðilsskyld lyf fyrir heilbrigðisstéttum og lausasölulyf fyrir almenningi. Eftirlit með lyfjaauglýsingum er í lögum þessum falið Lyfjastofnun. Einnig er kveðið nánar á um afhendingu lyfjasýnishorna en þau má afhenda læknum persónulega gegn undirritaðri beiðni læknis.

Í reglugerð nr. 328/1995, um lyfjaauglýsingar, er nánar kveðið á um kröfur þær sem auglýsingum fyrir lyf er gert að uppfylla. Þar kemur einnig fram að óheimilt er að bjóða læknum og fleiri heilbrigðisstéttum gjafir, fé eða fríðindi nema um óveruleg verðmæti sé að ræða.

Umræða fór fram í dagblöðum fyrir nokkru um þessi mál og var tilefnið óvanaleg aðferð lyfjafyrirtækis til að vekja athygli á söluvöru sinni. Ég gat þess þá í viðtali við blaðamenn að ég treysti læknastéttinni til almennrar skynsemi og siðsemi og að láta ekki hafa áhrif á sig með þessum hætti. Markaðssetning af þessum toga yrði fremur til að gera lítið úr læknastéttinni en hitt. Ég stend fyllilega við þessi orð mín.

Hv. þm. spurði einnig hvort kannað hefði verið hvort boðsferðir lyfjafyrirtækja fyrir lækna hefðu áhrif á lyfjaverð og lyfjakostnað hins opinbera.

Kannanir af þessum toga hafa ekki verið gerðar hér á landi af hálfu heilbrigðisyfirvalda. Umfang þessara ferða virðist allnokkurt en ekki verður séð að þær séu á nokkurn hátt undanþegnar ákvæðum laga eða reglugerða ef auglýsing á lyfjum á sér stað í boðsferðum þessum.

Lyfjakostnaður hefur vaxið á Íslandi undanfarin ár og vegur sífellt þyngra í útgjöldum vegna heilbrigðismála. Kostnaður við markaðssetningu er verulegur hluti heildarkostnaðar vegna lyfja. Því tel ég mikilvægt að öll markaðssetning á lyfjum og tengdum vörum sé gerð á þann hátt að allir aðilar geti vel við unað, jafnt kaupendur lyfjanna sem seljendur þeirra.

[14:22]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Öll fyrirtæki sem framleiða vörur koma framleiðslu sinni á framfæri við væntanlega viðskiptavini. Um lyfjafyrirtækin gegnir öðru máli þar sem þeim er ekki heimilt að auglýsa lyf á almennum markaði eða í fjölmiðlum. Það eru læknar sem ávísa lyfjum og velja hvaða lyf henta hverjum sjúklingi. Læknar þurfa að fá jafnharðan fréttir af nýjungum í lyfjaframleiðslu til að geta þekkt verkunarmáta lyfja og aukaverkanir þeirra. Eftirlit er að sjálfsögðu í höndum landlæknis og, eins og kom fram hjá ráðherra, hjá Lyfjastofnun. Auk þess setti Læknafélag Íslands ítarlegar siðareglur um samskipti lækna og lyfjafræðinga og hafa þær verið samþykktar þar.

Viðbrögð hæstv. ráðherra við umræddu máli sem kom hér upp á dögunum voru ágæt og mjög viðeigandi þegar hann sagði: Læknum er treystandi. Og þeim er treystandi.

[14:23]

Ásta Möller:

Herra forseti. Heilbrigðisstarfsmenn hafa skyldur til að halda við menntun sinni og kynna sér nýjungar í starfi sínu, t.d. verkun nýrra lyfja, sjúklingum sínum til hagsbóta. Lyfjakynningar eru því eðlilegur þáttur í heilbrigðisþjónustu og það er óþarfi að setja þær í annað samhengi.

Mér er kunnugt um að Samtök lyfjafyrirtækja og Samtök lækna hafa nýverið sett sér siðareglur um samskipti sín sem m.a. snúa að lyfjakynningu. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Lyfjafyrirtækjum er óheimilt að gefa læknum gjafir til þess að hvetja til ávísana eða notkunar lyfja. Verðlitlar gjafir sem einkum er ætlað að minna á vöruheiti eða notkunarmáta lyfja er þó heimilt að afhenda læknum.“

Hæstv. heilbrrh. nefndi hér áðan ákveðið nýlegt tilvik sem varðaði rauðvín. Þar var ætlunin að tengja rauðvín við höfuðverk sem við kannski þekkjum sum. Þessi rauðvínsflaska mundi sjálfsagt teljast vera verðlítil gjöf í þessu sambandi og falla innan ramma siðareglnanna. Hér á landi er hins vegar engin hefð að nota áfengi í þessum tilgangi þótt það væri e.t.v. eðlilegt í Frakklandi þannig að þetta tilvik mætti kannski flokkast undir yfirsjón.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim sem tóku þátt í þessari umræðu. Eftir hana er ég sannfærð um að gera þarf skýrar og gagnsæjar reglur um þessi mál.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra fer lyfjakostnaður hins opinbera sívaxandi og sömuleiðis lyfjakostnaður sjúklinga. Þetta er orðið ríkinu mjög dýrt á meðan lyfjafyrirtækin mala gull. Auðvitað þurfum við að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir sívaxandi kostnað, og einnig að auka siðferði í þessum málum.

Ég tek undir það að trúverðugleiki lækna er líka í húfi hvað þetta varðar. Hér talaði hv. þm., læknir, um að hægt væri að treysta læknum. Við skulum vona það. Engu að síður viðgangast svona mútuferðir eins og ég nefndi í máli mínu áðan. Ég tel því mikilvægt að stjórnvöld setji mjög strangar reglur til að koma í veg fyrir slíkt. Vissulega þarf að sjá til þess að læknum séu kynnt ný lyf, svo sannarlega tek ég undir það, en það þarf að setja skýrar og gagnsæjar reglur.

Ég vil geta þess hér að mörg stóru alþjóðalæknablöðin setja verulega fyrirvara við niðurstöður rannsókna þar sem styrkir frá lyfjafyrirtækjum koma til. Og læknar sem skrifa í slík blöð verða að geta þess hverjir hafa styrkt þá.

Niðurstaða mín eftir þessa umræðu er sú að það er nauðsynlegt að setja opinberar, skýrar reglur um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja, hér alveg eins og í öðrum siðmenntuðum ríkjum.

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að lyfjakostnaður hefur farið vaxandi og það er rétt. En ég vil ekki skrifa það á þetta málefni sem við erum að ræða hérna. Við höfum lagt á það kapp í heilbrrn. og aðrir þeir sem um þetta mál hafa fjallað að ódýrari lyfjum sé ávísað ef þau eru jafngóð. Í ráðuneytinu er ætíð vinna í gangi varðandi samheitalyf og ódýrari lyf og henni verður haldið áfram.

Ég tel að um þetta mál gildi skýrar reglur. Fram kemur að óheimilt sé að bjóða læknum og fleiri heilbrigðisstéttum gjafir, fé eða fríðindi nema um óveruleg verðmæti sé að ræða. (Gripið fram í.) Það eru skýrar reglur sem um þetta gilda.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég treysti læknastéttinni til að fara með þetta vald sem hún hefur og þá skyldu að kynna sér nýjungar í lyfjaframboði á alþjóðlegum vettvangi og ég tel að stéttin sé alveg fær um að rísa undir því.

Áfallahjálp.

Fsp. ÁRJ, 166. mál. — Þskj. 167.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Á undanförnum árum höfum við því miður lent í áföllum, m.a. í kjölfar náttúruhamfara, þar sem heilu byggðarlögin hafa orðið fyrir þannig áföllum að þörf hefur verið fyrir áfallahjálp í lengri eða skemmri tíma. Í kjölfar þeirra kom í ljós að ekki virðist vera til staðar neitt samræmt heildarskipulag um slíka áfallahjálp. Í kjölfar slyssins í Súðavík lét þáv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, vinna tillögur að heildstæðri áfallahjálp og væri fróðlegt að heyra hvort eitthvað hefur verið gert með þær tillögur.

Tvö áfallateymi eru starfandi hér á landi, annað á bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi sem sinnt hefur þörfum fyrir áfallahjálp eftir slys sem bráðamóttakan sinnir. Felst hún í viðtölum eða fundum strax eftir áfallið en ekki er um eftirfylgni að ræða. Eftirfylgni áfallahjálpar er þó ekki síður mikilvæg en fyrsta hjálp. Einnig er til áfallateymi á vegum Rauða krossins sem var stofnað að frumkvæði Sálfræðingafélags Íslands. Þetta er teymi sálfræðinga, presta, hjúkrunarfræðinga, sérkennara og félagsráðgjafa sem eru sérhæfðir í vinnu með börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegum áföllum. Þetta teymi er hugsað til þess að sinna áfallahjálp með börnum og unglingum sem er annars konar vinna en með fullorðnum og einnig hugsað sem viðbót við Landspítalateymið í stórslysum. Þetta eru sjálfboðaliðar sem ekki er ætlað að koma inn á verksvið Landspítalateymisins, og sér Rauði krossinn um að þjálfa þennan hóp og kalla saman reglulega.

Það hefur komið í ljós að nokkuð óljóst er um verksvið og verkaskiptingu þessara tveggja teyma. Þegar jarðskjálftarnir á Suðurlandi riðu yfir setti Rauði krossinn upp hjálparstöð og rauðakrossteymi var kallað út. Þar hefði e.t.v. verið eðlilegra að kalla út áfallahjálpina frá Landspítala. Rauðakrossteymið sinnti einnig áfallahjálp við unglinga í félagshópi ungmenna sem fórust í flugslysinu í Skerjafirði. Og nú síðast var þetta rauðakrossteymi kallað til til að sinna erlendum flugfarþegum sem ekki komust úr landi eftir hryðjuverkin í New York í september.

Það væri því fróðlegt að fá hér upplýsingar um hvernig heilbrigðisyfirvöld beita áfallaúrræðum og hvort t.d. heilsugæslustöðvar, sem ættu að sinna slíkri þjónustu, hafi á að skipa þjálfuðu fólki til þess og hve mörg slík teymi eru til fyrir utan þau tvö sem ég hef hér nefnt.

Helsta brotalömin virðist vera eftirfylgni með fórnarlömbum áfalla en margir þarfnast fleiri skipta hjá sálfræðingi eins og kom fram í áliti heilsugæslulæknis á Hellu eftir Suðurlandsskjálftana. Landspítalinn taldi sig ekki geta komið til móts við þær þarfir nema fólkið kæmi í viðtöl á geðdeildir spítalans. Þetta er allsendis ófullnægjandi. Fórnarlömb hamfara á ekki að meðhöndla sem sjúklinga en með komu á geðdeild lenda þeir á sjúkraskrá. Sunnlendingar voru ekki tilbúnir til að leita til geðdeilda í Reykjavík til að fá þessa hjálp og á endanum gaf Lions-hreyfingin á Hellu fjárhæð til að greiða sálfræðingi tímabundið til að sinna þeim sem þurftu þessa þjónustu.

Í ljósi þessa alls er mikilvægt að fá svör frá hæstv. ráðherra við spurningum mínum á þskj. 167 sem ég hef því miður ekki tíma til að lesa hér upp.

[14:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég svara fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, vil ég gera grein fyrir skilgreiningu þeirri á áfallahjálp sem Landlæknisembættið styðst við:

Áfallahjálp er sérhæfð þjónusta sem byggir á þekkingu á bráðum áfallastreituviðbrögðum og beinist að því að draga úr alvarlegum sálrænum eftirköstum áfalla. Þjónustan er afmörkuð, tímabundin og með áherslu á forvarnir og mat á þörf fyrir frekari eftirfylgd. Í áfallahjálp er orðið áfall notað yfir hættu sem ógnar lífi eða limum sem og reynslu þeirra sem verða vitni að ofbeldi, líkamsáverkum eða dauða.

Fyrsta spurning: „Hvernig er heildarskipulagningu áfallahjálpar háttað hjá heilbrigðisyfirvöldum?"

Á Landspítalanum í Fossvogi er reglubundinni þjónustu við þá sem þurfa áfallahjálp sinnt af neyðarmóttöku vegna nauðgana og miðstöðvar áfallahjálpar sem hefur verið starfrækt frá árinu 1995. Neyðarmóttakan sinnir áfallahjálp þeirra sem til hennar leita. Miðstöð áfallahjálpar sinnir fyrst og fremst einstaklingum sem leita til slysa- og bráðamóttökunnar, en einnig beiðnum frá öðrum deildum spítalans og leiðsögn við þá sem í starfi sínu sinna þolendum áfalla á landsbyggðinni. Öðrum tilvísunum er sinnt eftir því sem tök eru á.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og nokkrum heilsugæslustöðvum á landinu eru starfandi áfallahjálparteymi sem sinna sams konar þjónustu.

Við Landspítalann í Fossvogi hefur einnig verið skipað áfallahjálparteymi sem er einungis virkjað ef um er að ræða hópslys, hópslysaæfingar og þegar Almannavarnir ríkisins eru virkjaðar. Þegar hópslys eða vélegir atburðir gerast og stjórnstöð Almannavarna er virkjuð hefur verkstöð landlæknisembættisins yfirumsjón með heilbrigðismálum, þar með talinni áfallahjálp. Rauði kross Íslands hefur sinnt sálrænni skyndihjálp í hópslysum og einnig áfallahjálp, einkum barna og unglinga, í samstarfi við heilbrigðisþjónustuna.

Önnur spurning: „Hvaða úrræði í áfallahjálp eru til og hvernig er þeim beitt?"

Áfallahjálp er mjög fjölþætt og felur í raun í sér alla þá hjálp sem þolendur áfalla þurfa á að halda. Helstu úrræði áfallahjálpar eru:

Sálræn skyndihjálp sem er andleg og líkamleg aðhlynning við þolendur áfalla. Langflestir borgarar geta sinnt þessu.

Viðrun eru stuttir skipulagðir fundir þar sem þolendur og hjálparaðilar vinna úr sterkum tilfinningum og upplifun sem tengjast reynslu og störfum. Til þess að geta sinnt þessum þætti þarf vanan stjórnanda.

Úrvinnsla áfalls, sem er tilfinningaleg úrvinnsla einstaklinga eða hópa. Þetta er gert undir stjórn fagaðila.

Virkjun stuðningskerfis þolenda áfalla, sem er fjölskylda, vinir, prestar, heilsugæsla og aðrir.

Mat á áhættuþáttum og eftirfylgd undir umsjá fagaðila.

Fræðsla og upplýsingar, annars vegar til þeirra sem verða fyrir áfalli beint eða óbeint, hins vegar til almennings og fagfólks þannig að það sé betur í stakk búið til að veita hjálp.

Þriðja spurning: „Hvernig er eftirfylgd við fórnarlömb áfalla háttað?"

Þegar vélegur atburður hefur gerst og áfallahjálp hefur verið veitt er þörfin fyrir eftirfylgd veitt af áfallahjálparteyminu í samráði við starfsfólk Rauða krossins sem komið hefur að áfallahjálpinni.

Mikil áhersla er lögð á að skrá niður upplýsingar um alla þá sem fengið hafa áfallahjálp og þeim upplýsingum er komið til heilsugæslulækna viðkomandi einstaklinga. Þeir sem taldir eru þurfa frekari aðstoð er vísað annaðhvort til heilsugæslulæknis eða annars sérfróðs aðila.

Verkstöð landlæknisembættisins í stjórnstöð Almannavarna metur í samráði við áfallahjálparteymi á neyðarstað hvort og hve lengi þörf er fyrir áfallahjálp eftir að atburður hefur átt sér stað.

Fjórða spurning: „Hversu miklum fjármunum er varið til starfa við áfallahjálp árlega á vegum ráðuneytisins?"

Eins og fram kemur í svari við fyrstu spurningunni hér að framan er skipuleg dagleg þjónusta fyrir þá sem þurfa á áfallahjálp að halda veitt af tveimur einingum Landspítalans – háskólasjúkrahúss, þ.e. neyðarmóttöku vegna nauðgana og miðstöð áfallahjálpar. Samkvæmt upplýsingum frá sjúkrahúsinu er gert ráð fyrir að kostnaður vegna þessara eininga í ár verði um 23 millj. kr. Auk þess veita fjölmargir starfsmenn sjúkrahússins áfallahjálp daglega, þó óbeint sé, sérstaklega starfsmenn gjörgæslu og geðdeildar, prestar, sálfræðingar og félagsráðgjafar, svo einhverjir séu nefndir. Kostnaður vegna þessarar óbeinu áfallahjálpar, ef svo má að orði komast, er ekki metin til fjár.

Fimmta spurning: „Hver eru framtíðaráform heilbrigðisyfirvalda hvað áfallahjálp varðar?"

Mikilvægast er að koma upp áfallahjálparteymum á nægilega mörgum stöðum á landinu til að tryggja að allir landsmenn hafi aðgang að slíkri þjónustu. Nauðsynlegt er að efla fræðslu um áfallahjálp í námi hinna ýmsu faghópa sem sinna áfallahjálp og einnig þeirra sem í störfum sínum mæta þolendum áfalla, svo sem lögreglu, slökkviliði og björgunarsveitarfólki.

Almannavarnir ríkisins, landlæknisembættið og Landspítalinn í Fossvogi þurfa að vinna áfram að virku skipulagi sem tryggir að áfallahjálp sé veitt á neyðartímum og að nauðsynlegri eftirfylgd við fórnarlömb sé sinnt.

Ég ætla að geyma mér framhaldið þangað til í síðara innleggi mínu.

[14:38]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjandanum og einnig hæstv. heilbrrh. fyrir framsögu hans, en vekja jafnframt athygli þingheims á því að fram er komin till. til þál. um skipulagða áfallahjálp innan sveitarfélaga þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum. Flutningsmenn hennar eru hv. þm. Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Katrín Fjeldsted. Með þessari þáltill. er allítarleg greinargerð sem kemur í mörgu saman við það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að þetta mál er komið fram og er í meðförum þingsins.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem hann gaf við þessari fyrirspurn minni, og athugasemd hv. þm. sem talaði á undan mér. Vissulega vonast maður til að þáltill. sem þessi verði samþykkt því það er ljóst, þó að margt sé vel gert í áfallahjálparmálum hér eins og hæstv. ráðherra taldi upp, að enn er pottur brotinn í þeim efnum. Þó nokkuð vantar upp á að eftirfylgni sé sem skyldi. Þar er úrbóta þörf.

Ég hefði einnig gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist gera eitthvað með þá vinnu sem unnin var eftir Súðavíkurslysið. Á meðan nefndin sem starfaði að skýrslunni frá 1995 var að störfum varð annað slys á Flateyri. Í þessari skýrslu, þó að hún sé kannski barn síns tíma og þurfi endurskoðunar við, eru margar góðar tillögur sem ástæða væri til að skoða ef sú þáltill. sem liggur fyrir þinginu verður samþykkt. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi einhver áform uppi um það.

Það er alveg ljóst af því sem ég nefndi áðan að ekki er samræmi í vinnubrögðum milli starfsemi áfallahópa heilbrigðiskerfisins og sjálfboðaliða. Það sýnir sig í að Lions-hreyfingin þurfti að koma til aðstoðar og veita fjárhagsaðstoð á Hellu til þess að sinna eftirfylgdinni eftir Suðurlandsskjálftana og rauðakrosshópurinn hefur verið kallaður til a.m.k. í þrígang núna þegar áfallahjálp hefur þurft.

Ég er ekki að gera lítið úr slíkri starfsemi, alls ekki. Ég tel að öll slík sjálfboðastarfsemi og starfsemi frjálsra félagasamtaka sé mjög mikilsverð. En ég tel að samræma þurfi vinnubrögðin og spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér í því. En ég heyri á svörum hans að ýmis áform eru uppi um frekari skipulagningu.

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa verið um þetta mikilvæga mál. Ég fagna því að þetta mál er til umræðu innan þingsins og þeirri tillögu sem hefur komið fram um það. Ég tel hana vera gott innlegg í þetta mikilvæga mál.

Ég vildi fyrst aðeins bæta við um þann kostnað sem lagður er í málið nú. Í mörgum tilfellum er illmögulegt að greina hann frá öðrum kostnaði við þá þjónustu sem veitt er á spítölum og ekki er heldur gerlegt að meta umfang og kostnað við áfallahjálp sem heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og heilsugæslustöðvar víðs vegar um landið sinna. Eins og ég segi er erfitt að greina hann frá öðrum kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

Varðandi aðgerðir sem þarf að grípa til þá er eitt atriði mikilvægt, þ.e. að almenningur eigi kost á fræðslu um áfallahjálp þannig að fólk þekki eðlileg viðbrögð við áfalli og sé þá betur í stakk búið til að gera sér grein fyrir þörfum sínum og annarra fyrir áfallahjálp. Rannsóknaþátturinn í þessu máli er líka mikilvægur.

Ég tel, og er sammála hv. 15. þm. Reykv. um það, að nauðsynlegt sé að þeir sem vinna að þessu máli hafi sem best samstarf og samræmingu. Ég vildi leggja mitt af mörkum til þess að svo geti orðið og ég hef áhuga á því að þessi mál verði tekin sérstaklega fyrir innan ráðuneytisins. Það er mikið efni til um þetta mál, t.d. skýrslan frá 1995 sem hv. þm. (Forseti hringir.) benti á, og okkur hafa borist miklu fleiri greinargerðir um þetta. Það er því góður grundvöllur til þess að vinna í málinu. Ég fagna því að málið er einnig komið upp á Alþingi.

[14:44]

Útbýting þingskjala:

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 256.

Heilbrigðisþjónusta, 229. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 255.

Háspennulínur í jörð.

Fsp. KF, 154. mál. — Þskj. 154.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ein leið til að draga úr stórfelldum umhverfisspjöllum við virkjanir, bæði í byggð og á hálendi landsins, er að leggja háspennulínur í jörð. Á þann hátt bera hin dæmigerðu risavöxnu möstur útsýnið ekki lengur ofurliði og skyggja ekki á landslag og náttúru. Þótt ekki sé hægt að grafa slíka strengi hvar sem er, þá fylgir virkjanaframkvæmdum jafnan vegagerð. Verður að telja að strengjalögn, t.d. í stokk meðfram vegum og jafnvel um sæstreng milli svæða innan lands þar sem það á við, hafi verulega minni umhverfisáhrif en tröllvaxin möstur.

Erfitt hefur reynst að ná fram rétti náttúrunnar í umræðu um virkjanir á Íslandi. Þrátt fyrir að nokkur þekking hafi flust til landsins með fræðimönnum á sviði umhverfismála þá tala þeir enn fyrir daufum eyrum, því miður. Í mörgum löndum þar sem farið er að meta náttúruna til fjár horfa dæmin öðruvísi við. Ekki er réttlátt að sleppa svo mikilvægum þáttum við ákvarðanir um hvernig að virkjunum er staðið.

Flestum er ljóst að framkvæmdir skilja eftir sig varanleg vegsummerki í umhverfinu. Víst er að kröfur um að háspennulínur verði grafnar í jörð verða æ háværari. Í öðrum löndum er raforka í auknum mæli flutt með jarðstrengjum, einkum á lægri spennu. Í svari við fyrirspurn hv. þm. Drífu Hjartardóttur á síðasta þingi segir:

„Erlendis hefur notkun á háspenntum jafnstraum við raforkuflutning leitt til aukinnar jarðstrengsnotkunar. Gera má ráð fyrir að svipuð þróun verði hér á landi við flutning raforku í framtíðinni."

Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. hve mikill aukakostnaður felist í að leggja háspennulínur í jörð, t.d. í stað umdeildrar loftlínu frá Sultartanga að Brennimel í Hvalfirði, eða t.d. frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun til Reyðarfjarðar.

[14:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Kostnaður við lagningu strengja og lína er mjög háður staðháttum, m.a. því hvort hægt er að plægja niður strengi og fyrir hvaða veðurálag hanna þarf línur. Þar sem að mestu er hægt að plægja niður strengi er kostnaður við lagningu strengja upp í 33 kílóvatta spennu nú orðinn sambærilegur eða lægri en við lagningu loftlína. Kostnaður við lagningu 66 kílóvatta strengja getur verið áþekkur og við lagningu 66 kílóvatta línu, en það er þó mjög háð staðháttum.

Kostnaður við lagningu strengja fyrir 132 kílóvatta spennu og hærri er hins vegar nær alltaf verulega meiri en við sambærilegar loftlínur. Sá mismunur eykst eftir hækkandi spennu. Þannig eru 132 kílóvatta jarðstrengir um 1,5–3 sinnum dýrari en sambærilegar háspennulínur, 220 kílóvatta jarðstrengir um 2,5–4 sinnum dýrari en sambærilegar háspennulínur og 440 kílóvatta jarðstrengir um 9–12 sinnum dýrari en sambærilegar háspennulínur.

Nýlegar var undirritaður samningur um lagningu 20 km langs 400 kílóvatta strengs í Bretlandi með 1.500 megavatta flutningsgetu. Kostnaður samkvæmt samningnum er um 300 millj. kr. á hvern km. Byggingarkostnaður 400 kílóvatta háspennulínu sem Landsvirkjun hefur byggt á undanförnum árum hefur numið um 30 millj. kr. á hvern km.

Í fyrirspurn hv. þm. eru nefndar sem dæmi loftlínur frá Sultartanga að Brennimel í Hvalfirði, svonefnd Sultartangalína 3 og loftlínur frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun til Reyðarfjarðar, svonefndar Fljótsdalslínur 3 og 4. Þessar línur eru 400 kílóvött og á bilinu 110–120 km langar og getur hver þeirra flutt allt að 1.500 megavött, sem samsvarar framleiðslu fimm Búrfellsvirkjana.

Miðað við kostnað af lagningu strengs í Bretlandi og kostnað Landsvirkjunar við lagningu háspennulína má áætla að jarðstrengir í þessum dæmum mundu kosta allt að 10 sinnum meira en sambærileg háspennulína. Þannig yrði kostnaður við Fljótsdalslínu 3 og 4 u.þ.b. 33 milljarðar í stað 3,3 milljarða. Kostnaður við Sultartangalínu 3 yrði 36 milljarðar í stað 3,6 milljarða. Til viðbótar kemur síðan umtalsverður annar kostnaður sem gæti numið allt að tveimur milljörðum króna. Það er ekki forsvaranlegt að leggja í svo aukinn kostnað nema e.t.v. við mjög sérstakar aðstæður.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum 400 kílóvatta Fljótsdalslínu 3 og 4 úr Fljótsdal í Reyðarfjörð segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að til þess að draga að einhverju marki úr sjónrænum áhrifum af háspennulínunum væri að mati skipulagsstjóra ríkisins ekki annar kostur í stöðunni en að grafa línurnar í jörðu á löngum köflum. Sá kostur er hins vegar langt frá því að vera raunhæfur vegna kostnaðar og þess rasks sem hann hefur í för með sér. Því er það mat skipulagsstjóra ríkisins að út af öryggis-, hagkvæmnis-, tækni- og umhverfissjónarmiðum sé ekki fyrir hendi annar kostur en að leggja Fljótsdalslínur 3 og 4 í loftlínu um það svæði sem framkvæmdaraðili hefur kynnt sem valkost sinn í framlögðum gögnum."

Þá er til þess að líta að 400 kílóvatta strengir sem komið gætu í stað umræddra háspennulína eru innan við 10 km að lengd og einkum notaðir í stórborgum til tenginga milli stórra aðveitustöðva. Lengsti strengur þessarar tegundar í heiminum í dag er í sunnanverðri Kaupmannahöfn og er 22 km langur. Ástæða þess að strengir fyrir svo háa spennu eru einungis notaðir á styttri vegalengdum er sú að raffræðileg vandamál aukast með hækkandi rekstrarspennu, sem takmarkar notagildi strengjanna.

Það er því allsendis óvíst, þótt litið sé fram hjá gríðarlegum kostnaðarauka, að yfir höfuð sé mögulegt að leggja svo langan 400 kílóvatta jarðstreng.

Orkufyrirtæki fylgjast vel með öllum framförum í gerð strengja og munu leitast við að beita þeirri lausn í eins miklum mæli og hagkvæmt þykir.

[14:54]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir þessa fyrirspurn.

Mig grunar reyndar að okkar menn í orkugeiranum fylgist mjög náið með þessum málum og framþróun varðandi möguleika á lagningu jarðkapla. Ég tel að þróunin sé komin það langt núna, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, að við eigum alvarlega að athuga að marka okkur þá stefnu nú þegar að fara í lagningu jarðkapla í nágrenni og við þéttbýlisstaði. Í mörgum tilfellum er miklu lægri spenna á þeim strengjum.

Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra er um sambærilegan kostnað um að ræða og víða fer það mjög í taugarnar á fólki þegar slíkar háspennulínur eru lagðar í gegnum t.d. útivistarsvæði. Ég held að í stöðunni eins og hún er í dag þá ættum við að hefjast handa í nágrenni við þéttbýlið í stórum og smáum bæjum.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Þekkt er að áherslan er meiri á að flytja raforku með jarðstrengjum í þéttbýlli löndum og ráðherrann tók Bretland sem dæmi í máli sínu.

Hins vegar tel ég að sjónræn mengun í fallegu landslagi megi heldur ekki líðast í framtíðinni. Því tel ég víst að krafa um jarðstrengi fari vaxandi. Verði svo að næsta eða þarnæsta umhverfistilskipun frá Evrópusambandinu leggi þær skyldur á íslensk stjórnvöld að innleiða í lög umhverfisvænni flutning raforku gæti þurft að leggja núverandi línur upp á nýtt.

Eðlilegra væri að gera slíkar kröfur nú þegar þar sem því má við koma í stað þess að raða upp fleiri risum. Það er stjórnvalda að gera slíkar kröfur og jafnvel ýtrustu kröfur. Ég skora á hæstv. ráðherra að takast á við þetta verkefni. Stjórnvöld setja leikreglur og geta sett verkefnum ýmsar skorður. Einnig er vitað að tækninýjungar ganga hraðar ef nauðsyn ber til og að neyðin kennir naktri konu að spinna.

Mér segir svo hugur að fljótlega verði umhverfisvænni leiðir ódýrari, ekki bara við 33 kílóvatta og 66 kílóvatta línur, heldur einnig fyrir þær sem flytja hærri spennu. Líklegt er að umhverfisvænni leiðir verði ódýrari og það er hægt að tryggja með því að umhverfisspjöll verði dýrkeypt, alla vega dýrkeyptari en nú er. Því gæti verið tímabært að gera kröfur um umhverfisvænni leiðir.

Það er í þágu umhverfisverndar að virkjunarmannvirki, þar með taldar háspennulínur, verði ekki áberandi í landslagi, jafnt í byggð sem í óbyggðum. Því er mikilvægt að slík stefna sé mörkuð sem fyrst til að draga úr líkum á því að enn meira þurfi til að kosta síðar til að leiðrétta mistök.

[14:57]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. hreyfir hér mjög mikilvægu máli og get ég algjörlega tekið undir það með henni að háspennulínur eru ekki augnayndi. En sem raunsæispólitíkus þá tel ég að við verðum að viðurkenna að þetta er of dýrt eins og er og þess vegna er hinn kosturinn valinn, þ.e. loftlínan. Ég tel að Skipulagsstofnun hafi samþykkt það, samanber textann sem ég las upp áðan, og í sjálfu sér fallist á þau rök.

En orkufyrirtæki fylgjast mjög vel með þessari þróun. Við skulum öll vona að þróunin verði í þá átt að þetta verði ekki svona dýrt og verði tæknilega auðveldara en það er í dag.

Þar með getum við séð fyrir okkur framþróun í umhverfismálum og fegurra land.

Kynning á evrunni.

Fsp. ÞSveinb, 197. mál. — Þskj. 208.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Um áramótin munu peningaseðlar og mynt hins nýja gjaldmiðlis evrunnar verða lögeyrir í 12 aðildarríkjum Evrópusambandsins, en evran hefur sem kunnugt er verið virkur gjaldmiðill í tæplega þrjú ár.

Upptaka evrunnar í öllum ESB-löndunum, utan Danmerkur, Svíþjóðar og Bretlands, mun að sjálfsögðu hafa bæði bein og óbein áhrif hér á landi. Um 300 millj. manna búa í þeim löndum sem setja evruna í umferð 1. janúar næstkomandi en óhætt er að fullyrða að hér sé á ferðinni stærstu gjaldmiðilsskipti sögunnar. Frá 28. febrúar 2002 verður ekki lengur hægt að nota gamla gjaldmiðla evruríkjanna 12 sem greiðslumiðil. Síðan er breytilegt eftir löndum hversu lengi verður hægt að skipta gömlu gjaldmiðlunum yfir í evrur í bönkum evruríkjanna.

Herra forseti. Það eru tveir mánuðir þar til þetta verður og ekki hefur orði vart mikillar umræðu hér á landi um hinar praktísku hliðar gjaldmiðilsskiptanna þótt nokkuð hafi borið á umræðu um hin efnahagslegu og hagstjórnarlegu áhrif evrunnar og efnt hafi verið til almennra funda þar um. Reyndar vill svo til að í morgun var efnt til fundar um áhrif evrunnar á Íslandi á vegum framkvæmdastjórnar ESB, Euroinfo-skrifstofunnar og Útflutningsráðs.

Bein áhrif þessara breytinga á hinn íslenska borgara eru að sjálfsögðu aðallega á ferðamenn og svo á þá sem eiga bankainnstæður hér á landi í þeim gjaldmiðlum sem úr gildi falla á næsta ári. Miklu máli skiptir að neytendur séu vel upplýstir um þær breytingar sem í vændum eru, t.d. ef menn eiga þýsk mörk eða franska franka í handraðanum. Þá er skynsamlegra að drífa sig í bankann eigi síðar en á jólaföstu og leggja inn á innlendan gjaldeyrisreikning í evru eða skipta í íslenskar krónur. Ef fólk dregur að gera þetta fram yfir áramót þá gæti það þurft að greiða aukakostnað við að skipta þeim gjaldmiðlum sem úr gildi falla.

Í ljósi þessa leyfi ég mér að spyrja hæstv. viðskrh., yfirmann neytendamála hér á landi, hvor hún muni beita sér fyrir því að neytendur verði sérstaklega upplýstir um þær breytingar sem fram undan eru og þær kynntar sérstaklega fyrir þeim á þeim tveimur mánuðum sem eftir eru þar til evran fer í umferð.

[15:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda verður evran tekin upp sem gjaldmiðill í 12 ESB-löndum um næstu áramót. Grikkir ákváðu nú síðast haustið 2000 að taka upp evru svo að nú eru ríkin orðin 12.

Viðskrn. og Seðlabankinn hafa kynnt evruna með ýmsum hætti í ræðu og riti að undanförnu. Á hinn bóginn er ekki fyrirhugað af hálfu þessara aðila að efna til sérstaks kynningarátaks vegna upptöku evruseðla og mynta nú um áramótin. Kynning stjórnvalda í evrulöndunum er eðli málsins samkvæmt mjög mikil um þessar mundir, enda verið að skipta um lögeyri í þessum ríkjum.

Í ríkjum sem standa utan við Efnahags- og myntbandalagið þarf aðeins að kynna fyrir almenningi hvað eigi að gera við peningaseðla í gömlum gjaldmiðlum og hvernig skuli fara með ávísanir, innlenda gjaldeyrisreikninga og ferðatékka. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafa tekið þessa kynningu að sér. Samtökin hafa gefið út vandaðan bækling sem heitir Evra – hvað gerist 1. janúar 2002? Þar er svarað öllum spurningum um myntbreytinguna sem almenningur þarf að fá svör við. Þessi bæklingur er aðgengilegur almenningi í öllum bankaútibúum. Bankar hyggjast kynna myntbreytinguna betur fyrir viðskiptamönnum sínum þegar nær dregur áramótum. Ég skil bæklinginn eftir hérna í pontunni.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir að skilja þennan bækling eftir í pontunni. En þó að bæklingurinn sé góðra gjalda verður þá liggur hann einvörðungu frammi í útibúum banka. Við vitum auðvitað öll að það eiga ekki allir leið í bankann og margir sinna bankaviðskiptum sínum einvörðungu á netinu nú orðið.

Það gladdi mig að heyra að einhver frekari kynning væri í farvatninu þó svo að hæstv. viðskrh. ætli ekki að beita sér sérstaklega fyrir því að almenningi verði kynntar þessar breytingar. Hins vegar eru þó nokkrir hagsmunir í húfi og það er auðvitað hæstv. viðskrh. að gæta almannahagsmuna, að gæta hagsmuna neytendanna hvað þetta varðar. Við vitum að því mun fygja aukakostnaður fyrir neytendur að skipta þessum gjaldmiðlum ef það dregst fram yfir áramótin. Þess vegna er mjög mikilvægt að allir séu vel upplýstir um breytingarnar þannig að fólk geti gripið til viðeigandi ráða ef þörf þykir.

Umræður utan dagskrár.

Lyfjanotkun ungmenna í framhaldsskólum.

[15:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir skömmu voru kynntar niðurstöður rannsókna sem áfengis- og vímuvarnaráð lét gera í október á síðasta ári á vímuefnaneyslu ungmenna í öllum framhaldsskólum landsins. Sambærileg rannsókn var gerð átta árum áður.

Það er vissulega ánægjuleg niðurstaða sem rannsóknin sýnir, að dregið hefur úr áfengisneyslu og reykingum meðal ungmenna og má án efa að einhverju leyti þakka það auknu forvarnastarfi þó enn sé notkunin allt of mikil.

Öllu alvarlegra er að notkun ólöglegra vímuefna hefur aukist á þessu tímabili þrátt fyrir mikla umræðu og fræðslu um skaðsemi slíkra efna. Þetta kemur svo sem ekki á óvart. Ítrekað hefur verið vakin athygli á því á Alþingi sem og annars staðar hversu alvarlegt og vaxandi vandamál eiturlyfjanotkun ungmenna er. Óhætt er að fullyrða að sá staður er vart til á landinu þar sem ekki hafa komið upp alvarleg afbrot, ofbeldismál, slys eða jafnvel dauðsföll, tengd neyslu eiturlyfja.

Neysla ólöglegra fíkniefna, svo sem á hassi og harðari efnum, amfetamíni og kókaíni, hefur aukist og veldur sannarlega áhyggjum, ekki síst að neysla þessara efna er að færast í vöxt hjá mjög ungum börnum. Þetta hefur oft verið rætt á Alþingi og hvatt hefur verið til þess að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að stemma stigu við þessari þróun. Að mínu mati hefur þar ekki verið nóg að gert.

Það sem mér kom mest á óvart í niðurstöðum þessara rannsókna var hins vegar sú staðreynd að tíundi hver framhaldsskólanemi hefur notað svefntöflur og róandi lyf án þess að hafa fengið uppáskrift frá lækni. Könnunin náði ekki til unglinga sem ekki eru í skóla. Og fram hefur komið í fjölmiðlum að svipaðar niðurstöður voru fyrir tveimur árum þegar könnun var gerð meðal grunnskólanema. Þetta er grafalvarlegt mál. Við þessa vitneskju bætist síðan niðurstaða könnunar sem Tinna Traustadóttir lyfjafræðingur gerði í fyrra um þunglyndi og notkun þunglyndislyfja meðal ungs fólks á háskólaaldri. Þar kom fram að neysla þunglyndislyfja hefði tífaldast frá árinu 1984 þegar sambærileg könnun var

gerð. Þetta þarf þó alls ekki að hafa neikvæða merkingu. Sem betur fer hefur viðhorfið gagnvart þunglyndi breyst og fleiri leita sér lækninga vegna þessa sjúkdóms en áður.

Einnig kom fram í niðurstöðunum að sterkt samband væri milli þunglyndisraskana og vímuefnaneyslu. En þróunin í notkun svefnlyfja og róandi lyfja er hins vegar uggvænleg. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá landlæknisembættinu þá segir að miðað við mælieiningu lyfjanotkunar, sem skilgreind er sem dagskammtur á hverja þúsund íbúa, hafi notkun svefnlyfja og róandi lyfja aukist úr 36 dagskömmtum á hverja þúsund íbúa árið 1991 í 57 dagskammta árið 2001, eða um rúmlega 60%.

Það er nauðsynlegt að láta kanna rækilega hvað veldur þessari gífurlegu aukningu þó að hér sér um að ræða lyf sem ávísað er frá lækni, vitað hvaðan þau koma og hver viðtakandinn er. En að tíundi hver framhaldsskólanemi og jafnvel hópur grunnskólanema noti slík lyf og hafi fengið þau í hendur án ávísunar frá lækni er enn alvarlegra.

Í viðtali við fjölmiðla eftir að niðurstaða rannsóknar Áfengis- og vímuvarnaráðs var birt sagði Haukur Valdimarsson aðstoðarlandlæknir að aðgengi unglinga og barna að róandi lyfjum og svefnlyfjum væri mjög alvarlegt mál sem nauðsynlegt væri að kanna nánar. Þetta eru lyf sem alls ekki á að nota nema í samráði við lækni, síst af öllu börn og unglingar.

Virðulegi forseti. Erfitt er að átta sig á hvar unglingarnir fá lyfin en nokkrir möguleikar virðast fyrir hendi. Þeir kunna að hafa fengið þau hjá aðstandendum með eða án vitundar þeirra, hjá vinum eða kunningjum, eða hjá dópsölum sem hafa ýmsar leiðir til að nálgast lyfin, m.a. að ljúga þau út úr læknum. Við þessa upptalningu má svo bæta að ýmis lyf, m.a. verkjalyf, róandi lyf eða svefnlyf, sem eru lyfseðilsskyld hér, eru það ekki erlendis. Má því ætla að eitthvert magn þessara lyfja sé borið til landsins enda hefur tollskoðun til þessa einkum beinst að leit að sterkari ólöglegum fíkniefnum og hefur þar vissulega náðst árangur.

Í gær bárust svo fréttir á Stöð 2 þess efnis að neysla kódínlyfja, sem hér eru viðurkennd sem lausasölulyf, séu orðin stórt vandamál. Og Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, mælir með að þau verði gerð lyfseðilsskyld aftur. Það er því full ástæða til þess að skoða þessa óheillavænlegu þróun.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Verður aðgengi barna og unglinga að svefnlyfjum og róandi lyfjum kannað nánar og þá allra, ekki eingöngu þeirra unglinga sem eru í skólum? Ef svo er, mun ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til landlæknisembættis á fjáraukalögum þessa árs svo hægt sé að byrja á verkinu?

Mun ráðherra beita sér fyrir hertu eftirliti og reglum varðandi hugsanlegan innflutning lyfja sem hér eru lyfseðilsskyld en koma með farþegum frá útlöndum?

Hefur verið kannað sérstaklega hvers vegna notkun svefnlyfja og róandi lyfja hefur vaxið svo gífurlega á undanförnum árum?

Eru einhverjar áætlanir uppi til að draga úr notkun lyfja sem þekkt eru að því að valda ávana og fíkn?

Hefur ráðherra í hyggju að endurskoða reglur varðandi þau lyf sem fást án lyfseðils?

[15:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég fagna því að hv. 3. þm. Suðurl. skuli hér taka upp málefni tengd vímuefnanotkun íslenskra ungmenna í framhaldi af rannsókn sem kynnt var á vegum áfengis- og vímuvarnaráðs fyrir skemmstu.

Ánægjulegustu tíðindin sem fram komu í niðurstöðum þeirrar könnunar sem gerð var fyrir ári meðal framhaldsskólanemenda í landinu eru þau að mjög hefur dregið úr áfengisneyslu ungmenna og nokkuð hefur dregið úr reykingum hópsins.

Það sem hins vegar er okkur öllum áhyggjuefni er sú staðreynd að neysla ólöglegra vímuefna hefur aukist nokkuð, einkum hassneysla 16–19 ára ungmenna. Einnig kemur fram að kókaínneysla þekkist meðal þessara aldurshópa.

Fyrir tæpum áratug höfðu 7% ungmenna á aldrinum 16–19 ára notað hass þrisvar sinnum eða oftar samanborið við 12% fyrir ári. Að mínum dómi er þetta algjörlega óviðunandi þróun og undirstrikar að baráttan gegn ólöglegri vímuefnaneyslu er verkefni sem ætíð þarf að vera efst á dagskrá.

Samkvæmt könnuninni sem er tilefni þessarar umræðu kemur fram að stórlega hefur dregið úr sniffi ungmenna, e-töflu notkun er ekki mikil og er það sérstakt fagnaðarefni.

Það sem hins vegar vekur óneitanlega nokkra athygli og hv. þm. gerði að umtalsefni er sú niðurstaða að tíundi hver framhaldsskólanemi á Íslandi segist hafa notað svefntöflu eða róandi lyf einu sinni eða oftar um ævina. Ég tek undir það að þessi niðurstaða þarfnast frekari skýringa.

Nú hef ég aflað mér upplýsinga um hversu stór hópur hefði notað þessi lyf oftar en þrisvar sinnum. Þá kemur í ljós að 4,6% hafa notað lyfin oftar en þrisvar sinnum. Það sem rannsóknin segir okkur hins vegar ekkert um er hvernig ungmennin komust yfir þessi lyf, einfaldlega vegna þess að um það var ekki spurt.

Það hefur komið fram af hálfu landlæknisembættisins að það hyggist kanna þetta mál sérstaklega. Mér er kunnugt að sú athugun er þegar hafin og ég vonast til að embættið efni til almennra umræðna um þessi mál meðal lækna.

Í þessu sambandi er hins vegar rétt að benda á að svefnlyf og róandi lyf eru ekki eftirritunarskyld, eins og t.d. rítalín og hin sterkari efni sem ávísað er á, og því er hægt að fá upplýsingar um ávísanavenjur lækna um þau í sviphendingu.

Ég geri ekki lítið úr því þegar 4,6% ungmenna á aldrinum 16–19 ára segjast hafa notað róandi lyf eða svefnlyf oftar en þrisvar sinnum en ég bendi hins vegar á að notkunin kann að eiga sér skýringar. Það er mögulegt að notkunin geti verið liður í læknismeðferð, þó að ég vilji ekki fullyrða neitt í þeim efnum. Almenn notkun róandi lyfja hefur nánast ekkert aukist síðustu 10 árin. En svefnlyfjanotkunin hefur hins vegar almennt aukist verulega. Menn hljóta að skoða þessa aukningu og fá á henni skýringu.

Á síðustu fimm árum hefur svefnlyfjanotkun Íslendinga aukist um tæplega 25% sem mér, sem heilbrrh., finnst mjög alvarlegt mál. Ég á þar við notkunina. Við vitum hins vegar ekki hvort þessi almenna aukning skýri niðurstöðuna sem fram kemur í vímuefnakönnuninni sem er tilefni þessarar umræðu.

Hin fjárhagslega hlið svefnlyfjamálsins er sú að árlegur kostnaður við svefnlyfin hefur nánast tvöfaldast frá árinu 1995, hefur farið úr 80 millj. kr. á ári og verður líkast til rétt innan við 160 millj. í ár. Dregið hefur úr ávísunum á og notkun á eldri lyfjum en notkun dýrari lyfja og nýrri hefur margfaldast.

Virðulegi forseti. Málshefjandi spyr um innflutning og eftirlit með þessum lyfjum og fyrirætlanir um að skoða

innflutninginn sérstaklega. Það er fylgst nákvæmlega með notkun þessara lyfja hér. Þar fyrir utan er Ísland aðili að alþjóðasamningi sem felur í sér að alþjóðlega stofnunin INBC, International Narcotics Control Board, fylgist líka með notkun þessara lyfja hér. Ísland gefur árlega upp hver notkunin hefur verið og hver væntanleg notkun verði. Í ljósi þessara upplýsinga fær Ísland kvóta fyrir hvert efni. Innflytjendur verða að sækja um sérstakt innflutningsleyfi hvert sinn sem þeir hyggjast flytja þessi lyf til landsins. Hverri vörusendingu slíkra lyfja þarf líka að fylgja útflutningsleyfi yfirvalda þess lands er lyfið kemur frá. Ársfjórðungslega eru sendar skýrslur til INBC um innflutning og útflutning þessara lyfja.

Um ávísun og afhendingu á ávana- og fíknilyfjum í apótekum gilda ákveðnar reglur. Læknum er einungis heimilt að ávísa takmörkuðu magni þessara lyfja á einum lyfseðli, eða mest til 30 daga notkunar. Óheimilt er að mynd- eða símsenda lyfseðla þar sem ávísað er ávana- og fíknilyfjum. Slíkir lyfseðlar gilda aðeins fyrir eina afgreiðslu. Sjúklingur þarf að kvitta fyrir móttöku lyfsins og sýna persónuskilríki. Lyfseðlar sem hljóða á eftirlitsskyld ávana- og fíknilyf eru sendir Lyfjastofnun sem skráir notkun þessara lyfja sérstaklega. Það gildir ekki um svefnlyf og róandi lyf. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég verð að koma inn á nokkur atriði í viðbót í síðari ræðu minni.

[15:16]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Áfengis- og vímuvarnaráð hefur nýlega kynnt könnun á vímuefnaneyslu ungs fólks. Rannsóknin nær eingöngu til þeirra sem eru í skólum. En gera má ráð fyrir því að neysla þeirra sem fallið hafa úr skóla eða aldrei hafið framhaldsnám sé engu minni a.m.k. hvað reykingar snertir og að öllum líkindum á neyslu ólöglegra efna einnig.

Herra forseti. Það væri því æskilegt að beina því til áfengis- og vímuvarnaráðs að kanna neyslu þeirra sem eru utan skóla ef það hefur ekki þegar verið gert.

En hvar hafa unglingarnir aðgang að lyfseðilsskyldum lyfjum ef þau fá þau ekki sjálf hjá lækni og eru ekki undir eftirliti læknis? Þetta er mikilvæg spurning sem við verðum að fá svör við því að lyfseðilsskyld lyf ganga kaupum og sölum eins og ólöglegu vímuefnin. Er því ný tekjulind eða nýr markaðshópur dópsala kominn fram.

Herra forseti. Við getum ekki látið hér staðar numið því að við verðum að fá upplýsingar um ástæður þess að unglingarnir taka í auknum mæli róandi lyf og svefnlyf. Líðan þeirra getur ekki verið góð en ástæður vanlíðunar eru örugglega margbrotnar og ef við viljum ráðast á rót vandans, þá þýðir ekki að vera með getgátur.

Herra forseti. Þessi vitneskja á að hvetja til þess að komið verði hið fyrsta á heilsuvernd í öllum framhaldsskólum. Nærvera hjúkrunarfræðings og annarra heilbrigðisstarfsmanna á skólatíma getur sannarlega skipt sköpum þegar ungt fólk stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum eða þurfa faglegar leiðbeiningar fullorðins einstaklings sem hægt er að treysta og er bundinn trúnaði.

[15:18]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er að mínu áliti mikilvægt að bera saman staðreyndir úr lífi fólks hér á landi frá einum tíma til annars. Allt of oft snýst umræðan um að heimur versnandi fari og slík viðhorf hafa verið við lýði kynslóðum saman. Auðvitað er eðlilegt að fullorðið fólk beri nútímaunglinga saman við eigin fortíð og dragi ályktanir sem ekki endilega standast.

Í þeirri rannsókn sem hér er til umræðu, ungt fólk í framhaldsskólum á Íslandi, er verið að kanna hvernig vímuefnaneysla ungmenna hefur breyst milli áranna 1992 og 2000. Að rannsóknninni stóðu sérfræðingar hjá Rannsókn og greiningu, en bakhjarlar voru ýmsir opinberir aðilar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna m.a. að dregið hefur úr ölvun meðal 16–19 ára unglinga í framhaldsskólum á Íslandi árið 2000, samanborið við árið 1992. Til að mynda hafði rúmlega 81% framhaldsskólanema orðið ölvað síðastliðna 30 daga árið 1992, 81% miðað við tæplega 63% árið 2000. Þessu ber að fagna. Algengast er reyndar að þessir unglingar neyti áfengis heima hjá öðrum og minnir það á þá stefnu sem foreldrasamtök, t.d. Heimili og skóli, hafa beitt sér fyrir en það er að standa gegn foreldralausum partíum.

Nokkur umræða hefur orðið um svör við spurningu um svefntöflur og róandi lyf. Níu af hverjum tíu framhaldsskólanemum hafa aldrei tekið slík lyf en túlka mætti svörin þannig að 10% hafi gert það og geri það að staðaldri. En þegar grannt er skoðað er talan ekki slík, heldur eru það rúm 95% af þessum unglingahóp sem enga eða svo til enga reynslu hefur af svefnlyfjum eða róandi lyfjum.

Mikil umræða á sér stað í öðrum löndum um vímuefnanotkun ungs fólks, t.d. í Bretlandi þar sem Cherie Blair hefur tekið þátt í herferð góðgerðarsamtaka gegn slíkri neyslu. En þar kemur fram að einn drengur af hverjum tíu undir 16 ára aldri noti ólögleg vímuefni að staðaldri.

Foreldrarnir eru auðvitað lykill að framtíð og hamingju barna sinna. Það verður fróðlegt að sjá hverju fram vindur á næstu árum í þessum málaflokki. Vonandi verður með könnunum af þessu tagi og góðra manna ráðum hægt að snúa þróuninni til enn betri vegar.

[15:20]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu afar mikilvægt mál sem varðar okkur öll og framtíð ungmenna landsins. Við þurfum alltaf að vera meðvituð um að þegar raunveruleg hætta steðjar að verðum við að geta brugðist rétt við.

Það ánægjulega við þá könnun sem hér er gerð að umtalsefni er að áfengisneysla framhaldsskólanema hefur minnkað og við þurfum að halda því til haga. Einnig hefur orðið greinileg hugarfarsbreyting hjá foreldrum varðandi áfengisneyslu ungs fólks. Rannsóknir hafa sýnt að meiri samvera foreldra og ungmenna dregur verulega úr líkum á að unglingar neyti vímuefna. Það hefur greinilega skipt mjög miklu máli hversu mikil áhersla hefur verið lögð á samstarf við foreldra vegna þessara mála. Ég efast ekki um að það hafi skilað sér í minnkaðri áfengisneyslu. Við þurfum að hafa þetta líka í huga.

En við sjáum hins vegar ákveðin hættumerki, því miður, og það eru nýjar neysluvenjur. Hér er verið að ræða um aukna notkun á róandi lyfjum og ólöglegum vímuefnum. Það þarf að skoða miklu nánar hvers vegna ungt fólk notar róandi lyf. Það hefur oft viljað brenna við og er vitað að undir miklu álagi, svo sem í prófum, er notkunin fyrir það fyrsta örvandi lyf sem notuð eru til að geta komist yfir námsefnið og að prófahrinu lokinni þarf róandi lyf til að ná sér niður og komast í eðlilegt horf. Þetta er að sjálfsögðu stórhættulegur vítahringur og talið er að rekja megi dauðsföll ungmenna af þessum sökum.

Það þarf að skoða orsakir neyslunnar. Er það kvíði, streita eða álag? Hvenær og á hvaða tímabilum er slíkra lyfja neytt? Er það samkvæmt læknisráði eða er bara nóg af pillum í húsinu eða á götunni?

Hér væri um verðugt framhaldsrannsóknarverkefni að ræða fyrir áfengis- og vímuvarnaráð og landlækni.

Þegar þessi könnun er skoðuð kemst maður ekki hjá því að velta fyrir sér spurningunni: Hvað með ungmenni sem ekki eru í framhaldsskólum? Skoða þarf hagi þess hóps og hvernig neysluvenjur hann hefur. Hversu stór er hann og hvernig eru hlutföll milli kynja? Ég treysti jafnframt áfengis- og vímuvarnaráði, landlækni og hæstv. heilbrrh. til að gera gangskör að því að skoða þann hóp nánar.

[15:22]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. frummælanda fyrir að hreyfa því sem kalla má einn meginvanda íslensks þjóðfélags í dag, þ.e. lyfjanotkun hvort heldur er lögleg eða ólögleg. Á því sviði má segja að þar ríki sannarlega bæði skeggöld og skálmöld.

Við hljótum, herra forseti, að spyrja okkur hvers vegna slíkt ástand skapast, hvar liggja ræturnar? Ég hygg að ræturnar, hvort heldur við erum að ræða um eiturlyf eða svokölluð lögleg lyf, séu hinar sömu. Við þekkjum umræðuna um baráttuna gegn eiturlyfjum og nú bætist við umræða um svokölluð lögleg lyf og það hlýtur að vera skoðað afskaplega alvarlega að ef læknar taka þátt í því að misnota svokölluð lögleg lyf, þá er það alvarlegt mál og jaðrar við glæp.

Þjóðin stendur í stríði gegn því sem hefur verið réttilega kallað sölumenn dauðans, sölumenn eiturlyfja. Og sannarlega höfum við náð einhverjum árangri á því sviði. En betur má ef duga skal. Við leysum það auðvitað ekkert hér innan þessara veggja öðruvísi en að vekja máls á því og setja okkur ákveðin pólitísk markmið. Við þurfum að efla enn frekar þjóðarátak gegn ólöglegum og löglegum lyfjum. Til þess þarf að efla löggæslu og tollgæslu. Og sannarlega hafa lögreglumenn og tollverðir náð ágætum árangri.

En fyrst og fremst til lengri tíma litið hljótum við að horfa til forvarna þar sem foreldrar, heimilin, skólar, fyrirtæki, fjölmiðlar, nánast í öllum skúmaskotum þjóðfélagsins taki menn þetta alvarlega efni til umræðu og taki höndum saman því að hér þarf greinilega breytt gildismat og það gerist ekki nema með samstarfi og ábyrgð allra þegna þjóðfélagsins.

[15:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta brýna mál til umræðu á Alþingi.

Það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að heldur skuli hafa dregið úr reykingum og drykkju á meðal unglinga og ungs fólks í framhaldsskólum. En eins og komið hefur fram við umræðuna eru dekkri hliðar á þessu máli einnig því að í ljós kemur að á sama tíma hefur neysla mjög skaðlegra vímuefna aukist.

Í skýrslunni er einkum beint sjónum að vímuefnaneyslu ungs fólks í framhaldsskólum á síðustu árum en rétt er að hafa í huga að ekki eru öll ungmenni í framhaldsskóla. Þar af leiðandi njóta ekki öll ungmenni þess öryggis sem framhaldsskólinn veitir þeim.

Sú spurning gerist mjög áleitin, þykir mér, hvað valdi því að 10. hvert ungmenni a.m.k. skuli neyta svefnlyfja eða deyfilyfja. Þetta virðast vera streituviðbrögð, þetta eru ekki viðbrögð hamingjusams fólks, ekki viðbrögð fólks sem er í jafnvægi. Og einmitt þarna þarf að bera niður. Það þarf að skapa öryggiskennd með ungu fólki. Það þarf að sporna gegn upplausn og rótleysi. Þá er ljóst að stórefla þarf forvarnastarf í þjóðfélaginu og þar horfi ég til ríkis, sveitarfélaga, heilbrigðiskerfis, skóla og ekki síst til fjölskyldunnar. Hún þarf að vera í stakk búin og fá stuðning í uppeldishlutverki sínu. Forsenda þess að hún fái ráðið við verkefni sitt er að hún búi við efnalegt öryggi. Það er hér á þessum stað, á Alþingi Íslendinga, sem öryggisnetin eru riðin. Hér kemur að okkar ábyrgð og þá ábyrgð skulum við axla.

[15:27]

Stefanía Óskarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu lyfjanotkun ungmenna. Vil ég fyrst fara örfáum orðum um könnunina sem hér er til umræðu, en víkja síðan nokkrum orðum að leiðinni til að efla forvarnir gegn vímuefnaneyslu á Íslandi.

Fram hefur komið í máli þeirra sem unnu könnunina að spurningar um vímuefnaneyslu voru einungis hluti þess sem um var spurt. Hún var ekki samin með það fyrir augum að leiða í ljós hvers vegna unglingar neyta áfengis, tóbaks, vímuefna eða annarra lyfja. Af þeim sökum er ekki hægt að fullyrða mikið út frá niðurstöðum hennar um ástæður þess að ungmenni neyta lyfja og vímuefna eða með hvaða hætti ungmenni komast yfir þessi sömu efni.

Vera má að útbreidd notkun svefnlyfja og róandi lyfja í hópi fullorðinna ýti undir notkun ungmenna á slíkum lyfjum. Ef til vill eru þeir foreldrar til sem hvetja börn sín á álagstímum að taka svefntöflur eða jafnvel eitthvað róandi án samráðs við lækna. Það er vitaskuld áhyggjuefni ef það er algengt að neytendur lyfja sem fengið hafa lyf út á lyfseðil, miðli þeim til annarra í misskilinni greiðasemi.

En víkjum þá að tengslum fræðslu- og forvarna. Dr. Anna Birna Almarsdóttir hefur kannað afstöðu barna til lyfja. Niðurstöður hennar sýna að sterk tengsl eru milli þeirrar vitneskju sem börn hafa um lyf og afstöðu þeirra til lyfja og vímuefnanotkunar síðar. Í þessu felst að því meira sem börn vita um lyf, nytsemi þeirra jafnt sem skaðsemi, því ólíklegra er að þau misnoti þau. Við getum af þessu lært að fræðsla skiptir miklu máli í öllu forvarnastarfi gegn misnotkun lyfja og vímuefna. Öflugt fræðslustarf, svo sem á heimilum, í skólum, lyfjaverslunum og víðar er afar þýðingarmikið.

Reynslan hefur jafnframt sýnt okkur að stuðningur og aðhald í foreldrahúsum eru mikilvægar forsendur þess að börn og ungmenni leiðist ekki út í vímuefnaneyslu. Foreldrar þurfa að setja börnum sínum skýr mörk og eyða með þeim tíma. Samstarf og samstaða foreldra skiptir einnig miklu máli, t.d. varðandi ásættanlega hegðun og útivistartíma. Forvarnastarf í skólum, skipulagt æskulýðsstarf og tómstundastarf og jafningjafræðsla eru einnig allt mikilvægir hlekkir í forvarnastarfinu.

Niðurstaðan er því sú að virkt samstarf sem flestra í þjóðfélaginu sem vinnur gegn agaleysi og losunarbrag dregur úr líkum þess að börn og ungmenni lendi í ógöngum.

[15:30]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér eru til umræðu niðurstöður rannsóknar sem gerð var á vímuefnaneyslu framhaldsskólanema. Það sem vekur helst athygli mína er að unglingar virðast neyta róandi lyfja í auknum mæli og að þeim reynist auðvelt að

nálgast slík lyf. Þessi rannsókn nær reyndar aðeins til þeirra sem eru í framhaldsskólum og þess vegna má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að slíkar kannanir séu viðameiri og upplýsi betur hver raunveruleg staða árganganna er?

Reikna má með því að vímuefnaneysla sé í sumum tilvikum ástæða brotthvarfs unglinga frá námi. Af þeim sökum má leiða líkur að því að sá hópur sem ekki stundar framhaldsskólanám neyti áfengis og annarra fíkniefna í meira mæli en þeir sem eru í framhaldsskóla.

Eins og fram hefur komið virðist unglingum auðvelt að verða sér úti um róandi lyf eftir ólöglegum leiðum. En hversu stór er sá hópur unglinga sem neytir þessara lyfja eftir hinni löglegu leið og hversu stór er þá neysluhópurinn í heild sinni?

Vaxandi notkun róandi lyfja og ýmiss konar geðlyfja meðal barna og unglinga hlýtur að vekja þær spurningar á hvaða braut við erum og hvort ekki séu til aðrar lausnir í fjölda tilvika á vanlíðan og óyndi barna en miklar lyfjagjafir. Eru foreldrar að bregðast skyldum sínum? Eru skólarnir að bregðast skyldum sínum? Er samfélagið komið á svo mikla fljúgandi ferð að við gleymum grundvallarskyldunni að vera meira með börnum okkar og veita þeim góðan aga og hlýju?

Þær spurningar vakna hvers vegna lyfjanotkun ungmenna fer svo vaxandi sem raun ber vitni. Er hluti skýringarinnar fólginn í því að heilbrigðiskerfið bregst rangt við með allt of miklum lyfjagjöfum þegar um hegðunarraskanir barna er að ræða? Getum við ekki komið með önnur og betri úrræði, t.d. markvissari stuðning og ráðgjöf við foreldra og einnig þau ungmenni sem búa við vansæld og andlega erfiðleika?

[15:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem tóku þátt í þessari umræðu og þá sérstaklega hæstv. ráðherra sem mér heyrist að muni vilja beita sér fyrir því að könnuð verði til hlítar ástæða þess að róandi lyf, svefnlyf, eru hér á markaði ef svo má segja, þ.e. að einstaklingar og þá sérstaklega ungmenni geta nálgast þau án þess að þeim hafi verið ávísað frá læknum og hann tók sérstaklega fram að landlæknisembættið hefði þegar farið í þá vinnu.

Ég vil ítreka spurningu mína: Mun landlæknisembættið fá aukafjárveitingu til þess að sinna verkefninu?

Við vitum öll sem hér erum að fjárhagur landlæknisembættis er ekki þannig að það geti tekið að sér verkefni umfram þau sem hafa verið í gangi. Á fjáraukalögum er reiknað með einu stöðugildi til að taka sérstaklega á ástæðum sjálfsvíga sem hefur fjölgað á undanförnum árum. Þetta getur verið hluti af þessu vandamáli sem hér er rætt. Þetta er auðvitað samtengt. Aukin lyfjanotkun, það að notkun róandi lyfja og svefnlyfja hafi aukist um 60% á síðastliðnum tíu árum segir okkur ákveðna sögu. Það verður að taka á þessu með mjög afgerandi hætti.

Virðulegi forseti. Það er svolítið erfitt að gera athugasemdir við önnur svör hæstv. ráðherra því honum vannst ekki tími til þess að ljúka þeim, nema hvað varðar innflutning á lyfjum. Þar hefur hann aðeins misskilið spurningu mína því ég var ekki að spyrja um þau fyrirtæki sem flytja löglega inn lyf. Ég er að spyrja hvort hægt sé að herða eftirlit með þeim farþegum sem koma erlendis frá og eru að bera inn í landið lyf sem eru ekki lyfseðilsskyld erlendis, en eru það hér. Ég er hrædd um að pottur sé svolítið brotinn hvað varðar eftirlit með þessu þar sem engin sérstök þjálfun hefur átt sér stað hjá tolleftirlitinu til að koma í veg fyrir slíkan innflutning, enda hafa menn einbeitt sér að því að koma í veg fyrir innflutning harðari efna.

Virðulegi forseti. Nú fæ ég restina af svörunum og þakka fyrir.

[15:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur verið í þessum knappa tímaramma sem vissulega hefur orðið til þess að ekki hefur verið hægt að ræða málið til hlítar eins og annars væri.

Spurt var hvort landlæknisembættið fái frekari fjárveitingar til að skoða þetta mál sérstaklega.

Ég er áhugasamur um að landlæknisembættið hafi jafnan á hraðbergi skýringar á því sem er að gerast í lyfjanotkun og hafi um það samvinnu við Lyfjastofnun, lyfjamáladeild ráðuneytisins og Tryggingastofnun. En þetta mál snýst að mínum dómi ekki um fjárveitingar á þessu stigi málsins. Það er hægt að efla eftirlitið án þess að svo verði a.m.k. á þessu stigi.

Varðandi innflutning einstaklinga á lyfjum sem eru lyfseðilsskyld hérlendis en ekki erlendis þá er það vissulega málefni sem heyrir undir tollgæsluna. Það er ástæða til þess að skoða það, en eftirlit með þeim innflutningi á Keflavíkurflugvelli heyrir ekki að öllu leyti undir ráðuneytið.

Enn fremur var spurt um annað mál sem heyrir einnig undir dómsmrn., þ.e. refsirammann í þessum efnum. En um innflutning og útbreiðslu læknislyfja gildir almennt 173. gr. hegningarlaga, þar sem bæði er kveðið á um fangelsisrefsingu og sektir eftir eðli brots.

Almennt talað má segja að tekið hafi verið hart á fíkniefnamálum á undanförnum árum, en betur má ef duga skal. Þá hef ég sérstaklega í huga að efla forvarnaþáttinn og beina kröftum þeirra sem vinna að þessu máli í einn farveg og þessum málum og öðrum í forvörnum. Það er einbeittur ásetningur minn að koma á meira skipulagi í þeim efnum. Ég vona svo sannarlega að það verði til góðs í þessum mjög svo mikilvæga málaflokki sem hefði verið hægt að ræða um miklu lengur. Ég biðst afsökunar á því að hafa orðið að stytta mál mitt mjög.

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla Byggðastofnunar um byggðarlög í sókn og vörn.

[15:37]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef notað tækifærið til þess að biðja um utandagskrárumræðu á grunni viðamikillar skýrslu sem Byggðastofnun hefur nýlega látið frá sér fara. Skýrslan er yfir 180 blaðsíður þannig að ekki verður farið yfir hana efnislega. Skýrslan nefnist Byggðarlög í sókn og vörn. Síðan er annar hluti sem heitir landshlutakjarnar.

Þarna er tekið á mörgum málum og þetta er mjög þarft verk. En eins og gefur að skilja hefur skýrslan í sjálfu sér ekki verið yfir gagnrýni hafin og hefur reyndar komið við kaunin á mörgum.

Fólksflóttinn af landsbyggðinni er sem aldrei fyrr. Birst hafa tölur nýlega og enn þá eru sveitarfélög að gefa upp tölur sem benda til þess að ástandið verði enn verra en við höfum nokkru sinni upplifað. Sérstök jaðarsvæði verða

einkum harðast úti. En þó verður að segja að landsbyggðin í heild sinni standi mjög höllum fæti með einstökum undantekningum.

Í mínum huga, eftir að hafa lesið skýrslu Byggðastofnunar, þá er það engum vafa undirorpið að stefna ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst í einkavæðingamálum í stoðkerfinu á stóran þátt í því sem við erum að upplifa varðandi stöðu landsbyggðarinnar. Af samtölum mínum við fólk á landsbyggðinni má ráða að það sé klárt mál að minnkandi þjónusta, eftir hlutafélagavæðingu eða einkavæðingu í stoðkerfinu, svo sem Landssímans, bankanna og póstsins, hefur gríðarleg neikvæð áhrif á stöðu byggðaþróunar í landinu. Auðvitað er hér líka um að ræða hagræðingu í fiskvinnslunni og fiskveiðistjórnarkerfi sem kemur þarna sterklega að.

Þau skilaboð sem stjórnvöld gefa með því að draga úr þjónustu í stoðkerfinu úti á landi hafa hrikalegar afleiðingar. Það verður að segjast að ríkisstjórnin hefur enga heildstæða stefnu í byggðamálum. Ef menn væru inni á slíkum kerfisbreytingum í atvinnulífinu sem hér hafa átt sér stað á undanförnum árum þá væri í öllum öðrum löndum löngu búið að setja fram heildstæða stefnu um mótvægisaðgerðir, hvort sem menn eru með eða á móti því sem verið er að gera, og þá er ég að tala um einkavæðingarstefnuna. Það væri löngu búið að því.

Við getum farið niður í hjarta Evrópu þar sem menn hafa farið í slíkar aðgerðir á grunni breytinga í atvinnulífinu og þar var gripið til slíkra aðgerða.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin horfir bara á afleiðingarnar af því sem hún hefur verið að gera undanfarin ár og ekki virðast vera nein áform til þess að rétta kúrs. Jafnvel er svo komið varðandi hina svokölluðu byggðakjarna víðs vegar um landið, sem ríkisstjórnin hefur sett fókus sinn á, að núna berast fregnir af því að þar eigi að fara í niðurskurð á ýmsum sviðum stoðkerfisins sem er algjör grundvallarforsenda þessara svokölluðu byggðakjarna sem ríkisstjórnin þó í orði segist ætla að styrkja til þess að þeir lifi og þá er sleppt baklandinu sem á í mestum erfiðleikum.

Virðulegi forseti. Ég hef nokkrar spurningar til hæstv. byggðamálaráðherra og vil fá svör við þeim.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við greiningu Byggðastofnunar og tillögum hennar?

Hvaða mótvægisaðgerðir áformar ríkisstjórnin vegna samdráttar í grunnþjónustu á landsbyggðinni, í samgöngumálum, í fjarskiptamálum, í menntun og heislugæslumálum?

Verður staðið við þau áform ríkisstjórnarinnar að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni?

Eins og menn muna hafði ríkisstjórnin þau áform að fjölga bara opinberum störfum á landsbyggðinni. Það lagðist nú út þannig að fækkun varð á landsbyggðinni en yfir 400 störf voru búin til á suðvesturhorninu.

Hvernig líður áformum um að flytja verkefni sem hægt er að vinna í fjarvinnslu úti á landi?

Telur byggðamálaráðherra að áform um stóriðjuuppbyggingu styrki stöðu landsbyggðarinnar í heild sinni?

Ég held að mjög nauðsynlegt sé að það komi fram vegna þess að mér segir svo hugur um að byggðamálaráðherra muni skýla sér á bak við þetta stórverkefni sem nú er á teikniborðinu, þ.e. að stóriðja á Austurlandi sé byggðaaðgerð fyrir landið allt. En við sem setjum okkur inn í þessi mál gerum okkur auðvitað fulla grein fyrir því að slík aðgerð mun kalla á samdrátt annars staðar í landinu, a.m.k. á meðan á framkvæmdum stendur.

Þess vegna er það mjög skýrt í mínum huga að ríkisstjórnin verður að gefa svör við því hvert hún stefnir í þessum málum.

[15:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Greining Byggðastofnunar, Byggðarlög í sókn og vörn, annars vegar sjávarbyggðir og hins vegar landshlutakjarnar, er unnin í samræmi við stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001, sem samþykkt var á Alþingi í mars 1999. Sú byggðastefna hefur nú skilað þeim árangri að dregið hefur úr fólksflutningi frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Árið 1997 var hann um 1.800 manns en í fyrra u.þ.b. 700 manns.

Greining Byggðastofnunar var unnin í nánu samstarfi við atvinnuþróunarfélög og embættismenn viðkomandi byggðarlaga, ásamt nokkrum sérfræðingum sem leitað var ráðgjafar hjá. Tilgangur greiningarinar er að finna staðbundin sóknarfæri varðandi atvinnu og búsetu og er hún lögð til grundvallar þeirri nýju byggðaáætlun sem nú er í mótun. Til að bregðast við byggðaröskun þarf bæði að líta á þá þætti sem lúta að atvinnuþróun og þáttum er lúta að öðrum þörfum íbúanna, oft nefndum búsetuþáttum.

Fjöllum fyrst um atvinnuþróun.

Hefðbundnar greinar eiga undir högg að sækja og ein leiðin til að ráða bót á byggðaröskuninni er að reyna að finna nýtt hlutverk fyrir bæina, þ.e. að finna nýjar atvinnugreinar og reyna að laða ný fyrirtæki til þeirra. Í skýrslu Byggðastofnunar, Atvinnuþróun og stoðkerfi atvinnulífs á landsbyggðinni, er m.a. bent á hugsanlegar stuðningsaðgerðir í atvinnuþróun.

Spurt er: Hvaða mótvægisaðgerðir áformar ríkisstjórnin vegna samdráttar í grunnþjónustu á landsbyggðinni?

Í samgöngumálum er talað um að byggja upp svonefnda jaðarbyggðavegi og er framkvæmd þess máls komin inn á vegáætlun. Þá má nefna vilja til þess að efla almenningssamgöngur og einnig er Byggðastofnun að vinna að athugun á því hvaða leiðir nágrannalönd okkar nota til að halda uppi innanlandsflugi til staða sem ekki er arðbært að fljúga til.

Í fjarskiptamálum má nefna að fjarskiptatækni hefur verið notuð til að efla fjarkennslu og til að jafna aðstöðu landsmanna til fundarhalda óháð búsetu. Flest sveitarfélög og skólar á landsbyggðinni eiga fjarfundabúnað og nýlega varði Byggðastofnun 4 millj. kr. til að styrkja minni sveitarfélög til kaupa á slíkum búnaði. Þó skortir enn mikið upp á að fjarfundabúnaður sé til staðar í ráðuneytum og ríkisstofnunum í Reykjavík. Það mundi að sjálfsögðu spara mörg ferðalög utan af landi til fundahalda í Reykjavík ef þar yrði bætt úr.

Í þeirri vinnu sem nú stendur yfir um nýja byggðaáætlun er mikil áhersla lögð á upplýsingatækni og fjarskiptamál og var sérstökum hópi falið að móta tillögur á þessu sviði.

Í menntamálum er lögð áhersla á uppbyggingu náms á háskólastigi á landsbyggðinni, bæði með eflingu þeirra háskóla sem þar eru til staðar og eins með eflingu fjarkennslu og fjarnáms. Að þessu er unnið í nánu samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og samtök þeirra á landsbyggðinni.

Í heilsugæslumálum má benda á að ákveðið hefur verið að Akureyri verði miðstöð sjúkraflugs á landsbyggðinni. Einnig má benda á eflingu landsbyggðarlækninga og þróun á sviði fjarlækninga.

Spurt er: Verður staðið við þau áform ríkisstjórnarinnar að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni? Svo er undirspurning: Hvað líður áformum um að flytja verkefni sem hægt er að vinna í fjarvinnslu út á land?

Í skýrslu Byggðastofnunar um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar sem lögð var fram á Alþingi sl. vor koma fram upplýsingar um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Þar kemur fram að nokkur mismunur er á milli ráðuneyta, en hafa ber í huga að aðstæður einstakra ráðuneyta og stofnana geta verið mjög misjafnar hvað varðar möguleika til þess að flytja störf og verkefni út á land. Í skýrslunni er sérstaklega bent á þau verkefni sem flutt hafa verið út á land og eru á verksviði félmrn. og samgrn. Á vegum iðnrn. má benda á Byggðastofnun og Orkusjóð. Þá lét iðn.- og viðskrn. á liðnu ári greina öll þau verkefni sem unnin eru á verksviði þeirra ráðuneyta með tilliti til þess að flytja þau út á land. Við gerð árangursstjórnunarsamninga við stofnanir sem starfa á verksviði iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta er gert ráð fyrir að tiltekin verkefni verði flutt út á land.

Síðasta spurningin varðar uppbyggingu stóriðju á Austurlandi og hvort ég telji að sú uppbygging muni styrkja stöðu landsbyggðarinnar í heild. Svarið er já. Ég tel svo vera. Ég tel reyndar að frekari uppbygging stóriðju muni ekki einungis styrkja landsbyggðina heldur landið í heild og lífskjör allra þeirra sem þar búa.

[15:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Nútímabyggðastefna á að stuðla að því að byggðin í landinu geti þróast með ólíkum hætti og á sínum eigin forsendum. Það er fráleitt að halda áfram gömlu pakkauppboðunum og horfa fram hjá hinum mismunandi aðstæðum og þörfum fólksins í landinu hvort sem það er í Kópavogi eða á Kópaskeri. Þess vegna er gott að greina og gera um það skýrslu.

En stjórnvöld geta ekki endalaust látið við það eitt sitja að skrifa áætlanir og gera skýrslur. Aðrar þjóðir hafa gert sér grein fyrir því að það þarf líka að framkvæma. Það er ömurlegur veruleiki fjölda fólks víða um landið að ævisparnaður þess falinn í húseign hefur orðið að engu á meðan ríkisstjórn Davíðs Oddssonar flýr frá yfirlýsingum sínum og fyrirheitum. Við jafnaðarmenn viljum að alls staðar hafi fólk tækifæri til menntunar, njóti velferðar og þeir þættir hvíli á traustri efnahagsstjórn. Liður í því að þetta gangi upp er aðgangur að góðum samgöngum, líka upplýsingahraðbraut nútímans. Á það höfum við lagt áherslu. En þar hafa svik ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar verið stærst. Þeir lofuðu að nýjar lausnir í upplýsingatækni yrðu nýttar til að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu.

Víðast um landið, jafnvel á stóru þéttbýlisstöðunum sem horft er til sem kjarnastaða, getur fólk ekki enn tekið þátt í upplýsingatæknisamfélaginu á jafnréttisgrundvelli og enn vantar 27 km upp á ljósleiðarann til Raufarhafnar. Á nokkrum undanförnum árum, á sama tíma, herra forseti, og fyrirheit hafa verið uppi um að fjölga störfum hins opinbera úti á landi hafa t.d. störfin verið að tínast af Ríkisútvarpinu á Akureyri úr 12 fyrir nokkrum árum í sex og það síðasta fauk núna um daginn.

Herra forseti. Fólkið hefur fengið nóg af skýrslum. Það vill aðgerðir og að staðið sé við fyrirheit.

[15:50]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Með byggðaáætluninni sem nú gildir voru ný vinnubrögð lögð til grundvallar og lagðar fram tillögur sem miðuðu að því að bregðast við því sem við vissum sannast um ástæður búseturöskunar. Það er ljóst að mjög margt hefur verið vel gert í hefðbundnum byggðaaðgerðum. Stórstígar framfarir hafa orðið í vegamálum. Húshitunarkostnaður á landsbyggðinni hefur víða lækkað, námskostnaðurinn hefur verið jafnaður, símakostnaðurinn og kostnaður vegna gagnaflutninga sömuleiðis og við höfum upplifað mikla uppbyggingu fjarnáms sem hefur opnað landsbyggðarfólki nýjar leiðir.

Nokkuð hefur verið rætt um að lækka mætti skatta á landsbyggðinni til þess að mæta byggðavandanum. Í því sambandi er nauðsynlegt að vekja athygli á að í raun og veru hefur slík leið verið farin með þeirri breytingu sem gerð var á álagningu fasteignaskatts. Nú er ekki lengur stuðst við fasteignamat eins og það var á höfuðborgarsvæðinu heldur er raunverulegt fasteignamat eins og það er lagt til grundvallar á hverjum stað. Þar með lækkuðu fasteignaskattar á landsbyggðinni um 1,2 milljarða kr. á einu ári. Þetta er sjálfsagt réttlætismál en um leið ein öflugasta byggðaaðgerð sem framkvæmd hefur verið. Á þetta ber að leggja áherslu og mig undrar satt að segja að atvinnurekendur á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki sjá sóknarfæri í þessu með því að flytja úr húsnæðisokrinu og undan háum fasteignasköttum á höfuðborgarsvæðinu og út á land.

En hvað hefur þá brugðist? Jú, það er einfalt. Stærsta atriðið sem við bentum á við gerð byggðaáætlunarinnar hefur ekki verið framkvæmt. Niðurstaðan í byggðaáætluninni var sú að mestu máli skipti að treysta atvinnulífið og auka fjölbreytni þess. Þar gegnir ríkið gríðarlega miklu hlutverki vegna þess að ríkið er stærsti vinnuveitandinn í landinu. Þar hafa efndirnar hins vegar verið í algeru skötulíki með fáeinum undantekningum eins og glögglega má sjá í skýrslu hæstv. iðnrh. sem hér var dreift á síðasta vori.

Því miður hafa menn algerlega látið úr greipum sér ganga óteljandi tækifæri til að setja niður opinber verkefni út á land. Fram hjá þessu verður ekki horft og er ekki hægt að láta óátalið, enda er hreinlega verið að ganga á svig við markmið, anda og tillögur byggðaáætlunarinnar.

Til viðbótar við þetta er auðvitað ljóst að sú staðreynd að við höfum mátt búa við stöðugt minnkandi fiskafla hefur bókstaflega leitt til fólksfækkunar. Það hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar á tekjustreymi í sjávarútvegsbyggðunum. Minni bolfiskafli hefur lækkað tekjur útgerðarinnar og dregið úr tekjum fiskvinnslunnar sem hafa verið burðarmestu atvinnuþættirnir utan höfuðborgarsvæðisins á umliðnum árum.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Allar byggðir þurfa atvinnuundirstöðu, þess vegna urðu þær til. Atvinnan veitir landsbyggðarfólki þá öryggistilfinningu að byggðin og fólkið hafi kjölfestu sem tryggi þeirra framtíð. Við höfum séð að viðbrögð urðu hörð í mörgum byggðum á síðasta sumri þar sem slátrun á búfé og úrvinnsla afurða var veigamikill þáttur í atvinnumöguleikum fólks. Víða tókst að bjarga málum og tryggja slátrun þó enn sé framtíðin óviss í þeim efnum.

Í sjávarbyggðum er nú enn á ný óvissan og óöryggið hlutskipti fólks sem þar býr. Í stefnu ríkisstjórnar er kvótakerfið, sem engum árangri hefur skilað við uppbyggingu botnfiskstofna, keyrt yfir fólkið. Fólkið skal með valdboði nauðugt taka trúna á samþjöppun valds og veiðiheimilda. Gamla vistarbandið er nú nær okkur á ný í framtíð fámennisvalds auðvaldsgreifa, það er hin virka byggðastefna stjórnvalda. Kvótakerfi yfir alla smábáta er skemmdarverk gegn landsbyggðinni. Vistarbandsmáltækið sem varð svo ríkt

með Íslendingum áður fyrr „svo má illu venjast að gott þyki" kemst e.t.v. aftur í tísku. Þjóðin á að hafna stjórnvöldum sem gera slík máltæki virk á nýjan leik.

Það er hins vegar alveg sama hvað er sett á blað og hversu margar skýrslur og greiningar eru unnar á Byggðastofnun eða annars staðar. Hæstv. sjútvrh. deilir að sjálfsögðu áhyggjum með sumum landsbyggðarþingmönnum vegna fækkunar fólks á landsbyggðinni, m.a. eftir ferð um Norðausturland, en að sjálfsögðu tók hann fram að fólksflóttinn væri ekki vegna kvótakerfisins. Í umfjöllun um veika stöðu sjávarbyggða hefur margoft verið bent á að sjávarbyggðirnar hafa verið að veikjast á undanförnum árum og mest sé fækkun fólks á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Ýmsar álögur ríkisins eru þyngri á landsbyggðarfólki en íbúum á suðvesturhorninu, t.d. þungaskattur, virðisaukaskattur, námskostnaður, ferðakostnaður o.fl. Þetta mætti bæta að nokkru með lækkun annarra skatta eða gjalda t.d. tekjuskatti. Aðrar þjóðir beita lægri álögum í sköttum eða annarri gjaldtöku til þess að efla landsbyggðina. Það mætti einnig gera á Íslandi.

[15:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson rakti ítarlega hvernig skerðing almannaþjónustunnar hefur veikt samkeppnisstöðu byggðanna í landinu. Veikleikar og styrkleikar hvíla m.a. á menntunarframboði í byggðum og þetta er margítrekað í nýrri skýrslu Byggðastofnunar. Með flutningi grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaganna fylgdu ekki með nægir tekjustofnar og það bitnar nú harðast á fámennustu og dreifbýlustu sveitarfélögunum.

Mér sýnist, herra forseti, að flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna eins og þau mál hafa þróast hafi verið mjög röng ákvörðun og muni verða landsbyggðinni þungur baggi og leiða til mismununar í námi eftir búsetu.

En hver eru skilaboð ríkisstjórnarinnar um menntun á landsbyggðinni? Verkmenntunarskólar, starfsmenntunarskólar og heimavistarskólar búa við mikið fjársvelti. Sérstaða þeirra er hvergi viðurkennd. Framhaldsskólar verða að skera niður námsframboð. Landsbyggðarunglingar sækja í iðnnám og því iðnnámi er í stórauknum mæli þjappað sama á suðvesturhorninu.

Stefnunni í menntamálum verður að breyta. Á fjárlögum hefur verið upphæð, hún er þó lítil, til að styrkja framhaldsdeildir þar sem ekki eru reknir framhaldsskólar. Þetta voru 7,8 millj. kr. Þær eru nú í frv., herra forseti, skornar niður í núll í sparnaðarskyni. Svo mikil er reisnin og höfðingsskapurinn. Hefði ekki verið nær að standa betur að framhaldsdeildunum, t.d. í Stykkishólmi eða Ólafsvík, framhaldsnáminu í Grundarfirði eða koma til móts við óskir Ólafsfirðinga og Dalvíkinga og Hólmvíkinga um framhaldsnám heldur en að skera niður þessar örfáu milljónir sem þó hafði verið varið til að styrkja framhaldsnám á landsbyggðinni? Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar í reynd gagnvart landsbyggðinni í menntamálum.

Herra forseti. Framtíðarhagur og velferð þjóðarinnar byggist á öflugu menntakerfi um allt land og fyrir alla óháð búsetu.

[15:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í framhaldi af skýrslu Stefáns Ólafssonar sem unnin var fyrir Byggðastofnun 1997 var samin stefna um byggðastefnu sem unnið hefur verið eftir síðan þá. Þar var gerð sæmilega fræðileg greining á því hverjar orsakirnar væru og reynt að koma fram með heilsteyptar tillögur um leiðir til úrbóta. Sú vinna sem farið hefur fram síðan er framhald af þeirri vinnu sem þá var unnin og fyrir liggur að það sem mestu máli skiptir að beina kröftum sínum að er á sviði atvinnumála og á sviði lífskjara.

Lífskjarajöfnun skiptir miklu máli og eins og fram hefur komið í ræðu hæstv. ráðherra og 1. þm. Vestf. hefur margt vel áunnist í jöfnun lífskjara. Besta leiðin til að ná árangri í að láta þann þátt vinna með einstökum landsvæðum er að leggja áherslu á að efla byggðakjarna sem er mjög til umræðu um þessar mundir. Nýjasta skýrslan sem fram hefur komið leiðir í ljós að þeir byggðakjarnar á landsbyggðinni sem best standa um þessar mundir njóta góðs af nálægðinni við höfuðborgarsvæðið sem er sönnun þess að sterkt svæði eins og höfuðborgarsvæðið hefur jákvæð áhrif í kringum sig eins og þarna er dregið fram, til Akraness, Reykjanesbæjar og Selfoss. Því eigum við að styrkja fleiri byggðakjarna á landsbyggðinni til þess að byggðarlög í kringum þá kjarna eflist eins og dæmi eru um á suðvesturhorni landsins, og dregið er fram að Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir á Austurlandi eða svæðin þar um kring séu vænlegustu staðirnir til þess að hafa sem mest jákvæð áhrif á sem flesta íbúa landsbyggðarinnar.

Í atvinnumálum ber að leggja mikla áherslu á fjármagn til atvinnuuppbyggingar með áhættufjármagni. Ljóst er að gera þarf betur í þeim efnum en hingað til hefur verið og verja meira fé til áhættufjárfestinga í atvinnulífi á landsbyggðinni.

[15:59]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi taka undir orð hæstv. iðnrh. varðandi stóriðju. Ég tel nauðsynlegt að ræða þá skýrslu sem hér er á dagskrá og vil þakka umræðuna. Umræða af þessu tagi þyrfti að fara fram mörgum sinnum á ári.

Grundvallaratriðið varðandi þessi mál er að landsbyggðin og fyrirtækin þar búi við jöfn skilyrði og þau sem staðsett eru í Reykjavík.

Hver er aðstöðumunurinn? Í hverju felst hann? Aðstöðumunurinn felst í lágu markaðsverði fasteigna í atvinnurekstri sem leiðir af sér lága veðhæfni og þar af leiðandi vandamál með fjármögnun atvinnurekstrarins.

Mjög fá atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni greiða tekjuskatt sem einhverju nemur. Þess vegna lýsi ég áhyggjum yfir fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að hækka tryggingagjald á þeim og þá ekki síst á bændum sem verður gert að bæta enn við rekstrargjöld með þessum skatti sem heitir tryggingagjald. Þess vegna skora ég á hæstv. byggðamálaráðherra að stoppa það atriði af.

Annað atriði sem ég vil nefna í hinum stutta ræðutíma mínum varðar ungt fólk. Ungt fólk kýs meiri hreyfanleika í búsetu og atvinnu. Það vill ekki lengur búa og vinna á sama stað alla ævi. Þetta leiðir til búferlaflutninga og þeir staðir sem bjóða upp á mesta fjölbreytni í búsetu og störfum eru eftirsóknarverðastir. Skortur á húsnæði á landsbyggðinni er líklega mest hamlandi nú um stundir því að á mörgum stöðum vantar fólk til starfa en ekkert leiguhúsnæði er til staðar. Þetta staðfestir sú skýrsla sem við ræðum nú. Um hana er margt að segja, margt gott að segja í heild, herra forseti, en ýmislegt í henni er þó hæpið.

[16:02]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Virðulegi forseti. Engum dylst að sú öra búsetuþróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum er engum til heilla og er vandi landsins í heild en ekki bara einstakra byggðarlaga. Að mörgu leyti ættum við að vera betur í stakk búin nú á tímum örrar tækniþróunar til að takast á við þennan vanda en fyrir nokkrum árum, t.d. áður en fjarskipta- og upplýsingatæknin hélt innreið sína í samfélagið.

Byggðaáætlunin hefur komið ýmsu jákvæðu til skila en þrátt fyrir fögur fyrirheit verður að viðurkennast að flutningur opinberra starfa til landsbyggðarinnar hefur engan veginn gengið eftir og í raun er háð varnarbarátta um stóran hluta þeirra opinberu starfa sem nú eru á landsbyggðinni. Einhæfni í atvinnulífinu er aðeins ein ástæða þess að fólk flytur á brott frá hinum dreifðu byggðum landsins. Fjölbreytni og sveigjanleiki í menningu og afþreyingu sem og hinir ýmsu félagslegu þættir skipta einnig miklu máli varðandi búsetuval fólks.

Ýmsir hafa freistast til að kenna fiskveiðistjórnarkerfinu um hvernig komið er en það held ég að sé afskaplega mikil einföldun og alls ekki ráðandi skýring. Vissulega hefur mælst fylgni milli þess er kvóti fer úr byggðarlagi og fólksfækkunar. En að sama skapi hefur þetta ekki virkað í hina áttina, þ.e. að með auknum fiskveiðiheimildum í byggðarlagi þá fjölgi íbúum.

Til að hægja á, stöðva eða snúa við búsetuþróuninni þarf margt að koma til. M.a. þarf að efla nýsköpun í atvinnulífinu, fjarvinnslu ýmiss konar sem og að halda gefin loforð um flutning opinberra starfa til landsbyggðarinnar. Sjá þarf til þess að landsbyggðarfólk sitji við sama borð og aðrir varðandi opinbera þjónustu og halda áfram á sömu braut með bættar samgöngur. Huga þarf að jöfnun flutningskostnaðar með svipuðum hætti og á sér stað með jöfnun raforkukostnaðar og kostnaðar vegna símaþjónustu. Ekki þarf síst að koma til breytt hugarfar hjá landanum, að haldið sé á lofti því jákvæða, öllum þeim fjölmörgu góðu kostum sem fylgja því að búa úti á landi, í stað þess að einu fréttirnar sem berist utan af landi séu tengdar neikvæðni, erfiðleikum og bölmóði.

[16:04]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögunum fyrir að fara í svæðisbundna greiningu á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaganna í landinu sem birt er í nýútkomnum skýrslum.

Hin mikla byggðaröskun á undanförnum árum hefur sett svip sinn á allt mannlíf í landinu. Ef okkur á að takast að snúa þróuninni við þá verðum við að vinna markvisst að því að styrkja hinar veikari byggðir á þeirra eigin forsendum ásamt því að bæta samgöngur, efla opinbera þjónustu og jafna lífskjör. Því er greining eins og sú sem kemur fram í skýrslum Byggðastofnunar mikilvægt tæki til að beina opinberum aðgerðum í ákveðinn farveg svo að fjármagn nýtist sem best og aðgerðirnar beinist að því sem til er ætlast, þ.e. að efla atvinnulíf og mannlíf á landsbyggðinni.

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum mælti ég fyrir þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um sérstakt svæðisbundið átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Í tillögunni kemur fram að þegar á næsta ári skuli verja 400 millj. kr. í svæðisbundið átak á Austurlandi, þar sem mikil fólksfækkun hefur orðið í fjórðungnum á undanförnum árum, og til að styrkja byggð.

Herra forseti. Hæstv. byggðamálaráðherra gerði lítið úr tillögunni en ég fæ ekki betur séð en greining Byggðastofnunar vísi til þess að tækifæri byggðanna í landinu liggi í svæðisbundnum aðgerðum, aðgerðum sem byggja á forsendum hverrar byggðar.

Ef okkur á að takast að styrkja byggðir landsins til lengri tíma litið þá eigum við að byggja á greiningu Byggðastofnunar og auðlegð hvers byggðarlags, auka menntun og þróunarstörf, styrkja nýsköpun og koma á þróunarsetrum víða um land.

Herra forseti. Við eigum að byggja á fjölbreytni.

[16:06]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Grundvallarspurningin í þessari umræðu hlýtur að vera: Hvers vegna byggðastefnu? Í mörgum þjóðríkjum Evrópu hefur það ítrekað gerst á síðustu árum að þingmenn hafa rætt um byggðaþróun hver í sínu landi og lýst miklum áhyggjum af því þegar byggðaþróunin hefur orðið þannig að 25–35% viðkomandi þjóðar býr umhverfis höfuðborgina. Menn hafa lýst því sem miklu vandamáli. Hér á Íslandi er hlutfallið um og yfir 60%.

Við hljótum því að spyrja: Hvers vegna kann þetta að vera vandamál? Það eru væntanlega þjóðhagslegir hagsmunir sem ráða mikilvægi þess að fólk búi um landið allt í eðlilegu jafnvægi, í byggðakjörnum með ákveðnu baklandi? Við þurfum á fólki að halda til að nýta kosti landsins. Við þurfum líka á því að halda til að hafa hér fjölbreytileika í atvinnulífi og mannlífi. Við erum ein þjóð í einu landi.

Það fer auðvitað ekki á milli mála að aðgerðir hafa í sjálfu sér ekkert dugað, tölur sýna það. Betur mál ef duga skal. Enda er hér um mjög flókið og margþætt mál að ræða og engar einfaldar ástæður sem liggja að baki þessari byggðaþróun.

Herra forseti. Skattkerfið er tæki stjórnvalda til þess að jafna lífskjör og við getum spurt okkur hvort lífskjör á norðausturhorninu séu þau sömu og á suðvesturhorninu. Við getum líka snúið því við og spurt hvort íbúar á norðausturhorninu fái hið sama fyrir skattpening sinn og íbúar á suðvesturhorninu. Svo er ekki ef við skoðum aðgengi þeirra að hátækniþjónustu í heilsugæslunni, að menntastofnunum, almennri þjónustu og þannig má áfram telja. Með öðrum orðum: Þeir fá minna fyrir skatta sína. Þess vegna hlýtur a.m.k. að vera eðlilegt að skoða hvort ekki sé rökrétt byggðaaðgerð að hafa lægra skatthlutfall hjá fólki sem fær sannarlega minna fyrir skattfé sitt en annars staðar.

[16:09]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu en koma því jafnframt að að í þeim löndum þar sem sú pólitík hefur verið rekin að stunda miðstýrða atvinnuuppbyggingu, ég tala nú ekki um í formi stóriðju, hefur það hvarvetna leitt af sér samþjöppun á höfuðborgarsvæði. Við getum farið út um víðan völl til þess að finna slík dæmi. Út frá þeim sjónarhóli og þeirri reynslu tel ég að slík uppbygging sé ekki heillavænleg fyrir okkar samfélag. Ég tel að beita eigi, eins og fram kom hjá hv. þm. Þuríði Backman, svæðisbundnum aðgerðum til að styrkja það frumkvæði sem býr í fólkinu sjálfu, á þeim svæðum sem eru í fókus hverju sinni. Slíkar aðferðir hafa ávallt gefist vel.

Ég vil líka koma því að í þessari umræðu að það er eins og ríkisstjórnin, stjórnvöld, geri sér enga grein fyrir þeirri þróun sem þau ýta undir með aðgerðum sínum á hverjum degi, t.d. í flugmálunum. Það var fyrirséð, vegna ýmissa aðstæðna, að ákvörðunarstöðum í flugi mundi fækka. Það eru engar mótaðgerðir settar fram sem mundu felast í að byggja upp nothæft almenningssamgöngukerfi, helst áður en fyrirsjáanleg þróun hefur skaðað samgöngurnar.

Ég hef þrívegis flutt þáltill. um vel undirbyggt og vel undirbúið almenningssamgöngukerfi í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Það mál hefur ekki fengist rætt. En núna eru menn að sjá afleiðingarnar af stefnunni í samgöngumálum á því svæði, t.d. hefur flugi verið hætt til Húsavíkur og Raufarhafnar eins og málin standa. Það er engin heildstæð stefna í málinu en eftir henni verðum við að kalla.

Virðulegi forseti. Við brýnum ríkisstjórnina og byggðamálaráðherra til heildstæðrar stefnu í byggðamálum. Þar þarf ekki að fara lengri veginn. Víða um heim eru til dæmi um aðgerðir sem hafa skilað árangri.

[16:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem segja má að hafi verið með hefðbundnu sniði. Hún skilar kannski ekki miklu en ég met mikils þann mikla áhuga sem hv. þm. sýna málefnum landsbyggðarinnar.

Ég vil að það komi fram, vegna þess að stundum finnst mér að það megi skilja orð hv. þm. þannig að einungis hér á Íslandi eigi menn við þessa erfiðleika að stríða, að svo er alls ekki. Í gær var t.d. haldin ráðstefna hér á landi um byggðamál. Hún var mjög vel heppnuð. Þar tóku þátt m.a. fulltrúar frá OECD, ESB, frá Skotlandi og Noregi og fleiri mætti nefna. Við erum því að fjalla um vandamál sem eru þekkt í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þar er ýmsum aðferðum beitt til að reyna að bregðast við byggðaþróuninni. Við ætlum okkur, ekki síst í tengslum við þá byggðaáætlun sem nú er í gangi eða er í undirbúningi, að nýta okkur það sem öðrum þjóðum hefur gefist vel.

Í máli hv. málshefjanda kom fram ýmislegt sem hefur svo sem heyrst áður, eins og þetta með einkavæðingarmálin. Gefið var í skyn að það væri fyrst og fremst afleiðing einkavæðingar að ástandið er eins og raun ber vitni á landsbyggðinni. Það svo sem kemur ekki á óvart því að flokkur hv. þm. vill engu breyta, hið nýja hreyfiafl vill engu breyta.

Það að selja Símann skapar okkur möguleika til að bæta mjög upplýsingahraðbrautina og aðgengi almennings, bæði að ISDN- og ADSL-þjónustu. Það eru uppi áform hjá ríkisstjórninni um að þetta gerist mjög hratt og ég held að það skipti verulega miklu máli.

Menn geta reynt að halda því fram að engin stefna sé í byggðamálum en það er þó Alþingi sem mótar stefnuna. Nú er í gangi byggðaáætlun sem fellur úr gildi um áramót og það er unnið að nýrri byggðaáætlun sem lögð verður fram á næstu mánuðum.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

19. FUNDUR

fimmtudaginn 1. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Náttúruvernd, stjfrv., 159. mál, þskj. 160. — 1. umr.
2. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, stjfrv., 160. mál, þskj. 161. — 1. umr.
3. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168. — 1. umr.
4. Póstþjónusta, stjfrv., 168. mál, þskj. 169. — 1. umr.
5. Girðingarlög, stjfrv., 180. mál, þskj. 183. — 1. umr.
6. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun samþykkt á landsþingi Landssamtakanna Þroskahjálpar.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Ákvörðun refsinga við afbrotum, 91. mál, svar dómsmrh., þskj. 257.

Reglugerð skv. 18. gr. a læknalaga, 231. mál, fsp. SI, þskj. 258.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (Náttúruverndarráð o.fl.). — Þskj. 160.

og

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 1. umr.

Stjfrv., 160. mál (gjald til Náttúruverndarráðs). — Þskj. 161.

[10:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, á þskj. 160 og frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, á þskj. 161.

Ég mæli fyrir þessum frumvörpum saman þar sem sú breyting sem lögð er til á lögunum um náttúruvernd um að leggja niður Náttúruverndarráð felur í sér að gera þarf breytingu á lögum nr. 52/1989 hvað varðar það ákvæði er fjallar um framlag Endurvinnslunnar hf. til Náttúruverndarráðs.

Frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd er samið í umhvrn. í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég mun gera grein fyrir þeim breytingum sem frumvörpin fela í sér.

Í frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd er lagt til að Náttúruverndarráð verði lagt niður og gerðar verði breytingar á ákvæðum laganna til samræmis við það. Frá því að Náttúruverndarráð fór að starfa á árinu 1997 eftir nýjum lögum og nýrri skipan hafa orðið miklar breytingar á umfjöllun og þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál. Starfsemi Náttúruverndar ríkisins hefur eflst á þessum tíma og reynslan sýnir að með auknu stjórnsýsluhlutverki og virkari þátttöku stofnunarinnar í ráðgjöf og umfjöllun um umhverfismál hefur dregið úr þörf á sérstökum opinberum ráðgjafarvettvangi eins og Náttúruverndarráði. Hlutverk og aðkoma Náttúrufræðistofnunar Íslands að náttúruverndarmálum var einnig aukin með nýjum náttúruverndarlögum árið 1999 og skarast hlutverk stofnunarinnar nokkuð við ráðgjafarhlutverk ráðsins. Þá hafa frjáls félagasamtök tekið í vaxandi mæli virkan þátt í umfjöllun um umhverfismál.

Á síðustu árum hefur því átt sér stað hér á landi ákveðin þróun varðandi umfjöllun um umhverfismál sem rétt þykir að tryggja í sessi. Þetta er í samræmi við þróun annars staðar.

Ég vil geta þess að á síðasta ári var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu umhvrn. og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfis- og náttúruvernd sem viðfangsefni. Markmið þessarar yfirlýsingar er að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd. Hlutverk frjálsra félagasamtaka felst ekki síst í að koma upplýsingum til almennings. Það var því talið mikilvægt að efla samráð við frjáls félagasamtök um stefnumörkun í umhverfismálum og um framkvæmd umhverfisverndar.

Í frv. er gerð tillaga um að Friðlýsingarsjóður verði lagður niður en Náttúruverndarráð sér í dag um vörslu sjóðsins. Með breytingu sem gerð var á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, samanber auglýsingu nr. 673/2000, var gerð sú breyting að Friðlýsingarsjóður er ekki lengur tilgreindur sem aðili sem fær ákveðið framlag af ráðstöfunarfé sjóðsins eins og áður var. Þar sem framlag Þjóðhátíðarsjóðs voru í raun einu tekjur sjóðsins eru ekki lengur taldar forsendur fyrir starfsemi hans.

Þá er gerð tillaga um að hlutverk náttúruverndarþings verði breytt og það verði nefnt umhverfisþing en þinginu er ætlað að hafa víðtækara hlutverk en náttúruverndarþing. Þinginu er m.a. ætlað að fjalla um stöðu umhverfismála, umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Umfjöllun um náttúruverndarmálefni verða þannig betur tengd við aðra þætti umhverfismála og samfélagsþróun en verið hefur á náttúruverndarþingum. Minna má á að umhvrh. hefur boðað tvívegis til umhverfisþings og hafa þau gefist vel.

Að lokum eru lagðar til nokkrar minni háttar breytingar á lögunum að því er varðar skilgreiningu hugtaka og umsagnarrétt Náttúruverndar ríkisins vegna útgáfu framkvæmdarleyfis vegna efnistöku á landi úr hafsbotni innan netalagna.

Ég legg áherslu á að hluta þeirra fjármuna sem varið hefur verið úr ríkissjóði til reksturs Náttúruverndarráðs, sem á síðasta fjárlagaári numu 8 millj. kr., verður hér eftir ráðstafað til náttúruverndarmála og til að styrkja frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum og vísa ég í því sambandi til þeirra félagasamtaka sem standa að og í framtíðinni kunna að standa að samstarfsyfirlýsingu við umhvrn. sem nefnt hefur verið hér áður. Þetta verður skoðað í tengslum við yfirstandandi fjárlagagerð.

Þar sem gerð er tillaga um að Náttúruverndarráð verði lagt niður er samhliða þessu frv., eins og áður segir, er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, þar sem fellt er brott það ákvæði laganna sem fjallar um að Endurvinnslunni hf., sem hefur stafsleyfi samkvæmt þeim lögum, beri að greiða 5% af árlegum tekjuafgangi sínum til Náttúruverndarráðs.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rakið meginefni þessara frv. og legg til að þeim verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[10:38]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umfjöllun hæstv. umhvrh. um frv. kom fram sú sýn að efla eigi frjáls félagasamtök. Við áttum mikla rimmu í þinginu við fjárlagagerð í fyrra um hvaða frjálsu félagasatök eigi að efla. Mig langar því að spyrja hæstv. umhvrh. á grunni þessara nýju laga hvaða sýn hún hafi í þeim málum, hvort ekki sé sú hætta að menn efli þau frjálsu félagasamtök sem eru þóknanleg stefnu stjórnvalda hverju sinni og menn fari þá frekar yfir í að styrkja eins konar „society-klúbba" eins og algengir eru í útlöndum, skaðlausa stjórnvöldum hverju sinni. Ég ber fram þessa spurningu sérstaklega í ljósi þess að mikill ágreiningur var við fjárhagsáætlun við fjárlagagerðina í fyrra um það hvernig peningum væri deilt út til frjálsra félagasamtaka sem láta sig náttúruvernd varða.

[10:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Stjórnvöld hafa lagt fram talsvert fjármagn á síðustu árum til að styrkja frjáls félagasamtök. Nú viljum við gera enn betur og nota hluta af því fjármagni sem sparast með því að leggja niður Náttúruverndarráð til að styrkja frjáls félagasamtök og það verður gert aðallega á grunni samkomulags sem við gerðum við þessi félagasamtök fyrir stuttu. Þau félagasamtök sem undirrituðu það samkomulag eru Félag um verndun hálendis, Fuglaverndarfélag Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Náttúruverndarfélag Suðuvesturlands, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Sól í Hvalfirði, Umhverfisverndarsamtök Íslands og Samtök útivistarfélaga. Þetta samkomulag er opið fyrir fleiri félögum sem vilja koma að samkomulaginu síðar. Við munum því freista þess að úthluta til slíkra samtaka hluta af þessum 8 millj. Ekki er búið að ákveða nákvæmlega hvað það verður há upphæð, það verður rætt í fjárlagagerðinni. Við munum leitast við að úthluta því fjármagni eftir ákveðnum reglum. Það þarf auðvitað alltaf að hafa eitthvert svigrúm samt og m.a. kemur fram í þessu samkomulagi að við munum reyna að styrkja frjálsu félagasamtökin til að koma inn í meiri vinnu varðandi þessi stærri frv. sem munu lúta að náttúruvernd í framtíðinni.

[10:41]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt í þessu sambandi að fara yfir allar slíkar vinnureglur vegna þess að ég átti þess kost að vinna á sínum tíma á náttúruverndarþingum og undir regnhlíf Náttúruverndarráðs. Það var einmitt styrkur þessara samtaka að upp gátu sprottið hópar sem létu sig gilda kannski afmörkuð náttúruvernd-

armálefni og komust þar inn mjög fljótt, auðveldlega og greiðlega. Það er hollt fyrir okkur öll að slíkir möguleikar séu fyrir hendi og ég mun leggja á það áherslu í nefndarvinnu að gætt sé jafnræðis, það sé ekki geðþóttaákvörðun hverjir eru styrktir eins og ég sagði áðan. Sú hætta er alltaf fyrir hendi að þeir sem þóknast stjórnvöldum hverju sinni fái opinberan stuðing en aðrir ekki. Ég vænti þess í umfjöllun um frv. að gengið verði rækilega í þau mál að sú staða komi ekki upp.

Að öðru leyti ætla ég að flytja ræðu um frv. á eftir en vildi bara spyrja um þessi viðhorf.

[10:42]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við höfum reynt að vinna eftir ákveðnum reglum í umhvrn. varðandi það að úthluta styrkjum á grundvelli liðarins 1.23 Ýmis umhverfisverkefni, á fjárlögum yfirstandandi árs. Til að nefna það sem dæmi, þá fá stærri samtök rekstrarstyrk sem er þrefalt meiri en minni samtök. Síðan eru ákveðnar skilgreiningar á því sem menn hafa reynt að fara eftir í ráðuneytinu. Það er því úthlutað á grunni félagastarfseminnar en ekki hipsumhaps eins og mér fannst þingmaðurinn gefa í skyn áðan í andsvari sínu.

Hins vegar er það einnig þannig að samtökin koma til okkar með mjög spennandi verkefni og þar höfum við ákveðna pólitíska sýn að sjálfsögðu á hvað okkur þykir mikilvægt að styrkja og hvað ekki. Við höfum því svigrúm til að styrkja góð verkefni sem við teljum vera framsýn sem umhverfissamtökin koma með til okkar en sleppum því að styrkja verkefni sem við teljum (**ÁSJ:** Góða konan.) að séu ekkert sérstaklega framsýn og skili litlu. Bæði er það mat umhverfissamtakanna sem koma með umsóknir til okkar, í hvaða verkefni þau vilja fara en svo er það að sjálfsögðu mat okkar sem eru lýðræðislega kjörin og höfum tekið þá ábyrgð á okkar hendur stýra málaflokkum hér í landinu að velja og hafna verkefnum. Það er því einnig pólitískt mat sem felst í því.

[10:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur hæstv. umhvrh. lagt fram tvö lagafrumvörp og mælt fyrir þeim saman. Í sjálfu sér hef ég ekki miklar athugasemdir við það sem fram kemur til að byrja með í frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Hins vegar er ýmislegt í þessu máli sem þarfnast þó nokkurrar umræðu sem mun vonandi fara fram í hv. umhvn. og síðan við 2. umr. um frv.

Ég hef í sjálfu sér engar athugasemdir við þær hugtakaskilgreiningar sem verið er að leggja til að breyta og bæta. Hins vegar er lagt til að leggja niður Náttúruverndarráð, og það hefur svo sem legið í loftinu um nokkurn tíma, og síðan gefin fyrirheit um stuðning við frjáls félagasamtök er láta sig umhverfismál varða hér á landi á grundvelli samstarfsyfirlýsingar frá 20. mars sl.

Það kom fram í svari hæstv. umhvrh. áðan að nokkuð matskennt er hvernig sá stuðningur hefur farið fram og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson minnti á rimmu sem við áttum hér um sl. jól vegna fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár. Það skiptir mjög miklu máli að reglur séu skýrar og öllum kunnar um hvernig hið opinbera hyggist standa að stuðningi við frjáls félagasamtök, að reglurnar séu öllum skýrar, að þar sé hins fyllsta jafnræðis gætt og að upphæðirnar sem hér hafa verið nefndar — hæstv. ráðherra nefndi 8 millj. kr. en gat þó ekki alveg gefið skýrt svar um hvort þær mundu allar fara til frjálsra félagasamtaka — um hvaða upphæðir er verið að ræða. Því auðvitað skiptir það mjög miklu máli fyrir hin frjálsu félagasamtök sem hafa eins og við vitum úr frekar litlu fé að spila og miklu minna fé en ýmsar ríkisstofnanir sem vinna á þessu sviði.

Ég held því að mjög brýnt sé að umhvn. fari vel yfir þetta mál, fái skýr svör frá ráðuneytinu og frá stjórnarmeirihlutanum um hvað menn hyggist fyrir.

Ég vil einnig benda á að dreift hefur verið á hinu háa Alþingi svari við fyrirspurn hv. þm. Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur um Árósasamninginn, sem er auðvitað mjög mikilvægur samningur, sem á að tryggja ákveðna lýðræðislega umræðu um umhverfismál í samfélaginu. Nokkrir meinbugir eru á því að fullgilda samninginn og í þá vinnu þarf að fara, að skoða það betur og gera nauðsynlegar lagabreytingar eins og kemur fram í svari hæstv. utanrrh. til hv. þm. Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur. Þetta þarf allt að skoðast í samhengi.

Ég vil því brýna hv. þm. stjórnar og stjórnarandstöðu sem sitja í umhvn. að leggja heilann í bleyti og vinna að þessu máli þannig að faglegt og traust samstarf stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka sé tryggt, jafnræðis sé gætt og tryggt sé að frjáls félagasamtök sem láta sig náttúruvernd og umhverfisvernd varða hér á landi sitji í raun og veru við sama borð.

[10:48]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. hefur kynnt hér tvö frv. sem í raun hafa það að meginmarkmiði að leggja niður Náttúruverndarráð.

Vissulega hefur margt breyst hvað varðar starfsemi frjálsra félagasamtaka og vitund almennings hefur aukist og vaxið hvað varðar náttúruvernd og að íbúar landsins þurfi að standa vaktina. Mörg félög og samtök hafa eflst og þátttaka þeirra og afskipti af umhverfismálum hafa aukist. Það tel ég ekki síst vera vegna nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem hreinlega er hvatt til þess að almenningur og félagasamtök láti skoðanir sínar í ljósi og komi fram með athugasemdir og það hefur örugglega vakið vitund manna og gert mönnum ljóst að það bera allir ábyrgð þegar náttúruvernd og umhverfismál eru annars vegar.

Með tilliti til þessa væri hægt í fljótu bragði að segja að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu eðlilegar. En af reynslu síðasta þings, afgreiðslu síðustu fjárlaga, þá tek ég undir orð hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur að mjög skýrar og ákveðnar reglur verða að vera um hvernig félög eigi aðgang að mótun reglna og fái að hafa áhrif á gang mála þegar umhverfis- og náttúruverndarmál eru rædd. Og eins hvað varðar stuðning við frjáls félagasamtök, hver á rétt til að fá opinberan stuðning og hvaða verkefni ber að styðja.

Auðvitað eru margt af þessu pólitískar ákvarðanir og sérstaklega þegar kemur til þess að ákveða í hvaða verkefni á að fara. Félagasamtök sem eru ekki endilega stór en hafa mjög ákveðnar skoðanir á hugsanlega afmörkuðum málum eiga líka rétt. Það eiga allar raddir rétt á að koma fram og þær raddir þurfa líka stuðning.

Ef af því verður að Náttúruverndarráð verði lagt niður, þá þurfa leikreglurnar að vera mjög skýrar. Gæta þarf jafnræðis, herra forseti, þegar kemur að stuðningi við frjáls félagasamtök.

Þess vegna mundi ég leggja til að við færum ekki út í þessar breytingar fyrr en við værum búin að undirrita Árósa-

samninginn og fullgilda hann. Með honum værum við búin að undirgangast ákveðin skilyrði sem eru ítarlegri en það samkomulag og samstarfsyfirlýsing sem gerð var 20. mars sl.

Ég hvet hv. umhvn. að skoða þetta mál frá öllum hliðum og með það að leiðarljósi að við stöndum eftir með öflugri þátttöku frjálsra félagasamtaka að allri stefnumótun okkar hvað varðar umhverfis- og náttúruvernd.

[10:53]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir það með öðrum sem hafa talað að það frv. sem hér er flutt er tímabært og í sjálfu sér meira í takt við tímann, að umhverfisvernd og annað sem lýtur að samskiptum ríkis og fagaðila í sambandi við náttúruvernd sé meira á daglegum grunni og fari í gegnum stofnanir sem heyra undir ríkið frekar en í gegnum Náttúruverndarráð sem þróaðist úr því að vera eina hálfopinbera stofnunin á sínum tíma, sem gat fjallað um þessi mál og verið ráðgefandi fyrir ríkisstjórnina, út í það að vera mjög ósveigjanleg og öfgafull samtök að mörgu leyti og lögðust eindregið gegn stjórnvöldum og gegndu kannski ekki alveg því hlutverki sínu að vera ráðgefandi fyrir vikið. Auðvitað voru þar á meðal mjög virtir einstaklingar sem gerðu þetta að sjálfsögðu allt með því hugarfari að vera náttúruunnendur og töldu réttmætt að láta það ljós sitt skína í Náttúruverndarráði. En eigi að síður má e.t.v. segja að með tímanum hafi risið upp frjáls félagasamtök sem geti einmitt rúmað slíkar skoðanir og þar með sé það starf sem farið var að þróast innan Náttúruverndarráðs miklu betur komið innan frjálsra félagasamtaka sem njóta vaxandi stuðnings opinberra aðila. Það hefur verið yfirlýst markmið og frv. liggja hér frammi í þinginu um að reyna með öllum hætti að styrkja frjáls félagasamtök um náttúruvernd og annað sem lýtur að málefnum umhverfisins svo að þau geti unnið þannig að þau hafi fulla burði til þess að veita aðhald.

Náttúruvernd ríkisins er að sjálfsögðu sú stofnun sem stjórnvöld hljóta að nota sem sína fagstofnun á sviði umhverfismála. Náttúruverndarþing er þá í framhaldinu mjög góð lending þar sem allir þeir hópar sem vilja láta frá sér heyra og kynna málefni sín geta gert það á slíku þingi sem boðað er til af hálfu umhvrh. Ég held að allir umhverfissinnar séu fullsæmdir að koma á slík þing.

Ég legg til að túlkunin á því hvað eru frjáls félagasamtök yrði mjög rúm, því það er oft erfitt að átta sig á því hverjir í raun eru frjáls félagasamtök. Ég sé t.d. fyrir mér að ferðamálasamtök hvers konar gætu flokkast undir þennan hóp að hafa umhverfismál á stefnuskrá sinni þó að það sé ekki beinlínis í samþykktum, heldur vinna öll ferðamálasamtök að því að kynna íslenska náttúru. Þau vinna einnig að því að vernda íslenska náttúru og fara gætilega um hana þannig að hún skaðist ekki og vinna að kynningu á verðmætum, bæði þeim sem gerð eru af manna höndum og náttúrulegum verðmætum sem okkur er mikils virði.

Ég mundi því telja að t.d. ferðamálasamtök, landshlutasamtök, mættu vel eiga heima þarna inni. Önnur samtök sem ég gæti einnig vel séð fyrir mér eru alls konar dýraverndunarsamtök og samtök skotveiðimanna sem hafa reyndar látið að sér kveða í sumum málum eins og í Eyjabakkamálinu forðum. Þau eru í eðli sínu til þess að gæta hagsmuna skotveiðimanna, en auðvitað fara hagsmunir allra þessara aðila saman því að allir bera ákveðna virðingu fyrir náttúrunni og vilja umgangast hana þannig að jafnvægi ríki. Þar er ekki bara eins og í þessu tilfelli um að ræða fugla og dýr, heldur hvernig aðstaða þeirra er til þess að lifa af og tímgast. Þetta fer því allt saman.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta. Ég vil þó að lokum segja aðeins fáein orð um efnistökuna. Ég held að það sé orðið nokkuð brýnt að efnistaka á landi sé skoðuð sérstaklega og að farið sé mjög varlega í að opna nýjar námur í viðkvæmu landi. Auðvitað er ekki sama hvar við erum að tala um það, en við vitum að þegar verið er að opna nýjar námur eru þær opnaðar miðað við lögin í dag að sjálfsögðu, en þá eru mörkin höfð þau að ekki þurfi að fara fram umhverfismat sem segir okkur að menn reyna ekkert að opna námur nema þær séu undir þeim mörkum að fara þurfi í umhverfismat og síðan eykst þessi námutaka smám saman og verður kannski ekki við neitt ráðið. Þegar búið er að opna eina námu verður það ekki aftur tekið. Ég held þess vegna að menn verði að velta því mjög fyrir sér í umhvn. hvernig eigi að heimila að opna nýjar námur, efnistökunámur, og allir eru held ég sammála að þar verði að fara sæmilega varlega. En auðvitað ekki til þess að setja mönnum stólinn fyrir dyrnar heldur að vinna saman að því með efnissölum og efnistökum og í sátt við umhverfið.

[11:01]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Í upphafi máls síðasta ræðumanns er hugsanlegt að komið hafi fram bein yfirlýsing og skýring á því hvers vegna á að leggja Náttúruverndarráð niður.

Náttúruverndarráð stendur sem sagt fyrir öfgafullum náttúruverndarsjónarmiðum, er öfgafullur náttúruverndarhópur. Náttúruverndarráð er samnefnari hinna frjálsu félagasamtaka, skipað fulltrúum frjálsra félaga. Hafi rödd Náttúruverndarráðs verið öfgafull að mati núverandi stjórvalda þá er það vegna þess að Náttúruverndarráð hefur talið stjórnvöld ganga of langt í framkvæmdum á kostnað náttúrunnar og látið í sér heyra. Er það þess vegna sem á að leggja Náttúruverndarráð niður?

Er þetta allt saman bara blekking? Verður hægt að velja til samstarfs þægilega hópa, þægileg samtök sem þóknast stjórnvöldum í hvert skipti í viðkomandi málum, og ekki bara núverandi stjórnvöldum heldur stjórnvöldum sem eiga eftir að sitja? Er það þess vegna sem á að gera þetta? Hefur Náttúruverndarráð staðið vaktina of vel fyrir hönd náttúrunnar?

[11:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði — eða ég skildi orð hennar þannig — að Náttúruverndarráð hefði orðið að vera öfgafullt eða ganga of langt til þess að verja náttúruna. Mér heyrðist hv. þm. vera að meina það að Náttúruverndarráð hefði neyðst til þess til að geta varið náttúruna. Ég held að það fari ekkert á milli mála að þessi hópur var samansettur af mjög miklum eldhugum sem lögðu allt í sölurnar til þess að ná sjónarmiðum sínum fram. Ég er ekki að segja að þetta sé slæmt fólk, síður en svo. Ég held samt að það hafi ekki átt heima í ráðgjafarhlutverki, heldur í frjálsum félögum manna um náttúruvernd.

Að þessu leyti held ég, eins og ég sagði áðan, að það sé verið að stíga skref sem er að mörgu leyti heppilegt fyrir báða aðila. Annars vegar er ríkið að sækja sér ráðgjöf. Auðvitað eru í Náttúruvernd ríkisins hámenntaðir menn á þessu sviði og þeir eru ekki að gefa nein þægindasjónarmið út, heldur er um að ræða vísindalegar athuganir og niðurstöður sem

allir geta verið fullsæmdir af. En opinber slagsmál milli ráðgefandi aðila ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarinnar sjálfrar, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, ganga auðvitað ekki til lengdar. Það sjá allir sem vilja starfa í stjórnkerfinu.

[11:04]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst nú virðulegur þingmaður komast heldur illa frá því að reyna að snúa út úr því sem ég sagði.

Það er mat núverandi stjórnvalda að í Náttúruverndarráði séu öfgafullir náttúruverndarsinnar. Hvers vegna er það? Er það ekki vegna þess að núverandi ríkisstjórn stendur fyrir svo stórfelldum stóriðju- og virkjanaframkvæmdum að þeim síðustu hefur verið hafnað af náttúruverndarsjónarmiðum, að hér eru talsmenn sem styðja ekki þessa aðför að náttúrunni? Og ef samt á að halda áfram, hverjir eiga þá að standa vaktina? Það þarf ekkert að vera öfgafullur í náttúruvernd til þess að láta í sér heyra þegar verið er að deila um virkjanaáform núverandi ríkisstjórnar sem ganga stórlega á náttúruna.

Ég held að við séum hér komin að kjarna málsins. Það á að leggja Náttúruverndarráð niður vegna þess að það hefur staðið sig í hlutverki sínu.

[11:06]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þeir sem núna skipa Náttúruverndarráð ríkisins eigi mjög auðvelt með að koma sínum sjónarmiðum á framfæri hjá venjulegum samtökum, frjálsum félagasamtökum sem um þessi mál kunna að fjalla.

Ef við ræðum aðeins um öfgafulla, við skulum segja andstöðu við virkjanir þá má hafa mjög langt mál um það. Ég minnist þess að þegar Eyjabakkaumræðan stóð hér sem hæst þá lýstu þessi samtök því yfir að þau mundu sætta sig við virkjanir ef umhverfismat yrði jákvætt.

Ég hef ekki orðið var við það nú upp á síðkastið að menn ætli sér yfirleitt að sætta sig við það, t.d. gagnvart Kárahnjúkavirkjun, að þeir hætti andstöðu sinni við virkjun hvernig sem umhverfismat fer. Ég veit að það er ekki búið. En ég hef ekki heyrt það á þeim mönnum sem hafa verið að kynna sjónarmið sín í þessu máli að þeir muni nokkurn tímann fara að þeim úrskurði sem fellur, þ.e. ef hann verður andstæður náttúruverndarsjónarmiðum þessara manna.

Það er hægt að verða svo öfgafullur í sínum sjónarmiðum að það skaði þjóðfélagið í heild sinni. Það er aldrei hægt að framkvæma neitt í landi öðruvísi að skaða náttúruna að einhverju leyti. Þetta er allt spurning um ákveðið jafnvægi, þ.e. að hægt sé að gera þetta þannig að gengið sé eins lítið á náttúruna og kostur er til að hægt sé að halda uppi eðlilegu mannlífi í landinu.

[11:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki líkt hv. þm. sem hér talaði áðan að fara í kringum það sem hann meinar eins köttur kringum heitan graut. En ég held að full ástæða sé til þess að hann útskýri nánar hvað hann átti við með orðum sínum þegar hann talaði um að Náttúruverndarráð séu öfgafull samtök að ýmsu leyti. Ég óska hreinlega eftir því að hv. þm. geri grein fyrir einhverjum af þeim málum sem hann hlýtur að líta til þegar hann kemst að þessari niðurstöðu og leyfi þingheimi að heyra í hvaða málum þessi samtök hafa gengið fram af þessari brún. Það var nú mitt aðalerindi í ræðustólinn.

Til viðbótar langar mig að spyrja hv. þm. hvort hann hafi engar áhyggjur af því fyrirkomulagi sem hæstv. ráðherra var að lýsa hér áðan, að í ráðuneytinu eigi, með pólitísku tilliti, að velja verðuga og óverðuga til þess að vera á háa og lága styrknum, eins og hv. ráðherra lýsti áðan. Kann ekki að vera að þeir sem hafa kannski öfgafullar skoðanir að mati þeirra sem þar ráða ríkjum verði þá haldið til hlés og að mönnum verði svolítið stjórnað með því hvað þeir fái mikinn aur til að starfa að þessum málum og að þannig verði haft áhrif á þá? Ég spyr hv. þm.: Er það svo? Hefur hann engar áhyggjur af þessu? Eða hvað gæti komið í veg fyrir það?

Ég tel að það sé mjög varasamt sem hæstv. ráðherra var að lýsa hér áðan. Ég held að menn þurfi að fara mjög vandlega yfir það hvort ekki sé hægt að hafa annað fyrirkomulag á því hvernig menn eru valdir til þess, eða samtök, að fá styrki frá hinu opinbera

[11:11]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekkert að svara þessu neitt frekar. Ég er búinn að lýsa því hér sem ég tel þurfa að koma fram í þessu máli.

Ég hef ekki áhyggjur af frjálsu félagasamtökunum. Ég álít að ríkið muni sjá til þess að veitt verði fé til þessara samtaka. Auðvitað er það alltaf misjafnt hvað hver og ein samtök fá mikið fé. Aftur á móti er alveg ljóst að þessi félög hafa möguleika á því að fá fjármuni víðar en hjá ríkinu. Þau eiga að geta fengið fjármuni hjá sveitarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum úti í bæ. Ég sé ekki neitt sem á að valda mönnum áhyggjum í því efni.

Auðvitað hljóta ríkisstjórnir og einstakir ráðherrar að ráða til sín fólk sem þeir vilja vinna með. Ég sé ekkert athugavert við það. Það þýðir ekki það sama og að þeir ætli að ráða sér leiðitama menn, heldur fólk sem hægt er að treysta til að ná árangri með.

Ég held að allir ráðherrar og aðrir sem standa í stjórnsýslu séu í því til að geta gert góða hluti, til að geta gert eitthvað gott fyrir samfélag sitt, fyrir fólkið sitt. Þannig held ég að allir reyni að vinna. Það er ástæðulaust að gera það tortryggilegt þó að ráðherrar og aðrir ráði sér fólk sem það treystir betur en öðru.

[11:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þessa ræðu. Hv. þm. gerði ekki einu sinni tilraun til þess að rökstyðja þá niðurstöðu sína að Náttúruverndarráð væru öfgasamtök. (Gripið fram í.) Það eina sem hann nefndi í fyrri ræðu sinni var Eyjabakkamálið. Og hvað var þar? Það var gerð krafa um að það færi í umhverfismat. Voru þar öfgakröfur á ferðinni? Ég spyr.

Ég spyr. Mér finnst hv. þm. setja niður a.m.k. í mínum augum að hafa ekki getað komið hér og rökstutt mál sitt betur. Ég skora á hann að gera það.

Ég held að fjármunir úr ráðuneytinu geti hugsanlega verið notaðir til þess að koma þeim skilaboðum til ýmissa samtaka að menn skuli nú halda sig á mottunni ef þeir ætla að fá aur. Og ef þeir ætla að fá mikla peninga þá verði þeir að vera leiðitamir eða a.m.k. ekki vera með uppsteyt. Það eru þau skilaboð sem mér fannst hæstv. ráðherra vera að senda hér áðan.

[11:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það þurfi ekkert að vera að eyða mjög mörgum orðum á þetta. Nánast hver einasta virkjanaframkvæmd, held ég, sem rædd hefur verið á undanförnum árum hefur orðið tilefni til andstöðu sumra þeirra hópa sem skipað hafa Náttúruverndarráð. Ég held að það sé nánast sama um hvaða virkjun á hálendinu er að ræða. (**Gripið fram í:** Er það ekki eðlilegt?) Já, þá kemur þessi spurning: Er ekki eðlilegt að vera á móti öllu? Þetta er akkúrat sjónarmiðið, hv. þm.

Það eru einmitt þessi mjög mismunandi sjónarmið og þessi mikli ágreiningur sem hefur komið upp í Náttúruverndarráði út af öllum mögulegum málum sem hafa varðað virkjanir og umhverfið á hálendinu sem hafa kannski gert ókleift að nota það til ráðgjafar. Um það snýst málið.

Ég er ekkert hræddur um að þessi frjálsu félagasamtök geti ekki fengið fjármagn þó svo það sé ekki nákvæmlega í takt við viðkomandi ráðherra eða ráðuneyti. Það er líka veitt fjármagn í gegnum fjárln. eins og hv. þm. veit. (**Gripið fram í:** Þú manst hvernig það fór í fyrra.) Þar að auki geta slík frjáls félagasamtök fengið fjármuni frá öðrum aðilum eins og sveitarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum, þó það sé í minna mæli.

Svo var í gegnum Árósasamþykktina gert ráð fyrir sérstöku átaki af hálfu ríkisstjórna til að styrkja frjáls félagasamtök í heiminum og þar á meðal á Íslandi. Ég er einn af þeim sem telja það nauðsynlegt.

[11:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Áhyggjur mínar af þessu máli hafa aukist nokkuð við umræðuna. Mér fannst, eins og ég sagði áðan í andsvari, að hæstv. ráðherra væri dálítið að gefa til kynna að þeir sem yrðu henni þóknanlegir mundu fá fjármuni en aðrir gengju þá með skarðari hlut frá borði. Það yrðu sem sagt tveir flokkar sem fengju hugsanlega fjármuni en sá hópurinn sem minna bæri úr býtum hefði þá kannski valið sér það hlutskipti með því að ganga of hart fram í andstöðu við einhver mál sem stjórnvöldum þóknast.

Ég er út af fyrir sig ekki að halda því fram að ekki megi gera breytingar á fyrirkomulaginu sem er. Ég tel að það þurfi að fara vandlega yfir það í umhvn. og skoða hvort niðurstaðan sem þarna er styrki náttúruvernd í landinu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra á hvaða hátt hún sjái fyrir sér, og bið hana að útskýra það svolítið betur, styrkingu náttúruverndar í landinu í heild með þessari breytingu. Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að hæstv. ráðherra lýsti því áðan að það ætti að draga úr framlögum til þessara mála með þessari breytingu. Ráðherrann talaði um að hluti af þeim 8 millj. sem hafa verið þarna til ráðstöfunar kæmi til frjálsra félagasamtaka, einungis hluti. Ég spyr: Hvað um þá fjármuni sem Endurvinnslan hefur greitt inn í þetta og ekki er talað um hvað eigi að gera við? Ég vil að hæstv. ráðherra fari yfir það hvað hún telji að verði til ráðstöfunar til þessara mála í heildina eftir þessa breytingu í samanburði við það sem verið hefur til ráðstöfunar. Er að draga verulega úr því og hve mikið? Þannig að menn komist svolítið nær sannleikanum um hvort verið er að styrkja náttúruvernd í landinu með þessari breytingu. Það vita allir, og kannski best hv. þm. á hv. Alþingi, að það þarf fjármuni til þess að reka starfsemi af því tagi sem hér er um að ræða.

Ég ætla ekki að fara í langt mál um þetta að öðru leyti en því að segja að mér finnst hæstv. ráðherra hafa verið of hörundssár síðan hún tók við embætti gagnvart gagnrýni fólks af þessu tagi, fólks sem hefur verið í forsvari fyrir náttúruverndarsamtök. Það er einfaldlega hluti af starfi hæstv. ráðherra að liggja undir gagnrýni vegna ákvarðana stjórnvalda og sú gagnrýni er alltaf jákvæð ef menn eru í einlægni að segja frá skoðunum sínum. Ég tel enga ástæðu til að halda að þannig hafi ekki verið á undanförnum árum. Mér finnst satt að segja viðkvæmni manna hafa keyrt fram úr hófi vegna harðrar andstöðu við mál sem allir ættu að geta viðurkennt að hafa verið afar vafasöm og eðlilegt er að menn takist mjög harkalega á um.

Ég vona að ekki verði komið á einhverju lognmolluumhverfi með þessu fyrirkomulagi sem hér er verið að leggja til, sem tryggi lágmarksandstöðu við þau mál sem upp koma. Ég held að í náttúruverndarmálum þurfi menn á því að halda að takast á og að öll sjónarmið þurfi að fá tækifæri til að koma fram. Ég tel að hinu opinbera sé síður en svo hollt að styrkja helst þá aðila sem eru þeim þægilegastir.

[11:21]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki tilefni til þess að hafa mjög langt mál um þetta frv. hér við 1. umr. Það er ljóst að það verður að skoða málið mjög vel í nefndinni.

Auðvitað hrekkur maður við þegar maður heyrir framsetningu hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Þá áttar þingheimur sig kannski á því hvað býr raunverulega á bak við breytinguna. Það er alveg forkastanlegt, virðulegi forseti, að menn skuli tala hér fullum rómi um öfgasamtök ef þeir eru ekki sammála málflutningi viðkomandi. Hvað eigum við þá að tala um sem erum ekki sammála þeirri pólitík sem fram er fylgt á hinu háa Alþingi? Eigum við t.d. að tala fullum fetum um öfgasamtök manna sem vilja keyra fram einkavæðingu? Þetta er nú ekki boðlegt finnst mér.

Við eigum að horfa á gildi þess að fá fram frjóar umræður og gagnrýni. Ef menn treysta sér til þess að vinna á lýðræðislegan hátt, á demókratískan hátt, þá er vart hægt að tala um öfgafull sjónarmið. Alls ekki. Ég get talað af reynslu í umhverfismálum vegna þess að ég var umhverfisstjóri fyrir stórt sveitarfélag í 20 ár. Ég sem framkvæmdaraðili verð að viðurkenna að stundum fór kannski framsetning sumra aðila í taugarnar á mér, þegar verið var að gera athugasemdir við framkvæmdir sem maður sjálfur hélt að væru í lagi. En ég er nú reynslunni ríkari af þessari vinnu. Þegar upp er staðið þá held ég að slík gagnrýni hafi ævinlega verið mönnum til góðs, þó að menn hafi kannski ekki áttað sig á því fyrr en nokkrum árum seinna. Ég get nefnt mörg dæmi í þessu tilliti.

Og það er beinlínis hættulegt lýðræðinu að staglast á því að ákveðin félög séu öfgasamtök af einhverju tagi fyrir það eitt að hafa ekki sömu skoðun og sá sem keyrir rútuna hverju sinni. Þetta er ekki boðlegt hinu háa Alþingi.

Ég tel að náttúruverndarþing hafi einmitt verið svo spennandi samkoma vegna þess að þar komu fram ýmis sjónarmið. Menn fjalla þar um eigin áhugasvið og jafnvel fyrir okkur sem unnum í faginu þá komu þar inn sjónarmið sem maður hafði kannski ekki velt mikið fyrir sér. Það var öllum til gagns.

Málið er að vinnulagið er orðið slíkt á hinu háa Alþingi, með langri stjórnarsetu stærsta flokksins hér og með langri samvinnu við Framsfl. og sterkum meiri hluta, að menn eru orðnir pirraðir á að þurfa yfir höfuð að eyða tíma í að hlusta

á önnur sjónarmið en þeirra sem innan borðs eru. Það veit sá sem allt veit að til lengri tíma litið er þetta stórhættuleg pólitík. Þegar menn fara að verða sjálfumglaðir og eru komnir það langt að fara að hreinsa út, bægja frá sér því sem óþægilegt er að þeirra mati, þá erum við ekki á heppilegri braut.

Ég er ekki bara að tala um þetta frv. núna. Ég tel að unnið sé hörðum höndum á þessum nótum að breytingum alls staðar í stjórnkerfinu, m.a. hér á hinu háa Alþingi með alls konar breytingum eins og við höfum séð.

Varðandi fjármögnun. Endurvinnslumálin, ég er ekkert viss um að þau séu aflögufær til þess að fjármagna þá hluti sem hér er rætt um, í sambandi við næsta frv. Ég ætla að koma að því seinna. Ég held að við séum komin mjög stutt í endurvinnslumálum og þurfum á öllu því fjármagni að halda sem þar er inni til að efla endurvinnslu í landinu enn frekar. Við þurfum nú að skoða þau mál líka.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara tala um þetta á almennum nótum. Ég held að það hafi komið fram í umræðunni, bæði hjá hæstv. ráðherra og einnig hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni, að hér þarf að skoða málin ofan í kjölinn.

[11:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson segir að það sé stórhættuleg pólitík að breyta Náttúruverndarráði eða skipta því út fyrir náttúruverndarþing. Ég lít svo á að á náttúruverndarþingi verði hægt að ræða nánast öll þau mál sem hafa verið rædd á þingi þessara samtaka fram að þessu. Að því leyti er ekki verið að breyta neinu.

Varðandi það að þessum samtökum sé breytt vegna þess að stjórnvöld eða meiri hluti Alþingis telji þau of öfgafull — ég hef sagt það — þá verður að segjast alveg eins og er, herra forseti, að sú ótrúlega einstrengingslega barátta margra þeirra sem skipað hafa Náttúruverndarráð gegn öllum hugmyndum um virkjanir, nánast sama hvar þær eru, er stórskaðleg. Það er í raun stórskaðlegt fyrir íslenskt samfélag að mörgu leyti hvernig barist hefur verið gegn eðlilegri uppbyggingu á landsvæðum eins og t.d. Austurlandi. Það er nánast ekkert hægt að gera á þessu svæði sem ekki fer í taugarnar á náttúruverndarsamtökum yfirleitt.

Það er ekki boðlegt hvernig þetta hefur gengið fyrir sig. Það er alltaf spurning um hvað er hættulegt. Hvort er hættulegra fyrir íslenskt samfélag, að vera með samtök sér við hlið sem styðja eðlilega uppbyggingu í landinu eða samtök sem eru á móti nákvæmlega öllu sem á að gera í þessu landi? Hér á bara að vera algjör stöðnun miðað við þær hugmyndir sem maður hefur heyrt frá allt of stórum hópi í Náttúruverndarráði.

[11:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við komust kannski langt í þessari umræðu. Ég er einfaldlega algjörlega ósammála framsetningu hv. þm. Kristjáns Pálssonar á þessum málum.

Ég held að það sé sama um hvaða verkefni er að ræða, sama hvaða framkvæmdir það eru — ef framkvæmdin þolir ekki gagnrýni frá samtökum náttúruverndarsinna þá er náttúrlega eitthvað að. Öll gagnrýni á stórar framkvæmdir af þessu tagi, sama hvað það er, á að leiða til þess að menn vandi sig og geri betur. Í mörgum tilfellum er það gagnrýnin í meðferð málsins sem verður til þess að menn velja betri leiðir, er það ekki?

Að mínu mati er rangt að stilla hlutum þannig upp að þessir menn hafi þau völd að þeir geti bara stöðvað framkvæmdir sama hversu góðar þær eru. Hins vegar gefur það augaleið að ef verkefnið er ekki gott þá hafa menn umtalsverð áhrif. Þannig virkar lýðræðið og þannig á það að virka.

En það er ekkert nýtt að menn vilji í krafti mikils valds, og við þekkjum það af sögunni, ryðja út þeim sem eru fyrir valdhöfunum hverju sinni. Við þurfum ekki að fara mörg ár aftur í tímann eða áratugi til að sjá mýmörg dæmi um slíkt.

[11:29]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri það að hv. þm. telur að þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á Austurlandi séu ekki góðar.

Ég hef séð það í störfum margra þeirra samtaka sem barist hafa gegn framkvæmdum á Austurlandi að þar er ekki setið við orðin tóm eða mótmæli af hálfu Íslendinga einna. Þeir hafa einnig sótt yfir hafið til samtaka, jafnvel mjög öfgafullra, erlendis til að ljá málstaðnum hérna heima lið. Þar að auki hafa verið gerðar út sendinefndir á vegum frjálsra félagasamtaka til Noregs og hingað og þangað til að koma í veg fyrir framkvæmdir sem stóðu til á Íslandi.

Ég er ekki viss um að samtök úti í heimi geri sér nokkra grein fyrir því hvað íslenskum hagsmunum er fyrir bestu. (Gripið fram í.) Og erlendir fjárfestar, það er ekki nokkur spurning að erlendir fjárfestar kynna sér fyrst og fremst það sem snýr að því fyrirtæki sem þeir eru að reisa hér. Þeir eru ekki að velta öðru fyrir sér. Ef einhver virkjun hefur t.d. verið samþykkt og fer í gegnum umhverfismat er hún ásættanleg fyrir þá fjárfesta, eðlilega. Þessi sjónarmið hafa hins vegar ekki gilt fyrir þau öfgasamtök sem hafa gengið hvað lengst gegn öllum virkjunum á Íslandi. Það er um það sem við erum að ræða.

Herra forseti. Þegar við veltum þessu máli fyrir okkur held ég að mjög nauðsynlegt sé að reyna að ná utan um málið, styrkja frjáls félagasamtök, en jafnframt að þau samtök sem stjórnvöld ráðfæri sig við séu rekin á faglegum grunni.

[11:32]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki bara ég sem greinilega verð fyrir útúrsnúningum hér af hálfu hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Ég talaði ekkert um góðar framkvæmdir eða á móti einstökum framkvæmdum. Ég var bara að tala um málið almennt, (Gripið fram í.) þá sýn. Og ég talaði aldrei um Eyjabakka eða Kárahnjúkavirkjun.

Mér fannst mjög óheppilegur samanburður hjá hv. þm. að tala um að náttúruverndarmenn sæktu sér liðsauka til útlanda. Ég veit ekki betur en að hér séu a.m.k. einu sinni til tvisvar á ári í allmörg ár stórir aðilar með mikla peninga á bak við sig sem hallast í hina áttina þannig að ég er nú ansi hræddur um að ef það dæmi yrði gert upp, hv. þm. Kristján Pálsson, yrðu peningar og mannafli náttúruverndarsinna smáir og fáir í þessu máli, þ.e. í samanburði við undirbúning þeirra sem stórar framkvæmdir vilja. Þannig er nú málið.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég held að öll þessi mál þurfi að ræða í nefndinni og skoða frá þeim sjónvinklum sem ég hef hér haldið frammi. Við þurfum á öllum sjónarmiðum að halda, það er alveg klárt í mínum huga. Ef verkefni eru yfir höfuð ekki það góð að þau standist gagnrýni eru þau einfaldlega ekki góð, þ.e. ef það er unnið

á demókratískan hátt. Þannig er þetta í öllum málum. Fáum við ekki hagfræðinga til þess að gagnrýna hluti sem við erum með uppi á borðum? Stundum gefa þeir vonda umsögn og stundum góða. Stundum fara menn í framkvæmdir þó að hagfræðingarnir gefi slæmar umsagnir í búntum, og það er neikvætt. Við skulum því ekki bara tala um náttúruverndarsinna í þessu sambandi. Það eru hagsmunaaðilar í öllu samfélaginu sem gefa umsagnir og mynda sér skoðun.

[11:34]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna sérstaklega því frv. sem hér liggur fyrir vegna þess að með því er brugðist við og svarað þeirri hörðu gagnrýni sem komið hefur fram víðs vegar um land, bæði í ræðu og riti, einkasamtölum og annars staðar, um Náttúruverndarráð eins og það hefur unnið og eins og hlutverk þess er skilgreint í lögum. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á að Náttúruverndarráð skal samkvæmt núgildandi lögum skipað níu mönnum — umhvrh. skipar að nafninu til fimm þeirra í upphafi náttúruverndarþings en fjórir eru skipaðir að tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands og Ferðamálaráðs. Hins vegar skulu fjórir síðan kjörnir á náttúruverndarþing og er athyglisvert í því sambandi að lesa það sem stendur um náttúruverndarþing. Þar segir, með leyfi forseta, í lögunum:

„Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa."

Þannig er þetta allt saman njörvað. Það sem menn hafa m.a. gagnrýnt í þessu sambandi er hversu áberandi einhver lokaður hópur hefur smátt og smátt orðið á náttúruverndarþingum. Oftar en einu sinni hafa menn gefið sig á tal við mig til að lýsa stöðu sinni á þinginu og þeim erfiðleikum sem eru því samfara að eiga þar seturétt.

Með þessu frv., þ.e. með því að ákveða að umhverfisþing skuli koma í staðinn fyrir náttúruverndarþing, er þessi mikilvægi vettvangur fyrir skoðanaskipti um umhverfismál, náttúruvernd, sjálfbæra þróun og annað þvílíkt opnaður. Samkvæmt tillögugreininni eins og hún liggur fyrir í frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til umhverfisþings skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkisins og sveitarfélaga, fulltrúa atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni."

Ég get satt að segja ekki skilið að nokkur alþingismaður geti staðið gegn þessari breytingu. Ég væri satt að segja hálfundrandi á því ef maður hugsar um stjórnmálaflokka hér á hinu háa Alþingi, a.m.k. einn þeirra, ef hver einasti þingmaður þess flokks teldi sig ekki sjálfkjörinn til að sitja slíka ráðstefnu og sætti sig illa við að aðeins einn þeirra kæmist. Hætt væri við að það mundi skapa innanbúðarmál ef ætti að taka þar einn fram yfir annan.

Annars sagði nú hv. síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Steinar Jóhannsson, í ræðu sinni — eins og orðin voru sögð og í því samhengi skildi ég ekki alveg við hvað hann átti: „Þetta er stórhættuleg pólitík". Með leyfi hæstv. forseta: „Þetta er stórhættuleg pólitík þegar menn fara að verða sjálfumglaðir." Ég áttaði mig ekki á því hvort þetta var sjálfrýni vinstri grænna eða hvort hv. þm. var að reyna að lýsa pólitískum andstæðingum sínum. Þetta gæfi þá kannski í skyn umburðarlyndi hans fyrir því sem aðrir halda fram.

En ég vil sem sagt þakka hæstv. umhvrh. fyrir frumkvæði hennar í þessu máli. Ég efast ekki um að þegar fram líða stundir muni menn vera samdóma um að þetta sé rétt skref, og raunar undrandi á því að það skyldi ekki vera löngu stigið. Ég get bent á eitt atriði enn sem skýrir þetta kannski enn betur. Þegar rætt er um hlutverk Náttúruverndarráðs segir þar í fyrsta lagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Náttúruverndarráð skal stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál."

Nú er það svo að ef einhver ætlar að vera öðrum til ráðgjafar hlýtur fullkominn trúnaður að ríkja á milli þess sem ráðin gefur og hins sem eftir þeim leitar. Enginn maður leitar sjálfviljugur ráða hjá einhverjum sem hann getur ekki treyst. Það er öldungis ljóst. En Náttúruverndarráð hefur ekki litið þannig á hlutverk sitt að umhvrh. eða önnur stjórnvöld hafi getað leitað til þess í hljóði og ætlast til trúnaðar um það sem fram fer á milli Náttúruverndarráðs og ráðherra. Þvert á móti hefur Náttúruverndarráð gert athugasemdir við ýmis embættisverk ráðherra, oft með ósanngjörnum hætti og oft líka með þeim hætti, bæði í framsetningu og efnistökum, að ýmsir aðilar úti í þjóðfélaginu hafa ekki fundið þar það umburðarlyndi fyrir skoðunum sínum og framlagi til umræðunnar sem ætlast verður til af þeim sem vilja stýra og vera höfuð þeirrar umræðu, sem ætlað er að leita sátta um það hvernig við getum umgengist náttúruna svo hún geti gert hvort tveggja í senn, hjálpað okkur til að framfleyta okkur hér á landi og líka verið til yndis og ánægju þegar svo ber undir.

Auðvitað er höfuðkrafan til þess sem vill vera öllum til ráðuneytis og ráðgjafar um hvernig staðið sé að þessum málum að til hans sé borið traust og menn finni að hann vilji koma fram í friðarhug og af umburðarlyndi. Ég held því fram að Náttúruverndarráð, ef við skoðum söguna, hafi ekki uppfyllt þessa kröfu nema — svo ég haldi nú öllu til skila og sé fullkomlega sanngjarn — þegar Eysteinn Jónsson, formaður Framsfl., var formaður Náttúruverndarráðs. Hann hafði auðvitað víðsýni til að bera, þekkingu á landi og náttúru, sem olli því að á hans tíma skipti Náttúruverndarráð miklu meira máli í þjóðfélagsumræðunni og í sambandi við margvíslega ákvarðanatöku heldur en síðan hefur orðið, eins og þeir muna sem þekkja söguna og vita hvernig hann vann í Náttúruverndarráði.

Þannig var til Náttúruverndarráðs stofnað í upphafi, þ.e. í þeim anda og með þeirri hugsun sem Eysteinn Jónsson á þeim tíma mótaði með störfum sínum og afstöðu. Því miður hafa mörg vötn runnið til sjávar síðan þá og það sem hér er verið að gera er í raun ekki annað en að stíga seinna skrefið, fyrra skrefið var stigið með lagabreytingunni 22. mars 1999 og hér er verið að stíga síðara skrefið vegna þess að Náttúruverndarráð og náttúruverndarþing, eins og hlutverkum þeirra er nú háttað, hafa ekki staðið undir þeim vonum sem menn gerðu á þeim tíma til þeirra breytinga sem þá urðu. En auðvitað — það vita engir betur en þeir sem eru sannir umhverfissinnar og vilja í raun og veru vernda land sitt, þeir skilja betur en allir aðrir — er þýðingarmikið að í þjóðfélaginu sé vettvangur sem allir geta treyst og sótt til sem þangað eiga erindi. Það á ekki að vera einhver þröngur hópur sem ákveður kjörgengi manna og kosningarrétt til slíks þings.

Það er þessi opnun á umræðunni um umhverfismálin sem umhvrh. hefur nú forgöngu um og er þakkarvert. Við hér

á hinu háa Alþingi eigum að meta þetta skref en ekki að vera með einhverjar dylgjur um að þvílíkur tillöguflutningur beri vott um sjálfumgleði, eins og hér var gert áðan. Það eru engir þingmenn hér inni, sem ég þekki, sem framar öðrum vilja gæta náttúru landsins. Það hefur enginn einn stjórnmálaflokkur einkaleyfi á því að vera náttúruverndarflokkur.

Ef við skoðum sögu þeirra manna sem mest hafa talað um náttúruvernd á síðustu áratugum hér á hinu háa Alþingi, ef við förum aftur til þess tíma þegar menn stóðu hér og héldu langar ræður um það mikla tjón sem álverið mundi valda hér í náttúru Íslands — voru það ekki þeir sem oftast voru opinberir gestir Austur-Þýskalands? Við vitum hvernig var umhorfs þar eftir að múrinn féll. Bar það vott um að þeir sem heimsóttu það land hefðu haft opin augun fyrir því hvað væri náttúruvernd, hvernig ætti að umgangast fólk, menningarverðmæti og náttúru? Auðvitað ekki.

Það er ekki það sama að þykjast vera náttúruverndarsinni og vera það í raun og veru í hógværð og í lifnaði sínum og skoðunum. Það eru ekki þeir sem hæst gala sem eru mestu náttúruverndarsinnarnir þó úti í náttúrunni megi finna þann sem hæst galar, sem er haninn.

Herra forseti. Eins og þetta mál er hér lagt fram og með þeirri hugsun sem hæstv. ráðherra hefur sýnt er ekki vafi á að frv. er til bóta. Opinberir fjármunir munu nýtast betur en verið hefur og þessi nýja skipan mun, að minni hyggju, leiða til þess að skilningur fyrir andstæðum skoðunum vaxi og verða til þess að umræður í þjóðfélaginu um náttúruvernd, umhverfismál og sjálfbæra þróun séu líklegri til að láta gott af sér leiða en hitt.

[11:46]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal benti á. Það voru auðvitað aðrir tímar, aðrir menn uppi og önnur lög sem giltu þegar Eysteinn Jónsson, sá mikli náttúruverndarfrömuður var meðal vor.

En Náttúruverndarráð það er nú starfar, starfar samkvæmt lögum nr. 93/1996, bara svo því sé haldið til haga.

Hins vegar kom ég hér upp til að þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að taka af allan vafa um ástæður þess að þetta frv. er fram komið. Það kom ekki svona skýrt fram í máli hæstv. umhvrh. Það er sett fram til að bregðast við harðri gagnrýni á störf Náttúruverndarráðs, það sagði hv. þm. Ég vil þakka fyrir að það hafi verið sagt hér og staðfest af hinu háa Alþingi. Sú gagnrýni mun hafa komið fram í einkasamtölum og annars staðar, eins og hv. þm. benti á. Það er ágætt að þetta liggi ljóst fyrir áður en málið fer til nánari umræðu í hv. umhvn.

[11:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst nú vænt um að það skuli hafa opnast fyrir hv. 12. þm. Reykn., Þórunni Sveinbjarnardóttur, að þegar frv. eru flutt á Alþingi þá er það yfirleitt vegna þess að gagnrýni hefur komið fram á þau lög sem gilda og að menn vilji breytingar.

[11:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega koma frv. fram þegar komið hefur fram einhvers konar gagnrýni á gildandi löggjöf. En ég hefði nú haldið að aðalástæða þess að menn kæmu hér fram með frv. til laga væri að að baki þeim frv. byggi vel ígrunduð yfirveguð pólitísk stefnumótun, hún bæri henni vitni en væri ekki viðbragðapólitík eins og hér er á ferðinni.

[11:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Viðbragðapólitík, það er nýtt orð. Ef læknar slá í hné á manni þá lyftist fóturinn. Viðbragðapólitík.

Ég skil ekki hvað fyrir hv. þm. vakir. Eins og ég skil frv. þá er verið að gera tvennt. Annars vegar er verið að skapa breiðari og betri grundvöll fyrir umræðu um náttúruvernd, sjálfbæra þróun og umhverfismál en verið hefur. Í öðru lagi er verið að nýta opinbera fjármuni betur og koma til móts við frjáls félagasamtök í landinu. Það er þetta sem verið er að gera.

Eins og herra forseti skildi var hv. þm. mjög þakklátur mér fyrir að ég skyldi vekja athygli á þessu. Ég skil það þá svo að hv. þm. sé mér sammála um að þetta séu holl og góð markmið og geti þess vegna eins og ég stutt frv.

[11:50]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka skýr orð hv. þm. Halldórs Blöndal þegar hann lýsir hér yfir því að verið sé að bregðast við harðri gagnrýni á Náttúruverndarráð. Sú gagnrýni hlýtur að öllu leyti að koma frá þeim sem hafa talið að Náttúruverndarráð hafi staðið fast á meiningu sinni og staðið vaktina um náttúruvernd.

Þessi skýring kom ekki svona ljóst fram hjá hæstv. umhvrh. þegar hún gerði grein fyrir frv. Það mátti með góðum vilja skilja rökstuðning hennar svo að þetta væri vegna ýmissa breytinga sem hefðu orðið í þjóðfélaginu, að lög um mat á umhverfisáhrifum hefði hleypt fleirum að, fleiri væru orðnir meðvitaðir, það ætti að víkka náttúruverndarþing yfir í umhverfisverndarþing og koma fleirum að. Allt var þetta þá svona undir einhverju rósrauðu sjali án þess að það kæmi bara skýrt fram að í Náttúruverndarráði væri of harður kjarni sem stæði vaktina of fast.

Ég er sannfærð um það, herra forseti, að ekki er hægt að flokka fólk eftir því hversu miklir náttúruverndarsinnar það er eða hversu mikið það ber hag náttúrunnar fyrir brjósti. Við gerum það örugglega öll hvert með sínum hætti. En við höfum mismunandi skyldur.

Verkefnin hafa breyst frá því að Eysteinn Jónsson var uppi, sá mikli náttúruverndarsinni. Verkefnin sem við ráðumst í, virkjanirnar, eru miklu stærri. Aðgerðirnar eru miklu róttækari. Stóriðjan er stöðugt að stækka. Það er ekkert óeðlilegt að með betri vitund og meiri árvekni og miðað við þær framkvæmdir sem á að fara í séu raddir náttúruverndarsinna háværari.

[11:52]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá eru raddir náttúruverndarsinna háværari — ég átta mig ekki alveg á hvað hv. þm. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl., á við með þeim orðum á þessum stað í ræðunni.

Húsgullsmenn á Húsavík, eru þeir ekki náttúruverndarsinnar? Eru ekki skoðanir þeirra á því hvernig eigi að vernda náttúruna jafngildar og annarra, þeirra sem hafa lagt ómælda vinnu og ómældan tíma til náttúruverndaraðgerða, til að bæta umhverfið og vakið athygli á mörgu sem miður fer í samskiptum manns og náttúru?

Er ég að upplýsa eitthvað nýtt fyrir hv. þm. og hv. 12. þm. Reykn. þegar ég segi að Húsgullsmenn hafi ekki verið ánægðir yfir því að þess væri krafist að umhverfismat færi fram þegar þeir höfðu beitt sér fyrir því að rækta upp Hólasand, þá svörtu auðn? Eða er verið að reyna að búa

til einhverja grýlu úr því að ég skuli leyfa mér að segja að ekki séu allir alsáttir við störf Náttúruverndarráðs eins og þau hafa verið? Hvað vakir fyrir þessum hv. þm.? Hafa þeir virkilega verið í þeim eigin heimi að halda að ég sé eini maðurinn sem ekki er ánægður með stefnu og yfirbragð Náttúruverndarráðs?

Hvað hafa menn utan af landi sagt, bara venjulegt fólk, náttúruverndarfólk sem hefur komið á náttúruverndarþing, hv. 5. þm. Austurl.? Hvað hafa menn sagt fyrir norðan um það í hinu nýja stóra kjördæmi? Hafa þeir verið ánægðir? Ég hef ekki orðið var við það. Mér finnst bara sjálfsagt að koma til móts við þessa gagnrýni og fagna því.

[11:54]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað eru öll mannanna verk gagnrýnisverð. Störf Náttúruverndarráðs á hverjum tíma eiga auðvitað að sæta gagnrýni eins og störf annarra nefnda og ráða. Störf ráðsins fara líka eftir þeim mönnum sem eru kjörnir í Náttúruverndarráð en það er ekki svo að þar eigi sæti einvalalið fulltrúa einstrengingslegra félagasamtaka sem ganga hvað lengst í verndun náttúrunnar. Þar er aftur á móti mjög breiður hópur mjög hæfra manna.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, eru þær framkvæmdir sem við förum í í dag, hvort sem það eru virkjanir eða uppgræðsla, skógrækt eða hvað annað, af miklum stærri toga en við höfum haft tækni til þess að fara í áður. Því er eðlilegt að viðbrögðin, hvort sem þau koma frá Náttúruverndarráði eða öðrum, séu harðari.

Hvað varðar náttúruverndarþing þá þyrfti í raun, að mínu mati, ekki að breyta því í eitthvað sem heitir umhverfisþing. Í lögunum eru tilgreindir þeir sem m.a. þurfa að eiga sæti þar, hægt væri að breikka þann hóp miklu meira og koma fleirum að. En ef telja á þá félaga í Afl fyrir Austurland, sem gengu í náttúruverndarsamtök, þ.e. í NAUST, sem fulltrúa þeirra sem hafa verið með harða gagnrýni á Náttúruverndarráð, þá skil ég vel að hv. þm. fái margar upphringingar og ábendingar.

[11:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil enn ekki hvað fyrir hv. 5. þm. Austurl., Þuríði Backman, vakir. Hún ræðir um það sem kost við Náttúruverndarráð og þing þess að þar sé breiður hópur hæfra manna. Er eitthvað að því að sá hópur sé breiðari? Hvað er að því? Ég sé ekki að neitt sé að því.

Þegar verið er að tala um það og gera lítið úr því í rauninni með því að segja að tímarnir hafi breyst, að sá starfsandi og sá sjálfsagi sem Eysteinn Jónsson tileinkaði sér sé orðinn úreltur af því tímar hafi breyst, sjónarmið séu önnur eins og hann hafi ekki fylgt nýjum tímum á stjórnmálaferli sínum, þá má auðvitað segja „þá var öldin önnur er Gaukur bjó á Stöng“. Það má auðvitað gera lítið úr því.

Aðalatriðið í þessu máli er auðvitað að umhvrh. er með þessum hætti að nýta þá peninga betur sem fara til náttúruverndarstarfa. Því eiga þingmenn að fagna.

Þingmenn eiga í öðru lagi að fagna því að þeir skuli hafa rétt til að sitja slík þing. Þegar talað er um lýðræði, er þá t.d. eðlilegt að sjálfstæðismenn eigi bara rétt á einum fulltrúa á náttúruverndarþingi en vinstri grænir einum einnig? Er það eðlileg niðurstaða? Þangað fer einn af fimm þingmönnum Vinstri grænna. Frjálslyndir fá einn, fyrir tvo, annan þeirra. En Sjálfstfl. með 26 þingmenn fær einn fulltrúa líka. Er þetta eðlilegt þegar verið er að tala um náttúruverndarmál, að loka þannig munninum á stærsta flokki landsins þegar verið er að tala um þessi viðkvæmu og viðurhlutamiklu mál?

[11:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd hefur vakið upp ýmis viðbrögð og ýmsar kenndir. Ekki hafði ég gert mér grein fyrir þeirri miklu minnimáttarkennd og þeim vanmætti sem þingflokkur Sjálfstfl. finnur fyrir í náttúruverndarmálum og honum finnist hagsmunir sínir svo fyrir borð bornir eins og hv. þm. Halldór Blöndal lýsti hér úr ræðustól áðan. Hv. þm. vill meina að Náttúruverndarráð hafi komið í veg fyrir að stefna og áherslur Sjálfstfl. í umhverfismálum hefðu náð fram að ganga og þetta gengi nú ekki lengur, eða þannig mátti skilja orð hv. þm.

Já, nú fer ég að skilja hvers vegna hæstv. umhvrh. hefur verið knúinn til þess að flytja þetta frv. um að leggja niður Náttúruverndarráð. Það hefur komið berlega fram hjá hv. ræðumönnum Sjálfstfl. að þetta hefur verið þeim mikill þyrnir í augum. Þetta hefði staðið gegn velferð í landinu. Hv. þm. Halldór Blöndal minntist á, sem ég vissi nú ekki til, að Náttúruverndarráð hefði verið mjög mikill þröskuldur fyrir stofnun álverksmiðjunnar í Straumsvík. Það má svo sem vel vera en langminni hv. þm. var mikið þegar telja skyldi upp ávirðingar á Náttúruverndarráð.

Já, herra forseti. Við kynnumst hér þeim sjónarmiðum hæstv. ríkisstjórnar, hvort sem er Sjálfstfl. eða Framsfl., þegar einhver stofnun eða þegar einhver aðili eða einhver ráð og nefndir koma ekki með þær tillögur eða þau ráð sem eru pöntuð eða koma viðkomandi valdhöfum best. Þá skal bara leggja þau niður. Og það er alveg ljóst að til þess hefur Sjálfstfl. þingstyrk með Framsfl., að leggja niður það sem honum finnst óþægilegt og gefur honum óþægileg ráð. Það þykir mikilvægara og eðlilegra, eins og hv. þm. Kristján Pálsson kom inn á í ræðu sinni, að ráðherra velji sér heldur ráðgjafa sem gefi henni ráð sem henni henti betur.

Þetta heyrum við æ ofan í æ. Það er sama hvaða stofnun er, t.d. Þjóðhagsstofnun sem kom með aðvörun um að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar væri kannski ekki alveg með þeim hætti sem ráðherrar eða starfsmenn í fjmrn. hefðu gefið henni ráð um. Þjóðhagsstofnun kom með einhver önnur sjónarmið, aðrar ábendingar. Hver voru fyrstu viðbrögðin þá, herra forseti? Fyrstu viðbrögðin voru að þetta væru ekki ráð sem menn vildu hlusta á. Og þess vegna var lagt til að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður.

Hvernig var það þegar Skipulagsstofnun kom með annan úrskurð, kom með úrskurð um Kárahnjúkavirkjun sem hún vann samkvæmt lögum, samkvæmt því mati og gögnum sem hún hafði fengið? Úrskurðurinn féll ekki í kramið hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Þess vegna var ráðist á bæði Skipulagsstofnun og þá aðila sem hún hafði þar verið að leita faglegrar umsagnar hjá og látið að því liggja að hún starfaði ekki samkvæmt lögum, og heldur betur yrði að taka í hnakkadrambið á þeirri stofnun. Mikið má vera ef ekki birtist frv. um að leggja hana líka niður.

Þetta eru viðbrögðin. Í ræðum hv. þm., bæði hv. þm. Kristjáns Pálssonar og hv. þm. Halldórs Blöndals, kom skýrt fram hver ástæðan er til að leggja Náttúruverndarráð niður. Báðir hv. þm. vísuðu til þess að í Náttúruverndarráði sætu einhverjir öfgamenn, þar kæmu inn öfgamenn, og inn á náttúruverndarþing kæmu öfgamenn. Og hverjir

skyldu nú skipa þessa öfgamenn í stjórn Náttúruverndarráðs samkvæmt orðum hv. þingmanna? Jú, umhvrh. skipar fimm þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fjóra að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hefur Náttúrufræðistofnun Íslands einhverjar hvatir til þess að vera að skipa einhverja öfgamenn til þess að fara með þessi ráð?

Háskóli Íslands skipar mann í Náttúruverndarráð. Hefur Háskóli Íslands einhver tilefni eða hagsmuni af því að vera að tilnefna einhverja öfgamenn í Náttúruverndarráð eins og hv. þm. vilja skilgreina?

Bændasamtök Íslands, hvaða hagsmuni ættu þau eiginlega að hafa af því að vera að skipa einhverja öfgamenn? (**HBl:** Skólastjórinn á Hólum þekkir það nú.) Skólastjórinn á — meira að segja fyrrverandi skólstjóri á Hólum mundi líka telja að hann gæti skipað fólk í þetta ráð og vildi ógjarnan hlusta á það frá hv. þm. að hann hefði þá verið að skipa einhverja öfgamenn, að hv. þm. væru að væna virðuleg samtök hér sem geta ekki varið sig fyrir því að þau séu að gera einhverjum öfgasamtökum hátt undir höfði samkvæmt skilgreiningu hv. þm.

Ferðamálaráð, hvaða hagsmuni ætti Ferðamálaráð sem skipar í stjórn Náttúruverndarráðs að hafa af því að skipa einhverja öfgamenn sem mundu vekja þær kenndir að kjósendur hv. þm. Halldórs Blöndals í Norðurl. e. færu að hringja í hann þannig að honum yrði ekki svefnsamt, hringja í hann og vekja hjá honum óróa?

Hvaða hagsmuni ættu þessir aðilar sem tilnefna í Náttúruverndarráð og sem hér var verið að ráðast á að hafa af því sem verið er að væna þá um? Hvers vegna ættu þessir aðilar að ganga erinda einhverra sem ástunda skemmdarstarfsemi eins og hv. þingmenn hafa verið að láta liggja að, hvaða hagsmuni ættu þeir að hafa af því?

Ég bara frábið mér, herra forseti, svona málflutning á Alþingi þar sem verið er að væna virðuleg samtök á Íslandi um að þau séu að vinna hér einhver skemmdarverk eins og hv. þingmenn hafa verið að láta að liggja.

Nei, herra forseti. Málið er bara klárt. Það liggur ósköp hreint fyrir. Náttúruverndarráð hefur ekki gefið þau ráð, hefur ekki gefið einhliða og hallelúja-kórs-yfirlýsingar til hæstv. ráðherra, til hæstv. umhvrh., til hæstv. ráðherra Sjálfstfl. og Framsfl., ekki gefið þau ráð sem voru þeim þóknanleg. Það er sú einfalda ástæða sem liggur til grundvallar því að leggja þetta ráð niður enda hefur það komið ósköp skýrt fram hjá þeim hv. þm. sem hér hafa verið að aðstoða hæstv. umhvrh. við að mæla fyrir þessu frv., og fannst greinilega hæstv. ráðherrann gera það heldur slælega og koma þessu ekki hreint til skila: Við viljum ekki hafa þetta Náttúruverndarráð. Það getur hugsanlega haft skoðanir sem ganga þvert á vilja okkar. Þess vegna viljum við að það verði lagt niður eins og annað, eins og Þjóðhagsstofnun, eins og önnur ráð sem eru okkur ekki þénanleg. Þetta er nú lýðræðið sem við eigum hér að hlusta á, herra forseti. Og mér þykir þetta dapurt.

[12:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er gamall kerfiskarl og búinn að stjórna skólanum á Hólum með miklum ágætum og ég er alveg handviss um að hann hefði ekki liðið einn einasta öfgamann inni á kennarastofunni hjá sér. Það er svo aftur annað mál að allar skoðanir eiga rétt á sér. Og þegar kemur að því að vinna saman að heill stofnunar, eins og t.d. skólans á Hólum, þurfa menn að geta unnið saman. Menn þurfa ekki bara að geta verið á móti eða verið að koma með sínar skoðanir, menn þurfa líka að geta sest niður og náð niðurstöðu. Og það er það sem brást.

Aðeins varðandi Skipulagsstofnun ríkisins af því að hv. þm. kom inn á að ekki hefði verið nægilega góður úrskurður frá Skipulagsstofnun ríkisins. Það verður bara að segjast eins og er með Skipulagsstofnun að hún fór langt út fyrir sitt valdsvið, að mínu áliti, og felldi úrskurð sem í raun var ekki í takt við lögin um mat á umhverfisáhrifum. Hún felldi þann úrskurð að ekki væri hægt að fallast á framkvæmdina vegna þess að gögn skorti. Í lögunum um mat á umhverfisáhrifum er það skylda Skipulagsstofnunar ríkisins að afla þeirra gagna sem hún telur nauðsynleg til að hún geti fellt úrskurð, ekki að fella úrskurð á þeirri forsendu að ekki sé hægt að gera það út af skorti á gögnum. Að þessu leyti var mjög eðlilegt og í rauninni nauðsynlegt að gagnrýni kæmi fram á störf Skipulagsstofnunar ríkisins, og það eru full rök fyrir þeirri gagnrýni sem komið hafa fram á þá stofnun.

Það á svo eftir að koma í ljós hvernig hæstv. umhvrh. metur þennan úrskurð. Ég yrði ekki hissa þótt sá úrskurður yrði metinn ógildur af þeirri einu ástæðu, fyrst og fremst, að hann stenst ekki lög.

[12:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem allt í lagi að draga skólastjórn mína á Hólum inn í umræðuna. Ég telst reyndar ekki skólastjóri lengur og ég mundi ekki heldur leggja það í vana minn að vera að væna menn um annað en að þeir reyndu að sinna hverju starfi sem best á hverjum tíma.

En ég, herra forseti, sest ekki í það dómarasæti sem hv. þm. Kristján Pálsson gerir hér í ræðustól, að kveða upp úr með að Skipulagsstofnun hafi ekki farið að lögum og hún hafi farið út fyrir lögsvið sitt o.s.frv. Hún vinnur sitt verk eins vel og hún getur og ég frábið mér að hér komi einhver og geti verið dómari í málum og dæmt um hver hafi farið að lögum og hver hafi nú ekki farið að lögum með þeim hætti sem hv. þm. gerði hér.

Hitt er ljóst, og hv. þm. bar ekkert á móti, að meginástæða fyrir því að flytja þetta frv. hér er að ráðið gaf ekki þau ráð og umsagnir sem hentuðu í það og það skiptið. Og það er óbreytt. Og kannski, herra forseti, að hv. þm. geti upplýst um hvað standi næst til að leggja niður sem ekki er ríkisstjórnarflokkunum þénugt, gefur ráð sem ekki passa, því mér sýnist af framgöngu hv. þm. Sjálfstfl. hér að þeir séu greinilega í þeim ham að leggja niður ráð og stofnanir sem gefa ekki þau ráð sem henta sjónarmiðum þeirra.

[12:11]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er alls ekkert á móti þeim breytingum sem verið er að leggja til hér, að leggja niður Náttúruverndarráð ríkisins. Ég hef a.m.k. ekki heyrt það. Og að náttúruverndarþing verði sett upp á tveggja ára fresti. Það er út af fyrir sig kjarni þess frv. sem hér er til umræðu.

Mér hefur heyrst — af því að hv. þm. talar um að við eigum ekki að setjast hér í dómarasæti yfir stofnunum ríkisins — sem hv. þm. Vinstri grænna hafi verið að fella dóma um öll möguleg mál og verið á móti nánast öllu því sem menn hafa hugsað sér að gera í þessu landi sem varðar t.d. umhverfismál, stóriðju, framkvæmdir yfir höfuð, þannig að þeir hafa verið hér í dómarasæti alla daga.

Það er því ekkert óeðlilegt þótt þingmenn Sjálfstfl. hafi skoðun á því hvernig Skipulagsstofnun ríkisins fer með vald

sitt og hvort sú stofnun fari að lögum eða ekki. Það hlýtur að vera hlutverk okkar að reyna að kafa ofan í það. Ég hef gert það sjálfur. Ég hef kafað ofan í það og ég segi að þar fór Skipulagsstofnun ríkisins langt út fyrir heimildir sínar samkvæmt lögum, eða fullnægði ekki heimildum sínum samkvæmt lögum. Og því mótmæli ég að sjálfsögðu.

Ég, herra forseti, ætla ekki að fara að teygja lopann. Ég ætla bara að minna á að ríkisstjórnin hefur að mörgu leyti reynt að fara þá leið að auka frjálsræði og efla stofnanir, gera þær sjálfstæðari og efla þær. Þar er Seðlabanki Íslands gott dæmi. Seðlabankinn hefur verið efldur og hann hefur það sjálfstæði núna að stjórna peningamálum landsins og það reynir (Forseti hringir.) verulega á hvernig það gengur. Ég er yfirleitt á þeirri línu að það eigi að styrkja stofnanir frekar en að veikja. En auðvitað getur komið (Forseti hringir.) að því að það eigi ekki rétt á sér.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti minnir hv. þingmenn á að virða tímamörk.)

[12:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek aftur athygli á því að hv. þm. Kristján Pálsson stendur hér og þykist dæma um hvað er rétt og ekki rétt gagnvart lögum. Það er að mínu viti ekki passandi.

Varðandi þetta frv. hér geta rök fyrir breytingum ávallt verið fyrir hendi og þá eru þau rök færð fram. Þau rök sem hér hafa verið færð fram fyrir því að leggja Náttúruverndarráð niður eru alfarið þau að ráðið hafi ekki með einum hug gefið þau ráð og umsagnir sem hentuðu stjórnvöldum í ákveðnum málum. Það eru einu rökin sem hér hafa verið færð fram og ég mótmæli því, herra forseti, að hægt sé að taka slík rök gild í lýðræðisþjóðfélagi.

[12:15]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Jón Bjarnason, sagði að ég hefði skilgreint einhver félagasamtök sem öfgasamtök í ræðu minni og ég hefði notað orðið öfgamenn um einhverja þá sem vilja vinna að náttúruverndarstörfum, í ræðu minni áðan. Ég vil óska eftir því að hv. þm. útskýri hvað fyrir honum vakir. Ég notaði ekki þetta orð svo ég muni.

Ég vil líka spyrja hv. þm.: Hvaða samtök skilgreindi ég sem öfgasamtök? Skilgreindi ég Bændasamtökin sem öfgasamtök? Ég man ekki eftir því. Það er svolítið erfitt að hafa skoðanaskipti við suma þingmenn Vinstri grænna vegna þess að þeir kjósa að haga málflutningi sínum á þann hátt að taka sér í munn stóryrði sem ekkert stendur á bak við, nákvæmlega ekki neitt, eins og hjá hv. þm. í þessu dæmi.

Svo við tökum annað dæmi. Þegar hann er að tala um að við viljum að það standi hér til að leggja niður náttúruverndarþing, þá mátti auðvitað hugsa sér það að breyta skipan náttúruverndarþings og skipa það með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Umhvrh. kaus hins vegar að skipta um nafn á þessum vettvangi fyrir skoðanaskipti um umhverfismál, sennilega til þess að hafa skilin gleggri. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að þetta umræðuþing heldur áfram, það er einungis víðara samkvæmt frv. en áður og fleiri fá að sækja það en áður.

[12:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera rétt hjá hv. þm. að hann hafi ekki notað — hann ætti að vita það best sjálfur — orðið öfgamaður. Hafi ég vitnað til þess og hann ekki sagt það þá biðst ég afsökunar á því þó að mér hafi fundist umræðan leiða út í þá skilgreiningu. Ég biðst afsökunar á því ef svo er.

Eftir stendur að hv. þm. vitnaði einmitt í og taldi upp þá sem skipuðu stjórn Náttúruverndarráðs samkvæmt lögum og hafði ekkert sérlega virðuleg orð um það hlutverk umhvrh. að hann skipaði það. Hann sagði: „ef skipa mætti kalla", eitthvað í þá veruna. Það tel ég mig muna nokkurn veginn alveg rétt. Sú virðulega nálgun að skipaninni og þeirra orða sem eftir fóru lá því alveg ljós fyrir að mínu mati í orðfæri hv. þm. Þar eru upp taldir fulltrúar að tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands og Ferðamálaráðs. Ég tel að allir þessir aðilar hafi fulla sæmd og geti skipað þetta ráð.

Eftir stendur, herra forseti, að meginrökin fyrir því að leggja Náttúruverndarráð niður eru, eins og hér hefur svo rækilega komið fram og það einnig hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að ráðið hafi með ályktunum sínum og ráðum ekki verið stjórnvöldum þénugt.

[12:19]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að Náttúruverndarráð hefði ekki komið að gagni. Ég sagði að sá gæti ekki komið til ráðgjafar, til þess að ráðgjöfin sé heil, sem ekki hefur fullan trúnað og ekki sýnir fullan trúnað. Þess vegna var ég að segja að eins og þessi lög eru orðuð hér, 9. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Náttúruverndarráð skal stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál."

Þessi tilgangur laganna er augljós eftir orðanna hljóðan þeim sem skilja mælt mál en kalla ekki náttúruverndarsinna öfgasinna eins og hv. þm. gerði áðan. Af þessu er ljóst til hvers er ætlast af ráðgjafanum. Nú hefur Náttúruverndarráð stundum haft skiptar skoðanir á hinum ýmsu málum. Samt sem áður hefur meiri hlutinn verið mjög harðorður í sínum yfirlýsingum. Ég hef ekkert á móti því að menn lýsi skoðunum sínum en þá hefði verið eðlilegra að þarna stæði að stofnunin skyldi gefa álit eða að stjórnvöld leituðu álits hjá henni. Sá sem á að vera til ráðgjafar verður að sýna trúnað, bæði meðan á málsmeðferð stendur og líka eftir á því að það er ekki hægt að hafa ráðgjafa sem ekki er trúverðugur.

Þetta á hv. þm. að skilja. Hann hefur sjálfur staðið fyrir opinberri stofnun. Hann hefur verið skólastjóri á Hólum. Auðvitað veit hann að þar er nemendaráð og vitanlega varð hann að sýna nemendaráðinu fullan trúnað og fullan skilning. Með sama hætti kemur nemendaráðið ekki sínu til skila nema það sé hollt í leiðbeiningum sínum og viðtölum við skólastjórann. Þetta er bara lítið dæmi.

Ég er að segja að það kemur nýr vettvangur í staðinn fyrir gamlan, umhverfisþing í staðinn fyrir náttúruverndarþing. Það mun hafa breiðari grundvöll og fleiri munu geta sótt það.

[12:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal dregur hér nýtt atriði inn í umræðuna, þ.e. að einstakir stjórnarmenn eða aðilar að Náttúruverndarráði hafi ekki verið heilir í umfjöllun sinni og ráðgjöf. Ég þekki það ekki. (**HBl:** Ég sagði þetta ekki svona. Það er betra að hafa gott minni ef maður er að vitna í það sem aðrir hafa sagt.) Herra forseti. Ég held að hv. þm. geti illa skotist undan því að gera sér grein fyrir því sem

hann sagði. Hann fylgdi því síðan eftir í andsvari hve mikilvægt það væri fyrir ráð og nefndir sem væru til ráðgjafar við stjórn stofnana eða fyrirtækja, að fullur trúnaður og heilindi væri þar í milli til þess að það gæti gengið upp. Ég tel mig vitna nokkuð orðrétt til þeirra orða hv. þm.

Ég vil líka benda á, herra forseti, að hv. þm. er að vísa til ákveðins umræðuefnis, þ.e. nauðsynjar þess að leggja niður Náttúruverndarráð. Þá verður að skoða þessi ummæli í því ljósi. Ég bara ítreka það, herra forseti, að ég mótmæli þeim rökum fyrir því að leggja Náttúruverndarráð niður að það veiti ekki ráð sín af fullum heilindum til ráðherra eða ríkisstjórnar. *Ég mótmæli því að það sé haft sem meginrök* fyrir þessari lagabreytingu.

[12:23]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér er rætt um frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Ég ætla ekki að falla í þau hjólför sem menn hafa spólað í að undanförnu í þessari umræðu, þ.e. að karpa um hverjir séu öfgamenn, hverjir séu óþægilegir í umræðunni o.s.frv. Mér finnst þessari umræðu ekki til framdráttar að menn spóli í slíku hjólfari. Ég held hins vegar að það skipti máli að efla málefnalega umfjöllun um umhverfismál almennt.

Ég þykist vita að mikill almennur áhugi sé í landinu fyrir þessum málaflokki hvort sem um er að ræða náttúruvernd eða eitthvað annað sem lýtur að umhverfismálum.

Í frv. sem hér er til umræðu er kannski stærsti liðurinn sá að lagt er til að leggja niður Náttúruverndarráð. Því fylgir að verið er að vinna að því að efla og styrkja vettvang frjálsra félagasamtaka sem láta umhverfismál til sín taka og að þau félagasamtök sem til eru — þeim hefur fjölgað mjög undanfarin ár í þessum málaflokki — taki að hluta til til sín verkefni Náttúruverndarráðs í umfjöllun um umhverfismál. Síðan er lagt til að byggt verði upp umhverfisþing.

Síðan kemur fram í frv. að í stað þess að ríkissjóður leggi til Náttúruverndarráðs tilteknar milljónir til að standa undir starfsemi þess, verði þeim fjármunum að hluta til varið til frjálsra félagasamtaka. Ég tel þetta mjög til bóta og í raun eðlilega framþróun í þessum málum.

Það hefur margoft komið fram í umræðum um umhverfismál að þessum félagasamtökum hefur farið fjölgandi og þau hafa verulega látið til sín taka. Þess vegna er jákvætt og eðlilegt að styrkja þau til þess að fjalla um þessi mál og byggja upp eðlilegt og faglegt samstarf milli félagasamtakanna og stjórnvalda um umhverfismálin. Það er mín skoðun að þannig takist okkur best að efla málefnalega umræðu um umhverfismálin þjóðinni til farsældar til framtíðar, því að það er það sem skiptir máli.

Í frv. er lagt til að byggt verði upp umhverfisþing þar sem koma að ýmsir aðilar til að fjalla um umhverfismál á víðum grundvelli, um umhverfismál og náttúruvernd og sjálfbæra þróun, sem er eitt af grundvallaratriðum okkar þjóðar til framtíðar, þ.e. að nýting náttúruauðlinda verði sjálfbær, og síðan verði fjallað um aðgerðaáætlun um sjálfbæra þróun. Ég tel að þetta sé mjög málefnalegt og af metnaði lagt fram af hæstv. umhvrh.

Segja má, eins og reyndar hefur komið fram í þessari umræðu, að ýmsar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi Náttúruverndarráðs frá því að það var stofnað á sínum tíma. Hér hafa komið til ýmsar ríkisstofnanir, m.a. Náttúruvernd ríkisins sem er stór og öflug stofnun sem fjallar um umhverfismál og það hafa orðið ýmsar aðrar breytingar á þessum vettvangi fyrir utan þessi félagasamtök sem hafa sprottið upp eins og ég nefndi áður. Því er það ekki neitt náttúrulögmál að ekki megi hrófla við skipan þessara mála, að ekki megi hrófla við Náttúruverndarráði, t.d. miðað við þær breytingar sem orðið hafa. Við verðum að vera opin fyrir því að gera þær breytingar sem við teljum eðlilegar og nauðsynlegar til framdráttar þeim málflokki sem hér um ræðir, umhverfismálunum. Það er skylda okkar að gera það.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að falla í það hjólfar að karpa um hverjir séu öfgamenn og hverjir ekki. Ég vil hins vegar segja að mér finnst stjórnarandstaðan í *umræðunni hafa gert hæstv. umhvrh. upp forsendur fyrir frv.* Þar hafa hv. þm. stjórnarandstöðunnar lagt til grundvallar það sem fram hefur komið hjá öðrum stjórnarþingmönnum. Ég vil leyfa mér að vara menn við því að falla í slíkar gryfjur. Í framsögu hæstv. ráðherra færði hún fullkomin rök fyrir frv. Ég sé enga ástæðu til að hv. þm. stjórnarandstöðunnar leggi sig fram um að snúa út úr þeim forsendum sem hæstv. ráðherra lagði til, út frá umræðu sem hefur verið hér í morgun. Hæstv. ráðherra ber fram frv. og hún hefur gert grein fyrir forsendum þess. Því er alger óþarfi fyrir hv. þm. að snúa út úr því.

Mér hefur fundist hv. þm. Samfylkingar nálgast málið með jákvæðari afstöðu, með ábendingum um einstök atriði sem fjalla þarf um í umhvn. og að sjálfsögðu gerum við það. Ég tók eftir því að einn hv. þm. Vinstri grænna fann hálmstrá þannig að hann gæti verið á móti, sem er þeirra háttur, þ.e. að fyrst beri að staðfesta Árósasamninginn. Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera lítið úr þeirri afstöðu, en mér finnst, svo ég leggi mat á það, það kannski ekki fullkomin ástæða til þess að fresta þessu máli. Ég er ekki sammála því.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um frv. Ég *vil bara ítreka að mér finnst í frv. lögð til fullkomlega* málefnaleg og eðlileg þróun mála, þ.e. að leggja niður Náttúruverndarráð, efla frjáls félagasamtök sem fjalla um umhverfismál og efla umhverfisþing, þar sem hinir ýmsu aðilar munu koma að málum varðandi umfjöllun um umhverfismál. Ég held að þannig takist okkur að efla málefnalega umræðu um umhverfismálin. Að því eigum við auðvitað að stefna og að því er hæstv. umhvrh. að vinna með framlagningu þessa frv.

[12:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hv. þm. Magnús Stefánsson kom með um að framsóknarmenn ætluðu að fara að efla og víkka út umræðuna um umhverfismál. Það er verulegt fagnaðarefni. Ég vona að það gerist með frjóum hætti.

Það sem vakti athygli mína, herra forseti, voru þau orð hv. þm. að ekki væri samhljómur milli rökstuðnings hæstv. umhvrh. fyrir frv. og þeirra hv. þm. Sjálfstfl. sem hér hafa beitt sér mjög ákaft í umræðunni um nauðsyn þess að leggja Náttúruverndarráð niður. Rökin sem þeir færðu voru alveg skýr, að Náttúruverndarráð hefði ekki gefið þau ráð eða þær umsagnir sem væru stjórnvöldum þénug. En hitt er alveg hárrétt hjá hv. þm. að hæstv. ráðherra gat þess ekki í framsögu sinni.

Ég leyfi mér að spyrja: Er ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um rökstuðning og tilurð þessa frv.? Eins og hann birtist hér í þingsölum er greinilega um grundvallarágreining að ræða.

[12:32]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn grundvallarágreiningur um þetta mál. Hv. þm. hafa auðvitað leyfi til að lýsa persónulegum skoðunum sínum um einstök atriði, en það er enginn ágreiningur um þetta mál. Hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir tilurð frv. og hefur gert grein fyrir því og það er enginn ágreiningur í þeim efnum meðal stjórnarliða. Hins vegar geta hv. þm., eins og ég sagði, lýst persónulegum skoðunum sínum um einstök atriði og við höfum svo sem heyrt það hér í morgun. En af því að hv. þm. spyr um það, þá er enginn ágreiningur um þetta mál meðal stjórnarliða.

[12:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til að ítreka — það stendur þá eftir að sú meginröksemd fyrir þessari aðgerð nú, að leggja Náttúruverndarráð niður, er sú að starfsemi þess og ráð hafa ekki verið stjórnvöldum þóknanleg.

[12:33]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vinstri grænna eru æði duglegir við að snúa hlutunum á hvolf og snúa hlutunum eins og þeim þóknast.

Ég vil bara ítreka það að hæstv. umhvrh. hefur gert grein fyrir frv. Ráðherrann gerði grein fyrir forsendum frv. og það er engin ástæða til þess fyrir hv. þm. að snúa út úr því, það liggur allt fyrir. Og ég vísa því alfarið á bug sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ástæða frv. sé sú sem hann bar hér upp.

[12:34]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Aðeins örfá orð í lokin. Þetta hefur verið mjög áhugaverð umræða og þá sérstaklega eftir að hafa hlustað á hæstv. umhvrh. flytja mál sitt og skýringar sínar á tilurð þeirra frv. sem hér liggja frammi og síðan að hlusta á fulltrúa Sjálfstfl. skýra frá hugmyndum sínum um tilurð þessa frv. Það er nokkuð breitt bil þarna á milli.

Það verð ég að segja að þó að sýnin geti verið skýr hjá báðum flokkunum, þá eru forsendurnar mjög ólíkar. Mér þykja forsendur framsóknarmanna í þessu máli miklu geðslegri en forsendur þeirra hv. þm. Sjálfstfl. sem hér hafa talað. En auðvitað geta báðar forsendurnar legið hér að baki. Það er bara grafalvarlegt mál ef verið er að leggja niður ráð og stofnanir vegna þess eins að fram kemur gagnrýni eða leiðbeiningar til hæstv. ríkisstjórnar sem henni hugnast ekki, passa ekki, þá séu viðkomandi ráð eða stofnanir lagðar niður.

Ég ætla að vona að þegar málið verður skoðað í hv. umhvn. þá verði það haft að meginmarkmiði að styrkja frjáls félagasamtök og efla lýðræðið og að skoðanir frjálsra félagasamtaka eigi greiðan aðgang að stjórnsýslunni. Ég vil mótmæla því að Náttúruverndarráð verði lagt niður á þeirri forsendu að það sé öfgasamtök. Það er það ekki að mínu mati.

Ef Náttúruverndarráð hefur uppfyllt þau skilyrði og unnið samkvæmt þeim lögum sem það byggir á, þá er það gott. Við höfum auðvitað mismunandi skoðanir á því hversu hörð afstaða Náttúruverndarráðs hefur verið í einstaka málum. En að mínu mati hefur það eingöngu verið að vinna sitt starf.

Ég vil því hvetja til þess að allt þetta mál verði skoðað vel og einnig með tilliti til þeirra mismunandi sjónarmiða sem hér hafa komið fram. Auðvitað er það rétt að hver og einn þingmaður, eins og hver og einn Íslendingur, ber náttúruvernd fyrir brjósti. Við höfum þessa kennd, bara mismunandi sterka. En eitt er víst að flokkarnir gera náttúruvernd misjafnlega hátt undir höfði í markmiðum sínum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er flokkur sem hefur sett náttúruvernd og umhverfisvernd mjög ofarlega í stefnuskrá sinni og hún er í raun og veru einn af þremur stólpum hreyfingar okkar og það er eðlilegt að við beitum okkur hér í þingsölum alveg sérstaklega þegar mál sem snúa að náttúruvernd koma inn á okkar borð.

[12:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef oft orðið var við það hjá þingmönnum Vinstri grænna að þeir eru að gefa öðrum þingmönnum eða málflutningi þeirra einkunnir. Hv. 5. þm. Austurl., Þuríður Backman, komst að orði eitthvað á þá leið að sér fyndist forsendur framsóknarmanna geðslegri en forsendur sjálfstæðismanna. Þetta er svona huglægt orð sem menn nota þegar þeir af einhverjum ástæðum treysta sér ekki, gæti maður haldið, til skoðanaskipta á eðlilegum grundvelli.

Ég kannast heldur ekki við að ég hafi haldið því fram að leggja eigi eitt eða annað niður ef einstökum ráðherra hugnast ekki skoðanir einhverrar stofnunar eða einhvers ráðs. Það hef ég ekki sagt og það hefur aldrei verið mín hugsun. Það sem ég hef sagt er að ef Náttúruverndarráð á að vera til ráðuneytis hlýtur það að eiga trúnað og vilja sýna trúnað. Ef leita á eftir skoðunum og áliti Náttúruverndarráðs, þá á það að standa í lögunum. Þá á að gera það þannig og hafa lögin í samræmi við reynsluna og í samræmi við það sem menn vilja, en ekki að skrifa í lög hluti eða orð sem menn vilja ekki standa við.

Í annan stað man ég ekki eftir því að ég hafi sagt að Náttúruverndarráð væri öfgasamtök. Ég kannast ekki við það. Þetta er enn eitt orðið sem er búið til til að komast hjá umræðu. Það sem ég sagði var að ég vildi breikka umræðugrundvöllinn um náttúruverndarmál, umhverfismál og sjálfbæra þróun. Þess vegna fagna ég frv. Ég vil að opinberir fjármunir nýtist betur og ég vil styðja frjáls félagasamtök á þessu sviði.

[12:41]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er rétt hjá hv. þm. Ég nefndi hvorugan á nafn, hvorki hv. þm. Halldór Blöndal né hv. þm. Kristján Pálsson, en það var hv. þm. Kristján Pálsson sem sagði Náttúruverndarráð vera öfgafull samtök að ýmsu leyti. Það gerði hv. þm. Halldór Blöndal aftur á móti ekki. En hann sagði að brugðist væri við harðri gagnrýni á Náttúruverndarráð. Og þessi harða gagnrýni er, ef ég tók rétt eftir, vegna þess að Náttúruverndarráð hafi ekki sýnt sáttarþel.

En, herra forseti, það þarf þá að vera sáttarþel hjá báðum aðilum. Það er ekki nóg að sáttarþelið sé eingöngu hjá öðrum aðilanum.

Ég gaf þar af leiðandi framsögu og útlistunum hæstv. umhvrh. og framsóknarmanna þau ummæli að mér þættu þau geðslegri en þeirra sjálfstæðismanna sem hér hefðu talað, því mér fannst að í máli framsóknarmanna kæmu þau rök fram að þessar breytingar væru til þess að efla frjáls félög náttúruverndarsamtaka. Þegar öllu er á botninn hvolft, hvernig sem við lítum á þetta, þá heyri ég það nú hjá öllum að það á að vera markmið breytinganna og vonandi verður því takmarki náð, þ.e. að við eflum frjáls félagasamtök á náttúruverndarsviði.

[12:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gengur illa að fá þingmenn Vinstri grænna til að svara því hvort þeir vilji hafa skipan umhverfisþings með þeim hætti sem segir í 4. grein. Nú skiptir ekki máli hvað þetta þing heitir, hvort það heitir umhverfisþing eða náttúruverndarþing eins og ég sagði áður, ég er að tala um skipan þingsins, skipan þessa umræðuþings. Og ég hef sagt að náttúruverndarþingið eins og það er ákveðið í lögum sé of þröngt. Það er það sem ég hef verið að tala um. Þess vegna þykir mér undarlegt að þingmenn Vinstri grænna sem eru að tala um að þeir vilji opna umræðu um umhverfismál í þjóðfélaginu skuli ekki fagna því að opna eigi leið fleiri aðila inn á slíkt þing. Ég er satt að segja mjög undrandi á því að þingmenn Vinstri grænna skuli ekki gera það.

Í annan stað er nú ekki nýtt að sumir stjórnmálamenn skuli vilja bregðast við gagnrýni úti í þjóðfélaginu. Ég vona að ég verði aldrei svo mosagróinn hér að ég hugsi ekki um þá gagnrýni sem berst úr þjóðfélaginu hingað inn í þennan sal. Það ætla ég að vona ekki.

Í þriðja lagi. Það má nú vel sjá það á borgarstjórn Reykjavíkur eftir að R-listinn kom til starfa á eftir Sjálfstfl. hvorir eru meiri umhverfissinnar á höfuðborgarsvæðinu, Sjálfstfl. þegar hann var við völd eða Vinstri grænir. Við sjáum hvað er að gerast nú, þá hörðu gagnrýni sem dynur á borgarstjóra og borgarstjórnarmeirihlutanum vegna þess hvernig þeir ganga um land höfuðborgarinnar. Það er svo sannarlega ekki til eftirbreytni og slíkur sóðaskapur í umhverfismálum hefur aldrei komið fyrir í áratugasögu Sjálfstfl. í meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur. (**JB:** Við stjórnum ekki borginni.)

[12:45]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni fór ég yfir fyrirhugaðar lagabreytingar og fagna auðvitað því að fleiri eigi að koma að þessum málum. Ég hef ekkert við það að athuga að skoðað verði vandlega hvernig hægt sé að efla frjáls félagasamtök og náttúruverndarþingið, hvort sem það heitir náttúruverndarþing eða umhverfisverndarþing. Ég er fylgjandi því að það verði styrkt og eflt. Það ber auðvitað að skoða og ég ætla að vona að það verði gert í hv. umhvn. Ég fagna því ef hægt er að styrkja það þing. Við skulum vísa til því umhvn. að það verði skoðað rækilega en ég styð það vitanlega að náttúruverndarþing, umhverfisverndarþing eða hvaða nafni sem við nefnum þann vettvang, verði styrkt.

Hvað R-listann í Reykjavík varðar þá ætla ég ekki að svara fyrir hann. En það er alveg sama hvaða bæjarstjórn, borgarstjórn, sveitarstjórn er við völd, okkur ber öllum að vinna samkvæmt Staðardagskrá 21. Við eigum að vinna að sjálfbærri þróun. Það eiga sveitarfélögin að gera. Það eigum við á þingi að gera og það á ríkisstjórnin að gera.

[12:47]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp í stuttu andsvari til að gera athugasemdir við ummæli hv. þm. Þuríðar Backman sem hún lét falla hér áðan. Hún lét þess getið að ástæða þess að til stæði að leggja niður Náttúruverndarráð væri annarleg afstaða ráðamanna sem hefðu það eitt að markmiði að fótumtroða lýðræðið, ef ég skildi hana rétt, þ.e. ef þeim mislíkaði eitthvað í þjóðfélaginu þá færu þeir einatt þá leið að leggja niður stofnanir sem á einhvern hátt hefðu móðgað þá. Þetta er náttúrlega ótrúlegur útúrsnúningur og sem á eiginlega ekki að heyrast. Hér eru þingsalir notaðir til þess að enduróma bábiljur í þjóðfélaginu sem eru byggðar á þvílíkri rökleysu að engu tali tekur.

Í athugasemdum með þessu lagafrv. stendur að tilgangurinn með því sé að styrkja frjáls félagasamtök. Þar segir orðrétt:

„Telja verður rétt að frjáls félagasamtök um umhverfismál hafi það hlutverk að halda uppi gagnrýnni umræðu sem nýtast mundi stjórnvöldum í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál. Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur starfrækt sérstakt ráðgefandi ráð, Náttúruverndarráð, en í stað þess yrðu samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka styrkt og þeim fundinn skýr farvegur."

Ég mótmæli einnig því sem fram kom í málflutningi umræddsins hv. þm. er hún gerði lítið úr því góða starfi sem unnið hefur verið innan ríkisstjórnarinnar og sérstaklega umhvrn., sem felst í að koma umhverfismálum í betri farveg.

[12:48]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona að ekki sé hægt að túlka orð mín svo að ég sé að gera lítið úr mörgu af því góða sem gert hefur verið í umhvrn. undir stjórn núv. hæstv. umhvrh. Vissulega hefur margt gott verið gert, það er ekki verið að deila á það. Við erum að ræða hér ákveðnar lagabreytingar.

Ég er ekkert að vitna í fólk úti í bæ og einhverjar sögusagnir heldur eingöngu að taka upp orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar sem nefndi alveg skýrt hér hvers vegna leggja þyrfti niður þetta ráð. Eins má bara vísa til verka ríkisstjórnarinnar. Það þarf ekki að sækja í sögusagnir úti í bæ.

[12:49]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mig langar að bregðast við orðum hv. þm. Þuríðar Backman, 5. þm. Austurl. Henni og öðrum vinstri grænum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu hefur verið það mjög ofarlega í huga að nefna öfgasamtök í nánast öllum ræðum sínum út og suður. Allt í einu hafa öll samtök sem starfa að náttúruvernd nánast orðið öfgasamtök þegar þau tala um þetta mál.

Það sem ég sagði um öfga í þessari umræðu í upphafi máls míns var að ýmsar öfgafullar skoðanir hefðu komið fram í Náttúruverndarráði og truflað það starf sem Náttúruverndarráð á að sinna sem ráðgefandi aðili fyrir hið opinbera, fyrir stjórnvöld. Ég sagði að það væri ástæðan fyrir því að breyta þyrfti þessu fyrirkomulagi þannig að hægt væri að setja upp ráðgefandi stofnun sem væri trú ráðherranum, þ.e. sem stjórnvöld gætu leitað til, eins og komið hefur fram í þessari umræðu, án þess að það sé borið á torg og afvegaleitt eða endurflutt í fjölmiðlum jafnóðum. Það er mergurinn málsins.

Ég var ekki að segja að allir í Náttúruverndarráði væru öfgamenn eða starfsemin hefði öll verið öfgafull. Þar hafa hins vegar komið upp öfgafullar skoðanir. Ég skrifaði það meira að segja niður hjá mér, að það hefðu verið öfgafull sjónarmið sem hefðu hamlað gagnsemi Náttúruverndarráðs á undanförnum árum.

Mér finnst að það þurfi að koma skýrt fram hérna nákvæmlega hvað menn meina þegar þeir tala um öfga, en afvegaleiða ekki umræðuna eða afflytja hana, eins og vinstri grænir gera hér í þingsalnum og herma upp á nánast öll önnur samtök sem standa að náttúruvernd í landinu.

[12:52]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem lítil ástæða til þess að karpa um þetta. Við erum hér að tala um Náttúruverndarráð. Við vorum ekki að tala um öll samtök, náttúruverndarfélög eða önnur félög sem vinna að náttúruverndarmálum. Við vorum eingöngu að tala um Náttúruverndarráð. Ég sé ekki mikinn mun á því hvort sagt er að Náttúruverndarráð hafi komið fram með öfgafull sjónarmið eða hvort samtökin séu öfgafull, það er túlkunaratriði eða sjónarmunur á því.

Hv. þm. Kristján Pálsson lét þessi orð falla og því hafa þau verið tekin upp. Það hefði aldrei hvarflað að mér að fara út í umræðu eins og þá sem hér hefur farið fram nema vegna orða hv. þm., sem hafa leitt til töluverðrar umræðu. Ég held að það hafi verið gott að þessi sjónarmið komu hérna fram þannig að störf hv. umhvn. geti líka tekið mið af þeim þegar farið verður yfir málið og jafnframt verði það skoðað vandlega með hvaða hætti hægt er að efla frjáls félagasamtök og náttúruvernd í landinu.

[12:53]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þeim orðum hv. þm. hér í lokin, um að fara vel yfir þetta mál í umhvn. og sérstaklega varðandi frjáls félagasamtök þá vil ég taka fram að ég verið meðflutningsmaður á frv. með hv. þm. Katrínu Fjeldsted um hvernig styrkja megi frjáls félagasamtök umfram það sem gert er í dag. Ég held að óhætt sé að segja að þingmenn Sjálfstfl. hafi stutt mjög það sjónarmið að efla frjáls félagasamtök. Hv. þm. þarf því ekki að hafa áhyggjur af því í umhvn., en ég sit þar sem varaformaður nefndarinnar, að þau málefni fái ekki þá umfjöllun sem þarf.

Ég vildi hins vegar að það kæmi alveg skýrt fram við hvað ég átti með orðum mínum í upphafi ræðu minnar áðan. Aftur á móti er dálítil tilhneiging hjá vinstri grænum að grípa á lofti hin og þessi orð sem látin eru falla og demba þeim síðan yfir allt annað og óskylt sem hentar þeim í umræðunni. Mér hefur fundist það svolítið ábyrgðarlaust að mörgu leyti. Það getur kannski stundum verið skemmtilegt í umræðunni, að krydda hana eins og hægt er, en stundum getur það gengið of langt. Mér fannst helst til langt gengið í því hjá vinstri grænum núna.

[12:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið vegna þeirra frv. sem hér eru á dagskrá. Umræðan hefur aðallega snúist um tvennt, að því er virðist. Í fyrsta lagi: Til hvers erum við yfirleitt að flytja frv.? Hvaða forsendur liggja þar að baki? Eru forsendurnar þær að við ætlum að styrkja náttúruverndina í landinu til framtíðar? Eða eru einhverjar duldar ástæður að baki frv., eins og stjórnarandstaðan hefur svolítið verið að ýja að?

Hér hafa bæði Sjálfstfl. og Framsfl. dregið mjög skýrt fram að forsendurnar eru þær að það á að styrkja náttúruverndina í landinu með þessu frv. verði það að lögum.

Í öðru lagi hefur umræðan snúist um fjármögnun frjálsra félagasamtaka. Hvernig er henni háttað? Er hún eðlileg? Má bæta hana? Er verið að veita fé til frjálsra félagasamtaka á einhverjum annarlegum forsendum, er t.d. fremur veitt fé til samtaka sem eru stjórnvöldum þóknanlegri en önnur?

Ég ætla aðeins að fara yfir þessar tvær meginástæður sem hafa komið fram í umræðunni.

Varðandi forsendur frv. almennt og til hvers við erum að flytja það vil ég í fyrsta lagi segja að það er ekki flutt til þess að stjórnvöld fái minni gagnrýni og að mínu mati er eiginlega ómögulegt að lesa það út úr frv.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á það hér að hann teldi stjórnvöld hafa verið hörundsár vegna umræðunnar. Ég mótmæli því og ég kannast ekki við það. Mér finnst umræðan um umhverfismál og náttúruvernd hafa verið mjög eðlileg á undanförnum missirum. Hún hefur verið beitt en hennar var þörf. Ég held að allir sem áhuga hafa á þessum málum hafi haft gott af því að fara í gegnum þessa umræðu. Hv. þm. spurði hvort hið nýja fyrirkomulag sem felst í frv. mundi valda því að hér yrði einhvers konar lognmolluástand. Svo mun ekki verða vegna þess að við ætlum að veita fjármagninu í annan farveg, þ.e. ekki halda uppi Náttúruverndarráði, sem að okkar mati er barn síns tíma og óþarft, heldur ætlum við að nota meginhlutann af þessum 8 milljónum í að styrkja frjáls félagasamtök sem vinna að umhverfismálum.

Það er löngu kominn tími til að taka skrefið sem tekið er með þessu frv. Eiginlega hefði átt að taka þetta skref miklu fyrr. Forsagan er sú að áður fyrr var Náttúruverndarráð mjög mikilvægt og það hélt utan um umræðuna um náttúruvernd í landinu. Þá var það bráðnauðsynlegt. Náttúruverndarráðið gamla er fyrirrennari Náttúruverndar ríkisins. Náttúruvernd ríkisins var eiginlega stofnuð á grunni gamla Náttúruverndarráðsins. Það var bara eðlileg þróun. Við sáum að í þessu samfélagi eins og annars staðar þurfti að vera umfangsmikil stofnun sem sinnti náttúruvernd á Íslandi.

Þegar Náttúruvernd ríkisins var stofnuð þá hefðum við betur lagt niður Náttúruverndarráð hið nýja, sem þá varð til. Náttúruvernd ríkisins hefur það hlutverk að vera stjórnvöldum til ráðgjafar, þ.e. sama hlutverk og Náttúruverndarráð hefur í dag. En Náttúruvernd ríkisins hefur miklu betri aðstöðu til þess enda er sú stofnun orðin umfangsmikil ríkisstofnun. Sem dæmi má taka að við veittum 65,1 millj. kr. af ríkisfé árið 1997 til Náttúruverndar ríkisins, en í ár 124 millj. kr., hvort sem það er í ár eða í fjárlögum næsta árs. Framlag ríkisins til Náttúruverndar ríkisins sem sinnir þessari ráðgjöf fyrir okkur hefur sem sagt næstum verið tvöfaldað. Þannig erum við komin í algjörlega nýtt umhverfi.

Einnig er búið að setja ný lög um náttúruvernd sem ekki voru til hérna áður fyrr. Og það eru komin ný lög um umhverfismat og við höfum fengið sterkari frjáls félagasamtök. Það er því löngu kominn tími til að leggja niður Náttúruverndarráðið, sem er níu manna ráð og á að vera ráðherra til ráðgjafar, vegna þess að við fáum ráðgjöfina annars staðar frá.

Ég hef ekki heyrt hér í umræðunni nógu sterk rök frá stjórnarandstöðunni um það af hverju við ættum að viðhalda Náttúruverndarráði í dag. Af hverju ættum við að gera það? Af hverju eigum við ekki að beina fjármagni í annan og betri farveg sem nýtist betur náttúruvernd í landinu?

Mér finnst að stjórnarandstaðan hafi eiginlega meira og minna talað gegn styrkingunni sem við sjáum fyrir okkur með frv. og þeirri yfirlýsingu sem hér kom úr ræðustóli frá ráðherra um að féð muni að meginhluta til fara til frjálsra félagasamtaka og þykir mér að stjórnarandstaðan hafi ekki skynjað að frv. feli í sér styrkingu á náttúruvernd í landinu.

Hér hefur verið dregið inn í umræðuna að verið sé að bregðast við gagnrýni á Náttúruverndarráð með frv. og það sé meginástæða þess að við viljum leggja ráðið niður, eins og hv. þm. Jón Bjarnason orðaði það. Það er ekki rétt að það

sé meginástæðan fyrir því að leggja ráðið niður. Við erum að styrkja náttúruverndina, það er meginástæðan. Hins vegar er innstæða fyrir þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram hjá sumum þingmönnum stjórnarliða. Náttúruverndarráð á að veita ráðherra og Náttúruvernd ríkisins ráðgjöf þó að Náttúruvernd ríkisins sé miklu öflugri stofnun til þess að veita ráðgjöfina sjálf beint til ráðherra.

Ég get nefnt sem dæmi af hverju innstæða er fyrir gagnrýni sem hefur komið fram hjá stjórnarliðum. Ráðgjöfin sem Náttúruverndarráð hefur átt að beina til umhvrh. hefur t.d. borist til ráðherra í gegnum fjölmiðla, það eru til dæmi um það. Náttúruverndarráð ályktar og kallar það ráðgjöf í sumum tilvikum og það er síðan sent til fjölmiðla og svo getur ráðherrann bara hlustað á fjölmiðlana. Þetta er auðvitað ekki eðlilegt að ráðgjöfin sé veitt á þennan hátt. Slík vinnubrögð hafa lagast hjá ráðinu í seinni tíð sem betur fer.

Hér hefur líka verið dregið fram að með þessu sé verið að sýna að við viljum hafa einhver þóknanleg ráð. Það er ekki. Við fáum þessi ráð frá öðrum. Og ég vil nefna það að Náttúruvernd ríkisins mun veita umhvrh. áfram ráðgjöf. Stundum er tekið tillit til þeirrar ráðgjafar, stundum ekki. Ég get nefnt sem dæmi að Náttúruvernd ríkisins veitti okkur ákveðna ráðgjöf varðandi umhverfismat á laxeldi og varðandi kísilgúrnám í Mývatni sem við fórum ekki eftir. Af hverju eigum við að halda uppi ráði þar sem við fáum sömu ráðgjöfina hvort eð er? Það er að mínu mati peningaeyðsla.

Það er því alls ekki þannig að við séum að forðast einhverja gagnrýni, enda blasir við þegar menn skoða það, að með því að styrkja frjáls félagasamtök, þá muni þau fá betri aðstæður til að veita stjórnvöldum aðhald. Heldur einhver að Umhverfisverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd og öll hin minni samtökin muni ekki veita stjórnvöldum áfram aðhald? Ég held að þau geti veitt stjórnvöldum betra aðhald ef þau verða sterkari eins og við ætlum að undirbyggja með þessu frv. Ef eitthvað er, þá verður gagnrýnin háværari í kjölfar frv. vegna þess að þau samtök sem hafa veitt stjórnvöldum aðhald í gegnum að gagnrýna sem er eðlilegt munu hafa meiri grunn að starfa á.

Það er eiginlega fráleitt að halda því fram að þetta frv. eigi að leiða til þess að stjórnvöld fái minni gagnrýni. Það er þveröfugt. Frumvarpið og hin pólitíska yfirlýsing sem hér hefur komið um að við styrkjum frjáls félagasamtök mun leiða til þess að stjórnvöld munu fá beittari og faglegri gagnrýni og meira aðhald.

Varðandi fjármögnunina, þá kom fram áðan hjá hv. þm. Þuríði Backman að Náttúruverndarráð sé nokkurs konar samnefnari frjálsra félagasamtaka. Það er kannski ekki alveg þannig og menn geta lesið það í lögunum að í Náttúruverndarráði eru sumir sem koma frá frjálsum félagasamtökum í gegnum náttúruverndarþingið og eru kosnir þar, en aðrir koma frá stofnunum í landinu og öðrum félagasamtökum sem eru ekki með umhverfisvernd að meginmarkmiði.

Með því að styrkja frjáls félagasamtök á grunni samkomulagsins sem við höfum gert við þau erum við miklu nær því að styrkja einhverja sem eru samnefnarar fyrir frjáls félagasamtök heldur en með því að nota peningana í Náttúruverndarráð sem er annars eðlis.

Ég held það væri mjög þarft fyrir umhvn. þegar hún fer yfir málið hér í framhaldinu að skoða vel samstarfsyfirlýsinguna milli umhvrn. og frjálsra félagasamtaka. Þar kemur skilgreining á því hvað eru frjáls félagasamtök. Þar segir, með leyfi forseta:

„... er með frjálsum félagasamtökum átt við öll þau samtök sem láta umhverfisvernd til sín taka óháð því hvort umhverfisvernd sé meginviðfangsefni samtakanna.“ Einnig segir: „Umhverfissamtök eru þau frjálsu félagasamtök sem hafa umhverfisvernd sem meginviðfangsefni og starfa á landsvísu eða eru svæðisbundin.“

Þarna er verið að skera á milli þess hvað eru frjáls félagasamtök og hvað eru umhverfisverndarsamtök. Það er ekki það sama. Það er munur á því tvennu hér.

Undir liðnum „Stuðningur við umhverfissamtök“ segir varðandi fjárhagslegan stuðning, með leyfi forseta:

„Fjárframlög verða einungis veitt þeim félögum sem eru opin fyrir almennri aðild, starfa ekki í hagnaðarskyni, hafa opið og endurskoðað reikningshald og taka saman ársskýrslur. Slíkir styrkir komi til viðbótar við eigin fjáröflun sem standa skal undir meginhluta starfseminnar.“

Þessi umhverfisverndarsamtök voru með okkur í að útbúa þessa samstarfsyfirlýsingu. Þau vilja ekki fá fjármagn, þannig að þetta séu svona ríkisfélög. Þau vilja vera með megininnkomuna í gegnum aðra fjáröflun en frá ríkinu.

Og hér stendur líka:

„Umhverfisráðuneytið mun auk þess veita fjármagni til faglegrar uppbyggingar umhverfissamtaka, og frjálsra félagasamtaka sem láta umhverfismál til sín taka, með því að styrkja tiltekin verkefni í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni.“

Hér er því opið að fjármagn geti farið til einstakra verkefna, bæði til svokallaðra umhverfissamtaka og til frjálsra félagasamtaka, sem eru ekki með umhverfismál sem meginverkefni. Og hér hafa verið dregin inn ýmis ferðamálasamtök og önnur samtök. Þetta er því opin leið fyrir fjölmörg félagasamtök til að komast að samstarfi um verkefni og fá fjármagn fyrir það.

Að sjálfsögðu verður að vera ákveðið mat á því hvernig við veljum þessi verkefni úr. Í þessari yfirlýsingu stendur einnig, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðuneytið mun setja nánari reglur um þennan stuðning í samráði við aðila að samstarfsyfirlýsingunni.“

Það er ekki þannig að umhvrn. ætli að gera þetta bara einhvern veginn. Þetta verður gert í samráði við þessi samtök og það verða gagnsæjar reglur sem menn munu fara eftir. Í dag erum við að fara eftir mjög gagnsæjum reglum varðandi styrkjaveitingar. Það er ekki svo að við séum að velja út samtök sem séu okkur þóknanleg eða ekki. Það eru hin þrjú stóru samtök sem fá mest, það eru Landvernd, Umhverfisverndarsamtök Íslands og Náttúruverndarsamtök Íslands. Hin fá minna. Þau fá þrefalt minna en þessi stóru. Þetta er algjörlega gagnsætt.

Hins vegar hefur ráðherra lið sem heitir Ráðstöfunarfé ráðherra, sem hægt er að veita í alls konar verkefni. Við höfum verið að veita í verkefni eins og GATT-verkefnið, Vistvernd í verki, sem Landvernd er með og annað verkefni sem Landvernd er með í skólum og heitir Græna flaggið. Það er bæði faglegt og pólitískt mat sem kemur að því hvaða verkefni við viljum styrkja og hvaða verkefni við viljum ekki styrkja.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum ítreka að frv. sem við flytjum, þessi tvö sem fylgjast hér að, munu verða til þess að náttúruvernd styrkist í landinu. Umhverfisþingið verður haldið, það verður breiðara og höfðar til breiðari umfjöllunar en náttúruverndarþing, þannig að það er til bóta. Við leggjum niður Náttúruverndarráð og spörum þannig 8 milljónir

sem munu fara í annað náttúruverndarstarf. Við erum líka að skoða hvernig við getum styrkt t.d. vernd Breiðafjarðar, hugsanlega er hægt að nota hluta af þeim peningum í það. Alla vega munu allar 8 milljónirnar fara í náttúruvernd, það mun ekkert gufa upp. Við viljum á þennan hátt nýta skattfé borgaranna skynsamar en við höfum áður gert.

Ég vona svo sannarlega að góð umfjöllun verði í umhvn. og menn sameinist um að afgreiða frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:12]

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 168.

[13:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. um leigubifreiðar.

Með frv. er verið að laga lög um leigubifreiðar að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Þetta á ekki hvað síst um auknar kröfur sem gerðar verða til starfsstéttarinnar í heild um aukið öryggi. Þá er lagt til að aðlaga málaflokkinn að nútímastjórnsýsluháttum til að auka réttaröryggi borgaranna.

Öll ákvæði gildandi laga um sendi- og vörubifreiðar eru felld burt í þessu nýja frv. þar sem þau heyra nú undir nýsamþykkt lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73/2001. Þá færist stjórnsýsla málaflokksins og öll umsýsla leigubifreiðamála til Vegagerðarinnar. Það er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til stjórnsýslunnar, þ.e. að framkvæmd laganna sé í höndum stofnana og ákvarðanir síðan kæranlegar til ráðuneytis sem æðra setts stjórnvalds.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur útgáfa akstursleyfa verið í höndum þriggja stéttarfélaga leigubifreiðastjóra. Ráðuneytið telur það fyrirkomulag ekki hafa gefist vel að öllu leyti þar sem erfitt hefur verið að tryggja samræmda framkvæmd félaganna. Vegagerðin mun því, ef frv. verður að lögum, sjá um útgáfu allra atvinnuleyfa og skírteina fyrir afleysingabílstjóra og hafa umsjón með námskeiðum. Auk þess mun Vegagerðin starfrækja gagnagrunn með samræmdum upplýsingum til að umsýsla og skipulag verði einfalt og skilvirkt.

Gert er ráð fyrir að aðgangur að grunnupplýsingum gagnagrunnsins verði mjög takmarkaður og í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þá mun Vegagerðin sjá um leyfisveitingar og eftirlit með bifreiðastöðvum, en frv. gerir ráð fyrir mjög aukinni ábyrgð þeirra.

Með frv. er einnig kynnt sú nýlunda að setja megi lágmarksgæðastaðla fyrir þjónustu leigubifreiða. Stöðvarnar hafa gert mismunandi kröfur og engir almennir staðlar hafa verið til. Er stefnt að því að auka gæði þjónustunnar sem ætti, ef vel tekst til, að koma öllum almenningi til góða, en mun ekki hvað síst bæta ímynd íslenskrar ferðaþjónustu. Það skal þó tekið skýrt fram að um heimildarákvæði er að ræða.

Í frv. er gert ráð fyrir þyngri viðurlögum en í gildandi lögum. Með því er lögð áhersla á aukna ábyrgð og eftirlit bifreiðastöðva með því að reglum sé fylgt, svo og aukinni ábyrgð einstakra leyfishafa.

Samkvæmt gildandi lögum eru kærumál hjá umsjónarnefnd fólksbifreiða á fjórum stöðum á landinu. Úrskurðirnir eru kæranlegir til samgrn. Með hinu nýja fyrirkomulagi verður umsýsla og framkvæmd laganna í höndum Vegagerðarinnar en ákvarðanir hennar kæranlegar til ráðuneytisins í samræmi við stjórnsýslulög, nr. 37/1993.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[13:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um leigubifreiðar sem er að hluta til endurflutningur á frv. sem var flutt á síðasta vetri og var þá til umfjöllunar bæði á þingi og í samgn. en varð ekki afgreitt. Frv. hefur tekið allnokkrum breytingum frá því að það var lagt fram á síðasta þingi og er þar margt til bóta.

Ég vil í upphafi leggja áherslu á að mín skoðun er sú að leigubílaakstur og leigubílaþjónusta sé afar mikilvægur þáttur í almenningssamgöngum og almannaþjónustu. Því er mikilvægt að þessi þjónusta sé bæði örugg og góð og á það ber að leggja alveg sérstaka áherslu en jafnframt að þeir sem þessa atvinnugrein stunda fái búið við eðlilegt og gott starfsumhverfi og einnig persónulegan rétt.

Það sem ég vildi helst draga fram er að ég tek undir þær breytingar sem hér eru lagðar til um að gæði þjónustunnar séu styrkt með heimild um að setja megi gæðastaðla fyrir bíla, útbúnað þeirra og þjónustu. Ég tel það vera ágætt spor.

Það sem ég geri helst athugasemdir við er í fyrsta lagi, herra forseti, að mjög víða í greinum frv. er bara tæpt á atriðum og sagt að síðan skuli nánar kveðið á um þau í reglugerð. Mjög víða er mjög opin heimild til reglugerðarsetningar. Þetta á t.d. við um þennan gagnabanka og gagnaupplýsingar sem Vegagerðin heldur utan um. Hvaða gögn þar skuli vera og hvernig með þau skuli farið er mjög rúmt orðað í lögunum sjálfum enda gert ráð fyrir því að reglugerð kveði nánar á um það. Ég tel að þessi heimild sé nokkuð rúm.

Þá vil ég líka vekja athygli á að leigubílaakstur og leigubílaþjónusta er mikilvægur þáttur í almannasamgöngum í viðkomandi byggðum, viðkomandi sveitarfélögum.

Opnað er á þann möguleika í frv. að Vegagerðin geti framselt umsjón með þessari þjónustu til einstakra sveitarfélaga. Mér hefði fundist, herra forseti, að kanna mætti hvort þessi heimild mætti ekki vera rýmri og ákveðnari þannig að sveitarfélögin hefðu meiri forgang til þess að taka að sér umsjón með þessari þjónustu þannig að Vegagerðin beri hana ekki alfarið eins og frv. kveður á um.

Í frv. er kveðið á um gjaldtöku. Vil ég leyfa mér að varpa fram athugasemdum um gjaldtöku sem þar er lögð til. Í 12. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Greiða skal 13.000 kr. árlegt gjald fyrir hvert atvinnuleyfi sem í gildi er."

Eins og ég skil þetta ber hverjum leigubílstjóra með atvinnuleyfi að greiða þetta árlega, að þetta sé árlegt gjald. Svo segir í sömu grein, með leyfi forseta:

„1. Fyrir útgáfu atvinnuskírteina 2.500 kr.

2. Fyrir tímabundna innlögn leyfis 1.000 kr.

3. Fyrir úttekt leyfis 1.000 kr.

4. Fyrir vottorð um gilt atvinnuleyfi vegna bifreiðakaupa 1.000 kr.

5. Fyrir færslu á milli stöðva 1.000 kr."

Ef allar atvinnugreinar og öll störf eiga að búa við umgjörð sem þessa erum við komin í eitt allsherjarskattheimtukerfi, nýtt kerfi. Að vísu er þetta í auknum mæli að færast í þá átt að innheimta slík leyfisgjöld, en mér finnst hér nokkuð langt seilst og dreg í efa að þessi gjaldtaka sé í samræmi við jafnræði sem atvinnugreinar ættu að búa við. Ríkinu eða hinu opinbera ber að marka ákveðna umgjörð allra atvinnugreina og veita þeim ákveðna grunnþjónustu, enda greiða þær skatta og skyldur til ríkisins. Þess vegna er afar mikilvægt að beinni gjaldtöku af atvinnurekstrinum sjálfum og atvinnugreininni sjálfri sé stillt í hóf.

Því leyfi ég mér, herra forseti, að draga í efa að þarna sé farið fram á jafnræðisgrundvelli við að innheimta slík gjöld af þessum atvinnurekstri og mun óska eftir því í samgn. þar sem ég sit að færður verði meiri rökstuðningur fyrir þessari gjaldtöku. Ég dreg í efa að hún sé eðlileg.

Þá vil ég líka leggja áherslu á, herra forseti, að um persónubundin réttindi eins og orlof, veikindarétt og önnur slík réttindi, lífeyrismál, sé líka þannig búið að þeir sem þennan atvinnuveg stunda búi þar við jafnan rétt og aðrir þjóðfélagsþegnar. Það er ekki komið beint inn á þessi réttindi í frv., aðeins fjallað um hvernig taka megi á undanþágum og hvernig taka skuli á afleysingum í þessari grein, en ég tel einnig mikilvægt að hinn persónulegi réttur þeirra sem vinna þessi störf liggi ljós fyrir.

Herra forseti. Þetta eru þau atriði sem ég vil koma á framfæri við 1. umr. frv. til laga um leigubifreiðar. Frv. fer til meðhöndlunar í samgn. og þar gefst tækifæri til þess að fara ítarlega yfir þau atriði sem frv. kveður á um og fá umsögn og ábendingar frá þeim sem málið snertir. Ég legg áherslu á að leigubílaakstur er afar mikilvægur þáttur í almannaþjónustunni, í almenningssamgöngum. Þess vegna er mikilvægt að þessi þjónusta sé skipulögð með annarri almenningsamgönguþjónustu í landinu.

[13:44]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill taka fram að gefnu tilefni varðandi niðurröðun á mælendaskrá að sú regla gildir að þegar allir biðja um orðið í einu þannig að ekki má á milli sjá, raðar forseti niður eftir stærðarhlutföllum flokkanna. Að öðru leyti eru menn settir á mælendaskrá eftir því sem þeir biðja um orðið.

[13:44]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það frv. til laga sem hæstv. samgrh. mælti hér fyrir er nú flutt í annað skipti. Við sem sitjum í samgn. unnum við þetta mál á síðasta þingi. En á síðustu dögum þingsins í vor og í ákafanum, vil ég segja, við að koma þingmönnum heim þannig að engin hætta væri á að hið háa Alþingi færi að ræða um fiskveiðistjórnarlög og smábáta sem þá voru mikið í deiglunni, datt málið út af borðinu og er því endurflutt.

Eins og fram hefur komið er megintilgangur frv. að færa þennan málaflokk frá samgrn. til Vegagerðarinnar. Það verður að segja alveg eins og er, herra forseti, að á fundum samgn. varð maður þess mjög áskynja að deilur hafa staðið um þessi mál, alveg eins og maður sá glampa í augum samgönguráðuneytismanna yfir því að málaflokkurinn yrði sendur til Vegagerðarinnar. Frumvarpið var töluvert rætt þegar það var flutt á síðasta þingi en samt sem áður er ástæða til að fara um það nokkrum orðum.

Ég vil því fyrst spyrja hæstv. samgrh. út í það hvort hann telji að þetta lagafrv., eins og það er lagt hér fram, standist samkeppnislög og hvort það mundi fá stimpil þar og fara þar í gegn, því að auðvitað er verið að mismuna hér. Verið er að setja á miðstýrt kerfi í þessum málaflokki eins og svo mörgum öðrum og þess vegna vildi ég spyrja út í þetta atriði.

Fram hefur komið að um 670 leyfishafar hafa réttindi til leigubílaaksturs um þessar mundir og langflestir eru á höfuðborgarsvæðinu. Því má segja að þessi lög séu fyrst og fremst sett út af málaflokknum eins og hann hefur þróast hér og e.t.v. deilum milli stéttarfélaga, en ég ætla ekki að fara meira út í það.

Það er sem sagt gert ráð fyrir að útgáfa starfsleyfa bifreiðastöðva, útgáfa atvinnuleyfa, útgáfa leyfa fyrir forfallabílstjóra og námskeiðahald falli undir Vegagerðina. Einnig er fjallað aðeins um heimildir til undanþágna sem ég ætla að koma að síðar.

Í 1. gr. er fjallað um það hverjir skuli kallast leigubílstjórar og við höfum jú áður rætt um hverjir eru sendibílstjórar o.s.frv. Í umræðum manna hefur komið fram að þarna sé ýmislegt á gráu svæði. Í frv. kemur fram að leigubílstjórar geti flutt, eins og sagt er, blóm og bréf og hafi gert það og þannig eigi það að vera áfram.

Ég er í sjálfu sér ekkert að agnúast neitt út í það, síður en svo. Leigubílaakstur er nauðsynlegur í samgöngukerfi Íslendinga, en ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh. hvort ekki sé þarna mismunun á hvort leigubílar flytji blóm, bréf og pakka eða hvort sendibílar flytji blóm, bréf og pakka. Um þetta er spurt út af virðisaukaskattsskyldri þjónustu og hefði ég gaman af að heyra frá hæstv. samgrh. um þetta á eftir.

Í umsögnum og álitum sem komu til hv. samgn. síðast stóð það upp úr hjá mjög mörgum af þessum hagsmunaaðilum að þeir vildu færa undanþáguheimildirnar til stöðvanna. Gert er ráð fyrir því hér og ekkert nema gott eitt um það að segja að það sé gert. Það verður kannski örlítið minni miðstýring á þessu en ella hefði verið. Og sannarlega má segja að það sé rétt að færa þetta nær stöðvunum, nær þeim sem reka stöðvarnar vegna þess að það komu líka fram kvartanir frá nokkrum aðilum síðast yfir því að þeir sem stunda þennan rekstur ættu erfitt með að komast í gegn með það að láta aðra keyra bíla sína ef um veikindi væri að ræða eða eitthvað þess háttar. Það er náttúrlega alveg út í hött að það skuli vera þannig ef leigubílstjóri veikist eða veikindi í fjölskyldu hans geri það að verkum að hann getur ekki stundað atvinnu sína eins vel og hann hefði annars gert. Auðvitað á hann ásamt stöðinni sem hann keyrir á að hafa meira sjálfræði um hvernig það skuli fara.

Herra forseti. Einnig er fjallað um gæðastaðla. Ég held að það sé hið besta mál fyrir alla, bæði notendur þessarar þjónustu, almenning í landinu, svo og leigubílastöðvarnar sjálfar. En sú spurning kom upp í huga minn: Hvað með minni stöðvarnar? Getur þetta gert það að verkum að við gerum minni stöðvunum erfiðara fyrir um rekstur sinn?

Það er nú svo í þessari grein, þó að ég sé ekki að tala fyrir algjöru frjálsræði, enda lesum við það í frv. að það hafi ekki alls staðar gengið vel, ég er ekki að tala fyrir því, en ég held hins vegar að það sé mjög nauðsynlegt að þetta sé á fleiri en einni hendi, að þetta snúist ekki upp í algjöra einokun hvað það varðar og vildi því spyrja út í þetta.

Í sambandi við skilyrði fyrir atvinnuleyfi eins og fjallað er um í 5. gr. og tilskilin námskeið sem fjallað er um í reglugerð — frv. ber það með sér að samgrh. mun setja mikið af reglugerðum í framhaldinu. Vegagerðin á að standa fyrir námskeiðum, þá getur Vegagerðin náttúrlega samið við

aðra aðila, við skulum segja t.d. ökukennarafélagið um að halda slík námskeið, Vegagerðin getur að sjálfsögðu haldið þau líka. En þetta eru atriði sem ber að skoða og vert er að hafa í huga, og sérstaklega gagnvart eldri mönnum sem hafa kannski unnið við akstur allt sitt líf og að þeir verði ekki felldir burtu með einhverjum námskeiðum, þó svo að það megi að sjálfsögðu í þessu eins og ýmsu öðru hafa ákveðnar skoðanir á því hve lengi leigubílstjórar eigi að keyra, hvort það eigi að vera til sjötugsaldurs eða 76 ára eins og gert er ráð fyrir hérna.

Herra forseti. Í 2. tölul. 5. gr. er talað um eignarhald á bifreið og 35% eignarhlutdeild er sett sem lágmark. Ég stoppaði aðeins við þetta vegna þess að tímarnir hafa breyst mikið. Menn eru jafnvel að keyra á bílum sem umboðin eiga og borga fyrir það ákveðið gjald, þar með talinn stóran hluta af rekstrarkostnaði. Mun frv. gera leigubílstjórum það algjörlega ókleift að gera þetta þannig? Ég veit ekki hvort það er endilega til góðs eða ills. En það kom upp í huga mér að í svona sérlögum sem sett eru, að ekki eru t.d. lögfræðingar skyldugir til að sýna fram á eignarhald af húsnæðinu sem þeir eiga eða verslunareigandinn að verslunarhúsnæðinu sem hann verslar í, ekki 35%, ekki 50% eða neitt. Hvers vegna er þessi prósentueignarhlutdeild sett þarna inn? (**Gripið fram í:** Þeir geta ... bílana.) Herra forseti. Ég varð ekki þess var að ráðherrann hefði gengið úr salnum. En hann heyrir þetta. (**Samgrh.:** Og heyrir vel.) Og heyrir vel með báðum eyrum þannig að það er gott. (**Samgrh.:** Stundum allt of vel.) Og stundum allt of vel, segir ráðherrann. En ég stoppaði aðeins við þetta atriði og vildi heyra skýringar hæstv. ráðherra á hvers vegna þessi 35% eignarhlutdeild kemur þarna inn og hvort við erum ekki í raun og veru að mismuna á milli starfsstétta í landinu hvað þetta varðar. Hvers vegna er þetta sett inn? Eins og ég nefndi áðan vil ég ítreka að lögfræðingunum, sem e.t.v. fást einhvern tíma við að fjalla um þetta frv. og reka mál, er ekki gert skylt að eiga skrifstofuhúsnæðið sem þeir starfa í, ekki 35% og ekki 100%. Hvers vegna er þetta svona? Þetta snýst því dálítið mikið um jafnræði milli atvinnustétta.

Um takmörkunarsvæðin er svo sem ekki mikið að segja. Það er náttúrlega fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu sem þetta virkar. Það má eiginlega spyrja þegar þessi grein er skoðuð, þ.e. 8. gr.: Hvers vegna í ósköpunum er þessi málaflokkur ekki bara hreinlega á valdi sveitarfélaganna? Af hverju þurfum við að vera með „stóra bróður", ríkisvaldið, í þessu og Vegagerðina? Af hverju er þetta ekki bara fært til sveitarfélaganna og sveitarfélögin fái sjálf að fást við þetta? Það eru vafalaust einhver rök fyrir því að það sé betra fyrirkomulag sem þarna er lagt til en sveitarfélögin hafa töluvert mikið um þetta að segja, um fjölda bifreiða í leiguakstri o.s.frv.

Það má t.d. spyrja hæstv. ráðherra út í þessi takmörkunarsvæði: Mun þetta takmörkunarsvæði kannski bara stækka þannig að það verði ekki í Reykjavík heldur bara allt svæðið? Ég man eftir því að einn nefndarmaður í samgn., hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, spurði út í það í framhaldi af verkfalli sem var þá og deilum sem menn lentu í milli Suðurnesjamanna og Reykvíkinga út af því svæði. Getur samgrh. kannski sett það í reglugerð að þessi takmörkunarsvæði stækki?

Hér er einnig fjallað um heimild fyrir eftirlifandi maka eða dánarbú varðandi atvinnuleyfið, sem mér finnst alveg sjálfsagður hlutur að þarna sé inni. Spurning um hvort það verði þrjú ár eða ekki, það verður væntanlega rætt betur í nefndinni þegar að því kemur.

Síðan kem ég að 12. gr. sem er um leyfisgjöld. Það er ástæða til að óska hæstv. samgrh. til hamingju með þetta gjald sem þarna er komið á. Þarna er með öðrum orðum búið að búa til enn einn skattinn, leigubílaskatt. Ég sá það í gögnum sem okkur voru send síðast að í upphafi var áætlað að þessi leigubílaskattur yrði 8 þús. kr. þegar kynnt var fyrir hagsmunaaðilum að hæstv. samgrh. hygðist leggja frv. fram. Þegar frv. kom fram var gjaldið 16 þús. kr. og greinilegt að þá átti að ná í meiri peninga úr greininni en kostnaður hins opinbera yrði við að hafa þetta. Áður fyrr var það 5 þús. kr. í eitt skipti, nú er það komið í 13 þús. Það má kannski segja sem svo að töluverður árangur hafi náðst í þeirri gagnrýni sem við nokkrir þingmenn höfðum um þetta málefni og bentum á þetta, vegna þess að auðvitað er það svo að þetta gjald fer fyrr eða síðar beint út í verðlagið og hækkar þessa þjónustu til neytenda. Það er bara eðli málsins samkvæmt.

En e.t.v. má segja að þessi leigubílaskattur sé í takt við samþykkt landsfundar Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum, að þetta sé takmarkaður, hóflegur leigubílaskattur, hóflegt auðlindagjald.

En ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh. út í það hvað kostnaður samgrn. lækkar við það að málaflokkurinn fari frá samgrn. til Vegagerðarinnar. Kemur ekki til niðurskurðar í samgrn. að sama skapi eða er þetta ekki bara tilflutningur á fjármunum frá samgrn. til Vegagerðarinnar? Það hlýtur að vera þannig. Ég bendi aðeins á að Neytendasamtökin vöruðu við þessum skatti og kváðu það eðli slíkra skatta að fara þráðbeint út í verðlagið.

Ef 670 atvinnuleyfi eru í gangi, þá eru þetta í kringum 8,7 milljónir og önnur gjöld þarna til og frá, þessir 2.500-kallar og þúsundkallar fyrir að leggja inn leyfi og þúsundkall fyrir að taka út leyfi, þetta mun vafalaust fara í um 11 millj. kr. á ársgrundvelli. Það er kannski svolítið í takt við það sem fjallað er um hér að sé þessi kostnaður. Fjárlagaskrifstofa gerir reyndar ráð fyrir að hann sé í kringum 9 millj. kr.

Herra forseti. Ég sagði áðan að vafalaust er margt og sennilega flest af þessu til bóta þegar frumvarpið er lesið þó að menn geti sett spurningarmerki við sumt eins og ég hef verið að gera, t.d.: Hvers vegna Vegagerðin en ekki sveitarfélögin? Og annað slíkt. Eðli þessara laga, ef frv. verður samþykkt, er slíkt að mikið reglugerðaflóð verður í framhaldi af þeim. Og það er eiginlega sígild spurning hvort ekki væri ástæða til að hluti af þeim reglugerðum hefði fylgt hér með þannig að menn hefðu séð hvernig ætti að framkvæma þetta. Margt af þessu er til bóta.

Ég gleymdi því áðan þegar ég var að tala um leyfisgjöldin, að ef menn komast að þeirri niðurstöðu að 13 þús. kr. sé hóflegur leigubílaskattur, þá leyfi ég mér að efast um að þetta sé hóflegur leigubílaskattur á fjölmörgum minni stöðum úti á landi. Ég hef einfaldlega þá sýn, herra forseti, að ég tel að sama gjald eigi ekki að vera á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Ég spyr t.d. hvort mikill rekstrargrundvöllur sé fyrir rekstri leigubíls á Þórshöfn eða Raufarhöfn, svo ég taki dæmi. En vafalaust þarf sú þjónusta að vera fyrir hendi fyrir ferðamenn og aðra. En er það sanngjarnt mál að þeir séu að borga sama gjald og hinir sem starfa á höfuðborgarsvæðinu og hafa miklu betri, sem betur fer, möguleika að ná sér í miklar tekjur og lifa af þessu starfi?

Það sem er e.t.v. nýtt, ef ég hef lesið rétt, við frv. eins og það lítur út nú og eins og það leit út þegar við ræddum

það fyrir u.þ.b. ári, er að undanþáguheimildin mun fara til stöðvanna og það er breyting frá því sem lagt var fram þá og er breyting í takt við það sem fulltrúar hinna fjölmörgu leigubílafélaga nefndu í samgn. þegar þeir komu þangað.

Einnig má spyrja hvort eðlilegt sé að það vald sem sett er með opinberum reglum sé fært þannig frá hinu opinbera til rekstraraðila, í þessu tilfelli leigubílastöðva. Er það eðlilegt og stenst það alla eðlilega stjórnsýslu að svo sé eða geta menn verið reknir til baka með einhvern hluta af þessu seinna meir? Ég spyr aðeins um þetta vegna þess að mig minnir að lögfræðingur Hreyfils, held ég, stærsta félagsins, hafi einmitt nefnt þetta og spurt um það í umsögn um frv. eins og það var síðast.

Herra forseti. Ég hef aðeins farið í gegnum frv. eins og það liggur fyrir og lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. samgrh. Eins og fram hefur komið á ég sæti í hv. samgn. Þangað mun frv. koma og hv. samgn. undir forsæti nýs formanns, hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, mun vafalaust senda frv. til umsagnar og gefa mönnum kost á að koma til fundar við nefndina og ræða þetta eins og það liggur fyrir. Ég bíð spenntur eftir þeim heimsóknum og viðtölum sem við munum eiga og sjá hvort ekki hefur orðið bragarbót á frv. frá því sem það var í fyrra og það verði þá kannski í átt til þess að skapa meiri sátt um það vegna þess að það eru auðvitað bestu lögin ef ríkisvaldið, alþingismenn og þeir sem eiga að vinna eftir þeim, hagsmunaaðilarnir og aðrir, eru sáttir við þau. Þá hefur okkur e.t.v. tekist vel til.

[14:02]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um leigubifreiðar og þó að ég, ólíkt síðasta ræðumanni, eigi ekki sæti í samgn. Alþingis vil ég samt fjalla um þetta frv. nokkrum orðum, ekki síst sem þingmaður Reykvíkinga. Eins og fram hefur komið eru að sjálfsögðu flestir leyfishafar leigubifreiða í Reykjavík.

Grundvöllur þessa frv. er að flytja umfjöllun um leyfisveitingar og annað sem lýtur að leigubifreiðum frá samgrn. til Vegagerðarinnar og það finnst mér mjög jákvætt. Það er ekki eðlilegt að ráðuneyti þurfi að vera með daglega afgreiðslu mála af þessu tagi og mjög eðlilegt að því sé ekki miðstýrt á þann hátt sem verið hefur. Og ég fagna því að þetta skuli verða gert.

Ég er hins vegar, eins og sumir ræðumenn hér, frekar hlynnt því að sveitarfélög taki þennan kaleik enn þá lengra. Ég tel að ekki sé óeðlilegt að skoða það alvarlega að þau sveitarfélög sem vilja og geta taki að sér þennan málaflokk enda eru sveitarfélögin og sveitarstjórnirnar þeir aðilar sem eru næstir almenningi á sínu svæði. Í 2. gr. frv. kemur einmitt fram heimild til ráðherra að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins og ég vil hvetja til þess að í hv. samgn. verði sérstaklega fjallað um þetta og athugað hvaða sveitarfélög það væru sem mundu geta og vilja sinna þessum málaflokki.

Þar sem flestir leyfishafar eru í Reykjavík er auðvitað eðlilegt að það séu bækistöðvar Vegagerðarinnar í Reykjavík sem sjá um afgreiðslu þessara leyfa og ég efast ekki um að það verði skoðað líka í samgn.

Akstur leigubifreiða hlýtur að teljast til almenningssamgangna. Þetta er þjónusta við almenning og þess vegna er auðvitað sjálfsagt að vissar skorður séu settar, eða gæðastaðlar, um það hvernig þessi þjónusta er veitt. Í 5. gr. frv. er farið allítarlega í það. Þar er gert ráð fyrir að sá sem fullnægi skilyrðunum sem þar eru talin upp geti fengið atvinnuleyfi en skilyrðin eru að viðkomandi hafi fullnægjandi starfshæfni, sé skráður eigandi fólksbifreiðar, stundi leiguakstur að aðalatvinnu, hafi óflekkað mannorð, sé fjár síns ráðandi og sé 70 ára eða yngri og svo eru að vísu undanþágur og nánari skýringar í þessum greinum.

Mig langar aðeins að taka fyrir 4. liðinn sem er að hafa óflekkað mannorð. Vegna öryggis farþeganna skiptir það auðvitað máli að leigubílstjóri hafi óflekkað mannorð. Það er alveg nauðsynlegt að tryggja öryggi farþeganna og ég fagna því að það sé sett enn þá skýrar fram í 5. gr.

Í 3. gr. kemur hins vegar fram að Vegagerðinni sé heimilt að setja í reglur gæðastaðla um þjónustu leigubifreiðastjóra, stærð og búnað bifreiða o.fl. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt. Í rauninni gæti framtíðarsýnin verið sú að gæðastaðlar um þjónustuna séu settir og síðan sé meira frelsi um útfærslu og framkvæmd ýmissa atriða þarna í kringum. Það þarf ekki endilega að vera Vegagerðin og ekki einu sinni sveitarstjórnin heldur getur bifreiðastjórafélögunum til viðbótar við stöðvarnar sjálfar verið falin framkvæmd ýmissa þátta. En ég held að gæðastaðlar séu lykilatriði. Ég mundi vilja sjá enn þá skýrar kveðið á um þá í þessu frv. og geri ráð fyrir því að samgn. skoði þetta sérstaklega.

Leigubílstjórar eru stétt sem sinnir að mörgu leyti erfiðu starfi. Það er mikið álag í þessu starfi, það er vaktavinna, oft mikill akstur, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, óreglulegur svefn og vissar hættur. Það er alls konar fólk á ferð sem farþegar. Það þarf ekki bara að vernda farþegana fyrir fólki með flekkað mannorð — leigubílstjórinn getur þurft að flytja farþega sem er með flekkað mannorð. Hættan er fyrir hendi fyrir leigubílstjórann líka.

Leigubílstjórar eru sjálfstæðir atvinnurekendur og eru með eigin bíla. Ég hef hnotið um viss atriði sem kannski ættu ekki að vera inni í reglum eða lögum um þessa stétt, t.d. vil ég nefna 11. gr. frv. Í skýringum við hana er sagt:

„Þá er gert ráð fyrir að allt daglegt eftirlit með atvinnuleyfishöfum og forfallabílstjórum sé í höndum lögreglunnar."

Mín viðbrögð þegar ég las þetta voru þau að lögreglan hefði áreiðanlega í nægu að snúast þó að hún bætti ekki á sig daglegu eftirliti umfram það sem henni er ætlað í öðrum lögum og reglugerðum (**Gripið fram í:** Tala nú ekki um þegar ...) þannig að ég tel að það gefi augaleið að lögreglan hafi eðlilegt eftirlit með atvinnubílstjórum og forfallabílstjórum eins og með öðrum og það þurfi ekki sérstaklega að taka það fram í athugasemdum við frv. að svo sé.

Þá vil ég líka nefna, af því að hér var talað um persónuvernd, að í reglum sem leigubílstjórar starfa nú eftir er leyfishafa gert skylt þegar hann telur sig ekki geta eða getur ekki nýtt sér akstursleyfi sitt og þarf að fá forfallabílstjóra — þá þarf að fylgja vissum reglum og það er eðlilegt að svo sé en þar á meðal er gerð krafa til leyfishafans sjálfs sem um einhverra vikna eða daga skeið getur ekki ekið bíl sínum — að gefa Vegagerðinni upp dvalarstað sinn á meðan á þessu stendur. Mér finnst, herra forseti, mjög óeðlilegt að krefjast — segjum t.d. að leigubílstjóri fái krabbamein eða veikist og sé á sjúkrahúsi, á það þá að fara inn í gagnabanka Vegagerðarinnar að hann sé á krabbameinsdeild Landspítalans eða hvar hann er niður kominn? Mér finnst það vera mjög vafasamt og mér finnst það skerða persónufrelsi manna að ætlast til að þeir standi skil á slíkum upplýsingum um dvalarstað sinn. Það liggur fyrir hvert lögheimilið er og krafa

er gerð um símanúmer og hitt og þetta þannig að hægt sé að ná í viðkomandi en mér finnst a.m.k. mjög óeðlilegt að sú krafa sé gerð til leigubílstjóra að hann gefi upp dvalarstað sinn meðan á þessu stendur.

Sú þjónusta við almenning, almenningssamgöngurnar sem leigubílstjórar veita, er mjög mikilvæg í okkar þjóðfélagi. Þeir veita mjög góða þjónustu, ég hef oft nýtt mér hana og veit þess vegna ýmislegt um hana. Ég fagna því sem sagt, eins og ég sagði í upphafi, að miðstýringunni sé aflétt að þessu leyti og vildi sjá það ganga enn þá lengra, að sveitarfélögin og félög leigubifreiðastjóra öxluðu meiri ábyrgð á framkvæmd laganna og ég er fullviss um að hv. samgn. tekur þessar athugasemdir til greina.

[14:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Aðeins um þetta lagafrumvarp um leigubifreiðar. Það er margt rétt sem hér hefur komið fram í ræðum hv. þm. varðandi frv. og vissulega mun það verða skoðað af kostgæfni í samgn. Allar götur frá 1904 hefur verið stundaður hér leiguakstur og auðvitað er full ástæða til að lagasetning sem lýtur að þessari atvinnugrein sé vönduð og sé, eins og fram hefur komið hjá öðrum þingmönnum, aðlæg að starfseminni og geri henni gott eitt. Allir þurfa aðhald, allir þurfa reglur til að vinna eftir, og það er náttúrlega kjarni málsins.

Það er nokkuð þröngur stakkur skorinn með því að setja þessi ákvæði og eftirlit laga og reglugerða inn til Vegagerðarinnar og sýnist hverjum sitt þar um. Menn tala um það sem eðlilegt að sveitarfélögin taki þetta verkefni að sér en þá er rétt að geta þess að í Reykjavík og nágrenni er gert ráð fyrir 570 leigubílum, í Reykjanesbæ og nágrenni 40, á Akureyri 22 og á Selfossi 7. Síðan eru fleiri leigubílar til staðar í flestum sveitarfélögum. Ég vil aðeins grípa hér niður víðar, t.d. eru á Akranesi 6, Borgarnesi 2, Reykholti 2, Snæfellsbæ 4, Patreksfirði 2, Bolungarvík 2, Ísafirði 7, Blönduósi 3, Sauðárkróki 4, Ólafsfirði 2, Húsavík 4, Egilsstöðum 7, Breiðdalsvík 2, Vestmannaeyjum 6, Hvolsvelli 2, Flúðum 2, Þorlákshöfn 3 og Grindavík 3 auk fjölda annarra sveitarfélaga þar sem einn leigubíll er til staðar. Ég spyr nú hv. þm. sem hafa gert því skóna að það sé eðlilegt að sveitarfélögin sjái um útgáfu og eftirlit með þessum fjölda bíla — við vitum það og var komið aðeins inn á það mál að nokkur stéttarfélög leigubílstjóra væru nú starfandi og það væru mismunandi áherslur og skoðanir sem þeir hefðu á þessari lagasetningu eða lögunum yfirleitt eins og þau eru í dag, hvað þá þeirri breytingu sem nú er verið að gera. Ef nú bættust við öll þessi sveitarfélög sýnist mér í fljótu bragði að það gæti leitt til meiri vanda en það leysti sem hér er gert ráð fyrir í þessum lögum. Ekki svo að skilja að ég trúi ekki og treysti sveitarfélögum til þess að hafa gott eftirlit með þessu en ég tel samt að það sé eðlilegt að þessi málaflokkur sé á einni hendi eins og verið hefur fram að þessu. Ég tel að það sé gott fyrir viðskiptavinina og ég tel að það sé líka gott fyrir þau stéttarfélög leigubifreiðastjóra sem eru til í dag.

Við skulum líka aðeins koma inn á það hvers vegna yfir höfuð þurfi lög og reglur gagnvart leigubílstjórum. Af hverju er ekki frjálsræði þar ríkjandi? Í einu Norðurlandanna, nánar tiltekið í Svíþjóð, var tekinn upp sá háttur að gefa leiguakstur frjálsan. Menn sjá mikið eftir þeim degi þegar sú ákvörðun var tekin af hálfu opinberra stjórnvalda. Þá upphófst sú óáran að fólk þorði ekki að senda barnfóstrur heim í leigubílum vegna þess að það vissi ekkert hver ökumaðurinn var og engir möguleikar voru til að rekja hver var bifreiðastöðin ef vandamál komu upp.

Þannig var heldur ekkert eftirlit með gjaldskrám og mikið var um að við flughafnir væru óprúttnir aðilar sem flögguðu merkjum um að þeir væru leigubílstjórar og jafnvel gáfu það í skyn að þeir væru á leigubílastöð og verðlagning í samræmi við það. Nú má segja að það sé ekki óeðlilegt þó að Verðlagsstofnun gefi hér upp einhvern hámarkstaxta og leigubílstjórar geti síðan dansað innan þess ramma eins og þeim sýnist. Ég tel að við séum á réttri braut með því að hafa ákveðinn lagaramma um leigubílaksturinn.

Eins og hér hefur verið komið inn á líka í tilefni þess þegar verkfall var hjá fólksflutningabílstjórum, eða rútubílstjórum eins og sagt er á vondri íslensku, kom oft upp mikið vandamál við Leifsstöð og sú spurning heyrðist hvers vegna Reykjanesskaginn væri ekki eitt svæði leigubíla. Hvers vegna mega ekki leigubílar sem fara til Keflavíkur taka farþega þar og keyra í höfuðborgina aftur? Hvers vegna þurfa notendur leigubifreiða að greiða tvöfaldan taxta eftir að þeir eru komnir í ákveðna fjarlægð frá Reykjavík? Vegna þess að viðkomandi leigubíll má ekki taka farþega til baka. Ef við ræðum hins vegar við leigubílstjóra í Keflavík segja þeir að þetta komi ekki til greina því að ef þessi meðferð verði á málum þeirra, að allar girðingar verði felldar niður, muni það leiða til þess að leigubílastöð í Keflavík muni ekki lifa lengi. Því held ég að það sé rétt að félög leigubifreiðastjóra sjái um sínar girðingar og að við förum ekki að rugga bátnum meira en þörf krefur. Hins vegar er full ástæða fyrir löggjafann að huga að því hvort ekki sé eðlilegt að sú þjónusta sem við erum að binda lög um standi til boða í því frjálsræði að verðlagningin og hagræðingin sé með þeim hætti að viðskiptavinir njóti góðs af. En það er reyndar ekki á dagskrá hér.

Hins vegar nokkur orð út af þeim ummælum sem hér hafa fallið um orlof og veikindi. Ég get alveg tekið undir að þau ákvæði eru nokkuð hörð varðandi þessi atriði, ef leigubifreiðastjórar veikjast. Hins vegar eru orlofsmálin auðvitað líka hlutur sem þarf að skoða. Nokkur breyting hefur orðið á þeim, nú geta leigubifreiðastjórar fengið afleysingamenn frá seinni parti föstudags til mánudagsmorguns, og er það nokkur breyting sem á hefur orðið sem er vissulega jákvætt fyrir neytendur. Það eru þá fleiri leigubílar í umsetningunni þegar þeirra er mest þörf, um helgar.

Það er rétt að koma aðeins inn á það sem hv. þm. Katrín Fjeldsted nefndi hér, að þessi stétt starfar við mjög sérstök skilyrði. Það er óreglulegur vinnutími, það eru miklar næturvökur sem þó hefur aðeins verið litið til með þeim breytingum um helgar sem ég gat um áðan. Það er eitt líka sem leigubílstjórar sinna sem er mikið öryggisatriði fyrir borgarbúa og ekki hefur verið nægur gaumur gefinn að en það er það eftirlit sem leigubílstjórar hafa á götum borgarinnar og þær ábendingar sem þeir hafa verið að gefa lögreglu vegna glæfralegs aksturs eða jafnvel ástands þeirra sem eru á götum úti. Það ber vissulega að þakka, og vissulega ættu lögregla og stéttarfélög leigubifreiðastjóra að efla tengsl sín á milli og samstarf.

Varðandi eignarhald á bifreiðum sem við höfum rætt um, og ræddum mikið á síðasta þingi þegar þetta mál var til umræðu í hv. samgn., þá held ég að menn séu almennt á þeirri skoðun að það sé ekki eðlilegt að vera inni með þau ákvæði sem þar standa. Miklar breytingar hafa orðið á möguleikum til að eignast farartæki með kaupleigu eða mikið til lántöku

sem leiðir þá til þess að bifreiðin er ekki skráð á viðkomandi aðila sem lánið hefur tekið eða þann sem stjórnar bifreiðinni.

Sé hins vegar litið til þess sem hefur verið að gerast í kringum okkur á Norðurlöndunum að öðru leyti en því frjálsræði sem ég gat um hér áðan í sambandi við Svíþjóð er ljóst að verðlag leigubifreiðaaksturs hér á Íslandi er ekki hærra heldur en almennt gerist á Norðurlöndunum. Þeir heiðursmenn sem ástunda þessa vinnu hafa þannig ekki í ríkum mæli verið að hækka sinn taxta upp úr öllu valdi og þannig varla sjálfir orðið þess valdandi að viðskipti við þá hafa minnkað. En ég tel, þegar á heildina er litið varðandi þetta frv., að það sé í meginatriðum af hinu góða. Það eru hins vegar, eins og fram hefur komið, nokkur atriði sem hv. samgn. þarf að fara yfir og skoða og sýnist mér að texti frv. sé nú orðinn nokkuð aðlægur þessari starfsemi og hljóti að enda með sátt um þetta mál.

Aðeins af því að ég kom inn á orlofið og veikindin, þá er það rétt sem hér kom fram líka varðandi skyldur leigubílstjóra til þess nánast að gefa upp dvalarstað sinn og svo hvers vegna þeir vilja fá afleysingamenn í störfin. Þetta er mál sem þarf auðvitað að halda á. En í meginatriðum er ég nokkuð sáttur við frv. og, eins og áður hefur verið rætt um og hv. þm. Kristján Möller kom inn á, auðvitað munum við senda þetta mál til umsagnar og leita leiða til þess að frv. sé eins aðlægt þessari starfsemi og hægt er.

Síðast en ekki síst vil ég segja þetta: Ég heyri það á þeim sem hér hafa talað að í grundvallaratriðum erum við sammála um það að lagasetningar sé þörf vegna þessarar starfsemi. Ég tel að það sé af hinu góða, og nauðsynlegt fyrir viðskiptavini leigubifreiðastjóra að hafa þennan háttinn á svo hægt sé að fylgjast nákvæmlega með því hvenær hvaða leigubíll var pantaður í hvaða hús og hvenær hann flutti farþega, hvert og hvenær. Það er ekki að ég sé að hugsa um einhvern eftirlitsaðila, „stóra bróður", heldur er þetta öryggismál.

[14:25]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til að skýra nánar hvað ég átti við með að mér fyndist æskilegt að sveitarfélögin tækju við þessu verkefni. Það kom fram í máli mínu að þorri bílstjóranna er á þessu svæði, á sjötta hundrað, og mér finnst þurfa að kanna hvort sveitarfélagið Reykjavík vill ekki taka að sér þetta verkefni.

En þegar maður hugsar um landsbyggðina og veltir fyrir sér stöðum þar sem eru færri, og kannski örfáir, bílar er ekkert ólíklegt að heimamenn gætu haft miklu áhrifameira eftirlit með þeirri starfsemi heldur en miðlæg stöð, t.d. Vegagerðarinnar.

Ég verð að segja að mér finnst ekki útilokað að lítil sveitarfélög taki að sér slík verkefni ef gengið er út frá því að settur sé ákveðinn gæðastaðall sem er vitað að eigi að fara eftir. Síðan þyrfti að kortleggja hvernig það yrði gert og síðan væri eftirlit lögreglu á staðnum með því að farið væri að lögum eins og gert er með önnur lög. Ég sé þannig í rauninni ekkert á móti því að þetta fari til sveitarfélaganna ef þau óska eftir því þótt þau séu smá.

[14:26]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér þurfum við ekki að vera að karpa um þetta því að ákvæði laganna eru þannig hljóðandi að þetta er möguleiki. Hins vegar var ég í mínu máli aðeins að benda á þetta mikla umfang sem fylgir eftirliti með leigubílum hafi maður það í huga að á 40 stöðum hér á landi er möguleiki að ná í leigubíl. Á 40 stöðum hér á landi, bæði í borginni, í sveitarfélögunum hér í kring og smærri kauptúnum og bæjum allt í kringum landið þannig að það er mikið umfang að fylgjast með þessari starfsemi. En við þurfum ekki að vera að karpa um það, ég og hv. þm. Katrín Fjeldsted. Það er heimildarákvæði í lögunum þannig að ef Reykjavíkurborg vill taka þetta að sér og það tekst — að sjálfsögðu í samvinnu við Vegagerðina og hagsmunaaðila, stéttarfélög leigubifreiðastjóra — sé ég ekki að þetta sé neitt vandamál.

[14:27]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Ég held að við séum ekki að karpa, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og ég, en það er gott að skýra þetta mál og ég veit í rauninni ekki hvort Reykjavíkurborg hefur yfirleitt nokkurn áhuga á að blanda sér í þetta. En hafi hún það finnst mér það mjög áhugavert og sömuleiðis með smærri sveitarfélög annars staðar á landinu.

Hvað varðar verkefni bifreiðastjórafélaganna — ég sagði áðan að ég hefði vissar áhyggjur af því að yrðu verkefni tekin af félögunum stæðu þau eftir verkefnalítil, og maður þarf líka að velta fyrir sér þeirri vinnu sem bifreiðastjórafélögin hafa lagt í marga þætti hvað varðar leigubifreiðar, og kostað þess vegna þá vinnu. Við það að þau eru flutt annað fellur til kostnaður á skattborgarann. Maður þarf líka að velta því fyrir sér frá þeim sjónarhóli.

Mér finnst aðalatriðið samt vera að lögin séu skýr og réttlát, um þau sé sátt og síðan séu sett gæðamarkmið og gæðakröfur sem hægt er að framfylgja hvar á landi sem er, hver sem sér um það eftirlit.

[14:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er um margt sammála hv. þm. varðandi þetta frv. En það sem hvatti mig sérstaklega til að koma í pontu var það sem hv. þm. lét falla um hvort sveitarfélögin gætu tekið þetta mál að sér.

Ég vil bara benda á að að mínu viti er þetta hluti almenningssamgangna og engum dettur í hug að fara að færa Strætisvagna Reykjavíkur undir Vegagerð ríkisins, engum dettur það í hug í sjálfu sér. Sú staða gæti komið upp, og er einmitt víða um land, að einhver getur þurft að hafa milligöngu um að þessi þjónusta sé í boði. Þá gætu t.d. viðkomandi sveitarfélög þurft að sameina ákveðna opinbera þjónustu sem þau vilja axla ábyrgð á og líka möguleika á því að þjónusta sé í boði. Það gildir nefnilega ekki um öll sveitarfélög eins og þau hér á suðvesturhorninu að takmarka þurfi umfang þjónustunnar heldur er alveg eins mikilvægt að tryggja að hún sé fyrir hendi og þá á þeim tímum sem nauðsynlegt er. Þess vegna tel ég að kannski eigi að taka inn í löggjöfina að fundin sé leið til að tryggja að þessi þjónusta sé sem víðast í boði samkvæmt þeim gæðum og þeim kröfum sem við almennt gerum til hennar og þar held ég að sveitarfélögin og heimaaðilar séu miklu betri til að takast á við það heldur en Vegagerð ríkisins.

[14:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ákvæðum lagafrv. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að sveitarfélögum sé heimilt, óski þau eftir því, að sjá um leigubílastöðvar eða hafa eftirlit með þeirri starfsemi.

Varðandi það hvort við þurfum að stuðla að því eða hafa milligöngu um að þessi þjónusta sé í boði vísa ég til þess sem ég las hér upp áðan. Hv. þm. Jón Bjarnason hafði þá skroppið aðeins frá, úr salnum, og hefur líklega ekki hlustað á þann upplestur. Ég spyr t.d. hv. þm. hvort hann viti að tveir leigubílar eru á Flúðum. Veit hann að í Reykholti eru tveir leigubílar? Veit hv. þm. að á Patreksfirði eru tveir bílar og á Blönduósi þrír? Þessi þjónusta er því til staðar sem betur fer, eins og ég gat um áðan. Hér er ég að telja upp þá staði þar sem eru fleiri en tveir leigubílar. Auk þess mætti nefna fjölmarga aðra staði, t.d. Búðardal, Reykjahlíð, Kópasker, Höfn, Vík, Hellu, Selfoss og fleiri staði þar sem þessi þjónusta er í boði.

Ég er einfaldlega að segja að ég tel höfuðnauðsyn fyrir alla sem að þessu máli koma, löggjafann, þá sem aka leigubílum og þá sem nýta sér leigubíla, að samræming sé í hlutunum. Ég verð að segja að ég treysti Vegagerðinni best til að hafa heildaryfirsýn yfir þessi mál.

[14:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vantreysti ekkert Vegagerðinni í sjálfu sér. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi staði úti á landi þar sem væru leigubílar. Það er bara gott og blessað og þannig þarf það að vera. En það er náttúrlega alveg ljóst að eftirspurn eftir þessari þjónustu er kannski ekki mikil á þessum stöðum. Hún getur dottið niður eða minnkað eða viðkomandi leyfishafar flutt burt. Samt viljum við áfram að þessi þjónusta sé þar til staðar.

Þess vegna tel ég að það ættu að vera skýrari ákvæði í frv. og endanlegum lögum um að þetta sé mikilvægur þáttur í almenningssamgöngum sem beri að huga að og skipuleggja sem slíkan um allt land þannig að tryggt sé að þjónustan sé fyrir hendi, reynt að tryggja það og það markmið sett í lögin.

Lögin bera töluvert mikinn keim af því að verið sé að halda utan um þetta og sjálfsagt þarf líka að halda utan um atvinnugrein eins og þessa. En þau mættu aðeins litast af því að þetta sé almenningsþjónusta sem á að vera í boði úti um allt land þar sem þess er nokkur kostur. Það á að vera meginmarkmið laganna í þeirri umgjörð sem nauðsynleg er og við erum sammála um að þurfi að vera bæði örugg, traust og góð.

[14:35]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hagsmunagæsla leigubílstjóra hefur alltaf verið sterk og þeir hafa gætt hagsmuna sinna vel. Hægt er að segja um þá eins og trillukarla að þeir reka sín einakfyrirtæki og fylgjast nákvæmlega með því sem er að gerast í umhverfi sínu. Mér hefur alltaf fundist auðvelt að leita til leigubílstjóra því að þeir eru mjög meðvitaðir hver og einn um sinn rétt.

Ég hef haft samband við nokkra sem starfa í þessum geira og þá út af þessu sérstaka frv. Ég heyri ekki annað en að menn séu þokkalega ánægðir með það sem er að gerast hér og ekki síst að til standi að samræma aðgerðir og setja undir einn hatt málefni leigubílstjóra. Ég heyri ekki annað en það finnist leigubílstjórum best við frv. Þar með er ekki sagt að ekkert sé að þessu, en þó færast mun fleiri mál til betra horfs. Meðal annars hefur verið sagt í mín eyru varðandi uppáskriftir sem leigubílstjórar hafa þurft að fá vegna veikinda, helgaraksturs eða orlofs o.s.frv., að sumir hafi þurft að hlíta þeim lögum en aðrir ekki, að sumir hafi þurft að leita uppáskrifta meðan aðrir hafi sloppið við það. Ýmislegt annað má svo sem telja upp sem ekki er endilega ástæða til að nefna hér enda mun þetta verða fært til samræmis og ekki er ástæða til að orðlengja það frekar.

Ég er sáttur við að þetta skuli fært undir Vegagerðina og á erfitt með að sjá að heildarsamræming þessra mála mundi verða betri með því að hafa þetta hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Það finnst mér vera álíka og þegar talað var um að færa úthlutun aflaheimildanna til sveitarfélaganna á sínum tíma. Ekki eitt einasta sveitarfélag hafði áhuga á því að standa í slíku stríði. Ég á ekki von á því að sveitarfélögin hefðu mikinn áhuga á þessu enda hef ég ekki heyrt leigubílstjóra hafa orð á því að þeir vildu að þetta færi undir sveitarfélögin.

En ég heyri leigubílstjóra kvarta yfir einu atriði og það varðar 2. tölulið 5. gr. þar sem krafist er að leigubílstjórar eigi 35% eignarhlut í þeirri bifreið sem þeir eru skráðir fyrir sem umráðamenn. Það kemur ekki fram í skýringunum með þessari grein að um sé að ræða nýmæli en mér er sagt að þetta séu nýmæli og að í dag séu leigubílstjórar að fjármagna bifreiðakaup sín með 100% lánum, t.d. frá Glitni eða öðrum aðilum, jafnvel hugsanlega bílasölunum sjálfum. Ég þekki það ekki nægjanlega vel. En ég hef heyrt að þeir hafi fjármagnað bifreiðakaup sín með 100% lánum. Hér er náttúrlega verið að taka fyrir það og skylda þá til þess að vera með eigin fjármögnun og þá umfram aðrar stéttir. Við getum tekið vörubílstjóra sem dæmi, þá sem hafa rétt til að keyra vörubíla og hafa atvinnu af því.

Án þess að ég geri miklar athugasemdir við frv. vildi ég þó beina þessu sérstaka atriði til hæstv. samgrh. og hv. samgn. til sérstakrar skoðunar og vildi vita hvort ekki sé hægt að finna þann flöt á þessu máli sem betur fellur að þörfum atvinnugreinarinnar. Þetta hefur reyndar komið fram hér hjá fleiri ræðumönnum. Ég held að frv. sé samið til að gera leigubílstjórunum lífið bærilegra og gera starfsumhverfi þeirra heilbrigðara þannig að þeir sitji við sama borð og aðrir. Að því leyti held ég að hæstv. ráðherra vilji það einnig. Ég vona alla vega að einhverjar skýringar komi á því hvers vegna menn telja þetta nauðsynlegt hjá þessari stétt frekar en öðrum.

[14:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þær undirtektir sem ég hef fengið við frv., þó að fram hafi komið hjá þeim spurningar og athugasemdir um sitthvað í frv. sem væri hægt að taka til meðferðar og e.t.v. breytinga í hv. samgn. Það er auðvitað hinn venjulegi háttur hjá okkur í þinginu. Þess vegna erum við nú að tala saman hér, að lengi má gott bæta, eins og þar stendur.

Ég vil taka það fram að vegna vinnu hv. samgn. á síðasta þingi var frv. breytt í nokkrum atriðum. Ég er þeirrar skoðunar að allt hafi það verið til bóta þannig að hv. samgn. vann prýðilega að skoðun á frv. og að sjálfsögðu komu ýmsar athugasemdir frá þeim sem fengu það til umsagnar.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um það sem hefur komið fram, í fyrsta lagi um að nefnt var að sveitarfélögin tækju að sér þetta verkefni. Hv. þm. Kristján Möller og hv. þm. Katrín Fjeldsted nefndu þann möguleika og hv. þm. Kristján Möller spurði: Hvers vegna er sveitarfélögunum ekki falið þetta? Ég verð að viðurkenna, vegna þess að ég hef tröllatrú á sveitarfélögum eins og fleiri hv. þingmenn hér inni, að ég gerði tilraun til þess. Skemmst er frá því að segja að ekki var óskað eftir því af hálfu sveitarfélaganna að taka við þessu verkefni. Ég tel nú að það hafi verið eðlilegt að sjálfsögðu að láta það eftir þeim, þó að við tökum ekki tillit

til allra óska sem til okkar koma. Lög eru lög, auðvitað. En af minni hálfu var ekki um það að ræða að pína sveitarfélögin til þess að taka að sér þetta verkefni. En koma tímar, koma ráð kannski.

Þetta er það fyrirkomulag sem við leggjum til núna. Eins og fram kom í framsöguræðu minni þá tel ég að með því fyrirkomulagi sem við erum að taka upp séum við að bæta stjórnsýsluna. Við erum að fela mjög traustri ríkisstofnun, Vegagerðinni, framkvæmdina að því marki sem bifreiðastöðvarnar sjá ekki um hana sjálfar. Ef út af ber er síðan hægt að leita úrskurðar ráðherra. Ég tel að þetta sé af hinu góða allt saman og vænti þess að vel megi til takast.

Hv. þm. Jón Bjarnason gerði tilraun til þess að vekja athygli á því, og ég held að honum hafi nú tekist það bærilega, að hér væri á ferðinni einhver alveg sérstök skattheimta. Það er nú bara þannig að við erum hér að setja takmörkun. Við erum að setja hér með lögum takmörkun á því að einstaklingar geti gengið inn á þetta svið atvinnulífsins og fyrir því eru margs konar rök. Það getur vel verið að sú tíð renni upp að ekki verði takmarkaður fjöldi leigubíla á höfuðborgarsvæðinu, en ég er ekki reiðubúinn til að ganga til þess á þessari stundu. Til þess að halda utan um þetta kerfi, sem allbærilegt samkomulag er um að hafa, teljum við eðlilegt að þeir sem fá þessi takmörkuðu atvinnuréttindi greiði beinan útlagðan kostnað vegna kerfisins en taki að öðru leyti að sjálfsögðu þátt sem skattgreiðendur í sameiginlegum útgjöldum samfélags okkar.

Þessi er hugsunin, að beinn kostnaður sé greiddur að því marki sem hægt er að meta hann fyrir fram. Við höfum lagt í heilmikla vinnu eins og hv. þm. Kristján Möller vakti athygli á. Við vorum fyrst að vonast til þess að atvinnuleyfið þyrfti ekki að kosta svona mikið. Síðan voru gerðar áætlanir sem ég lét endurskoða, fara rækilega yfir, í þeim tilgangi að lækka kostnaðinn. Niðurstaðan varð sú að sérfræðingum sýndist að þetta leyfisgjald mætti lækka niður í 13 þús. kr.

Auðvitað hljótum við að endurmeta þetta að fenginni reynslu í þeim tilgangi að hafa þetta sem allra lægst, hafa kostnaðinn við þetta kerfi sem minnstan. Ég vil lýsa því yfir hér og nú að það er ekki meiningin að efna til þess að ná inn tekjum til annars en að standa undir þessum kostnaði. Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram.

Að öðru leyti tek ég undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði, að leigubílstjórar eru auðvitað að veita almenningi þjónustu. Þetta er afar mikilvæg þjónusta og mikilvægur þáttur í ferðaþjónustunni. Þess vegna þarf auðvitað að líta á það í því ljósi.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristján Möller, velti fyrir sér hvort frv. stæðist samkeppnislög, hér væri um miðstýrt kerfi að ræða. Ég sé enga ástæðu til að ætla annað en svo sé. Gert er ráð fyrir ýmsum þökum í gjaldtöku o.s.frv. Ég held hins vegar að eðlilegt sé að samgn. taki ákvæðið um gjaldskrár til sérstakrar skoðunar. Mér finnst eðlilegt að nefndin skoði sérstaklega 10. gr. um gjaldmæla og það regluverk sem tengist því. Ég hvet hv. þingmenn til að fara rækilega yfir það atriði þannig að allt sé í góðu lagi.

Hv. þm. Kristján Möller og fleiri, m.a. hv. þm. Kristján Pálsson, veltu fyrir sér ákvæði 5. gr. um skilyrði fyrir atvinnuleyfi en atvinnuleyfishafi skal vera skráður eigandi bifreiðar eins og segir í greininni: Er skráður fyrsti umráðamaður með a.m.k. 35% eignarhlutdeild samkvæmt samningi við löggilt kaupleigufyrirtæki. Þetta hlutfall var hærra í upphaflega frv. sem var lagt fyrir á síðasta þingi en ráðuneytið er þeirrar skoðunar að heilmiklu máli skipti, vegna þess að við erum að úthluta hér þessum takmörkuðu leyfum, að settar séu kröfur um að aðilar eigi kláran eignarhluta í þessum atvinnutækjum, það skapi festu og stöðugleika í greininni og um leið sé lögð áhersla á að þessum aðilum takist að stunda atvinnustarfsemi sína með þeim hagnaði að þeir geti verið ásáttir með þann arð sem af þessu eigin fé kemur. Þetta er grundvallaratriði í rekstri atvinnufyrirtækja og ég tel að þetta eigi ekki að þurfa að valda neinum vandræðum. Engu að síður þarf að fara yfir þetta, og væri einmitt mjög fróðlegt að fá umsagnir um þetta atriði frá leigubílstjórafélögunum þannig að hv. þm. í samgn. geti styrkst í þeirri trú að kosturinn sé skynsamlegur. Þetta vildi ég segja um það mál.

Eins og hv. þm. þekkja eru hér takmörkunarsvæði, og fjöldi leyfa takmarkaður. Ég hef ekki verið tilbúinn til að raska þeirri ró með því að fella niður takmörkunarsvæðin enda komst ég að þessari niðurstöðu eftir að hafa farið mjög vandlega yfir þetta mál með ýmsum aðilum. Þrátt fyrir háværar kröfur um það í Sleipnisverkfallinu fyrrum held ég að ekki sé skynsamlegt að gera það.

Ég vil aðeins taka fram vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted, taka undir með henni, að það er mjög mikilvægt að settir séu gæðastaðlar og reynt að tryggja það sem ég veit að leigubílstjórar auðvitað vilja. Þeir vilja bjóða sína þjónustu sem besta. Við þurfum að gæta þess að ekki séu settar óeðlilegar kvaðir með tilheyrandi kostnaði en það er nauðsynlegt til þess einmitt að skapa leigubílstjórunum betri stöðu til þess að selja þjónustu sína. Það er bara partur af því.

Bækistöð Vegagerðarinnar í Reykjavík var nefnd af hv. þm. Katrínu Fjeldsted. Það er auðvitað svo að þjónustan er tiltölulega aðgengileg á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að Vegagerðin er með sína stærstu stöð hér. Engu að síður gerum við ráð fyrir því að t.d. á Akureyri sé eðlilegt að starfsstöð Vegagerðarinnar þar sinni þeirri þjónustu sem er á Akureyri.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted vakti enn fremur athygli á 11. gr. og af því tilefni og bara með vísun til þess sem segir í 11. gr. vil ég taka það alveg sérstaklega fram og vekja athygli hv. samgn. á að undirstrika það kannski í nefndaráliti sínu að ekki er verið að fela lögreglunni neitt annað hlutverk en sem fylgir almennri löggæslu. Við ætlumst ekki til þess að hún taki að sér sérstakt hlutverk þó að skilja mætti það svo í greinargerðinni með frv. Í greininni sjálfri er hvergi getið um hlutverk lögreglunnar sérstaklega en til þess að það sé enginn misskilningur vil ég undirstrika þetta alveg klárlega og hafa það þannig á hreinu.

Ég held að ég sé búinn að fara yfir þau atriði sem hv. þm. bentu á með ágætum og vil endurtaka þakkir fyrir undirtektir við frv.

[14:54]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins bara rétt í lokin á þessari ágætu umræðu og skoðanaskiptunum sem hér hafa verið um þetta mál. Það er rétt sem hæstv. samgrh. sagði, að lengi má gott bæta. Hann fjallaði aðeins í ræðu sinni um leyfisgjöldin eða leigubílaskattinn og benti á að frá 16 þús. kr. sem var í frv. þegar það var lagt fram í fyrra hafi gjaldið dottið ofan í 13 þús. eftir að kostnaðurinn við leyfin var endurreiknaður að hans beiðni. En í upphaflegu tillögunum sem voru sendar út frá samgrh. var gert ráð fyrir 8 þús. kr.

Þá er spurningin þessi: Hvers vegna er þessi 5 þús. kr. munur þarna sem gefur um það bil 3 millj. — hafa menn verið að vanreikna eða ofreikna gjaldið sem Vegagerðin mun fá fyrir með þetta?

Herra forseti. Ég tók einnig eftir því að hæstv. samgrh. svaraði ekki spurningu um kostnaðinn sem hefur verið í samgrn. hingað til um þetta — en hann hefur verið töluverður — sem þá lækkar og fellur niður, hvort ekki hefði verið þarna frekar um tilfærslu að ræða.

Svo rétt í lokin. Telur hæstv. samgrh. — miðað við þær upplýsingar sem hv. formaður samgn., Guðmundur Hallvarðsson, las upp áðan um fjölda leigubíla á hinum ýmsu stöðum, hvort sem það er nú Kópasker, Hrísey eða hvar það nú er — koma til greina að það gjald sem rætt er um þarna verði hreinlega fellt út í þeim sveitarfélögum sem eru með 10 þúsund íbúa eða færri? Ég nota þá tölu, 10 þúsund íbúa eða færri, vegna þess að sú tala er notuð á öðrum stað í frv. Telur hæstv. samgrh. það koma til greina að þetta leyfisgjald hreinlega falli út á þessum stöðum?

[14:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil svara hv. þm. Varðandi kostnaðinn vil ég fyrst vekja athygli á því að fyrstu hugmyndirnar þegar talað var um að gjaldið yrði e.t.v. 8 þús. kr. voru algerar frumáætlanir og þá voru ekki komnar upp hugmyndir um að hafa svo öflugt samræmt kerfi á þessu sem síðar varð niðurstaðan með tilheyrandi kostnaði, þá aðallega í upphafi. Ég tel að með því að fara rækilega yfir þetta höfum við reynt að endurmeta gjaldið í ljósi þeirra áforma sem frv. gerir ráð fyrir.

Hvað það varðar að ráðuneytið sé að spara sér kostnað, þá erum við að nokkru leyti að setja á fót nýtt kerfi sem hefur ekki verið til staðar og fyrir það erum við að láta greiða. Að hinu leytinu var kostnaðurinn í ráðuneytinu til staðar áður en þá var það umsjónarnefndin sem í voru þrír menn og sérstakur starfsmaður í ráðuneytinu sem fjallaði um þetta — sá kostnaður féll á ráðuneytið annars vegar og umsjónarnefndina hins vegar vegna úrskurða sem nú er gert ráð fyrir að verði ekki hjá úrskurðarnefndinni, ekki hjá nefndinni sjálfri, heldur í ráðuneytinu. Þess vegna er gert ráð fyrir að kostnaður verði svipaður eftir sem áður hjá þeim sem þarf að vinna að úrskurðum vegna ágreinings. Annars vegar er um að ræða nýtt kerfi sem kostar þetta og hins vegar breytingu á úrskurðarferlinu frá nefndinni yfir til ráðuneytisins.

[14:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka spurningu mína, af því að hæstv. ráðherra hafði ekki tíma í fyrra andsvari til þess að svara, um hvort til greina komi að gjaldið falli út á þeim stöðum sem eru með 10 þúsund íbúa eða færri. Ég vildi gjarnan heyra álit hans á því.

Hins vegar er það alveg rétt sem hér kom fram í svari hæstv. ráðherra um þann kostnað sem þarna er um að ræða, eins og hann orðaði það sjálfur, tilheyrandi kostnað í upphafi við að búa til gagnagrunninn. Sérstakur kostnaður mun sannarlega falla til við það. En hann verður þá væntanlega ekki varanlegur þannig að gjaldið er kannski of hátt miðað við það sem þarna kemur fram.

Svo aðeins í lokin, herra forseti, um þá hlutfallstölu sem menn hafa verið að tala um í 2. tölul. 5. gr., um 35% eignarhlutinn. Það er auðvitað alveg hárrétt að þetta snýst um hagkvæmni, og bæði peningastofnun viðkomandi leigubílstjóra og leigubílstjórinn sjálfur mun náttúrlega vega og meta þetta þannig að viðkomandi akstur sé arðsamur. Hins vegar er veröldin svo margbreytileg að það getur verið hagkvæmt fyrir leigubílstjóra í dag að vera með bíla á meiri kaupleigu eða rekstrarleigu en hefur verið áður. Þetta þurftum við e.t.v. ekki að ræða fyrir nokkrum árum.

Ég minni líka á að í því vaxtaokri sem leigubílstjórar sem og aðrir Íslendingar búa við í dag er ekki fýsilegt að vera með mikið af skuldum á bílum sínum eða í rekstrarleigu eða kaupleigu miðað við það vaxtarstig sem okkur Íslendingum er skammtað í dag og ég mundi ekki vilja óska neinum leigubílstjóra þess. Guð forði öllum frá því.

Ég vildi bara rétt í lokin ítreka þessa spurningu með sveitarfélögin, 10 þúsund íbúar eða færri.

[15:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna spurningarinnar um hvort hafa mætti þennan kostnað mismunandi eftir því hversu stór takmörkunarsvæðin eru, þ.e. svæðin sem verið er að úthluta leyfum til, þá er um það að ræða eins og hefur komið fram að þetta er kostnaður við tiltölulega miðstýrt kerfi hjá Vegagerðinni og á ekkert skylt við íbúafjölda. Þetta á skylt við eftirlit, umsýslu og umsjón með heila hópnum. Það verður að líta á þetta í því ljósi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 169.

[15:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um póstþjónustu sem er 168. mál á þskj. 169.

Núgildandi lög um póstþjónustu eru að stofni til frá því í desember 1996, lög nr. 142/1996, en lögin tóku gildi 1. janúar 1997. Breytingar voru gerðar á þeim með lögum nr. 72/1998, vegna ákvæða í tilskipun ESB, þ.e. tilskipunar 97/67/EB um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar, er varðar einkarétt til póstmeðferðar en þessi tilskipun var samþykkt af ráðherraráði ESB eftir að Alþingi samþykkti lögin í desember 1996. Ég mun síðar í ræðu minni gera grein fyrir þróun þessara mála í Evrópu.

Um þessar mundir eru 100 ár liðin frá því að fyrstu póstlögin voru sett hér á landi. Í kafla 3 í athugasemdum við frv. er af þessu tilefni rakinn aðdragandi að setningu þessara laga og stiklað á stóru í þróun póstmála hér á landi á síðustu öld. Jafnframt því að vísa til þess kafla vil ég nefna nokkur atriði sem telja má merkisviðburði í sögu póstmála hér á landi.

Póstþjónusta af hálfu hins opinbera hefst á Íslandi með útgáfu tilskipunar Kristjáns konungs sjöunda um póststofnun á Íslandi 13. maí 1776. Hin eiginlega póstþjónusta á Íslandi er því rúmlega tveggja alda gömul og er því sú opinbera þjónusta sem landsmenn hafa notið einna lengst hér á landi. Opinberum póststofnunum var komið á fót víðast hvar í Evrópu á 16. og 17. öld, í Danmörku svo dæmi sé nefnt 1624, í Svíþjóð 1636 og í Noregi 1647, svo farið sé út í smá sagnfræði hér.

Til gamans má geta þess að samkvæmt tilskipuninni frá árinu 1776 skyldi póstur ganga þrisvar á ári úr hverjum landsfjórðungi til Bessastaða í tengslum við póstskip milli Íslands og Danmerkur. Skýrt var tekið fram að póstferðunum væri fyrst og fremst komið á fót til þess að áríðandi embættisbréfum yrði greiðlega komið áfram. Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir póstferðum til baka frá Bessastöðum.

Fyrsta póstferðin hófst 10. febrúar 1782 og hét pósturinn Ari Guðmundsson. Lagði hann upp frá Reykjanesi við Djúp, hélt þaðan um Ögur til Ísafjarðar og suður um alla firði uns hann kom 15. febrúar að Haga á Barðaströnd. Þar bjó Davíð Scheving, sýslumaður. Þar sem pósturinn hafði aðeins örfá bréf meðferðis þótti sýslumanni ekki svara kostnaði að senda Ara áfram suður, heldur bað hann vermann á leið suður fyrir bréfin. Fleiri urðu póstferðir ekki það árið og það var ekki fyrr en árið 1785 að póstferðir í samræmi við tilskipunina frá 1776 hófust með reglubundnum hætti.

Danska póststjórnin hóf frá 1. mars 1870 að annast póstferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands. Um það leyti voru póststöðvar stofnaðar í Reykjavík og á Seyðisfirði og sérstakur póstmeistari skipaður á árinu 1872. Hinn 26. febrúar það ár var gefin út ný tilskipun um póstmál á Íslandi og rekstur póstþjónustu falinn sérstakri ríkisstofnun, Póststjórninni. Með þessari tilskipun má segja að grundvöllurinn hafi verið lagður að póstþjónustu og að þeirri póstlöggjöf sem sett var 13. september 1901. Geta má þess, í lok þessarar yfirferðar um sögulega atburði í þróun póstmála hér á landi, að árið 1873 var fyrsta íslenska frímerkið gefið út.

Áður en ég sný mér að frv. sem hér er til umræðu langar mig til þess að fara nokkrum orðum um þróun póstmála í Evrópu í nútíðinni. Á síðustu árum hefur Ísland gegnt aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og er skuldbundið til að innleiða þær tilskipanir ESB sem samþykktar eru um póstmál.

Í frumvarpi til póstlaga sem lagt var fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi á árinu 1996, og sem varð að lögum nr. 142/1996 var í athugasemdum fjallað ítarlega um tillögur að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og bætt gæði póstþjónustunnar í Evrópu og vísa ég til þess. Þessar tillögur voru samþykktar og gefnar út í desember 1997 sem tilskipun 97/67/ESB, eins og áður segir.

Í tilskipuninni eru sett þau markmið að ráðherraráðið og Evrópuþingið skuli vera búin að endurskoða umrædda tilskipun með frekari opnun póstmarkaðarins í huga fyrir 1. janúar 2000. Þetta markmið sambandsins náðist ekki. Hreyfing komst fyrst á málið á fundi leiðtoga sambandsins sem haldinn var í Lissabon í mars 2000 þar sem samþykkt var að beina því til framkvæmdastjórnarinnar að hraða endurskoðun tilskipunarinnar frá desember 1997.

Það var í lok maí 2000 sem tillögur framkvæmdastjórnarinnar litu dagsins ljós. Samkvæmt þeim er það lagt fyrir ríki sambandsins að eigi síðar en 1. janúar 2003 skuli þau vera búin að færa þyngdarmörk einkaréttar fyrir almenn bréf með utanáskrift og markpóst úr 350 g í 50 g og að fimm sinnum lægsta burðargjald venjulegs bréfs innan lands í gildandi tilskipun verði 2,5 sinnum lægsta burðargjald. Einnig er lagt til að opnað verði alveg fyrir samkeppni fyrir póst til annarra ríkja sambandsins og fyrir hraðpóst.

Þessar tillögur um opnun póstmarkaðarins í Evrópu mundu hafa þau áhrif að um 20% af markaðnum opnuðust fyrir samkeppni næðu þær fram að ganga í stað 3% opnunar samkvæmt gildandi tilskipun. Þessi tillaga framkvæmdastjórnarinnar hefur sætt mikilli gagnrýni frá sumum stærstu aðildarríkjum Evrópusambandsins en önnur lönd styðja hana. Rétt er að geta þess að samkvæmt gildandi póstlögum eru einkaréttarmörkin hér á landi 250 grömm eða 5 sinnum lægsta burðargjald venjulegs bréfs innan lands.

Um miðjan desember 2000 samþykkti Evrópuþingið með miklum meiri hluta atkvæða tillögu þess efnis að ríkjum Evrópusambandsins yrði heimilt að viðhalda einkarétti bréfa og annarra póstsendinga allt að 150 g að þyngd. Þetta gildir um allar tegundir póstsendinga. Málið er með þessu komið til ráðherraráðs ESB.

Þessi samþykkt þingsins var á dagskrá fundar fjarskiptanefndar ráðherraráðsins, en hún fjallar einnig um póstmál, í desember í fyrra. Frakkar sem voru í forsæti á fundinum lögðu fram málamiðlunartillögu sem eins og í samþykkt þingsins innihélt ákvæði um að þyngdamörkin yrðu færð niður í 150 g og að frekari opnun markaðarins byggðist á útspili framkvæmdastjórnarinnar frá því í maí 2000. Ekki tókst að ná fram sameiginlegri niðurstöðu og virðist sem landfræðilegur ágreiningur ríki um tillögurnar.

Svíþjóð tók við formennsku í Evrópusambandinu 1. janúar 2001 og tókst þeim ekki að ná samstöðu um breytingar á pósttilskipuninni á formennskutíma sínum sem rann út 30. júní 2001.

Belgar tóku síðan við forsæti af Svíum og tilkynntu í upphafi síns forsætis að málið yrði á dagskrá en voru ekki bjartsýnir á að þeim tækist að ná samkomulagi um málið.

Samkvæmt nýjustu fréttum frá Brussel hélt fjarskiptanefnd ráðherraráðsins, svo sagt sé frá því hér, fund þann 15. okt. sl. og náði samkomulagi um að leggja til við Evrópuþingið eftirfarandi aðgerð til að koma á frelsi á póstmarkaði á Evrópu, þ.e. að frá og með 2003 verði einkaréttur afnuminn á bréfum sem eru yfir 100 g og að frá og með 2006 yrði einkaréttur afnuminn á bréfum sem eru yfir 50 g að þyngd. EFTA-ríkin hafa ekki fjallað formlega um þessar tillögur né tekið afstöðu til þeirra.

Hvað varðar afstöðu okkar Íslendinga geri ég ráð fyrir að við munum fylgja því samkomulagi sem á endanum næst innan Evrópska efnahagssvæðisins og mun það væntanlega koma til meðferðar síðar.

Þá ætla ég að horfa aðeins til Norðurlandanna og greina frá því í stuttu máli hvernig staðan er í póstmálum þeirra. Í Noregi eru þyngdarmörk einkaréttar miðuð við 350 g. Svíþjóð, engin einkaréttarákvæði eru í sænsku lögunum. Finnsku póstlögin eru að stofni til frá 1994. Engin ákvæði eru í lögunum um einkarétt þar. Það er nauðsynlegt að hv. þm. átti sig á þessu. Í Danmörku eru einkaréttarákvæði í lögunum miðuð við 250 grömm.

Þá sný ég mér að því frv. sem hér er um að ræða. Markmið og nýmæli þessa frumvarps til laga um póstþjónustu er í fyrsta lagi að kveða skýrar á um rétt landsmanna til lágmarkspóstþjónustu, í samræmi við fyrrgreinda tilskipun Evrópusambandsins, og er í því sambandi tekið upp hugtakið alþjónusta í stað hugtaksins grunnpóstþjónusta sem er notað í núgildandi lögum. Með alþjónustu er átt við póstþjónustu sem landsmenn skulu hafa aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

Aðaláhrif þessara breytinga eru að í stað þess að gildandi lög leggi íslenska ríkinu á herðar skuldbindingar um þjónustu við landsmenn veitir ríkið samkvæmt frumvarpinu aðilum rekstrarleyfi fyrir alþjónustu með ákveðnum skilyrðum. Með veitingu rekstrarleyfis leggur ríkið þær skyldur á

rekstrarleyfishafa að tryggja landsmönnum alþjónustu með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Til þess að ná megi fram þessu markmiði er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt samkvæmt frv. að leggja kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu. Þessar kvaðir skulu skráðar í leyfisbréf viðkomandi rekstrarleyfishafa. Hinar almennu kröfur sem uppfylla skal með alþjónustu eru taldar upp í 6. gr. frv. og eru þær þessar helstar:

að boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur,

að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta,

að þjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi, en sérstaklega án mismununar af stjórnmálalegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,

að þjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum,

að þjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Í öðru lagi eru sett inn skýrari ákvæði 12. gr. frv. um heimildir sem veittar eru til að starfrækja póstþjónustu. Gert er ráð fyrir tvenns konar heimildum, almennri heimild sem táknar skráningu póstrekanda eftir tilkynningu hans til Póst- og fjarskiptastofnunar og rekstrarleyfi sem þarf til að veita alþjónustu, samanber hér að framan. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja samkvæmt ákvæðum þessara laga og samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur póstþjónustu aðra en þá sem telst til alþjónustu. Almennum heimildum fylgja ekki sérréttindi. Þessar almennu heimildir koma í stað skráningarskyldu skv. 20. gr. gildandi laga. Einstaklingar eða lögaðilar sem hafa staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins fá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar sama rétt og Íslendingar til að sækja um heimildir til að veita póstþjónustu. Þar að auki er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra geti með reglugerð veitt öðrum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sams konar rétt. Sams konar ákvæði eru í gildandi fjarskiptalögum um heimildir til reksturs almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu.

Nýtt ákvæði er í 12. gr. um framsal leyfa á þann veg að breytist eignaraðild og kennitala fyrirtækis sem starfar samkvæmt almennri heimild verður að skrá það á ný og sömuleiðis verður að sækja um nýtt rekstrarleyfi ef eignaraðild og kennitala aðila sem hefur rekstrarleyfi breytist enda er upplýsinga um eignaraðild og fjárhagsstöðu krafist þegar sótt er um heimildir. Breytt hlutafjáreign í fyrirtæki sem starfar áfram með óbreytta kennitölu gefur ekki tilefni til nýrrar skráningar eða að sækja þurfi um nýtt rekstrarleyfi.

Af síðasttalda ákvæðinu leiðir að það verður að vera heimilt að afturkalla almenna heimild eða rekstrarleyfi þegar fyrirtæki leggur niður starfsemi sína eða verður gjaldþrota. Sömuleiðis er sett inn ákvæði í 12. gr. um að afturkalla megi leyfi ef alvarlega er brotið gegn settum skilmálum en gert er ráð fyrir því að áður en til slíks kemur verði viðkomandi gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu. Í lögum um fjarskipti eru sams konar ákvæði um afturköllun heimilda og hér eru lögð til.

Í þriðja lagi eru tekin inn í frv. ákvæði varðandi kröfur um gæði póstþjónustunnar og ákvæði um söfnun pósts og útburð alla virka daga alls staðar á landinu. Lagt er til að fært verði í lög að póstsendingar innan marka alþjónustu skuli bornar út alla virka daga alls staðar á landinu nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður komi í veg fyrir útburð. Slíkar kringumstæður geta verið ófærð og óveður eða sérstakar landfræðilegar aðstæður. Póst- og fjarskiptastofnun gerði árið 1999 könnun á möguleikum þess að koma á slíkum útburði og var kostnaður við hann áætlaður tæplega 100 millj. kr. umfram þáverandi kostnað við útburð pósts.

Verði frv. að lögum er Póst- og fjarskiptastofnun falið að setja kröfur um gæði alþjónustu. Kröfurnar eiga m.a. að lúta að lengstum tíma frá móttöku póstsendinga til útburðar, hver eigi að vera lágmarksopnunartími póstafgreiðslustaða á mismunandi stöðum á landinu, hversu oft póstkassar eru tæmdir á dag umfram lágmarksákvæði 20. gr., þ.e. tæmingar a.m.k. einu sinn hvern virkan dag, og tímasetningar um póst til og frá útlöndum. Ekki er gert ráð fyrir að gæðakröfur verði umfram það sem þekkist í nágrannalöndum. Í viðauka með frv. er fjallað um gæðakröfur í sambandi við póstsendingar milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við tilskipun 97/67/EB. Í 22. gr. frv. er sagt að gæðakröfur póstþjónustu innan lands skuli taka mið af þeim.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að ég fól Póst- og fjarskiptastofnun — og nú ætti hv. þm. Jón Bjarnason að hlusta (**JB:** Já.) í staðinn fyrir að ganga úr salnum — ég fól Póst- og fjarskiptastofnun með bréfi 27. apríl 2001 að gera úttekt á pósthúsum úti á landi og setja reglur um aðstöðu í pósthúsum vegna samninga við fyrirtæki um rekstur þeirra. Úttekt á völdum pósthúsum fór fram á liðnu sumri og hefur stofnunin síðan unnið að söfnun upplýsinga um póstmagn sem um pósthúsin hefur farið og um áætlaðan sparnað Íslandspósts vegna sameiningar reksturs pósthúsanna við annan rekstur.

Þau pósthús sem valin voru eru:

1. Pósthús sem eru alfarið í rekstri Íslandspósts, þ.e. á Hvolsvelli og Bolungarvík.

2. Pósthús þar sem Íslandspóstur hefur samið við banka eða sparisjóð um að sjá alfarið um afgreiðslu pósts, þ.e. Reyðarfjörður, það er samningur þar við Sparisjóð Norðfjarðar, og Flateyri, en þar er samningur við Sparisjóð Önundarfjarðar.

3. Pósthús þar sem Íslandspóstur hefur samið við einhvern annan aðila en banka eða sparisjóð. Ákveðið var að skoða öll þau pósthús þar sem gerður hafði verið samstarfssamningur við aðra aðila en banka eða sparisjóði, en þau eru á eftirtöldum stöðum: Varmahlíð, Hofsósi, Vík í Mýrdal, Stað í Hrútafirði og Króksfjarðarnesi.

Herra forseti. Úttekt þessi hefur borist ráðuneytinu og er hún mjög forvitnileg. Nú þegar hefur verið beint til stjórnenda Íslandspósts hf. að taka tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem þar koma fram.

Það er alveg ljóst sem kemur fram í þessari skýrslu og mér kom satt að segja ekki á óvart eftir að hafa skoðað aðstöðu á nokkrum þessara staða, að Íslandspóstur þarf að bæta úr. Ég mun fylgja því fast eftir bæði gagnvart stjórn fyrirtækisins Íslandspósts og mun fara yfir það með forsvarsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar að þessu verði fylgt fast eftir. En þessi lög eru m.a. til þess sett að svo megi verða.

Þá vil ég taka fram varðandi setningar reglna að Póst- og fjarskiptastofnun telur sig ekki hafa ótvíræða lagaheimild til þess að setja reglur um afgreiðslustaði. Það kom satt að segja nokkuð á óvart. Í frv. því til laga um póstþjónustu sem hér er til umræðu er því, eins og áður hefur komið fram, skýrt ákveði þannig að ekki þurfi að velkjast í vafa um það og mun stofnunin innan tíðar hefja undirbúning og gerð slíkra reglna í trausti þess að frv. hljóti samþykki Alþingis.

Í fjórða lagi er rétt að greina frá breyttum ákvæðum frá gildandi lögum um jöfnunarsjóð alþjónustu. Lagt er til

að jöfnunarsjóður verði sérstakur sjóður í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar en ekki hluti af fjárhag hennar eins og gildir fyrir jöfnunargjald í gildandi lögum um póstþjónustu og lögum um fjarskipti. Ástæðan er fyrst og fremst sú að fjárlagatillögur stofnunarinnar eru samdar áður en þörf fyrir jöfnunargjöld næsta árs liggur fyrir og er þess vegna ekki hægt að tryggja samræmi þar á milli. Verði frv. að lögum óbreytt mun ekki koma til álagningar jöfnunargjalds á árinu 2003, þar sem leggja þarf fram sérstakt frv. þar að lútandi fyrir 1. janúar 2002, þar sem álagningarhlutfallið er lögfest.

Hæstv. forseti. Ég hef hér að framan greint frá helstu nýmælum frv. svo og markmiðum þess. Áður en ég lýk máli mínu vil ég nefna fáein atriði til viðbótar.

Í 29. gr. frv. eru ákvæði sem að nokkru leyti eru nýmæli sem á að vera hægt að beita í sérstökum tilfellum þegar samgönguráðherra telur brýnt að leggja út í framkvæmdir eða sértæka póstþjónustu sem ekki heyrir undir alþjónustu og ekki er hægt að reikna með að skili arði. Slík tilfelli geta tengst almannaheill, öryggismálum, umhverfisástæðum eða byggðasjónarmiðum. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessa verði að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Þá vil ég nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir að einkaréttur ríkisins haldist að mestu leyti í sama horfi og í gildandi lögum, þ.e. miðað við 250 g þyngd bréfa, svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfin er minna en fimm sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjulegt bréf innan lands. Þessi ákvörðun byggist m.a. á því að enn er óráðið hvaða breytingar verði gerðar á ákvæðum tilskipunar ESB um póstsendingar í einkarétti, en umræðu um þetta er ekki lokið eins og ég hef getið um nokkuð ítarlega að framan.

Ég vil því næst geta um tvö atriði sem eru í gildandi lögum en ekki í frv. Hið fyrra er að ákvæði gildandi laga sem heimila Póst- og fjarskiptastofnun að veita íþróttafélögum, skátafélögum, hjálparsveitum og öðrum sambærilegum aðilum að annast póstþjónustu er ekki að finna í frumvarpinu. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að með frumvarpinu er þeim sem óska eftir að skrá sig sem póstrekendur á sviði annarrar póstþjónustu en alþjónustu gert auðvelt að skrá sig sem póstrekanda með almennri heimild, en á hinn bóginn verður að telja að með hliðsjón af ítarlegum kröfum sem gerðar eru til rekstrarleyfishafa sem annast alþjónustu sé varasamt að veita áhugamönnum leyfi til að veita póstþjónustu sem telst til alþjónustu. Því má bæta við að frá samþykkt þessa ákvæðis á Alþingi 2. júní 1998 hefur engin umsókn um slíka heimild borist Póst- og fjarskiptastofnun, frá íþróttafélögum eða öðrum.

Hitt atriðið sem ég vil nefna er að í 6. gr. frv. er tekið fram að póstsendingar með dagblöðum, vikublöðum og tímaritum falli undir ákvæði um alþjónustu. Í 16. gr. segir að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hagnaði og er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir þeim kostnaðargrundvelli sem gjaldskrá byggist á. Með hliðsjón af þessum ákvæðum þykir ekki rétt, nauðsynlegt né jafnvel viðeigandi að samgönguráðherra sé gert heimilt að mæla fyrir um að einkaréttarhafar annist póstmeðferð fyrrgreindra póstsendinga samkvæmt sérstakri gjaldskrá, lægri en fyrir aðrar sambærilegar sendingar, sbr. 14. gr. gildandi laga. Í seinni málsgrein þeirrar greinar segir að Póst- og fjarskiptastofnun beri að bæta einkaréttarhafa upp mismun á burðargjaldi en ekki er þess getið hver skuli vera tekjustofn stofnunarinnar til að mæta slíkum útgjöldum. Niðurgreiðsla á téðum sendingum sem fengin er með álagi á aðrar tegundir alþjónustusendinga verður að teljast óeðlileg. Til frekari stuðnings því að fella niður ákvæði 14. gr. gildandi laga er að hingað til hefur ekki verið talið nauðsynlegt að beita þessu ákvæði.

Þá vil ég að lokum fara nokkrum orðum um rekstur Íslandspósts hf. á síðasta ári og horfur á þessu ári, um ástæður erfiðrar rekstrarstöðu og hvað fyrirtækið hefur gert og er að vinna að til að bæta afkomuna. Ég tel nauðsynlegt að hv. þm. fái smá yfirferð um það um leið og fjallað er hér um þetta frv.

Frá stofnun Íslandspósts hf. árið 1998 hefur ekki náðst viðunandi árangur í grunnrekstri fyrirtækisins. Tap á reglulegri starfsemi árið 2000 var um 100 millj. kr. og horfur á yfirstandandi ári eru að þar verði yfir 130 millj. kr. halli.

Helstu ástæður fyrir þessari afkomu Íslandspósts eru eftirtaldar:

Jaðartekjur hafa dregist saman. Munar þar mestu um að Landssíminn hefur dregið viðskipti sín frá pósthúsum eins og þekkt er vegna grundvallarbreytinga í starfsemi sem áður var sameiginleg.

Árlegt tekjutap frá árinu 1998 er um 270 millj. kr.

Verulegur samdráttur hefur orðið í greiðslumiðlun, um 20% á ári vegna breytinga á almennum bankaviðskiptum, sem að verulegu leyti fóru áður fram á pósthúsum, m.a. með tilkomu netbanka.

Árlegt tekjutap vegna greiðslumiðlunar er um 25 millj. kr á ári.

Mikil útgjaldaaukning hefur fylgt þeirri breytingu að landpóstar dreifa pósti fimm daga vikunnar þar sem því verður við komið í stað þriggja daga áður. Bein útgjaldaaukning vegna þessa er um 60 milljónir á ári.

Til að mæta þessum breyttu rekstraraðstæðum hefur Íslandspóstur þurft að endurskipuleggja starfsemi sína. Dregið hefur verið úr starfsmannahaldi og yfirbyggingu fyrirtækisins og unnið er markvisst að hagræðingu í rekstri pósthúsa í samstarfi við önnur þjónustufyrirtæki, samanber það sem sagt er hér að framan um úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á pósthúsum úti á landi. Í dag eru 25 pósthús rekin í samstarfi og mun sú þróun halda áfram enn um sinn að ég tel. Höfuðáhersla er lögð á að póstþjónustan skerðist ekki og það hef ég undirstrikað mjög rækilega í umræðum í þinginu áður að ég legg áherslu á að póstþjónustan skerðist ekki með þeim breytingum sem verða vegna hagræðingar.

Ofangreindar aðgerðir hafa lækkað árlegan rekstrarkostnað um u.þ.b. 300 millj. kr.

Íslandspóstur hefur einkarétt á dreifingu bréfa undir 250 g að þyngd eða fimm sinnum lægsta burðargjalds bréfa og er það rúmur helmingur af tekjum fyrirtækisins. Fyrirsjáanlegt er að einkarétturinn verði þrengdur á næstu árum og jafnvel afnuminn á fyrsta áratug þessarar aldar, á sama tíma og bréfamagn fer minnkandi. Þó er ekki búið að taka neinar ákvarðanir um það. Hér einungis um spá að ræða, spá um þróun. Miklu skiptir að fyrirtækið verði vel í stakk búið til að takast á við breytta tíma og samkeppni á öllum sviðum.

Ljóst er að Íslandspóstur þarf að ganga í gegnum breytingar til þess að ná viðunandi hagnaði af rekstrinum. Í dag er reksturinn borinn uppi af tekjum af bréfapósti meðan aðrar þjónustugreinar skila óviðunandi afkomu. Auka þarf hlut og bæta afkomu annarra þjónustugreina og þá sérstaklega

bögglaþjónustunnar þannig að hún vegi upp minnkandi hlut bréfapóstsins í rekstri fyrirtækisins.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:29]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur nú mælt fyrir nýjum heildarlögum um póstinn eða nýjum póstlögum. Gömlu póstlögin eru, þ.e. þau lög sem nú eru í gildi, ekki nema rétt rúmlega fjögurra ára gömul og þess vegna er dálítið sérstætt að menn skuli á þessum tímapunkti þurfa að setja ný heildarlög. Þegar maður les frv. yfir þá staldrar maður óhjákvæmilega við að breytingarnar eru í raun sáralitlar. Það eru sáralitlar breytingar sem auðveldlega hefði mátt setja inn á hinu háa Alþingi með því einu að koma með breytingafrv. Því vil ég, virðulegi forseti, spyrja hæstv. ráðherra hér strax í upphafi þannig að hægt sé að koma umræðunni í réttan farveg: Er markmiðið með flutningi þessa frv. það eitt að búa til þannig umhverfi að auðveldara verði að selja Íslandspóst?

Ég held að það sé mikilvægt að þetta komi fram strax í upphafi því efnislegar breytingar samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir eru sáralitlar. Má til gamans nefna að einungis munar fjórum eða fimm greinum á þessu frv. og hinu, og efnislega er lítið annað gert en að breyta nöfnum á einstökum hugtökum. Má þar kannski nefna helst að alþjónusta er komin í staðinn fyrir grunnþjónustu.

Virðulegi forseti. Ég vil því beina fyrirspurn til samgrh. þannig að það komi strax fram í upphafi umræðunnar: Er markmiðið með framlagningu þessa frv. að búa til umhverfi sem auðveldi að selja Íslandspóst eða a.m.k. að reyna að selja hann? Ef marka má orð hæstv. ráðherra hér í lokin þá gæti það kannski reynst dálítið erfitt. Er markmiðið með þessu frv. að undirbúa sölu á Íslandspósti? Ég held að það sé mikilvægt að þetta liggi fyrir strax í upphafi umræðunnar.

[15:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að ekki er um neinar stórkostlegar grundvallarbreytingar að ræða á löggjöfinni, enda ekki langt síðan við fengum heildarlöggjöf um póstmálin. En engu að síður er verið að bregðast við breyttum aðstæðum á þessum markaði, en ekki síst að búa þannig um hnútana að það sé alveg ljóst hvaða kröfur við viljum gera til þeirrar þjónustu vegna m.a. skipulagsbreytinga. Við þurfum að sjá til þess að þjónustan skerðist ekki, hún verði örugg eftir sem áður, þrátt fyrir skipulagsbreytingar og þrátt fyrir að póstþjónustan sé falin öðrum aðilum, eins og við höfum verið að gera. Allt þarf að þróast.

Hvað varðar aðalerindi hv. þm. upp í pontuna, spurninguna um hvort verið sé að búa í haginn vegna sölu á Íslandspósti hf., þá liggur það alveg fyrir að ekki er verið að því. Íslandspóstur er ekki til sölu. Við erum að bregðast við breyttum aðstæðum og erum að tryggja að þetta mikilvæga þjónustufyrirtæki okkar Íslendinga sinni sem allra best, þrátt fyrir samkeppni, þeirri þjónustu sem við gerum ráð fyrir að fyrirtækið veiti og á það bæði við um samkeppnishlutann og þann hluta sem varðar einkaréttarframkvæmdir.

[15:33]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í svari sínu fannst mér í upphafi hæstv. ráðherra vera að gera því skóna að það kæmi vel til álita að Íslandspóstur yrði seldur. Síðan snerist hann af þeirri leið þegar á leið andsvarið og lýsti því yfir að með þessu væri ekki verið að undirbúa sölu á Íslandspósti.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Mun hann á þessu kjörtímabili beita sér fyrir því að Íslandspóstur eða hlutafé í Íslandspósti verði selt? Eða er hægt að ganga út frá því sem vísu að hæstv. ráðherra muni ekki beita sér fyrir því á meðan hann situr sem samgrh.? Er hægt að ganga út frá því sem vísu að hann muni ekki beita sér fyrir því?

Ég get alveg lýst því yfir líka, virðulegi forseti, og ég vonast til þess að hæstv. ráðherra eigi ekki nema u.þ.b. eitt og hálft ár eftir í embætti.

[15:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki gert ráð fyrir því í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að selja Íslandspóst hf. og engin áform eru uppi um það, eins og ég sagði. Ég held að hver sem vilji minn væri í þeim efnum þá þyrfti fleiri til en samgrh. einan til að ná slíkri niðurstöðu. Og væntanlega yrði það ekki gert án þess að það kæmi fyrir Alþingi. En ég vil endurtaka að þetta frv. sem hér er verið að fjalla um snýst ekki um að selja þetta fyrirtæki og það er ekki á dagskrá. Í stjórnmálum verða menn að taka hvert viðfangsefni eins og það er. Eins og ég fór hér rækilega yfir er ekki gert ráð fyrir breytingum á einkarétti. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera strangari og stífari kröfur um þjónustu fyrirtækisins og verið að setja skýran ramma um hvernig við ætlumst til að póstþjónustunni verði sinnt í framtíðinni.

[15:36]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. samgrh. áðan ætti a.m.k. að tryggja að umræðan snúist ekki um sölu á fyrirtækinu og einfaldar umræðuna að mörgu leyti, því hæstv. ráðherra lýsti því yfir að ekki væri ætlunin að selja fyrirtækið, a.m.k. ekki á þessu kjörtímabili, og verður því að skilja svar hans þannig þrátt fyrir að ýmislegt í frv. geri það að verkum að verði það selt yrði allt rekstrarumhverfi þægilegra. En hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að það sé ekki á döfinni og því eðlilegt að nálgast þessa umræðu með þá yfirlýsingu að leiðarljósi.

Það eru nokkur atriði sem ég vil fara yfir. Hæstv. ráðherra gerði ágætlega grein fyrir því að í frv. sem hér liggur fyrir finnast ekki neinar veigamiklar breytingar frá þeim lögum sem nú eru í gildi.

Hæstv. ráðherra fór líka ágætlega yfir það litla sem ætlunin er að breyta og því er kannski ekki ástæða til að halda hér langar ræður um þetta tiltekna mál.

Hins vegar, virðulegi forseti, held ég að rétt sé að byrja á því sem fram kemur í frv. um tilraun til að skilgreina alþjónustu, þar sem hugtök eins og viðráðanlegt verð, grunnkröfur, sambærilegar aðstæður og án mismununar eru sett fram án frekari skýringa. Ég held að mikilvægt sé að slíkir hlutir séu sæmilega vel skýrðir en ekki skildir eftir í lausu lofti. Sá sem hér stendur á sæti í hv. samgn. og mun beita sér fyrir að þetta verði skýrt. En ég held að mjög mikilvægt sé að slíkir þættir séu sæmilega skýrir. Og þeir sem ætla að sinna póstþjónustu viti nokkurn veginn hvað í þessu kann að felast þannig að þeir geti gert áætlanir sínar í samræmi við það.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, hlýtur maður að staldra við þennan einkarétt ríkisins á því að bera út bréf. En ég er sannfærður um að frv., verði það að lögum, mun tryggja eins og núgildandi lög, að bréf muni væntanlega komast skammlaust frá A til B. Því frv. fjallar fyrst og fremst um að tryggja það að sú grunnþjónusta verði í lagi.

Ég held að nauðsynlegt sé að við veltum því fyrir okkur í mikilli alvöru: Hví er nauðsyn á einkarétti á póstþjónustu þegar bréf eru 250 g að þyngd? Af hverju þarf ríkið að hafa einkarétt á því að bera út bréf sem eru 250 g að þyngd eða léttari?

Virðulegi forseti. Hver er munurinn á 249 g bréfum og 251 g bréfum? (**Gripið fram í:** Tvö grömm.) Það eru tvö grömm og einkaréttur ríkisins.

Ég held, virðulegi forseti, að við þurfum að taka þá hluti til verulegrar umræðu og ekki sé hægt að segja einfaldlega sem svo: Þetta er svona í Evrópusambandinu. Vegna þess að við getum oft og tíðum tekið skref án þess að fylgja þeim í öllum atriðum og jafnvel gengið lengra. Það er ekkert sem mælir á móti því að við göngum lengra en þetta. Ég held að í sjálfu sér, eins og þróun hinna ýmsu fyrirtækja sem taka að sér að dreifa pósti hefur orðið, þá séu þau fullkomlega í stakk búin til að bera út 250 g bréf án þess að einkaréttur ríkisins sé þar hangandi yfir.

Einnig er fróðlegt að sjá þegar menn lesa frv. út frá þessu að einkarétturinn er ekki sterkari en svo að heimilt er að framselja hann. Heimilt er að framselja þann einkarétt að bera út 250 g bréf og minni. Jafnvel er það svo að auðkennið sem sérstakur einkaréttur er á, þ.e. íslenska ríkinu er einu heimilt að nota merkið póstlúður með eða án stjörnu eða örva til kynningar á póstþjónustu, þetta merki er rekstrarleyfishafa sem hugsanlega yrði þá framseldur, sá einkaréttur sem kveðið er á um í V. kafla frv. og lýtur að útgáfu frímerkja, bera út bréf, bera út ábyrgðarbréf, uppsetningu póstkassa á almannafæri og notkun á póstlúðursmerkinu. En allt er þetta framseljanlegt. Og til viðbótar því getur rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, heimilað aðilum sem starfa í hans þágu að nota auðkennið póstlúður. Sem þýðir þá að rekstrarleyfishafa er síðan heimilt að framselja þetta tiltekna merki.

Þá hljóta menn að spyrja aftur sem svo: Hvers vegna er verið að halda í þennan einkarétt? Hvers vegna er verið að reyna að halda í þennan einkarétt á póstþjónustu? Því miður er í frv. ekki gerð tilraun til þess að reyna að rökstyðja það svo nokkru nemi.

Ég held því, virðulegi forseti, að við þurfum að taka þá umræðu. Og við þurfum að velta því fyrir okkur í mikilli alvöru hvort ekki sé ástæða til að ganga lengra og afnema þennan einkarétt. Því það er einu sinni þannig og kemur fram í frv., að þeir sem fá rekstrarleyfi, þeim sem verður úthlutað rekstrarleyfi, þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði. Þeir þurfa að geta borið út póst o.s.frv. Það eru mjög ákveðin skilyrði.

Ég held, virðulegi forseti, að þau skilyrði dugi ein og sér til að tryggja þá grunnþjónustu, en vera ekki með dálítið kjánalegar yfirlýsingar eða kjánaleg ákvæði í þá veru að ríkið þurfi einhvern sérstakan einkarétt á 250 g bréfum og minni. Eru það tíu handskrifuð bréf? Eða tíu handskrifaðar síður? Um leið og þær verða 11, þá dettur einkarétturinn upp fyrir?

Virðulegi forseti. Ég held að það sé dálítið kjánalegt að hafa þetta svona og mjög mikilvægt a.m.k. ef menn ætla að hafa þetta í lögum að þeir rökstyðji það og geri það vandlega. Því miður er ekki lagt í þá vegferð í frv.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna hér annað atriði. Í frv. er kveðið á um svokallað jöfnunargjald sem á sér að einhverju leyti fyrirmynd í lögum um fjarskipti. En í þessu frv. er talað um að jöfnunargjald skuli innheimt af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Hér er hins vegar ekkert kveðið á um hvaða prósentustig um er að ræða. Ég held að mikilvægt sé að farið verði mjög vandlega yfir það hvort ekki þurfi að kveða skýrar á um þetta í frv. svo menn viti með vissu hvað það er sem þeir þurfi að greiða taki þeir að sér svokallaða alþjónustu á póstsviðinu.

Þá er hér í þriðja lagi það sem hæstv. ráðherra kom inn á í síðari hluta ræðu sinnar, svokölluð sértæk póstþjónusta. Það er reyndar nýmæli, eitt af fáum nýmælum í frv., en það er ekki skýrt neitt sérstaklega hvað átt er við annað en að svo virðist vera sem óski samgrh. eftir að lagt sé í framkvæmdir, með leyfi forseta, 29. gr.:

„Óski samgönguráðherra eftir að lagt sé í framkvæmdir eða sértæka póstþjónustu sem ekki fellur undir alþjónustu en er til almenningsheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samninga þessu viðkomandi við póstrekanda í kjölfar útboðs."

Þetta skal síðan fjármagnað úr ríkissjóði.

Hér er með öðrum orðum verið að fá samgrh. heimild til þess að óska eftir því að tiltekin þjónusta skuli innt af hendi og hún fjármögnuð úr ríkissjóði, fjármögnuð af skattpeningum eða skattgreiðslum almennings.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki gott að skilja eftir í þeim lögum jafnopna heimild og þessa. Þetta býður upp á að hinir ýmsu ráðherrar, hverjir sem þeir kunna að vera, fari að dunda sér við að koma upp svona gælu- og sérverkefnum og hafa allt að því opna heimild til að fjármagna slíkar hugmyndir úr ríkissjóði. Ég held að þurfi að leggjast miklu betur yfir þessa hugmynd. Ég er sannfærður um að samgn. mun fara mjög vandlega yfir þetta.

Það er ekki einu sinni svo að tryggt sé að þessar hugmyndir samgrh., verði þær að veruleika, nái til verkefna sem rekin eru með tapi því samkvæmt frv. er einungis sett það skilyrði að ef ætla megi að viðkomandi framkvæmd eða viðkomandi aðgerðir sem byggja á þessu skili ekki arði þá megi gera sérstakan samning og fjármagna verkefnið úr ríkissjóði. Ég held, virðulegi forseti, að Alþingi geti einfaldlega ekki skilið þetta eftir með þessum hætti.

Ýmislegt annað er að finna í frv. og flest af því er nánast það sama og er í gildandi lögum, litlar sem engar breytingar. Ég veit ekki betur en að gildandi lög hafi verið ágætur grunnur til að tryggja að fólk fengi sinn póst, að fólk fái sínar sendingar. Ég er sannfærður um að verði frv. að lögum þá muni svo verða áfram.

En ég vil ítreka, virðulegi forseti, að þegar þetta frv. er lesið yfir virðist eini tilgangur þess vera sá að skapa rekstrarumhverfi sem geri það að verkum að þeir sem koma að þessari þjónustu hafi frjálsari hendur um reksturinn. Það virðist líka mega lesa úr þessum greinum, þó að hæstv. ráðherra hafi neitað því áðan, að hér sé verið að skapa betra umhverfi komi til þess að Íslandspóstur verði seldur. Hins vegar hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir við þessa umræðu að ekki standi til að selja Íslandspóst og þetta frv. hafi því ekkert með það að gera. Ég held að ekki sé hægt annað en taka mark á þessum yfirlýsingum hæstv. ráðherra. Kannski er það svo að samstarfsflokkur Sjálfstfl., Framsfl., hafi í þessu máli viljað standa í lappirnar og ekki leyfa Sjálfstfl. að selja fyrirtækið. Mér finnst það nú líklegasta skýringin, enda kom fram hjá hæstv. ráðherra þegar hann gaf þessa yfirlýsingu, að taka yrði tillit til annarra en þess sem í sæti samgrh. situr hverju sinni. Líklega hefur ekki verið komist lengra að þessu sinni. En það er þó a.m.k. tryggt að verði

fyrirtækið selt þá er lagaumhverfið, verði frv. að lögum, í betri búningi til þess en undir núgildandi lögum.

Virðulegi forseti. Hér er kannski ekki um aðrar stórvægilegar breytingar að ræða. Það hefði dugað, ef menn hefðu haft aðrar hugmyndir en að breyta rekstrarumhverfinu, að koma hér með nokkrar litlar tillögur til að breyta efninu eða einstaka hugtaki. Þessi leið varð aftur á móti fyrir valinu, að koma með ný heildarlög um póstinn, fella úr gildi lög sem ekki eru nema rúmlega fjögurra ára gömul. Það segir okkur það og getur varla þýtt nokkuð annað en að menn eru a.m.k. að opna örlítið á að komi til þess að nýir aðilar komi til samstarfs við hæstv. samgrh. þá sé möguleiki á að selja fyrirtækið.

[15:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur fylgt úr hlaði frv. til laga um póstþjónustu og gerði það myndarlega, m.a. með sögulegu ívafi. Hann hefur einnig gert grein fyrir sjálfu frv. og svo hvernig starfsemi Íslandspósts hefur verið háttað á þessu ári. Það er þakkarvert að fá svo ítarlega og góða ræðu sem hæstv. ráðherra flutti í tilefni af þessu frv.

Herra forseti. Núgildandi lög um póstþjónustu eru ekki gömul, eins og komið hefur fram hér í umræðunni. Þau eru að stofni til aðeins fjögurra, fimm ára gömul. (**Samgrh.:** Tóku gildi 1. janúar 1997.) Já, tóku gildi 1. janúar 1997, þannig að þau eru þá rúmlega fjögurra ára. Maður gæti haldið að það væri eitthvað sérstakt sem ræki á eftir því að endurskoða svo nýsett lög, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur einmitt bent á — ekki síst vegna þess að gildandi lögum hefur í raun aldrei verið framfylgt. Þar hefur á skort m.a. skilgreiningu á þeirri grunnþjónustu sem með þeim hefur verið ætlað að veita. Maður skyldi halda að það hefði staðið hæstv. samgrh. nær að búa þau lög sem í gildi eru svo út að þau væru uppfyllt. En því fer fjarri, eins og hæstv. ráðherra vék að í síðari hluta ræðu sinnar. Hann gat þess að að frumkvæði ráðuneytisins hafi menn beitt sér fyrir úttekt á stöðu póstþjónustu víða um land þar sem Íslandspóstur hefði breytt þjónustu sinni og ítrekaðar kvartanir borist um að hún væri ekki eins og fólk hefði búist við.

Áður en ég held lengra, herra forseti, vil ég leggja fram þá ósk til hæstv. ráðherra að fá þá úttekt sem hann gat um að þarna hefði verið unnin um ástand póstþjónustu á ákveðnum stöðum á landinu. Hann hafði þessa úttekt undir höndum og ætlaðist til að Íslandspóstur tæki þær athugasemdir til greina og bætti þjónustu sína þar sem á skorti.

Þannig er, herra forseti, að það er eitt að setja lög og annað framfylgja þeim. Ég get ekki séð, herra forseti, að þetta frv. til nýrra laga um póstþjónustu hafi í för með sér nokkuð sem muni auka, bæta eða tryggja póstþjónustuna. Ég get ekki séð það. Hitt er frekar hægt að lesa út úr frv. að þau nýju lög mundu gera mögulegt að skerða póstþjónustuna, hugsanlega á löglegan hátt.

Í gildandi lögum er kveðið á um grunnpóstþjónustu. Aðila sem hefur með hendi grunnpóstþjónustu ber að inna hana af hendi. En þessi grunnpóstþjónusta hefur aldrei verið skilgreind. Það hefur ekki verið skilgreint hvar pósthús skuli starfrækt, hvert skuli vera þjónustustig pósthúsa, hvar skuli vera póstkassar, hvar skuli vera bréfhirðing. Ekkert af þessu hefur verið skilgreint í núverandi grunnþjónustu. Í skjóli þess hefur póstþjónusta um allt land, hér á höfuðborgarsvæðinu og út um allt land, verið skert. Það er skerðing á póstþjónustu ef bréfhirðingarstöðum er fækkað. Það er skerðing á póstþjónustu ef pósthús og póstafgreiðslur stytta opnunartíma og skerða þjónustu og skerða aðgengi. Þessi skerðing á þjónustunni hefur að því er virðist orðið í skjóli þess að ekki er fyrir hendi skilgreining á grunnpóstþjónustu.

Maður gæti haldið að þessi dráttur á að skilgreina grunnpóstþjónustu, sem núna á að kalla alþjónustu, sé einmitt vegna þess að verið er að skera niður og takmarka póstþjónustuna víða um land og breyta eðli hennar. Halda mætti að beðið sé með að skilgreina þessa grunnpóstþjónustu, væntanlega alþjónustu, þar til lægra þjónustustigi er náð til þess að auðvelda rekstraraðilum framkvæmd hennar.

Ekki er annað hægt en að víkja að póstþjónustunni eins og hún er í dag sem hæstv. ráðherra kom hér inn á. Það hafa orðið ítarlegar umræður á Alþingi um hvernig gengið hefur verið fram varðandi póstþjónustu í Skagafirði og Húnavatnssýslum, á Hofsósi, Varmahlíð, Skagaströnd, á Vestfjörðum og víðar um landið.

Það er gleðilegt að menn hafi beitt sér fyrir því nú síðla sumars að gera úttekt á þessari póstþjónustu. En það hefði líka ýmislegt gengið á áður sem lítið hafði verið gert með. Borist höfðu mótmæli, frá hundruðum þeirra sem nýttu sér þessa þjónustu, víða að af landinu gegn þeirri skerðingu sem orðið hafði. Við því var ekki brugðist. Það er dálítið seint að bregðast við því að taka póstþjónustuna út, mörgum mánuðum eftir að gjörningurinn hefur orðið þrátt fyrir allar viðvaranir.

Ég vil því, herra forseti, spyrja hæstv. ráðherra af því að hann kom inn á þetta: Hvað er að gerast í póstþjónustunni á Vestfjörðum? Hvaða pósthúsum er verið að loka þar og hve margir missa atvinnuna í þeirri hrinu sem þar gengur yfir? Hvernig er málum háttað, þegar póstþjónustan er færð milli staða og þjónustunni breytt, með skráningu og móttöku á póstsendingum og hvernig fer með póststimplun? Hvaða þjónusta verður í boði á þessum stöðum?

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að samkvæmt gildandi lögum og því starfsleyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt Íslandspósti er honum óheimilt að framselja þjónustu sína. Honum er t.d. óheimilt að framselja póstþjónustuna í Varmahlíð, á Hofsósi eða Skagaströnd eða hvar annars staðar sem hann rekur hana ekki á sína eigin ábyrgð. Það er skýrt kveðið á um það í 12. gr. starfsleyfisins, með leyfi forseta:

„Leyfishafa er óheimilt að framselja rétt sinn og skyldur samkvæmt leyfisbréfi þessu. Leyfishafa er þó heimilt að fela dótturfyrirtæki rekstur póstþjónustu að nokkru eða öllu leyti en slík ráðstöfun leysir leyfishafa að engu undan skyldum sínum samkvæmt leyfi þessu."

Þarna er því að mínu viti skýrt kveðið á um að sú ráðstöfun sem viðgengist hefur hin síðari missiri, þar sem póstþjónustunni ráðstafað til annarra aðila, er algjörlega á svig við lög og starfsleyfi. Ágætt hefði verið að fyrst hefði verið tekið á þessum málum áður en farið væri að setja ný lög.

Það er líka orðið fyllilega tímabært að setja reglur um póstafgreiðslu og móttöku á pósti. Við getum átt von á því, eins og aðrir, að hingað berist póstur sem getur verið hættulegur. Og hver vill hafa slíkan póst þar sem fólk er að kaupa olíu og bensín eða innan um matvörur þar sem fólk er að kaupa inn? Hver vill slíkt?

Mér finnst, herra forseti, eins og þetta hefur gengið og hæstv. ráðherra lýsti, alveg með endemum að ekki skuli þegar vera búið að grípa í taumana og færa til betri vegar. Mér finnst það með endemum.

Og það er ekkert í þessum nýju lögum sem breytir í sjálfu sér þar um. Ekki neitt. Það sveiflast til og það sem áður var kallað grunnþjónusta heitir nú alþjónusta — það er eina breytingin og mér finnst hún til hins verra. En jafnóskýrt er það og óunnið hver grunnþjónustan er eða þá þessi alþjónusta sem á að veita, og á meðan er hægt að skýla sér á bak við það þegar verið er að skerða þjónustuna.

Ég ítreka því, herra forseti, að það hefði verið miklu nær að hæstv. ráðherra og samgrn. hefðu tekið mark á þeim mörgu athugasemdum, þeim mörgu undirskriftum, fjölmargra þjónustuþega póstsins um að endurskoða og bæta núgildandi þjónustu heldur en að vera að eyða tíma og fyrirhöfn í að breyta lögunum og leggja fram þetta frv. Mér virðist það helst opna fyrir það, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom inn á, að auðvelda sölu eða einkavæðingu á póstþjónustunni í áföngum. Hversu stórir þeir verða er kannski óljóst en samt er ljóst að verið er að opna fyrir einkavæðingu og sölu á þeirri þjónustu beint og óbeint og verið er að rýmka heimildir. Ég hef trú á að fæstir hafi trú á að þetta sé til góðs. Það hefði verið nær að vinna að þessu.

Annars boðar frv. sjálft, herra forseti, ekki miklar breytingar. Það eru þær breytingar, eins og ég segi, að kalla grunnþjónustu alþjónustu sem er alveg jafnloðið meðan það er ekki skilgreint. Og komið er nýtt orð sem heitir afgreiðslustaðir í staðinn fyrir þar sem áður voru pósthús. Það er því opnað fyrir það að geta gefið eftir í þjónustu póstsins vítt og breitt um landið. Við tölum um að auka þurfi möguleika dreifbýlisins, auka möguleika allra á að nýta póstinn, t.d. í póstverslun, bæði til að kaupa vörur í gegnum póst og senda vörur með póstinum. Og það er ekki gert nema að viðhlítandi staðir séu fyrir hendi, móttaka fyrir hendi til þess að það geti gengið greiðlega fyrir sig. Og sú þjónusta er einmitt að skerðast í þeim breytingum sem núna eru um land allt.

Það má nefna eitt atriði enn, herra forseti. Það varðar útburð á póstinum. Afar misjafnlega er staðið að honum. Í flest hús er borinn út póstur reglulega, á allmarga bæi er hann borinn út en við aðra bæi er hann skilinn eftir úti á þjóðvegi, mörg hundruð metra frá bænum. Það er ekkert samræmi í þessari þjónustu eða jafnræði eða jöfnuður. (**KPál:** Á að fara með hann inn í stofu?) Þess vegna. Það á að vera jafnræði í póstdreifingunni. Allir eiga að fá póst sinn heim en ekki eins og núna er. Sumir fá hann heim reglulega en aðrir ekki. (**KPál:** Ef maður á heima á 10. hæð, á maður að fá hann upp?) Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Kristján Pálsson þurfi að fara inn um dyrnar á neðstu hæð og þar séu uppsettir póstkassar til þess að setja póstinn í í fjölbýlishúsum. Það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að gera lítið úr því að þjónusta póstsins eigi að vera jöfn fyrir alla, óháð búsetu.

Varðandi póstleynd. Hér eru jú sömu ákvæðin og ríkt hafa um póstleynd. Og það er afar mikilvægt að póstleynd sé fylgt. Hvernig ætli hún sé einmitt og hvernig ætli þeim ákvæðum hafi verið framfylgt samkvæmt núgildandi lögum? Þessi nýju lög breyta engu þar um. Á mörgum þessara nýju afgreiðslustaða er pósturinn þess vegna ekki í neinni slíkri vörslu að óviðkomandi fólk hafi ekki getað gengið um hann. (**Gripið fram í:** Hvar er það?) Ekki veit ég betur en að hér hafi verið rekinn póstmannaskóli og það hafi verið talin ástæða til þess að vera með sér námskeið fyrir póstmenn. Og ... (**Gripið fram í:** Erlendis?) Nei, hér á Íslandi, og það sé mjög brýnt.

En ekki hef ég vitað til þess að í þeim breytingum sem núna er verið að gera hjá Íslandspósti sé lagt upp úr þeirri sérþekkingu sem póstþjónustufólk þarf að hafa án þess að ég sé að gera þeim sem nú fást við þessi störf það upp að þeir gegni starfi sínu ekki af trúmennsku og samviskusemi. En það hefur verið talið nauðsynlegt að þarna væri sérþekking fyrir hendi. Ég tel einmitt að í þessum lögum ætti að vera ákvæði sem lyti að þekkingu á þessu sviði, að námi fyrir starfsfólk í póstþjónustu.

Herra forseti. Í stað þess að eyða tíma í að semja ný lög um póstþjónustuna hefði verið nær að kanna hvernig mætti koma í veg fyrir að aðrar eins hremmingar og viðtakendur pósts urðu fyrir, t.d. fyrir síðustu jól í póstþjónustunni víða um land, ættu sér stað. Ný lög breyta ekki miklu þar um. En það er ekki enn búið að gera neitt í því að skilgreina þessar grunnþjónustukröfur, póstþjónustukröfur, sem er þó kveðið á um í gildandi lögum.

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel að það væri miklu nær fyrir hæstv. samgrh. að vinna að því að útfæra þau lög og þær reglur sem nú gilda um póstþjónustu. Hann þyrfti að sjá til þess að þeim sé framfylgt gagnvart landsmönnum öllum og að fyrr og betur sé hlustað á hinn almenna neytanda, hinn almenna íbúa þessa lands, þegar hann ber fram kvartanir sínar yfir þeirri póstþjónustu sem verið er að koma á. Það væri betra að hann hlustaði á þær og brygðist hratt við og bætti þar úr heldur en að leggja mikla vinnu í að búa til nýtt frv. þar sem litlar breytingar eru aðrar en orðalagsbreytingar og rýmkun til þess að geta einkavætt og selt hluta póstþjónustunnar.

Af því að hæstv. ráðherra hvatti mig til að hlusta vel á sig í ágætri ræðu sinni — sem ég líka gerði — þá leyfi ég mér að spyrja í lokin: Hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að gera gagngerar breytingar á þeirri póstþjónustu sem nú er í boði, t.d. á Hofsósi og í Varmahlíð, og hann minntist á og þá að færa hana til síns upprunalega horfs? Ný og fullkomin hús sem Íslandspóstur á standa jú tóm. Stendur til að taka þessa þjónustu aftur upp og leiðrétta þau mistök sem urðu?

[16:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gagnrýndi mjög að þetta frv. væri flutt. Sú ræða bendir einmitt til þess að hann hafi hvorki hlustað á ræðuna sem ég flutti hér áðan — sem ég þó hvatti hann til að gera — né lesið frv. vegna þess að hér er verið að tryggja það í löggjöf hvernig Póst- og fjarskiptastofnun skuli hafa fullt og óskorað vald til að setja reglur um póstþjónustuna. Ég tók sérstaklega fram í ræðu minni að niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar væri sú að hún hefði ekki í núgildandi lögum það vald sem hún þyrfti að hafa til þess að setja skýrar reglur um póstþjónustuna og skýrar reglur um starfsemina í hverju pósthúsi.

Ég lít svo á að hv. þm. sé af góðum vilja að hvetja til þess að póstþjónustan verði tryggð. Ég efast ekki um það. En til þess að við getum tryggt þessa þjónustu þarf lagaumhverfið að vera eðlilegt.

Ég gat þess einnig í ræðu minni að það væru viss vandkvæði. Við erum að auka þjónustuna. Við erum að dreifa póstinum alla virka daga. Það kostar fjármuni. Og til þess að reyna að láta Íslandspóst standast þá breytingu þarf hagræðingu. Líka þarf að taka tillit til breyttra aðstæðna í pósthúsum.

[16:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að Póst- og fjarskiptastofnun þykist ekki hafa nægilegar lagaheimildir til þess að grípa til aðgerða til að fylgja því eftir að þjónustan sé eins og hún á að vera. Ég tel þó að það hefði ekki átt að hamla því að stofnunin gengi fram og a.m.k. kannaði þær ábendingar og jafnvel kærur sem komu fram vegna þeirrar lélegu póstþjónustu sem íbúar í ákveðnum landshlutum töldu sig eiga við að búa. Hafi Póst- og fjarskiptastofnun ekki talið sig hafa lagaheimild til þess er þó ljóst að Íslandspóstur er að öllu leyti í eigu ríkisins og eina hlutabréfið er í vörslu samgrh. Hæstv. ráðherra hefði þannig verið í lófa lagið að beita eignarhlutavaldi sínu til þess að koma þar til móts við slappt lagaumhverfi sem ég tel reyndar að sé hreint skálkaskjól. En þá átti ríkisvaldið allan Íslandspóst, og á, og gat þá beitt þeim aðgerðum sem eigandinn taldi nauðsynlegar til þess að þjónustan uppfyllti þær væntingar og óskir og kröfur sem eðlilegt og sjálfsagt var að gera, hafi yfirleitt skort lagaheimild til að fylgja því eftir þannig að þetta er nú undansláttur. En gott er að heyra ef þessi nýju lög verða til þess að tryggja að enn betur verði eftir gengið.

[16:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú gott að hv. þm. viðurkennir að frv. hafi tilgang og eigi erindi hingað til þess að tryggja umhverfið í póstþjónustunni.

Vegna orða hv. þm. vil ég segja að það fer ekki á milli mála að af minni hálfu hafa verið gefin hrein og klár fyrirmæli um að bæta úr því sem betur má og á og verður að fara í þeim pósthúsum sem nefnd voru, í Varmahlíð og á Hofsósi. Því miður hefur fyrirtækið sem Íslandspóstur gerði samninga þar við ekki staðið sig. Það liggur alveg fyrir. Úr því verður og á að bæta. Ég hef gert stjórnendum Íslandspósts það alveg skýrt og klárt að ekki verður við það unað að þeir sem gera samninga við Íslandspóst um póstþjónustu standi sig ekki og uppfylli ekki gerða samninga. Það hlýtur að vera í allra þágu og ekki síst í þágu þeirra fyrirtækja sem taka þetta að sér. En ég vil taka það fram að samkvæmt þeirri úttekt sem Póst- og fjarskiptastofnun gerði eru þessir hlutir í býsna góðu lagi sem betur fer. Nefni ég þar sérstaklega sparisjóðina og þær lánastofnanir sem hafa tekið þetta að sér, og fleiri reyndar.

[16:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið snýst einmitt um það að grunnþjónustukröfur til póstsins eru ekki skilgreindar, en Póst- og fjarskiptastofnun bar og ber samkvæmt núgildandi lögum að skilgreina þær kröfur. Meðan þær kröfur liggja ekki fyrir er erfitt að framfylgja kröfum sem ekki hafa verið settar fram. Hæstv. samgrh. ber ábyrgð á vinnu bæði Póst- og fjarskiptastofnunar og vinnubrögðum Íslandspósts.

Samkvæmt starfsleyfi Íslandspósts, sem ég er með hér, er honum óheimilt að framselja þetta leyfi. Honum er óheimilt að framselja þessa þjónustu til banka eða sparisjóða, til verslana eða bensínstöðva. (**Samgrh.:** Það er misskilningur.) Hæstv. ráðherra getur haldið því fram að það sé misskilningur en textinn hljóðar svo:

„Leyfishafa er óheimilt að framselja rétt sinn og skyldur samkvæmt leyfisbréfi þessu“, sem hljóðar upp á póstþjónustu.

(**Samgrh.:** Það er ... framsal á skyldum.) Þegar starfsfólk sem innir póstþjónustuna af hendi er ekki lengur ráðið hjá póstinum heldur hjá öðrum vinnuveitanda, er það ekki starfsfólk póstsins. Ég get alla vega ekki skilið það öðruvísi.

Herra forseti. Ég ítreka að frv. sem hér er ætlunin að fá samþykkt breytir því ekki að setja þarf reglur um gæði póstþjónustu og fylgja þeim eftir um allt land og það breytir því heldur ekki að hæstv. ráðherra og aðrir sem að póstþjónustu koma þurfa að hlusta á almenning í landinu þegar hann ber upp óskir sínar gagnvart póstþjónustu. Ég fagna því ef hæstv. ráðherra ætlar að taka upp málin í Skagafirði. En víðar er pottur brotinn í póstþjónustu í landinu í kjölfar þeirra breytinga sem nú eru í gangi.

[16:18]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég missti að hluta til af ræðu hv. þm. af því að ég var m.a. að ræða við það unga fólk sem er hér á pöllunum. Ungir Sunnlendingar eru í heimsókn í þinginu. En þegar verið er ræða um póstþjónustu er um viðkvæm mál að ræða.

Ég heyrði einungis þann hluta ræðu hv. þm. þar sem hann fjallaði um starfsemi Íslandspósts, ekki frv. í heild. En eftir það litla sem ég heyrði af ræðunni fannst mér eins og hann hefði ekki kynnt sér þetta mál alveg til fullnustu. En það kann að vera misskilningur af minni hálfu.

Við búum á þessum sviðum sem og öðrum í gjörbreyttu umhverfi. Póstþjónusta er viðkvæmt mál. Það er alveg ljóst. En í mjög mörgum tilfellum þar sem Íslandspóstur hefur verið að breyta starfsemi sinni á þessum 25 pósthúsum sem hæstv. samgrh. talaði einmitt um í framsöguræðu sinni, hefur mjög vel tekist til. Ég get tekið sem dæmi Vík í Mýrdal þar sem póstþjónustan er rekin af einstaklingum sem þar eru með fyrirtæki. Þar hefur tekist gríðarlega vel til. Fólk er mjög ánægt með þjónustuna þar. Menn eru líka ánægðir með að landpóstarnir koma fimm daga vikunnar á býsna mörg heimili í dreifbýli. Fólk er líka ákaflega ánægt með það víða í þéttbýli þar sem farið er að bera út sendingar að kvöldlagi. Farið er að bera út ábyrgðarbréf og ýmiss konar sendingar þannig að fólk er ánægt með þá þjónustu.

Ef við erum ekki tilbúin að breyta þjónustu þessa fyrirtækis, þá vildi ég spyrja hv. þm. hvort hann sem fjárlaganefndarmaður sé tilbúinn að greiða úr ríkissjóði 150 millj. til póstþjónustunnar í landinu, verja 150 millj. þannig að við gætum haldið bara gjörsamlega óbreyttu ástandi, þ.e. í einhvern ákveðinn tíma.

[16:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason var að minnast á afrek póstþjónustunnar á Suðurlandi. Það er mjög gott að það skuli hafa verið fundin leið í Vík í Mýrdal eins og hann nefndi. Ég verð raunar að biðja hv. þm. um að standa vörð um póstþjónustuna á Kirkjubæjarklaustri, í Þorlákshöfn. Hvernig er hún á Laugarvatni? Hvernig er hún í uppsveitum Árnessýslu, Flúðum? Ég óska eftir því að hv. þm., eins og ég veit að hann gerir, gæti að því að póstþjónustan er einn af grunnþáttum þessa samfélags. Góð póstþjónusta úti um land styrkir samkeppnishæfni byggðanna. Þess vegna er ég alveg reiðubúinn til þess að veitt sé fé á fjárlögum til þess að styrkja póstþjónustu víða um land eftir því sem nauðsyn krefur, enda kveður frv. reyndar líka á um það.

[16:21]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var heiðarlegur í svörum sínum nú. Hann talar um að hann sé í raun tilbúinn til þess að verja 130 millj., sem verður hugsanlega tapið á Íslandspósti á því ári sem nú er að líða. Einhvers staðar verða þeir peningar að koma frá.

Í raun talar hv. þm. á þann veg að hann sé tilbúinn að halda óbreyttri póstþjónustu í landinu og greiða hana bara niður af ríkinu. En þá komum við að ákveðnum þætti sem kemur fram í þessu lagafrv., sem er að áður en langt um líður verður samkeppni í póstþjónustu á Íslandi. Og hvað ætlar hv. þm. að gera þá?

Önnur fullyrðing sem fram kom í ræðu hv. þm. var alls ekki rétt. Hann talaði um að alls staðar á landinu hefðu verið hremmingar í póstþjónustunni fyrir jólin. Það er bara alls ekki rétt. Auðvitað var mjög alvarlegt ástand á höfuðborgarsvæðinu þegar ekki tókst að dreifa pósti og sendingum á þetta svæði. En það var einungis á höfuðborgarsvæðinu sem þetta gerðist. Þetta gerðist ekki úti á landsbyggðinni. Fyrir því hef ég heimildir. Ég hef kynnt mér það hjá forstjóra Íslandspósts að þetta gerðist einungis á höfuðborgarsvæðinu. En það er jafnalvarlegt fyrir það.

Það var annað sem hv. þm. kom inn á í ræðu sinni. Hann talaði um hið alvarlega ástand varðandi miltisbrandinn. Hann sá ekki fyrir sér að fólk gæti unnið við póstþjónustu innan um aðrar vörur og annað slíkt. En þá segi ég að það er auðvitað alveg jafnalvarlegt fyrir þá sem vinna í hinum hefðbundnu pósthúsum og þá sem eru á hinum óhefðbundnu stöðum að vinna í þessu umhverfi þegar jafnsérkennilegt ástand er í póstmálum og er í heiminum í dag.

[16:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi nefndi ég ekki miltisbrand. Ég nefndi að póstur og póstsendingar pössuðu ekki innan um matvæli í matvörubúðum eða í bensínafgreiðslu. Það gætu líka komið þangað póstsendingar sem gætu verið skaðlegar. Það er alveg hárrétt. En það er margt fleira í þessu.

Víðar urðu hremmingar á póstafgreiðslu fyrir jólin en í Reykjavík. Ég gæti nefnt nokkur dæmi þess. En ég get nefnt eitt dæmi þar sem var gripið til annars ráðs. Það var einmitt á Hofsósi. Það var áður en hagræðingin reið þar í garð að sú manneskja sem sá um póstþjónustuna á Hofsósi fór sjálf á Þorláksmessu og bar út allan póst sem kominn var þótt það væri ekki verkskylda hennar þannig að sem betur fer er til fólk sem leggur á sig þjónustustarf án þess að það sé skilgreint verk þess.

En varðandi það að styrkja póstinn þá er númer eitt að skilgreina þá póstþjónustu sem við ætlum að hafa um allt land þannig að hún sé nákvæmlega skilgreind og að hana ættum við að verja. Best er ... (**ÍGP:** Það er í frv.) Sko, frv. og lög, ef ekkert kemur á eftir, eru gagnslaus. Samkvæmt núgildandi lögum átti að vera búið að skilgreina þessa grunnþjónustu en það er ekki enn búið. Ég hef ekki trú á því að ný lög leysi þá skyldu af hólmi. Fyrst skilgreinum við grunnþjónustuna og þá þjónustu sem við ætlum að verja og hana ætlum við að verja. Við viljum náttúrlega að hún geti borið sig fjárhagslega. En við ætlum að verja hana gagnvart samfélaginu og það eiga að vera skilaboðin óháð því hvar það er á landinu.

[16:25]

Útbýting þingskjala:

Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 260.

Sala ríkisjarða, 65. mál, svar landbrh., þskj. 224.

Tekjuskattur og eignarskattur, 234. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 261.

Tekjuskattur og eignarskattur, 236. mál, frv. SJóh o.fl., þskj. 263.

Vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, 235. mál, þáltill. KPál og ÁRÁ, þskj. 262.

Þriggja fasa rafmagn, 237. mál, fsp. MF, þskj. 264.

[16:26]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð í viðbót um það frv. til laga um póstþjónustu sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir. Samflokksmaður minn í samgn., hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, hefur farið ítarlega gegnum frv. fyrir okkar hönd og það mun svo koma til samgn. og verða rætt þar frekar.

En það eru nokkur atriði sem ég vil nefna og e.t.v. hefur umræða um þetta mál snúist töluvert um þjónustu Íslandspósts í hinum dreifðu byggðum landsins sem er eðlilegt.

Meginmarkmið þessa frv. til laga um póstþjónustuna er eins og hér segir í fyrsta lagi að kveða skýrar á um rétt landsmanna til lágmarkspóstþjónustu með því að taka upp hugtakið alþjónusta í stað hugtaksins grunnpóstþjónusta en það hugtak er notað í núgildandi lögum. Ég sé ekki, herra forseti, mikinn mun á því sem þarna er gert. Í 4. gr. segir um alþjónustuna:

Alþjónusta: Póstþjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

Í 6. gr. er svo farið betur út í það. Það er þetta orð „jafnræðisgrundvöllur" sem ég vil segja að ég bind miklar vonir við varðandi það að snúið verði frá þeirri óheillavænlegu þróun sem átt hefur sér stað með lokun pósthúsa vítt og breitt um landið og svo aftur hvar þau hafa verið vistuð í framhaldi af því. Ég kem aðeins að því síðar vegna þess sem hér hefur komið fram.

Það er kannski rétt að segja strax í upphafi að auðvitað hefur mjög margt í starfsemi Íslandspósts batnað hin síðari ár. Ég nefni t.d. það að sá póstur sem fer í pósthús núna næstu tvær mínútur áður en þeim er lokað verður keyrður vítt og breitt um landið í nótt og verður kominn á viðkomupósthús í flestöllum stærri þéttbýliskjörnum kl. níu í fyrramálið tilbúinn til dreifingar. Auðvitað er þetta frábær og mjög góð þjónusta. Það er vert að taka fram hér. Ég ítreka það og þakka fyrir það. Eins er það góð þjónusta að landpóstar skuli vera farnir að bera út póst fimm daga vikunnar en ekki þrjá daga. En það er rétt að þetta kostar vafalaust peninga.

Það sem ég gerði að umtalsefni um þjónustuna þar sem póstur er keyrður að kvöldi og næturlagi út um landið er mjög gott en það má þá ekki vera þannig að á endastöðvunum sé allt í kaldakoli til að taka á móti póstinum og dreifa honum. Þar á ég sérstaklega við pósthúsin.

Rétt í sambandi við alþjónustu. Er það ekki bara nútímalegt í dag að öll pósthús og allir landsmenn — við skulum segja flestallir landsmenn — skuli eiga möguleika á því að fá erlenda pakka senda alla leið á leiðarenda og þeir séu bara hreinlega tollaðir í viðkomandi pósthúsi? Það er gert í gegnum tölvur að sjálfsögðu. Það á ekki að þurfa að vera neitt skilyrði að þetta fari allt saman fram í Reykjavík. Það

var mjög góð þjónusta úti um allt land eins og þetta var gert fyrir tveimur, þremur árum síðan og auðveldaði fólki að nota þessa þjónustu. En henni hefur mikið verið breytt. Ég vissi — ég vona að það hafi eingöngu verið fyrstu skref, byrjunarörðugleikar — að þegar þessu var breytt, tók heldur betur langan tíma að koma pökkunum frá viðkomandi pósthúsi, frá póststöð í Reykjavík og út á land. Það gat tekið langan tíma. Vonandi er það liðið.

Herra forseti. Það segir í frv. að hæstv. samgrh. skuli í reglugerð kveða nánar á um jafnræðisgrundvallarþjónustuna, þ.e. um nánari útfærslu á þessari alþjónustu. Þar inn kemur vonandi, ásamt því sem hæstv. ráðherra hefur sagt frá, skýlaust ákvæði í póstlögum um að Póst- og fjarskiptastofnun kveði á um hvaða lágmarkskröfur skuli gera til pósthúsa úti á landi. Það er auðvitað hið besta mál og nauðsynlegt. Eins og hér kom fram fram hefur hæstv. ráðherra skoðað póstþjónustuna í Varmahlíð og á Hofsósi og fundist hún fyrir neðan allar hellur, þ.e. að rekstraraðilinn sem tók við því, Kaupfélag Skagfirðinga, hafi ekki staðið sig. Þetta kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Auðvitað er það þannig að þetta átti ekki að þurfa að gerast og vera rekið á þennan hátt í 4–6 mánuði eða frá 1. mars sl. Í ljós kom að hjá póstþjónustunni í Varmahlíð voru við hliðina á stimplinum skrúfur og vigt til að vigta skrúfur. Í næsta rekka var þess vegna smurning og olíur. Þetta var náttúrlega alveg út í hróa hött.

(**Forseti** (HBl)**:** Til að þær ryðgi ekki, skrúfurnar.)

Hvað segir hæstv. forseti?

(**Forseti** (HBl)**:** Til að þær ryðgi ekki skrúfurnar, sagði ég.)

Þær eru nú margar hverjar rústfríar. Kaupfélagið selur rústfríar skrúfur þannig að ég veit ekki hvaða áhrif það hefur átt að hafa. (**Gripið fram í:** Ekki allar þó.) Ég hygg að það sé langt síðan Kaupfélag Skagfirðinga í Varmahlíð og bændur í Skagafirði komust inn á það að hætta við skrúfur sem ryðgaða og brotna í sundur og þeir séu komnir yfir í rústfríar skrúfur. En engu að síður, pósturinn þeirra, ábyrgðarsendingarnar, var við hliðina á þessum skrúfurekka og sá sem afgreiddi þarna bensín klæddi sig í jakka til að afgreiða bensín eða olíu, kom svo inn og tók við ábyrgðarbréfi eða afhenti ábyrgðarbréf. Auðvitað er enginn stæll á slíkri þjónustu og þess vegna fagna ég því að hæstv. ráðherra skuli hafa skoðað þetta og ætli sér að breyta þessu.

Hins vegar er ljóst að á nokkrum stöðum, þar sem þessi breyting hefur verið gerð, hefur póstafgreiðslan verið færð yfir í banka og sparisjóði. Þar er það með miklum myndarbrag gert en á öðrum stöðum er aðstaðan ekki fyrir hendi. Nægir þar að nefna t.d. Skagaströnd þar sem aðstaðan í bankaútibúinu er engan veginn nægilega góð. Þar sér maður að pósturinn fær e.t.v. afnot af bankastjóraborðinu ef bankastjórinn frá Blönduósi er ekki í heimsókn. Þá er verið að raða þessu niður, hvort pósturinn geti fengið afnot af þessu bankastjóraborði til að flokka póstinn áður en hann er borinn út. (Gripið fram í.) Ja, vonandi hefur bankastjórinn eitthvað að gera við að taka við peningum til að leggja inn og ávaxta.

Það er svo, herra forseti, að það hefur komið fram og er mjög jákvætt að hæstv. samgrh. hefur sagt að Íslandspóstur þurfi að bæta úr, eins og hann orðaði það. Hann þarf að bæta úr því sem gert hefur verið. Það er með öðrum orðum svo að Íslandspóstur hefur farið offari í þessum niðurskurði. Hann hefur á mörgum stöðum tekið arfavitlausar ákvarðanir eins og ég hef nefnt hér og þeim ber að breyta.

Á öðrum stöðum, stærri stöðum, getur maður hins vegar alls ekki verið sammála því að þörf sé á því að pósthúsinu á viðkomandi stað sé lokað. Sem dæmi get ég tekið það ágæta samfélag Bolungarvík þar sem til stendur að taka allt út úr pósthúsinu og færa það yfir í sparisjóðinn. Þar á að leggja pósthúsið niður, nýtt og glæsilegt pósthús sem var byggt og tekið í notkun — ég held að það séu 20 ár síðan. Það er e.t.v. verið að spara þar laun til tveggja manna, það er kannski aðalsparnaðurinn en eftir stendur fjárfestingin í húsunum og rekstur þeirra. Oft seljast þessi hús ekki alveg um leið og séu þau tekin þannig út úr rekstri Íslandspósts eru þetta mörg skref aftur á bak. Ég geri mikinn mun á þessum málum eftir stærð þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga. Sums staðar er þetta réttlætanlegt og getur orðið til að bæta þjónustu við íbúana ef henni er komið fyrir á skynsamlegum stöðum. Annars staðar getur þetta hreinlega orðið til þess að draga úr þjónustu og gert hana miklu miklu erfiðari en hún þarf að vera. Ég bendi á þessi dæmi sem ég hef tekið máli mínu til stuðnings.

Herra forseti. Einnig vil ég minnast aðeins á síðustu blaðsíðu þessa frv. Þar er í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. fjallað um jöfnunargjaldið. Þar er talað um að jöfnunargjaldið, verði þetta frv. að lögum óbreytt, muni ekki koma til álagningar á árinu 2003. Mig langar að spyrja hæstv. samgrh. hvað geri það að verkum að við ætlum ekki að innheimta þetta jöfnunargjald strax. Af hverju er það bara hreinlega ekki sett inn í þessi lög líkt og við gerðum með alþjónustuna varðandi símafyrirtækin fyrir nokkru þegar fjallað var um það mál? Hvers vegna er þetta ekki sett inn núna? Ég er ekki endilega að segja að á því sé þörf en mig langar að heyra skýringuna. Hvers vegna ekki? Það er ljóst, eins og hér segir, að verði þetta ekki lögfest fyrir 1. janúar 2003 þá kemur ekki til álagningar á árinu 2003.

Rétt í lokin, herra forseti. Hæstv. samgrh. fór yfir og veitti okkur dálitla innsýn í rekstrarlegar tölur Íslandspóst í lok ræðu sinnar áðan. Það var ágætt en ég tók eftir því að rekstrarkostnaður hefði lækkað um 300 millj. kr., út af ýmsum aðgerðum sem farið hefur verið í, eins og lokun pósthúsa og annað slíkt. Heyrði ég það rétt að þetta væru 300 millj. kr. á ári? Eða eru þetta 300 millj. kr. frá upphafi?

Margir talað um að pósthúsum megi breyta á þann hátt að þau fái að taka að sér fleiri verkefni, að ekki komi til lokunar heldur fái þau frekar að taka að sér fleiri verkefni. Við sjáum það á nokkrum pósthúsum að þau hafa tekið að sér ýmis önnur verkefni, sem e.t.v. tilheyra þessari grunnþjónustu. Ég hefði viljað sjá það gerast í fleiri tilvikum og að það yrði skoðað í stjórn Íslandspósts að fjölga verkefnum hjá þeim pósthúsum þar sem það er hægt, þ.e. þar sem það margir búa að þeir geti tekið við þeirri þjónustu og skapi betri rekstrarskilyrði fyrir viðkomandi pósthús.

[16:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka hv. þm. fyrir ágætar undirtektir við þetta frv. Ég vænti þess að hv. samgn. fari rækilega yfir það. Það komu ekki fram neinar þær athugasemdir sem ég tel að geti leitt til sérstakra tafa á afgreiðslu málsins í þinginu þannig að ég er býsna bjartsýnn með að takast megi að ljúka afgreiðslu þess á tiltölulega skömmum tíma.

Varðandi fyrirspurnir hv. þm. Kristjáns Möllers þá vil ég í fyrsta lagi segja um alþjónustugjaldið að ég geri ekki ráð fyrir að leggja það á enn sem komið er vegna þess að leyfi

til alþjónustu hefur ekki verið veitt neinu fyrirtæki enn sem komið er þannig að krafa geti komið um greiðslur úr þessum sjóði. Meðan svo er þá er ekki ástæða til að innheimta alþjónustugjald af markaðsráðandi fyrirtæki vegna þess að það er eina fyrirtækið sem sinnir þessu enn sem komið er. En við gerum ráð fyrir því að á því geti orðið breytingar og þá verður tekin afstaða til þess hvert gjaldið þarf að vera og reynt að meta þann kostnað sem þar er um að ræða.

Hvað varðar 300 millj. kr. sparnaðinn sem ég gat um í ræðu minni þá hafa hagræðingaraðgerðir sem fyrirtækið hefur staðið fyrir verið metnar svo að tekist hafi að lækka kostnað um 300 millj. kr. á ári. Af því má sjá að auðvitað hefur verið eftir heilmiklu að slægjast. Ástæðan fyrir því að hægt hefur verið að ná þessum árangri er auðvitað að feiknamiklar breytingar hafa orðið í samfélagi okkar og á þessari þjónustu. Af þeim sökum hefur verið eðlilegt að gera breytingar á starfseminni sem hafa leitt til þessarar kostnaðarlækkunar.

Hluti af þessum sparnaði hefur hins vegar verið nýttur til að auka þjónustuna, koma á fimm daga dreifingu sem víðast í sveitum landsins, þar sem ekki var áður dreift nema fáa daga í viku. Þessar skipulagsbreytingar og endurskoðun á rekstrinum hafa leitt til þess að fyrirtækið er betur sett en áður.

Ég vil í lokin endurtaka það að tilgangurinn með þessu frv. er að skapa skýrari og sterkari löggjöf um póstþjónustuna í landinu með það að markmiði að tryggja að þau fyrirtæki sem taka að sér póstdreifingu hafi skýr fyrirmæli um þá þjónustu sem á að veita. Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt og nauðsynlegt verkefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Girðingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 183.

[16:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég kem í stól Alþingis til að mæla fyrir frv. til girðingarlaga. Frv. er á þskj. 183 og er 180. mál á þessu þingi.

Það kann kannski að skjóta skökku við að vera að setja lög um girðingar og þau málefni en einhvers staðar stendur nú að „garður er granna sættir". Kannski þurfa fremur en fyrr að ríkja um girðingar mjög skýrar reglur og ekkert síður með þeim breytingunum sem orðið hafa í sveitunum. Það er nú svo að það búa ekki allir lengur með ær og kýr. Lögbýlin eru hafa margvísleg hlutverk og mismunandi starfssvið þannig að það er mikilvægt að hafa skýrar reglur og lög um ákveðin grundvallaratriði.

Með frv. er lagt til að skipting girðingarkostnaðar á landamerkjum verði alltaf til helminga. Bætt er inn í lögin ákvæðum varðandi rafgirðingar en hingað til hefur ekki verið gert ráð fyrir rafgirðingum í girðingarlögum. En eins og hv. þm. þekkja þá hafa rafgirðingar rutt sér nokkuð til rúms og sumum til ama. Aðrir hrífast kannski af þeim en það er mjög mikilvægt að taka þær inn í þessi lög. Þær eru hluti af nútímanum og þróuninni í þessum efnum, ekki síst í kringum kannski stórgripi og hrossin.

Með frv. er einnig lagt til að taka skuli girðingu upp ef hætt er að nota hana svo hún valdi ekki tjóni. Ég held að allir sjái að það er mikilvægt, að þegar girðing hefur lokið hlutverki sínu sé sú skylda lögð á þann sem girðinguna á að hann hirði hana upp. Sá sem hér stendur berst fyrir fegurri sveitum og leggur mikið upp úr umgengninni um landið og náttúruna. Það skiptir miklu máli bæði fyrir bændurna sem matvælaframleiðendur og ekki síður fyrir Íslendinga sem ferðamannaþjóð, sem þurfa að hluta til að lifa af því að vel sé gengið um landið, að sveitabæirnir séu fallegir og ljótar gaddavírsgirðingar sem hætt er að nota hverfi úr náttúrunni. Þarna er auðvitað verið að vinna heilmikið starf á vegum sveitarfélaganna, á vegum bændanna. Ég er þakklátur fyrir gott starf nefndar sem ég skipaði til þess að sinna þessu verkefni með átaksverkefninu Fegurri sveitum. Mér hefur fundist nefndin ná góðum árangri.

Ákvæði er varða veggirðingar eru felld niður en í vegalögum er fjallað um þær og ekki þykir ástæða til að það sé gert á tveimur stöðum. Ákvæði girðingarlaga gilda þó ávallt um uppsetningu og tæknilegan frágang girðinga.

Með frv. er auk þess lagt til að í reglugerð verði kveðið á um það hvaða skilyrði girðing þurfi að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja bútegund. Þetta er ákvæði sem mjög mikilvægt er að hafa skýrt, við getum hugsað okkur girðingar utan um graðpening, t.d. stóðhestana. Þar sem þeir eru þurfa að vera öruggar girðingar. Eins er það auðvitað í kringum nautgripina. Þar eru kannski mannýg naut að þjóna náttúru sinni. Þar er vissara að hafa öflugar girðingar og ekki síður hitt í mínum huga að þær séu vel merktar þannig að þeir sem fara um viti að þar geti verið hætta á ferðum.

Í reglugerð verður einnig fjallað um hvernig háttað skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist girðingu með beinum hætti. Það skiptir máli hvernig staðið er að því þegar menn leggja í þessi verkefni bæði með tilliti til veðurlags í hverju héraði fyrir sig, hvaða girðingar standast þá veðráttu sem við búum við o.s.frv. Gerðar hafa verið ýmsar merkar rannsóknir á því hvað ný girðing þarf til að standast veðráttuna og mismunandi aðstæður. Menn þurfa því ekki að fikta hver í sínu horni heldur geta gengið að ákveðinni niðurstöðu sem er þekkt. Ég minntist á hliðin og þar er að mínu mati stórmál sem kannski þarf að taka enn frekar á, þ.e. að frágangur sé ákveðinn og þau aðgengileg fyrir alla. Vondu hliðin eru frekar skilin eftir opin heldur en hin góðu hlið sem auðvelt er að umgangast, opna og loka.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að orðlengja þetta því að málið hefur verið flutt áður í þinginu og verið fjallað um það. Ég vona að það fái góða meðferð í hv. landbn. og verði að lögum á þessu þingi.

Að lokum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu frestað.

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 1. umr.

Stjfrv., 150. mál (EES-reglur). — Þskj. 150.

[16:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, á þskj. 150 og er það jafnframt 150. mál þingsins.

Á sama tíma og markaðssetning og viðskipti yfir landamæri aukast, ekki hvað síst á hinum sameiginlega innri markaði í Evrópu, hefur þótt sífellt brýnna að tryggja neytendum ákveðna lágmarksvernd í lögum. Ákvæðum þess frv. sem hér liggur fyrir er einmitt ætlað að styrkja vernd neytenda á Evrópska efnahagssvæðinu og tryggja að þrátt fyrir að nú sé greiðari markaðsaðgangur fyrir fyrirtæki til að selja vörur sínar og þjónustu á hinum sameiginlega innri markaði í Evrópu þá komi það ekki niður á réttarvernd fyrir neytendur.

Með frv. þessu er að því stefnt að innleiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda. Tilgangur tilskipunarinnar er ekki að samræma réttarúrræði eða réttarfar aðildarríkjanna heldur að auðvelda hlutaðeigandi yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum að krefjast dómsúrskurðar eða lögbanns gegn ólögmætum athöfnum í því ríki þar sem varnarþing fremjanda brotsins er. Hafi þannig t.d. íslenskt fyrirtæki brotið gegn einhverjum þeirra lagaákvæða sem talin eru upp í 1. gr. frv. í einhverju ríki á Evrópska efnahagssvæðinu þá leiðir af ákvæðum frv. að t.d. umboðsmanni neytenda eða öðru sambærilegu stjórnvaldi frá öðru ríki væri heimilt að krefjast lögbanns hér á heimilisvarnarþingi hins íslenska fyrirtækis. Þannig gerir því tilskipunin þær lágmarkskröfur til aðildarríkjanna að þau veiti aðgang að þeim stjórnvöldum og dómstólum sem séu bærir til þess með skjótum hætti að stöðva brot á þeim tilskipunum og lagaákvæðum settum samkvæmt þeim og taldar eru upp sem fyrr segir í 1. gr. frv.

Alþjóðavæðing og aukin viðskipti yfir landamæri gera kröfur til þess að auka samstarf og eftirlit þeirra sem fara með eftirlit á sviði markaðsfærslu yfir landamæri og jafnframt að tryggja að þeim standi til boða nauðsynleg réttarúrræði ef og þegar þörf krefur eins og ákvæði þessa frv. miða að.

Ég vil þá, með leyfi forseta, víkja að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að stjórnvöld eða samtök sem sérstaklega hafa verið tilgreind í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr. geti leitað eftir því að lagt verði lögbann hér á landi við athöfn sem telja verði að stríði gegn ákvæðum þeirra tilskipana sem taldar eru upp í þessari grein. Sem dæmi má nefna að markaðssetning frá Íslandi kann að brjóta gegn lögum um villandi og ólögmætar auglýsingar í því ríki sem markaðssetningin beinist að.

Í 2. gr. er tekið fram að tilkynna skuli til Eftirlitsstofnunar EFTA um þau stjórnvöld eða samtök sem skuli hafa rétt og skyldu til að bregðast við slíkum brotum. Með sama hætti munu aðildarríki Evrópusambandsins tilkynna til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um þá aðila sem hafa samsvarandi rétt og skyldu til að vernda heildarhagsmuni neytenda í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Í 3. gr. kemur fram að viðskrn. mun hafa umsjón með ákvæðum þessa frv. en jafnframt getur ráðuneytið samkvæmt ákvæðinu tilnefnt íslensk félagasamtök sem gæta hagsmuna neytenda á tilteknum sviðum. Tilkynna skal um allar slíkar tilnefningar til Eftirlitsstofnunar EFTA svo og breytingar á þeim eða afturköllun tilnefningar.

Í 4. gr. frv. kemur fram sú meginregla frv. að þeim erlendu aðilum sem tilnefndir hafa verið til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA sé heimilt að leita eftir því við innlendan dómstól að lagt verði á lögbann gegn athöfn sem talin er brjóta gegn þeim ákvæðum sem talin eru upp í 1. gr. frv. Jafnframt er framangreindum aðilum veitt heimild til að höfða einkamál hvort heldur er til staðfestingar slíku lögbanni eða til þess að fá slíka athöfn eða athafnir bannaðar með dómi.

Í 5. gr. er að finna tilvísun til þeirrar tilskipunar sem ákvæði þessa frv. byggja á.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um einstakar greinar frv. og legg til að frv. verði vísað að lokinni þessari umræðu til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Girðingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 183.

[16:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir til 1. umr. frv. til girðingarlaga, sem er gamall kunningi. Um frv. var nokkuð fjallað á 126. löggjafarþingi, bæði á hv. Alþingi við 1. umr. og eins var töluvert unnið að þessu máli í nefnd en það varð ekki útrætt og er því komið hér aftur til 1. umr. og hefur eitthvað svolítið verið endurskoðað og breytt í meðförum.

Að flestu leyti mundi ég segja að þetta væri hið besta mál. Girðingarlög eru gríðarlega viðkvæm mál og hafa verið það svo lengi sem elstu menn muna og jafnvel lengur. Maður þarf ekki að hugsa lengi til að muna eftir ýmsum dómsmálum og langvígum deilum sem hlotist hafa af girðingum. Þó að hæstv. landbrh. hafi haft það á orði að garður væri granna sættir þá hefur það ekki alltaf reynst raunin.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa gengist í að um þetta væri sett betri og fullkomnari löggjöf en áður hefur verið í gildi og eins og ég sagði held ég að þessi lög séu að flestu leyti til bóta.

Í 2. gr. frv. er t.d. kveðið mjög skýrt á um hvernig til hinna ýmsu gerða girðinga skuli stofnað og ég held að það sé til bóta. Flest af þessu var að einhverju leyti áður í reglugerðum en hér er þetta komið inn í lög og þarna hafa bæst við rafgirðingar en ég man ekki eftir að á þær hafi verið minnst í lögum áður, um hvernig þær ættu að vera úr garði gerðar og ég fagna því að þarna skuli vera kominn ákveðinn vísir í þá átt.

Í 3. gr. er talið upp hvernig hver girðing á að vera úr garði gerð til að hún sé fullkomin varsla fyrir hverja búfjártegund.

Í 5. gr. frv. kemur fram það atriði sem olli mestum vangaveltum og umræðum í fyrra, þ.e. lagt er til að ef umráðamaður lands vill girða það hefur hann rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins, og er það meginreglan, stendur hér. Hér hefur verið bætt inn smábreytingu frá því að ég sá þetta mál síðast, þ.e. þarna kemur inn setning

þar sem segir: „Þó er hægt að semja um aðra skiptingu nái aðilar um það samkomulagi.“ Og seinna í greininni er getið um að ef slíkt samkomulag næst ekki sé það viðkomandi búnaðarsamband sem tilnefnir fagaðila til að skera úr um ágreining. Ég held að það sé náttúrlega strax til bóta að það sé þá a.m.k. hægt, ef vilji beggja stendur til þess, að semja um aðra skiptingu kostnaðar en að skipta þessu að jöfnu. En mér finnst samt sem áður að athuga þurfi hvort það er endilega í öllum tilfellum viðkomandi búnaðarsamband sem á að tilnefna fagaðila til að skera úr vegna þess að nú er staðan slík að það er fjöldinn allur af jörðum úti um allt land sem eru í einkaeigu og ekki eru notaðar eða nýttar sem bújarðir, kannski nýttar til einhvers annars og það kunna að vera ólíkir hagsmunir, en samkvæmt þessu mundu það alltaf vera hagsmunir bændanna sem réðu úrslitum. Þetta er alla vega eitthvað sem mér finnst þurfa að ræða og athuga betur.

Í 9. gr. er einnig nokkuð kostuleg málsgrein sem lýtur að þessu:

„Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint og vill sá eigi samþykkja er á land á móti. Þá skal það þó heimilt ef úrskurðaraðilar, sbr. 7. gr., meta að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna“ — úrskurðaraðilar sem eru þá frá viðkomandi búnaðarsambandi — „og skulu þeir þá ákveða girðingunni stað og skal það gert þannig að sem jafnast sneiðist bæði löndin.“

Þarna komum við enn að þessu alvaldi búnaðarsambandanna sem ég set svolítið spurningarmerki við, þó að það kunni að eiga við í sumum atriðum, en ég tel að þetta sé atriði sem við þurfum að ræða og meta upp á nýtt.

Í 11. gr. koma ákvæði sem eru tvímælalaust til mikilla bóta um t.d. viðhald girðinga. Skylt er að viðhalda girðingum og ef það er ekki gert má gera við þær á kostnað eiganda. Einnig er ákvæði þarna um að ef hætt er að nota samgirðingu og jafnframt að halda henni við, þá sé skylt að taka hana upp svo hún valdi ekki tjóni. Ég tel að þetta atriði sé til mikilla bóta og þetta er mikið dýraverndunarmál í sjálfu sér. Það hefur oft komið fyrir að kindur sérstaklega hafa orðið að draga á eftir sér gaddavírsflækjur dögum og vikum saman vegna þess að ekki hefur verið hirt um að ganga nógu vel frá þessum málum. En nú er öllum umráðamönnum lands skylt að hreinsa burt af landi sínu ónotaðar girðingar og girðingaflækjur og ef það er ekki gert og er vanrækt í heilt ár, þá er sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á kostnað eiganda, að fengnu mati búnaðarsambands, að sjálfsögðu, og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Frá þessu er nokkuð tryggilega gengið, að mínu mati.

Hæstv. forseti. Ég vil að flestu leyti fagna frv. og mun fyrir mitt leyti reyna að stuðla að því að það fái sem fyrst góða afgreiðslu í hv. landbn.

[17:04]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til 1. umr. frv. til girðingarlaga. Varla er hægt að segja að þetta sé hápólitískt mál, ekki hér í þingsölum, en þetta er mjög viðkvæmt mál úti um allar sveitir. Það er mjög viðkvæmt mál milli jarða að girðingar séu eins og þær eiga að vera og girt þar sem þarf að girða, að hreinsaðar séu upp ónotaðar og ónýtar girðingar og það séu mjög skýrar reglur um hver eigi að bera kostnað við að girða.

Ég tel að frv. sé mjög til bóta og reglurnar séu nokkuð skýrar varðandi skilgreiningu og flokkun girðinga, mismunandi girðinga, og hver eigi að greiða og kostnaðarskiptingu þar sem jarðir liggja saman.

Ég vil taka undir orð hv. síðasta þingmanns varðandi 5. gr. að ef ábúendur eða eigendur jarða koma sér ekki saman um kostnaðarskiptinguna, þá sé þeim tilmælum beint til viðkomandi búnaðarsambands að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining. Ég held að við ættum að athuga það vel í hv. landbn. hvort þetta sé réttur aðili eða hvort við ættum að leita til einhvers annars. Ég er allt að því að hugsa upphátt, mér dettur í hug sýslumaður, það hefur oft komið til kasta sýslumanna að skera úr um ágreining. En ég vil óska eftir því að við fáum leyfi til þess að skoða þetta vel.

Það eru sannarlega mismunandi þarfir fyrir eigendur jarða að setja upp girðingar og með breyttum búskaparháttum hefur það enn frekar breyst. Skógrækt hefur mjög aukist og er gjarnan á jörðum þar sem áður var sauðfjárbúskapur. Ágreiningur um kostnað við uppsetningu eða viðhald girðinga getur einmitt komið upp á milli jarða þar sem ekki er hefðbundinn búskapur, þ.e. þeirra sem eru með sauðfjárbúskap og hinna sem stunda skógrækt. Það eru ekkert síður skógarbændur sem vilja láta girða til þess að hafa ungplöntur í friði fyrir búpeningi. Mér er a.m.k. kunnugt um að komið hafa upp deilur þar sem sauðfjárbændur hafa talið að þeim bæri ekki að leggja út í þennan kostnað og ef skógræktarbændur vilji girða þá geti þeir girt. Það er því nauðsynlegt að hafa reglurnar skýrar og að það sé augljóst hvert hægt er að leita til að ná sáttum í þeim málum þegar ágreiningur kemur upp.

Hvað varðar rafgirðingar, þá er því lýst hérna hvernig þær eiga að vera. Þegar maður sér rafgirðingu getur maður ekki vitað hvort hún sé í lagi nema að snerta hana, hún ber það ekkert með sér, en því miður hef ég fengið upplýsingar um að rafgirðingar hafi ekki alls staðar verið lagðar af mikilli kunnáttu. Þær hafa verið lagðar yfir votlendi og hafa lítið virkað því að þær hafa bara slegið út og ekkert rafmagn á þeim. Þetta þarf auðvitað að vera í lagi og þarf að koma þeim í lag þar sem þær virka ekki. Ég held að engin bót sé að því að hafa þessar girðingar, eins dýrar og þær eru í uppsetningu, ef þær virka síðan ekki.

Annars vil ég fagna þessu frv. og óska eftir því að það verði vel kynnt og við förum vel yfir það, fáum umsagnir og mismunandi sjónarmið, og ég tek undir það með hæstv. ráðherra að mjög æskilegt væri að geta afgreitt það á þessu þingi.

[17:09]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til 1. umr. frv. til girðingarlaga. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, 126. löggjafarþingi, og var þá sent til umsagnar. En markmiðið með lögunum er að fjalla um girðingar, hverjir fara með forræði yfir þeim, kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum og hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir búfé.

Gerð hefur verið veruleg breyting á einni greininni, þ.e. 5. gr., sem ég tel vera mjög til bóta, og er varðandi helmingaskiptaregluna, að hún gildi ekki alltaf heldur geti menn komið sér saman um skiptinguna. Ég held að þetta sé mjög til bóta fyrir þá sem eiga mjög landstórar jarðir því hagsmunir þeirra fara kannski ekki alltaf saman við þá sem nærliggjandi eru, þannig að þeir sem vilja girða geta þá tekið á sig meiri kostnað.

Af því að ráðherra minntist áðan á verkefnið Fegurri sveitir, þá vil ég taka undir orð hans hvað það verkefni

hefur skipt miklu máli. Gengið hefur verið mjög faglega til verks af nefndinni og hún hefur unnið afar vel. Þess sjást merki mjög víða hve vel hefur verið gengið eftir í því að gamlar girðingar hafi verið teknar upp og þeim fargað og eins varðandi alla tiltekt, því að það skiptir miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins að góð umgengni sé á bændabýlum.

Varðandi það sem rætt hefur verið um 9. gr., þá held ég að það sé bara skynsemin sem ræður því að ekki sé verið að fara með girðingu fyrir krókótt vatnsföll. Þannig hefur alltaf verið staðið að girðingum á landamerkjum að reynt hefur verið að taka beina leið og þá hefur verið reynt að skipta því jafnt á milli landeigenda hvorum megin girðingarinnar sem er, það er kannski tekinn suðurhluti af landinu og hann er öðrum megin við vatnsfallið og síðan á jafnstóru svæði er farið yfir á hina landareignina. En allt þetta er líka hægt að bæta með stigum yfir girðingar og hliðum.

Einnig er nýmæli í 2. gr., þ.e. að búnaðarsamband eigi að meta hvaða girðingar eru gripheldar, ekki bara fjárheldar, og ég tel að það skipti mjög miklu máli. Ég tel að viðkomandi búnaðarsamband eigi að vera með matið á girðingunum, þar er þekkingin fyrir hendi. Ég tel mjög vafasamt að láta sýslumannsembættin skera úr í mati fyrr en ágreiningur er orðinn. Við megum ekki gleyma því að yfirleitt sættast menn á hlutina, koma saman og ræða málin og sannarlega er girðing granna sættir.

Í umræðunni áðan kom fram varðandi hagsmunina að búnaðarsamböndin mundu ávallt taka hagsmuni bænda fram yfir hagsmuni annarra. Ég tel það ekki vera, ég held að þau vinni bara afskaplega hlutlaust og ég tel að það sé orðið miklu meira tillit tekið til hagsmuna þeirra sem vilja verja landið fyrir beit t.d. og þeirra sem eru í skógrækt. Það er mjög mikilvægt að tekið sé tillit til þess, því það eru það miklar landbætur í skógræktinni.

Herra forseti. Ég tel að ekki þurfi að vísa þessu máli til umsagnar aftur því að það var sent til umsagnar á síðasta þingi og tekið hefur verið tillit til athugasemda, t.d. við 5. gr. Ég tel því að hægt ætti að vera að ganga frá þessu máli fljótt og örugglega í landbn.

[17:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram og þær góðu undirtektir sem málið hefur fengið og vona að landbn. fari yfir frv. aftur og þær litlu breytingar sem gerðar hafa verið frá því að málið var áður flutt.

Hér hefur aðeins verið minnst á það ef til ágreinings kemur. Mér finnst það vera afar skýrt í frv. og vil vekja athygli á því að í 5. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Neiti sá er samgirðingar er krafinn þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr."

Það er sem sé 7. gr. sem fjallar eingöngu um ágreining sem upp kann að koma, en í 7. gr. segir:

„Nú verða aðilar ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu eða um aðra framkvæmd verksins og skal þá viðkomandi búnaðarsamband tilnefna einn fagaðila til að skera úr um ágreining og sveitarfélag annan. Liggi girðing á mörkum sveitarfélaga skal hvor aðili tilnefna aðila úr sínu sveitarfélagi til að jafna ágreininginn ásamt oddamanni frá hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Liggi girðingin á mörkum stjórnsýsluumdæma tilnefna hlutaðeigandi sýslumenn sinn manninn hver, en stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir oddamann/menn og skal afl atkvæða ráða úrslitum."

Mér finnst þetta afar skýrt og ætti að vera góður farvegur fyrir svona mál.

Hér hefur aðeins komið fram efi um að búnaðarsamböndin séu rétti aðilinn. Ég er hissa á því, því að ráðunautar þessa lands eru menntaðir á þeim sviðum og hafa lagt sig fram um að skera úr deilumálum, kunna til girðinga og búfræði, þannig að ég sé ekki annan fagaðila betri eða líklegri til að koma að slíkum málum á því stigi. En auðvitað mun nefndin fara yfir þetta á þann hátt sem henni ber og treysti ég henni fullkomlega til þess.

Ég fagna þessari umræðu og nú hefur það gerst, en því hefur verið haldið fram t.d. um vinstri græna að þeir væru á móti öllum málum (**JB:** Hvaða vitleysa, hæstv. ráðherra.) og segðu nei við öllu, en hér hefur það gerst sem gleður mitt hjarta að meira að segja vinstri grænir eru glaðir og jákvæðir í þessu máli þannig að hér ber mér að þakka stuðning úr öllum flokkum við þetta ágæta mál og þeirra einnig og sérstaklega enda um að ræða girðingarlög.

[17:17]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta hefur allt verið afskaplega gleðilegt og jákvætt. Þó hefur komið hér fram ákveðin gagnrýni á að búnaðarsambönd séu ávallt rétti úrskurðaraðilinn í deilumálum sem upp kunna að koma í þessu sambandi. Ég vil nefna hérna t.d. að það getur komið upp óþægileg staða vegna nálægðar viðkomandi ráðunauta við aðila. Það getur verið óþægilegt að búnaðarsambandið eigi alltaf að tilgreina fagaðila til að skera úr um málið. Ég held að þetta geti kannski átt við í sumum tilfellum. En ég sný ekki til baka með það fyrr en ég hef verið sannfærð um annað að það er óheppilegt að það standi í lögunum að þessir aðilar skuli ávallt, hverjir sem í hlut eiga eða eru aðilar að deilunni, eiga að skera úr um ágreining í slíkum deilumálum.

[17:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum ekki að setja á fót dómstól. Við erum að setja á fót leið til þess að sætta menn og setja niður deilur.

Búnaðarsambandið hefur það áreiðanlega í huga þegar það skipar mann til verksins að hann sé ekki vanhæfur. Þeir munu velja mann út frá því. En svo kann að fara að sættir náist ekki. Ef ég og hv. þm. t.d. ættum í deilum og sú leið væri fyrir hendi að forsetinn, sem nú situr, sætti okkur og reyndi að koma deilunum niður, þá gæti það auðvitað gerst í þeim deilum eins og þessum um girðingarnar að málið gengi áfram til dómstólanna, yrði kærumál til sýslumannsins. Þess vegna er auðvitað sýslumaðurinn ekki sá sem á að koma að þessum málum. Hann er á öðru stigi.

En þetta er sem sé leiðin til þess að reyna að ná mannlegri sætt í mál. Þetta þekkjum við. Fagaðilinn kæmi þá að þessu, búnaðarsambandið, sem þekkir þetta eins og ég rakti. Ég er á því að þetta sé rétta leiðin.

En ég treysti hv. þm. vel til þess að fara yfir þetta faglega í nefndinni og gaumgæfa það betur út frá bæði sínum sjónarmiðum og því sem ég set hér fram. Ég trúi því að nefndin nái saman um þetta atriði sem er afar mikilvægt. Það er mjög gott að eiga sáttaleið í málum því ekkert er erfiðara en þegar fólk deilir út af smámunum, ég tala nú ekki um verði það svo að dómsmáli sem þvælist í kerfinu árum saman og veldur

gráum hárum og sársauka á milli vina sem búa hvor á sínum bænum.

[17:21]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það kann að vera rétt að æskilegt sé að ákveðinn aðili eins og t.d. búnaðarsambandið sem reyni að koma á sáttum. En í þessum lagatexta er talað um að búnaðarsambandið tilnefni fagaðila til að skera úr. Þar með er búnaðarsambandið orðið úrskurðaraðili. Ég hefði talið æskilegra að eftir að þessi sáttaleið hefur verið gengin til enda og það þarf að skera úr um málið, væri ákveðnari málatilbúnaður um hvernig ætti að standa að þeim úrskurði. Þar gætu komið að t.d. fulltrúar frá búnaðarsambandinu og sýslumanni og þá einhver ákveðinn þriðji aðili til viðbótar til að kveða upp slíka úrskurði.

Það koma svo erfið mál upp í sambandi við svona að það þarf að ganga frá þeim þannig að það renni ekki allt beint áfram til Hæstaréttar sem upp kemur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:23.

---

20. FUNDUR

föstudaginn 2. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Náttúruvernd, stjfrv., 159. mál, þskj. 160. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, stjfrv., 160. mál, þskj. 161. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Póstþjónusta, stjfrv., 168. mál, þskj. 169. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Girðingarlög, stjfrv., 180. mál, þskj. 183. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 193. mál, þskj. 204. — 1. umr.
8. Stjórn fiskveiða, frv., 191. mál, þskj. 202. — 1. umr.
9. Stjórn fiskveiða, þáltill., 178. mál, þskj. 181. — Fyrri umr.
10. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
11. Áframeldi á þorski, þáltill., 58. mál, þskj. 58. — Fyrri umr.
12. Rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar, þáltill., 131. mál, þskj. 131. — Fyrri umr.
13. Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, þáltill., 161. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
14. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Flutningur jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, 232. mál, þáltill. HjÁ og SJóh, þskj. 259.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli sjávarútvegsráðherra á aðalfundi LÍÚ.

[10:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það kastast stundum í kekki í þessum sölum en það er meginregla að menn ráðast ekki með skútyrðum að andstæðingum sínum í öðrum stjórnmálaflokkum nema menn séu viðstaddir til þess að geta tekið þátt í umræðunni og borið skjöld sér til varnar og menn gera mönnum ekki upp sakir. Í þessum sölum þykja það lúalegar aðfarir, herra forseti.

Við erum núna að fara að ræða stjórn fiskveiða og það vill svo til að í gær var haldinn aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna þar sem hæstv. sjútvrh. var einn af ræðumönnum. Ég hef í höndum handrit, útskrift af frétt Stöðvar 2 í gær, þar sem því er haldið fram að hæstv. sjútvrh. Árni Mathiesen hafi ráðist með ákaflega lúalegum hætti að því er ég tel að þremur þingmönnum sem áttu sæti í endurskoðunarnefnd á lögum um stjórn fiskveiða. Þar heldur hæstv. sjútvrh. því fram að þeir þrír sem ekki voru honum sammála og komu héðan hafi beinlínis farið inn í þessa nefnd með það að markmiði að spilla störfum nefndarinnar, að reyna að koma í veg fyrir að hægt væri að ná sátt.

Herra forseti. Þetta eru ákaflega alvarlegar ásakanir sem ég get ekki fellt mig við fyrir hönd þeirra félaga minna sem þarna eiga hlut að máli og ég trúi því ekki, herra forseti, að rétt sé eftir hæstv. sjútvrh. haft sem við höfum í þessum sölum þekkt sem drenglyndan stjórnmálamann. Hæstv. ráðherra hefur talað um nauðsyn þess að ná sátt í þessu máli og þess vegna, herra forseti, tel ég nauðsynlegt að hæstv. ráðherra fái kost á því að skýra mál sitt hérna og það hvort hér sé ekki alveg örugglega ranglega eftir honum haft.

[10:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég heyrði þessa frétt án þess að ég væri að hlusta með allt of mikilli athygli þannig að ég get ekki farið nákvæmlega með hvernig hún var. En ég man eftir því þegar ég heyrði fréttina að mér fannst hún ekki vera nákvæm. Það var vitnað til þriggja nefndarmanna stjórnarandstöðunnar og vitnað til þess að þeir hafi farið í nefnd án þess að hafa haft í hyggju að ná samkomulagi. Ég held að fréttamaðurinn hafi þar verið að rugla saman tveimur nefndum. Það voru

þrír nefndarmenn stjórnarandstöðunnar í auðlindanefndinni og þar náðist samkomulag eins og alkunna er.

Hins vegar náðist ekki samkomulag í endurskoðunarnefndinni og hef ég reyndar áður sagt það og það meira að segja hér úr þessum stól og þá hafa viðkomandi aðilar verið viðstaddir og hef ég meira að segja vitnað í framlögð þingmál þingflokks hv. þingmanna um að það hafi verið lítill áhugi á því að ná samstöðu um málið í endurskoðunarnefndinni. Það er reyndar skoðun mín, en að hún hafi komið fram á einhvern lúalegan hátt þannig að menn hafi ekki haft tök á því að verja sig er fullkomlega rangt. En fyrst verið er að vitna í þessa tilteknu ræðu þá kom það reyndar fram í henni að ég vonaðist til þess að þegar kæmi að lokum til afgreiðslu málsins, þá mundu allir standa saman um það grundvallaratriði sem er hvað mikilvægast í þessari sátt að útgerðin greiði hóflegt veiðileyfagjald sem sé sýnilegur hluti alls almennings í þeim umframhagnaði sem getur orðið af greininni.

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er náttúrlega ákaflega lítilla sanda af hæstv. sjútvrh. að ætla að reyna að afsaka magalendingu sína hina miklu í sjávarútvegsmálunum með því að kenna þingmönnum sem í nefndinni störfuðu um að ekki hafi orðið sátt — og sátt um hvað? Viðurkennir ekki hæstv. sjútvrh. að þar voru talsmenn viðurkenndra sjónarmiða sem njóta mikils stuðnings í þjóðfélaginu? Áttu þeir að leggjast flatir á magann til þess að hæstv. sjútvrh. gæti selt þjóðinni sátt um óbreytt kerfi? Þessi málflutningur gengur ekki upp. Hann er bæði efnislega út í hött og hann er ómerkilegur vegna þess að þeir þingmenn sem þarna um ræðir gerðu ekki annað en það að vera talsmenn sjónarmiða sinna og reyna að toga niðurstöðu nefndarinnar, starfið í nefndinni a.m.k. eitthvað í áttina að breytingum sem vísuðu til einhverra sátta um þessi mál.

Sjútvrh. ber hér fram tillögur um óbreytt kerfi og hefur við engan annan en sjálfan sig að sakast um það að þjóðin fellur ekki flöt fyrir því. Og að sjálfsögðu eiga þeir nefndarmenn sem reyndu til hins ýtrasta í nefndinni að vera talsmenn annarra sjónarmiða heiður skilinn en ekki ómerkilegar aðdróttanir af þessu tagi frá hæstv. sjútvrh. Þar fyrir utan væri náttúrlega æskilegt að hæstv. ráðherra endurtæki hér á þinginu nákvæmlega þau ummæli sem hann viðhafði um þetta nefndarstarf. Ég held að það sé best að byrja umræðurnar á því að sjútvrh. sé maður til þess að segja þá nákvæmlega hug sinn. Er hann að saka fulltrúa stjórnarandstöðunnar og jafnvel hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem kynni að vera þetta „Freudian slip", hann talaði þarna um þrjá stjórnarandstæðinga, er hann að saka þessa menn um að hafa unnið af óheilindum í nefndinni? Í hverju birtist það þá? Vill ekki hæstv. sjútvrh. tala skýrt þannig að síðan sé hægt að ræða við hann.

[10:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég átti sæti í þessari nefnd og ég hef svo sem heyrt áður frá hæstv. ráðherra að hann telji að við höfum ekki unnið af heilindum í nefndinni. Ég verð að segja að mér finnst það ekki stórmannlegt að halda þær ræður annars staðar en í þessum þingsal.

Ég held því hins vegar fram að við höfum lagt okkur meira fram en við var að búast miðað við sjónarmið okkar og málatilbúnað á Alþingi í nefndinni. Ég vísa til þess sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði þegar nefndarstarfinu lauk. Hann viðurkenndi að það hefði verið of langt á milli aðila og ásakaði engan um að hafa unnið af óheilindum í nefndinni. Hann hafði þó persónulega af því að segja í starfinu en hæstv. sjútvrh. byrjaði strax að elda þennan graut sem hann heldur áfram að elda alls staðar þar sem hann kemst að og getur verið í friði einn til að halda ræður sínar.

[10:41]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég undrast viðkvæmni stjórnarandstöðunnar fyrir umræðu um sjávarútvegsmál. Í sjálfu sér er ekkert nýtt við það að menn deili um þær aðferðir sem eru viðhafðar um stjórn fiskveiða. Sú nefnd og þær nefndir sem hafa verið að störfum hafa náttúrlega skilað misjöfnu verki en það er alveg ljóst að niðurstöður þeirrar nefndar sem hér er til umræðu voru allsendis óviðunandi ef maður lítur á þátt stjórnarandstöðunnar í málinu. Þegar farið er að tala um að menn séu að leita leiða til sátta og koma með hugmyndir eins og fyrningarleið, sem er í sjálfu sér í mínum huga ekki nein leið til stjórnunar heldur til að koma inn með einhverjar hugmyndir í farteskinu, þá finnst mér ekki merkilegt í sjálfu sér þó að einhver orð falli um það að ekki hafi verið einlægur vilji til þess að ná sáttum innan nefndarinnar. Ég held að það hljóti að koma í ljós í dag í þeirri umræðu sem á eftir að fara fram hér hvað menn í raun meintu með þeim hugmyndum sínum þegar þeir lögðu þær fram í þeirri nefnd sem er til umræðu hér.

[10:42]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér finnst það óþarfa viðkvæmni að halda því fram að ekki megi tala um afstöðu einstakra þingmanna þó að þeir séu ekki viðstaddir þar sem sú umræða fer fram, enda hafa þeir hv. stjórnarandstæðingar sem hér hafa tekið til máls verið ófeimnir að tala lítilsvirðandi um afstöðu þeirra manna sem voru í meiri hluta í þeirri nefnd sem hér er fjallað um.

Ég vil vekja sérstaka athygli í þessu sambandi um sáttarhug þessara þingmanna á tillögu sem hér verður síðar í dag til umræðu, till. til þál. um nefnd er leiti sátta (Gripið fram í.) um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ég er að svara athugasemdum hv. þm. Þar er talað um það og ég er sérstaklega að vísa til þess sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði sem ég vonast til að formaður Samfylkingarinnar hafi hlustað á, þar sem hann talaði um að þrír þingmenn hafi haldið fram þeim sjónarmiðum í nefndinni sem þeir voru fulltrúar fyrir. Og þau sjónarmið sem þeir voru fulltrúar fyrir koma fram í þessari þáltill. þar sem aðalforsendur nefndarstarfs svokallaðrar sáttanefndar á að vera að fyrning veiðiréttar fari úr núgildandi kerfi. Síðan segir í greinargerð með þessari tillögu að ef ekki verði á það fallist sé stríðshanska kastað í andlit þjóðarinnar. Þetta er nú sá sáttahugur sem þessir hv. þm. sýna í raun og veru þegar lesið er í botninn, málflutningur þeirra á einstökum tímum og einstökum stöðum.

Ég vil líka spyrja hv. þingheim: Hefur það aldrei komið fyrir að formaður Samfylkingarinnar eða formaður Vinstri grænna hafi spottað þingmann úr öðrum stjórnmálaflokki að honum fjarverandi? Hefur það aldrei komið fyrir? Þekkja menn ekki dæmi þess? (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. 3. þm. Norðurl. e. grípur fram í svolítið órólegur. (**SJS:** Svo má böl bæta.) Veit hv. þm. hvar þetta stendur?

[10:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Út af ummælum hæstv. sjútvrh. vil ég taka fram að ég er seinþreyttur til vandræða en mér er ofboðið þegar menn kryfja það sem á sér stað í nefndum eins og gert hefur verið. Úr því að menn eru komnir á það plan þá ætla ég að skipta skapi hér og segja að það var aldrei meiningin að ná neinu samkomulagi við svokallaðan minni hluta nefndarinnar. Það var strax búin til formúla um hvert gjaldþol útgerðarinar væri. Á fyrstu fundum nefndarinnar var uppi á borðinu 2,5 milljarða kr. gjaldtaka. Ef menn eru að væna okkur um að hafa ekki viljað ná samkomulagi, hver er þá staða þeirra sem koma inn í nefnd á byrjunarstigi vinnunnar með fyrir fram gefna formúlu um hvað eigi að koma út úr því starfi?

Mér er ekki að skapi að tala um hvað á sér stað í nefndum. Ég hef haldið heiðursmannatrúnað gagnvart öllum þeim sem ég hef unnið með. En það er best að segja frá því nú eins og það var að 2,5 milljarða kr. gjaldtaka af sjávarútveginum sem málamiðlun hafði verið kokkuð upp og var sett fram á fyrstu fundum nefndarinnar. Áttu menn þá að ná samkomulagi á grundvelli þess, á grundvelli hugmynda sem lagðar voru fram í upphafi? Var þá búið að leggja fram það sem ætti að koma út úr nefndinni? Þvílík firring. Þvílík vitleysa. (**HBl:** Hverjir kokkuðu það?)

[10:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í efnislega umræðu um þetta. Ég kem hér til að tala um störf þingsins og verð auðvitað, fyrst hæstv. forseti gerir það ekki, að beina þeim vinsamlegu tilmælum til hv. 1. þm. Norðurl. e. að hann á samkvæmt þingsköpum að beina máli sínu til forseta en ekki einstakra þingmanna.

Herra forseti. Það er alrangt, og langt frá því sem hv. þm. Halldór Blöndal talar um sem afstöðu, að tjá og túlka afstöðu, að gera það sem hæstv. sjútvrh. er beinlínis sekur um, þ.e. að bera menn sökum. Það eru lúaleg vinnubrögð. Hæstv. sjútvrh. er ekki kjarkmenni til að koma hingað í þennan sal og lesa upp það sem hann sagði á þingi LÍÚ í gær. Hvað sagði hann þar um félaga sína, þar á meðal einn félaga sinn úr stjórnarliðinu, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson? Hann sagði að þeir hefðu komið inn í nefndina, ekki með það markmið að fara að sinni sannfæringu heldur með það markmið að leiðarljósi að spilla starfi nefndarinnar. Þetta sagði hæstv. sjútvrh. meðan hann var umkringdur vinum sínum, innan skjólborgar sægreifanna. Það er það sem hann hefur ekki kjark til að endurtaka í þessum sölum og það tengist störfum þingsins.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. getur komið hingað og dóserað eins og hann vill, brotið öll þingsköp sem hann vill. Það breytir ekki hinu að það er allt annað að tjá viðhorf sín í greinargerð með frv., eins og ég og hv. þm. Sverrir Hermannsson og Steingrímur J. Sigfússon hafa gert og allir aðrir, en að fara í skjóli Kristjáns Ragnarssonar og kasta fúkyrðum yfir félaga sína og þora svo ekki að koma hingað í salinn og gangast við þeim.

Ég skora á hæstv. sjútvrh. að lesa upp það sem hann sagði. Ég var að biðja hann um það til þess að menn hreinsuðu loftið áður en umræðan byrjaði. Er það ekki það sem hæstv. ráðherra vill, sættir?

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er auðvitað ótrúlegur hroki sem birtist í málsvörn liðsmanna sjútvrh. hér, hv. þm. Kristjáns Pálssonar og hv. þm. Halldórs Blöndals. Það er ekki virðingunni fyrir að fara gagnvart öðrum viðhorfum í þessum málum. Ég held að hv. þm. hefðu átt að kynna sér hvert er tilefni þessarar umræðu. Það eru ummæli sem höfð eru eftir sjútvrh. í frétt Stöðvar 2 á þá leið að nefndarmenn úr stjórnarandstöðu hafi haft það að markmiði að halda uppi ágreiningi í nefndinni. Hvað er verið að segja með þessu? Það er verið að bera menn mjög þungum sökum, þ.e. að þeir hafi ekki unnið á efnislegum og heiðarlegum forsendum í þessu nefndastarfi. Þeir hafi með öðrum orðum haft annað í huga en að vera talsmenn sinna sjónarmiða og reyna að vinna þeim brautargengi. Þetta eru mjög þungar og alvarlegar ásakanir. Eru þeir hv. þm. Kristján Pálsson og Halldór Blöndal bærilega sáttir við þessar ásakanir? Hafa þeir forsendur til þess að dæma menn, fjarstadda, með þessum hætti? Ekki veit ég til þess að hv. þm. hafi verið í nefndinni.

Varðandi það sem sagt er um fyrningarleiðina og hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á áðan í mjög geðprúðu ávarpi til þingsins þá er það auðvitað ósköp einfalt mál. Þeir sem vildu skoða leiðir fyrningar eða afnotasamninga voru fyrst og fremst tilbúnir til að nálgast breytingar á kerfinu með slíkum aðferðum. Víglínan er alveg einföld. Hinum megin eru þeir sem engar breytingar vilja gera og finna þar af leiðandi öllum hugmyndum um eitthvað annað en núverandi kvótakerfi allt til forináttu. Ég held að það blasi við hverjum manni í ljósi hinnar efnislegu niðurstöðu að öflin á bak við meiri hlutann ætluðu sér aldrei að gera neinar breytingar.

[10:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki tjáð mig mikið efnislega um málflutning hæstv. sjútvrh. á þessum fundi í LÍÚ því að LÍÚ hefur kosið sér þann hátt, gagnstætt held ég flestum öðrum hagsmunasamtökum í landinu, að útiloka þingmenn frá því að sitja fundi sína og fylgjast þannig með því sem þar fer fram. Það er auðvitað þeirra val. Það út af fyrir sig gerir okkur dálítið fatlaða í því að fjalla um það sem þar á sér stað.

Mér finnst það hins vegar mjög sérkennilegur málatilbúnaður af hálfu forustumanna stjórnarandstöðunnar að kinoka sér við því að sæta gagnrýni frá hæstv. sjútvrh. þó að það sé ekki gert í þingsölum. Það vill þannig til að þjóðmálaumræðan í landinu fer víðar fram en í þingsölum. Hún fer fram á fundum úti í bæ og út um allt land. Hún fer fram í fjölmiðlum. Hún fer alls staðar fram. Auðvitað er það ekki alltaf svo að ávallt séu viðstaddir þeir sem um er talað hverju sinni.

Ég á t.d. von á því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson muni hafa einhverja skoðun, t.d. á starfsaðferðum og starfi ríkisstjórnarinnar. Ætlar hv. þm. þá að kalla ríkisstjórnina til svo að hún geti verið til andsvara á fundi Samfylkingarinnar og verið í andsvörum þegar að því kemur að gagnrýna hana? Auðvitað er þetta ekki þannig. Mér finnst það því undarlegt af jafnhraustum mönnum og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Össuri Skarphéðinssyni að kveinka sér undan þessu.

[10:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni alveg sérstaklega fyrir, í ljósi þess hver er upphafsmaður þessarar umræðu, að staðfesta hér að hann hafi heyrt mig gagnrýna stjórnarandstöðuna á þennan hátt áður og það hér í salnum þannig að hann hafi haft möguleika til þess að mótmæla. (**ÖS:** Með allt öðrum orðum, allt öðrum og vægari orðum en á fundi LÍÚ.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þm. um að hafa hljóð í salnum.)

Ég verð hins vegar að mótmæla því sem fram kemur hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að það hafi fyrir fram verið búið að ákveða eitthvað í nefndinni. Ég held að hann viti sjálfur að það er alrangt. Hins verð ég líka að leiðrétta hv. þm. Steingrím J. Sigfússon í þá veru að ég hef ekki lagt fram neinar tillögur í þessum efnum enn þá.

Það kemur mér hins vegar afskaplega mikið á óvart að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli væna mig um kjarkleysi. Ég er eiginlega mátulega ósáttur við að þingmaður sem ég þekki jafn vel og hann og ég veit að þekkir mig jafn vel og raun ber vitni skuli væna mig um kjarkleysi. Einhverra hluta vegna vill það svo heppilega til að ég hef í fórum mínum ræðuna frá því í gær. Reyndar er búið að birta þennan hluta sem hér er verið að fjalla um í Morgunblaðinu og ræðunni var dreift til fjölmiðla á fundinum þannig að hún hefði átt að vera öllum aðgengileg. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þennan kafla ræðunnar svo enginn velkist í vafa um hvað ég sagði og enginn efist um það að ég hef kjark til að standa við það sem ég segi annars staðar inni í þessum sal líka, eins og ég hef reyndar gert áður. Með leyfi forseta hefst lesturinn:

„Góðir fundarmenn. Ég var staddur á fundi um sjávarútvegsmál í Sandgerði fyrir stuttu. Á honum kom fram í máli eins fundarmanna að hann taldi sig hafa verið svikinn. Hann hafi verið svikinn vegna þess að fyrir síðustu kosningar hafi verið lofað að sátt næðist í málefnum sjávarútvegs á Íslandi. Ég verð að játa að ég varð hissa á að heyra þessa fullyrðingu því auðvitað getur enginn lofað sátt fyrir hönd annarra.

Ríkisstjórnin gaf það loforð að reynt yrði að sætta sjónarmið í málefnum sjávarútvegsins og við það hefur verið staðið. Því eins og ykkur er kunnugt hafa tvær nefndir skilað skýrslum sem er ætlað að vera grundvöllur til sátta. Þetta er skýrsla auðlindanefndar og skýrsla nefndar sem fjallaði um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Í auðlindanefndinni var sátt um þá niðurstöðu að útgerðin skyldi greiða fyrir aðgang að fiskimiðunum og kynnti nefndin tvær leiðir til þess að ná þeim fram, veiðigjaldsleið og fyrningarleið. Nefndin gerði ekki upp á milli þessara leiða. Auðvitað er það líklegra til að ná fram samstöðu um grundvallaratriði að leggja til fleiri en eina leið. Það breytir samt ekki þeirri staðreynd að nefndarmenn urðu að takast á um það hvort útgerðin ætti að greiða fyrir afnot sín af auðlindinni eða ekki.

Endurskoðunarnefndin fékk að því leytinu erfiðara verkefni en auðlindanefndin að hún varð að skera úr um það hvora leiðina væri skynsamlegra að fara. Í mínum huga var ég þess fullviss að það hlytu að verða átök í endurskoðunarnefndinni um það hvort það ætti yfirleitt að taka gjald af sjávarútveginum. Ef og þegar menn næðu landi í því máli þá vonaðist ég til að hægt yrði að ná sátt um hvaða leið yrði farin. Ég segi vonaðist, því satt best að segja hefði verið barnalegt af mér í ljósi sögunnar að gera ekki ráð fyrir þeim möguleika að einstakir nefndarmenn hlypu frá því samkomulagi sem í raun átti að vera innsiglað í álitsgerð auðlindanefndar. En stjórnarandstaðan hafði þar þrjá fulltrúa. Klofningur varð einmitt raunin hvað niðurstöður endurskoðunarnefndarinnar varðar en meiri hluti hennar samþykkti að farin yrði leið hóflegs veiðigjalds.

En hver hefur svikið hvern? Í mínum huga er það alveg skýrt að þeir sem aldrei ætluðu sér að ná saman um meiri hluta nefndarinnar og hafa haft það að markmiði að halda uppi ágreiningi eru þeir sem við er að sakast. En vonandi munu menn þó að lokum standa saman að grundvallaratriðum í niðurstöðum auðlindanefndar sem er innheimta hóflegs veiðigjalds."

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 1. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[10:57]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Össurar Skarphéðinssonar að ég hefði ávarpað einstaka þingmenn í ræðu minni áðan. Ég hef hlustað á það sem ég sagði. Þar kemur fram að ég ávarpaði þingheim sem venja er til að þingmenn geri hér og ekki er fundið að.

Á hinn bóginn gerðist það í lok ræðu minnar að hv. 3. þm. Norðurl. e. greip fram í og sagði: „Svo má böl bæta." Ég sagði þá, svona eins og við sjálfan mig: Veit hv. þm. hvar þetta stendur?

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 3. þm. Vesturl. óskar að bera af sér sakir.

[10:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég var að heyra hvað hæstv. ráðherra sagði á fundi LÍÚ rétt áðan og ég sé ástæðu til að bera af mér sakir. Ég fór ekki inn í þetta nefndarstarf með því hugarfari sem hann var að lýsa. Ég tel að þeir sem sátu í nefndinni — ráðherrann gerði ekki, ég varð a.m.k. ekki var við hann á fundum þó að maður skildi svo sem að hans andi svifi þar stundum yfir — geti borið um það vitni að menn gerðu tilraun og gengu lengra, held ég, allir, en þeir töldu að rétt væri út frá sínum eigin sjónarmiðum. Það hefur verið viðurkennt og staðfest af þeim sem voru í nefndinni.

Það er hæstv. ráðherra sem einn hefur verið um að halda því fram að menn hafi þarna unnið af óheilindum. Hann er maður að minni, finnst mér eftir að hafa heyrt það sem hann sagði hér áðan.

Um fundarstjórn.

Ummæli sjávarútvegsráðherra á aðalfundi LÍÚ, ræðutími o.fl.

[10:59]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að nota tækifærið til þess að áskilja mér þann rétt þegar mér liggur á að tala þrjár mínútur og fimmtán sekúndur fram yfir hinn skammtaða tíma.

En út af því sem var vitnað í Grettlu þar sem Grettir mælti: „Svo skal böl bæta að bíða annað meira", þá er spurningin, hvar stendur þetta: „Og nú vinna á mér smádjöflar"?

[11:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er auðvitað þakklátur fyrir það að hæstv. sjútvrh. hefur hreinsað loftið með því að lesa úr ræðu sinni og staðfesta það sem greinilega kom fram í frétt Stöðvar 2. Hitt finnst mér vera ámælisvert gagnvart forsetum þessa þings hvernig þeir halda uppi fundarstjórn.

Mér finnst það vera stórlega ámælisvert að þegar hæstv. sjútvrh. er beinlínis beðinn um það af þeim sem hér stendur og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að endurtaka ummæli sín úr ræðunni — hann hafði til þess fullt tækifæri — þá gerir hann það þegar ræðutími hans er búinn og hann fær fullt leyfi hjá hæstv. forseta til að tala þrjár mínútur og fimmtán sekúndur fram yfir eðlilegan tíma. Þetta finnst mér ekki eðlilegt.

Mér finnst heldur ekki eðlilegt þegar hv. 1. þm. Norðurl. e., sem að öðru jöfnu gegnir heitinu hæstv. forseti, talar hér sem 1. þm. Norðurl. e. úr ræðustólnum og þverbrýtur þingsköp. Hann tekur hér upp efnislega umræðu sem hæstv. forseti Halldór Blöndal hefur margoft tekið þingmönnum vara fyrir í umræðum af þessu tagi.

Herra forseti. Þegar ég ávítti jafnframt hv. þm. í ræðu minni áðan átti ég einmitt við þetta eintal hans, eða tvítal, samtal hans við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. En ég fyrirgef honum það. Nú hefur komið í ljós, eftir því sem hv. þm. Halldór Blöndal segir, að þetta var bara eintal sálarinnar. Hv. þm. sagði að hann hefði bara verið svo sem að tala við sjálfan sig.

Herra forseti. Hér er um nýbreytni að ræða. Ég held að þingstörfin mundu mjög greiðast ef hv. 1. þm. Norðurl. e. héldi uppteknum hætti þegar hann kemur í þennan stól og talaði ekki við neinn nema sjálfan sig.

[11:02]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti taldi að í þessu tilfelli væri rétt að upplýsa þetta mál, það var gerð athugasemd við ummæli hæstv. sjútvrh. í upphafi fundar og það var þess vegna sem forseti leyfði sér að gefa ráðherra þennan tíma.

[11:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að taka undir það að mér finnast virðulegir forsetar okkar hafa átt betri dag en þennan, bæði sá sem í stólnum situr og eins hv. 1. þm. Norðurl. e., virðulegur forseti Alþingis, sem braut hér í blað með ýmsum hætti í sínu merka ávarpi fyrr á fundinum.

Vandinn við það að sýna það svigrúm í sambandi við ræðutíma sem hæstv. forseti gerði hér áðan er í sjálfu sér ekki að menn geti ekki haft skilning á því að efnið sem viðkomandi aðili hefur fram að færa sé brýnt og eigi erindi inn í umræðuna. En annaðhvort gilda þessar reglur eða ekki og ég sé ekki annað en að forsetar lendi umsvifalaust í grenjandi vandræðum með að ákveða hvar og hvenær eigi þá að sýna svigrúm af þessu tagi ef þeir yfir höfuð leggja út á þá braut þannig að mér leið heldur illa, satt best að segja, undir þessum lestri sjútvrh. sem tók á fjórðu mínútu fram yfir leyfðan ræðutíma. Forseti hefði að mínu mati a.m.k. átt að reyna að hvetja ráðherra til að stytta mál sitt fyrir utan það að þau ummæli sem máli skiptu voru ein málsgrein en hæstv. sjútvrh. valdi að lesa langa rullu í aðdraganda þessarar málsgreinar sem við þurftum að fá staðfest að væri rétt eftir höfð í fréttum fjölmiðla — og kemur á daginn ... (**Gripið fram í:** Þetta er rangt. Þetta er rangt.) og kemur á daginn að er nákvæmlega rétt eftir haft, herra forseti, að sjútvrh. sagði að þessir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í endurskoðunarnefndinni hefðu haft það að markmiði að halda uppi ágreiningi. Þetta sagði hæstv. sjútvrh. áðan þegar hann las þetta upp.

Herra forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa um þetta fleiri orð en ég held að það segi sig sjálft og dæmi sig sjálft að forsetum tókst ekki mjög hönduglega, hvorki við fundarstjórnina né ræðuhöld.

[11:04]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti tekur þessar athugasemdir til greina og hvetur bæði þingmenn og ráðherra til að fara að fundarsköpum og fara ekki fram yfir tímann.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra óskar að bera af sér sakir.

[11:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það var beinlínis rangt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það hefði verið rétt farið með í fréttinni því það voru ekki þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar í endurskoðunarnefndinni eins og vitnað var til í fréttinni. Tilvitnunin um það var að þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar voru í auðlindanefndinni þar sem „sáttin" svokallaða náðist.

Varðandi ummæli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar vitnaði ég bara til greinargerðarinnar með frv. Samfylkingarinnar um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem er flutt í þriðja skipti óbreytt á Alþingi þar sem klárlega kemur fram í greinargerðinni að vilji Samfylkingarinnar til sátta var afskaplega lítill ef nokkur, og þar segir: „Samfylkingin mundi aldrei samþykkja það."

Hverjir voru að setja skilyrðin? Hverjir voru það sem ekki voru tilbúnir að ganga til sátta? Þetta eru þeirra eigin orð í þeirra eigin greinargerð með þeirra eigin frv. sem var flutt óbreytt í þriðja skipti þrátt fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið í þessum tveimur nefndum, þrátt fyrir það að fulltrúar þeirra skrifuðu undir álit auðlindanefndarinnar. En eins og ég sagði í títtnefndri ræðu er ekki búið að leggja fram frv. um þetta efni á þinginu og menn hafa tækifæri til þess að standa saman um málið þegar Alþingi afgreiðir þá niðurstöðu sem kynnt verður hér þegar frv. verður lagt fram.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[11:06]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara lýsa því yfir að ég fór inn í þetta nefndarstarf fyrir minn flokk til þess að leita sátta. Ég vil lýsa því aftur yfir að ég tel, eftir á að hyggja, að búið hafi verið að búa niðurstöðuna til fyrir fram. Ég tel að svo sé.

Á síðustu metrum vinnunnar tel ég líka að það hafi verið möguleiki til sátta, bara hafa aðra nefndarmenn, en það var kippt í taumana.

[11:07]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég hygg að nauðsyn beri til að við tökum sérstaka umræðu um geðbrigðastjórn hæstv. forseta á hinu háa Alþingi og sendum niðurstöðuna af þeim umræðum til sérfræðinga.

Ég þóttist hafa, með leyfi varaforseta, gert athugasemd um stjórn þingsins með þeim hætti að áskilja mér rétt til

þess að fara fram yfir afmarkaðan ræðutíma eins og hæstv. varaforseti leyfði. Þetta var mín athugasemd og hún hafði komið fram. Ég er auðvitað farinn að ryðga í fundarstjórn úr þessum stól sem er hér á bak við mig. En ég kannast ekki við svona tiktúrur og typpilsinnahátt. [11:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil verða við tilmælum hv. þm. um að vísa málinu til sérfræðinga og þá veit hv. þm. að varla er að vænta svars fyrr en á næsta þingi.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (Náttúruverndarráð o.fl.). — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 160. mál (gjald til Náttúruverndarráðs). — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 34:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, EMS, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JHall, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SkjS, SJS, SvanJ, SvH, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: GE*.
28 þm. (ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, GÁS, GÁ, GÖ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PP, RG, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VÞV, ÞKG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Póstþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Girðingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 150. mál (EES-reglur). — Þskj. 150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 16. mál (lausir kjarasamningar o.fl.). — Þskj. 16.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 204. [11:13]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þann 1. september sl. komu til framkvæmda ákvæði laga nr. 1/1999, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem breyttu verulega skipan við stjórnun veiða krókabáta. Með þessari lagabreytingu var fallið frá því að takmarka aðgang að krókaveiðileyfum eins og gert hafði verið allt síðan 1990 fyrir báta minni en 6 brúttólestir. Ákvörðun þessi var tekin eftir dóm Hæstaréttar 3. des. 1998 sem komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði 5. gr. laga um stjórn fiskveiða væri í andstöðu við jafnréttisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau jafnréttissjónarmið sem gæta þyrfti við takmörkun á atvinnufrelsi samkvæmt 5. gr. 75. gr. Í stað þess að takmarka aðgang að veiðileyfum var lögunum breytt þannig að hverjum krókabáti var gefinn kostur á að velja á milli veiðileyfis með aflahlutdeild í þorski, ýsu, ufsa og steinbít og veiðileyfis með framseljanlegum sóknardögum. Þetta nýja kerfi átti að taka gildi í upphafi fiskveiðiárs 2000/2001 en var frestað um eitt ár og tók gildi þann 1. sept. sl.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að um ofangreinda breytingu voru mjög skiptar skoðanir enda hafði þessi breyting mikil áhrif á veiðar krókabáta, þó einkum þorskaflahámarksbáta sem til þess tíma hafði verið frjálst að stunda

veiðar á öðrum fiski en þorski. Í þeirri umræðu var m.a. dregið í efa að dómur Hæstaréttar frá 3. desember 1998 gerði það nauðsynlegt að breyta lögunum gagnvart krókabátunum með þeim hætti sem gert var með lögum nr. 1/1999. Ráðuneytið telur hins vegar að því hefði ekki verið stætt á öðru og vísar í því efni til minnisblaðs fimm lögfræðinga frá 17. maí 2001 sem fylgir niðurstöðu nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða frá september 2001.

Í meginatriðum er niðurstaða þeirra sú að með dómi Hæstaréttar 3. desember 1998 hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að aðgangstakmarkanir 5. gr. laga um stjórn fiskveiða standist ekki 1. mgr. 65. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar og þessi niðurstaða taki jafnt til krókabáta sem og annarra fiskiskipa.

Við umfjöllun um skipan veiða krókabáta verður ekki horft fram hjá þeirri gífurlegu aukningu sem orðið hefur á veiðum krókabáta, einkum þorskaflahámarksbáta, í þeim tegundum sem þeir hafa getað stundað frjálsar veiðar á. Hafa veiðar þeirra á fiskveiðiárinu 1996/1997 til fiskveiðiársins 2000/2001 aukist frá því að vera 4,45% af heildarafla ýsu upp í 25,5% og aukningin í steinbít hefur verið úr 21,96% í 54,1% af steinbítsafla á sama tíma.

Þegar þorskaflahámarkskerfinu var fyrst komið á í upphafi fiskveiðársins 1995/1996 var ekki talin ástæða til að takmarka veiðar þorskaflahámarksbáta í öðrum tegundum en þorski þar sem meira en 80% af afla þeirra væri þorskur. Á síðasta fiskveiðiári veiddu þorskaflahámarksbátar 28.759 lestir af þorski en afli þeirra í öðrum tegundum var þá 23.564 lestir og var uppistaða þess afla ýsa og steinbítur. Frjálsar veiðar eins flokks skipa sem óhjákvæmilega ganga á aflaheimildir annarra skipa ganga ekki til lengdar. Slíkt misrétti ógnar misrétti kerfisins og auk þess er mjög vafasamt að slíkt standist jafnréttiskröfu stjórnarskrárinnar.

Sé vikið að einstökum greinum frv. þá felst í 1. gr. frv. sú breyting að veiðileyfi með þorskaflahámarki eru felld niður í upptalningu 5. gr. um gerð veiðileyfa. Eftir gildistöku laga nr. 1/1999 eru gerðir veiðileyfa aðeins þrjár: Veiðileyfi með aflamarki, veiðileyfi með krókaaflamarki og leyfi til veiða með sóknardögum.

Í 2. gr. er kveðið á um að ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal til hins almenna aflamarks og aflahlutdeildar gildi einnig um krókaaflamark og krókaaflahlutdeild nema öðruvísi sé ákveðið í lögunum. Í lögum um stjórn fiskveiða eru ýmsar reglur um úthlutun, nýtingu og framsal hins almenna aflamarks og aflahlutdeildar. Í reglugerðum um framkvæmd laga um stjórn fiskveiða eru settar frekari reglur sem lúta að þessum þáttum. Þykir rétt að afdráttarlaust verði kveðið á um þetta atriði. Samkvæmt þessu koma sömu reglur til með að gilda um framkvæmd aflaheimildaflutninga og útreikninga aflahámarks, þar með talið undirmálsafla, flutning aflamarks milli ára, tegundartilfærslu útflutningsára hvort sem um er að ræða krókaafkamarksbáta eða almenna aflamarksbáta.

Í 3. gr. segir að ráðherra sé heimilt að ráðstafa 1.000 lestum af ýsu og sama magni af steinbít til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem verulega eru háðar veiðum þeirra. Enda þótt ljóst sé að með frv. þessu verði hlutur krókaaflamarksbáta bættur verulega þá getur sú staða komið upp að minni byggðarlög geti orðið fyrir þungbærri skerðingu á aflaheimildum við kerfisbreytinguna. Með slíkri heimild til sérstakrar úthlutunar til báta sem gerðir eru út frá slíkum verstöðum yrði unnt að koma til móts við byggðarlög sem mest hafa misst við kerfisbreytinguna. Jafnframt er á sama hátt gert ráð fyrir 300 tonnum af ufsa.

Í 4. gr. frv. segir að heimilt sé að allt að 5% af heildarafla veiðiferðar reiknist ekki til kvóta viðkomandi veiðiskips. Með þessu móti er opnaður ákveðinn möguleiki fyrir veiðiskip til að koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði verið freistandi að henda í hafið aftur, annaðhvort vegna þess að hann er verðlítill eða vegna þess að skipið hefur ekki haft nægilegt aflamark í viðkomandi tegund. Nú ber áhöfn skips vissulega samkvæmt gildandi lögum að hirða allan fisk sem veiðist en það er ljóst að sú freisting er fyrir hendi að henda slíkum fiski í hafið. Hefur brottkasti mjög verið haldið á lofti í umræðum um fiskveiðistjórn auk þess sem niðurstöður tveggja kannana benda ótvírætt til að slíkt eigi sér stað, þótt deila megi um í hversu miklum mæli það er. Uppistaða andvirðis þess afla sem ekki er reiknað til kvóta rennur til Hafrannsóknastofnunar og hefur útgerð skips og áhöfn því ekki hag af veiðunum, en fá greitt samtals 10 kr. fyrir hvert kíló selds afla sem skiptist jafnt milli útgerðar og áhafnar vegna kostnaðar og vinnu sem felst í að skila aflanum að landi. Til þess að ekki fari milli mála hvert andvirðið er og til að tryggja að útgerðir sem jafnframt eru með fiskvinnslu hafi ekki hag af þessum afla er það skilyrði sett að aflinn verði seldur á opinberum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir.

Óvíst er að hve miklu marki þessi heimild verður nýtt en hún opnar útgerðarmönnum og sjómönnum möguleika sem eiga að geta dregið úr brottkasti sé til þess vilji. Þykir rétt að gera slíka tilraun sem stæði til ársloka 2002 og yrði endurskoðuð í ljósi reynslunnar.

Í 5. gr. felst ekki efnisbreyting heldur er um sameiningu tveggja ákvæða að ræða sem betur þykja fara í einu ákvæði. Sama gildir um fyrri málslið 6. gr. Í síðari málslið greinarinnar er hins vegar lagt til að heimilt verði að skipta á jöfnu á krókaaflamarki og almennu aflamarki. Samkvæmt núgildandi lögum er krókaaflamarksbátum ekki úthlutuð aflahlutdeild í öllum tegundum sem undir aflamarkskerfið eru felldar. Uppistaða aflaheimilda krókaaflamarksbáta er í þorski og með því að heimila slík skipti gætu þeir aflað sér heimilda í þeim tegundum sem þeim væri hentugt að veiða hverju sinni. Fyrir liggur að oft er unnt að stunda slík skipti ef erfitt reynist að afla þeirra veiðiheimilda sem vantar með kaupum. Leiti útgerðir krókabáta eftir skiptum á veiðiheimildum er það vafalaust gert í því skyni að hafa veiðiheimildir sem henta veiðum bátsins. Auknir möguleikar til að afla veiðiheimilda geta þannig skipt verulegu máli til að koma í veg fyrir brottkast.

Í 7. gr. er fjallað um sérstakar ráðstafanir vegna krókaaflamarksbáta. Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að hlutur krókaaflamarksbáta verði aukinn sérstaklega með 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa á fiskveiðiárinu 2001/2002. Eftir að þessu aflamarki hefur verið bætt við áður úthlutað aflamark þeirra verði aflahlutir allra skipa í þessum tegundum endurreiknuð og aflahlutdeild krókaaflamarksbáta aukinn sem viðbótinni nemur á kostnað annarra aflamarksbáta. Leiðir þessi breyting til að hlutur krókaaflamarksbáta í ýsu hækkar um rúmlega 6%, í ufsa um rúmlega 1% og í steinbít um tæp 12%. Er lagt til að þessum sérstöku heimildum verði úthlutað á grundvelli aflareynslu eins árs.

Í 2. mgr. er lagt til að krókaaflamarksbátum verði enn fremur úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á fiskveiðiárinu 2001/2002 á grundvelli aflareynslu þriggja ára.

Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að þessum bátum sé aðeins úthlutað aflahlutdeild í þorski, ýsu, ufsa og steinbít en rétt þykir að þeim verði einnig úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa. Þessir bátar stunda margir línuveiðar og er keila og langa algengur meðafli við þær veiðar, a.m.k. fyrir Suður- og Suðvesturlandi. Á því viðmiðunartímabili sem hér verður lagt til grundvallar úthlutun aflahlutdeildar veiddu krókabátar tæp 9% af heildarafla í löngu, rúm 12% af heildarafla í keilu en tæpt 1% af heildarafla í karfa og fá þeir þann hlut í varanlegri aflahlutdeild í þessum tegundum. Slík ráðstöfun telst eðlileg og ætti að draga úr líkum á brottkasti.

Í 3. mgr. er lagt til að krókaaflamarksbátum verði á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthlutað 200 lestum í ýsu og 600 lestum í steinbít, sem skiptist milli þeirra á grundvelli aflareynslu eins árs. Þessar sérstöku heimildir eru bundnar við fiskveiðiárið 2001/2002 og hafa ekki áhrif á aflahlutdeild þeirra. Með þessari sérstöku úthlutun ásamt því sem greinir í 1. mgr. yrði staðan á fiskveiðiárinu 2001/2002 sú að krókaaflamarksbátum yrði úthlutað 4.045 lestum af ýsu og 5.150 lestum af steinbít miðað við slægðan fisk. Í grg. með frv. er sýnt hver afli þeirra hefur verið í þessum tegundum síðan á fiskveiðiárinu 1996/1997.

Í lokamálsgrein 7. gr. er lagt til að þeim 80 bátum sem á síðasta fiskveiðiári höfðu veiðileyfi sem heimiladi þeim veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, almennt kallaðir þakbátar, verði gefinn kostur á að velja veiðileyfi með dagatakmörkunum. Þessir bátar eru yfirleitt með mjög óverulega aflareynslu í þorski og nánast enga í öðrum tegundum. Þykir nauðsyn bera til að gefa þessum bátum kost á að velja dagakerfið sem gefur þeim kost á leyfi til að stunda handfæraveiðar í 21 dag á yfirstandandi ári.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[11:24]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að bjóða hæstv. sjútvrh. velkominn í hóp okkar sem höfum verið að flytja tillögur um það á undanförnum árum að umbuna ætti sjómönnum fyrir að koma með allan afla að landi fremur en að refsa þeim eins og tilhneigingin hefur verið og er þar vísað til 4. gr. þessa frv. sem ég mun ræða frekar síðar í umræðunni.

Ég vildi hins vegar spyrja hæstv. ráðherra, við upphaf umræðunnar, um stöðu smábáta á aflamarki. Nú er það svo að nokkur fjöldi smábáta á aflamarki hefur mátt sæta skerðingum eins og aðrir bátar og skip á aflamarki í gegnum tíðina, ekki síður en aðrir bátar og skip meðan afli annarra smábáta hefur aukist samkvæmt stjórnvaldsákvörðunum.

Það er ljóst að í þessu frv. er verið að reyna að ná utan um smábátana. Það er verið að reyna að gera flestum smábátaeigendum lífið bærilegra, m.a. er þeim sem völdu krókaaflamark vorið 1999, en komu illa út úr kvótasetningu, leyft að velja aftur. Ég spyr því: Kom ekki til álita að skoða sérstaklega mál smábáta á aflamarki? Það er alveg ljóst að margir þeir bátar hafa mjög litla aflahlutdeild, sífellt minnkandi á undanförnum árum og má kannski segja að margir þeirra báta hafi náð að lifa af því að stunda grásleppu á vorin. Ég spyr í von um að fá við því svar strax við upphaf umræðunnar því að mér finnst það skipta máli: Af hverju er þessi eini flokkur smábáta ekki skoðaður fyrst að reynt er með frv. þessu að gera öllum öðrum lífið bærilegra?

[11:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Smábátar á aflamarki voru ekki til sérstakrar umfjöllunar þegar unnið var að þessu frv., einfaldlega vegna þess að þeir verða ekki fyrir beinum breytingum af upptöku krókaaflamarkskerfisins. Þeir eru þegar í aflamarkskerfinu og krókaaflamarksupptakan hefur ekki bein áhrif á þá að öðru leyti en því að breytingar á aflahlutdeildum krókaaflamarksbátanna munu hafa áhrif á aflamarksbáta sem slíka.

Það er hins vegar rétt að aflamark og afli smábátanna hefur minnkað vegna samdráttar í veiðum þeirra og eins vegna ýmissa tilfærslna sem hafa orðið í kerfinu frá því að það var tekið upp. Það á vissulega við um aðra hluta aflamarkskerfisins, ekki bara þá sem kalla má smábáta. Það á við um vertíðarflotann og það má auðvitað endalaust deila um hversu réttlátar eða réttmætar þær breytingar eru. Hins vegar má vera ljóst að tilflutningur á veiðiheimildum til þessa hluta flotans mundi þýða minni heimildir til annars hluta flotans. Það verður að skoðast í því samhengi. Ef menn vilja gera það þá ætti að gera það í heildarendurskoðuninni frekar en þegar gerðar eru ráðstafanir sérstaklega vegna krókaaflamarksins, án þess að ég sé sérstaklega að boða að það verði gert.

[11:28]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu minni áðan að mér er auðvitað fullkomlega ljóst að allir bátar og skip sem verið hafa á aflamarki hafa sætt sambærilegum skerðingum, ekki bara smábátar. Ég er hins vegar að vekja athygli á því að þessi eini hópur smábáta fær ekki neina leiðréttingu eða umbun. Honum er ekki á nokkurn hátt mætt í þessu frv. og það er ekki rétt sem hæstv. ráðherra sagði áðan að þeir verði ekki fyrir beinum breytingum vegna upptöku krókaaflamarksins og þeirra ráðstafana sem er verið að gera. Þeir verða auðvitað fyrir þeim beinu breytingum að aflahlutdeild þeirra verður væntanlega skorin niður. Hér er auðvitað um áhrif að ræða og mér finnst fullkomlega eðlilegt að þessi flokkur smábáta sem ég geri hér að umtalsefni sé inni í aflamarkskerfinu, sé skoðaður með hliðsjón af öðrum smábátum, rétt eins og þeir sem eru inni í dagakerfinu. Mér finnst það eðlilegt og ég mun beita mér fyrir því að þetta mál verði skoðað í nefndinni. Mér finnst ekki verið að tala um neitt allsherjarréttlæti með þessu frv. Við erum að tala um það réttlæti sem falist getur í því þegar hv. Alþingi færir til aflahlutdeild með handafli, þegar menn taka meðvitaða ákvörðun um að flytja aflahlutdeildir eða aflamark á milli báta og ákveðinna tegunda báta. Svo framarlega sem menn vilja að eitthvert réttlæti ríki í þeim hópi, sem við getum kallað smábáta á Íslandi, þá finnst mér eðlilegt að málið sé skoðað í nefnd.

[11:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tiltók það alveg sérstaklega í ræðunni að aflamarksbátarnir yrðu fyrir áhrifum vegna þeirra breytinga sem boðaðar væru í frv. til þess að liðka fyrir hjá krókaaflamarksbátunum. En forsendur frv. og þeirra aðgerða sem verið er að leggja út í eru fyrirsjáanlegar breytingar hjá krókabátunum — að þeir eru komnir í krókaaflamarkið frá því að vera að stórum hluta til í frjálsum veiðum.

Sú staða er ekki uppi hjá aflamarksbátunum. Þeir hafa nú um langan tíma verið í aflamarki, þeir hafa ekki verið í frjálsum veiðum og þar af leiðandi er ekki um að ræða neina aðlögun að breyttum aðstæðum eða verið að bæta mönnum

það upp að þeir hafi minni möguleika til þess að sækja sjóinn eins og reyndin er með krókaaflamarksbátana sem hafa verið að stórum hluta í frjálsum veiðum, eins og ég sagði.

[11:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakklæti hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um þá opnun sem er í 4. gr. þó að hún sé nú kannski ekkert afskaplega mikil, 5% af afla í hverri veiðiferð. En þetta er svona í takt við þær hugmyndir sem ég hef haft varðandi það hvernig taka eigi á vandamálum í sambandi við brottkast.

En ég er með aðrar spurningar varðandi 3. gr.: Hvernig finna menn sjávarbyggðir sem eru að verulegu leyti háðar veiðum krókaaflamarksbáta, sérstaklega eftir sameiningu sveitarfélaga? Ætla menn að líta á Ísafjarðarkaupstað sem eina sjávarbyggð eða Flateyri sem sérstaka og Suðureyri sem aðra? Gætu sveitarfélög skipt sér upp í hverfi, Reykjavík t.d. skilgreint hafnarhverfið sem sérstaka sjávarbyggð sem er háð afla krókaaflamarksbáta?

Og hvernig reglur ætla menn að hafa handa sveitarfélögunum til að úthluta þessum verðmætum, þessum 2.300 tonnum eða 2,3 milljónum kílóa þegar þetta hefur verið gert, og hafa menn slegið á það hvers virði þessar gjafir verða?

Svo er það varðandi 7. gr. Er það rétt skilið að verið sé að úthluta nýjum kvóta í 7. gr. í keilu, löngu og karfa? Og hefur ráðuneytið lagt mat á það hvers virði þessi kvóti er sem á að fara að dreifa til útvalinna?

[11:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurningar hv. þm. Péturs Blöndals — í fyrsta lagi hafa ekki verið settar neinar reglur varðandi 3. gr. um hvernig að þessu verður staðið en reynt verður að skoða þetta á efnislegum forsendum þannig að þessar heimildir nýtist þeim sem verða fyrir einhverjum aflasamdrætti vegna þessa. Það er rétt hjá honum að sameining sveitarfélaga að undanförnu hefur auðvitað gert skilgreiningar á þessum hugtökum erfiðari. Þess vegna er verið að tala um sjávarbyggðir en ekki sveitarfélög. Það eru þær einingar sem maður getur litið á sem sérstakar byggðir og byggja á veiðum þessara báta.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélögin úthluti þessum veiðiheimildum. Það er ráðherra sem úthlutar þeim á sama hátt og hann úthlutar öðrum heimildum sem 9. gr. fjallar um, svokallaður Jöfnunarsjóðspottur eða 12 þúsund tonnin sem þar eru, og sjútvrh. hefur úthlutað, nú síðast undanfarin ár vegna brests í rækju á nokkrum veiðisvæðum.

Síðan varðandi 7. gr. Út af fyrir sig er ekki verið að úthluta nýjum kvóta í þessu tilfelli, keilu- og lönguúthlutuninni er ekki lokið. Ekki var öllum kvótanum úthlutað 1. sept. vegna óvissu um tölur, og þeirri úthlutun lýkur væntanlega ekki fyrr en þetta frv. hefur verið samþykkt.

Varðandi karfann er þar um mjög litla hlutdeild að ræða, og ég held að flestir væru sammála mér um að það væri innan skekkjumarka hvað varðar heildaraflamarkið á karfanum, og því verður væntanlega bætt við áður útgefið heildaraflamark.

[11:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin við fyrri spurningunni um úthlutun til sveitarfélaganna eða sjávarbyggða, nú fer maður kannski að skilgreina einstaka sveitabæi sem sjávarbyggðir.

En ég er ekki alveg sáttur við svarið við seinni spurningunni um úthlutunina í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra sem getið er um í 7. gr. Þar stendur að þetta landnám — sem hófst með því að miða við árin 1980–1983 að mig minnir, veiðireynslu þeirra ára sem er landnám hið nýja — haldi áfram því að nú á að miða við tímabilið 1. júní 1998 til 31. maí 2001, að þeir aðilar sem veiddu á þessum tíma eiga núna að fá heimildir á grundvelli veiðireynslu. Þetta er nýtt landnám, þarna er verið að úthluta nýjum kvóta, og hann er örugglega einhvers virði. Ég hefði gaman af að vita hvers virði hæstv. sjútvrh. metur þessa úthlutun.

[11:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef greinilega eitthvað misskilið spurningu hv. þm. hvað varðaði nýja úthlutun. Það er auðvitað rétt hjá honum að verið er að úthluta kvóta af keilu og löngu í fyrsta skipti á þessu fiskveiðiári. (**GAK:** Og skötusel.) Og reyndar skötusel líka, þakka þér fyrir, hv. þm. En samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða er miðað við þrjú síðastliðin fiskveiðiár þegar úthlutað er kvóta í nýjum tegundum. Þar af leiðandi verður alltaf miðað við önnur ár en gert var upphaflega þegar kvótakerfið var fyrst tekið upp árið 1984. Þannig hefur það alltaf verið þegar nýjar tegundir hafa verið teknar inn í kvóta, að miðað er við þrjú síðustu árin. Þessar dagsetningar sem hann tiltók eru þær sem hafa verið notaðar undanfarin ár og það hefur ekki verið miðað við fiskveiðiárið því að þetta hefur þurft að vera frágengið áður en fiskveiðiárið hófst og ætti út af fyrir sig ekki að skipta höfuðmáli, a.m.k. ekki hjá þeim sem hafa verið að stunda þessar veiðar undanfarin ár, og við byggjum auðvitað alla okkar úthlutun á veiðireynslunni.

Hvað varðar verðmæti þessa úthlutaða kvóta hef ég ekki lagt neitt mat á það, ekki reiknað það út, enda er vandséð hvernig á að meta verðmæti kvóta. Mér finnst oft og tíðum að þær tölur sem menn eru með á lofti séu ekki allar raunhæfar. Ég verð því að láta hv. þm. það eftir að meta verðmæti þessa kvóta enda held ég að hann sé nú almennt talinn tölugleggri maður en ég.

[11:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. hefur svo sem legið í loftinu býsna lengi. Þó að sumir hafi bundið vonir við að endurskoðunin á lögunum um stjórn fiskveiða færi fram samhliða fyrir allan flotann er sú von nú dáin út og kannski var hún líka dáin út áður en þetta frv. kom fram vegna þess að Sjálfstfl. samþykkti á landsfundi sínum fyrir nokkru að ekki yrðu gerðar breytingar í neinum grundvallaratriðum á lögunum um stjórn fiskveiða. Ekki yrðu neinar breytingar á þeim atriðum sem menn hafa tekist harðast á um, þ.e. eignarhaldinu á veiðiheimildunum eða kvótunum, og aðgangnum að því að veiða fisk við Ísland yrði ekki breytt. Það var niðurstaða Sjálfstfl. á landsfundi.

Nú er að sjá hvort Framsfl. er tilbúinn til að gera sams konar samþykkt. Ef það er ekki fyrir hendi hjá Framsfl. virðast mál vera komin í nokkurn hnút milli stjórnarflokkanna í þessu máli. Þannig verður að gera ráð fyrir því að taumurinn sé uppi í Framsfl. í þessu máli eins og öðrum, að sams konar samþykkt verði gerð á landsfundi Framsfl. í þessu efni eins og hjá Sjálfstfl. og að sjútvrh. geti komið

hér inn með frv. sem gengur í þá átt sem meiri hlutinn vill í þessari svokölluðu sáttanefnd, sem oft hefur verið nefnd, eða endurskoðunarnefndinni. Nú er að sjá hvort sú niðurstaða verði lögð fyrir hér á Alþingi.

En ég ætlaði að ræða pínulítið um það atriði betur þegar hæstv. ráðherra verður kominn aftur í salinn. Á meðan byrja ég á því að fara yfir nokkur önnur atriði. Hæstv. ráðherra er genginn í salinn og þá ætla ég að klára það sem ég var byrjaður að segja hér um aðdragandann að þessu máli og sáttatalið. Mig langaði til að bæta við fáeinum orðum vegna þeirrar umræðu sem fór fram hér í upphafi fundar, vegna þess að hæstv. ráðherra vitnaði í grg. með frv. Samfylkingarinnar um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða. Og hann vitnaði mjög snaggaralega í það, hann eyddi ekki miklum tíma í þá tilvitnun, en ég tel rétt að fram komi tvær eða þrjár setningar sem eru svona, með leyfi hæstv. forseta, en þá er verið að vitna í nefndarstarfið í nefndinni um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða:

„Góð samstaða virtist á tímabili í nefndinni um að breyta ætti veiðiréttinum í aflahlutdeildarsamninga. Til þess þarf innköllun veiðiheimilda og nýja úthlutun. Þeir sem skipa meiri hlutann nú hlupu frá þeirri umræðu þegar þeim var ljóst að Samfylkingin mundi aldrei samþykkja að þessum samningum yrði úthlutað eingöngu til þeirra sem eru nú handhafar kvótans."

Þarna tók hæstv. ráðherra tilvitnun sína, og ég vil að það fylgi með sem ég var að lesa áðan vegna þess að það segir sitt um það hverjum var verið að stilla upp við vegg í þessu nefndarstarfi. Við sem vorum í minni hlutanum stóðum frammi fyrir því að ekki væri hægt að komast lengra í þessu máli heldur en það að þeir sem eru handhafar kvótans í dag skyldu ævinlega hafa forkaupsrétt að þeim litlu veiðheimildum sem yrðu innkallaðar. Þetta var það sem við samþykktum ekki, og ég tel nauðsynlegt að það fylgi með þegar hæstv. ráðherra var að vitna í þetta, um hvað var þarna verið að tala. Læt ég því svo lokið.

En sú krafa sem var háværust í kringum smábátana þegar það var ljóst að hæstv. ráðherra kom í veg fyrir það ásamt öðrum að gildistöku laganna um smábátana yrði frestað í haust, þegar ljóst var að ekki yrði af frestuninni, risu auðvitað miklir úfar með mönnum, miklar kröfur, fundahöld og mótmæli í sjávarbyggðum sem hafa verið að reyna að bjarga sér á smábátum á undanförnum árum og reyna að byggja aftur upp atvinnulífið á stöðunum sem hafa tapað frá sér veiðiheimildum vegna þeirrar verslunar með veiðiheimildir sem viðgengst í þessu landi.

Og menn gerðu ýmsar kröfur um breytingar. Hæstv. ráðherra hefur smám saman verið að skapa þá niðurstöðu sem liggur fyrir núna þó að það sé auðvitað ekki ljóst hvort þetta mál verði með nákvæmlega sama hætti þegar það kemur til 3. umr. hér á þingi eins og það er núna. Engu að síður hafa smám saman orðið til þessar hugmyndir sem hér eru komnar á blað. Þeirri kröfu að þetta yrði gert samhliða með því að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða, sem ég nefndi hér áðan, var vísað frá í vor. Og ég tel að þar hafi illa til tekist og ætla ekki að taka þá umræðu nánar hér upp nema tilefni gefist til.

En ég tel að meiri hluti hafi verið í þinginu fyrir því að fresta þessu ef menn hefðu getað staðið hér í lappirnar og staðið við skoðanir sínar í atkvæðagreiðslu. Það er skoðun mín en fyrir henni hef ég einungis tilfinningu. Komið var í veg fyrir að sú frestunartillaga sem lá fyrir kæmi til afgreiðslu og það er ekki þinginu til sóma að vinna með þeim hætti. Ég held að meiri reisn væri yfir Alþingi ef handjárnin væru minna notuð á stjórnarliða en gert hefur verið gert í þessu máli.

En hverju stöndum við frammi fyrir? Við stöndum frammi fyrir enn einni breytingu á smábátakerfinu. Hvers vegna? Auðvitað vegna þess að það kerfi sem við erum með í gangi núna sem varðar eignarhaldið á veiðiheimildum hefur valdið því að veiðiheimildirnar hafa gufað upp af þeim stöðum, sérstaklega smærri stöðum allt í kringum landið, þar sem grunnslóðarflotinn stóð í raun og veru undir byggðinni. Og ef menn hefðu staðið við þá niðurstöðu sem varð hér 1990 þegar lögin voru sett, þá ættu menn að litast um í sjávarbyggðunum og velta því fyrir sér hvernig staðan væri. Þá áttu smábátarnir að fá 2.400 eða 2.500 tonn sem væru líklega ekki meira en 1.500–1.600 tonn í dag. Ef þau lög hefðu gilt fram til þessa dags, þá væri ekki til smábátaútgerð á Íslandi. Hún væri ekki til.

En þingmenn hafa komist að þeirri niðurstöðu með endalausum breytingum hvað varðar smábátana að hafa opna smugu. Opnuð var smuga þegar menn sáu hvað lögin frá 1990 hefðu gert ef þau hefðu fengið að standa. Og síðan hafa menn verið að opna smugur og reyna að loka þeim sífellt fram á þennan dag. En nú ætla menn að loka endanlega, að vísu með svona viðbótum eins og hér eru til umræðu.

Í kjölfar þessa og ef menn breyta ekki reglunum um eignarhaldið mun þróunin verða sú að veiðiheimildir munu gufa upp af smáu stöðunum allt í kringum landið. Byggðirnar munu lenda í enn meiri vanda og ekki verður hægt að bæta sér það upp með því að fara í nýja útgerð í smábátum eða neinu öðru. Ný útgerð á Íslandi á ekki lífsmöguleika og það vita menn í þessum sal.

Þetta fyrirkomulag á eignarhaldinu leiðir til samþjöppunar og flutnings veiðiréttar. Og reglurnar eru þannig að það má flytja hann á einni nóttu, af grunnslóðinni þess vegna og út á stóru skipin. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Ekkert yrði eftir nema það sem er á trillunum, ekkert einasta kíló. Það eru auðvitað ekki skynsamlegar reglur, ekki heldur út frá fiskveiðistjórnarlegum rökum.

En menn hafa ekki viljað horfast í augu við afleiðingar af eignarhaldinu, hafa hins vegar verið að bjarga sér með sífelldum lagfæringum. Menn hafa ekki síður staðið hér og talað um stjórn á smábátum, veiðum smábáta, heldur en hið stóra mál, stjórn á flotanum sem veiðir við Ísland.

Ég held að þingmenn hafi fyrst og fremst litið á þetta sem byggðamál hér á Alþingi þegar þeir samþykktu að áfram væri hægt að hefja veiðar á smábátum eða auka við veiðiheimildir smábáta. Ég lít þannig á. Ég held að áhrifamesta byggðaaðgerðin sem hefur verið í gildi undanfarin ár hafi verið fólgin í þessu. Menn geta verið ósammála um að svona hafi átt að fara að þessu og menn geta verið ósáttir við sinn hlut sem eru að gera út aflamarksbáta og önnur skip sem eru á aflamarkinu. En menn geta varla þrætt fyrir það að þetta hefur verið mjög öflug byggðaaðgerð. Er núna rétti tíminn til að slá niður og draga verulega úr byggðaaðgerðum eða aðgerðum til að halda við byggð í landinu? Ég held ekki. Ég held að ekki sé rétti tíminn til þess nú.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ýmislegt í frv. vera fyrirkvíðanlegt og þó mest það að nú á ráðherrann að koma með gjafir. Hann á að mæta í einhverjar sjávarbyggðir sem búið er að velja út að eigi að hljóta guðs blessun ráðherrans og draga þar upp úr vasa sínum veiðiheimildir

handa einhverjum útvöldum á þeim stað. Auðvitað mun slíkt valda hinum verstu vandræðum. Ég öfunda ekki hæstv. ráðherra af því hlutverki sem hann er að taka að sér þarna. Það verður ekki gott að velja staðina. Og það verður ekki gott að velja útgerðarmennina sem eiga að fá úthlutunina.

Við hjá Samfylkingunni höfum ævinlega lagt áherslu á það í tillögum okkar að komið yrði á jafnræði og reglum sem giltu sem líkast fyrir alla sem væru í þessari atvinnugrein. En hér skal deilt og drottnað, eins og hefur ævinlega verið gert í þessu kerfi. Menn finna upp nýjar og nýjar aðferðir til að útdeila veiðiheimildum. Hver er aðferðin núna? Hún er sú að taka á mið af nýjum árum hvað varðar veiðiréttinn, veiðireynsluna, og svo er bætt ofan á.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver eru rökin fyrir því að þeir sem eru í þessum hópi eigi að fá viðbótina, þeim eigi að vera mismunað í viðbótinni þegar þeir hafa ekki veiðireynslu fyrir henni?

Verið er að bæta við veiðireynslu skilst mér, og ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef ég fer rangt með, verið er að bæta fleiri tonnum við þennan flota en veiðireynslan gefur tilefni til og þessum viðbótarveiðiheimildum er deilt út eftir veiðireynslu, þ.e. veiðireynslan sem bátarnir hafa er dobbluð upp.

Ég hefði talið að menn hefðu frekar átt að skoða þann möguleika að þeirri viðbót væri bara deilt út jafnt yfir þennan hóp, en ekki að verið sé að dobbla upp þá veiðireynslu sem þeir hafa. En ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef ég er að misskilja það sem mér sýndist þegar ég las þetta yfir.

Mig langar til að spyrja um eitt í sambandi við 3. gr. Þar kemur fram að hæstv. ráðherra hafi með höndum að útdeila þessum veiðirétti.

Ég spyr: Verður sá veiðiréttur framseljanlegur sem útdeilt verður með þessum hætti? Verður kveðið á um það í reglugerðinni að þeir sem fái honum úthlutað megi ekki framselja hann til einhverra annarra eða verða þeir e.t.v. að veiða upp bæði sín réttindi og líka þau sem þeim verður úthlutað til viðbótar úr vasa ráðherrans?

Síðan langar mig til að spyrja um eitt sem ég átta mig heldur ekki á í 3. gr.: Er það aflamark sem úthlutað verður samkvæmt 3. gr. krókaaflamark? Gilda sömu reglur um það og aðrar veiðiheimildir í smábátakerfinu? Mætti e.t.v. framselja það á einhvern hátt, ef það er leyfilegt á annað borð að framselja veiðiheimildir frá þeim sem fá þessu úthlutað, til einhverra sem væru utan þessa trillukerfis?

Ég vil nefna hér 4. gr. og vil fagna þeim anda sem í henni er. Það kom einnig fram áðan í andsvari frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur við ráðherrann að þetta er auðvitað jákvætt. Og það kom líka fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal. (Gripið fram í.) Það eru nefnilega margir sem hafa borið fram tillögur sem ganga í þessa áttina. En mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að útskýra svolítið nánar fyrir okkur hvers vegna hann velur að hafa þessa prósentu, 5%, sem þarna er ákveðin og að þau 5% eiga við hverja einstaka veiðiferð. Vegna þess að ég tel að þetta, sem er sett fram sem hugmynd um að gera tilraun, sé ekki sama tillagan og hefur verið borin fram hér af mörgum. Menn hafa borið fram tillögur um að þetta verði gert sem tilraun til tveggja ára og menn gætu landað öllum afla utan kvóta sem þeir kysu á þessum forsendum. Hugmyndin er auðvitað sú að á þeim tíma komi það virkilega vel í ljós hvað við erum að gera á miðunum.

Ég held að sú tilraun sem þarna er verið að huga að að gera muni auðvitað koma að einhverju gagni til að menn komi með afla að landi sem annars færi í sjóinn, en vegna þess að menn veiða kannski ekki mjög nákvæmlega þann afla stöðugt í hverri veiðiferð, þá sé ekki heppilegt að þetta skuli vera 5% í hverri einstakri veiðiferð en ekki einhver prósentutala af heildarafla viðkomandi skipa.

Síðan langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna ekki hefur birst hér tillaga sem kom fram í tillögum frá endurskoðunarnefndinni eða meiri hlutanum sem gekk út á að leyfa ætti stærri báta í smábátakerfinu en nú er. Í afskilnaði þeirrar nefndar var lagt til að menn ættu að fá að vera á bátum upp í 15 tonn í smábátakerfinu en hæstv. ráðherra hefur ekki lagt það til í frv.

Að lokum er eitt sem mig langar til að spyrja um en það er hvort ráðherrann hafi ekki velt því fyrir sér í einhverri alvöru — mér finnst ég hafa heyrt eitthvað eftir honum haft í þá áttina eftir fund með smábátamönnum — að til greina kæmi að endurskoða dagakerfið á einhvern hátt, en hér eru engar tillögur um breytingar á dagakerfinu í frv. Eins og menn vita er 10% skerðing á öllum dögum í dagakerfinu og ef það heldur áfram með sama hætti og nú er munu auðvitað skapast alls konar vandamál og mikill samdráttur og vandi hjá þeim sem stunda veiðar í atvinnuskyni í því kerfi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er ekki hugmyndin að menn skoði þetta neitt í vetur eða hefur hann kastað þeim öllum til hliðar? Ég skildi það þannig að hæstv. ráðherra væri með þetta í jákvæðri athugun.

Ég sé að tími minn er floginn en ég hefði viljað bæta fleiru við og e.t.v. tek ég til máls aftur síðar í umræðunni en læt hér lokið máli mínu núna.

[11:59]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hefja mikla efnislega umræðu um þetta í andsvörum. En ég átta mig hins vegar ekki alveg á því sem hv. 3. þm. Vesturl. var að tala um úthlutun, væntanlega úthlutun á þeim viðbótaraflaheimildum sem frv. gerir ráð fyrir varðandi ýsu, ufsa og steinbít. Frv. gerir ráð fyrir að byggt sé á nýrri veiðireynslu til þess að koma til móts við þær útgerðir og þá báta og sjómenn sem eru tiltölulega nýlega farnir að hasla sér völl í þessu kerfi og eru starfandi í kerfinu.

Ef ég skildi hv. þm. rétt, þá var hann að gagnrýna þetta fyrirkomulag og lagði til einhvers konar aðra útfærslu. Eins og ég skildi orð hv. þm. var hann að ræða um að það yrði gert með þeim hætti að dreifa þessu jafnt út á bátana. Ég verð að játa, virðulegi forseti, að ég átta mig ekki alveg á því hvaða hugmyndir þetta voru hjá hv. þm. og vildi gjarnan að hann skýrði þetta betur.

Við verðum auðvitað að átta okkur á því að hér er um gríðarlega mikla hagsmuni að ræða. Það eru einstök svæði sem hafa byggt meira á þessari veiði en önnur og tillögur eins og þær sem mundu fela í sér að hverfa frá grundavallarhugmyndunum í frv., verði sú leið farin að kvótasetja þessar tegundir eins og núgildandi lög hafa í raun og veru leitt af sér, þá er það auðvitað gríðarlega mikilvægt hvernig þeim veiðirétti er dreift og jöfn dreifing sem ekki tekur tillit til aðstæðna á hverjum stað mundi raska í grundvallaratriðum stöðu einstakra byggðarlaga, útgerða og sjómanna sem hafa byggt á þessum veiðiheimildum.

[12:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var hér að segja er í raun þetta:

Afar miklar sveiflur hafa verið í veiði smábáta á þeim tegundum sem þarna er um að ræða. Þær hafa aukist afar hratt á síðustu árum og hafa t.d. í ýsunni frá því 1997 farið úr 3.700 tonnum og upp í 8.500 tonn á síðasta ári. Það að taka árið 2000/2001, og miða aflareynsluna vegna þessara hluta eingöngu við það tímabil, er að mínu viti ekki endilega mjög sanngjarnt gagnvart öðrum sem hafa verið að veiða á þessum tíma öllum. Auðvitað eru það svo sem ekki mikil vísindi á bak við það að taka þetta eina tímabil. En það verður að taka eftir því að á þessu tímabili voru veiðarnar langhæstar og orðnar margfaldar á við það sem þær voru t.d. 1996, þannig að ég sé nú ekki að það sé einboðið að menn eigi að miða við aflareynslu þess tíma sem þarna er tiltekinn.

[12:02]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að biðja hv. þm., hafi hann ákveðna skoðun á því hvaða tímabil eigi að miða við, að hann komi með hugmynd í þeim efnum. Sé það t.d. hugmynd hv. þm. að það eigi að nota það viðmiðunartímabil sem gengið var frá þegar lögin á árinu 1999 voru samþykkt, þá vil ég að hv. þm. segi það.

Telji hv. þm. t.d. að það eigi að nota þriggja ára viðmiðunartímabil þá vil ég gjarnan að hv. þm. greini okkur frá þeirri afstöðu sinni.

Ég skil það hins vegar vel ef hv. þm. hefur ekki mótað það nákvæmlega með sér hvernig eigi að líta á þessa viðmiðun. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er gríðarlega flókið, viðkvæmt og erfitt mál og er eitt af stóru málunum sem við stöndum frammi fyrir núna á næstu vikum þegar við förum að vinna í því.

Það sem ég var einfaldlega að reyna að undirstrika í máli mínu áðan var að grundvallarhugsunin á bak við frv., eins og glögglega má sjá ef það er lesið, er að reyna að endurspegla sem mest veruleikann eins og hann er núna þannig að þær útgerðir, þeir sjómenn og þeir staðir sem hafa byggt á frjálsri veiði í ýsu og steinbít geti, að svo miklu leyti sem það er hægt miðað við það fiskveiðistjórnarkerfi sem hérna er verið að innleiða, að sem mestu leyti haldið því veiðimunstri áfram sem þeir hafa verið að tileinka sér á síðustu árum.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að heilmikill vöxtur hefur orðið í ýsuveiðinni og steinbítsveiðinni á þessum árum hjá þessum bátum. Á því eru ýmsar skýringar. Það er t.d. engin spurning að bæði aðstæður í hafinu á liðnu vori og ekki síður sú staðreynd að það var verkfall á meðan á steinbítstímabilinu stóð og það gerði það að verkum að minni bátarnir höfðu miklu meira svigrúm til þess að veiða en þeir ella hefðu haft. Auðvitað hefur þetta í för með sér ýmsar afleiðingar. En ekki má gleyma því, virðulegi forseti, að ýmis svæði eins og t.d. Vestfirðir hafa frá fornu fari, frá ómunatíð, byggt mjög mikið á steinbítnum. Því er gífurlega mikið í húfi fyrir þessar byggðir hvernig viðmiðunartímabilið er valið.

[12:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. í raun vera að undirstrika það sem ég var að segja, að það eru nú ekki mjög nákvæm vísindi á bak við þessa niðurstöðu. Það er full ástæða til þess að fara vandlega yfir það hvernig helst er hægt að hafa eitthvert réttlæti milli þeirra sem stunda þessa atvinnu. Mér finnst alls ekki einboðið að það réttlæti náist með því að taka síðasta fiskveiðiár og nota það eingöngu til þess að ákveða þessa hluti.

Ég ætla hins vegar ekki að fullyrða það eða koma með tillögu um það hvaða ár eigi að nota núna. Mér finnst að sjávarútvegsnefndin þurfi að gefa sér tíma til að fara yfir það. Ég vildi bara setja þennan fyrirvara við það sem kemur fram í frv. vegna þess að mér finnst að til þess sé full ástæða og tel mig vera búinn að rökstyðja það.

[12:05]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hv. þm. sem væri gott að að hann skýrði ögn nánar:

1. Telur hv. þm. að sú smuga sem verið hefur í smábátakerfinu hafi nýst öllum smærri sjávarbyggðum á Íslandi, eins og t.d. Kópaskeri?

2. Bar að skilja orð hv. þm. svo þegar hann talaði um 3. gr. frv. að hann sé á móti byggðakvóta til þess að treysta smærri sjávarbyggðir?

[12:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er ég á móti byggðakvóta til að styrkja sjávarbyggðir? Tillögur okkar um það efni liggja fyrir hv. Alþingi. Þar er gert ráð fyrir því að ef sjávarbyggðir lenda í miklum vanda sé hægt að grípa til tiltekinna aðgerða. Tillögur okkar liggja alveg fyrir í því og ég veit að hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur örugglega lesið það allt í gegn og veit nákvæmlega hvað við erum að leggja til í því efni. Ég tel að það væri fullnægjandi fyrirkomulag. Ég hef hins vegar aldrei útilokað það að hafa öðruvísi reglur um smábáta en stóru skipin og tel að ekkert mæli sérstaklega á móti því.

Hv. þm. nefndi þessa smugu og spurði hvort ég teldi að hún hefði komið öllum sjávarbyggðum til góða. Nei, ég tel það reyndar ekki. Ýmislegt hefur gert það að verkum að mönnum hefur gengið misjafnlega að nýta sér þessa smugu. Hverjar ástæðurnar eru á hverjum stað skal ég ekki um segja. Það kann vel að vera vegna samsetningar flotans á þeim tíma sem þessar smugur opnuðust. En hv. þm. hefur nú staðið að því að hafa þessar smugur opnar fram á þennan dag og hefur borið alveg sérstaklega ábyrgð á þessu kvótakerfi öllu frá upphafi og stutt það með ráðum og dáð. Hann ætti því frekar að útskýra það fyrir okkur hinum sem höfum ekki verið mjög kátir yfir þessu fyrirkomulagi, hvers vegna það hefur ekki virkað nógu vel á Kópaskeri.

[12:08]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var gagnlegt að fá það fram hjá hv. þm. að hann hefði ofsagt í fyrri ræðu sinni og að þessi smuga nýtist ekki öllum smærri sjávarbyggðum á Íslandi, þó hann að vísu léti þess getið að hann hefði ekki kynnt sér það sérstaklega.

Hitt er líka athyglisvert að hv. þm. sagði að ef sérstaklega stæði á væri rétt að smærri sjávarbyggðir fengju viðbótaraflamark með sérstökum hætti eins og hann orðaði það svo smekklega hér áðan, að sjútvrh. færi ofan í vasa sinn til þess að sækja aflaheimildir.

Það ber því svo að skilja hv. þm. líka að hann hafi ofsagt þegar hann sagði að stefna Samfylkingarinnar væri sú að vilja hafa almennar reglur um úthlutun veiðiheimilda og fiskveiðistjórnina. Þetta er hvort tveggja mjög athyglisvert.

Í fyrsta lagi viðurkennir hv. þm. að sú opnun sem verið hefur í smábátakerfinu að ákveðnar tegundir séu utan kvóta nýtist ekki öllum sjávarbyggðum. Þó hann hafi þann varnagla að hann hefði ekki kynnt sér málið viðurkennir hann að svo sé. Það er athyglisvert og hitt ekki síður að hann

er fallinn frá því sem hann sagði í fyrri ræðu sinni að um fiskveiðistjórn ættu að gilda almennar reglur en ekki koma til pólitískt mat sjútvrh. eftir atvikum, get ég bætt við frá sjálfum mér, Byggðastofnunar eða annarra slíkra sem við vitum að reynslan sýnir að hefur ekki gefist vel. Þetta sýnir að Samfylkingin er á réttri leið. En ég vona að hv. þm. kveðji sér nú ekki hljóðs til þess að beina Samfylkingunni á hina fyrri leið á nýjan leik og fari nú rangsælis það sem eftir verður.

[12:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessir útúrsnúningar hv. þm. eru honum líkir að vísu, en ekki merkilegir. Þessar tillögur Samfylkingar hafa legið fyrir. Þær hafa verið lagðar hér þrisvar fram og þar kemur fram hvernig við teljum að eigi að taka á málum ef upp kemur mikill vandi í sjávarbyggðum.

Auðvitað munu aldrei verða til algjörlega altækar reglur. En tillögur okkar ganga út á það að allur flotinn búi við sams konar fyrirkomulag. Ég held að það hefði farið betur og að menn hefðu sjaldnar staðið hér með frumvörp í höndunum af því tagi sem verið er að afgreiða núna ef þeir hefðu reynt að hafa í heiðri sanngjarnar og jafnar leikreglur í sjávarútveginum en ekki verið að hygla einstökum fyrirtækjum eða byggðarlögum með þeim reglum og á þann hátt sem við þekkjum úr fortíðinni.

Hv. þm. hefur t.d. staðið að reglum sem voru þannig að menn fengu 25% viðbót ofan á veiðiheimildirnar ef þeir keyptu þær í Eyjafjörð, en ekki ef þeir hefðu keypt þær til Akraness. Hv. þm. hefur staðið að því að búa til reglur á Alþingi sem hafa gengið út á það að skipstjórar fengju úthlutað veiðiheimildum ef þeir hafa átt heima á réttum stöðum á landinu.

Hv. þm. hefur staðið að ótal reglum þar sem með sértækum hætti hefur þessum verðmætu réttindum verið komið í hendur á þeim sem útvaldir eru. Þetta eru afrekin sem hv. þm. hefur staðið að allan tímann og hefur stutt með ráðum og dáð. Hann hefur verið í ríkisstjórn nánast allan tímann eða stutt ríkisstjórnina allan tímann sem þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi. Ég geri ráð fyrir því að hann ætli að samþykkja þetta frv. hérna núna líka. Það hefur a.m.k. farið fram hjá mér ef hv. þm. hefur látið sig vanta í eitt einasta skipti til að skrifa upp á stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum.

[12:12]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Á síðustu tíu árum hafa málefni smábáta komið til umræðu á Alþingi líklega nokkrum tugum sinnum. Enn koma málefni smábáta til umræðu og enn eru skiptar skoðanir um málefni þeirra.

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja að það alvarlegasta í umræðunni eins og hún hefur verið á síðustu mánuðum er að hún er einfölduð með því að menn velta því upp að með því að leysa vanda smábáta sé verið að ganga á hagsmuni aflamarksbáta. Ég tel það mikla einföldun, beinlínis rangt og óþarft að setja málið þannig upp. Ég tel að það sé gert í þeim einum tilgangi að grafa undan hagsmunum smábátaútgerðar. Hér er auðvitað um miklu stærra og flóknara mál að ræða. Það þarf að skoða heildarsamhengi hlutanna.

Forsenda frv. sem hér er til umræðu er sá dómur Hæstaréttar sem hefur verið túlkaður þannig af stjórnvöldum að nauðsyn beri að bregðast við og lausnin sé sú að setja kvóta á smábáta. Því máli var frestað til þess að smábátar gætu unnið sér tíma til þess að laga sig að breytingum. En nú hefur það tekið gildi og þetta eru viðbrögð í rauninni við því.

Ég lýsi efasemdum mínum og andstöðu við kvótasetningu smábáta. Hvers vegna skyldi ég gera það? Það eru tvær meginástæður fyrir því.

Önnur er sú að ég tel að smábátaútgerð þurfi á engan hátt að vera ógnun við fiskstofna. Smábátaútgerð þarf ekki að vera sú ógnun sem oft er látin í veðri vaka þegar rætt er um afkastagetu smábáta.

Áhyggjur mínar af þessari kvótasetningu eru í öðru lagi vegna þess að smábátaútgerð þarf að vera til staðar í íslenskum sjávarútvegi. Hún skapar atvinnu og smábátar draga að landi mikil verðmæti. Ég bendi sérstaklega á hversu mörg fyrirtæki í landi eru háð róðrum smábáta vegna svokallaðs flugfisks. Þar er væntanlega um að ræða það verð sem menn fá hvað hæst fyrir veiddan afla. En ég vil líka nefna hefðina, hina miklu hefð í atvinnulífi okkar og menningu fyrir því að stunda smábátaútgerð.

Ég óttast, herra forseti, að með kvótasetningunni þá muni fljótlega, ef skrefið verður stigið til fulls eins og örugglega er vilji margra, heyrast þær raddir að lítill munur sé á kerfum. Ég hef þegar heyrt það, meira að segja í röðum smábátamanna, að með fullri kvótasetningu á smábátum verði eðlilegt að smábátar fái að veiða með net. Því skyldu þeir ekki fá að veiða með net í stað þess að vera með hina dýru útgerð sem sumir telja, með línum, beitningu o.s.frv.?

Undan því mun verða látið. Næsta skref á eftir verður svo að menn spyrja: Hvers vegna erum við með tvö kerfi, smábátakerfi og stóra kerfið? Hver er munurinn? Þá munu menn auðvitað komast að þeirri niðurstöðu að munurinn er enginn orðinn og þá mun girðingin á milli kerfa hverfa. Í framhaldinu mun smábátaútgerð á Íslandi leggjast niður. Það óttast ég og þess vegna hef ég þær efasemdir sem ég hef lýst. Það er alvarlegt mál fyrir margar byggðir landsins og alvarlegt mál fyrir markaði og það er alvarlegt mál fyrir þjóðfélagið í heild sinni.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég er ekki alveg sammála þeirri túlkun sem kynnt hefur verið á dómi Hæstaréttar um að kvótasetning sé eina leiðin. Vissulega hafa fimm virtir lögspekingar skrifað álit í þá átt en aðrir lögspekingar, margir þeirra afskaplega mikils metnir og virtir, hafa einmitt bent á þá túlkun sína að til séu aðrar leiðir til þess að takmarka og hemja afkastagetu smábáta. Þess vegna tel ég að útgangspunkturinn, álit hinna fimm lögspekinga sem leitað var til, sé ekki nægjanleg forsenda miðað við þá miklu hagsmuni sem í húfi eru.

Herra forseti. Margt þarf að skoða í þessu. Það á ekki einungis að líta á veiddan afla smábáta eða aflamarksbáta. Ég ítreka að það ber að vara við að stilla þessu upp sem andstæðum og tveimur ólíkum valkostum.

Í fyrsta lagi þarf vissulega að líta til fiskveiðiráðgjafar. Því miður hefur það komið fram á síðustu mánuðum að fiskveiðiráðgjöfin í heild sinni hefur beðið álitshnekki. Það ber auðvitað að harma.

Þá þarf líka að skoða í þessu samhengi, herra forseti, þá fullyrðingu sem hefur því miður allt of oft heyrst, Hafrannsóknastofnun hélt því lengi vel fram, að veiðarfærið gagnvart fiskstofnum í heild sinni skipti ekki máli. Nú geta menn spurt hvort sú fullyrðing sé rétt. Þá getum við líka svarað því með annarri spurningu: Hvers vegna segja Færeyingar annað? Í því fiskveiðistjórnarkerfi sem Færeyingar hafa tekið upp, svokölluðu dagakerfi, telja menn að veiðarfærið skipti máli.

Þeir hafa svarað því með því að bæði botnvarpa og netaveiði eru nánast bannaðar innan færeyskrar landhelgi. Netaveiðar eru leyfðar í undantekningartilvikum en aðaláherslan er á línuveiðar og krókaveiðar. Hvers vegna? Svar Færeyinganna er mjög augljóst: Þeir telja að það skipti máli gagnvart meðferð afla og umgengni við nytjastofna og auðlindina í heild sinni. Þetta telja Færeyingar að skipti máli. Við hljótum því að spyrja: Skiptir það ekki máli hér?

Ég tel að við höfum verið nokkuð grandvaralaus gagnvart notkun botnvörpu, ekki síst á grunnslóð. Við hljótum að þurfa að leita svara við þeirri spurningu hver áhrif botnvörpu hafa verið á auðlind okkar Íslendinga á grunnslóð. Hvaða áhrif hefur botnvarpan þá haft á strandveiðiflotann? Allir þekkja hversu afkastageta, veiðarfæri og vélarafl á stærstu bornvörpuskipunum, hefur margfaldast og toghlerar og veiðibúnaður allur hefur margfaldast að stærð og afli. Það er líka þekkt meðal sjómanna, líklega einnig meðal þeirra fiskifræðinga sem um það hafa vélað, hvaða áhrif slík veiðarfæri hafa á kóralla. Menn hafa heyrt miklar fullyrðingar um það hvernig kórallar, kóraldrangar og botn hefur nánast verið sléttaður. Það er líka þekkt að fiskur, botnfiskur, leitar í slíka kóralla. Það er þekkt í kringum skipsflök þar sem fiskar safnast saman. Hvaða áhrif hefur það, ef fullyrðingin er rétt, að öflug veiðarfæri hafi sléttað heilu svæðin á hafsbotni? Hvaða langtímaáhrif hefur það á fiskigengd við landið? Þá hljótum við líka að spyrja: Verður aftur snúið?

Það hlýtur að vera skylda okkar að skoða hvort ekki þurfi að hefja einhverjar mótvægisaðgerðir eins og hefur verið reynt víða um heim með því að sökkva skipsflökum og setja jafnvel niður steyptar einingar sem mótvægisaðgerð við hina horfnu kóralla. Menn líta á það sem mótvægisaðgerðir til þess að ná aftur þeirri fiskigengd sem kann að hafa breyst verulega við að botn hafi verið sléttur.

Við hljótum líka, herra forseti, að spyrja okkur hvort okkur hafi tekist á síðustu öld að vernda fiskstofna okkar. Ef við lítum á tölur yfir landaðan þorskafla — ég nefni þorsk sérstaklega vegna þess að hann skiptir miklu máli fyrir hagkerfi okkar og sjávarútveg — á síðustu öld þá koma í ljós þrjár meginlægðir í lönduðum afla á þorski, þ.e. í kringum fyrri heimsstyrjöldina og síðari heimsstyrjöldina sem skiljanlegt er og síðan í kringum árið 1980. Þá var ekki heimsstyrjöld. Þá var ástand stofnsins með þeim hætti. Í kjölfar þess var gripið til þess að búa til nýtt fiskveiðistjórnarkerfi í bestu trú til þess að vernda fiskstofna og til þess að skapa hagræðingu í stöðugt vaxandi afkastagetu fiskiflotans.

En hvað hefur gerst síðan? Það hafa komið smærri toppar, enginn verulega stór toppur. En ef við lítum á þróunina — og þá er ég bara að skoða landaðan afla — þá stefnir aflinn í raun niður á við. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál sem við hljótum að velta upp í þessari eilífðarumræðu um sjávarútveg.

Þá hljótum við, herra forseti, einnig að skoða samspil fiskstofna. Hvert er samhengið á milli vaxtar og viðgangs í einstökum fiskstofnum og hvaða áhrif hefur einn fiskstofn á aðra? Við eigum á að skipa afskaplega færum sérfræðingum hjá Hafrannsóknastofnun, sérfræðingum í einstökum tegundum. Hins vegar hefur áherslan á rannsóknir á samspili þessara einstöku tegunda hverrar við aðra verið afskaplega takmörkuð. Menn hafa þó velt því upp hvort stöðug ásókn á loðnuveiði hafi ekki áhrif á aðrar fisktegundir, sérstaklega nefni ég þar botnfiska, þorsk, ýsu og ufsa. Ég nefni þó sérstaklega þorskinn af því að hann er nú gjarnan hér til umræðu.

Vissulega hafa verðmæti af veiddri loðnu bjargað þjóðarbúinu okkar mikið til skamms tíma. En hvaða áhrif hefur stöðugt vaxandi veiði úr loðnustofninum á aðra stofna? Hvaða áhrif hefur slík veiði, t.d. á þorskstofninn? Þetta er atriði sem við hljótum að skoða og við hljótum að þurfa að leggja meiri áherslu á hið vistfræðilega mat, á samspil náttúrunnar í heild sinni, þ.e. áhrif lífríkisins í hafinu og einstakra fiskstofna á aðra stofna. Við hljótum að þurfa að skoða það, draga ályktanir af því og móta fiskveiðistefnu með þeim hætti.

Þá er það líka ljóst, herra forseti, og er alkunna meðal sjómanna og fiskifræðinga að það eru náttúrulegar sveiflur. Þær eru og munu alltaf verða einfaldlega vegna þess að náttúran er síbreytileg. Þá komum við að því grundvallaratriði að spyrja, þegar toppar koma í mælingum á fiskstofnum, hvort þá sé ekki skynsamlegt að auka veiðina til þess að nýta fiskinn þegar hann gefst vegna þess að það er allsendis óvíst að hann geymist í hafinu. Hvað verður um þessa toppa hér á grunnslóð okkar þegar skilyrði eru með þeim hætti? Þegar skilyrði breytast, syndir þá fiskurinn einfaldlega ekki á aðrar slóðir? Getur þá ekki verið skynsamlegt, einmitt út frá efnahagslegum sjónarmiðum, að nýta toppana þegar þeir eru til staðar?

Ég fullyrði, herra forseti, að smábátar skipta ekki höfuðmáli hvað varðar vöxt og viðgang fiskstofna. Ég ítreka að smábátar skipta verulegu máli fyrir mörg byggðarlög, en ekki síður fyrir mörg fyrirtæki sem eru að vinna fisk, t.d. í flug, og fá hæsta verð sem hugsast getur fyrir slíkan fisk.

Niðurstaðan af þessum vangaveltum um fiskveiðiráðgjöf er í raun sú að náttúrulegar sveiflur eru til staðar. Við vitum allt of lítið um samspil einstakra tegunda, vöxt og viðgang stofnsins. Eins hafa áhrif veiðarfæra á fiskstofna verið mjög vanmetin.

Nú geta menn spurt, og sú fullyrðing heyrist mjög oft, hvort smábátar valdi ofveiði stofna. Ég sagði hér fyrr að ég teldi að svo væri ekki. En það er líka rangt að einblína eingöngu á þann afla sem smábátar draga að landi. Ég vil draga fram, sem ég hef gert áður, tölur úr öðrum flokkum útgerðar. Brottkast í fiskveiðistjórnarkerfinu er áætlað á bilinu 10–100.000 tonn. Það fer eftir því hver um það fjallar. En þær tölur hafa heyrst. Það er veiddur afli sem ekki skilar sér á land og ekki telst með í heildarmatinu. Ég nefni líka nýtingarstuðla frystitogara sem margir telja að séu vanmetnir. Sumir jafnvel ganga svo langt að segja nýting þeirra sé ekki nema 25% þegar saman eru teknir nýtingarstuðlar og brottkast. Náttúrulegar sveiflur eru miklar. Út frá þessu er beinlínis rangt að segja að smábátar séu það útgerðarform sem ógni fiskstofnum hafsins.

Ég vil vara við kollsteypum í sjávarútvegi eins og öðrum atvinnugreinum. Hins vegar hljótum við alltaf að skoða nýja möguleika og ég tel að núna hafi í fyrsta sinn, a.m.k. í áratugi, komið inn í umræðuna heildstætt nýtt kerfi. Þá er ég að vitna í hið færeyska kerfi. Það hlýtur að vera skylda okkar að skoða það kerfi. Þær fréttir sem berast frá Færeyjum eru nánast allar á þann veg að þar ríki almenn ánægja með það fiskveiðistjórnarkerfið sem Færeyingar tóku upp. Þetta hljótum við að taka til skoðunar því þar er um að ræða heildstætt kerfi sem hefur verið reynt hjá frændum okkar og nágrönnum.

Hins vegar er rétt að vara við því sem stundum hefur

heyrst í umræðunni, að hið svokallaða færeyska kerfi feli í sér algjört frjálsræði. Það er alls ekki svo. Þar er mönnum úthlutað dögum eftir flokkum fiskiskipa og eftir ströngu og tiltölulega flóknu kerfi. Þó er eitt víst, þ.e. að brottkast er ekki vandamál í færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu.

Herra forseti. Ég lýsi efasemdum um kvótasetningu á smábáta með þeim rökum sem ég hef hér nefnt. Ég tel þó, eins og pólitísk staða er hér innan þingsins, að frv. sem hér til umfjöllunar sé þó skásti leikurinn í stöðunni, það sé skásti leikurinn í stöðunni vegna þess einfaldlega að ég tel að ekki sé pólitískur vilji innan Alþingis, ekki meirihlutavilji, fyrir því að fara gegn kvótasetningu. (Gripið fram í.)

Hins vegar vil ég nefna ákveðna jákvæða þætti sem ég sé í frv., þ.e. að tekið sé á vanda þakbátanna þar sem þeim er gefinn kostur á að velja sig yfir í dagakerfið. Ég fagna þeim leiðum sem farnar eru í fyrsta sinn kannski þar sem reynt er að taka á brottkastinu með því að menn komi með 5% af afla utan kvóta og eins að smælkið vegi í rauninni ekki nema 50%. Ég fagna pottunum, fyrst og fremst sem byggðaaðgerð. Það er málefni sem við þurfum að taka upp í sjútvn. hvernig eigi að útdeila þessum pottum, en ég legg áherslu á að með þessu á ekki og þarf ekki að taka frá aflamarksbátum.

Eitt grundvallaratriði vantar þó inn í og það tel ég að þurfi að ræða verulega í sjútvn. og það er hið svokallaða gólf á dagabátana.

Við munum ástandið hér 1995 þegar Alþingi var í umsáturssástandi, þegar banndagakerfið var komið að fótum fram og mönnum var ætlað að lifa af sjö eða átta dögum. Að óbreyttu mun sama þróun eiga sér staða, þ.e. að dögum mun fækka hægt og rólega þar til þessi staða verður komin upp aftur. Við því megum við ekki. Ég tel að ég hafi reynt að draga fram rök fyrir því. Þetta tel ég vera eitt grundvallaratriðið sem hæstv. sjútvn. þarf að fara yfir í þeim störfum sem fram undan eru.

Herra forseti. Ég tel að það séu spennandi tímar fram undan í hv. sjútvn.

[12:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ákaflega skrýtið að hlusta á hv. þm. Hjálmar Árnason hérna áðan. Hann flutti fína tölu þar sem hann lýsti því að það væri ákveðin þróun í gangi og ef hún héldi áfram þá mundi smábátaútgerð leggjast niður á Íslandi. Hann lýsti því jafnframt hvað það yrði alvarlegt mál fyrir hinar dreifðu byggðir og fyrir útgerðina í heild. Hann lýsti því jafnframt hversu miklu hlutverki hann teldi að krókaflotinn hefði að gegna fyrir atvinnulíf, en ekki síst fyrir lífríki landsins. Ég er honum sammála um þetta allt.

Ég hef líka hlustað á hv. þm. lýsa hinni raunverulegu sannfæringu sinni í þessu efni. Ég heyrði það í útvarpsviðtali fyrir nokkrum vikum. Og mér fannst það ákaflega athyglisverðar skoðanir.

Ég er ekki að saka hv. þm. um að hafa fallið frá þeim skoðunum. En mér finnst það hins vegar viðurhlutamikið þegar hv. þm. kemur hingað í fyrstu umræðu áður en búið er að reyna á undirtektir manna og lýsir yfir fylgi við frv. sem gengur þvert á það sem hann hefur áður lýst sem sinni skoðun. Honum er það varla heimilt samkvæmt þeirri miklu ábyrgð sem á okkur er lögð samkvæmt stjórnarskránni um að fylgja sannfæringu okkar. Sannfæring þingmannsins er önnur.

Hann sagði hins vegar að þetta frv. væri skásti leikurinn í stöðunni. Hvaða rök eru fyrir því? Hv. þm. er annarrar skoðunar en kemur fram í frv. Það sama hefur komið fram í yfirlýsingum frá hv. þm. Gunnari Birgissyni, Kristni H. Gunnarssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Einari K. Guðfinnssyni á ýmsum stigum umræðunnar. Ákaflega margt bendir því til þess að fyrir hendi séu a.m.k. sterkir möguleikar á að láta á það reyna að hér sé annar meiri hluti en sá sem hv. þm. Hjálmar Árnason gengur út frá. Ég brýni það fyrir hv. þm. að hann verður að fylgja sinni sannfæringu.

[12:34]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér gætir misskilnings hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég hef ekki fallið frá skoðun minni. Það er rangt.

Það gætir líka þess misskilnings hjá hv. þm. að hér er ekki til umræðu frv. sem kveður á um að kvótasetja skuli smábáta. Þau lög hafa tekið gildi. Þegar ég segi að þetta sé það skásta í stöðunni þá er ég að miða við raunveruleikann eins og hann er í dag. Miðað við að búið er að kvótasetja smábáta þá er þetta svona mildandi aðgerð.

Hér er í raun ekki verið að fjalla um frv. sem kveður á um það hvort fara eigi þessa kvótasetningarleið á grundvelli dóms Hæstaréttar. Þau lög hafa tekið gildi. Hér gætir því örlítils misskilnings hjá hv. þm.

Þau sjónarmið sem ég lýsti í áðurnefndu útvarpsviðtali sem hv. þm. var svo vinsamlegur að vitna í, eru þau sjónarmið sem ég var að lýsa í ræðu minni.

[12:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé að hv. þm. Hjálmar Árnason fær leiðbeiningar frá hæstv. sjútvrh. Mér finnst ákaflega dapurlegt ef það er orðið hlutskipti framsóknarþingmanna að vera í eins konar bandi hæstv. sjútvrh. og við vitum nú öll hver það er sem leiðir þann ágæta ráðherra.

Herra forseti. Það gætti einskis misskilnings í mínu máli. Ég sagði ekki að hv. þm. hefði horfið frá skoðun sinni. Ég sagði hins vegar að hann hefði talað gegn skoðun sinni, að hann hefði talað gegn skoðun sinni í ræðu sinni áðan. Hv. þm. verður að hafa kjark til þess að standa við það sem hann hefur sagt. Hann hefur sagt á fundum á Suðurnesjum, hann hefur sagt í útvarpi að hann vilji annað kerfi. Hann hefur gengið lengra en margir aðrir að því leyti til að hann vill tiltekið frelsi og hann telur að það þurfi ekki að hlíta þeim lögmálum sem menn telja að ríki innan aflamarkskerfisins. Þess gætti reyndar líka í ræðu hans áðan.

Nú kemur hv. þm. og skýtur sér á bak við þá lagakróka að búið sé að kvótasetja smábáta.

Herra forseti. Hv. þm. veit jafn vel og ég að í þessum sölum er uppi hörð barátta til þess að hnekkja þeirri lagasetningu. Hann hefur tekið í orðum undir þann vilja sem birtist hjá talsmönnum frv. sem hér verður síðar til umræðu. Hann hefur tekið undir skoðanir sem þar eru settar fram og er þar í flokki með einum fimm eða sex öðrum þingmönnum stjórnarliðsins.

Því er ekki hægt að gefast upp fyrir fram og segja eins og hv. þm., til þess að hlýða svipu þeirra sem aga stjórnarliðið, að komin sé einhver pólitísk samstaða. Við heyrðum það hér fyrir örskömmu úr munni hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að það er ekki pólitísk samstaða. Við höfum líka lesið það í viðtölum við aðra og við heyrðum það í umræðum á síðasta sumri.

Ég skora því á hv. þm. Hjálmar Árnason að fylgja sannfæringu sinni en láta ekki beygja sig í þessu máli.

[12:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andsvar hv. þm. var eiginlega alveg með ólíkindum. Í fyrsta lagi reynir hann að draga það fram hér að þingmenn skuli tala saman í þingsal. Ég mun ekki þurfa að þiggja ráð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þó ég ræði hér við mína gömlu nemendur, hvar í flokki sem þeir standa.

Í öðru lagi reynir hann að draga það fram í efnislegri umræðu um frv. sem hér er til staðar og vitnar þá til þeirrar ræðu sem ég hélt, að ég hafi fallið frá skoðunum mínum. Það er nákvæmlega það sem ræða mín fjallaði um, hv. þm. Ef þingmaðurinn legði meiri áherslu á að fjalla faglega um mál og legði minna upp úr útúrsnúningum og upphrópunum þá hefði hv. þm. e.t.v. tekið eftir því að ég var að lýsa efasemdum og andmælum við kvótasetningu smábáta vegna þess að ég óttast um framtíðina.

En ég vek athygli hv. þm. á því enn og aftur að sú kvótasetning hefur átt sér stað. Hún er raunveruleikinn í dag. Það er ekki það sem er verið að fjalla um með því frv. sem hér er til umræðu, engan veginn. Og það er þess vegna sem ég segi að miðað við þá stöðu sem uppi er í dag þá er þetta skásti kosturinn. Besti kosturinn væri þó ef við gætum farið til þess samkomulags sem náðist 1996.

Herra forseti. Ég fæ ekki séð að í baráttunni sem Samfylkingin segist vera að fara út í sé verið að stefna að slíku samkomulagi. Ég fæ ekki séð að hún sé að draga upp gunnfána smábáta sérstaklega í þeirri baráttu sem hún er í. Þar er áherslan meira lögð á fyrningarleið og auðlindagjaldið. Það er ekki barátta smábátanna, enda minni ég á að hv. síðasti ræðumaður var ábyrgur fyrir hinu illræmda banndagakerfi sem var hér við lýði 1995 en til allrar hamingju er horfið.

[12:40]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur lýst skoðunum sínum á fiskveiðistjórnarkerfinu, en segir jafnframt að úr því sem komið er þá verði hann að hlýða og fylgja línu Sjálfstfl. og þar með hæstv. sjútvrh.

Ég vil spyrja hv. þm., sem er mjög hrifinn af fiskveiðistjórnarkerfinu í Færeyjum, hvort hann geri sér grein fyrir því að það sem verið er að samþykkja hér, þ.e. kvótasetning og síðan núna þetta frv. sem við erum að fjalla um, gengur eiginlega þvert á það sem hann hugsar sér sem hina eftirsóknarverðu leið til fiskveiðistjórnar á grunni þess sem gert er í Færeyjum.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann viti — ég þykist nú vita að hann viti það — að Færeyingar eru náttúrlega í algjörri sérstöðu með strandveiðar sínar þar sem bara helmingurinn af aflanum sem þeir fiska er tekinn á heimamiðum, um 100.000 tonn. Frystiskip og stórir togarar eru allir utan færeysku landhelginnar.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geri sér ekki grein fyrir því að það að aðhyllast færeyska kerfið kallar á gjörbreytingu á útgerðarmunstrinu í landinu. Það hlýtur að gera það. Færeyingar eru með lokuð svæði eins og við erum reyndar með, en nánst engin stór skip, engin frystiskip og enga stóra togara innan lögsögu sinnar. Þar af leiðandi hlýtur þetta að kalla á allt aðra fiskveiðistjórn en hér er verið að leggja drög að og samþykkja lagafrv. um hvert á fætur öðru.

[12:42]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn verð ég að leiðrétta ónákvæmni í orðalagi hv. þm. Hér er ekki til umræðu frv. um kvótasetningu smábáta. Ég verð enn og aftur að segja það. Það er til staðar. Lögin voru sett 1999, síðan var þeim frestað og þau tóku gildi þann 1. september.

Í þeirri stöðu hins vegar, ef ekkert er að gert, að því sögðu og út frá þeim veruleika þá tel ég að ef við legðum frv. sem hér er til umræðu til hliðar og ekkert yrði að gert þá yrði staða smábáta um land allt alveg skelfileg. Þess vegna hefur það verið í viðræðum, og kannski má segja að náðst hafi ákveðið samkomulag um það, að fara þó þessa leið út frá þeirri stöðu að kvótasetningin hefur átt sér stað.

Hvað varðar færeyska kerfið þá þekki ég það eins og hv. þm., enda gamall færeyskur sjómaður. Ég hef stundað sjó með færeyskum fiskiskipum og við fengum ágæta kynningu á því kerfi í sjútvn. hjá sjávarútvegsráðherra Færeyja.

Ég sagði ekki að við ættum að stökkva til einn, tveir og þrír og taka það kerfi upp. Ég vara einmitt við einhverjum skyndibreytingum og kollsteypum í sjávarútvegi eins og öllu öðru atvinnulífi. Hins vegar hljótum við, og ég lýsti eftir því og hlakka til þess starfs í hv. sjútvn., að taka það kerfi til skoðunar og sjá hverjir eru kostir þess og gallar í samanburði við það fiskveiðistjórnarkerfi sem við störfum eftir. Það hlýtur að vera skylda okkar af því að þar er þó komið tiltölulega nýtt kerfi sem nær yfir alla þætti og við hljótum að skoða hvort það henti okkur. Ég er ekkert viss um að niðurstaðan verði sú. En miðað við þær fréttir sem við fáum frá frændum mínum og vinum í Færeyjum, ríkir þar a.m.k. almenn ánægja með það og því er eðlilegt að við skoðum það hjá okkur.

[12:44]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi margsinnis komið fram hér að það er enginn misskilningur um að kvótasetning hefur átt sér stað. Við vitum það öll sem hér erum við umræðuna. Ég er bara að draga það fram að ef hv. þm. vill breytingar á kerfinu þá eiga þær sér náttúrlega ekki stað með því að samþykkja núverandi kerfi og breytingar og lagabreytingar sem gerðar eru á grunni þess kerfis sem er verið að festa í sessi. Það er mjög slæm niðurstaða og slæm staða fyrir þingið.

Það kom fram hér áðan hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að stjórnarliðar margir hverjir úttala sig mjög sterkt um að þeir vilji breytingar, að þeir vilji breytingar í þeim anda sem stjórnarandstaðan hefur lagt til.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki að það sé erfitt viðureignar að knýja fram breytingar ef flokksaginn er það sterkur innan beggja stjórnarflokkanna að menn geti fengið leyfi til þess að segja hvað þeir séu ósammála kerfinu eins og það er, en greiða síðan atkvæði með því að festa það í sessi hvað eftir annað.

[12:46]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú bið ég hv. þm., fulltrúa Vinstri grænna, að yfirfæra ekki hugsanlega stalínsk vinnubrögð sem kunna að vera innan þess flokks — og þar kann að vera hinn harði

flokksagi — yfir á aðra flokka, það verður hann að eiga við sinn flokk. En ég vek athygli hv. þm. á því að stanslaust, á hverju einasta ári síðustu 20 árin, hafa verið gerðar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Hér er verið að ræða um breytingu og bregðast við lagasetningu sem tók gildi 1. sept. á þessu ári vegna þess að það er svo augljóst að sú lagasetning leiðir til mikils skaða fyrir fjölmarga smábáta. Þess vegna er verið að reyna að bæta síðustu lagasetningu eins og menn hafa verið að gera á hverju einasta ári síðustu 20 árin, af því að verið er að reyna að lappa upp á kerfið. Gallinn er hins vegar sá, herra forseti, að mönnum hefur ekki tekist að kynna með trúverðugum hætti, ekki úr neinum stjórnmálaflokki, eitthvert annað heildstætt kerfi sem nær yfir alla hina flóknu þætti sjávarútvegsins. Það hefur engum tekist. Og þess vegna er það auðvitað ábyrgðarleysi að setja af kerfi meðan ekki er neitt annað til þess að taka við. En við hv. þm. eigum auðvitað að vera stöðugt á varðbergi, stöðugt að skoða og leita nýrra leiða. Þess vegna eigum við m.a. að skoða færeyska kerfið og athuga hvort það geti þjónað okkur, hvort það sé betra, hvort það sé lakara og þar fram eftir götunum.

[12:48]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar geta þess að ég tel að við getum í raun og veru margt lært af Færeyingum. Ég gerði mér ferð til Færeyja um þetta leyti í fyrra, einmitt til þess að kynna mér fiskveiðistjórnarkerfi Færeyinga, og tel mig þekkja það allvel. Og eins og komið hefur fram hér hafa þeir líka heimsótt okkur og kynnt hv. sjútvn. sitt kerfi. Ég vildi bara skjóta þessu inn hér.

En þetta frv. sem við ræðum hér, frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er auðvitað afleiðing af því að það á að viðhalda óbreyttu fiskveiðistjórnarkerfi og kvótasetja allt og halda áfram á þeirri braut sem verið hefur. Og það er náttúrlega stóra áhyggjuefnið.

Það er ein hugmynd í frv. — til þess að vera jákvæður — um að heimilt skuli vera að landa 5% meðafla. Þetta eru hugmyndir sem mikið hafa verið uppi til þess að koma í veg fyrir brottkast og í sjálfu sér er góðra gjalda vert að menn skuli velta fyrir sér möguleikum til að lagfæra það, en það er það eina jákvæða sem ég sé í raun og veru.

Staðan er nefnilega sú í þessu smábátakerfi að þessi nýja sókn í þrjár tegundir gagnaðist náttúrlega bara vissum landshlutum. Á því landsvæði sem ég bý, Norðurlandi, og austur um hefur þessi möguleiki að fiska ýsu og ufsa og steinbít frítt ekki gagnast trillum og þess vegna er staðan á þessum landsvæðum eins og raun ber vitni. Það er víðast hvar nánast hrun í trilluútgerð, smábátaútgerð, á þessum svæðum. Og ég held að við verðum að leita leiða til þess að taka heildstætt á þessum málum.

Við gerum okkur öll grein fyrir því að smábátaútgerðin á Vestfjörðum byggðist náttúrlega á því að það var frítt spil í þessar tegundir sem um er rætt. Þess vegna held ég að það gagnist í sjálfu sér mjög lítið að vera að tala um svona plástralausnir á grunni kerfis sem maður er í hjarta sínu alveg ósammála um að eigi að fá að viðhalda sér.

Við höfum lagt fram, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, okkar sýn og okkar tillögur um stjórn fiskveiða þar sem við leggjum til að fyrningarleið verði farin og kvóti eða veiðiheimildir verði bundnar við byggðarlög, eins og kunnugt er og við höfum sett fram hér í þinginu. Og ég tel að það sé hin eina raunverulega færa leið til þess að koma upp heildstæðu kerfi sem gagnist landinu öllu.

Í frv. er náttúrlega fyrst og fremst verið að bregðast við staðbundnum vanda á einu landsvæði, og það er góðra gjalda vert svo langt sem það nær. En það gagnast ekki inn í þá heildarsýn eða heildarmynd sem við viljum sjá í sambandi við breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég held að við ættum ekki bara að líta til frænda okkar í Færeyjum, við ættum líka að líta til svæða eins og Evrópusambandsins hvað varðar nýjar hugmyndir um stjórn fiskveiða. Þeir eru að vinna sína grænu bók, grænu fiskveiðistjórnarbók, nýja sýn í nýtingu þessarar auðlindar sem byggir á allt öðrum forsendum en við vinnum eftir, samkvæmt þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem hér er verið að festa í sessi. Evrópusambandið keyrir mjög mikið inn á strandveiðar, svæðisbundna nýtingu á fiskstofnunum, út frá þeim landsvæðum sem liggja að viðkomandi hafsvæðum. Og það er þveröfugt við þá línu sem keyrð hefur verið þar undanfarin ár.

Ég held að það sé alveg borðleggjandi að við verðum að huga að því miklu frekar að við erum með staðbundna stofna í okkar mikilvægu tegundum eins og t.d. þorski. Hjá Evrópusambandinu eru menn að tala um það fullum fetum að heildarkvótasetning, t.d. á þorski, sé e.t.v. alröng aðferð vegna þess að menn gera sér grein fyrir því að það eru staðbundnir stofnar þar eins og hér. Það er Aberdeen-hrygningarsvæðið, Helgoland, suður af Noregi o.s.frv. Í Norðursjó er t.d. bara gefinn út heildarkvóti á allt þetta magn.

Við höfum reynslu af og viðurkennum staðbundna stofna í sumum tegundum eins og rækju, Arnarfjarðarrækju eða Eldeyjarrækju. Það er mat margra að staðbundnir stofnar séu t.d. í þorski, og ef það er tilfellið og vísindaleg rök sýna það, sem margir eru sannfærðir um, er greinilega röng aðferð að gefa út heildarkvóta fyrir t.d. þorsk á þessum grunni.

Virðulegi forseti. Ég sem sagt lít á þetta frv. sem bara plástrun vegna þess að menn á stjórnarheimilinu hafa ákveðið að viðhalda núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, þ.e. því sem verið hefur. Ég held að til lengri tíma litið verði þetta til stórtjóns fyrir strandveiðarnar. Það mun að öllum líkindum draga úr þeim vegna kvótasetningarinnar, jafnvel á þeim stöðum sem þessum lögum er ætlað að bæta fyrir, jafnvel á þeim stöðum þar sem það gerist núna tímabundið, og það er áhyggjuefni. Og ég er alveg sannfærður um að á grunni óbreyttrar sjávarútvegsstefnu komumst við hvergi í þessu kerfi hvað varðar rétt sjávarbyggða og strandveiðiflotans. Ég held að það sé meginniðurstaðan.

Ég bind enn þá vonir við að menn geti náð saman á hinu háa Alþingi og undið ofan af þessu kerfi á grunni einhvers konar fyrningar á löngum tíma, kerfi sem við erum öll svo ósátt við, þannig að aðlögun verði bærileg frá því að fara úr núverandi kerfi og yfir í annað nýtt. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Og ég held að það sé mjög mikilvægt að við útbúum kerfi sem gagnast landinu öllu og er heildstætt og hefur skýr markmið.

Virðulegi forseti. Ég hlakka til að fjalla um þetta frv. Það er kannski ekki ástæða til að fara efnislega mikið meira ofan í saumana á því við 1. umr. Við munum taka þetta til umfjöllunar í sjútvn. og fá til okkar sérfræðinga og fá útskýringar á því hvaða sýn stjórnarmeirihlutinn hefur varðandi framþróun á grunni þeirra aðgerða sem hér er verið að setja fram. Ég mun taka þátt í þeirri vinnu og reyna að halda

fram okkar sýn á það hvernig breytingar við viljum á þessu fiskveiðistjórnarkerfi.

[Fundarhlé. — 12:56]

[13:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sem hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir.

Þetta frv. snýr einkum eða nánast eingöngu að veiðum krókabáta og er, eftir orðum flutningsmanns, lagt fram í þeim tilgangi að bæta að einhverju það ástand sem skapaðist þann 1. sept. sl. þegar kvótasetning krókabátanna tók gildi en þeim lögum hafði ekki fengist frestað á sl. vori eins og kunnugt er.

Ég ætla fyrst að víkja að nokkrum almennum atriðum áður en ég ræði nákvæmlega efni frv.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að þó að hér sé verið að leggja til potta og auknar úthlutanir aflaheimilda inn í smábátakerfið er auðvitað verið að stefna að því að festa kvótakerfið í sessi fyrir allar gerðir fiskiskipa. Ég get lýst því yfir að það er algjörlega andstætt mínum skoðunum að þessi stefna, að knýja smábátana inn í hið stóra aflamarkskerfi, skuli vera í hávegum höfð þó að þeim sé með þessum breytingum ætlað að vera í sér potti. Ég tek undir þær áhyggjur sem m.a. hv. þm. Hjálmar Árnason lýsti áðan úr þessum ræðustól, og ég óttast mjög að þessi kerfi, þ.e. krókaveiðar smábátanna og hið stóra aflamarkskerfi, renni saman í eitt kerfi enda er margt í þessu frv. sem getur m.a. ýtt undir það.

Eins og áðurnefndur hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan er staða smábátanna skelfileg í óbreyttu kerfi. Ég tek undir þau orð hans. Og þó að það verði gert sem hér er lagt til af hæstv. sjútvrh. mun staða þeirra áfram verða að mörgu leyti skelfileg og afleiðingarnar engan veginn fyrirséðar hvað varðar atvinnustig og atvinnuþróun á landsbyggðinni og afkomu fólks í hinum dreifðu sjávarbyggðum sem margar hverjar hafa á undanförnum árum notið þess takmarkaða frjálsræðis sem var til staðar í smábátakerfinu.

Ég get auðvitað tekið undir það sem áður hefur verið sagt, bæði hér í ræðustól og eins í rituðu máli, að það verður aldrei sátt um það til framtíðar að hinar dreifðu byggðir verði skornar niður við trog með því að sníða þeim svo þröngan stakk í fiskveiðistjórnarkerfinu, sem er undirstaða byggðanna, að þær fái ekki haldið velli. Þess vegna tel ég að þetta frv. sem við erum núna að ræða sé skammtímalækning sem enginn sér fyrir hvort verður lækning í þá veru að bæta ástandið til frambúðar. Þær aðgerðir sem hér er verið að boða ofan á þá kvótasetningu smábátanna 1. sept. geta vissulega orðið til þess að hinar dreifðu sjávarbyggðir haldi hreinlega ekki velli, lifi ekki af. Það er hlutur sem ég óttast mjög, og ég tel að það sé afar óheppilegt að vega þannig að mörgum sjávarbyggðum í kringum landið sem hafa þegar orðið fyrir skakkaföllum í hinu stóra kvótakerfi — að vera þá að þróa málin til þess að kerfið verði með sem líkustum hætti og í stóra aflamarkskerfinu.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér upp ályktun aðalfundar Landssambands smábátaeigenda sem haldinn var nýlega í Reykjavík, en hún hljóðar svo:

„Á undanförnum árum hafa fjölmargar hinna minni strandbyggða hafið kröftuga sókn í uppbyggingu atvinnulífs og búsetu. Útgerð smábáta og umsýslan sem línuútgerð þeirra kallar á hefur leikið þar meginhlutverk. Þessi ánægjulegi viðsnúningur úr langvarandi hnignun og samdrætti gaf íbúum byggðanna von, kjark og ekki síst trú á að þau markmið sem Alþingi festi í lögin um stjórn fiskveiða, hefðu, þegar upp væri staðið, dýpri þýðingu en blekið sem þau voru skrifuð með.

Þúsundir íbúa með ströndum fram hafa þar af leiðandi litið svo á að framlag kvótakerfisins til hinna minni strandbyggða sé krókakerfið, kerfi sem hefur þá sérstöðu að virkja alla bestu eiginleika smábátaútgerðarinnar og drifkraft og útsjónarsemi einstaklingsframtaksins.

Í kjölfar þessarar jákvæðu þróunar hefur hugvit og handverk fjölmargra framleiðslu- og þjónustuaðila blómstrað, jafnvel svo mynduglega að orðspor þess hefur farið langt út fyrir landsteinana.

Í einu vetfangi hefur löggjafarsamkoma þjóðarinnar umturnað þessari þróun og upprætt þá bjartsýni sem einkenndi orðið líf og störf íbúanna. Í einu vetfangi hafa eignir, atvinna og verðmætasköpun sú sem þessi þróun framkallaði að engu orðið hjá fjölmörgum smábátaeigendum, með tilheyrandi margfeldisáhrifum.

Það er með ólíkindum að á tímum þegar endalaust eru kallaðir til sérfræðingar sem meta skulu áhrif alls og einskis, hafi því í engu verið sinnt að rannsaka fyrir fram áhrif þeirra lagabreytinga sem yfir dundu 1. september sl. og þýddu gríðarlegar breytingar í rekstrarumhverfi útgerðarflokks með 10 milljarða króna verðmætasköpun og gífurlega atvinnuuppbyggingu. Sú sátt sem fjölmargir töldu að væri innan seilingar er því úti í hafsauga.

Ástæða alls þessa er látlaus flótti frá þeirri staðreynd að árangur kvótakerfisins við uppbyggingu fiskstofna er hörmulegur. Við upphaf kvótakerfisins var heildarveiði fiskiskipaflotans á helstu botnlægum tegundum u.þ.b. 550 þúsund tonn en eftir þrotlaust og óeigingjarnt uppbyggingarstarf síðustu 18 ára er veiðin komin niður í 400 þúsund tonn og viðkomandi stofnar flestir í sögulegum lágmörkum.

Fundurinn lýsir furðu sinni og áhyggjum af því að stjórnvöld vogi sér að halda því fram að hér séu stundaðar ábyrgar fiskveiðar sem séu öðrum til eftirbreytni.

Þvert á móti ætti helsta verkefni stjórnvalda að vera að einhenda sér í að kanna hvort ekki séu aðrar leiðir vænlegri og vill fundurinn sérstaklega benda á það fiskveiðikerfi sem Færeyingar hafa nú notað um skeið með athyglisverðum árangri.

Svo fjarri er umræðan um þessi grundvallaratriði að helst er að skilja að vandinn sem leysa þurfi sé með hvaða hætti skuli skattleggja sjávarútveginn umfram það sem nú þegar er gert. Þessu mótmælir fundurinn harðlega. Að ætla það grundvöll til sátta að núa aukinni skattlagningu í þau sár sem nýjustu lagabreytingar eru að valda þeim strandbyggðum sem hér um ræðir, er fráleitt.

Réttindabarátta trillukarla hefur frá upphafi kvótakerfisins verið brjóstvörn hinna smærri strandbyggða. Skilningur almennings hefur verið mikill á málstað og rökum trillukarla og þakkar fundurinn þann stuðning heils hugar.

Það er höfuðkrafa Landssambands smábátaeigenda að krókaveiðar hafi skýlausan forgang við stjórnun fiskveiða og að strandbyggðirnar hafi aðgang að þeim miðum sem í upphafi grundvölluðu búsetuna.

Þannig er von til að sátt geti skapast milli veiðimanna og náttúru, sátt sem leiðir sjálfkrafa til friðar meðal þjóðarinnar."

Þarna held ég að mjög sé rétt mælt. Það er auðvitað þannig, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að strandbyggðirnar margar hverjar hafa byggt afkomu sína í vaxandi mæli á afla smábátanna. Þess vegna á þessi ályktun fullt erindi hingað inn í sali Alþingis.

Það er auðvitað verið að setja smábátaflotann í kerfi sem smábátamenn vilja ekki vinna í. Þessi yfirlýsing sem ég las, hæstv. forseti, tekur af allan vafa um það að smábátamenn hafa engan áhuga á því að vinna í þessu kerfi sem er sett á af stjórnvöldum, sett á þvert ofan í allar ályktanir smábátasjómanna, alls staðar að af landinu, og nú síðast með tilvitnun til aðalfundarins sem ég las áðan.

Það virðist hins vegar vera eindreginn vilji sjútvrh. að skipa málum svo við fiskveiðar þessa hóps að þeim verði nauðgað til verka sem þeir alfarið hafna. Ég held að það sé afar misráðið hjá stjórnvöldum að ætla að fara þessa leið. Ég held að það muni ekki reynast okkur vel.

Ef ég hef tíma til síðar í dag mun ég koma að ýmsum fleiri atriðum sem varða það sem verið er að gera en ég hygg að nú sé réttast að ég noti seinni hluta tíma ræðu minnar til þess að víkja í stuttu máli að þessu frv. sem hér er til umræðu. Ég vil þó, áður en ég vík að því, vekja athygli á næsta máli á dagskrá, frv. sem stjórnarandstöðuþingmennirnir, ég og hv. þm. Karl V. Matthíasson ásamt hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, hafa lagt fram um veiðar smábáta sem mundi, ef samþykkt yrði, fara nánast að þeim óskum sem Landssamband smábátaeigenda hefur sett fram í ályktun sinni, ásamt því að uppfylla óskir fjöldamargra félaga vítt og breitt um landið, sveitarstjórna og ýmissa annarra. Það mundi leiða til þess að við byggjum við aflahámarkskerfi og óbreytt sóknarkerfi smábátanna.

Í frv. ráðherrans hæstv. er lagt til að veiðileyfi smábátanna verði aðeins tvö, þ.e. veiðileyfi með krókaaflamarki sem þegar hefur tekið gildi og handfæraveiðar með dagatakmörkunum.

Í 7. gr. er einnig lagt til að útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000–2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, svokallaðra 40 daga báta með 30 tonna þorskaflahámarki, verði heimilt að velja milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða. Út af fyrir sig má segja sem svo að þarna sé mönnum gefinn kostur á að velja sér að vera áfram í sóknarstýrðu kerfi.

Það hlýtur hins vegar að vekja miklar spurningar um það hvers vegna menn eru ekki með tillögu um það að setja botn varðandi veiðidaga í þessu kerfi handfæramannanna.

Veturinn 1999 var flutt tillaga á Alþingi um að breyta skerðingarákvæðum í dagakerfi smábátanna, sem þá var í lögum frá því í janúar, úr 25% skerðingu daga milli ára niður í 10% skerðingu daga milli ára. Um þetta var þingheimur sammála. Hæstv. sjútvrh. greiddi þeirri tillögu atkvæði ásamt fjölda annarra þingmanna. Þarna voru menn að minnka þá skerðingu sem gæti orðið í dögum milli ára. Það hefur hins vegar verið svo að þeim ákvæðum ásamt öðrum ákvæðum laganna hefur hingað til verið frestað og menn hafa búið við þessa 23 daga. Ég held að það væri algert lágmark að menn reyndu að ná þeirri sátt að setja lágmark í dagana. Þá væri a.m.k. sá þáttur málsins viðunandi að því leyti til að menn rúlla þá ekki endalaust niður dagatakmörkunina. Ég vek athygli á því að Alþingi var sammála um að breyta 25% skerðingunni í 10% skerðingu en núna þykir mönnum við hæfi að aflahámarksbátarnir taki á sig miklu meiri skerðingu en 10%. Aflahámarksbátarnir eru eðlilega að fá skerðingu af þorskveiðinni úr 220 þús. tonnum niður í 190 þús. tonn. Þeir eru að taka þá skerðingu á sig eins og allir aðrir.

Til viðbótar skulu þeir síðan taka á sig þá skerðingu sem fylgir lögunum sem tóku gildi 1. september þó að þeir pottar sem hér eru lagðir til komi inn. Sú skerðing er miklu meiri en 10% skerðing. Þingheimur var þó sammála um að eigi bæri að láta menn taka á sig meiri skerðingu í smábátakerfinu milli ára en 10%. Það var samþykkt í þessum sal með öllum atkvæðum og hæstv. sjútvrh. greiddi því atkvæði. Menn voru sammála um að það væri ofætlan að skerða atvinnurétt manna í smábátakerfinu um meira en 10% milli ára. Það stendur núna í lögum. (**Sjútvrh.:** Hvaða skerðing er þetta?) Það er varðandi dagana sem áður hafði verið 25% skerðing. Því var breytt og skerðingin minnkuð niður í 10%. Um það voru menn allir sammála.

Núna eru menn með þessu frv. að leggja til að skerðing á aflahámarksbátunum verði mun meiri en 10% sem menn voru þó sammála um að mætti ekki vera hraðari milli ára en það. Sú stefnumótun sem Alþingi lagði upp með vorið 1999, í apríl 1999 ef ég man rétt, að ekki væri eðlilegt að láta frekari skerðingu eða víðtækari skerðingu en 10% koma til framkvæmda, er ekki höfð að leiðarljósi í frv. vegna þess að verið er að kvótasetja ýsuna, ufsann, steinbítinn, keiluna, löngunna, skötuselinn og karfann. Menn gleyma náttúrlega skarkolanum og grálúðunni hvernig sem á því stendur. Það er ekki talið upp í frv. og á þó að gæta jafnræðis milli manna, en þetta þýðir að margir útgerðaraðilar smærri báta, einkum þeir sem hafa verið að koma sér fyrir í kerfinu á undanförnum árum verða fyrir heiftarlegri tekjuskerðingu.

Ég hugsa að hægt sé að nefna dæmi um það að menn sem hafa verið að veiða á annað hundrað tonn af ýsu, 110–130 tonn á ári síðan þeir byrjuðu í þessu kerfi fyrir 1–2 árum, komi til með að fá núna um 20–30 tonn í úthlutun. Það hljóta allir að sjá að þegar þeirri skerðingu er bætt við niðurskurðinn í almenna þorskaflanum þá eru menn að taka á sig skerðingu sem er miklu meiri en sú stefna sem mótuð var á Alþingi um að eigi skyldi vega harðar að mönnum en sem nemur 10% skerðingu milli ára. (**KPál:** Það var alltaf vitað.) Svakalega er það gott, Kristján Pálsson, að þú skulir vita svona mikið inn í framtíðina.

(**Forseti** (GÁS)**:** Ég bið hv. þm. að beina orðum sínum til forseta.)

Ég held að við ættum að biðja um það að fá að njóta leiðsagnar þinnar við að útfæra þetta kerfi. Þú þarft eiginlega að koma hérna í pontu og segja mönnum hvernig framtíðin verður við þetta.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti biður hv. þm. afsökunar en verður að ítreka það að hann beini orðum sínum til forseta.)

Herra forseti. Mætti ég mælast til þess að næst þegar hv. þm. Kristján Pálsson kemur í pontu, þá minni forseti hann sérstaklega á að gera okkur hinum grein fyrir framtíðinni.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti skal verða við því.)

Það eru ýmis fleiri atriði í frv. eins og upptökuákvæðin eða réttara sagt að menn megi landa fram hjá afla sem ekki telst til aflamarks. Það er atriði sem hægt er að taka undir. Hins vegar hlýtur þá útfærslan á því að verða almenn, ekki bara í krókakerfinu. Hún hlýtur þá að verða almenn í aflamarkskerfinu, að allir sitji þar við sama borð.

Ég vil hins vegar benda á að ekki væri vanþörf á því að eitthvað af þeim fjármunum sem hugsanlega koma fyrir afla sem veiddur er utan aflamarks rynni í lífeyrissjóði sjómanna

því að þar eru gamlir menn með lítil lífeyrisréttindi sem munu þurfa jafnvel að skerðast enn frekar en orðið er og væri ástæða fyrir Alþingi að taka á því.

[13:51]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er eins og allir vita komið til vegna þess að því miður voru í janúar 1999 samþykkt lög nr. 1 sem kváðu á um að afnema þorskaflahámarkið í þeirri mynd sem hafði verið samið um. Ef ég ætti að gefa því frv. sem hér liggur fyrir einkunn, herra forseti, þá held ég að það væri fljótlegt að segja að þar sé verið reyna að krafla í bakkann.

Það var ákaflega hörmulegt að ríkisstjórnin og sjútvrn. skyldu hrapa að því fljótræði að draga þá ályktun af dómnum 3. desember 1998 að nauðsynlegt væri að fara út í þessar breytingar. Það var mjög hrapallegt. Efnislega hefur þeirri lögfræði allri verið svarað, og ég ætla ekki að fara út í það, að á Íslandi sé slík stjórnarskrá að ekki væri hægt að stjórna og takmarka aðgang að fiskimiðum. Það er náttúrlega alveg einstakt vegna þess að öll ríki Evrópu og Ameríku sem land eiga að Atlantshafinu stjórna einmitt á þann hátt, þau takmarka aðgang. Það er mjög slæmt og mjög sorglegt að enn þá skuli menn vera að vitna í þær lagaútskýringar einmitt þegar okkur liggur svo mikið á að reyna að fá stjórn á veiðar á Íslandsmiðum.

Ekki þarf að taka það fram því að ég held að alþjóð sé það í fersku minni og vel kunnugt að reynt hefur verið allar götur frá því um áramótin 1999 fram til 1. september að koma í veg fyrir að þetta gengi í gildi. Það hefur því miður ekki tekist. Góðir og gegnir menn hafa gengið sig upp að hnjám, boðið alls konar boð til að koma í veg fyrir þetta en það hefur ekki tekist, því miður.

Ég hef margsinnis sagt opinberlega að ég teldi þetta ákaflega hörmulega ákvörðun og mundi skaða íslenska landsbyggð gríðarlega mikið, hinar dreifðu byggðir og hin litlu sjávarþorp og reyndar skaða efnahagslíf Íslands í heild. Ég er alveg sömu skoðunar í dag og ég hef alltaf verið. Ég tel allan þann málatilbúning óþarfan, bæði lagalega svo og rökin um að það stafaði slík ógnarhætta af veiðum þessara báta. Það er bara barnalegt að halda því fram vegna þess að við höfum náttúrlega veiðisögu Íslendinga í áratugi og mannsaldra aftur í tímann og þess vegna er alveg fáránlegt að taka dæmi um einstaka einstaklinga sem hafa verið mjög framúrskarandi og veitt miklu meira en allir aðrir, við þekkjum það á öllum tímum, og að ætla síðan að útfæra það og leggja það að jöfnu við hvern einasta mann sem væri að sækja sjóinn. Þetta er náttúrlega allt fjarstæða og allt vitleysa.

Um frv. er það að segja — ég vil taka fram strax í upphafi að í fréttum þegar það var tilkynnt og lagt fram þá sagði hæstv. sjútvrh. frá því að um það væri sátt. Ég tel það gróflega missagt. Um þetta er náttúrlega alls engin sátt. Um þetta er bullandi ósátt, veit ég, í báðum stjórnarflokkunum. Hið rétta er að þetta varð niðurstaða og ég ætla að flestir ef ekki allir stjórnarþingmennirnir hafi heitið því að styðja frv. í meginatriðum. Þetta varð niðurstaðan vegna þess að í frv. er þó tekinn sárasti broddurinn úr þessari aðgerð. Komið er til móts við smáu byggðirnar með aðgerðum sem eiga að hjálpa töluvert þó að þær komi alls ekki og langt frá því neitt í staðinn fyrir þann mikla skaða sem af því hlýst að halda sig ekki við það samkomulag sem búið var að gera 1996.

Því er alveg ljóst, herra forseti, og er rétt að ég taki það fram sérstaklega með tilliti til þeirra umræðna sem hafa verið hér í dag að afstaða mín er sú og samviska mín er sú — samviska mín stendur einfaldlega með sjávarbyggðunum í kringum landið og ég mat það þannig, það var bara kalt mat mitt að þetta væri það skásta. Við gætum þannig komið aðeins til móts við byggðirnar þó að í litlum mæli væri. Annarra kosta væri ekki völ. Menn geta síðan deilt um hvort svo er. Ég mat það svo og met það svo enn. Það er rétt að taka fram til að forðast allan misskilning að fyrir liggur þingmannafrv. sem hefur ekki verið rætt enn þá, 1. flm. er Guðjón A. Kristjánsson, að ég er efnislega alveg sammála því frv. en mat mitt er það, herra forseti, að það nái ekki fram að ganga og því kaus ég þann kost að fylgja þessu vegna þess að þarna kemur fram bót fyrir bæina sem er umtalsverð og munar um svo hörmulega sem þeir standa. Það er rétt að þetta sé alveg ljóst þannig að það fari ekkert milli mála í hugum manna. Þegar menn krefja alþingismenn um að fylgja sannfæringu sinni þá er þetta sannfæring mín. Hún er svona.

Hins vegar, herra forseti, finnst mér ástæða til þess núna að benda á hvernig fiskveiðistjórn stendur á Íslandi. Það eru komin 16 eða 17 ár síðan við hófum að stjórna fiskveiðunum og það er ástæða til að menn horfi framan í þá bláköldu staðreynd að okkur hefur miðað aftur á bak en ekki áfram, aftur á bak á öllum sviðum. Ég tel, herra forseti, að við verðum að horfast í augu við þetta og komumst ekki hjá því.

Það er sama hvernig við lítum á málið. Við erum að veiða af bolfiski, ég ætla að taka bara bolfiskinn fyrir, svona 50%, kannski 60% af því sem var hér í frjálsri veiði. Sjávarbyggðirnar kringum Ísland byggðust vegna þess að verið var að taka á móti þessum fiski sem kom af Íslandsmiðum. Tilvera sjávarbyggðanna allt í kringum Ísland byggðist á því. Þess vegna urðu þær til og það er engin önnur forsenda fyrir byggðirnar.

Menn ræða mjög mikið um stöðu landsbyggðarinnar. Ég fullyrði að þetta er aðalvandi landsbyggðarinnar. Tekjufallið sem þetta veldur, þ.e. við erum kannski að taka núna 315–320 þús. tonn af bolfiski í staðinn fyrir 500–550 þús. tonn, tekjufallið á landsbyggðinni er aðalorsök vandamála okkar. En það er eins og enginn vilji horfa á þetta. Menn hafa uppi allar aðrar skýringar. Það er alveg sama hvernig á það er litið, tekjufallið er vandamálið. Ég hef séð skýrslur um byggðamál, þar er farið vítt og breitt um sviðið en ég heyri engan tala um þetta sem er þó alveg augljóst.

Ég sé fjölmiðlana ræða mikið um fiskveiðistjórnina. Ég sé þá hvergi segja að okkur hafi mistekist. Það er enginn sem ræðir það að okkur hafi miðað stórkostlega aftur á bak, að við höfum ekki náð neinum árangri. Ég sé ekki neinn tala um að við notum núna þrefalt meira vélarafl til að veiða kannski helmingi minni fisk en við veiddum áður. Ég sé ekki að prófessorar Háskóla Íslands sem hafa farið vítt og breitt um heiminn til að kynna íslenskt stjórnkerfi séu neitt að ræða þetta. Ég sé ekki að stjórnmálaflokkarnir á Íslandi séu neitt að taka á þessu máli.

Það virðist liggja fyrir, herra forseti, að allir flokkarnir fimm séu komnir í deilur og skiptist í tvennt. Tveir þeirra virðast vilja fara þá leið að koma hér á smáveiðileyfagjaldi, „hóflegu“ veiðileyfagjaldi segja þeir. Þrír þeirra vilja fara þá leið að fyrna smávegis veiðiheimildirnar og úthluta þeim svo aftur samanber till. til þál. sem liggur hér fyrir frá foringjum þriggja stjórnmálaflokka.

Ég fullyrði, herra forseti, að með þessu eru stjórnmálaflokkarnir allir fimm að drepa umræðunni á dreif, hvort sem þeir eru með eða á móti hóflegu gjaldi. Ég tel ekki ástæðu

til að reyna að taka afstöðu til þess eða hvort menn væru með eða á móti að einhver örfá prósent væru fyrnd á hverju ári og úthlutað aftur í aflakvóta — það breytir engu. Hin skelfilega staða sem við stöndum frammi fyrir er sú að við förum aftur á bak. Við förum aftur á bak. Ef við horfumst ekki í augu við þetta er voðinn vís fyrir þetta þjóðfélag. Ég ætla ekkert að segja hvers vegna. Menn geta deilt um það. En við eigum að spyrja allra spurninganna. Erum við að veiða fisk frá þorskinum og bolfiskinum? Erum við að eyðileggja skilyrðin til uppvaxtar? Erum við að veiða of mikið af rækju, loðnu og öðru slíku sem bolfiskarnir hafa sér til viðurværis? Ég þori ekki að segja til um það. Erum við að gera eitthvað stórkostlega rangt í veiðunum? Erum við að nota röng veiðarfæri á röngum tíma á röngum stað? Margir hafa bent á það. Það hefur samt enginn viljað taka það til umræðu. Eða það sem kannski er allra verst — ef það er rétt sem mjög margir hafa bent á — er hugsanlegt að stofnform fisktegundanna sé orðið mjög rangt og fiskurinn nái ekki að vaxa, og við náum ekki þeim fiski úr hafinu sem við gerðum áður. Fyrir fjölda ára voru allir þeir sjómenn sem ég þekkti — í ein 6, 7 eða 8 ár sem það stóð — á einu máli um að það væri þó nokkuð mikill fiskur á Íslandsmiðum og þeir trúðu ekki því sem Hafrannsóknastofnun var að segja. Nú ber annað við. Nú virðast næstum allir þeir sjómenn sem ég þekki og hef talað við vera sammála Hafrannsóknastofnun um að fiskigengd sé að minnka stórkostlega. Nú eru þeir sammála. Nú er samhljómur í því sem menn segja. Hvað segir það okkur? Það segir að okkur miðar enn þá meira aftur á bak. Og er þá ekki, herra forseti, tími til að stansa aðeins, hætta að rífast um það hvort eigi að fyrna 1, 2 eða 3% af veiðiheimildum og úthluta þeim aftur, eða hvort eigi að setja eitthvert auðlindagjald sem er víst til málamynda að því er mér skilst? Vonandi. Ég hef ekki kynnt mér það nákvæmlega. Og alþingismenn fari að átta sig, burt séð frá flokkum úr því að flokkarnir eru allir sammála um að skila auðu — þeir eru allir sammála um það, allir fimm — og fari þá að skoða í mikilli alvöru hvað við höfum verið að gera og hvort okkur beri ekki að velta við hverjum einasta steini og skoða nákvæmlega hvað við mættum annað gera og hvað gæti orðið okkur til bjargar.

Veiðarnar við Ísland eru nefnilega áfram höfuðundirstaða gjaldeyrisöflunar okkar, og þó að góðir menn í Reykjavík haldi að það sé bara vandamál smábyggðanna ef við náum ekki að veiða við Íslandsmið kemur það fljótt við Reykjavík því að þetta er ekki aðeins vandi smábyggðanna, þetta er efnahagsvandi Íslands. Þetta er í reynd stærsta efnahagsvandamál Íslands. Allt annað er hjóm eitt.

Það er ástæða fyrir alla stjórnmálaflokka, alla háskóla, alla fjölmiðla og alla þá sem fjalla um þetta mál að hætta að rífast um smámuni og fara að horfast í augu við blákaldar staðreyndirnar sem eru þær að í bolfiskveiðunum hefur allt mistekist sem við erum að gera, allt saman. Við höfum náð árangri varðandi veiðar á uppsjávarfiski. Þar gengur þetta ágætlega, að ég held. Þar er nokkurn veginn jafnvægi í vinnslu og veiðum. Þar er góð nýting á framleiðslutækjum og ég veit ekki til þess að þar séu neinar deilur, ekki neins staðar. En núna, að 12–16 árum liðnum, höfum við ekki náð neinum árangri heldur hefur okkur auðsjáanlega miðað mjög mikið aftur á bak — og flokkarnir fimm ákveða allir að skila auðu.

Við eigum, held ég, ekki mikinn tíma eftir ef við ætlum að komast hjá stórkostlegum skaða á landsbyggðinni og í útgerðinni. Útgerðin stendur ekkert vel á Íslandi. Það er tilfellið. Hún stendur mjög illa. Eini nothæfi mælikvarðinn sem ég þekki er að mæla skuldastöðu sjávarútvegsins sem hlutfall af útflutningsframleiðslunni, verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða. Það er sá mælikvarði sem við verðum að nota og höfum alltaf notað.

Í dag er hlutfallið óhagstæðara en nokkurn tíma áður. Skuldir sjávarútvegsins eru um það bil tvöfalt verðmæti útflutningsframleiðslunnar, og þetta er stórkostlegt efnahagsvandamál vegna þess að þetta kemur í veg fyrir það að þessi grundvallaratvinnuvegur geti borgað laun og arð eins og hann svo sannarlega þarf á að halda, eins og byggðirnar þurfa svo sannarlega á að halda að hann geti gert. Þetta er málið og menn geta ekki vikist undan þessu. Það er ekki vandamál á Íslandi, þótt menn vilji rífast um það, hver fiskaði 4.000 eða 5.000 tonn af ýsu þetta árið eða hitt. Í dag er leyfilegt að veiða og landa helmingi minna magni af þeirri tegund heldur en við veiddum hér að meðaltali í frjálsri sókn áratugum saman, og svo er með alla aðra nytjastofna. Enginn undanskilinn. Efnahagsvandamál Íslands er eitt, okkur vantar gjaldeyri, og það er undarlegt ef menn gera sér ekki grein fyrir því. Það er ekkert annað vandamál í efnahagslífinu á Íslandi. Okkur ber að horfast í augu við það og það er engin skömm, ég geng út frá því að öllum þeim góðu mönnum sem að því hafa staðið og vilja vel og hafa lagt sig alla fram um að reyna að byggja upp einhverja vitræna stjórn hafi gengið gott eitt til. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað. En því frekar ber mönnum að horfast heiðarlega í augu við þennan veruleika og viðurkenna að okkur hefur mistekist, ekki eitt, heldur allt.

[14:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst mjög athyglisvert hjá hv. þm. að hann skyldi komast svo að orði að allir stjórnmálaflokkarnir fimm hefðu skilað auðu. Hann var í raun að gefa í skyn, eins og ég skildi hv. þm., að hann væri eini maðurinn í þessum sal sem hefði áhyggjur af ástandi fiskstofna og hefði *velt því fyrir sér hvað hefði farið úrskeiðis. Sannleikurinn er* auðvitað sá að fá mál eru meira rædd meðal þingmanna en sjávarútvegsmálin og ég hygg að í öllum stjórnmálaflokkum séu menn að reyna að brjóta þau til mergjar og reyna að átta sig á því hvaða leiðir við getum farið til þess að hámarka þann arð sem við höfum af fiskveiðunum. Ég held að það sé alveg öldungis ljóst.

Á hinn bóginn kvaddi ég mér hljóðs til þess að vekja athygli á því að þessi tónn í umræðum um sjávarútvegsmál er orðinn býsna algengur, því miður, og er ekki líklegur til þess að leiða til málefnalegrar umræðu eða niðurstöðu sem við getum sætt okkur við.

Þegar hv. þm. segir að í bolfiski hafi allt mistekist sem við höfum verið að gera hlýtur maður að velta því fyrir sér hvernig t.d. ástandið sé varðandi þorskstofninn núna. Ég veit ekki betur en að þeir árgangar sem eru á leiðinni líti vel út og að búast megi við því að þeir geti komið sterkir inn í veiðarnar. Nú geta menn velt vöngum yfir því hvort þessir fiskar munu lifa það að verða nægilega stórir þegar þeir verða veiddir til þess að þorskveiðin í heild sinni geti vaxið með þeim hætti að fiskurinn nái að vaxa nægilega mikið eða hvort náttúrulegar ástæður valda því að hann nái ekki þeim vexti.

[14:12]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kalla það að skila auðu að koma með tillögur um það að setja gjald á sjávarútveginn í þessari stöðu sem á þó ekkert gjald að vera, hóflegt kalla þeir það, sambærilegt við það sem er, þannig að það gengur út og inn. Það breytir engu.

Ég kalla það að skila auðu að ætla að taka örfá prósent af úthlutuðum afla og úthluta honum aftur. Það breytir engu.

Ég tel hins vegar auðsætt að við höfum ekki náð neinum árangri, og ég spyr: Er ekki efnislegt að benda á að það magn sem við veiðum hafi farið stöðugt minnkandi í öllum tegundum? Er það ekki efnislegt? Er ekki efnislegt að benda á að skuldir sjávarútvegsins sem hlutfall af tekjum hans í útflutningi hafi farið vaxandi og hafi aldrei verið hærri? Er það ekki efnislegt? Ég bendi á það að uppsett vélarafl flotans sem er að veiða bolfiskinn hefur aldrei verið hærra og hefur meira en þrefaldast núna á 15 árum. Er það ekki efnislegt? Það hefði ég talið mjög efnislegt því að þetta er það sem við er að glíma. Við erum að glíma við það að sjávarútvegurinn geti skilað þjóðfélaginu því sem hann gerði. Það var sjávarútvegurinn sem kom þessari þjóð frá örbirgð til álna. Hann hefur staðið undir þessu samfélagi alla tíð. Þetta samfélag okkar á allt sitt undir því enn í dag að við náum að nýta svo Íslandsmið sem við gerðum áður. Ef okkur tekst það ekki er mikil vá fyrir dyrum hjá okkur. Það verður ekki leitað svo auðveldlega til annarra þátta þar sem við getum verið samkeppnishæfir í þessum heimi.

Menn hafa verið að líta til virkjana og það er ágætt. Vonandi tekst okkur þar vel til. En okkur hefur ekki tekist það í neinum mæli. Sjávarútvegurinn er það stór og hlutfallslega mikill að það er borin von á næstu áratugum að nokkur annar atvinnuvegur eigi eða megi eða geti undir nokkrum kringumstæðum tekið þann sess.

[14:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að halda því fram að hv. þm. væri ekki efnislegur og reyndi ekki að vera það í sínum ræðum. Ég var að tala um að hann hefði gert lítið úr því að aðrir menn hefðu íhugað þessi mál.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að þegar Hafrannsóknastofnun eða aðrar slíkar stofnanir eru með ráðgjöf, ef við á annað borð óskum eftir því, hljóta þær að setja fram ákveðið heildaraflamark fyrir allan flotann. Það er þar sem Hafrannsóknastofnun hefur brugðist vegna þess að hennar þekking hefur ekki verið nógu mikil. Skiptir í því sambandi engu máli hvort þessi afli hefði verið sóttur með aflamarki eða sóknarmarki. Eftir sem áður hefði ráðgjöfin orðið hin sama. Ég heyrði því miður ekki allt sem hv. þm. sagði en átta mig ekki á því með hvaða hætti hann nálgaðist þennan þátt málsins eða aðrir þeir sem gagnrýna aflamarkið og vilja blanda ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar inn í þau mál. Ég held að þeir þurfi að gera glögglega grein fyrir máli sínu ef maður á að trúa því að þeir séu efnismeiri en við hinir.

[14:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki eitthvað heldur allt sem ég sagði að hefði farið fram hjá hv. þm. Ég var ekki að segja neitt um hverjum þetta væri að kenna. Ég var einmitt að biðja menn um að skoða með opnum huga að við höfum farið aftur á bak en ekki áfram. Okkur hefur ekki tekist til eins og við vonuðumst. Það var það sem ég sagði. Ég ræddi ekkert um aflamark eða sóknarmark, ekki eitt einasta orð þannig að hv. þm. hefur ekki misst af neinu varðandi það. Ég er einmitt að segja að við eigum að skoða alla þættina, ekki eingöngu hvað við vildum veiða heldur hvernig við veiddum, hvenær við veiddum og hvar við veiddum. Ég var að biðja menn að spyrja að því hvort við ættum ekki og þyrftum ekki að taka öll atriði til greina og grandskoða þau vegna þess að sú blákalda staðreynd liggur fyrir, og menn verða að horfast í augu við hana, að okkur hefur mistekist.

[14:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýddi á bróðurpartinn af ræðu hv. þm. og verð að segja alveg eins og er að þetta er með betri ræðum sem hafa verið fluttar hér í dag.

Ég vil taka undir með hv. þm. að líklega hefur allt mistekist í þessu blessaða kvótakerfi ef undan er skilið það að meðferð á fiski er heldur betri nú en áður. Annað held ég að megi segja almennt að hafi mistekist og það er alveg sama hvar borið er niður. Landsbyggðin hefur aldrei staðið hallari fæti. Útgerðin stendur ekki vel, stofnarnir standa ekki vel og það frv. sem við ræðum nú er alveg til að taka steininn úr.

Hvað erum við í raun og veru að ræða hérna? Við erum að ræða niðurstöður kjarasamninga, kjarasamninga smábátamanna og LÍÚ við hæstv. sjútvrh. Og hver er niðurstaðan? Það á að láta þá hafa smávegis. Þannig er fyrir okkur komið í sjávarútveginum að umræður um þessa hluti eiga sér stað með þeim hætti að verið er að fara í kjarasamninga við sjútvrh. til að láta einn hópinn fá eitthvað og kerfið býður þannig upp á að það er tekið af öðrum.

En ég spyr hv. þm. eftir að hafa hlýtt á þessa ræðu þar sem hann fann nánast kerfinu allt til foráttu og ég get tekið undir bróðupartinn af því: Hvar stendur hann í þessu máli? Hvar stendur hv. þm. í því máli sem við ræðum hér og snýst um þessa kjarasamninga, þessa litlu niðurstöðu sem hæstv. sjútvrh. kom með? Hvar stendur hv. þm. í þessu máli? Styður hann þetta eða hver er afstaða hans? Ef hann styður síðan þessa niðurstöðu eftir þessa fínu ræðu, virðulegi forseti, þá finnst mér talsverður skuggi vera farinn að falla á hana.

[14:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hv. þm. hefur aðeins hlustað á hluta ræðu minnar vegna þess að fyrstu fimm eða sjö mínútunum af henni eyddi ég einmitt í að gera grein fyrir afstöðu minni. Ég fór nákvæmlega yfir það sem ég hef sagt margsinnis áður allt frá því að umræðan hófst í janúar 1999, að ég teldi þetta hið mesta ógæfuspor að túlka þennan dóm svona og fara í að afnema þorskaflahámarkið. Ég fór yfir það að við hefðum gert allt sem í okkar valdi stendur. Margir góðir menn hafa gengið sig upp að hnjám til að reyna að ná sáttum og annarri lendingu. Það hefur ekki tekist.

Ég lýsti því mjög skilmerkilega að ég væri efnislega alveg sammála fram komnu frv. sem Guðjón A. Kristjánsson er 1. flm. að. Ég hef gert grein fyrir því í þingflokki Sjálfstfl. og ég hef ekki skipt um skoðun. Ég gerði líka grein fyrir því í upphafi máls míns að ég mundi gefa frv. hæstv. sjútvrh. þá einkunn að verið væri að klóra í bakkann. Ég sagði frá því að ég hefði reynt allt sem ég gat til þess að ná einhverjum lendingum, einhverjum þeim sáttum vegna hinna smærri byggða og að mesti og sárasti broddurinn yrði tekinn úr því.

Ég sagði einnig frá því að það væri blákaldur veruleikinn í mati mínu að þetta væri staðreynd. Búið væri að afnema

þessi lög og þetta nýja frv. væri þá aðeins til að bæta þetta smávegis þó í litlu væri. Ég hefði kostað því til vegna þess að samviska mín stæði með hinum minni byggðum, litlu byggðunum hringinn í kringum landið og ég vildi þá heldur reyna að hjálpa þeim svo lítið sem ég gæti, samviska mín er þeirra hagsmunir. En ég hef ekki skipt um skoðun. Ég gerði öllum mönnum grein fyrir því nákvæmlega í þingflokki mínum áður en til þessarar umræðu kom.

[14:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri það að ég heyrði svo til alla ræðu hv. þm. Hins vegar þegar hv. þm. segir: Ég vil styðja hinar minni byggðir, þá held ég að það sé mjög mikilvægt af því að þetta tiltekna frv. fjallar um að tiltekinn bátahópur fái eitthvað og það verði tekið frá einhverjum öðrum. (**EOK:** Nei.) Það er einfaldlega þannig og verður þannig á næsta ári þegar þetta verður komið inn í hlutdeildarkerfið. Þannig er þetta og þetta kemur fram í frv.

En ég spyr hv. þm. einnig að því, árið 1984 veiddi þess bátafloti 16 þús. tonn, árið 2000 veiddi hann 70 þús. tonn og stefnir í mun meira á þessu ári og ég spyr: Er þetta eini bátaflotinn hringinn í kringum landið sem stendur undir hinum smærri byggðum? Er þetta það eina sem skiptir hinar minni byggðir máli? Ég held að það sé mikilvægt að hv. þm. svari þessu því að frv. er ekkert annað en niðurstaða úr einhvers konar kjaraviðræðum þessara hópa við sjútvrh. sem í einhvers konar aumkun sinni lætur þá hafa örlítið.

[14:22]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir pottar sem við ræðum um hér eru samkvæmt 9. gr. og þeir eru með þrátt-fyrir-ákvæði þannig að ekki er verið að taka þetta frá neinum. Hins vegar er rétt að geta þess að margsinnis hefur það komið fram, margsinnis hafa þau sjónarmið verið reifuð, margsinnis, að bæði rétt og sanngjarnt væri að meðhöndla smábátaflotann á aflamarkinu öðruvísi en önnur aflamarksskip. Hann hefði allt aðra og miklu minni möguleika í niðurskurðinum á þorskinum til að bjarga sér heldur en hin stærri skip. Þetta hefur margsinnis verið rætt fram og til baka og ég ætla það í flestum stjórnmálaflokkum.

Hins vegar hefur aldrei náðst um þetta nein samstaða, því miður. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því hversu hörmulega hinir minni bátar á aflamarki hafa farið út úr þessum niðurskurði og ég held að mjög margir hv. þm. geri sér grein fyrir því að það væri mikið réttlætismál að rétta þeim hjálparhönd og ekki væri verið að gera neitt á hluta annarra. Þeir hafa allt aðra stöðu en stærri skipin sem geta beitt sér í öðrum tegundum á úthafinu, ég tala nú ekki um á fjarlægari miðum. Ég vona því að þau sjónarmið nái einhvern tíma fram að ganga.

[14:23]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. hafði lokið ræðu sinni, þá vakti hún ákveðnar spurningar hjá mér þó svo ég hlustaði á ræðu hv. þm. af nokkurri athygli.

Ég tók eftir því að hann mat það svo að allir stjórnmálaflokkar væru að skila auðu. Ég vil segja eins og er að mér fannst hv. þm. sannarlega vera að drepa málum á dreif með slíkum fullyrðingum vegna þess að honum er það jafnljóst og mér að hinar stóru deilur undanfarinna ára hafa staðið um fiskveiðistjórnarkerfið og það hafa ekki allir skilað auðu hvað það varðar.

Ég vil minna á frv. Samfylkingarinnar sem liggur fyrir þinginu og er nú flutt í þriðja skipti. Það snýst um fiskveiðistjórnarkerfið og er sett fram til þess að svara bæði þeirri gagnrýni sem fram hefur komið og sem innlegg inn í umræðu um þá möguleika sem við eigum á öðrum leiðum varðandi stjórn fiskveiða en þeirri sem við búum við núna.

Mér var heldur ekki ljóst, og um það vil ég spyrja hv. þm., hvort hann metur það svo að allt hafi farið hér aftur eins og hann orðaði það vegna fiskveiðistjórnarkerfisins eða vegna þess að ráðgjöfin hafi ekki verið viðhlítandi og ekki eins og hún átti að vera eða hvort hann getur fallist á það sem mér finnst vera æ háværara í umræðunni að hinar líffræðilegu aðstæður í hafinu hafi verið þannig á undanförnum áratugum að við höfum verið í lægð af þeim sökum.

Mér var ekki ljóst hver hann taldi að væri ástæða þess að allt hefði farið aftur. Mér fannst einna helst að hann vildi skella skuldinni á fiskveiðistjórnarkerfið. Mér fannst ekki skýrt hvað það var sem þingmaðurinn var aðallega að gagnrýna og vildi gjarnan að það kæmi skýrar fram.

[14:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór yfir það eins og ég gat og benti á að það gætu verið óteljandi ástæður. Það gæti verið hvernig við umgöngumst hafið, hvaða veiðarfæri við notum, hvenær við veiðum o.s.frv. Ég nefndi enga sérstaka ástæðu en ég krafði menn um það að við yrðum öll að reyna að velta því fyrir okkur.

Menn geta spurt um hinar líffræðilegu forsendur. Ég veit að ástand hafsins í kringum Ísland hefur verið mjög gott núna lengi, mjög gott. Það ber öllum saman um það. Hitastigið er mjög hátt, mikið fæðuframboð er í hafinu o.s.frv., þannig að hin blákalda staðreynd að við ætluðum okkur að byggja upp fiskstofnana og við ætluðum að stunda veiðar þannig að þróunin væri sjálfbær hefur mistekist. Ég bara bendi á þetta.

Ég er ekki að gera lítið úr þeirri umræðu sem átt hefur sér stað á annan áratug um réttlætið, hvað væri réttlæti gagnvart eignaheimildum eða hver hefur auðgast og hver hefur tapað. Ég er ekki að gera lítið úr því á nokkurn einasta hátt. En ég er að segja og ítreka það enn og aftur að aðalatriðið er að okkur hefur ekki tekist það sem við ætluðum okkur að gera og ég er að krefja sjálfan mig og aðra, herra forseti, um að við horfumst í augu við þann þátt og allar ástæður geta legið þar til grundvallar. Ég hef ekki kveðið neitt upp úr um það að ég teldi að það væri vegna einhvers ákveðins hluta. En það er ljóst að við höfum ekki náð árangri og ég teldi það aðalatriðið, þess vegna sé það ekki eitt heldur allt sem við verðum að endurskoða.

[14:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst aftur koma fram í ræðu hv. þm. gagnrýni á það að við hin gæfum þessum málum ekki nægilegan gaum, litum ekki nógu vítt til, værum of einskorðuð við stjórnkerfið, réttlætið eins og hann nefndi það og ég vil taka undir það. Það er réttlætismál hvernig við stjórnum aðgangi að okkar sameiginlegu auðlind.

En ég vil líka mótmæla því sem hann fullyrðir hér að menn séu almennt ekki að hugsa um þessi mál í víðara samhengi. Ég vil benda á þær ótal ræður sem hér eru fluttar þar sem menn lýsa viðhorfum sínum og ekki síður þau

þingmál sem hér liggja fyrir hvort sem það eru fyrirspurnir eða þingsályktanir þar sem sannarlega koma fram áhyggjur manna af því hvernig þessum málum er háttað, því að það gera sér auðvitað fleiri en hv. þm. grein fyrir því að hér erum við að ræða það sem skiptir mestu máli varðandi efnahagsundirstöður hjá okkur á Íslandi.

Ég er komin að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að það sem hv. þm. er fyrst og fremst að lýsa hér er óánægja með umræðu í eigin flokki og hann reynir að drepa málum á dreif með því að láta sem svo að allt sé við það sama í öllum flokkum.

[14:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef einhver hv. þm. telur að ég hafi gert sér rangt til eða lítið úr sjónarmiðum sínum, þá biðst ég bara hér með innilega afsökunar. Það var alls ekki hugsun mín. En meining mín er alveg tær varðandi hvað stjórnmálaflokkarnir, þ.e. forusta flokkanna hefur sett á oddinn og hefur yfirgnæft allar umræðurnar um mörg missiri. Það er: Eigum við að fara fyrningarleið eða auðlindaskattsleið? Þetta hefur verið forsíðan, þetta hafa verið fyrirsagnirnar í allri umræðunni um sjávarútveg og að mínum dómi tekið allt of mikið pláss vegna þess að þetta er bara deila um keisarans skegg.

Aðalatriðið er hitt sem ég hef margsinnis lýst og ég ætla ekki að gera lítið úr því að margir kunna að hafa áhyggjur af því og það er vel og við skulum reyna að hafa öll áhyggjur af því, því að það er sannarlega ástæða til.

[14:30]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson afgreiddi þetta frv. sem hér liggur fyrir nokkuð vasklega áðan þegar hann talaði um það sem kjarasamning á milli sjútvrh. og hinna einstöku hópa útgerða í landinu, þ.e. samningaviðræður við sjútvrh. um það hvernig skyldi skipt. Og segja má að það megi horfa á þetta frv. með þeim augum. Ég ætla ekki að gera það afstæða réttlæti sem í þessu frv. felst að megininntaki máls míns þar sem menn eru með handafli að færa veiðiheimildir milli aðila. Menn geta á hverjum tíma velt fyrir sér hvað sé til bóta innan þess ramma sem þeir starfa samkvæmt, og ugglaust geta menn komist að þeirri niðurstöðu, eins og hv. þm. sem hér talaði á undan, að innan þess ramma sem hann teldi sig eiga möguleika væri þetta skásta niðurstaðan. Eins og ég sagði: Réttlætið getur verið afstætt. Kannski er þetta skásta niðurstaða einhverra og við eigum eftir að ræða frekar í dag um aðra möguleika til að mæta þeim sjónarmiðum sem helst hafa verið uppi varðandi þróun smábátaútgerðar á Íslandi.

Það sem mig langaði til að tala um í dag, herra forseti, er aðdragandi lagasetningarinnar sem menn rekja í rauninni það frv. til sem varð að lögum í janúar 1999. Það innibar þau ákvæði sem síðan leiða til þess frv. sem við ræðum í dag, þ.e. sá hluti þess sem sneri að smábátum. Ég vil í öðru lagi ræða aðeins um 3. gr. þessa frv. sem snýr að byggðakvóta og síðan um 4. gr. sem er um brottkast og aðgerðir gegn því.

Herra forseti. Lögin sem breyttu umhverfi smábátanna með þeim hætti sem menn horfa nú framan í við gildistöku laganna 1. sept., og væntanlega einhverra þeirra frv. sem hér liggja fyrir, rekja sig til svokallaðs Valdimarsdóms sem Hæstiréttur felldi í desember 1998. Eftir þann dóm var það álit sérfræðingahóps ríkisstjórnarinnar að afnema yrði 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða enda bryti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að ekki gætu allir fengið veiðileyfi sem á annað borð gætu orðið sér úti um skip. Jafnframt var það niðurstaða þessa sérfræðingahóps að allt yrði að vera í seljanlegum einingum, þ.e. það yrði að vera hægt að framselja allar aflaheimildir í fiskveiðistjórnarkerfunum hvernig sem þau væru og þar með urðu til hinir framseljanlegu sóknardagar. Um tíma voru menn uppteknir af því að grásleppan yrði að vera þarna inni líka en komust að niðurstöðu um að þar væri málið það einfalt að veiðileyfið gilti jafnframt till þess að menn gætu veitt þó að það gerði það ekki í öðrum tilfellum þar sem menn urðu sérstaklega að verða sér úti um aflaheimildir eða sóknardaga.

Eins og þeir muna sem fylgdust með þeim umræðum urðu hér nokkrar deilur um þessa túlkun sérfræðingahópsins. Menn voru ekki á eitt sáttir um það að einungis væri átt við 5. gr. og menn voru heldur ekki á eitt sáttir um það hvort breyta bæri 5. gr. með þeim hætti sem gert var og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson rakti það áðan að nokkru vegna þess að þarna var um að ræða flotastýringargrein fiskveiðistjórnarlaganna, þá grein sem tók á því að menn mættu ekki stækka fiskveiðiflotann. Með því að taka hana úr sambandi var auðvitað verið að opna hér á mikla stækkun eða aukningu í flotanum.

Jafnframt var mikið rætt um jafnræðisreglu og segja má að hún hafi fengið nokkuð meiri umfjöllun en verið hafði. Reyndar hafði stjórnarskránni verið breytt nokkrum árum áður og kannski var þetta í fyrsta skipti eftir að henni var breytt að dæmt var á grundvelli jafnræðisreglu og menn tóku hana jafnítarlega til umfjöllunar og gert var þarna og síðar var gert, eins og menn muna, þegar öryrkjadómurinn var krufinn til mergjar á Alþingi. En allténts varð niðurstaða meiri hlutans á Alþingi sú að taka 5. gr. út, setja smábátunum ákveðnar reglur sem þó voru að hluta til kannski grófara brot á stjórnarskránni en það sem verið var að forða þeim frá núna þar sem endurnýjunarreglan var þyngd þar og síðan varð það niðurstaða, ekki síst eftir áeggjan stjórnarandstöðu, að endurskoða þyrfti lögin um stjórn fiskveiða. Ef ég man rétt, og ég þykist nú gera það því að ég tók þátt í þessari atburðarás, þótti mikilvægt að lögin um stjórn fiskveiða yrðu endurskoðuð, ekki síst til þess að þar gætti innra samræmis. Menn voru svona gróft tekið sammála um að það væru ekki nógu góð vinnubrögð að taka eina grein út eins og 5. gr. Menn yrðu að reyna að horfa á þetta í samhengi og í heild sinni og því var sett inn bráðabirgðaákvæði sem kvað á um að endurskoða skyldi lögin um stjórn fiskveiða. Það er sú endurskoðun sem nú hefur farið fram. Sú endurskoðunarnefnd hét ekki sáttanefnd fyrr en í síðustu alþingiskosningum. Fram að þeim tíma var hér einungis um að ræða bráðabirgðaákvæði í fiskveiðistjórnarlögum sem var hugsað til þess að menn færu yfir löggjöfina til þess að hún væri vönduð og í henni væri ákveðið samræmi vegna þess að það var ljóst að m.a. vegna þess ósamræmis sem menn töldu vera í lögunum var líka endalaus ágreiningur um framkvæmd laganna.

Nú ætla ég að biðja hæstv. ráðherra að vera í salnum ef þess er nokkur kostur svo að ég geti haldið áfram máli mínu. Það er mikilvægt að hann sé viðstaddur.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun láta athuga það.)

Það sem ég er að leiða ræðu mína að, herra forseti, er að fyrir kosningar var skipuð svokölluð auðlindanefnd samkvæmt tillögu sem Alþingi samþykkti og þegar Alþingi samþykkti hana samþykkti það jafnframt hóflegt auðlindagjald. Það gerðist árið 1998. Hlutverk þeirrar nefndar var fyrst og fremst að útfæra þessa tillögu Alþingis sem fól í

rauninni í sér samþykkt á svokölluðu hóflegu auðlindagjaldi. En sáttanefndin sem nú var að skila var, eins og ég sagði áðan, hluti af lögunum sem voru sett í janúar 1999, fyrir kosningar.

Ég ætla rétt að víkja að ummælum — það var reyndar verið að vitna í ályktun í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar áðan þegar hann talaði um skattlagningu á sjávarútveginn — og niðurstöðum þessarar endurskoðunarnefndar. Menn tala um að í þeim niðurstöðum sem þar liggja fyrir eigi að liggja einhvers konar sátt sakir þess að þar sé verið að tala um auðlindagjald, um veiðigjald sem þegar best lætur á að geta farið upp í 2,5 milljarða. Á móti fellur niður þróunarsjóðsgjald og þetta ætla menn að kalla skatt. Ég held að mér hafi ekki misheyrst að Kristján Ragnarsson hafi á aðalfundi LÍÚ í gær, um leið og hann skammaði þingmenn fyrir heimsku, verið að skammast út í þessa skattlagningu. En þá vil ég, herra forseti, að hér komi fram, ekki í fyrsta skipti og sjálfsagt ekki í það síðasta, að menn geta tæpast kallað það skattlagningu á meðan þeir eru enn að greiða fyrir þann kostnað sem skattgreiðendur nú standa undir vegna útgerðar og stjórnar fiskveiða í landinu.

Málum er þannig háttað að skattgreiðendur á Íslandi greiða að langstærstum hluta fyrir það sem það kostar hið opinbera að stunduð sé útgerð hér og stjórn fiskveiða, standa að því hvernig auðlindin er nýtt. Það hefur verið talið eðlilegt að atvinnugreinar — ég tala nú ekki um einstaklingar — hefðu kostnaðarvitund og greiddu fyrir þann kostnað sem hlýst af ýmsum athöfnum þeirra og mér hefur fundist að það væri fullkomlega eðlilegt að slíkt ætti við um sjávarútveginn líka, að hann greiddi sín kostnaðargjöld, að hann greiddi fyrir þann kostnað sem af honum hlýst og nú er ég að tala um útgerðina.

Það hefur verið tekið saman af nokkrum aðilum hver þessi kostnaður er. Menn hafa farið allt upp í 3% af útgjöldum ríkisins. Hvað er það mikið í dag þegar við erum að tala um fjárlög upp á 230 milljarða, er að ekki? Þetta eru yfir 6 milljarðar sem menn eru að tala um í kostnaðargjöld. Þá reikna menn stíft að mínu mati, ég er til í að reikna mun vægar, ég er til í að fara í 2,5 milljarða og vera þá ekki með sjómannaafsláttinn inni. En þá erum við að tala um þessa tölu sem hæst verður farið, þegar best lætur, í því gjaldi sem endurskoðunarnefndin telur að eigi að vera hér til sátta. Þá spyr ég: Hvar er þá greiðslan fyrir aðganginn að auðlindinni? Ætla menn þá bara að fá hann frítt? Það virðist vera, herra forseti. Og þá ætla ég að koma að niðurstöðum auðlindanefndar vegna þess að hæstv. sjútvrh. — sem ég treysti að sé í næsta herbergi önnum kafinn og sé á leiðinni hingað inn — hefur viljað leita skjóls fyrir tillögur meiri hluta endurskoðunarnefndar í tillögum auðlindanendar. Það skjól sem hann finnur er í nafninu veiðigjald. En ég held að hæstv. ráðherra hafi aldrei lesið álit auðlindanefndar, a.m.k. hefur hann ekki gefið því gaum sem hann hefði átt að gera, vegna þess að auðlindanefndin vill að útgerðin greiði kostnaðargjald, og hún reifar m.a. þá hugmynd að árlega sé selt aflamark fyrir þessu kostnaðargjaldi, að allir sem fá úthlutað aflamarki á Íslandsmiðum þurfi að skila inn tilteknum hluta á hverju ári sem verði síðan nýttur til kostnaðargjalda. Þar fyrir utan komi síðan greiðsla fyrir auðlindina, fyrir aðganginn. Þar fyrir utan, herra forseti. Og svo ég vitni beint í niðurstöðu auðlindanefndar, þá var meginniðurstaðan sú að þar sem samkeppnisforsendur væru fyrir hendi, þar skyldi bjóða afnotarétt sameiginlegra auðlinda út. Telja menn að samkeppnisforsendur séu fyrir hendi í sjávarútvegi? Eru fleiri sem vilja gera út á Íslandi en gera það í dag? Ég held að það sé tvímælalaust, herra forseti. Ef ekki væru samkeppnisforsendur fyrir hendi skyldi samið um gjald með hliðsjón af mögulegri auðlindarentu.

Varðandi fiskveiðarnar tók nefndin tvær meginleiðir til skoðunar, fyrningarleið sem var meginviðfangsefnið mestan tíma af starfi nefndarinnar vegna þess að það var leið sem flestir gátu sætt sig við, og raunar allir um tíma, og síðan svokölluð veiðigjaldsleið sem kom inn sem eins konar varaskeifa og var að mínu mati allan tímann það slöpp að ég reiknaði aldrei með að hún yrði notuð. Hún var þó ólíkt burðugri en sú leið sem meiri hluti endurskoðunarnefndar er nú að leggja til sem, eins og ég sagði áðan, er búinn að stefna á tiltekið gjald sem varla nær að dekka kostnaðinn, og búinn heilagur. Leið auðlindanefndar, veiðigjaldsleiðin, var auk kostnaðargjaldsins, herra forseti, að menn greiddu fyrir aðgang að auðlindinni en auk þess þyrfti að setja sérstakar reglur til að tryggja sveigjanleika í viðskiptum með aflaheimildir og aðgengi að greininni. Það taldi nefndin að best yrði gert með því að bjóða upp tiltekna aflahlutdeild árlega til þess að vera þarna með ákveðna opnun. Ég er ansi hrædd um, herra forseti, að þetta sé dálítið langt frá því sem hæstv. sjútvrh. telur að sé niðurstaða endurskoðunarnefndar — aðra hvora niðurstöðuna hefur hann ekki lesið nægjanlega — en þetta er, herra forseti, kannski í stíl við aðra túlkun hæstv. ráðherra á niðurstöðum auðlindanefndar og endurskoðunarnefndarinnar. Sem dæmi um ummæli ráðherra vil ég nefna það að endurskoðunarnefndin leggur það til að hægt sé að setja kvóta á fiskvinnsluhús. Hæstv. ráðherra lét þau orð falla á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva að þessi tillaga ætti ákveðna samsvörun í tillögum auðlindanefndar og þá fór ég að sperra eyrun, að tillaga um að setja kvóta á fiskvinnsluhús gæti átt ákveðna samsvörum í tillögum auðlindanefndar. En þetta er kannski alveg dæmigert. Jú, herra forseti, það var þannig að auðlindanefndin tók til umræðu þann möguleika að setja kvóta á fiskvinnsluhús en hafnaði hugmyndinni vegna þess að það var niðurstaðan að ef á annað borð yrði farið með handhöfn kvóta út fyrir fiskiskipin væri eðlilegra að það yrði skoðað að allir gætu þá orðið handhafar aflahlutdeilda. Hins vegar taldi nefndin að slík hugmynd þýddi það mikla breytingu að áður en hægt væri að leggja slíka tillögu fyrir yrði að fara fram víðtæk umræða í samfélaginu. Þetta er samsvörunin.

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að flest af því sem hæstv. ráðherra hefur viljað meina að ætti sér samsvörun í tillögum auðlindanefndar er á þennan veg. Það er hörmulegt að ekki skuli vera hægt að fara með öðrum hætti með þær niðurstöður sem fyrir liggja en þeim sem ég hef hér verið að lýsa, og kannski sýnu verra þegar hæstv. ráðherra gerir síðan þeim sem að þessum álitum standa eða þeim sem kunna að vera í minni hluta eða skrifa sérálit upp aðrar skoðanir en þeir hafa. Þannig má kannski segja að blekið hafi ekki verið þornað á pappírum auðlindanefndar þegar hæstv. ráðherra var farinn að gera því skóna að einhverjir mundu hlaupa undan þeirri niðurstöðu. Ég held að menn hafi ekki hlaupið undan þeirri niðurstöðu sem þar varð. Meginniðurstaðan varð sú — og það er sama meginniðurstaða og varð í tillögum endurskoðunarnefndarinnar — að bæði væri rétt og eðlilegt að menn greiddu fyrir afnot af sameiginlegri auðlind. Það var meginniðurstaðan. Ég veit ekki til að neinn hafi hlaupið frá henni. Hins vegar er alveg ljóst að það var

ekki samkomulag í auðlindanefndinni um það hvaða leiðir ætti að fara og ég er búin að gera grein fyrir því, bæði hér í ræðustól Alþingis og eins í blaðagreinum sem ég hef skrifað og pistlum, að það lá alveg ljóst fyrir innan nefndarinnar, án þess að það þyrfti að bókast sérstaklega, hvar fulltrúar Samfylkingarinnar í auðlindanefnd voru staddir þegar þetta álit var afgreitt. Það kemur fram í álitinu að nokkrir nefndarmanna muni einungis geta fellt sig við aðra leiðina og ég hélt satt að segja, herra forseti, þegar nefndin lauk störfum sínum að þar væri um að ræða sameiginlega bókun allra. Það gerðist svo á síðustu metrunum að tveir fulltrúar ákváðu að bóka séstaklega til að ítreka kannski ákveðið frávik frá þeirri meginlínu sem nefndin var með sem var allt önnur. Þeir sem fylgja meginlínu þurfa síður að bóka en hinir sem eru með frávik. Tveir voru klárlega með frávik frá meginlínunni. En meginlínan var eins og ég sagði áðan að þar sem samkeppnisforsendur væru fyrir hendi skyldi bjóða afnotarétt þjóðareigna út. Meginlínan var fyrningarleið.

Mér finnst, herra forseti, að menn eigi ekki að þurfa að standa í svona karpi hér, satt best að segja, og ég ætlaði mér aldrei og taldi aldrei að ég þyrfti hér að vera að rekja nefndarstarf. Kannski endar þetta með því að ég fari að sækja fundargerðir til þess að hæstv. ráðherra fari að skoða hlutina eins og þeir eru en ekki eins og hann vildi að þeir væru.

Ég sé, herra forseti, að ég hef tekið megnið af tíma mínum í það sem átti að verða hluti af ræðu minni, og það þýðir einfaldlega að ég þarf að fara aftur á mælendaskrá til þess að fara yfir þau tvö atriði sem ég vildi fara yfir, en mér fannst mikilvægt að koma þessu á framfæri, ekki síst vegna þeirrar umræðu sem hér átti sér stað í upphafi þingfundar í dag. Það er óþolandi fyrir mig og fyrir aðra þá sem sátu í auðlindanefnd og fyrir þá sem sátu í endurskoðunarnefndinni að búa endalaust við það að ráðherra þykist hafa betri upplýsingar um það sem raunverulega gerðist þar heldur en þeir sem í nefndunum sátu.

[14:50]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér liggur fyrir er niðurstaða af áralöngu streði og ströggli. Við vitum að um þessi mál hefur ríkt mjög mikið ósætti og í mörgum tilvikum hafa þær línur ekki legið eftir flokkspólitískum mörkum heldur öðrum línum, svo sem eins og byggðarlögum og ýmsu öðru sem hefur skipt mönnum í fylkingar.

Hvað sem hver segir um þetta mál þá á það sér býsna langan aðdraganda. Á árunum 1995 og 1996 varð þetta fiskveiðistjórnarkerfi til í meginatriðum. Það urðu hins vegar þáttaskil, eins og menn muna, með hinum fræga Valdimarsdómi í árslok 1998. Niðurstaðan varð sú löggjöf sem tók gildi í ársbyrjun 1999 og byggðist klárlega á tiltekinni túlkun sem menn vefengdu ekki.

Seinna hafa komið fram upplýsingar sem ég hef skrifað upp á fyrir mína parta. Ég er enginn sérfræðingur í lagatúlkun en hef auðvitað leyfi til þess, sem hver annar leikmaður, þátttakandi í þessari umræðu og fulltrúi á löggjafarsamkomunni, að hafa á þessu ákveðnar skoðanir og fyrir mína parta hef ég látið sannfærast um að hægt sé að túlka dóm Hæstaréttar frá 3. desember 1998 eins og gert hefur verið í margívitnuðu áliti tveggja háskólakennara sem hafa lýst því yfir að kvótakerfið sé að vísu einn þeirra kosta sem koma til greina en ekki sá eini. Niðurstaða þeirra virðist því að kvótakerfið, gagnstætt því sem sem haldið var fram, brjóti ekkert í bága við stjórnarskrána en hins vegar sé það ekki eina leiðin til að tryggja ákveðin atvinnuréttindi þeirra sem stunda fiskveiðar við Íslandsstrendur. Við gerum okkur auðvitað öll grein fyrir því að eitt af stóru viðfangsefnunum okkar er að tryggja hér ákveðin atvinnuréttindi, tryggja að sjómenn og útvegsmenn sem hafa haft framfæri sitt af þessari atvinnugrein hafi ákveðið starfsöryggi.

Deilan sem hefur síðan staðið um þetta mál, svo að ég snúi mér þá sérstaklega að smábátamálinu, hefur verið deila um nákvæmlega hvernig ætti að skilgreina þessi atvinnuréttindi annars vegar og svo hins vegar hvernig ætti að úthluta þessum atvinnuréttindi. Ætti að gera það á grundvelli magntakmarkana, einstaklingsbundinna magntakmarkana sem við höfum síðan kallað aflahlutdeildarkerfi eða kvótakerfi. Ætti að gera það með einhverju þaki í einni tegund og síðan frelsi í öðrum tegundum eða ætti að gera það með öðrum hætti eins, t.d. með úthlutun sóknareininga? Um þetta hefur deilan um smábátamálið í raun og veru staðið. Hún hefur auðvitað orðið miklu hatrammari vegna þess einfaldlega að hér er um að ræða ákaflega mikilvæga atvinnugrein fyrir byggðir sem hafa staðið höllum og þess vegna höfum við mjög mörg gengið mjög harkalega fram í því að verja þetta kerfi sem okkur hefur sýnst að hafi dugað býsna vel fyrir þessar minnstu byggðir. Þær hafa á margan hátt verið að bæta upp þessar skerðingar sem við höfum upplifað í gegnum kvótakerfið, ekki bara vegna þess að heildaraflinn hafi dregist saman, sem er auðvitað stóra málið eins og hv. 5. þm. Vestf. benti réttilega á, heldur líka vegna þess að ýmsar byggðir hafa orðið undir í baráttunni innan kvótakerfisins af ástæðum sem hægt væri að fjölyrða um. Þess vegna hefur verið skjól í þessu smábátakerfi. Við sem höfum viljað hafa þetta skjól til staðar höfum þess vegna reynt okkar ýtrasta til að berjast fyrir tilveru kerfins.

Á vissan hátt má segja að einn naglinn hafi verið rekinn í líkkistu þessa kerfis, ef við getum sagt sem svo, á árinu 1999, þessa óbreytta kerfis. Segja má að þá hafi orðið þáttaskil í umræðunni með hinu fræga áliti háskólakennaranna sem ég nefndi áðan. Ég er samt sem áður þeirrar skoðunar að undirliggjandi í gagnrýni á smábátakerfið sé út af fyrir sig ekki vegna stjórnarskrárinnar. Í hugum þeirra sem harðast fara fram í gagnrýninni, bæði sjómanna og útvegsmanna sem hafa ýmislegt haft út á þetta að setja, þá tel ég þær ekki stjórnarskrárlegar athugasemdir heldur miklu frekar hagsmunatengdar. Það sem menn hafa bent á í þessu sambandi, það sem málið hefur snúist svo mikið um í umræðunni eins og við höfum tekið eftir og við verðum vitni að á fundum um þessi mál er auðvitað að menn hafa einfaldlega sagt: Það er ekki réttlæti í því að bátar á aflamarki fái yfir sig skerðingu, t.d. í ýsu. Auðvitað hefur ýsan verið kjarni málsins vegna þess að hún er veigamesti þátturinn í aukategundum í þorskaflahámarkskerfinu. Steinbíturinn er auðvitað mjög stór hluti en verðmætið er meira ýsumegin og þrýstingurinn hefur verið minni steinbítsmegin. Menn hafa sagt sem svo: Við höfum tekið á okkur skerðingu í ýsu á meðan aukið hefur verið við þorskaflahámarkskerfið. Það er þetta sem gagnrýnin hefur snúist um, a.m.k. eins og hún hefur blasað við mér.

Ég er þeirrar skoðunar að auðveldlega sé hægt að stjórna hámarksveiði í einstakar tegundir án þess að magnbinda eða kvótabinda við bát eða hverja útgerð. Ég tel að til séu aðrar leiðir í þessu sambandi. Ég hef af þeim sökum lengi verið talsmaður þess að fara einhverjar sóknartakmarkandi leiðir og svo ég geri litla játningu þá er ég þeirrar skoðunar að

hefðu menn tekið upp sóknartakmörkun á ýsu og steinbít fyrr á þessu tímabili þá stæðum við líklega ekki í þessum sporum í dag. Ég tel það einfaldlega vegna þess að þá hefði veiðin í þessum tveimur tegundum trúlegast orðið minni og þrýstingurinn frá þeim sem hafa gagnrýnt kerfið út frá sínum eigin hagsmunum orðið sem því nemur minni.

Ég tók eftir því að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði í ræðu á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda sem ég sá á interseafood.com, ég held að ég fari ekki rangt með það, en það var eitthvað á þá leið að það væri ekkert óeðlilegt að setja þessi mörk við 7–8 þús. tonn af ýsu og stjórna síðan með sóknartakmörkunum.

Ef við skoðum það frv. sem hér lítur dagsins ljós hjá hæstv. sjútvrh. og þekkjum þann bakgrunn sem frv. styðst við, þá vitum við að í raun eru menn kannski ekki að takast á um verkefni eins og að ákveða heildarúthlutun ýsuafla til þessa bátaflokks. Mér sýnist að í þeim efnum sé að verða bitamunur en ekki fjár. Mér virðist fremur ágreiningur um hvernig eigi að stjórna þessum veiðum. Þetta sýnist mér ef ég reyni að skoða þessi mál tiltölulega hlutlægt eins og ég hef verið að reyna að gera.

Stóra málið sem við höfum staðið frammi fyrir til þessa er, þegar sá veruleiki blasti við okkur að ekki var hægt að verja óbreytt kerfi smábátanna — mér fannst við standa frammi fyrir því strax á þessu sumri og þá hlutum við að spyrja: Með hvaða hætti getum við aukið veiðirétt smábátanna frá því sem gildandi lög sem tóku gildi 1. september sl. gera ráð fyrir? Í raun er niðurstaðan í þessu frv. sú að auka veiðirétt smábátanna, fara þá leið sem þar er kveðið á um.

Mér finnst rangt, sem var haldið fram við umræðuna fyrr í dag, að með þessu væri verið að búa til einhver ný verðmæti fyrir þennan bátaflokk. Auðvitað er það þannig þegar aðgangurinn að auðlindinni er takmarkaður að sóknarrétturinn er verðmæti í sjálfu sér. Það að þorskaflahámarksbátar gátu sótt óheft innan sinna marka í ýsu og steinbít og ufsa og aðrar tegundir var auðvitað viss réttur. Við sjáum það og þessi réttur var skilyrtur því að menn yrðu að úrelda rúmmetra ef þeir voru að kaupa nýja báta eða koma bátum inn í þetta kerfi. Þetta hafði verð. Úreldingin hafði verð. Hinn frjálsi veiðiréttur fékk verð. Verð þorskaflahámarksbáts með kvóta í þorski var líka ákveðið vegna þess að það var frjáls aðgangur í aðrar tegundir. Núna þegar þessi ákvörðun var tekin og lögin gengu í gildi 1. september þá varð verðfall á þessum hluta veiðiréttarins. Það er eitt af því sem er vandamál hjá þeim sem eru nýir í greininni. Þeir hafa borgað fyrir veiðiréttinn, réttinn að „frjálsa aðganginum“ og þess vegna eru margir þeirra núna í vanda staddir. Þeir hafa fjárhagslegar skuldbindingar vegna frjálsa veiðiréttarins sem búið er að afnema en hafa hins vegar mjög takmarkaðan aðgang eða aðgengi í veiði í ýsu, steinbít, ufsa og öllum þessum tegundum. Þetta er á vissan hátt kjarni málsins. Þess vegna finnst mér ekki alveg sanngjarnt þegar menn tala um það eins og verið sé að færa mönnum mikil verðmæti þegar verið er að búa til veiðirétt fyrir þá með þessum hætti.

Þess vegna finnst mér ekki alveg sanngjarnt þegar menn eru að tala um það eins og verið sé að færa mönnum svona mikil verðmæti þegar verið er að búa til veiðirétt til þeirra með þessum hætti.

Ég hitti trillukarl um daginn, góðan vin minn, sem var einmitt að segja mér frá því — hann var í aflamarkskerfi á sínum tíma og hafði veitt um 100 tonn á ári á viðmiðunarárunum — að hann hefði verið svo „óheppinn“ að hafa heimildir til veiði á rækju og hefði þess vegna verið skertur í þorski. Síðan segist hann sitja undir uppnefni um það að hann hafi fengið gjafakvóta þó að kvótinn hans í þorskinum hafi verið 20 tonn eftir að hafa veitt 100 tonn á ári árin á undan. Auðvitað eiga menn erfitt með að skilja þetta, að menn séu nánast eins og ölmusumenn og hafi þegið gjafir þegar þeir eru í þessari stöðu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson benti réttilega á það hvernig við höfum ár frá ári verið að auka veiðirétt smábátanna. Hann sagði sem ég vissi ekki um að hefðu lögin frá 1990 gilt, lögin sem Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkurinn og Framsfl. fengu samþykkt á þeim tíma, væri veiðiréttur þessara báta, og ég vefengi hann ekkert um það, 1.500 tonn. Og það er alveg rétt sem hv. þm. sagði — ef þetta hefði gengið eftir værum við auðvitað ekki með neinn smábátaflota, hann væri búinn. En okkur hefur tekist að auka veiðiréttinn með ýmsum aðgerðum, og við skulum ekki gleyma því að þetta hefur ekki alltaf verið svona, það hefur ekki alltaf verið þorskaflahámark. Við höfðum hérna um tíma banndagakerfi og ýmislegt annað sem var ekkert sérstaklega vinsælt, og þegar við bjuggum til þetta kerfi á árunum 1995 og 1996 voru menn komnir í það öngstræti með banndagana, sem á vissan hátt voru þó framfarir frá því sem áður hafði verið, að menn töldu að þeir gætu hvorki lifað né dáið í þessu kerfi.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að snúa mér aftur að þessu frv. Ég sagði áðan að það væri niðurstaða af margra ára streði og ströggli og auðvitað er það svo að þetta er niðurstaða. Þetta er engin óskaniðurstaða, hvorki mín né mjög margra annarra, en þetta er niðurstaða og kosturinn við hana — og það er auðvitað það sem gerir það að verkum að ég og fleiri sem höfum haft efasemdir um þessa leið styðjum hana — er að verið er að auka veiðirétt smábátanna, þessa mikilvæga bátaflokks sem er svo mikilvægur fyrir margar af þeim byggðum okkar sem eiga ekki í önnur hús að venda.

Ég vakti aðeins athygli á því í morgun í örstuttu andsvari að stóra málið þegar svo væri komið væri auðvitað að finna viðmiðunartímabilið og þetta er auðvitað býsna erfitt mál. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur sem ætlum að reyna að vinna að gerð þessara laga, bæði stjórn og stjórnarandstöðu, að velta þessu máli vel fyrir okkur vegna þess að við verðum auðvitað að hafa klárt hvert markmiðið er.

Markmiðið, að mínu mati, með þessu frv. er ekki síst það að reyna að verja atvinnuréttindi þeirra sem eru að stunda atvinnugreinina um þessar mundir. Þess vegna varð niðurstaðan sú að hafa viðmiðunina tiltölulega nýja í ljósi þess að við vildum þá tryggja það að viðbótarveiðirétturinn, sem er að koma með ýmsum hætti inn í þessa grein, væri örugglega í höndunum á þeim sem eru að veiða á þessum tíma. Við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur ýmsu í þessum efnum, og ég vil varpa upp ýmsum álitamálum. Í fyrsta lagi: Á þessi dagsetning að vera eins og hún er í frv., á að miða við allt síðasta fiskveiðiár? Með því móti er auðvitað ljóst mál að verið væri að koma lengra til móts við þá sem eru með nýjustu reynsluna, þau byggðarlög sem eru kannski viðkvæmust af þeim ástæðum. Aðrir hafa bent á að það sé ekkert óeðlilegt að miða við að menn geti valið annað tveggja fiskveiðiára en þá þurfa menn auðvitað líka að ganga úr skugga um að það leiði ekki til þess að við séum að færa fiskveiðirétt til þeirra sem hafa horfið út úr greininni því það er ekki markmiðið. Markmiðið er að tryggja atvinnuréttindi þeirra sem starfa í atvinnugreininni, réttinn til þess að veiða. Sama á við um

útreikninga á hlutdeild smábáta þegar um aukningu á ýsuafla verður að ræða.

Annað álitamál sem ég vil fitja upp á í þessum efnum er ákvæðið um að menn geti býttað á milli kerfa, stóra kerfisins og litla kerfisins svo ég tali bara mál sem a.m.k. við innvígðir skiljum ágætlega. Þetta er auðvitað heilmikið álitamál. Það er engin spurning um það að á vissum svæðum, t.d. á norðanverðu landinu, getur þetta gefið ýmis færi fyrir smábátakerfið, t.d. að verða sér úti um ýsukvóta í staðinn fyrir þorskkvóta. Þetta getur hins vegar haft í för með sér ýmsar hættur sem maður er þegar farinn að heyra af, að braskarar í þessari grein séu að reyna að velta fyrir sér — og ég tel sjálfsagt mál að nefndin fari mjög rækilega yfir það hvort hafa eigi þessa heimild meira takmarkandi, hvort gera eigi tilraun til eins árs, og takmarka hana við kannski eina eða tvær tegundir gagnstætt því sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þetta er atriði sem ég vil aðeins að við veltum fyrir okkur vegna þess að við viljum — og það er að mínu mati grundvallaratriði varðandi þetta mál og lykilatriði varðandi þennan þátt fiskveiðistjórnarinnar — verja kerfi smábáta sem ekki geti sameinast kerfi stærri bátanna. Það er grundvallaratriði. Ég held að þrátt fyrir að menn deili um mjög marga hluti í sambandi við þessa fiskveiðistjórn sé meiri sátt um þetta markmið í sjálfu sér en ýmislegt annað. Ég vona að menn geti tekið undir það með mér.

Að lokum vil ég segja að við þurfum auðvitað líka að skoða með hvaða hætti við tökum á rétti þessara báta til þess að veiða aðrar tegundir en heföbundnar innan smábátakerfisins. Það er ýmislegt sem kemur þar til álita, og síðast en ekki síst vaknar spurningin um það hvernig við ætlum að taka á vanda dagabátanna. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst vilja sínum til þess að nálgast það mál og ég held að óhjákvæmilegt sé að við ræðum það. Þetta er auðvitað vandi í því kerfi og við verðum auðvitað að reyna að nálgast það þó að ég geri mér líka grein fyrir því að seinna í vetur eigum við eftir að taka á ýmsum öðrum þáttum smábátamálsins sem verður væntanlega ekki tóm til þess að ná utan um í þessu viðfangi núna, svo sem eins og spurninguna um stærðartakmörkin í þessu kerfi en sú spurning er að mínu mati mjög mikilvæg í þessu sambandi.

Virðulegi forseti. Kosturinn við þetta frv. hér er auðvitað sá að það afstýrir því frjálsa tekjufalli sem byggðirnar, einstakar útgerðir, sjómenn og útvegsmenn hefðu annars orðið fyrir. Það er alveg ljóst mál að fjölmargar útgerðir munu einfaldlega ekki lifa af árið, eða veturinn skulum við segja, af þeirri einföldu ástæðu að þær hafa svo lítinn veiðirétt við þær aðstæður sem núna eru við gildandi lög. Með þessu frv. er þó a.m.k. verið að reyna að koma til móts við vanda þessara báta. Ég vil líka í þessu sambandi vekja athygli á t.d. Vestfirðingum sérstaklega — þeir hafa auðvitað veitt mjög mikið af þessum aukategundum, ýsu og steinbít, og verði niðurstaðan af þessari löggjöf, sem ég vonast svo sannarlega til, sú að við reynum að komast sem næst núinu, raunveruleikanum, í úthlutuninni þannig að við tökum sem mest tillit til þeirra sem eru að störfum í dag getum við sagt að hlutdeild Vestfirðinga í bæði ýsu- og steinbítsveiðinni hjá smábátunum verði mjög líklega um og yfir 50%. Og auðvitað getum við sagt sem svo, og það er rétt, að með þessu skapist ákveðið forskot sem þessir bátar eiga auðvitað að geta haft vegna þess að þeir hafa þarna sem betur fer meiri veiðirétt sem helgast eingöngu af því að þeir hafa verið að stunda þessar veiðar í þessu kerfi. Það er ekki verið að færa þeim neinar gjafir. Það er einfaldlega verið að tryggja að þeir hafi möguleika í átt til þeirrar tekjuöflunar sem þeir hafa haft í þessari „frjálsu" veiði sem þeir hafa verið að stunda vegna þess að auðvitað hafa þeir líka verið takmarkaðir, bæði af stærðartakmörkunum og veiðarfæratakmörkunum.

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig hægt að fara almennum orðum um fiskveiðistjórnarmálin og fiskveiðiráðgjöfina eins og hér hefur verið gert í dag, á margan hátt prýðilega. Ég ætla hins vegar að spara mér þá umræðu. Ég kaus að reyna að fjalla fyrst og fremst um þetta afmarkaða viðfangsefni sem smábátalöggjöfin er. Ég hef sjálfur talið að hún snerist um gríðarlega mikla hagsmuni, og er algjörlega sammála því að allt þetta tal um gjafakvóta og eignarhald er aukaatriði í samanburði við þau réttindi byggðanna sem við verðum að reyna að verja.

[15:10]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vék fyrr í dag að því atriði að Alþingi hefði á vordögum 1999 samþykkt að eigi skyldi verða meiri skerðing á tekjumöguleikum manna, t.d. í dagakerfinu, en 10%. Nú vil ég spyrja hv. 1. þm. Vestf. hvort hann líti ekki svo til að þegar menn voru að breyta þessu úr 25% tekjusamdrætti í aðeins 10% á milli ára hafi þeir í raun og veru verið að gera það upp við sig á hv. Alþingi að skarpara tekjufall heldur en það væri mönnum ekki bjóðandi í þessari veiðiútfærslu. Þarna var að vísu eingöngu átt við dagakerfið en ég hygg þó að þau sjónarmið hafi verið ríkjandi að það væri óverjandi að láta menn standa frammi fyrir skarpari samdrætti en 10% á milli ára. Ég hygg að í mörgu sem við getum vitnað til í orðum hæstv. sjútvrh. á undanförnum missirum megi líka finna að hann hafi margoft sagt að ekki ætti að breyta kerfinu svo hratt að menn biðu af því það mikinn skaða að þeir lifðu ekki af í kerfinu. Þá er kannski verið að tala um hið almenna kerfi frekar en smábátakerfið. En við hljótum samt að líta til jafnréttissjónarmiða þegar við erum að tala um þetta.

Svo vil ég staðfesta að ég sagði hjá Landssambandi smábátaeigenda, eins og hv. þm. vitnaði til, að ég teldi að miðað við 7–8 þús. tonna heimildir í ýsu væri enginn vandi að útfæra sóknartakmarkanir inn í það kerfi smábátanna sem mundi stýra aflanum inn á það hámark, og ég vil spyrja hv. 1. þm. Vestf. hvort hann sé ekki sammála mér um að það væri hægt.

[15:13]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé alveg rétt sem hv. 4. þm. Vestf. var að segja, að vorið 1999 tókum við þá ákvörðun að draga úr þessum skerðingarmögleikum sem búið var að byggja inn í löggjöfina varðandi smábátakerfið og dagakerfið. Og ástæðan var auðvitað sú að við sáum að miðað við þann afla og þá sóknargetu sem dagakerfið hefði ræki fljótlega að því að þessir dagar yrðu komnir niður í algerlega óviðráðanlegt núll. Þess vegna gripum við til þessara úrræða.

Ég er alveg sammála hv. þm. um að við mikið og stöðugt tekjufall í sjávarútveginum er náttúrlega ekki búandi, og það er auðvitað það sem við lendum í upp úr 1990 þegar tekjufallið verður þar, sérstaklega í þorskveiðunum. Það hafði auðvitað afleiðingar sem engan okkar gat órað fyrir og hefur auðvitað haft skelfilegar afleiðingar fyrir byggðirnar. Við þurfum ekki annað en að sjá ýsuna í þessu sambandi, tegund sem oft hefur borið á góma hérna, þar sem við erum núna að veiða u.þ.b. helminginn af því sem við máttum veiða árum

saman. Auðvitað er þetta undirstaða vandans sem við erum að glíma við. Auðvitað veldur það stóra ágreiningnum að við erum að skipta stöðugt minni og minni köku og það er það sem er svo alvarlegt.

Ég er síðan algerlega sammála hv. þm. um það líka, og það hefur aldrei bögglast fyrir mér, að það væri hægt að stjórna þessum veiðum öðruvísi en að magnbinda þetta ofan á hvern einasta bát og hverja einustu fleytu. Ég stóð líka í því, og ég held að við hv. þm. höfum verið býsna einir í þeirri vörn í sumar, að verja þá umdeildu ákvörðun hæstv. sjútvrh. að gefa steinbítsveiðina frjálsa með sóknartakmörkunum. Ég held að þá hafi það gerst að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson og hæstv. sjútvrh. urðu sammála, a.m.k. þá daga.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin. Aðeins varðandi það sem hv. þm. vék hér að í ræðu sinni um viðmiðunartímabilið. Ég held, svo maður leggi nú gott til mála stundum, að menn eigi, ef þessi leið verður farin, að bjóða mönnum upp á það að velja annað árið af tveimur næst sér, þ.e. heila fiskveiðiárið, annaðhvort síðasta fiskveiðiár eða fiskveiðiárið þar á undan. Ég held að þá sé komist næst því að mæta sjónarmiðum manna, bæði vegna þess að þeir hafi þá verið að kaupa sig inn í greinina og eins hitt að aflabrögðin hafa verið að breytast, t.d. fyrir Norðurlandi. Það er staðreynd að ýsan hefur verið að ganga austur um Norðurland og þeir menn sem þar hafa verið að veiðum eiga litla viðmiðun og mundu kannski ekkert fá hana út úr þeirri viðmiðun sem sett er upp í frv. Þess vegna held ég að bjóða ætti mönnum upp á það að velja annað árið til viðmiðunar af tveimur síðustu og þá er það undir hverjum og einum komið ef slíkt kemur upp til umræðu.

Varðandi það sem þingmaðurinn vék að áðan í svarinu, þá er það auðvitað rétt, og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vék einnig að því í dag, að nýting okkar á botnfiskstofnunum er hörmung. Við vorum að nýta botnfiskstofnana í 50 ár með 637 þús. tonna afla að meðaltali, í hálfa öld, og í þeirri samlagningu er ég eingöngu með þorsk, ufsa, karfa, steinbít, grálúðu og skarkola. Núna vantar 296 þús. tonn upp á að við séum að veiða sama magn úr sömu stofnum.

[15:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Vestf. tók mikinn þátt í umræðunni í vor þegar lagt var fram frv. sem gekk út á það að endurskoðunin á veiðum smábátanna fylgdi endurskoðuninni á fiskveiðikerfinu í heild. Og það var hann sem ákvað það hér að það frv. sem ég var að nefna kom ekki til afgreiðslu í þinginu. Ég spyr þess vegna: Er hv. þm. þá ánægður með það sem upp úr þessu hafðist sem er þetta frv. núna? Eða telur hann að það hefði kannski verið heppilegra að menn hefðu horft á allt málið í einu? Eða þriðji möguleikinn: Er það kannski svo að hann reikni ekki með því að neinar marktækar breytingar verði á lögunum um stjórn fiskveiða og þess vegna hefði endurskoðun á smábátakerfinu í sjálfu sér ekki haft neitt annað í för með sér en að verða svolítið seinna á ferðinni og útkoman hefði orðið sú sama? Því að hv. þm. er greinilega að boða og gerir fastlega ráð fyrir því — ég dreg það af orðum hans — að seinna í vetur muni menn glíma við aðrar lagabreytingar en þessar á lögunum um stjórn fiskveiða. Það hlýtur þá að þýða að hingað eigi að koma með frv. sjútvrh. sem hann hefur boðað í kjölfar þess að meiri hluti endurskoðunarnefndarinnar skilaði af sér. Það verður þá ekki mjög langt á milli þeirrar lagasetningar sem nú er verið að tala um um smábátana og síðan endurskoðunarinnar sem á að gera á grundvelli afskilnaðar nefndarinnar.

[15:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. var að rifja upp, ég var mikill talsmaður þess að fresta gildistöku ákvæðanna um smábátana um einhvern tíma. Ég barðist fyrir því strax þegar ég varð formaður sjútvn. að það væri gert, og það tókst sem betur fer að fresta því um eitt ár þó að ekki væri hægt að stóla þá á stuðning stjórnarandstöðunnar í því efni frekar en oft áður í góðum framfaramálum. En engu að síður tókst okkur að fresta gildistökunni um eitt ár og það var auðvitað mjög mikilvægt fyrir þessar byggðir.

Ég mat það þannig í vor og það var mat okkar margra sem höfðum verið í þessari sömu vinnu að það væri ekki til góðs fyrir okkur að fara með málið vanbúið inn í þingið án þess að hafa neitt í hendi og þess vegna var það skoðun okkar að skynsamlegast væri að gera það sem við gerðum í vor, að reyna áfram að vinna að því að auka veiðirétt smábátanna með öðrum hætti.

Hv. þm. spurði mig hvort ég væri ánægður. Ég tel að þetta sé viðunandi niðurstaða og þetta veitir þessum bátum aukinn fiskveiðirétt, og ég held að í raun og veru sé ekki svo mikill ágreiningur um að í meginatriðum sé þetta til að mynda varðandi ýsu og steinbít sá fiskveiðiréttur sem menn vilja að sé smábátamegin í pottinum þó að menn greini hins vegar á um veiðiaðferðirnar.

Hv. þm. spurði mig líka hvort ég teldi að frv. um stjórn fiskveiða kæmi fram í vetur. Ég hef gengið út frá því sem gefnu og man ekki betur en að í lista með stefnuræðu hæstv. forsrh. komi fram og sé boðað að slíkt frv. muni líta dagsins ljós. Þá verði m.a. tekin afstaða til spurningarinnar um auðlindagjald, fyrningarleið og það allt saman og síðan eru ýmis atriði sem þarf að líta til varðandi smábátana sem ekki er búið að ljúka og ég nefndi hér áðan einhver atriði í því sambandi.

Ég tel að hvað sem líður umræðunni um frestun og ekki frestun þá hefðum við á endanum þurft að komast að niðurstöðu því að málinu hefði ekki endalaust verið hægt að fresta og þá hefðum við orðið að taka afstöðu til þess hvaða veiðirétt við ætlum að láta þessa smábáta hafa og með hvaða hætti við ætlum að stjórna þeim veiðum.

[15:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var einfalt frv. sem var til afgreiðslu í vor, gekk út á það að fresta því að lögin gengju í gildi. Í sjálfu sér var ekkert flókið að taka afstöðu til þess, það var bara spurning um viljann, hvort menn vildu fresta þessu áfram eða ekki.

Mig langar til að spyrja um eitt og það er þetta: Þegar hv. þm. var að gera því skóna áðan að vestfirskir smábátar fengju helminginn af þeim veiðirétti, ef ég hef skilið hann rétt, sem yrði á smábátunum eftir þessa lagabreytingu, var hann þá að gera ráð fyrir því að viðbótin sem hæstv. sjútvrh. á að úthluta komi líka til Vestfjarða á næstunni?

Ég vil síðan endurtaka að ég tel fulla ástæðu til að fara vandlega yfir þessa hluti og skoða hvernig veiðar smábáta hafa verið á undanförnum þrem til fjórum árum, sérstaklega síðustu þrem árum, vegna þess að þegar teknar hafa verið

ákvarðanir um að veita mönnum veiðiréttindi þá hefur yfirleitt verið miðað við þrjú ár og menn hafa geta valið tvö af þessum þremur árum. Það hefur kannski verið sú regla sem helst hefur verið hægt að kalla reglu þegar menn hafa verið að velja slíka niðurstöðu. Ég spyr hv. þm. hvort hann telji ekki að ástæða sé til að fara yfir gögn hvað varðar veiðar báta um allt land í þessum flokki til að átta sig á því hvernig veiðisveiflurnar hafa komið út á sl. árum og hvort full sanngirni sé fólgin í því að hafa einungis viðmiðun á einu ári, hvaða ár sem það svo sem yrði.

[15:24]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get svarað hv. þm. því strax að auðvitað hef ég enga hugmynd um með hvaða hætti viðbótarpottar til byggðanna, jöfnunarpottarnir, muni dreifast milli landshluta. Það á allt saman eftir að skoðast og ég hef á þessum tíma engar forsendur til þess að velta því neitt fyrir mér í rauninni.

Það sem ég var eingöngu að vísa til var að ég var að vekja athygli á því að samkvæmt þeim upplýsingum og þeim tölum sem ég hef um veiðireynslu eða veiði á ýsu og steinbít hjá smábátum á því tímabili sem gert er ráð fyrir að sé viðmiðunartímabilið samkvæmt frv. þá er það þannig að veiðireynsla Vestfirðinga þessara tegunda í smábátakerfinu er um og yfir 50%, og ég var að vísa til þess.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að lengja eigi þennan viðmiðunartíma mjög mikið. Ég velti fyrir mér þessum tveimur spurningum, hvort hafa ætti viðmiðunartímann eitt fiskveiðiár eða tvö fiskveiðiár og leyfa mönnum að velja annað af þeim. Ég tel að ekki komi til greina að hafa þetta lengra vegna þess einfaldlega að eitt meginmarkmiðið með frv. er að koma til móts við þá sem stunda veiðarnar núna og ekki síst þá sem hafa stystu reynsluna, og það eru ýmis byggðarlög sem bókstaflega lifa og deyja með því að við reynum að tryggja að veiðiréttinum sé úthlutað á grundvelli slíkra prinsippa.

Síðan er annað sem við skulum ekki gleyma og það er auðvitað sú staðreynd að í ýmsum kaupsamningum, eins og ég veit að hv. þm. veit jafn vel og ég, er kveðið á um það bókstaflega að komi til nýs veiðiréttar eigi sá veiðiréttur sem hafi skapast á tilteknu tímabili að lenda í höndunum á þeim sem seldu. Og ef við lengjum þann viðmiðunartíma meira aftur á bak, þá er hættan auðvitað sú að æ stærri hluti af þeim veiðirétti lendi í höndunum á þeim sem eru hættir. Ég tel að það komi ekki til greina og mun beita mér harkalega gegn slíkum hugmyndum.

[15:26]

Útbýting þingskjala:

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, 239. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 266.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, 242. mál, fsp. KLM, þskj. 273.

Stofnun safnasjóðs, 240. mál, fsp. SJóh, þskj. 271.

Útbreiðsla ADSL-þjónustu, 241. mál, fsp. KLM, þskj. 272.

[15:27]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Í upphafi vil ég gjarnan beina spurningu til hæstv. sjútvrh. af því að ég missti af því og ég hef ekki heyrt að það hafi komið fram, að í síðustu málsgrein 7. gr. er talað um að útgerðum báta verði heimilt að velja milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmörkunum og skuli útgerðirnar velja fyrir 1. nóvember. Spurningin er hvort gefin hefur verið einhver skýring á þeim degi, að hann flytjist til, því að þegar menn lesa þetta velta þeir auðvitað fyrir sér hvaða tímatakmörk verða, það hljóti náttúrlega að verða að miða við einhverja daga eftir gildistökuna, ef af verður. Ég hef svo sem engar sérstakar áhyggjur af því að þessu verði ekki skotið inn en ég vona að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því á hvern hátt þetta er.

Virðulegur forseti. Það frv. sem við ræðum í dag sker nokkra úr þeirri snöru sem lagasetningin er gekk í gildi með nýju kvótaári 1. september sl. setti þá í. Menn voru komnir í snöruna og þegar þeir tóku við tilkynningunni, þeir sem stunduðu veiðar á svokölluðu 40 daga 30 tonna kerfi, meðaltalsafli þeirra var kominn niður í 8 tonn, hafði verið 22 tonn í þeim flota hjá 89 bátum, þá sögðust þeir hafa verið að taka á móti dauðadómnum.

Þess vegna sagði ég að verið væri að skera menn úr snörunni. Þeim er gefið færi á að velja það kerfi sem er núna orðið 21 dagur með þeim kostum og göllum sem því fylgja. En það kerfi er þannig að það kallar á varasamar vökur þegar menn eru að reyna að nota allan sólarhringinn til veiðanna. Og þetta segi ég til að benda á ágallann í því kerfi.

En ég vil segja við hæstv. sjútvrh. að virða ber það til betri vegar þegar menn reyna að bæta úr svo augljósum göllum eins og þarna voru við lagasetninguna sem tók gildi 1. september. Og ég skil það svo að þeim bátum, fimm bátum á landinu sem eru með línu- og handfæraleyfi, gefist kostur á að velja sig inn í þetta kerfi um leið. Þetta eru því, ef ég man rétt, 94 bátar alls sem þarna fá þó möguleika á að halda áfram.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir auknum kvóta í ýsu, steinbít og ufsa til þeirra manna sem fá þá úthlutun, og það verður fróðlegt að sjá hvernig það gerist. Fyrir skömmu var líka útdeilt kvóta í karfa, löngu og keilu. Svo að menn bara viti það hafa margar þær úthlutanir verið aðhlátursefni á heimilum sjómanna þar sem þeim hefur verið úthlutað jafnvel bara tveimur kílóum af löngu eða ufsa eða einhverri annarri tegund. Ég held að það sé hreinlega kjánaskapur að vinna að úthlutun á þennan veg, að senda mönnum í pósti tilkynningu um að þeir megi veiða tvö kíló af löngu eða keilu eða einhverju öðru.

Ég held að menn verði að átta sig á því að ef þeir eru að gefa heimildir fyrir meðafla þarf að setja a.m.k. hálft tonn, 500 kíló — því að það er kannski um lítinn afla að ræða í þessum tegundum — en menn geta þá sloppið við að gerast lögbrjótar, því að um leið og maður sem hefur tveggja kílóa heimild í löngu er kominn með einn fisk verður hann að henda öllum öðrum fiskum í sjóinn eða koma með þá í land, kaupa sér kvóta fyrir þeim eða þá að gerast lögbrjótur og landa fram hjá eða finna enn aðra úrlausn. Það eru svona gallar í þessu öllu saman, kvótakerfinu og öðru, sem menn þurfa að hafa eitthvert svigrúm fyrir. Og ég vona bara að hv. sjútvn. taki á svona málum og reyni að koma inn einhverri sveigju. Ég veit að hæstv. sjútvrh. skilur alveg hvað ég er að tala um í þessum málum.

Í þessu frv. er einnig verið að gæla við byggðakvóta. Það liggur ekkert enn þá fyrir hvernig á að fara með þá úthlutun og það hefur þegar komið fram mikill ótti varðandi slíkan kvóta, byggðakvóta. Menn eru alveg sannfærðir um að allveruleg mismunun geti komið út úr því. Rétt er að

geta þess að líklega misstu á annað hundrað manns vinnuna 1. sept. þegar gildistakan varð með nýju kvótaári. Þá hættu margir menn að róa, og í sjávarplássunum, sérstaklega á vestanverðu landinu, Vestfjörðum og á Vesturlandi og allt suður á Suðurnes, misstu menn hreinlega vinnuna. Það er á annað hundrað manns sem ég vona að fái einhverja vinnu aftur þegar menn eru búnir að bæta svolítið úr með þessu frv. Og ég treysti hv. sjútvn. til þess að ná niðurstöðu um smámál sem þarf að lagfæra svo að þetta gangi betur fyrir sig.

Herra forseti. Ég get heldur ekki sleppt því frekar en oft áður í mínum ræðum að nefna gleymda flotann. „Gleymdi flotinn", hvaða floti ætli það sé? Gleymdi flotinn er bátarnir frá 40 og upp í u.þ.b. 200 tonn, það er flotinn sem minnst hefur verið rætt um. Þar sitja margir í þeirri súpu að hafa litlar aflaheimildir, þeir eru leiguliðar stórútgerðarmanna og eru sumir að leigja sér kvóta fyrir yfir 100 milljónir. Bátar með sex, sjö manna áhöfn eru að leigja til sín kvóta fyrir yfir 100 milljónir og fá til skiptanna verð sem er frá 20 og upp í kannski 70 kr. Þetta er nú allt hagræðið sem er í kerfinu.

Og hverjir hirða þetta hagræði? Það eru einhverjir kvótaeigendur, hvort sem menn kalla þá litla eða stóra, sægreifa, smágreifa eða eitthvað annað. Kerfi, sem býður upp á slíkt, finnst mér ranglátt og ég held að það sé ómanneskjulegt og ég held líka að það sé ekki það hagræði í því sem menn hafa reiknað út.

Virðulegi forseti. Ég tek þátt í þessari sjávarútvegsumræðu á sömu forsendum og áður — það verður að auka jafnræði milli þeirra manna sem starfa við sjávarútveg, vilja starfa við sjávarútveg og eiga ekki möguleika á öðru en að vinna þau störf sem tengjast sjávarútvegi. Ég vil enn þá ítreka það sem ég hef oft sagt hér í þessum ræðustól, öll útgerðarmynstur eiga rétt á að vera með í íslensku útgerðarflórunni. En ég verð að segja það aftur að ég finn mest til með þeim sem hafa verið að brjótast í að byrja í kerfinu og þeim sem eru að berjast meira og minna við leigukvótana.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að flytja langt mál að þessu sinni. Ég verð að segja að ég vona að hv. sjútvn. nái að bæta úr því sem hefur farið aflaga. Ég hef farið nokkrum viðurkenningarorðum um þau atriði sem losa snöruna frá hálsum manna en ég get ekki, virðulegur forseti, gengið mikið lengra en það. Ég óska sjútvn. alls hins besta í sínum störfum, að hún nái að lagfæra eitthvað af þeim atriðum sem ég var að nefna.

[15:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara svona af því að það kom fram í máli hv. þm. að við í sjútvn. þyrftum að taka margt til athugunar, m.a. stöðu aflamarksbáta — hann nefndi nú reyndar 40–200 tonn. Ég vil bara minna á það að ég og sá hæstv. forseti sem hér situr í stól núna fluttum á sl. þingi tillögu um að lagfæra stöðu skipa frá 0–20, frá 20–40, 40–60, 60–100, 100–150 og 150–200, aflamarksskipa sem hefðu minni kvóta en 80 tonn, hefðu leigt til sín á undanförnum missirum meira en 40 tonn — þó var það ekki skilyrði gagnvart minnstu bátunum. Allt var þetta gert í þeim tilgangi að leitast við að aðstoða menn á aflamarksskipunum — sem hv. þm. gerði að umtalsefni í ræðu sinni — menn sem hafa lifað nánast við sult og seyru og verið að halda uppi leigugreifum með því að borga þeim sérstakt gjald fyrir leigu á aflaheimildum. Ætlunin var að tryggja þeim aðlögunartíma til þess að lifa af fram að heildarendurskoðun kerfisins. Nú virðist þessi heildarendurskoðun eingöngu snúa orðið að því hvort menn borgi X milljónir í auðlindagjald eða ekki en allt annað á að vera óbreytt.

Ég mun vissulega beita mér fyrir því, hv. þm., að taka umræðu um stöðu aflamarksbátanna í sjútvn.

[15:40]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég lýsi bara ánægju minni með þetta andsvar. Það er einmitt í þeim anda sem ég vildi gjarnan fá að heyra, að menn mundu taka á þessum gleymda flota. Menn hafa ekki leiðrétt þau vandamál sem þar eru, og þau eru töluvert mörg. Það þarf kannski ekkert ofboðslega mikið til þess að bæta verulega úr. Ég kann hv. þm., Guðjóni Arnari Kristjánssyni og þeim sem með honum eru í þessum málflutningi, hinar bestu þakkir. Ég hefði gjarnan viljað taka þátt í þessu frv. og lýsi bara hér með ánægju með viljann til þess að bæta úr hjá þeim hópum sem að þessu standa. Ég veit að menn gera sér grein fyrir þessu enda er þetta ekki bundið við einstaka staði. Þetta er bundið við ýmsa staði allt í kringum landið, og einstaklinga sem ná ekki að brúa bilið nema með því, eins og hér kom fram áðan, að leigja til sín óhemju mikinn kvóta til þess að tengja saman a.m.k. atvinnuna allt árið fyrir þá menn sem þeir eru með í vinnu hjá sér, og ég hygg að 40 tonn sé ágæt viðmiðun. Þurfi menn að leigja til sín meira en það þarf að skoða stöðu þeirra.

[15:41]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er lagt fram af hæstv. sjútvrh. er vinna ýmissa aðila að því að lagfæra það ástand sem hefur ríkt hjá smábátamönnum frá því að lög voru sett á þá árið 1999, en þau lög voru af mörgum, þegar skoðað var síðar meir, álitin ganga of skammt til þess að krókabátar gætu lifað í því kerfi sem þeim var ætlað. Þessi lög 1999 voru samt samþykkt hér mótatkvæðalaust á þinginu. Þegar þau voru sett sáu menn glöggt að ekki var um annað að ræða en að setja smábáta á kvóta, og þá ekki einungis í þorski heldur einnig í öðrum tegundum.

Þær tillögur sem hér liggja frammi eru í mínum huga mjög góðar og í anda þess sem unnið var eftir á þessu ári, og vil ég nú þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa unnið vel með smábátamönnum að þessu máli og öðrum aðilum sem málið varðar og hafa sýnt því áhuga. Ég vil um leið segja að mér þótti mjög einkennilegt í þeirri vinnu sem fór fram að Landssamband smábátaeigenda og fulltrúar þeirra vildu hvergi koma nærri, og það var sama hvernig við þá var rætt um það að koma að því með einhverju móti til þess að tryggja hag sinna umbjóðenda — þeir höfðu ekki neinn áhuga á því að ræða neinar breytingar innan þessa kerfis því að þetta kerfi væri þeim ekki þóknanlegt. Þeirra barátta var fyrst og fremst um að breyta kerfinu aftur til fyrra horfs eins og það var 1996. Og ég verð að lýsa því hér yfir að mér fannst frekar dapurt að það skyldi enda þannig að Landssamband smábátaeigenda, sem er sá félagsskapur sem á að gæta hagsmuna smábátaeigenda, skyldi hvergi vilja koma nærri.

Þau atriði sem hér eru talin upp í þessu frv. eru öll til bóta að mínu mati. Það sem skiptir þó mestu máli er 7. gr. um viðbót á aflahlutdeild til krókabáta í ýsu, steinbít og ufsa. Jöfn skipti á milli kerfa skipta miklu máli sem og það atriði að smábátar geti selt sín á milli og smáfiskur sé heimill í aflanum að stærri hluta en áður hefur verið. Eflaust má ræða lengi um það hvort það hefði verið betri leið að miða við

einhver önnur tímabil ef við lítum á 7. gr., það hefði e.t.v. átt að miða við tvö ár í staðinn fyrir eitt eða leyfa mönnum að velja betra árið af tveim eða eitthvað því um líkt. Ég veit vel að þau sjónarmið koma upp og menn vildu fá að velja sér tvö ár eða taka meðaltal tveggja ára. En þetta varð niðurstaðan og það sem gerist síðan er að þeir bátar sem hafa verið að veiðum á síðasta ári og fram á þetta ár eru allir að fá eitthvað. Ég veit um dæmi þess að menn eru að þrefalda og fjórfalda afla sinn miðað við kvótaúthlutunina 1. sept. sl. Sem dæmi um þetta fékk bátur 1. sept. 5 tonn en verður með 20 tonn — hann mun í því tilfelli fjórfalda afla sinn en hann bætir við sig 15 tonnum frá því sem hann hefði annars fengið að óbreyttu. Fyrir þennan aðila er þetta gríðarlega mikið hagsmunamál.

Ég veit um önnur dæmi, t.d. um einn sem fær 17 tonn til viðbótar af ýsu við 26 tonn sem hann hafði fengið úthlutað 1. september sl. þannig að fyrir þann aðila er þetta mikil bót og fyrir alla þá sem stunduðu veiðar á síðasta ári og fram til 31. maí á þessu ári, fyrir þá er þetta frv. mikil bót. Ég heyri ekki annað en að flestallir trillukarlar séu tiltölulega sáttir við það sem er að gerast. Ég held að þeim sé orðið það ljóst, eins flestum í þjóðfélaginu vona ég, að það gat ekki gengið öllu lengur að krókabátar einir væru með frjálsar heimildir til veiða í botnfiski umfram alla aðra. Ekki vegna þess endilega að þeir ættu það ekki skilið og það væri ekki mikilvægt fyrir byggðirnar heldur eingöngu vegna þess að smábátarnir eru orðnir það afkastamikil veiðiskip að sá floti einn gæti veitt allan botnfiskafla sem leyfilegt er að veiða við Íslandsstrendur, ef allir þeir bátar sem þar eru yrðu stækkaðir upp í hámarksafköst eins og þau gerast best í dag. Við höfum því einfaldlega séð þetta kerfi smám saman springa þannig í andlitið á okkur að ekki væri við neitt ráðið og þá hefði ekki einu sinni verið hægt að semja. Staða krókabátanna hefði því hugsanlega verið mun verri eftir það en hún er með þessu.

Með þessari breytingu er náttúrlega fyrst og fremst verið að reyna að tryggja að þeir sem hafa stundað krókaveiðar sem fulla atvinnu geti gert það áfram þrátt fyrir breytinguna. Þeir sem eiga ekki möguleika á því að stunda þetta sem fulla atvinnu með þeim afla sem þeim er úthlutað hafa möguleika á því að kaupa sér eða leigja frá öðrum sem gefur þeim þá viðbótarmöguleika. Það er mjög mikilvægt og er þá um leið að gera þetta kerfi að alvörustjórnkerfi.

Ég heyri það á mörgum trillukörlum að þeir bíða eftir því að geta farið að fjárfesta í þessu kerfi, í aflaheimildum, þ.e. að kaupa eða leigja til sín afla og fjárfesta til framtíðar vitandi það að verið er að reka smábátaútgerðina í kvótakerfi sem er sýnilegt að muni standa til margra ára. Það er mjög mikilvægt fyrir smábátakarla, trillukarla og alla sem stunda sjávarútveg að vita að reka eigi sjávarútveginn samkvæmt aflastýringarkerfi eða kvótakerfi um nánustu framtíð því að öðruvísi getur enginn treyst sér til að fjárfesta sem einhverju skiptir og vita aldrei nema ár fram í tímann hvort þeir fái einhverja aflaúthlutun eða ekki. Það er því afskaplega mikilvægt fyrir alla aðila að fá þetta á hreint og þessi lög í sjálfu sér gera það eins skýrt og mögulegt er og þess vegna sé ég ekki fyrir mér annað en að þeir aðilar verði mjög sáttir með það.

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að þó að sátt náist við sjómenn um það sem verið er að vinna í þinginu af stjórnarmeirihlutanum þá virðist vera mun erfiðara að ná sátt milli stjórnmálamanna um hvernig stýra eigi sjávarútvegskerfinu. Það kemur hver aðilinn á fætur öðrum í stjórnarandstöðunni með nýjar og nýjar hugmyndir um hvernig stýra eigi að veiðunum. Við höfum séð það í gegnum árin hvernig menn hafa komið með hverja hugmyndina á fætur annarri og hafa stundum náð fótfestu með þær hugmyndir sínar. Og út á hvað hefur það verið? Það hefur verið út á það að náðst hefur samhljómur í því að kalla útgerðarmenn gjafakvótamenn, þeir hafi fengið þetta á silfurfati, öll verslun með aflaheimildir og annað væri brask og reynt að gera ímynd útgerðarmanna braskkennda. Þeir hafi ekki verið heiðarlegir eftir því sem manni hefur heyrst í þeim áróðri sem verið hefur gagnvart útgerðarmönnum almennt í landinu. Þeir hafa í raun og veru orðið fyrir einelti í áraraðir út af þessu kerfi sem Alþingi bjó til.

Maður hefði búist við því að með þeim hugmyndum sem komu út úr sáttanefndinni og öllum þeim nefndum sem hafa verið í gangi, að menn næðu einhverri niðurstöðu og hættu þessu einelti og að því kæmi að menn sæju að það ætti að gefa þessari atvinnugrein tækifæri til að þróast án svona mikillar gagnrýni eins og verið hefur. En ég sé á þeim frv. sem fram undan eru og þeirri umræðu sem hefur verið hér í dag að það verður ekki, því að nú þegar liggja fyrir frv. um svokallaða fyrningarleið sem menn hafa verið að reyna að átta sig á hvað þýði og síðan hafa enn aðrir haft mikinn áhuga á færeysku leiðinni. Þegar maður lítur á svokallaða færeysku leiðina þá er látið eins og sú leið hafi aldrei verið reynd. Við höfum reynt sóknardagakerfi hér á Íslandi, reyndar ekki með úthlutun sóknardaga á hvert einasta skip fyrir sig sem væri síðan framseljanlegt heldur hafa útgerðir fengið að vera á sjó ákveðna daga og allir fengið að vera á sama tíma í svokölluðu skrapdagakerfi. Að fara út í sóknardagakerfi er allt annað fyrir okkur en Færeyinga sem voru með sjávarútveg sinn í algerri rúst og sárafá skip eftir í útgerð í Færeyjum þegar verst stóð hjá þeim. Við erum aftur á móti með flota sem er svo stór, eins og ég sagði áðan, að aðeins smábátaflotinn, aðeins krókabátaflotinn getur veitt allan þann botnfiskafla sem úthlutað er á Íslandi í dag. Bara sá eini hluti flotans getur gert það. Þá eigum við eftir togaraflotann og bátaflotann og alla hina sem eiga sinn rétt til að veiða. Við getum því ekki bara af þeim ástæðum farið út í þetta nema þá að kaupa upp stærstan hluta flotans áður.

Þar að auki mundum við tapa þeirri hagkvæmni sem felst í að færa aflaheimildir á milli, einstaka tegundartilfærslur á milli skipa sem hefur reynst útgerðum og vinnslustöðvum í landi mjög hagkvæm og einnig sérhæfingu í vinnslu. Því held ég að við mundum tapa þar mjög góðum möguleika til að auka arðsemi greinarinnar.

Ég er líka hræddur um að með því sóknardagakerfi sem maður gæti ímyndað sér að kæmi hér, þá mundi upphefjast sama keppnin og hefur alla tíð verið í sóknarkerfi, þ.e. vertíðarfyrirkomulag þar sem allir keppast við að veiða sem mest á sem allra skemmstum tíma og kostnaður á sóknareiningu fer upp úr öllu valdi. Ég er því hræddur um að þetta kerfi muni aldrei geta gagnast okkur og vona ég að menn fari ekki að hringla með það enn eina ferðina.

Svokölluð fyrningarleið er svo enn annað og mér heyrist að sú umræða eigi eftir að komast á eitthvert skrið hjá stjórnmálamönnum að reyna megi svokallaða fyrningarleið. Fyrningarleið er í raun einhver aðferð eða tilraun til að taka allar fiskveiðiheimildir útgerðarmanna eignarnámi. Í raun felst það í fyrningarleiðinni að sósíalísera allar aflaheimildir útgerðarmanna og ríkið hafi þær til úthlutunar eftir sínum geðþótta. Það er svokölluð fyrningarleið. Ég skil ósköp vel þá menn sem hafa þá lífsskoðun að vilja að ríkið sjái um

stjórn á öllu. Kvótakerfið er aftur á móti aðferð þar sem útgerðarmaður getur nýtt langtímaveiðirétt sinn og skilað því sem honum ber með því að hámarka afrakstur af þjóðareigninni. Það er munurinn á þessum tveimur kerfum, fyrningarleiðin er allsherjarsósíalísering á þeim sjávarútvegi sem við stundum í dag.

Ég á ekki von á öðru en umræða um fyrningarleiðina verði hér í þingsölum. En ég vona að það nái ekki eins sterklega til almennings og annað, nema þá sem hrein deila um hvaða hugmyndafræði eigi að ríkja um rekstur fyrirtækja á Íslandi almennt og hugmyndafræðilega séð er ég svo sem ekki hræddur við þá umræðu sem er fram undan varðandi þetta svokallaða fyrningarkerfi. Það eina sem ég hef áhyggjur af varðandi það er útgerðarformið, að rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna í landinu truflist of mikið. Það verður að segjast eins og er að mjög vel hefur tekist að raska ró manna í sjávarútvegsgeiranum eins og hann er rekinn í dag. Sá áróður sem þar hefur dunið yfir menn er mjög ósanngjarn og útgerðarmenn hafa setið undir ámæli sem þeir eiga engan veginn skilið. Ég vona að með því frv. sem hér liggur frammi og þeim frv. sem hæstv. sjútvrh. á eftir að leggja fram á næstu mánuðum náist að skapa þá sátt um sjávarútveginn sem hann á skilið.

[15:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar að hann útlistaði nákvæmlega hvað einn bátur sem hann sagðist kannast við eða ein útgerð hefði fengið annars vegar í kvótaúthlutun, ég held að hann hafi nefnt ýsu ef ég tók rétt eftir, og hvað hann fengi samkvæmt þessu frv. Ég verð að segja að ég get bara ómögulega lesið það út úr frv. hvar hönd er á festandi nákvæmlega hvað menn fá í úthlutun því að í 3. gr. segir að ráðherra sé heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að..., og síðar segir: „Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis."

Ég vil spyrja hv. þm. úr því að hann getur nefnt svona dæmi hvort hann geti útlistað fyrir okkur eftir hvaða reglum er unnið. Hann hlýtur að hafa það úr því að hann getur nefnt slíkt dæmi að 5 tonn verði 15 tonn og einhver annar bátur fái 17 tonn o.s.frv.

Þá vil ég einnig spyrja hvort ekki sé rétt að slíkt skjal komi þá fram, ef það er til hjá stjórnarliðum, sem skýrir út allt efni frv. því að hér er bara heimildarákvæði sem enginn veit hvað þýðir.

[16:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki nákvæmlega hvort hv. þm. er eitthvað að ruglast í ríminu. Ég er ekki að tala um 3. gr. sem er eins konar byggðakvóti og eingöngu fyrir sjávarbyggðir sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ég er að sjálfsögðu að miða við 7. gr. þar sem verið er að bæta við krókaaflamarksbátana, í fyrsta lagi 1.800 lestum af ýsu, í öðru lagi 1.500 lestum af steinbít og svo í þriðja lagi 300 lestum af ufsa. Því skal skipta á milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 2000 til 31. maí 2001. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum sem ákveðin var í reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001–2002.

Það stendur hér einnig, með leyfi forseta: „Hlutur krókaaflamarksbáta skal eftir endurreikning hlutdeildar vera 14,4858770% í ýsu ..." o.s.frv. Ég ætla ekki að lesa upp allar þessar tölur en þetta stendur hér nákvæmlega. Það á út af fyrir sig ekki að vera vandamál fyrir þá sem vita hvað þeir hafa veitt mikið á þessu tímabili og hver úthlutunin er að finna út hvernig staða þeirra yrði eftir breytinguna. Allir vita væntanlega hvað þeir fengu úthlutað 1. sept.

Ég hef ekki fengið neitt skjal frá ráðuneytinu, ég vil bara taka það fram. Þetta kemur ekki frá ráðuneytinu í einhverju skjali til mín. Þetta er eingöngu það sem ég hef verið að skoða, og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en sú niðurstaða sé rétt.

[16:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Þarna kom ákveðin skýring á þessu, hæstv. forseti. Þær tölur sem hv. þm. vitnaði til byggjast þá ekki á 3. mgr. 7. gr. og ekki á 3. gr. þannig að eftir sem áður er það allt óljóst.

Síðan sagði hv. þm. að það væri sátt við sjómenn. Ég vil spyrja hvar hann hafi uppáskrift um það. Síðan sagði hann að menn vildu fjárfesta til framtíðar í svona kvótakerfi, smábátakerfi, og að um það yrði sátt. Ég hélt að skoðanakannanir hefðu sýnt að 70% af þjóðinni væru andvíg framseljanlegu kvótakerfi, það væri margbúið að kanna það í skoðanakönnunum.

[16:04]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að hv. þm. áttar sig á hvað það er margt í þessu frv. sem í raun er að opna möguleika smábáta til þess að bjarga sér betur en þeir höfðu áður gert. Í 3. gr. eru náttúrlega þessi 2.300 tonn sem er á valdi ráðherra að úthluta.

En varðandi annað sem hv. þm. minntist á, sátt við sjómenn — ég heyri ekki annað á þeim sjómönnum sem ég umgengst á mínu svæði en að þeir séu bara mjög þokkalega sáttir. Ég er ekki að segja að það sé 100% en það er mjög mikill einhugur að verða um það að ganga þessa leið, miklu meiri en var sem skiljalegt er enda var mikill hugur í mönnum þegar þessi umræða hófst. Ég heyri á mjög mörgum þessara manna að þeir hugsa sér gott til glóðarinnar að geta fjárfest og tryggt afkomu sína um ókomna tíð.

[16:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að biðja hv. þm. að útskýra það fyrir mér af hverju við ættum að trúa því að í þessu smábátakerfi sem þarna er verið að skapa núna, með framseljanlegum veiðiheimildum og með því að loka því alfarið eins og nú er stefnt að, verði nýsköpun og lífvænlegt. Hvernig mun nýliðun koma til eftir að það er gengið í gegn sem hér er lagt til? Nánast má segja að engin nýliðun hafi verið í útgerð á Íslandi frá því á síðasta áratug — nema í gegnum smábátakerfið, bara í gegnum þessa smugu sem verið er að loka núna. Hvað fær hv. þm. til að trúa því að með þessu fyrirkomulagi sem þarna er, sem hefur í sjálfu sér algjörlega sama grunn og stóra kerfið, verði tryggð einhver nýliðun og farsæl framtíð fyrir útgerð af þessu tagi?

Menn eru að tala um sátt við sjómenn í þessu — ég vil bæta því við að ég hef séð marga sem hafa verið á móti kvótakerfinu taka U-beygju og fara að vinna með því, þ.e. að tala með því. Það hefur yfirleitt verið vegna þess að þeim hefur verið úthlutað kvóta sem hefur verið það mikils virði að þegar þeir hafa áttað sig á hvað þeir gætu selt kvótann á hafa þeir talið sig hafa meiri hagsmuni af því að viðhalda þeim möguleika heldur en að fara að styðja einhverjar hugmyndir um breytingar sem mundu kannski gefa þeim miklu betri

rekstur í framtíðinni. Þeir hafa einfaldlega ekki tekið áhættuna af því að styðja það. Þannig hefur breytingin ævinlega orðið, þegar menn hafa ruglast af gullfæti útgerðarinnar.

[16:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta sem hv. þm. sagði um að afstaða manna hefði breyst þegar þeir fengu úthlutun — auðvitað er eðlilegt að menn vilji verja rétt sinn, það gera allir. Það er ekki fyrr en við förum inn í sósíalískt kerfi sem menn átta sig á því að þeir eiga ekki neitt.

Í þessu tilfelli átta menn sig á því að þeir eiga eitthvað, og í því kerfi sem við erum að byggja upp núna í kringum smábátana hafa þeir þann möguleika að geta tryggt betur afkomu sína með því að leigja eða kaupa frá öðrum. Þeir geta leigt meira að segja úr stóra kerfinu. Þeir geta skipt á aflaheimildum, þeir geta sérhæft sig og ég þykist vita að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi séð hvernig framsalið hefur eflt nýsköpun í vinnslu sjávarafurða, hvernig t.d. kolavinnslur hafa risið upp. Við höfum séð aðila sem eru meira að segja að sérhæfa sig í alls konar flúrum, í tindabikkju, meira að segja í skötusel og alls konar aukategundum sem enginn lét sér detta í hug að nýta áður. Ég þykist hafa fylgst með útgerð lengi og held að eftir að kvótakerfið var sett á hafi orðið alger bylting í meðferð afla og fjölbreytileika í vinnsluaðferðum um allt land.

Nýliðunin verður alltaf vandamál þegar um takmarkaða sókn er að ræða og menn þurfa að kaupa sig inn í kerfið. Ég hef séð það á þessum árum að menn hafa bara plumað sig ágætlega, þeir sem hafa farið af stað, en það kostar auðvitað peninga og það hefur alltaf kostað peninga að fara í útgerð. Það er ekkert nýtt.

[16:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er hv. þm. að tala um sérhagsmuni og þegar mönnum eru afhentir sérhagsmunir eins og gert er í þessu kerfi komast þeir í þá stöðu að verja sína eigin sérhagsmuni. Þeir eru ekki að horfa á heildina í þessu, og ég tel að hv. þm. ætti að varast að nota orðið „sósíalísering" þegar verið er að tala um þjóðarauðlindina. Hann vill sem sagt að hún verði í einkaeign, að hún verði endanlega tekin af þjóðinni með þessu fyrirkomulagi sem hér er, og henni komið í hendur einkaaðila til frambúðar til algjörrar eignar. Það er full ástæða til að fara yfir það inn í hvaða framtíð við erum þá að stefna og við gætum kannski gert það síðar í þessari umræðu vegna þess að ég tel að það sé alveg klárt mál að það muni ekki verða útgerðinni á Íslandi til framdráttar ef einkaeignin á veiðiheimildunum heldur áfram að þróast í þá átt sem hún er að gera.

[16:11]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekkert hættulegt við það að tala um sósíalíseringu. Ég er að tala um sósíalíseringu aflaheimilda. Aftur á móti er það í lögunum um stjórn fiskveiða að fiskurinn í sjónum sé sameign íslensku þjóðarinnar, en aflaheimildunum hefur verið úthlutað til útgerðarmannanna og þeir hafa haft rétt til þess að nýta þær eftir ákveðnum reglum. Það eru þessar aflaheimildir útgerðarmannanna sem fyrningarkerfið gerir ráð fyrir að verði teknar eignarnámi og ríkið muni sjá um að úthluta þeim eftir einhverjum óljósum reglum um uppboð og eitthvað sem hefur aldrei í rauninni verið nákvæmlega útfært.

Það er ekkert skrýtið þó að menn séu mjög hugsi yfir þeim hugmyndum sem hafa komið fram um fyrningarleið á hinu háa Alþingi.

[16:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var margt í þessari ræðu sem ég áttaði mig ekki almennilega á og kannski treysti ég mér ekki til að fara að spyrja út í allt sem ég ekki skildi. Það eru þó a.m.k. tvær spurningar sem mér finnast standa upp úr. Sú fyrri lýtur að þeirri fullyrðingu hv. þm. að það kerfi sem við nú erum að fjalla um — við erum að endurbæta það kerfi sem hér hefur ríkt um nokkuð langt skeið — að breytingar þessa kerfis feli í sér einhvers konar sátt. Nú hafa flestöll smábátafélög landsins ályktað í þá veruna að þau vilji ekki ganga inn í þetta kerfi. LÍÚ sem nú er að funda fjallaði um það í gær, m.a. formaður þess, að það væri kolómögulegt að heimila smábátaútgerðinni þann viðbótarkvóta sem nú á að leyfa henni. Því spyr ég hv. þm.: Hvar liggur þessi sátt? Mér er algerlega fyrirmunað að sjá hana.

Síðari spurningin lýtur að þeirri fullyrðingu að einhvers konar sósíalismi í þessu sé hættulegur. Ég spyr hv. þm.: Hvaða hugmyndir hefur hann um meiri miðstýringu en þá þegar verið er að skipta aflaheimildum milli manna, að samningaviðræður um það fari fram við stjórnvöld eins og hér er á ferðinni? Hér er um að ræða frv. um það hverjir megi veiða örlítið meira en áður og ég spyr: Hvaða kerfi getur hann hugsað sér sem felur í sér meiri sósíalisma, eins og hann skýrði hann út áðan, en þann að þeir aðilar sem koma að þessu þurfi að eiga allt sitt undir viðræðum við stjórnvöld?

[16:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi ekki nákvæmlega allt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var að reyna að segja hérna. Ég skildi þó að hann hefði eitthvað fyrir sér um að smábátafélög vítt um land hefðu mótmælt og LÍÚ væri líka að mótmæla og ýmsir hefðu verið að mótmæla því hvernig ætti að leysa vandamál smábátaeigenda. Þessi mótmæli voru flestöll komin fram áður en búið var að negla niður hvernig þessi niðurstaða hér yrði.

Ég held að smábátaeigendur sem tóku þátt í þeirri afgreiðslu hafi í rauninni ekki vitað neitt hvað biði þeirra með því samkomulagi sem hér er þannig að ef farið yrði með þessa niðurstöðu inn í félög smábátaeigenda í dag er ég nokkurn veginn viss um að allt önnur niðurstaða kæmi út úr þeim samþykktum heldur en hv. þm. er að vitna í. LÍÚ er að sjálfsögðu á móti vegna þess að það er augljóst að þeirra hlutur mun minnka.

Ég ætla aðeins að fá að ræða um hitt atriðið. Ég vissi ekki nákvæmlega hvað hv. þm. var að meina þegar hann talaði um sósíalisma eða sósíalíseringu en hann talaði um að hún væri hættuleg. Ég tek alveg undir það með honum — ég held að hættulegt væri að fara út í það. En það sem ég er að meina varðandi þá útgerðarmenn sem eru með rétt til veiða í dag er að grunnurinn að honum var veiðireynsla þessara sömu manna í þrjú ár áður en kvótinn var settur á og þeir höfðu aflað sér þessara réttinda með þeirri reynslu. Þeir höfðu að sjálfsögðu einnig aflað sér þessara réttinda með þeirri fjárfestingu sem þeir höfðu lagt út í og þeirri vinnu sem henni hafði fylgt þannig að að því leyti til hafa menn öðlast mikinn rétt. Þeim hefur ekki verið færður sá réttur á silfurfati, öðru nær. Þeir hafa unnið fyrir honum. Þess vegna

mundi ég segja að ef sá réttur væri tekinn af þeim og hann færður til ríkisins væri það sósíalísering.

[16:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að það liggi fyrir að um það frv. sem hér er til umræðu er engin sátt, ekkert samkomulag heldur er þetta ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það er engin sátt á bak við þetta.

Þegar hv. þm. talar um sósíalíseringu sem ég gaf enga einkunn hér, ég nefndi það einfaldlega að hann hefði talið hana hættulega, þá spurði ég þeirrar spurningar hvort hann geti ímyndað sér meira miðstýringarkerfi en það að hæstv. sjútvrh. komi hingað með niðurstöðu sína um að tilekinn hópur skuli veiða örlítið meira og aðrir þá örlítið minna. Þetta er ákvörðun stjórnvalda en í henni felst ekki nein sátt. Þetta er fyrst og fremst miðstýringarkerfi sem við erum að fjalla um núna og þess vegna spurði ég hv. þm. hvort hann gæti látið sér til hugar koma meira miðstýringarkerfi en það sem við erum að fjalla um einmitt núna.

[16:18]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er engin miðstýring. Menn eru að fá *úthlutað veiðiheimildum eftir reynslu sinni. Ég vona að fólk* skilji það sem það les og stendur hér svart á hvítu.

Ég vil bara minna hv. þm. á það, af því að hann taldi að þetta væri engin sátt, að auðvitað verður sennilega aldrei nein sátt, endanleg sátt þannig að allir verði 100% ánægðir þegar verið er að stýra veiðum eins og þarf að gera vegna þess að það er ofveiði í stofnunum. Ef menn fá ekki að veiða frjálst þá virðist andrúmsloftið vera þannig að menn verða aldrei sáttir.

Ég ætla einnig að minna hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á að listar gengu um landið í sumar — ef hv. þm. hefur tíma til að hlusta — það gengu listar... (Forseti hringir). Ég ætlaði að reyna, herra forseti, að segja hv. þm. að listar gengu frá smábátamönnum sem voru afhentir hæstv. sjútvrh. (Forseti hringir.) þar sem þeir báðu um að endurvakin yrði sú tillaga sem var hér í vor um að taka þá viðbót inn í kvótakerfið sem þá var til umræðu.

[Fundarhlé. — 16:20]

[16:25]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum nú er í framhaldi af lagasetningu fyrir tveimur árum. Málið varðaði það fyrst og fremst að bregðast við niðurstöðunni í Valdimarsdómnum eða dómi Hæstaréttar um Valdimarsmálið svokallaða, sem leiddi til þess að við urðum að afnema síðustu aðgangstakmarkanir að fiskveiðum. Um það er aðeins eitt að segja að enn sem komið er hef ég ekki kynnst fiskveiðistjórnarkerfi annarra ríkja sem viðhefur ekki aðgangstakmarkanir. Þetta mat Hæstaréttar hérlendis, sem er kannski ólíkt hæstarétti eða hæsta dómstigi annarra ríkja, er að slíkar takmarkanir standist ekki stjórnarskrá.

Hins vegar liggur fyrir að Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu í öðrum málum að þær takmarkanir sem notaðar eru til þess að hafa stjórn á fiskveiðum okkar í dag standist stjórnarskrá. Þær mismuna ekki mönnum og standast allar jafnræðisreglur og aðrar þær æðstu reglur stjórnsýslu sem við þurfum að hafa hliðsjón af.

Meginefni þessa frv. þó að það sé ekki stórt er að skapa þær aðstæður fyrir veiðar krókabátanna eftir þær aðgerðir að þeir geti unað við aflatakmarkanir sem þeir höfðu ekki búið við til þessa ólíkt öllum öðrum sem stunda fiskveiðar við landið. Ég skal árétta það enn sem fyrr að ég hef verið ósáttur við það fyrirkomulag sem ríkti fram að þessu. Ég hef alltaf séð á því mismunun milli manna sem stunda fiskveiðar, mismunun milli útgerða hvort sem þær eru í eigu einstaklinga eða félaga einstaklinga. Það er alltaf fólk að baki öllum fyrirtækjum. Við fyrirtækin vinnur fólk. Allir sem bera áhættuna af starfsemi þeirra og afkomu er fólk, karlar, konur og börn. Miklu máli skiptir að geta þess að sum þau atriði sem hafa komið fram í umræðunni eru ekki efnisatriði þessa frv. en það er ævinlega einkenni á umræðum okkar á hinu háa Alþingi, um stjórn fiskveiða, um sjávarútvegsmál og jafnvel um efnahagsmál að þær umræður fara út um víðan völl og enda ævinlega sem almennar umræður um sjávarútveg.

Ég tel rétt að láta það koma fram að ég hefði ekki haft frumkvæði að frv. sem þessu til að draga svo úr áhrifum laganna á krókabátana. Það er svolítið merkilegt að heyra þingmenn, sem sumir hverjir hafa minnst á hinn gleymda flota, standa frammi fyrir því eftir hverja umræðu að þeir hafa sjálfir gleymt þeim flota. Hann er ekki í hópi krókabáta. Hann er í hópi smábáta sem hafa ár og síð stundað veiðar undir hinu almenna stjórnkerfi, aflamarkskerfinu svonefnda.

Nú mun niðurstaðan verða sú að sumir þeirra báta, ekkert stærri en þessir og hafa jafnvel verið lengur í útgerð, munu verða starfræktir við minni aflaheimildir en krókabátarnir. Ég er næsta viss um það, herra forseti, að ef við berum saman aldur útgerðanna þá mun aldur þeirra krókabátaútgerða sem breytast núna og hægt verður að bera saman við þá aflamarksbáta sem ég var að nefna, þá grunar mig að þeir bátar sem standa betur eftir þær aðgerðir séu yngri í útgerð.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að þetta er eitt af þeim atriðum sem mér hefur alltaf þótt furðulegt við umræður okkar um stjórn fiskveiða. Þær hafa alltaf beinst að því ár og síð, ár eftir ár, að reyna að bæta hag krókabátanna. Mér hefur þótt þeir hv. þm. sem hafa haft sterkust orð um það og fært fram mest rök fyrir ástæðunni til þess gjarnan gleyma öðrum útgerðarmönnum sem starfa líka á bátum þar sem veiðar stýrast fyrst og fremst af veðurlagi og smæð bátanna.

Ég get meira að segja viðurkennt að mér sýnist að öllu stærri og miklu eldri bátar sem hafa alla tíð verið undir aflatakmörkunum, eða frá því fyrir 1990, verði núna eftir þetta með lægra aflamark en sumir af krókabátunum. En ef grannt er skoðað verður líka hægt að sjá að þeir krókabátanna sem fara yfir þessa báta í aflamarki eru svonefndir niðurmældir bátar, eru í raun talsvert stærri en 6 tonnin sem miðað er við í lögunum. Þetta eru aðgerðir sem þeir menn sem þurfa vegna sjóslysa að fjalla um öryggismál í sjósókn okkar hafa oftar en einu sinni bent á að gætu leitt til hættu.

Menn hafa velt fyrir sér nú af kannski meiri alvöru en áður hinum vísindalegu undirstöðum sem við Íslendingar áskildum okkur fyrir nokkrum áratugum að skuli vera grundvöllur fiskveiðistjórnar okkar, þ.e. vísindalegar niðurstöður af rannsóknum á ástandi nytjastofnanna. Á þessum áratugum sem liðnir eru höfum við gengið í gegnum nokkrar dýfur og núna eru veiðiheimildir á þessum stofnum miklu minni en var þegar við gripum til veiðistjórnar. En í millitíðinni hafa rannsóknirnar sem stofnað var til beinst að miklu fleiri þáttum lífkerfisins í hafinu en nytjastofnunum einum.

Mjög nýlega komu þær upplýsingar fyrir hv. sjútvn. þingsins að Hafrannsóknastofnun hefur unnið rannsóknir, að vísu takmarkaðar en rannóknir þó, á áhrifum veiðarfæra á

lífríki botns og ástand hafsbotnsins á ákveðnum svæðum við landið, svæðum sem hafa verið nefnd jafnvel dæmigerð fyrir hugsanlega mikil áhrif dragveiðarfæra, dragnóta og annarra slíkra. Niðurstaðan að svo komnu er sú að veðurfar hefur meiri áhrif en veiðarfærin. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. sé á mælendaskrá. Hann gæti því kannski gert grein fyrir því sem honum sýnist. En ég man ekki betur en að hann hafi verið staddur í hv. nefnd þegar þetta kom fram. Þau svæði sem um ræðir eru grunnsævi og svo háttar til um mörg þau svæði á okkar grunnslóð sem menn hafa haft mestar áhyggjur af að veiðarfæri mundu hugsanlega skemma.

Ég tel því ekki rétt að tala eins og rannsóknir af þessu tagi og á þessum atriðum hafi alls ekki farið fram. Þetta er kannski svona ámóta og nokkuð reglulegar tillögur hér á þinginu um að Hafrannsóknastofnun skuli rannsaka ástand og veiðimöguleika á ákveðnum skeljategundum, en hún skilar nokkuð reglulega skýrslum um þær rannsóknir til hæstv. sjútvrh.

Ég tel samkvæmt þessu, herra forseti, að við beinum augum okkar og athygli í umræðunni oft að fáum þáttum í sjávarútvegsstarfseminni og því sem varðar ástand nytjastofnana eða það ástand sem þeir búa við. Eitt af því sem Hafrannsóknastofnun hefur bent á á fundum sem hún hefur átt nú undanfarnar vikur og á enn með almenningi, sjómönnum víða um landið, er að grunnslóð okkar við Ísland, beitilendur þorkstofnsins eins og hafrannsóknamenn hafa kallað hana, a.m.k. á þessum fundum, er í miklu verra ástandi en fyrir nokkrum áratugum þegar við allir vorum sammála um að þorskstofninn væri miklu stærri en í dag. En þá töldum við samt sem áður ástæðu til varfærni og rétt að rannsaka ástand hans og afkomu.

Ég hef alloft velt því fyrir mér undir umræðum af þessu tagi að mér hefur skilist menn stundum mæla með því að við ættum að auka veiðina vegna þess að hugsanlega hafi Hafrannsóknastofnun rangt fyrir sér um ástandið. Ég verð að viðurkenna ég hef hverju sinni komist að þeirri niðurstöðu með sjálfum mér að ástæða væri til að fara varlega en ekki á hinn bóginn.

Nú er það svo að Hafrannsóknastofnun kom fram með þá niðurstöðu fyrr á þessu ári að ástand okkar helsta nytjastofns er enn þá lakara en við töldum en hugsanlega muni betri tíð í vændum því að nokkuð stórir árgangar munu vera að vaxa upp. Það er þó aðeins sýnd veiði en ekki gefin, sérstaklega í ljósi þess sem sömu menn segja um ástandið í bithögum þorsksins. Ef hann hefur minna æti og lakari aðbúnað í hafinu en áður eru ekki líkur til þess að hann komist betur upp núna en undanfarin ár. Ég get a.m.k. ekki ályktað annað.

Herra forseti. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að við hefðum löngu fyrr átt að taka upp meiri varfærni en við höfum viðhaft í veiðum og vísa til þess að allt fram til fyrir u.þ.b. áratug síðan voru útgefnar veiðiheimildir nokkuð reglulega talsvert umfram ráðgjöf vísindamanna. Og síðan var veiðin sjálf enn þá meiri, því að hún fór ævinlega umfram úthlutaðar veiðiheimildir.

En það verður líka að segjast eftir að hæstv. sjútvrh. og forveri hans í því starfi tóku að fylgja meira en áður ráðgjöf vísindamanna og hv. Alþingi mótaði með lögum reglur þess efnis, að aflatakmarkanir náðu meiri árangri en áður í að stýra veiðinni. Öðruvísi er ekki hægt að líta á upplýsingar um niðurstöður af stjórn með aflamarkskerfinu sl. áratug, en á þeim tíma hafa einmitt krókabátarnir farið sífellt meir fram úr og verið að einbeita sér að smærri nytjastofnum. Kynni nú einhver að hugsa eins og ég að ástæða hefði verið til þess, þótt fyrr hefði verið, að reyna að stjórna veiðum þeirra með sambærilegum hætti og annarra. En ég hef raunar verið þeirrar skoðunar líka af öðrum ástæðum því ég tel nauðsynlegt að menn sem starfa við sama atvinnuveg á Íslandi, ekki stærra en það nú er og ekki stærri þjóð en við erum, þeir búi við sambærileg kjör, sambærilega möguleika og sambærilegar skyldur. En ég tel svo ekki hafa verið.

Veiðistjórn með ýmsum aðferðum á sér nokkuð langa sögu, herra forseti, fáeina áratugi aftur í tímann. Fyrsta aðgerðin var sú að berja útlendinga út úr lögsögunni. Það var fyrsta aðgerðin við að hemja veiðar. Á sama tíma voru upphafðar aðgangstakmarkanir sem voru lagðar af með Valdimarsdómnum. En í millitíðinni tóku menn upp sóknarstýringu og enn hafa menn verið að tala fyrir sóknarstýringu. Niðurstaðan af því tímabili er sú að sóknarstýring reyndist ekki vel, en veiðitækifæri og þar með afli fluttist á milli skipa, ekki til smáu skipanna meðan stóru skipin máttu stunda sóknarkerfi. Aflinn fluttist til stóru og öflugu skipanna. Þá eins og að undanförnu var niðurstaðan sú að venjulegu smáu aflamarksskipin voru að missa afla til annarra. Kerfið var þannig að það fékk enginn neitt fyrir slíkar tilfærslur. Rétturinn var bara tekinn.

Ég er þeirrar skoðunar að það fyrirbrigði sem við köllum í nútímasamfélagi eignarrétt, ekki aðeins varðandi eignir heldur líka ýmis réttindi, eigi sér margar góðar vel rökstuddar forsendur í sjávarútvegi eins og öðrum atvinnuvegum. Ég tel raunar að það sé eina leiðin til þess að hver og einn sem starfar innan slíks kerfis, innan stjórnkerfis sem takmarkar athafnir manna, telji sig sjálfur hafa ávinning af því að takmörkunin nái jafnt til allra. Hann telji sig sjálfan hafa þann hag af því, eins og í tilviki fiskveiða, að verndunaraðgerðir geti náð árangri til þess að enginn hlaupi og éti útsæðið eins og sagt var um kartöflur áður. En meðan aðrir hafa mátt stunda eins miklar veiðar og þeir gátu hefur þetta ekki verið hægt að rökstyðja að fullu.

Afleiðinguna sjáum við í dag á ýsustofninum. Ég hygg að þær sveiflur, niðursveiflur, sem hafa birst í ástandi hans sé beint hægt að rekja til þessara aðstæðna sem lagakerfið skapaði.

Ég er sem sé þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt út frá mörgum ástæðum að stjórna fiskveiðum eftir aflatakmörkunum, aflamarkskerfi. Og ég verð að viðurkenna að þær upplýsingar sem við þingmenn höfum um færeyska kerfið sem hér hefur verið nefnt nokkuð, sýna mér að þeir sem stjórna því kerfi enn þá, þ.e. þeir menn sem komu því á og beittu sér mest í umræðum í Færeyjum fyrir því, viðurkenna að innan þess sé mikil vannýtt sóknargeta sem muni smám saman verða dregin fram. Það er einmitt reynsla okkar af sóknarkerfi krókabátanna.

Þetta hefur komið fram berum orðum í máli sjávarútvegsráðherra Færeyinga. Það eru hins vegar hans orð, og þurfa ekki endilega að hafa áhrif á okkur Íslendinga, að þeirra stjórnkerfi henti þeim, ekki endilega öðrum. Það eru hans orð.

Menn hafa mikið velt fyrir sér brottkasti og segjast verður eins og er að nú nýlega höfum við fengið þau svör frá Fiskistofu að upplýsingar hennar af öllu tagi, bæði frá veiðieftirlitsmönnum og eftir öðrum leiðum, bendi til þess að brottkast hafi mjög minnkað á síðustu vikum og mánuðum. Það verður einnig að segjast að mikil umræða um brottkast

síðustu ár hefur ævinlega leitt til einhverra áhrifa á brottkastið sjálft. Umræðan virðist vekja menn til umhugsunar um þau verðmæti sem eru í húfi, ekki aðeins í þeim fiskum sem hverju sinni er fleygt, heldur áhrifin á auðlindina. Við ættum því að huga að því að taka þau mál til umræðu nokkuð reglulega. Það kann líka að skipta máli að að þessu sinni fremur en áður hafa menn lagt vinnu í það á vegum hæstv. sjútvrh. að finna leiðir, m.a. í löggjöf og eftir öðrum hugsanlegum leiðum, til að gera mönnum kleift kannski betur en áður að koma með allan afla að landi. En ég hlýt að segja að mér finnst stundum bera á því að menn telji að veiðarfæri taki allan fisk. Það kann að gilda um króka. En það á ekki við um öll önnur veiðarfæri. Það er sem sé hægt að skipuleggja veiðar með tilliti til hugsanlegs afla með því að velja sér veiðarfæri. Það er staðreynd.

Menn hafa velt fyrir sér hvers vegna aflamarksbátar eigi ekki að fá einhverja umbun núna, þeir smáu líkt og krókabátarnir. Þeir fengu umbun þegar þessi ákvæði voru leidd í lög sem nú hafa nýlega tekið gildi og verið er að breyta. Það er verið að gera breytingar með þessu frv. sem eiga að gera krókabátum auðveldara en áður að undirgangast krókaaflamarkið. Þegar krókaaflamarkið var leitt í lög voru jafnframt sett inn sérstök ákvæði um viðbótaraflaheimildir til minnstu aflamarksbátanna. Þá voru líka leidd í lög ákvæði um byggðakvóta. Núna á að leiða í lög ákvæði um sérstaka byggðakvóta vegna krókabáta. Ég viðurkenni að ég tel sæmilega í borið fyrir krókabáta.

Enn heyrum við, og ég verð að álíta að það heyri fleiri en ég, að þeir sem starfrækja smæstu aflamarksbátanna telji fram hjá sér gengið og þeirra hlutur gleymdur eins og stundum áður.

Það er þó lykilatriði í þessu að með þessu ákvæði á að huga sérstaklega að möguleikum þeirra sjávarbyggða sem eru umfram aðrar háðar starfsemi og útgerð krókabáta. Ég tel raunar að það sama geti átt við um byggðarlög sem eru háð starfsemi smárra aflamarksbáta.

Mér sýnist að með þeim ákvæðum sem varða flutning ýsukvóta, þ.e. aflaheimilda í ýsu til krókabáta, sé hlutdeild þeirra nánast tvöfölduð, nærfellt tvöfölduð. Og ég verð að viðurkenna að ég tel eðlileg ummæli útgerðarmanna á smáum aflamarksbátum þess efnis að þeir skilji illa hvers vegna ekki verði unnt að koma til móts við þeirra hag í þessu efni.

Núna er ég aðeins að tala um þá viðbót í aflaheimildum til krókabáta sem ekki á að vera tímabundin. Mér skilst að hlutdeild þeirra hækki úr u.þ.b. 8% upp í u.þ.b. 14% hlutdeild. Og það stendur beinlínis í frumvarpinu að með þeim aðgerðum eigi að minnka hlutdeild aflamarksskipanna. Ég vil rekja þetta vegna þess að menn hafa haldið því hér oft fram á hinu háa Alþingi að viðbótaraflaheimildir til sérstaklega þessara báta geti engin áhrif haft á aflaheimildir hinna. Ég verð að viðurkenna að ég hef alltaf átt svolítið erfitt með að skilja að þegar tekið er af einhverju þá minnki ekkert.

Nokkur önnur atriði hafa komið hér til umræðu, ekki síst í dansinum sem stiginn var áður en tekið var að ræða dagskrárefnið. Um það verður að segjast að fyrir liggur á þingskjölum sú tillaga sem leiddi til skipunar auðlindanefndarinnar svokölluðu. Í því máli og endanlegu samþykktinni stendur, þ.e. í tillögu þáv. hv. þingmanna Alþýðubandalagsins og ályktun Alþingis:

„Um verði að ræða hóflegt gjald ...“

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að fyrningarleiðin svokallaða sem á að leiða til uppboðs á veiðiheimildum muni ekki endilega geta uppfyllt það skilyrði að ávallt verði um að ræða hóflegt gjald. Ég hef dregið þá ályktun af því sem fram fer á mörkuðum eða viðskiptum milli skipa með aflaheimildir. Við þekkjum að verðið sem þar er um að ræða er býsna hátt. Menn standa frammi fyrir því að þeir hafa lagt í mikinn fastakostnað, miklar fjárfestingar og telja sér þess vegna fært að leggja mikið undir við að auka aflaheimildir sínar. Ég tel, herra forseti, að það muni verða ofan á við uppboð á aflaheimildunum þannig að verð á þeim markaði muni verða hátt.

[16:45]

Forseti (Halldór Blöndal):

Svo háttar til að ég hafði sagt þingflokksformönnum að við því væri að búast að fundi lyki hér milli fjögur og fimm. Á þeirri stundu hafði ég vænst þess að umræðum um þetta stjfrv. gæti lokið á þeim tíma. Eins og hv. þm. er kunnugt er nauðsynlegt að þetta frv. komist til nefndar fyrir þriðjudag en þá er nefndarfundur í sjútvn. Svo stendur á að hæstv. sjútvrh. er á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum og sömuleiðis formaður sjútvn. Af þeim sökum hafði ég lagt áherslu á að hægt yrði að ljúka þessu máli.

Nú háttar svo til að á mælendaskrá eru 10 alþingismenn svo að ljóst er að ógjörningur er að standa við þær ákvarðanir sem áður höfðu verið teknar. Ég tel eftir atvikum rétt að gefa hæstv. sjútvrh. tækifæri á að taka til máls og síðan verði umræðu frestað þegar hann hefur lokið máli sínu.

[16:46]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því að hv. þm. Árni Ragnar Árnason nefndi ítrekað að ýmsir hv. þm. hefðu talað um svokallaðan gleymda flota en í rauninni gleymt honum. Það er aldrei mikil nákvæmni í málefnalegri umræðu að tala í slíkum dylgjustíl. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þm. hverjir það eru, vegna þess að ég hef fylgst með þessari umræðu í dag og hef ekki orðið var við það að nokkur einasti þingmaður sem tekið hefur þátt í umræðunni hafi gert annað en að lýsa áhyggjum sínum yfir stöðu smábáta og aflamarksbáta.

Þetta frv. sem hér er til umræðu er jú til þess, eins og margoft hefur komið fram, að skapa ákveðinn tilverugrundvöll fyrir smábátaútgerð. Ég hygg að enginn hafi talað eða muni tala fyrir algjörlega frjálsum veiðum smábáta. Hins vegar kann að vera ágreiningur um með hvaða hætti megi takmarka þá sóknargetu sem þar er til staðar, það kunna að vera deilur um leiðir.

Ég held að hér hafi allir sem til máls hafa tekið lýst yfir ugg sínum vegna stöðu aflamarksbáta. En ég hjó eftir því að hv. þm. nefndi t.d. ekki einu orði frystitogara.

Þess vegna spyr ég hverjir það eru hér sem hafa beinlínis lýst því yfir að þeir beri ekki fyrir brjósti ugg yfir stöðu aflamarksbáta, jafnvel þó þeir styðji þær hugmyndir sem uppi eru um að skapa rekstrargrundvöll fyrir smábáta.

[16:49]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég notaði þau orð sem hann nefndi um umræðu ýmissa hv. þm. um gleymda flotann og um smærri aflamarksskip. Ég hef ekki hugsað mér að tilgreina fáeina þingmenn en þeir eru fleiri en einn og fleiri en tveir. Þeir koma úr ýmsum kjördæmum, herra forseti. Við skulum bara vera klár á því.

En ég vil taka fram vegna þess sem hv. þm. nefndi um hugsanlega frjálsar veiðar smábáta að ég mundi ekki fylgja því. Ég tel mig hafa mjög góð rök fyrir þeirri skoðun minni að ég tel að með því móti værum við að fara inn á sambærilegar brautir við þær sem ég tel að við förum út úr með þessu frv. Við höfum komist úr því fari með samþykkt laganna um krókaaflamark.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að staða frystitogara snerti þetta mál með nokkrum hætti. Ég sé engin tengsl á milli frystitogara og smábáta. Ég sé hins vegar alveg rakin tengsl og líklegan samanburð á milli stöðu krókabátanna, þeirra möguleika sem þeir hafa haft undanfarin ár, þeirra aflaheimilda sem þeir sem mestu heimildirnar munu hafa að þessum aðgerðum loknum og hinna smæstu báta í aflamarkskerfinu. Ég held að verði mjög auðvelt að rekja þau tengsl.

[16:50]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér reyndar á óvart að hv. þm. skuli koma hér aftur og gefa það í skyn að hér hafi einhverjir talað um algjörlega frjálsar veiðar krókabáta. Ég hef enga slíka rödd heyrt í allri umræðunni í dag, enda hygg ég að það hvarfli ekki að neinum að gefa veiðar smábáta algjörlega frjálsar. Þar þurfa að sjálfsögðu að koma til takmarkanir. Þess vegna finnst mér ekki rétt að koma hér eftir langa umræðu og draga þá ályktun af umræðunni að einhver hafi gerst talsmaður þess. Það tel ég einfaldlega ekki vera rétt.

Frystitogara telur hv. þm. ekki skipta neinu máli í þessari umræðu. En umræðan snýr nú m.a. að heildarveiði, þ.e. heildarveiði úr þessari auðlind sem skiptist niður á ýmsa útgerðarflokka, frystitogara, aflamarksbáta, smábáta og þannig má áfram telja.

Hv. þm. nefnir ekki einstaka þingmenn. Hann segir að sumir eða ýmsir, úr nokkrum kjördæmum og þar fram eftir götunum, láti sig litlu varða aflamarksbáta, vertíðarflota. Þá vil ég beina spurningu til hv. þm.: Sé staða aflamarksbáta þannig að þeir hafi gleymst á síðustu árum telur hv. þm. þá sjálfan sig enga ábyrgð bera þar á, minnugur þess — ég held að ég muni það rétt — að hv. þm. var talsmaður meiri hluta sjútvn. allt síðasta kjörtímabil? Hafi aflamarksbátar gleymst, sem ég held að sé ekki rétt fullyrðing hjá hv. þm., þá hlýtur það að beinast að hv. þm. sjálfum eða er það rangur skilningur hjá mér?

[16:52]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil rétt rifja það upp að það var hv. þm. sem nefndi hugsanlegar frjálsar veiðar smábáta í fyrra andsvari sínu. Ég svaraði þeim orðum.

Hv. þm. nefndi líka frystitogara og hefur gert grein fyrir því að hann telur hugsanlegt að flytja aflaheimildir á milli skipaflokka. Ég verð að viðurkenna að ég tel ekki að það sé auðveld lausn og mæli ekki með þeirri hugmynd.

Ég gengst hins vegar fyllilega við því að ég hef eins og aðrir hv. þm. sem hafa starfað í meiri hluta sjútvn. á undanförnum árum tekið þátt í þeim ráðstöfunum og ákvörðunum sem liggja í efni þeirra frv. sem nefndin hefur mælt með eða meiri hluti hennar. Ég vil á engan hátt draga úr minni eigin ábyrgð eða sameiginlegri ábyrgð minni og annarra þingmanna.

Hér hefur hins vegar verið vakið máls á því að til er gleymdur floti. Á það benti ég.

[16:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Svo sem von var á hafa spunnist hér allítarlegar umræður um dagskrármálið. Ég held að mér sé óhætt að segja að allir ræðumenn gera sér grein fyrir því að við erum að glíma hér við ákveðið vandamál þótt ekki séu allir á eitt sáttir um hver sé rót vandans. Ég held að mér sé líka óhætt að segja að flestir séu þess sinnis að koma eigi til móts við þá sem lenda í einhverjum erfiðleikum vegna þeirra breytinga sem tóku gildi 1. sept. sl.

Ég vil gjarnan reyna að svara hér nokkrum spurningum sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi hefur verið spurt um veiðireynslutímabilið hvað varðar viðbótina til krókaaflamarksbátanna. Þá er því til að svara að með þessu er verið að reyna að nálgast eins og hægt er það tímabil sem gefur þeim viðbótarkvóta sem stunda þessar veiðar akkúrat um þessar mundir eða rétt áður en krókaaflamarkskerfið tók gildi. Það hafa verið talsvert mikil viðskipti með þessa báta og hefur sennilega sjaldnast verið þannig að fylgt hafi með í kaupum hugsanleg veiðireynsla í aukategundunum eftir 1. sept. sl. Þess vegna taldi ég eðlilegt að reynt yrði að úthluta þessari viðbót til þeirra sem eru í þessum veiðum en ekki til þeirra sem voru í þessum veiðum einhvern tímann á árum áður.

Ég ætla svo sem ekki að útiloka að ekki sé hægt að ná þessu markmiði á annan hátt en lýst er í frv. og sjálfsagt að nefndin skoði það þá. Sjái hún aðra leið til þess að ná þessu markmiði þá mun ég að sjálfsögðu ekki setja mig upp á móti því.

Það var einnig spurt um hvers vegna einungis væri miðað við 5% í veiðiferðinni. Því er til að svara að hér er verið að fara ótroðnar slóðir og ég tel því rétt að fara varlega í þessu efni. Það má segja að þetta atriði sé hluti af stærri mynd. Það er verið að reyna að losa um þann þrýsting sem hefur skapast kringum brottkast. Undir tilteknum kringumstæðum virðist myndast spenna í kerfinu sem leitt getur til brottkasts. Þetta er ein leiðin til að létta á þeirri spennu.

Það má eiginlega segja að þeir sem standa frammi fyrir þeim möguleika að jafnvel sé skynsamlegt fyrir þá að henda fiski í sjóinn þurfi að hugsa um hvort þeir geti nýtt sér tegundartilfærsluna, sem geti verið alltaf 5% af kvóta skipsins, þó ekki nema 2% yfir í hverja einstaka tegund. Þá gefst kostur á að láta þessi 5% til Hafrannsóknastofnunarinnar og síðan er möguleiki á að skipta í beinum eða jöfnum skiptum, þ.e. þar sem búið að breyta lögum þannig að það er ákveðinn tími sem menn hafa til að laga kvótastöðuna á bátunum eftir að hún er komin niður fyrir núllið. Síðan má auðvitað kaupa sér kvóta á opnum kvótamarkaði. Þannig að það eru möguleikar í þessari stöðu og menn ættu því ekki að þurfa að henda fiski í sjóinn og þessi leið er þar af leiðandi ein af nokkrum sem menn hafa. Það er verið að feta nýja slóð og reynt fara varlega og þess vegna er ákveðið að hafa þetta 5% í hverri veiðiferð.

Síðan var spurt hvort úthlutun samkvæmt 3. gr. eða viðbótinni við 9. gr. væri framseljanleg. Það hafa ekki verið settar neinar reglur um það en miðað við það hvernig farið hefur verið með 12 þús. tonnin í 9. gr. fram til þessa þá hefur þeim verið úthlutað árlega eins og gert er ráð fyrir með það magn sem hér um ræðir. Þar af leiðandi hefur það ekki verið framseljanlegt sem aflahlutdeild en hins vegar hefur úthlutunin verið framseljanleg sem aflamark. Ef við höfum það síðan í huga að þessu er úthlutað árlega hlýtur

auðvitað að koma til skoðunar við úthlutun hvers árs hvernig menn hafa nýtt þessa úthlutun, hvort hún hefur komið þeim byggðum til góða sem verið var að reyna að styðja eða hvort menn hafa framselt þetta sem aflamark. Því er til að svara að almenna reglan varðandi 9. gr. hefur verið að heimildir væru framseljanlegar innan ársins.

Það var einnig spurt um 7. gr., varðandi dagsetninguna við hugsanlegt val yfir í dagakerfið, hvers vegna miðað væri við 1. nóv. í frv. Frv. var lagt fram í október þó það sé fyrst rætt núna í byrjun nóvember. Þetta er auðvitað dagsetning sem þarf að breyta í meðförum nefndarinnar því auðvitað nær greinin ekki tilgangi sínum ef dagsetningin er 1. nóvember. Ég hef metið það þannig að þetta lægi í augum uppi.

Síðan var spurt um 10% regluna varðandi dagakerfið, hvort þetta væri þá ekki almenn regla varðandi aðra útgerðarflokka. Ekki get ég svarað því þannig að þetta sé almenn regla en hins vegar held ég að það sé auðvitað rétt að það er mjög skaðlegt þegar miklar breytingar verða á milli ára eða miklar breytingar á skömmu tímabili, svo maður nefni það almennt. Auðvitað má því segja að grundvallarhugmyndin á bak við þetta frv. og þann viðbótarkvóta sem krókaaflamarksbátarnir fá sé sú að menn verði ekki fyrir of miklum breytingum á of skömmum tíma. Þó að 10% séu kannski ekki lögð þar sérstaklega til grundvallar þá er hugmyndin sú sama, að breytingar verði ekki of miklar á stuttum tíma.

Síðan var spurt út í atriði sem ekki eru í frv., annars vegar varðandi stærð báta og hins vegar varðandi dagakerfið og hugsanlegar breytingar þar á. Því er til að svara að þessar breytingar standa ekki í sérstöku sambandi við að krókaaflamarkið tók gildi 1. sept. sl. Endurskoðunarnefndin hefur hins vegar lagt til að þessum bátum, þ.e. krókabátunum, verði heimilað að verða allt að 15 tonn. Þetta atriði mun koma til úrvinnslu þegar samið verður frv. til laga um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og þar verður endurskoðunarnefndarskýrslan ásamt öðrum gögnum lögð til grundvallar. Þá verður tekin afstaða til þessa atriðis.

Og síðan er það spurningin um dagakerfið. Það verða engar róttækar breytingar á dagakerfinu vegna upptöku krókaaflamarkskerfisins. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að dagakerfið sé að mörgu leyti ómanneskjulegt vegna þess að menn séu beinlínis hvattir til þess að sækja sjó í allt að 24 tíma í einu. Ég hef lýst því yfir að ég sé tilbúinn að skoða það að gera breytingar á því en þó þannig að það auki ekki sóknargetu þessara báta.

Ég hef átt viðræður um þetta við Landssamband smábátaeigenda. Þeim hugmyndum sem ég hef lagt fram og hafa byggst á tölum um hvernig þessir bátar hafi nýtt sólarhringinn hefur verið hafnað.

Ég hef hins vegar lýst því yfir að ég sé tilbúinn til frekari viðræðna um bæði þetta atriði og önnur atriði sem leitt geti til þess að auka hagræðingu í þessum útgerðarflokki og þá jafnframt á þeim grundvelli að sóknargeta þessara báta aukist ekki. Á síðasta ári var gert ráð fyrir því að þeir ættu að veiða 1.500 tonn. Sú hlutdeild sem þeir hafa er 1.500 tonn en þeir veiddu milli 9 og 10 þúsund tonn. Í þeim mismun liggur auðvitað að dögunum mun fækka en eftir að dagarnir eru komnir niður fyrir 20 þá getur þeim einungis fækkað um einn á ári. Ég tel því talsvert langt í land með að þessi bátaflokkur fari að veiða þau 1.500 tonn sem hann raunverulega á veiðireynslu til.

Eins og ég hef sagt þá hef ég lýst mig viljugan til að ræða þessi mál og mun vonandi hafa tækifæri til þess að ræða það við Landssamband smábátaeigenda. Vonandi munum við þá komast að einhverri niðurstöðu sem lögð yrði fyrir þingið, helst á þessu þingi. Ég sé enga ástæðu til að tefja það neitt lengur ef menn finna ásættanlega niðurstöðu.

Ég held, herra forseti, að það hafi ekki verið fleiri beinar spurningar sem ég þarf að svara varðandi þessi mál. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að það skiptir talsvert miklu að þetta mál fái tiltölulega röska afgreiðslu í þinginu. Það er farið að líða talsvert á fiskveiðiárið og það er nauðsynlegt fyrir þennan útgerðarflokk, eins og aðra útgerðarflokka, að vita hvert aflamark hans er á fiskveiðiárinu og ekki sé nein óvissa um hvað þeir megi veiða á þessu ári. Þeir þurfa að geta skipulagt vinnu sína eins og aðrir í samræmi við það.

[17:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru tvö atriði sem mig langar til að spyrja um. Í fyrsta lagi fannst mér hæstv. ráðherra ekki tala mjög skýrt um hvað hann væri tilbúinn að gera í sambandi við dagabátana. Mig langar til að athuga hvort hann getur ekki komið því svolítið skýrar frá sér, hvort hann er ekki tilbúinn til að leita leiða til að þessi floti fái framtíðarstöðu sem geri mönnum kleift að vinna við þetta sem atvinnuveg og það sé ekki innbyggt í fyrirkomulagið að þeir veslist upp hægt og hægt eins og það er núna, með skerðingunni sem þarna er.

Síðan vil ég lýsa yfir vonbrigðum mínum með svar hæstv. ráðherra gagnvart því að þær aflaheimildir sem honum er falið að úthluta samkvæmt frv. verði með sama hætti verslunarvara og aðrar aflaheimildir.

Ég átta mig ekki alveg á því hvernig menn geta komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi að leggja til aflaheimildir á einhvern stað, láta menn hafa aflaheimildir vegna þess að það sé mjög vond staða í viðkomandi byggðarlagi en síðan sé það ekki skilyrði fyrir slíkum heimildum að þeir noti þær á þeim stað, atvinnulífinu þar til framdráttar. Ég tel að það sé ekki gott ef þessar veiðiheimildir fá það orð á sig að þær verði notaðar í braskinu. Það verður nógu umdeilt þetta fyrirkomulag sem hér er verið að koma á.

[17:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki tímabært fyrir mig að tala neitt skýrar varðandi dagabátana. Ég hef þegar sagt á hvaða forsendum ég vil ganga til viðræðna við smábátaeigendur um þetta mál. Og það verður síðan að koma í ljós hvað út úr þeim viðræðum kemur.

Varðandi úthlutunina samkvæmt 9. gr. þá er svolítið erfitt, í kerfi sem byggir á framseljanlegum aflaheimildum, að sumar aflaheimildir í kerfinu séu ekki framseljanlegar. En eins og ég sagði þá verður þessum aflaheimildum væntanlega úthlutað á ákveðnum grundvelli tengdum byggðarlögunum. En verði þær síðan að almennri verslunarvöru þá er auðvitað forsendan fyrir úthlutuninni brostin. Þar sem þeim er úthlutað árlega er hægt að grípa inn í og breyta þá úthlutuninni, sé raunin sú að menn séu að versla með aflamark sem þannig er úthlutað en nýti það ekki fyrir viðkomandi stað.

[17:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég taldi að þær reglur sem hefðu verið settar í sambandi við byggðakvótann væru þannig að menn kæmust ekki upp með að fara með aflaheimildir eitthvað

annað en um hefði verið talað. Það eru nýjar fréttir fyrir mig og ég óska eftir að hæstv. ráðherra segi mér þá frá því, geri okkur grein fyrir því hér í þinginu, ef reynslan af því fyrirkomulagi er að menn fari með aflaheimildirnar eitthvað annað. Það er reyndar ekki úthlutað árlega í því fyrirkomulagi. Það væri sannarlega ástæða til að fara yfir það ef það er niðurstaðan að þær hafi ekki verið notaðar á staðnum sem var forsendan fyrir því að þeim var úthlutað.

[17:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á hvernig byggðakvótinn komst inn í þessa umræðu. Ég var ekki að tala um hann og ekki að vísa til hans. Ég var að vísa til þeirra úthlutana sem eru samkvæmt 9. gr. og þær hafa verið framseljanlegar.

Í þessu tilfelli er um að ræða árlega úthlutun til krókaaflamarksbáta vegna tiltekinna byggða. Ef það eru brögð að því að sá kvóti sé framseldur þannig að hann fari annað þá er auðvitað forsendan fyrir úthlutuninni brostin. Ég var ekki að tala um byggðakvóta í þessu sambandi, alls ekki.

Hins vegar gæti það verið, eftir að búið er að úthluta á krókaaflamarksbáta innan tiltekins sveitarfélags, að það reyndist hagkvæmara að framselja á milli báta innan sveitarfélagsins. Þá sæi ég ekki að neinum forsendum úthlutunarinnar hefði verið velt. Þar af leiðandi væri engin ástæða til þess að breyta úthlutun til þeirra staða í framtíðinni.

Eins og fram hefur komið hafa ekki verið settar neinar reglur um þetta fram að þessu. Það er heldur ekki lagaheimild til úthlutunarinnar. Ég hef hins vegar vitnað í það hvernig staðið hefur verið að úthlutunum á hinum svokölluðum 12 þús. tonnum í 9. gr. Þar hafa ekki verið nein vandamál af þessu tagi svo ég hafi tekið eftir.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, 189. mál, svar heilbrrh., þskj. 270.

Framhaldsdeildir, 246. mál, fsp. JB, þskj. 280.

Nýir framhaldsskólar, 245. mál, fsp. JB, þskj. 279.

Sérframlag til framhaldsdeilda, 244. mál, fsp. JB, þskj. 278.

Úthlutun ærgilda til svæða sem eru háð sauðfjárrækt, 243. mál, fsp. EKG, þskj. 277.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–13. mál.

Fundi slitið kl. 17:13.

21. FUNDUR

mánudaginn 5. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 193. mál, þskj. 204. — Frh. 1. umr.

2. Stjórn fiskveiða, frv., 191. mál, þskj. 202. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svo hljóðandi bréf:

„Þar sem Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Norðurl. e., Soffía Gísladóttir, félagsmálastjóri á Húsavík, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna.

Soffía Gísladóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 283.

Bifreiðatryggingar, 188. mál, svar viðskrh., þskj. 282.

Rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru, 143. mál, svar samgrh., þskj. 275.

Skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta, 248. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 284.

Tilhögun þingfundar.

[15:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess varðandi þinghaldið í dag að ráð er fyrir því gert að ljúka umræðum um dagskrármálin tvö þannig að koma megi þeim til nefnda nú síðdegis. Það er vitaskuld erfitt um það að spá hvenær sú atkvæðagreiðsla getur fram farið. Forseti ætlar að það geti orðið milli 6 og 7 og biður hv. þm. að vera viðbúnir af þeim ástæðum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[15:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða störf þingsins vegna svars frá hæstv. landbrh. við fyrirspurn um sölu ríkisjarða á þskj. 65 sem mér barst fyrir helgina á þskj. 224.

Það er algerlega óviðunandi að hæstv. ráðherra svari litlu eða engu af því sem spurt er um. Á þingskjalinu eru fjórar spurningar og í þeirri fyrstu er spurt hvaða ríkisjarðir hafi verið seldar sl. fimm ár. Í svarinu eru aðeins upplýsingar um sölu jarða undanfarin tvö ár. Ég bið um upplýsingar um hverjum hafi verið seldar þessar jarðir og á hvaða verði. Þar eru engin svör nema að ekki sé til samantekt um þessar upplýsingar í ráðuneytinu, að lengri tíma taki að vinna slíka samantekt miðað við tímamörk til að svara fyrirspurnum frá Alþingi og það sé mjög kostnaðarsamt. Hvað er hér á ferðinni, herra forseti? Er enn verið að vinna með hraða snigilsins í þessu ráðuneyti? Ég óskaði eftir þessum upplýsingum hjá Ríkiskaupum eftir að mér barst þetta svar frá hæstv. ráðherra. Ríkiskaup sjá um sölu ríkisjarða. Þar liggja þessar upplýsingar fyrir og ekki mikið mál að taka þær saman en þeir eru ekki tilbúnir að afhenda þær nema með heimild eða fyrir tilstuðlan ráðuneytisins og þar með er þetta algjör fyrirsláttur í svari hæstv. ráðherra. Upplýsingarnar liggja fyrir. Það er ekki rétt sem kemur fram í svarinu, að þær liggi ekki fyrir.

Ég spyr: Hvað hefur hæstv. ráðherra að fela í þessum efnum? Þó að menn hafi ekki svarað því hverjir keyptu jarðirnar — það kemur fram í svarinu að það hafi verið ábúendur — þá hefði a.m.k. átt að svara því á hvaða verði er verið að selja jarðir í eigu ríkisins, jarðir í eigu almennings. Það er sjálfsagður réttur minn sem þingmanns að fá þær upplýsingar. Í svarinu er vísað í upplýsingalög um að óheimilt sé að veita upplýsingar um einka- eða fjárhagsmuni einstaklinga. Þetta eru ekki hagsmunir einstaklinga, þetta er ekkert einkamál þeirra. Það er verið að selja ríkisjarðir og þess vegna er þetta opinbert málefni.

Hvers vegna er bara upplýst um síðustu tvö ár um sölu ríkisjarða? Hvað með þrjú árin þar á undan? Er eitthvað gruggugt þar? Hvers vegna má ekki upplýsa um þau? Ég hefði haldið að það hefði verið til hagsbóta fyrir hæstv. ráðherra að upplýsa um það þannig að það væri þá samanburður milli hans og fyrrv. ráðherra.

Hinum spurningunum þremur er illa eða ekki svarað, og þegar svona er staðið að málum gerir það manni ókleift að sinna eftirlitsskyldu og aðhaldshlutverki sem þingmönnum ber að sinna.

Herra forseti. Ég vil fá svör frá hæstv. ráðherra um það hvernig standi á því að hann svarar ekki spurningunum á þingskjalinu betur en svona.

[15:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þegar stórt er spurt verður auðvitað að svara af vandvirkni. Hv. þm. sem ann mannréttindum og frelsi einstaklinganna og hefur staðið að lagasetningum til að vernda þann rétt hlýtur að skilja að hér verður að fara að þeim reglum, og það vil ég gera. Réttur einstaklinganna í þessu efni er stór.

Árið 1998, löngu áður en ég kom í þetta ráðuneyti, var jarðadeild ráðuneytisins gagnrýnd harkalega af Ríkisendurskoðun. Í framhaldi af því og í maí 1999 voru settar mjög skýrar reglur í samráði við ríkisendurskoðanda um hvernig staðið skyldi að sölu ríkisjarða.

Í fyrsta lagi á að auglýsa og selja í gegnum Ríkiskaup allar þær jarðir sem seldar verða á frjálsum markaði, og sá sem hæst býður fær jörðina keypta.

Í öðru lagi lá líka fyrir að það er vilji þingsins, og lög um það samkvæmt 38. gr. jarðalaga, að bændur sem búið hafa á jörðum sínum í tíu ár eða lengur eiga ótvíræðan kauprétt á jörðum sínum.

Í þriðja lagi eiga sveitarstjórnir einnig rétt á að kaupa jarðir án auglýsingar.

Þetta er í þeim farvegi. Hvað söluverð einstakra ríkisjarða varðar, hv. þm., hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingar um söluverð ríkisjarða sem seldar eru einstaklingum og lögaðilum séu þess eðlis að sanngjarnt sé og eðlilegt að leynt fari í skilningi 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, og séu þar af leiðandi undanþegnar aðgangi almennings. Það gildir þó ekki ef kaupsamningum eða afsölum sem innihalda upplýsingar um kaup- eða söluverð hefur verið þinglýst. Í öllum tilvikum þar sem ríkisjarðir eru seldar er það hlutverk kaupanda að þinglýsa kaupsamningi og greiða af því kostnað. Landbrn. hefur því ekki upplýsingar um hvort einstökum kaupsamningum hefur verið þinglýst eða ekki. Það er sem sé verkefni þess sem keypt hefur.

Starfsmenn landbrn. eru bundnir þeirri þagnarskyldu sem hvílir á opinberum starfsmönnum. Þeir mega þannig ekki upplýsa hvert söluverð einstakra ríkisjarða hafi verið hafi kaupsamningum eða afsölum sem innihalda slíkar upplýsingar ekki verið þinglýst að viðlagðri þeirri ábyrgð sem því fylgir. Þetta er svona flókið. Síðan er auðvitað margt í fyrirspurn hv. þm. sem ekki er hægt að svara eins og hvert hafi verið markaðsverð jarða á einstökum svæðum. Markaðsverð getur orðið til af ýmsum ástæðum. Sumir bjóða hátt til að ná í kæra jörð sem þeir vilja eignast. Markaðsverðið er mjög misjafnt eftir landshlutum o.s.frv. Það er engin leið fyrir ráðuneytið að leggja mat á það. En þessari fyrirspurn hefur verið svarað með þeim hætti sem ráðuneytið taldi sig ráða við lögum samkvæmt og innan þeirra tímamarka sem þingið hefur sett slíkum fyrirspurnum.

[15:11]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Meginrök hæstv. ráðherra fyrir því að svara ekki þessari fyrirspurn eru þau að það sé ákveðnum takmörkunum háð hver upplýsingaréttur almennings sé.

Herra forseti. Ég tel þá lagatúlkun sem hæstv. ráðherra notar, og kemur fram í svari hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn, vera mjög vafasama og ég tel hana vægast sagt geta stefnt þingræðinu í hættu þegar það gerist hér æ ofan í æ að líkt er saman upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum annars vegar og upplýsingarétti þingmanna sem telja sig vera að rækja þingskyldu sína um eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu hins vegar.

Upplýsingalögin sem snerta upplýsingarétt almennings ná ekki til þingsins og það er, eftir því sem mér sýnist best, af þeim ástæðum að stjórnarskrárvarinn réttur þingmanna til upplýsinga í krafti stöðu sinnar í þinginu er talinn vera fyrir hendi. Þess vegna tel ég mjög vafasamt að líkja þessu tvennu saman og tel það reyndar mjög varasamt þegar sú staða er komin upp trekk í trekk að hv. þm. njóta betri stöðu sem almennir borgarar gagnvart upplýsingalögunum vegna þess að þar hafa þeir þó ákveðið kæruferli, þar hafa þeir ákveðinn rétt og hann er skýr og klár, en upplýsingaréttur þingmanna sem er þó talinn vera stjórnarskrárvarinn réttur þeirra er alls ekki lengur skýr.

Herra forseti. Hæstv. landbrh. vísar til verndar upplýsinga um einkamálefni og er þá væntanlega að tala um hluta af fyrirspurnunum — en hafi ekki verið unnt að upplýsa um það hverjir keyptu, hvað er þá til fyrirstöðu, herra forseti, að því sé svarað á hvaða verði jarðirnar voru seldar? Ég get ómögulega séð að það sé eitthvað sem varði einkamálefni ef um er að ræða nafnlausar upplýsingar þannig að mér finnst ansi margt hæpið í þessu svari, herra forseti. Ég held, og hef reyndar nefnt það hér áður úr þessum ræðustóli og jafnframt komið þeirri ósk á framfæri með forseta þingsins að það sé kominn tími til að forsn. Alþingis taki upp þessar reglur um upplýsingarétt þingmanna og skoði hvert þær eiga að þróast.

[15:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það fór ekki hjá því að það vekti sérstaka athygli þegar þessu blaði var dreift á borð sem svari við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur nú fyrir helgi hversu snautlega var staðið að verki varðandi þetta svar, og farið í alls konar útúrkróka til afsökunar á því að spurningunum er hreinlega ekki svarað, að mínum dómi. Það er t.d. sagt að í landbrn. sé ekki til samantekt um þær upplýsingar sem er beðið um, þ.e. hvaða jarðir hafa verið seldar á undanförnum fimm árum. Ég segi bara, guð hjálpi þessari þjóð ef landbrn. heldur ekki einu sinni skrá yfir þær ríkisjarðir sem verið er að selja í landinu. Hvernig í ósköpunum er hægt að gefa slíkt svar?

Það er fleira sem vekur athygli. Eitt af því sem kemur í veg fyrir að hv. ráðuneyti geti svarað er að það kostar að svara. Þeir eru svo illa haldnir að þeir geta ekki keypt penna, eða hvað? Eru tölvurnar bilaðar? Hvað er í veginum? Það er mjög sérkennilegt hvernig þetta er borið á borð hér. Ég verð að segja það.

Þeir geta að sjálfsögðu ekki gefið upp söluverðið. Hv. ráðuneyti getur ekki gefið upp söluverðið vegna þess að það varðar upplýsingalög. Það vill nú svo til að það er hv. alþingismaður sem spyr og ráðuneytin hafa upplýsingaskyldu gagnvart alþingismönnum. En menn snúa sig út úr því og vitna til upplýsingalaga sem varða upplýsingar til almennings. Þeir telja sig vera stikkfrí þess vegna. Ég verð að segja að ég mótmæli þessari túlkun.

[15:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki fyrsta málið sem kemur upp af þeim toga þar sem hæstv. ráðherrar snúa sig út úr því að svara spurningum sem til þeirra er beint, en ég held að í þessu tilviki megi ganga út frá því sem vísu að þetta sé einhvers konar hrekkjarbragð af hálfu hæstv. landbrh. þegar hann segir eitthvað á þá leið að hann hafi ekki tíma til að svara fyrirspurnum eins og þessum.

Hér er það einfaldlega á ferðinni að verið er að selja ríkiseignir. Í rauninni er ekkert annað á ferðinni. Hæstv. ráðherra vill ekki gefa upp hverjum er selt og á hvaða verði. Ef þessi meginregla á að ganga í gegn þá þýðir það að þingheimur getur ekki spurt um nokkurn skapaðan hlut sem lýtur að því að stjórnvöld séu að selja einhverjar tilteknar

eignir. Slík regla getur aldrei verið í lagi. Þess utan sem allir geta leitað eftir og fengið þá kaupsamninga þegar þeim hefur verið þinglýst og því verður að telja mjög eðlilegt, virðulegi forseti, að spurningum eins og þessum sé svarað.

Það er náttúrlega hreinn og klár brandari þegar hæstv. ráðherra svarar eitthvað á þá leið að það hefði þurft að hafa lengri tíma og menn hafi ekki upplýsingar um hverjum er verið að selja og hvað er verið að selja. Ef þetta er rétt, virðulegi forseti, þá þarf náttúrlega að fara í gegnum allt í þessu blessaða ráðuneyti, þá verður að fara mjög vandlega í gegnum það hvers konar starfsemi fer þar fram. Það liggur alveg fyrir, virðulegi forseti, ef menn vita ekki hvað þeir eru að gera, hverjum þeir eru að selja eða á hvaða verði, þá er þetta miklu alvarlegra mál en menn gerðu sér grein fyrir. Því held ég, virðulegi forseti, að hér sé aðeins á ferðinni hrekkjarbragð af hálfu hæstv. landbrh. Hann muni koma hér síðar með miklu betri og nákvæmari upplýsingar, ef ég þekki hæstv. landbrh. rétt. Ég held að hann hafi bara verið að kanna það hversu langt hann kæmist í spauginu og muni síðar í vetur koma fram með upplýsingar sem skipta máli. Ég trúi því ekki að það sé þannig hjá landbrn. að þeir viti ekki hvað þeir selja og viti ekki hverjum þeir selja.

[15:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ekki er annað hægt en taka undir þá gagnrýni sem hér er borin fram við afar snautlegum svörum hæstv. landbrh. við þessari fyrirspurn. Beðið er um lista yfir sölu á jörðum sl. fimm ár en komið er með lista yfir tvö ár og röksemdin fyrir því að ekki er komið með ítarlegri svör er að það muni taka lengri tíma að vinna þetta en hér hafi verið gefinn. Hæstv. ráðherra getur sjálfur í megindráttum skammtað sér tíma, a.m.k. borið fram ósk um það, verkið sé svo mikið umfangs að óskað verði eftir fresti til að skila því. En auðvitað eiga slíkar upplýsingar að liggja fyrir.

Það er fráleitt að bera því við að ekki megi gefa upp söluverð á eignum. Það þarf hvort eð er að leita heimilda í fjárlögum í langflestum tilvikum til að selja jarðir og þá er náttúrlega eðlilegt líka að verð geti legið fyrir og það gefið upp. Einnig er fáheyrt ef ríkið er að selja eignir sínar án þess að gengið sé frá sölumálum á eðlilegan og fullnægjandi hátt eins og að þinglýsa þeim. Mér finnst því, herra forseti, að upplýsingar hæstv. ráðherra bendi frekar til þess að slælega sé að unnið, ef satt er sem hæstv. ráðherra sagði hér að það væri hipsumhaps hvort gengið væri frá þinglýsingum á kaupsamningum.

Herra forseti. Ég vil ítreka í lokin að þarna er verið að skjóta sér undan að svara því eðlilega sem spurt er um og miklu heiðarlegra er að svara strax heldur en að láta pína svör út úr sér í smáskömmtum. Það er miklu heiðarlegra að koma bara með þetta strax.

En varðandi jarðasölur af hálfu ríkisins þá vil ég láta skoðun mína koma skýrt fram á því að ríkið á ekki að vera að selja jarðir skipulagslaust og án neinnar stefnu (Forseti hringir.) en í sjálfu sér geta ábúendur leyst til sín jarðir með eðlilegum hætti. En það er alveg ljóst, herra forseti, að þetta þarf að vera í miklu betra lagi hjá hæstv. ráðherra.

[15:21]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna þessarar umræðu að svör við fyrirspurnum þingmanna eru vitaskuld á ábyrgð viðkomandi ráðherra en ekki forsn. Að svo miklu leyti sem fyrirspurnum og álitamálum hefur verið vísað til forseta, þá munu þau auðvitað koma til skoðunar í forsn. hér eftir sem hingað til.

[15:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Síðasta ræða hv. þm. Jóns Bjarnasonar bendir til þess að hann þurfi að lesa lagasetninguna og lögin og virða mannréttindin því það er alveg skýrt að það er hlutverk þess sem kaupir að þinglýsa þeirri eign og fyrr er hún ekki komin á það stig en hann hefur gert það. Landbrn. hefur ekki það frumkvæði. Þetta var nú villan. Svo kom auðvitað upp í hv. þm. þessi gamli góði kommi sem ekkert vill selja, jafnvel ekki bændunum sem hafa búið í tíu ár (**JB:** Það er rangt.) eða lengri tíma því að megnið af þeim jörðum hefur verið selt mönnum sem hafa setið jarðir sínar vel og hafa búið þar.

Síðan voru hér náttúrlega skemmtileg spaugsatriði úr Samfylkingunni sem glöddu hjarta mitt. Mér fannst að lögfræðingar Samfylkingarinnar sem tóku þátt í umræðunni töluðu með fjólubláum augum. Þeir vissu að þeir voru ekki að fara með rétt mál. Þeir vita meira um mannréttindi en þeir létu uppi. En þeir vita líka að lögfræðin er flókin grein og sitt sýnist hverjum. Út frá mannréttindum, og út frá upplýsingalögum hefur ráðuneyti mitt og ég talið skylt að menn héldu utan um mannréttindin í þeim efnum.

Við höfum ekkert að fela hvað varðar þetta mál. Það hefur verið unnið eftir þeim reglum sem settar voru í samráði við ríkisendurskoðanda, Sigurð Þórðarson, og í ljósi umræðunnar sem varð hér á haustdögum hef ég beðið hann að fara sérstaklega yfir jarðadeildina og sölu á ríkisjörðum frá 1. maí 1999 með það í huga hvort við höfum ekki staðist allar þær reglur sem settar voru í samráði við hann og ég vona að þær upplýsingar liggi fyrir fljótlega.

Því miður, hæstv. forseti, var ekki hægt af mörgum ástæðum sem ég hef rakið að svara þessu máli ítarlegar en hér var gert. Það er ekkert að fela. Það er allt hreint í þessu máli og hefur verið unnið samkvæmt þeim reglum sem settar voru.

[15:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég verð að fara fram á það við hæstv. ráðherra að hann komi með afganginn af svörunum, a.m.k. yfir þær jarðir sem hafa verið seldar undanfarin fimm ár því að þær upplýsingar liggja fyrir og ætti ekki að vera neitt mál fyrir hæstv. ráðherra að bera sig eftir þeim hjá Ríkiskaupum. Ég fer því fram á að hér komi viðbótarsvör.

Það var enginn að efast um rétt ábúenda í gildandi jarðalögum til að kaupa jarðir sínar, enginn var að efast um þann rétt. Ég hef ekki verið nokkurs staðar á móti því að selja ríkisjarðir, það er í góðu lagi. En upplýsingar um hvað verið er að selja eigur ríkisins á, eiga auðvitað að koma hér fram. Upplýsingalög gilda ekki um þingmenn. Þeir verða að fara þá leið sem ég er að fara sem þingmaður (Gripið fram í.) til að veita hæstv. ráðherra aðhald í störfum hans. Það er með ólíkindum að ráðherra skuli ekki búa yfir þeim upplýsingum hvaða jarðir hafi verið seldar undanfarin fimm ár í ráðuneyti hans þegar Ríkiskaup hafa þær upplýsingar. Það ættu að vera hæg heimatökin fyrir hæstv. ráðherra að bera sig eftir þeim upplýsingum til þeirrar stofnunar.

Síðan vil ég, herra forseti, vísa til föðurhúsanna þeim ummælum sem hæstv. ráðherra hafði um félaga mína, löglærða, í Samfylkingunni. Það er náttúrlega fyrir neðan allar

hellur fyrir ráðherra að koma með slík ummæli úr ræðustól Alþingis.

Hér hafa ekki komið svör við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra varðandi söluverð. Það er þó lágmark að koma fram með hvað verið er að selja þessar jarðir á, þegar menn nefna ekki hverjum er verið að selja. Hvað er verið að selja jarðirnar á? Er verið að gefa þær? Í fjölmiðlum hafa verið ummæli um að verðið sé óeðlilega lágt. Er ekki langbest fyrir hæstv. ráðherra að upplýsa það, herra forseti, á hvað ráðherrann og hans menn eru að selja þessar jarðir sem eru í eigu almennings?

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 6. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir.

[15:26]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni áðan að sá sem hér stendur og fleiri hafi vísvitandi farið með rangt mál og þeir hafi vitað af því. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að aumari afsökun hef ég vart heyrt þegar hæstv. ráðherrar komast í vandræði á hinu háa Alþingi að útskýra hvað valdi því að þeir svari ekki spurningum, að þeir skuli snúa sig út úr því með þessum hætti. Og þeir bera fyrir sig mannréttindaákvæði. Að bera fyrir sig mannréttindaákvæði þegar kemur að því að kaupa eða selja jarðir, ég hef sjaldan eða aldrei heyrt nokkurn teygja sig jafnlangt í að reyna að slá ryki í augu þingheims. Ég spyr hæstv. ráðherra og hlýt að spyrja hann sem svo: Hvar fór sá sem hér stendur með rangt mál í ræðu sinni áðan? Það er ekki hægt að kasta slíku fram án þess að rökstyðja það á einhvern hátt. Ég geri því skýra kröfu til þess, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra komi í ræðustól og útskýri og segi nákvæmlega til um það hvar sá sem hér stendur og fleiri fóru með rangt mál í umræðunni. Það er ekki hægt að kasta slíku fram með þessum hætti.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 5. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. gat þess áðan í svari sínu að ég hefði sagt að ég væri á móti því að ábúendur sem hefðu löglegan rétt til þess að leysa til sín jarðir mættu ekki gera það og það væri mín skoðun. Það er algerlega rangt að ég hafi sagt það. Ég sagði einmitt á hinn veginn að eðlilegt og sjálfsagt væri að ábúendur nýttu sér lagaheimild til þess að leysa til sín jarðir en jarðasala annars mætti ekki ganga stefnulaust fyrir sig.

Ég vil óska eftir því, herra forseti, að þó að hæstv. ráðherra eigi í einhverjum vandræðum með að svara þeim orðum sem til hans er beint, þá haldi hann sig samt við þann heiðarleika að hafa rétt eftir sem sagt er í þingsölum.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:28]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er dapurlegt að sjá hæstv. landbrh. grípa til ráðs hins rökþrota manns að halda því fram að andstæðingar hans í rökræðu tali gegn betri vitund. Ég vísa alfarið á bug þessum fullyrðingum hæstv. landbrh. og hvet hann til þess að gera þingheimi frekari grein fyrir því hvað hann eigi við með þessu. Ég tel einnig mjög dapurlegt þegar hæstv. landbrh. grípur til þess að segja að lögfræðiálit séu á marga vegu og gefur í skyn að alltaf sé hægt að fá lögfræðiálit fyrir þeirri niðurstöðu sem manni hentar. Það má vel vera, herra forseti, að svo sé. En ég tel það samt sem áður vera svo og get fullyrt það hér aftur og þarf ekki að nota til þess nein fjólublá gleraugu, eins og hæstv. ráðherra er að væna mig um að ég geri, að ég tel þá lagatúlkun sem ég rakti áðan og fram kemur í svari hæstv. landbrh. við umræddri fyrirspurn vera mjög vafasama og ég tel hana vera komna mjög nálægt því að ógna þingræðinu og þeirri hefð sem talin er ríkja í stjórnskipunarrétti og venju að þingið hafi eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu. Þetta get ég endurtekið hér og þarf ekki að nota til þess fjólublá gleraugu, herra forseti. Ég tel það reyndar vera svo að sé einhver hér sem talar með fjólubláum augum, þá sé það hæstv. landbrh. Það er skoðun mín.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. landbúnaðarráðherra óskar að bera af sér sakir.

[15:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Það var helst varðandi þetta með fjólubláu augun í mér sem ég get borið af mér sakir því að ef ég hef séð rétt eru þau blá og svolítið grá.

En hvað þessa umræðu varðar liggur það auðvitað fyrir að a.m.k. lögfræðingar Samfylkingarinnar kusu hér að þræða gráa svæðið, hafna því sem stendur í fyrirspurninni að samkvæmt ýmsum lögum eru mál trúnaðarmál af hálfu ríkisins við einstaklinga sem hafa keypt. Ég hef ekkert að fela. Ég hef leitað til löglærðra manna í þessum efnum og góðra lögfræðinga. Ég ætla ekki að gera lítið úr þessum hv. lögfræðingum. Þeir eru ábyggilega starfi sínu vaxnir.

En ég verð að styðjast við og fylgja ýmsum mannréttindaákvæðum og upplýsingalögum sem sett hafa verið. Ég vil ekki brjóta á þeim einstaklingum. En ég sagði hér áðan, til þess að það sé alveg ljóst, að ég vil ekki liggja undir sök í þessu máli. Þetta er ekki mitt felumál. Ég hef ekkert að fela í því, ekki eitt einasta atriði. (**BH:** Gott.) Þess vegna hef ég beðið Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda að fara yfir störfin frá því að ég kom í ráðuneytið. Í fyrsta lagi til að kanna hvort við höfum farið að þeim reglum sem lögin segja og hvort ekki sé alveg skýrt að við fylgjum því að Ríkiskaup sjái um söluna og þeir sem hæst bjóða hafi fengið keypt á því verði. Í öðru lagi að ábúendurnir, sem eru langstærsti hópur þessa máls, hafi fengið að kaupa, að það mat hafi verið gert af hlutlausum aðila sem hafi tekið þær jarðir út og samningur gerður við þá og svo í hvaða tilfellum samið var við sveitarfélög. Allt er þetta gert eftir skýrum reglum sem ég þarf ekkert að fela.

Ég er þannig gerður, hv. þm., að ég vil ekki brjóta á mannréttindum fólksins í landinu. Ég hefði trúað því að Samfylkingin, sem dreymir um að verða stór og öflugur flokkur, vildi líka virða mannréttindi og fara að lögum þessa lands. Ég efast í raun ekkert um það. En svona er málið vaxið, svona liggur þetta svar fyrir. Það gat því miður ekki orðið öðruvísi. (**Gripið fram í:** Hvað með fimm ár aftur í tímann?) Nú getum við ekki, hv. þm., talað saman tvö og ein. Það verðum við að gera í kaffistofunni á eftir.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 204. [15:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við höldum áfram umræðu sem tók svo til allan föstudaginn þar sem við fjölluðum um frv. hæstv. sjútvrh. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þar sem sú umræða hafði skilað okkur því að hæstv. sjútvrh., sem reyndar getur ekki verið við þessa umræðu í dag eins og fram kom á föstudaginn, átti í miklum vandræðum með að útskýra þetta tiltekna mál.

Ástæða þess, virðulegi forseti, að ég óskaði eftir að fá að taka til máls í þessari umræðu er fyrst og fremst yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. þess efnis að það frv. sem hér er, og á að vera liður í einhvers konar sátt eða sáttargjörð að því er varðar stjórn fiskveiða, byggi að hluta til á niðurstöðu auðlindanefndar. Ég vil mótmæla því harðlega.

Auðlindanefndin var á sínum tíma sett á stofn í kjölfar þál. sem hafði það að markmiði að reyna að koma upp og leggja til almennar reglur um hvernig náttúruauðlindum yrði ráðstafað og hvernig farið yrði með náttúruauðlindir í þjóðareign. Auðlindanefndin komst að þeirri meginniðurstöðu að haga ætti reglum þannig að allir hefðu jafnan aðgang að þessum auðlindum og þar sem um takmarkaðar auðlindir væri að ræða skyldi reglum þannig háttað að mönnum yrði gefinn kostur á að bjóða í þessi réttindi og öðlast þau réttindi. Meginreglan átti að vera sú að þegar eftirspurn væri meira en framboð af takmörkuðum réttindum þá yrði um að ræða einhvers konar uppboð á þessum réttindum. Það er meginniðurstaða auðlindanefndar og breytir engu um hvaða náttúruauðlind er að ræða.

Hins vegar var það þannig í þessari nefnd að ákveðið var að taka eitt viðbótarskref að því er varðaði sjávarútveginn. Þar var opnað á, öfugt við það sem allt stefndi í allan vinnslutíma nefndarinnar til þess að hægt væri að skila einu sameiginlegu áliti, að auk þeirrar meginreglu sem fælist í því að þegar um takmarkaða náttúruauðlind væri að ræða þá skyldu þau réttindi boðin upp og öllum gefinn jafn aðgangur, svokölluð veiðigjaldsleið. Það voru tveir einstaklingar af níu sem lögðu áherslu á þessa leið þegar niðurstaðan kom fram. Þess vegna hefur verið dálítið aumkunarvert, og því miður er hæstv. sjútvrh. ekki við, að hlýða á að þær hugmyndir sem meiri hluti svokallaðrar endurskoðunarnefndar hefur skilað af sér byggi að einhverju leyti á niðurstöðu auðlindanefndarinnar. Þar hefur verið leitað í falskt skjól sem á sér enga stoð í raunveruleikanum. Ég held að það sé mikilvægt að þessu sé til haga haldið í umræðunni því að að miklu leyti hefur hæstv. sjútvrh. reynt að finna sér skjól í því að hér sé um að ræða hugmyndir sem byggi á niðurstöðu auðlindanefndar. Svo er ekki. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir við þessa umræðu.

Það er rétt líka, virðulegi forseti, að halda því til haga að auðlindanefndin svokallaða komst að þeirri meginniðurstöðu að því er varðaði fiskveiðistjórn að byggja ætti á kvótakerfinu, því kerfi sem við höfum á einn eða annan hátt reynt að koma á laggirnar í ein 16–17 ár, ef svo má að orði komast. Hins vegar er ekki hægt að neita því að stór hluti af þeim markmiðum sem reynt hefur verið að ná með fiskveiðistjórninni hefur ekki náðst. Það er umhugsunarefni, eftir 16–17 ár, hvernig á því stendur að á því fiskveiðiári sem nú er nýhafið sé ætlunin að veiða u.þ.b. 330 þús. tonn af bolfiski þegar flest árin áður en þetta kerfi var tekið upp skiluðu 550–600 þús. tonnum af bolfiski. Við hljótum að spyrja: Hvernig stendur á þessu?

Það er ekkert sjálfgefið um svör í þeim efnum en þetta er bara hinn harði veruleiki. Þetta er veruleikinn, þ.e. að við erum að taka miklu minna af auðlindinni en við gerðum áður en þetta kerfi kom til sögunnar og við hljótum að spyrja: Er þetta kerfinu að kenna? Hefur þetta eitthvað með veiðarfærin að gera? Hefur þetta með hitastigið í sjónum að gera o.s.frv.? Þetta er staðreynd sem liggur fyrir og ekki verður horft fram hjá.

Í öðru lagi er algerlega ljóst að þegar við takmörkum aðganginn að auðlindinni með þeim hætti sem við höfum gert þá hefur það vissulega vegið að minni sveitarfélögum úti á landi. Hvers vegna segi ég þetta? Jú, ef við horfum til þess að þessi byggðarlög hafi fyrst og fremst orðið til út af nálægðinni við auðlindina, út af möguleikanum að [illegible] nýta auðlindina, út af draumnum um geta [illegible] við af eigin störfum þá er alveg ljóst að það er búið að taka þennan draum frá þessum byggðarlögum. Þessi takmörkun, með þeim hætti sem við höfum nú gert, hefur gert það að verkum að möguleiki manna á því að byggja sig upp í sjávarútvegi í þessum byggðarlögum er miklu minni. Hann stafar ekki bara af því að það er ekki lengur frjáls aðgangur að auðlindinni heldur líka því að möguleiki á að komast yfir fjármagn í því skyni að kaupa sig inn í greinina er mjög takmarkaður. Það eru ekki hagsmunir fjármálastofnana að stuðla að því að fleiri aðilar komi inn í þessa grein.

Við höfum líka séð afleiðingar þessa alls ef við horfum á skólakerfið þar sem það tengist sjávarútvegi. Þar hefur orðið veruleg fækkun. Það er ekki vegna þess að áhugi á greininni hafi minnkað til mikilla muna heldur eru möguleikarnir í greininni miklu minni en áður. Menn hverfa á önnur mið og ég er sannfærður um að eitt stærsta vandamál þessara byggða er að kraftmiklir einstaklingar, sem á árum fyrr hefðu vel getað hugsað sér að fara út í útgerð og fiskvinnslu, sjá ekki tækifæri í því lengur. Þeir leita á ný mið. Þeir leita á ný mið í öðrum greinum þar sem tækifærin liggja.

Ég hef rætt þetta við afreksmenn á þessu sviði, hvort þeir sem ungir menn í dag hefðu farið þann veg sem þeir fóru á sínum tíma. Ég hef spurt þá að því hvort þeir mundu sjálfir fara í útgerð í dag. Þeir hafa ekki treyst sér til þess að svara því játandi vegna þess að tækifærin liggja ekki lengur þarna. Ég er sannfærður um að þetta er að verða eitthvert stærsta vandamál byggðanna vegna þess að þegar atorkufólk, öflugt fólk, færir sig úr þessum byggðarlögum þá veikir það þau til mikilla muna. Það er sannleikurinn í þessu öllu saman.

Kannski væri hægt að spyrja, þegar menn hugleiða þessa hluti í ljósi hæstaréttardóms sem féll fyrir nokkru og menn hafa túlkað svo að ekki sé mögulegt að takmarka aðgang skipa að auðlindinni, hvort ekki sé þá um leið forsendan fyrir kvótakerfinu fallin. Forsendan fyrir því að menn geti skapað auðlindarentuna er sú að menn geti stjórnað afkastagetu fiskiskipaflotans. Hún verður ekki til með öðrum hætti en að menn aðlagi afkastagetu fiskveiðiflotans afrakstursgetu fiskstofnanna. Þegar menn geta ekki lengur farið þessa leið hljóta þeir að þurfa að spyrja sjálfa sig: Er þá grundvallarforsendan sem allir hagspekingar gefa sér, að til að menn nái því markmiði með kvótakerfinu að til verði tiltekin auðlindarenta, þ.e. að við náum á þennan hátt meiri arði af nýtingu á auðlindinni en með öðrum kerfum — að þessari forsendu fallinni eru þá ekki forsendur kerfisins í raun fallnar, eru

þær ekki í raun brostnar? Þetta eru atriði sem ég held að við þurfum að skoða mjög vandlega.

Ég ætla ekki að svara þessari spurningu hér enda er ég ekki þess umkominn og hef kannski ekki nægilega yfirgripsmikla þekkingu til þess að svara því. En þetta er eitt af því sem við verðum að ræða. Komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að stjórna sóknargetunni með þeim hætti sem gert var fyrr á árum þá stendur eftir sú stóra spurning: Er þá hægt að reikna með því að kvótakerfið, fiskveiðistjórnarkerfið, skili þeim árangri sem að er stefnt? Ég held að þetta sé ein af þeim grundvallarspurningum sem við þurfum að ræða.

Frv. sem hér er til umræðu lýtur hins vegar að því að færa tilteknar aflaheimildir frá einum skipaflota til annars og endurspeglar í sjálfu sér ekkert annað en að hér er á ferðinni eitthvert mesta og stærsta skömmtunarkerfi allra tíma. Hvað er það annað en skömmtunarkerfi þegar hæstv. sjútvrh. kemur og leggur fyrir Alþingi frv. sem er í raun og veru ekkert nema afrakstur af kjaraviðræðum smábátamanna og tiltekinna þingmanna stjórnarliðsins, þar sem lagt er til að tilteknar aflaheimildir séu færðar frá einum hóp til annars? Hvað er það annað en niðurstaða stjórnvalda þegar verið er að fjalla um tiltekið skömmtunarkerfi?

Það var dálítið fróðlegt á föstudaginn þegar í ræðustól komu nokkrir þingmenn Sjálfstfl. sem voru spurðir þeirrar spurningar hvort þeir gætu ímyndað sér, hvort þeir gætu hugsað sér meira miðstýringarkerfi en það að hæstv. sjútvrh. komi og leggi hér fram frv. sem felur í sér að tiltekinn bátafloti megi núna veiða aðeins meira, gangi hann inn í aflamarkskerfið, sem þýðir um leið að einhver annar floti megi þá veiða aðeins minna. Í því skyni að reyna að ná einhverri tiltekinni sátt er einum hópi skammtað meira á kostnað hins.

Það var fróðlegt, eins og ég nefndi áðan, að beina þeirri fyrirspurn til ýmissa hv. þm. Sjálfstfl. sem reyndar eru ekki í salnum einmitt núna, þegar þeir voru beðnir að upplýsa um kerfi sem væri miðstýrðara en þetta, að þá treystu þeir sé ekki til þess að svara því. En síðan án þess að blikna sökuðu þeir þá sem vildu brjóta þetta kerfi upp, þá sem vildu skapa ný tækifæri í þessu kerfi, um að vera bara sósíalista af gamla skólanum, hina verstu.

Það er dálítið merkilegt hvernig menn hafa ruglað saman öllum hugtökum í þessari umræðu og hvernig þeir hafa smám saman reynt að sýna fram á að svart sé hvítt og hvítt sé svart.

Frv. sem hér um ræðir er í sjálfu sér, eins og ég nefndi áðan, óskaplega rýrt að efni til, fyrir utan hvað það er orðið flókið að lesa þessi blessuðu frv. og varla fyrir nokkurn mann að skilja. Það felur ekkert í sér annað en að það á að leyfa þeim sem voru á þorskaflahámarki að veiða aðeins meira gegn því að þeir komi inn í þetta kerfi í því skyni að reyna að fá fram einhverja sátt eða rólegheit yfir þann hóp. Á móti kemur að þá veiðir einhver annar aðeins minna. Það er bara einfaldlega þannig.

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég vildi taka þátt í þessari umræðu var fyrst og fremst sú að ég vildi fjalla aðeins um þetta og þá ekki síst til að bera af þeim sem hér stendur og fleirum úr auðlindanefnd þær sakir að hugmyndir meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar eigi að einhverju leyti rætur að rekja til niðurstöðu auðlindanefndar. Það er algerlega af og frá.

Af því ég nefndi fyrr í ræðu minni afleiðingar fiskveiðistjórnarkerfisins fyrir hinar minni byggðir landsins þá held ég að líka sé mikilvægt að halda því til haga að það liggur alveg kristaltært fyrir að bæði auðlindanefnd og svokölluð endurskoðunarnefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði, báðar þessar nefndir leggja til að ef innheimt verði einhvers konar veiðileyfagjald eða einhvers konar gjald af úthlutuðum aflaheimildum þá skuli það renna til landsbyggðarinnar.

Hví skyldi það vera? Hví skyldi það vera að báðar þessar nefndir leggja mikla áherslu á að þetta gjald eða það sem inn kemur renni til þeirra byggða sem að stórum hluta eða stærstum hluta lifa á sjávarútvegi? Það getur ekki verið af annarri ástæðu en þeirri að þau hafi orðið fyrir einhverju tjóni. Menn væru ekki að leggja til aukin framlög til þessara byggða nema þau hafi orðið fyrir einhverju tjóni.

Og af hverju skyldu þau hafa orðið fyrir tjóni? Það er vegna þess að þessar byggðir urðu til vegna nálægðarinnar við auðlindina en núna geta þau ekki nýtt hana. Báðar þessar nefndir viðurkenna það í sínum niðurstöðum að þessar byggðir hafi orðið fyrir tjóni.

Við skulum líka halda því til haga að það mun án efa verða verkefni okkar í framtíðinni að halda Íslandi í byggð. Það verður erfitt því við verðum í mikilli samkeppni við þau tækifæri sem bjóðast annars staðar. Um leið og þessar minnstu byggðir gefa eftir þá verða hinar næstminnstu byggðir þær minnstu. Girðingarnar færast.

Við verðum að tryggja að tækifærin á Íslandi séu eins mörg og við getum skapað því Ísland mun alveg án efa í framtíðinni þurfa að berjast fyrir því að halda sínu fólki. Ég held að við þurfum að hafa þetta í huga þegar við ræðum þessi mál og ég held að við þurfum að ræða í miklu meiri alvöru hvaða árangur hafi orðið af þessu kerfi í stað þess sífellt að öskra, æpa og góla um að þetta hafi náð miklu betri árangri en hugsanlega einhver önnur niðurstaða því það er einfaldlega þannig að nánast allt hefur mistekist sem að var stefnt. Stofnarnir hafa aldrei verið minni. Byggðavandinn hefur aldrei verið meiri. Kannski er það líka svo að áhugi fyrir greininni er miklu mun minni en áður.

Virðulegi forseti. Að þessum orðum sögðum og þeim skilaboðum komnum á framfæri að ég mótmæli því harðlega að hæstv. sjútvrh. standi í skjóli auðlindanefndar þegar hann ber fram tillögur embættis- og þingmannanefndar Sjálfstfl., læt ég máli mínu lokið.

[15:52]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður hefur hlýtt á það um langa hríð að hæstv. sjútvrh. hefur hvatt menn til að ganga að tillögum auðlindanefndar, þeirri sáttatillögu sem auðlindanefnd hafi komið sér ásamt um. Fyrir því var það að ég sperrti mjög eyrun þegar ég heyrði hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur upplýsa það hér á föstudaginn er leið að svo hefði þetta ekki verið. Nú kemur upp annar nefndarmaður, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, og upplýsir að veiðigjaldsleiðin hafi verið tekin inn fyrir beiðni tveggja manna í nefndinni, fulltrúa vinnuveitenda, fulltrúa sægreifanna. Þetta eru mikilvægar upplýsingar að ég segi ekki meira.

En mér er spurn og vil fá svar. Hvernig í ósköpunum mátti það vera að nefndarálitinu var skilað án þess að upplýsa þetta? Og ofan í kaupið gera þessir tveir fulltrúar LÍÚ í nefndinni ágreining um allt nefndarálitið. Það var ekkert sameiginlegt nefndarálit út úr auðlindanefnd. Þá er það bara að nafninu til vegna þess að þessir tveir menn sem fengu

því framgengt að aðferðinni sem frá upphafi átti að beita er laumað þarna inn.

Ég hef lesið þetta álit og mér kemur á óvart ef eitthvað finnst í því sem upplýsir þessa mögnuðu stöðu sem kemur upp í nefndinni og afleiðingar þessa. Og nú mæta menn hér eftir dúk og disk og bera af sér sakir, þær sakir sem sjálfur hæstv. sjútvrh. ber á þá, að bera ábyrgð á aðferð og tillögu sem aðeins tveir af níu í nefndinni gerðu að sinni, og var ritstýrt og saman sett niður í Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

[15:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar þessir hlutir eru ræddir verða menn að hafa í huga að auðlindanefndin hafði það verkefni að fjalla um allar auðlindir, allar auðlindir sem eru eða kynnu að vera í þjóðareign. Sjórinn var þar undir einnig. Meginregla, meginniðurstaða auðlindanefndar að því er varðar allar auðlindir er sú að þar sem um takmarkaða auðlind er að ræða skulu réttindin verða boðin upp. Það er meginregla að því er varðar allar auðlindir.

Þegar kom að sjávarútvegi treysti ákveðinn hópur í nefndinni sér ekki til að standa að þessu. (**SvH:** Einkavinir Davíðs Oddssonar.) Þeir treystu sér ekki til þess að standa að þessari meginreglu þegar að sjávarútvegi kom. Í því skyni að nefndin gæti skilað af sér og skrifað undir sameiginlegt álit var opnað á þessa leið, eins og fram kemur í þeim athugasemdum og fyrirvörum sem þarna koma fram.

Virðulegi forseti. Ég taldi sjálfur ekki ástæðu til að fjalla um svo augljósa hluti að meginregla nefndarinnar er skýr. Menn hljóta þá að vera með fyrirvara við meginregluna. Meginreglan er sú að þegar kemur að takmörkuðum auðlindum sem þarf að takmarka aðgang þá skuli þessi réttindi boðin upp, a.m.k. tryggt í alla staði að allir geti haft af þessu jafnan aðgang. Það er meginniðurstaða nefndarinnar.

Þessi nefnd var sett á laggirnar til þess að reyna að skapa einhverja sátt og í ljósi þess og í ljósi tilrauna til þess, var opnað á þetta og þeim gefinn kostur á að vera með þennan fyrirvara til þess að við gætum skilað sameiginlegu nefndaráliti.

[15:56]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var ljóst hver var meginniðurstaðan og meginreglan í sambandi við nýtingu auðlinda Íslands. En hvernig í ósköpunum má það vera að ekki er gerður neinn fyrirvari eða upplýst um hvernig þessi undantekning sem gerð er er til orðin? Nú liggur þetta fyrir.

Ég hef haldið því fram opinberlega allan tímann að þeir hefðu aldrei hugsað sér að hverfa í einu né neinu sem skipti máli frá þeirri fiskveiðistjórn sem þeir hafa komið upp. Og hvað skeður svo? Ég sé það og hef reyndar sagt frá því áður að það eru vinir hæstv. forsrh. í nefndinni sem gera honum þann greiða að taka inn þessa aðferð sem þeir allan tímann ætla að viðhafa, og þeim sem lesa skýrsluna er ekki gerð grein fyrir því hvernig þetta er tilkomið. Það er ekki einu sinni minnst á að þetta sé nein undantekning. Það er bara tekið upp sem önnur reglan varðandi sjávarútveginn, þessi ósköp sem við höfðum fyrir augum.

En héðan í frá vitum við þetta og ég er þakklátur nefndarmönnunum og hv. þingmönnum sem það hafa upplýst. Hér verður ekkert lengur farið í grafgötur með hvernig þetta er í pottinn búið. Eins blasir alls staðar við í umræðunum að rökþrotin eru slík að það hefur ekkert farið fram hjá mér að hæstv. forseti vor, sem er því miður fjarstaddur, hefur helst viljað skera niður með öllum hætti málfrelsi manna. Við fengum með einhverjum eftirgangsmunum í fyrra að ræða um skýrslu auðlindanefndar og framsögumaðurinn, sá sem hér stendur, 12 mínútur. Þannig er allri þessari afgreiðslu háttað.

[15:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur kannski ekki heldur komið fram nægilega skýrt í þessari umræðu að þær tvær leiðir sem þó var fallist á þegar rætt var hvernig ætti að innheimta þessi gjöld, þ.e. að gengið var lengra í sjávarútvegi heldur en annars staðar, gerðu báðar ráð fyrir uppboði á tilteknum hluta, líka veiðigjaldsleiðin eins og hún er nefnd í auðlindanefndinni. (**SvH:** En þeir sem gerðu fyrirvara?) Þeir gerðu aðeins fyrirvara um að þeir vildu fara veiðigjaldsleið.

Eins og veiðigjaldsleiðin er skilgreind í niðurstöðu auðlindanefndarskýrslunnar kemur skýrt fram að menn geti keypt sig á uppboði inn í þennan tiltekna hundraðshluta þannig að sú veiðigjaldsleið sem embættismanna- og þingmannanefnd hæstv. sjútvrh. komst að er ekki heldur til í skýrslunni. (Gripið fram í) Hún er ekki heldur til í skýrslu auðlindanefndar, sú veiðigjaldsleið sem þar er nefnd, þannig að hún er heldur ekki til.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þær hugmyndir sem koma frá meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar eiga sér litla sem enga stoð í niðurstöðum auðlindanefndar nema ef vera kynni nafnið á veiðigjaldsleiðinni. Í auðlindanefnd er það kallað veiðigjaldsleið, en þar er líka tekið skýrt fram að tiltekinn hundraðshluti skuli vera á markaði á hverju ári.

Ég ítreka þetta enn og aftur, virðulegi forseti, og mér þykir miður að hæstv. sjútvrh. er ekki hér í dag. Það vildi þannig til að ég var næstur á mælendaskrá þegar hann kom inn og gat því ekki haldið þá ræðu á föstudaginn að honum viðstöddum sem ég vildi hafa haldið og hélt hér. Hins vegar gerði hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir glögga grein fyrir þessu einnig í máli sínu, en hæstv. ráðherra kom lítið sem ekkert inn á það.

Ég vil halda þessu til haga. Veiðigjaldsleið auðlindanefndarinnar er ekki veiðigjaldsleið meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar.

[16:01]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Það lýtur að því hvernig veiðum smábáta skuli háttað í framtíðinni. Þessi mál hafa verið mjög ofarlega á baugi undanfarið, allt frá því í vor þegar ekki var hægt að taka til afgreiðslu frv. sem ég ásamt hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni lagði fram. Það fól í sér mikla bót frá því sem sýnt þótti að mundi verða eins og komið hefur á daginn. Menn hafa séð að þau lög sem gilda núna um smábátana eru óferjandi og óalandi. Þau munu hafa þær afleiðingar, fái þau að gilda áfram, að byggðir komist í stórhættu. Það hefur mikið verið rætt um allt sjávarútvegskerfið á Íslandi. Oft hefur verið talað um hversu mikla óvissu það hefur skapað, hvernig aflaheimildir flytjast frá einum stað til annars með tilheyrandi óöryggi og jafnvel atvinnuleysi og leiðindum.

Það hefur verið mikil óánægja með þetta kerfi eins og ég sagði og menn úr öllum flokkum hafa lýst yfir mikilli vanþóknun á því. Samt á innan skamms að leggja fyrir þingið frv. um að festa þetta kvótakerfi algerlega í sessi eins og það er í dag. Ekki nóg með það heldur á frv. sem við erum að

fjalla um núna að verða til þess að loka öllu kerfinu, hafa það allt undir þeim lögmálum að menn geti verslað með réttinn til veiða sín á milli án þess að þeir þurfi að svara einum eða neinum til um áhrifin sem það hefur á umhverfi þeirra.

Þegar við skoðum útgerðarsögu á Íslandi, sérstaklega ef við hugsum til fyrri hluta síðustu aldar og nokkuð langt fram á seinni hlutann jafnvel, þá er athyglisvert að sjá hve margir menn lögðu mikið á sig til að fara út í útgerð og stunda sjóinn. Þeir voru ekkert að velta því fyrir sér sölu á aflaheimildum sem þeir kynnu að verða sér úti um. Það sem fyrir þeim vakti var að veiða fisk og skapa vinnu og vera hluti og lifandi partur af því samfélagi sem þeir bjuggu í.

Því miður er útgerðarmaðurinn í dag í mörgum tilvikum orðinn allt öðruvísi. Hans útgerð fer mikið fram á þann hátt að hann veltir fyrir sér hvernig verðið á kvótanum verði, hvort betra sé að leigja einhverjum eða selja eða kaupa jafnvel. Hann veltir því fyrir sér hvort breyta eigi skipum, stækka þau eða minnka þau, breikka þau eða stytta. Hvað þetta varðar er allt á verri veginn.

Það er grátlegt, herra forseti, að horfa upp á að það eigi að leysa vandann sem blasir við hjá mörgum byggðarlögum og mörgum smábátaútgerðarmönnum með því að loka kerfinu og setja þá inn í sama kerfið og allt hitt. Ég leyfi mér að halda því fram, herra forseti, að meiri hluti þjóðarinnar er afar ósáttur við kvótakerfið eins og það er í dag, þ.e. það sem kallað er fiskveiðistjórnarkerfi en menn eru farnir að kalla kvótakerfi.

Það eru til dæmi um að menn hafa verið að veiða fisk fyrir nokkrar milljónir. Ég veit dæmi um menn sem veiddu fisk fyrir 60 millj. kr. og þeir þurftu að greiða 30 millj. kr. fyrir það. Hvert runnu þeir peningar? Runnu þeir í sjóði elliheimila, sjúkrahúsa eða skóla? Nei, þeir runnu bara í einhverja hulda vasa sem kannski þurftu síðan ekki að greiða neinn skatt af þeim allt eftir því hvers konar fyrirtæki átti í hlut sem tók við þessari greiðslu.

Nú bíða margir smábátamenn og velta fyrir sér hvernig kerfið verði. Þeir velta líka fyrir sér við hvað muni verða miðað þegar ýsunni verður úthlutað. Við hvaða daga? Sumir vona að það verði frá mars á þessu ári til mars á næsta ári. Aðrir vona að það verði frá janúar til janúar og kannski enn aðrir frá október til október, allt eftir því hvaða reynslu þeir hafa af ýsuveiðum. Hið sama gildir um steinbítinn.

Svo fara menn kannski jafnvel að hugsa með sér í laumi: Skyldi ekki vera best að selja þennan kvóta bara þegar ég fæ hann? Leggja bátnum og reyna að fá sem mest fyrir?

Herra forseti. Það er oft sagt að sjávarútvegskerfið sem við búum við verði að vera stabílt, öruggt og gott. En það kerfi sem við búum við núna er það ekki, einkum vegna þess að aflaheimildirnar færast yfir á æ færri hendur eins og margoft hefur verið sýnt fram á í skýrslum, m.a. góðri skýrslu Byggðastofnunar Um sjávarbyggðir í sókn og vörn.

1. og 2. gr. í þessu frv. gera ráð fyrir því að það fari fram bullandi framsal í kerfinu.

Í 3. gr. er síðan talað um byggðakvóta. Hins vegar skilst mér að Byggðastofnun muni ekki fá að úthluta þeim kvóta. Ráðherra mun sjálfur sjá um það. Eftir hvaða leiðum á að fara til þess að úthluta þeim kvóta? Það er talað um að honum eigi að úthluta til þeirra byggða sem illa fara út úr þessum lögum, þeirra byggða sem fara munu illa út úr kvótasetningu á smábátana. Nánast þetta má lesa úr frv.

Í athugasemdum við einstakar greinar þessa frv. segir um 3. gr., varðandi heimildina til að útdeila þessum byggðakvóta, sem ég kalla svo, með leyfi forseta:

„Með slíkri heimild yrði unnt að koma til móts við þau byggðarlög sem mest hafa misst í því efni."

Þetta býður heim hættunni á illindum, deilum, vonbrigðum og reiði, þegar einn fær úthlutað og annar við hliðina ekki, kannski vegna þess að hann hafði róið á vitlausum dögum, vitlausum tíma.

Það ber allt að sama brunni með þetta frv. til laga. Það er ekki gott. Þetta er ekki gott frv. og það mun leiða til mikillar óánægju.

Í 4. gr. frv. er viðleitni til að taka á brottkastinu. Þar segir, með leyfi forseta, um heimild til að undanskilja 5% afla hverrar veiðiferðar frá aflamarki skipsins:

„Sé ofangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er boðinn upp standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 10 kr. fyrir hvert kíló selds afla, sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um."

Eru þetta verðlaun til Hafrannsóknastofnunar?

Mér dettur í hug að spyrja, herra forseti, á tímum einkavæðingar, hvort ekki sé rétt að nota þetta fjármagn til þess að láta óháða aðila, eins og það heitir oft, fá þessa peninga, menn sem eru að stunda rannsóknir á lífríki hafsins hér í kring. Ég leyfi mér að nefna t.d. mann eins og Jónas Kristjánsson. (Gripið fram í.) Jón Kristjánsson sem hefur komið með ágætar kenningar um fiskstofna við landið. Hæstv. umhvrh. lagði fram frv. um daginn þar sem gert er ráð fyrir því að Náttúruverndarráð verði lagt niður og einkaaðilar komi þar að. Má ekki láta hinn sama anda ríkja, eða kannski hafa sjálfstæðismenn minni áhuga fyrir einkavæðingu en framsóknarmenn og vilja því ekki hrófla við Hafrannsóknastofnun. Það má allt eins spyrja sig að þessu, hvort ekki væri rétt að gefa öðrum færi á því, háskólum og öðrum aðilum og einstaklingum, eins og ég nefndi hér áðan, herra forseti, að koma að því að gera rannsóknir á ástandi fiskstofna og lífríki hafsins hér í kringum landið.

Í 6. gr., herra forseti, er í raun og veru verið að opna á það að viðskipti á milli stóra kerfisins og trillukerfisins geti farið fram. Og það getur verið stórhættulegt að setja allt í þennan eina pott, í einn og sama stóra pottinn, eins og mér sýnist tilhneiging vera til. Ef menn ætla að fara þá leið hljóta líka að vakna spurningar um það hvort þeir bátar sem þessi lög eiga að gilda um eigi þá ekki að fá heimild til að nota sams konar veiðarfæri og hætta á krókum, krókaveiðum og línuveiðum, og fara jafnvel á netaveiðar eða hugsanlega aðrar veiðar sem eru ekki eins vistvænar og krókaveiðar.

Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá hvernig lítil þorp voru farin að byggjast upp þegar glufan í kerfinu varð mönnum ljós, þegar fólk sem bjó í litlum byggðum, og býr enn, gat farið að gera út á þessa báta og skapað þannig atvinnu í byggðunum. Það var meira að segja svo, herra forseti, að hús sem stóðu auð fylltust aftur af fólki og það voru margir sem fylltust bjartsýni og gleði yfir því að byggðin þeirra var að lifna við aftur. Og svo þegar kominn er nokkuð góður skriður á lífið í byggðunum ríður höggið af. Stundum hvarflar að mér, herra forseti, að það sé stefna ríkisstjórnarinnar, Sjálfstfl. og Framsfl., að útrýma fámennum byggðarlögum, það sé ekki æskilegt að það sé eitthvað til sem heitir litlar byggðir, í þeirri trú að hið stóra og sterka sé alltaf það besta

og hagkvæmasta eins og menn halda gjarnan um fyrirtæki, því stærra sem fyrirtækið er því hagkvæmara er það og betra. En við höfum séð á undanförnum dögum í þjóðlífi voru að það er ekki algild regla.

Fiskurinn í hafinu í kringum Ísland er okkar auðlegð, og það er æskilegt og best að sem flestir hafi aðgang að henni og að sem flestir geti notið hennar. Ekki eins og í einhverju grimmu ríki þar sem t.d. olía er eina auðlind landsins og fámenn furstafjölskylda hirðir allan olíugróðann og lætur ekki fátæka þegna þess ríkis njóta neins af þeim olíuauði. Fiskurinn er okkar olía og við þurfum að ganga varlega um dyrnar og gæta þess að eignarhaldið, eins og það er kallað, á fiskimiðum íslensku þjóðarinnar endi ekki í höndum færri og færri manna sem eru ekki í tengslum eða sambandi við fólkið í landinu.

[16:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er eiginlega svolítill vandi að ákveða hvar maður eigi að byrja og hvar enda eða hvernig maður eigi að takmarka sig í umræðum um þessi mál. Um þetta má í sjálfu sér hafa bæði langt mál og stutt. Ég ætla ekki að endurtaka margt sem þegar er komið fram í umræðunni, gagnrýni á þessa málsmeðferð, heldur vísa til þess sem sett var fram, bæði af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fleiri hér í löngum umræðum sl. föstudag.

Í fyrsta lagi er þó óhjákvæmilegt að staldra aðeins við hina almennu stöðu þessara mála, herra forseti. Ekki verður sagt að það blási sérstaklega byrlega hjá hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórn að koma á einhverjum þolanlegum friði um meðferð þessara sjávarútvegsmála almennt. Ég hygg að þær umræður sem orðið hafa hér á þingi og í þjóðfélaginu undanfarnar vikur, bæði í kjölfar niðurstöðu svokallaðrar endurskoðunarnefndar og í tengslum við málefni smábátanna, segi nú allt sem segja þarf um það hvar menn eru á vegi staddir í þeim efnum. Það er síst friðsamlegra en verið hefur lengst af í þessum efnum, og hvergi í sjónmáli breytingar á núverandi fyrirkomulagi sem einhver sátt virðist geta orðið um.

Ég held, í öðru lagi, herra forseti, að saga kvótakerfisins sem verður 19 ára gömul núna innan skamms — 18 ára verður kerfið sjálft núna um áramótin — sé ágætt dæmi um vegferð þar sem markmiðið gleymist, og aðferðin til að ná markmiðunum fram verður að aðalatriði málsins. Stundum er sagt að menn lendi í styrjöldum eða rifrildi og gleymi svo upphaflega tilefninu, séu orðnir svo uppteknir af leiknum sjálfum, og óneitanlega jaðrar við að þetta hvarfli að manni í sambandi við hið svonefnda kvótakerfi. Það er sárasjaldan rætt um hin upphaflegu markmið kerfisins, sem var að byggja upp fiskstofnana, sem var að koma á réttlátri og sanngjarnri útdeilingu þessara réttinda í ljósi þess að það yrði að takmarka sókn manna í stofnana. Kvótakerfið sjálft, tækið, aðferðafræðin, er orðið aðalatriðið og umræðan snýst um það. Það er næstum orðið markmið í sjálfu sér að verja kvótakerfið sem aðferð, sem kerfi, sem tæki, og upphaflegu markmiðin eru gleymd og grafin. Þannig gerist það, herra forseti, og er svo sem ekki nýtt í mannkynssögunni, að fyrirbæri af þessu tagi fara að lifa af sjálfu sér, óháð þeim markmiðum sem þau voru upphaflega innleidd til þess að ná fram. Þannig er þetta í raun og veru orðið í mjög ríkum mæli með þetta blessaða kvótakerfi. Menn eru t.d. orðnir svo uppteknir af því eðli þess að úthluta hlutdeild í fiskstofnunum að heilir fundir og ráðstefnur og þing snúast um þennan þátt málsins, prósentuna, en ekki um það sem þetta á allt saman að snúast um, þ.e. að tryggja réttláta, hófsamlega og þjóðhagslega hagkvæma nýtingu þessarar náttúruauðlindar, og að eftir föngum sé þar við komið sanngjörnum og eðlilegum leikreglum.

Ekki minnst, herra forseti, er þetta dapurlegt ef rifjað er aðeins upp hvernig til hefur tekist í sambandi við smábátana. Sú óskiljanlega saga — það eru sennilega fáir sem kunna skil á henni til hlítar — er auðvitað alveg ótrúleg og mun einhvern tímann, að mínu mati, eiga eftir að þykja merkilegt dæmi um hroðalega stjórnsýslu. Aragrúi eiginlega tilviljanakenndra ákvarðana og þvingunaraðgerða stjórnvalda telst til hennar, t.d. þegar mönnum er gert að velja um mismunandi leiðir út frá mjög óljósum forsendum sem síðan standast yfirleitt ekki stundinni lengur.

Þvingað val er t.d. eitt sem saga þessarar fiskveiðistjórnar smábátakerfisins er alveg vörðuð af. Mönnum eru settir þeir kostir að fyrir þennan eða hinn daginn að nokkrum vikum liðnum skuli þeir hafa valið hvort þeir ætli að taka aflamark eða krókaleyfi, hvort þeir ætli að taka þorskaflahámark eða daga, og í raun og veru er a.m.k. annar kosturinn óljós, ef ekki báðir. Mönnum er engu að síður stillt upp við vegg og þeir látnir velja á óljósum forsendum og fyrr en varir, fyrr en við er litið, skilur þetta allt í einu á milli feigs og ófeigs. Þetta er auðvitað alveg voðaleg aðferðafræði, herra forseti, og ekki von á góðu. Við erum t.d. að ræða þá báta og afkomendur þeirra sem árið 1990 völdu að veiða á svokölluðu krókaleyfi en völdu ekki að fara yfir í aflamark á grundvelli aflareynslu sinnar árin þar á undan. Auðvitað hefur síðan margt gerst í millitíðinni en einu verður varla mótmælt — það litla sem er eftir af þeim hópi manna sem valdi aflamarkið 1990, kannski par hundrað bátar af þúsund eða svo sem voru í upphafi, hefur auðvitað farið mjög illa út úr hlutunum. Oft hefur verið þar talað um hinn gleymda flota. Mismununin sem hefur komið upp milli aðila eftir því hvaða leiðir þeir völdu — stundum er það sjálfsagt bara hrein heppni eða tilviljun sem réði — er auðvitað alveg óheyrileg. Og í þessu stjórnkerfi úir og grúir af dæmum um alveg gríðarlega mismunun, innbyrðis mismunun, eins og t.d. þegar einhverjir gátu sótt um tilraunaveiðileyfi í rækju, innfjarðarrækju, sem breyttist svo í fasta aflahlutdeild í sama staðbundna rækjustofni, sem aftur eftir eitt, tvö, þrjú ár var orðin tugmilljóna króna virði. En þeir sem ekki fengu tilraunaleyfin fengu ekki varanlega úthlutun ári síðar og sátu eftir með sárt ennið. Útgerðaraðilar í sambærilegri stöðu í sama byggðarlagi, hlið við hlið, og ekkert annað en svona slembiaðferðafræði réði þarna úrslitum um mikla hagsmuni.

Svo koma stuðningsmenn og verjendur þessa fyrirkomulags og ætla núna að sækja sinn rétt, verja sitt mál, á grundvelli þess að ekki megi mismuna, það sé svo óskapleg höfuðsynd í þessu kerfi, eins og það hafi aldrei komið fyrir áður.

Nú veit ég að það er ekki góð aðferðafræði í röksemdafærslu yfirleitt að réttlæta eina vitleysu með því að benda á aðra. En ég held að menn ættu þá að horfa á hvað aftur og aftur hefur gerst í þessu fyrirkomulagi, og upp að vissu marki er dæmt til að gerast í þeim skilningi að ef menn ætla að stjórna þessu og hafa um það einhverjar reglur hafa þær sín áhrif og sínar afleiðingar. Það vitum við.

Herra forseti. Það er mjög algengt í umræðum um smábátahópinn andspænis stærri fiskiskipunum að segja að þau hafi aukið hlut sinn og þar með tekið frá öðrum. Og hvaða hugarfari lýsir þetta? Jú, þetta lýsir inn í þennan hugarheim

sem ég var að tala um, að kerfið er orðið að markmiði í sjálfu sér. Það er orðið svo fast í hugum manna að svona eigi þetta að vera og geti engan veginn öðruvísi verið en þannig að menn eigi prósentur í stofnunum, og þar með sé auðvitað verið að taka af þeim ef stjórnvöld, löggjafinn, ákveða að gera einhverjar breytingar á kerfinu sem þýða einhverjar tilfærslur eða einhverja þróun í greininni.

Niðurstaða þessa, herra forseti, er þá sú að menn eru í reynd að segja: Við fundum upp hið fullkomna og endanlega kerfi með aflahlutdeildarkerfinu á sínum tíma og þeirri viðmiðun sem það studdist við. Það skal um aldur og ævi vera rétt, og ef eitthvað er fært til eða stjórnvöld grípa inn í það með einhverjum hætti þá er verið að taka af mönnum. Þetta er ákaflega hættuleg hugmyndafræði, herra forseti, vegna þess að hún horfir fram hjá mjög mikilvægum grundvallaratriðum þessa máls, sem eru auðvitað í fyrsta lagi sameign þjóðarinnar á auðlindinni, sem er ótvíræður réttur Alþingis til að setja um leikreglur, sem eru atriði eins og atvinnuréttar- og byggðasjónarmið og mörg önnur slík, fyrir utan að sjálfsögðu fiskverndunarsjónarmiðin, sem eiga nákvæmlega sama rétt á sér sem grunnforsendur ákvarðanatöku í þessum efnum eins og önnur. Það er mikill misskilningur ef menn halda að prósentukerfi til einstakra aðila í fiskstofnunum hafi áunnið sér einhvern þann rétt eða það séu einhver þau sanngirnis- og réttlætisrök á bak við það sem geri það að verkum að stjórnvöld séu með bundnar hendur gagnvart því að gera þar á breytingar. Það er ekki svo.

Í nágrannalöndunum, þar sem þessu er stýrt með ýmsum mismunandi aðferðum, herra forseti, er þessi hugsun óþekkt af því að menn nálgast þetta ekkert svona. Í Noregi t.d. þegar þeir hafa orðið ítrekað að skera niður veiðiheimildir sínar hefur sá niðurskurður ekki verið látinn ganga jafnt yfir allan flotann. Það var aldeilis ekki þannig þegar kvótinn var tekinn sem mest niður í Noregi hér á árunum að þeirri skerðingu væri útdeilt jafnt, eins og prósentumenn hér mundu að sjálfsögðu heimta í anda þeirrar hugmyndafræði. Nei, það var ekki þannig í Noregi. Þar var smábátaflotanum og dagróðrabátaflotanum hlíft mun meira við samdrætti í bolfiskveiðiheimildum á heimamiðum heldur en stærri skipunum. Menn hefðu væntanlega getað jarmað eitthvað um jafnræðisreglu þar o.s.frv. En fyrir þessu voru efnisleg rök sem voru tekin gild, og hver voru þau? Jú, þau voru að stærri skipin hafa margfalt meiri möguleika, þeim standa opin ýmis önnur úrræði sem smábátum og dagróðrabátum sem nýta stofna og mið næst landinu hafa ekki. Þar með voru menn komnir með efnislegar forsendur til að gera þarna greinarmun á.

Að sjálfsögðu þurfa allar aðgerðir stjórnvalda að uppfylla skilyrði skynsamlegrar og sanngjarnrar ákvarðanatöku stjórnvalda í málum af þessu tagi. Að sjálfsögðu þarf að gæta meðalhófs og sanngirni og menn eiga ekki að þurfa að taka á sig breytingar án eðlilegrar aðlögunar að þeim o.s.frv. En Alþingi Íslendinga má stýra þessu og það má taka ákvarðanir um breytingu á þessu kerfi. Það er ekki þannig að menn hafi fundið hinn endanlega sannleik í aflahlutdeildarkerfi á grundvelli veiðireynslu á viðmiðunarárum langt aftur á hinni öldinni og að við sitjum uppi með það um aldur og ævi, „ad infinitum". Það er ekki svoleiðis.

Það er ákaflega mikilvægt, herra forseti, að þetta sé undirstrikað vegna þess að mér finnst þetta vera farið að gleymast æ meira út úr umræðunni. Og þá er það auðvitað að gerast sem svo margir óttuðust að þetta kerfi helgi sér sjálft stöðu sem það ætli sér síðan að verja um aldur og ævi hvað sem tautar og raular, hvernig sem það reynist og hverjar sem afleiðingar þess verða.

Eigum við þá ekki aðeins að koma að því, herra forseti, hvernig gengur að uppfylla upphaflegu markmiðin með fiskveiðistjórnarkerfinu á grundvelli magntakmarkana, kvótakerfi, á sínum? Hvernig gengur að byggja upp fiskstofnana? Allir vita hvernig það er á vegi statt. Hvernig gengur að tryggja sanngjarna og réttláta útdeilingu þeirra réttinda, t.d. með tilliti til atvinnuhagsmuna, byggðahagsmuna, sanngjarnrar tekjudreifingar og annarra slíkra hluta sem þarna eiga auðvitað að vera með? Ég býst við að hægt sé að setja á nokkrar ræður um það hvernig útkoma hinna einstöku byggðarlaga er í því sambandi.

Þess vegna, herra forseti, er ég að rifja þetta upp og draga inn í umræðuna að þegar menn ræða um hlutdeildir einstakra hluta flotans og hvort þar hafi tiltekinn hópur smábáta aukið sinn hlut eða ekki, þá á ekki að nálgast það mál út frá því að allt slíkt sé í grunninn óréttlátt og þar hafi verið eitthvað frá öðrum tekið, heldur spyrja að hinu: Eru efnisleg, sanngjörn og skynsamleg rök fyrir þeirri þróun sem er þarna að verða? Ég held að miklu nær væri að skoða þetta út frá þeim forsendum.

Um smábátakerfið í heild sinni, herra forseti, vil ég segja að lokum, og þá á ég ekki bara við þorskaflahámarksbáta og aðra þá sem undir efni þessa frv. falla, að ég held að það sé algjörlega óumflýjanlegt framtíðarmarkmið, og það má ekki vera inni í einhverri rósrauðri framtíð langt inni í öldinni, heldur sem fyrst, að stokka þetta kerfi algjörlega upp. Það er alveg gjörsamlega glórulaust að ætla að keyra þetta svona áfram gagnvart mönnum hlið við hlið með allri þeirri mismunun og þessu margfalda stýrikerfi sem þarna er á ferðinni. Það verður að setja það í heildarendurskoðun og reyna að ná fram, þó að undangengnu aðlögunartímabili væri, einu samræmdu stjórnkerfi fyrir þessi minni fiskiskip. Allt annað er náttúrlega algjörlega fáránlegt, að það skuli þurfa þessi ósköp, fjórfalt, fimmfalt, sexfalt kerfi eða hvað við eigum að segja það það sé, til að stjórna veiðisókn þessara minnstu skelja, það er algjörlega absúrd. Það er náttúrlega þvílíkur áfellisdómur fyrir framgang þessara mála, bara sú staðareynd að þetta skuli vera svona, að engu tali tekur.

Tökum aðrar atvinnugreinar og hugsum okkur t.d. vörubílaakstur eða iðnrekstur, þá væri þetta þannig að fyrir minnstu bílana, sendibílana kannski, væri sexfalt stjórnkerfi á því hvernig menn mættu selja þjónustu sína og starfrækja starfsemi sína á grundvelli leyfa. Ætli mönnum þætti það ekki alveg skínandi? Þá væru sex útgáfur af leigubílaleyfum í Reykjavík. Þetta er auðvitað alveg gjörsamlega fráleitt.

Þess vegna sætti ég mig ákaflega illa við að það skuli endalaust verða niðurstaðan hér að reynt sé að setja nýja og nýja plástra á kerfið og það haldi áfram í öllum sínum fjölbreytileik, og oftast hefur tekist að bæta eins og einum til tveimur nýjum hópum við í hverri meðferð.

Tökum 3. gr. í frv., herra forseti. Hvers konar plástraverk verður þetta í viðbót við allt hitt? Þúsund lestir af ýsu, þúsund lestir af steinbíti og þrjú hundruð lestir af ufsa. Hvar eru nákvæmnisvísindin á bak við þetta? Af hverju voru þetta ekki 320 lestir eða eitthvað þar um bil?

Hvernig á síðan að fara með þetta? Jú, það á að úthluta þessu til eins árs í senn til krókaaflamarksbáta, ekki annarra smábáta, sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti — af hverju var ekki t.d. sagt þarna að talsverðu

leyti eða að þó nokkru leyti? — eru háðar veiðum króka-aflamarksbáta. Ráðherra setur síðan nánari reglur um þetta í reglugerð. Við vitum alveg hvernig þetta verður síðan á endanum. Enn eitt plástraverkið af þessu tagi, þó í litlu sé, og ég tek að sjálfsögðu fram að ég er ekki andvígur viðleitninni sem ég veit að er þarna á bak við, að mæta sárasta áfallinu sem þessi hópur yrði ella fyrir. En guð minn góður, hjálpi okkur allir heilagir, útfærslan á þessu endalaust.

Herra forseti. Ég hlýt að endurtaka það að maður verður ekki beint upprifnari með árunum eftir því sem maður hefur fylgst lengur með þessu og enn á ný koma niðurstöður af þessu tagi upp á borðin hjá okkur.

Þó er rétt að hugga sig við það sem jákvætt er, herra forseti, og það kemur fram í 4. gr. frv. Þar finnst mér loksins örla á því að augu manna geta aðeins opnast, það getur aðeins rifað í augasteinana. Það er þó þannig komið að meira að segja hið háa sjútvrn. og ráðherra þeirra mála leggur hér fram í frumvarpsformi efnisatriði sem auðvitað eru seinbúin viðurkenning á einu helsta vandamáli aflamarkskerfisins, sem er brottkastið. Og það er þessi litli vísir að tilraun með meðaflareglu, sem ég hef yfirleitt kallað svo, sem þar er á ferðinni og ég fagna að sjálfsögðu. Mér finnst, þó fyrr hefði verið og löngu fyrr hefði verið, að menn þori þó að reyna eitthvað, prófi, geri tilraun með einhverja reglu af þessu tagi og sjái hvernig það kemur út, og síðan mætti þá reyna að þróa það eitthvað í framhaldinu. Því að ef menn ætla áfram að styðjast við aflamarkskerfið — sem mér virðist að flestir gefi sér orðið og fáar raddir í mikilli alvöru gera ráð fyrir því að við kæmumst yfir í annars konar takmarkanir, sóknartakmarkanir eða slíkar, nema þá að hluta til að einhverju leyti í blandaðri leið — þá verða menn og eiga að horfast í augu við það að þessi hætta er samfara aðferðafræðinni umfram ýmsar aðrar, held ég að verði að viðurkennast og hljóti að viðurkennast, vegna þessa eðlis takmörkunarinnar að landaður sé afli sem mæli notkun manna á réttindum sínum, og reyna eitthvað af þessu tagi. Mér finnst að vísu farið hér mjög vægt í sakirnar og um lága hlutdeild að ræða en það er þó allt í áttina (Forseti hringir) og ég, herra forseti, lýk þá máli mínu af augljósum ástæðum, með því að fagna þessu þó í litlu sé.

[16:42]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. þm. Sverrir Hermannsson sé einhvers staðar að hlýða á mál mitt vegna þess að mér var nokkuð í mun eftir að hann fór í andsvör við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að rifja aðeins upp atriði sem hann kvaðst sakna.

Málið er að ég er margbúin að fara með í rauninni það sama og ég sagði í ræðu minni sl. föstudag varðandi annars vegar aðskilnað auðlindanefndar og hins vegar túlkun hæstv. sjútvrh. Ég hef bæði skrifað um þetta pistla og blaðagreinar. Eftir að ég heyrði að hæstv. forsrh. var kominn með túlkun sjútvrh. fór ég hér upp í þinginu með yfirlýsingu um það hvernig málin hefðu staðið. Mér finnst það þess vegna miður að menn séu að uppgötva fyrst núna hvernig í þessu lá.

Það sem mér þótti hins vegar merkilegra á föstudaginn var það að eftir að ég var búin að fara yfir málið í ræðustól að viðstöddum sjútvrh., eftir að ég var búin að rekja hvernig hann hafði leyft sér að túlka ýmsar niðurstöður og eftir að hann hafði gefið sér margoft, að mér viðstaddri og öðrum, hvernig mál hefðu verið, þá brást hann ekki við. Hann reyndi ekki að leiðrétta eitt einasta atriði, hann mótmælti engu sem ég sagði, hann sat einungis hér og hlýddi á.

Ég veit ekki hvernig á að túlka það, herra forseti, hvort túlka beri það þannig að loksins hafi hæstv. sjútvrh. áttað sig á því að vænlegra er að fara með sannleikann og vera ekki að gefa sér of mikið, eða hvort hann mun eftir sem áður láta eins og hann hafi aldrei heyrt neinar skýringar og halda áfram að spila þá plötu sem hann hefur hingað til spilað. Ég óttast að svo sé vegna þess að það er auðvitað alveg augljóst að strax frá upphafi lá fyrir hvernig hann og ýmsir þeir sem hann vill vinna með ætluðu sér að nýta niðurstöður og mér sýnist því miður að hann sé enn í því farinu. En a.m.k. er búið að reyna að hafa vit fyrir ráðherranum, leiðrétta orð hans og það hefur eins og ég segi verið gert eftir ýmsum leiðum. Svo er að sjá hvort hann tekur tiltali eða leiðréttingum.

Þegar ég lauk ræðu minni hér á föstudag átti ég eftir að ræða tvær af greinum frv., tvær þær greinar sem mér finnst hvað áhugaverðastar, sem eru með atriði sem ástæða er fyrir okkur að staldra ögn við, annaðhvort af því að okkur finnst ástæða til að fagna þeim og að þær geti verið vegvísir til framtíðar og til jákvæðari vinnubragða ellegar að við viljum gjalda varhug við einhverju af því sem fram kemur.

Í fyrsta lagi, herra forseti, vil ég ræða aðeins um 4. gr. Sú grein snýr að því að nú hefur hæstv. ráðherra loks fallist á þá augljósu staðreynd að það er betra að fá menn til að koma að landi með meðafla eða undirmálsfisk ef þeim er umbunað fyrir það, fremur en að þeim sé refsað fyrir það.

Þetta eru sannindi sem við, margir þingmanna, höfum lengi reynt að koma á framfæri eftir ýmsum leiðum. Ég flutti fyrst þingmál á þinginu 1989–1990 þessa efnis, að það væri rétt að sú leið yrði skoðuð að sjómenn fengju andvirði þess afla sem þeir kæmu með, þess undirmálsafla og útgerðin ekki. Þannig yrði tryggt að það yrði ekki beinlínis gert út á þetta. Það var vegna þess að þá þegar, jafnvel áður en lögin urðu algjör aflamarkslög og áður en núgildandi kvótakerfi komst á, þurfti að bregðast við því sem menn eru að bregðast við í dag, eða telja sig vera að bregðast við, þ.e. umræðu um brottkast. Þetta var einungis hugmynd á þeim tíma, eins og það hefur verið fram til þessa, og síðan hef ég tekið þátt í flutningi tillagna í þessa veru og svo er um fleiri þingmenn hér. Því var það að ég bauð hæstv. sjútvrh. velkominn í okkar hóp hér á föstudaginn. Ég vænti þess að 4. gr. fái vandlega umfjöllun í nefndinni og okkur takist hugsanlega að opna hana enn frekar.

Ég skil vel að menn vilji fara rólega af stað. Það höfum við líka viljað. Við höfum ekki viljað ana að neinu. En við þurfum jafnframt að velta því fyrir okkur hvort það skref sem hér er verið að stíga er nægjanlega stórt til að ná þá því fram sem okkur hefur fundist mikilvægt, þ.e. að tilraunin gengi líka út á að menn sæju með óyggjandi hætti hversu mikið fer aftur í sjóinn eða hefði farið í sjóinn að óbreyttum reglum.

Þær skoðanakannanir sem gerðar hafa verið, m.a. sú sem nefnd á vegum sjútvrn. gerði meðal sjómanna og fékk býsna mikla þátttöku, gáfu ákveðnar niðurstöður sem menn leyfa sér samt að vefengja. Ég held hins vegar, herra forseti, að það sé rétt að í þessari umrræðu komi fram að a.m.k. þaðan sem ég kem, þ.e. að norðan, eru reyndir sjómenn að mestu — ég þori ekki að fullyrða um alla en þeir sem ég tala við eru almennt á þeirri skoðun — á því að umgengni um auðlindina sé betri nú en hún var áður, að umgengni um auðlindina hafi batnað. Fyrir því eru ýmsar ástæður og ein af ástæðunum

er auðvitað sú umræða sem fram hefur farið og sú vitund um mikilvægi þess að við erum hér að nýta sameiginlega auðlind sem ég tel að sé orðin mun útbreiddari eða ríkari en var.

Hin greinin, herra forseti, sem ég vil ræða um, sem ég hef svolitlar áhyggjur af, er 3. gr. Það er hinn nýi byggðakvóti sem ég vil fjalla aðeins um. Það sem fram kemur í 3. gr. er tiltölulega fátæklegt, einungis sagt að ráðherra setji nánari reglur um hvernig eigi að úthluta tilteknu magni af fiski en óljóst er í lagagreininni hverjir eigi að fá aflaheimildir. Allt bíður reglugerðarinnar.

Við vitum ekki, herra forseti, hvernig þetta mundi verða gert. Það kemur fram að þetta er til þess að bæta aðeins aðstæður þeirra sem nú eru að fara yfir í nýtt kerfi. En getur það verið eina markmiðið með svona kvóta? Þá er hann auðvitað ekki byggðakvóti. Þá er þetta bara útgerðarkvóti. Við vitum að útgerðin í landinu, rétt eins og aflinn þegar hann er seldur, er afskaplega hreyfanleg. Þannig að hér er í sjálfu sér ekki verið að hugsa fyrst og fremst um atvinnuna í landi, a.m.k. ekki samkvæmt textanum í 3. gr., þar sem viðkomandi bátur er skráður.

Við hljótum að spyrja í nefndinni: Hverju er verið að svara? Er ætlunin að mæta þörfum þeirrar útgerðar sem gerir viðkomandi bát út, algjörlega án tillits til þess hvar aflanum verður landað og hvar hann verður unninn? Það kom fram í umræðunni á föstudag að ráðherra hafði ekki af því stórar áhyggjur þó þessi afli yrði framseldur innan ársins. Ef hann yrði framseldur til útgerðar á sama stað skipti það ekki máli. Þá fer maður auðvitað að stækka spurningarmerkin: Snýst þetta þá um staðina en ekki bátinn? Eitthvað finnst mér markmiðið með þessu vera óljóst. Sömuleiðis finnst mér að við verðum að velta aðeins fyrir okkur slíkum úthlutunum á verðmætum, því að þarna er bara verið að úthluta verðmætum í raun og veru. Ef viðkomandi fær, vegna þess að hann er talinn eiga að njóta meiri samúðar en aðrir, viðbótaraflaheimildir þá er í raun verið að úthluta tilteknum verðmætum. Þá hljótum við að gera ráð fyrir að það þurfi að setja býsna strangar reglur um það hvernig það verði gert.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þó menn hafi haft göfugar ástæður gagnvart byggðum landsins við úthlutun byggðakvóta þá hefur sá kvóti runnið til og frá, ef það má orða þannig, vegna þess að ekki var jafnframt bannað að selja útgerðir eða skip. Mönnum var ekki bannað að skiptast á hlutabréfum. Þess vegna er hluti byggðakvótans núna kominn á forræði Samherja t.d. Ég veit að það var ekki hugsunin upphaflega en svona getur þetta farið. Þannig er eins gott að menn horfi aðeins fram fyrir sig þegar þeir gera breytingar á þessu kerfi.

Ég hef oft sagt það úr þessum ræðustól að mér finnst menn oft fara offari, fara mjög glannalega við að breyta löggjöfinni um stjórn fiskveiða vegna þess að mjög oft gerist það að menn þykjast vera með tiltölulega sakleysisleg ákvæði en niðurstaðan getur hins vegar verið sú að þeir flytji til milljónir, tugi milljóna, jafnvel milljarða. Menn neita einatt að horfast í augu við að aflaheimild er ekkert annað en verðmæti, verðmæti sem menn nýta til ýmissa hluta eins og þekkt er.

[16:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni á föstudag, þegar tíma mínum lauk í þessum ræðustól, er ég hugðist víkja að nokkrum efnisatriðum í frv. þessu. Ég held nú áfram nokkurn veginn þaðan sem frá var horfið.

Í fyrsta lagi er í 1. gr. kveðið á um það að veiðileyfi í íslenskri lögsögu verði þrenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki, svokallað krókaaflamark og handfæraveiði með dagatakmörkunum, en tvö síðari veiðileyfin eru ætluð smábátaflotanum sem skilgreindur hefur verið við 6 tonn.

Í 2. gr. er síðan einfaldlega verið að festa niður svokallaða krókaaflahlutdeild og krókaaflamark.

Mig langar því að ræða aðeins um 3. gr. Þar kemur inn það sem menn hafa kallað byggðapott eða uppbótarpott, þ.e. úthlutun til þeirra sjávarbyggða sem hafa verið mjög háðar veiðum krókaaflamarksbáta, eða svokallaðra þorskaflahámarksbáta, við þær reglur sem giltu fyrir 1. sept. sl. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þessi ákvæði í 3. gr. ákaflega opin og í raun að Alþingi mundi með samþykkt þeirra framselja vald til ráðherrans. Ráðherrann skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis en ákvæðið sjálft er ákaflega opið eins og ég mun núna gera grein fyrir.

Í fyrsta lagi stendur í ákvæðinu að ráðherra sé heimilt að úthluta til „árs í senn“ og „samtals allt að“. Þetta gengur allt út á að ráðherra meti hvort þörf er fyrir úthlutunina. Honum er þetta heimilt, að gera þetta til „árs í senn“ og heimilt að úthluta „allt að“. Hér er aðeins sagt til um hvað ráðherra er heimilt og honum síðan í sjálfsvald sett hvað hann gerir.

Síðan koma pottarnir, 1.000 tonn af ýsu, 1.000 tonn af steinbít og 300 tonn af ufsa til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ráðherrann skal svo setja um þetta reglugerð, eins og áður segir. Mér finnst heimildirnar þarna vera ákaflega rúmar. Ég vonast alla vega til þess að í hv. sjútvn. verði þetta ákvæði vandlega rætt og reynt að betrumbæta það. Mér finnst það mikil spurning þegar svona frv. eru lögð fram, að gera þau að lögum án þess að festa þetta meira niður en hér er gert, þar sem ráðherra fær þetta vald til sín, eins og gerð er grein fyrir hér. Að vísu er svona ákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða, í 9. gr. minnir mig, svokallaðar bætur þegar verður aflabrestur. Þær eru þó eingöngu til komnar þegar virkilegur aflabrestur verður í einhverri tegund og menn hafa svo sem mótað nokkrar reglur um það, m.a. þegar brestur verður á rækjuveiðum.

Síðan kemur 4. gr. þar sem heimild er gefin til að tilkynna afla utan aflamarks. Ég get sagt fyrir mig að ég er hlynntur því að svona ákvæði komi í lög, alla vega meðan við erum með aflamarkskerfi. Það er auðvitað viðurkennt að aflamarkskerfið gerir það að verkum að menn sem gera út lenda iðulega í því að hafa ekki nægar aflaheimildir, fyrir utan það að síðan erum við með ákveðið leigukvótakerfi inni í þessu aflamarkskerfi okkar, þ.e. kvótakerfinu. Það eitt og sér veldur því auðvitað að menn eru í mjög misjafnri stöðu varðandi leigumarkaðinn. Ég get bara skýrt það út með örstuttu dæmi.

Ef tveir aðilar leigja sér hvor um sig eitt tonn af þorski og annar býr á Bakkafirði en hinn í Grindavík þá leigja þeir báðir á sömu krónutölu, sennilega á um 130–140 kr. kílóið. Þegar þeir hins vegar fara til veiða þá hagar þannig til, vegna náttúrulegra skilyrða við landið, að fiskur fyrir Suðvesturlandi er jafnan mun stærri en fyrir Norðausturlandi. Hvað gerist þá? Jú, báturinn í Grindavík kemur með tonn að landi, af fiski sem er yfir fimm kíló eða jafnvel stærri, jafnvel þó að veitt sé á króka. Fyrir þann fisk fær hann kannski 250 kr. á kílóið. Þegar báturinn á Bakkafirði kemur að landi með

fallþunga fisks á bilinu tvö kíló fær hann fyrir það 130–140 kr. fyrir kílóið, eða nokkuð svipað því og hann leigir kvótann á.

Sé það eindreginn vilji stjórnarliða að festa kvótakerfið í sessi til frambúðar þá er náttúrlega augljóst að svona fyrirkomulag getur ekki staðist til framtíðar. Það hljóta allir að sjá. Nema þeir ætli þá að færa byggðina, alla sjávarbyggðina og alla útgerðina inn að því svæði þar sem stærsti fiskurinn er og veiða alltaf ofan af stofnunum. Þetta getur ekki leitt til neins annars.

Auðvitað er hægt að mæta svona útfærslu, en þá verða menn að þora að gera það. Það væri best að gera það, ef menn ætla að halda svona á þessu, með því að kvótareikningurinn miðaðist við fallþunga og verðmæti fisks, þannig að þó að báðir leigðu á sama verði þá væri mismunandi frádrag inn í kvótaheimildirnar miðað við þá stærð á fiski sem menn lönduðu. Þannig væri hægt að koma að einhverju leyti til móts við þessa geysilegu mismunun sem er auðvitað bara innbyggð í kerfið vegna þess að náttúrulegar aðstæður við landið eru bara svona. Fiskurinn elst upp við Norður- og Norðausturland en þegar hann er orðinn kynþroska er hann við Suður- og Suðvesturland og að jafnaði miklum mun stærri. Það á að leiðrétta svona mismunun, ætli menn sér að lifa eingöngu við kvótakerfi við framtíðinni sem ég tel mjög misráðið. Ég tel í raun að það sé mjög misráðið sem hér er verið að gera, að setja kvótakerfi yfir smábátana, því að breytileikinn á grunnslóðinni er jafnvel enn meiri heldur á dýpri miðunum. Menn þekkja það að fiskigengd á grunnslóð allt í kringum landið ræðst mikið af hitafari sjávar sem er mjög breytilegt.

Ákvæðið um að mega landa afla fram hjá vigt tel ég því til bóta. Fimm prósent finnst mér hins vegar allt of lítið. Ef menn væru raunverulega að gera svona tilraun og vildu sjá hvað kæmi raunverulega að landi þá hefðu menn þetta ákvæði bara opið og gerðu heiðarlega tilraun með það í eitt ár eða tvö ár, og gerðu það jafnt í aflamarkskerfinu, stóra kerfinu, eins og í smábátakerfinu. Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort það standist að setja svona ákvæði aðeins inn í smábátakerfið. Hvar er þá jafnræðið milli þeirra sem eru að gera út? Ég er hlynntur því að svona ákvæði komi inn, ekki takmarkað við 5% heldur að það kæmi almennt í flotanum þannig að þau miklu verðmæti sem á undanförnum árum hefur verið hent í sjóinn komi að landi og nýtist íslenskri þjóð. Og síðast en ekki síst til að menn sjái hvað raunverulega er drepið.

Ég ætla að þessu sinni ekki að hafa þessi orð fleiri. Í 7. gr. koma inn hinir fjölmörgu pottar, a.m.k. tveir, þ.e. 1.800, 1.500 og 300, og síðan 200 lestir og 600 lestir. Í lokamálsgrein 7. gr. er svo ákvæði um útgerðir þeirra 80–90 báta sem hafa verið á dagatakmörkunum með 30 lestir af þorski sem hámark, og að þeir fái að velja sér að fara yfir í dagakerfið. Ég styð að þeir fái það val. Mér finnst hins vegar þurfa að setja botn í þessa daga og jafnframt að gera dagakerfið mannlegra þannig að það sé ekki skylda 70 ára gamalla manna að róa samfleytt í sólarhring. Það held ég að sé grundvallaratriði. Þá gæti maður alla vega stutt þann þátt málsins þó að ég geti með engu móti fallist á að við séum að fara rétta leið með því að kvótasetja allar fleytur í öllum tegundum.

[17:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið afar fróðleg umræða á köflum og lengst af og margt borið á góma sem vert væri að tala um. Mig langar til þess að bæta dálitlu við það sem ég sagði fyrr í umræðunni. Mig langar til að ítreka svolítið það sem ég sagði í sambandi við 3. gr.

Ég tel að til hennar sé þannig stofnað að menn þurfi að fara yfir það og endurskoða það. Það er ekki, að mér finnst, bjóðandi upp á það að menn komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að úthluta til viðbótar til þessa hóps, til einstaklingsútgerða til þess að rétta hlut byggðarlaga. Rökstuðningurinn er sá að menn hafi verið að fjárfesta í þessu og að það eigi að koma til móts við þá vegna þess að þeir hafi verið að fjárfesta í skipum eða bátum.

Þegar þessar tvær röksemdir eru farnar að vega saman myndast náttúrlega mikið óréttlæti milli manna eftir því hvort þeir búa á stað þar sem þeir eiga möguleika á að fá úthlutun af þessu tagi eða hvort þeir búa einhvers staðar annars staðar. Nóg er nú samt. Ég tel að ef þessi úthlutun eigi að hafa einhvern þokkalegan rökstuðning þá verði hún að fara fram á grundvelli byggðasjónarmiða eingöngu og að það eigi að úthluta til fleiri en bara krókaaflamarksbáta. Ég sé ekki hvers þeir eiga að gjalda sem eru í aflamarkinu og eru illa staddir vegna skerðingar ár eftir ár á veiðiheimildum þeirra, þ.e. að þeir sem eru á sambærilega stórum bátum t.d. eða bátum sem eru á sambærilegum veiðum og þarna er verið að tala um, komi ekki til greina við úthlutun á þessum viðbótaraflaheimildum sem þarna er verið að tala um að úthluta til einhverra byggðarlaga. Þessu vildi ég nú bæta við í sambandi við 3. gr.

Menn hafa verið að ræða um eðli kerfisins. Ég segi það fyrir mig að aflahlutdeildarfyrirkomulagið er náttúrlega gjörsamlega óviðunandi þegar haft er í huga að mönnum hefur verið úthlutað hér langtímaveiðheimildum. Hvað ef menn fá t.d. úthlutað veiðiheimildum í fiskstofni meðan hann er lítill? Menn vonuðust til þess þegar þetta kerfi var tekið upp að hægt væri að byggja upp fiskstofnana. Ef það hefði nú tekist, hvar stæðu menn þá? Þá segði veiðireynsla þessara manna eða útgerða, þegar kerfið var tekið upp, ekki til um hve mikið þeir ættu að fá að veiða, heldur gæti það verið tvöfalt eða þrefalt ef tekist hefði að byggja upp fiskstofninn því þeir eiga hann allan sem voru við veiðar þegar ákvörðunin var tekin. Það er auðvitað gjörsamlega fráleitt eins og fleira í eignarhaldi veiðiheimildanna.

Hins vegar getur aflahlutdeildarkerfi prýðilega gengið upp ef menn væru hér með skilgreindar veiðiheimildir til tiltekinna ára og leigðu þær út frá hinu opinbera til ekki mjög margra ára í einu. Þá getur aflahlutdeilarkerfið verið til mikils hagræðis. Það er í raun nauðsynlegt til þess að gera kleift að leigja veiðiheimildir út til einhvers tiltekins tíma því að annars hafa menn ekki í raun þann tonnafjölda við höndina þegar úthlutað er, þ.e. ef menn ætla að fara að úthluta veiðiheimildum til einhverra ára. Hann verður ekki til fyrr en aflamarkið er ákveðið fyrir komandi fiskveiðiár. Þess vegna mundi þetta nýtast mjög vel og væri eðlilegt í kerfi þar sem veiðiheimildir væru leigðar út.

En þegar verið er að úthluta mönnum veiðirétti til án nokkurra endimarka, þá er þetta kerfi fráleitt. Tökum sem dæmi þá sem hafa veitt síld og eiga aflahlutdeild í síld, þessi örfáu skip sem hafa veitt þetta lítilræði sem hefur mátt veiða. Ef þannig væri að norsk-íslenska síldin kæmi á ný að Íslandsströndum og hægt yrði að veiða hana þá ættu örfáar útgerðir alla þá síld. Allir sjá að það er fráleitt. En svona hafa menn nú haft þetta.

Einnig hefur borið á góma hér hvernig þetta hafi tekist og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst alveg ömurlegt að við skulum standa frammi fyrir því að það skuli hafa gengið aftur á bak hjá okkur í öllum botnfiskstegundunum frá því að menn fóru af stað með þessa verndun. Það er búið að fara yfir þessar tölur hérna. En ég bara minni á 1994 vegna þess að þeir sem hafa stutt þetta kerfi sem harðast og borið af því blak á allan hátt hafa haldið því fram að ekkert hafi verið að marka útkomuna á kerfinu fyrr en eftir að farið var að fara eftir tillögum fiskifræðinga. Og mismunur á veiðum og því sem fiskifræðingar hafa lagt til hefur gjörsamlega verið innan allra skekkjumarka, ég mundi segja frá 1990. En ef við tökum bara tölurnar frá 1994 og til dagsins í dag þá lítur dæmið þannig út að nú er ekki hægt að veiða meira úr einum einasta botnfiskstofni en var veitt þá, og næstum allir eru í þannig ásigkomulagi að lagt er til að veiða mun minna en var lagt til og var veitt árið 1994. Þetta er árangurinn. Ég held að tími sé kominn til að menn horfist í augu við að það verður að fara mjög vandlega yfir þessi mál með framtíðina í huga.

Ég var á afar fróðlegum fundi, fannst mér, uppi á Akranesi þar sem Hafrannsóknastofnun var að kynna starfsemi sína. Þar var m.a. farið yfir veiðiráðgjöfina og menn veltu hlutunum fyrir sér. Eitt vakti sérstaklega athygli mína. Þarna var einn fiskifræðingur sem var sérfræðingur í karfa. Hann gerði okkur grein fyrir því vandamáli að þeir væru ekki vissir um hvort til væru fleiri karfastofnar og þess vegna þyrftu þeir að hafa borð fyrir báru og leggja til varlegri veiðar en annars þyrfti úr þessum stofnum. Því ef þeir væru fleiri en einn þá væri hættulegt að leggja ekki til minni veiðar í því skyni að koma í veg fyrir að veiðar verði of miklar úr einhverjum stofninum þannig að hann yrði ofveiddur.

Á sama fundi var farið yfir þorskveiðiráðgjöfina. Þar kom fram að talið er að hrygning þorsks hér fyrir sunnan land fari stundum allt niður í 30%, en á tímabili var talið að nánast allur þorskur hryndi hér fyrir sunnan og suðvestan land. Þessi hrygning hefur farið niður í 30% sem hlutfall af allri hrygningunni eins og hún hefur verið mest fyrir Suðvesturlandinu stundum.

Menn eru að velta því fyrir sér hvort þetta séu ekki margir stofnar og þá hljóta menn að velta fyrir sér hvernig standi á því að menn hafi ekki sömu áhyggjur af þessum stofnum og af karfanum. Þurfa menn þá ekki að finna leiðar til þess að stýra sókninni í hina einstöku stofna allt í kringum landið í flóum og fjörðum? Ég spyr: Hvernig ætla menn að fara að því ef menn halda áfram að láta útgerðarmenn í þessu landi eiga tiltekna prósentu úr fiskstofnunum? Hvernig ætla menn þá að stjórna veiðum úr einstökum stofnum þegar á þarf að halda að stýra veiðiálagi kannski á einstök svæði og einstaka stofna? Það er útilokað. Það er hins vegar hægt ef menn leigja út veiðiheimildir. Meira að segja er auðveldlega hægt að leigja út og bjóða út veiðiheimildir á tilteknum svæðum.

Æðimargt styður það að menn endurskoði þessa hluti alla saman.

[17:13]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bæta örfáum atriðum við umfjöllun mína um þetta frv. nú í seinni ræðu minni. Við erum að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Ég lýsti því yfir fyrri ræðu minni að ég væri þeirrar skoðunar að hér væri aðeins um plástraaðferð að ræða. Við vitum öll og þjóðin gerir sér grein fyrir því að hér er verið að skera niður úr snörunni þá menn sem byggðu allt sitt, allan sinn vöxt og viðgang, á að hafa fría möguleika í veiðum á utankvótategundum. Það er náttúrlega afleit staða að þurfa að standa frammi fyrir því að setja lög til þess að milda þau áhrif sem heildarkvótasetning hefur á þennan hluta flotans.

Ég gat jafnframt um það í fyrri ræðu minni að við verðum öll hér að gera okkur grein fyrir því að staða smábáta er afleit annars staðar á landinu en þar sem möguleiki var á að bæta sér hana upp með því að veiða utankvótategundir. Í mörgum tilfellum er þar hrun í þessum veiðiflokki. Auðvitað hefði maður viljað sjá að hér væri verið að vinna með hugmyndir sem breyttu kerfinu þannig að það yrði skaplegra fyrir alla landsmenn, fyrir landið allt en ekki einvörðungu plástralausn fyrir þá sem eru í verstri stöðu vegna breytinganna núna. Það tel ég afleitt.

En til þess að gæta sanngirni — ég kom líka inn á það í fyrri ræðu minni — er viðleitni til að gefa mönnum tækifæri á því að koma að landi með meðafla. Ég tel mjög mikilvægt að viðurkenna þá staðreynd að það er nauðsynlegt að menn geti komið með meðafla að landi og hér er talað um 5%. Ég vil þó lýsa því yfir hér og ég hef gert það áður að ég var hjartanlega sammála hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni þegar hann talaði um það áðan að við ættum að gera myndarlegri tilraun hvað varðar meðafla og skoða bara stöðuna á einu til tveimur árum — það getur ekki riðið baggamun í þessu tilliti — þannig að við sjáum svart á hvítu hvernig sú staða er. Ég tel að við hefðum átt að gera tilraun með það, alla vega gagnvart þessum hluta útgerðarinnar, smábátaútgerðinni, að skoða það hreinlega í því ljósi.

Ég hef áhyggjur af stöðu mála í sambandi við úthlutun á pottum sem og hér eru lagðir til. Það skín í gegn, alla vega eftir mínum skilningi, að hér eru menn fyrst og fremst að hugsa um útgerðaraðilana sjálfa. Raunar er staðan sú að þar sem menn verða fyrir skakkaföllum þá eru náttúrlega í húfi ekkert síður afdrif fiskverkafólks í landi og fólksins sem vinnur í tengslum við útgerðina í landi. Allar tilraunir með byggðakvóta þurfa í raun að miðast við samfélagið í heild sinni þannig að tekin sé ákvörðun út frá heildarstöðu samfélagsins, ekki bara útgerðaraðilans á viðkomandi stað. Auðvitað höfum við reynslu af því, og við vitum hvernig kaupin gerast á eyrinni, að þó svo að útgerðaraðili fái úthlutað slíkum kvóta þá eru menn ekkert bundnir af því að landa og selja á viðkomandi stað þannig að það auki atvinnu eða sé atvinnuskapandi fyrir þá sem hafa lent í vondri stöðu eða byggðarlag sem hefur lent í vondri stöðu.

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu taka þessi mál til umfjöllunar í nefndinni eins og aðrir nefndarmenn. Frv. fer núna til sjútvn. og verður þar til umfjöllunar. Ég vil bara segja að almennt séð eru það auðvitað stórkostleg vonbrigði að menn skuli ekki hafa getað náð farsælli lendingu við að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið í heild sinni með það að markmiði að ná heildarárangri, bæta stjórnina og ekki síst að reyna að brjóta í blað og finna nýjar leiðir til þess að ná þeim markmiðum sem kvótasetning átti að ná upphaflega, þ.e. að fara betur með auðlindina. En eins og margoft hefur komið fram í málflutningi manna hér þá gerum við okkur öll grein fyrir því að við stöndum mjög illa hvað varðar stöðu fiskstofna. Það er alveg ljóst að þetta kerfi okkar, kvótakerfið, hefur ekki náð tilætluðum árangri hvað varðar verndun fiskstofna og þeirrar sýnar að ná hámarksafrakstri. Því er ærið tilefni til þess að feta sig inn á nýjar leiðir

í fiskveiðistjórnarkerfinu öllu. En þetta frv. sýnir bara að stjórnarmeirihlutinn ætlar að keyra áfram með óbreytt kerfi eins og raunar hefur margoft komið fram. Nú er byrjað að smíða lög á grundvelli í raun og veru meirihlutanefndarálits sem kom fram hjá nefndinni um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og ríkisstjórnarmeirihlutinn og þeir embættismenn sem stóðu að þeirri tillögusmíð bera ábyrgð á þeirri línu. Ég held að það sé dapurlegt. Ég held að öll þau markmið sem við erum að reyna að ná og þau vandamál sem við erum að reyna að leysa í sambandi við fiskveiðistjórnarkerfið kalli hreinlega á að við vindum ofan af því kerfi sem hefur leitt okkur fyrir margra hluta sakir í algjörar ógöngur.

Sú staðreynd að kerfið leiðir til þess að sjávarbyggðirnar munu enn og aftur komast í vandræði vegna kerfisins er náttúrlega viðurkennd með byggðatengdum kvóta eins og lagt er upp með hér, svokölluðu pottakerfi, vegna þess að sú lína sem er keyrð núna byggir á því að menn geti enn þá fækkað og stækkað fyrirtækin sem eru í greininni og í frv. eru menn einfaldlega að horfast í augu við það að sú mun þróunin verða og sjávarbyggðir geta átt von á því í framtíðinni að tekin verði frá þeim öll lífsbjörg í einu vetfangi eins og gerst hefur í mörgum tilvikum. Þess vegna er svo sorglegt að menn skuli ekki viðurkenna í raun afleiðingar þess sem þeir eru að ákveða með því að keyra vissa línu í sambandi við stjórn fiskveiða eins og reyndar svo margt annað í þessu samfélagi upp á síðkastið, því að afleiðingarnar eru svo augljósar ef leikreglurnar eru þannig að menn mega fara með þetta eins og þeir vilja, kaupa og selja og síðan að fara með fyrirtækin til og frá stöðum eins og þeir kjósa hverju sinni. Þetta eru ágallar. Ég og félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram stefnu um heildarsýn okkar til þess að vinda ofan af þessu óréttláta kerfi gagnvart sjávarbyggðum. Auðvitað hefði maður viljað að sú leið væri farin í einu og öllu sem við lögðum til, þ.e. svokölluð fyrningarleið með skilyrðum um ráðstöfunarrétt sjávarbyggða o.s.frv.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram, virðulegi forseti. En svo að maður gæti allrar sanngirni þá eru þarna hugmyndir sem ég tel góðra gjalda verðar, t.d. í 4. gr. Ég held að þar sé fetað inn á þá braut sem við verðum að fara, þ.e. að eitthvert svigrúm sé fyrir meðafla og meðaflaröndun án þess að það komi niður á útgerðaraðilum.

Að svo mæltu mun ég vinna að þessu máli í hv. sjútvn., virðulegi forseti.

[17:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það stóð þannig á hjá mér fyrir helgi að ég átti þess ekki kost að vera viðstaddur umræðuna á föstudaginn var. Ég kem því nokkuð seint til umræðunnar eins og gefur að skilja við þessar aðstæður. Ég vildi engu að síður koma hér upp og reifa aðeins fáein atriði í þessu máli og láta viðhorf mín koma fram auk þess sem störf endurskoðunarnefndarinnar hafa verið töluvert til umræðu eins og heyra mátti í fréttum. Ég tel ástæðu til þess að víkja nokkrum orðum að því máli.

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að það sem sett hefur verið fram sem aðalatriði málsins er að mikill vafi léki á því að það fyrirkomulag sem gilti fyrir 1. september á veiðum smábáta stæðist ákvæði stjórnarskrár og því bæri nauðsyn til að breyta því fyrirkomulagi með þeim hætti að setja allar veiðar smábáta í kvóta. Ég er ekki sammála þessu sjónarmiði, herra forseti, og ég vil aðeins reifa nokkur atriði því til stuðnings þannig að því verði haldið til haga, a.m.k. upp á seinni tíma, að það er engin lögbundin nauðsyn á því að veiðum, hvort heldur smábáta eða annarra báta, verði stjórnað með hlutdeildarkerfi.

Þegar dómur Hæstaréttar féll í desember 1998 fékk ríkisstjórnin nefnd fjögurra manna til þess að greina dóminn og koma fram með tillögur um hvernig ætti að bregðast við honum. Nefnd þessi komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði 5. gr. sem þá voru í lögum um úthlutun veiðileyfa stangaðist á við jafnræðisreglu stjórnarskrár og því yrði að gera bragarbót á lögunum hvað það snerti. Það yrði að vera þannig fyrirkomulag að allir þeir sem vildu halda úti skipi til veiða gætu fengið veiðileyfi að uppfylltum almennum skilyrðum um öryggi og búnað og annað þess háttar. Þetta sjónarmið gilti bæði um aflamarksflotann og smábátaflotann þannig að ekki væri hægt annað í ljósi þessa dóms en að breyta lögum á þennan veg. Af því leiddi að ef menn brygðust við samkvæmt þessu áliti þá mundi sú staða vera uppi hvað varðar smábátakerfið að allir bátar sem uppfylltu almenn skilyrði þess kerfis gætu fengið veiðileyfi þannig að fjöldi bátanna í því kerfi gæti vaxið endalaust. Það leiddi til þess að þeir gætu aukið veiði sína í tegundum utan kvóta og gengið þannig á rétt annarra sem fyrir voru til veiða úr þessum tegundum. Það var því álit okkar sem stóðum að þessu máli þá að við yrðum að bregðast við með því að takmarka veiðar smábáta með aflamarki. En það var ekki á þeim forsendum að kerfið bryti í bága við stjórnarskrána heldur vegna þess sem mundi leiða af því að opna kerfið fyrir öðrum bátum, með öðrum orðum að sú ákvörðun að hætta að takmarka fjölda veiðileyfa mundi leiða hitt af sér og menn yrðu að bregðast við því. Það er því misskilningur sem hefur stundum verið haldið fram að dómurinn hafi kveðið beinlínis á um að ekki væri heimilt að stjórna veiðum öðruvísi en með aflamarki. Þvert á móti veit ég ekki til þess að í þeim dómi né öðrum sem gengið hafa síðar hafi Hæstiréttur tekið neina afstöðu sem feli þetta í sér.

Dómar sem gengið hafa eftir þetta hafa að mörgu leyti breytt því sem við stóðum á þá og síðan vikið hlutum dálítið til baka þannig að töluverðar sviptingar hafa verið í því hvernig skilja beri dóma hvað þetta varðar.

Í frv. því sem hér er til umræðu er einmitt vikið að þessu og látið að því liggja að það verði að kvótasetja allar veiðar vegna þess að gildandi fyrirkomulagi hætti til að stangast á við stjórnarskrá. Ég vil aðeins fara nánar ofan í það vegna þeirrar forsögu sem ég rakti áðan sem byggir á því að það var ekki forsenda sjútvn. þá eða stjfrv. að veiðar sem stýrt var með öðrum aðferðum en aflamarki stönguðust á við stjórnarskrána.

Sú fullyrðing að þetta sé nauðsynlegt felur í sér tvennt sem ég geri athugasemdir við. Í fyrsta lagi þau viðbrögð sem urðu ofan á og margir töldu rétt. Ég taldi a.m.k. þá að það væri réttur skilningur á dómnum að það yrði að opna veiðileyfin fyrir öllum. Ég hef efasemdir um það nú vegna þess að ef það er réttur skilningur að ekki megi takmarka flotastærð þá er það alveg sérstakt í heiminum því mér er ekki kunnugt um það annars staðar í veröldinni að stjórnvöld hafi ekki þau tæki undir höndum til að stjórna veiðum á sínum miðum, að geta takmarkað flotastærð. Ég tel því að Hæstiréttur hafi ekki kveðið neitt upp úr um að stjórnvöldum sé óheimilt að hafa reglur sem takmarka flotastærð, hvort sem þar er um rúmmetra að ræða eða reglur af öðrum toga, um fjölda veiðileyfa eða slíkt. Það liggja ekki fyrir að mínu viti neinir dómar sem kveða á um að slíkt sé óheimilt. Ég tel í ljósi

þess að erlendis er það, a.m.k. þar sem ég veit til, alls staðar heimilt að stjórna flotastærð þá væri það eitthvað sérstakt hér ef íslenskir dómstólar mundu hafna þessu úrræði.

Í öðru lagi. Þegar menn segja að það verði að opna veiðileyfin fyrir öllum og það sé í lagi vegna þess að menn hafi aflamarkskerfi þá ganga þeir út frá því að það verði að stjórna með aflamarki, að það sé raunar enginn annar möguleiki. Ég tel að það hafi ekki verið kveðið upp úr með það heldur af dómstólum Íslands að stjórnvöld séu bundin af því að styðjast við aflamarkskerfið. Ég tel að það sé heimilt að stjórna veiðum með öðrum aðferðum sem menn kunna að beita. Þær aðferðir kunna t.d. að vera á þann veg að fjöldi veiðileyfa sé takmarkaður. Þegar menn ræða hlutina eins og gert hefur verið þá gefa þeir sér forsendur sem ég tel að séu umfram það sem hægt er að styðja rökum. Ég vil þó nefna eitt dæmi um hið gagnstæða.

Samhliða frv. ríkisstjórnarinnar í desember 1998 sem varð síðar að þeim lögum sem nú eru í gildi varðandi smábátaveiðar var flutt annað frv. um grásleppuveiðar, af því að hið sama var talið gilda um grásleppuveiðar og aðrar veiðar. Grásleppuveiðum var þá eingöngu stjórnað með leyfisveitingum. En sjútvn. lagðist yfir málið og skilaði samhljóða nál. um það mál og lagði til að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar. Í áliti nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Eftir nánari skoðun á frumvarpi því sem liggur hér fyrir, meðal annars með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 3. desember 1998 í máli nr. 145/1998, er það mat nefndarinnar að ekki þurfi að hrófla við ákvæðum laga um grásleppuveiðar. Leyfi til veiða á grásleppu eru annars eðlis en leyfi til veiða í atvinnuskyni eins og þau voru samkvæmt ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 fyrir breytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 1/1999. Leyfi skv. 5. gr. snerist um takmörkun á rétti til veiða jafnt úr stofnum sem talið er nauðsynlegt að stjórna veiðum úr og stofnum sem talið er óhætt að stunda frjálsa sókn í. Leyfi til grásleppuveiða skv. 7. gr. laga nr. 79/1997 taka eingöngu til veiða á tilteknum fiskstofni og með þeim og tengdum aðgerðum hefur sóknin verið takmörkuð í verndarskyni."

Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu að það væri allt í lagi að hafa veiðileyfi sem væri útgefið eingöngu á tiltekinn stofn og stjórna veiðum með þeim aðgerðum og tengdum aðgerðum sem lúta að því að takmarka sókn. Ég veit ekki betur en þetta kerfi sé enn við lýði í dag hvað varðar grásleppuveiðar. Ég hef engan heyrt halda því fram að þetta fyrirkomulag stangist á við stjórnarskrána. Það er því ekki nauðsyn að menn styðjist við það fyrirkomulagið sem er í dag. Menn geta valið það og menn geta líka valið annað fyrirkomulag. Það er það sem ég legg áherslu á og tel að menn eigi að hafa í huga upp á síðari tíma. Ef þetta verður niðurstaðan þá er a.m.k. ljóst af minni hálfu að menn verða að hafa í huga að þessu má breyta.

Í áliti lögfræðinga ráðuneytisins frá 17. maí, sem vitnað er til til að árétta að fara verði þessa leið, er reyndar ekki mjög fast að orði kveðið. Þar er ekki neitt sagt um að það að stjórna veiðum með bundinn kvóta í einni tegund og frjálsum veiðum í öðrum stangist á við stjórnarskrá. Því er heldur ekki haldið fram með afdráttarlausum hætti að það stangist á við stjórnarskrá að takmarka leyfisfjöldann heldur segir í þessu áliti, með leyfi forseta, þegar reifuð hafa verið sjónarmiðin:

„Þegar þetta er skoðað má vera ljóst að erfitt er að gefa einhlítt svar við þeirri spurningu hvort Hæstiréttur hafi með dómum sínum frá 3. desember 1998 tekið afstöðu til þess hvort takmarkanir 5. gr. þágildandi laga um stjórn fiskveiða stæðust ákvæði 1. mgr. 65. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar hvað varðar reglur um krókabáta, enda vafa undirorpið hvor sjónarmiðanna sem hér hafa verið rakin yrðu ofan á ef á reyndi."

Þannig kveða lögfræðingar ráðuneytisins ekki afdráttarlaust úr um það álit og gefa það ekki sem sitt álit að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða heldur álitamál. Það verður að segjast eins og er að oft hafa menn haft sterkari rökstuðning lögmanna máli sínu til stuðnings en hér er til að dreifa.

Ég vil því, herra forseti, koma þessu rækilega til skila þannig að enginn vafi leiki á því að þau sjónarmið sem hafa verið nefnd og hafa verið til staðar frá upphafi halda fullu gildi sínu hvort sem menn fara þá leið sem frv. kveður á um eða ekki.

Þá hefur í umræðunni verið vikið aðeins að störfum endurskoðunarnefndar sem ég átti reyndar sæti í. Eins og menn hafa bæði séð og heyrt þá hefur talsvert verið um málið fjallað á opinberum vettvangi. Það sem hefur vakið mesta athygli mína eru ummæli hæstv. sjútvrh. um þá sem ekki styðja afstöðu meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar. Í ræðu hæstv. sjútvrh. sem olli deilum á þinginu í síðustu viku féllu ummæli sem ég tel ástæðu til að staldra við og fara aðeins yfir. Ráðherrann segir í ræðu sinni að hann hafi ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að einstakir nefndarmenn hlypu frá samkomulagi sem í ætti að vera innsiglað í álitsgerð auðlindanefndar. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Í mínum huga er það alveg skýrt að þeir sem aldrei ætluðu sér að ná saman um meiri hluta nefndarinnar og hafa haft það að markmiði að halda uppi ágreiningi eru þeir sem við er að sakast."

Þetta finnast mér dálítið athyglisverð ummæli. Í fyrsta lagi má benda á að í þessu orðalagi felst að afstaða meiri hluta nefndarinnar hafi verið eitthvert viðmið sem aðrir nefndarmenn áttu að laga sig að. Ég get ekki fallist á að sjónarmið þeirra sem að lokum skipuðu meiri hluta nefndarinnar hafi verið einhver ballest í störfum nefndarinnar og að þeir sem ekki gátu fallist á þau sjónarmið hafi haft það að markmiði að halda uppi ágreiningi.

Mér er ekki ljóst hvort hann meinar þessi ummæli til mín eða ekki. Ég vil a.m.k. ekki lesa það með óyggjandi hætti úr þessum ummælum. Ég kýs að bíða þar til ráðherra skýrir þau gagnvart mér eða að setur fram einhver viðbrögð við þessum ummælum. Ég vil hins vegar upplýsa það sem sumir eflaust vita, hvað varðar afstöðu fulltrúa Framsfl. í auðlindanefnd, að annar þeirra studdi fyrningarleið og styður enn og hinn þeirra studdi svonefnda veiðigjaldsleið. Ég veit eiginlega ekki hvernig hæstv. ráðherra getur komist svo að orði, eins og hann gerir, að innsiglað hafi verið samkomulag í auðlindanefnd. Það a.m.k. liggur ljóst fyrir að skiptar skoðanir voru meðal fulltrúa míns flokks.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti, af því að ég starfaði í þessari nefnd, endurskoðunarnefndinni, að ég er ekki sammála ummælum ráðherra um störf þeirra nefndarmanna sem ætla má að hann beini helst orðum sínum til. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar störfuðu í nefndinni af fullum heilindum, bæði Sighvatur Björgvinsson og Jóhann Ársælsson sem sátu í nefndinni fyrir hönd síns flokks, fyrst Sighvatur og síðan Jóhann, þegar Sighvatur sagði sig frá málinu þegar hann lét af setu á Alþingi. Sama vil ég segja um störf hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar. Ég tel að hann hafi starfað af

fullum heilindum og ég tel ummæli í þeirra garð, eins og þau hafa fallið og heyra hefur mátt á opinberum vettvangi, vera ómakleg.

Ég vil einnig segja um störf beggja fulltrúa Sjálfstfl., hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og Tómasar Inga Olrichs, að ég tel að þeir hafi starfað af fullum heilindum. Ég sé enga ástæðu til að gera neinar athugasemdir við störf þeirra. Ég tel miður að menn fari að ræða um störf nefndarinnar á þessum forsendum sem hér hefur verið gert að umræðuefni, bæði hér í þingsölum og á öðrum vettvangi. Ég tel að það hjálpi ekki í málinu að menn fari að gefa einstökum nefndarmönnum niðrandi einkunnir. Ég hvet menn til að láta af slíku og einbeita sér að því að ræða málið efnislega því að það skiptir mestu máli.

Við vitum að í þessu máli sem endurskoðunarnefndin fjallaði hvað mest um og þurfti að glíma við voru tvö mjög ólík sjónarmið. Annars vegar sjónarmið þeirra sem vilja hafa óbreytt úthlutunarkerfi og hins vegar sjónarmið þeirra sem vilja innkalla veiðiheimildir og hafa aðra úthlutun á nýjum forsendum. Samkomulag milli þessara sjónarmiða næst ekki með því að hafna öðru sjónarmiðinu og búa til niðurstöðu sem eingöngu grundvallast á hinu sjónarmiðinu. Samkomulag næst því aðeins að menn taki mið af báðum sjónarmiðum. Það var rætt í fullri alvöru innan nefndarinnar að ná samkomlagi sem tæki tillit til beggja sjónarmiða. Ég er alveg viss um það að ef hæstv. sjútvrh. hefði lagt þeim tilraunum lið þá hefðu menn náð sameiginlegri niðurstöðu í endurskoðunarnefndinni.

[17:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir ræðu hans. Hv. þm. átti sæti í nefndinni sem falið var að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og hann er því besta vitni um það sem þar gerðist innan dyra.

Nú er það svo að hv. þm. sagði að í staðinn fyrir að fella dóma og gefa mönnum einkunnir fyrir frammstöðu sína, þá hefðu menn miklu frekar átt að einbeita sér að því að ræða málið efnislega. Mig langar þá til þess að spyrja hv. þm.: Telur hann að hæstv. sjútvrh. hafi vikið af þeirri leið, að ræða málið efnislega?

Mig langar líka til að spyrja hv. þm. hvort hann sé þeirrar skoðunar að sá ófriður sem hæstv. sjútvrh. hefur æst til í kringum niðurstöðu nefndarinnar hafi dregið úr möguleikum til að skapa samstöðu og sátt um þetta mál hér innan dyra. Ég hjó eftir því, herra forseti, að hv. þm. sagði að bæði þingmenn stjórnarliðsins, eða a.m.k. þeir þingmenn stjórnarliðsins og þingmenn stjórnarandstöðunnar sem sæti áttu í nefndinni, hefðu starfað af fullum heilindum. Mér finnst ákaflega mikilvægt að þetta komi fram, herra forseti.

Hv. þm. á sæti í nefndinni. Hæstv. sjútvrh. sat hins vegar aldrei í nefndinni en hann hefur komið fram með svigurmæli og digur ummæli um þann tilgang sem vakti fyrir mönnum, m.a. hefur hann aftur og aftur ráðist að hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Mér finnst það mikilvægt fyrir flokk minn og fyrir þann hv. þm. sem ég met mikils, að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skuli með þessum hætti koma fram og staðfesta það sem við höfum haldið fram, að ummæli ráðherrans eigi ekki við rök að styðjast.

Ég ítreka síðan fyrri spurningar mínar um það hvort framganga ráðherrans hafi orðið til að draga úr líkum á sátt í þessu máli.

[17:45]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stjórnmálum skylmast menn stundum og taka tíma í það en slíkir stormar ganga niður. Þegar það gerist eiga menn alltaf þann möguleika að snúa sér að því sem er mikilvægast og það er að tala saman um sameiginlega niðurstöðu. Ég skal ekkert segja um hvort dregið hafi úr líkum á samkomulagi. Ég tel að afturkippur hafi orðið í málinu við það að endurskoðunarnefndin klofnaði. Ég tel líka að vel hafi verið hægt að komast hjá því að endurskoðunarnefndin skilaði fleiru en einu áliti en það þýðir ekki að menn eigi ekki þann möguleika síðar. Menn eiga alltaf möguleika á að ná samkomulagi þegar viljinn er orðinn nógu mikill.

[17:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lýsir því sem skoðun sinni að það hefði verið hægt að komast hjá því að endurskoðunarnefndin skilaði fleiru en einu áliti. Getur hv. þm. upplýst hvernig hann telur að það hefði verið hægt?

[17:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á lokastigi í störfum nefndarinnar var rædd ákveðin hugmynd í fullri alvöru sem fól í sér að tekið var tillit til sjónarmiða beggja aðila. Ég tel að góðar líkur hafi verið á því að menn næðu saman á grundvelli þeirra hugmynda. Ég a.m.k. hvatti bæði sjútvrh. til að beita sér fyrir því að ná samkomulagi á grundvelli þeirrar tilraunar og einnig formann Framsfl., hæstv. utanrrh., að menn beittu sér fyrir því að ná niðurstöðu á þessum grundvelli.

[17:47]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri í andsvari til að lýsa ánægju minni með þá lýsingu sem hv. þm. hefur gefið á störfum í endurskoðunarnefndinni. Ég held að hann hafi lýst því í einu og öllu alveg á réttan hátt og ég vil enn fremur lýsa því yfir að ég taldi alveg eins og hann að á síðustu metrunum væri að koma grundvöllur fyrir því að menn gætu nálgast varðandi þau sjónarmið sem uppi voru, en ég er jafnframt þeirrar skoðunar eftir á að hyggja að skilaboð hafi komið ofan frá um að hætta slíkum tilraunum. Ég vil spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort hann sé ekki sammála mér í þeirri lýsingu að vinnunni á síðustu metrunum sem mönnum sýndist að væri að skila árangri hefði hreinlega verið ákveðið að hætta og fara yfir í gamla farið sem síðan hefur orðið niðurstaða meiri hlutans.

[17:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg augljóst mál hverjum þeim sem vill sjá að sú niðurstaða sem varð, niðurstaða meiri hluta nefndarinnar, er enginn grundvöllur sátta í málinu vegna þess að það er ekki tekið á aðalágreiningsefnunum. Og á meðan menn þæfast áfram á þeirri vegferð eru menn einfaldlega að efna til ófriðar við þau sjónarmið sem andstæð eru málinu. Menn mega svo sem velja sér það og hafa allan þann rétt að velja sér þá leið en sú leið mun ekki skila neinni niðurstöðu sem friður verður um.

Ég vil svara hv. þm. þannig að ef hæstv. sjútvrh. hefði beitt sér í því máli undir lok starfsnefndarinnar, þegar við vorum að ræða tiltekna hugmynd í nefndinni, þá trúi ég því að náðst hefði sameiginleg niðurstaða á grundvelli hennar.

[17:50]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. var hann ekki viðstaddur umræðuna, var við önnur störf á föstudaginn. En mig langar að inna hann eftir því hvort hann sé sömu skoðunar og ég sem nefndarmaður í endurskoðunarnefndinni en ég lýsti því yfir þá að strax á fyrstu fundum nefndarinnar hefðu svifið yfir vötnunum tölur um gjaldtökuþol greinarinnar og það kom mjög fljótt upp talan 2,5 milljarðar sem greinin þyldi í gjaldtöku og síðar komu náttúrlega fram hugmyndir á seinni stigum um að aflétta álögum þannig að nettótalan er engan veginn þessir 2,5 milljarðar. En ég held að það sé mjög mikilvægt úr því að við erum að ræða störf nefndarinnar að vita hvort hv. þm. metur hlutina á sama hátt og ég, að í raun og veru hafi kannski einhver öfl þarna innan dyra þegar verið búin að gefa sér niðurstöðu á grundvelli þeirrar hugmyndar að gjaldtökuþolið væri 2,5 milljarðar plús aflétting á álögum á móti, 800 millj. til 1 milljarður.

[17:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil svo sem ekkert fullyrða um það að menn hafi verið búnir að gefa sér það sem niðurstöðu. Hins vegar kom þessi tala mjög snemma fram í störfum nefndarinnar og ég held hún hafi bara verið lögð fram sem heiðarlegt framlag á þeim tíma til að skapa umræðugrundvöll í nefndinni, og ég held að ekki megi leggja aðra meiningu í hana en það. Ég mundi ekki vilja túlka það á þann hátt að þarna væri fólgin yfirlýsing um gjaldþol og annað slíkt. Þetta var tala eða hugmynd sem við höfðum til umhugsunar innan nefndarinnar og var lögð fram á sínum tíma í þeim tilgangi að skapa grundvöll til að ræða saman á. Ég held að ekki eigi að leggja annan skilning í það og ekki leggja mönnum það til verri vegar þó að þetta hafi verið lagt fram sem hugmynd.

[17:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Hér er verið að gera enn eina breytingu á þeim lögum. Ég ætla að sleppa því að ræða almennt um fiskveiðistjórnina, vísindalegar forsendur hennar, aflamark, sóknarmark o.s.frv. en vil geta þess að ég er farinn að setja mikil spurningarmerki við störf Hafrannsóknastofnunar sem eftir 17 ára rannsóknir og starf og skerðingar hefur ekki miðað þjóðinni neitt áfram í því að stækka fiskstofna okkar.

Hins vegar er mér þannig farið að þegar gleraugun sem ég horfi á lífríkið með, þ.e. Hafró, eru léleg og ég hætti að treysta þeim, þá hægi ég ganginn en eyk hann ekki. Ég fer ekki að hlaupa, því ég sé ekki neitt. Og það finnst mér að menn eigi að gera. Þeir eiga ekki að koma með hugmyndir um að fara út í óheftar veiðar eins og sumir hafa verið með þegar við vitum ekki neitt.

Við búum við afskaplega flókið lagaumhverfi fyrir sjávarútveg. Það er svo flókið að það liggur við að útgerðarmenn, sjómenn og skipstjórnarmenn þurfi frekar að læra lögfræði heldur en gera út og vita hvaða veiðarfæri eigi að nota. Þannig er staðan.

Herra forseti. Í 1. gr. er tekið á því að eingöngu eigi að vera til þrjár tegundir veiðileyfa og það er til bóta. Það er hið almenna aflamark, veiðileyfi með krókaaflamarki og svo eru handfæraveiðar með dagatakmörkunum. Reyndar eru þarna undirtegundir því að frystitogarar njóta sérstöðu innan aflamarksins og eflaust eru til fleiri frávik en þetta er til bóta. Reyndar hef ég margoft sagt að ekki fer saman aflamark og sóknarmark samtímis vegna hættu á því að menn misnoti kerfin og landi á milli skipa úti á miðum.

Herra forseti. Í 3. gr. er byggðakvóti enn einu sinni og nú á að veita sérstakan kvóta, 2,3 millj. kg á sjávarbyggðir sem eru að verulegu leyti háðar krókaaflamarksbátum. Þarna vakna ýmsar spurningar. Hvað er sjávarbyggð? Er Ísafjarðarbær ein sjávarbyggð eða er Flateyri sérstök sjávarbyggð? Hvað gerist ef maður sem á trillu kaupir aflóga bóndabæ við sjóinn og gerir trilluna þaðan út? Er sú sjávarbyggð ekki verulega háð þessum veiðum? Menn geta örugglega farið að finna fínar smugur í þessu kerfi.

Svo kemur upp sá vandi ef veita á þennan byggðakvóta til sveitarfélaga eða hvernig sem menn fara að því, það er reyndar ekkert um það talað, og þá er spurningin: Ef menn landa aflanum á staðnum, er hann þá ekki keyrður burt? Ef menn landa aflanum, geta þeir ekki skipt á einhverjum öðrum afla sem þá er keyrður í burtu? Hefur það eitthvað upp á sig yfirleitt að skikka menn til að veiða á einum stað þegar allt landið er orðið einn fiskmarkaður? Ég hef miklar efasemdir um þennan byggðakvóta. Ég tel að við ættum fyrir löngu að vera búin að læra það að byggðakvóti er ekki góð regla.

Herra forseti. Í 4. gr. er nýmæli um brottkast og ég er mjög ánægður með það þó að skrefin séu ekki stór. Þar er gert ráð fyrir að 5% afla í hverri veiðiferð megi teljast eign Hafró og menn fá 10 kr. fyrir kg. Ég hef tvisvar sinnum flutt þáltill. og einu sinni lagafrv. einmitt í þessa veru þar sem ég lagði til að það mætti koma með hvaða afla sem er að landi en menn fengju greitt fyrir það hlutfallslega 7–15%, sem ég held að sé miklu skynsamlegra en að borga mönnum fast verð fyrir kílóið því að þá er ekki lengur hvati fyrir áhöfnina til að fara vel með þennan fisk og selja hann háu verði. Ég legg því til að hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar skoði það hvort ekki sé skynsamlegra að hafa prósentur í staðinn fyrir fast verð fyrir kíló.

Herra forseti. Í 7. gr. eru tveir nýir pottar og maður þarf að lesa hana mjög vel til að skilja hvað þar er að gerast eins og alla þessa lagabálka sem fjalla um útgerð á Íslandi. Þar á að veita í fyrsta lagi 3.600 tonn sem á að skerða aflamark annarra skipa í landinu, þ.e. þarna er tekið frá venjulegum aflamarksskipum og sett yfir til krókaaflamarksbáta og þar er um að ræða ýsu, steinbít og ufsa. Þetta eru 3.600 tonn og það á að miða við veiðireynslu frá 1. júní 2000 til 31. maí 2001. Þarna er sem sagt enn verið að nema land. Þarna er enn verið að veita kvóta, þarna er enn verið að búa til sægreifa og hélt ég nú að menn væru komnir með nóg af því.

Svo á að veita til viðbótar 200 tonn af ýsu og 600 tonn af steinbít og það skerðir engan. Það er sem sagt tekið frá guði almáttugum eins og oft og tíðum og virðist vera hægt að finna þennan fisk í sjónum og spurning hvort ekki sé hægt að finna hann nokkrum sinnum þannig að allir geti fengið sitt. En þetta er náttúrlega spurningin um hvort menn treysti því að það sé ótakmarkaður fiskur í sjónum og hvort ýsan sem veidd er þarna geti verið veidd af öðrum. Ég hef miklar efasemdir um þessa nýju úthlutun, þetta nýja landnám.

Herra forseti. Þetta mikla flækjustig útgerðar á Íslandi er með ólíkindum. Ég held að engri atvinnugrein í heiminum sé eins mikið stýrt, ekki með reglum eða stjórnvaldsaðgerðum heldur með lögum sem er stýrt beint frá hinu háa Alþingi. Öll

þessi stýring, öll þessi kerfi kosta sitt. Menn eru að breyta skipum, menn eru að aðlaga sig kerfinu, menn eru að vinna upp á nýtt, menn eru að henda fiski o.s.frv. Einn spurði mig hvað gerðist ef einhver kaupir fisk á 150 kr., veiðiheimildina á 150 kall kílóið, hvað þarf hann að selja hann á? Hann þarf að selja hann á 270 kall. Hvernig fer hann að því? Hann fer þannig að því að allur fiskurinn er ekki undir 5 kg. Og hvernig skyldi hann fara að því að veiða bara 5 kg þorsk úti á miðunum? Spyr sá sem ekki veit. En það merkilega gerist. Menn veiða bara 5 kg þorsk. Það er eins og litli fiskurinn sé horfinn. Auðvitað er honum hent.

Herra forseti. Þessi mikla, þunga og flókna lagasetning kostar þjóðfélagið geysimikið en það dugar ekki til. Arðsemin er svo mikil af veiðunum, arðsemin er svo mikil af þessari auðlind okkar að útgerðin skilar samt hagnaði þrátt fyrir allt sem gert er til að reyna að ná hagnaðinum niður.

[18:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði að þingmaðurinn sagði að sumir vildu frjálsar veiðar. Ég hugsa nú að bæði ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal mundum í hjarta okkar vilja frjálsar veiðar. En ég hugsa hins vegar að við séum báðir nokkuð sannfærðir um að þeim yrði illa við komið í framtíðinni eins og málum hefur verið háttað að undanförnu og alla vega ekki nema menn taki upp verulega breytt skipulag. Reyndar hygg ég að frjálsar veiðar muni ekki verða í þeim skilningi í framtíðinni. Þeim muni verða stýrt hvað svo sem við viljum.

Hann vék að 5% reglunni. Ég er honum ...

(**Forseti** (ÁSJ): Hv. þm.)

Hv. þm. Pétur H. Blöndal vék að 5% reglunni í 4. gr. og ég er honum sammála um að setja þar ákveðna krónutölu sem er þetta lág. Ég held að það sé kannski ekki nægur hvati til þess að koma með þetta að landi, alla vega ef menn mega ekki koma með nema 5%. Þó þeir lendi í því eina veiðiferð að veiða fisk sem þeir eiga ekki heimildir fyrir þá held ég að þetta sé ekki rétt uppsetning og ég tek undir að þetta þurfi að vera öðruvísi útfært. Ég mundi líka vilja spyrja hv. þm. hvort ekki væri hægt að hugsa sér að hluti af hvatanum fyrir því að koma með aflann að landi væri t.d. sá að hluta af verðmætinu yrði varið í Lífeyrissjóði sjómanna til þess að koma í veg fyrir að kjör eldri sjómanna verði enn frekar skert en verið hefur á undanförnum árum og stefnir í.

[18:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að hvatinn eða afgjaldið fyrir þennan kvóta sem ekki á að heyra undir kvóta skipsins verður að fara til einhverra þeirra stofnana sem sjómönnum hugnast. Ég hugsaði á sínum tíma að það væri Hafró sem stundar rannsóknir í þágu útgerðar og sjómanna. Vel má hugsa sér að þetta renni til annarra þarfa, t.d. Lífeyrissjóðs sjómanna eins og hv. þm. nefndi. Ég held að ég hafi meira að segja getið um það í þeirri þáltill. sem ég flutti á sínum tíma að það yrði gert. En það er nauðsynlegt að þetta sé eitthvað sem sjómenn hafa hag af og þeir vilji gjarnan að peningarnir renni til þannig að þeir séu enn þá viljugri til að koma með fisk að landi.

Nokkur atriði gera það að verkum að menn mundu koma með fisk að landi. Í fyrsta lagi held ég að öllu fólki leiðist að henda verðmætum og sjómenn eru ekkert undanskildir. Í öðru lagi held ég að allir vilji fara að lögum og sjómenn ekki síður, þ.e. að þeir vilji ekki henda fiski þegar það er bannað. Svo verður að vera ákveðinn fjárhagslegur hvati til að koma með fiskinn að landi og ef verðmæti þess afla sem komið er með að landi rennur að meginhluta til stofnana sem sjómenn eru sáttir við ætti það að vera enn frekari hvati til að koma með þann afla að landi. Mér finnst því að hv. nefnd eigi að skoða hvernig hægt sé að vinna þannig að þessum málum að sjómenn séu hvattir til þess að koma með þennan afla að landi því það er þjóðinni allri til heilla.

[18:04]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin og ábendingar þingmannsins. Hv. þm. sagði að lögin um stjórn fiskveiða kostuðu þjóðfélagið ómælda fjármuni. Þarna víkur hann að afar stóru máli. Ég er honum algerlega sammála um þetta. Ég er alveg viss um að útfærslan á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi með því brottkasti og verðmyndunarkerfi sem tengist því, bæði varðandi leigukvótaverðið og ýmis önnur atriði sem koma fram þegar menn eru að versla eða leigja í þessu kerfi, kostar þjóðina stórfé, einhverja milljarða á ári hverju.

Ég hef heyrt hv. þm. Einar Odd Kristjánsson nefna í þessum ræðustól 20 milljarða, ef ég man rétt, einhvern tíma þegar við vorum að ræða þetta, þ.e. í hugsanlegu útflutningsverðmæti þeirra afurða sem gætu komið að landi, m.a. varðandi brottkast. Ég tel að mörg fleiri atriði í núverandi útfærslu á stjórn fiskveiða og verðmætismyndun á fiskinum, þ.e. verðlagningu hans og sölu á markaði og leigusystemið, valdi þessari þjóð miklum skaða og að mikil verðmæti tapist. Ég vil spyrja þingmanninn hvort hann hafi svipuð sjónarmið að þessu leyti og hvort það sem hann sagði áðan um að lögin kostuðu þjóðina stórfé eigi við þessi atriði.

[18:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þekkt í öllu atvinnulífi að eftir því sem fleiri reglur eru, því meira flækjustigið er sem atvinnugreinin þarf að vinna undir, þeim mun minni er arðsemin. Varðandi t.d. framsal á aflaheimildum og annað slíkt, þ.e. ef eignarhald á kvótanum er ekki augljóst og menn þurfa að fara í alls konar tilfæringar og snúninga til að ná því fram sem hver og einn vill, þá kostar það allt. Ég get ekki slegið á hvað er dýrast í þessu. Ég reyndi einu sinni að lesa þessi lög, herra forseti, og taldi mig hafa skilið þau. Svo las ég reglugerðirnar og þær voru svolítið öðruvísi. Svo kynnti ég mér framkvæmdina og þá var það þriðja útfærslan. Maður skilur þessi lög meðan maður les þau. Þetta er þvílíkur frumskógur að ég efast um að okkur núlifandi Íslendingur hafi alveg á tæru bæði lagasetninguna, reglugerðirnar og framkvæmdina og það hlýtur að kosta mjög mikið fyrir útgerðarmenn og sjómenn að starfa í svona frumskógi.

[18:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur staðið í tvo þingdaga er ákaflega athyglisverð. Hún hefur snúist að mínu viti aðallega um þrennt. Í fyrsta lagi um meint gagnsleysi kvótakerfisins. Í öðru lagi um tillögu auðlindanefndar og síðar endurskoðunarnefndar um stjórn fiskveiða. En í þriðja og minnsta lagi hefur hún snúist um frv. sem hér liggur fyrir í dag, herra forseti. Það sem er e.t.v. merkilegast er að hinn fjarstaddi sjútvrh. sneri ræðu sinni líka og að stærstum hluta upp í allt annað en frv. sem við erum að ræða hérna.

Herra forseti. Mig langar aðeins að ræða þá þrjá þætti sem umræðan hefur drepið á. Ég ætla að byrja á því að ræða umræðu manna um meint gagnsleysi kvótakerfisins. Það er

eftirtektarvert að langflestir sem hér hafa stigið í stólinn úr liði stjórnarinnar hafa fyllst efasemdum í ræðu sinni um það hversu vel kvótakerfið gagnast okkur. En tveir menn aðallega hafa á umliðnum vikum og mánuðum talað þannig og beitt sér með þeim hætti að ekki er hægt annað en draga þá ályktun af verkum þeirra og orðum að þeir hafi ekki mikla trú á aflamarkskerfinu. Þessir menn, herra forseti, eru annars vegar varaformaður þingflokks framsóknarmanna, hv. þm. Hjálmar Árnason, og hins vegar hæstv. sjútvrh.

Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur í útvarpi og reyndar líka aðspurður í ræðu sinni á föstudaginn síðasta lýst því yfir að hann telji verjanlegt að auka verulega frelsi smábáta án þess að hinn aukni afli sem mundi stafa af því leiddi til skerðingar á aflamarki annarra skipa. Hann hefur sagt sem skýringu á orðum sínum og réttlætingu að hann telji að skekkjan í fiskveiðiráðgjöfinni sé svo mikil að þetta sé heimilt. Ég get ekki dregið aðra ályktun af þessu, herra forseti, en að hv. þm. Hjálmar Árnason sé í reynd fylgjandi því að smábátar með tilteknum takmörkunum megi stunda frjálsa krókaveiði.

Hæstv. sjútvrh. greip til þess ráðs fyrr á sumri að lýsa yfir veiðifrelsi varðandi steinbít. Hann var að vísu knúinn til þess að draga það til baka. Ég get hins vegar ekki dregið aðra ályktun af þeirri ákvörðun hæstv. sjútvrh. en hann hafi þarna verið reiðubúinn til þess að fara í ákveðna tilraun sem fólst í því að heimila frjálsar veiðar á tiltekinni fisktegund. Ástæðan hlýtur að vera sú, herra forseti, að hann er líka fullur efasemda um nytsemd aflamarkskerfisins. Ég skal ekki leiða getum að því hvort það er vegna þess skipbrots sem segja má að ráðgjöfin hafi beðið á síðustu árum eða hreinlega hvort hann telji að hægt sé að stýra veiðinni með öðrum aðferðum en kvótakerfinu. Ég held hins vegar að í framhaldi af orðum hv. þm. og hæstv. sjútvrh. sé okkur heimilt að velta vöngum yfir því hvað menn ættu að gera í þessari stöðu. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það væri í lagi að feta þá braut sem hæstv. sjútvrh. markaði með yfirlýsingu sinni um frjálsar veiðar á steinbít. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að menn ættu að leyfa sér andspænis þeirri niðurstöðu sem fiskveiðiráðgjöfin hefur leitt til, að gera tilraun. Menn ættu að gera tilraun til að leyfa frjálsar ýsuveiðar á smábátum með tilteknum takmörkunum undir ákveðinni stærð og miðað við ákveðnar veiðiaðferðir. Við ættum að sjá hvað út úr því kemur.

Eins og hér hefur verið rakið í umræðunni af fjölmörgum þingmönnum er það einfaldlega svo að það er ákaflega ólíklegt að niðurstaðan gæti orðið miklu verri en sú sem við stöndum andspænis núna. Líffræðileg rök mæla með því að slík tilraun yrði gerð á afmörkuðum stofni eins og ýsunni.

Herra forseti. Hér hafa nánast allir þingmenn stjórnarliðsins talað í þá veru að þeir séu reiðubúnir til þess að samþykkja frv. sem hér liggur fyrir af því að það er illskásti kosturinn. Það er ekki af því að þeir séu hrifnir af þessu frv. Nei, herra forseti. Það vill svo til að þeim mönnum sem hafa hér talað af hálfu stjórnarinnar tókst ekki þrátt fyrir atbeina okkar í stjórnarandstöðunni að koma í veg fyrir að ákaflega umdeild slæm lög tækju gildi nú í haust sem takmarka mjög umsvif smábátaútgerðar í landinu. Um leið gerist það að verið er að kippa stoðum undan fjölmörgum strandbyggðum víðs vegar um landið.

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja: Hvað veldur því að hv. þm. eins og Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Árnason, Gunnar Birgisson og e.t.v. fleiri sem ég man ekki á þessari stundu, ætla sér að styðja það frv. sem hér liggur fyrir af því að það er illskásti kosturinn, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason lýsti yfir á föstudaginn? Þó er ljóst að verulegar líkur eru á því að með sameinaðri stjórnarandstöðu og atfylgi þeirra manna í stjórnarliðinu sem eru andsnúnir þeim lögum sem tóku gildi í haust um veiðar smábáta væri e.t.v. hægt að gera árangursríka tilraun til þess að hnika þessum lögum og breyta þessari stöðu. Hvað veldur því að þessir menn fylgja ekki sannfæringu sinni, fylgja ekki því ákvæði stjórnarskrárinnar að fara eftir því sem býr í brjósti þeirra en ekki flokksaganum? Hvað veldur því, herra forseti?

Á hæstv. sjútvrh., sem situr í skjóli sægreifanna sem í þessum efnum hafa öll völd í Sjálfstfl., að takast að beygja menn eins og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, Einar Odd Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Árnason og Gunnar Birgisson? Herra forseti. Ég verð ákaflega hryggur ef sú verður niðurstaðan. Það vill svo til að hér á eftir er á dagskrá frv. sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar, Guðjón Arnar Kristjánsson, Karl Valgarður Matthíasson og Árni Steinar Jóhannsson, flytja. Þar gæfist þessum þingmönnum stjórnarliðsins kostur á að láta reyna til þrautar á það hvort hægt sé að bæta aftur hag smábátaútgerðarinnar frá núverandi lausn. Allir þessir þingmenn hafa lýst miklu fylgi við það. Hvers vegna eru þeir ekki þegar á reynir reiðubúnir að gera þessa úrslitatilraun með hag umbjóðenda sinna í huga?

Herra forseti. Lýðræðið er merkilegur hlutur. Lýðræðið segir að fólkið í landinu eigi að hafa fulltrúa sína á löggjafarsamkundunni og þeir eigi að þrýsta fram hag umbjóðenda sinna. Endurteknar skoðanakannanir hafa sýnt að í landinu er mikið fylgi við að skella þeim lögum sem tóku gildi í haust og rétta aftur hag smábátaútgerðarinnar. Lýðræðið er hins vegar svo kynleg skepna að þessi vilji nær ekki inn í raðir stjórnarliðsins. Við vitum að stór hluti þeirra landsmanna sem fylgja stjórnarflokkunum í landinu er þeirrar skoðunar að bæta eigi hag smábátaútgerðarinnar og reisa hana aftur til þess sem hún var fyrir gildistöku þessara laga. En forustumenn þessara flokka virðast þess megnugir að taka í bóndabeygju sannfæringu þeirra ágætu hv. þm. sem eru sömu skoðunar. Það þykir mér miður.

Herra forseti. Það var hæstv. sjútvrh. sem fyrstur leiddi inn í umræðuna atburði og atburðarásina í auðlindanefnd og síðan svokallaðri kvótanefnd. Hæstv. sjútvrh. er illu heilli ekki staddur við þessa umræðu en mér er kunnugt um að hann hafði til þess gilda ástæðu. Þó ég vildi gjarnan eiga við hann orðastað um þessa hluti verð ég að sætta mig við að hann er ekki viðstaddur. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir reifaði hins vegar í ákaflega knöppu og hnitmiðuðu máli við umræðu málsins á föstudag afstöðu Samfylkingarinnar og þær ákvarðanir sem fulltrúar Samfylkingarinnar stóðu að í auðlindanefndinni og í kvótanefndinni. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur hér fyrir sitt leyti staðfest það sem menn hafa verið að segja um atburðarásina innan kvótanefndarinnar. Það hefur komið fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að það sem hæstv. sjútvrh. hefur verið að bera á torg er einfaldlega rangt.

Merkilegust við þátttöku hæstv. sjútvrh. í þessari umræðu voru viðbrögð hans við ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Þegar hv. þm. hafði lýst því hvernig málflutningur hæstv. ráðherra styðst ekki við nein rök og hafði hrakið hverja einustu staðhæfingu hans varðandi Samfylkinguna lið fyrir lið þá þrumdi hæstv. sjútvrh. eins og hnípinn fugl í sæti sínu. Hann kom ekki upp til andsvara. Það sem stóð eftir hann á

þeim degi var þögn hæstv. ráðherra gagnvart málflutningi hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur.

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur haldið því fram að fulltrúar Samfylkingarinnar hafi svikið samkomulag sem gert var í auðlindanefndinni og það hafi sérstaklega verið hv. þm. Jóhann Ársælsson sem hafi hlaupið frá því samkomulagi. Því var lýst vel í dag af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, sem átti sæti í auðlindanefndinni, hvernig það var á síðustu metrunum að veiðigjaldsleiðinni svokölluðu, LÍÚ-leiðinni eins og ég kalla hana, leiðinni sem hæstv. ráðherra hefur faðmað, var þrýst inn í skýrslu auðlindanefndarinnar af tveimur nefndarmönnum. Þessa leið hefur hæstv. ráðherra gert að sinni og ásakar síðan hann fulltrúa Samfylkingarinnar, hv. þm. Jóhann Ársælsson, fyrir að hafa hlaupið frá því samkomulagi.

Herra forseti. Átti hv. þm. Jóhann Ársælsson að bera ábyrgð á hugmynd sem komið var inn vegna þrýstings tveggja manna í auðlindanefndinni, eftir að það lá alveg ljóst fyrir að meginniðurstaða auðlindanefndarinnar var á allt annan veg? Meginniðurstaða auðlindanefndarinnar var að sjálfsögðu sú, ekki aðeins varðandi fiskimiðin í hafinu heldur líka varðandi fallvötn á landi og fjarskiptarásir í loftinu, að þar sem samkeppnisforsendur væru fyrir hendi skyldi bjóða afnotarétt sameiginlegra auðlinda út. Þetta varð niðurstaðan, herra forseti.

Jafnvel sú leið sem hæstv. ráðherra hefur gert að sinni, LÍÚ-leiðin, var eins og hún birtist í skýrslu auðlindanefndar líka byggð á þeim grunni að innkalla ætti tiltekið magn aflaheimilda og bjóða út. Ég hef grun um að hæstv. sjútvrh. hafi ekki hlaupið nema léttilega á skýrslu auðlindanefndar. Í henni kemur nefnilega skýrt fram að gert er ráð fyrir því að sjávarútvegurinn greiði í fyrsta lagi ákveðið kostnaðargjald. Það vill svo til, herra forseti, að ég átti orðastað við hæstv. sjútvrh. á þeim degi sem hann var tilnefndur til núverandi embættis síns. Það var í sjónvarpsþætti. Þá lýsti hæstv. sjútvrh. þeirri skoðun sinni að sjávarútvegurinn ætti að borga kostnaðargjöld. Hver er kostnaðurinn við sjávarútveginn í dag, herra forseti? Því hefur stundum verið lýst af vísum reiknimeisturum að líklega væri hann 3% af fjárlögum. Hvað er það mikið, herra forseti? Ætli það séu ekki 6–7 milljarðar í dag? Mannvitsbrekkur stjórnarliðsins í sérfræðiliði þess hafa reiknað það út sem kostnað greinarinnar og ein af niðurstöðum auðlindanefndarinnar var að sjávarútvegurinn ætti að fara langleiðina í því að greiða sinn kostnað.

Herra forseti. Þar fyrir utan var það líka niðurstaða auðlindanefndarinnar að einnig ætti að borga sérstaklega fyrir réttinn til að nýta auðlindirnar. Þetta hefur hvergi komið fram í máli hæstv. sjútvrh. Það hefur heldur hvergi komið fram, herra forseti, að í reifun auðlindaskýrslunnar um veiðigjaldsleiðina er tekið fram sérstaklega að það eigi að auka aðgengi landsmanna að aflaheimildum og skapa sérstakt svigrúm til þess. Þar er líka sagt hvernig það eigi að gera, herra forseti. Það er sagt með beinum orðum í skýrslu auðlindanefndar að það eigi að gera með því að innkalla tiltekinn hluta aflaheimilda og setja á markað og fá m.a. þannig fyrir kostnaðargjöldunum. Þessu hefur hæstv. forsrh. ævinlega gleymt. Hann hefur aldrei sagt frá þessu. Ég get ekki dregið aðra ályktun en þá, herra forseti, að hann haldi vísvitandi fram blekkingum um hina raunverulegu niðurstöðu auðlindanefndar.

Þegar hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lýsti atburðarásinni og hrakti málflutning hans lið fyrir lið og hæstv. ráðherra þagði undir því, þá var það auðvitað staðfesting á því að hann hefur allan tímann farið með rangt mál. Hverjir eru það sem rufu sáttina sem grunnur var lagður að í auðlindaskýrslunni? Það var hæstv. sjútvrh. Það var hægt að ná þeirri sátt innan nefndarinnar um endurskoðun fiskveiðistefnunnar, kvótanefndarinnar svokölluðu. Það hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem þar átti sæti, sagt sjálfur. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af máli hans en þá að það hafi verið málflutningur ráðherrans og íhlutun sem hafi leitt til þess að lausn sem lá á borðinu á síðustu dögum nefndarstarfsins náðist ekki.

Herra forseti. Ég held því líka fram að málflutningur hæstv. sjútvrh. hafi leitt til þess að sáttin sem líka fólst í skýrslu auðlindanefndarinnar náðist ekki. Hver var sú sátt, herra forseti?

Leiðirnar sem bent var á í skýrslu auðlindanefndar voru tvær. Að lokum var þeim gert jafnhátt undir höfði. Önnur var veiðigjaldsleiðin. Hin var sú að afnema gjafakvótann með fyrningarleiðinni. Liggur ekki í augum uppi, herra forseti, að þegar tvær leiðir eru settar fram og þær eru jafnstæðar í skýrslunni þá felst í því ósögð tillaga um að fara bil beggja, um að fara þær báðar?

Ég leit svo á, þegar skýrslan lá fyrir, að það væri snilldin í þessari skýrslu. Ég leit svo á að ef hæstv. sjútvrh. hefði einhver tök á fulltrúum Samfylkingarinnar eftir það starf væri það nákvæmlega að fara meðalveginn sem í því fólst, ekki síst vegna þeirrar leiðbeiningar sem kom fram í reifun skýrslunnar um veiðigjaldsleiðina, að þar er beinlínis gert ráð fyrir því að svolítill hluti aflaheimilda er innkallaður og settur á markað. Það hefði verið erfitt á þeim tíma fyrir Samfylkinguna að skirrast við að taka þátt í slíkri sátt.

Herra forseti. Það var hins vegar hæstv. sjútvrh. sem æsti til ófriðar með því að ráðast að einstökum stjórnmálaflokkum sem tóku þátt í skýrslugerðinni, ráðast að einstökum stjórnmálamönnum sem tjáðu sig um hana og tóku síðan þátt í starfi kvótanefndarinnar og með því að afflytja hina raunverulegu niðurstöðu auðlindasnefndarinnar. Það er hæstv. sjútvrh. sem ber ábyrgðina á tilraunum til þess að lemja fram leið LÍÚ. Það er hæstv. sjútvrh. sem ber ábyrgðina á því að sú sátt sem var í augsýn, sem sumum okkar fannst liggja á borðinu, bæði innan auðlindanefndarinnar og síðan innan kvótanefndarinnar, er ekki möguleg í dag. Hæstv. sjútvrh. sem ber ábyrgðina á því rjúfa þá sátt sem var í augsýn.

[18:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var dálítið að brýna okkur stjórnarliða til að fylgja sannfæringu okkar. Ég vil svara því þannig að ég hef ekki legið á liði mínu í því að standa á minni sannfæringu. Ég minni á að á sl. vori urðu allnokkur átök um þetta mál. Þá átti að ljúka málinu með tilteknum hætti sem ég gat ekki samþykkt. Ég lýsti yfir andstöðu við það og hélt þeirri andstöðu þrátt fyrir að aðrir féllust á málamiðlun í þeim efnum. Niðurstaðan varð sú, eins og menn þekkja, að málið var ekki lagt fram og mér var legið á hálsi opinberlega fyrir að ég hefði stöðvað málið með því að fylgja sannfæringu minni.

Nú höfum við annað mál í þingsölum sem er allnokkuð frábrugðið hinu fyrra og ég vil segja illskárra. Ég vil ekki segja málið gott og ég hef ekki lýst yfir stuðningi við það. Ég hef hins vegar sagt opinberlega að ég ætlaði ekki að ganga svo langt að styðja frumvarp stjórnarandstöðumanna

í sambærilegu máli af því að ég starfa innan stjórnarliðsins og ætla að beita mér innan raða þess til að ná fram þeim breytingum sem unnt er á málum sem eru til umfjöllunar.

Ég tel að á þessu máli þurfi að gera breytingar. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég geri mér vonir um að það takist að mjaka því til betri vegar frá því sem nú er þó að það hafi heldur skánað frá því sem var á sl. vori.

[18:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er e.t.v. afstaða sem er hægt að skilja en erfitt er að vera sáttur við, sérstaklega við þær aðstæður sem núna eru uppi. Hverjar eru þær?

Gervöll stjórnarandstaðan er reiðubúin til að fara leið sem hv. þm. studdi á síðasta vori. Það blasir líka við að hv. þm. er ekki eini stjórnarliðinn sem er reiðubúinn að kanna þá leið. Það eru fjölmargir aðrir sem hafa gefið sig út fyrir það og e.t.v. nokkur vonarlömb önnur, eins og hv. þm. veit. Við þessar aðstæður ber hv. þm., ef hann vill verða sáttur við kjósendur sína eða sáttur við sannfæringu sína og sjálfan sig, að láta reyna á málið, reyna til þrautar.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að það er kannski síst við hann að sakast. Það hefur komið fram áður að hann hefur með margvíslegum hætti reynt að breyta þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir í frv. sem hér er til umræðu.

Hann upplýsti líka áðan að varðandi þá vinnu sem fram fór í tengslum við endurskoðunina sjálfa innan kvótanefndarinnar ræddi hann við hæstv. sjútvrh. og reyndi að beita sér fyrir tiltekinni lausn sem líklegast hefði verið hægt að ná sátt um þá. En hann ræddi líka við hæstv. utanrrh., formann Framsfl., um slíkt hið sama. Þeir daufheyrðust við þessum bónum.

Það var því ekki við hv. þm. að sakast heldur forustu ríkisstjórnarinnar. Það var bersýnilega ákveðið að ná ekki sátt í málinu. Það finnst mér hið mikilvægasta sem komið hefur fram í dag, að hv. þm., formaður þingflokks Framsfl., hefur upplýst að það var meðvituð ákvörðun formanns Framsfl. og hæstv. sjútvrh. að ná ekki þeirri sátt sem lá á borðinu í þessu erfiða deilumáli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:30]

Útbýting þingskjala:

Lagning ljósleiðara, 249. mál, fsp. SvanJ, þskj. 285.

Skráning S-merktra lyfja, 198. mál, svar heilbrrh., þskj. 269.

Tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 250. mál, fsp. SvanJ, þskj. 286.

Útsendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl, 238. mál, fsp. GÁS, þskj. 265.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 191. mál (krókabátar). — Þskj. 202.

[18:31]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða á þskj. 202, 191. máli.

Hér hefur átt sér stað löng umræða um mál sem snýr að nákvæmlega sama efni. Ég mun því reyna að stytta mál mitt um efni þessa frv. en verð þó auðvitað að víkja að nokkrum atriðum sem rætt hefur verið um fyrr í dag, sérstaklega þeim sem eru verulega frábrugðin frv. sem sjútvrh. mælti fyrir og við höfum hér rætt bæði á föstudag og í dag.

Af því sem er óðruvísi í frv. okkar hv. þingmanna, Karls V. Matthíassonar og Árna Steinars Jóhannssonar, sem eru meðflutningsmenn að þessu frv. ásamt mér, ber fyrst að nefna að við leggjum til að horfið verði frá lagasetningunni sem tók gildi 1. september og að aftur verði tekið upp þorskaflahámark sem varanleg stýringaraðferð á veiðar svokallaðra krókabáta. Þar af leiðandi leggjum við til að krókaaflahlutdeildin verði felld niður og í stað þess að í frv. ráðherrans er gert ráð fyrir þremur veiðileyfum gerum við ráð fyrir fjórum. Við gerum sem sagt ráð fyrir veiðileyfi með aflamarki, kvótakerfinu svokallaða, sem við erum ekki beint að ræða hér heldur eingöngu veiðar smábátanna. Við leggjum hins vegar einnig til að veiðileyfin verði: veiðileyfi krókabáta á sóknardögum; veiðileyfi krókabáta á sóknardögum með þorskaflahámarki, þ.e. 40 dagar og 30 tonna þorskaflahámark; og hins vegar veiðileyfi krókabáta á þorskaflahámarki eins og verið hefur.

Það er alveg rétt sem komið hefur fram í máli margra manna um frv. sjútvrh., að sá kafli laganna sem varðar smábátana sérstaklega er orðinn mjög flókinn í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Það er búið að margbreyta þessum ákvæðum um stjórn fiskveiða og margsetja inn ýmis bráðabirgðaákvæði í gegnum tíðina út og suður varðandi það sem snýr að veiðum þessa flota.

Frv. sem ég mæli hér fyrir er hins vegar þannig byggt upp að því er skipt í þrjár greinar, sem yrðu þá 6. gr., þ.e. 6. gr. a og 6. gr. b.

Í a-lið frv., sem við leggjum hérna til, er gert ráð fyrir þorskaflahámarksbátunum og gerð grein fyrir því við hvaða aðferðir þeir ættu að búa. Ég vek sérstaka athygli á því að við leggjum til að það verði ekki kvótasetning á þorskaflahámarksbátana í öðrum tegundum en þegar hefur verið gert, sem var þorskurinn fyrir 1. september. Þær tegundir sem við bættust, ýsa, ufsi og steinbítur, verði aftur teknar út úr kvótakerfi þorskaflahámarksbátanna.

Í staðinn leggjum við til að inn í þorskaflahámarkskerfið komi takmörkun á línulengd á hverjum sólarhring, þ.e. 24 balar með 500 krókum, sem hver bátur megi róa með. Við setjum inn sóknartakmörkun í þorskaflahámarkskerfið í þeim tilgangi auðvitað að það virki sóknarhamlandi og takmarki afla þeirra. Við teljum að m.a. með þessari útfærslu megi hafa áhrif á það að ýsuaflinn haldi ekki áfram að aukast ár frá ári. Við erum alveg sammála um að það sé mun eðlilegra, sjálfsagðara og miklu einfaldara að útfæra sóknartakmarkanir í veiðikerfi aflahámarksbátanna og hafa þannig áhrif á afkastagetu en menn hafi áfram það frelsi sem þeir höfðu í þorskaflahámarkskerfinu. Við teljum að með þeirri aðferð muni tryggt að áfram verði þróun í þessu kerfi. Það mun þjóna hagsmunum byggðanna eins og reyndar hefur verið á undanförnum árum. Það sést best á því að t.d. á Vestfjörðum, þar sem þorskafli hefur minnkað nánast um helming í stóra kerfinu hafa sjómenn náð fótfestu með því að eignast smærri báta í þorskaflahámarkskerfinu og í sóknardagakerfum smábátaflotans. Það hefur í raun bjargað atvinnuástandi í byggðunum og veitt fólki að nýju dálitla öryggiskennd og trú á að byggðirnar geti haldið velli.

Ég tel að frv. ráðherrans, eins og það hefur verið kynnt hér og við höfum rætt í tvo daga, nái ekki þessum tilgangi. Þess vegna leggjum við í stjórnarandstöðunni þetta fram.

Við gerum jafnframt ráð fyrir að í 6. gr. verði ýmis ákvæði um úreldingu og annað sem var inni í lögunum fyrir 1. september. Við höldum því inni og við höldum inni því hlutfalli sem dregið var frá í afla þorskaflahámarksbátanna, þ.e. 3.000 tonn af ýsu, 3.000 tonn af steinbít og 1.000 tonn af ufsa, sem yrðu dregin frá áður en til úthlutunar kæmi og áður en til veiðileyfa kæmi í aflakerfi smábáta undir sex tonnum. Annar afli yrði ekki dreginn frá í aflamarkskerfinu og mundi þar af leiðandi ekki minnka afla í aflamarkskerfi aflamarksbátanna heldur aðeins þau tonn sem við hér höfum talið upp, öfugt við það sem er í frv. ráðherrans þar sem viðbótin er tekin úr aflamarkskerfinu að hluta.

Síðan er það b-liður 6. gr. sem tekur á öllum atriðum sem taka þarf á varðandi 23 daga bátana. Þar er sagt til um hvaða hlutdeild eigi að vera í þessu kerfi miðað við lágmarkið, 21.000 tonn, eins og það var sett í lög nr. 83/1995, og gerir ráð fyrir veiðileyfi sem heitir veiðileyfi krókabáta, með 23 dögum.

Það er líka nýmæli sem við setjum inn í þessa grein, varðandi dagabátana, að mæla skuli sóknardag eða hluta úr sóknardegi frá því að skip heldur úr höfn og þangað til það kemur aftur í höfn. Við teljum það réttlætismál að slíkt fyrirkomulag verði í dagakerfinu og að sóknin mælist í klukkustundum. Þetta getur auðvitað þýtt að þessir 23 dagar sem menn eiga til að veiða verði til þess að þeir fari ekki 23 róðra, eins og lengstum hefur verið í þessu kerfi. Róðrarnir gætu allt eins orðið lengri, menn kysu kannski að teygja úr þessum tíma upp í 30 tíma eða eitthvað slíkt eða einn og hálfan sólarhring. Það gæti líka verið að menn kysu að vera aðeins 12 eða 14 tíma á sjó og gætu jafnvel farið fleiri róðra en 23. Við vekjum hins vegar athygli á því að eftir því sem ferðunum fjölgar fer meiri tími hjá þessum bátum í siglingu að og frá landi. Mér finnst því oft ofgert þegar rætt er um að ef tekin væri upp tímamæling þá þyddi það aukna sóknargetu. Ég er alls ekki sammála þeirri túlkun vegna þess að ég held að mikill hluti tímans færi þá í að sigla að og frá landi og það telst þá sjósókn sem ekki er varið til veiða. Þar fyrir utan vita allir að í þessu 23 daga kerfi hafa menn notað allar aðferðir sem þeim hafa hugkvæmst til að halda sig innan sólarhringsins í stað þess að með svona útfærslu skipti ekki máli hvort róðurinn yrði 24 tímar, 25 eða 26. Þar mundi mælingin gilda og þar af leiðandi gæti vinnulag í þessu kerfi batnað. Að öðru leyti eru ákvæðin óbreytt frá því sem þau voru áður sett inn í lög.

Í c-lið frv. er fjallað um veiðileyfi þeirra báta sem hafa róið í 40 daga og verið með 30 tonna þorskaflahámark. Þar setjum við líka inn takmörkun á bala við 24 bala, og höfum það til samræmis við það sem lagt er til sóknartakmörkunar varðandi aflahámarksbátana, að ef tveir menn eru þar á bát megi þeir róa með 24 bala en ef einn maður er á bát þá rói hann með 12 bala. Þarna eru síðan sömu margföldunarstuðlar og áður, þ.e. dögunum getur fækkað niður í 32 ef bæði er róið með línu og handfæri.

Þarna eru jafnframt ýmis ákvæði um að fella niður orðið „krókaaflamark" í hinum ýmsu greinum, í 6. gr., 7. gr., í 11. gr. og í 12. gr. laganna. Eins er gert ráð fyrir því að niður falli bráðabirgðaákvæði í 7. gr. laganna.

Þar með hef ég í fljótheitum farið yfir efni greinanna og ætla aðeins að víkja að greinargerðinni sem fylgir með.

Frumvarpið er byggt á þeirri framkvæmd sem gilt hefur um veiðar krókabáta undanfarin þrjú ár og þar af leiðandi fellur krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark niður samkvæmt frumvarpinu. Nokkrar breytingar eru þó lagðar til sem ég hef áður farið yfir og ætla ekki að orðlengja um þær frekar.

Miklar deilur hafa staðið um veiðar krókabáta hér á landi í nokkur ár enda er þeim settur mun þrengri rammi hér á landi en víða annars staðar. Ófriður hefur ríkt um veiðikerfi smábátanna en undanfarin ár hafa stjórnvöld gengið erinda stórútgerðarmanna gegn hagsmunum smábátasjómanna og fólks í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins.

Eitt helsta viðfangsefni fiskveiðistjórnar er að setja reglur sem takmarkað geta stærð fiskiskipaflotans. Flest ef ekki öll ríki þar sem fiskveiðar eru stundaðar hafa reglur sem takmarka stærð fiskiskipaflotans og skipta flotanum í aðgreinda útgerðarflokka án þess að það hafi verið talið brot á stjórnarskrá þeirra. Enda er takmörkun á stærð fiskiskipa ein helsta aðferðin við að takmarka fiskveiðar, auk reglna um veiðisvæði og gerð og stærð veiðarfæris sem fiskveiðiríkin heimila að beita innan lögsögu sinnar.

Í grannríkjum okkar Færeyjum og Noregi er fiskveiðiflotanum skipt eftir stærð skipa í útgerðarflokka og einnig eftir því hvaða veiðiaðferð er notuð við fiskveiðarnar, þ.e. togveiðar, netaveiðar, línuveiðar eða handfæraveiðar o.s.frv.

Yfirleitt er það svo að veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum, sem notuð eru af hinum minni skipum fiskveiðiflotans, njóta mest frjálsræðis í veiðum. Þetta á einkum við á grunnslóð þar sem veiðum smærri skipa er oft markaður forgangur, t.d. innan 6–12 sjómílna frá strönd.

Í íslenskum lögum hafa veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum einnig haft forgang en stærð fiskiskipa sem veiða næst ströndinni er ekki takmörkuð, nema þegar um togveiðar er að ræða en þeim er skipað með lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Í greinargerðinni er því lýst hvernig sú takmörkun er, í stuttu máli.

Færeyingar hafa tekið mjög harða afstöðu til veiðarfærastýringar við fiskveiðar í lögsögu sinni og bönnuðu veiðar á þorski, ýsu og ufsa í net þegar árið 1975, auk svo til allra veiða með dragnót.

Hérlendis hefur dragnótin hins vegar verið notuð mjög víða, allt upp að fjöruborði af öllum stærðum skipa, en frá 1997 eru aðeins skipum undir 42 m heimilaðar slíkar veiðar. Dragnótaveiðar hafa hin síðari ár breyst mjög, þ.e. stærð og gerð veiðarfæra, sem vafalítið mun leiða til þess að yfirferð um botninn verður líkari því sem fiskitrollið gefur möguleika á. Eins og áður sagði er veiðum upp við ströndina og á grunnslóð ekki stýrt hér eftir stærð skipa, þótt erlendis hafi smábátar víða forgang á veiðisvæðum með línu og handfærum eftir stærðarflokkum.

Síðan er vikið svolítið að veiðum með dragnót, hvaða heimildir hafa staðið til þess í íslenskri löggjöf og hvaða stærðartakmarkanir hafa verið settar þar inn.

Flutningsmenn telja óeðlilegt að kvótasetja smábátaflotann, enda hníga ekki rök til að það þjóni hagsmunum þjóðarinnar að hefta veiðar hans. Miklu heldur ykjust verðmæti af auðlindinni ef smábáta- og strandveiðiflotinn fengi að veiða meira af ýsu, ufsa og steinbít. Sumar þessar fisktegundir ekki verið fullnýttar af stórútgerðinni á undanförnum árum, samanber tegundartilfærslu liðinna ára. Þar hefur smábátaflotinn bjargað á land milljörðum króna í afla- og útflutningsverðmætum sem ella hefði ekki verið aflað. Það sanna tölur um veiðar á steinbít, ýsu og fleiri tegundum.

Ég tel mig hafa farið nokkuð yfir efni þessa máls og sé ekki ástæðu til þess að rekja það meira. Hér hafa farið fram langar umræður um hvaða áhrif veiðikerfi smábátanna hefur

á byggðirnar. Aðeins í lokin ætla ég svo að víkja að því sem oft hefur verið nefnt í umræðunni, en það er hin raunverulega veiði okkar á hinum almennu botnfiskstegundum.

Ég held að rétt sé að vitna til þess hvernig það hefur verið. Ég hef tekið það upp úr skýrslum Hafrannsóknastofnunar. Sannleikurinn er sá að í 50 ár vorum við að veiða að meðaltali 371 þús. tonn af þorski, þ.e. frá 1950 og fram undir 2000, að meðaltali í 50 ár. En á þessu ári erum við að veiða 190 þús. tonn eða megum veiða 190 þús. tonn.

Í ýsu á sl. 50 árum höfum við veitt að meðaltali 60 þús. tonn en erum á þessu ári að veiða 30 þús. tonn. Í ufsa höfum við í hálfa öld, frá 1950, veitt um 70 þús. tonn á ári, en erum á þessu ári að veiða 30 þús. tonn, eða höfum heimild til þess. Í karfa höfum við verið að veiða 92 þús. tonn að meðaltali í 50 ár á hverju ári, en erum í dag að veiða 65 þús. tonn. Í steinbít höfum við að meðaltali veitt 15 þús. tonn í hálfa öld en erum núna að veiða 13 þús. tonn. Í grálúðu höfum við veitt 29 þús. tonn í 30 ár — við höfum þær veiðar eins og menn vita á áttunda áratugnum — en erum núna að veiða 20 þús. tonn. Á skarkolaaflann vantar 7 þús. tonn.

Ef þetta er tekið saman kemur í ljós að heildarafli Íslendinga á 50 ára tímabili á síðustu öld var 644 þús. tonn að meðaltali af þessum almennu botnfiskstegundum. Ef við hins vegar skoðum hvað við höfum heimild til að gera á þessu fiskveiðiári þá megum við veiða af þessum sömu botnfiskstegundum 348 þús. tonn. Mismunurinn er hvorki meira né minna en 296 þús. tonn sem vantar inn í heildaraflann.

Ég gerði Hafrannsóknastofnun sérstaka grein fyrir þessu á árinu 1998 þegar ég var starfandi í Farmanna- og fiskimannasambandinu og sendi þeim sérstaka greinargerð um þessar fisktegundir og benti þeim á hvað við værum stödd í aflanýtingu á Íslandsmiðum. Við höfum auðvitað engum sýnilegum árangri náð í uppbyggingu fiskstofna í okkar kvótakerfi, því miður, og þess vegna ber okkur að vinna að því að endurskoða núverandi framkvæmd fiskveiðilöggjafar.

[18:48]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gerði það mjög vel og það kom fram í máli hans að markmið frv. er að stuðla að eðlilegri og heilbrigðri sjósókn í smábátakerfinu á Íslandi. Það er nauðsynlegt að hafa þann háttinn á og forðast í lengstu lög það slys sem vofir yfir með því frv. sem sjútvrh. hefur lagt fram um sömu báta. Þetta er líka gert til að stuðla að því að ekki verði stórslys í byggðamálum landsins, til að byggðirnar lendi ekki í enn meira uppnámi en nú er. Það er frekar til þess að reyna að koma í veg fyrir það hrun sem blasti við á sínum tíma þegar stóru skipin sigldu í burtu frá mörgum plássunum.

Ég vona, herra forseti, að frv., sem ég vænti að verði vísað til sjútvn., fái vænni og einlægari umfjöllun en frv. sem ég og hv. þm. lögðum fram í vor um veiðar smábáta. Ég vona að þetta frv. komi aftur fyrir þingið í þessum sal til umræðu og afgreiðslu og að það fái jákvæða afgreiðslu vegna þess að ég veit, herra forseti, að fjöldinn allur af þingmönnum, jafnvel stjórnarliðum, er hlynntur þessu frv. Og ef þeir eru það hljóta þeir að fylgja samvisku sinni í þessu máli.

[18:51]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er meðflutningsmaður að frv. vildi ég segja nokkur orð. Ég er meðflutningsmaður ásamt 1. flm., Guðjóni A. Kristjánssyni, og Karli V. Matthíassyni.

Það er okkur ákaflega mikilvægt að þetta frv. komist í hendur sjútvn. með því frv. sem við ræddum áðan frá hæstv. sjútvrh. Þess vegna hefur orðið að samkomulagi að lengja ekki umræðuna heldur koma því þannig fyrir að frv. komist til atkvæðagreiðslu. Þess vegna ætla ég ekki að teygja lopann, enda hefur hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gert mjög vel grein fyrir innihaldi frv.

Að þessu mæltu, virðulegi forseti, vil ég vonast til þess að frv. njóti góðrar umfjöllunar í hæstv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 191. mál (krókabátar). — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 18:57.

---

22. FUNDUR

þriðjudaginn 6. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kvikmyndalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 253. — 1. umr.
2. Skylduskil til safna, stjfrv., 228. mál, þskj. 254. — 1. umr.
3. Tólf ára samfellt grunnám, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Fyrri umr.
4. Útvarpslög, frv., 138. mál, þskj. 138. — 1. umr.
5. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229. — 1. umr.
6. Efling félagslegs forvarnastarfs, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
7. Félagsleg aðstoð, frv., 23. mál, þskj. 23. — 1. umr.

8. Húsaleigubætur, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 110. mál, þskj. 110. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:
Lífeyrissjóður bænda, 171. mál, svar fjmrh., þskj. 281.
Loftferðir, 252. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 288.
Ný námsbraut við Sjómannaskóla Íslands, 251. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 287.

Umræður utan dagskrár.

Rekstrarstaða framhaldsskólanna.

[13:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Málefni framhaldsskólanna hafa verið í brennidepli fjölmiðlaumræðunnar upp á síðkastið. Ástæðurnar eru margvíslegar og þó að umræðan kristallist einatt í kringum fjármál og skort á fjármagni er nauðsynlegt að beina sjónum að þeim atriðum sem skapa það ástand sem framhaldsskólarnir glíma nú við.

Undanfarin ár hafa skólarnir starfað samkvæmt árangursstjórnunarsamningum við menntmrn. og reiknilíkani sem búið var til í grunnatriðum árið 1993 en endurnýjað fyrir þremur árum þegar ný námskrá fyrir framhaldsskólastigið gekk í gildi. Á þessum árum hafa verið að koma í ljós stórfelldir gallar á reiknilíkaninu og nú er svo komið að af 30 skólum má segja að 20 þeirra glími við viðvarandi hallarekstur og hjá sumum er vandinn orðinn svo gífurlegur að stjórnendur og kennarar eru farnir að þjást í starfi.

Hvernig ætlar ríkisvaldið að bregðast við þeim vanda? Ekki er að finna í fjárlagafrv. að neinna breytinga sé að vænta. Samkvæmt því verður áfram keyrt eftir meingölluðum „vegvísi", reiknilíkani sem útdeilir skólunum fé út frá þreyttum nemendum, fermetratölum og exelformúlum sem eiga sér engar fyrirmyndir í löndunum í kringum okkur. Hvers vegna eru þarfir skólanna fyrir fjármagn ekki skilgreindar út frá þeirri þjónustu sem námskrá einstakra skóla gerir ráð fyrir að skólarnir veiti og raunverulegum kostnaði við að veita þá skilgreindu þjónustu? Ekki var hæstv. menntmrh. svo lítið stoltur af því afkvæmi sínu, samþættri námskrá fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskólastig þegar hún leit dagsins ljós, því að í blaðaviðtali við ráðherrann frá því á haustdögum 1999, má lesa eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Er þetta í fyrsta sinn í Íslandssögunni sem þetta verk er unnið með þessum hætti og samfella mynduð milli skólastiga. Ég lít þannig á að þetta verði ekki oftar gert á þennan veg því að tekist hafi að skapa góðan ramma."

En hvað hefur gerst, herra forseti? Hvers vegna lætur hæstv. menntmrh. það viðgangast að ekki skuli vera hægt að notast við metnaðarfulla námskrá? Hvers vegna er ekki umsvifalaust snúið af villubrautinni og reiknilíkaninu breytt þannig að skólar sem leggja sig fram um að halda nemendum sínum við námið og leggja kannski mest á sig við að halda þeim nemendum við nám sem eiga við einhverja námsörðugleika að stríða, hvers vegna er þessum skólum refsað með reiknilíkani sem ekki lætur þá hafa krónuframlag fyrir nemanda sem ekki skilar sér í próf? Hvernig rökstyður hæstv. menntmrh. það óréttlæti sem fólgið er í þessu og hvernig ætlast hann til þess að kennarar og skólastjórnendur haldi áfram að sýna starfi sínu alúð og metnað? Hæstv. ráðherra lýsir framtíðardraumum sínum í áðurnefndu blaðaviðtali þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Draumur minn er sá að gefa sem flestum tækifæri til að njóta sín sem best og njóta tækifæra lífsins sem best. Takist að skapa forsendur til þess með góðu menntakerfi er markmiði þess náð."

Nú fullyrði ég, herra forseti, við hæstv. ráðherra að ekki hafi tekist að skapa forsendurnar við góða framhaldsskóla með því reiknilíkani sem þröngvað var upp á þá. Eða hvað segir hæstv. ráðherra við stjórnendur Menntaskólans í Kópavogi sem standa nú frammi fyrir því að eigið fé skólans er neikvætt um 122 millj.? Reiknilíkanið er að því er virðist eingöngu sniðið fyrir fjölmenna bóknámsskóla en því fjölþættara sem námsframboðið er, því erfiðara verður fyrir skólana að sinna hlutverki sínu, enda þá ekkert samræmi orðið í starfsemi skólanna og fjárframlögum til þeirra.

Þá er ekki annað hægt en að nefna skýrslu þá sem þróunarsvið Byggðastofnunar lét gera fyrir skemmstu en í henni er vikið að ástandinu í framhaldsmenntun ungmenna sem eiga heima á landsbyggðinni. Höfundar skýrslunnar telja það beinlínis ógna stöðu byggðarlaganna að starfsgreinar séu ekki lengur kenndar á framhaldsskólastigi í byggðarlögunum.

Spurningar þær sem ég hef lagt fyrir hæstv. menntmrh. í þessari umræðu eru svohljóðandi:

Er þess að vænta að tekið verði á fjárhagsvanda framhaldsskólanna og rekstur þeirra tryggður til frambúðar?

Hvernig verður leyst úr vanda einstakra skóla vegna uppsafnaðs rekstrarhalla og hverju svarar ráðherrann þeim skólum sem segjast hafa sparað og skorið niður alls staðar þar sem því verður við komið í þjónustu við nemendur og kennara en sjá ekki fram á neinar úrbætur í fjárlagafrv.?

Hvað líður endurskoðun reiknilíkans ráðuneytisins vegna framhaldsskólanna og hvað er verið að gera til að fella það betur að veruleika einstakra skóla, veruleika nemenda og fjölskyldna þeirra?

Er að vænta einhverra breytinga á stöðu starfsgreinamenntunar í hinum dreifðari byggðum í tengslum við niðurstöðu skýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar um stöðu landshlutanna?

[13:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það sem fram kom í ræðu hv. þm. gefur ekki rétta mynd af samskiptum menntmrn. og framhaldsskólanna og um reiknilíkanið. Þau samskipti eru mjög góð og það er enginn á vettvangi framhaldsskólanna sem vill hverfa til fyrra skipulags varðandi fjárveitingar til skólanna. Ég hef oft tekið þetta upp á fundum með skólameisturum. Það eru allir skólameistarar sammála um að þessi skipan mála sé góð fyrir

skólana og að halda beri áfram á sömu braut og hverfa ekki af þeirri leið sem við mörkuðum með þessum samningum og reiknilíkaninu.

Ef við lítum til ársins 2000 og uppgjörs þess, þá kemur í ljós að rekstur skólanna er aðeins neikvæður gagnvart ríkissjóði um 200 millj. kr. en hér erum við að ræða um 2–3% frávik frá heildarfjárveitingu til framhaldsskóla. Þetta verður því ekki talið að sé einhver gífurlegur vandi eða ástæða til að draga upp þá mynd sem hv. þm. gerði í ræðu sinni. Framhaldsskólarnir eru 31 talsins. Hluti þeirra stendur fjárhagslega illa en aðrir skólar standa mjög vel og meiri hlutinn er á því bili sem menn vilja líta til þegar um ríkisrekstur er að ræða í kringum það meðaltal sem þarf að vera til þess að sá rekstur gangi í samræmi við þær meginreglur sem um hann gilda. Það eru tveir eða þrír skólar sem standa afar illa og verið er að skoða mál þeirra sérstaklega. Þetta er ekki vandi sem hefur orðið til á skömmum tíma heldur hefur hann myndast á lengri tíma. Að sjálfsögðu þarf að taka á málefnum þessara skóla og verið er að vinna að því fyrir tilstuðlan menntmrn. og fjmrn. að fara yfir málefni þeirra.

Ef við lítum til fjárlagafrv. fyrir árið 2002, þá sjáum við að fjárveitingar til framhaldsskóla hækka um fjórðung, upp í tæpa 10 milljarða kr. Ekki bendir það til þess að verið sé að leggja minna til framhaldsskólanna en áður hefur verið. Þvert á móti er verið að auka fé til skólanna um fjórðung og fjárveitingarnar á næsta ári verða um 10 milljarðar kr.

Reiknilíkanið er að sjálfsögðu stöðugt í skoðun og nefnd hefur verið starfandi með þátttöku skólameistara og annarra sérfræðinga til þess að fara yfir reiknilíkanið samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 335/1999. Í ljós hefur komið við þá yfirferð að herslumuninn vantar til að reiknilíkanið mæli fjárveitingar til skólanna á þann sanngjarna hátt sem við teljum að þurfi að vera. Þar er aðallega um að ræða skort á tilliti til viðhalds stærri verkmenntaskólanna og einnig þarf að taka tillit til þess húsrýmis sem þeir skólar hafa og þeirra tækja sem þeir nota.

Þá hefur einnig komið í ljós að hraðinn við uppbyggingu á tölvukerfi skólanna hefur verið meiri en líkanið mælir. Þetta eru atriði sem ber að skoða og þau bera þess vitni að þróunin í skólunum er mjög ör og verið er að gera betur við þá. Verið er að stækka húsnæði þeirra, auka tækjakost þeirra og verið er að auka tölvuvæðingu þeirra. Það eru því þessir þættir sem koma í ljós þegar farið er yfir reiknilíkanið og það er þar sem við teljum eins og ég segi að vanti herslumuninn til að koma til móts við það sem eðlilegt er að mati okkar til að fjárveitingar til þessa skólastigs séu viðunandi.

En líta verður til þess að þetta reiknilíkan er einnig aðhaldstæki og okkur hefur verið lagt það á herðar sem störfum á Alþingi og fórum með fé skattgreiðenda að hafa þær reglur almennar, gagnsæjar og skilvirkar sem við setjum um nýtingu á opinberu fé. Það er einkenni reiknilíkansins og það er einkenni þeirra samninga sem við höfum gert og þess vegna m.a. er engin ástæða til að gera lítið út því. Þvert á móti á að meta það starf sem hefur verið unnið í skólunum til þess að taka á málum í samræmi við þessar almennu kröfur. Þess vegna er ekki unnt að búast við því að reiknilíkanið eða þessar almennu reglur lagi sig að veruleika einstakra skóla eins og hv. þm. nefndi. Það eru almennar aðhaldsreglur sem þarf að hafa til hliðsjónar við skynsamleg markmið í ríkisrekstri eins og okkur ber að gæta. Ég held því að sú mynd sem hv. þm. dró upp af framhaldsskólastiginu í ræðu sinni sé alls ekki rétt. Verið er að auka fé til framhaldsskólastigsins í fjárlögum ársins 2002 og unnið er að því að taka á málefnum þeirra einstöku skóla sem eiga við sérstakan vanda að glíma.

[13:42]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er fyrst og fremst ein spurning sem mér dettur í hug þegar ég hlusta á greinargerð hæstv. menntmrh. í þessu máli. Hvers vegna fær hæstv. ráðherra ekki að heyra sannleikann þegar hann talar við undirmenn sína? Ég legg til að hv. þingmenn velti því fyrir sér hér og nú og framvegis.

Það hefur lengi verið þekkt meðal þeirra hv. þm. sem sérstaklega fylgjast með skólamálum að á sl. ári varð mikill halli á rekstri framhaldsskólanna í landinu eða um 300 millj. kr. vegna þess að mikið brottfall nemenda varð m.a. sem afleiðing af verkfalli framhaldsskólakennara sem stjórnvöld drógu á langinn af algeru ábyrgðarleysi. Er viðbúið að hallinn verði enn þá meiri á þessu ári. Þess vegna var það mitt fyrsta verk þegar ég leit í fjárlaga- og fjáraukalagafrv. er þau litu dagsins ljós í októbermánuði að skoða hvernig hv. ráðuneyti menntamála mætti þessum vanda. Þar var aldeilis komið að tómum kofanum og hvergi sér þess stað að ráðuneytið ætli sér að rétta af þennan halla. Þó er þarna um umtalsverðan vanda að ræða, t.d. svo tekið sé dæmi af, eins og hér hefur verið til tekið, Menntaskólanum í Kópavogi sem er með mikið starfsnám innan sinna vébanda sem því miður er illa metið til fjár í núverandi reiknilíkani, þá hefur skólinn verið með um 122 millj. kr. halla á síðasta ári sem er auðvitað óviðunandi staða.

Í öðrum tilfellum munar tugum milljóna og er þar oftast um að ræða framhaldsskóla með verknám, að ekki sé talað um heimavistir sem virðast vera illa metnar inn í þetta reiknilíkan enn sem komið er.

Þá er mjög athugavert að leggja slíka ofuráherslu á að nemendur skili sér til prófs þegar slík reikniregla er búin til. Tími minn er búinn en væntanlega gefst tími síðar til að halda áfram að ræða þetta mál.

[13:44]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Án vafa er það ein skynsamlegasta leið sem farin hefur verið við að ákvarða fjármögnun til framhaldsskóla að taka upp svokallað reiknilíkan, ég fullyrði að svo sé, líkan sem mælir raunverulegan kostnað við rekstur á skóla. En grundvallaratriðið er að um slíkt líkan ríki sátt og jafnframt að líkanið mæli þann raunverulega kostnað sem á sér stað við rekstur á skólum. Á ég þar við stóra skóla, litla skóla hvort heldur þar er bóknám eða einstakar verknámsbrautir, ráðgjöf og önnur sérfræðiþjónusta, hversu margir nemendur hefja nám við skólann, viðhald húsnæðis og þar fram eftir götunum.

Ég fullyrði, herra forseti, að frá því fyrir um 5–6 árum hafi orðið verulegar framfarir á þessu sviði þar sem fjárveitingar byggðust áður í rauninni á slumpaðferðum. Þær eru þó mun mælanlegri nú en fyrir 5–6 árum. En brýnasta verkefnið, herra forseti, er tvímælalaust að vinna við reiknilíkanagerðina sé stöðug og að sátt ríki um þetta reiknilíkan milli annars vegar ráðuneytis og hins vegar stjórnenda skóla.

Þar sem slík líkön hafa lengst verið reynd, eins og t.d. í Kanada, er slík yfirferð og yfirlega yfir reiknilíkani stöðug og ríkir þar gjarnan sátt um slíkt líkan með þeim afleiðingum að það mælir raunverulegan kostnað við skólana og tekur mið af þeim breytingum sem verða í innra starfi skólanna

og ytra umhverfi. Líkanið er eitt og sér og síðan eru fjárveitingar byggðar á slíku líkani. Það er metnaður Alþingis að láta menntamál skipa öndvegi, að þau hafi ákveðinn forgang vegna þess að fjárfesting í menntun er fjárfesting í mannauði og til að ná þeim markmiðum skiptir miklu máli að reiknilíkanið sé til staðar og mæli raunverulegan kostnað.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Lengi hefur verið ljóst að verkmenntaskólar sem vissulega þurfa að fjárfesta í tækjum til verklegrar kennslu þurfa að kosta meiru til á hvern nemanda en þar sem kennslan er að mestu bókleg. Þetta liggur bæði í tækjakaupum, tækjanotkun og húsnæði. Í Stýrimannaskólanum þar sem ég þekki vel til þarf fé á fjárlögum til tækjakaupa til þess að standast alþjóðlegar kröfur. Vandinn verður enn meiri ef um er að ræða fámenna skóla. Á þeim vanda þarf að sjálfsögðu að taka. Hann er uppsafnaður og hann mun aðeins vaxa ef ekki verður tekið á honum. Þess vegna er það auðvitað höfuðnauðsyn að við fjárlög og fjárlagagerð verði tekið á þeim vanda sem þegar er uppsafnaður og að reiknilíkanið mæli kostnað í verkmenntanámi og sérstaklega í fámennum skólum.

[13:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Framhaldsskólarnir í landinu búa við óþolandi rekstrarumgjörð. Fjármununum er ráðstafað á skólana eftir svokölluðu reiknilíkani þar sem beitt er meðaltölum en lítt tekið tillit til hvers eðlis skólinn er eða það nám sem í boði er. Skólar sem reka heimavistir eða eru með umfangsmikið verknám eða breytilegan nemendafjölda á námsbrautum verða mjög hart úti í þessu reiknilíkani. Þetta líkan er fyrst og fremst sniðið að einhæfum bóknámsskólum þar sem nemendafjöldi er tiltölulega óbreyttur og brottfall þekkist ekki.

Við getum tekið nærtækt dæmi t.d. Menntaskólann í Kópavogi sem er sérskóli á sviði hótel- og matvælagreina. Reiknilíkanið þar gerir ekki ráð fyrir sérstökum matvælainnkaupum skólans umfram aðra framhaldsskóla þrátt fyrir að um hótel- og matvælaskóla sé að ræða. Reiknilíkanið gerir ráð fyrir liðlega 2 millj. kr. til matarinnkaupa meðan innkaup skólans vegna þessarar námsbrautar sinnar nemur um 20 millj. kr. Svona er þetta víða, herra forseti, hvar sem borið er niður varðandi verknám. Það er því alveg óþolandi að byggja menntakerfið upp með þessum hætti.

Það veldur mér ugg, herra forseti, að hæstv. menntmrh. skuli í ræðu sinni áðan opinbera það að hæstv. ráðherra virðist ekki gera sér grein fyrir þeim vanda sem hér er á ferðinni og er kannski það alvarlegasta í stöðu málsins.

Reiknilíkanið og stefna stjórnvalda í menntamálum mun að óbreyttu leiða til þess að framhaldsskólar úti um allt land verða að skera niður námsframboð sitt og allt verklegt nám lætur undan síga. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. menntmrh.: Mun hann beita sér fyrir því að endurskoðað og leiðrétt reiknilíkan verði lagt til grundvallar við skiptingu fjár til framhaldsskólanna þegar fjárlög næsta árs verða afgreidd nú í haust? Ég tel þetta afar brýnt og hefur komið fram í óskum bæði skólastjórafélagsins og Félags íslenskra framhaldsskóla til fjárln. að á þessu máli verði tekið þegar í stað, herra forseti.

[13:50]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Málefni framhaldsskólanna eru mjög vel þekkt í fjárln. Þau hafa margsinnis komið þar til umræðu. Við höfum haft ástæðu til þess þar að fagna því mjög á umliðnum árum að einmitt greiðsluform til skólanna sé í því formi sem það er, þ.e. á hlutlægan hátt hvað varðar þetta módel. Við höfum talið það öðrum til fyrirmyndar og vonast til þess að önnur ráðuneyti gætu tekið sér það til fyrirmyndar svo sem dómsmrn. og heilbrrn.

Við vitum mjög vel að deilur eru um þetta módel og það er eðlilegt að deilur séu um það. Við vitum líka að farið hefur fram endurskoðun á því og við vitum nokkurn veginn hvar hafa komið fram rökstuddar ályktanir um að einhverjar villur kunni að vera í því. Málið er til umfjöllunar þó að það sé alls ekki komið á það stig að fjárln. sé að taka ákvarðanir í dag.

Við vitum nokkurn veginn hvernig þetta liggur. Um það er að ræða eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh. að heildarvillan er mjög lítil. Hún er einmitt innan þeirra marka sem við erum að fjalla um og teljum viðráðanlega, 1,5–2,5% af fjárlögum hvers árs.

Hitt er svo annað mál að þó að sá rökstuðningur sem liggur fyrir um breytingu á módelinu verði allur tekinn til greina sem ég skal ekki fullyrða um hér, herra forseti, þá er ljóst að einstaka skólar, málefni einstakra skóla liggja þar langt fyrir utan. Það er sérverkefni að skoða það og athuga og hlýtur að koma til kasta menntmrn. og mun gera það. En að fordæma módelið og vilja kasta því fyrir róða er alveg skelfilega rangt vegna þess að hér erum við að feta okkur mjög til hinnar réttu áttar eins og við eigum að gera um fjárreiður opinberra fyrirtækja.

[13:52]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Mörg undanfarin ár hefur reiknilíkan framhaldsskólanna verið til umræðu. Við höfum í fjárln. haust eftir haust fengið fulltrúa í menntmrn. á fund okkar þar sem þeir hafa tjáð okkur að allar líkur séu til þess að líkanið verði endurskoðað fyrir næsta fjárlagaár. Því miður hefur þetta ekki orðið raunin. Enn á ný er verið að endurskoða líkanið og enn á ný vonum við að menn nái að komast að niðurstöðu til að bæta það sem aflaga hefur farið. Það er mjög mikilvægt af þeirri einföldu ástæðu að reiknilíkanið eða aðferðafræðin sem þar er lögð til grundvallar nýtur mjög mikils trausts hjá stjórnendum framhaldsskóla. Það er afar mikilvægt að þetta traust verði áfram til staðar vegna þess að ella eru árangursstjórnunarsamningarnir sem eru við skólana í uppnámi. Skólameistarar hafa miklar og vaxandi áhyggjur af þessu vegna þess að það hefur því miður verið að halla frekar á í seinni tíð.

Nýlega hefur samstarfshópur fulltrúa frá ráðuneytinu og skólameistara skilað af sér skýrslu eða bráðabirgðaskýrslu sem við í fjárln. höfum fengið í hendur og erum að skoða. Og rétt er að taka undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að fjárln. hlýtur að grandskoða þetta mál því að mikilvægi þess er slíkt að starf framhaldsskólanna, hið fjölskrúðuga og mikilvæga starf þeirra er að hluta til í húfi. Ég trúi því að hæstv. menntmrh. deili þeim áhyggjum a.m.k. með okkur sem sitjum í fjárln. og ég trúi þingheimi öllum, að hér er um svo mikilvægt starf og mikilvæga endurskoðun að ræða að við verðum að ná niðurstöðu í málið fyrir áramót.

Hér hefur verið nefndur einn tiltekinn skóli sem er líklega hvað verst staddur og er dæmigerður í raun og veru fyrir það sem hér hefur verið að gerast, þ.e. skóli sem var bóknámsskóli, tók að sér verknám og síðan hefur stöðugt hallað á. Það er líka eitt af því sem veldur okkur áhyggjum og það er að verknámið, þetta nám sem hallar hvað mest á með okkur og öðrum þjóðum, er að fara hvað verst út úr reiknilíkaninu og þess vegna, herra forseti, er enn á ný sagt að brýnt er að við náum niðurstöðu fyrir næstu áramót.

[13:54]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. að halli af heildarframlagi til framhaldsskólanna ekki nema 1–2% en það er af öllu framlagi til framhaldsskólanna. Halli framhaldsskólanna er nefnilega mjög misjafn og skuldir skólanna eru mismiklar og það er rétt sem hér hefur komið fram að reiknilíkanið sem hefur verið í gildi nokkur undanfarin ár hefur verið á kostnað minni skólanna og hallinn og vandamál framhaldsskólanna er mestur hjá minni skólunum og sérstaklega verknámsskólunum. Reiknilíkanið út af fyrir sig þegar það var sett á var gert til þess að koma í veg fyrir að verið væri að afgreiða tilviljanakennt til framhaldsskólanna, en ef reiknilíkanið á að njóta trausts verður það að mæla raunverulegar þarfir skólanna. Það verður að mæla fjárþörf skólanna vegna heimavistar, viðhalds og vegna þeirra fjárhagserfiðleika sem þeir eiga við að etja núna. Taka þarf tillit til starfsnámsins og til breytilegs nemendafjölda. Reiknilíkanið hefur skrúfað niður starfsemi minni skólanna. Því færri nemendur og minni fjölbreytni, því líklegra er að nemendur fari úr heimabyggð og leiti til stærri skólanna þar sem fjölbreytnin er meiri og svo heldur þetta áfram og skrúfast þannig niður.

Herra forseti. Til þess að efla byggð í landinu er ein af meginforsendunum að efla framhaldsskólana og efla verknám. Til þess þurfum við að sjá meira fjármagn til framhaldsskólanna og við eigum að sjá það núna á þeim fjárlögum sem við erum að afgreiða að nauðsynlegt er orðið að endurskoða reiknilíkanið og taka tillit til litlu skólanna.

[13:57]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Sú umræða sem á sér stað í dag um framhaldsskólana í landinu er gagnleg. Hún er gagnleg fyrir það starf sem þar er unnið. Við verðum að líta á rekstur skólanna að sumu leyti eins og rekstur fyrirtækja. Þeir verða að lúta ákveðnum lögmálum í rekstri. Hagræðing, sparnaður og ráðdeild verður að eiga sér stað þar ekki síður en í hinum almennu fyrirtækjum. Það hefur reiknilíkanið einmitt leyft stjórnendum skólanna.

Reiknilíkan það sem notað hefur verið sýnir að af 30 skólum í landinu, framhaldsskólum, hefur $^1/_3$ þeirra staðið í mínus, $^1/_3$ hefur verið við núllmörkin og $^1/_3$ hefur gengið vel og haft afgang að fjármunum sínum.

Jafnvel þó að bornir séu saman skólar sem hafa svipað námsframboð og svipaðar aðstæður að öðru leyti, og á ég þá við skóla sem annars vegar eru á landsbyggðinni og hins vegar skóla sem eru á þéttbýlissvæðum, þá skiptir auðvitað máli hvernig haldið er á og farið er með. Reiknilíkanið gerir stjórnendum skólanna kleift að hafa á jákvæðan hátt áhrif á rekstur skóla sinna og taka upp nýjungar. Skólarnir verða jafnframt að aðlaga sig þeim aðstæðum sem eru á hverju sviði, t.d. með því að taka annaðhvert ár inn á þær brautir sem fámennar eru.

Reiknilíkan verður auðvitað að endurskoða á hverju ári og aðlaga að nýjum og breyttum tímum í skólastarfinu.

Herra forseti. Reiknilíkani má ekki kenna um hvernig fer hjá einstökum skólum sem illa gengur.

[13:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er allt í sóma hjá hæstv. menntmrh. eins og fyrri daginn, liggur mér við að segja. Þar er aldrei neitt að. „Herslumunur" er allt sem þarf í málefnum framhaldsskólanna. Reiknilíkanið virkar vel og við verðum að athuga það, segir hæstv. ráðherra, að það sé líka aðhaldstæki. Þá langar mig, herra forseti, að benda hæstv. ráðherra á að hann mætti kannski skoða það að láta gera reiknilíkan í ráðuneyti sínu þar sem menn eru svo flinkir að gera góð reiknilíkön fyrir útgjöld ráðuneytanna því að útgjöld þeirra eru að fara úr böndum. Ég fullyrði, herra forseti, að ekki er hægt að horfa á þetta þeim augum sem hæstv. ráðherra gerir þegar hann segir að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir svo og svo mikilli hækkun til framhaldsskólanna því að hann veit fullvel að hún er komin til vegna breytinga á verðlagi og breytinga í kjarasamningum.

Í fjárlagafrv. stendur, með leyfi forseta:

„Til þess að mæta sparnaðarmarkmiði ríkisstjórnarinnar lækkar framlag til að mæta nemendafjölgun og óvissum útgjöldum framhaldsskólanna um 82 millj. kr., framlag til framkvæmdar nýrrar skólastefnu lækkar um 30 millj. kr., framlag til að ýmissa nýjunga í skólastarfi lækkar um 15 millj. kr. og að lokum lækkar framlag til símenntunarmiðstöðva um 10 millj. kr." Og áfram lækkar framlagið, hér um 48 millj., og það lækkar og lækkar. Í mínu frv. hljóðar þetta svona, herra forseti. Að hæstv. ráðherra skuli stinga höfðinu í sandinn, neita að horfast í augu við vandann og neita að hlusta á þá skólastjórnendur sem hafa tjáð sig við okkur þingmenn sem störfum í fjárln. og í menntmn., er ekki sæmandi hæstv. ráðherra.

[14:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég á góðar viðræður við skólameistara um þessi mál, við skiptumst á skoðunum og, eins og ég sagði í ræðu minni, það er ekki vilji hjá þeim til þess að hverfa frá þeim aðferðum sem við notum. Að sjálfsögðu mælir líkanið hvernig menn standa sig við stjórn skólanna, fjármálstjórn eins og aðra stjórn. Það kann að vera að sú mælistika sé stundum erfið fyrir suma skólastjórnendur þegar verið er að bera saman sambærilegar stofnanir, og hv. þm. ber að líta til þess þegar verið er að ræða mál af þessum toga, að skoða þau hlutlægt og ekki leggja þau upp eins og allt sé tækinu að kenna. Það er líka misjafnt hvernig menn fara með þau tæki sem þeim eru afhent.

Reiknilíkanið hefur verið endurskoðað. Það hefur verið komið til móts við fámenna skóla. Breytingar voru gerðar á líkaninu til að koma til móts við þá. Eins og ég sagði liggja núna fyrir tillögur um að líkanið verði tekið til endurskoðunar varðandi verkmenntaskóla og varðandi stærð húsnæðis og tækjabúnað slíkra skóla og einnig varðandi kaup á tölvum til skólanna þannig að það er verið að skoða alla þessa þætti og fara yfir þá.

Það er alrangt að halda því fram að það sé ekki hækkun til framhaldsskólanna í fjárlagafrv. Það hækkar um fjórðung, framlagið til framhaldsskólanna. Það sem hv. þm. var að tíunda eru einstakir safnliðir innan ráðuneytisins sem við

höfum dregið úr til að geta skapað almennum rekstri framhaldsskólanna meira svigrúm. Hv. þm. verður að kunna að lesa fjárlagafrv., ekki síst þar sem hún situr í fjárln. eða hefur setið þar. Þannig er full ástæða til þess að hún tali eins og hún viti hvernig fjárlögin eru uppbyggð. Kannski hefur hún ekki setið þar, ég veit það ekki, það skiptir kannski ekki höfuðmáli í þessu efni.

Aðalatriðið er að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir auknu fé til framhaldsskólanna. Það er verið að endurskoða reiknilíkanið. Það hefur verið gert og það er tekið tillit til allra sanngjarnra raka varðandi uppbyggingu þessa skólastigs.

Kvikmyndalög, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (heildarlög). — Þskj. 253.

[14:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli í annað sinn fyrir frv. til kvikmyndalaga. Það hefur verið rætt á þingi áður og eins og það er lagt fram núna er í sjálfu sér ekki um efnislegar breytingar á frv. að ræða fyrir utan að gildistíma þess er breytt, og verði frv. að lögum er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2003.

Það er langt síðan menn hófu endurskoðun laga um kvikmyndamál. Núgildandi lög um þessi efni eru frá árinu 1984 og er frv. ætlað að leysa þau lög af hólmi.

Frv. er samið á vegum menntmrn. og hefur við gerð þess verið haft samráð við framkvæmdastjóra og stjórn Kvikmyndasjóðs Íslands og félög kvikmyndagerðar á Íslandi.

Meginmarkmið frv. er að skýra stjórnsýslulega stöðu þeirra opinberu aðila hér á landi sem starfa að eflingu íslenskrar kvikmyndamenningar og varðveislu kvikmynda. Helstu breytingar og nýmæli sem í frv. felast frá núgildandi löggjöf eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að tvær stofnanir sinni þeim verkefnum sem nú heyra undir Kvikmyndasjóð Íslands, annars vegar Kvikmyndamiðstöð Íslands og hins vegar Kvikmyndasafn Íslands. Kvikmyndamiðstöð Íslands er ætlað að hafa með höndum verkefni sambærileg þeim er Kvikmyndasjóður Íslands hefur sinnt fyrir utan rekstur Kvikmyndasafns Íslands. Starfsemi Kvikmyndasjóðs hefur aukist mjög á undanförnum árum og þykir heitið Kvikmyndamiðstöð Íslands undirstrika betur margþætt hlutverk opinberra aðila varðandi stuðning við framleiðslu og dreifingu á íslenskum kvikmyndum. Nafnið Kvikmyndasjóður verður notað áfram um úthlutunarsjóð Kvikmyndamiðstöðvar til framleiðslu eða dreifingar íslenskra kvikmynda. Kvikmyndasafn Íslands sem nú heyrir undir Kvikmyndasjóð verður hins vegar sjálfstæð stofnun og á hún að sinna varðveislu íslenskra kvikmynda auk þess sem safninu er ætlað að taka við þeim kvikmyndum sem falla undir lög um skylduskil safna og varðveita þær.

Í öðru lagi er lagt til að sett verði á laggirnar kvikmyndaráð, opinberum aðilum til ráðgjafar um aðgerðir í kvikmyndamálum. Ráðið taki ekki ákvarðanir um stjórnsýsluleg eða fjárhagsleg málefni enda verði þau á ábyrgð forstöðumanna Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns, á verksviði hvors um sig.

Í þriðja lagi er ákvæðum um fyrirkomulag úthlutunar framlaga til kvikmyndagerðar breytt. Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar tekur endanlega ákvörðun um úthlutun framlaga í samræmi við ákvæði í reglugerð sem sett verður að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Þykir nauðsynlegt að skapa stjórnvöldum meira svigrúm en nú er til að setja úthlutunarreglur um framlög úr Kvikmyndasjóði og bregðast þannig við breytilegum þörfum kvikmyndagerðar án þess að til lagabreytinga komi í hvert sinn.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. er mikilvægt að við setningu þessarar reglugerðar verði byggt á því markmiði að veita framlög til allra tegunda kvikmynda. Í henni verði kveðið á um meginskiptingu framlaga úr Kvikmyndasjóði til einstakra greina kvikmyndagerðar, þar með talið til leikinna kvikmynda, heimildamynda, stuttmynda, teiknimynda, innlendrar dagskrárgerðar fyrir sjónvarp og annarra tegunda hreyfimynda, svo sem framlög til margmiðlunarverkefna, enda falli þau undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr. frv. hvort sem er til undirbúnings þeirrar framleiðslu eða dreifingar.

Í fjórða lagi er, herra forseti, veitt heimild í frv. fyrir markaðsnefnd sem gegnir því hlutverki að auka atvinnu við kvikmyndgerð hér á landi. Slíkar nefndir eru starfandi í flestum Evrópulöndum og í einstökum ríkjum Bandaríkjanna. Þær hafa það hlutverk að gera viðkomandi lönd eða borgir að sögusviði og upptökustað erlendra kvikmynda, bæði í þeim tilgangi að auka atvinnu við kvikmyndagerð á viðkomandi stað og jafnframt koma landinu á framfæri við áhorfendur hvarvetna í heiminum. Nú þegar hafa ýmis íslensk fyrirtæki sérhæft sig í þjónustu við erlend kvikmyndafyrirtæki og gæti markaðsnefndin nýst þessum fyrirtækjum við frekari eflingu á þessu sviði.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

[14:08]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hér kom fram að það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að afgreiða þetta merka frv., og því miður hefur það einhvern veginn ekki náð fram að ganga. Ég held að það sé ekki vegna þess að um það sé neitt tiltakanlegt ósætti. Í gildi eru gömul lög eins og hér hefur komið fram. Lög um kvikmyndamál heita þau, ef *ég man rétt, og eru frá 1984.* Þessi lög hafa verið lengi í undirbúningi og ég vona að okkur auðnist á þessu þingi að afgreiða þau vegna þess að mér hefur skilist af aðilum sem undir þessi lög munu heyra að þeirra sé beðið með óþreyju.

Þetta frv. er unnið í afskaplega góðu samstarfi við fagaðila sem er mikið til fyrirmyndar og mætti oftar vera. Þessu frv. er skipt í ákvæði um kvikmyndamál almennt, ákvæði um Kvikmyndamiðstöð Íslands og svo lög um kvikmyndasafn sem mér finnst, eins og ég hef látið í ljósi áður í einhverjum umræðum, að hefði í rauninni átt að heyra undir safnalög sem voru samþykkt á síðasta þingi. Er það kannski helsta athugasemdin sem ég hef við frv.

Það er mikill vöxtur í kvikmyndagerð á Íslandi og miklar vonir bundnar við þessa grein. Okkur hefur gengið nokkuð vel, Íslendingum, að koma okkur á framfæri þó að auðvitað megi gera betur og ég held að það sé afskaplega nauðsynlegt að búa þessari atvinnugrein góða lagaumgjörð. Ég mun sem sagt styðja við það í hv. menntmn. að þetta frv. nái fram að ganga og megi þá verða íslenskri kvikmyndagerð til framdráttar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skylduskil til safna, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (heildarlög). — Þskj. 254.

[14:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er nú lagt fram í þriðja sinn. Það var hér til umræðu á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það hafa engar efnislegar breytingar verið gerðar á frv. frá því að það var lagt fram á síðasta þingi. Að vísu hefur gildistöku frv. verið frestað til 1. janúar 2003 verði það að lögum.

Tilgangurinn með frv. er að tryggja að sá hluti þjóðararfsins og menningar okkar sem lögin ná til varðveitist fyrir komandi kynslóðir, verði skráður og sé aðgengilegur til rannsókna og skoðunar.

Tilgangur skylduskila til safna er hins vegar ekki sá að afla móttökusöfnum eintaka til almennrar notkunar eða afþreyingar. Eins og ég sagði er frv. nú lagt fram í þriðja sinn, og á milli fyrsta skiptis hér á þinginu og þess næsta endurskoðaði ráðuneytið frv. frá sinni upphaflegu mynd í ljósi umsagna sem menntmn. Alþingis barst um efni þess. Frá því að það var lagt fram í fyrra hafa engar aðrar breytingar verið gerðar á frv. en þær sem lúta að gildistökunni.

Ég sé í raun, herra forseti, ekki ástæðu fyrir mig til þess að fara mörgum orðum um frv. Það hefur tvisvar verið kynnt á þingi en ég legg til að hv. menntmn. fái frv. til meðferðar að lokinni þessari umræðu.

[14:13]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt að hér er um að ræða gamlan kunningja sem er að koma fram í þriðja sinn. Þetta mál hefur ekki fengist útrætt. Þar fyrir er þetta hið þarfasta mál, og ég vona að nú gangi betur að afgreiða það en hefur gengið áður.

Eins og hér kom fram hjá hæstv. ráðherra voru gerðar nokkrar breytingar á málinu áður en það var lagt fram í fyrra, og var í megintriðum farið eftir athugasemdum sem höfðu borist til nefndarinnar þegar hún vann við frv. á 125. löggjafarþingi. Þá var samstaða um að fresta málinu en ég álít að það sé núna mun betri grunnur til að ná samstöðu um að fá málið afgreitt. Ég mun sjálf reyna að stuðla að því í hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tólf ára samfellt grunnám, fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

[14:15]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um tólf ára samfellt grunnnám. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að tryggja um allt land framboð á samfelldu námi til átján ára aldurs. Námið verði skipulagt þannig að ungt fólk innan sjálfræðisaldurs alls staðar á landinu geti stundað nám daglega frá heimili sínu. Hluti þess verði starfstengdur og þá jafnframt höfð hliðsjón af umhverfi, atvinnu- og menningarlífi viðkomandi byggðarlags. Náminu ljúki formlega með námsgráðu. Endurskoðað verði skipulag annars framhaldsnáms, tæknináms, sérnáms og háskólanáms með tilliti til þessara breytinga grunnnámsins þannig að tryggð verði eðlileg samfella og tenging við alla framhaldsmenntun í landinu.

Þingsályktunartillaga sama efnis var lögð fram á tveimur síðustu þingum en var ekki útrædd. Af umsögnum sem um tillöguna bárust í meðferð fyrri þinga má ráða að víða um land er mikill áhugi á auknu námi í heimabyggð og því að leiðir séu fundnar til þess að ungmenni geti dvalist heima hjá sér lengur en nú er. Þeir sem lýstu efasemdum gerðu það fyrst og fremst á fjárhagslegum forsendum, þ.e. hvort viðkomandi sveitarfélag þyrfti að fara að axla aukna fjárhagslega ábyrgð í menntun án þess að því væru tryggðir tekjustofnar til þess. Í ljósi þessara góðu undirtekta er tillagan lögð fram enn á ný óbreytt en greinargerð hefur verið breytt lítillega.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að auka almenna grunnmenntun í landinu og laga skólakerfið að nútímakröfum um rétt til fjölskyldulífs og fjölskylduábyrgðar. Fólk lítur í auknum mæli og með réttu á samverumöguleika fjölskyldna sem hluta af lífskjörum sínum og þar af leiðandi væri breytt fyrirkomulag þessara mála beint innlegg í jöfnun lífskjara. Viðurkennt er að á aldrinum 15–18 ára taka unglingar út mikinn þroska. Ytra álag er töluvert á þessu aldursskeiði og þá ræðst mjög framtíðargengi unglinga í námi og starfi. Því er mikilvægt að fjölskyldan geti verið sem mest samvistum þennan tíma og unglingarnir þannig fengið nauðsynlegan stuðning. Þessar staðreyndir eru í raun áréttaðar með nýjum sjálfræðislögum, en með þeim hefur heimili og fjölskylda axlað ábyrgð á unglingum að átján ára aldri og því er eðlilegt að skipulag menntunar í landinu taki mið af því.

Jafnframt er ljóst að mikill námskostnaður þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína er vaxandi vandamál á landsbyggðinni. Þó svo að nokkuð hafi verið komið til móts við það með hækkun á dreifbýlisstyrkjum er fjarri því að þar sé um jafnræði að ræða.

Þá er það og, herra forseti, mikil blóðtaka fyrir heilu byggðarlögin að missa burt allt ungt fólk frá 15, 16 ára aldri og það kemur síðan ekki heim nema sem gestir fyrr en að námi loknu, ef það kemur þá heim.

Í nokkrum byggðarlögum hafa verið gerðar tilraunir til að koma á framhaldsdeildum, sem hafa verið útibú frá næsta framhaldsskóla, þar sem nemendum hefur gefist kostur á að taka eitt til tvö ár af námi til stúdentsprófs í heimabyggð. Því miður hafa slíkar framhaldsdeildir átt erfitt uppdráttar og ekki notið nægjanlegs stuðnings stjórnvalda eða næsta móðurskóla.

Herra forseti. Því er ljóst að ýmislegt bendir til þess að brýnt sé að endurskoða skipulag og framkvæmd menntamála í landinu í nýju ljósi. Að því miðar þessi þingsályktunartillaga. Hér er lagt til að boðið verði upp á tólf ára samfellt nám í öllum byggðarlögum landsins, þ.e. tveimur árum lengra nám en nú er. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að þau tvö ár sem þar með bætast við byggist að hluta á starfstengdu námi með öflugri tengingu við atvinnulíf, sögu, menningu og náttúrufar viðkomandi byggðarlags. Með því að auka vægi þessara þátta í náminu almennt má efla sjálfsvitund unglinga og samábyrgð þeirra gagnvart fólki og umhverfi. Rannsóknir benda til að góð þekking nemenda á heimabyggð sinni auki líkurnar á því að þeir kjósi að búa þar á fullorðinsárunum.

Á hinn bóginn hátt eykst jöfnuður í aðgengi til náms óháð búsetu. Ungu fólki er auðveldað að sækja sér meiri almenna

menntun jafnframt því sem verkmenntun er efld í landinu, en það er ekki síður brýnt. Þessar breytingar þurfa ekki sjálfkrafa að kalla á breytingar á skólaskyldualdri þótt ýmislegt gefi tilefni til að ætla að hann beri að endurskoða. Fyrst og fremst er verið að skylda stjórnvöld til að sjá til þess að slíkt nám standi til boða. Hér er því um fræðsluskyldu að ræða en ekki endilega skólaskyldu. Að sjálfsögðu munu framhaldsskólar landsins að stærstum hluta geta séð fyrir námsframboði á tveimur síðustu árum í samfelldu tólf ára námi, en þar sem framhaldsskólar eru ekki til staðar er eðlilegt að þetta nám verði byggt upp t.d. í tengslum við þá grunnskóla sem fyrir eru. Þá er rétt að minna á þá miklu möguleika sem eru á að styrkja nám á heimaslóðum með fjarnámi. Má nefna Grundarfjörð í því sambandi þar sem komið hefur verið á námi að loknum grunnskóla með öflugum stuðningi fjarnáms.

Í framhaldi af þessu endurskipulagða samfellda grunnnámi kæmi skemmra eða lengra starfsnám, tækninám og annað sérnám, auk frekari undirbúnings fyrir almennt háskólanám sem gæti hafist fyrr en nú er. Mikilvægt er að koma á slíku framhaldsnámi sem víðast á landinu og að atvinnulífið á hverjum stað taki virkan þátt í menntuninni.

Að sjálfsögðu mun undirbúningsvinnan taka nokkurn tíma, svo og að koma nýju skipulagi til framkvæmdar, hugsanlega í áföngum. Því er lögð áhersla á að nú þegar verði leitað allra leiða til að koma á auknu námi heima í byggðunum svo víða sem þess er nokkur kostur.

Annar megintilgangur þess fyrirkomulags náms sem hér er lagt til er að efla og styrkja almenna menntun í landinu öllu og hækka þar með grunnmenntunarstig þjóðarinnar og aðlaga allt skipulag grunnnámsins breyttum þjóðfélagsaðstæðum og auknum framtíðarkröfum sem gerðar eru til starfsmenntunar og tækni- og háskólanáms. Aukið almennt menntunarstig þjóðar er ein af grunnforsendum framfara og aukinnar hagsældar. Jafnframt er hér áréttað að gott aðgengi ungs fólks að menntun sem það getur sótt frá heimili sínu er grundvallaratriði við mat á lífsgæðum og lífskjörum. Þá verður að telja líklegt að með þeirri skipan náms sem hér er lögð til hækki hlutfall þeirra sem á þessum aldri ljúka skilgreindu námi. Það unga fólk mun fá sterkari sjálfsmynd og aukið sjálfstraust og vera þá betur í stakk búið til frekara náms og starfa í síbreytilegu þjóðfélagi.

Herra forseti. Það eru fleiri atriði sem ber að huga að í framhaldsskólunum. Með hækkun á sjálfræðisaldri eru framhaldsskólarnir orðnir samsettir þannig að þeir eru annars vegar með unglinga sem eru 18 ára og eldri og eru orðnir sjálfráða hvað lög varðar. Og hins vegar er um að ræða unglinga innan 18 ára aldurs sem eru enn á ábyrgð foreldra sinna. Þetta býður vissulega upp á vissan vanda í skólastarfinu sjálfu. Ef við lítum til ýmissa annarra landa, þá hefur þessu verið skipt upp. Víða t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum er skipulagt nám orðið til 18 ára aldurs, það er að vísu brauta- eða deildaskipt á seinni stigum, en þar er lögð áhersla á og skipulagt þannig að það er samfellt nám til þess aldurs og síðan tekur við tækni- eða háskólanám sem kemur fyrr en hér á landi.

Þetta má í sjálfu sér skoða allt saman, en ekki er nauðsynlegt að gera það strax í þeirri stefnumörkun sem hér er verið að leggja til.

Númer eitt er að skólakerfið taki mið af þörfum fjölskyldunnar og hagsmunum þessara ungu einstaklinga. Það verði höfuðmarkmið að þar sem því verður með nokkru móti viðkomið skuli vera nám til 18 ára aldurs í heimabyggð. Það skuli vera meginregla og annað skuli vera undantekning.

Þá er og vert að geta þess, herra forseti, að einmitt efling menntunar sem víðast í byggðum landsins styrkir búsetuna. Við það að hækka menntunarstigið, auka það nám sem í boði er á hverjum stað, gefst líka aukið tækifæri til þess að styrkja framhaldsmenntun, símenntun og endurmenntun á viðkomandi stöðum, þannig að samfélagið í heild fær fleiri sóknarfæri í gegnum það að efla menntunarstigið á stöðunum.

Herra forseti. Að efla menntun úti um land og styrkja grunnmenntun æskufólks tel ég vera eitt brýnasta málið sem hið íslenska samfélag stendur frammi fyrir í dag og ég hvet hv. menntmn. sem fær þetta mál til meðferðar til að ljúka umfjöllun sinni á því svo það geti síðan komið aftur til Alþingis og fái þar áfram jákvæða meðferð.

[14:25]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að sú þáltill. sem hér hefur verið kynnt miði að því fyrst og fremst að halda ungmennum lengur heima. Það getur að mínu viti orðið til þess að ungmenni einangrist frá nútímaþjóðfélagi og samlagist ekki jafnöldrum sínum eins fljótt og ella væri. Ég óttast að það skólastarf sem hér er verið að boða muni ekki verða jafngott og vandað og hjá öðrum þeim skólum sem við búum við í dag.

Ég hygg því að þessi tillaga muni skapa landsbyggðarfólki verri aðstöðu til náms en ella. Þeir nemendur kæmu verr undirbúnir til framhaldsnáms en þeim gefst kostur á í dag.

Varðandi þau atriði sem koma fram í greinargerð, þá sagði hv. flm. að umsagnir hefðu borist og ég óska eftir að heyra umsögn sem búnaðarþing gaf um þessa þingsályktuntillögu þegar hún var flutt hérna áður.

[14:27]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa orðið heilmiklar breytingar í búsetu, skólahaldi og samskiptum og öllu því er lýtur að umgerð einstaklingsins. Ég man eftir því þegar skyldunámi lauk við 12 ára aldur, síðan við 14 ára aldur og svo við 16 ára aldur. Ég tel að það styttist í að það verði fært í 18 ára aldur, því meginþorri ungmenna og aðstandenda þeirra stefnir að því að fólk ljúki framhaldsskólanámi.

Á hitt ber að líta að það skiptist eftir landshlutum hvernig það gengur. Einmitt á þeim svæðum þar sem ekki eru framhaldsskólar er hæst brottfall og þar er líka lægst hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólanámi og það ætti nú að segja sína sögu. Ég held því, þó vissulega megi í einhverjum tilvikum greina þau rök sem hv. þm. nefndi um einangrun, að hitt sé miklu frekar tilfellið að þetta muni styrkja viðkomandi byggðarlög. Hvað eigum við að segja um staði eins og Blönduós, Hvammstanga, Hólmavík eða Borgarnes o.s.frv.?

Fólk velur sér vissulega búsetu, en frumréttur fólks er að hafa aðgang að góðri menntun fyrir sitt fólk. Ég tel þess vegna að það sé eitt það allra brýnasta í eflingu menntunar í landinu að hún sé veitt á jafnréttisgrunni og bendi, herra forseti, m.a. á nýja skýrslu Byggðastofnunar sem bendir einmitt á að þarna liggi stærstu veikleikar hinna dreifðu byggða, og mest að sækja að efla menntun í heimabyggð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. PHB, 138. mál (stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins o.fl.). — Þskj. 138.

[14:29]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á útvarpslögum, nr. 53/2000.

Frv. gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins, hlutafélagið verði selt, en að útvarpsráð starfi áfram og bjóði út þau verkefni sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum, en sjái ekki sjálft um framkvæmdina.

Þá verði hætt skylduaðild að Ríkisútvarpinu og útvarpsráð fái fjárveitingar á fjárlögum til að sinna nýju hlutverki sínu.

Í frv. er gætt hagsmuna starfsmanna, þeir haldi starfi sínu áfram og hafi auk þess forkaupsrétt að hlutafélaginu þegar það verði selt.

Að samningu frv. komu auk mín starfsmenn nefndasviðs Alþingis. Þá bárust mér ábendingar frá Hauki Erni Birgissyni laganema, Hafsteini Þór Haukssyni laganema, Pétri Árna Jónssyni laganema og Ragnari Jónassyni lögfræðingi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. menntmn.

Herra forseti. Ríkisútvarpið hefur starfað í meira en sjötíu ár. Lengi vel var það eini ljósvakamiðillinn hér á landi, lengst af þessa tíma, og var í eigu eins aðila. Undanfarið hafa orðið mjög miklar umræður um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og menn óttast að einstakir aðilar séu að verða of öflugir á þeim markaði. Það er dálítið undarleg umræða í ljósi þess að Ríkisútvarpið hefur verið einokandi á sínu sviði í meira en hálfa öld og verið í eigu eins aðila, þ.e. ríkisins. Sú breyting sem hefur þannig átt sér stað er í þágu þess að dreifa valdi, að dreifa hættunni af því að einn aðili einoki skoðanamyndun í landinu.

Herra forseti. Mikil gagnrýni hefur verið á skylduaðildina í gegnum tíðina. 1995 voru stofnuð samtök, Frjálst val, sem söfnuðu 17.000 undirskriftum til að mótmæla skylduaðild að Ríkisútvarpinu. Sá listi var afhentur hæstv. menntmrh.

Það er margt undarlegt í þessum heimi skylduaðildar. Ef sjónvarpsstöð A og sjónvarpsstöð B eru að keppa á markaði og ef einhver maður vill gerast áskrifandi að sjónvarpsstöð A er hann skyldaður til að gerast aðili að og greiða til sjónvarpsstöðvar B sem er í samkeppni við A. Þetta gengur náttúrlega engan veginn upp, herra forseti.

Þess vegna má segja að fólk sem ætlar að horfa t.d. á Stöð 2 og neyðist til að greiða til Ríkisútvarpsins sé skyldað til að greiða fyrir þjónustu sem það ætlar ekki að kaupa. Það þýðir að gjaldið er ekki þjónustugjald. Þetta er skattur. Og það sem meira er, þetta er nefskattur. Þetta er skattur sem er óháður tekjum og eignum og þar af leiðandi mjög ófélagslegur og allir vinstri menn ættu að vera mikið á móti þessum skatti þar sem hann er svo ófélagslegur.

Svo koma upp mörg merkileg dæmi. Ég fékk rafbréf frá konu sem á son sem hefur mikinn áhuga á Skjá 1. Sá flytur að heiman og hún gefur honum sjónvarp til þess að horfa á Skjá 1 sem kostar ekki neitt. En þá gerist það að blessaður drengurinn varð að borga til ríkissjónvarpsins sem hann hafði engan áhuga á að horfa á (Gripið fram í.) þannig að þetta sjónvarp sem móðirin gaf syni sínum var hefndargjöf.

Svo koma upp mörg merkileg dæmi þegar uppvaxin börn fara að heiman og flytja aftur heim og flytja aftur að heiman. Þá þarf stöðugt að vera að senda tilkynningar til einhvers opinbers aðila.

Nýjasta vandamál Ríkisútvarpsins er náttúrlega netið. Þar er hægt að hlusta á allt. Og ég veit ekki til þess, herra forseti, að það sé orðin skylduáskrift að tölvum og tölvuskjám. Það er kannski það næsta sem bíður. Þessi skylduáskrift er að lenda í ógöngum, sérstaklega þar sem bandvíddinni á netinu fleygir sífellt fram og gæðin munu eftir nokkur ár verða ekki síðri um netið en beint. Við stöndum nefnilega á þröskuldi nýrrar aldar.

Þess vegna er dálítið merkilegt að lesa á heimasíðu RÚV, annars mjög góðri, eftirfarandi. Fyrirsögnin er Tækjaleit og þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Tækjaleitin fer nú þannig fram að öllum þeim sem ekki eru á skrá með viðtæki eru send fyrirspurnarbréf. Reynt er að fækka þeim sem fá send bréf með því að finna þá sem búa heima hjá foreldrum eða búa með öðrum sem greiða afnotagjald. Þjóðskráin okkar er ekki það fullkomin að það takist nógu vel."

Herra forseti. Það er eitthvert fólk að skoða heimilisaðstæður Íslendinga. Þetta er með ólíkindum. Þetta tíðkaðist í Ráðstjórnarríkjunum en ég held að þeir séu búnir að leggja þetta af þarna fyrir austan. Svo stendur áfram, með leyfi forseta:

„Berist ekki svar við fyrirspurn afnotadeildarinnar fer tækjaleitarfólk á staðinn og spyr um viðtæki á heimilinu. Í flestum tilvikum er tekið vel á móti tækjaleitarfólkinu en komi sú staða upp að rökstuddur grunur er um að tæki sé á heimilinu en heimilisfólk neitar því og vill þess utan ekki sýna fram á að heimilið sé tækjalaust verður tæki skráð á heimilið og gíróseðlar sendir fyrir afnotagjöldunum."

Herra forseti. Hvar er friðhelgi heimilisins? Ef fólk er ekki tilbúið til að hleypa tækjaleitarfólki Ríkisútvarpsins inn á heimili sitt til þess að það geti gengið úr skugga um að þar sé ekki tæki, hvorki útvarpstæki né sjónvarpstæki, þá er því bara sendur gíróseðill og gengið út frá því að það sé að ljúga, og sé svikarar.

Herra forseti. Við lifum á tuttugustu og fyrstu öld. Þetta er löngu liðin tíð, svona vinnubrögð. En þetta stendur á heimasíðu RÚV, dreift um heiminn með nýjustu tækni. Þvílík fornaldarvinnubrögð, sósíalismi af verstu tegund.

En það er svo merkilegt, herra forseti, að starfsmenn RÚV borga ekki afnotagjald þó að fyrir því sé engin heimild í lögum að þeir sleppi við það. Þeir borga ekki afnotagjald. Þar er ekki farið að lögum. Þar er ekki skoðað hvort það sé viðtæki á heimilinu. Þangað fer ekki tækjaleitarfólkið.

Herra forseti. Í frv. því sem ég mæli hér fyrir er gert ráð fyrir því að hlutverk útvarpsráðs verði það sama og hlutverk Ríkisútvarpsins er í dag, og skilgreint er í lögum nr. 122/2000, þ.e.:

1. Að standa vörð um íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
2. Að gæta lýðræðislegra grundvallarreglna og málfrelsis.
3. Að flytja óhlutdrægar fréttir og skoðanaskipti.
4. Að flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn.
5. Að útvarpa lista- og menningarefni og veita almenna fræðslu.
6. Að tryggja öllum landsmönnum aðgang að efni sínu.
7. Að gegna öryggishlutverki á hættutímum.

Þetta er gert ráð fyrir að sjá hlutverk útvarpsráðs og þessi verkefni á útvarpsráð að skilgreina og bjóða út. Það á

ekki að framkvæma sjálft. Og um leið og útvarpsráð hættir að framkvæma sjálft og fer að bjóða út getur það líka gagnrýnt framkvæmdina. Núna getur enginn gagnrýnt framkvæmd útvarpsins á verkefni sínu. Það er enginn til staðar í þjóðfélaginu sem getur gagnrýnt hlutverk útvarpsins þannig að breyting verði á vegna þess að útvarpsráð sjálft er að framkvæma og það er það sem stýrir stofnuninni.

Þannig geri ég ráð fyrir að þessum markmiðum verði miklu betur náð ef sú leið verður farin sem hér er gert ráð fyrir. Þar kemur fram aukin gagnrýni. Þar gæti komið til eftirfylgni. Segjum að útvarpsráð bjóði út eitthvert íslenskt barnaefni, teiknimynd eða eitthvað. Þá getur það boðið verkið út og einhver útvarpsstöð eða félagasamtök eða leikfélag einhvers staðar fær þetta verkefni, eða einhver áhugahópur sem hefur burði til að gera þetta verkefni vel samkvæmt þeim skilgreiningum sem útvarpsráð leggur fram, og ef það gerir það ekki nægilega vel getur útvarpsráð gagnrýnt það sem verkkaupi en getur það ekki í dag sem framleiðandi.

Herra forseti. Ríkisútvarpinu fylgja að sjálfsögðu þeir ókostir sem öllum ríkisrekstri fylgja sem eru að það er erfitt að gera vel við góða starfsmenn. Þetta þekkjum við úr menntakerfinu og víðar. Það eru mjög margir afskaplega duglegir, t.d. kennarar, sem af hugsjón og framsýni og dugnaði fara í gang með mikið prógramm fyrir nemendur sína og þegar þeir eru búnir að vinna þannig hörðum höndum í fimm ár sjá þeir að enginn veit af þessu. Það gerist ekki neitt. Þeir fá ekki hærri laun. Þeir eru með nákvæmlega sömu laun og hinir, þessir fáu, sem eru sofandi við hliðina á þeim og gera ekki neitt. Og annaðhvort hætta þeir eða þeir koðna niður eins og hinir. Þetta er bara afleiðingin af ríkisrekstrinum þar sem allir skulu vera jafnir í launum.

Síðan er það að ábyrgð stjórnenda er nánast engin. Á meðan þeir gera ekkert af sér sitja þeir sem fastast. Þótt allt sé í rúst með áætlanir og fjármálin og allt svoleiðis, og endalaust verið að biðja Alþingi um aukafjárveitingar, þá gerist ekki neitt. Ábyrgðin er engin. Ef þeir væru aftur á móti á einkastöð og gerðu eitthvað af sér, framleiddu t.d. lélega dagskrá, þá bara hættu menn að horfa á hana, þeir fengju ekki auglýsingatekjur, þeir fengju ekki áskriftargjöld og stöðin legðist af. Eigendur mundu tapa stórfé og maðurinn sem ekki stóð sig missir að sjálfsögðu vinnuna. Þannig gerist það á hinum harða markaði. Þar er líka betri dagskrá — eða yrði það væntanlega.

Herra forseti. Ég ætla rétt aðeins að fara yfir einstakar greinar.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið hf. þurfi leyfi útvarpsréttarnefndar til að útvarpa. Það þarf það ekki í dag en það er eðlilegt að það sitji við sama borð og önnur félög á þessum markaði.

Í 2. gr. er skilgreint hvert hlutverk útvarpsráðs er, þ.e. að framkvæma það sem ég nefndi áðan, en líka að hafa eftirlit og eftirfylgni með því að framkvæmdin sé í lagi. Og það getur boðið út gerð skilgreininga, þ.e. að skilgreina hvernig íslensk menning náist fram. Það má bjóða út líka. Útvarpsráð getur í rauninni boðið út skilgreiningarnar á verkefninu og síðan framkvæmdina og síðan eftirlitið.

Í bráðabirgðaákvæðum er tekið á því hvernig fara eigi að einkavæðingunni, og þar er höfð hliðsjón af stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands varðandi hvernig fer með eignir og skuldir og skuldbindingar, hvernig fer með starfsmennina, hvernig þeirra hagsmuna er gætt o.s.frv. Síðan er gert ráð fyrir því að starfsmennirnir hafi forkaupsrétt að helmingi hlutafjár sem er vegna þess að eins og hjá flestum öðrum fyrirtækjum er aðaleign Ríkisútvarpsins starfsmennirnir.

Að sjálfsögðu mun Ríkisútvarpið hf. starfa áfram sem fullgildur aðili á markaði og það mun aftur slá á þann ótta margra að auglýsendum t.d. fækki á markaði eða þeim sem bjóðast til að auglýsa. Menn hafa óttast það, þ.e. auglýsingastofur og atvinnulífið, að ef Ríkisútvarpinu yrði bannað að vinna á þessum markaði mundi fækka um einn á auglýsingamarkaði. Með þessari lausn heldur Ríkisútvarpið áfram, mun væntanlega hafa mjög sterka stöðu á markaðnum með hæft starfsfólk, mikla reynslu og gott orðspor.

Ég geri þannig ráð fyrir því, herra forseti, að þessi lausn sé á margan hátt miklu betri en sú lausn sem menn líta til núna, þ.e. að banna Ríkisútvarpinu að vera á auglýsingamarkaði, taka það inn á fjárlög, hætta skylduaðildinni en breyta ekki rekstrarforminu. Sú leið held ég að yrði verst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 229.

[14:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 229 um atvinnuréttindi útlendinga. Þetta mál er endurflutt. Það var flutt á síðasta þingi og afgreitt úr nefnd og allir nefndarmenn í félmn. voru á nál., að vísu nokkrir með fyrirvara. Frumvarpið fékk afar góðar viðtökur við 1. umr. í fyrra, en af undarlegum ástæðum náðist ekki að afgreiða það í lotunni við þinglokin í fyrra og er það nú endurflutt með smávægilegum breytingum með hliðsjón af starfi nefndar í fyrra.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í lok árs 1999. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og dómsmálaráðuneyti. Nefndinni var falið að endurskoða núgildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögunum.

Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frumvarpinu er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni.

Frá gildistöku núgildandi laga hafa orðið miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði. Eftirspurn eftir erlendu vinnuafli hefur stóraukist síðustu ár og má rekja það til mikillar þenslu á vinnumarkaði. Það er okkur mjög mikilvægt að fá þetta erlenda vinnuafl til þess að reka með okkur þjóðfélagið. Þá hefur orðið sú breyting að þeir útlendingar sem hingað koma til vinnu dvelja hér lengur en áður var og reynir því oftar á rétt fjölskyldu þeirra til dvalar og atvinnu í landinu.

Við gerðum í fyrra stikkprufu á því hvað hefði orðið um þá sem komu fyrir fjórum árum og fengu atvinnuleyfi. Reyndust 40% þeirra vera enn þá í landinu. Þannig að stór hluti af þeim sem koma hingað til vinnu sest hér að.

Í störfum nefndarinnar hefur sérstaklega verið litið til framkvæmdar núgildandi laga m.a. með tilkomu Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana þar sem félagsmálaráðherra hefur falið Vinnumálastofnun að hafa með höndum

veitingu atvinnuleyfa. Með frumvarpinu er m.a. verið að festa þessa framkvæmd í sessi.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa féllu núgildandi lög í mörgu tilliti illa að aðstæðum í íslensku samfélagi. Í frumvarpinu hefur einnig verið tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur á löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar, mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi.

Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur tekið nokkurt mið af frumvarpi sem var til umræðu í fyrra og verður væntanlega í vetur, einnig um útlendinga. Það á m.a. við um hugtakanotkun. Leitast hefur verið við að hafa samræmi á þessu sviði eins og unnt er. Dvalarleyfi eru veitt af útlendingaeftirliti en atvinnuleyfi eru veitt af Vinnumálastofnun en þessi leyfi eru nátengd, þannig að nauðsynlegt var að taka tillit til framangreinds frumvarps. Þá er í frumvarpinu kveðið á um samstarf Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Eins er að finna ákvæði um útgáfu skírteinis vegna dvalar og atvinnuleyfis sem Útlendingastofnun skuli annast útgáfu á, enda er það til samræmis við núgildandi vinnulag þar sem slík útgáfa er í höndum útlendingaeftirlits samkvæmt samkomulagi Vinnumálastofnunar og útlendingaeftirlits.

Ákvæði um brottvísun í núgildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga er fellt út, enda er um brottvísun fjallað í 20. gr. frumvarps til laga um útlendinga, en forsenda dvalarleyfis vegna atvinnu er m.a. vissan um að atvinnuleyfi fáist.

Helstu nýmæli frv. eru eftirfarandi:

1. Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

2. Heimilt er að víkja frá skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.

3. Atvinnurekandi skal samkvæmt frumvarpinu sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn þar til hann nýtur verndar samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.

4. Atvinnurekandi skal undir sérstökum kringumstæðum ábyrgjast greiðslu vegna heimflutnings starfsmanns.

5. Framkvæmd vegna útgáfu heilbrigðisvottorða verði breytt þannig að tekin verða gild erlend vottorð ef þau eru fullnægjandi samkvæmt reglugerð á grundvelli laganna og sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

6. Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi, enda hafi hann fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi.

7. Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendings, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendings sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísunin kemur til framkvæmda.

8. Með frumvarpinu er, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa hér á landi.

Út af þessu ákvæði í gildandi lögum hafa orðið töluverð óþægindi í einstaka tilfellum því krafan hefur verið sú og henni hefur verið fylgt nokkuð fast eftir að atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en viðkomandi starfsmaður kemur til landsins.

9. Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.

10. Í frumvarpinu er heimild til að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða skilnað útlendings sem hefur verið giftur Íslendingi í a.m.k. tvö ár, enda hafi viðkomandi átt samfellt lögheimili á landinu í a.m.k. tvö ár.

Þessi tveggja ára frestur er settur af því að menn óttuðust að það gæti komið til að um málamyndagiftingar yrði að ræða.

11. Í frumvarpinu er heimilt að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða andlát íslensks maka útlendings. — Þ.e. útlendingurinn er ekki á flæðiskeri staddur þó hinn íslenski maki látist.

12. Frumvarpið kveður einnig á um að víkja megi frá því skilyrði við veitingu óbundins atvinnuleyfis að þegar liggi fyrir tímabundið atvinnuleyfi, ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið námi.

13. Í frumvarpinu eru skilyrði afturköllunar atvinnuleyfis tilgreind.

14. Í frumvarpinu er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

15. Í frumvarpinu er nýr kafli um málsmeðferð þar sem koma fram helstu meginreglur um málsmeðferðina og kæruheimild.

16. Lagt er til að skipuð verði samstarfsnefnd sem taki á almennum álitamálum varðandi útgáfu atvinnuleyfa og fjalli um beiðnir sem berast til Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleyfa fyrir hópa.

17. Í a-lið 11. gr. er lagt til að útlendingur þurfi að hafa átt lögheimili og dvalið samfellt hér á landi í þrjú ár til að fá óbundið atvinnuleyfi.

18. Skilgreining á hugtakinu maki er í 11. gr. frumvarpsins.

19. Heimilt er að víkja frá skilyrðum fyrir veitingu óbundins atvinnuleyfis ef um er að ræða maka útlendings sem er með óbundið atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur aðfluttum erlendum ríkisborgurum fjölgað stöðugt frá árinu 1996. Í upphafi þessa árs voru erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi 8.824, en það eru 3,1% af íbúatölu landsins. Erlendir ríkisborgarar eru misdreifðir um landið. Hlutfall þeirra er langhæst á Tálknafirði, 19%. Og á Bakkafirði, eða Skeggjastaðahreppi eru 16% útlendinga.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði hefur vaxið úr 2,7% í upphafi árs 1998 í 4,2% í upphafi yfirstandandi árs.

Aldrei hafa verið veitt eins mörg atvinnuleyfi til útlendinga og árið 2000. Hér eru að störfum yfir 4.000 einstaklingar með atvinnuleyfi. Þess ber að geta að borgarar á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa ekki atvinnuleyfi hér, því þeir hafa sömu réttindi og Íslendingar til atvinnu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en legg til að að lokinni umræðu verði málið sent til hv. félmn. til athugunar.

[14:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér kemur aftur til umræðu hjá okkur í Alþingi frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Eins og fram kom hjá hæstv. félmrh. kom frv. til umræðu á síðasta þingi og fékk eins og hann tók fram mjög góðar viðtökur. Við í félmn. vorum búin að því við töldum að fullvinna frv. frá okkur til þingsins, en því miður vannst ekki tími til að ljúka málinu fyrir þinglok. Nú fáum við frv. sem sagt aftur

til umræðu og ég reikna með að nefndin taki svipað á málinu og áður hefur verið gert.

Ég vildi minnast á nokkur atriði í þessu samhengi sem komu til umræðu í nefndinni í fyrra. Þar er kannski fyrst að telja eitt atriði sem var töluvert rætt um, þ.e. 2. mgr. 5. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim er koma fram í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna."

Nefndin leitaði álits á þessu atriði sérstaklega og taldi nauðsynlegt að það kæmi fram í nál. sem hún skilaði frá sér í fyrra að hennar skilningur væri sá að nefndin legði áherslu á að heimildinni yrði ekki beitt nema að fyrir hendi væru svokölluð „force majeure"-tilvik, og þá væri fyrst og fremst átt við útgáfu nýrra leyfa. Þarna urðu sem sagt mjög miklar umræður um þetta atriði og þess vegna var þetta sérstaklega tekið fram í nál.

Það var annað sem nefndin lagði til, þ.e. það sem hét í frv. á síðasta þingi og heitir raunar enn, sé ég, tímabundið atvinnuleyfi. Um það urðu miklar umræður og nefndin lagði til í brtt. sínum að tímabundið atvinnuleyfi yrði látið heita bundið atvinnuleyfi. Ég sé að ráðherra hefur ekki fundist þetta vera til bóta í málinu því hann leggur aftur til að þetta ákveðna atvinnuleyfi heiti áfram tímabundið atvinnuleyfi. Ég segi fyrir mig að samkvæmt mínum málsskilningi er betra að láta þetta heita tímabundið atvinnuleyfi. En það var niðurstaða í nefndinni í fyrra að þarna yrði fært til samræmis við það að hitt atvinnuleyfið heitir óbundið atvinnuleyfi. Þess vegna lagði nefndin til að tímabundið atvinnuleyfi yrði kallað bundið atvinnuleyfi, kannski til samræmis við það að þarna er um ýmis skilyrði að ræða sem þarf að uppfylla varðandi þetta tímabundna atvinnuleyfi. Ég held að þetta sé atriði sem við munum ræða aftur í nefndinni og athuga hvort við komumst að sömu niðurstöðu um hvað þetta ákveðna atvinnuleyfi, skammtímaatvinnuleyfi, eigi að heita.

Annað finnst mér einnig ástæða til að nefna hér eingöngu vegna þess að ég tel að það sé mjög gott atriði í frv. og ástæða til að leggja áherslu á það. Það er 9. gr. um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Þar eru lagðar skyldur á atvinnurekanda og stéttarfélögin — ég tel mjög mikilvægt að þau komi að þessu máli líka — að þau skuli veita starfsmönnum með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem í boði er fyrir útlendinga og fjölskyldur þeirra sem koma hér til starfa. Þetta er gífurlega mikilvægt og gott ef bæði atvinnurekendur og stéttarfélög leggjast þarna á sveif við að upplýsa okkar nýju borgara sem best um þau réttindi sem til boða standa í íslensku samfélagi. Það skiptir mjög miklu máli.

Ég vildi síðan nefna að félmn. og allshn. fóru saman í kynnisferð til Vestfjarða nú í september. Það var mjög góð og upplýsandi ferð. Við hittum þar mjög marga sem koma að málefnum útlendinga á Vestfjörðum. Ég held að það hafi verið mál allra sem í þessari ferð voru að mikill sómi væri að því hvernig staðið er að málefnum útlendinga á Vestfjörðum. Að þessu koma margir og leggjast á eitt um að þeir sem koma til starfa á Vestfjörðum og búa á Vestfjörðum af erlendu bergi brotnir eigi sem besta veru þar. Þetta á við um sveitarfélögin og ég vil nefna skólakerfið einnig og stéttarfélögin. Ég held að önnur landsvæði, önnur sveitarfélög og þeir sem koma að málefnum útlendinga mættu margt af Vestfirðingum læra í þessu efni. Þarna er sem sagt eins og best verður á kosið hvernig menn taka á móti því starfsfólki og íbúum landsins sem nýir eru hér og vilja koma og búa og vinna á Íslandi.

[15:06]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. félmrh. mælt fyrir á nýjan leik frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Þetta er frv. sem var lagt fyrir á síðasta þingi og hlaut mjög jákvæðar undirtektir, ekki hvað síst t.d. af minni hálfu vegna þess að hér er um heildarlöggjöf að ræða sem varðar atvinnuréttindin.

Í vinnu nefndanna voru nokkrir þættir sem við hefðum gjarnan viljað láta skoða betur og láta breyta. Ég sé að tekið hefur verið tillit til sumra þátta en ekki annarra núna þannig að við munum eflaust skoða þá aftur í nefndinni þegar að því kemur.

Svo fór auðvitað að málið var ekki afgreitt síðasta vor vegna þess að það hangir á sömu spýtu og stóra útlendingalöggjöfin þannig að allur þessi útlendingapakki, ef maður getur orðað það svo, var settur í frysti og tekinn upp aftur á nýjan leik á þessu þingi.

Það sýnir líka, eins og margir hafa bent á, að það er mjög bagalegt að öll þessi mál eins og þau leggja sig skuli ekki vera á einni hendi. Það er eiginlega mjög slæmt og líka upp á það að yfirsýnin sé á einum stað. Hins vegar eru gerðar afar gagnlegar tillögur hér um samstarf til þess að koma á móts við þetta. En ég held að það sé það sem koma skal að útlendingamálin verði öll undir einu ráðuneyti, hvort sem það verður félmrn. eða dómsmrn.

Það eru mjög margir jákvæðir þættir í frv. Hv. formaður nefndarinnar, Arnbjörg Sveinsdóttir, gerði að umtalsefni það sem við hefðum viljað breyta, þ.e. að tala ekki um tímabundið atvinnuleyfi heldur bundið atvinnuleyfi. Sú hugmynd kemur til náttúrlega ekki hvað síst út frá því að þeir starfsmenn sem hér um ræðir eru algjörlega bundnir atvinnurekanda sínum, þannig að það skýrir það líka. Það verður kannski öðrum að yrkisefni hér í salnum að sjá hvort það sé alltaf algott.

Við hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vildum hafa pípurnar dálítið opnar í báða enda og komum með brtt. um það þar sem við tölum um tímabundin leyfi veitt atvinnurekanda eða útlendingi. Við vildum opna gáttina þannig að hún væri bæði fyrir fyrir atvinnurekandann og þann sem sækir um vinnuna. En við sjáum hvað setur.

Jafnframt var ekki tekið tillit til þess að hafa sérstaka skilgreiningu á nánustu aðstandendum, en nefndin var sammála um að afar mikilvægt væri að fram kæmi hverjir það væru. Við vorum með skilgreiningu á því og það var makinn, niðjar, systkini og foreldrar.

Við munum eflaust skoða þetta allt í nefndinni núna og það má eflaust búast við tiltölulega skjótum vinnubrögðum en góðum því þetta mál var mjög vel rætt í nefndinni.

Það sem kannski einkennir það af hverju þetta frv. er jafn vel úr garði gert og raun ber vitni er að að því hafa komið þeir sem í raun vinna með málin dagsdaglega og það lýsir sér dálítið í þessari vinnu, þ.e. verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur. Við lítum svo á að verkalýðshreyfingin sé málsvari þess hóps sem hér er verið að fjalla um.

Hins vegar væri afar fróðlegt að taka saman hvaða fyrirkomulag er í öðrum löndum, hvort eignarhaldið á starfsmönnum sé jafnafgerandi og hér er. Það væri fróðlegt að kalla eftir slíku í nefndinni.

Hvað 9. gr. varðar þá sagði ég hér síðast, og ég vil gjarnan segja það aftur, að nálgunin er afar jákvæð. Sú nálgun er að bæði atvinnurekendur og stéttarfélög koma að íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.

Hv. formaður félmn. nefndi líka ferð nefndarinnar ásamt allshn. á Vestfirði. Hún var alveg einstök, enda eiga Vestfirðir sér langa sögu í að sækja sér nám og vinnu erlendis frá þaðan sem þeir eru og þeir hafa í marga áratugi tekið á móti útlendingum sem hafa þar starfað. Kannski er því viðmótið þar orðið mun þroskaðra en á öðrum landsvæðum. Ég veit það ekki. En það er alltaf jafnánægjulegt að koma þar og ræða þessi málefni því þar eru ekki vandamál, heldur fyrst og fremst eitthvað sem maður leysir. Þetta viðhorf eigum við að nýta okkur meira, þ.e. að vera ekki með vandamálasýn heldur lausnarsýn.

Um 9. gr. um íslenskukennsluna og samfélagsfræðsluna vil ég bæta við að við þyrftum að taka betur á útfærslum, t.d. í greinargerð. Við gætum þá rætt það við þá aðila sem að því koma af því að þetta er kannski full opið eins og þetta er hér.

Mig langar aðeins að gera 7. gr. að umtalsefni vegna þess að þar er búið að bæta inn í afskaplega góðu atriði þar sem talað er um að heimilt sé að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendings sem sótt hefur um hæli. Það er afar jákvætt að þetta sé komið inn og að brugðist hefur verið við þeim göllum sem voru afar sýnilegir.

Í 11. gr. er talað um maka og sambúðarmaka, sem er mjög mikilvægt, þannig að við séum þá í raun komin með sömu réttarstöðu eins og er nýtt hér varðandi sambúðarformið sem slíkt. Ýmislegt jákvætt hefur því líka gerst í vinnunni sem núna stendur yfir.

Mig langar að gera 12. gr. að umtalsefni og beina því til hv. formanns nefndarinnar að við ættum að skoða hana nánar. Við erum að tala um námsmenn. Þeir eru með sex mánuði í senn í leyfi. Ég held að það ætti að skoða það að hafa það jafnlengi og skólaárið þannig að við séum ekki að gera hlutina of erfiða fyrir þann hóp sem kýs að stunda hér nám og flækja það um of. Ég óska eindregið eftir því að við ræðum það sérstaklega í nefndinni.

Ég er líka ánægð með hvernig búið er að raða 15. gr. öðruvísi en gert var í fyrra frv. Nú er búið að taka af allan vafa með dansarana á næturklúbbum. Hins vegar eimir alltaf dálítið eftir af gömlum fordómum í garð listamanna vegna þess að frv. tekur ekki tillit til þeirra hljómlistarmanna sem spila á skemmtistöðum. Þar eimir eftir af gamalli fortíð, þ.e. að þar væri nú bara sollurinn. En það spila auðvitað afar margir góðir, menntaðir hljóðfæraleikarar líka fyrir dansi, og þó erlendir séu. Því væri gaman að skoða það líka aftur.

Varðandi heimflutninginn sem fjallað er um í 18. gr. þá þyrftum við líka að skoða það núna í ljósi t.d. umræðunnar sem verið hefur í allshn. um mjög mikið aukið fjármagn til ríkislögreglustjóra vegna eftirfylgni þeirra með erlendu fólki úr landi. Við þyrftum að skoða hvernig þetta skarast því hér er talað um hver eigi að bera þann kostnað. Ég vildi því gjarnan fá að skoða um hvaða hópa hér er að ræða og þá hvaða hópa um er að ræða sem ríkislögreglustjóri er að fylgja úr landi þannig að við hefðum þá hluti á hreinu.

Það verður bæði fróðlegt og ánægjulegt að vinna áfram með þetta mál í hv. félmn. Aðrir munu eflaust gera að umtalsefni fleiri þætti, en ég læt þessa duga að sinni.

[15:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Þetta er reyndar mál, eins og kom hér fram, sem hv. félmn. hefur tekið fyrir og var nánast búin að afgreiða frá sér undir þinglok í vor og hafði skilað nál. og sömuleiðis brtt. Ég verð að segja, herra forseti, að það kom mér á óvart að brtt. þær sem nefndin var sammála um skyldu ekki allar koma inn í þingmálið áður en það var lagt fram aftur. Ég hefði talið það eðlilegt því það var samstaða í nefndinni um brtt. sem eru á því þingskjali sem nefndin lagði fram í vor. Ég býst við að nefndin muni þá endurflytja þær.

Aftur á móti voru ákveðnar brtt. sem við hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir lögðum fram á öðru þingskjali í vor og þær hyggst ég taka upp aftur í nefndinni og athuga hvort við getum ekki náð samstöðu um. Þær eru ekki stórvægilegar en engu að síður geta þær skipt nokkru máli. Þar vil ég m.a. nefna skilgreininguna á tímabundna atvinnuleyfinu því að ég hefði talið eðlilegra að tímabundna atvinnuleyfið yrði ekki aðeins veitt atvinnurekanda heldur einnig útlendingi. Ég tel mjög mikilvægt atriði að ekki eingöngu atvinnurekandanum sé veitt þetta tímabundna leyfi vegna þess að útlenski starfskrafturinn er svo gjörsamlega upp á atvinnurekandann kominn og í ýmsum tilvikum er því betur fyrirkomið þannig að útlendingurinn sjálfur fái atvinnuleyfið. Þetta tel ég að við þurfum að skoða betur í nefndinni.

Við gerðum einnig athugasemdir við 8. gr. þar sem kveðið er á um að tímabundið atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Við þekkjum auðvitað mörg tilvik þess að útlendingurinn er kominn hingað og hyggst taka til starfa, og þar liggja auðvitað ýmsar ástæður að baki. Í greininni er sagt að víkja megi frá því að útlendingurinn sé búinn að fá atvinnuleyfi áður en hann kemur „ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi ...“ Það er auðvitað alltaf matskennt hversu ríkar þær skulu vera, þessar sanngirnisástæður. Ég hefði talið, herra forseti, eðlilegt að það stæði aðeins að hægt væri að víkja frá þessu ákvæði um að útlendingur hafi atvinnuleyfið áður en hann kemur ef sanngirnisástæður eru fyrir hendi. Það er ástæðulaust að vera með einhver lýsingarorð sem síðan er hægt að hártoga.

Einnig kom fram í umfjölluninni um 12. gr. frv. á síðastliðnum vetri að sex mánaða atvinnuleyfi í senn vegna námsdvalar sé of skammur tími. Það eru þó nokkur dæmi um að útlendingar komi hér til náms og vilji vinna með náminu og þá eru sex mánuðir of stuttur tími. Og við lögðum til breytingu í þá veru að veitt yrðu atvinnuleyfi til tólf mánaða. Það hefði ég talið eðlilegt og vil gjarnan að nefndin skoði nánar.

Það er ágætt að fá þetta mál inn í nefndina aftur. Í félmn. eru menn orðnir miklir sérfræðingar í málefnum útlendinga, ekki síst eftir ferð nefndarinnar á Vestfirði í sumar þar sem við kynntum okkur hvernig staðið er að málefnum útlendinga þar, sem er að sönnu til fyrirmyndar. Þess vegna er ágætt að fara aftur yfir þetta þingmál og sjálfsagt getum við gert á því ýmar frekari umbætur.

En yfirleitt voru menn ánægðir með frv. að mestu leyti eins og kemur fram í nál. sem nefndin skilaði frá sér, sem allir nefndarmenn skrifa undir þó að við, fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni, höfum skrifað undir með fyrirvara en það var vegna þess að við höfðum frekari athugasemdir og

brtt. við málið. Auðvitað munum við fylgja þeim brtt. eftir þegar málið kemur til umfjöllunar í nefndinni.

Herra forseti. Að lokum vil ég ítreka að ég tel mjög brýnt að málefni útlendinga heyri undir eitt ráðuneyti. Það er orðið mjög brýnt. Það er vandræðaástand þegar málefni eins og þetta er á margra hendi. Ég vonast því til þess að einhvern tímann í framtíðinni, vonandi fyrr en síðar, verði þessi málaflokkur settur undir eitt ráðuneyti.

[15:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var skrifaður leiðari í Morgunblaðinu með yfirskriftinni „Oss vantar fleiri Íslendinga". Ég er ekki viss um að Morgunblaðið hafi verið að tala um það fólk sem hér er verið að fjalla um þegar þessari vöntun var lýst. Miklu frekar minnir mig að þarna hafi verið á ferðinni herhvatning til íslenskra foreldra um að eignast nú fleiri börn. En segja má að staðan sé enn sú að okkur vantar fleiri Íslendinga. Við erum einfaldlega ekki nógu mörg til að vinna úr öllum þeim tækifærum sem við, sem hér erum svo heppin að búa, vitum að eru til staðar.

Það sem gerði það að verkum að mig langaði til að taka þátt í þessari umræðu þótt ég sitji ekki í hv. félmn. var kannski bæði orðnotkun og nálgun í þessu frv. enda þótt ég geri mér grein fyrir því að við erum svona sæmilega sett hvað varðar móttöku og allan aðbúnað þegar kemur að því sem hæstv. félmrh. talaði hér um áðan sem innflutt vinnuafl.

Það er spurningin um þetta tímabundna atvinnuleyfi, herra forseti. Það er eitthvað ógeðfellt við það að tímabundið atvinnuleyfi skuli vera leyfi veitt atvinnurekanda. Þegar maður heyrir þetta, eða les, byrjar að rúlla í höfðinu á manni eitthvað sem maður las í Íslandssögu hér einu sinni. Og jú, í Sjálfstæði Íslendinga eftir Gunnar Karlsson, 3. hefti, reynist vera obbolítill kafli um vistarbandið. Og ég ætla, herra forseti, með þínu leyfi, að lesa úr þessum kafla, vegna þess að að breyttu breytanda erum við kannski að tala um býsna hliðstæða hluti. En hér segir:

„Í gamla daga var mikið af vinnufólki í sveitum. Ekki var einfalt að flytjast úr sveitinni og setjast að í bæ eða þorpi. Til þess voru aðallega þrjár leiðir. Ein var að kaupa lausamennskuleyfi. Þá mátti maður leita sér að vinnu hvar sem var, í sveit eða þéttbýli. Það kostaði næstum árslaun og var raunar ekki leyfilegt fyrr en ný lög voru sett um það árið 1863. Önnur leið var að kaupa borgarabréf. Það máttu þeir einir gera sem höfðu borgaralegan atvinnuveg, gerðust t.d. kaupmenn eða iðnaðarmenn. Þriðja leiðin var að stofna þurrabúð, það voru heimili fólks sem var hvorki bændur né borgarar. En til þess þurfti líka leyfi sem menn fengu ekki nema þeir ættu dálitlar eignir. Allt annað fólk á vinnualdri sem var ekki bændur eða húsmæður var skyldugt til að ráða sig í vist allt árið. Þessi skylda var köllud vistarskylda eða vistarband. Vinnufólk hafði engin samtök með sér um kjör og bændur ákváðu eða sömdu um kaup hvers vinnumanns eða vinnukonu fyrir sig. Þó var fólki stundum refsað harðlega ef það braut vistarbandið til að reyna að hafa meira upp úr sér með því að ráða sig í vinnu í styttri tíma í einu fyrir hærra kaup."

Og svo kemur hér, herra forseti, smá saga af stúlkunni Rósu Kristjánsdóttur sem var dæmd til 10 vandarhagga árið 1842 fyrir lausamennsku. Hún hafði hafnað ársvist sem henni hafði verið boðin á tveimur stöðum en verið í lausamennsku og unnið sér sjálfri ..... hvar á hún heldur vildi kjósa en að vera í vist, en hún hafði barn á hendi og var í skuldum, sem hún vildi vinna af sér."

Og svo heldur frásögnin af vistarbandinu áfram hjá Gunnari Karlssyni:

„Alþingismenn og danska stjórnin voru sammála um að fólk sem ekki var í ársvist ætti á hættu að verða atvinnulaust þegar minnst væri um vinnu á veturna, og þá lenti það á framfæri sveitar sinnar. Kannski hafa bændur líka verið hræddir um að þeir misstu vinnufólk sitt frá sér til sjávarþorpanna ef það væri ekki skyldugt að vera í vist. Á 19. öld fór atvinna að vaxa í sjávarþorpum eins og talað var um í 6. kafla. Á þessum tíma voru menn líka farnir að trúa á að best væri að fólk væri sem frjálsast að ráða lífi sínu sjálft. Því var vistarbandið afnumið í raun með lögum sem gengu í gildi árið 1894."

Herra forseti. Eins og ég sagði, hér má að breyttu breytanda finna ýmislegt sem svipar til þess sem við [illegible] og skrifum og jafnvel framkvæmum í dag, merkilegt nokk. Nema nú er það þannig að í stað þess að við séum að ræða um sveit og bæ eða sveit og þéttbýli, vaxandi þéttbýli á þeim tíma, þá erum við kannski að tala um annars vegar hin ríku Vesturlönd og hins vegar þau lönd þar sem verkafólk á fárra kosta völ en vill gjarnan komast til þess að afla sér frekari tekna og reynslu, jafnvel eiga þess tækifæri að setjast að í landi sem býður upp á meiri möguleika.

Eins og ég sagði áðan er ég ekki að koma hingað upp til þess að fordæma það sem verið er að gera. Alls ekki. Ég held bara, herra forseti, að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur þegar við erum að fjalla um atvinnuleyfi útlendinga, eins og það er þegar við erum að fjalla um aðstæður fólks almennt, ekki bara Íslendinga heldur allra borgara þessa hnattar, að við séum þess minnug að allt fólk á sama rétt til mannréttinda. Það erum ekki bara við hérna sem viljum og teljum okkur eiga rétt til þess að velja. Ef við viljum það okkur til handa eigum við líka að vilja það öðrum til handa og þannig eigum við að reyna að nálgast hlutina.

Ég veit að menn óttast það, rétt eins og gert var hér áður, að ef menn eru ekki í vistarbandi gætu þeir lent á sveitinni. Í skýringum við 7. gr. frv. er einmitt nefnt að það sé verra að menn séu á framfæri ríkisins, þess vegna sé hægt að gefa ákveðnar undanþágur. Eins og ég sagði, herra forseti, líkindin eru víða.

Mér finnst afar mikilvægt að við reynum eins og við getum að gera þessa hluti vel. Við vitum alveg að það er til heilmikil reynsla frá löndunum í kringum okkar hvað það varðar að taka á móti fólki frá öðrum löndum. Af þeirri reynslu getum við lært. Við vitum líka að það eru ýmsir pyttir í þessu ferli sem við þurfum endilega að varast og erum vonandi að reyna að varast með því að vanda til þeirra reglna sem við ætlum að styðjast við. En mér finnst að það felist í því svolítil hætta hversu mikið af tímabundnu atvinnuleyfunum er einmitt í atvinnugreinum sem Íslendingar virðast ekki sjálfir vilja vinna við. Samkvæmt því sem fram kemur í ársskýrslu Vinnumálastofnunar eru þrír langstærstu hópar þeirra sem eru með tímabundin atvinnuleyfi á síðasta ári fiskvinnslufólk, fólk í öðrum iðnaði, svo sem í verksmiðjum eða matvælaframleiðslu, og svo fólk sem vinnur við þrif, ræstingu, uppvask og aðstoð í eldhúsi. Þetta eru stærstu hóparnir.

Þetta er, hygg ég, afskaplega keimlíkt því sem gerðist annars staðar í Evrópu um eða upp úr 1970 þegar svipuð þróun var að hefjast þar, þ.e. mikið var um erlent verka-

fólk sem flutti frá löndum, sem lakar stóðu, til hinna ríku Vesturlanda og tók þar að sér ýmis störf sem hinir ríku Vesturlandabúar voru þá hættir að vilja sinna. Á þeim tíma sóttu Suður-Evrópubúar eins og Portúgalar og Spánverjar norður á bóginn og voru við vinnu í Þýskalandi, Lúxemborg og Belgíu, sóttu þangað sem lífskjörin voru betri. Það hefur nú gjörbreyst vegna þess að nú vitum við að þar er víða uppgangur og önnur staða og menn geta haft frjálsa för innan þessa svæðis, öfugt við það sem þá var.

Ég vildi, eins og ég sagði, herra forseti, einungis leggja hér orð í belg hvað varðar mannréttindasýnina sem ég tel að við þurfum að hafa á þessa hluti. Sú tillaga sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir reifaði hér áðan, um það að ekki bara atvinnurekendum væri veitt tímabundið atvinnuleyfi heldur líka viðkomandi einstaklingum, er tillaga sem ég held að við eigum að skoða. Eins og ég sagði, það er eitthvað ógeðfellt við það að tímabundna leyfið skuli vera veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.

Það er jákvætt að í þessu frv. skuli vera um það fjallað með hvaða hætti vilji er til að gera fólki kleift að gerast virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Ég held að sú þróun sé afar varhugaverð, sem sums staðar hefur orðið, að fólk býr hlið við hlið og nær ekki að blandast. Á meðan svo er njótum við ekki þeirra hæfileika og þeirrar þekkingar sem margt af því fólki, sem kemur hingað til að vinna einhæf störf, býr yfir. Þetta fólk er oft hámenntað en getur ekki leitað í störf við hæfi vegna þess hvernig löggjöf okkar er, og vinnur hér við einföld störf eins og ég rakti — það eru ákveðin störf sem þetta fólk er fyrst og fremst í.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að við leggjum okkur fram við að gera því fólki sem hingað kemur til að starfa, hugsanlega með þá von í brjósti að geta sest hér að, kleift að gerast þátttakendur í íslensku samfélagi með því að bjóða upp á kennslu í íslensku, fræðslu í samfélagsgreinum, bjóða því upp á þá lykla sem við höfum talið mikilvæga til þess að geta verið virkur þátttakandi.

Herra forseti. Hér fyrir þinginu liggur frv. til breytinga á sveitarstjórnarlögum sem ég flyt ásamt fleiri þingmönnum. Það gerir ráð fyrir því að þær breytingar verði gerðar á lögunum að allir þeir útlendingar sem hér eru búandi geti eftir tvö ár fengið að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum. Það hefur komið fram að býsna mörg sveitarfélög eru í raun orðin afskaplega háð þeim útsvarstekjum sem fást vegna atvinnuþátttöku þessa fólks, og það er þess vegna eðlilegt að reikna með því að það fái að hafa eitthvað um það að segja hvernig þeim fjármunum er ráðstafað og hvernig aðstæðum á viðkomandi stað er háttað. Þarna er, eins og hæstv. ráðherra rakti áðan, um að ræða allt að 19% íbúa einstakra plássa. Þannig skiptir það vissulega máli að þetta fólk hafi rétt, ekki síður en aðrir.

[15:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Ég tel að hér sé um margt gott mál á ferðinni en tel hins vegar, eins og hún raunar vék svo að í máli sínu eftir að ég var búinn að kveðja mér hljóðs, að það sé afar nauðsynlegt að erlent fólk eigi hér kost á tungumálaþjálfun. Það er okkur ekki sæmandi að taka ekki betur á í þeim efnum.

Ég er á þeirri skoðun að þegar fólk fær leyfi til að koma hingað til lands til að starfa eigi að bjóða því upp á einhverja lágmarksþjálfun áður en það fer að vinna, þó ekki sé nema í 10 daga eða hálfan mánuð þar sem fólki er kennt að skilja einföldustu atriði sem snúa að samskiptum varðandi vinnumarkaðinn, og undirstöðu í málinu.

Aðeins út af því sem hv. þm. nefndi hér um vistarbandið. Ég hef einstöku sinni komið að því í ræðum mínum um annað málefni, varðandi stjórn fiskveiða. Maður er alltaf að uppdaga eitthvað nýtt og ég rakst á það í gærkvöldi í bók sem ég var að skoða að áður en vistarbandið varð til voru til hér á fjórtándu öldinni svokallaðir búðarmenn. Það var nýtt þá í íslensku þjóðfélagi, það voru þeir menn sem voru byrjaðir að búa allt árið í sjóbúðum og þótti ekki beint fagnaðarefni hjá bændum og kirkju sem þá áttu allar stéttir.

[15:37]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hnaut einmitt um þessa orðnotkun í ræðu hv. þm., um það að hér væri sýnin á málefni útlendinga með svipuðum hætti og vistarbandið var. Það var að vísu mjög fróðleg söguleg upprifjun sem kom hjá þingmanninum og ástæða til að þakka það. En ég get ekki fallist á að þessi sýn sé með svipuðum hætti og var á þeim tíma sem hún er að rifja upp. Hér er um löggjöf að ræða sem er réttindalöggjöf og einmitt mannréttindasýn á málefni þau sem hér er fjallað um, og ákveðið öryggisnet sem gert er ráð fyrir fyrir það fólk sem flyst hingað til okkar.

Ég vil aðeins vitna í þessu sambandi í umsögn Alþýðusambands Íslands sem tók þátt í störfum nefndarinnar sem samdi frv. og þar kemur einmitt fram að Alþýðusambandið stendur heils hugar að þessum niðurstöðum og leggur til að það frv. sem kom fram verði samþykkt óbreytt og með þeim réttarbótum sem þar er að finna. Og ASÍ telur einmitt að það sé sameiginlegt hagsmunamál aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda að vel og tryggilega sé staðið að útgáfu atvinnuleyfa og öllu eftirliti með framkvæmd laganna. Ég reikna með að þetta sé einmitt sýn Alþýðusambandsins vegna hagsmuna þess fólks sem er þeirra félagsmenn eftir að það er komið til starfa hér á landi.

[15:39]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf gott að læra af sögunni og ágætt að hafa hana bak við eyrað þegar verið er að fjalla hér um mál vegna þess að við rekum okkur á það að hún vill fara í hringi. Rétt til að víkja að búðarmönnunum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi hér áðan. Í framhaldi af þeirri ógn sem að þeim stóð var auðvitað settur svokallaður píningsdómur sem ég veit að þingmaðurinn kannast við, sem gerði það að verkum að hér var í rauninni komið í veg fyrir þéttbýlismyndun í nokkur hundruð ár, og gerir það síðan að verkum í framhaldi að við stöndum hér í málum hvað varðar fólksflutninga og þróun byggðar sem aðrar þjóðir kláruðu kannski fyrir eitt, tvö hundruð árum.

Aðeins vegna orða hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur. Hún hefur misskilið mig ef hún skildi mig þannig að ég væri að koma hingað upp til að gagnrýna það að hér væri ekki réttindalöggjöf á ferðinni. Það er ekki svo. Ég vil hins vegar að þegar við fjöllum um löggjöf af þessu tagi séum við með augað alveg klárt á mannréttindamálum, að það sé alveg ljóst að þegar við erum að fjalla um málefni fólks sem kemur hingað til landsins til að vinna séum við tilbúin til að máta okkur sjálf í þess stakk. Værum við tilbúin til að hlíta þeim kjörum sem við erum að bjóða öðrum upp á, finnst okkur sjálfum að þarna sé verið að fara með mál eins og okkur er sæmst?

Við eigum að læra af öðrum, og ég sagði að það væru margir pyttir í þessum málum. Þau valda erfiðleikum víða eins og þau hafa fengið að þróast en við eigum ekki að hlífa okkur við því að reyna að átta okkur á því hvernig við getum gert þessa hluti vel, betur en aðrir, þannig að okkur finnist öllum af því fullur sómi.

Það var eingöngu þetta sem ég vildi setja hér inn í umræðuna og mér finnst óþarfi af hv. þm. að taka það sem gagnrýni á það frv. sem hér liggur fyrir, það er auðvitað ekkert fullkomnara en önnur frv. sem hér eru til umfjöllunar og sjálfsagt á nefndin eftir að gera á því einhverjar bætur.

[15:41]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók ekkert sérstaklega nærri mér þá gagnrýni sem fram kom. Ég vildi bara ekki að þessi tenging yrði allt of sterk við það frv. sem hér er, sú sögulega upprifjun sem hv. þm. fór í gegnum.

Auðvitað hafa komið fram mismunandi sjónarmið á það hvort þessi leyfi eigi að vera bundin einstaklingnum. Samtök atvinnulífsins hafa m.a. gert athugasemdir við það að það verði ekki atvinnurekandinn sem sæki um þau heldur einstaklingurinn sjálfur og að leyfið, tímabundna leyfið, verði þá bundið þeim einstaklingi. Þau benda nú samt á norsku útlendingalöggjöfina í því samhengi þar sem leyfi eru bundin fyrirtæki.

En þessi mál eru auðvitað þess eðlis að þau verða ekki rædd til hlítar í stuttu andsvari. Ég vildi eingöngu halda þessu til haga og einnig benda á hversu mikla áherslu Alþýðusambandið leggur á það nákvæmlega að hafa bæði umsagnarréttinn varðandi þessi leyfi og að þau séu með þeim hætti sem kemur fram í frv.

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér hafa umræður leiðst út í áhugaverða hluti og þar á meðal sagnfræðilega eins og búðarmennina, fyrstu þéttbýlisbúa landsins, seinna þurrabúðarmenn, vistarbandið, píningsdóm og annað í þeim dúr. Allt getur það nú átt rétt á sér, að rifja upp söguna, en sem betur fer erum við nú stödd á ærið breyttum tímum, og það er líka varhugavert kannski að setja hlutina um of í samhengi sem þeir eiga ekki heima í.

Ég minni á að þessi lög eru réttindalöggjöf fyrir erlenda ríkisborgara, og þó að þau taki að stofni til til allra slíkra eru þau þó að mestu leyti fyrst og fremst ætluð þeim sem búa utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Með öðrum orðum, reglurnar eru aðrar og opnari gagnvart öllu því svæði sem telur þrjú, fjögur hundruð milljónir manns og fer stækkandi. Þannig verður tæplega sagt að að þessu leyti séu miklar girðingar, held ég, í gildi hér á landi ef við höfum það nú í huga að þjóðin og vinnumarkaðurinn er nú ekki mjög stór. Við erum þó aðilar að þessu stóra sameiginlega atvinnusvæði sem Evrópska efnahagssvæðið er og á grundvelli staðfesturéttarins getur hver sem er komið hingað og sett sig hér niður í landinu og leitað sér að atvinnu og þarf ekki til þess nokkur leyfi, svo fremi að hann sé íbúi á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Hér erum við fyrst og fremst að tala um réttindi annars vegar og síðan nauðsynleg leyfi, hins vegar, þeirra sem ekki falla undir hinn sameiginlega vinnumarkað Evrópska efnahagssvæðisins.

Þetta eru að langmestu leyti að mínu mati, herra forseti, mjög gagnlegar réttarbætur og úrbætur á gildandi lögum sem hér eru á ferðinni, og í félmn. sem fjallaði talsvert um þetta mál í fyrra var að mestu leyti ágæt samstaða um þann lagaramma sem hér er endurfluttur svo til óbreyttur. Við lögðum að vísu til, eins og komið hefur fram í máli fyrri ræðumanna, nokkrar brtt. Ég hef ekki þaullesið það til hverra þeirra hefur verið tekið tillit og hverra ekki en mér sýnist þó að að einhverju leyti hafi það gerst. Einnig vorum við með fyrirvara á ákveðnum þáttum, einstakir nefndarmenn, og þar á meðal sá sem hér talar. Ég flutti nokkrar brtt. við frv. og hafði lagt þær fram áður en umfjöllun um það var hætt hér á síðasta vori en málið náði ekki fram að ganga eins og kunnugt er. Ég kem aðeins að því hér á eftir.

Herra forseti. Ég vil segja að reglur um atvinnuréttindi útlendinga, erlendra ríkisborgara hér, eru mjög mikilvægur hluti af því að vel takist til um sambúð okkar og fólks af erlendu bergi brotnu. Það er mjög mikilvægur þáttur af stærra máli að atvinnuréttindum þessa fólks sé komið farsællega fyrir og þá er ég nú ekki síður að hugsa um stöðu þeirra og rétt þeirra en þær reglur og kvaðir sem af okkar hálfu eru settar í þessu sambandi. Ef það er eitthvað sem ég gagnrýni, herra forseti, þá er það að mér finnst að fara hefði mátt betur yfir það hvort ekki ættu að vera í vissum tilvikum ítarlegri ákvæði um rétt þessa fólks þegar það er hingað komið á annað borð og hefur fengið atvinnuleyfi eða er að koma í því skyni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að útlendingar hafa verið mjög mikilvægir á íslenska vinnumarkaðnum núna um árabil og reyndar svo sem áður í sögunni. Á tímum mikillar uppbyggingar hér og þenslu hefur það reynst afar farsælt fyrir Íslendinga að geta sótt vinnuafl til nálægra eða jafnvel fjarlægra landa. Það leikur enginn vafi á því að ef það hefði t.d. ekki átt við eða verið mögulegt núna síðustu árin þá hefði þensla á vinnumarkaði hér orðið enn meiri en ella og ástandið enn alvarlegra. Það hefur því fyrst og fremst verið í okkar þágu að hafa það þannig að sæmilega greið leið væri opin til að sækja viðbótarvinnukraft inn á hinn íslenska vinnumarkað til útlanda. Að sjálfsögðu ber okkur þá að standa myndarlega og vel að því að tryggja þessu fólki réttindi og að vel sé á móti því tekið þannig að því sem kýs að dvelja hér til frambúðar sé gert það auðvelt. Vissulega er heilmikið verið að vinna í þeim málum og hefur verið á undanförnum árum. En það var sannarlega tímabært því að Íslendingar voru á ýmsan hátt heldur vanbúnir, að mínu mati, til að taka þátt í þeirri þróun sem fyrir áratugum síðan hófst í sumum nágrannalöndunum og sér auðvitað engan veginn fyrir endann á. Við höfum alveg fram undir síðustu ár getað látið það eftir okkur að vera tiltölulega kærulaus í þessum efnum, ef svo má að orði komast, einfaldlega vegna þess að þessi nýi tími er svona fyrst að banka fyrir alvöru á dyrnar hjá okkur núna þessi árin og Ísland að gerast blandaðra samfélag en áður var.

Allir vita að það er ekki lítið í húfi að vel takist til í þeim efnum. Við sjáum mjög margt jákvætt og þar sem vel hefur tekist til hafa menn náð að mæta slíkum breytingum án kannski teljanlegra samfélagslegra vandamála. En sporin hræða líka mjög og dæmin eru þekkt um hið gagnstæða þar sem miklir árekstrar og erfiðleikar hafa orðið í samskipum fólks af ólíkum uppruna.

Staðan á Íslandi á komandi árum verður væntanlega mjög svipuð og hún er þegar orðin í ýmsum nálægum löndum,

t.d. á hinum Norðurlöndunum og í Vestur-Evrópu. Nú eru áætlanir um vinnuaflsþörf Vestur-Evrópu utan að frá slíkar að það þurfi tugi milljóna manna inn á vesturevrópskan vinnumarkað á næstu áratugum til þess einfaldlega að mæta þeim líffræðilegu breytingum sem þar eru að verða, breyttri aldurssamsetningu og þörf fyrir vinnuafl, eigi ekki að verða grundvallarbreyting á stöðu þessara samfélaga og þeim að hnigna eða þau að dragast langt aftur úr hvað varðar möguleika á því að bjóða þegnum sínum góð lífskjör.

En það er engin ókeypis ferð á fyrsta farrými til í þessu máli, herra forseti. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að leggja áherslu á það að hér haldast mjög í hendur bæði réttindi og skyldur og kostir og eftir atvikum byrðar sem menn verða þá sambærilega að axla. Við getum ekki bæði sleppt og haldið hér, fengið erlent vinnuafl inn á íslenskan vinnumarkað þegar okkur hentar án þess að þurfa að leggja það af mörkum, til þess að það takist sómasamlega, sem óhjákvæmilegt er. Á það er mikilvægt að leggja áherslu, herra forseti.

Síðan eru það að lokum nokkur orð um einstök efnisatriði frv., herra forseti, og þá kem ég aftur að því að ég lagði til í formi brtt. á liðnu vori breytingar á nokkrum efnisatriðum í frv. Mér sýnist nú reyndar að í frv., eins og það er nú flutt, hafi verið tekið tillit til a.m.k. eins atriðis.

Í fyrsta lagi lagði ég til breytingu á 3. gr. varðandi orðskýringar. Þetta er óskaplega vandræðalegt orðalag, herra forseti, þar sem talað er um atvinnuleyfi í 1. tölulið, tímabundið atvinnuleyfi í 2. tölulið, atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna í 3. tölulið, og svo óbundið atvinnuleyfi í 4. tölulið. Mér finnst þetta eiginlega alveg ómöguleg orðnotkun. Óbundið atvinnuleyfi er nú ekki góð íslenska, finnst mér, fyrir það fyrsta og í öðru lagi þá er ekki einu sinni tær merking í þessu eða ljóst til hvers það vísar. Hver er orðskýringin sjálf í 4. tölulið 3. gr.?

„4. Óbundið atvinnuleyfi: Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi."

Af hverju má þetta ekki bara heita ótímabundið atvinnuleyfi úr því að þetta er það? Og hefur það eitthvert gildi að búa til þetta skrýtna hugtak „óbundið atvinnuleyfi"? Það er svona eins og óbundinn bátur eða eitthvað svoleiðis. Ég sætti mig nú ekki við það, herra forseti, að við séum svo illa komin á því herrans ári 2001 að við getum ekki barið saman einhverja hugtakanotkun og nafngiftir sem eru ekki svona ankannalegar og við glímum eitthvað við það í félmn., vonandi með góðfúslegu leyfi hæstv. félmrh. sem ég trúi nú ekki að fari að amast neitt við því þó að við eigum eitthvað við þetta hugverk hans, þó í litlu sé.

Herra forseti. Í öðru lagi lagði ég til breytingu á 8. gr. frv. sem mér sýnist að ekki hafi náð fram að ganga. Það er varðandi 1. mgr. Það er vissulega til bóta að opna möguleikann á því að veita útlendingi sem kominn er til landsins tímabundið atvinnuleyfi, þ.e. að gera það sem sagt ekki, eins og verið hefur í reynd nánast ég held án undantekninga, að ófrávíkjanlegu skilyrði að menn séu staddir erlendis þegar hið tímabundna atvinnuleyfi er gefið út. En þannig hefur þetta verið í reynd og það hefur leitt til þess að fólk sem hefur verið hér í landinu af einhverjum ástæðum, hefur nánast án undantekninga orðið að fara til útlanda til þess að geta komið aftur og farið hér í vinnu. Ég hef persónulega haft reynslu af því og afskipti af nokkrum slíkum málum þar sem maður hefur verið að reyna að aðstoða fólk sem hefur verið statt hér í landinu. Því hefur boðist vinna. Það hefur verið þörf fyrir það í þau störf. En reglan hefur verið sú að jafnvel eiginlega alveg án tillits til þess hvernig aðstæður væru þá hefur þetta verið fortakslaust.

Frv. gerir ráð fyrir því að frá þessu sé gengið, eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi."

Þarna mætti nú sjálfsagt henda út þessari tilvísun til útlendings því að það eru að sjálfsögðu ekki efni til að gefa út tímabundið atvinnuleyfi fyrir Íslending. Hann þarf ekkert slíkt.

„Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, einnig ef skilyrði skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. eru fyrir hendi."

Ég hefði talið að þarna hefði mátt segja sem svo að að jafnaði skuli það vera reglan að tímabundið atvinnuleyfi liggi fyrir. Það er auðvitað alltaf dálítið matskennt að taka svona til orða, þ.e. ef sanngirnisástæður, ég tala nú ekki um ríkar sanngirnisástæður, eins og segir í frv., eru fyrir hendi. Hins vegar fyndist mér líka að þarna ætti að tilgreina mannúðarsjónarmiðin sérstaklega. Menn telja þau sjálfsagt til sanngirnisástæðna. En þá væri alveg ljóst að hægt væri að veita þessar undanþágur af mannúðarástæðum þegar rök mæla með því.

Alla vega held ég, herra forseti, að þetta sé eitt af þeim atriðum sem maður áttar sig alveg á að er út af fyrir sig vandasamt í framkvæmd eða í útfærslu, þ.e. ef þetta er haft svona á annað borð, ef menn vilja halda í þessa takmörkun sem vissulega er með tilteknum hætti því að þetta er í reynd greinarmunurinn sem gerður er á íbúum hins Evrópska efnahagssvæðis og öðrum. Þeir sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins geta ekki komið hingað til lands og leitað sér sjálfir hér að vinnu og fengið svo atvinnuleyfi þegar þeir hafa fundið hana, vegna þessa ákvæðis. Þeir geta auðvitað komið hingað sem ferðamenn, verið hér í þrjá mánuði, en þurfa síðan að fara aftur úr landi.

Þá ætla ég að koma að öðru, herra forseti, sem þarf að taka inn í þetta mál og er óhjákvæmilegt að félmn. fari yfir, þ.e. hin nýlega til komna aðild Íslands að Schengen, sem náttúrlega var hörmulegur asnaskapur að fara inn í og menn eiga eftir að sjá að m.a. í þessu sambandi verður mönnum mjög mikill fjötur um fót, meðal annars líka vegna þess hvernig reglur um varanleg dvalarleyfi hér á landi eru núna útfærðar á erlendri grund. Vilji menn fá vegabréfsáritun og dvalarleyfi og leyfi til að vera hér í landinu lengur en í þrjá mánuði þá þurfa þeir að sækja um það samkvæmt þeim reglum sem nú eru komnar á eftir aðild að Schengen. Og hvernig eru þær? Jú, það er þannig að samið var við dönsku sendiráðin um að annast þetta fyrir Íslands hönd. Ísland er hætt að gefa þetta út sjálft í sendiráðum sínum erlendis. Þó maður sé staddur í Stokkhólmi þá fær maður þetta ekki hjá íslenska sendiráðinu heldur því danska o.s.frv. Og það sem meira er, það kostar efnislega viðveru viðkomandi aðila í sendiráðinu að fá dvarleyfið gefið út.

Tökum Ástralíu sem dæmi. Það er nokkuð stórt land og tekur tímann sinn að fara þvert yfir hana. Það getur ræðumaður borið vitni um. Ef maður er staddur í Vestur-Ástralíu og ætlar að fá þetta dvalarleyfi á Íslandi, af því að hann ætlar að koma hingað og vera hér lengur en í þrjá mánuði, þá þarf hann veskú að fara frá Vestur-Ástralíu eða Perth til Canberra, þvert yfir þetta stóra meginland og mæta þar í

eigin persónu. Þannig svarar danska sendiráðið í Canberra fyrir þessa hluti fyrir Íslands hönd.

Þetta gerir það að verkum að þessu fólki eru miklu meiri erfiðaleikar á höndum að koma hingað til lengri dvalar og þetta verður að skoða í samhengi við útfærslu reglunnar í 8. gr. frv. Ætlum við að hafa hana svona gagnvart þessum hópum sem við kynnum að vilja veita undanþágu frá þessu ákvæði, að þeir komi ekki til með að geta fengið hér vinnu nema hafa fengið hið tímabundna atvinnuleyfi útgefið áður en þeir koma landsins? Þar á ofan eru svo reglurnar svona um að fá hér dvalarleyfi til lengri tíma en almennrar ferðamannaheimsóknar. Herra forseti. Ég hefði viljað leggjast yfir það að skoða þarna ákveðna rýmkun.

Í þriðja lagi ætla ég að nefna 9. gr. um íslenskukennsluna og samfélagsfræðsluna. Hún er ágæt. En þá kem ég aftur að því sem ég sagði. Þarna finnst mér að ætti að skoða að setja inn ítarlegri ákvæði um upplýsingaskyldu til hinna erlendu starfsmanna og réttindi þeirra. Ég er að hugsa um hluti sem mér finnst vanta inn í þetta — ég a.m.k. er þá farinn að ryðga í því ef þetta er einhvers staðar þar að finna — t.d. upplýsingar um kjarasamninga og stöðu þessa fólks gagnvart réttindum almennt sem launamenn í landinu. Það hefur verið ærið tilviljanakennt a.m.k. í framkvæmd hingað til hvaða upplýsingar yfir höfuð hið erlenda starfsfólk hefur haft um rétt sinn sem launamenn. Að vísu hafa ákveðin verkalýðsfélög og verkalýðssambönd eins og Vestfirðingarnir gert mjög góða hluti í þeim efnum, þýtt kjarasamninga á pólsku og jafnvel tælensku. En það er ekkert um það hér t.d. að hið erlenda starfsfólk skuli fortakslaust eiga aðgang að a.m.k. lágmarksupplýsingum um launakjör sín og gildandi kjarasamninga á tungumálum sem því er skiljanlegt. Þetta ætti að mínu mati að koma þarna inn ekkert síður heldur en ákvæðin um íslenskufræðsluna, og þó það væru fleiri slíkir hlutir.

Það eru dæmi um það, herra forseti, að það hafi langt frá því verið nógu vel staðið að móttöku farandverkafólks eða útlendinga sem hér hafa tímabundið verið í störfum. Ég þekki dæmi af fólki frá láglaunasvæðum heimsins sem voru hér í verbúðum, nánast óíbúðarhæfum. Mestallt kaupið var hirt af þeim í húsaleigu en af því að þetta fólk hafði ekki forsendur til að meta hver væru eðlileg laun og hver væri eðlileg þénusta á Íslandi þá áttaði það sig ekki á því mánuðum saman hvernig farið var með það. Svona dæmi eru því miður til og þau eiga að vera okkur víti til varnaðar.

Varðandi 11. gr., herra forseti, þá finnst mér að þar eigi að falla út c-liður 1. mgr. Þetta er óþarflega margskilyrt, þ.e. að þegar heimilt sé að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi þá séu skilyrðin eftirfarandi, og þau þurfa öll að vera uppfyllt samtímis:

„a. að hann hafi átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár,

b. að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga,

c. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr." — þ.e. hið tímabundna atvinnuleyfi.

Þetta finnst mér algjörlega ástæðulaust. Ef einstaklingur uppfyllir bæði fyrri skilyrðin, hefur átt lögheimili og dvalist samfellt á Íslandi í þrjú ár og hefur öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga þá finnst mér það eiga að vera algjört aukaatriði hvort hann, áður en hann kom til landsins upphaflega, hafði fengið ótímabundið atvinnuleyfi. Þetta vil ég að falli út.

En varðandi 3. mgr. eða núverandi 4. mgr. sömu greinar þá sýnist mér að höfundar frv., eins og það er nú flutt, hafi tekið nákvæmlega upp orðalag brtt. sem ég flutti hér á síðasta vori því að sá liður orðast nú svo:

„Víkja má frá skilyrði c-liðar ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því."

Ég fagna því, herra forseti, ef ég hef tekið þarna rétt eftir, að þessi brtt. mín hafi verið tekin orðrétt upp.

[16:03]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að halda því til haga varðandi Schengen — þó að ég verði seint sökuð um að vera einlægur aðdáandi Schengen, aðallega vegna kostnaðar sem af því ágæta samstarfi hlýst — að þarna er auðvitað ákveðið hagræði fyrir þá sem hér dvelja til lengri eða skemmri dvalar til að stunda vinnu. Þeir útlendingar sem hér eru starfandi hafa þá frjálsa för innan Schengen-svæðisins, t.d. ef þeir fara í sumarleyfi til Evrópulanda eða eitthvað í þá veru. Með tilliti til Schengen kemur þetta ekki illa út að öllu leyti fyrir þá útlendinga sem hér koma til starfa.

Varðandi kjarasamningana og þýðinguna á þeim þá tek ég undir að það er auðvitað mjög mikilsvert að þeir útlendingar sem hér eru að störfum þekki rétt sinn og þá kjarasamninga sem þeir vinna eftir. Það hafa einmitt verið verkalýðsfélögin, sem hafa gefið út kjarasamningana, sem hófu að þýða þá. Ég tel það auðvitað vera skyldu þeirra og ég held að það sé einmitt þeirra sýn á þessi mál.

Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin leggja ríka áherslu á að hafa umsagnarrétt um hverjir fái atvinnuleyfi. Þau taka þá jafnframt á sig ákveðnar skyldur, m.a. hlýtur það að vera skylda verkalýðsfélaganna að upplýsa þá útlendinga sem hér koma til starfa um þann rétt sem þau sömu verkalýðsfélög og Alþýðusambandið hafa samið um fyrir þeirra hönd. Ég held að það sé sjálfgefið að það sé skylda þeirra að koma því til skila til síns fólks.

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi seinna atriðið sem hv. þm., formaður félmn., tók upp þá er út af fyrir sig alveg rétt að verkalýðshreyfingin og verkalýðsfélögin sjá yfirleitt um að koma upplýsingum á framfæri til félagsmanna sinna um kjarasamninga og réttindi þeirra að því leyti. Það má segja að það sé þá eðlilegt að það gildi jafnframt um útlendinga sem samkvæmt tilteknum reglum koma hér inn á vinnumarkaðinn og greiða gjöld.

En það væri þá ekkert að því að taka af skarið um það með einhverjum hætti hér í lögunum. Eins og skýrt kemur fram í lögunum má leggja kvaðir og skyldur á herðar íslenskum ríkisborgurum ekkert síður en erlendum, sbr. 1. gr. laganna. Það geta verið íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar eða aðilar eins og verkalýðshreyfing, atvinnurekendur og fyrirtæki o.s.frv. Ég held að við ættum kannski að huga að því í nefndinni að breyta þessu í 1. gr. og opna það betur þannig að það sé ljóst að íslenskir aðilar, bæði ríkisborgarar, lögaðilar, félagasamtök og aðrir slíkir geti borið þarna skyldur.

Varðandi hitt atriðið, um Schengen, sem hv. þm. lýsti sig nú ekki mjög mikinn aðdánda að, m.a. vegna mikils kostnaðar, þá er það út af fyrir sig á sínum stað. Það er nú einmitt í fréttum þessa dagana að þessi vitleysa sé m.a. að setja Flugstöð Leifs Eiríkssonar endanlega á hausinn, og var þó ekki á bætandi á þeim bænum. Ég tel að við þurfum að

taka þessar reglur sem þarna eru settar um atvinnuleyfin inn í samhengi þess sem ákveðið hefur verið varðandi dvalarleyfi og aðra slíka hluti sem hafa áhrif á stöðu útlendinga hér. Ég held að það muni draga mjög úr því að fólk sem hingað kemur standi í því að fá hér dvalarleyfi. Það mun frekar reyna að koma hingað sem ferðamenn vegna þess að það er mun einfaldara eins og nú er orðið í pottinn búið. Þá er dvöl þess hér bundin við þrjá mánuði og það hefur aftur áhrif á möguleika þess til að skoða stöðu sína hér, kynna sér aðstæður o.s.frv.

[16:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og ég sagði í stuttu andsvari mínu fyrr í dag þá tel ég efnislega að þetta frv. sé til talsvert mikilla bóta. Ég vil þó gera nánari grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi það að fólk eigi kost á upplýsingum þegar það kemur til landsins og að atvinnurekendur og stéttarfélög hafi þar nokkra ábyrgð. Ég hef litið svo á að ekki væri vanþörf á því að fólki væri gefinn kostur á að öðlast skilning á réttindum sínum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék áðan að kjarasamningum. Ég tek undir þau sjónarmið. Þar koma einnig til ýmis önnur réttindi eins og samfélagsleg réttindi manna sem koma til landsins, t.d. réttur til að leita sér lækninga og þarf að vera skýrt hvaða ábyrgð atvinnurekandinn ber í því.

Önnur félagsleg atriði koma iðulega upp þegar fólk flytur til landsins. Ég hefði talið eðlilegt að hugað yrði að því að útlendingum væri gefinn kostur á einhverri lágmarkskennslu eða fræðslu um þjóðfélagið og reynt yrði að koma því til skila, bæði á þeirra máli og eins að kenna þeim einhverja lágmarksundirstöðu í íslensku á stuttum námskeiðum.

Hér er að vísu til bóta að sett er inn ákvæði í 9. gr. um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu og að atvinnurekendur og stéttarfélög skuli veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar. Gott og vel. Ég tel að við hefðum átt að ganga lengra í þessu efni og gera skylt að á fyrsta mánuði dvalar í landinu yrði mönnum tryggður réttur á ákveðinni kennslu í tíu daga eða hálfan mánuð á máli sem þeir skilja og þá fengju þeir jafnframt lágmarksfræðslu um íslenskt mál.

Ég hef orðið var við það, m.a. á Vestfjörðum, að fólk hefur starfað hér árum saman án þess að þekkja réttindi sín. Vissulega hefur verið bætt þar verulega úr núna á síðustu árum en engu að síður er þetta ástand sem á ábyggilega víða við. Það er einfaldlega svo að útlendingar koma inn í fleiri störf hér á landi, ekki bara í fiskvinnslu og verksmiðjustörf heldur og í alls konar þjónustu í hinum svokallaða hreingerningargeira eða hvað á að kalla það, hjá hótelum við þrif og skúringar.

Þetta er auðvitað bara fyrsta stig þróunar sem aðrar þjóðir hafa gengið í gegnum og við fylgjum henni á fullri ferð. Mig langar til gamans að segja frá því að á Norðurlöndunum eru menn komnir miklu lengra í því að ná í vinnuafl inn í sín lönd, ekki bara í þær atvinnugreinar sem landsmenn hafa horfið frá að miklu leyti og útlendingar tekið yfir, heldur eru löndin líka farin að auglýsa eftir sérhæfðu starfsfólki.

Ég tók eftir því þegar ég var staddur í Póllandi að þar var norska ríkið að auglýsa eftir sérmenntuðum heilbrigðisstarfsmönnum, læknum og hjúkrunarkonum. Hvernig stóðu þeir að því? Jú, þeir auglýstu eftir fólki sem gæti tekist á við þessi störf í Noregi með þeim skilyrðum að það réði sig til þriggja ára og viðkomandi lærðu norsku og kynntu sér lög og reglur norsks þjóðfélags. Það hafði til þess sex mánuði á fullum launum. Þarna er að vísu verið að óska eftir sérhæfðum starfstéttum sem var orðin þörf fyrir í Noregi og Norðmenn gátu ekki annað sjálfir af einhverjum ástæðum. Þetta er auðvitað sú þróun sem er að verða í Vestur-Evrópu. Það er sífellt verið að bjóða fólki til landanna til að taka að sér fleiri og fleiri störf, jafnvel þau sem við köllum hálaunuð í okkar landi og krefjast langrar skólagöngu.

Ég held að þessi þróun muni smátt og smátt gera meira vart við sig hér á landi. Þetta gæti þróast með þessum hætti. Ég held að þjóðfélagið á Íslandi verði betra eftir því sem við tökum betur á móti útlendingum og kennum þeim meira. Ég er alveg sannfærður um það. Til þess að losna við þau vandamál sem hafa fylgt innflytjendum í öðrum löndum þá þurfum við akkúrat að standa þannig að málum að fræða fólkið og gera það fyrr hæft til að taka þátt í íslensku þjóðfélagi svo að hér komi ekki upp vandamál eins og útlendingahatur og önnur óæskileg áhrif sem við höfum heyrt af og séð.

Hér í 11. gr. er eitt atriði sem mig langar að víkja, þar sem talað er um að menn hafi dvalið „samfellt á Íslandi". Ég var að reyna að átta mig á því hvaða skýring væri á bak við þetta orðalag og fletti hér upp á athugasemdum við þessa grein. Þar segir að þetta sé nýmæli:

„Nýmæli er að gert er að skilyrði að útlendingur hafi dvalið samfellt í landinu."

Ef á að túlka þetta eftir orðanna hljóðan þá er þetta afar stíft ákvæði. Flest það fólk sem kemur hér til starfa dvelur ekki samfellt í landinu, ef á að túlka orðin nákvæmlega þannig að það fari ekki af landi brott í þrjú ár samfellt. Ég hygg að margir þeirra útlendinga sem hér hafa komið til starfa hafi einmitt, fyrstu eitt, tvö og þrjú árin, farið í ferðir til heimalands síns í sumarfríum. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig menn túlka þetta orðalag. Ég get ekki lesið það út úr athugasemdum um 11. gr. En ef það er túlkað eftir orðanna hljóðan, að það sé algert skilyrði að fólk sé hér samfellt, þá spyr ég: Hversu lengi má þá fólk vera í eðlilegu fríi frá landinu svo að búsetan teljist samfelld? Eða þurfa menn að vera hér alla 12 mánuði hvers árs til að uppfylla þetta skilyrði? Er það túlkað þannig að eðlileg dvöl fjarri landinu, t.d. í einn eða tvo mánuði á ári, komi ekki í veg fyrir að vera þeirra hér á landi teljist samfelld dvöl? Þetta held ég að sé nauðsynlegt að skýra. Ég held að það sé beinlínis ósanngjarnt að setja þetta orðalag í lagatexta ef það þýðir það að fólk skuli vera hér samfellt í 36 mánuði án þess að fara nokkurn tíma af landi brott til þess að öðlast hið svokallaða óbundna atvinnuleyfi, atvinnuleyfi sem þýðir að menn megi dvelja hér og hafa atvinnu til framtíðar.

Þetta vildi ég minnast á en að öðru leyti sýnist mér þetta frv. til mikilla bóta. Ég tel að það mætti skerpa á því sem snýr að snöggri og vel skilgreindri fræðslu við komu til landsins þó að fólkið yrði svo síðar sjálft að leita sér kennslu í íslensku. Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að áðan, að fólk hefur dvalið í landinu við nánast ömurleg skilyrði mánuðum saman án þess að hafa fengið nokkra fræðslu um rétt sinn og kannski hefur jafnvel beinlínis verið unnið að því að það fengi ekki slíka fræðslu, því miður. Það eru sem betur fer algerar undantekningar og ber ekki að telja að slíkt sé regla eða algengt hjá íslenskum atvinnurekendum. Yfirleitt eru samskipti þeirra við útlendingana til sóma en mér finnst hins vegar að okkar þjóðfélag geti gert betur og stefna eigi að því að gera betur til að koma í veg fyrir framtíðarvandamál.

[16:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrst um orðanotkun sem hv. formaður félmn. gat um í máli sínu. Ég lít svo á að það sé ekki stórvægilegt atriði. Ég vil náttúrlega taka það fram að auðvitað er þetta mál í höndum Alþingis og bráðum í höndum félmn. og hún getur að sjálfsögðu breytt frv. eða gert tillögu um að breyta frv. ef henni svo sýnist.

Þegar ég fór að velta þessu fyrir mér með tímabundið atvinnuleyfi og ótímabundið atvinnuleyfi þá fannst mér réttara að halda til haga upphaflegu orðalagi. Tímabundið atvinnuleyfi vísar bæði til þess að það er bundið við atvinnurekandann og líka við ákveðinn tíma. Ég get hins vegar alveg fallist á að þetta er ekkert fallegt mál. Ótímabundið atvinnuleyfi gæti ég alveg eins hugsað mér að kalla t.d. frambúðaratvinnuleyfi eða eitthvað þess háttar. En þarna þarf að gera einhvern greinarmun og mér fannst þetta gleggra svona. Ég mundi hins vegar ekkert tárast þó að hv. félmn. héldi sig við fyrri tillögu.

Varðandi það að atvinnurekandinn fær atvinnuleyfið en ekki starfsmaðurinn sjálfur í fyrstu lotu þá eru ákveðin rök fyrir því. Þau eru að einhver verður að bera ábyrgð á starfsmanninum. Það er ekki hægt að ætlast til þess að starfsmaðurinn komi hingað og geti í öllum tilfellum klárað sig hjálparlaust. Þetta er sett viljandi þess vegna og ekki gert til þess að niðurlægja starfsmanninn og fjarri lagi er sú túlkun sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ýjaði að, og reyndar hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, að eitthvert eignarhald skapaðist hjá atvinnurekandanum á starfsmanninum með þessu. Atvinnurekandinn ber ábyrgð á þessum gesti meðan hann vinnur hjá honum þangað til hann er búinn að aðlagast þjóðfélaginu með ákveðnum hætti og vonandi orðinn sjálfbjarga.

Upp hafa komið dæmi þess að atvinnurekandi hefur hætt starfsemi og farið á hausinn t.d. eða brugðist með einhverjum hætti skyldum sínum. Þá hefur Vinnumálastofnun verið mjög áfram um að aðstoða þá starfsmenn sem hafa misst vinnuna til þess að fá aðra vinnu.

Vestfirðingar hafa staðið afar vel að móttöku útlendinga og þar eru þeir fleiri en annars staðar. Á Ísafirði er fólk af 40 þjóðernum eða í kringum það að mér er sagt. Þar höfum við opnað fjölmenningarsetur sem ég vona að verði mjög til bóta og til hjálpar því fólki sem sækir okkur heim. Ég er út af fyrir sig sammála þeirri hugsun að eðlilegt sé að málefni útlendinga heyrðu undir eitt ráðuneyti. Við könnuðum það hjá dómsmrn. í aðdraganda frv. en ekki var vilji til þess hjá dómsmrn. að láta af hendi dvalarleyfin eða sleppa hendinni af þessu verkefni. Þess vegna verður þetta að vera samstarfsverkefni. Það er eðlilegt að atvinnuleyfin séu hjá félmrn. meðan Vinnumálastofnun er þar.

Um það hvernig eigi að skilja orðin samfellt í landinu, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson minntist á, þá lít ég svo á að með samfellt í landinu sé meint að atvinnan sé fyrst og fremst stunduð á Íslandi á þessum tíma. Ég teldi það alveg fráleitt að gera þá kröfu að starfsmaður væri hér innan landsteinanna allan þennan tíma. Að sjálfsögðu verður fólkið að hafa frelsi til þess að ferðast, t.d. til síns heima í sumarleyfum eða einhverjum heimsóknum. Annað fyndist mér fráleitt. Það sem átt er við er að fólkið sé með meginhluta atvinnutekna sinna frá Íslandi. Það getur vel verið að skynsamlegt sé út af þessari ábendingu hv. þm., svo enginn velkist í vafa um það, að taka inn í nál. félmn. skýrara orðalag um þetta frekar en að beinlínis þurfi að breyta textanum.

Ég tel að við höfum rýmkað ákvæðin þarna. Varðandi ríkar sanngirnisástæður og hvort orðið ríkar á að vera þarna með eða ekki, finnst mér eðlilegt að sköpuð séu færi til þess að veita þessi leyfi fólki sem hingað er komið og t.d. námsmönnum sem kjósa að afla sér tekna. Hitt er svo annað mál að heimurinn hefur að vísu breyst á þessum síðustu tímum. Við höfum orðið vitni að því í nútímanum að illvirkjar eru á sveimi. Sem betur fer eru þeir sennilega ekki á ferli meðal okkar hér á Íslandi. Þó er ekki útilokað að svo kunni að fara að hryðjuverkamenn eða illvirkjar af einhverju tagi reyni að koma hingað, ekki til starfa kannski, heldur til að stikla hér í annarlegum tilgangi. Því er eðlilegt að hafa ákveðinn vara á sér og eðlilegt að halda uppi útlendingaeftirliti og kanna hvaða fólk er hér á ferð. En ég legg áherslu á að mjög mikilvægt er fyrir okkur að taka vel á móti því fólki sem hingað kemur og útlendingar eru orðnir mjög mikilvægir í íslensku þjóðfélagi. Í öllum sveitarfélögum á Íslandi, leyfi ég mér að halda fram, er eitthvert fólk af erlendu bergi brotið. Við þurfum að passa upp á að það sé komið eðlilega og vel fram við þetta fólk.

Ef við höfum minnsta grun um að farið sé illa með útlendinga með atvinnuleyfi, t.d. varðandi húsnæðisaðstæður eða annað því um líkt, þá höfum við kvatt til heilbrigðiseftirlit, við höfum kvatt til lögreglu til að kanna þessi atriði, við höfum haft samband við verkalýðsfélög og það er vilji okkar í ráðuneytinu að sómasamlega sé staðið að þessum málum og sem betur fer held ég að svo sé í langflestum tilfellum. En ég vil bara nota þetta tækifæri og biðja þá sem hafa einhvern grun eða vissu um að illa sé komið fram við þetta fólk, að verið sé að níðast á því í launakjörum eða að það búi við illan aðbúnað, endilega hreint að láta vita og við munum þá skerast í málið. Við höfum reynt að hjálpa þessu fólki til að aðlagast. Við höfum styrkt þýðingar á kjarasamningum á útlendar tungur. Við höfum gefið út ágætan bækling með upplýsingum um íslenskt þjóðfélag, réttindi og skyldur. Hann hefur verið þýddur á allmörg tungumál, eitthvað á annan tug tungumála, og hann á að vera fyrirliggjandi og aðgengilegur öllu þessu fólki, vona ég. Við höfum gefið út vandaða handbók fyrir fólk sem sýslar með útlendinga. Við höfum staðið fyrir námskeiðahaldi þar sem útlendingum er kennd íslenska o.fl.

Við erum að undirbúa breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna og eitt af því sem við erum að skoða er hvort eðlilegt væri að rýmka kosningarréttinn þannig að fólk sem komið er með lögheimili hér fengi kosningarrétt til sveitarstjórna eins og Norðurlandabúar.

Ég tel að ákveðin rök séu fyrir því að ekki bara atvinnurekandinn fái atvinnuleyfið í byrjun heldur einnig að meginreglan sé sú að það sé gert áður en viðkomandi starfsmaður kemur til landsins. Það er ekki gott að hingað streymi fólk í atvinnuleit ef það fengi svo ekki vinnu og stæði uppi vegalaust. Margt af þessu fólki er ekki mjög fjáð og dýrt er að ferðast til Íslands. Ég vil hins vegar undirstrika það, og ætla að láta það verða lokaorð mín, herra forseti, að íslensku þjóðinni er fengur að útlendingum, ekki bara sem starfsmönnum til þess að halda atvinnulífinu gangandi þó að það sé mjög mikilvægt heldur einnig í menningarlegu tilliti. Ég vitna gjarnan til þess hvílíkum stakkaskiptum íslenskt tónlistarlíf hefur tekið vegna áhrifa frá útlendingum sem hingað hafa komið. Ég nefni líka að útlendingar eru farnir að

gera það býsna gott í hestamennsku á Íslandi. Svona mætti lengi telja.

Okkur er fengur að þessu fólki. Ég vænti þess að frv. bæti réttindi þess og geri því dvölina ánægjulegri hjá okkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:32]

Útbýting þingskjala:

Biðlistar í heilbrigðiskerfinu, 97. mál, svar heilbrrh., þskj. 268.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 75. mál, svar iðnrh., þskj. 211.

Útgjöld heimila til lyfja- og læknisþjónustu, 69. mál, svar heilbrrh., þskj. 267.

Þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis 1990–2000, 163. mál, svar félmrh., þskj. 276.

Efling félagslegs forvarnastarfs, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

[16:32]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um eflingu félagslegs forvarnastarfs. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um með hvaða hætti vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist.

Heimilt verði að verja allt að 75 millj. kr. á árinu 2001 til að hefja framkvæmd átaksins og síðan allt að 200 millj. kr. árlega í fimm ár.

Ríkisstjórnin skili Alþingi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangur átaksins er metinn."

Hér er um að ræða, herra forseti, endurflutta tillögu frá síðasta þingi er varð ekki útrædd þá. Tillagan er því endurflutt óbreytt ásamt þeirri greinargerð sem henni fylgdi.

Ljóst er, herra forseti, að af hálfu okkar flm. tekur þessi tillaga ákveðinn útgangspunkt í því alvarlega samfélagslega vandamáli sem aukin neysla fíkniefna er, en hún hefur víðari skírskotun eins og reyndar kemur fram í sjálfri tillögugreininni og ég kem nánar að síðar. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa lýst vilja sínum til þess að bregaðst við fíkniefnavandanum og sumir jafnvel farið mikinn í loforðum eða fyrirheitum um myndarlegt átak og fjárveitingar í þeim efnum. Þessi tillaga er af okkar hálfu hugsuð sem innlegg í baráttuna gegn neyslu ávana- og fíkniefna og snýr eins og nafnið bendir til að félagslegum forvörnum. Um leið er ætlunin að stuðla að þroskandi þátttöku ungs fólks, bæði félagslega, andlega og líkamlega í uppbyggilegu félagsstarfi.

Það er ekki markmið forvarnastarfs í sjálfu sér að ráða fyrir um hegðun einstaklinga í stóru og smáu. Slíkt verða menn að gera sjálfir og axla ábyrgð á eigin örlögum en forvarnir snúast um að gera fólki grein fyrir þeim hættum sem t.d. notkun vímuefna eru samfara. Þær snúast einnig um að reyna að koma í veg fyrir að menn taki ákvarðanir um að fara að nota slík efni, vímuefni áður en þeir hafa þroska til og síðast en ekki síst að ef til neyslu kemur, þá verði hún ekki í óhófi.

Það er samdóma álit allra sem til þekkja og sinna forvörnum, heilbrigðismálum eða glíma við vandamál sem eru samfara ofneyslu vímuefna, að það eitt og sér að seinka notkun vímuefna, seinka því að notkun hefjist hjá ungu fólki sé alltaf til mikilla bóta, enda hljóti það að vera betur í stakk búið til að umgangast vímuefnin eftir því sem það hefur öðlast meiri þroska og þekkingu og svo eru einnig heilsufarsleg rök, herra forseti, sem falla í sama farveg að neyslan er heilsufarlega þeim mun skaðlegri sem hún hefst fyrr.

Félagslegar forvarnir hafa þann mikla kost að í raun eru þátttakendurnir sjálfir aðalliðsmenn í starfinu. Þeir eru að sinna eigin forvörnum með því að taka um leið þátt í þroskandi og uppbyggjandi starfi og sniðganga vímuefnin. Slíkt félagsstarf hefur líka til hliðar marga jákvæða kosti í för með sér. Það eykur samskiptahæfni fólks, eflir sjálfstraust og eflir því bjartsýni, kjark og virðingu og kennir mönnum á lífið. Aðalatriðið er að finna eitthvað sem er við hæfi hvers og eins. Þess vegna þarf átak af þessu tagi að hafa mjög víða skírskotun og fyrir fram á ekki að útiloka neitt tómstundastarf á vegum hvers sem er sem þátttakanda í aðgerðum af þessu tagi. Ef tillit er tekið til þess hversu geysivíða er unnið að félagsstarfi sem hefði jákvætt gildi í þessum efnum á vegum þeirra aðila sem taldir eru upp í tillögugreininni sjálfri, þ.e. félagsmiðstöðva, ungmenna og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, í skátahreyfingunni, í ýmiss konar tómstundafélögum, áhugamannafélögum, trúfélögum, útivistarfélögum o.s.frv., þá er ljóst að mjög margir geta orðið virkir þátttakendur og liðsmenn í aðgerðum af þessum toga.

Mjög oft er ekki síst höfðað til íþróttahreyfingarinnar í þessu sambandi og víða er það nærtækasta röksemdin þegar menn eru að færa fram rök fyrir því að styrkja íþróttafélög, að íþróttahreyfingin og þátttaka í íþróttum sé í eðli sínu um leið gagnlegt og mikilvægt forvarnastarf og sem betur fer eru mjög miklar innstæður fyrir slíkum fullyrðingum þó að þær eigi ekki alltaf við. En kannanir sýna að íþróttir gegna stóru hlutverki í félagslegum forvörnum og þátttaka í þeim gagnast í baráttu gegn ávana- og fíkniefnum. Þar kemur til bæði mikið félagslíf sem íþróttaiðkuninni fylgir og unglingar sem stunda íþróttir eru einnig líklegri til þess að taka sér fyrirmyndir úr hópi íþróttafólks en vímuefnaneysla og íþróttaiðkun og afrek í íþróttum fara ekki vel saman eins og kunnugt er. Allt á þetta því að bera að sama brunni. Þetta á að stuðla að því að menn hugsi um heilsu sína og láti vímuefni ósnert.

Jafnframt er ljóst, herra forseti, að mikill fjöldi ungs fólks finnur ekki eitthvað við sitt hæfi á vegum ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar og brottfall úr íþróttum er mikið meðal unglinga. Þannig t.d. endast ungar stúlkur oft því miður mjög illa þegar kemur upp á unglingsár þó þær hafi hafið íþróttaiðkun sem börn og þá er mikilvægt að einhverjir fleiri kostir séu í boði. Þá komum við að félagsmiðstöðvunum ekki síst, sem víða gegna afar mikilvægu hlutverki í lífi

nútímaunglinga og skipta sífellt meira máli. Þar er boðið upp á vímulaust og verndað umhverfi, umhverfi sem foreldrar geta treyst. Þær eru eftir því sem kostur er staðsettar í nærumhverfi fólks, þær eru í hverfum og þar er yfirleitt að finna starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu þar sem ekki síst forvarnir eru áhersluatriði.

Starf félagsmiðstöðvanna er auðvitað afar fjölbreytt og ég treysti því að hv. þm. þekki almennt til þess og er ástæðulaust að taka tíma í að telja það allt saman upp. Um 70 félagsmiðstöðvar sem falla undir þá venjubundnu merkingu þess orðs eða hugtaks eru starfræktar víðs vegar um landið. Þar er unnið gífurlega mikilvægt starf við að mörgu leyti býsna takmarkaðar aðstæður, bæði hvað varðar fjárveitingar, húsakost o.fl. Yfirgnæfandi meiri hluti af þeim fjármunum sem félagsmiðstöðvarnar hafa handa á milli fara beint í laun eða allt að 92–97% eftir því sem könnun okkar flutningsmanna sýndi þegar við vorum að undirbúa þessa tillögu. Augljóst er því að ekki er mikið eftir til annarra þátta og með því einu að auðvelda félagsmiðstöðvunum að hafa fjármuni til að ráðstafa í verkefni tengd starfsemi sinni önnur en beinar launagreiðslur mætti gerbreyta aðstæðum í slíku starfi, gera það áhugaverðara og meira gefandi fyrir þátttakendur, unglingana sem þar koma við sögu. Það er auðvitað algerlega fráleitt að ætlast til þess að félagsmiðstöðvar færu að reyna að afla sér sértekna eða selja inn ef svo má að orði komast því að augljóslega mundi það fæla væntanlega fyrst frá þann hópinn sem mesta þörf hefur fyrir að eiga þar athvarf. Menn verða því þar af leiðandi að nálgast það mál með öðrum hætti. Það er án efa þannig að þó að víða sé mikill metnaður til staðar hjá sveitarfélögum og fleiri aðilum að styrkja starfsemi slíkra miðstöðva, þá mætti auðvelda það starf geysilega ef til staðar væru fjárveitingar og opinber stuðningur af því tagi sem tillagan auðvitað gerir ráð fyrir að komi til sögunnar.

Samkvæmt mælingum sem skoðanakönnunarfyrirtækið Gallup mun hafa gert, þá tekur meiri hluti unglinga þátt í starfi félagsmiðstöðva, þ.e. á bilinu 50–65% og það er ívið meiri þátttaka en t.d. er í íþróttaiðkun sömu aldurshópa. Félagsmiðstöðvarnar gegna því þarna gríðarlega stóru hlutverki og eru í vaxandi mæli einnig eins konar hverfismiðstöðvar. Þær eru í vaxandi mæli miðstöðvar foreldragæslu. Foreldravaktir á vegum foreldrafélaga í skólum styðjast við starfsemi félagsmiðstöðvanna. Þær eru gjarnan skipulagðar af starfsfólki félagsmiðstöðvanna í samstarfi við foreldrafélög og fleira mætti þar telja. Þær hafa þjónað talsverðu hlutverki í því einnig að reyna að gera umhverfið öruggara og tengja saman starfsemi foreldra, skóla og félagsmálayfirvalda eða bæjaryfirvalda o.s.frv. Dæmi eru um að mjög ungum börnum sé sinnt með starfi í frístundaheimilum með námskeiðum o.s.frv.

Ég vil nefna eitt mjög glæsilegt dæmi um starfsemi af þessum toga sem svo sannarlega ætti skilið að njóta meiri skilnings og það er starfsemi Apóteksins á Ísafirði þar sem um er að ræða mjög merkilega félagsmiðstöð, unglingamiðstöð sem ég veit að margir þingmenn þekkja og hafa heimsótt og væri einmitt glæsilegt dæmi um forvarnastarf og félagsstarf sem ætti að efla og mér liggur við að segja, herra forseti, stjórnvöld ættu að taka því fagnandi að fá tækifæri upp í hendurnar til þess að efla starfsemi af því tagi sem hugsjónafólk hefur komið á fót, t.d. í Apótekinu og á fjölmörgum öðrum sambærilegum stöðum, ekki síst í hinu skipulagða starfi félagsmiðstöðvanna um allt land. Þessi starfsemi vinnur gríðarlega gott starf við mjög takmarkandi aðstæður. Í grg. kemur fram, herra forseti, ef menn vilja lesa sér til um það sem er auðvitað ekki til þess að við getum verið mjög stolt af, að það muni vera algert einsdæmi t.d. innan Evrópusamtaka félagsmiðstöðva sem eru til og starfa að landssamtök félagsmiðstöðva eins og í okkar tilviki eru Samfés greiði alfarið kostnað af starfsemi sinni sjálf, þ.e. það byggist á félagsgjöldum og kostun en sé ekki stutt með opinberum fjárveitingum eins og auðvitað ætti að vera. Það er því einn þáttur og einn angi þessa máls að leggja fjármuni af hálfu hins opinbera til að auðvelda mönnum skipulagningu slíks starfs, auðvelda mönnum þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og annað í þeim dúr.

Margt bendir til þess, ef eitthvað er, að þörfin sé að aukast fyrir að þjóna ekki síst aldurshópnum 16–18 ára og þar ber ýmislegt til. Nefna má í því samhengi hækkun á sjálfræðisaldri og nefna má stöðu þeirra sem falla út úr skólum á þessu árabili og nálægum aldurshópunm. Sumir kalla þá gleymda hópinn í samfélagi okkar eða a.m.k. í röðum unglinga, ungs fólks, og eftir því sem almenn skólaþátttaka hefur náð lengra upp í skólastigum verður staða þess hóps sem fyrr dettur út úr skóla strax eftir að skólaskyldu lýkur á margan hátt erfiðari og sá hópur verður minnihlutahópur eða staða hans sérstakari ef svo má að orði komast. Við vitum að hætturnar bíða þar við hvert fótmál og það eru ekki síst slíkir hópar sem þarna á að hafa í fókus og horfa sérstaklega til.

Herra forseti. Ég vona að tillagan fái málefnalega og velviljaða skoðun á þinginu og mikið ánægjuefni væri okkur það ef hún fengist afgreidd og ég veit að það mundi ekki gilda síður um marga þá sem horfa vonaraugum til þess að Alþingi taki á þessum málum með einhverjum þeim hætti sem hér er lagt til.

[16:48]

Soffía Gísladóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er áhugaverð till. til þál. en að mörgu leyti samt undarleg. Ég hef unnið að forvarnamálum í mörg ár, bæði á vegum sveitarfélaga og á vegum ríkisins og hef fylgst með mörgum hópum sem eru að vinna við forvarnir berjast um krónuna. Ég mundi telja eðlilegra fyrst verið er að koma fram með þáltill. um að auka við fjárframlög, að talað væri um að auka við fjárframlög til þeirra sem eru nú þegar starfandi eins og t.d. áfengis- og vímuvarnaráðs sem er þó eins konar regnhlíf yfir þessum samtökum. Félagslegt forvarnastarf er kannski nýtt hugtak en við vitum að það starf sem verið er að nefna hér, ungmenna- og íþróttahreyfingarnar, nemendafélögin, skátarnir og trúfélögin, er forvarnastarf í sjálfu sér og það er mjög mikilsvert að efla slíkt starf. En varðandi það hvort við eigum að eyða peningum í að gera einhverja sérstaka úttekt á þessu starfi sem við vitum að er þegar blómlegt mjög víða, þá tel ég að peningunum væri mun betur varið til þess einmitt að styrkja þetta starf beint. Á fund fjárln. í morgun komu bæði skátar og KFUM og KFUK til þess að biðja um fjárframlög. Ég tel mjög eðlilegt að þeim verði veitt bein fjárframlög til eflingar starfsemi sinni. En það á ekki að setja peninga í einhverjar úttektir, alls ekki, því að þær kosta mjög mikið fé og við gætum varið því fjármagni mun betur, t.d. með því að efla starfsemi eins og Apótekið, eins og Tún á Húsavík sem verður opnað núna 11.11. klukkan 11.11, og slíkar miðstöðvar þurfa virkilega á opinberu fjármagni að halda því að þær eru ekki almennt styrktar. Sveitarfélögin styrkja nú þegar félagsmiðstöðvarnar og það er kannski ekki ríkisins að koma einmitt þar að.

Ég vildi bara koma því að að kannski væri eðlilegra að leggja meira fjármagn til áfengis- og vímuvarnaráðs sem síðan útdeilir.

[16:50]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægður með að hv. þm. finnst tillagan áhugaverð en ég átta mig ekki alveg á að innstæða sé fyrir því að halda því fram að hún sé samt að mörgu leyti undarleg. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir hvernig hv. þm. orðaði það. Í guðs bænum förum nú ekki að láta mismunandi skoðanir sem við kunnum að hafa á formi þessa máls skipta okkur upp í hópa ef við erum eftir sem áður jákvæð í garð þessa viðfangsefnis, að efla félagslegt forvarnastarf.

Það er alveg rétt að það er kannski svolítið ný hugsun í þessu að setja þetta saman undir þessu formerki, félagslegt forvarnastarf. Það er í sjálfu sér ekki fundið upp af okkur heldur er þetta hugtak sem hefur verið að byrja að þróast á vegum margra þessara aðila sem líta svo á að það sem þeir eru að gera sé að vinna félagslegt forvarnastarf, um leið auðvitað og þeir eru að gera ýmislegt annað hvort heldur það er að þjálfa fólk upp í íþróttaiðkun eða styðja við bakið á því til hollrar útiveru eða hvað það nú er.

Það er alls ekki svo að þessu átaki sé ætlað að vera til hliðar við eða ekki beinast að þeim aðilum sem einmitt nú eru starfandi. Það er nákvæmlega það sem hér er talið upp. Það má kannski segja að til að fyrirbyggja misskilning hefði átt að taka það sérstaklega fram að inni í þessu ætti að vera starf áfengis- og vímuvarnaráðs eða slíkra aðila. En ég held að það hafi bara verið svo sjálfgefið í okkar huga að það væri hluti af þessari mynd að ekki þyrfti að taka það fram.

Við erum vel að merkja að tala um átak í félagslegum forvörnum. Það stendur ekki á okkur að taka öllum tillögum fagnandi um aukin fjárframlög til þeirra sem eru starfandi að meðferðarúrræðunum og öðru slíku. Það er allt á sinum stað. Ég tel að það sé þarft að gera úttekt á þessu. Ég held að þörf sé á því. Hún á ekki að þurfa að kosta miklar fjárhæðir. En ég held að kortlagning á þessari fjölbreyttu starfsemi sé gagnlegt innlegg í þessa vinnu.

[16:52]

Soffía Gísladóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég notaði orðið undarlegt vegna þess að ég skildi ekki muninn á þessari áætlun sem flutningsmenn þáltill. koma með og síðan því átaki sem þeir ætla að setja fram. Mér fannst það ekki nógu skýrt. Eins tel ég að mjög gagnlegar upplýsingar séu til um þetta félagslega forvarnastarf. Því vildi ég leggja áherslu á það að ég vildi frekar sjá fjármunum varið til þessa starfs beint en ekki til þess að kosta ákveðnum fjármunum í einhverja úttekt þegar við getum í rauninni tekið þessar upplýsingar saman. Þær koma t.d. fram í þessari greinargerð nú þegar.

Kannski eitt enn. Það er í sambandi við þetta átak sem verið er að tala um. Ég tel að þetta ætti að vera stöðugt forvarnastarf. Við ættum kannski að leggja til þessar 200 millj. árlega næstu árin en ekki næstu fimm árin. Þetta eru miklir fjármunir og kannski ekki möguleiki að setja allt þetta í það, en setja þarf meira fjármagn í forvarnastarfið beint.

[16:54]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað vill maður að peningarnir nýtist sem best. Það er ekki hugsun okkar flutningsmanna að eyða fjármunum að óþörfu í einhverjar úttektir eða áætlanagerð. Það er ekki svo. En ég held að skynsamlegt væri að fá kortlagningu á stöðunni. Margir þeirra sem við flutningsmenn ræddum við þegar við vorum að undirbúa þessa tillögu nefndu einmitt að þörf gæti verið á því að fara yfir þetta svið og draga saman á einn stað upplýsingar um það sem mismunandi aðilar eru að gera. Til eru dæmi um að ákveðið sambandsleysi sé þar á milli, að jafnvel þó að menn séu að starfa að verkefnum innan sama hverfis í sveitarfélagi sem mundu falla undir þennan hatt, félagslegar forvarnir, þá sé ekki mikið samband þar á milli. Ég gæti nefnt dæmi um félagsmiðstöð, íþróttahreyfingu og skátafélag, allt í sama hverfinu, sem ég veit að gætu vel starfað betur saman. Reyndar er ekki frá okkur komin sú hugsun í fyrstu umferð að það gæti verið góður útgangspunktur málsins að gera svona úttekt. Við setjum tillöguna þannig fram að á fyrsta árinu eða á undirbúningsári yrðu 75 millj. kr. settar í að undirbúa og hefja átakið þannig að ljóst er að við erum ekki að tala um nema tiltölulega mjög litla fjármuni sem færu í þá undrbúningsvinnu og að starta þessu upp. Síðan kæmu 200 millj. á ári í fimm ár og það yrði á hverju einasta ári metið hvernig það skilaði sér til að efla þetta starf, að sjálfsögðu í von um að það gæfi svo góða raun að það héldi síðan áfram.

Það þarf varla að taka það fram að ef árangurinn af þessu yrði góður þá mundu menn að sjálfsögðu binda vonir við að þetta héldi áfram og það er auðvitað okkar hugsun.

Þessi tillaga er ekki síst sprottin upp úr viðtölum við fjölmarga aðila sem einmitt sinna verkefnum af þessum toga í félagsmiðstöðvum og víðar. Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. mun víða finna undirtektir við nálgun af þessu tagi ef hún leggur sig eftir því að heyra þær.

[16:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki miklu við að bæta varðandi þær hugmyndir sem liggja að baki þeirri tillögu sem hér er rædd. Hv. 1. flm. tillögunnar, Steingrímur J. Sigfússon, hefur farið á greinargóðan hátt yfir það allt saman. En það sem rekur mig í ræðustól er örlítil viðbót við þetta mál því að svo vill til að í gær, mánudaginn 5. nóvember, lauk í Salnum í Kópavogi svokölluðu netþingi sem var unglingaþing umboðsmanns barna sem staðið hefur yfir um nokkurt skeið þar sem unglingar víða að af landinu hafa átt með sér samskipti um þau mál sem á þeim brenna. Þetta var sett upp í formi þings þar sem ályktanir voru kynntar og samþykktar. Í gær var haldinn lokafundur þessa netþings, ályktanirnar þar með lagðar fram og greidd voru um þær atkvæði. Til gamans inn í þessa umræðu og til gagns fyrir nefndina sem kemur til með að fjalla um þetta mál langar mig til að geta í nokkru örfárra þeirra ályktana sem unglingarnir samþykktu á netþinginu sínu. Þarna voru ályktanir af ýmsum toga, t.d. ályktanir um skólamál, félagslíf, mannréttindi og um heimsmálin. Unglingarnir komu víða við og allt voru þetta mjög athyglisverðar umræður og ályktanir sem hér voru á ferðinni.

Þær ályktanir unglinganna sem mér finnst eiga sérstaklega vel við, herra forseti, þegar við ræðum félagslegt forvarnastarf sem lið í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna og til þess að þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks, fjalla um ofbeldi og vímuefni. Mig langar til að fá að hlaupa yfir þær, með leyfi forseta. Fyrsta ályktun unglinganna um ofbeldi og vímuefni hljóðar svo:

„Netþing 2001 telur mikilvægt að trúnaðarmaður nemenda sé til staðar í framhaldsskólum, sem hægt er að leita til þegar upp koma vandamál."

Rökin með ályktuninni eru eftirfarandi:

„Gott er að geta leitað til hlutlauss aðila þegar vandamál koma upp og ekki eru allir í þeirri aðstöðu að fá hjálp heiman frá. Mörg vandamál þjaka unglinga, t.d. eiturlyfjaneysla, ofbeldi og heimiliserjur. Vegna þessa teljum við að trúnaðarmaðurinn eigi að vera fagmenntaður einstaklingur og til staðar í öllum framhaldsskólum."

Önnur ályktunin um ofbeldi og vímuefni hljóðar svo:

„Netþing 2001 leggur til að jafningjafræðsla í vímuefnavörnum innan framhaldsskóla verði sett inn í lífsleiknisáfanga í námsskrá."

Og rökin:

„Við teljum að ungt fólk sem hefur lent í viðjum vímunnar hafi meiri áhrif sem forvörn en t.d. fræðslufundur með lögreglunni. Þegar aðili kemur í eigin mynd og segir sína sögu og við sjáum hvernig eiturlyfjanotkun hefur farið með hann eru mun meiri líkur á að við hlustum af meiri áhuga og hugsum okkar gang. Þarna fáum við ískaldan sannleikann beint í andlitið eins og vatnsgusu."

Þriðja og síðasta ályktunin frá unglingum á netþingi um ofbeldi og vímuefni er svohljóðandi:

„Netþing 2001 leggur til að opnuð verði nokkur hús fyrir heimilislausa, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landsbyggðinni til að veita þeim sem ekki hafa önnur úrræði, húsaskjól og mat."

Og rökin eru þessi:

„Við teljum að þetta leiði til fækkunar á innbrotum sem og ofbeldi sem á sér stað í þjóðfélaginu. Við vitum það mætavel að það mun alltaf vera til fólk sem hefur ekki í nein hús að venda og teljum það skyldu okkar að loka ekki augunum fyrir þeirri staðreynd að þarna úti er fólk sem býr á götunni."

Það er alveg ljóst af þessum ályktunum og umræðum sem áttu sér stað meðal ungs fólks á netþingi að á þeim brenna ýmis mál sem gætu bætt og aukið við það forvarnastarf sem félagsmiðstöðvarnar og aðrir þeir aðilar sem sinna slíkum málum sinna í dag. Það er afskaplega mikilvægt, ef af samþykki þessarar þáltill. verður, að gögn af því tagi sem þetta netþing hefur skilað séu tekin með í umfjöllunina því að hér er efnismikið mál þar sem fjallað er um hugmyndir ungs fólks sjálfs í þessu tilliti. Ég er alveg sannfærð um að ályktanir og niðurstöður þessa netþings koma til með að geta aukið við vægi og hugmyndir í þeirri vinnu sem þáltill. gerir ráð fyrir að fari fram.

Um athugasemdir hv. þm. Soffíu Gísladóttur við málið vil ég einungis segja að ekki er verið að kasta neinni rýrð á nokkurt af því forvarnastarfi sem unnið er í dag. Allt er það hið ágætasta starf og í greinargerðinni er því hælt. Hins vegar er alltaf þörf á því að skoða hlutina í stóru samhengi. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að gera könnun af því tagi sem hér er talað um. Fyrir t.d. fólk af okkar sauðahúsi sem situr hér í þingsölum dag út og dag inn og reynir að véla um líf og lög sem snerta manneskjur í þjóðfélagi okkar, skiptir verulegu máli að fá almennilega heildarsýn til þess að vita hvar hægt er að beita aðgerðum til þess að betrumbæta þjónustuna og auka möguleika ungs fólks og okkar sjálfra á bættu umhverfi í þessu tilliti. Það er full ástæða til að vekja athygli á því að hér er verið að tala um átak í fimm ár til að byrja með og þetta fé á að fara í framkvæmd átaksins, ekki bara í þessa könnun heldur til að ýta því í framkvæmd sem þessi könnun kemur til með að leiða í ljós að þurfi að gera.

Herra forseti. Það er samdóma álit allra þeirra sem vinna að forvörnum að þær séu öflugasta tækið sem við getum beitt í þágu unglinganna okkar til að reyna að koma í veg fyrir að þeir lendi á glapstigum eða verði fótaskortur. Oft eru þetta aðgerðir sem ekki þurfa að kosta svo mikið fé en stuðla að virkilega fyrirbyggjandi starfi, gera mannlífið mun auðugra og gefa ungu fólki öflug tækifæri til sjálfshjálpar.

[17:03]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er lögð fram till. til þál. um eflingu félagslegs forvarnastarfs. Tillagan er góð, og vona ég að hún fái jákvæða umfjöllun. Hér er rætt um að tengja saman ýmsa aðila sem vinna að félagslegu starfi með unglingum, eins og t.d. íþróttafélög og félagsmiðstöðvar, skáta og trúfélög o.fl.

Oft vakna spurningar, sérstaklega í sambandi við íþróttirnar. Við vitum að núna á þessari stundu, herra forseti, eru örugglega mörg hundruð unglingar í landinu í íþróttasölum víða um land á æfingum, í knattspyrnu, í handbolta, í fimleikum, í frjálsum og mörgu öðru, hjá ungmennafélögunum líka. Það má spyrja hvernig forvarnastarf sé unnið í íþróttahreyfingunni. Eru markvissir fundir með unglingunum þar? Er boðið upp á félagslegt starf? Er boðið upp á einhvers konar samkomur þar sem tengt er saman heilbrigt líf, íþróttir, bindindissemi og gæði þess að unglingar séu ekki í drykkju og neyslu vímuefna eða róandi lyfja eins og virðist vera farið að færast í vöxt hjá þeim að neyta samanber það sem kom fram í utandagskrárumræðu um daginn?

Hvert er markmið íþróttafélaganna? Íþróttirnar hafa á undanförnum árum tekið á sig breytta mynd. Gífurlega mikið fjármagn hefur komið inn í íþróttahreyfinguna og ýmsar íþróttir með aukinni atvinnumennsku. Því má spyrja hvort við séum farin að horfa of mikið á þann þátt, á kostnað þess afraksturs sem íþróttaiðkun og ástundun á að hafa, þ.e. það heilbrigða líf, gleði og ánægju, sem íþróttirnar eiga að veita, í stað þess að börn séu undir álagi vegna mikils kapps og mikilla væntinga foreldra eða umhverfisins um að þau standi sig svo vel að þau komist jafnvel í atvinnumennsku eða eitthvað slíkt.

Það sem er mikilvægast, herra forseti, þegar við förum að velta því fyrir okkur hvað skiptir mestu máli í íslenska samfélaginu, er náttúrlega heilbrigði og að fólki líði vel, fólk sé hamingjusamt og öruggt. Eitt af því sem grefur undan slíku er óregla, áfengisneysla og áfengisdýrkun sem birtist í ýmsum myndum, jafnvel á svo mótsagnakenndan hátt að maður sér fræg íþróttafélög vera að auglýsa bjór og áfengi. Það eru ákveðnar mótsagnir í því, herra forseti.

Ég tel vera mjög nauðsynlegt að fram fari samhæfing og samráð milli þeirra aðila í landinu sem vinna félagslegt starf með unglingum, og að það sé meðvitað hjá forsvarsmönnum þessara félagasamtaka að boða bindindissemi, að innræta börnum og unglingum hvað lífið getur verið gott og ánægjulegt og gleðiríkt án þess að verið sé að þamba bjór eða brennivín eða neyta annarra vímuefna. Mér finnst stundum vanta á að að lögð sé næg áhersla á þetta.

Það vaknar ein spurning í tengslum við þetta, herra forseti. Þegar hið opinbera leggur fram fjármagn í íþróttahreyfinguna eða alls konar starfsemi eins og félagsstofnanir og önnur tómstundafélög — ætti ekki að vera skylda að eyrnamerkja ákveðinn hluta framlagsins forvörnum? Við

gætum t.d. hugsað okkur að KR eða Valur eða Breiðablik fái ákveðnar fjárhæðir til þess að standa undir sínu starfi sem er náttúrlega mjög gott og nauðsynlegt en það sé skilyrt að ákveðinn hluti fjármagnsins fari í forvarnastarf beint, það sem lýtur að fræðslu um áfengismálin og fíkniefnamálin. Ég hvet til þess að þetta varði haft í huga þegar málið kemur til umfjöllunar, væntanlega í heilbrigðisnefnd.

[17:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni þáltill. sem ég tel fulla ástæðu til að koma í ræðustól út af og lýsa yfir stuðningi mínum við, og jafnframt við þá greinargerð sem með þáltill. er og þá hv. þm. sem töluðu á eftir flutningsmönnum. Mér finnst skipta afar miklu máli, virðulegi forseti, að farið verði í þessa skipulögðu félagslegu forvarnastarfsemi. Og þótt áfengis- og vímuvarnaráð, lýðheilsustofnun, eða hvað hún heitir eða verður látin heita, sú stofnun sem á að hafa yfirumsjón með öllum forvörnum, sé starfandi er það þannig að í dag veitum við töluverða fjármuni til t.d. íþróttahreyfingarinnar og til skátanna og til trúfélaga. Hins vegar er mjög takmarkað eftirlit með því hvernig þessir fjármunir nýtast. Þegar áætlað er samkvæmt tillögunni að setja allt að 200 millj. á ári hverju til slíkrar starfsemi er mjög nauðsynlegt að ákveðin grunnvinna fari fram þar sem starfsemi félagasamtakanna er kortlögð, tekin út og ákvarðað hvað það er í starfseminni sem nýtist sem forvarnastarfsemi, hvort t.d. á að leggja ofurkapp á keppnisíþróttir eða hvort það er annars konar starfsemi íþróttafélaganna sem nýtist best. Ég saknaði hins vegar að áhugaleikhúsin væru nefnd, líklega af því að ég horfði á hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur vegna þess að hún hefur verið nátengd þeirri starfsemi, en ég álít þau eiga fullan rétt á að falla inn í þá upptalningu sem hér er. Mér finnst eðlilegt að ríkið styrki félagsmiðstöðvarnar og þá starfsemi sem þar er oft og tíðum rekin af sveitarfélögunum ef um forvarnastarfsemi er að ræða. Og við megum ekki gleyma því að ef skipuleg forvarnastarfsemi færi fram af hálfu allra þeirra aðila sem taldir eru upp í tillögunni mundu þeir fjármunir sem væri verið að verja til starfseminnar skila sér fljótt í framtíðinni, í betri heilsu og heilbrigðara líferni ungmenna okkar. Það er það sem við erum að sækjast eftir, ekki satt?

En þegar um svona háar fjárhæðir er að ræða þarf nauðsynlega að gera úttekt á allri þessari starfsemi áður. Þótt ríkið hafi árum saman veitt fjármagn til allrar þeirrar starfsemi sem hér er nefnd, fyrir utan félagsmiðstöðvarnar sem hafa hugsanlega fengið til einstakra afmarkaðra verkefna, þá er það ekki fyrr en á síðustu árum sem þessi félög hafa skilað inn ársreikningum sínum, áætlunum og greinargerðum um starfsemi. Slíkt hefur ekki alltaf fylgt með þannig að menn hafa ekki vitað í hvað peningarnir hafa verið notaðir. Við viljum gjarnan trúa því að öll þessi samtök séu að vinna hið besta verk en einhvers staðar höfum við samt sem áður brugðist illilega vegna þess að niðurstaðan af rannsókn áfengis- og vímuvarnaráðs á neyslu ólöglegra vímugjafa, og löglegra reyndar líka, í framhaldsskólum, var uggvænleg og ekki síst vegna þess að þar eru einstaklingar að nota róandi lyf og svefnlyf án þess að hafa fengið þau ávísuð frá lækni. Og það er töluverður fjöldi einstaklinga sem í dag hefur ánetjast fíkniefnum. Aldurinn færist stöðugt neðar. Við fylgjumst jafnvel með því í fréttum að verið sé að hafa afskipti af 11–13 ára gömlum börnum sem eru með eiturlyf eða tengjast eiturlyfjaneyslu á einn eða annan hátt.

Ef við ætlum að sporna við þessu eins og hingað til virðist hafa verið samstaða um meðal allra flokka á Alþingi, eins og fram kemur í grg., því að þetta er vandi sem við verðum að bregðast við, þurfum við að gera það með mjög skipulegum hætti. Undirstaða þess er kortlagning vandans, kortlagning þess starfs sem skilar bestum árangri, og síðan að taka ákvörðun um útdeilingu fjármagns samkvæmt niðurstöðum þeirra úttekta. Ég er ósammála því, virðulegi forseti, sem hér hefur komið fram um að það sé komið nóg af þessum úttektum. Ég held að okkur vanti einmitt grunnvinnuna til þess að geta tekið skynsamlega á málinu.

[17:16]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel, eins og þeir sem hér hafa nú þegar tekið til máls, mjög brýnt að efla allt forvarnastarf á Íslandi. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda þegar kemur að misnotkun á vímuefnum og áfengi og vissulega þarf að gera gangskör að því að reyna að taka á þeim vanda.

Ég sakna þess þó í þeirri þáltill. sem hér er til umfjöllunar að ekki er minnst á mikilvægi foreldra, en ég tel að einkar brýnt sé að virkja foreldra með einhverjum hætti í þetta starf. Ég býst við að það hafi ekki verið vegna þess að flutningsmenn telji að foreldrar skipti ekki miklu máli heldur hafi það einfaldlega gleymst. En ég vil við umræðu þáltill. og í framhaldinu að fólk velti því fyrir sér með hvaða hætti ábyrgðin liggur hjá foreldrum, ekki bara einstaka foreldrum heldur foreldrum öllum í samstarfi, því að ég held að það hafi sýnt sig og rannsóknir hafi m.a. sýnt fram á það að samstaða foreldra skipti afar miklu máli og samábyrgð foreldra, þ.e. að við berum saman ábyrgð á öllum börnum.

Ég vek í framhaldi af þessu athygli á því að nú þegar liggja fyrir margvíslegar rannsóknir á bæði vímuefnaneyslu unglinga og forvarnastarfi og bendi á að nú þegar verjum við um 1 milljarði til meðferðar ungmenna og annarra sem hafa misnotað áfengi og vímuefni, en um 100 millj. til forvarna. Ég tel að brýnt sé að við breytum hlutföllunum þarna að einhverju leyti þannig að forvarnastarfið fái meira vægi.

[17:19]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á því að þetta sé andsvar við ræðu minni. Ég býst við að hv. þm. hafi verið að biðja um orðið vegna þess að ég er ekki einn af flm. þessarar tillögu, því miður, en ég styð hana eindregið. Ég tek hins vegar undir það sem hér kom fram um mikilvægi þátttöku foreldra í öllu forvarnastarfi og ég býst við því, án þess að ég ætli að svara fyrir flm. en hef þó lesið grg. býsna vel og fylgst með umræðunni, að einn þáttur þess sem á skoða í starfi þessara félagasamtaka sé einmitt mikilvægi þátttöku foreldranna í starfinu og þá hvernig það tengist því að þau megi skila sem bestum árangri í störfum sínum í þágu forvarna.

[17:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar aðeins að leggja orð í belg í umræðuna um eflingu félagslegs forvarnastarfs. Ég get tekið undir að þörf er á að efla forvarnir og heilsueflingu í samfélagi okkar og mér finnst ágætt að stjórnarliðar komi aðeins inn í umræðuna. Í morgun var ég á fundi þar sem var verið að ræða forvarnir. (Gripið fram í.) Já, það er verst að þessir stjórnarliðar stoppa svo stutt við, herra forseti, en það er samt engu að síður ágætt að þeir taki þátt í umræðunni. Það

er meira en hægt er að segja um þá sem stoppa við lengur úr þeirra liði.

En það hefur nefnilega vakið athygli að þó svo að Alþingi sé sammála um að efla forvarnir og hafi samþykkt heilbrigðisáætlun sem hefur sérstaklega tekið á forvarnamálum og heilsueflingu og slíkum þáttum erum við að setja mjög litla fjármuni í þennan málaflokk. Við erum að setja mjög lítið í beinar forvarnir. Ef við horfum t.d. bara til heilbrrn., þá fara af fjárlögum tæpir 80 milljarðar til þess ráðuneytis. Af þeim fer undir 1% til forvarna. Þetta er eitthvað sem okkur ber að hafa í huga, sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld hafa sýnt eindreginn vilja til að taka á þessum málaflokki í samþykktum eins og heilbrigðisáætlun og í ýmsu öðru sem þau hafa verið að senda frá sér, m.a. í hugmyndum um lýðheilsustöð þar sem á að taka sérstaklega á heilsueflingu og forvörnum og einmitt rannsóknum og úttektum sem er auðvitað þörf á að hafa við höndina þegar menn eru með stefnumörkun.

Þó svo að allt verði sett undir einn hatt og forvarnir séu undir einum hatti má það aldrei verða til þess að draga úr frumkvæði og taka ekki á málum á ýmsan hátt. Og þær upphæðir sem nefndar eru í þáltill., sem eru 75 millj. á árinu 2001 og síðan 200 millj. kr. árlega, eru ekki háar upphæðir. Þær eru kannski háar miðað við þær litlu fjárhæðir sem verið er að setja í þetta í dag sem eru náttúrlega skammarlega lágar vegna þess að eftir því sem útgjöld í heilbrigðis- og félagsmálum aukast hjá okkur verðum við að taka fyrr á málunum, en ekki þegar í óefni er komið. Við þurfum auðvitað að taka á því þar líka, en ekki aðeins þar. Við þurfum að koma í veg fyrir að vandinn verði. Það er stórt atriði. Þess vegna tek ég heils hugar undir að við þurfum að gera þetta á sem víðtækustum vettvangi.

Forvarnastarf sem verið er að vinna skarast vissulega á ýmsan hátt. Við gætum samræmt þá vinnu í lýðheilsustofnun eins og ég var að nefna eða heilsuverndarstöð. Og vegna þess að ég var að tala um rannsóknir, úttektir eða kannanir fannst mér það nokkuð athyglisvert sem kom fram á þeim fundi sem ég var á í morgun um forvarnamál að t.d. Manneldisráð hefur ekki fjármagn til að fá upplýsingar um neysluvenjur Íslendinga sem aflað hefur verið og eru til, því fjárveitingar koma ekki einu sinni til þessa ráðs sem á þó að sinna þessu og fá upplýsingar til að vinna síðan úr. Það vantar því fjármagn til að sinna rannsóknum til þess að við getum síðan náð árangri í forvarnastarfi okkar.

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að leggja þetta inn í umræðuna, sérstaklega vegna þess að þetta var svo ofarlega í huga mér eftir að hafa verið á mjög góðum fundi í morgun um forvarnastarf og heilsueflingu þar sem ýmislegt kom fram sem væri full ástæða til að ræða áfram í þingsölum en ég vildi koma þessu að í umræðunni.

[17:24]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins fáein orð. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið um þessa tillögu og í aðalatriðum jákvæð viðhorf í hennar garð þó að vissulega hafi komið fram sjónarmið um að ákveðnir þættir mættu vera öðruvísi og tillagan kannski ekki gallalaus, enda er fátt undir sólinni sem ekki má finna eitthvað að eða hugsa sér að hafa einhvern veginn öðruvísi en það er. Ég tek það strax fram að af hálfu okkar flutningsmanna tillögunnar er að sjálfsögðu allt opið í þeim efnum að skoða fyrirkomulag og form og á ævinlega að vera því að menn eiga ekki að hengja sig í slíka hluti og allra síst þegar góður málstaður á í hlut. Þá eiga menn að láta hann njóta vafans og breyta þá því eða lagfæra sem þeir telja að geti betur farið í sambandi við framkvæmdarleg atriði, form og umgjörð.

Minnt var á það af einum hv. þm. að foreldrar væru ekki mikið nefndir í tillögunni. Ég kom reyndar aðeins inn á hlutverk þeirra í framsöguræðu minni, nefndi m.a. mikilvægi foreldrafélaga í skólum og samskipti foreldra og félagsmiðstöðva t.d. þegar starfsemi þeirra er skipulögð. Hins vegar er ábendingin ágæt. Það er að sjálfsögðu aldrei of oft tekið fram að hlutur fjölskyldnanna og foreldranna er auðvitað gríðarlega stór í öllum þessum efnum og það verður seint náð miklum árangri ef foreldrar og heimili eru ekki þátttakendur í því sem verið er að reyna að gera. Reyndar er það svo samofið inn í þetta allt saman að það liggur eiginlega við að það sé það sem Þorbergur heitinn hefði kallað „selvfölgelighed" því að ef við tökum t.d. íþróttahreyfinguna og starfsemi yngri flokka hjá íþróttafélögum, hverjir skyldu það nú vera sem eru þar í stjórnum nánast án undantekninga? Það eru auðvitað foreldrar iðkendanna. Það þekkir maður sjálfur og væntanlega fleiri hér inni. Það vefst því algjörlega saman við starfsemi mjög margra þessara aðila og þar af leiðandi eru að sjálfsögðu foreldrar og samtök foreldra í þeim tilvikum að þau eru til, eins og í skólunum, gríðarlega mikilvægir þátttakendur í þessu öllu.

Það sem ég vil hins vegar leggja áherslu á er að tillagan er ekki í sjálfu sér um hið hefðbundna forvarnastarf. Þá hefði hún verið öðruvísi fram sett og öðruvísi um hana búið. Tillagan er um eflingu þess sem við erum að kalla hér félagslegt forvarnastarf, sem er hugtak sem kannski á eftir að þróast og þroskast og öðlast dýpri og skýrari merkingu, en á þó að skiljast þegar samhengi hlutanna er skoðað og grg. lesin. Það þýðir að sjálfsögðu ekki að mikilvægi og gildi hins almenna eða hefðbundna forvarnastarfs sé ekki óbreytt eftir sem áður. En það er á svolítið öðrum grunni reist og ekki er endilega sjálfgefið að menn samsami sig því þó að þeir séu að sinna starfsemi, félagsmálastarfi sem hafi hins vegar jákvætt forvarnalegt gildi. Það er af því að það er grundvallað á öðrum hlutum og hefur önnur markmið í grunninn en fyrst og fremst hin forvarnalegu.

Það mundi ég segja að ætti við, með fullri virðingu fyrir öllum viðkomandi aðilum, um t.d. íþróttahreyfinguna. Það er íþróttaiðkun sem er útgangspunktur starfsemi íþróttafélaga og það að fá fólk til íþróttaiðkunar og eftir atvikum að ná árangri í þeirri iðkun. Hins vegar hefur það mikið forvarnalegt gildi.

Það er eitt af því sem að mínu mati er sjálfsagt mál að skoða í hv. þingnefnd, og má þakka fyrir þau sjónarmið sem komið hafa fram í umræðunni í þeim efnum, að skoða samhengið við hið hefðbundna starf Áfengis- og vímuvarnaráðs, starfsemi Forvarnasjóðs og aðra slíka þætti sem að sjálfsögðu eiga að vera með í þessu samhengi. Úttekt á stöðunni, kortlagning á þessu sviði mundi að sjálfsögðu m.a. taka til þess hvaða verkefnum hver og einn er að sinna í þessum efnum, hvar brotalamirnar eru, hvar götin eru, hvar erfiðleikarnir eru mestir við að halda úti starfseminni sem þarf þá að reyna að taka á. Ætli það sé nokkuð óskaplegt leyndarmál og megi ekki upplýsast, sem menn vita auðvitað, að mjög víða er t.d. í íþróttahreyfingunni við gríðarlega rekstrarerfiðleika að etja? Mjög algengt er að einstakar deildir, ekki síst þær sem eru með starfsemi yngri flokka á sínum vegum, dragi skuldahala á eftir sér. Og það eru líka sambúðarvandamál milli starfsemi yngri árganga og síðan aftur keppnisliða í

meistaraflokkum sem hirða kannski obbann af tekjum stóru íþróttafélaganna, þau afla vissulega mikilla tekna líka. En ég þekki það og örugglega margir fleiri þingmenn að þau eru ekki alltaf alveg vandalaus samskiptin milli starfsemi yngri flokkanna og síðan aftur fullorðinsflokka og meistaraflokka og spurningin er um á hvað á að leggja áherslu og í hvað á að ráðstafa fjármunum, í uppbyggingu og starfsemi yngri flokka, sem auðvitað er frá forvarnalegu sjónarmiði tvímælalaust mikilvægast, eða þá starfsemi meistaraflokka, keppnisliða, árangur afreksmanna o.s.frv.

Það mætti því vel hugsa sér, herra forseti, að liður í þessu væri að skoða ekki bara starfsemina sem hér fellur undir heldur ættu allir sem mögulega geta talist sinna starfsemi sem hefur félagslegt forvarnagildi að koma til skoðunar og vera velkomnir í þann hóp. Það mætti alveg hugsa sér að reyna að nálgast niðurstöðu í málinu, m.a. út frá því að skilgreina vægi forvarnaþáttanna í starfsemi þeirra. Við getum jafnvel sagt að metið yrði forvarnagildi viðkomandi starfs. Mér finnst alls ekki fjarstæðukennt að það yrði reynt. Eftir atvikum gæti það síðan að einhverju leyti ráðið því hvernig menn stýrðu fjármunum til að efla þessa starfsemi. Það væri að sjálfsögðu rétt að gera með hliðsjón af því að efla þá starfsemi sem menn kæmust að niðurstöðu um að hefði mest forvarnagildi eða þar sem forvarnir vægju þungt.

Fyrirkomulagið getur síðan verið með ýmsum hætti. Það er hægt að hugsa sér ýmsar leiðir, t.d. beina styrki á grundvelli þeirrar fjárveitingar á fjárlögum sem þarna kæmi til sögunnar. Það væri líka hægt að hugsa sér þetta í formi sjóðs sem fengi þessa fjármuni og síðan væri sótt um í sjóðinn. Þá þyrftu menn að sjálfsögðu að reiða fram upplýsingar, rökstyðja sínar umsóknir o.s.frv. Einnig væri hægt að hugsa sér þetta að einhverju leyti í formi mótframlaga þannig að þetta verkaði sem hvatning til að reyna að afla meiri tekna og efla þessa starfsemi þannig. Þá væri ákveðið gulrótarfyrirkomulag í þessu, að ríkisframlagið, viðbótarstyrkurinn til eflingar félagslegu forvarnastarfi, væri í formi einhvers konar mótframlaga að hluta til.

Herra forseti. Það er auðvitað ótal margt af þessum toga sem hægt væri að rabba um alveg inn í nóttina ef tíminn leyfði. En það gerir hann ekki og ég ætla heldur ekki að nota hann til fulls heldur fyrst og fremst þakka fyrir þessa ágætu umræðu. Ég vonast til þess að þetta mál fái jákvæð viðbrögð því að það væri svo grimmilega ósanngjarnt að bera upp á nokkurn hugsandi stjórnmálamann að hann væri ekki jákvæður í garð þess að skoða öll þau úrræði sem mögulega geta að gagni komið í baráttunni við þann skelfilega vágest sem ofnotkun vímuefna er í okkar samfélagi, en sú notkun fer hraðvaxandi því miður. Það þarf ekki að setja á ræðuhöld um það.

Við hljótum öll að vera jákvæð í garð forvarna en auðvitað er eðlilegt að menn geti haft mismunandi sjónarmið um leiðir í þeim efnum og hvernig fjármunum verði best og skynsamlegast varið og þá skulum við bara ræða það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 23. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 23.

[17:34]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Þetta er 23. mál þessa þings og er lagt fram í fjórða sinn.

1. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

„Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að fenginni umsögn og mati heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða."

Í 2. gr. segir síðan: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. kemur fram, með leyfi forseta:

„Frumvarp sama efnis var flutt á 123., 125. og 126. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt nær óbreytt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili og önnur meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa margoft bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Þar sé ekki aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings sem hefur ánetjast fíkniefnum er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan tekur við biðtími þar til pláss fæst á meðferðarheimili eða í annarri meðferð. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda áður en meðferð hefst og eftir að henni „lýkur". Þá þarf stöðuga umönnun og eftirfylgni ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut í lífinu.

Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn voru viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þessum sjúkdómi. Þó þarf oft að annast börn í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda

barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi.

Í umsögnum sem bárust heilbrigðis- og trygginganefnd um málið þegar það var lagt fram á fyrri þingum komu fram efasemdir þess efnis að erfitt yrði að leggja mat á það hvenær barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum telst svo veikt að þörf sé á umönnun heima og einnig að um meðvirkni foreldra gæti verið að ræða. Því hafa flutningsmenn frumvarps þessa bætt inn í textann því ákvæði að leita þurfi umsagnar heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa þeirra sem um umönnunarlaun sækja. Ráðherra er síðan falið að sjá um nánari útfærslu á framkvæmd ákvæðisins.

Þá komu einnig fram þær athugasemdir að brýnna væri að bæta úr þörfinni fyrir meðferðarúrræði og faglega eftirmeðferð. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta þjónustu hins opinbera hvað varðar möguleika til meðferðar við fíkniefnaneyslu barna og unglinga en benda á nauðsyn þess að foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna sem háð eru fíkniefnum sé gert kleift að taka fullan þátt í meðferðinni. Stór þáttur í því er réttur til þess að fá greidd umönnunarlaun. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarleg veikindi barna og ungmenna að ræða."

Virðulegi forseti. Ég verð að geta þess að ég hefði gjarnan viljað að hæstv. heilbrrh. væri viðstaddur umræðuna í dag og reyndar hæstv. félmrh. líka vegna þess að málefni barna að 18 ára aldri sem hafa ánetjst fíkniefnum eru á mjög gráu svæði. Réttur foreldra til að sinna mjög veiku barni sem hefur ánetjast fíkniefnum er afar lítill. Þessi mál hafa oft verið rædd á hv. Alþingi og oft auðvitað utan dagskrár að viðstöddum viðkomandi ráðherrum. Einnig hafa verið fluttar hér fyrirspurnir varðandi ýmsa þætti sem almannatryggingakerfið gerir ráð fyrir til að létta aðeins byrðar þeirra foreldra sem eiga börn sem eiga við erfiða og langvarandi sjúkdóma að stríða.

Þetta er, virðulegi forseti, í fjórða sinn sem ég mæli fyrir þessu máli. Ég minnist þess ekki að hæstv. ráðherrar hafi nokkurn tímann séð sér fært að vera viðstaddir umræðuna. Það er slæmt að því leyti að það er löngu tímabært að þessi tvö ráðuneyti, heilbrigðismála og félagasmála, geri upp við sig hvorum megin hryggjar þessir sjúklingar eigi að liggja. Heilbrigðiskerfið hefur í orði viðurkennt að áfengissýki og fíkn í vímuefni, ólögleg vímuefni og lögleg, sé sjúkdómur og stendur fyrir rekstri sjúkrastofnana sem taka slíka sjúklinga til meðferðar. Það er jafnvel þannig að í mörgum tilvikum eiga sjúklingarnir rétt á sjúkradagpeningum. Í einstaka tilvikum viðurkenna fyrirtæki veikindarétt vegna meðferðar vegna fíkniefnaneyslu. En þegar börn eiga í hlut er ekki um neitt slíkt að ræða, enginn slíkur réttur. Foreldrar barna sem hafa ánetjast fíkniefnum og fara í meðferð langt frá heimabyggð sinni, foreldrar sem vilja taka fullan þátt í meðferðinni með barninu eiga ekki einu sinni rétt á ferðastyrkjum.

Við höfum fengið erindi, m.a. frá foreldrasamtökunum Vímulausri æsku, æ ofan í æ þar sem beðið er um að auka rétt foreldra þessara mjög svo veiku sjúklinga. Það er viðurkennt og hefur margkomið fram hjá flestöllu því fagfólki sem ég hef hlustað á fjalla um þessi mál að það er mikil nauðsyn á góðum meðferðarúrræðum. Það er nauðsynlegt að barn sem er í neyslu fíkniefna komist í meðferð en það er ekki síður nauðsynlegt að fjölskyldunni sé gert kleift að taka þátt í meðferð viðkomandi. Tryggingakerfið okkar býður hins vegar ekki upp á það vegna þess að málefni sjúklinga undir 18 ára aldri falla undir félmrn.

Rétt eftir að við lögðum fram frv., ég og þeir hv. þm. sem flytja þetta frumvarp með mér, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir, skrifaði ég grein í Morgunblaðið, í mars á þessu ári, þar sem sérstaklega var fjallað um réttleysi foreldra ungra fíkniefnaneytenda og m.a. að þau ættu ekki rétt á umönnunarlaunum. Ég býst við að mér beri skylda til að segja frá því hér að mér barst bréf frá Ingibjörgu Georgsdóttur, barnalækni hjá Tryggingastofnun ríkisins, skrifað á bréfsefni Tryggingastofnunar. Afrit af því var sent heilbrrh. og forstöðumanni Tryggingastofnunar. Í bréfinu mótmælti Ingibjörg því að foreldrar ungra fíkniefnaneytenda ættu ekki rétt á umönnunarlaunum. Í bréfi hennar segir, með leyfi forseta:

„Laugardaginn 10. mars 2001, birtist grein í Morgunblaðinu eftir þig um langveik börn og fjölskyldur þeirra. Þar segir m.a. að foreldrar barna með fíkniefnavanda fái ekki umönnunargreiðslur þar sem börn þeirra séu ekki skilgreind langveik.

Vegna þessa tel ég mér skylt að koma á framfæri við þig nánari upplýsingum um þessi mál.

Innan umönnunarkerfis TR eru nú um 3.200 börn og unglingar frá 0–17 ára eða um 4,2% af börnum á þeim aldri. Flest þeirra eru skilgreind með þroska- eða hegðunarraskanir eða um 1.317 börn, langveik börn eru um 1.091 og fötluð börn um 797.

Umönnunargreiðslur renna til tæplega 2.000 foreldra vegna u.þ.b. 2.150 barna og ungmenna og námu alls á sl. ári 695 milljónum. Öll umönnunarbörnin 3.200 eru með umönnunarkort sem lækkar lyfjakostnað, þar af eru 1.061 metin í 5. flokk, þ.e. eru eingöngu með umönnunarkort og engar umönnunargreiðslur. Í desember 2000 voru í 5. flokki 5 fötluð börn tímabundið meðan mæður eru með greiðslur í fæðingarorlofi. 728 langveik börn sem þurfa reglulega í lyfjagjöf og eftirlit sérfræðinga og 334 börn með þroska- eða hegðunarraskanir.

Börn með fíkniefnavanda eru ýmist skilgreind með alvarlegar hegðunarraskanir og/eða geðraskanir og eru því metin annaðhvort í 4. eða 3. umönnunarflokk á grundvelli sjúkdómsgreininga þeirra sem fram koma í læknisvottorðum." — Virðulegi forseti, hér stendur aðeins börn og ekki getið um neinar undantekningar. Og áfram segir í bréfinu: „Það hefur ekki tíðkast að merkja þessi börn með sérstökum hætti t.d. með sjúkdómsgreiningunni Z72 „problems related to lifestyle" eða Z72,2 „problems related to drug use" af mannúðarástæðum. Því er ekki hægt að sjá hversu mörg þeirra barna og ungmenna sem eru innan umönnunarkerfis TR glíma við fíkniefnavanda sem hluta af hegðunar- eða geðvanda sínum. Foreldrar barna og ungmenna með alvarlegar hegðunarraskanir eða geðraskanir fá umönnunargreiðslur samkvæmt umönnunarmati."

Síðar í bréfinu segir:

„Í reglugerð 504/1994, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, er tilgreint að umönnunargreiðslur falli niður ef börn eru vistuð utan heimilis. Það þýðir að foreldrar barna sem eru vistuð á heimilum fyrir fötluð börn eða á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu fá ekki umönnunargreiðslur ef slíkar vistunarráðstafanir eru tilkynntar til Tryggingastofnunar ríkisins. Ef börnin snúa aftur heim til foreldra, hefjast greiðslur að nýju og gildir það bæði um fötluð börn og börn á meðferðarheimilum. Með þessu

má segja að samfélagið taki þátt í kostnaði vegna umönnunar barna á einu heimili en ekki báðum/mörgum."

Í niðurstöðunni segir síðan, með leyfi forseta:

„Niðurstaða: Foreldrar barna og ungmenna sem hafa ánetjast fíkniefnum eru með umönnunargreiðslur vegna hegðunar og/eða geðraskana barnanna. Greiðslur til foreldra falla niður við vistun barns eða ungmennis á vistheimili. Greiðslur falla ekki niður við dvöl á sjúkrastofnun."

Undir þetta ritar Ingibjörg Georgsdóttir barnalæknir.

Þetta, virðulegi forseti, samrýmist ekki þeim upplýsingum sem ég hef um stöðu foreldra barna sem eiga við alvarlegan fíkniefnavanda að stríða. Ég styðst jafnframt við það að fá börn eða ungmenni, sem eru sakhæf 15 ára — ungmenni sem hafa ánetjast fíkniefnum og eru sakhæf, hafa lent inn á braut afbrota og verið dregin fyrir dómstóla — hafa, jafnvel þrátt fyrir langan afbrotaferil, verið greind þannig að foreldrar viðkomandi barns hafi, meðan barnið stundaði afbrotin, átt rétt á umönnunarlaunum. Þannig er ekki hægt að alhæfa að barn sem á við fíkniefnavanda að stríða hafi jafnframt fengið greiningu þess efnis að það eigi við geð- eða hegðunarraskanir að stríða og þess vegna hafi verið greiddar umönnunarbætur til foreldra. Það er ekki þannig.

Til að taka af allan vafa, virðulegi forseti, óskaði ég eftir upplýsingum frá foreldrasamtökunum Vímulaus æska en þar hefur aflast mikil þekking á stöðu foreldra barna sem ánetjast hafa vímuefnum. Í vor barst mér frá þeim svar sem ég ætla að leyfa mér að vitna í, virðulegur forseti:

„Kæra Margrét.

Þú leitaðir álits okkar foreldra á því hversu auðveldlega okkur gengi að fá samþykktar umönnunarbætur með börnum okkar sem eiga við vímuefnavanda að etja. Því miður er okkar reynsla sú að í flestum tilvikum gengur það ekki fyrr en eftir langa baráttu að fá umönnunarbætur með börnum okkar og í sumum tilvikum alls ekki. Foreldrar í okkar hópi eru tilbúin til að staðfesta það, ef þú óskar eftir. Börn okkar eru þá metin vera með ýmsa aðra sjúkdóma."

Síðan er minnt á það sem fram kemur í bréfi Ingibjargar Georgsdóttur og áfram segir í bréfinu:

„Það er vitað að í sumum tilvikum hafa þau börn sem hefja fíkniefnaneyslu átt við hegðunarerfiðleika og/eða geðraskanir að stríða frá barnæsku. Í þeirra tilfelli gengur betur að fá umönnunarbætur því yfirleitt er hægt að benda á langa erfiðleikasögu er styður þá kröfu foreldris að það eigi rétt á umönnunarbótum. Í þeim tilfellum þar sem engin slík saga er fyrir hendi og barnið, að því er foreldrum virðist, skyndilega umturnast, virðast foreldrar ekki eiga neinn rétt á fjárhagsstuðningi þrátt fyrir að vitað sé með vissu að margra ára erfiðleikatímabil sé fram undan.

Þeir foreldrar er eiga barn er á við fíknisjúkdóm að stríða eiga að okkar mati engan sjálfkrafa umönnunarbótarétt hjá Tryggingastofnun ríkisins, nema að svo vilji til að barnið sé jafnframt haldið einhverjum öðrum sjúkdómi sem betur þóknast læknum stofnunarinnar. Reyndar óska foreldrar þess oft" — herra forseti, það sem hér kemur fram er skrifað af mjög biturri reynslu — „að einhver annar sjúkdómur hrjái barnið þeirra, sjúkdómur sem hægt væri að lækna með lyfjagjöf eða a.m.k. sjúkdómur sem er viðurkenndur af samfélaginu.

Miklir fordómar hafa ríkt í garð barna okkar og skuldinni af veikindum þeirra er oft skellt á okkur foreldra. Nú virðist sem Tryggingastofnun ríkisins veigri sér enn fremur við að viðurkenna sjúkdóm barna okkar ef marka má bréf Ingibjargar Georgsdóttur. Segir hún það gert af mannúðarástæðum en við getum ekki annað en verið ósammála þeirri túlkun. Við viljum alla vega fá nánari skýringu á því hversu mörg börn er hér um að ræða, ekki að vera í neinum feluleik. Fyrsta skrefið, ef lækning á að nást, hlýtur að vera að viðurkenna sjúkdóminn. Það á einnig við um aðra sjúkdóma, svo sem krabbamein, sykursýki og hjartveiki. Ef sjúkdómurinn er ekki greindur rétt verður lækningin að sjálfsögðu röng fyrir bragðið.

Þeir einstaklingar sem árangri hafa náð vegna áfengis- eða vímuefnameðferðar, munu undantekningarlaust vita að þeir eru haldnir langvinnum, alvarlegum sjúkdómi, ólæknandi, ævilöngum sjúkdómi sem hægt er að halda niðri með því að hætta allri neyslu vímugjafans en aldrei að lækna hann. Foreldrar og aðstandendur slíkra einstaklinga lifa í látlausum ótta um einstaklinginn. Vímuefnasjúklingurinn stelur, meiðir, hótar, fremur sjálfsvíg eða jafnvel myrðir, eins og mörg dæmi undanfarið sanna.

Foreldrar eru oft illa á sig komnir andlega, félagslega og fjárhagslega út af neyslu barna sinna. Ef fyrirvinna heimilisins er aðeins ein og hún brotnar saman undan álaginu er ekkert ákveðið stuðningskerfi sem tekur við. Ýmist þarf það foreldri að sækja um atvinnuleysis- eða félagslegar bætur sem í báðum tilvikum miðast við lágmarksframfærsluþörf og dugar hvergi nærri til að sjá fyrir þörfum heimilisins."

Því næst segir í bréfinu að fjárhagsáhyggjur bætist oft ofan á þá gríðarlegu erfiðleika sem fyrir eru og skuldir fari að hlaðast upp. Þá segir:

„Foreldrar geta átt von á því að veikindi barna þeirra flokkist undir dómsmála-, félagsmála- og eða heilbrigðisráðuneyti og að hvert ráðuneyti vísi á annað ef foreldri í örvæntingu leitar eftir aðstoð. Við teljum þetta vera óeðlilegt og viljum sjá þessu breytt."

Síðan segir í niðurlagi bréfsins, með leyfi forseta:

„Ef hægt væri að sækja um þessa aðstoð innan heilbrigðiskerfisins" — þ.e. umönnunarlaun — „yrði það foreldrum léttbærara en að þurfa að leita til þess félagslega. Umönnunarbætur eru ekki reiknaðar sem skattskyldar tekjur en af félagslegri aðstoð þarf að greiða skatta og þyrfti því að leggja til alla reikninga með skattaframtali og sækja sérstaklega um lækkun opinberra gjalda til að hljóta þar ívilnun."

Virðulegi forseti. Bréfið segir svo ekki verður um villst að allar hugmyndir um að foreldrar barna sem ánetjast fíkniefnum og eru í meðferð heima eða heiman eigi rétt á umönnunarlaunum, þetta bréf tekur af öll tvímæli þar um, þær eru rangar. Það er aðeins um það að ræða í þeim tilvikum þar sem sjúklingurinn hefur verið greindur með annan sjúkdóm.

Ég tel, virðulegi forseti, að það sé löngu tímabært að þeir foreldrar sem eiga þessi mikið veiku börn njóti sama réttar í þjóðfélaginu og foreldrar barna sem þjást af öðrum erfiðum langvinnum sjúkdómum. Með því að samþykkja þetta frv., sem héðan verður vísað til heilbr.- og trn., væri þingið þó a.m.k. að stíga skref í rétta átt.

Þetta snýst ekki um það, virðulegi forseti, eins og fram kom í gömlum umsögnum, bæði frá Reykjavíkurborg og frá Barnaverndarstofu, að það ætti frekar að veita hina takmörkuðu fjármuni í að byggja upp meðferðarúrræði og það væri hætta á að foreldrar, eins og mig minnir að hafi komið fram í umsögn frá Reykjavíkurborg, væru meðvirkir og þess vegna væri dálítið erfitt að meta hvenær þörf væri fyrir umönnunarlaunin, hvenær barn væri það háð fíkniefnum og teldist það

veikt að foreldrar ættu rétt á umönnunarlaunum, það gæti orðið erfitt að meta það. Þetta snýst ósköp einfaldlega um réttindi foreldranna, um réttindi barnsins, um réttindi þess unga sjúklings sem flokkast ekki innan heilbrigðiskerfisins nema í orði, aldrei á borði.

[17:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Málið sem hér er til umræðu er flutt í fjórða sinn, eins og fram kom hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Ég verð að segja að ég vona að það sé í síðasta sinn. Ég vonast til að það verði tekið tillit til þessa frv. og það fáist afgreitt úr nefnd.

Það kom skýrt fram í framsögu hv. þm. að umönnunargreiðslur eru greiddar frá Tryggingastofnun til foreldra langveikra barna og fatlaðra barna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, áður samkvæmt lögum um almannatryggingar, þ.e. fyrir 1993.

Foreldrar barna í vímuefnavanda hafa ekki fengið umönnunargreiðslur frá Tryggingastofnun nema, eins og kom fram hjá hv. þm., aðrir sjúkdómar hrjái þau. Þetta hefur jafnframt í för með sér að foreldrar barna í vímuvanda fá ekki greiddan ferðakostnað t.d. vegna ferða þeirra á stofnanir þar sem börn þeirra fá meðferð. Oft hefur það verið svo, a.m.k. þekki ég dæmi um það frá foreldrum sem hafa komið til mín að ræða sín mál, að þeir þurfa að fara nokkrum sinnum á ári út á land til að taka þátt í þessari meðferð. Þeir hafa þurft að standa allan straum af þeim kostnaði. Það er mörgum af þessum fjölskyldum erfitt og jafnvel ofviða.

Mig langar að nefna, vegna þess að hv. þm. fór mjög ítarlega yfir rökin fyrir þessu þingmáli og nefndi að 1. gr., þ.e. frumvarpsgreinin, hefur tekið breytingum frá því að málið kom fram síðast vegna ábendinga, tvö dæmi sem mér eru hugstæð. Til mín hefur komið þó nokkuð af foreldrum sem eiga við þann vanda að glíma að börn þeirra eru í vímuefnavanda. Í tvígang hafa komið til mín mæður sem hafa átt annars vegar langveikt barn og hins vegar fatlað barn, en líka barn sem átti við vímuvanda að stríða. Báðar þessar mæður sögðu við mig, hvor í sínu lagi: Það var ekki minna álag fyrir mig að vera með barnið í vímuefnavandanum. Ég þurfti ekki að leggja minna á mig til þess að sinna því barni en langveika barninu. Samt fékk ég greiðslur og stuðning frá samfélaginu, frá Tryggingastofnun, vegna langveika barnsins — hin vegna fatlaða barnsins — en ekki vegna barnsins í vímuefnavandanum.

Önnur þessara mæðra hafði þurft að hætta allri vinnu úti til að sinna barninu í vímuefnavandanum eftir að barnið kom úr meðferð, vera með því, halda áfram eftirmeðferðinni og sinna því algjörlega ekki síður en maður sinnir veiku barni, langveiku eða fötluðu barni sem er heima. Það er mjög óréttlátt að þessir foreldrar skuli ekki fá stuðning eins og vegna fötluðu og sjúku barnanna sinna. Eins og umönnunargreiðslum er háttað í dag eru þær greiddar í ákveðinn tíma miðað við ákveðin læknisvottorð, eðli veikindanna, umfang umönnunar o.s.frv. Þessir þættir eru allir teknir inn í myndina og þetta eru misháar greiðslur eftir eðli og umfangi umönnunar og veikinda eða fötlunar.

Ég tel því löngu tímabært að opnað verði fyrir umönnunargreiðslur til foreldra vegna barna í vímuefnavanda. Það er ekki eins og verið sé að galopna þetta með þessari lagagrein, heldur er verið að fara fram á að heimilt sé að inna slíkar greiðslur af hendi og þar þarf að koma til mat heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa. Það er því ekki verið að galopna þetta, en þarna er verið að fara fram á ákveðinn stuðning til þessara foreldra sem ég tel löngu tímabæran. Ég vona að við berum gæfu til þess í heilbr.- og trn. þar sem við eigum báðar sæti, ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, að málið verði afgreitt úr nefndinni að þessu sinni því að þetta er ekki stórmál fyrir ríkiskerfið, fyrir tryggingakerfið, en þetta er stórmál og mikilvægur stuðningur fyrir foreldra.

[18:01]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Verið er að ræða um umönnunarbætur til foreldra þeirra barna og unglinga sem þjást af alkóhólisma, eins og kallaður er, áfengissýki eða fíkniefnanotkun og eru háð henni.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvernig áfengissýkin og slík veikindi hjá börnum eða unglingum, ungu fólki er betra að segja, fara með heimilin og foreldrana. Margir foreldrar eru kvíðafullir vegna slíks ástands sem er á börnum þeirra og unglingum. Óvissan og kvíðinn sem fylgir því þegar einhver á heimilinu er í neyslu er gífurlega mikill. Það fer allt úr jafnvægi og þetta raskar eðlilegu lífi fjölskyldunnar.

Frumvarpið er í raun og veru lagt fram til þess að gera foreldra færari um að hjálpa börnum sínum til að komast út úr fangelsi alkóhólismans og er ætlað til þess að meðan börnin er í meðferð og meðan verið er að vinna að því að koma þeim til heilbrigðs lífs, þá njóti foreldrarnir þessa stuðnings.

Hér er náttúrlega, herra forseti, um margfaldan ábata að ræða, ekki einungis fyrir börnin eða foreldrana heldur líka fyrir samfélagið allt. Við vitum alveg hversu kostnaðarsamt það er fyrir samfélagið þegar unglingar eru í áfengis- og vímuefnaneyslu og eru í óreiðu og vitleysu. Við sjáum í fréttum margoft á hverju ári hvað af því hlýst, bæði í tengslum við útihátíðir og alls konar aðrar samkomur sem hafa leitt af sér mikið böl og vandræði í mörgum tilvikum.

Í umræðunni hefur komið fram að alkóhólismi er sjúkdómur og þegar ég tala um alkóhólisma er ég líka að tala um fíkniefnaneyslu. Hún fellur undir þetta hugtak vegna þess að sjúkdómseinkennin eru í raun og veru hin sömu samkvæmt þeim skilgreiningum sem fjalla um alkóhólisma. Þessi sjúkdómur er sálrænn og hann er náttúrlega líkamlegur. Við sjáum hvernig áfengissýki virkar á líkamann, hvers konar niðurbrot verður í starfsemi líkamans og þarf ekki annað en nefna orðið timburmenn í því sambandi eins og margir þekkja. Þetta er sálræns eðlis og einnig félagslegs eðlis. Við sjáum í mörgum tilvikum hvernig heimili og jafnvel nánasta umhverfi þeirra sem eru í áfengissýki fer að dansa með hinum veika, að vera meðvirkur eins og sagt er. Í umsögn um frv. var m.a. mælt á móti þessu á þeirri forsendu að foreldrar væru meðvirkir og þess vegna, eins og fram hefur komið hjá hv. flm., Margréti Frímannsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur, er búið að bæta þetta með því að taka inn í umsögn heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa.

Full þörf er á því að styðja við bakið á foreldrum og forráðamönnum ungmenna sem búa við slíkt böl til að þeir megi eiga auðveldara með að hjálpa börnum sínum til að komast út úr því fangelsi eins og ég sagði áðan. Aldrei er of mikið gert af því að benda á hinar alvarlegu afleiðingar

alkóhólismans og aldrei er of mikið gert af því heldur að ræða um gildi forvarna. Því meir sem rætt er um þetta, því meiri athygli vekur það og fólk fer að hugsa meira um hversu nauðsynlegt er að auka forvarnir og að vekja unglinga til umhugsunar um gildi lífsins og hvað það er sem skiptir máli í tilverunni.

Þegar talað er um heilbrigðisáætlanir og annað er alltaf verið að miða og stuðla að því að gera lífið heilbrigt og gott. Einn stærsti þátturinn í því er að fólk finni að það lifi í samfélagi þar sem gott er að vera. Einn liður í því er náttúrlega að styðja við bakið á því fólki sem er að berjast við áfurnefnd vandamál og sérstaklega foreldra þessara ungmenna og taka virkilega mark á því að þetta er þjáning og þetta eru erfiðleikar og mikil barátta er hjá þessu fólki sem við eigum að leggja lið til að því líði betur, til að börnunum líði betur og til að samfélagið verði betra.

[18:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð. Ég vil einungis koma í ræðustól til að lýsa í fáum orðum stuðningi mínum við frv. sem ég tel afar gagnlegt. Ég vil hrósa hv. flm. fyrir þrautseigjuna og þolinmæðina að flytja þetta mál endalaust aftur og aftur. Það er ekki fagur vitnisburður sem stjórnarmeirihlutinn fær og nefndarstarfið okkar þegar upplýst er að frumvörp af þessu tagi frá þingmönnum skuli eiga jafnerfitt uppdráttar í nefndunum og skuli ekki fást afgreidd úr nefnd, því hér er ekki um svo kostnaðarsamt mál að ræða að það ætti að setja ríkissjóð á hausinn þó greiða þyrfti umönnunarbætur til þessara fáu foreldra sem hér um ræðir, en er þó það stór hópur, herra forseti, að það er skelfilegt til þess að vita að þessir foreldrar skuli þurfa að búa við það misrétti sem fjallað var um í mjög greinargóðu máli hv. flm. frv.

Átakanlegt var að hlýða á kafla úr bréfi foreldra barna sem starfa í Vímulausri æsku, sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir las úr áðan, þar sem fjallað var um fordóma í garð barna þessara foreldra, þ.e. fordóma í garð barna sem ánetjast vímuefnum. En, herra forseti, gleymum ekki að hugleiða fordómana sem ríkja í samfélaginu gagnvart foreldrum þessara barna því að það er ekki síður í garð þeirra sem fordómarnir láta á sér kræla því að þessir foreldrar liggja auðvitað undir ámæli umhverfisins fyrir að hafa ekki sinnt foreldraskyldum sínum. Þeir foreldrar liggja undir því ámæli umhverfisins að þeir hafi brugðist sem foreldrar og þessir foreldrar sitja uppi með sökina af því að börnin þeirra ánetjast vímuefnum. Það er skelfileg byrði að bera og að þessir foreldrar skuli ekki fá þann skilning sem sjálfsagður er hjá kerfinu, að þeir njóti ekki umönnunarbóta meðan verið er að leiða barnið í gegnum mjög erfiða afeitrun er þyngra en tárum taki.

Með greiðslu umönnunarbóta til foreldra sem eiga við þetta vandamál að glíma væri samfélagið að leggja þungt lóð á vogarskálarnar til þess að auka áhrifamátt þeirrar meðferðar sem börnin þurfa að gangast undir, því barn sem nýtur umönnunar foreldra sinna á meðan á erfiðri afeitrun stendur á að sjálfsögðu miklu meiri möguleika á því að hljóta bata en þau börn sem þurfa að berjast í erfiðri meðferð án þess að finna fyrir líkamlegri eða andlegri nánd foreldra sinna.

Ég vil segja það, herra forseti, að hér er um mjög þarft frv. að ræða og ég treysti því að hv. heilbr.- og trn. beri gæfu til að afgreiða málið hingað til Alþingis aftur þar sem við höfum tækifæri til að veita því áfram brautargengi og samþykkja það áður en þessu þingi lýkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 1. umr.

Frv. ÁRJ og GÖ, 36. mál (einstæðir foreldrar). — Þskj. 36.

[18:13]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 7. gr. laganna", þ.e. laga um húsaleigubætur, „bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. hafa einstæðir foreldrar sem búa tímabundið í sérstöku húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra rétt til húsaleigubóta."

Og 2. gr.:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er hér lagt fram er sú að á síðasta vetri var gerð breyting á lögum um húsaleigubætur þar sem ákveðnum hópum var gefinn réttur á húsaleigubótum þó að þeir uppfylltu ekki þau skilyrði laganna að búa einir í íbúð. Það voru stúdentar, námsmenn sem bjuggu á stúdentagörðum, og sömuleiðis þeir sem búa á sambýlum fyrir fatlaða. Þeir öðluðust réttindi til húsaleigubóta þó að þeir deildu eldhúsaðstöðu eða salernisaðstöðu. Þarna var verið að rýmka réttindi til húsaleigubóta til þessara hópa.

Þegar þetta mál var til umræðu í hv. félmn. kom í ljós að það er einn hópur enn sem ætti í raun að eiga þennan sama rétt, og það eru einstæðir foreldrar sem búa tímabundið á vegum Félags einstæðra foreldra. Þetta eru oft foreldrar í miklum fjárhagsvanda og húsnæðisvanda eftir skilnað, sem koma inn í húsnæði Félags einstæðra foreldra en hluti af því húsnæði er þannig gerður að foreldrarnir þurfa að deila salernisaðstöðu. Það gerir það að verkum að þessir foreldrar eiga ekki rétt á húsaleigubótum eins og aðrir sem eru í húsnæði Félags einstæðra foreldra.

Þegar þetta mál var til umfjöllunar sl. vetur lögðum við þessa breytingu til en hún var ekki samþykkt. Nú hafa verið gerðar gagngerar breytingar á húsnæði Félags einstæðra foreldra í þá veru að það eru aðeins sex fjölskyldur hverju sinni sem búa við þær aðstæður að þurfa að deila salernisaðstöðu með öðrum. Bara það gerir það að verkum að þessar sex fjölskyldur fá ekki húsaleigubætur eins og aðrir sem hafa sér baðherbergi.

Þess vegna leggjum við til að þessi breyting verði gerð á lögunum um húsaleigubætur til að þessi hópur sem er illa staddur, og ekkert síður en námsmenn, eigi sama rétt á húsaleigubótum þann tíma enda er þetta yfirleitt tímabundið húsnæðisástand.

Herra forseti. Ég legg til nú að lokinni þessari umræðu að þetta mál fari til hv. félmn. Ég vek athygli á því að þetta er ódýrt fyrir samfélagið, þetta er ekki stórmál, en þetta er mikið réttindamál fyrir þær fjölskyldur, þá einstæðu foreldra með sín börn, sem þurfa að nýta sér húsnæði Félags einstæðra foreldra tímabundið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 110. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 110.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:19.

---

23. FUNDUR

miðvikudaginn 7. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kvikmyndalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skylduskil til safna, stjfrv., 228. mál, þskj. 254. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tólf ára samfellt grunnnám, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Útvarpslög, frv., 138. mál, þskj. 138. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Efling félagslegs forvarnastarfs, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Félagsleg aðstoð, frv., 23. mál, þskj. 23. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Húsaleigubætur, frv., 36. mál, þskj. 36. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 110. mál, þskj. 110. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Fasteignakaup, 253. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 291.

Gagnagrunnar um náttúru landsins og náttúrufarskort, 254. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 292.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 71. mál, svar menntmrh., þskj. 221.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að að loknum atkvæðagreiðslum um 1.–9. dagskrármálið fer fram umræða utan dagskrár um starfsskilyrði háskóla. Málshefjandi er hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Hæstv. menntmrh. verður til andsvara.

Kvikmyndalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (heildarlög). — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skylduskil til safna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (heildarlög). — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tólf ára samfellt grunnnám, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 138. mál (stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins o.fl.). — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Efling félagslegs forvarnastarfs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 23. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ og GÖ, 36. mál (einstæðir foreldrar). — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 110. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Starfsskilyrði háskóla.

[13:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er tímabært að hefja í þessum sölum umræður um fjármögnun háskólastigsins. Það er einnig rétt að fagna því að sú umræða er nú hafin víða í samfélaginu. Dæmi um það er málþing sem háskólaráð Háskóla Íslands boðaði til þann 26. október sl.

Á undanförnum árum hefur háskólanám hér á landi tekið miklum breytingum, m.a. með aukinni samkeppni sem eðlilegt er að fagna. Þessi samkeppni hefur m.a. komið fram í því að nýir háskólar hafa tekið til starfa. Má þar nefna Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Viðskiptaháskólann á Bifröst. Háskólaumhverfið verður stöðugt alþjóðlegra og þar af leiðandi er samkeppnin ekki eingöngu bundin við það sem gerist hér á landi heldur einnig það sem gerist í öðrum löndum.

Þetta nýja umhverfi kallar að sjálfsögðu á umræður sem spanna allt sviðið og þá ekki síst á aðkomu hins opinbera við fjármögnun háskóla. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort rétt sé og hvaða rök séu fyrir því einstaka kerfi sem við búum við hér á landi, þ.e. að sama framlag komi úr ríkissjóði til ríkisháskóla og einkaskóla. Þetta er þannig þrátt fyrir að gerðar séu mjög misjafnar kröfur til þessara skóla, t.d. þurfa ríkisháskólar að tryggja ákveðna fjölbreytni í námi á háskólastigi, tryggja að kenndar séu ýmsar fámennar greinar og einnig eru aðrar skyldur lagðar t.d. varðandi innritunarreglur.

Herra forseti. Ég minntist áðan á málþing um fjármögnun háskóla. Á þessu málþingi sagði Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, m.a. að mikilvægt væri að hefja vitræna umræðu hér á landi um skólagjöld sem hluta af fjármögnun ríkisháskóla. Það er eðlilegt, herra forseti, að taka undir nauðsyn vitrænnar umræðu því það kerfi sem við búum við gengur ekki upp. Einnig er nauðsynlegt, ef það er markmið hæstv. ríkisstjórnar að taka upp skólagjöld við ríkisháskólana, að hæstv. menntmrh. hafi frumkvæði að umræðu um slíkt en skili ekki auðu í umræðunni og geri opinber viðhorf sín til þess hvernig tryggja eigi samkeppnisstöðu ríkisháskólanna.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort fjármögnunarkerfið sem við höfum í dag sé í raun tilraun til að koma á skólagjöldum.

Herra forseti. Aðferðin er þá í raun einföld. Einkaskólar fá sömu framlög og ríkisháskólarnir og bæta síðan við skólagjöldum. Síðan neyðast ríkisháskólarnir til að þrýsta á um að tekin verði upp skólagjöld til að standast samkeppnina.

Herra forseti. Í fjárlagafrv. fyrir árið 2002 er m.a. boðuð 40% hækkun á svokölluðum innritunargjöldum í ríkisháskólunum með eftirfarandi skýringum:

„Til að mæta sparnaðarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar ... gjaldið mun eftir hækkunina standa að meðaltali undir nálægt 5,5% af kennsluútgjöldum samkvæmt reiknilíkani fyrir kennslufamlög."

Herra forseti. Hvaða tengingar eru hér á ferðinni? Hér eru gefnar allt aðrar skýringar heldur en þær skýringar sem eftir á hafa komið um það að þessi gjöld séu að fylgja verðlagsbreytingum. Það er rétt, herra forseti, að minna á að það eru tvö til þrjú ár síðan síðast var fjallað um lög um háskóla og síðan þá hafa engar 40% hækkanir átt sér stað í umhverfinu.

Herra forseti. Hvert er birtingarform þessa kerfis okkar? Tökum lítið dæmi. Það er samkeppni í námi bæði í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og lagadeild við einkaskóla. Reiknilíkanið reiknar skólunum 275 þús. kr. fyrir nemanda. Síðan lækkar talan til deildanna í Háskóla Íslands m.a. vegna jöfnunar við fámennar deildir, en einkaskólarnir bæta við skólagjöldum frá 158 þús. á nemanda til allt að 350 þús., þannig að á meðan þessar deildir í Háskóla Íslands fá um 220 þús. kr. á nemanda fá einkaskólarnir um 430–625 þús. á nemanda. Hér getur því munað allt að um 400 þús. á nemanda á ári.

Herra forseti. Það hefur ekki staðið á viðbrögðum við þessu og í seinni ræðu minni mun ég væntanlega víkja að því. Ég hef lagt þrjár spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem hæstv. ráðherra hefur fengið sendar og ég mun því ekki nýta tíma minn til að lesa þær.

[13:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á öllum málum eru a.m.k. tvær hliðar. Einnig samningum ríkisins við einkaháskóla, en vinsældir þessara skóla meðal nemenda og aukið námsframboð hefur kallað á umræður um fjárveitingar til ríkisháskóla og stöðu þeirra í samkeppninni.

Fyrir eðlilega framvindu háskólastigsins er nauðsynlegt að ræða nýjar aðstæður með opnum huga og með sanngjarnar niðurstöðu að leiðarljósi án þess að skorður séu reistar við frjálsu framlagi nemenda í einkaháskólum til eigin menntunar. Umræður hafa orðið um fjármögnun háskólastigsins eins og hv. ræðumaður gat um. M.a. var efnt til ráðstefnu um málið í Háskóla Íslands hinn 26. október og þar voru ýmis

sjónarmið reifuð. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. taldi Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, nauðsynlegt að taka upp umræður um þessi mál á öðrum forsendum en gert hefur verið til þessa og vísaði þar m.a. til kenninga bresks hagfræðings sem starfar við London School of Economics, Nicholas Barrs.

Ég hef oftar en einu sinni verið gagnrýndur fyrir að halda fram þeirri skoðun undanfarin ár að ekki verði undan því vikist hér frekar en annars staðar að ræða stöðu háskóla með hliðsjón af þeirri staðreynd að sumum er veitt heimild til að innheimta skólagjöld en öðrum ekki.

Ég vakti m.a. athygli á því í umræðum á Alþingi í október 1997 að OECD teldi skynsamlegt að afla aukinna tekna til háskólastigsins hér á landi með skólagjöldum. Í viðræðum við starfsbræður mína á Norðurlöndum hefur það sjónarmið komið fram hjá sumum þeirra að skynsamlegra sé að hækka skatta til að standa undir auknum kostnaði við háskólanám sífellt fleiri nemenda en áður, en veita skólum heimild til að heimta gjöld af nemendum til að standa undir kostnaði við kennslu. Ráðherrar og ráðuneyti hafi meira vit á því hvernig eigi að verja fé í þágu menntunar og skólastarfs en almenningur og þess vegna eigi að auka almennar opinberar álögur til að ráðuneytin hafi aukið fjárhagslegt svigrúm til að halda úti háskólastarfi. Með öðrum orðum, einstaklingar verða að laga nám sitt að því sem er í boði af ríkisins hálfu en ríkið eigi ekki að skapa einstaklingum svigrúm til að ráða og verja með fjárhagslegum skuldbindingum sjálfs sín gagnvart háskóla með greiðslu skólagjalda.

Fjárveitingar til allra háskóla hér á landi byggjast nú á samningsbundnu fjármögnunarkerfi með vísan til reglna um fjárframlög vegna kennslu á háskólastigi eða kennslusamningi. Innan háskóla hafa síðan verið mótuð deililíkön sem skipta hinu samningsbundna fjármagni milli deilda skólanna. Hér eru í gildi reglur um þessi heildarfjárframlög sem menntmrn. setti í fullu samkomulagi við Háskóla Íslands. Tryggði þetta samkomulag t.d. Háskóla Íslands alla þá fjármuni sem skólinn fór fram á á þeim tíma sem það var gert og í raun meira fé. Óskina um heildarfjárhæð byggði Háskóli Íslands á deililíkani sínu þar sem gert er ráð fyrir hagkvæmni stærðar í fjölmennari deilum vegi upp óhagræði af fámennum hópum í sumum námsgreinum. Tilgangurinn með þessu samkomulagi og reiknilíkaninu er að háskólar fái skýran ramma um rekstur sinn og hagi skipulagi á starfi sínu í samræmi við hann. Í því felst með öðrum orðum umsamið aðhald, en ávallt er gerð krafa um aðhald við meðferð opinberra fjármuna. Stjórnendum háskóla var með samkomulaginu og líkaninu ljóst hvernig þeir ættu að haga starfi skóla sinna til að nýta opinbera fjármuni á sem hagkvæmastan hátt. Fari skólar út af þeirri braut við innri stjórn sína lenda þeir í ógöngum, en ekki er unnt að skella skuldinni af því á þá sem sömdu um leikreglurnar eða vilja að því sé framfylgt.

Umræður um fjármögnun ríkisháskóla og skólagjöld snerta ekki þær tillögur sem eru boðaðar í fjárlagafrv. ársins 2002 um hækkun innritunargjalda í ríkisháskólum því að þar er tekið mið af verðlagsþróun síðustu tíu ára og lagt til að innritunargjöldin haldi í við hana.

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg augljóst að hæstv. menntmrh. aðhyllist skólagjöld, punktur. Hann virðist vilja leiðrétta samkeppnisstöðu ríkisháskólanna með því að heimila þeim að taka skólagjöld en það er bara ekki heimilt, herra forseti. Þannig eru ekki íslensk lög. Löggjafinn hefur ekki viljað gera ríkisháskólunum það að innheimta skólagjald.

Ég ætla í stuttri ræðu að einbeita mér að því að tala um Háskóla Íslands því að mér hefur virst hæstv. menntmrh. reka háskólastefnu í einkaháskólunum sem hefur verið á kostnað ríkisreknu háskólanna. Því til staðfestu ætla ég að nefna það að Háskóli Íslands hefur umtalsverðar skyldur umfram aðra háskóla í landinu. Sá skóli getur ekki valið sér það hlutskipti að kenna bara tvö eða þrjú vinsæl fræðasvið. Nei, Háskóli Íslands menntar þjóðina í ótal greinum í 11 deildum og á 53 fræðasviðum og hann útskrifar fólk með ólíkar gráður af yfir 70 námsleiðum. Þessi fundur mundi vart nægja til að telja upp þá sérstöðu sem Háskóli Íslands nýtur umfram aðra háskóla í landinu og hann á það skilið að fá notið sérstöðu sinnar í fjárveitingum. Það nægja ekki fögur orð ráðamanna á afmælisstundum. Það þarf efndir loforða. Má ég t.d. spyrja hæstv. menntmrh.: Hvenær ætlar hann að ganga frá samningi um fjármögnun rannsókna við Háskóla Íslands? Á háskólinn að lúta því að fá á næsta ári einungis 6,6% verðbætur á rannsóknakostnað á meðan verðbætur á kennslukostnaði eru 12,1%? Hvers vegna er þetta misræmi? Og hversu lengi á Háskóli Íslands að þurfa að borga 80–90 millj. á ári fyrir einkaleyfisgjald af happdrætti sem hann hefur ekkert einkaleyfi á?

Háskóli Íslands er þjóðarskóli og menntmrh. ber skylda til að standa vörð um hann sem slíkan. Þannig mætti ráðherrann taka sér til fyrirmyndar stúdenta í háskólanum sem nú hafa séð ástæðu til þess að efna til þjóðarátaks í þágu Háskóla Íslands, á 90 ára afmæli hans, og við skulum vona að hæstv. menntmrh. verði genginn til liðs við það átak á aldarafmæli skólans þó að ég leyfi mér að vona að hann verði farinn úr stól ráðherra þegar þar að kemur.

[13:48]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. var spurður að því af hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni hvernig hann hygðist tryggja samkeppnisstöðu ríkisháskólanna. Ég varð ekki vör við það, herra forseti, að hæstv. menntmrh. svaraði þessari spurningu, a.m.k. gat ég ómögulega greint það í máli hans.

Hæstv. menntmrh. virðist telja að ábyrgðinni á fjármálum háskólanna verði ekki varpað út fyrir veggi skólanna. Þetta kemur m.a. fram í nýlegum skrifum á heimasíðu hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Það er eðlileg krafa til hæstv. menntmrh. að hann skoði þá heildarmynd sem hefur verið að þróast á háskólasviðinu á undanförnum árum. Nýir öflugir skólar hafa sprottið upp og þeir hafa veitt háskólanum og öðrum ríkisháskólum verðuga samkeppni sem mun án efa skila sér í betra námsframboði og meiri metnaði. Einkareknu skólarnir eru góð viðbót við það nám sem fyrir var í boði og þeir munu án efa gera það að verkum að fleiri taka ákvörðun um að leggja stund á háskólanám hér heima en áður var þegar námsvalið var einsleitara.

En leikreglurnar eru ekki sanngjarnar, herra forseti. Ríkisháskólarnir bera skarðan hlut frá boði í því fjármögnunarfyrirkomulagi sem nú tíðkast og hæstv. menntmrh. ber ábyrgð á því kerfi. Á meðan einkaskólarnir geta innheimt skólagjöld en ríkisskólarnir ekki og ríkisframlögin eru hin sömu er verið að gera samkeppnisstöðu ríkisskólanna mun lakari en hinna nýju skóla. Slíkt fyrirkomulag er einsdæmi, að framlög ríkisins séu þau sömu til einkaskóla og ríkisskóla, og það gengur ekki upp.

Leiðir til úrbóta eru að mínu mati tvær. Í fyrsta lagi er hægt að heimila skólagjöld í ríkisháskólana en Samfylkingin varar eindregið við þeirri leið og telur að hún geti mjög ógnað jafnrétti til náms. Hins vegar er það sú leið að hækka verulega framlög til ríkisháskólanna og bæta þeim þannig upp það samkeppnisforskot sem einkaskólar hafa fengið með innheimtu skólagjalda. Þannig er unnt að tryggja rétt allra til grunnnáms í háskóla án skólagjalda en auka um leið flóruna sem í boði er á háskólastiginu.

[13:50]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Gríðarleg gróska er um þessar mundir í uppbyggingu háskólanáms á Íslandi. Háskóli Íslands leggur áherslu á meiri fjölbreytni í því námi sem þar stendur til boða. Þar ber hæst rannsóknatengt framhaldsnám en efling þess er afar mikilvæg fyrir háskólann og þjóðfélagið allt.

Háskólinn á Akureyri hefur sömuleiðis sótt fram og styrkt stöðu sína sem háskóli á landsbyggðinni og Kennaraháskóli Íslands hefur stóreflst í kjölfar nýrrar lagasetningar. Á sama tíma blómstra einkaskólar á háskólastigi og hefur verið mjög áhugavert að fylgjast með uppbyggingu Listaháskóla Íslands, Samvinnuháskólans á Bifröst og Viðskiptaháskólans í Reykjavík. Öll þessi starfsemi einkennist af metnaði, bjartsýni og trú á framtíðina og ýtir einnig undir heilbrigða samkeppni milli einkareknu viðskiptaháskólanna tveggja, Háskóla Íslands og annarra opinberra háskóla.

Það er vaxandi ásókn í háskólanám hér á landi sem er ákaflega mikilvægt þar sem það er löngu ljóst að öflug háskólastarfsemi, rannsóknir og vísindi, er grundvöllur efnahagslegra framfara. Það sjáum við best á þeirri nýju atvinnustarfsemi sem hefur sprottið upp hér á landi á síðustu árum á sviði vísinda og tækni og gefur ungu vel menntuðu fólki tækifæri til fjölbreyttra og vel launaðra starfa hér á landi.

Íslensk stjórnvöld hafa stuðlað að þessari þróun með nýrri lagasetningu um háskóla og auknum fjárveitingum til háskólamenntunar og rannsókna á undanförnum árum. Þessi mál hljóta að verða í deiglunni á næstu árum. Þróunin heldur áfram, nemendum fjölgar og þá ber líka að skoða alla kosti og nýjar leiðir til að fjármagna háskólastarfsemi í framtíðinni.

[13:52]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Engum kemur á óvart einkavæðingarfíkn hæstv. menntmrh. og við þekkjum öll þau markmið Sjálfstfl. að einkavæða allt skólakerfið í áföngum. Þjóðin þekkir hana enda fer hæstv. menntmrh. ekkert dult með einkavæðingarstefnu sína í menntakerfinu eins og hann rakti í ræðu sinni áðan.

Í gær var utandagskrárumræða um stöðu framhaldsskólanna. Þar er einkavæðingarherferðin hafin. Litlir skólar úti á landi, verknámsskólar, heimavistarskólar, þessa skóla skal svelta út. Allt er undirbúið fyrir einkavæðinguna. Sama er uppi á teningnum með háskólana. Þar er einkavæðingin komin á fulla ferð, þar rekur hvert gæluverkefnið annað. Háskólinn í Reykjavík er nýjasta dæmið, einkavæddur háskóli að fullu styrktur af ríkinu til jafns við aðra skóla en með frjálsa heimild til að taka skólagjöld. Á meðan er Háskóli Íslands sveltur og hann skikkaður með lögum til að nær tvöfalda innheimtu skólagjalda.

Herra forseti. Einkavæðingarfíkn Sjálfstfl. kemur okkur ekki á óvart og okkur kemur ekki á óvart að skellt sé skollaeyrum við þótt skólastjórnendur og nemendur hrópi á hjálp gegn einkavæðingu ríkisstjórnarinnar. En það sem kemur okkur á óvart, herra forseti, og ég held að allri þjóðinni komi á óvart er að Framsfl. skuli styðja hæstv. menntmrh. og Sjálfstfl. í þessari einkavæðingaraðför að menntakerfi þjóðarinnar. Við spyrjum okkur öll: Hvar er félagshyggja Framsfl.? Ætla ráðherrar og þingmenn Framsfl. að láta Sjálfstfl. leika lausum hala í einkavæðingarfíkn sinni á menntakerfi þjóðarinnar?

[13:54]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég fagna því að hér skuli fara fram fagleg umræða um málefni háskólastigsins þó að hv. síðasti ræðumaður hafi hlaupið út af því spori.

Ég tek undir með hv. málshefjanda, að það er mikilvægt að ræða málefni háskólastigsins. Nú hefur það gerst á allra síðustu árum að upp hafa sprottið nýir háskólar hér á Íslandi, bæði ríkisskólar og einkaskólar, og það er hið jákvæðasta mál enda má segja að fjölbreytileiki í námsframboði á háskólastigi sé meiri núna en nokkru sinni í sögu þjóðarinnar. Það er með öðrum orðum breytt umhverfi.

Það er líka áhugavert að fjármögnun þessara skóla skuli gerast með reiknilíkani eins og var til umræðu í gær varðandi framhaldsskólastigið. Það er mikilvæg aðferð til þess að mæla raunkostnað við rekstur á skóla. En ég tek undir þær áhyggjur að svo hröð hefur þróunin verið í uppbyggingu háskólastigsins að hugsanlega hefur reiknilíkanið ekki náð að fylgja þessari þróun eftir. Það er þess vegna mjög mikilvægt að leggjast yfir reiknilíkanið til að mæla hinn eiginlega kostnað við rekstur skóla. Ekki síst þarf að taka þar til skoðunar hvort skyldur ríkisháskólanna umfram einkaskólana séu að skekkja samkeppnisstöðu ríkisháskólanna gagnvart einkaskólum en einkaskólarnir hafa jú meiri möguleika á því að afla sér sértekna.

Ég fagna líka því sem hv. málshefjandi nefndi, að nauðsynlegt væri að taka upp vitræna umræðu um hugtakið skólagjöld. Við tölum um skólagjöld, við tölum um innritunargjöld, við tölum um námsbókakostnað en skilin þar á milli virðast oft vera æðióljós og bera kannski á stundum vott um dálítinn tvískinnung í umræðunni. Þess vegna tek ég undir með hv. málshefjanda, að það er mjög mikilvægt, ekki bara fyrir háskólastúdenta heldur ekki síður Alþingi, að vitræn umræða fari fram um þessi hugtök þannig að menn séu að tala sama tungumálið þegar svo mikilvægt málefni ber á góma.

[13:57]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar rætt er um starfsskilyrði háskóla er ein af grundvallarspurningunum sú hvort jafnrétti sé til náms, hvort aðgangur sé jafn. Það er sú spurning sem við í Samfylkingunni spyrjum og viljum að svarið sé afdráttarlaust já. Afdráttarlaust. En svo er ekki. Það er mikilvægt að það sé rætt þegar skólunum er mismunað hvað varðar rekstrarfé og það virðist ásetningur hæstv. menntmrh. að þvinga ríkisskólana til að taka upp skólagjöld í stað þess að þeir njóti meiri framlaga úr ríkissjóði til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra umfram aðra háskóla.

Það er kunnuglegt svar, herra forseti, að lánað sé fyrir skólagjöldum. En þá spyr ég aftur um jafnrétti og jafnan aðgang. Geta allir sem uppfylla inntökuskilyrðin og hin námslegu skilyrði fengið lán úr lánasjóðnum? Nei, aldeilis ekki. Það ræðst sem fyrr af aðstæðum viðkomandi, hvort

hann á einhvern að sem er tilbúinn að leggja fram sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins. Herra forseti. Það ræðst af ábyrgðarmanninum.

Þegar lögin um LÍN voru endurskoðuð lögðum við til að ábyrgðarmannakerfið yrði lagt af, enda samræmdist það ekki því hlutverki sjóðsins að tryggja fólki tækifæri til náms án tillits til efnahags. Það réðist af aðstæðum vandamanna hvort lán fengist. Tillaga okkar var studd áliti Ríkisendurskoðunar sem fram kom í skýrslu þeirra frá 1995 um fjárhagsstöðu sjóðsins. En hún var felld af meiri hlutanum hér á Alþingi undir styrkri stjórn hæstv. menntmrh. Þar liggur þá fyrir viljinn til jafnréttis til náms.

Ekki er tekið tillit til ólíkra starfsskilyrða skólanna. Samkeppnin er ekki heilbrigð og jafnrétti til náms er ekki tryggt. Það er sá veruleiki sem við ræðum hér í dag, herra forseti.

[13:59]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Umræða um starfsskilyrði háskóla kemur til af ýmsum ástæðum, m.a. hafa háskólastúdentar sett sig upp á móti því að innritunargjöld hækki. Háskólar eiga í samkeppni um nemendur og kennara. Háskóli Íslands sinnir mun fleiri greinum en aðrir skólar á háskólastigi hér á landi, líka greinum sem fáir nemendur sækjast eftir. Má nefna Norðurlandamálin en það hefur verið metnaðarmál að kennslu í þeim sé sinnt. Háskóli Íslands hefur þannig ýmsar skyldur sem kosta peninga en nauðsynlegt er að geta sinnt vel, fengið hæfa kennara og greitt þeim sómasamleg laun.

Mikilvægi háskóla í nútímasamfélagi dylst engum. Menntun er vaxandi þáttur í efnahagslegri afkomu þjóða og sú auðlind sem aldrei þrýtur sé framsýnt að henni staðið. Ungt fólk á Íslandi hefur aðgang að háskólum í öðrum Evrópulöndum og því er afar mikilvægt að háskólar hér á landi séu samkeppnisfærir við háskóla annars staðar, bæði hvað varðar kostnað og námsframboð. Og þótt útilokað sé fyrir litla þjóð að sigra í slíkri samkeppni skiptir öllu að því sé vel sinnt sem til boða er.

Nýjar kenningar fræðimanna líta dagsins ljós og nefndi ráðherra ráðstefnu sem nýverið var haldin um fjármögnun háskólastigsins. Þar vakti Ólafur Proppé athygli á kenningum breska hagfræðingsins Nicholas Barrs sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að ríkisháskólar ættu að taka upp skólagjöld og að námslánakerfi þyrfti að standa undir sér. Í kenningum hans felst m.a. að auðvelda þurfi aðgengi að háskólamenntun, ekki síst fyrir minnihlutahópa, og hins vegar að auka gæði háskólamenntunar. Barr bendir í fyrsta lagi á að skólagjöld geti verið sveigjanleg, í öðru lagi að námslánakerfið verði að vera vel skipulagt og í þriðja lagi þurfi jákvæða mismunun til að ná til sem flestra nemenda.

Án efa eru kenningar þessa fræðimanns enginn endanlegur sannleikur en þær sýna þó fram á að innritunargjöld, ásamt sveigjanlegu lánakerfi, geta, sé rétt að staðið, gert nám við háskóla aðgengilegra en nú er. Mér finnast þessi nýju viðhorf áhugaverð og tímabært að umræða um þau sé hafin hér á landi.

[14:01]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég fagna því að umræðan hefur að mestu leyti haldið sig við hin vitræna þátt málsins, en þó vék hæstv. menntmrh. sér undan því, herra forseti, að lýsa framtíðarsýn sinni til málsins. Ég vona að hæstv. ráðherra noti seinni ræðu sína til að fjalla örlítið um það.

Spurningin vaknar hins vegar um það, sérstaklega eftir ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar, hvort enn sé ólokið umræðu í þingflokki Framsfl. um hækkun innritunargjalda, en í blaðaviðtali fyrir nokkru tilkynni hv. þm. sem þá var starfandi þingflokksformaður að þeirri umræðu væri ekki lokið og eins og hv. þm. sagði, það segir í raun allt sem segja þarf.

Herra forseti. Það er margt sem kemur upp í hugann eftir þessa umræðu. Hæstv. menntmrh. sagði að fjárlagafrv. boðaði það ekki að verið væri að taka upp skólagjöld. Ég sagði í fyrri ræðu minni að ekki hefði staðið á viðbrögðum við þeirri stefnu sem ég var að lýsa.

Herra forseti. Í Morgunblaðinu fyrir stuttu síðan sagði Páll Sigurðsson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, m.a. í grein sinni, með leyfi forseta:

„Krefjast verður skýrra og afdráttarlausra svara frá stjórnmálamönnum um hver afstaða þeirra sé til fjármögnunar háskólans í fyrirsjáanlegri framtíð og hvað þeir séu í reynd tilbúnir að leggja af mörkum til úrbóta. Verði niðurstaðan sú, að þeir, sem ríkisfjármálum ráða, treysti sér ekki til að fjármagna Háskólann þannig að til sóma sé, verður ákvarðanatöku um heimild til töku skólagjalda umfram ríkisframlag og aðrar mögulegar tekjur hins vegar ekki lengur skotið á frest."

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að slíku sé svarað. Hæstv. menntmrh. verður að tala skýrt. Er hann að boða skólagjöld í ríkisháskólum á næstu árum eða ekki og hvaða leiðir vill hæstv. ráðherra fara til þess að tryggja samkeppnisstöðu ríkisháskólanna í því kerfi sem við búum við í dag?

[14:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þegar við lítum á stöðu ríkisháskólanna í samanburði við einkaháskólana, þá megum við ekki aðeins líta til Íslands heldur verðum við að líta til heimsins alls og þeirrar samkeppni sem á sér stað milli háskóla á alþjóðavettvangi. En ef við lítum hér innan lands á háskólana sem viðsemjendur ríkisins, hvort sem þeir eru ríkisháskólar eða einkaháskólar, þá getum við litið á þá sem verktaka og það sé skylda okkar að kaupa af þeim þjónustu með þeim hætti að nemendur geti stundað nám í þeim á jafnréttisforsendum án tillits til þess hver rekur þá. Það er það sem við erum að gera. Það er það sem við leggjum til grundvallar, að við semjum við háskólana um fjárveitingar til þeirra þannig að við veitum nemendum tækifæri til að stunda nám í þeim skólum sem bjóða viðkomandi nám án þess að við förum í manngreinarálit ef svo má að orði komast eftir því hvort skólinn sé ríkisrekinn eða einkarekinn. Þess vegna eru reiknireglurnar og samningarnir með þeim hætti, en sé nemandinn reiðubúinn til þess að greiða meira fyrir nám sitt en hann fær greitt af ríkisins hálfu til viðkomandi skóla, þá hefur nemandinn frelsi til þess að fara í einkaskóla og greiða þar skólagjöld eins og við vitum og það er sú staða sem við stöndum frammi fyrir.

Að bera síðan saman þessa nýju einkaskóla og ríkisháskólanna og telja að ríkisháskólarnir eigi í þeim samanburði undir högg að sækja, er ekki sanngjarnt. Við erum annars vegar að bera saman stofnanir sem hafa verið byggðar upp á áratugafjárveitingum frá ríkinu, sköpuð einstök aðstaða í þjóðfélaginu og að segja sem svo að nýir skólar sem hafa starfað í 3–5 ár ögri þeim skólum með þeim hætti að þeir

séu að komast á vonarvöl fjárhagslega í þeirri samkeppni finnst mér alls ekki rétt mynd.

En það sem ég sagði í upphafi máls míns þegar þessar umræður hófust og ég vil þakka hv. þm. fyrir að hefja þær, þá stöndum við núna í öðrum sporum en við gerðum fyrir fáeinum árum þegar þessir skólar komu til sögunnar og að sjálfsögðu verðum við að bregðast við því og ræða það og þess vegna þakka ég fyrir umræðurnar. Þær munu vafalaust verða endurteknar hér og við munum þróa þessar skoðanir okkar áfram.

Fundi slitið kl. 14:06.

24. FUNDUR

miðvikudaginn 7. nóv.,
að loknum 23. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Myntbandalag Evrópu og upptaka evru, fsp. RG, 195. mál, þskj. 206.

Til menntamálaráðherra:

2. Virðisaukaskattur á bókum, fsp. SJS, 95. mál, þskj. 95.

3. Menningarhús á landsbyggðinni, fsp. SJS, 96. mál, þskj. 96.

4. Samstarf við Microsoft, fsp. SvanJ, 220. mál, þskj. 245.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Skimun fyrir riðu, fsp. SJóh, 153. mál, þskj. 153.

6. Starfssvæði og verkefni hjá Suðurlandsskógum, fsp. KPál, 187. mál, þskj. 198.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Einkaframtak í heilbrigðisþjónustu, fsp. ÁRÁ, 221. mál, þskj. 246.

8. Reglugerð skv. 18. gr. a læknalaga, fsp. SI, 231. mál, þskj. 258.

Myntbandalag Evrópu og upptaka evru.

Fsp. RG, 195. mál. — Þskj. 206.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Samfylkingin hefur að undanförnu beint spurningum til hæstv. utanrrh. hér á Alþingi um áhrif þróunarinnar í Evrópu á hagsmuni okkar Íslendinga, um stækkun Evrópusambandsins, um möguleikana á endurskoðun EES-samningsins og um kynningu hérlendis á upptöku evru í viðskiptalöndum okkar. Nú inni ég hæstv. utanrrh. eftir skoðun hans á því hvaða áhrif myntsambandið og upptaka evrunnar geti haft á efnahags- og viðskiptalíf okkar og hagsmuni neytenda, t.d. varðandi vexti og fjármagnskostnað.

Fyrir skömmu setti Viðskiptablaðið fram þau sjónarmið að mjög erfitt yrði fyrir Ísland ef Bretar, Danir og Svíar mundu ákveða upptöku evrunnar. Þá mundu 60% af utanríkisviðskiptum okkar verða við evrulönd en þau eru í dag liðlega 30% við þau lönd sem þegar hafa ákveðið aðild að myntsambandinu.

Mikil umræða fer fram um upptöku evrunnar í þessum löndum og virðist sem andstaða við myntsambandið hafi minnkað. Þeir kostir sem nefndir eru hérlendis í umræðuna úti í samfélaginu eru Evrópusambandsaðild og upptaka evru, tenging krónu við evruna, sérstakir samningar við seðlabanka Evrópu eða einhliða binding krónu við evru.

Nýverið kom sú skoðun fram hjá tveimur prófessorum við Háskóla Íslands að gera ætti samning við seðlabanka Evrópu um tvíhliða tengingu krónu og evru en hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir ýtti þessum möguleika út af borðinu í ræðu sinni á ráðstefnu um evruna fyrir um það bil viku.

Í Morgunblaðinu í dag er svo greint frá ræðu forsrh. á fundi Bresk-íslenska verslunarráðsins í London. Forsrh. telur ekki rök fyrir því að aðild að evrunni samræmist efnahagslegum hagsmunum Íslands.

Allar líkur eru á því í dag að Ísland muni standa utan evrulandanna. Þá ber okkur að skoða hvaða áhrif það hefur hérlendis. Hvað með vexti og fjármagnskostnað heimila? Verður staða okkar verri en annarra landa í Evrópu? Hvernig er hægt að bregðast við breytingum sem kunna að verða? Atvinnurekendur, hagfræðingar og Samtök iðnaðarins virðast telja að taka ætti upp evru á Íslandi sem væntanlega er ekki unnt án aðildar að Evrópusambandinu. Helstu þættir sem horft er til í atvinnulífinu er minni viðskiptakostnaður, minni gengisáhætta, vaxtamunur sem annars yrði milli Íslands og evrusvæða og mismunur sem menn óttast að verði á samkeppnisstöðu fyrirtækja í Evrópu.

En hver er skoðun hæstv. utanrrh.? Hver telur hann að verði áhrif upptöku evru um áramót gagnvart íslenskum hagsmunum? Hvað ef Bretar, Danir og Svíar gerast aðilar? Mun það hafa afdrifarík áhrif fyrir okkur?

[14:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Myntbandalag Evrópu hefur orðið að veruleika og núna um áramótin munu evruseðlar fara í umferð um stóran hluta Evrópu. Ég tel að þessi atburður leiði til vatnaskila í þróun Evrópusambandsins og kunni að hafa veruleg og langtímaáhrif á efnahag landanna innan þessa svæðis.

Markmið ESB, með stofnun eins myntsvæðis, er að gera innri markað ESB skilvirkari, minnka fjármagnskostnað með því að útrýma gengisáhættu innan svæðisins og efla viðskiptalífið. Fyrir neytendur á þessu svæði eru kostirnir augljósir. Vextir koma væntanlega til með að lækka og auðveldara verður að gera samanburð á verðlagi í löndum innan svæðisins sem væntanlega leiðir til öflugri samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

Hvað varðar áhrif hér á landi ber að hafa í huga að þrátt fyrir að megnið af viðskiptum Íslands sé við ESB-lönd eða um 60%, er hlutfall landa innan evrusvæðisins töluvert minna þar sem mikilvæg viðskiptalönd okkar standa enn þá utan þessa svæðis, þ.e. Sviþjóð, Danmörk og Bretland. Líklegt er hins vegar að þessi þrjú lönd gangi í þennan hóp í framtíðinni og þá verða áhrifin augljóslega meiri.

Það er ljóst að aukinn hagvöxtur í ESB, sem er aðalviðskiptasvæði okkar, hlýtur að koma okkur til góða. Auk þess má búast við því að viðskiptakostnaður í utanríkis- og gjaldeyrisviðskiptum minnki að einhverju leyti. En þó að við

högnumst hugsanlega óbeint af aukinni velgengni ESB að þessu leyti er rétt að gera ráð fyrir að samkeppnisstaða fyrirtækja okkar verði lakari en meðal samkeppnisaðila okkar innan ESB.

Staðhæfa má að ef evran verður öflugur og stöðugur gjaldmiðill sem tekinn verður upp hjá öllum núverandi ESB-ríkjum verði a.m.k. ekki auðveldara að tryggja stöðugt gengi íslensku krónunnar. Vaxtamunur milli okkar og ESB gæti aukist enn frekar en er í dag. Áhrif hárra vaxta á samkeppnisstöðu fyrirtækja okkar hefur verið til umræðu að undanförnu. Þessi vaxtamunur hefur áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í samanburði við samkeppnisaðila innan ESB. Þá er augljóst að þessi vaxtamunur mun einnig hafa áhrif á neytendur.

Á hitt ber að líta að þróun annarra gjaldmiðla skiptir okkur einnig grundvallarmáli. Þar á ég bæði við gjaldmiðla eins og dollara og jen. Þá hefur ríkisstjórnin undanfarin ár gripið til aðgerða til að mæta þessum áhrifum með því m.a. að bæta starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja, t.d. á sviði skattamála nú síðast. Þeirri stefnu verður haldið áfram. Einnig tel ég óhjákvæmilegt að við fylgjumst grannt með því hvaða áhrif evran hefur á Ísland með það að markmiði að skapa íslensku atvinnulífi möguleika á að standa jafnfætis í samkeppni við önnur hagkerfi innan EES-svæðisins. Þetta gildir sérstaklega ef aukning verður á hlutfallslegu vægi evrusvæðisins í utanríkisviðskiptum Íslands. Stöðugt þarf að meta kosti og galla þess fyrir Ísland að standa utan þessa myntbandalags.

[14:14]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. sagði að staða gjaldmiðils okkar mundi að líkindum versna við upptöku evrunnar. Á fundi í Kaupmannahöfn 20. júní á síðasta ári komu fram mjög ákveðnar skoðanir um að danska krónan mundi veikjast um allt að 1% og einnig væru líkur á hækkun vaxta í Danmörku ef Danir höfnuðu evrunni, sem þeir gerðu í kosningum. Ég sé þess vegna ástæðu til að skjóta inn einni spurningu í þessari umræðu, sem ég þakka fyrir: Hefur verið gerð úttekt um hugsanleg áhrif tvöfalds efnahagskerfis þegar fyrirtækin fara að gera upp reikninga sína í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu á Íslandi um næstu áramót?

[14:15]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ýmsir telja að ef eitthvað geri það að verkum að Íslendingar gangi í Evrópusambandið þá sé það evran og mikilvægi þess að verða hluti af stærri gjaldmiðli. Davíð Oddsson telur að það samræmist ekki efnahagslegum hagsmunum Íslands. Þar er hann tiltölulega fáliðaður á báti vegna þess að kannanir sem hafa verið gerðar benda til þess að a.m.k. atvinnurekendur á Íslandi, að miklum meiri hluta, telji það mjög mikilvægt að Íslendingar geti tengst evrunni, að Íslendingar getin nýtt sér annan gjaldmiðil.

Aðrir gjaldmiðlar, eins og jen og dollari, skipta vissulega máli en það breytir ekki hinu að krónan verður áfram lítill gjaldmiðill, gjaldmiðill sem mun því miður, herra forseti, rýra samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og rýra lífskjör íslensku þjóðarinnar. Þetta eru auðvitað bitrar staðreyndir en staðreyndir samt sem við verðum að horfast í augu við og vinna út frá.

[14:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Minnst var á umræðuna í Danmörku, áður en Danir kusu um evruna og felldu aðild að henni. Það var athyglisvert, einmitt í ljósi þess að ekkert af því hefur síðan gerst í Danmörku sem hræðsluáróðurinn gekk út frá að mundi gerast ef Danir felldu. Þar hafa vextir ekki hækkað og hagkerfið tók enga dýfu þó að Danir tækju þessa ákvörðun.

Í Svíþjóð hefur þrýstingurinn farið af málinu, m.a. vegna þess að Danir felldu. Ný ríkisstjórn í Noregi hyggst ekki hreyfa þessi mál á nýhöfnu kjörtímabili og nýjustu fréttir frá Bretlandi benda til þess að ef eitthvað er þá fjarlægist Bretar á nýjan leik það að taka upp evruna. Það er helst hér uppi á Íslandi sem menn eru iðnir við kolann og reyna m.a. að nota óróleika í efnahagsmálum um þessar mundir til að þoka þessum málum eitthvað áfram og þá væntanlega í áttina að því að krónan fái ekki staðist og mögulega verðum við þá að ganga í Evrópusambandið til að geta tekið upp evru.

Þessar fyrirspurnir sem hér hafa verið á dagskrá eru auðvitað mjög athyglisvert innlegg í þessi mál, bæði spurningarnar og svörin.

[14:17]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Efnahagsstefna núverandi stjórnarflokka hefur brugðist. Viðskiptahalli undanfarinna ára heldur uppi þeim háu okurvöxtum sem eru í landinu í dag og eru allt að drepa.

Það má eiginlega lýsa efnahagsstjórn þessarar ríkisstjórnar í þremur orðum: andvaraleysi, sjálfsánægja og agaleysi. Litlar tímasprengjur hafa verið að hlaðast upp og eru nú að springa hver af annarri.

Herra forseti. Ég hygg að eftirmælin um þá ríkisstjórn sem nú situr verði þau að þetta hafi verið ríkisstjórnin sem með drambi sínu í efnahagsmálum gerði það að verkum að við neyddumst til að taka upp evru fyrr en síðar.

[14:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Að halda því fram að menn séu að nota þetta ástand til að ýta undir það að evran sé tekin upp finnst mér vera ódýr málflutningur. Ég held að menn hafi bara yfirleitt áhyggjur af íslensku krónunni. Það er full ástæða til þess. Fjármálasérfræðingar hér og ég vil nefna t.d. Sigurð P. Stefánsson sem hefur sagt það í fjölmiðlum að hann telji að krónan verði horfin út úr fyrirtækjarekstri á Íslandi á þessum áratug.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. hvað hann telji að muni fylgja slíkri þróun. Telur hann ekki að íslenskt fjármálalíf muni geta farið mjög illa út úr þeirri þróun sem mun verða á þeim tíma sem fyrirtækin flytja sig yfir í evru, dollara eða pund eins og sá maður spáði um?

[14:19]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég bað um orðið vegna ummæla sem féllu í athugasemdunum. Það er nefnilega þannig að ég held að allir sem eru vel heyrandi heyri hvar samhljómurinn liggur í þessari umræðu. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom upp og talaði um athyglisverðar fyrirspurnir og athyglisverð svör. Við hvað átti hv. þm.?

Mér heyrist mikill samhljómur með formanni Vinstri grænna og formanni Sjálfstfl. í þessum efnum, þ.e. ef hér á að tala um eitthvað sem byrjar á Evrópu, Evrópusambandið, evruna eða eitthvað annað, þá fara þeir upp og kvarta yfir

umræðunni og eru með einhverjar meldingar um að athyglisvert sé að þetta sé borið á borð Alþingis. Til hvers eru hv. þm. hér að ræða málin? Ættum við ekki að ræða Evrópumálin og evruna?

[14:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er svo sem ekki nýtt af nálinni að menn ræði um gjaldmiðla og hvort þjóðir eigi að standa sameiginlega að því að hafa gjaldmiðil. Ég minni á að þegar íslenska krónan var tekin upp í upphafi, á síðasta ársfjórðungi 19. aldar, þá var um að ræða sameiginlega krónu fyrir öll Norðurlönd. Norðurlönd voru þá sameiginlegt myntsvæði. Þegar Íslendingar fengu fullveldi 1918 var farið að skrá íslenska krónu sérstaklega og fyrstu afleiðingarnar urðu þær að gripið var til gengishækkunar sem setti íslenskan sjávarútveg á hausinn. Það eru því auðvitað tvær hliðar á öllum málum.

Ég held að það detti ekki nokkrum manni í hug að halda því fram að ríki Evrópusambandsins sem taka upp evru séu að afsala sér sjálfstæði. En það er hins vegar jafnljóst að menn afsala sér ákveðnum hagstjórnartækjum og Íslendingar þurfa að vega og meta kostina við þetta. Ég tel ekki rétt að útiloka fyrir fram að það geti verið skynsamlegt fyrir Íslendinga að taka upp gjaldmiðil með öðrum.

[14:22]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það væri vægt orðað að segja að þessi fyrirspurn hafi vakið mikla athygli. Á öðru var þó ekki von. Hins vegar nefndi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson það í ræðu sinni að með því að taka upp evruna mundu menn afsala sér tilteknum möguleikum, þ.e. að beita tilteknum hagstjórnartækjum. Þetta er kannski grundvallarspurningin sem við stöndum frammi fyrir í dag. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þeirri stöðu sem upp er komin? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þeirri stöðu sem nú er komin upp, þegar dollarinn er kominn tæplega í 106 kr.? Hvað ætla menn að gera í þeirri stöðu þegar pundið er komið í 154 eða 155 kr.? Spurningin er náttúrlega: Hvaða hagstjórnartækjum ætla menn að beita? Það er þessi kjarnaspurning.

Úr því að menn eru svona áfjáðir í að halda í krónuna þá held ég að eðlilegast sé að spyrja núna: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þeirri stöðu sem upp er komin? Það verður fróðlegt að heyra svörin við því.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég efast um að hæstv. utanrrh. gefist tími til að svara öllum þeim spurningum sem fyrirspurn mín hefur vakið í salnum. Ég ætla hins vegar að vitna í Morgunblaðið í dag þar sem fram kemur að hæstv. forsrh. á fundi Bresk-íslenska verslunarráðsins er einmitt að ræða þessi mál. Þar segir hann að það samræmist ekki hagsmunum Íslands að gangast undir sameiginlega viðskipta- og efnahagsstefnu Evrópusambandsins. Það væri fullkomlega ábyrgðarlaust, segir hann, ef íslensk stjórnvöld samþykktu aðild að Evrópusambandinu og tækju upp evruna án fullgildra raka um að íslenskt efnahagslíf væri í fullum takti við efnahagslíf evrulandanna.

Ég spyr og það er ástæðan fyrir spurningum mínum að undanförnu: Hvernig fáum við þessi rök upp á borðið til þess að geta tekið réttar ákvarðanir og brugðist rétt við? Hvernig og á hvaða vettvangi er lagt mat á þessa hluti? Hæstv. forsrh. setur ævinlega fram sínar eigin staðhæfingar og þær virðast gilda óháð því sem viðskiptalífið eða aðrir halda fram.

Ég þakka traustan stuðning formanns Vinstri grænna og hrós hans í garð fyrirspurnar okkar. Mér finnst þó reyndar að málflutningur hans sé mun skyldari málflutningi hæstv. forsrh. en óskum mínum um svör til að geta tekið afstöðu en ákveða ekki fyrir fram á eigin eða engum rökum hvernig hlutirnir eiga að vera.

Hæstv. forseti. Utanrrh. sagði að staða fyrirtækja yrði lakari. Það væri ekki auðveldara að tryggja stöðugt gengi og við mættum eiga von á vaxtamun sem hefði áhrif á hag neytenda og að stöðugt yrði að skoða stöðu okkar utan við bandalagið. Við verðum að ræða og skoða þessi mál. Það er eina leiðin til að taka réttar ákvarðanir á réttum tíma.

[14:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu en ætla að halda mig við þá fyrirspurn sem hér er um að ræða. Ég held að það sé alveg sama hvað okkur finnst um Evrópusambandið eða myntbandalagið. Við stöndum samt sem áður frammi fyrir ákveðnum staðreyndum. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að íslensk stórfyrirtæki munu væntanlega sækja enn meira á erlendan fjármagnsmarkað og reyna að gera sig óháðari innlendum fjármagnsmarkaði vegna þess að erlendur fjármagnsmarkaður er einfaldlega ódýrari. Þetta eru kostir sem lítil fyrirtæki hafa ekki, m.a. flest fyrirtækin á landsbyggðinni. Halda menn að það geti staðist til lengdar að stýrivextir hér á landi séu 10,9% en þeir séu 7% í Noregi, séu 3,75% í evrulöndunum og 2% í Bandaríkjunum? Hafa menn trú á því að íslensk fyrirtæki standist þessa samkeppni til lengdar? (**KLM:** Hver stjórnar þessu landi?) Ég held að það sé mikilvægt að menn spyrji sig þessara spurninga. Mér finnst alveg óþarfi að hv. þm. sýni einhvern óróleika yfir því að þessar tölur séu nefndar. Þetta eru spurningar sem við öll stöndum frammi fyrir. Þetta er sá grundvöllur sem við þurfum að hafa í umræðunni og varðar hina stóru spurningu um hvort við viljum verða aðilar að þessu myntbandalagi eða ekki. Það eru spurningar sem við svörum ekki í dag. En við getum ekki flúið þennan raunveruleika.

Þess vegna fagna ég þessari umræðu. Ég tel hana vera mikilvæga. En ég get jafnframt sagt að ég er ekki tilbúinn til að taka þarna endanlega ákvörðun vegna þess að umræðan er ekki nægilega þroskuð. Við verðum að halda henni áfram og til þess að halda henni áfram verðum við að horfa framan í sannleikann, í stað þess að varpa honum bara aftur fyrir sig og láta sér fátt um finnast eins og ég tók eftir að fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem kemur ekki á óvart.

Virðisaukaskattur á bókum.

Fsp. SJS, 95. mál. — Þskj. 95.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég verð kannski sakaður um að nota hér Albaníuaðferðina, að spyrja hæstv. menntmrh. um skattamál. Hins vegar vill svo til að málið snýst um skattlagning á menningu. Mönnum er væntanlega í fersku minni deilur sem upp komu þegar tekinn var upp virðisaukaskattur á ýmiss konar menningarstarfsemi, ekki síst vegna skattlagningar

á bókaútgáfu. Það þótti ekki gott innlegg hjá sjálfri bókaþjóðinni að gera að sérstökum skattstofni slíka útgáfu bóka, tímarita, blaða o.s.frv.

Staðan er þannig núna, herra forseti, að slík starfsemi og reyndar mörg önnur menningarstarfsemi eða menningartengd starfsemi er skattlögð með 14% skattþrepi í virðisaukaskatti. Það gildir um áskrift að fjölmiðlum, blöðum, útvarpi, sjónvarpi. Það gildir um útgáfu tímarita, blaða og bóka á íslensku. Síðan er ákveðin menningarstarfsemi undanþegin virðisaukaskatti með öllu, svo sem aðgangseyrir að söfnum, kvikmyndum, leikhúsum, sala listamanna á eigin listaverkum í ákveðnum flokkum o.s.frv. Reyndar eru þarna ýmis jaðarsvæði, grá svæði og listamenn sem vinna hlið við hlið geta lent í því að annar greiðir engan skatt af sölu sinna verka en aðilinn við hliðina fullan skatt o.s.frv. En það er of langt mál að fara út í það.

Ég reisi þá spurningu til hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir því eða hvort það hafi eitthvað komið á dagskrá að virðisaukaskattur, t.d. á bókum, verði felldur niður á nýjan leik eða lækkaður, svipað og gert hefur verið í sumum nálægum löndum að undanförnu. Það má kannski segja að tvennt hafi sérstaklega orðið þess valdandi að ég ákvað að bera fram þessa spurningu. Það fyrra er auðvitað erfið staða þessarar menningarstarfsemi sem öllum ætti að vera kunnug. Það óttast mjög margir um framtíð hennar, alla vega þá hluta slíkrar útgáfu sem erfiðast eiga með að bjarga sér á markaðslegum forsendum.

Hið síðara er að hæstv. ríkisstjórn telur aðstæður þannig um þessar mundir að það sé mikið svigrúm fyrir skattalækkanir. Það er kunnara en frá þurfi að segja að gríðarlegur skattalækkunarpakki hefur einmitt verið á borðum hæstv. ríkisstjórnar undanfarnar vikur og nýlega verið kynntur. Ég taldi þar af leiðandi í ljósi þeirra frétta ástæðu til að spyrja hæstv. menntmrh. hvort inni í þessum skattalækkunarpakka yrði eitthvað í þágu menningarstarfsemi í landinu.

Ég vona að hæstv. ráðherra geti þar komið með einhver jákvæð svör. Því verður varla trúað að staða hæstv. ráðherra sé svo veik í ríkisstjórninni eða þá að viljaleysi hans sé um að kenna að það eigi ekki að neinu leyti að nota skattalegar aðgerðir í þessu tilviki, úr því að það á að lækka hér skatta á annað borð, til að standa betur við bakið á mikilvægri menningarstarfsemi í landinu sem á undir högg að sækja.

[14:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir því að virðisaukaskattur á bókum verði felldur niður eða lækkaður, svipað og gert hefur verið í sumum nálægum löndum að undanförnu?

Svarið er einfalt. Ég mun ekki beita mér fyrir því og það hefur ekki verið á dagskrá ríkisstjórnarinnar að hrófla við virðisaukaskattinum í þeim skattalækkunum sem nú hafa verið boðaðar og lagðar fram hér á þingi. Á hinn bóginn hefur skattaumhverfi fyrirtækja verið stórbætt með þeim tillögum og það kemur til góða fyrir bókaútgáfufyrirtæki og menningarfyrirtæki ekki síður en önnur. Ég tel því að almennt sé verið að skapa þeim rekstri betri aðstæður hér á Íslandi en áður, en það hefur ekki verið hróflað við virðisaukaskattinum í þeim breytingum sem nú liggja fyrir.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þetta svar er mér nokkur vonbrigði. Ég skildi það eiginlega þannig að það hefði ekki einu sinni af hálfu hæstv. menntmrh. verið leitað eftir því að styrkja menningarstarfsemina að einhverju leyti með skattalegum aðgerðum. Kannski er það misskilningur og þá skýrist það betur í svari hæstv. ráðherra á eftir því mér þætti það skipta máli hver væri hugur hæstv. menntmrh. í þessum efnum. Ef hann hefði hins vegar verið ofurliði borinn og ekki náð neinu fram, þá væri það hlutur sem menn stæðu frammi fyrir og yrðu að kyngja. En hinu er erfitt að trúa að hæstv. menntmrh. sjálfur mundi ekki vilja aðhafast eitthvað í þessum efnum. Það liggur við að ég neiti að trúa því svari.

Að vísa til lækkunar skatta á hagnað fyrirtækja er dálítið langt út í sjó í þessum efnum. Mér er ekki kunnugt um að hagnaður t.d. bókaútgefenda undanfarin ár hafi veri þeim verulega til trafala og að tekjuskattsgreiðslur þeirra í ríkissjóð hafi verið umtalsverðar. Ég held að vandamálið sé þvert á móti hið gagnstæða. Fyrirtæki hafa barist í bökkum, þau hafa týnt tölunni, þau hafa verið í örvæntingarfullum sameiningartilraunum til þess að reyna að bjarga sér eins og alkunna er. Mjög margir óttast að nú sé þróttur svo dreginn úr þeirri starfsemi að þess muni fara að sjá stað í ört vaxandi mæli á næstu árum að bolmagn þeirra til myndarlegrar útgáfu á þessum sviðum minnki. Staða bókarinnar og hins ritaða máls er veik og á undir högg að sækja. Þetta er viðurkennt víða í löndunum í kringum okkur og því miður engin ástæða til að ætla að það sé öðruvísi hér á landi þó að við séum mikil bókaþjóð. Það er af þeim sökum sem t.d. Svíar hafa nýlega ákveðið að stórlækka virðisaukaskatt á bókum. Finnar og fleiri þjóðir innan Evrópusambandsins eru með bækur og aðra menningarstarfsemi í lægsta skattþrepi, lægsta viðmiðunarskattþrepi innan Evrópusambandsins 6–8% ef ég man rétt og svo mætti áfram telja. Það er því dálítið merkilegt ef ekkert er verið að huga að þeim málum hér uppi á Íslandi um þessar mundir.

[14:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég svaraði fyrirspurninni í fyrra svari mínu. Mér finnst hins vegar ástæða til að vekja máls á því að það er mjög sérkennilegt að fulltrúi Vinstri grænna skuli koma hér upp og mæla með skattalækkunum því að yfirleitt er sá flokkur frekar á þeim nótum að hækka beri skattana og sérstaklega á fyrirtæki. Flokkurinn er frekar þeirrar skoðunar að leggja beri auknar álögur á fyrirtæki og það beri að hafa af þeim meira fé í opinbera sjóði heldur en hitt. Mér finnst sérkennilegt að hér komi leiðtogi Vinstri grænna og haldi því fram að lækka beri skatta. Það er hið merkilega í þessum umræðum.

Menningarhús á landsbyggðinni.

Fsp. SJS, 96. mál. — Þskj. 96.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aftur beinist fyrirspurn mín til menntmrh. og ég ætla að vona að hæstv. ráðherra taki það ekki illa upp að málaflokkum hans almennt sé sýndur áhugi. Hæstv. ráðherra gerði réttara í því að mínu mati að fagna liðsmönnum,

áhugamönnum um varðveislu menningar eða það sem hér á við, uppbyggingu menningarstarfsemi.

Herra forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh. hvað líði áformum um að byggja menningarhús á landsbyggðinni. Það mun hafa verið 7. janúar 1999, fyrir tæpum þremur árum, sem mikið var haft við og ríkisstjórn Íslands kynnti áform sín um að reisa menningarhús á landsbyggðinni. Það dugði ekki minna til en fjórfalt ráðherragengi á blaðamannafundi til að kynna þau glæstu áform. Ég veit að mönnum er enn í fersku minni sumum hverjum hversu glæsilegt þetta sett var þegar það kynnti hin stórbrotnu áform um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni og tilgreindir voru fimm staðir: Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Vestmannaeyjar, en forsrh. vildi þó hafa þann varnagla á að hann útilokaði ekki þann möguleika að menningarhús mundu rísa á fleiri stöðum. Það var því ekki ástæða til að vefengja að þetta mundi ganga í gegn varðandi þessa fimm staði. Óvissan laut frekar að því hvort fleiri yrðu þarna með.

Herra forseti. Það eru liðin næstum þrjú ár síðan þessi glæsilegu áform, vel að merkja nokkru fyrir alþingiskosningar 1999, voru kynnt og engin leið að ráða annað af framsetningu málsins en að þessum áformum yrði fylgt eftir af fullum myndugleik og þau mundu verða að veruleika á allra næstu missirum. Þannig var t.d. strax fáeinum dögum seinna eða mjög fljótlega skipuð nefnd til þess að endurskoða ákvæði um félagsheimili og fleira í þeim dúr var gert sem átti að sýna mönnum hversu rösklega yrði á þessu tekið.

Í blaðaúrklippum frá næstu dögum eru fyrirsagnir eins og „Vel tekið í hugmyndir um menningarhús", og talað var við forsvarsmenn í öllum þessum sveitarfélögum og yfirleitt var hugmyndunum vel tekið með nokkrum fyrirvörum af hálfu einstakra aðila og þá fyrst og fremst um efndirnar. Akureyringar til að mynda tóku þessum áformum strax vel, lýstu sig áhugasama og settu vinnu í gang, mótuðu tillögur og nálguðust ríkisstjórn með tiltölulega mótaðar hugmyndir um hvernig þeir mundu vilja sameina á einum stað myndarlegt menningarhús og jafnvel tengja það ráðstefnuaðstöðu, hótelbyggingu og fleiru.

Síðan líður og bíður og bíður og líður og ekkert gerist. Nú eru að verða þrjú ár liðin og þessi áform eru öll í gufu enn þá. Það er að verða eitt og hálft ár síðan hæstv. menntmrh. norður á Akureyri lét svo að nú fengist botn í þetta mál á allra næstu mánuðum, a.m.k. hvað áformin norðan heiða varðaði. Ég leyfi mér því náðarsamlegast, herra forseti, að spyrja hæstv. menntmrh. hvað líði efndum þeirra fyrirheita ríkisstjórnarinnar frá því fyrir síðustu alþingiskosningar að koma upp menningarhúsum á landsbyggðinni og ég vona að hæstv. ráðherra taki því ekki illa þó að hann sé spurður um hluti af þessu tagi.

[14:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er alveg óþarfi af hv. þm. að halda að ég taki það illa upp þó að hann taki til máls. En ég svara fyrirspurnum hans á þann hátt sem mér sjálfum hentar án tillits til þess hvort honum líkar það vel eða illa.

Varðandi þetta mál, þá hafa farið fram miklar umræður um það síðan við kynntum það í ársbyrjun 1999 og rætt hefur verið við forráðamenn á öllum þessum stöðum sem við nefndum. En í ljós hefur komið að t.d. á Ísafirði er ekki áhugi á að ráðast í smíði eins húss heldur er þess óskað að ríkið standi að því með heimamönnum að ljúka við endurgerð Edinborgarhússins og lagt hefur verið fé til þess, kosta tónlistarsal við tónlistarskólann og gera við gamla sjúkrahúsið, enda verði það safnahús. Þetta hefur verið rætt. Síðan hafa Vestfirðingar komið með aðrar hugmyndir einnig. Ég hef lagt áherslu á það við Vestfirðinga að við náum góðu samkomulagi um þetta eins og við höfum gert á Austfjörðum þar sem liggja fyrir mótaðar hugmyndir.

Í Skagafirði hafa menn ekki talið rétt að ráðast í smíði á menningarhúsi heldur viljað eiga samstarf um menningarmál við ríkisvaldið á öðrum forsendum.

Varðandi Akureyri sem hv. þm. gerði að sérstöku umtalsefni, þá er það stærsta verkefnið sem nú er í vinnslu og unnið er að því í samvinnu við menntmrn. að útfæra þær hugmyndir sem hafa verið kynntar og ekki er unnt að taka afstöðu til einstakra þátta í því fyrr en meiri vinna hefur farið fram. Ég veit að Akureyringar hafa m.a. samið við sérfróða aðila í Bandaríkjunum til þess að aðstoða sig því að svona stórvirki og slík mannvirkjagerð þarf að vera vel undirbúin og ástæðulaust að gera því skóna að þótt menn undirbúi verk vel, þá sé verið að ýta þeim til hliðar. Og raunar er krafan sú eins og við vitum um þátttöku hins opinbera í opinberum framkvæmdum á þann veg að allar áætlanir þurfa að vera mjög vel unnar og það er nauðsynlegt í þessu tilliti eins og öðru.

Á Austurlandi hafa mál þróast á þann veg að í stað eins menningarhúss hafa komið fram óskir um aðild að fleiri en einu húsi. Í samningi um samstarf ríkis og 16 sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál sem ritað var undir 14. maí sl. á Seyðisfirði og gildir til ársloka 2004 er kveðið á um að á samningstímanum verði unnið að þátttöku ríkissjóðs í uppbyggingu fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi í samræmi við viljayfirlýsingu sem fylgir samningnum. Þar er rætt um kirkju og menningarmiðstöð í Fjarðarbyggð, menningarmiðstöðina Skaftfell á Seyðisfirði og menningarmiðstöð á Hornafirði, einnig menningarmiðstöð á Egilsstöðum eða Austurhéraði. Ég skipaði í sumar fulltrúa af minni hálfu til að vinna með heimamönnum að því verkefni þannig að á Austurlandi eru þessar hugmyndir vel mótaðar og liggja fyrir.

Í Vestmannaeyjum hafa komið fram hugmyndir um menningarhús í nýja hrauninu. Þessar hugmyndir liggja allar fyrir og unnið hefur verið að þessum verkefnum.

Ég sé ekki annað en að tillögurnar og málin hafi verið að skýrast. Við höfum sérstakan menningarsamning við Akureyri og innan þess samnings og samkvæmt ákvæðum í honum er verið að vinna að þessu verkefni. Við höfum einnig gert sérstakan menningarsamning við 16 sveitarfélög á Austurlandi og á grundvelli hans eru við að vinna að þessu. Við höfum hins vegar ekki, og ég hef lagt á það áherslu að gagnvart Vestfirðingunum sé nauðsynlegt að stíga einnig það skref að mínu mati að gera samning með sambærilegum hætti og við höfum samið við Austfirðingana og þá mundu menn taka afstöðu til þess endanlega hvernig yrði staðið að uppbyggingu á menningarhúsum þar.

Ég lagði á það áherslu þegar þetta mál var kynnt að menn ættu ekki að einskorða sig við orðið „hús" í þessu heldur væri það menningarlegt samstarf á þeim forsendum sem menn teldu eðlilegt á hverjum stað miðað við aðstæður og það er það sem hefur verið gert. Ég held að allir þeir sem komið hafa að þessu komi að því með jákvæðu hugarfari og jákvæðri afstöðu og ég held að við séum þarna að leggja grunn að mjög merku samstarfi ríkisins og sveitarfélaganna

sem varð til á grundvelli þeirrar yfirlýsingar sem við gáfum hátíðlega í ársbyrjun 1999 og er fylgt markvisst eftir síðan.

Ég held að það sé algerlega ástæðulaust af hv. þm. þótt hann sé oft úrillur þegar hann ræðir um menningarmálin við mig að draga upp þá neikvæðu mynd af þessu sem hann er að gera í máli sínu og láta að því liggja að það sé ekkert verið að aðhafast á þessu sviði.

[14:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Okkur eru mörgum í fersku minni þeir gleðistraumar sem fóru um landsbyggðina þvera og endilanga þegar þessi blaðamannafundur var haldinn fyrir síðustu kosningar með miklum bravúr og tilkynnt var um þessi menningarhús sem ætti að reisa á landsbyggðinni. En því miður virðast hæstv. ráðherrar hafa verið nokkuð fljótir á sér þegar þeir boðuðu til þess blaðamannafundar því að síðar hefur komið í ljós að málið hafði aldrei verið rætt, (**Gripið fram í:** Hvað þá hugsað.) ja, hvað þá hugsað. Síðan hefur það að mér skilst stöðugt verið rætt og hugsað og það er komið í ljós að forráðamenn menningarmiðstöðva sem fyrir eru á landsbyggðinni hafa töluvert aðrar hugmyndir en hæstv. ríkisstjórn boðaði á sínum tíma á títtnefndum blaðamannafundi um hvað komi þeim best í menningarmálum. Nú er komið á daginn að með menningarhúsi meinti hæstv. menntmrh. allt eins menningarsamstarf svo þetta er allt nokkuð óljóst en vonandi þróast málin jákvætt áfram.

[14:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. bjargar sér úr þröngri stöðu með fyrirsögnum. Þarna um árið var það menningarhús á landsbyggðinni, um daginn var það Rás 2 norður. En svo við skoðum nú hið fyrra og getum kannski velt fyrir okkur efndunum á hinu seinna, þá virðist það svo að þetta hafi farið út um víða völl ekki ósvipað því sem sú sem hér stendur spáði þegar hún gagnrýndi þessa fyrirsögn fyrst fyrir það hvað hún væri innihaldslaus.

Herra forseti. Akureyri virðist þó vera sá staður sem er tilbúinn til að halda áfram viðræðum og samkomulagi við hæstv. menntmrh. um þetta mál. En þá stendur á ráðherranum. Spurningin er þá þessi: Er það rétt sem menn segja að það munu ekki verða gerðir samningar við Akureyri fyrr en hæstv. ráðherra hefur náð samningum um tónlistarhús í Reykjavík og byggingu þess? Það væri mjög fróðlegt að fá það fram hvað raunverulega hamli því að hæstv. ráðherra haldi áfram viðræðum sínum við Akureyringa og leiði málin þar til lykta.

[14:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að halda því hér til haga hversu jákvæð umræða hefur orðið um menningarmál einmitt vegna þess að ríkisstjórnin lagði til fyrir síðustu kosningar að farið yrði í uppbyggingu á menningarhúsum á landsbyggðinni til þess að efla þar menningarlíf og menningarsamstarf. Ég get sagt frá því sem ég þekki í mínu kjördæmi. Þar hefur orðið mjög jákvæð umræða um menningarmál og heimamenn hafa skoðað það hver í sínum ranni hvar þessar hugmyndir eru best komnar til þess að skila sem mestum áföngum í menningarmálum. Það að sveitarfélög á Austurlandi hafa skipt með sér verkefnum í menningarmálum er auðvitað mjög ánægjuleg þróun og sú niðurstaða sem hefur orðið af þessari umræðu.

Á ráðstefnunni um menningarlandið sem haldin var í vor um menningarmál á landsbyggðinni kom þetta einnig mjög skýrt fram og menn voru mjög ánægðir með þessa þróun.

[14:48]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við hljótum að fagna því að hæstv. menntmrh. tekur undir hugmyndir heimamanna, t.d. á Vestfjörðum um að vilja dreifa menningunni, ef svo má að orði komast, milli t.d. þriggja húsa sem um hefur verið rætt, tónlistarskólahússins, sjúkrahússins gamla og svo Edinborgarhússins. Ég var á ferð fyrir fáum dögum með öðrum þingmönnum kjördæmisins og allt bar að sama brunni með það að menn kvörtuðu undan því að fjármagn vantaði stórlega í þessa liði. Vil ég hvetja til þess að það verði aukið og gripið á þessu áður en kjörtímabilinu lýkur.

Það var líka hugsað sem byggðaaðgerð og auglýst sem byggðaaðgerð að reisa menningarhús á landsbyggðinni. Ekki veitir af, eins og ástandið er, að efla og styrkja þessa starfsemi. Svo vil ég taka fram að það væri ágætt að hugsa um fleiri byggðarlög en þau sem hér hafa verið nefnd, t.d. Snæfellsnes. Væri ekki ágætt að koma upp góðu menningarhúsi í Grundarfirði?

[14:50]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að fagna því að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa vit á því að beygja örlítið frá þeirri leið sem hún mótaði á hátíðarfundinum forðum daga þegar menn ræddu eingöngu um hús. Ég fagna því mjög að hæstv. menntmrh. skuli hafa fundið það út að hægt væri að skilja þetta þannig að það ætti ekki við um að byggja bara hús heldur taka upp menningarlegt samstarf. Þetta er afar ánægjuleg beygja og ég vil nota þetta tækifæri til að fagna henni alveg sérstaklega vegna þess að við höfum séð og orðið vitni að því að hæstv. ráðherra, að vísu með afar góðri aðstoð hóps Austfirðinga, hefur fundið miklu betri lausn á þessu máli.

Ég verð að játa það, herra forseti, að ég hafði af því örlitlar áhyggjur þegar hátíðarfundurinn var haldinn að menn meintu eitthvað með þessum yfirlýsingum sínum. Ég verð að segja að það er fagnaðarefni að svo var ekki vegna þess að ég held að menningarstarf á landsbyggðinni þurfi í raun allt annað en fleiri hús. Í flestum byggðarlögum er sem betur fer nóg af húsum til þess að stunda margs konar menningarstarfsemi í. Þess vegna er miklu betur farið með opinbert fjármagn að einbeita sér að því að efla menninguna almennt í samræmi við aðstæður á hverjum stað.

[14:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið nokkuð fróðleg umræða og skýrt ýmislegt. Ég var einn þeirra þingmanna sem skildu aldrei almennilega hvað átt var við með þessu og það hefur komið fram í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að menn áttu ekki endilega við menningarhús eða hús. Menn áttu alls eins við menningarmál eða menningarsamstarf. Ég var einn þeirra sem hugleiddu þegar þetta kom fram að víða um landið væru félagsheimili sem gengi illa að halda við og mætti hugsanlega nýta í eitthvað af þessu.

Það hefur verið dregið fram í þessari umræðu að auðvitað var þetta ekkert annað en kosningatrikk. Þetta kom fram rétt fyrir kosningar. Menn höfðu augljóslega ekkert hugsað þetta, ekkert rætt þetta, enda er niðurstaðan sú að þeim sem hafa verið boðin þessi hús hafa litið á þetta sem möguleika á

einhvers konar vöruskiptum. Menn buðu upp á hús og svarið var: Getum við ekki bara fengið tónlistarsal eða getum við ekki fengið hótel eða getum við fengið hitt og þetta? Menn hafa fyrst og fremst litið á þetta sem vöruskipti. Niðurstaðan er einfaldlega þessi: Þetta var bara kosningatrikk á sínum tíma.

[14:52]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu um menningu á landinu og þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hafði fyrir tveimur árum síðan eða þremur um hvernig mætti koma meiri umræðu af stað um menningu almennt.

Ég held einmitt að það markmið ríkisstjórnarinnar hafi tekist með ágætum að koma umræðu um menningu um allt land á flugferð þannig að nú eru sveitarfélög og ríki farin að vinna saman að því að koma upp menningarsetrum víðs vegar um landið. Það er ekki verið að tala um eitt hús heldur um alls konar staði sem síðan hafa tengst hugmyndum um menningartengda ferðaþjónustu.

Við þekkjum fjölmörg dæmi. Ég held að Vestmanneyingar sem koma hér úrillir eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og tala um kosningatrikk ættu að líta til Vestmannaeyja og sjá hvað búið er að gera í Vestmannaeyjum. Óvíða á landinu hefur meira verið gert í menningarmálum. Telja má upp galdrasafn á Vestfjörðum, Kútter Harald, Vesturfarasetur, Duushús í Keflavík o.fl. Þetta er glæsilegur listi sem mætti lesa hér upp og gæti það tekið margar mínútur.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég held að síðasti ræðumaður hafi ekki beint skýrt málin með því að rugla inn í umræðuna alls óskyldum hlutum frá ýmsum tímum.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Sjálfsagt mál var og er að vinna að áformum af þessu tagi með heimamönnum og auðvitað geta aðstæður verið þannig að aðrar lausnir en bygging húss eða eitt einstakt hús henti betur.

Hitt er alveg ljóst að menn upplifðu þetta fjórfalda ráðherraloforð um menningarhús á landsbyggðinni fyrir kosningar 1999 sem loforð um eitthvað nýtt og stórt til viðbótar þeirri afar takmörkuðu þátttöku sem ríkisvaldið því miður hefur átt í menningarstarfsemi út um landið, þar sem yfirgnæfandi meiri hluti opinberra fjárveitinga til menningarmála rennur hingað til höfuðborgarsvæðisins.

Ég nefndi Akureyri vegna þess að þar er um stórt mál að ræða og vegna þess að þar háttar þannig til að það hentaði heimamönnum akkúrat að taka þessa hugmynd, grípa hana á lofti, gera hana að sinni og taka ríkisstjórnina á orðinu. Það vantar nútímalega aðstöðu í myndarlegu menningarhúsi á Akureyri fyrir leiklistarstarfsemi, tónleikahald og fleira því um líkt plús ráðstefnuaðstöðu þannig að þarna hefði átt að vera alveg klæðskerasaumuð lausn á ferðinni úr því að ríkisvaldið vildi koma með eitthvað út á land í þessum efnum.

En hvers vegna þarf þetta þá að þýða þriggja ára nuð við ríkisstjórnina án þess að nokkuð gerist? Niðurstaða málsins er alveg skýr eins og það stendur í dag. Það er ekkert fast í hendi. Ekki eitt einasta atriði kom fram í svari ráðherrans um handfastar ákvarðanir í formi fjárveitinga, samstarfssamninga, ekki einu sinni viljayfirlýsinga. Það hefur ekki einu sinni verið gefið út „letter of intent" í þessu máli, hvað þá meira. Þannig er staðan eftir næstum þrjú ár. Á það kannski að verða þannig að þetta kosningaloforð verði fjölnotaloforð, það verði svo gjörsamlega óefnt í janúar 2003 að hægt verði að nota það aftur?

[14:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef aldrei litið á þetta sem kosningaloforð, frekar sem úrvinnsluverkefni. Það hefur verið unnið að þessu jafnt og þétt og markvisst. Það er ekki hægt að semja fyrr en menn eru komnir að niðurstöðu um hvað þeir ætla að semja um og að því eru menn að vinna. Að tengja þetta við tónlistarhúsið í Reykjavík er algerlega óþarfi af hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Þetta er viðfangsefni sem við erum að vinna að með sveitarfélögunum eftir þeim óskum sem fram hafa komið hjá þeim. Ef menn minnast umræðnanna hér vorið 1999 eftir að þessi yfirlýsing var gefin þá var það alveg ljóst eftir að hún var gefin hvað fjáröflunarfokið varð mikið víða að það var nauðsynlegt að menn tækju sér tíma og ræddu málið og færu yfir það með sveitarfélögunum og áttuðu sig betur á því hvað það væri í raun sem menn voru að segja sem brugðust við af mestri hörku, má segja, oft og tíðum þegar þetta mál var til umræðu á þeim tíma. Að leggja málið upp eins og það hafi verið eitthvert sérstakt kosningamál ríkisstjórnarinnar fyrir kosningarnar síðustu er algerlega út í bláinn. Málið var ekki rætt á þeim forsendum einu sinni. Það gerðu þvert á móti, heyrðist mér, stjórnarandstæðingarnir sem töpuðu nú í kosningunum. (Gripið fram í.) Þeir hafa þá tapað á málinu því að það voru þeir sem voru að flagga þessu mest og það voru þeir sem voru að gera mest úr því að þarna væri um einhverja blekkingu að ræða og það voru þeir sem héldu þessu máli fram. Við fórum strax að vinna úr því eins og við höfum gert. Ég hef haft þá ánægju að hafa fylgt því eftir þann tíma sem síðan er liðinn. Ég sé að við erum alltaf að nálgast markmiðið betur og betur og með skýrari hætti hvað sem hv. stjórnarandstöðu líður og sérstaklega formanni Vinstri grænna sem sér aldrei neitt nema svartnættið þegar hann er að ræða um störf ríkisstjórnarinnar jafnt í þessu máli sem öðrum. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Ekki einu sinni grænt.)

Samstarf við Microsoft.

Fsp. SvanJ, 220. mál. — Þskj. 245.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í janúar árið 1999 gáfu ríkisstjórn Íslands og fyrirtækið Microsoft út sameiginlega tilkynningu þess efnis að framleiða ætti íslenska útgáfu af Windows 98. Á móti var því heitið að ríkisstjórnin mundi gera ráðstafanir til að draga úr ólöglegri notkun hugbúnaðar á Íslandi. Litið var á þessa ráðstöfun sem lið í því að tryggja almenningi aðgang að íslenskum hugbúnaði og fram kom að ríkisstjórnin, sem var að vonum afar ánægð með samninginn, vænti áframhaldandi samstarfs eins og segir í fréttatilkynningu frá þeim tíma. Er þá komið að fyrirspurn minni, herra forseti, sem er þessi:

Hefur orðið framhald á samstarfi við Microsoft eftir að samningur var gerður við fyrirtækið um íslenskun á stýrikerfinu Windows 98?

Staðan er sú að síðan þessi samningur var gerður hafa líklega komið út fjögur ný stýrikerfi frá Microsoft á ýmsum tungumálum, en þó ekkert á íslensku. Út er komið Windows 98 SE sem kom líka árið 1999 og Windows ME sem kom í

upphafi árs 2000. Windows 2000 kom líka út árið 2000. Við notum það m.a. í þinginu. Og Windows XP kom út núna um daginn.

Það er mikilvægt fyrir íslenska tungu eins og fram kom í umræðum um þetta mál á sínum tíma að hægt sé að tjá allt sem tjá þarf á íslensku og að nútíminn og framtíðin og íslenskan eigi samleið. Því held ég að við höfum flest fagnað þeim áfanga sem fékkst við íslenskun á Windows 98. En Windows 98 úreldist og fólk tekur upp nýrri stýrikerfi þó á ensku séu. Svo eigum við auðvitað alltaf kost líka á Linux og Macintosh sem hafa allan tímann verið á íslensku.

En nú erum við tala um þennan Microsoft-samning og útbreiðslu Microsoft-afurða hér á markaði. Það kom fram í fréttatilkynningunni sem hér er vitnað til að þeim Microsoft-mönnum fannst það ánægjuleg tilhugsun að Windows 98 yrði framlag til menningar Íslands í framtíðinni, eins og þar segir.

Herra forseti. Þess vegna er ástæða til að spyrja: Í hverju átti framhaldið að vera fólgið að mati ráðherra? Hefur frekara samstarf átt sér stað og þá um hvað? Var það um frekari íslenskun á stýrikerfum eða hefur það eingöngu verið um upprætingu á ólöglegum hugbúnaði?

[15:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það hefur verið áframhaldandi samstarf við Microsoft. Og við lýstum því sameiginlega yfir í yfirlýsingu sem var undirrituð haustið 1998 að við mundum halda áfram að vinna að íslenskun á hugbúnaði fyrirtækisins á grundvelli þess samstarfs sem þá var að mótast. Frá því að lokið var við þýðingu á Windows 98 stýrikerfinu á íslensku í apríl árið 2000 hefur menntmrn. haft reglubundið samband við Microsoft og á þessu ári hefur fulltrúi ráðuneytisins hitt tengilið frá Microsoft á tveimur fundum. Hefur ráðuneytið lagt áherslu á að áfram verði haldið með þýðingar á hugbúnaði Microsofts og þeim komið í reglubundinn farveg.

Menntmrn. hefur átt frumkvæði að þýðingum á hugbúnaði en við teljum æskilegt að einkaaðilar komi í ríkara mæli að þessu máli.

Á vegum ráðuneytisins er nú starfandi verkefnisstjórn um tungutækni sem hefur það hlutverk að tryggja stöðu íslenskunnar gagnvart tölvu- og upplýsingatækni. Hefur ríkisstjórnin varið 104 millj. kr. til þessa verkefnis. Verkefnisstjórnin hefur lagt fram tillögur um stuðning við upplýsingatækniiðnaðinn vegna þróunar hugbúnaðar og tungutæknilausna og verða þær auglýstar og kynntar á ráðstefnu um tungutækni sem verður haldin í næstu viku. Hefur ráðuneytið boðið að stutt verði við frekari þýðingar á hugbúnaði í gegnum tungutækniverkefnið.

Við skulum minnast þess að Microsoft fékk aldrei neinn fjárstuðning frá íslenska ríkinu í þessu enda var það hugmyndin, og er hugmyndin, að það leysi sín mál á viðskiptalegum forsendum. Microsoft hefur nú ákveðið að láta aðlaga að íslensku leiðréttingatól sem fylgir hugbúnaði frá fyrirtækinu. Tól þetta er t.d. hluti af Word-forritinu og leiðréttir stafsetningarvillur og skiptir orðum á milli lína. Microsoft greiðir fyrir þetta verk og hefur ráðið til þess hollenskt fyrirtæki. Hollenska fyrirtækið hefur leitað eftir aðstoð hér á landi við gerð leiðréttingatólsins og hafa forsvarsmenn tungutækniverkefnis ráðuneytisins haft milligöngu í þeirri málaleitan.

Einnig hefur þýðingarmiðstöð Microsofts á Írlandi farið fram á aðstoð íslenskra sérfræðinga við að meta gæði þessa nýja leiðréttingatóls. Við teljum að með þessu sé verið að opna enn þá meiri möguleika en ella til þess að þýða forrit Microsofts yfir á íslensku. Í viðræðum við ráðuneytið hefur fyrirtækið lýst yfir vilja til að kanna möguleika á frekari íslenskun á hugbúnaði.

Ég ætla ekki að fullyrða á þessu stigi hver niðurstaðan verður en það eru þarna áframhaldandi tengsl, áframhaldandi áhugi, og ráðuneytið hefur ráðist í ný verkefni sem miða að því að tryggja stöðu íslenskunnar í upplýsingatækniheiminum, eins og mun koma fram á þeirri ráðstefnu sem við efnum til í næstu viku. Við getum náttúrlega ekki treyst á Microsoft einvörðungu í því verki. En sá samningur og það samstarf sem við eigum við þennan öfluga hugbúnaðarframleiðanda er ákaflega mikilvægt þannig að að sjálfsögðu hljótum við að stefna að því að finna aðferðir sem gera okkur kleift að þýða sjálfkrafa sem mest af þessu yfir á íslensku og það eru þau markmið sem við setjum okkur á þessu sviði.

Eins og þingmenn vita hefur Microsoft mjög ströng höfundarréttarákvæði um hugbúnað sinn og heldur mjög fast utan um það hverjir geta komið að því að þýða hann á önnur tungumál. Þess vegna er það samstarf sem við erum í við Microsoft ákaflega mikilvægt til þess að við fáum viðurkenningu fyrir íslenskuna í þeim heimi sem Microsoft er, og hefur lokað með sínum höfundarréttarákvæðum. Það gildir annað um Apple-fyrirtækið og enn annað um Linux. Þess vegna þarf kannski ekki að nálgast þau fyrirtæki með sama hætti og nauðsynlegt er að gera gagnvart Microsoft. Við erum ekki að heita Bill Gates neinum fjárstuðningi heldur erum við að tryggja að okkar tungumál og okkar sérfræðingar komist inn í þann tungumálaheim sem Microsoft hefur myndað og heldur mjög fast utan um með einkarétti sínum.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég held að það sé afar mikilvægt að þessu samstarfi sé haldið áfram eins og hæstv. ráðherra lýsir hér. Sannarlega hefðum við kannski viljað sjá það stórstígara. Við hefðum viljað sjá að Microsoft tæki virkari þátt í þýðingu þeirra stýriforrita og þess hugbúnaðar sem við erum að nota á Íslandi. Það er mjög mikið notað af búnaði Microsofts hér.

Þegar hæstv. ráðherra segir að Microsoft fái ekki fjárstuðning frá íslenskum stjórnvöldum til að vinna þetta verk vil ég aftur rifja upp að það var gerður samningur um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að upprættur yrði hér ólöglegur hugbúnaður. Það hlýtur að muna einhverju fyrir fyrirtækið ef árangur næst á því sviði vegna þess að miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir fyrir u.þ.b. tveimur árum virtist sem Íslendingar færu býsna frjálslega með höfundarrétt þegar um er að ræða tölvuforrit og slíka hluti. Væntanlega fær því fyrirtækið Microsoft einnig eitthvað út úr þessum samningi. Mér finnst, eins og ég sagði áðan, mjög mikilvægt að þessu samstarfi verði haldið áfram. Mér finnst líka mjög mikilvægt það sem verið er að gera varðandi tungutækni og það sem unnið er til þess að íslenskan geti verið hluti af þeirri þróun sem á sér stað varðandi tölvur og fjarskipti og allan þann búnað sem til þarf.

En eins og ég segi, herra forseti, ég hafði kannski vænst þess að samstarfið við Microsoft mundi innihalda eitthvað sem væri handfastara varðandi þróun hugbúnaðar þess fyrirtækis. Kannski eigum við eftir að sjá eitthvað bitastæðara á næstunni en allt samstarf er þó til góðs.

[15:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og þingmenn vita hefur þessi atvinnugrein sem Microsoft er í fararbroddi fyrir gengið í gegnum miklar þrengingar og það hafa orðið þar miklar breytingar á undanförnum mánuðum og missirum. Engu að síður er áhugi fyrir hendi hjá fyrirtækinu að eiga þetta samstarf við okkur og við leggjum rækt við að halda því áfram.

Mér finnst í sjálfu sér svolítið einkennilegt að hafa gert samning við fyrirtæki um að uppræta ólöglega starfsemi í landinu eins og það sé ekki sjálfsagt að Íslendingar virði höfundarrétt á þessu sviði og séu ekki að stunda ólögmæta starfsemi. En þetta var hluti af því samkomulagi sem við gerðum og var liður í því að fyrirtækið hafði þennan áhuga á að koma til samstarfs við okkur.

Einnig hafa fyrirtæki á þessu sviði mikinn áhuga á samstarfi við Íslendinga vegna þess hve mikil tölvunotkunin er hér. Við höfum verið að gera samninga um aðgang að rafrænum gagnabönkum og tímaritum og erum í fararbroddi við gerð landssamninga og landsaðgangs að þessum gagnagrunnum sem stafar m.a. af því að við höfum það orð á okkur að við séum mjög tæknivæddir og hér sé mikil kunnátta á þessu sviði og mikil nýting. Þetta eigum við að nýta okkur í samskiptum við öll þessi fyrirtæki, jafnt Microsoft sem önnur.

Skimun fyrir riðu.

Fsp. SJóh, 153. mál. — Þskj. 153.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur kröfunni um bætt matvælaeftirlit og örugga matvælaframleiðslu vaxið mjög fiskur um hrygg um allan hinn vestræna heim og er nú svo komið að allur útflutningur matvæla, að ég tali nú ekki um það sem við viljum selja á góðu verði, verður í framtíðinni mjög háður ýmiss konar vottun. Sú tilhneiging kristallaðist mjög hér á Íslandi á sl. ári þegar eldheit umræða varð um útbreiðslu kúariðu, t.d. í Bretlandi og víðar, og vandkvæði á því að sjúkdómurinn væri greindur í gripum sem e.t.v. gengju með sjúkdóminn og smitefnið án þess að hafa veikst.

Kom þá m.a. fram í umræðunni að vísbendingar væru um að beinamjöl hefði verið flutt frá Bretlandi til Íslands svo næmi hundruðum tonna á þeim tíma þegar kúariðufaraldurinn var í hámarki á Bretlandseyjum. Erfitt mun að tryggja að ekkert af því hafi farið ofan í nautgripi eða sauðfé þó að ekki hafi verið til þess ætlast að það gengi þá leiðina. Einnig er talið að á sl. vetri hafi verið flutt inn kálfafóður af vafasömum uppruna en það hefur þó verið gefið í skyn að þar kunni að hafa verið gerð mistök í tollskráningu.

Í skýrslu sem gerð var af þeim dr. Vilhjálmi Rafnssyni og dr. Ólafi Oddgeirssyni að beiðni ríkisstjórnar Íslands, og var hún lögð fram í mars sl., er talið hugsanlegt að sauðfé og nautgripir gætu hafa smitast hér á landi ef ekki hefur verið viðhöfð nægileg aðgát við fóðurgjöf en hafi þó ekki veikst enn vegna langs meðgöngutíma. Þess vegna tel ég rétt að viðhafa hér á landi þær varúðarráðstafanir við slátrun sem tíðkast hjá öðrum þjóðum á Evrópska efnahagssvæðinu svo að það komi ekki til með að hamla sölu afurða okkar í framtíðinni að við getum ekki framvísað öruggum vottorðum.

Endanleg greining á kúariðu fæst aðeins með ónæmisvefjaprófum á heilavef slátraðra dýra. Skýrsluhöfundar leggja því til að við hefjum hér á landi skimun fyrir kúariðu hjá nautgripum og sauðfé, svo og flokkun sláturafurða eins og tíðkast á Evrópska efnahagssvæðinu.

Því spyr ég: Hefur það verið ákveðið í hæstv. ríkisstjórn að hefja skimun fyrir kúariðu hér á landi, og þá hvenær?

[15:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda er mikils að verjast í framtíðinni hvað heilbrigði dýra varðar, og þau lönd sem verjast og halda uppi heilbrigði dýra sinna og hreinleika náttúrunnar eiga ýmsa nýja möguleika eins og komið hefur fram hvað okkur varðar. Ég sá það kannski gleggst í Bandaríkjunum í haust, í Freshfield-mörkuðunum, þar sem t.d. íslenskt lambakjöt og fleiri íslenskar afurðir, bæði af landinu og úr sjónum, eru verðlagðar mjög hátt af fólki sem gerir miklar kröfur og vill borga hátt verð fyrir slíkar öruggar og heilbrigðar afurðir. Þarna eigum við Íslendingar mikla og nýja möguleika.

Hvað varðar þessa fyrirspurn, hvort á döfinni sé að taka upp skimun fyrir riðu í nautgripum og sauðfé slátruðu hér á landi eins og nefnd á vegum ráðherra lagði til í skýrslu í mars sl., vil ég segja þetta:

Á undanförnum árum hafa verið rannsakaðir nautaheilar með hefðbundnum riðurannsóknaraðferðum án þess að minnsti grunur hafi komið upp um kúariðu eða BSE hér á landi. Sýnin hafa komið úr nautgripum sem hafa sýnt einhver merki um sjúkdóma í miðtaugakerfinu. Þetta hefur allt verið sent í rannsókn. Á þessu ári hefur sýnum úr venjulegri slátrun nautgripa eldri en 30 mánaða einnig verið safnað. Þegar hafa verið rannsökuð um 280 sýni sem öll hafa reynst neikvæð. Hér bendir því allt til þess, sem við reyndar höfum talið, að við séum lausir við þennan vágest.

Óskað hefur verið eftir mati sérfræðinganefndar Evrópusambandsins um stöðu Íslands varðandi hættu á kúariðu á Íslandi. Niðurstöður er að vænta á næstunni en fastlega er búist við að Ísland verði sett í 1. flokk með Noregi og öðrum löndum, svo sem Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Í 1. flokk fara einungis þau lönd sem kúariða hefur ekki komið upp í, og hverfandi líkur eru á að hún geti komið upp.

Á þessu stigi hefur ekki verið gerð áætlun um notkun nýrra og fljótvirkra prófa í þessu sambandi en þau verða að fara fram í svokölluðum P-3 rannsóknastofum þar sem gerðar eru strangar ráðstafanir til að fyrirbyggja smitdreifingu. Svo fullkomin aðstaða er ekki fyrir hendi hér á landi til dýrasjúkdómarannsókna. Í ljósi þess er því eðlilegt að byggja umfang og sýnatöku úr nautgripum á niðurstöðum sérfræðinganefndar Evrópusambandsins um áhættuflokkun Íslands sem ætti að liggja fyrir innan fárra vikna.

Ég vil segja það hér að auðvitað er mjög mikilvægt að halda þessu máli, sem hv. þm. minnist á, vakandi. Það er jafnframt klárlega mikilvægt að efla rannsóknir á heilbrigði dýra okkar út af því að við höfum opnað í gegnum alþjóðlegar samninga fyrir innflutning eftir ákveðnum og ströngum reglum. Þannig munum við einnig geta varist. Ekki síður er það leiðin til þess að eiga markaði vísari á erlendri grund. Hv. þm. er hér að hreyfa mikilvægu hagsmunamáli Íslendinga

og ekki síst íslensks landbúnaðar og vil ég þakka henni fyrir það.

Ég vil segja um beinamjölið og allt það að við vorum gæfumenn í þeim efnum. Páll Pálsson yfirdýralæknir sá fram í tímann á sinni tíð, og fyrir líklega einum tuttugu og fimm árum kom hann því til framkvæmda að Íslendingar nota ekki beinamjöl, hvorki sitt né annað, í fóður þeirra dýra sem eru til manneldis. Höfum við Íslendingar vakið athygli fyrir þessar aðgerðir, fyrir þessa ákvörðun sem tekin var fyrir tuttugu og fimm árum eins og ég sagði. Hann sýndi þá framsýni sem hefur reynst okkur vel.

[15:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál snertir einnig kúariðuna og riðu eins og hér hefur komið fram. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra í tengslum við þetta: Stendur til að breyta þeim reglum og samningum sem við höfum gert varðandi hinn innri markað Evrópusambandsins þar sem við ákváðum og samþykktum að standa utan þess innri markaðar hvað varðaði verslun á kjöti og kjötvörum? Í gegnum það einmitt höfum við öðlast þá stöðu og þann rétt sem hæstv. ráðherra vitnaði til, að geta flutt út kjötvörur til Bandaríkjanna, einmitt á þeim forsendum. Mun áfram staðinn vörður um það að við gerumst ekki aðilar að þessum innri markaði og getum þannig líka varið okkur fyrir innflutningi frá Evrópu? Hvernig eru þær reglur sem nú gilda? Hvernig er framfylgt þeim reglum sem gilda um innflutning á kjötvörum frá ESB-löndunum? Er það ekki enn þá bannað?

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vildi þakka hæstv. landbrh. fyrir ágæt svör þó kannski hafi þau að sumu leyti valdið mér vonbrigðum. Þau komu mér ekki mjög á óvart samt sem áður.

Ég er algjörlega sammála hæstv. ráðherra um að okkur er mikil nauðsyn að gæta að heilbrigði dýra okkar og standa vel á verði gagnvart t.d. innflutningi dýra og kjöts sem kynni að bera með sér smitefni. Hins vegar held ég, hvað sem við gerum í því efni, að það kunni að vera nauðsynlegt fyrir okkur, ef við ætlum áfram að geta flutt óhindrað út kjöt sem við viljum selja á góðu verði inn á t.d. markaði Evrópuabandalagsins, að framvísa einhverju öðru en fullyrðingum um að hér hafi ekki komið upp kúariða. Ég fagna því auðvitað að hún hefur ekki komið upp.

Eins og hæstv. ráðherra kom inn á hérna hafa ekki allir gripir verið rannsakaðir heldur fyrst og fremst þeir sem hafa sýnt einhver sjúkdómseinkenni. En við vitum að sjúkdómurinn á sér mjög langa meðgöngu áður en hann brýst út í nokkrum einkennum. Þess vegna tel ég að það gæti verið sterkt fyrir okkur að reyna að koma þeirri aðstöðu upp hér á landi að við skimuðum fyrir riðu alla gripi sem koma til slátrunar, ekki síður þá sem ekki hafa enn sýnt merki um kúariðu eða eitthvað sem veldur grunsemdum um kúariðu. Ég held að þetta gæti orðið okkur mikilvægt í framtíðinni því samkvæmt því sem ég hef getað fylgst með þessari umræðu t.d. á vegum Norðurlandaráðs er varfærni mikil og fer vaxandi. Það verður mjög erfitt að komast með okkar kjöt inn fyrir þessar girðingar ef við getum ekki framvísað vottorðum.

[15:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hvað varðar fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þá er það alveg klárt að meðan Framsfl. hefur afl og áræði, fer með landbúnaðarmálin og utanríkismálin, verður ekkert gefið eftir í þessum efnum. Við munum fylgja þeim þjóðum sem strangastar eru. Við eigum þrengsta nálaraugað í gegnum GATT-samningana. Við höfum sérstöðu í þessu landi sem við megum ekki raska. Nálaraugað verður því þröngt áfram. Í nýrri vegferð sem nú er að hefjast í WTO-samningum munum við halda málflutningi okkar fram eins og við höfum gert, þ.e. að stuðst verði við strängustu reglur sem okkur hentar þannig að við gerumst aldrei aðilar að hinum innri markaði sem hv. þm. spurði um.

Hvað innflutning á kjötvörum varðar veit ég ekki til að neitt hafi verið flutt inn af kjöti í sjálfu sér síðan umræðan um kúariðuna kom upp og írsku nautalundirnar sem hér urðu frægar. Við stöndum samt gagnvart því með þá samninga í höndunum sem við gerðum. Það er skoðað í hverju tilfelli og verður gert af þeirri vandvirkni sem ber að bera.

Varðandi það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði þá er auðvitað rétt hjá henni að menn munu ekkert fara á neinum fullyrðingum. Við verðum gagnvart málefnum okkar að standa á vísindum, alveg eins og við gerum kröfu um vísindi í sambandi við WTO-samningana o.s.frv. Það er það sem gildir. Þess vegna eru rannsóknir eins og fram hafa farið á Keldum á dýrasjúkdómum mikilvægari á morgun en í gær til þess að verja íslenska hagsmuni og til þess að gefa íslenskum landbúnaði þau sóknarfæri sem hann vissulega á í breyttri veröld.

Starfssvæði og verkefni hjá Suðurlandsskógum.

Fsp. KPál, 187. mál. — Þskj. 198.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Hæstv. landbrh. tók þá ákvörðun á síðasta þingi að leggja fram tillögu hér til að víkka út skógræktarsvæði Suðurlandsskóga í báðar áttir, þ.e. til Skaftafellssýslna í austur og Gullbringusýslu í vestur, eða um Suðurnesin.

Eftir því sem mér hefur skilist hefur eitthvað verið litið á verkefni í Skaftafellssýslum eftir að þessi ákvörðun var tekin, en ekkert á Suðurnesin eða Gullbringusýslu. Eins og ráðherrann útskýrði málið fyrir mér á sínum tíma átti þessi tillaga hans að verða til þess að liðka fyrir skógræktaráformum á Suðurnesjum og í Skaftafellssýslum og því ekki ástæða til þess að vera með sérstakt verkefni um Suðurnesin eins og ég og fleiri höfðu verið með áform um, heldur rúmuðust þau innan Suðurlandsskógaverkefnisins.

Nú hafa fjárlög verið lögð fram vegna næsta árs og þar bólar ekki á fjármunum til þess að auka við verkefni landshlutabundinna skógræktarverkefna, ekki krónu að því leyti. Það væri sorglegt, herra forseti, ef það hefur verið tilgangur hæstv. landbrh. að drepa þær tillögur sem voru í gangi um skógræktarverkefni á Suðurnesjum og í Skaftafellssýslum. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir, herra forseti.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á Suðurnesjum eru mjög miklir möguleikar til skógræktar. Við landnám var það svæði til að mynda allt skógi vaxið frá ystu nesjum og upp til fjalla. Jarðvísindamenn telja að 95% af þeim skógum sem þá voru til hafi horfið af ýmsum ástæðum, en þó mest vegna tilverknaðar mannsins. Auðvitað er það alls ekki það eina sem hefur áhrif á slíkt. Suðurnesin eru sérstaklega viðkvæmt svæði, mjög eldvirkt, en á árhundruðunum eftir landnám, t.d.

1152 í svonefndum Krýsuvíkureldum, loguðu eldar um öll Suðurnes og mikil hraun runnu þá til sjávar, bæði við Krýsuvík og eins við Hafnarfjörð. Í eldum 1220–1230 voru mjög miklir eldar út af Reykjanesi sem lögðu ösku yfir öll Suðurnesin og eyddu skógunum mjög mikið á þeim árum vegna þess hversu sárir þeir voru orðnir eftir beit og skógarhögg.

Ljóst er að við skuldum börnunum okkar það að gera verulegt átak í að lyfta upp skógrækt á þessum svæðum og það var tilgangur okkar flutningsmanna að tillögu um Suðurnesjaskóga á sínum tíma. Nú bið ég hæstv. ráðherra að svara því hvernig þetta er fyrirhugað með þeim fyrirspurnum sem hér liggja fyrir.

[15:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns segja að kannski styrkja engin verkefni jafnmikið byggð í dreifðum byggðum á seinni árum og gefa okkur afl til bjartsýni og þau skógræktarverkefni, landshlutabundnu verkefni sem ráðist hefur verið í. Þetta höfum við séð á tíu árum hvað Héraðsskóga varðar. Fólki hefur ekki fækkað í þeirri byggð síðan þau verkefni fóru í gang. Hún er búsældarleg. Við finnum nýjan þrótt og mikinn áhuga fylgja hinum landshlutabundnu verkefnum sem í stórum stíl eru framkvæmd af eigendum lögbýla og bændum þessa lands, verkefnum sem eru að breyta landinu, gera það bæði fallegra og skapa nýja menningu sem mun hafa mikil áhrif. Við finnum aukna bjartsýni þannig að ég trúi á þessi verkefni og tel þeim fjármunum vel varið sem í þau fara af hálfu ríkisvaldsins.

Ég vil þó í upphafi minna hv. þm. á að sá sem hér stendur fer ekki með fjármál íslenska ríkisins. Ég er fyrst og fremst landbrh. Ég næ ekki öllu mínu fram. Flokkur hans fer t.d. með fjmrn. í dag og á ég góð samskipti við þann ráðherra um málefni.

Við stöndum frammi fyrir því í þetta sinn að menn hafa orðið að draga úr ríkisútgjöldum þannig að fjárlögin standa hvað skógræktarverkefnin varðar með sama hætti og árið áður. En engin verkefni á síðustu árum hafa hlotið jafnmikinn hljómgrunn hér og fengið jafngóðan byr af hálfu Alþingis. Ég vona að það verði áfram.

Hv. þm. spyr: Hvernig skiptast núverandi verkefni Suðurlandsskóga eftir sýslum? Ég get sagt það, hæstv. forseti, að í Árnessýslu var á árinu 2000 — það eru ekki til tölur um árið í ár, þær eru ekki komnar í hús — plantað 275.638 plöntum á vegum verkefnisins. Í Rangárvallasýslu 294.940 plöntum. Í Vestur-Skaftafellssýslu 165.045 plöntum. Það sem af er á þessu ári er skipting á milli sýslanna mjög svipuð.

Hvaða verkefni eru í bígerð á starfssvæði Suðurlandsskóga? Þannig orðar hv. þm. fyrirspurn sína með dönskuslettu.

Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt á bújörðum með framlögum frá Skógrækt ríkisins hófst í Austur-Skaftafellssýslu árið 1998 þegar Meðalfell, Miðfell, Lindarbakki, Stóra-Lág og Klettabrekka undirrituðu samning um 328 hektara landsvæði. Fram til ársloka 2000 voru gróðursettar 115 þús. plöntur á þessum fimm bæjum og lagðir út 10,7 km af skjólbeltum. Á ellefu bæjum var fjárveiting til nytjaskóga árið 2000 því 2 millj. 708 þús. kr. og til skjólbeltaræktar 323 þús.

Um stöðuna í Gullbringusýslu vil ég segja þetta: Undirbúningur er enn á frumstigi og vonast er til að kynning á verkefninu geti farið fram fljótlega svo hægt verði að koma einhverjum lögbýlum af stað vorið 2002. Eins og hv. þm. veit snúast þessi verkefni um lögbýli.

Gerðar hafa verið tilraunir á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá með víðiklóna á Suðurnesjum þar sem markmiðið er að finna heppilegan og vel aðlagaðan efnivið til ræktunar á svæðinu. Greinilegur munur er á vexti og lífslíkum milli víðiklóna. Einnig sýna tilraunir á birki að verulegur munur er á lifun og vexti birkiklóna eftir uppruna þeirra. Besta árangur sýndu kvæmi úr lágsveitum sunnan lands.

Fyrsta skref í skógrækt á Suðurnesjum verður vafalaust skjólbeltarækt sem undanfari annarrar skógræktar. Fjöldi lögbýla í Gullbringusýslu er u.þ.b. 50 sem uppfylla skilyrði um skjólbeltarækt, en aftur mjög fá sem uppfylla skilyrði um skógrækt.

Önnur verkefni Suðurlandsskóga verða með hefðbundnum hætti á árinu 2002.

Hvað varðar síðan síðustu fyrirspurnina þá liggur fyrir að 10 millj. sem áttu að fara í lágsveitir eða til Austurlands niður á firðina og í Austur-Skaftafellssýslu og var skipt síðan til helminga, að þessi upphæð stendur öll enn inni á Austurlandsskógum. Ég tel að það þurfi að skipta henni með nákvæmlega sama hætti til helminga aftur og fari það þá til Suðurlandsskóga.

Ég styð þessi skógræktarsvæði þannig. Ég fagna því að hið nýja kjördæmi Suðurkjördæmi sé nú ein heild í þessum efnum eins og það þarf að verða á öllum sviðum.

[15:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill rétt skjóta því inn í að að hafa eitthvað í bígerð kannast margir við, en að áforma eitthvað er gott mál.

[15:32]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Enn á ný er umræðan um Suðurlandsskógana komin inn á hv. Alþingi. Við skildum þar við síðastliðið vor að við ræddum breytt frv. um Suðurlandsskóga þar sem var búið að taka Suðurnesin undir og reyndar Austur-Skaftafellssýslu. Það var reynt að koma inn í það frv. breytingum um að veita mætti sveitarfélögum og skógræktarfélögum stuðning við skógrækt. Það hefði verið forsendan fyrir því að hægt yrði að fara út í einhverja skógrækt á Suðurnesjum. Þær brtt. voru felldar.

Það var skilið þannig við frv. að enginn veit hvað Gullbringusýsla þýðir í því. Ég veit því ekki hvaðan hæstv. ráðherra hefur þessi 50 lögbýli. Í ræðu sem hv. þáv. formaður landbn. hélt voru lögbýlin talin 276.

[15:33]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að þau verkefni sem verið er að vinna í skógrækt eru mjög mikilvæg og til mikils sóma fyrir Ísland hve mikið er gert á þeim vettvangi.

Ég vil aðeins vegna orða hæstv. landbrh. segja að hann ber auðvitað ábyrgð á tillögum úr sínu ráðuneyti. (Gripið fram í.) En við megum ekki gleyma því að verkefnið var upphaflega ætlað til að styðja við hinar dreifðu byggðir í landinu og styrkja þann landbúnað sem fyrir er. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga.

Ég er ekki að gera lítið úr starfi áhugamannafélaga. Þau eru mjög mikilvæg. Þau fá líka styrki frá ríkinu og eiga miklu meiri aðgang að fjármagni í gegnum einstaklinga. Ég er sannfærð um að þau muni njóta góðs af Suðurlandsskógaverkefnum en við megum heldur ekki gleyma því að það eru

mjög mikil verkefni á vegum skógræktarfélaganna bæði í Árnes- og Rangárvallasýslu. Ég veit ekki annað en það verði algjörlega óbreytt varðandi Austur-Skaftafellssýslu í þessu verkefni.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Rétt áður en ég svara hæstv. ráðherra vil ég benda hv. forseta á að formaður Vinstri grænna notaðist áðan við orðalagið „letter of intent" sem er enska. Ekki var gerð nein athugasemd við það. Ég sagði aftur á móti „bígerð" sem er danskt að uppruna en hefur verið notað í íslensku máli mjög lengi. Ég geri enga athugasemd við það.

En varðandi málið sem hér er til umræðu, herra forseti, heyri ég á hæstv. landbrh. að hann hefur ekki hugsað mjög mikið til Suðurnesjamanna hvað skógrækt varðar og skýtur sér á bak við hæstv. fjmrh. í þeim efnum. Ég ætla að minna hæstv. ráðherra á að fjárln. hefur að langmestu leyti útvegað þá umframpeninga sem hafa komið í skógrækt. Þær tillögur hafa, ég held að óhætt sé að segja það, að mestu leyti komið vegna tillagna beint frá fjárln., ekki frá landbrn. Ég ætla hins vegar ekki að segja að það hafi verið gert gegn vilja landbrn., síður en svo, og ég efast ekki um áhuga hæstv. landbrh. til þess að gera vel í skógrækt.

En ég held að það verði samt að gæta allrar sanngirni í þessu. Það er ekki á færi nokkurs annars að skipta þeim fjármunum sem landbrn. fær til skógræktarverkefna en landbrn. sjálfs. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að til allra þeirra fjölda lögbýla, því það vantar ekki lögbýlin á Suðurnesin, verði veittir einhverjir fjármunir, nákvæmlega eins og til annarra svæða sem heyra undir Suðurlandsskóga. Ég er alls ekkert á móti því að þetta nýja kjördæmi sé allt ein heild, síður en svo. En það verður þá að vinna þannig, hæstv. landbrh.

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er hárétt hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að ég skorast ekkert undan tillögum sem ég legg fram. Þær koma ekki allar hér fram og líta ekki allar dagsins ljós. Þetta er samvinna tveggja flokka sem fara með málin.

Ég vil segja við hv. þm. Kristján Pálsson: Það er auðvitað útúrsnúningur, fáránlegur málflutningur að segja að fjárln. útvegi peninga. Hér verður samstaða og fjárlög eru sett á Alþingi Íslendinga. Það er Alþingi Íslendinga sem setur fjárlögin. Það fer með fjárlagavaldið. Hv. þm. skal þá skoða hvaða tillögur komast fram og hverjar ekki, hvar þær stranda o.s.frv. Það er rétt að skoða það áður en ásakanir eru settar fram eins og hann gerir hér. Það er Alþingi Íslendinga sem setur fjárlögin. Það hefur verið þessum verkefnum vinveitt og staðið mjög nærri þeim hugmyndum sem landbrh. hefur.

En það er tveggja flokka stjórn sem fer með málefnin. Við erum annar hlutinn af því, Framsfl. Sjálfstfl. er hinn. Það er gott samstarf á milli þessara flokka. Við sjáum ekki alla drauma rætast í fjárlögum. Við þurfum að spara og draga úr ríkisútgjöldum. Það er mikið verkefni sem hv. þm. hlýtur að þekkja, bæði í fjárln. og í þingflokki sínum. Ásökunum hans í minn garð vísa ég því til föðurhúsanna.

Einkaframtak í heilbrigðisþjónustu.

Fsp. ÁRÁ, 221. mál. — Þskj. 246.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Á undanförnum vikum og mánuðum hefur þingmönnum sem m.a. nú nýlega hafa verið í kjördæmum orðið ljóst að fjölgað hefur á biðlistum eftir heilbrigðisþjónustu. Síðast í gær var dreift hér á hinu háa Alþingi skriflegu svari hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn tveggja hv. þm. um þessi efni þar sem kemur fram að biðlistar í hinum ýmsu greinum hafa lengst verulega. Fleiri einstaklingar bíða aðgerða eða úrlausnar og biðtími virðist lengjast, a.m.k. í þó nokkrum greinum þar sem verulegur hluti af heilbrigðisþjónustunni er unninn af einkaaðilum eða aðilum sem starfa hjá einkareknum fyrirtækjum sem þjónustan er keypt af.

Þá lýsti forveri hæstv. ráðherra í umræðum hér á þingi fyrir nokkrum mánuðum því yfir að hann teldi að heilbrigðisfólk ætti að vinna á opinberum stofnunum. Við hljótum hins vegar að velta fyrir okkur öllum leiðum til þess að vinna á þessum biðlistum. En vegna orða fyrrv. hæstv. ráðherra vil ég óska þess að hæstv. heilbrrh. svari fyrirspurn sem legið hefur frammi á þskj. 246 og er svohljóðandi:

„1. Sýna vísindalegar niðurstöður fram á að einkarekin sjúkrahús eða læknastofur veiti almennt lakari þjónustu eða skili almennt lakari verkum en sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar opinberra aðila?

2. Sýna fjárhagslegar niðurstöður fram á að heildarkostnaður við tiltekin verkefni heilbrigðisþjónustu sé almennt hærri í einkareknum sjúkrahúsum en opinberum þegar tekið hefur verið tillit til langtímakostnaðar við fjármögnun fasteigna, búnaðar og tækjakosts sem til þarf?"

[15:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrsta spurningin var þannig: „Sýna vísindalegar niðurstöður fram á að einkarekin sjúkrahús eða læknastofur veiti almennt lakari þjónustu eða skili almennt lakari verkum en sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar opinberra aðila?"

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um að landlæknir skuli hafa faglegt eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta. Landlæknir hefur auk þess eftirlit með gæðum heilbrigðisþjónustunnar og fylgjast fulltrúar embættisins reglubundið með starfsemi allra heilbrigðisstofnana. Eitt af lögbundnum hlutverkum landlæknis er jafnframt að sinna kvörtunum eða kærum sem varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta. Árlega berst nokkur fjöldi kvartana en fram til þessa hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að sé kvartað meira yfir starfsemi á einkareknum læknastofnum en heilbrigðisstofnunum hins opinbera.

Allar opinberar heilbrigðisstofnanir senda reglulega tölulegar upplýsingar til landlæknisembættisins sem vinnur úr þeim heilbrigðistölfræði og margs konar fróðleik um heilbrigðisþjónustuna. Nú er unnið að því að styrkja heilbrigðistölfræðisvið landlæknisembættisins til upplýsingasöfnunar og úrvinnslu gagna um heilbrigðismál. Þar er m.a. verið að undirbúa gerð gagnagrunns um einkareknar læknastofur. Fram til þessa hafa ekki legið fyrir tölulegar upplýsingar um starfsemi þeirra aðrar en þær sem Tryggingastofnun ríkisins færir í gegnum samninga og samskipti við viðkomandi lækna.

Loks má nefna að nýlega hefur verið ráðinn starfsmaður til landlæknisembættisins til að skilgreina hvaða upplýsingar allar heilbrigðisstofnanir eigi að senda til embættisins um gæði heilbrigðisþjónustunnar.

Hvað snertir gæði þjónustunnar á hjúkrunarheimilum hefur um nokkurt skeið verið gert víðtækt mat á heilsufari og þjónustu íbúa með svokölluðu RAI-mati sem nú er jafnframt lagt til grundvallar að hluta til við fjármögnun heimilanna. RAI-gagnagrunnurinn felur í sér viðamiklar upplýsingar um aðbúnað íbúa á hjúkrunarheimilum á Íslandi og úr þeim upplýsingum má einnig fá vísbendingar um gæði þjónustunnar.

Eins og ljóst má vera af þessum orðum liggja ekki fyrir nægilega aðgengilegar og samanburðarhæfar upplýsingar um gæði heilbrigðisþjónustunnar á einkareknum læknastofum, sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Hins vegar er verið að vinna að því að hægt verði að bera saman og meta starfsemi á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar á faglegum grunni.

Í öðru lagi er spurt: „Sýna fjárhagslegar niðurstöður fram á að heildarkostnaður við tiltekin verkefni heilbrigðisþjónustu sé almennt hærri í einkareknum sjúkrahúsum en opinberum þegar tekið hefur verið tillit til langtímakostnaðar við fjármögnun fasteigna, búnaðar og tækjakosts sem til þarf?“

Því er til að svara að kostnaðargreining í heilbrigðisþjónustu er mjög flókið verkefni. Á undanförnum árum hefur Landspítali – háskólasjúkrahús unnið mikið starf í DRG-kostnaðargreiningu á þjónustu spítalans. Þegar kostnaðargreining á sjúkdómstilfellum liggur fyrir hjá Landspítalanum munu skapast möguleikar til víðtæks samanburðar við aðrar stofnanir sem tekið hafa upp DRG-kostnaðargreiningu á heildarkostnaði við tiltekin verkefni.

Margir hafa áhyggjur af því að greiðslukerfi sem byggir á sjúkdómstilfellum leiði til þess að gæði þjónustunnar minnki þar sem aðaláherslan verði lögð á að halda kostnaði í lágmarki. En ýmsar rannsóknir frá Bandaríkjunum sýna hið gagnstæða, eða að eftir að DRG-kerfin hafi komist á hafi gæði sjúkrahússþjónustu oft aukist.

Rannsóknir í Svíþjóð sýna einnig að gæði þjónustu versnuðu ekki í kjölfar þess að DRG-kerfið var tekið í notkun og sjúklingar fengu jafngóða meðferð og fyrir innleiðingu kerfisins. Hinu ber þó ekki að leyna að stjórnunarkostnaður við flókin greiðslukerfi sem byggjast á sjúkdómstilfellum er hár, bæði fyrir þann sem veitir fé og fyrir þann sem veitir sjúkrahússþjónustuna.

Það liggja ekki fyrir neinar athuganir á langtímakostnaði við fjármögnun fasteigna, búnaðar og tækjakosts sem þarf til heilbrigðisþjónustu. Í nýsamþykktri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er hins vegar sett fram það markmið að árlega verði varið 3–5% af fjárframlögum til heilbrigðisstofnunar til kaupa og endurnýjunar á tölvum, lækningatækjum og öðrum tækjabúnaði.

Hvað varðar yfirlýsingar fyrirrennara míns á hv. Alþingi vil ég segja það eitt að heilbrigðisþjónustan samanstendur af sjúkrahússþjónustu sem rekin er af hinu opinbera og einkaþjónustu sem er rekin úti í bæ, ef svo má kalla, og Tryggingastofnun ríkisins hefur séð um samninga við þá aðila sem einkaþjónustuna reka. Ég hef lýst því yfir að ég tel að þetta fyrirkomulag sé að mörgu leyti heppilegt og þetta geti lifað hlið við hlið. Hins vegar hef ég skýlaust lýst því yfir að ég vil ekki tvöfalt heilbrigðiskerfi í landinu að því leyti að annað sé fyrir þá sem betur eru settir og hitt fyrir þá sem verr eru settir. Það er grundvallarskoðun af minni hálfu.

[15:46]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni fyrir þá fyrirspurn sem hann leggur hér fram en vil jafnframt taka fram að ég átta mig ekki alveg á henni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ég hef aldrei áttað mig almennilega á umræðunni um einkarekin sjúkrahús og einkareknar heilsugæslustöðvar. Hvað eiga menn við? Eiga menn við það að tilteknir læknar geti skrifað út reikninga á ríkissjóð? Eða eiga menn við að tilteknir læknar opni sín eigin sjúkrahús, sína eigin heilsugæslustöðvar og reki sem slíkar? Hvað eiga menn við þegar þeir tala um einkarekin sjúkrahús eða einkareknar heilsugæslustöðvar?

Ég held að það sé mikilvægt að þetta liggi fyrir. Það eitt að fá leyfi til þess að opna læknastofu og senda síðan ríkinu reikninginn er kannski á mörkum þess að hægt sé að tala um einkarekstur í þessum efnum. Ég held að mikilvægt sé að þetta liggi fyrir til þess að menn átti sig á því hvað er verið að tala um, hvort hér sé gamli pilsfaldakapítalisminn genginn aftur.

[15:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hæstv. heilbrrh. Við megum ekki vera með tvöfalt kerfi hér og megum aldrei mismuna fólki í aðgangi að þjónustunni eftir efnahag. Það má aldrei verða.

Það er rétt sem kom fram áðan. Það eru ekki einkarekin sjúkrahús á Íslandi. Aftur á móti hafa sjálfstætt starfandi læknar rekið læknastofur sínar. Ég hef margoft tekið það fram hér, herra forseti, að það er mjög mikilvægt að þeir einkaaðilar sem taka að sér verk úti í bæ, þá erum við að tala um ferliverkin, séu ekki að taka léttustu verkin og dýru og erfiðu verkin verði eftir á sjúkrahúsunum.

Við erum með háskólasjúkrahús og það er mjög mikilvægt að háskólasjúkrahús sé með fjölbreytt verk á sinni hendi til þess að þeir sem koma þangað til að læra til læknis fái reynslu í sem fjölbreytilegustum verkum. Það má aldrei verða til þess að úti í bæ sé verið að mismuna fólki eftir efnahag, t.d. færa hina efnuðu fram fyrir á biðlistum.

[15:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Árna R. Árnasonar hljóðar upp á að finna rök fyrir aukinni einkavæðingu í heilsugæslu og rekstri sjúkrahúsa.

Málið snýst bara ekki um það hvort verkin séu vel unnin. Við treystum öllu þessu fólki til að gera vel. Hvort sem það er í einkarekstri eða í opinberum rekstri munu allir starfsmenn reyna að gera vel. En hitt verð ég að taka undir, þau orð hæstv. ráðherra, að hér er ekki ætlunin né vilji til að byggja upp tvöfalt heilbrigðiskerfi þar sem flokkað er eftir tekjum og aðbúnaði fólks hvers konar þjónustu það hefur aðgang að. En einkarekin heilbrigðisþjónusta, með rétti til þess að senda reikninginn svo á ríkið, er afar slæm ráðstöfun. Okkur ber að standa vörð um heilbrigðisþjónustu landsins, herra forseti.

[15:50]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. áðan um hver grundvallarskoðun hans er varðandi heilsugæsluna í landinu og allt heilbrigðiskerfið, að allir landsmenn hafi

jafnan rétt til heilsugæslunnar og þessarar þjónustu sem er okkur öllum nauðsynleg.

Það má velta því fyrir sér hversu mörg sjúkrahús er hægt að starfrækja í landinu. Það vantaði sjúklinga á sínum tíma og það voru helstu rökin fyrir því að koma á numerus clausus í læknadeild í Háskóla Íslands. Það þótti ekki nógu mikið til af sjúklingum fyrir læknastúdentana, nemana í læknadeildinni. Þess vegna var ekki hægt að hafa þá eins marga og þeir vildu. Markaðurinn er heldur ekki nógu mikill fyrir fjölda einkarekinna sjúkrahúsa.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við þessum tveimur spurningum í fyrirspurninni.

En vegna orða nokkurra hv. þm. sem hafa lagt orð í belg, og ég þakka vissulega fyrir áhugann á málinu, þá vil ég geta þess að ég er þeirrar skoðunar að við eigum að leita allra leiða til þess að fólk fái heilbrigðisþjónustu þegar hennar er þörf. Ég tel upplýsingar um fjölmenna biðlista vera okkur til vansa. Meðan svo stendur ættum við ekki að deila mikið um hvort við ættum að banna einhverjum að fá þjónustuna þar sem hún fæst.

Það er svo í dag, herra forseti, að nokkrar læknisgreinar geta sent reikninga á ríkissjóð án þess að spyrja kóng eða prest. Það er svo. Nokkrum öðrum er meinað um að setja upp eigin læknastofur á þeirri forsendu að slíkar stöður séu ekki innan ríkisrekinna stofnana. Að því leyti er læknum mismunað eftir því hvaða sérgreinar þeir hafa valið sér að menntast til. Það er ósköp einfalt. Það er mismunun. Það er líka svo, ef við lítum á flokkun biðlista eftir greinum, að sjúklingum er mismunað.

Þá verður að geta þess, herra forseti, að numerus clausus í læknadeild Háskóla Íslands, sem er eina deildin sem hefur slík skilyrði, að eigin ráði og eigin ákvörðun, hefur orðið til þess að lækna skortir í nokkrum greinum. Fyrir liggja klárar upplýsingar um að reglur og fyrirmæli stjórnvalda sem gilda um heimilislækna hafa leitt til þess að ungir læknanemar kjósa að nema aðrar sérgreinar. Okkur skortir heimilislækna. Það tel ég megi rekja til þess að við höfum verið of stíf á gormumum í að reyna að reka lækna inn á ríkisreknar stofnanir og meina þeim að starfa á eigin vegum þar sem þeir kjósa.

Ég tel við eigum að viðurkenna þá staðreynd að á Íslandi starfa bæði ríkisreknar og einkareknar heilbrigðisstofnanir. Við eigum ekki að meina þeim að taka framförum eins og í öðrum greinum þjóðlífsins.

[15:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það fyrsta sem við þurfum að ræða í þessu sambandi og gera okkur grein fyrir er að hér starfa bæði ríkisreknar og einkareknar stofnanir í heilbrigðiskerfinu. Ég hef sagt að ég hef ekki í huga neinar breytingar hvað það snertir. Hins vegar taka einkareknar stofnanir gjöld fyrir sína þjónustu frá ríkinu og frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum. Aðalatriðið við að stytta biðlista er að meira fjármagn þarf til þess. Það er verkefni sem ætíð er við að fást. Hins vegar hef ég ekki, eins og ég hef margtekið fram, gefið kost á því að menn geti keypt sig fram fyrir aðra á biðlistum.

Svo er annað mál að það er hægt að fela sjálfstætt starfandi læknastofnum ákveðin verkefni í heilbrigðiskerfinu. Ég loka ekkert á slíkt og hef aldrei sett mig á móti þeirri þróun. Ég hef ekki hugsað mér það.

Á Norðurlöndunum, Bretlandi og raunar víðar í Vestur-Evrópu hefur einkavæðing í heilbrigðisþjónustu verið mikið til umræðu á undanförnum árum. Á Norðurlöndunum eru menn sammála um að viðhalda núverandi kerfi, sem byggir á því að meginþættir heilbrigðisþjónustunnar séu kostaðir af almannafé og aðgengi að þjónustunni sé sem jafnast. Um það kerfi er pólitískt samkomulag og ég vil halda mig á þeim nótum.

Hins vegar er ég opinn fyrir því að fela sjálfstætt starfandi aðilum verkefni á sviði heilbrigðismála. Mér finnst að við megum ekki blanda saman einkavæðingu og þeirri samningagerð, sem ég er alveg fylgjandi.

Reglugerð skv. 18. gr. a læknalaga.

Fsp. SI, 231. mál. — Þskj. 258.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Ingvarsdóttir):

Herra forseti. 18. gr. læknalaganna fjallar m.a. um þegar meðferð heilbrigðisstarfsmanns hefur óvæntan skaða í för með sér og þegar óvænt dauðsfall verður á heilbrigðisstofnun sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilvika við meðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms.

Með breytingu á lögum nr. 68/1998, sem öðluðust gildi 1. jan. 1999, er kveðið á um reglugerð sem hæstv. heilbrrh. skuli setja um viðbrögð og rannsókn mála. Hér er spurt um þá reglugerð. Fyrirmæli 18. gr. læknalaga eru býsna ljós og unnið í samræmi við þá lagagrein en sú reglugerð sem gert er ráð fyrir að hæstv. heilbrrh. setji hefur ekki enn séð dagsins ljós og er það bagalegt.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis létust ellefu manns á undanförnum fimm árum af ástæðum sem að hluta eða öllu leyti má rekja til mistaka í heilbrigðisþjónustunni. Oftast, en þó ekki í öllum tilvikum, koma læknar þar við sögu. Þessi dauðsföll eru auðvitað alvarlegustu afleiðingar mistaka í heilbrigðisþjónustunni. En of mörg dæmi eru einnig um varanlegar alvarlegar afleiðingar þó ekki leiði þau mistök til dauðsfalla.

Reynsla nágrannalanda, svo sem Bretlands og Norðurlanda þar sem lög eru með svipuðum ákvæðum og hér, er sú að aðeins hluti þeirra tilvika þar sem óhöpp verða eru tilkynnt og aðeins í stöku tilfellum fá stjórnendur upplýsingar um atvikin. Sem dæmi má nefna að mistök í lyfjagjöf eru talin vera verulega vanskráð. Öll erum við mannleg og okkur getur orðið á. En mistök meðal lækna og annarra starfsmanna heilbrigðisstofnananna vega oft og tíðum það þungt að beina þarf sjónum sérstaklega að þeim.

Mér finnst ekki óeðlilegt að ákveðið vinnuferli, jafnvel með ákveðinni rannsóknarnefnd fagaðila, fari af stað þar sem kafað er í hvert mál af þessum toga, fundið út hvar mistökin liggja og lagðar fram tillögur til að koma í veg fyrir að slíkt geti hent aftur.

Það hefur þó nokkuð verið horft til flugmálayfirvalda upp á síðkastið. Þar hafa rannsóknarnefndir m.a. það hlutverk að kanna óhappatilvik eða þau tilvik sem hefðu getað leitt til óhapps. Þær rannsóknarnefndir sinna ekki rannsóknum sem leitt gætu til refsingar á neinn hátt og upplýsingar um þannig tilvik hafa skilað sé mun betur en þar sem refsivöndur vofir yfir.

Hvert tjónamál í heilbrigðisgeiranum hlýtur einnig að vega þungt þó tilfinningaþátturinn og þær alvarlegu afleiðingar sem einstaklingar þurfa oft á tíðum að takast á við vegna mistaka í heilbrigðisþjónustunni vegi að sjálfsögðu mun þyngra.

[16:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í þessari fyrirspurn er spurt um setningu reglugerðar skv. 18. gr. a læknalaga.

Grein 18. a í læknalögunum kom inn í lögin með lögum nr. 68/1998, um breytingu á læknalögum, og tók gildi 1. jan. 1999. Greinin fjallar um rannsóknar- og tilkynningarskyldu „Hafi meðferð heilbrigðisstarfsmanns óvæntan skaða í för með sér ...“

Óvæntur skaði er skilgreindur þannig í lögunum:

„Óvæntur skaði er þegar árangur og afleiðingar meðferðar verða önnur en gert var ráð fyrir í upphafi.“

Í 6. mgr. 18. gr. a laganna segir:

„Ráðherra skal setja reglugerð um viðbrögð og rannsókn mála skv. 1. mgr.“

Skömmu áður en lögin tóku gildi barst ráðuneytinu bréf þar sem bent var á að við kynningu á lagabreytingunni hafi komið fram að heilbrigðisstarfsmenn skildu hugtakið skaða þannig að það væri forsenda rannsóknar og tilkynningarskyldu að tjón hefði orðið. Talin var hætta á að þessi túlkun mundi leiða til að markmið lagabreytingarinnar, að koma á rannsóknar- og tilkynningarskyldu í heilbrigðiskerfinu sem í fælist í senn forvörn og gæðaeftirlit, næðist ekki. Því var talið æskilegt að breyta lögunum á þann veg að tvímælalaust sé að einnig skuli tilkynna mistök eða óhöpp sem ekki valda tjóni, t.d. þegar rangt lyf er gefið og ekki hlýst tjón af því.

Þegar hér var komið sögu lágu fyrir drög að frv. til laga um réttindi og skyldur heilbrigðisstétta. Gerði frv. ráð fyrir að sett yrðu heildarlög um allar heilbrigðisstéttir og sérlög, þar á meðal læknalögin, yrðu felld úr gildi. Því þótti heppilegra að gera framangreinda lagfæringu á heildarfrv. um heilbrigðisstéttir en að fara fram með sérstakt frv. af þessu tilefni. Þar sem ekki var unnt að lagfæra framangreinda hnökra á lagatextanum með reglugerð var talið rétt að bíða með setningu reglugerðar.

Vinnsla frv. um réttindi og skyldur heilbrigðisstétta hefur tekið mun lengri tíma en gert var ráð fyrir, enda er um að ræða frv. sem varðar hagsmuni allra heilbrigðisstétta. Nú er þetta frv. hins vegar nær fullbúið og er stefnt að því að leggja það fram á þessu þingi. Verði það frv. að lögum ætti að vera hægt að setja margnefnda reglugerð strax í kjölfar þess, enda liggja þegar fyrir drög að henni.

Samkvæmt upplýsingum landlæknis tilkynna heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn landlækni yfirleitt um alvarlegri mistök eða óhöpp og telur hann að þessari skyldu sé betur sinnt nú en áður.

Hins vegar skortir enn talsvert á að skýrslur vegna minni háttar mistaka og óhappa berist landlæknisembættinu reglulega og hyggst embættið gera gangskör að því að kalla inn slíkar skýrslur reglulega.

[16:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttur fyrir að vekja máls á þessu atriði. Ég vil vekja athygli á öðrum þætti sem er að fyrir skömmu settum við lög um sjúklingatryggingu á þinginu. Í ljósi þess er mjög mikilvægt að þessi mál séu í góðum, skýrum og öruggum farvegi. Lögin um sjúklingatryggingu voru sett til að auðvelda sjúklingum að sækja rétt sinn ef um meint mistök er að ræða í heilbrigðiskerfinu og að sjúklingurinn, eða aðstandendur ef um dauðsföll er að ræða vegna mistaka eða meintra mistaka, geti sótt bótakröfur auðveldlega. Þá þurfa upplýsingar eins og þær sem farið er fram á í 18. gr. læknalaganna að liggja fyrir. Það er auðvitað alvarlegt mál ef svona mistök eru aðeins yfirleitt skráð, ekki alltaf. Það verður auðvitað að sjá til þess að reglur séu svo skýrar að þau séu ávallt skráð, hvort sem það eru lyfjamistök eða önnur mistök sem heilbrigðisstéttum verður á.

[16:04]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Ingvarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég byrja á að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir góð svör og vona svo sannarlega að það fari að styttast í frv. sem og reglugerðina sem um ræðir því umfram allt er mikilvægt að vinnuferlið sé skýrt þegar mál sem þessi koma upp hvað varðar viðbrögð og rannsókn mála og að aðgerðir fylgi í kjölfarið. Einnig hlýtur að þurfa að koma til nákvæm skráning á því hvar og hvernig og hjá hverjum mistök eiga sér stað svo hægt sé að grípa inn í með viðeigandi ráðstöfunum.

[16:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni og fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina.

Fram hefur komið áhersla á að þessi mál séu í skýrum farvegi og það er einmitt kjarni þessa máls og ég tek eindregið undir að öll vinna að lagasetningu og reglugerðasetningu í kjölfar laganna verður að miða að því að hér gildi skýrar reglur vegna þess að eðli málsins samkvæmt er um afar viðkvæm mál að ræða. Það eru ekki mörg mál sem eru erfiðari viðfangs og viðkvæmari en við erum að höndla með hér.

Ég lýsi því yfir ánægju minni með hvað menn eru sammála hér og ég held ótrauður áfram ásamt mínu fólki í ráðuneytinu að vinna þessi mál og vona að niðurstaða geti legið fyrir á þessu þingi.

Um fundarstjórn.

Suðurnesjaskógar.

[16:07]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Til gamans langar mig að koma á framfæri vísu sem hæstv. heilbrrh. gaukaði að mér undir umræðum áðan um Suðurnesjaskóga og Suðurlandsskóga. Hún er svohljóðandi:

Hugur Kristjáns dvaldi á grænum grundum,
á gráum hraunum sér hann kosti nóga.
Lofaði mörgum ljúfum góðum stundum
í lundum nýrra Suðurnesjaskóga.

[16:07]

Útbýting þingskjals:

Bið eftir heyrnartækjum, 66. mál, svar heilbrrh., þskj. 290.

Fundi slitið kl. 16:09.

25. FUNDUR

fimmtudaginn 8. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 230. mál, þskj. 256. — 1. umr.

2. Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, frv., 31. mál, þskj. 31. — 1. umr.

3. Brunatryggingar, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.

4. Tryggingarskilmálar vátryggingafélaga, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.

5. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 229. mál, þskj. 255. — 1. umr.

6. Velferðarsamfélagið, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.

7. Almannatryggingar, frv., 27. mál, þskj. 27. — 1. umr.

8. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44. — Fyrri umr.

9. Samningsbundnir gerðardómar, stjfrv., 203. mál, þskj. 228. — 1. umr.

10. Almenn hegningarlög, frv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.

11. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 60. mál, þskj. 60. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, 1. þm. Reykv.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Aðstoð við fatlaða vegna orlofsdvalar eða ferðalaga, 256. mál, fsp. MF, þskj. 295.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 255. mál, fsp. DrH, þskj. 294.

Innkaup heilbrigðisstofnana, 148. mál, svar heilbrrh., þskj. 289.

Náttúruverndaráætlun, 173. mál, svar umhvrh., þskj. 297.

Offituvandi, 257. mál, fsp. SoG, þskj. 296.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að kl. 1.30 í dag, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um reglur um notkun á vél Flugmálastjórnar. Málshefjandi er hv. 5. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundur í heilbr.- og trn. með fulltrúum sjúkraliða.

[10:32]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og kunnugt er er kjaradeila sjúkraliða og viðsemjenda þeirra enn óleyst og er ástandið vægast sagt orðið mjög alvarlegt víða á sjúkrastofnunum. Auk verkfallsaðgerðanna hafa á annað hundrað sjúkraliða sagt upp störfum að sögn Kristínar Á. Guðmundsdóttur, formanns Sjúkraliðafélags Íslands, sem kom fyrir þingflokk Samfylkingarinnar í gær til að skýra stöðu mála.

Nú hefur Sjúkraliðafélagið enn boðað til þriggja verkfalla, í þetta sinn allsherjarverkfalla sem ná því til allra og mun þeirra gæta allt fram í desembermánuð. Alls munu um 1.200 sjúkraliðar leggja niður störf í þessum verkföllum hjá 26 vinnuveitendum og hefst það fyrsta á mánudaginn nk. ef ekki verður samið fyrir þann tíma.

Verkföllin hafa hingað til haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjónustuna eins og gefur að skilja. Deildum hefur verið lokað og lágmarksþjónusta veitt þar sem hún á annað borð er veitt.

Nú geri ég mér grein fyrir því, herra forseti, að kjaradeilur verða ekki leystar í sölum Alþingis eða á nefndarfundum. *Það er hins vegar mikilvægt að fulltrúar á löggjafarsamkundunni* fylgist vel með því alvarlega ástandi sem er að skapast vegna kjaradeilna sjúkraliða og því beinlínis skylda okkar að verða við því að hlusta á sjónarmið þeirra sem eiga í deilunni sé eftir því leitað.

Það vakti því óneitanlega furðu þegar upplýst var á þingflokksfundi Samfylkingarinnar í gær að Sjúkraliðafélag Íslands hefði skrifað hv. heilbr.- og trn. Alþingis bréf þann 14. maí sl. — ég endurtek 14. maí — og óskað eftir því að fá að skýra sjónarmið sín fyrir nefndinni á stöðu mála, en enn hefur nefndin ekki orðið við þessari sjálfsögðu beiðni að sögn formanns Sjúkraliðafélagsins. Því vil ég spyrja, herra forseti, hv. starfandi formann heilbr.- og trn. hverju þetta sætir og jafnframt lýsa furðu minni yfir þessu viðmóti. Þingflokkur Samfylkingarinnar fór reyndar fram á það við hv. heilbr.- og trn. í gær að hún kallaði sjúkraliða nú þegar fyrir nefndina til að skýra mál sitt, enda með öllu óskiljanlegt að ekki skuli hafa verið orðið við slíkri bón.

Formaður heilbr.- og trn. er erlendis en vegna alvöru málsins teljum við mikilvægt að nefndin kalli slíkan fund saman sem fyrst þótt ekki sé nema til að hlusta á mál sjúkraliða. Slíkur fundur gæti aldrei orðið til að spilla fyrir framþróun kjaradeilunnar heldur þvert á móti, því að sinnuleysi af því tagi sem hv. heilbr.- og trn. hefur sýnt þessari beiðni sjúkraliða er með öllu ólíðandi.

[10:34]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 14. þm. Reykv., Katrín Fjeldsted, er starfandi formaður heilbr.- og trn.

[10:34]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur síðasta ræðumanns yfir stöðu mála hvað lýtur að verkföllum sjúkraliða. Hins vegar kynnti ég mér málið í morgun þegar hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hafði samband við mig og það er rétt hjá henni að bréf frá Sjúkraliðafélaginu barst heilbr.- og trn. 14. maí sl. en skömmu síðar lauk þingi, þinglok voru þarna rétt á eftir. Síðan þegar þingið hófst í haust hefur verið rætt við ýmsa aðila sem höfðu líka samband við nefndina í vor.

Ég hafði hins vegar spurnir af því að formaður heilbr.- og trn., Jónína Bjartmarz, hefði ætlað sér að kalla sjúkraliða á næsta fund nefndarinnar. Hún gerði það ekki á fundinn í dag þar sem verið var að fara yfir fjárlagabeiðnir. Ég hef séð til þess að kallað hefur verið í stjórn Sjúkraliðafélagsins sem mun koma á nefndarfund í næstu viku.

[10:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir gagnrýni hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur á að sjúkraliðar hafi ekki verið kallaðir á fund heilbr.- og trn. Ósk kom 14. maí til nefndarinnar um að fá að koma og hitta nefndina. Síðan hefur verið haft samband við okkur ítrekað og ég hef ítrekað farið fram á það bæði við formanninn og varaformanninn að fá sjúkraliða á okkar fund.

Haldnir hafa verið fjórir fundir í nefndinni frá því að þing kom saman í haust og tveir hafa fallið niður. Þegar ég fékk seinna fundarboðið um að fundur félli niður í nefndinni, hafði ég samband við varaformann nefndarinnar því að formaðurinn var þá líka erlendis, en það var hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, og spurði hana hvort ekki væri hægt að halda þennan fund og fá þá sjúkraliðana á fund nefndarinnar. En þá var það orðið of seint þannig að ekki varð af því.

Ég vil upplýsa að ekki var búið að boða sjúkraliðana á fund nefndarinnar í gærkvöldi. Aftur á móti voru þeir boðaðir í morgun. Heilbr.- og trn. mun halda aukafund á mánudaginn kemur. Ég vil fara fram á það, herra forseti, að kallað verði á sjúkraliða á þann fund. Eins og ljóst er, er staðan mjög alvarleg. 160 sjúkraliðar hafa sagt upp störfum. Verkföll munu hefjast að nýju eftir helgina, á mánudaginn, ef ekki semst þannig að ég tel fullkomlega eðlilegt að fulltrúar sjúkraliða verði kallaðir á aukafund nefndarinnar á mánudaginn og geri þar grein fyrir stöðunni. Það er búið að boða þá fimmtudaginn en ég tel enga ástæðu til þess að bíða til fimmtudags þar sem aukafundur er í nefndinni á mánudaginn kemur og fer fram á að kallað verði á sjúkraliða á þann fund.

[10:37]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þegar hefur komið fram að orðið hefur við beiðni um að sjúkraliðar komi til fundar við heilbr.- og trn. og eigi þar kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri þannig að ég get ekki tekið undir gagnrýni sem hér hefur komið fram á heilbr.- og trn. hvað þetta varðar.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að málið er ekki á borði heilbr.- og trn. Hér er um að ræða kjaramál sem er á verksviði fjmrh. Viðræður eru í gangi á milli ráðherra og viðsemjanda hans þannig að málið fellur ekki undir verksvið heilbr.- og trn. eða annarrar þingnefndar og mun ekki gera það nema menn telji að flytja eigi lagafrv. til þess að ljúka deilunni. En ég hef engan heyrt halda því fram að slíkt sé á döfinni og veit ekki til þess að nein ósk hafi borist um það, hvorki frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar né frá sjúkraliðum sjálfum. Málatilbúnaðurinn er því allur heldur einkennilegur af hálfu hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar í þessu máli.

[10:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted er ekki öfundsverð af því að taka að sér það hlutverk sem hún tekur í dag. Formaðurinn er fjarverandi, varaformaðurinn er fjarverandi og það er hún sem í raun bregst við fyrir hönd þeirra fyrir að hafa ekki tekið á málinu sem hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni finnst svo eðlilegt. Hann talaði á undan mér.

Ég hef miklar áhyggjur af þessu, ekki síst viðbrögðum hans og almennum viðbrögðum stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Hvað telur stjórnarmeirihlutinn á Alþingi að Alþingi standi fyrir? Er það eingöngu lagasetning, ákvarðanataka með lögum og stefnumörkun þar með? Við erum alltaf að benda á það að á Alþingi fer fram mjög mikilvægur þáttur sem er samfélagsumræðan og ég veit ekki betur en að þingmenn fari um allt land, ferðist um kjördæmi sín. Til hvers? Til þess að hlusta á viðhorf fólksins í grasrótinni og bera þau hingað inn og endurtaka þau hér til að við vitum hvert þarf að stefna.

Alltaf þegar kjaradeila er uppi og umræða er tekin í þessum sal, sem er eðlileg og sjálfsögð, fáum við í stjórnarandstöðunni nákvæmlega sömu viðbrögðin. Það er ekki hægt að leysa þessi mál í þessum sal. Til hvers að koma með þessa umræðu hingað? Málið er í farvegi úti í samfélaginu, þó að sá farvegur hafi tekið tvö ár eins og hefur gerst í sumum tilfellum.

Auðvitað er mjög gott að núna þegar Samfylkingin hefur skrifað bréf og hefur tekið málið til umræðu í upphafi fundar skuli koma í ljós að á næsta fundi verði hlustað á sjúkraliða.

Viðhorf mitt, hæstv. forseti, er að nefndir þingsins eigi að hlusta á þá sem óska eftir að koma á fund. Óski stjórn eða kjaranefnd sjúkraliða þess, á að verða við því vegna þess að málið er stórt og mikilvægt fyrir heilbrigðiskerfið í landinu.

[10:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hefur margsinnis gerst þegar uppi hafa verið erfiðar kringumstæður á sjúkrahúsunum að heilbr.- og trn. hafi tekið það til umræðu. Ég veit allt um það því ég var einu sinni sjálfur formaður heilbr.- og trn. og það gerðist oft að við tókum til umræðu kringumstæður af þessu tagi, t.d. lokanir deilda og þegar við blasti að loka þyrfti deildum vegna fjárskorts.

Nú er uppi ákaflega alvarleg staða á sjúkrahúsunum. Hún felst í því að 180 sjúkraliðar hafa sagt upp störfum. Hún felst í því að fram undan eru verkföll. Hún felst í því að ekki er alveg ljóst hvort hægt sé að halda starfsemi sjúkrahúsanna óbreyttri nema þessi deila leysist. Til hvers erum við, fulltrúar fólksins í landinu? Erum við ekki til þess að leggja okkar af mörkum til að leysa deilur af þessu tagi? Hvað er að því að fulltrúar þessa hóps sem beittur er miklum rangindum fái að koma til fundar við heilbr.- og trn. sem er fagnefnd okkar til þess að skýra þessi sjónarmið? Það er ekkert af því.

Það er svo rangt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir að nú þegar hafi verið gerð boð fyrir sjúkraliða og þeim heimilað að koma til þess að viðra sjónarmið sín. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Sjúkraliðar hafa fengið leyfi allra náðarsamlegast hjá meiri hlutanum til þess að koma til fundar við nefndina en samkvæmt því sem kom fram í máli formanns sjúkraliða á fundi Samfylkingarinnar í gær þá mega þeir ekki ræða um kjaramál sín. Það er nákvæmlega það sem þetta fólk vill fá að gera og það er með ólíkindum ef þingið ætlar ekki að leyfa hópi af þessu tagi að koma til þess að viðra viðhorf sín til ákaflega erfiðrar deilu.

Herra forseti. Mér sýnist sem meiri hlutinn sé ekki að leggja sitt þunga lóð á vogarskálarnar til þess að leysa þessa deilu. Mér liggur við að segja, herra forseti, að þetta stappi

nærri því að settur sé múll á heila starfsstétt. Það getum við auðvitað ekki liðið í þessum sölum.

[10:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ánægjulegt að búið sé að ákveða að Sjúkraliðafélagið verði kallað til fundar. Ég vil ítreka alvöru málsins. Allsherjarverkfallahrina hefst strax á mánudaginn og þess vegna lýsi ég furðu minni á því að sjúkraliðar hafi ekki verið kallaðir fyrr til fundar við nefndina því að varla getur það orðið til þess að spilla fyrir heldur þvert á móti hefur það komið fram hjá formanni Sjúkraliðafélagsins að þær eru mjög undrandi yfir því að ekki skuli hafa verið vilji fyrir því hjá hv. heilbr.- og trn. fyrr að ræða málin innan þeirrar nefndar því að beiðnin kom fram fyrir fimm mánuðum.

Ég vil líka segja, herra forseti, að ég er algerlega ósammála hv. formanni þingflokks Framsfl., Kristni H. Gunnarssyni, um að málið sé ekki á borði heilbr.- og trn. Ástandið er mjög alvarlegt á sjúkrastofnunum. Er það ekki vandamál sem hv. heilbr.- og trn. þarf að hafa áhyggjur af? Að minnsta kosti sá landlæknir ástæðu til þess um miðjan októbermánuð að kalla forustu sjúkraliða á fund sinn og heyra þau sjónarmið sem þær höfðu fram að færa í deilunni þó ekki væri nema vegna þess, eins og hér hefur fram komið, að hátt á annað hundrað sjúkraliðar hafa sagt upp störfum vegna óánægju með kjör og starfskilyrði sín sem vissulega er mikið áhyggjuefni fyrir heilbrigðiskerfið allt saman. Burt séð frá þessu verkfalli, herra forseti, þá er mjög mikið áhyggjuefni, að fjöldaflótti sé að eiga sér stað úr þessari stétt og það mun geta haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir heilbrigðiskerfið í heild ef ekki er gripið í taumana.

[10:45]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er okkur öllum ljóst í þessum sal að sjúkraliðar eru mikilvæg stétt og einn af burðarásunum í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Það fer ekkert á milli mála. Bréf sjúkraliða var skrifað 14. maí til heilbr.- og trn. og tilefni þess fundar sem óskað var eftir er alvarlegur skortur á sjúkraliðum til starfa við heilbrigðisstofnanir landsins, hár meðalaldur stéttarinnar og fækkun í stéttinni. Þetta eru þau erindi, þetta eru þær ástæður sem sjúkraliðar báru fram þegar þeir óskuðu eftir fundi með heilbr.- og trn. en ekki til að ræða sín kjaramál. Heilbr.- og trn. leit því svo á að þó að sjálfsögðu væri brátt að ræða þessi mál við sjúkraliða í ljósi stöðu þeirra í heilbrigðisþjónustunni væri það ekki svo brátt að það þyrfti upphlaup til þess.

Það er sjálfsagt að ræða þessi mál í heilbr.- og trn., þ.e. þessi faglegu mál sem sjúkraliðar óska eftir. Það er ekki kjaranefnd Sjúkraliðafélagsins sem hefur óskað eftir viðræðum við heilbr.- og trn. heldur stjórn Sjúkraliðafélags Íslands af þessum þremur meginástæðum sem nefndar hafa verið.

Af því að talað var um það hér áðan að það ætti að vera aukafundur í heilbr.- og trn. á komandi mánudag er rétt að taka fram að það er undirnefndarfundur sem fer yfir fjárlagatillögur en ekki reglulegur fundur eða ekki aukafundur í allri nefndinni. Því er kannski ekki viðeigandi að taka fleira fyrir en fjárlagatillögur á þeim fundi.

[10:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Erindi Sjúkraliðafélagsins er frá 14. maí sl. og þá fara þær fram á að ræða ákveðin mál, eins og kom fram hér áðan. Í ljósi þess hvað hefur síðan gerst í málefnum þeirra er aftur á móti ekki óeðlilegt að þeir ræði ýmislegt fleira.

Það er skylda heilbr.- og trn. að ræða við þá sem vilja koma á fund hennar og eru með erindi í þeim efnum. Ástandið á sjúkrahúsunum er mjög alvarlegt og mun verða mjög alvarlegt þegar þessi verkföll koma til, ef þau koma til, og það ástand ber að ræða í heilbr.- og trn.

Vegna orða þingflokksformanns Framsfl. áðan um að ekkert lagafrv. sé um þessi málefni þá hefur verið vísað til væntanlegs lagafrv. um heilbrigðisstéttir, sem sé að koma frá ráðherra. Það var einmitt vísað til þess á fundi sjúkraliða og hæstv. heilbrrh., sem nú er genginn í salinn, þegar þær komu á hans fund. Því er ekkert óeðlilegt, þó að þetta þingmál sé ekki komið fram í þinginu og þó það sé ekki komið fyrir nefndina, að þær ræði afstöðu sína til þess þar sem hæstv. ráðherra telur ástæðu til að vísa til málsins í viðræðum við stéttina.

Herra forseti. Það er auðvitað mjög brýnt að við ræðum við sjúkraliða vegna þessa alvarlega ástands á sjúkrahúsunum gagnvart sjúklingum. Það er búið að boða þá nú en það var ekki gert fyrr en í morgun eftir að bréf barst frá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, formanni þingflokks Samfylkingarinnar.

[10:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Málið hefur skýrst verulega í þessari umræðu. Fram hefur komið að orðið hefur við ósk um fund með heilbr.- og trn. Það hefur líka komið fram að orðið verður við því að ræða það sem beðið er um.

En stjórnarandstaðan er óánægð vegna þess að hún vill ræða eitthvað annað. Hún vill ræða eitthvað annað sem ekki var beðið um. (Gripið fram í.) Það hlýtur auðvitað að vera allt annað mál og þeir sem eru að biðja um fundinn hafa ekki farið fram á þau umræðuefni sem málshefjendur af hálfu stjórnarandstöðunnar hafa borið fram hér. Mér sýnist því að málflutningur þeirra sé algjörlega tilefnislaus.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 256.

[10:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem er 230. mál þingsins á þskj. 256.

Á árinu 1999 voru samþykkt á Alþingi lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í lögunum var gjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til að standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins breytt á þann veg að tryggt væri að gjaldið uppfyllti skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýddi m.a. að festa þurfti álagningarhlutfall í lögum í stað þess að kveða einungis á um hámark álagningar. Þessum álagningarhlutföllum þarf að breyta á hverju haustþingi enda ógerlegt að ákveða nákvæm hlutföll álagningar á flokka eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn.

Frv. þetta er flutt í því skyni að breyta álagningarhlutföllum 5. gr. laganna. Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins er gert

ráð fyrir að kostnaður við rekstur á árinu 2002 verði um 264 millj. kr. sem er veruleg hækkun frá rekstrarkostnaði þessa árs. Hækkunin kemur til af auknum kröfum til Fjármálaeftirlitsins í lögum og auknum umsvifum á fjármálamarkaði. Áætlað er að reksturinn verði fjármagnaður með 215 millj. kr. eftirlitsgjaldi, u.þ.b. 45 millj. kr. rekstrarafgangi frá fyrri árum og tæplega 4 millj. kr. öðrum tekjum.

Breytingar sem lagðar eru til með frv. þessu eru nánar tiltekið þessar:

1. Álagningarhlutfall lánastofnana, vátryggingafélaga, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs er lækkað lítillega en lágmarksgjald hækkað. Hlutfallslegt vægi flokka eftirlitsskyldra aðila er í meginatriðum óbreytt.

2. Lágmarksgjald vegna innlánsdeilda samvinnufélaga er hækkað úr 150 þús. kr. í 250 þús. kr. Kemur þetta til vegna nýlegra laga um samvinnufélög sem styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins með innlánsdeildunum.

3. Engin álagning er á Kvótaþing enda var það lagt niður á þessu ári.

4. Bætt er við fastagjaldi á öryggissjóði samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Einn öryggissjóður er starfandi í dag, Tryggingarsjóður sparisjóða.

5. Eftirlitsskyldir aðilar sem eru dótturfyrirtæki annarra eftirlitsskyldra aðila að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum skulu greiða $^{2}/_{3}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölul. 1. mgr. hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Með þessu er komið til móts við sjónarmið sem fram koma í áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila að um „tvísköttun" geti verið að ræða þegar eftirlitsgjald er innheimt af dótturfélögum, einkum þegar dótturfélagið er að mestu fjármagnað af móðurfélaginu.

Herra forseti. Í fskj. V með frv. er að finna skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskrh. um starfsemi eftirlitsins. Í 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um að ráðherra skuli leggja slíka skýrslu fyrir Alþingi. Í skýrslunni er fjallað um eftirlit með einstökum sviðum fjármálamarkaðar, þar á meðal lánamarkaðar, verðbréfamarkaðar, vátryggingamarkaðar og lífeyrismarkaðar. Þá er greint frá þróun og horfum á íslenskum fjármálamarkaði og áherslum í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri.

Í skýrslunni er einnig umfjöllun um athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenska fjármálakerfinu. Meginniðurstöður sjóðsins eru þær að Fjármálaeftirlitið hér á landi sé í góðri stöðu til að takast á við verkefni sitt. Hins vegar var það einnig mat sjóðsins að í íslensku fjármálakerfi væru veikleikar sem stefnt gætu stöðugleika þess í hættu. Sjóðurinn gerði athugasemdir og benti á ýmislegt sem betur mætti fara og stuðla mundi að frekara öryggi, bæði að því er varðar löggjöf og opinbert eftirlit.

Herra forseti. Ég mæli með því að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og hv. efh.- og viðskn.

[10:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Frv. sem hér um ræðir geri ég út af fyrir sig ekki miklar athugasemdir við. En það sem mér hefur fundist athyglisvert í þessari skýrslu sem hér er lögð fram, eins og þeirri síðustu, eru þau fylgiskjöl sem með henni fylgja. Mér finnst satt að segja, herra forseti, að hún hefði átt skilið ítarlegri umfjöllun af hálfu ráðherra en kom fram í framsöguræðu hennar áðan.

Þessi skýrsla er vel unnin og hún er um margt til fyrirmyndar og mjög sérstök að því leyti að hér er farið ítarlega yfir alla starfsemi Fjármálaeftirlitsins á árinu og athugasemdir og ábendingar eru þar settar fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins sem eru mjög athyglisverðar. Það hefði verið full ástæða til að hæstv. ráðherra hefði fjallað meira um þær og sagt álit sitt á þeim vegna þess að ýmsar athugasemdir sem þarna koma fram eru nokkuð alvarlegar og krefjast umfjöllunar á Alþingi, ekki síst líka í ljósi þess sem fram hefur komið hjá forstjóra Fjármálaeftirlitsins, að líklegt sé að einhverjar fjármálastofnanir lendi í verulegum erfiðleikum á næstunni, eins og fram kom hjá honum nýlega. Hef ég reyndar lagt fram fyrirspurnir til ráðherra sem ráðherra hefur ekki enn svarað. Þær hljóta að koma hér í hús innan tíðar. Þær snerta einmitt tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta einmitt í ljósi þessara ummæla forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Það er nauðsynlegt að fá fram hvort ráðherrann sé sammála því mati sem fram kom hjá forstjóranum um þessa og ýmsa aðra hluti, eins varðandi eiginfjárstöðu banka og sparisjóða, sem ljóst er af ummælum forstjóra Fjármálaeftirlitsins að er ekki nægjanlega sterk til þess að mæta hugsanlegum skakkaföllum sem kynnu að verða á fjármálamarkaðnum.

Ef ég fer fyrst í efnisatriði frv. vekur athygli álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila sem stendur undir kostnaði við að reka Fjármálaeftirlitið. Ég tek raunar ekki undir ýmislegt sem fram kemur í áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila vegna þess að Fjármálaeftirlitið er stofnun líkt og Samkeppnisstofnun sem við eigum að hlúa mjög vel að vegna þess að þetta eru stofnanir sem gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu við eftirlit með atvinnurekstri og fjármálastarfsemi.

Samt vekur athygli það sem fram kemur í skýrslu eftirlitsskyldu aðilanna um launakostnað og ferðakostnað á bls. 10 og 11. Þetta eru athugasemdir sem voru gerðar líka á síðasta þingi af þessum sömu aðilum. Eftir því sem ég skil best þá ákveður ráðherra stjórnarlaun þeirra sem sitja í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Og ég deili með eftirlitsskyldu aðilunum þeim athugasemdum sem þeir gera við launakostnað. Mér finnst ansi vel í lagt að greiða eigi rúmlega 6 millj. á árinu 2002 í launakostnað til þriggja stjórnarmanna og þriggja til vara. Ef þeir fá jafnt, líka varamennirnir, þá erum við að tala um 85 þús. kr. á mánuði sem er mjög vel í lagt. Þessi launakostnaður hjá stjórninni hækkar úr 4,8 millj. í 6,1 millj. á næsta ári. Hækkunin er því mjög veruleg á milli ára. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað réttlætir þennan launakostnað hjá stjórnarmönnum? Þeir eru flestir í fullu starfi, eins og t.d. seðlabankastjóri. Ég geri ráð fyrir að hann sinni þessari skyldu sinni sem stjórnarformaður í Fjármálaeftirlitinu á sama tíma og vinnutími er í bankanum. Er þá eðlilegt að hann sé að þiggja þarna laun sem nema þeirri fjárhæð sem ég nefndi? Mér finnst ráðherra skulda okkur skýringar á því hvaða forsendur liggi að baki svona háum launakostnaði hjá þessum stjórnarmönnum.

Þeir gera athugasemdir við ferðakostnaðinn. Mér finnst hann töluvert hár líka og hækka verulega á milli ára eða um 3 millj. kr. sem mér finnst ansi mikið. Ég geri ráð fyrir að ferðakostnaður hjá þessari stofnun sé töluvert meiri en hjá viðskrn. sjálfu þannig að ég spyr ráðherra hvort hún fari yfir þessi atriði og athugasemdir frá þessum eftirlitsskyldu aðilum að því er þá þætti varðar.

Það vakti forvitni mína að þeir gerðu einnig athugasemdir við það sem snýr að íþrótta- og gististyrkjum. Ég veit ekki hvað þetta er hjá Fjármálaeftirlitinu. Þetta er upp á 2,5 millj. kr. Ég hef ekki séð þetta áður í rekstrarskýrslum hjá opinberum stofnunum þannig að ég spyr um íþrótta- og gististyrki. Hvað er þetta og hvað er þarna á bak við? Það getur vel verið að þetta sé eðlilegt. En ég spyr hvað þarna liggi að baki í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins, þ.e. íþrótta- og gististyrkja upp á þessa fjárhæð. Fyrirgefið, þetta eru ekki 2,5 millj. Það eru 2 millj. sem þetta á að vera á árinu 2002 en var á þessu ári 1,6 millj. kr.

Þeir gera athugasemd við fjölda starfsmanna og þann fjölda sem er fyrirhugaður hjá stofnuninni á næstu árum og ég geri ekki athugasemdir við það vegna þess að það eru aukin umsvif hjá þessari stofnun. Hún er sífellt að fá á sig fleiri og fleiri verkefni á fjármálamarkaðnum, m.a. eftirlit með lífeyrissjóðunum sem er mjög umfangsmikið og tímafrekt, þannig að ég geri ekki athugasemd við það þó að þarna eigi að fjölga starfsmönnum. Það kemur reyndar fram í þessari skýrslu að þeir hjá Fjármálaeftirlitinu þurfa að eyða miklum tíma í að innheimta skýrslur frá þessum eftirlitsskyldu aðilum sem standa undir rekstri stofnunarinnar. Það er tímafrekt og kallar á mannskap þegar stöðugt þarf að vera með eftirrekstur til þess að fá skýrslu sem Fjármálaeftirlitið þarf að nota til að sinna sínu starfi.

Ráðherra minntist á mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenska fjármálakerfinu sem ítarlega eru gerð skil hér en fór ekki mjög ítarlega ofan í þetta. Þar er að finna ýmsar athugasemdir sem rétt er að fara nokkuð ofan í í þessari umræðu, t.d. kemur bæði fram á bls. 22 mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenska fjármálakerfinu og einnig ýmsar ábendingar og athugasemdir í viðauka á bls. 35 sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir, og þessar athugasemdir og ábendingar snerta reyndar allt svið fjármálakerfisins á Íslandi. Það eru athugasemdir varðandi lánamarkaðinn almennt, það eru athugasemdir varðandi vátryggingamarkaðinn, það eru athugasemdir varðandi verðbréfamarkaðinn og varðandi lífeyrissjóðina.

Þeir gera þá almennu athugasemd — eins og ráðherra drap reyndar aðeins á án þess að fara ítarlegar ofan í það eins og hún hefði átt að gera og mér finnst vera skylda hennar — en það er mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að í íslenska fjármálakerfinu séu veikleikar sem stefnt gætu stöðugleika þess í hættu. Þetta eru stór orð, herra forseti, og það þarf að kryfja til mergjar hvað þarna er að baki og hvernig við eigi að bregðast en hæstv. ráðherra gerði það ekki í ræðu sinni áðan. Einmitt út af þessum veikleikum gerir sjóðurinn athugasemdir og bendir á ýmislegt sem betur mætti fara og stuðla mundi að frekara öryggi, bæði að því er varðar löggjöf og opinbert eftirlit. Ég spyr hæstv. ráðherra um viðbrögð hennar við þeim ábendingum, athugasemdum og tillögum sem koma fram hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum varðandi þessi svið fjármálamarkaðarins sem ég nefndi. Þeir nefna t.d. varðandi lánamarkaðinn skort á leiðbeiningum um innra eftirlit eða áhættustýringu. Þeir benda á að Fjármálaeftirlitið geti ekki komið í veg fyrir arðgreiðslur eða látið skipta um stjórnendur eða virka eigendur. Þeir nefna að ekki sé heimilt að krefjast hærra eiginfjárhlutfalls, og það er nokkuð sem ég vil koma inn á hér á eftir, og hef reyndar gert áður, vegna þess að ég hef gífurlegar áhyggjur af eiginfjárstöðu margra banka og lánastofnana um þessar mundir.

Þeir gera athugasemdir við að skýrleika vanti í reglusetningu og eftirlit með Íbúðalánasjóði. Ég spyr ráðherrann: Hvað þýðir þetta? Ég veit ekki nákvæmlega um hvað er verið að tala, að það vanti skýrleika í reglusetningu og eftirlit með Íbúðalánasjóði, og spyr hæstv. ráðherra um það: Hvað liggur í þessari ábendingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

Varðandi vátryggingamarkaðinn telja þeir að móta þurfi og styrkja eftirlit með innra eftirliti. Þeir segja að það sé hætta á skörun á eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins sem annars vegar á að fylgjast með traustleika vátryggingafélags og hins vegar að iðgjöld séu ósanngjörn í garð vátryggingataka. Þarna virðast ekki fara saman þessar skyldur sem Fjármálaeftirlitið hefur, og spurning er hvernig við eigi að bregðast. Þar vek ég athygli, herra forseti, á nýlegu svari frá hæstv. ráðherra varðandi iðgjöld á bifreiðatryggingum sem ég tel, miðað við svar ráðherrans, að séu allar forsendur til að lækka en Fjármálaeftirlitið telur ekki tímabært að taka ákvörðun um hvort ráðist verði í sérstaka athugun á iðgjöldum vegna bifreiðatrygginga. Samt kemur í ljós í svari ráðherrans varðandi bifreiðatryggingar að hagnaður tryggingafélaganna var tæplega einn og hálfur milljarður kr. á sl. ári og eigið fé hafði vaxið um 1,4 milljarða á milli áranna 1999 og 2000 eða tæp 12% og var 13–14 milljarðar kr. Þar kom líka fram að ofmat á tjónaskuldum vegna tjóna sem urðu á árinu 1990 eða fyrr var verulegt. 2,6 milljarðar kr., þar af 1,4 milljarðar vegna lögboðinna bifreiðatrygginga, losnuðu sem sagt úr tjónaskuld sem var ofmetin. Hæstv. ráðherra hefur ákveðnar skyldur varðandi lögboðnar bifreiðatryggingar vegna þess að við erum að tala um skyldutryggingar, og Fjármálaeftirlitið og hæstv. ráðherra eiga og verða að fylgjast grannt með þessari iðgjaldaákvörðun tryggingafélaganna sem hefur keyrt úr öllu hófi á sl. 2–3 árum og hefur verið um og yfir 70% sem ég sé, miðað við afkomu tryggingafélaganna, ekki að séu nein rök fyrir, herra forseti, eða forsendur á bak við. Bæði hagnaðurinn, afkoman, og eigið fé sem virðist vera mjög traust hjá þeim bendir til þess að hægt sé að lækka iðgjöld bifreiðatrygginga, ekki síst þegar í ljós hefur komið að verulegt fjármagn hefur losnað úr tjónaskuld. Það vekur líka athygli í svari hæstv. ráðherra að hreinn rekstrarkostnaður tryggingafélaganna blæs út á milli ára og hækkar um 300 millj. eða um 27%. Þar er ekki verið að spara þó að alltaf sé verið að blóðmjólka bifreiðaeigendur. Rekstrarkostnaður vex úr 1.153 millj. kr. í 1.464 millj. kr. og það er greinilegt að það er ekki mikið sparað í yfirbyggingu eða stjórnunarkostnaði tryggingafélaganna. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hefur hún farið yfir stöðuna varðandi lögboðnar bifreiðatryggingar? Þetta hefur verið töluvert í umræðunni og bifreiðaeigendum hefur ofboðið hvernig tryggingafélögin hafa staðið að þeirri ákvörðun. Það hefur iðulega verið talað um meint samráð tryggingafélaganna og fákeppni á tryggingamarkaði og sem betur fer kemur fram í svari viðskrh. að Samkeppnisstofnun hefur verið að skoða þetta meinta samráð tryggingafélaganna og fákeppni á tryggingamarkaði og er langt komin með það og er niðurstöðu að vænta á næstu mánuðum. Þetta held ég að sé mjög brýnt verkefni sem Samkeppnisstofnun hefur verið að skoða, þ.e. að taka á því sem nefnt hefur verið samráð tryggingafélaganna og fákeppni á tryggingamarkaði sem er auðvitað ein skýring á því af hverju tryggingafélögin hafa getað hagað sér eins og ríki í ríkinu. Ég hef stoppað mjög við þá athugasemd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem segir að hætta sé á skörun í eftirlitsskyldum Fjármálaeftirlitsins sem annars vegar á að fylgjast með traustleika vátryggingafélagsins og hins vegar að gæta þess að iðgjöld séu ekki ósanngjörn í garð

vátryggingataka.

Ég spyr hæstv. ráðherra um skoðun hennar á þessari athugasemd, sérstaklega þeirri athugasemd Alþjóðagjaldeyrisjóðsins, hvort ástæða sé til að breyta einhverju, þ.e. varðandi það verkefni sem Fjármálaeftirlitið hefur að því er þetta varðar og setja það þá í hendur annarra en þeirra að meta hvort iðgjöld séu ósanngjörn í garð vátryggingataka eða ekki og að Fjármálaeftirlitið hafi þá bara skyldur til þess að fylgjast með traustleika vátryggingafélaga. Ég spyr að þessu gefna tilefni um það, herra forseti.

Það er ýmislegt sem kemur fram varðandi lífeyrissjóðina sem er athyglisvert í þessum ábendingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og reyndar frá Fjármálaeftirlitinu líka. Þeir telja að það þurfi að styrkja eftirlit með innri áhættustýringu sjóðanna og tek ég undir að það er ýmislegt sem þarf að skoða þar, m.a. fjárfestingarstefnu þeirra, og þeir gera reyndar athugasemdir varðandi stöðu nokkurra sjóða sem hefði verið ástæða til þess að fara hér yfir en ég sé að ég hef ekki tíma til þess þar sem hann er langt kominn.

Ég spyr ráðherrann í lokin um tvennt: Liggur fyrir niðurstaða, af því að við erum að fjalla um fjármálastofnanir sem er náttúrlega afar brýnt og eftir hefur verið beðið, á þeirri rannsókn sem var í gangi vegna Búnaðarbankans? Hefur ráðherra eitthvað fylgst með því hvort einhverrar niðurstöðu sé að vænta að því er þann þátt varðar? Mér skilst að þessi rannsókn hafi m.a. verið meginástæðan fyrir því að Búnaðarbankinn væri ekki framar Landsbankanum hvað söluáform varðar, og ég spyr hvort einhver niðurstaða liggi fyrir í því efni eða hvort hennar sé að vænta á næstunni.

Síðan vil ég fara í eiginfjárhlutfall bankanna. Þar hefur einmitt komið ítrekað fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins að það telji að breyta þurfi eiginfjárhlutfallinu. Undir það tekur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem segir að brýnt sé að Fjármálaeftirlitið fái heimild til þess að ákveða hærra eiginfjárhlutfall, og það fái þá heimild nú þegar, en ekki sé verið að bíða eftir því sem iðulega hefur verið vísað til, þ.e. tillögum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit að nýjum eiginfjárreglum sem stefnt er að að verði samþykktar í lok ársins 2002 og taki gildi árið 2005. Þannig er ekki hægt að skjóta sér á bak við það, eins og mér hefur stundum fundist vera gert, að verið sé að bíða eftir þeim niðurstöðum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tekur undir það að brýnt sé að Fjármálaeftirlitið fái þá heimild að hækka eiginfjárhlutfall nú þegar og að ekki verði beðið eftir því að þessar tillögur frá Basel-nefndinni taki gildi. Eiginfjárhlutfall bankastofnana hefur verið að lækka verulega og Fjármálaeftirlitið vill fá heimild til þess að það verði ekki undir 10% en í lögum er talað um 8%. Í vaxandi mæli er verið að nota víkjandi lán og það er að verða stærri og stærri hluti af eiginfjárhlutfalli sem er myndað með víkjandi lánum. Ef þau eru dregin frá er eiginfjárhlutfall bankanna að frádregnum víkjandi lánum í mörgum tilfellum komið undir 6% minnir mig án þess að hafa þessa tölu fyrir framan mig.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta. Það er afar brýnt að fá fram hjá ráðherranum afstöðu hennar til þessa máls, ekki síst í ljósi þess mats forstjóra Fjármálaeftirlitsins að líklegt sé að einhverjar fjármálastofnanir lendi í verulegum erfiðleikum á næstunni.

[11:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Frv. fylgja ítarlegar skýrslur um ýmislegt sem lýtur að fjármálalífinu og eftirliti með því. Ljóst er að fjármálamarkaðurinn á Íslandi hefur aukist mjög að umsvifum á síðustu árum og það er fyrirsjáanlegt að þar muni enn verða vöxtur í framtíðinni. Ýmislegt bendir til þess að svo verði.

Eitt er að við Íslendingar höfum tekið þá ákvörðun að færa ýmsar skuldbindingar sem áður voru á hendi opinberra aðila, almannatrygginga t.d., yfir á herðar lífeyrissjóðanna sem síðan hafa fengið í sínar hendur mikla fjármuni til að fjárfesta innan lands og utan. Það er ljóst að með ráðstöfun svo mikilla fjármuna er brýnt að gott og traust eftirlit sé fyrir hendi.

Lífeyrissjóðirnir og fjárfestingar þeirra hafa verið talsvert til umræðu að undanförnu og eru gerð ágæt skil í þessari skýrslu sem fylgir frv. Þar hefur sumt verið sagt af miklu viti og annað af takmarkaðri þekkingu. Má þar minna á yfirlýsingar hæstv. landbrh. ekki alls fyrir löngu um fjárfestingar lífeyrissjóðanna erlendis. Hann sagði m.a. að löggjafinn hefði gert afdrifarík mistök þegar ákveðið var að heimila lífeyrissjóðunum að fjárfesta í útlöndum allt að 50% af eignum sínum. Leyfilegt hlutfall fyrir þessa síðustu lagabreytingu hafði verið 30% en það var fært upp í 50%, og sagði hæstv. landbrh. að þar hefði löggjafinn gert afdrifarík mistök.

Staðreyndin er hins vegar sú að lífeyrissjóðirnir hafa ekki farið með fjármuni sína úr landi sem þessu nemur. Lífeyrissjóðirnir hafa farið með undir 22%, rúmlega fimmtung, 21,6% af eignum sínum til útlanda þannig að hvergi nærri hefur reynt á það þak sem hæstv. landbrh. gat um. Hann sagði líka og vék að tilteknum lífeyrissjóðum að þeir hefðu tapað miklum fúlgum í útlöndum. Hann vék þar sérstaklega að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sagði að sá sjóður hefði tapað mörgum milljörðum á erlendri grundu, þegar staðreyndin er sú að hann hefur ekki tapað neinu. Þegar litið er á fjárfestingarnar í heild sinni þá gáfu þær mikinn arð fyrstu árin sem þær voru til ráðstöfunar utan lands. Síðan hefur það gerst, eins og hefur gerst á hlutabréfamarkaði í heiminum öllum, að hlutabréf hafa fallið í verði á síðustu missirum og ófyrirsjáanlegt er hver þróunin verði. Auðvitað er lífeyrissjóðum mikill vandi á höndum að fara vel með þessa fjármuni og í sjálfu sér eiga þeir ekki annarra kosta völ en að dreifa áhættunni sem best innan lands og utan til þess að varðveita verðgildi þessara eigna.

Annað sem gæti leitt til þess að fjármálamarkaðurinn aukist að umsvifum er einkavæðingin. Það er verið að taka opinbera umsýslu og færa hana út á markað. Hér var haldin ráðstefna undir lok síðustu viku þar sem safnað var saman öllum helstu hægrisinnum innan hagfræðinnar og þeir prédikuðu þar ákaft skattalækkanir. Ég held að í Morgunblaðinu í morgun sé grein þar sem talað er um skattamarkaðinn. Nú er það skattamarkaðurinn, að standa sig á skattamarkaðnum. Vita menn hvað það þýðir? Það er að niðurbjóða skattana gagnvart öðrum ríkjum. Þetta er nokkuð sem OECD er að reyna að sporna gegn með því að setja almennan siðferðisþröskuld sem ríki fari ekki undir og að ríki keppi ekki hvert við annað á þessum ósiðlega grundvelli. Það sem þetta gengur út á er að reyna að tæla menn, fjármálamenn, auðmenn, til að koma til Íslands, flýja af hólmi í heimalandi sínu, hætta að borga skatta og skyldur þar og koma hingað í fjármálaparadísina og skattaskjólið Ísland. Þetta er ósiðlegt. Þetta er fullkomlega ósiðlegt, eins ósiðlegt og tilraunir íslensku ríkisstjórnarinnar í samstarfi við Verslunarráð Íslands

að bjóða 5% tekjuskatt í því skyni að fá fyrirtæki til að koma til Íslands á þennan hátt.

Við höfum spurt um það á Alþingi aftur og ítrekað, munnlega og skriflega hvað þessi fjárfesting skattborgarans, tæpar 50 milljónir til að fjármagna þetta gæluverkefni Verslunarráðs Íslands, hafi gefið af sér. Ellefu fyrirtæki, vorum við upplýst um hér í skriflegu svari ekki alls fyrir löngu, hafa sótt inn í þetta skattaskjól ríkisstjórnarinnar. En það kemur að sjálfsögðu einnig fram í svarinu að sárafáir einstaklingar starfa við þetta. Þetta eru líka skúffur bara í skrifborði. Til þess er leikurinn gerður. Er þessi viðleitni reyndar til rannsóknar hjá OECD. OECD tók þessi mál upp á sínum vettvangi árið 1998 og ítrekað síðan ár eftir ár. Ráðherraráð OECD undirritaði yfirlýsingu sumarið 2000 og í kjölfar hennar voru send bréf til skattaparadísa þessa heims, hvort sem þær eru á Ermarsundi, í Karíbahafinu eða Afríku, þar sem þær voru beðnar um að hlíta einhverjum lágmarks siðferðilegum skuldbindingum sem OECD gerði tillögur um. Tvö ríki innan OECD neituðu að skrifa undir þessa yfirlýsingu. Það voru Lúxemborg og Sviss. En það er á þessum vettvangi sem sagt sem verið er að kanna íslensku ríkisstjórnina. Hún er í þessu kompaníi. Síðan er verið að bjóða hingað heim með miklum trumbuslætti hagfræðingum víðs vegar að úr heiminum til að prédika þenna boðskap.

Það var mjög góð úttekt á þessu í Morgunblaðinu á laugardaginn var. Þar var m.a. talað við kanadískan prófessor sem veitti forstöðu efnahagsstofnun í Kanada. Sú stofnun hefur gefið út sérstaka frelsisvísitölu og sagði að Ísland væri, held ég, í 15. sæti og stefndi hraðbyri upp á við.

Hver skyldi nú vera í efsta sæti á frelsisvísitölu þessa hagfræðings? Jú, það er Hong Kong. Og hvernig skyldu menn komast upp eftir þessum vísitölustiga? Jú, það er sennilega m.a. með því að draga úr skuldbindingum sem hvíla á fyrirtækjum í skattalegu tilliti og draga úr hvers kyns eftirliti sem m.a. er hér til umfjöllunar. Ég tek því undir þann tón sem er sleginn hér af ýmsum aðilum í þessari skýrslu um nauðsyn þess að efla eftirlit með fjármálastarfsemi.

Ég, líkt og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, staldraði við þætti í skýrslunni, m.a. þar sem sagt er frá greinargerð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann bendir á ýmsa veikleika í fjármálaeftirliti á Íslandi. Hann segir að þegar á heildina er litið séum við í góðum farvegi en engu að síður séu ýmsir veikleikar sem við þurfum að ráða bót á. Hann talar um að ella verði stöðugleika þessa kerfis stefnt í hættu. Veigamestu ábendingar sjóðsins lúta að eiginfjárhlutföllum íslenskra lánastofnana sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir vera allt of lág. Hann segir að sitthvað sé ótraust sem megi rekja til veikleika í lögum og reglum.

Ég tek undir spurningar sem komu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að heyra viðbrögð hæstv. viðskrh. við þessari gagnrýni.

Annað sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn víkur að í úttekt sinni er að sérfræðingar sem starfa á vegum Fjármálaeftirlitsins séu of fáir og það þurfi að fjölga í þessari sveit. Reyndar staldrar maður svolítið við þessa ábendingu. Ég minnist samsvarandi ábendingar m.a. frá Ríkisendurskoðun núna nýlega í skýrslu sem efh.- og viðskn. þingsins var send nú í október þar sem vakin er athygli á að beinlínis hafi verið fækkað hér hjá skatteftirlitinu. Í þessari greinargerð Ríkisendurskoðunar segir m.a., með leyfi forseta, og er vísað í töflu sem birt er í greinargerðinni:

„Engu að síður má úr töflunni lesa ákveðna fækkun sem óneitanlega bendir til þess að skatteftirlit hafi minnkað hér á landi að undanförnu."

Síðan er þetta rakið. Menn hafa verið með kröfur um það um nokkurt skeið, nokkurra ára bil, að nauðsynlegt sé að fjölga í skatteftirlitinu og að efla skatteftirlitið og það muni verða góð fjárfesting fyrir hinn heiðarlega skattborgara að gera það, þ.e. að efla skatteftirlitið. Það muni auka tekjur ríkissjóðs. En hér kemur á daginn að í stað þess að fjölga þá er fækkað í skatteftirlitinu. Mér finnst áhyggjuefni að svo sé.

Í þessari skýrslu eru talin stöðugildi og fram kemur um eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra, eftirlitsskrifstofu skattstjórans í Reykjavík, eftirlitsdeild skattstjórans í Reykjanesbæ, skatteftirlit ríkisskattstjóra og eftirlitsfulltrúa á Akranesi, að þar hafi 1997 verið 46 að störfum en 36 núna. Þeim hefur fækkað.

Hér segir:

„Stöðugildum í eftirliti hefur verið fækkað síðustu ár."

Hefur verið fækkað. Það er verið að draga úr skatteftirlitinu. Þetta kemur upp í hugann þegar lesnar eru ábendingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um að nauðsynlegt sé að efla starfsemi Fjármálaeftirlitsins og fjölga sérfræðingum sem séu á þess vegum. Þetta finnst mér að við þurfum að taka til alvarlegrar athugunar.

[11:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu og sérstaklega það að ég heyri að Fjármálaeftirlitið á mikinn stuðning hér á hv. Alþingi sem ég tel mjög mikilvægt. Það kom einnig fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að skýrslan væri vel unnin. Hún taldi að ráðherra hefði átt að fjalla miklu meira um hana í sínu máli en ég tel að þessi skýrsla skýri sig sjálf ákaflega vel og því sé óþarfi fyrir mig að fara yfir það í sjálfu sér í framsögu heldur sé það ákvörðunarefni þingmanna hvers og eins hversu djúpt þeir vilja fara ofan í þá umræðu.

Vegna þeirra athugasemda og spurninga sem komu fram vil ég segja nokkur orð, m.a. í sambandi við að einhverjar fjármálastofnanir hafi lent í erfiðleikum þá er rétt að fram hefur komið í máli forstöðumanns Fjármálaeftirlitsins að svo muni vera. Fjármálaeftirlitið hefur bent á að vanskil séu að aukast og framlög á afskriftareikningum hækki og þetta sé eðlilegt í kjölfar mikillar útlánaaukningar síðustu ár og minni umsvifa í þjóðarbúskapnum. Það kemur einnig fram að ekki sé ólíklegt að einhver fjármálafyrirtæki muni lenda í erfiðleikum. En Fjármálaeftirlitið hefur ítrekað að fjármálastöðugleiki sé vel tryggður og það held ég að sé aðalatriðið í þessu máli. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur ítrekað staðfest að svo sé, þ.e. að hér sé stöðugleiki þó að einhver hættumerki kunni að vera á ferðinni.

Annað sem hv. þm. nefndi varðar stjórnarlaunin. Það er nú betra að hafa tölurnar á hreinu þegar spurt er um stjórnarlaunin. Þess vegna kom ég með þetta blað. Stjórnarmenn fá 75 þús. kr. á mánuði. Þóknun stjórnarformanns er tvöföld eins og almennt er í sambandi við stjórnarlaun og varastjórnarmenn fá $^2/_3$ af þóknun. Alltaf má deila um það hvort þetta sé hátt eða lágt. Satt að segja er þetta lægra en í þeim fyrirtækjum og stofnunum sem samanburðar var leitað við. Af því að hv. þm. hafði sérstakar áhyggjur af seðlabankastjóra sem þarna situr í stjórninni þá vil ég geta þess að laun hans ganga beint til Seðlabankans þannig að hann fær þau ekki í eigin vasa.

Það má alveg halda því fram að mikil ábyrgð fylgi því að sitja í þessari stjórn og krafist er fagþekkingar. Hæfisreglur eru strangari en almennt gerist og viðkomandi stjórnarmenn mega ekki eiga bréf í eftirlitsskyldum félögum og þeir mega ekki taka að sér verkefni fyrir eftirlitsskyld félög. Ég vil meina að í því felist ákveðinn fórnarkostnaður. Ég tel ekki að hægt sé að halda því fram að betta séu óeðlilega há laun.

Það að varastjórnarmenn fái 2/3 af þóknun kemur til af því að þó nokkuð er um vanhæfi og þess vegna þarf að kalla þá til í sambandi við ákvarðanatöku. Því er mikilvægt að þeir hafi heildaryfirsýn og samfellu í umfjöllun um mál í stjórninni. Þetta vildi ég segja um stjórnarlaunin.

Síðan var spurning um íþrótta- og gististyrki sem ég ætla ekki að fara út í. Það er ekki mál sem kemur á mitt borð, en skýringar eru í frv. á bls. 5 og 6 á þessu atriði.

Um viðbrögð almennt við athugasemdum af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins bendi ég á miðopnu í frv. þar sem farið er yfir þessi atriði og hver hefur forræði og hvaða aðgerðir eru í gangi. Ég tel mjög mikilvægt að fá þessa úttekt hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Að sjálfsögðu tökum við þessar athugasemdir alvarlega. Margar þeirra eru nú þegar komnar í farveg og aðrar verða skoðaðar með tilliti til þess.

Hv. þm. nefndi sérstaklega atriði sem fjallað er um á bls. 37 að hætta sé á skörun í eftirlitsskyldum Fjármálaeftirlitsins sem annars vegar á að fylgjast með traustleika vátryggingafélags og hins vegar hvort iðgjöld séu ósanngjörn í garð vátryggingartaka. Hv. þm. lýsti mjög miklum stuðningi við Fjármálaeftirlitið í sínu máli, og þegar það kemur fram með þá skoðun að það telji ekki tímabært nú að lækka t.d. iðgjöld bifreiðatrygginga, þá tel ég að maður geti ekki annað en tekið það nokkuð alvarlega. En þetta er umræðuefni sem er mjög uppi hér og hv. þm. hefur haldið því mjög vakandi og er ekkert nema gott um það að segja.

Um eiginfjárhlutfallið vil ég segja að mér finnst skynsamlegt að Fjármálaeftirlitið fái heimild til þess að gera þar kröfur. Ég bíð eftir því að fá tillögur frá bankalaganefnd um þetta mál. Hv. þm. veit það. Það kom fram í máli hennar, fannst mér, að þetta þarf líka að skoðast í alþjóðlegu ljósi, sérstaklega með tilliti til nýrra eiginfjárreglna frá Basel, svokölluðum BIS-reglum sem eru núna í endurskoðun. En það kom fram hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að hann telji að Fjármálaeftirlitið eigi að fá þessar heimildir og ég tek undir það.

Um lífeyrissjóðina og fjárfestingarstefnu þeirra væri í sjálfu sér hægt að hafa ýmis orð. Mér fannst nú dálítið athyglisvert að heyra formann þingflokks Vinstri grænna verja kaup lífeyrissjóðanna á hlutum erlendis. Það er ekki alveg í samræmi við þá stefnu sem Vinstri grænir hafa almennt, finnst mér. Verið getur að það komi til af því að hann er formaður í stærsta lífeyrissjóðnum. Hann taldi ekki athugavert að þeir fjárfestu erlendis. Ég tel það hins vegar miklu síðra en geri mér grein fyrir því að það er ekki nokkur leið að koma í veg fyrir það, m.a. vegna þess að við eigum aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.

Um Búnaðarbankann er það að segja og rannsókn sem fer fram hjá ríkislögreglustjóra að henni er ekki lokið miðað við það að ekki hafa borist neinar upplýsingar um að þetta sé fullrannsakað. Meðan svo er get ég í sjálfu sér ekki haft önnur orð en þau að ég bíð eftir þessari niðurstöðu. Einhvern tíma hafði ég spurnir af því að henni ætti að ljúka núna á haustmánuðum þannig að ég held að það hljóti að styttast í að þessu ljúki. En ég geri mér fulla grein fyrir því að embættið eða efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur gríðarlega mörg verkefni að fást við. Hins vegar skrifaði ég bréf til embættisins strax og málinu var vísað til þess og óskaði eftir því að þessari rannsókn yrði hraðað. Engu að síður standa mál eins og raun ber vitni.

[11:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein agnarsmá leiðrétting um stórar peningaupphæðir þó. Ég tel heppilegt og er talsmaður þess að íslenskir lífeyrissjóðir fjárfesti í íslensku atvinnulífi til uppbyggingar þar. Ég hef verið talsmaður þess og er fylgjandi því, hef m.a. viljað að peningar verði látnir renna inn í húsnæðiskerfið til uppbyggingar þar. Ég vil hins vegar að þetta séu traustar skuldbindingar og traustar fjárfestingar og ég hef verið talsmaður þess að lífeyrissjóðirnir dreifi ábyrgð sinni, bæði innan lands en einnig að nokkru marki utan lands.

Ríkisstjórnin flutti hér frv., m.a. átti hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir aðild að því, þar sem þetta fjárfestingarhlutfall var hækkað upp í 50%. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki nýtt sér það. Þeir hafa farið rétt yfir 20% vegna þess að menn vilja fara varlega í sakirnar.

Þetta var smáleiðrétting. Ég vakti fyrst og fremst máls á málefnum lífeyrissjóðanna í ljósi rangtúlkana sem fram hafa komið, m.a. frá hæstv. landbrh.

Síðan um stjórnarlaunin sem hæstv. ráðherra finnst alls ekki og há, 75 þús. kr., því það sé svo mikil ábyrgð. Sérstaklega er það mikill fórnarkostnaður að fá ekki leyfi til að braska hér með hlutabréf. Ég get ekki tekið undir það. Hérna er fulltrúi ríkisstjórnar sem gat ekki unnt örorkuþegum að fá 51 þús. kr. á mánuði og barðist um á hæl og hnakka til að færa þá upphæð niður í 33 þús. kr. og enn vil ég minna á það að byrjunarlaun sjúkraliða eru rúmlega 85 þús. kr. og hafa þeir þó talsverða ábyrgð á sínum herðum.

[11:40]

Útbýting þingskjala:

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 115. mál, nál. samgn., þskj. 298; brtt. samgn., þskj. 299.

[11:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að hún hafi ekki fyllilega svarað öllu því sem ég beindi til hennar. Ráðherra vitnaði til þess að hér væri um svo ítarlega skýrslu að ræða að hún skýrði sig alveg sjálf.

Hæstv. ráðherra veit auðvitað að það sem ég er að leita eftir er afstaða hennar til álitaefna og tillagna sem komu fram í skýrslunni, bæði frá Fjármálaeftirlitinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Skýrslan er ítarleg og vel gerð en það breytir ekki því að við erum að leita eftir afstöðu yfirmanns í þessum málaflokki sem hefur verulega um það að segja hvort þær breytingar, lagfæringar og ábendingar sem hér eru settar fram nái fram að ganga eða ekki. Þess vegna er verið að leita til hæstv. ráðherra.

Ég fagna því vissulega að ráðherra tekur undir þær hugmyndir sem Fjármálaeftirlitið hefur verið með um að styrkja eiginfjárstöðu og eiginfjárhlutfallið í lögum og færa það upp væntanlega í 10% eins og Fjármálaeftirlitið hefur verið að kalla eftir. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki og það var ekki hægt að skilja á orðum hennar hvort hún var að tala um að það verði gert núna strax eða alveg á næstunni en að ekki þurfi að bíða eftir tillögum Basel-nefndarinnar sem leggur til að það verði ekki fyrr en á árunum 2002–2005 sem nýjar

reglur taki gildi. Ég nefndi að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að þessi heimild sem Fjármálaeftirlitið er kalla eftir taki gildi strax. Og ég trúi ekki öðru í ljósi þeirrar stöðu sem fjármálastofnanir eru í og veikleika í bankakerfinu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur verið að taka undir, en að ráðherrann geti fallist á að það eigi ekki að bíða með að Fjármálaeftirlitið fái þessar heimildir og eiginfjárhlutfall innlánsstofnana verði hækkað. Ég vildi gjarnan fá skýrari svör við þessu.

Um stjórnarlaunin sem ráðherra reyndi af veikum mætti að réttlæta verð ég að segja að mér fannst rök ráðherrans afar veikburða. Ég sé ekki að neitt réttlæti það að þessir stjórnarmenn skipti á milli sín 6 millj. kr. á ári og taki til sín 75 þús. kr. á mánuði, sem er alveg rétt að eru lítið minni laun en t.d. sjúkraliðar fá sem standa núna í harðri kjarabaráttu. Mér finnst að ráðherrann eigi að endurskoða þóknunarlaunin til stjórnarmanna. Ég bendi á að eftirlitsskyldu aðilarnir sem gerðu athugasemd við þetta segja að þetta séu hærri laun en almennt gerist hjá sambærilegum stofnunum og þá væntanlega í bankakerfinu. Það eru þeirra orð í þessari skýrslu þannig að ég spyr: Við hvað er verið að miða, herra forseti, þegar hæstv. ráðherra segir að þessi laun séu sambærileg við það sem gerist og gengur? Hvort er rétt í þessu, það sem samráðsnefndin segir eða það sem ráðherrann segir í þessu efni?

Fullyrt er af hálfu eftirlitsskyldu aðilanna að hér sé um verulega hærri stjórnarlaun að ræða en almennt gengur og gerist á þessum vettvangi þannig að ég hvet ráðherrann til þess að skoða þetta.

Ráðherrann vildi ekki hafa mörg orð um gisti- og íþróttastyrkina og nefndi bara að um þá væri fjallað í skýrslunni. Mér finnst nú ekki fullnægjandi umfjöllun um þá þætti í skýrslunni. Þetta fellur undir kostnað við endurmenntun, gisti- og íþróttastyrkir sem falla undir endurmenntun, 36 þús. kr. fyrir hvern starfsmann. Ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu. Það getur vel verið að þetta sé eitthvað sem er mjög skynsamlegt sem ætti þá að taka upp hjá öðrum stofnunum. Þetta kann að vera fyrirmynd sem rétt væri að skoða. Ég hefði gjarnan viljað fá meiri skýringu á því.

Herra forseti. Það hefði verið ástæða til að fjalla miklu ítarlegar um þessa skýrslu. Efh.- og viðskn. þarf að fara vel ofan í þessa skýrslu sem hún gerði ekki síðast. Efh.- og viðskn. afgreiddi frv. á síðasta þingi og ætlaði sér á síðasta vetri að fjalla ítarlega um skýrsluna en til þess vannst ekki tími. Ég legg áherslu á að efh.- og viðskn. skoði þær ábendingar og tillögur sem hér koma fram og skili skýrslu um það til þingsins. Ég tel afar mikilvægt að efh.- og viðskn. viðhafi þau vinnubrögð. Mikil vinna hefur verið lögð í þessa skýrslu af hálfu Fjármálaeftirlitsins þannig að ég tel sjálfsagt að standa þannig að þessu.

Ég vil líka segja, herra forseti, að viðbrögð hæstv. ráðherra við því sem ég sagði hér um tryggingafélögin og iðgjaldaákvarðanir þeirra ollu mér miklum vonbrigðum. Hæstv. ráðherra virðist ekki hafa sjálfstæða skoðun á iðgjaldaákvörðunum tryggingafélaganna og vísar bara í Fjármálaeftirlitið. Ég spurði ráðherrann um þessa skörun sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bendir á og tel að skoða þurfi málið í því ljósi hvort eðlilegt sé að þetta sé undir Fjármálaeftirlitinu. Sem yfirmanni þessa málaflokks ber ráðherra skylda til þess að fara ofan í þetta. Það skiptir neytendur, bifreiðaeigendur og heimilin í landinu miklu að ekki sé verið að okra hér á bifreiðaeigendum, eins og mér finnst tryggingafélögin hafa gert.

Í þessari skýrslu er ýmislegt sem þarf að skoða betur. Hér eru gerðar athugasemdir varðandi áhættustýringu á fjármálamarkaðnum, innra eftirlit og eftirlit með markaðsáhættu og fjárfestingarstefnu, m.a. hjá lífeyris- og hlutabréfasjóðum. Það þarf líka að skoða vel útlánastefnu bankanna. Það er auðvitað gert með því að endurskoða eiginfjárhlutfall þeirra. Vanskilin hafa aukist verulega og afskriftir einnig, eins og ráðherrann nefndi, og við sjáum að heildarvanskil, eins og fram kemur hér í skýrslunni, hjá einstaklingum og fyrirtækjum hafa vaxið verulega, voru 16,8 milljarðar í lok júní 2001, eða 2,5% af útlánum samanborið við 12,3 milljarða í árslok 2000. Við sjáum að vanskil hjá einstaklingum og fyrirtækjum aukast um 4 milljarða og vanskil einstaklinga eru meiri en hjá fyrirtækjum. Þetta er auðvitað mjög alvarleg þróun og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er einmitt að vísa til þeirrar þróunar þegar rætt er um veikleikana í fjármálakerfinu. Hæstv. ráðherra vill einungis horfa á þá setningu þar sem minnst er á almennan fjármálastöðugleika og talar um að hann sé vel tryggður, en hæstv. viðskrh. skautar fram hjá þeim veikleikum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bendir á og öllum þeim fjölmörgu tillögum, athugasemdum og ábendingum sem koma fram hjá sjóðnum og hann leggur til að hrundið verði í framkvæmd. Ég var að kalla eftir því, herra forseti, hjá hæstv. ráðherra.

Ég vil í lokin benda á það sem mér gafst ekki nema að litlu leyti tími til í fyrri ræðu minni, að gera athugasemd við fjárhagsstöðu lífeyrissjóða með bakábyrgð. Hún er sögð slæm í flestum tilfellum og lokun þeirra hefur í för með sér að hraðar gengur á eignir þeirra þó dregið sé úr aukningu heildarskuldbindinga til lengri tíma litið. Þar er bent á að um sé að ræða 14 sjóði sem reka samtals 18 samtryggingardeildir og eru 12 þeirra reknar með halla á bilinu 62–93,5% en hinar sex eru reknar í jafnvægi.

Og hér stendur: „Mikilvægt er að huga sérstaklega að stöðu þeirra deilda sem verst eru settar og eiga aðeins fyrir litlum hluta skuldbindinga sinna. Eignir þeirra munu verða uppurnar innan nokkurra ára herði launagreiðendur ekki á greiðslum sínum til sjóðanna."

Þetta eru mál sem þarf að skoða, herra forseti, og hefði auðvitað verið fróðlegt að fá álit ráðherrans á þessu. Ég læt nægja hér eina spurningu til hæstv. ráðherra sem ég vil endilega fá svar við, þ.e.: Telur hæstv. ráðherra ekki tímabært nú þegar að breyta eiginfjárhlutfalli innlánsstofnana og taka þar með undir skoðanir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Fjármálaeftirlitsins í stað þess að láta það bíða lengi enn?

[11:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er kannski ekki mikið andsvar en hv. þm. hélt áfram með nokkur mál. Hvað varðar þessa íþróttastyrki og fleira sem fram kemur í skýrslunni þá held ég að það sé alveg upplagt fyrir nefndina að skoða það frekar.

Ég vil benda á að það er mjög sérstakt hjá ríkisstofnun að opna svona gjörsamlega alla sína starfsemi, það er allt uppi á borðinu. Meðal annars er komin athugasemd frá eftirlitsskyldum aðilum hvað þetta varðar, að þetta sé kannski óþarflega mikil opnun.

Ég endurtek að mér finnst þessi mál ekki sérstaklega þess eðlis að ég eigi að hafa miklar skoðanir á þeim. Þessi

starfsemi er ekki greidd af ríkinu heldur af eftirlitsskyldum aðilum og það er þeirra að gera athugasemdir og reyna að bæta úr ef þeim sýnist ástæða til en ekki ráðuneytisins.

Hv. þm. vildi ræða meira um stjórnarlaunin og telur þau vera há. Ég vil þó benda á að tekið var mið af t.d. bankaráðum í viðskiptabönkum og Seðlabanka Íslands. Þóknun stjórnar Fjármálaeftirlitsins er engu að síður lægri en þóknun bankaráðs Seðlabankans, en hún er 78 þús. þar. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Varðandi það sem hv. þm. talar um í sambandi við eiginfjárhlutfallið, að fara strax í það, þá er fjármálalöggjöfin í heildarendurskoðun og ég veit ekki betur en að sú endurskoðun hafi m.a. verið kynnt í efh.- og viðskn. Í þeirri vinnu verður fjallað um þetta ákvæði og þessa hugsanlegu breytingu og ég styð hana og tel að hún eigi að koma fljótt í framkvæmd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 31. mál (tjón á húseignum, endurstofnverð o.fl.). — Þskj. 31.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 42. mál (afskrift brunabótamats). — Þskj. 42.

[11:54]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja að meðan ég mæli fyrir þessu máli um brunatryggingar þá finnst mér afar mikilvægt að hæstv. viðskrh. verði viðstödd þessa umræðu en þetta mál heyrir undir hana og ég vildi gjarnan heyra skoðun hæstv. ráðherra á nokkrum atriðum varðandi málið.

Markmið þessa frv., sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Ögmundi Jónassyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni, er að afnema heimild til afskrifta á vátryggingarverðmæti húseigna og að vátryggingarverðmæti húseigna verði miðað við byggingarkostnað án afskrifta, þ.e. endurstofnverð eignarinnar. Í samræmi við það á brunabótamatið að endurspegla raunverulegt verðmæti eignarinnar miðað við að fasteignaeigendur verði jafnsettir fyrir og eftir brunatjón, sem er í samræmi við meginreglu vátryggingaréttar. Eftir sem áður verður Fasteignamati ríkisins að sjálfsögðu heimilt að samræma brunabótamat á sambærilegum eignum, eins og reyndar er kveðið á um í 2. gr. laga um brunatryggingar, þar sem segir að stofnunin geti endurmetið skyldutryggðar húseignir, þegar hún sér ástæðu til.

Ég held, herra forseti, að þegar frv. var samþykkt á árinu 1999 sem heimilaði þessar afskriftir þá hafi það verið hrein mistök og að þingmenn hafi ekki gert sér grein fyrir því sem þar var á ferðinni. Ég hef farið ítarlega yfir framsöguræðu viðskrh., yfir nál. efh.- og viðskn. — en ég átti þá ekki sæti í nefndinni — og í umræðum hér í þinginu um þetta frv. ráðherrans var ekki vikið einu orði að því að verið væri að heimila þessar afskriftir. Í framsöguræðu ráðherrans er ekki orð um þetta og ekki heldur í nál. Í ræðu ráðherrans og í nál. efh.- og viðskn. er einungis sagt að frv. sé til komið vegna gagnrýni Bændasamtakanna vegna van- eða ónýttra húseigna á jörðum, vegna breyttra búskaparhátta og brunabótamatið væri óeðlilega hátt á slíkum eignum. Um þetta snerist umræðan í þinginu, athugasemdir Bændasamtakanna út af ónýttum húseignum á jörðum.

Það var enginn hér inni, ég fullyrði það, sem gerði sér grein fyrir þeim víðtæku áhrifum sem þessi lagasetning hefði. Ég efast um að ráðherrann hafi gert það sjálfur. Alla vega taldi hann ekki ástæðu til þess að nefna þetta einu orði í framsögu sinni. En áhrifin af þessum breytingum, bæði á fasteigna- og brunabótamatið, munu verða mjög víðtæk. Tryggingarvernd fasteigna í brunatjóni mun minnka verulega. Veðhæfni eigna verður mun minni, sem rýrt getur verðgildi eigna. Verðmyndun á fasteignamarkaði skekkist. Lán til fasteignakaupa verða dýrari, sem leitt getur til aukinna greiðsluerfiðleika heimilanna. Og ég segi líka að lögmál framboðs og eftirspurnar á fasteignamarkaði breytist vegna áhrifa brunabótamats en með því eru innleidd ríkisafskipti af verðstýringu fasteigna. Breyting á fasteignamatinu hefur áhrif á skattstofna sem leitt getur til skattahækkana nema ríki og sveitarfélög grípi til sérstakra ráðstafana eins og forsvarsmenn þeirra lofuðu að gert yrði fyrr í sumar. Eftir því verður vissulega gengið að af hálfu fjmrh. verði fyllilega við það staðið.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefur lýst því yfir, mér skilst að það sé í fjárhagsáætlunum borgarinnar fyrir næsta ár, að tekið verði tillit til þess að þessar breytingar á brunabóta- og fasteignamatinu hafi ekki áhrif í þá veru að hækka fasteignagjöld. Það er hins vegar algjör óvissa varðandi önnur sveitarfélög. Hvað gera t.d. Kópavogur og Hafnarfjörður? Að því er það varðar er einnig alger óvissa.

Ég vil geta, herra forseti, annars frv. sem ég hef líka ásamt nokkrum öðrum þingmönnum flutt samhliða þessu frv. Það er breyting á lögum um húsnæðismál sem er ætlað að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sem að óbreyttu blasa við mörgum heimilum, en frv. um breytingu á lögum um húsnæðismál felur í sér að brunabótamat verði ekki lengur mælikvarði á veðhæfni eigna. Það hefði víðtækar afleiðingar, ekki síst fyrir eigendur minni íbúða, að miða lánshæfi við brunabótamat. Ég ætla hins vegar ekki að fara mikið inn í það í þessari umræðu og það bíður þá umræðu um það frv. sem er nú ekki á dagskrá.

Bæði fasteignamat og brunabótamat eru grundvöllur skattlagningar. Hækkun á fasteignamati leiðir til hækkunar á fasteignagjöldum, eignarskatti, erfðafjárskatti og stimpilgjöldum og getur auk þess leitt til lækkunar á vaxtabótum. Þessu fylgja því mjög víðtæk áhrif á skattstofna og síðan eru ýmis gjöld sem eru tengd brunabótamati, svo sem brunavarnagjald, umsýslugjald, iðgjöld viðlagatrygginga og skipulagsgjald, svo og gjald til Ofanflóðasjóðs. Þessi gjöld, að frátöldu skipulagsgjaldi, námu á sl. ári 1.100–1.200 millj. kr. Þessi gjöld munu væntanlega lækka og rýra um leið tekjur Fasteignamats ríkisins.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún muni ekki fylgjast með því, af því að við vorum að ræða um tryggingafélögin áðan, hvort breyting á brunabótamatinu hafi þá ekki

áhrif á iðgjöldin, þ.e. þegar brunabótamat lækkar, iðgjöld tryggingafélaganna vegna brunatrygginga. Hefur ráðherrann fylgst með því? Getur ráðherrann upplýst þingið um það hvernig tryggingafélögin muni haga sér í því sambandi?

Ég tel, herra forseti, að afskriftareglan sem heimiluð var með lögunum frá 1999 vegi mjög þungt fyrir tugi heimila í landinu. Ég óskaði eftir upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins og þar kom fram að samkvæmt upplýsingum frá þeim lækkar brunabótamat meira en sem nemur afskriftunum á rúmlega 35 þús. af 102 þús. eignum í landinu eða um 34,5% af heildinni sem er meira en afskriftahlutfall eða að meðaltali um 20% eða tæplega 2,7 millj. kr. að meðaltali á þessar íbúðir. Þetta er gífurleg lækkun á brunabótamatinu. Og það er athyglisvert að brunabótamatið lækkar meira en sem nemur afskriftum hjá rúmlega helmingi fasteignaeigenda í Reykjavík, og 31.800 eignir eða 31,2% eignanna hækka í brunabótamati að meðaltali um 24% eða 1,4 millj., og 35 þús. eignir eða 34,3% eignanna lækka í brunabótamati en minna en afskriftahlutfallið, að meðaltali um 9% eða 1.197 þús. kr. Þessar eignir hefðu hækkað í brunabótamati ef afskriftir hefðu ekki komið til. Og samtals lækkar því brunabótamat á tæplega 70 þús. af 102 þús. eignum. Ég spurði hvernig brunabótamatið hefði litið út ef ekki hefði verið tekið tillit til afskrifta, þ.e. ef einungis hefði verið beitt samræmingu sem lögin heimila — sem ég tel eðlilega, ég vil taka það fram, að það sé samræmi í brunabótamati á sambærilegum eignum — en afskriftirnar ekki verið heimilaðar. Þá hefðu aðeins 11.500 eignir breyst eða lækkað í brunabótamati meira en sem nemur afskriftahlutfalli, að meðaltali um 17% í stað 35 þús. eigna sem lækkuðu meira en afskriftahlutfallið að meðaltali og í þeim útreikningum lækka í mati í heild tæplega 42 þús. eignir í stað um 70 þús. eignir þegar tekið er tillit til afskrifta. Annars vegar er talað um það að brunabótamat breytist á 70 þús. eignum þegar tekið er tillit til afskriftanna en ef þeim er haldið utan við og einungis samræminganna gætt eru það um 42 þús. eignir. Það segir okkur vissulega að það var nauðsynlegt að fara út í þessa samræmingu en það er líka allt annar handleggur heldur en að beita þessum afskriftareglum.

Ég tel að það megi leiða að því líkur að stofnast geti til skaðabótaskyldu á hendur ríkinu ef eign er metin lægri en svarar til núvirðis hennar vegna lágs brunabótamats. Ég vil í því sambandi benda á að Fasteignamat ríkisins hefur með nokkurra mánaða millibili, eftir að lögin voru sett 1999, verið að hækka brunabótamatið og lækka síðan aftur um tugi prósentna, jafnvel á eignum sem aukist hafa að verðgildi vegna endurbóta. Það verður að ætla að stofnunin hafi lagt til grundvallar vátryggingarverðmæti eignarinnar þegar það hækkaði brunabótamatið en við ákvörðun brunabótamats ber Fasteignamati ríkisins einvörðungu að hafa að leiðarljósi þau markmið sem fram koma í lögum um brunatryggingar, ekki síst þegar skoðað er í því ljósi að brunabótamat er grundvöllur veðhæfni eigna og því líklegt að skert veðhæfni vegna lækkunar á brunabótamati geti rýrt verðgildi eignarinnar. Á tímabili fór Fasteignamat ríkisins raunverulega yfir á verksvið annars stjórnvalds sem ekki er heimilt og setti bráðabirgðareglur um brunabótamat íbúða vegna þess að brunabótamatið var grundvöllur að veðhæfni íbúða. Í minnisblaði Fasteignamats ríkisins til efh.- og viðskn. í júní sl. kemur eftirfarandi fram:

„Í lögum um brunatryggingar er ekki vikið að hlutverki brunabótamats í sambandi við lánveitingar."

Síðan er þar vísað til umfjöllunar Páls Hreinssonar í riti um stjórnsýslulög sem gefið var út af forsrn. 1994 þar sem hann fjallar um að sérhvert stjórnvald hafi ákveðinn og afmarkaðan verkahring og því beri að beita því stjórnsýsluvaldi sem það er samkvæmt lögum bært að fara með, með þau markmið fyrir augum sem því ber að vinna að lögum samkvæmt. Samkvæmt hinni skipulagslegu aðgreiningarreglu er stjórnvaldi óheimilt að leggja sjónarmið til grundvallar ákvörðunum sínum til að ná fram markmiði sem öðru stjórnvaldi ber að vinna að lögum samkvæmt. Stjórnvöld eiga að halda sig innan valdmarka sinna og vinna að þeim markmiðum sem þeim ber að vinna lögum samkvæmt en láta vera að skipta sér af málefnum sem heyra undir aðra og þau hafa ekki sérþekkingu á.

Af hverju er ég að vísa í þetta? Vegna þess að í afar mörgum tilvikum eftir að þessi lög voru sett 1999 hækkaði Fasteignamat ríkisins brunabótamat á mörgum eignum, ekki á grundvelli laga um brunatryggingar heldur vegna laga um húsnæðismál, af því að eftir því var kallað. Rökin voru að fasteignir hefðu hækkað svo í verði að lánin hefðu lækkað verulega og þess vegna þyrftu Fasteignamat ríkisins og brunatryggingar að koma á móti og hækka brunabótamatið, alveg óskylt brunatryggingu. Þegar þessar nýju reglur taka síðan gildi 2–3 árum síðar er þessi hækkun sem var forsenda margra kaupsamninga lækkuð um 30% aftur sem var kannski orðið rétt brunabótamat en hafði engu að síður lækkað um 30%, minnkað þar með veðhæfni eignarinnar, þannig að skuldir á eigninni voru orðnar miklu hærri heldur en eignaaukningin hafði orðið. Þetta tel ég að sé að fara illa með marga íbúðareigendur og það er þetta sem ég á við þegar ég tala um að það sé vel hugsanlegt að ríkið geti orðið skaðabótaskylt í slíkum tilvikum.

Ég tel líka að nýja matskerfið sem Fasteignamatið byggir á, og beitir nú við endurmat á brunabótamati, veki upp spurningar og ég nefni greinargerð sem forsvarsmenn Fasteignamats ríkisins skrifuðu í Morgunblaðið í september sl. þar sem fram kemur að á þenslutímum eins og ríkt hafi undanfarin ár sé brunabótamatið mjög háð því að byggingarvísitala endurspegli það sem hún á að endurspegla, þ.e. hlutfallslega breytingu á byggingarkostnaði milli tímabila. Ég fór fram á það við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að hún svaraði ýmsum spurningum sem snerta einmitt byggingarvísitölu og samsetningu hennar. Í svari frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins kemur fram að þar sem byggingarkostnaður húsa sé breytilegur sé ekki talið æskilegt að nota verðvísitölu hússins sem viðmið á því hvað hús kostar almennt í byggingu á fermetra eða rúmmetra. Einnig kemur fram í svari frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að þeir telja að verð á vísitöluhúsinu á fermetra eða rúmmetra endurspegli ekki byggingarkostnað húss almennt, t.d. vegna brunatjóns. Það er því mikilvægt að skoða hver þáttur byggingarvísitölunnar er í brunabótamatinu og hvort það skekki þá eitthvað brunabótamatið ef þessu er háttað eins og ég lýsti hér. Það er því afar mikilvægt að fara ofan í þann þátt.

Herra forseti. Það sem er alvarlegt í þessu, og það sem við flutningsmenn þessa frv. erum að reyna að taka á, er að tryggingaverð rýrnar verulega og það eru dæmi um allt að 50% lækkun á brunabótamati eftir að þessar afskriftareglur tóku gildi í septembermánuði. Það má draga í efa, herra forseti, að 20–50% skerðing á brunabótamati standist þá reglu vátryggingarréttar að tjónþoli verði jafnsettur fyrir og

eftir brunatjón, einkum þegar um altjón er að ræða. Fjárhagsöryggi fasteignaeigenda er því sett í uppnám verði um brunatjón að ræða enda hafa tryggingafélögin viðurkennt að breytt brunabótamat geti leitt til þess að fólk fái minni bætur en sem nemur virði viðkomandi eignar.

Þetta kom fram, herra forseti, í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu og ég ætla að fá að vitna í það, herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta og vænti þess að ráðherrann hlýði á orð mín. Ég er að vitna í álit forsvarsmanna tryggingafélaganna sem kemur fram í Morgunblaðinu en þar segir orðrétt:

„Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna tryggingafélaganna getur matið sem félögin leggja til grundvallar við tryggingar leitt til þess að fólk fái minni bætur en sem nemur virði viðkomandi eignar."

Þetta er mat tryggingafélaganna. Þau telja að þetta geti leitt til þess að fólk fái minni bætur en sem nemur virði viðkomandi eignar. Það er líka athyglisvert að svo virðist sem afskriftareglunni sé ekki beitt í brunatjónum í nágrannalöndunum og ég bendi í því sambandi á nýlega samantekt um reglur um vátryggingafjárhæð í lögum sem prófessor Arnljótur Björnsson gerði fyrir viðskrn. en þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Frádráttur vegna aldurs og notkunar sem gera skal samkvæmt almennum reglum um vátryggingaverð kunna í ýmsum tilvikum að koma sér illa fyrir húseiganda. Aðstæður geta verið þannig að vátryggingabætur hrökkva ekki til að byggja upp svipaða húseign í stað þeirrar sem eyðilagst hefur. Þess vegna hafa vátryggingafélög víða um lönd alllengi haft á boðstólum svonefnda núvirðistryggingu. Í henni felst að í skilmálum brunatrygginga og ýmissa annarra vátryggingartaka eru ákvæði þess efnis að vátryggingabætur greiðast án frádráttur vegna aldurs og notkunar. Hins vegar skal taka tillit til verðrýrnunar vegna minnkaðs notagildis og annarra atvika. Núvirðisákvæði munu ekki þekkjast hér á landi í skilmálum fyrir brunatryggingar húsa."

Jafnframt kemur fram í samantektinni að tryggingafélögin hér á landi greiða núvirðisbætur fyrir innbú og innanstokksmuni og hluti til persónulegra nota og er verðrýrnun vegna aldurs og notkunar því aðeins dregin frá verðinu að telja megi að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað verulega.

Þetta kemur líka fram í áliti lögmanna sem var gert 1997 fyrir Fasteignamat ríkisins. Þá er vitnað í danskan rétt og þar kemur fram að tryggingin bætir nýbyggingarverð húss án frádráttar vegna aldurs og slits. Hér er verið að vitna í danskan rétt eins og þetta er þar. Ég vitna líka í Arnljót Björnsson. Erlendis er þetta almennt þannig að það er ekki tekið tillit til frádráttar vegna aldurs og notkunar.

Ég tel, herra forseti, að þetta sé mjög alvarlegt ef það á að ganga fram. Ég tel líka að það sem menn eru að reyna að halda fram, að hér sé verið að fara fram á að bæta gamalt með nýju, standist bara ekki. Við getum tekið dæmi um eign sem er metin á 15 millj. og hún hafi lækkað niður í 7 millj. Segjum svo að það verði altjón og þessi íbúð brenni, kannski 5 herbergja íbúð — fyrir 7 millj. er varla hægt að fá annað en tveggja til þriggja herbergja íbúð í staðinn og það er alveg ljóst að fólk er ekki jafnsett fyrir og eftir tjón þegar þannig er haldið á málum.

Ég vil í því sambandi vitna í formann Húseigendafélagsins, Sigurð H. Guðjónsson, en hann segir einmitt um þetta atriði:

„Þegar um hús er að ræða kemur eitthvað annað til sem er erfitt að festa hendur á sem tryggingaleg verðmæti. Ef hús fjölskyldu brennur missir hún heimili sitt og stendur á götunni og þarf að koma sér upp nýju heimili þrátt fyrir allar fyrningar. Spurningin er hvort fjölskyldan eigi að byggja sér hálft hús eða bara einhvern skúr. Fólk vill að tryggingin sé þannig að það sé statt í sömu sporum og fyrir brunann en það verður það ekki nema það geti fengið sér sambærilegt hús. Sem dæmi má nefna að fólk sem býr í húsum sem eru jafnvel svo gömul að þau eru friðuð fær afskaplega lítið út úr brunatryggingum þrátt fyrir að húsinu hafi verið listilega vel við haldið og sé feikiverðmætt. Ég tel að endurskoða þurfi fyrningarreglurnar því að þeir hagsmunir sem fólk þarf að hafa á hreinu við bruna eru fyrir borð bornir núna."

Þetta segir formaður Húseigendafélagsins um þessar fyrningar og tekur undir þau sjónarmið sem ég og aðrir hafa haldið fram að hér er mjög óeðlilega staðið að með þeirri fyrningarreglu sem nú á að beita.

Ég vil líka spyrja ráðherrann um þær viðbótartryggingar sem trygginafélögin eru að bjóða í því gapi sem hér hefur myndast og þeirri minni tryggingarvernd sem blasir við húseigendum. Ég tel að það þurfi sérstakrar skoðunar við að tryggingafélög treysta sér til að bjóða fólki viðbótartryggingar sem svarar til mismunarins á gamla og nýja brunabótamatinu í kjölfar breytinga nú á brunabótamatinu. Af því verður varla annað ráðið en að tryggingafélögin telji að gamla brunabótamatið hafi verið eðlilegt og endurspegli raunverulegt vátryggingarverðmæti eignarinnar. Annars er verið að bjóða tryggingar umfram raunverulegt verðmæti fasteigna og má í því sambandi nefna að í skýrslu sem Fasteignamat ríkisins gaf út í september sl., sem ber heitið Brunabótamat – Afskriftir, þá kemur eftirfarandi fram, og um þetta vil ég spyrja hæstv. ráðherra og les upp úr skýrslunni, með leyfi forseta:

„Sjónarmiðið í lögunum er að brunatryggingin sé til hagsbóta fyrir eiganda. Vátryggingarfjárhæðin er upphæð brunabótamats sem húseigendur og tryggingafélög eru bundin við, þannig að ekki er unnt að tryggja húseignir fyrir hærri eða lægri fjárhæðir."

Gefum okkur að þetta sé rétt, að afskriftir og brunabótamat sé þá rétt miðað við það að taka tillit til aldurs og slits og þar af leiðandi afskrifta, hvernig geta þá, miðað við þetta sjónarmið sem hér kemur fram, tryggingafélögin verið að bjóða fólki viðbótartryggingar, mismun á nýju brunabótamati og því gamla? Eru þau ekki að nýta sér þetta bara til þess að hala meiri peninga inn til sín af fólki? Þetta finnst mér nokkuð alvarlegt og þessu finnst mér hæstv. ráðherra verði að svara. Tekið er fram í skýrslunni frá Fasteignamatinu að: „Vátryggingarfjárhæðin er upphæð brunabótamats sem húseigendur og tryggingafélög eru bundin við, þannig að ekki er unnt að tryggja húseignir fyrir hærri eða lægri fjárhæðir."

Þetta finnst mér að þurfi að skoða og ég held að tryggingafélögin séu að koma inn í þetta óeðlilega umhverfi sem er orðið varðandi tryggingarvernd á húseignum til þess að afla sér viðbótarfjár af húseigendum, sem eðlis máls samkvæmt hefðu átt að vera tryggðir án þess að afskriftareglum væri breytt, ef ekki hefðu verið gerð þau mistök sem gerð voru á þinginu á árinu 1999.

Eins og fram kemur í frv., herra forseti, tökum við flutningsmenn undir að það hafi verið tilefni til að samræma brunabótamat á hliðstæðum eignum sem að hluta til má

rekja til fyrri verklagsreglna Fasteignamats ríkisins, ekki síst bráðabirgðareglna sem gefnar voru út á haustdögum 1999, sem voru óeðlilegar, herra forseti, að þannig skyldi staðið að máli af hálfu Fasteignamats ríkisins sem hefur komið mörgum íbúðarkaupendum afar illa og ég held að þeim dæmum sem út úr því komi megi hreinlega líkja við eignaupptöku, þegar verið er að lækka brunabótamat á eign um kannski 30–40% nokkrum mánuðum eftir að Fasteignamat ríkisins hækkaði það. Kaupendur gerðu sín kaup á grundvelli þessa brunabótamats en síðan er það lækkað. Þarna var mjög óeðlilega að verki staðið.

Við teljum einnig að það megi rekja nokkurt ósamræmi í brunabótamati eigna, bæði á milli eigna og innan sveitarfélaga, til þess að áður var matið ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum hvers sveitarfélags, og ekki voru til staðar samræmdar verklagsreglur. Samræming á matinu án afskrifta ætti því að nægja til þess að fá fram rétt og eðlilegt mat sem tryggi vátryggingarverðmæti eignanna, sem miða á við núvirðistryggingu, þannig að fasteignaeigendur verði örugglega eins settir fyrir og eftir brunatjón. Það standa því öll rök til þess, herra forseti, að Alþingi endurskoði ákvörðun sína frá árinu 1999 nú þegar ljósar eru alvarlegar afleiðingar hennar sem Alþingi fjallaði ekki um eða tók afstöðu til þegar lögin voru samþykkt.

Þetta ástand hefur skapað mikið óöryggi hjá fasteignaeigendum, bæði að því er varðar tjón vegna bruna og veðhæfni eigna og það eru engin efnisleg rök til þess að hafa brunabótamatið með því fyrirkomulagi að heimila afskriftir, enda virðist ávinningurinn af því einungis vera hjá tryggingafélögunum eins og ég hef hér lýst.

Einnig ber að líta til þess að brunatrygging húseignar er skyldutrygging þar sem fasteignaeigendur hafa ekkert val. Hér er því um hluta af velferðarkerfinu að ræða sem byggir á öryggi þegnanna, m.a. vegna áfalla af ýmsum toga. Flutningsmenn leggja áherslu á að um málið náist víðtæk samstaða og leitað verði allra leiða til þess að vátryggingarverðmæti eigna tryggi betur en nýja brunabótamatið gerir eignir fólks.

Ef það mætti verða til sátta og víðtækrar samstöðu hér á þinginu, þá getum við í frv. annarrar leiðar en frv. þetta kveður á um sem rétt væri að efh.- og viðskn., sem fær málið til meðferðar, skoðaði ef um hana gæti þá náðst víðtækari sátt en um þá leið sem hér er lögð til. Matið gæti hugsanlega þá verið tvíþætt, annars vegar að matið miðaðist við það þegar húseign verður tilbúin undir tréverk og á því byggingarstigi taki til efnislegra verðmæta húseignarinnar og byggingarkostnaðar, án tillits til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti, þannig að afskriftum verði ekki beitt varðandi endurbyggingu á húseign þar sem um brunatjón er að ræða fyrr en eftir að íbúðin er tilbúin undir tréverk. Hinn þátturinn væri sá að matið miðaðist við þau efnislegu verðmæti húseignarinnar eftir að því byggingarstigi, þ.e. tilbúið undir tréverk, er náð, sem eyðilagst gæti af eldi og miðast þá við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Eignaaukning vegna innréttinga og gólfefna sem sérstaklega er við haldið og leiðir til eignaaukningar væri síðan alltaf hægt að fá metið þá sérstaklega.

Herra forseti. Ég held að enginn deili um það að ef fólk missir eigur sínar að hluta eða fullu í bruna er um alvarlegt fjárhagstjón að ræða sem ekki verður bætt ef dregið er úr tryggingarvernd þannig að fólk verði ekki jafnsett fyrir og eftir slíkt áfall. Það er einmitt tilgangur þessa frv. að tryggja það, herra forseti, og ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lagasetningin var svo sannarlega ekki mistök og það að ekki sé kveðið á um afskriftir í nál. Þá get ég minnt hv. þm. á að kveðið er á um afskriftir í lagatextanum. Ég held því að öllum hljóti að vera ljóst að þarna var um afskriftir að ræða og hið rétta er að framkvæmdin hafði alltaf verið þannig að gert var ráð fyrir afskriftum vegna aldurs þegar brunabætur voru greiddar út, enda er það í samræmi við meginreglur vátryggingarréttar. Það sem hv. þm. er í rauninni að biðja um er að fólk sé látið greiða iðgjöld miðað við það að engar afskriftir séu, en ef illa fer og bruni á sér stað, þá fær það bætur sem taka mið af afskriftum og eru ekki í samræmi við það iðgjald sem fólk hefur greitt. Það er því alveg með ólíkindum hvernig þessi umræða öll hefur verið frá því að hún hófst einhvern tíma í sumar.

Við teljum í ráðuneytinu að fólk sé miklu betur varið miðað við þessi nýju lög og núna sé um það að ræða að þeim efnislegu verðmætum sem geta glatast í eldi sé lýst nákvæmlega.

Hvað varðar fasteignamatið, þá byggir það á allt öðrum grunni. Það er unnið fyrst og fremst upp úr innsendum kaupsamningum og þess háttar.

Hv. þm. talar um nágrannalöndin og að þar sé þetta með öðrum hætti. Það er rétt vegna þess að þar eru ekki skyldutryggingar. Þar er miðað við, a.m.k. í Danmörku, altryggingu, ég man nú ekki alveg orðið yfir þetta, og það kemur til af því að það er ekki skyldutrygging og fólk getur tryggt sig þannig að það fái nýtt fyrir gamalt, en það er bara ekki hjá okkur.

[12:26]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á afstöðu ráðherra. Það er alveg ljóst að húseigendur hér á landi eiga ekki mikið skjól þar sem hæstv. viðskrh. er, þetta er furðuleg afstaða hjá hæstv. ráðherra.

Ég vitna til þess að þetta er allt öðruvísi í nágrannalöndum þar sem húseigendur eru miklu betur tryggðir en hér ef til brunatjóns kemur. Við erum að fara fram á að þetta verði þá með sambærilegum hætti og viðgengst í öðrum löndum, en hæstv. ráðherra getur ekki tekið undir þetta. Ráðherra tekur undir sjónarmið tryggingafélaganna og spilar með þeim í þessu máli eins og öðrum, t.d. varðandi bifreiðatryggingarnar og lætur þá aðila ráða ferðinni.

Ég spyr hæstv. ráðherra um þær viðbótartryggingar, sem t.d. í skýrslu frá Fasteignamatinu segir að séu ekki heimilar, sem tryggingafélögin ætla núna að fara að selja fasteignaeigendum sem eru hræddir út af því að tryggingarvernd hefur minnkað vegna þessara laga.

Auðvitað var þetta í lagatextanum, hvaða útúrsnúningur er þetta, herra forseti? En þessa var ekki getið af hálfu viðskrh. eða í nál. efh.- og viðskn. Ég hef leitað eftir því bæði við viðskrn. og við tryggingafélögin að fá fram samanburð á altjónum sem hafa orðið og brunabótamati til þess að fá staðfest hvort afskriftum hefur verið beitt, og það er ekki hægt að fá það fram. Hvers vegna, herra forseti? Ég er ekki viss um að afskriftum hafi verið beitt hingað til, a.m.k. ekki í hlutatjóni, og ég get næstum fullyrt að það hafi ekki heldur verið gert í altjóni. Að minnsta kosti skora ég þá á viðskrh.

að sanna sitt mál og reiða hér fram gögn um þau altjón sem hafa orðið sl. tíu ár, hvernig þau hafi verið bætt og hvernig brunabótamatið hefur verið.

Herra forseti. Ég er yfir mig hissa á hæstv. ráðherra að hún skuli ekki standa með húseigendum í landinu þannig að þeir séu jafnsettir fyrir og eftir brunatjón. Það sem ráðherrann er að lýsa hér yfir er að hún standi með tryggingafélögunum en ekki húseigendum í landinu.

[12:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Jú, hæstv. forseti, það er nú einmitt vegna þess að ég stend með húseigendum sem ég hef þessa afstöðu. Ég vil ekki að húseigendur séu að greiða iðgjöld af hærri upphæð en þeirri sem þeir eiga möguleika á að fá ef þeir verða fyrir tjóni og það er grundvallaratriðið í málinu. En það er það sem hv. þm. annaðhvort vill ekki viðurkenna eða heldur einhverju fram sem er ekki samkvæmt sannfæringu hennar vegna þess að hún náttúrlega er búin að leggja mikið undir í þessu máli pólitískt. En raunin er sú að umræðan í þjóðfélaginu hefur gjörbreyst vegna þess að fólkið er farið að átta sig á þessu. Og þegar hv. þm. talar um að fasteignaeigendur séu hræddir þá er það ekki mikið þó þeir séu hræddir, eins og hún er búin að láta í fleiri mánuði í sambandi við þetta mál, búin að hræða fólk þannig að það veit hvorki upp né niður hvernig það stendur í sambandi við brunabætur. Og mér finnst það ekki til fyrirmyndar hjá hv. þm., ég skal bara segja það.

En þegar hv. þm. talar um viðbótartryggingar þá ætla ég ekki að fullyrða mikið um það, mér hefur ekki verið gerð grein fyrir því. Það getur vel verið að tryggingafélög ætli að reyna að nýta sér þá stöðu sem komin er upp, fólk skíthrætt og heldur að það sé ekki með eignir sínar tryggðar, og það getur vel verið að tryggingafélögin ætli að reyna að nýta það og þá skal ég svo sannarlega reyna að taka á því máli.

En aðalatriðið er að húseigendur standa betur en áður og til þess var leikurinn gerður. Kannað var af ráðuneytinu þegar þessi lög voru sett eða þegar undirbúningur fór fram hvort vilji væri í þjóðfélaginu fyrir því að hætta við skyldutryggingar á Íslandi og það reyndist ekki vera, þess vegna höfum við haldið þeim áfram. Og þegar hv. þm. er sí og æ að miða við Danmörku og aðrar þjóðir og þar sé allt svo miklu betra þá tekur hún það ekki með í reikninginn að þær eru ekki með skyldutryggingar.

[12:30]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru heimskulegar fullyrðingar af hálfu hæstv. viðskrh. og ekki ráðherranum samboðnar. Það er ekki ég ein sem er að tala um að tryggingavernd hafi minnkað. Það hafa komið fram frá tryggingafélögunum sjálfum, t.d. segir hér í Morgunblaðinu: „Áhyggjur vegna ónógrar tryggingaverndar". Tryggingafélögin segja sjálf, einmitt til þess að skapa sér eitthvert svigrúm til þess að fá þá viðbót á iðgjöld vegna trygginga, að þessi nýja regla geti leitt til þess að fólk fái minni bætur en sem nemur virði viðkomandi eignar. Og þar sem ráðherrann skákar í því skjóli að hún sé að verja húseigendur til þess að þeir borgi ekki hærri iðgjöld en ella, þá spyr ég: Munu iðgjöld hjá tryggingafélögunum lækka þegar brunabótamatið lækkar? Við erum að tala um að húseigendur séu jafnsettir fyrir og eftir bæði að því er varðar tryggingavernd og iðgjöld. Og ef brunabótamatið er að lækka, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur hún athugað það hjá tryggingafélögunum hvort iðgjöldin muni lækka nú þegar brunabótamatið lækkar? Það er það sem hæstv. ráðherra ber aðallega fyrir sig, þ.e. að hún sé að hugsa um húseigendur að því leyti að iðgjöldin hjá þeim muni þá lækka. En munu þau gera það? Það hefur ekki komið fram hjá tryggingafélögunum og ekki hjá hæstv. ráðherra þannig að málatilbúnaður ráðherrans sem stendur hér og ver tryggingafélögin í bak og fyrir en ekki húseigendur er með ólíkindum. Ég vildi ekki standa í sporum ráðherrans sem hefur haft uppi þennan málatilbúnað ef kemur til brunatjóns eða altjóns á einhverjum heimilum í landinu sem alltaf getur gerst, þar sem fólk mun standa miklu verr eftir en áður. Það segir sig auðvitað sjálft að þegar brunabótamat er að lækka um allt að 50% mun fólk standa miklu verr á eftir. Og hafi ráðherrann skömm fyrir að standa svona að málum.

[12:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að. Auk okkar eiga hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson aðild að frv.

Það deilir enginn um að fólk sem missir eigur sínar í bruna verður fyrir miklu tjóni. Það verður fyrir tilfinningalegu tjóni og það verður fyrir fjárhagstjóni. Þess vegna er mjög mikilvægt að brunatryggingar séu traustar, að fólk njóti raunverulegrar tryggingaverndar. Talsmenn tryggingafélaganna hafa sagt að það sem hafi gerst með breytingum sem gerðar hafa verið á lögum og reglum sem um þessi mál gilda hafi einfaldlega verið að færa iðgjaldsstofn brunatrygginga til samræmis við útborgaðar greiðslur tryggingafélaganna vegna tjóns, að menn hafi einfaldlega verið að færa iðgjaldsstofninn til samræmis við útgreiddar tryggingar og það í sjálfu sér komi húseigendum til góða vegna þess að þeir séu þá að fá lækkun á þessum tryggingagjöldum.

Það gerist hins vegar við þessa umræðu, sem hæstv. viðskrh. virðist ekki hafa kynnt sér en er bara þungamiðjan í þessari umræðu í sumar og í haust, að við þessar breytingar hafa tryggingafélögin boðið upp á viðbótartryggingar. Við höfum gengið eftir því í efh.- og viðskn. þingsins þegar þessi mál hefur borið á góma hvað það sé sem þá eigi að tryggja. Á að tryggja raunverulega eign íbúðar eða húss sem hefur brunnið eða eitthvað annað? Á að tryggja einhver tilfinningaleg verðmæti eða á að tryggja raunverulega eign? Svörin hafa verið afskaplega loðin.

Okkur hefur þó verið sagt að um sé að ræða tryggingu á raunverulegri eign. Þá segir maður: Ef svo er hljóta afskriftareglurnar að vera rangar. Ef tryggingafélögin eru annars vegar að segja að eignin sé að fullu tryggð miðað við eðlilegar afskriftir hennar og í sama orðinu er boðið upp á viðbótartryggingu fyrir þessari sömu eign þá hljóta þessar afskriftareglur að vera rangar. Um þetta hefur þessi deila að verulegu leyti staðið. Það sem við erum að gera með þessu frv. er að taka af öll tvímæli um að heimili fólks, íbúðir, eigi ekki að afskrifa, enda er heimili manns manni ekki markaðsvara fyrst og fremst heldur er það heimili. Og ef það brennur þarf maður væntanlega annað heimili og það á við um ný heimili og gömul heimili. Við viljum láta þær reglur gilda að þessi eign, heimili fólks, séu ekki afskrifuð þegar kemur til brunatrygginga. Út á það gengur frv. okkar.

Við höfum, eins og fram kom í máli 1. flm. frv., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, einnig boðið upp á hugsanlega samkomulagsleið, eins konar millilendingu. Hún gengur út á það að húsið sjálft tilbúið undir tréverk, íbúðin sjálf, heimilið

sjálft tilbúið undir tréverk, lúti ekki neinum afskriftum, en það sem er þar innan stokks, tréverkið og það sem sett er inn í þennan kassa mundi lúta afskriftareglum. Þetta er sáttaleið sem við viljum að efh.- og viðskn. gaumgæfi, þ.e. að farin verði þarna ákveðin millileið. En ég furða mig á þessari yfirlýsingu hæstv. viðskrh. sem virðist ekki hafa kynnt sér þá umræðu sem fram hefur farið síðsumars og í haust um viðbótartryggingu tryggingafélaganna þar sem spurt hefur verið um hvað felist í henni. Og þegar því er svarað til að þar sé boðið upp á tryggingu á raunverulegri eign þá spyrjum við: Ef það er raunveruleg eign af hverju er hún þá ekki inni í skyldutryggingunni? Hvernig stendur á því? Við höfum ekki fengið nein svör við þessu.

Ég tel að hér sé á ferðinni mikið þjóðþrifamál og geysilegt hagsmunamál fyrir almenning í landinu, fyrir íbúðaeigendur sem þurfa að njóta traustrar verndar fyrir heimili sín.

[12:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef talið að stjórnarliðum þætti svolítið óþægilegt að hafa farið þá leið sem þeir fóru vegna lagabreytingarinnar á sínum tíma og væru e.t.v. að skoða hvernig hægt væri að laga þær breytingar sem leiddu til þess slyss sem varð í kjölfarið. Þess vegna finnst mér fullkomlega fráleitt að hlusta á hvernig hæstv. viðskrh. bregst nú við því frv. sem hér liggur fyrir. Ég tel að stjórnarliðar sýni fullkomið ábyrgðarleysi ef þeir breyta ekki lögunum frá því sem nú er. Það er ekki rétt sem hæstv. viðskrh. heldur fram að húseigendur standi betur að vígi en áður. Húseigendur standa nú verr og get ég sýnt ráðherranum mörg dæmi þess og lagt fyrir hann tryggingaseðla og sendingar frá Fasteignamatinu þar að lútandi.

Okkar frv. sem hér er til umræðu er í samræmi við þá grundvallarhugsun sem er að finna í lögunum, er að finna áfram í breytingunum á lögunum frá 1998–1999, að hér sé húseigendum skylt að vátryggja gegn eldsvoða allar húseignir. Þetta er grundvallaratriði. Skyldutrygging húsa er hluti af velferðar- og öryggisneti okkar í landinu. Því viljum við ekki breyta. Það viljum við fremur efla heldur en hitt. Þess vegna kemur ekki til greina að hegða sér þannig með þessa skyldutryggingu að hún verði svo bágborin að tryggingafélög skjótist þar inn á markaðinn og komi með viðbótartryggingar þannig að hér komi upp sú staða að sumir tryggi og sumir ekki. Þetta er grundvallaratriði í málinu, algert grundvallaratriði. Um það erum við að ræða.

Frv. okkar, eins og ég hef áður sagt, er í samræmi við þessa hugsun. Þessi hugsun er þýðingarmikil vegna þess að ef maður hvarflar frá henni, hvarflar maður frá grundvallarhugsun í samfélagsgerð okkar.

Ég vil fara aðeins nánar ofan í forsendur þeirrar lagabreytingar sem ollu þessum usla og sem framsögumaður í máli þessu, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, vék að áðan. Ég er með útskrift af ræðu hæstv. þáv. viðskrh. og meginatriði hennar eru þessi: Það hefur komið fram gagnrýni, einkum frá Bændasamtökum Íslands, og framkvæmd laganna hefur komið hart niður á bændum hvað varðar van- eða ónýttar húseignir á jörðum þeirra. — Það kemur fram í ræðu ráðherrans á þeim tíma að hann fól nefnd að skoða þessi mál. Nefndin ritaði hagsmunaaðilum og kannaði viðbrögð við tveimur hugmyndum, annars vegar að afnema algerlega skyldutryggingu húseigenda sem hefði orðið algjört afturhvarf frá þeirri hugsun sem ég hef vikið að um velferðarsamfélag okkar og hins vegar að hægt sé að fá undanþágu á brunatryggingu, en þá að undanþágan yrði háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og veðhafa. Fram kom í ræðu ráðherrans að eingöngu Bændasamtökin lýstu sig fylgjandi því að aðilum í atvinnurekstri ætti að vera í sjálfsvald sett hvort þeir brunatryggðu húseignir sem notaðar væru í atvinnurekstri. Allir aðrir vildu áfram viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi.

Fólkið í landinu var ekki spurt um heimili sín af því að sjálfsögðu var gert ráð fyrir því að heimilin í landinu vilja skyldutrygginguna og öryggisnetið. Hæstv. þáv. ráðherra sagði:

„Frv. þetta gerir engu síður ráð fyrir þeim möguleika að lækka megi brunabótamat tiltekinna húseigna umfram það sem matið hefði ella orðið að uppfylltum skilyrðum. Vart verður með sanngirni litið fram hjá þeim breytingum sem átt hafa sér stað hin seinni ár vegna samdráttar í hefðbundnum landbúnaði sem og vegna breyttra búhátta sem einkum snerta bændur."

Hvernig í veröldinni, virðulegi forseti, átti okkur í þessum sal að detta það í hug sem á eftir kom eftir framsögu með þessari hugsun.

Ef við skoðum svo umsögn fjmrn. um frv. sem þá lá fyrir, þá segir fjmrn.:

„Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði heimild til að lækka vátryggingarfjárhæðir húseigna (brunabótamat) sem eru í lélegu ástandi og ekki í notkun með samþykki sveitarstjórnar enda staðfesti hún ástand eignar og notkun."

Svo segir fjmrn.:

„Hins vegar eru nýmæli í frumvarpinu sem heimila Fasteignamati ríkisins að meta fasteignir án skoðunar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og má meta þetta ákvæði til nokkurrar hagræðingar."

Við vitum hvað það þýðir, þ.e. að upplýsingar, teikningar og upplýsingar frá byggingarfulltrúum sveitarfélaganna sem liggja fyrir Fasteignamatinu geti verið grundvöllur mats, enda hefur eigandinn þá alltaf áfrýjunarrétt á því hvort þarna hafi verið rétt með farið.

Svo kemur nál. frá efh.- og viðskn. Þar er sagt „að Fasteignamat ríkisins sjái eitt um hvort tveggja fasteignamat og brunabótamat og að heimilt verði að lækka brunabótamat frá því sem það ella hefði orðið ef húseign er í mjög lélegu ástandi og er ekki í notkun."

Nefndin ákvað að segja ekki „... í mjög lélegu ástandi ..." heldur „... í lélegu ástandi og lítt í notkun ...". Þetta er umsögn og nál. efh.- og viðskn. um það mál sem átti eftir að valda svo miklum usla.

Þáverandi fulltrúi Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. fjallar nákvæmlega um þennan þátt og segir að það að heimila það að færa niður vátryggingarfjárhæðir húseigna, þó það sé áskilið samþykki sveitarstjórnar o.s.frv., miði allt að því að búa til sérreglur gagnvart bændum vegna brunatryggingar og það sé röng stefna vegna þess að við séum með almenna löggjöf um brunatryggingar, sem hafi reynst vel og það eigi að vera almenn regla. Það sem við ekki vissum var að sérreglan fyrir bændur með léleg hús sem ekki væru í notkun yrði yfirfærð á heimilin í landinu. Við höfum gagnrýnt það og við viljum breyta því með frv. okkar.

Herra forseti. Umræðan hefur auðvitað ekki verið í neinu samhengi við raunveruleikann. En það hvarflaði ekki að mér að hæstv. viðskrh. kæmi hér og reyndi að verja þetta mál og stöðuna eins og hún er í dag, líkt og hún hefur gert, og er fullkomlega úr takt við allar staðreyndir.

Þessi breyting hafði áhrif á hvert einasta heimili í landinu. Með henni breyttist fasteignamatið. Sumir vilja hafa hátt fasteignamat og ef þeir lentu í því að mat hækkaði þá fannst þeim það í lagi. Sumir vilja hafa lágt fasteignamat, ætla ekki að selja og ef það lækkar þá skiptir það þá ekki máli, þá var það líka í lagi og þýddi lægri iðgjöld, þ.e. þegar einstaklingurinn er að hugsa um hag sinn. En þetta hafði áhrif á brunatryggingarnar og altjónið.

Ég velti fyrir mér: Skyldi hæstv. viðskrh. hafa litið á það hvaða afleiðingar þessi breyting getur haft fyrir timburhús? Ég þekki það. Ég er búin að fara í gegnum slíkt dæmi. Ég þekki söguna af því að eiga gamalt, áratuga gamalt timburhús, gjörbreyta því og færa það til nútímans og byggja við það. Vera með fasteignamat og fá endurmatið í hendur. Ég þekki tölurnar sem standa þar. Enginn skyldi koma til mín og segja að þetta mat sýni að ég fengi til baka virði húss míns við altjón. Enginn. Enda hef ég kært matið.

Menn verða að gera sér grein fyrir því að það er mjög mikilvægt að löggjöfin hvetji fólk til að kaupa gömul hús og færa þau inn í nútímann. Ég bý í bæ sem á sér merkilega sögu. Varð til af miklum vanefnum á 5. áratugnum. Fólk fékk lóð og byggði með tvær hendur tómar. Hver sem er getur keyrt um Kópavog í dag og séð falleg gróin hverfi. Og hafi menn verið vanbúnir í upphafi þá er búið að breyta því. Þetta skiptir máli fyrir bæjarsýnina, fyrir heildina, fyrir alla bæi þar sem málum er þannig háttað, þó ég vísi í minn bæ. Gömul falleg hverfi þar sem búið er að standsetja og endurbæta alveg endalaust. Ég geri mér grein fyrir því að fyrningarreglan sem við vorum að breyta var til áður. Ég veit ekki hvort hún kom inn með lögunum 1998 eða 1999 eða enn þá fyrr en hún kemur við fólk sem kaupir gömul hús, endurbætir, breytir eða byggir við, á allt annan hátt í dag, við gildandi lög.

Ég þekki dæmi um hús þar sem fólk hefur tekið húsið og byggt við það. Fyrir liggur mat og þegar búið er að ganga frá öllu og endurbyggingin klár þá er haft samband við Fasteignamatið og óskað mats. Núgildandi lög voru þá að taka gildi og áður en fulltrúi Fasteignamatsins er kominn til að skoða húsið í hinum nýja búningi þá kemur endurmatið fræga með skelfilegum tölum, í engu samhengi við verðgildi hússins, í engu samhengi við það hvað er hægt að fá, yrði húsið eldi að bráð. Allt í lagi. Það er von á fulltrúa frá Fasteignamatinu og fulltrúi Fasteignamatsins kemur og skoðar húsið, allt það nýja sem þar er að finna og allar endurbæturnar. Hann skráir hjá sér og hann fer til baka og það kemur endurmat og það er bara viðunandi, enda er fulltrúi Fasteignamatsins búinn að koma á staðinn og skoða, sjá með eigin augum að þetta 50 ára hús lítur ekki út fyrir að vera 50 ára eða lúið hús. Það er endurbætt, innan og utan, ofan og neðan. Viðbyggingar. Nýjar innréttingar. Þetta er nýtt hús. En Adam var ekki lengi í paradís. Viku seinna kom nefnilega endurmat á nýja matinu, af því að lögin segja að það eigi að taka mat og endurmeta það niður. Það á að endurmeta það niður. Þegar fulltrúi Fasteignamatsins er búinn að koma og skoða húsið og gera raunverulegt mat þá eru stuðlarnir teknir upp á borðið og húsið metið niður upp á nýtt.

Þetta hefur verið að gerast. Ég leyfi mér að halda því fram að þeir sem tala eins og hæstv. viðskrh. gerði hér áðan viti bara ekki alveg hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig og þekki ekki grundvöllinn að öllum kærunum sem bárust vegna matsins. Þó vitum við að í samfélaginu eru margir sem treysta sér ekki í kærur, treysta sér ekki til að taka saman breytingarnar sem hafa verið gerðar, stöðuna á húsinu sínu og færa rök fyrir því af hverju ekki er ásættanlegt að fá mat eins og þarna var lagt fram.

Það var amast við því að framsögumaður þessa máls okkar skyldi tala um afskriftirnar og að þær finnist ekki í nágrannalöndunum. Við verðum einfaldlega að skoða hvort það eigi að vera afskriftir ef við ætlum að byggja upp samfélag þar sem borin er virðing fyrir eigum fólks, virðing fyrir því að fólk hér á Íslandi hefur í miklu ríkari mæli en annars staðar viljað búa í eignarhúsnæði. Það kemur sér upp húsnæði, viðheldur því, endurbætir það — alltaf af sköttuðum tekjum, þegar um er að ræða launafólk.

Ég minni á að þessi stjórn, þessi ríkisstjórn, færði niður endurgreiðslurnar á virðisaukaskatti sem áður voru greiddar af viðhaldi og endurbótum á húsum. Alltaf skal launþeginn í öllum tilfellum borga ríkinu það sem ríkisins er. Þá ætlast ég til að eitthvað sé til sem heitir gagnkvæm virðing. Þess vegna á að endurskoða, úr því að fara á að meta húsið eins og það er á hverjum tíma, afskriftirnar.

Pólitíkin í málinu er þessi: Mjög margir telja að ef skyldutrygging vegna bruna taki ekki mið af eigninni eins og hún er og verðgildi hennar þannig að einstaklingur geti eignast tilsvarandi eign — ekki nýrri og flottari, heldur tilsvarandi eign — þá horfum við fram á að hugsandi fólk sem lítur á lífsstarf sitt sem liggur í viðkomandi eign og ætlar að tryggja að eignin haldist, líka við altjón, sem auðvitað er mest hætta á við timburhúsin, mun leita eftir viðbótartryggingum. Auðvitað er vandi á höndum ef Fasteignamat ríkisins heldur því fram að verðgildi húss sé ekki meira en 11 milljónir þótt ekki fáist nema tveggja eða þriggja herbergja íbúð fyrir það. Þegar 170 fermetra hús með bílskúr á stórri lóð er metið á 11 milljónir þá er auðvitað erfitt fyrir tryggingafélögin að segja: Bíddu, hvernig eigum við að tryggja þegar þetta er verðgildi hússins? Það yrði fundin leið til þess. Það yrði fundin leið til þess vegna þess að fólk lætur ekki bjóða sér þetta. Það vill geta tryggt eignina sína, bílinn sinn og innbúið sitt.

Þá fer af stað þróun sem er varhugaverð. Þá erum við komin út úr velferðarsamfélaginu. Þá er öryggiskerfið okkar og öryggisnetið farið fyrir bí. Það yrði upphaf að samfélagsgerð sem við viljum ekki sjá, ekki við sem flytjum þetta frv. Ég hélt að Framsfl. vildi ekki sjá slíka samfélagsgerð. En ég veit að ráðandi flokkur í ríkisstjórninni vill þannig samfélag, þar sem hver og einn borgar næstum enga skatta hugsar ekki um bróður sinn og sá sem á peninga, tryggir sig og hinir skulu bara hafa það eins og þeir vilja.

Þess vegna hvet ég hæstv. viðskrh. til að huga að þessu máli og fara með okkur í að skoða það í efh.- og viðskn. hvernig hægt sé að taka á þessum málum til að koma í veg fyrir eignaupptöku hjá sumum í þessu landi — ekki öllum, sumum.

[12:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu hef ég hugað heilmikið að þessum málum, enda hefur það verið í umræðunni í nokkra mánuði. Ég hef kynnt mér þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu að þessi lagabreyting hafi verið skynsamleg. Ég átta mig bókstaflega ekki alveg á því hvað hv. þm. eru að biðja um. Ef þeir eru að biðja um að lögin séu þannig að það verði bætt nýtt fyrir gamalt og allir séu skyldugir að taka tryggingu, það sé lögfest að allir skuli taka slíka tryggingu sem gefur nýtt fyrir gamalt, þá er best að segja það, ef

það er hugsunin. En það kostar fólkið óskaplega mikið, ef tryggingin á að geta verið með þeim hætti.

Það varð mikið fjaðrafok þegar matið kom, þegar endurmatið *var sent út. Ég er alveg klár á því* að sannarlega hefði þurft að gera miklar breytingar þar á. Ég hef þá trú að húseigendur hafi kannski því miður ekki gert sér grein fyrir þeim skyldum sem þeir hafa að tilkynna breytingar á fasteignum sínum. Þess vegna var þetta svona langt frá lagi hjá mjög mörgum. Að sjálfsögðu var hægt að kæra og það var mikið kært og kært mat tók ekki gildi fyrr en að lausn fannst á þeim málum. Ég veit því ekki til að nokkur skaði sé skeður og ég held að fólk ætti bara, háttvirtir þingmenn, að telja upp að tíu og reyna að átta sig á því hvort ekki hafi verið rétt að taka á málum eins og gert var með lögunum. Það er þó búið að koma þessu í samræmt horf þannig að málið er gegnsætt. Það er ljóst hver fer með matið, þ.e. Fasteignamat ríkisins. Það eru ekki einhverjir aðrir og það eru ekki fleiri aðilar en Fasteignamatið.

Eftir að hafa grandskoðað þetta mál þá tel ég að lögin séu skynsamlega úr garði gerð.

[12:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kalla þetta að berja höfðinu við steininn. Mér finnst skelfilegt að hlusta á þetta.

Fyrir skömmu átti hæstv. viðskrh. orðastað við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og kenndi þingmanninum um að hafa verið með þvílíkan æsing þegar nýja matið kom fram, að hún hefði hrætt fólk upp úr skónum, að það hefði verið ástæðulaust og það væri þingmanninum að kenna hvaða staða hafi komið upp þegar fólk var í örvæntingu að skoða seðlana sína og hringja í Fasteignamatið þannig að ekki náðist í nokkurn mann þar. Það var hægt að reyna það dögum saman.

Nú kemur hæstv. ráðherra sem betur fer og segir: Það þurfti að gera breytingar á lögunum. Það er verið að gera og Fasteignamatið mun skoða þetta. Ég geri mér grein fyrir því að það þurfti að lagfæra. Bara þetta skiptir að vísu máli. Það er enginn að biðja um að sá sem á hús sem hefur látið á sjá, orðið lúið og kannski misst eitthvað verðgildi, fái splunkunýtt hús sem sé einhverjum milljónum verðmætara. Fólk er að tala um það að fá sambærilegt virði þess sem glatast.

Ef ráðherrann kemur hér aftur og aftur og telur eðlilegt að t.d. 160–170 fermetra vel viðhaldið hús sem lítur út eins og nýtt, að innan og utan, með nýjum innréttingum, á stórri lóð, fari það forgörðum í eldi, sé bætt með verðmæti þriggja til fjögurra herbergja íbúðar í blokk, þá erum við ekki á sama stað á plánetunni. Við erum ekki með sömu lífssýn. Við erum ekki með sama mat á því hvernig eigi að virða eignarrétt fólks og gera fólki kleift að halda verðmæti lífsstarfs síns. Um það snýst það að fólk haldi nokkurn veginn verðmæti lífsstarfsins og sé byggt nýtt, þó það sé við gamalt, þá sé a.m.k. litið á það sem nýtt.

[12:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er búin að átta mig á því núna eftir þessa ræðu hv. þm. að hér er ekkert vandamál. Við erum bara nákvæmlega sammála.

Hún segist ekki vera að tala um það að fá nýtt fyrir gamalt. Það er mikilvægt að hafa það á hreinu. Hún talar um að það eigi að fá sambærilegt fyrir það sem glatast. Lögin kveða einmitt á um það. Það er verið að tala um að afskrifa þannig að nákvæmlega það sem glatast verði bætt. Hvert er þá vandamálið?

Ég sagði fyrr í dag að þessar afskriftir sem nú er nákvæmlega kveðið á um í lögum hafa verið viðhafðar þegar til þess hefur komið að þurft hefur að bæta tjón vegna elds. Munurinn er fyrst og fremst sá að núna þarf fólkið ekki að greiða iðgjöld nema af þeirri upphæð sem það á einhverja möguleika á að fá greidda verði tjón. Ég óttast hins vegar að áður hafi fólk verið að greiða iðgjöld af hærri upphæðum en það nokkurn *tíma átti möguleika á að fá vegna tjóns.*

Ég held bara að miðað við þessa síðustu ræðu hv. þm. þá sé bókstaflega ekkert vandamál uppi.

Ég ítreka að fólki ber skylda að tilkynna breytingar á húsum sínum. Margir höfðu ekki gert sér grein fyrir því og þess vegna var matið sem upphaflega birtist eftir breytinguna í mörgum tilfellum fjarri lagi. Það var vegna þess að fólkið hafði ekki áttað sig á þessum skyldum.

[13:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stjórnarliðarnir eru aftur og aftur búnir að segja að við sem höfum gagnrýnt framkvæmd þessara laga, lagabreytinguna og það sem hún dró á eftir sér, viljum fá meira verðmæti en við áttum. Þeir kalla það nýtt fyrir gamalt en það þýðir, þegar maður ræðir við þá, þið viljið fá meira eftir á en þið áttuð. Það er það sem við erum að breyta. Við ætlum ekki að græða á brunanum. Við viljum bara fá heimilið okkar aftur. Um það snýst málið. Og athyglin beindist að framkvæmd fyrninganna, einmitt þegar þetta nýja mat kom og fólk stóð frammi fyrir því sem hafði verið að gerast.

Ég ætla að benda hæstv. ráðherra á að félmrh. sagði hér í blaðagrein að fyrning eigna væri óeðlilega há og að *fyrningarákvæðið væri allt of strangt* og það hefði komið í ljós að niðurskrift eigna væri óeðlilega há. (**JóhS:** Þetta er flokksbróðir hennar.) Og brunabótamat eigi að endurspegla sannvirði eignarinnar. Og það er verið að segja ráðherranum og stjórnarmeirihlutanum aftur og aftur að lögin sem þau berjast við að réttlæta og sem voru sett af því að taka þurfti á brunatryggingamálum ónotaðra útihúsa í sveitum og varð að breytingum á verðgildi og mati á húsi hjá mér og honum og öðrum þingmönnum — það er engin leið að fá stjórnarmeirihlutann og hæstv. ráðherra til að skilja um hvað málið snýst. Og ég harma það.

Ég vona og treysti því að það finnist svo margt af vel gerðu fólki hér inni á hv. Alþingi að efh.- og viðskn. komist, við umfjöllun þessa frv., að þeirri niðurstöðu að það sé ástæða til að lagfæra það sem glatast hefur.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðslur fyrir tannlæknaþjónustu, 67. mál, svar heilbrrh., þskj. 293.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 73. mál, svar umhvrh., þskj. 222.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 31. mál (tjón á húseignum, endurstofnverð o.fl.). — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Reglur um notkun á vél Flugmálastjórnar.

[13:34]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. samgrh. Málið varðar reglur um notkun TF-FMS, flugmálastjórnarvélar. Þær reglur voru settar árið 1977.

Tilefni umræðunnar er að ekki fást upplýsingar sem ættu að vera sjálfsagðar. Fjölmiðlar hafa sótt eftir upplýsingum um málið og ekki fengið þær. Í kjölfar þess er málið komið í þá stöðu sem það er, að mínu mati dæmi um klúður.

Mér er kunnugt um að í flugráði hafi verið gerðar athugasemdir um notkun og eignarhald á umræddri flugvél, a.m.k. á árunum 1990–94. Ég tel nauðsynlegt að endurskoða reglur um notkun umræddrar vélar.

Þá er ekki síður áhugavert að athuga hvort rétt sé að bjóða út þau verkefni sem vélin hefur sinnt varðandi öryggismál og flugvallaraðstæður. Það er nauðsynlegt að fá upplýsingar um hvernig sambærileg starfsemi er framkvæmd í nálægum löndum með tilliti til hagkvæmni.

Virðulegur forseti. Í tilefni af því sem hér er nefnt er ástæða til að beina eftirfarandi spurningu til hæstv. samgrh.:

Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir að umbeðnar upplýsingar um ferðir, farþega og ferðatilefni verði gefnar upp í samræmi við skyldur ráðuneytanna um upplýsingar, með vísan til niðurlags minnisblaðs Ríkisendurskoðunar?

Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 5. gr. laga nr. 66/1985 skal Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra afhenda Þjóðskjalasafninu skjöl sín til varðveislu."

Því er ljóst að skilaskylda samkvæmt lögunum nær til Flugmálastjórnar.

Það væri líka fróðlegt að fá að vita hversu margir samstarfssamningar hafa verið gerðir varðandi notkun umræddrar vélar?

Er leitað tilboða í þá þjónustu sem þörf er á í hverju tilviki fyrir stofnanir ráðuneytis samgöngumála hjá flugfélögum sem eru til staðar?

Í ljósi svara til undirritaðs sem liggja fyrir hjá hæstv. ráðherra frá Ríkisendurskoðun og Þjóðskjalasafni Íslands um skyldur flugrekstraraðila til að halda til haga farþegalista eftir að flugi er lokið þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða aðgerðir verða af hálfu ráðuneytisins til að koma málum í lag?

Það er líka ástæða, virðulegur forseti, til að athuga einn þátt mála sem ekki hefur verið ræddur í þessari umræðu: Hvernig er tryggingum háttað varðandi þá sem fljúga með Flugmálastjórnarvélinni?

Hvernig eru tryggingar þeirra sem fá að fara með umræddri vél án þess að greiða gjald?

Það sem ég er að nefna hér hlýtur að koma í ljós þegar Ríkisendurskoðun fær tryggingalista yfir þá sem notað hafa vélina. Um leið hlýtur þessi þáttur að upplýsast.

[13:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er að nýju efnt til umræðu um notkun ráðherra og ráðuneyta á flugvél Flugmálastjórnar. Umræðan sem þingmaðurinn hefur efnt til og endurtekið hefur borið öll einkenni þess að hann gerir eðlilega notkun flugvélar Flugmálastjórnar tortryggilega.

Flugvél Flugmálastjórnar er fyrst og fremst rekin til þess að sinna verkefnum stofnunarinnar, svo sem flugprófunum, flutningi á starfsmönnum og leitar- og björgunarflugi. Jafnframt er stofnuninni ætlað að sinna ýmsum verkefnum fyrir aðra opinbera aðila í samræmi við fyrirmæli samgrh.

Í skýrum og einföldum viðmiðunarreglum fyrir útleigu á flugvél Flugmálastjórnar eru helstu verkefni flugstarfseminnar skilgreind og jafnframt tilgreint hverjum Flugmálastjórn veitir slíka þjónustu. Meðal þeirra verkefna er að flytja æðstu embættismenn þjóðarinnar þegar þess er óskað. Aðrir opinberir aðilar sem geta fengið afnot af flugvél Flugmálastjórnar eru stofnanir samgrn., Landhelgisgæslan, Almannavarnir, Ratsjárstofnun og loks aðrir aðilar samkvæmt ákvörðun flugmálastjóra.

Flugmálastjórn leggur áherslu á að hún er ekki í samkeppni við flugrekendur um verkefni á almennum markaði heldur sinnir aðeins vel skilgreindum verkefnum fyrir opinbera aðila.

Herra forseti. Samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru er gert ráð fyrir því sem einu af verkefnum flugvélar Flugmálastjórnar að flytja æðstu embættismenn þjóðarinnar þegar þess er óskað og hægt er að verða við því. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir þessu verkefni. Það fer ekki á milli mála að það er hagkvæmt fyrir ríkið að nýta flugvélina í þágu ráðuneytanna þegar þörf er á og hún er ekki að sinna öðrum verkefnum.

Ég tel að það séu ekki miklar fréttir raunar fyrir þingmenn að tími ráðherra er oft knappur til þeirra mörgu verkefna sem þeim eru ætluð vítt og breitt um landið. Þá skiptir verulega miklu máli að velja ferðamáta sem sparar tíma og auðveldar ráðherrum að gegna störfum sínum.

Flugið skapar möguleika á því að fara um landið og sinna erindum og verða við óskum um að mæta á mannamót, sem eru jú hluti af starfsskyldum ráðherra.

Að þingmaðurinn skuli hafa leyft sér að tala um þægindaflug ráðherra líkt og hann hefur látið hafa eftir sér, er óskiljanleg afstaða til verkefna ráðherra og starfsaðstöðu þeirra. Þingmaðurinn hefur einkum beint spjótum sínum að notkun ráðherra á vélinni. Þess ber að geta að á árunum

1998–2001 er notkun ráðuneyta einungis 12% af flugtíma vélarinnar sem er flogið um 550 tíma á ári.

Þingmaðurinn leggur sig allan fram um að gera notkun ráðherra á vélinni tortryggilega. Hann virðist vanmeta hagkvæmni þess að nýta flugið og halda að tími ráðherra sé lítils virði og því óþarfi að nýta flugvélina þegar það er hægt. Það er undarleg þráhyggja þingmannsins að reyna að gera störf samgrh. tortryggileg með því að höfða til þeirra gamaldags viðhorfa að flugferðir hljóti að vera munaður.

Ráðherrar hér á landi hafa mikil samskipti við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir sem koma að þeim málaflokkum sem undir þá heyra. Miklu skiptir að ráðherra geti nýtt tíma sinn sem allra best og haldið góðu sambandi við fólkið í landinu.

Það er augljóst að ráðherra samgöngumála þarf öðru fremur að sinna málefnum utan höfuðborgarsvæðisins. Tímafrek ferðalög skerða möguleikana á slíku og því er nauðsynlegt að stytta ferðatímann sem mest. Oft er það gert með áætlunarflugi eða með því að nýta flugvél Flugmálastjórnar þegar áætlunarflug nýtist ekki sem skyldi og notkun flugvélar Flugmálastjórnar er talin hagkvæm. Þetta eru svo augljós og einföld sannindi að vart þarf að ræða þau hér.

Sú umræða sem þingmaðurinn hefur komið hér af stað ber því vott um að hann velur að rangtúlka hlutina vegna þess að slíkt hentar honum betur. Hann gerir það í skjóli þess að hann sé að sinna eftirlitshlutverki. Með þessum málflutningi ýtir þingmaðurinn undir fordóma gagnvart stjórnmálamönnum, en lýsir umfram allt málefnafátækt Samfylkingarinnar.

Málshefjandi gerði grein fyrir áliti sem lögfræðingur hjá Ríkisendurskoðun hefur sett fram um að ef lagaboð eru túlkuð rúmt verði að telja líklegra en hitt að Flugmálastjórn skuli varðveita farþegalista og leggja inn meðal gersema Þjóðskjalasafnsins.

Vegna þessa álits, sem raunar er umdeilt meðal lögfræðinga, tel ég eðlilegt að flugmálastjóri fari yfir málið með þjóðskjalaverði.

Samgrn. mun auðvitað hér eftir sem hingað til fara að þeim reglum um meðferð bókhaldsgagna sem Ríkisendurskoðun setur stofnunum og ráðuneytum hverju sinni.

Ég vil að lokum geta þess að í samgrn. er í smíðum reglugerð um mannflutninga í loftförum. Þar verða m.a. settar reglur um varðveislu farþegalista í atvinnuflutningum í flugi. Þó er rétt að taka fram að sú reglugerð hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma og er setning hennar á engan hátt tengd því máli sem hér er á dagskrá.

[13:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Flugmálastjórn rekur flugvél til að sinna lögboðnum verkefnum. Það er hið besta mál. Þessi flugvél er nýtt af stjórnsýslunni einnig. Það er hið besta mál. Um þessa flugvél gilda tiltekin lög og reglur. Það er nauðsynlegt og hið besta mál. Ég ætla ekki að ræða um lögin og reglurnar og ætla ekki að gefa í skyn að þær séu brotnar. En frá sjónarhóli opins lýðræðissamfélags er augljóslega pottur brotinn.

Lögin kveða á um að farþegalistar skuli haldnir. Í greinargerð frá embætti Ríkisendurskoðunar segir, með leyfi forseta:

„Frá sjónarhóli þeirra sem sinna ríkisbókhaldi og hafa með höndum eftirlit með fjárreiðum ríkisins má líta svo á að þeim ríkisaðilum sem leigja flugvél Flugmálastjórnar eða annarra flugrekstraraðila beri að gera grein fyrir því í skýringum og tilefni útgjaldanna hver eða hverjir það eru sem voru á ferð í hverju tilviki og af hvaða tilefni ferð er farin.“

Um þetta snýst málið, þ.e. að þessar upplýsingar liggi fyrir og þegar um þær er beðið á Alþingi þá séu þær reiddar fram.

Ég tek undir með hv. þm. Gísla S. Einarssyni að mér finnst það vera eðlileg krafa og eðlilegur framgangsmáti og legg til að þannig verði framvegis starfað.

[13:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Málsatvik í þessu máli eru ákaflega skýr. Um það er ekki deilt að það er þörf fyrir að Flugmálastjórn eigi þessa vél. Í öðru lagi er ekki deilt um að það eru skýrar reglur um notkun vélarinnar. Í þriðja lagi, og um það er ekki deilt heldur, að Ríkisendurskoðun fylgist með notkun vélarinnar og að reglum sé hlýtt. Í fjórða lagi liggur ekkert fyrir um að um misnotkun hafi verið að ræða. Ef svo væri mundi Ríkisendurskoðun gera viðvart um það. Ég treysti Ríkisendurskoðun til þess að láta vita telji stofnunin út af réttum reglum brugðið. Ég treysti líka hæstv. samgrh. til þess að endurskoða þessar reglur ef talið er nauðsynlegt að breyta þeim en þær eru jú frá 1977.

Það sem um er deilt í málinu er að farþegalista vantar til þess að upplýsa hverjir hafa notað vélina hverju sinni. Eftir þeim upplýsingum sem fram hafa komið opinberlega er ekki hægt að halda því fram að Flugmálastjórn sé skylt að halda þessa lista og geyma þá. Þannig er ekki hægt að segja að við einhvern sé að sakast í þessu efni.

Ég vil hins vegar segja það sem mína skoðun að ég tel að þessar upplýsingar eigi að liggja fyrir hverju sinni, hverjir nota vélina og af hvaða tilefni, vegna þess að ég veit ekki til þess að það sé nein misnotkun á þessu eða hafi verið, og það er sjálfsagt og eðlilegt að hlutirnir sem eru í réttum farvegi séu uppýstir þegar um það er beðið.

Ég hvet þannig til þess að menn bæti úr þessu og eyði þar með tortryggni sem reynt er að sá í málinu. Svo tek ég að nokkru leyti undir málflutning hæstv. samgrh. að mér finnst málshefjandi ganga fulllangt í að varpa rýrð á þá aðila sem hann snýr málinu til.

[13:48]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hefur einhver verið að væna hæstv. ríkisstjórn um misnotkun? Ekkert kannast ég við það. En hæstv. ráðherra virðist mér hafa tekist að klúðra þessu máli.

En hvernig stendur á því, og um það höfum við dæmi frá hæstv. landbrh. nýverið, að hæstv. ráðherrar koma þannig fram við löggjafarsamkunduna eins og hún eigi ekki fulla kröfu um fyllstu upplýsingar um einstök mál? Það er einfaldlega vegna þess að hæstv. ráðherrar líta ekki svo á að þeir séu bundnir á Alþingi. Eins og margsinnis hefur verið bent á líta þeir þannig á að Alþingi sé stjórnbundið en ekki öfugt. Við höfum hér hæstv. landbrh. sem svaraði út í hött fyrirspurnum sem honum ber skylda til að svara greiðlega, um sölu ríkisjarða. Nú kann allt að vera í besta lagi með það en hann vakti grunsemdir um að hann hefði margt að fela.

Ég var í þeirri stöðu einu sinni að hafa kynni af notkun flugmálastjórnarvélar, og hún var ekki þá til handa ráðherrum. Ég kannast ekki við það. En hvers vegna í ósköpunum var ekki komið hreint til dyranna og settar reglur um þetta og allt upplýst? Auðvitað er sjálfsagt að hæstv. ríkisstjórn notfæri sér þessa eign. Alveg sjálfsagt. En á mínum tíma var það að vísu ekki svo að menn þyrftu að þveitast landshorna

í milli til þess að vígja nýja vegi beggja megin eða klippa á borða yfir brúm og ræsum.

[13:50]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. kaus að halda hér varnarræðu fyrir notkun ráðherra á vél Flugmálastjórnar, nokkuð sem málshefjandi minntist ekki á einu orði í ræðu sinni, ef ég tók rétt eftir. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hv. þm. Gísli S. Einarsson hefði lagt sig í framkróka við að gera notkun hæstvirtra ráðherra á vélinni tortryggilega.

Herra forseti. Ég vil mótmæla þessum orðum hæstv. ráðherra. Staðreyndin er sú að það eina sem er tortryggilegt í þessu máli er leyndin sem hvílir yfir notkuninni á þessari vél. Á meðan þessi leynd ríkir er málið tortryggilegt.

Þetta snýst reyndar líka um meðferð gagna. Það hefur komið í ljós að á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn er flugrekstraraðilum í eigu ríkisins talið skylt að geyma farþegalista og skal Stjórnarráðið, skv. 5. gr. þeirra laga, og þær stofnanir sem undir það heyra afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu. Þetta skal gera nema stjórn Þjóðskjalasafnsins hafi heimilað Flugmálastjórn að farga þeim sem er ekki tilfellið í þessu máli.

Herra forseti. Mér sýnist málið því nokkuð augljóst. Hæstv. samgrh. hlýtur að bregðast við því ef Flugmálastjórn hefur látið eyða þessum gögnum þar sem um undirstofnun hans er að ræða og vil ég inna hæstv. ráðherrann eftir því hvernig hann hyggist bregðast við.

Hins vegar hafa margir umhugsunarverðir fletir komið upp í þessari umræðu um vélina og einn þeirra er spurningin um það hvort réttlætanlegt sé að vélin sé notuð í samkeppni við aðra flugrekstraraðila sem, eins og kunnugt er, berjast margir í bökkum.

Og það eru að mínu mati ekki, vegna þeirra orða sem komu fram í svari hæstv. ráðherra, rök í málinu að þjónustan sé ódýrari fyrir ráðuneytið. Auðvitað er hún ódýrari, herra forseti, því hún er niðurgreidd og það er ekki sanngjörn samkeppnisstaða fyrir þá aðila sem standa í flugrekstri á Íslandi í dag.

[13:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Í blaðaviðtali segir málshefjandi, hv. þm. Gísli S. Einarsson, að hann hafi fengið ábendingar um ónauðsynlega notkun flugvélar Flugmálastjórnar í maímánuði síðastliðnum. Nú fara hv. þm. allt í einu að tala um að málið hafi verið byggt upp á allt öðrum grunni.

Líklega hefur þingmaðurinn átt við tiltekinn dag í þessu blaðaviðtali. Þann tiltekna dag var hæstv. samgrh. fyrir hádegi hér í Reykjavík að sinna embættiserindum sínum og -skyldum, fór svo eftir hádegi með flugvél Flugmálastjórnar til Akureyrar á ársfund Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem samstarfssamningur milli þess og ríkis var undirritaður og síðla dags flaug ráðherra ferðamála til Stykkishólms þar sem hann sótti heim ferðamálaráðstefnu en vél Flugmálastjórnar hélt áfram til Reykjavíkur án ráðherrans.

Þetta er málið í hnotskurn. Og nú er farið að þyrla upp allt öðru máli sem snýr að einhverjum farþegalista. Meira að segja hafa menn sagt hér að hv. þm., frummælandi Gísli S. Einarsson, hafi hvergi vikið að því að flugvélin sé ekki til gagns. Hann sagði hér í ræðu sinni rétt áðan að eðlilegt væri að leita útboða gagnvart flugvélinni, hún væri líklega óþörf. En svo koma hér aðrir og segja að þingmaðurinn hafi ekkert verið að tala um það, hann vilji bara farþegalista.

Hér eru menn sjálfum sér ósamkvæmir og það sem er auðvitað undirliggjandi og sem er mál málanna er að hv. frummælandi þessarar utandagskrárumræðu, Gísli S. Einarsson, er að gera störf samgrh. tortryggileg með einum eða öðrum hætti. Við erum öll sammála um að auðvitað eiga upplýsingar að liggja fyrir um flugvél Flugmálastjórnar og notkun hennar. (Gripið fram í.) En það er annað líka sem hv. þm. kom hér inn á áðan, að tryggingar og annað væri ekki í þeim farvegi sem það ætti að vera. Það er rangt. Það eru skýr lög og reglur um það mál.

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér finnst þetta vera mislukkað og undarlegt frumhlaup hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni af litlu tilefni.

Ég hef að vísu ekki á undanförnum þremur árum notað þessa flugvél vegna þess að mér þykir þetta vera of dýr ferðamáti. Ég hef reynt að fara með áætlunarflugi eða keyra. En ráðuneytisstjóri minn og deildarstjóri hafa ásamt embættismönnum úr öðrum ráðuneytum einu sinni notað þessa flugvél, sem eðlilegt var og mjög praktískt.

Ég tel hins vegar að það sé skynsamlegt af ráðherrum, ef þeir hafa ekki annan kost, að nota fremur flugmálastjórnarvélina en annað leiguflug. Þessi vél er eign ríkisins. Ríkið verður að eiga þessa vél. Notkun léttir rekstrinn. Það hefur komið fram að 12% af flugtíma vélarinnar hafi verið í svona snúningum. Þar fyrir utan er þessi vél ákaflega öruggur farkostur. Og það má hafa í huga. Hún hefur líka sannað það í allra handa björgunar- og leitarflugi við mjög erfiðar aðstæður, verstu aðstæður. Og það eru líka framúrskarandi hæfir flugmenn á þessari vél.

Varðandi þetta með farþegalistann, þá held ég að bókhald ráðuneytanna sé í það góðu lagi að Ríkisendurskoðun geti fylgst með því hvort um eðlilega notkun hefur verið að ræða eða ekki. Og að farþegalistar þurfi að vera á Þjóðskjalasafninu finnst mér taka út yfir allan þjófabálk.

[13:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Samfylkingin fór fram á það í maímánuði síðastliðnum að Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á Flugmálastjórn og mér sýnist ekki af veita vegna þeirrar margvíslegu gagnrýni sem komið hefur fram á Flugmálastjórn. Allt of oft virðist vera brotið gegn ýmsum lögum.

Það er auðvitað vafamál að vél Flugmálastjórnar sé notuð í samkeppni við flugrekendur um verkefni eins og fyrir ráðuneyti, ráðherra eða stofnanir, sem ekki sinna neyðar- eða bráðaflugi, verkefnum á sviði löggæslu eða almannavarna. Þegar grannt er skoðað er hér um óeðlilega viðskiptahætti að ræða sem hljóta að brjóta í bága við samkeppnislög.

Það hefur líka verið gagnrýnt að það vantar skýrar reglur um geymslu á farþegalistum. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Mun sú reglugerð sem hann (Gripið fram í.) var að segja frá hér áðan að yrði sett innan tíðar ná til farþegalista í vél Flugmálastjórnar? Ég held að það sé brýnt að það komi fram. Þetta er sett með stoð í lögum frá 1998, og samkvæmt drögunum á að varðveita farþegalistana í þrjú ár og brýnt er að fram komi hvort þetta nái þá til vélar Flugmálastjórnar.

Það hefur líka verið gerð alvarleg athugasemd við þá breytingu sem er orðin núna á ritun fundargerða flugráðs og það tel ég afar alvarlegt. Sú breyting var gerð vegna áhuga fjölmiðla á störfum flugráðs en samkvæmt upplýsingalögum

eiga stjórnvöld að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt. Það virðist brjóta gegn upplýsingalögum að standa þannig að málum.

Ég tel afar brýnt miðað við allt sem fram hefur komið í þessu máli að stjórnsýsluúttektinni verði hraðað. Á það hljótum við að leggja áherslu og m.a. þá að Ríkisendurskoðun skoði þá þætti sem hér hafa verið til umræðu upp á síðkastið og gagnrýndir hafa verið, sem í mörgum tilfellum virðast brjóta gegn lögum.

[13:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Reglur um notkun á flugmálastjórnarvél frá 1997 eru mjög skýrar. Fyrir utan eigin starfsemi Flugmálastjórnar sinnir hún verkefnum á sviði neyðar- og bráðaflugs fyrir opinbera aðila. Í öðru lagi aðstoðar hún opinberar stofnanir á sviði löggæslu, almannavarna og sérstakra vísindarannsókna er varða almannaheill, t.d. vegna náttúruhamfara. Í þriðja lagi sinnir hún verkefnum fyrir ráðuneyti eftir því sem við verður komið. Og í fjórða lagi flytur hún æðstu embættismenn þjóðarinnar þegar þess er óskað.

Verð fyrir notkunina miðast við fastan og breytilegan kostnað og afskriftir og vexti vélarinnar. Verðlagningin miðar við að ekki þurfi til sérstakt ríkisframlag til rekstrarins. Vélin er ekki á samkeppnismarkaði frekar en önnur farartæki í eigu ríkisins vegna þess að það eru til svo afmarkaðar og skýrar reglur um hver getur leigt vélina.

Farþegalistar eru öryggisatriði á meðan á flugi stendur en hafa ekki annan tilgang fyrir flugrekstraraðila. Farþegalistar eru ekki haldnir hjá öðrum sem stunda farþegaflutninga, svo sem í fólksflutningabifreiðum, að ég tali nú ekki um bílaleigubíla. Það hlýtur þó að teljast bókhaldsatriði hjá þeim stofnunum sem nota farartæki til ferðalaga, að skrá tilgang ferðar og hverjir hafa ferðast með farartækjunum.

Flugvél Flugmálastjórnar sinnir mikilvægum öryggis- og gæslumálum. Vélin hefur sérstaklega góða flugeiginleika sem nýtast oft vel við erfiðar aðstæður. 69% af flugtíma vélarinnar eru vegna nauðsynlegs flugs, vegna flugprófana, viðhalds og eftirlits fyrir stofnunina sjálfa og 5% eru vegna leitar- og björgunarstarfa.

Niðurstaðan er þessi, hæstv. forseti: Flugmálastjórnarvélin er nauðsynlegt tæki til flugprófana. Um 70% notkunar hennar eru til þeirra hluta. Vélin er ekki á samkeppnismarkaði og reglurnar um notkun hennar eru skýrar og vel skilgreindar.

Sjónarmið málshefjanda um einkavæðingu á öryggisþáttum eru íhugunarverð og fróðleg, og það er afar fróðlegt að vita hvort hér sé um stefnu Samfylkingarinnar að ræða.

[14:00]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hvað kristallar þessi umræða? Hún kristallar að upplýsingum er leynt og það skapar tortryggni. Og eitt enn: Að verði hæstv. ráðherrum á, þá eru lögin óskýr.

Virðulegur forseti. Það mál sem við höfum rætt í dag er allt hið undarlegasta. Það ber að með þeim hætti að Flugmálastjórn og þar á eftir ráðuneytin gefa ekki upplýsingar í samræmi við spurningar. Þetta er sammerkt öllum stofnunum, nema embætti forseta Íslands, þar liggja fyrir gögn um tilefni ferða, hverjir hafa ferðast með vélinni, hvenær og svör veitt þar að lútandi.

Herra forseti. Það er nú ljóst að opinberum aðilum er skylt að geyma öll skrifleg gögn með öllum upplýsingum, annað er lagabrot.

Annar þáttur málsins sem hefur lítt verið ræddur er sú tregða að veita þingmanni upplýsingar og að afgreiða mál sem hann leggur fyrir. Þess vegna beini ég þeim eindregnu tilmælum til virðulegs forseta að gefnu tilefni að nefndir þingsins afgreiði þess háttar gögn a.m.k. innan mánaðar frá framlagningu. Að öðru leyti þakka ég umræðuna.

[14:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir umræðurnar sem að ýmsu leyti voru fróðlegar og gagnlegar fyrir það mál sem hér er tekið upp, vegna þess að mér sýnist að ljóslega hafi verið upplýst að það er ekki þvílíkt stórmál og hv. málshefjandi hefur látið í veðri vaka og fjarri öllu lagi að reiða svo hátt til höggs eins og tilraun er gerð til.

Ég tek fram, eins og kom fram í fyrri ræðu minni, að skýrar reglur eru um notkun vélarinnar. Þær voru fyrst settar árið 1991, til að halda því til haga, og síðan endurnýjaðar árið 1997. Þær liggja fyrir og allir geta fengið upplýsingar um þær.

Tryggingar sem hér voru nefndar á þeim sem fljúga með vélinni eru að sjálfsögðu í góðu horfi. Allir eru tryggðir sem með þessari vél fljúga. Og samkvæmt loftferðalögum þá ber að skrá nöfn allra sem fljúga með íslenskum flugvélum, hvort sem er milli landa eða innan lands, þannig að það liggur ljóst fyrir að tryggingaþáttur þessa máls er í traustu fari.

Varðandi það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom hér að og reyndi að nota það tækifæri til að koma einhverju höggi á Flugmálastjórn til hliðar við þetta mál með því að taka upp umræðu um ritun fundargerða flugráðs. Það sem þar er á ferðinni er nú ekki annað en að verið er að breyta fyrirkomulagi fundargerðarritunar flugráðs til þess horfs sem víðast hvar er, þ.e. að það sé skýrt bókað hvaða mál eru tekin á dagskrá og hverjar eru afgreiðslur. Það er nú allt og sumt.

En að öðru leyti, forseti, vil ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég er feginn að hafa fengið tækifæri til að skýra þetta mál út með þeim hætti sem ég hef gert.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. félagsmálaráðherra óskar að bera af sér sakir.

[14:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Virðulegur forseti. Það mátti skilja á orðum hv. þm. Gísla S. Einarssonar að einhver launung hefði verið hjá ráðuneytum um notkun þessarar vélar. Það er ekki í því tilfelli sem ég ber ábyrgð á. Af hálfu félmrn. var skýrt skilmerkilega frá þeim notum sem ráðuneytisstjóri og deildarstjóri höfðu af þessari vél.

Brunatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 42. mál (afskrift brunabótamats). — Þskj. 42.

[14:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að því frv. sem við ræðum um breytingu á lögum um brunatryggingar. Þetta mál var til umræðu í morgun áður en fundi var frestað. Ég

vil þakka þær ræður sem þegar hafa verið fluttar, bæði af hv. 1. flm. og framsögumanni Jóhönnu Sigurðardóttur og þeim öðrum þm. hv. sem hér tóku til máls, og skýrðu málið mjög vel.

Það sem mig langar að gera að umræðuefni í þessu máli er í rauninni sú hugsun sem felst í frv. eins og við leggjum það fram, þ.e. að reyna að bæta fólki tjón sem hefur orðið fyrir því, þannig að menn séu sem næst því jafnsettir eftir tjón, þó að aldrei verði þeir jafnsettir eftir brunatjón, þá séu þeir sem næst því jafnsettir að eignast sambærilegt húsnæði.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa tekið eftir því en í gær var dreift svari við fyrirspurn hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar, um þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Það er svolítið athyglisvert að víkja að því í umræðunni vegna þess að fasteignaverð er misjafnt um landið og þó fasteignagjöld hafi lengi verið eins á landinu, þá hefur því verið breytt sem betur fer og menn greiða nú fasteignagjöld af fasteignum sínum í samræmi við það söluverð sem ríkir á svæðinu. En til þess verður vissulega að taka að söluverð fasteigna er alls ekkert endilega það sama og kostnaður við byggingu fasteignar.

Þegar menn hafa byggt sér hús sem er síður okkar Íslendinga flestra eða mjög margra, það er mjög ríkjandi hér á landi að fjölskyldan vill eiga sitt eigið hús eða sína eigin íbúð, þá þarf ekki endilega að vera samræmi milli þess að tapa viðkomandi eign í bruna og þess að hægt sé að byggja nýtt hús eða nýja íbúð fyrir andvirðið. Því miður er ekki svo í pottinn búið.

Það segir hins vegar ekkert um að það kosti jafnvel ekki meira að byggja húsnæði úti á landi en í Reykjavík, þó að fermetraverðið sé allt annað. Í svari við fyrirspurn hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar, þar sem hann spurði um íbúðarhúsnæði eftir kjördæmum og fermetraverð og er rétt að draga það inn í umræðuna, kemur fram að fermetraverð á íbúðarhúsnæði eftir landsvæðum er mjög misjafnt. Og það hefur breyst geysilega mikið á undanförnum tíu árum.

Árið 1990 var fermetraverð í Reykjavík 66.000 kr. Þá var fermetraverð á Vesturlandi 35.600 kr., 35.900 kr. á Vestfjörðum og 32.000 kr. á Norðurlandi vestra, svo dæmi séu tekin.

Ef við lítum hins vegar nær okkur í tímanum og skoðum árið 2000, þá er fermetraverð í Reykjavík 109.605, á Vesturlandi 58.000, á Vestfjörðum 39.700 og á Norðurlandi vestra 42.000.

Þetta segir okkur að verð á landsbyggðinni hefur þróast allt öðruvísi á þessum tíu árum en verð á höfuðborgarsvæðinu. Og ef við lítum aftur á upphafsárið í þessum samanburði, 1990, þá er fermetraverð á landsbyggðinni u.þ.b. tvöfalt lægra eða helmingur þess sem það var á höfuborgarsvæðinu.

Ef við hins vegar skoðum árið 2000 kemur í ljós að fermetraverð í Reykjavík er orðið þrisvar sinnum hærra en á landsbyggðinni miðað við þessi þrjú kjördæmi sem ég hef farið yfir.

Það segir hins vegar ekkert um að byggingarkostnaður á landsbyggðinni hafi lækkað sem þessu nemur. Nei, aldeilis ekki. Ég hygg að byggingarkostnaður á landsbyggðinni hafi jafnvel hækkað að öðru leyti en því sem tekur til lóða. Allir vita að lóðaverð í Reykjavík hefur hækkað mikið á sama tíma og lóðir á landsbyggðinni hafa ekki hækkað að sama skapi.

Annar byggingarkostnaður hygg ég að sé ekki minni á landsbyggðinni en í Reykjavík, þ.e. efni, vinna og annað sem þarf til þess að byggja sér hús, það er örugglega að mörgu leyti dýrara vegna flutninga og annars að byggja hús úti á landi en í Reykjavík.

Hvers vegna er ég að draga þetta inn í umræðuna? Jú, ég er að draga þetta inn í umræðuna vegna þess að það er alveg sama hvort fjölskylda býr á Reykjavíkursvæðinu og verður fyrir brunatjóni, eða hvort fjölskylda býr á landsbyggðinni og verður fyrir brunatjóni. Þó að fasteignaverðið sé mjög mismunandi, þá liggur það auðvitað fyrir að tjón fjölskyldu er mikið sem missir hús, hús sem er heimili fjölskyldunnar í þessu tilviki. Fjölskyldan þarf að koma sér upp nýju húsi, koma sér fyrir að nýju, eignast nýtt heimili.

Þess vegna held ég að sú tillaga sem gerð er í frv. af okkur flm. sé fyllilega eðlileg og sanngjörn og það viðhorf að bæta skuli brunatjón það mikið að fólki sé gert kleift að eignast sambærilegt hús, sú hugsun verði að vera inni í brunatryggingunni.

Við Íslendingar höfum borið gæfu til þess að vera með skyldutryggingu varðandi húseignir í sambandi við bruna. Ég tel að það sé einn af hornsteinum okkar í tryggingum hér á landi að þannig skuli það vera í framtíðinni.

Þess vegna held ég að það sé til mikilla bóta að hverfa frá þeirri framsetningu sem sett var í lög 1999 og hverfa til þess að íbúðarhúsnæði verði ekki niðurskrifað vegna aldurs þegar kemur að brunatryggingum. Ég færi þau rök fyrir því að fólk verður að geta eignast nýtt húsnæði og það er ekkert sjálfgefið að fólk vilji kaupa sér eða geti keypt sér hús á þeim stað sem það vill setjast að á ef högum þeirra verður breytt með því að það missi heimili sitt. Það kann að fylgja því mikið rask og fólk kann að vilja jafnvel færa sig á milli landsvæða. Eins og ég hef rakið hér í stuttu máli tel ég að byggingarkostnaður á landsbyggðinni sé eigi lægri en t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst og er því meðflutningsmaður að þessu frv. að málin verði að vera þannig úr garði gerð að bætur til fjölskyldunnar séu á þann veg að hún geti eignast húsnæði eða byggt sér nýtt hús, a.m.k. sambærilegt við það sem hún bjó í.

Að vísu er vikið að því í greinargerð að hugsanlega megi binda þetta við það ástand þegar húsið er komið vel á byggingarstig og orðið það sem kallað er tilbúið undir tréverk, þ.e. næsta stig á undan því að það verði íbúðarhæft. Hús getur vissulega orðið íbúðarhæft löngu áður en það er fullbúið. Það þekkja allir sem hafa staðið í því að byggja sér hús að menn reyna oft og tíðum að flytja inn í hús sín áður en þeir ná að fullklára hvert einasta herbergi í húsinu. Þess vegna er hús oft íbúðarhæft áður en það er fullbúið. Eigi að síður er íbúðarhæft hús orðið heimili fólks og fullbúið hús auðvitað enn betra heimili.

Ég held að eini möguleikinn, ef menn fallast ekki á að taka tillit til þess sem lagt er til í þessu frv. — sem ég held að menn eigi að gera, fyrir því eru full rök og skynsemi — sé sá að hús sem er tilbúið undir tréverk og málningu skuli þó bætt að fullu. Ég held að það sé algjör lágmarkskrafa.

Ég verð að segja eins og er að ég furða mig svolítið á málflutningi hæstv. ráðherra hér í morgun og skilningi hans á þessu máli. Sem betur fer tekur fólk oft ástfóstri við heimili sitt og vill gjarnan búa þar í mörg ár. Svo við tökum sem dæmi ellilífeyrisþega þá hefur fólk kannski búið í húsinu sínu í 30–40 ár og vill helst hvergi annars staðar búa, meðan það á annað borð getur búið utan verndaðs húsnæðis. Oftast nær er húsnæði þessa fólks mjög gott og vel við haldið. Það hugsar yfirleitt mjög vel um íbúðir sínar eða þá fær þá aðra

til þess. Þó að heimili þeirra séu orðin 30–40 ára þá er ekkert samasemmerki á milli þess og að húsið sé lélegt eða illa við haldið.

Ég vil mælast til þess að hæstv. ráðherra hverfi svolítið frá þeim viðhorfum sem hann gerði grein fyrir í ræðustól í morgun og taki tillit til þess sem lagt er til í þessu frv. Ég tel að það sé til mikilla bóta og að ekki sé verjandi að láta málin þróast á þann hátt að fólk geti staðið uppi með það að tjónsbætur vegna bruna séu aðeins hálfvirði íbúðarhúsnæðis af sambærilegum gæðum, þ.e. sambærilegs heimilis og fólk hefur búið við.

Ég minntist hér á fermetraverð á landsbyggðinni, eingöngu til að draga það fram að þó að fólk byggi sér hús úti á landi, þ.e. utan suðvesturhornsins, eins og fram kom í þeim tölum sem ég vitnaði til, þá hefur orðið veruleg uppsveifla á verðmæti fasteigna á Vesturlandi. Það á auðvitað sérstaklega við um Akranes og Borgarfjarðarsvæðið þar sem fermetraverð hefur næstum því tvöfaldast á sl. tíu árum og er nánast helmingurinn af því sem það er í Reykjavík á meðan fermetraverð á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er um þriðjungur þess sem það er í Reykjavík. Auðvitað er ekkert samasemmerki á milli þessa fermetraverðs, og þar af leiðandi fasteignamats, og þess kostnaðar sem í því felst að byggja sér hús og eignast heimili.

Ég held að það hljóti að vera svo, þar sem Íslendingar vilja viðhalda skyldutryggingunni og það er í raun hluti af tryggingarkerfi okkar, þá hljótum við einnig að vilja að bæturnar fyrir heimili okkar, ef það brennur, séu a.m.k. nægjanleg trygging fyrir því að eignast sambærilegt húsnæði við það sem viðkomandi hefur þurft að hverfa frá vegna brunans. Þetta er megininntak þessa frv. Ég tel að það sé til mikilla bóta og skora á þá sem ekki hafa sömu sýn á málið að endurskoða afstöðu sína.

[14:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar. Umræðan hefur verið mjög tilfinningaþrungin og er það reyndar úti í þjóðfélaginu líka enda er um að ræða tjón á heimilum manna sem skiptir fólk oft verulegu máli.

Við ræðum hér um brunabótamat. Eins og orðið segir er það mat á bótum sem þarf að greiða verði bruni. Það hefur ekkert að gera með veð eða nokkra aðra þætti. Þetta er mat á bótum vegna bruna. Í tryggingum er eitt grundvallaratriði, þ.e. að fólk má ekki græða á því að verða fyrir tjóni. Það er reyndar líka reynt að halda því þannig að það tapi ekki heldur eða eins litlu og hægt er.

Nú er það svo að sumt er óbætanlegt. Myndasafn sem ferst í bruna verður aldrei bætt. Jafnvel ein mynd sem ferst í bruna verður aldrei bætt. Heimili fólks sem hefur búið í 40 ár á sama staðnum verður aldrei bætt því að það heimili er aldrei hægt að búa til aftur. Menn geta nálgast það með því að byggja nýtt hús en það verður aldrei gamla húsið, aldrei. Mér finnst menn blanda dálítið inn í umræðuna tjóni sem er í eðli sínu óbætanlegt. Þar kemur tilfinningahitinn inn í umræðuna.

Í tryggingafræðum eru notuð hugtökin nývirði og raunvirði. Nývirði er slík trygging kölluð þar sem alltaf er bætt með nýjum hlut fyrir gamlan. Þetta er mjög mikið notað, t.d. í innbústryggingum, vegna þess að það er einfalt. Menn áttu sjónvarp, það var reyndar orðið tíu ára gamalt og var farið að bila en þeir áttu þetta sjónvarp og það er á hreinu, þeir áttu þvottavél og eldavél o.s.frv. og þeir fá þetta allt nýtt. Það er nývirðistrygging. Þá er horft í gegnum það að menn „græði" á tjóninu. Þeir fá allt nýtt. Þeir áttu að meðaltali helmingsgamalt en þeir fá allt nýtt. Þetta er iðulega notað í innbústryggingum en stundum líka í fasteignatryggingum.

Gallinn við nývirðistryggingar er að hvatinn til tryggingarsvika vex vegna þess að menn græða á tjóninu. Það þykir ekki gott. Auk þess er iðgjaldið að sjálfsögðu miklu hærra. Iðgjaldið fyrir nývirðistryggingar er miklu hærra en iðgjald fyrir raunvirðistryggingar, það vilja menn kannski ekki endilega því að þeir vilja fá tjónið bætt en ekki græða á því.

Í bílatryggingum og húsnæðistryggingum er þess vegna valin sú leið að hafa raunvirðistryggingar, þ.e. menn fá bætt það tjón sem þeir verða fyrir en ekki nýtt fyrir gamalt. Menn hafa hér í umræðunni verið að hnýta dálítið í tryggingafélögin en ef tryggingafélögin starfa á samkeppnisgrunni þá er iðgjaldið ekkert annað en áhættan plús sveiflur í áhættu og plús hagnaður félagsins. Ef áhættan er tvöfölduð með því að hafa nývirði í staðinn fyrir raunvirði þá hækkar iðgjaldið líka umtalsvert, getur tvöfaldast.

Að auki búum við við það á Íslandi að í húsatryggingum erum við með skyldutryggingu, einokun. Menn hafa valið það vegna þess að það er miklu ódýrara, það þarf ekki að auglýsa þær tryggingar og ekki að meta eignirnar af mörgum aðilum, sem kostar mikið.

Við búum líka við að það eru afskaplega fá tjón, sem betur fer, þannig að það verður sjaldan altjón. Svo er hins vegar ekki með bíla og þeir sem hafa lent í altjóni á bílum vita að bílar eru metnir niður. Ef einhver á tíu ára gamlan bíl þá fær hann ekki nýjan bíl ef hann verður fyrir tjóni.

Verðmæti húsa er samsett úr tveimur þáttum, þ.e. annars vegar af staðsetningu, hvar húsið er staðsett vegna þess að það er fast á jörðinni, og hins vegar af nývirði hússins, mínus afskriftir, plús endurbætur. Staðsetningin getur verið plús eða mínus. Við skulum hugsa okkur tvö hús sem eru nákvæmlega jafngömul og nákvæmlega jafnstór, sama teikningin. Annað er í miðborg Reykjavíkur og er selt á 40 millj. kr. Hitt er úti á landi í litlu þorpi þar sem allt er á niðurleið og það er selt á 5 milljónir. Í fyrra tilfellinu er staðsetningin hugsanlega helmingurinn af verðinu, þ.e. 20 millj. kr. bara fyrir staðsetninguna. En í seinna tilfellinu er staðsetningin mínus, hún er mínus 15 millj. kr. Verðmæti hússins sjálfs, þ.e. þessara tveggja húsa sem eru nákvæmlega eins, er þá 20 millj. kr. Þetta þurfa menn að hafa í huga líka.

Þess vegna gerist það að þegar hús brennur í Reykjavík í miðborg Reykjavíkur þá fá menn í fyrsta lagi bætt það tjón sem verður á húsinu sjálfu en auk þess eiga þeir byggingarrétt sem þeir geta selt á 20 millj. kr. í því dæmi, þ.e. staðsetninguna. Úti á landi fá þeir aftur á móti miklu hærra verð en verðmætið er almennt á þeim stað og oft er fólki boðið að það fái 75% af verðmætinu í peningum og þurfi ekki að byggja, vegna þess að það borgar sig ekki að byggja á þeim stað. Þannig er nú hinn harði veruleiki.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um 50 ára gamalt hús sem brennur. Það er afskrifað um helming, skulum við segja, ef það er afskrifað um 1% á ári. Þá segja menn: Það brennur þarna 50 ára gamalt hús, menn fá ekki nema helminginn greiddan. Hvað eiga þeir að gera, hvernig geta þeir byggt sér nýtt heimili? Það gera þeir að sjálfsögðu með því að kaupa sér nýtt hús og taka lán, nákvæmlega eins og öll önnur ný hús

yrðu þau mikið veðsett, ný hús eru yfirleit 60–70% veðsett. Gömul hús eru aftur á móti yfirleitt veðlaus.

Það sem menn hafa verið að gagnrýna er mat á gömlum húsum sem eru eins og ný, þar sem viðhaldið er afar gott, búið að endurnýja allar rafleiðslur, allar lagnir, endurnýja timburverk o.s.frv., gólfefni, loft og þak, allt endurnýjað. Þetta er nýtt hús. Það eina sem er gamalt eru burðarveggirnir. Þá á að sjálfsögðu að meta þetta sem nýtt hús. Hafi menn athugasemdir við það, og hér hafa komið nokkur dæmi um það, þá er það gagnrýni á stjórnsýsluna, á matið, en ekki á lögin sjálf. Það er allt annar handleggur.

Ef gamalt hús sem var eins og nýtt brennur þá á að sjálfsögðu að bæta það sem nýtt af því að það var nýtt. Hafi því hins vegar ekkert verið haldið við í 50 ár þá er það lítils virði, þá stendur fyrir dyrum mikið viðhald, þakið lekur og allar lagnir ónýtar og húsið ekki mikils virði.

Menn hafa talað um að steinsteypa ætti að halda verðgildi sínu endalaust. Það væri heldur ekki rétt vegna þess að í gömlum húsum er hönnunin, þ.e. herbergjaskipan, ekki í takt við nýja tíma. Fólk vill ekki búa í húsi sem er með pínulitlu baði og pínulitlu eldhúsi þannig að jafnvel steinsteypan heldur ekki verðgildi sínu. Þær reglur sem eru í gildi í dag eru því nokkuð sanngjarnar og réttar, þ.e. ef menn vilja ekki hafa allt of hátt iðgjald og menn vilja fá bætt raunverulegt tjón. En svo þurfa menn alltaf að hafa í huga að sumt tjón verður aldrei bætt.

Hér hefur nokkuð verið rætt um lagasetninguna, herra forseti, og það er rétt að það voru gerð mistök. Menn áttuðu sig ekki á því að brunabótamatið hafði verið notað sem veðmat en það hefur ekkert með veðmat að gera. Eign úti á landi sem er að brunabótamati 20 millj. kr. en selst á 5 millj. kr. er að sjálfsögðu ekki meira virði sem veðandlag en 5 millj. kr. Þetta þurfa menn að hafa í huga. Þarna hefur brunabótamatið verið misnotað í opinberu lánakerfi. Ég hygg að lánakerfi sem væri í samkeppni mundi að sjálfsögðu aldrei nota brunabótamat sem veðandlag.

Þetta set ég fram til að varpa ljósi á þessa erfiðu umræðu sem er nokkuð flókin og mjög tilfinningaþrungin. Mér finnst ekki gott hve mikið tilfinningarnar vega í henni vegna þess að við erum að ræða um bætur sem eiga að bæta tjón, sem ekki er tilfinningatjón. Við getum aldrei bætt það.

[14:32]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta mál, um breytingu á lögum um brunatryggingar, sérstaklega meðflutningsmönnum mínum sem hafa flutt mjög rökfastar ræður um hve nauðsynlegt er að gerð verði leiðréttting á þeim mistökum sem sannarlega voru gerð í þingsölum á árinu 1999. Viðbrögð stjórnarliða í þessu máli hafa vissulega valdið mér nokkrum vonbrigðum, einkum hæstv. viðskrh. sem hefur það kannski nokkuð í hendi sér að snúið verði á réttan veg með þetta mál. Taldi ég satt að segja áður en þessi umræða byrjaði að hún mundi opna eitthvað fyrir það að rétta út hönd til sátta í þessu máli þannig að efh.- og viðskn. gæti skoðað málið út frá því réttlætissjónarmiði sem t.d. hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson talaði vel fyrir áðan. Við erum oft og tíðum að fjalla um aleigu fólks sem lendir í því að missa heimili sitt í bruna. Við erum að fjalla um þá eðlilegu og sanngjörnu kröfu í vátryggingarétti að fólk verði jafnsett eftir brunann og fyrir hann. Út á það gengur frv.

Við höfum líka opnað fyrir aðra leið í frv. til þess að skoða í efh.- og viðskn., ef hún mætti verða til sátta, sem ég lýsti ásamt meðflutningsmanni mínum Guðjóni A. Kristjánssyni. En mér finnst stjórnarliðar ansi fastir í því að þetta sé bara allt í hinu besta horfi.

Það er auðvitað ekkert skrýtið að fólk, ef það á eign sem allt í einu hrynur í brunabótamati um 50%, eigi erfitt með að sætta sig við það og geti verið fjárhagslega tryggt með hana ef hún lendir í brunatjóni. Við getum tekið dæmi um eign sem hefur kannski verið metin í brunabótamati á t.d. 12 millj. og mundi seljast á markaðsverði á slíku verði, 12–13 millj. Hún lækkar kannski um 50% í brunabótamati sem dæmi er um. Og hvað mundi viðkomandi þá fá ef brunabótamatið væri 50% lægra en verðið á eigninni? Hann mundi fá 6 millj. sem nemur verði í Reykjavík á tveggja herbergja íbúð, en átti kannski fjögurra herbergja íbúð fyrir. Mér finnst þetta sýna alveg í hnotskurn að það er ekkert sérkennilegt við að fólk sé óöruggt eftir þessa lagasetningu og þá niðurstöðu sem hún hefur leitt af sér.

Það er alveg ljóst hvað hér er á ferðinni. Það þarf ekki annað en vitna til orða tryggingafélaganna sem segja berum orðum, með leyfi forseta, og er ég hér að vitna í Morgunblaðið:

„Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna tryggingafélaga getur matið, sem félögin leggja til grundvallar við tryggingar, leitt til þess að fólk fái minni bætur en sem nemur virði viðkomandi eignar."

Ekki núvirði heldur virði viðkomandi eignar. Ég óttast því að ef það verður látið líðast sem ég held að gangi ekki upp samkvæmt vátryggingarétti, að verið sé að opna á viðbótartryggingar eins og tryggingafélögin hafa látið liggja að, þá gæti það leitt til þess að við værum kannski smám saman að hverfa frá hinni lögboðnu skyldutryggingu sem ég held að allir vilji viðhafa. Þá væru til tvenns lags brunatryggingar í landinu, annars vegar hinar lögboðnu og hins vegar einhverjar viðbótartryggingar sem fólk gæti keypt sér. Þetta var í góðu horfi fyrir 1999 og ég skil ekki af hverju menn geta ekki, fyrst hér hafa orðið mistök á í meðferð Alþingis, leiðrétt þau mistök.

Herra forseti. Mér finnst reyndar að hæstv. félmrh. Páll Pétursson sé sá eini í stjórnarliðinu sem hefur talað af einhverri skynsemi um þetta mál og vitna ég þá til þess sem fram kom í Fréttablaðinu í septembermánuði. Þar var viðtal við hæstv. ráðherra þar sem sagði: „Fyrning eigna óeðlilega há." Þar kemur fram að hæstv. ráðherra segir fyrningarákvæði í lögunum vera of strangt að því leyti að komið hafi í ljós að niðurskrift eigna sé óeðlilega há og hæstv. ráðherra segir að nauðsynlegt sé að brunabótamat endurspegli sannvirði eignarinnar.

Ég fæ ekki skilið annað af orðum hæstv. ráðherra en hann skilji þau sjónarmið sem við erum að leggja til grundvallar sem tölum fyrir breytingu á því í þessu frv. þó að ég geri mér ekki alveg ljóst hvort hæstv. ráðherra vilji fara nákvæmlega sömu leið. En ráðherrann gerir sér greinilega ljóst að verið er að ganga allt of langt í afskriftum eigna. Ég geri ráð fyrir að ráðherrann sé þá að tala út frá sjónarmiðum um brunatryggingar. Síðan er auðvitað önnur hlið á málinu sem snýr náttúrlega að málaflokki ráðherrans, húsnæðismálunum, þ.e. að miða veðhæfni eigna við brunabótamat sem er náttúrlega algerlega út úr kortinu, ekki síst eftir þessa breytingu og hef ég ásamt öðrum þingmönnum lagt fram frv. um það. Það

bíður síns tíma að ræða afleiðingar þess ef fram heldur sem horfir að slík viðmiðun verði við lýði áfram.

Fróðlegt væri, herra forseti, að heyra í hæstv. ráðherra Páli Péturssyni varðandi þetta mat á afskriftunum og fyrningu eigna vegna þess að ég tel að það sé deginum ljósara að fólk er ekki jafnsett eftir breytinguna sem gerð var 1999 og það var fyrir þá breytingu. Við erum, herra forseti, að fjalla um aleigu fólks í því tilviki að um brunatjón verði að ræða og við verðum að horfa á málið í því ljósi. Ég vil, herra forseti, leyfa mér að halda a.m.k. í vonina um að þegar við förum að fjalla um málið í efh.- og viðskn. geti náðst viðtæk samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að leiðrétta þau mistök sem voru gerð 1999.

[14:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er best að hafa það á hreinu að fasteignamatið tilheyrir fjmrn. og brunabótamatið tilheyrir viðskrn. Ekki er hægt að slá því föstu að gamla fasteignamatið eða gamla brunabótamatið hafi í öllum tilfellum verið rétt. Það er ekki nein heilög stærð. Fyrning er slumpareikningur og það sem ég átti við er að ég held að þær niðurskriftir á eignum í brunabótamatinu sem farið var eftir hafi í ýmsum tilfellum verið óeðlilega miklar. En húseigendur áttu kost á kæruleiðinni og mörg þúsund notuðu sér hana. Ég man ekki hvort það voru 9 þús. einstaklingar sem kærðu brunabótamatið. Það var mikill fjöldi og ég held að við verðum að bíða og sjá hvað út úr þeim kærum kemur. Þessi lög eru ekkert heilög og það getur vel verið að það þurfi að breyta þeim. Ég vil ekkert loka fyrir það. En það sjáum við þegar endanleg niðurstaða kemur í kærurnar.

Það sem snýr að mínu ráðuneyti er að lán Íbúðalánasjóðs tóku mið af brunabótamati, þ.e. að lánað var út á notað húsnæði 65% af brunabótamati eða 70% ef um fyrstu eign var að ræða. Við breyttum þessu og síðan 1. september er miðað við 65% eða 70% af kaupverði sem þurfi þó að rúmast innan 85% af brunabótamati. Þessi 85% tala var sett til að hafa borð fyrir báru til að vernda hagsmuni Íbúðalánasjóðs, þ.e. að vera ekki að láta Íbúðalánasjóð taka óþarfa áhættu með því að fara að lána kannski upp í 100% sem sumum sýndist vera eðlilegt.

Ég spurðist fyrir um það áðan hjá Íbúðalánasjóði hver þróunin hefði verið, hvort margir hefðu rekið sig upp í þetta 85% þak. Síðan 1. september er búið að afgreiða í Íbúðalánasjóði yfir 2.000 lán, en það eru örfá dæmi þess — en það finnast dæmi — að menn hafa rekið sig í þetta 85% þak. En þau eru að því er mér skilst teljandi á fingrunum. Það finnast sem sagt tilvik en þau eru örfá og ekki þannig að það hafi verið neinn verulegur skellur.

Það er líka hægt að hafa það í huga að hámarkslán á notaða íbúð eru 8 millj. og á nýja íbúð 9 millj. þannig að það er ekki eins og nein undur hafi skeð. Þetta hefur ekki orðið húskaupendum til hnekkis, þ.e. þessi 85% eða þessi viðmiðun við brunabótamatið sem hækkar reyndar úr 65 þá, ef menn vilja meina það, upp í 85. Það eru ekki nema örfáir sem hafa rekist upp undir þetta þak. Eins og ég segi, ef niðurstaða úr þessum kærum verður slík að manni sýnist að illa sé við hana búandi þá finnst mér eðlilegt að breyta lögunum.

[14:45]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessum síðustu orðum ráðherrans. Ráðherrann vill skoða það að ná samstöðu um breytingar á þessu frv. ef í ljós kemur að þetta sé óeðlilegt. Ég held að það liggi nú þegar fyrir. Þó að kærurnar séu kannski ekki nema 10 þús. þá er alveg ljóst að brunabótamatið lækkaði á tæplega 70 þús. af 102 þús. eignum. Hluti af þessu var af eðlilegum orsökum eins og ráðherrann nefndi vegna þess að það vantaði samræmingu á milli sambærilegra eigna en það eru fyrst og fremst afskriftirnar sem við höfum gagnrýnt. Ég fagna þeim liðsmanni sem við sem viljum tala fyrir þessari breytingu höfum fengið í okkar hóp og ég hef grun um að í röðum stjórnarliða séu það miklu fleiri en ráðherrann sem mundu vilja standa að breytingu eins og við erum hér að leggja til.

Ég ætla að geyma mér það, herra forseti, að ræða það sem snýr að húsnæðiskerfinu og að lánshæfi eigna sé miðað við brunabótamat sem ég tel óeðlilegt, ekki síst undir þessum kringumstæðum. Ég minni hins vegar á að það var gerð úttekt á því af Íbúðalánasjóði nú í sumar að hve miklu leyti brunabótamatið skerti lánshæfi eigna. Þá kom í ljós að brunabótamat skerti meira en fimmtu hverja lánsumsókn þannig að 3.000 manns fengu skert lán vegna þessa. Að vísu hefur ráðherrann, eftir að þessi úttekt var gerð, hækkað eilítið viðmiðið í brunabótamati. Ég þekki hins vegar nokkur dæmi um það, sérstaklega í litlum íbúðum, tveggja herbergja íbúðum að fólk hafi rekið sig á þessi mörk. Ég held að hæstv. ráðherra vilji sjálfur breyta þessu en Seðlabankinn ráði þar of mikið ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingarskilmálar vátryggingafélaga, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

[14:47]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér till. til þál. sem ég óska eftir að verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðu.

Hér er um að ræða mál sem varðar mjög marga. Ýmsir hafa rætt það við mig og ég hef frétt af því í viðræðum við aðra auk þess að hafa séð fréttir af því að margir tryggingarkaupar telja sig hafa farið halloka út úr viðskiptum við tryggingafélögin vegna tryggingarskilmála. Þess vegna varð þessi þáltill. til um tryggingarskilmála vátryggingafélaga.

Meðflutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Kristján Pálsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ögmundur Jónasson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að endurskoða ákvæði laga um vátryggingastarfsemi er lúta að tryggingarskilmálum með það að markmiði að ábyrgð og skyldur tryggingafélaga gagnvart tryggingartaka verði skilgreindar nánar en nú er gert."

Í grg. með þessari tillögu segir að á undanförnum árum hafi athygli manna í auknum mæli beinst að réttarstöðu neytenda. Í ljós hefur komið að við setningu laga hefur ekki ávallt verið gætt jafnvægis milli kaupanda og seljanda hvers kyns þjónustu. Nokkur framför hefur þó orðið í þessum málum á undanförnum árum.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að sérstakri nefnd verði falið að endurskoða ákvæði þau er lúta að tryggingarskilmálum í lögum um vátryggingastarfsemi.

Ég hef kynnt hæstv. viðskrh. þessar hugmyndir og þess vegna gerði ég ekki kröfu um að hæstv. viðskrh. væri hér viðstödd. En henni er kunnugt um þáltill.

Aðstaða hins almenna tryggingartaka er veik gagnvart tryggingafélögunum. Mjög erfitt er fyrir hann að fá ákvæðum í stöðluðum tryggingarskilmálum breytt þótt hann hafi athugasemdir við þau og því stendur hann oft í þeim sporum að gangast undir tryggingarskilmála eða verða af tryggingaverndinni ella. Staða tryggingartaka er sérlega slæm að þessu leyti þegar um skyldutryggingar er að ræða því að þá er honum skylt að kaupa tryggingu þó svo að hann kunni að vera ósáttur við þá tryggingarskilmála sem bjóðast. Samkeppni milli tryggingafélaga virðist ekki nægja til að réttur manna sé tryggður að þessu leyti.

Í tilvikum þar sem einn aðilinn ber höfuð og herðar yfir annan vegna stærðar sinnar og sérfræðikunnáttu eru skyldur löggjafans mun meiri en almennt gerist til að tryggja að ákveðið jafnvægi og jafnræði ríki í viðskiptum milli aðila. Í þessu felst í raun kjarni nútímaneytendaverndar. Aðstaða tryggingafélaganna gagnvart tryggingartaka er í flestum tilvikum með þessum annmarka og því nauðsynlegt að löggjafinn tryggi sanngjarnt viðskiptaumhverfi.

Það er álit flutningsmanna að tryggja þurfi með skýrari hætti en nú er gert í lögum hverjar skyldur tryggingafélaganna eru og því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Alkunna er að tryggingafélög ráða því hvaða aðilum þau selja tryggingu og geta hafnað hverjum sem er án þess að gefa upp ástæðu þar að lútandi. Sem dæmi má nefna að félag feitra á í deilum vegna þess að einstaklingum hefur verið neitað um tryggingarkaup. Einstaklingum innan þess félags hefur verið neitað um tryggingarkaup og þar er borið við heilsufarsástæðum, jafnvel þó að læknir hafi gefið vottorð um að heilsu sé ekki í öðru ábótavant en að viðkomandi sé of feitur.

Einstaklingum hefur verið neitað um slysatryggingu þrátt fyrir að hafa lagt fram fullgild læknisvottorð um heilbrigði og hreint sakavottorð. Þetta tel ég mjög alvarlegt mál, herra forseti, og hef þar í huga einstakling sem er að vinna að eigin atvinnurekstri og fær ekki með nokkru móti tryggingar vegna þess að sá hinn sami varð að ganga undir aðgerð nokkrum árum áður vegna æxlis í höfði sem síðan var læknað og eftir það fær viðkomandi einstaklingur ekki tryggingu. Þetta er mjög alvarlegt mál.

Það er alkunna að fyrir dómstólum eru á hverjum tíma mörg mál sem einstaklingar hafa höfðað á hendur tryggingafélögum. Flutningsmönnum er kunnugt um marga sem telja sig fara halloka í viðskiptum við tryggingafélögin þó svo að þau mál hafi ekki endað sem dómsmál.

Það er álit flutningsmanna að skerpa þurfi verulega á og bæta við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi sem lúta að neytendavernd.

Virðulegi forseti. Ég hef nokkur dæmi um blaðafregnir þar sem tryggingafélögin hafa fengið óþægilega athygli, m.a. í þessari grein þar sem tryggingafélögin saka fólk um svik. Ég vitna, með leyfi forseta, í frétt frá miðvikudeginum 3. október 2001 þar sem tryggingarkaupi lendir í því að bifreið hans er stolið af bílasölu og hún eyðilögð og eftir situr kaupandinn með sárt ennið af því að bíllinn var eyðilagður og hann fékk ekkert út úr tryggingum vegna þess að tryggingar eru ónógar hjá þeim aðilum sem fást við bílasölu:

„Eigandi bifreiðarinnar, 73 ára sjómaður vestan af fjörðum, situr eftir með sárt ennið og fær bifreiðina ekki bætta. Virðist sem bílasalan beri enga ábyrgð þrátt fyrir að starfsmaður hennar hafi lánað bifreiðina án eftirlits." — Starfsmaður viðkomandi bílasölu hafði lánað bifreiðina. — „Þá vísa bæði tryggingafélag bílasölunnar og bílsins málinu frá sér, en hið síðara varar fólk við að fara með bíla án kaskótryggingar á bílasölur."

Slík atriði, virðulegi forseti, erum við flutningsmenn að benda á, þar sem einstaklingurinn þarf í raun að vera tryggingafræðingur til að átta sig á rétti sínum í svona málum. Það eru til mörg dæmi um að þeir sem orðið hafa fyrir tjóni með bifreið sína kaskótryggða t.d. og eiga ekki nokkra sök á árekstri sem verður eða skemmdinni verða að sæta því að gert er við bifreiðina sem fellur um leið í verði. Það er alveg sama hversu vel er gert við bifreiðina, þeir verða að sæta því að hvert sem tjónið er á bifreiðinni — þetta er viðurkennt af öllum aðilum — þá verði þeir að taka eitthvað tjóninu á sig, mismunandi mikið en það getur skipt hundruðum þúsunda.

Við flutningsmenn viljum vekja athygli á þessum málum og förum því fram á að skipuð verði nefnd til þess að endurskoða tryggingarskilmála.

Ég ítreka síðan, virðulegur forseti, að ég óska þess að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðu.

[14:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þáltill. sem hv. 1. flm., Gísli S. Einarsson, mælti fyrir áðan. Ég tel að hér sé verið að hreyfa þörfu máli. Einstaklingar eru sem slíkir ekkert sérstaklega í stakk búnir til að hafa sérstök áhrif á tryggingarskilmála. Þess vegna held ég að við séum að leggja hér til þarft mál með því að skipa nefnd til að endurskoða vátryggingastarfsemi og tryggingarskilmála.

Auðvitað geta menn verið ósáttir við þau skilyrði sem þeim eru sett í tryggingarskilmálum. Það hefur iðulega komið upp að menn hafi talið sig fara með skarðan hlut frá borði varðandi tryggingar, m.a. í sambandi við bílatryggingar eins og hv. 1. flm. nefndi áðan. Síðan er alveg ljóst að það ríkir ekki beint jafnræði milli einstakra tryggingartaka, einstaklinga annars vegar og tryggingafélaganna hins vegar, þegar kemur að því að rökræða um tryggingar. Þetta er jafnvel talið sérstakt fag í lögfræðinni, tryggingaréttur, þannig að það er ekki við því að búast að einstaklingar eigi þar almennt jafna möguleika og tryggingafélögin ef þeir eru ósáttir við tryggingarskilmála.

Menn þekkja auðvitað mörg dæmi þess að þeim hafi staðið til boða að fara í mál við tryggingafélögin en kosið að gera það ekki vegna kostnaðar. Þá er auðvitað farið að halla verulega á einstaklinginn og verulega á neytendaréttinn og neytendaverndina þegar málum er þannig komið að neytandinn treystir sér ekki til að sækja rétt sinn, sem honum finnst eðlilegt að hann eigi, eingöngu vegna þess að málsmeðferðin er orðin það flókin og dýr að það er ekki á færi einstaklinganna að sækja hann nema með miklum kostnaði. Menn kjósa því oft að láta frekar óréttláta niðurstöðu yfir sig ganga heldur en að reyna að sækja rétt sinn. Þetta þekkja allir og hafa heyrt sögur um slíkt og vitanlega hafa margir reynt þetta á sjálfum sér. Þetta er því ekkert nýtt.

Af þessum sökum held ég að tillagan sem við leggjum hér fram, um að Alþingi samþykki að viðskrh. skipi nefnd til að endurskoða vátryggingastarfsemi og tryggingarskilmála, sé meira en þörf. Ég treysti því að aðrir þingmenn þekki dæmi

um að málið sé með þeim hætti sem 1. flm. hefur rætt hér og ég hef tekið undir og taki þessu máli vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (Heyrnar- og talmeinastöð). — Þskj. 255.

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frv. þetta var samið í heilbr.- og trmrn. í samvinnu við formann stjórnar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

Megintilgangur þessa frv. er að bæta þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein.

Fyrirkomulag Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar er samkvæmt lögum með þeim hætti að stofnunin á í erfiðleikum með að standa við þær skyldur sem lögin leggja á hana. Í frv. er því hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar skilgreint nánar. Einnig er lagt til að fagráð komi í stað stjórnar, og ákvæði um gjaldtöku eru gerð skýrari vegna þeirra krafna sem gerðar eru til gjaldtökuákvæða í stjórnarskipunarlögum.

Vegna erfiðleika stofnunarinnar fór fram á vegum Ríkisendurskoðunar stjórnsýsluendurskoðun á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Í skýrslu sinni gerir Ríkisendurskoðun athugasemdir við starfsemi stöðvarinnar og bendir á ýmis atriði sem betur megi fara.

Í framhaldi af athugun Ríkisendurskoðunar var m.a. kannaður sá möguleiki að stöðin sameinaðist Sjúkrahúsi Reykjavíkur eins og núgildandi lög gera ráð fyrir, en af því varð ekki.

Eftirspurn eftir þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar hefur vaxið samfara fjölgun aldraða í þjóðfélaginu, en þeir eru sá hópur sem mest leitar til stöðvarinnar. 87% þeirra sem leita til stöðvarinnar eru eldri en 67 ára. Miklar framfarir hafa orðið í gerð heyrnartækja, ný stafræn tækni í gerð heyrnartækja hefur rutt sér til rúms og kostnaður við innkaup slíkra tækja hefur farið vaxandi. Hefur þetta leitt til aukinnar eftirspurnar eftir hjálpartækjum og í janúar 2001 biðu u.þ.b. 1.200 einstaklingar eftir heyrnartækjum. Ljóst er að hér er um að ræða vanda sem frv. er ætlað að takast á við.

Í apríl árið 2000 var kynnt í heilbr.- og trmrn. greinargerð um málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu Ráðgarði. Niðurstöður þessarar greinargerðar voru í svipuðum anda og athugun Ríkisendurskoðunar. Í framhaldi af niðurstöðu greinargerðarinnar hefur verið unnið að endurbótum á starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

Í samræmi við framangreint ákvað þáv. heilbr.- og trmrh. að láta endurskoða gildandi lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Sérlög um stofnunina hafa verið í gildi frá 1980 en eðlilegt verður að teljast að lagaákvæði um þennan þátt í heilbrigðisþjónustu við landsmenn falli undir almenna heilbrigðislöggjöf og verði hluti af lögum um heilbrigðisþjónustu.

Í frv. eru meginákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands felld inn í lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, jafnframt því sem í frv. er gerð tillaga um einföldun lagatextans, hann gerður skýrari og færður til nútímalegs horfs. Felld eru út ákvæði sem eðlilegt má telja að kveðið sé á um í árangursstjórnunarsamningi milli stöðvarinnar og heilbr.- og trmrn. um markmið og þjónustustig stöðvarinnar og það verði í samræmi við fjárveitingar hverju sinni. Er það í samræmi við nútímastjórnsýslu og aðra samninga sem unnið er að í ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála.

Vegna áhuga einkaaðila á að hefja sölu á hjálpartækjum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta og vandkvæða Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands við að uppfylla þörf fyrir heyrnartæki þótti rétt að opna þann möguleika í frv. að ráðherra gæti veitt öðrum rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöð Íslands veitir í dag. Er í frv. gert ráð fyrir að slíkt leyfi sé háð sömu skilyrðum og eftirliti og þegar um er að ræða aðrar stofnanir eða fyrirtæki sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir að hjálpartækin verði veitt einstaklingum á svipuðum kjörum og hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni.

Virðulegi forseti. Ég mun nú rekja nánar helstu breytingar sem felast í frv. Þar segir að starfrækja skuli stofnun sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð. Starfsvettvangur Heyrnar- og talmeinastöðvar er rýmkaður. Þá er kveðið á um hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar í fimm töluliðum og er upptalning á einstökum þáttum. Er þar m.a. tekið mið af skýrslu Ríkisendurskoðunar og greinargerð ráðgjafafyrirtækisins Ráðgarðs eins og fyrr greinir. Þannig er stöðinni jafnframt ætlað það hlutverk að sinna málefnum heyrnarlausra en gildandi lög kveða einungis á um þjónustu við heyrnarskerta og heyrnardaufa. Rýmkunin er í samræmi við breytt viðhorf og núverandi framkvæmd en Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hefur sinnt málefnum heyrnarlausra, m.a. hefur hún haft milligöngu um útvegun og afgreiðslu tölvubúnaðar til þessa hóps ásamt því að þjónusta hann og annast þjálfun, forrannsóknir og eftirmeðferð vegna kuðungsígræðslna. Búast má við að þessi þjónusta stöðvarinnar fari vaxandi.

Í 1. tölul. er það nýmæli, eins og ég hef áður sagt, að þjónusta stöðvarinnar nær til heyrnarlausra og þeirra sem eru með talmein. Orðið talmein hefur öðlast sess í íslensku máli og er notað í stað málhaltra í dag. Annað nýmæli er að kveðið er á um það hverjir geti notið þjónustu stöðvarinnar, þ.e. þeir sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar. Er talið rétt að sömu skilyrði gildi um þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar og þjónustu sjúkrahúsa og Tryggingastofnunar ríkisins, þ.m.t. hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar.

Í 2. tölul. er kveðið skýrar á um einstaka þjónustuþætti stöðvarinnar en ekki er um nýmæli að ræða.

Í 3. tölul. er fjallað um forvarnir sem eru taldar mjög mikilvægur þáttur í starfsemi stöðvarinnar en þann þátt þarf að efla verulega. Það er kunnugra en frá þurfi að segja að hávaði og hávaðamengun er vaxandi vandamál í nútímaþjóðfélagi og brýnt að sinna öflugu forvarnastarfi og þá ekki síst meðal ungs fólks, m.a. í skólum landsins. Þá eru heyrnarrannsóknir á vinnustöðum umtalsverður hluti af þjónustu stöðvarinnar sem fer vaxandi.

Í 4. tölul. er fjallað um hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með talmein ásamt viðhaldi á þeim tækjum. Reikna má með að einhverjar breytingar verði á þessum þætti í þjónustu stöðvarinnar. Heyrnartæki verða

brátt til sölu á almennum markaði eftir nánari reglum sem heilbr.- og trmrh. setur. Reynsla nágrannaþjóðanna hefur sýnt að þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið reynt hefur samt sem áður lítið dregið úr eftirspurn eftir heyrnartækjum á opinberum heyrnarstöðvum. Má að einhverju leyti rekja það til sífellt vaxandi eftirspurnar og tæknilegra framfara. Þá er gert ráð fyrir að aðrir en yfirlæknir Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, geti metið þörf fyrir hjálpartæki fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Er það eðlileg þróun og í samræmi við það sem er að gerast í nágrannaríkjunum.

Í 5. tölul. er ákvæði um heyrnarrannsóknir og rannsóknir á talmeinum ásamt fræðsluskyldu stöðvarinnar. Efla þarf þennan þátt stöðvarinnar en til þessa hefur bæði skort sérmenntað fólk og nægjanlegt fjármagn. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hefur ráðið sérmenntað fólk í þessu skyni en gera þarf enn betur. Sú fræðsla sem þegar er veitt hefur mælst mjög vel fyrir. Reynslan hefur sýnt að þeir sem fá hjálpartæki þurfa mun meiri fræðslu, þjálfun og æfingu í notkun þeirra en veitt er í dag. Þá er það nýmæli að stöðin skuli safna tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf og er sérstaklega kveðið á um í frv. að söfnun slíkra upplýsinga skuli vera í samræmi við lög um persónuvernd.

Gert er ráð fyrir að stofnunin hafi fagráð í stað stjórnar. Fagráðið skal skipað fimm mönnum og skulu þrír hafa menntun og/eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar en tveir vera úr hópi notenda þjónustunnar. Fagráðið skal vera framkvæmdastjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun. Með þessu er horfið frá núgildandi fyrirkomulagi um sjö manna stjórn tilnefnda af ýmsum hagsmunaaðilum þar sem reynslan af því fyrirkomulagi hefur ekki verið nægilega góð eins og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og greinargerð ráðgjafafyrirtækisins. Þá er það einnig í samræmi við álit nefndar fjmrn. um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana.

Í frv. eru sett ákvæði sem nú eru í reglum og gjaldskrá heilbr.- og trmrn. en ekki er um efnislegar breytingar að ræða.

Að lokum er í frv. gert ráð fyrir því nýmæli að þjónusta Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar eða hluti þeirrar þjónustu sem hún skal veita geti verið falin öðrum með sérstöku rekstrarleyfi frá heilbr.- og trmrh. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skulu fylgja upplýsingar um verksvið umsækjanda, hvar starfseminni er ætlaður staður ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um væntanlegan rekstrarleyfishafa, fjárhagsástæður, starfsáætlun, stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag. Þá skulu fylgja upplýsingar um hversu mörgum einstaklingum er fyrirhugað að veita þjónustu og með hvaða kjörum. Upplýsingar þessar eru í samræmi við ákvæði núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra skal því aðeins veita leyfi að ætla megi að umsækjandi geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits landlæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar. Heilbrigðisyfirvöldum skal tryggður greiður aðgangur til eftirlits.

Í frv. er ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til menntunar starfsfólks væntanlegs rekstrarleyfishafa og er það til að tryggja að stöðin geti faglega innt af hendi þá þjónustu sem kveðið er á um í rekstrarleyfi.

Þá er gert ráð fyrir þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta sem rekstrarleyfishafi útvegar. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að neytendur greiði svipað gjald fyrir sambærileg tæki án tillits til þess hvort þau eru veitt af Heyrnar- og talmeinastöðinni eða af rekstrarleyfishafa.

Herra forseti. Ég hef nú í nokkuð ítarlegu máli fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og tel að hér sé um mál að ræða sem brýnt sé að fái úrlausn sem fyrst. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[15:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fyrir skemmstu fórum við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, í heimsókn á Heyrnar- og talmeinastöðina til að kynna okkur starfsemi hennar. Við sannfærðumst auðvitað um að þar er verk að vinna, að bæta þjónustuna og stöðu heyrnarskertra og heyrnarlausra í þjóðfélaginu. Og ég held að það sé öruggt að starfsmenn þar undir forustu ágæts forstöðumanns, Sigríðar Snæbjörnsdóttur, séu fullir áhuga á því að tekið sé á málefnum þessarar stofnunar og henni gert kleift að starfa lögum samkvæmt.

Ég hef lesið þetta frv. allvel, og gerði það nokkuð í tengslum við svar sem ég fékk frá hæstv. ráðherra við fyrirspurn sem ég og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir fluttum um bið eftir heyrnartækjum. Ég fagna því ýmsum ákvæðum sem fram koma í þessu frv. sem eru til þess fallin að bæta þjónustuna eins og um skipan fagráðs, um auknar forvarnir á sviði fræðslu, rannsókna og þróunarstarfa, sem ég held að sé mjög brýnt og hafi ekki verið sinnt sem skyldi í þessari stofnun hingað til, og kannski hefur henni ekki verið gert kleift að halda uppi slíkri forvarnavinnu sem er mjög nauðsynleg. Það er sem sagt viðleitni í þessu frv. til að víkka út og bæta þjónustuna. Öll þekkjum við það, og ekki síst núv. heilbrrh., fyrrv. formaður fjárln., að aukin þjónusta kostar peninga.

Þegar litið er á umsögn fjmrn. og fjárlagaskrifstofu eru tíunduð markmið frv. sem eru að bæta þjónustu við heyrnarlausa, og það sett upp í nokkru máli hér á baksíðu frv. en síðan segir að ekki sé gert ráð fyrir að lögfesting frv. hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þá veltir maður fyrir sér, ef verið er að bæta þjónustuna og verið er að reyna að stytta langa biðlista eftir heyrnartækjum, hver á þá að borga brúsann? Og þá stoppa ég einkum við tvennt í þessu frv. Það er í fyrsta lagi gjaldtökuákvæðið sem er í frv. og þá er spurningin: Eru hugmyndir ráðherrans að notendur þjónustunnar eigi að fara að greiða aukinn hlut í t.d. heyrnartækjum eða heyrnarmælingu eða þjónustu almennt við stofnunina?

Ég stoppa líka við það að þarna er sett inn í lögbókina að heimila einkaaðilum rekstur á þessari þjónustu, að annast þessa þjónustu að fullu eða að hluta, ef ég skil málið rétt. Ef ég fer í svar ráðherrans og skoða þetta mál í því samhengi kemur fram í svari ráðherrans við fyrirspurn okkar Ástu R. Jóhannesdóttur að núna bíða rúmlega 1.000 einstaklingar eftir 1.700 heyrnartækjum. Biðtími eftir heyrnarmælingu og læknisskoðun er þrír mánuðir og eins árs bið til viðbótar ef viðkomandi þarf á heyrnartæki að halda. Því er haldið fram í svarinu að orðið sé við öllum beiðnum um heyrnartæki og heyrnarmælingar umsvifalaust fyrir börn þannig að þar sé enginn biðtími, og fagna ég því mjög. En biðtíminn eftir heyrnartækjum og heyrnarmælingum er sannarlega langur, og þá þurfum við að leita leiða til þess að stytta hann. Ég sé ekki að þetta frv. eða svar ráðherrans svari þeirri áleitnu spurningu.

Í svari ráðherrans kemur fram að sá sem þarf á tveim tækjum að halda greiðir fyrir þau á bilinu 9–16 þús. kr. í dag, allt eftir tegund tækisins, þ.e. ef hann greiðir 30% hlut, sem hann greiðir ef hann fær tvö heyrnartæki og við það miða ég þegar ég segi 9–16 þús. Ég sé ekki annað á svari heilbrrh. en að nú þegar sé hægt að kaupa sig út af biðlistum með því að leita til einkaaðila, sem þegar hefur tekið til starfa sem býður þessa þjónustu, og greiða fyrir hana á bilinu 150–310 þús. kr. fyrir tvö heyrnartæki sem ég býst við að séu þá sambærileg við þau sem eru kannski dýrust á þessum lista frá Heyrnar- og talmeinastöð sem voru 16.500 kr. Við erum því ekki að tala um neinn smámun á kostnaði við heyrnartækið eftir því hvort greitt er fyrir þjónustuna og hún er keypt af einkaaðila eða hvort það er í gegnum hið opinbera og Heyrnar- og talmeinastöðina. Þess vegna velti ég fyrir mér: Er hugmyndin sú að útrýma eða fækka biðlistum með því að vísa eða gera mögulegt fyrir fleiri aðila að kaupa sig út af þessum lista með því að kaupa sér dýr heyrnartæki hjá einkaaðilum eða á að auka gjaldtökuna? Vegna þess að þegar hæstv. ráðherra er spurður hvað það kosti ríkissjóð að eyða þessum biðlistum, þá kemur fram í svari hans að það kosti ríkissjóð 60 millj. kr. og 20 millj. kæmu frá notendum. Síðan segir í svari hæstv. ráðherra:

„Til að koma í veg fyrir að biðlistar myndist í framtíðinni þarf til viðbótar því sem að framan greinir að koma til aukið rekstrarfé.“ Hér er ég að vitna í svar hæstv. ráðherra og talað er um að koma þurfi til viðbótar þessum 60 millj. aukið rekstrarfé vegna aukins hlutar ríkisins í heyrnartækjum til að sinna árlegri eftirspurn, 30 millj. og aukinnar starfsemi HTÍ, þ.e. 15 millj. kr. Og þegar ráðherrann er spurður hvaða áform hann hafi til að stytta biðlistana, þá kemur ekki fram í svari hæstv. ráðherra að setja eigi í þetta neina peninga af hálfu ríkisins heldur er talað um nokkra þætti sem séu gagnlegir eða eins og hér stendur:

„Eftirfarandi leiðir eru taldar vænlegar til árangurs: Frá 1. september 2001 hefur verið skipulögð eftirvinna við sölu/úthlutun heyrnartækja tvo daga í viku.“ Ég skil þetta ekki alveg, ef ekki er hægt að kaupa heyrnartækin að sérstök eftirvinna þurfi að vera í gangi við sölu og úthlutun á heyrnartækjum.

Síðan segir: „Fyrirhugað er á næstunni að taka til gagngerrar endurskoðunar skráningar- og móttöku kerfi skjólstæðinga HTÍ og reyna að koma að fleiri skjólstæðingum á hverjum degi. Ef hægt væri að breyta vinnuferli þannig að að meðaltali væri tveimur fleiri sinnt á hverjum degi sem væru að bíða eftir heyrnartækjum og tveimur fleiri í heyrnarmælingum, mundu yfir 400 einstaklingar í viðbót fá heyrnartæki á ári og sömuleiðis yfir 400 einstaklingar í viðbót fá heyrnarmælingu og læknisskoðun. Þessar aðgerðir ná einungis fram að ganga ef aldrei þarf að bíða eftir fjármagni fyrir tækjum og tækjapantanir gætu farið í fastari farveg.“

Hér er sett fram áætlun sem byggir á því að fjármagn væri fyrir hendi.

Síðan kemur afar sérkennilegur liður í svari hæstv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Endurskoða má sumarleyfi starfsfólks, hugsanlega með því að loka stöðinni í 2–3 vikur næsta sumar þegar flestir eru hvort sem er frá vegna sumarleyfa og bjóða eingöngu upp á neyðarþjónustu.“

Er þetta liður í lausn þess að útrýma biðlistunum?

Aðrar áþreifanlegar tillögur sé ég ekki frá hæstv. ráðherra. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Eru áform uppi um að bæta fjármagni núna við fjárlagagerðina fyrir næsta ár til að hægt sé að útrýma biðlistunum? Ég var að vona að í framsöguræðu hæstv. ráðherra, sem var nokkuð ítarleg, mundi upplýsast frekar um það sem ég hef áhyggjur af heldur en fram kemur í greinargerðinni. Það er í fyrsta lagi gjaldtakan, hvort eigi að auka hana. Og í annan stað, hver áformin eru varðandi þessa einkaaðila. Ráðherrann verður þá að skýra það betur. Mér finnst ég aðeins finna óbragð þegar ég les greinargerð og svar ráðherrans. Er verið að opna fyrir einhverja einkavæðingu í þessum málaflokki að því er varðar heyrnarskerta og heyrnartæki og er verið að opna á það að fólk geti keypt sér einhvern forgang út af þessum biðlistum með því að kaupa rándýr heyrnartæki hjá einkaaðilum? Hvaða lagagrunn er verið að setja undir einkarekstur að því er þessa þjónustu varðar?

Hæstv. ráðherra hefur talað afar skýrt um það að hann væri mótfallinn einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu sem er auðvitað annað heldur en þjónustusamningar og einkarekstur sem stendur þá jafnfætis að því er varðar hina opinberu þjónustu um skilyrði og kröfur um þjónustu. Mér fannst á hæstv. ráðherra þegar hann talaði um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu að það kæmi aldrei til greina. Ráðherrann orðaði það svo ef ég man rétt að flokkspólitískar átakalínur væru að færast yfir í heilbrigðiskerfið og ég velti fyrir mér, er verið að opna einhverja glufu hér í frv.? Vera má að það sé misskilningur en það er alveg nauðsynlegt að ráðherrann skýri betur þetta hvort tveggja sem ég hef nefnt.

Mér finnst það vera til skammar fyrir stjórnvöld ef ekki á að veita aukið fjármagn núna á fjárlögum til að eyða biðlistum eftir heyrnartækjum. Enda kemur einmitt fram í svari ráðherrans að fólk hafi misst vinnu vegna heyrnarskerðingar sem líka leiðir til félagslegrar einangrunar og óöryggis. Við erum ekki að tala um háa fjárhæð. Við erum t.d. að tala um $^1/_3$ af því sem fer í raunaukningu af rekstri aðalskrifstofa ráðuneytanna á næsta ári. Ef þeir spöruðu $^1/_3$ af því sem þeir ætla að taka í raunaukningu, ráðherrarnir, á öllum aðalskrifstofunum, þá væri hægt að eyða biðlistum eftir heyrnartækjum. Þetta er ekki hærri fjárhæð en það.

Ég held að ráðherrann verði að svara því núna þegar við ræðum þetta mál við 1. umr. hvort einhver stefnubreyting sé að eiga sér stað varðandi þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta, hvort eigi að auka gjaldtöku vegna heyrnartækja og hvort einkaaðilar eigi í auknum mæli að taka við þessari þjónustu. Það stendur einmitt í frv. hæstv. ráðherra sem við erum að ræða hér, að vegna áhuga einkaaðila á að hefja sölu á hjálpartækjum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta og vandkvæða Heyrnar- og talmeinastöðvar við að uppfylla þörf fyrir heyrnartækin, þá ætli ráðherrann að opna fyrir möguleika einkaaðila á að annast þessa þjónustu. Ég skil ekki annað en það sé verið að opna með einhverjum hætti hér fyrir einkavæðingu. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Þá spyr ég — að sjálfsögðu — er gripið fram í af einum þingmanni Sjálfstfl.: Er þá meiningin að það fólk sem bíður eftir heyrnartækjum eigi að fara að kaupa þá þjónustu og greiða fyrir hana á bilinu 150–310 þús. fyrir tvö heyrnartæki eins og nú kostar hjá einkaaðilum?

Þetta var erindi mitt, herra forseti, í þennan ræðustól hvort með þessu sé verið að opna fyrir möguleika til að kaupa sér forgang að þjónustunni og auka kostnað þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda vegna heyrnarleysis eða heyrnarskerðingar. Ég trúi því ekki að óreyndu og ég hef reynt hæstv. heilbrrh. að öðru og þess vegna bíð ég spennt eftir að heyra

hvað hann hefur að segja um þessa þætti og vona í lengstu lög að þetta sé misskilningur hjá mér. Um þetta spyr ég ásamt því hvort von sé á viðbótarfjármagni nú á fjárlögum til þess a.m.k. að grynnka á biðlistum og helst eyða þeim.

Í frv. segir: „Frumvarpið var sent sextán aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust frá níu aðilum og var tekið tillit til athugasemda þeirra við endanlega gerð frumvarpsins." Í hópi þeirra umsagnaraðila sem upp eru taldir eru: Félag heyrnarlausra, Heyrnarhjálp, Sjálfsbjörg og Öryrkjabandalagið.

Ég spyr um umsagnir þessara fjögurra aðila og hvort þeir hafi verið sammála efni frv. sem hér hefur verið flutt og hvort að fullu hafi verið tekið tillit til athugasemda þeirra. Ef það hefur ekki verið gert, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Til hvaða athugasemda, ábendinga eða tillagna af hálfu þessara fjögurra umsagnaraðila, sem ég hef nefnt, var ekki tekið tillit?

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín fyrirspurnum um þrjú, fjögur atriði. Í fyrsta lagi hvort framkvæmd frv. mundi kosta fjármuni. Því er til að svara að það kostar vissulega fjármuni að eyða þeim biðlistum eins og fram hefur komið. Við erum í viðræðum við fjmrn. varðandi þessi mál. En hitt verður að taka fram í því sambandi að unnið er mikið starf eins og hv. ræðumaður kom inn á í Heyrnar- og talmeinastöðinni við að endurskipuleggja starfsemi hennar þannig að við höfum auðvitað hliðsjón af því verki sem þar er unnið og við vinnum náið með nýjum framkvæmdastjóra varðandi það að halda utan um þá fjárþörf. Það er þegar frá gengið í fjáraukalögum að skuldir Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar frá fyrri árum eru greiddar samkvæmt fjáraukalögum sem liggja fyrir en við erum í viðræðum við fjmrn. um annað.

Annað mál er hvort eigi að auka hlutdeild sjúklinga. Ég hef gefið skýrar yfirlýsingar um það að ég hef ekki áform um raunaukningu á hlutdeild sjúklinga.

Í þriðja lagi hvort hér sé verið að opna fyrir einkavæðingu. Vissulega er verið að opna fyrir samkeppni varðandi þessa þjónustu en ég tel að — ég er ekki tilbúinn að leggja til það fyrirkomulag — Tryggingastofnun muni taka þátt í þessari þjónustu hvar sem hún er veitt þegar frv. hefur tekið gildi.

[15:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra taki frekar þátt í umræðunni og um hvað þessi opnun fyrir einkaaðila snýst og hvað hún þýði í raun og sanni heldur en hann hefur færi á að gera í stuttu andsvari. Okkur, sem erum á móti því að verið sé að setja aukna hlutdeild yfir á notendur þessarar þjónustu, er mjög umhugað um að það liggi alveg klárt og kvitt fyrir að hér sé engin stefnubreytng á ferðinni.

Hæstv. ráðherra talar um að Tryggingastofnun muni taka þátt í kostnaði þeirra einkaaðila sem halda uppi slíkri þjónustu, en þá bið ég ráðherrann að skýra það ef þessi heyrnartæki kosta svona mikið hjá einkaaðilum eins og fram kemur í svari hans eða á bilinu 150–310 þús. á móti 9–16 þús. kr. hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni. Hver á að brúa þetta bil? Þegar færa á þjónustuna til einkaaðila, er það þá hugmyndin og leiðin til að stytta biðlistana? Ef það er leiðin til að stytta biðlistana þá spyr ég: Hvað munu þá notendur heyrnartækja þurfa að borga ef þeir borga í dag á bilinu á milli 150–310 þús. kr. fyrir að fá heyrnartæki?

Ég fagna því og það verður auðvitað fylgst nákvæmlega með því að ekki eigi að auka hlutdeild sjúklinga að því er varðar þjónustuna, þ.e. ekki á að auka gjaldtökuna hjá notendum og ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherrans. Hæstv. ráðherra stendur í viðræðum við fjmrn. og væntanlega þá um viðbótarfjármagn til að stytta biðlistana og hann hefur svo sannarlega stuðning minn og örugglega fleiri og stjórnarandstöðunnar allrar í því að fá fram aukið fjármagn til að stytta biðlistana. Ég vænti því þess að við sjáum það við afgreiðslu fjárlaga að aukið fjármagn komi til að stytta biðlistana.

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi kjörin hjá þeim aðila sem hefur hafið úthlutun heyrnartækja og þjónustu varðandi þau þá tók ég fram í framsöguræðu minni að í frv. sé gert ráð fyrir að leyfin séu háð sömu skilyrðum og eftirliti og þegar um er að ræða aðrar stofnanir eða fyrirtæki sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir að hjálpartækin verði veitt einstaklingum á svipuðum kjörum og hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og þátttaka Tryggingastofnunar, ef af henni verður, yrði vafalaust miðuð við að kjörin verði sambærileg hvar sem þjónustan er veitt.

[15:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að fá það fram að það eigi að veita hjálpartækin á svipuðum kjörum fyrir notendurna. En ef þau kosta í reynd í dag 150–310 þús. kr. hver á þá að borga þennan mismun? Varla ætlar Tryggingastofnun að niðurgreiða þetta svona gífurlega með þessum hætti. Ég geri ráð fyrir að einkaaðilarnir séu nú ekki að okra svo mikið á þessu að þarna sé munurinn margfaldur á við að fá þetta frá Heyrnar- og talmeinastöðinni. Hvað skýrir þennan mismun? Getur ráðherra skýrt þann mismun sem er núna á kostnaði við heyrnartæki hjá einkaaðilunum upp á 150–310 þús. kr. á móti 9–16 þús. kr. hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni? Hvað er hugmyndin að greiða þetta mikið niður hjá einkaaðilunum? Ég held að nauðsynlegt sé að fá botn í þann mikla mismun sem fram kemur í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn um kostnað vegna heyrnartækja.

[15:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem fjallar um betur skilgreint hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og sömuleiðis breytt fyrirkomulag á yfirstjórn.

Hér hefur farið fram nokkur umræða við hæstv. heilbrrh. um hvað þetta frv. feli í sér og hefur verið vitnað hér í svar hæstv. ráðherra við fyrirspurn okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, svar sem var dreift í þinginu nú í vikunni. Áður en ég fer nánar út í frv. langar mig aðeins til að fylgja eftir þeirri umræðu sem fór fram milli ráðherra og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í andsvörum og spyrja nánar út í þessa greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar og kostnað sjúklinganna eða þeirra sem þurfa á heyrnartækjunum að halda.

Nú kemur fram í þessu svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn okkar að innkaupsverð á heyrnartækjum á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar er frá tæpum 56 þús. kr. og niður í rúmar 30 þús. kr., en tækin sem fólk er að fá hjá

þeim einkaaðila sem nú hefur hafið rekstur kosta frá 82–165 þús. kr. stykkið og ef viðskiptavinurinn kaupir tvö tæki fær hann 5% afslátt þannig að menn eru að greiða þar 150–310 þús. kr. fyrir heyrnartækin.

Mun Tryggingastofnun greiða þessi tæki niður þannig að viðskiptavinir greiði sambærilegar upphæðir og hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni?

Í heimsókn þeirri sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vísaði til þegar þingmenn Samfylkingarinnar heimsóttu Heyrnar- og talmeinastöðina á dögunum kom fram að í Danmörku, þar sem bæði er einkarekin þjónusta og ríkisrekin, er veittur styrkur til þeirra sem fara til einkaaðilanna, til þeirra sem fara fram fyrir og fá þjónustu strax hjá einkaaðilum. Og það er bara ákveðin upphæð sem er greidd þeim sem fara þá leiðina. Ég hefði því gjarnan viljað fá nánari skýringu hjá hæstv. ráðherra á því hvernig menn hafa hugsað sér þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við heyrnartæki og þá þjónustu sem einkaaðilarnir veita.

Eins og kom hér fram biðu 1.200 manns eftir þjónustu Heyrnar- og talmeinatöðvarinnar í janúar.

Í svari frá ráðherranum sem við vorum að fá segir að nú bíði um 1.000 einstaklingar eftir 1.700 tækjum og innkaupsverðið er 70 millj. kr. Menn hafa verið að bíða. Það er þriggja mánaða bið eftir heyrnarmælingu og læknisskoðun. Síðan er u.þ.b. eins árs bið að auki eftir heyrnartæki.

Við höfum rætt áður þetta ástand sem hefur ríkt og sem hefur náttúrlega verið ófremdarástand í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra. Og vegna þess hve þjónusta Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar hefur verið slök hefur fólk verið nánast í einangrun, allt upp í ár eða lengur, vegna þess að það fær ekki heyrnartæki.

Hér segir að börn fái afgreiðslu strax og það er mjög gott. En þetta er ekki síður mikil skerðing á lífsgæðum aldraðra, fullorðins fólks sem þarf að bíða í algerri einangrun í ár eða lengur eftir því að fá heyrnartæki.

Í heimsókn okkar í Heyrnar- og talmeinastöðina hittum við nýráðinn forstöðumann, Sigríði Snæbjörnsdóttur, og sáum að þar var virkilega verið að taka til hendinni. Auðvitað lítum við til þess að þarna verði gerð bragarbót á og sérstaklega með nýjum lögum. En ég tek undir áhyggjur þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda í þá veru að í frv. er mjög mikið kveðið á um gjaldtöku. Ég vil ítreka það hér að mér finnst ekki viðunandi að þeir sem eru fatlaðir að því leyti að þeir þurfa á heyrnartækjum eða hjálpartækjum vegna heyrnarleysis að halda, sitji ekki við sama borð og aðrir fatlaðir þannig að þeir þurfi að greiða meira en aðrir fatlaðir. Nú hefur Tryggingastofnun og hjálpartækjamiðstöð hennar séð um úthlutun hjálpartækja til fatlaðra en hjálpartæki vegna heyrnarleysis hafa farið í gegnum Heyrnar- og talmeinastöðina. Eftir að hafa lesið í gegnum frv. velti ég því fyrir mér hvort ekki vanti inn í frv. t.d. ákvæði um að koma fyrir hjálpartækjum, setja þau upp, eins og gert er á vegum Hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar, t.d. varðandi uppsetningu á blikkljósum, brunaboðum, dyrabjöllum o.s.frv. sem heyrnarlausir þurfa sérstaklega á að halda og eru afgreidd í gegnum Heyrnar- og talmeinastöðina.

Sömuleiðis finnst mér að heyrnarlausir ættu ekki að þurfa að borga hærri upphæðir en aðrir fyrir grundvallartæki eins og vekjaraklukku eða brunaboða eða hvað það er sem þeir þurfa sérstaklega. Fötlunin á ekki að kosta einstaklinginn aukalega. Samfélagið á að koma með stuðninginn. Auðvitað er eðlilegt að menn greiði viðlíka upphæðir og heilbrigðir sem þurfa á þessum tækjum að halda.

En það er annað sem er mikilvægt og er komið inn á í frv. Það eru rannsóknirnar. Það er orðið mjög brýnt að efla rannsóknir í heyrnar- og talmeinum. Þessu hlutverki hefur mjög lítið verið sinnt. Það þarf t.d. að fara í skólana og sinna þar heyrnarmælingum. Það þarf að koma stuðningi fljótt að ef um heyrnarleysi eða heyrnarskerðingu er að ræða. Það kemur mjög við þroska barna t.d. Sömuleiðis þyrfti að sinna betur heyrnarmælingum úti um land. Heyrnarmælingaklefar eru víða í heilsugæslustöðvum um landið sem hafa staðið þar mikið til ónotaðir frá því að þeir voru settir upp fyrir einhverjum árum síðan. Sömuleiðis þyrfti ekki aðeins að fara í skólana, heldur þarf að fara í fyrirtæki og víðar til að kanna ástandið í þessum málum.

Mig langar líka að spyrja hæstv. ráðherra út í einn hóp sem ég get ekki séð beint að tekið sé á þjónustu við og það eru heyrnarsuðsþolendur. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra heyrir í mér þar sem ég sé að hann er kominn í símann í hliðarherbergi og er að tala við einhvern annan. Mér þætti vænt um ef ... (**Gripið fram í:** Það suðar í eyra.) Já, það suðar eitthvað í eyra hans í símanum. Ég ætla að vona að hann líði ekki fyrir heyrnarsuð því að það eru hræðileg örlög að lenda í því. Ég mun spyrja hann að því betur þegar hann kemur úr símanum.

Ýmis fleiri atriði væri full ástæða til að ræða hér varðandi Heyrnar- og talmeinastöðina og þjónustu hennar. Við rannsóknir og greiningu og greiningarstarfið þarf t.d. að halda öllum upplýsingum vel til haga. Það hefur ekki verið unnt. Ég veit að Félag heyrnarlausra hefur verið að reyna að safna slíkum upplýsingum um þá sem hafa greinst heyrnarlausir. En Félag heyrnarlausra hefur ekki fengið leyfi til að halda þeim upplýsingum til haga eða fá þær upplýsingar. Ýmsir úti í samfélaginu eru að veita þjónustu og eru með úrræði fyrir heyrnarlausa. Því er mikilvægt að koma þeim upplýsingum á framfæri áfram. Ég veit að það leggur Félag heyrnarlausra mikla áherslu á. En ráðgjöf hingað til hefur verið alltilviljunarkennd svo ekki sé meira sagt.

Ég veit að félagið Heyrnarhjálp hefur líka sent inn athugasemdir til hæstv. ráðherra um þetta mál og þjónustuna hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni. Ég geri ráð fyrir að tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda. Við munum kalla þessa hópa til í heilbr.- og trn. til að heyra nánar um afstöðu þeirra.

En það er alveg ljóst að ef ráða á bót á því ófremdarástandi sem ríkt hefur í þessum málum, þarf aukið fjármagn. Það er alveg ljóst. Ég vil fagna því sem hæstv. ráðherra sagði áðan, þ.e. að fjárveitingar séu á aukafjárlögum til að greiða niður skuldir stöðvarinnar. Vissulega þarf aukna fjármuni. Ég furðaði mig á því þegar ég las í gegnum frv. að fjárlagaskrifstofa fjmrn. skuli segja í umsögn sinni að ekki sé gert ráð fyrir því að lögfesting frv. hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þegar svona yfirlýsingar koma frá fjmrn. vakna náttúrlega upp grunsemdir í huga manns um að farið verði í auknar gjaldtökur, sem hæstv. ráðherra hefur sagt hér að hann muni ekki gera. (**Gripið fram í:** Hvernig á að standa undir þessu?) Já, það er auðvitað spurningin. Hvernig á að standa undir öllum þessum umbótum ef það á ekki að kosta neina fjármuni?

Auðvitað kostar þetta fjármuni. Það var alveg ljóst og kom mjög skýrt fram í heimsókn okkar í Heyrnar- og talmeinastöðina á dögunum að þetta kostar þó nokkuð mikla

peninga enda hefur þessi þjónusta verið í lamasessi og ekki verið sinnt sem skyldi.

Ég vildi gjarnan nefna annað áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, og það er varðandi öll þessi ákvæði um gjaldtöku. Þar er sagt að ráðherra skuli setja gjaldskrá að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og fagráð Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Hvað með samráð við hagsmunasamtök eins og Heyrnarhjálp, Félag heyrnarlausra og aðra? Er ekki full ástæða til þess að hafa líka samráð við þá?

Sömuleiðis vil ég nefna varðandi fagráðið að náttúrlega er mjög mikilvægt að í fagráðinu séu aðilar sem hafi sérþekkingu á þessum málaflokki, heyrnar- og talmeinum. Það kom einnig fram í máli starfsmanna sem við hittum að ekki hafa verið nógu margir sérfræðingar að störfum. Auðvitað hafa verið þarna ákveðnir sérfræðingar og hafa gert vel. En það þarf auðvitað að bæta ástandið til þess að geta sinnt þessu því það verður aldrei viðunandi að fólk þurfi að bíða í einangrun og þögn jafnvel í heilt ár eftir heyrnartækjum. Það er ekki boðlegt.

Herra forseti. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hvernig eigi að standa undir þessum kostnaði. Það er verið að tala um auknar rannsóknir. Það þarf að fara í skólana og mæla. Það þarf að fara í fyrirtækin. Þetta kostar allt saman peninga. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Í svari um hvernig ráðherra ætlar að stytta biðlista og bæta ástandið komu fram upplýsingar um atriði sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir taldi hérna upp, þ.e. eftirvinna í tvo daga, að endurskoða skráningu og móttökukerfi o.s.frv., endurskoða sumarleyfi og efla læknisþjónustuna þannig að alltaf sé læknir til staðar. Þetta er auðvitað allt góðra gjalda vert. En ég held að meira þurfi til. Og þetta sem nefnt er hér kostar auðvitað líka peninga. Ég vildi því gjarnan fá, herra forseti, svör frá hæstv. ráðherra um þessi atriði. Ég ítreka það að 1.000 einstaklingar bíða eftir 1.700 tækjum sem kosta að innkaupsverði 70 millj. kr.

[15:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Í raun er verið að fella niður lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Um Heyrnar- og talmeinastöðina hafa gilt sérstök lög frá árinu 1980 og með frv. á að fella ákvæði um Heyrnar- og talmeinastöðina inn í almenn lög um heilbrigðisþjónustu. Ég tel að það geti verið af hinu góða að einfalda þetta og hafa þannig að menn hafi frekari heildarsýn yfir lög um heilbrigðisþjónustuna.

Herra forseti. Okkur sem hér erum er öllum kunnugt um þau vandamál sem hafa verið hjá heyrnarskertum og heyrnarlausum. Hjá þeim sem hafa þurft að fá þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar og heyrnartæki hefur verið langur biðtími bæði eftir heyrnarmælingum og þó sérstaklega eftir heyrnartækjum. Þannig hefur það verið í mörg ár.

Ég hef kynnst vandamálum þessarar stofnunar gegnum fyrra starf mitt sem hjúkrunarfræðingur á heilsugæslustöð sem þurfti bæði að sækja þjónustu frá Heyrnar- og talmeinastöðinni og fá sérfræðiþjónustu út á land, fá árlegar vitjanir og eins með því að fylgjast með sjúklingum sem þurftu þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég held að allir viðurkenni að þrátt fyrir mikla erfiðleika hjá þessari stofnun þá hafa þar um langt skeið starfað mjög hæfir einstaklingar og duglegir. Þeir hafa sinnt starfi sínu vel. Það hafa komið upp erfiðleikar með stjórn stofnunarinnar en mestu erfiðleikarnir hafa verið vegna fjárskorts sem hefur háð starfseminni mörg undanfarin ár. Stofnuninni hefur verið ætlað — fyrir utan þá sérfræðiþjónustu að meta heyrnarskerðingu og segja til um lausnir og setja upp heyrnartæki — að kaupa inn heyrnartæki og sjá um úthlutun. Það var oftar en einu sinni að ég rak mig á að þegar leið á árið og leitað var eftir afgreiðslu á heyrnartækjum þá var hægt að mæla, en afgreiðsla tækjanna varð að bíða fram á næsta ár því peningarnir voru búnir. Það fjármagn sem stofnuninni var ætlað til innkaupa kláraðist á fyrstu mánuðum ársins og afgreiðslan varð að bíða til næsta árs.

Það segir sig náttúrlega sjálft að eins og þetta hefur verið þá gengur það ekki — hvort sem stofnunin hefur verið sett í þessa aðstöðu eða komið sér í þessa aðstöðu, ég skal ekkert segja um það — en svona hefur þetta verið og það hefur náttúrlega ekki hjálpað til við að veita góða þjónustu.

Ég veit, herra forseti, að á undanförnu ári, sérstaklega frá því sl. vor, þá hefur átt sér stað mikil endurskipulagning innan Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Þar er fólk að leggja sig fram um að breyta verkháttum. Ég tel að það sé af hinu góða að afgreiða heyrnartæki eins og hvert annað hjálpartæki sem við höfum aðgang að og fella afgreiðslu heyrnartækjanna undir afgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins, þ.e. undir hjálpartækjamiðstöðina. Ég held að þá væri sama hvort afgreiðslan væri frá Heyrnar- og talmeinastöðinni eða frá einkareknum stöðvum úti í bæ.

Herra forseti. Mér sýnist það alveg ljóst að með þessum breytingum á frv. til laga um heilbrigðisþjónustu er verið að opna fyrir einkareknar stöðvar eða þjónustu við heyrnarlausa. Ég held að við munum skoða vel í hv. heilbr.- og trn. hvernig þessi starfsemi er fyrirhuguð í framtíðinni. Eftir því sem mér sýnist, herra forseti, er bæði opnað fyrir að veita rekstrarleyfi til að annast alla þjónustuna sem hér um ræðir eða hluta þeirrar þjónustu yfir til einkaaðila. Ég held að við megum ekki skilja við afgreiðslu þessa frv. án þess að hafa myndina alveg ljósa.

Varðandi gjaldahlið frv. þá sýnist mér, þar sem þetta á ekki að kosta ríkissjóð meiri fjárútlát, hún ekki standast, ekki miðað við þá biðlista sem eru eftir heyrnartækjum og þann kostnað sem þegar liggur fyrir. Þá hlýtur það að kosta ríkissjóð eitthvað að mæla með því að tækjakaupin fari í gegnum Tryggingastofnun ríkisins og farið verði með þau eins og hvert annað hjálpartæki, það hlýtur að vera útgjaldaaukning. Ég vil ekki trúa því að fólki verði gert að borga tækin að fullu. Það væri þá undantekning frá þeim reglum sem gilda um hjálpartæki.

Eins finnst mér vera hægt að lesa úr frv. að það eigi að hækka mjög gjöld þeirra sem fá þjónustu hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni. Heimsókn þar á að vera sambærileg við vitjun til sérfræðinga og á jafnframt að standa undir öllum rekstri stofnunarinnar. Mér finnst rétt að við fáum svar við því hvort verið er að setja þetta inn til þess að auðvelda yfirfærslu á einkarekna stofnun. Er það sem hér stendur rétt skilið: „Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Heyrnar- og talmeinastöðin innheimtir gjöld þessi." Á gjaldtakan sem sagt alfarið að standa undir rekstrinum? Þetta skiptir miklu máli.

Ég sakna þess, herra forseti, að ekki hefur þótt ástæða til þess að hafa það í frv. Að mínu mati verður það að vera skilgreint í einum lið sem hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar að veita þjónustu á landsbyggðinni. Það er ekki nóg að gera það í þjónustusamningi. Það hefur sýnt sig fram

til þessa að um leið og fer að herða að, vanta fjármagn, þá er hægt að segja að segja um þjónustuna á allri landsbyggðinni, landsbyggðarfólkið getur komið til okkar en það er svo dýrt að fara út á land að við höfum bara ekki efni á því. Þegar rekstrarerfiðleikar hafa verið miklir, þá hefur bara ekki verið til peningur til að fara út á land og ég held að það verði þannig áfram. Ég held að það verði bara að vera skilgreint þannig að stöðin þurfi að þjóna öllum íbúum landsins, það verður að vera hlutverk hennar að fara út á land ekki sjaldnar en einu sinni á ári og helst tvisvar á ári. Víða er komin upp mjög góð aðstaða til að taka á móti sérfræðingum Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Langflestir þeirra sem sækja þessa þjónustu eru fullorðið fólk og oft á tíðum er þetta heilmikið ferðalag fyrir það að sækja þessa þjónustu.

Herra forseti. Ég beini þeim tilmælum til ráðherra og nefndarmanna að skoða þetta með opnum hug og taka tillit til þessa. Ég vonast til að þeir setji ákvæði í lög um að skýrt verði að þjónustan eigi að fara út á land.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að ágreiningurinn í þessu máli sé ekki óyfirstíganlegur. En til mín var beint nokkrum spurningum til viðbótar.

Í fyrsta lagi var spurt hvað skýrði mismuninn á verði heyrnartækja? Ég hef ekki tæmandi svör við því á reiðum höndum. Heyrnartæki eru mjög misjafnlega tæknilega útbúin og eins og kom fram er innifalin þjónusta hjá einkaaðilaum. Hins vegar er þetta atriði sem skoða mætti betur við vinnslu málsins. Ég bendi á þær hugmyndir sem eru settar fram í frv. um greiðsluþátttöku. Gert er ráð fyrir því að tækin séu keypt á sambærilegu verði. Ég held að það sé ekki mögulegt að hafa það öðruvísi. Það hefur ekki verið breytt um stefnu í því máli.

Varðandi umsagnir aðila um frv. á undirbúningsstigi þá er það alveg ljóst að hagsmunaaðilar leggja áherslu á 2–3 atriði. Það er í fyrsta lagi að biðlistarnir séu styttir, það er náttúrlega númer eitt varðandi þetta. Það er ekki nóg að fá heyrnartæki heldur þarf flókinn undirbúning varðandi þetta og flókna þjónustu, forvarnir og heyrnarmælingar í þurfa jafnframt að vera í lagi.

Varðandi kostnaðarumsögnina, sem mönnum er hér tíðrætt um, þá get ég sagt að auðvitað setur það mark sitt á alla þessa umfjöllun að málefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar eru í gagngerðri endurskoðun eins og hv. þingmenn hafa réttilega komið inn á. Ég fagna því að þeir hafa kynnt sér starfsemi stöðvarinnar og hvar skórinn kreppir. Þessi mál eru í gagngerðri endurskoðun og það hlýtur að setja sitt mark og leiða okkur nær viðunandi niðurstöðu varðandi fjárþörfina. Ég hef verið í viðræðum og fylgst grannt með þróuninni hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og ég fullvissa hv. þingmenn um að þar er unnið mjög gott verk í endurskipulagningu. En það setur okkur, eins og ég segi, í nokkurn vanda að meta fjárþörfina endanlega. Það er alveg ljóst að stytting biðlista kostar fjármuni, enda er það tekið fram í svari mínu við fyrirspurn hv. þingmanna.

Ég get ekki á þessu stigi sagt hverju endurskipulagning starfseminnar skilar en það er ljóst að í frv. er ætlast til að á stofnuninni sé veitt þjónusta. Það kostar vissulega fjármuni en við verðum að fara yfir þetta mál í ljósi þeirrar niðurstöðu sem verður af endurskipulagningu starfseminnar.

Þjónusta við landsbyggðina er eitt af þeim hlutverkum stöðvarinnar sem æskilegt væri að hún sinnti í ríkari mæli en gert hefur verið, ég tek undir það. Ég efast ekki um það að það verði skoðað í heilbr.- og trn., með hvaða hætti það verði tryggt. Ég efast ekki um að nefndin muni kalla í þá aðila sem þarna eiga hlut að máli, hvort sem það eru hagsmunaaðilar eða aðrir. Ég treysti því að vel verði unnið að þessu máli þar.

[16:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru 1.000 einstaklingar á biðlista eftir heyrnartækjum og það kostar 60 milljónir að eyða þessum biðlistum. Ég hef skilið orð hæstv. ráðherra svo í þessari umræðu — hann leiðréttir mig ef það er ekki rétt hjá mér — að hann sé að vinna að því að fá fjármagn við lokaafgreiðslu fjárlaga til að taka megi hraustlega á þessum biðlistum.

En ég fæ það ekki til að koma heim og saman að auka á þjónustuna verulega, þó á ekki að hækka gjaldskrána eftir því sem ráðherrann segir — hann segir það afdráttarlaust hér í ræðustól, en samt sem áður á gjaldtaka samkvæmt frv. að taka mið af kostnaði við þjónustuna. Það er eitthvað sem vantar upp á í skýringum frá hæstv. ráðherra til þess að þetta gangi upp. Mér finnst það standa út af í þessari umræðu að þetta gengur ekki upp, þessir þættir sem við höfum nefnt hér, þ.e. að bæta eigi þjónustuna, ekki að hækka gjaldskrána en samt á gjaldtakan að taka mið af kostnaði við þjónustuna.

En ég tel að það sé fagnaðarefni að ráðherrann sé að vinna að því að fá aukið fjármagn til að stytta verulega þessa biðlista. Ég hefði líka viljað heyra frá honum hvort verið sé að vinna að því að rýmka rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu sem ég veit að skortir verulega á. Eins hefði verið fróðlegt í þessari umræðu að fá upplýst hjá ráðherra hvort hann sé nokkuð að vinna að því í ráðuneyti sínu að bæta stöðu barna sem þurfa á gleraugum að halda. Ég hef nokkrum sinnum flutt frv. um það hér á þinginu. Þar er veruleg mismunun milli heyrnar- og sjónskertra barna. Ég held að það sé réttlætismál að vinna að því að börn sem þurfa á gleraugum að halda fái aðstoð frá hinu opinbera. Samkvæmt útreikningum mínum kostar það um 50 milljónir og ég spyr hæstv. ráðherra: Er eitthvað verið að vinna að málefnum þeirra barna sem þurfa á gleraugum að halda?

[16:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á gjaldtökuna. Það er alveg rétt að það er sagt að gjaldtakan eigi að taka mið af kostnaði. Þar með er ekki sagt að það sé í járnum. Ég endurtek að ég hef ekki nein áform um að auka hlutdeild sjúklinga eða hlutdeild notenda í kaupum þessara tækja, að raungildi, ég hef engin slík áform.

Túlkaþjónustan hefur verið rædd hjá okkur.

Þó að gleraugnanotkunin tilheyri ekki þessu frv., þá er ég alveg tilbúinn að fara yfir þau mál þó svo að ég hafi ekki átt fundi um það upp á síðkastið. En við höfum það á dagskrá okkar í ráðuneytinu að fara yfir þau mál og stöðu þeirra. Ég er tilbúinn að kanna þau mál. Ég hef ekki niðurstöðu úr því máli fyrir hv. þm. á þessari stundu.

[16:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ég fagna því að verið sé að skoða það í ráðuneyti hans að rýmka rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu. Það mál er í skoðun á borði ráðherra og ég býst þá við að ráðherrann sé að vinna að einhverjum raunhæfum lausnum í því máli.

Ég fagna því jafnframt að ráðherrann er tilbúinn að beita sér fyrir því að skoða sérstaklega bætta stöðu barna sem þurfa á gleraugum að halda. Ég held að það sé mjög afgerandi munur á réttarstöðu sjónskertra barna og barna sem eru heyrnarskert. Það getur komið verulega niður á félagslegri stöðu barna, ekki síst þeirra sem eru í skóla og þurfa á gleraugum að halda. Ég hef flutt langt mál um það hér á þingi og ég fagna því að ráðherrann er jákvæður gagnvart því að skoða réttarstöðu þessara barna og hvernig hægt er að bæta þjónustu við börn sem þurfa á gleraugum að halda.

Ráðherrann talar mjög skýrt að því er varðar gjaldtökuna. Ráðherrann ætlar að verja það að ekki eigi að auka hlutdeild notenda í þjónustunni varðandi kaup á tækjum eða annarri þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar fyrir heyrnarskerta. Ég treysti fyllilega orðum ráðherra, af því að hann talaði mjög skýrt og afdráttarlaust í því efni. En við munum auðvitað fylgjast með þegar endurskipulagningin hefur farið fram hvernig staðið verður að fjármögnun á þessari bættu þjónustu sem frv. kveður á um.

Ég tek það líka svo, annars munum við skoða það sameiginlega við lokaafgreiðslu fjárlaga, að ráðherrann sé að beita sér fyrir auknu fjármagni til að hægt sé að stytta eða eyða biðlistum hjá þeim þúsund einstaklingum sem nú bíða eftir heyrnartæki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsbundnir gerðardómar, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (fullnusta erlendra gerðardóma). — Þskj. 228.

[16:10]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um samningsbunda gerðardóma, nr. 53/1989.

Með frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum til að unnt verði að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um viðurkenningu og fullnustu á erlendum gerðardómum, sem gerður var í New York 10. júní 1958 og tók gildi 7. júní 1959. Þá er einnig að finna í frv. smávægilegar breytingar á ákvæðum laganna um aðför til fullnustu á úrlausnum gerðardóma og sáttum gerðum fyrir þeim.

Aðildarríki samningsins, sem gjarnan er nefndur New York samningurinn, eru nú 121 og eru þar á meðal öll vestræn ríki. Samningurinn hefur það að meginmarkmiði að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gerðardómum þannig að þeir öðlist réttaráhrif og verði fullnægt í samræmi við réttarfarsreglur þar sem fullnustu er leitað.

Í samningnum er heimild fyrir aðildarríki til að lýsa því yfir að þau muni einungis láta samninginn gilda um viðurkenningu á fullnustu gerðardóma sem eru kveðnir upp í öðru samningsríki. Langflest aðildarríki samningsins hafa nýtt sér þessa heimild og á meðan Ísland hefur ekki gerst aðili að samningnum hefur það í för með sér að engin trygging er fyrir því að gerðardómar kveðnir upp á Íslandi verði viðurkenndir erlendis, né heldur að gerðardómar kveðnir upp í öðrum ríkjum verði viðurkenndir eða þeim framfylgt hér á landi.

Um þessar mundir stendur yfir í utanrrn. undirbúningur að þáltill. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samninginn og gert er ráð fyrir að hún verði lögð fyrir Alþingi á næstunni. Sú breyting á lögum um samningsbundna gerðardóma sem leiðir af samningnum er að þegar mál er höfðað til ógildingar á gerðardómi er dómara gefin heimild til að fresta réttaráhrifum gerðardóms og binda slíka frestun við að lögð verði fram trygging fyrir efndum skuldbindingar gerðardómsins. Hljóðar 1. gr. frv. á um þetta.

Í 2. og 3. gr. frv. er lagt til að ákvæði laganna hafi að geyma ítarlegri tilvísun til laga um aðför þannig að ljóst verði eftir hvaða reglum þeirra laga gerðardómi verði fullnægt með aðför. Núgildandi ákvæði laganna eru að þessu leyti ófullnægjandi.

Herra forseti. Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Velferðarsamfélagið, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

[16:12]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins.

Hér er endurflutt þingsályktunartillaga sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa að stofni til flutt á tveimur undangengnum þingum en fékk í hvorugt skiptið framgang. Í þessari nýju tillögu hefur fáu verið breytt frá síðasta flutningi hennar en ýmsir útreikningar sem fram koma í greinargerð hafa verið reiknaðar aftur auk þess sem nokkrar breytingar koma fram í texta hennar.

Meðal helstu nýmæla sem stefnumótun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á sviði velferðarmála felur í sér má nefna:

1. Horfið verði frá „bóta- og ölmusuhugsunarhætti" sem enn gætir allt of mikið í almannatryggingakerfinu og þess í stað tekið upp hugtakið „samfélagslaun".

2. Sjálfstæður réttur hvers einstaklings til mannsæmandi afkomu verði styrktur og sérstaklega skilgreindur. Af þessu leiðir að horfið verði með öllu frá niðurlægjandi viðmiðun við tekjur maka hjá öryrkjum og aldrei gengið svo langt í slíkum tekjutengingum eða viðmiðunum að hver og einn njóti ekki fullrar sjálfsvirðingar sem einstaklingur og búi við fullnægjandi afkomuöryggi.

3. Endurskoðun og samræming lífeyrisréttinda, almannatrygginga og skattkerfis verði forgangsmál og málaflokkur lífeyrisréttinda, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta verði sameinaður í einu ráðuneyti.

4. Sett verði lög sem banna mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli aldurs.

6. Hafið verði á nýjan leik átak í byggingu félagslegra leiguíbúða og stuðningur við lágtekjufólk vegna húsnæðiskostnaðar samræmdur og aukinn.

7. Komugjöld og sjúklingaskattar verði afnumin.

8. Hugtakið „jafnrétti til þjónustu" verði grundvallarregla heilbrigðiskerfisins.

9. Sett verði ákvæði í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað á kostnað opinbers skólastarfs.

10. Öllum verði tryggður réttur og möguleiki á samfelldu námi til 18 ára aldurs í heimabyggð.

11. Gert verði stórátak í aðgengismálum hreyfihamlaðra og réttindamálum fatlaðra með hliðsjón af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna.

12. Hafin verði barátta fyrir styttingu vinnuvikunnar.

13. Sérstakt forgangsverkefni á næstu árum verði að útrýma kynbundnum launamun.

14. Skattþrepum í tekjuskatti verði fjölgað.

Með þessari þingsályktunartillögu leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til aðgerðir í nokkrum þeirra mála sem hvað brýnast er að takast á við í íslensku samfélagi um þessar mundir. Það ber þó að ítreka að hér verður ekki látið staðar numið, þingflokkurinn mun halda áfram að vinna að tillögum um úrbætur og endurreisn velferðarkerfisins til hagsbóta fyrir alla Íslendinga og leggja línur fyrir framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að líta heildstætt á velferðarþjónustuna og vill ráðast í lagabreytingar með skýra og markvissa framtíðarsýn.

Þess má geta að við höfum lagt fram tiltekin þingmál sem eru í samræmi við þessa stefnulýsingu, t.d. um að skapað verði eitt ráðuneyti sem haldi utan um almannatryggingar og atvinnuleysistryggingar sem ég nefndi áðan. Við höfum verið með þingmál í húsnæðismálum, varðandi réttarstöðu fólks í almannatryggingakerfinu og þannig mætti áfram telja. En hér setjum við saman í eitt þingmál þá stefnumótun sem ég vék að áðan.

Komið hefur fram í ýmsum könnunum að félagslegrar mismununar sé farið að gæta innan velferðarþjónustunnar hér á landi og það er nokkuð sem Íslendingar eiga ekki að sætta sig við. Gerð var könnun á vegum landlæknisembættisins fyrir fáeinum árum þar sem þetta kom berlega í ljós og þar var staðhæft að tekjulágt fólk veigraði sér við því að leita læknisaðstoðar, t.d. til tannlækna, af þeim ástæðum að það hafði ekki til þess fjármuni.

Það er ljóst að þrátt fyrir ýmsar augljósar framfarir á sviði læknavísindanna hefur orðið afturför í velferðarmálum á ýmsan hátt, sérstaklega á 10. áratugnum. Þar hefur verið tekin upp gjaldtaka, bæði innan heilbrigðis- og skólakerfis, sem hlýtur að flokkast undir afturför. Og á sama tíma og klyfjar eru settar á fólk sem leitar til velferðarþjónustunnar hafa ráðstöfunartekjur fólks verið skertar með því að auka skattbyrðar. Þannig hefur staðgreiðsluhlutfall skatta hækkað um 9% frá því að staðgreiðslan var tekin upp. Árið 1988 var staðgreiðsluhlutfall skatta 35,2%. Núna er staðgreiðsluhlutfall skatta 38,76%. Ríkisstjórnin gumar af því að hún sé að lækka skatta og hafi verið að lækka skatta á einstaklinga á liðnum árum og það má til sanns vegar færa þegar litið er aftur til árabilsins 1993–1997. Þá var tekjuskattshlutfallið yfir 40%, reis hæst á árinu 1997 þegar það var 41,98% en engu að síður er skatthlutfallið nú svipað og það var í byrjun 10. áratugarins og talsvert hærra en það var tveimur árum áður, 1988, þegar staðgreiðslan var tekin upp.

Jafnframt hefur verið settur á hátekjuskattur, 5%, sem síðan var hækkaður upp í 7% 1997. Það sem ríkisstjórnin hyggst gera núna er að hækka tekjuviðmið fyrir hátekjuskattinn um 15%, ef ég man rétt, en þessi tekjuviðmið munu núna vera í rúmum 320 þús. kr. á mánuði.

Jafnframt þessu hafa skattleysismörkin í raun lækkað og það hefur gerst á tvennan hátt. Annars vegar hefur tekjuskattsprósentan verið þyngd og persónuafslátturinn ekki hækkaður til samræmis en það veldur því að skattleysismörkin lækka í raun. Hin ástæðan er sú að skattleysismörkin hafa ekki verið látin fylgja almennri launaþróun. Á þetta hefur margoft verið bent.

Við höfum líka bent á það að velferðarkerfið stendur hér ekki eins traustum fótum og það gerir í þeim ríkjum sem við helst berum okkur saman við, Norðurlöndunum. Norðurlöndin verja mun hærra hlutfalli af sinni landsframleiðslu til velferðarmála en við gerum, og munar þar talsvert miklu þannig að þegar íslenskir ráðamenn vísa í niðurskurð á Norðurlöndum og segja að við séum að gera eins og hinir eru menn ekki að tala um samanburðarhæfar stærðir.

Við höfum bent á mikilvægi þess að hafa trausta samfélagsþjónustu. Hún gagnast öllu samfélaginu. Stundum er atvinnurekstri á markaði og opinberri velferðarþjónustu stillt upp sem andstæðum. Þetta tel ég vera rangt að gera. Þegar gerð hefur verið könnun á því hverju atvinnurekendur leggja mest upp úr til að atvinnurekstur þeirra fái dafnað, til að þeir geti komið sér fyrir eða sett fyrirtækið niður, vísa þeir jafnan til velferðarþjónustunnar. Þeir segja að þeir þurfi að hafa skóla á svæðinu, góða heilsugæslu, góðar samgöngur, að löggæsla sé góð, öldrunarþjónustan sé í lagi o.s.frv. Þetta kom m.a. fram í könnun sem danska atvinnumálaráðuneytið gerði árið 1996 og að sjálfsögðu þarf þetta stoðkerfi samfélagsins að vera í góðu lagi til að atvinnureksturinn fái dafnað. Við höfum bent á að sú stefna sem hér hefur verið rekin hefur orðið til þess að veikja samfélagsþjónustuna og veikja byggðarlögin og það undarlega hefur reyndar gerst á liðnum árum að hlutverkaskipti hafa orðið í stjórnmálunum. Einarðir vinstri menn sem áður töluðu fyrir miklum ríkisafskiptum í efnahagslífinu gera það ekki lengur. Þeir leggja áherslu á trausta og góða samfélagsþjónustu en markaðshyggjumennirnir, hægri mennirnir, eru talsmenn hinna miklu ríkisafskipta og nægir þar að nefna ákafa ríkisstjórnarinnar og þeirra stjórnmálaflokka sem að henni standa um að reisa álver og stóriðjuver og leysa á þann hátt atvinnumál á landsbyggðinni. Við höfum hins vegar viljað fara aðra leið, styrkja samfélagsþjónustuna, styrkja velferðarþjónustuna og búa þannig í haginn fyrir kröftugt atvinnulíf. Þarna hefur orðið ákveðin hlutverkaskipting.

Til þess að fjármagna velferðarþjónustuna þarf að sjálfsögðu að leggja á skatta og ég held að almennt séu Íslendingar reiðubúnir að greiða skatta ef þeir vita að þeim er vel varið. Og þeim er vel varið með því að byggja upp góða velferðarþjónustu, gott heilbrigðiskerfi og menntakerfi, og flest viljum við, held ég, hafa góðar almannatryggingar og búa mun betur að öldruðum og einnig að örykjum en nú er gert. Þar erum við farin að tala ekki aðeins um peninga, við erum að tala þar um mannréttindi fólks. Á vegum Félagsvísindastofnunar var fyrir fáeinum árum gerð könnun á vilja þjóðarinnar í þessum efnum og þar kom fram að yfirgnæfandi meiri hluti fólks vildi fjármagna þessa þjónustu með sköttum en ekki með notendagjöldum. Skattar hér á landi eru mun minni en þeir eru í samanburðarlöndum okkar, miklu minni en þeir eru á Norðurlöndum, miklu lægra skatthlutfall en á Norðurlöndum og er nánast sama að hvaða skattstofni menn beina sjónum sínum. Þannig er tekjuskattur einstaklinga á Norðurlöndum mun hærri en hér og það gildir einnig um skatta fyrirtækja. Við erum líka með lægra skatthlutfall en gerist í Evrópusambandinu og hjá OECD, reyndar að undanskildum tekjuskatti einstaklinga. Við erum með heldur hærri tekjuskatta einstak-

linga en gerist hjá OECD og einnig Evrópusambandinu. En Norðurlöndin eru þar langt fyrir ofan.

Herra forseti. Tími minn er þrotinn og lýk ég hér máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 27. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 27.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 44. mál. — Þskj. 44.

[16:28]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Það þingmál sem ég mæli fyrir hefur legið frammi á þskj. 44 var raunar lagt fram fyrr á þessu ári, á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Tillagan sem er í tveimur greinum er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd víðtæku forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi og hefja síðar skipulagt og reglubundið forvarna- og leitarstarf vegna þeirra.

Leitar- og forvarnastarf verði byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og samstarfsaðila þess, auk víðtækrar samvinnu allra aðila innan og utan heilbrigðisþjónustunnar sem vinna að málefnum krabbameinssjúkra, í heilbrigðisþjónustu, við rannsóknir, í forvarnastarfi, fræðslu og stuðningsþjónustu."

Flutningsmenn að tillögunni auk mín eru 17 aðrir hv. þingmenn.

Herra forseti. Fyrri dagskrármál þessa þingfundar hafa nokkur vikið að heilbrigðisþjónustunni og raunar voru hér rædd stórmál á fyrra þingi sem einnig snertu heilbrigðisþjónustuna. Rétt er að nefna sérstaklega í þessu samhengi að hæstv. heilbrrh. lagði fram till. til þál. um áætlun í heilbrigðismálum til ársins 2010, raunar einnig skýrslu að beiðni nokkurra hv. þm. um forvarnir gegn krabbameinum og öðrum sjúkdómum sem þeim tengjast. Í þeim tveimur málum komu fram nokkur atriði sem m.a. urðu til þess að þessi tillaga var lögð fram.

Meðal annars kom þar fram að forvarnir gegn krabbameinum og tengdum sjúkdómum hafa ýmiss konar áhrif á heilbrigðisþjónustu, einnig að forvarnastarfið sem hingað til hefur verið unnið hefur náð miklum árangri og verður að segja að starf Krabbameinsfélagsins er saga ekki aðeins mikils starfs heldur gi[illegible] sigra. Ekki er hægt að greina annað en að árangur starfsins, sem kemur fram í skýrslu hæstv. heilbrrh. af krabbameinsleit meðal kvenna, hefur minnkað dánartíðni og tekist hefur að taka á sjúkdómnum miklu fyrr en ella hefði orðið.

Þar kemur einnig fram að samvinna heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki skilað þeim árangri sem vonast var til og má m.a. rekja það til þess að læknamönnun stöðvanna er í lágmarki. Nokkur fleiri atriði eru nefnd í þessu efni en þetta er fyrst af öllum talið.

Í grg. með till. til þál. um heilbrigðismálaáætlun kom svipað efni fram sem hlaut að hafa vakið sérstaka athygli fleiri en þeirra sem flytja þessa tillögu. Stefnumörkunin í málefnum heilsugæslunnar með samþykkt heilbrigðislaganna 1973 verður að teljast til undantekninga, en í nefndri grg. var einmitt fjallað um að vinnubrögð af því tagi í heilbrigðiskerfi okkar hafa verið fátíð þó að það sé orðið nokkurra áratuga gamalt.

En það er kannski þess vegna sem samtök á sviði heilbrigðismála hafa átt svolítið erfitt um vik að finna sér verksvið hér á landi og raunar eru þau færri starfandi innan heilbrigðisþjónustunnar, samtök eða sjálfboðaliðar í félögum, en í nokkrum öðrum löndum, m.a. grannlöndum okkar.

Hvað um það, herra forseti, forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum hafa smám saman orðið meira umræðuefni í heilbrigðisþjónustunni sjálfri, meðal heilbrigðisstétta, lækna og hjúkrunarfræðinga. Það hefur vakið athygli mína, ekki sem sérfróðum um þessi mál, sem ég er ekki, heldur sem fórnarlambs, að við Íslendingar erum um nokkur atriði skemmra á veg komnir en sumar grannþjóðir okkar og mér hefur ekki þótt það okkur til mikils sóma. Það hefur sérstaklega átt við um forvarnastarf og leit að frumeinkennum þeirra sjúkdóma sem tillagan snýr að, krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi. Í Bandaríkjunum vestan við okkur og í Þýskalandi austan við okkur hefur leit að frumeinkennum, leit að góðkynja einkennum sem eru forstig þessara sjúkdóma, staðið um nokkra áratugi með miklu fræðslu- og hvatningarstarfi gagnvart almenningi. En ekki hérlendis.

Ég verð að segja að við Íslendingar leikum okkur stundum að því í umræðu um heilbrigðismál að álíta heilbrigðiskerfi Bandaríkjamanna, jafnvel einnig sumra Evrópuþjóða, lakara en okkar. Mér hefur þá oft orðið hugsað til langra biðlista hér á landi og nokkurra þátta sem við höfum ekki enn byrjað eins og þeirra sem ég ræði nú. Forvarnastarf og almenn leit að einkennum krabbameinssjúkdóma eða forstigseinkennum krabbameins, meðal almennings, meðal áhættuhópa sem er auðvelt að skilgreina hér á landi og meðal aldurshópa sem er enn auðveldara að finna.

Þeir sjúkdómar sem hér er fjallað um eru í flestum skýrslum taldir tveir flokkar sjúkdóma en læknum ber saman um að í raun sé um einn flokk sjúkdóma að ræða. Samtals eru þeir í dag jafnalgengir á Íslandi og þeir tveir sem eru næstalgengastir. Það vill svo til að í báðum kynjum eru aðrir krabbameinssjúkdómar algengari, bæði meðal karla og kvenna en ekki þeir sömu.

Í báðum kynjum er lungnakrabbamein næstalgengast og í báðum tilvikum eru þeir sjúkdómar sem hér um ræðir samanlagt jafnalgengir. Læknum og sérfróðum ber saman um að gagnvart lungnakrabbameinum verði ekki komið við forvörnum, einungis leit að einkennum þegar sjúkdómur er kominn af stað. Hin raunverulega forvörn verði best gerð með því að almenningur, fólk eins og við, stundi ekki reykingar og komist hjá óbeinum reykingum. En þessir sjúkdómar eru lengi einkennalausir, a.m.k. af ytri einkennum,

en læknar og sérfróðir þekkja mjög vel orðið öll einkenni sem sjást við sjúkdómsskoðanir, við rannsóknir sem nefndar eru speglanir og þær rannsóknir sem nefndar eru skimanir í blóði. Allt saman tiltölulega einfaldar og óþægindalitlar rannsóknir fyrir okkur ef við komum okkur til lækna. Það er einmitt kannski munurinn á okkur og Bandaríkjamönnum að þar hafa fjölmenn samtök lækna og áhugafólks uppi mikla hvatningarherferð á hverju ári allan ársins hring við almenning. Ekki hér.

Þær aðferðir sem notaðar eru og eru til umræðu hér á landi eru allar orðnar nokkuð vel reyndar í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Japan og eru nú til umræðu í nokkrum löndum sem við höfum gjarnan talið aftar okkur í heilbrigðisþjónustu, sumum sem eru greinilega aftar en við í öllum efnahagslegum mælikvörðum, svo sem Pólland og Tékkland, svo merkilegt sem það kann nú að vera.

Um öll þessi lönd á það við að erfiðara er þar að greina áhættuhópa en á Íslandi. Við erum fámenn þjóð, við erum tiltölulega einsleit og hér er mikil vitneskja til um skyldleika okkar sem er grunnur að því að skilgreina áhættuhópa. Við erum í tiltölulega góðu almennu, daglegu sambandi við lækna okkar þegar við þurfum á að halda en við virðumst ekki vera mjög áhugasöm um þessi einkenni sem hins vegar geta breytt mjög miklu þegar þau fara hreyfast.

Við flutningsmenn viljum með tillögunni eindregið hvetja til þess að hér verði þessu máli hrundið af stað. Við teljum að samþykkt þingsályktun um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 leggi ágætan grunn að slíku starfi, ekki síst bendum við á þann grunn sem liggur í starfi Krabbameinsfélags Íslands og Leitarstöðvar þess um áratugi og það sem vitað er um okkur Íslendinga sem ég nefndi fyrr í máli mínu.

Það eru hins vegar meginforsendur, ekki aðeins fyrir tillögunni heldur fyrir því að hrinda slíku starfi af stað að við búum að mjög vel menntuðu starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar. Bæði í menntun og kunnáttu lækna, hjúkrunarfræðinga og annars starfsfólks. Við búum að mjög góðu og öflugu starfi áhugasjálfboðasamtaka, einkum Krabbameinsfélags Íslands. Við getum þess vegna hrint slíku starfi af stað og við flutningsmenn teljum að við þurfum að ákveða, fræða og hvetja og gera það sem til þarf.

Það er alveg ljóst af þeim ummælum sem komu fram í grg. fyrir þáltill. sem varð síðar ályktun Alþingis um heilbrigðisáætlun til 2010, að við höfum af því efnahagslegan ávinning að beita forvörnum og leita að frumstigum sjúkdóma af þessu tagi. Ekki síst munu sjúklingar og aðstandendur þeirra hafa gríðarlega mikinn heilsufarsávinning af því að sjúkdómarnir verði greindir snemma, jafnvel að einkenni jákvæðra frumubreytinga geti verið greind fljótt svo að ekki verði af sjúkdómar. Ljóst er að við höfum af þessu mikinn félagslegan og heilsufarslegan ávinning og við gætum hugsanlega enn þá síðar varið meiri fjármunum til að fást við aðra sjúkdóma sem þá verða erfiðari.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og til hv. heilbr.- og trn. þingsins til athugunar og vænti þess að þar verði leitað umsagnar sem víðast úr samfélaginu.

[16:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kem hér fyrst og fremst upp til að taka undir með 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Árna R. Árnasyni, en þess má geta að þriðjungur þingsins stendur að tillögunni. En fyrir hópnum og frumkvöðull að málinu er 1. flm. tillögunnar.

Við leggjum til að komið verði á mjög víðtæku forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi. Jafnframt að hafinn verði undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi og hefja síðar skipulagt og reglubundið forvarna- og leitarstarf vegna þeirra.

Hvers vegna er forvarnastarf mikilvægt? Eins og fram kom í máli hv. þm. Árna R. Árnasonar er með því móti hægt að bæta heilsufar fólks og forða því frá að verða þessum alvarlega sjúkdómi að bráð og getur þannig bjargað lífi fólks. Síðan hefur þetta einnig sparnaðargildi í för með sér þótt við einblínum að sjálfsögðu fyrst og fremst á fyrri þáttinn.

Í grg. með þáltill. kemur fram að krabbamein í maga hafi verið á undanhaldi á síðustu áratugum, hafi fallið um 70% hjá báðum kynjum frá sjötta áratugnum. Þetta er mjög athyglisvert. Þess er getið í grg. að þessu valdi án efa breytt mataræði þjóðarinnar, minni neysla á söltuðum og reyktum mat og aukin neysla grænmetis og ávaxta. En einnig er talið að þetta megi þakka lyfjameðferðum við magabólgum sem eru kunnar að því að geta valdið krabbameini. En þetta segir okkur líka hve mikilvægt er að við séum meðvituð um þessa þætti, samhengið á milli mataræðis og sjúkdóma, svo dæmi sé tekið. Og þetta er einnig þáttur í forvarnastarfinu að sjálfsögðu.

Við gerum ráð fyrir eða þess er getið í grg. að forvarna- og leitarstarf gæti byggst á því að farið verði í smiðju til Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og annarra heilbrigðisstofnana til að finna fólk í áhættuhópum frá skilgreindu aldursmarki.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að ráðast í fræðsluátak um þá sjúkdóma sem starfið beinist að þar sem markmiðið er að auka vitund og þekkingu almennings á sjúkdómum í meltingarvegi.

Við teljum í þriðja lagi mikilvægt að efla þekkingu starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar á sjúkdómum í meltingarvegi.

Í fjórða lagi segjum við að mikilvægt sé að halda skipulagðri skráningu á þessum sjúkdómum.

Hv. 1. flm. hefur gert ítarlega grein fyrir þessu þingmáli. Ég endurtek að ég kem hingað fyrst og fremst upp til að lýsa mjög eindregnum stuðningi við að það nái fram að ganga.

[16:44]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir eru hagkvæmustu aðgerðir gegn sjúkdómum í öllu tilliti. Leitar- og forvarnastarf Krabbameinsfélags Íslands og samstarfsaðila þess hafa sannað á ótvíræðan hátt þá fullyrðingu sem ég hóf mál mitt á. Áhugamenn um almenna og skipulega leit að krabbameini hafa kannað möguleika á því að meta þjóðfélagsleg áhrif hennar, þ.e að meðhöndla forstig krabbameins.

Þessi þáltill. fjallar um að hefja í framtíðinni skipulagða leit og reglubundið forvarnastarf með krabbameinsleit í lífærum og líkamshlutum fólks til að koma í veg fyrir veikindi og þjáningar einstaklinga að því leyti sem mögulegt er með forvarnaaðgerðum.

Herra forseti. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason hefur sem 1. flm. lagt fram gífurlega vinnu við undirbúning þessa máls sem ég tel vera mjög vandað. Ég er hreykinn af því að

vera meðflutningsmaður á þeirri tillögu og kem hér fyrst og fremst upp til þess að lýsa yfir stuðningi og láta í ljós aðdáun fyrir þá vinnu sem hefur verið lögð í þetta verk sem ég tel að sé, eins og ég sagði áðan, sérstaklega vel vandað. Ég hvet því, herra forseti, eindregið til þess að þáltill. verði afgreidd eins og hún er orðuð á þessum vetri af hv. heilbr.- og trn. og hinu háa Alþingi.

[16:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við sem hér blöndum okkur í umræðu um þessa tillögu, sem Árni R. Árnason er fyrsti flutningsmaður að og málshefjandi í þessari umræðu, erum öll meðflutningsmenn að tillögunni og viljum að forvarnir verði auknar varðandi krabbamein í meltingarvegi og sjúkdóma þeim tengdum og erum hérna að styðja við að hrint verði í framkvæmd mjög víðtæku forvarna- og leitarstarfi á þessu sviði.

Það er alveg ljóst að heilbrigðisþjónustan hlýtur í auknum mæli í framtíðinni að byggja á forvarnastarfi og skipulagðri leitarstarfsemi hvað varðar þessa erfiðu sjúkdóma, og dýru fyrir samfélagið, og átakasömu fyrir þá einstaklinga sem í því lenda að veikjast af þeim. Þess vegna er þessi þáltill. afskaplega þýðingarmikil. Hún er þýðingarmikil frá sjónarhóli einstaklingsins vegna þess að verði tekið vel á í þessu máli er unnt að bregðast við einkennum og sjúkdómum í meltingarvegi á frumstigi, það eru meiri líkur á lækningu og við getum e.t.v. með slíkri starfsemi afstýrt alvarlegum sjúkdómum og því að sjúkdómurinn nái sér á skrið.

Það er enginn vafi á því að það er þjóðhagslega hagkvæmara að veita fjármagn, og þess vegna mikið fjármagn, til forvarna og fyrirbyggjandi rannsókna sem draga úr þörf á dýrari aðgerðum og dýrum úrræðum síðar ef sjúkdómur af þessu tagi nær sér á strik og veldur því alvarlega ástandi hjá einstaklingum og í heilbrigðiskerfinu sem við þekkjum.

Þess vegna vildi ég styðja þetta mál, og ekki síst vegna þess að ég þekki, eins og aðrar konur, hversu dýrmætt forvarna- og leitarstarf vegna krabbameins kvenna í leghálsi og brjóstum hefur verið og hvað það hefur haft mikla þýðingu fyrir konur að boðið hefur verið upp á þessa leit. Það er mjög athyglisvert sem kemur fram hér í greinargerð, að skipuleg leit að leghálskrabbameini í konum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins hefur nú staðið um nærri 40 ára skeið og á þessum tíma og fram á síðasta áratug féll nýgengi sjúkdómsins um 67% og dánartíðni um 76%. Í raun og veru er þetta þvílíkur vitnisburður um heilbrigðisþjónustuna að það væri nærri því nóg að hafa bara þessar setningar í greinargerð.

Skipuleg leit að brjóstakrabbameini er hins vegar nýrri af nálinni og hefur breyst frá 1987 í að fara fram með röntgenmyndatöku. Það er ekki alveg jafnmikil þátttaka í þeirri leit, því miður, og jafngóðar niðurstöður af þessu forvarnastarfi hafa ekki orðið eins og ástæða hefði verið til miðað við reynsluna af leit að krabbameini í leghálsi.

Það er þess vegna mjög mikilvægt að samhliða skipulegu leitar- og forvarnastarfi verði mikið fræðsluátak með því, eins og hér er lagt til, að efla og auka þekkingu og vitund almennings, efla þekkingu starfsmanna á sjúkdómunum og koma á heildrænum gagnagrunni allra sjúkdómseinkenna eins og framsögumaður leggur til hér í yfirliti. Þar legg ég mikla áherslu á fræðsluþáttinn. Það er ekki nóg að þetta sé fyrir hendi ef fólkið kemur ekki. Þess vegna þarf þessi starfsemi að verða jafnsjálfsögð og leitarstarfið til að tryggt sé að fólk komi.

Ég er alveg sannfærð um, þó að það þekkist ekki með einhverjum sérstökum og sértækum rannsóknaniðurstöðum, að þessir sjúkdómar liggja kannski fremur í ákveðnum fjölskyldum — og þar með nikkar málshefjandi og veit betur en ég — ég hef verið sannfærð um það að alveg eins og gigtarsjúkdómarnir, sem er önnur tegund af sjúkdómum sem leggjast á ónæmiskerfið, leggjast þessir í ættir. Þá er mjög mikilvægt að fólk í slíkum ættum leggi kannski meiri áherslu á að nýta sér leitarstarf og slíkar rannsóknir en aðrir. Fræðsla þarf að vera víðtæk um til hverra þarf að ná, og mikilvægt er að slík leit verði mjög virk.

Þetta er afar gott mál og vel unnið með ítarlegri og góðri greinargerð sem er mjög sannfærandi. Meðal annars er greint frá ritgerð sem birtist í Læknablaðinu snemma þessa árs og hún fjallar einmitt um nýgengi ristilkrabbameina sem hefur farið fjölgandi meðal þjóða sem búa við almenna velmegun. Þar kemur enn fremur fram að samkvæmt krabbameinsskrá hjá Íslendingum hefur nýgengi, á því rannsóknartímabili sem er til hjá okkur, þrefaldast meðal karla og tvöfaldast meðal kvenna. Hér er einmitt bent á það að meðan við konur höfum átt kost á forvarna- og leitarstarfi þar sem mest tíðni hefur verið á krabbameinum hjá konum, eins og í leghálsi og brjóstum, hafa mannskæðustu krabbameinin hjá körlum ekki verið tekin fyrir með sama hætti og boðið upp á virkt leitarstarf.

Þess vegna styð ég þetta mál og ég er alveg sannfærð um, þó að það sé ekki auðvelt að ná tillögum og frumvörpum þingmanna fram, að þetta mál er þess eðlis og stuðningurinn við það svo víðtækur hér á Alþingi að það muni ná fram að ganga, herra forseti.

[16:54]

Útbýting þingskjala:

Greiðslumark í sauðfjárbúskap, 260. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 305.

Iðnnám á landsbyggðinni, 267. mál, fsp. ÖJ, þskj. 312.

Kúabólusetning, 261. mál, fsp. KF, þskj. 306.

Útflutningsskylda sauðfjárafurða, 259. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 304.

[16:54]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls í umræðu um þessa þáltill. og undirtektir þeirra við tillöguna og sérstaklega þá athygli sem þeir hafa veitt þeim upplýsingum sem koma fram í greinargerð með henni. Það er rétt að hnykkja örlítið á þessum upplýsingum því að þær eru allar þess efnis að þær staðfesta eina setningu sem kemur fram í greinargerðinni. Þessar upplýsingar leiða til þeirrar ályktunar að þessir sjúkdómar eru meðal algengustu krabbameinssjúkdóma hjá vestrænum þjóðum og þróuðum þjóðum heims.

Það kemur líka fram annars staðar í greinargerðinni að nýgengi, þ.e. tíðni nýrra tilfella þessara sjúkdóma meðal Íslendinga, er tiltölulega hátt, með því hæsta á Norðurlöndum, og tíðnin á Norðurlöndum nema í Finnlandi er með því hæsta í veröldinni.

Vegna þess að hv. þm. hafa nefnt mig sérstaklega til sögunnar vil ég leyfa mér að nefna annan hv. þm. sem hefur lagt til mikið efni, Ástu Möller. En utan þingmanna sem hafa komið að málinu vil ég sérstaklega nefna Ásgeir Theodórs, sérfræðing á sviði sjúkdóma í meltingarvegi. Hins vegar vil

ég taka fram að mjög margar athuganir benda til þess að það sé tiltekið ættgengi sem snertir framgang þessara sjúkdóma, a.m.k. næmi, og það er alveg ljóst af athugunum sérfræðinga að fyrstu atriði í skilgreiningu áhættuhópa eru skyldleiki við sjúklinga sem þegar hafa verið greindir.

Það er rétt að nefna einnig tvö atriði sem varða framgang þessa máls. Í greinargerðinni er nefnt starf nefndar einnar á vegum landlæknis, svonefndrar skimunarnefndar. Sú nefnd mun vera u.þ.b. að ljúka sínu starfi og leggja tillögur sínar fyrir landlækni. Þær tillögur munu verða mjög veigamiklar varðandi rannsóknir á fyrstu einkennum, jafnvel um það að finna einkenni sem fólk áttar sig ekki fyllilega á sjálft. Hitt atriðið er mál sem hefur alloft komið fyrir hv. þingmenn, sérstaklega í hv. fjárln. Alþingis, og er nefnt „polypaskrá". Í henni er skráning einkenna sem læknar verða varir við, ekki ævinlega vegna krabbameina en mikill grunur leikur á hjá fleiri en einni sérfræðigrein læknisfræðinnar að þau séu einkenni um forstig þessara sjúkdóma. Jákvæð einkenni, einkenni jákvæðra frumubreytinga, en nokkrar sérfræðigreinar læknisfræðinnar telja að þessir polypar séu meðal þess sem geta orðið krabbamein síðar á ævinni.

Það er öllum sem um fjalla alveg ljóst að til að fara af stað með verkefni af því tagi sem hér er lagt til þarf bæði fjármuni og fyrirhöfn en ekki síst þarf þekkingu í hópi þeirra sem verkefnið framkvæma. Við vitum að þekkingin er fyrir hendi, við þykjumst vita að fjármunirnir geti orðið fyrir hendi þegar viljinn verður, og þá verður starfsfólkið einnig til staðar. Það er alveg ljóst að þessir sjúkdómar sem við ræðum hér eru svipaðrar tegundar eða hafa svipuð einkenni og þeir sem nefndir voru varðandi Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands. Þar hefur náðst glæstur árangur og sýnir að við gætum náð feikimiklum árangri.

Ríkið Þýskaland hefur mjög nýlega sett sér eitt markmið meðal annarra, eitt sem snertir svona sjúkdóma meðal Þjóðverja, og það er að lækka dánartíðni um 50% á næstu fimm árum. Við höfum ekkert slíkt markmið varðandi þessa sjúkdóma. Það ættum við að setja okkur og vinna í samræmi við það.

Ég tel að það sé alveg ljóst af þeim upplýsingum sem við höfum hver um annan, Íslendingar, um þjóðarmengið, að við getum stundað hér leit og forvarnir gegn þessum sjúkdómum, og raunar mörgum öðrum, með mjög góðum árangri. Við höfum mjög góða og sérfróða lækna og annað samstarfsfólk þeirra. En eftir frumkvæði héðan bíða þeir og allt þeirra samstarfsfólk, ekki einungis þeir heldur líka sjúklingar sem vita að fólkið í þeirra húsum er í áhættuhópnum. Ég held að það sé fólkið sem við ættum að hafa mest í huga.

Það hefur lengi verið sagt að það sé hlutverk leiðtoga og annarra forustumanna að byrja, að breyta og að stöðva. Það merkir í einu orði að hafa frumkvæði. Ég tel að hv. Alþingi geri mjög vel með því að hafa frumkvæði að þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 60. mál (umsóknarfrestur). — Þskj. 60. [16:59]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Málið sem ég flyt varðar mörg tilvik þar sem brotaþolar hafa ekki fengið bætur vegna þess að brotamennirnir eru gjaldþrota eða hafa ekki getu til að bæta það tjón sem þeir valda. Þessi mál eru oft flókin og taka mikinn tíma í meðförum. Því má lítið út af bera vegna tímatakmarkana á því að sækja um bætur frá ríkisvaldinu. Þess vegna er þetta frv. flutt og er mjög brýnt að hv. allshn. afgreiði þetta mál hið fyrsta.

Sumir eru í þeirri stöðu að hafa skaðast alvarlega og aðstandendur orðið að bera allan kostnað af vegna þess að slysavaldur er ósakhæfur eða gjaldþrota og vegna of þröngra ákvæða í lögum þá fást ekki bætur.

Þess vegna er þetta frv. til laga flutt um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson og Össur Skarphéðinsson.

1. gr. er svohljóðandi:

„Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að víkja frá skilyrði 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I ef gildar ástæður eru fyrir hendi að mati bótanefndar. Í þeim tilvikum þar sem bótanefnd hefur hafnað umsókn um greiðslu bóta á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I er henni heimilt að endurskoða ákvörðun sína berist um það ósk frá umsækjanda. Umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku þessa ákvæðis."

Samkvæmt þessu, herra forseti, er í raun beðið um helmingi lengri frest fyrir þá sem í hlut eiga til að sækja um þessar bætur. Í allt of mörgum tilvikum hefur það reynst nauðsynlegt að lengja þennan frest. Af þeim sökum sitja ótrúlega margir með óbætt tjón eða bótalausir eftir tjón af ýmsum völdum.

Í greinargerð segir:

„Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er gert ráð fyrir að bótanefndin geti, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, tekið til afgreiðslu umsóknir vegna tjóns sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna, þrátt fyrir að frestur skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sé útrunninn.

Við setningu laganna um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota var miðað við að umsóknir um bætur vegna tjóns sem leiddi af brotum sem framin voru fyrir 1. júlí 1996 þyrftu að berast bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

Þessi frestur var í stysta lagi og má til samanburðar nefna að almennur frestur laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr., til að leggja fram umsókn er tvö ár frá því að brot var framið. Auk þess var með lögum nr. 118/1999 veitt heimild til að víkja frá skilyrðum 2. mgr. 6. gr. laganna ef veigamikil rök mæltu með því. Engin heimild er til að víkja frá settum fresti varðandi brot sem framin voru fyrir 1. júlí 1996.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögum nr. 118/1999 kemur fram að lögunum sé fyrst og fremst ætlað að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota, og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafa kynferðislegt ofbeldi, en jafnframt sé gert ráð fyrir að önnur

tilvik geti réttlætt frávik. Gert er ráð fyrir að sú undanteknigarheimild sem hér er lögð til nái til sömu tilvika og 3. mgr. 6. gr. en jafnframt að heimild þessi verði rýmri í þeim skilningi að fleiri tilvik gætu fallið undir ákvæðið en unnt er að heimfæra undir 3. mgr. 6. gr.

Gert er ráð fyrir að auk þeirra tilvika sem nefnd eru í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 118/1999 geti gildar ástæður í þessu samhengi t.d. verið að tjón hafi ekki verið komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en frestur samkvæmt lögunum rann út og framlagning umsóknar af þeim sökum erfiðleikum bundin. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að bótanefndin meti það út frá almennum sanngirnissjónarmiðum hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

Til að taka af allan vafa er tekið fram að bótanefnd sé heimilt að endurskoða ákvarðanir sínar í þeim málum þar sem greiðslu bóta hefur verið hafnað á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Það heimildarákvæði sem hér er lagt til tekur aðeins til tjóns vegna brota sem framin voru fyrir gildistöku laganna þann 1. júlí 1996. Af þeim sökum og eins vegna þess að hér er um rýmra ákvæði að ræða en hið almenna ákvæði í 3. mgr. 6. gr. laganna er lagt til að umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar samkvæmt ákvæðinu verði að hafa borist innan árs frá gildistöku ákvæðisins."

Virðulegur forseti. Ég held að það sé kannski ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta mál. Þetta er flókið eins og ég gat um í upphafi. Það er oft flókið fyrir einstaklinga að ná í gegn þeim bótum sem þeir telja sig eiga rétt á. Eins og getið er um í greinargerðinni er það æðioft svo að raunverulegt tjón kemur ekki í ljós fyrr en alllöngu eftir að brot er framið eða viðkomandi verður fyrir tjóni eða slysi.

Ég tel að þetta sé fær leið, þ.e. að rýmka heimildina, tímafrestinn, til að sækja um bætur. Þetta snýr fyrst og fremst að þeim aðilum sem hafa orðið fyrir tjóni, heilsutjóni eða líkamstjóni af völdum vegna annars aðila og þurfa að sækja um bætur til ríkissjóðs.

[17:08]

Útbýting þingskjala:

Hvalir, 258. mál, fsp. GunnB, þskj. 303.

Rafgirðingar, 264. mál, fsp. ÞBack, þskj. 309.

Rannsóknasetur að Kvískerjum, 262. mál, fsp. ÞBack, þskj. 307.

Truflanir á fjarskiptum vegna raflína, 263. mál, fsp. ÞBack, þskj. 308.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 17:09.

---

26. FUNDUR

mánudaginn 12. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Brunatryggingar, frv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tryggingarskilmálar vátryggingafélaga, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 229. mál, þskj. 255. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Velferðarsamfélagið, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Almannatryggingar, frv., 27. mál, þskj. 27. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Samningsbundnir gerðardómar, stjfrv., 203. mál, þskj. 228. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 60. mál, þskj. 60. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 115. mál, þskj. 115, nál. 298, brtt. 299. — 2. umr.
12. Skipan opinberra framkvæmda, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
13. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
14. Vatnalög, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
15. Almenn hegningarlög, frv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
16. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
17. Fjárreiður ríkisins, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
18. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
19. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Fyrri umr.
20. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
21. Húsnæðismál, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 268. mál, frv. ÞBack, þskj. 313.

Einbreiðar brýr, 111. mál, svar samgrh., þskj. 302.

Opinber framlög til hagsmunasamtaka og frjálsra félagasamtaka, 106. mál, svar forsrh., þskj. 274.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál, þáltill. KLM o.fl., þskj. 311.

Tilhögun þingfundar.

[15:02]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti hyggst haga málum eins og nokkur venja hefur skapast um þegar fyrirspurnir til ráðherra eru á dagskrá, að taka þær fyrst fyrir áður en athugasemdir eru leyfðar um störf þingsins. Þess vegna verður 1. og 2. dagskrármálið tekið fyrir áður en þingmönnum gefst kostur á að ræða störf þingsins. Umræður um störf þingsins verða að loknum 2. dagskrárlið. Þá er þess að vænta að atkvæðagreiðslur geti farið fram rétt fyrir kl. 4.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykv., Drífa Snædal, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ögmundur Jónasson."

Annað bréfið hljóðar svo:

„Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti Ögmundar Jónassonar, 13. þm. Reykv., á Alþingi að þessu sinni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson,

1. varaþm. Vinstri hreyfingar – græns framboðs í Reykv."

Kjörbréf Drífu Snædal hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en þar sem hún hefur eigi tekið sæti á Alþingi fyrr ber henni að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Sú undirritun fer fram eftir andartak.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:04]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Borist hafa bréf, svohljóðandi:

„Þar sem ég verð erlendis í opinberum erindum næstu daga og mun síðar af heilsufarsástæðum verða fjarverandi leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Austurl., Gunnar Pálsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Þuríður Backman, 5. þm. Austurl."

Annað bréf hljóðar svo:

„Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti Þuríðar Backman, 5. þm. Austurl., á Alþingi að þessu sinni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Gunnar Ólafsson,

1. varaþm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Austurl."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Gunnari Pálssyni sem er 2. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Austurl.

Kjörbréfanefnd hélt fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[15:06]

Frsm. kjörbréfanefndar (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd kom saman og fór yfir kjörbréf Gunnars Pálssonar, 2. varaþm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Austurl. sem landskjörstjórn gaf út fyrr á þessum degi.

Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Gunnars Pálssonar verði samþykkt.

[15:06]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

Kjörbréfið er samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Gunnar Pálsson hefur ekki tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég bið hann og Drífu Snædal að undirrita heitið.

[Drífa Snædal, 13. þm. Reykv., og Gunnar Pálsson, 5. þm. Austurl., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:07]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Gunnar Pálsson og Drífa Snædal hafa undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána og eru þau boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Lánskjaravísitalan.

[15:07]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. Málið varðar verðtryggingu fjárskuldbindinga og tengist verðbólgu og þenslu. Þetta mál er mikið í umræðu meðal almennings. Fólki bregður í brún þegar lánin þeirra hækka milli mánaða vegna verðskuldbindingarinnar þrátt fyrir að afborganir séu í skilum. Verðbólgan er að koma mörgum í uppnám. Mörg fyrirtæki hafa farið sem kallað er á hausinn og mikið er um nauðungaruppboð hjá einstaklingum og það virðist tengjast þessum málum. Í Lögbirtingi má einnig sjá, t.d. í síðasta blaði, að verið er að stofna yfir 50 ný fyrirtæki og það tengist því að kennitöluskipti eru á ferðinni.

Alþýðusamband Íslands hefur sett fram kröfu um afnám verðtryggingar lána. Ég vitna til þess að 1. þm. Norðurl. e., hæstv. forseti Alþingis hefur rætt nauðsyn þess að breyta viðmiðun verðtryggingar.

Ég gæti hugsað mér að tekið væri mið af gengiskörfu sem byggð er á jeni, evru og dollar. Í ljósi kröfu ASÍ spyr ég hæstv. forsrh.:

Er vinna í gangi varðandi breytingar á verðtryggingum? Telur hæstv. forsrh. ástæðu til að setja þetta mál í sérstaka athugun?

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 5. þm. Vesturl. eru mál er varða verðtryggingu auðvitað jafnan í athugun og skoðun, ekki síst hjá Seðlabanka. Staðreyndin er sú að verðtryggingar hafa verið takmarkaðar á undanförnum árum og úr þeim dregið.

Á hinn bóginn skulum við átta okkur á því að afnám verðtrygginga mundi ekki endilega þýða það að vaxtaskuldbindingar manna mundu minnka. Dæmin hafa sannað að þegar vextir eru eingöngu nafnvextir og ekki verðtryggðir, þá hafa menn borð fyrir báru þannig að raunvaxtatrygging með nafnvaxtatryggingu getur orðið hærri en raunvaxtatrygging með verðtryggingu. Þetta gengur út af fyrir sig einnig í báðar áttir. Segja má að verðtrygging innstæðna eða krafna skapi út af fyrir sig nokkra ró þegar órói er í verðlagsmálum.

Eins og mönnum er kunnugt hefur verðbólga litið um hæl 12 mánuði, verið rétt í kringum 8%. Þriggja mánaða verðbólga er hins vegar rétt í kringum 6% eða rúmlega það eftir því sem ég best veit þannig að verðbólgan er á niðurleið og samkvæmt spám Seðlabanka sem birtar voru í tengslum við vaxtabreytingar, þá gerir bankinn ráð fyrir því að viðmiðunarmörk verðlags sem bankanum eru sett muni nást á þeim tíma sem ætlað er þó að takturinn verði nokkuð annar en áður hefur verið. Þetta vinnur því í báðar áttir og þessi mál eru í sífelldri skoðun.

[15:11]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. forsrh. Það sem brennur á fólki og það skilur og finnur á eigin skinni er þegar kjörin versna og illa gengur að greiða af skuldum. Ég er með dæmi upp á 1.120 þús. kr. lán sem var tekið 15. mars 1998. Sú lánsupphæð hefur hækkað um yfir 20 þús. kr. þó svo alltaf hafi verið greitt af láninu samkvæmt samningum. Vísitölustig eru að hækka um á annan tug á milli sex mánaða þannig að í staðinn fyrir að lækka, þá hækka lánin og það er þetta sem málið snýst auðvitað um og fólk finnur alvarlega fyrir því og þess vegna er ég að hreyfa þessu máli.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það kann að gerast um einhverja hríð að nafnupphæð lána hækki, en raunverulega eru þau að lækka eins og menn vita þegar ástandið er svona. Á hinn bóginn er það kannski ekki alveg nákvæmt sem hv. þm. nefndi að kjör manna og staða væri að versna því að enn sem komið er, þrátt fyrir allt, hefur kaupmátturinn allt fram á síðasta ársfjórðung verið að aukast, allt fram á síðasta ársfjórðung. Atvinnuleysi hefur ekki aukist. Þessar tvær forsendur enn sem komið er benda ekki til þess að staða fólks hafi breyst.

Hins vegar vitum við að það er nokkuð úr að draga og augljóst er að greiðslur manna fyrir yfirvinnu og þess háttar kunna að dragast sama þegar úr þenslu dregur. En við höfum verið ákaft hvattir til þess, ráðherrar ríkisstjórnarinnar, að draga úr þenslunni til að tryggja mjúka lendingu. Það er einmitt það sem ég held að sé að gerast.

[15:13]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég geri ekki ágreining við hæstv. forsrh. um þessi mál annað en að verðbólgan hefur farið úr böndum. Fólk finnur alvarlega fyrir því. Dæmin sýna það sterkt með því að fylgjast með auglýsingum í dagblöðum þar sem heilsíður eru birtar með auglýsingum um nauðungaruppboð. Eins og ég sagði áðan er kennitöluleikur í gangi. Fyrirtæki sem eru að fara „yfir" eru stofnuð aftur sem sést best á því að í síðasta Lögbirtingi, eins og ég nefndi áðan, er auglýst stofnun 51 fyrirtækis og mér býður í grun að það sé þessi kennitöluleikur sem ég kalla svo.

En það eru ýmsir erfiðleikar og ég vona svo sannarlega og tek undir það með hæstv. forsrh. að menn nái tökum á þessu alvarlega ástandi því að ástandið er býsna alvarlegt.

Málefni Raufarhafnar.

[15:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. vegna málefna Raufarhafnar.

Á síðustu þremur árum hefur íbúum á Raufarhöfn fækkað um 29% og á þessu ári einu hefur íbúum fækkað um 52. Jafnhliða fækkun íbúanna skerðast tekjur sveitarsjóðs og möguleikar hans til þess að halda uppi eðlilegri þjónustu. Sveitarfélagið hefur sent beiðni til Alþingis og ríkisstjórnar um aðstoð við að stöðva þessa þróun og snúa henni við. Eftir fund með þingmönnum kjördæmisins fyrr í haust og að þeirra áeggjan var sveitarfélagið hvatt til að óska eftir fundi með forsrh. og ríkisstjórn til að kynna hina alvarlegu stöðu sem íbúar sveitarfélagsins standa frammi fyrir og sjá hvaða ráð stjórnvöld gætu veitt.

Herra forseti. Meðan sveitarstjórnin bíður eftir svari um fund með ríkisstjórninni um málið tilkynnir Landsbankinn hf. grundvallarbreytingar á þjónustu sinni í byggðarlaginu. Landsbankinn er eina peningastofnunin þar og hefur nú ákveðið að skera niður þjónustu sína bæði á Kópaskeri og Raufarhöfn, segja upp fjórum starfsmönnum og hafa einungis opið tvo dagparta í viku. Þetta eru dapurleg skilaboð til þessa sveitarfélags.

Ég leyfi mér því að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. hvort honum sé kunnugt um þennan mikla vanda Raufarhafnarbúa og hvort málefni Raufarhafnar hafi komið inn á borð ríkisstjórnarinnar eins og þeir hafa óskað eftir fyrir milligöngu þingmanna sinna eða með beinum hætti. Staða þeirra er mjög alvarleg.

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Já, mér er kunnugt um að það hafa verið miklir erfiðleikar í málefnum Raufarhafnar. Þaðan hafa verið miklir fólksflutningar. Þingmenn kjördæmisins hafa átt fund með forráðamönnum sveitarfélagsins. 1. þm. kjördæmisins gerði mér grein fyrir því máli á fundi sem ég átti með honum. Hæstv. iðn.- og viðskrh. tók síðan málið upp einnig á fundi ríkisstjórnarinnar í framhaldi af þessum fundum og þar var einnig farið yfir þau mál.

Þar voru ekki birtar eða kynntar lausnir sem við höfum getað lagt á borð fyrir Raufarhafnarbúa, íbúa þess sveitarfélags. Reyndar kom okkur á óvart hve mikil umskipti hefðu orðið þar, svo snögg og svo hröð. Hins vegar er alveg ljóst að menn þurfa að leita leiða til þess að styðja við bakið á byggðum á þessu svæði með þeim úrræðum sem til eru. Ég veit að þau mál verða skoðuð, bæði af hálfu Byggðastofnunar og eins geri ég ráð fyrir því að samgönguþátturinn verði skoðaður.

En það er ekki þar með sagt að við séum komnir fyrir allan vanda í þeim efnum þó að slíkir þættir yrðu skoðaðir. Eins og ég segi hefur þetta verið rætt við mig af hálfu 1. þm. í kjördæmisins og eins hefur iðn.- og viðskrh. tekið málið upp til sérstakrar umræðu á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

[15:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil ítreka hve alvarleg staðan er á Raufarhöfn og hvað er að gerast þar þessa dagana. Um þessar mundir er, eins og ég gat um áðan, Landsbankinn að segja upp fjórum stafsmönnum á svæðinu og það á að taka gildi nú um næstu helgi. Þá verður þjónusta bankanna, bæði á Kópaskeri og Raufarhöfn, skert þannig að þar verður aðeins opið tvo dagparta í viku.

Ég leyfi mér því, herra forseti, og spyrja: Hafa þessar aðgerðir einar sér, sem eru gríðarlega miklar aðgerðir í svo litlu byggðarlagi, t.d. verið kynntar í umræðunni í ríkisstjórn eða í umræðum við hæstv. byggðamálaráðherra, sem reyndar er ekki hér til staðar? En bara þetta tiltekna mál, þær breytingar sem fyrirhugaðar eru þessa dagana, hafa gríðarleg áhrif og ekki einungis á þjónustuna heldur líka sálræn áhrif. Hefur það verið kynnt í ríkisstjórn?

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að ákvarðanir Landsbankans hafi verið kynntar á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Þó er frá því að segja að ég var þar ekki á fundum í síðustu viku og þori þess vegna ekki að fullyrða um það nema ég beri mig saman við þá sem þar sátu. Ég veit ekki til þess að það hafi verið gert af hálfu Landsbankans en ég hef fyrirvara á því af því að ég var ekki á ríkisstjórnarfundum á þriðjudag og föstudag.

[15:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka miklvægi þessarar grunnþjónustu fyrir byggð og búsetu hvar sem er á landinu. Á þessu svæði eru stór og mikil atvinnufyrirtæki í viðskiptum við bankann auk þess sem þessi þjónusta er mikilvæg fyrir alla íbúa þar.

Þetta er svo mikilvægt, herra forseti, að ég hvet til að nú þegar verði tekið á þessum málum vegna Landsbankans og þess sem þarna er að gerast en einnig að þegar í stað verði farið í viðræður við sveitarfélagið og leiða leitað til að styrkja þessa byggð nú þegar, sem virðist einmitt þessa stundina eiga mjög undir högg að sækja.

Dagur sjálfboðaliðans.

[15:21]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. forsrh. og ræða um Dag sjálfboðaliðans. Eins og kunnugt er ákváðu Sameinuðu þjóðirnar fyrir nokkrum árum að 5. desember yrði Dagur sjálfboðaliðans. Fyrir nokkru ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að árið 2001 yrði helgað starfi sjálfboðaliðans og einkanlega þá 5. desember, en allt árið er að sjálfsögðu helgað því starfi. Hafa Sameinuðu þjóðirnar hvatt stjórnvöld, fjölþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök til að nýta sér þetta ár sérstaklega til að vinna að málefnum sjálfboðaliða og vekja athygli á því mikilvæga en oft lítt sýnilega hlutverki sem sjálfboðaliðar gegna um veröld alla.

Íslendingar hafa ríka hefð hvað störf sjálboðaliða varðar og hefur þjóðin átt því mikla láni að fagna, þegar eitthvað bjátar á eða þegar sóst hefur verið eftir stuðningi almennings, að hundruð og jafnvel þúsundir manna hafi boðið fram aðstoð endurgjaldslaust í þágu góðra málefna. Sjálfboðaliðastarfið er gjarnan borið uppi af frjálsum félagasamtökum eins og Rauða krossinum og öðrum alþjóðlegum líknarsamtökum, kirkjusamtökum og kvenfélögum, Bandalagi íslenskra skáta, Amnesty International, KFUM og KFUK, að ótöldu ýmiss konar starfi bæði í grunnskólum og á öðrum vettvangi.

Á þessu ári hefur Evrópuráðsþingið enn fremur beint þeim tilmælum til aðildarríkja Evrópuráðsins að starf sjálfboðaliðans verði metið að verðleikum. Í því ljósi er vert að benda á að rannsóknir hafa sýnt fram á að störf sjálfboðaliða eru stór hluti af landsframleiðslu hvers ríkis, allt frá 10–20% af landsframleiðslu. Þess vegna vil ég gjarnan fá að spyrja hvort ríkisstjórnin hafi áætlanir um að að fagna opinberlega ári sjálfboðaliðans, þá sérstaklega 5. desember, og vekja þannig athygli á mikilvægi sjálfboðaliðastarfs og heiðra með því hinn mikla fjölda fórnfúsra íslenskra sjálfboðaliða.

[15:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að tekin hafi verið sérstök ákvörðun um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að efna til atburða í tilefni af því sem hv. þm. nefndi. Á hinn bóginn má segja að sjálfboðaliðastarf hér á landi hefur verið gríðarlega umfangsmikið og umfangsmeira, hygg ég, á sumum sviðum en annars staðar gerist, til að mynda vegna þess að við höfum ekki sömu skilyrði og aðrir. Hér búum við ekki við her og það hlutverk sem her getur gegnt á friðartímum á heimavelli en hins vegar höfum við her manna um landið allt, þúsundir manna sem eru tilbúnir til þess að leggja líf og limi í hættu fyrir aðra í válegum veðrum og við stórkostlega erfiðar aðstæður. Þetta sjáum við, þetta þekkjum við og þetta metum við. Þess vegna hafa til að mynda þingmenn og fjárveitingavaldið lagt heilmikla fjármuni til slíkra hluta, til að sýna að þeir meti í raun það sem þarna er gert. Fjmrn. fellir niður gjöld af búnaði slíkra aðila o.s.frv.

Þetta er hins vegar aðeins einn lítill þáttur af sjálfboðaliðastarfinu. Hv. þm. nefndi Rauða krossinn. Við getum nefnt íþróttahreyfinguna, safnaðarstarfið, kvenfélögin og áfram gætum við haldið og endalaust talið upp þann mikla atbeina við þjóðfélagið sem sjálfboðaliðar leggja fram. Meira að segja mætti nefna það sem enginn metur, nema þá kannski við, sjálfboðaliða í pólitísku starfi. Þar eru menn að hamast og fá kannski litla umbun dag eftir dag, sjálfboðaliðar í starfi sem er ekki svo lítils virði fyrir lýðræði í landinu.

Það er gott hjá hv. þm. að vekja athygli á þessum þætti. Við skulum skoða það sérstaklega hvort hægt sé að gera með einhverjum hætti dagamun í tilefni 5. desember af þessu gefna tilefni.

[15:25]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. kærlega fyrir þetta svar. Ég vil gjarnan benda á að fyrrv. innanríkisráðherra Breta, Jack Straw, lýsti því yfir að hann mundi persónulega taka sér dagsleyfi frá opinberum störfum og ráðlagði öðrum að gera svo líka. Norðurlandaþjóðir hafa gert þetta sömuleiðis. Danmörk hefur stofnað til samstarfsnefndar frjálsra félagasamtaka um sjálfboðaliðastörf í samráði og samvinnu við ríkisstjórnina. Í Noregi hefur verið efnt til ráðstefnu um

málefni sjálfboðaliða með ráðamönnum, konungsfjölskyldu og öðrum. Hið sama má segja um Svíþjóð og Finnland, allt er þetta í sama dúr.

Ég þakka kærlega svar hæstv. forsrh. og vænti þess að 5. desember verði okkur hátíðlegur dagur.

Reglur um flutning hættulegra efna um jarðgöng.

[15:26]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Fyrir tæpu ári samþykkti Alþingi samhljóða tillögu mína og þriggja annarra þingmanna um að fela ríkisstjórninni að setja reglur um flutning hættulegra efna um jarðgöng. Miklar umræður urðu um þetta mál í þinginu og fram kom mjög eindreginn vilji til að settar yrðu strangar reglur um þessa flutninga þar sem m.a. yrði kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli yfir höfuð leyfðir og þá með hvaða skilyrðum og hvort loka skuli göngum fyrir annarri umferð meðan slíkur flutningur fer fram.

Þessi tillaga kom m.a. fram vegna aðvarana slökkviliðsstjóra, Vinnueftirlitsins og fleiri aðila sem bentu á að mjög erfitt yrði að eiga við björgun ef eldsvoði yrði í Hvalfjarðargöngum, sem er lokað rými og liggur djúpt ofan í jörðunni. Um göngin fara yfir milljón bílar á ári og í þeim mánuðum sem umferðin er mest fara þar í gegn 150 þúsund bílar. Undir þennan tillöguflutning ýttu jafnframt þau hræðilegu og mannskæðu slys sem orðið hafa í jarðgöngum í Evrópu á undanförnum árum.

Síðan þessi tillaga var samþykkt hefur orðið enn eitt stórslysið í Sviss þar sem tugir manna fórust í eldsvoða í jarðgöngum fyrir nokkrum vikum. Á þessu ári hefur oftar en einu sinni legið við að slys yrðu í Hvalfjarðargöngunum, alvarleg slys. Ég minni á að í júlí sl. lak bensín af bensínflutningavagni þegar ventill bilaði. Þar hefði farið illa ef neisti hefði hrokkið í lekann, sem var verulegur. Nýlega kviknaði í bíl efst í göngunum þannig að þarna hefur í tvígang legið við að yrðu jafnvel alvarleg slys.

Ég minni því enn á nauðsyn þess að setja strangar reglur um flutning hættulegra efna um jarðgöng. Best væri náttúrlega að banna þessa flutninga alveg um Hvalfjarðargöngin. Það skapar engin vandræði því að það er góður vegur fyrir Hvalfjörð sem er lítið notaður. Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh.: Hvenær munu þessar reglur líta dagsins ljós og af hverju þarf að taka svona langan tíma að semja þær, sem ekki virðist mjög flókið?

[15:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn. Það er ljóst að við þurfum að vera vakandi gagnvart umferðaröryggismálum. Slysin sýna það og sanna, því miður.

Ég vil upplýsa að það eru nú þegar í gildi mjög strangar reglur um flutning í gegnum jarðgöng. Þar að auki var brugðist við um leið og þessi þál. var samþykkt. Ég skipaði nefnd sem er undir forustu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur og í þeirri nefnd eru ýmsir sérfræðingar og fulltrúar stofnana. Nefndin hefur fundað mjög stíft og það sem hefur helst skort á, að því er mér skilst, er að umbeðnar upplýsingar hafa ekki fengist fyrr en núna nýlega, m.a. upplýsingar í sambandi við reglur OECD um þessi efni.

Mér er tjáð að nefndin muni skila áliti sínu fljótlega. Þá munum við að sjálfsögðu hefjast handa við að skoða hvað hægt er að gera. Eins og ég sagði áðan eru þegar í gildi strangar reglur. Flutningum á gasi um Hvalfjarðargöngin hefur t.d. verið hætt þannig að ýmislegt hefur verið gert í þessum málum. Hins vegar er það svo sannarlega rétt hjá hv. þm. að við þurfum að halda vöku okkar í þessum efnum og hafa mjög strangar reglur til að gæta öryggis.

[15:30]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Ég er ekki sammála því að þær reglur séu mjög strangar sem eru í gildi. Þær eru þannig að slíkir flutningar eru bannaðir frá föstudagskvöldi til miðnættis á sunnudag eða eitthvað í þeim dúr og það getur ekki talist mjög strangt því að það er gríðarleg umferð um þessi göng alla virka daga vikunnar. Þarna fara hundruð manna um göngin t.d. á hverjum morgni til skóla og vinnu og til skamms tíma var verið að flytja gas um göngin á sama tíma. Gasflutningarnir hættu ekki vegna strangra reglna heldur vegna þess að flutningsaðilinn ákvað sjálfur að hætta þeim þegar það hafði aftur og aftur verið gagnrýnt á Alþingi að slíkir flutningar færu fram. Reglnanna vegna gæti hann hafið þá flutninga aftur á morgun.

Málið er í nefnd og upplýsingar vantar, segir hæstv. ráðherra, reglur OECD og annað slíkt. Allt er það góðra gjalda vert en ég tel reyndar að við eigum að setja reglur af eigin hyggjuviti og þekkingu á aðstæðum en ekki að bíða eftir upplýsingum frá einhverjum erlendum aðilum. Ef betri upplýsingar koma þaðan, þá lögum við okkar reglur að þeim upplýsingum. En við eigum sjálf að hafa nægt hyggjuvit til að ljúka þessu og ég hvet hæstv. ráðherra til að ljúka þessum málum sem allra fyrst og hafa reglurnar sem allra strangastar.

[15:32]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. þm., formaður nefndarinnar, var að rifja það upp með mér að upphaflegt heiti á þessari þáltill. var „um flutning eldfimra efna um jarðgöng", en í meðförum samgn. hafi þessu heiti verið breytt í „um flutning hættulegra efna um jarðgöng." Þess vegna eru störf nefndarinnar viðameiri heldur en kannski hefði orðið ef einungis væri rætt um eldsneytið. Afla þarf upplýsinga um ýmiss konar hættuleg efni.

En ég er sannfærð um að menn eru mjög fylgjandi þessu máli og samstiga og flutningsaðilar séu mjög fúsir til samstarfs hvað það varðar að setja strangar reglur.

Loftslagsþing Sameinuðu þjóðanna í Marrakesh.

[15:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og kunnugt er lauk um helgina í Marrakesh í Marokkó 7. fundi aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna með samkomulagi aðildarríkjanna um að Kyoto-bókunin tæki gildi í ríkjunum, fyrir utan Bandaríkin sem hafa sagt sig frá bókuninni eins og kunnugt er.

Eins og þingheimi er kunnugt sótti Vinstri hreyfingin – grænt framboð það fast að fá að senda fulltrúa til fundarins í umboði Alþingis en því var hafnað og hefur sú sem hér stendur því ekki haft tök á að fylgjast með því sem gerðist á fundinum öðruvísi en í gegnum fjölmiðla og hafa þeir greint frá nokkuð átakamiklum lokaspretti á fundinum. Í Morgunblaðinu í gær var vitnað til orða hæstv. umhvrh. þar sem hún tjáir sig um kröfur þeirra landa sem starfað hafa

ásamt Íslandi í svokölluðum regnhlífarhópi í aðildarríkjaþingunum, en um er að ræða Ástralíu, Kanada, Japan og Rússland sem óskuðu eftir sérstökum tilslökunum sem þau fengu samþykktar á lokasprettinum. Um þetta segir hæstv. umhvrh. í Morgunblaðinu í gær, með leyfi forseta:

„Með þessari eftirgjöf ... var verið að útvatna samninginn."

Af þessu tilefni beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

Í fyrsta lagi. Hvað á hæstv. ráðherra við með þessum ummælum sínum í Morgunblaðinu í gær?

Í öðru lagi. Hversu mikla aukningu á losun í prósentum talið heimilar íslenska ákvæðið sem nú er búið að samþykkja og bindingarákvæði samkomulagsins Íslendingum? Og kannski í framhaldi af því: Þurfa Íslendingar eitthvað að draga úr losun þar eð markmið ríkisstjórnarinnar um undanþágu frá Kyoto-bókuninni hafa náð fram að ganga?

[15:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi það að samningurinn sé útþynntur, þá á ráðherrann við að verulegar tilslakanir voru gefnar á síðustu metrunum, því miður, til stórra ríkja sem höfðu ekki mjög sterk rök uppi á borðinu fyrir þeim tilslökunum.

Íslenska ákvæðið hins vegar felur í sér 1,6 millj. tonna af koldíoxíði á ári í fimm ár og það var auðvitað ekkert vit í öðru en að samþykkja það og það hafa allar þjóðir heims séð, en ekki Vinstri grænir eða Samfylkingin. Það hafa allir fallist á íslenska ákvæðið, það sé umhverfisvænt af því að það minnkar hnattrænt losun gróðurhúsalofttegunda. Tonnið mun verða selt á 1–2 þús. kr. í framtíðinni þannig að íslenska ákvæðið gefur svigrúm upp í 8–16 milljarða kr. á fimm ára tímabili. Við getum ekki selt það en við getum notað það í ákveðin verkefni með ákveðnum takmörkunum.

Íslenska ákvæðið er mikilvægt vegna þess að heimurinn er að kalla á endurnýjanlega orku. Við Íslendingar búum yfir henni. Við búum yfir endurnýjanlegri orku, vatnsorku og jarðvarma. Hvernig ætla önnur ríki að uppfylla Kyoto-samkomulagið? Hvernig ætlar Japan að uppfylla Kyoto-samkomulagið? Japan ætlar að byggja yfir tíu kjarnorkuver, skilst mér, til að uppfylla orkuþörf sína í framtíðinni án þess að menga loftið með gróðurhúsalofttegundum. Við erum svo heppin að búa hér yfir endurnýjanlegum orkugjöfum þannig að við þurfum ekki að fara í slíkar aðgerðir eins og mörg önnur ríki gera. Það hefur því verið mjög ankannalegt að sjá stjórnarandstöðuna hér berjast um á hæl og hnakka gegn íslenska ákvæðinu sem öll önnur ríki hafa núna séð og staðfest í Marokkó að er umhverfisvænt.

[15:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Spurningar mínar gáfu ekki tilefni til slíks æsings sem kom fram í svari hæstv. ráðherra. Þessa ræðu hefur hæstv. umhvrh. flutt áður hér úr ræðustóli og öllum er kunnugt um þann ágreining sem er á milli hæstv. ráðherra og þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessum efnum.

En ég fékk ekki svar við eftirfarandi spurningu: Hversu stóra heimild til aukningar í losun gróðurhúsalofttegunda kemur hæstv. ráðherra með í vasanum frá Marrakesh? Eru menn að tala um það sem heyrst hefur í fjölmiðlum að hér sé um að ræða 75% aukningu í heildina á losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi utan losunarkvóta Kyoto-bókunarinnar? Það er svar af því tagi sem ég vil fá frá hæstv. umhvrh. þ.e. hvort hún geti staðfest þá tölu, því að það er auðvitað umtalsvert magn. Og mér þykir það ankannalegt hjá hæstv. ráðherra að tala um að búið sé að útvatna samninginn af hálfu Ástrala, Japana, Rússa og Kanadamanna, en hún gengst ekki við eigin ábyrgð á þeirri útvötnun sem íslenska ákvæðið hefur í för með sér.

[15:38]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er full ástæða til að æsa sig hér þegar menn hafa verið að gagnrýna íslenska hagsmuni og hvernig haldið er á þeim á erlendum vettvangi. Núna þegar búið er að fá íslenska ákvæðið samþykkt, þá er eðlilegt að menn geri grein fyrir því þegar stjórnarandstaðan spyr.

Íslenska ákvæðið felur í sér 1,6 millj. tonna. Íslendingar voru með 3 millj. tonna af gróðarhúsalofttegundum 1990, fengu plús 10% sem þýðir að við eigum að halda okkur innan 3,3 millj. tonna árið 2012. Veruleg eftirgjöf varð á síðustu metrum í samningsviðræðunum úti í Marokkó og get nefnt sem dæmi að Rússland fékk 40 sinnum meira en íslenska ákvæðið felur sér á lokasprettinum, algerlega aukalega þrátt fyrir að hafa fengið eftirgjöf líka í Bonn. Af hverju fékk Rússland þetta? Jú, af því að Bandaríkjamenn eru ekki með í samningnum. Þeir losa 36%. Ef Rússland dettur líka út, þá erum við komin niður fyrir þau 55% landa sem samningurinn kveður á um að þurfi að staðfesta hann áður en Kyoto-bókunin tekur gildi þannig að Rússland gat notað vald sitt til þess að fá sitt fram.

[15:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra hefur í raun svarað spurningu minni með því að staðfesta að með íslenska ákvæðinu, með 10% aukningunni sem Kyoto-bókunin heimilaði okkur og með um það bil 10% aukningu sem bindingarákvæðin virðast heimila okkur, þá eru Íslendingar að fá í meðgjöf í Kyoto-bókuninni 75% aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda án þess að þurfa að kaupa losunarkvóta fyrir það. Ég lít svo á að svar hæstv. umhvrh. hafi staðfest þessar upplýsingar.

En í framhaldi mætti spyrja: Þegar hæstv. ráðherra kom heim af Bonn-þinginu fyrir skemmstu, þá var hún leið yfir því að nú virtist markmiðið með Kyoto-bókuninni vera komið niður úr mínus 5% á heimsvísu á skuldbindingartímabilinu niður í mínus 2–3%. Þetta gefur tilefni til að spyrja: Hversu mikið koma ríkin til með að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á skuldbindingatímabilinu frá 2008–2012 miðað við þá miðurstöðu sem fundurinn í Marrakesh skilaði?

[15:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hélt að mönnum væri ljóst að að sjálfsögðu er íslenska ákvæðið hátt í prósentum talið. En af hverju er það? Það er vegna þess að Ísland fékk 10% í plús í Kyoto. Eitt álver, við getum nefnt Norðurál sem dæmi eða önnur álver, eitt álver hækkar losun okkar um u.þ.b. 20% af því að við erum lítið hagkerfi. Sama álver hækkar prósentutöluna um 0,000 eitthvað í stærri hagkerfum. Af hverju eigum við ekki að nota okkar endurnýjanlegu orku til þess að fara í slíkar framkvæmdir í framtíðinni? Það er fáránlegt að útiloka það.

Ég vil einnig benda á að með því að nota endurnýjanlega orkugjafa mun slíkt álver losa átta sinnum minna af gróðurhúsalofttegundum á Íslandi með endurnýjanlegum orkugjöfum heldur en annars staðar þar sem notuð eru kol eða olía. Og af hverju á að útiloka Íslendinga frá því þegar heimurinn kallar á endurnýjanlega orku og er að fara í kjarnorku? Hvert halda menn að kjarnorkuúrgangurinn verði sendur? Trúlega til Norðvestur-Rússlands, jafnvel í kringum okkar hafsvæði og það er annað átakamál sem á eftir að ræða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[15:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins að nýju vegna svars hæstv. landbrh. við fyrirspurn minni um sölu ríkisjarða en í svari hæstv. ráðherra koma fram mjög alvarlegar rangfærslur. Í svarinu neitar hæstv. ráðherra að gefa upp verð og kaupendur ríkisjarða. Hann taldi sig ekki hafa heimild til þess. Í skriflegu svari vísar hæstv. ráðherra til þess að alþingismenn hafi sama rétt til upplýsinga og almenningur samkvæmt upplýsingalögum og áfram er vísað til skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi. Þar segir að sá skilningur sé staðfestur í skýrslunni.

Þar sem ég gat ekki fundið þessa staðfestingu í skýrslunni fékk ég lögfræðinga í nefndadeild Alþingis til að finna þeim skilningi stað. Ég hef fengið bréf frá nefndadeildinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við skoðun er ekki unnt að finna framangreindum skilningi stað. Þvert á móti segir í kafla 3.9.7 í skýrslunni, sem ber yfirskriftina „Réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni“:

„Í dönskum rétti er á því byggt að aðgangur þingmanna að upplýsingum ráðist ekki af upplýsingalögunum. Á hinn bóginn er þó augljóst að þingmenn eiga a.m.k. ávallt rétt á upplýsingum sem opnar eru almenningi samkvæmt upplýsingalögum.

Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar.“

Þetta er um skriflega svarið. Aftur á móti vísar ráðherra til mannréttinda og réttar einstaklingsins þannig að leynt fari kaupverð á ríkisjörðum og telur að honum sé ekki heimilt að upplýsa um verðið. Það er ákaflega sérkennilegt þegar megnið af þeim upplýsingum sem ég spyr um og ráðherra vill ekki svara mér liggja fyrir í ríkisreikningi sem eru opinber gögn. Ég spyr, herra forseti: Hvað er hér á ferðinni? Hér fer hæstv. ráðherra tvívegis með rangt mál í svari og allar þessar upplýsingar liggja fyrir í A-hluta ríkisreiknings. Ég spyr um skýringar frá hæstv. ráðherra.

[15:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði síðast við hv. þm. hefur sá er hér stendur engan áhuga á að leyna þingið eða neinn annan þeim upplýsingum sem hann á aðgang að enda ekkert að fela. Jarðasalan er nú í mjög öruggum farvegi eftir að Ríkisendurskoðun og landbrn. gerðu þar samning um. Ríkiskaup hafa tekið að sér að auglýsa jarðir og meta samkvæmt 38. gr. jarðalaganna þannig að það er allt í skýrum farvegi.

Hins vegar kom mér á óvart það sem hv. þm. sagði hér frá og ég sé að er rétt, að í ríkisreikningi eru birt verð á jörðum sem seldar hafa verið í þrjú ár. Það kemur ráðuneyti mínu á óvart, það kemur Ríkisendurskoðun einnig á óvart, því að hér er ég með í höndunum skýrslu úrskurðarnefndar um upplýsingar þar sem tveir úrskurðir eru felldir þess efnis að ráðherrann og ráðuneytið megi ekki upplýsa um andvirðið. Þarna stangast því eitthvað á. Ég mun auðvitað fara yfir hvað það er.

Það er alveg ljóst í mínum huga að ráðherra sem fær á sig úrskurð og brýtur hann er sakaverður. Það verður að kjöldraga svoleiðis pilt sem brýtur úrskurð og brýtur lög þannig að ég vil ekki verða til þess að gera slíkt en þetta kemur sem sé á óvart, að þessar upplýsingar séu í ríkisreikningi, og ég mun fara yfir það. Ef þessar upplýsingar eiga að birtast hér og mega það lögum samkvæmt er það sjálfsagður hlutur. Hv. þm. fór síðast með rangt mál og sagði að Ríkiskaup hefðu allar upplýsingar um hvaða jarðir hefðu verið seldar frá 1995. Ríkiskaup komu ekkert að þessum málum fyrr en 1999.

Hæstv. forseti. Þeim sem hér stendur hafa ekki orðið á rangfærslur vísvitandi en hér greinir á um ákveðin atriði sem ég tel rétt að fara yfir.

[15:48]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er í sjálfu sér ofur einfalt mál, og einföld spurning sem lögð var fyrir hæstv. ráðherra. Hann var spurður að því hverjum ríkiseignir voru seldar og hvert andvirðið var.

Hæstv. ráðherra hefur reynt að koma sér hjá því að svara þessum spurningum, og borið fyrir sig að honum sé óskylt að upplýsa um þetta. Það verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að ef svo er komið fyrir þeirri stofnun, hinu háa Alþingi, að menn geti ekki aflað upplýsinga um það hvað hæstv. ráðherrar eru að gera, hverjum þeir eru að afhenda verðmæti ríkisins, er mjög illa komið fyrir okkur. Og ég trúi því ekki enn að hæstv. ráðherra komi ekki fram með þessar upplýsingar og birti þær hér eins og honum ber að gera, og ég held líka að hæstv. ráðherra verði að skýra það hví í svari hans komi fram fullyrðing sem ekki á rétt á sér, um að honum sé ekki skylt að svara þessari fyrirspurn. Það kemur fram í nefndadeild Alþingis að þetta standi ekki í þeirri skýrslu sem vitnað er til. Þessu verður hæstv. ráðherra að svara.

Þetta er orðið dálítið sérstætt, virðulegi forseti, því að þannig er fyrir okkur komið að farþegalistar hverfa þegar það á við og það er ekki einu sinni hægt að fá að vita hverjum hæstv. ráðherrar eru að selja ríkiseignir. Eina ástæðan sem ég sé fyrir leyndinni, og er ekki réttlætanleg, er sú að menn hljóta að vera að fela eitthvað. Hæstv. ráðherrar hljóta að vera að fela eitthvað — menn hljóta að hafa eitthvað að fela og í því felast væntanlega þau mannréttindi sem hæstv. ráðherra vísaði til, að verið sé að selja einkavinum eitthvað sem ekki þolir dagsins ljós.

[15:50]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það fór ekki hjá því að hæstv. landbrh. flæktist sjálfur í þeim furðulegu útúrsnúningum sem hann bar hér á borð til að afsaka hið snautlega svar eða eigum

við að kalla það afsvar sem hann hafði gefið hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur við einföldum spurningum sem fyrir hann voru bornar. Ég legg til að hæstv. ráðherra reyni aftur að taka til við að sinna skyldum sínum, þeim sem á hann eru lagðar samkvæmt lögum, og svari nú fyrirspurn hv. þm. undanbragðalaust.

Ég verð að segja að það sem var t.d. borið hér á borð, að ekki lægju fyrir upplýsingar um það í hv. ráðuneyti hvaða jarðir hafa verið seldar á undanförnum fimm árum, finnst mér svo furðuleg röksemd að ef satt reynist eigi bara að leysa upp ráðuneytið og taka það í sérstaka skoðun. (Gripið fram í.) Menn hljóta að hafa einhverjar tiltækar upplýsingar um þær stjórnvaldsaðgerðir sem hafa verið framkvæmdar á undanförnum fimm árum. Ég trúi ekki öðru.

[15:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér sýnist að hér sé að koma í ljós að hæstv. ráðherra hafa orðið á alvarleg mistök. Hann hefur greinilega gefið þinginu rangar og villandi upplýsingar, vonandi ekki vísvitandi, en hæstv. ráðherra ber eftir þessar umræður að fara ofan í þetta mál og gera Alþingi grein fyrir hinu rétta í því.

Í fyrsta lagi liggur alveg fyrir að það er rangt sem ráðherrann sagði enda mátti öllum vera ljóst að það er ekki hægt að bera saman stjórnarskrárvarinn rétt þingmanna og rétt almennings samkvæmt upplýsingalögunum. Það held ég að ráðherrann hafi viðurkennt núna þegar hann kom í ræðustól.

Í annan stað er hæstv. ráðherra uppvís að því að skýla sér á bak við mannréttindi og persónuvernd þegar hann vill ekki upplýsa um það sem spurt var í fyrirspurninni, þ.e. jarðakaup og verð á þeim. Síðan kemur bara í ljós að þetta liggur fyrir í ríkisreikningi. Það er alveg með ólíkindum að *ráðherrann skuli ekki vita betur eða hafa ekki betri ráðgjöf í* sínu ráðuneyti, að fara með slíka vitleysu í ræðustól.

Það er alveg ljóst að þessu máli er ekki lokið. Ég fer fram á það að hæstv. ráðherra geri grein fyrir hinu rétta í þessu máli þegar hann hefur fengið ráðrúm til þess að skoða mistökin sem hann hefur gert, og mér sýnist alveg blasa við að hæstv. ráðherra skuldi þinginu afsökunarbeiðni, a.m.k. fyrirspyrjanda sem hann hefur greinilega orðið uppvís að að gefa rangar og villandi upplýsingar.

[15:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er rétt. Hæstv. ráðherra skuldar skýringar á þeim svörum sem hann gefur. Hann fullyrðir hér í skriflegu svari hver réttur þingmanna sé. Nefndadeild Alþingis og lögfræðingarnir þar hafa vísað á bug þeim skilningi sem er í svarinu. Það er rangt farið með í þessu skriflega svari. Síðan er talað um að ekki sé heimild til að birta verðið á jörðunum. Hæstv. ráðherra hefur komið hér og skýrt hvers vegna það er. Hann hefur ekki beint skýringar á því en hann þarf að finna þær.

Hér hafa verið gefnar rangar og villandi upplýsingar og *ég velti fyrir mér hvort ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra* vill ekki upplýsa um sölu jarða undanfarin fimm ár geti verið sú að í ríkisreikningi, þegar maður kíkir á á hvað þessar jarðir hafa verið seldar, er verið að selja ríkisjarðir á undir 1 millj. kr., bújarðir í eigu ríkisins. Algengt verð er í kringum 1 millj. og kannski upp í 2–3 millj. fyrir bújarðir á ágætum stöðum á landinu.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þeim fyrirspurnum sem beðið hefur verið um og það verði upplýst hér hvað þessar jarðir hafa verið seldar á. Hluti af upplýsingunum sem ég spurði um er í ríkisreikningi. Aðrar upplýsingar eru þar ekki og ég held að það sé best fyrir alla aðila að þessar upplýsingar komi upp á borðið og hæstv. ráðherra skýri hvers vegna hann svarar röngu til í skriflegu svari og svarar síðan ekki til um upplýsingar sem liggja fyrir.

[15:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er óheiðarlegt, þetta gamla — látt* það svona í veðrinu vaka / að þú vitir að hann hafi unnið til saka. Þetta er aðferð ómerkilegra stjórnmálamanna. Þess vegna er það nú svo að þetta er allt saman opinbert mál.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem jafnan vill sparka í kálfann á félögum sínum spurði þessarar spurningar: Hverjum voru ríkiseignir seldar og hvert var andvirðið? Ég sagðist vera með þetta gagn hér sem ég yrði að styðjast við. Það væru úrskurðir tveir sem snúa að þessu máli. Þar stendur í úrskurðinum, með leyfi forseta:

„Hin kærða ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins þess efnis að synja kærendum um aðgang að skjölum varðandi kaup ríkisins á fasteignum á tilteknum sjö ríkisjörðum á árunum 1986–1990 er staðfest."

Þetta er úrskurður upplýsinganefndar sem landbrn. og sá er hér stendur telur sig þurfa að fara eftir. Hitt er hárrétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hér er eitthvað misvísandi á ferðinni og því verður að fara yfir það hvers vegna ríkisbókhald birtir sölu jarðanna og verðið sem aðrir, þar á meðal upplýsinganefnd, segja að sé ekki heimilt þegar kemur að ráðuneytinu. Yfir það verð ég að fara og um það skulda ég þinginu svör. Ég viðurkenni það en það er ekki af því að ég vilji hafa rangt við.

Svo *vil ég segja um hinn ómerkilega málflutning* hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að þegar ríkisjarðir eru seldar er oft aðeins verið að selja landið. Ríkiskaup hafa, eins og ég hef sagt hér, metið það hlutlaust allan þann tíma sem ég hef verið ráðherra, í flestum tilfellum, að samkvæmt 38. gr. jarðalaganna eru það ábúendurnir sem eiga öll mannvirkin. Þau eru undanskilin, þau eru eign fólksins sem jörðina situr. Þannig hefur sú aðferð verið notuð að Ríkiskaup hafa farið yfir málið. Ég tel að mér beri skylda, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði hér, að fara yfir þessi mál aftur. Hvers vegna stend ég frammi fyrir skýrslu þar sem sagt er að þessar upplýsingar megi ekki birta hér en síðan eru þær samkvæmt ríkisbókhaldi í ríkisreikningi? Þessar upplýsingar skulda ég því að ég hef engu að leyna og hef engan áhuga sjálfur á að fela fyrir þinginu eitt eða neitt. En jarðirnar eru ekki mitt mál. Ég hef sem ráðherra borið ábyrgð á sölu ríkiseigna eða fasteigna og hefur verið unnið samkvæmt mjög fastmótuðum reglum.

[15:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Varnir hæstv. ráðherra í þessu máli *eru heldur léttvægar og læt ég mér í léttu rúmi liggja þótt* hann telji það, að þegar menn falast eftir upplýsingum, vera tilraunir til að sparka í kálfa manna eða ekki. Það er svo létt í vasa að það tekur því vart að ræða það enda hefur framkoma hæstv. ráðherra í þessu máli öll borið þess merki að hann vill ekki upplýsa þingheim um það sem honum ber að gera. (**Landbrh.:** Rangt, rangt.)

Hins vegar, virðulegi forseti, held ég að það sé algerlega nauðsynlegt að halda þessu vakandi, til þess að þetta liggi

fyrir og hæstv. ráðherra sé ekki sífellt að reyna að beina athyglinni að ríkisstofnun, eins og hann hefur gert í þessari umræðu. Hér segir í 37. gr. jarðalaga — ég held að mikilvægt sé að lesa það upp þannig að fyrir liggi um hvers ábyrgð er að ræða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli jarðanefnd með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.“ — Sem endanlega er ákveðið af ráðherra, virðulegi forseti.

Það er heldur léttvægt, virðulegi forseti, að reyna sífellt að fela ábyrgð sína og fela sjálfan sig á bak við ríkisstofnanir þegar það liggur fyrir að endanleg ákvörðun um söluverð er á ábyrgð ráðherra.

[16:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gera athugasemd. Þegar svona umræður fara fram þá hélt ég að frummælandi og sá ráðherra sem fer með málið væru jafnan síðastir á mælendaskrá. Þess vegna á ég enn erfitt með að eiga við útúrsnúninga hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem enn halda áfram með jafnómerkilegum hætti og í upphafi. Ég hélt að það væri regla, hæstv. forseti, að sá sem hér hæfi spurningar og sá ráðherra sem ætti í hlut, lykju umræðunni og það hefði ég gjarnan viljað hafa í þessu tilfelli (**SJS:** Hættir bara ekkert.) þegar ekki er málefnalegar farið að en henti hv. þm. eins og svo oft áður.

[16:01]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er nú svo að það er í utandagskrárumræðu sem málshefjandi og hæstv. ráðherra flytja síðustu ræðurnar, en í athugasemdum um störf þingsins er eingöngu talað í 20 mín. Það er engin sérstök röð á ræðumönnum í þeirri umræðu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundur í heilbr.- og trn. með fulltrúum sjúkraliða.

[16:01]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Að frumkvæði þingflokksformanns Samfylkingarinnar fór hér fram síðastliðinn fimmtudag umræða um beiðni formanns Sjúkraliðafélagsins frá því rétt fyrir þinglok síðasta vor um fund með heilbr.- og trn. Í umræðunni var heilbr.- og trn. gagnrýnd ómaklega og að hluta til hallað réttu máli, sem mér finnst að mér beri sem formanni nefndarinnar að leiðrétta.

Því var m.a. haldið fram og slegið upp í Morgunblaðinu að nefndin hefði ekki svarað fundarbeiðni sjúkraliða. Þetta er ekki rétt. Formanni Sjúkraliðafélagsins var sagt síðastliðið vor þegar erindi þeirra barst og líka áður en erindi barst nefndinni skriflega, að ekki væri nokkur von til þess að hægt væri að verða við því þá fyrir þinglok heldur yrði brugðist við því þegar þing kæmi saman á ný um haustið, ef þá hefði ekki þegar samist. Erindi Sjúkraliðafélagsins var þannig hvorki synjað né hefur það verið hunsað.

Mér finnst líka rétt að láta þess getið að formaður félagsins hefur ekki ítrekað það við nefndina, heldur séð ástæðu til þess að ræða það við fjölmiðla auk þess að fara með það fyrir fund þingflokks Samfylkingarinnar.

Það er vissulega tilefni til, bæði innan og utan hv. heilbrn., að ræða afleiðingar kjaradeilu sjúkraliða og ríkisins á framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar, enda eru sjúkraliðar ein burðarstétt þjónustunnar auk þess í lykilhlutverki í umönnun aldraða og annarra langveikra.

Tilefni var hins vegar ekki til þeirrar umræðu sem hér varð um fundarbeiðnina vegna þess að þá hafði ég þegar, þegar umræðan fór fram, sem formaður heilbrn., ákveðið að verða við þeirri beiðni og falið ritara nefndarinnar að boða til þess fundar.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vissi af þessari ákvörðun því ég sagði henni frá ákvörðuninni tveimur dögum fyrr. Hvort þingmaðurinn upplýsti samflokksmenn sína um þessa staðreynd veit ég ekki, en sú umræða sem hér fór fram var augljóslega tilefnislaus og tilgangur hennar var einhver allt annar en að koma á þessum umræddu fundi. (Forseti hringir.)

Til þess að verða við fundarbeiðni stjórnar Sjúkraliðafélagsins þurfti enga kröfu eða hvatningu, hvorki frá einstökum þingmönnum né þingflokki Samfylkingarinnar.

Við skulum hafa það sem sannara reynist, að hv. þm. Ásta Ragnheiður (Forseti hringir.) Jóhannesdóttir hafði aldrei farið fram á slíkan fund við formann nefndarinnar.

[16:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Menn skulu hafa það sem sannara reynist. Mér fannst óþarfi að vera með þessar hnýtingar í stjórn Sjúkraliðafélagsins þó að hún kæmi á fund Samfylkingarinnar. Það var að beiðni Samfylkingarinnar. Við höfum það nefnilega fyrir venju að óska eftir viðræðum við þá aðila sem eiga í vinnudeilum til að reyna að komast að því hvaða vandi er á höndum í deilunum og fylgjast með. Þannig var það með sjúkraliðana. Það lá fyrir og við vissum af því að beðið hafði verið um viðræður við nefndina og ekkert orðið af því. Skýringarnar eru ýmsar á því af hverju ekki var orðið við þessu strax. Hv. þm. er búinn að gera grein fyrir því.

Ég tel að það hefði verið ástæða til þess að nefndin hefði kallað í þessa forustumenn þegar fyrir lá að mikill vandi var á höndum í sambandi við þessa kjaradeilu. En mér finnst óþarfi að menn séu að rífast um þetta mál hér því að nefndin á auðvitað að ræða þessi mál líka. Það skiptir auðvitað máli, ekki bara vegna kjaradeilunnar sjálfrar heldur vegna framtíðar þeirrar starfsgreinar sem þarna er um að ræða. Mönnum er mikill vandi á höndum ef þeim tekst ekki að leysa þessi mál eins og nú stefnir í.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 15. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[16:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að bera af mér sakir þar sem hæstv. ráðherra er hér með dylgjur í minn garð vegna upphæða sem ég nefni úr ríkisreikningi um verð á ríkisjörðum. Ég gæti náttúrlega lesið upp úr ríkisreikningi á hvað verið er að selja þessar jarðir, ef það er þá rétt að kalla það sölu. Það liggur nú við að þetta sé gjöf í einhverjum tilvikum. (**Landbrh.:** Ekki er þetta að bera af sér sakir?) Ég er að bera af mér sakir vegna þess að ég er að lesa hér beint upp úr ríkisreikningi tölur um það á hvað jarðir hafa

verið seldar. Aftur á móti hefði hæstv. ráðherra örugglega losnað við þessi leiðindi ef hann hefði svarað spurningum mínum hér á þingskjali (Gripið fram í.) eins og ég á rétt á, herra forseti, samkvæmt niðurstöðu lögfræðinga nefndasviðs Alþingis, (Gripið fram í.) sem segja í svari til mín ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú er hv. þm. komin út fyrir efnið.)

Ég er að bera hér af mér sakir vegna orða hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. er ekki að bera af sér sakir með því að fara að lesa hér upp úr ríkisreikningi.)

Ég vil einnig vísa í seinni umræðuna um störf þingsins. Það var alveg ljóst og kom fram í máli mínu að búið var að boða sjúkraliða á fund næstkomandi fimmtudag. (**KHG:** Hverjar eru sakir?) Það kom fram.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 6. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir.

[16:07]

Lúðvík Bergvinsson:

(**Gripið fram í:** Já, hverjar eru sakirnar?) Virðulegi forseti. Það er nú rétt að komast í ræðustólinn áður en kemur að því að útskýra það fyrir þingheimi, sé hann í vafa.

Það kom fram í ræðu hæstv. landbrh. að þeir sem hér hafi rætt hafi verið með ódrengilegan málflutning, ómerkilegan og þar fram eftir götunum. (**Gripið fram í:** Ekki allir, ekki allir.) Hæstv. ráðherra bar það upp á þann sem hér stendur að svo hafi verið án þess að rökstyðja það með einu dæmi, án þess að nefna nokkur dæmi máli sínu til stuðnings. Ég held, virðulegi forseti, að það sé ekki við hæfi að hæstv. ráðherrar tali með þessum hætti til þess eins að fela það sem þeir eru sjálfir lentir hér í (Gripið fram í.) og ekkert annað.

Ég mótmæli því harðlega, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherrar komist upp með málflutning af þessum toga og lít á hann sem dauðan og ómerkan þangað til dæmin eru nefnd.

Brunatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 42. mál (afskrift brunabótamats). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tryggingarskilmálar vátryggingafélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (Heyrnar- og talmeinastöð). — Þskj. 255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Velferðarsamfélagið, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 27. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 44. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Samningsbundnir gerðardómar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (fullnusta erlendra gerðardóma). — Þskj. 228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 60. mál (umsóknarfrestur). — Þskj. 60.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 2. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 115, nál. 298, brtt. 299.

[16:11]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 298 frá hv. samgn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Veðurstofu Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Siglingastofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, Almannavörnum ríkisins, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Vélstjórafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Slysavarnaskóla sjómanna.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó sem gerðar voru í Lundúnum 4. nóvember 1993. Breytingar þessar öðluðust gildi alþjóðlega 4. nóvember 1995 en með frumvarpinu er lagt til að þær öðlist lagagildi hér á landi.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að orðalag nokkurra ákvæða í fylgiskjali með lögunum verði lagfært.

Nefndin leggur til að gerðar verði smávægilegar breytingar á frumvarpinu af lagatæknilegum ástæðum. Breytingartillögurnar hafa ekki efnislega breytingu í för með sér. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG): Það er fullmikill kliður í salnum.)

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 6. mál (eftirlit, Framkvæmdasýslan, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 6.

[16:13]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 6, um breytingu lögum um skipan opinberra framkvæmda, sem ég flyt ásamt hv. þm. Gísla S. Einarssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Össuri Skarphéðinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Kristjáni L. Möller og Sigríði Jóhannesdóttur.

Markmið þessa frv. er að tryggja traustari og vandaðri undirbúning opinberra framkvæmda og skilgreina betur hvar vald, ábyrgð og eftirlit liggur í stjórnsýslunni með endurskipulagningu á skipan og eftirliti með opinberum framkvæmdum.

Alvarleg brotalöm hefur ítrekað komið í ljós á undanförnum missirum á skipan opinberra framkvæmda. Iðulega ríkir óvissa um vald og fjárhagslega ábyrgð. Virkt kostnaðareftirlit er oft ekki til staðar og framkvæmdir ekki boðnar út. Óvönduð ákvarðanataka og skortur á nauðsynlegum undirbúningi er algengt vandamál og felst m.a. í því að verið er að hanna og bæta við aukaverkum á framkvæmdatímanum, auk þess sem umfang framkvæmda hefur ekki takmarkast við fjárlagaheimildir. Þetta hefur haft í för með sér að kostnaður við framkvæmdir fer langt fram úr áætlunum. Við upphaf framkvæmda skortir verulega á að fyrir liggi hver sé ábyrgð hvers aðila sem að verkinu kemur. Má leiða að því líkur að á síðustu missirum hafi með þessu móti verið sólundað miklu af almannafé. Allt of algengt er að rokið sé í framkvæmdir án þess að nauðsynlegum undirbúningi, tæknilegum og fjárhagslegum, sé lokið. Nefna má í því sambandi að meginástæða þess að fjármál fóru úr böndum við framkvæmdir á skrifstofuhúsnæði Alþingis, Þjóðmenningarhúsi og Þjóðleikhúsi er að verk- og ábyrgðarskipting var óljós.

Forsendur fjárframlaga á fjárlögum til opinberra framkvæmda eru að lokið hafi verið frumathugun og áætlanagerð sem ráðuneyti, sveitarfélög eða byggingarnefndir í umboði ráðuneyta eiga að senda fjármálaráðuneytinu til athugunar. Þótt ekki sé nú skýrt kveðið á um það í lögunum er ljóst að í framkvæmd er fjármálaráðherra óheimilt að taka inn fjárveitingar vegna opinberrar framkvæmdar í fjárlagafrumvarp nema verkið uppfylli skilyrði laga um opinberar framkvæmdir, sbr. 7. og 8. gr. núgildandi laga. Ástæða er til að ætla að fjármálaráðherra hafi mælt fyrir fjárveitingum til opinberra framkvæmda í frumvarpi til fjárlaga þó að frumathugun og áætlanagerð hafi ekki legið fyrir í öllum tilvikum.

Auk þess sem að ofan greinir má nefna alvarlega vanrækslu varðandi gerð skilamata. Má nefna sem dæmi að á árunum 1995–2000 voru einungis gerð tíu skilamöt. Samkvæmt ákvæðum laga um skipan opinberra framkvæmda skal að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt fara fram skilamat á verkinu. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar. Skilamat og greinargerð um það á Framkvæmdasýsla ríkisins að leggja fyrir fjárlaganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

Framkvæmdasýslan hefur notað það sér til málsbóta að erfiðlega gangi oft að fá tilskilin gögn frá verkkaupum til að framkvæma skilamatið og engin úrræði séu fyrir hendi til að krefjast gagna. Skilamat er mikilvægur hlekkur í öllu eftirliti með opinberum framkvæmdum. Ákvæði frumvarpsins eiga að tryggja að skilamöt séu gerð og Alþingi verði gert kleift að fylgjast með framkvæmd þeirra.

Hlutverk byggingarnefnda er einnig mjög óljóst og allan lagagrundvöll vantar um vald- og verksvið nefndanna. Þannig virðast sumar byggingarnefndir hafa fjárhagslegt umboð frá ráðuneytum en aðrar ekki. Þetta aga- og eftirlitsleysi er með öllu úr samhengi við gagnsæja, skilvirka og aðhaldssama stjórnsýslu og hefur leitt til þess að misfarið hefur verið með opinbert fé í stjórnsýslunni. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á byggingarnefnd Þjóðleikhússins koma brotalamir í opinberum framkvæmdum skýrt í ljós, en niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að eftirlitsaðilar hefðu brugðist. Þar kemur fram að eftirlit Framkvæmdasýslunnar með framkvæmd og störfum byggingarnefndar Þjóðleikhússins hafi verið algerlega ófullnægjandi. Á sama hátt er menntamálaráðuneytið gagnrýnt fyrir að halda ekki vöku sinni nægjanlega, því það hafi oftar en einu sinni fengið ábendingar um að ekki væri nægilega faglega að verki staðið af hálfu nefndarinnar og að umdeilanlegt væri hvort störf hennar væru í samræmi við það umboð sem hún hefði fengið.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að auka vald, ábyrgð og sjálfstæði Framkvæmdasýslu ríkisins og veita henni þá aðkomu og lagalegu úrræði sem nauðsynleg eru til að hún geti

með fullnægjandi hætti sinnt hlutverki sínu. Mikilvægt er að auknu sjálfstæði fylgi aukin ábyrgð, skýrt skilgreint vald og verksvið og virk eftirfylgni, þannig að fyllsta aðhalds sé gætt í öllum opinberum framkvæmdum. Vald stofnunarinnar og úrræði virðast ekki vera í samræmi við þá ábyrgð og eftirlit sem hún á að hafa með opinberum framkvæmdum. Opinberlega hefur komið fram hjá forsvarsmönnum stofnunarinnar að Framkvæmdasýslan sé í hlutverki þjónustustofnunar og lítið sé um úrræði þegar pólitískur vilji og þrýstingur sé til að fara út í ákveðnar framkvæmdir þrátt fyrir skort á fjárveitingum eða fullnægjandi undirbúningi. Einnig hefur komið fram að Framkvæmdasýslan eigi erfitt með að fylgja lögunum eftir, ráðuneytin geti ákveðið upp á sitt eindæmi að fara á svig við þau. Annars staðar á Norðurlöndum bera sambærilegar stofnanir ábyrgð á öllu framkvæmdaferlinu frá upphafi undirbúnings. Frumvarp þetta gengur nokkuð í þessa átt en frumathugun og áætlunargerð er þó haldið í höndum eignaraðila. Segja má að sú tilhögun sem lögð er til í þessu frumvarpi sé að mestu í samræmi við álit Ríkisendurskoðunar sem lögð var fyrir efnahags- og viðskiptanefnd á síðasta þingi, þegar fjallað var um breytingar á lögum um opinber innkaup og skipan opinberra framkvæmda.

Ríkisendurskoðun komst þar að þeirri niðurstöðu að verulega skorti á að fylgt hefði verið ákvæðum laga um opinberar framkvæmdir, en stofnunin kannaði verklag við framkvæmd tiltekinna opinberra framkvæmda. Fram kom að ábyrgð þeirra sem að framkvæmdum koma sé óljós, sem og upplýsingaskylda og fyrirkomulag ákvarðanatöku. Jafnframt kom fram að eftirlit virki ekki og umfang framkvæmda takmarkist ekki við fjárveitingar sem veittar eru til þeirra á fjárlagaárinu. Skortur væri á samhæfingu og samráði á framkvæmdatímanum.

Ríkisendurskoðun taldi í umsögn sinni að þær breytingar sem gerðar voru á lögum um skipan opinbera framkvæmda sl. vor fælu ekki í sér þær breytingar frá núgildandi lögum sem tryggt gætu betri framkvæmd þessara mála.

Það var einmitt á þeim forsendum, þegar við fjölluðum um það mál í efh.- og viðskn. síðasta vor, að við í minni hluta efh.- og viðskn. lögðum til að því frv. sem ríkisstjórnin var þá með og var til meðferðar hér á þinginu yrði frestað fram til þingsins sem við nú sitjum, einmitt til að væri hægt yrði að taka tillit til sterkra og rökstuddra ábendinga sem fram komu hjá Ríkisendurskoðun. Við því varð ekki orðið af hálfu meiri hlutans og þess vegna sat minni hlutinn hjá þegar farið var í breytingar á þessum lögum á síðasta þingi.

Ég held að ýmislegt sem fram hefur komið frá þeim tíma hafi sýnt og staðfest að nauðsynlegt var að fara ítarlega ofan í skipan þessara mála en gert var á síðasta þingi. Það er einmitt tilgangurinn með flutningi þess frv. sem ég hér mæli fyrir.

Ríkisendurskoðun gagnrýndi framkvæmd laganna og lagði til grundvallarbreytingar. En, herra forseti, gagnrýni Ríkisendurskoðunar var þessi helst:

Starf samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir tryggir hvorki að fullnægjandi hönnun, kostnaðaráætlun né nægjanlegar fjárveitingar séu til staðar áður en framkvæmdir hefjast.

Ekki hefur legið nægjanlega ljóst fyrir við upphaf framkvæmda hver væri ábyrgð hvers aðila sem að framkvæmdum kemur, upplýsingaskylda og fyrirkomulag ákvarðanatöku.

Mikið skortir á samhæfingu og samráð á framkvæmdatíma.

Eftirlit virkar í raun ekki þar sem reglur eru ekki fyrir hendi um hvernig taka skal á tilteknum atriðum sem upp koma á framkvæmdatíma.

Umfang framkvæmda virðist ekki takmarkast við fjárveitingar sem veittar eru til þeirra á fjárlagaárinu.

Ríkisendurskoðun velti upp nýjum hugmyndum sem fela í sér grundvallarbreytingu á skipan þessara mála, m.a. um verkaskiptingu milli fjármálaráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins. Sú leið felur m.a. í sé að ekki er þörf á samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Með þessari leið taldi Ríkisendurskoðun að ábyrgð yrði skýrari og eftirlit virkara, m.a. að fullnægjandi undirbúningur eigi sér stað áður en verk er boðið út og skrifað undir samninga við verktaka.

Afar mikilvægt er að verkferill opinberra framkvæmda sé í föstum skorðum. Í frumvarpi þessu er ábyrgð og valdsvið þeirra aðila sem að verki koma skýrt skilgreint og þannig búið um hnútana að ekki verður undan því vikist, herra forseti, að fylgja ákvæðum laganna.

Ég vil nú fara yfir helstu breytingar sem frv. felur í sér. Frv. er nokkuð ítarlegt og tekið á helstu gagnrýnisatriðum og ábendingum sem fram hafa komið á síðustu mánuðum og missirum að því er varðar skipan opinberra framkvæmda.

Frv. er 16 greinar og með því fylgir ítarleg greinargerð og umsögn um hverja grein og mun ég stikla á þessu, herra forseti, þannig að efni frv. megi ljóst vera og hvaða leið við viljum fara í því efni.

1. Tekið er skýrt fram að lögin taki til allra opinberra framkvæmda, en það hefur verið nokkuð á reiki og óljóst við hvað þær hafi átt að miða.

2. Aðkoma Framkvæmdasýslu ríkisins er tryggð allt frá frumathugun til loka verks og eftirlitshlutverk hennar aukið verulega.

3. Krafist er staðfestingar fjármálaráðherra á greinargerð um frumathugun og óheimilt að ráðast í annan áfanga opinberrar framkvæmdar, þ.e. áætlunargerð, fyrr en sú staðfesting hefur fengist.

4. Hlutverk og valdsvið byggingarnefnda er skilgreint.

5. Eftirlitshlutverk fjármálaráðuneytisins er aukið verulega og jafnframt kveðið skýrt á um að fjármálaráðherra sé óheimilt að mæla fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í frumvarpi til fjárlaga nema áætlun liggi fyrir og hún sé í samræmi ákvæði 7. og 8. gr. laganna og byggð á raunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins. Þetta tryggir að ekki verður ráðist í neina opinbera framkvæmd, sem fellur undir lögin, nema fylgt sé ákvæðum laganna varðandi frumathugun og áætlunargerð og jafnframt tryggir þetta að vandað sé til undirbúningsvinnunnar.

6. Tekið er skýrt fram að Framkvæmdasýsla ríkisins er sá aðili sem annast verklega framkvæmd fyrir hönd ríkisins. Í þessu felst m.a. umsjón með útboðum, undirbúningur samningsgerðar við verktaka, reikningshald, greiðslur og eftirlit vegna verks. Að auki er Framkvæmdasýslunni tryggð aðkoma þegar sveitarfélag annast hina verklegu framkvæmd, sbr. 13. gr. laganna.

7. Lagt er til að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir verði lögð niður, þar sem ekki er talin þörf fyrir hana miðað við þær breyttu forsendur sem frumvarp þetta skapar.

8. Þá er lagt til að Framkvæmdasýslan skuli ár hvert semja skýrslu um starfsemi sína og leggja hana fyrir fjármálaráðherra. Í framhaldi af því ber ráðherra að kynna efni

skýrslunnar fyrir Alþingi. Ég held að þetta ákvæði sé afar veigamikið og tryggi aðhald Alþingis að þessu sviði sem nokkuð hefur á skort.

Herra forseti. Svo ég taki fyrir einstakar greinar þá er það það að segja um 1. gr. að núgildandi lögum um opinberar framkvæmdir er ætlað að taka til allra þeirra framkvæmda sem falla undir skilgreininguna. Þetta er hins vegar ekki tekið fram með ótvíræðum hætti í lögunum sjálfum og er lagt til að úr því verði bætt svo að það valdi ekki vafa.

Framkvæmdum er oft og tíðum skipt upp í aðskilda verkáfanga sem eru þá framkvæmdir hver á eftir öðrum. Lagt er til að það verði áréttað sérstaklega að 5 millj. kr. viðmiðunin í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga eigi við opinbera framkvæmd í heild en ekki einstaka verkáfanga þótt þeir kunni að vera nokkuð sjálfstæðir. Þannig að ef áætlaður kostnaður ríkissjóðs er 5 millj. kr. eða meira í heildarframkvæmd skal fara eftir ákvæðum laganna.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 4. gr. laganna.

Lagt er til að Framkvæmdasýslu ríkisins verði sendar greinargerðir um frumathuganir til umsagnar. Á grundvelli umsagna Framkvæmdasýslunnar ber fjármálaráðuneytinu síðan að meta hvort greinargerð sé fullnægjandi og staðfesta hana ef svo er. Staðfesting fjármálaráðuneytisins er síðan forsenda þess að heimilt sé að hefja vinnu við áætlunargerð.

Markmið framangreindra breytinga er tvíþætt, annars vegar að tryggja aðkomu Framkvæmdasýslunnar frá upphafi í hverri framkvæmd, og hins vegar að greinargerð um frumathugun sé alltaf gerð, enda verður með öllu óheimilt að ráðast í annan áfanga opinberra framkvæmda, þ.e. áætlunargerð, nema staðfesting ráðherra um fullnægjandi greinargerð liggi fyrir. Aðkoma Framkvæmdasýslunnar ætti að leiða til þess að greinargerðir um frumathuganir verði unnar á faglegri og samræmdari hátt en nú er og einnig tryggir þetta að Framkvæmdasýslan hafi yfirsýn yfir hverja framkvæmd allt frá upphafi sem ætti að auðvelda henni að sinna skyldum sínum samkvæmt lögunum, til að mynda við gerð skilamats.

Í b-lið frumvarpsgreinarinnar er tiltekið að heimilt sé að fela byggingarnefnd að sjá um frumathugun og gerð greinargerðar um frumathugun samkvæmt lögunum. Hér er átt við nefndir sem eru sérstaklega skipaðar vegna tiltekinnar opinberrar framkvæmdar.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna sambærilegt ákvæði sem heimilar hlutaðeigandi aðilum að fela byggingarnefndum umsjón með gerð áætlunar um opinbera framkvæmd. Gert er ráð fyrir að heimildir byggingarnefnda geti aldrei orðið meiri en felst í þessu tvennu. Samkvæmt þessu eiga byggingarnefndir ekki að hafa með höndum verklega framkvæmd né fjármálalega stjórn opinberrar framkvæmdar umfram það sem felst í gerð frumathugunar og áætlunar. Mikilvægt er síðan að nánar sé kveðið á um hlutverk hverrar nefndar í erindisbréfi.

Ég vil þá víkja að 4. gr. frumvarpsins, herra forseti. Í greininni er lögð til breyting á 8. gr. laganna.

Lagt er til að áætlunargerð skuli ekki aðeins send fjármálaráðuneyti til athugunar heldur einnig Framkvæmdasýslu ríkisins. Þessi breyting þjónar sama tilgangi og þær breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að tryggja aðkomu Framkvæmdasýslu ríkisins á öllum stigum opinberrar framkvæmdar. Þessi breyting helst í hendur við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 9. gr. laganna og fela í sér að Framkvæmdasýslunni verði falið að kanna og meta hvort áætlunargerð sé í samræmi við 7. og 8. gr. laganna og jafnframt hvort hún sé byggð á raunhæfum forsendum.

Þá vík ég að 5. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 9. gr. laganna.

Samkvæmt 9. gr. laganna skal áætlunargerð vera í fullu samræmi við 7. og 8. gr. laganna og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytisins. Séu þessi skilyrði uppfyllt ber fjármálaráðherra að taka áætlunargerðina til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps næsta árs.

Eðlilegast er að skilja framangreint ákvæði laganna með þeim hætti að ef áætlunargerð vegna opinberrar framkvæmdar uppfyllir ekki framangreind skilyrði sé fjármálaráðherra óheimilt að mæla fyrir fjárveitingu til hennar í frumvarpi til fjárlaga. Þessi skilningur byggist að sjálfsögðu á þeirri forsendu að lögin séu ófrávíkjanleg.

Þrátt fyrir þetta virðist það tíðkast í nokkrum mæli að fjármálaráðherra mæli fyrir fjárveitingum til opinberra framkvæmda þótt skilyrðum 7. og 8. gr. laganna sé ekki fullnægt. Fullyrða má að ein helsta orsök þess að kostnaður við opinberar framkvæmdir fari úr böndunum sé sú að undirbúningi er ábótavant. Af þessum sökum er það afar mikilvægt að fyrir liggi ítarleg áætlunargerð. Til að tryggja að svo sé er lagt til að tekið verði fram skýrum stöfum að fjármálaráðherra sé óheimilt að mæla fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í frumvarpi til fjárlaga nema áætlunargerð vegna hennar sé í samræmi við 7. og 8. gr. laganna og byggð á raunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins. Ef Framkvæmdasýsla ríkisins gerir athugasemdir við áætlunargerð skal fjármálaráðuneytið endursenda hlutaðeigandi ráðuneyti hana ásamt athugasemdum Framkvæmdasýslunnar. Í framhaldinu má þá gera ráð fyrir að áætlunargerð verði lagfærð með tilliti til framkominna athugasemda. Lagfærða áætlunargerð á síðan að meðhöndla sem ný væri, með öðrum orðum skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda hana til Framkvæmdasýslunnar og fjármálaráðuneytisins á ný.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er lagt til að mat á því hvort áætlunargerð sé í samræmi við ákvæði laganna og hvort hún sé byggð á raunhæfum forsendum er lagt í hendur Framkvæmdasýslu ríkisins en ekki fjármálaráðuneytis eins og nú. Telja verður að Framkvæmdasýsla ríkisins sé mun betur í stakk búin en ráðuneytið til að meta þetta vegna sérfræðiþekkingar sinnar. Mat Framkvæmdasýslunnar á að vera hlutlægt og byggjast á faglegum og tæknilegum grunni. Framkvæmdasýslunni ber þannig t.d. að gera athugasemdir ef hún telur fullnaðaruppdrætti eða tæknilega verklýsingu ófullnægjandi og eins ef hún telur kostnaðaráætlun óraunhæfa. Endanlegt ákvörðunarvald um það hvort mælt sé fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í fjárlagafrumvarpi er svo að sjálfsögðu í höndum fjármálaráðherra.

Sú tilhögun að fela Framkvæmdasýslu ríkisins umrætt mat styrkir eftirlit með opinberum framkvæmdum verulega og tryggir að áætlunargerðir séu unnar á faglegum forsendum.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að endurskoða skuli áætlunargerð komi í ljós að framkvæmd sé ekki í samræmi við hana og er slík endurskoðuð áætlunargerð forsenda þess að fjármálaráðherra sé heimilt að mæla fyrir hærri fjárveitingum til framkvæmdar í fjárlagafrumvarpi en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að menn setjist niður og kanni hvað úrskeiðis hefur orðið áður en auknu fé er ráðstafað til framkvæmdar.

Ég vík þá að 6. gr. frumvarpsins en í 5. gr. er fjallað um skilyrði þess að fjármálaráðherra megi mæla fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í fjárlagafrumvarpi. Þessi skilyrði gilda hins vegar ekki um fjárlaganefnd Alþingis né einstaka þingmenn. Ekkert er því til fyrirstöðu að fjárlaganefnd ákveði eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram að gera breytingartillögur við það sem fela í sér fjárveitingar til opinberra framkvæmda, þó svo að hvorki frumathugun né áætlunargerð liggi fyrir, og það sama á við um einstaka þingmenn. Þetta byggist á þeirri grundvallarreglu stjórnarskrárinnar að fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis. Ef framangreindar reglur mundu einnig ná til alþingismanna væri í raun búið að skilyrða fjárveitingavaldið sem verður að teljast varasamt gagnvart stjórnarskrá. Þá er ákveðinn sveigjanleiki nauðsynlegur við fjárlagasmíðina og því óæskilegt að binda hendur fjárlaganefndar og einstakra alþingismanna með þessum hætti.

6. gr. frumvarpsins er ætlað að taka á þeim tilvikum þegar fjárveiting til opinberrar framkvæmdar hefur verið samþykkt í fjárlögum að tilstuðlan fjárlaganefndar eða einstakra þingmanna. Í þessum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili sjá til þess að áætlunargerð fari fram samkvæmt ákvæðum laganna og hún send fjármálaráðuneytinu og Framkvæmdasýslu ríkisins til athugunar. Samfara þessu er lögð til breyting á 12. gr. laganna þess efnis að frumathugun og áætlunargerð, sem hlotið hefur staðfestingu Framkvæmdasýslu ríkisins, verði að liggja fyrir til að leyfilegt sé að hefja verklegar framkvæmdir eins og 7. gr. frumvarpsins kveður á um.

Í 7. gr. frv. eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna. Með ákvæðinu er ætlunin að tryggja enn frekar að ekki sé ráðist í verklegar framkvæmdir fyrr en allri undirbúningsvinnu er lokið. Þessar breytingar hafa einkum þýðingu þegar fjárveiting hefur verið samþykkt að tilstuðlan fjárlaganefndar eða einstakra þingmanna, enda á að vera tryggt að fjármálaráðherra mæli ekki fyrir fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga nema frumathugun og áætlunargerð sé lokið. Samkvæmt þessu verður staðfesting fjármálaráðuneytisins um að frumathugun og áætlunargerð liggi fyrir að hafa borist áður en heimilt er að hefja verklega framkvæmd.

Í 13. gr. laganna er nú gert ráð fyrir að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir geti áskilið að sveitarfélag, sem sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Í 8. gr. frv. er lagt til að þetta fyrirkomulag verði afnumið en þess í stað kveðið á um að sveitarfélag skuli ávallt fá samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu áður en útboð fer fram. Skoðun Framkvæmdasýslu ríkisins á að vera hlutlæg og byggjast á faglegum grunni. Sé útboðslýsing gölluð að mati Framkvæmdasýslunnar getur hún í samræmi við ákvæðið neitað að ljá henni samþykki sitt. Komi sú staða upp verður viðkomandi sveitarfélag að lagfæra útboðslýsingu og leita síðan samþykkis Framkvæmdasýslunnar að nýju. Þessi skipan mála hvetur til vandaðri vinnubragða við gerð útboðslýsingar og útboðs og styrkir stöðu Framkvæmdasýslu ríkisins sem eftirlitsaðila með opinberum framkvæmdum.

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er skilgreint í 20. gr. laganna. Þar segir m.a. að hún skuli undirbúa og annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka, sjá um reikningshald og greiðslur vegna verka. Þrátt fyrir þetta er ljóst að Framkvæmdasýslan hefur ekki þetta hlutverk í öllum opinberum framkvæmdum samkvæmt lögunum þar sem sveitarfélögum er ætlað að annast þessa hluti þegar um sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags er að ræða.

Til að það valdi ekki vafa hvaða skyldum Framkvæmdasýslan hefur að gegna er hér lagt til að það verði skilgreint nákvæmlega í hvaða tilvikum Framkvæmdasýslan hafi þessum hlutverkum að gegna.

Eftir standa þau tilvik þar sem aðrir eignaraðilar fara með hina verklegu framkvæmd samkvæmt samningi og teljast framkvæmdaraðilar í þeim skilningi. Í þeim tilvikum á Framkvæmdasýslan ekki aðkomu að hinni verklegu framkvæmd samkvæmt lögunum. Ákveði laganna um frumathugun, áætlunargerð og skilamat gilda engu að síður um þessa aðila.

Í 15. gr. laganna er tekið á þeim tilvikum þegar kostnaðaráætlun verks raskast vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum. Í þessum tilvikum verður ekki talin þörf á að endurskoða áætlunargerðina sem slíka eins og gert er ráð fyrir í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í tilvikum sem þessum nægir samkvæmt lögunum að hlutaðeigandi ráðuneyti geri tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun.

Hér er lagt til að umræddar tillögur til fjármálaráðuneytisins skuli gerðar í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins. Þetta þjónar fyrst og fremst því hlutverki að tryggja aðkomu Framkvæmdasýslunnar að þessum þætti í ferli verklegra framkvæmda.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir verði lögð niður, og kemur það fram í 10. gr. þess, og af því leiðir að skylda Framkvæmdasýslunnar til að leggja skilamat fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er felld brott.

Óeðlilegt er að Framkvæmdasýslan setji sjálfri sér reglur um gerð skilamats, eins og nú er gert ráð fyrir. Eðlilegra verður að ætla að fjármálaráðuneytið, en Framkvæmdasýslan heyrir undir það, setji þessar reglur og er lagt til að svo verði.

Fyrirvari sá sem hér er lagt til að bætt verði við greinina lýtur að þeim tilvikum þegar einkaaðilar teljast framkvæmdaraðilar samkvæmt samningi eða ákvörðun ráðherra. Þegar þannig stendur á hefur Framkvæmdasýslan ekki aðkomu að hinni verklegu framkvæmd að öðru leyti en því að hún þarf að samþykkja áætlunargerð, og því er ljóst að hún getur ekki talist fara með yfirstjórn hennar í þeim tilvikum.

Samkvæmt 18. gr. laganna á samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að vera fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laganna. Þá á nefndin að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdarstigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð og fylgjast að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ljóst er að nefndin hefur einkum sinnt því hlutverki að fylgjast með því hvort fjárheimildir séu til staðar og hefur hún í einhverjum tilfellum stöðvað framkvæmd vegna skorts á fjárheimildum. Sem vettvangur mismunandi sjónarmiða eignaraðila hefur nefndin lítið látið að sér kveða og jafnframt hefur það heyrt til algerra undantekninga að hún hafi rannsakað frumathuganir og áætlunargerðir svo sem boðið er.

Fjármálaleg yfirstjórn opinberra framkvæmda er í höndum fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögunum. Í því felst m.a. að ráðuneytinu ber að fylgjast með því hvort fjárheimild sé til staðar þegar ráðist er í opinbera framkvæmd og

verður að telja óþarft að það hafi sérstaka nefnd til að aðstoða sig við þá athugun. Þar sem svo virðist sem nefndin hafi ekki haft annan starfa með höndum er lagt til að hún verði felld niður.

Rannsókn á frumathugun og áætlunargerð kemur í hlut fjármálaráðuneytisins og Framkvæmdasýslunnar.

Ég vísa þá í 13. gr. frv., herra forseti. Þar sem Framkvæmdasýslu ríkisins er ætlað að meta hvort áætlunargerð er í samræmi við 7. og 8. gr. laganna og hvort hún er byggð á raunhæfum forsendum samkvæmt frumvarpinu væri óeðlilegt að hún veitti ráðuneytum og ríkisstofnunum jafnframt ráðgjöf á undirbúningsstigi framkvæmdar. Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslunni hefur lítið sem ekkert verið leitað eftir ráðgjöf af þessu tagi og hefur því niðurfelling þessa ákvæðis ekki í för með sér óþægindi eða kostnaðarauka fyrir framkvæmdaraðila sem áfram mun afla sér aðstoðar og ráðgjafar hjá einkaaðilum vegna undirbúnings framkvæmdar eins og verið hefur.

Ég kem þá að 15. gr. frv., herra forseti, en í þeirri grein er lagt til að Framkvæmdasýslan skuli árlega semja skýrslu yfir starfsemina á liðnu ári og leggja hana fyrir fjármálaráðherra. Í framhaldi af því er síðan lögð sú skylda á fjármálaráðherra að gera Alþingi grein fyrir efni skýrslunnar. Með því er tryggt að Alþingi hafi ávallt yfirsýn yfir þennan málaflokk og í því felst aðhald bæði fyrir Framkvæmdasýsluna og ráðherra. Þetta tel ég afar mikilvægt atriði í frumvarpinu.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir greinar frv. sem, eins og á máli mínu má heyra, er nokkuð viðamikið. Ég vil geta þess að fjmrn. setti í september sl. reglugerð sem er með stoð í lögum um skipan opinberra framkvæmda. Þar er nokkuð tekið á málum og skerpt á ýmsum atriðum er varða valdsvið og ábyrgð þeirra aðila sem koma að opinberum framkvæmdum. Í einhverjum tilfellum er þar tekið á þeim atriðum sem frv. þetta felur í sér en langt í frá að það sé gert með sambærilegum hætti og til er ætlast í þessu frv. sem ég hef hér lýst.

Það má nefna að ekkert er tekið á byggingarnefndum eða sett ákvæði um þær í þessari reglugerð. Margar byggingarnefndir eru hins vegar starfandi og ég hef spurt hæstv. fjmrh. um þær en ekki fengið enn svar við spurningum mínum hér á þinginu. Það er ekkert kveðið á um hlutverk eða verkefni þeirra eða valdsvið í þessari reglugerð frá fjmrh. frá því í september en á því er kirfilega tekið í þessu frv.

Mismunurinn felst líka í því að við leggjum áherslu á að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir verði lögð af og verkefni hennar fengið fjmrn. og Framkvæmdasýslunni með þeim rökum sem ég hef hér lagt áherslu á.

Á ýmsu fleiru eins og aðhaldi Alþingis varðandi verklegar framkvæmdir er ekki tekið í reglugerð ráðherra en á því er kirfilega tekið í þessu frv., bæði sem snýr að fjárln. sjálfri og eins að þinginu með því að ráðherra er gert að flytja þinginu árlega skýrslu um starfsemina og skipan opinberra framkvæmda.

Afar mikilvægt er að traustur grunnur sé um frumathuganir og áætlanagerðir í lögum og þau atriði eru með miklu skýrari og skipulegri hætti sett niður í þetta frv. sem ég var að lýsa en í reglugerð ráðherrans.

Það er því mín skoðun, herra forseti, að þessi lög þurfi þeirrar endurskoðunar við sem ég hef hér lagt til ásamt öðrum þingmönnum í Samfylkingunni. Ég vil nota tækifærið og þakka nefndasviði Alþingis fyrir ómetanlega aðstoð við gerð þessa frv. og legg svo til hér í lokin að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:44]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001, er mjög nauðsynlegt frv. til að auka eftirlit og virkt aðhald varðandi opinberar framkvæmdir.

Segja má að þetta frv. sé viðamikið nauðsynjamál til þess að byggja brú yfir þá gjá sem virðist hafa verið til staðar varðandi framkvæmdir á vegum ríkisins. Það má vera ljóst samkvæmt athugasemdum, m.a. frá Ríkisendurskoðun, varðandi t.d. Þjóðmenningarhús, að nauðsynlegt er að veita aðhald við opinberar framkvæmdir. Hverjum og einum má vera ljóst að of mikið er um mistök varðandi ákvarðanir og eftirlit og svo einnig við beinar framkvæmdir, þar hafa orðið mistök.

Til að nefna dæmi hafa menn reist veggi og brotið þá síðan niður. Hvers vegna? Vegna þess að byggingar hafa verið framkvæmdar eftir uppdráttum og arkitektinn ekki verið kominn með endanlegar teikningar, þess vegna hefur farið svo sem ég lýsti hér.

Við þekkjum einnig dæmi um að gleymst hefur að gera ráð fyrir raflögnum og fjölmörgu öðru sem fylgir öllum nútímaverkáætlunum varðandi byggingar.

Ég tel, herra forseti, að það sé óviðunandi fyrir hv. Alþingi að taka við byggingum, hreinlega taka við byggingum, þar sem kostnaður vegna breytinga á gömlu húsi er meiri á fermetra en ef byggt væri nýtt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur farið yfir greinar frv. og skýringar á þeim og ég get engu þar við bætt. En ég vil í tilefni af flutningi þessa máls geta nokkurra minnispunkta sem lúta að og tengjast umræðu um þau mál sem ég hef m.a. nefnt hér, framkvæmdir við Þjóðmenningarhús og Austurstræti 8–10. Ég byggi minnispunktana á umræðu sem ég hef tekið þátt í um þessi mál og síðan á viðræðum við Ríkisendurskoðun.

Ég tel að kannski megi ekki fara of langt í þessi mál að svo stöddu vegna þess að enn hefur hv. fjárln. ekki afgreitt athugasemdir sínar um Austurstræti 8–10. Það mál hefur legið fyrir í nefndinni í níu mánuði, heilan meðgöngutíma, þannig að það ætti nú að vera hægt að koma sér saman um niðurstöðu um málið. Samþykkt var í hv. fjárln. að senda frá sér álit varðandi þetta verkefni og það er til þess að reyna að koma í veg fyrir mistök eins og virðast hafa gerst þar æ ofan í æ. Meðal annars slitnaði upp úr samstarfi á milli arkitekta en ekki var reynt að bæta úr því heldur var einum arkitekt falið að leysa öll verkefni sem þar voru og þess vegna fór sem fór og ég lýsti fyrr.

Ekki var heldur hægt að fara að tillögu Framkvæmdasýslu ríkisins í sambandi við arkitekt. Og það er ljóst af minnispunktum mínum, eins og ég kom að hér áðan, að teikningar hreinlega vantaði. Það sem ég er að nefna er að sjálfsögðu alvarlegur áfellisdómur.

Þess vegna er frv. sem hér er komið fram mikið nauðsynjaverk og að sjálfsögðu hlýtur það að vera viðamikið. Ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og veit að fjmrn. hefur hert reglur varðandi opinberar framkvæmdir. Ég efast um að það sem þar var gert sé nægjanlegt og ég tel nauðsynlegt að fara yfir málið í heild sinni og fara yfir lög og skipan opinberra framkvæmda. Það er nauðsynjamál.

Í umræðum um það hús sem ég nefndi áðan, Austurstræti 8–10, hafa ásakanir auðsjáanlega gengið milli manna. Fyrsta kostnaðaráætlun var um 30 millj. og á móti því að 95 millj. voru á einum tíma komnar upp, sem sagt 65 millj. fram úr áætlun og þá fór allt í háaloft á milli manna og enginn vissi hvað hafði gerst. Slíkt getur ekki gengið. Endanleg kostnaðar — ja, það er best að kalla það ágiskun upp á u.þ.b. 133 millj. á móti 30 millj. upphaflegri kostnaðaráætlun. Það eru 103 millj. fram úr áætlun. Það væri nú gaman að hafa það í prósentum svona til að skemmta fólki.

Ég tel að slík mistök megi aldrei koma fyrir aftur. Ég trúi því og treysti að menn hafi þess vegna eða út af þessu lært á erfiða veginn eða kannski heitir þetta að fara þrönga veginn, að menn hafi lært af þeim mistökum sem þarna voru gerð.

Ég hef einnig eins og ég sagði áðan byggt mál mitt á minnispunktum varðandi umræður um Þjóðmenningarhúsið. Við það mál voru gerðar alvarlegar athugasemdir. Málið hefur verið rætt hér, en engu að síður er nauðsynlegt að rifja það upp vegna þess frv. sem verið er að flytja nú sem styður nauðsyn þess að það sé tekið fyrir og farið yfir það.

Það sem gerðist m.a. varðandi Þjóðmenningarhús var að þar hafði eftirlitsaðili ekki umboð til að samþykkja breytingar, ekki breytingar sem leiddu til kostnaðarauka. Þær breytingar hefði verkkaupi átt að samþykkja sérstaklega. Í þeim tilvikum hefði bæði arkitekt og verktaka átt að vera þetta ljóst. Það sem gerðist í því dæmi var að ekki virðist í raun hafa verið neitt virkt kostnaðareftirlit til staðar.

Og það er lýsandi, svo ég vitni, með leyfi forseta, í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Það er lýsandi fyrir það ástand sem ríkti á sama tíma og fjármunir til verksins voru uppurnir."

Ég held að rétt sé að minna einnig á að kostnaðareftirlit sem beindist að réttmæti reikninga var ófullnægjandi. Það var nokkuð til í því að athugasemdir við reikninga sem kröfðust nánari skýringa höfðu ekki borist verktaka þó að margir mánuðir væru liðnir frá útgáfu þeirra og frestur til að gera athugasemdir löngu liðinn. Þetta eru alvarleg mál. Þetta eru alvarleg mál sem snúa að hinu opinbera og þess vegna er nauðsynlegt að breyta lögum um opinberar framkvæmdir, þess vegna er nauðsynlegt að herða eftirlit og þess vegna er nauðsynlegt að menn sjái fyrir, rétt eins og bóndinn. Áður en bóndinn hefur framkvæmdir við byggingar þá veit hann fyrir fram hvað hver eining kostar eða hvert hús sem hann þarf að byggja og hann sættir sig ekki við það að kostnaðurinn fari umfram það sem hann hefur sjálfur ákvarðað, að sjálfsögðu með tilliti til verðlagsbreytinga sem til koma. Þetta eru einföld dæmi.

Maðurinn sem byggir húsið sitt sjálfur gerir sér dæmið ljóst áður en hann hefur byggingu hvað byggingin muni kosta og hann hefur sjálfur eftirlit með því að það fari ekki fram úr þeim áætlunum sem hann gerir. Þetta er nákvæmlega það hlutverk sem eftirlitsaðilum, framkvæmdaraðilum, er falið fyrir hönd ríkisins. Og ef þær reglur og vinnulag sem lagt er fyrir dugar ekki, þá þarf að skerpa á umræðunni og bæta úr því sem aflaga hefur farið, eins og bent hefur verið á.

Virðulegur forseti. Ég vil vitna enn til Ríkisendurskoðunar þar sem segir um lög og önnur fyrirmæli. Í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, með síðari breytingum, kemur fram hvernig skal að opinberum framkvæmdum staðið. Í handbók um opinberar framkvæmdir sem fjmrn. gaf út 1991 eru þau lög skýrð nánar. Það skortir því ekkert á að því er mér sýnist að mjög ítarleg fyrirmæli og leiðbeiningar liggi fyrir um hvernig staðið skuli að opinberum framkvæmdum hér á landi. En þrátt fyrir það virðist þetta hafa brugðist. Virðulegur forseti. Þess vegna er verið að flytja þetta mál sem ég er að ræða um á almennan máta.

Eins og ég sagði áðan hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gert grein fyrir hverri einustu grein frv. og farið yfir skýringar sem þetta mál varðar og ég ítreka það að ég get ekki bætt þar um.

En ég vil enn ræða þetta mál nokkuð. Hver er verkkaupi? Í þeim tilvikum sem við ræðum slíkt á hinu háa Alþingi, þá er auðvitað um ríkið að ræða. Það er ríkið sem tekur ákvörðun og það er ríkið sem ber ábyrgð á framkvæmd. Og hverjir eru nú ríkið? Það er viðkomandi ráðuneyti og þeir fulltrúar sem í hlut eiga í hverju tilviki fyrir sig sem bera ábyrgð á framkvæmd. Það eru sem sagt ráðuneytin og/eða verkkaupi og þeir aðilar sem ráðuneyti felur framkvæmd verksins sem eiga að sjá til þess að lögum sé framfylgt. Lög kveða skýrt á um að ekki skuli hefja verklega framkvæmd fyrr en veitt hefur verið til þess heimild á fjárlögum.

Virðulegur forseti. Þetta er meginástæðan fyrir því að undirritaður sem sæti á í hv. fjárln. kveður sér hljóðs og ræðir þessi mál. Það er einmitt þarna sem ríkinu eða fjmrn. hefur skjöplast. Þeir sem bera ábyrgð á framkvæmdum hafa ekki sótt eftir heimild á fjárlögum til að ráðstafa þeim fjármunum sem þeir hafa notað. Og það er brot á lögum. Þess vegna, virðulegur forseti, er ég að reyna að leggja þunga í þetta mál og á þá ástæðu að við þingmenn Samfylkingarinnar flytjum þetta viðamikla mál sem er að mínu mati mikilsvert.

Þegar verkefnisáætlun liggur fyrir á að lýsa verkskiptingu vegna stjórnunar, ákvarðanatöku og boðleiðum í verkum. Í báðum þeim tilvikum sem ég hef nefnt og lúta að eða snerta Alþingi, þ.e. Þjóðmenningarhús og Austurstræti 8–10, hafa menn alvarlega skriplað á skötu, eins og sagt er, því þeir hafa ekki athugað sinn gang og farið langt umfram allar boðleiðir, allar lagasetningar og síðan heimildir til notkunar á fjármunum.

Ég vil segja, virðulegur forseti, að verk af slíkri stærðargráðu sem ég hef verið að fjalla um á að vinna með útboði. Það á að vinna þessi verk samkvæmt útboðum. Það gengur ekki þegar um framkvæmdir er að ræða sem fara yfir á annað hundrað milljónir að gerðir séu bara samningar um slík verk. Það er algjört lágmark að verk af þeirri stærðargráðu séu boðin út. Ég get ímyndað mér að nauðsyn sé á spennutímum að ganga til samninga um einstök verk upp á einhverja tiltekna upphæð, en almennt á að vera við lýði sú regla að bjóða út opinberar framkvæmdir skilyrðislaust. Þannig fá menn bestu yfirsýn og hagstæðustu niðurstöðu mála.

Virðulegur forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að taka frv. til rækilegrar skoðunar og það væri nú ágætt fyrir hv. ríkisstjórn að lesa þetta mál yfir, athuga hvar götin eru og reyna þá ef þeir ekki vilja sjá frv. í framkvæmd, að bæta úr helstu ágöllum sem eru vegna framkvæmda á vegum hins opinbera.

[17:02]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór nokkrum orðum um þá stóru framkvæmd sem Alþingi stóð fyrir á síðasta ári, Austurstræti 8–10. Það er vissulega rétt sem kom fram hjá honum að þar fór margt úrskeiðis og var gert með öðrum hætti en hefði sjálfsagt átt að gera. Það er nú bara svo að þegar stofnun eins og Alþingi fer út í svona framkvæmd, stendur hún frammi fyrir því að henni ber að láta Framkvæmdasýslu ríkisins sjá

um verkið. Það eru einfaldlega lög í þessu landi. Þeir sem hér halda á máium, forsn. Alþingis, fjármálastjóri og aðrir sem eru taldir bera ábyrgð á þessu og bera sjálfsagt ábyrgðina, hafa náttúrlega ekkert vit á húsbyggingum, hvorki sá sem hér stendur né aðrir sem þennan hóp skipa. Og þegar svo er treysta menn eðlilega á þar til bærar stofnanir, að þær standi rétt að málum. Þarna fór mjög margt úrskeiðis. Ríkisendurskoðun hefur gert úttekt á þessu verki og hvað þar fór úr böndunum og sú skýrsla er virkilega til þess að læra af. Menn eiga auðvitað að viðurkenna mistökin og læra af þeim og það tel ég að forsn. Alþingis hafi gert, því núna þegar við réðumst í fyrstu nýbyggingu Alþingis, ég held í hátt í heila öld, Skálann sem hér er að rísa við hliðina á húsinu, ákváðum við að ráða okkur verkfræðing í hlutastarf, mjög færan verkfræðing sem er þekktur fyrir mikla nákvæmni í vinnubrögðum. Við sjáum það nú þegar og erum sammála um það í forsn. að þessi maður er að vinna afskaplega gott verk. Við hefðum betur gert þetta í fyrra. En við vorum andvaralausir og treystum á þá stofnun sem við töldum að ætti að fjalla um þetta. Ég vildi láta það koma fram hér að nú stöndum við öðruvísi að þessu og við sjáum það nú þegar að þetta er í allt öðrum farvegi en í fyrra. Ég kvíði því ekki að sýna uppgjörið á Skálanum þegar byggingu hans lýkur á næsta ári.

[17:04]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir svörin og fyrir að gefa sem forsætisnefndarmaður þær upplýsingar sem hér voru gefnar um framkvæmd þá sem nú er í gangi, Skálann við Alþingishúsið. Ég tek undir það að ég tel að það hafi verið rétt gjörð hjá forsn. að ráða eftirlitsaðila að verkinu. En það er enginn að ætlast til þess að hv. forsn. búi yfir þekkingu til að hlíta lögum og reglum og fara út í þessi mál í einstökum tilvikum. Til þess eru þeir aðilar sem ríkið hefur á sínum snærum. Og það eru þau lög og þær reglur sem við viljum leggja áherslu á að komi til framkvæmda. Ekki hafa allar stofnanir aðstöðu eða geta gert þetta á þann veg að ráða til sín sérstakan eftirlitsaðila. Ég held að það eigi að vera þannig að stofnanir á vegum ríkisins eigi almennt að annast svona eftirlit.

Mistök voru gerð og það er viðurkennt. Ég tek það fram, virðulegur forseti, að ég er ekki að bera menn hér sökum, heldur að ræða um mistök sem voru gerð og þarf að lagfæra.

[17:06]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta frv. um skipan opinberra framkvæmda og vona að þessu máli verði vel tekið í efh.- og viðskn. og þar fái það góða umfjöllun, vegna þess að ég tel að í frv. sé ýmislegt sem sé til verulegra bóta og geri okkur betur í stakk búin til þess að hafa það aðhald og eftirlit með opinberum framkvæmdum en við ella gætum ef ákvæði þessa frv. væru ekki til staðar.

Ég treysti því að stjórn og stjórnarandstaða fari vel yfir frv. vegna þess að það er auðvitað okkar allra, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, að tryggja að hér sé vel farið með peninga því að ávallt eru miklir peningar í húfi þegar um er að ræða opinberar framkvæmdir.

Ég vildi líka af þessu gefna tilefni, þeim orðaskiptum sem fóru hér fram milli 4. og 5. þm. Vesturl., segja nokkur orð. Mér fannst nokkuð liggja í orðum hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að hann kenndi Framkvæmdasýslu ríkisins um það sem úrskeiðis hefði farið varðandi byggingu skrifstofuhúsnæðis Alþingis.

Ég held að það sé ekki alveg sanngjarnt að stilla málunum þannig upp. Ég held einmitt varðandi það sem fór úrskeiðis hér við skrifstofuhúsnæði sjálfstæðismanna, að því hafi verið um að kenna að lögin og ákvæðin um skipan opinberra framkvæmda hafi ekki verið þannig úr garði gerð að Framkvæmdasýslan gæti haft það eftirlit og aðhald sem henni ber að gera.

Ég spyr t.d. um þá framkvæmd, þegar hún fór af stað, við skrifstofuhúsnæðið í Austurstrætinu: Var komið t.d. grænt ljós frá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir? Hafði hún heimilað að hefja mætti þessa byggingu? Hafði hún farið yfir frumathugun og áætlunargerð um framkvæmdina eins og hún á að gera lögum samkvæmt? Og hafði hún gefið grænt ljós á að fjármagn væri til staðar til þess hefja mætti framkvæmdir við þetta húsnæði? Ég held að svarið í öllum þessum tilvikum sé nei.

Þess vegna finnst mér of einfalt, herra forseti, að stilla málinu þannig upp að það sem úrskeiðis fór við byggingu á þessu skrifstofuhúsnæði fyrir Alþingi hafi verið Framkvæmdasýslunni að kenna. Ég vildi láta það koma hér fram af því mér finnst ósanngjarnt að málum sé stillt þannig upp varðandi Framkvæmdasýsluna.

Ég held einmitt um það sem gerðist varðandi skrifstofuhúsnæði Alþingis að menn eigi að láta það sér að kenningu verða og standa öðruvísi að málum, eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson lýsti, þ.e. að hér eru fengnir eftirlitsmenn til þess að hafa eftirlit með þeirri framkvæmd sem nú er í gangi og skal ég ekki gagnrýna það. En fyrst og fremst held ég að þetta sýni okkur að fleiri úrræði vantar til þess að Framkvæmdasýslan geti sinnt hlutverki sínu. Ýmislegt hefur farið úrskeiðis gegnum árin. Við getum nefnt Þjóðmenningarhús, Þjóðleikhús og Alþingishúsið, einmitt af því að ekki hefur verið farið að lögunum. Þau hafa heldur ekki verið nægjanlega skilvirk eða skýr varðandi ýmsa þætti. Þá er ég ekki síst að tala um frumathugun og áætlunargerð. Það sem menn gerðu varðandi þessi hús öll var að raunverulega var verið að hanna þetta allt saman á öllum framkvæmdatímanum. Það segir sig sjálft að þá fara mál úrskeiðis.

Ég vildi bara, herra forseti, láta það koma fram sem skoðun mína að mér finnst ósanngjarnt að kenna Framkvæmdasýslu ríkisins um, eins og hún eigi ein alla sök á því hvað fór úrskeiðis hér varðandi skrifstofuhúsnæðið. Ég held að Alþingi geti sjálft litið í eigin barm hvað það varðar og líka fjmrn. og samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir sem, að ég best veit, gerði engar athugasemdir við það þó farið væri af stað með framkvæmdir við skrifstofuhúsnæðið, jafnvel þó hún væri ekki búin að gefa grænt ljós á það.

[17:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við að ég hafi verið að varpa allri sök á Framkvæmdasýsluna vegna þeirra miklu mistaka sem gerð voru í fyrra. En hún á auðvitað stóran þátt í þeim mistökum. Það fer bara ekki fram hjá neinum sem vill kynna sér málið. Ég bendi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar, úttekt á þessu verki. Hver skyldi nú fá lægstu einkunnina þar? Skyldi það nokkuð vera Framkvæmdasýsla ríkisins?

Þar er líka svarað öllum þeim spurningum sem hv. þm. er að bera hér fram og svarar svona með kannski og ef. Þar getur hún séð svar við öllum þeim spurningum sem hún var að spyrja áðan.

Svo kom það náttúrlega einu sinni enn hjá hv. þm. sem hefur komið upp hér aftur og aftur í umræðunni hjá Samfylkingunni í sambandi við þetta mál, þ.e. að þetta sé húsnæði sjálfstæðismanna, skrifstofuhúsnæði Sjálfstfl. Það er alltaf látið skýrt koma fram. Það er verið að láta liggja að því að það sé eitthvert sukk þarna í kringum Sjálfstfl. Hvernig skyldi nú nýtingin vera á þessu húsi? Önnur hæðin er öll undir nefndir þingsins og móttöku fyrir gesti nefndanna. Þriðja hæðin er fyrir starfsmenn nefnda þingsins. Og jú, á fjórðu og fimmtu hæð eru skrifstofur þingmanna. Það vill svo til að það eru skrifstofur þingmanna Sjálfstfl. Eigum við að kíkja á reikningana þegar gert var upp húsnæði fyrir skrifstofur Samfylkingarinnar? Ekki mundi ég bera mér þau orð í munn að Samfylkingunni væri nokkuð um að kenna þó að þar hefði eitthvað farið úr böndunum varðandi kostnað. Þetta er afskaplega ómerkileg umræða og fólk á ekki að leggjast í svona klisjur.

Ég vil bara ítreka að við lærðum af þessum mistökum í fyrra, stöndum að þessu með allt öðrum hætti núna varðandi Skálann. Ég vil líka segja hv. þm. það að þegar við réðum þann ágæta verkfræðing sem núna er kominn til starfa og stendur sig vel þá var það hans fyrsta verk að fara yfir útboðsgögnin. Þá var búið að bjóða verkið út og hann fann mjög margar villur í útboðsgögnunum sem höfðu verið send út, svo margar að það varð að fresta opnun útboðanna um að ég held þrjár vikur frekar en tvær.

[17:13]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er eiginlega fyrirmunað að skilja þá viðkvæmni sem mér fannst gæta í orðum hv. þm. þó að mér hafi orðið á að nefna að í þessu ágæta skrifstofuhúsnæði væru skrifstofur þingmanna Sjálfstfl. Ekkert illt lá þar að baki. Mér kom ekki einu sinni í hug eitthvert sukk eða nokkuð svoleiðis í kringum það. Ég bara nefndi þetta svona af því ég mundi eftir því að það þarna eru jú skrifstofur sjálfstæðismanna. Þá verður þingmaðurinn mjög viðkvæmur og fer hér upp á háa C og telur að ég sé að skamma sig og Sjálfstfl. fyrir sukk og svínarí varðandi skrifstofuhúsnæðið úti í Austurstræti. Það er fjarri mér að vera að því. Það er hvorki Guðjóni Guðmundssyni né þingmönnum Sjálfstfl. að kenna. Því er um að kenna að ekki var farið eftir lögum um skipan opinberra framkvæmda. Það er fyrst og síðast málið.

Herra forseti. Hv. þm. dregur hér fram hlut Framkvæmdasýslunnar. Ég skal ekkert segja um að hún hafi ekki getað átt einhvern hlut þarna að máli. En held bara að hún hafi ekki þau tæki eða ákvæði í núgildandi lögum sem hún geti beitt til þess að framfylgja því sem hún á að gera. En fyrst að hv. þm. nefnir Framkvæmdasýsluna varðandi framkvæmdir við þetta húsnæði, á hann líka að nefna hlut annarra aðila í þessu vegna þess að margir eru samábyrgir fyrir því hvernig sú framkvæmd fór, bæði Alþingi, forsn., samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og fjmrn. Fleiri en Framkvæmdasýslan eiga þar því sök að máli. Það var þetta sem ég vildi draga fram í þessu máli og það eina sem fyrir mér vakti.

[17:15]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að heyra að hv. þm. var ekki með neitt ljótt í huga þegar hann nefndi okkur sjálfstæðismenn í tengslum við húsið. Ég man það hins vegar frá umræðunni í vetur sem leið að þá nefndu það ýmsir með aðeins illkvittnislegri hætti. Mér þykir vænt um að heyra að hv. þm. er svona jákvæður í okkar garð.

Ekki farið eftir lögum, segir hv. þm. Hvernig stendur á því að það er ekki farið eftir lögum? Hvernig stendur á því að við erum með þetta apparat, Framkvæmdasýsluna, sem samkvæmt lögum á að fara með allar opinberar framkvæmdir í landinu? Við skoðuðum það t.d. þegar átti að fara að byggja Skálann hvort við ættum ekki bara að sjá um þetta sjálfir en við megum það ekki samkvæmt lögum. Auðvitað er það Framkvæmdasýslunnar að sjá um að farið sé eftir lögum.

Hv. þm. segir að ég hafi mátt nefna fleiri, ég hefði mátt nefna Alþingi og forsn. og fjmrn. held ég og einhverja fleiri. Ég nefndi það hér áðan. Við höfum svo sem ekkert skorast undan þessari ábyrgð. Við hefðum betur staðið að málum eins og við gerum núna, erum með verkfræðing á okkar snærum sem hefur eftirlit með Framkvæmdasýslunni. Við gerum það núna með góðum árangri. Við höfum ekkert verið að skorast undan því og ég veit ekki betur en forseti Alþingis, Halldór Blöndal, hafi tekið bara opinberlega á sig í fyrra — ja skulum við segja það — sök á þessum málum. Hann tók á sig þetta mál og mér fannst það reyndar ansi rausnarlega gert því að sökin lá auðvitað ekkert hjá honum.

Hv. þm. segir að Framkvæmdasýslan geti svo sem hafa átt einhvern hlut að máli. Ég bara vil enn þá benda hv. þm. á að lesa skýrsluna sem Ríkisendurskoðun gerði, úttektina á því hvernig allt fór úr böndunum í fyrra og hvernig á því stóð og hverjir báru þar ábyrgð. Það voru svo sem ýmsir nefndir en ég held að Framkvæmdasýslan hafi þar fengið lægstu einkunnina.

Aðalmálið er auðvitað, eins og ég nefndi hér áðan, að við höfum lært af þessum mistökum. Það er staðið með allt öðrum og betri hætti að framkvæmdum núna og ég hlakka til að sýna uppgjörið fyrir Skálann á næsta ári.

[17:18]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði nú verið gaman að fá hér efnislegar umræður við hv. þm. um ákvæði þessa frv. og hvernig hann lítur á stöðu mála og hvort hann telji allt í besta lagi varðandi þau lagaákvæði sem gilda um skipan opinberra framkvæmda eða hvort hann telji að eitthvað þurfi að laga. Ég held að flestir sem koma að þessu máli og þekkja til telji að marga brotalöm í lögunum sjálfum sem leitt hefur til þess að ekki er nægjanlega vel haldið á þessum málum. Það er einmitt það sem er verið að reyna að bæta með þessu frv.

Ég tek auðvitað eftir því að hv. þm. nefnir aldrei samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Hann svarar því ekki sem ég hélt fram, að farið hafi verið af stað með þessar framkvæmdir af hálfu þingsins áður en komið var grænt ljós frá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir um fjármagn til þessara framkvæmda.

Mér fannst líka gæta í orðum hv. þm. hugsunar sem ég get a.m.k. ekki tekið undir. Mér fannst að hann vildi að forsn. gæti staðið þannig að málum að hún þyrfti ekki að vera seld undir þessi lög eða Framkvæmdasýsluna. Ég vil vara við þeirri hugsun vegna þess að byggingar og framkvæmdir

á vegum þingsins eiga auðvitað að lúta lögum um skipan opinberra framkvæmda eins og aðrar opinberar byggingar.

Ég held að það hafi einmitt verið partur af þessu leiðindamáli í kringum skrifstofuhúsnæðið í Austurstræti, að þingið vildi vera ríki í ríkinu og ekki fara að þeim ákvæðum sem þó eru í þessum lögum um skipan opinberra framkvæmda, sem er á margan hátt mjög ábótavant. Hins vegar er verið að reyna að bæta úr því með frv. sem hér hefur verið mælt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

[17:20]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér mæli ég fyrir tillögu til þál. um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum sem flutt er af öllum þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hljóðar tillagan þannig, eins og fram kemur á þskj. 8 sem dreift hefur verið á Alþingi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni."

Tilurð þessarar tillögu, herra forseti, á sér nokkurn aðdraganda. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hélt opinn þingflokksfund í Þjórsárverum laugardaginn 21. júlí sl. Á þeim fundi var samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Opinn fundur þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Þjórsárverum, telur að vernda eigi Þjórsárver og umhverfi þeirra en ekki spilla þessu einstaka, friðaða landsvæði og umhverfi þess með frekari virkjunum. Fundurinn tekur undir tillögur sem fram hafa komið um að friðlandið verði stækkað og mörk þess dregin þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Fundurinn mótmælir þess vegna harðlega framkomnum hugmyndum um Norðlingaölduveitu og þeirri skerðingu friðlandsins í Þjórsárverum sem af henni hlytist. Í stað þess að hrófla við Þjórsárverum frekar en orðið er þarf að endurmeta á faglegum forsendum hvar eðlileg mörk friðlandsins eiga að vera og færa þau út í samræmi við það. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun í upphafi þings beita sér fyrir því að þegar verði hafist handa í þessu máli."

Þar er nú komið sögu, herra forseti, að þessi þáltill. er lögð fram og fyrir henni mælt.

Þjórsárver eru svo sem kunnugt er sú gróðurvin á hálendi Íslands sem talin er hvað dýrmætust. Kemur þar margt til. Landslag er þar stórbrotið, vatnafarið einstaklega öflugur þáttur í lífríkinu og er vistkerfi veranna óvenju tegundaríkt og mikilvægt til viðhalds á mörgum tegundum dýra og plantna.

Í Þjórsárverum er að finna fjölbreyttar búsvæðagerðir, þar eru rústir, síffreri og flæðiengi. Verin eru vel afmörkuð heild og það svæði á Íslandi þar sem áhrifa manna gætir hvað minnst. Þau eru gífurlega mikilvæg varpstöð fyrir heiðargæsastofninn og fleiri fugla. Gróðursamfélagið er afar fjölbreytt, þar hafa fundist um 183 tegundir háplantna, eða meira en þriðjungur íslensku flórunnar, 225 mosategundir, eða um 38% íslensku mosaflórunnar, og heildarfjöldi fléttna sem greindur hefur verið í Þjórsárverum er um 148 tegundir. Í Þjórsárverum er að finna síðustu leifar gróðurs sem áður mun hafa þakið mun stærra svæði af öræfunum, gróðurs sem sums staðar teygir sig upp í 1.000–1.100 metra hæð yfir sjávarmáli í hlíðum Arnarfells hins mikla og Arnarfells hins litla.

Herra forseti. Þjórsárver njóta í dag sérstakrar verndar bæði sem friðland og sem Ramsar-svæði, sem staðfestir sérstöðu og mikilvægi þess sem votlendis á heimsvísu. Til Þjórsárverafriðlands var stofnað árið 1981 með heimild í lögum um náttúruvernd. Þá höfðu um nokkurt skeið verið uppi hugmyndir um stórt uppistöðulón í verunum í allt að 593,5 metra hæð yfir sjávarmáli. Þær hugmyndir mættu strax talsverðri andstöðu. Til marks um það er eftirfarandi ályktun almenns sveitarfundar Gnúpverja, sem haldinn var í Árnesi 17. mars 1972. Fyrir rétt tæpum 30 árum.

Þar var lýst yfir eindreginni andstöðu við rafvæðingaráætlanir þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum. Þess utan vakti fundurinn athygli á nokkrum mikilvægum atriðum varðandi Þjórsárver. Ég fer ekki nánar út í þau atriði hér, herra forseti, en vísa til greinargerðar sem prentuð er á þskj. 8 með tillögunni. Ég minni einungis á að þessi mótmæli Gnúpverja voru bókuð fyrir tæpum 30 árum, áður en virkjanaframkvæmdir voru hafnar þarna að nokkru marki.

Á þessum tíma var náttúruvernd á Íslandi ekki fyrirferðarmikil í dægumálaumræðunni og ekki margir sem þekktu þá gersemi sem kúrði í miðri sandauðn miðhálendisins uppi undir Hofsjökli umgirt jökulkvíslum og erfið aðkomu, nema kannski fyrir fuglinn fljúgandi. Það munu helst hafa verið fjallmenn, sem smalað höfðu öræfin upp undir jökla, sem þekktu leyndardóm veranna. Stærsti hluti Þjórsárvera er á afrétti Gnúpverja og þekktar eru sagnir fjallmanna sem sneru aftur af fjalli með leyndardóminn í hjartanu og ævintýrið í augunum. Þetta mun vera drjúgur hluti ástæðunnar fyrir andstöðu Gnúpverja við hugmyndir um miðlunarlón í Þjórsárverum. Umræðan um náttúruverndargildi veranna og ásetningur Landsvirkjunar um miðlunarlón og virkjanir á efra vatnasviði Þjórsár leiddu síðan til þess eins og áður sagði, herra forseti, að Þjórsárver voru friðlýst með auglýsingu í desember 1981. Í friðlýsingunni var engu að síður gert ráð fyrir þeim möguleika að uppistöðulóni yrði valinn staður í námunda við hið friðlýsta svæði, en þó var tekin afgerandi ákvörðun í friðlýsingunni varðandi stærð mögulegs lóns. Þannig var verunum forðað frá algerri eyðileggingu með friðlýsingunni og komið í veg fyrir þau áform Landsvirkjunar að sökkva þeim í heilu lagi undir 200 km miðlunarlón eins og upphaflega hafði verið áformað. Hins vegar gerði friðlýsingin ráð fyrir undanþágu frá ákvæðum friðlýsingarinnar „til þess að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m yfir sjó enda sýni rannsóknir, eins og segir í friðlýsingunni, með leyfi herra forseta: „að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndar ríkisins." Þetta kom þó ekki í veg fyrir að heimilaðar yrðu veitur austanvert í verunum, austan Þjórsár; Kvíslarveitur 1.–5. áfangi eru orðnir raunveruleiki. Þannig voru upptakakvíslir Þjórsár af Sprengisandi og austurþverár hennar teknar í áföngum og

þeim veitt í Þórisvatn. Og nú er komið stórt lón, Kvíslavötn, sem er um 30 km og stíflur í þverár Þjórsár, Eyvindaverskvísl, Þúfuverskvísl og í Þjórsá sjálfa ofan Hreysis. Þessar aðgerðir, herra forseti, hafa þegar valdið talsverðum spjöllum á Þjórsárverum, 6 km af grónu landi hefur verið sökkt undir vatn, auk þess sem umtalsvert landsvæði hefur farið undir veituskurði. Þá hefur meðalrennsli Þjórsár minnkað um allt að 40%, sem spillt hefur ýmsum einstökum fossum í Þjórsá, eins og Kjálkaversfossi, Dynk og Gljúfurleitarfossi. Ekki er vitað hvort þessum spjöllum á verunum austan Þjórsár og á Þjórsá sjálfri er lokið því enn lúra, herra forseti, áform um 6. áfanga Kvíslaveitna á borðum Landsvirkjunar.

Á síðustu mánuði hefur síðan umræðan um lón við Norðlingaöldu blossað upp enn á ný og nú í tengslum við orkuöflun fyrir væntanlega stækkun álbræðslu Norðuráls á Grundartanga. En nú nýverið samþykkti Skipulagsstofnun matsáætlun Landsvirkjunar með nokkrum athugasemdum þó, matsáætlun um Norðlingaölduveitu sunnan Hofsjökuls. Undirbúningur fyrir umhverfismat þessarar miðlunar er því í fullum gangi.

En til að gera langa sögu stutta þá vil ég einungis nefna til sögunnar Þjórsárveranefnd og samskipti Þjórsárveranefndar og Landsvirkjunar. Þjórsárveranefnd er ráðgjafarnefnd Náttúruverndar ríkisins varðandi málefni Þjórsárverafriðlandsins samkvæmt friðlýsingunni og hefur hún í 20 ár átt í viðræðum við Landsvirkjun um mögulegar lónhæðir Norðlingaölduvirkjunar væntanlegrar.

Á fundi Þjórsárveranefndar 3. maí sl. var hafnað áformum um 6. áfanga Kvíslaveitu og einnig var hafnað á þeim fundi nefndarinnar hugmyndum um lón sem væru hærri en 575 m yfir sjávarmáli. Þjórsárveranefnd samþykkti hins vegar að fresta ákvörðun um lón í 575 m yfir sjávarmáli, þar sem hluti nefndarmanna taldi nauðsynlegt að fá fyllri úttekt á áhrifum þeirrar lónshæðar á náttúruverndargildi Þjórsárvera.

Sú úttekt hefur svo sem verið unnin og verið lögð fram í Þjórsárveranefnd en ekki hefur komið til frekari kasta Þjórsárveranefndar í þessu máli en tekur hún að sjálfsögðu fullan þátt í matsferlinu sem, eins og áður greinir, herra forseti, er þegar hafið. Hins vegar er alveg ljóst að Þjórsárveranefnd hvetur til mikillar varkárni í þessum málum öllum.

Það verður einnig að teljast eðlilegt að Gnúpverjar séu tregir til að fórna meiru en orðið er af Þjórsárverum. Skal nú getið um fjölmennan sveitarfund, ekki þann sem haldinn var 1972, heldur var haldinn annar sveitarfundur, fjölmennur, í Árnesi þann 24. maí sl. Sá fundur lýsti eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár. Ekki nóg með það heldur samþykkti fundurinn einnig að Þjórsárver og efri hluta Þjórsár bæri að vernda sem einstætt vistkerfi og landslagsheild og minnti fundurinn einnig á að framkvæmdir á þessu svæði yrðu ekki aftur teknar. Þá ítrekaði fundurinn líka þessa frægu ályktun sem ég gat um fyrr í ræðu minni, frá fundinum í Árnesi í mars 1972.

Verði gert lón, herra forseti, við Norðlingaöldu fara verðmæt gróðursvæði í Eyvafeni, Hnífárbotnum og neðsta hluta Tjarnavers á kaf. 5–15 m breitt öldurof yrði að öllum líkindum á 3 km belti í Tjarnaveri og Sóleyjarhöfða og grónum svæðum vestan Þjórsár.

Þá má sömuleiðis lesa, herra forseti, mögulegt umhverfisáhrif af slíkri framkvæmd í greinargerð sem fylgir þessari tillögu. Þar má enn fremur kynna sér að þær mótvægisaðgerðir sem hafa verið nefndar varðandi þessi mál gætu að öllum líkindum eingöngu falist í fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem að reyna að hindra frekari eyðileggingu, sem alls er óvíst um árangur af, eða aðgerðum til að bæta fyrir skaðann, svo sem að reyna að endurheimta gróðursvæði annars staðar. En telja má nær útilokað að hægt sé að búa til svæði sem væri sambærilegt við Þjórsárver, herra forseti. Þá eru ótalin veruleg áhrif sem lón gæti haft á fugla- og dýralíf í Þjórsárverum.

Hér að framan hefur verið talsvert gert úr mótmælum Gnúpverja í þessum efnum og enn skal hér tíundað í lok ræðu minnar, herra forseti, að fyrr á þessu ári var stofnaður í Gnúpverjahreppi formlegur hópur áhugafólks um verndun Þjórsárvera. Hópurinn hefur farið þess á leit við Náttúruvernd ríkisins að skoðaðir verði möguleikar á stækkun friðlandsins og einnig kannaðir möguleikar á friðlýsingu Þjórsár frá friðlandsmörkunum að Sultartangalóni. Það má segja, herra forseti, að þessi tillaga sem hér er talað fyrir dragi dám af þessari hugmynd Gnúpverja, við sækjum á sömu mið og lýsum á þennan hátt eindregnum stuðningi okkar við vilja heimamanna í þessum efnum. Að þeim orðum sögðum legg ég til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til seinni umræðu og hv. umhvn.

[17:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þeirrar tillögu sem hér er til umræðu, till. til þál. um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, flutt af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hér er um margt mjög athyglisverð tillaga á ferðinni og það sem mig langar helst að segja hér við fyrri umræðu málsins — ég veit að þetta mál verður tekið til ítarlegrar umfjöllunar í hv. umhvn. — er að enn og aftur stöndum við frammi fyrir því hér í umræðum um náttúruvernd að allt samhengi vantar í hlutina. Og þá er ég ekki að ræða tillöguna sem hér er til umræðu heldur miklu frekar það að, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á í framsöguræðu sinni, nýbúið er að samþykkja matsáætlun vegna Norðlingaölduveitu og við vitum að við friðlýsinguna frá 1981, friðlýsingu Þjórsárvera, var gerð undanþága um lón af tiltekinni stærð án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega, eins og mig minnir að það hafi verið orðað, herra forseti.

Fyrir leikmann, eins og þá sem hér stendur, virðist það eiginlega blasa við, herra forseti, að lón af hvaða stærð sem er, sýnist mér, mundi rýra náttúruverndargildi veranna. Það segir sig sjálft, ekki síst þegar maður hefur haft tækifæri til þess að berja þau augum og komast í Þjórsárverin og, eins og fram hefur komið, það er ekki hlaupið að því. En ég held að við sem erum svo heppin að hafa komið þangað gerum okkur öll grein fyrir því að þarna þurfa menn að stíga mjög varlega til jarðar.

Annað sem mig langaði til að benda á hér við fyrri umræðuna er einmitt aftur í sambandi við það hvernig er í raun og veru ruðst af stað í hverja framkvæmdina á fætur annarri, algjörlega án tillits til gerðar rammaáætlunarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þetta hefur verið rætt nýverið á hinu háa Alþingi, m.a. í tengslum við flutning þáltill. frá nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar um að gerð verði bráðabirgðaskýrsla um þá kosti sem uppi eru vegna þeirra framkvæmda sem ríkisvaldið hyggst eða virðist ætla að leggja í hér á næstu mánuðum og missirum. Sú tillaga hefur ekki fengið mikinn hljómgrunn meðal stjórnarliða, og

það verður fróðlegt að heyra hér í umræðunni hvort þessi tillaga fær einhvern hljómgrunn meðal stjórnarliða.

Mér virðist að þessari umræðu verði í raun ekki fram haldið með þessum hætti. Hvað gerist svo? Hvað gerist þegar fram heldur í matsferlinu vegna Norðlingaölduveitu? Hvernig hyggjast stjórnvöld, sem renna hýru auga til Þjórsárveranna, leysa það mál? Og hvernig á það að samrýmast að friðlandið frá 1981, sem hefur verið tilnefnt sem Ramsarsvæði, votlendi sem hefur gildi á alþjóðlega vísu, geti síðan verið inni í myndinni ef einhverjum hluta þess á að sökkva undir vatn?

Ég vil bara segja það hér að síðustu, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að Þjórsárverin eigi sér ekki einungis stað í hjarta Gnúpverja, ég held að þau eigi sér stað í hjarta íslensku þjóðarinnar. Hér er um mjög merkilegt votlendi að ræða og ég þarf ekki að fara nánar út í það, því hefur þegar verið lýst hér, en endurtek enn og aftur að þessi tillaga verður að sjálfsögðu skoðuð vandlega í hv. umhvn.

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð í viðbót um þessa tillögu okkar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Ég þarf ekki að bæta neinu við framsöguræðu hv. 1. flm.

Það sem mig langar að taka hérna undir er sömuleiðis í raun og veru fáránleiki þess að þessi virkjunarkostur, þ.e. Norðlingaöldulón og miðlun úr Þjórsárverunum yfir í Kvíslarveitur, skuli yfir höfuð vera uppi á borðum við núverandi aðstæður. Það segir í raun og veru allt sem segja þarf um þá virðingu sem stjórnvöld bera fyrir sjálfum sér, að láta þessa virkjun, sem sannarlega raskar sjálfum Þjórsárverum í talsverðum mæli, vera uppi á borðum samtímis því sem verið er að vinna að fyrstu áfangaskýrslunni út úr svonefndri rammaáætlun. Það er auðvitað alveg dæmalaust og í raun og veru erfitt að taka þessa svokölluðu rammaáætlun alvarlega að því leyti til að út úr henni eru tíndir jafnharðan þeir virkjunarkostir sem stjórnvöldum þóknast að hefja undirbúning á hverju sinni. Dæmi eru Kárahnjúkavirkjun og svo auðvitað þessi virkjun hér.

Herra forseti. Ég held að flestir mundu fallast á að þessi virkjun, ef við tökum hana sem slíka, með því lægra yfirborði lónsins sem nú er talað um, 575 m eða þar fyrir neðan, er ekkert sérstaklega hagkvæmur eða merkur virkjunarkostur nema síður sé enda færa fáir fram þau rök að sú sé aðalástæða þess að þetta er núna í skoðun. Nei, það er hins vegar einhvers konar heimatilbúin tímanauð sem er borin á borð fyrir menn með þeim rökum að segja: Ja, þetta er bara því miður eini virkjunarkosturinn sem gæti orðið tilbúinn nógu snemma í stækkunina á Norðuráli. Og þá eigum við að kaupa það, herra forseti, að það sé svo illa komið hjá okkur að þó að það kosti að Þjórsárverum verði að hluta til spillt verði bara að hafa það því það standi því miður svo illa á, að eigi að skaffa rafmagnið í tæka tíð, miðað við einhver heimatilbúin tímamörk, verði þetta bara svona að vera.

Er frambærilegt, herra forseti, að stilla málunum svona upp? Nei, auðvitað er það ekki. Og það er aldeilis fráleitt að reyna að halda því fram að ekki séu nægir kostir í boði, miklu fýsilegri frá umhverfislegu sjónarmiði séð, sem gætu innan tiltölulega hóflegra tímamarka skaffað sambærilega orku og þá sem þarna kemur til sögunnar.

Ég hafna algjörlega, herra forseti, þeim rökum sem menn hafa notað til þess að hafa þennan virkjunarkost uppi á borðum. Hann á ekki að vera þar og í raun og veru á að afskrifa hann, samanber þessa tillögu um að stækka mörk friðlandsins. Í öllu falli er með öllu óframbærilegt að halda til streitu með þeim hætti sem gert er nú um stundir þessari virkjun með uppistöðulóni við Norðlingaöldu.

Herra forseti. Ég held að flestir ættu að geta fallist á að hún Þjórsá sé að verða búin að skila sínu fyrir þjóðarbúið. Úr því að búið er að raska einu vatnsfalli hvort sem er og náttúrulegum rennslisháttum þess er jafngott að þá sé virkjað úr því það afl sem tiltækt er án þess að valda frekari náttúruspjöllum og láta eitthvað annað í friði í staðinn. Því er nú reyndar ekki að heilsa, að mönnum sé nokkuð heilagt í þessum efnum.

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru á borðum og komi þær til sögunnar verður leitun að vatnsfalli sem búið er að taka jafnhressilega allt afl út úr. Það má þá heita að nánast hver einasti metri í fallhæð sé nýttur frá Þórisvatni og niður undir sjó ef Urriðafoss verður tekinn með þeim virkjunum sem ýmist eru þegar komnar eða í undirbúningi.

Ekki verður hægt að segja í sjálfu sér að mikið verði skilið út undan þó að efri hluti Þjórsár, þar með talið og ekki síst Þjórsárverin og fossarnir í efsta hluta Þjórsár niður að Sultartangalóni, yrði friðuð eins og heimamenn hafa farið fram á. Þessir fossar eru hluti af einstakri náttúruheild sem svo sannarlega er ástæða til að slá skjaldborg um það sem eftir er. Ég hygg, herra forseti, að þeir sem heimsækja þetta svæði og verða svo gæfusamir, liggur mér við að segja, að fá að njóta Þjórsárvera og nágrennis komist nú tæpast ósnortnir til baka úr slíkum leiðangri, jafnvel þótt þeir væru svo óheppnir að lenda þar í þoku eins og hent hefur mann og annan sem ætlar að kynna sér náttúrugersemarnar. Auðvitað er upplifun manna af slíkum hlutum misjöfn eins og kunnugt er, og ótrúlegasta fólk kemur á ótrúlegustu staði án þess að þykja þeir sérstaklega merkilegir. En ég hygg að flestir geti verið sammála um það, hvort sem þeir hafa sjálfir upplifað Þjórsárver eða ekki, að hér sé um algjörlega einstakt svæði að ræða.

Og það er sannarlega illa komið, herra forseti, í þessu landi ef menn ætla að nota heimatilbúin nauðhyggjurök af því tagi sem nú eru uppi á borðum til að selja mönnum það að þessi virkjunarkostur eigi að vera á fullri ferð í undirbúningi sem hann því miður er samanber vinnu Landsvirkjunar að mati á umhverfisáhrifum. Það er augljóslega full alvara þar á bak við. Landsvirkjun er full alvara og hún ætlar að ráðast í þennan virkjunarkost ef hún kemst upp með það. Það á hún að sjálfsögðu ekki að gera, og ekki stjórnvöld sem reka þar trippin. Burt séð frá deilum um stóriðju og þörf fyrir þessa orku er alltént borðleggjandi að það eru margir aðrir sambærilegir virkjunarkostir í afli eða stærð sem eru miklu fýsilegri. Ég bendi á þann nærtæka möguleika að auka sem þessu nemur framleiðslu á jarðhitasvæðum sem þegar er búið að beisla og hægt er að auka framleiðslu á með mjög litlum viðbótarkostnaði og lítilli viðbótarröskun á svæðum eins og Nesjavöllum, við Kröflu og á Reykjanesi.

[17:45]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Einungis til að rúnna af þessa umræðu sem hér hefur orðið þá langar mig til að segja nokkur orð um það sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir vakti hér athygli á, þ.e. rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Það eru orð að sönnu að þar skorti samræmi, svo ekki sé meira sagt, því að auk þeirrar framkvæmdar sem hér

hefur verið fjallað um, þ.e. Norðlingaöldumiðlun, eru á borðum Landsvirkjunar og í umhverfismatsferli áætlanir um Núpsvirkjun, um Urriðafoss, um Villinganesvirkjun, auk jarðvarmavirkjana sem komnar eru í matsferli. Síðan má nefna hugmyndir manna um Glámuvirkjun á Vestfjörðum og Kvíslaveitu 6. Allt eru þetta virkjanir og virkjanaáform sem að því er virðist eiga ekki að heyra undir rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Af því að ég hafði ekki tækifæri til þess, herra forseti, að vera hér viðstödd þegar tillaga hv. þingmanna Samfylkingarinnar var lögð fram fyrir einhverjum dögum þá vildi ég bara að það kæmi fram hér að mín skoðun á þessum vinnubrögðum er sú að hér sé forkastanlega að verki staðið. Vinnubrögð af þessu tagi dæma sig sjálf og sýna fram á að ríkisstjórnin er þegar búin að ógilda eigin verk og öll þau áform sem hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa sagt að uppi væru með rammaáætluninni eru í besta máta skrum.

Ég vil sömuleiðis taka undir það að þó Þjórsárver eigi djúpar rætur í hjörtum Gnúpverja þá eiga þau að sjálfsögðu djúpar rætur í hjörtum allrar þjóðarinnar. Í ferðum þingmanna sem hafa verið svo heppnir að komast í Þjórsárver, höfum við fengið að reyna það á eigin skinni um hvílíka perlu hér er að ræða. Þó að hv. iðnn. hafi nú reyndar verið svo óheppin að hreppa þoku var hv. umhvn. afskaplega heppin með veður og gat komist langt inn í verin, alla leið upp undir jökul.

Varðandi verndargildi veranna og mögulega rýrnum þeirra og þá umræðu alla, að einhver áhöld skuli vera um að verndargildi veranna rýrni við mögulega Norðlingaöldumiðlun, þá verð ég bara að segja, herra forseti, að það er undarlegt að heyra í ráðamönnum og framkvæmdaraðilum þegar þeir fjalla um jafnviðkvæman stað og Þjórsárver. Þeir virðast halda að verndargildi sé flatarmálseining. Ég vil bara ítreka, herra forseti, að verndargildi er allt annað og á ekkert skylt við stærð flatarmáls lónanna sem fyrirhugað er að mynda.

Ég ítreka það hér að lokum, herra forseti, að ég þakka umræðuna og vona sannarlega að hv. umhvn. fjalli um þessa tillögu með opnum huga og að þetta verði ein af tillögum stjórnarandstöðunnar sem fær þá náð að koma aftur hingað inn í sali hins háa Alþingis svo hv. alþingismenn sjálfir eigi möguleika á að láta í ljósi skoðanir sínar á henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnalög, 1. umr.

Frv. SJS og KolH, 11. mál (vatnaflutningar). — Þskj. 11. [17:49]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á vatnalögum, nr. 15/1923. Flutningsmaður ásamt mér að frv. þessu er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Frv. er einfalt að gerð og ekki mjög langt. Það er þrjár greinar. Sú fyrsta hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:“ — Þetta er að sjálfsögðu við orðskýringakafla eða orðskýringagrein laganna, þ.e. orðið: — „Vatnasvið: Landsvæði sem vatn safnast af í sameiginlegan farveg.“

Þetta er síðan aðeins ítarlegar útskýrt í greinargerð frv. sjálfs, sem mundi þá verða lögskýring, ef að lögum yrði.

2. gr. er svohljóðandi:

„Við 1. mgr. 50. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 rúmmetra á sekúndu úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið er þó aldrei heimill nema að fengnu sérstöku samþykki Alþingis; sama gildir um vatnsmiðlun skv. 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr.“

Þetta er í því samhengi, herra forseti, að í þessari 1. mgr. 50. gr. laganna eru taldar upp undanþágur, sem og í 68. og 69. gr., sem geta verið til staðar gagnvart því að ekki sé hróflað við náttúrulegu rennsli vatnsfalla. Hér er sem sagt settur sá varnagli að færsla á vatnsfalli úr náttúrulegum farvegi eða fornum farvegi yfir á annað vatnasvið er aldrei heimil nema að undangengnu sérstöku samþykki Alþingis ef um meira vatnsrennsli er að ræða en 4 rúmmetra á sekúndu. Með öðrum orðum, ef menn ætla sér að virkja eða beisla vatn af einhverjum öðrum ástæðum og í því skyni m.a. flytja það milli vatnasviða þá þarf sjálfstæða samþykkt Alþingis ef um stærra vatnsfall en 4 rúmmetra á sekúndu er að ræða. Fyrir þessu eru, að mínu mati, herra forseti, ærin rök.

Það er svo að vatnalögin, þessi bráðum aldargömlu lög — það slagar í það, þau verða áttræð núna eftir eitt og hálft ár — eru með allra merkilegustu lagabálkum. Ég hvet hv. þm. sem ekki hafa lesið þau nýlega — það er ekki víst að menn lesi allt lagasafnið svo reglulega að þeir hafi alveg nýlega rennt yfir vatnalögin — ég hvet þá til að gera það því að mínu mati er leitun að betri löggjöf og framsæknari miðað við þann tíma sem hún er sett á, fyrir nú utan hvað þau eru á fallegu máli, ákaflega hnitmiðuðu og skýru lagamáli þar sem merking er skýr, hvergi neinar orðalengingar o.s.frv. Þetta vildi ég nú sagt hafa fyrst um ágæti þessa lagabálks.

Þessi lög eru líka að langmestu leyti í fullu gildi. Þau eru verndarlög. Í grunninn eru þetta vatnsverndarlög, ákaflega metnaðarfull sem slík og í raun má sennilega segja að þau hafi um margt verið langt á undan samtíð sinni. Auðvitað eru þarna inni ákvæði sem eiga ekki almennt við í dag, eins og ákvæði um áveitur sem augljóslega hafa verið sett í anda þeirra tíma sem þá voru þegar áveitur höfðu verið byggðar eða voru í bígerð í stórum stíl og menn höfðu trú á því að þær væru mikið framfaramál og nauðsynlegar landbúnaði og af fleiri ástæðum. Það á síður við í dag og áveitur, a.m.k. nýbygging þeirra, eru að mestu leyti aflagðar, held ég.

Herra forseti. Það er líka athyglisvert hversu vel meðvitaðir höfundar laganna hafa verið á þessum tíma um mikilvægi þess að hvers konar mannvirkjagerð, hvort sem það væru virkjanir, stíflur, áveitur eða annað, vatnstaka til neyslu eða annarra þarfa, raskaði ekki meiru í náttúrunni en óhjákvæmilegt væri. Það er alveg gegnumgangandi og rauður þráður í gegnum þessi lög að halda skuli öllu raski á náttúrulegum rennslisháttum vatnsfalla og öllu umhverfi í lágmarki. Almenna reglan er mjög skýrt mótuð í 1. mgr. 7. gr. laganna. Þar segir:

„Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“

Punktur. Ekki þurftu þeir nú orðalengingar til að koma hugsun sinni í texta á þessum árum, herra forseti. Þetta er alveg gullaldaríslenska og einföld og skýr. Það ber að láta vötnin í friði í sínum náttúrulegu eða fornu farvegum.

Frávikin eru svo skilgreind og helgast þá af því sem nauðsynlegt kann að vera vegna nýtingar vatnsorku eða vatnsmiðlunar. En einnig þar er lögð mikil áhersla á það, sbr.

t.d. IV. kafla, um áveitur, að eins lítið sé hróflað við náttúrulegum eða fornum rennslisháttum vatnsfalla og mögulegt er. Þetta má sjá t.d. í 1. mgr. 41. gr. laganna.

En það er nú náttúrlega þannig, herra forseti, að aldrei verður við öllu séð við lagasetningu og það er alveg ljóst í mínum huga að höfundum vatnalaganna frá 1923 bauð ekki í grun að nokkurn tíma kynni að koma til þess að svo stórfelld, hrikaleg áform yrðu uppi á borðum manna og nú eru, að taka eitt af öflugustu stórfljótum landsins, sem er Jökulsá á Dal, og flytja hana hreinlega á milli héraða eða milli vatnasviða. En það er nú það sem á borðum okkar þingmanna og fleiri er einmitt þessa mánuðina eða missirin. Ég tel þess vegna, herra forseti, að ástæða sé til að taka slík áform og önnur sambærileg og setja þau inn í þetta samhengi vatnalaganna og gera það með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það er að vísu svo að talsverðir vatnaflutningar hafa verið heimilaðir beint eða kannski má segja óbeint. Ég veit ekki hvort mönnum hefur verið það efst í huga þegar ráðist var í fyrstu áfanga Kvíslaveitna og Þórisvatni var breytt í uppistöðulón o.s.frv. að í því voru fólgnir umtalsverðir vatnaflutningar. Það kom m.a. fram í framsöguræðu fyrir næsta þingmáli á undan þessu á dagskrá að náttúrulegt rennsli í efri hluta Þjórsár ofan Sultartangalóns hefur minnkað um ein 40% vegna veitna til austur úr kvíslum Þjórsár í svonefndar Kvíslaveitur og inn í Þórisvatn. Það er því ekki alveg nýtt í okkar sögu að einhverjir vatnaflutningar eigi sér stað. Flóaáveitan fræga er náttúrlega ákveðinn vatnaflutningur þó að hún sé hlutfallslega lítil og Hvítá muni lítið um eða Ölfusá muni lítið um þann sopa sem fer í Flóaáveituna.

Einhverjar tilraunir voru gerðar til að snúa kvíslum úr Skjálfandafljóti við í Vonarskarði og koma þeim suður af. Eftir því sem ég best veit þá voru þær nú ekki mjög árangursríkar en þó var þetta umtalað.

Ég fullyrði, herra forseti, að bæði þá og í annan tíma var lítill gaumur gefinn að þeim breytingum sem slíkum vatnaflutningum eru samfara. Ég held að það sé ástæða til að draga athyglina betur að þessum þætti, slíkri röskun.

Ég ætla að fjalla aðeins betur um efnisleg atriði sjálfs frv. Í fyrsta lagi hugtakið „vatnasvið". Það eru nú sjálfsagt til rækilegri skilgreiningar á því en hér er sett inn sem orðskýring við 1. gr. Ég hafði þær skýringar ekki handbærar eða kom þeim ekki upp í hug minn og því valdi ég og við flutningsmenn að setja þetta fram með þeim hætti sem gert er. Það er hins vegar útskýrt nánar í greinargerð við hvað er átt, þ.e. að vatnasvið er landsvæði að vatnaskilum þar sem vatn safnast af í sameiginlegan farveg, þá þannig að um nokkurt afmarkanlegt svæði sé að ræða og til verði skýrt afmarkað vatnsfall. Með öðrum orðum mundi þetta ekki eiga við smákvíslar eða drög heldur meginfarveg sem safnar vatni af nokkru svæði og á sér vatnaskil við önnur vatnsföll.

Á hinn bóginn er ekki gert að skilyrði að vatnsfall hafi sérstakan farveg allt til sjávar. Þverár mundu eiga sín sjálfstæðu vatnasvið sem jafnframt væru hluti af vatnasviði stærri vatnsfalla. Til að fyrirbyggja enn frekari misskilning þá eru þarna sett inn rennslisviðmið eða viðmiðunarmörk, sbr. 2. gr. frv. Þannig ætti ekki að þurfa að vera neinn vafi á því í hvaða tilvikum þessi ákvæði laganna, ef af yrði, yrðu virk. Það má svo velta fyrir sér hvar svona mörk ættu að liggja, hvað eru 4 m á sekúndu mikið meðaltalsársrennsli? Jú, það eru svona u.þ.b. Elliðaárnar, svo maður setji þetta í eitthvert kunnuglegt samhengi. Við erum því að tala um vatnsföll af þeirri stærðargráðu eða þar yfir. Þau yrði sem sagt ekki heimilt að flytja nema með sérstöku samþykki Alþingis í hverju tilviki og það væri óháð leyfisveitingum af öðrum toga, óháð matsferli á umhverfisáhrifum og öðru slíku. Alþingi þyrfti út af fyrir sig að samþykkja vatnaflutninginn sem slíkan. Þar á ofan, ef um væri að ræða breytingu á lögum um virkjanir o.s.frv., þyrfti þingið jafnframt að gefa samþykki sitt á slíkum stöðum.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að nefna í þessu samhengi að það er nokkurt áhyggjuefni hvernig menn fjalla á stundum um umhverfismál og náttúruvernd. Þeirrar tilhneigingar gætir að flokka slíkt sem einhvern lúxus eða munað sem menn geti látið eftir sér þegar vel ári og þegar menn telji sig hafa efni á því en ýti svo til hliðar endranær. Það er sorglega algengt að heyra skammsýnar hugmyndir í þessum efnum, þar sem menn nota sér tímabundnar aðstæður af einhverjum toga til að réttlæta það að ýta til hliðar viðurkenndum sjónarmiðum á þessu sviði, um verndargildi náttúruperlna eða öðru slíku, sem menn mundu væntanlega ekki gera að öðrum kosti. Þannig málflutningur heyrist oft, því miður, samanber málið sem hér var á dagskrá næst á undan þessu. Þó svo að mönnum geti verið eftirsjá í tilteknum náttúruverðmætum þá telja þeir bara standa svo illa á að aðstæður kalli á að þeim sé fórnað, séu í boði einhverjir nýtingarkostir sem ekki er öruggt að verði til staðar seinna. Þar af leiðandi ákveða menn að láta umhverfis- og náttúruverndargildi lönd og leið.

Þetta er náttúrlega, herra forseti, skelfilegur hugsunarháttur og við vitum alveg hvar við endum ef menn láta það eftir sér að nálgast málið með þessum hætti en leggja ekki til grundvallar algildi þeirra hluta sem hér eiga í hlut. Langtímamarkmið og sjónarmið sem auðvitað öll umhverfisvernd og náttúruvernd hlýtur að þurfa að grundvallast á hafa gríðarlegt vægi fyrir utan hina siðferðislegu eða pólitísku nálgun málsins sem ber okkur inn á það svið að ræða hvaða rétt við höfum, ein kynslóð í einu landi á einum tíma, til þess að taka óafturkræfar ákvarðanir fyrir hönd komandi kynslóða um áratugi og aldir eða árþúsund í heiminum.

Ég nefni þetta hér, herra forseti, m.a. vegna þess að við erum að ræða um stórfelldar breytingar eins og að raska vatnasviði meginvatnsfalla og gera það að hluta til með óafturkræfum hætti þannig að því verði í raun og veru ekki snúið við. Það er t.d. gert ef búin eru til uppistöðulón sem fyllast og gjörbreyta landslagi, og þær ákvarðanir verða ekki aftur teknar.

Í nágrannalöndunum, herra forseti, hafa menn fyrir löngu gefið þessum þætti mála meiri gaum. Þannig má segja að bæði í Noregi og Svíþjóð hafi menn í raun og veru lokið því að kortleggja öll helstu vatnsföll, skoða virkjunarmöguleika í þeim annars vegar og verndargildi þeirra hins vegar. Það er kunnugt að nýlega voru síðustu stóru vatnsaflsvirkjanirnar slegnar út af borðinu í Noregi. Það er ekki reiknað með að þar verði leyfð frekari umtalsverð röskun á vatnasviðum. Og í Svíþjóð er þegar búið að friðlýsa með sérstökum hætti þau stóru vatnsföll sem eftir eru ómiðluð þar sem náttúrulegir rennslishættir halda sér frá upptökum til sjávar. Það eru í aðalatriðum líklega fjögur stór vatnsföll í Svíþjóð sem svo háttar til um. Það er ekki meira í því stóra landi, og þar naga menn sig náttúrlega mjög í handarbökin yfir því hversu langt var gengið í því að breyta náttúrulegum rennslisháttum, miðla vatnsföllum og færa þau til milli vatnasviða. Menn afsaka sig með því að þessar ákvarðanir hafi verið börn síns tíma sem tóku stundum mið af þörfum samgangna á sjó eða vötnum eða þörfum fyrir að fleyta timbri eða öðru slíku, og

svo framan af 20. öldinni gjarnan þörfum virkjunarmanna. Nú eru þeir tímar sem sagt löngu liðnir og það er miklu frekar uppi á borðum þar hvort möguleikar séu til að endurheimta náttúru og umhverfi vatnasviða með því að taka niður mannvirki sem þar voru reist og reyna að fá aftur náttúrulega sveiflu í vatnsrennsli og annað því um líkt.

En hér á landi, herra forseti, er umræðan ákaflega skammt komin í raun og veru í hina áttina, að nálgast það sem við eigum þó enn ósnortið og velta því fyrir okkur hversu langt við værum tilbúin til að ganga í því að raska meira og minna náttúrulegum rennslisháttum allra stærstu fallvatna á landinu. Með alveg sárafáum undantekningum eru þau undir í kortlagningu t.d. virkjunarmanna á því hvað hér sé hægt að virkja. Það á við um öll stóru jökulfljótin norðan og norðaustan Vatnajökuls, sunnan hans og suðaustan líka, og með fáeinum undantekningum, ef einhverjum yfirleitt, eru menn þannig á vegi staddir að í raun og veru hefur engin formleg friðlýsing vatnsfalla eða vatnasviða farið fram. Þær perlur sem við hefðum væntanlega, ef við hefðum komið að þeim ósnortnum, byrjað á að friðlýsa og ákveðið að við mundum aldrei hrófla við er nú þegar búið að virkja og þeim er nú þegar miðlað. Ég nefni sem dæmi að ef Laxá í Aðaldal, Sogið í Þingvallavatni og Elliðaárnar rynnu enn ósnortnar í sjó, ætli einhverjum mundi ekki verða það fyrir að leggja til friðlýsingu þessara vatnsfalla með sínum náttúrulegu rennslisháttum og að ekki yrði við þeim hróflað? En þarna báru menn nú einmitt niður og virkjuðu á hinni öldinni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta frv. talar í raun og veru fyrir sig sjálft. Það er einfalt að allri gerð enda fer vel á því þar sem því er ætlað að breyta lögum sem eru skýr og skilmerkileg. Það er ekki ætlun eða löngun flutningsmanna að flækja þau með þeim einföldu efnisatriðum sem við teljum þó að eigi erindi inn í þau, einfaldlega vegna breyttra aðstæðna hvað þetta snertir. Þegar menn, þótt framsýnir væru á sínum tíma, sömdu lögin var ekki við því að búast að þeir sæju fyrir jafnstórfelld áform um vatnaflutninga og nú eru uppi á borðum.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu, herra forseti, verði frv. vísað til hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 22. mál (kynlífsþjónusta, klám). — Þskj. 22.

[18:07]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, og fjallar frv. um 206. gr. hegningarlaganna og 210. gr. sem báðar eru í þeim kafla laganna sem fjalla um kynferðisafbrot.

Frumvarp þetta er að meginhluta samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi á þskj. 840. Það frumvarp byggðist síðan á sambærilegu frumvarpi sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi á þskj. 693.

Breytingar þær sem gerðar hafa verið á frv. á milli þinga helgast fyrst og fremst af því að hæstv. dómsmrh. hefur sjálf verið að flytja mál sem breyta sömu greinum og þetta frv. hefur fjallað um. Þar á ég við ákvæði sem snerta refsingar vegna vörslu og innflutnings á barnaklámi, og nú nýverið flutti hæstv. ráðherra frv. um breytingar er varða refsingar í kynferðisbrotum gegn börnum, t.d. vegna kaupa kynlífsþjónustu af börnum undir 18 ára aldri. Sambærileg ákvæði við það mál er að finna í þessu frv. en það felur einnig í sér nokkrar grundvallarbreytingar á refsilöggjöf okkar. Eins og fram kemur í skýrslu dómsmrh. frá því í janúar á þessu ári og ber heitið „Skýrsla um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi og fleiru" er löggjöf okkar í nokkrum veigamiklum atriðum talsvert frábrugðin löggjöf hinna Norðurlandanna um sama efni, og hefði sannarlega gott af nokkrum breytingum sambærilegum þeim sem hafa verið teknar upp á Norðurlöndunum.

Hér er t.d. í þessu frv. lagt til að hin svokallaða sænska leið varðandi kaup á kynlífsþjónustu verði farin þannig að refsiábyrgðin sem nú hvílir á þeim sem slíka þjónustu veitir, í flestum tilfellum vændiskonum, verði færð yfir á kaupanda þjónustunnar, þ.e. af þeim sem býður til kaups yfir á þann sem kaupir. Vændi sem stundað er til framfærslu, eins og það er orðað í núgildandi lögum, verður þannig ekki lengur refsivert nái þetta frv. fram að ganga.

Þá er lagt til í frv. að orðinu „lauslæti" í gildandi lögum verði almennt breytt í vændi. Um þetta atriði segir í fyrrnefndri skýrslu dómsmrh., með leyfi forseta:

„Í 2.–5. mgr. 206. gr. íslensku hegningarlaganna er ávallt notað orðið lauslæti. Í 1. mgr. er aftur á móti notað orðið vændi. Orð sambærileg við lauslæti voru framan af notuð í lagatexta nágrannaríkjanna en hafa nú að mestu leyti vikið fyrir orðinu „prostitution" (vændi) sem þykir mun nútímalegra orðfæri. Ástæða er til þess að hafa þetta í huga ef íslensku lögin verða endurskoðuð."

Þess má geta að hvorki hugtakið „vændi" né hugtakið „lauslæti" hafa verið skilgreind í lagatexta og ekki heldur í greinargerðum með lögum hingað til. Af því má draga þá ályktun að erfitt hafi verið fyrir lögregluyfirvöld sem og dómstóla að starfa eftir bókstaf laganna. Þegar að er gáð kemur líka á daginn að einungis fjórir dómar er lúta að vændi finnast í dómasafni Hæstaréttar, þar af eru þrír frá svokölluðum ástandsárum eða frá því fyrir árið 1956. Einungis einn dómur hefur verið kveðinn upp í Hæstarétti þar sem sakfellt hefur verið á grundvelli 206. gr. almennra hegningarlaga á grunni þeirra ákvæða er lúta að vændi eða milligöngu um vændi.

Þá ber þess að geta, herra forseti, að í nýlega framlögðu máli hefur hæstv. dómsmrh. gefið fyrirheit um að frekari breytinga sé að vænta á þeim lagabálki sem hér er til umfjöllunar en í greinargerð með frv. ráðherrans, á þskj. 192, segir að á vegum ráðuneytisins sé fyrirhuguð frekari endurskoðun á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga varðandi kynferðisafbrot gegn börnum. Því ber sannarlega að fagna en jafnframt þarf að árétta, herra forseti, að nauðsynlegt er að skoða jafnhliða aðrar greinar kynferðisbrotakafla laganna sem margar eru komnar það til ára sinna að þær virðast vera hættar að virka hafi þær einhvern tíma gert það.

Í frv. því sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir hertum refsingum vegna milligöngu um vændi og þá er í því að finna ákvæði er lúta að refsingum vegna flutnings fólks úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði. Þannig gerir frv. ráð fyrir því að slíkt athæfi sé refsivert hvort sem viðkomandi er kunnugt

um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki. Eins og greinin er í gildandi lögum virðist refsing einungis liggja við athæfinu ef sá sem fluttur er á milli landa er undir 21 árs aldri og er ekki kunnugt um tilgang fararinnar.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að refsivert verði að bjóða upp á kynferðislegar nektarsýningar og hafa þar með nekt annarra að féþúfu eða til sölu. Sömuleiðis að refsivert verði að reka kerfisbundna klámþjónustu í gegnum síma eða tölvur.

Varðandi breytingar þær sem lagt er til að gerðar verði á 210. gr. almennra hegningarlaga, herra forseti, þá lúta þær að þyngingu refsinga vegna brota er varða klámefni og að birting klámefnis nái ekki einungis til prentefnis, eins og í gildandi lögum, heldur taki einnig til klámefnis á myndbandsspólum og geisladiskum.

Ástæðu þess að umræðan um klám og vændi hefur færst í vöxt hér á landi sem annars staðar í nágrannalöndum okkar má að miklu leyti rekja til þess að þjóðir á Vesturlöndum hafa opnað augu sín fyrir því að stunduð er skipulögð verslun með manneskjur sem fluttar eru til Vesturlanda frá fátækari heimshlutum. Fórnarlömb þessarar skipulögðu nútímaþrælasölu eru aðallega konur og börn og eru þau ýmist ginnt eða neydd til að þjóna sívaxandi klám- og kynlífsiðnaði á Vesturlöndum. Menn telja sig nú orðið hafa fullvissu fyrir því að umfang þessarar starfsemi, sem talin er rekin af skipulögðum glæpahringjum um allan heim, jafnist orðið á við umfang eiturlyfja- og vopnasölu í veröldinni. Talið er að árlega sé verslað með hundruð þúsunda kvenna og barna um allan heim og áætlað hefur verið að tekjur glæpahringja af starfseminni jafngildi um 7 milljörðum bandaríkjadala á ári. Þjóðir heims hafa brugðist við á ýmsan hátt, t.d. með því að endurskoða ákvæði í löggjöf sinni er lúta að vændi og öðrum þáttum klám- og kynlífsiðnaðar. Þá hafa fjölþjóðlegir samningar verið gerðir til að freista þess að koma lögum yfir starfsemi af þessu tagi. Má þar nefna samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og tvo viðauka sem gerðir voru við þann samning. Fjallar annar þeirra sérstaklega um mansal, einkum barna og kvenna og er markmiðið samkvæmt viðaukanum að sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem viðurkennd er skylda þjóða til að vernda og aðstoða þolendur slíkra glæpa eftir megni. Komið hefur fram í umræðum á Alþingi, herra forseti, að samningur þessi hafi verið undirritaður fyrir Íslands hönd, og að þess megi vænta að hann verði fullgildur þegar undirbúningsvinnu þess ferlis er lokið. Því ber að fagna en jafnframt er rétt, herra forseti, að hvetja til þess að þeirri vinnu verði hraðað svo sem unnt er. Evrópusambandið hefur brugðist við þessum staðreyndum með ýmsum hætti og er skemmst að minnast sameiginlegs fundar dómsmálaráðherra sambandsins í lok september þar sem ákveðið var að samræma löggjöf um smygl á fólki og mansal og herða refsingar.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og þar með undirgengist m.a. bann við að hneppa menn í þrældóm eða nauðungarvinnu og bann við þrælahaldi og þrælaverslun, hverju nafni sem hún nefnist. Íslendingar eru líka aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum og í honum eru ákvæði þess efnis að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna, þar á meðal að breyta lögunum. Þannig er Ísland, herra forseti, þegar skuldbundið samkvæmt samningum af þessu tagi og því ekki seinna vænna að færa gildandi lög til betri vegar í þessum efnum.

Mikilvægt innlegg í þessa umræðu og jafnframt öflugt tæki í þeirri vinnu sem fram undan hlýtur að vera í þessum málaflokki hjá löggjafarvaldinu er skýrsla sú sem dómsmálaráðherra hæstv. lét gera og út kom fyrr á þessu ári. Skýrslan ber heitið Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Í skýrslunni er það staðfest sem áður hefur verið bent á, að vændi á sér stað á Íslandi í ýmsum myndum, meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu, meðal eldri einstaklinga í heimahúsum, tilviljanakennt götuvændi, vændi gegnum auglýsingar í dagblöðum, á símalínum og á internetinu, vændi sem rekið er gegnum milliliði af ýmsu tagi og skipulagt vændi í tengslum við starfsemi nektardansstaða.

Í skýrslu dómsmálaráðherra er gerð grein fyrir þeim kynlífsiðnaði sem umræðan hefur snúist um og er upptalning skýrslunnar yfirgripsmikil og greinargóð. Samkvæmt skýrslunni er með kynlífsiðnaði vísað til klámrita, starfsemi nektardansstaða, klámmyndbanda, barnakláms, kláms á internetinu, skipulagðs vændis, götuvændis, símavændis, erótískra nuddstofa og fylgdarþjónustu, og leggur sú sem hér stendur sama skilning í hugtakið.

En það er frekari þörf fyrir skilgreiningar, herra forseti. Hugtakið klám hefur t.d. aldrei verið skilgreint í lagatexta eða greinargerð með gildandi lögum. Einnig má nefna nauðsyn þess að vændi verði skilgreint sem ofbeldi. Í umræðum um þessi mál í nágrannalöndum okkar eru kaup á kynlífi og kynlífsþjónusta í auknum mæli skilgreind sem gróf valdbeiting eða kynferðislegt ofbeldi þar sem valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna er staða hins sterka.

Afleiðingarnar fyrir þann sem ofbeldi er beittur eru iðulega mjög svipaðar og hjá öðrum þolendum kynferðisofbeldis, þ.e. brotin sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, þunglyndi, sjálfsvígsþankar og tilraunir til sjálfsvíga. Ótal kannanir hafa sýnt að konur sem selja líkama sinn eru að stórum hluta konur sem beittar hafa verið kynferðisofbeldi í bernsku og hafa því alla tíð staðið höllum fæti í lífinu. Á síðari árum hafa fátækt og litlar vonir um mannsæmandi framtíð einnig knúið fólk til vændis og þannig auðveldað þeim sem kaupa kynlífsþjónustu eða gerast milligöngumenn um slíkt.

Það er sannarlega orðið tímabært, herra forseti, hvernig sem á málið er litið að íslensk löggjöf verði gerð þannig úr garði að hún taki á afbrotum af þessu tagi sem verið er að fremja fyrir framan nefið á okkur í orðsins fyllstu merkingu.

Sú þjónusta sem nektardansstaðirnir hinum megin við götuna bjóða upp á og er kölluð einkadans er t.d. ekki leyfð í Danmörku. Einkadans tíðkast heldur ekki í Noregi og það vakti gífurlega hörð viðbrögð þegar opnaðir voru barir í Noregi þar sem þjónustustúlkur gengu um berbrjósta. Þau hörðu viðbrögð urðu þess valdandi að nú er aðeins einn slíkur bar eftir starfandi í Ósló en eins og fram kom í upphafi máls míns, herra forseti, hafa sænsk yfirvöld gengið hvað lengst í lagasetningu til að stemma stigu við kaupum á kynlífsþjónustu. Þau hafa gengið fram fyrir skjöldu, svo eftir hefur verið tekið víða um heim, og bannað kaup á kynlífsþjónustu, hvaða nafni sem hún nefnist.

Breytingin á sænsku lögunum gekk í gildi 1999. Samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fram á norrænni ráðstefnu sem haldin var hér á landi í ágúst af samtökum norrænna kvenna sem berjast gegn ofbeldi kom fram að þegar væru fallnir nokkrir dómar á grundvelli hins nýja ákvæðis.

Á þeirri ráðstefnu var sænsku leiðinni hælt fyrir það að hún tekur af öll tvímæli um það að vændi er ekki talið eftirsóknarverður þáttur í mannfélaginu og með þessari aðferð er viðurkennt að vændi viðhaldi misrétti því sem konur hafa þurft að glíma við í gegnum tíðina í samfélaginu. Vændið er skilgreint sem ofbeldi og í tengslum við breytingarnar á hegningarlögunum gengu jafnframt í gildi breytingar á lögum um félagslega þjónustu sem skylda yfirvöld til að taka á málum þeirra einstaklinga sem leiðst hafa út í vændi. Lögin hafa notið mikils stuðnings í Svíþjóð og hafa sænsk samtök sem vinna gegn kynferðisofbeldi fullyrt að nú hafi fórnarlömb melludólga og kynlífsiðnaðarins í auknum mæli samband við samtökin til að leita aðstoðar við að leita réttar síns.

Þá má geta þess, herra forseti, að fram hafa komið frá lögreglu upplýsingar um umtalsverða fækkun vændiskvenna á götunum, allt að 50% fækkun hefur verið haft eftir sænsku lögreglunni. Þá hafa sænsk lögregluyfirvöld viðurkennt að þau finni nú minna fyrir vísbendingum um mansal en áður en lögin voru sett.

Á *þessari ráðstefnu sem ég nefndi*, herra forseti, sem var afar athyglisverð í alla staði og vel sótt, var samþykkt svohljóðandi yfirlýsing, með leyfi forseta:

„Norrænar konur gegn ofbeldi líta á vændi sem ofbeldi gegn konum. Svíþjóð er eina landið á Norðurlöndunum sem hefur haft kraft til þess að beina sjónum frá þolendum ofbeldisins að *ofbeldismönnunum með því að hafa árið* 1999 gert kaup á kynlífsþjónustu ólögleg. Um 80% af sænsku þjóðinni styðja þessi lög.

Þrátt fyrir samnorræn viðhorf löggjafa um jafnrétti fer fjöldi vændiskvenna vaxandi. Þar að auki eru fleiri útlenskar konur og unglingar seld til réttindalauss lífs á Norðurlöndunum til þess að þjóna auknum fjölda kynlífskaupenda. Norðurlöndin öll hafa lög sem hægt hefði verið að beita til þess að hindra vöxt og viðgang kynlífsiðnaðar og vændis í löndum okkar. Lögin eru almennt ekki notuð.

Norrænar konur gegn ofbeldi líta svo á að kominn sé tími til þess að Norðurlöndin öll fari að dæmi Svía. Með því að gera kaup á kynlífsþjónustu ólögleg er áherslan flutt frá þeim sem fyrir ofbeldinu verða og yfir á ofbeldismennina. Þar með viðurkenna ríkisstjórnir, löggjafarvald og félagsþjónusta ofbeldið gegn konum og hafna því að líkamar barna og kvenna séu til sölu."

Herra forseti. Auknar umræður um þessi mál hafa orðið á Alþingi á síðustu missirum. Á haustþinginu árið 1999 var það samdóma álit þingmanna sem tóku til máls í umræðum utan dagskrár um málið að stemma þyrfti stigu við þeim klám- og vændisiðnaði sem virðist hafa haslað sér völl á Íslandi. Þá ber einnig að hafa í huga hið dýrmæta tæki sem Alþingi hefur nú í höndunum, skýrslu Sólveigar Pétursdóttur dómsmrh. um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi og fleiru, skýrslu sem ég nefndi í ræðu minni áðan. Í þessari skýrslu koma fram afar gagnlegar upplýsingar sem eiga eftir að verða styrkur í vinnu við breytingar á löggjöf þeirri sem hér um ræðir.

Nú, herra forseti, er ekki eftir neinu að bíða. Hefjumst handa við að gera mannlífið á Íslandi heilbrigðara með því að veita þeim stuðning sem leiðast út í vændi og refsa þeim sem búa til eftirspurnina.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. allshn.

[18:24]

Útbýting þingskjala:

Afurðalán í landbúnaði, 271. mál, fsp. JB, þskj. 321.

Flutningur Byggðastofnunar, 274. mál, fsp. SÓ, þskj. 324.

Fríverslunarsamningur við Kanada, 273. mál, fsp. RG, þskj. 323.

Grasmjölsframleiðsla, 272. mál, fsp. JB, þskj. 322.

Jafnréttisstofa, 275. mál, fsp. SÓ, þskj. 325.

Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, 277. mál, fsp. LB, þskj. 327.

Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, 276. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 326.

Þróun matvöruverðs á Norðurlöndum, 270. mál, fsp. RG, þskj. 320.

[18:25]

Drífa Snædal:

Herra forseti. Í því frv. sem er hér til umræðu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum frá 1940, með síðari breytingum frá 1992 og 1998 á viðkomandi greinum. Þegar gildandi greinar voru staðfestar var umhverfið allt annað en nú er við að etja. Alþjóðavæðing kláms, vændis og mansals hafði ekki borist til Íslands og umræða um þessi mál öll var á frumstigi. Orðfæri eins og lauslæti er úrelt og varfærnislegt miðað við þann vanda sem nú er við að etja.

Síðustu árin hafa komið fram óyggjandi sannanir þess að Ísland er enginn eftirbátur annarra landa varðandi ofbeldi gagnvart konum. Það nægir að vísa í skýrslur hæstv. dómsmrh. um lagaumhverfi á Íslandi varðandi eftirlit með klámi og vændi annars vegar og hins vegar um vændi á Íslandi. Eins og aðrir hefur lögreglan fylgst með vaxandi klámiðnaði í landinu en lagabókstafurinn veitir ekki þau tæki sem nauðsynleg eru til að takast á við þennan iðnað.

Þau vopn sem nú er hægt að beita eru t.d. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum frá 1980, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti frá 1993 og almenn hegningarlög, að stofni til frá 1940, en þau duga skammt í baráttunni. Það er því ekki síst löggæslan sem kallar á endurskoðun laganna.

Til að koma í veg fyrir það ofbeldi gegn konum sem vændi, klám og mansal er þarf að ráðast að rót vandans. Forsendur fyrir því að þetta tíðkist er sú neyð sem ýtir konum út í ógæfuna og sú eftirspurn sem virðist vera eftir kynlífsiðnaði hvers konar. Sú leið sem hv. þingkonur Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni leggja til að verði farin er tilraun til að ráðast að einni af undirrótum vandans, þ.e. eftirspurninni. Þarna er farin sænska leiðin en í henni felst að brotamennirnir eru kaupendur þjónustunnar, þeir sem skapa eftirspurnina og þeir sem hafa milligöngu um vændið. Þessi leið hefur gefist vel í Svíþjóð og þeir sem til þekkja mæla með henni sbr. ályktun frá ráðstefnu norrænna kvenna gegn ofbeldi hér á landi í ágúst sl.

Til að ná árangri í baráttunni gegn valdbeitingu og kúgun þarf lagaramminn að vera mjög skýr. Þau lönd sem hafa gert tilraunir með lögleiðingu vændis hafa svo sannarlega sopið seyðið af því enda vex ólögleg starfsemi í réttu hlutfalli við lögleiðingu. Þannig eru 80% af þeim sem stunda vændi í Hollandi konur sem hafa verið fluttar ólöglega og oft nauðugar til landsins samkvæmt tölum frá samtökum kvennaathvarfa í Svíþjóð.

Herra forseti. Ég held að okkur hafi flestum brugðið við þá mynd sem skýrslur hæstv. dómsmrh. drógu upp af ástand-

inu hér á landi. Þar var sagt frá skipulögðum vændishúsum, götuvændi og vændi sem tengist nektardansstöðum.

Ef við ætlum að vera trúverðug sem jafnréttissinnuð þjóð og virða þá alþjóðasáttmála sem við höfum þegar undirritað varðandi afnám misréttis og ofbeldis gagnvart konum þurfum við að byrja á því að taka til í lögunum okkar.

Með því að samþykkja þetta frv. viðurkennum við að vændi er ofbeldi gegn konum og þær sem stunda það eru fórnarlömbin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 41. mál (matsverð fasteigna). — Þskj. 41.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Óhefðbundnar lækningar, fyrri umr.

Þáltill. LMR o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

[18:29]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli í annað sinn fyrir þáltill. um stöðu óhefðbundinna lækninga. Flutningsmenn tillögunnar ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sverrir Hermannsson og Magnús Stefánsson. Þetta er því þverpólitísk tillaga.

Á síðasta þingi var mjög góð og jákvæð málefnaleg umræða um þessa þáltill. Ég vil þakka aftur fyrir þá umfjöllun. Ég vil aðeins fara í gegnum efni tillögunnar sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundnum lækningum er hér átt við nálastungumeðferð, smáskammtalækningar, lið- og beinskekkjulækningar, hnykklækningar, nudd o.fl.

Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega:

1. Hvaða menntun er í boði á þessu sviði og hver er menntun leiðbeinenda sem þar starfa.

2. Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði.

3. Að hvaða marki samvinna og samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta. Jafnframt að kanna hvort og þá að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum.

4. Hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta og þá einkum virðisaukaskatts.

Enn fremur skal nefndin safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Nefndin skal sjá til þess að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og hversu algengt það er að fólk leiti til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Þá skal nefndin skila tillögum til heilbrigðisráðherra um hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér landi og meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í auknum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.

Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. maí 2002 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2002."

Þessar tímatakmarkanir hafa tekið breytingum frá fyrri þáltill. og við skulum vona að á þeim verði ekki mikil breyting í framtíðinni.

Óhefðbundnar lækningar hafa aukist mjög mikið á undanförnum árum og almenningur hefur í æ ríkari mæli leitað til þeirra sem stunda það sem kallað er „óhefðbundnar lækningar". Það hefur stundum verið erfitt fyrir fólk að gera sér grein fyrir menntun þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar, hvaða kröfur gerðar eru til menntunar þeirra sem mega taka að sér slíka meðferð enda er enginn lagarammi um þessar lækningar.

Flutningsmenn eru hins vegar þeirrar skoðunar að frelsi sjúklings til að velja sér meðferð eigi að vera meginregla og út frá henni eigi að ganga við setningu laga og reglna um heilbrigðismál í þessu efni. Þess vegna verður að fara varlega í að takmarka þetta frelsi og sterk rök verða að vera með slíkum takmörkunum. Gild rök eru að sjálfsögðu að tiltekin meðferð sé beinlínis hættuleg lífi og heilsu manna. Þess vegna dugir ekki eins og nú er, að yfirvöld láti málin afskiptalaus því að í afskiptaleysi felast þær takmarkanir sem nauðsynlegt er að afnema, m.a. að notendur óhefðbundinna lækninga njóti ekki sama bótaréttar og notendur almennrar heilbrigðisþjónustu ef þeir verða fyrir tjóni. Þá felst veigamikil takmörkun í því að þeir sem stunda þessar lækningar eiga ekki möguleika á að fá nám sitt viðurkennt, sem er oft á tíðum afar ítarlegt nám. Ég veit um lækna sem stunda óhefðbundnar lækningar sem hafa allt að átta ára og jafnvel lengri námstíma að baki.

Ég vil líka geta þess að í dag þurfa þeir sem stunda óhefðbundnar lækningar að greiða virðisaukaskatt af starfi sínu þar sem óhefðbundnar lækningar hafa ekki fallið undir hugtakið „eiginleg heilbrigðisþjónusta", en Danir og Norðmenn, að því er mér skilst, hafa undanþegið þessa þjónustu virðisaukaskatti. Ég tel skoðunarvert hvort við ættum ekki að íhuga að gera hið sama.

Flutningsmenn telja ekki að óhefðbundnar lækningar eigi að njóta niðurgreiðslu af hálfu hins opinbera með sama hætti og hefðbundin heilbrigðisþjónusta að svo stöddu. Meta verður það í hverju tilviki fyrir sig og það gæti komið í ljós í störfum þessarar nefndar hvort tiltekið meðferðarform hafi gefið það góða raun og þeir sem stunda þessar lækningar hafi það góða menntun og sterkan bakgrunn að réttlætanlegt

sé að verja almannafé til að fella virðisaukaskatt af vinnu viðkomandi aðila.

Ég tel að ávinningur af því að viðurkenna óhefðbundnar lækningar og færa þær nær hefðbundnum lækningum þannig að þær haldist hönd í hönd sé margvíslegur. Þessi starfsemi yrði í fyrsta lagi sýnileg og það er ekki óvarlegt að fullyrða að nú séu þessar lækningar að einhverju leyti stundaðar sem svört atvinnustarfsemi. Með setningu reglna er kominn grundvöllur fyrir eftirliti yfirvalda, sem ásamt stofnun hagsmunasamtaka þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar, sem nýlega hafa verið stofnuð og heita Félag íslenskra græðara, ætti að leiða til aukinna gæða þjónustunnar og um leið aukins öryggis þeirra sem nýta sér hana. Hagsmunum sjúklinganna er best borgið með vel menntuðum og hæfum sérfræðingum, sem eru meðvitaðir um eigin takmarkanir og starfa í samræmi við siðareglur og aðrar reglur sem settar kunna að verða af samtökum þeirra, ásamt því að njóta aðhalds frá hinu opinbera.

Ég tel að mjög vel eigi að vanda til verka við setningu þessara reglna og nauðsynlegt sé, á tilteknum sviðum óhefðbundinna lækninga, að greina á milli vandaðra og óvandaðra vinnubragða og ávallt verður að setja kröfuna um öryggi sjúklinga í öndvegi.

Ég er þess fullviss að í framtíðinni geti mismunandi form lækninga vel farið saman og læknar sem stunda hefðbundnar lækningar ættu jafnvel að geta stundað það sem hér er kallað óhefðbundnar lækningar samhliða hinum hefðbundnu á sama hátt og vel þjálfaðir sérfræðingar á því sviði. Til að þetta megi verða þarf þó að koma til kennsla í háskólum í meðferðarúrræðum sem hingað til hafa ekki verið talin eiga heima þar.

Eins og ég sagði áðan hafa óhefðbundnar lækningar notið sífellt meiri vinsælda og verið sífellt meira leitað til þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar á undanförnum árum. Vil ég nefna að samkvæmt nýlegum rannsóknum er áætlað að um 35–50% landsmanna í Frakklandi sæki sér reglulega lækningar eða meðferð hjá aðilum sem stunda óhefðbundnar lækningar. Talið er að um 20–50% í löndum Evrópu noti óhefðbundin lyf, ýmiss konar náttúrulyf. Ég held að það sé mjög varlega áætlað að um 25% nýti sér óhefðbundnar lækningar hér á landi.

Þó að óhefðbundnar lækningar hafi ekki fengið löglega viðurkenningu hafa þær þó hlotið aukna viðurkenningu víða í heiminum, sérstaklega í Bandaríkjunum. Þar hefur verið tekið sérstaklega vel á þessum málum, bæði með rannsóknum og eftirliti með þessum lækningum. Þróunin í Evrópu hefur verið í sömu átt þó að aðstæður séu ólíkar og öðruvísi hafi verið tekið á málum þar.

Tillögur eða skýrslur svipaðar þeirri sem ég er að flytja núna hafa verið til umfjöllunar og verið samþykktar bæði innan Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Þessi tillaga er í samræmi við það sem verið er að gera í Evrópu og annars staðar í hinum vestræna heimi. Ég tel nauðsynlegt að skoða vel og meta þær óhefðbundnu lækningar sem stundaðar hafa verið víða um heim, t.d. þar sem lækningar eins og nálastungulækningar sem hafa verið stundaðar í árþúsundir í Austurheimi, í Kína og nærliggjandi löndum með árangri sem telst góður. Ég tel fulla ástæðu fyrir okkur til að loka ekki augunum fyrir því heldur meta þá reynslu sem aðrir hafa.

Ég vona að þessi tillaga fái góðan stuðning meðal þingmanna og geti orðið upphaf að heildarstefnumörkun og setningu laga og reglna um þessi mál. Ég finn að umfjöllunin hefur verið mjög jákvæð hér á Alþingi. Hún hefur verið jákvæð í þeim 30 umsögnum sem við höfum fengið um þessi mál. Upp hafa komið nokkur vafaatriði eins og spurningar um skattamál, tryggingar, starfsréttindi. Vaknað hafa spurningar um heiti óhefðbundinna lækna, hvort tala eigi um óhefðbundnar lækningar eða óhefðbundna meðferð. Þetta snýst um hvar menn vilja hafa áhersluna. Margir hafa óskað eftir því að fá fulltrúa í nefndina og einnig hefur verið gerð athugasemd við að hnykklækningar eigi eiginlega ekki við um það sem heitir óhefðbundnar lækningar. Bent er á það sem dæmi að þeir sem ganga til hnykklækna greiði ekki virðisaukaskatt af þeim lækningum. Það eru því nokkur slík atriði sem heilbr.- og trn. þarf að skoða þegar þetta mál kemur til umfjöllunar hjá henni.

Ég vil þakka fyrir jákvæðar undirtektir sem þetta mál fékk á síðasta þingi og fyrir þann stuðning sem ég hef fengið frá flestum eða öllum þingmönnum og almenningi við þetta mál. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og síðari umræðu eftir það.

[18:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekki neinu sérstöku að bæta við mál hv. 1. flm. þessarar tillögu. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir fylgdi henni úr hlaði á greinargóðan hátt en eins og fram kom í máli hennar er ég einn af meðflutningsmönnum hennar.

Ég vil einungis ítreka fyrir þingheimi að það er afar mikilvægt að tillaga á borð við þessa skili sér aftur inn í þingið. Hér erum við að tala um heim sem er til staðar á Íslandi í dag en við vitum ekkert hvernig hann lítur út, við höfum enga þekkingu á umfangi hans. Það er satt að segja þannig, herra forseti, að það er eins og hér sé um að ræða eitt af óhreinu börnunum hennar Evu. Við vitum öll að það er til en það er hulið sjónum okkar.

Það er á ábyrgð Alþingis að könnun og úttekt af því tagi sem getið er um í þessari þáltill. fari fram. Það er mjög þýðingarmikið. Það skyldi þó ekki vera, herra forseti, að þegar þessi heimur er kortlagður orðinn og við sjáum hvert umfang hans er og hvers hann er megnugur þá kunni að fara svo að við fáum öflugan liðsmann við heilbrigðisþjónustuna sem rekin er af hinu opinbera. Það vita allir sem vilja vita að t.d. bara einföld aðferð eins og nudd hefur mikinn lækningarmátt. Þær heilbrigðisstéttir sem starfa í dag stunda margar hverjar nudd til hliðar við sína almennu hefðbundnu starfsemi. Ég vil nefna hjúkrunarfræðinga sem gjarnan leggja sjúklingum sínum lið með einhverju sem gæti flokkast undir þennan heim, heim hinna óhefðbundnu lækninga. Það hefur sýnt sig að hér er um öflugar aðferðir að ræða.

Af því að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir gat sérstaklega um Bandaríkin og hversu langt þessi mál hafa náð þar, þá má bæta því við að í Bretlandi hafa nálastungulækningar og osteópatía hlotið viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda. Um þessar tvær aðferðir gilda ákveðnar reglur og eru gerðar ákveðnar menntunarkröfur. Eftir því sem ég hef frétt þá munu höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnarar vera á leiðinni inn í kerfið hjá Bretum. Smám saman eru Bretar, nágrannaland okkar og þjóð sem við gjarnan miðum okkur við, að taka þetta inn í sitt heilbrigðiskerfi og í öllu falli er heimur óhefðbundinna lækninga þar afar sýnilegur og öllum kunnur.

Könnun af því tagi sem tillagan hljóðar upp á að fari fram yrði fyrsta skrefið til að kortleggja þennan heim hér á Íslandi, gera hann sýnilegan og í framhaldi af því gætum við séð hvers hann verður megnugur til þess að efla heilsu Íslendinga.

[18:45]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessi orð. Ég er sammála því að þessi heimur sem við erum að ræða um er ósýnilegur. Þar er margt sem þarf að skoða, mæla og meta til þess að við getum gert okkur grein fyrir umfangi þessarar starfsemi. Ég er sammála hv. þm. um að með óhefðbundnum lækningum munum við fá öflugan liðsafla, ekki síst við að halda uppi gæðastaðli í þessari þjónustu sem og annarri heilbrigðisþjónustu.

Ég hreinlega bið þingheim um að þessu máli verði lokið fyrir þinglok svo nefndin geti tekið til starfa og lokið því sem allra fyrst. Þessi mál eru mjög í brennidepli og það hef ég orðið vör við í umræðunni í þjóðfélaginu eftir að við fluttum þessa þáltill. í fyrra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Frv. JB, 26. mál (fjáraukalög). — Þskj. 26.

[18:47]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1. gr. hljóðar svo:

„Við 43. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þegar svo ber undir skal fjármálaráðherra leggja slíkt frumvarp fyrir Alþingi bæði þegar er það kemur saman að hausti og áður en því er slitið að vori."

Herra forseti. Þetta frv. lýtur að því að breyta lögum um fjárreiður ríkisins en þar segir einmitt í ákvæðum um fjáraukalög:

„Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir."

Meginákvæði laganna hvað þetta varðar kveða á um að heimilda til slíkra útgjalda skuli leitað fyrir fram, þ.e. áður en skuldbindandi ákvörðun er tekin nema í undantekningartilvikum.

Hvergi í lögunum er kveðið á um hversu oft eða hvenær skuli leggja fram frumvarp til fjáraukalaga. Þó segir í 44. gr. að heimilda fyrir ófyrirséðum fjárráðstöfunum sem grípa þurfi til eftir samþykkt fjáraukalaga skuli leitað í lokafjárlögum. Það gæti vísað til þess að fjáraukalög skuli aðeins vera ein á árinu, enda virðist sú hefð hafa mótast að frumvarp til fjáraukalaga sé lagt fram einu sinni á ári, þ.e. að hausti, og taki til fjárráðstafana sem nauðsynlegt hefur þótt að grípa til án þess að heimild hafi verið fyrir þeim á fjárlögum. Fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár hafa svo verið afgreidd og samþykkt frá Alþingi í desember eða um líkt leyti og fjárlög næsta árs.

Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á er ekki í anda laga um fjárreiður ríkisins. Frumvarp þetta miðar að því að frumvarp til fjáraukalaga verði lagt fyrir Alþingi tvisvar á ári ef þörf krefur, að vori áður en þingi er slitið og svo aftur að hausti í upphafi þings.

Það er svo, herra forseti, að frá áramótum eða frá því að fjárlög eru samþykkt í desember fyrir næsta ár og til vors geta aðstæður breyst þannig að forsendur verði fyrir breytingar á útgjöldum ríkisins. Einnig getur tekjuáætlunin breyst í grundvallaratriðum. Ný lög sem hafa í för með sér fjárútlát geta hafa verið samþykkt á Alþingi á vorþingi eða aðrar ástæður verið fyrir breytingum á fjárheimildum sem krefjast afgreiðslu þingsins. Það er því nauðsynlegt, herra forseti, að Alþingi hafi innbyggða starfsreglu sem tryggi að löggjafarsamkoman geti komið að og stýrt með eðlilegum hætti fjárlögum og framkvæmd fjárlaga og gripið inn í ef nauðsyn er að breyta til frá þeim fjárlögum sem hafa verið samþykkt með hefðbundnum hætti. Með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til er tryggð nauðsynleg ábyrgð og aðkoma að fjármálum ríkisins.

Herra forseti. Það hefur verið í umræðunni að bæði einstök ráðuneyti og stofnanir hafi farið fram úr þeim fjárheimildum sem fjárlög hafa kveðið á um. Umræðan hefur snúist um hvernig með skuli fara, hvort beita skuli viðurlögum, refsingum eða starfsviptingum. Þessar leiðir hafa m.a. verið nefndar í sölum Alþingis í tengslum við þá umræðu. Einnig er það svo að frv. til fjáraukalaga sem hafa verið lögð fyrir þingið á haustin og síðan samþykkt sem lög frá Alþingi skömmu fyrir jól, hafa yfirleitt að bera tillögur eða beiðnir um auknar fjárheimildir á yfirstandandi ári, sem framkvæmdarvaldið, þ.e. einstakir ráðherrar eða ráðuneyti, hafa þegar tekið ákvörðun um og hafa jafnvel þegar innt af hendi þannig að í allt of mörgum tilvikum er aðeins formsatriði af hálfu Alþingis að staðfesta gerðan hlut. Þetta ástand er alger óþarfi og með því er farið á svig við lögin. Frv. sem hér er lagt fram er ætlað að koma í veg fyrir þetta.

Það er ósköp eðlilegt að aðstæður geti breyst frá því um áramót og til næsta vors eða næsta hausts varðandi útgjöld einstakra liða. En þá á að taka á því máli fyrir fram. Alþingi á að gera það á grundvelli þeirra upplýsinga sem það fær um nauðsyn og þörf á breytingum.

Með þessu frv. til breytinga á lögum um fjárreiður ríkisins er einmitt hvatt til þess að fjárln. Alþingis, sem nú starfar einungis í megindráttum á haustmánuðum, starfi með reglubundnum hætti allt árið og vinni jafnframt að undirbúningi fjáraukalaga að vori og þau fjáraukalög verði það síðasta sem Alþingi gangi frá og samþykki áður en það fer í sumarleyfi. Ef þörf væri á kæmi síðan nýtt frv. til fjáraukalaga á fyrstu dögum þings að hausti.

Herra forseti. Ég tel afar brýnt að þessi breyting á lögum sem hér er lögð til nái fram að ganga. Hún mun styrkja þingræðið. Hún mun leiða til meiri festu í fjármálum ríkisins og hún mun einnig leiða til þess að umræðan á þingi snúist ekki um hvernig eigi að refsa ráðherrum, ríkisstjórn eða einstökum forstöðumönnum í ráðuneytum eða stofnunum fyrir að hafa af einhverjum ástæðum talið sig nauðbeygða eða talið brýna nauðsyn á að fara fram úr fjárheimildum, heldur væri þingið búið að afgreiða þær beiðnir fyrir fram eftir sínum vilja þannig að geðþóttaákvarðanir framkvæmdarvaldsins mundu ekki ráða ferðinni.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að frv. fari til meðferðar efh.- og viðskn. Ég vona að það fái þar vandaða og góða umfjöllun og geti komið aftur fyrir þingið og fengið hér jákvæða afgreiðslu þannig að umræða

um ríkisfjármálin verði skynsamlegri en verið hefur á síðustu missirum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 37. mál. — Þskj. 37.

[18:56]

Flm. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þuríður Backman, Drífa Hjartardóttir, Tómas Ingi Olrich, Jónína Bjartmarz og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig skipulagðri heilsuvernd fyrir ungt fólk verði háttað."

Þessi tillaga til þingsályktunar var flutt á 126. löggjafarþingi, en varð ekki útrædd. Hins vegar fór hún til nefndar og fékk ágæta umfjöllun hér í þinginu og góðar viðtökur. Hún var send ýmsum aðilum til umsagnar og er nú flutt að nýju óbreytt.

Sökum þess hve langt er liðið á daginn þá mun ég stytta mál mitt verulega en vísa til greinargerðarinnar um frekari rökstuðning fyrir þessari þáltill. Ég vil þó fjalla um tillöguna nokkrum orðum, eins stutt og hægt er.

Víða um hinn vestræna heim er viðurkennd þörf fyrir að koma til móts við heilbrigðisþarfir ungmenna í framhaldsskólum og háskólum með sérstakri skipulagðri heilsugæslu í þessum skólum. Slík þjónusta er hins vegar ekki veitt hér á landi með skipulegum hætti af hendi heilbrigðisyfirvalda. Nokkrir framhaldsskólar bjóða þó upp á ákveðna þjónustu, ýmist í samvinnu við heilsugæslustöðvar á viðkomandi svæði með sérstökum samningum við einstaka heilbrigðisstarfsmenn eða að hjúkrunarfræðingar sem starfa sem kennarar í viðkomandi skóla hafa tekið að sér slíka þjónustu. Frumkvæðið að þessari heilsuvernd hefur ýmist komið frá skólakerfinu eða heilsugæslunni. Hins vegar hefur ekki verið mótaður sérstakur rammi um þessa þjónustu. Henni hefur ekki verið sett markmið né hefur hún verið samræmd og ekki gert sérstaklega ráð fyrir slíkri þjónustu í fjárveitingum til heilsugæslunnar eða til framhaldsskólanna sjálfra.

Þó er kveðið á um það í 13. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, að allir framhaldsskólar skuli rækja heilsuvernd. Samkvæmt þessum lögum er heilsugæslustöð í nágrenni skólans falið að annast heilsuverndina undir umsjón héraðslækna í umboði heilbrigðisstjórnar. Starfsfólki við heilsuvernd í skólum er gert skylt að hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

Í nokkrum tilvikum hefur heilsugæslustöð í nágrenni framhaldsskóla eða aðrir aðilar annast takmarkaða heilsugæslu nemenda, t.d. hefur heilsugæslan á Egilsstöðum sérstaklega sinnt heilsugæslu ungmenna sem þurfa á henni að halda. Það er mat þeirra sem hafa sinnt þessu starfi að það hafi skipt sköpum varðandi námsframvindu og líðan margra nemenda. Aðrir skólar eins og Verkmenntaskólinn á Akureyri, Fjölbrautaskólinn í Ármúla, Verslunarskóli Íslands og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hafa einnig séð nemendum sínum fyrir heilbrigðisþjónustu innan veggja skólans. Fyrir liggja góðar vísbendingar um ávinning af slíku starfi í þeim skólum. Því til viðbótar má nefna að heilsugæslustöðvarnar að Sólvangi í Hafnarfirði og Akureyri settu á árinu 2000 á laggirnar unglingamóttökur sem eru opnar 1–2 tíma í viku og starfa á svipaðan hátt og skólaheilsugæslur í framhaldsskólum en veita breiðari hópi unglinga þjónustu, svo sem þeim sem eru ekki í framhaldsskóla.

Ég vil jafnframt benda á að í skýrslu starfshóps landlæknis frá í maí 2000 um börn og ungmenni með geðræn vandamál og þjónustu við þau utan sjúkrastofnana er lögð áhersla á að auka heilbrigðisþjónustu við nemendur framhaldsskólanna, sérstaklega með tilliti til geðverndar og geðheilbrigðisþjónustu. Jafnframt er bent á úrræði sérstakra unglingamóttökustöðva sem sérsniðnar eru fyrir þarfir og vandamál unglingsáranna.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru um það bil 22 þús. Íslendingar á aldrinum 16–20 ára og um það bil 90% þeirra eru í framhaldsskólum. Hins vegar verður einnig að líta til þess að brottfall nemenda í framhaldsskólum er töluvert og mikið áhyggjuefni. Það er talið eitt af alvarlegustu vandamálum innan menntakerfisins. Þó að erfitt sé að segja til um hve mikið brottfallið er þá er ljóst að þeir krakkar sem ná ekki að útskrifast með skírteini standa frammi fyrir ýmsum erfiðleikum, gætu þurft að sætta sig láglaunastörf, einmanaleika, vonleysi og hugsanlega atvinnuleysi. Það er talið að stuðningur foreldra og stuðningur við nemendur innan veggja skólans skipti mestu um það hvort ungmenni nái að ljúka framhaldsskóla.

Einnig hef ég séð vísbendingar um það út frá rannsóknum að ungt fólk nýti sér síður heilbrigðisþjónustu en fólk í öðrum aldurshópum. Ýmsar vísbendingar eru um að það þurfi sérstaklega að sníða þjónustuna að þörfum þeirra. Þar á meðal hafa íslenskar rannsóknir bent til þessa. Í nýlegri rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi segir m.a., með leyfi forseta:

„... að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmennin sé í gegnum skólana. Hér hefur Ísland þá sérstöðu í samanburði við mörg nágrannalönd, að ekki er boðið upp á nemendaheilsugæslu á framhaldsskóla- eða háskólastigi ... Eðlilegt er að hérlendis fari fram skipuleg athugun á því hvort og með hvaða hætti reglubundin heilsugæsla í framhaldsskólum og háskólum landsins geti verið fýsilegur kostur."

Þessi þáltill. sem ég mæli nú fyrir er einmitt til þess að bregðast við þessari þörf. Í greinargerð með þáltill. er gerð grein fyrir ýmsum rannsóknum um heilsufar íslenskra ungmenna og ég mun ekki fara sérstaklega í það en vísa í greinargerðina. Þessi þáltill. var send til umsagnar ýmissa aðila og það voru milli 20–30 aðilar sem gáfu umsögn. Hún fékk mjög góðar viðtökur og mælt var með samþykkt hennar. Í umsögn Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi segir m.a. að í ljósi þess vanda sem til umfjöllunar er í tillögu um heilsuvernd í framhaldsskólum, svo sem áföll, þunglyndi og sjálfsvíg, kvíði og afkastavandi, ofbeldi, ofneysla vímuefna og önnur áhættuhegðun sé ljóst að þjónusta í seilingarfjarlægð skólans sé mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustuneti samfélagsins. Eins er talið að tillagan sé í raun áþreifanleg tilraun til að brúa bilið milli fræðslu-, félags- og heilbrigðisþjónustu.

Sem fylgiskjal með þáltill. er lýsing á heilsuverndarstarfi sem hefur verið þróað og unnið í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ frá 1989. Þessi lýsing fylgdi umsögn Læknafélags Íslands og Félags ísl. heimilislækna um heilsuvernd í framhaldsskólum og er þar mjög greinargóð lýsing á því hvernig heilsugæsla í framhaldsskólum getur farið fram.

Að lokum legg ég til að að lokinni umræðu verði þáltill. þessi send til heilbr.- og trn. til umfjöllunar.

[19:03]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Sem einn af meðflm. tillögunnar vil ég taka undir hvert orð sem hv. 1. flm., Ásta Möller, viðhafði hér og undirstrika mikilvægi þess að tekið sé á heilsuvernd framhaldsskólanema í samhengi því að eins og kemur fram í grg. með tillögunni fær heilsufar unglinga gjarnan litla athygli. Fólk telur almennt að ungt fólk sé hraust og þurfi ekki heilbrigðisþjónustu. Fyrri ræðumaður benti mjög skilmerkilega á að svo er ekki endilega.

Mikilvægt er á þeim tíma ævinnar þegar fólk er í framhaldsskóla að það læri að taka ábyrgð á eigin lífi og þar með eigin heilsufari. Og forvarnir sem eru hið gullna lykilorð í dag geta kristallast mjög vel í því starfi sem hægt er að vinna með ungu fólki í framhaldsskólunum.

Í máli hv. þm. Ástu Möller kom fram að skólalæknar eru í nokkrum framhaldsskólum, þar á meðal í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Verslunarskóla Íslands reyndar líka og ég var sjálf skólalæknir í Menntaskólanum í Reykjavík í mörg ár. Þau atriði sem talin eru upp í grg., þ.e. næring, ótímabærar þunganir, slys, ofbeldi, reykingar, áfengi og önnur vímuefni og geðheilsa segja okkur að þetta eru allt saman stórir og mikilvægir þættir í lífi ungs fólks og ég vona eins og fyrri ræðumaður að þessi þáltill. fái verðuga umfjöllun í heilbrn. og skili sér aftur inn í þingsali til afgreiðslu.

[19:05]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Hér hefur verið flutt till. til þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum sem hv. þm. Ásta Möller kynnti. Ég er ekki meðflm. að tillögunni, kem inn sem varamaður, en vil gjarnan fylgja tillögunni úr hlaði. Þetta er mjög vönduð tillaga og sérstaklega vönduð greinargerð sem fylgir henni.

Ég vil, eins og mér er tamt, tala sérstaklega um dreifbýlið og nemendur í dreifbýlinu, ég tala nú ekki um nemendur sem fara í burt af heimilum sínum til að stunda framhaldsnám annars staðar. Það eru ekki síst þeir sem þyrftu á aðstoð sem þessari að halda í námi og í fjarveru sinni frá heimili. Þar vil ég sérstaklega nefna næringu og geðvernd.

Mikið brottfall er hjá framhaldsskólanemum og hver orsökin er getum við ekki sagt, en hún er mjög margvísleg. Það getur m.a. orsakast af næringarleysi sem hefur mikil áhrif á framgöngu ungmenna í námi og ekki síst geðheilsu barnanna sem eru fjarri heimilum sínum.

Í flestum framhaldsskólum eru starfandi námsráðgjafar en heilbrigðisstarfsmenn koma á annan hátt að málum en námsráðgjafar og tel ég þá vera mjög mikilvæga innan veggja framhaldsskólanna til stuðnings námsráðgjöfunum og þeim nemendum sem þar stunda nám.

Sérlega vönduð greinargerð fylgir tillögunni, ég vil ítreka það, og vonast til að þessi till. til þál. fái jákvæða umfjöllun.

[19:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum er að mínu viti mjög gott mál eins og hv. 1. flm., Ásta Möller, gerði grein fyrir í ræðu sinni.

Það atriði sem ég vildi draga inn í umræðuna, herra forseti, er einmitt staða framhaldsskólanema sem koma ekki hvað síst hingað á höfuðborgarsvæðið af landsbyggðinni og möguleikar þeirra til að komast að almennri heilsugæslu. Úti um land er hin almenna heilsugæsla yfirleitt miklu nær fólki, en þegar það kemur hingað er mjög erfitt að komast til læknis. Að vísu er Læknavaktin starfandi fyrir þá íbúa sem ekki hafa flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur, en um leið og aðgengi að slíkri þjónustu er jafntorvelt og það er hér er líklegra að þetta unga fólk hafi sig síður í að sækja þá nauðsynlegu heilbrigðisþjónustu sem það þarf kannski á að halda á hverjum tíma. Þess vegna tek ég heils hugar undir þáltill. og þann vilja sem þar birtist um nauðsyn þess að í framhaldsskólakerfinu sjálfu sé reynt að tryggja almenna heilbrigðisþjónustu og hún sé nemendum til boða.

Ég legg áherslu á þá stöðu unga fólksins sem kemur utan af landi til Reykjavíkur, ég ítreka það. Stór hluti af því verður að koma hingað vegna þess að nám er skipulagt á þann hátt og þá þarf þessi þjónusta einmitt að vera þeim nærtæk og góð.

[19:09]

Flm. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og lýst yfir stuðningi sínum við tillöguna. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að mikilvægt er að ungmenni hafi aðgang að heilsugæslu. Ýmsar rannsóknir sýna að þau veigra sér við að nota þau úrræði sem eru í dag að leita til heilsugæslustöðva. Ýmsar ástæður eru fyrir því, t.d. átta þau sig kannski ekki á því hver þörf þeirra er fyrir heilbrigðisþjónustu og hvaða aðstoðar þau geta leitað til heilbrigðisþjónustunnar. Opnunartíminn er líka óhagkvæmur fyrir þau og jafnframt virðist vera sem þau veigri sér við að ræða ýmis trúnaðarmál við heilbrigðisstarfsmenn. Það er einmitt ástæðan fyrir því að umræðan snýst um að færa heilsugæsluna meira til ungmenna þannig að þau hafi greiðari aðgang að heilsugæslunni í staðinn fyrir að snúa því við að þau þurfi að koma þangað. Þær tilraunir sem nú þegar hafa verið gerðar í sambandi við heilsugæslu í framhaldsskólum eru þær að hjúkrunarfræðingar og/eða læknar eru til staðar, eru með opna skrifstofu, ákveðinn opnunartíma og ungmenni geta leitað inn án þess endilega að þurfa að gefa upp einhver tiltekin erindi. Það getur leitt til umræðna sem verða til þess að þau opna sig. Það er því mikilvægt að koma til móts við þessi ungmenni. Það mun borga sig þó síðar verði. Þetta er fjárfesting til framtíðar og hún mun skila arði þegar til lengri tíma er litið.

Það má jafnframt benda á að í stefnuræðu hæstv. forsrh. kom fram annars vegar stuðningur við að búa enn betur að heilsugæslunni í landinu jafnframt því að leggja áherslu á geðheilbrigðismál. Hvort tveggja kemur fram í þáltill. Ég vil því þakka fyrir þær undirtektir sem hv. þm. hafa lýst hér og vonast til að á þessu þingi verði þáltill. afgreidd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

[19:12]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson, Ásta Möller, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnar Birgisson, Drífa Hjartardóttir og Árni R. Árnason. Í tillögunni segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og hvernig samskiptum stjórnvalda og sveitarstjórna við þau er háttað. Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar um hvernig samráði stjórnvalda við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði hagað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998."

Herra forseti. Ég ætla ekki að endurtaka ræðu mína frá því að þessi tillaga var áður flutt en rifja aðeins upp að umhverfisverndarsamtök, af því að þeirra er sérstaklega getið í seinni hluta tillögunnar, hafa fjölþætt hlutverk. Hér á landi eru mörg slík samtök. Þau eru fámenn, þau eru fjölmenn. Hver um sig hafa sína sérstöðu en þau eru umræðuvettvangur, þau hafa alþjóðleg tengsl og eru umsagnaraðilar fyrir stjórnvöld. Þau gagnrýna stjórnvöld og þau geta hrósað stjórnvöldum. Þau vekja athygli á því sem miður kann að fara og stuðla jafnvel að rannsóknum og auknum rannsóknum á sviði umhverfismála. Ég tel því afar mikilvægt að efla slík samtök og með því að lögfesta þann samning sem undirritaður var í Árósum fyrir þremur og hálfu ári tel ég að stigið sé mikilvægt skref í því að uppfylla skuldbindingar okkar og feta í fótspor margra annarra þjóða sem vilja hafa góð samskipti milli frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda.

Ég vona síðan, herra forseti, að tillögunni verði vísað til hv. umhvn. og hún komi hingað aftur. Hún var eins og ég sagði áðan áður til umræðu en umræðunni lauk ekki þar sem í ljós kom að einhverjar breytingar þarf að gera á íslenskri löggjöf til að hægt sé að taka upp þennan Árósasamning en á þeim mánuðum sem liðnir eru geri ég ráð fyrir að því starfi sé lokið og ég vænti því góðs af afgreiðslu þessarar þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:16.

---

27. FUNDUR

þriðjudaginn 13. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 115. mál, þskj. 115, nál. 298, brtt. 299. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Skipan opinberra framkvæmda, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Vatnalög, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Almenn hegningarlög, frv., 22. mál, þskj. 22. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Húsnæðismál, frv., 41. mál, þskj. 41. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

9. Fjárreiður ríkisins, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

12. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 288. — 1. umr.

13. Loftferðir, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.

14. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, þáltill., 184. mál, þskj. 191. — Fyrri umr.

15. Hönnun og merkingar hjólreiðabrauta, þáltill., 248. mál, þskj. 284. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Davíð Oddsson forsrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.

Fjarvistarleyfi:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu 11 dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um erlent vinnuafl. Málshefjandi er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir. Hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Meðferð opinberra mála, 265. mál, frv. ÖJ, þskj. 310.

Stuðningur við frjálsa leikhópa, 190. mál, svar menntmrh., þskj. 301.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frh. 2. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 115. nál. 298, brtt. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 299 samþ. með 33 shlj. atkv.
Fylgiskjal, svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 6. mál (eftirlit, Framkvæmdasýslan, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vatnalög, frh. 1. umr.

Frv. SJS og KolH, 11. mál (vatnaflutningar). — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 22. mál (kynlífsþjónusta, klám). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 41. mál (matsverð fasteigna). — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BH, DSn, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GPál, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KVM, KF, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SoG, SJS, StB, SvanJ, ÞSveinb.

29 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BBj, DO, DrH, GHall, GÁS, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÓ, KolH, KHG, LMR, LB, MF, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta frv. fjallar um að hætt verði að taka mið af brunabótamati þegar matsverð fasteigna er ákveðið. Það er eðlilegt að þetta mál gangi til félmn. og ég geri ekki athugasemdir við það en ég vildi koma á framfæri við þessa atkvæðagreiðslu ósk minni um það að félmn. leiti umsagnar hjá efh.- og viðskn. um þetta mál. Ég tel það eðlilegt vegna þess að efh.- og viðskn. hefur verið að fjalla um þetta og skylt mál alveg frá því í sumar, þ.e. annað frv. líka sem liggur nú fyrir efh.- og viðskn. og fjallar um brunatryggingar. Þess vegna er það ósk mín að félmn. leiti umsagnar efh.- og viðskn. um þetta mál.

Óhefðbundnar lækningar, frh. fyrri umr.

Þáltill. LMR o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fjárreiður ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. JB, 26. mál (fjáraukalög). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 37. mál. — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Erlent vinnuafl.

[13:40]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Nú fyrir helgina varð talsverð umfjöllum í fjölmiðlum um ólöglegt erlent vinnuafl sem fannst í Kópavoginum. Í ljós hefur komið að þessir erlendu verkamenn hafa ekki haft tilskilin leyfi til að starfa hér á landi, þeir eru í útleigu á vegum undirverktaka. Ekki er þetta einungis spurning um leyfin, það er aðeins einn angi málsins, heldur líka hitt að verkafólkið virðist mjög svo undirborgað og greinilegt að hluti launanna fer til undirverktakans þannig að hér er fólk að vinna marga tíma á dag á sultarkjörum, eflaust undir því sem tíðkast í fjárhagsaðstoð. Kerfið virðist vera þetta: Undirverktaki leigir starfsfólkið út, sér því fyrir húsnæði, skammtar því laun sem leigutakinn greiðir útleigjandanum en ekki fólkinu sjálfu. Þá veltir maður fyrir sér hvort það nái 50% af þeim launum sem það á að fá. Þetta er háalvarlegt mál og getur ekki gengið.

Í dagblöðum kom jafnframt fram að þess eru mörg dæmi að fólk sé ekki sjúkratryggt og hafi ekki getað notið læknisaðstoðar ef slys ber að höndum. Í Morgunblaðinu 10. nóvember sl. er viðtal við Tryggva Marteinsson, fulltrúa hjá Eflingu, þar sem hann talar um vandamál sem geta komið upp þegar útlendingar hafa ekki atvinnuleyfi, og ræddi hann við einn atvinnurekanda í því sambandi en þar segir, með leyfi forseta:

„Hann sagði mér að Pólverji sem væri í vinnu hér á landi hefði mölbrotið á sér andlitið í vinnuslysi en þyrði ekki til læknis vegna þess að hann væri án dvalar- og atvinnuleyfis. Þessum manni mun hafa verið það ljóst að hann væri ólöglegur og það þekkist vissulega líka, í bland við þá sem treysta atvinnurekandanum fyrir sínum málum og eru að vinna hér í góðri trú."

Við þekkjum auðvitað dæmi þess að fólk sé flutt inn sem ferðamenn og vinni því hér neðan jarðar við ömurlegar aðstæður, og dæmin hafa líka sýnt að til eru útlendingar sem sinna hér nokkurs konar vinnumiðlun fyrir landa sína og taka háar greiðslur fyrir. Við þessu þarf auðvitað að skera upp herör. Hitt þekkist auðvitað líka, og frekar oftar, að útlendingar aðstoði landsmenn sína með góðum upplýsingum og stuðningi í nýju landi. Erum við kannski að koma að þeim tímamótum að atvinnuleyfin eigi ekki að vera í höndum vinnuveitenda sjálfra, og þar af leiðandi vinnuafl í forsjá hans, heldur skoða hugmyndir um miðlæga vinnumiðlun hérlendis með nánu samstarfi við vinnumiðlanir í öðrum löndum? Þá yrði tryggt að öll gögn væru réttum megin við strikið. Með slíku fyrirkomulagi færu allar ráðningar í gegnum vinnumiðlanir en ekki einstaka atvinnurekendur að austan, vestan eða sunnan. Þetta er eitt af því sem verðugt er að skoða og þá sérstaklega þegar svona mál koma upp svo ekki sé talað um að reyna að nýta tækifærið í tengslum við nýtt frv. um atvinnurétt útlendinga sem hæstv. félmrh. hefur nýverið mælt fyrir.

Það hefur hins vegar háð þessum málaflokki að hann skuli ekki vera allur á einni hendi. Í stað þess skiptist hann á milli tveggja ráðuneyta og ótal undirstofnana. Nú reynir á heildarsýnina.

Við skulum hafa í huga að þetta er ekki í fyrsta sinn sem þetta gerist hér á landi. Ég vil minna þingheim á mál sem kom upp í Gufunesi þar sem 10 eða 20 manns bjuggu í hreysi og fengu einungis greiddan helming launa sinna. Rætt hefur verið um að í hlut ætti sama undirverktakafyrirtæki og hér er um að ræða en slíkt er auðvitað verkefni lögreglu að skoða. Einnig má minna á að svipað mál kom hér upp fyrir tæpum þremur árum þegar hópur Tælendinga bjó við illan kost í Laugardalnum, og var hafður svipaður háttur á og í því máli sem hér um ræðir. Sennilega eru málin fleiri þó að fjölmiðlar hafi ekki endilega vitað um þau.

Þetta eru háalvarleg mál og við getum ekki verið þekkt fyrir að nýta okkur fátækt og eymd annarra með þessum hætti. Við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að leiðrétta það ranglæti sem þetta fólk verður fyrir, ganga frá atvinnu- og dvalarleyfum og tryggja því réttmæt laun meðan á dvöl þess stendur.

Virðulegur forseti. Því miður er það svo að þeir fáu atvinnurekendur sem haga sér með þessum hætti skaða að sjálfsögðu alla aðra en það er greinilega nauðsynlegt að vera vel á verði í þessum málum. Þetta er ekki aðeins spurning um undirboð á launum heldur eru aðstæður allar hinar ömurlegustu, margir hírast saman í herbergi með enga aðstöðu. Því miður vill það brenna við að sumir telji að þessi aðstaða sé boðleg fyrir útlendinga þó að við mundum aldrei bjóða okkur sjálfum upp á hana. Og þau rök hafa jafnvel verið notuð að aðstaða í heimalandi hafi verið lítið betri fyrir komuna til landsins og því skyldu þeir þá ekki gera sér þetta að góðu? Ég hélt hins vegar að oftast væri það svo að fólk væri að leita sér að vinnu í öðrum löndum til þess að komast í betri aðstæður en í heimalandi sínu og jafnvel reyna að leggja eitthvað af mörkum til fjölskyldna sinna sem áfram eru í heimalandinu. Ég hefði talið að slíkt væri frekar algengt en það er kannski misskilningur.

Að þessu framansögðu spyr ég hæstv. félmrh. eftirfarandi spurninga: Hversu mörg tilfelli hafa komið upp af þessum toga á síðustu árum? Hvaða úrræðum var beitt vegna þeirra mála og hvaða úrræðum getur ráðherrann nú beitt til þess að fyrirbyggja að svona lagað endurtaki sig? Hefur ráðherra í hyggju að koma með lagabreytingar til þess að bæta úr þessu? Og síðasta spurningin er þessi: Mun ráðherra beita sér fyrir lagabreytingum vegna þeirra sem hafa milligöngu í slíkum málum, og hvaða viðurlög sér hann vegna þeirra sem framleigja vinnuafl?

[13:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Útlendingaeftirlitinu bárust nýlega upplýsingar um að ólöglegir erlendir starfsmenn væru við vinnu við byggingu í fjölbýlishúsi í Kópavogi. Lögreglunni í Kópavogi var gert viðvart og hefur hún tekið málið til rannsóknar. Útlendingarnir sem allir koma frá Eystrasaltslöndunum komu til landsins sem ferðamenn að undirlagi fyrirtækis sem nú sætir rannsókn og mun fyrirtækið hafa leigt þá út til verktaka sem stóðu að byggingu hússins. Verið er m.a. að skoða málið út frá þætti atvinnurekanda, hvaða greiðslur hafi átt sér stað milli aðila, aðbúnað o.s.frv. Fyrir liggur að mennirnir hafa farseðil til baka.

Síðasta vor varð sama fyrirtæki uppvíst að því að vera með ólöglegt vinnuafl. Lögregla fór á vettvangi og var starfsemi stöðvuð. Vinnumálastofnun barst ekki skýrsla varðandi það mál en ljóst var að ekki væri unnt að beita fyrirtækið refsingu í það sinn en útlendingarnir fóru úr landi. Í kjölfarið komu eigendur fyrirtækisins til viðtals hjá Vinnumálastofnun. Þeir kváðu málið á misskilningi byggt. Þeir teldu sig ekki hafa þurft atvinnuleyfi en hugðust þá bæta úr því og sækja um leyfi en þær umsóknir bárust aldrei.

Áður en þessi mál komu upp eða þann 24. apríl sl. fékk sama fyrirtæki gefið út eitt atvinnuleyfi vegna rafvirkja sem starfaði hjá öðru íslensku fyrirtæki og það leyfi gildir til 1. febrúar 2002. Er það eina atvinnuleyfið sem veitt hefur verið til þessa fyrirtækis.

Brot gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1944, varða þann sektum er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending er starfar án leyfis, sbr. 15. gr. Mál út af brotum gegn lögunum skulu sæta opinberri meðferð, sbr. 18. gr. Slík mál eru því ekki á forræði Vinnumálastofnunar eða félmrn. þó að við látum okkur málið varða. Útlendingaeftirlitinu er heimilt að vísa útlendingi sem stundar atvinnu í andstöðu við ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga úr landi. Slík ákvörðun hefur í för með sér brottvísun af öllu Schengen-svæðinu. Þess má geta að með tilkomu Schengen-samstarfsins er ekkert eftirlit með komu útlendinga sem koma frá löndum innan Schengen. Það er auðvelt fyrir útlendinga að koma hingað t.d. frá Svíþjóð eða Danmörku eða öðrum Schengen-löndum, og fara að vinna hér án nokkurra leyfa eða eftirlits.

Lögreglan í Kópavogi var spurð hvernig rannsókninni miðaði og svarið barst, dagsett í dag:

„Vegna munnlegrar fyrirspurnar í dag frá fulltrúa félagsmálaráðherra skal eftirfarandi staðfest: Þann 5. nóvember sl. barst rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi ábending frá Útlendingaeftirlitinu um að á vinnustað einum í Kópavogi kynnu að vera erlendir ríkisborgarar við störf án þess að hafa atvinnuleyfi. Ábending þessi var könnuð og þann 7. nóvember fóru lögreglumenn á vinnustað þennan og handtóku þar níu menn sem reyndust allir vera frá Litháen og hafði enginn þeirra atvinnuleyfi hér á landi. Þeir voru yfirheyrðir en síðan látnir lausir. Rannsókn þessa máls er ekki lokið og er því ekki hægt að skýra nánar frá stöðu þess eða niðurstöðu rannsóknar."

Þegar við urðum áskynja um þessa atburði í félmrn. skrifaði ég Vinnueftirliti ríkisins 9. nóv. sl. svohljóðandi bréf:

„Félagsmálaráðuneytið fer þess á leit við Vinnueftirlit ríkisins að starfsmenn þess í eftirlitsferðum sínum á vinnustaði kanni meðal starfsmanna hvort atvinnurekendur hafi gert þeim grein fyrir slysa- og sjúkdómahættu sem kann að vera bundin við starf þeirra. Á þetta ekki síst við um erlenda starfsmenn sem starfa hér á landi tímabundið þar sem jafnframt þarf að ganga úr skugga um að þeir séu sjúkra- og slysatryggðir. Að öðrum kosti er öryggi þeirra ekki tryggt með viðunandi hætti, sérstaklega þeirra sem sinna störfum er fela í sér töluverða slysahættu. Verði starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins þess áskynja að lög og reglugerðir um dvalar- og atvinnuleyfi erlendra ríkisborgara séu ekki virtar ber þeim að tilkynna slíkt til Útlendingaeftirlitsins og/eða viðkomandi lögreglu."

Ég hef einnig efnt til fundar með fyrirsvarsmönnum Alþýðusambands Íslands og óskað eftir að verkalýðshreyfingin vaktaði það hvort einhvers staðar væri grunur um erlenda starfsmenn sem væru leyfislausir eða byggju við illan aðbúnað.

[13:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þegar við ræddum frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga fyrir nokkrum dögum bar þessi mál á góma og ég nefndi m.a. það sem að mínu áliti væru ákveðnir veikleikar í því frv. og vörðuðu ekki síst réttarstöðu og réttindi erlendra starfsmanna, þar með talið t.d. réttindi þeirra til upplýsinga um kjarasamninga og um réttarstöðu sína að öðru leyti. Og þó að það sé góðra gjalda vert að í lögunum eða frv. séu ákvæði um rétt hinna erlendu starfsmanna til upplýsinga um hvar þeir geti aflað sér fræðslu í íslensku, þá tel ég að þarna þurfi að gera betur. Nú vill svo vel til að hv. félmn. er að hefja vinnu að frv. og hlýtur að taka slíka hluti til skoðunar.

Ég held að mjög mikilvægt sé að tryggja betur en nú er hvernig eftirliti verði við komið og aðkomu stéttarfélaga, Vinnueftirlits og slíkra aðila gagnvart stöðu erlendra starfsmanna, bæði hvað varðar ráðningarskilmála þeirra, aðbúnað og annað og svo auðvitað ekki síst að tilskilin leyfi séu fyrir hendi. Það dugar náttúrlega lítt að setja upp eftirlit ef ekki er tryggt að menn séu í landinu á löglegum forsendum og hafi tilskilin leyfi.

Hins vegar er alveg ljóst, herra forseti, og ætti ekki að koma neinum manni á óvart að það munu verða uppi tilraunir til svartrar atvinnustarfsemi af þessum toga. Við Íslendingar munum örugglega ekki, komast undan því frekar en aðrar þjóðir að glíma við slíka hluti. Það hafa menn lengi gert á hinum alþjóðlega kaupskipaflota og ljóst er að í hópi farandverkamanna erlendra sem hér starfa mun slíkt láta á sér kræla líka. Þessir tímar eru einfaldlega farnir að knýja dyra, herra forseti, og við verðum að horfast í augu við það. Það verður ekki bæði sleppt og haldið í þessum málum frekar en öðrum. Við getum ekki vænst þess að njóta góðs af erlendu vinnuafli hér, þegar við þurfum á því að halda, án þess að axla um leið þær skyldur sem veru þess í landinu eru samfara.

[13:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil gera tvær hliðar þessa máls að umtalsefni. Í fyrsta lagi er það óþolandi gagnvart því fólki sem hér kemur til starfa að ekki skuli farið að leikreglum íslensks samfélags varðandi launa- og tryggingamál. Í öðru lagi er það sú óréttláta samkeppnisstaða þeirra fyrirtækja sem stunda það að ráða til sín vinnuafl sem ekki nýtur fullra réttinda eins og þau gerast á íslenskum vinnumarkaði.

Við Íslendingar leggjum mikið á okkur til að halda uppi velferðarsamfélagi sem við erum stolt af. Við viljum að þeir

sem koma hingað til starfa geti treyst því að þeir búi við sama rétt og aðrir landsmenn. Glæpastarfsemi í sambandi við ráðningu á erlendu vinnuafli á ekki að líðast. Ekki er einungis hættan á að ekki sé greitt eftir umsömdum launatöxtum heldur ekki síður að ekki eru til staðar t.d. slysatryggingar, hvað þá aðrar tryggingar gagnvart fólkinu. Það er fullkomlega ólíðandi að svo sé.

Í samkeppnisumhverfi sem ríkir hér á landi er það fullkomlega ólíðandi að sum fyrirtæki komist upp með að misbjóða starfsfólki sínu hvort sem er erlendu eða íslensku og vera þar með betri samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fyrirtækjum á markaðnum. Ekki á að líða að slík fyrirtæki stundi undirboð og hafi betri stöðu t.d. á útboðsmarkaði. Vonandi er það dæmi sem hér hefur orðið tilefni þessarar umræðu og kom upp fyrir helgi einsdæmi þó að grunur leiki á um að svo sé ekki. Flest íslensk fyrirtæki eru heiðarleg og standa eðlilega að málum gagnvart umsóknum á atvinnuleyfum og starfsfólki sínu en við getum aldrei búist við því að ná utan um öll þau fyrirtæki sem ætla sér að stunda óheiðarlega starfsemi og þar verðum við að beita öðrum reglum og lögregluefirliti ef þess þarf með. Að öðru leyti geta auðvitað margir aðrir komið að því að hafa eftirlit þar, m.a. verkalýðsfélög og Samtök atvinnurekenda.

[13:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fyrir skömmu ræddum við frv. um atvinnuréttindi útlendinga. Í þeirri umræðu vék ég einmitt að málum sem gætu komið upp með þessum hætti, sérstaklega hvað það varðaði að ekki væri næg upplýsingaskylda til erlendra starfsmanna.

Málið sem hér er til umræðu er hins vegar þannig vaxið að þeir erlendu starfsmenn sem um ræðir eru alls ekki með atvinnuleyfi og þess vegna ekki auðvelt í að komast að veita þeim þær upplýsingar sem ég ræddi um í sambandi við frv. um atvinnuréttindi útlendinga. Þetta sýnir okkur vissulega að það sem vakin var athygli á í umræðunni að gæti átt sér stað, hefur komið upp. Og þó að ég taki undir það að langflestir atvinnurekendur hér á landi standi vel og eðlilega að málum varðandi erlent vinnuafl, þá erum við að upplifa hluti sem eru í þá veru að útlendingar starfa hér án atvinnuleyfa og eru hér í umboði ákveðinna fyrirtækja sem leigja þá út og taka sjálfsagt til sín stóran hluta þeirra lögmætu launa sem þeir ella ættu að fá.

Það liggur því fyrir að stjórnvöld verða á einhvern hátt að efla eftirlit með því að reglum sé fylgt og ég hygg að það verði best gert með því að tekið verði upp virkara samstarf við verkalýðsfélögin og að mönnum verði gert skylt að hafa þau atvinnuleyfi sem þeir hafa undir höndum með sér á vinnustað. Það verður að vera hægt að ganga á vinnustaðina og fylgjast með því hvort fólk hefur atvinnuleyfi. Öðruvísi verður ekki hægt að taka á ólöglegu vinnuafli. Það sést ekki utan á fólkinu.

[13:57]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Í þessa sali berast nú þær fréttir að hafinn sé ólöglegur innflutningur á útlendingum sem eiga þau verkefni fyrir höndum að vinna án allra leyfa og það á launum sem eru undir lágmarkstöxtum. Það er greinilegt að heimurinn er að opnast til muna og menn fátækari ríkja eygja auknar líkur á því að komast til landa þar sem meiri velmegun ríkir og vonir eru um betra líf. Við slíkar aðstæður sjá ýmsir sér leik á borði og bjóða því fólki aðstoð við að flytjast frá fátækum og jafnvel hrjáðum heimahögum sínum. Boð þessi eru gjarnan gylliboð sem enginn fótur finnst fyrir heldur er verið að blekkja fólk sem býr við sára fátækt og óöryggi.

Herra forseti. Nánast í hverjum mánuði sjáum við í sjónvarpinu fréttir af fólki sem lendir í hinum mestu hremmingum þegar það er flutt í þessu skyni á milli landa. Það hefur jafnvel borið við að hópar manna hafa hreinlega látið lífið í slíkum flutningum sem enginn heiðarlegur maður mundi bjóða skepnum að þola. Sú hugsun sem þarna býr að baki er ekki kærleikur eða mannúð í garð þeirra sem láta glepjast og leggja í slíkar ferðir til landa fyrirheitanna. Nei, þvert á móti. Hér ræður græðgin ein ferðinni og það er alvarlegt mál ef atvinnurekendur taka vísvitandi þátt í slíku athæfi.

Við vitum að svört atvinnustarfsemi er stunduð hér í ríkum mæli en að sjá hér vísi að prælastarfsemi er háalvarlegt mál og þeim til skammar sem taka þátt í því.

Herra forseti. Ég vona að hæstv. félmrh. mun [illegible] til þess að slík mál verði rannsökuð ofan í kjölinn og allt gert til að þvílík starfsemi sem hér um ræðir verði upprætt hið allra fyrsta.

[13:59]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Umræðan snýr að atvinnurekendum sem hafa orðið uppvísir að því að nýta sér bágar, efnahagslegar og félagslegar aðstæður útlendinga í heimalandi þeirra. Ekki liggur fyrir hversu margir atvinnurekendur taka þátt í þessu en hins vegar liggja fyrir upplýsingar um að um 600 útlendingar hafa fengið dvalarleyfi en eru án atvinnuleyfis og það hlýtur að vera vísbending um að um nokkurn hóp þeirra sé að ræða og þar með sé um að ræða nokkurn hóp útlendinga sem brotin eru á öll réttindi og kjarasamningar en þeir þurfa síðan í ofanálag að taka afleiðingunum og sæta brottrekstri úr landi að ógleymdum þeim aðbúnaði, húsnæði og öðrum aðstæðum sem þeim er gert að búa við meðan þeir dvelja hérna. Þessi mál eru okkur auðvitað til skammar.

Annars ágætt frv. sem hæstv. félmrh. hefur nú lagt fram í annað sinn, um atvinnuréttindi útlendinga, tekur að óbreyttu ekki skýrlega á brotum atvinnurekenda í slíkum tilvikum. Þar er einungis gert ráð fyrir afturköllun leyfis, m.a. vegna þess að rangar upplýsingar hafa verið veittar eða skilyrðum telst að öðru leyti ekki fullnægt.

Ég tel vert að huga að því að taka upp í það frv. skýrt ákvæði um að atvinnurekandi sem brýtur skylduna um atvinnuleyfi til handa útlendingi baki sér með því refsiábyrgð ef á að koma í veg fyrir að menn endurtaki þetta aftur og aftur. Einhverjir þeirra útlendinga sem hér starfa án tilskilanna atvinnuleyfa munu gera það í góðri trú og í fullu trausti á atvinnurekendum sínum en það leiðir aftur hugann að þeim algera skorti sem við búum við hvað varðar alla upplýsingagjöf til útlendinga um skyldur þeirra og réttindi, ekki bara skyldur þeirra og réttindi á vinnumarkaði heldur almennt um hvers konar félagslega þjónustu, tryggingamál og heilbrigðisþjónustu. En í þeim tilvikum sem útlendingur vinnur hér og hefur fengið dvalarleyfi ætti ekki að vera erfitt að tryggja fullnægjandi aðgang að slíkum upplýsingum en auðvitað er erfiðara við þetta allt saman að eiga þegar útlendingar eru fluttir inn sem ferðamenn til starfa svart.

Frv. um atvinnuréttindi útlendinga felur í sér mikla réttarbót og er löngu tímabært. Í einu ákvæðinu þar er tekið á því að unnið skuli að því að koma til útlendinga þeim upplýsingum sem þörf er á.

[14:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Með öllum tiltækum ráðum verður að koma í veg fyrir að menn geti gert innflutning á fólki sér að atvinnu og stundað í kringum hana fjárplógsstarfsemi, hvort sem fólkið kemur til varanlegrar búsetu eða til skemmri dvalar, til atvinnu. Það er ömurlegt til þess að vita, í okkar annars lýðfrjálsa landi, að vinnuafl sé flutt hingað inn til landsins á ólöglegan hátt og nýtt eins og um þrælahald væri að ræða.

Það er ljóst að eftir að við gerðumst aðilar að Schengen-samkomulaginu er mun erfiðara að fylgjast með íbúum þeirra landa sem eiga aðild að Schengen-samstarfinu þegar þeir koma hingað til lands til dvalar eða til atvinnu vegna þess að það er ekkert eftirlit eða skráning á þeim á landamærunum. Þarna er að mínu viti pottur víða brotinn og þetta býður hættu heim. En við erum fyrst og fremst að fjalla um þá hingaðkomnu útlendinga sem eiga uppruna sinn og heimkynni utan Schengen-landanna. Þeir eru skráðir og það á að vera hægt að fylgja eftir lögum og reglum varðandi atvinnuleyfi, atvinnuréttindi þeirra og dvalarleyfi.

Herra forseti. Okkur ber skylda til þess að búa vel að erlendu íbúunum sem koma hingað til dvalar og atvinnu. Það ber að tryggja að þeim sé mjög rækilega kunnugt um rétt sinn og skyldur, og að kjör þeirra fari eftir íslenskum lögum og kjarasamningum. Þetta ber að tryggja. En okkur ber kannski ekki síst að virkja samtök atvinnurekenda og verkalýðsfélögin til þess að fylgja þessu eftir ásamt eftirliti hins opinbera.

[14:04]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda, Guðrúnu Ögmundsdóttur, fyrir að vekja athygli á þessari skuggahlið mannlífsins er varðar erlent vinnuafl. Hér er alvarlegt mál á ferðinni og leita þarf leiða til þess að koma í veg fyrir að svona lagað eigi sér stað í íslensku samfélagi. En um leið og við gerum allt hvað við getum til að sporna við óæskilegri þróun sem þessari megum við ekki gleyma því að í allflestum íslenskum fyrirtækjum þar sem erlent vinnuafl er á starfsmannaskrá eru lög og reglur hafðar að leiðarljósi og komið er fram við útlendinga með nákvæmlega sama hætti og þá Íslendinga sem þar starfa. Þar á ég við laun, veikindarétt, tryggingar og önnur réttindi starfsmanna.

Í langflestum tilfellum er hér um góða starfsmenn að ræða, löghlýðna borgara sem starfa hjá löghlýðnum fyrirtækjum og stofnunum. Margir þessara erlendu starfsmanna eru mjög mikilvægir til þess að rekstur geti haldið áfram óhindrað í mörgum sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Mikið er um að erlendir starfsmenn sinni mikilvægum þjónustustörfum sem annars væri erfitt að manna.

Gríðarleg þensla hefur verið á höfuðborgarsvæðinu undanfarin missiri og virðist vera sem ákveðinn hópur hafi misst sig í gróðahugsjóninni og leiðst út í að stofna fyrirtæki, glæpastarfsemi með ódýrt erlent vinnuafl, til þess að koma til móts við þá verktaka sem í vanda eru vegna skorts á vinnuafli. Ég nefni sérstaklega þensluna á höfuðborgarsvæðinu því að annar veruleiki virðist blasa við okkur varðandi erlent vinnuafl á landsbyggðinni. Þetta varpar skugga á þá löghlýðnu vinnuveitendur sem leggja sig verulega fram við að styðja við bakið á erlendu starfsfólki sínu og eins varpar þetta skugga á þá góðu erlendu starfsmenn sem eru hér að sinna vinnu sinni á löglegan hátt til þess að framfleyta sér og sínum.

Herra forseti. Lögreglan í Kópavogi er að vinna við rannsókn þessa tiltekna máls sem utandagskrárumræðan snýr að og von mín er sú að mögulegt verði að uppræta starfsemi sem þessa.

[14:06]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er í brennidepli vekur enn á ný athygli á nauðsyn þess að mótuð sé heildstæð stefna í málefnum útlendinga sem setjast að hér á landi og málefnum þeirra fundinn einn staður í kerfinu. Slík stefna og lagasetning þarf að fyrirbyggja að hægt sé að ganga eins freklega á rétt erlends starfsfólks og dæmin sanna. Eins og staðan er í dag virðast yfirvöld vanbúin til þess að takast á við vandann jafnvel þótt grunsemdir vakni um innflutning atvinnurekenda á vinnuafli eftir ólöglegum leiðum. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að það var frekar fátt um svör hjá hæstv. félmrh., og við vitum sem er að frv. sem er núna til umfjöllunar í félmn. svarar heldur ekki þeim spurningum sem hér er verið að spyrja.

Haft hefur verið eftir forstjóra Útlendingaeftirlitsins í fjölmiðlum að grunur leiki á að innflutningur á ólöglegu vinnuafli hingað til lands standi í nánum tengslum við skipulagða brotastarfsemi á alþjóðavísu.

Þetta minnir reyndar, herra forseti, á aðra umræðu sem fyrr hefur farið fram hér á hinu háa Alþingi um tengsl við alþjóðlega brotastarfsemi og ég velti því fyrir mér hvers vegna það sé einatt svo hér á landi að menn vakni upp við vondan draum þegar allt er komið í óefni.

Það liggur fyrir að mjög mikil eftirspurn eftir erlendu vinnuafli hefur verið hér á landi á síðustu árum. En á meðan atvinnuleyfin eru á ábyrgð vinnuveitenda eins og hér er hafa atvinnurekendur öll ráð útlendinganna sem hér eru ráðnir til vinnu í hendi sér. Getur það talist eðlilegt fyrirkomulag, herra forseti? Vandinn er ekki útlendingarnir. Vandinn er þeir atvinnurekendur sem misnota aðstöðu sína, þeir sem brjóta lögin. Sá er vandinn sem við erum að ræða hér í dag, herra forseti.

[14:08]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka afar málefnalega og skýra umræðu sem hefur farið fram. Mér finnst það greinilegt á öllum sem hér hafa talað að þeir skynja þann þunga og þann alvarleika sem er í þessum málum. Mér fannst mjög ánægjulegt þegar hæstv. félmrh. staðfesti að hér er um sama fyrirtæki að ræða og það sem ég gerði að umtalsefni varðandi Gufunesið, og það er afar mikilvægt að uppræta slíkt.

Í því frv. sem er núna til umfjöllunar í hv. félmn. eru ákveðin nýmæli þar sem mælst er til þess að tillit sé tekið til sérstakra aðstæðna hjá útlendingum. Núna er ég að velta fyrir mér orðum hæstv. félmrh. um að það sé auðvitað útlendingaeftirlitið sem sjái um að vísa fólki úr landi þegar svona lagað kemur upp á. Ég veit hins vegar að í þessu tilfelli er ekki búið að vísa fólkinu úr landi. Og mér finnst afar mikilvægt að á þeim málum sé einmitt tekið, fólkinu verði ekki vísað burt heldur gengið frá nauðsynlegum leyfum. Fólkið á ekki að þurfa að fara heim með skottið á milli lappanna, lenda í vondum málum og eiga kannski ekki afturkvæmt hingað. Þvert á móti þarf að kanna hvort það mundi vilja vinna hér áfram og þá á ábyrgð fyrirtækja sem mundu fara að lögum.

Umræðan snýst auðvitað líka um þetta eignarhald á vinnuaflinu sem hefur margsinnis verið gagnrýnt. Ég bendi á nýja leið og legg til að við ræðun hana í hv. félmn. en samkvæmt henni yrði hér miðlæg vinnumiðlun sem sæi um öll þessi leyfi. Hún yrði ekki eign einstakra atvinnurekenda.

Ég vil að lokum þakka afar góða umræðu, og ég trúi að hæstv. félmrh. muni klára að svara ákveðnum spurningum. Ég held að það verði að taka á því í lögunum og þessu nýja frv. hvernig við eigum að taka á fyrirtækjum sem framleigja vinnuafl.

[14:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram að það er ágæt samvinna milli Útlendingaeftirlitsins og Vinnumálastofnunar, og daglegt samband þar á milli þó að stofnanirnar heyri undir mismunandi ráðuneyti. Það kom til greina að færa þetta undir eitt ráðuneyti en dómsmrn. féllst ekki á þá hugmynd.

Upplýsingabæklingar um réttindi og skyldur eiga að vera erlendum starfsmönnum aðgengilegir á 10 tungumálum. Frv. um atvinnuréttindi útlendinga tekur einmitt á þessum málum og ég vil leyfa mér að lesa 17. og 18. gr., en 17. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Um refsiábyrgð lögaðila fer samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð."

18. gr. hljóðar svo:

„Hafi einhver hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi eða hefur ekki sótt um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína ber honum að sjá um heimflutning hans innan þess tíma sem Vinnumálastofnun tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu."

Það verður að borga þessum starfsmönnum samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Við þössum að aðbúnaður sé fullnægjandi. Við höfum tvisvar sinnum beðið um lögregluransókn vegna þess að við urðum þess áskynja eða fengum grun um að útlendingar hefðu verið látnir borga stórfé til að láta útvega sér vinnu á Íslandi. Í hvorugt skiptið náði það fram að ganga eða viðkomandi starfsmenn guggnuðu á að vitna þegar til kastanna kom.

Stéttarfélögin fá ætíð upplýsingar um umsóknir þó að þau veiti ekki leyfin. Ég vona að hér sé um undantekningartilfelli að ræða. Atvinnurekandi ber ábyrgð á starfsmanni sem hann fær leyfi fyrir, og ef um refsivert athæfi er að ræða ber að taka á því af fullri hörku. Það er algerlega ólíðandi að láta menn komast upp með þá hluti sem eru að gerast í Kópavogi.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 252. mál (eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, flugvernd, gjöld o.fl.). — Þskj. 288.

[14:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Þetta er mál 252 á þskj. 288.

Í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa um flugslys það sem varð í Skerjafirði í ágúst árið 2000 hófst víðtæk umræða hérlendis um flugöryggismál, stöðu þeirra og ástand. Ég lét fara mjög vandlega yfir þá gagnrýni sem fram kom á framkvæmd flugöryggismála og rannsókn flugslysa hér á landi í þeim tilgangi að draga lærdóm af og standa fyrir aðgerðum sem leitt geti til aukins flugöryggis, fækkunar slysa og aukins trausts almennings á flugi.

Ráðuneytið hefur nú þegar gripið til ýmissa aðgerða þar að lútandi. Má þar nefna stórauknar fjárveitingar til flugöryggismála, gildistöku svokallaðra JAR-reglna, sem eru sam-evrópskar reglur um flugrekstur fyrir minni flugvélar, og skipun starfshópa til þess að semja drög að reglugerð um flugvelli og endurskoða lög um rannsóknir flugslysa.

Efni frv. sem hér er til umræðu er víðtækt en hefur þau meginmarkmið að auka flugöryggi og flugvernd og tryggja að Flugmálastjórn hafi yfir að ráða nauðsynlegum úrræðum til að eftirlit hennar beri tilætlaðan árangur. Þá ýta nýleg hryðjuverk í fluginu undir að ákvæði laganna um flugvernd séu styrkt, auk þess sem með frv. er lagt til að lögfest verði ýmis ákvæði sem horfa til aukins öryggis almennings á jörðu niðri. Jafnframt var við samningu frv. höfð hliðsjón af úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á stjórnun flugöryggismála á Íslandi.

Helstu nýmæli og breytingar frá gildandi loftferðalögum eru þessi:

Eftirlitsvald Flugmálastjórnar Íslands er aukið og aukin úrræði til handa stofnuninni við að knýja fram þær ákvarðanir í flugöryggismálum sem stofnunin telur nauðsynlegar í þágu aukins öryggis. Lagastoð er skotið undir lofthæfifyrirmæli og bein rekstrarfyrirmæli stofnunarinnar. Þá er henni veitt dagsektarvald og heimild til að leggja févíti á eftirlitsskylda aðila í líkingu við þær heimildir sem Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlit eru búnar á þeim vettvangi sem þær starfa á.

Með frv. er það nýmæli að flugvellir og flugstöðvar eru gerð leyfisskyld og sett undir opinbert eftirlit Flugmálastjórnar, flugöryggissviðs hennar.

Eins og ég gat um áðan skipaði ég starfshóp til að undirbúa reglugerð um flugvelli á Íslandi. Við það er miðað að sá sem vill hefja starfrækslu á flugvelli sæki um viðurkenningu á aðstöðu og búnaði vallarins til flugöryggissviðs Flugmálastjórnar. Sama á við um þá aðila sem í dag reka flugvelli. Þá er með ákvæðum um flugvernd áréttuð þátttaka okkar Íslendinga í átaki sem stendur yfir um allan heim í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Markmið flugverndar er að vernda flugsamgöngur gegn ólögmætum aðgerðum og tryggja öryggi farþega, áhafna og almennings.

Til að tryggja öryggi og samræmd vinnubrögð er nauðsynlegt að flugverndaráætlun fyrir Ísland í heild sinni verði hrint í framkvæmd og flugverndarráð sett á laggirnar. Er það í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar bæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, samtök flugmálastjórna í Evrópu, ECAC, og væntanlega reglugerð Evrópusambandsins.

Í síðustu viku boðaði ég til fundar þar sem kynntar voru væntanlegar áætlanir og aðgerðir sem lúta að flugvernd. Markmiðið var jafnframt að koma á samstarfi þeirra sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra mála og flugrekenda og afmarka hlutverk hvers og eins. Á fundinum voru kynnt drög að flugverndaráætlun fyrir Ísland en í fundarlok boðaði ég skipan starfshóps til þess að ljúka gerð flugverndaráætlunar. Verði frv. þetta að lögum sem hér er til meðferðar verður skipað sérstakt flugverndarráð og reglur um fyrirkomulag

öryggisleitar á farþegum og öðrum sem fara inn á öryggissvæði svo og fyrirkomulag leitar í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans. Þess má geta að Evrópusambandið hefur lagt á það mikla áherslu að ljúka sem fyrst setningu reglugerðar um flugvernd eftir atburðina 11. september sl. Reglugerðin verður væntanlega hluti af EES-samningnum og bindandi hér á landi.

Á undanförnum árum hafa nokkur tilvik komið upp þar sem farþegar sýna af sér ofstopafulla hegðun eða hegðun sem getur stofnað öryggi loftfars í hættu. Í ljósi þess er lagt til í frv. að lögfest verði ítarlegri ákvæði um viðurlög við slíkri hegðun.

Ríkisstjórnin samþykkti að leggja til niðurfellingu flugleiðsögugjalda, m.a. vegna bágrar afkomu innanlandsflugsins. Með frv. er fengin lagaheimild til þeirrar niðurfellingar.

Að lokum eru í frv. lögfestar ýmsar meginreglur í fluginu svo sem um hámarksaldur flugmanna sem hefur verið skipað með reglugerð til þessa. Frv. þetta er samið með það að markmiði að koma í veg fyrir slys og tryggja að öryggi í flugi sé ávallt sambærilegt við það sem best gerist. Verði það að lögum mun það án nokkurs vafa auka flugöryggi hér á landi.

Flugöryggismál eru og hafa verið mjög í umræðunni að undanförnu, eins og komið hefur fram fyrr í ræðu minni. Þær umræður og þeir atburðir í fluginu síðustu missiri minna okkur á að allir verða að líta í eigin barm um hvað megi betur fara, bæði flugrekendur, flugliðar og stjórnvöld.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[14:21]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. samgrh. var að fylgja úr hlaði er, eins og kemur fram í grg. með því og í máli hæstv. ráðherra, sett í framhaldi af mikilli umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu eftir hið hörmulega flugslys sem varð í Skerjafirði í fyrra. Kannski má einnig segja að það sé sett fram vegna þess að umræða í þjóðfélaginu varð miklu meiri eftir það flugslys en gengur og gerist. Það var náttúrlega vegna þess hve það var svo nálægt okkur og sýnilegt, ekki þar sem flogið var á fjall í dimmviðri eða eitthvað því um líkt. Sú mikla umræða sem hefur orðið í þjóðfélaginu í framhaldi af því er að skila þessum breytingum hingað inn eða því frv. og þeim ákvæðum sem hæstv. samgrh. er hér að flytja.

Það verður einnig að segjast alveg eins og er að mikill baráttuandi tveggja manna, Friðriks Þórs Guðmundssonar og Jóns Ólafs Skarphéðinssonar, fyrir flugöryggismálum í framhaldi af því hörmulega slysi þar sem þeir misstu ættingja sína, er aðdáunarverð og ég er hiklaust þeirrar skoðunar að sú umræða hefur átt mikinn þátt í að bæta flugöryggi í landinu og skapa meira traust hjá fólki sem notar flug, og það er vel.

Flugsamgöngur skipta okkur Íslendinga mjög miklu máli, annars vegar vegna farþegaflugs um hinar dreifðu byggðir og hins vegar gagnvart ferðaþjónustu í landinu. Skelfileg þróun hefur verið að gerast í þessum málum. Flugrekendur eru í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og tapa miklum peningum og flugfélögin hafa verið að draga saman seglin, hætta flugi til ýmissa staða sem er mjög alvarlegt mál. Og það er sama hvort menn ræddu um að Flugfélag Íslands hætti að fljúga til Vestmannaeyja — sem betur fer kom Íslandsflug og tók við því flugi — eða áform Flugfélagsins um að hætta að fljúga til Hornafjarðar, að maður tali nú ekki um þegar Flugfélagið hætti algjörlega að fljúga til Húsavíkur, á það mikla ferðamannasvæði sem þar er og hefur vafalaust skapað þar erfiðleika í ferðaþjónustu.

Þessu frv. er m.a. ætlað að styrkja stoðir Flugmálastjórnar vegna þess að stofnunin hefur verið gerð afturreka við málaferli þegar menn hafa kært það sem mönnum finnst glæfralegt flug. Þarna er sem sagt verið að fjölga þvingunarúrræðum, dagsektarvald er sett inn í og eiginlega má hiklaust segja að þetta sé í rétta átt. Við höfum örugglega orðið vör við að lögregla stoppar bíla úti á götu sem eru í slæmu ásigkomulagi að hennar mati og lögreglan hefur vald til þess að taka þá bíla úr umferð á staðnum.

Og það er sannarlega rétt ef svo hefur verið, og ég segi ef, að flugmálayfirvöld hafa talið sig vanta fleiri ákvæði inn í þetta, þá er það sannarlega gott ef þau er sett þarna inn. Spyrja má út í 84. gr. gildandi laga sem gerð er breyting á í 16. gr. frv., að mig minnir. Þar er fjallað um þetta og við þekkjum nokkur dæmi. Í umræðum um flugmál í samgn. hefur komið fram að menn hafa verið reknir til baka, dómstólar hafa jafnvel vísað máli frá. Ég hugleiddi það þegar ég las frv. yfir hvort þetta hafi virkilega ekki verið nógu sterkt orðað í lögunum, hvort einhverjir meinbugir hafi kannski verið á framkvæmd málssóknar að flugmálayfirvöld voru gerð afturreka með þetta. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh.: Hvernig hefur þetta mál verið? Hefur í raun og veru reynt virkilega vel á þetta úrræði? Hvað hafa verið mörg mál og hver varð niðurstaðan? Hvaða mál fóru alla leið til Hæstaréttar, hverjum var vísað frá o.s.frv.? Ég vona að hæstv. samgrh. upplýsi okkur um það á eftir og við fáum smáyfirlit um það hvernig þetta var og hvort það hafi verið virkilega svo að menn hafi talið sig vanta þarna ákvæði.

Í frv. eru flugverndarákvæði styrkt sem er eðlilegt í framhaldi af nýrri tegund hryðjuverka þar sem glæpamenn tóku heilu breiðþoturnar herskildi og notuðu til að fljúga á byggingar. Sannarlega er þörf á því og er náttúrlega það sem verið er að gera úti um allan heim og á það auðvitað að vera til þess að auka öryggi í flugi og gera það að verkum að fólk treysti sér til að fljúga, vegna þess að það yrði heldur erfitt fyrir efnahagskerfi heimsins ef fólk treysti sér ekki til að fljúga.

Á flugþingi nýlega, sem bar yfirskriftina Flugöryggi í dögun nýrrar aldar, kom margt mjög athyglisvert fram. Þar á meðal hlustaði ég á erindi sem flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands, Kári Kárason, flutti um flugöryggi í brennidepli. Eins og hann sagði var það í framhaldi af Skerjafjarðarslysinu 7. ágúst árið 2000 sem fjölmiðlar tóku mjög virkan þátt í þeirri umræðu. Mikil gagnrýni kom fram, bæði frá almenningi og fjölmiðlum og jafnt almenningur sem fagfólk sem stóð að henni. Það var ákaflega athyglisvert að hlusta á þennan mann tala um þessi mál og nefna t.d. öryggisnefnd flugmanna sem veitir aðhald t.d. við veðurlágmörk, takmarkanir vegna aðflugstækja, takmarkanir vegna brautarskilyrða og takmarkað flug að nóttu til, og nefndi sem dæmi mjög strangar kröfur sem gerðar hafa verið m.a. í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Og þeir sem hafa flogið til þessara staða þekkja að stundum þarf ekki mikinn vind úr ákveðinni átt til að allt verði ófært og oft hefur maður vafalaust hugsað sem farþegi, sem hefur ekki komist leiðar sinnar vegna þessa, að þarna séu kröfur allt of strangar, en manni kemur ekki til hugar að efast um að þarna sé faglega að verki staðið eftir að hafa hlustað á þennan fyrirlestur.

Það var ákaflega merkilegt þegar þessi flugstjóri tók sem dæmi flugslys sem varð 15. nóvember 1978 þegar DC 8-63 flugvél frá Loftleiðum fórst við Colombo-flugvöll á Sri Lanka, og hlusta á þá lýsingu hvernig flugmálayfirvöld þar í landi skelltu skuldinni strax á flugmennina. Sem betur fór var send nefnd frá Íslandi sem mótmælti þessu, hún skoðaði málið og útkoman varð allt öðruvísi. Þetta leyfði manni e.t.v. að hugsa hvort flugslysarannsóknir, flugslysanefnd viðkomandi lands og flugmálastjórn viðkomandi lands sé allt of nátengt. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til tals við samningu þessa frv. að aðskilja mjög greinilega á milli Flugmálastjórnar og flugslysanefndar þannig að hvergi sé hægt að ætla að þarna sé skipst á skoðunum, skulum við kalla það, meðan á rannsókn stendur. Og þetta dæmi sem ég vitnaði í frá Sri Lanka þar sem fyrsta niðurstaðan varð sú að flugmönnunum var kennt um slysið af þarlendum yfirvöldum en allt annað kom síðar í ljós.

Sýn þessa tiltekna flugstjóra á málið kom fram þegar hann endaði orð sín á þann veg að flugmenn, Flugmálastjórn og allir þeir sem vinna að flugmálum ættu að vinna að sama markmiði, sem er mjög göfugt. Lokaorðin voru að menn ættu að hætta að refsa og byrja að hjálpa. Þá kom auðvitað upp í huga minn það sem ég hef oft heyrt, að flugmenn veigri sér stundum við að benda á ýmis atriði og segja frá ýmsum atriðum sem betur mættu fara, vegna þess að mönnum yrði refsað fyrir það. Það leiðir hugann að því hvort refsivönd urinn stjórni svo miklu og óttinn við að segja frá komi í veg fyrir að hið sanna komi í ljós.

Hér hafa, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, stórauknar fjárveitingar verið veittar til flugöryggismála. Í huga minn koma margar spurningar í framhaldi af þessu. Ég hefði gjarnan viljað heyra útskýringar á því frá hæstv. ráðherra á eftir. En í athugasemdum með frv. frá fjmrn. kemur fram að samkvæmt mati Flugmálastjórnar sé kostnaður vegna flugöryggismála áætlaður 30 millj. kr. Í frv. til fjárlaga 2002 hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaði með því að færa fjárheimild af framkvæmdum á flugvöllum til reksturs Flugmálastjórnar.

Herra forseti. Mér finnst ekki mikill stæll á þessu. Það er verið að taka frá flugvöllum, e.t.v. einhverjum öryggisframkvæmdum, og færa það til Flugmálastjórnar. Mér er spurn: Hvaða stórkostlega auknu fjárveitingar til flugöryggismála er um að ræða í þessu máli? Svo er rætt um fleira í umsögninni með frv., um þessar tölur, þar sem verið er að leika sér með þær fram og aftur. Ég kem að því síðar, t.d. varðandi flugmiðaskattinn eða leiðarflugsgjöldin.

Herra forseti. Þar sem ég sit í hv. samgn. get ég metið þetta frv. betur. Það er yfirgripsmikið og við munum augljóslega þurfa að kalla til marga sérfræðinga til að ræða þessi mál og fá umsagnir frá mörgum aðilum.

Ég tók ekki eftir því hvort ráðherra var með einhverjar óskir um að þetta frv. yrði afgreitt fyrir lok haustþings. Ég held hins vegar að það sé engan veginn hægt, því miður, og vona að þar með sé flugöryggi ekki stofnað í hættu. Ég segi þetta eingöngu vegna þess að inn í umræðu í samgn. verður auðvitað að blandast þetta tiltekna flugslys, sem svo oft hefur verið rætt um í þessu sambandi, lögreglurannsókn sem er í gangi, og verður vonandi komin niðurstaða í áður en við ljúkum vinnu okkar í samgn.

Síðast en ekki síst þyrfti að bíða þeirrar skýrslu sem þeir aðstandendur sem ég nefndi í upphafi hafa beitt sér fyrir að óháðir sérfræðingar frá Cranfield, sem mér skilst að séu þeir bestu í heimi, skili um þetta mál allt saman. Hún verður auðvitað mjög mikið innlegg í flugöryggismál okkar Íslendinga. Ég segi þetta eingöngu vegna þess að ég er þess fullviss, líkt og hæstv. ráðherra, að ef við getum lært eitthvað af þeirri miklu umræðu sem hefur orðið í þjóðfélaginu vegna þessa hörmulega slyss þá verður það líka í skýrslu frá þessum óháðu aðilum sem mér skilst að starfað hafi að flugöryggismálum í Bretlandi í áraraðir. Mér hefur einnig skilist að flugöryggismál í Bretlandi séu með því besta sem gerist í heiminum.

Þetta vildi ég minnast á, herra forseti, vegna þess að í þessum skýrslum, lögreglurannsókn og skýrslu flugslysanefndar kann að vera fullt af atriðum sem snúa að flugöryggismálum sem við verðum að draga lærdóm af og setja inn í okkar löggjöf ef okkur finnst einhvers staðar vera brotalöm.

Í framhaldi af þessu. Vegna þess að hæstv. samgrh. lýsti því yfir opinberlega, þegar tilkynnt var að þessir óháðu sérfræðingar frá Cranfield hefðu verið fengnir til að vinna að þessu máli, þar sem ráðherra lofaði að um góða samvinnu flugmálayfirvalda á Íslandi yrði að ræða við þessa Breta langar mig að spyrja hvort hæstv. samgrh. getur upplýst þingheim um það hvernig þau samskipti hafa gengið fyrir sig, hvort öll þau gögn sem þessir óháðu sérfræðingar hafa kallað eftir berist þeim fljótt og vel. Þetta segi ég eingöngu til að leggja áherslu á að skýrslu frá þessum óháðu aðilum verðum við að fá til samgn. til að vinna okkar vinnu.

Herra forseti. Næsta á dagskrá fundarins er frv. sem ég er 1. flm. að, sem er um niðurfellingu á svokölluðum leiðarflugsgjöldum sem hæstv. ríkisstjórn setti á og var mótmælt af öllum flugrekendum. Hæstv. samgrh. hefur sagt að þessi flugmiðaskattur íþyngi mjög innlendum flugrekendum og boðar það í þessu frv. að hann verði lagður af. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum hér til að ræða það. Tími gefst fyrir það á eftir.

Ég gleymdi áðan, herra forseti, að spyrja um eitt sem rætt er um í frv., þ.e. ákveðna gæðastuðla fyrir flugvelli og flugstöðvar. Spurning mín til hæstv. ráðherra í þessu sambandi er: Hefur verið lagt mat á það hvort íslenskir flugvellir og flugstöðvar mundu uppfylla þau skilyrði sem hér eru eða mun þetta kannski leiða til þess að einhverjum flugvöllum og flugstöðvum úti á landi, þess vegna á litlum stöðum sem gegna aðallega hlutverki sjúkraflugvalla, verði lokað í framhaldinu? Með öðrum orðum, það þarf að tryggja töluverða peninga til þess að uppfylla þær kröfur sem við setjum þar?

Ég hef eina spurningu til hæstv. ráðherra í viðbót. Í þeim lögum og reglugerðum sem við ætlum að setja gerum við okkur auðvitað öll grein fyrir því að kostnaður íslenskra flugrekenda mun stóraukast. Þess vegna er lokaspurning mín til hæstv. ráðherra þessi: Var eitthvert mat lagt á það þegar frv. var smíðað eða er það einn af þeim þáttum sem við í hv. samgn. þurfum að fara í gegnum? Það er öruggt að þetta mun hafa mikinn kostnað í för með sér og miðað við það hvernig flugrekstur á Íslandi gengur er það náttúrlega mjög alvarlegt mál ef flugrekendur gefast hreinlega upp í framhaldi af þessum auknu kröfum.

Herra forseti. Umræða um flugöryggismál og innanlandsflug á Íslandi verður að vera þannig að trúnaðarsamband ríki milli flugmálayfirvalda og alls almennings í landinu. Farþegar og ættingjar þeirra verða að geta treyst því að öryggisreglum sé framfylgt og að öryggiseftirlit með íslenskum flugrekstri innan lands sé fullnægjandi.

[14:40]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í því frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir sem hér hefur verið mælt fyrir af hæstv. samgrh. er, eins og hann gat um, verið að styrkja og auka heimildir til að beita viðurlögum eða geta betur stýrt gæðum þjónustu- og öryggismála.

Ég vildi fyrst og fremst, herra forseti, vekja athygli á og spyrjast fyrir um, í fyrsta lagi 8. gr. þar sem fjallað er um flugvellina og þann búnað sem flugvellir þurfa að hafa. Þar kemur fram, eins og er í núgildandi lögum, að flugvellir skuli flokkaðir eftir þjónustustigi og lágmarksflugvallarþjónustu. Hún skal þar vera skilgreind. Það vekur samt nokkurn ugg ef hertum reglum varðandi búnað og öryggi á flugvöllum og flugstöðvum úti um landi fylgir að þeir flugvellir sem um er að ræða verðir flokkaðir niður í þjónustu og þar af leiðandi verði örðugra að halda uppi t.d. áætlunarflugi á slíka flugvelli.

Mjög mikilvægt er að fyllsta öryggis sé gætt og að stöðugt sé unnið að því að bæta og efla þjónustuna á flugvöllum sem öðrum samgöngumannvirkjum. Í þessu lagafrv. er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að þessar auknu kröfur eða aðgerðir leiði til aukins kostnaðar við flugvallagerð eða rekstur flugvalla. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra hvað sé vitað, hvað fyrirhugað og hver sé ætlunin í þessu efni.

Það er ljóst að a.m.k. innanlandsflug á í vök að verjast hvað snertir rekstur og fjármögnun. Ákveðnar flugleiðir eru að nokkrum hluta nú þegar ríkisstyrktar, en annars allar með tiltölulega hátt fargjald. Þessi þjónusta verður óöruggari með degi hverjum og er ekki vitað hvað þar er á ferðinni. Þó horfir allt til þess að þjónustan dragist frekar saman en hitt, svo afleitt sem það er.

Varðandi flugvellina skal hér einnig ítrekað, með leyfi hæstv. forseta, það sem stendur í 8. gr.:

„Flugvöllur telst afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlað er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.“

Hluti af þessu samgöngumannvirki er líka vegirnir að viðkomandi flugvöllum, séu sérstakir afleggjarar frá aðalvegi að flugvöllum. Samkvæmt þessum lögum er gert ráð fyrir því að allir flugvellir falli undir þessi ákvæði. Vegirnir að flugvöllum sem fallið hafa út sem áætlunarflugvellir, þ.e. eru ekki með skipulegri starfsemi, hafa fallið úr tölu þjóðvega og teljast til forsjárlausra vega. Enginn hefur beinar skyldur til að halda slíkum vegum við og enginn ber ábyrgð á þeim samkvæmt núverandi vegalögum, sem er alveg afleitt. Ég hef áður bent á að þau ákvæði þurfi að endurskoða. Þó að flugvöllur fari úr tölu áætlunarflugvalla með skipulegu flugi er hann áfram mikilvægt samgöngumannvirki, getur hvenær sem er komið inn aftur sem áætlunarflugvöllur. Þar af leiðandi þarf áfram að tryggja tengsl flugvallarins við vegakerfi landsins og að þar beri einhver rekstrarlega ábyrgð. Þetta fyndist mér að hefði verið tilvalið að skýra samhliða þessum breytingum. Skýra hefði mátt stöðu veganna sem liggja að flugvöllunum og koma í veg fyrir að þeir yrðu áfram í tölu forsjárlausra þjóðvega sem fjölgar æ meira í landinu eftir því sem byggð skreppur saman.

Í 9. gr. frv. er ýmislegt rakið varðandi leyfi og leyfisveitingar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Leyfi Flugmálastjórnar Íslands þarf til reksturs flugstöðva vegna flutnings á farþegum og farmi í atvinnuskyni. Nánar skal kveðið á um kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila, aðstöðu og búnaðar flugstöðva í reglugerð sem ráðherra setur.“

Í þessari grein segir áfram:

„Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í starfsleyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.“

Í þessari grein, herra forseti, segir jafnframt að Flugmálastjórn hafi eftirlit með því að leyfishafi haldi þær reglur sem settar eru og geti fylgt því eftir með formlegu eftirliti, heimsóknum og skoðunum. En í lok greinarinnar stendur, herra forseti:

„Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.“

Þarna finnst mér galopnin leið til beinnar skattheimtu á flugið og flugrekstrinn. Ég tel að það sé óeðlilegt að svo opin heimild eða öllu heldur krafa sé sett um að þetta eftirlit og þær leyfisveitingar sem Flugmálastjórn ber að annast samkvæmt frv. og flugrekstrarhafar séu skyldugir til að greiða þann uppsetta kostnað skilyrðislaust, samkvæmt reikningi Flugmálastjórnar. Þetta finnst mér ástæða til þess að skoða. Það færist æ meira í vöxt að atvinnureksturinn, atvinnulífið og aðrir aðilar greiði beint lögboðin eftirlitsverk og eftirlitsskyldu sem hinu opinbera ber að inna af hendi sem hefur að langmestu leyti verið gert ráð fyrir að þeir fái framlag af fjárlögum til þess að standa straum af.

Ég vil jafnframt vekja almenna athygli á þeim hertu kröfum og hertu reglum varðandi flug og aðbúnað í flugvöllum og öllu er viðkemur flugi. Í sjálfu sér er afar gott og nauðsynlegt að ætíð sé hægt að tryggja svo mikið öryggi sem nokkur kostur er. Engu að síður ber þar að fara varlega við setningu laga og reglna hvarvetna hvað þessa þjónustu varðar og að reglurnar verði úr takti við raunveruleikann og ofþyngi flugrekstrinum, ekki síst ef honum ber síðan að standa straum af kostnaði sem þarna er verið að gera kröfur um. Það gæti leitt til þess að flug á Íslandi — það á fyrst og fremst við um innanlandsflugið — eigi örðugra en áður með að starfa og enn meiri hætta verði á að það leggist af. Þetta vil ég taka fram og nefna sem varnaðarorð. Ég ítreka jafnframt að að sjálfsögðu ber að efla og styrkja flugöryggi.

Í umsögn fjmrn. með þessu frv., herra forseti, er farið nokkuð léttilega með málið. Þar er talað um nokkra tilfærslu á fjármagni og að með því að leggja niður flugleiðsögugjaldið, sem hér er leitað eftir en áður hafði verið tilkynnt að leggja ætti niður, þá breytast náttúrlega ýmsar fjárlaga- og fjárhagsforsendur. En það að þetta frv. leiði sjálfkrafa til þess að flutt sé fjármagn á milli liða í flugþjónustu eða innan samgrn., að þar sé tekið af öðrum liðum, öðrum verkefnum sem eru brýn og nauðsynleg, það er ekki hlutverk þessa frv. Það er ekki hlutverk fjmrn. að kveða á um það í umsögn sinni, samanber orðalagið, herra forseti. Hérna stendur í umsögn fjmrn.:

„Í frumvarpi til fjárlaga 2002 hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaði með því að færa fjárheimild af framkvæmdum á flugvöllum til reksturs Flugmálastjórnar.“

Það er sjálfsagt hárrétt að þetta sé nefnt og lagt til í frv. til fjárlaga en frv. er í höndum þingsins og því er ekki hægt að fullyrða að þetta gangi fram eins og þarna er lagt til, að færa fjármagn á milli einstakra verkefna.

Einnig er farið nokkuð frjálslega með afdrif flugleiðsögugjaldsins, hvernig með það skuli með fara. Ég get í því sambandi sagt frá að m.a. hefur verið gert ráð fyrir því að Veðurstofan fengi hluta af þessu flugleiðsögugjaldi til rekstrar síns. Það er gert ráð fyrir því á fjárlögum þessa árs og það átti að vera til styrktar henni. Í fjárlagafrv. er hins vegar hvergi minnst á það hvernig þetta skuli bætt, hvorki í fjáraukalögum né í frv. til fjárlaga á næsta ári. Vangaveltur um sparnað eða tilfærslur á þessu gjaldi eru nokkuð frjálslegar í umsögn fjmrn., sem annars er náttúrlega bara sem fylgigagn. Ég vil þó nefna að þar tel ég að betur hefði mátt vinna.

Herra forseti. Þetta frv. fer til samgn. Þar gefst tækifæri til að fara ítarlega í gegnum málið. Frv. verður sent til umsagnar. Ég á sæti í samgn. og þar gefst tækifæri til þess að fylgja þessum atriðum frekar eftir.

[14:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls um frv. fyrir þeirra innlegg. Hér hafa komið fram nokkrar fyrirspurnir sem ég vildi gera að umtalsefni.

Fyrst vil ég aðeins nefna að frv., eins og ég gat um í framsöguræðu minni, er að sjálfsögðu flutt til að gera margs konar breytingar á löggjöfinni sem leitt gætu til þess að flugöryggismálin og framkvæmd þeirra í landinu yrðu traustari. Það er auðvitað tilgangurinn. Þær leiðir sem við höfum til þess eru að sjálfsögðu að læra með ýmsum hætti af reynslunni, þó hún sé oft dýrkeypt. Þar fyrir utan þurfum við, bæði flugmálayfirvöld og ráðuneyti hverju sinni, að vera vel á verði. Ég undirstrikaði það rækilega í ræðu minni. Gera þarf þær breytingar á löggjöf og framkvæmd mála sem gætu leitt til betri vinnubragða, bæði hjá flugrekendum og opinberum aðilum.

Hins vegar ber á það að líta að við höfum m.a. rannsóknarnefnd flugslysa til þess að rannsaka flugslys og atvik sem verða hverju sinni. Rannsóknarnefnd flugslysa er m.a. ætlað það mikilsverða hlutverk að gera tillögur til úrbóta og það hefur hún gert.

Hv. þm. Kristján Möller nefndi alveg sérstaklega og fór yfir og velti fyrir sér hvort það þyrfti e.t.v. að aðskilja betur en gert er, annars vegar vinnu rannsóknarnefndar og hins vegar starf Flugmálastjórnar. Nú er það svo að það er skýrt tekið fram í lögum um rannsóknarnefnd flugslysa að hún starfar sjálfstætt og henni er ætlað að starfa óháð yfirvöldum, flugrekendum og öllum öðrum sem um þessi mál fjalla. Auðvitað er mjög mikilvægt að ganga svo frá hnútum að rannsóknarnefndin sé óháð. M.a. hefur það nokkuð komið til umræðu í þinginu, þegar gerðar voru kröfur um það af hv. þm. að ráðherra beitti sér gagnvart rannsóknarnefndinni. Ég hef dregið það mjög skýrt fram að rannsóknarnefndin starfar sjálfstætt og það er ekki á valdi ráðherrans að hafa bein afskipti af rannsókn flugslysa. Þetta er alveg nauðsynlegt að taka skýrt fram.

Hins vegar er það svo að það kann vel að vera að það þurfi að breyta lögum um rannsóknarnefnd flugslysa. Það kemur þá til okkar kasta síðar, m.a. í þá átt sem fram kom í athugasemdum og ábendingum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þegar hún gerði athugun á starfi og vinnubrögðum nefndarinnar. Ég mun ekki hafa fleiri orð um það en vildi aðeins að þessu gefna tilefni undirstrika þetta sérstaklega.

Hv. þm. Kristján Möller nefndi einnig að e.t.v. veigruðu flugmenn sér við að koma fram og gera grein fyrir aðstæðum af ótta við refsivönd. Það er auðvitað hluti af verkefnum rannsóknarnefndarinnar. Hún hefur í raun afskaplega sterka stöðu til að draga fram þessi atriði frá flugmönnum jafnt sem öðrum sem að flugslysum og flugatvikum koma í þeim tilgangi að læra af reynslunni. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því að gögn rannsóknarnefndar flugslysa séu innlegg í kröfu fyrir dómstólum eða vegna ákæru. Það er eitt af grundvallaratriðum flugslysarannsóknanna, að þannig sé staðið að málum að reynt sé að tryggja að hið rétta og sanna komi fram. Það skiptir mjög miklu máli.

Hv. þm. nefndi sérstaklega það sem fram kemur í 16. gr. frv. og varðar 84. gr. loftferðalaganna. Í 16. gr. er verið að styrkja og efla þær heimildir sem Flugmálastjórn hefur en í henni segir, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá flugrekendum og öðrum þeim aðilum sem ber að starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stofnuninni. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu aukins flugöryggis. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti leyfishafi lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda skal Flugmálastjórn Íslands svipta hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsstöð. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða *meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til* endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími."

Í greinargerðinni er farið yfir þetta og það skýrt nánar. Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort vitnað væri í þessu sambandi til einhverra tiltekinna atburða vegna þess að hér er reynt að herða möguleika Flugmálastjórnar til aðgerða. Það er vegna þess að, eins og fram kemur í frv., talið er að það hafi skort.

Bara til þess að upplýsa hvað hér er um að ræða komu á árunum 1995 og 1996 upp þrjú mál þar sem Flugmálastjórn gerði athugasemdir og það endaði með ákæru. Það var sýknað í einu málinu og sakfellt í öðru en refsingar voru mjög vægar. Þarna var um að ræða lágflug, snertilendingar og vatnalendingar. Mat Flugmálastjórnar var að þarna skorti skýrari og afdráttarlausari heimildir, og verið er að vitna til þessara mála þegar fjallað er um þetta í greinargerð frv. Þetta vildi ég nefna hér vegna fyrirspurnar hv. þm.

Hv. þm. Kristján Möller og reyndar hv. þm. Jón Bjarnason einnig nefndu hér fjármálahlið frv. og gerðu lítið úr því að verið væri að auka fjármuni til flugöryggismálanna — á kostnað annarra framkvæmda var nefnt, og það er rétt. Við gerum ráð fyrir því að auka fjármuni flugöryggissviðsins um 30 millj. á næsta ári, sem auðvitað skiptir heilmiklu máli, og það er gert innan þess ramma flugmálaáætlunar sem fyrir liggur.

Af ýmsu er að taka í flugmálaáætlun og auðvitað er þar forgangsraðað. Með þessari tilfærslu erum við að forgangsraða með öðrum hætti en áður hefur verið, m.a. vegna þess að við erum með þessu frv. og öðrum aðgerðum að hraða

gildistöku JAR-OPS reglnanna hvað varðar minni flugvélar en gert hafði verið ráð fyrir áður. Og við metum það svo að nauðsynlegt sé að herða á og auka þessa vinnu flugöryggissviðsins, eftirlitsvinnu, og það mun þá væntanlega koma niður á m.a. tilteknum byggingarframkvæmdum sem voru fyrirhugaðar. Ég þori að fullyrða að það er ekki á kostnað flugöryggisþátta heldur á kostnað þess að e.t.v. dregur eitthvað örlítið úr þjónustu, og starfsaðstaða á flugvöllum verður ekki strax sú sem verður í fyllingu tímans.

Við viljum með þessum áformum, bæði í fjárlögum og fjáraukalögum og með þessu frv., leggja ríka áherslu á flugöryggisþættina og að skapa flugöryggissviði Flugmálastjórnar alla þá möguleika sem við getum til þess að vinna sem best að málum.

Hv. þm. nefndi að hann teldi að hv. samgn. gæti ekki lokið starfi sínu á þessu þingi, og mér þykir það miður. Það eru vond skilaboð og ég leyfi mér að efast fullkomlega um það. Ég tel afar mikilvægt að þetta frv. verði afgreitt fyrir jól, og legg á það mjög ríka og mikla áherslu.

Við getum auðvitað haldið áfram að vinna að þessum málum og kalla fram sérfræðinga okkur til halds og trausts en ég tel að við getum ekki beðið með afgreiðslu þessa frv. þangað til lögreglurannsókn á viðkomandi flugslysi er lokið eða að annarri tiltekinni rannsókn erlendra aðila ljúki. Ef þær rannsóknir leiða til þess að gera þurfi einhverjar aðrar breytingar þarf auðvitað að taka á því þegar þar að kemur en ég tel að afgreiðslu þessa frv. eigi að ljúka og að samgn. hafi ekki yfir sér þau verkefni um þessar mundir að hún geti ekki lagst í mjög öfluga og góða vinnu við þetta mál. Þess utan veit ég að samgöngunefndarmenn hafa mjög mikið hugsað um þessi mál og rætt þau að undanförnu, og ættu þess vegna að vera betur í stakk búnir til þess að takast á við verkefnið. Þannig að ég legg mikla áherslu á að hraða vinnunni.

Spurt var hvort þessar auknu kröfur gagnvart flugvöllum og flugstöðvum gætu leitt til þess að einhverjum flugvöllum yrði lokað. Ég þori ekkert að fullyrða um það en á síður von á því vegna þess að mjög víða er verið að vinna að endurbótum á grundvelli flugmálaáætlunar, t.d. hérna í Reykjavík. Reykjavíkurflugvöllur er mikið breyttur og bættur, og allt í þágu flugöryggis, bæði hvað varðar flugbrautirnar og aðflugsbúnað allan, þannig að ég tel að það sé allt á mjög góðum vegi.

Þannig tel ég að að sjálfsögðu þurfi ýmislegt að lagfæra — það fer ekkert á milli mála — á grundvelli hertra krafna og reglna og að því þurfum við að vinna.

Það er alveg ljóst að kostnaður mun eitthvað aukast hjá flugrekendum en það eru m.a. þættir sem þarf að taka til meðferðar og við getum ekki slegið af kröfum af þeirri ástæðu.

[15:10]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör við þeim spurningum sem ég lagði fram en vil taka skýrt fram vegna síðustu orða hans, að þetta hefði töluverðan kostnað í för með sér fyrir flugrekendur en samt sem áður mundum við ekki slá af flugöryggi, að ég tek heils hugar undir þau. En ég spurði út í þetta vegna þess að við vitum hvernig rekstrarskilyrði þessara flugfélaga er í dag. Þau berjast í bökkum. Og fjárhagslegur grundvöllur er nánast enginn. Menn eru að reka þetta með því að ganga á hlutafé o.s.frv. Ég sagði þetta eingöngu og spurði vegna þess að ég tel að sú staða gæti komið upp að við yrðum að gefa eftir í ýmsum gjöldum og sköttum sem við leggjum á innlenda flugrekendur sem eru að sinna áætlunar- og sjúkraflugi og öðru hér á landi. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram.

Það er sannarlega rétt að öll slík framþróun sem lýtur að öryggismálum, upptaka JAR-OPS reglnanna og annað, hefur auðvitað mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, fyrir flugrekendur og allt það. Þetta öryggi kostar mikið. Og þess vegna segi ég líka að mér finnst ekki mikill bragur á því að teknar séu 30 millj. af framkvæmdum við flugvelli til þess að færa til Flugmálastjórnar til að sinna þessum öryggisþætti. Ég hefði talið að þarna þyrftu a.m.k. að koma til nýjar 30 millj. Og ég nefni aðeins í sömu andránni það sem snýr að öðru öryggi, þ.e. umferðaröryggisáætlun, sem umferðarþing hefur fjallað um og á að gera til næstu tólf ára, en hefur ekki litið dagsins ljós enn þá hér í þinginu, er ekki farið að ræða, og hæstv. dómsmrh. hefur boðað að ætti að ræða á vorþingi. Ég leyfi mér að efast um að hægt verði að framfylgja áætlun samkvæmt því mikla góða plaggi sem búið er að leggja mikla vinnu í, og eingöngu vegna peningaskorts. Við vitum það. Öll þessi atriði kosta fullt af peningum og peningar þurfa að fylgja með til þess að úr verði bætt. Það er nákvæmlega eins með frv. sem við erum hér að ræða. Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi skýrt fram.

Ég þakka líka það svar sem ég fékk hér um að rannsóknarnefnd flugslysa væri aðskilin frá Flugmálastjórn og ég hef heyrt lýsingu á því frá ágætum starfsmanni samgrn. um hvernig þetta var skilið frá vegna krafna frá hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég segi hins vegar, og það spilar inn í þegar ég var að ímynda mér að okkur mundi ekki takast að afgreiða þetta fyrir jól, að ég vona svo sannarlega að það takist og skal leggja mitt af mörkum til þess. En ég verð að segja alveg eins og er að við höfum barist hér í því, fulltrúar Samfylkingarinnar, í ansi langan tíma að flugslysanefnd verði kölluð á fund samgn. til að ræða flugöryggismál á Íslandi. Auðvitað er það í framhaldi af skýrslunni um flugslysið í Skerjafirði. Auðvitað blandast það inn vegna þess að flugslysanefnd gerir líka ákveðnar tillögur um úrbætur. Og auðvitað er eðlilegt að hv. samgn. eigi að geta rætt við flugslysanefnd og fengið ábendingar, átt í skoðanaskiptum og þess háttar. Ég hef lesið þær skýrslur sem þar komu fram út af þessu hörmulega slysi.

Ég er ekki sérfræðingur í flugmálum. Ég er hins vegar áhugamaður um flugöryggismál og ég hef leitað mér upplýsinga, talað við flugmenn og annað, og flugmenn hafa fært ýmislegt af þessu í tal við mig sem nefndarmann. Þess vegna tel ég afar mikilvægt að hv. samgn. geti fengið flugslysanefnd á fund sinn til þess að ræða þetta frv. þar sem auðvitað blandast við skýrslur um þetta hörmulega flugslys. Auðvitað blandast það þar inn í vegna þess að þar eru dæmi tiltekin.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að því miður verður samgn. ekki ætlaður mikill tími til að fara yfir þetta mikla frv. sem er mjög flókið, vegna þess að þetta er náttúrlega bara fyrir flugtæknifræðinga að fjalla um. Við þurfum auðvitað að draga lærdóm af því sem þeir segja okkur og ráðlegga okkur. Það eru nú ekki eftir margir þingfundadagar, fjórtán dagar taldist mér til og eftir er 2. og 3. umræða um fjárlög, umræða um utanríkismál, nefndafundir o.s.frv. Það hefði nú verið betri bragur á því að leggja frv. fyrr fram. Við höfum ekkert verið í neinum stórmálum í samgn. það sem liðið er frá því að þing kom saman 1. október. Við hefðum getað verið búin að vinna mikið í þessu máli. En ég tek skýrt fram að ég ætla ekki að leggjast í það að tefja þetta mál, alls ekki. En ég vil að það fái vandlega umfjöllun í samgn.

og að ekki verði farið í neinum hraðakstri þar í gegn eins og ýmislegt sem við höfum verið að ræða í samgn. Nægir þar að nefna sölu á Landssímanum á síðasta ári sem við urðum að taka með hraðferð, express-ferð í gegnum samgn.

Það sem hæstv. samgrh. sagði er einmitt grundvallaratriði í þessum málum, þ.e. við þurfum að læra af reynslunni. Það er nefnilega málið. Við þurfum að fá það inn sem okkur hefur verið bent á að betur mætti fara eins og hæstv. samgrh. er að beita sér fyrir með framlagningu þessa frv.

Herra forseti. Vegna spurningar minnar um ákvæði 84. gr. þar sem sett eru inn sterkari ákvæði fyrir Flugmálastjórn þannig að hún verði ekki gerð afturreka frá dómstólum með það mál sem ég spurði hér út í þá vil ég taka fram að á fund samgrn. kom flugmálastjóri og Pétur Maack sem vinnur að flugöryggismálum. Þeir tóku þetta skýrt fram á þeim fundi, þ.e. þeir tóku þetta dæmi um snertilendinguna. Auðvitað er ekki gott ef dómstólar treysta sér ekki til að taka á því máli vegna þess að ekki sé heimild fyrir því og menn reknir til baka. Það er auðvitað ekki nógu gott. Þetta atriði er því að sjálfsögðu til bóta í frv., samanber það sem ég nefndi áðan um lögreglu sem getur stoppað bíl á götu og tekið af honum númerin þannig að hann verður ekki hreyfður öðruvísi en að fara með dráttarbíl.

Herra forseti. Ég held að ég hafi nú farið í gegnum það sem ég vildi bæta við það sem ég sagði í fyrri ræðum mínum um þetta mál. En ég segi bara: Við skulum vona að okkur takist að afgreiða þetta mál fyrir jól. Það er að sjálfsögðu afar mikilvægt. En ég gagnrýni að það skuli ekki hafa komið fyrr fram.

Samgöngunefnd þarf að senda þetta til umsagnar. Við þekkjum það frá fyrri málum sem við höfum rætt, t.d. flugleiðsögugjöldunum, að umsagnir frá geta verið miklar og ítarlegar sem betur fer. Það eru miklir tæknimenn og miklir fræðingar sem starfa við þetta hér hjá okkur á Íslandi. Við þurfum að sjálfsögðu líka að kalla til okkar fulltrúa frá flugfélögum sem sjá um innanlandsflug vegna þess að við þurfum auðvitað að fá mjög góða lýsingu hjá þeim á því að þessar sjálfsögðu öryggisreglur sem við erum að taka upp og eru öllum til gagns munu hafa mikil fjárútlát í för með sér fyrir ríkissjóð og flugrekendur.

Við höfum verið að ræða hér um flugvellina þar sem 30 millj. eru teknar frá. Það getur vel verið að út úr þessu komi það að við munum loka nokkrum flugvöllum eða nokkrum flugstöðvum, sjúkraflugvöllum. Þá verður auðvitað að bregðast við því þannig. Ekki gengur að loka þessu og skapa hættur eða erfiðleika á öðrum sviðum.

[15:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna að við undirbúning þessa frv. var leitað umsagna frá flugfélögunum og fleirum þannig að frv. er mjög vel undirbúið.

Ég tel að samgn. ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði að taka rækilega til hendi við að ljúka þessu á sem skemmstum tíma. Varðandi það að nefndin þurfi að fá til sín t.d. rannsóknarnefnd flugslysa þá get ég að sjálfsögðu ekki skipað henni eitt né neitt. En það er alveg augljóst að aðili eins og rannsóknarnefnd flugslysa hlýtur að geta komið til samgn. til þess að fara yfir og fjalla um málefni eins og breytingar á þessari löggjöf.

Varðandi það atriði að flugfélögin séu illa sett þá er það auðvitað rétt. Vandræði hafa verið í rekstri flugfélaga. Ekki hefur það nú batnað við síðustu atburði. En hvað varðar innanlandsflugið þá er staðan gjörbreytt vegna aðgerða stjórnvalda. Hvers vegna? Jú, vegna þess að við höfum boðið út flugleiðir. Við höfum boðið út bæði áætlunarflugleiðirnar, sem er beinn ríkisstyrkur sem ekki var áður sem bætir stöðu flugfélaganna, og við höfum boðið út sjúkraflutningana í tengslum m.a. við áætlunarflugleiðirnar, sem er nýlunda. Það bætir stórlega sjúkraflutningaþjónustuna, breytir henni algerlega í grundvallaratriðum, skapar flugfélögunum auknar og tryggari tekjur vegna þessa og þar af leiðandi betri rekstrarstöðu. Síðan er það nýjast að við höfum ákveðið að bjóða út flugleiðina til Hornafjarðar sem á að bæta stöðu þess flugfélags sem hana fær vegna þess að flugfélögin hafa verið að reka þá flugleið með tapi.

Það er því staðreynd að með stefnu stjórnvalda og aðgerðum gagnvart innanlandsfluginu ætti staða flugfélaganna að verða miklu betri.

[15:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins bara út af gjörbreyttri stöðu flugfélaga.

Ég er alveg sammála því, enda var eitt af mínum fyrstu verkum á hinu háa Alþingi þegar ég kom í þetta virðulega hús, umræða utan dagskrár um stöðu innanlandsflugs á Íslandi. Ég var innilega sammála því að þetta yrði boðið út. Ég gagnrýndi að það hefði ekki verið gert fyrr. Og ég var innilega sammála því og því fylgjandi að sjúkraflug og farþegaflug yrðu boðin út saman, eins og hæstv. ráðherra kom inn á um flugið til Hornafjarðar sem ég fagna að eigi að bjóða út og styrkja. Ég sakna þess reyndar að Húsavíkurflugið skuli ekki einnig vera haft með með tilliti til hagsmuna þess svæðis og með tilliti til ferðaþjónustu aðallega í Þingeyjarsýslu. En nóg um það.

Ég fagna þessu. Þetta er auðvitað gert til þess að þeir sem fá þennan pakka verði betur í stakk búnir, fái meiri og betri verkefni og geti hagað rekstri sínum eftir því, þ.e. geti betur sinnt áætlunarflugi í leiðinni. Það sem er mikilvægast er að auðvitað vonar maður að með þessu útboði komi aðilar til sem eru kannski í of litlum verkefnum en gætu tekið að sér meira. Ég nefni bara sem dæmi Íslandsflug, næststærsta innanlandsflugfélagið okkar á Íslandi. Auðvitað væri æskilegt að þeir fengju fleiri af þessum leggjum sem við erum að bjóða út, þ.e. farþega- og sjúkraflug, til þess að styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækjanna, til þess að geta tekið þátt í að fljúga á öðrum leiðum og halda uppi samkeppni og samgöngum til nokkurra staða.

Herra forseti. Svo bara rétt í lokin. Það er alveg rétt að þetta var stillt upp á, að mig minnir, 80 millj. á ári. En það er líka rétt, og rétt að hafa í huga það sem við ræðum hér eftir nokkrar sekúndur, að mikil mistök hæstv. ríkisstjórnar með flugmiðaskattinum svokallaða hafa íþyngt þessum félögum. Og þar voru áætlaðar 50 millj. kr. í skattheimtu á þessu ári.

[15:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað þarf alltaf að hafa allt sviðið undir þegar verið er að kveða upp dóma eins og hv. þm. gerir. Ég rakti hér að flugfélögin eiga að hafa allt aðra stöðu í dag eftir að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að bjóða út flugleiðir og styrkja þær, tilteknar leiðir. Það má heldur ekki gleyma því að þróun olíuverðs og annars hefur haft geysilega mikil áhrif á flugrekstrinn. Málið er ekki einungis að innheimt var gjald af flugfélögunum, svokallað leiðarflugsgjald, sem

er bara brot af þeim kostnaði sem ríkissjóður greiðir, sem verður til þess að flugfélögin rata í vanda. Það er annars vegar það að dregið hefur mjög úr notkun flugs á tilteknum flugleiðum á meðan reyndar sem betur fer, eins og til Akureyrar, hefur verið mikil notkun í fluginu.

Því þurfa menn að átta sig, eins og ég segi, á sviðinu öllu þegar verið er að kveða upp dóma bæði um stöðu flugsins og aðgerðir stjórnvalda.

Ég trúi ekki öðru en að þegar þingmaðurinn fer af sanngirni yfir þetta hljóti hann að vera býsna ánægður með aðgerðir ríkisstjórnarinnar þó hann vilji ekki viðurkenna það sem fulltrúi Samfylkingarinnar sem hefur allt á hornum sér í öllum málum og eru að nálgast Vinstri græna allt hvað af tekur, kannski vegna þess hversu Vinstri grænir hafa náð miklum árangri í því að vera á móti öllu, óánægðir með allt. En Samfylkingunni fer það illa. (**JB:** Mótmæli, mótmæli, herra forseti.)

[15:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst síðustu orð hæstv. ráðherra svona frekar undir beltisstað. Ég held að ég hafi lagt mitt af mörkum hér fyrir fleiri, fleiri málum sem hæstv. ráðherra hefur flutt, til að veita þeim brautargengi og ég hef oft og tíðum hælt ráðherra mjög mikið fyrir ýmis verkefni sem hafa komið fram.

En það er sannarlega rétt, herra forseti, að það ber að hafa allt sviðið undir þegar menn skoða gjaldtöku af flugfélögum og rekstrarskilyrði flugfélaga á Íslandi. Við skulum taka bara eitt dæmi sem snýr að efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar, gengisfellingu upp á 30%. Halda menn að hún sé mjög hagfelld fyrir íslensk flugfélög sem kaupa mest alla sína varahluti og annað slíkt í dollurum? Halda menn að það létti nokkuð rekstrarskilyrði þessara fyrirtækja hvernig farið hefur verið með gjaldmiðilinn okkar íslenska sem er gjörsamlega heillum horfinn og hruninn? Það er rétt með olíuverðið. Við getum minna gert að því. En hátt gengi, gengisfellingin, virkar nú vel inn á það. Halda menn að það sé eitthvað auðvelt fyrir íslensk flugfélög að reka sitt batterí í þessu umhverfi, jafnvel með ríkisstyrkjum vegna farþegaflugs og sjúkraflugs, þar sem tekjurnar eru eingöngu í krónum en stór hluti kostnaðar í erlendri mynt, t.d. leiga á flugvélum, kaup á varahlutum o.s.frv.?

Herra forseti. Þetta allt skekkir mjög rekstrarskilyrði íslenskra flugfélaga og reyndar allra atvinnufyrirtækja í landinu, ásamt því sem ber að nefna og ég ætla nú ekki að gleyma, okurvaxtastefnunni sem er bein afleiðing vitlausrar efnahagsstefnu og viðskiptahalla undanfarinna ára.

En þessi umræða, herra forseti, átti ekki að snúast um efnahagsmál. Hún átti að snúast um það að erfiðleikar íslenskra flugfélaga aukast og aukast vegna þessa sem ég hef hér nefnt, þ.e. hárra fargjalda því flugfélögin hafa þurft að hækka fargjöldin og fá færri farþega. Þannig heldur þessi vítahringur áfram.

Rétt er að flugmiðaskatturinn var ekki mjög hár. Hann var samt sem áður 50 millj. og hann átti að leggjast á íslensk flugfélög.

[15:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að koma hér upp til þess að tjalla aðeins um þau orð hæstv. ráðherra að hann ætti í svo miklum örðugleikum með að koma sínum málum fram vegna andstöðu Vinstri grænna því þeir væru svo á móti öllu því sem hann ... (**Samgrh.:** Það er misskilningur.) Nú kallar hæstv. ráðherra fram í og telur að um misskilning hafi verið að ræða og ég vona að það sé rétt.

Við höfum einmitt verið að leggja hæstv. ráðherra lið, færa hann til betri vegar, benda honum á hversu einkavæðingin í hans mikilvægu málaflokkum er afleit og slæm. Í því máli sem hæstv. ráðherra er nú hér að flytja varðandi flugmál lýsti hann því einmitt hvernig ríkið er í auknum mæli að koma inn til þess að styrkja flugið, styrkja innanlandsflugið. Það flug sem eftir er í landinu er því að verða í stórum mæli ríkisstyrkt og verður væntanlega ríkisstyrkt enn meir.

En hverju er hæstv. ráðherra þarna að sópa upp? Hann er að sópa upp verk fyrirrennara sinna í ráðherraembætti sem einkavæddu flugið, tóku af sérleyfin og gáfu frjálst skotleyfi á flug í landinu. Hvað fengum við? Við fengum það að tvö eða þrjú flugfélög flugu á sama stað, undirbuðu hvert annað og skertu þar með fjárhag sinn innan nokkurra mánaða. Innan nokkurra ára gat ekkert af þessum flugfélögum staðið lengur við þetta innanlandsflug. (Gripið fram í.) Þeir geta ekki flogið samtímis með öllum vélunum. Sami maðurinn getur ekki, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, flogið með öllum vélunum samtímis. Ég man að á flugvellinum á Sauðárkróki stóðu kannski samhliða flugvélar frá tveimur flugfélögum og áætlun þeirra var á sama tíma.

Þetta varð hvað erfiðast og sogaði til sín höfuðstól þessara flugfélaga og veitti þeim þó ekki af honum. (Gripið fram í.) Þessu er hæstv. ráðherra núna að sópa upp. Hann er sópa upp vanda fyrirrennara síns í samgrn., sópa upp vanda einkavæðingarinnar sem í raun í flestum tilfellum er aðeins fólgin í því að soga til sín skammtímagróða en skilja síðan vandamálin eftir þegar ekki er hægt að pumpa meira fjármagni út.

Ég óttast, herra forseti, að verði gengið enn harðar fram í einkavæðingu á fjarskiptaþjónustu, í samgöngumálum, almannaþjónustunni og almenningssamgöngunum í landinu þá megum við búast við því að stórir hlutar landsins verði án þessarar þjónustu eða búi við verulega skerta þjónustu.

Herra forseti. Ég frábið mér að Vinstri grænir séu hæstv. ráðherra sérstaklega óþægur ljár í þúfu. Við erum einmitt að reka þau erindi að færa mál hans til betri vegar og það munum við gera áfram af öllum okkar krafti eins og við getum með hag lands þjóðar að leiðarljósi.

[15:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki sérstaklega að kvarta undan því að hv. þm. Vinstri grænna væru eitthvað sérstaklega erfiðir mér sem samgrh., það er nú öðru nær. Ég var hins vegar að vekja athygli á því að Samfylkingin ætti ekki að fara í það sama ljáfar og þeir hv. þm. Vinstri grænna, að vera á móti öllu.

En hins vegar er alveg ljóst að hv. þm. Jón Bjarnason misskilur það þegar hann talar um einkavæðingu í flugi. Það er náttúrlega ekkert um það að ræða að nein einkavæðing sé í flugi. (Gripið fram í.) Það hefur sem betur fer ekki verið neinn ríkisrekstur flugfélaga á Íslandi.

Hins vegar var það svo að á grundvelli samnings okkar um Evrópska efnahagssvæðið var gert ráð fyrir að frelsi væri í fluginu, þannig að fleiri en þeir sem hefðu einkarétt á tilteknum flugleiðum gætu stundað þann atvinnurekstur. Það er staðreynd málsins. Og eins og oft vill verða þegar hart er keppt, þá misstíga menn sig stundum, það kann vel að vera að það hafi gerst í innanlandsfluginu, ég vil þó ekkert

fullyrða um það. Staðreyndin er sú að þetta er viðkvæm atvinnugrein.

Og það er auðvitað alveg ljóst að hv. þm. Jón Bjarnason, páv. skólastjóri Hólaskóla, hefur líklega ekki flogið nógu oft um Alexandersflugvöll til þess að flugfélögin fengju næg verkefni. (Gripið fram í.) Já, það kann vel að vera að hann hafi flogið mikið, en það er auðvitað grundvöllur slíkrar þjónustu að viðskipti séu til staðar.

Staðreyndin er hins vegar sú að flugfélögin hafa verið að fóta sig á þessu svelli og með þeim aðgerðum ríkisstjórnarinnar að viðurkenna að styrkja þarf tilteknar flugleiðir í jaðarbyggðum er komið til móts við flugfélögin. Með þeim aðgerðum á ég von á að til frambúðar verði eðlilega staðið að þessum málum.

[15:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra kom hér inn á í lokin að ríkisvaldið og ríkisstjórnin verður að styrkja innanlandsflug til þess að halda því gangandi og halda þeirri þjónustu sem við viljum hafa þar. Og ég tel að þar séum við á réttri leið. Að vísu þarf enn að skilgreina hvaða innanlandsflug við ætlun að verja en það eru æ fleiri flugleiðir að koma þar inn.

Æskilegast hefði þó verið að flugumgjörð á Íslandi hefði verið með þeim hætti að hún hefði ekki þurft þessara ríkisstyrkja við. Og þar tel ég einmitt að hið frjálsa skotleyfi sem var gefið með því að gefa flugáætlun á alla flugvelli frjálsa fyrir nokkrum árum hafi einmitt átt sinn þátt í því að flýta þeirri þróun sem síðan varð að flugfélögin lögðu upp laupana með rekstur á hinum ýmsum flugleiðum.

Hæstv. ráðherra nefndi einmitt fáránleikann sem við stöndum frammi fyrir, þ.e. að bjóða út flug til Gjögurs á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hæstv. ráðherra kom einmitt inn á þann fáránleika sem við búum við, flugfélög standa ekki út um alla Evrópu í biðröðum til að fá að fljúga til Gjögurs. En íbúarnir þar og þjóðin öll vill væntanlega að haldið sé uppi sem bestum samgöngum við það byggðarlag og er þess vegna furðulegt að þurfa að bjóða slíkt flug út um alla Evrópu. Fáránleikinn sem við stöndum frammi fyrir í þessari einkavæddu samkeppni er því einmitt það alvarlega í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 1. umr.

Frv. KLM o.fl., 32. mál (leiðarflugsgjöld). — Þskj. 32.

[15:36]

Flm. (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Auk mín eru flm. að frv. nokkrir aðrir hv. þm. Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinsson, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Frv. er um að 4. mgr. 71. gr. a laganna falli brott. Greinin fjallar um upptöku á svokölluðu leiðarflugsgjaldi, sem við ræddum hér aðeins áðan í því frv. sem hæstv. ráðherra mælti fyrir.

Í ákvæði til bráðabirgða segir, með leyfi forseta:

„Öll gjöld sem innheimt hafa verið á grundvelli 4. mgr. 71. gr. a laga nr. 60/1998, frá því að lög nr. 74/2000 tóku gildi, skulu endurgreidd án ástæðulauss dráttar frá gildistöku laga þessara."

Herra forseti. Hér er þetta frv. flutt í annað skiptið. Það var flutt á 126. löggjafarþingi og þá bárust samgn. jafnframt umsagnir um málið sem allar voru mjög jákvæðar. Frumvarpið varð hins vegar ekki útrætt og er því flutt nú, en þó með þeirri viðbót sem er ákvæði til bráðabirgða, sem ég nefndi áðan um að innheimt leiðarflugsgjöld, sem stundum hafa verið kölluð flugmiðaskattur ríkisstjórnarinnar, verði endurgreidd þeim flugrekendum sem þau hafa greitt.

Frá því frv. var fyrst flutt á síðasta löggjafarþingi og endurflutt nú hefur stuðningsmönnum frv. og þess að fella niður þennan ósanngjarna skatt fjölgað, þar sem hæstv. samgrh. hefur fallist á að ekki sé hægt að leggja þetta gjald á íslenska flugrekendur vegna þess að rektrarafkoma þeirra og rekstrarskilyrði séu það slæm núna. Því ber auðvitað að fagna.

En ég ítreka það sem ég sagði áðan, herra forseti, að frv. sem ég flyt er öðruvísi, það gengur lengra, vegna þess að ég tel að endurgreiða ætti íslenskum flugrekendum þessi leiðarflugsgjöld.

Allir flugrekendur og allir sem sendu inn umsögn þegar málið var fyrst rætt í hæstv. samgn. mæltu gegn þessu, flugrekendur vöruðu við upptöku slíks gjalds og sögðu að þeir hefðu ekki nokkra möguleika á öðru en setja þetta þráðbeint út í verðlagið.

Herra forseti. Við ræddum áðan um rekstrarerfiðleika íslenskra flugfélaga sem sinna innanlandsflugi til hinna ýmsu dreifðu byggða sem m.a. leiddi til þess að við þurftum að taka það upp, eins og reyndar margar nágrannaþjóðir okkar hafa gert, að ríkisstyrkja flug til ákveðinna jaðarbyggða, til ákveðinna staða og ég hef áður lýst því yfir að ég hafi verið mjög ánægður með þá framkvæmd. Ég var líka mjög ánægður með þá framkvæmd að sjúkraflugið væri sett inn í það útboð til að auðvelda flugfélögum og skapa betri rekstrargrundvöll fyrir þau og þau gætu þá sinnt áætlunarflugi til tiltekinna staða, þess vegna í samkeppni við hitt flugfélagið og skapa þar með betri þjónustu og kannski stuðla að því að flugfargjöld rjúki ekki eins upp.

Herra forseti. Á 125. löggjafarþingi voru tekin upp gjöld, svokölluð leiðarflugsgjöld á flugleiðum innan lands. Þessi gjöld voru nýmæli hér á landi. Samkvæmt grg. með frv. til framangreindra laga er þessu gjaldi ætlað að standa straum af kostnaði vegna flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur.

Á fundi samgn. kom fram hjá fulltrúum samgrn. og Flugmálastjórnar að þessi kostnaður væri tæpar 200 millj. kr. á árinu 2000 og gert var ráð fyrir að innheimta 30 millj. kr. fyrir árið 2000 (júní–desember) og tæpar 50 millj. kr. á yfirstandandi ári, árinu 2001. Var á þeim að heyra að stefnt væri að því að gjaldið stæði straum af öllum kostnaðinum í framtíðinni. Með öðrum orðum var sagt að notendur þjónustunnar ættu að greiða sanngjarnt verð fyrir útlagðan kostnað. Það varð sem betur fer ekki.

Frumvarpið var sent nokkrum aðilum til umsagnar sem allir mótmæltu þessu nýja gjaldi á innanlandsflugið. Þeir bentu á að ný gjaldheimta mundi fara beint út í verðlagið, með öðrum orðum yrði tekinn upp flugmiðaskattur eins og áður var sagt.

Herra forseti. Ég vil vitna aðeins í umsögn Flugleiða og dótturfélags Flugfélags Íslands, sem er ákaflega mikilvægt

að rifja hér upp þegar rætt er um þann tíma sem liðinn er frá því þetta var tekið upp og sem blandast auðvitað inn í þá umræðu sem við höfum átt hér í dag um rekstrarerfiðleika flugfélaga og annað. En í þeirri umsögn stóð m.a., með leyfi forseta:

„Öðru máli gegnir um nýmæli í síðari hluta 2. gr. þar sem ætlunin er að lögfesta álagningu nýrra leiðarflugsgjalda í innanlandsflugi, og innheimta á „fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum". Samkvæmt formúlu, sem gilda á um þessi nýju gjöld, þýðir að greiða þarf t.d. 10,65 kr. fyrir hvern floginn kílómetra Fokker 50 flugvélar í innanlandsflugi. Í athugasemdum með frv. kemur fram að þessu nýja gjaldi sé ætlað að skila Flugmálastjórn um 30 millj. kr. viðbótartekjum í ár."

Síðan skýra þeir frá aðdraganda þessarar nýju gjaldtöku af innanlandsfluginu sem kom fram á fundi sem samgrn. hélt 19. ágúst 1999 með fulltrúum sex íslenskra flugrekenda. Á þeim fundi kom m.a. fram að hér væri „aðeins um fyrsta stig slíkrar innheimtu" að ræða. Þarna kom það strax fram og var sagt af þeim flugrekendum sem áttu þennan fund, 19. ágúst 1999, að boðað hafi verið að þarna væri aðeins um fyrsta stig slíkrar innheimtu að ræða. — Ég vildi aðeins ítreka þetta sem hér stendur, herra forseti, vegna þess að stundum hefur verið sagt að farið væri með rangt mál, að þetta hafi verið boðað. Þetta kom fram í umsögninni. — Á þeim fundi mótmæltu flugrekendurnir harðlega slíkum viðbótarálögum og vitnuðu í því sambandi til þeirrar staðreyndar að íslenskt innanlandsflug hefur um árabil verið rekið með töluverðu tapi.

Í kjölfar þessa fundar sendu Samtök ferðaþjónustunnar bréf til samgrh., með afriti til forsrh., fjmrh., flugráðs, flugmálastjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar var m.a. vísað til tveggja þátta í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999:

„Að treysta undirstöður byggðar í landinu í samræmi við nýsamþykkta þingsályktun um það efni. Kraftmikið og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf, aðgangur að góðri menntun og velferðarþjónustu ásamt lægri orkukostnaði og góðum samgöngum eru forsendur blómlegs atvinnulífs í landinu öllu.

„Að auka veg ferðaþjónustunnar með öflugu kynningarátaki á helstu mörkuðum. Þannig verði nýtt þau sóknarfæri sem gefast í þeirri grein, ekki síst á sviði menningar- og heilsutengdrar ferðaþjónustu. Unnið verði að lengingu ferðamannatímans um land allt og betri nýtingu fjárfestingar í greininni."

Rétt er, herra forseti, í þessu efni að minna á framlagða þáltill. sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar með hv. þm. Karl V. Matthíasson í broddi fylkingar hafa flutt um þetta efni, þ.e. um að lengja ferðamannatímann.

Herra forseti. Í þessari umfjöllun sagði líka:

Að mati íslenskra flugrekenda er augljóst að álagning nýrra og aukinna opinberra gjalda á íslenskt innanlandsflug, sem nú þegar er rekið með halla, er ekki til þess fallin að þessum markmiðum verði náð.

Í framangreindu bréfi Samtaka ferðaþjónustunnar, fyrir hönd flugrekendanna, var jafnframt minnt á þær grunnreglur um gjaldtöku af flugrekstri sem birtar hafa verið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) sem Ísland hefur verið fullgildur aðili að frá 1947. Þar er um að ræða yfirlýsingar fastaráðsins, svo og þær alþjóðlegu leiðbeiningar sem er að finna í hlutaðeigandi handbók um þetta efni.

Í yfirlýsingu fastaráðsins eru aðildarríkin sérstaklega hvött til varkárni í stefnumörkun sinni við álagningu leiðarflugsgjalda og að þau taki tillit til þeirra áhrifa sem slík gjaldtaka hafi á notendur, sérstaklega flugrekendur sem gætu þurft að hækka gjaldskrár með hliðsjón af auknum kostnaði við ný og hærri gjöld.

Herra forseti. Umsagnirnar sem þarna komu voru strax mjög skýrar. Þetta hefur svo allt saman gengið eftir. Samt sem áður þverskallaðist hæstv. ríkisstjórn við þessum aðvörunarorðum og beitti sér fyrir því að þessi flugmiðaskattur var tekinn upp. Það er svo ekki nokkur vafi á því að flugmiðaskattur, þótt ekki sé mikill, samt 45–50 millj. á ársgrundvelli ef áætlanir hefðu gengið eftir — þess ber að geta að sennilega hefði þessi skattheimta verið eitthvað minni vegna þess að ferðum hefur fækkað. Það er alveg ljóst að þetta var ekki til að létta reksturinn. Það voru því mikil mistök hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokkanna að taka upp þessa skattheimtu, þennan nýja skatt. Því ber auðvitað að fagna að nú hafa menn ákveðið að taka þennan skatt til baka, viðurkennt þau mistök sem þarna áttu sér stað og leiðrétt þau með því að taka skattinn út.

Það er rétt, herra forseti, að rifja líka aðeins upp — vegna þess að flugráð fjallaði um frv. það sem hér er flutt á 32. fundi sínum 23. mars 2000 og þar segir m.a., með leyfi forseta:

Í ljósi þeirrar erfiðu afkomu á innanlandsflugi sem raun ber vitni, þar sem sífellt fækkar flugrekendum og áfangastöðum, er nauðsynlegt að sýna varkárni við ný gjöld og skoða þarf vel hvaða áhrif þau hafa á notendur. Flugráð er því mótfallið því að setja leiðarflugsgjöld á við núverandi aðstæður og án samhengis við aðra gjaldtöku Flugmálastjórnar.

Í þessu bréfi flugráðs kom fram að umsögnin var samþykkt með fjórum atkvæðum en einn flugráðsmaður sat hjá. Og hverjir skyldu nú hafa setið í flugráði? Jú, það eru Hilmar Baldursson og Óli Jón Gunnarsson — Hilmar Baldursson er að sjálfsögðu skipaður af hæstv. samgrh., og Óli J. Gunnarsson einnig, Gunnar Hilmarsson er framkvæmdastjóri þingflokks framsóknarmanna og skipaður, að mér skilst, sem slíkur. Í flugráði situr einnig sá ágæti maður Karvel Pálmason, fyrrv. alþm., og Árni Johnsen, fyrrv. alþm., sem reyndar var fjarstaddur þennan fund en varamaður hans, Guðmundur Hallvarðsson, sat fundinn.

Herra forseti. Það voru sannarlega mikil mistök að leggja þessi leiðarflugsgjöld á á sínum tíma. Og það varð til þess að auka vandræði þessara flugfélaga. Kostnaðaraukinn varð töluverður, þegar stórhækkun á eldsneytisverði er líka höfð í huga, að maður tali ekki um gengisfellingu íslensku krónunnar, gengisfellingu sem menn mæla jafnvel á fjórða tug prósenta, eftir því hvað menn fara langt til baka. Hún hefur ekki orðið til þess að auðvelda flugfélögum rekstur sinn.

Íslenskir flugrekendur þurfa að kaupa mikið af þjónustu sinni — að maður tali ekki um varahluti, eru jafnvel með flugvélarnar á leigu — og allt er þetta greitt í erlendri mynt. Tekjurnar eru hins vegar í íslenskum krónum, og því fór sem fór.

Ég óttast það mjög, herra forseti, að ekki sjái fyrir endann á fjárhagslegum erfiðleikum íslensku flugfélaganna um þessar mundir og ég óttast að uppgjör fyrir þetta ár verði mjög slæmt. Það gæti jafnvel leitt til þess að sum flugfélög muni draga sig út úr íslenskri flugþjónustu. Ég vona svo sannarlega að ekki komi til þess. En það setur auðvitað allt þetta

mál í mikið uppnám. Farþegaflugið, flug með ferðamenn og síðast en ekki síst sjúkraflugið.

Ég vildi svo rétt í lokin segja það, herra forseti, að sá flugmiðaskattur sem þetta frv. fjallar um að fella niður, en frv. er endurflutt frá síðasta þingi, er skattheimta sem átti að skila einum 45 millj. kr. Það er sannarlega kannski rétt að þessar 45 millj., skipt niður á íslenska flugrekendur, ráða örugglega ekki úrslitum um rekstrarskilyrði þeirra. Ég hygg að gengisfelling íslensku krónunnar valdi því miklu frekar. Engu að síður — skilaboðin sem hæstv. ríkisstjórn sendi flugrekstraraðilum með þessum flugmiðaskatti voru skýr. Menn geta líka sagt, og hafa sagt, að þessi flugmiðaskattur sé sáralítill á hvern farmiða. Menn voru búnir að reikna það einhvern tímann út að þetta voru fimm eða tíu krónur á farþega o.s.frv. Það getur vel verið að það sé rétt. En ég bendi þá á það, herra forseti, að þessi flugmiðaskattur var líka greiddur af flugferð sem enginn farþegi sat í. Og þótt það hefði bara verið einn farþegi var greitt jafnhátt gjald fyrir flugið.

Ég ætla ekki að segja að þetta hafi orðið til þess að Flugfélag Íslands hætti að fljúga til Vestmannaeyja eða Hafnar í Hornafirði, ég er ekki viss um það. En allir þessir samverkandi þættir: gengisfelling krónunnar, hátt olíuverð, mjög mikil launahækkun íslenskra flugmanna — við megum ekki gleyma — og annað í þessum dúr hefur verið mjög erfitt fyrir íslenska flugrekendur. Allir þessir þættir sem komu á svipuðum tíma inn hafa vafalaust gert það að verkum að margir hugsuðu sem svo að þetta væri bara hreinlega ekki hægt og að menn mundu draga sig út úr þessum flugrekstri.

Sú hefur orðið raunin með Flugfélag Íslands sem hætti að fljúga til Vestmannaeyja. Við tekur sem betur fer Íslandsflug, sem flýgur ágætum vélum, mjög öruggum og góðum Dornier-vélum, en þær eru ekki nema 19 sæta. Og við vitum vel — það hefur ekki minnkað nú á þessum síðustu og verstu tímum í flugöryggissögu heimsins eða frá hryðjuverkunum 11. september — að það eru mjög margir, sérstaklega útlendingar sem eru ekki vanir að ferðast í svona litlum flugvélum, sem hreinlega bara hætta við þegar þeir sjá að vélarnar eru ekki stærri.

Þannig held ég, herra forseti, að það sé mjög erfitt og mjög bagalegt fyrir samfélagið Vestmannaeyjar að Flugfélag Íslands skuli hætta að fljúga þangað Fokker Friendship-vélum, 50 manna vélum. Og e.t.v. er nákvæmlega það sama að segja um Hornafjörð.

Komið hefur fram frá hæstv. samgrh. að hann hyggist efna til útboðs vegna flugsins til Hornafjarðar, og því er ég alveg sammála. Það flug verður ekki rekið nema með ríkisstyrk.

Herra forseti. Rétt í lokin. Ég er ekkert hræddur við það að taka upp orðið „ríkisstyrkur" í sambandi við farþegaflug eða sjúkraflug. Þetta er vel þekkt hjá nágrannalöndum okkar. Það þarf að styrkja flug til hinna minni staða, til dreifðra byggða, á landsbyggðinni. Það höfum við gert núna í rúmlega eitt ár og því ber auðvitað að fagna. Þetta er samfélagsleg þjónusta og það er samfélagið sem verður að koma til og veita styrki í þetta flug þannig að hægt sé að hafa það, nákvæmlega eins og ferjusiglingar eru styrktar og nákvæmlega eins og strætisvagnaakstur á Íslandi er í raun og veru niðurgreiddur. Og þá á ég auðvitað við það að 70% af þungaskatti í strætisvagnarekstri eru gefin eftir. Ég er ekki að mæla gegn því, ég er hlynntur því. Ég er sammála því að þetta sé gert. Þetta er einfaldlega hluti af samgöngukerfi Íslendinga og við þurfum að styrkja það á þennan hátt.

Herra forseti. Að lokinni 1. umr. um þetta frv. til laga sem ég hef hér flutt legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm., 1. flm. þessa frv., liggur fyrir að í raun er búið að taka ákvörðun um að fella niður hið svokallaða flugleiðsögugjald þannig að flugfélögin þurfi ekki að greiða það. Kannski þarf þá ekki að halda margar ræður um það vegna þess að stjórnvöld eru búin að taka þessa ákvörðun. Og um það fjölluðum við þegar við vorum að fara yfir loftferðalagafrv. fyrr í dag.

Hv. þm. Kristján Möller komst að orði eitthvað á þá leið að auðvitað hefði þetta gjald ekki ráðið úrslitum út af fyrir sig um afkomu flugfélaganna hvað varðar innanlandsflugið. Það er alveg rétt hjá honum. Hins vegar var það afstaða ríkisstjórnarinnar að vegna kostnaðarauka hjá flugfélögunum, m.a. vegna olíuverðshækkana, var talin ástæða til þess að koma til móts við flugfélögin með þeim hætti sem við gerum í frv. ríkisstjórnarinnar og fella niður þetta gjald.

Hvað varðar hins vegar almenningssamgöngur innan lands vil ég, að gefnu tilefni, fara aðeins yfir það að við Íslendingar höfum sloppið tiltölulega vel frá því að styrkja almenningssamgöngur. Við höfum haft áætlunarbíla sem hafa verið reknir á grundvelli sérleyfa gegnum tíðina og þar eru veittir styrkir, ríflega hundrað milljónir. Á síðasta ári var tvöfaldaður sá styrkur sem gengur til sérleyfisbíla. Auk þess, eins og fram kom, er strætisvagnaþjónustan styrkt nokkuð. Síðan hafa flugfélögin fengið minni háttar stuðning, raunar mjög lítinn, þangað til nú að við höfum boðið út tilteknar flugleiðir. Þetta eru ríkisstyrkir í almenningssamgöngum fyrir svo utan ferjurnar, Herjólf, Baldur, Anný sem gengur til Mjóafjarðar og Hríseyjar- og Grímseyjarferjurnar.

Þetta eru auðvitað nokkrar fjárhæðir þegar á heildina er litið fyrir okkar litla hagkerfi og fáu íbúa sem eru í landinu. Engu að síður eru þetta veittir styrkir.

Ég tel að við þurfum auðvitað að gæta mjög hófs í því að veita ríkisstyrki, í hvaða nafni sem þeir eru, en við höfum hins vegar tekið ákvörðun um að veita þessa styrki til almenningssamgangna sérleyfisbíla og við gerum ráð fyrir því að bjóða þær leiðir út innan tíðar. Og við höfum ákveðið að bjóða út flugsamgöngurnar á jaðarbyggðirnar eins og hefur komið fram, í tilfelli Hornafjarðar vegna þess að það er tiltölulega löng leið að fara akandi og það er talið að áætlunarflug til Hafnar í Hornafirði nýtist vel fyrir sjúkraflutningana. Á Hornafirði er ekkert sjúkrahús og þess vegna er mjög mikilvægt að sjúkraflutningar séu öruggir. Þess vegna teljum við eðlilegt að þetta fari saman.

Þannig er þetta svið ríkisstyrkja hjá okkur og ég tel að jafnan þurfi að skoða mjög vandlega og fara varlega í að halda uppi ríkisstyrkjum. Engu að síður er almenningssamgöngukerfið í öllum nágrannalöndum okkar styrkt með einhverjum hætti. Við höfum ekki járnbrautarlestir eins og nágrannalönd okkar sem kosta þarlenda skattgreiðendur mjög miklar fjárhæðir. Hins vegar er flugið mjög mikilvægt fyrir okkur í stóru og strjálbýlu landi. Sem betur fer er flugið það mikið notað eins og t.d. á leiðunum Reykjavík/Ísafjörður, Reykjavík/Akureyri, Reykjavík/Egilsstaðir og Reykjavík/Vestmannaeyjar að flugfélögin treysta sér til þess að fljúga þessar leiðir án sérstakra styrkja.

Ég vona að svo verði áfram í framtíðinni. En aðrar flugleiðir þarf að tryggja og treysta vegna byggðarinnar og ekki síður vegna ferðaþjónustunnar og þess vegna höfum við valið þá leið að veita styrki en gera það með útboðum.

Þetta vildi ég að fram kæmi, herra forseti, vegna þessarar umræðu en að öðru leyti vil ég vísa til þess að þetta frv. er í raun óþarft. Það liggur fyrir að við munum ekki innheimta flugleiðsögugjaldið en það er fyrst og fremst liður í því að veita flugfélögunum óbeinan styrk vegna þess að kostnaðarverðshækkanir hjá flugfélögunum hafa orðið miklu meiri en okkur óraði fyrir þegar flugleiðsögugjaldið var á sínum tíma lagt á.

[16:03]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir innlegg hans í þessa umræðu. Hann segir að þetta frv. sé óþarft vegna þess að búið sé að taka ákvörðun um að fella niður þetta gjald. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh., vegna þess að í frv. sem hann flutti áðan um loftferðir er ákvæði um að lög þessi öðlist þegar gildi þegar þau verða samþykkt: Er þá virkilega meiningin að rukka flugmiðaskattinn allt þetta ár? Ég get ekki séð að hæstv. samgrh. fái heimild til að hætta að innheimta leiðarflugsgjöldin á miðju ári eins og boðað var. Það er ekki.

Ég spyr hann því út í það og bið hann um að svara því hér á eftir: Hvenær er ætlunin að leiðarflugsgjaldið detti niður? Verður það með gildistöku laganna? Ég get ekki séð annað en að gert sé ráð fyrir að flugmiðaskatturinn tifi í dag. Í dag þarf að borga þessi gjöld fyrir flug frá Reykjavík til Akureyrar vegna þess að það eru engin ákvæði um að hætta við þau frá og með einhverjum tíma. Ég vona að hæstv. samgrh. styrki okkur í því í samgn. að taka gjaldið af.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði, að við höfum sloppið vel við að styrkja almenningssamgöngur. Hins vegar leggjum við ótal skatta aðra á almenningssamgöngur. Við erum að tala um flugmiðaskattinn. Má ég nefna eitt dæmi, af því að við vorum að ræða um leigubílafrv. fyrir nokkrum dögum. Þar er ákvæði um að taka upp leigubílaskatt upp á 13 þús. kr., ný skattheimta. Gera menn sér grein fyrir því að leigubílstjórar borga virðisaukaskatt af gjaldmælum upp á næstum 2 þús. kr. á mánuði eða 24 þús. kr. á ári. Séu þetta 500 bílar þá eru leigubílstjórar að greiða um 13 millj. kr. í virðisaukaskatt á ári til samfélagsins vegna þess að menn hafa tekið upp nýja aðferð við að mæla kostnað við ferðina.

[16:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur alveg skýrt fram í frv. sem við ræddum áður, loftferðafrv., að þau lög, ef hv. þm. leggst ekki gegn því að afgreiða þau en hann var reyndar að tala um að hann gerði ekki ráð fyrir að þetta yrði afgreitt fyrr en eftir áramót, taka auðvitað gildi þegar þingið afgreiðir þau. Hins vegar kemur fram í greinargerð með frv. hvaða tekjur við gerum ráð fyrir að fá af þeirri breytingu. Skattalög eru ekki afturvirk með íþyngjandi hætti. Hins vegar er það svo að frv. og greinargerðin segja til um þessa skattheimtu á þessu ári en á næsta ári verður gjaldið ekki innheimt.

Umræðan um skattheimtu á leigubíla er mjög sérkennileg hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar, sérstökum talsmönnum samneyslunnar. Ég kann því mjög illa þegar reynt er að gera úlfalda úr mýflugu. Í umræðunni um leigubílafrv. var skýrt tekið fram að við erum þar fyrst og fremst að innheimta kostnað sem fellur til vegna þess að verið er að úthluta takmörkuðum fjölda leyfa og samfélagið hefur ákveðinn kostnað af því. Þar er mjög góð grein gerð fyrir því hvernig hann verður til og hvernig hann er hugsaður. Ég vona að hv. þingmenn sameinist um að afgreiða það frv. fljótt og vel á þeim forsendum sem þar liggja fyrir.

[16:07]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði um þetta leiðarflugsgjald og hvenær það eigi að falla niður. Það er rétt að í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn hafi verið innheimtar á árinu 2001 16 millj. kr. vegna gjaldsins. Því má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs hækki um 29 millj. kr. á árinu 2001 og 45 millj. kr. á árinu 2002, vegna niðurfellingarinnar.

Herra forseti. Ég held — og það er þá bara allt í lagi ef það vantar inn í frv. — að þetta gjald eigi samkvæmt frv. hæstv. ráðherra sem við vorum að ræða áðan að falla niður frá og með miðju ári. Ég vænti þess þá að við höfum stuðning fyrir því og allir verði sammála því í hv. samgn. að gera þá breytingu, þegar við höfum farið yfir það, að hætt verði að rukka þetta gjald frá miðju ári, helst frá 1. janúar sl. og gjaldið falli niður allt þetta ár. Ég vona að við það verði stuðningur en í frv. sem við ræddum áðan voru engin ákvæði um það. Að mínu mati, ég held að ég skilji það rétt, er ekki nægjanlegt að gjaldið falli niður frá miðju ári vegna þess að um það sé getið í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. En ég fagna því að sjálfsögðu, og það skal ekki standa á mér við það, að þetta verði tekið upp.

Mér fannst það hálfgerður útúrsnúningur hjá ráðherra áðan að ég hafi boðað að ég mundi leggjast gegn frv. sem við ræddum áðan. Ég sagði það ekki. Ég sagði hins vegar að það yrði ekki nein fljótaskrift á þeirri umræðu. Ég gagnrýndi það hve frv. kemur í raun seint fram en ég held að hv. samgn. muni fara mjög gaumgæfilega yfir það mál og taki sér þann tíma sem þar þarf. Ég er tilbúinn til að mæta á fleiri og lengri fundi ef það má verða til þess að þetta taki gildi. Hins vegar verður farið vel yfir þetta frv. og það þarf að fá margar umsagnir um það og marga í heimsókn til að ræða málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 184. mál. — Þskj. 191.

[16:10]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 191 hef ég lagt fram þáltill. um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Kristján Pálsson og Guðjón Arnar Kristjánsson. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn.“

Í greinargerð kemur fram að árið 1936 samþykkti Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, tilmæli nr. 48. Þessi tilmæli

varða velferð sjómanna í höfn. Á grundvelli þessara tilmæla var komið á fót sjómannaþjónustu víða um lönd. Norðurlöndin, önnur en Ísland, voru í fararbroddi, enda miklar siglingaþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Síðastliðna hálfa öld hafa íslenskir sjómenn getað notið þjónustu slíkra velferðarstofnana, sjómannastofa, annars staðar á Norðurlöndum, á Bretlandi og í Þýskalandi. Hins vegar hefur Ísland ekki tekið þátt í þessari starfsemi. Ástæðan hefur einkum verið sú að á Íslandi hafa verið allt aðrar forsendur ríkjandi í þessum málum. Flutningar fóru að megni til fram með íslenskum skipum til og frá landinu og mjög sjaldgæft að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Undanfarna þrjá áratugi hafa þessar forsendur verið að breytast. Stór flutningaskip flytja meginhluta allra fiskafurða á erlenda markaði. Stórflutningar í hráefnisinnflutningi, svo sem á hveiti og korni, súráli og málmblendi, fara að mestu fram með erlendum kaupskipum, en umfangsmestu breytingarnar hafa orðið í farþegaskipasiglingum. Um 15–20 þúsund starfandi sjómenn á skemmtiferðaskipum koma til hafnar á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Þeim til viðbótar koma um 1.000 kaupskip til hafnar á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali um 10 manns í áhöfn. Fjöldi erlendra og innlendra fiskiskipa kemur til hafnar á höfuðborgarsvæðinu árlega með um 5.000 manns samtals í áhöfnum, en það er varlega áætlað. Þeir Íslendingar sem starfa um borð í þessum skipum búa ekki allir á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að á bilinu 25–30 þúsund sjómenn heimsækja höfuðborgarsvæðið á hverju ári.

Hinn 17. maí 2000 stofnuðu samtök sjómanna og þjóðkirkjan Sjómannaþjónustuna í Reykjavík og nágrenni. Að henni standa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjómannadagsráð, Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands og þjóðkirkjan. Sjómannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni byrjaði á því að láta fara fram viðamikla könnun sumarið 2000 meðal erlendra sjómanna um borð í skipum í höfnum við Faxaflóa á þörf fyrir þjónustu við sjómenn á höfuðborgarsvæðinu og fól Gallup framkvæmd hennar. Um 85% þeirra sem svöruðu töldu brýna þörf á sjómannaþjónustu sem hér er um getið.

Sú sjómannaþjónusta, sem nú er veitt víða erlendis, byggist á samþykkt ILO. Sjómannaþjónustunni í Reykjavík standa nú til boða fjármunir úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna, allt að 98 millj. kr., til að koma þessari aðstöðu á fót hér á landi með öllum þeim búnaði sem til þarf. Rétt er að geta þess að nú þegar er hafið starf við að útbúa þessa sjómannastofu í húsnæði á Grandagarði. Þessi alþjóðlegi velferðarsjóður getur ekki tekið að sér daglegan rekstur slíkrar þjónustu. Sjómannasamtökin binda vonir við að ríkisstjórnin fullgildi ILO-samþykktina til að tryggja fjárhagslegan rekstur þessarar starfsemi á Íslandi. Inn í slíka starfsemi mundi að sjálfsögðu fléttast margvísleg þjónusta við íslenska sjómenn, enda er lögð rík áhersla á að um sé að ræða þjónustu við alla sjómenn, án tillits til þjóðernis.

Þjóðkirkjan hefur nú þegar stofnað embætti miðborgarprests sem ætlað er m.a. að sinna þjónustu við sjómenn og er það starf alfarið kostað af þjóðkirkjunni. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu í væntanlegri sjómannastofu, nái tillagan fram að ganga.

Fjármögnun þessarar þjónustu annars staðar á Norðurlöndum er með ýmsu sniði. Í Svíþjóð og Finnlandi er þessi þjónusta innifalin í hafnargjöldum en í Danmörku eru beinar fjárveitingar á fjárlögum. Hér á landi mætti athuga með greiðslu til þessa nauðsynjamáls með tilteknu hlutfalli af vörugjöldum. Um væri að ræða rekstrarkostnað sem gæti numið um 20 milljónum íslenskra króna á ári.

Herra forseti. Ég hef aðeins stiklað á stóru í greinargerðinni, enda er þetta í annað sinn sem þessi þáltill. er flutt. Ég legg til að eftir þessa umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

[16:15]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson flytur ásamt þremur öðrum hv. þm. er allrar athygli verð, þ.e. að ríkisstjórninni verði falið að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn. Það sem að okkur mundi væntanlega snúa fyrst og fremst yrði aðbúnaður skipverja í höfn og þá náttúrlega fyrst og fremst erlendra sjómanna en í grg. kemur fram að árlega sæki um 25–30 þúsund sjómenn höfuðborgarsvæðið. Það er auðvitað alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. og kemur skýrt fram í grg. að forsendur hafa breyst á undanförnum áratugum og eins það að íslenskir sjómenn hafa notað sjómannastofurnar um áratuga skeið á Norðurlöndunum, Bretlandi og Þýskalandi en forsendurnar hafa kannski fyrst og fremst breyst vegna þess að áður fluttu Íslendingar nánast allan sinn varning til og frá landinu með íslenskum skipum. Á þessu hefur orðið veruleg breyting og þess vegna er þetta kannski meira aðkallandi en oft áður, að koma upp slíkri starfsemi hér. Það var mjög sjaldgæft eins og hér kemur fram, að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Fram kemur að 10 þúsund þeirra 25–30 þúsund sjómanna sem árlega heimsækja hafnirnar á höfuðborgarsvæðinu eru skipverjar á kaupskipum og sjálfsagt eru það fyrst og fremst þeir sem mundu nota slíka þjónustu ef til kæmi. Ég býst við að þetta mundi kannski síður notast sjómönnum á skemmtiferðaskipum sem hér eru taldir vera 15–20 þúsund á ári þar sem um borð í þeim skipum er e.t.v. flest sú þjónusta sem hér er talin upp, margháttuð þjónusta og afþreying sem skipverjar á skemmtiferðaskipunum geta væntanlega nýtt sér í einhverjum mæli.

Mér finnst Gallupkönnunin, sem sjómannaþjónustan hefur látið gera og hér er vitnað í, afskaplega athyglisverð þar sem mjög margir sjómenn á skipum við Faxaflóa og í höfnum hafa verið spurðir um viðhorf sitt til slíkrar þjónustu, hvort þeir mundu nota hana o.s.frv. Þar kemur fram hvað það er sem þessum sjómönnum finnst væntanlega fyrst og fremst vanta. Mér finnst athyglisvert að 94,2% aðspurðra skuli nefna bókasöfn og blöð og 92,3% ferðaþjónustu og tæp 90% síma-, tölvu- og póstþjónustu. Síðan nánast alla aðra liði, 80–90% sjómanna, þ.e. veitingaþjónustu, skoðunarferðir og menningu, félagsskap við aðra sjómenn, afþreyingu og leiki, guðsþjónustu og prestsþjónustu.

Mér fannst einnig athyglisvert að það sem þessa ágætu sjómenn virðist síst vanta skuli vera líkamsrækt sem er langlægst í þessari skoðanakönnun. Það er dálítið merkilegt með þeirri miklu vakningu sem orðið hefur í líkamsrækt á undanförnum árum. Ef til vill er skýringin sú að aðstaða til líkamsræktar er í sívaxandi mæli um borð í skipum og að sjálfsögðu er það skýringin á því að sjómönnum finnst síður vanta hana en ýmislegt annað.

Það er mjög athyglisvert sem hér segir líka að sjómannaþjónustunni í Reykjavík skuli standa til boða 98 millj. kr. úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna til að koma þessari þjónustu upp. Slíkir velferðarsjóðir eru hins vegar ekki tilbúnir til að reka þessa starfsemi og, eins og fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, menn þurfa um 20 millj. í það árlega og hér er þeirri hugmynd velt upp að taka það fé af vörugjöldum. Í Svíþjóð og Finnlandi er þetta tekið af hafnargjöldum. Fljótt á litið finnst mér það kannski betri kostur. Ég hefði haldið að ef þetta væri af vörugjöldunum væri það kannski frekar borgað af þeim sem kaupa þær vörur sem verið er að flytja með skipunum, vörugjaldið fari þá beint inn í verðlagið, en hafnargjöldin eru frekar greidd af skipafélögunum, útgerðunum. En e.t.v. fara þau sömu leið í verðlagningunni. Ég þekki það ekki nógu vel. En einhvern veginn sýnist mér fljótt á litið að það gæti verið betri kostur.

Það er eitt sem mér finnst dálítið athyglisvert við að lesa grg. og það er að þessi ILO-samþykkt sem er frá 1987 skuli einungis hafa verið fullgilt af 11 ríkjum og þau eru talin upp skilmerkilega. En ég vil spyrja flm., hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, hvort hann kunni skýringu á því af hverju svo fá ríki hafi fullgilt þá samþykkt.

Ég vil síðan ítreka það að lokum að hér er athyglisvert mál á ferðinni og mér finnst sjálfsagt að skoða það mjög vel í meðförum þingsins.

[16:21]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að flytja þetta mál. Ég tek undir að mér finnst það mjög athyglisvert og greinilegt að flutningsmaður hefur kynnt sér mjög vel hvernig að þessum málum er staðið hjá öðrum ríkjum.

Einnig er ljóst að sjómannasamtökin á Íslandi hafa undirbúið sig verulega með því að stofna nefnd um málið og koma því í þann búning að hægt sé að hrinda þessu í framkvæmd með litlum stuttum fyrirvara.

Það virðist nokkuð ljóst að stofnun slíkrar sjómannastofu er tryggt nægt fjármagn en aftur á móti eru meiri erfiðleikar með reksturinn. Ég held að ljóst sé að íslensk stjórnvöld verði að skoða þetta með mjög jákvæðum augum því að með sjómannaþjóð eins og Íslendingum verður að telja það nokkuð sjálfsagða þjónustu að standa að rekstri slíkrar stofu eins og hér um ræðir. Engir skilja það betur en sjómenn hvers virði það er að eiga slíkt athvarf, eins og maður getur sagt, og ég hef sjálfur kynnst því á árum mínum sem sjómaður.

Ég tel því enga ástæðu fyrir stjórnvöld að bíða með það að staðfesta þessa ILO-samþykkt nr. 163. Það er reyndar athyglisvert eins og hv. 4. þm. Vesturl. Guðjón Guðmundsson sagði áðan að ekki skuli vera fleiri þjóðir búnar að fullgilda þá samþykkt. Athyglisvert er að Bretar, sú mikla siglingaþjóð, hafa ekki samþykkt hana, ekki Þjóðverjar og ekki Rússar sem eru náttúrlega gríðarleg siglingaþjóð, og ekki Bandaríkjamenn. Það breytir út af fyrir sig ekki neinu. Þessar þjóðir, flestar hverjar, hafa rekið sjómannastofur sem ég hef sjálfur heimsótt. Þó að þeir hafi ekki samþykkt eða fullgilt slíkar samþykktir hafa þeir eigi að síður veitt slíka þjónustu.

Það er mjög tímabært að við gerum eitthvað hvað þetta varðar. Fjármögnun rekstrar virðist ekki vandamál heldur spurning um leið sem mætti finna. Mér fyndist að þetta gæti orðið samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, t.d. einstakra fyrirtækja eins og Eimskipa, Landssambands ísl. útvegsmanna, sjómannasamtaka og ríkisins. Ég get ekki séð neitt athugavert við að þeir aðilar kæmu sameiginlega að slíku máli. Það getur vel verið að hægt sé að setja eitthvert sérstakt gjald á hafnirnar eða að vörugjöldin verði með einhverju álagi sem mundi dekka slíka þjónustu. Það er samt hætt við því að það álag mundi að endingu lenda hjá höfnunum sjálfum nema það væri sérstaklega eyrnamerkt, það gæti því orðið erfitt að innheimta það. En auðvitað er ekkert sjálfgefið í þessu.

Eftir því sem mér skilst er það meining þeirra sem vilja reka slíka stofu að veita sjómönnum ýmiss konar þjónustu eins og að ná í þá til annarra nálægra hafna við höfuðborgina þannig að sjómenn geti notið þess að koma þarna og sinnt áhugamálum sínum t.d. við tölvur, bókasöfn og alls konar tómstundaiðju. Ég kannast við það úr öðrum höfnum að mönnum var boðin slík þjónusta í eina tíð, og maður hugsar einhvern veginn til þeirra þjóða sem veita sjómönnum athygli. Ég ítreka þá skoðun mína að mér finnst vel við hæfi að íslensk stjórnvöld sýni sjómönnum, bæði íslenskum og þeim sem hingað sækja, þá virðingu að samþykkja ILO-samþykkt nr. 163 og veita sjómönnum þá þjónustu sem sjómannastofu mundu fylgja.

[16:27]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni og Kristjáni Pálssyni fyrir undirtektir við þetta mál. Aðeins vegna þeirra orða sem hér hafa fallið, m.a. um að aðeins 11 ríki hafi samþykkt ILO-samþykktina, þá er þess að geta að t.d. eru ekki talin upp ríki eins og Bretland og Þýskaland þar sem þó eru reknar sjómannastofur.

Norðmenn, Danir og Svíar hafa rekið sjómannastofur vítt og breitt um heiminn og m.a. er að finna slíkar sjómannastofur í Japan. Ég minnist þess sjálfur sem ungur maður siglandi í Karíbahafinu að á mörgum eyjum þar voru danskar og norskar sjómannastofur. Norðmenn, Danir og Svíar hafa því verið mjög ötulir við að reka sjómannastofur enda eru þetta miklar siglingaþjóðir, eins og fram kom í máli mínu áðan, og hafa hugsað vel um sjómenn sína.

Íslendingar hafa notið þar mjög mikillar gestrisni um áratuga skeið og þess vegna er ekki óeðlilegt, eins og hér hefur komið fram, að Íslendingar bjóði nú loksins upp á það sama og þessar þjóðir hafa gert hingað til.

Ég get alveg fallist á það sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson kom inn á varðandi hvernig ætti að finna tekjuhlið á slíkum rekstri sem er áætlað að kosti um 20 millj. á ári hvort sem það er í hafnargjöldum, vörugjöldum eða jafnvel með sérstökum skatti. Það er auðvitað mál sem þarf að leiða til lykta en má ekki verða til þess að tefja framgang málsins.

Alþjóðaflutningaverkamannasambandið hefur veitt verulegt fjármagn í að koma slíkri sjómannastofu á og þegar öll sú frumvinna var unnin kom sérstök greinargerð frá Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu um það hvernig og hversu vel að þessu málum hafi verið staðið á Íslandi, með Gallupkönnun og þeim undirbúningi sem fram hafði farið. Alþjóðaflutningaverkamannasambandið ætlar t.d. að leggja til fólksflutningabíla, minibus-bíla, a.m.k. tvo, þannig að sjómenn verði sóttir af Reykjanesi og alveg upp á Akranes. Þessi þjónusta verður því mjög virk eins og hún er annars staðar í höfnum. Við höfum orðið varir við að aðilar frá sjómannastofum eða sjómannaheimilum, hvort sem það er kallað, hafa komið um langan veg til þess að sækja sjómenn og bjóða upp á það sem hér var komið inn á, þá þjónustu

sem erlendir sjómenn hafa sérstaklega nefnt að þá vanhagi um þegar þeir koma í íslenskar hafnir.

Að lokum vona ég að þetta mál fái góða umfjöllun og verði svo fljótt sem verða má að lögum því að sjómannastofan er í undirbúningi og byggingu og væntanlega verður hún á vordögum tilbúin til þess að sinna hlutverki sínu. Það væri afleitt ef á því einu stæði að þátttaka íslenska ríkisins væri ekki klár varðandi málið, svo brýnt sem það er með tilliti til þess fjölda erlendra sjómanna sem kemur í íslenskar hafnir, eins og ég gat um áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hönnun og merkingar hjólreiðabrauta, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 248. mál. — Þskj. 284.

[16:31]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um skipun nefndar um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta. Flm. auk mín eru hv. þm. Katrín Fjeldsted, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Stefánsson, Ásta Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján Pálsson, Einar Már Sigurðarson og Gunnar Birgisson, þ.e. öll umhvn. Alþingis. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að marka opinbera stefnu í málefnum hjólreiðamanna og stefnu um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta í þéttbýli og dreifbýli. Tekið verði tillit til hjólreiðamanna við hönnun nýrra mannvirkja og stefnt að því að hjólreiðar verði raunhæfur kostur í samgöngumálum á Íslandi.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. október 2002."

Markmið þessarar tillögu er að vekja athygli á hjólreiðamönnum í umferðinni, en hjólreiðar eru ört vaxandi ferðamáti í umferðinni hér á landi. Markmið þessarar tillögu er einnig að auka öryggi og fækka slysum hjólandi vegfarenda.

Hjólreiðar eru vinsæl afþreying á Íslandi, sem og annars staðar. Hjólreiðafólki hefur fjölgað á Íslandi verulega á síðustu árum og nú eiga að líkindum tveir af hverjum þremur Íslendingum reiðhjól. Hjólreiðar eru ódýr og skemmtilegur ferðamáti og um leið heilsusamlegur og reyndar vinsæl fjölskylduíþrótt. Fjölmörg dæmi eru um að fólk í þéttbýli noti reiðhjól til þess að ferðast milli áfangastaða. Ef aðstæður væru betri væri þetta mun vinsælli og öruggari ferðamáti.

Hjólreiðar eru holl og góð íþróttagrein og hluti af daglegri líkamsrækt hjá mörgum. Hjólreiðar eru einnig vinsæll ferðamáti barna og unglinga. Það er í raun löngu tímabært að móta opinbera stefnu í þessum málum. Nú á tímum tölum við gjarnan um heilsutengda ferðaþjónustu en hjólreiðar eru einmitt hluti af henni. Íslendingar sem og útlendingar ferðast um landið yfir sumartímann á reiðhjólum, og það er t.d. mikil umferð erlendra ferðamanna á milli Leifsstöðvar og höfuðborgarsvæðisins og einnig frá Seyðisfirði. Aðstæður hjólreiðafólks á Íslandi eru bágbornar og lítið sem ekkert tillit tekið til hjólreiðafólks í umferðinni. Þess vegna er oft beinlínis hættulegt að ferðast um á reiðhjólum á Íslandi.

Hin fjölfarna þjóðleið frá Hafnarfirði um Garðabæ, Kópavog, Reykjavík og Mosfellsbæ er stórhættuleg hjólreiðafólki sem og gangandi vegfarendum. Hér er auðvitað brýnt að gera úrbætur á. Talið er að um 16.000 reiðhjól hafi verið flutt inn árlega síðustu 11 árin eða um 176.000 reiðhjól auk þeirra sem til voru. Það er talið að um 66% þjóðarinnar eigi reiðhjól eða tveir af hverjum þremur landsmönnum.

Það er í raun mismunandi hjólreiðamenning á Íslandi, en margir þéttbýliskjarnar eru tilvaldir fyrir hjólreiðamenn. Þar má nefna bæi eins og Akranes, bæi og þéttbýliskjarna á Suðurlandi, eins og Selfoss, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri, Hellu, Hvolsvöll, Vík, Kirkjubæjarklaustur, Höfn í Hornafirði og fleiri bæi mætti nefna. Hjólreiðamenn eru kröftugir og dugmiklir. Í haust gekk ég yfir Fimmvörðuháls og þá mætti ég af þar, af öllum stöðum, tíu duglegum hjólreiðamönnum sem voru að hjóla yfir hálsinn. Það er nú reyndar ekki fyrir hvern sem er, en sýnir í raun hvað hjólreiðar eru að verða vinsæl íþróttagrein á Íslandi.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir þessum ferðamáta við hönnun nýrra mannvirkja enda eru hjólreiðar hluti af nútímaafþreyingu og sumarleyfisferðum margra.

Æskilegt væri að í nefndinni sem við gerum tillögu um í þessari þáltill. sætu fulltrúar frá Vegagerðinni, fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, frá Landssambandi hjólreiðamanna, frá Fjallahjólaklúbbi Íslands og Hjólreiðafélagi Reykjavíkur.

Í Reykjavík var starfrækt sérstök hjólreiðanefnd sem skilaði ítarlegum tillögum til borgarráðs árið 1994, auk þess sem gengið var í samtök sem heita „Car Free Cities", en allt of lítið hefur verið unnið með þessar tillögur.

Athyglisverðar tilraunir hafa verið gerðar um aukna notkun reiðhjóla á Árborgarsvæðinu þar sem almenningi hefur verið boðið upp á reiðhjól til að hjóla á milli staða og síðan er skipst á. Þetta er algeng leið í mörgum stórborgum og ég vil hvetja til þess að fleiri reyni einhverjar leiðir í þessa veru.

Þá hefur oft og tíðum verið efnt til skemmtilegra hjólreiðakeppna. Ég minni á eina sem kölluð var Tour de Hvolsvöllur og kröftugustu hjólreiðamennirnir hjóluðu á milli Reykjavíkur og Hvolsvallar á tveimur klukkutímum og 38 mínútum, sem er ótrúlega vel af sér vikið. Þessi leið er um 110 km.

Danir eru miklir hjólreiðamenn. Það er gaman að fylgjast með umferð hjólreiðamanna t.d. í Kaupmannahöfn og því hvernig Danir nota reiðhjólið sem samgöngutæki. Á Borgundarhólmi er hjólreiðaparadís. Á Borgunarhólmi voru í eina tíða stundaðar miklar fiskveiðar en þegar dró úr fiskveiðum í Eystrasalti breytti danska ferðamálaráðið eyjunni í raun í hjólreiðaparadís. Þar búa um 50 þúsund manns og ferðaþjónustan yfir sumartímann byggist fyrst og fremst á hjólreiðamönnum sem koma víðs vegar að úr heiminum til þess að hjóla um eyjuna.

Það er deginum ljósara að eftir því sem aðstæður hjólreiðamanna batna hvetur það Íslendinga til að nýta sér þennan skemmtilega og holla ferðamáta. Ég vil líka hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að setja upp sérstök hjólreiðastatíf. Það eru t.d. engin hjólreiðastatíf við Alþingishúsið. Fjölmargir starfa á Alþingi og meðal þeirra er einn og einn galvaskur hjólreiðamaður, m.a. sá sem gekk í salinn núna, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, en hann var einn af flutningsmönnum þessari þáltill. á síðasta þingi. En af því að hann er ekki lengur í umhvn. þá bauðst honum ekki — fyrir klaufaskap — að skrifa upp á þessa þáltill. Ég bið hv. þm. afsökunar á því. Ég veit að hann, herra forseti, er mikill áhugamaður um þetta mál.

Að lokinni umræðu mælist ég til þess að samþykkt verði að senda þáltill. til samgn. til nánari umfjöllunar og afgreiðslu.

[16:40]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Suðurl., Ísólfi Gylfa Pálmasyni, fyrir að hreyfa þessu máli hér. Ég gerði mér nú reyndar ekki grein fyrir því að aðeins fulltrúar í umhvn. ættu að vera meðflutningsmenn þessa ágæta máls, enda eru hér taldir upp menn eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson sem er ekki í umhvn., enda finnst mér það ekki skipta neinu máli.

Það er full þörf á því, og ég hugsa að flestir séu sammála því, að marka stefnu um hvernig staðið verði að skipulagi hjólreiðabrauta fyrir hjólreiðafólk. Eins og kemur fram í þáltill. og greinargerðinni með henni eru hvorki meira né minna en 176.000 reiðhjól í notkun eða til reiðu í landinu öllu. Það er ekkert lítið. Það er sorglegt til þess að vita að nánast er ekki neitt um það, reyndar örlítið, en nánast ekki neitt um það að sveitarfélög eða ríki hafi fylgt þessari miklu hjólreiðaeign eftir og gert ráð fyrir því að hægt sé að hjóla eftir vegum eða meðfram vegum án þess að vera í mikilli hættu.

Ýmislegt hefur hamlað því að hjólreiðar hafi orðið vinsælar á Íslandi þrátt fyrir mikla hjólreiðaeign. Þar kemur eflaust til veðurlagið. Maður hefur séð hversu erfitt og hættulegt getur verið að nota hjól þegar maður mætir hjólreiðamönnum á Reykjanesbrautinni í tíu vindstigum og rigningu. Menn eru bara í 45 gráðu horni að reyna að halda sér á réttum kili. Maður er alltaf hræddastur um að þetta fólki fjúki hreinlega fyrir næsta bíl. En sem betur fer hafa nú ekki orðið mörg slys af þessum völdum, enda held ég að hjólreiðafólk hafi afskaplega mikinn vara á sér þegar það hjólar um íslenska vegi.

Það verður að segjast eins og er að íslenskir ökumenn hafa sýnt hjólreiðamönnum lítinn skilning. Ég hef heyrt marga sem hafa notað reiðhjól kvarta yfir því að bílar strjúkist nánast við hjólin og bílstjórar sýni þeim litla tillitssemi. Það er ein ásæðan fyrir því, held ég, einnig hversu lítil notkun er á reiðhjólum hér að fólk er hreinlega hrætt við að hjóla vegna ógætilegrar umferðar bíla. Kannski mætti líka einhver siðvæðing eiga sér stað samhliða hugmyndinni um að marka opinbera stefnu í þessum málum, þ.e. að bílstjórar taki tillit til annarrar umferðar en bíla, líka umferðar hjólandi vegfarenda.

Það verður að segjast eins og er, og ég kannast við það sjálfur sem sveitarstjórnarmaður til mjög margra ára, að í skipulagi sveitarstjórna var ekki verið að hafa áhyggjur af hjólreiðabrautum eða hjólreiðamönnum fyrst og fremst vegna þess að þetta kostaði peninga og það var svona verið að gera það nauðsynlegasta, þ.e. leggja gangstéttir fyrir gangandi fólk og bundið slitlag á vegi. En nú erum við komin það langt á veg í þessum málum að er löngu tímabært að gera hjólreiðamönnum hærra undir höfði en fram að þessu. Með þessari tillögu tel ég að verið sé að reyna að stíga skref í rétta átt í þeim efnum.

Ég vil aðeins segja um eitt atriði í greinargerðinni að ég tek undir með hv. 1. flm. að bæjarstjórn Árborgar gerði athyglisverða tilraun er fólki var boðið reiðhjól til brúks um bæjarfélagið og að skila þeim síðan á ákveðna staði aftur eða eftir einhverjum ákveðnum reglum. Reyndar var gerð tilraun með þetta í Reykjanesbæ fyrir nokkrum árum síðan. Sú tilraun gekk því miður ekki nægilega vel vegna þess að fólkið skilaði einfaldlega ekki hjólunum eða þau skemmdust og því varð ekki meira úr tilrauninni. Hún var reynd í Reykjanesbæ og það fólk sem nýtti sér þessa þjónustu var flest ánægt með þetta, en það er eins og það er að þetta þarf ákveðna reynslu. Ég á svo sem von á því, ef þetta reynist vel hjá öðrum og önnur sveitarfélög finna leið til þess að ná sátt um að ganga ekki óvarlega um þessa lánshluti, að þetta gæti orðið mun víðar í framtíðinni.

Herra forseti. Að endingu vil ég fagna því að þetta mál er hér komið fram og vona að það fái góða afgreiðslu í gegnum nefnd þingsins.

[16:46]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að sjá þessa þáltill. komna fram að nýju en hún fjallar um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta.

Tillagan er dæmi um góð málefni sem koma til umræðu í þingsal og ná ekki fram að ganga og eru ítrekað endurflutt en efni hennar er slíkt að manni finnst að það ætti að vera frekar létt verk og löðurmannlegt að afgreiða hana og koma henni í verk. Í tillögunni er gert ráð fyrir að samgrh. verði falið að skipa nefnd til að marka opinbera stefnu í málefnum hjólreiðamanna og stefnu um hönnun og merkingar hjólreiðarbrauta í þéttbýli og dreifbýli. Einnig er gert ráð fyrir að tekið verði tillit til hjólreiðamanna við hönnun nýrra mannvirkja og stefnt að því að hjólreiðar verði raunhæfur kostur í samgöngumálum á Íslandi. Í þetta verk er ætlað að verja tæpu ári.

Ég ræddi þetta mál nokkuð þegar tillagan var síðast lögð fram. Ég vísa til þeirrar umræðu sem var allítarleg. Við vitum öll að hjólreiðamenn eiga fótum sínum fjör að launa, að geta bjargað sér á hjólafáknum og stundum við illan leik úr umferðinni. Það er vitað að hraðbrautir eru ekki ætlaðar fyrir hjólreiðamenn og einnig var það haft við orð við síðustu umræðu um þetta mál að það væri á ábyrgð sveitarfélaganna að gera hjólreiðarstíga meðfram hraðbrautum. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess í sjálfu sér en mér finnst a.m.k. löngu tímabært að þessi opinbera stefna verði mörkuð og henni komið í framkvæmd. Sí og æ er verið að hanna ný mannvirki þar sem reiðhjólið er ekki boðið velkomið og mér finnst það miður.

Fyrsti flm., Ísólfur Gylfi Pálmason, minntist áðan á samtökin „Car Free Cities" og mér rennur alltaf blóðið til skyldunnar þegar kemur að þeim samtökum þar sem ég var formaður hjólreiðanefndar Reykjavíkur sem skilaði tillögum um hjólreiðar í Reykjavík, þegar Reykjavík gekk í samtökin „Car Free Cities" árið 1994. Síðan er liðið á áttunda ár. Ýmislegt hefur auðvitað verið gert og ég ætla að gleðja hv. þm. með því að það eru grindur fyrir reiðhjól fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur. Það var kannski ekki aleinasti árangur af hjólanefndarvinnu okkar á sínum tíma. Það hefur auðvitað ýmislegt verið tekið til greina en ekki nándar nærri nóg. Eins og menn vita sem ferðast hafa um höfuðborgir annars staðar, þá eru þar víða sérstakar hjólreiðabrautir, sérstök umferðarljós fyrir hjólreiðamenn sem gera ferðir þeirra mun öruggari og fækka slysum þar, með því að menn eru ekki að þvælast inn á milli bílanna.

Hjólaeign landsmanna er orðin það almenn að tveir af hverjum þremur eru taldir eiga reiðhjól. Það er einnig vitað að megnið af árinu, alla vega á þessu landshorni, er hægt að hjóla milli staða á nokkuð auðum götum og gangstéttum. Megnið af árinu er það svo.

Ég fullyrði að það mun ekki standa á umhvn. þingsins að afgreiða þetta mál. Ég vona okkar allra vegna að þetta verði í síðasta sinn sem þarf að flytja þessa tillögu og við munum

sjá það á þessu þingi að hún verði afgreidd og henni komið í framkvæmd.

[16:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta er hið besta mál og vonandi mun hún ná fram að ganga á hinu háa Alþingi.

Í greinargerð með tillögunni er minnst á mikilvægi hjólreiða í samgöngumálunum, þ.e. að hjólreiðar eru bæði vistvænn og öflugur samgöngumáti og því nauðsynlegt að þessi samgönguleið fái eðlilegan sess í uppbyggingu vegakerfisins, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Auk þess er nauðsynlegt, eins og kemur fram í greinargerðinni og lögð er áhersla á, að þjónusta og aðbúnaður gagnvart hjólreiðarfólki sé góður og hvarvetna fyrir hendi þar sem nauðsynlegt er. Á það skortir að þessi mál séu í eðlilegum og föstum skorðum.

Ég vil t.d. benda á hvernig samgöngubætur skerða í raun möguleika hjólreiðafólks. Ef við tökum Hvalfjarðargöngin *sem dæmi þá er bannað að hjóla í gegnum Hvalfjarðargöngin* en fyrir fólk sem er að ferðast á hjóli er afleitt að geta ekki nýtt sér þessa samgöngubót. Þarna þyrftu að mínu viti að vera möguleikar á að ferja hjólreiðafólk í gegnum þessi göng í staðinn fyrir að hjólreiðafólk sé nauðbeygt til að hjóla fyrir allan Hvalfjörð til þess að komast áfram vestur, þó að sú leið sé í sjálfu sér falleg og góð.

Við sem ökum mikið þjóðvegina gerum okkur grein fyrir þeirri stöðu sem hjólreiðarmaðurinn er í á vegum landsins, að vera þar staddur á milli þessara stóru flutningabíla sem fara með gríðarlegum hraða og miklu sogi eftir þjóðvegunum og síðan koma aðrir á móti. Þá er orðið lítið pláss fyrir hjólreiðarmann á aðalsamgönguæðunum þannig að það ber virkilega nauðsyn til að gera úttekt á þessum málum og móta heildarstefnu.

Hins vegar, herra forseti, er rétt að geta þess sem hefur áunnist á hinu háa Alþingi. Á 125. löggjafarþingi, 1999–2000, fluttu hv. þm. Þuríður Backman og Jón Kristjánsson frv. til laga um breytingu á vegalögum, með síðari breytingum. Það snerist um að bæði göngustígar og hjólreiðastígar yrðu lögboðnir hlutar af hinu almenna samgöngukerfi. Þá var sérstaklega vakin athygli á að bæði göngu- og hjólreiðastígar eru mikilvægir, t.d. fyrir börn og unglinga á leiðinni milli heimilis og skóla eða þegar þau nota hjól til að fara milli staða. En til þessa er lítið tillit tekið.

Afdrif þessarar tillögu hv. þm. Þuríðar Backman og Jóns Kristjánssonar urðu að á 125. löggjafarþingi árið 2000 var samþykkt brtt. á vegalögum þar sem hjólreiðastígar og *göngustígar eru teknir inn sem formlegur hluti af hinu* almenna vegakerfi sem bæði opinberir aðilar og félagasamtök geta komið að með að styrkja. Þessir stígar eru orðinn lögformlegur hluti hins opinbera samgöngukerfis og ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að farið sé að þeim lögum, bæði hvað varðar skipulag, lagningu stíga og kostnað eftir því sem við á. Þetta hefur áunnist þó að enn skorti á að þessu sé fylgt eftir bæði með skipulagi og fjármagni. Einnig þarf að móta stefnu sem hvetur til notkunar reiðhjóla og öryggis þeirra sem ferðast á reiðhjólum.

Mér þótti rétt, herra forseti, að geta þess sem þó hefur áunnist í samgn. varðandi þetta mál og fagna því að þessi tillaga, um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðarbrauta, til þess að fylgja þessu máli enn frekar eftir, komi fram. Ég tek undir orð hv. flm. sem hér hafa óskað þess að tillagan fái brautargengi og við getum styrkt hjólreiðar landsmanna, öryggi hjólreiðarmanna og það að fleiri geti ferðast öruggir á reiðhjóli um landið.

[16:58]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Örstutt athugasemd við það sem ég sagði áðan. Ég mismælti mig þegar ég sagði að mál þetta færi til umhvn. Það er kannski tungunni tamast sem hjartanu er kærast en að sjálfsögðu er það hv. samgn. sem tekur málið að sér.

[16:59]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þessi þáltill. er allrar athygli verð. Með hliðsjón af því að 40 millj. fara á ári til reiðvega hlýt ég að ætla að þetta mál eigi greiðan aðgang í gegnum þingið og fái viðunandi úrvinnslu. Hins vegar sé ég að flutningsmenn ályktа um það að fela samgrh. að skipa nefnd til að vinna að framgangi þessa máls. Ég verð að segja að ég treysti Vegagerðinni vel til að vinna þetta verkefni. Við gætum *örugglega stytt okkur verulega leið með því að sleppa nefnd*inni og setja þetta beint til Vegagerðarinnar. Við sjáum t.d. með reiðvegina að ekki voru kallaðir neinir hestamenn eða sérstakir aðilar til að fjalla um reiðvegina, ekki var skipuð nefnd til þess.

Hjólreiðar eru afar skemmtilegar og oft kemur ýmislegt skemmtilegt upp á í sambandi við þá íþrótt. Það eru ekki mörg ár síðan danskur pólitíkus bauð sig fram í kosningum og sóttist eftir stuðningi kjósenda og náði kjöri vegna loforða um að allir danskir þegnar í hans kjördæmi væru mundu búa við þann unað að hafa vindinn alltaf í bakið. Hann hlaut kosningu. Það er ekki nóg með að danskurinn sé mikill húmoristi heldur metur hann reiðhjólið mikils. Við getum lært mikið af því hvernig Danir nota þetta ágæta farartæki og eins og hér hefur komið fram er það bæði til gagns og gamans og líka ágætt til líkamsræktar.

Á nýliðnum landsfundi Sjálfstfl. voru samþykktar ágætar tillögur um samgöngumál og m.a. um að gert yrði sérstakt átak í merkingu hjólreiðabrauta í þéttbýli og á helstu ferðamannaleiðum. Það eru því margir aðilar sem vilja leggja þessu máli lið og er það vel. Ég vona að tillagan fái góða umfjöllun í hv. samgn., þar sem ég á sæti, og að nú verði tekið þannig á málum að hjólreiðamenn megi sæmilega vel við una.

[17:02]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar mál fá einróma viðtökur hringja einhvers staðar nokkrar viðvörunarbjöllur. Það gerðist hjá *mér þegar ég fór að hlusta á þessar umræður*. Þegar mál eru rædd, kannski gagnrýnislítið, renna þau oft í gegn án þess að menn skoði á þeim allar hliðar. Þess vegna, virðulegi forseti, langaði mig aðeins til að koma inn í þessa umræðu þó að ég hafi ekki velt þessu mjög mikið fyrir mér.

Það rifjaðist hins vegar upp fyrir mér að tillaga svipaðrar ættar kom fram á þeim tíma sem ég var formaður samgn., og mig minnir að 1. flm. þess máls hafi verið hv. þáv. þm. Svavar Gestsson. Sú tillaga gekk út á, ef ég man rétt, að þessir hjólreiðastígar yrðu hluti af samgöngukerfinu og, eins og ég man málið, Vegagerðin hafði talsverðar athugasemdir við framsetningu málsins eins og það var a.m.k. kynnt á þeim tíma.

Nú skilst mér að við höfum samþykkt hér á Alþingi möguleika á því að ríkissjóður, Vegasjóður, komi að því að fjármagna hjólreiðastíga. Við erum oft og tíðum dálítið örlát

á almannafé í ýmsum efnum og þegar upp koma mál sem enginn er á móti, eins og að efla hjólreiðar sem er auðvitað hluti af því að tileinka sér góða líkamsrækt og holla útiveru, bregðumst við auðvitað afskaplega vel við slíkum erindum. Út af fyrir sig mun ég ekki leggjast gegn þessari tillögu hérna enda felur hún fyrst og fremst í sér viðleitni til þess að marka ákveðna stefnu í máli sem auðvitað þarf að hafa einhverja skoðun á. Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að menn verði að átta sig alveg á því hvert stefna skuli.

Í fyrsta lagi er hér talað um hjólreiðastíga, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Hvað eru menn að tala um í þessum efnum? Mig grunar að fyrsta kastið verði auðvitað áherslan á að leggja þessa hjólreiðastíga í þéttbýli vegna þess að þar er þörfin mest, þar er umferðin mest og erfiðast fyrir hjólandi vegfarendur að komast um. Við verðum að átta okkur á því að að öllum líkindum mun þetta þýða að fjárveitingarnar og fjármunirnir muni renna í þessa áttina og kannski ekkert nema gott um það að segja út af fyrir sig.

Í öðru lagi verða menn líka að átta sig á því hvert umfangið á að vera. Eftir því sem mér sýndist við fljótan yfirlestur áðan ganga lögin út á það að fjármögnunin á hjólreiðastígum skuli vera í höndum einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja eða opinberra aðila þannig að málið er býsna opið. Það er út af fyrir sig ekki lögð nein lagaleg skylda á hið opinbera að taka upp fjárveitingar til þess að standa undir hjólreiðastígum en það er opnað á þá hugsun. Nú liggur sem sagt fyrir ágæt og athyglisverð tillaga frá hv. þm. sem felur í sér viðleitni til þess að styrkja málið enn og reyna að marka þessu einhverja braut.

Þess vegna, virðulegi forseti, held ég að það sé mjög mikilvægt, áður en Alþingi afgreiðir málið frá sér eftir að það hefur farið í gegnum samgn. Alþingis, að það liggi ljósar fyrir hver meining Alþingis er í þessum efnum. Mér finnst ekki hægt, virðulegi forseti, að Alþingi setji málið með þeim hætti inn til framkvæmdarvaldsins, það sé algerlega látið í hendur þess hvert skuli stefna. Það er auðvitað eðli málsins að ef framkvæmdarvaldinu er falið að skipa nefnd, og því fylgir engin frekari leiðsögn af hálfu Alþingis, er auðvitað búið að selja nefnd framkvæmdarvaldsins ákveðið sjálfdæmi í málinu. Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, að ef menn ætla sér að afgreiða þetta mál verði Alþingi að hafa á því skoðun. Á t.d. að hugsa málið þannig að jöfnum höndum skuli leggja hjólreiðastíga í þéttbýli og dreifibýli? Í dreifbýli getur verið mikil þörf. Það er heldur alls ekki létt að hjóla t.d. á þjóðvegi 1 í mikilli umferð sem getur verið þar, og hraðri umferð þó að hún sé auðvitað ekki eins mikil og á þéttbýlisstöðunum. Í öðru lagi: Hvað með kostnaðinn? Eitthvað mun þetta kosta. Hvaða hugmyndir eru menn með í þeim efnum í ljósi þeirra laga sem gildandi eru þar sem gert er ráð fyrir því að það sé ekki einasta ríkið heldur ekki síður einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök sem eiga að standa straum af þessu? Er þá t.d. hugsun flutningsmanna að slíkir aðilar komi að því að kosta með einhverjum hætti þessa hjólreiðarstíga?

Virðulegi forseti. Ég veit að þetta mál er í öruggum höndum þegar það er komið til samgn. Alþingis, og ég veit að þar munu menn auðvitað velta þess máli miklu betur fyrir sér heldur en ég get gert hérna í þessari stuttu ræðu minni. En ég held að umfram allt verði Alþingi að hafa einhverja leiðsögn í þessu máli og fela það ekki eingöngu í hendurnar á framkvæmdarvaldinu. Þess vegna er erindi mitt hingað upp fyrst og fremst að árétta það að um leið og Alþingi lýsir með almennum orðum stuðningi við góðar hugmyndir, sem er út af fyrir sig hið þarfasta mál, verður Alþingi auðvitað líka að hafa einhverja skoðun á því hvert stefna skuli. Nefndir eru góðar. Þetta er auðvitað ein aðferð við það að varpa erfiðum verkefnum af sér, að fela þetta einhverjum nefndum, en ég hlýt að hvetja til þess að í samgn. verði reynt að hugsa málið betur og útskýra það þannig að samþykkt verði á Alþingi að nefndin sem verður væntanlega falið þetta verk fái ekki algjört sjálfdæmi um það hvert stefna skuli í máli sem Alþingi á að hafa skoðun á.

[17:08]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir hve vel þeir hafa tekið þessari tillögu, og margt athyglisvert hefur komið fram í umræðunni. Eins og kom fram í framsöguræðu minni er markmið þessarar tillögu að vekja athygli á hjólreiðamönnum í umferðinni og um leið að auka öryggi þeirra og fækka slysum.

Hvað kostnað varðar verðum við líka að gæta að því að það er mikill kostnaður fólginn í því þegar slys verða og annað slíkt. Þannig er kostnaður alltaf afstætt hugtak. En hér hafa verið reifaðar ýmsar góðar hugmyndir í þessu sambandi og það er greinilega aukinn áhugi manna á hjólreiðum. Að sjálfsögðu kostar þetta talsverða peninga. Hér er um langtímamarkmið og langtímamál að ræða. Eins og kom einnig fram í ræðu minni áðan er t.d. leiðin frá Hafnarfirði um Garðabæ, Kópavog og Reykjavík í Mosfellssveit býsna fjölfarin og það er beinlínis hættulegt fyrir hjólreiðamenn að vera t.d. á þessum slóðum.

Hv. formaður samgn. rifjaði upp áðan að ansi skemmtilegur danskur þingmaður sem heitir Jakob Haugaard — er reyndar hættur í þinginu — var mikill áhugamaður um reiðhjól en reyndar fleira en reiðhjól. Þegar hann var kosinn á þing — ég hygg að það hafi verið 1991 — var hann með þrjú kosningaloforð. Það var alveg hárrétt hjá hv. formanni samgn. að eitt þeirra var að Danir hefðu alltaf vindinn í bakið þegar þeir hjóluðu. Annað var að það yrði endalaust gott veður í Danmörku og þriðja kosningaloforðið sem er líka dálítið merkilegt var að hann vildi að það yrði svolítið fjörugra ástarlíf á kennarastofunum. Jakob Haugaard hafði sem sagt þessi þrjú kosningaloforð. Hann var kosinn og sat eitt kjörtímabil á þingi í Danmörku en bauð sig ekki fram aftur. (Gripið fram í.) Hann efndi öll þessi kosningaloforð nema kannski þetta síðasta, ég þekki það ekki.

Herra forseti. Ég er ákaflega ánægður með þær undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið. Ég er alveg viss um að samgn. mun fjalla um þetta, fylla inn í þær eyður sem upp á vantar og að tillagan nái þeim tilgangi að vekja athygli á hjólreiðamönnum í umferðinni og einnig að auka öryggi þeirra og fækka slysum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:12.

28. FUNDUR

miðvikudaginn 14. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 288. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Loftferðir, frv., 32. mál, þskj. 32. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, þáltill., 184. mál, þskj. 191. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Hönnun og merkingar hjólreiðabrauta, þáltill., 248. mál, þskj. 284. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 115. mál, þskj. 330. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[13:35]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Um kl. 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um brottkast afla. Málshefjandi er hv. þm. Jóhann Ársælsson. Hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara.

Ráð var fyrir því gert að fyrirspurnatíma yrði fram haldið kl. 6 vegna þess hve margar fyrirspurnir liggja fyrir. Nú hafa orðið nokkur forföll svo óvíst er hvort af því verði. Það verður að koma í ljós þegar líður á fundinn.

[13:35]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd laga um húnæðismál, 98. mál, svar félmrh., þskj. 329.

Framkvæmd laga um opinberar framkvæmdir, 155. mál, svar fjmrh., þskj. 328.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 115. mál, þskj. 330.

Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni, 278. mál, fsp. MF, þskj. 335.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 142. mál, svar félmrh., þskj. 300.

Launagreiðslur og tryggingagjald sveitarfélaga, 280. mál, fsp. KLM, þskj. 337.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 252. mál (eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, flugvernd, gjöld o.fl.). — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Frv. KLM o.fl., 32. mál (leiðarflugsgjöld). — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 184. mál. — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Hönnun og merkingar hjólreiðabrauta, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 248. mál. — Þskj. 284.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 3. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 330.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMöl, DO, DrH, DSn, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GPál, ÍGP, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KLM, LB, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SF, SoG, SJS, StB, SvanJ, TIO.

31 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, GHH, GE, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, LMR, MS, MF, PP, RG, SAÞ, SP, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 338).

Fundi slitið kl. 13:41.

---

29. FUNDUR

miðvikudaginn 14. nóv.,
að loknum 28. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Matvælaeftirlit, fsp. SJóh, 152. mál, þskj. 152.

Til umhverfisráðherra:

2. Skógræktarmál og Bernarsamningurinn, fsp. ÞSveinb, 109. mál, þskj. 109.

Til samgönguráðherra:

3. Farþegaflutningar til og frá Íslandi, fsp. KF, 181. mál, þskj. 184.

4. Lagning ljósleiðara, fsp. SvanJ, 249. mál, þskj. 285.

Til sjávarútvegsráðherra:

5. Verðmæti steinbítskvóta, fsp. SvanJ, 213. mál, þskj. 238.

Til menntamálaráðherra:

6. Nýir framhaldsskólar, fsp. JB, 245. mál, þskj. 279.

7. Iðnnám á landsbyggðinni, fsp. ÖJ, 267. mál, þskj. 312.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu, fsp. ÁRÁ, 222. mál, þskj. 247.

9. Offituvandi, fsp. SoG, 257. mál, þskj. 296.

10. Kúabólusetning, fsp. KF, 261. mál, þskj. 306.

Til fjármálaráðherra:

11. Færsla bókhalds í erlendri mynt, fsp. GE, 224. mál, þskj. 250.

12. Heildarlántökur erlendis, fsp. GE, 225. mál, þskj. 251.

Matvælaeftirlit.

Fsp. SJóh, 152. mál. — Þskj. 152.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Í skýrslu sem dr. Vilhjálmur Rafnsson og dr. Ólafur Oddgeirsson unnu að beiðni landbrn., sjútvrn. og umhvrn. á sl. ári og lögð var fram í mars sl. var fjallað um áhættuna á kúariðu á Íslandi og kom þar m.a. fram hörð gagnrýni á skipulag matvælaeftirlits á Íslandi, þ.e. bæði innflutningseftirlit og almennt eftirlit með matvælum á Íslandi, en slíkt eftirlit ætti við eðlilegar aðstæður að koma í veg fyrir að matvæli sem innihalda smitefni komist á borð neytenda.

Matvælaeftirlit er mikilvægt og alþýða manna í nágrannalöndum okkar tekur þau mál mjög alvarlega og vekur t.d. athygli sá þungi sem er á slíkum málum innan norræna samstarfsins. Nauðsyn bætts eftirlits með matvælum komst eftirminnilega inn í umræðuna í tengslum við hættulega dýrasjúkdóma, svo sem kampýlóbakter og salmonellu sem virðast verða orðnir landlægir á Íslandi og valda hættulegum sjúkdómum í fólki, ekki síst þó vegna enn þá hættulegri sýkinga sem geisuðu í Evrópu á sl. vori. Almennur ótti greip þá um sig hér á landi sem og í öðrum löndum um að e.t.v. væru varnir okkar gegn slíkri vá ekki nægilega markvissar. Ekki hefur dregið úr ógninni vegna þeirra hryðjuverka sem margir telja vofa yfir í okkar heimshluta.

Undir þessar áhyggjur taka skýrsluhöfundar og telja að það fyrirkomulag að matvælaeftirlit heyri undir þrjú ráðuneyti, í raun fjögur, auk sveitarfélaga sé ekki best fallið til að þjóna tilgangi matvælaeftirlits. Ástæðurnar séu einkum af pólitískum og sögulegum toga. Þeir telja að matvælaeftirlitið þurfi að ná til allra þátta framleiðsluferilsins hvort sem um er að ræða aðbúnað, fóður, vatn, kynbætur eða dýravernd, eftirlit með slátrun og framleiðslu afurða og eftirlit með vörunum þegar þær koma á markað. Dýraheilbrigði og matvælaeftirlit séu tveir óaðskiljanlegir þættir af einni heild.

Nú hefur komið fram að það sé á stefnuskrá hæstv. ríkisstjórnar að koma öllu matvælaeftirliti undir eitt ráðuneyti. Málið er mjög brýnt að ég tel og því spyr ég:

Hvað líður þeim áformum hæstv. ríkisstjórnar að koma öllu matvælaeftirliti undir eina stofnun? Undir hvaða ráðuneyti mundi slík stofnun heyra?

[13:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég geta þess að í lok nóvember 1999 lagði umhvrh. til að nefnd forsrn. um opinbera eftirlitsstarfsemi fengi það verkefni að skoða fyrirkomulag matvælaeftirlits í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og gera tillögu um framtíðarskipulag matvælaeftirlits hér á landi, skipulagi sem miðaðist að því að einfalda og bæta núverandi fyrirkomulag. Ríkisstjórnin féllst á þessa tillögu hæstv. umhvrh.

Nú hefur nefndin lokið þessu verkefni og skilað skýrslu til forsrh. og umhvrh. Það er meginniðurstaða nefndarinnar að núverandi fyrirkomulag matvælaeftirlits sé óviðunandi. Þar er tekið undir þau sjónarmið sem hv. þm. orðaði hér áðan, að eftirlitið samræmist ekki kröfum sem gera verður um skilvirka og hagkvæma stjórnsýslu til að tryggja mikilvæga hagsmuni þjóðarinnar. Matvælaeftirlit hér á landi var ekki talið taka fullt tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefði á undanförnum árum, varðandi tækni við framleiðslu matvæla, auknar kröfur neytenda um gæði matvæla og stöðu Íslands sem matvælaframleiðslulands á alþjóðamarkaði, enda komi um helmingur útflutningstekna þjóðarinnar frá sjávarútvegi.

Tillaga nefndarinnar er að sameina stjórnsýslueftirlit með matvælum innan eins ráðuneytis og einnar matvælaeftirlitsstofnunar sem undir það ráðuneyti mundi falla. Með því móti væri brugðist við þeim göllum sem á núverandi kerfi eru og hv. þm. rakti.

Í tillögu nefndarinnar, í skýrslu hennar er lagt til að verkefni gæðasviðs Fiskistofu, matvælasviðs Hollustuverndar, yfirdýralæknis, aðfangaeftirlits, plöntueftirlits og kjötskoðunar, ásamt því eftirliti með matvælum sem nú er á höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verði sameinað í einni stofnun, Matvælastofu. Með þessu er stjórnsýsla málaflokksins færð á eitt stjórnsýslustig og kraftar allra þeirra sem vinna að matvælaeftirliti sameinaðir undir einni stjórn í sterkara

faglegra umhverfi. Með þeim hætti ætti að fást heildstæðara eftirlit, markvissari vinnubrögð og aukin skilvirkni. Matvælastofa sem þannig væri upp byggð hefði einnig meiri burði til samstarfs við erlendar eftirlitsstofnanir á þessu sviði en núverandi fyrirkomulag gefur færi á. Nefndin lagði einnig til að við skipulag alls eftirlits á vegum stofnunarinnar yrði farið að lögum nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur og reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera.

Svo ég svari seinni spurningunni þá hafa þessar tillögur verið til meðferðar í ríkisstjórninni. Það er ljóst að þær hafa mikinn stuðning þar. Það er ekki búið að taka endanlega ákvörðun um undir hvaða ráðuneyti matvælastofa mundi falla, en helst hafa þó sjónir manna beinst að sjútvrn. Hins vegar er ljóst að það þyrfti að fara fram ákveðin uppstokkun innan ráðuneyta í tilefni af samræmingu og tilflutningi af þessu tagi. Ég á von á því að ríkisstjórnin muni ljúka þessum verkefnum sínum fyrir áramót og kynna breytingar á lögum sem gera þarf um leið og þing kemur saman eftir áramótahlé.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýr og góð svör við spurningum mínum. Það er ljóst að í hvítri bók Evrópubandalagsins sem kom út fyrir nokkrum árum er lögð mikil áhersla á að þetta skref sé stigið í löndum Evrópubandalagsins. Ég býst við að við heyrum undir þá kategoríu með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég fagna því að þetta mál skuli þó komið á þennan rekspöl hér á landi sem reyndin er, eftir því sem hæstv. forsrh. segir.

Danir hafa stigið þetta skref til fulls. Í fyrsta lagi hafa þeir fært allt matvælaeftirlit sem áður var á höndum sveitarfélaga yfir til ríkisins Einnig hafa þeir stofnað sérstakt ráðuneyti í kringum matvælaeftirlitið, Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri. Ég verð að segja að mér líst ekkert síður á það heldur en fara að færa þetta undir sjútvrn. Þó er svo sem ekki endanlega frá gengið þó hæstv. ráðherra kæmi með þá uppástungu.

Ég held að það skipti gríðarlega miklu máli fyrir markaðssetningu íslenskra afurða í framtíðinni að þessi mál verði í lagi hjá okkur þannig að það veki traust að þær vörur sem við erum að flytja út hafi sætt íslensku matvælaeftirliti. Ég held að það muni skipta miklu máli fyrir okkur í framtíðinni og meira máli á erlendum mörkuðum en það hefur gert hingað til.

Farþegaflutningar til og frá Íslandi.

Fsp. KF, 181. mál. — Þskj. 184.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um farþegaflutninga til og frá Íslandi og er hún svohljóðandi:

Telur ráðherra nauðsynlegt að boðið sé upp á reglulegar skipaferðir allan ársins hring fyrir ferðamenn til og frá landinu?

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er fyrst og fremst öryggismál Íslendinga. Við höfum með tímanum orðið háðari því að ferðast milli landa með flugi. Það má segja að það hafi verið eðlileg þróun. Fólki liggur á, fljótt fljótt, sagði fuglinn. Með flugi hafa ferðir bæði verið tíðar og öruggar.

En skjótt skipast veður í lofti. Með því sem gerðist í Bandaríkjunum 11. sept. sl. opnast augu margra fyrir því hversu ofurseld íslensk þjóð er þessum flutningsmáta. Til að komast til og frá Íslandi höfum við haft flug. Ef flug riðlast, annaðhvort á alþjóðavettvangi, eitthvað kemur upp sem veldur því eða þá hér á landi þá erum við sjólukt þjóð. Mér finnst þetta áhyggjuefni. Alla vega finnst mér rétt að skoða hver sé þá skylda stjórnvalda til að sjá til þess að farþegaflutningar séu mögulegir milli landa.

Ég hafði samband við Eimskipafélag Íslands. Þar hafa einungis tvö skip, þ.e. Dettifoss og Goðafoss, möguleika á að taka greiðandi farþega meðferðis. Hvort þessara skipa er útbúið þannig að það getur tekið að hámarki þrjá farþega. Ástæðan er sú að öryggisbúnaður skipsins takmarkast við 17 manns hið mesta og áhöfnin er 13–14 manns. Því eru svona fá pláss fyrir farþega.

Ferjusiglingar eru til landsins. Þannig kemur Norræna til Seyðisfjarðar frá maímánuði fram í viku af september eða svo með erlenda ferðamenn fyrst og fremst og tekur Íslendinga sömuleiðis yfir til Danmerkur. En nú er að koma ný ferja sem mun verða fjórum sinnum stærri en sú sem fyrir er og maður veltir fyrir sér þeim möguleikum sem þar væru fyrir hendi, hvort slík ferja gæti að einhverju leyti komið til móts við — sem ég held að verði vaxandi — þarfir íslenskra farþega að fara siglandi milli landa.

[13:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn en hún varðar reglulegar skipaferðir allan ársins hring fyrir ferðamenn til og frá landinu. Rétt er að fara nokkrum orðum um þá aðstöðu sem til staðar er hjá okkur. Margar hafnir landsins bjóða upp á þá möguleika að taka á móti farþegaskipum. Þó vantar vafalítið eitthvað upp á sérbúnað til að taka á móti farþegum. Slík aðstaða fer að sjálfsögðu eftir tegund og búnaði skips í hverju tilviki en auðvitað skiptir mjög miklu máli að góð aðstaða sé til þess að taka á móti farþegum.

Aðstaða til að taka á móti bíla- og farþegaferjum er til í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn og í undirbúningi er að byggja nýja aðstöðu fyrir stórar farþegaferjur á Seyðisfirði. Allur þessi búnaður er auðvitað mjög sérhæfður, aðallega til móttöku á bílaferjum og auðvitað þarf í hverju tilviki fyrir sig að taka tillit til þeirra skipa sem eru á ferðinni.

Markaður fyrir siglingar farþegaskips til og frá landinu allt árið virðist ekki mikill samhliða því mikla framboði sem er á flugsamgöngum til og frá landinu. Þar er auðvitað aðallega um að ræða þjónustu Flugleiða sem heldur uppi mikilli, góðri og tíðri þjónustu sem vafalaust hefur þarna áhrif.

Það er kannski rétt að rifja upp hvernig skipaferðum er háttað til landsins. Fyrst ber þar að telja, eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, skipafélagið Smyril-Line siglir frá Evrópu til Íslands júní, júlí og ágúst árlega og hefur gert það sl. 27 ár. Það er út af fyrir sig mjög mikilvæg og merkileg starfsemi. Þeir sem að því standa eiga þakkir skildar fyrir að standa að þeirri þjónustu.

Sumarið 2003 mun félagið taka í notkun mun stærra skip til að sinna þessum flutningum og freista þess að lengja tímabilið sem siglt er á hverju ári. Hingað til hefur ekki verið sú eftirspurn utan þessara þriggja mánaða að mögulegt

væri að mati skipafélagsins að halda þessum siglingum uppi lengri tíma á árinu.

Hjá skipafélaginu Eimskip hf. hefur ferðamönnum staðið til boða að ferðast milli meginlanda Evrópu og Íslands allt árið með einu eða tveimur skipum eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. En á svipaðan hátt og hjá Smyril-Line hefur eftirspurnin verið bundin fyrst og fremst við sumarmánuðina. Á það bæði við um innlenda og erlenda ferðamenn en þessar ferðir eru seldar á Íslandi og sérstaklega í Þýskalandi.

Þegar spurt er hvort samgrh. telji nauðsynlegt að boðið sé upp á reglulegar skipaferðir allan ársins hring fyrir ferðamenn til og frá landinu má svara á þann hátt að auðvitað væri æskilegt að í boði væru sem fjölbreyttastir ferðamöguleikar til landsins allt árið til þess að skapa enn frekari forsendur til uppbyggingar ferðaþjónustunnar. Á hitt er hins vegar að líta að þau fyrirtæki sem halda uppi umræddum ferðum hljóta að gera það í samræmi við eftirspurn. Því miður er ekki að sjá að hún sé næg til að slíkum ferðum sé haldið uppi allt árið. Þau skipafélög sem bjóða ferðamönnum þessar ferðir hafa ekki, í ljósi eftirspurnar, talið forsendur til þess að lengja það tímabil sem siglt er svo nokkru nemi.

Ekki er vitað til þess, alla vega liggur ekkert fyrir um það í ráðuneytinu, að uppi séu áform um að auka þessa þjónustu. Ég held að það þurfi auðvitað að gæta sín á því að efna ekki til slíks framboðs nema rökstuddar áætlanir liggi fyrir um að eftirspurn sé eftir siglingum allan ársins hring.

Ég endurtek hins vegar að auðvitað er gagnlegt að skoða þetta og þeim mun fleiri kostir sem gefast á flutningum, þeim mun fleiri möguleikar eru á að auka ferðamannastraum til landsins.

[13:59]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að bera upp þessa fyrirspurn. Það hefur komið fram víða á fundum núna að fólk hefur tekið eftir þessu máli og finnst þessi samgöngumáti því miður mega muna fífil sinn fegri. Það er athyglisvert að eftir mörg hundruð ára siglingasögu Íslendinga til Kaupmannahafnar þá fer ekki einu sinni flutningaskip til Kaupmannahafnar í dag.

Það kom fram á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar með fjárln. að með stærri ferju og betri bryggjuaðstöðu ætluðu þeir sér að teygja ferðirnar fram á haustið og hefja þær fyrr á vorin. Ég tel þetta mjög jákvætt en það er líka mjög athyglisvert að vita af þessum fáu farþegarýmum í flutningaskipunum okkar.

[14:01]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn sem vekur athygli á mjög þörfu máli og vekur upp þarfa umræðu, sérstaklega í ljósi þeirra atburða sem urðu 11. september. Ég held að landslagið sé töluvert breytt í því umhverfi sem fólk vill ferðast í og telur nægilega traust fyrir sig. Ég hef orðið vör við það, bæði hjá Íslendingum og útlendingum sem ég tala við, að fólk veigrar sér við flugferðum kannski um of. En það gerir það samt og ég held að það mundi verða til þess að bjarga miklu í ferðamennsku okkar ef við fengjum lengdan þann tíma sem ferjurnar koma til Íslands og gætum jafnvel stuðlað að því að slíkur ferðamáti verði auglýstur upp sem möguleiki á Íslandi.

[14:02]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að þakka fyrir þessa fyrirspurn. Hún er hins vegar þannig rökstudd að spurt er um hvort gera þurfi ráðstafanir til að tryggja reglubundnar skipaferðir milli Íslands og meginlandsins til að tryggja farþegaflutninga til landsins í ljósi þeirrar óvissu sem nú vofir yfir flugsamgöngum. Þetta er tengt þeim atburðum.

Þó að mjög gagnlegt sé að skoða þessi mál almennt út frá þeim sjónarhóli, þá held ég að við eigum ekki að nota þennan atburð til þess að byggja eins konar vantrú á flugsamgöngum. Flugsamgöngur hafa orðið til þess að skapa algjöra byltingu í tengslum Íslands við önnur lönd. Þessir atburðir munu ekki að mínu mati setja þau tengsl í neitt uppnám. Þetta er áfall fyrir þær samgöngur og við eigum að leggja áherslu á að styrkja þær samgöngur, styrkja grundvöll þeirra og viðhalda forsendum fyrir reglubundnu farþegaflugi milli Íslands og meginlands Norður-Ameríku og Evrópu.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá síðasta ræðumanni að að sjálfsögðu þurfum við að styrkja grundvöll flugs, enda hefur Alþingi nýlega samþykkt að baktryggja fyrir gríðarlega fjármuni farþegaflug milli landa til að flugsamgöngur legðust ekki af.

Ég vildi hins vegar með fyrirspurn minni benda á þær tvær hliðar farþegaflutninga milli Íslands og annarra landa, þ.e. annars vegar ferðamennsku og hins vegar öryggissjónarmiðið ef flugsamgöngur leggjast af. Nýlega hefur verið blásið af verkfall hjá flugumferðarstjórum. Það þarf ekki mikið til að lama flug milli landa. Að vísu er óvenjulegt að fyrrnefndir atburðir úti í heimi komi upp og til allrar hamingju hafa þeir verið fátíðir í lífi okkar flestra. En þetta er samt staðreynd að það er oft mjótt á mununum, það þarf ekki mikið að gerast í heiminum til þess að raska einhverju slíku, svo sem aðferðum manna til að komast milli staða.

Við eigum ekki valkosti. Við eigum ekki völ á lestarferðum. Við höfum í rauninni enga aðra leið og höfum ekki haft annað en flugið. Við verðum því að horfast í augu við það raunsætt hvort við getum átt aðra valkosti. Og hafa þá einhvers staðar í handraðanum og ekki forsóma þá.

Varðandi stríðsrekstur kemur auðvitað að því þegar slíkt ástand skapast að menn fara að hugsa um hverjar eru birgðir af olíu í landinu, hverjar eru matarbirgðir? Hvernig getur þjóð séð fyrir sér? Og hvernig kemst fólk milli landa? Þetta skiptir okkur allt máli.

Ég tel að ekki sé stætt á því öryggisins vegna fyrir eyþjóð norður í hafi að geta ekki valið um leiðir til að ferðast milli landa eða milli staða á landinu, svo ekki sé minnst á það ef flugi er ógnað. Það er alvarlegt ef siglingum hefur að mestu verið útrýmt. Og ég held við þurfum að horfast í augu við það og velta fyrir okkur hvort stjórnvöld eigi að hafa einhver afskipti af því, bera á því ábyrgð eða greiða fyrir því.

[14:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda að við eigum auðvitað mjög mikið undir því að samgöngur séu greiðar og greiðar flutningaleiðir að og frá landinu, bæði á sjó og eins með fluginu.

Eins og ég gat um í svari mínu er sú þjónusta hvað varðar flugið mjög mikil og góð sem betur fer, tíðar flugferðir á

milli, bæði til Evrópu og vestur um haf. Þessu hefur verið þjónað alveg einstaklega vel gagnvart okkur Íslendingum. Enda hefur ferðaþjónustan byggt mjög mikið á þessum tíðu flugferðum og vöxturinn í íslenskri ferðaþjónustu hefur ekki síst orðið eins og hann hefur verið síðustu árin vegna þessara tíðu ferða.

Eins og fram kom er verið er að byggja stóra og mikla ferju sem á að sigla til Seyðisfjarðar og við erum að undirbúa feiknalega mikla fjárfestingu í hafnaraðstöðu og akstursleiðum að ferjuhöfninni í Seyðisfirði til að geta tekið á móti því stóra og afkastamikla skipi.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti biður hv. þm. um að gefa betra hljóð í salnum.)

Það er því auðvitað í okkar þágu og ekki síst í þágu Seyðisfjarðarhafnar og þeirra sem munu fjárfesta í þeirri höfn að hún nýtist sem mest og best og siglingatíminn verði sem flestar vikur á hverju ári. Ég á von á því að þeir sem reka þá ferju muni leggja á ráðin með að nýta hana sem best og ná farþegum um borð svo þeir geti siglt til og frá Íslandi sem flesta daga á árinu. En eins og er þá er ekki gert ráð fyrir miklu lengri tíma en nú er. (Forseti hringir.) En koma tímar og koma ráð. Samgöngur við landið eru í góðu horfi eins og er.

[14:08]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Ég vil beina því til hæstv. ráðherra og hv. þm. að virða tímamörk. (**Samgrh.:** Forseti truflaði mig.) Það má til sanns vegar færa, en ég minni menn á að virða tímamörk hér í salnum.

Lagning ljósleiðara.

Fsp. SvanJ, 249. mál. — Þskj. 285.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Lagning á ljósleiðara og verðlagning fjarskipta hefur verið reglulega á dagskrá Alþingis með einum eða öðrum hætti á undanförnum árum. Og það er eðlilegt vegna þess að við erum að tala um nýja samgöngumöguleika sem menn eru sammála um að geti upphafið fjarlægðir og gefið fólki í hinum dreifðu byggðum kost á því að stunda fjölbreyttari atvinnu, nýta sér ýmsa menntunarmöguleika, einnig að fólk geti stundað vinnu heiman að frá sér og notið ýmiss konar afþreyingar.

Ég held að við séum flest sammála um að um stórmál sé að ræða þar sem kemur að möguleikum þess að nýta sér fjarskiptatæknina.

Landssíminn eða öllu heldur Póstur og sími lagði á sínum tíma ljósleiðara um landið. Fram kom að þeim áformum yrði lokið með því að leggja ljósleiðara inn á hvert heimili. Svona höfðu menn háleita drauma fyrir nokkrum árum.

Póstur og sími sótti líka um fjölda sjónvarps- og útvarpsleyfa til að útvarpa um breiðband og þess hafa þeir getað notið sem búa þar sem ljósleiðari hefur þegar verið lagður. En það hefur verið gert, herra forseti, í heilu sveitarfélögin og annars staðar í bæjarhluta þar sem lagningin hefur átt sér stað um leið og annað rask hefur verið í gangi, eða um ný hverfi er að ræða.

Fólk veltir því eðlilega fyrir sér hvort röðin komi að heimili þess innan tíðar eða eftir hvaða reglum sé farið. Menn velta því fyrir sér hvort ekki verði farið með ljósleiðara inn á hvert heimili, þó ekki sé vegna annars en jafnræðisreglunnar og þess að verið er að nota opinbert fé. Og auðvitað vilja allir hafa möguleika á þeim aðgangi.

En til að upplýsa þessi mál og einnig til að við getum áttað okkur á stöðunni, þá hef ég lagt eftirfarandi spurningar á þskj. 285 fyrir hæstv. samgrh. sem er enn handhafi hlutabréfs ríkisins og ræður stjórn fyrirtækisins:

1. Í hvaða sveitarfélögum hefur Landssíminn lagt ljósleiðara? — Kannski hefði átt að standa þarna Póstur og sími bandstrik Landssíminn og kannski enn eitt bandstrik Síminn, mér finnst þróunin í nafni fyrirtækisins svo hröð.

2. Hvar er fyrirhugað að halda áfram við lagningu ljósleiðara?

3. Hvaða skilyrði þurfa sveitarfélög að uppfylla til að ljósleiðari sé lagður þar?

4. Hvert telur ráðherra að verði framhald á lagningu ljósleiðara eftir að annar eigandi hefur fengið meiri hluta í stjórn fyrirtækisins?

[14:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Fyrst er spurt: Í hvaða sveitarfélögum hefur Landssíminn þegar lagt ljósleiðara?

Því er til að svara að ljósleiðari Landssíma Íslands eða Símans nær nánast um allt land í stórum dráttum, þó ekki sé það inn á hvert heimili nema óbeint. Langlínur eru tvenns konar, gömlu símastrengirnir og nýju ljósleiðarastrengirnir sem skipta má upp í landstrengi og sæstrengi.

Lagning ljósleiðara á Íslandi hófst árið 1985 með lagningu ljósleiðara milli símstöðvarinnar í Múla og Landssímahússins en síðan hefur fjöldi strengja sem lagðir hafa verið aukist jafnt og þétt og er nú búið að leggja rúmlega 3.000 km allt í kringum og um landið.

Mikið hefur verið lagt innan bæjar á hinum ýmsu þéttbýlisstöðum og þá mest á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þar hafa verið lagðir strengir á milli flestra símstöðva og eru nú yfirleitt tvær sjálfstæðar leiðir milli allra þeirra. En jafnframt hefur mikil áhersla verið lögð á að tengja saman þéttbýlisstaði víðs vegar um landið. Árangurinn af því er sá að nú er búið að leggja ljósleiðara hringinn í kringum landið eins og fram hefur komið fyrr, ásamt lögn um Vestfirði. Í þessu verkefni hefur einnig þurft að leggja sæstrengi yfir nokkra firði á Vesturlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum.

Þess ber að geta að búið er að undirbúa eða leggja ljósleiðara og skapa möguleika á að leggja ljósleiðara á Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, í Stykkishólmi og í Reykjanesbæ samkvæmt upplýsingum frá Landssímanum og er um að ræða ljósleiðara á vegum Landssímans, en Lína.Net hefur einnig unnið að lagningu ljósleiðara og Íslandssími.

Þá er spurt: Hvar er fyrirhugað að halda áfram við lagningu ljósleiðara?

Ákvörðun um lagningu ljósleiðara er í raun ekki svo frábrugðin ákvörðunum um aðrar fjárfestingar. Þeir sem leggja í kostnað þurfa að vera þeirrar skoðunar að þörf sé fyrir fjárfestinguna. Einnig þarf að ganga úr skugga um að ekki séu fyrir hendi hagkvæmari úrræði til að ná sama árangri.

Í vissum tilvikum eru þráðlaus sambönd ódýrari leið til að koma á öflugum gagnaflutningum en ljósleiðarar.

Þá ber að hafa í huga að þróun fjarskiptatækninnar er ör. Nú eru að koma á markað fjölbreyttar lausnir, t.d. þráðlaus ljósleiðari sem fjölmargir aðilar kynnu að hafa áhuga á að nýta.

Ljósleiðaratækni er í mörgum tilvikum fjarskiptatækni framtíðarinnar. Með ljósleiðara er unnt að koma gífurlegu magni upplýsinga á milli staða og kostnaður við uppbyggingu og rekstur slíkra neta virðist fara lækkandi. Fyrirséð er að einstaklingar, sveitarfélög, fjarskiptafyrirtæki og önnur fyrirtæki munu leggja ljósleiðara á næstu árum og áratugum. Stöðug uppbygging á sér stað. Landssíminn hefur á undanförnum 16 árum lagt ljósleiðarann og eftir að ný fjarskiptalög tóku gildi hafa Íslandssími Lína.Net og Fjarski lagt hundruð kílómetra af ljósleiðurum. Íslandssími og Lína.Net lögðu í fyrra ljósleiðara til Vestmannaeyja um Suðurland og nú er verið að ljúka tengingu nýs ljósleiðara fyrir fjarskiptafyrirtækið Fjarska til Akureyrar en hann mun stórefla fjarskiptasamband við Norðurland.

Framan af hafa ljósleiðarar eingöngu verið notaðir í stofnnet fjarskiptafyrirtækja. Þetta er að breytast. Ljós sem fjarskiptamiðill er stöðugt að færast nær notandanum inn í stofnanir, fyrirtækin og heimilin. Ljósleiðari er því ekki bara lagður í þágu stofnneta fjarskiptafyrirtækja, heldur einnig til að tengja tölvubúnað innan húss. Hins vegar er alveg ljóst að kostnaður við að tengja hvert einasta heimili í landinu með ljósleiðara er feiknalega mikill og þess ekki að vænta að sá fjárfestingarkostnaður verði borinn uppi að því er virðist af þeirri þjónustu sem hægt er að selja um þessar mundir. En þróunin er ör og ekki vert að afskrifa neitt í þeim efnum.

Í þriðja lagi er spurt: Hvaða skilyrði þurfa sveitarfélög að uppfylla til að ljósleiðari sé lagður þar?

Engin sérstök skilyrði eru sett í fjarskiptalöggjöf fyrir því að ljósleiðari verði lagður um sveitarfélög.

Í fjórða lagi er spurt: Hvert telur ráðherra að verði framhald á lagningu ljósleiðara eftir að annar eigandi hefur fengið meiri hluta í stjórn fyrirtækisins? Svarið við þeirri spurningu er: Eignarhald að Landssíma Íslands ræður ekki úrslitum við uppbyggingu ljósleiðara hér á landi. Á undanförnum tveimur árum hafa önnur fyrirtæki en Landssími Íslands verið að vinna að lagningu ljósleiðara, eins og fram hefur komið. Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst ákvörðun hvers og eins fyrirtækis algerlega óháð eignaraðild eða eigendum að taka ákvörðun um uppbyggingu ljósleiðarakerfisins, en ég vona svo sannarlega að þessi uppbygging verði hröð og hraðari en hún hefur verið þannig að þessi mikilvæga þjónusta standi sem flestum til boða.

[14:17]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er hér með viðbótarspurningu til hæstv. samgrh.

Fyrir rúmum tveimur árum var gatan sem ég bý við í Keflavík, Faxabraut, brotin upp. Það er nú ekki mjög fátítt að hún sé brotin upp af einni ástæðu eða annarri. Við spurðumst fyrir hverju sætti þarna og þá var okkur sagt að verið væri að leggja breiðband um Keflavík. Það gekk mikið á og breiðband var lagt víða. Við kættumst sem áttum von á þessum fögnuði inn í húsin, en því miður höfum við ekki fengið breiðbandið enn. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. samgrh.: Hvar liggur hundurinn grafinn? Hvers vegna getum við ekki fengið breiðbandið fyrst búið er að leggja línurnar um bæinn? Eigum við kannski að bíða eftir Línu.Neti?

[14:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. lét að því liggja að lagning ljósleiðarans út um land mundi ráðast af því hversu arðsamt eða hagkvæmt það væri, hvort það skaffaði tekjur til þess að standa undir því.

Ljóst er að með sölu Landssímans, ef af verður, færist sú kvöð á ríkisvaldið að styrkja eða greiða fyrir lagningu fjarskiptanetsins um þær byggðir landsins þar sem það reynist ekki arðsamt fyrir það fyrirtæki sem veitir þessa þjónustu.

Það er vafalaust alveg hárrétt að á höfuðborgarsvæðinu og í stærstu þéttbýliskjörnunum mun líklega verða samkeppni þó engan veginn sé tryggt að þar verði samkeppni um að leggja ljósleiðara og fjarskiptanet þannig að það þjóni nýjustu kröfum og tækni á hverjum tíma. Ég óttast, herra forseti, að sala Landssímans, ef af henni verður, verði til þess að rýra kjör úti um landið.

[14:19]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera upp þessar spurningar og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Af svörum hans sést að margt og mikið er búið að gera í þessum málum.

Mig langaði til að bæta við einni spurningu og þá er ég að hugsa um hinar dreifðu byggðir, þ.e. hvernig þessi þráðlausi ljósleiðari er, hvort hann þurfi ekki einhvern sendibúnað og móttökutæki og í hverju það sé fólgið.

[14:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þessi mikla fjarskiptabylting sem hefur átt sér stað og glögglega kom fram í máli hæstv. ráðherra hefur breytt gríðarlega miklu varðandi uppbyggingu fjarskiptaþjónustu vítt og breitt um landið.

Það skiptir miklu máli í þessu sambandi að vekja athygli á því sem er staðreynd og kemur fram í hinum nýju fjarskiptalögum, því sem kallað hefur verið leikisamningar, þ.e. möguleikar ólíkra fyrirtækja til að hafa aðgang að grunnneti Landssímans, sem gerir það að verkum að hægt er að efna til mikillar samkeppni á nánast öllum sviðum fjarskiptaþjónustu innan grunnnetsins.

Þess vegna vekur það mikla furðu að ýmis fjarskiptafyrirtæki skuli hafa kosið að leggja í mikla fjárfestingu í grunnnetinu þrátt fyrir möguleika á þessu aðgengi. Það er enginn vafi á því að til lengri tíma er litið er þetta óhagkvæmt og mun auðvitað leiða til hærri verðlagningar. Þetta var reynsla sem Bretar gengu í gegnum. Að vísu var ekki til staðar á þeim tíma sú lagaheimild sem við höfum leitt í lög. Við höfum með þessum hætti auðvitað verið að ýta undir þessa samkeppni og möguleikann á því að lækka verð fyrir þessa þjónustu eins og hefur verið að gerast á undanförnum árum.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf hér. Það vekur auðvitað athygli ef sveitarfélög þurfa engin sérstök skilyrði að uppfylla til þess að íbúar þeirra fái að njóta þess jafnræðis að þar standi þessi mikilvæga þjónusta einnig til boða.

Samt er einhver svipur á þeim sveitarfélögum sem ráðherra las upp hér áðan sem bendir til þess að ekki sé alveg tilviljun hvar þetta stendur þegar til boða.

Herra forseti. Þegar ég spyr um þetta á hinu háa Alþingi þá er ég auðvitað að spyrja um Landssímann fyrst og fremst vegna þess að ég lít ekki á Landssímann eins og hvert annað fjarskiptafyrirtæki. Ég lít á Landssímann eins og hann er, þ.e. fyrirtæki sem hefur haft hér einokun á markaði áratugum

saman, hefur nánast einokun enn vegna þess hversu stór hann er, hefur byggst upp af gjöldum landsmanna í gegnum tíðina og hefur skyldur við alla landsmenn, skyldur sem mér finnst að við alþingismenn eigum að líta eftir, og þær eru að íbúar landsins njóti jafnræðis þegar kemur að þjónustu.

Út frá þessu sjónarmiði, herra forseti, legg ég fram þessar fyrirspurnir. Mér finnst verulegu máli skipta að við hér séum gæslumenn almannahagsmuna og reynum eftir megni að þoka málum í þá átt að sem flestir fái notið þeirrar mikilvægu þjónustu sem felst í nýrri fjarskiptatækni. Við vitum að það hefur orðið bylting og svo verður áfram. Þróunin er mjög ör. Auðvitað gilda ekki nákvæmlega sömu lausnir nú og áður, en sambærilegar lausnir verður að bjóða fram til þess að allir fái notið.

Það er alveg ljóst að flestir ef ekki allir landsmenn vilja eiga þess kost að nýta sér ódýr og greið samskipti og það er auðvitað það sem við hljótum öll að vilja stefna að.

[14:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir spurði: Hvar liggur hundurinn grafinn? Hún vildi vita hvað liði breiðbandsmálum í Keflavík.

Ég þekki það ekki. Ég get ekki svarað því hér og nú. Hins vegar er það nú svo að víða, m.a. á höfuðborgarsvæðinu og í mörgum þéttbýlisstöðum um allt land, hefur verið grafin upp mörg gatan til þess að setja lagnir og rör til þess að búa í haginn fyrir uppbyggingu og útbreiðslu ljósleiðarakerfisins. Það gildir m.a. um mína heimabyggð, Stykkishólm.

Vegna þess að hv. fyrirspyrjandi sagði að þeir staðir sem nefndir voru væru engin tilviljun, (Gripið fram í.) þá var þar lögð hitaveita í hvert einasta hús og þótti alveg sjálfsagt mál og mikil fyrirhyggja að leggja rör í allar götur að öllum húsum þannig að hægt yrði að draga ljósleiðara í þau rör þegar þar að kæmi. Því miður þá hefur það ekki gerst enn. Ég nýt þess í höfuðborginni, í þeirri verðbúð, eins og ég kalla hana stundum, sem ég er í, í Reykjavíkinni, að hafa ljósleiðara inn á gafl sem ekki er vestur á Snæfellsnesi. Þannig er nú þetta mismunandi.

Þráðlaus ljósleiðari verður vonandi og er vafalaust tækni sem nýtist. Ég þekki það ekki nákvæmlega. Það segi ég vegna fyrirspurnar hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Ég get því ekki svarað því.

En ég tek undir það að við gerum aðrar kröfur til markaðsráðandi fyrirtækis sem Síminn er, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, og það gerum við í lögunum. Við gerum miklar kröfur til þess og það kemur fram í uppbyggingu Símans um allt land að við gerum allt aðrar kröfur til hans en annarra símfyrirtækja.

En ég hef varað við því, vegna þess sem hv. 1. þm. Vestf. benti á, að til er í landinu dreifikerfi sem lögin kveða á um að önnur símfyrirtæki eigi aðgang að. (Forseti hringir.) Þess vegna varaði ég við því þegar Lína.Net óð af stað við að grafa upp allar götur á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að hér væru ljósleiðarar um allt í borginni. (Forseti hringir.) Það held ég hafi ekki verið skynsamleg fjárfesting að öllu leyti.

(**Forseti** (ÍGP): Enn minnir forseti hæstv. ráðherra á að virða tímamörk.)

Fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu.

Fsp. ÁRÁ, 222. mál. — Þskj. 247.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Þeir sem starfrækja og veita heilbrigðisþjónustu utan opinberra stofnana eru býsna margir og hafa í vetur oft komið til umræðu hér á hinu háa Alþingi. Mér þykir því forvitnilegt og fróðleiksvert að fá upplýsingar hæstv. heilbrrh. um umfang þessarar starfsemi. Ég spyr því:

Hve stórum hluta heilbrigðisþjónustunnar allrar og helstu greina hennar, svo sem heilsugæslu að meðtöldum heimilislækningum, almennra rannsókna á sjúkdómum og sjúklingum, læknisaðgerða, hjúkrunar, meðferðar við sjúkdómum, endurhæfingar og hjúkrunar og umönnunar sjúkra aldraðra, er sinnt af öðrum en opinberum aðilum, miðað við ráðstöfun fjárveitinga á fjárlögum að meðtöldum fjárveitingum til Tryggingastofnunar?

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mun hér á eftir, að svo miklu leyti sem unnt er, gera grein fyrir skiptingu fjárveitinga í frv. til fjárlaga 2002 eftir helstu málaflokkum, eignarhaldi og umsýslu. Hér verður hins vegar að gera þann fyrirvara í upphafi að erfitt getur verið í fyrsta lagi að aðgreina kostnað vegna svokallaðs einkarekstrar frá hinum svokallaða opinbera rekstri.

Það eru t.d. starfandi einkaaðilar eða verktakar víða á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum. Heilbrigðisstofnanir leggja verktökunum til nauðsynlega aðstöðu og viðkomandi stofnun semur um starfsemina. Þetta kemur ekki fram sérstaklega í fjárveitingu til viðkomandi stofnunar, enda óskilgreindur hluti af heildarfjárveitingu þeirri sem stofnunin fær á fjárlögum hverju sinni. Því er erfitt að meta umfang þessarar starfsemi.

Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gerð tillaga um að heildarframlag til heilbrigðis- og tryggingamála verði 89,2 milljarðar kr. Þar af eru um 19 milljarðar kr., eða 21 af hundraði þess fjár sem varið er til málaflokksins í heild sinni, í höndum annarra en ríkis og sveitarfélaga, eða hins opinbera eins og spurt er um. Hlutur einkaaðila í þessu sambandi í rekstrinum er breytilegur og mismunandi eftir málaflokkum og fer frá því að vera enginn í rekstri hátæknisjúkrahúsanna í að vera umtalsverður í rekstri endurhæfingar- og meðferðarstofnana, eða 94% og um 60% í rekstri hjúkrunarheimila eða öldrunarstofnana.

Í málaflokknum tryggingamál sinna einkaaðilar eða sjá um starfsemi sem svarar til um fjórðungs eða um 11 milljarða af ráðstöfunarfé almannatrygginga eins og kemur fram í fjárlögum. Um er að ræða þjónustu sem greiðist af sjúkratryggingum, en stærstu útgjaldaflokkar eru lyf, sérfræðikostnaður, kostnaður við sjúkraþjálfun og tannlækningar.

Í þessu sambandi er í öðru lagi er rétt að taka fram sem fyrirvara að í þeim þremur fjórðu hlutum heildarútgjalda til tryggingamála sem við erum hér að tala um eru fyrst og fremst lífeyristryggingar. Hér kemur ekki fram hlutur sjúklinga í þeirri þjónustu sem einkaaðilarnir sinna.

Hvað öldrunarstofnanir varðar ver ríkið rúmlega 7,9 milljörðum kr. til reksturs hjúkrunarheimila. Af þeirri fjárhæð er ríflega 4,7 milljörðum eða um 60% ráðstafað af einkaaðilum og félagasamtökum. Stærstu stofnanirnar sem fá rekstrarframlag frá ríkinu og eru í eigu einkaaðila eða félagasamtaka eru Hrafnistuheimilin í Reykjavík og Hafnarfirði, Grund,

Sóltún sem opnar í byrjun næsta árs, Skógarbær og Hjúkrunarheimilin Skjól og Eir, öll í Reykjavík, Sunnuhlíð í Kópavogi og Ás í Hveragerði.

Þau heimili þar sem eignarhaldið er hjá hinu opinbera eru almennt í eigu sveitarfélaga. Stærstu heimili í þeim flokki tilheyra reynslusveitarfélögunum á Akureyri og Höfn í Hornafirði, Droplaugarstaðir og Seljahlíð í Reykjavík, Holtsbúð í Garðabæ, Garðvangur í Garði og Hraunbúðir í Vestmannaeyjum.

Hlutur einkaaðila og félagasamtaka í rekstri endurhæfingar- og meðferðarstofnana er því sem næst algjör, eða 94% af tæplega 2,3 milljarða kr. fjárveitingu. Stærsta stofnunin er Reykjalundur sem fær rúmlega 800 millj. kr. eða um 36% þess fjármagns sem varið er til málaflokksins. Næst kemur SÁÁ, en samtökin taka til sín tæplega fimmtung, 18% af því fjármagni sem ríkið ver til málaflokksins. Þá eru NLFÍ og Sjálfsbjörg í Reykjavík og Akureyri einnig stórir aðilar á þessum markaði, ásamt endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Hvað heilsugæsluna varðar er tæplega 400 millj., eða u.þ.b. 11% af fjárveitingu sem ríkið ver til heilsugæslu í landinu, ráðstafað af einkaaðilum. Þar eru framlög til að standa straum af sjúkraflugi, rekstri sjúkrabifreiða, einkareknar heilsugæslustöðvar í Lágmúla auk Læknavaktarinnar á höfuðborgarsvæðinu, en umfang þess rekstrar hefur vaxið um 30% frá árinu 1999 gangi áætlanir eftir um það á þessu ári.

Að auki má benda á að rúmlega 800 millj. kr. flokkast undir liðinn annað. Af þeirri fjárhæð er tæplega 350 millj. kr. ráðstafað af einkaaðilum, eða um 43%. Einkum er um að ræða fjárveitingar til Krabbameinsfélags Íslands og Hjartaverndar, ásamt styrkjum til líknarstarfsemi.

Það sem fellur undir rekstur hins opinbera í þessum flokki er að stærstum hluta rekstur ráðuneytisins auk nefnda og ráða og málefna sem undir það heyra.

Herra forseti. Ég vona að þetta hafi veitt einhver svör við fyrirspurn hv. þm.

[14:33]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa fyrirspurn sem hv. þm. Árni Ragnar Árnason hefur varpað fram og þau góðu svör sem hæstv. ráðherra hefur gefið honum.

Það kemur í ljós að milli 20 og 25% af fjárveitingum til heilbrigðismála fara til einkaaðila þannig að einkarekstur í heilbrigðisþjónustu er í raun og veru töluverður hér á landi, allt upp í 94% í endurhæfingargeiranum.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp til að draga athyglina að þessu er að af þeirri umræðu sem hefur verið í þinginu um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu mætti ráða að hann sé af hinu vonda. En ég tel að það sé öðru nær. Í þeim upplýsingum sem við fáum hér frá ráðherranum nefnir hann hinar mestu fyrirmyndarstofnanir sem fólki eru að góðu kunnar, sem fólki er kunnugt að veita verulega góða þjónustu, þar á meðal Reykjalund, Heilsugæsluna í Lágmúla, öldrunarstofnanir og áfram má telja.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra yfirgripsmikil svör á svo stuttum tíma. Ég veit að svari við spurningu af þessu tagi er mjög erfitt að koma fyrir í svo snöggsoðnu máli. Ég vildi því nefna þann möguleika að ráðherrann gerði okkur grein fyrir innihaldi eða efni svarsins með því að dreifa því hér í þingsölum, eftir að umræðu um fyrirspurnina lýkur.

Það kemur í ljós í þessum svörum að einkarekin starfsemi sem ekki telst opinber rekstur innan heilbrigðisþjónustunnar er mjög mikill. Ég verð að segja eins og er að þegar við lítum til baka yfir þær umræður sem hafa orðið hér í hinum háu þingsölum um þetta atriði þá tel ég að sumir í hópi vinstri manna ættu að hugleiða sjónarmið sín aðeins upp á nýtt. Gagnrýni þeirra á einkarekna heilbrigðisþjónustu reynist vera gagnrýni á sjálfseignarstofnanir og á mjög fjölmenn sjálboðaliðasamtök. Þau virðast öllu stærri aðili í hinni einkareknu heilbrigðisþjónustu heldur en einstaklingar, þ.e. einstaklingar sem reka sín eigin fyrirtæki. Þess vegna held ég að þeir ættu að skoða málið aðeins betur.

Ég er þeirra skoðunar, herra forseti, að framtak einstaklinga í heilbrigðisþjónustu, eins og í öðrum greinum, sé mjög mikilvægt. Raunar tel ég að starfsemi þar sem hún fer fram nær stjórnendum, yfirstjórnendum, en gerist á hinum gríðarlega stóru stofnunum, t.d. Landspítalanum okkar, verði líklegri til þess að drífa fram nýjungar og hvers konar þróun en stórar stofnanir, stærri en öll önnur fyrirtæki á landinu, þar sem mjög langt er á milli stjórnenda og þeirra sem í raun og veru vinna verkin.

Það er segin saga með skipulagsfyrirbæri af því tagi að það gengur mjög illa fyrir venjulegt starfsfólk að koma fram hugmyndum um hvers konar nýmæli. Þó ekki væri nema þess vegna, herra forseti, þá teldi ég rétt að við bærum öll virðingu fyrir einkaframtaki í heilbrigðisþjónustu.

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Varðandi svar mitt við fyrirspurninni þá er það rétt að það er erfitt að gefa tæmandi svar við henni á svo stuttum tíma. En varðandi efni hennar þá vil ég benda á að þessi ræða er prentuð í þingtíðindum og aðgengileg, þannig að hún liggur fyrir þar. En ég er auðvitað að sjálfsögðu reiðubúinn að taka saman upplýsingar um það sem spurt er um.

Varðandi þá umræðu sem verið hefur hér í þinginu um einkarekstur eða einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu þá er það að segja að eins og fram kom í svarinu annast einkaaðilar mjög stóran þátt í heilbrigðisþjónustunni. Hitt er svo annað mál að þessi þáttur er greiddur af ríkinu í langflestum tilfellum. Ég vil hvetja til réttrar orðanotkunar í þessu. Hún er mjög áríðandi. Ég hef aldrei verið á móti því að semja við ákveðna aðila um að veita ákveðna þjónustu á ákveðnu verði en það sem ég hef varað við í þessu efni er að ég vil ekki hafa tvöfalt heilbrigðiskerfi í landinu, annað fyrir þá sem geta borgað en hitt fyrir þá sem geta ekki borgað. Umræðan hefur af minni hálfu hnigið að því.

Ég er alls ekki að útiloka að einkaaðilar annist þjónustu í heilbrigðiskerfinu. En aðgangur að þeirri þjónustu verður að vera almennur að mínu mati. Ég vildi láta þetta koma fram í framhaldi af þessari almennu umræðu um einkavæðingu og einkaaðila sem sinna heilbrigðisþjónustu. Rétt orðanotkun er áríðandi í þessu sambandi.

Offituvandi.

Fsp. SoG, 257. mál. — Þskj. 296.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Soffía Gísladóttir):

Herra forseti. Rannsóknir sýna að Íslendingar þyngjast stöðugt og vandamál sem tengjast offitu aukast með ári hverju. Afleiðingar offitu eru alvarlegar. Þar má m.a. nefna háa blóðfitu, háþrýsting, sykursýki, kransæðasjúkdóma, slit á stoðkerfi, svo sem hnjám, ökklum, mjöðmum og hrygg, og síðast en ekki síst félagslega einangrun.

Árið 1999 skoðaði Brynhildur Briem breytingar á hæð og þyngd níu ára skólabarna í Reykjavík á tímabilinu 1938–1998. Í ljós kom að meðalhæð barnanna hefur hækkað um fimm sentimetra á þessu tímabili og líkamsþyngdarstuðull þeirra hefur að sama skapi hækkað. En ef þyngdaraukningin væri í samræmi við hækkunina hefði líkamsþyngdarstuðullinn ekki átt að breytast. Miðað við þessa stuðla hefur ofþyngd stúlkna aukist úr því að vera 3,1% hópsins árið 1938 upp í 19,7% árið 1998. Hlutfall of þungra drengja hefur aukist úr 0,7% árið 1938 í 17,9% á þessu sama tímabili. Ef skoðaðir eru þeir sem haldnir voru offitu þá fara tölurnar fyrir báða hópana úr nánast engu árið 1938 upp í tæplega 5%. Börnin eru því greinilega að þyngjast og það verulega.

Herra forseti. Hvernig er ástandið hjá fullorðna fólkinu? Svipuð þróun hefur átt sér stað meðal fullorðinna og barna, en svo sýnir rannsókn á 45–64 ára gömlum Reykvíkingum sem Hólmfríður Þorgeirsdóttir gerði árið 1999. Rannsóknin byggðist á gögnum Hjartaverndar og náði til tímabilsins 1975–1994. Niðurstöðurnar sýna að bæði karlar og konur á Íslandi hafa hækkað að meðaltali um 2–3 sentimetra á tímabilinu en einstaklingar hafa einnig þyngst, konurnar um 7,3 kíló að meðaltali en karlarnir um 6 kíló. Eins og hjá börnunum er þyngdaraukningin meiri en svo að útskýrt verði með aukinni hæð.

En hvar eru þessir of feitu einstaklingar? Samkvæmt niðurstöðutölu þessara rannsókna ættu fimm af hverjum hundrað börnum að þjást af offitu og fimmti hver fullorðinn á aldrinum 45–64 ára þjáist orðið af offitu á Íslandi. Eina svarið við þessari spurningu er að flestir þeirra eru í felum. Börnin fela sig að vísu ekki vegna skólaskyldu. Og því eru æ fleiri fyrirspurnir sem berast til barnaverndaryfirvalda um hvað sé mögulegt að gera vegna offitu barna. Þetta vandamál minnir á vanda fatlaðra einstaklinga fyrir áratugum síðan en mikið hefur áunnist í baráttunni fyrir fatlaða og stuðningur við einstaklinginn er viðurkenndur strax og fötlunin er ljós. Nauðsynlegt er að byggja upp viðlíka kerfi fyrir of feita einstaklinga og virkja verður kerfið til þess að það taki strax á vanda einstaklingsins þegar offita er orðin augljós, en slíkt er mögulegt með alþjóðlegum stöðlum.

Ég spyr því hæstv. heilbrrh.:

Hefur verið gerð úttekt á vanda of feitra Íslendinga, sem eiga erfitt með að taka þátt í daglegu lífi og eru margir í felum, og eru uppi áform um að bregðast við alvarlegum vanda þeirra með öflugu stuðningskerfi?

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Hv. þm. beinir til mín fyrirspurn um vanda of feitra Íslendinga.

Ég tel að með fyrirspurninni sé vakin athygli á mjög mikilvægum þætti sem, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, hefur að miklu leyti verið dulin en að líkindum hefur hann farið vaxandi undanfarin ár og áratugi.

Fyrr í haust birtist grein í Læknablaðinu þar sem greint var frá könnun á því hvort breytingar hafi orðið hlutfallslega á fjölda of þungra og feitra hér á landi undanfarin ár. Þar var notaður líkamsþyngdarstuðull og miðað við mörk og skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar fyrir þá sem teljast of þungir. Líkamsstuðull var 25–29,9, of feitir líkamsstuðull 30 eða hærri. Rannsóknin leiddi í ljós að hlutfall of feitra kvenna meira en tvöfaldast á tímabilinu 1975–1994, mest í hópi 55–64 ára kvenna þar sem um 25% töldust of feitar. Hjá körlum tæplega tvöfaldaðist hlutfall of feitra ungra karla, en aukningin var ekki marktæk í hópi þeirra eldri.

Ekki hefur verið gerð könnun hjá þeim sem eiga við illvíga offitu að stríða, þ.e. þegar líkamsþyngdarstuðull er kominn yfir 35. Fjöldi þeirra er því ekki vel þekktur enda hætta á því að þeir dragi sig að verulegu leyti í hlé. Oft er félagsleg staða þessara einstaklinga mjög erfið og samskipti við aðra takmörkuð.

Athygli heilbrigðisyfirvalda víða um heim hefur í vaxandi mæli beinst að átröskunum af ýmsum toga. Mikilvægi forvarna er augljóst og hefur því mikil áhersla verið lögð á upplýsingar um ýmsa þætti manneldismála, rétt fæðuval, hreyfingu og fleira. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem Alþingi samþykkti í maí síðastliðnum, er lögð áhersla á þessa þætti.

Þeir aðilar sem helst komast í kynni við þá einstaklinga sem eiga við mestan vanda af þessu tagi að stríða eru starfsmenn heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar. Er því mikilvægt að þessar stofnanir bregðist við þegar þessa vanda verður vart og eigi úrræði til að grípa til. Næringarráðgjöf er veitt á ýmsum heilsugæslustöðvum en mjög líklegt er að þessir einstaklingar hafi samband við þær vegna líkamlegra og félagslegra vandamála.

Aðrar heilbrigðisstofnanir, svo sem Reykjalundur og Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, hafa lagt sérstaka áherslu á meðferð við offitu og hefur hún reynst vel. Auk þessa eru ýmis félagasamtök og einstalingar sem hafa beitt sér af mikilli alvöru í máli þessu. Má í því sambandi nefna OA-samtökin og myndarlega heimasíðu þeirra. Heilbrigðisyfirvöldum er ljós vandi þessa fólks og við munum leitast við að styðja þau úrræði sem best teljast á hverjum tíma.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi tel ég að hér hafi verið vakið máls á mjög mikilvægu máli. Ég vona að þessari spurningu hafi verið svarað að einhverju leyti.

[14:46]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Soffíu Gísladóttur kærlega fyrir að vekja athygli á þessu máli með fyrirspurn sinni. Vitað er að átraskanir af ýmsu tagi eru meira í umræðunni, þ.e. anorexía og búlimía, en offituvandamálið fer vaxandi hér á landi eins og kom fram í máli fyrirspyrjandans.

Það sem ég vildi vekja athygli á er að hjá mörgu feitu fólki geta legið að baki ýmis alvarleg vandamál sem mikilvægt er að taka á. Ég tel að mikilvægt sé að ná þeim þverfaglega saman sem hafa sérþekkingu á átröskunum þannig að bjóða megi upp á sérhæfða meðferð handa átröskunarsjúklingum á öllum aldri. Eins og ég boðaði hér í vor er ég að vinna þáltill. um að slíkri þjónustu verði komið á.

[14:47]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Soffíu Gísladóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli en ofþyngd og offita er orðið afar mikið og vaxandi vandamál hér á landi eins og í hinum vestræna heimi. Í kjölfarið fylgja margir fylgikvillar og nauðsynlegt að bregðast við þeim vanda með öflugu stuðningskerfi og forvörnum.

Mjög athyglisvert er að 39% karla og 34% kvenna eru of þung og ástandið er svo slæmt að sumir vilja líkja því við faraldur.

En yfirleitt eru það börnin sem fara verst út úr þessu því þau verða fyrir einelti og stríðni ef þau eru of feit og geta lent í miklum vanda. Þetta er mikið neysluvandamál. Það kom t.d. fram í neyslukönnun að sykurneysla og gosdrykkjaneysla íslenskra barna er afar mikil. Það er allt að hálfur lítri á dag sem börnin eru að drekka og það er allt of mikið, herra forseti.

[14:48]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka sérstaklega fyrir að þessi fyrirspurn skuli hafa komið fram, þó að æskilegra hefði verið að fá að ræða þetta mál undir öðrum dagskrárlið sem gæfi meira rými til athugasemda en þessa einu mínútu.

En ég sem kennari og uppalandi hef horft með vaxandi hryllingi á hvernig þetta vandamál hefur færst í aukana. Og ég verð að segja að það hefur valdið mér miklum vonbrigðum hve heilbrigðisþjónustan í landinu hefur tekið máttleysislega á þessum málum. Það hefur nánast ekkert verið í boði t.d. fyrir börn og unglinga á heilsugæslustöðvunum, ekkert sem hægt er að benda á.

Mér finnst stundum eins og einkareknum vaxtarræktarstöðvum hafi verið gefið veiðileyfi á þennan hóp og það sé látið þar við sitja. En þetta mál er náttúrlega miklu alvarlegra en svo að það sé forsvaranlegt að gera slíkt.

[14:49]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um afar mikilvægt mál að ræða því offituvandi hér á landi sem og í öðrum vestrænum ríkjum er orðinn verulegur og er stöðugt að aukast. Bæði kemur þar til breytt mataræði og minni hreyfing.

Offituvandi meðal barna er mjög alvarlegur og nauðsynlegt er að hjálpa þeim einstaklingum sem þar eiga í hlut en ég vil benda á í því sambandi að ekki er nóg að taka á vandanum með þeim einstaklingum sem þar eiga hlut að máli t.d. í skólum eða í öðrum stofnunum, heldur verður einnig að fylgja fræðsla til foreldra eða forráðamanna, því þeir krakkar sem hér um ræðir eru á grunnskólaaldri og eru ekki með fjárráð og því er mataræði þeirra eingöngu byggt á því sem heimilin hafa upp á að bjóða. Fræðsla og aðhald verður því einnig að fylgja til foreldranna þegar kemur að þessum málum.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Soffía Gísladóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir greinargóð svör og þakka kærlega fyrir viðbrögð hv. alþm. varðandi fyrirspurnina.

Hér er um mikið vandamál að ræða og greinilegt er að ofþyngd og offita eru vaxandi vandamál, bæði meðal barna og fullorðinna hér á landi og mikilvægt að grípa í taumana og spyrna við þeirri þróun.

Ég velti því fyrir mér hvort hægt sé að búa til símalínu til aðstoðar þessum hópi, símalínu eins og ráðgjöf í reykbindindi sem er starfrækt m.a. við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Þá þurfa hinir of feitu ekki að sýna sig heldur geta komist í samband í gegnum síma til að byrja með og fá þannig kjark til þess að halda áfram.

Ég þakka hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttur fyrir framlag hennar því vandi barnanna er sérstaklega mikill vegna þess að stuðningur til þeirra er til staðar í skólum landsins en börnin þurfa enn meiri stuðning og þau þurfa einmitt stuðning frá foreldrum sínum til þess að breyta og bæta mataræði sitt og auka hreyfingu.

Spurning er um að auka við forvarnir og þá á hvern hátt við eigum að fara að. Ég fagna því að í smíðum er till. til þál. um þetta mál og þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir framlag hennar í þessum málum.

[14:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í umræðum um þetta mál. Ég held að það sé rétt að málið hefur verið í felum og við þurfum að draga þetta vandamál upp á borðið ef svo má segja og hvað heilbrigðisyfirvöld varðar þá fullyrði ég að það er vilji til þess. Hér er náttúrlega fyrst og fremst um forvarnamál að ræða og á því þarf að taka á ýmsum vígstöðvum. Manneldismálin hafa verið nefnd, mál sem varða lífsstíl og önnur hliðstæð mál.

Ég held að fólk sem komið er í þessa stöðu lendi í vissum vítahring hreyfingarleysis og neyslu og það þarf að hjálpa fólki til að rífa sig upp úr þeirri stöðu. Og hlutverk heilbrigðisyfirvalda og heilsugæslunnar sem hefur verið nefnt hér er mikið í þessu efni. Auðvitað ber heilbrigðisyfirvöldum að gera sitt til að draga þetta mál fram í sviðsljósið og hjálpa til í þessu efni.

Ég hef að öðru leyti ekki meiru við að bæta í umræðunni á þessu stigi, en þakka aftur fyrir að þessu máli skuli vera hreyft.

Kúabólusetning.

Fsp. KF, 261. mál. — Þskj. 306.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til heilbrrh. en hún lýtur að því hvort til sé bóluefni gegn bólusótt hér á landi?

Í öðru lagi hvenær kúabólusetningu hafi verið hætt á Íslandi?

Í þriðja lagi hvort heilbrigðisyfirvöld hafi tekið afstöðu til þess hvort hefja skuli slíkar bólusetningar að nýju?

Og í fjórða lagi hvort talið sé að þeir sem bólusettir voru fyrr á árum hafi enn mótefni gegn bólusótt?

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er kannski nokkuð ljós. Annars staðar í heiminum, fyrst í Rússlandi og nú einnig í Bandaríkjunum hefur verið í umræðunni hvort taka eigi upp almenna bólusetningu að nýju gegn stórubólu. Í fréttum í Times fyrir nokkrum dögum kom fram að Bush forseti er að velta því fyrir sér hvort bólusetja eigi alla Bandaríkjamenn þrátt fyrir vissa hættu sem af bólusetningunum stafar, en það er svo sem eins og einn af hverri milljón sem deyr af völdum kúabólusetningar. Í Bandaríkjunum eru um 260 millj. manna og þeir ætla að koma sér upp birgðum upp á 300 millj. skammta af þessu bóluefni.

Rússar sem höfðu reynslu af hernaði í Afganistan hafa mælt með því við heimsbyggðina að bólusett verði við kúabólu, en það eru rök með og á móti eins og segja má. Það er auðvitað munur á smithættunni eftir því hvort smit berst frá einum einstaklingi til annars, eða hvort skammturinn er milljónfaldur í hernaði. Það er auðvitað mikill munur á því. Hernaður setur allar hugsanir á skjön.

Við búum að framsýnum sóttvarnalögum og getum verið stolt af því að hafa sett þau lög í tæka tíð. Þar eru öll þau úrræði sem ég geri ráð fyrir að grípa þyrfti til. Bæði hefur ráðherra þar ákvörðunarvald um hvort grípa eigi til bólusetninga og er það samkvæmt IV. kafla þeirra laga um opinberar sóttvarnaráðstafanir, og sömuleiðis hefur sóttvarnalæknir ansi víðtækar heimildir til að grípa til ráðstafana við atburðum sem koma upp í landinu.

En þetta er grunnurinn að fyrirspurn minni til heilbrrh.

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur beint til mín nokkrum spurningum um kúabólusetningu, en að undanförnu hefur bólusetning gegn bólusótt með kúabólusetningu verið nokkuð í umræðu þeirri sem tengst hefur hryðjuverkum og þeirri ógn sem stafað gæti af eiturefna- eða sýklahernaði.

Bólusótt var ein skæðasta smitsóttin sem herjaði endurtekið og reglulega á mannkyn fyrr á öldum með miklu mannfalli, sérstaklega á Íslandi þar sem hún var stærsta heilbrigðisvaldamálið öldum saman. Árið 1796 sýndi Englendingurinn Edward Jenner fram á að með bólusetningu með kúabóluefni mætti ná fram ónæmi gegn bólusótt. Vegna hins góða árangurs sem bólusetningin leiddi af sér var talið að útrýma mætti bólusóttinni sem smitaðist milli manna og beitti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin sér fyrir átaki um allan heim til að ná því markmiði.

Að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar taldist bólusóttinni hafa verið útrýmt í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar og var bólusetningu gegn kúabólu hætt að fullu hér á landi í lok þess áratugar. Síðan kom í ljós að ekki var hægt að útiloka að smitefni hefði verið framleitt og geymt með veirunni með það fyrir augum að nota í hernaði og tengist þetta þeirri ógn sem nú er talið að steðjað geti að þjóðum heims vegna bólusóttar.

Bóluefni gegn bólusótt er ekki til á Íslandi. En hins vegar hefur verið gengið frá því að hægt er að fá bóluefni til landsins með stuttum fyrirvara. Hefur sóttvarnalæknir haft samráð við nágrannalönd og bóluefnaframleiðendur til að tryggja að hröð afhending bóluefnis til Íslands geti átt sér stað.

Nokkur umræða hefur farið fram meðal helstu nágrannaþjóða hvort hefja eigi bólusetningar gegn bólusótt að nýju í ljósi þess að ekki þykir tryggt að smitefni sé eingöngu í höndum ábyrgra aðila.

Ekkert land hefur tekið þá ákvörðun að bólusetja íbúa sína, enda öll sammála þeim tillögum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar að bólusetja ekki alla íbúa, en hafa frekar viðbúnað til að einangra hugsanleg smit og bólusetja eingöngu þá sem gætu orðið fyrir smiti. Þannig má telja víst að þjóðir heims mundu sameiginlega beina kröftum sínum að því svæði, heimshluta, landshluta eða borg sem yrði fyrir smiti og senda þangað bóluefni gerist þess þörf. Minna má á að kúabólusetning er ekki hættulaus. Mál þessi eru í sífelldri skoðun hjá sóttvarnayfirvöldum um allan heim og er grannt fylgst með stöðu mála af hálfu íslenskra heilbrigðisyfirvalda.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu var kúabólusetningu hætt hér á landi í lok áttunda áratugar síðustu aldar. Talið er að þeir sem voru bólusettir hafi vörn gegn bólusótt að hluta og þar með hafi verið dregið verulega úr dánarlíkum í þeim hópi en eins og kunnugt er er dánartíðni í bólusótt um 40–50% hjá óbólusettum fullorðnum einstaklingum. Ekki er vitað með fullri vissu hve lengi vörn endist eftir bólusetningu, enda fer slíkt eftir því magni smitefnis sem viðkomandi einstaklingar eru útsettir fyrir. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur að góð vörn sé að lágmarki tíu ár en þar sem bólusótt hefur ekki herjað í faröldrum með smiti milli manna undanfarna áratugi er ekki að fullu vitað hversu lengi góð smitvörn getur enst.

Herra forseti. Ég vona að þessar upplýsingar hafi svarað spurningum hv. þm.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans greiðu svör. Það er ljóst að heilbrigðisyfirvöld á Íslandi munu hafa samflot með nágrannalöndunum, líkast til öðrum Norðurlöndum, og mér finnst það mjög eðlilegt. Bóluefni er ekki til á Íslandi frekar en í þessum löndum. Það tekur kannski einhvern tíma að framleiða það en sóttvarnalög okkar gera yfirvöldum mjög auðvelt að grípa til sóttvarnaaðgerða og ákvarða framhaldið ef nauðsyn krefur.

Talið er að býsna góð vörn hljóti að hafa fengist við kúabólusetningu á árum áður úr því að það tókst að útrýma stóru bólu úr heiminum. Þetta er dæmi um að læknisfræðin hefur mikil áhrif á gang mála eins og á svona veirusjúkdóm sem var með 40–50% dánartíðni. Þeir sem voru bólusettir á árum áður, þ.e. á áttunda áratugnum og fyrir þann tíma eins og heilbrrh. greindi frá, eru sennilega með vörn að hluta. Þeir eru hins vegar ekki alveg óvarðir, gerir maður ráð fyrir.

Mér fannst rétt að vekja athygli á þessari umræðu sem upp hefur komið í kjölfar mögulegs sýklahernaðar til þess að Íslendingar átti sig á hvernig ástatt er hér. Heilbrigðisyfirvöld hafa yfirsýn yfir málið og munu taka á því af ábyrgð.

[15:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það sem fram kom í svari mínu að eftir að hin margumtalaða hryðjuverkaógn kom fram í september þá var mjög fljótt haft samband við sóttvarnayfirvöld í nágrannalöndunum til að kanna birgðir af bóluefni þar. Sóttvarnalæknir, sem hefur farið með þessi mál í okkar umboði, brá mjög skjótt við varðandi þetta og hefur upplýsingar um hvar hjálpar megi leita á þessu sviði. Við höfum lagt áherslu á að fylgjast sem allra best með þróuninni varðandi þetta og munum halda áfram þeirri vinnu. Ég vildi undirstrika það áður en þessari umræðu lýkur en ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli.

Nýir framhaldsskólar.

Fsp. JB, 245. mál. — Þskj. 279.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Öflugt menntakerfi sem nær til allra landsmanna er forsenda velferðar og hagvaxtar og framboð menntunar leggur grunn að samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu á hverjum stað. Það er mikil blóðtaka fyrir hvert byggðarlag að senda allt ungt fólk burt til menntunar frá 16 ára aldri og verður æ erfiðara eftir því sem skólaárið lengist. Fjarveran eykst og fjölskyldubönd og rætur í heimahögum slitna. Það reynir mjög á ungt fólk á þessum árum og það er hluti góðra lífskjara að fjölskyldan geti veitt hvatningu og stuðning unglingum í námi. Aukið námsframboð í heimabyggð styrkir sjálfsímynd byggðarinnar og hefur feikileg margfeldisáhrif í nærsamfélaginu.

Framfarir í fjarskiptatækni bjóða upp á fjölbreyttan stuðning í öllu menntunarstarfi og hæstv. menntmrh. hefur nefnt hugmyndir um dreifnám sem tæki til einmitt þessara aðstæðna og nýtti sér möguleika nútímafjarskiptatækni í að efla nám sem víðast um landið.

Herra forseti. Hvert samfélag, hver byggð þarf stöðugt að sækja fram hvað menntun varðar og hér styður hvert menntunarstig annað. Því öflugri grunnmenntun sem er í byggðarlaginu þeim mun meiri möguleikar eru á framboði í símenntun, endurmenntun og háskólamenntun. Það er því eðlilegt að þau sveitarfélög sem ekki hafa framhaldsskóla leiti eftir og kanni möguleika á að koma á slíku námi í heimabyggð.

Forsvarsmenn sveitarfélaganna í Ólafsfirði og í Dalvík og á utanverðu Snæfellsnesi, þ.e. í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi, hafa kynnt fyrir þingmönnum hugmyndir sínar og óskir um stofnun eigin framhaldsskóla með daglegri heimangöngu nemenda. Þar hefur verið greint frá því að viðræður stæðu yfir við menntmrn. um stofnun slíks skóla í viðkomandi byggðum.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

1. Hvenær er að vænta niðurstöðu í viðræðum milli menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna í Ólafsfirði og Dalvíkurbyggð um stofnun 2–4 ára framhaldsskóla á svæðinu?

2. Hvenær er að vænta niðurstöðu í viðræðum milli menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna á norðanverðu Snæfellsnesi um stofnun framhaldsskóla á svæðinu?

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Aðstæður til menntunar eru að gjörbreytast, að segja má næstum dag frá degi. Ég var rétt í þessu að koma af stofnfundi um landskerfi bókasafna. Þar er menntmrn. og sveitarfélög víðs vegar að af landinu að stofna þetta landskerfi sem sameinar 400 bókasöfn og veldur því að það verður sama hvar menn búa, þeir hafa allir jafnan aðgang að safnakosti landsins. Er það samdóma álit þeirra sem koma að þessu verkefni að það muni gjörbreyta og bæta aðstöðu manna til að nýta sér þann bókakost sem er að finna í söfnum landsins, og þar með einnig auðvelda mönnum að stunda nám hvar sem er á landinu. Hið sama er að segja um hina rafrænu gagnagrunna sem við erum að opna og koma á laggirnar. Þeir munu einnig gjörbreyta allri aðstöðu til að stunda nám, rannsóknir eða vísindastörf hvar sem er á landinu.

Hér er því verið að skapa algjörlega nýtt umhverfi á þeim sviðum sem snerta skólastarf hvað mest, varðandi aðgang að gögnum og aðgengi að hvers konar gagnagrunnum. Menntmrn. hefur mótað stefnu varðandi dreifmenntun eða dreifnám sem hefur verið kynnt og ráðuneytið leggur þá stefnu að grunni þegar rætt er um framtíðarþróun skólastarfs í landinu, sérstaklega framhaldsskóla og háskóla. Við sjáum einnig að nemendur taka þessu nýja framboði öllu mjög vel. Nýlega var svarað fyrirspurn hér á þinginu sem sýndi að fjarnámsnemum hefur fjölgað um eitt þúsund í haust, frá því haustið 2000. Það er að verða gjörbreyting hjá öllum almenningi á viðhorfi til þess hvernig skynsamlegt er að afla sér þekkingar og tölvunotkun. Fjarskiptatæknin gerir fólki kleift að stunda nám með allt öðrum hætti en áður hefur verið.

Ég hef sagt við þá sem hafa rætt við mig frá Ólafsfirði og Dalvík og einnig frá Snæfellsnesi að það verði að líta á hugmyndir um nýja framhaldsskóla í þessu ljósi. Raunar er það svo að við höfum verið í tilraunaverkefni með aðilum á Snæfellsnesi, í samstarfi við sveitarfélagið í Grundarfirði, um fjarkennslu á framhaldsskólastigi sem hefur gefið góða raun og orðið til að breyta viðhorfum, ekki aðeins nemenda heldur einnig annarra íbúa sveitarfélagsins til menntunar. Það hefur stuðlað að því að þeir afli sér menntunar með öðrum hætti en áður.

Varðandi tímasetningar í þessum viðræðum þá ætla ég ekki að slá því föstu hvenær þeim lýkur. Mér barst í vikunni bréf frá þeim sem eru í forsvari fyrir skólana á Snæfellsnesi, þ.e. þá sem eru með hugmyndir um skólana á Snæfellsnesi, þar sem því er lýst að frá þeirra bæjardyrum séð sé ljóst að verkefnið sé viðameira en þá óraði fyrir í upphafi, eins og segir, og nauðsynlegt sé að vinna þetta mál betur og skoða allar leiðir í því.

Á föstudaginn var haldin ráðstefna á Akranesi þar sem menn af Vesturlandi komu saman og ræddu um sín skólamál og þróun á þessu sviði, bæði skólastjórnendur og einnig nemendur, m.a. nemandi úr Grundarfirði sem stundar nám við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Menn skiptust þar á skoðunum um ágæti þess að stofna sérstakan framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Ég tel að vinna verði það verk með hliðsjón af því gjörbreytta umhverfi sem við erum að innleiða og taka eigi mið af því að leiðir til að miðla þekkingu eru orðnar allt aðrar en áður. Huga ber að því við stofnun nýrra skóla, raunar hvar sem er á landinu en ekki síst í dreifbýli. Ég tel að þetta séu þau markmið sem eigi að setja sér í viðræðum varðandi Ólafsfjörð og Dalvík og einnig varðandi Snæfellsnes.

Varðandi Ólafsfjörð og Dalvík þá er rétt að geta þess að við höfum óskað eftir umsögnum framhaldsskólanna á Norðurlandi um það málefni og fengið fyrstu svör. Við viljum gjarnan fá afstöðu þessara skóla því að ekki getur það verið markmið nokkurs í sjálfu sér að veikja þá skóla sem fyrir eru með stofnun nýrra skóla. Stuðla þarf að því þegar gengið er til starfs af þessum toga að skapa strax sem bestar forsendur fyrir samstarfi einstakra skóla.

[15:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að upplýsa að sl. vor lá fyrir skýrsla varðandi framhaldsskólann við utanverðan Eyjafjörð. Þar var nánast skrifað upp hvernig sá skóli ætti að starfa, einmitt í ljósi hinna nýju viðhorfa varðandi

dreifða menntun og allt það. Það var nánast ekkert annað eftir en að auglýsa eftir kennurum, svo langt var verkið komið. Hins vegar hefur ekki fengist jákvætt svar frá hæstv. menntmrh. um það hvort auglýsa megi eftir kennurum. Og málið er það líka, herra forseti, að það er ekkert um nýjan framhaldsskóla að ræða. Það var lengi framhaldsdeild við grunnskólann á Dalvík. Síðan gerðust menn svo löghlýðnir að þeir settu skólann undir Verkmenntaskólann á Akureyri vegna þess að lögin sögðu fyrir um það. Reynslan af því varð einfaldlega sú, herra forseti, að deildin dó út í höndunum á Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þess vegna vilja menn ekki fara þá leið og vilja fremur stofna sérstakan skóla.

Menn horfa til þess að nú er hægt er að nýta ýmsa aðra möguleika en hægt var þá til að starfrækja sérstakan skóla. Einnig er horft til þess að 18 ára gömul ungmenni eru þá loks komin af barnsaldri samkvæmt lögum og eiga, herra forseti, að eiga möguleika á að vera heima hjá sér.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og þakka umræðuna.

Ég ítreka, herra forseti, að hvert samfélag þarf stöðugt að sækja fram hvað menntun varðar. Þar styður hvað annað, því öflugri grunnmenntun í byggðarlaginu þeim mun meiri möguleikar eru á framboði á símenntun, endurmenntun og háskólamenntun, m.a. með stuðningi fjarnáms. Í nýrri skýrslu Byggðastofnunar um búsetuskilyrði er mikilvægi menntunar og menntunarstigisins fyrir hvert byggðarlag ítrekað. Það er ofur eðlilegt að allir, hvert byggðarlag, líti í eigin rann og kanni með hvaða hætti þeir geti styrkt og eflt menntun á sínu heimasvæði.

Ég bendi á, herra forseti, að á þessum svæðum, bæði á Snæfellsnesi og við utanverðan Eyjafjörð, eru nokkur hundruð unglingar. Á Snæfellsnesi eru um 350 unglingar á aldrinum 16–20 ára og við utanverðan Eyjafjörð búa líðlega 260 unglingar. Að vísu er ekki víst að þeir mundu allir sækja sér námið sem þarna gæti verið í boði en ljóst er að þarna er um stóran hóp að ræða og um mikla hagsmuni bæði fyrir byggð og búsetu.

Hæstv. ráðherra benti á hinar öru framfarir í tækni og fjarskiptum og vissulega er rétt að nýta tæknina til að styrkja og efla nám sem víðast um landið. Það eru kannski ofur eðlileg viðbrögð hjá öðrum skólum, sem annars fengju til sín þessa nemendur að því marki sem þeir skila sér í skóla, að þeir lýsi yfir nokkurri tortryggni og vilji verja hagsmuni sína. En þeir hagsmunir mega ekki ráða þróuninni í skólamálum.

Herra forseti. Ég ítreka að menntun og uppbygging menntunar í heimabyggð, eins og hér hefur verið rætt um og þessi sveitarfélög hafa sótt um, er eitt brýnasta hagsmunamál byggðanna í kringum landið.

[15:16]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. ræðumanni og fyrirspyrjanda að þessir þættir, menntun og forsendur fyrir hana í heimabyggð eru mjög mikilvægir þættir, og það er rétt að Byggðastofnun hefur lagt áherslu á að huga að þessu. Ég tel að það hafi ekki verið gert áður með róttækari hætti en unnið hefur verið að á undanförnum missirum og er að komast til framkvæmda núna m.a. með því sem ég rakti áðan, landskerfi bókasafna, rafrænum gagnagrunnum, áformum um dreifmenntun og þessari gífurlega auknu áherslu á fjarnám og fjarkennslu sem við sjáum og hlýtur að vera öllum gleðiefni sem vilja auðvelda fólki að stunda nám við þær aðstæður sem það kýs sjálft og ég sé ekki annað en að mikill vöxtur sé á þessu sviði.

Ég vil einnig upplýsa hv. þingmenn um að á vegum Menntar, sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, er verið að vinna að því núna að koma á fót upplýsingagagnagrunni sem geymir upplýsingar um allt það nám sem er í boði að loknum grunnskóla, hvort heldur er á framhaldsskólastigi, háskólastigi eða hjá einkaaðilum. Stefnt er að því að sá grunnur verði kominn til sögunnar snemma á næsta ári og þá verður líka aðgengi fyrir alla, hvar sem þeir eru, til þess að átta sig á því hvar nám er í boði, hvers eðlis það er, hve langan tíma það tekur o.s.frv. Ég held að með þeim aðgerðum sem við höfum unnið að sé verið að gera mun meiri aðgerðir í þágu náms um land allt heldur en með því að velta fyrir sér að stofna einstaka nýja skóla á óvissum forsendum eins og hv. gat um, t.d. hvort nemendur muni sækja skólana eða hvaða viðhorf ráði þar. Markmiðið er að efla forsendur fyrir menntun og menningu sem víðast og ég held að það sé sameiginlegt markmið okkar og að því hafi verið unnið mjög markvisst.

Iðnnám á landsbyggðinni.

Fsp. ÖJ, 267. mál. — Þskj. 312.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Drífa Snædal):

Herra forseti. Þegar ákveðið var að stofna kjarnaskóla í iðngreinum var markmiðið að þeir hefðu forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoða aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði samkvæmt lögum um framhaldsskóla 1996. Tilgangurinn var sá að efla iðn- og starfsmenntun í landinu og má segja að það hafi að nokkru leyti tekist hvað aðbúnað í kjarnaskólum varðar.

Í apríl sl. var haldin ráðstefna um menntun í dreifbýli og kom þar fram í máli Jóns Torfa Jónassonar prófessors og Helgu M. Steinsson skólameistara að fleiri nemendur af landsbyggðinni kysu iðnnám en nemendur á suðvesturhorninu. Kjarnaskólarnir eru nær allir á höfuðborgarsvæðinu og eftir að lögin tóku gildi hefur þróunin orðið sú að iðnnámskostum á landsbyggðinni hefur fækkað. Þetta hefur því orðið til þess að nemendur utan af landi þurfa í auknum mæli að flytja búferlum til að afla sér menntunar og þá sérstaklega iðnmenntunar.

Sá tækjabúnaður sem nauðsynlegur er til kennslu í verklegum greinum er kostnaðarsamur og ekki á færi smærri skóla að fjárfesta í honum. Til þess að nemendur geti búið í heimabyggð sinni og aflað sér iðnmenntunar þurfa því að koma til einhver önnur úrræði en að koma upp tækjabúnaði í öllum skólum. Það mætti t.d. haga málum þannig að nemendur tækju bóklegt nám í sínu heimahéraði í skóla eða gegnum fjarnám en sæktu svo stutt en hnitmiðuð námskeið í verklegum greinum í kjarnaskólunum. Þetta hefur verið reynt í einhverjum mæli í háriðngreinum á Austurlandi og gefist ágætlega.

Til þess að við getum gert okkur grein fyrir vandanum og brugðist við í framhaldi af því hef ég lagt fyrir hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurningar á þskj. 312:

1. Hversu margar iðnnámsbrautir hafa verið lagðar niður á landsbyggðinni í kjölfar þess að kjarnaskólar í iðnnámi voru stofnaðir?

2. Hversu margir iðnnemar sækja nám á höfuðborgarsvæðinu en eiga lögheimili utan þess?

3. Hversu margar kennarastöður hafa verið felldar niður í kjölfar þess að iðnnámsbrautir hafa verið lagðar niður á landsbyggðinni?

4. Hvernig hyggst menntamálaráðherra fylgja eftir því markmiði að halda opnum leiðum til starfsnáms fyrir sem flesta?

[15:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn byggist á ákveðnum misskilningi. Það hafa engir kjarnaskólar í iðnnámi verið stofnaðir. Hins vegar hefur verið sett í lög að skv. 31. gr. laga um framhaldsskóla megi stofna kjarnaskóla í samráði við starfsgreinaráð en þau hafi forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og skólinn aðstoði aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

En það hefur enginn slíkur skóli komið til sögunnar. Verið er að þróa þetta verkefni skólanna og því er ekki unnt að fullyrða neitt um hvaða áhrif þessir skólar hafa því að þeir hafa ekki tekið til starfa.

Við teljum að skýringarnar á því að iðnnámsbrautir kunni að hafa verið lagðar niður á landsbyggðinni séu aðrar en þær að hægt sé að rekja þær til kjarnaskólanna. Við teljum að það byggist aðallega á fjölda nemenda og að í skólahaldi verða menn að taka mið af fjölda nemenda hver á sínum stað og það ráði mestu um hvernig framboðinu er háttað.

Síðan er spurt: Hversu margir iðnnemar sækja nám á höfuðborgarsvæðinu en eiga lögheimili utan þess? Á haustönn 2000 var samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands 421 nemandi í námi í löggiltum iðngreinum á höfuðborgarsvæðinu en með lögheimili utan þess.

Þá er spurt hve margar kennarastöður hafi verið felldar niður í kjölfar þess að iðnnámsbrautir hafi verið lagðar niður á landsbyggðinni. Það liggur ekkert fyrir um að sérstök fækkun kennara í iðnnámi hafi átt sér stað á landsbyggðinni á síðustu árum. Við höfum ekki tölur sem sýna að svo hafi verið. En breytingar á starfsmannahaldi skóla þar sem og annars staðar verða fyrst og fremst raktar til þeirra atriða sem ég hef greint frá, þ.e. varðandi nemendafjölda og þróun skólastarfsins almennt. Breytingar á námsframboði skóla eiga sér stöðugt stað og þær skýrast fyrst og fremst af aðsókn nemenda og breytingum sem verða á umhverfi skólanna.

Í fjórða lagi: Hvernig hyggst menntmrh. fylgja eftir því markmiði að halda opnum leiðum til starfsnáms fyrir sem flesta? Í uppbyggingu námsins er miðað við að byrjun þess sé sem almennust og geti farið fram sem víðast. Þá er leitast við að nemendur geti tekið grunn námsins eða fyrstu þrepin heima og byggt svo ofan á það í öðrum skólum. Má þar t.d. nefna grunndeildir margra iðngreina, grunnnám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, skipstjórnar- og vélstjórnarnám. Seinni stig námsins og þau sérhæfðari verða eðli málsins samkvæmt ekki í boði á mörgum stöðum á landinu og til að greiða nemendum með búsetu utan kennslustaða aðgengi að námi hefur verið lögð áhersla á að auka styrki til jöfnunar námskostnaðar og að nýta þá möguleika sem fjarkennsla hefur upp á að bjóða.

Eins og hér hefur komið fram áður hefur fjarkennsla farið ört vaxandi síðustu missirin og í henni felast miklir möguleikar til að kenna greinar þar sem nemendur í fámennu starfsnámi búa dreift um landið. Má þar t.d. nefna fjarkennslu í veiðarfæragerð sem hefur verið haldið úti af Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum og hefur gefið góða raun. Það er verið að fikra sig inn á þessar brautir og ég tel að verið sé að leita allra leiða til þess að bjóða slíkt nám sem víðast með verkaskiptingu á milli skólanna og fjarnámi. En það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. og fyrirspyrjanda að það er alls ekki unnt að byggja upp þá bestu aðstöðu sem menn telja að þurfi að vera til þess að nemendur fái að kynnast því sem best er víða á landinu, heldur verður að sérhæfa sig í því efni. Það er e.t.v. það sem hv. þm. á við þegar rætt er um kjarnaskóla að tekin hafði verið ákvörðun t.d. um að fjárfesta í góðum búnaði í Kópavogi fyrir matvæla- og hótelgreinar og í Borgarholtsskóla fyrir iðngreinar og annað slíkt. En það er annað mál en hugtakið kjarnaskóli og kjarnaskólinn í sjálfu sér er ekki annað en forustuskóli varðandi námsefnisgerð og þróun kennsluhátta en hitt er síðan hvernig menn haga fjárfestingum sínum og hvernig þeir vilja binda fé ríkisins, og þar held ég að við hv. þm. séum sammála um að það sé ekki gert með þeim hætti á mörgum stöðum á landinu sem ýtrustu kröfur gera.

[15:26]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Drífu Snædal fyrir að vekja máls á málefnum iðnnáms hér í sölum þingsins. Það hefur nefnilega viljað brenna við, og margir skólamenn hafa af því áhyggjur, að við séum að beina ungu fólki allt of mikið inn í bóknám. Það er svo að yfir 90% ungs fólks fara inn í framhaldsskólana en út úr þeim koma ekki nema 50%, og þá spyr maður sjálfan sig hvað verði af þessum 40%. Hér er því verðugt mál að skoða.

Ég fer ekki ofan af því að ég held að styrkja eigi iðnnámið enn frekar og líka með fjölbreyttari og styttri námsbrautum, eins og t.d. gert hefur verið í Skandinavíu þannig að það sé eitthvað sem maður getur alltaf byggt ofan á. Maður getur geymt það í einhver ár en nýtt tímann sinn vel sem ung manneskja og námsfús. Það væri því afar verðugt verkefni að skoða iðnnámið og þetta allt saman í heild sinni.

[15:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Snædal fyrir að hreyfa þessu máli en svör hæstv. menntmrh. hefðu mátt vera bragðmeiri. Það er mjög alvarlegt mál, það er staðreynd, hversu dregið hefur úr sókn í verknám af eða á landsbyggðinni og skortur á iðnmenntuðu fólki er að verða sífellt meira vandamál víða í byggðum landsins. Nefna má viðvarandi skort t.d. á vélstjórum og vélstjórnarmenntuðu fólki, smiðum, bifvélavirkjum og fleiri hópum. Atvinnulíf landsbyggðarinnar og auðvitað landsins alls þarf á slíkri menntun að halda og kosturinn við að hún verði stunduð sem mest eða helst alveg í heimabyggð viðkomandi er sá, eins og kannanir og margar rannsóknir sýna, að það eykur líkurnar á því að fólk setjist þar að, og að til staðar sé þá sú menntun og slík þjónusta sem víðast í byggðum landsins. Það verður því að horfa til þess markmiðs einnig, ekki bara þess að hagkvæmast sé að koma hlutunum fyrir í einum eða örfáum stórum skólum í landinu.

[15:28]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Af því að við ræðum hér framhaldsskólanám, þá er rétt að rifja upp að rannsóknir sýna að menntunarstig hefur geysilega mikið að segja fyrir lífskjör og ekki síst ef tekst að auka menntun á framhaldsskólastigi. Mér finnst að við ættum að horfa til þess sem er að gerast um landið með þau gleraugu á nefinu frekar en hagkvæmnigleraugun vegna þess að þau gætu orðið okkur dýrari þegar fram í sækir, herra forseti.

Vegna þess að mér heyrist að hæstv. ráðherra telji sig geta leyst allt með miðlægum gagnagrunnum og tækni, þá er það einu sinni svo að nám snýst ekki bara um tækni, þó að hún geti verið ein af forsendum þess að nám geti farið fram. Hún snýst um ýmislegt fleira. Fólk sem ekki hefur að baki langa formlega menntun á mjög erfitt með að fara af stað í að mennta sig áfram eða meira og þarf til þess ákveðna hvatningu. Til þess nægir ekki tækni, herra forseti, til þess þurfum við fólk, skóla, aðhald og metnað.

[15:30]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli. Það er rétt sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að mun hærra hlutfall nemenda á landsbyggðinni hefur áhuga á því að fara í iðnnám en á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað að hluta til tengt því hvernig samsetningin er í atvinnulífinu á stöðunum.

Ég held að það mikilvægasta í að endurbæta og breyta starfsnámi hér á landi sé að tryggja enn betri tengsl atvinnulífs og skóla. Ég held að hæstv. menntmrh. gæti beitt sér af krafti í að gera ýmsar tilraunir frekar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að hver svo sem skýringin á því er virðist vera meiri fjarlægð, því er verr og miður, á höfuðborgarsvæðinu á milli skóla og atvinnulífs en víðast er á landsbyggðinni. Þess vegna væri að mínu mati afar þarft að gerð yrði tilraun til að treysta þessi tengsl einhvers staðar á landsbyggðinni þar sem verknámsskóli er til staðar.

[15:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í tengslum við þá umræðu sem hér fer fram um verknám, sérstaklega á landsbyggðinni, langar mig að benda á að í bréfi sem skólastjórar við framhaldsskóla hafa skrifað hv. menntmn. hefur komið fram að eitt af því sem gerir verknám mjög erfitt í framkvæmd úti á landi er hvernig reiknilíkanið, sem framhaldsskólar verða núna að fara eftir og þeim er úthlutað fé eftir, er uppbyggt. Það tekur ekkert tillit til þess hve erfitt er að reka litla hópa eins og oft vill verða í verknámi á landsbyggðinni og halda sig innan ramma fjárlaga. Ég held að þetta sé atriði sem verður að endurskoða.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Drífa Snædal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Reyndar vil ég nota tækifærið og þakka hv. þingmönnum fyrir góða þátttöku í umræðum. Sérstaklega vil ég taka undir það með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að tæknin leysir ekki allan vanda. Ég vil vara við þessari oftrú á fjarnámi og fjarkennslu. Það sem nemendur sækja í í framhaldsskólum er ekki síst félagsskapurinn og því þarf að nýta vel þá skóla sem til eru eða koma t.d. upp fjarkennslumiðstöðvum úti á landi til að nemendur í framhaldsskóla geti notið félagsskaparins við aðra nemendur sem er ekki síður mikilvægt en námið sjálft.

Það sem hér um ræðir er byggðamál, herra forseti, og miklu skiptir að nemendur geti búið áfram í heimabyggð sinni og nýtt menntun sína til eflingar atvinnulífinu þar.

Ég vil ítreka að aðbúnaður til iðnnáms hefur farið batnandi í nokkrum skólum en við verðum að finna leiðir til þess að allir geti nýtt sér þær góðu aðstæður sem til staðar eru í mörgum iðngreinum. Þar til viðbótar þarf að skoða sérstaklega stöðu nemenda utan af landi.

Styrki til námskostnaðar eða dreifbýlisstyrki má nýta til námskeiðahalds fyrir þá nemendur sem vilja stunda iðnnám en jafnframt búa í heimabyggð þannig að tækjakosturinn geti nýst sem flestum.

[15:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ekki er hægt að drepa á allt það sem komið hefur fram í þessum ágætu umræðum. Ég vil þó geta þess að þær breytingar voru gerðar á síðasta þingi að nú er unnt að taka stúdentspróf þótt menn innriti sig á starfsnámsbrautir þannig að sá nemandi sem fer í verknám getur í raun lokið framhaldsskóla, bæði með starfsréttindanámi og síðan einnig með stúdentsprófi, sem veitir honum aðgang að framhaldsnámi þannig að ég tel að þegar við lítum á innritun í framhaldsskólana virðist hún ekki ráðast af því sem við segjum á þingi eða hve mikla fjármuni menn setja í einstakar námsbrautir í skólunum heldur af vali nemendanna á þeim möguleikum sem þeir telja sig hafa þegar þeir útskrifast úr skólunum. Með því að opna þessar leiðir fyrir starfsnámsnemendur, að þeir geti bæði útskrifast með starfsréttindi úr skólanum og einnig bætt við sig einingun og lokið stúdentsprófi, má segja að við höfum opnað fleiri möguleika fyrir þá sem innritast í verknám eða starfsnám en þá sem fara á bóknámsbrautir. Við höfum þar með tekið ákvarðanir hér sem eru mjög róttækar þegar litið er til þróunar skólastarfs okkar og ég held að það skipti mun meira máli þegar fram líða stundir en spurningin um það hvort skóli sé á þessum stað eða öðrum því að það er rétt sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda og upphafsmanns þessarar umræðu að það er ekki síður félagslífið í skólanum sem menn líta til og þess vegna virðist það vera að stærri skólar verða alltaf stærri og hinir minni minnka. Það er eins og einhver sagði — ég hef tekið þátt í mörgum fundum um þetta mál: Menn vilja frekar stunda nám í 900 manna skóla en 9 manna skóla. Menn vilja frekar vera í félagslífinu þar sem eru 900 manns heldur en þar sem eru 90 manns.

Þessi viðhorf verður líka að hafa í huga þegar við veltum fyrir okkur þróun skólastarfsins um leið og við megum ekki slaka á neinum faglegum kröfum.

[15:36]

Útbýting þingskjals:

Fartölvuvæðing framhaldsskólanna, 183. mál, svar menntmrh., þskj. 318.

Umræður utan dagskrár.

Brottkast afla.

[15:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hrollvekjandi myndir af skelfilegum umgangi útgerða um miðin í kringum landið hafa verið að birtast undanfarna daga í fjölmiðlum. Óhreinu börnin hennar

Evu eru komin inn í stofur landsmanna, þeir sem gera út með örþrifaráðum. Af því að verð á kvótum er svo hátt sem raun ber vitni sjáum við slíka hluti sem þessa. Slík útgerð er óverjandi og hana ber að fordæma þó að stjórnvöld beri hér þunga sök. Það skiptir engu máli hvort þær veiðiferðir sem sýnt var frá voru settar á svið eða ekki. Gerð heimildarmyndar á grundvelli könnunar Gallups hefði sýnt álíka útkomu og þessi mynd.

En nú viðurkenna allir að þetta vandamál er alvarlegt. Áður, og það er ekki mjög langt síðan, brugðust ráðamenn alltaf ókvæða við ef slíkt var nefnt sem hér er talað um, sögðu að það væri óvirðing við sjómenn og útgerðina í landinu að ásaka menn fyrir slíka umgengni um þjóðarauðlindina. Þeir stungu höfðinu svo djúpt í sandinn að þeir sem til þekktu undruðust og spurðu: Hvers vegna vilja ráðamenn þjóðarinnar sem bera ábyrgð á nýtingu auðlindarinnar ekki viðurkenna svo alvarlegt vandamál? Svarið er: Þeir óttuðst um eignarhald útgerðarmanna á auðlindinni, óttuðust að þær breytingar sem gera þarf til að koma í veg fyrir brottkast hefðu það í för með sér að hinn gífurlegi auður sem felst í því að geta selt öðrum aðgang að auðlindinni rynni að einhverju leyti úr höndum kvótaeigenda.

Hér hafa menn haldið ræður um að eignarhaldið tryggi góða umgengni um miðin. Sömu menn hafa haldið því fram að menn ættu að geta selt veiðiréttinn og keypt sín á milli án afskipta hins opinbera. Hvílík della. Það að eiga prósentubrot í fiskstofnunum á Íslandsmiðum og hafa mestu hagsmunina af því að ná verðmætasta fiskinum í samkeppni við hina eigendurna tryggir ekki góða umgengni. Þvert á móti. Hættan á brottkasti hefur aukist hröðum skrefum eftir því sem stærri hlutar stofnanna og fleiri tegundir hafa verið sett í einkaeign.

Stórfelldasta brottkastið hefur verið í aflamarkskerfinu þar sem hvert kíló er í einkaeign. Besta fyrirkomulagið til að koma í veg fyrir brottkast í aflamarkskerfi er að allur kvótinn sé á markaði og ekkert framsal leyft þannig að kvótaverðið verði til í samkeppninni þar sem besti reksturinn í útgerð fær að njóta sín en ekki braskið. En ráðherrann æðir fram undir merkjum einkaeignarhaldsins og nú eru keilan, langan og skötuselurinn komin í kvóta. Það gat náttúrlega ekki gengið að hafa þessar tegundir munaðarlausar. Það varð einhver að eiga þær líka.

Aukategundir í smábátakerfinu voru utan kvóta og það gekk ekki heldur. Nú standa línukarlarnir á smábátunum frammi fyrir því að ef þeir eru ekki tilbúnir að slá ýsuna af línunni í sjóinn aftur geta þeir ekki róið því að enga ýsu er að hafa á leigumarkaði. Eru ráðamenn trúverðugir þegar þeir segjast vilja vinna gegn slæmri umgengni um auðlindina?

Árum saman hafa á hv. Alþingi legið fyrir tillögur sem byggjast á því að hætt verði að refsa mönnum fyrir að koma með afla að landi, afla sem ekki borgar sig að hirða vegna kvótaverðs. Ráðamenn hafa alltaf ýtt þessum tillögum til hliðar. En nú hefur hæstv. sjútvrh. sjálfur flutt tillögu um aðferð af þessu tagi, þó þannig að einungis megi landa 5% úr hverri veiðiferð með þessum hætti. Tillaga ráðherrans dugar því engan veginn. Við verðum að hætta að refsa mönnum fyrir að koma með aflann að landi, og 5% eru ekki nóg til að koma í veg fyrir brottkast. Þessa tilraun þarf að gera í tvö ár eða svo þar sem menn gætu ráðið því hve miklu þeir kysu að landa utan kvóta. Verði fyrir slíkan afla verður að vera hægt að stýra eftir aðstæðum, jafnvel svæðabundið.

Að loknu slíku tímabili gætu menn metið með góðri vissu hvað er að gerast á miðunum og tekið ákvarðanir á grundvelli þeirrar vitneskju. Mín spurning til hæstv. ráðherra skal vera þessi: Er ekki kominn tími til að gera þessa tilraun, og það undanbragðalaust, ekki nein 5% heldur að leyfa mönnum að koma með allan aflann að landi en borga þeim ekki fyrir nema það sem nauðsynlegast er til þess að menn hafi ekki viðbótarhagsmuni af þessari útgerð?

Þessi tillaga hefur verið flutt hér ítrekað. Hæstv. ráðherra þarf að svara því heiðarlega, ef hann er ekki tilbúinn til að taka undir tillöguna, hvað sé að óttast ef við gerum þessa tilraun. Það þarf að útskýra fyrir þingheimi hvað menn þurfa að óttast ef þeim verður gert kleift að landa utan kvóta á tilteknu tilraunatímabili öllum afla svo að við vitum hvað er að gerast á Íslandsmiðum.

[15:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni — það skiptir engu máli fyrir umræðuna um brottkast hvort fréttamyndirnar voru sviðsettar eða ekki. Það getur hins vegar skipt máli í öðru samhengi fyrir fréttastofuna hvort þetta séu vinnubrögð sem hún ætlar að viðhafa í öðrum málum, þ.e. að sviðsetja fréttir. En varðandi brottkastsumræðuna læt ég mér það í léttu rúmi liggja hvernig þessar myndir urðu til vegna þess að ég veit að brottkast á sér stað á Íslandsmiðum. Ég vildi að ég vissi að það væri ekki brottkast. En við höfum gert á því kannanir, tvær á liðnu ári, og höfum mjög góða mynd af því hversu umfangsmikið brottkastið er, hvar það er stundað og hvers vegna. Um þetta geta menn lesið í Gallupkönnun sem kynnt var í vor og gerð var fyrir tæpu ári þar sem tæplega 1.700 sjómenn svöruðu spurningum í skoðanakönnuninni og úrtakið í könnuninni var rétt tæplega helmingur sjómanna á Íslandsmiðum. Ég hygg því að enginn geti farið í grafgötur með að úrtakið var mjög stórt og könnunin og niðurstöður hennar þar af leiðandi mjög trúverðugar.

Brottkastið er þrenns konar.

Það er vegna þess að menn eru að veiða undirmál. Við þess konar brottkasti hefur verið brugðist með því að breyta reglugerðum um undirmál þannig að nú má stærri hluti aflans koma að landi og teljast einungis að hálfu leyti til kvóta. Áður var það 7% en nú er það 10%.

Í öðru lagi er það brottkast þegar útgerðir eiga ekki kvóta eða ekki nægilegan kvóta fyrir þeim tegundum sem þær veiða. Við þessu höfum við líka verið að bregðast með breytingum á tegundartilfærslunni en 5% af heildaraflaheimildum í þorskígildum geta farið í tegundartilfærslu þótt einungis 2% megi færa yfir í hverja tegund. Breytingin sem var gerð gerir það því að verkum að þessi aðferð nýtist betur sem meðaflaregla en áður var þegar menn freistuðust til þess að færa yfir í eina tegund til þess að fá sem mest út úr tegundartilfærslunni. Síðan liggur tillaga fyrir Alþingi um 5% afla til Hafrannsóknastofnunarinnar þannig að segja má að það sé 5% svigrúm innan heimildanna sjálfra og 5% svigrúm til viðbótar. Þessu til frekari viðbótar eru síðan möguleikar á að eiga viðskipti með aflamark og í því tilfelli er framsalið jákvætt til að þeir aðilar sem lenda í erfiðleikum af þeim orsökum sem ég hef hér nefnt geti leyst vandann.

Þriðja tegundin af brottkasti er þegar útgerðarmenn telja sig ekki geta rekið skip sín eða útgerðir nema að koma einungis með verðmætasta aflann að landi. Þeir sem þannig gera út gera út til þess að brjóta af sér. Þeir vita að þeir byggja útgerð sína á því að brjóta lög. Það er því um mjög einbeittan brotavilja að ræða hjá þessum aðilum. Ég sé ekki

að við náum að breyta skoðunum þessara manna eða hegðun þeirra með því að breyta reglunum á einhvern hátt, með því raunverulega að gefa eftir og hætta við að reyna að hamla því aflamagni sem komið er með að landi. Ástæðan fyrir því að við erum að tala um brottkast er að það eru hömlur á því magni af afla sem koma má með að landi.

Ég held ekki að við leysum þetta mál með einhverjum lögregluaðgerðum. Þær eru ekki lausnin. Ég held að við þurfum að veita þessum aðilum nægjanlegt aðhald með eftirliti — sem þeir verða að kosta sjálfir — til þess að við náum árangri. Þeir finna fljótlega að þeir ná ekki að láta enda ná saman í útgerðinni hjá sér, jafnvel þó að þeir komi bara með verðmætasta aflann að landi þegar þeir geta, ef þeir þurfa að greiða fyrir veru eftirlitsmanna um borð í skipunum sínum þann tíma sem þau eru að veiðum. Þetta tel ég að séu hagrænar aðgerðir til þess að bregðast við brottkasti og muni nýtast okkur best í því að reyna að ráða niðurlögum þessa vandamáls.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það jákvæða við þróun umræðna um þessi mál nú síðustu mánuði eða missiri er að umræðan sjálf er komin upp á yfirborðið og menn eru yfirleitt hættir að neita tilvist þessa vandamáls. Það er framför frá því sem áður var þegar orka manna fór í að ræða, svo ekki sé sagt rífast um, hvort yfir höfuð væri um nokkurt brottkast að ræða í sjávarútvegi okkar nú um stundir.

Hins vegar er svo auðvitað skelfilegt að horfa upp á þá sóun og þau grimmilegu brot á lögum og reglum sem í þessu eru fólgin, ekki síst ef um skipulagt, tæknivætt og fyrir fram ákveðið brottkast er að ræða. Það verður, herra forseti, að nálgast þetta mál á raunhæfan hátt og fara í aðgerðir aðrar en þær einar að auka lögregluvakt.

Ég tel í fyrsta lagi að skoða verði annars konar takmarkanir, t.d. á sókn minni fiskiskipanna. Þetta kerfi hentar þar mjög illa. Óframseljanleg þök og síðan sóknartakmarkandi aðgerðir mundu henta þeim hluta flotans miklu betur og hann á að vera sjálfstætt hólf í fiskveiðistjórnarkerfinu.

Í öðru lagi þarf að drífa sig í það og þó fyrr hefði verið að gera tilraunir með og þróa áfram aðferðafræði í sambandi við meðaflareglu. Öðruvísi mun aflamarkskerfi aldrei geta gengið.

Í þriðja lagi verða menn að skoða ákvæðin um leigu- og framsalsheimildir í tengslum við þetta vandamál, en ekki bara einar sem slíkar. Það er algerlega óumflýjanlegt að settar séu í samhengi þær reglur sem eru um tilfærslu veiðiréttarins og brottkastið. Síðast en ekki síst á að skoða upptöku nýtingar- og verðmætastuðla þannig að t.d. því vandamáli að gera eingöngu út á verðmætustu eða stærstu fiskana sé mætt með því að kvótanýtingin sé umreiknuð á grundvelli nýtingar- og verðmætastuðla.

[15:49]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Seint verður þjóðarsátt um kvótakerfi í fiskveiðum á Íslandi. Í umræðunum má ekki gleyma því að þegar kvótakerfi var komið á var sjávarútvegur á Íslandi í rúst, sjávarútvegsfyrirtækin römbuðu á barmi gjaldþrots og öll efnahagsstjórn landsins tók mið af rekstri þessara fyrirtækja. Gríðarlegar framfarir og verðmætaaukning hefur orðið á meðferð þess hráefnis sem að landi berst. Því miður berst ekki allt hráefni að landi. Um það ræðum við í dag.

Fiskvinnsluhúsin eru flest orðin glæsileg matvælafyrirtæki og ekki sjást lengur haugar af hálfónýtu illa lyktandi hráefni fyrir utan þau eins og áður tíðkaðist.

Þrír þættir eru mest gagnrýndir í þessu kerfi og fara fyrir brjóstið á þjóðinni. Fyrst nefni ég framsalsréttinn og þá peninga sem í honum eru. Því næst nefni ég þá miklu peninga sem rétthafar kvótans fá þegar þeir selja sig úr greininni og loks brottkast á fiski sem að sögn fróðra manna hefur allt of lengi viðgengist á Íslandsmiðum, frá því löngu fyrir kvótakerfið, en brottkast hefur væntanlega aukist í því kerfi.

Bent hefur verið á að líkja mætti brottkastinu við ævintýri H.C. Andersens um eldfærin þar sem dátinn kastaði kopar fyrir silfur og silfri fyrir gull. Brottkast er svartur blettur á fiskveiðum Íslendinga. Brottkast er svartur blettur á umhverfisstefnu Íslendinga og brýtur í bága við sjálfbæra þróun og siðgæði þjóðarinnar. Að þessu leytinu til erum við umhverfissóðar. Við lifum í heimi þar sem milljónir manna svelta og það er skylda stjórnvalda að koma hlutunum þannig fyrir að allur afli komi að landi og öllum öðrum verðmætum sem nýta má sé ekki hent í sjóinn, svo sem hausum o.fl. Okkur ber að nýta og gera sem allra mest verðmæti úr því sem hafið gefur. Það er beinlínis skylda okkar. Á Íslandi eru allt of mörg skip um allt of fáa fiska. 5% reglan er spor í rétta átt.

[15:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hvílíka dýrðartíma höfum við ekki lifað eftir 1984 samkvæmt orðum hv. síðasta þingmanns hér í pontu um að við hefðum náð mikilli arðsemi og mikilli hagsæld í fiskveiðarnar eftir 1984 þegar kvóta var komið á.

Ég horfði nýlega á sjónvarpsviðtal við hæstv. sjútvrh. í sjónvarpinu, í Kastljósi. Þar vitnaði hann til þess þegar verið var að ræða um hugsanlegt brottkast í íslenska kvótakerfinu að líka hefði verið mikið brottkast á íslenskum skipum í Smugunni á sínum tíma. Þess vegna væri því til að jafna. Samkvæmt þessu virðist það vera skoðun hæstv. sjútvrh. að á Íslandsmiðum eigi sér stað enn þá stórfellt brottkast við togveiðar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort honum sé kunnugt um það nú um stundir að mikið brottkast eigi sér stað á togveiðiflotanum, hvar hann hafi heyrt það eða hvar hann hafi séð þær upplýsingar. Hefur honum t.d. verið sýnd sú kvikmyndaupptaka sem boðað var að ætti að fara fram á einu skipi Samherja allan sólarhringinn? Hefur hann séð þær myndir? Hvaðan dregur hann þessar ályktanir?

Ég vil hins vegar segja það um athafnir ráðherrans á síðustu missirum að mér finnst að hæstv. sjútvrh. hafi í raun frá því 1. september staðið fyrir auknu brottkasti. Það er einfaldlega svo að brottkast er hafið á smábátaflotanum þar sem það var ekki til staðar áður. Þessi mál varðandi brottkastið verða ekki leyst með sérstökum nornaveiðum á einstaka menn þó að vissulega þurfi að hafa eftirlit. Þau verða heldur ekki leyst með því að leyfa aðeins 5% reglu eins og ráðherrann hefur boðað. Það er einfaldlega þannig að afli sem berst að landi fer ekki eftir 5% reglu. Hann getur stundum verið 30% utan þess sem menn vildu landa og hann getur líka verið enginn. Þess vegna á að leiða þetta í ljós með því að leyfa að tilkynna óheft afla utan aflamarks tímabundið þannig að menn sjái vandamálið og geti tekið á því.

[15:54]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að boð og bönn duga ekki til að koma í veg fyrir brottkast. En fluttar hafa verið tillögur

um hvernig mætti takast öðruvísi á við þetta vandamál og hv. þm. Jóhann Ársælsson rakti það í framsögu sinni hvernig við jafnaðarmenn höfum viljað takast á við brottkast og hvernig tryggja mætti að allur nýtanlegur afli kæmi að landi.

Ég hjó hins vegar eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra orðaði það svo hér áðan að kerfið gengi út á að hamla gegn því að afli kæmi að landi. Við viljum fara þveröfugt í þetta, herra forseti. Þegar búið er að veiða fiskinn þá er eins gott að hann komi að landi. Við eigum hins vegar að reyna að hamla gegn því að menn veiði fisk sem ekki má koma að landi, en ef hann er veiddur skal hann koma.

Menn tala mikið um að ástæður brottkasts liggi í því starfsumhverfi sem sjávarútveginum er sett, m.a. með lögum héðan frá Alþingi, og það er rétt. Það er þó mikil einföldum að kenna bara fiskveiðistjórnarkerfinu um. Menn hirtu ekki heldur allt fyrir daga kvótakerfisins og menn mega ekki horfa fram hjá því vegna þess að þá eru menn ekki að leita raunverulegra lausna. Það skiptir máli að markaður sé fyrir þær fisktegundir sem veiðast nú eins og þá og að fiskvinnslan geti valið hráefni sitt á markaði, að ekki sé um að ræða val úti á sjó þar sem einungis sá afli kemur að landi sem hentar viðkomandi vinnslu eins og dæmi þekkjast um þar sem bátum er gert að afla aðeins tiltekins hráefnis fyrir tiltekna vinnslu. Þar dugar engin tegundartilfærsla, herra forseti. Þess vegna er sú hugmynd að flytja kvóta á fiskvinnsluhús eitthvað það galnasta sem menn hafa sett inn í þessa umræðu. Nær væri að efla fiskmarkaðina.

Við lausn þessara mála, herra forseti, mega þröngir sérhagsmunir ekki ráða. Til þess er málið allt of stórt, allt of mikilvægt.

[15:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Auðvitað vitum við að fiski er kastað hér við land og engum ætti að koma það á óvart. Besta heildstæða yfirlitið sem við höfum um ástandið núna er hin athyglisverða könnun sem nefnd undir forustu Gunnars Birgissonar lét gera. Niðurstaða hennar er að kastað sé 20–30 þús. tonnum af bolfiski hér við land.

Öllum má vera ljóst að myndirnar sem við sáum í sjónvarpinu á dögunum sýna agnarlítinn hluta þess. Það hefur verið áætlað að framleiðsluverðmæti fisks sem kastað er gæti numið 3–5 milljörðum kr. Það er óskapleg tala og svarar til árlegs útflutningsverðmætis kannski fimm aflahæstu frystitogara okkar svo einhver dæmi séu nefnd. Þetta er þess vegna mjög alvarlegt mál sem enginn ætti að gera lítið úr, þó að þetta hrekji um leið líka ýkjusögurnar sem stundum hafa verið sagðar.

Svarið er hins vegar ekki að auka löggæsluþáttinn. Það er af og frá. Nóg er samt um eftirlitsiðnaðinn í kringum blessaðan sjávarútveginn okkar. Þannig hefur verið gróflega dapurlegt að horfa upp á eftirlitsmenn og löggæslumenn á hafinu elta uppi góða og gegna sjómenn fyrir það eitt að gera það sem alltaf hefur verið gert, að berja óhirðandi kóðin af krókunum. Nóg er komið af slíku.

Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að inn í kvótakerfið sjálft er innbyggður hvati sem leiðir til brottkasts. Það gefur augaleið þó það afsaki engin lögbrot. En til eru ýmsar leiðir til þess að draga úr brottkastinu, líka innan núverandi kerfis, lausnir sem við höfum ekki beitt eða gert allt of lítið af. Tökum dæmi: Setja má strangari reglur sem leiða til betri kjörhæfni veiðarfæra. Ég minni á tillögur um að undirmálið vigti minna inn í kvótaútreikninginn og síðast en ekki síst er hrein blekking að úthluta svo litlum kvótum í einstökum tegundum að það dugi ekki sem venjulegur meðafli eins og dæmin sanna.

Þótt ekkert afsaki rányrkju verðum við líka að viðurkenna að reglurnar eru ekki alltaf í samræmi við veruleikann sem sjómenn okkar standa frammi fyrir. Valvirkni veiðarfæranna stendur ekki undir þeim kröfum sem reglurnar setja mönnum. Svo furðulegt sem það er þá höfum við sáralítið gert upp á síðkastið til þess að kanna áhrif veiðarfæranna. Ég hvet því til þess að við nýtum þessa umræðu sem nú er hafin með uppbyggjandi hætti og setjum stóraukið fjármagn í þennan þátt með þátttöku sjómanna, útvegsmanna, fyrirtækja og hins opinbera.

[15:58]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í lögum um stjórn fiskveiða er kveðið svo á í 1. gr., með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“

Herra forseti. Þær upplýsingar sem við höfum nú verið að fá síðustu vikur og daga sýna svo ekki verður um villst að markmið laganna er fjarri því, ef eitthvað er, að nást með þeirri stjórn fiskveiða sem við nú búum við. Þær myndir sem við höfum séð og þær upplýsingar sem við höfum um brottkast á afla sem hér er til umræðu sýna svo að ekki verður um villst að þetta er alvarlegur þáttur í umgengni okkar við þessa náttúruauðlind. Þetta er eins konar einnota nýting á þessari mikilvægu auðlind þjóðarinnar. Það verður að taka upp nýtt og allt annað kerfi, kerfi sem byggir á vistvænum veiðum og vistvænni fiskvinnslu og sjálfbærri nýtingu þessarar auðlindar. Kerfið sem við nú búum við gerir það alls ekki, herra forseti.

Staðan er sú í dag að stór hluti bátaflotans liggur nú bundinn við bryggju því hann getur ekki róið, hann getur ekki veitt vegna þess að hann hefur ekki kvóta til þess að taka inn annaðhvort undirmálsfisk eða meðaflategundir. Að mínu viti, herra forseti, ber nú þegar að afgreiða hér lög sem tækju á þessum málum til bráðabirgða, svo sem til áramóta, meðan verið er að ganga frá endanlegri lagasetningu og lagabreytingum sem eru til meðferðar í þinginu eða munu koma fram og taka á þessum málum og fiskveiðistjórn í stærra samhengi. Við getum ekki látið það viðgangast að vegna lagasetningar og með lagaboði sé hægt að þvinga atvinnuveg til þess að stunda sína vinnu með þeim hætti sem við höfum upplifað hér.

[16:01]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Brottkast sjávarafla hefur löngum fylgt fiskveiðum og það hefur verið vitað. Í reynd er ekkert sem réttlætir að sjávarfangi sé hent í sjóinn og við verðum að vinna gegn því. Ég heyri að við erum öll sammála um það.

Umræðan um brottkast sjávarafla hefur verið uppi æðilengi. Að miklu leyti hefur umræðan verið tengd við fiskveiðistjórnarkerfið. Ýmsum sem eru andvígir núgildandi leikreglum hefur þótt gott að nota brottkastið sem vopn í þeirri andstöðu og ég fullyrði að finna má dæmi um að sjávarfangi sé hent í sjóinn meðvitað og af ásetningi beinlínis í þeim tilgangi að ýta undir andstöðuna gegn gildandi leikreglum.

Hitt er annað að fiskveiðistjórnarkerfið á örugglega einhvern hlut að máli en það er út í hött að halda því fram að sjávarfangi sé hent í hafið við Ísland beinlínis og eingöngu vegna kerfisins eins og ýmsir halda fram. Margvíslegar ástæður liggja þar að baki.

Öll fiskveiðistjórnarkerfi og einnig frjálsar veiðar fela í sér brottkast eins og dæmin sanna. Í slíkri umræðu má heldur ekki gleyma þeim hluta sjávaraflans sem hent er í hafið í formi slógs, fiskhausa og fleira. Það er brottkast sem þarf einnig að huga að og koma í veg fyrir. Slíkt er ekki einungis slæm umgengni um hafið heldur einnig sóun verðmæta. Stjórnvöld og Alþingi hafa leitað leiða til að koma í veg fyrir brottkast og nú liggur fyrir þinginu frv. sem felur það í sér eins og fram hefur komið.

Hitt er annað að í þessum efnum sem öðrum verða alltaf einhverjir sem ekki fara eftir settum leikreglum hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar en láta eitthvað annað ráða athöfnum sínum.

Herra forseti. Lífríkið og fiskstofnarnir í hafinu eru okkur svo mikilvægir bæði í nútíð og ekki síður til framtíðar að menn geta ekki leyft sér að ganga um hana á þann hátt sem hér er rætt um. Að auki er um að ræða klárt lögbrot og mikla verðmætasóun. Umfram allt er um að ræða athæfi sem gengur gegn umhverfishagsmunum Íslendinga er varða lífríki hafsins og gegn því ber okkur skylda að vinna.

[16:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er einkum tvennt sem þessi umræða hefur dregið fram að mínu viti. Í fyrsta lagi er brottkastið loks viðurkennt. Því er ekki lengur haldið fram að þeir sem um það tala séu að fara með fleipur. Ég held að það sé mjög mikilvægt og sé aðeins til þess fallið að færa okkur fram á veginn.

Hitt sem liggur líka fyrir og er ljóst eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. ráðherra er að kerfið verður varið með öllum tiltækum ráðum og breytir þar engu um hvort gallar þess séu dregnir mjög skýrt fram. Má til að mynda nefna að við höfum veitt núna frá því að kvótakerfið var tekið upp á bilinu 300–350 þús. tonn að meðaltali á móti 500–600 þús. tonnum áður en þetta kerfi var tekið upp. Það er ekkert sem verið er að finna upp í þessari umræðu. Þetta er bara veruleiki sem liggur fyrir og ég held að þetta sé eitt af því sem við verðum að skoða í því samhengi.

Það vakti einnig mikla eftirtekt hjá mér, virðulegi forseti, þegar hæstv. ráðherra komst svo að orði að sumir einstaklingar eða útgerðarmenn geri einungis út í því skyni að brjóta af sér. Með öðrum orðum, að fram fari skipulögð glæpastarfsemi í þessu skyni.

Einnig kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann hyggst ekki grípa til einhverra sérstakra lögregluaðgerða vegna þessa. Ég held að hæstv. ráðherra verði að skýra það mjög vel ef hann hefur um það ljósa vitneskju, mikla þekkingu á því að tilteknir einstaklingar séu að gera út í því skyni og með það að markmiði að brjóta af sér, hafi harðan og einbeittan brotavilja í því skyni, þá verður hæstv. ráðherra að grípa til einhverra aðgerða. Við getum ekki unað því að yfirvöld bregðist ekki við þegar slík vitneskja liggur fyrir.

[16:05]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég held að ljóst sé, bæði af umræðum okkar í vetur á hv. þingi og þeim athugunum sem gerðar hafa verið á fiskveiðum og brottkasti, að brottkast hefur ævinlega fylgt veiðum og það mun vera breytilegt enn í dag sem fyrr. Umræðan um brottkast er þess vegna eðlileg, ekki síst í ljósi þess að við teljum nauðsynlegt að stjórna veiðum með tilliti til ástands fiskstofnanna sem eru mikilvægustu auðlindir okkar.

Hins vegar verður að segjast að frétt um brottkast, sem nýlega kom fram og við ræðum í dag, er ekki þessleg að við teljum þær aðferðir sem þar voru viðhafðar trúverðugar sem dæmi af venjulegum starfsdegi sjómanna. Menn virða það mikið fyrir sér hvort orsakanna megi leita í kvótakerfinu, hvort rétt sé að bregða á annað ráð varðandi stjórnkerfi veiða og hvort sjómenn hafi gripið til örþrifaráðs. Ég verð að viðurkenna að ég tel að neyðarráð af þessu tagi eigi sér ekki forsendur í afkomumöguleikum Íslendinga í dag, ekki heldur við sjómennsku. Ég tek einnig fram þá skoðun mína að mér sýnist að reynsla okkar af öðrum stjórnkerfum bendi ekki til þess að þau muni reynast betur í þessu efni.

Ævinlega þegar veiðiréttur verður takmarkaður hvort sem það er í formi sóknarréttinda eða aflaréttinda, þá birtist þessi freisting og leitar á menn æ sterkar en fyrr þegar réttindin voru rýmilegri. Takmörkun aflaheimilda yfirleitt hefur sömu áhrif, en það segir okkur ekki með samanburði við önnur efnahagsbrot að það geri mönnum réttmætt og réttlætanlegt að brjóta lög. Engan veginn getur það verið réttlætanlegt og talist gengið fram af ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum, þeirra eigin afkomendum að ganga svo ótæpilega á mjög takmarkaðar auðlindir. Ég tel, herra forseti, að mesta ábyrgð okkar í þessu efni sé auðlindin í hafinu, ekki núverandi sjómenn. Öllu frekar komi þar á undan þeirra eigin afkomendur.

Menn velta einnig fyrir sér hvort framsalsheimildir hafi einhver sérstök áhrif. En þá verður að segjast að þau rök um fyrningarleið og uppboð allra veiðiheimilda sýnast stefna enn þá lengra í sömu átt, alls ekki til bóta, herra forseti.

[16:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Mér finnst samt að sumir hafi dottið í sama farið að réttlæta brottkastið í dag með því að menn hafi hent fiski í sjóinn áður. Það eru auðvitað engin rök í málinu og það brottkast sem við erum að tala um nú er afleiðing af því kerfi sem við höfum núna. Það eru nýjar ástæður fyrir brottkasti frá því sem var áður þegar menn fleygðu fiski í sjóinn af einhverjum ástæðum sem þá voru uppi. Við erum að vinna í nútímanum og þurfum að taka á málum okkar í dag og það hefur enga þýðingu að halda því fram, og ég mótmæli því mjög harðlega, að menn séu að nota brottkast sem eitthvert vopn í baráttu gegn kvótakerfinu. Mér finnst það furðulegt ef það er niðurstaðan.

Ég verð hins vegar að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með að hæstv. ráðherra, sem ég spurði einnar spurningar, skyldi ekki svara henni skýrt og ákveðið. Ég spurði hann hvort hann væri tilbúinn til þess að lýsa því yfir að hann mundi skoða með velvilja þá tillögu sem hefur verið uppi í þinginu árum saman um að gera tilraun til tveggja ára eða svo, þ.e. að sjá til þess að allur fiskur komi að landi þannig að hægt verði að vinna út frá þeim upplýsingum sem það gefur okkur og taka ákvarðanir á grundvelli þeirra.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst fráleitt að halda því fram að menn séu að gefa eftir í einhverri heildarstjórn með því að fara að slíkri tillögu. Og ég vek athygli á því að hv. 1. þm. Vestf. hafði enga trú á því að eftirlitið og einhverjar þvinganir frá stjórnvöldum hefðu nein áhrif þegar hann talaði á eftir hæstv. ráðherra sínum. Mér finnst að okkur hafi ekki miðað neitt í þessari umræðu ef stjórnvöld eru ekki tilbúin til þess að fara í virkilega alvörutilraun til að koma í veg fyrir brottkast á Íslandsmiðum.

[16:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar koma mér á óvart að loksins núna sé verið að viðurkenna brottkast. Við höfum verið að ræða þessi mál í nærri tvö ár af mjög mikilli hreinskilni, og við höfum gert á því rannsóknir sem liggja til grundvallar þeim aðgerðum sem við erum núna að vinna að, höfum verið að gera, erum að gera og munum halda áfram að vinna að.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson saknar þess að fá ekki svar við spurningunni. Svarið liggur auðvitað í þeim aðgerðum sem þegar er verið að vinna að. Við höfum gert rannsóknir á þessu máli með skoðanakönnunum og menn efast hreinlega um að íslenskir sjómenn svari rétt og heiðarlega fyrir sig ef þeir efast um gildi þeirrar könnunar sem gerð var um jólin í fyrra. Við vitum því hvað um er að ræða.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hlýtur að hafa verið að rugla einhverjum svörum saman hjá mér þegar hann vitnaði til Smuguumræðunnar. Það sem ég var að reyna að segja er að brottkast er ekki bundið við eitthvert eitt fiskveiðistjórnarkerfi. Það getur líka átt sér stað þar sem engin fiskveiðistjórn á sér stað eins og var í Smugunni.

Það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði um að menn væru að réttlæta brottkast í þessu kerfi með því að það hafi einhvern tíma áður verið brottkast, hefur bara ekkert með málið að gera. Brottkastið er ekkert sérstaklega tengt einu kerfi frekar en öðru.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr hvort ráðherra hyggist grípa til lögregluaðgerða. Ég hef ekkert yfir lögreglunni að segja og þar af leiðandi er ég ekki að grípa til neinna lögregluaðgerða. Ég held að það sé engin sérstök lausn í þessu máli, en eins og í öðrum málum verður að rannsaka meint brot og þeir sem verða uppvísir að brotum verða að sæta viðurlögum.

En ég tel hins vegar að þegar við höfum gert þær breytingar sem ég hef hér lýst þá höfum við létt talsvert miklum þrýstingi úr þessu kerfi þannig að þeir sem ekki vilja kasta fiski eiga ekki að þurfa þess. Þeir sem halda uppteknum hætti, herra forseti, hafa mjög gott af því að þeim sé veitt aðhald með virku eftirliti, sérstaklega ef þeir borga fyrir eftirlitið sjálfir.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag utandagskrárumræðu.

[16:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það hefur tíðkast við utandagskrárumræður og eldhúsdagsumræður og fleiri slíkar umræður að flokkarnir fái ákveðinn fjölda þingmanna óháð stærð. Þannig hefur það gerst að í litlum flokki hafa þrír af tveimur fengið að tala í eldhúsdagsumræðum en bara þrír frá stærsta flokknum með 26 þingmenn.

Þetta eru afskaplega ólýðræðisleg vinnubrögð, herra forseti, og verið er að gefa kjósendum stærsta flokksins, 40% kjósenda sem eru með 40% þingmanna langt nef með þessum hætti. Ég skora á hv. forsn. að taka á þessu og breyta þessu.

Þannig er með þetta mál sem við ræddum rétt áðan að sá þingmaður sem ég held að hafi einn flutt útfærðar hugmyndir í sambandi við brottkast fékk ekki að taka þátt í umræðunni. Ég fékk ekki að taka þátt í þessari umræðu, herra forseti. Þetta gerist aftur og aftur með utandagskrárumræður vegna þess að ég bý við það að vera í stórum flokki.

Herra forseti. Ég skora á hv. forsn. að breyta þessu.

[16:13]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna þessarar athugasemdar hv. þm. er rétt að taka fram að í hálftímautandagskrárumræðu hafa málshefjandi og ráðherra 5 mínútur í fyrri ræðu, 2 mínútur í síðari ræðu og þá er eftir tími fyrir 8–9 tveggja mínútna ræður. Samkomulag hefur gilt um það milli forseta þingsins og formanna þingflokka að skipta þessum ræðum milli þingflokka. Þetta er auðvitað gert til að sjónarmið allra flokka komi fram í umræðum því að það er mjög algengt að mun fleiri þingmenn óski eftir að taka til máls en tíminn leyfir þannig. Það eru því fleiri en hv. 10. þm. Reykv. sem ekki komast að í umræðunni. Því hefur orðið samkomulag um að hafa þennan hátt á.

En það er auðvitað sjálfsagt að taka þetta mál upp á næsta forsætisnefndarfundi nk. mánudag og ræða þar þessar athugasemdir hv. þm.

[16:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem fram komu hjá hv. þm. Pétri Blöndal finnst mér ástæða til að minna hv. þm. á að Sjálfstfl. á helming ráðherranna og þeir fá venjulega stærri hlut í umræðunni og forgang með sín mál umfram aðra. Það þykir eðlilegt að lýðræðið virki þannig.

Sömuleiðis finnst mér líka rétt að rifja upp að hér eru menn til þess að koma á framfæri ákveðnum sjónarmiðum, sjónarmiðum sinna flokka, þeirra flokka sem þeir eru kjörnir fyrir á Alþingi og það er þannig sem lýðræðið virkar, að menn bjóða sig fram fyrir ákveðna flokka sem síðan eru með ákveðna stefnu og hún er kynnt og rædd í þinginu. Mér finnst, herra forseti, að það sé alveg óþarfi fyrir stærsta stjórnmálaflokkinn að vera að barma sér undan því að málfrelsi hans sé með einhverjum hætti skert í þinginu. Mér finnst ráðherrarnir býsna fyrirferðarmiklir með þá stefnu sem ríkisstjórnin og Sjálfstfl. í þessu tilfelli hefur og það veiti ekki af því að stjórnarandstaðan í þessu tilfelli hafi það rými sem hún nú þegar hefur og þó það væri meira til að koma á framfæri þeim sjónarmiðum sem ekki fá brautargengi í gegnum kanala ríkisstjórnarinnar.

[16:16]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta var undarleg ræða. Ef sjálfstæðismenn hegðuðu sér eins og vinstri menn og klofnuðu sífellt þá fengju þeir helmingi fleiri ræðumenn í þessari umræðu.

[16:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er einu sinni þannig að í nánast öllum málum geta þingmenn komið upp og talað. Þetta tiltekna umræðuform, hálftímaumræðuform, hefur verið skipulagt þannig að talsmenn flokkanna geti komið fram og gert grein fyrir helstu sjónarmiðum, kannski meginstraumum eða meginsjónarmiðum í flokkunum. Það er dálítið grátbroslegt að menn skuli koma upp og væla undan því tiltekna formi.

Hv. þm. getur annars komið upp í öllum málum. Ég vil bara nota tækifærið úr því að ég stend hér og er að ræða um þetta, að ég sakna þess mjög oft, í mjög mörgum og stórum málum, að fulltrúar Sjálfstfl. taki þátt í umræðunni. Ég vildi sjá þá í miklu fleiri málum en þeir taka þátt í þó að það eigi ekki við um þennan tiltekna hv. þm.

Ég vil almennt nota þetta tækifæri til að hvetja hv. þingmenn Sjálfstfl. til að taka þátt í umræðum á hinu háa Alþingi.

[Fundarhlé. — 16:18]

[17:51]

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 282. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 340.

Samgöngumál á Norðausturlandi, 283. mál, fsp. GPál, þskj. 341.

Smávirkjanir í sveitum, 284. mál, fsp. GPál, þskj. 342.

Færsla bókhalds í erlendri mynt.

Fsp. GE, 224. mál. — Þskj. 250.

[17:52]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Algengasta frétt á Íslandi í dag er: Krónan fellur. Þess vegna beini ég máli mínu til hæstv. fjmrh. og vil segja þetta: Með fyrirhuguðum skattalagabreytingum er gert ráð fyrir að heimila fyrirtækjum að færa bókhald sitt í erlendum gjaldeyri frá og með næstu áramótum. Staða krónunnar er kunnari en frá þurfi að segja. Hún hefur hríðfallið og verðbólgan hér er sú mesta í vestrænum löndum um árabil. Íslenskur almenningur sem hefur reynt að spara með fjárfestingu í hlutabréfum vegna skattafsláttar hefur a.m.k. í bili tapað stórfé miðað við núvirðisskráningu, ekki síst þeir sem hafa tekið lán til fjármögnunar kaupanna.

Oft hefur verið sagt að eftir höfðinu dansi limirnir. Það er leyfilegt, og hefur verið lengi, að stofna til gjaldeyrisreikninga fyrir hvern sem er. Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en velt fyrir mér afleiðingum af því ef almennt allir leggja, það sem þeir geta lagt fyrir, til hliðar inn á gjaldeyrisreikninga til eigin sparnaðar frá og með næstu áramótum. Hver verða, hæstv. fjmrh., áhrifin af því að heimila íslenskum fyrirtækjum að færa bókhald sitt í erlendum gjaldeyri frá og með næstu áramótum?

Ég velti þessu einnig upp: Hvernig færi ef fólkið í landinu tæki þessi fyrirtæki sér til fyrirmyndar? Ég minnist þess að álíka mál voru mikið áhyggjuefni hjá einni frændþjóða okkar. Reyndar hefur áhugi almennings fyrir sameiginlegri Evrópumynt vaxið, t.d. í Danmörku, Svíþjóð og fleiri löndum. Það er eðlilegt að áhyggjur beinist að þessum málum þegar maður sér fréttir eins og ég vil lesa hér upp, með leyfi forseta: „Gengistap Haraldar Böðvarssonar hf. 766 milljónir." Ég vil jafnframt minna á orð hæstv. utanrrh. frá miðvikudeginum 7. nóv. þar sem hann sagði í umræðu í tilefni af upptöku evrumyntar að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja geti versnað.

Ég vil enn vekja athygli á stöðu fyrirtækjanna. Afkoma Kaupþings er óviðunandi og enn er engar yfirlýsingar að fá frá Baugi varðandi þessi mál og svona má lengi telja. Algengasta fréttin, eins og ég sagði í upphafi máls míns, er: Krónan fellur, og hefur aldrei verið lægri.

[17:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. þm. beinir til mín fyrirspurn í einni setningu, þ.e. eftirfarandi setningu:

„Hefur verið unnin úttekt á hugsanlegum áhrifum þess á stöðu íslensku krónunnar að heimilt verði íslenskum fyrirtækjum að færa bókhald sitt í erlendri mynt?"

Síðan flutti hann mál sitt og blandaði mörgum öðrum hlutum saman við sem ekki varða þetta mál en sem mörgum hættir reyndar til að blanda saman við þetta spursmál.

Fyrst vil ég segja, herra forseti, að hugleiðingar þingmannsins um gjaldeyrisreikninga almennings koma þessu máli ekkert við. Almenningur hefur getað lagt gjaldeyri inn á sérstaka gjaldeyrisreikninga á Íslandi frá árinu 1977. Á því hefur engin breyting orðið og verður ekki við þetta. Það er misjafnt hvað fólk hefur nýtt sér þetta. Það var töluvert í upphafi. Áhuginn hefur minnkað en það er kannski vegna þess að menn geta lagt inn á gjaldeyrisreikninga í erlendum bönkum líka ef þeim sýnist svo.

Það sem er mikilvægt varðandi þessa spurningu um heimild til þess að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt er að það er ekki verið að leggja niður íslensku krónuna með því. Það er ekki verið að takmarka notkunina á íslensku krónunni. Það er ekki verið að gera neinar grundvallarbreytingar sem varða sjálfa krónuna. Það sem gerist, þegar og ef þessi áform verða lögfest og það er áform mitt að leggja fram frv. um það síðar á þessu þingi sem taka mega gildi um áramót, er að þá geta ákveðin fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði og hafa af því ákveðna hagsmuni fært bókhald sitt og gert ársreikning sinn í einhverri tiltekinni erlendri mynt. Þetta er aðeins ákveðið framsetningaratriði. Viðkomandi fyrirtæki munu halda áfram að greiða laun sín á Íslandi í íslenskum krónum, borga reikninga sína á Íslandi í íslenskum krónum en ekki einhverri annarri mynt, ekki þessari uppgjörsmynt eða þeirri mynt sem kann að verða fyrir valinu. Hins vegar munu ákveðin fyrirtæki hafa ákveðna hagsmuni af því, að því er talið er, að þetta verði heimilað. Auðvitað verður engum skylt að gera þetta. Einhver fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði munu sjá sér hag í því og þau verða þá að sækja um heimild til þess. Ekki getur hver sem er bara ákveðið að gera sig upp í erlendri mynt og valsað á milli gjaldmiðla eftir hentugleikum.

Það er síðan önnur alveg sjálfstæð spurning hvort leyfa eigi fyrirtækjum að telja fram til skatts í erlendri mynt. Það er allt annað spursmál og ég hef ekki gert ráð fyrir að það verði þrátt fyrir þetta. Ársreikningur og bókhald eru opinberir hlutir. Skattframtal fyrirtækja er einkamál þess og skattyfirvalda og er ekki hluti af þessari umræðu.

Hvers vegna vilja menn þá gera þetta? Það er vegna þess að það auðveldar fyrirtækjum fjárhagslegan samanburð við erlend félög sem þau eru í samkeppni við. Þetta minnkar óæskilegar sveiflur í afkomu félagsins vegna breytinga

á gengi erlendu myntarinnar gagnvart íslensku krónunni. Þetta eykur áhuga erlendra fjárfesta, þ.e. að geta lesið ársreikninginn í viðkomandi erlendri mynt sem þeir skilja. Það auðveldar erlendum fyrirtækjasamstæðum að stofna dótturfélög á Íslandi og það auðveldar íslenskum móðurfélögum að stofna og reka dótturfélög erlendis.

Um þetta snýst málið en það hefur enga grundvallarþýðingu gagnvart krónunni eða stöðu hennar, og þess vegna hefur sú úttekt sem hv. þm. spyr um í sinni fyrirspurn ekki verið gerð. Við teljum ekki neina sérstaka þörf á því.

[17:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi úttekt hefur ekki verið gerð. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það ekkert smámál að menn hafi slíkt vantraust á íslensku krónunni að fara þurfi út í aðgerðir af þessu tagi. Ég held að það geti ekki borið vott um neitt annað en að íslenska krónan hafi ekki verið sá trausti gjaldmiðill sem hún hefði þurft að vera. Þess vegna er verið að gera þetta.

Ýmsir fjármálaspekúlantar hafa líka komið fram sem halda því bókstaflega fram að íslenska krónan muni hverfa úr reikningum allra aðalfyrirtækjanna í landinu á þessum áratug. Það er því ástæða til að velta fyrir sér hvaða áhrif það muni hafa og hvernig menn komast yfir það tímabil. Ég sé full rök fyrir því að einhver úttekt verði gerð og menn reyni að átta sig á afleiðingunum af því að menn eru farnir að vantreysta íslensku krónunni eins og raun ber vitni.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvernig ég á að bregðast við orðum hæstv. fjmrh. að öðru leyti en því að við hinni beinu spurningu í þessari fyrirspurn tel ég mig ekki hafa fengið skýr svör en ég þakka þó svörin sem komu. Það er vegna þess að í hv. fjárln. kom þetta mál beint til umræðu. Við hverja var rætt, virðulegur forseti? Við starfsmenn fjmrn. Þar fengust þau svör að þetta mál væri sérstaklega í athugun og þess vegna hélt ég að ég mundi fá minnisblað um það í fjárln. en hef ekki fengið. Þess vegna var spurningin sett fram.

Í umræðu um þessi mál 20. júní í Danmörku á síðasta ári kom beinlínis fram að menn höfðu miklar áhyggjur af því sem mundi gerast ef Danmörk stæði utan Evrópumyntarinnar og fyrirtækin þyrftu að halda áfram viðskiptum. Menn töldu þar að þetta hefði þau áhrif að danska krónan mundi falla um 0,5–1% og vextir mundu hækka um 1%. Þess vegna kemur það mér mjög spánskt fyrir sjónir ef hæstv. fjmrh. telur að þessi gerð, að heimila bókhald í erlendri mynt, hafi engin áhrif á íslenskan gjaldmiðil sem er þó, því miður, alltaf að falla með þeim afleiðingum að fyrirtækin taka á sig gengistap, eins og ég nefndi áðan, 700, 800 eða 900 millj. og ýmsir aðrir meira og aðrir minna.

[18:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vísa því algerlega á bug að ástæðan fyrir því að menn velta þessari ráðstöfun, þessari breytingu á löggjöf um að heimila fyrirtækjum að gera upp í erlendum gjaldmiðli og gera ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sé vegna einhvers sérstaks vantrausts á íslensku krónunni eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði. Ég held að hann ætti að tala um það við samflokksmann sinn [illegible] hér, hv. þm. Kristján Möller, sem hefur sérstaklega hvatt til þess að þetta verði gert. Hann hefur spurt mig að því í þinginu hvort eigi ekki að fara að drífa í þessu. Þetta er alger misskilningur eins og ég hef reynt að útskýra í svari mínu.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson sagðist ekki hafa fengið svar við fyrirspurn sinni. Hann spurði hvort unnin hefði verið tiltekin úttekt. Svarið við því er nei. Það kom fram í máli mínu í upphafi. Hitt er annað mál að hann er að rugla því saman við það sem starfsmenn mínir hafa sagt um að unnið sé að gerð þessa frv. Það er sérstakur hópur í því og því máli verður lokið á næstunni. Þá kemur þetta frv. inn í þingið. Þannig að þetta eru tvö mál.

Annars vegar er það sú spurning hvort gerð hafi verið úttekt á áhrifum þessarar breytingar á íslensku krónunni. Ég er búinn að svara því og svo hin: Er verið að vinna að undirbúningi frv.? Vitanlega. Það er verið að vinna að því eins og hér hefur margkomið fram og tilkynnt var í tengslum við framlagningu skattafrv. ríkisstjórnarinnar, eins og margoft hefur verið talað um, bæði hér í þingsalnum og víðar og frekar er verið að ýta á eftir heldur en hitt. Það er ekki vegna þess að menn telji að það hafi einhver vond eða góð áhrif á íslensku krónuna. Það er vegna þess að þetta er framsetningarmál. Þetta eykur og bætir frásagnargildi ársreikninga fyrirtækja gagnvart erlendum aðilum hvort sem menn vilja fjárfesta hér, hvort sem íslensk fyrirtæki vilja hasla sér völl í útlöndum eða hvað eina sem ég rakti hér áðan. Það er málið. Þetta er hagkvæmnismál en ekki efnahagsmál.

Heildarlántökur erlendis.

Fsp. GE, 225. mál. — Þskj. 251.

[18:05]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég beini enn máli mínu til hæstv. fjmrh. Nú á tímum eru fjármál helsta umræðuefnið á Alþingi, í fjölmiðlum, í heita pottinum og hvar sem tveir menn eða fleiri hittast. Þar eru rædd fjármál, skuldir og vextir. Ríkisfjármál, staða íslensku krónunnar og evran eru efst í hugum flestra.

Sem alþingismaður og ekki síst vegna setu í fjárln. hef ég horft með þungum áhyggjum á viðskiptahallann, sem er í kringum 200 milljarða á þremur undanförnum árum.

Ég held að áhrif ofskuldsetningar fyrirtækja og heimila og viðskiptahalla séu skyld eins og skeggið hökunni og að verði ekki gætt að þá lendi menn í hremmingum. Herra forseti. Þó svo ég sé að myndlíkja þá er alvaran mikil og því spyr ég hæstv. fjmrh. hvort yfirsýn sé til yfir heildarlántökur íslenskra einstaklinga og fyrirtækja erlendis. Ef svo er, hversu miklar eru þær?

Herra forseti. Ég má til með að beina athygli að því að gjaldþrotahrina virðist ríða yfir þjóðina og ég veit að hæstv. fjmrh. hlýtur að deila áhyggjum með mér og öðrum af þeirri þróun sem ég er að vekja athygli á með fyrirspurn minni. Með leyfi forseta eru hér nauðungaruglýsingar á fjórum blöðum frá 8., 9. og 10. nóvember sem sýna mér að fjöldi heimila er með flakandi skuldasár og örvænta, samanber auglýsingarnar. Þó svo það sé ekki beint í fyrirspurninni þá vonast ég til þess að hæstv. fjmrh. geti svarað mér um hvort einhverra aðgerða sé að vænta í tengslum við einmitt þau

mál. Fyrirspurnin, eins og kom fram áðan, er aðeins um hvort einhvers staðar sé til yfirsýn yfir heildarlántökur íslenskra einstaklinga og fyrirtækja erlendis og einnig hversu miklar þær eru.

Það sem áhyggjur mínar beinast að er að algengt var að töskumenn tækju lán erlendis á síðasta ári og væru að endurlána þau hér. Það er spurning í hvaða formi sú starfsemi hefur verið. Einnig er mér kunnugt um að sparisjóðir og bankar hafi tekið lán erlendis til að lána mönnum, t.d. til að kaupa báta og fara í útgerð. Ég hef miklar áhyggjur af því satt að segja hvað er að gerast. Þess vegna spyr ég.

[18:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. er svohljóðandi:

„Hefur fjármálaráðuneyti upplýsingar um heildarlántökur íslenskra einstaklinga og fyrirtækja erlendis? Ef svo er, hve miklar eru þær?"

Þetta er spurningin. Herra forseti. Þannig háttar nú til að fjmrn. heldur ekki skrá né geymir upplýsingar um þetta. Það gerir Seðlabankinn. Ráðuneytið skrifaði Seðlabankanum og óskaði eftir svari við þessari fyrirspurn. Í svari Seðlabankans segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt greiðslujafnaðaruppgjöri Seðlabanka Íslands námu erlendar skuldir einstaklinga og fyrirtækja, þar með taldar skuldir lánastofnana, 661,7 milljörðum kr. í lok júní 2001."

Ég tel að þetta svari fyrirspurninni, herra forseti.

[18:09]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Mér finnst eins og hæstv. fjmrh. vilji helst ekkert ræða þessi mál, þetta var snubbótt svar. (**Fjmrh.:** Þetta er bara svar við fyrirspurninni.) Ég verð að segja alveg eins og er, að það er mjög skringilegt að menn skuli nú 14. nóvember árið 2001 þurfa að segja þessi orð: Okurvextir á Íslandi 20–22%. Gengisfelling á Íslandi 20–25% frá áramótum. Bandaríski dollarinn er kominn í 108 kr., gengisvísitalan komin í 147,3 stig. Viðskiptahalli undanfarinna þriggja ára yfir 200 milljarðar kr.

Herra forseti. Þetta eru slæm minningarorð um núv. hæstv. ríkisstjórn og efnahagsmálin í hennar höndum. Ef til vill má lýsa því í þremur orðum: Andvaraleysi, sjálfsánægja og agaleysi. Litlar tímasprengjur hafa verið að hlaðast upp í efnahagskerfinu og eru nú að springa í afturendanum á hæstv. ríkisstjórn, hver af annarri þessa daga. Þetta eru daprir dagar.

[18:11]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að viðbrögð hæstv. fjmrh. bendi eindregið til þess að sú staða sem hér var drepið á sé eitthvað sem hann vill alls ekki ræða í dag. Ég get svo sem ekkert undrast það vegna þess að staðan er auðvitað slæm og fréttirnar virðast versna með hverjum degi.

Ég kem inn í umræðuna til að minnast á einn hlut og það eru skuldir heimilanna. Ég hef gríðarlegar áhyggjur af stöðu þeirra mála. Fólk hefur haft samband við mig sem fyrir ári tók lán í góðri trú á að það gæti staðið í skilum. Það er núna að missa allt í vanskil vegna þess að vextir og allar forsendur hafa gerbreyst. Það sem hv. þm. Gísli Einarsson sýndi fram á þegar hann las upp úr blöðunum gjaldþrotaauglýsingar eða nauðungarupboðsauglýsingar lýsir auðvitað stöðunni. Hún er afar slæm og alvarleg.

[18:12]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið. Þó að ég hafi spunnið í kringum spurningu mína lýsingu á því sem er að gerast þá er það eðlilegt vegna þess að þetta tengist slíkum lántökum. Ég hef áhyggjur af þessu máli og reikna með að fleiri deili með mér áhyggjum, þegar skuldastaða ríkissjóðs er samtals 413 milljarðar og skuldaaukningin er 30 milljarðar á liðnu ári. Þetta er samkvæmt ríkisreikningi beint lesið upp.

Vitað er að skuldir sjávarútvegsins eru einhvers staðar nálægt 200 milljörðum og síðan upplýsir hæstv. fjmrh. að heildarskuldir fyrirtækja og einstaklinga séu um 661,7 milljarðar. Ég veit ekki hversu stór hluti af því er inni í þeim tölum sem ég las upp áður en staðan hlýtur að valda miklum áhyggjum. Skuldir, nauðungaruppboð — að mínu mati stefnir hreinlega í mjög alvarlegt ástand. Það getur vel verið að menn hafi ekki áhyggjur af 8% verðbólgu. Ég hef hins vegar áhyggjur og tel þetta mjög slæmt ástand og að hluta til líkt því sem við þekkjum frá fyrri tíð.

Ég deili þeim vonum með hæstv. fjmrh. að ástandið muni breytast en mér finnst viðbrögðin vera hæg, ég get ekkert að því gert. En ég þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni, bæði um fyrri fyrirspurnina og hina síðari. En þessi fyrirspurn er vel meint. Það er ekki, eins og getið var um í síðustu viku, að undirritaður væri að leggja hæstv. ráðherra í einelti.

[18:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel ekki að hv. þm. hafi lagt mig í sérstakt einelti með því að leggja fram tvær spurningar í dag. Það er ekkert athugavert við það. En svarið sem ég las er það sem Seðlabankinn gefur upp varðandi þetta. Hann heldur saman upplýsingum um stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og auðvitað geta þingmenn beint spurningum sínum beint þangað án milligöngu fjmrn. því að Seðlabankinn er ekki undirstofnun þess eins og kunnugt er.

Eitt er að vera með tölurnar og annað síðan að leggja út af þeim og greina hvað í þeim kann að felast. Þessir rúmlega 660 milljarðar innihalda einnig lántökur lánastofnana og skuldir lánastofnana við útlönd. Hvað skyldi mikið af því hafa farið í arðbærar fjárfestingar innan lands og skilað gjaldeyri síðar meir upp í þessar skuldir? Hvað skyldi vera mikið af lánum, t.d. til sjávarútvegsins eða útflutningsatvinnuveganna sem þarna eiga eftir að skila sér? Það er ekki þar með sagt, þó að þjóðarbúið hafi aukið skuldir sínar, að það fé hafi allt farið í einhverja vitleysu. Ég veit að hv. þm. er mér sammála um það. Það þarf að greina það betur til að hægt sé að draga af því einhverjar ályktanir.

Við opnuðum fjármálakerfið til útlanda fyrir nokkrum árum í góðu samstarfi við þáv. flokk hv. þm., í stjórnarsamstarfi við Alþfl. Þar er gengið út frá því að allir, einstaklingar, fyrirtæki, lánastofnanir og aðrir sem á annað borð hafa lánstraust í útlöndum, geti fengið þar lán ef þeir hafa slíkt lánstraust, án leyfa og milligöngu hins opinbera. Ég vænti þess ekki að þingmaðurinn vilji breyta því. Eigum við að banna fólki að taka lán í útlöndum ef það hefur til þess lánstraust? Eigum við að taka áhættuna af hinum erlenda lánveitanda sem setur fé sitt í útlán og tekur þar með einhverja áhættu eins og

alltaf er gert? Ég held ekki að þingmaðurinn kæri sig um það frekar en ég.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 18:17.

---

30. FUNDUR

fimmtudaginn 15. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fasteignakaup, stjfrv., 253. mál, þskj. 291. — 1. umr.
2. Kirkjuskipan ríkisins, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
3. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.
4. Áfengislög, frv., 176. mál, þskj. 177. — 1. umr.
5. Fjáraukalög 2001, frv., 28. mál, þskj. 28. — 1. umr.
6. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 45. mál, þskj. 45. — 1. umr.
8. Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Fyrri umr.
9. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að ráðgerðar eru tvær umræður utan dagskrár í dag. Hin fyrri verður nú í upphafi þingfundar og er um áform í einkarekstri heilbrigðisþjónustunnar. Málshefjandi er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir. Hæstv. heilbrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Hin síðari hefst um kl. 2.30 og er um yfirtöku ríkisins á Orkubúi Vestfjarða. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. fjmrh. verður til andsvara.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Styrkveitingar til atvinnuuppbyggingar, 81. mál, svar iðnrh., þskj. 248.

Umræður utan dagskrár.

Áform um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni.

[10:32]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Nýverið mátti lesa frétt í Morgunblaðinu undir yfirskriftinni „Hver vitjun á heimili kostar 4–5 þúsund kr." Var tilefnið það að heimilislæknir í borginni hefur auglýst einkaþjónustu þar sem hann býðst til að koma á heimili sjúklinga ef þeir óska þess. Þjónustan er alfarið fyrir utan sjúkratryggingakerfið. Þjónustusvæðið er allt höfuðborgarsvæðið og segir læknirinn að mikill áhugi sé meðal kollega hans á að bjóða upp á þjónustu af þessu tagi.

Í ágúst sl. var önnur frétt í sama blaði undir yfirskriftinni „Þörf á að fjölga heimilislæknum" en þar var greint frá því að læknir nokkur hefði hug á að koma á fót einkarekinni heilsugæslustöð. Þar kemur fram að þúsundir manna séu án heimilislæknis í Reykjavík og er staðfest í viðtali við Lúðvík Ólafsson, héraðslækni í Reykjavík, að heilsugæslan þar sem samkvæmt lögum á að veita þessa þjónustu sé í vanda. Hún hafi illa getað sinnt hlutverki sínu vegna skorts á fjármagni og að fjölga þurfi læknum innan hennar. Samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslunni í Reykjavík vantar á bilinu 30–50 millj. í rekstur heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu til að halda úti óbreyttum rekstri en um 100 millj. til að koma til móts við þá þörf sem til staðar er á svæðinu. Stærstu vandamálin eru, að sögn, heilsugæslustöðvarnar í Grafarvogi, Breiðholti og Kópavogi og sér ekki fyrir endann á þeim vanda.

Með lögum um heilbrigðisþjónustu var tekin upp sú stefna að byggja upp heilsugæslustöðvar til að sinna heilsuverndarstarfi og því lækningastarfi sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra sem ekki dveljast á sjúkrahúsum. Má segja að þetta hafi tekist nokkuð bærilega annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu en þar hefur kerfið ekki virkað sem skyldi í öllum hverfum, ekki hefur tekist að þjóna eftirspurninni.

Því hefur auk þess verið haldið fram að núverandi skipulag og staða heilsugæslunnar hreki nýútskrifaða lækna frá faginu. Aukinn áhugi á því að bjóða þjónustu án þátttöku almannatrygginga er án vafa sprottinn af þessari óánægju og þeirri staðreynd að heilsugæslunni er ekki gert kleift að þjóna þörfinni.

Herra forseti. Ljóst er að kjaramál lækna hafa löngum haft mikil áhrif á þróun mála í heilbrigðiskerfinu. Auk þess eru kjörin og það hvernig samið er um þau ríkur þáttur í því hvernig gengur að halda útgjöldum ríkisins til heilbrigðismála í skefjum. Ég vil því fagna því sérstaklega að hæstv. heilbrrh. skuli nú hafa lagt fram frv. þar sem lagt er til að samningamál lækna séu á einni hendi. En um leið vil ég lýsa áhyggjum mínum af þeirri þróun sem er að eiga sér stað á meðal heimilislækna, og m.a. gæti orsakast af þeirri óánægju sem hefur orðið vart með starfsskilyrði heilsugæslunnar og að einhverju leyti með launakerfið sem slíkt. Ég hlýt því að spyrja hæstv. heilbrrh. hvernig hann hyggist bregðast við þeim tíðindum sem áður voru rakin.

Herra forseti. Heilbrigðiskerfið, framtíð þess og fjármögnun hefur lengi verið pólitískt þrætuepli hér á landi enda stærsti póstur í útgjöldum ríkisins í velferðarþjóðfélaginu. Ég hef nokkrum sinnum úr þessum ræðustóli spurt fyrrv. hæstv. heilbrrh. hvaða afstöðu hún hefði til einkavæðingarhugmynda sem margsinnis hafa komið fram úr röðum sjálfstæðismanna. Var svarið jafnan á þann veg að Framsfl. hafnaði alfarið frekari einkavæðingu. Frekari einkarekstur í heilbrigðiskerfinu þýddi að sett yrðu tvö kerfi, annað fyrir þá sem gætu greitt og vildu fá þjónustuna strax og hitt fyrir hina sem yrðu að bíða. Ég get tekið undir þessa skoðun og tel litlar forsendur fyrir því að bera saman leikreglur í rekstri almennra fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni annars vegar og hins vegar grunnheilbrigðisþjónustu sem lýtur allt öðrum lögmálum. En ég get þó ekki annað en haft áhyggjur af þróuninni í heilsugæslunni og reyndar á öðrum sviðum líka og ég velti því fyrir mér hvort einhver vilji sé fyrir því að rjúfa þá þjóðarsátt sem verið hefur um almannatryggingar hér á landi sem eina styrkustu og mikilvægustu stoð velferðarkerfisins.

Ég spyr ekki síst í ljósi þess að á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstfl. var ályktað um að flokkurinn legði áherslu á tilfærslu verkefna innan heilbrigðisþjónustunnar, svo sem heilsugæslu og einstakra verkefna sjúkrahúsþjónustu, frá ríkinu yfir til einkaaðila, félagasamtaka og sveitarfélaga, og tímabært sé að einkaaðilar taki nú þegar við slysatryggingum sem eru á höndum Tryggingastofnunar.

Ég vil því í ljósi þess sem hér hefur verið sagt spyrja eftirfarandi spurninga:

Hvaða augum lítur heilbrrh. á þá staðreynd að heimilislæknar bjóði nú upp á vitjanir í heimahús án kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins og hyggst hann á einhvern hátt bregðast við því? Telur ráðherra að slík þjónusta geti á einhvern hátt ógnað því almannatryggingakerfi sem sátt hefur verið um hér á landi hingað til eða alið af sér tvískipt kerfi? Hvernig vill ráðherrann bregðast við þeim vanda sem við blasir í heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu þar sem þúsundir manna eru án heimilislæknis, og hyggst ráðherra beita sér fyrir því að tekið verði upp breytt launafyrirkomulag hjá heimilislæknum í því skyni að greiða úr vanda heilsugæslunnar? Hvaða augum lítur ráðherra hugmyndir Sjálfstfl. um tilfærslu verkefna innan heilbrigðisþjónustunnar, svo sem heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu, frá ríki til einkaaðila og má vænta einhverrar stefnubreytingar frá ríkisstjórninni í þessum efnum?

[10:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir tækifæri til að ræða einkarekstur í heilsugæslunni en ég vil byrja mál mitt á grundvallarmarkmiðum sem ég tel að góð heilsugæsla byggist á en þau eru eftirfarandi:

1. Óslitin þjónusta þar sem áhersla er lögð á fast og langvarandi samband læknis og sjúklings.

2. Yfirgripsmikil þjónusta þar sem áhersla er lögð á æviskeiðið allt og alla flokka sjúkdóma, ekki aðeins í læknisfræðilegum tilgangi heldur einnig í heilsuvernd.

3. Einstaklingsmiðuð þjónusta þar sem áhersla er lögð á að sameina vísindalega, mannúðlega og félagslega nálgun þar sem hagsmunir sjúklings eru settir í öndvegi.

4. Ábyrg þjónusta þar sem áhersla er lögð á að þróa gagnkvæmar skyldur heimilislæknisins og sjúklingsins.

Við á Íslandi höfum haft þessi meginmarkmið að leiðarljósi við uppbyggingu heilsugæslunnar. Þegar íslenska heilsugæslan er borin saman við grunnþjónustuna í öðrum löndum, þá er það mín skoðun að við getum kinnroðalaust horft framan í nágranna okkar. Gildir þá einu hvort við horfum til veittrar þjónustu eða aðstæðna og almennra kjara starfsmanna. Uppbygging hefur gengið hægar en ég hefði kosið á höfuðborgarsvæðinu en í þeim umræðum mega menn hins vegar ekki gleyma að vaktþjónusta lækna sem er einkarekin hefur fært mjög út kvíarnar síðustu missiri. Umfangið hefur aukist um 30% frá árinu 1999 ef áætlanir ganga eftir, og þetta verða menn t.d. að hafa hugfast þegar rætt er um bið í heilsugæslunni. Almennt séð er það skoðun mín og raunar forvera míns líka að heilsugæslan eigi að vera sú grunnþjónusta þangað sem fólk leitar fyrst ef það þarf á lækni að halda.

Við höfum á undanförnum sex árum reynt að stuðla að því að fólk nýtti sér þennan kost með því að halda komugjöldum til heilsugæslulækna í lágmarki og hækka þau ekki þegar önnur gjöld hafa verið hækkuð í heilbrigðisþjónustunni.

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrstu spurningu hv. þm. vil ég segja þetta: Mér hugnast það ekki ef heimilislæknar eru farnir að bjóða upp á vitjanir í heimahúsum fram hjá þeirri ágætu grunnþjónustu sem við rekum sameiginlega og hvet, eins og ég segi, til þess að menn nýti sér þá þjónustu. Ég mun hins vegar láta kanna hvort sótt hefur verð um leyfi fyrir þessari þjónustu og eins hvernig landlæknisembættið hyggst fylgjast með þessu máli faglega eins og lög standa til að gert sé.

Sem svar við annarri spurningu hv. þm. vil ég segja þetta: Grunnþjónusta heilsugæslunnar er sterkari en svo í vitund fólks, og vilji til að viðhalda því kerfi er meiri en svo að einn heimilislæknir í Reykjavík ógni því fyrirkomulagi. Einstaka dæmi sem getur verið útgangspunktur umræðu á Alþingi mun ekki leiða til kerfisbreytingar að mínum dómi.

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr um viðbrögð við því sem hún kallar aðsteðjandi vanda í heilsugæslunni. Þingmaðurinn á þá við þá staðreynd sem liggur því til grundvallar að ég skipaði fyrir nokkru nefnd til að fara yfir heilsugæslumálin á höfuðborgarsvæðinu og á öllu landinu í heild sinni en skortur er á heilsugæslulæknum. Í því starfi og starfi því tengdu sem er unnið innan ráðuneytisins hefur komið fram að æskilegt sé að fjölga námsstöðum í heilsugæslunni. Það verður að gera.

Einnig hefur komið fram á fundum með fulltrúum háskólans að áhugi fyrir heilsugæslunni sé mjög að glæðast og þann áhuga verður enn að glæða og fjölga heilsugæslulæknum.

Í þriðja lagi — af því að hv. þm. nefnir launakjörin sérstaklega — vil ég biðja menn að fara varlega í fullyrðingar á því sviði. Launaúttekt Ríkisendurskoðunar á kjörum lækna sem að mörgu leyti fékk ekki þá athygli sem æskilegt hefði verið bendir eindregið til að kjör heilsugæslulækna séu að meðaltali nokkuð góð, þannig að fréttir af lélegum kjörum þeirra eru ýktar þegar kjörin eru borin saman við aðrar sérgreinar.

Að lokum vil ég segja að ég hef margsinnis úr þessum ræðustól lýst stefnu minni varðandi heilbrigðismálin, að aðgangur að heilbrigðisþjónustu eigi að vera almennur og að ekki eigi að vera tvö kerfi hérlendis. Þær skoðanir hafa ekkert breyst.

[10:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja athygli á því sem hér er að gerast. Heilsugæsla sú sem hér er til umræðu þ.e. að fara eigi að veita einstaklingum þá þjónustu án þátttöku, milligöngu og samninga við ríkið, er enn einn liðurinn í að einkavæða heilbrigðisþjónustuna sem allra mest.

Það hlýtur að vera forgangskrafa okkar allra sem þjóðfélagsþegna í landinu að heilbrigðisþjónustan verði byggð upp sem grunnþjónusta við alla landsmenn og þar eigi ekki að draga fólk í dilka eftir efnahag eða búsetu. Líklegt er að fari slík þjónusta í gang, eins og þarna er fyrirhugað, verði innan skamms komið með kröfu um að ríkið komi inn og greiði þá þjónustu eftir framlögðum reikningum eins og við þekkjum svo víða í heilbrigðiskerfinu.

Sú einkavæðing og sjálftökuréttur sem hefur hlaðist upp eins og snjóbolti hvað varðar heilsugæsluna, einkum á Reykjavíkursvæðinu, hefur sogað til sín fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar, og sjúkrahús og heilsugæsla úti á landi hafa þá orðið að líða vegna þess að fjármagn hefur fyrst og fremst farið hingað til þessarar einkavæddu þróunar.

Herra forseti. Við megum ekki vera með tvöfalt heilbrigðiskerfi. Okkur ber að hafa metnað til þess að byggja upp öflugt og sterkt heilbrigðiskerfi og viðhalda því, heilbrigðiskerfi sem nær til allra landsmanna óháð efnahagsstöðu og búsetu. Því ber okkur að fylgja fast eftir.

[10:44]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég fagna umræðu um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu því stjórnarandstæðingar hér á þingi hafa yfirleitt haldið uppi þeirri umræðu með neikvæðum formerkjum. Í fyrirspurnatíma í gær var upplýst að samkvæmt frv. til fjárlaga yrði um 30 millj. kr. varið til einkareksturs í heilbrigðisþjónustu á næsta ári. Þetta svarar til a.m.k. 22% af fjármagni sem ætlað er til málflokksins.

Það kom m.a. fram að fjölmargar stofnanir eru reknar af einkaaðilum og þetta eru stofnanir eins og Hrafnistuheimilin, Skjól og Eir í Reykjavík, Sunnuhlíð í Kópavogi, Reykjalundur í Mosfellsbæ, Sjúkrastöð SÁÁ, Heilsustofnunin í Hveragerði og ágætar öldrunar- og endurhæfingarstofnanir, læknavaktin í Kópavogi, heilsugæslan í Lágmúla, einnig sérfræðileg læknisþjónusta, hjúkrunar-, tannlækna- og endurhæfingarþjónusta utan sjúkrahúsa og lyfjaafgreiðsla.

Þessar stofnanir eiga það sameiginlegt að vera kunnar að áreiðanlegri og góðri heilbrigðisþjónustu. Þetta er einkarekin heilbrigðisþjónusta en að mestu greidd af opinberu fé. Þetta er grýlan sem stjórnarandstaðan á hinu háa Alþingi varar við. Sjálfstæðismenn telja að heilbrigðisþjónusta sé, líkt og menntakerfið, samfélagsleg þjónusta sem eigi að mestu að vera greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Sjálfstæðismenn vilja að ríkið skilgreini þá heilbrigðisþjónustu sem veita á, greiði fyrir hana að mestu og hafi með höndum visst gæðaeftirlit. Stjórnvöld eiga hins vegar að semja við einkaaðila, félagasamtök, sveitarfélög eða jafnvel stofnun sem rekin er af ríkinu ef svo ber við um rekstur þjónustunnar.

Í umræðunni í dag gerir stjórnarandstaðan enn eina tilraun til að gera hugmyndir um einkaframtak í heilbrigðisþjónustu tortryggilegar. Það er rangt að hugmyndir sjálfstæðismanna leiði til mismununar sjúklinga, að hinir efnameiri geti keypt sig fram fyrir og jafnvel fengið betri þjónustu en hinir efnaminni. Það er rangt að við séum að tala um tvöfalt heilbrigðiskerfi og það er rangt að hugmyndir okkar þýði að almenningur þurfi að borga meira eða að fullu fyrir þjónustuna. Hugmyndir sjálfstæðismanna leiða til betri og skilvirkari þjónustu við sjúklinga og betri nýtingar fjármagns. Að halda öðru fram er í besta falli byggt á misskilningi en í versta falli er um vanþekkingu eða útúrsnúninga að ræða.

[10:46]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég þykist vera í stjórnarandstöðu og þess vegna tek ég það ekki til mín þegar hv. þm. Ásta Möller er að gera mér upp skoðanir og afstöðu í málinu. En þegar heilbrigðisþjónustuna ber á góma má segja að við stöndum frammi fyrir risavöxnu vandamáli sem stjórnvöld hafa ekki fengið fangs á svo ekki sé meira sagt.

Það eina sem er í lagi í heilbrigðisþjónustunni eru frábærir sérfræðingar og læknar sem geta veitt þjónustu sem tekur kannski öðru fram í öðrum löndum, eins og til að mynda hjartasérfræðingar okkar. Við þurfum að rannsaka heilbrigðisþjónustuna frá grunni og gera úttekt á henni enn á ný. Ég held, og ég hyggst leggja fram tillögu um það, að Tryggingastofnun ríkisins verði endurskoðuð í smáatriðum því að þar mun vera pottur brotinn svo ekki sé meira sagt.

Biðlistar lengjast og mér er sagt að á biðlista eftir til að mynda viðgerðum á mjöðmum séu 700–800 manns. Ég veit ekki nákvæma tölu en ég hef séð fólk þjást af þessum sökum. Ég spyr: Ef ég yrði gripinn þessari veiki og næði ekki að ganga upp á Valhúsahæð daglega, er ég þá skuldbundinn til þess að bíða í tvö ár eftir þessari viðgerð ef ég get kostað hana sjálfur ella flúið á önnur lönd til viðgerðar? Þetta ættu menn að athuga í þessu sambandi. Ég er ekki að mæla endilega með tveimur kerfum en við megum til með að hliðra til ef betur gengur með öðrum hætti en mál nú skipast því ekki veitir af að bæta úr.

[10:48]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Síðan alþýðutryggingum var komið á á Íslandi hefur í stórum dráttum ríkt þjóðarsátt um það almannatryggingakerfi sem tryggði öllum jafnan aðgang að þeirri heilbrigðisþjónustu sem í boði var, án tillits til efnahags einstaklinga. En á nokkrum undanförnum árum hafa þó byrjað að láta að sér kveða öfl sem veitast að þessu kerfi með ýmsu móti. Þeim hefur orðið nokkuð ágengt, sem mátti heyra hjá hv. síðasta ræðumanni, því miður, við að rífa gat á það öryggisnet sem við áður sameinuðumst um. Má þar t.d. benda á ályktun frá nýafstöðnum landsfundi Sjálfstfl. þar sem lagt er til að ríkið dragi sig í áföngum út úr atvinnurekstri á sviði heilbrigðismála og láti hann eftir einkaaðilum þar sem þörf væri fyrir aukið framtak einstaklinganna og minnkandi opinber afskipti, eins og þar stendur, og sumir hv. þm. sem þar sátu mættu kynna sér. (Gripið fram í.)

Raunar hefur mér á undanförnum árum fundist votta fyrir viðleitni fjárveitingavaldsins undir stjórn þessa sama flokks til að svelta heilbrigðisstofnanir á þann veg að biðlistarnir og úrræðaleysið færu að gefa umræðu sem þessari undir fótinn. Það stóð heldur ekki á viðbrögðum við ályktun hans um daginn. Varla hafði þornað blekið á landsfundarályktuninni þegar ungur heimilislæknir gaf sig fram og ætlar að helga sig því að heimsækja betur megandi borgara á sjúkabeð gegn greiðslu án milligöngu almannatryggingakerfisins. Það verða væntanlega ekki margar einstæðar mæður eða öryrkjar í hans sjúklingahópi, hæstv. forseti.

Ég vil benda á að með því að leyfa slíka starfsemi er verið að opna á tvöfalt kerfi, kerfi þar sem þeir sem betur standa í þjóðfélaginu geta keypt sér viðbótarstuðning sem aðrir hafa ekki aðgang að, kerfi sem býður upp á mismunun. Það að við skulum á uppgangstímum í þjóðfélaginu kalla fram aðstæður sem bjóða slíkum úrræðum heim er ólíðandi, herra forseti.

[10:51]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda og svör hæstv. ráðherra. Ég neita því að það eina sem sé í lagi í heilbrigðisþjónustu á Íslandi séu sérfræðingar eins og kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. því að heilbrigðisþjónusta á Íslandi er ein sú besta sem gerist í heiminum.

Hvar er mest einkavæðing í heilbrigðisþjónustu í heiminum? Í Bandaríkjunum. Er heilbrigðisþjónustan ódýrari þar en annars staðar? Nei, hún er dýrari. Er heilbrigðisþjónustan skilvirkari í Bandaríkjunum en annars staðar? Jú, en einungis fyrir 40% þjóðarinnar. 25–30% íbúa Bandaríkjanna fá litla sem enga heilbrigðisþjónustu og geta dáið drottni sínum í friði. Þetta er hin frjálsa samkeppni í heilbrigðisþjónustunni.

Það er nefnilega þannig með sjúkdóma að við veljum þá ekki, herra forseti. Þess vegna getum við aldrei haft frjálsa samkeppni um þá. Það er deginum ljósara.

Tökum annað dæmi. Á Kýpur búa 500 þúsund manns. Þar er kerfið tvískipt eins og sumir vilja hafa það hér, einkavætt fyrir hina ríku en ríkisrekið fyrir hina fátæku. Í einkavædda kerfinu er þjónustan fljót og góð en hið sama gildir ekki um ríkisrekna kerfið. Þar mætir þjónustan afgangi. Ef hinir fátæku leyfa sér þann munað að nýta sér hið einkavædda kerfi bíða þeir þess væntanlega bætur heilsufarslega en aldrei fjárhagslega. Viljum við skipta heilbrigðisþjónustu á Íslandi? Það vil ég ekki, og það vill Framsfl. ekki, herra forseti.

Nú er launakostnaðurinn 70–80% af heilbrigðisþjónustunni. Heldur herra forseti að heilbrigðisstéttir muni lækka laun sín í einkavæddu kerfi? Ég hef ekki trú á því. Einkavæðing heilbrigðisþjónustu er því ekkert annað en pilsfaldakapítalismi vegna þess að ríkið greiðir alltaf stærstan hluta af heilbrigðiskostnaðinum.

[10:53]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég held að menn verði að huga að því með hvaða hætti heilbrigðisþjónustan hefur þróast, ekki aðeins í Bandaríkjum, eins og hér var farið yfir með nokkuð mikilli ónákvæmni reyndar, heldur einnig í Evrópu. Í Evrópu hefur þróast mjög fullkomið heilbrigðiskerfi, almannatryggingakerfi sem stendur undir almennri opinberri heilbrigðisþjónustu. En þar hefur einnig þróast mjög fullkomið heilbrigðiskerfi sem er rekið af virtum einkafyrirtækjum sem taka þátt í að leysa fyrirliggjandi vandamál og eru verulegur hluti af heildarlausninni.

Það er að sjálfsögðu enginn sem leggur til að hér verði lögð niður opinber þjónusta, ekki nokkur maður hefur minnst á það. Hins vegar er ljóst að Sjálfstfl. vill að þeim verkefnum sem til verða í heilbrigðisþjónustunni verði sinnt af einkafyrirtækjum og það er líka alveg ljóst að þau geta tekið verulegan þátt í að bæta þjónustuna hér. Sumir hafa gengið svo langt, þó að mér sé ljóst að það sé ekki nema takmarkaður stuðningur við það á Alþingi, að lýsa yfir vilja til að hin fullkomna heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði nánast gerð að útflutningsvöru. Það verður að sjálfsögðu ekki gert nema fjárfest sé í þessari heilbrigðisþjónustu þannig að við getum jafnvel boðið hana öðrum þjóðum eins og t.d. Englendingar gera í stórum stíl. En það gera menn ekki öðruvísi en að fjárfesta í þessu. Það má því segja að ein af forsendum þess að við getum einkavætt heilbrigðisþjónustuna hér, sem ég held að sé mjög gagnlegt, sé að við fjárfestum í heilbrigðisþjónustunni, gerum hana enn öflugri til að sinna verkefnum sínum og þá sjáum við fyrst hversu langt við erum frá þeim dómadagsboðskap sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir boðaði áðan.

[10:55]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum í dag áform um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að vekja máls á þessu efni en ég verð að segja að ég vorkenni hæstv. heilbrrh. að þurfa að slást við það sem mér sýnist vera óbeinar grimmdaraðgerðir Sjálfstfl. til að knýja fram einkavæðingu. Þær aðgerðir felast í fjársvelti til heilbrigðisstofnana.

Fyrir fjórum árum benti ég á þriggja milljarða fjárvöntun í kerfinu sem sagt var að væru ósannindi. Þegar grunnurinn var lagfærður ári síðar var fjárvöntunin fimm milljarðar. Ég hef varið þær aðgerðir og það aðhald sem menn settu þá upp en nú er mér nóg boðið. Hallinn, miðað við áætlanir, stefnir í tvo milljarða á næsta ári sem byggist á röngum forsendum fjárlaga. Fjárvöntunin á Sjúkrahúsi Akureyrar verður væntanlega 592,5 millj., á Landspítala – háskólasjúkrahúsi yfir 500 millj. Það er í rauninni verið að svelta menn til aðgerða.

Áform Sjálfstfl. eru að einkavæða, en hvað? Þvottahúsin, eldhúsin, blóðrannsóknir, glasafrjóvgun, viðhald og rekstur bygginga og fjölmargt annað sem að mínu mati þarf að vera undir einni yfirsýn. Sem dæmi um fjárvöntunina vantar 200 millj. til tækjakaupa. Hvað er áætlað í fjárlagafrv.? 20 millj.

Herra forseti. Ég segi bara þetta: Það er kominn tími til að losa landið úr einkavæðingarkrumlum íhaldsins.

[10:57]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Umræðan um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu snýr oftast öðru fremur ekki um eiginlega einkavæðingu heldur um mismunandi rekstrarform. Hún snýst um það hvort þjónustan er boðin af fyrirtækjum reknum af ríkinu eða af einkaaðilum.

Með samþykkt Alþingis á heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var mörkuð stefna um forgangsmarkmið heilbrigðisþjónustu sem yfirvöldum heilbrigðismála var falin ábyrgðin á. Ein meginforsenda þess að hægt sé að hrinda áætluninni í framkvæmd og hefja vinnuna við að ná markmiðum áætlunarinnar er að heilbrigðisyfirvöld hafi fullt forræði, bæði á magni hverrar tegundar þjónustu sem veitt er og hvar þjónustan skuli veitt. Full og óskoruð ábyrgð og forræði heilbrrh. á forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og úrræðum til þess er líka forsenda þess að hann geti í raun borið ábyrgð á að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustunnar sé á hverjum tíma innan ramma fjárlaga.

Með frv. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem hæstv. heilbrrh. hefur þegar mælt fyrir og hv. málshefjandi nefndi í ræðu sinni er gert ráð fyrir að ráðherra sé tryggð þessi ábyrgð og forsjá forgangsröðunar og hann hafi heimild til allra nauðsynlegra ráðstafana með það m.a. að markmiði að stuðla að aukinni hagkvæmni og að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar. Ráðherra getur samkvæmt þessu samið um tiltekna þætti heilbrigðisþjónustu, að hún sé veitt utan

sjúkrahúsa og af læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en þeim sem starfa sem launþegar hjá ríkinu. Þetta frv. gerir á engan hátt upp á milli rekstrarforma.

Herra forseti. Einkavæðing heilbrigðiskerfisins í þeim skilningi að ríkið dragi sig út sem greiðandi þjónustunnar og lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn ráði öllu um verð hennar og gæði er að mismuna fólki eftir efnahag og er óumdeilt í fullri andstöðu við stefnu Framsfl. Einkarekstur í þeim skilningi hins vegar að ríkið semji um kaup á skilgreindri þjónustu í ákveðnu magni sem það ábyrgist greiðslu á getur hins vegar í ákveðnum tilvikum verið jafngóður kostur og ríkisrekstur, og í fyrrnefndu frv. eru því engar hömlur settar.

[11:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna, svör hæstv. heilbrrh. og þeim hv. þm. sem tóku þátt og nefni sérstaklega hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason sem svaraði með mjög skýrum dæmum rakalausum fullyrðingum hv. þm. Ástu Möller og fleiri sjálfstæðismanna, staðhæfingum um að einkaaðilar reki þessa þjónustu betur en aðrir. Það sanna dæmin víðs vegar um heiminn að svo er ekki og kannski er skýrasta dæmið frá draumalandi sjálfstæðismanna í þessum efnum, Bandaríkjunum, þar sem rekið er eitt dýrasta heilbrigðiskerfi í heiminum.

Herra forseti. Vandamálið er hin veika staða heilsugæslunnar. Uppbygging hennar hefur setið á hakanum meðan átölulaust hefur verið horft upp á svokallaðar einkastofur sérgreinalækna spretta upp um allan bæ án vitneskju eða skoðunar stjórnvalda á því hvort eða hversu mikil þörf sé fyrir slíka þjónustu. Má því segja að ákveðinn misþroski sé í heilbrigðiskerfinu hvað þetta varðar sem hefur verið á höfuðborgarsvæðinu á kostnað heilsugæslunnar þrátt fyrir að almennt er viðurkennt og það er almenn stefna að heilsugæslan sé samfélaginu hagstæð, bæði hvað varðar þjóðheilsu sem og kostnað samfélagsins við heilbrigðisþjónustuna.

Ef til vill vantar, herra forseti, heildaryfirsýn og í því skyni hefur m.a. Samfylkingin óskað eftir skýrslubeiðni um umfang, rekstur og þróun heilbrigðisþjónustunnar og rekstrarkostnað hennar sem ég tel mjög mikilvægt að sé látin fara fram þannig að heildaryfirsýn náist yfir kerfið, því að eins og nefnt var í umræðunni áðan af hv. þm. Jónínu Bjartmarz er það lykilatriði til að unnt sé fyrir stjórnvöld að hafa bönd á kostnaðinum, sem er gríðarlega mikilvægt verkefni, að heildaryfirsýnin sé til staðar.

Það dæmi sem var tilefni þessarar umræðu er vissulega dæmi um einn tiltekinn lækni og kannski ekki ástæða til að óttast að þetta eina dæmi umbylti almannatryggingakerfinu. En, herra forseti, við eigum að hafa augun opin fyrir þeirri þróun sem er að eiga sér stað og bregðast við henni áður en slysin gerast, herra forseti.

[11:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um heilbrigðismál og grundvallarþætti í heilbrigðisþjónustunni. Það eru örfá atriði sem ég vil taka fram.

Ég tel að gæði heilbrigðisþjónustu hér á landi séu mikil. Hins vegar þurfum við að taka á ýmsum málum. Heilsugæslan hefur verið byggð mjög hratt upp á undanförnum árum. Það er ekki rétt að landsbyggðin hafi setið þar á hakanum. Vandamálið úti á landsbyggðinni er læknaskortur, en þar hefur uppbyggingin verið gríðarlega mikil. En hún hefur setið eftir í höfuðborginni vegna byggðaröskunar m.a. Það er vandamál sem við eigum við að etja hér.

Ég verð að láta það koma fram að biðlistar í bæklunaraðgerðum, sem komið var inn á, eru slæmir. Við höfum gert ráðstafanir til þess að setja í það viðbótarfjármagn á næsta ári og einnig hef ég nýlega gert ráðstafanir til þess á óskiptum liðum að setja viðbótarfjármagn til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til að gera fleiri bæklunaraðgerðir til áramóta. Það er verkefni sem við þurfum að fást við.

Ég tel að verði fyrir grunnþjónustu í heilsugæslunni eigi að stilla í hóf og ég tel að sjúkrahússþjónustan eigi að vera mönnum að kostnaðarlausu. Hins vegar finnst mér stundum að blandað sé saman í umræðunni einkavæðingu og einkarekstri. Það er sitt hvað. Einkarekstur er, eins og komið var ágætlega inn á af hv. þm. Jónínu Bjartmarz og fleirum í umræðunni, mjög algengur í heilbrigðisþjónustunni. Hann hefur gengið ágætlega og við höfum blandað kerfi að því leyti. Einkavæðing er allt annað ef markaðslögmálin eru látin ráða. Því er ég á móti. En einkarekstur getur vel þrifist innan þessa ágæta kerfis.

Fasteignakaup, 1. umr.

Stjfrv., 253. mál. — Þskj. 291.

[11:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fasteignakaup. Hér er um mikla réttarbót að ræða, enda stefnir frv. að því að setja í fyrsta skipti hér á landi heildarlöggjöf um fasteignakaup. Fram til þessa hafa reglur um fasteignaviðskipti að stærstu leyti verið ólögfestar.

Í dómsmálum milli aðila að kaupsamningum um fasteignir þar sem fjallað hefur verið um ágreining um viðskiptin hefur málatilbúnaðurinn og niðurstaðan oftast verið reist á lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, annaðhvort með lögjöfnun eða annars konar tilvísun til þeirra. Þau lög hafa nú verið leyst af hólmi með nýjum lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, sem hefur aftur aukið á réttaróvissu á sviði fasteignakaupa. Einnig hafa lög nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, fjallað um afmarkaða þætti fasteignaviðskipta, svo og lög nr. 26/1994, að litlu leyti um réttarstöðu kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum.

Meginefni frv. þessa snýr að réttarsambandi kaupanda og seljanda. Hér er því fyrst og fremst um að ræða kröfuréttarlegar reglur sem einkum mæla fyrir um skyldur þeirra og hverju það varði ef þeir efna ekki þær skyldur. Í frv. er leitast við að taka af skarið og eyða réttaróvissu á þeim sviðum þar sem hennar hefur gætt þannig að þegar frá líður muni draga úr þeim mikla fjölda mála sem komið hefur til kasta dómstóla um ágreining kaupenda og seljenda fasteigna, einkum um meinta galla.

Afar brýnt er að styrkja réttarstöðu þeirra sem kaupa fasteignir af þeim sem atvinnu hafa af því að byggja og selja íbúðarhúsnæði. Í frv. er þannig ráðgert að í þeim tilvikum verði neytendum veitt sérstök vernd sem ekki er heimilt að víkja frá með samningnum. Telja verður að tilefni sé til þess að hafa þennan hátt á, enda er oft ekki jafnræði með einstaklingi sem er að kaupa íbúðarhúsnæði til einkaafnota, e.t.v. í fyrsta sinn, og stóru byggingarfyrirtæki sem selur tugi eða fleiri íbúðir á ári.

Í ákvæðum frv. eru talin úrræði bæði kaupenda og seljenda fasteigna eftir að vanefndir verða, en skýrar reglur hefur skort um þetta í íslenskan rétt. Má nefna að ítarlegar reglur eru um skilyrði riftunar og framkvæmd hennar, t.d. ákvæði um stöðvunarrétt við afhendingardrátt og galla, þ.e. rétt kaupenda til að halda eftir greiðslum sem svara til vanefnda seljenda. Þá eru ákvæði um þýðingu skyndilegrar og óyfirstíganlegrar hindrunar á ábyrgð seljenda.

Ákvæði eru um rétt kaupanda til að krefjast þess að seljandi bæti úr galla á fasteign og rétt seljanda til hins sama, en sá réttur verður rýmri en áður hefur verið talið. Ítarleg ákvæði eru í frv. um vanefndarúrræði seljanda vegna vanefnda kaupanda. Þau ákvæði eru eðli málsins samkvæmt einfaldari. Eru m.a. reglur um skaðabótaskyldu kaupanda vegna greiðsludráttar af hans hálfu og er um víðtæka ábyrgð hans að ræða, reglur um stöðvunarrétt seljanda, reglur um ófyrirséða ófyrirstíganlega hindrun á efndum og réttaráhrif hennar, svo og skyldu til að tilkynna slíka hindrun. Framsetning reglnanna í heildarlöggjöf um fasteignakaup ætti að auðvelda notkun þeirra og auðvelda þeim sem athuga þurfa réttarstöðu sína að fá yfirsýn yfir þau úrræði sem þeir gætu átt völ á vegna tiltekinna vanefnda viðsemjenda þeirra.

Herra forseti. Ég ætla nú að lýsa stuttlega uppbyggingu frv. og helstu efnisatriðum til gefa yfirsýn yfir efni þess.

Í I. kafla frv. eru ákvæði um gildissvið reglna þess og skilgreiningar ýmissa mikilvægra hugtaka á réttarsviðinu. Mælt er fyrir um að lögin séu frávíkjanleg nema í neytendakaupum eins og ég lýsti hér á undan. Það er afar brýnt að styrkja réttarstöðu þeirra sem kaupa fasteignir af þeim sem atvinnu hafa af því að byggja og selja íbúðarhúsnæði. Frv. stefnir þannig að því að veita neytendum vernd sem ekki er heimilt að víkja frá með samningum. Tekið er af skarið um að það sé gildisskilyrði kaupsamninga um fasteign að þeir séu í skriflegu formi. Er þetta nýmæli í íslenskum rétti og raunar frávik frá þeirri grundvallarreglu fjármunaréttar að munnlegir samningar séu jafngildir skriflegum.

Ástæða þess að nauðsynlegt þykir að leggja til að lögbjóða skriflegt form er að nokkrum sinnum hefur komið til kasta dómstóla ágreiningur um hvort kaupsamningur um fasteign hafi stofnast eða ekki. Í raun verður ekki um breytingu í framkvæmd að ræða. Kaupsamningar um fasteignir eru á endanum nánast alltaf skriflegir, enda er það skilyrði þinglýsingar. Áskilnaðurinn um að skriflegt form sé gildisskilyrði hefur því þá þýðingu að skýrari reglur gilda um það hvenær til kaupsamnings stofnast.

Í II. kafla frv. eru reglur um afhendingu fasteignar. Er þar m.a. mælt fyrir um í hvaða ástandi fasteign skal afhent, hvenær gefa skal út afsal, hvenær áhætta af seldri eign flyst frá seljanda til kaupanda, hvernig farið verður með arð af fasteign og kostnað af henni, skyldur seljanda og kaupanda þegar eign er ekki afhent á réttum tíma eða ef kaupandi hyggst skila aftur eign sem hann hefur tekið við.

Í III. kafla eru ákvæði um eiginleika fasteignar, galla á henni og fylgifé. Ég vek sérstaka athygli á ákvæðum um hvenær fasteign telst gölluð. Hér er um að ræða nýmæli í íslenskum réttarreglum um fasteignakaup sem geta haft mikil áhrif. Er þess vænst að þau skýri réttarstöðuna um þetta efni, en flest dómsmál sem rekin eru milli kaupenda og seljenda fasteignar hafa sprottið vegna ágreinings um hvort fasteign var gölluð eða ekki.

Sérstök ástæða er til að benda á 18. gr. frv. sem segir að ef galli eða ágalli á notaðri fasteign er svo smávægilegur að hann nái því ekki að rýra verðmæti hennar svo nokkru varði, þá teljist hann ekki galli í skilningi laganna nema seljandi hafi sýnt af sér sök. Ástæða þess er sú að allt of mikið hefur verið um að kaupendur hafi uppi kröfur vegna ágalla fasteignar sem eru í raun smávegilegir miðað við þá staðreynd að um notaðar eignir er að ræða, oft eignir sem eru áratuga gamlar og eru óhjákvæmilega farnar að láta á sjá vegna eðlilegs slits. Hefur borið mikið á óraunhæfum væntingum kaupenda sem óeðlilegt er að seljandi eigi að þurfa að standa undir. Ástæðulaust er þó að láta seljanda losna undan ábyrgð hafi hann sýnt af sér saknæma háttsemi og er því sá fyrirvari gerður í ákvæðunum.

Í þessum kafla frv. eru enn fremur ítarleg ákvæði um fylgifé fasteignar, en þau geta aldrei orðið tæmandi. Þá eru ákvæði um upplýsingaskyldu seljenda og réttaráhrif þess að henni er ekki sinnt eða rangar upplýsingar veittar. Einnig er ákvæði um skoðun kaupanda og rannsókn á eign fyrir kaup, þ.e. um aðgæsluskyldu hans. Er lagt til að svipaðar reglur verði í gildi um aðgæsluskyldu kaupanda og verið hafa.

Í IV. kafla frv. eru ákvæði um úrræði kaupenda vegna vanefnda seljanda. Eru vanefndaúrræðin tilgreind fyrir hverja tegund vanefndar, þ.e. afhendingardrátt, galla, vanheimild, auk þess sem sérstök grein er um tilkynningar, tómlæti og fyrningu svo og fyrirsjáanlegar vanefndir.

Í reglum kaflans eru margvísleg nýmæli. Má m.a. nefna að ítarlegar reglur eru um skilyrði riftunar og framkvæmd hennar og ákvæði um rétt kaupenda til þess að halda eftir greiðslum sem svara til vanefnda seljenda. Fjallað er um rétt kaupanda til að krefjast þess að seljandi bæti úr galla á fasteign og rétt seljanda til hins sama, en sá réttur verður rýmri en áður hefur verið talið. Loks eru, eins og í lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, ákvæði um svonefndar sprangkröfur, þ.e. um rétt kaupanda til þess að hafa uppi kröfur á hendur fyrri eigendum eða öðrum. Slíkur réttur er afar mikilvægur, svo sem ef seljandi stendur höllum fæti fjárhagslega eða ekki er við hann að sakast, heldur fyrri eiganda.

Í V. kafla eru ákvæði um vanefndaúrræði seljanda vegna vanefnda kaupanda. Þau ákvæði eru eðli málsins samkvæmt einfaldari en þau sem eru í IV. kafla, enda skyldur kaupanda einfaldari en seljanda, þ.e. lúta nánast eingöngu að greiðslu kaupverðsins í hvaða formi sem það er. Í kaflanum eru m.a. reglur um skaðabótaskyldu kaupanda vegna greiðsludráttar af hans hálfu og er um víðtæka ábyrgð hans að ræða, reglur um stöðvunarrétt seljanda, reglur um ófyrirséða óyfirstíganlega hindrun á efndum og réttaráhrif hennar, svo og skyldu til að tilkynna slíka hindrun.

Í VI. kafla eru sameiginleg ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir. Slík ákvæði hefur skort í íslenskan rétt varðandi fasteignir. Nauðsynlegt er að fyrir hendi séu sem skýrastar reglur um úrræði við þessar aðstæður enda getur samningsaðili haft af því mikla hagsmuni að losna úr samningssambandi við viðsemjanda sinn þegar einsýnt er að hann muni ekki standa við skyldur sínar þótt gjalddagi á þeim sé ekki kominn.

Í VII. kafla eru sameiginleg ákvæði um skaðabætur og ákvæði um vexti. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á reglum 59. gr. um fjárhæð skaðabóta og um óbeint tjón sem eru nýmæli í reglum um fasteignakaup.

Í VIII. kafla frv. eru mikilvæg nýmæli á sviði fasteignakaupa sem vert er að vekja athygli á. Er þar fjallað um svokallaðar ástandsskýrslur, en það eru skýrslur sem gerðar eru um ástand fasteignar fyrir sölu hennar af mönnum sem fengið hafa sérstakt leyfi dómsmrn. til að gera slíkar

skýrslur. Gert er ráð fyrir að form og efni ástandsskýrslu verði að nokkru staðlað, en þó er nauðsynlegt að taka tillit til þess að fasteignir eru margbreytilegar og lýsing á þeim og ástandi þeirra verður aldrei að öllu leyti stöðluð. Ástandsskýrsla verður samin að undangenginni nákvæmri skoðun þess sem hana gerir. Eingöngu byggingarfróðir menn munu semja ástandsskýrslu, en dómsmrh. er falið í frv. að ákveða nánar hvaða skilyrði um menntun o.fl. þeir munu þurfa að uppfylla.

Markmiðið með reglum um slíkar skýrslur er að ástandsskýrsla verði vönduð og því sem næst tæmandi greinargerð um eiginleika og ástand fasteignar, a.m.k. að því leyti sem þarf til svo ekki komi fram gallar sem sjást hefðu átt við skoðun þess er gerði skýrsluna. Séu öll framangreind atriði skoðuð og tíunduð vandlega í ástandsskýrslu má búast við að hún teljist nokkuð tæmandi lýsing á fasteign og greinargerð um ástand hennar. Það á hún að vera, enda er hún grundvöllur þess að seljandi losni undan hugsanlegum kröfum kaupenda vegna galla. Skoðunarmaðurinn verður að vanda verk sitt, ella er líklegt að hann beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem kaupandi kann að verða fyrir ef galli kemur fram sem tiltaka átti í ástandsskýrslu.

Reglur þessar, eins og ég lýsti fyrr, eru algert nýmæli í íslenskri löggjöf og einsýnt að nokkurn tíma tekur að undirbúa framkvæmd þeirra, m.a. að útfæra þær nánar í reglugerð og skipuleggja námskeið um gerð ástandsskýrslna áður en mönnum er veitt leyfi til að gera slíkar skýrslur. Er því lagt til að gildistími þessa kafla frv. verði ári síðar en aðrir kaflar þess, þ.e. 1. júní 2003.

Herra forseti. Eins og ég nefndi í byrjun felur frv. þetta tvímælalaust í sér margvíslegar réttarbætur verði það að lögum, ekki síst vegna þess að með því eru settar skýrar reglur um réttarstöðu manna þar sem oftast eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi. Eins og ég gat um í upphafi hafa helstu reglur á þessu sviði á undanförnum áratugum einkum verið sóttar með lögjöfnun við ákvæði laga um lausafjárkaup frá árinu 1922. Eftir að kaupalögin voru leyst af hólmi með nýjum lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, sem hefur enn aukið á óvissuna um það hvaða reglur gildi varðandi fasteignakaup og hvort hægt er að byggja á þessari nýju löggjöf um lausafjárkaup með sama hætti og hinni eldri, knýr þessi aðstaða enn frekar á nauðsyn þess að setja skýrar reglur um fasteignakaup eins og frv. stefnir að.

Ég vil að lokum geta þess að mikil og vönduð vinna hefur verið lögð í þessa frumvarpssmíð og víða leitað fanga. Í stórum dráttum er efni frv. sniðið að norskum lögum um fasteignaviðskipti en víða er þó vikið frá þeim, í sumum tilvikum í mikilvægum atriðum vegna sérstakra aðstæðna hér á landi. Til þess að frv. yrði sem best úr garði gert var m.a. gerð ítarleg könnun á löggjöf Norðurlandanna á þessu sviði áður en samning þess hófst til að læra af reynslu Norðurlandaþjóðanna sem nýlega hafa sett löggjöf á þessu sviði. Einnig var víðtækt samráð haft við aðila sem láta til sín taka málefni tengd fasteignamarkaði og þeim gefinn kostur á að veita umsögn um efni frv. þegar það lá fyrir í drögum. Bárust umsagnir frá Arkitektafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Félagi fasteignasala, Húseigendafélaginu, Lögmannafélagi Íslands, Meistarafélagi húsasmiða, Neytendasamtökunum og Félagi ísl. tryggingafélaga. Leiddu ábendingar þeirra til ýmissa breytinga á frumvarpsdrögum.

Það er von mín að víðtæk samstaða náist um þetta mál, enda er öllum ljós þörfin á því að setja löggjöf um fasteignakaup og verður samþykkt frv. mikið framfaraspor.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[11:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að mjög ánægjulegt er að frv. til laga um fasteignakaup skuli vera komið fyrir hið háa Alþingi og má e.t.v. segja sem svo að það hefði þurft að vera komið fyrir margt löngu. En ekki skal málið rætt á þeim grunni heldur frekar það sem hér er fram komið og fjalla um þær hugmyndir sem hér eru settar fram.

Ég held að rétt sé að vekja athygli á því strax í upphafi að í reynd hafa þær reglur sem hér er lagt til að lögfesta verið mestan part í gildi um fasteignakaup í langan tíma því að hér er fyrst og fremst verið að lögfesta reglur sem hafa átt rætur sínar að rekja til laga um lausafjárkaup og venja sem hafa myndast á þeim markaði, þó að hér sé reyndar einnig um nokkur nýmæli að ræða og kveðið nánar á um nokkra hluti.

Þegar lög um fasteignakaup eru rædd verður vitaskuld að hafa í huga að fasteignakaup eru hjá flestum stærstu kaup sem einstaklingar ráðast í um ævina. Þess vegna er mjög mikilvægt að um þetta svið gildi skýrar og nákvæmar reglur. Af því að hæstv. ráðherra vitnaði til Norðmanna er það fyrsta sem kannski stingur í augu hugmyndin eða sú leið, sem ég held að Danir hafi farið, að lögmenn koma jafnan að þessum viðskiptum fyrir hönd beggja aðila, þ.e. bæði kaupendur og seljendur hafa umboðsmenn sína þegar kemur að slíkum kaupum. Hér hefur sú venja myndast eða það er yfirleitt þannig að fasteignasalar sjá um hlutina bæði fyrir kaupendur og seljendur og jafnan er mjög erfitt að gæta hagsmuna beggja. Þess vegna held ég að það sé eitt af því sem vert er að velta upp í umræðunni hvort Alþingi eigi að skoða að leggja til að hvor aðili um sig hafi umboðsmann á vettvangi, en fasteignasalar hafi fyrst og fremst með höndum að taka fasteignir í sölu og taka á móti kauptilboðum. Ég held að þetta sé eitt af því sem við þurfum að hugleiða því að það verður aldrei of oft sagt að þetta eru stærstu einstöku kaup einstaklinga og því mjög mikilvægt að rétt verði að þeim staðið. Þarf ekki að rekja hvílíkar hörmungar það eru fyrir fjölskyldur og einstaklinga þegar slíkir hlutir ganga ekki eftir eins og menn vildu að þeir gerðu.

Í öðru lagi vek ég einnig athygli á ákvæði 18. gr. frv. og er rétt að lesa þá grein upp, með leyfi forseta:

„Fasteign telst gölluð ef hún stenst ekki þær kröfur um gæði, búnað og annað sem leiðir af lögum þessum og kaupsamningi. Notuð fasteign telst þó ekki gölluð, nema ágallinn rýri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi."

Ég held að mikilvægt sé að hér staldri menn örlítið við því að hér er verið að fjalla um notaða fasteign og að ágallinn sé ekki — ég veit ekki hvort ég á að segja marktækur eða ekki ástæða til að líta til hans nema hann rýri verðmæti fasteignarinnar svo nokkru nemi. Þá erum við einmitt komin að því hvað það er sem rýrir fasteign svo nokkru nemi. Hvaða mælikvarði er það?

Ef við ætlum að setja reglur finnst mér verðugt umhugsunarefni hvort við eigum að skila frá okkur reglum af þeim toga sem segja ekki neitt. Réttarstaðan er ekkert skýrari en sú sem er fyrir þó að þessi regla verði lögfest því að dómstólar fjalla um þessa hluti. Ég held að þetta sé eitt af því sem við hljótum að skoða í hv. allshn., en þar á ég sæti og get því

fjallað um þetta þar, hvort hér þurfi ekki að skýra eitthvað frekar. Hér er í rauninni ekki verið að gera neitt annað en að lögfesta gildandi réttarástand sem skýrir það ekkert frekar.

Annars vil ég almennt segja um frv. eins og ég sagði í upphafi að fyrst og fremst er verið að lögfesta gildandi réttarástand hvort sem reglur hafa komið úr lögum um lausafjárkaup eða venjum sem myndast hafa á markaðnum og almennt vil ég segja og ítreka að ég fagna mjög frv. þó að vissulega séu í því ýmis atriði sem rétt er að skoða frekar.

Að sjálfsögðu staldrar maður við VIII. kafla frv. og veltir því fyrir sér hvaða hugsun býr að baki því að bjóða upp á einhvers konar — ég veit ekki hvað ég á að kalla þetta — tryggingu ef svo má að orði komast, þ.e. seljandi getur fengið einhvern aðila sem fengið hefur rétt til þess að útbúa ástandsskýrslu um eignina og þannig eiginlega keypt sig undan ábyrgð á göllum á fasteigninni því að ef fasteignin er seld og skýrslan ekki nema sex mánaða gömul eða yngri ber seljandi ekki ábyrgð á þeim göllum sem kunna að koma fram. Við lestur frv. er þetta það fyrsta sem kemur upp í hugann, en ég tek þó skýrt fram að ég á eftir að skoða þetta miklum mun betur í hv. allshn. Það fyrsta sem kemur upp í hugann er að hér sé um einhvers konar tryggingaraðgerð að ræða, þ.e. að seljandi geti keypt sér tryggingu fyrir göllum líklega vegna þeirrar hlutlægu ábyrgðar sem henni fylgja og trúlega munu engir aðrir koma að þessu nema fjársterkir aðilar og tryggingafélög. Það er það fyrsta sem kemur upp í hugann. En þetta á eftir að skoða miklu betur og er því ástæðulaust að taka á móti þessu með neikvæðum tón þó að þetta stingi ögn í augu fyrsta kastið.

Almennt vil ég ítreka það sem ég sagði í upphafi. Ég fagna því að komið er fram frv. um þessi mál. Við eigum eftir að fjalla mjög ítarlega um frv. í nefndinni og þar á án efa ýmislegt eftir að koma upp sem nauðsynlegt er að skoða frekar, en þó er það spor í rétta átt, virðulegi forseti, að frv. með þessum reglum skuli vera komið fram.

[11:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að koma með þetta mikilvæga mál inn í þingsali. Það vekur reyndar furðu að við skulum hafa búið við það svo lengi að ekki hafi verið til skýr og trygg ákvæði um réttarstöðu kaupenda fasteigna í fasteignaviðskiptum, ekki síst þar sem verið er að fjalla í fasteignaviðskiptum um aleigu fólks og því mikilvægt að til sé vönduð löggjöf sem skýrir réttarstöðu kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum.

Reyndar er þetta ekki í fyrsta skiptið sem Alþingi fjallar um að nauðsynlegt sé að setja slíka löggjöf vegna þess að það eru komin 20 ár síðan samþykkt var á Alþingi tillaga sem ég flutti um réttarstöðu kaupenda í fasteignaviðskiptum. Hún hét Um kaup og sölu á fasteignum og var samþykkt á þingi en hún kvað á um það að fela ríkisstjórn að láta þegar í stað fara fram heildarendurskoðun á lögum um fasteignasölu og öðrum þar að lútandi lögum og reglum sem um fasteignaviðskipti gilda og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum. Við slíka endurskoðun skyldi kveða nánar á en þá var um þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu gilda, svo sem um skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá sem hvílir á sölu á kaupaðilum í slíkum viðskiptum, svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Þetta voru meginefni þeirrar þáltill. sem var samþykkt fyrir 20 árum og ljóst er að henni hefur alls ekki verið hrundið í framkvæmd eins og þingið kvað á um fyrir tveim áratugum þó að breytingar á lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu hafi verið gerðar og gerðar úrbætur í því að fasteignasölum t.d. sé gert skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir þau atriði sem skipt geta kaupanda máli við kaup og sölu á eign. Hann á þar m.a. að gæta þess að grundvallaratriði varðandi ástand eignarinnar komi fram t.d. í sambandi við stærð, ástand, byggingarlag og byggingarefni. Ég hygg að þetta ákvæði hafi komið fram eftir að þessi þáltill. var samþykkt. En almennt um réttarstöðu kaupenda og seljenda hefur lítið verið til fram að þessu enda, eins og hæstv. dómsmrh. nefndi, hafa risið ótal dómsmál gegnum tíðina um ágreining sem hefur komið upp í fasteignaviðskiptum, ekki síst varðandi meinta galla á eignum o.s.frv.

Þar sem ég hef haft tíma til að hlaupa á þessu máli hygg ég að í megindráttum hafi verið vandað til verka en það eru þó nokkur atriði sem ég hef stoppað við sem ég vildi ræða og spyrja dómsmrh. um. Það snýr ekki síst að nýmælinu um þessar svokölluðu ástandsskýrslur.

Ég vil líka segja áður en ég fer inn á það mál að mér finnst vanta og ég sakna þess í frv. að ekki sé kveðið neitt á um skyldur fasteignasalans sjálfs í fasteignaviðskiptum gagnvart bæði kaupanda og seljanda. Það er ekki nema hvað varðar, að því ég best fæ séð, kynningu á slíkri ástandsskýrslu, hvaða þýðingu hún hefur fyrir kaupendur og seljendur, og það sem mér finnst vanta er að skyldur þeirra séu líka tilteknar í þessu ágæta frv. Ég minni á að í þeirri þáltill. sem ég nefndi átti einmitt að fjalla um skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna. Að vísu er kveðið nokkuð á um skyldur fasteignasala í lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og þá veltir maður fyrir sér, herra forseti, hvort um einhverja skörun sé að ræða að því er varðar það ákvæði sem er í frv. hæstv. dómsmrh. um ástandsskýrslurnar og síðan það sem þó kemur fram um fasteignasalana sjálfa í lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Ég vil sem sagt almennt spyrja ráðherrann um það hvort hún telji ekki að réttindi fasteignasalanna sjálfra ættu að vera í þessum lögum. Þeir bera auðvitað mjög ríka ábyrgð og hlutur þeirra í að fasteignaviðskipti gangi eðlilega fyrir sig er gífurlega mikilvægur. Það er mikilvægt líka að skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum séu skýrt mótaðar og skilgreindar í lögum.

Það er ekki svo lítið sem kaupendur og seljendur fasteigna greiða fasteignasalanum vegna fasteignaviðskipta. Það er iðulega 1,5–2% af fasteignaverði og getur verið meira vegna þess að þeir hafa frjálsar heimildir um þá álagningu. Við erum að tala um að t.d. af 10 millj. kr. íbúð eru það 200 þús. kr. sem fasteignasalinn fær í sinn hlut og þá er það fyrir utan auglýsingar, nema kannski eina, sem seljendur þurfa að greiða. Það er því ansi mikil þóknun sem greidd er til fasteignasalans. Þess vegna veltir maður fyrir sér þeirri leið sem nú er verið að opna með þessari svokölluðu ástandsskýrslu. Á þetta ekki að vera í höndum fasteignasalans sjálfs, að hann hefði á sínum snærum matsmenn til að meta eignir út frá því sem hér er lýst í greinum VIII. kafla? Þetta ætti að vera í verkahring fasteignasalans og vera þá inni í þeirri þóknun sem er greidd nú þegar til fasteignasalans.

Í 5. gr. gildandi laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu er kveðið á um skyldu fasteignasalans til að taka ábyrgðartryggingu, þannig að það er alveg ljóst að fasteigna-

sali tekur ábyrgðartryggingu. Það mætti þá útvíkka hana þannig að hún næði til þessa sem við erum að ræða sem ástandsskýrslan á að fela í sér, en í 12. gr. stendur einnig, með leyfi forseta:

„Þegar fasteignasali hefur fengið eign til sölumeðferðar eða honum verið falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningsgerð skal hann semja rækilegt yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu eignarinnar. Skal þess vandlega gætt að fram komi öll grundvallaratriði varðandi ástand eignarinnar sem skipt geta kaupanda máli, svo sem varðandi stærð eignarinnar og ástand," — ég vek athygli á því — „byggingarlag og byggingarefni, áhvílandi veðskuldir og eftir atvikum ástand neysluveitu hins selda."

Nú spyr ég: Er verið að firra fasteignasalana þeirri kvöð sem þeir hafa og ég var að vitna til í 12. gr. laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu með því að lögleiða þessar ástandsskýrslur? Þarna virðist vera um nokkra skörun að ræða.

Mér finnst líka mjög óljóst — af því að þarna er meira og minna vísað í reglugerðarsetningu — hvaða menntun þeir þurfa að hafa og hvaða skilyrði þeir verði að uppfylla sem leyft verður að útbúa slíkar ástandsskýrslur og taka út þá galla sem hugsanlega eru á eign. Ég tók eftir í ræðu hæstv. ráðherra að hún nefndi byggingarfróða aðila, ef ég tók rétt eftir, sem gætu fengið leyfi til að gera slíkar ástandsskýrslur en mér finnst að það ætti þá að koma fram í greininni sjálfri. Þar er ekki talað neitt um hvaða menntun viðkomandi á að hafa þannig að það verði þá a.m.k. skilið við málið að því leyti til. Síðan veit enginn hvað kostnaður við gerð ástandsskýrslna getur þýtt. Það er a.m.k. engin vísbending um það í greinargerð frv. hvaða kostnað er verið að setja á seljandann sem hann án efa veltir síðan yfir á kaupandann þannig að í lokin er það örugglega kaupandinn sem greiðir þessar ástandsskýrslur. Erum við ekki að búa til einhvern óþarfan millilið með því að haga málunum með þeim hætti sem hér er gert? Ég vil taka fram að ég tel afar brýnt að þetta sé unnið. Ég er alls ekki að gagnrýna það, og fyrr hefði mátt setja einhvers konar úttekt á ástandi eignarinnar og hugsanlegum göllum í fastari skorður. En ég velti bara fyrir mér, á þetta ekki að vera í höndum fasteignasalanna sjálfra sem hefðu þá matsmenn á sínum snærum sem mundu meta eignirnar, og ábyrgðartrygging þeirra ætti að dekka þetta?

Athugasemdir mínar lúta að því að verið sé að búa til óþarfa millilið, óþarfa kostnað fyrir seljendur og kaupendur. Ég spyr: Hefur ráðherrann einhverjar hugmyndir um það í vinnu ráðuneytisins að frv. hvað menn geta áætlað að slík úttekt mundi kosta?

Ég spyr einnig: Er eðlilegt að þeir sem geta keypt sér slíkar ástandsskýrslur — það eru kannski ekki allir sem hafa efni á því — ég veit ekki hvað þetta getur kostað, erum við að tala um einhverja tugi þúsunda eða erum við kannski að tala um eitthvað enn meira, kannski 100 þús., 200 þús.? Það liggur örugglega töluverður peningur í þessu — er þá verið að firra seljandann ábyrgð á hugsanlegum göllum ef hann kaupir sér slíka ástandsskýrslu? Munu þá ákvæðin, greinar í frv. sem fjalla um kvaðir sem hvíla á seljanda vegna galla sem mér finnst aðallega vera 37.–45. gr., létta þeirri kvöð sem kemur fram í þeim greinum ef seljandi kaupir sér slíka úttekt og lætur gera ástandsskýrslu? Er hann þá ekki ábyrgur lengur að því er varðar þær greinar, og ég spyr þá líka um: Ef ástandsskýrsla er kannski sex mánaða gömul, hvað þá ef einhverjir gallar koma upp eða koma í ljós á þessu sex mánaða tímabili frá því að skýrslan var gerð?

Ég spyr, herra forseti, svo nákvæmlega út í þetta af því að við erum að fjalla um gífurlega mikilvæg atriði sem skipta seljanda og kaupanda geysilega miklu í öllum fasteignaviðskiptum. Enn og aftur, við erum að fjalla um aleigu fólks og mikil verðmæti fyrir hverja einstaka fjölskyldu þannig að við verðum að tryggja að vel sé frá þessu gengið, og ég veit að ekkert annað vakir fyrir hæstv. dómsmrh. en gera það þannig úr garði að það sé sem best.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta. Í fyrsta lagi er spurningin hvort um einhverja skörun sé að ræða á núgildandi lögum nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, við þau ákvæði sem eru í frv. Telur ráðherrann rétt að hafa ákvæði um réttindi og skyldur fasteignasalans í þessu frv., eins og ég tel? Telur ráðherrann að ástandsskýrslurnar og það sem þær fela í sér í frv. ætti að setja í verkahring fasteignasalanna sjálfra, og að ábyrgðartrygging þeirra standi þá undir því sem ný ábyrgðartrygging sem þeir aðilar er taka að sér þetta verk samkvæmt frv. eiga að hafa? Hvernig má áætla kostnað samkvæmt 66. gr. við gerð ástandsskýrslna? Hvað um menntun, verður tryggilega frá því gengið? Er ekki réttara og eðlilegra að hafa skýrari ákvæði um þetta í frv. eða í lögunum sjálfum frekar en að hafa þetta svona laust í reipunum og vísa því á reglugerðarsetningu?

Ég spyr enn fremur: Hefur það verið kannað hvort ábyrgð fasteignasala, t.d. í nágrannalöndum okkar, sé ekki miklu meiri en gerist og gengur hér? Einhver sagði mér að í Svíþjóð t.d. væri það á herðum fasteignasala að taka út íbúðir og gera slíkar ástandsskýrslur eins og hér er verið að tala um.

Síðan finnst mér tíminn til að undirbúa gildistöku þessara laga ansi rúmur. Þessi kafli, VIII. kafli, sem ég hef mest gert að umtalsefni á ekki að taka gildi fyrr en 1. júní 2003, ef ég skil málið rétt, en að öðru leyti taka lögin gildi 1. júní 2002. Ég spyr því: Af hverju þarf svona langan tíma til þess að undirbúa þá reglugerðarsetningu sem þarf samkvæmt VIII. kafla frv.?

Á bls. 26 kemur fram að reynsla Dana sem hafa greinilega sambærilegt fyrirkomulag að því er varðar þessar ástandsskýrslur og hér er lagt til, er ekki góð og það er rakið þá til þess að þeir sem hafa milligöngu um fasteignakaup hafi ekki skýrt það nægilega út fyrir fólki hvaða þýðingu ástandsskýrsla getur haft fyrir það. Ég býst við að þetta sé ekki nægjanleg skýring á því ef þetta hefur ekki gengið sem skyldi og hefði gjarnan viljað fá frekari skýringu á því heldur en hægt er að lesa sér til um, herra forseti, í greinargerð.

Herra forseti. Ég held að það sé afar mikilvægt líka að vel sé búið um skyldur byggingaraðila gagnvart kaupendum. Þar hafa oft risið upp mikil deilumál, sérstaklega varðandi afhendingartíma eigna, og hef ég ekki haft tíma til þess að ganga nægilega úr skugga um að tryggilega sé frá því máli gengið. Ég geng því út frá því að það sé þannig í frv.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Það hefur sýnt sig í gegnum árin í fasteignaviðskiptum, og reynslan sem við höfum í því efni sannar það, að oft hafa komið upp ýmis ágreiningsatriði sem löggjafinn hefur ekki séð fyrir, eða ekki talið ástæðu til að tryggja, sem geta skipt sköpum um fjárhag og réttarstöðu margra í eignaskiptum og íbúðakaupum. Ég vona, herra forseti, að það frv. sem hæstv. dómsmrh. mælir fyrir skili okkur því að við séum að búa betur að seljendum og kaupendum í fasteignaviðskiptum. Ég hef alla trú á því

að svo verði þó að ég hafi mjög ákveðna fyrirvara á sem ég hef lýst í máli mínu sem ég vona að ráðherra svari í þessari umræðu, og að hv. allshn. sem fær málið til meðferðar skoði það vandlega.

[11:47]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir þessar umræður og undirtektir þeirra. Hér hefur verið varpað fram nokkuð nákvæmum spurningum. Ég veit ekki hvort hægt verður að bregðast við þeim öllum en legg auðvitað áherslu á að hér er um að ræða mjög stórt frv. sem fjallar um mjög flókið kröfuréttarlegt efni. Engu að síður er það alveg hárrétt ábending hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að við erum að fjalla um mjög mikilvægt mál og mikla fjárhagslega hagsmuni sem oft og tíðum eru tengdir, kannski því eina sem menn eiga, þ.e. fasteign þeirra. Því er mjög mikilvægt að vel takist til.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og raunar einnig hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir söknuðu þess að ekki hefði fyrr komið fram frv. um þetta efni. Það má alveg til sanns vegar færa en ég vil benda á að þegar í september 1999 fól ég Viðari Má Matthíassyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, að semja frv. til laga um fasteignaviðskipti. Í skipunarbréfinu var líka tekið fram að hann skyldi við frumvarpsgerðina hafa samráð við ráðuneytið eftir því sem verkinu yndi fram, einnig að nauðsynlegt væri að hafa samráð við helstu hagsmunaaðila á þessu réttarsviði á meðan frv. væri í smíðum.

Af hálfu ráðuneytisins hafði málefnið verið til athugunar nokkra hríð. M.a. höfðu laganemar fengið styrk árið 1997 frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sem nýttur var til þess að kanna fasteignakaup á Íslandi, hvernig skjöl væru úr garði gerð og hvernig þau væru notuð. Þessi könnun var unnin í dómsmrn. og undir forustu deildarstjóra þar og framkvæmd þannig að sendir voru út listar með spurningum til 110 löggiltra fasteignasala samkvæmt skrá ráðuneytisins. Það er því alveg ljóst að þetta mál er búið að vera nokkur ár í undirbúningi og síðan frumvarpsvinnan sjálf. Tilmæli um hana komu fram nánar tiltekið þann 6. september 1999. Einnig er rétt að hafa í huga að hér er um að ræða mjög flókið réttarsvið og mikilvæga hagsmuni sem eru því tengdir. Því verður að vanda vel til þeirrar vinnu. Ég tel að vel hafi tekist til en auðvitað vakna ýmsar spurningar.

Hér var t.d. minnst á 18. gr. frv. þar sem fjallað er um minni háttar galla, eins og það er orðað í lagagreininni sjálfri í lokin:

„Notuð fasteign telst þó ekki gölluð, nema ágallinn rýri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi."

Almennt má segja um þetta ákvæði að komin er ákveðin hefð í dómaframkvæmd sem á að taka á þessu máli og ítarlegar lögfræðilegar skýringar eru um 18. gr. í frv. sjálfu. Ég vek athygli hv. þm. á því að grg. sem fylgir frv. er mjög ítarleg og þar ætti að vera hægt að finna svör við ýmsum spurningum sem hér hafa verið settar fram. Ég vil þó bregðast við nokkrum atriðum og taka fram, vegna þess sem hér var rætt sérstaklega um ábyrgð fasteignasala, að við verðum að greina á milli ábyrgðar fasteignasala og annarra. Það er önnur löggjöf sem fjallar um slíka milligöngu og þar er réttarstaða kaupenda ekki sú sama.

Úttektarskýrslan ræðst væntanlega af iðgjaldakostnaði. Rétt er að benda á það sérstaklega að úttektin eða beiðni um slíka ástandsskýrslu er valkvæð. Hún er ekki skylda fyrir neinn. Ábyrgð úttektarmanns er hlutlæg þannig að það léttir ábyrgð af seljanda. Ég tel að þessi ákvæði eins og þau eru sett fram í frv. muni verða til að bæta enn frekar réttarstöðu bæði kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum.

Einnig er rétt að benda á, vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði sérstaklega um fasteignafyrirtæki og skipasölu, þ.e. ákveðin lög sem gilda um þá milligönguaðila, að efst á bls. 26 í frv. segir, með leyfi forseta:

„Gerð er tillaga um að 10. gr. laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54/1997, verði breytt á þann veg að sérstök skylda verði lögð á fasteignasala sem fær eign til sölumeðferðar að gera seljanda grein fyrir réttarstöðu hans samkvæmt lögunum og því hagræði sem hann hefur af því að láta gera ástandsskýrslu um eignina og réttaráhrif þess. Sú skylda er einnig lögð á fasteignasala að hann geri þeim er hyggst gera tilboð í eign með sannanlegum hætti grein fyrir því hvort ástandsskýrsla liggi fyrir um eignina, hver réttaráhrif það hefði fyrir hann ef slík skýrsla lægi fyrir og hvaða takmarkanir séu á þeirri rannsókn sem liggur slíkum skýrslum til grundvallar. Ástæður þess að tillagan er gerð er sú reynsla sem Danir hafa af sambærilegum reglum, en þeir telja að ein af ástæðum þess að framkvæmd reglna um ástandsskýrslur og eigendaskiptatryggingu hafa ekki gengið eftir séu að þeir sem hafa milligöngu um fasteignakaup hafi ekki skýrt það nægjanlega út fyrir fólki hvaða þýðingu ástandsskýrslur geti haft fyrir það. Er þess því að vænta, ef þetta ákvæði verður að lögum, að fleiri kjósi að láta ástandsskýrslu um eign liggja fyrir áður en hún er seld."

Ég vil nota tækifærið og draga saman í þremur meginatriðum þær réttarbætur sem verða á fasteignakaupamarkaðnum verði frv. þetta að lögum, sem m.a. mundi leiða til þess að ágreiningsmálum og þar á meðal dómsmálum um fasteignakaup muni væntanlega fækka.

Í fyrsta lagi leiðir af sjálfu sér að skýrar og skráðar reglur um réttarstöðu kaupenda og seljenda hafa þau áhrif að ágreiningsmálum um hvað telst gildandi réttur fækkar vegna þess að lögin veita svör við slíkum álitaefnum.

Í öðru lagi verður leyst úr þeirri réttaróvissu sem nú ríkir um það hvort byggja eigi á ólögfestum reglum sem mótuðust með lögjöfnun frá eldri lögum um lausafjárkaup frá 1922 sem nú eru fallin úr gildi eða nýrri löggjöf um lausafjárkaup sem tóku gildi á síðasta ári.

Loks er alveg ljóst, eins og ég sagði áðan, að nýmæli frv. um ástandsskýrslur eru til þess fallnar að bæta réttarstöðu bæði kaupanda og seljanda. Rétt er að geta þess að sú skipan sem lögð er til í frv. er sérlslensk en tekur að nokkru leyti mið af dönskum lögum um fasteignakaup. Þá eru sniðnir af ákveðnir vankantar sem voru á dönsku lögunum sem leiddu til þess að ástandsskýrslur náðu ekki fyllilega markmiðum sínum, m.a. vegna þess að ekki voru gerðar nægilega ríkar kröfur til ábyrgðar þeirra sem gerðu slíkar skýrslur. Það leiddi til þess að mörg ágreiningsmál urðu milli kaupenda og úttektarmanna um ábyrgð þeirra síðarnefndu auk þess sem kaupendur tóku almennt ekki sérstaka eigendaskiptatryggingu sem átti að bæta tjón vegna galla. Sá munur er á reglum um ástandsskýrslur í þessu frv. að mjög ríkar kröfur eru gerðar til úttektarmanna sem gera ástandsskýrslur. Ítarlegri reglur eru um þau atriði sem eiga að koma fram í slíkum reglum auk þess sem úttektarmenn bera hlutlæga ábyrgð gagnvart kaupanda eins og ég sagði áðan, komi síðar í ljós gallar á fasteigninni. Ég vil taka fram að þeir sem umsagnar

var leitað hjá um þetta nýmæli við gerð frv. voru mjög áhugasamir um þetta úrræði og telja það mjög til bóta.

Auðvitað er ljóst að mjög mikilvægt er að vanda vel til þess að setja reglur sem útfæra nánar hvernig ástandsskýrslur eru gerðar og um þær kröfur sem gerðar eru til úttektarmanna. Það er m.a. af þeirri ástæðu að gert er ráð fyrir að ákvæði frv. um ástandsskýrslur taki gildi ári síðar en aðrir hlutar frv. eða 1. júní 2003.

Herra forseti. Ég hef leitast við að svara þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Ég vísa til þess að grg. með frv. er mjög ítarleg. Við erum að fjalla um mjög mikilvægt réttarsvið. Ég veit að hv. þm. munu fara mjög vel yfir frv. í allshn. og ég vænti þess að við sjáum sem fyrst þessar lagabreytingar, þ.e. að í fyrsta skipti verði sett heildarlöggjöf á Íslandi um fasteignaviðskipti.

[11:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. svaraði ekki öllum þeim spurningum sem ég beindi til hennar og ég taldi mikilvægt að fá fram við 1. umr. Ef hæstv. dómsmrh. hefur ekki svör við þeim nú við 1. umr. þá óska ég eftir því að þeim verði a.m.k. svarað þannig að það komist þá til skila til allshn. sem fjallar um þessi mál eða þá til mín sem fyrirspyrjanda um þessi atriði sem ég tel mikilvægt að fá upplýst.

Ég spurði hæstv. ráðherra um ákvæði í 12. gr. laga um fasteignafyrirtæki og skipasölu, þ.e. 12. gr. sem kveður nokkuð á um skyldur fasteignasala varðandi sölumeðferð á eign. Hann hefur ákveðnar skyldur til að setja inn í söluyfirlit grundvallaratriði varðandi ástand eignar sem skipt geta kaupanda máli, svo sem vegna stærðar eignarinnar og ástands hennar, byggingarlag og byggingarefni.

Er ég ekki í andsvari, herra forseti?

(**Forseti** (GuðjG): Forseti tók það svo að hv. þm. hefði beðið um orðið. Það er hv. þm. í sjálfsvald sett hvort hann vill fremur fara í andsvar.)

Mér nægir alveg andsvar af því að ég ætla ekki að lengja umræðuna.

(**Forseti** (GuðjG): Þá lítum við svo á að hv. þm. sé í andsvari.)

Ég var að spyrja um 12. gr. þessara laga sem ég nefndi, hvort verið væri að létta þeim kröfum af fasteignasölunum sem eiga að setja inn í söluyfirlit sitt ákveðin grundvallaratriði varðandi ástand eignarinnar sem skipt geta sköpum varðandi stærð hennar, ástand, byggingarlag og byggingarefni. Er verið að firra hann því að setja þetta inn í söluyfirlit og ef ekki, skarast þetta þá ekki við ástand skýrslunnar?

Mér finnst mjög sérkennilegt að ekki sé hægt að upplýsa betur um kostnaðinn við ástandsskýrslur en hæstv. ráðherra gerir hér. Ég óska eftir því að það verði skoðað meðan málið er í meðferð, að menn reyni að átta sig á þessu varðandi kostnaðinn. Ég spyr einnig: Hvað ef galli kemur upp eftir að skýrsla er gerð? Hver er þá ábyrgur? Er seljandinn ábyrgur eða úttektarmaðurinn sem gerir slíka skýrslu? Mér finnst afar mikilvægt að fá svör við slíkum spurningum við þessa umræðu.

[12:00]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ítrekar spurningar sínar. Ef hún er ekki sátt við þau svör sem hún hefur fengið er að sjálfsögðu rétt að bregðast við því. Hún getur sett fram sína spurningu og þau svör koma fram í allshn. eins og venja er þegar þingnefnd fer yfir frv. Það er alveg ljóst að í svo viðamiklu frv. verður ekki öllum spurningum svarað um efni þess við 1. umr. frv., enda er það ekki meiningin með 1. umr., heldur er það þingnefndin sem fer vel og vandlega ofan í málið.

Sérstaklega var spurt um 12. gr. laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og hvort verið sé með þessu frv. að firra fasteignasala þeirri ábyrgð sem kemur fram í ákvæði um skyldur fasteignasala í 12. gr. þeirra laga. Svo er að sjálfsögðu ekki vegna þess að eins og ég sagði áðan er beiðni um ástandsskýrslu valkvæð. Hún er ekki skylda þannig að það er auðvitað brýn nauðsyn að fasteignasalar hafi áfram sínar skyldur gagnvart kaupendum og seljendum eins og verið hefur hjá þeim sem velja að fara ekki þessa leið. Þessi skylda þeirra helst því auðvitað áfram. Það eru þessi lög sem eru í gildi. Ég benti jafnframt á að í greinargerðinni er lagt til að 10. gr. þessara laga, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, verði breytt sérstaklega með tilliti til þessa nýja ákvæðis í þessu frv.

[12:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ekki er ætlast til að hæstv. dómsmrh. svari hverju smæsta atriði sem hér er spurt um. En ég ætlast til þess að ákveðnum grundvallaratriðum sé svarað, eins og því sem ég spurði um, þ.e. hvort ekki væri eðlilegt og réttara að skoða það og þá hvort það hafi verið skoðað að fasteignasalarnir sjálfir hefðu með höndum slíkar ástandsskýrslur eins og verið er að tala um í VIII. kaflanum. Þeir hafa ákveðnar ábyrgðartryggingar. Þeir hafa ákveðnar skyldur samkvæmt lögum um fasteignasölu. Á þessu hefði mátt herða, bæði í lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, eða í þessu frv. Ég held að verið sé að búa til óþarfa millilið, óþarfa kostnað við gerð slíkra ástandsskýrsla. Ég held bara miðað við þá miklu þóknun sem fasteignasalar fá fyrir fasteignaviðskipti, sem skiptir hundruðum þúsunda fyrir smáeign, að ekki sé of í lagt að ætla þeim það verkefni að gera slíkar ástandsskýrslur og hafa á sinni hendi matsmenn sem gerðu slíkar úttektir. Þetta er grundvallaratriði sem mér finnst að ráðherrann eigi að geta svarað hér við 1. umr. máls af því hún skiptir auðvitað sköpum varðandi það hvernig allshn. gengur til verka að því er þetta ákveðna atriði varðar.

Ég heyri að við fáum ekki nákvæmari upplýsingar en ráðherra hefur hér lýst varðandi kostnaðinn við þessar ástandsskýrslur sem fer á seljandann og verður síðan velt yfir á kaupandann. Ég hvet til þess að allshn. reyni að fara dýpra ofan í það mál. Síðan held ég að nauðsynlegt sé, þegar verið er að gera slíka grundvallarbreytingu að því er varðar réttindi og skyldur kaupanda og seljanda, að hreinlega verði kveðið á í lögum um skyldu dómsmrh. til þess að kynna þetta frv. mjög ítarlega fyrir landsmönnum þegar þetta er orðið að lögum. Þetta er flókið mál og ég tel eðlilegt að í lögunum verði kveðið á um skyldu dómsmrh. til að kynna landsmönnum réttarstöðu sína samkvæmt þessum lögum.

[12:04]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áður í andsvari mínu að það er brýn nauðsyn að fasteignasalar hafi áfram þær skyldur sem kveðið er sérstaklega á um í lögum.

Hins vegar varðandi það atriði sem hv. þm. spyr um, hvort þetta ætti líka að vera á þeirra könnu, þá var einmitt litið til þeirrar reynslu sem verið hefur af löggjöf á Norðurlöndum víða um þessi efni. Ákveðið var og valið sérstaklega að fara þessa leið, þ.e. að hafa þann háttinn á að það væru sérstakir

skoðunarmenn sem gerðu þessar ástandsskýrslur þannig að það væri ekki hlutverk fasteignasala. Þeir bera hins vegar ákveðna ábyrgð í þessu sambandi.

Líka var minnst sérstaklega á þýðingu ástandsskýrslna og vitnað í 64. gr. Mig langar til þess að fá að benda hér á athugasaemdir um 64. gr. í frv. þar sem rætt er um að ástandsskýrsla þurfi að hafa verið gerð á síðustu sex mánuðum áður en kauptilboð er gert. Og síðan segir:

„Ekki þykir fært að hafa tímann lengri miðað við hina miklu þýðingu sem skýrslan hefur, því ýmislegt getur farið aflaga á sex mánuðum, að ekki sé talað um lengri tíma. Hafi ástandsskýrsla verið lögð fram og hún unnin innan þess tíma sem að framan greinir og tilboð er gert í fasteign, sem samþykkt er, getur kaupandi ekki borið fyrir sig galla gagnvart seljanda. Hann verður að beina kröfum að þeim sem gerði ástandsskýrslu, þ.e. ef gallar hefðu átt að koma fram í henni. Ef þeir hefðu ekki átt að koma fram í henni getur hann beint kröfum að seljandanum. Telja verður að slíkt yrði mjög fátítt."

Ég hygg að þessi orð svari ágætlega þeirri spurningu sem hv. þm. setti hér fram um þetta efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:06]

Útbýting þingskjala:

Skráning skipa, 285. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 347.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 286. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 348.

Kirkjuskipan ríkisins, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 19. mál (aðskilnaður ríkis og kirkju). — Þskj. 19.

[12:07]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hv. þm. Sverrir Hermannsson.

Frv. inniber fimm greinar sem ég ætla að gera grein fyrir í upphafi máls.

Í fyrsta lagi segir í 1. gr.:

„Allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum."

Í 2. gr. segir:

„Fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju skal náð innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Með fullum aðskilnaði er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað."

Í 3. gr. segir:

„Dóms- og kirkjumálaráðherra skal skipa nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands."

Rétt er að taka fram í upphafi að þessar þrjár greinar sem ég hef nú lesið munu eigi öðlast virkni né gildi fyrr en uppfyllt eru skilyrði 4. gr. sem ég geri nú grein fyrir. Hún hljóðar svo:

„Eftir að lög þessi hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í samræmi við 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu almennu sveitarstjórnarkosningum vorið 2002. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast undirbúning atkvæðagreiðslunnar. Hún skal vera leynileg og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Um nánari framkvæmd kosninganna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á."

Og 5. gr. hljóðar síðan svo og ítrekar það sem ég sagði áðan um fyrstu þrjár greinarnar:

„Ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi meiri hluti þeirra er greiddu atkvæði veitt þeim samþykki sitt.

Ákvæði 4. gr. öðlast þegar gildi."

Að því gefnu að frv. verði samþykkt öðlast 4. gr. gildi, en 1.–3 gr. eingöngu eftir að þjóðaratkvæðagreiðsla hefur átt sér stað.

Með frv. fylgir eftirfarandi greinargerð:

Efnislega felur þetta frumvarp í sér að öllum trúfélögum skuli gert jafnhátt undir höfði og í samræmi við það skuli stefnt að aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju.

Kirkjuskipan sú sem við búum við er bundin í stjórnarskrá, nánar tiltekið í 62. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.:

„Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda."

Í 2. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er síðan tekið fram að þessu megi breyta með lögum, og þýðir það að sú kirkjuskipan sem mælt er fyrir um í greininni nýtur ekki verndar 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um hina hefðbundnu meðferð sem frumvörp til breytinga á stjórnarskránni verða að hljóta áður en þau geta talist gild stjórnarskipunarlög. Einungis þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. teljast til grundvallarlaga í íslenskum rétti. Ákvæði 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er ekki í þeim flokki þar sem breyta má þeirri kirkjuskipan sem þar er kveðið á um með almennum lögum frá Alþingi. Þótt ákvæði 1. mgr. 62. gr. teljist ekki til grundvallarlaga nýtur það þó sérstakrar verndar sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg."

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því að breyta kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar og því ber að leggja málið, hljóti það samþykki á Alþingi, undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu skv. 2. mgr. 79. gr. og ræður niðurstaða þeirra kosninga úrslitum um það hvort lögin öðlast gildi eða ekki.

Þótt kirkjuskipan sú sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar teljist ekki til grundvallarlaga eins og flest önnur ákvæði stjórnarskrárinnar má segja að sú vernd sem ákvæðinu er veitt í 2. mgr. 79. gr. sé ekki minni en felst í 1. mgr. 79.

gr. stjórnarskrárinnar þótt annars eðlis sé. Þjóðaratkvæðagreiðsla um löggjafarmál er einungis stjórnarskrárbundin í tveimur tilvikum, annars vegar skv. 2. mgr. 79. gr. sem hér hefur verið rædd og hins vegar þegar forseti hefur synjað staðfestingar á lögum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ljóst að stjórnarskráin veitir ríkjandi kirkjuskipan mikla og sérstaka vernd sem tryggir að henni verður ekki breytt án mikillar og almennrar umræðu í þjóðfélaginu. Þess vegna mun reyna á það hver þjóðarviljinn er í kosningum verði þetta frv. að lögum.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skuli njóta jafnréttis að lögum. Þetta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Núverandi ástand er í andstöðu við þau meginsjónarmið sem þetta ákvæði stjórnarskrárinnar byggist á. Ef 63. gr. stjórnarskrárinnar um trúfrelsi er skoðuð með hliðsjón af 65. gr. er eðlilegast að draga þá ályktun að hvers kyns forréttindi eins trúfélags umfram önnur gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisregla eru byggð á. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins felur í sér að óheimilt er að mæla fyrir um það í lögum að eitt trúfélag skuli njóta einhverra sérréttinda umfram önnur og kemur þannig til móts við þá kröfu að menn skuli hafa jafnan rétt og jafna möguleika á að iðka trú sína. Frv. fjallar því um jafnræði þegnanna.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aðskilnað ríkisins og hinnar evangelísk-lútersku kirkju og skal honum náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Kveðið er á um fullan aðskilnað og með því er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Ákvæði 2. gr. er í samræmi við 1. gr. frumvarpsins og í raun rökrétt afleiðing þeirrar greinar þar sem jafnrétti verður ekki talið ríkja meðal trúarsafnaða og kirkjudeilda fyrr en þessi aðskilnaður hefur farið fram.

Aðskilnaður ríkis og kirkju er flókið verk, að mörgu þarf að huga og því er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að aðskilnaðurinn sé að fullu yfirstaðinn fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2002, eða í fyrsta lagi vorið 2007.

Hér verður ekki fjallað að öðru leyti um það samkomulag sem ríkisvaldið og kirkjan hafa gert með sér hvað varðar eignaskiptingu o.fl., enda varðar það ekki grundvallaratriði þessa frumvarps, heldur er það framkvæmdaratriði sem leysa verður þegar grundvallaratriðið um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið fest í lög, verði frv. samþykkt.

Fleiri rök eru fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Íslenskir söfnuðir sem standa utan þjóðkirkjunnar eru margir og þeim hefur fjölgað ört á undanförnum árum.

Hér á landi hafa lengi starfað fríkirkjusöfnuðir, sumir hverjir evangelísk-lúterskir eins og þjóðkirkjan, en hafa þó ekki notið aðstoðar ríkisvaldsins með sama hætti og þjóðkirkjan.

Sífellt fleira fólk flyst hingað til lands frá öðrum þjóðlöndum, fólk sem iðkar ólík trúarbrögð. Því fólki og þeim trúarbrögðum ber okkur skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar að sýna fyllstu virðingu. Mismunun gagnvart þeim er engan veginn sæmandi.

Með núverandi skipan mála má segja að öðrum trúarhópum en þjóðkirkjunni sé sýnt óréttlæti sem ekki samrýmist eiginlegu trúfrelsi.

Skoðanakannanir hafa leitt í ljós að 60–65% þjóðarinnar styðja aðskilnað ríkis og kirkju. Skoðanakannanir Gallups á Íslandi um aðskilnað ríkis og kirkju hafa verið gerðar átta sinnum á síðastliðnum átta árum, reyndar níu sinnum að meðtalinni þeirri sem nýlega er aflokið. Alltaf hefur verið spurt sömu spurninganna. Úrtakið hefur verið um 1.200 manns í hvert sinn. Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar sem Gallup gerði í september 2000, voru tæplega tveir af hverjum þremur fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju en rúmur þriðjungur andvígur. Á sama tíma eru nær níu af hverjum tíu landsmönnum skráðir í þjóðkirkjuna og bendir það til þess að þeir vilji þrátt fyrir það hverfa frá núverandi skipan mála.

Tengsl þjóðkirkjunnar við fólkið í landinu hafa slævst. Til marks um það var kristnihátíð á Þingvöllum sumarið 2000 sem almenningur sýndi mikið tómlæti.

Flytjendum þessa frumvarps er öldungis ljóst mikilvægi hins menningarlega og félagslega hlutverks kirkjunnar í samfélaginu. Því felur frumvarpið ekki á neinn hátt í sér óvild í garð kirkjunnar. Með því er einungis ætlunin að tryggja jafnrétti allra þegnanna á þessu sviði sem öðrum í samfélaginu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal ráðherra skipa sérstaka nefnd sem verði honum til aðstoðar við gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa og við annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr. Til þess að fyllsta hlutleysis verði gætt er lagt til að ráðherra skipi nefndarmenn samkvæmt tilnefningum frá Hæstarétti Íslands. Þá er gert ráð fyrir að a.m.k. tveir nefndarmenn hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands sem er eðlileg krafa ef horft er til þeirra verkefna sem nefndinni er ætlað að inna af hendi.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með hvaða hætti skuli leggja málið undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu, sbr. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni er síðan kveðið á um að um nánari framkvæmd kosninganna skuli fara eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á sem felur meðal annars í sér að um kosningarrétt manna fer eftir þeim lögum.

Álitaefni er með hvaða hætti eigi að fara með frumvarpið eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar virðist nærtækast að skilja ákvæðið svo að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en málið er lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar, enda veitir staðfesting forseta því lagagildi, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nema það öðlist gildi síðar samkvæmt ákvæðum sínum. Þetta fyrirkomulag vekur hins vegar spurningar um það hvernig með skuli fara ef forseti, eftir að málið hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, synjar frumvarpinu staðfestingar. Hér vaknar það álitaefni hvort leggja beri frumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu að nýju, sbr. 26. gr., eða hvort synjunarréttur forseta sé niður fallinn í þessum tilvikum. Í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, annarri útgáfu 1978, bls. 300, segir svo um þetta efni:

„Eigi er þess getið í stjórnarskránni, hvernig með skuli fara, ef forseti synjaði slíku frumvarpi staðfestingar, sem reyndar er ekki sennilegt, en þó ekki fræðilega útilokað. Samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar er að vísu ljóst, að lögin taka þegar gildi, þrátt fyrir synjun forseta, en spurningin er, hvort leggja þurfi málið af nýju undir þjóðaratkvæði

vegna synjunar á staðfestingu. Eftir orðanna hljóðan mætti ætla, að lögin þyrftu að nýju að ganga til þjóðaratkvæðis, en það væri þó heldur umsvifamikið að láta þannig tvisvar sinnum hvað eftir annað fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um sama frumvarpið. Sennilega yrði því ekki talin þörf á nýrri atkvæðagreiðslu, heldur yrði hin fyrri talin fullnægjandi, og fengju þá lögin fullt gildi til frambúðar, þótt forseti synjaði staðfestingar. Þýðir það í reyndinni, að forseti hefur ekki málskotsrétt gagnvart þeim lögum, sem þegar hafa gengið til þjóðaratkvæðis, og ber því að staðfesta þau. Hin aðferðin, að bera frumvarpið fyrst upp fyrir forseta, verður ekki höfð, því að lögin fá gildi við staðfestingu hans eða synjun samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, en það er ekki ætlunin samkvæmt 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Reyndar mætti mæla svo fyrir í lögunum, að þau öðluðust ekki gildi fyrr en þau hefðu verið samþykkt af kjósendum við almenna atkvæðagreiðslu. Mætti þá sjálfsagt leita staðfestingar forseta fyrir þjóðaratkvæðið, þótt ekki sé það alveg í samræmi við bókstaf 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar."

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er síðastnefnda leiðin valin. Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar með hefðbundnum hætti eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Eftir að lögin hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu og er lagt til að kosningarnar fari fram samhliða næstu almennu sveitarstjórnarkosningum vorið 2002. Þessi leið hefur þann kost að ef hún er farin reynir ekki á það álitaefni sem nefnt var hér að framan hvað skuli gera ef forseti synjar staðfestingar eftir að lögin hafa verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því að setja málið fram með þeim hætti sem hér er gert hefur synjun forseta enga réttarlega þýðingu því skyldan til þjóðaratkvæðagreiðslu er þegar fyrir hendi og um leið tryggt að ekki þurfi að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um sama málið. Þá gefur þessi leið möguleika á því að kveða nánar á um þjóðaratkvæðagreiðsluna í sama lagafrumvarpinu og þar sem kveðið er á um hina breyttu kirkjuskipan, svo sem gert er í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. En telja verður nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd kosninga í lögum þar sem ekki er kveðið á um einstök framkvæmdaratriði kosninganna í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Í samræmi við framangreint er gildistaka laganna tvískipt eins og ég gat um í upphafi máls míns. Annars vegar öðlast 4. gr. laganna gildi með hefðbundnum hætti en hins vegar ræður þjóðaratkvæðagreiðslan, sbr. 4. gr., úrslitum um hvort ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi eða ekki eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarp sama efnis og það sem hér hefur verið kynnt var lagt fram á 126. þingi en komst ekki dagskrá og er því endurflutt.

Málið sem ég hef hér flutt í frumvarpsformi og gert grein fyrir er fyrst og fremst byggt á þeirri jafnræðishugsun sem flutningsmenn telja tryggða öllum þegnum Íslands í stjórnarskrá lýðveldisins. Áður hafa komið fram á hinu háa Alþingi tillögur sem að sumu leyti ganga í sömu átt. Þar hefur þó verið byggt á því að vinna fyrst upp skýrslu sem lögð yrði fyrir Alþingi, samanber þál.till. sem lögð var fram á 120. löggjafarþingi, en flutningsmenn þeirrar tillögu voru hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir.

Ríkiskirkjan, eins og hún er oft kölluð hér á landi, eða þjóðkirkjan, er vissulega stofnun sem innir af hendi mikla samfélagslega þjónustu og líta má á kirkjuna sem menningarstofnun í mörgu tilliti. Þess vegna má vissulega færa fyrir því rök að evangelísk-lútersku kirkjunni séu ætlaðar tekjur á fjárlögum fyrir þjónustu sína. En ég tel að aðrar kirkjudeildir og söfnuðir veiti fólki einnig slíka þjónustu og að þessu leyti þurfi jafnræði samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður sagði er þetta frv. byggt á því að allir skulum við Íslendingar vera jafnir að lögum og að þjóðarvilji fáist í málinu með þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða sveitarstjórnarkosningum á næsta ári.

Ég hef vikið að því að fram hafa farið skoðanakannanir hér á landi um vilja þjóðarinnar í þessu efni og þarf ekki að endurtaka það. Ég tel að þetta mál eigi að ganga til þjóðaratkvæðis svo úr því fáist skorið hvort þjóðin vill stefna í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir. Það ferli er hins vegar sett af stað með löngum undirbúningi og mun ekki öðlast gildi fyrr en í fyrsta lagi árið 2007. Það væri þá rétt um tíu árum eftir að hæstv. þáv. dómsmrh., Þorsteinn Pálsson, mælti hér fyrir lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar árið 1997. Ég held að það sé alveg kominn tími á það miðað við afstöðu þjóðarinnar í skoðanakönnunum að endurskoða þessi mál.

Ég ítreka það að lokum, hæstv. forseti, að þessu máli er með engum hætti beint gegn kirkjunni. Ég gæti jafnvel trúað að það yrði kirkjunni til góðs ef þannig yrði tekið á málum. Ég geri ráð fyrir að þessu máli verði vísað til allshn.

[12:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt vegna þessa frv.

Á bls. 2 í frv. í greinargerðinni er vitnað í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem talað er um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða o.s.frv. Því langar mig til þess að geta þess að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kemur ekki í veg fyrir ríkiskirkju í sjálfu sér. Það er viðurkennt á vettvangi alþjóðlegra mannréttinda að svo lengi sem menn missa engra borgaralegra réttinda, þótt þeir tilheyri öðrum trúfélögum, þá sé þetta í lagi.

Það er líka talað um það á bls. 3 að með núverandi skipan mála megi segja að öðrum trúarhópum en þjóðkirkjunni sé sýnt óréttlæti sem ekki samrýmist eiginlegu trúfrelsi. Það er ekkert óréttlæti sýnt öðrum trúfélögum. Þeir sem tilheyra öðrum trúfélögum njóta jafnt allra borgaralegra réttinda. Ríkjandi kirkjuskipun nýtur aðeins þeirrar verndar að starfsmenn kirkjunnar eru ríkisstarfsmenn. Enginn mismunun á sér stað sem brýtur gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar eða trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Allir geta jafnt valið sér trúfélag sem þeir óska og þeir greiða skatta sína til þess trúfélags en engin gjöld til þjóðkirkjunnar.

Herra forseti. Ég vildi bara láta þessa athugasemd koma fram. En að öðru leyti ætla ég ekki að tjá mig um efni þessa frv.

[12:30]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég ætla að taka það skýrt fram í upphafi máls míns sem verður mjög stutt að ég er og vil vera styrktarmaður kirkju og kristni á Íslandi enda var það mjög skýrt tekið fram af 1. flm. þessa máls, hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að tilgangurinn væri allra síst sá að veikja þjóðkirkju okkar.

Þetta snýst einvörðungu um jafnræði og jafnrétti af því sem augljóst er, að ríkisvaldið umannast ríkiskirkjuna. Og til þess svo að skjóta því hér inn í, þá eru uppi mjög strangar skoðanir um ríkisrekstur í landinu og maður skyldi kannski halda að þetta félli þeim í geð sem hallast að honum sérstaklega.

Eins og hv. frsm. kom inn á er hér vaxandi fjöldi erlendra þjóðarbrota sem stundar kristni sína með öðrum hætti en gert er í þjóðkirkju okkar. Ég minni enn fremur á það sem fram kom, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur tjáð sig um þetta mál og aðhyllist þessa breytingu. Það er auðvitað enginn dómur og engin fyrirsögn um það hvað gert skuli.

Enn fremur ber að leggja mikla áherslu á, eins og gert var af hv. frsm., að gefinn verði nægur tími til breytinganna. Þetta er viðamikið mál, án vafa, og þess vegna á ekki að hrapa að neinu í þessum sökum enda er hér svo ráð fyrir gert.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi breyting þar sem kirkjan yrði algjörlega sjálfstæð um allan rekstur sinn mundi verða til þess að stórefla kirkjuna. Það er því miður orðið svo nú að almenningur sýnir kirkju sinni allt of mikið tómlæti. Þessu þarf að breyta. Og ef hver og einn finnur til þess að hann sé að vinna í ákveðinni hreyfingu og með ákveðinni stofnun en hefur ekki á tilfinningu þessa útideyfu sem málin virðast komast í held ég að hann mundi finna meira til sín og ljá slíkri stofnun meira og dyggara fylgi sitt.

Ég vænti þess að þetta mál fái vandaða meðferð í þeirri nefnd sem það gengur til en vænti þess að við 2. umr. verði málinu gerð enn þá fyllri skil eftir athugun allshn.

[12:33]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að tjá hv. flutningsmönnum, Guðjóni A. Kristjánssyni og Sverri Hermannssyni, að ég er á móti þessu frv. Ég er á móti því vegna þess að ég tel að fámennu söfnuðirnir úti á landi muni líða fyrir það ef aðskilnaður ríkis og kirkju verður meiri en orðinn er. Ég held að sá aðskilnaður sé orðinn eins mikill og hann getur verið. Þjóðkirkjan ræður orðið öllum sínum málum sjálf og ég mundi bera mikinn ugg í brjósti vegna þeirra fámennu safnaða úti um landsbyggðina ef aðskilnaður yrði algjör.

[12:34]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alls ekkert við það að athuga þótt hv. þm. sé andvíg frv. Til þess hefur hún fullan rétt. Hins vegar álít ég að hv. þm. hafi rangt fyrir sér að því sem greinileg mismunun er gerð gagnvart þegnum þjóðfélagsins.

[12:35]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. hvernig hann leggi til að fámennir söfnuðir eigi að geta haldið uppi kirkjulegu starfi þar sem eru kannski undir 100 manns í söfnuði?

[12:35]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr í móti: Hvernig fara 100 manna söfnuðir annarra trúflokka en þjóðkirkju okkar að því að standa undir safnaðarstarfi?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vopnalög, 1. umr.

Frv. ÁMöl o.fl., 40. mál (skoteldar). — Þskj. 40.

[12:36]

Flm. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á vopnalögum, nr. 16/1998. Flutningsmenn eru auk þeirrar sem hér talar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Katrín Fjeldsted.

Í því frv. til laga sem ég mæli nú fyrir er lagt til að:

„32. gr. laganna orðast svo:

Bannað er að selja eða afhenda skotelda einstaklingi yngri en 18 ára. Heimilt er þó að selja þeim sem eru eldri en 15 ára skotelda sem ætlaðir eru til notkunar innan húss.“

Og 2. gr. mundi hljóða svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Frumvarp þetta var lagt fyrir á 126. löggjafarþingi en ekki náðist að afgreiða það. Því er frumvarpið flutt að nýju efnislega óbreytt en með nokkrum orðalagsbreytingum.

Samkvæmt 1. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, er með skoteldum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda. VI. kafli vopnalaga fjallar um meðferð skotelda. Þar er m.a. kveðið á um að sala eða afhending skotelda til barna yngri en 16 ára sé bönnuð sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum og að öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára sé óheimil.

Ráðherra er heimilt skv. 33. gr. vopnalaga að setja reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda og um sérstakt eftirlit í því skyni. Núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda, nr. 536/1988, er frá 19. desember 1988 en hún hefur verið til endurskoðunar um nokkurt skeið í ráðuneytinu. Markmið endurskoðunarinnar er að samræma og endurbæta þessar reglur og auka öryggi í meðferð skotelda.

Hér á landi hefur athygli og umræður um skotelda og slys af völdum þeirra að öllu jöfnu verið bundin við áramót, enda er almenn notkun og sala skotelda til almennings einungis heimil á tímabilinu 27. desember til 6. janúar að báðum dögum meðtöldum, nema með leyfi lögreglustjóra, samkvæmt núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda.

Samkvæmt 32. gr. vopnalaga er leyfilegt að selja og afhenda skotelda til barna undir 16 ára aldri sé þess getið í leiðbeiningum. Sala á skoteldum er óheimil til barna undir 12 ára aldri. Samkvæmt þessu ákvæði er það lagt í hendur framleiðanda eða innflytjanda vörunnar að taka ákvörðun um hvort heimilt sé að selja vöruna börnum yngri en 16 ára en það er í verkahring hans að sjá um að leiðbeiningar um meðferð vörunnar séu límdar á hana.

Almenn notkun skotelda um áramót er mikil. Tíðni slysa af völdum skotelda hér á landi er há og á það sérstaklega við um slys á börnum. Nauðsynlegt er að herða öryggisreglur um meðhöndlun skotelda og reglur um sölu á skoteldum og endurskoða aldursmörk við sölu þeirra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þróunar í nálægum löndum þar sem aldursmörk um sölu á skoteldum hafa verið færð upp til 18 ára aldurs og tekin hefur verið upp flokkun á skoteldum.

Með þessu frumvarpi er lagt til að aldursmörk við sölu skotelda séu færð úr 16 ára aldri til 18 ára aldurs. Þó sé

heimilt að selja börnum frá 15 ára aldri skotelda sem ætlaðir eru til notkunar innan húss. Skoteldar sem ætlaðir eru til notkunar innan húss eru t.d. reykbombur, innisprengjur, borðsprengjur, kastbombur, skrauteldspýtur, knöll og snákar.

Það er að gefnu tilefni sem ég tek þetta fram vegna þess að umræða hefur verið um hvað felst í skoteldum sem eru ætlaðir til notkunar innan húss.

Að jafnaði er miðað við að áhrifasvæði skotelda sem falla undir þessa skilgreiningu sé að hámarki 0,5 m radíus frá kveikjustað og falla stjörnuljós því undir þennan flokk skotelda þótt þau séu almennt notuð utan húss. Þetta eru skoteldar sem falla í flokk 1 samkvæmt evrópskum stöðlum um flokkun skotelda. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð um skotelda, sem væntanleg er innan tíðar, setji skýrari reglur um flokkun þeirra. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 32. gr. vopnalaga yrði það ekki lengur á valdi framleiðanda eða innflytjanda að ákvarða hvaða skotelda megi selja yngri aldurshópnum heldur yrði skýrt kveðið á um það í lögum og nánar útfært í reglugerð um skotelda.

Í greinargerð með frv. er m.a. byggt á svörum hæstv. dómsmrh. og hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn þeirrar sem hér stendur um sölu á skoteldum og um slys af völdum skotelda. Í svörum hæstv. dómsmrh. kemur m.a. fram að á undanförnum árum hafi orðið gríðarleg aukning í innlendri framleiðslu, innflutningi og sölu skotelda hér á landi. Það kemur m.a. fram að framleiðsla skotelda í stykkjum talið hafi aukist hér á landi um 60% á fimm ára tímabili, á árabilinu 1995–1999. Að sama skapi hefur innflutningur á skoteldum margfaldast á undanförnum árum. Hann nær fjórfaldaðist á tímabilinu 1995–1999, úr um 150 tonnum í nær 550 tonn á árinu 1999.

Um slys af völdum skotelda er ítarlega fjallað í greinargerðinni. En ég vil í nokkrum orðum greina frá athugun yfirlæknis slysa- og bráðamóttöku og samantekt bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss og samantekt Slysavarnafélagsins Landsbjargar um flugelda um áramótin 1999/2000. Samkvæmt þessum athugunum kemur fram að á tímabilinu 28. desember 1999 til 2. janúar 2000 leituðu alls 35 manns til slysa- og bráðavaktar Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna slysa af völdum skotelda. Þar af var 21 á aldrinum 0–19 ára og 13 þeirra á aldrinum 10–14 ára. Af hinum slösuðu var 31 karlkyns. Þetta voru upplýsingar eingöngu frá Reykjavíkursvæðinu því tölur um slys af völdum skotelda í öðrum landshlutum liggja ekki fyrir.

Í samantekt Landsbjargar kemur fram að undanfarin áramót hafi að meðaltali um tíu manns leitað á slysadeildina vegna flugeldaslysa á nýársnótt, en ljóst er að rúmlega tvöfalt fleiri þurftu aðstoð og aðhlynningu um áramótin 1999/2000 en áður. Athygli vekur hve margir hinna slösuðu eru ungir, en 60% þeirra eru 19 ára og yngri og um 40% af öllum slösuðum eru strákar á aldrinum 10–14 ára. Þegar slys eiga sér stað má í mörgum tilvikum kenna um óvitaskap, óvarkárni og því að ekki hefur verið farið eftir leiðbeiningum.

Um síðustu áramót voru slys nokkru færri en áramótin á undan og eru ýmsar skýringar á því, m.a. varð töluverð umræða um skoteldaslys rétt fyrir síðustu áramót, milli jóla og nýárs, m.a. vegna þess frv. sem hér er. Ég vil nú leyfa mér að draga þá ályktun að sú umræða hafi skilað sér í því að fólk fór að skoða nánar sinn gang varðandi umgengni barna við skotelda.

Á síðustu árum hafa verið sett ný lög og nýjar reglur um skotelda í nágrannalöndunum og mikið átak verið gert í þessum málum. Þau atriði sem hafa verið sérstaklega skoðuð á Norðurlöndunum og í öðrum Evrópulöndum eru að aldursmörk þeirra sem selja má skotelda hafa verið hækkuð. skoteldar hafa verið flokkaðir og ákveðið hverjir eru í hvaða flokki. hvaða flokkar eru ætlaðir til sölu til almennings og hverjir eingöngu til sýninga. Það hafa verið gerðar auknar kröfur um öryggi, gæði, merkingu skotelda og t.d. magn púðurs í skoteldum sem flytja má inn. Það hafa verið settar kröfur um prófun skotelda áður en þeir fara í sölu eða vottun sem viðurkennd er innan ESB á sama máta og rafvörur. Og það hafa verið gerðar kröfur til söluaðila varðandi sölu á varningnum, aldur þeirra sem afgreiða og geymslu skotelda.

Eins og ég sagði áðan hafa aldursmörk við sölu skotelda verið endurskoðuð á undanförnum árum. Ný reglugerð um öryggi skotelda tók gildi í Danmörku haustið 1999 en þar er sala á skoteldum bönnuð til barna undir 18 ára aldri en heimilt er að selja og afhenda börnum eldri en 15 ára stjörnuljós og aðrar álíka vörur sem flokkast undir skotelda og eru yfirleitt ætlaðar til notkunar innan húss.

Í Noregi tók ný endurskoðuð reglugerð sama efnis gildi um mitt ár 1999 og þar er áfram miðað við 18 ára aldursmörk við sölu á skoteldum en miðað við 16 ár í staðinn fyrir 15 ár í Danmörku við minni háttar skotelda í flokki 1. Í Bretlandi er bara almennt miðað við 18 ára aldur, alveg sama hvaða skoteldar það eru. En Bretar hafa verið almennt í fararbroddi þessara landa sem hafa látið sig þessi mál varða.

Ég vil með þessum rökstuðningi koma þessu frv. hér á framfæri og til umræðu. Mælt var fyrir frv. frekar seint síðasta vor. Það var sent ýmsum aðilum til umsagnar. Svör bárust m.a. frá Augnlæknafélagi Íslands, Árvekni – átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga, Flugleiðum, Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands, Kiwanisklúbbnum Þyrli, Akranesi, ýmsum söluaðilum skotelda svo sem íþróttafélögum, Landssambandi lögreglumanna, Læknafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, slysa- og bráðamóttöku Landspítala og slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Flestir umsagnaraðilar fagna framkomnu frumvarpi og lýsa stuðningi sínum við það. Slysavarnafélagið Landsbjörg, KR-flugeldar og Knattspyrnufélag Reykjavíkur lýsa yfir stuðningi við að aldursmörk við kaup á stærri flugeldum séu almennt færð í 18 ár, en mæla með því að lægri aldursmörkum, sem miðast nú við 12 ára aldur, verði haldið. Knattspyrnufélagið Víkingur mælir hins vegar með að miða við ófrávíkjanlegt 16 ára aldursmark við sölu skotelda.

Í umsögn slysa- og bráðamóttöku Landspítalans kemur fram m.a. fram, með leyfi forseta, að „óopinberar tölur, sem unnar hafa verið á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar sl. tvo áratugi sýna, að allstór hluti þeirra, sem meiðast af völdum flugelda og skotelda um áramót eru börn og unglingar. Það er gagnstætt leiðbeiningum flestra framleiðenda skotelda að leyfa þessum aldurshópi að handleika flugelda og fara með þá á annan hátt, enda vandmeðfarinn varningur eins og reynslan hefur sýnt.“ Látin er í ljósi von um að Alþingi samþykki frumvarpið og það verði að lögum.

Árvekni, sem er átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga, sem látið hefur sig þessi mál sérstaklega varða, bendir á að allt of mörg alvarleg slys hafi orðið hér á landi árlega af völdum skotelda og bendir á reynslu nágrannalandanna um að þegar þessi mál hafi verið tekin föstum tökum þá hafi slysatíðni af völdum skotelda lækkað verulega.

Landssamband lögreglumanna mælir með því að þetta frv. verði að lögum. Og í umsögn KR-flugelda kemur fram að þeir hafi að eigin frumkvæði fyrir einhverjum árum síðan

tekið ákvörðun um að færa aldursmörkin úr 16 í 18 ár vegna kraftmeiri flugelda. Það er því alveg ljóst að þetta frv. nýtur víðtæks stuðnings í samfélaginu og er það vel.

Að lokum vil ég segja að almenn notkun skotelda um áramót er mikil. Tíðni slysa af völdum skotelda hér á landi er há og á það sérstaklega við um slys á börnum. Aldursmörk við sölu á skoteldum til barna hér á landi eru lægri en í löndunum í kringum okkur. Nauðsynlegt er að herða öryggisreglur um meðhöndlun skotelda og reglur um sölu á skoteldum, taka upp flokkun á skoteldum og endurskoða aldursmörk við sölu þeirra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þróunar í nálægum löndum.

Samkvæmt 32. gr. núgildandi vopnalaga er leyfilegt að selja og afhenda skotelda til barna undir 16 ára aldri sé þess getið í leiðbeiningum. Sala á skoteldum er óheimil til barna undir 12 ára aldri. Samkvæmt þessu er það lagt í hendur framleiðanda eða innflytjanda vörunnar að taka ákvörðun um hvort heimilt sé að selja vöruna börnum yngri en 16 ára, en það er í verkahring hans að sjá um að leiðbeiningar um meðferð vörunnar séu límdar á hana.

Með frv. því sem hér er mælt fyrir er lagt til að aldursmörk við sölu skotelda verði færð úr 16 ára aldri til 18 ára aldurs. Þó sé heimilt að selja börnum frá 15 ára aldri skotelda sem ætlaðir eru til notkunar innan húss. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð um skotelda sem væntanleg er innan tíðar setji fastari reglur um flokkun þeirra. Með þeirri breytingu sem lögð er til á 32. gr. vopnalaga með þessu frv. yrði það ekki lengur á valdi framleiðanda eða innflytjanda að ákvarða hvaða skotelda megi selja til yngri aldurshópsins, heldur yrði skýrt kveðið á um það í lögum og nánar útfært í reglugerð um skotelda.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að frv. þetta verði sent hv. allshn. til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:51]

Áfengislög, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 176. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 177.

[13:31]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998. Flutningsmenn ásamt mér að þessu frv. eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr. frv., sem er nú reyndar bara ein grein og síðan gildistökuákvæði, hljóðar svo:

„Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda."

2. gr. hljóðar einfaldlega upp á að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í greinargerð segir að tilgangur frumvarpsins sé að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérlensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 126. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá og er því lagt fram að nýju.

Sá sem hér stendur lítur svo á að framleiðsla á léttvínum sé í raun hið sama og matargerð. Ég geri lítinn greinarmun á því hvort fólk framleiðir saft eða léttvín til að nýta með mat. Ég lít svo á að ef slík heimilisframleiðsla sem þetta frv. gerir ráð fyrir yrði leyfð gæti þróast á nokkrum árum markverð reynsla til að framleiða matarvín sem ég, eins og ég sagði áðan, lít svo á að gæti einfaldlega orðið hluti af matvælaframleiðslu þessa lands.

Mér finnst að vínmenning Íslendinga hafi breyst svo á síðustu árum og áratugum að ekki sé ástæða til að líta á léttvín sérstaklega sem vímugjafa þótt vissulega megi með góðum vilja drekka svo mikið af léttvínum að menn geti orðið ofurölvi. Það tel ég hins vegar orðið mjög fátítt meðal Íslendinga miðað við það sem var fyrir 30 árum eða svo. Ég held að vínmenning Íslendinga hafi breyst verulega eftir að Íslendingar fóru almennt að stunda ferðalög til annarra landa og kynnast venjum og siðum annarra þjóða.

Ég tel æskilegt að leyfa slíkri þróun, sem hér er um að ræða, að eiga sér stað. Það hlýtur auðvitað að líða að því, á einhverjum árum eða áratugum, að meðferð okkar á áfengum drykkjum breytist. Ég hygg að jafnvel innan fárra ára muni sölufyrirkomulag á áfengum drykkjum einnig breytast á Íslandi.

Tilgangur þessa frv. er auðvitað fyrst og fremst að leiða það fram sem ég tel mig hafa séð og kynnst, að fjöldamargir landsmanna framleiða sín eigin matarvín þrátt fyrir að það sé ekki löglegt. Ég vil gera skýran greinarmun á því hvort menn eru að tala um léttvín, undir 15% styrkleika af hreinum vínanda, eða hvort menn eru að framleiða svokallaðan landa til eimingar sem er þá oft jafnframt misnotaður mjög, oft söluvara til fólks sem hefur ekki leyfi til að kaupa vín.

Mig grunar að til sé þekking á fjölmörgum íslenskum heimilum, einkum í sveitum landsins, þar sem fólk hefur lært að nýta sér íslenskar náttúruafurðir til að framleiða hreint afbragðsmatarvín. Ég tel að ef þetta frv. yrði að lögum kæmist venjulegt, heiðarlegt, íslenskt fólk hjá því að brjóta lög á heimilum sínum. Það held ég að yrði til mikilla bóta. Þá þarf ekki að vera neinn feluleikur í kringum það að fólk kunni að búa til sín eigin matarvín.

Það telst ekki lögbrot að kaupa sér sterkt áfengi í áfengisverslun, t.d. bragðlítinn vodka, og breyta því síðan á heimili sínu í líkjör með því að setja út í hann ber eða aðra ávexti, eingöngu vegna þess að flaskan sem undirstaðan var í var keypt í áfengisverslun. Þá er það ekki lögbrot. Menn mega sem sagt breyta vodka í líkjör. En menn mega ekki framleiða sitt eigið matarvín, þó að þeir kunni til þess aðferðina og séu alls ekki að framleiða matarvín til að breyta því í sterkari vínanda. Flestir vilja hafa matarvín af styrkleikanum 7 – 12% og sækjast ekki endilega eftir meiri styrkleika en svo.

Þess vegna held ég að þetta frv. sé virkilega tímabært. Það gæti orðið til þess að menn sæktu um leyfi til að framleiða vín til sölu, m.a. úr íslenskum afurðum, íslenskri náttúru. Reyndar er aðili þegar búinn að sækja um leyfi til slíks, norður á Húsavík ef ég man rétt.

Ég held að þetta skref sem við stígum hér sé ágætisbyrjun á því ferli að leiða þá þekkingu fram sem ég tel að búi víða á íslenskum heimilum. Það gæti e.t.v. orðið til þess að þegar fólk er ekki lengur sakamenn fyrir að hafa framleitt léttvín og geta kynnt það á heimilum sínum fyrir vinum sínum eða gestum, kunni síðar að þróast af því þekking og framleiðsla, að við getum litið á matarvínsframleiðslu sem hverja aðra matvælaframleiðslu. Ég tel það æskilega þróun að menn fari að umgangast vín með þeim hætti að þess megi neyta án þess að það valdi neinum skaða, heldur sé það eingöngu til ánægju.

[13:41]

Gunnar Pálsson:

Virðulegi forseti. Það er mér sérstök ánægja að taka í fyrsta skipti til máls á hinu háa Alþingi til að lýsa eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. um breytingu á áfengislögum.

Það er hárrétt sem fram kom í máli hv. flutningsmanns að töluvert margir hafa það fyrir tómstundagaman að framleiða sitt eigið vín til eigin nota, bæði hér á landi úr berjum, rabarbara og ýmsum öðrum jarðargróða, og þó er það margfalt algengara erlendis þar sem auðveldara er að rækta ávexti. Það er náttúrlega mun þægilegra að framleiða vín, t.d. úr eplum og perum og slíkum ávöxtum enda er það mjög algengt þar sem eg þekki til, t.d. í norðvestanverðu Frakklandi þar sem menn framleiða mjög gjarnan vín úr eplum sem þeir rækta í garðinum hjá sér. Það er auðvitað alveg ófært að hér skuli það vera lögbrot að menn framleiði slíkt vín til eigin þarfa.

Þess utan get ég tekið undir það sem Sviarnir löngu sögðu í Guðsgjafaþulu, að allt undir tólf prósentum væri litið á sem matvæli í Svíþjóð. Mér finnst raunverulega að léttvín undir 12% sé fremur matvæli en áfengi. Þetta er í rauninni hluti af matnum, það er hluti af því að gera góða veislu og borða góðan mat að hafa gott vín. Enn þá meiri ánægja verður af þeirri veislu ef gestgjafinn hefur framleitt vínið sjálfur. Það bætir talsverðu við.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri en ég hugsa reyndar oft til þess að hér á Íslandi er vaxandi byggræktun. Ég er alveg viss um að einhvern tímann í framtíðinni verður framleitt hér heimsins besta viskí. En það er svo önnur saga og heyrir ekki undir þessa tillögu.

[13:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst þessi tillaga virðingarverð og til þess fallin að auðvelda fólki að stunda eðlilega heimilisframleiðslu á víni sem framleitt er úr því sem guð gefur á hverju ári í náttúru Íslands. Ég get ekki séð neitt annað en að eðlilegt sé að leyfa slíkt. Spurningin er auðvitað hvað eigi að leyfa sterk vín í þessu tilliti, hvort styrkleikinn eigi að ná upp í 15% eða vera minni. Mér fyndist að það mætti kannski skoða frekar styrkleikaflokk þessara vína.

Mér finnst þetta af sama meiði og þær hugmyndir sem komið hafa fram um að leyfa sölu léttvíns í verslunum. Ég hef aldrei skilið, herra forseti, hvers vegna svo mikil andstaða er við að leyfa fólki að kaupa léttvín í innkaupaferðum í verslunum, nákvæmlega eins og aðrar vörur, pilsner og annað slíkt, því þetta er jafneðlilegt í innkaupakörfunni.

Ég held að menn muni ágætlega umræðuna sem fram fór á sínum tíma, um hvort leyfa ætti innflutning á bjór. Þá voru menn alveg vissir um að það yrði fyllirí á hverju horni, menn mundu drekka dögum saman og vinna félli niður vegna þess að menn lægju í bjórnum. En staðreyndin er, held ég, orðin sú að vínmenning þjóðarinnar er allt önnur en hún var. Þessi miklu og almennu fyllirí sem viðgengust á dansiböllum um allt land og í heimahúsum eru óðruvísi og fátíðari en áður var, þ.e. fyrir tilkomu bjórsins.

Ég held að eðlileg umgengni við þessa matvöru, sem ég vil kalla svo, sé löngu tímabær. Ég lýsi því yfir stuðningi mínum við að þetta mál fái jákvæða meðferð. Þó ég hafi einhvern fyrirvara um styrkleikann þá er það ekki aðalatriðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. DrH o.fl., 45. mál (arður frá veiðifélögum). — Þskj. 45.

[13:47]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga, sem er 45. mál á þskj. 45, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flutningsmenn ásamt mér eru Vilhjálmur Egilsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller og Sigríður A. Þórðardóttir.

1. gr. hljóðar þannig:

„Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 74% fjárhæðar sem einstaklingar og lögaðilar hafa fengið greidda í arð frá veiðifélögum skv. VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði."

2. gr.:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002."

Í greinargerðinni segir:

Í þessu frumvarpi er lögð til sú breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að heimilaður verði frádráttur á mótteknum arði frá veiðifélögum. Í framkvæmd hefur verið mismunur á skattlagningu eftir því hvort jarðareigandi telst stunda atvinnurekstur á þeirri jörð er veiðihlunnindi fylgja. Einstaklingar í rekstri hafa þannig greitt tekjuskatt af slíkum tekjum en aðrir jarðareigendur, sem talist hafa utan rekstrar, hafa greitt 10% fjármagnstekjuskatt af sams konar tekjum. Með lagafrumvarpi þessu er leitast við að jafna þennan mismun, enda eiga ekki sömu sjónarmið við að því er varðar tekjur af þessum eignum og öðrum eignum sem teljast rekstrareignir.

Ákvæði 1. gr. felur í sér að rekstraraðilum, hvort sem um er að ræða einstaklinga í rekstri eða félög, er heimilaður frádráttur á móti mótteknum arði frá veiðifélögum sem nemur 74% af þeim heildararði sem viðkomandi hefur móttekið. Arður þessi telst til rekstrartekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en með því að heimila frádrátt á móti sem nemur 74% af mótteknum arði verður raunskattlagning þessara tekna sem næst 10%, eða 10,14%

hjá einstaklingum í rekstri og 7,8% hjá hlutafélagi en 9,6% sé skattlagning hluthafa tekin með í reikninginn.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 126. þingi en komst ekki á dagskrá og er því lagt fram að nýju.

Herra forseti. Hér er um að ræða mjög ósanngjarna skattlagningu sem ég ætlast til að verði leiðrétt. Með þessari lagabreytingu er leiðrétt það misrétti sem viðgengst í skattlagningu tekna af veiðileigu. Bændur sem hafa veiðileigutekjur og stunda búrekstur á jörðum sínum þurfa að greiða fullan tekjuskatt af veiðileigunni á sama tíma og aðrir jarðeigendur sem ekki stunda atvinnurekstur á jörðum sínum geta talið fram tekjur af veiðileigu sem fasteignaleigu og greitt aðeins 10% skatt.

Hlunnindi eru nýtt með tvennu móti. Annars vegar eru hlunnindi sem byggjast að mestu á vinnu bóndans, svo sem æðardúnn, rekaviður og lax- og silungsveiði í net. Hins vegar er nýting með leigu.

Veiðifélög víða um land hafa á hendi leigu veiðiréttar. Þau starfa skv. lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og bera ekki sjálfstæða skattskyldu skv. lögum nr. 75/1981. Veiðileigan er leiga á fasteign og því ekki eiginlegur hluti af atvinnurekstri bóndans. Það er óhjákvæmilegt að taka til endurskoðunar skattalega meðferð veiðileigutekna til að leiðrétta það mikla ójafnræði sem nú viðgengst. Þessi mismunun vinnur beinlínis gegn hagsmunum dreifbýlis og er í engu samræmi við byggðastefnu Alþingis.

Herra forseti. Í framkvæmd hefur verið mismunur á þessari skattlagningu eftir því hvort jarðeigandi telst stunda atvinnurekstur á þeirri jörð sem veiðihlunnindin fylgja. Eins og ég gat um áðan hafa einstaklingar í rekstri þannig greitt tekjuskatt af slíkum tekjum á meðan aðrir jarðeigendur sem talist hafa utan rekstrar greiða aðeins 10% fjármagnstekjuskatt af sams konar tekjum. Er því brýnt að leiðrétta þetta.

Til eru mörg dæmi um þetta, t.d. norðan úr landi þar sem tveir bræður bjuggu á jörð og áttu stóran hluta af einni bestu laxveiðiá landsins. Þegar annar bróðirinn féll frá hætti fjölskylda hans búskap og flutti burtu. Hin fjölskyldan varð eftir á jörðinni. Sú fjölskylda sem fór í burtu greiðir aðeins 10% skatt af þeim leigutekjum sem hún hefur af ánni. En hin fjölskyldan sem býr á jörðinni greiðir 30% skatt af leigutekjum sínum. Önnur dæmi er hægt að nefna, t.d. leigutekjur af sumarbústaðalóðum sem farið er með á sama hátt. Þó að jörðin sé í eigu sömu fjölskyldu og ef annar aðilinn er ekki með búskap, þá þarf sá aðili sem er með búskap að greiða meira.

Herra forseti. Eftir þessa umræðu óska ég eftir að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[13:54]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það kom upp í umræðum hv. landbn. á síðasta þingi að mismunun væri á skattlagningu eftir því hvort jarðir teldust í byggð og rekstri eða hvort þær væru það ekki. Ég verð að segja að þá þegar fannst mér þarna um ópolandi mismunun að ræða sem rétt væri að leiðrétta og að því leyti vil ég taka undir þetta frv. sem fjallar um að jafna rétt þessa fólks. Mér finnst þetta, eins og því er varið í dag, stríða gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég held að mjög brýnt sé að leiðrétta þetta á hvern veginn sem er og þess vegna get ég að því leyti tekið undir efni þess frv. sem hér hefur verið kynnt.

Ég verð að segja að mér finnst að það sama eigi við um sumarbústaðalóðir, að skattlagning eigi að vera sams konar hvort sem jörðin er í rekstri eða telst ekki vera í rekstri. Ég sé ekki að neitt réttlæti sé í öðru. Þess vegna vona ég að frv. sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur lagt hér fram nái fram að ganga.

[13:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til þess að tjá þá skoðun mína að ég er sammála efni frv. Ég tel að hér sé um réttlætismál að ræða og eðlilega framkvæmd ef að því yrði staðið eins og hér er lýst.

Það er ópolandi að mönnum sé mismunað eftir því hvort jarðir sem liggja t.d. að veiðiréttarám séu í byggð og á þeim búi bændur eða hvort þær eru nýttar með öðrum hætti og að skattlagning af sambærilegum tekjum manna sem tengjast jarðeigninni sé mismunandi. Það held ég fáist ekki staðist. Ég tel því að frv. sé þarft.

[13:56]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég kem hér aðeins upp til að þakka hv. þm. fyrir jákvæðar undirtektir við frv. Eins og hér hefur verið getið um áður þá er um að ræða mjög ósanngjarna skattlagningu eins og hún er í dag. Það er mikið réttlætismál að þessu verði breytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

[13:57]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til ál. sem er 46. mál á þskj. 46, um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flutningsmenn ásamt mér eru Árni R. Árnason, Ásta Möller, Vilhjálmur Egilsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Katrín Fjeldsted, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Þáltill. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2011.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.“

Herra forseti. Nýjar erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra.

Nýverið hefur opinber bresk stofnun viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og

háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem ekki búa við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að tvisvar til fjórum sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2011. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 126. þingi en komst ekki á dagskrá og er því lögð fram að nýju.

Herra forseti. Þáltill. var lögð fram í kjölfar fyrirspurnar sem ég lagði fyrir hæstv. heilbrrh. í marsmánuði í vor og tilefnið var að ég hef orðið áþreifanlega vör við vaxandi ugg meðal fólks varðandi aukningu krabbameinstilfella og hugsanlega tengsl við staðsetningu háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra.

Það er t.d. hópur fólks á Selfossi sem hefur verið afar uggandi vegna fyrirhugaðs masturs, sem er trúlega komið niður núna, 32 m hás masturs inni í miðjum bænum, og því mætti spyrja: Er þar hætta á ferðum? Fólk hefur kvartað þar undan truflun frá rafmagni og rafsegulsviði og nú hafa bæjaryfirvöld ákveðið að gerð verði úttekt á Grænumörk þar sem íbúðir eldri borgara eru.

Á Íslandi hafa ekki verið settar neinar reglur um leyfilegan styrk rafsegulsviðs. Þær erlendu rannsóknir sem ég gat um áðan hafa einmitt leitt það í ljós æ meir að við eigum að gefa gaum að þessum málum og kanna hvernig og hvers konar áhrif rafsegulsvið hefur á heilsu og líðan fólks og því er ekki fráleitt að tala hér jafnvel um mengun.

En hvernig hefur rafmagn og rafsegulmengun áhrif á heilsu fólks? Er hugsanlegt að staðsetning þessara mannvirkja geti valdið heilsuskaða hjá þeim sem búa í nágrenni við þau?

Umræðan um þessi mál eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meir að því að skoða umhverfi okkar til að komast að því hvort orsakavalda að sjúkdómum og vanheilsu sé þar að finna.

Hvað varðar tengsl milli líkamskvilla og rafsegulsviðs hafa sjónir manna beinst helst að ónæmiskerfinu. Svo virðist sem segulsvið hafi neikvæð áhrif á getu líkamans til að bregðast við sjúkdómum. Ónæmiskerfið er flókið og sennilega lítið þekkt, en mikilvægi þess er mjög mikið. Menn hafa jafnvel leitt að því líkur að áhrif segulsviðs á líkamann virki aðallega á getu ónæmiskerfisins til að nema hættuástand, t.d. byrjun óeðlilegrar frumuskiptingar og hindri þannig að varnarkerfi líkamans nái að hefta myndun æxla.

Herra forseti. Á heimasíðu Landsvirkjunar er að finna töluverðan fróðleik um rafsegulsvið og mig langar til að vitna aðeins í það sem þar stendur, með leyfi forseta:

„Rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort dvöl í rafsegulsviði auki líkur á krabbameini. Þessar rannsóknir hafa bæði verið faraldsfræðilegar og líffræðilegar. Faraldsfræðilegar athuganir“ — þetta eru reyndar erlendar rannsóknir, þær hafa ekki verið gerðar hér á Íslandi — „byggja á rannsóknum margra tilfella þar sem kannað er með tölfræðilegum hætti hvort þeir sem dvelja lengi í rafsegulsviði eigi fremur á hættu að fá sjúkdóma en aðrir. Samsvarandi faraldsfræðilegar athuganir hafa m.a. sýnt samband á milli reykinga og lungnakrabba. Í líffeðlisfræðilegum rannsóknum er reynt að finna hvort og hvernig rafsegulsvið getur breytt heilbrigðum frumum í krabbameinsfrumur.“

Helstu niðurstöður af þessu eru, vilja þeir meina hér, að reynst hefur erfitt að ná fram tölfræðilega marktækum niðurstöðum þar sem þeir sjúkdómar sem hugað er að eru mjög fátíðir. Það er gert frekar lítið úr þessari hættu og engin ástæða er til að vera að hræða fólk. Með þessari tillögu er ég ekki að því en ég tel að við eigum að gefa þessu gaum. Það eru mjög margir sem kvarta undan óþægindum frá rafmagni og þá er spurningin hvernig við getum komið í veg fyrir það. Það hlýtur að vera hægt að vinna eitthvað á móti því, það er ekki verið að tala um að banna eitt eða neitt í þessu því að rafsegulsvið er ekkert hættulegt í sjálfu sér, en það er hins vegar hægt að nota þennan hluta eðlisfræðilegrar tilveru okkar bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt.

Í tímaritinu Heilsuhringnum sem kom út fyrir nokkrum árum er grein þar sem vitnað er í rannsóknir dr. Nancy Wertheimer sem rannsakar faraldssjúkdóma og þar segir:

„Vordag nokkurn árið 1974 var hún við vinnu sína við að kortleggja hvítblæðisútbreiðslu hjá börnum í útbæ í Denver, Colorado. Þegar hún steig út úr bíl sínum til þess að heimsækja foreldra slíks barns fékk hún á tilfinninguna að hún kannaðist við eitthvað sem hún sá út undan sér. Þegar hún hafði gengið úr skugga um hvað það gæti verið sem tengdist þessum heimsóknum hennar, rann upp fyrir henni ljós; rafmagnsmastur fyrir utan húsið. Efst á því var spennubreytir fyrir umliggjandi hús. Sams konar spennubreyti hafði hún séð nálægt öllum húsunum sem hún hafði heimsótt í sambandi við vinnu sína síðustu mánuði. Hún ákvað að rannsaka málið nánar: „Og síðan þá er riðstraumur ekki aðeins rafmagnsorka sem menntaði heimurinn sækir út úr innstungunum til þess að samfélagið geti virkað. Riðstraumurinn hefur breytt sér í mögulega áhættu í mínum huga.“

Áhættan heitir: Krabbamein. Brjóstkrabbi og þvagrásarkrabbi eru aðalsviðin sem liggja undir grun eftir að tækni- og vísindamenn um allan heim hafa rannsakað málið í 15 ár. Og í áhættuhópnum eru persónur sem búa eða vinna langtímum saman á svæðum þar sem ósýnileg hliðarverkun riðstraumsins er: Rafsegulsviðið.“

Herra forseti. Það hefur komið fram í viðtölum við krabbameinslækna að umhverfisþættir vega 70% því læknavísindin væru komin svo langt í þróun lyfja við krabbameini. Kenningar eru um að tengja megi tíðni heilaæxla við notkun farsíma, en ekki er hægt að draga neinar öruggar ályktanir um skaðsemi geislunar vegna notkunar þeirra eða farsímastöðva á heilsu manna. Engu að síður hafa yfirvöld víða erlendis gripið til varúðarráðstafana, m.a. í sveitarfélaginu Nyköbing í Svíþjóð, þar sem víða er nú bannað að reisa loftnet og sendimöstur fyrir GSM-síma vegna geislunar. Farsímafyrirtæki í Sviss hefur verið dæmt til að taka niður

GSM-loftnet þar sem talið er að það valdi sjúkleika hjá mönnum.

Herra forseti. Ég tel að við eigum að fara að öllu með gát og rannsaka alla þessa þætti og gera síðan ráðstafanir í kjölfarið. Varúðarreglu er oft beitt við lagningu orkuflutningslína og er þá leitast við að hafa þær ekki nálægt byggingum eins og barnaskólum eða barnaheimilum.

Sem dæmi má nefna norska reglugerð þar sem ákveðið er að staðir þar sem börn dveljast langdvölum séu ekki nær 400 kílóvatta línu en 18 metra. Heilbrigðiskerfi okkar er eitt besta í heimi og við Íslendingar eigum að vera í forustu á því sviði. Þrátt fyrir fámenni eigum við að hafa þann metnað að rannsaka málin sjálf en bíða ekki alltaf eftir niðurstöðum erlendis frá. Það er t.d. hægt í krabbameinsrannsóknum þegar verið er að spyrja sjúklinga hvar þeir hafi búið sl. tíu ár þannig að rannsóknin fari í þann feril aftur fyrir sig til að hún hafi kannski meiri þýðingu og það væri þá t.d. liður í faraldsfræðilegri rannsókn.

Herra forseti. Eftir umræðu um þessa þáltill. legg ég til að henni verði vísað til heilbrn. Alþingis.

[14:09]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sjálfstæðismanna, hv. þm. Drífu Hjartardóttur o.fl., sem hafa lagt fram þessa tillögu. Ég held að þetta sé atriði sem við þurfum að gefa meiri gaum hér á Íslandi og kannski þó fyrr hefði verið.

Ég hef aðeins kynnt mér þessa umræðu eins og hún hefur verið í Svíþjóð og ég veit að þar er talið að til sé fólk sem er miklu næmara fyrir áhrifum rafseguls en annað. Þetta sé sem sagt mjög einstaklingsbundið. Og einstaklingar hafa fundist sem eru svo illa haldnir að þeir geta bókstaflega ekki lifað eðlilegu lífi við þær aðstæður sem við erum með á venjulegum heimilum í dag. Dæmi eru um að fólk hafi flutt út í skerjagarðinn og búið þar með kolaeldavél og olíuljós því það þolir ekki rafmagn. Þetta er náttúrlega mjög sjaldgæft en þeir einstaklingar eru til sem þola illa rafsegul.

Í Svíþjóð er mjög algengt að sérfræðingar séu fengnir á vinnustaði til að mæla rafsegulsvið ef fólk telur sig finna til óþæginda á vinnustaðnum, telur sig finna fyrir óþægindum sem það heldur að sé af þessum völdum. Ég veit að það hefur oft komið í ljós við slíkar rannsóknir að þetta hefur átt við rök að styðjast. Þarna hafa verið einhver rafmagnstæki sem hafa gefið frá sér óeðlilega háan straum eða rafsegulsvið.

Ég hef heyrt getgátur um það hér á landi, ekki bara erlendis, að á ákveðnum stöðum hafi komið í ljós að í nágrenni við spennistöðvar í bæjum hafi komið upp krabbameinstilfelli hjá börnum. En þetta er alltaf eins og allt hér á Íslandi, við erum svo fá og það er svo erfitt að benda á og segja eitthvað ákveðið. Þó að kannski þrjú börn í sömu götu hafi veikst á einhverju árabili, þá er svo erfitt að sýna tölfræðilega fram á að eitthvað sé af völdum t.d. spennistöðva sem standa í götunni, vegna þess að fámennið er svo mikið.

Og þannig er það með faraldsfræðilegar rannsóknir á Íslandi, þær verða að ná yfir óskaplega langan tíma til að gefa niðurstöður sem eru marktækar út af fámenni.

Þess vegna vil ég leggja til og hefði gjarnan viljað að það væri innifalið í þessari ágætu tillögu — því mundi kannski vera bætt við hana í nefndinni ef hún yrði samþykkt — að þangað til þeirri faraldsfræðilegu rannsókn sem hér er gert ráð fyrir muni ljúka, væru gefin út einhver viðmið sem slíkur rafsegulstyrkur mætti vera og ekki fara yfir. Og það væri ekki eins og nú er að hægt er að setja upp stöðvar nánast hvar sem er þar sem kannski fullt af börnum dvelur langdvölum í nágrenninu. Það væru sem sé sett ákveðin viðmið sem farið væri eftir, alla vega þangað til sú rannsókn sem hér er gert ráð fyrir gefur niðurstöður, vegna þess að „hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu" var nú einu sinni ort og við erum nú ákaflega svipaðrar gerðar, hvort sem við erum í Bretlandi, eins og hér var vitnað til breskra rannsókna, eða á Íslandi. Niðurstöður sem hafa fengist í breskum rannsóknum ættu því að geta dugað nokkuð hér á landi. En að öðru leyti er ég mjög hlynnt tillögunni og vona að hún fáist afgreitt í hv. heilbrn.

[14:14]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að taka svona jákvætt undir þáltill.

Svo sannarlega hefur maður heyrt um marga sem hafa þjáðst og jafnvel verið gert grín að, fólk kvartar jafnvel undan því að sár grói ekki, svefnleysi gerir vart við sig og fyrir utan þau krabbameinstilfelli sem nánast er hægt að leiða líkur að að hægt er að setja samasemmerki á milli þeirra og óþæginda vegna rafmagns.

Þess má líka geta að æðioft hefur komið fyrir í landbúnaði að upp hafa komið mikil sjúkdómstilfelli í fjósum þar sem þessi neikvæðu áhrif hafa verið og það hefur verið hægt að lagfæra það. Ekki þarf alltaf svo miklar aðgerðir til að lagfæra hlutina. Að sjálfsögðu hefur þetta áhrif á umhverfið og það þarf bara að reyna að gæta þess að lágmarka þetta eins og hægt er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 49. mál. — Þskj. 49.

[14:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Áætlun um aðgerðir í þessu skyni miði m.a. að eftirfarandi:"

Það er síðan talið upp í átta tölusettum liðum:

„1. Að efla vestnorrænt og fjölþjóðlegt samstarf við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf með frumkvæði af Íslands hálfu sem landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum tengipunkti slíks samstarfs. Mótuð verði í þessu skyni íslensk nærsvæðastefna."

Það kann að vera, herra forseti, að mönnum sé þetta hugtak eða þessi nafngift ekki mjög töm. Hún hefur ekki verið algeng í íslensku máli. Þetta er hins vegar vel þekkt hugtak, t.d. á Norðurlöndunum og víðar, þar sem menn skilgreina landfræðilega afmörkuð svæði, þau sem næst liggja. Á vettvangi Norðurlandaráðs er t.d. og hefur lengi verið framfylgt ákveðinni nærsvæðastefnu sem ekki síst tekur þá til Eystrasaltsríkjanna og norðvesturhéraða Rússlands. Og við sem á Vestur-Norðurlöndum búum höfum gjarnan reynt

að halda því til haga að Norðurlöndin eigi sér líka nærsvæði í þá átt. Hér er sem sagt um að ræða sambærilega hugsun og menn geta lesið sér til um og kölluð er upp á norræna tungu „nærområder" eða „nærområders strategi" sem mundi þá þýðast sem nærsvæðastefna.

„2. Að fylgja eftir uppbyggingu vestnorrænnar samvinnu sl. tvo áratugi með markvissum aðgerðum og auknum fjárframlögum, m.a. á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála og samgöngu- og ferðamála."

Nú er það auðvitað svo, herra forseti, að þetta eru einmitt kjarnaviðfangsefni vestnorrænnar samvinnu, en tillagan gengur þá sem sagt út á að þeim verði fylgt betur eftir og vestnorræn samvinna efld á þessu sviði. Hún hefur verið að þróast og mótast með að mörgu leyti mjög jákvæðum og ánægjulegum hætti, eins og þarna kemur fram, a.m.k. sl. tvo áratugi, frá því upp úr 1980 þegar undirbúningur stofnunar Vestnorræna ráðsins hófst, og vestnorræna nefndin, sem nú heitir Norðvestur-Atlantshafsnefndin, kom til sögunnar.

„3. Að efla tengsl við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu í huga.

4. Að stuðla að rannsóknum á og ritun sögu Norðvestur-Atlantshafssvæðisins þar sem m.a. verði lögð áhersla á eftirfarandi:

a. landnám Íslendinga á Grænlandi og sögu búsetu norrænna manna þar,

b. sérstök tengsl Íslands og Færeyja, menningarlegan skyldleika, samstarf á sviði atvinnumála og samstöðu og skyldleika þjóðanna almennt,

c. norræna arfleifð á skosku eyjunum og á Írlandi, Bretlandi og vesturströnd Evrópu,

d. landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku,

e. söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs,

f. sögu siglinga, landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur norðan- og norðvestanverðs Atlantshafs.

5. Að fylgja eftir kynningu á vestnorrænni sögu og framlagi Íslands á sviði landafunda og landnáms í Vesturheimi í kjölfar 1000 ára afmælis Vínlandsfundar, siglingar Íslendings og annarra atburða í tilefni af landafundaafmælinu."

Ég hef áður og við önnur tækifæri, herra forseti, hreyft þessum þætti málsins sérstaklega. Ég held að ástæða sé til að minna á að margt var mjög vel gert í tengslum við landafundaafmælið svonefnda en ekki er síður ástæða til að vinna úr því í framhaldinu og láta það ekki niður falla. Og af því að hið sögufræga skip, Íslending, ber enn á góma kemst ég ekki hjá því að skjóta því hér inn í, herra forseti, að enn er þar ólokið því verkefni að ganga frá því máli og tryggja að skipið verði varðveitt, komist hingað heim. Helst vildi maður sjá að á því yrði tekið nú fyrir jólin við afgreiðslu fjárlaga eða fjáraukalaga.

„6. Að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum."

Sömuleiðis má vissulega viðurkenna að þar hefur margt ágætt áunnist á undanförnum árum. Ber þar ekki síst að nefna stofnun sendiráðs í Kanada og skrifstofu sem jafnframt verður starfrækt í Winnipeg. Þarna er að miklum og merkum arfi að hyggja sem einnig er ástæða til að vinna úr.

„7. Að efla stöðu Íslands sem tengipunkts á sviði samgöngu- og ferðamála á þessu svæði."

Sérstaklega vil ég nefna í þessu sambandi, herra forseti, að stjórnvöld þurfa, eftir því sem það er í þeirra valdi, að reyna að stuðla að því að sem öflugastar og greiðastar samgöngur séu hér innan svæðis. Þar er pottur brotinn. Ég nefni sem dæmi að áætlunarflug og reglubundnar flugsamgöngur lögðust af á nýjan leik, því miður, milli Íslands og Suður-Grænlands. Þannig var skyndilega fótunum kippt undan ferðaþjónustuaðilum, bæði íslenskum og grænlenskum, sem höfðu verið að byggja upp þjónustu sína á þessu sviði og treyst á þessar samgöngur. Það hlýtur að teljast afar bagalegt að ekki séu fyrir hendi samgöngur, a.m.k. yfir sumartímann, frá Íslandi og til næsta nágranna okkar í vestri sem Grænland er, og þá ekki síst varðandi þá miklu möguleika sem svæðið á sunnanverðri vesturströnd Grænlands hefur upp á að bjóða.

Síðast en ekki síst, herra forseti, í áttunda lagi er svo vikið að því í tillögunni að móta þurfi stefnu um fjárveitingar til þessara verkefna, t.d. til fjögurra ára í senn, sem væri þá lögð reglubundið fyrir Alþingi til endurskoðunar.

Herra forseti. Norðurlandaráð er að sjálfsögðu ein mikilvægasta stoðin í alþjóðlegu samstarfi okkar Íslendinga. Ég held að flestir séu sammála um að norræna samstarfið hafi reynst okkur afar vel og skilað miklu. Það var einmitt upp úr norrænu samstarfi sem vestnorræna svæðissamstarfið óx. Það var ekki síst í tengslum við mikla umræðu um byggðamál og svæðisbundið samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs í lok áttunda áratugarins og byrjun þess níunda sem skriður komst á það mál að skipuleggja sérstaklega samvinnu Íslands, Grænlands og Færeyja. Það var svo 1985 sem Vestnorræna þingmannaráðið, sem þá hét svo, nú Vestnorræna ráðið, komst á laggirnar. Það var stofnað á Grænlandi. En árin þar á undan starfaði sérstök samstarfsnefnd að undirbúningi þess að ráðið yrði til.

Herra forseti. Auðvitað hefur mjög margt breyst frá því að kalda stríðinu lauk og möguleikar opnuðust til margs konar samstarfs á norðursvæðum sem voru í raun útilokuð vegna hinnar pólitísku markalínu sem skildi lönd og álfur á tímum kalda stríðsins. Það var ekki fyrr en eftir þær breytingar sem svæðisbundið samstarf eins og Eystrasaltssamstarfið, Barentssamstarfið og Norðurskautssamstarfið komst á. Síðan, á rúmum áratug eða svo, hefur þessi samvinna blómstrað og mjög margt jákvætt gerst í þeim efnum.

Staðreyndin er sú, öfugt við það sem margir kynnu að halda, að í vaxandi mæli er horft til mikilvægis svæðisbundinnar samvinnu, einmitt á tímum svonefndrar hnattvæðingar. Þess sér stað mjög víða. Við getum t.d. tekið þá áherslu sem nú er á slíka svæðisbundna samvinnu innan Evrópusambandsins, þá áherslu sem t.d. Bandaríkin, Kanada og fleiri stór lönd leggja á slík svæðishugtök.

Þessir aðilar sem ég hef nefnt hafa allir mótað einhvers konar norðurstefnu eða norðursvæðastefnu. Á vettvangi Evrópusambandsins er, ekki síst að frumkvæði Finna, unnið að því að þroska hugtakið norræna vídd. Kanadíska alríkisstjórnin framfylgir ákveðinni norðurstefnu sem er útgefin stefnumarkandi eða pólitísk stefna um áherslur kanadísku alríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Í Bandaríkjunum er einnig fylgt ákveðinni stefnu, svokallaðri norðursvæðastefnu. Í reynd er tillagan um það að Íslendingar skipuleggi sína vinnu og móti sínar áherslur með sambærilegum hætti.

Herra forseti. Ekki síst vil ég nefna sérstaklega mikilvægi þess að Íslendingar leggi sitt af mörkum og eftir því sem mögulegt er hafi að því frumkvæði að eyþjóðir og strandsvæði við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf efli með sér

samvinnu. Ég leyfi mér að halda því fram að við höfum gefið of lítinn gaum að gildi þess og ekki lagt nóg upp úr því að byggja upp slík tengsl þótt vissulega séu þar jákvæðir hlutir í farvatninu. Ég nefni sem dæmi ráðstefnur sem haldnar hafa verið og þangað sérstaklega boðið fulltrúum eyþjóða og strandsvæða eða héraða við norðvestanvert eða norðanvert Atlantshafið. Fyrsta ráðstefnan af því tagi var fyrir nokkrum árum haldin á Íslandi og í lok júnímánaðar í sumar var haldin í Færeyjum mjög myndarleg ráðstefna og tekin ákvörðun um að sú þriðja í þessari röð yrði haldin að tveimur árum liðnum á Hjaltlandseyjum.

Þarna hittast ekki endilega fulltrúar ríkja eða ríkisstjórna heldur líka forsvarsmenn svæða, héraða eða byggðarlaga. Ég nefni sem dæmi að það var ákaflega áhugavert og gaman að sjá það á ráðstefnunni í Færeyjum hversu mikinn metnað Hjaltlandseyingar lögðu í að kynna sig sem sjálfstætt svæði, og hagsmuni sína. Ég held að Íslendingar, svo dæmi sé tekið, gætu margt grætt á því að auka samskipti sín og efla tengsl við svæði eins og t.d. skosku eyjarnar.

Herra forseti. Að sjálfsögðu er það mikilvægt sem gerist í hinum miklu aflstöðvum alþjóðasamvinnu eins og í Brussel og Washington eða New York borg. En menn mega heldur ekki vanrækja að rækta það sem nær þeim er. Enginn minnsti vafi leikur á því í mínum huga að mjög margvíslegir gagnkvæmir hagsmunir eru fólgnir í samskiptum og auknu samstarfi okkar og grannsvæða okkar, nærsvæða okkar, ef það er orðað svo. Ég leyfi mér að halda því fram að full ástæða sé til að fara skipulega yfir þá hluti og skoða hvað betur megi gera í þeim efnum. Ég er ekki að halda því fram að þessi tillaga sé nákvæmlega formúlan fyrir því hvernig eigi að gera það. En hún er a.m.k. innlegg í þá umræðu og uppástunga um hvernig mætti reyna að nálgast þessi mál. Ég vona því, herra forseti, að hún fái hér jákvæða umfjöllun og legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Yfirtaka ríkisins á Orkubúi Vestfjarða.

[14:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Síðasta vetur var hart tekist á um hlutafélagavæðingu og sölu á Orkubúi Vestfjarða. Sú umræða var gjarnan tengd fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum og sérstaklega skuldum nokkurra þeirra við félagslega íbúðakerfið.

Hinn 7. febrúar sl. var svo, á eigendafundi Orkubús Vestfjarða, undirritað samkomulag sem fól í sér ákvörðun um slit á sameignarfélaginu Orkubúi Vestfjarða og stofnun hlutafélags um reksturinn. En samtímis þeirri undirritun afhentu ráðuneytisstjórarnir í fjmrn., iðnrn. og félmrn. eigendafundinum bréf þar sem kynnt voru þau skilyrði sem ráðuneytin settu fyrir hlutafélagavæðingunni, verð- og kauptilboð sem ríkið væri reiðubúið að gera í eignarhlut sveitarfélaganna. Enn fremur kom fram að sveitarfélögunum væri gert að verja andvirðinu til greiðslu á lánum við félagslega íbúðakerfið.

Bréf ráðuneytisstjóranna kom sveitarfélögunum á óvart. Þau vissu að vísu fyrir fram að hluti andvirðisins, ef til sölu til ríkisins kæmi, mundi fara til greiðslu á vanskilum við félagslega íbúðakerfið hjá þeim sveitarfélögum sem svo stóð á hjá. En þau litu samt svo á að það uppgjör væri óháð sjálfri hlutafélagavæðingunni og sölu fyrirtækisins og að greiðsla skulda færi eftir frjálsum samningum.

Þessari bókun ráðuneytisstjóranna, fyrir hönd sinna ráðuneyta á fundinum 7. febrúar, var harðlega mótmælt af hálfu sveitarfélaganna. Eins og okkur öllum er kunnugt voru lögin um hlutafélagavæðingu orkubúsins síðan samþykkt á Alþingi gegn atkvæðum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins. Þetta hafði áður verið hið mesta hitamál á Vestfjörðum og samkvæmt skoðanakönnun þar voru íbúarnir afar andvígir hlutafélagavæðingunni og sölunni.

Maður skyldi ætla að ríkisvaldið hefði tekið ákvörðun um að halda málinu áfram af fullri kurteisi og á jafnréttisgrundvelli. En, herra forseti, með bréfi dags. 23. ágúst sl., undirrituðu af ráðuneytisstjórum fyrrgreindra ráðuneyta, er sett fram einhliða kauptilboð ríkisins í orkubúið og jafnframt kveðið á um hvernig kaupverðinu skuli ráðstafað. Nú er ekki aðeins krafist greiðslu á vanskilum við Íbúðalánasjóð heldur einnig niðurfærslu á lánum sem eru í fullum skilum.

Bréfi ráðuneytisstjóranna fyrir hönd sinna ráðuneyta lýkur, herra forseti, með nokkuð hrokafullum hætti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Viðkomandi sveitarfélag skal eigi síðar en kl. 16.00 þriðjudaginn 25. september 2001 tilkynna fjármálaráðuneyti með skriflegum hætti ef gengið er að tilboði þessu."

Er það nú kurteisi, herra forseti, í samskiptum aðilanna?

Herra forseti. Mér finnst þessar bréfaskriftir og þessi framkoma lýsa miklum hroka. Ríkið hefur einhliða viljað setja leikreglurnar og stjórna þannig framhaldi málsins. Ég hygg að það muni reynast auðvelt að gera upp við þau sveitarfélög sem skulda ríkinu ekki neitt. Krafa sveitarfélaganna var sú að sölunni og skuldum við félagslega íbúðakerfið yrði haldið aðskildum, en annað hefur svo komið á daginn.

Herra forseti. Mér er kunnugt um að allmörg sveitarfélög sem hafa átt í mestum greiðsluerfiðleikum hafa ekki náð samningum. Því leyfi ég mér að bera eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. fjmrh.:

Hvaða sveitarfélög á Vestfjörðum hafa nú þegar gengið að tilboði ríkisins í eignarhlut þeirra í Orkubúi Vestfjarða og hvernig standa samningar við þau sem ekki hafa selt hlut sinn?

Hvers vegna fengu sveitarfélögin á Vestfjörðum ekki frjálsan rétt til að ráðstafa sjálf söluandvirði sínu í Orkubúi Vestfjarða heldur var gerð krafa um að greiðsla á lánum sveitarfélaganna við opinbera sjóði hefði forgang og lánardrottnum þannig mismunað?

Herra forseti. Mörg önnur sveitarfélög á landsbyggðinni berjast nú í bökkum fjárhagslega vegna fólksfækkunar, tekjumissis og skulda við félagslega íbúðakerfið. Hvernig verður farið að þeim sveitarfélögum sem engar eignir eiga til að leggja upp í skuldir?

[14:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjanda hefur orðið tíðrætt um þetta mál í sölum Alþingis. En þetta mál er í þeim farvegi sem Alþingi sjálft hefur markað, þ.e. ákveðið með lagabreytingu á síðasta vori en einnig með heimild í fjárlögum yfirstandandi árs fyrir ríkið til að ganga til samninga um kaup á hlut meðeigenda ríkisins í Orkubúi Vestfjarða þar sem ríkið hefur sem kunnugt er átt 40%.

Staða málsins í dag er sú að Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur og Tálknafjarðarhreppur hafa lokið gerð samninga við ríkið um sölu á hlut sínum í Orkubúi Vestfjarða hf. á grundvelli tilboðs ríkisins um það efni frá því fyrr á á árinu.

Á Hólmavík, Ísafirði og Súðavík hafa sveitarstjórnir gefið framkvæmdarstjórum sveitarfélaganna umboð til að undirrita kaupsamninga. Verið er að vinna að samningi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og Reykhólahrepps en hann mun vera kominn á lokastig. Málefni Vesturbyggðar eru í sérstakri athugun hjá félmrn. og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Með öðrum orðum: Þetta mál er mjög langt komið í þeim farvegi sem því var markaður. Ég hygg að þegar upp verður staðið muni allir ganga bærilega sáttir frá þessu samningaborði. Menn verða hins vegar að gera sér grein fyrir því hvernig þetta mál er til komið. Það er ekki til komið að frumkvæði ríkisins. Það var á árinu 1999 sem viðræður hófust milli fulltrúa stjórnvalda og sveitarfélaga á Vestfjörðum um hvernig leysa mætti fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Í þeim viðræðum kom þessi hugmynd upp af hálfu sveitarfélaganna, hvort þau gætu gert sér mat úr eignum sínum í orkubúinu til þess að létta á vanda sínum. Það hefur orðið niðurstaðan og það er auðvitað ekkert launungarmál að ríkissjóður hefur gengið þar fram á ystu nöf við verðmat á orkubúinu til þess að gera sveitarfélögunum betur kleift að leysa sinn vanda, þar á meðal vandann í félagslega íbúðakerfinu og þau vanskil sem þar hafa því miður hlaðist upp á undanförnum árum.

Ég tel að gagnrýna megi þessa samningsgerð en ekki á þeim forsendum sem hv. þm. gerir, heldur á þeim forsendum að hér sé allt of rausnarlega í boðið, að hér sé allt of rausnarlega að verki staðið af hálfu ríkisins miðað við þær eignir sem þarna eru raunverulega fyrir hendi. Maður verður óneitanlega var við þá gagnrýni frá mönnum sem bera hag ríkissjóðs fyrir brjósti. En þetta er eigi að síður sú niðurstaða sem komist var að, að heildarmat á verðmæti fyrirtækisins skyldi ákveðið 4,6 milljarðar kr., þar af á ríkið sjálft 40% og á þeim grundvelli hafa menn leitast við að ljúka málinu.

Að því er varðar spurningar hv. þm. að öðru leyti þá er það svo að ýmis sveitarfélög eiga nú í erfiðleikum fjárhagslega eins og kunnugt er. En samkvæmt sveitarstjórnarlögum mega sveitarfélög ekki veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Það er þess vegna fráleitt að gera því skóna að ríkisvaldið hafi einhver áform um að ganga að eignum sem sveitarfélögunum eru nauðsynleg til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Við höfum gert Vestfirðingum kleift, með þeim aðgerðum sem hér er um að tefla, að leysa vanda sinn að mestu leyti sjálfir með sínum eigin eignum. Ég held að stefna eigi að því að sveitarfélögin leysi vanda sinn fyrst og fremst sjálf, þau sem eiga í erfiðleikum. Það eru ákvæði í sveitarstjórnarlögum um hvernig bregðast skuli við ef sveitarfélög lenda í fjárþröng og við höfum í gegnum tíðina verið með ýmsar ráðstafanir til að bæta rekstrarumhverfi sveitarfélaganna.

Að því er varðar gjaldskrármál, sem hv. þm. vék að, þá vil ég bara geta þess að í samkomulagi, sem gert var á eigendafundi 7. febr. 2001, segir að ef ákvörðun verði tekin um að aðlaga gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins skuli það gert í áföngum.

Ég bendi hins vegar á að hinn 1. júlí 2002 kemur væntanlega til framkvæmda nýtt og breytt skipulag raforkumála í landinu. Hvað gerist innan þess umhverfis er auðvitað erfitt að spá fyrir um en það verður mál sem kemur til umræðu á þinginu, væntanlega seinna á þessum vetri.

[14:41]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þegar Alþingi ákvað að breyta lögum um Orkubú Vestfjarða þannig að það yrði hlutafélag þá sáum við jafnaðarmenn jákvæðar hliðar á því máli. Við teljum eðlilegt að sveitarfélög hafi fullan ráðstöfunarétt yfir eigum sínum. Orkubú Vestfjarða er nú orðið að hlutafélagi og ríkið hefur keypt hlut næstum allra sveitarfélaganna í því. Herra forseti. Þau viðskipti eru langt frá því að vera eðlileg því flestum sveitarfélögunum er gert að hafa inni á lokuðum reikningum stóran hluta andvirðisins, vegna skulda í félagslega íbúðakerfinu. En það er hins vegar víðar en á Vestfjörðum sem sveitarfélög glíma við slíkar skuldir. Þennan vanda ber að leysa á landsvísu en ekki með þeim hætti sem fjmrn. ætlar sér nú.

Við þekkjum, herra forseti, hvílíkri útreið landsbyggðin hefur orðið fyrir vegna fálmkenndra og ómarkvissra aðgerða í byggðamálum í landinu. Markmið byggðaáætlunar, sem Alþingi samþykkti, hafa í fáum atriðum náðst. Fólksflóttinn af landsbyggðinni er geigvænlegur og þær íbúðir sem voru í félagslega kerfinu tæmdust og hafa margar þeirra lengi staðið tómar. Tekjurnar sem sveitarfélögin fengu af þessu fólki hurfu þegar það flutti og fór annað. En um leið uxu lánskjaravísitöluskuldir sveitarfélaganna margfaldlega vegna þessara tómu íbúða. Í stað þess að snúa vörn í sókn með hinum vestfirsku sveitarfélögum og treysta íbúunum til þess að nota fjármuni sína við eflingu byggðanna hefur fjmrn. sýnt ólíðandi framkomu sem birtist hvað gerst í því er fjármunir sveitarfélaganna eru bundnir. Það á jafnvel einnig um fé þeirra sem nú þegar standa í fullum skilum.

[14:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Málflutningur hv. þm. Jóns Bjarnasonar og raunar líka hv. þm. Karls V. Matthíassonar er náttúrlega einstaklega ómerkilegur. Þeir eru að reyna að snúa út úr því sem verið er að gera. Þeir eru ekki að hugsa um hagsmuni Vestfirðinga heldur eru þeir að hugsa um að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur. En þetta verða bara vindhögg hjá þeim.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur verið með fjármál fjögurra sveitarfélaga á Vestfjörðum í athugun og þegar uppgjöri er lokið verða öll sveitarfélög á Vestfjörðum komin á ágætan rekstrargrundvöll vegna sölunnar á Orkubúi Vestfjarða. Enn hefur ekkert fé verið tekið af kaupverði Orkubús Vestfjarða til að lækka skuldir í félagslega íbúðakerfinu. Ákveðin upphæð hefur verið sett inn á biðreikning á nafni viðkomandi sveitarfélags í viðurkenndri lánastofnun og sveitarfélagið nýtur vaxtanna af þeirri upphæð. Þetta fé stendur á biðreikningi þar til endurskipulagning félagslega húsnæðiskerfisins á landsvísu liggur fyrir og þá er hægt að nota hluta af því til að gera félagslega húsnæðiskerfið sjálfbært í viðkomandi sveitarfélögum. Með sjálfbæru félagslegu íbúðakerfi þá á ég við að eðlilega leiga á viðkomandi stað geti staðið undir lánum af viðkomandi íbúðum og rekstri þeirra.

[14:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig gott að sú yfirlýsing skyldi koma hér fram hjá hæstv. félmrh. Páli Péturssyni að vandinn í félagslega kerfinu skuli verða leystur á landsvísu.

Mér er hins vegar spurn hvort einhverjir sambærilegir eignasölusamningar séu í farvatninu hjá öðrum sveitarfélögum þar sem greiðslukvöð fylgir til ríkisins eins og Vestfirðingum var sett varðandi orkubúið.

Það er auðvitað ljóst að það vantar fé á fjárlögum inn í félagslega íbúðakerfið. Þann vanda sem skapast hefur í fjölmörgum sveitarfélögum, þar sem fólki hefur fækkað og notkun fallið niður á félagslegum íbúðum, verður að leysa á landsvísu. Þess vegna fagna ég því ef nú er orðið samkomulag um að sá vandi skuli leystur yfir landið allt. En þá spyr ég: Hvers vegna er þá verið að setja fé á biðreikning?

[14:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði nú talað aðeins varlegar í sporum hæstv. félmrh. hér áðan miðað við þá hraklegu frammistöðu í húsnæðismálum sem hæstv. félmrh. ber höfuðábyrgð á. Hann kemur hér ár eftir ár í ræðustól með sömu tugguna, að það eigi að skoða og athuga vanda sveitarfélaganna vegna húsnæðismála, en síðan er ekkert gert. Ár eftir ár er ekkert gert. Og loforð sem gefin voru þegar lögunum um húsnæðismál var breytt, t.d. um framlag ríkissjóðs í varasjóð viðbótarlána, eru svikin. Það er ekki einu sinni staðið við það litla sem búið var að lofa, hvað þá að nokkur skapaður hlutur sé gerður.

Það mætti segja margt um frammistöðu ríkisstjórnarinnar og samskipti við sveitarfélögin en ég hygg að enginn vafi sé á að framkoma ríkisstjórnarinnar við sveitarfélög á Vestfjörðum í þessu orkubúsmáli kóróni allt saman. Auðvitað voru sveitarfélögunum þarna settir afarkostir, þeim var stillt upp við vegg. Síðan er það auðvitað ekki Alþingis, þó að heimild fyrir sölu eða kaupum á orkubúinu hafi komið inn í lög, að forsvara framkomu og framkvæmd hæstv. ríkisstjórnar. Á því ber hæstv. ríkisstjórn ábyrgð ein og sér. Og það hefur t.d. ekki verið borið undir Alþingi hvernig sveitarfélögunum var stillt upp við vegg í þessum efnum með þessu kauptilboði, ef kauptilboð skyldi kalla, á sl. sumri.

Þessi framkoma við það sjálfstæða stjórnsýslustig í landinu sem sveitarfélögin eru, að neyta svona aflsmunar, er auðvitað ósæmandi. Tökum sem dæmi þau sveitarfélög sem er gert skylt að ráðstafa söluandvirði þessarar eignar sinnar á annan hátt en þann sem væri þeim hagstæðastur, t.d. að gera upp lausaskuldir. Þetta er niðurstaðan í málinu eins og ríkisstjórnin fer að, herra forseti, og það er fullkomlega ósæmilegt. Og það er von að hæstv. ráðherrar væli síðan undan því að þetta mál sé rætt hér á Alþingi.

[14:49]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í hvert einasta skipti sem uppi eru áform um að selja eignir ríkisins hefur hv. 5. þm. Norðurl. v. uppi mikinn söng um það hvaða óskaplegu afleiðingar það muni hafa fyrir landsbyggðina í heild.

Þegar ríkið síðan kaupir fyrirtæki, hvað gerist þá? Hv. þm. hefur uppi sama dómadagssönginn. Er það furða þó að menn spyrji: Er þetta sami hv. þm. eða hefur hv. 5. þm. Norðurl. v. kannski eignast hér tvífara? (**Gripið fram í:** Umskipting.)

Þegar þetta mál kom fyrst til umræðu í Alþingi varaði ég sérstaklega við því að menn notuðu mikið af því fé sem fengist hjá sveitarfélögunum við sölu orkubúsins til þess að greiða niður skuldir við félagslega Íbúðalánasjóðinn, einfaldlega vegna þess að þetta eru hagkvæmustu lánin og við á Vestfjörðum vildum ekki að þessum tveimur hlutum yrði ruglað saman.

Nú hefur fengist samkomulag, niðurstaða í það mál, sem felur m.a. í sér að þessar greiðslur eru lagðar inn á sérstakan biðreikning sem bera fulla vexti, langt umfram þá vexti sem sveitarfélögin eru að greiða til hins félagslega íbúðarhúsnæðis, og auðvitað er þetta viðunandi niðurstaða í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem uppi eru á Vestfjörðum. Það skiptir mjög miklu máli núna að átta sig á að þessu máli hefur þess vegna verið beint í þennan farveg. Stóra málið er auðvitað að fundin verði almenn lausn á vanda félagslega íbúðarhúsnæðisins fyrir landsbyggðina í heild, og ég hlýt að skora á hæstv. félmrh. að láta hraða þeirri vinnu svo að menn finni lausn á þessu mikla og knýjandi vandamáli.

Síðan verða menn auðvitað að hafa í huga, virðulegi forseti, að það eru að renna upp nýir tímar vegna nýrra fyrirsjáanlegra orkulaga. Í þessum orkulögum geta líka falist tækifæri fyrir fyrirtæki á borð við Orkubú Vestfjarða þar sem þekking, stjórnunarleg þekking og tæknileg, er til staðar. Og auðvitað á þetta nýja fyrirtæki, þó að það sé búið að fá nýjan eignaraðila, að gegna lykilhlutverki í þeirri uppstokkun sem á sér stað í orkufyrirtækjunum úti á landi, og hefur auðvitað mikið forskot á önnur fyrirtæki vegna þeirrar sérstöðu sem það hefur haft við það að reka heilt orkukerfi í heilum landshluta.

[14:51]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þær eru um margt spaugilegar, þessar umræður um Orkubú Vestfjarða. Hér var í ræðustól hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, mikill talsmaður einkavæðingar og andstæðingur ríkisrekstrar. Hann ásakar hins vegar annan hv. þm. sem er að vísu mikill talsmaður ríkisrekstrar um að eiga hér jafnvel tvífara. Það er þannig ekkert skrýtið þó að menn velti fyrir sér hvort umskiptingurinn sé víða á ferð. Það var afar óvenjulegt að heyra hv. þm. tala svo rösklega og kröftuglega fyrir ríkisrekstri. Að vísu, herra forseti, gat ég ekki heyrt betur en málflutningur hans ætti ákaflega vel við hér, og hann mætti beita honum oftar vegna þess að auðvitað gilda engin trúarbrögð í þessum efnum. Það verður að kanna aðstæður hverju sinni.

En, herra forseti, grunnurinn í því máli sem hér er um rætt er að sjálfsögðu vandi félagslega íbúðakerfisins. Þess vegna er það óviðunandi að hæstv. félmrh. segi enn einu sinni úr ræðustól að tekið verði á honum eða réttara sagt, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, þegar endanlega liggur fyrir um að taka á þeim vanda.

Herra forseti. Það er auðvitað óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. gefi þinginu betri skýrslu um það í seinni ræðu sinni hvenær megi vænta þess að þetta liggi fyrir. Eftir þessu er búið að bíða allt of lengi. Það er auðvitað ljóst að þennan vanda hefði helst þurft að leysa samhliða, þ.e. þann vanda sem blasir við fjárhag sveitarfélaga á Vestfjörðum og þann vanda sem blasir við sveitarfélögum um allt land vegna vanda félagslega íbúðakerfisins. Það er auðvitað óviðunandi að þessu máli sé stillt upp eins og gert er, þ.e. að öðrum aðilanum í þessum viðskiptum er algjörlega stillt upp við vegg og sagt fyrir um hvernig viðskiptin eigi að fara fram.

Auðvitað eiga sveitarfélögin að ákveða sjálf hvernig þau ráðstafa þeim söluhagnaði sem þau fá af eignum sínum.

[14:53]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Eftir að Orkubúi Vestfjarða var breytt í hlutafélag í samráði við sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa staðið yfir samningaviðræður um kaup ríkisins á þessu fyrirtæki á verði sem ríkið hefur boðið og er sveitarfélögunum afar hagstætt, eins og fram hefur komið. Þessar samningaviðræður hafa staðið yfir og það er von til að þeim ljúki með góðu samkomulagi. Með því munu sveitarfélögin fá möguleika á að nýta til annars þessa fjármuni sem þau fá út úr sölunni, m.a. að styrkja fjárhag þeirra til hagsbóta til framtíðar.

Herra forseti. Það er rangt að tala um að ríkið sé að yfirtaka Orkubú Vestfjarða eins og frummælandi þessarar umræðu kýs að gera um leið og hann og aðrir hv. stjórnarandstæðingar leggja sig sérstaklega fram um að gera þetta mál tortryggilegt í hugum Vestfirðinga, heldur er hér um að ræða kaup ríkisins á þessu fyrirtæki sem byggjast á samningum við sveitarfélögin.

Það er ljóst að starfsemi orkubúsins hefur gengið vel undanfarin ár og rekstur þess hefur að mörgu leyti verið til fyrirmyndar. En við þær breytingar sem nú eru að verða á eignarhaldinu á þessu fyrirtæki er eðlilegt að sveitarstjórnarmenn og aðrir heimamenn á Vestfjörðum velti fyrir sér hvort breytingar muni verða á starfsemi fyrirtækisins, mannahaldi og yfirstjórn þess. Um það er nokkur óvissa í hugum manna. Það er því full ástæða til að hvetja til að slíkri óvissu verði eytt af hálfu ríkisins með yfirlýstum áformum um að ekki verði dregið úr umsvifum og starfsemi fyrirtækisins á svæðinu. Við þessar breytingar og við væntanlegar breytingar á raforkulögum opnast ýmsir möguleikar á að auka og efla starfsemina á Vestfjörðum og er ástæða til að hvetja til að slíkir möguleikar verði hagnýttir.

Herra forseti. Hér er um að ræða mikið byggðamál og eitt af grundvallarhagsmunamálum Vestfirðinga. Orkubú Vestfjarða er þeim hugleikið og það hefur veitt góða þjónustu og skapað mörg störf á svæðinu. Ég lít á það sem skyldu ríkisvaldsins sem væntanlegs eiganda fyrirtækisins að sjá til þess að hagsmunir íbúa sveitarfélaganna á Vestfjörðum verði tryggðir til framtíðar. Ég hef í raun enga ástæðu til að ætla að áform séu um annað.

[14:56]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Öndvert við hv. framsögumann er ég óánægður með þennan samning af annarri ástæðu. Verðið er allt of hátt. Ég hef séð verðmat á þessu fyrirtæki sem er miklu lægra, 1/4 af þessu verði. Ríkið er að borga 2.000 milljónum of mikið fyrir þetta fyrirtæki. Það eru sjö þúsund krónur á hvern einasta Íslending. Það eru 200 þús. kr. á hvern einasta Vestfirðing.

Ég hef miklar áhyggjur af þessu fyrir hönd skattgreiðenda, herra forseti, fyrir svo utan að þetta er ríkisvæðing á meðan menn eru að reyna að einkavæða. Þetta er ríkisvæðing á of háu verði, herra forseti.

Við erum að leysa vanda sveitarfélaganna, eins og hér hefur komið fram, vegna félagslegra íbúða, vegna kaupskyldu sveitarfélaganna. Sum sveitarfélög byggðu félagslegar íbúðir glannalega vegna þrýstings frá páv. hæstv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, sem vildi koma á félagslegum íbúðum úti um allt. Og sum þeirra gerðu það til að örva atvinnu í viðkomandi sveitarfélagi. Önnur voru ekki svo glannaleg og þau standa vel í dag. Síðan kemur til mikil fækkun íbúa sem menn geta að sjálfsögðu ekki gert við.

Þetta er ástæða vandans og þess vegna eru menn að leysa hann með þessum hætti. Ég er ekki ánægður með svona sértækar lausnir, sérstaklega ekki þegar verið er að eyða miklu fé frá skattgreiðendum. Ég skora á hæstv. núv. félmrh. að flýta vinnu við að finna altæka lausn sem tekur á vanda sveitarfélaga um allt land, ekki bara á Vestfjörðum, því að vandinn er ekki síðri á Austfjörðum og á Norðausturlandi.

[14:58]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og skil ósköp vel, þótt ég kunni ekki að meta það, hversu hvumpnir ráðherrar, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., eru gagnvart því að ræða þetta mál en þeir eiga sjálfsagt þar hlut og sök að máli.

Þarna hefur ríkisvaldið gengið fram gagnvart Vestfirðingum af miklum hroka, að mínu mati. Hvernig er t.d. hægt að verja það að ganga að sveitarfélagi og krefja það um að greiða niður skuldir sem eru í fullum skilum, skuldir sem bera lága vexti og er hagkvæmt fyrir sveitarfélagið að hafa og geta nýtt peningana til annarra hluta? Skuldirnar eru í fullum skilum en samt er hægt að setja fram kröfu um að söluandvirði orkubúsins renni til þess að greiða þær skuldir niður, skuldir sem eru í fullum skilum. Hvers konar framkoma er þetta, herra forseti? Það er von að hæstv. ráðherrar kveinki sér undan að ræða og þurfa að standa skil á svona vinnubrögðum.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. minntist ekki á hvar vinna þeirrar nefndar stendur sem hæstv. ráðherra skipaði til að gera tillögur um og endurskoða aðgerðir á landsvísu í félagslega íbúðakerfinu og hvernig staðið verði að því að hrinda þeim málum í framkvæmd. Hann minntist ekki á það enda er frekar lítið að gerast þar, að ég best veit.

Herra forseti. Ég mun koma hingað aftur og aftur til að benda á það sem misgert er gagnvart íbúum hinna dreifðu byggða og berjast fyrir rétti þeirra hér inni í sölum Alþingis. Ég mun koma aftur og aftur, herra forseti, í ræðustól til þess að gera það.

[15:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég veit að þingheimur býður þingmanninn velkominn í þessum erindum hvenær sem hann vill taka til máls. En kjarni þessarar umræðu, kjarni málsins í sambandi við Orkubú Vestfjarða er að að frumkvæði sveitarfélaganna var farið í ákveðna aðgerð til þess að hjálpa þeim til að leysa fjárhagsvanda sinn. Niðurstaðan er núna í sjónmáli og það var ákveðið að tengja þetta mál ákveðinni niðurstöðu varðandi félagslega íbúðakerfið og það er ekkert launungarmál að verðið sem boðið er fyrir eignina tekur mið af því. Það liggur alveg fyrir. Þess vegna má, eins og Pétur Blöndal hefur gert, gagnrýna okkur sem berum ábyrgð á þessari ráðstöfun fyrir hönd framkvæmdarvaldsins fyrir að hafa verið of rausnarlegir. Það má gagnrýna það.

Kjarninn er samt sem áður sá að eftir þessa aðgerð standa sveitarfélögin betur að vígi. Þau verða búin að koma sér betur fyrir gagnvart lánardrottnum sínum, lausafjárstaða þeirra verður betri og auðvitað fer ekki Orkubú Vestfjarða

frá Vestfjörðum. Menn tala hérna stundum eins og allt rafmagn á Vestfjörðum muni hverfa við þessa ráðstöfun, við það að eignarhaldið á fyrirtækinu breytist. Þetta er auðvitað fáránlegur málflutningur.

Niðurstaðan er sú að sveitarfélögin munu standa betur að vígi. Ríkisvaldið situr að vísu uppi með þessa eign, sem er vonandi arðbær til framtíðar, og getur með einhverjum hætti hugsanlega samnýtt hana með öðrum rekstri sem það stendur fyrir á raforkusviðinu þannig að vonandi hafa allir einhvern hag af þessum viðskiptum eins og ævinlega á að vera þegar um slík viðskipti er að ræða.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur ítrekað vakið máls á þessu. Hann hefur aldrei, að mínu mati, getað flutt sannfærandi rök fyrir því að það hefði verið einhver önnur leið fær til að leysa þann vanda sem hér er á ferðinni og nú er vonandi verið að klára.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 49. mál. — Þskj. 49.

[15:02]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa stuðningi við meginefni þessarar tillögu um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Vestnorrænu þjóðirnar eru okkar bestu vinaþjóðir. Þetta eru nágrannar okkar og vinir, þjóðir sem við eigum margt sameiginlegt með. Ég hef að vísu talið og tel að við höfum haft ákaflega gott samstarf við þessar þjóðir, en auðvitað má alltaf gera gott betur. Ég veit að flutningsmaður, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, þekkir vel til þessara mála því að ef ég man rétt hefur hann sinnt samstarfi við þessar þjóðir fyrir hönd Alþingis í mörg ár ásamt fleiri hv. alþingismönnum. Hann leggur hér til að hugað verði að auknum framlögum á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála og samgöngu- og ferðamála. Mér finnst sjálfsagt að skoða þessar ábendingar með jákvæðum huga.

Það er líka lögð hér áhersla á að efla tengsl við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu á Norðvestur-Atlantssvæðinu í huga. Auðvitað eru þetta frændþjóðir okkar líka. Ef Íslendingar á geta annað borð talað um nágranna þá eru þetta nágrannaþjóðir okkar og frændþjóðir og er sjálfsagt að huga að samstarfinu við þær á þessu sviði.

Lögð er hér áhersla á að rannsaka og rita um sérstök tengsl Íslands og Færeyja, menningarlegan skyldleika, samstarf á sviði atvinnumála og samstöðu og skyldleika þjóðanna almennt. Mér finnst það góð ábending líka vegna þess að Færeyingar eru kannski allra þjóða skyldastir okkur. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að Færeyingar séu mesta og besta vinaþjóð okkar, þjóð sem við eigum mikla samleið með og þjóð sem alltaf stendur með okkur og vonandi við með þeim. Mér finnst þetta því hin besta ábending.

Svo er það 6. liðurinn, að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum sem ég vil fara örfáum orðum um. Að vísu tel ég að við ræktum þessi tengsl býsna vel. En mér finnst sjálfsagt í tillögu sem þessari að skerpa á því að þessi tengsl séu ræktuð. Þau skipta afskaplega miklu máli. Ástæða þess að ég stóð upp er kannski að mig langar að rifja aðeins upp að ég átti þess kost fyrir rúmu ári að heimsækja Íslendingaslóðir í Kanada og kynnast þessum tengslum. Það var satt að segja ógleymanleg ferð. Það var mikil upplifun að kynnast þessu fólki og finna hve gífurlega sterkar taugar það hefur til Íslands, ekki bara gamla fólkið sem er komið á grafarbakkann heldur önnur kynslóðin og þriðja kynslóðin. Allir vildu spjalla um Ísland, fá fréttir, spyrja um einstaklinga og ættingja, spyrja um atvinnumál, menntun, menningu o.fl. Áhuginn á Íslandi er þarna alveg ótrúlegur og taugarnar til okkar.

Þá var líka ógleymanlegt að keyra þarna um sveitirnar, keyra í gegnum stóra sveit þar sem hvert stórbýlið tók við af öðru og sjá 60 eða 70 bæjarnöfn sem öll voru íslensk. Það var skrýtið að keyra um slétturnar í Kanada og sjá nafnið Arnheiðarstaðir sem er kannski íslenskara en margt annað. Það var líka skrýtið að sjá ána Öxará renna þarna eftir dalnum. En þetta sýnir tengslin og sterka þörf þessa fólks til að halda tengslunum við Ísland.

Það var líka ógleymanlegt að hitta þarna í sveitunum og reyndar í þorpunum líka fólk allt upp í á níræðisaldri sem aldrei hafði komið til Íslands en talaði íslensku eins og það hefði búið á Íslandi alla tíð og hafði ótrúlegan áhuga á því sem hér var að gerast.

Þetta eru hugleiðingar eftir þessa ógleymanlegu heimsókn. Ég hef ferðast víða um heiminn, en fullyrði að þetta er eftirminnilegasta utanlandsferð sem ég hef farið. Þetta á kannski ekki heima í umræðu um þetta dagskrármál. Og þó, þetta finnst mér aðeins renna stoðum undir að það er gott að minna á það í tillögu sem þessari að þessi tengsl verði ræktuð sem mest og best. Ég held að við eigum að leggja áherslu á það.

Ég held reyndar að við höfum ræktað þessi tengsl betur en stundum áður og verið að auka þau á undanförnum árum. Einmitt þegar ég var staddur þarna í fyrra og tók þátt í ýmsum samkomum og uppákomum var m.a. verið að opna mjög glæsilegt hús þar sem eru annars vegar íbúðir fyrir aldraða Vestur-Íslendinga og hins vegar alls konar menningarstarfsemi sem tengist Íslandi og Vestur-Íslendingum. Þettar er stórglæsileg bygging sem að stærstum hluta hefur verið fjármögnuð af löndum okkar úti. Við þessa opnun var einmitt afhent mjög myndarleg gjöf frá íslenska ríkinu sem þeim Vestur-Íslendingum þótti afskaplega vænt um.

Ég tel líka að við höfum ræktað þessi tengsl betur með því að setja þarna sendiherra fyrir nokkrum árum sem að vísu hafði nafnbótina ræðismaður. Svavar Gestsson hafði verið þarna í líklega tvö ár þegar ég kom þarna og það var gaman að heyra hvað fólkið þarna var ánægt með að við skyldum vera með þennan fulltrúa þarna. Svavar og kona hans, Guðrún Ágústsdóttir, höfðu sinnt þessu starfi af feiknalegum dugnaði og krafti og fólkið þarna var afskaplega sátt við þeirra vinnu og ánægt með hvað þau höfðu lagt mikið á sig til að efla þarna félagslíf og tengsl Íslendinganna. Vestur-Íslendingarnir lögðu mikla áherslu á það — þá stóð fyrir dyrum að Ísland opnaði sendiráð í Kanada í fyrsta sinn — að þessi starfsemi yrði ekki lögð niður. Því var það að þegar sendiráðið var opnað í Ottawa um þetta leyti árs í fyrra, held ég, og Svavar var gerður að sendiherra í Svíþjóð, að Ísland sendi aftur fyrrv. þingmann og ráðherra, Eið Guðnason, og ég er viss um að hann og hans kona munu standa að þessu starfi með sama krafti og dugnaði og forverar þeirra.

Þetta vildi ég aðeins nefna við þessa umræðu. Ég tek enn

og aftur undir þessa tillögu og vona að hún fái greiða leið í gegnum þingið.

[15:09]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir þessa ágætu þáltill. Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að taka þátt í vestnorrænu samstarfi. Það gerði ég á síðasta kjörtímabili og hafði af því mikla ánægju.

Það er alveg hárrétt sem fram hefur komið að Færeyingar eru sú þjóð sem er næst okkur og sannkölluð vinaþjóð. Það kom vel í ljós eftir hin hræðilegu snjóflóð á Vestfjörðum fyrir nokkrum árum því Færeyingar voru einmitt fyrstir til að rétta okkur hjálparhönd. Þeir áttu þó í miklum þrengingum á þeim tíma en sýndu það í verki að þeir eru okkur mikil vinaþjóð.

Ég tek þátt í norrænu samstarfi í Norðurlandaráði og við sem erum í miðjuhópi í Norðurlandaráði höfum lagt fram þar tillögu sem heitir „Ett handslag till Väst-Norden" eða handtak til Vestur-Norðurlanda vegna þess að við höfum mikinn áhuga á því að vestnorrænt samstarf verði í hávegum haft í Norðurlandaráði. Sumum hefur þótt í það mesta talað um Eystrasaltsríkin á síðustu árum og menn hafa sumir haldið því fram að Vestur-Norðurlönd hafi örlítið gleymst í umræðunni. Ég held að það sé reyndar alls ekki rétt, heldur er um að gera að skerpa á þessum línum því að vestnorræna samstarfið skiptir okkur miklu máli.

Í þessari tillögu er rætt m.a. um sagnaritun og það er sjálfsagt mál að rita þessa merku sögu. Það er talað um atvinnumálin og þar eigum við margt sameiginlegt varðandi fiskveiðar og ferðaþjónustu og það er hárrétt sem kom fram hjá flutningsmanni að það er afar slæmt að ekki skuli vera lengur beint flug frá Íslandi til Grænlands. Íslendingurinn Helgi Jónasson hefur byggt upp myndarlega ferðaþjónustu í Narsaq á Grænlandi. Hann og fjölskylda hans finna mjög fyrir því að eftir að þetta beina flug lagðist niður er erfiðara og auðvitað mun dýrara fyrir Íslendinga að heimsækja Grænland sem er merkilegt land, fallegt og margt er að sjá þar. Á sama hátt og margt sameiginlegt með Færeyingum þá eigum við líka margt sameiginlegt með Grænlandi. Þar skipta auðvitað fiskveiðarnar miklu máli og umhverfismálin.

Það kom einnig fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. að við eigum enn óloknu ákveðnu verkefni sem nauðsynlegt er að ljúka, þ.e. að ná heim því merka skipi Íslendingi sem skipasmiðurinn Gunnar Marel Eggertsson úr Vestmannaeyjum byggði og sigldi með áhöfn sinni um heimsins höf. Það skip er í New York sem stendur. Það er í raun og veru skylda íslenskra stjórnvalda að koma því skipi heilu í höfn heima á Íslandi.

Það er oft sagt að við séum stóri bróðir í hinu vestnorræna samstarfi og litli bróðir í hinu norræna samstarfi. Hvort það er rétt veit ég ekki. En ég má til með í lok þessarar stuttu ræðu minnar að segja frá því að ég var fyrir nokkrum árum í Kirkjubæ í Færeyjum. Þar hitti ég ákaflega skemmtilegan mann sem Sverrir heitir. Ég var að myndast við að reyna að tala dönsku og hann heyrði auðvitað fljótt á mæli mínu að hér var um Íslending að ræða þannig að hann ávarpaði mig fljótt á íslensku. Hann sagði mér til marks um hve skyldar þjóðirnar væru sögu um það þegar hann í gamla daga var að læra skipasmíðar á Akranesi og gaf blóð gamalli íslenskri konu. Þegar blóðið úr Sverri fór að streyma um æðar þessarar gömlu ágætu konu talaði hún eftir það alltaf færeysku á sunnudögum. Hvort þetta er rétt veit ég ekki. En sagan er góð og er kannski táknræn fyrir vináttu þessara þjóða.

Umræðu frestað.

Fjáraukalög 2001, 1. umr.

Frv. JB o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

[15:15]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga. Það flytja auk mín hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

1. gr. frv. er svohljóðandi:

„Við 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 bætist: 8.23 Að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina."

2. gr. hljóðar upp á að lög þessi öðlist þegar gildi.

Rækilega hefur verið fjallað um í umræðum á þingi, herra forseti, hina erfiðu fjárhagsstöðu nokkurra sveitarfélaga á landinu sem er að hluta til komin vegna skulda við félagslega íbúðakerfið.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Vandi sveitarfélaganna á landinu er síst minni nú en hann hefur verið undanfarin ár og því er talið sjálfsagt að leggja frumvarpið fram aftur. Með samþykkt þess fengist hæfilega rúm fjárheimild til þess að hefja aðgerðir nú þegar, þannig að þau sveitarfélög sem erfiðast eiga gætu þar fengið rýmri hag.

Fjárhagserfiðleikar sveitarfélaganna eru ekki síst til komnir vegna skuldbindinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Félagsíbúðirnar voru liður í opinberri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Ríkisvaldið, sveitarfélög, lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins sameinuðust um að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd víða um land. Það var Alþingi sem setti lögin og ákvað einhliða hvar ábyrgðin ætti að liggja. Og Alþingi ákvað að fela sveitarfélögunum fjárhagslega bakábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu. Meðal annars var lögð á þau innlausnarskylda á félagslegum eignaríbúðum.

Nú er fjárhagsvandi nokkurra sveitarfélaga orðinn svo mikill að þau eiga í verulegum örðugleikum með að standa við skuldbindingar sínar og jafnframt veita íbúunum lögboðna þjónustu. Þetta ástand er ekki síst að kenna skuldum þeirra við félagslega íbúðakerfið. Auk þess hafa mörg þeirra orðið fyrir miklum tekjumissi vegna brottflutnings íbúanna.

Í umræðum á síðasta þingi um hlutafélagavæðingu og yfirtöku ríkisins á Orkubúi Vestfjarða kom fram að félagsmálaráðherra hefði skipað nefnd til að móta tillögur um hvernig ætti að leysa fjárþörf félagslega íbúðakerfisins á landsvísu með heildstæðum aðgerðum. Nefnd þessi mun hafa skilað minnisblaði til ráðherra síðastliðið vor, en ekki verður séð að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar í framhaldi af því. Því væri afar fróðlegt, herra forseti, ef hæstv. félmrh., sem er viðstaddur umræðuna, gæti gert grein fyrir störfum nefndarinnar og tillögum og hvenær þess er að vænta að hún ljúki störfum þannig að hægt sé að taka á málinu á landsvísu eins og boðað var í umræðunum fyrr í dag.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja afar brýnt að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaga vegna félagslega íbúðakerfisins

heildstætt og á landsvísu og eru ósammála því að einstök sveitarfélög séu þvinguð til að selja eignir sínar til að standa skil á skuldbindingum sem þjóðin öll ber sameiginlega ábyrgð á. Má í því sambandi benda á umræðuna hér áðan, þ.e. hvernig farið er að Vestfirðingum þegar þeim er gert að selja orkubú sitt og láta eignarhlutina ganga upp í skuldbindingar við opinbera sjóði eins og Íbúðalánasjóð. Flutningsmenn telja brýnt að leysa með almennum hætti vanda þeirra sveitarfélaga sem nú eiga í fjárhagsörðugleikum vegna skuldbindinga sem þeim var gert að taka á sig í tengslum við félagslega íbúðakerfið.

Herra forseti. Ég tel þetta eitt brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar, sveitarfélaga um land allt sem í góðri trú við mikinn uppgang og bjartar væntingar byggðu upp húsnæði fyrir íbúa sína eins og þeim er reyndar skylt að gera lögum samkvæmt. Öllum sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að í sveitarfélaginu sé til nægilegt húsnæði fyrir íbúana. Þetta hafa þau gert og í ljósi þeirrar hvatningar sem fólst í þessu kerfi. Við uppbyggingu atvinnulífsins á landsbyggðinni vildu sveitarfélögin ekki láta á sér standa eða verða völd að því að hefta uppbyggingu og eflingu byggðarlagsins.

Því miður hefur þetta víða farið á annan veg. Síðustu árin hafa mörg byggðarlög átt við vanda að stríða. Atvinnutækifæri hafa verið flutt burt og ýmis önnur atvik leitt til þess að byggð hefur skroppið saman og tekjur sveitarfélaganna minnkað. Það má vissulega benda á að þetta sé afleiðing byggðastefnunnar og þeirrar almennu atvinnustefnu og stefnu stjórnvalda í landsmálum sem þarna kemur til. En það þýðir ekki að vera að skella skuldinni á það eitt sér. Þau sveitarfélög sem núna eiga hvað erfiðast verða litlu bættari þó það sé rætt hér fram og aftur. Þau þurfa á aðgerðum að halda þegar í stað til að vera ekki eins og hengd í snöru án þess að geta björg sér veitt. Þarna er ekki um mörg sveitarfélög að ræða, en þau eru þó nokkur sem svona er ástatt um.

Það var sameiginleg ákvörðun á sínum tíma, með lögum á Alþingi, hvernig staðið skyldi að uppbyggingu á félagslega íbúðakerfinu og ábyrgðin var með lögum frá Alþingi sett á sveitarfélögin. Að mínu mati ber Alþingi ábyrgð á að leysa úr því þegar ekki hefur farið eins og vænst var þegar þessi lög voru sett.

Herra forseti. Þetta er afar brýnt mál. Ég legg þunga áherslu á að það nái fram að ganga í haust og í framhaldi af því geta þá væntanlega komið góðar tillögur frá þeirri nefnd sem hæstv. félmrh. hefur skipað til að gera tillögur um lausn málsins á landsvísu. Þá vona ég að myndarlega verði tekið á af hálfu stjórnvalda til að veita fjármagn og fylgja þeim tillögum eftir sem vonandi munu styrkja sveitarfélögin öll á landsvísu. Það má ekki verða þannig að gengið verði á sveitarfélag eftir sveitarfélag og reynt að finna út hvaða eignir þeirra sé hægt að taka upp í skuldir þess, annaðhvort upp í hreinar skuldir eða sem tryggingar fyrir greiðslu skulda.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þetta frv. legg ég til að því verði vísað til hv. fjárln.

[15:23]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja einnar spurningar í framhaldi af framsögu hv. þm. þar sem gert er ráð fyrir útgjöldum ríkissjóðs upp á 1 milljarð: Eru uppi tillögur um hvernig eigi að fjármagna þessi útgjöld?

[15:23]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er frv. til fjáraukalaga sem koma til umræðu á næstu dögum. Ég tel að þetta sé eitt af brýnustu verkefnum ríkisvaldsins. Að mínu mati er það reyndar ein af skuldbindingum ríkisvaldsins og Alþingis að leysa úr þessu máli. Það var Alþingi sem setti þessi lög á sínum tíma, lagði einhliða þessar kvaðir og skyldur á sveitarfélögin. Nú er ljóst að þarna stefnir í óefni og á sumum svæðum er þetta mál ein alvarlegasta ógnunin við byggð, búsetu og þjónustu við íbúana. Alþingi ber að leysa þar úr og þá upphæð sem hér er gert ráð fyrir ætti ríkið að geta reitt fram. Vissulega mætti leita að einhverju öðru sem fresta mætti á móti. En ríkinu ber að standa við þessar skyldur sínar að mínu mati.

[15:25]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eiga orðræðu við hv. þm. um eðli málsins í sjálfu sér. Mér finnst persónulega að þegar fram koma tillögur um útgjöld, ég tala ekki um af þessari stærðargráðu, hljóti mönnum að bera skylda til að gera tilraun til að setja fram tillögu um hvernig eigi að fjármagna útgjöldin.

Hv. þm. Vinstri grænna hafa verið duglegir að koma með útgjaldatillögur en minna hefur farið fyrir tillögum um hvernig eigi að fjármagna útgjöldin. Ég ítreka spurningu mína: Liggja fyrir einhverjar hugmyndir um það, þó það séu ekki beinar tillögur, hvernig hv. þm. Vinstri grænna hyggjast fjármagna þetta í fjáraukalögum?

[15:26]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson gæti svo sem velt fyrir sér frammistöðu síns eigin flokks í byggðamálum, eftir að þeir tóku við byggðamálaráðuneytinu, og frammistöðu þess sem sá um byggðamálin þar áður, hæstv. forsrh.

Ég hygg að sé grannt skoðað þá hafi ýmislegt þar farið á annan veg en gert var ráð fyrir í byggðaáætlun og tillögum stjórnarinnar. Ætli þar hvíli ekki nokkur skuld á ríkissjóði, ríkisvaldinu og Alþingi að standa skil á.

Ég minni líka á, herra forseti, að það er Alþingi sem fjallar um þetta mál. Ég minni á þær breytingar sem rætt hefur verið um að gera á fjáraukalögum, ég man ekki hvort það eru 3, 4 eða 5 milljarðar sem þegar er gert ráð fyrir á fjáraukalögum. Sumt finnst mér þar lítið skynsamlegt og annað alveg fráleitt. Ég hygg, án þess að ég ætli að gera það að umtalsefni eða telja upp einstaka liði sem ætti að fella út, enda skiptir það ekki höfuðmáli, að þar séu liðir sem mun minni þörf sé fyrir, sem ríkisstjórnin fer fram á í fjáraukalögum og nú liggja fyrir þinginu, en að standa við skuldbindingar ríkisins gagnvart sveitarfélögunum og létta þar undir.

[15:27]

Útbýting þingskjala:

Jöfnun námskostnaðar, 290. mál, fsp. DSn, þskj. 353.

Málefni aldraðra, 162. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 350.

Niðurstaða 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 287. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 349.

Veiðieftirlitsgjald, 288. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 351.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 289. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 352.

[15:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér sýnist mér ekki vandað til verka. Sett er fram krafa um 1 milljarð, þ.e. 1.000 millj., í algerlega óskilgreint verkefni. Þetta er náttúrlega ekkert nema sýndarmennska. Hv. flm. dettur ekki í hug að það verði tekið undir þetta í fjárln. eða á Alþingi. En hann lætur sig hafa það að flytja þetta mál enn og aftur.

Hann spurði hvað gert væri til að leysa vanda sveitarfélaga út af félagslegu íbúðunum. Það er rétt að ég fari aðeins yfir það, enda hafa í dag verið settar fram fáránlegar fullyrðingar um að ekkert sé að gert.

Í fyrsta lagi var við lagabreytingu, með lögum nr. 44/1998, ákveðið að innlausnarskylda sveitarfélaga á félagslegum íbúðum skyldi afnumin, þ.e. á nýjum íbúðum sem byggðar væru með félagslegri aðstoð. Þetta var kerfisbreyting sem létti þessum bagga af sveitarfélögunum. Að vísu er ekki hægt að afnema trygginguna hjá fólkinu sem keypti þessar íbúðir. Sú trygging var í þeirra höndum og það var ekki hægt að eyðileggja hana, réttinn til þess að skila íbúðunum til sveitarfélagsins. Það var ekki hægt að klippa á og hverfa algerlega frá innlausnarskyldu á þegar byggðum íbúðum.

Síðan hefur verið tekin ákvörðun um að í staðinn fyrir að sveitarfélögin fengju lán til leiguíbúða, ef sveitarfélögin vildu breyta þessum íbúðum í leiguíbúðir, þá þurfi þau að taka nýtt lán, borga upp fyrra lánið og taka nýtt. Það hefur verið tekin ákvörðun um að gamla lánið lifi út sinn lánstíma, þ.e. að sveitarfélögin hafi þessar íbúðir á 1% vöxtum, lánin þeirra eru á 1% vöxtum, eða 2,4% vöxtum. Þessi lán fá að standa út áður umsaminn lánstíma. Síðan á sveitarfélagið kost á því að bæta við lánið þannig að heildarlánstími með nýju láni verði 50 ár frá því að sveitarfélagið tekur við íbúðinni.

Nefnd skilaði áfangaskýrslu í sumar um vanda sveitarfélaganna, og það standa yfir viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um frekara framhald málsins. En hugmyndir þessarar nefndar voru í stuttu máli að stofna eignarhaldsfélög í þeim sveitarfélögum sem þess óskuðu, nokkuð í stíl við Félagsbústaði hf. í Reykjavík. Þetta eignarhaldsfélag ætti og ræki þessar félagslegu leiguíbúðir. Sveitarfélögin legðu íbúðirnar inn í þetta félag sem þau reyndar eiga eða kæmu til með að eiga. Síðan þyrfti að færa verð eitthvað niður, a.m.k. á sumum stöðum, til að eðlileg leiga í viðkomandi sveitarfélagi stæði undir lánum og rekstri íbúðanna. Sem betur fer sjá menn, ef þeir fletta árbók sveitarfélaga sem gerir félagslega kerfið upp í öllum sveitarfélögum með mjög glöggum hætti, að það eru tiltölulega fá sveitarfélög sem bera verulegar byrðar út af þessu félagslega kerfi en þau eru nokkur og þar eru lausir endar. Spurningin er hvort sveitarfélögin vilji leggja fram peninga til þess að gera kerfið sjálfbært. Ég tel að það væri mjög heppilegt að kerfið væri sjálfbært. Það getur líka verið eðlilegt að sveitarfélagið beri einhverjar byrðar af þessu félagslega kerfi ef mönnum sýnist svo, eigi sveitarfélagið ekki margar íbúðir og þyki óþarflega umsvifamikið að fara að stofna eignarhaldsfélag. Það getur verið að það telji eðlilegra að bera einhvern halla af þessu, upp á einhverjar milljónir árlega.

Þá er óleystur vandi þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa íbúa í þessar íbúðir, þar sem eru auðar íbúðir. Það er til varasjóður viðbótarlána sem hefur ákveðnu félagslegu hlutverki að gegna samkvæmt lögum um húsnæðismál. Ég tel að endurskipuleggja þurfi þennan varasjóð og hef sett í gang vinnu við að athuga hvernig það gæti komið best út þannig að varasjóðurinn gæti líka komið til móts við þau sveitarfélög sem ekki hafa leigutekjur af íbúðum sínum, þ.e. styrkja þau með einhverjum hætti til þess að standa undir vöxtunum. Þau sveitarfélög eru náttúrlega fyrst og fremst í vanda sem eru með auðar íbúðir.

Það er rétt að halda því til haga í allri þessari umræðu að engin félagsleg íbúð hefur verið byggð eða keypt nema samkvæmt ósk viðkomandi sveitarfélags. Ríkið knúði ekki sveitarfélögin til að byggja þessar íbúðir. Það er rangt sem kom fram hjá einum ræðumanni í umræðum fyrr í dag að fyrirrennari minn í embætti, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hafi knúið sveitarfélögin til að byggja eða kaupa leiguíbúðir. Ég held að ekki sé sanngjarnt að segja það. Hv. þm. opnaði þann möguleika þegar hún var ráðherra að aukin fyrirgreiðsla fengist fyrir félagslegar íbúðir og útvegaði heimildir til þess að þær væru byggðar en þær voru allar byggðar samkvæmt ósk viðkomandi sveitarfélags eða forráðamanna viðkomandi sveitarfélags. Það liggur alveg ljóst fyrir og það er ekki hægt að fría sveitarfélögin allri ábyrgð á því hvernig komið er. Það eru auðvitað óviðráðanlegar ástæður eins og t.d. fólksfækkun, flutningar á fólki innan lands, þar sem húsnæðismarkaðurinn hrynur vegna þess að það er ekki eftirspurn og þvíumlík ófyrirséð tilvik. En það er náttúrlega mjög glannalegt þegar kannski yfir 20% íbúðarhúsnæðis í viðkomandi sveitarfélagi eru orðin félagsleg.

[15:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessu frv. ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Árna Steinari Jóhannssyni. Við sem erum flutningsmenn að þessu frv. teljum brýnt að leysa með almennum hætti vanda þeirra sveitarfélaga sem nú eiga í fjárhagserfiðleikum vegna skuldbindinga sem þau hafa tekið á sig vegna félagslega íbúðakerfisins. Það er alveg rétt að félagslegu íbúðirnar voru liður í opinberri stefnu stjórnvalda í mörg ár, og sveitarfélög og lífeyrissjóðir, eins og kemur fram í greinargerð, og aðilar vinnumarkaðarins ekki síst yttu mjög á að félagslegar íbúðir væru byggðar. Það var gert víða um land enda voru menn að gera það á uppsveiflutímum á landsbyggðinni. Það var eftirspurn eftir húsnæðinu og ég hygg að í mjög fáum tilfellum, ef nokkrum, geti menn bent á að menn hafi verið að byggja íbúðir sem síðan stóðu auðar eftir að þær voru byggðar. Það hygg ég að sé ekki. Ég held að þörfin hafi verið til staðar þegar þær voru byggðar og það hafi verið ástæða til að hrinda þessum byggingum af stað úti um land þegar svo áraði.

Það var hins vegar hér á hinu háa Alþingi sem tekin var ákvörðun um að fjárhagsleg ábyrgð, bakábyrgð, skyldi falla á sveitarfélögin af þessum skuldbindingum í félagslega íbúðakerfinu, sem og innlausnarskylda á íbúðunum í félagslega kerfinu. Vandinn var settur til sveitarfélaganna og þau hafa vissulega þurft að sitja uppi með hann óleystan. Þess vegna er þessi tillaga flutt um að 1 milljarður kr. verði settur í að taka á þessu máli heildstætt á landsvísu. Það er ekkert launungarmál að á Vestfjörðum voru afar skiptar skoðanir um þær aðferðir sem Vestfirðingar voru beittir varðandi sölu á Orkubúi Vestfjarða, og m.a. hefur verið rætt fyrr í dag, svo að ekki sé meira sagt, og ég hygg að meiri hluti íbúanna hafi verið þessu andvígur hvað sem má segja um sveitarstjórnir sem voru komnar í fjárhagslega kreppu og mikla erfiðleika.

Það má auðvitað spyrja að því hvort félmrn. hafi ekki samkvæmt landslögum borið að grípa þar inn í samkvæmt

fjárreiðuákvæðum laga um sveitarfélög frekar en að setja menn í þá stöðu að þeir skyldu selja eignir og laga stöðu sína þannig. En stefnan virðist vera að láta sveitarfélög selja eignir ef það er mögulegt og taka málið þannig skref fyrir skref vítt og breitt um landið, að það eigi að dragast von úr viti að taka á þessu máli með heildstæðum hætti sem hér er lagt til að verði markaðir fjármunir í fjárlögum.

Það er auðvitað misjafnt hvernig menn líta á hvernig fjármunum ríkisins skuli varið. Einn hv. þm. spurði áðan hvort menn hefðu engar hugmyndir um hvar mætti ná í tekjur á móti þessum kostnaði. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa auðvitað allt aðra sýn á það hvernig tekjuöflun ríkisins eigi að vera og til hvaða hluta henni verði varið en flokkarnir sem eru í stjórnarandstöðu á hinu háa Alþingi. Ég er alveg hissa á því að þessarar spurningar skyldi hafa verið spurt áðan, um hvar menn ætli að finna tekjur, í ljósi þess að fyrr í dag var dreift svari á borð alþingismanna við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún spyr í þessari fyrirspurn: Hvernig hefur tekjuskattshlutfall félaga breyst hér á landi samanborið við önnur ríki OECD á síðasta áratug? Það er afar fróðlegt að fletta þessu skjali og sjá í reynd hvaða stefna ríkir í skattamálum hér á landi sem, að því er ég fæ best séð, er verulega öðruvísi en í nokkrum öðrum löndum í kringum okkur. Þá verður fyrst fyrir sú nýboðaða stefna ríkisstjórnarinnar að lækka tekjuskatt fyrirtækja í 18%.

Ef litið er á svarið við fyrirspurninni kemur í ljós að við erum núna með 30% tekjuskatt fyrirtækja en ætlum að fara niður í 18%. Og hvað skeður þá? Þá er Ísland með lægstu tekjuskattsinnheimtu fyrirtækja af öllum þeim ríkjum sem hér eru talin upp. Það ríki sem næst okkur kæmist væri Írland með 20%. Það væri hægt að draga eitthvað úr þessari stefnumótun ef menn telja að það sé ekki til fé til að taka á vandanum í félagslega íbúðakerfinu.

Ef við flettum yfir á næstu síðu í þessu svari, sem er skattlagning hagnaðar í helstu aðildarríkjum OECD, kemur í ljós að Ísland er þar með 10% skattlagningu á arðgreiðslum, langlægst af öllum ríkjunum sem þar eru upp talin. Það er ekki að sjá að í öðrum ríkjum sé eins farið með arðinn varðandi skattlagningu til hins opinbera og hér á landi. Við skerum okkur þarna verulega úr.

Á bls. 4 í þessu svari við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur gefur að líta töflu sem ber yfirskriftina Hlutfallsleg skipting skatttekna hins opinbera í OECD-löndum 1998, og þar kemur í ljós að í tekjuskatti á einstaklinga erum við 5. í röð af ríkjunum. Aðeins Ástralía, Bandaríkin, Danmörk og Nýja-Sjáland eru með hærri skattprósentu en Ísland sem er með 35,2%.

Ef litið er á töfluna um tekjuskatt lögaðila kemur í ljós að við erum lægst. Við erum með 3,4%, tæplega þrisvar sinnum lægri en Bandaríkin, og lægri en Þýskaland sem kemst næst okkur með 4,4%. Ef við tökum OECD í heild eru þau með tæp 9% og ESB-ríkin með 8,7% en við með 3,4%. Þetta sýnir að tekjuskattur á lögaðila er hér afar lágur og tekjuskattur hins vegar á einstaklinga er hár. Stefna ríkisvaldsins er sem sagt sú að það dregur verulega úr sköttum á atvinnulífið en við erum há í sköttum einstaklinga. Við gætum kannski farið okkur aðeins hægar í að lækka skatta á fyrirtæki ef menn telja að það sé ekki svigrúm til að hafa tekjur fyrir þessum 1 milljarði til að lagfæra stöðuna í sveitarfélögum vítt og breitt um landið.

Hvar erum við í röðinni ef við lítum á skatta á vöru og þjónustu? Í efri hlutanum örugglega, 45,9%. Við fljótlega athugun sé ég aðeins eitt dæmi sem er hærra en við, Mexíkó með 51,3%. Í eignarskattinum virðumst við vera nokkuð í miðju með 7,1%, nokkurn veginn um miðjan skalann af öllum þeim ríkjum sem hér eru talin upp. Í tryggingargjaldi og öðrum launasköttum erum við í lægri kantinum, tvímælalaust, þannig að allir skattar á fyrirtækjarekstur hér á landi eru fyrirtækjunum mjög hagstæðir í þessum samanburði en skattar á einstaklingana eru hins vegar í þessum samanburði háir. Ef stjórnarliðar geta ekki fallist á að taka undir þessa tillögu til að lagfæra stöðuna í sveitarfélögunum er rétt að benda þeim á þennan samanburð varðandi skattlagningu hér á landi.

[15:46]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 269. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 314.

Innflutningur dýra, 281. mál, frv. landbn., þskj. 339.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, 279. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 336.

Skattgreiðslur fyrirtækja og einstaklinga, 129. mál, svar fjmrh., þskj. 319.

Stjórnarskipunarlög, 291. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 354.

[15:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nokkur orð í viðbót við þessa umræðu um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 sem þeir hv. þm. Jón Bjarnason, Árni Seinar Jóhannsson og Guðjón A. Kristjánsson flytja. Það er skaði að því að hæstv. ráðherrar eru horfnir á braut. Helst hefðum við þurft að hafa bæði hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. Að vísu var gagnlegt að hæstv. félmrh. tók til máls og eftir að hann hafði lokið sér af við að ónotast út í þetta frv. kom ýmislegt áhugavert fram í máli hans. Það er a.m.k. ljóst að hæstv. félmrh. veit vel af því að það er við mikinn vanda að glíma hjá sveitarfélögunum vítt og breitt um landið vegna skuldbindinga þeirra á sviði húsnæðismála og sérstaklega arfleifðar þeirra frá liðinni tíð. Auðvitað hefði verið skynsamlegra af hæstv. félmrh. að koma upp og taka vel í þetta frv., fagna því og fagna liðsmönnum og stuðningsaðilum við að eitthvað verði gert í þessum málum. Vandinn er sá að ríkisstjórnin hefur velt þessu á undan sér og ekki gert nokkurn skapaðan hlut og árin líða hvert á fætur öðru. Þessi vandi er ekki nýtilkominn. Hann hefur legið ljós fyrir um árabil hjá þeim sveitarfélögum sem hafa lent í þeim aðstæðum að þurfa að leysa mikið til sín íbúðir þar sem fólki hefur fækkað og íbúðir standa jafnvel auðar.

Herra forseti. Hér er á ferðinni heimildarfrv. Það er alveg ljóst, samanber orðanna hljóðan í 1. gr. frv., að verja á allt að 1 milljarði kr. Það má líta á það sem byrjunarupphæð. Ekki er víst að það dugi. Það getur vel verið að að lokum þyrfti ríkið að reiða fram meiri fjármuni. En þarna er, eins og alsíða er, stofnað til heimildar til handa ríkinu að fara í að leysa þennan vanda og ef á þyrfti að halda mætti að sjálfsögðu bæta við þessa heimild.

Ég vil segja líka og taka þar undir með hv. síðasta ræðumanni, Guðjóni A. Kristjánssyni, að það er dálítið sérkennilegt að heyra svo stjórnarliða, t.d. hv. þingmenn Framsfl. eins og hv. þm. Magnús Stefánsson sem talaði áðan, koma og spyrja sérstaklega að því hvar eigi að taka peningana í þetta. Hér er ósköp einfaldlega verið að flytja frv. sem heimilar útgjöld úr ríkissjóði, herra forseti, og þá renna tekjustofnar

ríkisins að einhverju leyti í þetta verkefni. Það hefur ósköp lítið upp á sig að eyrnamerkja einstökum útgjöldum ríkisins tilteknar tekjur. Það sem að sjálfsögðu er lagt til af hálfu hv. flutningsmanna er að ríkið komi þarna til skjalanna og aðstoði sveitarfélögin við að leysa sinn vanda og noti til þess tekjur af almennum tekjustofnum.

Herra forseti. Það er hvort sem er svo ef til kastanna kemur að ríkið stendur á bak við sveitarfélögin vegna þeirra verkefna. Það er algerlega ljóst að sveitarfélög geta ekki orðið gjaldþrota. Þá kemur ríkisvaldið til sögunnar og hleypur undir bagga.

Frammistaða hæstv. ríkisstjórnar í samskiptum við sveitarfélögin hefur að mínu mati verið mjög ámælisverð. Það er algerlega ljóst að sveitarfélögin hafa borið skarðan hlut frá borði í þessum samskiptum í hverju tilvikinu á fætur öðru. Þau hafa fengið á sig auknar byrðar, m.a. með flutningi verkefna, án þess að fá fullnægjandi tekjustofna á móti. Það hefur síðan aftur leitt til þess að fjárhagsstaða margra þeirra hefur versnað, þau hafa safnað skuldum og/eða þau hafa neyðst til þess að selja eignir sínar. Það er mjög algengt, herra forseti, því miður, að sveitarfélög hafi á undanförnum árum verið að losa eignir, láta frá sér eignarhluti, t.d. í atvinnufyrirtækjum í sveitarfélögum, eða selja verðmætar eignir eins og veitur einfaldlega vegna þess að þau hafa orðið að losa þá fjármuni. En það er skammgóður vermir eins og við vitum ef hinar almennu aðstæður þeirra lagast ekki. Hvað á svo að gera þegar engar eignir eru lengur til að selja? Inn í þetta mál á ríkið að koma. Það er ástæða til að nefna það hér, herra forseti, að í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir og er verið að fjalla um í fjárln. er frekar farið í öfuga átt í þessum efnum því það gerir m.a. ráð fyrir að sérstakt 700 millj. kr. framlag sem verið hefur á fjárlögum undanfarin ár og sveitarfélögin hafa fengið til sín falli niður. Þetta framlag hefur eins og kunnugt er verið svonefnt fólksfækkunarframlag, þ.e. sérstakt framlag til þeirra sveitarfélaga þar sem íbúafækkun hefur orðið til að mæta þeim breyttu aðstæðum sem þá skapast því að að sjálfsögðu dregur ekki endilega að sama skapi úr útgjöldum hjá sveitarfélögum sem sitja uppi með óhagkvæmari rekstur og ýmsan fastan kostnað og færri íbúa til að standa undir honum. Þessu hefur verið mætt og til þessa hefur verið tekið tillit, m.a. með hinum svonefndu fólksfækkunarframlögum og svo þeim hluta þessara 700 millj. sem ráðstafað hefur verið sem viðbótartekjujöfnunarframlögum. Nú gengur fjárlagafrv. út frá því að þessi framlög falli niður. Það væri ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra og talsmenn stjórnarliðsins: Hvað ætla menn að gera gagnvart þeim sveitarfélögum sem því miður er alveg ljóst að eru að glíma við fólksfækkun og tekjufall einmitt þessa mánuðina? Á þá ekkert að gera næsta árið sambærilegt við það sem gert hefur verið núna undanfarin þrjú ár?

Herra forseti. Staðreyndin er sú að ríkið létti af sér gríðarlegum skuldbindingum með breytingum á lögum um húsnæðimál og sérstaklega með ákvörðuninni um að loka félagslega húsnæðiskerfinu. Ef það væri borið saman við það að Byggingarsjóður verkamanna hefði verið starfræktur áfram með áframhaldandi vaxtaniðurgreiðslum þá eru það milljarðar á hverju ári sem ríkið er núna að spara sér á grundvelli þessara breytinga. Þetta er auðvelt að reikna út. Ríkið hagnast um marga milljarða á hverju ári umfram það sem það hefði gert ef kerfið hefði verið starfrækt áfram. Í starfrækslu þess var fólginn stuðningur við lágtekjufólk, við húsnæðisöflun lágtekjufólks í landinu. Þessum stuðningi hefur ríkið nú hætt með því að loka kerfinu og í reynd velt vandanum yfir á sveitarfélögin. Þess vegna er það þannig að ríkið mundi eftir sem áður koma vel út úr því þó að það tæki myndarlega þátt í því að gera upp vandann sem snýr að fortíðinni. Og hann er ekki einkamál sveitarfélaganna. Það er ekki sanngjarnt, herra forseti, að stilla dæminu þannig upp.

Ég vil líka taka undir það, sem hér var aðeins drepið á af m.a. síðasta hv. ræðumanni, að það er ósanngjarnt að stilla dæminu þannig upp, eins og stundum er gert í þessari umræðu, að vandinn sé sérstaklega og fyrst og fremst til kominn vegna þess að sveitarfélög hafi á liðinni tíð farið fram með einhverjum sérstökum glannaskap í því að byggja félagslegt húsnæði eða húsnæði á félagslegum grunni. Það var ekki svo heldur stafar þetta af öðrum ástæðum. Í langflestum tilvikum var að sjálfsögðu ekki byggt húsnæði nema þar sem þörf var fyrir það, þar sem var skortur á húsnæði. En staðan er búin að vera sú í 20 ár, nálgast 30 ár, að einstaklingar hafa ekki byggt húsnæði á landsbyggðinni með undantekningum sem helst eru þá Akureyri og nokkrir staðir á suðvesturhorni landsins. Engu að síður vantaði mjög víða húsnæði. Skortur var á húsnæði og það stóð mönnum fyrir þrifum og það hamlaði fólksfjölgun þar sem t.d. atvinnuástand var gott að ekki var að bætast við húsnæði. Þessu mættu sveitarfélögin með því eina úrræði sem þau höfðu sem var að byggja húsnæði í félagslega kerfinu. Það leysti úr brýnni þörf á fjölmörgum stöðum á áttunda, níunda og fram á tíunda áratuginn. Þó að aðstæður hafi síðan breyst, fólki sums staðar tekið að fækka og erfiðleikar skapast af þeim sökum sem og auðvitað vegna þess að fasteignamarkaðurinn á landsbyggðinni er meira og minna í rúst — þar selst ekki húsnæði á neinu raunhæfu verði — þá eru það aðstæður sem menn eiga að skoða af sanngirni en ekki skella skuldinni á einhverja óráðsíu sveitarstjórnarmanna á liðinni tíð sem í raun er alls ekki rétt. Ég held að menn ættu þá að nefna dæmi þar um.

Herra forseti. Þetta er ein af þessum þjóðsögum, ein af þessum draugasögum í björtu sem alltaf er verið að segja og menn því miður viðhalda að mínu mati að langmestu leyti án þess að efnislegar innstæður séu fyrir því, að langmestu leyti. Auðvitað getur maður ekki svarið fyrir það að í einstökum tilvikum hafi menn freistast til þess að reyna að gera meira en minna úr þessari þörf og að sjálfsögðu skiptu þessar framkvæmdir máli eins og aðrar slíkar í sveitarfélögunum á hverjum tíma. Þeim fylgdu að sjálfsögðu umsvif og störf. Það er alveg skiljanlegt að menn höfðu þar af leiðandi einnig áhuga á þessum framkvæmdum af þeim sökum. En að menn hafi byggt þetta húsnæði án þess að nein þörf væri fyrir það í stórum stíl er beinlínis rangt, enda var það þannig, herra forseti, að engar slíkar umsóknir sveitarfélaga um lánafyrirgreiðslu í þessu skyni voru afgreiddar nema þeim fylgdu gögn sem sýndu fram á að þörfin fyrir húsnæði hefði verið metin og hún væri til staðar í formi umsókna eða biðlista eftir þessu húsnæði. Væri slíku ekki til að dreifa var umsóknunum synjað.

Herra forseti. Ég held þess vegna að þeir menn sem tala hæst um þessa hluti og eru að reyna að gera sveitarfélögin eða forsvarsmenn sveitarfélaga á liðnum áratugum að sökudólgum í þessu efni þekki ósköp einfaldlega ekki til hlutanna eins og þeir voru og hvernig að þessu var staðið og ættu að kynna sér málin áður en þeir taka stórt upp í sig.

Herra forseti. Ég held að öll rök séu til þess og efni til þess að taka á málum eins og hér er verið að leggja til. Það er algerlega óþolandi að ríkið velti þessum vanda svona

á undan sér og sveitarfélögunum sé haldið í úlfakreppu af þessum sökum. Þetta er í mörgum tilvikum uppistaðan í skuldum og vanda sveitarfélaganna. Hann er bundinn í þessum málaflokki og það stendur þeim fyrir þrifum að öllu öðru leyti gagnvart því að veita íbúum sínum þjónustu eða ráðast í aðrar framkvæmdir, að taka á og gera upp þessi mál. Eins og ég þykist nú hafa fært rök fyrir hefur ríkið hagnast stórkostlega í þessum samskiptum. Sveitarfélögin hafa dregið stutta stráið. Ég leyfi mér að halda því fram að sveitarfélögin og forsvarsmenn þeirra vöruðu sig ekki á því og vanmátu stórkostlega það sem gerðist í samskiptum þessara aðila þegar breytingarnar á lögum um húsnæðismál voru hér til meðferðar fyrir nokkrum árum. Þetta hafa menn síðan verið að skoða og reikna út nú eftir að allt er um garð gengið. Ég veit t.d. að á Norðurlandi hefur verið gerð á þessu sérstök úttekt og kom fram á fundi Fjórðungssambands Norðlendinga eða Eyþings sem svo heitir nú. Þar var þetta skoðað t.d. út frá Akureyrarbæ og þar var sýnt fram á að ríkið er að hagnast á þessum breytingum um milljarða frá því sem ella væri. Það situr því síst á ríkisvaldinu að láta sinn hlut eftir liggja í því að taka á þessum vanda í samstarfi við sveitarfélögin og það á að gera og það á að koma sér til verka í þessum efnum. Það er ekki boðlegt, það er ekki frambærilegt á Alþingi, herra forseti, að ár eftir ár við afgreiðslu fjárlaga sé vísað í að málið sé einhvers staðar í nefnd eða það eigi að fara að skoða þetta. Það var því miður það sem hæstv. félmrh. sagði okkur hérna í raun og veru eina ferðina enn.

Ég hef að vísu ekki grun um, en trúi því auðvitað ekki, að vandinn liggi aðallega í viljaleysi hæstv. félmrh. Ég held að vandinn liggi hinum megin við forsetastólinn, herra forseti, hérna á endanum þar sem situr, þá sjaldan hann er viðstaddur, hæstv. fjmrh. Ég er ansi hræddur um að þar sé bremsan á, að stóra handbremsan sé þar, að það gæti mikillar tregðu í fjmrn. til þess að leggja nokkurn skapaðan hlut af mörkum í þessu sambandi. Það er ósanngjarnt og við svo búið má ekki standa. Þess vegna verður Alþingi, herra forseti, sjálft ef ekki vill betur til, ef ríkisstjórnin kemur sér ekki til verka í þessum efnum, að taka málin í sínar hendur og það getur það m.a. gert með því að afgreiða lagaheimildir af því tagi sem þetta frv. gengur út á til þess að til staðar séu heimildir og fjármunir til að ganga í að gera þennan vanda upp.

[16:01]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um tillögu okkar hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar, um að verja nú þegar á þessu ári allt að 1 milljarði kr. til að greiða úr brýnum fjárhagsvanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins.

Ég tel, herra forseti, að nær hefði verið fyrir hæstv. félmrh. að fagna liðsauka í þessum málum en vera að skattyrðast út í þá sem eru að veita stuðning þessu einu brýnsta máli sem hvílir á ákveðnum byggðum landsins.

Vegna þess sem hæstv. félmrh. nefndi um störf þeirrar nefndar sem hann hafði skipað að mig minnir í desember árið 2000 til að gera tillögur um endurbætur eða tillögur um hvernig mætti ráða bót á fjárhagsvanda sveitarfélaga vegna félagslega íbúðakerfisins og finna því varanlegan rekstrargrundvöll, vil ég leyfa mér, herra forseti, að vitna í hvernig fréttablaðið Bæjarins besta kemur að þessum tillögum. Bæjarins besta er blað þeirra Vestfirðinga, gefið út á Ísafirði, og vitnar í tillögu þessarar nefndar miðvikudaginn 29. ágúst árið 2001. Í þeirri frétt er verið að fjalla um viðræður milli sveitarfélaganna og ríkisins varðandi þau skilyrði sem ríkisvaldið setur fyrir hugsanlegum kaupum á orkubúinu og þeim kröfum sem það hefur uppi varðandi úrlausnir á fjárhagsvanda vegna félagslega íbúðakerfisins þar sem þeim finnst mjög harkalega að farið af hálfu ríkisins. En það segir um tillögur þessarar nefndar, með leyfi forseta:

„Kemur það m.a. fram í minnisblaði félagsmálaráðuneytisins til Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. maí 2001. Það var einhugur meðal nefndarmanna um þá aðferð að gera upp stöðu fyrirhugaðra eignarhaldsfélaga um rekstur félagslegra íbúða í hverju sveitarfélagi árlega, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Nefndin taldi sig ekki hafa umboð til að semja um slíka skiptingu en afstaða fulltrúa sveitarfélaga í nefndinni er sú að skiptingin verði 90% fjárframlag frá ríki á móti 10% framlagi sveitarfélaga árlega eftir þörf hvers eignarhaldsfélags. Nefndin lagði til að næsta skref væri að viðræður væru teknar upp milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun aðgerða og skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Í tillögum nefndarinnar er fjallað um lausn vandans á landsvísu og þar var ekki fallist á að leysa sérstaklega vanda einhvers ákveðins landshluta með öðrum hætti en annarra."

Herra forseti. Í tillögu fulltrúa sveitarfélaganna í nefndinni er einmitt lagt til að þarna komi ríkið með meginhluta þess sem þarna þarf til þess að létta skuldunum af vegna félagslega íbúðakerfisins og gera það síðan áfram rekstrarhæft.

Ekki er mér kunnugt um að síðan hafi komið fram opinberlega frekari tillögur eða útfærslur á tillögum þeirrar nefndar sem hæstv. félmrh. gerði grein fyrir. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti réttilega á eru hvorki í frv. til fjáraukalaga fyrir þetta ár né í frv. til fjárlaga næsta árs tilgreindar fjárhæðir til þess að koma til móts við hugsanlegar áætlanir ríkisstjórnarinnar um að ganga til samninga við sveitarfélögin um að aflétta skuldum á landsvísu vegna félagslega íbúðakerfisins og finna því rekstrargrundvöll áfram.

Það er því ljóst, herra forseti, að eins og staða málefnisins er í dag er ekkert að gerast, ekki nokkur skapaður hlutur og það, herra forseti, er ábyrgðarhlutur. Það er virkilegur ábyrgðarhlutur og fullkomið kæruleysi hæstv. ríkisstjórnar gagnvart þessu máli og gengur þvert á yfirlýsingar um að fundin verði leið og lausn til þess bæði að aflétta skuldum og finna félagslega íbúðakerfinu rekstrargrundvöll. Það er einmitt í þessu augnamiði og til að styrkja þetta mál að tillaga okkar er flutt.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að þegar hæstv. ráðherrar vilja frekar nota tímann til að skattyrðast og finna að því að á eftir þessum málum sé ýtt og finnist það koma við viðkvæm kaun, þá væri nær að verja frekar tímanum til að svara því til hvernig þeir ætla að uppfylla væntingar og loforð um að mál félagslega íbúðakerfisins verði leyst á landsvísu. Afar brýnt er að það sé gert núna strax og þessi tillögugerð miðar að því. Ég vona, herra forseti, að hún fái framgang og verði upphafið að því að á þessum málum verði tekið á myndarlegan hátt. Við höfum virkilega þörf fyrir það úti um byggðir landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:08.

31. FUNDUR

mánudaginn 19. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fasteignakaup, stjfrv., 253. mál, þskj. 291. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kirkjuskipan ríkisins, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Áfengislög, frv., 176. mál, þskj. 177. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fjáraukalög 2001, frv., 28. mál, þskj. 28. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 45. mál, þskj. 45. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 162. mál, þskj. 163, nál. 350. — 2. umr.
9. Niðurstaða 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, skýrsla, 287. mál, þskj. 349. — Ein umr.
10. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr.
11. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.
12. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
13. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.
14. Talsmaður útlendinga á Íslandi, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Flokkun og mat á gærum og ull, 293. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 358.

Skipulag innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, 175. mál, svar forsrh., þskj. 343.

Sveitarstjórnarlög, 292. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 355.

Fasteignakaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 253. mál. — Þskj. 291.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kirkjuskipan ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 19. mál (aðskilnaður ríkis og kirkju). — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vopnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁMöl o.fl., 40. mál (skoteldar). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 176. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjáraukalög 2001, frh. 1. umr.

Frv. JB o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. DrH o.fl., 45. mál (arður frá veiðifélögum). — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 163, nál. 350.

[15:06]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins og Framkvæmdasjóði aldraðra.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 5,41% og miðast hækkunin að hálfu við breytingu á byggingarvísitölu og að hálfu við breytingu á neysluvísitölu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa auk framsögumanns hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn., Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Gunnar Pálsson og Soffía Gísladóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Niðurstaða 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, ein umr.

Skýrsla umhvrh., 287. mál. — Þskj. 349.

[15:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 349 er að finna skýrslu um niðurstöður 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem lauk 10. nóvember sl. í Marrakesh í Marokkó. Með skýrslunni vil ég gera þingheimi grein fyrir niðurstöðunni og þýðingu hennar fyrir Ísland.

Ég tel mjög mikilvægt að við getum átt ítarlegar umræður um þá niðurstöðu og hef því lagt fram þessa skýrslu. Ég tel það mikilvægt því að borið hefur á mjög miklum rangfærslum í umræðum um þetta mál hingað til þar sem stjórnarandstaðan hefur náð saman. Vinstri grænir og Samfylkingin hafa náð saman í þessu máli og unnið að mínu mati gegn hagsmunum Íslands í málinu og það er ágætt að fara yfir nokkrar rangfærslur sem ég tel að menn hafi farið með. Skrifaðir hafa verið lærðir leiðarar í fjölmiðlum, sem forustumaður Samfylkingarinnar skrifaði á sínum tíma, og þeir heita t.d. Klaufarnir í Kyoto og Pípað á Íslendinga. Þar er verið að tala um að Íslendingar hafi vaðið í villu og svíma, hafi verið með farsakenndan málflutning og að viðhorf okkar hafi ekki hlotið neinar undirtektir og litið verði á okkur sem umhverfissóða og að við kynnum að uppskera refsiaðgerðir bæði alþjóðlegra samtaka og fleiri. (**Gripið fram í:** Er þetta úr leiðara?) Þetta er úr leiðara. Það er ágætt að rifja upp hérna ýmislegt úr fortíðinni.

Vinstri grænir hafa líka komið með ýmislegt sem ég tel að eigi ekki við mikil rök að styðjast. Forustumenn þeirra hafa talað um að framganga ríkisstjórnarinnar hafi borið vott um fádæma skammsýni og hafi gengið gegn hagsmunum Íslendinga í bráð og lengd og nú síðast kom fréttatilkynning frá Vinstri grænum þar sem fram kom að Íslendingar hafi lengi verið ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hæstv. ráðherra, ef hún er með tilvitnun í ritað mál að óska leyfis forseta og gera það með formlegum hætti.)

Virðulegur forseti. Ég vil núna lesa upp úr fréttatilkynningu frá Vinstri grænum, með leyfi forseta, sem kom fram nýlega þegar við héldum fundinn í Marokkó, en í lok þeirrar fréttatilkynningar kemur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því gæti ríkisstjórnin bætt ráð sitt og átt þátt í að koma bókuninni í höfn eftir að hafa verið lengi dragbítur á framgang hennar."

Það er ágætt að rifja aðeins upp forsöguna áður en við vindum okkur í skýrsluna sem ég ætla að gera núna.

Sjöunda aðildarríkjaþingið markaði tímamót. Á þinginu voru samþykktar tæknilegar útfærslur á Kyoto-bókuninni og var þar byggt á því pólitíska samkomulagi sem náðist í Bonn í júlí sl. og nefnt hefur verið Bonn-samkomulagið.

Eins og kunnugt er byggir Kyoto-bókunin á rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem samþykktur var stuttu fyrir Ríó-ráðstefnuna 1992 og Ísland er aðili að. Með loftslagssamningnum skuldbinda aðildarríkin sig til þess að grípa til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis með ræktun. Auk þess eru í samningnum skuldbindingar um upplýsingagjöf um losun, stefnumörkun og aðgerðir og samstarf á sviði tækniyfirfærslu og þekkingaruppbyggingu í þróunarríkjunum.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var 1995 var stefnt að því að losun að frádreginni nýrri stóriðju yrði ekki meiri árið 2000 en hún var 1990. Í þeim tilgangi var gripið til almennra aðgerða til að draga úr losun og sérstaks átaks til að auka bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt en til þess var veitt 450 millj. á fjárlögum.

Ljóst er að heildarmarkmið ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2000 náðist. Þennan árangur má m.a. rekja til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu í álverinu í Straumsvík en þar hefur tekist að draga svo úr myndun flúorkolefna í framleiðslunni að verksmiðjan eins og hún er rekin í dag losar minna af gróðurhúsalofttegundum en hún gerði árið 1990 þrátt fyrir tvöföldun á framleiðslunni.

Komið hefur verið á formlegum farvegi fyrir vísindaráðgjöf til aðildarríkja samningsins með milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC, sem er alþjóðleg stofnun sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að. IPCC stundar ekki rannsóknir en dregur saman það sem best er vitað hverju sinni á vísindasviðinu um loftslagsmálin.

IPCC lagði fram þriðju skýrslu sína á þinginu í Marrakesh. Þar kemur m.a. fram að hitastig hækkaði um 0,6°C á síðustu öld og að þá hækkun megi að hluta rekja til áhrifa mannsins. Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að hlýnun verði 1,4–5,8°C á þessari öld eftir því við hvaða forsendur um framtíðarlosun gróðurhúsalofttegunda er miðað. Spár um hækkun yfir borðs sjávar eru á bilinu 9–88 sm á sama tímabili.

Af þeim 84 ríkjum sem undirrituðu Kyoto-bókunina áður en frestur til þess rann út hafa 42 ríki fullgilt hana. Þetta eru fyrst og fremst þróunarríki sem taka ekki á sig skuldbindingar í bókuninni. Ekkert ríkja OECD hefur enn séð sér fært að fullgilda bókunina, m.a. vegna þess að tæknilega útfærslu hennar hefur skort til þessa. Rúmenía hefur nýlega fullgilt

bókunina og er fyrst þeirra ríkja sem taka á sig losunarmörk til þess að gera það. Til þess að bókunin taki gildi þurfa 55 lönd að gerast aðilar að henni og þarf samanlögð losun þeirra ríkja að vera yfir 55% af heildarlosun iðnríkjanna.

Kyoto-bókunin setur iðnríkjunum losunarmörk. Stefnt er að því að heildarlosun þessara ríkja verði samanlagt 5,2% minni á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar, 2008–2012, en ef miðað er við árið 1990. Losunarmörkin eru breytileg og taka mið af aðstæðum ríkja og eru á bilinu frá því að fela í sér 8% samdrátt miðað við árið 1990 og yfir í 10% aukningu. ESB tekur á sig sameiginlega skuldbindingu upp á 8% samdrátt. Í samningum sín á milli hafa ESB-ríkin síðan samið um skiptingu á þessum samdrætti. Í skýrslunni sem hér er til umræðu er að finna yfirlit yfir losunarmörkin frá Kyoto og innri skiptingu ESB-ríkjanna. Fimm ríkjum ESB, Portúgal, Grikklandi, Spáni, Írlandi og Svíþjóð, verður heimilt að auka losun, t.d. um 27% í tilfelli Portúgals og um 25% í tilfelli Grikklands, meðan önnur draga mun meira saman og Lúxemborg mest eða 28%. Mest munar hins vegar um 21% samdrátt Þýskalands sem stendur fyrir því sem næst helmingi af öllum samdrætti ESB. Þannig að það er alls ekki rétt sem fram hefur komið hér oft og ítrekað í umræðunni að Ísland hafi fengið mesta hækkun í prósentum talið miðað við önnur ríki í Kyoto-samningnum í reynd.

Með niðurstöðunni í Marrakesh liggur útfærsla bókunarinnar fyrir þannig að nú hafa aðildarríkin allar forsendur til þess að taka afstöðu til fullgildingar hennar. Það eru einkum þrír þættir sem skildir voru eftir lítt útfærðir á Kyoto-fundinum 1997. Í fyrsta lagi voru það framfylgdarákvæðin, í öðru lagi sveigjanleikaákvæðin og í þriðja lagi binding kolefnis með ræktun.

Framfylgdarákvæðin snúast m.a. um það hver viðurlög skuli vera við því ef ríki fara fram úr losunarheimildum sínum eða standa ekki við aðrar skuldbindingar innan bókunarinnar. Nú hefur verið samið um þessi viðurlög þannig að ríki sem fara yfir losunarmörk á fyrsta skuldbindingartímabili, 2008–2012, skulu bæta það upp á því næsta með 30% álagi. Ríki sem sýna ekki fullnægjandi framfylgd skulu greina frá ástæðum þess og leggja fram tímasetta áætlun um úrbætur. Þau missa einnig heimild til þess að nýta sér sveigjanleikaákvæði bókunarinnar, þ.e. viðskipti með losunarheimildir og sameiginlega framkvæmd.

Ágreiningur er um það hvort ofangreind viðurlög skuli vera lagalega bindandi. Með Bonn-samkomulaginu frá því í júlí var ákveðið að fresta þeirri ákvörðun til fyrsta aðildarríkjaþings bókunarinnar sem haldið verður eftir að bókunin hefur öðlast gildi. Ef niðurstaðan verður sú að viðurlögin verði lagalega bindandi mun hvert ríki fyrir sig þurfa að fullgilda þá niðurstöðu.

Viðskipti með losunarheimildir er eitt af sveigjanleikaákvæðum Kyoto-bókunarinnar. Ríkjum sem ekki nýta losunarheimildir sínar til fulls er heimilt að framselja það sem umfram er til annarra ríkja. Þess er vænst að markaðsverð á losunarheimildum verði 1000–2000 kr. á tonn koltvíoxíðs. Einnig er heimilt að telja sér til tekna heima fyrir samdrátt í losun sem rekja má til aðgerða sem viðkomandi ríki tekur þátt í í öðru ríki og er sú aðferð nefnd sameiginleg framkvæmd. Slík verkefni má vinna bæði með öðrum iðnríkjum og með þróunarríkjum.

Reglur um sveigjanleikaákvæðin liggja nú fyrir. Engar tölulegar takmarkanir eru settar á sveigjanleikaákvæðin eins og ESB hafði krafist. Þessi viðskipti munu ekki hefjast fyrr en árið 2008 en sameiginleg framkvæmd með öðrum iðnríkjum getur hafist fyrr þó að samdráttur í losun sem af því leiðir komi viðkomandi ríki ekki til góða fyrr en á fyrsta skuldbindingartímabilinu.

Ísland hefur umtalsverð tækifæri á þessu sviði vegna sérþekkingar hér á landi á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, einkum jarðvarma. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna hefur þegar haft mikil áhrif til góðs í þróunarríkjunum. Sem dæmi um hvernig Íslendingar geta nýtt sér verkefni sem byggjast á sameiginlegri framkvæmd má nefna að með því að standa t.d. að jarðvarmavirkjun í Kenýa getur Ísland aflað sér losunarheimilda til notkunar hér á landi.

Plöntur taka til sín koltvíoxíð andrúmsloftsins og breyta því í lífrænt efni. Þetta hefur verið nefnt binding kolefnis. Kyoto-bókunin heimilaði að tekið yrði tillit til bindingar með skógrækt eftir 1990 en ákvörðun um annars konar bindingu var frestað. Mikið hefur verið tekist á um þessi mál en nú hefur fengist niðurstaða. M.a. var fallist á tillögu Íslands og Ástralíu þess efnis að landgræðsla fengist viðurkennd til jafns við nýræktun skóga enda er landgræðsla jafngild aðgerð til þess að binda kolefni.

Mun umdeildari var sú ákvörðun að heimila að tekið yrði tillit til bindingar í skógi sem var til staðar fyrir 1990, þ.e. bindingar í eldri skógi. Bandaríkin, Kanada, Japan og Rússland lögðu mikla áherslu á þessa kröfu. Eðlismunur er á þessari bindingu og þeirri sem leiðir af nýrri landgræðslu eða nýræktun skóga eftir 1990. Bindingu í eldri skógi er einungis að litlum hluta hægt að rekja til beinna aðgerða ríkja eftir 1990. Hún er að mestu leyti til komin vegna fyrri aðgerða eða óbeinna áhrifa mannsins.

Með því að heimila ríkjum að reikna sér til tekna bindingu í eldri skógum er í raun verið að lækka markmiðið um heildarsamdrátt iðnríkjanna. Vegna þessa var ákveðið að setja þak á þessa heimild. Þrátt fyrir það hefur hún umtalsverð áhrif. Svo dæmi sé tekið jafngildir heimildin því að markmiðinu í Kyoto-bókuninni frá 1997 fyrir Kanada um 6% samdrátt hafi verið breytt í rúmlega 1% aukningu. Rússar náðu einnig fram umtalsverðum tilslökunum í Marrakesh, eins og rakið er í skýrslunni, aðallega vegna þeirrar stöðu sem þeir eru í. Þeir losa um 17% af losun iðnríkjanna og ef þeir verða ekki með í Kyoto-samkomulaginu eftir að Bandaríkjamenn eru farnir út er alveg ljóst að Kyoto-bókunin verður aldrei fullgilt.

Í Marrakesh voru einnig samþykktar ákvarðanir um útfærslu á ákvæðum Kyoto-bókunarinnar um tæknilega og fjárhagslega aðstoð við þróunarríkin til þess að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Var þar m.a. byggt á yfirlýsingu ESB-ríkjanna, Íslands, Noregs, Nýja-Sjálands, Sviss og Kanada, í Bonn í sumar þess efnis að þau væru tilbúin að leggja fram sameiginlega 410 milljónir bandaríkjadala eigi síðar en árið 2005 til aðstoðar þróunarríkjunum. Þetta framlag kemur til viðbótar þeim fjármunum sem þróunarríkin hafa aðgang að í gegnum Hnattræna umhverfisbótasjóðinn (GEF) og aðra sjóði.

Í Marrakesh var tekin ákvörðun um íslenska ákvæðið og lauk þar með þeirri umfjöllun sem Ísland óskaði eftir í Kyoto 1997, um þann sérstaka vanda sem leiðir af miklum hlutfallslegum áhrifum einstakra verkefna á heildarlosun frá litlu landi eins og Íslandi. Rökin fyrir því að vandi Íslands gagnvart stærðarhlutföllunum kallaði á viðbrögð eru þau að þrátt fyrir að þessi verkefni hafa áhrif til aukningar á heildarlosun frá Íslandi hafa þau hnattrænt áhrif til lækkunar. Ástæðan

er sú að ál er víða framleitt með orku úr jarðefnaeldsneyti sem leiðir til u.þ.b. átta sinnum meiri losunar en þegar ál er framleitt með endurnýjanlegri orku. Þetta er mikilvægt atriði sem fellur vel að meginmarkmiðum samningsins en hefur vafist fyrir mjög mörgum hér á landi. Það er ástæða til að taka það sérstaklega fram að ef álframleiðsla hér á landi eykst eins og fyrirætlanir hafa gert ráð fyrir munu hnattræn áhrif íslenska ákvæðisins til lækkunar losunar nema um 3,8 millj. tonna af gróðurhúsalofttegundum á ári á fyrsta skuldbindingartímabilinu, 2008–2012, eða meira en allri losun nemur frá Íslandi. Þetta þýðir að ef íslenska ákvæðið er nýtt hér á landi minnkar hnattrænt losun gróðurhúsalofttegunda um meira en nemur allri losun frá Íslandi þannig að það blasir við hvað hnattrænn ávinningur er mikill af þessu ákvæði.

Þessar tölur eru áætlaðar með því að bera losun frá álframleiðslu hér á landi saman við meðallosun frá álframleiðslu í heiminum í dag. Því miður fer stór hluti framleiðslunnar fram með orku úr kolum, olíu eða jarðgasi. Ef aðeins er borið saman við framleiðslu sem knúin er með kolum eru hnattræn áhrif til lækkunar 10,3 milljónir tonna af koltvíoxíði, þ.e. tæplega þrisvar sinnum meiri hnattrænn ávinningur en nemur allri losun frá Íslandi.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir íslenska ákvæðinu og mun ég ekki rekja það að sinni en býst við ágætum umræðum um það á eftir. Rétt er þó að vekja athygli á því að þessi ákvörðun lokar fyrir það að Ísland geti selt frá sér losunarheimildir til annarra landa. Engar takmarkanir eru hins vegar á því að Ísland afli sér viðbótarlosunarheimilda með viðskiptum eða sameiginlegri framkvæmd.

Með íslenska ákvæðinu verður koltvíoxíðlosun frá nýjum stóriðjuverum haldið utan við losunarskuldbindingar Íslands að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í álverum losnar til viðbótar við koltvíoxíð umtalsvert magn af flúorkolefnum við spennuris í kerjum. Árangur stóriðjufyrirtækjanna í því að halda losun þeirra í lágmarki er því mjög mikilvægur. Ákvörðun aðildarríkjaþingsins felur í sér þak á heildarumfangi íslenska ákvæðisins. Það þak miðast við 1,6 milljónir tonna koltvíoxíðs. Sú nýja stóriðja sem rætt hefur verið um að hér gæti verið komin fyrir lok skuldbindingartímabilsins 2012 mun rúmast innan þeirra marka.

Með þessari ákvörðun aðildarríkjaþingsins er tekið á sérstöðu Íslands og leystur sá vandi sem skilgreindur var í Kyoto. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er að því stefnt að „Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni þegar fyrir liggur ásættanleg niðurstaða í sérmálum þess". Nú þegar samningsmarkmið Íslands sem sett voru fram hafa náðst, bæði gagnvart íslenska ákvæðinu og landgræðslunni, mun undirbúningur fyrir fullgildingu Íslands á Kyoto-bókuninni hefjast. Þingsályktunartillaga þess efnis verður væntanlega lögð fyrir Alþingi á næsta ári.

Sá árangur sem nú hefur náðst í því að gæta hagsmuna Íslands jafnhliða hnattrænum ávinningi í loftslagsmálunum er afrakstur mikils samstarfs, bæði ráðherra og embættismanna. Samstillt átak sex ráðuneyta sem hafa átt fulltrúa í sendinefndum Íslands hefur skilað þessari niðurstöðu. Við erum líka svo heppin að eiga í sendinefnd okkar mikla sérfræðinga í málefnum loftslagssamningsins og núna hefur einn af fulltrúum okkar í sendinefndinni, Halldór Þorgeirsson úr umhvrn., verið valinn í framkvæmdastjórn loftslagssamningsins og einnig valinn sem formaður annarrar tveggja undirnefnda samningsins, nefndar um vísindi og tækniráðgjöf. Það er mikið fagnaðarefni hvað Ísland hefur náð sterkri stöðu á vettvangi samningsins en það er vegna þess hvað við höfum lagt okkur mikið fram um að aðstoða við að ná niðurstöðu.

Athygli mun nú beinast að framkvæmd loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar hér heima fyrir. Árið 2000 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi ígildi um 3,3 milljóna tonna koltvíoxíðs og hafði því aukist um 14,5% frá árinu 1990. Gróflega skipt kemur $^1/_3$ losunarinnar frá iðnaði, $^1/_3$ frá samgöngum og tækjum og $^1/_3$ frá fiskiskipum. Þegar stóriðja sem komið hefur til eftir 1990 hefur verið dregin frá nemur losun frá Íslandi árið 2000 um 3,1 milljón tonna sem jafngildir 6,3% aukningu frá 1990. Þá er ekki talin með binding með landgræðslu og skógrækt sem er rúmlega 100 þúsund tonn.

Losunarspá vegna fyrsta skuldbindingartímabils bókunarinnar er nú í vinnslu. Á grundvelli hennar verður mörkuð stefna um það hvernig Ísland muni standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar. Að þessu er unnið á vegum stýrihóps ráðuneytisstjóra um loftslagsmál undir forustu umhverfisráðuneytisins. Þessari stefnumörkun mun ljúka með tillögugerð til ríkisstjórnar á fyrri hluta næsta árs.

Svipuð stefnumörkun er í undirbúningi um þessar mundir í nágrannalöndunum og verður tekið mið af þeirri vinnu við stefnumörkun hér á landi. Ljóst er að Japan og fleiri ríki munu auka notkun kjarnorku til raforkuframleiðslu vegna tilkomu Kyoto-bókunarinnar því raforkuframleiðsla með kjarnorku felur ekki í sér losun á gróðurhúsalofttegundum. Mikilvægt er að þessi þróun auki ekki á þann vanda sem þegar hefur skapast vegna kjarnorkuúrgangs.

Tekist hefur verið á um mikla hagsmuni í þeirri þriggja ára samningalotu sem nú er lokið. Ríkjahóparnir sem unnið hafa að samningaviðræðunum eru einkum þrír: þróunarríkin, Evrópusambandið og svonefndur regnhlífarhópur sem Ísland tilheyrir. Í þeim hópi eru Bandaríkin, Kanada, Japan, Ástralía, Nýja-Sjáland, Noregur, Rússland og Úkraína auk Íslands. Þetta samstarf hefur verið okkur mikilvægt þó að áherslur séu mismunandi innan hópsins enda talar hvert ríki fyrir sig í einstökum málum. Í mörgum málum hafa þó áherslur Íslands, Noregs og Nýja-Sjálands farið saman.

Eins og staðan er í dag koma 99,9% af raforkuframleiðslunni og 70% af frumorkuþörfinni hér á landi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þetta hlutfall er hæst hjá okkur af þeim ríkjum sem við berum okkur almennt saman við. Þetta hlutfall verður ekki hækkað enn frekar nema með því að draga úr olíunotkun í samgöngum og sjávarútvegi eða með því að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa, t.d. með notkun vetnis.

Virðulegur forseti. Það er mikilvægt að aukningu orkunotkunar í iðn- og þróunarríkjunum verði mætt með endurnýjanlegum orkulindum þar sem kostur er. Þar eru víða ónýttir möguleikar. Skortur á tækniþekkingu takmarkar hins vegar möguleika ýmissa þróunarríkja til þess að nýta eigin endurnýjanlegar orkulindir en litla þekkingu þarf hins vegar til þess að auka notkun á jarðefnaeldsneyti enn frekar. Það er því ljóst að þörfin fyrir þá þekkingu sem byggst hefur upp hér á landi við beislun endurnýjanlegra orkugjafa mun aukast og við Íslendingar getum miðlað öðrum af okkar reynslu.

Einnig er ljóst, virðulegur forseti, að allir sem láta sig umhverfismál miklu varða á alþjóðavettvangi og hafa unnið að loftslagssamningnum hvetja mjög til aukinnar notkunar á endurnýjanlegum orkugjöfum og óska eftir að minnkuð verði notkun á kolum, olíu og kjarnorku. Þess vegna er mjög mikilvægt að við Íslendingar gerum það sem við getum til

þess að viðhalda þeirri tækniþekkingu sem við búum að á grundvelli endurnýjanlegra orkugjafa og miðlum þeirri tækniþekkingu eins og okkur er unnt til þróunarríkja. Hjá þróunarríkjunum mun einmitt verða meiri þörf á nýrri orku og það er mjög mikilvægt að þau fái aðstoð við að taka sem fyrst upp endurnýjanlega orkugjafa.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi hæstv. umhvrh. viljað leggja sitt af mörkum til að fá hér málefnalega umræðu þá byrjaði hæstv. ráðherra ekki vel. Hæstv. ráðherra hóf mál sitt á skítkasti í garð stjórnarandstöðunnar, sakaði hana um villandi málflutning, um að tala gegn hagsmunum Íslands og þar fram eftir götunum.

Dæmið sem hæstv. ráðherra nefndi hvað varðaði Vinstri hreyfinguna – grænt framboð er fullyrðing í fréttatilkynningu frá okkur um að framganga ríkisstjórnar Íslands hafi verið dragbítur á framgang loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Það er nákvæmlega það sem hún hefur verið. Ísland fékk fyrir það fyrsta rýmri heimildir en nokkur önnur þjóð eða leyfi til að auka losun um 10% frá 1990.

Í öðru lagi undirritaði Ísland ekki einu sinni bókunina, hvað þá að undirbúa fullgildingu hennar. Ísland var eina OECD-þjóðin, nánast eina þjóðin sem yfir höfuð hefur tekið þátt í þessu ferli, sem ekki lét svo mikið sem vera meðal undirritunarþjóða.

Í þriðja lagi hékk Ísland inni í regnhlífahópnum með dragbítunum. Hverjir hafa sannanlega verið dragbítar á þetta ferli aðrir en Bandaríkin og hin iðnríkin sem Ísland kaus að fylkja sér í hóp með? Þar með var Ísland að sjálfsögðu meðal dragbítanna í þessu ferli, enda hefur það tekið langan tíma eins og kunnugt er.

Það er afar sérkennilegt, herra forseti, að sitja uppi með umhvrh. á Íslandi — ég vek athygli á því að það ekki iðnrh. heldur umhvrh. — sem hoppar af gleði yfir því að hafa fengið sérstakt stóriðjuundanþáguákvæði til að auka mengun, sem er nákvæmlega það sem er hér á ferðinni. Ég mun í ræðu minni koma inn á hin kostulegu dæmi sem hæstv. ráðherra notar til að reyna að sanna að aukin mengun á Íslandi sé í þágu hins hnattræna umhverfis. Aukin mengun á Íslandi á að vera í þágu hins hnattræna umhverfis þegar markmiðið er að draga úr mengun en ekki auka hana.

[15:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er hin málefnalega umræða Vinstri grænna sem hafa unnið gegn hagsmunum Íslands í þessu ferli alveg frá upphafi. Hér er sagt að aukin mengun á Íslandi skipti ekki máli hnattrænt. Það er búið að reikna það út og það kom fram í ræðu minni áðan að ef íslenska ákvæðið er nýtt, eins og við getum núna vegna þess stórkostlega árangurs sem við höfum náð á alþjóðavettvangi, þá mun það hnattrænt minnka losun gróðurhúsalofttegunda um meira en Ísland losar þegar í dag. Hugsið ykkur, meira en Ísland er að losa í dag. Það er hnattræni ávinningurinn. Gengur ekki Kyoto-bókunin út á það að minnka losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið? Ef íslenska ákvæðið er notað verður það afleiðingin. Með því að nota endurnýjanlega orkugjafa, vatnsorku og jarðvarma, en ekki olíu eða kol þá er losunin 8–10 sinnum minni í álframleiðslu á Íslandi en þar sem kol og olía eru notuð. Þetta er allur galdurinn.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð neitar að skilja þetta en þetta er sannleikurinn. Það er alrangt að Íslendingar hafi verið dragbítar á framgang Kyoto-bókunarinnar. Þar höfum við að mínu mati skipað miklu stærra hlutverk en hægt er að ætlast til af litlu ríki. Það er vegna þess að við höfum á að skipa mjög öflugri sendinefnd. Af hverju halda menn að Ísland eigi fulltrúa í 10 manna framkvæmdastjórn Kyoto-bókarinnar? Er það af því að við höfum verið dragbítar á ferlið? Nei, svo sannarlega ekki. Það er vegna þess að við höfum aðstoðað hin stærri ríki við að ná samkomulagi, sérstaklega í bindingarmálunum, sem koma okkur reyndar minnst við, í skógræktinni. Þannig er nú hin málefnalega umræða Vinstri grænna í þessu máli.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef rafmagn á Íslandi er framleitt með því að virkja fallvötn í staðinn fyrir að framleiða rafmagn hér með olíu eða einhvers staðar annars staðar í heiminum, með olíu eða kolum, þá er að sjálfsögðu munur á því til hvers orkan er notuð. Það verður ekki losun við orkuframleiðsluþáttinn sjálfan. Til þess þurfti ekkert íslenskt ákvæði og það þarf ekki að nota þá orku í álver endilega, frekar en eitthvað annað. Þetta hefur alltaf legið fyrir og mun alltaf liggja fyrir, að þessar eru aðstæðurnar hvað varðar gróðurhúsalosunina sem slíka og þurfti ekki íslenskt ákvæði til.

Vandinn við dæmi hæstv. ráðherra er að það er alltaf borið saman við einhverja sem ekki væru bundnir af neinum takmörkunum Kyoto-bókunarinnar annars staðar. Ef valið stendur á milli álvers á Íslandi annars vegar og í Kanada eða Þýskalandi hins vegar, eða hjá einhverjum öðrum löndum sem eru bundin af mörkum Kyoto-samningsins, þá verður að kaupa út kvóta á móti þeirri losun sem kemur til í hinu nýja álveri og hinu nýja orkuveri. Þá verður engin aukning við þá starfsemi.

Tökum einhverja þjóð sem er á pari, er með 0% miðað við 1990 og berum hana saman við Ísland. Hvað gerist þá? Álversþátturinn vegna undanþágunnar er viðbótarlosun í íslenska dæminu en ekki ef álverið rís í landi sem er bundið af losunarmörkum Kyoto. Er þetta ekki svona? Hvar er obbinn af álframleiðslu heimsins? Hann er í iðnríkjunum sem verða vonandi bundin af Kyoto að undanskildum Bandaríkjunum. Málið fer því algerlega eftir því í hvaða samhengi dæmin eru sett. Ef hæstv. ráðherra gefur sér að öll álver í framtíðinni verði alltaf í þróunarríkjunum, sem eru óbundin af þessu í fyrsta áfanga, þá má segja að dæmið líti svona út. En það gildir um hvers kyns iðnaðaruppbyggingu og hvers kyns losun í þeim löndum og þarf ekki álver til. Eitt er víst, þ.e. að á grundvelli þessarar undanþágu, þessa íslenska stóriðjuundanþáguákvæðis getur orðið hér heilmikil viðbótarlosun sem ekki þarf að kaupa út kvóta á móti en hefði þurft ella ef Ísland hefði ekki fengið undanþáguna.

[15:38]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvaða vit er í því að stilla Íslandi þannig upp að við þurfum að kaupa fullan kvóta og taka á okkur meiri þunga en nokkuð annað ríki? Þetta gengur allt út á stærðarhlutföllin og það er sérstaða Íslands.

Ég nefnt hér sem dæmi að Norðurál, sem nú er risið að hluta til og ætlar að stækka, verður komið upp í 300 þús. tonn eins og þeir áætla í lok fyrsta skuldbindingartímabilsins. Hvað losar það mikið af gróðurhúsalofttegundum í íslensku samhengi? Það losar 20% meira. Það eykur losunina um 20% í íslensku samhengi. Þetta er vegna þess að við erum svo lítið hagkerfi. Sama álver í Kanada — hér var Kanada

dregið inn, allt í einu á að gleyma að ræða allt sem var rætt hér í fyrra andsvari af því að menn fóru kannski eitthvað illa út úr því, ég skal ekki segja — hefði miklu lægri hlutfallslega losunartölu en á Íslandi. Ég skal ekki segja hver hún er, núll komma núll eitthvað kannski. Hér eykur álver af sömu stærðargráðu losunina um 21%, Norðurál í 300 þús. tonnum. Að sjálfsögðu verða menn að skoða þessar tölur þegar þeir tala um Kyoto-bókunina en eiga ekki að blekkja með ómálefnalegum útúrsnúningum. Ég tel að okkur beri siðferðileg skylda til að nýta endurnýjanlega orkugjafa okkar. Hér höfum við tækifæri til þess. Heimurinn kallar á þá. Heimurinn kallar á endurnýjanlega orkugjafa og ég spyr: Vilja Vinstri grænir ekki vatnsafl, ekki jarðgufu? Vilja þeir kol? Vilja þeir olíu? Vilja þeir kjarnorku? Hvernig ætla þeir í framtíðinni að mæta orkuþörf mannkyns án þess að nýta endurnýjanlega orkugjafa eins og allir aðrir sækjast eftir?

[15:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum aðeins reyna að skrúfa til baka og reyna að halda okkur á mottunni, þ.e. við hina málefnalegu umræðu.

Hæstv. umhvrh. hóf mál sitt á því að slá okkur hálfpartinn út af laginu. Hér eru allir mættir í því skyni að reyna að eiga málefnaleg orðaskipti við hæstv. ráðherra og það er ómaklegt af hæstv. ráðherra að hefja mál sitt eins og hún gerði.

En gott og vel, höldum okkur við málefnin. Ég vil ásaka hæstv. ráðherra um að hafa farið með mjög svo ómálefnalegar tölur í máli sínu. Þær varða hnattrænan ávinning af íslenska undanþáguákvæðinu. Það er fals hjá hæstv. ráðherra að taka meðallosun frá álverum í dag og nota þá tölu í reiknikúnstum sínum og rökum fyrir því að hnattrænn ávinningur af íslenska undanþáguákvæðinu sé svo og svo mikill.

Hæstv. ráðherra skuldar okkur upplýsingar um hversu mörg álver í heiminum eru knúin með jarðefnaeldsneyti og hversu mörg álver í heiminum eru knúin með vatnsafli. Við skulum ekki halda að Ísland sé eina landið í heiminum sem geti búið til raforkuver með vatnsafli. Ónei. Víða eru álver knúin orku frá vatnsaflsvirkjunum og við skulum þá taka ofan fyrir hæstv. ráðherra ef hún leggur það til á alþjóðavettvangi að hnattrænn ávinningur verði af undanþágu Íslendinga með því að fyrir það álver sem reist er á Íslandi og knúið er með vistvænum orkugjöfum þá sé aflagt annað álver úti í heimi sem knúið er með jarðefnaeldsneyti. Þannig væri hæstv. ráðherra að berjast fyrir hnattrænum ávinningi — öðruvísi ekki.

[15:42]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru Vinstri grænir farnir að bíta í skottið á sér. Nú biðja þeir hæstv. umhvrh. um að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að álver knúin eru með olíu og kolum verði aflögð. Líkurnar á því að svo verði aukast ef Ísland getur nýtt sér endurnýjanlega orkugjafa til að reisa álver vegna þess að markaðurinn kallar á ál. Ef við og aðrir nýtum ekki endurnýjanlega orkugjafa okkar til að framleiða ál þá verður ál framleitt annars staðar með kolum og olíu, þannig að nú er þessi málflutningur kominn algerlega í hring. Ég vona svo sannarlega að fleiri geti notað endurnýjanlega orkugjafa en við til þess að framleiða ál. Álframleiðsla tekur gífurlega orku og það er hnattrænt mjög mikilvægt að nota endurnýjanlega orkugjafa til að framleiða ál.

Vinstri grænir kvarta undan ómálefnalegri umræðu vegna þess að ráðherra leyfir sér að rifja upp ýmislegt sem komið hefur frá Vinstri grænum, eins og það að við séum dragbítar og það sé fádæma skammsýni að vinna að hagsmunamálum Íslands o.s.frv. Núna held ég að þeir liggi flatir vegna þess að hvert einasta aðildarríki loftslagssamningsins, hver einasti umhverfisráðherra og allir sérfræðingarnir sem á bak við málið standa hafa samþykkt íslenska ákvæðið, sem Samfylkingin og Vinstri grænir hafa barist gegn á hæl og hnakka. Nú hafa allir skilið hve þetta ákvæði er umhverfisvænt og hve mikilvægt er að ríki sem hefur endurnýjanlega orkugjafa nýti þá vegna hnattræns ávinnings fyrir lofthjúpinn.

Þetta skilja allir nema stjórnarandstaðan. Nú er búið að samþykkja ákvæðið og þá er loksins hægt að leiða mönnum fyrir sjónir í hverju það felst og hve málefnastaða stjórnarandstöðunnar hefur verið veik í málinu.

[15:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggja nú engir flatir í þessari umræðu enn þá. Það kann hins vegar að vera þegar þessi dagur verður að kvöldi kominn að þá liggi einhverjir flatir, en ég fullyrði hér og nú að það verður ekki stjórnarandstaðan á Alþingi. Það er miklu nær að það verði stóriðjupostularnir með hæstv. umhvrh. í broddi fylkingar.

Og auðvitað er það þyngra en tárum taki, herra forseti, þegar hæstv. umhvrh. skilur ekki grundvallaratriði umræðunnar, að með því að samþykkja undanþáguákvæðið sem hún er búin að vera að fagna hér í máli sínu, þá er hún auðvitað að bjóða heim gífurlegum ágreiningi og gífurlegum slag í okkar eigin landi vegna umhverfismála.

Ég spyr enn einu sinni: Málsvari hvers er hæstv. umhvrh.? Ekki umhverfisins, það er alveg ljóst.

[15:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Umhvrh. er talsmaður umhverfisins í þessu máli. Ég er búin að segja það hér og get endurtekið það aftur að umhverfisráðherrar annarra ríkja hafa samþykkt íslenska ákvæðið. Ég átta mig ekki á því af hverju Vinstri grænir geta ekki viðurkennt núna að íslenska ákvæðið er jákvætt fyrir umhverfið. Það er vistvænt. Það liggur í augum uppi. Núna þegar allir aðrir hafa samþykkt það, af hverju geta þá ekki Vinstri grænir viðurkennt ósigur sinn í þessum málflutningi og sagt á Alþingi að íslenska ákvæðið sé jákvætt fyrir lofthjúpinn? Það hlýtur að blasa við alþjóð. Menn verða bara að vera menn til að viðurkenna að þeir hafi haft rangt fyrir sér. Og það þarf ekkert að útskýra það hér í löngu máli aftur og aftur fyrir hv. þingheimi þegar menn sjá að allir aðrir hafa skilið rök ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli á erlendum vettvangi. Þá tel ég að kominn sé tími til fyrir stjórnarandstöðuna að viðurkenna að þetta er jákvætt ákvæði fyrir umhverfið.

En hér hefur málflutningurinn verið sá að þetta væri einhvers konar sóðaákvæði. Hvílík firra. Þetta er ekki sóðaákvæði, þetta er ákvæði sem felur í sér að við munum í heildina minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Og ef það er ekki mikilvægt hagsmunamál fyrir umhverfið, þá veit ég ekki hvað það er.

[15:47]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á segja að mér fannst heldur lítil reisn yfir hæstv. umhvrh. þegar hún hóf mál sitt hér áðan en látum það vera. Ég hélt kannski að í hennar sporum kæmi hún í þingsali keik og ánægð með árangurinn og samninginn. Þess vegna fannst mér eins og ég segi lítil reisn yfir þessu upphafi. En látum það liggja á milli hluta, herra forseti.

Niðurstaða er komin í Kyoto-ferlið, þ.e. komin er niðurstaða í Kyoto-ferlið hvað fyrsta skuldbindingartímabilið áhrærir. Við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að þetta er aðeins fyrsta skrefið, þetta ferli mun halda áfram, vonandi eins lengi og þarf, þannig að ég vil gjalda varhug við því að menn tali eins og hér sé komin endanleg niðurstaða, hvort heldur við tölum um samninginn allan ellegar hið íslenska sérákvæði. Þetta ferli er rétt að byrja, herra forseti. Og það er ekki nema von því að við sem hér erum inni vitum öll að losun gróðurhúsalofttegunda er einhver mesti umhverfisvandi sem við eigum við að etja á þessari öld. Um þetta hefur verið rætt, um þetta hefur verið deilt. Ég held að fáir þori á þessari stundu að mæla því mót að spár vísindamanna, varlega áætlaðar spár vísindamann geta haft geigvænlegar afleiðingar, þ.e. ef við stemmum ekki stigu við losun gróðurhúsalofttegunda út í lofthjúpinn. Það gildir því mjög miklu að samkomulag náist sem er fyrsta skrefið í átt að því að þjóðir heims reyni að minnka losun gróðurhúsalofttegunda út í lofthjúpinn.

Bandaríkin losa 24% allra gróðurhúsalofttegunda á jörðinni og samtals losa iðnríkin $^2/_3$ hluta gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Það er því miður að Bandaríkin skuli ekki vera með í þessu samkomulagi en við verðum að vona að stjórnvöld þar muni einhvern tíma í náinni framtíð sjá sér fært að vera með á þeim vettvangi eins og öðrum alþjóðlegum vettvangi.

Það er líka óeðlilegt að stilla málinu þannig upp að þróunarríkin, að hin fátæku ríki heims hafi verið með og séu stikkfrí í þessari umræðu. Þannig er það ekki. Tekin var um það meðvituð ákvörðun í ferlinu að á fyrsta skuldbindingartímabilinu skyldu þróunarríkin í raun og veru bíða með aðgerðir sínar. Þau eru með í ferlinu en það eru önnur ákvæði sem þar eiga við, ekki síst vegna þess að þau lúta að samstarfi og framkvæmd og öðru slíku. Ég vil því einvörðungu benda hv. þm. á að ýmsir hafa haldið því fram að þróunarríkin séu alveg stikkfrí í þessu ferli en það er einfaldlega ekki þannig. Það er ekki rétt.

Það er líka kaldhæðnisleg staðreynd, herra forseti, að hlýnun andrúmsloftsins kemur verst niður á fátækustu löndum heims. Þau hafa losað minnst af gróðurhúsalofttegundum frá upphafi iðnbyltingarinnar. Við vitum alveg hverjir það eru sem hafa losað mest af gróðurhúsalofttegundum, það eru að sjálfsögðu iðnríkin, en það sem meira er um vert er að fátækustu löndin hafa eins og aðstæður eru núna líka minnsta möguleika á að verjast afleiðingum loftslagsbreytinga. En vonandi verða breytingar á því núna með þessu samkomulagi og ekki síst með þeim ákvæðum um samstarf og samvinnu sem í samningnum eru.

Fyrir liggur að fullgilda þennan samning. Hér hefur komið fram og vonandi mun það ganga eftir að það geti kannski gerst fyrir Ríó plús 10 ráðstefnuna, eins og hún er kölluð, sem verður haustið 2002 í Jóhannesarborg í Suður-Afríku. Ég held að mjög mikilvægt sé að við göngum einbeitt inn í það ferli. Það hefur alltaf verið málflutningur Samfylkingarinnar í þessu máli að ef við ættum að axla þá ábyrgð sem fylgir því að vera gerandi á hinu alþjóðlega sviði, hvort heldur er í þessu máli eða öðrum, þá munum við að sjálfsögðu axla þá ábyrgð.

En það skiptir líka mjög miklu máli að endurskoðun stefnumótunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem hér hefur verið boðuð líti dagsins ljós í vetur eða fyrri part næsta árs þannig að þetta hangi allt saman þegar kemur að því að fullgilda samninginn.

Mig langar aðeins að drepa á nokkur efnisatriði sem fram komu í máli hæstv. umhvrh. og í skýrslu hennar.

Talað er um framfylgdarákvæðin. Þar er sagt að fullgildi eða framfylgi menn ekki því sem þeir hafi tekist á hendur, þýði það 30% álag á næsta tímabili sem væntanlega verður þá næsta fjögurra ára tímabil, 2013–2016, en óvíst hvort viðurlög verða lagalega bindandi. Ég held, herra forseti, að mjög mikilvægt sé að skoða það vel hvort það sé í raun ekki nauðsynlegt að það sé lagalega bindandi. Ég treysti mér svo sem ekki til að kveða upp úr um það núna en ég held hins vegar að það verði að fylgja þeim ákvæðum mjög þétt eftir svo menn framfylgi þeim og þess vegna skuli það skoðast mjög vel.

Einnig er ánægjulegt að sjá að sameiginleg framkvæmd með þróunarríkjum getur hafist nú þegar, ég tel það mjög mikilvægt. Og það er heldur ekki minna mál að við leggjum okkar til við tæknilega og fjárhagslega aðstoð við þróunarríkin svo þau geti nýtt endurnýjanlega orku. Það skiptir mjög miklu máli, herra forseti.

Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með þær breytingar sem urðu á bindingarákvæðunum rétt undir lokin í Marrakesh. Hæstv. ráðherra kom inn á það að í raun hefði það verið spurningin um að hafa Rússland inni eða úti og Rússarnir þurftu að vera inni svo samkomulagið næði þeim 55% og 55 löndum sem til þurfa. En það getur varla talist gott fordæmi að leyfa bindingu í eldri skógi, þ.e. skógi sem var plantaður fyrir 1990, því ákvæðið lækkar í raun markmiðið um heildarsamdrátt. Eins og fólki er kunnugt um hafa bindingarákvæðin auðvitað verið mjög umdeild. Það hefur verið mjög umdeilt í þessu ferli hvort bindingin virki í raun sem temprun á það að menn minnki losunina, þ.e. ef of mikið er lagt upp úr bindingunni, þá leggi menn minna á sig við að minnka losunina. Ég er ansi hrædd um að slíkt ákvæði virki einmitt þannig. Þá komast lönd upp með það að grípa ekki til raunhæfra aðgerða til þess að minnka losunina til langframa. Því miður.

Hvað íslenska ákvæðið svokallaða varðar sérstaklega, þá langar mig að benda á það í umræðunni, herra forseti, að mjög mikilvægt er að það komi skýrt fram í máli hæstv. umhvrh. og í stefnu þeirrar stjórnar sem nú situr hvernig það verður notað. Á það hefur verið bent að hér getur í raun verið um framleiðslustyrk að ræða fyrir orkufrekan iðnað. Einnig er á það bent að með því sé fýsilegra en ella að staðsetja orkufrekan iðnað hér á landi.

En það er annað í þessu máli, herra forseti, og það er að losunarheimildirnar eru takmörkuð auðlind í sjálfu sér. Þær munu fá verðgildi, og nú þegar er verið að verðleggja þær. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. umhvrh.: Hvernig á að fara með þær losunarheimildir sem við fáum samkvæmt hinu íslenska ákvæði? Margar tölur hafa verið nefndar í þessu sambandi. Menn hafa talað um að hér gætu verið heimildir sem hafa verðgildi að jafngildi 8–16 milljarða kr. Hér eru engar smáupphæðir á ferðinni, herra forseti. Það er

mjög mikilvægt að takmarkaðri auðlind eins og þessari sé ekki útdeilt frítt, hún er nefnilega sameign þjóðarinnar, herra forseti.

Ég ætla að nota þetta tækifæri til að segja frá því að á landsfundi Samfylkingar sem lauk í gær lýsti fundurinn þeim vilja sínum að takmarkaðar auðlindir í þjóðareign eins og þessi væru ekki látnar af hendi án endurgjalds. Hér þyrfti að greiða auðlindagjald eins og á við um aðrar slíkar auðlindir.

Að síðustu langar mig að segja, herra forseti, að mjög mikilvægt er að við höfum í huga í umræðunni að hér er einvörðungu um fyrsta skrefið að ræða. Það getur enginn sagt um það hér og nú hvað gerist eftir 2012. Það getur t.d. enginn sagt neitt um það hvort slíkt sérákvæði sem við fengum í gegn verði í gildi eftir 2012 og það er kannski gott að hafa það í huga upp á framtíðina. Þetta er fyrsta skrefið. Við erum að tala um fyrsta bókhaldstímabilið svokallaða og hér erum við lögð af stað í mjög langt og viðamikið ferli sem gæti tekið ár og áratugi í framkvæmd. Mér finnst því mjög mikilvægt að við ræðum samkomulagið sem náðist í Marrakesh í því samhengi og höfum það líka í huga, herra forseti, að andrúmsloftið er einfaldlega sameign okkar allra. Það er alveg sama hvar við búum á þessum hnetti, hvaðan við erum, við eigum sama rétt til ómengaðs lofts. Að því leyti til fagna ég þeirri niðurstöðu sem náðist þó náðist í Marrakesh en ég ítreka, herra forseti, að það er langur vegur fram undan í þessum málum.

[16:00]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum sjálfsagt deilt um það hvort reisn hafi verið yfir þessari ræðu eða ekki. Ræðan var ljómandi góð en öll orð um reisn ræðumanna o.s.frv. eru huglæg.

Mig langar til að rifja það upp að fyrsta mál Samfylkingarinnar hér í þinginu var einmitt þáltill. um það að undirrita þegar í stað Kyoto-bókunina. Þetta var þáltill. sem var flutt sameiginlega af því ágæta fólki sem í Samfylkingunni er. Að vísu lenti Samfylkingin strax í basli þegar við spurðum flutningsmenn tillögunnar um það hvað ætti að gera varðandi hugsanlega stóriðju á Reykjanesi og víðar og þá vafðist flutningsmönnum tunga um tönn.

Áðan var verið að rifja hér upp leiðaraskrif fyrrverandi formanns Samfylkingarinnar, þar sem hann talaði um að pípað væri á Íslendinga, klaufaskapur í Kyoto og við riðum í raun berbakt og allt það í öllum þessum samningaviðræðum. En síðan hafa greinilega orðið straumhvörf og batnandi mönnum ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill árétta það sem hann hefur fyrr sagt, að þegar vísað er til ritaðs máls þá er þess krafist í þingsköpum að leita skuli leyfis forseta, þannig að skýrt sé hvar er um beina tilvísun að ræða og hvar ekki.)

Herra forseti. Hér var ekki verið með beinar tilvitnanir heldur bara orðanotkun í ákveðnum leiðurum, hér er ekki um beinar tilvitnanir að ræða. Hins vegar sagði ég einnig að það hefðu greinilega orðið straumhvörf vegna þess að á landsfundi Samfylkingarinnar um helgina kom fram að samfylkingarmenn vilja gjarnan nýta svokallað auðlindagjald, (Forseti hringir.) þ.e. þeir vilja fá að innheimta fyrir mengunarkvótann, ef hv. þm. vildi fara örlítið betur yfir það mál.

[16:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að reyna að gera mér grein fyrir hvert þingmaðurinn er að fara því að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kom hér upp og fór að tala um einhverja hluti sem ég sagði aldrei. Ég veit eiginlega ekki við hvern hann var í andsvari.

Ég get hins vegar ítrekað spurningu mína sem var til hæstv. umhvrh. um það hvernig eigi að fara með losunarheimildirnar. Um það var ég að spyrja. Þær hafa verðgildi. Þær eru í raun nokkuð, ef afhent er á silfurfati, ekkert annað en framleiðslustyrkur. Þessu hlýtur hæstv. umhvrh. og hæstv. ríkisstjórn að gera sér grein fyrir, þannig að mig langaði til að inna hæstv. umhvrh. eftir því.

Hvað varðar þau orð er féllu um tillöguflutning Samfylkingarinnar, þá hefur það alltaf legið fyrir að Samfylkingin vildi að við undirrituðum Kyoto-bókunina, öxluðum þá siðferðislegu ábyrgð sem fylgir því að taka þátt í því alþjóðasamstarfi. Það höfum við alltaf gert og það gerum við áfram.

[16:04]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það á ekki einungis við um Samfylkinguna að vilja fylgja þessum ákvæðum Kyoto-bókunarinnar, langt í frá. Það á við um fleiri þingflokka en Samfylkinguna.

Ég kom inn á það í stuttu andsvari mínu hvort um stefnubreytingu hafi verið að ræða vegna þess að eins og ég benti réttilega á fjallaði fyrsta mál sem Samfylkingin lagði fram á þingi um það að undirrita Kyoto-bókunina þegar í stað. (Gripið fram í.) Það var árið 1999, það er hárrétt hjá hv. þm.

Þess vegna spyr ég hv. þm. hvort um straumhvörf og stefnubreytingu hafi verið að ræða vegna þess að ég hjó eftir því að á ágætum landsfundi þessara samtaka var einmitt talað um að nýta sér verðgildi losunarkvótanna. Ef við hefðum skrifað strax undir Kyoto-samkomulagið, hefði það verið möguleiki?

[16:05]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum ekki útiloka neina möguleika í þessu ferli, alls ekki. Það eru engin tíðindi að Samfylkingin sé með auðlindagjöldum. Hvar hefur hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason eiginlega verið?

Hins vegar erum við að ræða skýrslu hæstv. umhvrh. Í skýrslunni liggur fyrir niðurstaðan frá Marrakesh, og nú er um að gera að taka á þeirri niðurstöðu. Hún er staðreynd, hún liggur fyrir. Horfa fram á veginn, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, og við hin, herra forseti, og kljást við það verkefni sem fram undan er. Ég er hrædd um, herra forseti, að það sé mjög mikið og þungt verkefni. En Samfylkingin treystir sér fullkomlega í það.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[16:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason fór mikinn hér í andsvari áðan og vísaði til fornra texta sem ég mun hafa skrifað síðla síðustu aldar. Þar á ég að hafa ásakað Framsfl. m.a. um það að ríða berbakt í þessu máli og pípt hafi verið á hann. Þetta eru orðin sem hv. þm. notaði.

Ég er að koma af landsfundi Samfylkingarinnar og sem ég kem af honum þá er mér aðallega álasað fyrir það að hafa ekki pípt á Framsfl. og hafa ekki skammað Framsfl. nóg og reyndar ekki neitt.

Ég get hins vegar ekki fallist á það, herra forseti, að verið sé að skamma Framsfl. eða hv. þm. sérstaklega að halda því

fram að þó að hann, sem er af frægu framsóknarkyni, ríði stundum berbakt eða þó að flokkurinn ríði berbakt. Það þótti sérstök list þegar ég var að alast upp á Mýrunum í gamla daga.

Að því er varðar síðan það sem hv. þm. vísaði til mín þá verð ég auðvitað að benda honum á það, af því að hann hefur ábyggilega kynnt sér þetta ferli, að íslenska ákvæðið hefur breyst talsvert frá því að þetta var skrifað um mitt ár 1997. Það breyttist þannig að sett var þak einmitt á þá losunarheimild sem Íslendingar vildu fá. Og það breyttist m.a.s. þannig að ýmsar lofttegundir sem hæstv. umhvrh. vildi ná undanþágum fyrir voru teknar út. Þetta veit ég að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason veit í hjarta sínu, því að hann er greinilega sérfræðingur um þetta, þannig að ég vísa þessum ásökunum hans á bug um að ég hafi haldið því fram að að ósekju hafi verið pípt á Framsfl. Það var pípt á hann og hann breytti stefnu sinni. Hæstv. umhvrh. lagði fram aðra tillögu sem var miklu betri en sú fyrri og sú tillaga var samþykkt.

Síðan vísa ég hv. þm. líka til ræðna sem ég flutti af því tilefni hér í þinginu einhvern tímann á síðasta vori.

[16:08]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna þeim mikla árangri sem hæstv. umhvrh. og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur náð til að leiðrétta stöðu okkar gagnvart Kyoto-samþykktinni sem gerð var í desember 1997. Íslenska ákvæðið sem nú er búið að setja inn í Kyoto-bókunina opnar fyrir nýtingu á endurnýjanlegri orku á Íslandi til stóriðjuframleiðslu og gerir óþarfar áætlanir um stóriðju víðs vegar um heiminn þar sem aðrir orkugjafar eru nýttir sem menga mikið.

Það var strax ljóst þegar Kyoto-samþykktin kom til skoðunar hér heima að hún væri óásættanleg niðurstaða fyrir íslenska hagsmuni. Fyrir það fyrsta gerði hún ekki ráð fyrir að við gætum nýtt frekar en orðið var á þeim tíma endurnýjanlega orkugjafa okkar við beislun fallvatnanna og jarðgufu til raforkuframleiðslu, þó vitað væri að við hefðum þá einungis nýtt u.þ.b. 15% af þeim fallvötnum sem virkjanleg eru.

Ef það hefði orðið niðurstaðan hefði það leitt yfir íslenska þjóð algjöra stöðnun í atvinnulífinu og framtíðarhagvöxtur og lífskjör þjóðarinnar hefðu dregist saman. Með öðrum orðum hefði áratugastöðnun orðið hlutskipti Íslendinga meðan aðrar þjóðir gátu haldið áfram uppbyggingu sinni eins og ekkert hefði í skorist. Á þetta var margoft bent í umræðunum hér á Alþingi frá því að Kyoto-bókunin var kynnt.

Sem dæmi um þetta má rifja upp að millilandaflug til og frá Íslandi var talið inni í okkar kvóta meðan flug milli landa innan Evrópusambandsins var ekki inni í kvótanum. Ríki Evrópusambandsins gátu þar að auki miðlað á milli sín kvóta eftir því sem þeim sýndist eftir reglum Evrópusambandsins, sem leiddi til þess að sum ríki bættu við sig margföldu því sem Íslendingar höfðu meðan önnur drógu úr af ýmsum ástæðum sem ekki skiptu máli þá fyrir þau.

Ég vil benda mönnum á að á bls. 3 í skýrslunni sem fylgir með þessu máli stendur, með leyfi forseta:

„Ákveðið var að taka tillit til aðstæðna ríkja þegar losunarmörk voru sett og eru þau á bilinu frá því að fela í sér 8% samdrátt miðað við árið 1990 og yfir í 10% aukningu. ESB tekur á sig sameiginlega skuldbindingu upp á 8% samdrátt. Í samningum sín á milli hafa ríki ESB síðan samið um skiptingu á þessum samdrætti. Fimm ríkjum ESB, Portúgal, Grikklandi, Spáni, Írlandi og Svíþjóð, verður heimilt að auka losun, t.d. um 27% í tilfelli Portúgals og um 25% í tilfelli Grikklands, meðan önnur draga mun meira saman og Lúxemborg mest eða 28% og Þýskaland um 21%."

Samdráttur á kvóta hjá Þjóðverjum kom fyrst og fremst út af mikilli mengun sem var í Austur-Þýskalandi.

Það að bera okkur saman við Evrópusambandið og þessi stóru ríki, sem hafa ótrúlega möguleika, er því svo mikil skammsýni að það hefur verið jafnvel skondið að fylgjast með því hvernig forustumenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hafa rætt um þessi mál. Báðir þessir flokkar hafa beinlínis krafist þess, eins og komið hefur fram hér, að Kyoto-bókunin verði samþykkt óbreytt eins og hún kom fyrst fram. Þannig lagði núverandi formaður Samfylkingarinnar fram tillögu á 123. löggjafarþingi sem Ágúst Einarsson, þáv. þingmaður, var 1. flm. fyrir. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að fá að lesa þá till. til þál. um undirritun Kyoto-bókunarinnar, og flutningsmenn eru samfylkingarfólkið núverandi og þáverandi: Ágúst Einarsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, sem ég veit nú ekki í hvaða flokki er reyndar, Svanfríður Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, hv. þingmenn núverandi og fyrrverandi. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina, bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar."

Þessi tillaga var lögð fram á 123. löggjafarþingi, 1998–1999.

Formaður Samfylkingarinnar lét ekki þar við sitja heldur ritaði í DV, en hann var þá ritstjóri DV eins og komið hefur fram, tvo leiðara sem voru báðir á þá lund að gera þá samninga og við getum sagt störf ríkisstjórnarinnar að þessu máli sem tortryggilegust. Er dálítið erfitt fyrir hv. þm. að rifja þetta upp nú undir þessum kringumstæðum og að sjálfsögðu erfitt að þurfa að viðurkenna að hafa tekið svona stórt upp í sig og þurfa að kyngja því öllu saman aftur.

Ekki er hægt að segja að afstaða Vinstri grænna sé neitt öðruvísi. Vinstri grænir hafa alltaf verið grænir í þessum málum og það má sjá á ályktun frá þeim þingflokki frá því 23. febr. 1999, sem þá hét óháður, en Steingrímur J. Sigfússon lagði fram tillögu ásamt fleirum sem var í sama anda. Það var ályktun þingflokks óháðra vegna ákvörðunar ríkisstjórnar — og undir þetta rituðu Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir og fleiri. Og þar stendur, með leyfi forseta:

„Þingflokkur óháðra fordæmir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að undirrita ekki Kyoto-bókunina við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna fyrir tilskilinn frest 15. mars nk. Með því er ríkisstjórnin að skerast úr leik í alþjóðlegri viðleitni ríkja heims að koma í veg fyrir háskalegar loftslagsbreytingar af manna völdum."

Seinna í þessari ályktun kemur fram, með leyfi forseta:

„Þingflokkur óháðra telur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að skerast úr leik í þessu afdrifaríka máli bera vott um fádæma skammsýni og ganga gegn hagsmunum Íslendinga í bráð og lengd."

Þetta eru nú þeirra orð, herra forseti.

Það er alveg með ólíkindum hvað menn hafa verið yfirlýsingaglaðir á þessum tíma og spurningin er náttúrlega hvernig þeir ætla að svara því. En það hefur ekki komið

fram neins staðar í þessari umræðu að gengið hafi verið gegn hagsmunum Íslendinga í þessu máli nema síður væri.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að lánleysi þessara flokka þegar kemur að því að gæta hagsmuna Íslendinga er einstakt og ég held fáheyrt með stjórnmálaflokkum að þeir leggist svona gegn hagsmunum þjóðar sinnar eins og þeir hafa gert í þessu tilfelli. Ég veit ekki um nein önnur stjórnmálasamtök en talibana í Afganistan sem hafa lagst gegn því að einhverjar verulegar aðgerðir (**SJS:** Herra forseti ...) og leiðréttingar yrðu gerðar á hagsmunum þjóðar sinnar. (**SJS:** *Þetta er látið vítalaust.*)

Þessir tveir flokkar hafa þó tekið jákvætt í eitt atriði í umhverfismálum en það er að virkja fallvötnin til að framleiða vetni. Það hljómar ekki svo illa en þegar nánar er skoðað er lítið kjöt því miður á þeim beinum. Það er heilmikið átak í gangi af ríkisstjórnarinnar hálfu og 200–300 milljónir eru settar til þess að kanna þann möguleika, en því miður er það svo og kom fram á orkuráðstefnu sem haldin var núna fyrir nokkrum vikum síðan að framleiðsla vetnis getur ekki orðið hagkvæm í nánustu framtíð. Ástæðurnar eru þær að framleiðsla vetnis er mjög orkufrek og dýr. Vetni er ekki heldur hægt að geyma sem vetni heldur þarf að framleiða úr því metanól. Ef litið er á samanburð sem gerður hefur verið á þessu tvennu þá fara um 11 kílóvött í að framleiða eitt tonn af metanóli en 13,5 kílóvött til að framleiða eitt tonn af áli. Fyrir tonnið af metanóli fást um 150 dollarar en fyrir tonnið af áli fást 1.500 dollarar. Af þessu má ljóst vera að framleiðsla vetnis getur því miður seint borið sig ef miðað er við það rafmagnsverð sem greitt er í áliðnaði í dag.

Herra forseti. Það þarf að gefa gaum að ýmsum öðrum möguleikum sem geta minnkað gróðurhúsalofttegundir, eins og t.d. rafknúnum ökutækum og hugsanlega fullkomnari mengunarvarnarbúnaði á bíla og skip sem mætti jafnvel gera með því að lækka þungaskatt af dísilbílum þannig að dísilbílar yrðu fýsilegri kostur í rekstri en þeir nú eru. Framlag okkar á þessu sviði, herra forseti, hefur verið gríðarlega mikið og í þessu tilfelli hefur samningsstaða Íslands virkilega skipt máli.

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni fyrir heimsbyggðina sem slíka að við fáum að nýta endurnýjanlega orkugjafa okkar til að byggja upp orkufrekan iðnað sem heimurinn þarf á að halda. Ef það væri ekki gert hér er augljóst að slík framleiðsla flyttist til þróunarríkjanna sem flest framleiða rafmagn með kolum eða mó. Mengunin er því óheyrileg miðað við það sem við þurfum hér. Ákvæðið leiðir því ekki til þess að Íslandi grafist undir ís niður að sjávarmáli, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson skrifaði eftir einhverjum í blað fyrir nokkrum árum síðan heldur er verið að draga úr líkum á því að nokkur slík heimsendaspá rætist með íslenska ákvæðinu.

Það er einnig mjög hvetjandi, herra forseti, fyrir íslenska skógræktar- og landgræðslumenn að vinna þeirra verður að fullu metin sem aðferð til þess að binda koltvísýring. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur mikið verið unnið að þessum málum og aðeins til þess að skyggnast inn í hvað gerðist með þessum nýju samþykktum þá verða tré eða ræktun trjáa sem ná þriggja metra hæð viðurkennd sem binding en áður var miðað við fimm metra tré og þá eftir að þau urðu fimm metrar. Nú er það frá því að þeim er plantað. Sama gildir um landgræðslu. Hún var ekki viðurkennd í Kyotosamþykktinni. En með þessu nýja ákvæði verður landgræðsla viðurkennd og öll sú vinna sem hér hefur verið unnin verður því hluti af okkar bindingu sem er að sjálfsögðu mjög mikilvægt. Sífellt stærra landsvæði heyrir undir landgræðsluna og grænn bylting að því leyti hefur raunverulega átt sér stað undir forustu þess ágæta fólks sem stjórnar Landgræðslu ríkisins. Árangur af skógræktarverkefnum bænda og annarra félaga hefur líka verið mjög mikill og í sjálfu sér eitt af því sem við getum verið stolt af. Í þessa liði alla hefur ríkisstjórnin veitt hundruð milljóna og á ég ekki von á öðru en að haldið verði áfram á því sviði. Virkjun metangass úr sorphaugum Sorpu hefur einnig skilað verulegum árangri og er eitt af því sem *menn geta verið hreyknir af.*

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar og lækkun tolla af bílum hefur bílafloti landsmanna endurnýjast og er betur búinn en nokkru sinni fyrr til þess að hreinsa koltvísýring. Bættur mengunarbúnaður í álverum hefur einnig skilað miklum árangri hvað þetta varðar. Svona mætti lengi telja, herra forseti. Vilji ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur verið einlægur í því að standa við sitt þegar þjóðir heims vilja draga úr hættu á of mikilli hlýnun á jörðinni. Göt á lofthjúpnum eru einnig verulegt áhyggjuefni. Á öllum þessum málum er tekið af mikilli ábyrgð og í þeirri trú að framlag okkar skipti máli fyrir okkur, börn okkar og framtíð, fyrir líf á jörðinni. Ég tel því að fullgilding Kyoto-bókunarinnar geti verið á næsta leiti.

[16:22]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti sér ástæðu til þess að vekja athygli ræðumanns, hv. 8. þm. Reykn., á þeirri almennu reglu, sem hér er höfð í heiðri, að gæta hófs og vera hófstilltur í orðavali og umræðum.

[16:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Talsmaður okkar í þessari umræðu hefur ákaflega vel gert grein fyrir afstöðu Samfylkingarinnar í því máli sem við erum að ræða. Hv. þm. Kristján Pálsson gerði það að umtalsefni að Samfylkingin hefði flutt þingmál um að undirrita Kyoto-samninginn og ég legg áherslu á að undirrita Kyoto-samninginn. Það er hárrétt að við höfum talið að Ísland ætti að axla ábyrgð í umhverfismálum og aðlaga stefnu sína að þeim viðhorfum sem ríkja í dag.

Ég vil koma hér sérstaklega til að árétta þá afstöðu sem við höfðum þegar þetta mál var flutt í fyrsta sinn. Við vorum að spyrja ríkisstjórnina hvort hún ætlaði að standa utan við Kyoto-samninginn ef hún fengi ekki meira en 10%. Við vöktum athygli á því að fyrir utan að vera stærsta umhverfismál okkar tíma þá væri þetta mikið hagsmunamál vegna þess að í því væru peningar. Það eru meiri peningar í 11–12% en 10%. Og ég vek athygli á því að kvótinn sem Ísland hefur fengið er mjög rúmur kvóti og verðmæti hans er talið vera jafnvel 8–16 milljarðar.

Herra forseti. Ég vil sérstaklega benda á að afstaða okkar var, og hún kom fram í fyrsta sinn sem þetta mál var flutt hjá okkur, að það væru pólitísk skilaboð að skrifa undir Kyoto-bókunina, pólitísk skilaboð um að Ísland ætlaði að taka þátt í verkefninu á ábyrgan og markvissan hátt. Það var líka bent á að það að skrifa undir gæti þýtt að Ísland trúi því að skilningur sé á sérstöðu þess og treysti því að staðan í orkumálum og það sem Ísland hefur sett fram verði viðurkennt, að það væri betri leið en að rembast eins og rjúpan við staurinn við að fá meira, að það gæti þýtt að við sýnum traust, að við séum að kalla eftir skilningi, að það

gætu verið sterkari og mikilvægari skilaboð en skilaboðin sem ríkisstjórnin sendi frá sér þá.

Þetta var mjög sterkt innlegg í umræðu okkar þegar við fluttum þetta mál og mér finnst að það fari vel á því að koma með það inn í þessa umræðu núna.

[16:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að efast um að tilgangur Samfylkingarinnar þá hafi verið sá að senda pólitísk skilaboð til þjóðarinnar og þjóða heimsins um að við vildum vera með í ýtrustu kröfum þegar kæmi að því að uppfylla skilyrði sem fylgdu Kyoto-bókuninni. En það var náttúrlega öllum ljóst samt, öðrum en kannski Samfylkingunni og Vinstri grænum, að þessi skilyrði voru algjörlega óaðgengileg af hálfu Íslendinga því að það hefði orðið algjör stöðnun í allri uppbyggingu í íslensku atvinnulífi um ókomna framtíð með því að samþykkja Kyoto-ákvæðið eins og það var.

Ég held að það væri miklu nær fyrir Samfylkinguna og Vinstri græna að viðurkenna að það voru mjög mikil mistök af hálfu þessara hv. þm. að rjúka svona til og heimta að þetta yrði undirritað að algjörlega óathuguðu máli eða þá í einhverjum öðrum tilgangi sem ég ætla ekki að skilgreina hér.

Það er náttúrlega ljóst núna með þessu ákvæði að Íslendingar hafa náð stöðu sinni að nýju. Við getum horft fram á veginn og spilað úr því sem náðst hefur, m.a. því hvernig þessi losunarkvóti yrði nýttur og hvort þessi stórfyrirtæki yrðu látin borga einhvern auðlindaskatt af því sem þau eru að fá fyrir minni pening ef þau koma hingað fremur en að fara eitthvert annað, t.d. annarra iðnríkja. Ýmsir möguleikar eru því uppi sem þetta nýja ákvæði hefur skapað.

[16:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið snýst um það hvort maður fer eða fer ekki mjúku leiðina, sem er orðalag sem er svo vinsælt hjá stjórnarliðum að nota, þ.e. mýkri nálgun í samskiptum þjóða. Og það var mýkri leið að skrifa undir og síðan að leita eftir skilningi, miklu mýkri leið.

Herra forseti. Ég hlýt að gera það að umtalsefni hvernig þetta mál er sett fram í þinginu í dag. Hér kemur umhvrh. og flytur þetta mál og byrjar með alveg skelfilegu nöldri í stað þess að sýna gleði sína yfir að hafa náð því fram sem ríkisstjórn hennar óskaði. Aðrir sem hafa komið hér halda þessu áfram. En menn láta sér ekki heldur bara nægja að koma hér og tuða og nöldra í stjórnarandstöðunni í stað þess að segja stoltir: „Þessu náðum við fram. Þetta var mikilvægt fyrir þjóð okkar og nú erum við glöð og hress.“ Nei, þvert á móti. Og það ósæmilegasta, herra forseti, er hvernig síðasti talsmaður í þessu máli leyfði sér að tala til samþingsmanna sinna í flokknum Vinstri grænum.

[16:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til þess að teygja þetta mjög lengi. En hver er þessi mjúka leið? (Gripið fram í.) Mjúka leiðin er sú að skrifa undir og sjá svo til. Er það einhver leið út af fyrir sig? Er það ekki bara einfaldlega að leggjast upp í rúm og setja tærnar upp í loftið og segja bara: „Við treystum því að einhverjir aðrir komi til að hjálpa okkur.“ Þetta er mjúka leiðin sem hv. þingmaður er væntanlega að tala um.

Ég held að allir séu sammála því að best sé að reyna að leita sátta og fara þannig að fólki að allir séu sæmilega ánægðir þegar upp er staðið. En að skrifa undir, kalla það mjúka leið og ætla svo að treysta á að einhverjir aðrir komi til að bjarga manni úr vitleysunni, er náttúrlega bara vitlaus leið, ekki mjúk leið.

[16:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þá athugasemd sem hann gerði við orðaval hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Ég ætlaði satt best að segja ekki að trúa því að hv. þm. liðist það athugasemdalaust að líkja stjórnarandstöðunni hér við talibana eins og hv. þm. gerði. Það segir náttúrlega mest um hv. þm. sjálfan.

Varðandi þau ummæli sem hv. þm. Kristján Pálsson hafði hér um þá afstöðu fjölmargra þingmanna á síðasta kjörtímabili að Ísland hefði ekki átt að skorast úr leik og hefði eins og allar aðrar þjóðir sem þátt tóku í Ríó-ferlinu átt að undirrita bókunina í Kyoto, hvað sem síðan liði athugasemdum, fyrirvörum eða fullgildingarferlinu, þá stend ég enn við það að það var afar léleg mórölsk framganga af hálfu Íslands á alþjóðavettvangi að láta ekki einu sinni svo mikið sem undirrita bókunina og sýna þar með vilja sinn til þess að nálgast markmið loftslagssamningsins, enda ljóst að fjölmörg útfærsluatriði og fjölmörg atriði sem vörðuðu stöðu einstakra ríkja voru óleyst. Það lá allan tímann fyrir.

Á það var einmitt lögð áhersla hér af hálfu þeirra sem höfðu önnur sjónarmið í málinu en hæstv. ríkisstjórn að Íslendingar ættu frekar, hvað sem liði afstöðu manna til sérstöðu landsins, að vinna sínum málum framgang innan ferlisins hafandi undirritað bókunina en ekki öfugt. Meira að segja Bandaríkin skömmuðust þó til að undirrita bókunina, ég held, á næstsíðasta degi sem það var hægt miðað við að verða stofnaðilar að henni. Svo þekkjum við því miður söguna hvernig til hefur tekist í framhaldinu. En Ísland skapaði sér þarna algera sérstöðu.

Ég held að ástæðan fyrir því að það hefur náðst fram sem náðst hefur fram sé ósköp einfaldlega sú að Ísland vegur það lítið í þessu dæmi að menn kusu að kaupa frið og hafa Ísland með frekar en láta eitt af OECD-ríkjunum og iðnríkjunum skerast úr leik með þeim hætti, því það hefði verið enn eitt áfall fyrir þetta ferli.

[16:32]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða þess að ég tók hér upp nafnið talibanar er einfaldlega sú að þeir hafa verið þekktir fyrir það að boða stöðnun í samfélagi sínu. Svo má að mörgu öðru leyti tala um þá með einhverjum öðrum hætti en mín meining var ekki sú að klína því utan í einhverja aðra.

Að öðru leyti skil ég ósköp vel að hv. þm. hafi hugsað þetta þannig að fjölmörg mál voru óleyst þegar kom að því að undirrita Kyoto-bókunina, og hugsanlega hefði verið hægt að leysa þau við það tækifæri eða einhvern tímann síðar eftir að einhverju samkomulagi hefði verið náð um það.

Ég held samt að þegar við horfum á niðurstöðuna af ferlinu, hvernig þetta hefur svo verið rekið áfram af hæstv. umhvrh. og ríkisstjórninni, hafi verið reynt að ná samkomulagi við fjölda þjóða sem hafa verið í svipaðri stöðu eða verið óánægðar með það hvernig þeirra hlutur kæmi út úr þessu og þannig hefur farið fram mjög fagleg vinna. Kannski er það sú vinna sem hv. þm. er að meina. Sú vinna hefur leitt til samkomulags og það er örugglega það sem allir vildu.

Þess vegna segi ég að ef við hefðum undirritað þessa bókun með þeim orðum sem hér eru viðhöfð af þingflokki óháðra á sínum tíma, „fádæma skammsýni“ — það eru ekki spöruð stóru orðin þar, það er bara „fádæma skammsýni“ — að Kyoto-bókunin skuli ekki vera undirrituð bara strax. Ég held að það væri alveg full ástæða fyrir Vinstri græna í þessu tilfelli að viðurkenna að þeir fóru rangt að þessu máli á sínum tíma.

[16:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Orðin „fádæma skammsýni“ vísa m.a. til þess að sennilega á Ísland legu sinnar á hnettinum og aðstæðna vegna meira undir því en flestar ef ekki allar aðrar þjóðir, að frátöldum e.t.v. eyríkjunum á Kyrrahafinu sem hverfa af yfirborði jarðar í bókstaflegri merkingu á þessari öld ef svo heldur sem horfir, að tökum verði náð á loftslagsbreytingunum, einfaldlega vegna þess að spurningin um það hvort yfirleitt verði byggilegt á Íslandi eða ekki kann að ráðast af því hvort mannkyninu tekst að ná tökum á þessari þróun. Þar af leiðandi væri mikil skammsýni og sérhyggja af Íslands hálfu að reyna ekki að leggja sitt af mörkum og stuðla að því að þetta samkomulag nái fram að ganga, og ekki bara eitthvert fyrsta skref þess heldur áframhaldandi aðgerðir sem menn geti bundið vonir við að dugi til að koma böndum á þá óheillaþróun sem í gangi er. Og væri ekki skammsýni af þjóð sem getur átt búsetuskilyrði sín í bókstaflegri merkingu undir því að alheimssamkomulag takist um aðgerðir að leggja ekki sitt af mörkum til að það gerist?

[16:35]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð annað en að með þessu ákvæði sé verið að leggja einmitt það af mörkum sem skiptir máli fyrir þjóðir heims. Það er m.a. verið að bjóða það að hér séu stóriðjufyrirtæki sem þurfa mikla raforku sem er framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum sem þýðir þá að annars staðar í heiminum þarf ekki að reisa sambærileg álver eða stóriðjuver til að framleiða ál, svo við tökum dæmi.

Ég geri ekki ráð fyrir að neinir fari að framleiða ál nema að þörf sé fyrir það, að markaðurinn kalli eftir því. Ef það yrði ekki reist hér yrði það reist einhvers staðar annars staðar og þá væntanlega í iðnríkjunum. Við erum að tala um þetta hnattrænt. Við erum ekki að tala bara um Ísland sem eyland. Við erum að tala um heiminn allan og því skiptir máli að endurnýjanleg orka okkar verði nýtt á þessu sviði. Besta framlag okkar er að gera það t.d. varðandi álver eða annan iðnað sem krefst mikillar raforku.

[16:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla bara ekki að trúa því að hv. þm. Kristján Pálsson ætli ekki að biðjast afsökunar á því orði sem hann notaði hér yfir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar. Mér finnst ekki annað fært en hv. þm. biðji fólk afsökunar. Það er ekki verjandi að stjórnarandstöðuþingmenn á Alþingi þurfi að sitja undir því í faglegum og málefnalegum umræðum um loftslagsmál og hið íslenska undanþáguákvæði á vettvangi loftslagssamningsins að vera kallaðir talibanar. Og að hæstv. forseti skuli ekki krefja hv. þm. um afsökunarbeiðni finnst mér ekki nægilega gott svo ég bíð þess að hv. þm. biðji hér afsökunar. Undir öðru get ég ekki setið.

Vegna svartsýnishjals hv. þm. um möguleika Íslands á því að framleiða vetni í framtíðinni sem orkugjafa eða orkubera bendi ég hv. þm. á að lesa ræður sem fluttar voru á nýafstöðnu orkuþingi af forsvarsmönnum hins öfluga fyrirtækis Íslenskrar nýorku sem hefur notið stuðnings stjórnvalda. Ég gæti einnig bent hv. þm. á að lesa ræður hæstv. iðnrh. um möguleika Íslendinga til vetnisframleiðslu og ræður Baldurs Elíssonar sem talaði líka á orkuþingi.

Svartagallsraus hv. þm. í vetnisframleiðslumálunum er því alger óþarfi eftir því sem ég hef kynnt mér málin. Erfiðleikar okkar varðandi vetni og stóriðju eru hins vegar þeir að ætlum við að fara út í öll þau stóriðjuverkefni sem ríkisstjórnin áformar verður ekki eftir neinn virkjanakostur til þess að fara út í mögulega vetnisframleiðslu framtíðarinnar. Það er mergurinn málsins.

[16:39]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill taka það fram að hann gerði athugasemd við orðanotkun hv. þm.

[16:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan hvað ég hefði meint með þessu orði og tel ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég minni á að þetta orð hefur oft verið notað hér áður, kannski ekki úr þessum ræðustól, en það hefur verið notað í þjóðfélaginu. Ekki ætla ég endilega að fara að rifja upp í hvaða tilvikum það var gert.

Herra forseti. Varðandi vetnið og orkuþingið sat ég einmitt á orkuþinginu og heyrði ræður, m.a. frá Guðmundi Gunnarssyni hjá Iðntæknistofnun. Hann lýsti því nákvæmlega hvernig hann liti á vetnishugmyndir Íslendinga, hvað hann teldi hagkvæmast ef við hugsuðum okkur að nýta þá orku sem við hefðum og í hvað hún væri heppilegust. Hann sagði að þá væri vetnisframleiðslan mjög dýr kostur, það væri ekki hægt að geyma vetni sem slíkt heldur þyrfti að breyta því í metanól, og einnig það væri mjög dýr framleiðsla. Það kostar 11 kílóvött að framleiða eitt tonn af þessu metanóli en 13,5 kílóvött fara í að framleiða eitt tonn af áli. Verðmunurinn er tífaldur, þ.e. 150 dollarar fyrir metanól og 1.500 fyrir álið. Í því fólst þessi umræða, og engu öðru.

Ég ætla aftur á móti ekki að vera með neitt svartagallsraus. Ég er fyrst og fremst að ræða um það sem hefur komið fram hjá fræðimönnum. Ég er ekki að finna þetta upp sjálfur.

[16:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn trúi ég ekki mínum eigin eyrum, að hv. þm. skuli ekki hafa getað gerst maður að meiri og beðist afsökunar á orðavali sínu þrátt fyrir einhverja máttlausa útskýringu í andsvari við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon áðan. Hv. þm. kallaði þingmenn stjórnarandstöðunnar talibana og ég hef hér, herra forseti, skrifaða ræðuna hans frá því áðan og ég vil fá að vitna í hana því ég krefst þess að hv. þm. biðji okkur afsökunar sem hér höfum orðið sár við þá framkomu sem við höfum þurft að þola af hendi þingmannsins. Hv. þm. sagði að hann teldi fáheyrt með stjórnmálaflokkum að þeir legðust svona gegn hagsmunum þjóðar sinnar eins og þeir hafa gert í þessu tilfelli.

„Ég veit ekki um nein önnur stjórnmálasamtök en talibana í Afganistan sem hafa lagst gegn því að einhverjar verulegar aðgerðir og leiðréttingar yrðu gerðar á hagsmunum þjóðar sinnar.“

Þetta sagði hv. þm. Manni ber að biðja afsökunar á ummælum af þessu tagi. Og ef ekki, þá hefur hv. þm. Kristján Pálsson sett mjög niður hér úr þessum ræðustóli. Það er

slæmt til þess að vita að þetta skuli vera vitnisburðurinn sem fer um þingmanninn í Alþingistíðindi og ber honum vitni til framtíðar.

[16:42]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er dálítið hissa á því hvað hv. þm. tekur stórt upp í sig. Það má alveg velta þessu fyrir sér, hv. þm.: Hvað felst í þeim orðum þegar lagst er gegn hagsmunum Íslendinga eins og gert var með tillöguflutningi, málflutningi frá þingflokkum og öðrum í þessu máli? (**SJS:** Það er þitt mat.) Það er mitt mat. (**SJS:** Ósannað mál.) Auðvitað er þetta allt mitt mat. (**SJS:** Um það eru deildar meiningar.) Þetta er bara allt saman mitt mat. (**SJS:** Já.) Ég er ekkert að segja að ég sé að túlka neinar aðrar skoðanir en mínar.

Ef þið, hv. þingmenn, álítið að það sé til þess fallið að lyfta upp hagkerfi þessarar þjóðar að banna hér allar virkjanir í framtíðinni, ef þið haldið að það sé einhver framtíðarsýn, að það sé eitthvað sem við mundum vilja búa við hér á Íslandi í framtíðinni, þá er það bara misskilningur. (**SJS:** Biðstu afsökunar á skammaryrðunum?) (Forseti hringir.) Ég þarf ekki að vera að tala um neitt í þessu máli frekar.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má forseti biðja hv. þingmenn um að hætta frammíköllum meðan þingmenn eru í ræðustól.)

[16:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu skýrsla hæstv. umhvrh. um niðurstöðu 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Hæstv. umhvrh. hefur talað fyrir skýrslunni og gert grein fyrir helstu átakamálum sem komu upp á borð samningsaðila í því ferli sem átt hefur sér stað frá því að Kyoto-bókunin var gerð.

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns gagnrýna það að hið íslenska undanþáguákvæði skuli ekki fylgja skýrslunni. Ég verð að viðurkenna að ég geri ráð fyrir að fæstir þingmenn hafi séð þetta ákvæði sem gengur undir nafninu „íslenska ákvæðið". Mér finnst það ámælisvert þegar gefin er út þó svo vönduð skýrsla sem ég meðal annarra orða, herra forseti, vil þakka, en mér finnst ámælisvert að ákvæðið sjálft skuli ekki vera birt með skýrslunni.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er því til fyrirstöðu að ákvæðinu verði dreift meðal þingmanna, og þá að sjálfsögðu í íslenskri þýðingu, því ég held að við eigum fullan rétt á að fá að sjá það sem samið var um (**Gripið fram í:** Og upphaflega tillögu.) og upphaflega tillögu og sömuleiðis alla þá orðanna hljóðan sem um er að ræða því öðruvísi getum við að sjálfsögðu ekki tjáð okkur um málið til fulls.

Hæstv. umhvrh. hefur látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum að hún telji að í Marrakesh hafi verið veitt ákveðin eftirgjöf til þjóða sem hún hefur nefnt, t.d. Rússa og Japana. Hún hefur sagt í fjölmiðlum, herra forseti, að með því telji hún að samningurinn hafi verið útvatnaður. Um þetta deilum við ekki. Um þetta erum við hæstv. ráðherra hjartanlega sammála. Hins vegar tel ég að Íslendingar hafi átt sinn þátt í útvötnun samningsins með hinu íslenska undanþáguákvæði. Ákvæðin sem Rússar, Japanar og Kanadamenn voru að berjast fyrir á síðustu metrunum voru að sjálfsögðu skammarleg og þynntu samninginn út til mikilla muna. En, herra forseti, Íslendingar gagnrýndu aldrei framferði þessara þjóða, enda voru þeir sjálfir að berjast fyrir undanþágum í sínum málum.

Hæstv. umhvrh. hefur hamrað á því að íslenska undanþáguákvæðið sé afar umhverfisvænt og geri það að verkum að nú verði Íslendingum ekki meinað að nota endurnýjanlegar orkuauðlindir sínar. Ég spyr, herra forseti: Hver hefur meinað Íslendingum að nota endurnýjanlegar orkuauðlindir sínar hingað til? Ekki nokkur maður, herra forseti. Íslendingum er auðvitað fullkomlega heimilt að nýta allar orkuauðlindir sínar. Spurningin stendur um í hvað eigi að nýta auðlindirnar. Kyoto-bókunin hefur sett skorður við því að auðlindir af þessu tagi séu nýttar til að menga andrúmsloftið enn frekar með útblæstri stóriðju. Það hafa ekki verið takmörk á nýtingu orkuauðlindanna. Eingöngu til stóriðjunnar. Þannig að hæstv. umhvrh. hefur verið að berjast á forsendum stóriðju í samningsferlinu öllu. Fyrir það gagnrýni ég hæstv. ráðherra því að með því hefur ekki verið lagt lóð á vogarskálar umhverfis- eða náttúruverndar sem er hin hliðin á þessum peningi. Það er þar sem hæstv. umhvrh. Íslendinga á að berjast en ekki fyrir hagsmunum stóriðju.

Hæstv. umhvrh. skuldar okkur líka svör við því hvernig hæstv. ráðherra sjái nýtingu þeirra heimilda sem nú hafa náðst fram í Marrakesh. Hvernig réttlætir hæstv. umhvrh. það að stóriðjan skuli fá þessa gífurlegu meðgjöf? Hvernig ætlar íslenskt atvinnulíf að bregðast við því ef íslensk stjórnvöld ætla að gefa stóriðjufyrirtækjum sem koma til Íslands frítt spil í þessum efnum?

Íslensk stjórnvöld borga nánast losunarheimildirnar fyrir stóriðjufyrirtækin en athugum það, herra forseti, að það eru ekki bara stóriðjufyrirtækin, álbræðslurnar, sem þurfa á því að halda að eiga einhverja möguleika á því að menga eða losa gróðurhúsalofttegundir. Þar er einnig annar iðnaður sem við höfum ekki viljað amast við til þessa. Ég nefni þar fiskiðnaðinn. Ég nefni verksmiðjur og ýmsan iðnað um allt land sem þarf eðli málsins samkvæmt að losa gróðurhúsalofttegundir. Þegar allar undanþágurnar verða nú fylltar, með undanþáguheimildum fyrir stóriðjuverin, hvað ætlar hæstv. umhvrh. að láta annað atvinnulíf í landinu gera? Ætlar hún að láta aðra starfsemi kaupa losunarheimildir fullu verði? Hvers á þá annað atvinnulíf í landinu að gjalda? Hvers vegna er þessi þjónkun við stóriðjufyrirtækin?

Herra forseti. Ég endurtek að framganga íslenskra stjórnvalda í þessum málum hefur lýst þröngsýni og skilningsleysi á því sem ég hef viljað meina að væru aðalatriði þessa máls. Hver eru aðalatriði þessa máls? Aðalatriðin eru þau að vestrænar þjóðir verða að ná tökum á losunum gróðurhúsalofttegunda vegna þess að vísindamenn hafa sýnt okkur óyggjandi fram á að ef ekki verði gripið til róttækra aðgerða til þess að draga úr losun þá eigum við von á gífurlegum neikvæðum loftslagsáhrifum hér á jörðinni sem ekki þarf að tíunda hér. Og hvað þurfum við að gera? Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50–60%. Það er hin sameiginlega ábyrgð heimsins, 50–60%. Hvað átti Kyoto-bókunin að ná miklum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda? Markmiðið var að draga losunina saman um 5,2%. Og hvað hefur náðst? Hvað hefur náðst á vettvangi Kyoto-bókunarinnar?

Enn hef ég ekki séð prósentutöluna, herra forseti, en ég geri ráð fyrir að hæstv. umhvrh. viti betur en ég hver hin endanlega niðurstaða er talin vera í prósentum. Ég fullyrði að hún er sorglega lág.

Þess vegna vil ég segja að það sem vannst í Marrakesh er vissulega sigur en það var varnarsigur. Það var varnarsigur vegna þess að Bandaríkjamenn sem losa $^1/_4$ hluta allra gróðurhúsalofttegunda í heiminum, neituðu að vera með. Þannig

var öðrum ríkjum stillt upp við vegg af Bandaríkjunum og það varð að samþykkja hvaða vitleysu sem var á síðustu metrunum til þess að bjarga samkomulaginu, til þess að gæti yfir höfuð orðið eitthvert samkomulag.

Það ekki mikil reisn yfir því, herra forseti, að þurfa að viðurkenna að íslensk stjórnvöld hafi barist fyrir undanþágum. Við getum ekki verið stolt af því. Við viljum að Ísland leggi sitt lóð á vogarskálarnar til að draga úr losun á þann hátt að við getum verið stolt af því hvernig orkulindir okkar eru nýttar.

Það hefur oftar en einu sinni komið fram í máli mínu, herra forseti, að ég styð íslensk stjórnvöld heils hugar í öllum hugmyndum um vetnisvæðingu. Ég styð íslensk stjórnvöld heils hugar í öllum umhverfisvænum tilburðum sínum. En það sem hér hefur orðið eru ekki umhverfisvænir tilburðir, alls ekki. (Gripið fram í.) Nú skulum við bara tala um endurnýjanlega orkugjafa. Ég vil fá skilgreiningu frá hæstv. umhvrh. á því hvað eru endurnýjanlegir orkugjafar. Er alveg sama hvernig vatnsorka okkar er nýtt? Getum við alltaf sagt að við nýtum vatnsorku okkar á vistvænan hátt? Mitt svar er: Nei.

Ég vitna í skýrslu risastórrar nefndar sem starfað hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðastofnana sem heitir World Commission on Dams. Skýrslan sem sú nefnd skilaði er afar athyglisverð lesning, herra forseti. Í henni kemur fram að vatnsaflsvirkjanir með risastórum uppistöðulónum séu ekki sjálfbærar virkjanir og þær þurfi sérstakrar skoðunar við. Þess vegna fullyrði ég, herra forseti, að tilburðir íslenskra stjórnvalda í þá veruna að nýta vatnsafl okkar á þann hátt sem þeir nú leggja á ráðin um, þ.e. Kárahnjúkavirkjun með gífurlega stóru uppistöðulóni, beinist ekki að því að nýta þessar auðlindir á sjálfbæran hátt. Þar með tel ég áhöld um það hvort virkjunin sem slík sé umhverfisvæn. Jafnvel þó að orkuframleiðslan losi út af fyrir sig ekki gróðurhúsalofttegundir þá er aðferðin við að ná því afli sem viðkomandi virkjun gæti framleitt svo óumhverfisvæn sem frekast getur orðið.

Ég mundi standa með íslenskum stjórnvöldum í tilraunum þeirra til þess að snúa frá villu síns vegar í þessum efnum og setja upp virkjanir sem væru ásættanlegar fyrir umhverfið. Þá erum við að tala um áframhaldandi jarðvarmavirkjanir. Hvenær hafa Vinstri grænir staðið hér í stóli og hallmælt þeim eða sagt að jarðvarmavirkjanirnar valdi verulegum umhverfisspjöllum? Við höfum einatt sagt að jarðvarmavirkjanirnar lúti öðrum lögmálum hvað það varðar en vatnsaflsvirkjanirnar sem þurfa gífurlega stór uppistöðulón. Hvenær hafa þessi sömu stjórnvöld heyrt hv. þingmenn Vinstri grænna mæla gegn rennslisvirkjunum eða því að ár séu virkjaðar í farvegi sínum? Aldrei, herra forseti.

Við skulum halda okkur við málefnalega umræðu og fá skilgreiningu hæstv. umhvrh. á endurnýjanlegri orku eða endurnýjanlegum orkulindum. Út frá þeirri fullyrðingu að virkjun á borð við Kárahnjúkavirkjun er ekki endurnýjanleg í sjálfu sér, vegna þess að hún eyðir náttúrugæðum (Gripið fram í.) og lónið fyllist og virkjunin er ekki sjálfbær. Þetta eru staðreyndir málsins. Þetta á hæstv. umhvrh. vonandi eftir að koma inn á í síðari ræðu sinni. (**Gripið fram í:** Eða hæstv. utanrrh.) Eða hæstv. umhvrh. sem situr hér og hlustar á.

Ég þarf líka að spyrja hæstv. umhvrh. um ákveðin atriði í skýrslunni. Þannig er mál með vexti, herra forseti, á bls. 2 er fjallað um árangur sem náðst hefur við álverið í Straumsvík varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á fram-leiðslueiningu. Sannarlega skal ekki gert lítið úr því að þar hefur náðst talsvert mikill árangur og það hefur sú sem hér talar sjálf kynnt sér. Ég hef skoðað álverið í Straumsvík oftar en einu sinni, bæði áður en þessi árangur náðist og sömuleiðis nú eftir að tæknin hefur bætt ástandið til mikilla muna.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um sérstakt orðalag í þessari skýrslu, því það vekur forvitni mína. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta: „Þetta átak í mengunarvörnum tengist meðal annars samningi fyrirtækisins við stjórnvöld." Nú spyr ég, herra forseti: Hafa íslensk stjórnvöld gert einhvern sérstakan samning við álframleiðslufyrirtækið í Straumsvík varðandi þessi mál? Í framhaldi af því, er ekki hægt að gera sambærilega samninga við fyrirtækin sem nú óska eftir að setja upp stóriðju á Íslandi, þ.e. Norðurál og Reyðarál? Ef hægt er að semja við álverið í Straumsvík um samdrátt í losun og það að besta fáanlega tækni sé nýtt, er þá ekki öruggt að eitthvað svipað sé tryggt í þeim viðræðum sem eru í gangi við önnur fyrirtæki?

Af því að ég er hér farin að tala um bestu fáanlegu tækni þá vil ég líka spyrja hæstv. umhvrh. nánar út í það mál. Nú höfum við verið að fá fréttir í gegnum ráðstefnu sem haldin var á Íslandi í september sl. um að komin sé fram á sjónarsviðið ný framleiðslutækni við rafskautin, þannig að nú þurfi ekki lengur að brenna kolum í rafskautum álvera heldur séu komin fram svokölluð óvirk rafskaut. Þar sem íslenska undanþáguákvæðið byggir á því að besta fáanlega tækni sé notuð, þá held ég að hæstv. umhvrh. verði að svara okkur því hvort ekki verði gerð sú krafa að um leið og þessi óvirku rafskaut komi á markað verði slíkri tækni beitt hjá þeim fyrirtækjum sem nú eru inni í myndinni.

Af því að ræðutíma mínum fer að ljúka, herra forseti, þá er rétt að koma aðeins inn á anda skýrslunnar. Í henni er reynt sem mest að fegra, vil ég segja, hlut íslensku samningsaðilanna. Kannski er ekkert við það að athuga. Það er eðlileg tilhneiging en ég vil gera athugasemd við að að hæstv. umhvrh. skuli gera mikið úr því að innan samkomulags Evrópusambandslandanna séu lönd sem fái heimildir til að losa um 27% á meðan önnur séu svo djörf að lofa samdrætti um meira en 20%. Það eru lönd sem við viljum miða okkur við, t.d. Danmörk, sem ætla sér að draga saman losunina um 21%. Svo að sannmælis sé gætt þá held ég að það sé alveg rétt að hæla Evrópusambandinu fyrir þetta. Evrópusambandið beitti sér af alefli fyrir því að samkomulag næðist og það hefur ákveðið að beita sér fyrir umtalsverðum samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda.

Ég vildi sannarlega, herra forseti, geta verið stoltari af stjórnvöldum Íslands. Ég hefði viljað sjá þau oftar á sömu nótum og tala eftir sömu línum og forustumenn Evrópusambandslandanna. En því miður var því ekki að heilsa.

[16:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessum formanni Samfylkingarinnar hlýnaði nú pínulítið um hjartarætur að heyra þetta mikla lof borið var á forustumenn Evrópusambandsins í ræðu hv. þm. Ekki kem ég þó upp þess vegna.

Ég kem í fyrsta lagi upp til að taka undir með hv. þm. Mér finnst að það hefði verið rétt af hæstv. umhvrh. að láta fylgja með í skýrslu sinni nákvæma útlistun og útfærslu íslenska ákvæðisins. Sömuleiðis hefði verið ákaflega þarft fyrir umræðuna, sérstaklega eins og hún hefur hafið hana og

henni verið fylgt eftir af ýmsum þingmönnum Framsfl., að láta líka fylgja með hvernig íslenska ákvæðið breyttist og á hvaða tímapunktum, þá væri hægt að bera það saman við t.d. ýmis ritstjórnarskrif og leiðara og ræður sem haldnar hafa verið.

Herra forseti. Mér þóttu hugleiðingar hv. þm. um hvernig bæri að skilgreina endurnýjanlegar orkulindir ákaflega fróðlegar. Hún heldur því fram að virkjanir sem byggjast á lónum sem fyllast séu í reynd þess eðlis að ekki sé hægt að kalla þær endurnýjanlegar orkulindir. Mér finnst vera dálítið sterk lógík í því.

Mig langar líka að bæta því við, herra forseti, og það hefur komið fram hjá sérfræðingum og í umræðum hér á Alþingi Íslendinga, að ef gróðurhúsaáhrifin ná fram að ganga óáreitt þá leiðir það til þess að jöklar eins og Vatnajökull, stærsti jökull Íslands, gætu horfið á 100–200 árum. Þá fer nú að sneiðast um fallvötnin sem frá honum koma.

Herra forseti. Mig langaði hins vegar til þess að spyrja hv. þm. út í skoðun hennar á þeirri takmörkuðu auðlind sem losunarheimildir fyrir gróðurhúsalofttegundir eru. Hv. þm. spurði eðlilega hæstv. ráðherra hvernig ætti að útfæra það. Ég er þeirrar skoðunar að takmarkaðar auðlindir eins og þessar losunarheimildir eigi að vera í þjóðareign og það eigi að nýta þær á grundvelli jafnræðis og gegn eðlilegu gjaldi. En mig langar að spyrja hv. þm. hvaða skoðun hún og hennar flokkur hafi á því hvernig eigi að fara með nýtingu þessara nýju verðmæta.

[17:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram í ræðum þeirrar sem hér stendur þá er ég mikill Evrópusinni þó svo ég aðhyllist ekki aðild okkar að Evrópusambandinu að svo komnu máli, en mikil, góð og öflug samskipti við öll lönd í Evrópu er eitthvað sem ég hef aðhyllst og talað fyrir og kem til með að gera, ekki bara í Evrópu, heldur um allan heim. Og það skiptir verulegu máli, því hér er ein þjóð á einni jarðarkúlu. Það er bara þannig. Það er þessi jarðarkúla og umhverfið á jarðarkúlunni og lofthjúpurinn sem er til umræðu hér. Það er nú bara ekkert minna sem er undir. Það er sá heimur sem við byggjum alla okkar tilvist á.

Ég þakka síðan hólið frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Varðandi þá spurningu sem hann kom með að heimildir til losunar séu í eðli sínu auðlind, þá má að sjálfsögðu líta þannig á. Og ég lýsi mig fullkomlega reiðubúna til að skoða það hvernig fara ætti með þá auðlind, en ég er ekki með neina patentlausn eða neitt konkret svar við spurningunni. En ég er alveg samþykk því að við lítum á þetta sem ákveðna auðlind. Þess vegna spyr ég líka hæstv. umhvrh.: Hvers á annar iðnaður að gjalda að fá ekki þá meðgjöf, þá greinilegu meðgjöf, sem hæstv. umhvrh. er greinilega tilbúin að veita stóriðjufyrirtækjunum algjörlega án endurgjalds að því er virðist eða nokkurra skuldbindinga?

[17:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. Það gladdi mig enn og aftur að hún væri Evrópusinni þó að hún vilji ekki ganga í Evróusambandið að svo stöddu. Svo mun nú háttað um marga fylgismenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, miðað við skoðanakannanir að vísu.

Það er rétt sem hv. þm. segir að hún hefur varpað fram ákveðnum spurningum til hæstv. umhvrh. sem hún svarar áreiðanlega á eftir, því hér er auðvitað um lykilatriði að ræða. Það er eigi að síður þannig að stjórnmálaflokkar þurfa að hafa stefnur, burt séð frá hvaða stefnur ríkisstjórn hverju sinni hefur.

Ég spurði hv. þm. um þetta vegna þess að hún er hér talsmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hefur skýra stefnu væntanlega í þessu máli, eða svo hélt ég, en nú kemur í ljós að svo er ekki. Samfylkingin hefur hins vegar algjörlega skýra stefnu í þessu máli eins og ég lýsti áðan. Það á að fara með þetta sem takmarkaða auðlind og dreifa henni og úthluta nýtingarréttinum á grundvelli jafnræðis og það á að koma gjald fyrir. Það má auðvitað líta svo á að þær stóriðjur sem fyrir eru í landinu þurfi að fá sérstaka meðferð, en við þurfum líka, herra forseti, og vænt þætti mér um ef hæstv. umhvrh. hlýddi á mál mitt, að koma því svo fyrir að þær stóriðjur sem eru fyrir í landinu hafi af því hag að beita sér fyrir því að draga úr losun lofttegunda, en þó þannig að ábatinn fari ekki allur í hendur þeirra, heldur komi líka til eigenda okkar, þjóðarinnar, með einhverjum hætti. Þetta er algjör grundvallarregla sem mér þætti vænt um síðar í umræðunni að fá að heyra viðhorf Framsfl. til.

[17:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil meina að það sé bæði önugt og öfugsnúið að þurfa að kalla losunarkvóta auðlind. Ég vildi gjarnan að við gætum kallað hann eitthvað annað. Mér finnst eðlilegt að kalla vatnsorkuna og árnar okkar auðlind og loftið er auðvitað auðlind. Og það sem náttúran hefur látið okkur í té er auðlind. En mér finnst önugt og öfugsnúið að þurfa að kalla losunarheimildir, sem settar verða á einhvern alþjóðlegan markað og boðnar upp þar, auðlind.

Á hinn bóginn ítreka ég það sem ég hef áður sagt og sagði hér í fyrra andsvari mínu. Ég er auðvitað tilbúin til að líta á þennan markað sem staðreynd og alveg hreint eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið tilbúin til að skoða auðlindir fiskimiðanna á þessum nótum, að fyrir kæmi einhvers konar gjald, þá erum við líka tilbúin til að skoða þá möguleika að þessar losunarauðlindir verði skoðaðar á sömu nótum. En frekar mundi ég samt vilja, herra forseti, að slíkar losunarheimildir yrðu flokkaðar sem eitthvað annað, því þetta er í öllu falli ekki náttúruleg auðlind.

[17:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. umhvrh. fyrir skýrsluna og þakka þeirri nefnd, sendinefnd Íslendinga, sem hefur unnið að þessu máli árum saman fyrir afskaplega góð störf. Hér er um að ræða ferli sem hefur tekið mörg ár og margir hafa komið að þessu máli, bæði umhvrh., okkar ágæta sendinefnd og ýmsir aðrir ráðherrar. Og það hefur tekið mikinn tíma, bæði fyrir umhvrn. og ýmis önnur ráðuneyti að vinna sjónarmiðum Íslands framgang.

Það hefur hins vegar gengið mjög vel vegna þess að auðvelt hefur verið að tala fyrir þeim sjónarmiðum sem Íslendingar hafa haft í þessu máli. Þau hafa notið mikils skilnings í þeim samtölum sem ég hef átt í sambandi við þetta mál og ég hef enga tölu á. Það hefur verið skemmtilegt að vinna að málinu og við töldum það algjörlega nauðsynlegt þegar þetta ferli var hafið að vinna þessum sjónarmiðum framgang.

Við höfum legið undir mikilli gagnrýni í sambandi við þetta mál hér innan lands, á hv. Alþingi. Ég skil það svo að sú gagnrýni sé nokkuð önnur í dag en hún hefur verið og það er vel, án þess að ég átti mig alveg á því hvort

fulltrúar stjórnarandstöðunnar styðja þessa niðurstöðu. Nú liggur fyrir að vinna að því á næstunni að fullgilda Kyotobókunina á grundvelli þessa samnings og leggja málið fyrir Alþingi á næsta ári. Væntanlega kemur það í hlut utanrrn. að flytja þáltill. um það eins og aðra samninga sem gerðir eru á erlendri grund, þótt umhvrh. og umhvrn. hafi borið allan þunga af þessu máli.

Mér finnst vera mikilvægt að það sé upplýst í umræðunni hvort þokkaleg samstaða sé um þá niðurstöðu á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** ... lýsa niðurstöðunni betur.) Ég held að niðurstaðan liggi alveg ljós fyrir. Við höfum heimild til þess að ráðstafa 1,6 millj. tonna vegna sérstakra verkefna í stóriðju. Og það liggur nokkurn veginn fyrir hvaða verkefni þetta eru. Þau eru í Hvalfirði, væntanlegt álver á Reyðarfirði og það snertir líka járnblendiverksmiðjuna, stækkun hennar. Þetta eru fyrst og fremst þau verkefni sem þarna er verið að tala um, sem við töldum nauðsynleg vegna smæðar íslenska hagkerfisins.

Ef menn líta á þær tölur á bls. 9 eins og staðan var 1990, þá er Ísland með 0,016% af þessum 100% sem verið er að tala um. Ríki eins og Lúxemborg, sem er ekki mikið stærra ríki en okkar, er þá með 0,1%. Hvað vorum við að tala um? Við erum að tala um 50% hækkun nokkurn veginn á þessum 0,016%, þannig að við förum upp í 0,025% á móti 1% hjá Lúxemborg.

Þetta eru þær óskaplegu kröfur Íslendinga sem sumir hv. þm. hafa haldið fram að hafi kollvarpað algjörlega þessu máli.

Ég spyr hv. þm. af því hér hefur Evrópusambandið borist til tals: Hvað hefðu hv. þm. gert ef Ísland hefði verið aðili að Evrópusambandinu? Hefðu menn komið á fundi innan Evrópusambandsins og sagt: ja, við viljum bara vera í meðaltalinu, þ.e. mínus 8%? Því ég hef skilið málflutning stjórnarandstöðunnar í gegnum tíðina þannig að Íslendingar ættu að ganga að þessu, gera það sama og aðrir eins og það er látið heita, og þakka fyrir sig. Taka á sig alveg það sama og aðrir, á sama tíma og t.d. Portúgal fær innan Evrópusambandsins 27% aukningu, eða úr 0,3% í u.þ.b. 0,4%. Spánn úr 0,6% upp um 25%, upp í kannski tæplega 0,8%. Hefðu hv. þm. þá, ef þeir hefðu haldið þeim málflutningi, verið með þær kröfur ef viðkomandi þingmenn hefðu verið búnir að ganga í Evrópusambandið, og sagt: við viljum bara meðaltalið? Það hefur verið málflutningur stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi í gegnum tíðina. Þannig höfum við upplifað hann.

Við höfum hins vegar talið að líta þyrfti til sérstöðu Íslands. Og það er ekkert eina undanþágumálið í öllu þessu ferli. Alþjóðasiglingar eru undanþegnar slíkri losun. Þjóðir heims stunda misjafnlega miklar alþjóðasiglingar. Alþjóðaflug er undanþegið í þessari losun, en innanlandsflug ekki. Það er kallað alþjóðaflug milli Brussel og Amsterdam eða milli Amsterdam og London. Það er hins vegar innanlandsflug allt flug innan Bandaríkjanna, þar sem eru raunverulega miklu meiri fjarlægðir en víða innan Evrópu. Eldri skógar hafa komið inn í þetta mál.

Mér hefur hins vegar fundist í gegnum tíðina að í andstöðunni hér á hv. Alþingi endurspeglist andstaða við virkjanir og álver, sérstaklega á Austurlandi. Og menn hafa viljað nota hvert tækifæri til að koma þeirri andstöðu á framfæri, bæði í þessu máli, jafnvel innan lífeyrissjóðanna og reyna að setja stein í götu þeirra framkvæmda á allan hátt og nota hvert tækifæri til þess.

Síðan er því haldið fram af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að það sé ekki endurnýjanleg orka. Það að virkja Jökulsá í Dal í eigin farvegi væri endurnýjanleg orka. Það eru til áætlanir um að virkja þá á í farvegi sínum. Það yrðu miklar eyðileggingar sem þá ættu sér stað á Hafrahvammagljúfrinu.

Að jarðhiti eyðist ekki. Það liggur alveg fyrir að jarðvarmavirkjanir eru ekki óendanleg orka. Hún eyðist. Og það að virkja jarðvarma eingöngu til raforkuframleiðslu er ekki nema 15% nýting af orkunni eða svo. Hitt fer til spillis. Það er ekki fyrr en jarðvarminn er bæði notaður til þess að hita upp vatn og framleiða rafmagn, eins og gerist á Nesjavöllum, að slík nýting fæst út úr því.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þessar skilgreiningar vera afskaplega undarlegar og lítt samkvæmar sjálfum sér.

Aðalatriðið er hins vegar að langri baráttu er lokið og komin er niðurstaða, niðurstaða sem þjónar hagsmunum Íslands, mikil barátta sem niðurstaða hefur fengist í og við fengum allmikla andstöðu við á erlendri grund. Okkur tókst að yfirvinna þá andstöðu. Við höfum orðið fyrir mikilli andstöðu á hv. Alþingi. Ég tel að á margan hátt sé þetta mál — ég ætla ekki að segja að það sé jafnstórt og landhelgismálið var á sínum tíma, en það er af sama toga. Það varðar réttinn til að nýta íslenskar auðlindir. Landhelgismálið gekk út á það. Þetta mál er samkynja.

Ég tel að hér hafi verið afskaplega vel haldið á hagsmunum, sjálfstæði og fullveldi Íslands til þess að nýta sína eigin orku og ganga til alþjóðasamninga með slíku hugarfari en ekki leggjast flatt fyrir þeim hugmyndum sem fyrstar eru settar fram. Um þetta snýst málið.

Ég tel að þessi niðurstaða sé vel ásættanleg og hún er í fullu samræmi við það sem upphaflega var lagt af stað með. Að okkar mati hefði það hins vegar verið tvískinnungur að byrja á því að undirrita bókunina og gefa þannig til kynna að við mundum fullgilda þennan samning, alveg sama hvernig hann liti út. Ég tel að við höfum gert rétt. Ég tel að það hafi verið tvískinnungur af hálfu Bandaríkjamanna að byrja á að undirrita og draga sig síðan út úr öllu ferlinu. Og ég býst við því að núverandi ríkisstjórn Bandaríkjanna sjái eftir því. Hins vegar er afskaplega mikilvægt að Bandaríkin komi inn í þetta mál, það hljóta allir að sjá, því þeir eru með 36,1% og hafa þar að auki aukið það frá 1990, á sama tíma og við Íslendingar erum með 0,016%.

Allir hljóta að sjá að okkar vandi liggur í því hvað við erum lítið hagkerfi. Ef við værum hluti af stærra hagkerfi, eins og t.d. Evrópusambandsins, liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að hagsmunir þeirrar efnahagsheildar væru að nýta alla endurnýjanlega orku sem til er í þeirri efnahagsheild og draga úr notkun á kolum og olíu. (**Gripið fram í:** Flytja öll álverin hingað.) Flytja öll álverin hingað? Ja, ef þessi málflutningur á að ganga upp, eru menn þá inni á því að rétt sé að setja allar kolanámur í gang þegar Pólland og Tékkland ganga í Evrópusambandið? Það eru þeir möguleikar sem menn hafa í þeim heimshluta. Ætli sé ekki betra fyrir þessa efnahagslegu heild að byrja á því að nýta orkuna sem mengar nánast ekki neitt, kemur það ekki af sjálfu sér?

Það hefði verið saga til næsta bæjar ef Íslendingar hefðu ekki átt neinn annan kost til að komast út úr þessu máli en ganga inn í aðra efnahagslega heild eins og Evrópusambandið, til þess að geta nýtt orkulindir sínar. Það hefði verið skrýtin nálgun í þessu máli. Var það það sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfðu í huga? Ekki trúi ég því. (Gripið

fram í.) Ég hef ekki nokkra trú á því. En ég fagna þessari niðurstöðu. Ég tel hana góða. Mér heyrist á formanni Samfylkingarinnar að hann geri það líka. Hann er alltént glaður í dag og ég tel að það sé ástæða til að gleðjast yfir þessu máli. Ég vona að vinstri græna sé jafnframt svo að skilja að þeim þyki þetta bara góð niðurstaða og nú skulum við bara samþykkja hana og drífa í að fullgilda þennan samning. Og ef allir eru ánægðir með þessa niðurstöðu skal ég að mínu leyti a.m.k. hætta að tala um fortíðarvandann í þessu öllu saman, sem ég skil vel að hv. þm. líði heldur illa undir að sé rifjaður upp. Oft er það slæmt sem menn hafa sagt í fortíðinni, bæði ég og aðrir. En ef menn eru menn til þess að viðurkenna að það hafi allt verið heldur vafasamt og þetta sé bara gott, þá er það hið besta mál og ég vildi gjarnan að þessi umræða gæti endað þannig að við fengjum einhverjar meiri skýringar á því.

[17:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði nú ekki betur en hér gerðust þau stórtíðindi í ræðu hæstv. utanrrh. að hann færði fram sannfærandi rök gegn því að Ísland væri aðili að Evrópusambandinu (Gripið fram í.) Það er ekki á hverjum degi sem svo ber við.

Ég mótmæli því sem hæstv. utanrrh. reynir að láta hér liggja að, að þetta mál hafi snúist um rétt Íslendinga til að nýta auðlindir sínar. Það er algjörlega fráleitt að stilla hlutum þannig upp og bera þetta saman við landhelgismálið. Þetta snýst um möguleika Íslands til þess að auka losun gróðurhúsalofttegunda um u.þ.b. 50% frá því sem var 1990 vegna þeirra tilteknu stóriðjuáforma sem ríkisstjórnin er með í höndunum. Það vill ríkisstjórnin fá að gera án þess að teknar verði inn í viðvarandi tilraunir alþjóðasamfélagsins til að koma böndum yfir þessa mengun. Svo einfalt er málið. Og það eru miklar reiknikúnstir að halda því fram að það sé sérstaklega í þágu alþjóðlegrar umhverfisverndar að auka hér losun mengandi lofttegunda utan kvóta. Það er bara þannig.

Það sem gagnrýnt hefur verið af okkar hálfu í þessu máli er fyrst og fremst tvennt. Það eru annars vegar vinnubrögðin, þ.e. sú ákvörðun að undirrita ekki, að skera sig úr og undirrita ekki Kyoto-bókunina. Það vakti athygli þeirra sem á annað borð tóku eftir því að Ísland hafði ekki gert það. Menn áttuðu sig ekki á því í byrjun, t.d. á hinum Norðurlöndunum, að ein Norðurlandaþjóðin hefði skorist úr leik og menn urðu mjög undrandi þegar það rann upp fyrir þeim.

Hitt sem var gagnrýnt var sú siðferðilega staða sem Ísland tók sér þar með í málinu. Það var það. Ekki það að einstakar þjóðir eða hópar þeirra gætu ekki áfram unnið að því innan ferlisins að staða þeirra væri skoðuð og metin. Auðvitað hefur alltaf legið fyrir að það væru ótal útfærsluatriði í þessu máli sem þyrfti að vinna að, og er ekki búið enn því hér er eingöngu fyrsta skrefið á ferðinni.

[17:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að hluti af orkulindum Íslands verður ekki nýttur nema til stóriðju, t.d. Kárahnjúkavirkjun. Það liggur alveg fyrir að sú virkjun verði ekki nýtt til almennrar notkunar.

Það er ágætt að tala um vetni. Í því efni er mjög mikilvæg vinna í gangi á vegum iðnrn. Það er ekki komin nein niðurstaða í það og þess vegna liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að nýting þessarar orku er háð því að við getum gert þetta.

Hv. þm. kemur núna og segir, sem er ekki í neinu samræmi við málflutning hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að það eina sem Vinstri grænir hafi nú verið að gagnrýna séu vinnubrögð, það að hafa ekki skrifað undir á réttum stað og réttum tíma. Það er númer eitt, og gagnrýnisatriði númer tvö laut að því sama, að hafa ekki skrifað undir þannig að upp væri komin siðferðileg staða. Gagnrýni hans hér í dag, þegar hann „súmmerar" hana upp, lýtur bara að þessari einu undirskrift. Ef það er þannig lít ég svo á að hann sé búinn að taka allt hitt til baka sem hann hefur áður sagt um málið — sem ég fagna sérstaklega — og ómerkt orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem er talsmaður Vinstri grænna hér í umræðum í dag. Þetta eru mikil tíðindi, og ég fagna þeim og jafnframt þessari skynsamlegu afstöðu formanns Vinstri grænna, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að gagnrýna núna bara eina undirskrift sem ekki fór fram. Þetta finnast mér vera mjög merkileg tíðindi hér í dag.

[17:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég var heppinn, herra forseti, að hrósa ekki hæstv. utanrrh. fyrir ræðuna eins og ég var að hugsa um að gera af því að hún var langleiðina málefnaleg, langur vegur frá henni og yfir í þá hörmungarræðu sem hæstv. umhvrh. flutti hér, og hóf mál sitt á nokkurra mínútna skítkasti í garð stjórnarandstöðunnar. Ég sé að það var alveg óþarfi af mér að vera að gera þetta því hæstv. utanrrh. klikkar ekki. Hann reyndi í þessu andsvari sínu að snúa málinu algjörlega á haus og toga okkur hvort í sína áttina, mig og hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, þar sem ég var einmitt að vísa til, með orðum mínum um þá siðferðilegu stöðu sem Ísland hefði verið að taka sér í málinu — það er auðvitað allt sem var fólgið í kröfugerð Íslands um undanþáguna — um það að fá að menga meira.

Æfingarnar um stærð hagkerfisins og þessi nýi höfðatölureikningur Framsfl., að af því að Ísland sé lítið hagkerfi og við ekki nema 280 þús. þurfum við að hafa alveg sérstakar undanþágur til að mega menga miklu meira en aðrar þjóðir, er mjög sérkennilegur. Það eru margar aðrar þjóðir sem hafa heilmikla orku í formi fallvatna. Þetta hefði þá átt að vera almennt ákvæði sem gengi í gegnum allan samninginn ef menn voru að hugsa fyrst og fremst um endurnýjanlega orkugjafa sem ekki losar koldíoxíð, ekki bara bundið við einhver lítil hagkerfi. Við getum endalaust farið út í svona æfingar ef við förum að taka mið af því að Ísland sé ekki nema núll komma núll eitthvað prósent af efnahagsumsvifum í heiminum. Það verður gaman að sjá öll klæðskerasaumuðu áklæðin í alþjóðasamningunum með sömu röksemdafærslu ef svo ber undir.

Varðandi íslensku orkuna í fallvötnum mun ekki nema mjög lítil losun gróðurhúsalofttegunda fylgja virkjun hennar hvenær sem hún verður nýtt, og til hvers sem orkan verður notuð. Ef menn ætla hins vegar að setja hana alla í að framleiða ál vitum við að mikil mengun fylgir. Sá er vilji núverandi ríkisstjórnar. Þess vegna varð hún að fara fram með málið á þessum nótum, til að koma núverandi stóriðjuáformum sínum fram. Um það hefur þetta mál snúist allan tímann.

[17:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. hafi nú upplýst að gagnrýni hans og flokks hans lýtur ekki bara að þessari undirskrift. Hann hélt núna ræðu þar sem hann var á móti því, eins og ég skildi hana, að við skyldum hafa verið að biðja um, eins

og hann kallar það, „sérstakar heimildir til mengunar". Það er rétt. Við vorum að biðja um sérstakar heimildir til losunar til þess að geta nýtt orku okkar. Um það snýst málið. Og nú hefur hann upplýst að flokkur hans sé á móti því, eins og ég skil það. Ég er ekki að reyna að snúa út úr, ég er bara að reyna að skilja hvað hv. þm. er að fara. En hann sagði í fyrri ræðu sinni að það væru fyrst og fremst vinnubrögðin í kringum þetta og þessi undirskrift sem hans flokkur hefði verið á móti.

Það liggur alveg augljóst fyrir að það er allt annað að eiga við þessi mál þegar um stærri framkvæmdir er að ræða í litlu hagkerfi heldur en stóru. Ætli það sé ekki erfiðara að leysa slík mál inni í hagkerfi sem er með 0,016% eða hagkerfi sem er með rúm 27% eins og Evrópusambandið? Eru það einhverjar reiknikúnstir? Það eru engar reiknikúnstir. Það eru bara einfaldar staðreyndir. Og það er fyrir þessu sem við höfum fengið skilning. Við höfum fengið skilning fyrir þessu á alþjóðavettvangi. Hv. þm. kallar það reiknikúnstir.

Ég hef rætt við afskaplega marga um þetta mál. Ég hef aldrei heyrt nokkurn mann nota þetta orð. Þeir hafa skilið að það er erfitt fyrir lítið hagkerfi að hreyfa sig við þessar aðstæður. Þess vegna varðar málið möguleika og réttindi Íslendinga til að nýta sínar eigin auðlindir. Þess vegna er það sjálfstæðismál, og góð niðurstaða hefur fengist í þessu máli þrátt fyrir andstöðu hv. þm.

[17:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gagnrýni hæstv. utanrrh. fyrir notkun á prósentutölum, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur líka gert, því það er auðvitað villandi að flagga þessum prósentutölum á þann hátt sem hæstv. utanrrh. hefur gert og flýja um leið frá hinni siðferðilegu ábyrgð því það höfum við verið að gera í öllu þessu ferli.

Ég minni á að ekki er hægt að segja annað en að afskaplega miklir vankantar hafi verið á þessu íslenska undanþáguákvæði. Það gefur óneitanlega fordæmi, og það slæmt fordæmi. Við Íslendingar höfum viljað ganga á undan með góðu fordæmi í samskiptum þjóða.

Ísland er ríkt land og á þann möguleika, eins og önnur rík lönd, að kaupa sér losunarheimildir. Það eru sveigjanleikaákvæði í samningnum sem hefðu getað heimilað Íslandi slíkt ef Ísland hefði viljað það, ef Ísland vill bjóða heim þeirri mengandi stóriðju sem hér er verið að fjalla um öðrum þræði.

Það er líka hægt að gagnrýna þetta ákvæði fyrir að vera framleiðslustyrkur og meðgjöf með stóriðju á Íslandi. Verið er að mismuna iðnaði í landinu. Þetta er sannarlega ókostur við ákvæðið, ekki er hægt að deila um það og til þess fallið að lækka verð á áli, ef það er það sem vakir fyrir ríkisstjórn Íslands. Það er líka umdeilanlegt. Ættum við ekki frekar að beita okkur á alþjóðavettvangi til að hætta álframleiðslu og efla frekar þær tilraunir sem eru í gangi við að fá annað efni betra sem er hægt að framleiða án þeirrar gífurlegu mengunar sem framleiðsla áls útheimtir?

Það að ganga á undan með góðu fordæmi er allt annað en það fordæmi sem íslensk stjórnvöld sýna með því að gerast laumufarþegar, með því að „teika" eins og krakkarnir segja. Í þessu samkomulagi er Ísland bara frífarþegi. Það er það sem íslenska undanþáguákvæðið gerir, heimilar Íslandi að vera frífarþegi í þessari alþjóðlegu hringekju.

[17:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að berjast fyrir hagsmunum Íslands á þessu sviði heitir á máli hv. þm. „að gerast laumufarþegi" og „vera með frítt spil" á meðan aðrir eru líka að berjast fyrir hagsmunum sínum. Hv. þm. segir að Íslendingar séu rík þjóð. Það er rétt. Það er fyrst og fremst vegna þess að við eigum auðlindir sem ekki hafa verið nýttar að fullu. Og við erum náttúrlega langt á eftir öðrum ríkjum í OECD í sambandi við uppbyggingu iðnaðar. Uppbygging á áliðnaði og nýting orkuauðlindanna í t.d. Noregi er komin langt fram úr því sem við erum að tala um. Hér er allt miðað við 1990. Það skipti náttúrlega miklu máli að við yrðum að verja þá sérstöðu.

Nú liggur þetta fyrir. Það er gott að það skuli koma skýrt fram í umræðunni að Vinstri grænir eru á móti þessu. Þeir vilja að Íslendingar nýti ekki þetta ákvæði, eins og ég skil það.

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur á Íslandi verði á næsta ári enginn og jafnvel neikvæður. Er það framtíðarsýnin? Eigum við ekki að reyna að auka tekjur okkar?

Hv. þm. segir að framleiðsla á áli sé mengandi. Þetta er léttmálmur og það skiptir miklu máli að hætta að nota ýmsa aðra málma og nota ál í staðinn. Bílar eyða m.a. miklu minna eldsneyti ef þeir eru sem mest byggðir úr áli. Á endalaust að bíða eftir einhverjum öðrum töfraefnum? Við skulum vona að þau finnist, en eigum við Íslendingar bara að bíða til 2020, 2030, þangað til einhverjar aðrar lausnir eru komnar og láta þetta bara eiga sig á meðan?

[17:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum ekki að bíða, við getum lagt okkar lóð á vogarskálarnar. Við höfum yfir að ráða mikilli þekkingu, gífurlega miklu hugviti og við höfum getað státað af vísindamönnum á sviði t.d. vetnisframleiðslu. Mér fannst hæstv. umhvrh. gera í ræðu sinni lítið úr því fólki sem stendur fremst í veröldinni í þeirri grein.

Við höfum sannarlega ekki þurft að bíða eftir einu eða neinu heldur ættum við að geta gengið hér á undan með góðu fordæmi. Og með því að gera ál ódýrt hvetur hæstv. utanrrh. til framleiðslu bíla, einkabíla. Með því er hann ekki að hvetja til almenningssamgangna sem eru orkusparandi. Hann er að hvetja til þess að við framleiðum fleiri bíla til að meira verði mengað. Við getum látið þetta mál vinda endalaust upp á sig og við getum endalaust deilt um það hvort Íslendingar hafi gengið hér á undan með góðu fordæmi eða ekki.

Hæstv. utanrrh. skammar mig fyrir að kalla Íslendinga laumufarþega í þessu öllu saman. Ég spyr á móti: Hvar eru hugmyndir ríkisstjórnarinnar um orkusparnað, hvar er orkusparnaðaráætlunin okkar? Ætlum við bara að eyða og sóa orku en ekki að gera neina áætlun um orkunýtingu eða orkusparnað? Hvernig getur hæstv. utanrrh. haldið því fram að vatnsaflsvirkjun, sem byggir á stóru uppistöðulóni sem fyllist á einhverjum tilteknum tíma, framleiði endurnýjanlega orku? Það getur hæstv. utanrrh. ekki gert, orka framleidd á þennan hátt er ekki endurnýjanleg. Orkuverið er forgengilegt og því verður ekki á móti mælt.

Þess vegna er mér fullkomlega heimilt að gagnrýna þessa notkun stjórnvalda á orðunum endurnýjanlegar orkuauðlindir. Og varðandi jarðvarmavirkjanirnar talaði ég um þær sem umhverfisvænni í því tilliti að ef við erum búin að virkja jarðvarma getum við fjarlægt slíka virkjun án þess að nokkur

ummerki sjáist sem heitið geti í náttúrunni. Það getum við aldrei gert með risastórar virkjanir sem byggja á risastórum uppistöðulónum.

[17:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast við þær kenningar að miklu máli skipti að geta fjarlægt hluti. Ég las það m.a. í greinargerð Náttúruverndar ríkisins að það góða við rafmagnslínurnar væri að þær væri hægt að fjarlægja. Mér er sem ég sjái menn fara í að fjarlægja allar raflínur hingað til borgarinnar einhvern tíma í framtíðinni. Ég trúi því vart að hv. þingmenn Reykjavíkur hafi það á stefnuskrá sinni.

Auðvitað er þetta endurnýjanleg orka eins og hún er skilgreind á alþjóðavettvangi, og ég hef aldrei lent í umræðu um slík sjónarmið eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er að halda fram nema hér á hv. Alþingi. Þetta liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir.

Að því er varðar ál segir hv. þm. að við eigum frekar að hvetja til þess að hætta að nota bíla. Hefur hv. þm. trú á því að við munum með ákvörðunum okkar á Íslandi fækka bílum í heiminum? (Gripið fram í.) Hefur hv. þm. virkilega trú á því að við Íslendingar getum í þessu ferli stuðlað að því að bílum muni stórfækka? Hún segir að við eigum að taka upp almenningssamgöngur. Ég er stuðningsmaður almenningssamgangna en það kemur samt ekki í veg fyrir að menn haldi áfram að nota bíla. Kannski eiga Vinstri grænir þar við að við eigum að nota hestinn í staðinn, það væri svo sem eftir öðru, eða hvað er þingmaðurinn að fara?

Þetta er náttúrlega málflutningur sem mér finnst ekki vera boðlegur í þá umræðu þegar við erum að tala um framfarir og nútíma á Íslandi.

[17:38]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla hæstv. umhvrh. um niðurstöðu 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Ég vil í upphafi máls míns óska hæstv. umhvrh. og íslenskum stjórnvöldum, ásamt þeim sem hafa unnið að málinu í mörg undanfarin ár, til hamingju með þann árangur sem náðst hefur við að gæta hagsmuna Íslands á þessu sviði og einnig til hamingju með að þessi niðurstaða sé yfir höfuð komin.

Fyrir liggur að nú getur Ísland unnið að því að fullgilda Kyoto-bókunina. Það er sérstakt ánægjuefni. Eins og fram hefur komið í umræðunni í dag mun tillaga um það væntanlega berast til hv. Alþingis fljótlega á næsta ári. Einnig er ástæða til að vekja athygli á því að með niðurstöðu þessa máls hefur náðst fram niðurstaða varðandi eitt af þeim markmiðum sem ríkisstjórnin setti sér þegar hún var mynduð, að Ísland gerðist aðili að Kyoto-bókuninni þegar fyrir lægi að ásættanleg niðurstaða hefði náðst í sérmálum Íslands. Með öðrum orðum, herra forseti, við látum verkin tala.

Íslensk stjórnvöld með umhvrh. í broddi fylkingar hafa um langan tíma lagt mikið starf af mörkum við að gæta hagsmuna Íslands á þessum vettvangi, og jafnframt unnið að því markmiði að staðfesta með öðrum þjóðum heims samning og skuldbindingar um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Við samþykkt Kyoto-bókunarinnar árið 1997 tókst Íslendingum með þáv. hæstv. umhvrh., Guðmund Bjarnason, í broddi fylkingar að fá viðurkennda sérstöðu Íslands sem felst í smæð efnahagskerfisins og samsetningu losunar hér á landi. Þannig var viðurkennt að ekki væri rökrétt að setja Ísland á bekk með stórum iðnþjóðum sem búa við stór og öflug hagkerfi og mikið magn losunar. Þetta var mikilvægur áfangi á þeirri leið að Ísland gæti tekið þátt í þessu verkefni þjóða heims.

Við erum öll sammála um að vegna óheillaþróunar í loftslagsmálum verði þjóðir heimsins að taka höndum saman og stöðva þá þróun og í framtíðinni helst að snúa henni við. Ísland á að sjálfsögðu að taka þátt í slíku verkefni, enda eru framtíðarhagsmunir Íslendinga ekki síður í húfi en annarra jarðarbúa.

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. hefur gert grein fyrir þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar. Ég vil aðeins nefna nokkur atriði sem fram koma í skýrslunni máli mínu til áréttingar.

Í umræðunni um loftslagsmálin, framgöngu íslenskra stjórnvalda og niðurstöðu málsins hefur mikið farið fyrir hinu svonefnda íslenska ákvæði sem mjög hefur verið rætt í umræðunni. Ég fullyrði að til lengri tíma litið muni Íslendingar njóta þess mjög að stjórnvöldum tókst að fá þetta ákvæði samþykkt. Það væri út í hött að meðhöndla Ísland á sama hátt og þjóðir sem eru margfalt stærri með margfalt stærra og öflugra hagkerfi, með mikinn og öflugan iðnað og losa margfalt magn af gróðurhúsalofttegundum á við það sem við gerum. Aukin losun hér á landi, t.d. með tilkomu nýrra stóriðjuvera, er hlutfallslega mikil miðað við það sem losað er í heild hérlendis, en slík aukning hér getur haft áhrif til minni losunar ef litið er hnattrænt á málið.

Þetta markast fyrst og fremst af þeim orkugjöfum sem viðkomandi starfsemi notast við. Hér notum við hreina endurnýjanlega orku en víðast hvar annars staðar er notast við jarðefnaeldsneyti og jafnvel kjarnorku. Hljóta allir að sjá að á heildina litið er ávinningur í því að auka hlutfallslega mikið losun gróðurhúsalofttegunda miðað við heildarlosun hér á landi en draga á sama tíma úr losun á heimsvísu. Þetta ættu ekki að vera flókin vísindi en því miður eru þeir til sem neita að meðtaka það og spóla í hinu gamla hjólfari öfganna eins og við höfum heyrt í umræðunni í dag. Það að beita sér gegn svona mikilvægu hagsmunamáli þjóðarinnar eins og stjórnarandstaðan hefur gert á síðustu árum er ábyrgðarleysi og hittir stjórnarandstöðuna sjálfa fyrir.

Varðandi bindingu kolefnis með ræktun er nauðsynlegt að halda því til haga að fyrir frumkvæði Íslands og Ástralíu var fallist á að landgræðsla fengist viðurkennd til jafns við nýræktun skóga. Hér er um enn eitt hagsmunamál okkar að ræða sem tókst að leiða til lykta. Óhætt er að fullyrða að þessi niðurstaða muni til framtíðar leiða til þess að við munum leggja enn meira upp úr landgræðslu og skógrækt en verið hefur.

Í skýrslu hæstv. umhvrh. er fjallað um svonefnt sveigjanleikaákvæði. Í því felst m.a. að ríki geta átt viðskipti með losunarheimildir eftir ákveðnum framsalsreglum. Það sem að okkur snýr varðandi sveigjanleikaákvæði er að með samstarfi við þróunarríki getum við talið okkur til tekna árangur sem næst við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Nefnd hafa verið dæmi um að sú mikla þekking og reynsla sem Íslendingar hafa byggt upp við virkjun og nýtingu jarðvarma geti nýst okkur að þessu leyti og að víða í þróunarríkjum séu miklir möguleikar á nýtingu jarðvarma. Þannig má segja að samstarf á þessu sviði við þróunarríki geti ekki einungis skapað okkur ávinning varðandi losun gróðurhúsalofttegunda heldur mun það í framtíðinni geta ýtt undir aukinn útflutning á þeirri auðlind okkar sem er hugvitið og verkþekkingin.

Í umræðunni um loftslagsmál og efni skýrslu hæstv. umhvrh. er komið inn á uppbyggingu orkufreks iðnaðar á

Íslandi og heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hér. Umræðan um stóriðju hefur verið með ýmsu móti. Þeir sem eru harðastir gegn slíkri starfsemi á grundvelli umhverfismála eru gjarnir á að mála allt dökkum litum þegar rætt er um losun gróðurhúsalofttegunda. Menn tala gjarnan um spúandi stóriðjuver og hafa þá væntanlega í huga myndir sem við höfum séð af óskilgreindum verksmiðjum erlendis á þeim tímum þegar menn hugsuðu ekkert um þessi mál, engar mengunarvarnir voru notaðar og heilu borgirnar voru faldar undir svörtum mekki frá spúandi verksmiðjum og orkuverum sem notuðu kol eða önnur jarðefni til orkuframleiðslu. Þessi mynd er gjarnan heimfærð og notuð í áróðrinum gegn stóriðjuverum hér á landi, það höfum við heyrt undanfarin ár.

Vonandi gera flestir sér grein fyrir því að þessi mynd er ekki rétt. Ef við lítum til þeirra álvera sem starfrækt eru á Íslandi er ljóst að þau hafa lagt mikið upp úr því að minnka losun slíkra lofttegunda og gríðarlegar framfarir hafa orðið í þróun mengunarvarna til að takmarka þá losun eins og mögulegt er. Í nýbyggðu álveri Norðuráls á Grundartanga eru til að mynda mjög öflugar mengunarvarnir sem hafa sýnt fram á mikinn árangur. Í álveri Ísals í Straumsvík hefur mikið verið lagt upp úr því að minnka losun frá því sem var á fyrri tímaskeiðum starfseminnar. Fram hefur komið að álverið í Straumsvík hefur minnkað losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu. Þar hefur náðst mikill árangur í minnkun á losun flúorkolefna þannig að í dag er sú losun mun minni en var árið 1990, svo ekki sé leitað lengra aftur í tímann, þrátt fyrir að framleiðsla fyrirtækisins sé helmingi meiri nú en hún var árið 1990. Sá árangur hefur náðst í samstilltu átaki þessa fyrirtækis og stjórnvalda og er dæmi um þær áherslur sem stjórnvöld og þessi stóriðjufyrirtæki hafa haft varðandi loftslagsmálin.

Niðurstaða mín varðandi umræðuna um stóriðju á Íslandi og losun gróðurhúsalofttegunda er sú að mikið hafi farið fyrir öfgafullum málflutningi sem málar hlutina dökkum litum en hefur því miður oft og tíðum ekki stoð í raunveruleikanum. Þessi umræða verður að byggjast á málefnalegum nótum þannig að heildarárangur náist. Hitt er annað að við verðum ætíð að hafa þessi mál uppi á borðinu í umræðunni um orkufrekan iðnað sem og aðra starfsemi sem undir þetta fellur með það að markmiði að loftslagsmengun verði eins lítil og mögulegt er og helst engin.

Þó að við getum væntanlega öll glaðst yfir þeirri niðurstöðu sem hér um ræðir þá fylgja þessu máli ýmis áhyggjuefni varðandi umhverfisvernd til framtíðar. Þannig hefur verið bent á að þær niðurstöður sem liggja fyrir muni mjög líklega valda því að ákveðin ríki leggi enn meiri áherslu á nýtingu kjarnorku til orkuvinnslu en áður. Við þekkjum hvað slíkt hefur í för með sér. Það nægir að nefna meðhöndlun kjarnorkuúrgangs, endurvinnslu kjarnorkuúrgangs o.fl. Í framhaldi af þessum niðurstöðum hljóta ríki heims að leggja aukna áherslu á aðgerðir til að draga úr þeirri hættu sem þessu fylgir og þar liggja hagsmunir Íslendinga. Nægir þar að nefna lífríki hafsins fyrir okkur og hættuna á að kjarnorkuúrgangur valdi tjóni á því.

Við höfum lengi barist við Breta varðandi kjarnorkuendurvinnslustöðvarnar á Dounreay og Sellafield. Á þessum forsendum er ljóst að leggja verður aukinn þunga á þá baráttu í framhaldinu, herra forseti.

Ég legg áherslu á þetta mál. Það þarf að auka umræðuna og leggja aukna áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi kjarnorkuna og kjarnorkuúrgang og ég tel að það fylgi umræðunni um þetta mál sem hér um ræðir.

Eins og fram kemur í skýrslu hæstv. umhvrh. kemur langmestur hluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá iðnríkjunum til vegna bruna jarðefnaeldsneytis. Því er rökrétt að jarðarbúar standi nú frammi fyrir vandamálum vegna loftslagsbreytinga vegna þess. Það er augljóst að draga þarf verulega úr notkun þessa eldsneytis við orkuvinnslu og auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa. Þessi staðreynd bendir á framtíðarmöguleika okkar Íslendinga við nýtingu orkuauðlinda okkar og beinir okkur enn frekar að því að ráðast í framleiðslu á vetni sem framtíðarorkugjafa. Undir forustu framsóknarmanna hefur verið unnið markvisst að þessu máli og hefur m.a. hv. þm. Hjálmar Árnason verið einn af þeim sem staðið hafa þar í fylkingarbrjósti.

Herra forseti. Það er athyglisvert nú þegar við ræðum þessa skýrslu og þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir að rifja upp það framlag sem stjórnarandstaðan hefur lagt til í umræðunni um þessi mál á síðustu árum. Segja má í ljósi þess árangurs sem nú liggur fyrir og hver staða málsins er að á sinn hátt sé það hin mesta skemmtun að leggjast í söguskoðun að þessu leyti.

Í umræðunni í dag hefur ýmislegt verið dregið fram, t.d. það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur haft í frammi undanfarin ár í umræðunni um þessi mál. Hægt er að tína þar ýmislegt til en ég ætla ekki að leggjast í smáatriði að því leyti. Ég vil bara vekja athygli á því að forusta Samfylkingarinnar hefur gengið mjög ómálefnalega fram í þessu máli á undanförnum árum og kallað forustumenn og hæstv. ráðherra sem hafa farið með þennan málaflokk ýmsum nöfnum til háðungar og ég tel að það hitti menn nú mest fyrir sjálfa sig.

Einnig má nefna framgöngu hv. þm. Vinstri grænna. Þeir hafa gengið svipað fram í þessum málum og ég verð að segja á köflum haft uppi hér rómantískar hugleiðingar um umhverfismál, um bílaeign veraldarbúa o.s.frv., eins og kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur hér áðan. En niðurstaðan varðandi Vinstri græna er einfaldlega sú að hv. þingmenn halda áfram að berja höfðinu við stein og eru á móti í þessu máli eins og svo mörgum öðrum, a.m.k. er ekki annað að merkja á þessari stundu. Ég tel hins vegar að þeir hafi tækifæri til þess að bæta ráð sitt þegar tillögur um fullgildingu þessa samkomulags koma hér til umræðu. Ég trúi nú ekki öðru, þegar hv. þingmenn fara að skoða málið eins og það mun liggja fyrir, en að þeir snúist á sveif með málinu og standi með okkur. Ég verð að segja að annað væri nokkurt ábyrgðarleysi og veruleikafirring.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda áfram að rifja upp fyrri ummæli stjórnarandstæðinga. Það hefur verið gert hér í dag og ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að teygja tímann með því. Ég tel að ýmis tækifæri muni bjóðast til þess á síðari stigum. Ég vil bara ljúka ræðu minni á því að endurtaka að mikil ánægja er með að þetta mál skuli liggja hér fyrir eins og það er. Við munum síðar, eins og fram hefur komið, fjalla um tillögur sem lúta að því að Ísland fullgildi það samkomulag sem við hér ræðum. Það er ánægjuefni og ég mun taka virkan þátt í því að sjálfsögðu að leiða það mál til lykta og hlakka til samstarfs við nefndarmenn í umhvn. um það. Ég er sannfærður um að þar mun ríkja mikil eindrægni í þá veru að ljúka málinu.

[17:51]

Útbýting þingskjala:

Alnæmi og kynsjúkdómar, 295. mál, fsp. MF, þskj. 360.

Rannsókn Samkeppnisstofnunar á hækkun matvöruverðs, 298. mál, fsp. SJóh, þskj. 363.

Rýmingaráætlanir, 294. mál, fsp. MF, þskj. 359.

Skattar af greiðslum úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaga, 297. mál, fsp. SJóh, þskj. 362.

[17:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa skýrslu. Hún er prýðilegt gagn í hendur þingsins.

Mér finnst nú hv. stjórnarþingmenn og ráðherrar hafa verið óþarflega hróðugir yfir árangri sínum og ættu að sýna dálítið meiri hógværð en þeir hafa gert hér í málflutningi. Þeir hafa vissulega náð fram árangri. En þeir hafa ekki sannfært mig um að þeir hefðu ekki getað náð honum án þess að skrifa undir bókunina. Þeir hafa engin rök fært fram sem hafa stutt það að þeir hefðu ekki getað náð þessum árangri. Það eina sem hæstv. utanrrh. sagði í því efni var að honum hefði fundist tvískinnungsháttur af hendi Bandaríkjamanna að skrifa undir og hlaupa síðan frá þessu máli. Íslendingar hefðu væntanlega ekki þurft að hlaupa frá málinu ef þeir hefðu náð þessum árangri þó að þeir hefðu skrifað undir. Það væri ekki ónýtt að menn útskýrðu hvaða voðalega aðstöðuleysi hefði orðið ef skrifað hefði verið undir og hvers vegna menn voru svona skjálfandi hræddir við að skrifað yrði undir. Ég átta mig ekki alveg á þessu og þætti vænt um að vera fræddur um það ef menn treysta sér til.

En þessum áfanga er fyllilega ástæða til að fagna því að þetta er árangur á heimsvísu og menn eru að sýna sameiginlega ábyrgð — ég tek undir allt sem menn hafa sagt um það — með þessari niðurstöðu. Þó að menn telji ástæðu til þess að ganga lengra þá er nú fyrst að ná saman um að leggja samferða af stað í göngu af þessu tagi og þá er ástæða til þess að geta haft góðar vonir um það að lokum að hægt verði að ná saman um aðgerðir sem bera með sér þann árangur sem sóst er eftir, þ.e. að hægt verði að stjórna því hve mikil mengun stafar frá mannlífinu á þessari jörð og þannig hægt að koma í veg fyrir að hér verði náttúruhamfarir af mannavöldum í framtíðinni.

Við höfum fengið að heyra það hér í dag að við höfum barist gegn hagsmunum Íslendinga frá upphafi í þessu máli og verið ómálefnaleg. Hv. þm. Magnús Stefánsson sagði áðan um Samfylkinguna að hún hefði verið ómálefnaleg. Hann nefndi engin dæmi um það, taldi ekki ástæðu til þess líklega. En ég hefði gjarnan viljað heyra þau.

Ég verð hins vegar að gera þá játningu í þessum ræðustól að ég var ekkert afskaplega trúaður á að íslensk stjórnvöld næðu þeim árangri sem þau eru búin að ná. Ég get bara verið hreinskilinn. Ég hélt að það yrði erfiðara en það reyndist. Ég óska íslenskum stjórnvöldum til hamingju með að hafa náð þeim árangri. Við ætlum okkur ekki að standa í einhverju fortíðarþrugli út af þessu máli í Samfylkingunni. Við ætlum að vinna út frá þeirri stöðu sem er komin upp. Okkur finnst að þá þurfi menn að fara að svara spurningum eins og þessum: Hvernig ætla menn að fara með þennan mengunarkvóta sem er kominn í hendur íslenskra stjórnvalda? Hvernig ætla menn að útdeila honum til fyrirtækja? Hvernig ætla menn að fá endurgjald fyrir þennan kvóta? Auðsjáanlega verður hann verðmætur á heimsvísu og hlýtur að þurfa að endurspeglast í verði á raforku eða einhvern veginn öðruvísi hér á Íslandi. Síðan þarf að fara yfir þetta mál út frá framtíðarsýn til nokkuð margra ára, ekki bara til 2012.

Ég er ekkert sannfærður um að við eigum endilega að klára þennan mengunarkvóta fram að árinu 2012. Gera menn ekki ráð fyrir því að það þurfi að gera einhverja framhaldssamninga um þessa hluti og er það endilega víst að Íslendingar eigi að ganga fram svo hratt sem mögulegt er á grundvelli þessarar undanþágu? Ég held að menn eigi að gefa sér góðan tíma til að velta því fyrir sér. Menn þurfa kannski ekki að taka afstöðu til málsins í heild hvað þetta varðar.

Við megum sem sagt auka mengun á Íslandi og við megum flytja mengun til Íslands frá öðrum ríkjum. Mér hnykkti svolítið við þegar hæstv. utanrrh. setti þetta í það samhengi að við værum t.d. komin í Evrópusambandið og Evrópusambandið hefði komist að þeirri niðurstöðu að dýrlegt væri að flytja stóriðju til Íslands vegna þess að þar væri hægt að framleiða raforku til þess að drífa stóriðjuna. Ég geri ráð fyrir því að Íslendingar muni ekki líta þannig á, ef þeir lenda í því kompaníi, að það verði hlutskipti okkar að hingað flytjist stóriðja endalaust á meðan við höfum raforku til þess að framleiða. En ég hef ekki áhyggjur af því að þannig verði staðið að málum og ég vil að það kom hérna fram.

Ég vil minna á nefnd sem var kölluð auðlindanefnd og er oft í munni manna hér á hv. Alþingi. Hún tók afstöðu til auðlinda og skilgreindi auðlindir með ýmsum hætti. Meðal annars var um að ræða útvarpsbylgjur og einhvers konar kvótasetning og annað því um líkt sem gæti flokkast með einhverjum slíkum auðlindum. Ég er kannski ekki endilega að halda því fram að það eigi að kalla mengunarkvótann auðlind. Menn geta svo sem velt því fyrir sér hvort ekki sé hægt að hafa eitthvert annað orð yfir það. Hann er hins vegar verðmæti sem hlýtur að verða að líta á sem sameign þjóðarinnar og verður þá að fara með sem slíka.

Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. á síðasta þingi. Hún gekk út á það að mig langaði að vita hvort ríkisstjórnin gerði ráð fyrir því í samningum við Norðurál að komið gæti til þess að á því þyrfti að halda að kaupa mengunarkvóta og að Íslendingar þyrftu að gera ráð fyrir því í samningum við Norðurál og önnur stóriðjufyrirtæki sem rætt væri við um aukna stóriðju, að nauðsyn væri á slíkum kvóta og þess vegna ætti að gera þeim aðilum það í samningunum að bera ábyrgð á að skaffa slíka kvóta, þ.e. bera kostnaðinn af því.

Hæstv. ráðherra svaraði þessum spurningum mjög óljóst. Ef ég má vitna, með leyfi hæstv. forseta, í svarið þá sagði hæstv. ráðherra lok svars síns:

„Það er því ekki óeðlilegt að stóriðjufyrirtækin t.d. afli sér losunarheimilda eða kosti samsvarandi bindingu kolefnis vegna losunar flúorkolefna ...“

Mig langar til þess að hæstv. ráðherra útskýri nánar fyrir okkur hvernig hún sjái þetta fyrir sér í framtíðinni, bæði hvað varðar stækkun á þeim stórfyrirtækjum sem eru í þessari grein og í sambandi við þau nýju fyrirtæki sem hugsanlega gætu komið hingað. Ætlar hæstv. ríkisstjórn að ganga þannig frá í samningum við þessi fyrirtæki að þau skuldbindi sig til þess að borga fyrir að nýta sér útblástur á því verði sem útblásturinn kemur til með kosta á alþjóðavettvangi þegar verðið hefur myndast?

Síðan vil ég spyrja hæstv. umhvrh., vegna þess að í hennar stöðu hlýtur hún að velta mikið fyrir sér framtíðinni á Íslandi hvað varðar aukna mengun, stóriðju og annan atvinnurekstur í landinu: Er það hugmynd hæstv. ráðherra að lögð verði fram einhver áætlun á næstunni? Er hún í smíðum eða verður

í smíðum einhver áætlun um uppbyggingu iðnaðar og þar af leiðandi einhvers konar tímasett áætlun um hugsanlega aukna mengun á Íslandi? Og hvaða fyrirtæki hugsa menn sér að velja í framtíðinni inn í atvinnulífið á Íslandi? Fleira en stóriðja kemur til greina eins og minnt hefur verið á í þessum umræðum, þ.e. sem mengun kemur frá. Það getur vel verið að ekki sé heppilegt að Íslendingar klári allan mengunarkvótann í tveim, þrem samningum við einhver gífurlega stór fyrirtæki og eigi svo enga möguleika í framtíðinni til þess að leyfa öðrum iðnaði að verða til í íslensku atvinnulífi.

Þó að hv. þm. og ráðherrar stjórnarflokkanna séu kátir með niðurstöðu sína finnst mér ég alls ekki vera í þeirri stöðu að ég þurfi neitt að koma á hnjánum í ræðustól til þess að tala um þessa hluti. Mér finnst við hafa verið gæta hagsmuna Íslendinga í þessari umræðu. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að þessi árangur hefði ekki getað náðst þó að menn hefðu skrifað undir. Það er í raun ekki hægt að gleðja hv. ráðherra og þingmenn með neinu slíku látæði á hv. Alþingi sem þeir virðast vera að kalla eftir.

[18:03]

Drífa Snædal:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir skýrsluna og hv. þm. fyrir umræðurnar sem hafa verið mismálefnalegar þó.

Umhverfismál eru mikilvægasti málaflokkurinn sem við munum glíma við á næstu áratugum og öldum. Skýrsla hæstv. umhvrh. sýnir svo ekki verður um villst að ef ekki verður eitthvað aðhafst í loftslagsmálum á næstu árum mun varla vera lífvænlegt á jörðinni innan fárra áratuga.

Samningaferlið sem Sameinuðu þjóðirnar hafa staðið fyrir um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda er lífsnauðsynlegt framtak þjóða heims til að stemma stigu við þróuninni.

Við lestur skýrslunnar koma þó fram mjög mismunandi áherslur og forsendur ríkja fyrir þátttöku í ferlinu. Til dæmis eru Evrópusambandslöndin öll af vilja gerð til að leggja sitt á vogarskálarnar og svo má segja um mörg önnur ríki. Fullur skilningur er þó fyrir því að þróunarríkin standi undir samningsákvæðum þegar fram í sækir án þess að skerða lífskjör í þeim löndum sem þegar eru bág.

Íslendingar telja sig oft lúta öðrum lögmálum en önnur ríki og Kyoto-bókunin er þar engin undantekning. Í samningaferlinu hefur ráðuneytið á Íslandi, sem á að gæta hagsmuna umhverfis, gengið hart fram í því að fá undanþágu á silfurfati fyrir stóriðjufyrirtæki. Á Íslandi eru hins vegar ekki sérstakar aðstæður sem gera okkur ókleift að virða umhverfissáttmála og Ísland er ekki þróunarland. Þvert á móti eru aðstæður á Íslandi þannig að við höfum tækifæri til að skara fram úr í umhverfisvernd í heiminum án þess að lífsgæði okkar minnki. Því til stuðnings má nefna landgræðsluátök, nýtingu jarðvarma í auknum mæli, sem telst til endurnýjanlegs orkugjafa, og þróunarstarf sem hér er unnið til að minnka mengun úr t.d. álverum. Þessar forsendur gera okkur kleift að ganga á undan með góðu fordæmi og miðla þekkingu okkar á þessum sviðum til annarra þjóða til góðs fyrir heimsbyggðina. Sérstaða Íslands felst í því að geta náð hámarksárangri í umhverfismálum án þess að skerða lífskjör.

En nei, það er ekki stefna hæstv. umhvrh. Stefnuna má lesa í skýrslunni en þar er tekið fram hvernig Ísland getur aflað sér losunarheimilda til notkunar hér á landi m.a. með því að fara í sameiginlegar framkvæmdir með öðrum ríkjum. Forsendur fyrir okkar hlut í öllum samningaviðræðunum eru því skýrar: Hvernig getum við losað sem mesta mengun og samt verið innan ramma alþjóðasamninga?

Í skýrslu hæstv. umhvrh. er því ekki rætt um hvernig við aðlögumst Kyoto-bókuninni heldur hvaða möguleika við höfum til að standa við skuldbindingar, þrátt fyrir þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru hér á landi.

Það er alveg rétt að við erum framarlega í nýtingu endurnýjanlegrar orku og þeirri kunnáttu eigum við að miðla til annarra þjóða og þá sérstaklega þróunarlandanna. Tilgangur þess að miðla þekkingu okkar á ekki að vera svigrúm til að menga meira, heldur á tilgangurinn að vera að standa undir ábyrgð okkar á umhverfismálum í alþjóðasamfélaginu. Það er nefnilega ekki nóg að kenna börnum okkar ábyrgð á umhverfinu í gegnum sjónvarpsefni ef við erum sjálf að leita allra leiða til að vinna skemmdarverk í umhverfismálum.

Um allan heim er litið til Kyoto-bókunarinnar sem upphaf nýrra tíma og vel verður fylgst með því hvernig ríki standa sig. Við höfum því einstakt tækifæri á næstu árum til að ganga á undan með góðu fordæmi og marka okkur sérstöðu sem umhverfisvæn þjóð. Herra forseti, þetta tækifæri eigum við að nýta því að það eru okkar hagsmunir.

[18:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér skýrslu hæstv. umhvrh. um niðurstöðu 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Þannig er málum háttað að mengun þekkir yfirleitt ekki landamæri og þá sérstaklega sú mengun sem við ræðum hér um, þ.e. koldíoxíðmengun. Ef einhvers staðar myndast koldíoxíðmengun í heiminum þá skaðar það allt mannkynið. Þess vegna er mjög mikilvægt að tekið sé á því vandamáli um allan heim. Hins vegar er sú kenning sem er á bak við gróðurhúsaloftsáhrifin ekki byggð á vísindalegum rannsóknum heldur er þetta eingöngu kenning og ég vil undirstrika það. Einnig þarf að hafa í huga að sú kenning, ef henni verður framfylgt að fullu, gæti haft áhrif til að lækka lífskjör allra jarðarbúa og það mun að sjálfsögðu koma verst niður á þeim sem búa við lélegustu lífskjörin.

Vandi Íslands er sá að áður en viðmiðunarárið rann upp, 1990, voru Íslendingar búnir að útrýma jarðefnaeldsneyti til húshitunar. Nánast hvert einasta hús í landinu er annaðhvort hitað með heitu vatni úr iðrum jarðar eða rafmagni. Kol og olía eru ekki notuð til húshitunar á Íslandi. Þessu er öfugt farið annars staðar.

Annar vandi Íslendinga er sá að mjög lítið hefur verið virkjað af þeim endurnýjanlegum virkjunarkostum sem við eigum, einungis 20–30% af því sem er praktískt eða raunhæft að virkja.

Afleiðingar þessa samkomulags erlendis, þar sem þróunarríkin eru undanskilin, munu óhjákvæmilega verða þær að orkufrekur iðnaður flyst frá þróuðu ríkjunum til þróunarríkja, frá iðnvæddu ríkjunum til hinna. Iðnvæddu ríkin munu þurfa að setja kvaðir á framleiðslu orku sem mun leiða til þess að væntanlega verður einhver skattur, koldíoxíðskattur, settur á þá orku, raforku t.d. sem framleidd er með kolum eða öðrum hætti, og það mun leiða til þess að orkufrekur iðnaður mun í auknum mæli fara til landa þar sem slíkur skattur er ekki. Það hefur það í för með sér að álið eða önnur vara sem framleidd er í orkufrekum iðnaði verður framleidd eftir sem áður enn í þróunarlöndum, oftast nær með jarðefnum, þar sem endurnýjanlega orku er ekki mjög víða að finna.

Herra forseti. Íslenska ákvæðið sem við náðum fram í samningum leiðir til þess að það má framleiða, reyndar í takmörkuðum mæli, orku á Íslandi sem er endurnýjanleg án þess að það komi inn í koldíoxíðreikningsdæmið. Þetta eru að sjálfsögðu hagsmunir Íslands en ekki síður hagsmunir heimsins vegna þess að ál sem framleitt er á Íslandi sparar heimsbyggðinni koldíoxíðmengun. Ef það er framleitt annars staðar með olíu, mó, brúnkolum eða kolum veldur það miklu meiri koldíoxíðmengun sem, eins og ég gat um í upphafi, þekkir ekki landamæri. Þess vegna eru það hagsmunir heimsbyggðarinnar að stóriðja sé á Íslandi.

Íslenska ákvæðið undirstrikar hnattræna siðferðilega skyldu Íslands til að nýta betur endurnýjanlegar orkulindir landsins til orkufreks iðnaðar. Það eru hagsmunir Íslands og það eru hagsmunir heimsbyggðarinnar. Og ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til að þakka hæstv. umhvrh. og hennar fólki fyrir framgöngu hennar í þessu máli fyrir íslenska hagsmuni sem um leið eru hagsmunir heimsbyggðarinnar. Það er ekki erfitt að hrósa hæstv. umhvrh. á þessari stundu.

[18:17]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka þá skýrslu sem hæstv. umhvrh. hefur lagt hér fram og er til umræðu, um niðurstöðu 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Mig langar líka eins og aðra að nota þetta tækifæri og óska hæstv. ráðherra og öðrum sem unnið hafa að þessu máli, þessu þýðingarmikla hagsmunamáli, til hamingju með góðan árangur. Eins og fram kemur í skýrslunni er þessi árangur mörgum að þakka og ljóst er að hann náðist með markvissu og samstilltu átaki og vinnu margra, bæði ráðherra og embættismanna umhvrn., utanrrn., iðn.- og viðskrn. og forsrn. Ástæða þess að ég byrja á hamingjuóskum og þökkum er fyrst og fremst sú að af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur lengi verið unnið að því, ljóst og leynt, að gera þessa vinnu tortryggilega og gera lítið úr þeim sem hafa verið að reyna að tryggja þá miklu hagsmuni sem í húfi eru.

Þeir hagsmunir eru annars vegar að tryggja að Ísland sé þátttakandi í samstarfi þjóða heimsins í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir háskalegar loftslagsbreytingar af mannavöldum, geti fullgilt samninginn og axli ásamt öðrum ábyrgð á þeim hluta umhverfisvanda heimsins sem stafar af loftslagsbreytingum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.

Hins vegar voru að veði hagsmunir okkar sem smáþjóðar og lítils hagkerfis af því að geta nýtt náttúrulega og endurnýjanlega orkugjafa okkar þó að það valdi staðbundinni aukningu á losun koldíoxíðs. Þessa hagsmuni og ávinning okkar af íslenska ákvæðinu svokallaða hafa fræði- og vísindamenn metið til ekki minna en 8 milljarða kr. verðmætis fyrir þjóðarbúið. Það munar sannarlega um minna að mati allra þeirra sem gera sér grein fyrir því að það þarf að afla til að eyða.

Nokkrir stjórnarandstöðuþingmenn eiga þann vafasama heiður að hafa verið í fararbroddi í því að vinna gegn þessum ríku hagsmunum þjóðarbúsins, að geta nýtt sér náttúrulegar auðlindir okkar, með því að reyna að gera vinnuna tortryggilega og að gera lítið úr þeim sem harðast hafa unnið að því að tryggja hagsmuni okkar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur að vanda tekið stórt upp í sig í opinberri umræðu og lítið sparað í ónefnum og kallað menn bæði klaufa og umhverfissóða. Innihaldslítil reynast þau orð þegar upp er staðið en nú vill hv. þm., formaður Samfylkingarinnar, leggja gjald á þær auðlindir sem íslenska ákvæðið tryggir okkur yfirráðarétt yfir.

Ef menn vilja og leggja sig fram lánast þeim að draga upp mjög þrönga en um leið villandi mynd af stöðu okkar Íslendinga í umhverfismálum. Málflutningurinn snýst oft eingöngu um magntölur í tonnum og prósentum losunarefna, og teknar úr öllu samhengi við heildarmyndina geta þær auðvitað hljómað ógnvænlegar. Sem dæmi um það er fyrirspurn hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur á dögunum til hæstv. umhvrh. er hv. þm. spurði ráðherrann um það, með leyfi forseta:

„Hversu mikla aukningu á losun í prósentum talið heimilar íslenska ákvæðið sem nú er búið að samþykkja og bindingarákvæði samkomulagsins Íslendingum?"

Gagnsemi íslenska ákvæðisins fyrir íslenska hagsmuni og þjóðarbúið lét hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vitaskuld liggja á milli hluta þó að hún viðurkenni nú auknar losunarheimildir sem auðlind, alveg eins og þá staðreynd sem hún lét líka liggja á milli hluta að á sama tíma og ákveðin verkefni hér hafa mikil áhrif á heildarlosun frá Íslandi hafa þau hnattrænt áhrif til lækkunar á losun gróðurhúsalofttegunda, eins og hæstv. umhvrh. hefur svo vel gert grein fyrir.

Auðvitað fékk þingmaðurinn rétt og skilmerkilegt svar við þessari spurningu í tonnum og prósentum en hvorki spurningin né beint svar við henni gefa neina rétta eða heildstæða mynd af stöðu okkar Íslendinga í umhverfismálum almennt. Og það er rétt að draga upp víðari mynd af þeirri stöðu, sérstaklega með tilliti til ríkra hagsmuna okkar af hreinni ímynd landsins fyrir útflutningsatvinnuvegina, m.a. fiskútflutninginn og ferðamannaþjónustuna.

Herra forseti. Megindrættirnir í myndinni eru þessir: Í fyrsta lagi snýst alþjóðleg umræða um loftslagsbreytingar fyrst og fremst um orkubúskap og mismunandi leiðir til að fullnægja orkuþörf ríkja og samfélaga en sú þörf fer stöðugt vaxandi, jafnt hvort litið er til heimila, atvinnulífs eða samgangna.

Í öðru lagi er notkun jarðefnaeldsneytis, bruni olíu og kola með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda, stærsta rót vandans sem alþjóðasamfélagið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er að bregðast við, og viðleitnin er öll í þá átt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis en í þess stað verði notaðir endurnýjanlegir orkugjafar, annaðhvort beint eða til framleiðslu eldsneytis eins og vetnis.

Í þriðja lagi felst sérstaða okkar og grundvöllur ímyndarinnar um hreinleika landsins í því að 99% af raforkuframleiðslu byggir á endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsorku og jarðvarma, og þeir fullnægja 70% frumorkuþarfar okkar.

Í fjórða lagi þurfum við, vegna þeirra náttúrulegu auðlinda auk annars, ekki að nýta kjarnorku eins og svo margar aðrar þjóðir verða að gera til að takmarka losun sína á gróðurhúsalofttegundum með tilheyrandi hættu á stórhættulegum umhverfisslysum og hnattrænum vandamálum vegna losunar kjarnorkuúrgangs.

Loks er vert að halda því á lofti að við getum, vegna reynslu okkar og þeirrar miklu þekkingar sem hér hefur byggst upp á sviði nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa, verið í fararbroddi þjóða á þessu sviði og miðlað og kennt öðrum þjóðum sem búa við ónýtta möguleika. Á þann hátt leggjum við einnig hnattrænt okkar af mörkum til umhverfismála og skipum okkur áfram í fremstu röð á sviði umhverfisverndar.

[18:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ótrúlegt að sjá hvern stjórnarliðann á fætur öðrum koma hér í ræðustól og, eins og ekkert sé sjálfsagðara, bera blákalt á stjórnarandstöðuna að hún sé að vinna gegn hagsmunum þjóðarinnar. Hver hv. þm. eða hæstv. ráðherrann á fætur öðrum segir, eins og það sé bara sannað mál, Q.E.D. að annar aðilinn hafi algjörlega sannleikann sín megin í málinu en aðrir hv. þm., bæði á þessu kjörtímabili og hinu fyrra, sem hafa haft önnur sjónarmið um það hvernig Ísland ætti að vinna að þessum málum eða ganga fram, séu bara sannanlega að vinna gegn hagsmunum þjóðarinnar, og væntanlega gegn betri vitund, eða hvað?

Er ekki hægt að ná umræðunni upp úr þessu fari og ræða þetta á þeim nótum að það hafi verið deildar meiningar um það hvernig Ísland skyldi ganga fram í þessum efnum, hvernig skyldi vinna að málefnum Íslands á þessum vettvangi? Og er nú búið að sanna eitthvað um það, frá og með bara því að Siv Friðleifsdóttir, hæstv. umhvrh., kom heim frá Marrakesh, í hverju framtíðarhagsmunir Íslands og mannkynsins alls muni verða fólgnir í þessum efnum? Ég mótmæli þessum lágkúrulega málflutningi, herra forseti. Þetta er neðan við allar hellur.

Við skulum ræða þetta á þeim nótum að það hafi verið deildar meiningar um málið. En er búið að sanna það að annar aðilinn hafi sannleikann sín megin og hinn algjörlega rangt fyrir sér? Það er auðvitað algjörlega fráleitt að stilla dæminu svona upp, herra forseti. Og að fást ekki til þess með neinum hætti að velta upp þeim flötum umræðunnar sem snúa að hinni siðferðilegu stöðu Íslands er heldur lágkúrulegt.

Á sem sagt að hafa þetta þannig að Ísland segi: Það er ágætt að aðrir geri eitthvað í þessu með gróðurhúsalofttegundirnar en bara ekki við? Refurinn sagði: Ekki ég. Það er hin móralska lína sem ríkisstjórnin með liði sínu er að tala fyrir.

[18:26]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki skrýtið að fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem hafa hent grín að þeirri vinnu sem farið hefur fram á þessum vettvangi og kallað hana öllum ónefnum og hvatt til þess að Kyoto-bókunin væri undirrituð, svíði núna að sjá þann árangur sem náðst hefur. Þeir hafa orð á því, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, að sá árangur sem hefur náðst, auknar losunarheimildir, sé auðlind og það er ljóst að þetta eru verulegir hagsmunir fyrir íslenskt samfélag og gera okkur kleift að nýta náttúrulegar auðlindir okkar betur en ella.

Hverjir eru síðan, þegar upp verður staðið, ríkustu hagsmunir íslensku þjóðarinnar? Það getum við hugsanlega deilt um, hv. þm. Steingrímur Sigfússon, en gagnvart því að geta nýtt náttúrulegar auðlindir okkar skiptir þessi vinna á alþjóðavettvangi og íslenska ákvæðið sköpum.

[18:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einmitt spurningin um siðferðilega afstöðu til mála af þessu tagi. Það er alveg ljóst að nái Kyoto-samkomulagið fram að ganga, að ég tali ekki um frekari áfanga í því að draga úr losun, þýðir það byrðar á þær þjóðir sem ætla sér að leggja eitthvað af mörkum og draga úr losun sinni. Fulltrúar Íslands koma hins vegar heim og hælast um af þeim árangri Íslands að hafa ekki bara fengið 10% heimild til aukningar heldur miklu meira og geta svo jafnvel selt réttinn til þessarar viðbótarmengunar og fengið fjármuni fyrir. (Gripið fram í.) Selt þá hér innan lands, það er það sem menn eru að tala um, að það eigi að líta á þetta sem auðlind og selja þetta. (Gripið fram í.) Já já, en það var samt það sem var verið að vísa til í máli hv. síðasta ræðumanns og það var það sem ég var að taka hér upp.

Síðan endurtekur hv. þm. orðalagið um þetta: Vinna gegn hagsmunum þjóðarinnar, gera alla þessa vinnu tortryggilega o.s.frv. Ég veit ekki til þess að menn hafi verið að nálgast þessa hluti á þeim nótum, og ég spyr hv. þm.: Hver eru dæmin um það? Það er alveg hárrétt að um þetta hefur verið ágreiningur, menn hafa gagnrýnt framgöngu Íslands. Er það þá ekki leyfilegt lengur? Er eitthvað orðið að ef skiptar skoðanir á málefnalegum og heiðarlegum nótum geta verið um hvernig eigi að standa að málum, t.d. þegar Ísland er að taka þátt í alþjóðasamvinnu af þessum toga?

Mér finnst mjög skrýtið, herra forseti, ef menn ætla sér að stilla málum upp með þessum hætti og komast upp með það og halda að þetta sé svona svart/hvítur heimur sem menn búa í. Það mun ekki takast. Það er fjöldi fólks sem áttar sig alveg á því að Ísland verður auðvitað, þótt í litlu sé, að velta því fyrir sér hvort við séum ekki siðferðilega skuldbundin til að leggja eitthvað af mörkum.

Ef við notum þennan hugsunarhátt og bætum svo gjarnan við, ef á þarf að halda, að við séum svo lítil að það muni svo lítið um það sem við mengum, hvert erum við þá komin? Við getum alveg eins tekið þróunaraðstoð og sagt: Við erum svo litlir, það munar svo lítið um það sem við leggjum af mörkum að það er engin ástæða til þess að við séum með.

[18:29]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að leiðrétta það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að þarna opnuðust fyrir okkur einhver tækifæri til að selja losunarkvóta vegna þess að í skýrslu hæstv. umhvrh. segir beinlínis að ákvörðunin loki fyrir að Ísland geti selt losunarheimildir frá sér til annarra landa, svo ég leiðrétti það til að byrja með.

Hins vegar hefur það komið mjög skýrt fram, ekki bara í mínu máli heldur annarra líka, að sú staðreynd að Ísland fái aukinn losunarkvóta hafi hnattrænt gildi og það er akkúrat það sem öll þessi alþjóðlega samvinna gengur út á, þ.e. að líta á málefnið umhverfisverndarmál hnattrænt, ekki út frá einstökum löndum. Það að við fáum aukinn losunarkvóta leiðir hnattrænt til lækkunar á losun gróðurhúsalofttegunda vegna þess að hér búum við að endurnýjanlegri orku sem hægt er að nýta í stað þess að álver og annað væri rekið með kolum og olíu annars staðar. Í mínum huga er þetta ósköp ljóst. Þetta er spurningin um að axla ábyrgð sína í samfélagi þjóðanna og um það verður ekki deilt að um miklu minni losun gróðurhúsalofttegunda er að ræða af til að mynda álveri hér heldur en í álverum sem rekin eru með orku frá kolum og olíu.

[18:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að byrja aðeins á því að fara yfir hvað er í húfi í sambandi við núverandi upplýsingar og mat færustu sérfræðinga á gróðurhúsaáhrifum, hækkuðu hitastigi á jörðinni og afleiðingum þess ef ekki tekst að koma böndum á þá þróun. Við skulum ekki láta það alveg gleymast í umræðunni að hér hangir dálítið á spýtunni.

Þetta er ekki bara spurning um það, þó að við Íslendingar séum stundum ákaflega nærri sjálfum okkur þegar við ræðum svona hluti, hvort Ísland geti reist eitt eða tvö eða þrjú álver í viðbót án þess að þurfa að leggja neitt af mörkum í þessu hnattræna sambandi eða ekki.

Staðreyndin er sú að á síðustu fimm til tíu árum eða svo hafa hugmyndir manna, sem að vísu eru 20–30 ára gamlar frá því í byrjun um að í óefni stefndi vegna iðnaðarmengunar í lofthjúpi jarðarinnar, verið að þróast mjög hratt og nú er svo komið að jafnvel fimm ára gamlar, svo ekki sé nú talað um tíu ára eða 20 ára gamlar hugmyndir um hversu stórfelldar afleiðingar þessa geti orðið, eru algjörlega úreltar. Nýjustu upplýsingar gera ráð fyrir því, og þar vitna ég m.a. til loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, að afleiðingar gróðurhúsaáhrifanna verði miklum mun stórfelldari og nær okkur í tíma en áður var talið.

Fyrir um 20 árum voru fyrstu hugmyndir manna um þetta þær að hugsanlega yrðu einhver staðbundin áhrif af þessu vegna meiri óreglu í veðurfari og hitastig á jörðinni kynni að hækka um jafnvel allt að hálfri gráðu, mögulega einni gráðu sögðu þeir sem voru allra róttækastir í sínum kenningum.

Fyrir um fimm árum voru menn búnir að endurmeta þetta upp í að jafnvel gæti þessi hækkun hitastigs orðið ein til tvær gráður. Og nú er svo komið að menn telja á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga að um svo stórfelldar breytingar geti orðið að ræða, eða allt að fjögurra til fimm gráðu hlýnunar á jörðinni, að við þekkjum engar hliðstæður þess. Jafnvel svæðisbundnar sveiflur tengdar ísöldum höfðu ekki sömu hnattrænu áhrif þegar meðalhitastig hnattarins í heild er tekið.

Afleiðingarnar verða auðvitað hrikalegar. Þær birtast í því að t.d. mun vatnsbúskapur raskast gríðarlega, veðurfar breytast, þurrkar verða algengari, fimbulkuldar einnig, þannig að öfugt við það sem ætla mætti að um verði að ræða almenna hlýnun lofthjúpsins og yfirborðshita á jörðinni þá verður óreglan til svo mikilla muna meiri að veðurfarið verður miklum mun óútreiknanlegra en áður.

Fyrir land eins og Ísland sem er á mörkum hins byggilega heims, býr við jökla, eða Kyrrahafseyþjóðirnar sem eru 1–2 metra yfir sjávarmáli í besta falli sumar, geta afleiðingarnar orðið svo svakalegar að í reynd snýst spurningin um hvort þessi lönd verða byggjanleg eða ekki.

Margt bendir til þess nú þegar að gróðurhúsaáhrifanna sé farið að gæta, t.d. í hafstraumum í kringum Ísland. Mjög ískyggilegar upplýsingar komu t.d. fram um hvernig flæði sjávar gegnum Færeyjalægðina frá Norður-Atlantshafinu eða Íshafinu og suður á bóginn hefur breyst á liðnum árum, og þar fram eftir götunum, herra forseti. Upplýsingarnar hellast yfir okkur úr öllum áttum og vísbendingarnar ganga nær allar í sömu átt. Því miður eru alltaf að koma fram veigameiri rök fyrir því að taka þennan vanda alvarlega og jafnvel þó að menn teldu mikla vísindalega óvissu enn á ferðinni um útkomuna væri nú meira en lítið ábyrgðarleysi að reyna ekki að aðhafast eitthvað.

Þetta hefur leitt til þess að jafnvel þær þjóðir sem tregastar hafa verið í taumi, lengst hafa þvælst fyrir og dregið lappirnar, eins og Bandaríkjamenn, eru hættar að neita því að hér sé alvara á ferðum. Þær fást hins vegar ekki til þess að taka þátt í neinum aðgerðum en það er önnur saga.

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við eitt atriði í skýrslunni, sem að mörgu leyti er ágæt en þó gildishlaðin á köflum, og það er hvernig vikið er að þróunarríkjunum. Ég vísa í því sambandi t.d. til bls. 3 þar sem fjallað er um það að aðeins 42 ríki af þeim 84 sem undirrituðu Kyoto-bókunina hafi nú fullgilt hana og það séu fyrst og fremst þróunarríki sem ekki taki á sig skuldbindingar í bókuninni. Hins vegar hafi ekkert OECD-ríki enn séð sér fært að fullgilda bókunina. Ég vísa einnig til þess sem hæstv. umhvrh. sagði í máli sínu.

Mér finnst billegt að nálgast vandamálin með þessum hætti og láta í reynd að því liggja að það hafi skort sérstaklega upp á að þróunarríkin væru þátttakendur í þessu ferli. Bíðum nú við, hverjir losa mest af gróðurhúsalofttegundum í heiminum? Og er það nú ekki staðreyndin að iðnaðarmengun heimsins og iðnvæðingin í heiminum sé í svo gjörsamlega yfirgnæfandi meiri hluta hjá hinum þróuðu ríkjum að það að fjalla um þróunarríkin sem sérstakt vandamál í þessu sambandi er bæði tölfræðilega út í hött, því að þau skipta svo litlu máli, og líka siðferðilega mjög ósanngjarnt vegna þess að það er auðvitað alveg ljóst að til þess að þróunarlöndin geti eitthvað byggt upp innviði sína og bætt lífskjör sín þá hlýtur það auðvitað að kalla á að þau geti örlítið lyft sinni losun í áttina að því gríðarlega magni sem iðnríkin losa? Eða ætlumst við til þess að þau með núverandi lífskjör sín axli sérstaklega byrðar í þessu sambandi?

Nei, það er auðvitað ástæðan fyrir því að menn sáu strax að það er hjá þeim ríkjum sem fyrst og fremst losa að taka þarf á málunum ef menn ætla að ná árangri, þ.e. Bandaríkjunum sem eru með 35% eða þar um bil, Evrópusambandinu með 24%, Japan, Rússlandi o.s.frv. Þar liggur vandinn. Það eru þessar þjóðir sem hafa mengað heiminn og notið í staðinn góðra lífskjara á grundvelli iðnvæðingar sinnar. Hins vegar verða þróunarríkin aðallega fórnarlömbin vegna þess að þau eru háð landbúnaði, eiga allt undir veðri og vindum í miklu ríkari mæli en hin iðnvæddu og orkuvæddu samfélög Vesturlandanna. Ég hefði því viljað sjá þarna fjallað af meiri skilningi og meiri samúð með málstað þróunarríkjanna en mér finnst koma fram í þessum línum. Það er kannski ástæðulaust að túlka þær þannig en mér fannst því miður að greina mætti svipuð viðhorf í ræðu hæstv. ráðherra. Það mundi gleðja mig mjög ef í ljós kæmi að þetta væri allt á misskilningi byggt og þessa setningu bæri alls ekki að túlka á þann veg að þróunarríkin hefðu þarna verið til trafala á nokkurn hátt.

Þá að hinu íslenska ákvæði, herra forseti, að stóriðjuundanþáguákvæði Íslendinga. Það er auðvitað sérkennilegt, og ég endurtek það, að heyra hæstv. umhvrh. koma hér sem alveg sérstakan talsmann aukinnar stóriðju. Ég mundi skilja það hvað iðnrh. varðar og allir vita um ást hæstv. utanrrh. á áli. En það er sérkennilegt að umhverfisráðherra Íslands skuli koma fram sem alveg sérstakur talsmaður glórulausrar stóriðjustefnu og aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda, fagna því alveg sérstaklega að niðurstaðan feli í sér að hægt verði að auka losunina alveg gífurlega á Íslandi án skuldbindinga. Ég gagnrýni það. Mér finnst að umhvrh. eigi, hvað sem stefnu ríkisstjórnarinnar líður, að muna eftir því að það eru önnur og veigamikil sjónarmið í þessu máli en þau ein sem lúta að því að hægt sé að byggja álver við hvert hús í landinu næstum að segja.

Staðreyndin er sú varðandi reiknikúnstirnar um að það sé sérstaklega umhverfisvænt að Ísland fái undanþágu fyrir stóraukinni losun á sinn mælikvarða hlutfallslega, 50% eða svo, að það skiptir engu máli hvort við erum 300 þúsund eða 3 milljónir í þessu samhengi. Við erum að ræða um siðferðilega stöðu. Losunin á Íslandi er nú þegar á hvern

mann u.þ.b. jafnmikil og hún er að meðaltali í iðnríkjunum ef ekki meiri og stefnir hraðbyri upp á við og það er ljóst að innan fárra ára verður Ísland heimsmeistari. Hér verður losað meira af gróðurhúsalofttegundum á hvern íbúa heldur en nokkurs staðar á byggðu bóli ef svo heldur fram sem horfir, innan fárra ára. Því er ekki hægt að setja þetta mál í það samhengi að það halli sérstaklega á Ísland í þeim efnum, að við séum ekki iðnvædd þjóð eins og hæstv. utanrrh. var hér að segja. Við notum mjög mikla orku nú þegar. Við erum ein mesta bílaþjóð heimsins og við rekum gríðarstóran flota sem notar mikið af jarðefnaeldsneyti. Þrátt fyrir að við kyndum hús okkar með innlendri orku og þrátt fyrir að við erum ekki gömul iðnvæðingarþjóð þá notum við mjög mikla orku. Við erum líka að verða ein af helstu stóriðjuþjóðum heimsins.

Hæstv. umhvrh. fór hér með tölur um það hversu geysilega umhverfisvænt það væri í hnattrænu samhengi að Ísland hafi fengið undanþágu til að auka losun hér um 50% utan kvóta. Þetta dæmi gefur sér forsendur sem eru villandi. Ég segi það. Þetta tekur Ísland út úr samhengi Vesturlanda, út úr samhengi OECD-þjóða, út úr samhengi þeirra þróuðu ríkja sem eru bundin af Kyoto. Og setur Ísland hvert? Jú, til þess að dæmi og reikningar umhvrh. gangi upp þarf Ísland að þessu leyti að vera í hópi þróunarríkjanna. Og eingöngu ef álverin rísa í þróunarríkjunum og rafmagnið er framleitt með jarðefnaeldsneyti og orkuframleiðslan losar gróðurhúsaloft gengur dæmið upp. Það þarf ekki annað til en að vatnsaflsvirkjun í þróunarríki framleiði orkuna til álversins, þá er enginn hnattrænn ávinningur af því að þá sléttast orkuþátturinn út. Hvernig snýr þá dæmið? Þá snýr það þannig að það er þá bara álframleiðslan sem slík sem losar.

Ef hins vegar eru borin saman Ísland annars vegar og eitthvert iðnríkjanna eða þróuðu landanna sem bundin eru af Kyoto, t.d. með núllþak miðað við 1990, hvernig lítur dæmið þá út? Þá lítur dæmið þannig út að á Íslandi verður ekki keyptur kvóti vegna álframleiðslunnar en það þyrfti að gera í hinum löndunum. Og þá er hnattrænn ávinningur mínus losunin frá álverinu. Svona er þetta. Ég bið menn að koma og hrekja það ef þetta er einhvern veginn öðruvísi.

Að halda því fram að Ísland hefði ekki getað nýtt orku sína þó að þessi mikla undanþága hefði ekki fengist er rangt vegna þess að um er að ræða alþjóðlegan markað með losunarheimildir. Það sem þetta þýddi var þá það að stóriðjufyrirtæki sem ætluðu að setja sig niður hér frekar en í Kanada eða í Þýskalandi þurftu í báðum tilvikum að kaupa losunarheimildir ef þau voru undir því þaki sem þarna var sett. Þetta fer því allt eftir því hvaða forsendur menn gefa sér í dæminu. (**Gripið fram í:** Eins og í öllu.) Það er ekki hægt að fegra málin með þeim hætti sem hæstv. umhvrh. er að reyna að gera hér.

Ef það er svo að þetta snúist um grundvallarrétt Íslendinga til að nýta auðlindir sínar og að án undanþágna munum við ekki geta notað orkuna, hvers vegna er þá þak? Þurfti þá ekki bara að hafa þetta án þaks?

Nei, staðreyndin er auðvitað sú að þessi undanþága er klæðskerasaumuð við þau stóriðjuáform sem ríkisstjórnin er að reyna að troða hér í gegn með sínum mengandi virkjunum, með Kárahnjúkavirkjun og með Þjórsárverum undir. Hæstv. utanrrh. viðurkenndi það hér. Hann taldi upp virkjanirnar. Hann taldi upp stóriðjufyrirtækin. Hann sagði: „Þetta er stækkun Norðuráls, þetta er járnblendið, þetta er Reyðarál." Og þá er kvótinn búinn. (**Gripið fram í:** Nei.) Kannski verður eitthvað eftir í stækkun í Straumsvík eða fyrir eina litla farbrikku einhvers staðar fyrir hæstv. iðnrh. Kannski fá Rússarnir, lýðræðissinnarnir og friðarpostularnir sem hæstv. ráðherra hefur verið í sambandi við þar. (Gripið fram í.)

Svo kemur að því að þetta undanþáguákvæði virðist eiga að nota í forgjöf, í meðgjöf til núverandi stóriðjuáforma sem ríkisstjórnin er að reyna að koma hér fram, klára það þannig, og láta svo íslenskt atvinnulíf að öðru leyti og framtíðina glíma við að mæta skuldbindingum Íslands.

Þá kem ég að því, herra forseti, sem er auðvitað ákaflega alvarlegt mál, að Ísland er eitt fárra landa á Vesturlöndum sem ekkert er að gera til að taka á málunum heima hjá sér. Þróunin á Íslandi hvað varðar aukningu á losun í almennu atvinnulífi er skelfileg. Hvernig er ástandið í flotanum? Það er engin orkusparnaðarpólitík rekin í íslenskum sjávarútvegi. Fiskveiðistefnan er blind á þetta, enginn greinarmunur er gerður á hversu mikla orku þarf til að sækja fiskinn. Og í almennum iðnaði er verðlagning á raforku þannig — þessari vistvænu raforku sem hæstv. ráðherrar muna eftir þegar þeir eru komnir til útlanda — að innlendur iðnaður er að flýja úr rafmagni yfir í olíu í stórum stíl og hefur verið að gera undanfarin missiri. Það heyrir til undantekninga að gufa sé framleidd lengur á Íslandi nema með svartolíu. Hún er ekki framleidd með rafskautskötlum. Farið er að elda á gasi ég held bara í öllum veitingahúsum landsins. Og í margs konar iðnaðarstarfsemi eru menn að færa sig yfir í olíu. Þannig er nú ástandið og ekkert er verið að gera í þessum efnum. Svo koma menn hér og tala innblásnir um það, eins og hæstv. ráðherrar hafa gert, hversu mikið menn séu að færa fram til þágu umhverfismála heimsins með framgöngu sinni í þessum efnum.

En hvað er verið að gera í bakgarðinum? Er verið að taka til heima hjá sér? Það er nú ekki svo, herra forseti.

[18:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að okkur greinir á í grundvallaratriðum hér, okkur hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, vegna þess að ég tel ákvæðið vera umhverfisvænt en ég heyri að hann telur að svo sé ekki, og ég hef fært rök fyrir máli mínu.

Varðandi kvótamarkaðinn sem margir hafa gert að umtalsefni, þá vil ég koma því á framfæri að það er alveg ljóst að íslenska ákvæðið útilokar okkur frá því að selja þann kvóta, þetta er ekki eitthvert rými sem við getum selt. Það er engin heimild til þess fyrir okkur. Ekki er heldur búið að ákveða að setja almennt upp kvótamarkað, það er alveg sjálfstæð ákvörðun, ekki er búið að ákveða það. Það getur verið að það verði gert, það getur líka verið að það verði ekki gert. Það er því ekki búið að ákveða enn þá með hvaða hætti við munum taka á þeim málum. Þau mál eru til skoðunar í sérstakri nefnd og tillögur um það koma til okkar síðar.

Ef tekin verða upp innanlandsviðskipti, þá mun það kvótakerfi ná til þess hluta sem fellur undir losunarheimildir Íslands, þ.e. almenna ákvæðið, þessi plús 10%. Þannig mun kvótakerfið virka í öllum löndum, það tekur til almennra ákvæða. Íslenska ákvæðið er hins vegar sérákvæði og fellur ekki undir almennu losunarheimildirnar þannig að það getur ekki fallið undir það kvótakerfi. Ég vona að þingmenn átti sig á þessu.

Einnig er ljóst að Evrópusambandið er núna með í pípunum eða er að skoða tilskipanir varðandi kvótamarkaðinn og

það er hugsanlegt að Ísland, ef við viljum taka upp kvótakerfi, yrði þá hluti af því, og ýmislegt bendir til þess að þeir muni hafa álið utan við. Ef svo verður og við hefðum ekki fengið íslenska ákvæðið þá hefði það þýtt að Ísland hefði verið eina ríkið og þótt víðar væri leitað sem hefði þurft að kaupa allar heimildirnar fyrir álframleiðslu og það væri auðvitað algjörlega fráleit staða. Þess vegna er íslenska ákvæðið svona mikilvægt.

[18:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég var að tala um verðgildi þessara losunarkvóta þá var ég að vitna til þeirra hugmynda sem hér hafa komið fram í umræðunni um að gera þær sem slíkar að söluvöru sérstaklega og þá auðvitað hér innan lands. Mér er ljóst að undanþágulosunina samkvæmt hinu svokallaða íslenska ákvæði, stóriðjuundanþáguákvæðinu, má að sjálfsögðu ekki selja úr landi og skárra væri það nú. Ég held að enginn hafi haft hugmyndaflug til að láta sér detta það í hug. En menn hafa verið að velta vöngum yfir því hvort ætti t.d. að láta menn greiða fyrir afnot af því hér innan lands og það var til þess sem ég var að vísa.

Að öðru leyti veit ég ekki betur en að meiningin hafi verið sú að um alþjóðlegan markað geti verið að ræða þannig að til uppbyggingar hér á Íslandi, óháð íslenska ákvæðinu, hefði verið hægt að kaupa losunarkvóta á alþjóðlegum markaði, ég hef skilið það svo. Hins vegar setur þetta íslenska ákvæði þarna ákveðnar takmarkanir á sem kannski flækja málin.

Varðandi það að umhverfisvænt sé að stórauka iðnaðarstarfsemi hér á landi, sem losar mikið af gróðurhúsalofttegundum eins og frumvinnsla áls gerir, án þess að það falli undir þök Kyoto-ákvæðisins þá mótmæli ég því að svo sé. Íslenska orkan, þ.e. virkjun vatnsafls eða nýting jarðvarma til raforkuframleiðslu, algjörlega óháð Kyoto, er þeirrar náttúru að ekki er mikið losað af gróðurhúsalofttegundum við það. Það hefði ekkert breyst, það hefði alltaf komið okkur til góða inn í framtíðina. Þess vegna má segja að það forskot hefði Ísland hvort sem er haft og þurfti enga samninga um það. Spurningin snýst um ráðstöfun orkunnar, og það er vilji ríkisstjórnarinnar að hún skuli öll og helst strax fara í álbræðslu sem er mjög mengandi starfsemi. Ef menn væru að tala um að nýta þessa orku í þágu t.d. þess að reyna að útrýma jarðefnaeldsneyti sem mest hér á landi þá væru menn virkilega farnir að leggja eitthvað hnattrænt af mörkum en ekki með þessum reiknikúnstum sínum.

[18:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er bara algjörlega alrangt. Það er alveg ljóst að markaður verður fyrir ál í framtíðinni og hlutfall olíu og kola sem notað er í álframleiðslu er að aukast núna. Það er sem sagt verið að nota meira af kolum og meira af olíu í álframleiðslu. Hnattrænt séð er mjög jákvætt að við skulum geta hugsað okkur að nota okkar orku í einmitt álframleiðslu af því að það losar 8–10 sinnum minna af gróðurhúsalofttegundum en ef kol og olíu væru notuð, þannig að þetta er 8–10 sinnum meiri ávinningur.

Ef hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er svona mikið umhugað um lofthjúpinn hlýtur hann að skilja að íslenska ákvæðið er mjög mikill hnattrænn ávinningur fyrir lofthjúpinn.

Varðandi umræðuna um kvótamarkaðinn þá hef ég skilið það á sumum þingmönnum og m.a. hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að menn hafi hugmyndir um að greiða ætti einhvers konar afnotagjald af íslenska ákvæðinu hér innan lands. En í hvaða kvótakerfi væri það? Þetta almenna kvótakerfi er sett upp fyrir almennu losunarheimildirnar, ekki fyrir einhver sérákvæði eins og Ísland er með.

Hins vegar eru FC-efnin eða flúorkolefnin utan við íslenska sérákvæðið, þannig að það væru þá helst slík efni sem gætu fallið undir almenna kvótakerfið ef það verður sett upp hér á Íslandi, en það er algjörlega óljóst á þessari stundu.

[18:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þennan kvótamarkað mætti margt segja. Ég hef ekki verið neinn sérstakur aðdáandi þess þáttar málsins af því að ég hef séð í honum ýmsar hættur. Ég bendi á þá hættu sem menn hafa auðvitað oft staldrað við, að iðnríkin í krafti fjárhagslegra yfirburða noti stöðu sína til þess að kaupa sér losunarheimildir hjá bágar stöddum ríkjum og aðilum og komist þar með upp með að leggja sáralítið af mörkum.

Það má því margt segja um þá hlið málsins og þar hefur ýmislegt verið óskýrt hvernig hlutirnir yrðu útfærðir o.s.frv. þannig að það bíður síns tíma að ræða það mál og þegar það kemur þá hér fyrir þingið.

Varðandi það sem Ísland leggi þarna af mörkum til hinna hnattrænu umhverfismála þá er það nú að vísu þannig og við skulum ekki gleyma því, að orkan á Íslandi er ekki óendanlegur forði, heldur þvert á móti er hún mjög takmörkuð og mun reynast miklu takmarkaðri en menn halda í dag vegna þess að engin sátt verður um það að ganga jafnnærri virkjunarkostunum og menn hafa oft talað um, að virkja hér allt að 50 teravattstundum eða hvað það nú er. Það verður engin sátt um það. Ég tel að það verði kannski hægt að ná sæmilegu samkomulagi um að virkja um 40–60% af þeirri orku án þess að ganga mjög nærri umhverfinu, en hæstv. umhvrh. er nú kannski ekki mjög upptekinn af því.

Staðreyndin er sú að Ísland vegur í þessu, ef ég man tölur rétt, u.þ.b. eins og Hansastaðurinn Hamborg. Öll ónýtt virkjanleg orka á Íslandi er ekki nema rétt rúmlega það sem hinn gamli Hansastaður notar í orku og iðnaðurinn í og í nágrenni við Hamborg, þannig að meira er þetta nú ekki í hnattrænu samhengi.

Það sem máli skiptir er ekki stærð. Þetta er spurning um siðferðileg grundvallarviðhorf. Tökum við þetta vandamál alvarlega? Tökum við okkur sjálf alvarlega og ætlum við að leggja okkar af mörkum, þó í litlu sé, með sama hugarfari og við viljum leggja af mörkum til þróunarsamvinnu þó að við vitum að við björgum ekki öllum heiminum með okkar litlu framlögum? En það er siðferðileg grundvallarspurning sem snýr að okkur sem þjóð og sem hugsandi verum. Ætlum við að vera með í þessu eða ekki eða ætlum við að reka málið áfram á tómri sjálfselsku og græðgi?

[18:55]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hér hefur átt sér stað ágæt umræða um það mál sem við ræðum hér. Mér þykir þó hv. 3. þm. Norðurl. e. vera óvenjulega pirraður í dag einhverra hluta vegna. (**SJS:** Þú skalt ekki hafa áhyggjur af því sem alltaf ert í ...) Hins vegar var það mikill gleðidagur þegar umhvrh. kom frá Marrakesh vegna þess að það var vissulega áhyggjuefni margra stjórnmálamanna hér hvernig þau mál þróuðust, en ég tel að fyrrv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason og núv. hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir, hafi haldið mjög vel á þessum málum sem eru hér til umræðu í dag og hafi gætt hagsmuna

Íslands í hvívetna og þá um leið hagsmuna heimsins og auðvitað er það skylda ráðherra okkar að gæta hagsmuna Íslands fyrir hönd þjóðarinnar. Þess vegna finnst mér full ástæða til að þakka umhvrh. fyrir skýrsluna og röggsama framgöngu í málinu ásamt því góða fólki sem í sendinefndinni var.

Eins og margoft hefur komið hér fram er um hnattrænan ávinning að ræða. Sérstaða Íslands hefur notið skilnings því að hún er auðvitað mikil og ég kem að því máli síðar. Hér er um mjög jákvætt skref að ræða, skref á langri leið, og í rauninni er komin niðurstaða í þetta mál en við eigum eftir hins vegar að fullgilda Kyoto-samninginn.

Við búum í nútímasamfélagi sem hefur auðvitað sína kosti og galla líka. Við Íslendingar gerum mjög miklar kröfur til lífsins og til að geta uppfyllt þær kröfur verðum við að skapa tekjur til að standa undir velferðinni, menningunni, menntuninni, samgöngum, tæknivæðingu o.s.frv. Það eiga sér stað gríðarlegar breytingar hér á landi eins og reyndar víðast í heiminum og við höfum valið að taka þátt í því lífsgæðakapphlaupi og nýta þá möguleika sem við höfum.

Við ræðum hér og höfum rætt um það sem ég get alveg verið sammála um að við eigum að gæta vel að þeirri orku sem við eigum og við eigum að nýta hana sem best. Oft er talað um að við Íslendingar hugsum ekki nægilega um það, af því að við eigum mikið af vatni og af því að við getum framleitt mikið af rafmagni o.s.frv. þá förum við ekki nægilega vel með þessi hráefni, og ég get alveg tekið undir það. Ég get líka alveg tekið undir með hv. 3. þm. Norðurl. e. að það er alveg sama um hvað við ræðum, það fer allt eftir þeim forsendum sem við gefum okkur. Það eru auðvitað staðreyndir. Og ég get tekið undir með hv. 17. þm. Reykv. að við eigum að kappkosta að reyna að minnka notkun á einkabílum, það er ein af þessum siðferðislegu skyldum okkar, og við eigum að reyna að nýta betur almenningssamgöngur en við gerum og við verðum að skapa umhverfi til þess. Um þetta erum við sammála. Einnig er alveg rétt sem kom fram hjá hv. 17. þm. Reykv., Kolbrúnu Halldórsdóttur, að auðvitað eigum við að reyna að horfa á einhver önnur efni, eins og hún orðaði það, en ál. En álið er það efni sem er notað í iðnaðarframleiðslu í dag, afar vinsælt, og það hefur eins og allt annað sína kosti og galla.

Ég hjó eftir því að þegar hv. 3. þm. Norðurl. e. talaði um þá sem menguðu mest í heiminum þá sleppti hann nú gömlu félögum sínum í austurátt. Hann talaði ekkert um Rússland (**Gripið fram í:** Jú.) og hann talaði ekkert um Tékkóslóvakíu og þar fram eftir götum. Það skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli, þetta er svona sparðatíningur eins og gengur og gerist. En það er eins og hv. þm. vilji gleyma uppruna sínum og minnist lítið á þá ágætu menn sem þar menguðu gríðarlega mikið.

Ég ætla ekki að fara yfir öll gífuryrði stjórnarandstöðunnar áður en til þessa samkomulags kom. Við höfum verið að ræða það í dag. Það hefur verið talað um dragbíta og ýmislegt fleira. Mér finnst í raun ekki nein ástæða til að vera að rifja það upp frekar en gert hefur verið. Líka þetta sem ég benti á í andsvari í dag, að fyrsta mál Samfylkingarinnar eftir að þeir höfðu stofnað samtök sín var einmitt þáltill. um að þegar í stað bæri að undirrita Kyoto-samkomulagið. Þegar við fórum að ræða um það betur og nánar þá spurðum við m.a. hvað þeir hv. þm. sem þáltill. báru fram vildu gera varðandi magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Þá var auðvitað býsna lítið um svör.

En ... (**Gripið fram í:** Hvar er hún núna?) Hv. 3. þm. Norðurl. e. er búinn að tala heilmikið í dag en honum nægir yfirleitt ekki, herra forseti, sá tími sem hann hefur. Það eru 15 mínútur sem hver þingmaður hefur. Hv. þm. hefur tekið þátt í andsvörum hér og síðan gjammað fram í eins og hann gerir svo gjarnan, herra forseti.

Í umræðum um þessi mál finnst mér oft gleymast að Ísland hefur svo sannarlega lagt mjög mikið af mörkum í nýtingu á umhverfisvænum orkugjöfum. Við erum auðvitað komin mikið lengra en aðrar þjóðir í því og við getum verið stolt af því. Það er alltaf hægt að gera betur en við getum verið stolt af því. Við eigum að halda því á lofti og það er kannski þess vegna sem viðhorf Íslands hafa notið skilnings á erlendum vettvangi. Hv. 3. þm. Norðurl. e. talaði um Norðurlöndin í þessum efnum. Þegar þingmenn hafa hins vegar verið að skýra út á hvern hátt við nýtum orkuna sem við höfum hér, t.d. heita vatnið, þá finnst mér augu þingmanna á Norðurlöndum hafa opnast hvað þetta varðar.

Ég minni líka á að ég sat ráðstefnu Norðurlandaráðs og Benelúx-landanna þar sem þessi mál voru rædd. Þegar þessi mál eru útskýrð þá skilja þessar þjóðir sérstöðu okkar Íslendinga. Það kemur fram í þeirri skýrslu sem hér er lögð fram að 99,9% af raforkuframleiðslu Íslendinga er endurnýjanleg orka. Það kemur fram að 70% af frumorkuþörfinni er endurnýjanleg orka og ég get tekið heils hugar undir það að við þurfum að gera betur í að koma í veg fyrir mengun varðandi olíu og þess háttar. Það getum við gert með samstilltu átaki og ég veit að hæstv. umhvrh. hefur fullan hug á því.

Einnig er ánægjulegt, það kemur fram hér í skýrslunni, að við eigum mikla möguleika í áframhaldandi landgræðslu á Íslandi. Við eigum þá stofnun sem er elst landgræðslustofnana í heiminum, þ.e. Landgræðslu ríkisins. Við eigum að stórauka landgræðslu hér á landi. Við eigum að stórauka skógrækt hér á landi. Við erum að stíga skref í rétta átt hvað þetta varðar og eigum að stefna að því að draga úr orkunotkun og fara vel með þá orku sem við framleiðum.

Ég kom fyrst og fremst í þennan ræðustól til þess að þakka þann árangur sem náðst hefur. Það skiptir íslenska þjóð miklu hvernig haldið hefur verið á þessu málum af hálfu umhvrh.

[19:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. nefndi að Samfylkingin hefði viljað undirrita Kyoto-bókunina strax. Nú hef ég fylgst með þessari umræðu í allan dag og engar röksemdir heyrt fyrir því að það hefði komið í veg fyrir að menn næðu þeim mikla árangri sem talað hefur verið um, þó að þessi bókun hefði verið undirrituð. Af því að ég hef ekki heyrt þessar röksemdir og af því að ég hef ekki trú á því að menn hafi fyllst slíkri skelfingu af því að Íslendingar höfðu ekki skrifað undir þá langar mig til að biðja hv. þm. að útskýra þetta fyrir mér.

Úr því að ég er farinn að biðja hv. þm. að útskýra fyrir mér hlutina þá langar mig líka að spyrja hann um hvernig hann líti á það verkefni sem er fram undan, þ.e. að ákveða með hvaða hætti eigi að úthluta mengunarkvótum til þeirra fyrirtækja sem verða til og fara að framleiða ál í landinu. Telur hann að það eigi bara að fylgja með sem bónus til þeirra eða á að selja þeim það á einhverju verði? Hvernig lítur hann á það svona almennt séð?

Mér fyndist ágætt fyrir umræðuna að fram kæmi einhver stefna í þessu efni. Þetta skiptir afar miklu máli. Það þýðir ekki að horfa fram hjá því að hér eru á ferðinni veruleg verðmæti. Hér á hv. Alþingi hljóta menn að taka afstöðu til

þess hvernig eigi að koma þeim fyrir, hvort það eigi að vera bónus þeim fyrirtækjum sem hér er stofnað til eða hvort það sem fyrir þetta kemur eigi að vera eign þjóðarinnar.

[19:06]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess þegar við ræddum þá þáltill. sem Samfylkingin setti fram sem sitt fyrsta mál árið 1999, ef ég man ártalið rétt, sem einmitt var um undirritun Kyoto-bókunarinnar. Tillagan fjallaði um að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að undirrita þegar í stað fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina. Þegar við ræddum þetta mál þá kom í ljós að þessir ágætu þingmenn áttu engin svör við þeim spurningum sem vöknuðu — þá var mikið rætt um magnesíumverksmiðju á Suðurnesjum — og voru í raun ekki tilbúnir til að afsala sér þeim möguleikum sem voru fyrir hendi í þeim efnum.

Hv. þm. spurði hvernig ætti að úthluta kvótum og því um líku. Ég veit að hæstv. umhvrh. mun fara yfir það í síðustu ræðu sinni þannig að þau mál eru í umræðunni og í útfærslu. Það er stutt síðan þessi samþykkt var gerð og hæstv. ráðherra mun marka þá stefnu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og koma inn á það í ræðu sinni á eftir.

[19:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um að samfylkingarmenn hefðu engin svör átt þegar þeir voru spurðir í tengslum við þingmálið sem hv. þm. var að nefna. Hv. þm. hefur engin svör við því sem ég var að spyrja hann um. Ég spurði hann hvort hann hefði einhver rök fram að færa fyrir því að ekki hefði verið hægt að ná þessum árangri, þó að það hefði verið skrifað undir. Þau rök hafa ekki komið fram í dag. Ég auglýsi eftir þeim og mér finnst full ástæða til að menn vandi sig við að útskýra það fyrir okkur, úr því að við í Samfylkingunni og reyndar Vinstri grænir líka, höfum verið vænd um að hafa ekki viljað halda á hagsmunum Íslendinga og verið allt að því óþjóðleg í afstöðu okkar til þessara mála, vegna þess að við vildum að Kyoto-bókunin væri undirrituð.

Þetta er ekki mjög, ég veit ekki hvernig ég á að orða það, þetta var ekki mjög mannborulegt af hv. þm. að geta ekki komið með svör við þessu. Ég vona að hann bæti úr því í seinna andsvari sínu og geri það snöfurmannlega og vísi því ekki yfir á ráðherrann eins og hinu sem ég spurði hann um.

[19:09]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá sem hér stendur er auðvitað enginn sérfræðingur í þessum málum. Hins vegar töldu menn að ekki væri hægt að ná þessum árangri ef skrifað yrði undir Kyoto-samkomulagið þegar í stað. Svo má ekki gleyma því, herra forseti, að Samfylkingin talaði gegn þessu sérákvæði. Það er alveg ljóst að Samfylkingin talaði gegn þessu sérákvæði. Hv. þm. bað þann sem hér stendur að svara skýrt og snöfurmannlega og það tel ég mig hafa gert með þessu andsvari mínu.

[19:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom hér til að leiðrétta ákveðið atriði þar sem hv. þm. hefur greinilega ekki lagt við hlustir. Ég var að fjalla um þá sem mest menguðu í þessu tilviki og nefndi þar m.a. Rússland. Mér virtist hv. þm. sakna þess mjög að ég gerði grein fyrir hlut þeirra er mikið menga í austanverðri Evrópu. Ég hefði auðvitað geta nefnt fleiri en Rússa en ég nefndi þá af því að þeir eiga þarna stóran hlut að máli, nota tiltölulega mikið af orku, olíu og gasi og víða með heldur lélegum búnaði víða þannig að orkunýting er léleg og losun mikil.

Hins vegar hefur dregið mjög úr losun víða í ríkjum austanverðrar Evrópu sem byggði mikið á þungaiðnaði sem hefur raunar hrunið og þetta getur hv. þm. séð í töflum þar um. Það er reyndar eitt af þeim atriðum sem menn hafa haft áhyggjur af, að það svigrúm sem þannig hefur skapast mundu aðrar þjóðir ganga inn í og nýta sér og komast upp með að leggja lítið af mörkum við að koma böndum á raunverulega losun sem er virk í dag.

Varðandi sérstöðu Íslands að öðru leyti í þessum efnum þá tíunda menn hana mjög og nefna til sögunnar, sem eru ekki nýjar fréttir, að Íslendingar hita húsin sín að mestu leyti með jarðvarma og að við framleiðum að mestu leyti rafmagn okkar með fallorku og jarðvarma. En þrátt fyrir þetta er sérstaða Íslands ekki meiri en svo að við losum vel í meðallagi iðnvæddra ríkja gróðurhúsalofttegundir á hvern mann. Við erum auk þess á hraðri uppleið, erum eiginlega ein fárra þjóða sem eykur losunina gríðarlega frá og með árinu 1990 og stefnum þar í heimsmet, í fyrsta sæti. Þetta gerist bæði vegna þess að hér er stóriðja að aukast mjög en líka vegna þess að í almennu atvinnulífi er engin stefna í gangi til að koma böndum á losun. Við losum mikið í iðnaði. Við erum með mikla flutninga á landi og höfum gríðarstóran flota. Allt leggur þetta sitt af mörkum í þessu samhengi.

[19:12]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá sem hér stendur er tilbúinn til að beita sér fyrir því að draga úr þessari losun. Ég taldi mig tala um það í ræðunni sem ég flutti áðan að okkur bæri að kappkosta að draga úr notkun á bílum og auka almenningssamgöngur. Við verðum líka að byggja þær þannig upp að þær séu hentugur kostur. Við búum að vísu í mjög stóru landi og það er erfitt en sérstaklega á þessu svæði, höfuðborgarsvæðinu, ættum við að geta staðið okkur betur í að nýta almenningssamgöngur og byggja þær þannig upp að neytendur sjái sér hag í að nýta sér þær.

Hafi ég ekki tekið rétt eftir, sem kann vel að vera, þá bið ég hv. þm. afsökunar á því. Ég hélt kannski að hv. þm. væri búinn að taka þetta út úr orðabók sinni, þ.e. Rússland og austantjaldsríkin. Ég held að þau hafi verið honum heldur kær, herra forseti, í eina tíð. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að það hefur dregið verulega úr losun í austantjaldsríkjunum, m.a. vegna þess hvernig fyrir þeim er komið efnahagslega. En það er einlægur vilji manna að aðstoða austantjaldsríkin í umhverfismálum frá fleiri forsendum. Ég endurtek að hafi ég tekið rangt eftir þá biðst ég afsökunar á því.

[19:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst miklu betra fyrir hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason að segja það berum orðum ef hann telur að ég hafi verið mjög hallur undir sovétkommúnismann og ég hafi verið aðdáandi stjórnarfarsins í Austur-Evrópu. Þá hvet ég hv. þm. til að koma hingað í ræðustólinn og segja það. Það er vandræðalegt að heyra hv. þm. koma hingað og fara eins og köttur í kringum heitan graut um þessa pólitísku ættfræði, láta að því liggja að ég sé gamall stalíniskur kommi,

laumukommi og ættfræðin sé eitthvað í þá veru. Ég er ekki feiminn við að gangast við pólitískum skoðunum mínum og hef aldrei verið.

Hitt er rangt hjá hv. þm. — hann ræður svo alveg hvort hann tekur nokkurt mark á því — að ég hafi verið einhver aðdáandi stjórnarfarsins í Sovétríkjunum sálugu eða þess sem gerðist í því flokkseinræðisharðstjórnarkerfi sem þar var við lýði og átti fátt skylt með raunverulegum sósíalisma eða eins og ég sé hann fyrir mér. En ég nenni satt að segja ekki að ræða við hv. þm. um þetta. Þetta er langt fyrir utan efnið og satt best að segja fyrir neðan beltið hjá hv. þm. að blanda því inn í þessa umræðu.

Varðandi það að hv. þm. segir hér, sem mér þykir gott, að við eigum að leggja okkar af mörkum til þess að draga úr losun, við eigum að reyna að efla almenningssamgöngur og ástunda orkusparnað o.s.frv., þá er gaman og gott að heyra þetta. Mér þykir vænt um að hv. þm. Framsfl. vilji þannig að Ísland leggi sitt af mörkum þó í litlu sé. Það hefur auðvitað ekki mikla vigt hnattrænt þó okkur takist að draga eitthvað lítillega úr einkabílisma, spara orku á flotanum eða eitthvað því um líkt. En þetta er spurning um siðferðislega grundvallarafstöðu og ég er sammála því. Við eigum að gera þetta.

En af hverju, hv. þm., á það þá ekki að gilda líka þegar kemur að álverum og stóriðju? Er ekki alveg jafnmikilvægt að Ísland taki siðferðislega afstöðu og nálgist málið út frá sama hugarfari þegar kemur að uppbyggingu orkufrekar stóriðju eins og í almennu atvinnulífi okkar, að við viljum leggja okkar af mörkum þó í litlu sé?

[19:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski er það stríðni þess sem hér stendur að minnast örlítið á gömlu kommana. Ég er viss um að hv. þm. getur gengist undir það að hafa verið í stjórnmálaflokki á Íslandi sem var kallaður kommaflokkur. Hins vegar er ég líka viss um að hv. þm. var ekkert sérlega hrifinn af Stalín frekar en sá sem hér stendur og ýmsir aðrir þannig að þar sé öllu til skila haldið.

Hv. þm. sagði í ræðu sinni í dag að mönnum hætti til að mála hlutina í svörtum og hvítum litum. Hv. þm. gerir það gjarnan. Sjálfsagt er sá sem hér stendur líka sekur um það á stundum. Hv. þm. talaði einnig um það að sá sem hér stendur í ræðustól talaði langt fyrir utan efnið. Það kann vel að vera en ég er ekki frá því að það hendi fleiri þingmenn en þann sem hér talar.

Það hefur komið fram í umræðunni um álverksmiðjur að ef kol, olía eða þess háttar er nýtt verður margfalt meiri mengun en ef við notum endurnýjanlega orkugjafa eins og gert hefur verið á Íslandi og það er kannski þess vegna sem við höfum verið að ræða þessi mál. Það er auðvitað líka verið að ræða um stóriðju á Íslandi vegna þess að menn vilja efla efnahagskerfi þessarar þjóðar.

Ég hef oft sagt að við eigum að hugsa um fleira en stóriðju. Það er alveg ljóst en engu að síður höfum við notað mikla peninga, það er mikil reynsla í þessum efnum og þetta er vænlegur kostur á Austurlandi. Eftir að ég hef hitt þar sveitarstjórnarmenn hika ég ekki við að styðja stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi.

[19:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. umhvrh. fyrir þessa skýrslu sem hún hefur gefið þinginu og þakka henni alveg sérstaklega fyrir framgöngu hennar í öllu þessu máli. Eins vil ég þakka hæstv. utanrrh. og öðrum þeim sem hafa komið að vinnunni, og vil þá alveg sérstaklega nefna íslensku sendinefndina sem ég tel að hafi unnið mikið þrekvirki við það að ná fram því ákvæði sem við Íslendingar höfum verið að berjast fyrir og er mjög mikilvægt hagsmunum okkar.

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að ætla að halda þessari umræðu mikið áfram. Ég held að hún sé kannski eitthvað farin að endurtaka sig. Þess sjást ekki greinileg merki að fylkingar hafi nálgast mikið. Mér finnst að hv. þm. Vinstri grænna taki einhvern veginn alls ekki inn í umræðuna að það sé hnattrænt jákvætt að framleiða ál á Íslandi með endurnýjanlegri orku eins og ég leyfi mér að halda fram. Það er þetta sem mér finnst vera grundvallaratriði í sambandi við íslenska ákvæðið sem nú hefur náðst samþykki fyrir, og ég fullyrði að samþykki annarra þjóða fyrir þessu ákvæði hefði ekki náðst nema vegna þess að þær eru sammála okkur. Það er ekki fyrir það að hæstv. umhvrh. — sem ég trúi henni þó alveg til — hafi heillað allar þjóðir upp úr skónum og fengið þær til þess að samþykkja ákvæði okkar. Það er bara einfaldlega viðurkennt að þetta er umheiminum jákvætt og þess vegna fæst þessi niðurstaða.

Mér finnst að umræðan hafi í aðalatriðum verið málefnaleg. Þó er alltaf freistandi að rifja ýmislegt upp sem áður hefur verið sagt í ferlinu og fara yfir tillöguflutning og fleira en ég ætla ekki að eyða tímanum í það. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um það sem kostulega röksemdafærslu að aukin mengun á Íslandi sé jákvæð fyrir umheiminn. Ég hef komið lítillega inn á það hvernig ég lít á málið, og líka kemur fram í lokaorðum hæstv. umhvrh. í skýrslunni að um 80% losunar gróðurhúsalofttegunda frá iðnríkjunum stafar af bruna á jarðefnaeldsneyti, þ.e. kolum, olíu og gasi, og að á því þurfi að taka.

Er þá álið svona mikill bölvaldur? Er það ekki einmitt gagnstætt? Er ekki álið einmitt léttmálmur sem er umhverfisvænn? Því vil ég halda fram. Þegar hv. þm. efast um þær forsendur sem liggja til grundvallar íslenska ákvæðinu verðum við að hafa það í huga að samkvæmt spám helstu sérfræðinga í áliðnaði munu þjóðir heims á næstu 10 árum auka ársframleiðslu á áli um 8 millj. tonna, og 60% af þessari auknu framleiðslu munu koma frá kola- og gasorku en aðeins um 40% frá vatnsorku. Þetta finnast mér vera uggvænleg tíðindi, og þau staðfesta nauðsyn þess að allar þjóðir freisti þess að auka notkun hreinna orkulinda, eins og við Íslendingar höfum tök á.

Um allan heim kappkosta menn að auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku og orkulinda í stað mengandi orkugjafa. Þar höfum við ákveðnar skyldur. Ég tel okkur hafa þær skyldur líka samkvæmt Ríó-sáttmálanum að leggja okkar af mörkum í þessum efnum. Við getum svo sannarlega verið stolt yfir því að vera með þessa gnægð af endurnýjanlegri orku þó að alltaf megi deila um það hversu mikið skuli nýtt af henni, og einhvers staðar liggja takmörkin í þeim efnum, en mér fannst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ganga nokkuð langt þegar ég heyrði hann segja áðan að hann teldi að við gætum hugsanlega nýtt 50–70% — ég held að ég hafi tekið rétt eftir — (Gripið fram í.) sem við gætum nýtt vegna þess að í dag erum við ekki komin í nema eins og 15%. Miðað við þá yfirlýsingu hans getur hann fallist á mjög mikla viðbótarnýtingu á þessum mikilvægu orkulindum okkar, og það er ég tilbúin að lýsa mikilli ánægju með þótt ég ætli ekki að fara frekar út

í það núna hvaða orkulindir og orkumöguleikar ættu að vera í fyrirrúmi.

Ég vil að síðustu segja að það að við losum mikið af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið, sem er vissulega rétt, hefur náttúrlega sínar skýringar, m.a. þær að við búum í strjálbýlu landi og byggjum mjög á fiskveiðum. Að því leyti til held ég að skilningur á sérstöðu okkar í sambandi við allar þessar viðræður hafi náðst. Auðvitað er það svo mál út af fyrir sig og hefur verið rætt hér hversu langt við erum komin í því að nýta þessa endurnýjanlegu orku til að hita upp híbýli okkar.

En erum við þá ekkert að gera til að koma til móts við þessi sjónarmið almennt, að draga úr gróðurhúsaáhrifunum? Ég tel að við séum að leggja nokkuð af mörkum, eins og t.d. í sambandi við vetnið. Því er ekki hægt að neita að stjórnvöld hafa komið að málum eins og í sambandi við það tilraunaverkefni sem nú er að fara af stað í Reykjavík og varðar strætisvagna sem verða vetnisknúnir. Það gerist ekkert alveg af sjálfu sér. Þar hafa stjórnvöld vissulega komið að málum og ýtt undir að af þessu geti orðið. Það er mjög ánægjulegt að verða vitni að því hversu mikla athygli Ísland hefur vakið í sambandi við vetnismálin og það sem við erum að gera í þeim efnum, auðvitað ekki síst núna eftir þá atburði sem áttu sér stað 11. september enda er mjög horft til Íslands í sambandi við vetnisframleiðslu. Allir gera sér grein fyrir úr hvaða heimshluta olían kemur fyrst og fremst.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að hafa fleiri orð um skýrsluna að sinni. Ég vil bara ítreka að ég tel að þetta séu miklir atburðir sem hafa átt sér stað þegar við höfum fengið íslenska ákvæðið samþykkt og við þurfum svo sannarlega ekki að fara neitt dult með það. Við sem höfum sem stjórnvald staðið að þessari framkvæmd gleðjumst og teljum að það skapi mikla möguleika á Íslandi í sambandi við atvinnuuppbyggingu, og um leið sé þetta jákvætt sem heimsviðburður vegna þess að með því að framleiða ál á Íslandi séum við að leggja okkar af mörkum til þess að minnka gróðurhúsaáhrif í heiminum.

[19:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort þessi mengunarkvóti sem nú virðist vera orðinn staðreynd hafi verið hafður í huga í þeim viðræðum sem hafa farið fram við Norðurál og vegna virkjanahugmynda og álvers fyrir austan og hvort verið geti að það hafi verið gengið út frá því að íslenska ákvæðið næði í gegn í þessum viðræðum. Glopruðu íslensk stjórnvöld kannski árangrinum af þessu úr höndum sér í viðræðum við fyrirtækin? Hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur um þetta. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fram komi hvaða hugmyndir íslensk stjórnvöld hafa um það hvernig eigi að fara með þennan mengunarkvóta gagnvart þessum aðilum ef það hefur ekki þegar verið skorið úr því með þeim hætti sem ég var hér að nefna.

[19:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað vorum við ekki viss um að við næðum íslenska ákvæðinu í gegn fyrr en það lá fyrir. Hins vegar höfðum við von um það. Það er svo sem ekki hægt að segja að það hafi verið gert ráð fyrir því í þessum viðræðum. Það er ekki eins og það skilyrði hafi verið sett hjá þeim fyrirtækjum sem við eigum í viðræðum við að þau fjárfestu einungis á Íslandi ef íslenska ákvæðið næðist fram. Umræðan hefur aldrei snúist um það. Það er bónus að þetta skuli hafa getað gerst. En umræðan hefur aldrei gengið út á það að slíkt yrði skilyrði fyrir ákveðnum fjárfestingum á Íslandi.

[19:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir vera tíðindi hér, ef ég hef skilið þetta rétt, að þetta verði bónus fyrir þá aðila, þeir muni fá þetta í bónus ofan á allt saman og að þeir þurfi ekki að kosta því til sem aðrir gera. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef ég hef skilið svarið eitthvað öðruvísi en á að gera. Ég tel að þetta hafi verið tíðindi dagsins ef það er svo að menn hafi gert ráð fyrir því að ef ákvæðið næðist í gegn, þá lægi það fyrir að í kaupunum fylgdi þetta með til þeirra fyrirtækja sem nú hefur verið rætt við um að koma í stóriðju á Íslandi. Það er enginn smábónus, takk fyrir.

[19:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég tala um bónus þá er ég að tala um að þetta sé bónus fyrir íslenska þjóð að hafa náð þessu í gegn. Mér finnst það aðalatriðið. (**Gripið fram í:** Ekki hver fær vinninginn.) En hins vegar er þetta magn, 1,6 millj. tonn, heilmikið og það má kannski líkja því við eina Sultartangavirkjun á ári, og það er kannski u.þ.b. það sem við gætum hugsanlega virkjað og þannig verður þessi upphæð eða tala til.

En ég tek það fram aftur að þetta er fyrst og fremst bónus fyrir Ísland og ég trúi ekki öðru en að hv. þm., sem ég veit að er hlynntur atvinnuuppbyggingu, ekki síst í nágrenni við heimabyggð sína, geti glaðst með okkur yfir því að hafa náð fram íslenska ákvæðinu sem eykur líkurnar á því t.d. að Norðurál geti farið í þá stækkun sem fyrirtækið hefur á prjónunum.

[19:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þann málflutning að segja að umhverfisvænt sé að reisa álver á Íslandi og nýta til þess undanþágu að auka losun gróðurhúsalofttegunda án þess að taka nokkurs staðar út kvóta á móti, þá verður að undirstrika það að þá aðeins er hægt að halda þessu fram að borið sé saman við álver í þróunarríki sem framleiðir rafmagnið með jarðefnaeldsneyti. Ef borið er saman við álver í þróunarríki þar sem um vatnsorku er að ræða, tökum t.d. Suður-Ameríku, þá er útkoman núll, þá er losunin úr álverinu utan kvóta í báðum tilvikum. Ef borið er saman við álver í þróuðu ríki, iðnríki sem er bundið af ákvæðum Kyoto-samningsins eru hnattrænu ákvæðin neikvæð um losun álversins því þá þarf ekki að kaupa út kvóta á Íslandi en þess þarf ef um væri að ræða eitt af ríkjunum sem bundin eru af samningunum.

Það sem er hins vegar rétt og er algerlega óháð Kyoto og hefur ekkert breyst er það að í hnattrænu samhengi er jákvætt að framleiða raforku á Íslandi, til hvers svo sem hún er notuð, með vatnsafli og jarðhita borið saman við að framleiða rafmagn með kolum eða olíu hvar sem það er gert í heiminum. Þetta er svo einfalt að það hljóta allir að skilja og þarf í rauninni ekki að þvæla Kyoto-dæminu inn í þetta. Ég held að það skýri ekki málið.

Ég bið ekki um annað en að hæstv. ráðherrar sem eru að reyna að tefla þessum jákvæðu hnattrænu umhverfisáhrifum inn í umræðuna geri það algerlega skýrt hvaða forsendur þeir verði að gefa sér til að dæmið gangi upp, og þær eru þessar.

Varðandi ál sem hæstv. iðnrh. ræddi um áðan, þá er það svo með álið að það hefur bæði kosti og galla í umhverfis-

legu tilliti. Gallarnir er þeir að það bindur gríðarlega orku í meðförum vinnslu úr báxíti eða hrááli yfir í ál og það losar gróðurhúsalofttegundir. Kosturinn er að það er auðvelt í endurvinnslu og það er létt.

[19:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðalkosturinn við álið er kannski sá að þar eru fjárfestar. Við verðum að taka mið af því hverjir eru tilbúnir að fjárfesta á Íslandi. Það eru þau fyrirtæki, eins og mál standa í dag, sem eru í álframleiðslu. Síðan getum við kannski litið á það sem alveg sérstakan bónus að það er — og ég held því fram — jákvætt fyrir umheiminn að ál sé framleitt á Íslandi þegar það kostar átta eða tíu sinnum meiri gróðurhúsaáhrif að framleiða ál í þeim löndum sem byggja á því að orkan sé framleidd úr olíu eða kolum.

Eins og ég lét koma fram í máli mínu áðan er samkvæmt spám gert ráð fyrir að á næstu tíu árum muni ársframleiðsla á áli aukast um 8 millj. tonna, 60% af þeirri auknu framleiðslu muni fá orku frá kolum og gasi en aðeins um 40% frá vatnsorku. Þetta finnst mér vera uggvænlegt. Hefur hv. þm. engar áhyggjur af þessu? Við vitum að haldið verður áfram að framleiða ál því að það er markaður fyrir ál, vaxandi markaður. Og þetta eru staðreyndirnar sem liggja á borðinu. Eigum við ekki að leggja okkar af mörkum sem höfum endurnýjanlega orku og getum stuðlað að minni gróðurhúsaáhrifum í heiminum? Höfum við ekki þær skyldur? Ég lít svo á að við höfum þær skyldur og vinn samkvæmt því.

[19:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins gera athugasemdir við það sem hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni varðandi ummæli mín um virkjanlegan orkuforða í landinu til að það misskiljist ekki. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi heyrt að ég var að tala um þá tölu sem menn hafa oft hent á milli sín að væri virkjanleg með tilteknum frádrætti, þ.e. um 50 teravattstundir. Það hefur oft verið sett þannig fram að um 30 teravattstundir gætu komið úr vatnsaflinu og 20 úr jarðhitanum. Það var út frá þeirri tölu sem ég varaði menn við og sagði að ég teldi nær lagi að tala um 40–60% af þessu sem er þá miklu minna afl eða 20–30 teravattstundir og þá sjá menn t.d. hve miklu af því á að ráðstafa á Austurlandi í stóráformunum þar eða einum 7 teravattstundum, ef ég man rétt. Það minnir okkur á hversu takmarkaður þessi orkuforði er og algerlega fráleitt að tala um þetta sem eitthvað sem skipti máli og vegi í hinu hnattræna samhengi orkubúskapar heimsins. Orkumöguleikarnir hér eru svo takmarkaðir að þeir eru eins og í einni meðalstórborg erlendis. Við eigum því fyrst og fremst að ræða þetta út frá okkar sjónarhóli gildum en ekki því að við séum að tala um eitthvað sem breytir í stórum stíl orkujafnvægi eða orkubúskap heimsins. Það er ekki svo.

Auðvitað er það áhyggjuefni ef álframleiðsla verður mjög vaxandi á komandi árum og að stórum hluta til framleidd með kolum og olíu en þá skiptir einmitt máli að reynt sé að koma böndum á þetta m.a. eins og ætlunin er að gera með þökunum í Kyoto-bókuninni. Það er einmitt hugsunin og ekki bara þegar ál á í hlut. Mikill misskilningur er að það eina sem skipti máli í sambandi við hina hnattrænu losun gróðurhúsalofttegunda sé ál. Það er minnstur hlutinn af þessu. Það er hin almenna orkunotkun, það er umferðin o.s.frv. Ýmiss konar annar iðnaður sem þrátt fyrir allt er enn þá meira mengandi en ál, það eru til verri hlutir en það, mikil ósköp. Hér var nefnd magnesíumverksmiðja, og ef ég man rétt átti hún heldur betur að menga, þannig að auðvitað er það hið stóra almenna samhengi þessara hluta sem skiptir máli.

[19:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil þessa umræðu og málflutning hv. þm. Vinstri grænna á þann veg að þeir vilji nota þennan alþjóðlega samning til að koma í veg fyrir að byggð séu álver á Íslandi og það segir mér að þeir vilji nota yfirþjóðlegt vald, vald annarra þjóða og samninga sem gerðir eru á milli þjóða til að hafa pólitísk áhrif á ákvarðanatöku á Íslandi vegna þess að þeir hafa ekki þá stöðu að geta haft áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalda á Íslandi. Þetta er einfaldlega svona og er ekkert nýtt. Þetta er búið að vera rauði þráðurinn í gegnum þann málflutning allan tímann. Og ég minnist þá alveg sérstaklega málflutnings fyrrv. þm., Hjörleifs Guttormssonar, í því sambandi. Sem sagt að nota yfirþjóðlegt vald til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku á Íslandi og mér finnst ekki vera mjög mikil reisn yfir þeim hugsunarhætti sem felst í því.

Við vitum líka að Hjörleifur Guttormsson barðist mjög gegn þessu. Hann fór mikið á fundi erlendis til að reyna að koma í veg fyrir að af þessu yrði og hið íslenska ákvæði næði fram að ganga. Það má alveg deila um hversu réttlátt í raun það er að stjórnarandstaðan skuli geta leyft sér að vinna gegn þeirri stefnumörkun sem ráðandi stjórnvöld og meiri hlutinn berst fyrir þegar um er að ræða að beita slíkum aðferðum á erlendri grundu.

[19:41]

Útbýting þingskjala:

Biðlisti eftir þjónustu svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, 300. mál, fsp. JB, þskj. 365.

Málefni fatlaðra, 301. mál, fsp. JB, þskj. 366.

[19:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eitt og annað hefur komið fram í þeirri umræðu sem hér hefur staðið stærstan hluta dagsins og satt að segja er maður ekki mjög hamingjusamur í lok hennar því að hér hefur náttúrlega komið í ljós að hv. þm. stjórnarflokkanna koma í ræðustól hver á fætur öðrum og strjúka hæstv. umhvrh. og fagna því sem hún kom heim með í farteskinu frá Marrakesh og álasa hv. þm. stjórnarandstöðunnar fyrir að vilja ekki taka þátt í þeim fögnuði og kyngja þeim klásúlum sem hæstv. umhvrh. kemur heim með, þ.e. íslenska undanþáguákvæðinu. Staðreyndin er sú að hv. þm. stjórnarandstöðunnar gagnrýna hæstv. umhvrh. og ríkisstjórnina harðlega í þessu máli en það er á grundvelli framtíðarsýnar því að framtíðarsýn þeirra stjórnarliða sem hafa talað hlýtur að vera nokkuð gölluð. Því ef það er vilji hv. stjórnarliða að við nýtum megnið af vatnsafli okkar til að knýja álbræðslu, þá fullyrði ég, herra forseti, að það er afskaplega gölluð framtíðarsýn og sú sýn þjónar ekki hagsmunum þjóðarinnar. Það fullyrði ég.

Hv. þm. stjórnarandstöðunnar tala fyrir annarri sýn. Þeir hafa bent á að orkuauðlindir okkar séu í húfi og það hefur ekkert verið lagst gegn því hingað til að við notum rafmagn og ekki hefur verið talað um að fara ætti að ferðast á hestum eins og hæstv. utanrrh. lét liggja að í máli sínu og sýnir ljóslega á hvaða plani umræðan er iðulega og þá kannski oftar en ekki af þingmönnum eða ráðherrum Framsfl.

Auðlindir þessa lands eru mjög viðkvæmar. Þær eru afar sérstakar og það er verið að nýta þær í dag. Óvirkjað fallvatn

í náttúru Íslands er í dag nýtt til að laða til okkar ferðamenn. Það er nýting alveg á sama hátt og við erum að nýta hvalina undan ströndum landsins til að sýna þá ferðamönnum. Við erum að nýta þær auðlindir. Við erum bara ekki að eyðileggja þær. Við erum ekki að vinna óafturkræfar skemmdir á náttúru Íslands og lífríki náttúrunnar. En það er hins vegar slík ofnýting sem stjórnarliðar á Alþingi tala fyrir og láta einskis ófreistað að gera lítið úr málflutningi þeirra sem eru ósammála þeim.

Örfá orð í viðbót um auðlindir, herra forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz kom í ræðustól og mistúlkaði orð mín um losunarkvóta og þau orðaskipti sem fóru á milli mín og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Lokasetningin í máli mínu í þeim orðaskiptum var sú að ég teldi það önugt og öfugsnúið að kalla kvóta vegna losunar gróðurhúsalofttegunda auðlind og að í öllu falli teldi ég hana ekki vera náttúrulega auðlind. Það voru lokaorð mín í þeim umræðum sem áttu sér stað um losunarheimildirnar sem auðlind.

Ég viðurkenni hins vegar fúslega væntanlega tilvist þess markaðar sem ríki hafa komið sér saman um að búa til. Það er markaður sem kemur til með að byggja á framboði og eftirspurn. Það er markaður með vöru sem iðnríkin hafa ákveðið að búa til, vöru sem getur gengið kaupum og sölum, þ.e. þetta er vara sem hægt er að fá peninga fyrir. En það er ekki hægt að kalla þessa losunarheimild náttúrulega auðlind, aldrei, aldrei nokkurn tíma. Það er önugt að þurfa að viðurkenna að hér verði settur upp einhvers konar markaður með þessar losunarheimildir, en auðvitað verður slíkt ekki umflúið.

Hér er stöðugt deilt um hinn hnattræna ávinning og stjórnarliðar ljúka allir upp einum munni um hinn gífurlega ávinning af þessu íslenska undanþáguákvæði. Komið hefur í ljós í umræðunni að 60% álvera í heiminum eru knúin orku sem framleidd er með jarðefnaeldsneyti, 40% álvera eru keyrð með orku frá vatnsafli. Ekkert í veröldinni segir að ný álver sem rísi í heiminum í dag þurfi endilega að vera knúin orku frá raforkuverum sem eru knúin jarðefnaeldsneyti, ekkert. Ég ítreka það sem ég sagði fyrr í umræðunni, ef íslensk stjórnvöld vilja í alvöru láta verða einhvern hnattrænan ávinning af því að reisa hér álver þá skulu þau krefjast þess að fyrir hvert álver sem reist verður á Íslandi verði annað lagt niður í heiminum sem nú er knúið jarðefnaeldsneyti. (Gripið fram í.) Þetta er lágmarkskrafa til þess að stjórnvöld geti staðið undir því sem þau sjálf gorta af, þ.e. að vera svona skelfilega umhverfisvæn og hnattræn.

Herra forseti. Sannleikurinn er sá að í þeirri ákvörðun sem íslensk stjórnvöld tóku þegar þau hófu herferðina fyrir íslenska ákvæðinu á vettvangi loftslagssamningsins, voru umhverfissjónarmiðin látin víkja. Þau hafa verið látin víkja af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Þeim hefur verið ýtt til hliðar fyrir annan ávinning. Hæstv. iðnrh. hefur lagt sig í líma við að opna þetta land fyrir erlendum fjárfestum sem vilja fjárfesta í raforkunni okkar til þess að setja hér upp álver. Mikil orka og mikið fé hefur verið lagt í það hjá iðnrn. til að lokka hingað til lands stórfyrirtæki á sviði áliðnaðar. Ég hefði viljað sjá stjórnvöld leggja sig fram á sama hátt og af jafnmikilli atorku við að fá fram möguleika á Íslandi til þess að nýta aðrar auðlindir, mannauðinn, unga fólkið okkar, hugvitið, listamennina.

Hvað hefur Björk gert fyrir íslenskt efnahagslíf? Ekki er hún að fórna auðlindum Íslands, ó, nei. Hún er að nýta þær til hins ýtrasta, af hugkvæmni sinni, af hyggjuviti, gáfum og kærleika. Íslensk stjórnvöld hafa haft ótal tækifæri til þess að efla efnahagslífið á Íslandi á allt annan hátt en þann sem þau hafa lagt sig í líma við að gera. Þetta er allt vegna þess að framtíðarsýn þeirra er að mínu mati gölluð. Hún er afar ámælisverð. Það er ekki ánægjulegt hlutskipti að vera, eins og ég kallaði það áðan, frír farþegi í svona alþjóðasamningum. Það er ömurlegt hlutskipti. Það er ekkert til að gorta af. Og í hvaða viðleitni fáum við ókeypis far? Viðleitni mannkynsins til þess að tryggja framtíð sína á jörðinni. Það er verið að reyna að tryggja framtíð mannlífs á jörðinni. Og við ætlum ekki að borga farmiðana okkar. Þetta er ekkert til að fagna. Það er ekki hægt að fagna því, herra forseti, ekki út frá þeirri sýn sem ég hef á veraldarmálin, að þessi frímiði skuli hafa verið það sem hæstv. umhvrh. kom heim með í farteskinu frá Marrakesh.

Herra forseti. Hér hefur verið fjallað um kröfuna um rökstyðja það að endurnýjanleg orka sé endurnýjanleg og að besta fáanleg tækni sé notuð við þá framleiðslu sem íslensk stjórnvöld eru að laða hingað. Hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafa látið eins og við eigum ótakmarkaðar auðlindir í vatnsaflinu okkar og þeir hafa látið eins og það sé tryggt að besta fáanleg tækni verði notuð í þeim álverum sem þegar er verið að planleggja, sem þegar eru á teikniborði ríkisstjórnarinnar. En um hvort tveggja er deilt. Mikið hefur verið deilt um álverið í Reyðarfirði og hvort þar eigi að nota bestu fáanlegu tækni og vísindamenn á Íslandi hafa rökstutt það í greinum og erindum að svo virðist ekki eiga að vera þannig að strax virðast Íslendingar vera að hlaupa undan skyldum íslenska ákvæðisins.

Ég geri ráð fyrir að hæstv. umhvrh. svari í síðari ræðu sinni þeim spurningum sem ég lagði fyrir hana um þessi atriði. En það verður að benda hv. þingmönnum stjórnarflokkanna á að hér er um mjög umdeild mál að ræða og það sem þeir hafa hér verið að fagna eru ekki meiri sannindi en svo að vísindamenn deila. Það eru staðreyndir málsins.

Þingmenn stjórnarliða hafa hagað sínu máli þannig að þá má skilja sem svo að það sé hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að kenna að verið sé að nota í auknum mæli kjarnorku á jörðinni. Það er verið að hengja það um hálsinn á okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Því vil ég spyrja, herra forseti: Hvað hafa íslensk stjórnvöld gert á erlendum vettvangi til þess að tryggja aukinn veg endurnýjanlegra orkugjafa? Vil ég nefna t.d. vindorku, sólarorku, virkjun sjávarstrauma og þar fram eftir götunum. Það er ekki eins og það sé ekki umræða í veröldinni um aðra endurnýjanlega orkugjafa en vatnsafl eða jarðvarma.

Íslensk stjórnvöld geta vel lagt öflugt lóð á vogarskálina í þeirri umræðu. Og ef þau hafa gert það þá hefur það verið í hljóði eða einhvers staðar hvíslað úti í horni. Í öllu falli hefur það ekki borist hingað til lands. Við höfum meira að segja möguleika hér á landi á að framleiða vindorku og framleiða sólarorku. Auðvitað ættu athuganir á slíku að vera í gangi ef menn hefðu slíka sýn á framtíðina.

Herra forseti. Upphaf og endir alls í þessari umræðu er spurningin um hvað íslensk stjórnvöld ætla að gera. Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda? Það kemur fram að frá árinu 1990 sem er viðmiðunarárið höfum við aukið losun um 15%. Þar með erum við þegar komin 5% fram úr heimildinni sem við fengum í Kyoto. Einhvers staðar verða íslensk stjórnvöld að draga úr losun. Ætla íslensk stjórnvöld að heita Alþingi og þjóðinni því að lögð verði jafnmikil orka í að draga

úr losun, iðka hér orkusparnað og orkunýtni, eins og hefur verið lögð í að fá fram undanþáguna varðandi þetta íslenska stóriðjuákvæði?

Herra forseti. Staðreyndin í þessu máli er að við horfum fram á gífurleg áhrif af þeim loftslagsbreytingum sem við eigum í vændum. Það eina sem ég get sagt ánægjulegt um umræðuna í dag, sérstaklega kannski hvað lýtur að ráðherrunum, er að hæstv. umhvrh. er þó kominn lengra í þessari umræðu en hæstv. forsrh. sem einlægt segir að við sem höfum verið að vara við áframhaldandi aukningu gróðurhúsalofttegunda séum að mála skrattann á vegginn. Hæstv. umhvrh. viðurkennir þó í skýrslu sinni að smáeyjaríki eigi á hættu að hverfa í sjó hækki yfirborð sjávar enn frekar. Í skýrslunni segir að væntnalega geti yfirborð sjávar hækkað um allt upp í 88 sm í náinni framtíð sem kemur til með að eyða þessum eyríkjum. Ég hæli því hæstv. umhvrh. fyrir það að hún skuli þó vera komin þetta lengra í þessum fræðum en hæstv. forsrh. sem meðal annarra orða hefði haft gott af því að vera viðstaddur þessa umræðu.

[19:56]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hóf ræðu sína á því að hún væri ekki hamingjusöm eftir þessa umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Það kemur mér svo sem ekki á óvart eins og sú umræða hefur snúist.

En mig langar að hafa í fáum orðum orð á því að hægt er að nýta náttúrulegar auðlindir og raforku til annars en álbræðslu. Um það erum við hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sammála. Mig langar að fá að vita frá henni hvort hún telji ekki í ljósi þess, að íslenska ákvæðið og sá aukni losunarkvóti sem við fengum með því sé til hagsbóta fyrir íslenskt þjóðfélag ef við gefum okkur að hægt sé að nota raforkuna til annars en að bræða ál, hvort hún telji ekki að sá árangur sem náðist með þessu íslenska ákvæði sé til hagsbóta fyrir íslenskt efnahagslíf.

[19:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Nei, herra forseti. Ég tel það ekki til hagsbóta. Ég hef eytt tveimur 15 mínútna ræðum í það í dag að útskýra hvers vegna, svo að ég geri það ekki frekar. En ég tel það ekki til hagsbóta fyrir Íslendinga að hafa samið á þessum nótum vegna þess að ég tel það ekki vera til hagsbóta fyrir lífríki okkar, fyrir náttúru okkar, fyrir sjónarmið okkar og fyrir framtíðarsýn okkar að hlaða hér niður álverum í tugatali. Ég tel það ekki til hagsbóta fyrir okkur.

[19:58]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú mun það svo vera að ýmis annar iðnaður en álbræðsla losar gróðurhúsalofttegundir og það er helst þegar kemur að hvers konar iðnaði sem litið er til þessara náttúrulegu auðlinda sem við eigum og hvernig hægt er að nýta þær.

Mér er því spurn hvernig hv. þm. sér að við nýtum þessar miklu auðlindir okkar fyrst hún sér engar hagsbætur af íslenska ákvæðinu sem tryggði okkur auknar losunarheimildir.

[19:58]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefni bara eitt. Við getum ekki bæði geymt kökuna og étið hana. Við getum ekki bæði fórnað öllum vatnsföllum okkar í orkuframleiðslu fyrir þungaiðnað og auglýst hér hreina gefandi náttúru fyrir ferðamenn til að njóta. Það hlýtur hv. þm. að sjá.

Hugmyndir mínar um nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi lúta að hinu síðarnefnda. Þær lúta að sjálfbærni og ferðamennska á miklu meiri möguleika á því að vera sjálfbær en þungaiðnaður á borð við álbræðslu.

[19:59]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hóf mál sitt á því að kveða upp úr, að því er mér fannst með ótrúlega hrokafullum hætti, um það að stjórnarliðar hefðu gallaða framtíðarsýn þar sem þeir vilja nota orkuna til uppbyggingar stóriðju, til atvinnuuppbyggingar til hagsbóta fyrir efnahag þjóðarinnar. Ég vil biðja hv. þm. að útskýra þetta og jafnframt í leiðinni að útskýra hver framtíðarsýn hennar er. Svo spyr ég kannski í framhjáhlaupi: Sér hv. þm. ekkert jákvætt í þessu máli? Það væri gaman að heyra það. Hér hafa hv. þm. Vinstri grænna verið sérlega neikvæðir í dag sem kannski kemur ekki á óvart. En gaman væri að heyra hvort hv. þm. sjái ekkert jákvætt í þessu máli.

[20:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt hafi ég valdið hv. þm. vonbrigðum og ef honum hefur fundist ég vera hrokafull. Það var sannarlega ekki meiningin. Varðandi atvinnuuppbyggingu um allt land þá deilum við hv. þm. auðvitað áhyggjum. Þar eru stjórnarliðar og stjórnarandstaðan auðvitað, þegar vel viðrar, að reyna að leita sameiginlegra lausna.

Framtíðarsýn mín fyrir ungt fólk í þessu landi gengur út á annars konar atvinnutækifæri en þeir sem reka áliðnað geta boðið upp á. Mín framtíðarsýn byggir á sjálfbærni. Ég vil geta gortað mig af ákvörðunum sem lúta að lögmálum sjálfbærni þannig að við þurfum ekki að ganga á náttúrlegar auðlindir okkar og skilja landið eftir fyrir afkomendur okkur, ég segi ekki í rúst en alla vega meira eða minna stórgallað.

[20:01]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að ef hv. þm. telur það galla á framtíðarsýn minni t.d. að vilja nýta orkuauðlindir okkar til að byggja upp atvinnulíf um allt land og byggja upp efnahagskerfi þjóðarinnar þannig að við getum borið uppi öflugt velferðarkerfi, þá vil ég mótmæla því. En ég spyr enn á ný: Er ekkert jákvætt í þessu máli?

[20:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum augum er ekkert jákvætt við þetta íslenska ákvæði. Ég er búin að flytja tvær 15 mínútna ræður hér þar sem ég hef reynt að gera grein fyrir því hvers vegna mér finnst íslenska undanþáguákvæðið ekki jákvætt og hvers vegna ég vildi sjá íslensk stjórnvöld berjast fyrir annars konar tækifærum fyrir íslenska þjóð. Þar nefndi ég tækifærin sem búa í mannauði okkar. Ég vil nefna ungt listafólk sem leggur sitt af mörkum til að efla efnahagskerfið á Íslandi, ekki með stóriðju, ekki með þungaiðnaði, heldur á allt annan hátt, á þann hátt sem mér finnst ég geta verið stoltari af en því að reisa hér þungaiðnað og álver í hverjum firði.

[20:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af þeim orðum hv. þm. að stjórnvöld gerðu vart annað en að leita uppi álver um heiminn og eyddu

miklum fjármunum í þá leit þá vil ég nefna tvö dæmi frá síðustu þremur dögum.

Í fyrsta lagi var fyrirtækið X-18 að gera viðskiptasamninga við fjölmargar þjóðir upp á fleiri milljarða. Þetta fyrirtæki hefur notið aðstoðar viðskiptaþjónustu utanrrn. sem forsvarsmenn þess hafa sagt að skipti verulegu máli.

Annað dæmi vil ég nefna frá síðustu viku. Þá var ég viðstödd nýsköpunartækni ungs fólks í Evrópu í Brussel. Ísland er í fyrsta skipti aðili að þessari samkeppni, eina þjóðin utan Evrópusambandsins. Þarna tóku þátt fjögur íslensk fyrirtæki eða fjögur verkefni. Ungt vel menntað fólk sem svo virkilega átti erindi þó að ekki ynni það til verðlauna í þessari samkeppni. En þangað átti Ísland erindi eins og hver önnur Evrópuþjóð. Þetta gerist fyrir tilstuðlan stjórnvalda.

[20:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst örlítil leiðrétting. Það er ekki rétt að ég hafi sagt að stjórnvöld væru ekkert að gera. Ég sagðist vilja sjá stjórnvöld verja jafnmikilli orku í að leita annars konar tækifæra en þeirra sem þeir hafa leitað hjá álframleiðendum.

En ég fagna því sem hæstv. ráðherra segir og auðvitað get ég hrósað hæstv. ráðherra fyrir það sem hún hefur sagt í fjölmiðlum síðustu daga varðandi þennan samning sem skóframleiðandinn okkar var að gera. Ég segi okkar vegna þess að við erum sameiginlega stolt af framtaki á borð við það sem X-18 stendur fyrir. Með því er ekki gengið á okkar náttúrlegu auðlindir á einn eða annan hátt. Ekki heldur í framtaki unga fólksins sem nefnt var. Við hæstv. iðnrh. deilum svo sannarlega ánægju yfir því þegar vel tekst til á þeim vettvangi sem hæstv. ráðherra gerir að umtalsefni. Ég vil sjá miklu meira af þessu tagi og miklu meira af orku af stjórnvalda fara í verkefni af því tagi sem hér voru nefnd en slappa af á stóriðjusviðinu.

[20:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einu sinni þannig að stjórnvöld hafa allar klær úti til að reyna að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Það er þannig. Kannski eru þessir atburðir ekki alltaf í fjölmiðlum endalaust en engu að síður hafa menn virkilega reynt að leggja sig fram og ekki veitir af því. Það gerist því miður afar fátt af sjálfu sér.

Auðvitað er einkaframtakið mikilvægt og fyrirtækið sem við nefndum áðan, X-18, er auðvitað einkaframtak, sem skiptir mestu máli. En oft þarf þó að koma að með svolitlum stuðningi af hálfu stjórnvalda. Við leggjum okkur fram við það.

Það að atvinnuástandið er þó þetta gott á Íslandi er náttúrlega stórkostlegt og staðan er þannig vegna þess að menn hafa lagt sig fram. En því miður eru blikur á lofti. Fram undan eru erfiðari tímar og ekki síst þess vegna leggjum við, sem berum ábyrgð á þjóðarskútunni nú um sinn, mikla áherslu á að ná þessum samningum um stóriðju.

[20:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi öll þessi tækifæri sem eru í raun við hvert fótmál, stundum þurfum við að opna augu okkar fyrir því að þau séu til staðar, þá vil ég að lokum segja að orka stjórnvalda er afar dýrmæt. Eins og fram hefur komið í máli mínu í dag hefur mig tekið sárt að sjá stjórnvöld, fleiri ráðuneyti, a.m.k. þrjú, eyða öllu þessu púðri í að laða hingað risafyrirtæki á sviði áliðnaðar.

Ég veit að ég mæli fyrir munn ungu kynslóðarinnar að miklu leyti þegar ég segi að stjórnvöld eiga mikinn mannauð í ungu kynslóðinni. Ég veit að hæstv. iðnrh. veit það. Það sem gert er á því sviði að efla ungu kynslóðina til dáða fyrir eigið hyggjuvit, fyrir eigið afl — allt slíkt átak kemur til með að skila sér og verða íslenskri þjóð og íslensku samfélagi til góðs.

[20:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skil hæstv. iðnrh. að mörgu leyti mjög vel í þessari umræðu. Hæstv. iðnrh. vill byggja álver, eins mörg og mögulegt er. Hún trúir á það sem mikilvægasta, ég segi ekki það einasta því að það væri ómaklegt, einstaka þáttinn í því að byggja upp atvinnustarfsemi og skapa hagvöxt og velsæld á komandi árum. Það er sjónarmið út af fyrir sig.

Ég skil hæstv. utanrrh. sömuleiðis mjög vel. Það er alkunna að hæstv. utanrrh. hefur átt sér þann draum um nokkurra ára skeið að reisa sér minnismerki á Austurlandi, eða um að honum verði reist minnismerki sem hann hafi verið forgöngumaður að, þ.e. eitt stykki álver á Austfjörðum sem gæti staðið þar eftir hans daga, a.m.k. í pólitískum skilningi ef hæstv. utanrrh. skyldi bera annars staðar niður á næstunni í þeim efnum.

Hitt verð ég að segja að ég á erfitt með að skilja framgöngu hæstv. umhvrh. Mér þykir dapurlegt að sjá hæstv. umhvrh. ganga fram í þessum málum, þegar umhverfishliðin er til umræðu, eins og algerlega án nokkurrar sjálfstæðrar meðvitundar um þau mál. Ég hef að vísu heyrt hæstv. ráðherra nota þau einföldu rök áður í sambærilegum tilvikum að hæstv. ráðherra fylgi stefnu ríkisstjórnarinnar, sé í ríkisstjórninni. En hæstv. umhvrh. er líka umhvrh., er hinn faglegi ráðherra, gæslumaður umhverfis og náttúru í landinu. Mér finnst það ótrúlegt að sú hlið mála, t.d. þær umhverfislegu fórnir sem fylgja öllum þeim stóriðjuframkvæmdum sem hér hafa verið til umræðu, skuli ekki einu sinni nefndar. Ekki í einni setningu hefur hæstv. ráðherra nefnt það hér að þó að hún telji að þessi atvinnuuppbygging og þessi stóriðja sé mikilvæg þá sé eftirsjá að Þjórsárverum og það séu umhverfislegar fórnir samhliða Kárahnjúkavirkjun o.s.frv. Manni hefði liðið aðeins betur þó ekki væri nema af einni og einni setningu hér og þar sem hefði vitnað um að hæstv. umhvrh. myndi eftir því að hún væri umhvrh. en ekki bara viljalaust verkfæri ríkisstjórnarinnar í að keyra fram stóriðjustefnu og álnauðhyggju.

Hæstv. umhvrh. fór út í það, því miður, að saka stjórnarandstöðuna og einstaka þingmenn — og það var býsna óvenjulegt að heyra hvernig hæstv. ráðherra lét að því liggja — um að fara utan til að vinna þar nánast eins og einhvers konar fimmtu herdeildar starfsemi gegn íslenskum hagsmunum. Hæstv. ráðherra var svo ósmekkleg að nefna þar til sögunnar m.a. fyrrv. hv. alþm., Hjörleif Guttormsson, sem á ekki sæti hér lengur og er ekki hér til að verja hendur sínar, á þessum vettvangi a.m.k. Hann er þó sjálfsagt fær um að gera það þó á öðrum vettvangi sé. Það lá eiginlega í orðum hæstv. iðnrh. og ég vil spyrja um það: Er það virkilega meining hæstv. ráðherra að að eigi að setja stjórnarandstæðinga í farbann, þeir eigi ekki að hafa rétt til að tala fyrir sjónarmmiðum sínum hvort heldur er innan lands eða utan? Hvert var hæstv. ráðherra að fara? Á að taka málfrelsi og skoðanafrelsi af stjórnarandstöðunni þegar ríkisstjórn í einu landi hefur ákveðið eitthvað? Hvert eru menn þá komnir?

Ég leyfi mér að segja, herra forseti, að mér brá svolítið í brún þegar ég heyrði þetta, sérstaklega um ferðafrelsið, að það væri eitthvað að því að þingmenn úr stjórnarandstöðunni, með önnur sjónarmið en ríkisstjórn, sæktu ráðstefnur, tækju þátt í fundum eða hefðu málfrelsi á erlendri grund. Hvert eru menn komnir ef þeir fara þessa braut á enda? Ég ætla að vona að þetta hafi verið óyfirvegað af hálfu hæstv. ráðherra og hæstv. ráðherra sé ekki í alvörunni að velta því fyrir sér eða ýja að því að jafnvel ætti að setja menn með önnur sjónarmið en ríkisstjórnarinnar í farbann. Þá væri illa komið.

Framganga hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli markast auðvitað af þessari álnauðhyggju. Það var athyglisvert að heyra orðaskiptin áðan milli hæstv. iðnrh. og hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur þegar ráðherra var að tíunda það sem ánægjulegt sem hefði verið að gerast í einstökum atvinnumálum á undanförnum dögum eða vikur og komist hefur í fréttir. Er það ekki sönnun þess að fleira getur gerst í íslensku atvinnulífi og orðið uppspretta velsældar hér í landi en að reisa álver og fórna til þess náttúruverðmætum á Íslandi? Jú. Það er nákvæmlega það sem við höfum verið að tala um.

Við viljum leggja áherslu á þá hluti umfram allt sem ekki hafa í för með sér þær fórnir í umhverfismálum sem hin orkufreka stóriðja og mengandi iðnaðarstarfsemi leiðir til. Það er ekki hægt að fjalla um þá hluti eins og að á því séu bara jákvæðar hliðar en engir frádráttarliðir. Menn geta komist að þeirri niðurstöðu að fórnirnar séu þess virði. Það er allt annað mál. Þá virði ég það sem sjónarmið. Ég er að vísu ósammála því þegar jafnmikils á að krefjast, eins og í Kárahnjúkavirkjun eða þegar taka á hluta af Þjórsárverum. Þá tel ég fórnirnar of miklar. Um það getum við orðið ósammála en ræðum það ekki eins og þetta sé endalaus hamingja og engir mínusar fylgi því að taka fallvötnin endanlega hvert á fætur öðru, reisa risastór uppistöðumannvirki, flytja vatnsföll milli vatnasviða, sökkva gróðurvinjum o.s.frv. Það er forneskjulegt viðhorf að taka ekki með í reikninginn að þar eru stórir frádráttarliðir.

Það er líka rangt og líka nauðhyggja sem mun ekki verða til farsældar að horfa fram hjá þeim miklu möguleikum sem liggja fólgnir í margs konar fjölþættri atvinnuuppbyggingu, í því að nýta mannauðinn, í því að nýta toppstykkið. Ekki mengar það að nota hausinn á sér og láta hann skapa velsæld. Við það eru margar þjóðir lagnar og hafa náð miklum árangri í þeim efnum. Við getum nefnt þar dæmi eins og Íra, Hollendinga, Dani og fleiri sem sanna að það er ekki þannig í nútímanum að það eina sem hér geti skipt sköpum sé uppbygging álvera.

Svo kemur að hinni nauðhyggjunni, þ.e. að það séu engar aðrar leiðir færar til að nýta hinn takmarkaða íslenska orkuforða en að byggja álver, veðja á þennan eina málm og gera íslenskt hagkerfi í æ ríkari mæli háð verðsveiflum á alþjóðamarkaði á þessum eina málmi. Það er ekki til þess að gera íslenskt atvinnulíf fjölbreyttara heldur veitir það þvert á móti öðrum áhættuþætti sífellt meiri þunga í íslensku hagkerfi, heimsmarkaðsverði á áli. Íslenski orkumarkaðurinn er þegar orðinn iskyggilega háður verðsveiflum á þessum eina málmi því fyrir utan álverksmiðjurnar sjálfar, núverandi og tilvonandi, hafa meira að segja járnblendiverksmiðjan og fleiri fyrirtæki hengt sig í þessa viðmiðun, heimsmarkaðsverðið á áli, eins og samningum um afhendingu á raforku til þeirra er háttað.

Það eru fjölmargir aðrir og mjög álitlegir möguleikar til staðar, bæði nú og inni í framtíðinni, til að nýta þennan orkuforða á annan hátt. Og sannanlega miklu umhverfisvænni hátt en þann að stunda frumvinnslu áls því það hefur mjög neikvæðar umhverfisafleiðingar í för með sér. Mjög mikil orka fer forgörðum í frumvinnsluna og því eru neikvæðir umhverfisþættir samfara, eins og losun úrgangs, losun gróðurhúsalofttegunda og fleira mætti telja.

Ég nefni auðvitað það verkefni sem mér finnst alltaf eiga að vera númer eitt á listanum hjá okkur, að umbreyta okkar íslensku orku í form sem gerir það að verkum að við getum notað það í miklu meiri mæli hér innan lands, til að knýja flota okkar, samgöngutæki o.fl., gera Ísland þannig raunverulega að sjálfbæru orkusamfélagi. Ég nefni t.d. ylrækt sem margir hafa talið að gæti orðið að gríðarmikilli grænni stóriðju á Íslandi ef hún fengi orku á kjörum sambærilegum við stóriðjuna en því er ekki að heilsa. Menn hafa verið með þau plön á borðum, og það alveg í fúlustu alvöru, að ylrækt í stórum stíl hér á landi gæti orðið að stóriðju, útflutningsstóriðju, ef að henni væri hlúð með hagstæðum orkusamningum og öðrum ráðstöfunum.

Það eru fjölmargir fleiri möguleikar sem þarna væri áhugavert að skoða, og síðast en ekki síst bendir enn þá allt til þess að tíminn vinni með okkur og að íslenski orkuforðinn vaxi að verðmæti en minnki ekki. Allar spár um hið gagnstæða hafa reynst rangar.

Muna menn hver voru helstu rökin þegar menn voru að tala fyrir stóriðjustefnunni hér á sjöunda áratugnum? Að það ætti að gera samninga á algjöru útsöluverði við stóriðju sem síðar kom náttúrlega í ljós að voru svo neðan við allar hellur að það þurfti í harðar aðgerðir gegn hinum erlenda auðhring til að fá verðið hækkað. Rökin voru þau að íslenska orkan yrði fljótt verðlaus vegna þess að kjarnorkan yrði svo hagkvæm. Við höfum svo sem heyrt fleiri kenningar um svona hluti. Þær hafa allar reynst út í hött. Staðreyndin er sú að m.a. Kyoto mun vinna með Íslendingum að þessu leyti af því að þá mun orkuframleiðsla með jarðefnaeldsneyti verða óhagkvæmari. Samkeppnisstaða innlendu orkunnar verður þar af leiðandi betri og við höfum enga undanþágu þurft til þess.

Það er líka staðreynd að þetta forskot vegna innlendu orkunnar úr vatnsafli og jarðvarma verður alltaf til staðar í þessu samhengi. Tilkoma Kyoto er þannig af sjálfu sér algjörlega óháð útkomu Íslands í losunarkvóta eða undanþágum — tvöfalt hagsmunamál fyrir Ísland. Við eigum sennilega einna mest allra þjóða undir því að þetta takist hvað búsetuskilyrði varðar, að ná árangri í þessum efnum, og við njótum góðs af þeim efnislegu áhrifum sem samkomulagið mun að líkindum hafa í heiminum, m.a. vegna þess að við eigum hér möguleika á orkuframleiðslu án þess að losa mikið af gróðurhúsalofttegundum.

Það er umhugsunarefni sem kom hér fram, m.a. í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar þegar hann spurði hæstv. iðnrh.: Hvernig á að nota þessa íslensku undanþágu? Er búið að lofa henni allri? Er búið að ráðstafa henni sem gulrót til þess að lokka hingað inn tilteknar stóriðjuframkvæmdir? Það var mjög nærri því að hæstv. utanrrh. sannaði það fyrir okkur í ræðu sinni fyrr í dag þar sem hann taldi upp stóriðjuframkvæmdirnar sem mundu njóta þessarar undanþágu. Og þá stendur eftir að íslenskt atvinnulíf á svo í framtíðinni að axla byrðarnar að öðru leyti. Ríkisstjórnin er þar með að viðurkenna að undanþáguákvæðið, íslenska ákvæðið svokallaða, er klæðskerasaumað utan um núverandi stóriðjuáform rík-

isstjórnarinnar og ekkert annað. Allt talið um hnattræna umhverfisávinninga og framlag í þeim efnum er „sekúndert" í besta falli vegna þess að það sem fyrir ríkisstjórninni vakti var að fá þetta sem gulrót til þess að geta sullað áfram hér stóriðjuframkvæmdum sínum, þeim sem nú eru uppi á borðunum.

Mórallinn er sem sagt sá — hin siðferðilega afstaða sem ríkisstjórnin tekur er í reynd þessi: Það er ágætt að aðrir geri eitthvað í málinu. Hæstv. umhvrh. hefur meira að segja gengið svo langt að segja að það hafi verið vonbrigði að samkomulagið hafi verið veikt á lokasprettinum. Það felur í sér að hæstv. ráðherra vill gjarnan að aðrar þjóðir geri eitthvað í þessu en við Íslendingar þurfum bara alveg gífurlega undanþágu. Við ætlum ekki að leggja af mörkum, við þurfum þessa undanþágu.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að það er auðvitað jákvætt — svo langt sem það nær, sorglega skammt að vísu — að samkomulag tókst. Það vil ég segja hér í lok þessarar umræðu af minni hálfu, að auðvitað er það betra en ekki neitt að samkomulag náðist þótt það væri marið saman og hangi á bláþræði og það megi eiginlega enginn heltast úr lestinni til þess að menn lendi ekki fyrir neðan þau mörk um þátttöku sem samningurinn byggir á. Og það sem maður bindur vonir við, herra forseti, er auðvitað að hér verði bara um fyrsta áfanga að ræða, eitt lítið hænufet á miklu lengri vegferð því það þarf meira til. Hér þarf að takast árangur sambærilegur við þann sem náðst hefur t.d. í baráttunni fyrir verndun ósonlagsins eða losun freonefna og öðrum slíkum hlutum.

Vonbrigðin eru auðvitað hversu veikt samkomulagið er í byrjun, þessi fyrsti áfangi, og svo hitt að við erum mörg ekki mjög stolt af framgöngu Íslands í þessu efni eins og það er bundið í samkomulaginu en það er auðvitað hluti af samkomulaginu og þessum fyrsta áfanga sem þrátt fyrir allt er að mínu mati skárra en ekki neitt og vonin fyrst og fremst fólgin í því að betur takist síðan til í framhaldinu, að allur heimurinn komi smátt og smátt inn í ferlið, að sjálfsögðu með Bandaríkin í broddi fylkingar, að með sanngjörnum hætti verði gengið frá þátttöku þróunarríkjanna í ferlinu og að Ísland leggi þá meira af mörkum á komandi tímum heldur en það er að gera í þessum upphafsþætti málsins.

[20:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem hingað einvörðungu til að lýsa furðu minni á ummælum hæstv. iðn.- og viðskrh. sem hún lét falla hér áðan. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að menn ættu bara að sjá sóma sinn í því að fylkja sér að baki meiri hlutanum, hvort heldur það er stjórnarmeirihluti hér á Alþingi eða einhver annar meiri hluti sem hefur myndað sér einhverja tiltekna skoðun. Og geri menn það ekki séu þeir beinlínis og óbeinlínis, eins og hefur verið sagt margoft við umræðuna hér í dag, að vinna gegn þjóðarhagsmunum.

Herra forseti. Er þetta boðlegur málflutningur? Getur verið að hæstv. iðn.- og viðskrh. sé alvara með svona málflutningi? Hvert álítur hæstv. ráðherra hlutverk stjórnarandstöðunnar ef ekki er að veita uppbyggilega og gagnlega gagnrýni og veita stjórninni aðhald? Því ekki veitir af, herra forseti. Þetta kallar fram óþægileg hugrenningatengsl um hlutverk lýðræðisins og hvaða augum þessi hæstv. ríkisstjórn er farin að líta valdið og hlutverk sitt í þessu samfélagi.

Ég neita að trúa því, herra forseti, að hv. þm. komi hér upp og geti látið þessi orð falla í alvöru. Þó að meiri hlutinn hafi komið sér upp einhverri pólitískri skoðun getur það ekki líka verið skoðun þessa sama meiri hluta að það sé hin eina rétta skoðun. Svo er látið í það skína hér að þeir sem ekki séu sammála meiri hlutanum séu óþjóðhollir. Þetta er farið að minna mig á umræður sem urðu hér fyrir þrjátíu, fjörutíu, fimmtíu árum um utanríkismál og annað. Nú eru menn orðnir óþjóðhollir ef þeir fylgja ekki ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í einu og öllu. Ja, þá fyrst kastar tólfunum, herra forseti.

[20:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykja hv. þm. stjórnarandstöðunnar barma sér ansi mikið í þessari umræðu og kemur það enn betur í ljós eftir því sem líður á kvöldið.

Ég hef ákveðnar efasemdir um það þegar stjórnvöld eru að berjast fyrir ákveðnum hagsmunum á erlendri grundu að það sé ásættanlegt að stjórnarandstæðingar séu með ýmsum bellibrögðum á sömu fundum og sömu ráðstefnum að reyna að koma í veg fyrir að stjórnvöld nái því fram sem er þó lýðræðisleg niðurstaða í viðkomandi þjóðríki. Ég ætla ekkert að fara frekar út í þau vinnubrögð sem ég tel að þarna hafi verið ástunduð að einhverju leyti. En ég hef ákveðnar efasemdir um að svona vinnubrögð séu vel ásættanleg.

Og ég tel að eitt sé það að ná fram þessu íslenska ákvæði sem við höfum nú gert, síðan sé annað mál hvernig við nýtum ákvæðið. Ég held að hv. þm. stjórnarandstöðunnar geti ekki haldið því fram að það sé verra fyrir Ísland að eiga þá möguleika sem íslenska ákvæðið kveður á um heldur en eiga þá ekki. Ég held að það hljóti að vera hægt að fullyrða að það sé Íslandi í hag að eiga þessa heimild til losunar á gróðurhúsalofttegundum.

[20:27]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. er því miður enn við sama heygarðshornið. Það á sem sagt að fylgja meiri hlutanum, stjórnarmeirihlutanum í þessu tilfelli, alveg sama hver málstaðurinn er og ég á þá von á því að það eigi við öll önnur mál. Og þeir sem kunna að vera ósammála stefnu ríkisstjórnarinnar eru að beita bellibrögðum, sagði hæstv. iðnrh. Hvað á hæstv. iðnrh. eiginlega við? Hvað er orðið um lýðræðislegan rétt hv. þm. og allra annarra til þess að vera á annarri skoðun en hæstv. iðnrh.? Gerir hæstv. ráðherra sér grein fyrir út í hvaða fen hún er að vaða í umræðunni um lýðræði og virðingu fyrir skoðunum annarra þar sem stjórnarandstaðan gegnir mjög veigamiklu hlutverki? Og að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér að koma hingað og tala um bellibrögð finnst mér fyrir neðan allar hellur.

[20:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er algjörlega inni á því að hv. þm. hafi fullan rétt á að vera ósammála ríkisstjórninni, ég hef aldrei vefengt þann rétt.

En það sem ég hélt fram í mínu máli áðan var það að hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sumir hverjir, hafi viljað nota vald annarra þjóða til að koma í veg fyrir ákveðnar ákvarðanatökur hér á Íslandi sem varða það að nýta endurnýjanlega orku okkar til álframleiðslu. Fyrst þeir náðu því ekki fram heima í sínu þjóðþingi skyldi reynt að beita valdi annarra þjóða með því að koma ár sinni fyrir borð hjá þeim þjóðum til að koma í veg fyrir þessar ákvarðanir og þessa framleiðslu og þessa starfsemi. Og það finnst mér vera almennt í ósam-

ræmi við þann málflutning þessara viðkomandi þingmanna að yfirþjóðlegt vald sé frekar af hinu illa.

[20:30]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég alveg hætt að skilja hæstv. iðnrh. Vald annarra þjóða. Bíddu, er stjórnarandstaðan komin í slagtog með einhverjum öðrum þjóðum? Hefur hæstv. iðnrh. ekki minnsta skilning á eðli alþjóðlegrar samvinnu? Veit hæstv. iðnrh. ekki um hvað þessir samningar snerust? Hún lætur að því liggja að í öðrum málum sé hið yfirþjóðlega vald stjórnarandstöðunni þóknanlegt. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málflutningi, herra forseti. Ekki steinn yfir steini.

Það væri fróðlegt að vita, herra forseti, hvort hæstv. iðn.- og viðskrh. ætlar t.d. að beita sér gegn því að einhverjir fulltrúar stjórnarandstöðunnar geti orðið fulltrúar Alþingis á Ríó plús 10 ráðstefnunni í Suður-Afríku á næsta ári? Því það veit sá sem allt veit að ef fulltrúar stjórnarandstöðunnar fengju að fara þangað þá gæti hugsast að þeir hefðu aðrar skoðanir en fulltrúar ríkisstjórnarinnar.

[20:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir ágætar umræður sem hafa verið málefnalega, a.m.k. á köflum.

Heldur þykir mér þó að stjórnarandstaðan hafi borið sig illa í umræðunni. Sú er hér stendur hefur t.d. verið sökuð um skítkast fyrir að rifja upp hvað sagt hefur verið í umræðunni áður fyrr. Sagt hefur verið að okkur beri siðferðileg skylda til að taka á í Kyoto-málunum. Það er alveg rétt og hefur aldrei staðið neitt annað til. Við tökum okkur á eins og aðrir. Okkur ber hins vegar einnig siðferðileg skylda til að útiloka ekki Íslendinga frá því að nota endurnýjanlega orkugjafa, m.a. í stóriðju. Hún minnkar hnattræn áhrif á lofthjúpinn eins og ég hef verið að reyna að upplýsa stjórnarandstöðuna um.

Af hverju halda menn að erlendar þjóðir hafi samþykkt málflutning okkar? Ekki vorum við í sömu stöðu og Rússar sem gátu notað hálfgert neitunarvald í krafti losunar. Við losum um 0,016% og skiptum ekki öllu máli við samningaborðið að því leyti. Af hverju voru menn þá að hlusta á okkur? Vegna þess að við höfum mjög sterk rök.

Ég sýndi fram á hinn hnattræna ávinning í fyrri ræðu minni. Ef við miðum við meðaltalið í álframleiðslunni og miðum ekki bara við kol- og olíudrifin álver — ég tók tvö dæmi í fyrri ræðu minni — þá er meiri hnattrænn ávinningur fyrir lofthjúpinn við að nota íslenska ákvæðið en ef við tækjum svo á innan lands í annarri losun að við mundum t.d. binda allan fiskiskipaflotann í höfn og stöðva alla bíla. Það er meiri hnattrænn ávinningur af íslenska ákvæðinu en af því að stöðva alla losun innan lands. Þingmenn hljóta að gera sér grein fyrir þessu.

Og hér hefur líka komið fram að framleiðsla áls hefur aukist um 10% og meginhluti þeirrar aukningar er drifinn með kolum og olíu. Hér koma hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir o.fl., og krefjast þess að það væri lágmarkið að umhvrh. mundi fara fram með það á alþjóðlegum vettvangi að fyrir hvert álver sem við hugsanlega reisum hér í framtíðinni eigi að loka öðru sem drifið er kolum og olíu. Ég hef ekkert vald til þess. Ég veit ekki á hvaða vettvangi ég ætti að krefjast þess. Hins vegar minnkum við líkurnar á því að slík álver yrðu reist með því að nýta þetta íslenska svigrúm

Hér hefur líka verið ráðist harkalega að umhvrh. sem hér stendur, að mínu mati, (**SJS:** Það er rétt mat hjá þér, þú stendur nú þarna.) af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og talað um að ráðherra hafi ekki sjálfstæða meðvitund og muni ekki eftir því að hún er umhvrh. Ég veit ekki alveg hvað maður á að segja um svona palladóma og tel að þetta sé mikið rembutal. Ég hef byggt mál mitt hér á viðhorfi gagnvart lofthjúpnum. Ég hef kosið að tala hér ekki um einstakar virkjanir. Ég hef kosið að tala ekki um Kárahnjúkavirkjun eða Þjórsárver eða annað sem hv. þm. hefur minnst á við þessa umræðu. Ég hef talað út frá lofthjúpnum og geri mér auðvitað fulla grein fyrri því að það eru veruleg umhverfisáhrif af virkjunum, mörgum hverjum. Það hafa þingmenn heyrt umhvrh. flytja langt mál um hér á Alþingi. Ég vil reyna að sýna mönnum fram á það að hér er umhvrh. að tala út frá lofthjúpnum, þannig er íslenska ákvæðið jákvætt út frá lofthjúpnum.

En auðvitað eru gallar við ýmsar virkjanaframkvæmdir og alveg ljóst að vegna neikvæðra umhverfisáhrifa munum við ekki geta nýtt allar virkjanahugmyndir til fulls, sem menn töldu áður fyrr að væri hægt að nýta. Það er alveg ljóst.

Ég hef ekki áttað mig á því hvert Samfylkingin er að fara í umræðunni. Formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur hingað til verið mjög neikvæður gagnvart íslenska ákvæðinu og skrifað leiðara þar sem m.a. hefur verið sagt — ég ætla ekki að vitna orðrétt í þau skrif, aðeins minnast á aðalatriðin í þeim leiðurum — að Íslendingar hafi verið klaufar í Kyoto, vaðið í villu og svíma, að það yrði pípað á Íslendinga, ákvæðið yrði hlegið út af borðinu.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur talað mjög gegn íslenska ákvæðinu og segir í ræðu sem flutt var 9. nóv. á síðasta ári, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslensk stjórnvöld telja ófært að gerast aðili að Kyotobókuninni nema viðunandi niðurstaða náist í sérmálum Íslands eins og það heitir. Um þetta er Samfylkingin ósammála ríkisstjórn Davíðs Oddssonar."

Össur Skarphéðinsson flutti á sínum tíma ásamt fleiri hv. þingmönnum till. til þál. þar sem fram kemur sérstaklega í greinargerðinni að Ísland hafi fengið viðurkennda sérstöðu sína þá þegar, án íslenska ákvæðisins og við gætum vel uppfyllt skilyrði bókunarinnar án íslenska ákvæðisins. Samfylkingin hefur því hingað til verið algjörlega andsnúin íslenska ákvæðinu.

Ég heyri ekki betur en að nú komi annað hljóð, a.m.k. frá formanni Samfylkingarinnar, sem talar um að ákvæðið sé breytt. En hver er breytingin? Ákvæðið er alveg sama eðlis og það hefur verið frá upphafi, algjörlega sama eðlis, að það eigi að taka inn í sérákvæði svigrúm fyrir stærri framkvæmdir. Það eina sem hefur breyst er að það hefur verið sett þak á það. Það var ósköp eðlilegt að gera, sérstaklega af því önnur ríki vildu gjarnan fá inn slíkt þak og þá var fallist á það. En ákvæðið er í eðli sínu er nákvæmlega eins og það var, fyrir utan þetta þak.

Ég átta mig því ekki á því hvort Samfylkingin er ánægð með að íslenska ákvæðið var samþykkt eða óánægð. Eftir alla þessa umræðu stendur ráðherrann hér og áttar sig ekki á því hvort Samfylkingin fagnar ákvæðinu eða harmar það.

Varðandi innanlandslosunina og hugsanlegt kvótakerfi sem hér hefur ítrekað verið komið inn á vil ég segja að ekki er búið að ákveða hvort það verði kvótakerfi hér innan lands á losunarheimildunum. Hins vegar er alveg ljóst að við megum ekki selja kvótann í íslenska ákvæðinu, við megum ekki selja hann til útlanda. Við megum ekki selja hann.

Verði tekið upp kvótakerfi, eða innanlandsviðskipti með kvóta á losunarheimildum, þá mun það ná til þeirra almennu losunarheimilda sem fyrir eru, auk 10%. En þeirri losun á koldíoxíði sem fellur undir íslenska ákvæðið, sem er annars eðlis, er haldið utan við losunarheimildirnar og getur því ekki orðið hluti af almennum viðskiptum. Hins vegar eru flúorkolefnin fyrir utan íslenska ákvæðið. Ef eitthvað yrði þá væri hugsanlegt að þær lofttegundir yrðu hluti af kvótakerfi, verði kvótakerfi yfirleitt komið á.

Ég vil líka draga inn í umræðuna að Evrópusambandið er að vinna að tilskipunum varðandi kvótamarkaðinn. Þar kemur fram að þeir taka álverin ekki inn í þann kvótamarkað. Reyndar er ekki búið að ákveða neitt en út á þetta ganga hugmyndirnar. Verði það niðurstaðan, sem má vel vera, er greinilegt að íslenska ákvæðið skiptir mjög miklu máli. Ef íslensku ákvæðin væru ekki fyrir hendi og Evrópusambandið og þar með við á EES-svæðinu höldum álverunum utan við kvótaviðskiptin, þá væri Ísland í þeirri stöðu að þurfa að kaupa umfangsmikinn kvóta fyrir þessi álver sem hugsanlega mundu rísa hér á fyrsta skuldbindingartímabili, eða eftir 1990, en ekki önnur ríki í Evrópu.

Það er hins vegar alveg rétt, sem kom hér fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að íslensk stjórnvöld hafa verið að hugsa um þessar einstöku framkvæmdir. Það er löngu komið fram að íslenska ákvæðið gengur út á það. Þannig hefur aldeilis ekki verið reynt að halda því frá umræðunni, það hefur verið rætt um það allan tímann.

Hér hefur verið talsvert rætt um hvað við ætlum að gera í framtíðinni. Ég vil taka það fram að skýrslan sem við ræðum hér fjallar um niðurstöðuna frá Marrakesh, hún fjallar ekki um hvað við ætlum að gera í framtíðinni hér innan lands. Hugmyndir um hvað við getum gert eru í vinnslu og verða til umfjöllunar á seinni stigum. Við eigum eftir að taka heilmikila umræðu um það mál.

Íslenska ákvæðið var ekki hluti af skýrslunni. Eftir á að hyggja þá hefðum við hugsanlega getað náð að þýða það og setja það inn í skýrsluna. En við eigum það á ensku og það er ágætlega fjallað um það í skýrslunni, megininnihaldið í íslenska ákvæðinu. Ég held að þingmenn geri sér ágæta grein fyrir því hvað nákvæmlega felst í því með því að lesa skýrsluna.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á það að ráðherra hefði sagt að búið væri að útvatna samninginn með eftirgjöf á síðustu stigum og það er rétt. Það er búið að útvatna samninginn. Markmiðið var að minnka losun um 5,2% samtals hjá iðnríkjunum og það hefur fallið, er núna komið í lækkun upp á 3,2%. Markmiðið er því ekki eins háleitt og þjóðir heims settu sér í upphafi.

Það er alls ekki svo að Íslendingar hafi átt einhvern hlut í því að gera þessar tilslakanir að veruleika, svo er alls ekki. Okkar ákvæði var löngu komið á afgreiðslustig þegar menn gerðu þessar tilslakanir á endasprettinum, þá blandaðist íslenska ákvæðið ekkert inn í þetta, eins og mér fannst gefið í skyn hér áðan. Við reyndum hins vegar að leggja okkar af mörkum til að minnka líkurnar á því að gefið yrði eftir. Við sögðum að við styddum þær sáttatillögur sem komu á borðið, bæði þegar Jan Pronk, umhverfisráðherra Hollands, lagði þær fram í Bonn og líka þegar þær voru lagðar fram í Marrakesh. Þá voru Íslendingar sáttir við sáttatillögurnar, eins og Norðmenn og fleiri, t.d. ESB en ekki Rússar, Kanadamenn og Japanar, svo dæmi séu tekin.

Hins vegar gerðum við okkur grein fyrir því að þessi lönd yrðu að vera með, annars tæki bókunin aldrei gildi af því Bandaríkjamenn eru dottnir út úr dæminu í bili. Það er mikill skaði. Ég vil taka undir það með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að Bandaríkjamenn verða að koma að þessu borði. Þeir losa mjög mikið og ég tel að með því að hafa náð öllum öðrum að borðinu þá aukist pressan á að Bandaríkjamenn taki þátt.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi hér um þróunarríkin, og ég vil undirstrika að það gætti einhvers misskilnings í því máli. Við höfum ekki verið fylgjandi því að þróunarríkin kæmu inn með skuldbindingar núna. Við teljum að það sé okkar, iðnríkjanna, að byrja að draga hlassið og þróunarríkin komi inn síðar, og það er mikilvægt. Ég vil líka minna á það sem kemur fram í skýrslunni, á bls. 3 að mig minnir, að við komum með pólitíska yfirlýsingu ásamt nokkrum ríkjum um aðstoð til þróunarríkjanna, þannig að við reyndum að ganga fram með fordæmi, og þessi pólitíska yfirlýsing hjálpaði okkur í Bonn við að ná þó því samkomulagi sem þar náðist. Við höfum reynt að tala mjög vel til þróunarríkjanna og aðstoða þau eins og við höfum mögulega getað á vettvangi samningsins.

Hér hefur líka verið rætt um endurnýjanlega orkugjafa og skilgreiningu þeirra. Vegna þessa vil ég taka fram að skilgreiningin á endurnýjanlegum orkugjöfum í ákvæði okkar miðast við almenna notkun þess hugtaks innan loftslagssamningsins. Þar eru engar sérstakar takmarkanir á gerðum vatnsaflsvirkjana.

Ég vil einnig segja hér að lokum, þar sem ég sé að ræðutími minn er að verða búinn, að samningurinn sem var gerður við álverið í Straumsvík var gerður 1990 og það er mjög eðlilegt að við gerum slíka samninga við önnur fyrirtæki af því að hann hefur virkað mjög vel varðandi það að taka á gróðurhúsalofttegundum.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum segja að ég tel mjög brýnt að við höfum rætt þessi mál hér í þinginu. En ég verð að lýsa furðu minni á málflutningi stjórnarandstöðunnar vegna þess að hún virðist alls ekki ætla að skilja þá hugmyndafræði að íslenska ákvæðið er hnattrænt. Það er vistvænt og umhverfinu í hag. Og það er siðferðileg skylda okkar að reyna að gera það sem við getum til að koma málum þannig fyrir af því að loftslagsvandinn er vaxandi.

[20:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að íslenska ákvæðið svonefnda væri eins og það hefði verið í upphaflegri kröfugerð nema að komið væri á það þak, aðrar þjóðir hefðu viljað það. Þetta er athyglisvert, herra forseti. Hvers vegna skyldu aðrar þjóðir hafa viljað þak á þetta ákvæði? Ef þær kaupa þá röksemd að þetta sé hnattrænt jákvætt í umhverfislegu tilliti, hefðu þær þá ekki átt að segja: Því meira, því betra? Nei, það skyldi þó ekki vera að menn hafi hugsað sem svo: Ísland er svo lítið að það borgar sig ekki að elta ólar við þetta, við skulum kaupa þá með í samkomulagið en setjum á þetta þak til að það fari ekki út úr öllu korti.

Hæstv. ráðherra segist svo tala út frá hagsmunum lofthjúpsins. Gott og vel. En staðan er sú að gróðurhúsaáhrifin eru á fullri ferð og munu halda áfram lengi enn. Til þess að ná virkilega tökum á vandamálinu þarf ekki bara að stoppa aukninguna, það þarf að draga verulega úr losuninni miðað við það sem hún var 1990, annars mun ástandið halda áfram að versna hér lengi enn. Þetta er alvara málsins sem menn þurfa að horfast í augu við.

[20:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að það hafi ekki verið mikið hagsmunamál að setja þak á íslenska ákvæðið vegna þess að það er vistvænt eins og hér er nákvæmlega verið að benda á. Hins vegar vildu aðrar þjóðir að það yrði gert, m.a. til að ákvæðið væri auðskiljanlegra til útskýringar. Það var fallist á það.

Það er reyndar eitt sem má segja að sé líka jákvætt við þetta þak og það er að þá falla þessi FC-efni út en þau eru um 20% af losun úr álverinu. Það hlutfall fer reyndar minnkandi. Þessi FC-efni eða flúorkolefni eru mjög langlífar gróðurhúsalofttegundir, mjög slæmar fyrir lofthjúpinn, og það er hægt með tækni og góðum umhverfisvenjum að taka á þeim. En það er mjög erfitt að taka á losun á koldíoxíði. Koldíoxíð er inni í ákvæðinu en FC-efnin hafa dottið út úr því.

[20:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þakið og sú merkilega tilviljun að losunarundanþágurnar eru u.þ.b. akkúrat klæðskerasaumaðar utan um núverandi stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar segi allt sem segja þarf í þessu máli.

Það er auðvitað alveg ljóst að ríkisstjórnin fór í þennan leiðangur til að fá undanþágu fyrir þau stóriðjuáform sem hún var með á prjónunum og barðist fyrir því með oddi og egg að Ísland fengi undanþágu gagnvart þessu og smíðaði sér hæfilegar röksemdir. Niðurstaðan varð sú að menn gáfu þetta eftir. En það var sett þak á þetta til að það passaði u.þ.b. fyrir það sem þarna var á ferðinni. Það held ég að segi kjarnann í þessu máli.

Ég tel að út af fyrir sig sé alveg hægt að ræða málið þannig, og hefði verið miklu hreinlegra að gera það frá byrjun. Reyndar held ég að hægt sé að finna tilvitnanir í hæstv. umhvrh. eins og hæstv. forsrh. sem stappi mjög nærri að segja þetta sem ég hef hér verið að fullyrða.

Hitt er seinni tíma leikfimi af ýmsum toga, að reyna að setja þetta inn í þetta jákvæða hnattræna umhverfissamhengi og annað í þeim dúr sem stenst ekki þegar betur er að gáð nema menn gefi sér þarna afar umdeilanlegar forsendur, þær fyrst og fremst að verið sé að keppa við uppbyggingu með kolum og olíu í þróunarríkjum, annars hrynur spilaborgin.

[20:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er mjög hissa á málflutningi hv. þm. Íslenska ákvæðið hefur alltaf verið rætt svona. Það hefur alltaf verið rætt um það að við erum að passa upp á að Ísland sé ekki útilokað frá því að nýta endurnýjanlega orkugjafa. Það hefur alltaf verið rætt vegna þess að það er hnattrænn ávinningur, það er ekkert nýtt. Það er ekki einhver seinni tíma skýring. Það er búið að ræða það algjörlega frá upphafi þannig að ég átta mig ekki á því af hverju hv. þm. lætur hér eins og þetta séu allt einhverjar nýjar upplýsingar, að menn séu að huga að stóriðjunni, þetta sé klæðskerasaumað fyrir stóriðjuna og hnattrænn ávinningur sé bara einhver uppfinning á síðustu metrum samningsins. Það er bara alrangt. (**SJS:** Af hverju seturðu þak á hinn hnattræna ávinning?) Það er búið að ræða frá upphafi um að hugmyndir okkar um stóriðju, sem menn hafa verið að skoða, gætu rúmast innan þessa svigrúms þó að ekki sé búið að taka ákvarðanir um þetta allt. Hugsanlega verður eitthvað af þessu, hugsanlega ekki annað. Norðurál er komið, reyndar eftir 1990, þannig að það er strax komin þörf fyrir svigrúmið.

En að tala um að þetta sé allt eitthvað nýtt hér og alveg óskiljanlegt — ég átta mig ekki á þessum málflutningi. Það er alveg ljóst að við höfum allan tímann verið að tryggja það að við yrðum ekki útilokuð frá því að nota endurnýjanlega orkugjafa.

[20:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra kvartaði undan því að við hefðum ekki sýnt að við værum ánægð eða óánægð, hvorki fögnuð né harm yfir þessum árangri. Og við gerum það ekki. Við sjáum enga sérstaka ástæðu til þess að bera slíkar tilfinningar hér inn í þingsalinn út af þessu máli. Ég hefði hins vegar kosið að hlusta á einhver svör við því sem ég hef verið að spyrja eftir í dag. Ég hefði viljað heyra svar við þessari spurningu: Hvað hefði gerst ef við hefðum ekki skrifað undir? Það hafa engin rök verið færð fyrir því að þessi árangur hefði ekki náðst þó að Íslendingar hefðu ekki skrifað undir þetta ákvæði.

[20:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum með það að fulltrúi Samfylkingarinnar skuli ekki vilja bera hingað inn í umræðuna hvort þeir séu ánægðir með íslenska ákvæðið eða ekki. Ég tel að umræðan hér hafi gengið meira eða minna út á einmitt íslenska ákvæðið þannig að mér finnst mjög skrýtið að menn skuli leggja sig í líma við að koma sér undan því að segja hvort þeir séu ánægðir með þetta eða ekki. Þetta er stórmál.

Varðandi það að hafa ekki fengið svör um hvað hefði orðið hefðum við ekki skrifað undir á sínum tíma, undirskrift sé ekki fullgilding. Það er ómögulegt að segja hvað hefði orðið ef við hefðum skrifað undir á sínum tíma. En það var mat íslenskra stjórnvalda að það væru sterkari skilaboð um að við teldum þetta mikið mál fyrir okkur og fyrir lofthjúpinn hnattrænt að skrifa ekki undir og sýna það þannig að okkur mislíkaði þessi samningur ef við fengjum ekki íslenska ákvæðið samþykkt. Þannig að þetta voru sterk skilaboð inn í samningaviðræðurnar frá upphafi, að það yrði að skoða sérstöðu Íslands alveg sérstaklega.

[20:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hótuðu ekki Íslendingar bara því að þeir mundu fara sínu fram? Það væri ekkert annað. Þeir ætluðu bara að fara sínu fram og yrðu ekkert með í þessu? Það er verið að kaupa þá inn í þetta, fallast á þetta eins og um óþekkan krakka væri að ræða sem gerði sínar kröfur. Og það er ekkert um annað að ræða en að koma til móts við hann í vissum aðstæðum. Þannig var það. Það er betra að hafa Íslendinga með og ná tökum á þeim en að þeir haldi áfram á þeirri braut sem þeir voru búnir að ákveða að vera á.

Hvort við erum óánægð eða ekki hlýtur að fara eftir því hvernig framhaldið verður á þessu öllu saman.

Er það svo að fyrirtækin sem núna eru komin hér í samningana eigi að njóta arðsins af þessu af því að þau þurfa ekki að kaupa mengunarkvóta, og hirða þetta þannig allt saman? Yfir hverju eigum við þá að gleðjast? Haldið þið að fyrirtæki hefðu ekki getað keypt mengunarkvóta til að komast hér í ódýrt rafmagn og haldið áfram að byggja upp slíka stóriðju hér á Íslandi? Ég veit ekki yfir hverju ég á að gleðjast eftir

að búið er að upplýsa það hér í umræðunum að menn hafi horft gjörsamlega fram hjá þessu í þeim samningaviðræðum sem menn hafa setið yfir gagnvart þessum fyrirtækjum sem verið er að reyna að laða hingað.

[20:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var að reyna að útskýra það hérna áðan að eins og Evrópusambandið hefur hugsað sér að hafa kvótamarkaðinn, sem er ekki búið að ganga frá, er ljóst að ef íslenska ákvæðið hefði ekki verið samþykkt væri Ísland eina landið á EES-svæðinu sem þyrfti að kaupa umfangsmikinn kvóta ef hér ætti að koma álver en ekki innan Evrópusambandsins. Einhvers virði hlýtur það að vera. (**SJS:** Já, ef.) En varðandi það ... Já, ef. Það er ekki búið að ganga frá þessum kvótamarkaði. Og það er alveg ljóst að hlutfallslegur ávinningur — þetta hefur allt gengið út á hlutföll — það er óréttmætt að koma málum þannig fyrir að við hefðum verið útilokuð frá því að nota okkar orkugjafa.

Ég tel að það sé mjög rangt sem hv. þm. sagði hér um að það að við undirrituðum ekki samninginn hafi verið einhver hótun. Það var ekki hótun. Það var hins vegar til að sýna hvað þetta ákvæði var okkur mikilvægt og hve mikilvæg sérstaðan væri. Það er alveg ljóst að menn þurfa ekki að taka Ísland inn út af einhverjum heildarsamningi, við losum 0,016%.

[20:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef á tilfinningunni að virðulegur forseti sé að taka af okkur örlítinn tíma í andsvörum í þessu mikilvæga máli, ég vil fyrst kvarta undan því, en ég skal reyna að tala hratt.

Ég spyr hæstv. umhvrh. um samninginn við álverið í Straumsvík. Ég vil fá að vita hvort þetta er opinbert plagg sem við getum fengið að skoða eða eigum einhvers staðar aðgengilegt.

Ég kvarta undan því að spurningu minni um bestu fáanlegu tækni hafi ekki verið svarað.

Ég kvarta undan því að ég fékk ekki að heyra neitt varðandi hin óvirku skaut, sem ég orðaði í ræðu minni, og þær deilur sem hafa staðið um álverið í Reyðarfirði og skautaverksmiðjuna og skautin sem þar á að nota.

Ég saknaði þess líka að ég skyldi ekki fá örlítið meira úr ræðu hæstv. umhvrh. varðandi kjarnorkuna, en ég varpaði hérna fram spurningu varðandi hana áðan, hvernig Íslendingar hefðu beitt sér á þeim vettvangi. Í fyrsta lagi varðandi kjarnorkuna, hvernig á að taka á þeim málum á vettvangi samningsins, var ekkert um þetta rætt og komu Íslendingar ekkert að þeirri umræðu? Og svo sömuleiðis hvort stjórnvöld hafi ekkert gert á erlendum vettvangi til að tryggja aukinn veg annarrar vistvænnar eða umhverfisvænnar orku en vatnsorkunnar.

[20:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi hvort við höfum komið inn á vistvæna orku er alveg ljóst að Íslendingar hafa lagt mjög mikið til málanna, sérstaklega gagnvart jarðvarmanum. Og nú rekum við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna í háskólanum þar sem fjölmargir nemendur koma frá þróunarríkjunum til að læra af okkur hvernig hægt er að nýta endurnýjanlegan orkugjafa eins og jarðvarma og síðan fara nemendurnir heim til sinna ríkja með þessa tækniþekkingu þannig að það er hægt að nýta hana, t.d. í Kenýa, þar sem mjög mikill jarðvarmi er.

Við höfum ekki tekið mjög mikinn þátt í umræðum um vindorku eða sólarorku, enda höfum við miklu meiri tækniþekkingu í jarðvarmanum og vatnsaflinu. Þannig tel ég að við höfum kannski haft mest að segja í jarðvarmanum.

Varðandi kjarnorkuna er auðvitað búið að ræða mjög mikið um hana á vettvangi loftslagssamningsins, og menn hafa t.d. sérstaklega deilt um það hvort æskilegt sé að iðnríkin fari inn í þróunarríkin til að byggja upp kjarnorku, og telja sér það til tekna heima fyrir af því að það losar ekki gróðurhúsalofttegundir. Það er heimilt í dag en ríkin eru ekki hvött til þess, að sjálfsögðu ekki.

[21:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stenst ekki freistinguna að blanda mér örlítið svona í lokin í andsvar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar við hæstv. umhvrh. áðan.

Það er varðandi þessa hótun Íslendinga sem var auðvitað ekkert gleðiefni. Ég man til þess að hafa hlustað á fréttaviðtal við hæstv. umhvrh. þar sem hún var spurð hvað Íslendingar mundu gera ef krafa þeirra um hið íslenska ákvæði næðist ekki fram. Hæstv. ráðherra svaraði á þá lund að þá væri athugandi hvort við mundum nokkuð undirrita bókunina. Íslendingar hafa því hótað þessu og verið allt of oft eins og óþekkur krakki. Og m.a. vegna þeirrar framgöngu á vettvangi þessa samnings geta hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar auðvitað ekki hrósað hæstv. umhvrh. fyrir framgönguna.

[21:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Ég tel að ef íslenska ákvæðið hefði ekki verið samþykkt þá hefði verið mjög vafasamt að Ísland hefði gerst aðili að Kyoto-bókuninni. En það hefði verið fáránlegt að samþykkja ekki íslenska ákvæðið vegna þess að hnattrænn ávinningur er af því. Af hverju haldið þið að aðrir umhverfisráðherrar hafi samþykkt það? (Gripið fram í.) Af hverju haldið þið það? Það er vegna þess að ávinningur er af þessu ákvæði. Það er í anda Kyoto-bókunarinnar.

Hins vegar var verið að útvatna samninginn á síðustu metrunum og þá var ekki verið að samþykkja nein ákvæði sem voru í anda Kyoto-bókunarinnar. Nei, það var verið að samþykkja bindingu í eldri skógi sem var til hérna löngu áður en menn fóru að tala um Kyoto-bókunina. Það er ekki í anda Kyoto-bókunarinnar. Það var samt samþykkt.

Að sjálfsögðu var því eðlilegt að ríki heims samþykktu íslenska ákvæðið sem var í anda Kyoto-bókunarinnar. Og þau samþykktu fullt af öðrum ákvæðum sem voru ekki í anda hennar.

Ég átta mig því ekki á því af hverju stjórnarandstaðan getur ekki bara viðurkennt það hér og nú þegar öll önnur ríki hafa viðurkennt það, umhverfisráðherrar allra annarra ríkja hafa viðurkennt það og samþykkt íslenska ákvæðið, að það sé ágætt og í anda bókunarinnar. En þó þverskallast menn hér við alveg endalaust.

[21:02]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess vegna athugasemdar hv. 17. þm. Reykv. að í 56. gr. þingskapa segir:

„Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en í fimmtán mínútur í einu."

Þessi orðaskipti stóðu í fimmtán og hálfa mínútu.

Út af dagskrá voru tekin 10.–14. mál.

Fundi slitið kl. 21:03.

---

32. FUNDUR

þriðjudaginn 20. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Málefni aldraðra, stjfrv., 162. mál, þskj. 163. — 3. umr.
2. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 282. mál, þskj. 340. — 1. umr.
3. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347. — 1. umr.
4. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 288. mál, þskj. 351. — 1. umr.
5. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 289. mál, þskj. 352. — 1. umr.
6. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 286. mál, þskj. 348. — 1. umr.
7. Stimpilgjald, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
8. Fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
9. Siðareglur í stjórnsýslunni, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
10. Siðareglur fyrir alþingismenn, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Fyrri umr.
11. Lagaráð, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að nú á eftir fer fram umræða utan dagskrár um stöðu sjúkraliða innan heilbrigðiskerfisins. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. heilbrrh. verður til andsvara.

Tilkynning um mannabreytingu í kjörbréfanefnd.

[13:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill tilkynna að Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v., tekur það sæti í kjörbréfanefnd sem Hjálmar Jónsson skipaði áður.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Íslensk getspá, 296. mál, fsp. GÖ, þskj. 361.

Skráningarskylda skipa, 302. mál, þáltill. GAK, þskj. 367.

Útlán opinberra sjóða til nýbyggingar íbúðarhúsnæðis, 164. mál, svar félmrh., þskj. 345.

Athugasemdir um störf þingsins.

Synjun um utandagskrárumræðu.

[13:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Nú hefur það gerst sem fáheyrt er, að ráðherra hefur neitað þingmanni um að vera til svara við umræðu utan dagskrár um málefni sem þingmaður, í þessu tilfellu sú sem hér stendur, telur þess eðlis að sjálfsagt sé að tekið verði til umræðu á Alþingi. Ráðherrann sem í hlut á er hæstv. menntmrh. og málefnið afleiðingar langvinns verkfalls tónlistarkennara á skólastarf í grunnskólum. Þó reynt hafi verið að sannfæra ráðherrann um að ekki væri ætlunin að ræða kjaradeiluna sem slíka var ljóst að hæstv. ráðherra taldi málið ekki á sinni könnu og hann hefði ekkert um það að segja á þessum vettvangi. Þá óskaði ég eftir því við stjórn þingsins að ég fengi engu að síður tækifæri til að heyja umræðuna jafnvel þó enginn ráðherra yrði til andsvara og þessa ósk rökstyð ég með 50. gr. þingskapa en í henni kemur fram að þingmaður eigi sjálfstæðan rétt til að taka upp mál utan dagskrár í formi yfirlýsingar. Nú hefur það einnig gerst að stjórn þingsins hefur synjað um þá ósk, herra forseti, að umræðan fari fram í formi yfirlýsingar frá þingmönnum, með öðrum orðum án þess að ráðherra verði þar formlegur þátttakandi. Þar með liggur fyrir túlkun stjórnar þingsins á 50. gr. þingskapalaganna og þó að hún sé andstæð mínum skilningi, herra forseti, þá beygi ég mig undir hana. En hitt á ég bágt með að sætta mig við, að ráðherrar geti ritstýrt svo umræðum utan dagskrár að þeir leyfi sér að synja þingmönnum að eiga við þá orðastað.

Að öðru leyti vil ég segja það um tómlæti hæstv. menntmrh. að það gefur auðvitað til kynna að hann hafi ekki hugleitt þær alvarlegu afleiðingar sem deilan hefur þegar haft á skólastarf víða um land og er það ekki til fyrirmyndar.

Að lokum vil ég láta í ljós þær óskir mínar, herra forseti, að kraftaverk gerist. Ég heiti á deiluaðila að þeim takist að finna leiðina til að rétta kjör tónlistarkennara. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með að deilan skuli hafa farið á það stig sem hún virðist nú stödd á. Ósk mín er sú að kraftaverkið geti átt sér stað áður en dagur tónlistarinnar rennur upp, sem er næstkomandi fimmtudagur, því það verður hálfaumingjalegt fyrir yfirvöld að þurfa að fagna þeim degi með tónlistarkennara í verkfalli.

[13:33]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt eru ætlaðar 20 mínútur til að ræða störf þingsins.

Hæstv. landbrh. hefur einnig óskað eftir að taka upp mál undir liðnum störf þingsins og fær hann orðið til þess á síðari hluta þessara 20 mínútna.

[13:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að ég neitaði því að vera hér til andsvara í utandagskrárumræðu um verkfall tónlistarkennara vegna þess að það mál fellur alls ekki undir verksvið mitt og mundi hafa gefið alranga mynd af þeirri deilu ef menn litu þannig á að það væri á verksviði mínu að svara einhverju vegna þess máls. Nú segir hv. þm. að umræðan hafi átt að snúast um framkvæmd námskrár í grunnskólum sem ég átta mig ekki almennilega á hvernig getur verið því að það var ekki lagt þannig upp við mig. En sjálfsagt er að ræða við þingmanninn um framkvæmd námskrár í grunnskólum og velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að ræða sérstaklega um námskrá í grunnskólum þegar þetta verkfall ber á góma.

Herra forseti. Ég lít þannig á að að sjálfsögðu hafi ráðherrar fullan rétt til þess að svara hv. þingmönnum þegar þeir leggja fyrir þá mál af þessu tagi og segja sína skoðun. Menn verða þá sáttir við hana eða ósáttir.

Hér hefur það gerst, herra forseti, að hv. þm. hefur engu að síður haft tök á því að koma skoðunum sínum á framfæri í þessum virðulega ræðustól eins og gerst hefur í dag. Ég er sammála henni um að því fyrr sem þessari kjaradeilu lýkur því betra fyrir alla þá sem að tónlistarskólunum koma og því starfi sem tónlistarkennarar sinna. Ég hef ekki meinað hv. þm. að lýsa þessari skoðun sinni og mun ekki gera. En hún getur ekki kallað mig til andsvara um mál sem heyrir ekki undir mig með nokkrum hætti.

[13:35]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir furðu minni á því að hæstv. menntmrh. skuli neita því að taka þetta mál hér upp við hv. þm. í umræðu utan dagskrár, þ.e. stöðu tónlistarnáms í landinu. Telur hæstv. ráðherra það virkilega ekki í sínum verkahring að ræða þá alvarlegu stöðu sem komin er upp um stöðu tónlistarnáms í kjölfar þess langvinna verkfalls sem nú stendur yfir?

Það er fráleitt af hæstv. ráðherra að ætla að þvo hendur sínar af málinu með þessum hætti og sú staðreynd að hann skuli neita hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur umræðu hér um málið sýnir meira en margt annað að hann hefur slæman málstað að verja.

Herra forseti. Það er slæmt að hæstv. ráðherra skuli neita umræðu af þessu tagi og er kannski enn eitt dæmið um það hvernig framkvæmdarvaldið í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar sýnir löggjafarvaldinu aftur og aftur vanvirðingu sem er algerlega ólíðandi.

Við höfum nýlegt dæmi þess að hæstv. ráðherra neitaði þingmanni um upplýsingar sem seinna kom í ljós að hún átti lögvarinn rétt á að fá og þurfti úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamálefni til. Við höfum nýlegt dæmi þess að fram komu rangar upplýsingar, röng lagatúlkun að mínu mati og a.m.k. verulega villandi upplýsingar í fyrirspurn vegna sölu ríkisjarða sem hefur verið rædd margoft hér.

Herra forseti. Ef þetta heldur áfram að þróast í þessa veru að hv. þm. er ekki gefið færi á því að sinna starfi sínu og hæstv. ráðherrar neita að koma að málinu eða neita að gefa upplýsingar þá held ég að það hljóti að koma að því, herra forseti, að þessi 50. gr. þingskapalaganna um utandagskrárumræður, a.m.k. túlkun hennar, verði tekin til endurskoðunar þannig að ekki þurfi atbeina ráðherra til að ræða hér mikilvæg mál. Það hefur ekki verið reyndin, eftir því sem mér skilst, að túlka þessa grein þannig þótt orðalag hennar gefi tilefni til þess að hún sé túlkuð þannig. Það hefur ekki verið hefðin hér. En, herra forseti, er ekki komið tilefni til þess að endurskoða túlkunina á þessari grein?

[13:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er fáheyrt og gagnrýni vert að ráðherrar neiti að taka þátt í umræðu af þessu tagi um mál sem óumdeilanlega eru á sviði hæstv. ráðherra. Afleiðingar þessa verkfalls á skólahald í landinu og á tónlistarfræðslu almennt, á menningu og listir, eru óumdeilanlega hluti af því sem á að heyra undir hæstv. menntmrh. En það er náttúrlega ekki nýtt að hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason hlaupi úr hlutverkinu þegar það hentar honum og ber þá alls enga ábyrgð á skólahaldi í landinu eða öðrum slíkum þáttum þegar hann vill síður verða til að svara fyrir um óþægilega hluti. En það vantar svo ekki að hæstv. ráðherra viti af því að hann sé ráðherra þar fyrir utan.

Það er annað, herra forseti, mjög alvarlegt við þetta mál. Það er sú niðurstaða forseta að synja viðkomandi þingmanni um umræðuna í ljósi viðbragða ráðherra. Það er mjög alvarleg túlkun á 50. gr. þingskapalaga og ég mótmæli henni. Rétturinn er þingmannsins og hann er sjálfstæður og valdið liggur ekki hjá viðkomandi ráðherra til að koma í veg fyrir umræðuna með því að neita að taka þátt í henni. Þá væri þessi réttur enginn og ákvæðið gagnslaust í reynd.

Herra forseti. Þegar þetta ákvæði um hálftíma umræðurnar kom inn í þingsköpin þá varð það til þess að draga úr ótímabundnum almennum utandagskrárumræðum sem áður voru eina úrræðið samkvæmt þingsköpum. Þær umræður voru ekki bundnar við að beina spurningum til ráðherra heldur gátu menn tekið þar upp mál almenns eðlis og þurftu ekki frekar en þeir vildu að beina spurningum til ráðherra. Það liggur því í bakgrunni þessa máls og sögu þess að það er beinlínis háskalegt að túlka þetta þannig að ráðherrar hafi það í valdi sínu, með því að synja um þátttöku í umræðu af þessu tagi, að koma í veg fyrir að hún verði. Þingmenn hafa þarna sjálfstæðan rétt og það verður að vera svo.

Hitt er svo annað mál að ekki er við því að búast, og vonandi er það ekki svo að það gerist oft, að hæstv. ráðherrar neiti beinlínis að svara fyrir um mál sem eru á þeirra verksviði því að réttur þingmannsins er þarna líka bundinn við að beina spurningum til hæstv. ráðherra með sama hætti og í óundirbúnum fyrirspurnatímum o.s.frv. Hvernig sem á málið er litið er því þessi niðurstaða ráðherrans og reyndar líka forseta þingsins óviðunandi og ámælisverð.

[13:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Alltaf er hann að batna, hann Brúnn, og nú er hann farinn að skeiða, segir í gömlu máltæki og allir þekkja framhaldið. En því dettur mér þetta í hug að nú hefur það verið gefið út enn einu sinni að hæstv. menntmrh. þjóðarinnar, sem er æðsti yfirmaður allra menntastofnana í landinu og ber á þeim höfuðábyrgð samkvæmt þeim skilningi sem

ég legg í embætti hans, komi það ekki við þegar menntastofnanir þjóðarinnar hafa verið lokaðar vikum saman vegna verkfalla og hvorki gengur né rekur í samningaviðræðum.

Það vill nú svo til að í nokkrum framhaldsskólum sem heyra undir hæstv. menntmrh. eftir því sem ég veit best samkvæmt lögum eru starfandi listabrautir og á þeim er við nám fjöldi nemenda sem stunda verklegan hluta námsins, þ.e. í þessu tilfelli tónlistarnámið, í okkar viðurkenndu tónlistarskólum. Þessir nemendur hafa núna verið verklausir um margra vikna skeið. Og hverjum kemur það við ef ekki hæstv. menntmrh. þjóðarinnar? Þessir nemendur urðu líka fyrir skakkaföllum á síðasta ári og þá vegna verkfalla framhaldsskólakennara en sami hæstv. ráðherra sagði sig þá í umræðum á Alþingi frá ábyrgð í því máli einnig. Kannski þarf hæstv. ráðherra að gefa út í eitt skipti fyrir öll lista yfir hvaða þætti í stjórn menntamála á Íslandi hann beri ábyrgð á svo það fari ekki á milli mála.

Það hefur verið sagt um nokkra presta að þeir framkvæmi athafnir svo fallega. Vill hæstv. ráðherrann e.t.v. helga sig slíku hlutverki eingöngu?

[13:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í varnarræðu hæstv. ráðherra áðan kaus hann að hengja sig í orðalag. Það er rangt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi óskað eftir því að hann ræddi kjaradeilu tónlistarkennara. Ég tók það sérstaklega fram við hann að ég væri ekki að að óska eftir því að fá að ræða kjaradeilu tónlistarkennara, en ég vildi fá að ræða við hann um afleiðingar svo langvinnrar deilu á skólastarfið. Í því sambandi nefndi ég að ég vildi koma inn á markmið aðalnámskrár grunnskóla sem ég veit að hæstv. ráðherra eru fullkunn. Og hann veit alveg að alvarleg röskun á því námi og því tónlistaruppeldi sem gert er ráð fyrir að börn fái getur haft mjög víðtækar afleiðingar. Það var um þær afleiðingar og þá ábyrgð sem ég vildi eiga orðastað við ráðherrann, ekkert annað, ekki um kjaradeiluna sjálfa. Því til staðfestu bendi ég hæstv. ráðherra á það blað sem lagt var fram á þingflokksformannafundi í gær þar sem titill umræðunnar var tilgreindur og því eru það afleiðingar þessarar langvinnu kjaradeilu sem ég vildi ræða við hæstv. ráðherra. Flótti hans og orðhengilsháttur núna er honum einungis til minnkunar.

Að öðru leyti vil ég segja að þó ég hafi beygt mig undir þá túlkun hæstv. forseta að 50. gr. þingskapa skuli túlka á þann hátt sem ég lýsti í upphafsræðu minni þá vil ég líka taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að mér finnst mig skorta þann rétt að geta á sjálfstæðan hátt ávarpað samfélagið héðan úr þessum ræðustóli. Mér finnst 50. gr. laga um þingsköp Alþingis gefa mér þann rétt og ég er ósátt við þá túlkun sem hæstv. forseti hefur gefið þessari grein þó ég beygi mig undir hana.

[13:44]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að hér hefur aðeins verið stuðst við þá venju sem hefur ríkt um margra ára skeið. En forseti mun að sjálfsögðu taka þessar athugasemdir upp á næsta fundi forsætisnefndar þingsins.

[13:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég lít þannig á að það sé grundvallaratriði þegar mál eru rædd við ráðherra að það séu málefni sem hann ber ábyrgð á þannig að ég endurtek það sem ég sagði áður. Kjaradeila tónlistarkennaranna, sem var vissulega undirrót þess sem hv. þm. ræddi við mig í gær, er ekki á ábyrgð menntmrh. og menn leysa þá deilu ekki með því að fara einhverjum óvirðingarorðum um störf mín sem menntmrh. Hún leysist ekki á þeim forsendum, hv. þm. Það verður að finna annarra manna lausnir til þess að þessi kjaradeila leysist.

Að sjálfsögðu tek ég undir það með hv. þingmönnum að það er áhyggjuefni að deilan leysist ekki. En það þýðir ekki að kalla mig til ábyrgðar í því og það þýðir ekki heldur að fara vanvirðingarorðum um störf mín sem menntmrh. á þeim forsendum að ég beri ábyrgð á þeirri deilu sem stendur. Menn geta lesið það t.d. í lesendabréfi í Morgunblaðinu í dag á hverja fólk sem stendur í deilunni lítur þegar það vill kalla einhverja til ábyrgðar um lausn deilunnar. Þeir eru ekki í þingsalnum. Þess vegna hef ég líka litið þannig á að það væri ekki mál þingmanna að taka upp deilur um þetta efni þegar það fólk sem á hlut að máli er ekki til andsvara. (Gripið fram í.) Meðan framhaldsskóladeilan stóð var þetta mál rætt og ég var hér til andsvara. Við bárum ábyrgð á þeim málaflokki, ég og fjmrh. Það mál var rætt. Í þessu máli eru það sveitarstjórnarmenn og kennarar sem deila og þingmönnum hlýtur að vera það ljóst, sérstaklega fyrrverandi sveitarstjórnarmönnum. Ég segi því sem svo: Minn réttur er skýr. Mér ber ekki skylda til að verða við öllum óskum þingmanna um umræður utan dagskrár.

Hér hefur verið lýst hvernig þingsköpin eru túlkuð af forsætisnefnd þingsins og þingmenn verða að sjálfsögðu að beygja sig undir þær leikreglur sem gilda hér á hinu háa Alþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Upplýsingaskylda ráðherra.

[13:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að svar mitt við sölu ríkisjarða hefur sætt nokkurri gagnrýni á hinu háa Alþingi og ég verið sakaður um að leyna upplýsingum, í ljósi þess að ég vil hafa það sem sannara reynist og jarðirnar seldar eftir skýrt mörkuðum reglum hef ég ritað forsrh. bréf. Eftir stuttan inngang grípég niður í bréfið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af framangreindu voru hjálögð svör mín við fyrirspurnum frá Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur alþingismanni um sölu ríkisjarða á undanförnum fimm árum takmörkuð við þær upplýsingar sem hægt var að afla á tilsettum tíma án verulegs tilkostnaðar.

Jafnframt var efni þeirra í ljósi framangreindra sjónarmiða bundið við þær upplýsingar sem heimilt var talið að veita með tilliti til þeirra takmarkana sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur talið að upplýsingalögin setji aðgangi að slíkum upplýsingum, samanber úrskurði í málum A 12 1997 og nr. A 34 1997. Var þá jafnframt haft í huga að enginn eðlismunur er á aðgangi að þeim upplýsingum sem veittar eru Alþingi og afhentar almenningi á grundvelli upplýsingalaga að því leyti að öllum er heimill aðgangur að því sem lagt er fram á opnum þingfundi. Á þeim grundvelli voru því ekki veittar upplýsingar um söluverð jarðanna og kaupendur þeirra.

Eftir að svar mitt var lagt fyrir Alþingi hefur komið í ljós að hluti þeirra upplýsinga sem ég hef á framangreindum grundvelli hafnað að veita Alþingi hafa verið birtar í

ríkisreikningi allt frá 1998. Þar eð engar sambærilegar takmarkanir gilda hins vegar um aðgang að upplýsingum sem þar birtust, og virðist þá fjmrn. eða ríkisbókhald leggja annan skilning í þetta heldur en landbrn., legg ég svohljóðandi spurningu fyrir hæstv. forsrh.:

Þegar til þess er litið hversu miklu það varðar fyrir farsæl samskipti ríkisstjórnar og Alþingis að stjórnvöld leggi sama skilning í það að hve miklu leyti lögbundin þagnarskylda ríki um aðgang að upplýsingum í þeirra vörslu þykir eins og mál þetta er vaxið rétt að leita álits yðar, herra forsrh., á því að hve miklu leyti lög leyfa að Alþingi verði veittar hinar umbeðnu upplýsingar miðað við framangreint."

Guðni Ágústsson undirritar þetta.

[13:48]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í ljósi þess hversu verulega vanbúið svar hans var við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um sölu ríkisjarða, fagna ég því að hæstv. ráðherra skuli vilja leita eftir því sem sannara reynist í því máli.

En ég get ekki orða bundist, herra forseti, enn og aftur að gera athugasemdir við skilning hæstv. ráðherra á upplýsingaskyldu þeirra gagnvart þinginu. Hvers vegna í ósköpunum, herra forseti, leitar hæstv. ráðherra ekki álits hjá sjálfu löggjafarþinginu, hjá nefndadeild Alþingis eða forsætisnefnd Alþingis á því hver sé skylda hans til þess að veita hinu háa Alþingi upplýsingar? Hæstv. ráðherrar eru alltaf að tala sín á milli um það hvernig þeir eigi að koma fram við hið háa Alþingi.

Herra forseti. Ég mótmæli þeim skilningi hæstv. ráðherra á því hver það sé sem eigi að segja honum hvað sannara reynist í þessum efnum. Það er Alþingi sjálft sem á að gera það og öll meðferð þessa máls, þessarar tilteknu fyrirspurnar og þess sem fram hefur komið í kjölfar hennar kristallar enn og aftur hversu mjög hið háa Alþingi er vanbúið til að takast á við framkvæmdarvaldið og það þarf að styrkja stöðu þess verulega gagnvart framkvæmdarvaldinu eigi ekki illa að fara fyrir lýðræðinu í landinu.

[13:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þetta undanhald hæstv. landbrh. í þessu máli er hálfgrátbroslegt. Nú skal skautað undir væng hæstv. forsrh. og leitað úrskurðar hans í málinu. Auðvitað hefur hann ekkert úrskurðarvald í málum af þessum toga. Það hafa allir vitað allt frá því að hæstv. ráðherra kom fram með þann málatilbúnað sem hér var réttilega harðlega gagnrýndur, að það gæti verið leyndarmál hvernig fulltrúar framkvæmdarvaldsins færu með eignir ríkisins, á hvaða verði þær væru seldar og hverjir keyptu, og hæstv. ráðherra hefur áttað sig á því hvers konar villur hann fór. Hann hefur áttað sig á því að einhverjir lögfræðilegir ráðunautar hans í hinu háa ráðuneyti hafa ekki ráðið honum heilt.

Nú væri auðvitað hæstv. landbrh. maður að meiri að hætta þessu undanhaldi, koma fram tígulegur í fasi eins og hans er venja og upplýsa þingið um hið sanna og rétta í málinu en vera ekki með þennan kattarþvott, vera ekki að reyna að tefja hið óhjákvæmilega, nefnilega það að hann mun að endingu verða að standa skil á því hvernig hann eða aðrir ráðherrar ráðstafa eignum ríkisins. Það er ekki þeirra sjálfdæmi. Þegar heimild um sölu hefur komið frá hinu háa Alþingi þá er það auðvitað skýlaus réttur Alþingis að fá um það nákvæmar upplýsingar hvernig með þá heimild var farið.

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. átti sig áður en dagur líður. Þetta bréf má fara, það gerir auðvitað ekki neitt, en að hann komi áður en vikan er liðin með þær upplýsingar sem um var beðið. Þær eru allar fyrirliggjandi. Það vantar einfaldlega viljann og þegar vel árar hjá hæstv. ráðherra og vel á honum liggur, þá er hann dugmikill í fasi og getur kastað sér fram. Ég vænti þess að hann sjái að sér. Það er tími til kominn.

[13:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra vill hafa það sem sannara reynist og ég held að þá væri best að hann kæmi hér og svaraði þeim spurningum sem spurt var um. Það er fáránlegt að fara að biðja forsrh. um lagatúlkun. Við höfum mjög öfluga nefndadeild og mjög færa lögfræðinga sem geta komið við lagatúlkun og þeir hafa gert það nú þegar og fram hefur komið í áliti frá þeim að hæstv. ráðherra beri að svara mér í þessu tilfelli þeim spurningum sem ég hef lagt fram.

Ég held að hæstv. ríkisstjórn verði að athuga sinn gang og ég minni á að upplýsingalög gilda ekki um alþingismenn. Við höfum lögvarinn rétt í stjórnarskránni til þess að fá svör við spurningum okkar.

Það er annað sem er mjög alvarlegt í svari hæstv. ráðherra til mín um seldar ríkisjarðir og það er að þær jarðir sem hann gefur upp í svarinu til mín sem seldar hafa verið í tæp tvö ár undanfarið, fara ekki saman við þær upplýsingar sem eru í ríkisreikningi. Það eru ekki sömu jarðirnar sem eru gefnar upp í svarinu og koma fram í ríkisreikningi. Og það verður hæstv. ráðherra einnig að svara fyrir. Hvernig stendur á því að ekki eru alfarið sömu upplýsingar í ríkisreikningi og frá hæstv. ráðherra í því sem hann þó svaraði?

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir hæstv. ráðherra að koma með svör við því sem spurt var um í fyrirspurninni um ríkisjarðirnar. Þetta fer að verða pínlegt fyrir hæstv. ráðherra að vera að draga svörin með öllum mögulegum kúnstum og þar á meðal einhverju bréfi til forsrh. um lagatúlkun. Ég ráðlegg hæstv. ráðherra, herra forseti, að leita til nefndadeildar Alþingis, þeir eru þar með svör á reiðum höndum, og að hæstv. ráðherra komi síðan með svör við þeim spurningum sem lagðar hafa verið fyrir hann.

[13:54]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Nú er sá tími sem ætlaður er til umræðu um störf þingsins á þrotum. Enn eru tveir á mælendaskrá og hyggst forseti gefa þeim orðið og ljúka þar með þessari umræðu.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessum viðbrögðum hæstv. landbrh. er að sjálfsögðu fólgin viðurkenning á því að frammistaða framkvæmdarvaldsins í þessu máli var með miklum endemum. Að hér skyldi Alþingi eða þingmanni vera neitað um upplýsingar sem svo kemur í ljós að hafa verið birtar í ríkisreikningi árum saman. Það er auðvitað svo yfirgengilegt að engu tali tekur.

Viðbrögð hæstv. ráðherra eru hins vegar mjög sérkennileg, að bréfa til forsrh. og óska eftir úrskurði þaðan um hvar slík réttarmörk liggi. Staðreyndin er auðvitað sú að hér er á ferðinni einn mikilvægasti réttur sem þingseta veitir mönnum og eitt mikilvægasta hlutverk Alþingis í því ljósi, þ.e. aðhaldshlutverkið og réttur til að krefja upplýsinga. Sá réttur

er sjálfstæður og hann takmarkast ekki af upplýsingalögum. Það er hvergi meiningin að hafa það þannig. Ef svo hefði verið hefðu menn auðvitað getað fellt þessi ákvæði úr lögum og stjórnarskrá og látið upplýsingalögin ein nægja. En það var að sjálfsögðu ekki gert vegna þess að þetta er sjálfstæður og mjög mikilvægur réttur. Ég hef af því áhyggjur, herra forseti, að ítrekað hefur gætt tilhneigingar á undanförnum árum til að veikja þann rétt. Alþingi sjálft þarf að fara yfir það hvar sá réttur liggur og hvert samhengi hans er við aðra hluti.

Alþingi hefur ótvíræðan rétt til að afla allra upplýsinga sem geta skipt máli varðandi opinbera stjórnsýslumeðferð fjármuna og annað slíkt. Þurfi einhverjar slíkar upplýsingar leynt að fara vegna þess að það varði þjóðaröryggi eða persónuvernd, þá er það mál sem Alþingi leysir með þeim hætti að viðkomandi þingnefndir fara með slíkar upplýsingar í trúnaði. En það á ekki að verða til þess að Alþingi fái alls ekki upplýsingar af því tagi eins og verðmæti seldra eigna ríkisins. Það er svo fráleitt, herra forseti, að halda slíku fram að engu tali tekur. Og þeir menn sem slíkt reyna verða bara að læra stafrófið frá byrjun þó hæstv. ráðherrar séu.

[13:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessi góðu viðbrögð sem komu mér að vísu ekki á óvart því að stjórnarandstaðan er í pólitík og reynir að halla réttu máli.

Hér eru tveir úrskurðir sem fallið hafa samkvæmt upplýsingalögum sem Alþingi setti og ég hef talið mér skylt að fara eftir. Nú liggur það fyrir að nefndadeild Alþingis hefur sagt mér að viðhorf hennar hafi verið oftúlkuð hér á fundi um daginn. Fyrir utan hitt að hæstv. forsrh. fer með upplýsingalögin. Þess vegna þykir mér rétt að fá viðbrögð hans við þeim mismun sem er á milli ríkisbókhalds og landbrn. í þessu efni. Ég hef engu að leyna eins og ég hef sagt.

Landbrn. býr nú við þær reglur að Ríkisendurskoðun, Sigurður Þórðarson, sem er framlengdur armleggur Alþingis og kíkir undir sængina öðru hverju að gá hvort ekki sé allt í lagi, hann setti reglurnar sem nú er starfað eftir í landbrn. þannig að ég hef ekkert að fela. (Gripið fram í.) Allar jarðir hafa verið seldar í gegnum Ríkiskaup. Ég get auðvitað sjálfur og vildi gjarnan leggja allar upplýsingar alla síðustu öld hér á borðið. (Gripið fram í.) En þá kæmi það kannski fram að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon keypti ekki og seldi undir sömu ströngu reglunum og sá sem hér stendur. Ég hef því ekkert að fela. (Gripið fram í.) Ég vil hins vegar ekki brjóta persónurétt eða upplýsingalög (**Gripið fram í:** Upplýsingalög gilda ekki ...) eða upplýsingalög. (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. landbrh. hefur orðið.)

Þessi fundur minnir dálítið á önefnda samkomu í sveitinni öðru hvoru. (**Gripið fram í:** Hvaða sveit?) En ég vil bara hafa það á hreinu að ég hef skrifað hæstv. forsrh. bréf til að fá úr þessu skorið því að ég vil virða þann rétt þingmanna að þeir fái allar þær upplýsingar af minni hálfu sem þeir eiga rétt á og ég má veita þeim. Þess vegna bíð ég þess svars og þá tölum við saman aftur í lok þess.

Umræður utan dagskrár.

Staða sjúkraliða innan heilbrigðiskerfisins.

[13:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í mörg ár hefur Sjúkraliðafélag Íslands sagt að yfirmenn heilbrigðismála í landinu sætu á tímasprengju varðandi mönnun í heilbrigðiskerfinu. Nú virðist sem sprengjan sé sprungin eins og fram kom í máli forustumanna félagsins á fundi með heilbr.- og trn. í síðustu viku.

Sjúkraliðar eru ein af 30 löggiltum heilbrigðisstarfstéttum í landinu. Hlutfall þeirra á heildarfjölda þessara starfsstétta er um 20%.

Í byrjun þessa árs höfðu 3.153 einstaklingar fengið lögbundin réttindi til að starfa sem sjúkraliðar en aðeins um 1.500 þeirra voru í starfi. Síðan þá er ljóst að fjöldi sjúkraliða hefur sagt upp störfum eða allt að 140. Eins og fram kemur í blaðinu Sjúkraliðanum sýndi könnun sem gerð var af landlæknisembættinu 1999 að heildarfjöldi stöðuheimilda fyrir sjúkraliða voru 1.364 en aðeins 994 voru mannaðar. Þetta gefur þó ekki rétta mynd af þörfinni því að niðurstöðurnar sýna að hjúkrunarforstjórar töldu að stöðuheimildirnar þyrftu að vera 1.852 og sé gengið út frá því vantar um 850 stöðuheimildir sjúkraliða og mestur skortur er á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Þar vantar rúman helming.

Ef tekið er inn í þetta reikningsdæmi að vegna þess hve erfitt og krefjandi starf sjúkraliðans er eru þeir ekki í fullu starfi heldur er starfshlutfall að meðaltali 75–80% og þá vantar í raun mun fleiri til starfa en stöðugildin segja til um eða á annað þúsund og hlutfallslega flesta á Austurlandi, Vestfjörðum og Norðurl. v.

Ef horft er til mannaflaþarfar þó ekki væri nema til að mæta breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar er ljóst að fjölga þyrfti um 300 sjúkraliða á hverju ári næstu fimm árin. Þessar upplýsingar komu fram í erindi sem Vilborg Kristjánsdóttir frá landlæknisembættinu og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, tóku saman fyrir ráðstefnu heilbrrn. í apríl á þessu ári þar sem fjallað var um menntun heilbrigðisstétta og mannaflaspár heilbrigðisþjónustunnar. Tölurnar eru sláandi, ekki síst í ljósi þess að nú hafa enn fleiri sjúkraliðar horfið frá störfum og æ færri innrita sig í sjúkraliðanám og ljúka því eða um 20 einstaklingar á ári eins og aldurssamsetningin sýnir en meginþorri starfandi sjúkraliða er á aldrinum 40–60 ára. Mun færri eru í yngri hópnum. Þróunin er því alvarleg.

Allt útlit er fyrir að skortur á faglærðum sjúkraliðum verði gífurlegur og er reyndar nú þegar því vart er hægt að manna bráðadeildir, hvað þá að fullmanna stöður annarra þátta hjúkrunar sem þessi stétt sinnir. Ástæður þessarar þróunar eru m.a. þær deilur sem lengi voru um stöðu sjúkraliða innan heilbrigðiskerfisins sem lengi þurftu að berjast fyrir þeim sjálfsögðu réttindum að mega að hluta bera ábyrgð á eigin störfum. En stóra málið er auðvitað kjaramál, launamál sjúkraliðanna sem dregist hafa langt aftur úr þeim stéttum sem þeir hafa verið miðaðir við, t.d. lögreglumenn og tollverðir.

Langlundargeð sjúkraliða er þrotið. Stéttin hefur ítrekað frá því að samningar voru lausir fyrir rúmu ári síðan reynt að ná fram leiðréttingu en fram til þessa hefur lítið þokast. Samningamálin eru ekki í höndum heilbrrn. og verða ekki leyst hér, en það eru hins vegar mörg önnur mál sem lúta beint að kjörum sjúkraliða eins og menntunarmál, skil-

greining starfsréttinda, starfsaðstæður og síðast en ekki síst að skapa virðingu fyrir störfum þessarar mikilvægu stéttar innan heilbrigðisþjónustunnar. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hversu mikill skortur er á sjúkraliðum til starfa nú eftir þær uppsagnir sem hafa átt sér stað á þessu ári og til hvaða aðgerða verður gripið til að tryggja heilbrigðisþjónustunni starfskrafta sjúkraliða? Hversu margir eru í sjúkraliðanámi og hversu hátt hlutfall þeirra sem hafa útskrifast síðan könnunin 1999 var gerð starfa sem sjúkraliðar? Hefur ráðuneytið skilgreint hverjar eru ástæður þess að sjúkraliðar hverfa frá störfum? Ef svo er, hver var niðurstaðan? Er fyrirhuguð frekari skilgreining á störfum og verksviði sjúkraliða þannig að staða þeirra innan heilbrigðiskerfisins verði skýrari? Mun ráðherra beita sér fyrir því að skapa ófaglærðu starfsfólki sem vinnur við aðhlynningu og hjúkrun og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, möguleika á að afla sér samhliða starfi og/eða í fjarnámi sjúkraliðamenntunar?

Útlit er fyrir að breytt aldurssamsetning og starfshættir sjúkrahúsanna kalli í framtíðinni á aukna heimaþjónustu og hjúkrun. Hefur það verið skoðað sérstaklega og metin þörfin fyrir sérmenntað hjúkrunarfólk næstu tíu árin? Hver var þá niðurstaðan og eru fyrirhugaðar sérstakar aðgerðir ráðuneytisins vegna þessa?

[14:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Eins og spurningar hv. 3. þm. Suðurl. bera með sér og vitað var hefur sjúkraliðaskortur verið viðvarandi hér á landi. Almennt má segja að skortur sé á starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni. Þetta er þó mismunandi eftir starfsstéttum.

Þegar ársverkin eru mæld starfa hvergi fleiri læknar á Norðurlöndunum en einmitt hér. Hvergi eru fleiri tannlæknar en hér. Við erum í fremstu röð þegar horft er til fjölda sjúkraþjálfara og ljósmæðra. Hér eru hins vegar starfandi umtalsvert færri hjúkrunarfræðingar en annars staðar á Norðurlöndum og hlutfallslega fæstir sjúkraliðar í heild borið saman við það sem gerist með öðrum þjóðum. Þetta hefur fyrst og fremst gilt á dvalar- og hjúkrunarheimilum en síður á spítölum sem nú kann að vera breytt með uppsögnum sjúkraliða.

Hv. 3. þm. Suðurl. spyr hvort mér sé kunnugt um sjúkraliðaskortinn. Samkvæmt nýlegri könnun landlæknisembættisins vantar um 50% sjúkraliða í stöður á hjúkrunarheimilum. Samkvæmt þeirri könnun sem gerð var 1999 vantaði um 27% sjúkraliða í stöðuheimildir á sjúkrahúsum. 140 uppsagnir sjúkraliða undanfarna mánuði á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafa breytt stöðunni til hins verra.

Spurt var um fjölda í námi. Það sem skiptir mestu í þessu sambandi er annars vegar þessi fjöldi en hins vegar útgefin starfsleyfi. Sjúkraliðum sem útskrifast hefur fækkað mjög á síðustu fimm árum. Samkvæmt upplýsingum um útgefin starfsleyfi lítur dæmið svona út:

Árið 1999 voru gefin út 66 starfsleyfi af heilbrrn. Þau voru 79 í fyrra. Það sem af er árinu hefur verið gefið út 71 starfsleyfi af heilbrrn. Næstu árin þar á undan voru útgefin starfsleyfi sjúkraliða u.þ.b. 80 á ári.

Virðulegi forseti. Mér er vel kunnugt um þann vanda sem heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir vegna skorts á sjúkraliðum. Gott samstarf hefur verið milli Sjúkraliðafélags Íslands og ráðuneytisins í því að kanna orsakir þessa skorts og reyna að finna leiðir til að bæta ímynd stéttarinnar. Í þessu sambandi hefur m.a. verið rætt um sameiginlegt kynningarátak á möguleikum í menntun og störfum sjúkraliða. Þá hef ég einnig vilja til þess að setja á laggirnar starfshóp til að gera tillögur um hvernig bregðast megi við þeim vanda sem skortur á sjúkraliðum veldur. Slík vinna yrði unnin í samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands.

Spurt er um möguleika á að ófaglærðir afli sér sjúkraliðamenntunar. Það er sjálfsagt að stuðla að því alveg eins og það er sjálfsagt að auka möguleika sjúkraliðanna sjálfra á framhaldsmenntun eins og ég vék að áðan.

Skortur er á fagmenntuðu starfsfólki og verður það í framtíðinni vegna aldurssamsetningar starfsstéttanna. Bæði vegna þess og örra breytinga í heilbrigðisþjónustunni er afar brýnt að endurskoða reglulega starfssvið og verksvið heilbrigðisstéttanna. Það er alveg ljóst að eins og hjúkrunarfræðingar geta sinnt sumu af því sem læknar gerðu áður geta sjúkraliðar sinnt ýmsu af því sem hjúkrunarfræðingar gerðu og félagsliðar því sem sjúkraliðarnir gerðu.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er t.d. hafinn undirbúningur að því að útfæra hugmyndir um hvernig endurskilgreina mætti störf sjúkraliða. Markmiðið er að nýta betur menntun og starfsreglur þeirra. Þetta er gert í samvinnu við forustukonur sjúkraliða. Landspítalinn hefur reyndar þegar gert breytingar á starfssviði sjúkraliða á öldrunar- og geðsviði sjúkrahússins.

Virðulegi forseti. Vegna síðustu spurningar hv. 3. þm. Suðurl. vil ég segja þetta: Gert er ráð fyrir því í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem samþykkt var á Alþingi í vor, og breið samstaða skapaðist um, að huga sérstaklega að mannaflaspám og mati á mannaflaþörf í heilbrigðisþjónustunni á næstu árum. Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að árlega verði spáð fyrir um mannaflaþörf heilbrigðisþjónustunnar til næstu 5–10 ára. Undirbúningur að þessu er að hefjast.

Víst er að þær tilraunir sem gerðar voru á 9. áratug 20. aldar á vegum stjórnvalda til að spá fyrir um þörf fyrir heilbrigðisstarfsmenn til lengri tíma hafa ekki reynst raunhæfar. Það er eðlilegt að frá þeim tíma hafi orðið meiri og örari breytingar á heilbrigðisþjónustunni en nokkru sinni fyrr.

Ljóst er að gerð langtímaspár um mótun aðferða til að meta þörf fyrir heilbrigðisstarfsmenn til lengri tíma er ákaflega flókið og vandasamt verkefni.

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. hefur kosið að leggja fyrir mig nokkrar spurningar sem hver fyrir sig gæti verið efni í utandagskrárumræðu. Það sem brýnast er nú og snertir sjúklinga, sjúkraliða og alla heilbrigðisþjónustuna í landinu er að menn reyni að ná kjarasamningum við þá stétt og ég vona svo sannarlega að það takist á næstu dögum.

[14:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Upplýst er hér af hv. málshefjanda að innan við helmingur af menntuðum sjúkraliðum er í störfum sem slíkur og jafnframt er upplýst og hefur svo sem lengi legið fyrir að það vantar fleiri hundruð, jafnvel allt að 800–900 sjúkraliða til starfa í landinu. Þetta er ástandið samtímis því að við blasir að flótti er úr stéttinni. Sjúkraliðar leita sér unnvörpum annarra starfa. Vinnuálag er víða mjög mikið, deildir eru reknar verulega undirmannaðar og í rauninni reknar áfram á tryggð starfsfólks við sjúklinga, starf sitt og hugsjón. Slíkt getur auðvitað ekki gengið endalaust, herra forseti, enda eru dæmi um að deildir tæmist nánast á einu bretti vegna þess að hópurinn sem þar hefur snúið bökum

saman og haldið uppi starfseminni við erfiðar aðstæður gefst allur upp samtímis.

Kjaradeilan sem nú geisar bætir auðvitað ekki úr. Það er með ólíkindum, herra forseti, hversu erfitt það virðist vera að leiðrétta laun sérstaklega þegar láglaunastéttir, umönnunarstéttir og kvennastéttir eiga í hlut, en það á allt við, herra forseti, í þessu tilviki.

Sjúkraliðar með byrjunarlaun sín upp á innan við 90 þús. kr. mega standa í langvinnu verkfalli til þess að svo mikið sem talað sé við þá. Það er alveg ljóst, herra forseti, að verði ekki tekið á þeim vanda sem við blasir varðandi mönnun í heilbrigðiskerfinu og það gildir um fleiri hópa en sjúkraliða, þá stefnir í mikinn vanda á Íslandi innan fárra ára og Ísland gæti komið til með að vera í svipaðri stöðu og t.d. Noregur, að þurfa að flytja inn og kosta dýrum dómum til starfsfólk í stórum stíl til að reka sína undirstöðuheilbrigðisþjónustu. Þess vegna heiti ég á hæstv. heilbrrh. og aðra góða menn sem þarna geta komið til skjalanna að fara í löngu tímabærar aðgerðir til að taka á þessum málum.

[14:12]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Sjúkraliðar eru fjölmenn heilbrigðisstétt sem vinnur eins og algengt er um heilbrigðisstéttir afar mikilvæg en fremur lítt sýnileg störf, bæði innan og utan sjúkrahúsa. Mikill skortur hefur verið á sjúkraliðum á síðustu árum og hefur þetta valdið verulegum erfiðleikum innan heilbrigðisþjónustunnar.

Einn helsti frumkvöðull að því að farið var að kenna þessa grein var Ragnheiður Guðmundsdóttir augnlæknir, en hún hafði kynnst henni í námi sínu erlendis. Nám sjúkraliða fer nú fram á fjölbrautastigi og er Fjölbrautaskólinn við Ármúla móðurskólinn. Námið tekur þrjú ár en sjúkraliðar sem því ljúka skila sér ekki nægilega til starfa eins og fram hefur komið í umræðunni.

Enn er það svo að veggur er á milli náms þeirra og náms í háskóla en hjúkrun var flutt á háskólastig fyrir nokkrum árum eftir margra ára baráttu hjúkrunarfræðinga. Eftir þriggja ára nám sjúkraliða vantar að mínu áliti leið til þess að bæta við sig námi, sækja sér aukin réttindi og þar með betri tekjumöguleika. Slíkir þættir þykja eftirsóknarverðir í dag í öllum greinum. Hjúkrun er ekki á háskólastigi í mörgum löndum, t.d. er hún ekki á háskólastigi í Danmörku.

Í Danmörku býður nám sjúkraliða upp á miklu fleiri möguleika. Þar í landi geta þeir með viðbótarnámi t.d. orðið ljósmæður, hjúkrunarfræðingar eða félagsráðgjafar en það hefur ekki verið hægt hér á landi. Nám sjúkraliða gefur þeim ekki forskot í hjúkrunarnámi eftir því sem ég best veit. Þannig vantar þróunarleið eða framgangsmáta og úr því þarf að bæta.

Fyrir tæpu ári var gefin út skýrsla með niðurstöðum nefndar um framhaldsnám sjúkraliða og vona ég að eitthvað rætist úr því sem þar kom fram. En óhjákvæmilega hlýtur endurskoðun á námi sjúkarliða að fela í sér endurmat á störfum og verkaskiptingu milli sjúkraliða og ófaglærðra og milli sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt lögum um sjúkraliða starfa þeir á hjúkrunarsviði undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem er yfir stofnun, deild eða einingu. Læknar, ekki síst læknar sem eru sjálfstætt starfandi hafa einnig sóst eftir því að fá sjúkraliða til starfa. Þeirra er því víða þörf í heilbrigðisþjónustunni.

[14:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Enn eru málefni heilbrigðisþjónustunnar og sjúkraliða til umræðu á Alþingi. Við ræddum um það síðast fyrir einum og hálfum mánuði og enn versnar ástandið. Hvað kostar þetta ástand sem ríkir í heilbrigðisþjónustunni? Hvað kostar að veita ekki viðunandi þjónustu? Það er dýrt samfélaginu og getur kostað mannslíf. Hvað kostar það samfélagið að mennta ungt fólk til sjúkraliðastarfa, ungt fólk sem nýtir ekki menntun sína til slíkra starfa heldur fer í önnur betur borguð störf? Niðurstöður í viðhorfskönnun Sjúkraliðafélagsins sýna að yngsta fólkið sem útskrifast skilar sér ekki inn í greinina. 140 eldri sjúkraliðar hafa sagt upp störfum undanfarið. Það er dýrt að greiða ekki mannsæmandi laun fyrir umönnunarstörfin.

Öldruðum yfir 85 ára mun fjölga um helming næstu 20 ár. Legurúmum mun ekki fjölga að sama skapi og þörfin fyrir umönnun í heimahúsum mun aukast verulega. Nú vantar um þúsund sjúkraliða til starfa og hjúkrunarheimilin vantar helmingi fleiri en starfa þar nú um stundir. Hvernig ætla heilbrigðisyfirvöld að bregðast við?

Hæstv. ráðherra nefnir nefndir og kynningarátak og að stuðla beri að menntun. Það dugar ekki til því að nú er verið að svelta umönnunar- og kvennastéttina, sjúkraliða frá störfum á sama tíma og sjálfsagt þykir að hækka laun karlastétta með sambærilega menntun eins og lögreglunnar og tollvarða. Þetta er nú jafnréttishugsjón ríkisstjórnarinnar. Hún er e.t.v. einhvers staðar í orði en svo sannarlega ekki á borði. Það er mjög alvarlegt fyrir heilbrigðisþjónustuna og þá sem þurfa að reiða sig á hana, sjúka og aldraða hér á landi.

[14:16]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Forusta Sjúkraliðafélagsins kom á fund hv. heilbr.- og trn. í síðustu viku og á þeim fundi var nefndinni gerð grein fyrir niðurstöðu könnunar hagfræðideildar BSRB á samanburði á kjörum sjúkraliða og annarra sambærilegra stétta opinberra starfsmanna. Sú könnun sýndi að það hallaði á sjúkraliðastéttina í launaþróuninni. Forsvarsmenn félagsins gerðu nefndinni einnig grein fyrir alvarlegum skorti á sjúkraliðum til starfa við heilbrigðisstofnanir, háum meðalaldri stéttarinnar og fækkun í sjúkraliðastétt. Ljóst er af þeim upplýsingum að geysilegur skortur er nú þegar á sjúkraliðum til starfa í heilbrigðisþjónustunni en fullnægjandi mönnun er ein meginforsenda góðrar heilbrigðisþjónustu og einn mikilvægasti þátturinn í að ná markmiðum heilbrigðisáætlunar. Sjúkraliðar, sem er ein þeirra stétta sem ber uppi heilbrigðiskerfið, gegna að auki lykilhlutverki í umönnun aldraðra og annarra langveikra sem þurfa á umönnun að halda.

Herra forseti. Samkvæmt áætlunum um mannfjöldaþróun og spám mun þeim a.m.k. ekki fækka á næstu árum sem þurfa á hjúkrun og umönnun að halda með hækkandi aldri þjóðarinnar en mannaflaspár sjúkraliða á hinn bóginn sýna að til að halda í horfinu þarf a.m.k. að mennta um 300 einstaklinga með sjúkraliðaréttindi strax og síðan um 100 sjúkraliða á ári. Ef ekki verður brugðist við þeim fyrirsjáanlega skorti á sjúkraliðum mun það enn frekar koma niður á framkvæmd heilbrigðisþjónustu og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.

Því er það nauðsynlegt að leitað verði allra færra leiða til að fjölga þeim sem sækja í sjúkraliðanám, m.a. með því að sérsníða sjúkraliðanám að þörfum þeirra ófaglærðu sem starfa við aðhlynningu, jafnframt að gefa sjúkraliðum aukna

möguleika á viðbótarnámi en auk þess þarf að huga að bættri starfsaðstöðu stéttarinnar og ímynd hennar, en fyrir ímyndina vitum við öll að launakjörin skipta ekki minnstu máli.

[14:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt að þakka hv. málshefjanda þessarar umræðu fyrir þær upplýsingar sem komu fram í máli hennar en þær draga sannarlega upp dökka mynd af ástandinu varðandi mönnun í heilbrigðiskerfinu. Á annað þúsund sjúkraliða vantar til starfa í heilbrigðisþjónustunni svo heitið geti að stöður ætlaðar þeim séu fullmannaðar.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbrn., hefur áhyggjur af því eins og heilbrrh. að ekki sé nóg að segja: Við þurfum að fjölga um svo og svo marga sjúkraliða á ári, heldur þarf að vekja áhuga fólks á að fara í þetta starf, að leita sér þessarar menntunar því að hér er um gífurlega erfitt starf að ræða. Fólk hefur starfað við óviðunandi aðstæður inni á stofnununum, álagið hefur verið gífurlegt og umbunin sáralítil. Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið. Það er alvarleg staðreynd að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skuli svíkja eigin markmið í jafnréttismálum á þann hátt sem verið er að gera og liggur hér á borðinu, stendur svart á hvítu í öllu því sem skrifað hefur verið um launamál sjúkraliða að undanförnu. Það er gífurlega alvarlegt að ríkisstjórnin skuli ekki finna sér þau tæki eða þau meðul sem þarf til að leiðrétta kjör þeirrar stéttar sem allir virðast viðurkenna að búi við mjög bágt ástand inni á stofnunum sínum.

Hæstv. heilbrrh. sér bara kynningarátak til að gera það aðlaðandi að hefja nám sem sjúkraliðar. Ég fullyrði, herra forseti: Það nægir ekki. En það er góðra gjalda vert að hæstv. heilbrrh. skuli hafa samstarf við Sjúkraliðafélagið í þessum málum og ég skora á hæstv. heilbrrh. að opna nú eyru sín, hug sinn og hjarta fyrir þeim kröfum sem sjúkraliðar hafa verið að bera á borð fyrir hann.

[14:20]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Forustumenn sjúkraliða hafa um nokkurt skeið lýst áhyggjum sínum af stöðu stéttarinnar. Áhyggjuefnin snúa annars vegar að brottfalli úr stéttinni og lítilli nýliðun og hins vegar að því sem þeir telja vannýtingu á starfskröftum þeirra á heilbrigðisstofnunum. Starf sjúkraliða er fjölbreytilegt og skemmtilegt jafnframt því að vera krefjandi og gefandi. Aðhlynningar- og hjúkrunarstéttir eru í nánum samskiptum við sjúklinga og hafa með störfum sínum áhrif á heilsu, batahorfur og vellíðan þeirra. Það felast í því forréttindi að geta lokið vinnudegi í fullvissu um að hafa skipt sköpum í lífi sjúklinga og er vert að halda því á lofti.

Á undanförnum mánuðum hefur Sjúkraliðafélagið og hjúkrunarstjórnendur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi unnið að gerð stofnanasamnings sem mun leiða til aukinna tækifæra til starfsþróunar með nýjum og breyttum starfslýsingum. Sjúkraliðar munu takast á við aukna ábyrgð með sérhæfðari verkefnum þar sem menntun þeirra verður nýtt til hins ýtrasta. Ófaglærðir starfsmenn verða ráðnir til að taka við störfum sem ekki krefjast fagþekkingar og hefur þegar verið auglýst eftir fólki til slíkra starfa. Markmið skipulagsbreytinganna er betri nýting starfsfólks og aukin starfsánægja sjúkraliða. Líklegt er að hugmyndir um breytt starfssvið sjúkraliða verði notaðar sem fyrirmynd í stofnanasamningum á öðrum heilbrigðisstofnunum.

Vonir standa til þess að lokið verði við gerð nýs kjarasamnings við sjúkraliða á næstu dögum. Af fréttum að ráða munu þessir samningar færa stéttinni verulegar kjarabætur. Þess er vænst að sjúkraliðastarfið sjálft, breyttur starfsvettvangur og bætt kjör stéttarinnar laði fleiri sjúkraliða til starfa og fleiri nemendur í sjúkraliðanám. Til þess þarf þó að vekja athygli á jákvæðum þáttum starfsins og möguleikum til starfsþróunar og bættra launa.

[14:22]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Veruleikinn er þessi: Starfskjör og starfsumhverfi sjúkraliða eru í óefni komin, um það er ekki deilt milli stjórnar og stjórnarandstæðinga hér í þessum sal.

Áhyggjur hæstv. heilbrrh. af ástandinu og jákvæður vilji hans til þess að taka á því dugir afskaplega skammt. Fyrir því er ein meginástæða: Tómlæti samstarfsflokksins, Sjálfstfl., á málefnum heilbrigðisþjónustunnar í heild og breidd er algert. Fjmrh., sem fer með kjaradeilu sjúkraliða við ríkið, lætur ekki svo lítið að vera hér við þessa umræðu og sýna henni eðlilegan áhuga. Það vekur auðvitað athygli alveg sérstaklega.

Nei, staðreyndin er sú að Sjálfstfl. vill veikja heilbrigðiskerfið innan frá, fara hina gamalkunnu leið þegar tilgangurinn skal helga meðalið, að veikja opinberar þjónustustofnanir innan frá þannig að hægt sé að bjóða upp á hina sígildu lausn markaðshyggjunnar og einkavæðingar. Það blasir við í þessu máli sem og svo mörgum öðrum þegar kemur að grundvallarþjónustu við fólk í landinu.

En vandamál sjúkraliða eru auðvitað víðfeðmari en svo að þau snúist eingöngu um nánasta starfsumhverfi þeirra. Hér eru málin hvert af öðru að koma í þennan sal, vandamál sem ríkisstjórnin getur ekki, hefur ekki þrek til að taka á og leysa. Áhugaleysi þeirra á málefnum sjúkraliða sem hefur verið viðvarandi vandamál til margra ára er talandi dæmi um þetta. Herra forseti. Ég segi það eitt: Fara ekki að koma kosningar? Getum við ekki farið að skipta þessu liði út og skipa öðru óþreyttu inn?

[14:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma hér til að ræða um málefni sjúkraliða og þá alvarlegu stöðu sem þar er uppi. Þrátt fyrir að verkfalli eða kjaradeilu sjúkraliða sé ekki lokið þá finnst mér það þó virðingarvert og þetta er mjög alvarlegt mál. Við erum að tala um skort á starfsfólki til aðhlynningar fyrir veika, sjúklinga, alls um þúsund manns. Ef teknar eru bara þær tölur sem hjúkrunarforstjórarnir gáfu upp á sínum tíma þá er það vissulega rétt að sá skortur á sjúkraliðum bitnar fyrst og fremst á dvalar- og hjúkrunarheimilum, og staðan er ósköp einfaldlega þannig að skortur miðað við þörf er metinn upp á 76% í Reykjavík, í Reykjanesi 71%, á Vesturlandi 72%, á Norðurlandi eystra 79%, á Austurlandi 52% og 81% á Suðurlandi. En tölur vantar frá Vestfjörðum.

Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur að þeir sjúklingar sem þarna eru fá ekki þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Þrátt fyrir allar heilbrigðisáætlanir þá er það bara þannig að okkur vantar faglært starfsfólk. Og okkur vantar það fyrst og fremst í stéttina af því að við höfum sýnt henni smánarlega framkomu árum saman. Það tók langan tíma að styrkja stöðu hennar innan heilbrigðiskerfisins. Síðan hefur hún verið í launa- og kjaraströggli í langan tíma.

Ég fagna því ef hæstv. ráðherra hefur tekið upp samstarf við forustusveit Sjúkraliðafélagsins um hvernig megi bæta úr. En það verður að auka möguleikana til menntunar og það verður að auka möguleika þeirra sem eru ófaglærðir í störfum í dag og vinna við aðhlynningu. Það þarf líka að bjóða upp á sjúkraliðanám í fjölbrautaskólunum úti um land. En það er ekki gert nema á nokkurra ára bili.

En ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að taka leiðbeiningu Sjúkraliðafélagsins í þessum efnum.

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir málefnalegar umræður um þetta mál. En ég vil taka fram að auðvitað er það númer eitt að ná kjarasamningum við sjúkraliða, það er verkefni númer eitt og önnur mál hanga vissulega á því.

Ég vil hvetja hv. þm. til að spara sér yfirlýsingar um svikin loforð í jafnréttismálum eða umræður um illvilja stjórnvalda þangað til í ljós kemur hvaða innstæða er fyrir þeim yfirlýsingum.

En ég fullyrði að það er ríkjandi skoðun í heilbrrn. að mikilvægi sjúkraliða sé afar mikið í heilbrigðisþjónustunni og ég er eindregið þeirrar skoðunar, ég hef aldrei dregið fjöður yfir það, að skilgreina þarf starfsumhverfi sjúkraliða, bæta það og skilgreina réttindi þeirra. Það eru verkefni sem hljóta að vera ofarlega á blaði hjá okkur og þau eru í vinnslu. Ég vil hafa sem best samstarf við Sjúkraliðafélagið um þau efni, að sjálfsögðu, vegna þess hve mikilvæg þau eru.

Varðandi menntunarmálin, sem ég tel vera undirstöðu fyrir betri tímum hvað þetta varðar, þá vil ég benda á góða samvinnu ráðuneytisins og Sjúkraliðafélags Íslands um þau mál. Skipuð var nefnd sem skilaði áliti í janúar sl. um að stofnað yrði til tveggja anna viðbótarnáms fyrir sjúkraliða og í fyrstu verði lögð sérstök áhersla á öldrunarhjúkrun. Námskráin liggur fyrir núna og gert er ráð fyrir að það nám hefjist á næsta ári. Landspítalinn – háskólasjúkrahús mun sérstaklega leggja áherslu á að vekja athygli sjúkraliða á námskeiðum sem nýtast þeim til símenntunar.

Þannig verðum við að vinna en umfram allt verðum við að ná samningum sem fyrst og við verðum að vinna að starfsumhverfinu í samvinnu við Sjúkraliðafélagið sem og önnur félög sem starfa á heilbrigðissviði.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 163.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]

Frv. samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, BH, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GPál, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, LB, MS, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, ÞKG, ÞSveinb.

nei: DSn.

30 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, KVM, KÓ, KHG, KPál, MF, ÓÖH, PP, SF, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 376).

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 1. umr.

Stjfrv., 282. mál (gjald fyrir rekstrarleyfi). — Þskj. 340. [14:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, sem samþykkt voru á síðasta þingi. Það er stjórnarfrv., 282. mál þingsins á þskj. 340.

Með frv. þessu er lögð til breyting á 13. gr. laganna en hún fjallar um gjaldtökuheimild Vegagerðarinnar sem ætlað er að standa straum af kostnaði sem hlýst af námskeiðahaldi, útgáfu leyfa og eftirliti samkvæmt lögunum. Upphæð gjaldsins tekur mið af þeim kostnaði sem hlýst af veittri þjónustu Vegagerðarinnar.

Við meðferð frv. á Alþingi í vor var gerð veruleg breyting á ákvæðinu og virðist sem misritun hafi verið gerð þegar þær breytingar voru lögfestar. Vegna misritunar í 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna fellur gjaldtaka vegna almennra rekstrarleyfa fyrir fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga undir sama töluliðinn. Upphaflega ætlunin var sú að 1. tölul. tæki einungis til vöru- og efnisflutninga en 4. tölul. tæki á almennum rekstrarleyfum fyrir fólksflutninga. Benda má á að engin rekstrarleyfi falla nú undir 4. tölul. 13. gr. sem tilgreinir þessar 10.000 kr. Gjaldið fyrir almennt rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga var 7.000 kr. og samkvæmt frv. í vor var ætlunin að hækka það í 10.000 kr. í samræmi við raunkostnað af veittri þjónustu.

Með frv. þessu er lagt til að nýr töluliður bætist við núgildandi lög þannig að gjald fyrir almennt rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga verði 10.000 kr. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að kostnaður Vegagerðarinnar verði borinn uppi af leyfisgjöldum. Að öðrum kosti stendur þessi þjónusta ekki undir sér.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[14:33]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur flutt hér frv. til laga um breytingu á lögum sem við samþykktum á síðasta þingi, lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Í stuttu máli er þetta frv. um það að hækka svokallaðan rútubílaskatt úr 3.000 kr. í 10.000 kr. árlegt gjald og er hér sagt að vegna misritunar hafi fólksflutningabílar fallið undir þennan lið.

Herra forseti. Ég sit í og sat í hv. samgn. í fyrra þegar þetta var rætt og ég held að þarna hafi ekki verið um neina misritun að ræða. Ég held hreint út sagt að menn hafi séð það, jafnt stjórnarsinnar sem stjórnarandstæðingar — enda gagnrýndum við þetta gjald mjög, þessa gjaldheimtu af samgöngukerfinu. Ég kem kannski að því síðar — hvort heldur um er að ræða rútubíla, vörubíla eða leigubíla, hvað þessir skattar allir munu gefa í heildarskatttekjur til Vegagerðarinnar til þess að standa straum af kostnaði sem talið er að

Vegagerðin verði fyrir út af þessari umsýslu. Ég kem að því síðar.

Í brtt. meiri hluta samgn., allra stjórnarsinna og reyndar líka hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem er á þessari brtt., er gerð brtt. við 13. gr. og þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„1. Fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga skal greiða 3.000 kr. árlegt gjald. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar."

Nú kann að vera að ekki hafi verið ætlunin að fólksflutningabílar borguðu þetta 3.000 kr. gjald heldur 10.000 kr. eins og nú er. En ég hygg að frá hendi meiri hluta hv. samgn. hafi þetta ekki verið mistök. Ég held einfaldlega að menn hafi séð að þarna væri verið að ganga allt of langt og þess vegna hafi þetta verið sett þarna inn. Og án þess að ég vilji ræða um fjarstaddan fyrrv. formann samgn. þá held ég að þetta hafi verið ætlun meiri hlutans.

Eins og kemur fram er flutt tillaga um að orðið „fólks-" í 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna falli brott og að 4. tölul. 2. mgr. falli brott, sem er fyrir önnur rekstrarleyfi. Hann er þá óþarfur.

Út af fyrir sig getur verið að þetta sé hugsað þannig að gjaldið standi ekki undir þessu. En ég leyfi mér samt að efast um það. Í þessu frv. segir að þetta gefi 2 millj. kr. meira í tekjur við þessa 7 þús. kr. hækkun og í umsögn með frv. er talið að það nemi 11 millj. kr. á ári sem þessar leyfisveitingar gefa. Það er talað um að menn borgi 10.000 kr. árlegt gjald fyrir þetta rekstrarleyfi þó svo að í annarri grein segi að rekstrarleyfið gildi hins vegar til fimm ára. Það er spurning hvort ekki sé þarna einhver orðalagsvitleysa líka sem menn gætu kannski verið reknir með til baka ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að rukka þessar 10.000 kr. árlega.

Enn fremur er hér talað um að greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar. Þetta eru kannski smáatriði, herra forseti. En nýir rútubílar, eftir því sem ég best veit, eru nú ekki færðir til árlegrar skoðunar. Ég held að þeir sleppi fyrstu árin eða vona það alla vega. Ég bið hæstv. samgrh. að leiðrétta það ef svo er ekki. Þetta er eingöngu sagt til þess að menn verði ekki reknir til baka einu sinni enn með það sem við erum hér að gera.

Herra forseti. Ég sagði það áðan að það er spurning hvað þessir skattar af samgöngutækjunum, leigubílunum, rútubílunum, vöruflutningabílunum og flutningabílunum gefa. Þetta fer að nálgast að mínu mati 30–35 milljónir, mundi ég halda, þ.e. leigubílarnir og þessi tæki sem við erum hér að fjalla um og fjölluðum um í fyrra. Að mínu mati fer að vera dálítið vel í lagt miðað við þann kostnað og umsýslu sem þarna er og sem ofanálag á ýmsa aðra skatta sem þarna eru greiddir. Það er ljóst að allir þessir skattar fara beint út í verðlagið, alveg eins og 45% hækkun á þungaskatti frá árinu 1998 hefur farið þráðbeint út í verðlagið og stórhækkað flutningsgjöld til þeirra sem flytja vörur milli landshluta.

Það er nú einu sinni þannig að uppskipunarhöfn er að verða stærst á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík eða Hafnarfirði. Síðan eru þessar vörur til atvinnusköpunar, skulum við segja, keyrðar út á land, unnið úr þeim og þær svo kannski keyrðar að hluta til hingað á höfuðborgarsvæðið, aðalmarkaðssvæðið. Við sjáum því hvernig þessi gjöld leggjast ofan á og íþyngja þessum rekstri öllum.

Það eru staðreyndir, herra forseti, sem hafa komið fram og hafa ekki verið dregnar í efa, að þungskattshækkunin, þ.e. ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið tvívegis frá 1998 hafa hækkað þungaskatt á lengstu leiðum á flutningabíl með vagn um 45%. Þetta segi ég bara um þær álögur sem þarna er verið að koma á og ég hef nefnt það hér áður að ef allir þessir skattar fara að nálgast milli 30 og 40 milljónir, kannski 33–35 millj. eða hvað það verður, þá skiptir það ekki svo miklu máli.

Ég vildi þó aðeins nefna í lokin leigubílafrv. sem hér var flutt nýlega og þær 13.000 kr. sem þar á að innheimta árlega fyrir umsýslu Vegagerðarinnar varðandi leigubíla. Nú hefur komið fram t.d. sem menn gerðu sér kannski ekki grein fyrir en er í takt við breytingar og nýja tíma, þ.e. tölvur og tölvumæla, gjaldskrármæla sem eru í leigubílum í dag — þetta eru leigð tæki — að leigubílstjórar greiða 2.000–2.500 kr. í virðisauka á mánuði sem gerir á milli 24–30 þús. kr. á ári á hvern bíl. Það gerir miðað við 500 leyfi, jafnvel 600 leyfi, á bilinu 15–20 milljónir á ári bara í virðisaukaskatt sem leigubílar greiða til ríkissjóðs vegna þess að þeir leigja þessi tæki, nútímatæki sem við teljum nauðsynleg og sjálfsögð, í staðinn fyrir gömlu mælana sem voru einhvern veginn trekktir upp hér áður fyrr og ábyggilega keyptir bara einu sinni mjög ódýrir en báru ekki leigugjöld mánaðarlega eins og núna. Þetta vildi ég bara nefna við umræðuna.

Herra forseti. Þetta er ekki stórt og mikið frv. sem þarf að eyða miklum tíma í að ræða við 1. umr. á hinu háa Alþingi. Frv. kemur til samgn. og munum við skoða það þar. En ég vil leyfa mér að efast um að þarna hafi verið um nokkra misritun að ræða. Ég held einfaldlega að meiri hluti hv. samgn. í fyrra með hv. fyrrv. þm. Árna Johnsen, formann samgn., í broddi fylkingar hafi einfaldlega viljað lækka gjald af rútubílarekstri úr þeim 10.000 kr. sem þarna voru og að fólksbílunum hafi verið laumað þarna inn.

Ég ætla svo bara rétt að minna á nál. minnihlutamanna í samgn. frá því í fyrra, okkar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og þess sem hér stendur.

Herra forseti. Frv. snýst um það að hækka þetta gjald úr 3.000 kr. sem það er núna, hvort sem það er til komið vegna misritunar eða viljandi, í 10.000 kr. árlegt gjald. En ég spyr hæstv. samgrh. eingöngu um þetta, þ.e. hvort e.t.v. þurfi ekki enn einu sinni að breyta orðalagi í þessari grein vegna þess að í 4. gr. laganna er talað um rekstrarleyfi sem gefið er út til fimm ára en síðan ætlum við að rukka 10.000 kr. árlegt gjald, ef það er svoleiðis, og vonandi er að þetta dugi frá lögfræðilegum sjónarhóli eins og það stendur þarna. Og enn fremur vil ég spyrja hvort rútubílar séu — ég bara er ekki nógu klár á því — færðir árlega til skoðunar og þá borgað þetta lága gjald sem er 1.000 kr.

[14:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það sem ég vil vekja athygli á í umræðunni um þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, er að þarna er hreinlega verið að gera lagabreytingu til þess að innheimta aukin gjöld, til að hækka gjaldheimtu á þeim sem stunda flutninga á fólki.

Afgreiðsla laganna í fyrra var með þeim hætti, eins og hv. þm. Kristján L. Möller hefur rakið, að gert var ráð fyrir því að þessar bifreiðar þyrftu að greiða 3.000 kr. fyrir rekstrarleyfið. Hér er einfaldlega verið að hækka það upp í 10.000

kr. Ég held að það sé miklu heiðarlegra bara að segja það hreint út að þetta sé þannig.

Varðandi það hvernig menn reikna út kostnaðinn af þessu, hvort útreikningurinn byggi á vandaðri kostnaðaráætlun, þessi aukna gjaldtaka sem þarna er úr 3.000 kr. í 10.000 kr., þá held ég að draga megi í efa að hún byggi á einhverjum varanlegum grunni. Þetta er algjörlega nýtt og ekki vitað hvernig þessi kostnaður kemur til með að virka.

Í öðru lagi, herra forseti, væri forvitnilegt að vita hvernig með yrði farið ef meiri tekjur innheimtust til þessa verkefnis en það kostar. Samkvæmt lögum ætti væntanlega að skila slíkum tekjum inn í ríkissjóð. En varðandi þetta allt þá er þarna bara um aukna skattheimtu að ræða sem verið er að leggja þarna til og ekkert annað.

Það sem ég vil í öðru lagi gera að umtalsefni er staða skólabifreiða í þessari lagaumgjörð um fólksflutninga á landi. Mjög margir skólabílar eru ætlaðir fyrir færri farþega en níu manns, en lögin taka fyrst og fremst til bifreiða sem eru fyrir níu manns eða fleiri. En allmargir skólabílanna eru hins vegar minni. Mig minnir að það hafi verið þannig þegar ég hafði með þessa stjórnsýslu á skólaakstri að gera, að þá hafi skólaakstur fallið undir grunnskólalög. Búnaður skólabifreiða og leyfi til að fara með skólabifreiðir var þáttur í grunnskólalögum á sínum tíma. Ég veit ekki hvort svo er enn. Ég hef ekki kynnt mér það en alla vega eru það skólanefndir sem fjalla um tillögur um ráðningar til skólaaksturs.

Ég vildi nefna þetta því að hvorki þessi lög sem hér er um að ræða, lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, né lög um leigubifreiðir eða leiguakstur taka til skólabifreiða.

Hins vegar hafa komið upp atvik þar sem þessum lögum er með einum eða öðrum hætti beitt í tengslum við við skólabifreiðirnar, hvort sem það er með réttu eða röngu. Ég þekki dæmi þess að skólabifreið hafi verið stöðvuð af vegaeftirlitsmanni ásamt vegalögreglu við dyr skólans. Skólabílstjórinn hafði verið í akstri árum saman samkvæmt þeim samningum sem gilt höfðu. Þessir eftirlitsmenn meinuðu viðkomandi skólabílstjóra að aka börnunum heim vegna þess að hann hefði ekki þetta tilskilda rekstrarleyfi. Þá urðu foreldrar að sækja börnin sín sjálf í skólann, svo strangt var að kveðið í aðgerðum þessara eftirlitsmanna.

Úr þessu máli var síðan leyst, eftir nokkurt japl og jaml og fuður. Það var leyst með því að finna millileið um að viðkomandi skólabílstjóri útvegaði sér rekstrarleyfi. Ég hef líka upplýsingar um það að skólanefndum hafi verið send bréf þar sem minnst hafi verið á að þessi rekstrarleyfi þyrfti en lagastoð fyrir því er ekki beinlínis fyrir hendi.

Ég geri ekki lítið úr nauðsyn þess að þeir sem aka skólabifreiðum fari eftir skilgreindum kröfum og til þess geti þurft ákveðin leyfi. En jafnframt væri ástæða til að skoða hvort þörf sé á að fella þau leyfi og rekstur þessara bifreiða að þeim lögum sem hér eru til umræðu, en kanna áður hvort ákvæðið um þennan akstur sé enn að finna í grunnskólalögunum. Það er afar slæmt þegar upp koma mál líkt og ég lýsti áðan vegna deilna um skólaakstur. Herra forseti, ég vildi benda á þetta.

Verði gerðar þær breytingar á þessum lögum að skólaakstur falli undir þessi ákvæði lendir það væntanlega á þeim akstri líka að greiða þessar 10.000 kr. í skatt til ríkisins fyrir rekstrarleyfi, sem í litlum akstri, t.d. skólaakstri, getur verið verulega íþyngjandi.

Herra forseti. Að mínu viti er ekki rétt að skattleggja atvinnugreinar með þeim hætti sem hér er lagt til, að láta þær greiða svo háar upphæðir fyrir rekstrarleyfi. Í öðru lagi er ástæða til þess að skoða stöðu óreglulegs flutnings á fólki, svo sem akstur skólabíla, í lögum um fólksflutninga og í lögum um grunnskóla. Gæta þarf þess að ef slíkur akstur verði hugsanlega felldur undir þessi lög þá verði honum ekki íþyngt með skattheimtu í formi leyfisveitinga.

Þetta frv. kemur svo til samgn., herra forseti, þar sem ég á sæti og mér gefst tækifæri til að fjalla nánar um frv. þar.

[14:53]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller hefur í stórum dráttum farið yfir þetta mál í ræðu sinni. Hann gerði ágæta grein fyrir afstöðu okkar til málsins líkt og síðasta vor.

Ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég kem upp og fylgi þessu aðeins eftir er sú að þegar þetta mál er skoðað, þó ekki sé það stórt, endurspeglar það að mínu mati stærri hluti, núna undanfarin sex til sjö ár í tíð núverandi ríkisstjórnar. Útþensla ríkisins hefur verið u.þ.b. 80% frá því að hæstv. ríkisstjórn kom til valda. Það eru einmitt lítil mál eins og þessi sem endurspegla þessa þróun betur en margt annað.

Þegar þetta er skoðað og borið saman við fjárlögin er alveg ljóst að þær álögur sem við höfum hér leyft okkur að kalla leigubílaskatt og rútuskatt, og væntanlega koma inn á næsta ári, þ.e. ef Alþingi afgreiðir frv. sem hér liggur fyrir, munu nema samanlagt u.þ.b. 30 millj. kr. Það stendur til að leggja 30 millj. kr. á þessar stéttir.

Þessu frv. og þessum hugmyndum fylgir að færa á þessi verkefni frá samgrn. yfir til Vegagerðarinnar, þ.e. verkefni með áætlaðar tekjur upp á 30 millj. kr. á að færast frá samgrn. yfir til Vegagerðarinnar. Maður hefði haldið, í ljósi þessara umfangsmiklu verkefna og þessarar auknu skattheimtu, að þá mundi maður sjá þess merki, að þegar jafnvíðfeðm og stór verkefni eru flutt af einum stað á annan þá mundi maður væntanlega sjá niðurskurð í aðalstjórn eða yfirstjórn samgrn., það væri eðli málsins samkvæmt. Þegar verkefni sem kosta að mati þeirra sjálfra 30 millj. eru flutt frá A til B, þá hefði maður haldið að dregin yrði saman starfsemin hjá þeim sem höfðu verkefnin fyrir. Ég held að það sé ekkert óeðlilegt að draga þessa ályktun.

Virðulegi forseti. Síðan lítur maður í fjárlögin og þar segir að framlög til aðalskrifstofu samgrn. hækki um 10,3 milljónir. Framlög til aðalskrifstofu hækka um 10,3 milljónir þrátt fyrir að færð séu verkefni frá aðalskrifstofu, sem menn meta að kosti 30 milljónir. Það er einmitt þetta, virðulegur forseti, sem hefur verið að gerast undanfarin ár. Það eru svona smámál þar sem verið er að leggja á skatta og álögur sem að sjálfsögðu fara bara út í verðlagið því á endanum er það vitaskuld viðskiptavinurinn sem borgar þetta, það er ekki í aðra vasa að leita.

Þetta endurspeglar starfsemi ríkisstjórnar sem hér hefur setið vitaskuld allt of lengi, þessar sífelldu álögur enda hafa ríkisumsvif aukist um u.þ.b. 80% frá því að hún tók við árið 1995. Í sjálfu sér er ekki miklu við þetta að bæta, þ.e. öðru en því að ég held að hæstv. samgrh. skuldi okkur einhverjar skýringar.

Það er kannski allt í lagi að nefna það hér að í fyrravetur voru embættismenn ráðuneytisins mjög duglegir og stóðu sig mjög vel í að sannfæra samgn. um að mikilvægt væri að færa þessa málaflokka frá yfirstjórn eða aðalskrifstofu samgrn. yfir til Vegagerðarinnar, því að það væri svo mikil umsýsla í kringum þetta. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að spyrja:

Hvers vegna sjáum við þess ekki stað í fjárlagafrv. þegar svo stór og mikilvæg verkefni eru flutt frá ráðuneytinu yfir til undirstofnana? Hví sjást ekki um það merki í ráðuneytinu að verið sé að draga saman seglin?

Niðurstaðan er einfaldlega sú að hér er verið að leggja á viðbótarálögur, hér er aðeins verið að stækka báknið og mönnum virðist gleymdur sá frasi sem hljómaði hér á síðari hluta síðustu aldar um að báknið skyldi burt, gott ef Sjálfstfl. leiddi ekki þá umræðu markvisst. Þær hugmyndir eru vissulega löngu gleymdar ef marka má þetta frv.

Ég held að hæstv. ráðherra skuldi okkur skýringu. Þessi umræða fór fram mjög stíft í samgn. og málið var mikið rætt. Lögð var á það mikil áhersla að umsvif þessarar starfsemi væru slík, og því hljótum við að spyrja: Hvernig má það vera að við sjáum ekki samdrátt í starfsemi yfirstjórnar eða aðalskrifstofu samgrn. þegar svona víðfeðm og stór verkefni eru færð frá ráðuneytinu yfir til undirstofnana? Þetta er sú spurning sem ég ætla að beina til hæstv. samgrh. og ég vænti þess að það komi skýr og greinargóð svör við henni.

[14:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir viðbrögð þeirra við þessu agnarlitla frumvarpi. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Ef þetta frv. gæti orðið til þess að hv. þm. Samfylkingarinnar færu að setja sig inn í fjárlögin væri það út af fyrir sig mjög gott. Það er hins vegar deginum ljósara og hv. þm., ekki síst þeir sem eru í samgn. ættu að vita það, að við erum að fjalla um frv. til laga um breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi sem var ný löggjöf, sett í fyrra og fjallaði um tiltekið regluverk sem við erum að setja á stofn. Það er ekki verið að flytja nein verkefni út úr ráðuneytinu sérstaklega.

Við erum að gera breytingar og meiri kröfur til þeirra aðila sem standa í þessum atvinnurekstri, viðkvæmum, mikilvægum atvinnurekstri eins og rekstri stórra flutningatækja. Það er eðlilegt að gera kröfur til þeirra aðila, ekki síst á sviði öryggismála, um að farartækið sé í lagi, ökumenn séu með öll réttindi, fylgt sé eftir að þeir sinni öllum settum reglum og fari að því sem þarf til að tryggja ýtrasta öryggi þessara flutningatækja. Út á það gengur málið.

Með málinu er ekki verið að flytja nein verkefni út úr samgrn. Það hefði leitt til minni kostnaðar eða minni vinnu þar. Við erum að koma upp eftirliti — kannski mætti skamma okkur fyrir að við séum að búa til eitthvert bákn — en ég er ekki talsmaður þess að búa til neitt eftirlitsbákn, síður en svo. En við eigum ekki annarra kosta völ en tryggja að þeir sem reka flutningatæki fyrir fólk, sérleyfishafar, þeir sem reka hópferðabíla, þeir sem reka skólabíla, af því að hv. þm. Jón Bjarnason ræddi það hér áðan, fari eftir reglum. Út á það gengur löggjöfin sem við erum að fjalla um hér. Ég held að það liggi alveg í augum uppi að við þurfum að vanda þessar reglur. Að sjálfsögðu ætti að hafa þetta eins ódýrt og nokkur kostur er. Það er engin ástæða til að ná inn sérstökum viðbótartekjum í ríkissjóð umfram það sem þetta eftirlit kostar. Það er grundvallaratriði í mínum huga.

Hv. þm. Kristján Möller gat sér þess til að ekki hefðu orðið mistök í afgreiðslu í fyrra. Okkur í ráðuneytinu sýnist að einhver misbrestur hafi orðið vegna þess að við gerðum ráð fyrir að innheimta gjald upp á 7 þús. kr. en nefndin lagði til að það yrðu 3 þús. kr. Við höfðum gert ráð fyrir að þetta væru 10 þús. kr. núna og ég held að það fari ekkert á milli mála miðað við þau gögn og þær upplýsingar sem embættismenn ráðuneytisins veittu samgn. þá hafi það legið á borðinu að lækkun úr 7 þús. kr. niður í 3 þús., ég tala ekki um úr 10 þús. niður í 3 þús. kr., gekk ekki upp miðað við þær upplýsingar sem við höfum.

Ég vil undirstrika það og endurtek að ég tel að við þurfum að gæta mjög hófs í slíkri gjaldtöku. Við þurfum hins vegar að tryggja að eðlilegt eftirlit verði með því að reglum sé framfylgt því að við erum að fjalla um mikilvæga flutninga og það má ekkert út af bregða ef rúturnar, flutningabílarnir og öll þessi tæki eru ekki í góðu lagi.

Hv. þm. Jón Bjarnason fjallaði nokkuð um skólabíla. Það er auðvitað nauðsynlegt að fyrir liggi að reglur sem snúa að fólksflutningatækjum snúi einnig að skólabílum vegna þess að í einhverjum tilvikum eru það sömu fyrirtækin sem sinna bæði sérleyfisakstri, hópferðaakstri og skólaakstri. Sömu reglur hljóta því að gilda um alla slíka aðila þegar um sams konar stærð bíla er að ræða.

Ég held að það sé ekki fleira sem ég þarf að fara yfir. Það er ekki á ferðinni neinn vilji til útþenslu ríkisins. Við erum að sinna nauðsynlegu eftirlitskerfi sem við Íslendingar eigum og verðum að hafa í algeru lágmarki. Það á að vera sú grunnhugsun hjá okkur þingmönnum í öllu falli að reyna að hafa kerfið eins ódýrt og umfangslítið og nokkur kostur er. Ég er feginn að hv. þm. hafa tekið eftir því sérstaklega að sjálfstæðismenn hafa viljað vera í fararbroddi hvað það varðar og vænti þess að þeir komi í það lið, hv. þm. Samfylkingarinnar sem hér hafa talað, og styðji okkur sjálfstæðismenn í því að reyna að gera þessa hluti alla eins ódýra og einfalda eins og kostur er án þess að ganga á öryggið.

[15:05]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veitir af að fleiri komi til þess verkefnis að hjálpa Sjálfstfl. við að draga úr þenslu ríkisins, því að hann er nú búinn á sex ára stjórnartíð að setja Íslandsmet sem vonandi verður seint eða aldrei slegið.

En mig langar aðeins til að spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að ég játa það að ég botnaði óskaplega lítið í þessari ræðu sem hann flutti hérna, alveg óskaplega lítið. Ráða mátti af orðum hans að hér hafi allt verið í molum undanfarin 100 ár á meðan við höfum verið að keyra þessa blessuðu bíla þangað til þessar skatttekjur voru settar á. Þá loksins kemst öryggið í lag. Hæstv. ráðherra verður ekki skilinn öðruvísi en svo að þetta sé algerlega nauðsynlegt til að bjarga öryggi sem hlýtur þá að segja okkur það einnig að hér hafi allt verið í molum undanfarin 100 ár því að hér hafa bílar meira og minna verið allan þann tíma. Þetta er því dálítið undarleg yfirlýsing og kannski ekki ástæða til að ræða hana mikið frekar.

Í athugasemdum fjmrn. segir, og ég ætla að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Samtals er því gert ráð fyrir að tekjur af leyfisveitingum verði u.þ.b. 11 millj. kr. á ári, og vega þær upp á móti kostnaði við veitingu leyfanna."

Lög sem gengu í gegn að hluta til í vor og annað frv. sem liggur fyrir, þ.e. varðandi það frv. sem hér er og síðan um leigubílana, gera ráð fyrir að flytja verkefni yfir til Vegagerðarinnar. Kostnaðurinn við þetta tiltekna frv., ekki leigubílana, er þá 11 millj. kr. og samanlagt gerir þetta því u.þ.b. 30 millj. kr., verkefni sem eru flutt til Vegagerðarinnar. Því spyr ég enn og aftur: Af hverju sjáum við þess ekki stað í fjárlögunum með lækkun á framlagi til aðalskrifstofu,

að verið sé að flytja jafnvíðfeðm og umfangsmikil verkefni frá aðalskrifstofu til Vegagerðarinnar? Af hverju sjáum við þess ekki stað í stað þess að sjá hækkanir?

[15:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var búinn að fara yfir það með hv. þm. að við erum að fara inn í nýtt umhverfi og aðrar reglur en hafa verið. Það starf sem nú er unnið og verður unnið á grundvelli þessara nýju laga verður unnið hjá Vegagerðinni og hefur ekki verið unnið með þeim hætti sem við ætlumst til hjá samgrn. þannig að það sé bara alveg klárt og kvitt.

Til að undirstrika það enn og aftur þá hefur t.d. íslenska ferðaþjónustan, aðilar í ferðaþjónustu, lagt ríka áherslu á að við hefðum allar reglur mjög skýrar og klárar sem snúa að fólksflutningum því það er einhver sú versta auglýsing sem íslensk ferðaþjónusta getur fengið ef einhver hætta er á að þeir sem selja ferðir til Íslands fái það á tilfinninguna að ekki sé nægilega mikið eftirlit með ökutækjum. Ferðaþjónustan hefur kallað mjög skýrt á það að þeir öryggisþættir verði í góðu lagi. Fyrir hv. þm. Samfylkingarinnar, fyrrv. alþýðuflokksmann, væri kannski ástæða til að rifja það örlítið upp að það skyldi þó ekki vera að eitthvað af þessum reglum sem hann er að vekja athygli á séu ættaðar frá Evrópusambandinu og séu partur af reglum hins Evrópska efnahagssvæðis sem við að sjálfsögðu þurfum að laga okkur að. Ef vilji Samfylkingarinnar um að ganga inn í Evrópusambandið næði fram að ganga, þá óttast ég mjög að það mundi teljast lítið brot af öllum reglum og kostnaði vegna þeirra sem við erum að gera hér miðað við það sem gæti fylgt því.

[15:10]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef bara eina mínútu til að svara þessu en ég held að rétt sé að upplýsa hæstv. ráðherra um að við tökum yfir u.þ.b. 80–90% af regluverki Evrópusambandsins miðað við þá samninga sem við erum með í dag þannig að það mundi ekki aukast mikið.

Ég þori einnig að fullyrða að þeim í Brussel er nákvæmlega sama um það hvort útgáfa leyfa er hjá Vegagerðinni eða hjá aðalskrifstofu samgrn., alveg nákvæmlega sama. Það eru engar áætlanir um að flytja þessi verkefni frá A til B.

Hins vegar, virðulegi forseti, kemur það fram að hér er um viðbótarskattlagningu að ræða vegna leyfisveitinga og menn eiga ekki að vera að rugla inn í það einhverjum öryggiskröfum í flótta sínum frá málinu heldur koma fram og útskýra hvernig á því standi að auknar tekjur, minni verkefni, leiði ekki til þess að hægt sé að draga saman á fjárlögum. Þetta þarf hæstv. ráðherra að útskýra og hætta að röfla endalaust um öryggiskröfur sem koma þessu máli ekkert við.

[15:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef farið yfir þetta með hv. þm. Hann verður þá að lesa það í þingtíðindum hafi hann ekki hlustað nægilega vel hvernig fjármálahlið þessa máls er.

Hins vegar vil ég vekja athygli hans á því sem er mjög mikilvægt einnig af því að hv. þm. er löglærður, að það er mjög mikilvægur partur af stjórnsýslunni að ráðuneyti sem þarf að úrskurða í deilumálum sé ekki að sinna stjórnsýslunni sjálft og síðan þurfi ráðherrann þegar ráðuneytið hefur unnið mál, (Gripið fram í.) að fara að úrskurða. Þess vegna teljum við það eðlilegt, hv. þm., að undirstofnun, þ.e. Vegagerðin, sjái um framkvæmdina þannig að þeir sem þurfa að sæta eftirlitsverki Vegagerðarinnar eigi þess kost að leita til úrskurðar stjórnvaldsins sem er þá ráðuneytið. Þetta er grundvallaratriðið í stjórnsýslunni, sem við erum að reyna að færa til betri vegar, sem lögfræðingar í það minnsta, svo sem hv. þm. og formaður þingflokks Samfylkingarinnar, ættu að vera mér sammála um og standa með mér í.

[15:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því til hvers þessi gjaldtaka er. Henni er ætlað að standa straum af kostnaði sem hlýst af námskeiðahaldi, útgáfu leyfa og eftirliti samkvæmt lögum. Hið sama á líka við um frv. um leigubifreiðar. Þar á Vegagerðin að fara að standa í einhverju stórvirku námskeiðahaldi án þess að það sé nánar skilgreint.

Mér finnst, herra forseti, að verið sé að fara þarna út á mjög fljótandi og óskilgreint svið. Síðan á hún að annast eftirlit samkvæmt lögunum, en við erum líka með bifreiðaeftirlit og annars konar eftirlit þannig að þarna er hætta á að hver fari að elta annan í þessu eftirliti og „ræflarnir" sem stunda atvinnuna verða bara að borga og borga við hvert hlið.

Það sem ég ætlaði aðallega að ítreka aftur, herra forseti, er staða þeirra skólabifreiða sem taka færri en níu farþega. Mér er kunnugt um að á grundvelli þeirra laga sem nú gilda hafi þær verið stöðvaðar og heimtað rekstrarleyfi af þeim. En síðan þegar kom til viðkomandi sýslumanns, þá gat hann hvergi fundið lagastoð fyrir því, enda er ekki minnst á þær gerðir bíla eða slíka flutninga í lögunum. Ég vil vekja athygli á þessu. Ég tel ástæðu til að nefndin skoði stöðu skólabílanna, skólaakstursins, og á meðan sé gætt hófs í því að stöðva bíla sem hafa sinnt skólaakstri og hafa starfað samkvæmt þeim reglum sem hafa gilt um þá til þessa. Á meðan sé gætt hófs í því að stöðva þá úti á miðjum vegi fulla af skólabörnum og skipa börnum að fara út og láta síðan sækja þau þangað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning skipa, 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 347.

[15:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum. Það er stjórnarfrv., 285. mál þingsins á þskj. 347.

Með frv. því sem hér er lagt fram, um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, er opnað fyrir þann möguleika að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá verði þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá án þess að vera afskráð af íslensku skipaskránni.

Frv. er samið af nefnd sem samgrh. skipaði en í nefndinni voru fulltrúar frá samgrn., utanrrn. og sjútvrn.

Með lögum nr. 153/2000, um breytingu á lögum um skráningu skipa, var gerð sams konar breyting og hér er til umfjöllunar en hún varðaði einvörðungu kaupskipin. Þá var heimilað að skrá íslensk kaupskip á íslenska skipaskrá þegar íslenskir aðilar hafa aðeins umráð skipsins með þurrleigusamningi. Jafnframt var heimilað á sama hátt og lagt er til með þessu frv. að kaupskip á íslenskri skipaskrá verði

þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá án þess að vera afmáð af íslensku skipaskránni.

Tilgangur frv. er að greiða fyrir og auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Hins vegar er lagt til að sett verði mjög ströng skilyrði fyrir slíkri heimild og við það miðað að þurrleigð skip stundi aðeins veiðar sem íslensk skip ættu annars ekki kost á. Veiðiheimildir annarra ríkja, innan eða utan lögsögu þeirra, er yfirleitt einungis hægt að nýta með skipum er bera fána viðkomandi ríkis. Íslenskar útgerðir sem hafa sóst eftir að nýta veiðiheimildir annarra ríkja hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki, jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á veiðiheimildirnar sem ætlunin er að nýta. Mikil fyrirhöfn og kostnaður er þessu samfara fyrir útgerðir skipanna. Sem dæmi má nefna rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi. Veiðar þessara skipa yrðu því hrein viðbót við þau verkefni sem íslenski flotinn getur nú stundað. Í því felast ekki aðeins auknar tekjur fyrir útgerðir heldur einnig fleiri atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Hinn meginkosturinn er að íslenskar útgerðir gætu nýtt þurrleiguskráningu til að bæta réttarstöðu sína við sölu á skipum til erlendra aðila með kaupleigusamningi.

Eins og áður sagði er með frv. þessu lagt til að heimilt verði að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá verði þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá án þess að vera afskráð af íslensku skipaskránni.

Með þurrleiguskráningu er átt við skráningu skips þegar gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Leigutaki getur ýmist verið tengdur leigusala eða ótengdur honum. Leigusali getur komið upp fyrirtæki í öðru landi, t.d. með þátttöku þarlendra aðila, sem uppfyllir kröfur þess ríkis um eignarhald. Þetta fyrirtæki gæti þurrleigt skipið af móðurfyrirtækinu. Í öðrum tilvikum gæti leigutakinn verið ótengdur leigusala með öllu. Kjósi eigendur íslenskra fiskiskipa að nýta sér heimild til að þurrleiguskrá skipið erlendis mun það sigla undir fána erlenda ríkisins og gilda lög þess um allan rekstur skipsins, þar með talin um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi sjómanna. Hins vegar verða veðbönd skips sem skráð er með þessum hætti áfram skráð hjá þinglýsingarstjórnum hér á landi.

Nefndin sem vann frv. viðaði að sér upplýsingum og gögnum um alþjóðasamninga er varða málið og skoðaði þá með hliðsjón af mögulegri þurrleiguskráningu frá íslenskri skipaskrá. Einnig aflaði utanríkisráðuneytið upplýsinga, í gegnum nokkur sendiráð Íslands, um löggjöf erlendra ríkja um þurrleiguskráningu og úthlutun veiðiheimilda erlendis. Loks aflaði hún upplýsinga um löggjöf í Danmörku og Færeyjum um skráningu skipa í þessum löndum. Þar er þurrleiguskráning heimiluð, en það felur í sér heimild til þurrleiguskráningar á og frá skipaskrám þessara landa. Í Danmörku er heimildin bundin við kaupskip. Niðurstaða nefndarinnar var að þurrleiguskráning væri heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Nefndin sem vann að frv. leitaði álits hagsmunaðila á málinu. Af hálfu stéttarfélaga sjómanna hafa komið fram sjónarmið um að engin rök standi til þess að veita heimild til þurrleiguskráningar fiskiskipa. Þar komu fram sjónarmið um að þrýstingur muni aukast á að útlendingar starfi áfram á þessum skipum þegar þau koma aftur til Íslands, samningsstaða sjómanna versni að því er kjaramál varðar, að verið sé að sækjast eftir ódýru erlendu vinnuafli í samkeppni við íslenska sjómenn, útgerðir mundu nota þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem mætti stunda undir íslenskum fána í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar og óvissa gæti ríkt um réttarstöðu áhafnar, eigenda og skips gagnvart öðrum ríkjum.

Þessi sjónarmið stéttarfélaga sjómanna hafa verið skoðuð ítarlega við gerð frv. og reynt að koma til móts við þau. Gildandi lög kveða á um að til þess að unnt sé að ráða erlenda sjómenn á skip sem siglir undir íslenskum fána þurfi þeir að fá viðurkenningu á atvinnuskírteinum sínum. Auk þess þurfa þeir atvinnuleyfi á Íslandi ef þeir koma frá löndum utan EES-svæðisins og skylt er að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélaga áður en atvinnuleyfi er veitt. Sé atvinnuleyfi veitt fá viðkomandi sjómenn laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum.

Frv. kveður á um að heimild til þurrleiguskráningar verði ekki veitt nema skip sem sigla undir þjóðfána Íslands geti ekki stundað fyrirhugaðar veiðar. Það hefur jafnframt komið fram við undirbúning þessa máls að íslenskar útgerðir kjósa að hafa íslenska sjómenn um borð að meira eða minna leyti í skipum sem veiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu, m.a. til þess að draga úr þeirri áhættu sem fylgir því að leigja frá sér dýr atvinnutæki. Hins ber þó að geta að heimild íslenskra sjómanna til að starfa á þurrleigðum skipum er háð reglum fánaríkisins um atvinnuleyfi.

Ég vil að lokum lýsa þeirri von minni að frv. þetta nái fram að ganga á Alþingi. Með samþykkt þess munu tvímælalaust skapast aukin tækifæri fyrir íslenska sjómenn og íslenskar útgerðir og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgn.

[15:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa. Markmið frv. er að hægt sé að skrá íslensk fiskiskip svokallaðri þurrleigu.

Ég vil í upphafi máls míns segja að ég hefði talið betra ef frv. hefði verið sett öðruvísi upp en það er, samanber þessa 1. gr. a og síðan málsgreinar sem allar hefjast undir fjöldamörgum liðum, a-, b- og c-lið, hver í sínu lagi. Það hefði verið skilmerkilegra að setja það upp öðruvísi, t.d. 1. gr. a, b og c. En það er nú annað mál og kannski sérviska mín.

Um efni frv. vil ég segja að í fyrsta lagi finnst mér gæta að sumu leyti framsetningar eins og við höfum ekki átt kost til veiða á ýmsum heimildum. Við höfum jú stundað rækjuveiðar á Flæmingjagrunni á skipum sem gerð eru út af Íslendingum en hafa verið færð undir fána annarra ríkja, og nýtt þar veiðiheimildir. Það er svona hálfpartinn látið að því liggja í frv. að við munum ekki geta nýtt þær heimildir, eins og segir hér:

„Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi."

Síðan segir:

„Veiðar þessara skipa yrðu því hrein viðbót við þau verkefni sem íslenski flotinn getur nú stundað."

Mér finnst þetta dálítið skrýtin uppsetning vitandi það, og sérstaklega ætti náttúrlega hæstv. samgrh. að vita það, að íslensk skip hafa verið að stunda þarna veiðar. Þau eru að vísu skráð í öðrum löndum en eignarhaldið á þeim er íslenskt. Þau hafa verið færð undir eignarform sem við höfum oftast nær kallað skúffufyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem stofnuð eru í öðrum löndum til þess að skrá skip undir. Ég held að ekki sé hægt að halda því fram í þessu frv. að t.d. rækjuveiðarnar á Flæmingjagrunni verði eingöngu stundaðar samkvæmt þessari þurrleigu sem hér er lögð til.

Það má líka spyrja um önnur áhersluatriði: Falla rækjuveiðarnar á Flæmingjagrunni, eins og þær eru stundaðar nú eða eins og þær mundu verða stundaðar samkvæmt þessari uppsetningu frv., þ.e. að skipin verði á þurrleigusamningum, undir þá hugsun í frv. að þessar veiðar skaði ekki hagsmuni Íslendinga? Ég ætla að leyfa mér að draga það mjög í efa.

Það er einfaldlega svo að íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að veiða á Flæmingjagrunni undir svokölluðu kvótakerfi. Við höfum ekki fullnýtt þær heimildir okkar á Flæmingjagrunni, t.d. á síðasta ári, ef ég veit rétt. Aðrar þjóðir hafa hins vegar aflað mjög mikið og það hefur verið gert í gegnum svokallað dagakerfi, sóknardagakerfi. Það er útgerðarform sem m.a. eigendur íslenskra skipa hafa sóst eftir að komast í undir hinum ýmsu fánum og undir ýmsum heimildum. Veiði skipanna hefur verið hlutfallslega meiri en menn gerðu ráð fyrir eða aukning á veiðum þessara erlendu skipa, þ.e. þessara íslensku erlendu skipa, ef það er hægt að orða það þannig, og annarra skipa frá viðkomandi löndum hefur verið meiri en menn gerðu ráð fyrir. Þau skip hafa verið að vinna sér inn veiðireynslu og þar með hafa íslensk skip unnið sér inn veiðireynslu fyrir erlendu ríkin því að sú veiðireynsla sem fæst á fána ríkis, hvort sem það er undir því formi sem nú tíðkast eða samkvæmt þessu þurrleigufyrirkomulagi sem boðað er í frv., verður veiðireynsla viðkomandi ríkis. Hún verður ekki veiðireynsla Íslands.

Ég ætla að leyfa mér að draga mjög í efa að það sem talað er um hér, m.a. Flæmingjagrunnið, sérstaklega með tilliti til þess að við Íslendingar erum þar einir bundnir kvóta á meðan aðrar þjóðir hafa aukið aflamagn sitt ár frá ári, að fyrirkomulagið þar, bæði veiðar okkar og eins þessi sókn okkar í veiðirétt annarra ríkja, þjóni hagsmunum Íslendinga. Það er vel hægt að færa fyrir því rök. Kæmi til uppstokkunar á veiðiheimildum á Flæmingjagrunni þá mundu önnur ríki sem þar eru að veiðum njóta þess á okkar kostnað. Það er mjög líklegt að niðurstaðan yrði sú ef tekið yrði til við að endurskoða aflabrögð á Flæmingjagrunni. Sem betur fer bendir ekkert til þess að veiðin þar fari minnkandi þrátt fyrir mikla sókn, svo merkilegt sem það er. Það gæti hæglega komið þannig út að veiðar sem þar eru stundaðar, sem samkvæmt þessu frv. ættu þá að vera heimilar sérstaklega í þurrleigu, ynnu beinlínis gegn hagsmunum okkar, þ.e. ef við horfum kalt á að það séu hagsmunir Íslands að hafa sem mesta veiðireynslu á viðkomandi svæðum.

Ég lít svo á að stjórnvöld þessa lands vilji eiga þar sem mesta hlutdeild. Hvers vegna segi ég það? Ég segi það m.a. vegna þess að allir þeir samningar sem við höfum gert um veiðar innan og utan lögsögu, um svokallaða flökkustofna eða stofna í úthafinu, hafa að langmestu leyti byggst á veiðireynslu. Það hefur ævinlega verið veiðireynslan sem ráðið hefur réttinum í samningum um skiptingu á stofnum milli ríkja. Nægir þar að nefna máli mínu til stuðnings svokallaðar veiðar Evrópusambandsins á norsk-íslenskri síld. Þeir voru t.d. taldir hafa skrifað upp afla sinn í meiri mæli en þeir höfðu veitt og gerðu síðan kröfu um veiðirétt.

Sama má segja um þá stefnu sem við Íslendingar höldum úti, að setja kraft í veiðar á kolmunna. Við erum beinlínis að gera það til að skapa okkur hefð, skapa okkur rétt, skapa okkur samningsstöðu upp á rétt okkar í framtíðinni þó að við vitum fullvel að Norðmenn, Rússar og Evrópusambandsríkin hafi ímugust á því hve miklum árangri við höfum náð þar á undanförnum árum. Þetta er auðvitað vísvitandi gert til þess að byggja undir veiðirétt okkar og sannar þá fullyrðingu sem ég hef haldið hér fram, að þegar við tökum að okkur að veiða fyrir önnur ríki af miklum krafti og þeirri þekkingu sem við getum boðið fram þá getum við undir vissum kringumstæðum undirbúið og byggt upp veiðirétt annarra ríkja. Það getur komið okkur mjög illa þegar fram í sækir, þegar verið er að tala um uppskiptingu veiðiréttar. Þetta vildi ég láta koma hér fram.

Þetta frv. er þannig upp byggt að í 1. gr. er fyrst talað um skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að fiskiskip sem er skráð er á íslenska skipaskrá fáist skráð yfir á þurrleigusamning í erlenda skipaskrá. Þar er upptalning á ýmsum skilyrðum sem þarf að uppfylla. Þar segir m.a. í g-lið 1. efnismgr.:

„aðrar upplýsingar sem samgönguráðherra getur kveðið á um í reglugerð."

Mig langar í framhaldinu að varpa fram spurningu til hæstv. samgrh.: Hvaða aðrar upplýsingar er átt við sem samgrh. á að geta kveðið á um í reglugerð? Hverjar eru þær? Og hvaða aðrar upplýsingar sem samgrh. getur kveðið á um í reglugerð gæti þurft að krefjast til viðbótar við það sem talið er upp í a- til g-liðar 2. efnismgr.? Ég ætla að lesa þá upptalningu þannig að hæstv. ráðherra átti sig á hvaða annarra upplýsinga hann mundi hugsanlega krefjast. 2. efnismgr. 1. gr. hljóðar svo:

„Áður en Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. skip sem sigla undir þjóðfána Íslands gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur".

Ég ætla að lesa þetta aftur, hæstv. forseti:

„a. skip sem sigla undir þjóðfána Íslands gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur".

Nú vill svo til að allar þær veiðar sem taldar eru upp í greinargerðinni eru stundaðar nú þegar af íslenskum skipum. Þá spyr ég: Hvernig telur ráðherrann að þessi málsgrein, þ.e. þessi stafliður hennar, takmarki það nú þegar skipin verða sett undir þurrleigu?

Því næst er b-liður, svohljóðandi:

„b. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur grafa ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við reglur þjóðaréttar".

Jú, ég held að við þurfum ekki að velta þessu mikið fyrir okkur. Þetta eru hinar almennu reglur sem m.a. við höfum undirgengist og við teljum alþjóðarétt.

„c. verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,

d. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur eru í samræmi við þær reglur sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um".

Mig langar að fá nánari skýringu á þessum lið.

„e. sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki".

Sýnt þykir, segir hér. Hvernig leggja menn mat á það? Mig langar til að fá skýringar á því og hvort könnuð hafi verið einhver sérstök viðmið í samgrn. sem sýni að t.d. þær þjóðir sem við höfum þegar flaggað skipum undir, þó að óbeint sé, hafi haldið allar sínar skyldur gagnvart þeim aðilum. Eða er þarna átt við eitthvað annað?

„f. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur ganga ekki að öðru leyti gegn hagsmunum Íslands".

Ég hef vikið örstutt að því hvaða hagsmunir Íslands það gætu verið, m.a. að við værum að vinna öðrum ríkjum inn veiðireynslu, sem gætu síðar gengið þvert gegn hagsmunum okkar. Þá spyr ég: Hverjir munu leggja mat á þá hagsmuni okkar? Er það sjútvrn. eða ... (**Gripið fram í:** Árni M. Mathiesen.) Hæstv. sjútvrh. Já, það var og. (Gripið fram í.) Já, það kann vel að vera að honum sé falið það, ég spyr.

Síðan segir í g-lið:

„önnur skilyrði sem sjávarútvegsráðherra getur kveðið á um í reglugerð."

Í ljósi þessarar upptalningar minnar þá spyr ég um þennan g-lið 2. efnismgr. 1. gr. Hver eru hugsanleg viðbótarskilyrði við þá liði sem ég hef lesið hér upp?

Síðan kemur 4. efnismgr. 1. gr., sem ég hefði nú talið að færi betur á að kalla 1. gr. d. Sú málsgrein fjallar um heimild til þurrleiguskráningar. Þar segir m.a. í c-lið:

„skilyrði fyrir heimild til þurrleiguskráningar skv. 2. mgr. er ekki lengur uppfyllt að mati sjávarútvegsráðuneytisins".

Þá kemur að hæstv. sjútvrh., Árna M. Mathiesen, eins og kallað var hér úr salnum áðan. Í framhaldi af því að þetta frv. tengist bæði sjútvrn. og samgrn. mundi ég vilja vita hvort hæstv. ráðherra teldi ekki eðlilegt að þetta frv. færi bæði til samgn. og sjútvn.

Síðan er þarna málsgrein sem mig langar að fá góða skýringu á. Það er næstsíðasta efnismgr. 1. gr. Hún hljóðar svo:

„Þegar heimild skips til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður skal Siglingastofnun Íslands fara fram á það við erlendu skipaskrána að skipið verði tafarlaust afmáð af henni."

Ég lít svo á að ef sjútvrh. kæmist að þeirri niðurstöðu að skilyrðin fyrir þurrleigusamningnum væru ekki til staðar þá mundi íslenska ríkið gera kröfu til þess að skipið yrði tafarlaust tekið af hinni erlendu skipaskrá. Þannig virðist það bara samkvæmt orðanna hljóðan, það verði tafarlaust afmáð af henni. Er það þá gert í hafi? Á að krefjast þess í hafi að skipið sé tekið af hinni erlendu skipaskrá? Mér finnst þetta dálítið skrýtið orðalag. Þess vegna held ég að menn þurfi einfaldlega að velta því fyrir sér hvort þetta orðalag standist. Ef menn gera þetta að lögum og standa frammi fyrir því að þurfa að beita því, stenst þá þetta orðalag hina raunverulegu framkvæmd, að hægt sé að taka skip fyrirvaralaust af skrá að kröfu Íslands? Þarna er gerð krafa til þess að viðkomandi fánaríki viðurkenni rétt Íslands til að krefjast þess að skipið sé tekið af hinni skráðu þurrleigu. Þá gæti komið upp réttarástand þar sem skip væri í hafi með áhöfn sem ekki samræmdist íslenskum lögum.

Það er einfaldlega þannig að fánaríkin gera yfirleitt mjög stífar kröfur til þess að skip séu mönnuð eftir þeim kröfum sem eru í viðkomandi ríki. Til dæmis í Eystrasaltslöndunum, nema það hafi þá breyst síðustu þrjú árin. Ég skal ekki fullyrða um það. Að vísu hafa orðið miklar breytingar í Eystrasaltslöndunum sl. þrjú ár en fyrir þann tíma var krafan a.m.k. að skip sem ætluðu að stunda veiðar undir fána þeirra ríkja væru mönnuð yfirmönnum sem hefðu ríkisfang í því ríki, skipstjórum, stýrimönnum og vélstjórum. Ef íslenskir skipstjórnarmenn komu þar um borð voru þeir skráðir fiskilóðsar, réðu að vísu öllu um veiðarnar en það gat samt verið ágreiningsmál hvar yfirráðunum sleppti og hvar yfirráðin hjá fánaríkisskipstjóranum tóku við. Í raun var það auðvitað fánaríkisskipstjórinn sem bar ábyrgð á skipinu ef eitthvað bar út af. Þannig hygg ég að það sé í mjög mörgum ríkjum, að gerð sé afar stíf krafa um mönnun, yfirleitt mun stífari krafa en gerð er á Íslandi. Við gerum kröfur um að það skuli vera íslenskur skipstjóri að lágmarki og ef ég man rétt þá skuli aðrir yfirmenn skilja íslenskt mál og allar fyrirskipanir. Við erum náttúrlega undir EES-samningunum þannig að ég hygg að í mörgum þeirra landa sem menn eru að hugsa um í þessu frv., eins og það er upp sett, séu gerðar mun stífari kröfur en við Íslendingar gerum.

Þetta er það sem ég ætlaði að víkja hér að í fyrstu. Ég mun kannski koma síðar og ræða málið en ég bið í upphafi máls um skýringar á því sem ég hef spurt um.

Umræðu frestað.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 288. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 351.

[15:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Fram að lagabreytingunni var fjárhæðum breytt árlega með reglugerð. Við útreikning á gjaldinu var miðað við áætlaðan kostnað Fiskistofu af rekstri veiðieftirlitsins enda eftirlitsgjaldinu ætlað að standa undir þeim kostnaði. Gjaldinu var skipt þannig niður að leyfishafar greiða annars vegar gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni og hins vegar gjald sem ákvarðast af úthlutuðu aflamagni — eða lönduðum afla — hvers skips í þorskígildum talið.

Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni hækki úr 15.000 kr. í 16.500 kr. Með þessu móti hækka tekjur af gjaldinu á árinu 2002 um 3,7 millj. kr.

2. Að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum skuli hækka úr 424 kr. í 462 kr. Í fjárlögum ársins 2001 er gert ráð fyrir að innheimta vegna gjalds á úthlutaðar aflaheimildir nemi um 176,5 millj. kr. Gjald vegna fiskveiðiársins sem hófst 1. september sl. og lýkur 31. ágúst 2002 verður lagt á 1. desember nk. Úthlutun þorskígilda vegna fiskveiðiársins liggur fyrir og er um 382.400 þorskígildi. Til að ná markmiðum fjárlaga er því lagt til að gjaldið hækki úr 424 kr. í 462 kr.

Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[15:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er verið að ræða um er eingöngu hækkunarfrumvarp, krónutölur. Mig langar þó aðeins að spyrja um þorskígildin, þ.e. hvað sé nákvæmlega komið inn í þau, inn í þennan þorskígildareikning. Er keilan komin að fullu, er langan komin að fullu, er skötuselurinn fullreiknaður þarna inn? Og gott væri ef hæstv. ráðherra vildi vera svo vænn að rifja aðeins upp fyrir okkur um kolmunnann.

[15:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Án þess að ég hafi athugað það sérstaklega geri ég ráð fyrir að langan, keilan og skötuselurinn séu komin inn í úthlutaðan heildarfjölda þorskígilda og þá jafnframt að kolmunnaálagningin falli undir þann hluta sem lagður er á landaðan afla, eins og nefnt var.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 352.

[15:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Gjöldin eru tvenns konar og eru lögð á eigendur fiskiskipa. Annars vegar er um að ræða gjald sem lagt er á um hver áramót og miðast við stærð skips í brúttótonnum. Hins vegar er um að ræða gjald sem lagt er á við úthlutun aflaheimilda. Fram að framangreindri lagabreytingu hafði fjárhæðum verið breytt árlega með reglugerð og var miðað við breytingar sem orðið höfðu á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma enda voru ákvæði þar að lútandi í þágildandi lögum. Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald á hvert brúttótonn fiskiskips verði hækkað úr 922 kr. í 1.018 kr. og að hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn hvers skips hækki úr 350.000 kr. í 387.000 kr. Árið 2000 námu tekjur Þróunarsjóðs af þessu gjaldi um 92 millj. kr. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldinu hækki um 10 millj. kr. og verði um 102 millj. kr. árið 2002.

2. Að gjald á hvert úthlutað þorskígildistonn hækki úr 1.230 kr. í 1.358 kr. Árið 2000 námu tekjur Þróunarsjóðs af gjaldi á aflaheimildir um 538 millj. kr. Verði frumvarp þetta að lögum ásamt því að úthlutun þorskígilda verði söm og á yfirstandandi fiskveiðiári má gera ráð fyrir að tekjurnar lækki um 19 millj. kr. frá árinu 2000 og verði um 519 millj. kr. árið 2002. Lækkunin stafar af fækkun úthlutaðra þorskígilda úr um 460.000 fiskveiðiárið 1999/2000 í um 382.400 þorskígildi fiskveiðiárið 2001/2002.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (brottkast afla). — Þskj. 348.

[15:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, í þeim tilgangi að auðvelda eftirlit með brottkasti afla og til að bæta meðferð afla. Samkvæmt gildandi ákvæði er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefur verið unnt að komast hjá í viðkomandi veiðum sem og fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi. Hér er lagt til að óheimilt verði að henda slíkum fiski aftur í hafið en að skylt verði að koma með hann að landi. Þessi fiskur reiknist hins vegar ekki til aflamarks fiskiskips, enda verði hann einungis nýttur til bræðslu. Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að gildandi heimild til að kasta fiski fyrir borð í ákveðnum tilvikum gerir allt eftirlit með brottkasti afla mjög erfitt. Eins og staðan er í dag geta þeir sem verða uppvísir að brottkasti haldið því fram að sá fiskur sem hent var hafi verið sýktur eða skemmdur á annan hátt. Sönnunarbyrðin um að svo hafi ekki verið hvílir á eftirlitsaðila og er augljóst að mjög erfitt er, og jafnvel ómögulegt, að koma fullri sönnun við í slíkum tilvikum. Af þessu leiðir að sönnun á óleyfilegu brottkasti verður vart við komið nema að játning þess sem ásakaður er um brottkast liggi fyrir. Með slíkri breytingu verður eftirlit með brottkasti gert auðveldara.

Í 1. efnismgr. 1. gr. er kveðið á um að veiðum skuli hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum og að ráðherra setji nánari reglur um notkun veiðarfæra. Gildandi reglur um veiðarfæri lúta að mestu að möskvastærðum og útbúnaði þeirra og miðast fyrst og fremst við að sleppa smáfiski. Hins vegar er rétt að notkun veiðarfæra verði skoðuð út frá gæðum aflans. Má í þessu efni nefna að mjög langur togtími, t.d. við humarveiðar, leiðir til þess að meðafli er mun lakari en hann væri ef togtími væri styttri. Jafnvel hefur togtími oft verið svo langur við humarveiðar að sjómenn hafa hent meðafla vegna þess að þeir hafa talið hann ónýtan. Þá má einnig benda á hættu á brottkasti þegar netum er ekki sinnt sem skyldi. Jafnvel þótt skylt verði að koma með allan afla að landi eins og lagt er til í frumvarpi þessu þá er þörf á að draga úr því að afli skemmist í veiðarfærum.

Í 2. efnismgr. 1. gr. eru ákvæði um að ráðherra geti heimilað að sleppt sé lifandi fiski sem veiðist í tiltekin veiðarfæri. Slíkt hefur tíðkast varðandi handfæraveiðar og nótaveiðar. Þá segir í þessari málsgrein að ráðherra geti heimilað að varpað sé fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru sem til fellur við vinnslu um borð í fiskiskipum. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi ákvæði. Rétt er að benda á í þessu sambandi að talið hefur verið að ekki eigi að skylda útgerðir vinnsluskipa til að koma með allt að landi sem fellur til við vinnslu um borð að öðru leyti en því að skylt er að koma að landi með öll þorsk- og ufsahrogn og þann afskurð sem til fellur við snyrtingu á þorsk-, ýsu- og ufsaflökum um borð. Að öðru leyti er talið rétt að láta það ráðast af því hvort útgerðaraðilar telji slíkt hagkvæmt hverju sinni.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

[15:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar í upphafi þessarar umræðu að fá svör við ákveðnum spurningum sem vakna við það að hlusta á ráðherrann og lesa þetta frv. Þar er gert ráð fyrir því að ráðherra fái það í sínar hendur að ákveða hvort fiski, sem hér er kallaður verðlaus, verði hent fyrir borð. Hér er t.d. talað um verðlausan fisk, innyfli, hausa og því um líkt. Nú vita allir hér að hausar t.d. eru alls ekki verðlaus afli og því er ekki rétt að orða þetta eins og þarna er gert, að það sé verðlaus fiskur.

Því spyr ég: Ætlar ráðherrann að beita sér fyrir því að fullvinnsluskipin komi með allan afla að landi? Ef það er ekki meiningin, sér hann þá ekki ýmsa annmarka á því að fylgja þessu eftirliti eftir ef sum skip mega henda hluta af afla sínum í sjóinn en önnur ekki?

Ég tel mjög mikilvægt að ráðherra geri grein fyrir því strax í upphafi umræðunnar hvort stefna hans í þessu máli sé sú að allur afli sem kemur um borð í fiskiskip, fyrir utan kannski slóg, eigi að koma að landi og hvort hann ætli að beita þeim reglum sem verið er að tala um að setja hér til að tryggja að allur afli komi að landi.

[15:56]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst er til að taka það mál sem hv. þm. nefndi hér til sögunnar, að ráðherra hefur í dag heimildir til að ákveða hvað eigi að koma með að landi og hvað ekki. Í frv. er því ekki verið að breyta í neinum efnisatriðum stórlega frá því sem er nú þegar.

Hins vegar hef ég nýlega farið þess á leit við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, eftir að nefnd sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson veitti forustu og fjallaði um framtíð fiskvinnslunnar í landinu skilaði af sér, að hún legði fram hugmyndir um hvernig hægt væri að auka verðgildi sjávarafla, þ.e. þess afla sem kemur að landi, þess afla sem við drögum úr sjó. Eitt af því sem ég á von á að verið sé að vinna með á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er einmitt nýting þessa afla, þess hluta fisksins sem ekki hefur að fullu verið nýttur til þessa.

Ég á von á því að fá niðurstöðu frá rannsóknastofnuninni mjög fljótlega og get vel séð fyrir mér að niðurstaðan úr þeirri vinnu verði sú að breytingar verði gerðar á þessu þannig að fiskiskip verði skylduð til að koma með meira af þessum hluta fisksins að landi. Rétt er þó að hafa í huga að vegna þeirra úreldingarákvæða sem við bjuggum við um langt skeið geta verið takmörk fyrir því hvað hægt sé að geyma af þessu hráefni um borð í vinnsluskipum til að vinna síðar í landi.

[15:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem ráðherra sagði um að hann væri að skoða það að komið yrði með meira að landi. Mér finnst það að vísu ekki nóg. Nú eru liðin líklega fimm ár frá því að lög áttu að ganga hér í gildi sem skylduðu fullvinnsluskipin til að koma með allan afla að landi. Alþingi felldi þessi lög úr gildi áður en þau tóku gildi og nú sitja menn uppi með það að þessir hlutir hafa staðnað.

Ekki þarf neina sérstaka rannsókn á því hvort verðmæti séu í þorskhausum. Menn eru búnir að rannsaka það æðinóg, svo mikið að þeir eru farnir að flytja inn þorskhausa frá öðrum löndum til að þurrka hérna og selja út. Því er ekkert vafamál að um er að ræða veruleg verðmæti sem eru fólgin í þessu sem fullvinnsluskipin hafa fleygt í sjóinn. Þau skip sem eiga ekki möguleika í dag á því að koma með þennan afla að landi þurfa auðvitað að koma sér upp búnaði til þess. Það er kannski allt öðruvísi búnaður en verið var að tala um þegar lögin, sem ég var að nefna áðan, voru sett 1992. Verið gæti að viðbótarfrystibúnaður og annað því um líkt dygði. Það er engin ástæða til að skylda menn til að koma með slorið í land eða slógið. Fyrsti áfangi gæti verið að menn kæmu með hausana og hryggina í land, en þá er hægt að selja á verulega góðu verði. Það hefur verið gert í fleiri ár. Ég skora því á ráðherrann að fylgja þessum málum vel eftir.

[16:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sennilega rétt hjá hv. þm. að meira er sennilega ekki nóg og ætti raunverulega að vera allt. Ég get vel séð fyrir mér að niðurstaðan úr þessu starfi og þeirri þróun sem því fylgdi yrði sú að svo til allt kæmi að landi.

Af því að hv. þm. nefndi slóg til sögunnar í fyrra andsvari sínu, þá get ég vel séð það fyrir mér að stór hluti af slóginu komi líka að landi og verði nýtt í alls konar vinnslu á efnahvötum. Þegar eru dæmi um það í úrvinnslu sjávarafla á Íslandi að það sé gert þannig að vonandi nýtum við sjávaraflann betur í framtíðinni og fáum úr honum meiri verðmæti.

[16:01]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er rætt frv. til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar sem snýr að því að vinna gegn brottkasti sjávarafla og því ber að fagna að hæstv. sjútvrh. komi með frv. til laga með það að markmiði að vinna gegn brottkasti sjávarafla.

Tilefni þess að ég tek þátt í umræðu um þetta frv. er af svipuðum toga og hér var rætt áðan í andsvörum, þ.e. að í frv. er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski, innyflum og hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

Herra forseti. Það er skoðun mín að meginreglan eigi að vera sú að allur afli fiskiskipa eigi að koma að landi. Það hefur komið fram, m.a. um fiskhausa, að Íslendingar hafa þróað vinnslu fiskhausa og unnið markaði erlendis fyrir þessa vöru. Nú er svo komið að slíkt hráefni vantar til vinnslu hér á landi þannig að menn eru farnir að leita eftir því að flytja þetta hráefni inn á sama tíma og fiskiskip okkar varpa þessu fyrir borð í einhverjum mæli.

Ég vil í tilefni af frv. lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst að það eigi að vinna að því að þessi verðmæti komi öll að landi. Þarna er um að ræða bæði umhverfismál varðandi lífríkið og ekki síður verðmæti fyrir þjóðarbúið. Það hlýtur að vera meginmarkmið okkar að nýta þau verðmæti sem þarna um ræðir.

Mikil umræða hefur verið undanfarið um brottkast á afla. Það er alveg ljóst í mínum huga að þarna er um að ræða brottkast og mér þykir verra ef það verður heimilað með reglugerðum eða lagaheimildum. Ég vildi bara koma því á framfæri sem minni skoðun og vonast til þess að hv. sjútvn. taki það til umfjöllunar hvort rétt sé að hafa slíkt reglugerðarákvæði í lögum eða hvort vilji er til þess ganga alla leið og hreinlega skylda menn til að koma með allt að landi.

Hæstv. ráðherra fór aðeins yfir þetta mál áðan í andsvörum og skýrði sjónarmið sitt sem ég get út af fyrir sig fallist á.

Ég vildi eingöngu, hæstv. forseti, koma þeirri skoðun minni á framfæri, og ítreka hana enn og aftur, að meginreglan á að vera sú að allur afli fiskiskipa okkar eigi að koma að landi. Þarna er um að ræða mikið umhverfismál og stórkostleg verðmæti sem þjóðarbúið getur nýtt sér.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég vildi eingöngu koma þessu á framfæri og vænti þess að hv. sjútvn. taki þetta mál sérstaklega til umræðu.

[16:05]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram. Ef þetta frv. verður að lögum leikur enginn vafi á því að allt brottkast er bannað. Brottkast hefur verið bannað en þó með þeim undantekningum að henda hefur mátt selbitnum, sýktum og skemmdum afla. En þetta frv. gerir ráð fyrir að öllum afla skuli landað en ónýtum afla landað sér og er hann undanþeginn kvóta. Þar með er allt brottkast bannað með lögum.

Menn eiga að umgangast miðin og fiskstofnana af nærgætni. Því miður er það staðreynd sem við verðum að horfast í augu við að fiski er kastað aftur í sjóinn í einhverjum mæli. Sú umgengni við auðlindina er óásættanleg og það er hættulegt þegar það viðhorf er ríkjandi að brottkast sé í lagi undir ákveðnum kringumstæðum.

Sem betur fer held ég að ekki margar útgerðir stundi skipulagt brottkast. Samt sem áður eru þær of margar og það er einbeittur brotavilji að baki hjá þeim útgerðum sem eru að gera út á lítinn og afmarkaðan kvóta og kasta kerfisbundið litlum fiski sem og millistærð af fiski. Það getur ekki verið vilji útgerðarmanna í heild að umgangast auðlindina með slíkum hætti.

Það er vissulega staðreynd að brottkast á afla í einhverjum mæli á sér stað og það er einnig staðreynd að brottkast hefur viðgengist í áranna rás í öllum fiskveiðistjórnarkerfum sem og við frjálsar veiðar og liggja þar ýmsar ástæður að baki. Þar með er ég ekki að mæla því bót, síður en svo, heldur benda á að brottkast er alls ekki kvótakerfinu einu um að kenna. Það er allt of mikil einföldun að setja samasemmerki á milli brottkasts og kvótakerfisins og víst er að dagakerfi eða sóknarkerfi er engin lausn á brottkastsmálum.

Íslendingar voru atkvæðamiklir í svokölluðum Smuguveiðum hér á árum áður og er það mál manna að sjaldan eða aldrei hafi jafnmikið brottkast verið stundað og þá og voru Íslendingar ekki barnanna bestir í þeim efnum. Þó var þar um að ræða frjálsar veiðar. Þá eins og svo oft áður var eingöngu verið að hugsa um að taka verðmætasta aflann um borð og henda hinum því geymsluplássið var dýrmætt. Slík umgengni um auðlindina er forkastanleg.

Ýmsar leiðir eru færar til að hagræða í útgerð. Við erum með framsalið til að hægt sé að hagræða. Útgerðarmenn geta keypt, selt og skipt á jöfnum veiðiheimildum og því á enginn að þurfa að henda verðmætum nema þeir sem vilja henda í græðgi. Þannig eru þeir sem brottkastið stunda að grafa undan eigin atvinnurekstri og til lengri tíma litið þjóðarhag. Til að hafa virkt eftirlit með brottkasti tel ég heppilegast að Fiskistofa fylgist vel með aflasamsetningu skipa á grundvelli löndunarskýrslna. Þannig er hægt að sjá hvort útgerðir stundi brottkast. Það er t.d. ekki eðlilegt að bátar sem stunda netaveiðar eða veiðar í troll landi eingöngu þorski og það jafnvel bara í ákveðnum stærðarflokkum. Nú er ekki lengur hægt að skýla sér á bak við það að sá afli sem hent var hafi verið skemmdur á einhvern hátt.

Eðlilega hafa brottkastsmyndir þær sem birtust í sjónvarpinu vakið mikla athygli og umtal. Ekki finnst mér þó ólíklegt að þarna sé um skipulagða aðför að fiskveiðistjórnarkerfinu okkar að ræða. Myndatökumönnum var boðið sérstaklega um borð af útgerðarmönnum á kvótalausum eða kvótalitlum bátum til að mynda er stórum og fallegum fiski var hent hátt í loft upp svo hann svifi betur fyrir framan linsur myndavélanna. Þó það sé óskylt mál er mjög alvarlegt þegar fréttir eru falsaðar vísvitandi og rýrir það afskaplega trúverðugleika þeirra fjölmiðla sem hlut áttu að máli.

Stærsta vandamálið er að of mikið af kvótalausum eða kvótalitlum bátum eru að gera út og eru að leigja til sín afar takmarkaðar veiðiheimildir og hugsa eingöngu um að koma að landi með verðmætasta fiskinn með skammtímagróðasjónarmið að leiðarljósi. Ef menn eiga ekki kvóta eða hafa ekki burði til að leigja til sín aflaheimildir þá eiga þeir einfaldlega ekki að gera út.

Í umræddu frv. kemur einnig fram mjög mikilvægt ákvæði, þ.e. í 1. efnismgr. 1. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.“

Við vitum vel að veiðarfæri eru misjafnlega vistvæn ef svo má að orði komast. Krókaveiðar fara t.d. vel með fiskinn en notkun eða beiting annarra veiðarfæra getur haft mikil áhrif, svo sem lengd togtíma, hversu lengi net liggja í sjó og hvar hinum ýmsu veiðarfærum er beitt, t.d. með tilliti til hrygningarstöðva og smáfisks. Það skiptir afar miklu máli að reyna að vernda smáfiskinn og gefa honum tíma til að stækka því þyngdaraukning þorsks er t.d. talin vera yfir 80% á milli þriðja og fjórða árs. Um 40% á milli fjórða og fimmta árs og um 20% á milli fimmta og sjötta árs. Til að ná hámarksafrakstri þorskstofnins þarf því að minnka sóknarþunga í smáfisk ásamt því að viðhalda stórum hrygningarþorski.

Þau stjórntæki sem hæstv. sjútvrh. hefur eru t.d. svæðalokanir, möskvastærðir, skiljur, aflamark, sóknarstýring og nú með þessum lögum getur hann einnig kveðið nánar á um notkun einstakra veiðarfæra eins og fyrr segir.

Við höfum verulega umframafkastagetu í flota, bæði hvað varðar smábáta og stærri skip og vegna tæknibreytinga og þróunar eykst afkastageta hans um um það bil 4–5% árlega. Þetta er einmitt vandamálið í hnotskurn. Flotinn er of stór miðað við fiskstofnana. Það kallar á aukinn þrýsting í auknar veiðiheimildir. Mun fleiri vilja hafa atvinnu af sjávarútveginum en fiskstofnarnir geta staðið undir. En í kjölfar Valdimarsdómsins svokallaða er því miður ekki lagaumhverfi til þess að leggja til flotaminnkun. Við erum sem sagt með hæstaréttardóm þar sem okkur er bannað að takmarka flotastærðina þrátt fyrir að við vitum að flotastærðin hefur áhrif á heildarfiskstofnana við landið og hann hefur í för með sér aukið brottkast, sérstaklega hjá þeim útgerðum sem hafa litlar eða engar veiðiheimildir. Menn þurfa ekki að halda að með breyttu fiskveiðistjórnarkerfi verði allt í einu til nægur fiskur handa öllum flotanum og þar með öllum byggðarlögum. Nei, það þarf að aðlaga kvótakerfið okkar að aðstæðum og sníða af því vankanta eins og nú er verið að gera. Við verðum að skapa sjávarútveginum góða umgerð og sanngjarnar leikreglur svo hægt sé að horfa til framtíðar og hann geti vaxið og dafnað eðlilega og þannig skapað þjóðinni góð lífskjör hér eftir sem hingað til.

[16:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að brottkastsumræðan núna og myndirnar sem voru sýndar í sjónvarpinu væru skipuleg aðför að kvótakerfinu. Myndirnar sem voru sýndar í sjónvarpinu voru staðfesting á skoðanakönnun sem nefnd fékk Gallup til að gera. Það kom ekkert fram í þessum myndum sem ekki gat passað alveg við það sem kom fram í þeirri skoðanakönnun. Var nefndin sem hv. þm. Gunnar Birgisson var í forsvari fyrir í einhverri aðför að kvótakerfinu?

Ástæða er til að spyrja að þessu vegna þess að þar komu fram upplýsingar sem voru greinilega af sama tagi. Þar kom í ljós að verið væri að henda mjög stórum fiski í sjóinn og þessi fiskur var álíka stór og kom fram á þessum myndum. Ég spyr hv. þm., af því að hún segir að menn eigi ekki að henda fiski í sjóinn, hvað þeir eigi að gera sem eiga nægan kvóta í einni tegund og fá ekki keypt í annarri. Eiga þeir að vera í landi? Eiga þeir ekki að taka neina áhættu af því að fara á sjó og geta fengið kannski fisk sem ekki er nægilegur kvóti fyrir? Kvótamarkaðirnir hafa ekki getað uppfyllt þarfir þeirra sem hafa núna verið að róa á línu fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi, fyrir t.d. ýsu. Með því að halda þessu fram er verið að segja að það eigi bara að stöðva gjörsamlega þessar veiðar.

Hér eru á ferðinni alls konar hugmyndir og tillögur um að gefa sveigjanleika í þetta. Hv. þm. vill því ganga talsvert lengra en þeir sem um þetta eru að véla hér um slóðir. Það er ágætt að það komi fram ef hv. þm. vill ekki að gerðar verði breytingar sem auka sveigjanleika gagnvart þessum atriðum.

[16:16]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fram kemur í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að ég hafi fullyrt að þarna væri um skipulagða aðför að ræða. Nánar tiltekið sagði ég: „Ekki finnst mér þó ólíklegt að þarna sé um skipulagða aðför ... að ræða.“ Ég er ekki að fullyrða eitt eða neitt. En það er alveg rétt sem hv. þm. segir að þetta er ekkert sem á að koma okkur á óvart og það gerir það heldur ekki. Ég sagði: Við vitum að hér er stundað brottkast. Við vitum það. Það er staðreynd og það er enginn að mótmæla því.

Ég sagði einnig að ýmsar leiðir væru til að hagræða í útgerð og hv. þm. á að vita hvaða leiðir það eru. Útgerðarmenn geta keypt, þeir geta selt og þeir geta skipt á jöfnum veiðiheimildum og það er engin afsökun fyrir því að henda afla í sjóinn. Ég neita að taka slíkum rökum.

[16:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er kunnugt um að til eru ýmsar leiðir, en það hefur ekki dugað til og hv. þm. segir að mikið brottkast sé í gangi. Það liggur beint við að spyrja: Hverjir eiga að hætta að róa? Það eru býsna margir sem þyrftu að gera það. Miðað við þær upplýsingar sem komu fram í Gallup-könnuninni er verið að henda ekki minna en 30 þúsund tonnum í sjóinn. Það eru ekki tveir eða þrír sem kasta 30 þúsund tonnum í sjóinn. Það eru margir. (Gripið fram í.) Það getur verið býsna stór hluti flotans sem ætti að hætta samkvæmt þessu.

Ég er ekki að halda því fram að þetta sé verjanlegt, síður en svo, en mér finnst að menn eigi ekki að tala hér eins og það sé einfalt mál að ljúka þessum málum á farsælan hátt. Það verður ekki gert með lögregluaðgerðum. Það verður ekki gert nema með reglum sem gera mönnum kleift að stunda sjó án þess að hljóta refsingar fyrir það að koma með að landi þann afla sem kemur í veiðarfærin.

[16:19]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem eiga að hætta í útgerð eru þeir sem hafa ekki veiðiheimildir. Það er ekki hægt eingöngu að leigja til sín þorskveiðiheimildir í takmörkuðum mæli og ætla að gera út á þær. Það gengur hreinlega ekki upp. Markmiðið með umræddu frv. er að tryggja enn frekar góða umgengni um auðlindir hafsins og það er eitthvað sem við hljótum að vera öll sammála um að þurfi að gera. Það hefur alltaf verið stundað brottkast eins og oft hefur komið fram og það hefur verið af ýmsum ástæðum, ekki bara vegna kvótakerfisins. Ég vil nefna brottkast á uppsjávartegundum eins og síld og loðnu. Þegar næturnar fyllast og ekki eru aðstæður til að gefa öðrum bátum vegna óveðurs eða þess að bátarnir eru nálægt landi hefur þurft að sleppa úr nótunum svo og svo miklum afla, þúsundum tonna eins og bent hefur verið á. Það eru ekki afleiðingar kvótakerfisins, eða hvað?

[16:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langar að víkja að. Í fyrsta lagi sagði að hv. þm. að fiski væri kastað þannig að hann hefði svifið vel fyrir myndavélarnar, ef ég hef tekið rétt eftir. Sjómenn eru missterkir, held ég, eins og margir Íslendingar. Sumir kasta hátt og aðrir kasta lágt þannig að ég mundi ekki draga miklar ályktanir af því, hv. þm. Ég þori t.d. að fullyrða að ég mundi kasta frekar hátt ef ég ætti að kasta fiski í sjóinn. (**Gripið fram í:** Þú mundir ekki gera það lengi.) Sennilega mundi ég beita meira afli eftir því sem fiskurinn væri stærri. (**Gripið fram í:** En á morgnana?) (**Gripið fram í:** Þá fer hann líka lægra.)

Síðan langar mig aðeins að segja að ég tel að brottkastið sem myndað var um daginn hafi ekki verið sett á svið. Við skulum heldur ekki gleyma því að við fengum eina filmu í viðbót sem sýndi brottkast og var sagt að hún hefði verið tekin af bát fyrir tveimur árum.

Það hefur auðvitað komið í ljós við skoðanakannanir að brottkast hefur verið talsvert mikið á undanförnum árum, sjómenn hafa beinlínis sagt að það væri mjög mikið. Það sem verra er, sjómenn tjáðu það í skoðanakönnuninni sem gerð var að þótt einhverju væri bætt við aflaheimildirnar mundu þeir sennilega halda áfram að kasta. Þetta fannst mér eiginlega alvarlegasta vísbendingin sem ég sá í þeirri skýrslu. Það segir mér að kvótakerfið okkar, því miður, hefur vanið menn á þetta af hvaða orsökum sem það er, hvort sem um kvótalítil skip eða ekki er að ræða.

[16:23]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson segir að hann mundi kasta hátt og þeim mun hærra sem fiskurinn væri stærri. Þarna kemur reginmismunur fram á okkur Guðjóni. Ég mundi alls ekki kasta þessum fiski, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson.

Kvótakerfið er skilvirk aðferð til að ná hámarksafrakstri við nýtingu fiskstofnanna við landið. Það er allra hagur að fiskveiðiauðlindin sé nytjuð með sem mestri hagkvæmni. Í því felst m.a. að sem allra verðmætastur afli sé dreginn á land með sem minnstum tilkostnaði því að þannig fæst mesti arður sem unnt er að fá af fiskveiðiauðlindinni í heild.

Með tilkomu kvótakerfisins hefur afskaplega mikil hagræðing átt sér stað og er þjóðarbúið nú að fá miklu meiri verðmæti en áður út úr þeim takmarkaða afla sem við veiðum og það með minni útgerðarkostnaði. Brottkast er veikleiki í kvótakerfinu og verið er að taka á því núna m.a. með umræddu frv.

[16:24]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill beina því til hv. þingmanns og annarra þingmanna að þeir beini orðum til forseta.

[16:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af því að kvótalitlir og kvótalausir eigi ekki að stunda veiðar er rétt að draga það inn í umræðuna að íslensk stjórnvöld settu á sínum tíma þær leikreglur að hægt væri að taka allan kvóta af skipum, selja hann sérstaklega og gera skipin kvótalaus. Síðan væri hægt að selja skipin. Þetta var gert með lögum nr. 38/1990 þegar tekið var upp algerlega frjálst framsal aflaheimilda án þess að fyrst þyrfti að selja skipin með.

Framsalið hefur búið til kvótalitlar útgerðir og kvótalausar útgerðir. Þeir menn sem hafa gert þau skip út eða stjórnað þeim, þótt þeir væru ekki eigendur, eða unnið á þeim hafa unnið undir þeim kringumstæðum sem stjórnvöld hafa skapað þeim. Mér finnst að ekki sé hægt að segja í dag, eftir að íslensk stjórnvöld hafa látið menn búa við þetta í áratug, að þessir menn eigi engan rétt, þeir hafi fengið réttinn.

[16:25]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þessa athugasemd hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um að kvótalitlar og kvótalausar útgerðireigi ekki að stunda veiðar — þær eiga ekki að stunda veiðar nema þær hafi nægjanlegar veiðiheimildir. Það þýðir ekki að kaupa sér eingöngu kvóta í einni tegund. Og þó að heimildir séu til að stunda veiðar verða þessar umræddu útgerðir samt sem áður að fara eftir lögum. Það skulum við hafa alveg skýrt.

[16:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru tvö eða þrjú atriði úr ræðu hv. þm. sem mig langar að minnast á. Í fyrsta lagi að þeir sem hafa ekki efni á að leigja til sín kvóta eigi ekki að vera að því. Fram hefur komið að menn eru að leigja til sín kvóta á 150 þús. kr. tonnið og einnig hefur verið talað um að menn þyrftu þá að koma með afla, 4–5 kg fisk, að landi fyrir 230–240 þús. Hefur hv. þm. einhverjar leiðbeiningar til handa þeim útgerðarmönnum sem neyðast til að leigja til sín kvóta hvernig þeir eigi að haga útgerð sinni miðað við þetta leiguverð á kvóta? Þeir geta m.a. verið að leigja til sín kvóta frá bátum sem eru með lítinn kvóta en róa aldrei, smábátum sem uppfylla veiðiskyldu með því að kaupa dauða loðnu í Breiðafirði. Eins og við vitum er loðna ekki veidd á smábáta og allra síst þegar hún er dauð. Þetta gerir það að verkum að menn geta í raun og veru braskað þannig með kvóta, leigt frá sér réttindi sín til þeirra sem eru að reyna að basla við að gera út, skapa verðmæti og koma með afla að landi. Þeir leigja þetta sem sagt á 150 þús. kr. tonnið. Hvaða leið sér hv. þm. fyrir þá sem neyðast til að fara í þetta sem voru ekki fæddir það snemma að þeir fengju veiðireynslu miðað við það sem var?

Herra forseti. Einnig vil ég biðja hv. þm. að útskýra betur fyrir okkur það sem hún sagði í ræðu sinni um að þetta væru vísvitandi falsaðar fréttir af brottkasti. Herra forseti. Mér finnst þetta mjög stór orð og ég vil ekki trúa því að fréttamenn eða myndatökumenn hjá sjónvarpsstöð séu vísvitandi að falsa fréttir. Ég vil fá skýringu á því hvort þetta sé ekki fullmikið sagt.

[16:28]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég tala um vísvitandi falsaðar fréttir hef ég orð skipstjórans fyrir því. Ef hv. þm. hefði verið inni í salnum áðan hefði hann heyrt þegar ég útskýrði þetta þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson kom með þessar sömu eða mjög svipaðar athugasemdir. Í ræðu minni stendur: „Ekki finnst mér þó ólíklegt að þarna sé um skipulagða aðför að fiskveiðistjórnarkerfinu okkar að ræða."

Ég er ekkert að setja fram þarna um vísvitandi falsaðar fréttir annað en það sem kemur fram í máli annars skipstjórans.

Varðandi hitt atriðið þá er ég að benda á að flotinn er of stór og afkastageta hans of mikil miðað við þá fiskstofna sem synda um í sjónum. Þetta er staðreynd. Og það er alveg sama hvaða kerfi við tökum upp eða hverju við umbreytum í fiskveiðistjórnarkerfinu okkar, þetta er svona og þetta verður svona og það er alveg á hreinu að þrátt fyrir að við mundum kúvenda öllu geta ekki öll skip veitt eins og þau hafa getu til.

[16:30]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að í andsvari hv. þm. komu ekki neinar leiðbeiningar gagnvart fullyrðingu sem hér kom fram um þá sem neyðast til þess að leigja til sín kvóta. Þetta geta verið aðilar sem eru að leigja til sín kvóta í lok kvótaárs. Þeir geta haft nóg en vilja gera meira.

Tökum sem dæmi kvótahafa með 100 tonn. Menn geta verið að leigja þetta fyrir 15 millj. kr. Það eru ekki dágóð árslaun fyrir það. En þeir sem leigja til sín, hvernig í ósköpunum eiga þeir að láta enda ná saman? Þeir geta ekki sent skilaboð niður með veiðarfærunum um að aðeins sé leyfður 4–5 kg þorskur á þennan drátt.

Svo er eitt í lokin. Hér var talað um að stóri hrygningarstofninn væri of mikið veiddur. Er hv. þm. þá sammála mér um að hæstv. fyrrv. sjávarútvegsráðherrar Sjálfstfl. hafi ekki brugðist við hvað varðar möskvastærð til þess að koma í veg fyrir að allur stærsti og besti fiskurinn væri veiddur?

[16:31]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að svara fyrri spurningunni með annarri spurningu: Getur hv. þm. reiknað út þennan hagnað?

Ég var að benda á að ekki er hægt að reka allan þennan flota með hagnaði. Það er ekki hægt. Það er það sem ég er alltaf að segja. (**KLM:** Er ekki leigukvótaverð of hátt?)

Varðandi seinni spurninguna segi ég bara: Það er álitamál.

[16:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Ég vil byrja á því að geta þess að ég efast ekkert um að í 1. gr. er strax mjög góður ásetningur um að bæta umgengnina um nytjastofna sjávar. En það sem við í nefndinni

þurfum að ræða alvarlega er stór ágalli á þessum ásetningi sem kemur fram í síðari hluta 2. mgr. en þar er sett í vald ráðherra, með leyfi forseta:

„Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum."

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um það að við á hinu háa Alþingi eigum ekki að setja þessar ákvarðanir í hendur framkvæmdarvaldsins. Við eigum að setja skýran ramma um það hverng við ætlum að nýta auðlindina með lögum. Það er varla sanngjarnt að það sé lagt á herðar hæstv. sjútvrh. hverju sinni að meta þetta vegna þess að við vitum að frá þeim sem útgerðina stunda er mjög mikill þrýstingur hverju sinni. Það fer eftir verði á þessum svokölluðu hliðarafurðum hverju sinni hvort þeir vilja hirða þær eða ekki.

Virðulegi forseti. Við í endurskoðunarnefndinni um sjávarútvegsstefnuna fengum upplýsingar í vor hjá stóru og virtu fyrirtæki á Dalvík og það var mat þess fyrirtækis að bara hausarnir sem hent er — a.m.k. á þeim tíma. Nú skilst mér að farið sé að nýta meira af þeim vegna hækkandi verðs — en þá mat fyrirtækið að verið væri að henda í sjóinn hausum fyrir 3,2 milljarða. Það er ekkert smábúsílag sem þar er um að ræða.

Síðari hluti 3. mgr. er stórpólitískt mál sem hið háa Alþingi verður að taka á. Hvorum megin ætlum við að láta þessa ákvarðanatöku liggja? Hvernig ætlum við að hafa þennan ramma? Ég held að það sé vondur ráðahagur að sjútvrh. hverju sinni, vegna þess að hann er ævinlega undir þrýstingi vegna verðs, sé látinn ákveða hvað má fara í sjóinn. Við eigum að hafa skýr lög um þetta og við eigum að fá allt að landi.

Við skulum bara fara af sjónum og upp á land. Við mundum aldrei sætta okkur við það þegar búið er að gefa út veiðileyfi á hreindýr uppi á heiðum að einungis væri leyfilegt að hirða lærin og hryggin og skilja hitt eftir, henda því. Við eigum aldrei að sætta okkur við að bara sé leyfilegt að hirða það sem best selst hverju sinni af auðlindinni.

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því þegar við Íslendingar hófum að gera við skip sem Evrópubandalagsþjóðirnar áttu og líka austantjaldsþjóðirnar — þetta voru togarar sem voru látnir veiða á úthafinu, frystitogarar — og þegar þeir komu til viðgerða á Íslandi fengu þessir menn furðulega ráðgjöf vegna þess að um borð í þessum skipum, líka rússnesku skipunum, þýsku skipunum, austur-þýsku skipunum og pólsku skipunum voru vinnslulínur þannig að ekki fór uggi til spillis. Það var framleidd melta og það var framleitt mjöl. Íslendingar sem allt kunna í sjávarútvegsmálum ráðlögðu öllum þessum aðilum að rífa öll þessi tæki úr skipunum til þess að geta stundað sjávarútveg á sama hátt og við gerum, þ.e. með hagnaði. Þessir aðilar höfðu fyrir löngu síðan áttað sig á því að leikreglurnar áttu alltaf frá upphafi að vera þannig að allt sem um borð kæmi væri nýtt. Það er meginmálið.

Virðulegi forseti. Þess vegna mun ég ekki sætta mig við það fyrirkomulag, þegar við förum að fjalla um þetta mál í nefndinni og það er pólitík í málinu, ég mun ekki sætta mig við að það verði sett í hendur hæstv. sjútvrh. hverju sinni að ákveða þetta. Þá er allt of mikið návígi við markaðinn, við þá sem útgerðina stunda. Við skulum taka þetta þingmál fyrir á hinu háa Alþingi og breyta því þannig að menn geri sér alveg grein fyrir því að við viljum ekki að auðlindin sé nýtt á þann hátt sem gert er núna.

Ef meltan selst ekki á því verði sem menn vilja, ef hausarnir seljast ekki á því verði sem menn vilja, ef dálkarnir seljast ekki á því verði sem menn vilja þá vilja þeir henda þeim. En ef ramminn er útbúinn þannig frá hinu háa Alþingi að veiðileyfið, rétturinn, snúist um að nýta flök, dálka, innyfli og hausa í einni púllíu þá verða leikreglurnar þannig. Og það á ekki að ákveða frá degi til dags, alls ekki. Við eigum að gera þetta nákvæmlega eins og við gerum við veiðar t.d. á hreindýrum. Við mundum aldrei sætta okkur við að helmingurinn af dýrinu lægi uppi á heiði vegna þess að við sjáum það. Við sættum okkur við það varðandi sjávaraflann vegna þess að við sjáum það ekki. Það botnfellur. Það er ekkert vafamál, ef við erum að tala um þessar tölur sem ég hef ekki staðfestar frekar, en þetta eru tölur sem eru settar fram af þessu fyrirtæki, 3,2 milljarðar fyrir hausana, þá erum við að tala um gríðarleg verðmæti. Ég tala ekki um ef í framhaldinu er líka um að ræða alls konar líftækni varðandi innyfli og þess háttar.

Þetta yrði lagasetning sem ráðherrann síðan rekur í sínu ráðuneyti á grunni laganna frá Alþingi og ég er sannfærður um að þessi breyting, þessi pólitíska grundvallarbreyting með nýrri pólitískri sýn á hvernig á að setja þennan ramma muni leiða af sér og gefa gríðarlega mörg tækifæri bara á næstu áratugum varðandi frekari úrvinnslu á hinum ýmsu tegundum sem sóttar eru í sjóinn. Við sem höfum farið til útlanda og tileinkað okkur að borða mat annarra þjóða vitum t.d. að í Rússlandi er allur innmatur úr fiski „delicatess", sultaður á ýmsan hátt, kútmagar, sundmagar og svil, bara nefnið það. Þetta eru allt gríðarleg verðmæti. Við höfum margoft talað um það hér á hinu háa Alþingi, og það gildir um öll svið þjóðlífsins, að við eigum að fara úr magni í gæði og þetta er liður í því.

En pólitíski tónninn er þessi: Ráðherrann á ekki að stjórna þessum málum svona frá degi til dags og á það mun ég leggja áherslu í vinnu hv. sjútvn.

[16:40]

Útbýting þingskjala:

Einkarekstur göngudeildar við Landspítala – háskólasjúkrahús, 303. mál, fsp. KPál, þskj. 373.

Fjáraukalög 2001, 128. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 378; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 379.

Gagnkvæmt samstarf við önnur ríki um fjármálastarfsemi, 299. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 364.

Vandi of feitra barna og ungmenna, 304. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 374.

[16:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða frv. sem ætlað er að breyta núgildandi lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Það gengur aðallega út á að heimila eða réttara sagt skylda nú að sýktur, selbitinn og skemmdur fiskur skuli koma að landi, hann skuli ekki reiknast til aflamarks skipsins og að aðeins sé heimilt að nýta þannig fisk, sýktan, selbitinn og skemmdan, til bræðslu.

Í þessari málsgrein sem er síðasta málsgrein 1. gr. frv. og er ætlað að breyta 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, er auðvitað orðið „skemmdur" í raun víðtækast. Það er nokkuð ljóst að menn sjá að fiskur er sýktur og það er líka nokkuð ljóst ef hann er selbitinn. En fiskurinn þarf ekkert endilega að vera allur ónýtur þó að hann sé selbitinn. En svo er ef hann er skemmdur. Það er auðvitað túlkunaratriði hvað er skemmdur fiskur. Ég hygg að þeir sem stunda netaveiðar

og lenda í því að draga þriggja nátta net muni hallast að því að sá fiskur sem er dauður í veiðarfærum sé skemmdur fiskur þó hann hafi ekki verið talinn það á árum áður þegar mikið var hengt upp í skreið af dauðblóðguðum fiski.

Tilgangurinn með frv. er að gera það að verkum að sjómenn fiskiskipa hafi engar heimildir til þess að láta fisk fyrir borð og þar af leiðandi verði hægt að auðvelda eftirlitsstörf veiðieftiritsins. Þetta nær að vísu ekki til skipa sem fullvinna afla á Íslandsmiðum. Þau mega áfram samkvæmt frv. varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

Þarna er auðvitað líka mjög rúm túlkun á texta. Ég tel að í sjútvn. hljótum við að fara vandlega yfir þessi markmið. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um að auðvitað verði betri svipur á því ef hægt er að setja þessi markmið í lagatexta þannig að minna sé um hið algilda mat ráðherrans, samanber það sem stendur í lokamálsgreininni, með leyfi forseta:

„Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar."

Síðan segir þarna ofar, það er í 1. efnismálsgreininni, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra."

Markmiðið er að þá verði veiðum hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Mig langar til að taka umræðu um það hér á eftir.

Síðan segir í 2. efnismálsgrein, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla ..."

Í þessari grein frv. eru í raun og veru þrjár mismunandi reglugerðarheimildir. Ég hefði talið æskilegt að sjútvn. reyndi að fara yfir það og skoða hvaða hugmyndir ráðherrann hefur í sambandi við reglugerðarheimildir og reglugerðarútfærslur á þessu og menn reyndu þá að setja meira af því í lagatextann. Ég tel að það sé almennt til bóta að slík ákvæði séu meira bundin í lögum en í reglugerðum ef hægt er að koma því við með góðu móti.

Hér hefur spunnist nokkur umræða um þetta mál og blandast inn í hana brottkast og svífandi fiskur og síðan hefur náttúrlega skotið upp kollinum hin algilda samlíking um að hvergi á jarðríki hafi verið annað eins brottkast og í Smugunni. Það hefur líka borið á góma í umræðunni. Ég ætla alla vega að lýsa því yfir fyrir mína parta af því að ég hef farið þrjár veiðiferðir í Smuguna, að í þeim veiðiferðum sem ég fór þangað þurfti ég ekki að taka þátt í einu einasta brottkasti. Það var allt hirðanlegt sem ég veiddi í þessari blessaðri Smugu. Ég get líka alveg hiklaust sagt að ég hef þurft að taka þátt í meira brottkasti á Íslandsmiðum en í Smugunni, a.m.k. þann tíma sem ég var þar. Ég veit hins vegar hvaða tímabil menn eiga við varðandi Smuguna. Það var fyrsta árið þegar mikill afli var þarna og menn höfðu ekki undan að vinna aflann. Þá kom upp sú staða sem oft ber við veiðar ef mikill afli er að menn velja úr aflanum það sem heldur ferskleika sínum og hinu er laumað fyrir borð.

Því miður óttast ég að slíkt ástand geti enn þá varað á Íslandsmiðum í ákveðnum tilfellum. Þegar mikið aflast, þá sé afli settur fyrir borð ef hann skemmist í höndum manna eða þá sem almennt er að meiri tilhneiging sé til þess að velja úr afla þegar mikið aflast. Ég hygg að það sé kannski almennt og rétt að draga það inn í umræðuna úr því að hún fór í þann farveg að ræða um brottkast almennt, þá er það örugglega þannig að það brottkast sem m.a. hefur verið kannað í nefndarstarfi á vegum sjútvrn. er örugglega því marki brennt að meira brottkast er þegar menn hafa úr nógu að moða og hafa jafnvel ekki undan. Ég hygg að það sé almennt í þessum dæmum. Þess vegna er það auðvitað að ef menn fá mikinn og blandaðan afla þá er hætt við að brottkaststilhneigingin sé meiri og jafnvel verðmætari fiskur sem fer fyrir borð en ella væri.

Hins vegar er verið að tala um það sem þetta frv. gengur út á að reyna að setja eina skósólana enn undir það að framkvæmd kvótakerfisins geti batnað og eftirlit aukist og verið markvissara. Það sem hér er lagt til er að reikna megi afla utan aflamarks. Það er samstofna þeirri tillögu sem er í frv. hæstv. ráðherra um veiðar smábátanna þar sem hann leggur til að 5% afla í hverri veiðiferð megi reiknast utan aflamarks. Hér er sem sagt verið að veita heimild til þess að reikna afla utan aflamarks en að þann afla megi eingöngu nýta til bræðslu, þannig að hér er útfærsla þar sem tekið er á hluta af þessu vandamáli og það er í raun og veru kannski aðalvandamál allrar þessarar umræðu um stjórn fiskveiða að menn skuli aldrei fást til að ræða vandamálið í heild sinni. Það er alltaf verið að koma með einhverjar smálagfæringar hingað og þangað og það er búið að gera það í fleiri og fleiri ár, að koma með smálagfæringar hingað og þangað það sem menn hafa talið vera lagfæringar, stundum hafa þær reynst lagfæringar en stundum ekki og er hægt að halda langa ræðu um það hvað ekki hefur tekist og hvað e.t.v. hefði tekist.

Í frv. er hins vegar vikið að notkun veiðarfæra, að það skuli skylt að hirða og koma með og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Síðan segir í grg. og tek ég dæmi af því, þ.e. vikið er að togtímanum og hér segir m.a. að það sé mjög langur togtími t.d. við humarveiðar og að meðafli þar verði mun lakari en ef togtími væri styttri og lagt til að ráðherra setji nánari reglur um notkun veiðarfæranna með reglugerð. Veiðum skuli hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærunum.

Ég held að rétt sé að taka smáumræðu um það hvenær og hvernig afli getur skemmst í veiðarfærum. Við skulum byrja á því að taka trollið til umfjöllunar.

Nú er það þannig að möskvum í trollinu er ætlað að vernda að nokkru að smæsti fiskurinn fari ekki aftur í poka veiðarfærisins og lendi út fyrir veiðarfærið og m.a. hafa möskvastærðarákvarðanir Íslendinga á undanförnum árum verið að fara úr 120 mm sem við vorum með í kringum 1970, upp í 135 mm og síðan í 155 mm í gerð vörpunnar. Síðan hefur auðvitað þróun vörpunnar sjálfrar oft og tíðum verið sú að menn hafa stækkað þessa möskva meira en þetta og meira en lágmarksmöskvastærðin segir til um. Það hefur líka orðið reyndin í þorskanetunum. Þar höfum við verið með reglur sem hafa kveðið á um lágmarksmöskvastærð en við höfum hins vegar þróað veiðarfærin þannig að við höfum með nýtingu á þorskstofninum stækkað möskvann á þorskanetunum. Það hefur aftur leitt til þess að við höfum farið að veiða ofan af stofninum eins og sagt er. Við höfum veitt stærsta fiskinn, verðmætasta fiskinn og líka þann fisk sem gefið hefur af sér mesta hrygningu og sjálfsagt er mestur ávinningur í að hafa til viðhalds stofnunum.

Á undanförnum árum hafa menn verið að stunda þorskveiðar með möskva sem er 8, 9 og jafnvel upp í 10 tommur til þess eingöngu að veiða stærsta fiskinn. Net hafa líka verið dýpkuð þannig að þau ná hærra í sjóinn, heldur fleiri möskvar. Allt er þetta gert til þess að ná í stærri fisk. Það út af fyrir sig hefur það markmið að nálgast verðmætari fisk en

breytir hins vegar verulega nýtingu okkar á þorskstofninum. Við erum auðvitað að tala um það m.a. þegar við ræðum þær reglur sem hér er fyrirhugað að setja.

En svo ég víki aftur að togveiðarfærunum, þá vil ég a.m.k. láta þá skoðun mína í ljósi að of stór möskvi í trollpokanum sjálfum skemmi fisk og að sorteringin sem veiðarfærinu er ætlað að gera fari ekkert mjög vel fram í pokamöskvanum sjálfum nema því aðeins að afli sé lítill. Þetta þekkja allir sem hafa eitthvað séð til slíkra veiðarfæra, að þegar fleiri tonn komast aftur í trollpokana, þá strekkir á netinu og verður til þess að það kremur og skemmir þann fisk sem stendur hálfur og heill út um möskvana í trollpokanum. Þetta hafa menn örugglega séð á myndum þegar verið er að draga inn veiðarfærið troll.

Æskilegasta sorteringin á afla væri vissulega sú að geta sorterað aflann niður í sjónum og losnað við að fá það upp sem við ekki viljum fá upp. Það eru ekkert öll veiðarfæri sem bjóða upp á það. En það hefur, eins og ég vék að áðan varðandi þorskanetin, þann ókost að við erum kannski að taka miklu meira af stórfiskinum en við ætlum okkur. Þar af leiðandi komum við að því að ekki er hægt að stýra þessum veiðum með kvótakerfi. Kvótakerfið eitt og sér tryggir ekki þá nýtingu á stofni sem menn vilja ná fram.

Sama má segja um togveiðarnar, a.m.k. eins og þær eru stundaðar nú og með þeirri tækni sem við enn þá búum yfir. Við höfum smáfiskaskiljur sem stýra sð stórum hluta smæsta fiskinum úr vörpunum, en það dugar heldur ekki til, bæði þegar afli er mikill og eins getur margt orðið til þess að streymið í gegnum skiljuna er ekki nákvæmlega það sem það þarf að vera til að skiljan virki.

Það eru því fjöldamörg atriði sem varða veiðarfæri og notkun þeirra sem þarf að huga að og þess vegna hefði ég talið að það sem hér er vikið að í örstuttu máli, að ráðherrann setji nánari reglur um notkun veiðarfæra sé bara heilmikið mál hvernig með á að fara og það þurfi að skoðast mjög vandlega með yfirvegun hvernig megi nálgast það markmið.

Ég ætla að lýsa því sem skoðun minni að mjög æskilegt væri ef okkur tækist að láta veiðarfærin velja það úr hafinu sem við vildum fá upp en ekki er nóg að þau velji það bara. Við verðum líka að vera þess viss að það sem sleppur í gegnum veiðarfærin lifi af. Það hefur engan tilgang að láta veiðarfærin velja úr aflanum niðri í sjónum ef það sem valið er frá er allt dautt, það hefur engan tilgang. Þess vegna er það oft sem maður hefur spurt m.a. hafrannsóknamenn: Hvað þolir ýsan að fara í margar salíbunur í gegnum smáfiskaskilju áður en hún drepst? Svörin við því liggja ekki ljós fyrir. Það eina sem menn vita er að ýsan þolir miklu færri ferðir en þorskurinn.

En hvað lærir þá þorskurinn af því að fara tíu bunur í gegnum skiljuna? Getur verið að hann læri að forðast veiðarfærið í framtíðinni og menn þurfi þá að halda því áfram að stækka veiðarfærin ár eftir ár til að koma í veg fyrir það að lærður þorskur, ef hægt er að orða það svo, hæstv. ráðherra, fari ekki inn í troll. (**Gripið fram í:** Lærður í lífsins skóla?) Já, lærður í lífsins skóla. Hv. þm. halda kannski að ég sé að grínast en ég er ekkert að grínast. Það getur nefnilega verið mjög líklegt að fiskur læri smátt og smátt að forðast veiðarfæri. Bara örstutt dæmi um það.

Á síldarárunum frá 1964–1968 fórum við alltaf á hverju vori fullir bjartsýni á síld með nótina sem við fiskuðum svo vel í í fyrra. Þegar við vorum komnir austur á firði, þá leið venjulega um mánuður og þá fundum við einhverjar hafnir þar sem við gátum farið og dýpkað nótina um 8–10 faðma. Ég veit að menn muna þá tíð, einhverjir með mér. Niðurstaðan varð sú að þegar við komum sumarið eftir var nótin of grunn. Þeir sem voru með dýpstu næturnar héldu áfram að fiska og við fórum allir í það að dýpka næturnar. Svona gekk þetta fram til 1968 en eftir það veiddist engin síld, hverju sem það var um að kenna. En staðreyndin var að síldin dýpkaði á sér á hverju ári. Og mér er sagt, ég veit ekki sannleiksgildi þess, mér hefur verið sögð sú saga af reyndum skipstjórnarmanni á nótaveiðum að við Bandaríkin hafi menn byrjað að nýta síldarstofn á síðustu öld með nótaveiðum en síðan farið með notkunina eingöngu yfir í togveiðar og nú sé hegðun þess síldarstofns þannig að sá síldarstofn myndi ekki lengur torfur heldur sé í dreif, annaðhvort á botni eða upp í sjó. Það gæti auðvitað bent til þess að það sem var innbyggt í síldarstofninn að það væri öryggi síldarinnar að þétta sig í torfur og verjast þannig innan frá eigi ekki lengur við vegna þess að henni sé ævinlega splundrað með togveiðarfærum. Ekki veit ég hvort þetta er satt en gæti vel trúað að á 50 árum væri hægt að breyta hegðun fiskstofns.

Það sem ég hef gert að umræðu í máli mínu eru fjöldamörg atriði sem snúa ekki endilega að því hvort við búum við heimsins besta kvótakerfi eða hvort við búum við kerfi þar sem alltaf verður brottkast og að brottkast verði í öllum kerfum. Ég ætla bara að segja að í öllum kvótakerfum er innbyggður ákveðinn hvati til brottkasts. Hann er misjafn eftir því hvernig reglurnar eru útfærðar og það má vafalaust taka á einhverjum þeim vandamálum sem þar eru, en það er augljóst að sumar veiðar í kvótakerfi munu valda brottkasti. Þess vegna er ég afar ósammála hæstv. sjútvrh. að vera að fara núna með strandveiðatrilluna yfir í kvótakerfið. Það mun auka brottkast.

[17:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það þingmál sem við ræðum nú er auðvitað hluti af tilraunum manna til að nálgast stjórn fiskveiða með lögregluaðgerðum. Menn eru mjög uppteknir af að með því að refsa mönnum fyrir að ganga illa um auðlindina muni takast að koma á betri skikkan en hefur verið.

Það kann að vera og vonandi verður af þessu einhver árangur en ég óttast að það muni aldrei takast að stjórna fiskveiðum við Ísland með því móti og ég tel að við séum ekki með skynsamlegar reglur ef við þurfum að stjórna á þennan hátt.

Ég held að ýmsa hafi grunað þegar ráð var fyrir því gert í þeim lögum sem hér er verið að tala um, að henda mætti skemmdum fiski í sjóinn, að það mundi verða til þess að býsna erfitt yrði að koma einhverjum sönnunum við gagnvart þeim sem hentu fiski í sjóinn. En ég veit eiginlega ekki hvort hægt er að segja að nokkurn tíma hafi á það reynt því að svo langt hafa menn held ég aldrei komist í að reyna að taka á mönnum sem hafa gengið illa um auðlindina.

Ég bar fram fsp. til hæstv. sjútvrh. í fyrra um hversu margir hefðu verið ákærðir og dæmdir á grundvelli þeirra laga sem eru í gildi um þessa hluti. Svörin voru á þá leið að einhverjir hefðu jú verið kærðir, ég man ekki hvort það voru 19 eða 20, en enginn hafði verið dæmdur.

Þetta er náttúrlega það sem við stöndum frammi fyrir, og ég velti því dálítið fyrir mér að þótt þessi regla verði tekin upp — að koma verði með fiskinn að landi og ráðherra fylgi því þá eftir með reglugerð — hvernig takast muni að sanna

að einhverjir hafi hent fiski í sjóinn, jafnvel þó að vísbendingar séu um það í aflasamsetningu viðkomandi skips og að Fiskistofa sendi sína galvösku eftirlitsmenn um borð og þeir fylgist með í nokkra daga. Menn þurfa ekki að halda að brottkast verði stundað undir vökulum augum þeirra. Síðan koma menn í land aftur og er þá einhver sönnun fyrir því að menn hafi kastað fiski í sjóinn annað en aflasamsetningarskýrslur? Verður hægt að dæma á grundvelli þeirra? Ég stórefast um það. Og ég verð hreinlega að viðurkenna að ég efast líka svolítið um að það muni standast að láta viðkomandi útgerðir borga fyrir þessa eftirlitsmenn um borð, þó að aflasamsetningin hafi verið grunsamleg, einfaldlega vegna þess að það mun ekki standast fyrir dómi að refsa mönnum ef engin sönnunargögn eru fyrir hendi. Því miður er a.m.k. ástæða til að óttast að þetta verði erfitt í framkvæmd.

Það þarf æðimarga eftirlitsmenn um borð í íslensk fiskiskip ef takast á að að venja menn af því að kasta fiski í sjóinn með því að þreyta þá með mannskap sem væri sendur út með þeim.

Stjórnvöld bera hér býsna mikla sök því að umgengnin um fiskimiðin er auðvitað að miklum hluta til komin vegna þeirra reglna sem eru í gildi og hafa verið í gildi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef orðið fyrir mörgum og miklum vonbrigðum vegna þess hvernig hv. Alþingi og stjórnvöld hafa gengið fram hvað varðar þessi mál. Ég var á þingi 1991 þegar hæstv. þáv. sjútvrh. lagði fram frv. um fullvinnslu botnsfisksafla um borð í veiðiskipum þar sem lagt var til að það yrði að lögum að menn kæmu með allan afla að landi af fullvinnsluskipunum. Og það frv. Þorsteins Pálssonar varð að lögum.

Þá risu þeir upp sem ráða mestu í þjóðfélaginu, þ.e. forusta LÍÚ, og sögðu mönnum sínum það að þeir skyldu ekki aldeilis fara að eyða peningum í að fara eftir þessum lögum, þeim yrði sko kastað út í horn — sem reyndist rétt. Alþingi lúffaði fyrir LÍÚ og afnam þau lög áður en þau komu til framkvæmda því að gert hafði verið ráð fyrir að menn fengju aðlögun að þeim fram að árinu 1996.

Hvað sjáum við núna? Við sjáum að það sem þau lög áttu að tryggja, þ.e. að menn kæmu í land með hausana og hryggina og þann hluta fiskjarins sem hefur verið eða var fleygt í sjóinn þá, er í dag gífurlegt aflaverðmæti. Það er alveg örugglega staðreynd, a.m.k. er það staðreynd í mínum huga, að ef lögin hefðu verið látin ganga fram hefðum við verið mun fyrr á ferðinni að nýta allan þann afla. Þá væru menn kannski ekki að flytja inn hausa frá Skotlandi til Íslands vegna þess að þá vantar á markaðinn, því að þá væru öll fullvinnsluskipin með aðstöðu í dag til þess að koma með þá hluta fiskjarins að landi. En Alþingi gaf eftir í málinu vegna mótmæla LÍÚ-forustunnar og þess vegna sitjum við nú í súpunni.

Ef menn hefðu staðið í fæturna og verið staðfastir hér á hv. Alþingi í sambandi við þetta mál hefði það haft almenn áhrif á umgengni um fiskimiðin. Þá hefðu menn auðvitað aldrei sett þau lög sem verið er að breyta hérna núna, um að menn mættu henda í sjóinn selbitnum afla eða, eins og hér stendur, verðlausum. Menn hefðu þá þurft að halda sig við það að koma þeim afla öllum að landi og það hefði að mínu viti mikið siðferðilegt gildi vegna umgengninnar um auðlindina. Ég hvet til þess að menn fari sem snarlegast inn á þá braut að sjá til þess, og ég hvet hæstv. sjútvrh. til að ganga fram í því, að það verði ófrávíkjanleg stefna að allur afli komi að landi og það megi bókstaflega ekki verja það með neinu móti að afla sé fleygt í sjóinn. Þá væri eingöngu um að ræða einhvers konar slys sem verða til sjós, og auðvitað er ekki hægt að útiloka að veiðarfæraóhöpp og annað slíkt verði til þess að einhver afli náist ekki upp sem búið er að drepa. En að öðru leyti geri menn ráð fyrir og vinni út frá því að allur afli komi að landi.

Það er ekki sú stefna sem Alþingi og stjórnvöld hafa rekið fram að þessu, alls ekki. Hlaðið hefur verið undir þá sem hafa gengið illa um auðlindina. Ég kalla það að ganga illa um auðlindina að koma ekki með nema helminginn af þeim fiski að landi sem kemur inn fyrir borðstokkinn eins og fullvinnsluskipin hafa gert í gegnum tíðina. Sá hluti aflans sem fer fyrir borð hjá þeim, eða gerði þegar þessi mál voru hér til umræðu 1991 og 1992, var talinn vera um helmingurinn af þeim afla sem kom inn fyrir borðstokkinn. Þá er ekki verið að tala um neitt refsivert athæfi, alls ekki. Mönnum var sem sagt gefin heimild til að ganga svona um.

Kannski er eðlilegt að einhverjir líti þannig á að það sem höfðingjarnir hafist að, hinir meini sér leyfist það, að henda líka einhverju í sjóinn sem fáist ekki mikið verðmæti fyrir. Ég held sem sagt að menn hafi verið að ala upp í sjómönnum að ganga ekki vel um með því að hafa slíkar reglur hér á Alþingi og með því að gefa eftir fyrir LÍÚ í þeim málum sem ég er að tala um.

Menn mega ekki taka það sem ég er að segja sem afsökun fyrir því að menn fleygi afla í sjóinn. Það er af og frá að ég sé að mæla með slíku. Ég held hins vegar að hv. alþingismenn eigi að muna það vel og vandlega þegar þeir eru að halda ræður hér í hv. Alþingi að reglurnar eru héðan. Samkvæmt þeim reglum sem menn hafa búið við hafa sumir staðið frammi fyrir því að þeir hafa engra annarra kosta völ átt en að brjóta reglur. Þeir hafa verið komnir út á sjó og þeir hafa fengið fisk inn fyrir borðstokkinn sem þeir áttu ekki von á og áttu ekki kvóta fyrir. Þó að þeir hafi haft samband við kvótabanka hefur ekki verið hægt að fá hann. Og hvað áttu þessir menn að gera þá? Menn vita hvaða leiðir eru þá til staðar — engin af þeim lögleg — sem hægt er að velja á milli.

Það þýðir ekki fyrir menn á hv. Alþingi að tala eins og þeir beri enga sök í þessum málum, beri ekki ábyrgð á því sem um er að vera.

Síðan hafa menn gengið lengra og lengra í að kvótasetja tegundir og setja fleiri og fleiri í þennan vanda. Mér er nær að halda að það hefði haft veruleg áhrif til þess að auka brottkast, og mun gera það að öllum líkindum nema sveigjanleikaákvæðin sem verið er að tala um — og ég ætla svo sem ekki að mæla gegn. Ég verð að gefa hæstv. ráðherra nokkur prik fyrir viðleitni. Mér finnst alveg ástæða til þess. Hann hefur verið að leggja fram ýmsar tillögur sem eru jákvæðar og mér finnst hann hafa reynt að hugsa á slíkum nótum. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að það sem hann hefur verið að leggja til gangi alls ekki nógu langt og ég er einnig á þeirri skoðun að við séum að lenda úti í dálitlu feni með mjög flóknar aðferðir sem verði í gangi. Það þarf bókstaflega að setja útgerðarmenn á skólabekk til að læra á hvaða möguleika þeir hafi til að gera hlutina, færa milli tegunda, koma með 5%, flokka hluta aflans sem á að landa utan kvóta, hluta aflans sem á að fara í gúanó af því að hann er selbitinn o.s.frv. Það er ýmislegt sem verið er að tala um að gera.

Ég velti því svolítið fyrir mér hvort ekki væri einhver möguleiki á því að einfalda þessar leiðir. Það er alveg rétt

sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan að ákvæðið um að landa megi þeim afla utan kvóta sem er selbitinn og skemmdur er svolítið samkynja því ákvæði sem er í smábátafrv. um að menn fái að landa utan kvóta afla sem þeir kjósa svo, allt að 5%, og spurning hvort hægt sé að sameina þessa hluti þannig að kerfið verði ekki eins flókið og það stefnir í að verða.

Ýmsir sjómenn hafa verið mjög lengi að læra gildandi reglur. Ég þekki það sjálfur vegna þess að ég hef talað við menn sem voru mörg ár með þá afstöðu að þeir keyptu aldrei kvóta. Þeir tóku þá ákvörðun þegar kvótakerfið var sett á og þeir fengu sínar úthlutanir að þeir ætluðu hvorki að kaupa né selja kvóta nokkurn tímann. Halda menn að þessir menn hafi aldrei þurft á því að halda að kaupa kvóta? Jú, þeir þurftu á því að halda. En þeir gerðu það aldrei. Þeir völdu einhverjar aðrar leiðir frekar en að kaupa kvóta fyrir þeim tegundum sem þá vantaði og voru aukategundir í þeirra afla.

Það er þess vegna full ástæða til að fara mjög vandlega yfir það með forustumönnum útgerðarmanna og gera á því athugun hvort sjómönnum og útgerðarmönnum séu kunnugar allar gildandi reglur, að maður tali ekki um þegar nýjar reglur eru settar. Þá þarf að koma þeim almennilega til skila og kenna mönnum að fara eftir þeim, jafnvel veita þeim ráðgjöf vegna þess að það er ekki alltaf auðvelt val hjá sjómönnum og útgerðarmönnum. Oft og tíðum er um að ræða mjög háar fjárhæðir fyrir lífsafkomu þeirra, og ekki vandalaust að taka ákvörðun um hvort kaupa skuli kvóta af þessari tegundinni eða hinni eða hvernig beita skipinu.

Örlög okkar í þessu kvótakerfi virðast ætla að verða þau að gera það sífellt flóknara. Ég held að full ástæða sé til að gefa því gaum hvort menn eigi ekki að reyna að leita einföldunarleiðanna. Ég tel að þar hafi ráðherranum brugðist bogalistin. Hann hefur kosið þá leið að setja fleiri tegundir í kvóta. Ég tel hins vegar að það hefði átt að ganga í hina áttina, vera með eins fáar tegundir í kvóta og mögulegt er, og láta hann síðan færast sjálfvirkt á milli tegunda, þ.e. að aukategundirnar séu dregnar frá heildarkvótanum. Það er leið sem ég teldi að menn ættu að skoða vandlega, að reyna að hafa kvótategundirnar sem allra fæstar og einfalda þetta. Þá væri hægt að sigla fram hjá ýmsum vandamálum sem eru miklu fleiri — og hafa orðið fleiri fyrir einstaka útgerðarmann — við að fá inn í kvóta alls konar tegundir sem þeir eru að fá lítið af.

Hvernig halda menn t.d. að útgerðarmenn bregðist við sem eru ekki að gera út á skötusel og fá hann sem meðafla? Halda menn virkilega að sá skötuselur hafi vit á því að forðast krókana hjá þeim? Nei, auðvitað ekki. Þessi skötuselur kemur bara að landi og fer fram hjá vigt. (**GAK:** ... eigin poka?) Já, og kemur heim á tröppur hjá einhverjum kannski og hefur aldrei komið við á neinni vigt.

Það eru fleiri tegundir sem þarna er um að ræða. Og það versta fyrir þjóðina er kannski að sumar þessara tegunda fara bara í sjóinn aftur af því að menn nenna ekki að standa í þessu. Þetta er það lítið sem þeir eru að fá og þeir nenna ekki að standa í einhverju þrasi og veseni út af því að útvega sér einhvern kvóta.

Ég held reyndar að sveigjanleikaákvæðin geti komið þarna til en ég tel að þessi undarlega hugsjón kvótamanna, að enginn fiskur við Ísland megi synda þar munaðarlaus, þurfi að hverfa. Og hvernig á fólkið í landinu að skilja að Vestmanneyingar eigi ýsuna sem er að synda við Vestfirði núna? Fólk upplifir þetta svona þegar allt í einu gýs upp meiri veiði á einhverjum slóðum.

Þetta þarf að breytast. Ég held að það væri ráð að skoða það að fækka tegundunum sem allra mest í kvótanum og einfalda þetta eins og mögulegt er. Ég geri ráð fyrir því að menn séu ekki á móti þessari tillögu sem er hér. Ég er a.m.k. fylgjandi því að allur fiskur komi að landi og allur fiskur er verðmæti. Við vitum að það er hægt að gera mikil verðmæti úr fiski sem fer í fiskimjöl í dag. Og kolmunninn sem varla tók að setja í bræðslu fyrir nokkrum árum er orðinn svo verðmætur í dag að menn á kolmunnaveiðum eiga núna sínar bestu vertíðir í þessum flota. Ég held reyndar að verð á fiskimjöli sé almennt mjög gott. Þar fyrir utan tel ég að það eigi bara að vera ófrávíkjanleg regla að allur afli sem kemur um borð í fiskiskip á Íslandsmiðum eigi að fara í land og það eigi ekki að vera nein afsökun fyrir því að koma ekki með hann.

[17:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af orðum síðasta hv. ræðumanns um að æskilegt væri að kvótakerfin þróuðust þannig að þau yrðu ekki allt of flókin, a.m.k. skildi ég efni ræðu hans þannig hérna í lokin um að fækka fisktegundum. Ég er honum alveg sammála um þetta atriði, sérstaklega að því er varðar blandaðar botnfiskveiðar. Það er mjög erfitt að tína alltaf inn í fleiri og fleiri tegundir, tegundir sem við margar veiðar eru bara hreinn meðafli, ekki í miklu magni en meðafli samt, og koma í veiðarfæri eða á króka án þess að nokkur leið sé að komast fram hjá því. Þess vegna vil ég segja það að fyrir tíð hæstv. núv. sjútvrh. var það lagt til af þeim sem hér stendur að reynt yrði að hafa eins fáar tegundir og mögulegt væri í hinu almenna aflamarkskerfi og að útgerðarflokkarnir væru valdir miðað við veiðarfæranotkun sérstaklega og að þær tegundir sem væru uppistöðuafli við hverja veiðiaðferð væru notaðar í kvótann. Ef ég man rétt lagði ég til að það væri þorskur, ýsa og ufsi hjá netabátum, karfi, grálúða og þorskur hjá togurum og þannig áfram koll af kolli.

Þá vil ég spyrja hv. þm., síðasta ræðumann, hvort hann eigi þá við að þær tegundir sem eftir eru, þegar búið er að einfalda þetta með þessu lagi, séu reiknaðar í þorskígildum þannig að raunverulega þurfi menn ekki að stunda neina tilfærslu heldur sé það bara þorskígildareikningur sem menn fá úthlutað.

[17:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er það sem ég á við. Ég tel að það eigi alveg að geta gengið að þegar viðkomandi fær aukategundir verði tilfærsla milli tegunda og hann missi þá þorskígildi sín samkvæmt gildandi stuðlum. Ég sé ekki að það geti ekki gengið prýðilega upp. Mér finnst full ástæða til að gefa gaum að þessum hugmyndum og ég man vel eftir því hvernig hv. þm. lagði þær fyrir á sínum tíma. Ég held því ekki fram að ekki megi skipta þessu eitthvað öðruvísi niður en hv. þm. lagði þá til. Það þarf bara að skoða betur. En ég tel mjög mikilvægt að menn einfaldi kerfið og að t.d. einhverjir smáútgerðarmenn sem fá endrum og eins nokkur kíló af einhverjum tegundum þurfi ekki að vera að eltast við kvóta í kringum það. Ef þeir eru með kvóta í tveim eða þrem aðaltegundum sem þeir eru að fiska komi hitt af sjálfu sér og allur meðafli sé þeim þá ekki neitt vandamál heldur dragist bara frá heildarþorskígildiskvóta þeirra.

[17:25]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. nefndi hér áðan að hann teldi að almennt talað ætti að hafa sem allra fæstar tegundir í kvóta. Ég er alveg sammála hv. þm. um þetta.

Þetta vakti mig hins vegar aðeins til umhugsunar vegna þess að í sumar gerðist það að hæstv. sjútvrh. lagði það til við ótrúlega litlar vinsældir satt að segja, því miður, að taka eina tegund út úr kvóta. Ég held ýkjulaust að í þessum sal séu núna staddir allir þeir hv. þm. sem mæltu þessu máli bót opinberlega. Auk hæstv. ráðherra var það sá sem hér stendur og hv. 4. þm. Vestf. Ég man eftir einum þingmanni Samfylkingarinnar sem tjáði sig um þetta mál. Hann greindi frá því í Svæðisútvarpi Vestfjarða að þessi ákvörðun hæstv. ráðherra væri sennilega sú vitlausasta af mörgum vitlausum ákvörðunum sem hefðu verið teknar í sjávarútvegsmálum á undanförnum árum. Ég var algjörlega ósammála þessari staðhæfingu vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að auðveldlega sé hægt að stjórna veiðum almennt talað, ég tala ekki um í einstaka tegundum ef menn vilja, með öðrum aðferðum en magnbundnum, einstaklingsbundnum, færanlegum kvótum.

Þess vegna leikur mér dálítil forvitni á að vita hver afstaða hv. þm. var til þessa máls því hv. þm. er allajafna ósparr á að láta skoðanir sínar í ljósi. Mig minnir þó að einhverra hluta vegna hafi komið yfir hann mikil hæverska í sumar og hann hafi ekki tjáð sig um þetta mál.

[17:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski svolítið seint að gera þessa játningu. Ég var ákaflega hrifinn og mér fundust þetta eiginlega vera tímamót vegna þess að við sem höfum verið að leggja til að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu höfum verið mjög uppteknir af því að reyna að gera það þannig að þeir sem væru í útgerð gætu lifað breytinguna af og yrðu ekki settir í mikinn vanda.

En hæstv. ráðherra taldi vera hægt að gera þetta á einni nóttu eða ekki kannski nóttu, einum degi, að breyta þessu þannig að steinbíturinn væri tekinn út úr kvóta. Mér fannst það vera sönnun fyrir því að við þyrftum kannski ekki að vera svona óskaplega áhyggjufullir yfir þessum fyrningartíma eða aðlögunartíma sem við höfum flestir verið að tala um.

Þó að hæstv. ráðherra hafi breytt þessu aftur tel ég að þetta hafi verið ágætis innlegg hjá honum í þá umræðu að hægt sé að breyta þessu og það sé full ástæða til að vera djarfir í að gera breytingarnar. Hann var það í sumar, bæði þegar hann tók steinbítinn út úr kvótanum og setti hann inn aftur.

[17:28]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einu sinni var sagt að allir vildu Lilju kveðið hafa. Nú sýnist mér þetta vera að þróast í þá átt að þeir koma inn einn og einn og greina frá því að þeir vildu gjarnan hafa kveðið þessa Lilju.

Auðvitað getum við sagt að betra sé seint en aldrei. Ég verð samt sem áður að segja að mér fannst, og finnst, í ljósi alls að hv. þm. hefði getað sparað sér hæverskuna í sumar þegar bardaginn stóð um þetta mál því að ég, eins og hv. þm., leit þannig á að þetta væri dálítið bardagi um grundvallaratriði, og það var auðvitað ljóst mál hver tapaði og hver vann í þeirri umræðu.

Ég vil biðja hv. þm. næst þegar hann í hjarta sér er sammála svona góðum málum að hann spari ekki við sig heldur reyni að rífa af sér hæverskuna og komi til liðs í stað þess að sitja hjá og gera bara játningar klukkan hálfsex löngu eftir að þetta er búið.

[17:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók undir þetta táknrænt. Ég hef hins vegar verið með mínar eigin tillögur ásamt félögum mínum um hvernig eigi að gera þetta. Ég tel að koma eigi til móts við þá sem eru í útgerð þegar breytingin fer fram. Við höfum komist að ákveðinni niðurstöðu um að gera þetta á tilteknum tíma. Ég tel að hægt sé að gera það hraðar. Ég hef hins vegar ekki komist að þeirri niðurstöðu að við gætum tekið kvótann af öllum útgerðarmönnum á Íslandi með þeim hætti sem hæstv. ráðherra tók steinbítinn af í sumar. Það held ég að sé aðgerð sem verði erfið viðfangs. Það yrði a.m.k. að liggja fyrir ákaflega skýrt, og betur en þá var, hvaða kerfi ætti að taka við í heildina og hvernig það gæti þá virkað þannig að það setti ekki alla útgerðarmenn á Íslandi í þann vanda að þeir færu kannski sumir hverjir bara lóðbeint á hausinn og ættu enga möguleika á að bjarga sér.

Ég er bara að segja að ég vil að farið verði út úr þessu kerfi skipulega og af ábyrgð þannig að útgerðarmenn viti fyrir fram hvað sé á ferðinni og geti aðlagað sig að nýjum aðstæðum. Ég vil ekki að við gerum það eins fyrirvaralaust og snöggt og þegar steinbíturinn var tekinn út í sumar. Það var ákveðin sönnun fyrir því, að mér fannst, þ.e. þessi aðgerð ráðherrans, að við þurfum engu að kvíða með tillögur mínar, en ýmsir hv. þm. og félagar hv. 1. þm. Vestf. hafa ásakað mig um ábyrgðarleysi fyrir að leggja til að veiðiheimildir verði innkallaðar á tíu árum en ekki á augnabliki eins og steinbíturinn.

[17:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Bara út af þessum síðustu orðum, að ef það er ábyrgðarleysi að taka svona tegundir út úr kvóta að mati einhvers þá vil ég segja við hv. þm. að hann hefur skort ábyrgðarleysi núna í sumar í þessum efnum.

Að öðru leyti vil ég bara segja rétt í lok þessarar umræðu — ég ætlaði út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um hana — að mér hefur sýnst að í grundvallaratriðum séu viðtökur frv. fremur jákvæðar. Ég hef hlýtt á umræðurnar og mér heyrist að í grundvallaratriðum séu menn jákvæðir að því leytinu að þetta sé viðleitni í þá áttina að tryggja að það sem úr sjónum komi sé einhvern veginn nýtt til verðmætasköpunar. Ég geri mér alveg grein fyrir því að menn hafa mismunandi trú á frv. sem aðferð við það að koma í veg fyrir brottkast. En eins og ég hef lesið út úr þessum umræðum þá hefur mér heyrst að menn séu fremur þeirrar skoðunar að þetta verði til þess að auka verðmætin í sjávarútvegi heldur en hitt og í því ljósi heyrist mér að menn séu fremur á því að þetta sé til bóta að þessu leytinu a.m.k.

Mig langar þó aðeins að tala almennt um þessa hluti í framhaldi af því sem ég hef verið að tjá mig um þessi mál í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi þar sem ég hef átt þess kost, ekki síst vegna þess að ég hlýddi með mikilli athygli á hv. 4. þm. Vestf. sem hefur mjög yfirgripsmikla þekkingu á þætti veiðarfæranna í því að stjórna veiðunum og hafa áhrif á brottkastið. Ég er alveg sammála hv. þm. um að við höfum ekki þá þekkingu, því miður, sem dugir til þess að nýta veiðarfærin til þess að koma í veg fyrir

hvatann til brottkasts. Við höfum ekki þá þekkingu sem við þurfum til þess að velja „þarna niðri" eins og einn ágætur veiðarfærasérfræðingur orðaði það einu sinni í blaðaviðtali. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við þurfum að gera í því stórátak. Það er kostulegt til þess að vita, í ljósi þess að við erum að fjárfesta fyrir milljarða og stundum milljarðatugi á einhverjum tímabilum í sjávarútvegi okkar, að við skulum ekki hafa lagt meira á okkur við að afla þessarar þekkingar.

Hins vegar er ljóst að hægt er að gera mjög margt í þessum efnum. Sjálfur hef ég vakið athygli á því hvað hægt er að gera varðandi dragnótina. Það skiptir miklu máli vegna þess að menn hafa bent á að í skoðanakönnuninni sem oft hefur verið rætt um varðandi brottkastið, kom í ljóst að brottkast er talsvert mikið hlutfallslega, ef marka má þær upplýsingar, vegna þessa veiðarfæris. Með því er ekkert verið að fella neinn sérstakan dóm yfir einum eða neinum, hvorki þeim sem veiða né öðrum, heldur er einfaldlega verið að benda á þessa niðurstöðu könnunarinnar. Hvort sem það er svo eða ekki þá er ljóst að ef hægt er að beita veiðarfærastýringu til þess að draga úr brottkasti þá eigum við að reyna það eins og við getum.

Ég vil líka í þessu sambandi vekja athygli á því að núna er verið að vinna að mjög merkilegri tilraun á vegum fyrirtækisins Dímons til að tryggja það að með línuveiðum geti menn valið meira fiskinn sem þeir sækjast eftir. Við þekkjum það sjálf, ef við skoðum söguna síðustu árin, að með því að velja beitu er hægt að hafa mikil áhrif á hvaða tegundir menn veiða. Það þekkjum við frá gamalli tíð. En ég held að menn hafi verið að ná meiri árangri í þessum efnum á síðustu árum, t.d. með innflutningi á þessu danska síli, sem bendir til þess að hægt sé í ýmsum tilvikum að nota veiðarfærin sjálf til þess að koma í veg fyrir tilefni til brottkasts.

Hins vegar er alveg ljóst, eins og hv. 4. þm. Vestf. benti alveg réttilega á, að við vitum einfaldlega of lítið. Okkur er ljóst að hægt er að ná ákveðnum árangri en það er líka ljóst að annað höfum við ekki á okkar valdi og í ýmsum tilvikum getur það verið þannig að hnjaskið sem fiskurinn verður fyrir leiði einfaldlega til tjóns sem við getum ekkert bætt.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að gríðarleg þróun er í veiðiskapnum sjálfum. Eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. benti á, kom fram á ráðstefnu núna um helgina að framleiðniaukningin, ef við getum það kallað svo, geti numið í þessum efnum 4–5% á ári og það er gríðarlega mikið ef við skoðum t.d. 10–20 ára tímabil. Mér finnst þetta sjálfum ekkert ólíklegt. Ef maður horfir aðeins til baka til þeirrar miklu þróunar sem hefur orðið í þessum efnum, stækkunar skipa, bætts tækjabúnaðar og bættra veiðarfæra þá sjáum við að þarna er um gríðarlega mikla þróun að ræða.

Í síðasta blaði Fiskifrétta er athyglisverð stutt grein eftir fyrrverandi skipstjóra sem ég þekki nú engin deili á. Hann spyr einfaldlega þessarar spurningar:

Tökum dæmi: Hvað fengist í botnvörpu á 700 tonna síðutogara með 105 feta höfuðlínu eða í hampnet á þorsk- og ýsuveiðum? Og hann svarar: Það fengist lítið sem ekkert í dag.

Spurningin er: Er þetta vegna þess að lífríkið hefur verið að bregðast við eða um hvað er hér að ræða? Ég held að þessi spurning skipstjórans fyrrverandi bendi okkur fyrst og fremst á þá gríðarlegu þróun sem orðið hefur í veiðarfærunum. Út úr því sem menn voru að gera með einhverjum árangri fyrir tíu árum, 20 árum eða 30 árum, mundu menn einfaldlega ekkert fá núna.

Menn hafa töluvert spurt í þessari umræðu hvort rétt sé að hæstv. ráðherra fái heimild í reglugerð til þess að gefa leyfi til þess að henda fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum o.s.frv. Mér hefur heyrst að mjög margir sem hafa tjáð sig um þetta mál hafi verið þeirrar skoðunar að þessi heimild hæstv. ráðherra ætti ekki að vera til staðar. Ég er ekki jafnviss um þetta einfaldlega vegna þess að við verðum að líta á málið í heild sinni. Tökum sem dæmi lítinn bát, vertíðarbát sem slægir um borð, smábát sem skilar slægðum afla að landi. Á að setja honum það skilyrði að hann komi með slógið o.s.frv. að landi? Ég er ekki viss um það. Ég held því að ekki sé óeðlilegt að til staðar sé einhver heimild fyrir hæstv. ráðherra, hvort sem það er þessi heimild algjörlega eða önnur, sem gefur einhver færi í þessum efnum.

Að lokum vil ég segja að ég fagna mjög ákvæði frv. um að hæstv. ráðherra geti ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða sem fæst í ákveðin veiðarfæri. Ef ég veit rétt þá hafa menn m.a. stuðst við það að þetta sé ekki heimilt þegar þeir hafa talað um að nauðsynlegt sé að hirða menn sem eru að, eins og ég hef orðað það, berja kóðin af krókunum. Ef þessi heimild hér nægir til þess að menn hætti svoleiðis tilefnislausum bófahasar þá er það að mínu mati gott skref og þarft.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að fara almennum orðum um frv. og árétta að það er auðvitað engin heildarlausn á þeim mikla vanda sem brottkastsumræðan er. En það er hins vegar athyglisvert innlegg í umræðuna um það hvernig eigi að auka verðmætasköpunina.

[17:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að mestu leyti ágæta og málefnalega umræðu, mér liggur við að segja tímamótaumræðu. Við höfum oft deilt á hv. Alþingi, ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson, en þetta er í fyrsta skipti sem hefur komið fram að hann hafi verið ákaflega hrifinn af einhverju sem ég hef gert. Og ég hugsa að nú sé í fyrsta skipti sem hann ætlar að gefa mér prik fyrir eitthvað, þó ekki sé nema fyrir viðleitni. Það er allt saman út af fyrir sig ánægjulegt.

Þær umræður sem hér fóru fram um að betra væri að hafa fáar tegundir í kvóta en fleiri eru út af fyrir sig athyglisverðar. Ég verð að viðurkenna að ég held að hægt sé að ná þeim markmiðum sem við erum að reyna að ná í fiskveiðistjórninni á fleiri en einn hátt, þ.e. með fleiri en einni útfærslu af kvótakerfi eða einhvers konar samsvarandi takmörkunum á afla. Mér sýnist þó að sú útfærsla sem hér hefur verið nefnd strandi á títtnefndum hæstaréttardómi um 5. gr. þar sem eftir þann dóm er óheimilt er að takmarka aðgang að auðlindinni með veiðileyfum, því það þyrfti að gera ef takmarka ætti með fáum tegundum í kvóta og síðan með meðafla því þá yrði það að vera þannig að þeir sem ekki hafa kvóta í þessum kvótabundnu tegundum mættu ekki sækja sjó því að þeir ættu þá ekki að geta sótt bara í meðaflategundirnar. Það kemur nákvæmlega inn á það sem hv. þm. Sigríður Ingvardóttir minntist á hér fyrr í dag, að það er ekki bara hægt að leigja sér kvóta í þorski og halda síðan til veiða því venjulegast veiða menn nú yfirleitt eitthvað annað líka þó ekki sé það alltaf mjög mikið. Þessar vangaveltur sýnast mér því stranda á þessu ákvæði.

Hins vegar er ánægjulegt að menn viðurkenni þá viðleitni sem felst í því að skapa þeim sem verða fyrir því að veiða eitthvað annað en þeir höfðu ætlað sér eða áttu von á, einhverja útgönguleið, t.d. með breytingunni á tegundartilfærslunni

og tillögunni um 5% kvóta til Hafrannsóknastofnunarinnar, að viðbættu auðvitað því sem felst í jöfnum skiptum og á framsali.

Mér sýnist að verði þessi 5% hafróregla að lögum og það síðan hnýtt saman við tegundartilfærsluna, þá geti það verið 10–15% af heildarþorskígildum sem bátur eða skip fær úthlutað sem hægt er að hafa í öðrum tegundum en þeirri megintegund sem verið er að veiða. Þetta fer auðvitað eftir tegundum því eins og menn vita er tegundartilfærslan mæld í þorskígildum, en hafrótillagan er hreinlega bara í magni.

Samanber umræður sem farið hafa fram t.d. um aukinn ýsu- og steinbítsafla við Grímsey þá gæti þetta verið á bilinu 10–15% af þorskkvótanum sem hægt væri að færa yfir í ýsu og/eða steinbít. Það fer eftir því hvernig menn mundu haga slíkri samsetningu. Þetta er nú svona grófur útreikningur.

Þetta er einmitt það sem verið er að reyna að gera. Það er verið að reyna að skapa svigrúm og ég held að það ætti örugglega að nýtast varðandi þessar meintu skötuselsveiðar á Faxaflóasvæðinu sem virðast hafa komið mönnum í opna skjöldu. En það skrýtna við það er kannski að ekki virðist ganga neitt sérstaklega vel að veiða hann síðan í net fyrir Suðurlandi þar sem mesta veiðiaukningin hefur verið á undanförnum árum. Það er nú oft svo að náttúran og umhverfið kemur okkur á óvart og þó að við séum öll af vilja gerð til þess að mæta þeim breytingum, getur það verið erfitt.

Hafrannsóknastofnunin er að reyna að mæta þessu í útreikningum sínum, þ.e. að taka tillit til vistkerfisbreytinga í sínum módelum og er vonandi að það takist sem best.

En það er kannski ekkert skrýtið þótt svona verði flókið vegna þess að verið er að reyna að taka tillit til aðstæðna sem við höfum ekki séð og útbúa reglur sem hægt er að nota við kringumstæður sem við vitum ekki hverjar muni verða.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði áhyggjur af því að þetta væri orðið of flókið fyrir útgerðarmennina. Ég get nú ekki tekið undir það. Ég held að það hljóti alltaf að hafa verið flókið að gera út. Jafnvel þó menn þurfi að velta því fyrir sér hvort þeir eigi að nota þennan eða hinn möguleikann, að möguleikarnir séu tveir, þrír eða fjórir, þá held ég að það sé ekki neitt sem íslenskir útgerðarmenn muni láta stranda á hjá sér.

Varðandi kynningar á þessum möguleikum þá virðist alla vega þeim útgerðarmönnum og sjómönnum sem ræða við mig vel kunnugt um það sem búið er að ákveða, það sem verið er að vinna með hér og ýmsar aðrar hugmyndir sem upp hafa komið í umræðunni. Samtök sinna einnig því starfi ágætlega að hafa um þetta umræðu. Alla vega hefur nú tvö ár í röð verið sérstök umræða um brottkast á þingi LÍÚ, þar sem starfsmenn ráðuneytisins hafa komið að umræðunni við það að útskýra þau lög og reglur sem í gildi eru og það sem verið hefur í bígerð.

Það hefur reyndar líka komið talsvert inn í umræðuna hvernig hægt yrði að koma með allan afla að landi og þá einnig þann afla sem segja má að búið sé að hluta í sundur úti á sjó, þann afla sem hefur farið í vinnslu og þá hluta sem menn vilja henda. Þetta þykir mér ánægjuleg umræða og þetta á auðvitað að vera markmið okkar. Ég held hins vegar að það sé rétt að hafa þetta áfram eins og það hefur verið, að sjútvrh. ákveði það hverju sinni hverju megi henda og hvað sé skylt að koma með að landi. Markaðir fyrir nýjar aukaafurðir, ef ég má nota það orð, verða ekki til í einu vetfangi. Markaðurinn tekur ekki í einu vetfangi við öllu því sem við gætum hugsanlega komið með að landi. Við þurfum að láta þessa hluti þróast og við getum hæglega eyðilagt svona markaði ef framboðið er of mikið. Verði þeir hins vegar til, bæði stórir og öryggir, þá munu menn örugglega sjá vinnslunni fyrir hráefni á þá markaði og ef með þarf þá er sjálfsagt að breyta reglugerðum til þess að svo geti orðið.

Ég kvarta ekkert undan því að menn sýni mér ósanngirni, herra forseti, þótt mér sé falið að taka þessar ákvarðanir. Varðandi áhyggjur manna af því að óbærilegur þrýstingur sé settur á sjútvrh. þá er það reynsla mín af því að vera í embætti sjútvrh. að hann sé alltaf undir þrýstingi. Þetta út af fyrir sig veldur því ekki neinum vandkvæðum.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi svolítið um skilgreiningar á því hvað væri skemmdur afli, ræddi um selbitinn afla og þar fram eftir götunum. Þetta er út af fyrir sig ekkert óeðlileg umræða þar sem verið er að gera breytingar á þessum þætti. Ég held reyndar að selbitinn afli eigi ekki að fara neitt nema í bræðslu og hið sama gildir um annan skemmdan afla. En selbitinn afli er auðvitað þess eðlis að það er hætta á smiti sem borist getur úr selum og þess vegna er rétt að halda þeim afla frá og hann fari beint í bræðslu.

Ég held að skilgreiningin á skemmdum afla breytist ekkert við þessa breytingu. Ef menn hafa verið með einhverja skilgreiningu út á sjó á því hvað teldist skemmt og hverju þeir mættu henda þá hljóta þeir að yfirfæra þá skilgreiningu yfir á það hvað er skemmt og þeir mega halda til hliðar svo það teljist ekki til kvóta. Reynist hafa verið einhver brotalöm í því hvernig þetta var skilgreint þá getum við tekið á því síðar en áður en slíkt sannast held ég að við ættum að ganga út frá því að sömu skilgreiningarnar muni gilda áfram.

Hér fóru fram ágætar umræður um veiðarfærin sem er kannski of langt mál að fara út í og býsna athyglisverð umræða um lærða þorska eða lærða síld. Mér sýnist nú reyndar að reynslan hafi verið sú að maðurinn hafi verið fljótari að læra en þessar fisktegundir og hannað ný veiðarfæri jafnóðum og fiskarnir hafa hugsanlega lært að forðast veiðarfærin.

Það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði um að öll kvótakerfi hafi innbyggðan hvata til brottkasts er að vissu leyti rétt, þ.e. að því leyti að öll þau kerfi sem takmarka þann afla sem við getum komið með að landi hafa þann hvata innifalinn. Jafnvel geta verið aðstæður sem takmarka aflann, þar sem ekki er einu sinni um neitt kerfi að ræða, reyndar viðurkenndi hv. þm. það þegar hann var að ræða hér um Smuguna.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi lögregluaðgerðir og telur þær ekki til þess fallnar að leysa vandamálin og vísaði síðan í fyrirspurn sína frá því á síðasta þingi um hversu erfitt það væri að sanna sök í brottkasti. Það má auðvitað til sanns vegar færa og skyldi þó aldrei vera að það hafi að einhverju leyti haft áhrif á þá ákvörðun að flytja þetta frv., þær upplýsingar sem komu fram í svari við fyrirspurninni sem hann lagði fram hér á síðasta þingi.

Ég held ekki að lögregluaðgerðir séu einhver allsherjarlausn á þessu vandamáli. Ég held auðvitað að við þurfum fyrst og fremst að setja skynsamlegar reglur um það kerfi sem við höfum, sem eru í samræmi við þau markmið sem við erum að reyna að ná með kerfinu. Síðan þurfum við að veita eðlilegt aðhald. Ég held að það sé í öllum tilfellum nauðsynlegt, að veita eðlilegt aðhald. En auðvitað virkar það ekki nema öllum sé það ljóst að ef um meint afbrot er að ræða þá verði þau rannsökuð gaumgæfilega. Sannist að um brot hafi verið að ræða þá verða menn að sæta viðurlögum

alveg eins, hvað þessi lög varðar, og með önnur lög sem sett eru á Alþingi. Það getur ekkert annað gilt um þessi lög en önnur lög sem við setjum hér. Ég trúi því ekki að nokkrir hv. þm. telji að svo eigi að vera.

Síðan barst aðeins í tal fréttaflutningur af brottkasti að undanförnu, sérstaklega fréttaflutningur ríkissjónvarpsins. Ég held að það þurfi enginn að velkjast í vafa um að að hluta til er þessi fréttaflutningur skipuleg aðför að kvótakerfinu. Við höfum nú einfaldlega orð skipstjórans fyrir því að þetta hafi verið sviðsett í túttnefndum bát. Jafnframt höfum við orð fréttamannsins fyrir því að hann telji fiskveiðistjórnarkerfið óalandi og óferjandi og markmið hans, með því sem hann sé að gera, sé að breyta kerfinu. Hann kveðst jafnframt ætla að koma þessum upplýsingum, ekki bara á framfæri við innlenda fjölmiðla og þjóðina heldur út um víða veröld til að skaða íslenska fiskveiðistjórnarkerfið og það sem íslensk stjórnvöld hafi verið að gera í þessum efnum. Þetta eru þeirra eigin orð. Ég er sannfærður um að viðkomandi fréttamaður mun ekki bera þau til baka, svo oft hefur hann sagt þau í fjölmiðlum og viðtölum. Það getur ekki verið að hann vilji einu sinni leyna þessum tilgangi sínum.

Þetta skiptir hins vegar engu máli varðandi brottkastsumræðuna. Eins og fram hefur komið þá vitum við af þessu brottkasti og það kemur okkur ekkert á óvart. Við höfum verið að bregðast við því á undanförnum missirum. Þó að sumum hv. þm. finnist ekki nógu langt gengið þá, eins og fram kom, fær hæstv. sjútvrh. prik fyrir viðleitni. Við skulum vona að við þurfum ekki að ganga lengra. Við eigum ekki að ganga lengra heldur en við þurfum. Við eigum að fara varlega í að breyta þessu kerfi. Við þurfum að fara varlega, herra forseti, þegar við nýtum auðlindina og ég vona að þær aðgerðir sem við höfum lagt út í og erum að vinna að og munum halda áfram að vinna að, dugi til að leysa þennan vanda.

[17:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einkum eitt atriði sem mig langaði að víkja að úr máli hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi er það náttúrlega þannig að aðstæður á miðunum við landið eru breytilegar og taka breytingum á milli ára eða áratuga. Þær kalla þá eðlilega fram ákveðinn vanda ef við erum með of stíft útfærðar reglur sem ekki eru tengdar þessum innbyggðu breytileika. Þá lenda menn í vandræðum.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um að það yrði þá að vera hægt að takmarka veiðileyfin ef ætti að fækka tegundum í kvótakerfi, þá er ég ekki sammála honum um það. Ég tel að ef mönnum tekst að útfæra stjórnkerfið þannig að það séu tiltölulega fáar tegundir, svokallaðar burðartegundir, í hverri veiðigrein sem eru í kvóta, tvær eða þrjár eftir atvikum, þá þurfi ekki að gera aðra kröfu en þá að bátum eða skipum sem stunda veiðar með tilteknum veiðarfærum á tilteknum svæðum sé skylt að hafa kvóta í þessum tveimur eða þremur tegundum. Ég sé ekki að þurfi að hafa önnur skilyrði, í þeim tegundum sem eru burðartegundir. Þar af leiðandi fæ ég ekki skilið þá röksemd að nauðsynlegt sé að fækka veiðileyfunum, vegna þess að veiðarnar yrðu ekki heimilar nema því aðeins að bátarnir hafi kvóta í burðartegundum.

[17:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einfaldlega að segja að það er ekki heimilt að takmarka veiðileyfin með því, sem var kallað með þeim ómálefnalega hætti, að menn hefðu verið með skip á sjó á einhverju ákveðnu tímabili. Það sama á þá væntanlega við það þegar menn hafi verið að veiða eitthvað tiltekið á einhverju ákveðnu tímabili, að það leiði til þess að þeir megi ekki veiða aðra stofna sem ekki eru í kvóta. Ég sé ekki annað en það sama muni gilda þar. Við getum auðvitað deilt um hvort minn skilningur er réttur eða hv. þm. en ég sé ekki að hægt sé að draga aðrar ályktanir af þessum dómi en þær að þetta mundi ekki ganga.

[17:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit nú ekki alveg hvernig ég á að orða þennan skilning hæstv. ráðherra. Ég held þetta sé bara rangur misskilningur. Ég kemst helst að þeirri niðurstöðu að sé svo leiðis hjá ráðherranum, að hann sé með rangan misskilning í þessu máli.

Nú erum við auðvitað bara að tala um eitthvert „ef", eitthvert „ef-kerfi". Ef það væri þannig að skipum væri ekki heimilt að halda til veiða í ákveðnum útgerðarflokki, eða þeim sem stunda veiðar með ákveðið veiðarfæri, nema því aðeins að þau hefðu kvóta í einhverjum ákveðnum tegundum, þá sé ég ekki að menn þyrftu að hafa svo miklar áhyggjur af meðaflanum. Meðaflinn er þá yfirleitt eitthvað sem fylgir með og menn fá illa ráðið við. Ef krafan er um þessa útfærslu þá er ég ekki alveg sammála ráðherranum um það að svona „ef-kvótakerfi" eins og við erum að ræða sé flókið í útfærslu. En það er auðvitað háð því að sama krafa sé gagnvart öllum í viðkomandi útgerðum, að þær hafi kvóta í burðartegundunum.

[17:59]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki endilega að segja að þetta væri flókið í útfærslu. Ég hef svo sem ekki pælt þannig í því. Ég er einfaldlega að nefna það sem mér fannst augljóst í þessu samhengi, að þessi hugsun mundi strax stranda á túttnefndum dómi frá því í desember 1998. Hvort það var síðan rangur misskilningur, ég veit ekki alveg hvernig ég á að svara svona fullyrðingu. Kannski er best að ég sofi svolítið á því.

[18:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að spinna þennan þráð áfram sem hér hefur verið ofinn.

Ég velti því svolítið fyrir mér hvort ekki megi líta þannig á að menn hafi heildarkvóta í tegundinni sem um er að ræða og menn hafi síðan úthlutun í þessum burðartegundum sem hér voru nefndar. Þegar þessar tegundir sem við erum að tala hér um að yrðu utan kvótans eru teknar út úr bætist sá hluti þorskígildisins sem menn eiga í hinum tegundunum við þannig að þeir eiga í heildina svipað í þorskígildum. Þegar menn veiða þessar aukategundir eru þær sjálfvirkt teknar af þeim sem aflatilfærsla eða tegundartilfærsla en þetta er áfram auðvitað heildarkvóti og hann veiðist auðvitað bara upp. Á meðan flotarnir eiga fyrir aflatilfærslunni fá þeir hana. En möguleikinn hverfur um leið og allur aflamöguleikinn er horfinn af viðkomandi skipi. Ég sé ekki annað en svona hlutir geti alveg gengið upp og mér finnst að menn ættu ekki að þurfa að lenda í vandræðum gagnvart þessum dómi.

Mér finnst ástæðulaust hjá hæstv. ráðherra að halda því fram að þessi fréttaflutningur sé skipuleg aðför að kvótakerfinu vegna þess að þetta er staðfesting á því sem kom fram

í Gallupkönnuninni. Var Gallupkönnunin skipuleg aðför að kvótakerfinu? Ég held ekki.

[18:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Gallupkönnunin var auðvitað ekki skipuleg aðför að kvótakerfinu.

Ég á við að ef fréttin var sviðsett, og í ljósi þeirra fullyrðinga eða þeirra upplýsinga sem fréttamaðurinn sjálfur hefur látið hafa eftir sér um tilgang sinn, er ekki hægt að draga aðra ályktun en að þessi fréttaflutningur sé skipuleg aðför að kvótakerfinu, að fréttamaðurinn búi til frétt til þess að kasta rýrð á kerfið, lýsi því yfir í innlendum fjölmiðlum að hann sé að berjast á móti kerfinu með fréttaflutningnum og láti síðan fljóta með að hann ætli að senda þetta út um víða veröld til þess að kasta rýrð á kerfið og það sem íslensk stjórnvöld eru að gera í fiskveiðistjórnun.

Ef hægt er að draga einhverja aðra ályktun af þessu er hún mér hulin, ég verð bara að segja það.

Varðandi síðan þann þráð sem hv. þm. vildi spinna áfram er hann athyglisverður, og athyglisvert að hann skuli taka svona jákvætt undir, sérstaklega í ljósi þess að hann hefur sl. þrjú þing verið 1. flm. að frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Við höfum rætt það margsinnis í þinginu og ég sé eiginlega ekkert sem ég get kallað að séu svona hugmyndir í því frv. Það er bara gengið út frá, að manni virðist, stöðunni eins og hún er í dag og ef það er gengið út frá einhverri breytingu er hún sú að fleiri tegundir sjávardýra, eins og það er orðað þar, geti verið teknar upp í kvóta. Og kannski er það eina sem það á sameiginlegt með þeim hugmyndum sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi að skipta eigi flotanum upp í flokka. En þessir flokkar flotans, herra forseti, eiga að kaupa kvóta á uppboði.

[18:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kerfi sem við höfum lagt til mundi alveg virka þótt við fækkuðum tegundunum, það er ekkert vandamál. Ég sé í sjálfu sér ekki annað en að það sé full ástæða til að ræða alla möguleika til að einfalda kerfið, þó að við hefðum svona fyrirkomulag eins og við erum að leggja hérna til.

Það er ástæða til að velta þeim hlutum fyrir sér áfram en ég ætla samt sem áður að snúa mér að því að tala um það sem hæstv. ráðherra sagði hérna um þennan fréttaflutning. Mér finnst eiginlega algjör óþarfi að vera í þessum umræðustellingum um málið. Við sáum skip sem var greinilega alfarið útbúið til þess að hægt væri að henda fiski í sjóinn. Það voru færibönd og rennur sem virtust vera gjörsamlega hugsaðar til þess að koma fiski fyrir borð. Aðfarirnar voru að mínu viti trúverðugar, maður trúði því að menn færu svona að. Og ég trúi því að þarna hafi okkur verið sýnt í raunveruleikanum það sem menn hafa verið að gera. Og af hverju trúi ég því? Af því að við höfum þessa Gallupkönnun og hún segir nákvæmlega þetta sama. Hún segir að menn séu að henda þetta stórum fiski í sjóinn og í miklu magni í einstökum sjóferðum á dragnótaskipum.

Þess vegna finnst mér það vera deilan um keisarans skegg hvort þetta hafi verið sviðsett frá hendi skipstjórans eða ekki. Fréttamaður sem fer um borð og tekur myndir af þessu ber auðvitað enga sök á því ef skipstjórinn hefur í huga sínum ákveðið þetta sem einhverja aðför að kvótakerfinu, þ.e. að sýna þetta á myndum. En hann er að sýna að mínu viti þann raunveruleika sem má lesa út úr þeim gögnum sem komu út úr Gallupkönnuninni.

[18:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm., myndatakan skiptir engu sérstöku máli upp á þessa brottkastsumræðu. Ég tek alveg heils hugar undir það enda hefur þessi skipulagning, eða hvað við eigum að kalla þetta, ekki verið neinn kjarni eða uppistaða í mínum málflutningi eða haft áhrif á hann. Ég er einfaldlega að vinna í þessu máli eftir bestu getu og bestu samvisku og hef verið að gera það nokkur undanfarin missiri.

Mér finnst hins vegar skipta máli upp á virðingu manns fyrir fréttaflutningi og fyrir fréttamönnum og fyrir fréttastofu ef maður getur átt von á því að fréttir séu sviðsettar. Fréttir hafa áður verið sviðsettar í íslenskum fjölmiðlum. Og það endaði með því að viðkomandi fréttamaður var rekinn. Þetta hefur komið fyrir erlendis. Þar fengu fréttamenn verðlaun, Pulitzer-verðlaunin, fyrir frétt sem síðan reyndist hafa verið sviðsett. Þegar það kom í ljós voru þeir auðvitað reknir af blaðinu sem þeir unnu hjá og þurftu að skila verðlaununum.

Það skiptir engu máli upp á þessa brottkastsumræðu, þetta skiptir máli upp á fréttaflutninginn og upp á það að maður þurfi ekki að spyrja sig þegar maður sér frétt í fjölmiðlum: Jæja, er hún sviðsett, þessi?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–11. mál.

Fundi slitið kl. 18:09.

---

33. FUNDUR

miðvikudaginn 21. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Til umhverfisráðherra:

1. Áhrif framræslu votlendis á fuglalíf, fsp. ÖS, 61. mál, þskj. 61.

2. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, fsp. ÖS, 62. mál, þskj. 62.

3. Skógræktarmál og Bernarsamningurinn, fsp. ÞSveinb, 109. mál, þskj. 109.

Til samgönguráðherra:

4. Skýrsla um menningartengda ferðaþjónustu, fsp. GÁS, 205. mál, þskj. 230.

5. Samgöngumál á Norðausturlandi, fsp. GPál, 283. mál, þskj. 341.

Til dómsmálaráðherra:

6. Lögreglan í Reykjavík, fsp. GÁS, 206. mál, þskj. 231.

Til sjávarútvegsráðherra:

7. Afnám kvótasetningar, fsp. SvanJ, 210. mál, þskj. 235.

8. Verðmæti steinbítskvóta, fsp. SvanJ, 213. mál, þskj. 238.

Til menntamálaráðherra:

9. Útsendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl, fsp. GÁS, 238. mál, þskj. 265.

10. Jöfnun námskostnaðar, fsp. DSn, 290. mál, þskj. 353.

Til iðnaðarráðherra:

11. Smávirkjanir í sveitum, fsp. GPál, 284. mál, þskj. 342.

Varamenn taka þingsæti.

[13:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa svohljóðandi bréf, hið fyrsta dags. 21. nóv. 2001:

„Þar sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og bréfs 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Reykjavík, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa, að 2. varaþm. á listanum, Stefanía Óskarsdóttir, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Annað bréfið er dags. 19. nóv. 2001:

„Að þessu sinni get ég ekki tekið sæti Láru Margrétar Ragnarsdóttur, 6. þm. Reykv., á Alþingi frá 21. nóvember til 6. desember nk., vegna fjarveru minnar á tímabilinu.

Virðingarfyllst,
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson."

Þriðja bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Helga Guðrún Jónasdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Árni M. Mathiesen."

Helga Guðrún Jónasdóttir og Stefanía Óskarsdóttir hafa báðar tekið sæti á Alþingi og eru boðnar velkomnar til starfa á ný.

[13:03]

Útbýting þingskjala:

Heilsugæslulæknar á höfuðborgarsvæðinu, 123. mál, svar heilbrrh., þskj. 356.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 72. mál, svar heilbrrh., þskj. 316.

Rannsóknir á áhrifum veiðarfæra, 214. mál, svar sjútvrh., þskj. 334.

Þorskveiði smábáta, 215. mál, svar sjútvrh., þskj. 331.

Áhrif framræslu votlendis á fuglalíf.

Fsp. ÖS, 61. mál. — Þskj. 61.

[13:04]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég varpa fram fyrirspurn af þessu tagi til hæstv. umhvrh. Ég er mikill áhugamaður um vernd votlendis og ég og minn flokkur höfum á umliðnum árum lagt fram nokkuð mörg þingmál sem lúta að því, m.a. tvö á þessu þingi.

Ástæðan fyrir þessum áhuga mínum á votlendi er sú að gríðarlega mikill fjöldi lífvera á heimkynni sín í votlendi og til marks um það nefni ég það að um það bil 80% íslenskra fugla nýtir votlendi af einhverju tagi yfir varptíma, ýmist til fæðuöflunar eða til varps.

Við Íslendingar höfum ákveðnum skyldum að gegna gagnvart votlendi vegna þess að við erum aðilar að Ramsarsáttmálanum og með Ramsar-samþykktinni er Íslendingum lagðar margvíslegar skyldur á herðar sem tengjast vernd votlendis, þar á meðal að móta stefnu um varðveislu, skráningu og nýtingu votlendis. Allt er þetta í skötulíki, herra forseti, enn þá hjá okkur Íslendingum. Ég er ekkert að gera hæstv. umhvrh. sérstaklega ábyrgan fyrir því en þetta er mál sem við þurfum að taka sérstaklega á. Segja má að fullkominn skortur á skilningi á þessu efni hafi verið þangað til nóbelsskáldið okkar, Halldór Laxness á Gljúfrasteini, skrifaði ákaflega merkilega grein í Morgunblaðið á gamlársdag 1970. Hernaðurinn gegn landinu hét hún og var síðar birt í bókinni Yfirskyggðir staðir og það var þá sem í fyrsta skipti var varpað fram þeirri hugmynd að Íslendingar færu að moka aftur ofan í skurði til þess að endurheimta votlendið. Við höfum gert ákveðnar tilraunir til þess en allt of litlar að mínu viti.

Herra forseti. Röskun votlendis hefur haft gríðarleg áhrif á útbreiðslu íslenskra fugla. Sérstaklega er hægt að halda því fram um staði eins og Suðurland þar sem búið er að raska 98% af öllu upprunalegu votlendi og útrýma ákaflega merkum jarðmyndunum eins og hallamýrum. Þetta hefur leitt til þess, herra forseti, að til eru dæmi um fugla sem hafa horfið sem varpfuglar af Íslandi og það er alveg ljóst að nokkrar tegundir eiga undir högg að sækja.

Þess vegna vildi ég, herra forseti, varpa þessari fyrirspurn fram til hæstv. umhvrh.:

Hvaða fuglategundir hafa samkvæmt rannsóknum Náttúrufræðistofnunar og annarrar stofnunar undir henni horfið úr röðum íslenskra varpfugla að einhverju eða öllu leyti vegna framræslu votlendis, eða eiga í vök að verjast af þeim sökum?

Herra forseti. Mér þætti mikilvægt að það kæmi fram hvort og hvaða fuglategundir hafa algerlega horfið úr tilteknum landshlutum. Þær upplýsingar liggja fyrir og hæstv. umhvrh. hlýtur að geta upplýst okkur um þetta.

[13:07]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er:

„Hvaða fuglategundir hafa horfið úr röðum íslenskra varpfugla að einhverju eða öllu leyti vegna framræslu votlendis, eða eiga í vök að verjast af þeim sökum?"

Svarið er að það er ljóst að stjórnlítil framræsla votlendis í gegnum tíðina hefur haft áhrif á fuglastofnana hér á landi. Samkvæmt upplýsingum í válista 2 frá Náttúrufræðistofnun Íslands, þ.e. lista yfir þær tegundir fugla sem eru í hættu

hér á landi, hefur keldusvín horfið að því er talið er vegna framræslu og innflutnings minksins. Framræsla hefur að auki valdið breytingum á búsvæðum annarra tegunda fugla víða á láglendi og hefur það bitnað á flórgoða, öndum og flestum öðrum votlendisfuglum á einn eða annan hátt. Gætir þessa mest á Suðurlandi eins og hér kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda en þar hafa tjarnir og stöðuvötn orðið fyrir röskun eða jafnvel horfið vegna framræslu.

Hafa ber í huga að minkurinn hefur einnig haft töluverð áhrif á þróun þessara mála.

Ég vil nota tækifærið og nefna það hér að umhvrn. og landbrn. hafa reynt að snúa vörn í sókn með því að hefja endurheimt votlendis og starfar að því sérstakur starfshópur ráðuneytanna undir forustu landbrn. Hefur á undanförnum fjórum árum verið rutt ofan í skurði í góðri samvinnu við bændur og sveitarfélögin og sjást þess þegar merki að fuglalíf hefur aukist og votlendisfuglar hafa komið aftur.

Enn fremur vil ég nefna að í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum þar sem viðkomandi framkvæmdir skerða votlendi er almennt sett sem skilyrði að votlendi verði endurheimt annars staðar á svæðinu eða sem næst því í ekki minna mæli en sem nemur því sem skert er.

[13:09]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er ljóst að framræsluframkvæmdir hafa þrengt að votlendi og þeim búsvæðum fugla sem í votlendi eru. Það er hins vegar nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvaða hugmyndir menn hafa almennt um upprunalegt votlendi. Það er staðreynd að um 28 þúsund ferkílómetrar af landi á Íslandi voru vaxnir skógi. Þetta voru 27% landsins. Nú er þetta 1,2%. Væntanlega hefur þessi þróun haft mikil áhrif á breytingu búsvæða fugla og það væri mjög athyglisvert að fá upplýsingar um það hvort menn gera sér grein fyrir því hversu mikið upprunalegt votlendi var hér við þessar aðstæður því að rýrnun skóga er mesta umhverfisvandamál á Íslandi frá upphafi byggðar í landinu.

[13:10]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svar sem var í alla staði mjög prýðilegt. Hæstv. ráðherra tekur undir með mér að röskun og útrýming votlendis hefur haft áhrif á flestar tegundir fugla. Svo er, herra forseti, að við höfum þegar tapað einni fuglategund úr lífríki Íslands, þ.e. keldusvíni, vegna þessa en aðrar eru í hættu. Það liggur alveg fyrir.

Hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega Suðurland. Á fyrri hluta síðustu aldar var flórgoði ákaflega útbreiddur fugl á Suðurlandi. Nú eru eftir fjögur til fimm pör þar og þau eru öll í Hafnarfirði. Á þessum miklu mýrum sem áður var að finna á Suðurlandi er flórgoðinn sem sagt algerlega horfinn. (**Gripið fram í:** ... í Hafnarfirði?)

Jaðrakan er líka svo að segja að hverfa af Suðurlandi og af því að hæstv. ráðherra nefndi andategundir þá vil ég geta þess að t.d. hávella og grafönd hafa horfið sem varpendur á Suðurlandi. Ég tek Suðurland sérstaklega sem dæmi vegna þess að mér finnst að ráðast þurfi í sérstakt átak þar. Þar er eins og ég sagði búið að eyðileggja 98% af öllum mýrum. Þar var ákaflega auðugt fuglalíf og það er fyrst og fremst þar sem við sjáum merki þess að framræsla mýra hefur haft mjög slæm áhrif.

Þess má geta af því að hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom inn í umræðuna áðan að í hans kjördæmi var áður talið að flórgoðanum stafaði sérstök hætta af kísilgúrnámi við Mývatn. Nú hefur komið í ljós að flórgoðastofninn þar er góðu heilli á uppleið og hefur verið síðustu ár sem er ákaflega jákvætt merki.

Flórgoðinn er einhver sérstæðasti fugl í okkar góða lífríki og er mikilvægt að grípa til aðgerða til þess að vernda hann. Ég spurðist einmmitt fyrir um afkomu hans og sú fyrirspurn leiddi í ljós að kísilgúrnámið hafði að líkindum ekki þau skelfilegu áhrif sem ýmsir töldu áður.

[13:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og fram kom áðan hefur framræsla á votlendi haft áhrif á fuglategundir. Hins vegar erum við núna að snúa vörn í sókn og votlendisnefndin svokallaða sem starfar undir forustu landbrn. er að gera góða hluti. Í þessari nefnd eru líka fulltrúar frá umhvrn., RALA og Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt upplýsingum mínum skoðar nefndin ástand svæða fyrir úrbætur, áður en menn fara í það að moka ofan í skurðina, og eftir. Bæði skoða menn gróður og fuglalíf og reynslan sýnir að jákvæð áhrif verða við endurheimt votlendis þannig að votlendisfuglarnir og fuglalífið er að verða fjölbreyttara aftur. Ég tel því að verið sé að stíga mjög jákvæð skref varðandi þessi mál. En að sjálfsögðu mun það taka talsverðan tíma að laga allt sem aflaga hefur farið.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

Fsp. ÖS, 62. mál. — Þskj. 62.

[13:14]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Árið 1995 samþykkti hið háa Alþingi lög um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna var að stuðla, eins og segir í heiti laganna, að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, hvers kyns jarðmyndana, lífríkis en einnig menningarminja. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, sem er undir forsæti eins af fyrrv. kollegum okkar, Friðjóns Þórðarsonar sem um árabil gegndi ráðherraembætti og er mikill áhugamaður um allt það sem lýtur að hans heimahéraði í kringum Breiðafjörð, á samkvæmt 4. gr. laganna að vera umhvrh. til ráðgjafar um allt sem lýtur að framkvæmd laganna og hún á m.a. í samráði við sveitarfélög að láta gera verndaráætlun þar sem kemur fram hvernig eigi að ná þeim markmiðum sem voru sett með vernd svæðisins.

Nú minnist ég þess, herra forseti, að þegar lögin voru sett fengu Íslendingar nokkuð ríflega fjárhæð að styrk frá erlendum sjóði sem lætur sig náttúruvernd varða, sem m.a. átti að verja og var varið til umhverfisvöktunar og ýmissa þarfra hluta sem tengjast verndaráætluninni. En nú langar mig, herra forseti, vegna þess að meira en hálfur áratugur er liðinn frá því að lögin voru samþykkt að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði gerð þessarar verndaráætlunar. Mig langar sérstaklega til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort rétt sé að Breiðafjarðarnefnd hafi fyrir nokkrum missirum skilað inn ramma að verndaráætlun og sá rammi liggi og rykfalli í skúffum ráðuneytisins. Það er ekki gott afspurnar ef rétt er. Ég velti því fyrir mér hvort þeir ágætu þingmenn sem hér eru staddir og tengjast þessu kjördæmi, menn eins og hv. þm. Magnús Stefánsson sem er áhugamaður og unnandi breiðfirskrar náttúru svo aðeins einn sé nefndur, séu ekki heldur óhressir með það ef það er frammistaða flokkssystra þeirra.

Ég er nú ekki að tala um hv. þm. Kristin H. Gunnarsson sem við vitum líka að hefur m.a. látið sig varða einn tiltekinn hlut af náttúru og lífríki Breiðafjarðar sem er það lífríki sem þar er að finna á grunnsævi og menn geta veitt á króka.

Herra forseti. Ég spyr því hæstv. umhvrh. hvað líði gerð þessarar verndaráætlunar og hvort það sé rétt að hún sitji á rammanum sem Breiðafjarðarnefnd sendi ráðuneytinu og ráðuneytið hafi ekkert gert í nokkur missiri.

[13:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er:

„Hvað líður gerð verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð sem ber að gera samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar sem samþykkt voru árið 1995?"

Svarið er að í samræmi við ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar skal skipuð nefnd umhvrh. til ráðgjafar um framkvæmd laganna, svokölluð Breiðafjarðarnefnd. Nefndina skipa eftirtaldir og ætla ég nú að telja þá upp: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, Magnús A. Sigurðsson, samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða, Ævar Petersen, samkvæmt tilnefningu héraðsnefndar Snæfellinga, Jón Baldur Sigurðsson, samkvæmt tilnefningu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu, Jóhannes Geir Gíslason, samkvæmt tilnefningu héraðsnefndar Dalabyggðar, Sigurður Þórólfsson, og samkvæmt tilnefningu héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu Þórólfur Halldórsson.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð sem Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við sveitarfélögin láta gera, sbr. 4. gr. laga nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, hefur verið send ráðherra til staðfestingar og hefur þegar verið staðfest.

Verndaráætlunin skiptist í þrjá meginhluta, þ.e. almenna lýsingu á staðháttum, ástand og markmið og í þriðja lagi framkvæmdaáætlun.

Með upphaflegum tillögum Breiðafjarðarnefndar fylgdi ekki forgangsröðun verkefna á framkvæmdaáætluninni, en nefndin hefur síðar lagt til forgangsröðun verkefna og er nú unnið að því að gefa áætlunina út. Hún er sem sagt í prentun og gert er ráð fyrir því að hún verði tilbúin til kynningar á næstunni.

Breiðafjarðarnefnd hefur gert samkomulag við Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi um aðstöðu og aðstoð fyrir nefndina og því hefur nefndin nú starfsaðstöðu í Stykkishólmi.

Það er ljóst að framkvæmd áætlunarinnar, sem er nú búið að forgangsraða og hún nær til fimm ára, mun hafa í för með sér einhvern útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Málið mun því koma til kasta fjárln. Alþingis. En vegna þess að nú er komin forgangsröðun og þessi verndaráætlun er tilbúin til kynningar þá hef ég lagt áherslu á að Breiðafjarðarnefndin fái fjármagn til að byrja efst á listanum í forgangsröðinni, þó ekki væri nema það. Og verði frv. um að leggja niður Náttúruverndarráð að lögum tekst að skapa smárými þar, bæði fyrir frjáls félagasamtök og fyrir önnur náttúruverndarmál sem ég tel svo sannarlega að þessi verndaráætlun fyrir Breiðafjörð sé. Við erum því að skoða það núna í fjárlagagerðinni hjá okkur hvort við getum látið Breiðafjarðarnefndina fá örlítið fjármagn til að geta hafið þetta starf.

[13:19]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Árið 1995 voru sett lög um vernd Breiðafjarðar og svona til að halda öllu til haga þá bar þáv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson þetta mál inn í þingsali og Alþingi setti svo lögin.

Ég held að við getum verið sammála um að mjög mikilvægt er að koma umræddri verndaráætlun til framkvæmdar. Breiðafjörðurinn hefur löngum verið kallaður matarkista. Þar er mjög fjölbreytilegt lífríki og viðkvæm náttúra sem mjög nauðsynlegt er að gæta til framtíðar. Ég vil nota tækifærið og hvetja til þess að þessari verndaráætlun verði komið í framkvæmd þannig að til framtíðar litið náum við að vernda þetta svæði sem er okkur svo mjög mikilvægt í náttúru- og menningarsögu Íslands.

[13:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna því að hæstv. ráðherra upplýsti að hún væri búinn að staðfesta þessa áætlun. En ég vissi ekki um það og það hefur hvergi komið fram. Ég hef heldur ekki orðið var við að neitt kæmi fram um að það þyrfti peninga til þess að gera eitthvað í þessum málum. Hæstv. ráðherra er nú að upplýsa að til standi að setja einhverja peninga í þessa verndaráætlun á næsta ári að mér skilst. Það þarf greinilega að fylgja málinu hratt eftir því að nú fer að líða að lokadögum í undirbúningi fjárlaga. Ég hvet því til þess að menn standi við stóru orðin, komi peningum í þetta og þessari áætlun af stað. Það má ekki seinna vera. Þetta er búið að taka æðilangan tíma og full ástæða er til þess að spyrja eftir því hér og ég þakka fyrir að það hefur verið gert.

[13:22]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég sé að Framsfl. hefur loksins eignast sína töframenn. Ekki þarf annað en nefna nafn hv. þm. Magnúsar Stefánssonar og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og þá ljúkast upp allar gáttir umhvrn. og búið er að staðfesta alla þá samninga sem við höfum barist fyrir missirum saman.

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. umhvrh. að hún hefur staðfest verndaráætlunina. Ég ætla ekki að fara að ergja hana með því að biðja hana um að greina frá því hvenær hún staðfesti hana. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið gert fyrir mörgum missirum síðan og það hafi verið hreinn óþarfi hjá mér að leggja fram þessa fyrirspurn. Ég er alveg sannfærður um að hún staðfesti hana ekki eftir að ég lagði fyrirspurnina fram. Að vísu á eftir að ganga frá smáatriðum, en ég hirði lítt um þau, eins og að afla fjár til þess að standa við þetta. En hæstv. ráðherra hefur komið og lýst því yfir að hún muni ganga fyrir þingið og óska eftir samstarfi við þingið um að afla fjárveitinga til þess að ganga frá málinu og það er vel.

Ég mun fyrir mitt leyti reyna að beita þeim smávægilegu áhrifum sem ég hef í þinginu og í fjárln. til þess að takast megi að gera þetta sameiginlega ætlunarverk mitt og hæstv. ráðherra að veruleika. Ég tel ákaflega mikilvægt að gera þessa verndaráætlun.

Það mannval sem hæstv. ráðherra taldi upp og á sæti í Breiðafjarðarnefndinni er auðvitað alveg einstakt og ég er þeirrar skoðunar að þær hugmyndir sem þaðan hafa komið séu mjög jákvæðar.

Það er mikilvægt fyrir okkur að huga að því að vernda svæði af þessu tagi, sérstaklega eins og við lögðum upp með

það, þ.e. þannig að það yrði gert í sátt við atvinnulíf og mannlíf á þessu svæði.

Herra forseti. Ég vil að endingu þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hennar og segi það bara um hana og jafnvel hennar flokk í þessum efnum að batnandi fólki er best að lifa.

[13:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Nú eru 10% landsins vernduð með einhvers konar sérlögum, þ.e. friðuð svæði, þjóðgarðar eða svæði sem njóta sérverndar eins og Breiðafjörðurinn og mig langar að skjóta því hér að að þegar Vatnajökulsþjóðgarður verður að veruleika verða 20% landsins komin undir slíka verndun.

Ég reyndi að athuga það í dag hvenær við staðfestum þessa verndaráætlun í ráðuneytinu. Það var í byrjun október samkvæmt upplýsingum mínum. Ráðherra er nú að staðfesta ansi mikið í ráðuneytinu þannig að maður er ekki með allar dagsetningar á hreinu. En það er nýlega búið að staðfesta þessa verndaráætlun og alveg ljóst að það er vilji til þess að fara af stað með hana. Ég fagna því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill leggja sitt lóð á vogarskálarnar hér til að svo megi verða. Það kom einmitt fram í máli mínu að 8 millj. sparast með því að leggja niður Náttúruverndarráð. Ég tel að það hafi verið algjör eyðsla á skattfé borganna upp á síðkastið að halda því ráði starfandi vegna breyttra laga sem hér hefur verið rætt um ítrekað í þinginu, þ.e. nýrra umhverfismatslaga, nýrra náttúruverndarlaga. Þar sem tvær frekar stórar ríkisstofnanir takast á við náttúruvernd þá tel ég brýnt að leggja niður Náttúruverndarráð. Hugmynd mín er að hluti af því fé fari til þessarar nefndar svo að hún geti hafið sitt starf, en meginhlutinn af fénu mun fara til frjálsra félagasamtaka af því að ég tel að þau hafi miklu hlutverki að gegna. (**ÖS:** Eru það náttúruverndarsamtök?) Ég fagna því að fulltrúi Samfylkingarinnar hér muni liðka fyrir þessari hugmynd minni að færa fé á milli þannig að það verði nýtt betur fyrir náttúruverndina í landinu.

Skógræktarmál og Bernarsamningurinn.

Fsp. ÞSveinb, 109. mál. — Þskj. 109.

[13:26]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Einn þeirra er samningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífssvæða í Evrópu sem kenndur er við Bern og öðlaðist gildi hér á landi árið 1993.

Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífssvæða þeirra, einkum þeirra tegunda sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til þess að vernda.

Í 3. gr. Bernarsamningsins skuldbinda samningsaðilar sig m.a. til þess að taka tillit til verndar villtra plantna og dýra við áætlanagerð og stefnumótun. Samkvæmt 4. gr. samningsins skulu aðildarríkin einnig gera viðeigandi og nauðsynlegar, lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja verndun lífssvæða plöntu- og dýrategunda og taka tillit til verndunarþarfa þeirra svæða við áætlanagerð og stefnumótun. Þá skal gefa sérstakan gaum að verndun svæða sem mikilvæg eru þeim fartegundum sem tilgreindar eru í viðaukum samningsins.

Herra forseti. Frá því að þessi fyrirspurn var lögð fram, en nokkuð er umliðið, hefur þeirri er hér stendur borist í hendur erindi Alþjóðafuglaverndarsamtakanna, BirdLife International, til fastanefndar Bernarsamningsins í Strassborg. Í erindi BirdLife International sem Fuglaverndarfélag Íslands á aðild að er lýst áhyggjum samtakanna vegna áhrifa landshlutabundinna skógræktarverkefna á kjörlendi nokkurs fjölda fuglategunda hér á landi. Að áliti samtakanna ganga þrenn íslensk lög um Héraðsskóga, Suðurlandsskóga og landshlutabundin skógræktarverkefni gegn nokkurn ákvæðum Bernarsamningsins, m.a. 3. og 4. gr. sem vitnað var til hér að framan.

Nýræktun skóga á 200 hektara svæði eða stærra er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum á síðasta ári. En í 2. viðauka eru tilteknar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta skal í hverju tilviki hvort þær eigi að vera háðar umhverfismati eða ekki. Mér er ekki kunnugt um að landshlutabundin skógræktarverkefni hafi verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar samanber 2. viðaukann en hæstv. umhvrh. getur vafalaust upplýst nánar um það.

Herra forseti. Erindi Alþjóðafuglaverndarsamtakanna til skrifstofu Bernarsamningsins vekur athygli á misræmi milli þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem við höfum tekist á hendur í umhverfismálum og svo lagasetningar þar um hér á landi. Það hlýtur að vera stjórnvöldum áhyggjuefni að virt samtök á borð við þau sem hér eiga í hlut skuli kæra þau til Bernarsamningsins með þeim hætti sem raun ber vitni. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. umhvrh. hvort erindi BirdLife International hafi verið eða verði tekið til umfjöllunar í fastanefnd samningsins og hver afstaða ráðherrans sé til málsins.

[13:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er:

„Getur ráðherra staðfest að alþjóðlegu fuglaverndarsamtökin BirdLife International hafi kært íslensk stjórnvöld til skrifstofu Bernarsamningsins í Strassborg fyrir að ógna fuglastofnum með stefnu sinni í skógræktarmálum?"

Svarið er að ráðuneytinu hefur borist ósk frá skrifstofu Bernarsamningsins hjá Evrópuráðinu í Strassborg um að stjórnvöld á Íslandi upplýsi um stefnu þeirra í skógræktarmálum og er hún fram komin í framhaldi af erindi Alþjóðafuglaverndarsamtakanna, BirdLife International — mér skilst að Fuglaverndarfélag Íslands hafi unnið með þeim í þessu — þar sem því er haldið fram að í stefnu íslenskra stjórnvalda í skógræktarmálum felist brot á ákvæðum Bernarsamningsins. Framangreind ósk barst ráðuneytinu í lok júní sl.

Í öðru lagi er spurt: „Ef svo er, í hverju felst kæran, hefur skrifstofa samningsins tekið kæruna til greina og að hvaða ákvæðum samningsins lýtur kæran?"

Svarið er að Alþjóðafuglaverndarsamtökin halda því fram að áætlun stjórnvalda um ræktun skóga á láglendi ógni ákveðnum tegundum fugla og búsvæðum þeirra hér á landi með hliðsjón af alþjóðlegu mikilvægi þeirra og brjóti gegn 2., 3., 4., 6. gr. og 10. lið 1. gr. Bernarsamningsins. Málið er til meðferðar hjá skrifstofu samningsins en ekki hefur verið tekin afstaða til þess þar.

Í þriðja lagi er spurt: „Hver er afstaða ráðherra í þessu máli?"

Ráðuneytið hefur fundað um málið með Náttúrufræðistofnun Íslands, sem fer með framkvæmd samningsins fyrir hönd umhvrn. og í framhaldi af því falið stofnuninni að kynna sjónarmið ráðuneytisins á næsta fundi samningsaðila.

Ráðuneytið leitaði einnig álits landbrn. á málinu. Miðað við gögn málsins og þann stutta tíma sem ráðuneytið hefur haft til þess að fjalla um málið hefur ráðuneytið aðeins getað gert skrifstofu Bernarsamningsins stutta eða lauslega grein fyrir viðhorfum sínum en mun fylgja þeim eftir með ítarlegri greinargerð verði þörf á því.

Ráðuneytið telur ólíklegt, og ég endurtek, telur ólíklegt að einhverjar tegundir fugla eða annarra dýra hafi orðið fyrir umtalsverðum áhrifum af völdum skógræktarframkvæmda.

Ráðuneytinu er hins vegar ljóst að taka verður tillit til tegunda fugla og búsvæða þeirra sem kunna að verða fyrir áhrifum af skógrækt eins og af öðrum framkvæmdum í framtíðinni. Í því skyni hefur verið komið á samstarfi milli umhvrn. og landbrn. til þess að hindra að tegundum dýra og plantna verði stofnað í hættu vegna skógræktar. Og þá er jafnframt hugað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

Rétt er að benda á að samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, er nýræktun skóga á 200 hektara svæði eða stærra og á verndarsvæðum tilkynningarskyld og getur sætt mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Það er því ljóst að skógrækt á tiltölulega litlu svæði er tilkynningarskyld og getur farið í mat á umhverfisáhrifum, ekki síst sé talið að hún ógni fuglum og dýrum.

Ráðuneytið hefur lýst því yfir við stjórn samningsins að engin ástæða, ég endurtek að engin ástæða sé til þess að hún taki athugasemdir fuglaverndarsamtakanna til greina. Þá áskilur hún sér allan rétt til að gera ítarlegri grein fyrir málinu síðar á fundi samningsins.

Í stuttu máli er það skoðun mín að afar ólíklegt sé að fyrirliggjandi skógræktaráætlanir hafi umtalsverð áhrif á fugla og dýr. Ég tel að með lögunum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sé tryggt að tekin verði afstaða til hugsanlegra áhrifa á fugla- og dýrastofna og að með því samstarfi sem komið hefur verið á á milli umhvrn. og landbrn., verði komið í veg fyrir að fuglum og öðrum dýrum verði stofnað í hættu vegna skógræktar.

[13:33]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta eru nú nokkuð sérstök áhyggjuefni sem hér koma fram. Fyrirhugað er að taka 5% láglendis, þ.e. þess lands sem er undir 400 metrum, til skógræktar á næstu 40 árum. 95% landsins verður sem sagt skóglaust áfram. Þarna er aðallega um að ræða mólendi, graslendi og síðan gróðurlítið land, mela og þess háttar. Það er yfirlýst stefna Skógræktar ríkisins og landshlutabundinna skógræktarverkefna að ræsa ekki fram votlendi til skógræktar.

Auðvitað væri fengur að því að fuglafræðingar tækju sér fyrir hendur að rannsaka áhrif skógræktar á fuglalíf, en það hefur því miður ekki gerst í miklum mæli. Einnig er rétt að halda því til haga að þeir sem stunda skógrækt hafa engin önnur áform en að hafa góð áhrif á náttúruna. Þetta held ég að menn ættu að hafa í huga.

Við erum að tala um 40 ára áætlun. Og komi eitthvað annað í ljós verður auðvitað brugðist við því ef skógrækt hefur einhver skaðleg áhrif á fuglalíf.

[13:34]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Talið er að Ísland hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru hér áður fyrr, eða það lærðum við í Íslandssögunni. Við höfum tapað þeim skógi í miklum mæli og erum nú að reyna að endurheimta hann. Ég tel að skógræktarverkefnin sem eru vítt og breitt um landið hafi verið eitt af því besta sem hefur gerst í sveitum landsins á síðustu árum. Verið er að breyta eyðisöndum í fallega skógarreiti með auknu og fjölbreyttu dýra-, skordýra- og plöntulífi öllum til yndisauka. Það er alveg ótrúlegt að heyra hér í þessum sal talað um að skógrækt á Íslandi sé að ógna fuglalífi.

[13:35]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég ætla að grípa boltann á lofti. Í fyrra ræddum við um það að rjúpan væri að flýja skógana. Þá kom í ljós að fyrrverandi umhverfisstjóri í ónefndum bæ sagði að rjúpan legðist á stofna trjánna og heldur væri plága af henni en hitt. Og hann hefði jafnvel þurft að bægja henni frá með ýmsum ónefndum aðferðum. Mér finnst því umræðan um fuglana og skógana alveg með ólíkindum hérna í þingsalnum.

Eins og komið hefur fram er ákaflega lítill hluti landsins sem fer undir þessi verkefni. Verkefnin eru mjög jákvæð. Á vegum landshlutabundnu verkefnanna vinna sérfræðingar að skipulagsmálum. Lagðar eru fram skógræktaráætlanir og alltaf þegar upp kemur vafi er talað við skipulagsstjóra og passað upp á að ekki sé plantað í ákveðin svæði. Mér finnst því hv. þm. hafa allt of miklar áhyggjur af þeim jákvæðu verkefnum sem verið er að ræða um, sem eru landshlutabundin skógræktarverkefni.

[13:36]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram í umræðunni að ég held að við vanmetum þá stöðu sem við erum í í skógræktarmálum í dag. Vinnubrögð í þeim málaflokki hafa gjörbreyst á síðustu 20–30 árum. Unnin eru svæðisskipulög fyrir landið. Unnið er aðalskipulag fyrir sveitarfélög og síðan deiliskipulög. Og ég fullyrði að við eigum mjög gott og fært fagfólk á því sviði í dag sem hefur komið til starfa á allra síðustu árum.

Vinna þessa fólks byggir auðvitað á landslögum. Hún byggir á samþykktum eins og Bernarsamningnum. Hún byggir á því að menn hafa til hliðsjónar mat á umhverfisáhrifum. Hvergi, a.m.k. í þéttbýli, er unnið öðruvísi en á grunni þessara laga. Það fullyrði ég. Meira að segja á grunni Staðardagskrár 21. Ég vil að þetta komi fram í umræðunni. Ég held að við höfum óþarfa áhyggjur að mörgu leyti. En svæðisskipulagsvinnuna þarf eflaust að bæta í dreifbýlinu.

[13:37]

Tómas Ingi Olrich:

Forseti. Sú fyrirspurn sem hér er flutt er væntanlega lögð fram í þeirri trú að fuglalífi á Íslandi stafi ógn af skógrækt.

Staðreyndir málsins eru hins vegar þessar: Að mati vísindamanna voru 27% landsins vaxin skógi við landnám, eða tæpar þrjár milljónir hektara. Af því standa eftir 5%, eða 120 þúsund hektarar, eða 1,2% af landinu í stað 27%. Skógræktarátak sem hefur staðið sl. tíu ár hefur megnað að klæða um 15 þúsund hektara, eða 0,15% af landinu í stað 27% áður. Þetta er öll ógnin.

Hversu langt getur brengluð umhverfisvernd náð í raun og veru? Þetta vekur spurningar um dómgreind þeirra sem láta sér detta í hug að fuglalífi stafi hætta af skógrækt á Íslandi.

[13:38]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með mönnum sem hér hafa talað að áhyggjur af skógrækt eins og þær hafa komið fram í þessum sal eru algjörlega óþarfar. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom einmitt inn á það að einungis 5% eru eftir af þeim skógi sem hér var við landnám. Á Suðurnesjum var talið að allt land þar frá ystu nesjum og upp til fjalla hefði verið þakið birkiskógi sem væri um tvær mannhæðir yst og upp í fjórar mannhæðir upp við fjöllin. En sú mynd sem við sjáum í dag sýnir að ekkert er eftir. Það er ekkert skjól fyrir fugla eða dýr, þannig að aðstæður þar fyrir fuglalíf á Íslandi eru náttúrlega allt aðrar og verri en þær voru. Mér finnst því ekki spurning um hvort rækta eigi tré, heldur hvernig tré eigi að rækta.

[13:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er óneitanlega broslegt þegar allir skógræktarfræðingar, skipulagsfræðingar og umhverfismatsfræðingar Alþingis stíga á stokk í sömu umræðunni, en það er greinilegt að hv. fyrirspyrjandi, Þórunn Sveinbjarnardóttir, hefur komið einhvers staðar við líkþorn fólks, þannig að hér rjúka allir til og allt í einu verður mjög gaman í umræðunni.

Mig langar til að vita í tilefni þess sem hér hefur verið sagt í sambandi við landshlutabundin skógræktarverkefni sem, eins og menn vita, voru lögum samkvæmt umhverfismatsskyld þar til lögum um mat á umhverfisáhrifum var síðast breytt og þá minni ég á að ég og hv. fyrirspyrjandi lögðum til að slíkt ákvæði yrði sett í lögin um mat á umhverfisáhrifum, að landshlutabundin skógræktarverkefni yrðu áfram matsskyld. Þeirri tillögu var hafnað hér á Alþingi.

En mig langar til að spyrja hæstv. umhvrh.: Í hvaða tilfellum hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum landshlutabundinna skógræktarverkefna? Og það væri gaman að fá að vita það hjá hv. skógræktarfræðingi, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, hversu oft hefur verið leitað formlega til Skipulagsstofnunar varðandi þau verkefni sem komið hafa til.

(**Forseti** (HBl): Ekki er ætlast til að ný efnisatriði séu tekin til eftir að rautt ljós hefur kviknað.)

[13:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Það er full ástæða til að bera hana fram. En það er ekki sú ástæða sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi hérna áðan að hún væri lögð fram vegna þess að menn hefðu svo miklar áhyggjur af því að við værum að fara offari í skógrækt, heldur vegna þess að Alþjóðafuglaverndarsamtökin hafa haft áhyggjur af því að við værum ekki að haga okkur eins og við ættum að gera. Og það kemur Alþingi við þegar menn hafa áhyggjur af því að við stöndum ekki við þá samninga sem við höfum skrifað undir. Þess vegna er fyrirspurnin lögð fram og hún á fullt erindi í sali Alþingis, enda hefur umræðan sýnt það að menn hafa mikinn áhuga á því að fjalla um þessi mál.

Ég tel að staðið sé faglega að þessum landshlutabundnu skógræktarátökum, a.m.k. þar sem ég hef séð til. Og ég tek undir að þar hafi gott fagfólk komið að málum.

En menn mega nú ekki vera svo viðkvæmir að ekki megi nefna þá hluti sem hér eru á ferðinni, þ.e. að aðrir hafi áhyggjur af því að við gerum þetta ekki nógu vel.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði að hv. þm. héldu að þessi fyrirspurn fjallaði um gildi skógræktar sem slíkrar. Þannig er það ekki. Þeir hefðu betur hlustað aðeins betur. Þetta fjallar um hvaða vinnubrögð eru notuð og hvort samtök á borð við BirdLife International, sem eru virtustu fuglaverndarsamtök í heimi, ef þau hafa eitthvað við vinnubrögð okkar að athuga, sendi erindi til Bernarsamningsins sem við höfum fullgilt og hvort ekki þurfi um það að fjalla hér á hinu háa Alþingi. Þetta snýst um vinnubrögð, herra forseti, vönduð vinnubrögð við skógrækt, sem er metnaðarfull og mikil hér á landi og því ber að fagna. En þetta snýst um vinnubrögð, herra forseti, en ekki um hvort landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru við landnám. Þetta snýst um náttúruna eins og hún er í dag, snýst um það að raska ekki jafnvægi hennar eins og hún er í dag. Við erum ekki að planta trjám fyrir þúsund árum, heldur árið 2001, herra forseti.

Ég vil þakka hæstv. umhvrh. skýr svör. Ljóst er að það á eftir að kynna sjónarmið stjórnvalda fyrir fastanefnd Bernarsamningsins og það verður væntanlega gert bráðlega.

En mig langar, vegna þeirra orða sem hæstv. ráðherra lét falla um að henni þætti ólíklegt að áhrifin væru umtalsverð, að spyrja hvort hæstv. ráðherra gæti skýrt það aðeins betur og skýrt hinu háa Alþingi frá því hvaða rannsóknir liggja að baki þeirri niðurstöðu ráðuneytisins.

[13:44]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég skil vel að hv. þm. líti svo á að umræðan og þetta mál, þ.e. þessi kæra á hendur íslenskum stjórnvöldum, að þau hafi brotið Bernarsamninginn út af skógræktarmálum — ég skil vel að íslenskir þingmenn taki það óstinnt upp margir hverjir, enda er það svo eins og hér kom fram að 27% landsins var skógi vaxið hér áður fyrr og núna á að fara í átak á næstu 40 árum til að hysja okkur upp um 5% eftir að skógurinn og landið hefur fokið meira eða minna burt vegna athafna okkar, eldgosa og ýmissa annarra náttúruhamfara. Auðvitað líta þingmenn svolítið alvarlega á þessa kæru eins og hér hefur komið fram í líflegum umræðum.

En það er alveg ljóst að fuglastofnunum stafar ekki hætta af því hvernig við höldum á málum í dag, þau er í eðlilegum farvegi. Hins vegar ef skógræktin væri algjörlega skipulagslaus og í meira mæli en hún er, þá ættu menn að hafa áhyggjur. En það er bara ekki þannig. Unnið er eðlilega að málum og ég benti á það svari í mínu að í lögunum um mat á umhverfisáhrifum sem þingmenn ákváðu hvernig ættu að útfærast er alveg ljóst að nýræktun skóga á 200 hektara svæði eða stærra og á verndarsvæðum er tilkynningarskyld og þá þarf Skipulagsstofnun að fara yfir það hvort slík skógrækt eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki.

Ég tel að Fuglaverndarsamtök Íslands sem eru að vinna með BirdLife International í þessu máli hafi ekki uppi réttan málflutning þegar þau hafa verið að kæra íslensk stjórnvöld í þessu. Ég tel að málin séu í eðlilegum farvegi og þessi skógræktarverkefni séu jákvæð og æskileg. Hins vegar ef þau væru algjörlega óskipulög, þá ættum við að hafa áhyggjur. En þannig eru málin ekki.

Skýrsla um menningartengda ferðaþjónustu.

Fsp. GÁS, 205. mál. — Þskj. 230.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Nýverið var birt skýrsla hæstv. samgrh. um menningartengda ferðaþjónustu. Í kjölfarið var gefinn út bæklingur sem innihélt helstu niðurstöður þeirrar nefndar.

Ég fagna sérstaklega því framlagi og þeirri vinnu. Skýrslan er um margt prýðileg. En ég vil hins vegar fremur gera að umtalsefni það sem ekki er að finna í þessari skýrslu. Raunar eru ýmsar ályktanir í skýrslunni efni í lengri umræðu en hér gefst tími til.

Þó eru nokkur atriði sem skera í augun. Í fyrsta lagi, herra forseti, er suðvesturhorn landsins raunar afgreitt í aukasetningum. Látið er í veðri vaka að menningarborgin Reykjavík árið 2000 afgreiði þau mál í heild og þess vegna þurfi ekki að fjalla svo mikið um þau í skýrslunni.

Ég leit þannig á að þetta átak um menningartengda ferðaþjónustu, jafnágætt og það nú er, ætti ekki síst að skila sér í fjölgun ferðamanna en ekki hinu að hér væri um byggðatengda áætlun að ræða, eins og maður finnur fljótlega eftir að lestur skýrslunnar hefst. Þar er farið vítt og breitt um landið en forðast að geta þess sem mikilvægast er hér á suðvesturhorninu, þar sem langflestir ferðamenn staldra auðvitað við og eiga hér stund.

Þannig sker í augu að Suðurnesja er að litlu sem engu getið í þessari skýrslu. Bláa lónsins er getið í aukasetningu, staðar sem 300 þús. ferðamenn sækja á hverju einasta ári. Í tillögum nefndarinnar er einmitt talað um mikilvægi þess að efla möguleika á svipuðum sviðum og Bláa lónið einmitt vinnur á en þess er ekki getið í öðrum efnum. Suðurnesin hafa upp á margt að bjóða. Ég hef ekki tíma til að rekja það allt hér. Þar er hins vegar glugginn að íslenskum veruleika og því nauðsynlegt að þar sé tekið til hendi.

Í annan stað er ég óhress með að sveitarfélög hér sunnan höfuðborgarinnar séu undanskilin í skýrslunni. Markverðir staðir á borð við Fjörukrána og Vestnorræna menningarsetrið í Hafnarfirði, miðstöð víkinga í okkar landi sem u.þ.b. 100 þús. gestir sækja á ári hverju. Íshestar, sem eiga sér sömuleiðis miðstöð í Hafnarfirði, þar sem 20 þús. gestir mæta. Ætla mætti af lestri skýrslunnar að það væru eingöngu hestar í Skagafirði. Þannig er það auðvitað ekki.

Herra forseti. Það liggja hér fyrir beinar spurningar til hæstv. ráðherra í þessa veruna og ég vænti þess að hann geti gert okkur grein fyrir ástæðum þessa.

[13:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt ferðamálum með því að leggja á sig að lesa skýrsluna. Hann hefur hins vegar að ýmsu leyti lesið allt annað út úr henni en þar stendur.

En fyrsta spurning hans er: „Þykir ráðherra eðlilegt að Suðurnesja sé ekki getið í skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu sem nefnd samgönguráðherra skilaði fyrir skömmu?“

Um þennan lið vil ég taka eftirfarandi fram: Tilgangur skýrslunnar er að meta almennt forsendur þess að þróa menningartengda ferðaþjónustu sem vaxandi þáttar í framboði þjónustu við ferðamenn, erlenda sem innlenda. Ég tel skýrslu nefndarinnar og tillögur mjög vandaðar og gefa færi á skipulegum aðgerðum til að þróa menningartengda ferðaþjónustu á Íslandi. Allar þessar tillögur eru óháðar landshlutum og varða menningarstarfsemi almennt og tengsl hennar og þýðingu fyrir ferðaþjónustu.

Því er það ekki óeðlilegt að Suðurnesja sé ekki getið sérstaklega í skýrslunni, enda er þar ekki að finna neina sérstaka umfjöllun um aðra landshluta. Það er ekki tilgangur skýrslunnar að draga upp tæmandi mynd af menningarstarfsemi eftir landshlutum. Það kemur skýrt fram í formála hennar.

Höfuðborgarsvæðið er mun lengra komið í þróun ferðamála en aðrir landshlutar. Þar skiptir m.a. máli að gerð hefur verið sérstök tilraun til að markaðssetja Reykjavík sem menningarborg og tókst það með miklum ágætum, að mínu mati, með tilstyrk borgarinnar og ríkisins. Skýrslunni er ætlað að taka tillit til raunverulegra aðstæðna í þróun ferðaþjónustu á Íslandi. Hluti af þessum raunveruleika er landfræðilegur og erfitt fyrir skýrsluhöfunda að breyta því. Sá raunveruleiki einkennist m.a. af eftirfarandi staðreyndum:

Þróunin hefur verið sú að lengd ferða, einkum í ládeyðu, hefur styst. Meginþorri ferðamanna til og frá Íslandi fer um Keflavíkurflugvöll og nýtur höfuðborgarsvæðið mest þeirrar nálægðar. Tækifærin til að laða ferðamenn til að hafa hér viðdvöl á ferðum sínum eru því nokkuð afmörkuð við suðvesturhluta landsins, þar með talið Reykjanes. Þessar aðstæður hafa valdið því að mikill og góður árangur sem náðst hefur í fjölgun ferðamanna til Íslands utan háanna hefur að mestu leyti náð til höfuðborgarsvæðisins, að hluta til Reykjaness svo og til nálægra héraða á Suður- og Vesturlandi.

Markaðssetning fjarlægri landshluta utan annatímans er því vandasamt verkefni sem brýnt er að takast á við. Því eru settar fram hugmyndir um svæðisbundnar þróunaráætlanir sem miða að því að auðvelda markaðssetningu þessara svæða. Tekið er sérstaklega fram í skýrslunni að forðast beri að líta svo á að staðir utan þeirra svæða sem þar eru nefnd gegni ekki mikilvægu hlutverki í uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Gengið er út frá þeirri staðreynd að staðsetning Reykjaness við túnfót höfuðborgarsvæðisins og meginsamgöngumannvirki þjóðarinnar skapi svæðinu sérstaka möguleika og aðstæður í ferðaþjónustu. Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar hefur heildaraukning í gistinóttum árin 1995–2000 verið 37%, en á Reykjanesi hefur gistinóttum fjölgað um 53% á sama tíma. Þar er einnig besta nýting gistirýmis utan höfuðborgarsvæðisins.

Í skýrslu um heilsutengda ferðaþjónustu sem skilað var á síðasta ári er mikið fjallað um möguleika á uppbyggingu þeirrar tegundar ferðaþjónustu á Suðurnesjum og bent á það sem styrkleika svæðisins umfram önnur.

Hafa verður í huga að þær hugmyndir sem settar eru fram í skýrslunni um skiptingu eru frumhugmyndir sem eftir á að skoða og útfæra. Slíkt verður þó aldrei gert nema í samráði við heimamenn á hverju svæði og á það jafnt við um Reykjanesið og fjarlægari svæði. Er þá væntanlega vegið og metið gildi þess sem vænlegt er að nota til grunngerðar í eflingu ferðaþjónustunnar.

Seinni fyrirspurnin er: „Hvert er álit ráðherra á því að bæjarfélögin sunnan Reykjavíkur, þ.e. Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður, eru sett undir hatt höfuðborgarinnar í sömu skýrslu þótt fyrirliggjandi sé sértæk, metnaðarfull uppbygging í hverju þessara sveitarfélaga fyrir sig?“

Þessum lið hefur í raun verið svarað með fyrri liðnum, en auk þess liggur svarið í fyrirspurninni sjálfri í raun og veru.

Eins og ítrekað er bent á í skýrslunni hefur verkefnið Reykjavík menningarborg, sem var samstarfsverkefni borgar og ríkis, m.a. orðið þess valdandi að höfuðborgin og nágrannasveitarfélögin standa mun betur að vígi en aðrir staðir á landinu. Fyrirspyrjandi bendir á að í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði sé eins og í Reykjavík þegar fyrir hendi metnaðarfull uppbygging. Svo er hins vegar ekki á flestum stöðum úti á landsbyggðinni. Þessi bæjarfélög standa því vel að vígi eins og Reykjavík og höfuðborgarsvæðið. Þetta kemur skýrt fram í skýrslunni.

[13:55]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessari skýrslu sem er bráðmerkileg. Það kom fram á ráðstefnu sem Ferðamálaráð stóð fyrir á Hvolsvelli 18. október sl. að hér væri um ákveðinn grunn að ræða, umræðugrundvöll um ferðaþjónustu óháð landshlutum. Þar kom einnig fram þetta með menningartengda ferðaþjónustu, heilsutengda ferðaþjónustu og síðan hina hefðbundnu ferðaþjónustu sem byggir á landkostum og þeirri þjónustu sem fyrir er.

Auðvitað eru margir viðkvæmir fyrir hönd ákveðinna landshluta. Þar kom t.d. fram, á ráðstefnunni á Hvolsvelli, að ekki væri mikið talað um hið merka byggðasafn í Skógum o.s.frv. En í útskýringum kom fram að verið er að vekja athygli á þessum svæðum og því sem er að gerast. Í raun og veru finnst mér mjög eðlilegt að höfuðborgarsvæðið sé undir einum hatti vegna þess að þegar við horfum t.d. á Kaupmannahöfn, sem skiptist í ýmsa borgarhluta, Lyngby og Charlottenlund o.s.frv., þá er það mjög eðlilegt að talað sé um þessi svæði sem eina heild. Þess vegna held ég að menn séu til þess að gera of viðkvæmir fyrir skýrslunni.

[13:56]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa ágætu skýrslu og þá jafnframt höfundi skýrslunnar. Það er sannarlega löngu tímabært að fá slíka skýrslu, ekki síst undir þessum formerkjum, þ.e. menningartengdrar ferðaþjónustu. Enda er sóknarfæri okkar Íslendinga líklega hvað mest á því sviði.

Ég tel að þessi skýrsla sé afskaplega vel unnin, en get þó ekki stillt mig um að segja: svo langt sem hún nær. Að því leyti verð ég að taka undir með hv. fyrirspyrjanda, að ég tel að áherslur í skýrslunni megi rekja, mjög rækilega þannig að ferðin sé hafin hér frá Reykjavík og réttsælis í kringum landið, en í áherslum er nánast eins og numið sé staðar við Markarfljótsbrú.

Nú er það svo að sveitarstjórnir á Suðurlandi og Suðurnesjum hafa lagt gífurlega áherslu, einmitt á þennan þátt, menningartengda ferðaþjónustu. Í þeirra röðum sakna menn þess að þessi svæði skuli hljóta jafnlitla áherslu og raun ber vitni. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort megi vænta síðara bindis í þessari ágætu skýrslu.

(**Forseti** (HBl): Ekki er ætlast til að ný efnisatriði séu tekin upp þegar tími er útrunninn.)

[13:58]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar litið er á þessa skýrslu í heild, niðurstöður hennar og tillögur, er meginniðurstaða sú að skýrslan fjallar um alla þætti málsins án nokkurs sérstaks tillits til einstakra landshluta. Tillögurnar eru almenns eðlis. Höfundur skýrslunnar leyfir sér hins vegar að taka á meginvanda ferðaþjónustunnar sem er hægari þróun á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu utan annatímans. Það er sennilega það sem kemur hv. fyrirspyrjanda úr jafnvægi.

Ég fagna tilkomu þessarar skýrslu. Ég tel að menningartengd ferðaþjónusta eigi afar mikla möguleika á að vaxa og dafna í framtíðinni sé vel á málum haldið.

[13:59]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil meina að þessi skýrsla um menningartengda ferðaþjónustu sé afar vönduð og merkileg í sjálfu sér, þó að hún taki ekki á hverju smáatriði á hverjum stað fyrir sig á landinu, enda var það ekki tilgangur skýrslunnar.

Ég held að menningartengd ferðaþjónusta sé okkur afar mikilvæg og það hefur sýnt sig að gríðarlega margt skemmtilegt hefur verið gert hér á landi, þar sem fólk nýtir sér þau tækifæri sem því eru nærtækust, söguna, þessa menningarlegu arfleifð sem við eigum. Inn í þetta kemur t.d. verndun gamalla húsa, tónlist, allt sem við getum sagt að tilheyri sögu okkar og ég vil þá sérstaklega minnast á hvað Rangæingar hafa gert varðandi Njálu og Njálusafnið. Eðlilegast væri að taka Sturlungu næst og gera henni hátt undir höfði.

[14:00]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir lofsamleg orð sem hann hafði um þessa skýrslu. Það er hins vegar ljóst að menn hafa sett upp nokkuð sérkennileg gleraugu til að lesa hana. Það vill nefnilega svo til að það er ekki fjallað um neinn sérstakan landshluta í þessari skýrslu nema um höfuðborgarsvæðið. Það er heill kafli um höfuðborgarsvæðið, og hvers vegna er það? Vegna þess að það er búið að gera sérstaka tilraun í menningartengdri ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og af þeirri tilraun má draga ýmsar athyglisverðar ályktanir. Þess vegna er það eini landshlutinn í allri skýrslunni sem fær sérstaka umfjöllun.

Svo legg ég líka til að menn lesi skýrsluna (**EMS:** Ég gerði það.) því að þá kemur ljós að minnst er á Fjörukrána og það er minnst á Bláa lónið með sérstakri skírskotun til skýrslu um heilsutengda ferðaþjónustu. Og hvers vegna er minnst á Bláa lónið? Það er ekki til að upphefja Suðurnes eða gera Suðurnesjum tæmandi skil heldur til þess að benda á að þar hefur verið vel að málum staðið og víða í skýrslunni er mælt með þeim aðferðum sem notaðar voru við Bláa lónið.

[14:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það mál manna að hér er um mjög góða skýrslu að ræða, og það hafa ferðaþjónustuaðilar látið mjög í ljósi. Hún vekur nýjar hugsanir og hugmyndir og þarna er um ákaflega mikilvægt vinnugagn að ræða. Þetta er vinnugagn þeirra sem eru að markaðssetja ferðaþjónustu hér á landi og eru á höttunum eftir nýjum tækifærum í menningu okkar.

Það er mikilvægt að hér er verið að ræða um almenna menningartengda ferðaþjónustu en ekki landshlutabundna. Við eigum auðvitað að reyna að koma þessari menningu okkar á framfæri í ládeyðunni þegar mest þörf er á því að nýta þær undirstöður og þá grunngerð, forseti, sem við eigum í ferðaþjónustu hér á landi.

[14:03]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka fram að skýrsla sú sem hér er til umræðu er að mörgu leyti mjög góð og fróðleg. Ég held samt að það sé skiljanlegt að Suðurnesjamenn hafi áhyggjur af því hversu lítill hlutur þeirra er gerður. Ég er ekki að segja að nauðsynlegt hafi verið að telja upp ýmislegt sem þar er gott gert eitthvað ítarlegar en annars staðar.

Það sem hefur valdið Suðurnesjamönnum áhyggjum í þessu, og getur vel verið misskilningur, er að ýmsir sjóðir eru nefndir í þessari skýrslu sem hægt er að sækja fé í til að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu um landið, og Suðurnesjamenn hafa fengið það á tilfinninguna að verið sé að ýta þeim út af byggðakortinu hjá Byggðastofnun, það sé verið að ýta þeim út úr því fjármagni sem ríkið eigi eftir að setja í uppbyggingu af þessu tagi og það er náttúrlega nauðsynlegt að fá það fram. Þess vegna finnst mér fyrirspurn hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar góð. Það leiðréttist þá, ef hæstv. samgrh. gæti gert það, að Suðurnesjamenn sitji við skert borð hvað þetta varðar.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Það veldur mér dálítilli undrun hversu miklu uppnámi þessi saklausa fyrirspurn mín hefur valdið. Stríður tónn hæstv. ráðherra og fleiri stjórnarliða vegna þess arna fær mig til að hugsa um það hvort ekki þurfi að fylgja þessu öllu betur eftir.

Ég sé í hendi mér að annaðhvort hef ég misskilið tilgang þessarar skýrslu eða einhverjir aðrir. Ég fæ ekki annað heyrt en að hér sé skýrsla um byggðaeflingu hringinn í kringum landið fyrst og síðast en ekki það að við ætlum að fara í útrás til þess að fjölga hér ferðamönnum til að sækja menningartengda ferðaþjónustu sem er auðvitað ákveðin lenska í heiminum í dag. Menn eru þannig að tala hér dálítið austur og vestur.

Ég tala út frá þeirri grunnforsendu að ég vil fjölga hér ferðamönnum. Þá gengur auðvitað ekki að skýrsluhöfundar og hæstv. ráðherra segi að af því að Reykjavíkurborg var menningarborg árið 2000 sé hér bara allt í standi og ekki þurfi að geta eins né neins sem hér er að gerast í höfuðborginni, í Hafnarfirði, á Suðurnesjum, á suðvesturhorninu yfirleitt, af því að hér sé allt í prýðilegu standi. Þannig er það auðvitað ekki.

Og það er auðvitað alrangt, herra forseti, þegar menn eru að láta í veðri vaka að ekki séu tíundaðir staðir í þessari skýrslu. Það eru beinar tillögur um svæðaskiptingu hringinn í kringum landið, að undanskildu suðvesturhorninu. Sá er kjarni þessa máls. Ég tek undir það sem áður hefur verið sagt og vænti þess að hér sé um áfangaskýrslu að ræða, menn taki svo til hendinni og bæti úr því sem fyrirsjáanlega vantar í þessa skýrslu. Þá er hægt að marka klára stefnu, að fjölga ferðamönnum, transit-farþegum á Keflavíkurflugvelli, og fá þá til þess að staldra hér við, dag eða fleiri. Og þá mega þeir mín vegna endilega hreint fara um landið vítt og breitt en umfram allt að þessi gluggi hér að Íslandi verði nýttur til fullnustu og hann er hér á þessu svæði okkar.

[14:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Þegar ég tók við sem samgrh. skipaði ég þrjár nefndir til að vinna sérstaklega að málefnum ferðaþjónustunnar í þeim tilgangi að ná þeim árangri sem hv. fyrirspyrjandi var að tala um að við þyrftum að ná, að fjölga hér erlendum ferðamönnum.

Í fyrsta lagi skipaði ég nefnd sem fjallaði um rekstrarstöðu greinarinnar. Hún skilaði tillögum og búið er að koma þeim langflestum í framkvæmd sem hefur bætt stöðu fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu.

Í annan stað skipaði ég nefnd um heilsutengda ferðaþjónustu. Hún var undir forustu markaðsstjóra Bláa lónsins og skilaði mjög góðum tillögum. Um þær verður fjallað sérstaklega á ráðstefnu 6. des. nk. sem ég vænti að hv. fyrirspyrjandi og fleiri góðir hv. þingmenn geti mætt á og fylgst með. Þar eru fjölmargar tillögur sem fólk um allt land, á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og í öllum landshlutum, er að huga að.

Í þriðja lagi var síðan nefndin sem ég skipaði undir forustu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, formanns Ferðamálaráðs. Hún hefur nú skilað tillögum sínum og afskaplega vel unninni og merkilegri skýrslu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni.

Það er rangt og ekki að mínu mati í þágu greinarinnar, hvað þá Suðurnesja eða Reykjaneskjördæmis, að láta að því liggja að verið sé að vinna gegn þessum landshluta. Öðru nær. Hvar eru fjárveitingar, hvar eru framlög til menningarstarfsemi, ef þau eru ekki hér á höfuðborgarsvæðinu? Öll safnastarfsemin og menningarstarfsemin, tónleikar og leikhús og allt það sem hér er byggt upp (Gripið fram í.) þannig að það er afskaplega mikilvægt að menn geri sér grein fyrir að það á ekki að etja landshlutum saman. Það er unnið mjög að því að byggja upp íslenska ferðaþjónustu og það er vilji minn að það sé ekki síður gert á Suðurnesjum en í öðrum landshlutum. Til þess var þessi skýrsla skrifuð.

Samgöngumál á Norðausturlandi.

Fsp. GPál, 283. mál. — Þskj. 341.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Pálsson):

Virðulegi forseti. Fyrir skemmstu var tekinn í notkun nýr vegarkafli af Háreksstaðaleið að Brunahvammshálsi en Háreksstaðaleið er að mínu áliti merkasta samgöngubót seinni ára á Norðausturlandi. Þetta er fyrsti hluti af tengingu Vopnafjarðar við hringveginn með nútímavegi. Sl. haust merkti síðan Vegagerðin fyrir veglínu áfram út Hofsárdalinn og merkti veglínur beggja vegna árinnar.

Fyrsti liður fyrirspurnar minnar er um það hvað líði undirbúningi að ákvörðun veglínunnar, nánar tiltekið frá Hölkná að Teigará, þ.e. hvorum megin árinnar vegurinn verði lagður. Ég legg gríðarlega áherslu á að vegurinn verði lagður sunnan árinnar. Það er alveg óskaplega áríðandi að ekki verði farið með veginn út norðan við á því að þar er svo miklu snjóþyngra, og þar sem utar dregur er jafnvel snjóflóða- og skriðuhætta. Austan árinnar er miklu heppilegra vegarstæði á allan hátt. Ég fór meðfram þar sem merkt hefur verið sl. haust og mér sýnist þeim hafa tekist furðu vel hjá Vegagerðinni að þræða góða leið og það er mjög gott.

Í öðru lagi spyr ég hvenær fjárveitinga til þessara framkvæmda sé að vænta, þ.e. til vegarins út Hofsárdalinn. Það er að mínu áliti forgangsmál fyrir Vopnafjörð að fá alvöru vegtengingu inn á hringveginn. Núorðið fara allir flutningar fram með bílum, strandsiglingum hefur nánast verið hætt,

og oft skapast mikið vandræðaástand á vorin þegar vegurinn um fjallið er með þungatakmörkunum vegna aurbleytu, stundum svo vikum skiptir. Vetrarfæri í dalnum verður líka miklu betra en uppi á heiðinni.

Að síðustu spyr ég um uppbyggingu vegarins norður Bakkafjörð og um Brekknaheiði. Mér skilst að Sandvíkurheiðinni verði bráðlega lokið. Brekknaheiðin hefur að fróðra manna sögn ekki verið lagfærð svo talandi sé um síðustu 50 ár enda er hún á milli kjördæma, og sennilega hafa þingmenn ekki haft nógu mikinn áhuga fyrir henni. Nú er hún komin inn í mitt kjördæmi þannig að kannski breytist það.

[14:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera upp þessar fyrirspurnir hér um afar mikilvæga vegagerð á norðausturhorninu. Hv. þm. spyr fyrst:

„Hvað líður undirbúningi að ákvörðun veglínu frá Brunahvammshálsi og niður í Vopnafjörð?"

Svar mitt er: Unnið er að skoðun á veglínum frá Brunahvammshálsi og niður í Vopnafjörð. Svæðið hefur verið kortlagt og leitað mögulegrar veglínu á kortum en einnig hafa vettvangsskoðanir farið fram. Stefnt er að því að tillaga um veglínu geti legið fyrir á árinu 2002. Rétt er að undirstrika að hér er um viðkvæmt land að fara og þess vegna mjög mikilvægt að undirbúa þessa framkvæmd vel og huga að því hvernig hægt er að leggja í landinu veglínu svo minnst röskun verði í náttúrunni.

Í annan stað spyr hv. þm.:

„Hvenær er þess að vænta að fjárveitingar til fyrrgreinds verks verði á vegáætlun?"

Svar mitt er að vegáætlun verður endurskoðuð í vetur en samkvæmt gildandi langtímaáætlun í vegagerð sem samþykkt var á Alþingi vorið 1998 er gert ráð fyrir fjárveitingu til verksins, annars vegar á öðru tímabili sem nær yfir árin 2003–2006 og síðan á þriðja tímabili sem nær yfir árin 2007–2010.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.:

„Hvenær má vænta þess að uppbyggingu vegar milli Vopnafjarðar og Þórshafnar ljúki?"

Svar mitt er það að ekki liggur fyrir tímasett áætlun um það hvenær uppbyggingu vegar milli Vopnafjarðar og Þórshafnar ljúki en geta má þess að samkvæmt gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004 er gert ráð fyrir að byggingu vegarins milli Vopnafjarðar og Bakkafjarðar verði lokið á árunum 2002–2004.

[14:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessari merku vegtengingu sem er niður Hofsárdalinn. Það er alveg rétt sem fram kom hjá honum að þetta er ein merkasta samgöngubót sem við höfum fengið á Norðausturlandi, þ.e. lagning Háreksstaðaleiðar, og auðvitað sú tenging sem nú er komin á Háreksstaðaleið fram á Brunahvammsháls. Það var gott að heyra hjá samgrh. að á næsta ári verði tillögur tilbúnar um hvar veglínan eigi að liggja niður Hofsárdalinn. Það hefur komið mjög sterkt fram hjá heimamönnum að það sé mun skynsamlegra að leggja veginn sunnan Hofsár en norðan, og ég veit að Vegagerðin hefur tekið mið af þeim ábendingum heimamanna.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt þegar farið verður í endurskoðun vegáætlunar að þessar tillögur liggi fyrir þannig að hægt sé að taka mið af þeim þegar vegáætlun verður endanlega kláruð nú í vetur.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka samgrh. fyrir góð svör. Hann svaraði spurningum mínum alveg fullnægjandi. Ég hef svo sem engu við það að bæta öðru en því að ég skora á þingheim, þegar vegáætlun verður tekin til endurskoðunar í vetur, að setja þessa tengingu eins framarlega í forgangsröð og mögulegt er.

Lögreglan í Reykjavík.

Fsp. GÁS, 206. mál. — Þskj. 231.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Umræða um löggæslumál hefur verið mikil umliðin missiri, einkanlega löggæslumál í borginni og raunar víðar um landið. Bæði hafa lögreglumennirnir sjálfir kvartað yfir því í vaxandi mæli að möguleikar þeirra til að sinna þjónustu við borgana hafi minnkað sökum manneklu í röðum lögreglumannanna sjálfra og eins hafa borgarar lýst yfir áhyggjum sínum í þá veru að lögreglan sé ekki jafnsýnileg og áður hefur verið. Enn fremur er hitt, og sýnu alvarlegast, að möguleikar lögreglunnar til að halda uppi lögum og reglu hafa að sama skapi minnkað. Jafnvel heyrast kvartanir í þá veru að viðbragðsflýtir lögreglunnar hafi af þessum orsökum minnkað til muna og jafnvel að þegar leitað er eftir lögreglu af brýnum orsökum þá hafi bílar lögreglunnar of oft verið uppteknir annars staðar og ekki komist á staðinn fyrr en eftir langan tíma.

Ég ætla ekki í þessari fyrirspurn að velta vöngum yfir fjölda lögreglumanna eða fara í þá umræðu. Það er fyrirliggjandi og margir halda því fram að æ fleiri lögreglumenn séu nú, miðað við fyrri tíð, uppteknir við störf innan húss, að ríkislögreglustjóri taki til sín æ stærri hluta kökunnar, þ.e. þess fjármagns sem veitt er til löggæslu í landinu. Þetta er talið leiða til þess að lögreglumenn á vettvangi, þ.e. á bílum ellegar gangandi í miðborginni séu umtalsvert færri en verið hefur.

Ég ætla ekki að fara í almenna umræðu um þessi mál. Tölurnar tala yfirleitt sínu máli og þess vegna hef ég í fimm fyrirspurnum, sem eru sumar dálítið umfangsmiklar, óskað eftir því að hæstv. dómsmrh. leiði það til lykta hvort á þessu hafi orðið breytingar, hvort viðbragðsflýtir lögreglunnar hafi minnkað eða breyst á síðasta áratug eða svo. Einnig spyr ég um hitt sem haldið hefur verið fram í mín eyru, hvort þess séu dæmi að lögreglan hafi ekki getað sinnt brýnum beiðnum fyrr en eftir dúk og disk og hvort svo sé jafnvel komið að lögreglan beiðist undan því að sinna óskum um aðstoð, minni háttar aðstoð sem betur fer, sem hún hafi sinnt áður vegna þess að hún hafi öðrum hnöppum að hneppa.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, herra forseti. Fyrirspurnirnar er að finna á þskj. 231. Ég hirði ekki um að lesa þær. Ég þekki það hins vegar frá fyrri árum vegna starfa minna sem lögreglumaður á áttunda áratugnum að það skiptir mjög miklu máli að starfsumhverfi lögreglumannanna sjálfra sé tryggt, að nægilegur mannafli sé hverju sinni til að takast á við þau viðfangsefni sem við blasa. Því miður heyrir maður

í auknum mæli dæmi um að þannig sé ekki í pottinn búið.

[14:20]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í tilefni af fyrirspurnum hv. þm. var leitað eftir upplýsingum hjá lögreglunni í Reykjavík. Í svari lögreglustjórans í Reykjavík kemur eftirfarandi fram:

Hvað varðar fyrstu spurninguna, um samanburð á möguleikum lögreglunnar í Reykjavík til að sinna óskum borgaranna um brýna lögregluaðstoð nú og fyrir tíu árum, segir í svari lögreglustjórans að lögreglan hafi fram að þessu getað sinnt öllum óskum borgaranna um brýna lögregluaðstoð.

Önnur spurning snýr að því hvort lögreglan hafi náð að sinna öllum beiðnum borgaranna um brýna lögregluaðstoð um helgar síðustu fjóra mánuði. Fram kemur í svari lögreglustjóra að samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar hafi náðst að sinna öllum brýnum lögegluverkefnum á þessu tímabili.

Í þriðju spurningunni er spurt um meðaltíma frá því að beiðni um aðstoð barst og þar til lögreglan var mætt á vettvang um helgar síðustu fjóra mánuði. Í svari lögreglustjóra kemur fram að um geti verið að ræða frá 30 sekúndum upp í þrjár mínútur ef um alvarleg tilvik er að ræða. Ef ekki er um alvarleg útköll að ræða getur biðtími þó orðið nokkuð lengri. Í svari lögreglustjóra kemur fram að það sem máli skipti í þessu samhengi sé verkefnaþunginn almennt og staðsetning lögreglubifreiðar þegar útkall berst.

Í fjórða lagi er óskað eftir upplýsingum um lengsta útkallstíma þar sem óskað hefur verið eftir neyðaraðstoð. Lögreglustjórinn upplýsir að samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptamiðstöð lögreglu hafi hann lengstur verið fimm til sjö mínútur.

Í fimmta og síðasta lagi óskar hv. fyrirspyrjandi eftir upplýsingum um hvort breytingar hafi orðið á þeim atriðum sem spurt er um hér að framan, þ.e. hvort útkallstími hafi lengst og hvort þurft hafi að vísa frá beiðnum um smærri viðvik lögreglu sem áður var sinnt. Í svari lögreglustjóra kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar hafi orðið þar nokkrar breytingar. Nú sé verkefnum frekar forgangsraðað en áður. Komi þá fyrir í miklu annríki að útkallstími lengist. Er það mat lögreglustjórans að dregið hafi nokkuð úr þjónustu lögreglunnar við borgarana svo sem við opnun ökutækja, vegna flutnings á hreyfihömluðum og annarri sambærilegri þjónustu. Lögreglustjóri upplýsir jafnframt að reynt sé til hlítar að sinna almennri þjónustu við borgarana af lipurð. Í meiri mæli geri borgararnir sér grein fyrir því að lögreglan þurfi að forgangsraða verkefnum og að í fleiri tilvikum sé reynt að leysa úr málum án þess að lögreglan sé send á vettvang. Af eðlilegum ástæðum hefur dregið úr þeirri þjónustu lögreglu sem nú er sinnt af öðrum aðilum og hefur ekki verið kvartað út af því svo nokkru nemi samkvæmt upplýsingum lögreglustjóra.

Það er auðvitað ljóst að lögreglan verður sífellt að leitast við að bæta þjónustu sína og viðbrögð. Nýverið var t.d. gerð skoðanakönnun á vegum lögreglunnar í Reykjavík á viðhorfum íbúa umdæmisins til starfa lögreglunnar og var sú könnun í flestum atriðum afar jákvæð fyrir lögregluna. Þar komu jafnframt fram atriði sem gefa ástæðu til þess að lögreglan bæti sig og vil ég þar helst nefna meðferð ofbeldismála.

Verulegar breytingar hafa orðið á starfsemi lögreglunnar til hins betra og ég vil nefna sérstaklega fjarskiptamiðstöðina og nýtt fjarskiptakerfi lögreglunnar. Ég tel að með hinni nýju fjarskiptatækni gefist kostur á að efla til muna löggæsluna í borginni með betri skipulagningu, aðgerðastjórn og upplýsingastreymi og síðast en ekki síst hefur viðbragðstími lögreglunnar vegna útkalla styst verulega. Þá má nefna embætti ríkislögreglustjóra sem hefur tekið að sér margs konar verkefni.

Lögreglan hefur í auknum mæli lagt áherslu á grenndarlöggæslu og uppbyggingu forvarnastarfs sem skilað hefur góðum árangri. Gömul vandamál í löggæslu í höfuðborginni, svo sem miðbæjareftirlit um helgar, hafa færst til betri vegar. Nú er verið að skoða tillögur samstarfsnefndar lögreglunnar og Reykjavíkurborgar um frekari úrbætur í þessum efnum.

Að næturlagi um helgar eru vaktirnar í höfuðborginni tvöfaldar hjá lögreglunni. Til samanburðar má nefna að í Ósló er dregið úr löggæslu á þessum tíma um helgar og einungis bráðnauðsynlegustu útköllum sinnt en önnur geymd fram yfir helgina.

Löggæsla í miðborginni hefur batnað af ýmsum ástæðum eins og áður sagði. Sveigjanleiki opnunartíma veitingastaða hefur aukist og þar með dregið úr hópamyndun í miðbænum sem áður var alvarlegt vandamál. Öryggismyndavélar gefa lögreglunni góða yfirsýn yfir svæðið og möguleika á að bregðast við af meiri hraða og öryggi en áður var, en vegna þessara breytinga nýtist sá mannskapur sem sinnir löggæslu í miðbænum að næturlagi um helgar mun betur og hún getur brugðist hraðar við. Lögreglan er því að bæta sig á mörgum sviðum og það á m.a. við um það mál sem hér er til umfjöllunar.

[14:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Stundum verð ég afskaplega ringluð vegna þess að það sem fram kemur í þessum sal er í engu samhengi við það sem við heyrum úti á vettvangi. Þegar við förum um mitt kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, þá eru löggæslumálin alltaf tekin upp og fólk er miður sín yfir því hvert stefnir með þau. En þegar þau eru rædd, varðandi það kjördæmi, í þessum sal þá er allt í fínu lagi og ekkert við þau að athuga.

Nú kemur hæstv. dómsmrh. og segir okkur að lögreglan sinni vel brýnni þörf, hún sinni brýnum verkefnum, biðtími sé svona 30 sekúndur til þrjár mínútur og eitthvað lengri í minni háttar málum. Þetta hljómar glæsilega. En síðan í seinni hluta svarsins kemur í ljós að verkefnum verður auðvitað að forgangsraða, að e.t.v. þurfi að vísa frá beiðnum og að reynt er að leysa mál án þess að fara á vettvang.

Herra forseti. Ég er mjög ringluð eftir þetta svar vegna þess að það er í engu samhengi við það sem við fáum að heyra þegar við ræðum um þessi mál úti á vettvangi.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau koma mér satt að segja dálítið á óvart, þægilega á óvart verð ég að segja. Ef rétt er að viðbragðsflýtir lögreglunnar vegna brýnnar aðstoðarbeiðni sé á bilinu 30 sekúndur til þrjár mínútur þá eru málin í prýðilegu lagi. En ég hlýt að hugsa mig um í þessu sambandi. Þegar því er haldið fram að lengstur útkallstími sé fimm til sjö mínútur vegna brýnnar neyðaraðstoðar þá hef ég mínar efasemdir.

Ég hef nefnilega upplýsingar um það, og það er ástæðan fyrir því að ég lagði þessa spurningu fram, að aðfaranóttina 20. október sl. fannst meðvitundarlaus maður í stigagangi

húss í Breiðholti og því var beðið um aðstoð lögreglu. Það liðu 50 mínútur þar til aðstoð barst þannig að hér hefur ráðherra augljóslega rangar upplýsingar undir höndum. Því var svarað til af lögreglumönnum þegar þeir komu á staðinn að allir bílar hefðu verið uppteknir. Þeir vildu með öðrum orðum auðvitað veita þessa aðstoð en gátu það ekki sökum kringumstæðna, sökum fárra bíla á vakt og sökum mannfæðar. Því miður held ég, herra forseti, að hæstv. ráðherra hafi annaðhvort ekki gaumgæft þessi svör eða ekki gengið úr skugga um að þau væru rétt. Þau eru það ekki, því er verr og miður.

Maður hlýtur að hafa sínar efasemdir þegar dregin er upp sú mynd að allt sé hér í standi þegar raunveruleikinn sem við borgurunum blasir og lögreglumönnunum sjálfum er allt annar. Þá heldur þessi umræða áfram og við á hinu háa Alþingi munum kappkosta um að hið rétta og sanna komi í ljós og menn geri raunverulega bragarbót á ástandi sem er alls ekki viðunandi.

[14:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég svaraði í fyrri ræðu minni fyrirspurnum þingmannsins samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík. Í þeim felast fullnægjandi svör við þeim spurningum sem hv. þm. lagði fram.

Hér hefur hv. þm. hins vegar nefnt tiltekið dæmi sem ég get auðvitað ekkert tjáð mig um hér og nú en sjálfsagt er að skoða. Það hefði verið heppilegra og mun gagnlegra fyrir þingið ef hv. þm. hefði gefið kost á því að upplýsinga væri leitað um þetta atriði hjá lögreglunni í Reykjavík áður en það væri gert að umræðuefni hér.

Ég vil líka nefna það í sambandi við málafjölda að það er ekki einhlítt að málum hafi fjölgað hjá lögreglunni í Reykjavík. Við erum hér að tala um lögregluna í Reykjavík. Ég nefni sem dæmi að málum vegna eignaspjalla hefur fækkað nokkuð á undanförnum árum og á öðrum sviðum eru breytingarnar óverulegar. Einnig má nefna að fjölgun mála getur á vissum sviðum einmitt þvert á móti verið til marks um að lögreglan sé að eflast í störfum sínum og auka afköstin. Það á t.d. við á þeim sviðum sem að meginstefnu byggjast á frumkvæðisvinnu lögreglunnar, svo sem við umferðareftirlit og fíkniefnarannsóknir, en á báðum þessum sviðum hefur lögreglan í Reykjavík náð verulegum árangri og málum af því tagi fjölgað.

Í nýlegum umræðum á þinginu upplýsti ég að lögreglan í Reykjavík á nú við tímabundinn rekstrarvanda að stríða sem krefst þess að embættið gæti aðhalds út þetta rekstrarár. En það hefur líka komið fram að reiknað er með að embættinu verði kleift að fjölga lögreglumönnum um áramótin aftur þegar nýr árgangur útskrifast úr Lögregluskólanum. Það hefur einmitt verið hluti af vanda löggæslunnar að vantað hefur fleiri menntaða lögreglumenn.

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að láta þessar upplýsingar koma hér fram.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 6. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Hæstv. ráðherra lét hér í veðri vaka að fyrirspurnir mínar væru fram komnar til að leiða hana í gildru og að eðlilegra hefði verið ef ég hefði spurt um það tiltekna atriði sem ég nefndi hér sem dæmi og sýndi fram á að svör hennar í umræðunni áðan stæðust ekki raunveruleikann.

Ég vil vekja á því athygli, herra forseti, og vísa þessu algerlega á bug, að í fjórðu spurningu minni í þessari fyrirspurn er spurt:

„Hver er lengstur útkallstími þar sem neyðaraðstoðar lögreglu hefur verið óskað?"

Svar hæstv. ráðherra var: „Sjö mínútur." Ég hef dæmi um miklu lengri tíma. Ráðherrann hafði það auðvitað í sinni hendi að svara hér réttu til en gerði það ekki af einhverjum orsökum.

Ég vísa því algerlega á bug, herra forseti, að hér hafi verið tilraun af minni hálfu til að leiða hæstv. ráðherra í einhverja gildru. Ég vildi bara fá hið sanna og rétta fram. Ég hefði verið fyrstur manna til að fagna því alveg sérstaklega ef lengstur útkallstími væri ekki meiri en sjö mínútur. Veruleikinn er því miður allt annar, herra forseti. Ég get lítið að því gert. En hæstv. ráðherra getur dálítið gert við því. Hún hefur vald og áhrif til þess.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hæstv. dómsmálaráðherra óskar að bera af sér sakir.

[14:31]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég taka það fram að það má ekki skilja orð mín svo að ég hafi verið leidd í einhverja gildru með þessum upplýsingum frá hv. þm. Ég bendi hins vegar á að það er afskaplega eðlilegt, þegar um er að ræða tilvik eins og hann nefnir og svo langan tíma, að slíku atriði sé komið til lögreglustjórans í Reykjavík og leitað eftir upplýsingum þar. Ráðherra sem hér er að svara fyrirspurn frá hv. þm. í nokkrum liðum leitar auðvitað eftir upplýsingum frá embættinu og svarar í samræmi við þær upplýsingar sem berast.

[14:32]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta vera nokkuð alvarlegur hlutur sem hér hefur gerst. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson leggur hér fram fyrirspurn og í fjórða tölusetta lið fyrirspurnarinnar er spurt hver sé lengstur útkallstími þar sem neyðaraðstoðar lögreglu hafi verið óskað. Og hæstv. ráðherra svarar: „Sjö mínútur."

Hv. þm. kemur síðan upp og upplýsir að hann hafi dæmi um miklu lengri útkallstíma, sjö sinnum lengri en það sem hæstv. ráðherra lét uppi. Þá liggur það auðvitað fyrir að hæstv. ráðherra hefur flutt hér í þinginu rangar upplýsingar. Það er grafalvarlegur hlutur. Nú bendir allt til þess að það stafi ekki af ásetningi heldur sé hér um að ræða að hæstv. ráðherra hafi ekki fengið réttar upplýsingar.

Það skiptir hins vegar miklu máli fyrir þingið að það liggi fyrir af hverju svar ráðherrans stafar. Hæstv. ráðherra sagði að hún mundi kanna þetta mál. Það er ekki nóg fyrir mig og það er ekki nóg fyrir hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Það verður að upplýsa hér með einhverjum hætti, herra forseti, ekki núna en síðar þegar hæstv. ráðherra hefur fengið tóm til þess að kanna þetta mál, hvað valdi því að hæstv. ráðherra kemur hér með kolrangar upplýsingar. Það er embættisskylda hennar að greina þinginu rétt frá og hún verður að skýra okkur frá því sem veldur því að hún kemur hér fram með rangar upplýsingar og eftir atvikum munum við þingmenn meta það hvort við þurfum að fá afsökunarbeiðni frá hæstv. ráðherra.

En mér sýnist, herra forseti, að það þurfi ekki að egna neinar gildrur fyrir þennan ráðherra. Mér sýnist hæstv. ráðherra detta í allar holur sem á vegi hennar verða.

[14:34]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það var alveg með ólíkindum að hlusta á þessa ræðu hv. þm. Ég vil reyndar nota tækifærið og óska honum til hamingju með kjörið á landsfundi Samfylkingarinnar, en því þingi er nú lokið væntanlega, hv. þm.

Hér er ráðherra að svara fyrirspurn frá hv. þm. og gerir það eftir bestu getu. Ef um er að ræða og upp koma ákveðin tilvik sem þarf að upplýsa þá verður auðvitað leitað eftir upplýsingum um það mál.

Smávirkjanir í sveitum.

Fsp. GPál, 284. mál. — Þskj. 342.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Pálsson):

Herra forseti. Í desember 1999 var skipuð nefnd til að kanna hagkvæmni, tækni og möguleika smávirkjana í sveitum. Nefndin með hv. þm. Hjálmar Árnason sem formann skilaði skýrslu í júní 2000, þessari skýrslu hérna sem ég er með hér. Þetta er ágætasta skýrsla að mínu áliti og þar kemur m.a. fram að hugsanlega megi framleiða 30–50 megavött með virkjun bæjarlækja og smááa, þ.e. eins og hálfa Sigöldu, það kunni að styrkja byggð og auka fjölbreytni atvinnulífs og á því er sannarlega þörf.

Í skýrslunni segir síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármögnun einkarafstöðva þarf að gerast með lánum og styrkjum frá Lánasjóði landbúnaðarins, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Orkusjóði, iðnaðarráðuneyti og Byggðastofnun."

Nefndin gerði síðan tillögu um hvernig fjármagna skyldi slíkar rafstöðvar og lagði til að iðnrh. skipaði starfshóp til að afgreiða beiðnir um styrki til einkarafstöðva.

Það mun hafa verið gert. Þessi starfshópur mun hafa verið stofnaður en síðan virðist þeim sem hafa kannað þessa mögleika sem einhver stífla sé komin í málið og hvergi hægt að fá skýr svör hjá þeim stofnunum sem ég nefndi áðan. Fæstir munu geta hafið framkvæmdir án þess að fyrir liggi lánsloforð eða loforð um styrki, um niðurgreiðslu rafmagns o.fl.

Eigi að gera eitthvað úr þessari hugmynd um raforkuframleiðslu eða að raforkuframleiðsla verði aukabúgrein í sveitum þarf að ganga frá fjármögnunarþættinum og setja reglur um hvaða gögn menn þurfa til þess að geta sótt um fyrirgreiðslu.

Því spyr ég:

1. Hvað líður efndum á tillögum nefndar um málefni raforkubænda sem skilaði áliti í júní á síðastliðnu ári?

2. Er einhver áætlun í gangi um að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum og leggja þriggja fasa rafmagn þannig að væntanlegir raforkubændur geti selt frá sér umframframleiðslu?

Það mun vera forsenda fyrir sölu að vera tengdur við þriggja fasa rafmagn, en mönnum sem hafa verið að skoða þetta hefur virst sem áhugi Rariks sé ekki geysilega mikill, þeir hafi fremur áhuga á að selja rafmagn en kaupa það.

[14:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Hvað líður efndum á tillögum nefndar um málefni raforkubænda sem skilaði áliti í júní á síðastliðnu ári?"

Svarið er eftirfarandi: Í júní á síðasta ári skilaði nefnd um málefni raforkubænda skýrslu sem ber heitið Raforkubændur, hagkvæmni, tækni, möguleikar. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að virkjun smærri vatnsfalla geti verið hagkvæmur kostur fyrir einstaklinga og byggð, sem kynni að styrkja byggð í dreifbýli og auka fjölbreytileika atvinnulífs, og að fjármögnun þyrfti að gerast með lánum og styrkjum frá Lánasjóði landbúnaðarins, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Orkusjóði, iðnrn. og Byggðastofnun.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að nefndin hafi verið sammála um að skynsamlegur tilflutningur á fjármagni gæti falist í því að bóndi sem hyggst reisa vatnsaflsvirkjun við bú sitt fengi styrk frá iðnrn. sem næmi niðurgreiðslum til hans á rafmagni í tiltekinn tíma, en á móti yrðu felldar niður rafmagnsgreiðslur til viðkomandi einstaklings. Var nefndin sammála um að slíkur tilflutningur á fjármagni leiddi til sparnaðar til lengri tíma og væri því skynsamleg ráðstöfun.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir 2 millj. kr. vegna þessa. Hugmyndin er að þessum fjármunum verði varið til að styrkja þá sem vilja reisa smærri vatnsaflsvirkjanir til eigin nota. Þá taldi nefndin rétt að skipaður yrði stýrihópur til að fjalla um umsóknir vegna framkvæmda við smærri vatnsaflsvirkjanir.

Í desember sl. skipaði ég ráðgjafarnefnd um byggingu smárra vatnsaflsvirkjana. Hlutverk nefndarinnar er m.a að móta tillögur að nauðsynlegum rannsóknum í samstarfi við Orkustofnun, gera tillögur um helstu hönnunarkröfur mannvirkja, véla og rafbúnaðar, móta tillögur um samræmdar kostnaðarforsendur virkjana, gera tillögur um arðsemiskröfur mannvirkis, gera tillögur til stjórnvalda um fyrirkomulag til fjármögnunar framkvæmda við smærri vatnsföll, meta fyrstu niðurstöður á forathugunum, mæla með eða hafna hugmyndum, leggja endanlegt mat á fullhönnuð mannvirki áður en framkvæmdir hefjast og vera raforkubændum, hönnunaraðilum og lánastofnunum til ráðuneytis.

Ráðgjafarnefndin hefur unnið í samræmi við skipunarbréf sitt og mun á næstu vikum skila tillögum um aðgerðir sem byggja á skýrslunni.

Í öðru lagi er spurt:

„Er einhver áætlun í gangi um að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum og leggja þriggja fasa rafmagn þannig að væntanlegir raforkubændur geti selt frá sér umframframleiðslu?"

Svarið er eftirfarandi: Á þessu ári er áformað að verja um 205 millj. kr. til endurnýjunar og styrkingar dreifikerfa Rafmagnsveitna ríkisins til sveita, utan sumarbústaðahverfa. Ætla má að um 40% eða 80 millj. kr. af þessari upphæð nýttist til þrífösunar hjá notendum sem ekki höfðu aðgang að þriggja fasa rafmagni áður. Önnur verkefni sem unnið er að fyrir ofangreindar 205 millj. kr. eru endurnýjun eldri flutningslína til að auka rekstraröryggi og flutningsgetu kerfisins og lagning strengja til nýrra notenda.

Styrking og endurnýjun kerfisins er í dag nánast alfarið með þriggja fasa strengjum. Engin sérstök áætlun er fyrir

hendi varðandi uppbyggingu á þriggja fasa dreifikerfi raforku á landsbyggðinni. Þær upphæðir sem til ráðstöfunar hafa verið ár hvert hafa aðeins nægt til brýnustu endurbóta og viðhalds flutnings- og dreifikerfisins. Sérstök nefnd er iðnrh. skipaði á liðnu ári í samræmi við þingsályktun Alþingis frá 10. mars 1999 vinnur nú að úttekt á þörf atvinnulífs landsbyggðarinnar fyrir þriggja fasa rafmagn á næstu árum. Hefur nefndin haft samband við allar sveitarstjórnir og óskað eftir upplýsingum um mestu þörf fyrir þriggja fasa rafmagn í hverju sveitarfélagi til að geta hugsanlega forgangsraðað framkvæmdum og gert markvissari áætlanir um endurnýjun dreifiveitna og þá um leið lagningu þriggja fasa rafmagns. Nefndin mun væntanlega ljúka störfum fyrir næstu áramót. Með þessu starfi ætti að skapast grundvöllur til þess að gera markvissari áætlanir en áður um forgangsröðun við endurnýjun dreifikerfisins miðað við þarfir atvinnulífsins á landsbyggðinni.

Að öðru jöfnu verður að gera ráð fyrir því að raforkubændur kosti sjálfir tengingu frá virkjunum inn á nærliggjandi flutnings- eða dreifikerfi.

Á þessu stigi er óljóst hvar hugsanlegar smávirkjanir muni verða staðsettar í framtíðinni. Eðlilegt er að taka tillit til hugsanlegra smávirkjana þegar kemur að endurnýjun dreifikerfis en að öllu jöfnu mun öryggi og flutningsgeta kerfisins ásamt þörf atvinnulífsins í dreifbýlinu hafa forgang hvað varðar ráðstöfun fjármagns til endurnýjunar dreifikerfisins.

[14:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessu máli, annars vegar á smærri vatnsaflsvirkjunum og hins vegar á þriggja fasa rafmagni í sveitum. Bæði þessi mál eru mjög brýn. Það hefur verið afar ánægjulegt að fylgjast með þróuninni, t.d. í Rangárvallasýslu þar sem Ólafur bóndi á Þorvaldseyri hefur þegar nýtt sér þennan möguleika og bændur í Skálakróki, Ásólfsskála, Moldnúpi og Skálakoti. Þessir ágætu bændur hafa þegar virkjað og nýta raforkuna með þessum hætti. Eins má nefna Eyjólf bónda í Lækjarhvammi í Laugardal.

Hér er um mjög brýnt verkefni að ræða og (Gripið fram í.) afar spennandi. Ég vildi gjarnan sjá þessi mál ganga hraðar fyrir sig en þau gera því að mjög mikill hugur er í mönnum. Hér er um viðbótarbúgrein að ræða í sveitum og kjörið tækifæri til þess að efla sveitir landsins með því að setja meiri orku og meira stuð í þetta mál.

[14:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér hreyfði hv. þm. Gunnar Pálsson afar mikilvægu máli því að ekkert er ofsagt í því sem kom fram hér áðan, að mikill hugur er í mörgum varðandi það að geta virkjað bæjarlækinn, eins og sagt er. Hins vegar hefur verið fjallað býsna mikið um þetta mál án þess þó að þeim sem mestur hugurinn er í finnist nokkuð þokast að gagni.

Af því að hæstv. ráðherra vitnaði áðan í nefndarálit og tillögur sem þar komu fram þá væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra vildi segja þinginu frá því hér: Hvert var innihald þeirra virkjanaleyfa sem hún undirritaði líka í júní, og greinilega þá á nokkuð svipuðum tíma og nefndarálitið varð til?

Fram kom að hún hafði þá undirritað tvö virkjanaleyfi, annars vegar vegna framkvæmda í Súgandafirði og hins vegar Ólafsfirði. Vegna stöðu þessara mála þá held ég að afar mikilvægt sé að hér komi fram hvað þessi virkjanaleyfi fólu í sér, hverjar forsendur þeirra voru og skilyrði.

[14:46]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ljóst er að möguleikar á virkjun bæjarlækja eru gífurlega miklir, enda áhugi afskaplega mikill mjög víða um land eins og hér hefur komið fram. Á það hefur verið bent að möguleikar í virkjun bæjarlækja kunna að vera á bilinu 50–200 megavött, hvorki meira né minna. Og þarna er örugglega um að ræða þá vistvænustu leið sem hægt er að hugsa sér varðandi raforkuvinnslu, enda skapar þetta gífurlega möguleika. Hins vegar er afskaplega mikilvægt að mæla þessa möguleika, hversu mikið magn er í rauninni til staðar en ekki að hafa slíkar tölur á reiki.

Einnig liggur ljóst fyrir að fjöldi aðila er að skoða þetta og nú þegar eru sex til sjö minni virkjanir þegar komnar á koppinn. Grundvallaratriðið er að undirbúa þetta faglega. Það er tvennt sem nefndin lagði til og unnið er eftir, annars vegar að um sé að ræða viðurkenndar rennslismælingar og hins vegar að einhver rekstraráætlun búi á bak við þannig að þetta verði raunhæft, bæði faglega og fjárhagslega. Það er kannski mikilvægasta atriðið í þessu og ég spái því að innan örfárra ára muni slíkum virkjunum hafa fjölgað um nokkra tugi.

[14:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn en vil aðeins fá að hnykkja frekar á vegna svars hæstv. ráðherra.

Ljóst er að í gangi er nefnd sem var skipuð í desember 2000 og hæstv. ráðherra segir að hún muni skila af sér á næstunni. Í sambandi við þriggja fasa rafmagnið kemur í ljós í máli hæstv. ráðherra að engin áætlun sé til enn um lagningu þriggja fasa rafmagns í sveitum landsins en í gangi sé nefnd síðan í mars 1999 sem kanni þörfina, og hæstv. ráðherra segir að vænta megi mögulegrar niðurstöðu fyrir áramót.

Nú hvet ég hæstv. ráðherra til að sjá til þess að starfi þeirra nefnda verði hraðað, því eins og fram kemur í máli ráðherrans hafa þær verið að störfum það lengi að það hlýtur að vera hægt að halda þeim þannig að verki að niðurstöður þeirra liggi fyrir sem allra fyrst því að þær eru, hvernig sem á þetta mál er litið, afskaplega mikilvægar.

Að öðru leyti vil ég taka undir orð hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar og biðja um meira stuð í þetta mál.

[14:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það vill vera svo þegar allir þingmenn eru sammála að þá er hætta á ferðum. Og ég tel að töluverð hætta sé á ferðum í þessu máli. Ef menn passa ekki vel upp á að valdir verði bestu kostir til að nýta bæjarlæki þá verður ósköp að sjá þetta í framtíðinni þar sem virkjanir verða við hvern bæ. Og þeir sem hafa áhyggjur af náttúrunni ættu að hafa áhyggjur af því og ástæða sé til að skoða mjög vandlega hvernig þetta lítur út þegar menn aka um vegi landsins eða fara um fagrar sveitir þar sem virkjun er við hvern bæ. Það sé þá a.m.k. þannig frá því gengið að það líti eins vel út í náttúrunni og mögulegt er. Þess vegna hvet ég til þess að menn flýti sér ekki allt of mikið í þeim undirbúningi sem fram undan er við að bændur fari að nýta bæjarlækina sína.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin og þingmönnum fyrir umræðurnar. Ég hef svo sem ekki mjög miklu við það að bæta sem ég sagði hér áðan en ég held kannski að það sem vanti dálítið upp á séu leiðbeiningar, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti einmitt á. Það er auðvitað svolítil hætta á því að kappið verði meira en forsjáin og menn ætli að fara af stað áður en þeir eru tilbúnir í raun og veru. Þá er áríðandi að ráðuneytið hafi leiðbeiningar handa mönnum, bæði um hvernig þeir eigi að standa að tæknilega og hvernig þeir eigi að bera sig eftir fjármagninu.

[14:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Pálssyni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn og þingmönnum fyrir undirtektir. Ég held nú að engin sérstök hætta sé uppi þó að ekki hafi verið gífurlegur ágreiningur í málinu. En ég skil þær athugasemdir eða ábendingar sem koma fram frá hv. þingmönnum í sambandi við það að hlutirnir gangi hægt fyrir sig þannig séð. Auðvitað tekur ákveðinn tíma að rannsaka bæði rennsli og annað svo hægt sé að treysta því að viðkomandi framkvæmd verði hagkvæm. Kannski hefur örlítið borið á því að menn hafi verið svolítið örir og skort þolinmæði hvað það varðar, því eiginlega er ekki hægt að sætta sig við það að farið sé út í framkvæmdir fyrr en ákveðnar rannsóknir liggja fyrir. Ég vil taka undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að viðurkenndar rennslismælingar eru mikilvægar, og eins þurfa náttúrlega að liggja fyrir rekstraráætlanir hjá viðkomandi þannig að ástæða sé til að fara í framkvæmdir.

Um að leiðbeiningar vanti þá er það eflaust rétt hjá hv. þm. Gunnari Pálssyni, en mjög fljótlega mun rætast úr hvað það varðar. Bæði veit ég að nemendur við Háskóla Íslands hafa gefið út leiðbeiningar í þessum efnum og eins einkaaðilar.

Ég vil segja í sambandi við það sem fram kom hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, um nefndir að störfum, að þriggja fasa nefndin er nú ekki búin að starfa mjög lengi en hún hefur líka farið mjög faglega í þá vinnu, miklu faglegar en gert hefur verið áður, þannig að við erum að reyna að forgangsraða. Það er ekki mikið fjármagn sem fæst í þetta en við erum að reyna að forgangsraða þannig að fjármagnið fari á réttu staðina.

Um stýrihópinn er það að segja að fljótlega, eins og ég greindi frá í máli mínu, mun hann skila tillögum um hvernig skynsamlegast sé að fara í hlutina, því að þetta er ekkert einfalt. Það eru margir sem koma að málum, margir sjóðir. En iðnrn. ber náttúrlega ekki ábyrgð á því að viðkomandi aðilar sem fara í framkvæmdir fái lán hjá þeim sjóðum sem ég taldi upp. Það eru sjóðirnir sjálfir og þær stjórnir sem þar ríkja.

Afnám kvótasetningar.

Fsp. SvanJ, 210. mál. — Þskj. 235.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Með fréttatilkynningu frá sjútvrn. 5. júní sl. var tilkynnt um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2001–2002. Eftir að það hafði verið rakið kom fram að Hafró legði til að keila og langa yrðu líka settar inn í kvóta, en ráðherra taldi ekki ástæðu til að verða við því. Hins vegar er greint frá því að stofnunin leggi til að steinbítskvótinn á næsta fiskveiðiári, þ.e. yfirstandandi nú, verði 13.000 tonn eins og árið áður, en sjútvrh. hafi ákveðið að steinbítur verði utan kvóta á næsta fiskveiðiári og rökstyður þá ákvörðun sína m.a. með vísbendingum um góða nýliðun.

Hinn 16. ágúst kemur síðan ný fréttatilkynning frá sjútvrn. Þá er ráðherra búinn að skipta um skoðun varðandi keilu og löngu. Þær tegundir eiga nú að fara inn í kvóta. Hann hefur jafnframt ákveðið að skötuselur, sem víðast er dæmigerður meðafli, fari í kvóta þó Hafró hafi ekki lagt það til. Svo er hnýtt snyrtilega aftan í upptalninguna: Steinbítur verður áfram í kvóta.

Herra forseti. Í 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn."

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, hvað merkir það? Getur ráðherra farið með tillögur stofnunarinnar um heildarafla eins og honum hentar hverju sinni? Og breytir það þá engu hvort stofnunin hefur mælt með því að tegund fari inn í kvóta eða ekki? Getur ráðherra upp á sitt eindæmi ákveðið að taka tegund úr kvóta eða setja tegund í kvóta?

Í lögunum um stjórn fiskveiða segir í 2. mgr. 7. gr. að veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skuli úthlutað til einstakra skipa sem aflahlutdeild. Hvernig rímar þetta við steinbítsæfinguna, herra forseti?

Ég hef í ljósi þessa lagt fram eftirfarandi spurningar til hæstv. sjútvrh.:

Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að ráðherra geti ákveðið að gefa veiðar á kvótasettum nytjastofni frjálsar?

Telur ráðherra að þau skilyrði hafi verið fyrir hendi varðandi steinbít sl. vor? Ef svo var, af hverju var tegundin þá kvótasett aftur?

Herra forseti. Við stærum okkur af því að byggja á vísindalegri ráðgjöf. En hvaða vísbendingar felast í framkomu og ákvörðunum hæstv. ráðherra síðasta sumar?

[14:56]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur er í tveimur liðum. Fyrri liðurinn hljóðar svo:

Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að ráðherra geti ákveðið að gefa veiðar á kvótasettum nytjastofni frjálsar?

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal sjútvrh., að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða skulu miðast við það magn.

Samkvæmt ofansögðu gerir Hafrannsóknastofnunin í upphafi hvers fiskveiðiárs tillögu um nýtingu einstakra nytjastofna. Það er síðan ráðherra að ákveða hvort nauðsynlegt sé að takmarka veiðar úr tilteknum stofnum og þá við hvaða magn. Ráðherra er ekki bundinn af tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar í þessum efnum, engin ákvæði eru í lögum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að ráðherra

ákveði að veiðar úr stofni, sem á einu ári eru kvótasettar, skuli ekki vera kvótasettar á því næsta.

Seinni spurningin hljóðar svo:

Telur ráðherra að þau skilyrði hafi verið fyrir hendi varðandi steinbít sl. vor? Ef svo var, af hverju var tegundin þá kvótasett aftur?

Við umræðu um veiðiheimildir krókaaflamarksbáta á síðasta vetri og vori kom upp sú tillaga að gefa veiðar á steinbít frjálsar, þó þannig að veiðar á tilteknum hrygningarsvæðum yrðu bannaðar. Miðaði þessi hugmynd að því að bæta stöðu krókaaflamarksbáta, sem í vaxandi mæli höfðu lagt sig eftir þessari tegund og studdist hún m.a. við þau rök að jafnvægi væri í veiðum á þessari tegund og ástandi stofnsins og að verulega hafði skort á að aflamarksbátarnir hefðu nýtt aflaheimildir sínar og því hefði getað vantað upp á 1.500–2.000 tonn á veiðar á steinbít miðað við kvótann sem ákveðinn hefði verið.

Eftir að ákvörðun um að steinbítur yrði utan kvóta hafði verið kynnt kom í ljós að verulegur hluti krókaaflamarksbáta var á móti þessari breytingu vegna þess að þeir töldu að aflamarksbátarnir mundu veiða mun meira undir hinum nýju kringumstæðum en þeir höfðu hingað til gert. Einnig reyndist steinbítsafli krókaaflamarksbáta á fiskveiðiárinu 2000–2001 hafa aukist mun meir en ráð hafði verið fyrir gert. Var í því ljósi tekin sú ákvörðun um að steinbíturinn yrði áfram í kvótanum.

[15:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þótti það einhver vaskasta ákvörðun sem hæstv. sjútvrh. hafði tekið á ferli sínum þegar hann ákvað að leyfa frjálsar veiðar á steinbít. Ég verð að segja að ég harmaði það þegar hann féll síðan frá þeirri ákvörðun sinni. Ég tel að með hinni fyrri ákvörðun, um að leyfa frjálsar veiðar, hafi hæstv. ráðherra eftir að hafa vegið öll gögn og rök í málinu komist að þeirri niðurstöðu að hægur leikur væri að stýra veiðum á steinbít og að stofninum væri engin hætta búin þó að veiðar væru frjálsar. Þar með tel ég að hæstv. ráðherra hafi í reynd komist að þeirri niðurstöðu að ein veigamikil forsenda aflamarkskerfisins gilti ekki, a.m.k. fyrir þessa tegund.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að menn ættu að leyfa sér þann munað, í ljósi þeirra niðurstaðna sem fram hafa komið um veikleikann við fiskverndarþátt aflamarkskerfisins, að gera tilraunir á þessu sviði. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telur ekki mögulegt að gera tilraun með að leyfa frjálsar veiðar á ýsu á tiltekinni stærð báta, með tilteknum sóknartakmörkunum á næstu fimm árum. Ég væri t.d. í samkomulagi við hæstv. ráðherra reiðubúinn til að fallast á að slík tilraun yrði gerð á ákveðnu svæði.

Ég var einn þeirra sem, eins og hæstv. ráðherra, höfðu ofurtrú á aflamarkskerfinu en hef hana ekki lengur. Ég verð sem gamall vísindamaður að draga mínar ályktanir í ljósi vísindalegra gagna. Nú hef ég þær og ég er þeirrar skoðunar að aflamarkskerfið sé ekki það fiskverndarkerfi sem við töldum áður. Ég held, herra forseti, að það væri heppilegt að ráðast í tilraun af þessu tagi. Hún mundi gera vísindalegt gagn.

[15:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Nú hefur það verið svo í fjöldamörg ár að ársafli af steinbít hefur rokkað á bilinu 12–15 þús. tonn. Einhver ár hefur hann komist upp í 17 þús. tonn. Þetta hefur gerst bæði innan og utan kvótakerfisins því að tegundin hefur hoppað inn og út úr kvótakerfinu. Hún var inni í kvótakerfinu til 1985, fór út aftur, fór síðan aftur inn í kvótakerfið 1996 og ráðherrann bar gæfu til þess að kippa henni út úr kvóta í örfáa daga í sumar.

Þess vegna spyr ég: Hvers vegna er þessari tegund ekki stýrt með svæðatakmörkun og verndun hrygningarsvæða í samræmi við það sem ráðherrann hefur sjálfur sagt?

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég verð að segja að svör hæstv. ráðherra vekja nýjar spurningar eða gera það a.m.k. að verkum að þær spurningar sem ég varpaði fram í fyrirspurn minni gerast áleitnari. Ég velti vöngum yfir hinni vísindalegu ráðgjöf og ég spyr enn og aftur, herra forseti: Við hvað styðst það þegar við segjum umheiminum að við stjórnum veiðum eftir vísindalegri ráðgjöf ef ráðherra getur upp á sitt eindæmi ákveðið hvort tegund fer inn í kvóta eða út úr honum og, eins og fram kom áðan, það ræðst af þrýstingi hagsmunahópa? Þetta finnst mér mjög áleitin spurning sem nauðsynlegt er fyrir okkur að svara og fá svör við frá þeim sem nú fer með framkvæmdarvaldið.

Í öðru lagi finnst mér líka mikilvægt að ráðherra svari því hvernig hann túlkar 2. mgr. 7. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar."

Lítur hæstv. sjútvrh. þannig á að þessi takmarkaði heildarafli sé þá einungis hans ákvörðun og það hafi ekkert með niðurstöður Hafrannsóknastofnunar eða þau vísindi að gera sem við höfum hingað til trúað og talið að lægju að baki þeim niðurstöðum?

Mér finnst sem sagt, herra forseti, að hér liggi fyrir afskaplega veik svör við stórum og áleitnum spurningum varðandi það hvernig menn geta farið með fiskveiðistjórnarkerfið sem þrátt fyrir að vera ekki endilega fiskverndarkerfi hefur þó verið talið byggjast á ákveðnum efnahagslegum forsendum. Ég spyr, herra forseti: Hvar eru þær ef ráðherra getur kippt fótunum undan útgerð á Íslandi í dag með einni einfaldri ákvörðun?

[15:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að svara hv. fyrirspyrjanda sem mér finnst nú reyndar ekki hafa hlustað nægjanlega vel á svar mitt. Ég tel að ráðherra hafi það vald að geta ákveðið hvort hann reyni að takmarka veiðarnar gegnum kvótakerfi eða eftir öðrum leiðum, sé talið nauðsynlegt að takmarka veiðarnar við eitthvert ákveðið magn. Vísindalega ráðgjöfin getur þar af leiðandi nýst þrátt fyrir að ekki sé kvóti á viðkomandi tegund.

Grundvöllur ákvörðunarinnar frá því í vor, þeirrar sem dregin var til baka, var sú skoðun að 1.500–2.000 tonn af kvótanum mundu detta dauð niður við þær breytingar sem gengu í garð 1. september sl. Þessari skoðun var síðan mótmælt og færð rök fyrir því og á þeim grundvelli var ákvörðuninni breytt.

Mér finnst hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafa verið ansi hógvær með þá skoðun sína, að hann hefði verið ánægður með ákvörðun mína sl. vor að taka steinbítinn út úr kvóta.

Reyndar er sú afstaða talsvert í andstöðu við þann tón sem mér heyrist á máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur varðandi þessa ákvörðun. En það er hins vegar enginn hægðarleikur að stjórna án þess að vera með kvótakerfið þó að það sé hægt. Ég hef reyndar ekki tekið eftir þeirri stefnu hv. þm., sem hann var þarna að kynna og afstöðu hans gagnvart kvótakerfinu, í frv. Samfylkingarinnar. Svo öllu sé til skila haldið þá lýsti hv. þm. Jóhann Ársælsson hins vegar yfir mikilli hrifningu yfir þessari ákvörðun minni frá því í vor en hann, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, var líka afar hógvær með þessa skoðun sína sl. vor.

Það má raunar segja að ég hafi svarað hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni í svörum mínum við spurningum hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. þ.e. spurningunni: Hvers vegna er ekki er lokað með svæðalokunum eða veiðarfærum? Ákvörðunin var dregin til baka á þeim grundvelli, herra forseti, að þær forsendur um 1.500–2.000 tonn mundu ekki nást, þær væru ekki byggðar á réttum grunni og að mun meira mundi veiðast en ella hefði verið. (*Forseti hringir.*) Fyrirgefðu, herra forseti, þó ég segi frá því en heildaraflinn á síðasta ári fór í 18 þús. tonn.

Verðmæti steinbítskvóta.

Fsp. SvanJ, 213. mál. — Þskj. 238.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn er tengd þeirri sem síðast var á dagskrá að því leyti að það er fullkomin ástæða til að velta því fyrir sér, þegar tegundir eru settar í kvóta eða teknar úr kvóta, hversu mikla fjármuni menn eru að véla um með þeirri einu ákvörðun. Það má spyrja: Hvað þýddi það fyrir útgerð sem hafði steinbítskvóta að hann var tekinn út úr kvóta? Þá má á móti fullyrða að menn hafi fengið býsna rýmilegar aðstæður þegar tegund var sett í kvóta vegna þess að framsalið er fyrir hendi.

Herra forseti. Ýmsir hafa farið hamförum gegn þeirri aðferð að innkalla kvóta smám saman, að fara svokallaða fyrningarleið og finnst slíkt ósvinna og stórárás á grundvelli útgerðar í landinu og eru menn þó margir hverjir býsna hógværir í þeim tölum sem þeir hafa nefnt varðandi fyrningar. Það er sem sé talið raska grundvellinum og koma í veg fyrir að menn geti stundað útgerð með þeim stöðugleika sem talinn er þurfa að vera fyrir hendi. Þess vegna er það athyglisvert sem komið hefur fram, að ráðherra telur sig geta kippt heilu tegundunum út, fyrnt heila tegund á einu bretti, þ.e. 100%. Fyrningin er ekki um 3% eða 5% á ári eða 10%, nei 100% á einu ári, án tillits til þess hvað Hafrannsóknastofnun segir, að því er virðist án þess að þurfa að svara fyrir það faglega. Mér finnast það satt að segja útúrsnúningar hjá hæstv. ráðherra þegar hann hengir málið á tilteknar aðstæður í stað þess að reyna að svara almennt. Vissulega ríður á að við gerum okkur glögga grein fyrir þeim almennu leikreglum sem eru fyrir hendi.

Það er ljóst að sjávarauðlindin er takmörkuð auðlind og þess vegna fá allar kvótasettar tegundir tiltekinn verðmiða. Þessi verðmiði er breytilegur eins og við vitum og menn láta það gjarnan koma fram í máli sínu, þegar þeir eru að tala um sjávarútvegsmál, hvert verðið er ýmist á varanlegum aflaheimildum eða kvóta innan ársins. En vegna þessara æfinga með steinbítinn í sumar lagði ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra, til að kalla það fram hvaða áhrif þær hefðu haft á virði þess kvóta:

„Hvert var áætlað markaðsverðmæti steinbítskvótans, aflamark innan ársins og varanleg aflahlutdeild, fiskveiðiárið 2000/2001 og hvernig þróaðist verðið innan fiskveiðiársins?“

[15:11]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrirspurnin er í fjórum liðum. Fyrsti liðurinn varðar markaðsverðmæti steinbítskvótans í heild sinni. Ég treysti mér ekki til að meta það. Ég tel að slíkt mat sé háð aðstæðum hverju sinni og aðstæðum hjá þeim einstöku aðilum sem kaupa mundu aflahlutdeild og af því sé ekki hægt að gefa einhverja raunnhæfa heildarmynd.

Í öðru lagi var spurt um aflamark innan ársins. Úthlutun á grundvelli aflahlutdeildar var 8.870 tonn á síðasta fiskveiðiári. Bætur vegna skerðingar afla á innfjarðarrækju voru 65 tonn og úthlutun á grundvelli krókaflahlutdeildar voru 8 tonn, aflamark í steinbít var því alls 8.943 tonn.

Í þriðja lagi var spurt um varanlega aflahlutdeild. Henni var að sjálfsögðu úthlutað 100%. Ég leitaði upplýsinga hjá Fiskistofu. Fiskistofa hefur ekki upplýsingar um verð á aflahlutdeild og ósk um upplýsinga frá aðilum sem miðla aflamarki og aflahlutdeild bar takmarkaðan árangur. Samkvæmt þeim var verð aflahlutdeildar í steinbít 160–250 kr. á fiskveiðiárinu 2000/2001. Upplýsingum frá þessum aðilum bar hins vegar ekki saman. Einn taldi að verðið hefði verið um það bil 160 kr. kg allt fiskveiðiárið og annar að það hefði verð á bilinu 200–250 kr. allt fiskveiðiárið.

Síðan var spurt um verð á steinbítsaflamarki, hvernig það hefði þróast. Verðið var á bilinu 25–42 kr. á kg fiskveiðiárið 2000/2001 og þessu eru gerð betri skil á línuriti sem verið er að dreifa, með leyfi, herra forseta. Verðþróun tímabilsins frá 1. sept. 2000 til 31. maí 2001 er meðalverð á aflamarki samkvæmt niðurstöðum uppboðs á Kvótaþingi. En verðþróun frá 1. júní til 31. ágúst 2001 er hámarksverð á aflamarki í steinbít á dag samkvæmt skráningu Fiskistofu. En eins og hv. þm. muna voru gerðar breytingar á viðskiptum með aflamark í vor. Hámarksverð á þess tímabili í skráningu Fiskistofu er talið „eðlilegt“, þ.e. það sveiflaðist ekki mikið frá degi til dags. Hins vegar er ljóst að verð á umtalsverðum hluta skráðra viðskipta sýna ekki raunverð og meðaltalið samkvæmt þessum skráningum hefur því takmarkað upplýsingagildi.

Ég vona, herra forseti, að þessar upplýsingar gagnist einhverjum í því sem þeir eru að athuga hvað varðar steinbítinn.

Ég vil hins vegar segja það vegna orða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að með því að ein tegund sé tekin út úr kvóta þá er ekki verið að innkalla neitt. Þá er ekki verið að fyrna neitt. Þeir bátar sem um ræðir hafa áfram veiðileyfi og geta haldið áfram að veiða steinbít. Hins vegar er það rétt að hugsanlega hafa þá fleiri aðilar leyfi til þess að veiða eitthvert magn af steinbít. Einmitt það var mönnum áhyggjuefni þegar steinbíturinn var tekinn út úr kvóta síðasta vor og umræðan sem af því spratt var mjög athyglisverð. Kannski mætti segja að hún hafi orðið til þess að opna augu mjög margra fyrir kostum aflamarkskerfisins. Það tryggir þeim sem eru í aflamarki ákveðinn stöðugleika og ákveðinn aðgang að veiðiheimildunum. Í frjálsum veiðum er um meiri óvissu að ræða. Ég held að þessi umræða hafi verið mjög upplýsandi og athyglisverð og í raun orðið til að styrkja kvótakerfið.

Mér heyrist að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sé með málflutningi sínum og fyrirspurnum óneitanlega að gagnrýna þennan möguleika og þá ákvörðun að hægt sé að taka tegundir á þennan hátt úr kvóta þó að út af fyrir sig þurfi það ekkert að hafa með ráðleggingar Hafrannsóknastofnunarinnar um heildarafla að gera, svo fremi sem menn treysta sér til að stýra veiðunum þannig að heildaraflamark haldist.

Hins vegar heyrist mér, herra forseti, að hv. samflokksmenn hennar, sem hafa talað um þetta mál á undanförnum dögum, séu ekki alveg á sama máli og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir.

[15:16]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Til að taka af öll tvímæli þá vil ég taka fram að ég er í þessum útvalda, fámenna og góðmenna hópi sem studdi alltaf ákvörðun hæstv. ráðherra um að taka steinbítinn út úr kvóta. Ég tel reyndar að það hafi sýnt sig að sú ákvörðun geti verið mjög til farsældar vegna þess að það er hægt að stjórna þessum veiðum, eins og allir vita, með öðrum aðferðum en magnbundnum aflakvótum.

Varðandi spurninguna sem hér er lögð fram þá held ég að svarið við henni undirstriki kannski vandann við að reyna að átta sig á því hvað veldur í raun verðlagningu á aflahlutdeild og aflamarki. Við sjáum að áður en til þess kom að ákvörðun var tekin um að taka steinbítinn út úr kvóta hafði aflamarkið verulega lækkað í verði. Það var kannski ekkert óeðlilegt yfir hávertíðina en engu að síður — þarna er auðvitað verkfallstími inni í — sjáum við það t.d. varðandi þorskinn að leiguverð á þorski hefur rokið upp en verðið á varanlegri aflahlutdeild hefur hins vegar ekki lækkað. Þetta sýnir okkur að það virðist ekki alltaf vera fullkomið rökbundið samhengi þarna á milli.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég hef ákveðna samúð með hæstv. sjútvrh. sem reynir að drepa málum á dreif með því að gera mönnum upp skoðanir, hafi þeir þær ekki fyrir og reynir þar með að halda því fram að mig greini á í skoðunum við samflokksmenn mína. Ég get huggað ráðherrann með því að svo er ekki. Mér finnst hins vegar eðlilegt að hér komi fram gagnrýni á þau handahófskenndu vinnubrögð sem viðhöfð voru í sumar. Í því felst ekkert mat á því hvort rétt var að taka steinbít út úr kvóta eða ekki.

Mér finnst mjög mikilvægt, herra forseti, að fyrir liggi hvaða heimildir hæstv. ráðherra hefur til að taka tegund út úr kvóta eða setja þar inn. Mér finnst það þurfa að vera alveg ljóst hvort hann skuli fylgja hinni vísindalegu ráðgjöf eða hvort hann getur bara gert það þegar honum eða þegar einhverjum öðrum hentar. Þetta er auðvitað grundvallaratriði fyrir okkur sem fjöllum um sjávarútvegsmál, ég tala ekki um þegar kemur að þessu stóra átakamáli, þ.e. kvótakerfinu og hvaða tegundir eru í kvóta hverju sinni.

Síðan að svarinu við þessari tilteknu fyrirspurn, herra forseti. Ég hefði vænst þess að það væri betur unnið. Það er athyglisvert að fá þessa töflu sem lýtur að 4. lið fsp., eða 3. liðnum öllu heldur. Ég var auðvitað að kalla eftir markaðsverði steinbítsins, annars vegar hvað aflamarkið hefði kostað og hins vegar aflahlutdeildin. En eftir því sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra var erfitt að fá þær upplýsingar og mönnum bar ekki saman. Menn hafa greinilega ekki treyst sér í að reikna út frá slíku.

Það er líka dálítið merkilegt, herra forseti, að í þessu kerfi sem við vinnum með, aflahlutdeildarkerfi sem er með framseljanlega aflahlutdeild, framseljanlegan kvóta, skuli ekki vera hægt að fá upplýsingar um þessi mál.

[15:19]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það skiptir svo sem ekki miklu máli hvort hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur greinir á við flokksmenn sína, það er ekkert aðalatriði fyrir mig eða umræðuna, það er alveg hárrétt. Hins vegar finnst mér fullkomlega eðlilegt að ákvarðanir sjútvrh. séu gagnrýndar, sérstaklega þegar þær eru þess eðlis að hann tekur eina ákvörðun einn daginn og breytir þeirri ákvörðun síðar á sama ári.

Ég held að það þurfi ekki að vera neitt óeðlilegt við það, ef betri upplýsingar koma fram og betri rök, að menn breyti til og taki betri ákvörðun í seinna skiptið. Ég held að það sé þá í besta lagi og alveg ástæðulaust að gagnrýna það eitthvað sérstaklega. Það er hins vegar eðlilegt að það sé rætt. En ákvarðanirnar þurfa heldur ekki að vera handahófskenndar, eins og hv. þm. kallaði þær.

Hins vegar er ljóst að ráðherra hefur mjög miklar heimildir í þessum efnum. Lagaramminn stendur einfaldlega til þess. Ég held að hv. þm. þurfi ekki sérstaklega að gera því skóna að það sem gert hefur verið sé ekki byggt á vísindalegum grunni eða draga það eitthvað inn í það. Svarið er eins vel unnið og spurningarnar og fyrirliggjandi upplýsingarnar gefa tilefni til. Þær gætu hugsanlega verið betri og það getur vel verið að ástæða sé til að gera einhverjar breytingar á því.

Ég þakka hv. þm. fyrir samúð hennar í minn garð en get hins vegar lifað án þeirrar samúðar.

Jöfnun námskostnaðar.

Fsp. DSn, 290. mál. — Þskj. 353.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Drífa Snædal):

Herra forseti. Lög um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði er eitt af þeim tækjum sem við höfum til að tryggja að allir geti stundað nám óháð tekjum eða búsetu. Námsstyrkir sem veittir eru nemendum á framhaldsskólastigi skipta sköpum fyrir þá sem þeirra njóta. Reglugerð um jöfnun námskostnaðar var staðfest á þessu ári en nú þegar hafa komið fram stórkostlegir gallar á þeirri reglugerð. Til að úthluta styrkjum er landinu skipt í A-, B- og C-svæði eftir því hve langt er í næsta skóla. Þannig eru t.d. nemendur frá Akureyri og Reykjavík á svæði A en nemendur frá Dalvík á svæði C.

Nemi frá Akureyri sem leggur stund á hársnyrtiiðn þarf að fara til Reykjavíkur er samt á svæði A og fær þess vegna lægsta námsstyrk. Annar nemi frá Dalvík í sama námi fær fullan námsstyrk af því að hann er á svæði C. Báðir nemendur þurfa að flytja á milli landshluta til að geta stundað nám sitt. Af þessu má sjá að ekki er tekið tillit til þess hvort námið sem nemandinn hyggur á er kennt á heimasvæðinu heldur aðeins hvort t.d. iðnnám stendur þar yfir höfuð til boða. Nemendur búa því ekki aðeins við mismunun eftir því á hvaða svæði þeir lenda heldur og eftir því hvaða nám þeir leggja stund á. Til að bæta úr þessu hafa námsmannasamtök bent á að heppilegra væri að greiða styrki miðað við fjarlægð frá heimabyggð í stað ákveðinna svæða, t.d. mætti miða við

það að ef námsmaður fer yfir 90 km frá heimili sínu til að stunda nám fái hann sjálfkrafa fullan styrk.

Einnig þarf að taka tillit til þess hvort ákveðið nám er kennt í þeim dreifbýliskjörnum sem nemendur búa í.

Annar agnúi sem þarf að sníða af reglugerðinni er að um leið og námsmaður nýtir sér rétt til námslána fellur réttur hans til dreifbýlisstyrks niður. Við vitum hins vegar öll að lán er lán en styrkur er styrkur. Af þessu tilefni langar mig að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. menntmrh. á þskj. 353:

1. Er fyrirhugað að breyta reglugerð um jöfnun námskostnaðar til að betur sé hægt að sinna því hlutverki að jafna aðstöðumun nemenda af landsbyggðinni, hvaðan sem þeir koma eða hvaða nám sem þeir ætla sér að stunda?

2. Er fyrirhugað að breyta reglugerðinni þannig að námsstyrkur komi til frádráttar við ákvörðun námslána?

[15:24]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom er fyrst spurt: „Er fyrirhugað að breyta reglugerð um jöfnun námskostnaðar til að betur sé hægt að sinna því hlutverki að jafna aðstöðumun nemenda af landsbyggðinni, hvaðan sem þeir koma eða hvaða nám sem þeir ætla sér að stunda?“

Þessi reglugerð hefur verið í gildi síðan árið 2000 og var endurskoðuð á þessu ári. Af hálfu menntmrn. er litið þannig á að með reglugerðinni sé betur en áður hægt að sinna því hlutverki að jafna aðstöðumun nemenda af landsbyggðinni, hvaðan sem þeir koma eða hvaða nám sem þeir ætla sér að stunda. Í sjálfu sér hefur ráðuneytið því ekki áform um neinar frekari stórbreytingar á þessari reglugerð miðað við þá stöðu sem er.

Síðan er spurt: „Er fyrirhugað að breyta reglugerðinni þannig að námsstyrkur komi til frádráttar við ákvörðun námslána?“

Ef ég skil þessa spurningu rétt vakir það fyrir fyrirspyrjanda að þeir sem nýta sér rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna eigi einnig að geta notið námsstyrksins. Því er til að svara að það hefur ekki verið til athugunar að menn geti notið hvors tveggja.

[15:26]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þegar Alþingi samþykkti áætlun um aðgerðir í byggðamálum fyrir árið 1999–2001 var það sem hér er til umræðu eitt af því sem þar var lögð mest áhersla á, þ.e. að stórauka framlög til jöfnunar námskostnaðar. Það hefur svo sannarlega gengið eftir eins og fjölmargt annað í þeirri byggðaáætlun. Þessi framlög hafa verið aukin gríðarlega á þessum árum. Það munar verulega um þau og ég hef orðið var við mjög almenna ánægju með það hjá námsmönnum hversu mikið þessi framlög hafa verið aukin. Mér finnst ástæða til að þakka hæstv. menntmrh. fyrir það hve vel hann hefur fylgt þessari áætlun eftir.

Ég ætla hins vegar ekki að ræða hér um útfærslur á þessum styrkjum. Það má alltaf deila um slíkt. Ég veit að fyrirspyrjandi hefur góða þekkingu á þeim málum sem fyrrv. formaður lðnnemasambandsins. Ég vildi aðeins með örfáum orðum þakka hæstv. menntmrh. fyrir hve vel hann hefur fylgt eftir þessari metnaðarfullu áætlun Alþingis.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Drífa Snædal hreyfir hér afar þörfu máli. Það er mjög mikilvægt að jöfnuður ríki varðandi úthlutun á námsstyrkjum. Afar mikilvægt er að þeir geri fólki kleift að stunda nám sem víðast á landinu þegar það á ekki kost á slíku námi í heimabyggð. Ég tek þess vegna undir það með hv. þm. að ástæða sé til að þetta verði skoðað.

Líka er vert að gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir að námsstyrkir hafi hækkað á undanförnum 2–3 árum hefur líka allur dvalarkostnaður hækkað verulega. Húsaleiga hér, húsaleiga á heimavistum og allur slíkur kostnaður hefur hækkað, jafnvel mun meira og í mun hærra hlutfalli en hækkunin á þessum dreifbýlisstyrk. Að einhverju leyti getur það hafa orðið námsmönnum dýrara.

Herra forseti, hér er virkilega þörf á að taka enn betur á.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Drífa Snædal):

Herra forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. menntmrh. og ágætis innlegg hv. þingmanna. Það er líka full ástæða til að hrósa þeim framförum sem orðið hafa á undanförnum árum í þessu efni en eins og áður segir hafa komið fram gallar á þessari reglugerð þar sem hún þjónar ekki þeim tilgangi sínum að jafna aðstöðu til náms að öllu leyti.

Mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram í svari hæstv. menntmrh. hvernig hann ætli sér að tryggja að jafnrétti til náms ríki í raun hér á Íslandi. Á undanförnum árum hefur höfuðborgarsvæðið sogað til sín fleiri og fleiri námsgreinar sem þýðir einfaldlega að fleiri og fleiri námsmenn þurfa að flytja búferlum til að geta stundað nám sitt. Ráðstöfun til jöfnunar á námskostnaði gegnir því stóru hlutverki í að jafna aðstöðu til náms. Ég skora á hæstv. menntmrh. að endurskoða reglugerð um jöfnun námskostnaðar hið fyrsta svo að hún þjóni betur tilgangi sínum.

Hvað varðar seinni hluta fyrirspurnar minnar þá beinist hún að því hvort námsstyrkur geti komið til frádráttar á námsláni sem nemendur njóta þannig að þeir mundu ekki verða aðnjótandi bæði styrks og láns heldur að styrkurinn mundi koma til frádráttar af láninu, þar sem lán er lán en styrkur er styrkur.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Vegna lánsins og námsstyrksins er nauðsynlegt að breyta lögum ef menn ætla að huga að því að hugmynd hv. þm. nái fram að ganga. Reglugerðarbreyting dugar þannig ekki í því efni og ég er ekki með slíkt lagafrv. á prjónunum.

Varðandi hins vegar það að jafna aðstöðumuninn og að námið sé að flytjast í vaxandi mæli til Reykjavíkur er það hluti af því að ekki er hægt að bjóða nám á sömu stöðum og áður var unnt vegna þess hve almennt fólki hefur fækkað og það á ekkert skylt við þá stefnu sem er fylgt í menntamálum eða hvernig staðið er að þeim þáttum. Það er miklu frekar að stuðla þá að atvinnuuppbyggingu á svæðum þar sem fólki fækkar, t.d. á Austurlandi, þar sem Vinstri grænir, þ.e. flokkur þingmannsins, hafa verið andvígir allri atvinnuuppbyggingu og ekki viljað leggja neitt af mörkum til að styrkja forsendur fyrir atvinnulífinu (**Gripið fram í:** Þetta er rangt, þetta er útúrsnúningur.) sem er til þess fallið að efla byggðina og þar með skólastarfið. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Má ég ekki svara þessari fyrirspurn? (**JB:** Hæstv. ráðherra á ekki að vera með útúrsnúninga.) Ég er ekki með neina útúrsnúninga, hv. þm. Þetta eru staðreyndir. Það er staðreynd að flokkur þingmannsins hefur staðið gegn öllum framfaraskrefum til þess að efla almennt forsendur búsetu og þar með skólastarfs í landinu, og dvalarstyrkir og jöfnunarstyrkir leysa ekki þennan vanda. En vandinn verður meiri ef stefna flokksins nær fram að ganga og menn leggjast á þær árar, eins og flokkurinn hefur gert, að reyna að festa byggðirnar í einhverja þröngsýnisfjötra sem flokkurinn fylgir. (Gripið fram í.)

[15:32]

Útbýting þingskjala:

Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, 306. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 380.

Fjáraukalög 2001, 128. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 382; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 383.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 15:34.

---

34. FUNDUR

miðvikudaginn 21. nóv.,
að loknum 33. fundi.

Dagskrá:

1. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 282. mál, þskj. 340. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 288. mál, þskj. 351. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 289. mál, þskj. 352. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 286. mál, þskj. 348. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fjáraukalög 2001, stjfrv., 128. mál, þskj. 128, nál. 378, 382 og 383, brtt. 379. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá menntamálaráðherra: Ályktanir Netþings 2001, unglingaþings umboðsmanns barna.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 282. mál (gjald fyrir rekstrarleyfi). — Þskj. 340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 288. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (brottkast afla). — Þskj. 348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fjáraukalög 2001, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 128, nál. 378, 382 og 383, brtt. 379.

[15:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 44 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 954,8 millj. kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Nokkur atriði standa út af og munu verða tekin til frekari skoðunar hjá fjárln. fyrir 3. umr.

Ég mun nú rekja breytingartillögurnar og þær skýringar sem þeim fylgja. Ég tel þá fyrst þær breytingar sem varða æðstu stjórn ríkisins. Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 46 millj. kr. Þar er fyrst að telja embætti forseta Íslands, þ.e. yfirstjórn, en gert er ráð fyrir 6,5 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til reksturs embættisins vegna aukins umfangs og kostnaðar.

Bifreiðar. Lagt er til að stofnkostnaðarframlag lækki um 6,5 millj. kr. Í fjárlögum ársins 2000 var gert ráð fyrir 6,5 millj. kr. fjárveitingu til endurnýjunar á aðalbifreið embættis

forseta Íslands. Ekki hefur orðið af bifreiðakaupunum og hefur fjárheimildin færst á milli ára en gert er ráð fyrir að hún falli nú niður.

Alþingi. Alþjóðasamstarf. Lagt er til að veitt verði 3 millj. kr. aukaframlag til að mæta útgjöldum vegna samstarfsverkefnis vestnorrænu landanna. Í sérverkefni er lagt til að veittar verði 5 millj. kr. og er það aukaframlag vegna þátttöku Alþingis við hátíðarútgáfu á verkum Snorra Sturlusonar sem ákveðin var í tilefni 150 ára afmælis þjóðfundarins. Vegna fasteigna gerir nefndin þá tillögu að 38 millj. kr. söluandvirði Skólabrúar renni til framkvæmda við fasteignir Alþingis.

Forsætisráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild þess verði aukin um 21 millj. kr. Þar er fyrst að telja liðinn Ýmis verkefni. Lögð er til 10 millj. kr. aukafjárveiting til að standa straum af kostnaði við rannsóknir á afmörkuðum þáttum efnahagsmála sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið fyrir forsrn. Hæst ber það verkefni sem snýr að tekjuskiptingu á Íslandi og rannsókn á ýmsum þáttum gjaldeyrismála.

Um fasteignir forsrn. er gerð tillaga um að 11 millj. kr. aukafjárveiting verði lögð fram til að jafna út uppsafnaðan halla sem verið hefur á rekstri fasteigna forsrn. undanfarin tvö ár. Útgjöld hafa aukist vegna reksturs og umsjónar með fleiri fasteignum. Fastur rekstrarkostnaður og kostnaður vegna öryggismála hefur aukist umtalsvert. Í fjárlagafrv. fyrir árið 2002 er gerð tillaga um hækkun fjárhagsramma fasteigna forsrn. til að mæta umfangi og koma rekstri í jafnvægi.

Menntamálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild menntmrn. verði aukin um 12,2 millj. kr. Þar er fyrst að telja liðinn Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnað. Gerð er tillaga um 11 millj. kr. hækkun á framlagi til Endurbótasjóðs menningarbygginga og skal framlagið notað til að mæta áföllnum kostnaði við endurbætur á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Ráðist var í miklar endurbætur á húsakosti árið 2000, bæði á Gunnarshúsi og forstöðumannabústað, og lagði Endurbótasjóður menningarbygginga til fé í verkið. Lokið var við framkvæmdir sumarið 2000 en þær reyndust kostnaðarsamari en áætlað var og nam heildarkostnaðurinn 31 millj. kr. Fjármagn Endurbótasjóðs til verksins þraut þar sem hann hafði lítið af óskiptu fé til ráðstöfunar og 11 millj. kr. vantaði til að ljúka mætti uppgjöri framkvæmda.

Ýmis íþróttamál. Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri. Gerð er tillaga um 0,6 millj. kr. aukafjárveitingu til Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri vegna hækkunar vísitölu og breytinga á mannahaldi.

Ýmislegt. Ýmis framlög. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 0,6 millj. kr. og fjárveitingin renni sem rekstrarstyrkur til Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík.

Utanríkisráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild utanrrn. verði aukin um 133,5 millj. kr. Ber þar fyrst að telja tollgæslu á Keflavíkurflugvelli sem heyrir undir sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli en þar er lagt til að veitt verði 33 millj. kr. fjárheimild sem fjármögnuð verði með sértekjum frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Í kjölfar voðaatburðanna í Bandaríkjunum 11. september sl. var gripið til ýmissa ráðstafana og aukins viðbúnaðar gegn hryðjuverkum og aukins öryggiseftirlits. Bandaríska flugmálastjórnin setti með bréfi 12. september sl. fram kröfur sem uppfylla þurfti til þess að flugfélögum væri heimilt farþega- og fraktflug til Bandaríkjanna. Yfirvöld á Keflavíkurflugvelli þurftu með nokkurra klukkutíma fyrirvara að bregðast við þeim kröfum og senda staðfestingu um að komið yrði til móts við þær. Aukinn kostnaður tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli felst aðallega í aukinni vopnaleit, farangursleit, handleit og gegnumlýsingu, en auknum verkefnum sýslumannsembættisins hefur eingöngu verið sinnt í yfirvinnu frá 11. september þar sem um neyðarviðbrögð er að ræða. Gert er ráð fyrir samsvarandi fyrirkomulagi a.m.k. til áramóta þar til skýrist hve mikill viðbúnaður er til lframtíðar.

Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 23 millj. kr. fjárveitingu til embættisins. Aukinn kostnaður lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli vegna atburðanna í Bandaríkjunum 11. september sl. felst aðallega í hertu öryggiseftirliti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. og sameiginlegu eftirliti á varnarsvæðum. Auknum verkefnum sýslumannsembættisins hefur eingöngu verið sinnt í yfirvinnu frá 11. september sl. þar sem um neyðarviðbrögð er að ræða. Gert er ráð fyrir samsvarandi fyrirkomulagi a.m.k. til áramóta þar til skýrist hve mikill viðbúnaður er til framtíðar.

Flugmálastjórn á Keflvíkurflugvelli. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 33 millj. kr. Um er að ræða kostnað sem greiddur er sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli vegna aukinnar vopnaleitar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. Hækkun útgjalda færist sem breyting á viðskiptahreyfingu stofnunarinnar og minnkar því svigrúm til lækkunar skulda samsvarandi.

Þá er einnig lögð til 12,5 millj. kr. hækkun á fjárheimild til stofnunarinnar. Í kjölfar voðaatburðanna í Bandaríkjunum var gripið til ýmissa ráðstafana og aukins viðbúnaðar gegn hryðjuverkum og aukins öryggiseftirlits. Aukinn kostnaður felst aðallega í hertu öryggiseftirliti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., aukinni gæslu á flughlöðum og þjónustusvæði, vopnaleit, farangursleit, handleit og gegnumlýsingu, sem og sprengjuleit í flugvélum. Aukinn kostnaður færist sem breyting á viðskiptahreyfingu stofnunarinnar.

Sendiráð, almennt. Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 15 millj. kr. fjárveitingu vegna öryggisráðstafana í sendiráðum Íslands erlendis. Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september sl. hefur verið nauðsynlegt að endurbæta ýmsa öryggisþætti í nokkrum sendiráðum Íslands erlendis.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Gerð er tillaga um 50 millj. kr. fjárveitingu til stofnunarinnar til viðbótar við þær 50 millj. kr. sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Við endurskoðun á skuldbindingum vegna ársins 2001 kom í ljós að þær eru hærri en áður var talið vegna hækkunar á gengi bandaríkjadals, en yfir 90% af útgjöldum stofnunarinnar eru samningsbundin í bandarískum dölum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumrn. verði aukin um 21 millj. kr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lagt er til að veitt verði 12 millj. kr. aukaframlag til að standa undir hertri öryggisgæslu við sendiráð í kjölfar hryðjuverkanna 11. september sl. og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þeirra. Talið er að kostnaður muni nema alls um 12 millj. kr. á þessu ári en óljóst er með kostnað á næsta ári.

Ýmis löggæslumál. Lagt er til að framlag til löggæsluembættanna verði hækkað um 5 millj. kr. vegna tímabundinna aðgerða og lögreglusamvinnu á árinu 2001 í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði ráðstafað til ríkislögreglustjóra og annarra embætta sem vinna að málinu eftir því sem við á.

Þá er gerð tillaga um 4 millj. kr. viðbótarframlag til vopnaleitar vegna millilandaflugs frá innanlandsflugvöllum en eftirlit þetta er afleiðing hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þeirra. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig fjárheimildin mun skiptast á milli embætta en ljóst er að stærsti hlutinn mun renna til lögreglunnar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði færð til viðkomandi embætta þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Félagsmálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild félmrn. verði aukin um 98,1 millj. kr. Lögð er til 15 millj. kr. viðbótarheimild til embættis ríkissáttasemjara í kjölfar mikilla anna í kjaradeilum. Samkvæmt nýrri rekstraráætlun fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að útgjöld embættisins verði um 56,7 millj. kr. Að teknu tilliti til yfirfærðs halla síðasta árs nema fjárheimildir embættisins á árinu samtals 35,5 millj. kr. Gera má ráð fyrir talsvert minna umfangi á næsta ári og að embættið geti því borið hluta af halla ársins 2001.

Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Óskað var eftir 7,5 millj. kr. framlagi vegna úrskurðar Félagsdóms nr. 9/2001 um viðurkenningu þess að Byggðasamlagi um málefni fatlaðra í Norðurlandi vestra beri að greiða starfsmönnum sem þess óskuðu laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana. Í fjáraukalagafrumvarpi var fyrir mistök gert ráð fyrir 15 millj. kr. framlagi á þessum lið, en helming fjárhæðarinnar átti að færa á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi vegna sama tilefnis. Lagt er því til að framlag á lið 07-705 lækki um 7,5 millj. kr. en hækki um sömu fjárhæð á lið 07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

Málefni fatlaðra, Austurlandi. Lagt er til að liðurinn hækki um 7,5 millj. kr., sjá skýringar á lið 07-705.

Styrktarfélag vangefinna. Gerð er tillaga um 20 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til félagsins vegna aðkallandi viðhalds á húseignum félagsins. Í tengslum við samning sem gerður var við félagið fyrr á árinu var gerð úttekt á viðhaldsþörf á húseignum þess. Niðurstaða þeirrar úttektar var að um 70 millj. kr. þurfi til endurbóta og viðhalds á húseignum Styrktarfélags vangefinna.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Gerð er tillaga um 18,3 millj. kr. viðbótarfjárveitingu en stöðin hefur verið með viðvarandi rekstrarhalla undanfarin ár þrátt fyrir auknar fjárveitingar. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2002 er vanda stofnunarinnar mætt með 9,5 millj. kr. hækkun á rekstrargrunni hennar. Framlagið er háð því skilyrði að ekki komi til nýrra fjárveitinga til stofnunarinnar frá því sem lagt er til í frumvarpi þessu og fjárlagafrumvarpi ársins 2002. Enn fremur er það skilyrði sett að stjórnendur stofnunarinnar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að halda rekstri stofnunarinnar innan fjárheimilda.

Vinnumál. Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO. Gerð er tillaga um 2,8 millj. kr. viðbótarfjárveitingu vegna hækkunar árgjalds félagsmálaráðuneytisins til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO. Hækkunin skýrist annars vegar af hækkun framlagsins í erlendri mynt og hins vegar af gengisbreytingu.

Ýmislegt. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. framlag til liðarins en á árunum 2000 og 2001 féllu niður framlög til Alþýðusambands Íslands, tæpar 3 millj. kr. hvort ár.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Lögð er til 20 millj. kr. aukafjárveiting til liðarins Framlög og styrkir á móti þeirri 40 millj. kr. lækkun sem áður hefur verið lögð til í ljósi endurskoðunar á spá um útgjöld.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Byrgið, líknarfélag. Lögð er til 12 millj. kr. aukafjárveiting til Byrgisins vegna meðferðarstarfs í endurhæfingarsambýlinu í Rockville.

Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. fjárveitingu annars vegar til styrktar samtökunum Vímulaus æska vegna reksturs Foreldrahúss og hins vegar til hjóna sem annast tvö veik börn sín.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild heilbr.- og trmrn. verði aukin um 313,5 millj. kr.

Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld Tryggingastofnunar á árinu 2001 er lögð til 90 millj. kr. lækkun á framlagi fjögurra viðfangsefna sem hér segir: Mæðra- og feðralaun 25 millj. kr., endurhæfingarlífeyrir 25 millj. kr., heimilisuppbót 20 millj. kr., uppbætur 20 millj. kr.

Bifreiðakaupastyrkir. Lögð er til 30 millj. kr. hækkun á framlagi til bifreiðakaupa í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 2001. Gera má ráð fyrir að gengisbreytingar hafi áhrif á þennan lið, en ein af úthlutunarreglum stofnunarinnar kveður á um heimild hennar til þess að styrkja sem samsvarar 50 og 60% af kaupverði bifreiðar og enginn hámarksfjöldi styrkja tilgreindur. Að öðru leyti er úthlutun Tryggingastofnunar miðuð við ákveðnar fjárhæðir.

Þá verða hér raktar tillögur hvað varðar lífeyristryggingar. Í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld Tryggingastofnunar á árinu 2001 er lögð til 270 millj. kr. lækkun á framlagi til liðarins sem hér segir:

Ellilífeyrir, 20 millj. kr., örorkulífeyrir 10 millj. kr., tekjutrygging ellilífeyrisþega 100 millj. kr., tekjutrygging örorkulífeyrisþega 65 millj. kr., tekjutryggingarauki 50 millj. kr., örorkustyrkur 15 millj. kr., fæðingarorlof 10 millj. kr.

Hvað sjúkratryggingar varðar er fyrst að telja lækniskostnað. Gerð er tillaga um 100 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til að standa undir kostnaði sjúkratrygginga við læknishjálp. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um útgjöld sjúkratrygginga vegna lækniskostnaðar má gera ráð fyrir að útgjöldin stefni í 2.700 millj. kr. Þá er búið að taka tillit til þess að síðustu þrjá mánuði ársins dragi úr útgjöldum sjúkratrygginga vegna lækniskostnaðar sem nemur um 50 millj. kr., en hlutur sjúklings í greiðslum fyrir sérfræðilæknisþjónustu var aukinn með reglugerð sem tók gildi 1. júlí sl.

Undir liðnum Lyf er gerð tillaga um samtals 200 millj. kr. viðbótarframlag til að standa undir auknum útgjöldum vegna greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjum, þar af falla 167 millj. kr. á sjúkratryggingar og 33 millj. kr. á Landspítala – háskólasjúkrahús. Samkvæmt endurskoðaðri spá um útgjöld ársins er gert ráð fyrir að þau verði um 5.750 millj. kr., um 4.900 millj. kr. hjá Tryggingastofnun en um 850 millj. kr. hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útgjöldin fara tæpan milljarð kr. umfram fjárlög og er meginskýringin óhagstæð áhrif gengis á lyfjaverð. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir rúmlega 790 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til að koma til móts við gengisbreytingarnar en útgjaldaþróunin bendir til þess að sú leiðrétting dugi ekki til.

Þá eru gerðar tillögur um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Hún fær samkvæmt tillögum nefndarinnar aukið framlag til heyrnartækjakaupa um 10 millj. kr. til að stytta biðlista en stöðin hefur ekki annað eftirspurn eftir heyrnartækjum í nokkur ár. Biðlistar hafa lengst. Fjárveiting til heyrnar-

tækjakaupa á árinu 2001 nam 53,8 millj. kr. sem samsvarar úthlutun á 1.700 tækjum en áætluð ársþörf er um 2.500 tæki. Þessi fjárveiting nægir fyrir rúmlega 300 tækjum til viðbótar.

Ég rek þá tvo liði sem varða Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar er lagt til að 13 millj. kr. fari til áætlaðrar kostnaðaraukningar við ferliverk á ársgrundvelli.

Undir liðnum Nýbygging er lagt til að 18 millj. kr. aukafjárveiting fari til sundlaugar á Kristnesspítala. Byggingu hennar lauk á síðasta ári en hún var fjármögnuð af söfnunarfé auk 15 millj. kr. framlags frá Akureyrarbæ og 2 millj. kr. framlags frá heilbrigðisráðuneytinu, alls 42 millj. kr. Kostnaður nam hins vegar um 60 millj. kr.

Þá mun ég rekja hér í allnokkru máli liðinn Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi undir númerinu 370-1.01 og er þar gerð tillaga um hækkun um 19,9 millj. kr. Skýrist það af tvennu. Annars vegar er lagt til að veittar verði 33 millj. kr. til að standa undir greiðslum vegna eldra fæðingarorlofskerfis. Í fjárlögum ársins 2001 eru veittar tímabundið 68 millj. kr. til að fjármagna eftirstöðvar fæðingarorlofsgreiðslna samkvæmt þágildandi lögum um fæðingarorlof en í ársbyrjun tóku gildi ný lög um greiðslur í fæðingarorlofskerfi. Áfallinn kostnaður við eldra kerfi er um 101 millj. kr. Farið er fram á 33 millj. kr. fjárveitingu eða sem nemur mismun á raunverulegum kostnaði við eldra fæðingarorlofskerfi og framlagi ársins.

Hins vegar er gerð tillaga um að 13,1 millj. kr. verði færð af liðnum í samræmi við tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila en í frumvarpinu er gert ráð fyrir alls 220 millj. kr. fjárheimild vegna viðvarandi halla á rekstri þriggja hjúkrunarheimila. Þetta eru eftirfarandi heimili sem ég get einnig um með raðnúmeri frumvarpsgerðarinnar: Það er 08-421-1.01 og á það við um Víðines, 08-495-1.41 Hrafnista í Reykjavík og síðan 08-495-1.81 Holtsbúð, Garðabæ. Gerðar eru tillögur um breytingar á frumvarpinu sem miðast við að veitt verði 46,5 millj. kr. viðbótarfjárheimild en að afgangurinn, 173,5 millj. kr., verði millifærður af fimm liðum. Í fyrsta lagi er lagt til að 13,1 millj. kr. verði færð af liðnum 370-1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi og 13,9 millj. kr. af liðnum 379-1.01 Sjúkrahús, óskipt. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að 49 millj. kr. verði millifærðar af liðnum 495-1.12 Sóltún, Reykjavík þar sem hjúkrunarheimilið mun ekki taka til starfa fyrr en í ársbyrjun 2002. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 35 millj. kr. millifærslu af óskiptum lið 499-1.01 Hjúkrunarheimili, almennur rekstur. Loks er lagt til að ráðstafað verði 62,5 millj. kr. af liðnum 495-1.95 Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna tekna frá sjóðnum sem láðist að gera ráð fyrir í fjárlögum ársins 2001.

Þá geri ég grein fyrir tillögum hvað varðar Landspítala – háskólasjúkrahús en þar er lagt til 200 millj. kr. aukaframlag til að standa undir kostnaði við endurskipulagningu sjúkrahússins í kjölfar sameiningar, þar með talinn kostnaður við sameiningu sérgreina og til greiðslu starfsloka- og biðlauna. Einnig er fjárveitingunni ætlað að standa undir öðrum óvæntum útgjöldum innan ársins.

Einnig er gerð tillaga um að 16 millj. kr. af fyrirhugaðri fjárveitingu til reksturs nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík verði nýttar til tímabundins reksturs 22 rúma hjúkrunardeildar í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Áætlanir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis gerðu ráð fyrir að Sóltún, nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík, yrði tekið í notkun síðla árs 2001. Heimild fékkst til að nota hluta þess fjár sem annars hefði farið í rekstur heimilisins til tímabundinna úrræða fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga og fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið Landspítala – háskólasjúkrahúsi tímabundinn rekstur hjúkrunardeildar, auk annarra úrræða fyrir aldraða. Landspítali – háskólasjúkrahús gerði verktakasamning um rekstur 22 rúma hjúkrunardeildar í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þeim samningi átti að ljúka 15. nóvember 2001. Þar sem hið nýja hjúkrunarheimili í Reykjavík tekur ekki til starfa fyrr en í janúar 2002 er lagt til að hluti þess fjár sem annars hefði farið í rekstur þess fari til áframhaldandi reksturs hjúkrunardeildar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eða þar til Sóltún verður tekið í notkun í ársbyrjun 2002.

Þá er hér liðurinn Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Þar er gerð tillaga um að 13,9 millj. kr. verði færðar af liðnum í samræmi við tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, og vitna ég þar til skýringa á lið 08-370-1.01.

Þá rek ég tillögur um ýmsa starfsemi heilbrigðismála, og get þar fyrst um Krýsuvíkurskóla, vist- og meðferðarheimili. Þar er gerð tillaga um 10 millj. kr. aukafjárveitingu til að gera heimilinu kleift að starfa áfram.

Hvað varðar liðinn Ýmis framlög er gerð tillaga um 5 millj. kr. aukafjárveitingu vegna kaupa á blóðsöfnunarbíl fyrir Blóðbankann. Rauði kross Íslands gaf Blóðbankanum 26 millj. kr. til kaupa á fullkomnum blóðsöfnunarbíl. Vegna óhagstæðrar gengisþróunar er verð bílsins komið í 31 millj. kr. Farið er fram á 5 millj. kr. aukafjárveitingu svo að unnt verði að taka við gjöf Rauða kross Íslands. Um er að ræða fullkominn blóðsöfnunarbíl en með tilkomu hans verður unnt að safna blóði hvar sem er á landinu.

Þá er lögð til 2 millj. kr. fjárveiting sem er lokaframlag til rannsókna á rauðum hundum. Framlag féll niður við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001 og virðast hafa orðið mistök við afgreiðslu á fjárlagaliðnum 08-399-1.90.

Gerðar eru tillögur hvað varðar Garðvang í Garði. Þar er lögð til 6 millj. kr. aukafjárveiting og verði hún nýtt til endurbóta á húsnæði hjúkrunarheimilisins Garðvangi í Garði.

Enn fremur er hér tillaga sem varðar Víðines. Þar er lögð til 27 millj. kr. hækkun til heimilisins í samræmi við tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, og vitna ég þar til skýringa á lið 08-370-1.01.

Ég kem þá að liðnum Daggjaldastofnanir, fyrst Sóltúni í Reykjavík. Lagt er til að 16 millj. kr. af fyrirhugaðri fjárveitingu til reksturs nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík verði nýttar til tímabundins reksturs 22 rúma hjúkrunardeildar í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss sem fyrr greinir, sjá skýringar á lið 08-373-1.01, og færist því fjárveitingin af þessum lið á lið Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Jafnframt er lagt til að 49 millj. kr. verði færðar af liðnum þar sem heimilið tekur ekki til starfa fyrr en í ársbyrjun 2002 og að sú fjárhæð renni til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla þeirra, í samræmi við framangreindar tillögur og vitna ég þar til skýringa sem fram koma í frumvarpinu.

Varðandi Hrafnistu í Reykjavík er lögð til 172 millj. kr. hækkun til heimilisins í samræmi við framangreindar tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, sjá skýringar í frv.

Varðandi Holtsbúð í Garðabæ er lögð til 21 millj. kr. hækkun til heimilisins í samræmi við framangreindar til-

lögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra.

Þá er tillaga um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Lagt er til að ráðstafað verði 62,5 millj. kr. af liðnum vegna tekna frá sjóðnum sem láðist að gera ráð fyrir í fjárlögum ársins 2001 þannig að þær fari til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra í samræmi við áðurnefndar tillögur, og vitna ég enn til skýringa í frv.

Loks gerir nefndin tillögur varðandi liðinn Hjúkrunarheimili með undirliðnum Almennur rekstur. Gerð er tillaga um að 35 millj. kr. verði færðar af liðnum í samræmi við fyrrgreindar tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, sjá skýringar í frv.

Virðulegi forseti. Ég vík þá að fjármálaráðuneyti og þeim tillögum sem nefndin hefur þar frammi. Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytisins verði aukin um 355 millj. kr. Vil ég þar fyrst gera grein fyrir liðnum Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 305 millj. kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir aukinni fjárheimild sem fyrirhugað er að verði deilt niður á stofnanir og verkefni í kjölfar útreiknings á endurmetnum launa- og gengisforsendum gildandi fjárlaga. Í ljós hefur komið að í þær fjárheimildir vantaði kostnaðarauka vegna ákvæða í samningi SFR-félaga um útdeilingu á 150 millj. kr. framlagi 1. maí sl. og 150 millj. kr. framlagi 1. október sl. til að gera stofnunum kleift að bæta kjör þeirra sem hafa lægstu launin. Þau útgjöld eru áætluð um 190 millj. kr. á árinu 2001 að teknu tilliti til gildistöku launahækkana þessara starfsmanna. Þá hefur farið fram nánari athugun á áhrifum breytinga í kjarasamningum á vaktaálagi hjá starfsmönnum stofnana fatlaðra og er áætlað að launakostnaður þeirra hækki um 55 millj. kr. Við frekari skoðun á launa- og verðlagsforsendunum hafa einnig komið fram nokkur tilvik þar sem endurbæta þarf fyrra mat að fengnum athugasemdum og frekari upplýsingum frá viðkomandi aðilum og er gert ráð fyrir 60 millj. kr. fjárheimild vegna þessa.

Undir liðnum Ýmislegt hvað varðar ráðuneytið vil ég fyrst víkja að aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík. Lagt er til að veitt verði 20 millj. kr. aukaframlag til Súðavíkurhrepps til að ljúka byggingu stjórnsýsluhúss. Með þeirri framkvæmd er endanlega lokið flutningi byggðar í kjölfar snjóðflóðsins árið 1995. Heildarkostnaður byggingarinnar nemur 137 millj. kr. og nemur fjárstuðningur ríkissjóðs til byggingarinnar þá samtals 90 millj. kr. en áður var veitt fé til byggingarinnar með fjáraukalögum ársins 1999.

Síðan gerir nefndin tillögur um aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Lagt er til að veitt verði 30 millj. kr. fjárheimild til að greiða einstökum sveitarfélögum allt að 90% af viðurkenndum útgjöldum þeirra vegna jarðskjálfta á Suðurlandi árið 2000 en gert er ráð fyrir að sveitarfélögin beri sjálf 10% kostnaðar auk kostnaðar við funda- og skrifstofuhald.

Samgönguráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 15 millj. kr.

Vegagerð. Gerð er tillaga um að veita 12 millj. kr. til að styrkja innanlandsflug til Hafnar í Hornafirði. Um er að ræða bráðabirgðasamning sem áætlað er að gera í samvinnu samgönguráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins um áætlunarflug og sjúkraflug en ríkisstjórnin samþykkti að stefna að því að bjóða flugleiðina út og er gert ráð fyrir að útboðsferlið taki u.þ.b. þrjá mánuði.

Ferðamálaráð, liðurinn Ferðamálasamtök landshluta. Lögð er til 3 millj. kr. aukafjárveiting á þessum lið og er fjárhæðinni ætlað að fara til upplýsingamiðstöðvar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Umhverfisráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 39,5 millj. kr.

Varðandi liðinn Yfirstjórn undir liðnum Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa, er lögð til 6,5 millj. kr. aukafjárveiting vegna aukins kostnaðar við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

Undir liðnum Ýmis verkefni er liðurinn Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Þar er gert ráð fyrir um 2 millj. kr. viðbótarfjárheimild til að mæta rekstrarvanda vegna fjölgunar mála hjá nefndinni.

Liðurinn Hreinsun umhverfis er einnig í tillögum nefndarinnar. Lögð er til 20 millj. kr. viðbótarfjárheimild vegna aukins kostnaðar við að dæla og hreinsa olíu úr flaki El Grillo.

Náttúrustofa, Vestmannaeyjum. Lögð er til 5 millj. kr. aukafjárveiting til Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum til rannsókna og kortagerðar af jarðskjálftasvæðunum Heklu, Vestmannaeyjum og Kötlu.

Loks undir liðnum Umhverfisráðuneyti vík ég að Veðurstofu Íslands. Undir liðnum Tæki og búnaður er gerð tillaga um 6 millj. kr. aukafjárveitingu til Veðurstofu Íslands til endurnýjunar á varaaflstöð stofnunarinnar sem orðin er ónýt og til að fjarlægja gamlan niðurgrafinn olíutank sem farinn var að leka fyrir utan hús Veðurstofunnar.

Loks hér við lok máls míns get ég um vaxtagjöld ríkissjóðs. Þar er lagt til að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 100 millj. kr.

Þar er gert ráð fyrir að gjaldfærð verði vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2001 og þau lækki um 100 millj. kr. frá þeirri áætlun sem miðað var við í frumvarpinu en forsendur hennar hafa nú verið endurmetnar. Jafnframt er reiknað með að greidd vaxtagjöld ársins lækki um 270 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hluti fjárln. leggur fram. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[16:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla í þessu andsvari aðeins að ræða eitt atriði við hv. þm., formann fjárln. Við 1. umr. um fjáraukalög ræddi ég nokkuð um æðstu stjórn og fjárveitingar til hins háa Alþingis og taldi að loks væri úr sögunni ýmis vandi vegna framkvæmda þingsins og taldi það að sjálfsögðu vera mjög til fyrirmyndar. Það kom hins vegar fram í andsvari hv. þm. Halldórs Blöndals að þetta mat mitt var ekki rétt og þar kom jafnframt fram að gert væri ráð fyrir því að söluandvirði Skólabrúar 2 yrði fært hér inn í þann pott sem færi til framkvæmda þingsins.

Nú sé ég, herra forseti, eins og kom líka fram í máli hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, að gert er ráð fyrir því að söluandvirði Skólabrúar 2, 38 millj. kr., renni til framkvæmda við fasteignir Alþingis. Hér skortir að vísu, herra forseti, allar skýringar á því um hvaða framkvæmdir er að ræða og það kom ekki fram í ræðu hv. þm. Því spyr ég: Hvaða framkvæmdir er hér átt við?

Í öðru lagi, herra forseti, vekur það athygli mína að þetta sé gert á þennan hátt, þ.e. að ekki sé einnig óskað eftir

breytingum á 7. gr. fjárlaganna, þ.e. heimildargreininni þar sem þessi heimild til sölu Skólabrúar 2 var veitt, og þar kæmi þá fram hvernig andvirðinu yrði varið. Þetta er m.a. gert í frumvarpinu hvað varðar ráðstöfun á söluandvirði Kísiliðjunnar hf. en því á að verja í þágu atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit þannig að afar einfalt hefði verið að fara þessa leið.

Herra forseti, þess vegna er eðlilegt að spyrja hv. þm. í framhaldi af þessu: Af hverju var ekki ákveðið að fara með þetta eins og venjulega aukafjárveitingu vegna ákveðinnar framkvæmdar í staðinn fyrir að tengja þetta við söluandvirði Skólabrúar án frekari skýringar?

Að lokum, herra forseti, spyr ég: Er talið að þessi upphæð dugi til þess að loka því dæmi sem hér á í hlut?

[16:25]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í fjáraukalagafrumvarpinu og nefndaráliti því sem ég gerði hér grein fyrir er 38 millj. vegna sölu Skólabrúar varið til framkvæmda hjá þinginu og er þar um tillögu frá ríkisstjórninni að ræða, tillögu sem flutt var inn í þingið af hálfu nefndarinnar.

Þær 25 millj. sem þingmaðurinn vísar væntanlega til og áður hafa komið til þingsins til greiðslu tel ég að séu óháðaðar fjárveitingu þessa liðar.

Ég hef ekki hér við höndina yfirlit yfir þær framkvæmdir og þá skiptingu sem þessari fjárráðstöfun á andvirði Skólabrúar er ætlað og hef heldur ekki við höndina upplýsingar um það hvort sú fjárhæð sem kemur af sölu Skólabrúar nægi til að ljúka þeim fyrirhuguðu framkvæmdum.

[16:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil að hv. þm. hafi ekki allar upplýsingar um málið við höndina og tel það því skýringar á því hversu óljós svör hv. þm. voru við ýmsum af þeim spurningum sem ég lagði hér fyrir. Ég mun að sjálfsögðu fara nánar yfir þetta mál í ræðu minni hér á eftir því ekki er gerlegt að fara nákvæmlega yfir málið á svo stuttum tíma sem hér er veittur til andsvara.

En vegna þess að hv. þm. nefndi þær 25 millj. sem sérstaklega voru færðar inn við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2001, og taldi þá upphæð algjörlega óháða þeirri tillögu sem hér er, er auðvitað eðlilegt að velta fyrir sér til hvaða framkvæmda er þá verið að veita þessum 38 millj. kr. vegna þess að í skýringum við þessar 25 millj. er sérstaklega tekið fram að um tímabundna hækkun fjárveitinga sé að ræða til að ljúka endurskipulagningu á húsnæði.

Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Veitt er 25 millj. kr. tímabundin hækkun fjárveitinga til að ljúka endurskipulagningu á húsnæði Alþingis sem hafin var með leigutöku Austurstrætis 8–10 og 10a. Breyting verður á notkun Austurstrætis 12–14, Þórshamars, Vonarstrætis 8 og Blöndahlshúss, Kirkjuhvoll verður tekinn úr leigu og hluti Austurstrætis 12, en þriðja hæð Austurstrætis 10a verður tekin á leigu. Í tengslum," herra forseti, segir hér, „í tengslum við þessar breytingar er heimild í 7. gr. til að selja Skólabrú 2, en söluandvirðið rennur í ríkissjóð."

Herra forseti. Það er augljóst mál að hér er verið að tala nokkuð skýrt um það í hvað þessar 25 millj. áttu að fara, þannig að ég hlýt, herra forseti, að draga þá ályktun af orðum hv. þm. að þessar 38 millj. sem hér er gerð tillaga um hljóti að renna til einhverra annarra framkvæmda.

Því endurtek ég spurningu mína: Um hvaða framkvæmdir er verið að ræða?

Það er auðvitað algjörlega nauðsynlegt að við fáum nákvæma skýringu á því hvað hér er á ferðinni vegna þess að hið háa Alþingi hlýtur eðlilega að eiga að vera fyrirmynd annarra stofnana í því hvernig áætlanir eru gerðar og hvernig farið er með opinbert fé.

[16:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. að Alþingi á að vera til fyrirmyndar og ganga á undan með góðu fordæmi á þessu sviði sem öðrum.

Mér þykir þó þingmaðurinn teygja skinnið öllu meira en það þolir þegar hann vill tengja saman þessar 25 millj. og söluna á Skólabrúnni. Fyrir nefndinni liggur fyrst og fremst samþykkt ríkisstjórnarinnar sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert að flutningsmáli hér og vísa ég að öðru leyti fyrirspurnum hv. þm. til þingsins ef hann óskar eftir frekari skýringum þar sem ég hef a.m.k. ekki hér neinar upplýsingar frá þinginu umfram það sem ég hef rakið hvernig ráðstafa eigi þessu fé og hversu langt það dugi til þeirra framkvæmda sem því er ætlað.

[16:30]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta fjárln. en áður en ég hef flutninginn á því áliti vil ég gera grein fyrir því, virðulegi forseti, að ég hef reyndar ekki í hyggju núna að gera mikið veður út af fjarveru þeirra hæstv. ráðherra sem eru svo önnum kafnir að þeir hafa ekki tíma til að vera viðstaddir þegar fjallað er um verk þeirra á árinu. En ég vil geta þess að við 2. umr. fjárlaga hlýt ég að gera kröfu til þess að ráðherrar verði viðstaddir að lágmarki meðan talsmaður ríkisstjórnar, hv. formaður fjárln. og talsmenn minni hlutans flytja mál sitt. Ég ber þetta fram, virðulegur forseti, til að það liggi alveg ljóst fyrir að ákveðin krafa er um að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir meðan viðkomandi aðilar flytja mál sitt sem verður í næstu viku samkvæmt áætlun.

Ástæða er, virðulegur forseti, að fagna því að smátt og smátt eru mál að færast í þá átt sem fjárreiðulög gera ráð fyrir, t.d. varðandi það að frv. til fjáraukalaga er lagt fram á sama tíma eða svipuðum tíma og frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Það er breyting til hins betra og ber að nefna það sem árangur næst í.

Virðulegur forseti. Ég hef þá mál mitt og flyt nál. 1. minni hluta fjárln.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúmlega 13 milljarða kr. Nú við 2. umr. koma fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta nefndarinnar um að auka enn útgjöldin um 950 millj. kr. Fjárlög ársins 2001 gera ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með 33,9 milljarða kr. afgangi. Tæpur helmingur þessa áætlaða afgangs er horfinn með þeim tillögum sem fram eru komnar. Auk þessara auknu útgjalda eru ýmsir veikleikar á tekjuhlið frumvarpsins þannig að allt stefnir í að tekjuafgangurinn minnki enn. Má í því sambandi benda á sölu eigna en enn eru áform um að selja eignir fyrir 21,5 milljarða kr. á þessu ári í mikilli óvissu. Gangi þessi söluáform ekki eftir stefnir í umtalsverðan tekjuhalla ríkissjóðs á árinu.

Ýmsar blikur eru á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar. Má m.a. nefna gengishrap sem orðið er yfir 20% á fyrstu tíu mánuðum ársins og enn er mikill viðskiptahalli sem sífellt

erfiðara er að ná tökum á við núverandi aðstæður í efnahagsmálum. Þrátt fyrir bata á viðskiptum með vöru og þjónustu er gert ráð fyrir miklum halla á viðskiptajöfnuði á þessu ári og er stærsti hluti hans vegna halla á jöfnuði þáttatekna. Erlendar skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru nú samkvæmt nýlegum upplýsingum frá fjármálaráðherra 661,7 milljarðar kr. Skuldir sjávarútvegsins eru áætlaðar um 200 milljarðar kr.

Við þennan vanda bætast skuldir heimilanna sem ætla má að hafi numið um 600 milljörðum kr. í árslok 2000. Á sama tíma búa Íslendingar við hæstu vexti og mestu verðbólgu innan OECD. Skuldir ríkissjóðs aukast en þær voru um 413 milljarðar kr. í lok síðasta árs og höfðu hækkað um 30 milljarða kr. á því ári. Skuldir einstaklinga sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa aukist verulega og má ætla að þær hafi numið um 160% af ráðstöfunarfé þeirra í árslok 2000. Ljóst er að staða heimilanna versnar verulega á þessu ári miðað við verðbólguþróun ársins.

Virðulegur forseti. Allt bendir til að ríkisstjórnin hafi gefist upp við stjórn efnahagsmála og látið öðrum eftir að fást við þann vanda sem að steðjar. Ríkisfjármálin eru veigamikið stjórntæki í efnahagsmálum en þó virðist enginn forustumaður ríkisstjórnarinnar vera á vakt í brúnni, hvorki fjármálaráðherra né forsætisráðherra, enda geta þeir ekki stigið ölduna í þeim ólgusjó sem nú er í efnahagsmálum.

Fyrsti minni hluti hefur á undanförnum árum bent á fjölmörg atriði varðandi fjáraukalög sem ekki hafa staðist ákvæði fjárreiðulaga. Nokkuð hefur áunnist þótt enn séu ýmsir liðir í fjáraukalagafrumvarpinu sem eiga heima í fjárlögum næsta árs. Stærstu fjárhæðir frumvarpsins lúta að svokölluðum öryrkjadómi, kjarasamningum og breyttum efnahagsforsendum en ýmsir aðrir liðir eiga ekki heima í fjáraukalagafrumvarpi ef farið væri í einu og öllu eftir ákvæðum fjárreiðulaga. Dæmi um það er þegar verið er að bæta einstökum stofnunum uppsafnaðan vanda og heimildarlausar ákvarðanir um útgjöld.

Því miður virðist vera lítið aðhald í fjármálastjórn ríkisins. Þrátt fyrir að aðeins einn ráðherra beri heitið fjármálaráðherra bendir margt til þess að þeir séu í raun tólf. Allir ráðherrar virðast hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að fjármálaráðherra stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur lítið rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Það ríkir því aðhaldsleysi í fjármálum ríkisins og agaleysi meðal þeirra sem taka ákvarðanir um útgjöld.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í apríl sl. um fjárlagaferlið kemur m.a. fram sú skoðun að fjárheimild veitt eftir á feli í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar enda þótt formlega sé fjárveitingavaldið áfram hjá þinginu. Í sömu skýrslu er einnig fjallað um reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjármálaráðuneytið gaf út í byrjun þessa árs. Þar er rætt um ábyrgð fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta á framkvæmd fjárlaga og segir m.a. að fjármálaráðuneytið skuli hafa eftirlit með því hvernig önnur ráðuneyti haga sínu eftirliti með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneytið hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum."

Þetta er mjög alvarleg athugasemd og áminning til ráðuneytanna um að þau séu að fara á svig við fjárreiðulögin. Ef eftir þessari reglugerð væri farið er ljóst að fjáraukalagafrumvarpið liti öðruvísi út. Fjárlaganefnd hefur því miður ekki þá yfirsýn yfir ríkisfjármálin sem nauðsynleg er. Má í því sambandi minna á að í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 kom fram að gerð yrði sú krafa „að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega." Ekkert slíkt hefur gerst enn þá.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið er því haldið fram að hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er bent á að þetta skipulag nái ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Orðrétt segir, með leyfi forseta: „Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn." Með öðrum orðum: ríkisstjórnin hefur ekki þann aga sem skipulagið krefst. Svo einfalt er það, virðulegur forseti.

Þetta agaleysi virðist síðan halda áfram eftir samþykkt fjárlaga. Þrátt fyrir að kerfið sé vel skipulagt og agað til að halda utan um útgjöld ríkisins nær það ekki til ákvarðana sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar taka.

Til að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana í árslok þess árs sem til umfjöllunar er í fjáraukalögum hverju sinni. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingu til stofnunar sem miðast við rekstur næsta árs án þess að taka tillit til stöðu hennar um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því tilgangslaust er að flytja skuldir stofnana yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því að ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að ekki sé frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Virðulegur forseti. Mörg atriði frumvarpsins bíða 3. umr. því að ríkisstjórn og meiri hluti nefndarinnar eiga margt óunnið varðandi lokafrágang frumvarpsins. Meðal annars af þeim ástæðum fjallar 1. minni hluti ekki um einstakar tillögur meiri hlutans í þessu nefndaráliti. Slíkt bíður 3. umr. þegar heildarsýn er fengin á frumvarpið.

Undir þetta álit rita sá sem hér stendur sem framsögumaður, hv. þm. Einar Már Sigurðarson og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir nál. 1. minni hluta fjárln. varðandi frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

En vegna þess sem kom fram í ræðu hv. formanns fjárln. er ástæða til að bera hér fram spurningar. Og ég spyr hæstv. forseta: Er hv. fjárlaganefndarformaður á næstu grösum?

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mun láta kanna það og sér nú að hv. formaður fjárln. er genginn í salinn og heyrir hvert orð.)

Ég sé það, það er mjög gott, og þakka fyrir það.

Það sem um er að ræða og ég tel að sé ástæða til að hv. form. fjárln. heyri er varðandi 07-981 Vinnumál, liður 1.81, þ.e. varðandi það framlag sem lagt er til eftir margítrekaðar atlögur minni hluta fjárln. vegna framlaga til Alþýðusambands Íslands upp á 6 millj. kr. Ég tel, eins og ég hef áður getið um, að það hefði verið eðlilegra að þessar upphæðir sem voru fyrirsjáanlegar hefðu verið lagðar til á viðkomandi fjárlögum þegar það átti við. Engu að síður virði ég það að þetta er komið á móti og verið að lagfæra.

Síðan vil ég spyrja hv. formann fjárln. hvort menn hafi tekið það fyrir sem varðar 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi, sem er merkt Byrgið, líknarfélag, undir lið 1.44, þar sem lögð er til 12 millj. kr. aukafjárveiting til Byrgisins vegna meðferðarstarfs í endurhæfingarsambýlinu Rockville. Gerði hv. formaður tilraun til þess að fá svör við því hvað í raun inni þarf til þess að sú starfsemi sem forsvarsmenn Byrgisins vilja láta fara fram — hvað þarf til þess að sá árangur náist sem þeir eru að geta sjálfir um, þ.e. að allir þeir sem raunverulega eru á götunni og eru í miklum vanda af ýmsum ástæðum, bæði vegna fíkniefnaneyslu og einhverra annarra vandamála — hversu mikið þarf til þess að leysa úr þeim bráðavanda? Þetta vandamál er ekki sveitarfélagsvandamál, þetta er vandamál á landsvísu og Alþingi ber að koma að þessu mikla vandamáli sem lýtur að því fólki sem hér um ræðir.

Ég vil einnig gera athugasemd við lið 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, sem lýtur að undirlið 1.58. Það varðar Krýsuvíkurskóla, vist- og meðferðarheimili. Þar er enn þá, ef ég man rétt, fjórða árið í röð verið að gera tillögu um aukaframlag sem nær ekki því sem þarf til að brúa bilið. Á hverju einasta ári hefur erindi verið lagt fram við hv. fjárln. um rekstur heimilisins, og gerðar áætlanir og þær nokkuð góðar, en alltaf er klipið af þannig að endar nái ekki saman um þann rekstur sem forsvarsmenn leggja til að þeir geti annast. Þess vegna spyr ég hvort það sé í huga hv. formanns fjárln. að láta gera úttekt á því hvað þarf í rauninni til að sú starfsemi sem þar fer fram og er að mati rekstraraðila nauðsynleg, og hvort hann hafi hug á því að láta taka þetta verkefni sérstaklega út, bæði miðað við þann árangur sem náðst hefur og þá þjónustu sem þarna er veitt.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu í bili.

[16:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gísla Einarssyni fyrir hans störf í nefndinni og forsvar hér fyrir minnihlutaálitinu sem ég tel að sé mikilvægt að komi fram. Ég biðst velvirðingar á því að ég var ekki í salnum en ég lagði meiri áherslu á eyru mín en augu, að hlusta á þingmanninn í stað þess að vera í stöðugu sjónmáli við hann, og nam hvert orð er hann mælti.

Ég kem aðeins að einu atriði í ræðu hv. þm., því síðasta er hann ræddi um, þ.e. Byrginu á staðnum Rockville sem svo er kallaður á Miðnesheiði. Þar eru margir þeir sem eiga erfitt í samfélaginu og, eins og hann orðaði það með réttu, sumir þeirra eru á götunni. Ég tek undir með þingmanninum, þetta er afar mikilvæg starfsemi og vegna þess fór ég núna sérstaklega vegna fjárlagagerðarinnar, bæði vegna fjáraukalaganna og vegna fjárlagagerðarinnar, í heimsókn í Byrgið, skoðaði það með eigin augum og hitti þar forsvarsmenn og vistmenn. Það er mjög vekjandi og áhugavert að koma á þennan stað.

Það er verið að gera úttekt á Byrginu, fyrir því stendur félmrh. Sérstakur maður er í þeirri skoðun og henni mun ljúka innan fárra vikna. Hún mun svara spurningunum um þjónustuna, fjárþörfina og hvernig að þessu eigi að standa. Mér þykir því eðlilegt að standa að þessu með stuðningi þingsins með tvennum hætti, annars vegar með fjáraukalögunum eins og hér er gert og hins vegar með fjárlögum ef við höfum einhvern mátt til og fram mun koma ef af verður í tillögum okkar í fjárlögunum.

[16:54]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir það svar sem hann gaf. Ég skil það svo að hann sé ekki reiðubúinn að svara þeim spurningum sem ég bar fram varðandi Krýsuvík, vist- og meðferðarheimili. En ég lýsi yfir ánægju með þau svör sem komu varðandi Byrgið og ég tel að það sé nauðsynlegt að taka á þessu stóra samfélagsvandamáli sem sú starfsemi er að taka á og ég vona að það liggi þá ljóst fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga og fjárlaga þegar þar að kemur að tekið verði á þeim málum.

Ég tel að reynslan sýni að þarna fari fram mjög nauðsynleg starfsemi sem kemur til góða fyrir allt samfélagið. Þar fá ótrúlega margir bata.

Ég geri ekki veður út af því hvort fleiri svör komi upp varðandi þær spurningar sem ég setti fram. Í síðari ræðu minni mun ég ræða um ákveðin atriði varðandi samgrn. og það er þó ekkert annað en það sem beint kemur fram í þeim tillögum sem fyrir eru lagðar, þannig að menn fari ekki að hafa áhyggjur af að eitthvert annað efni heldur en hér er fram sett verði rætt.

[16:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að endurtaka þau orð sem ég hafði hér um Byrgið. Ég tel hins vegar afar brýnt að við látum fara fram stjórnsýslu... virðulegi forseti, gæti ég fengið þann þm. hv. í salinn sem ég er í andsvari við. (**GE:** Heyri mætavel, opin eyru.)

Virðulegi forseti. *Ég ætla ekki að rekja hér aftur það sem* ég sagði um Byrgið en ég tel afar mikilvægt að þegar við erum að vinna með og aðstoða hjálparstofnanir og félagasamtök á þessu sviði sé einmitt farið mjög vandlega í hvers konar þjónustu um er að ræða og til hvers þeir peningar eru notaðir sem almannafé er ráðstafað til. Þess vegna er verið að gera þessa úttekt á Byrginu og ég á ekki von á öðru en hún sýni afar góða niðurstöðu. En ég legg áherslu á að það er ekki eingöngu Alþingi heldur sveitarfélögin, og ekki síst sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu, sem eiga að koma til liðs við Alþingi og aðra sem eru að hjálpa til í þessu efni enda er vandinn ekki síst uppsprottinn hér á götum þessarar borgar og nágrannasveitarfélaga.

Þá vil ég einnig láta koma fram að nýlega hefur verið gerð stjórnsýsluúttekt á Krýsuvíkurskólanum og við munum nýta okkur þá úttekt til að vinna með frekari fjárveitingar til skólans. Ég er hins vegar ósammála því sem mátti lesa úr orðum hv. þm. að við ættum að láta enda ná saman og klára vanda stofnana á borð við Krýsuvíkurskóla í fjáraukalögum. Mér finnst að þingmanninum séu mislagðar hendur þegar hann í sömu ræðu hefur verið að gagnrýna það að fjárveit-

ingar í fjáraukalögum séu — fyrst og fremst eiga þær að vera notaðar til þess að klára aðsteðjandi vanda ársins.

[16:58]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Ég ítreka enn þakkir fyrir ágæt svör varðandi Byrgið. En ég verð að harma það að hv. formaður fjárln. heyrði ekki það sem ég sagði og fylgdist ekki með að ég taldi að það ætti að leysa þessi mál, virðulegur forseti, í fjárlögum. Og ég óska eftir því að virðulegur formaður fjárln. hlusti vel þegar talað er. Við höfum, eins og hann réttilega sagði, gert miklar athugasemdir við hvernig unnið er með fjáraukalögin.

Ég benti á í tali mínu um Krýsuvíkurskólann að vanda hans ætti að leysa í fjárlagagerð en ekki með fjáraukalögum, og samt er verið að klípa af, til að geta leyst þann vanda sem hefur staðið yfir árarаðir. Menn eiga þá að setja fastar skorður við því sem verið er að gera og tilkynna þá um leið og fjárlög eru samþykkt að frekari fjármunir verði ekki veittir til starfans. Það er það sem menn eiga að gera. Og það á að liggja skýrt fyrir nákvæmlega eins og hefur komið fyrir í ákveðnum tilvikum að stofnanirnar hafa fengið að vita að ekki yrði um frekari fjárveitingar að ræða. Svo er spurningin hvort staðið verður við það.

Það er líka spurningin að taka tillit til ákveðinna atriða hjá ýmsum stofnunum eins og þegar verið er að miða við erlendan gjaldeyri þegar svona ástand er í samfélaginu eins og nú er, um og yfir 20% gengisfelling á tíu mánuðum.

[Fundarhlé. — 17:00]

[18:02]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsdeildir, 246. mál, svar menntmrh., þskj. 372.

Getraunir, 314. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 390.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 80. mál, svar sjútvrh., þskj. 317.

Kostnaður við niðurflutning gagna af netinu, 305. mál, fsp. HjÁ, þskj. 375.

Könnun á stöðu öldungadeilda framhaldsskóla, 307. mál, þáltill. DSn o.fl., þskj. 381.

Laun og launahlutfall í flotanum, 212. mál, svar sjútvrh., þskj. 357.

Ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum, 309. mál, fsp. SJóh og KolH, þskj. 385.

Stækkun Hagavatns, 311. mál, fsp. MF, þskj. 387.

Tónlistarnám fatlaðra, 310. mál, fsp. MF, þskj. 386.

Verslun með áfengi og tóbak, 312. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 388.

Virðisaukaskattur, 315. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 391.

[18:04]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt vildi ég inna eftir því hvort hv. formaður fjárln. sé viðstaddur. Mér finnst eðlilegt að hann sé viðstaddur umræðuna núna. Eins og hæstv. forseti sér eru nú aðeins staddir hér á hinu háa Alþingi, virðulegur forseti þingsins, hv. þm. Gísli S. Einarsson og sá sem hér stendur.

(Forseti (ÍGP): Forseti mun þegar í stað kalla eftir hv. 12. þm. Reykv., Ólafi Erni Haraldssyni. Forseti sér að hann er í húsinu eins og flestir þingmenn. Þingflokksfundum var að ljúka og mun forseti sjá til þess að Ólafur Örn Haraldsson komi hér von bráðar.)

Virðulegur forseti. Þá vil ég einnig inna eftir því hvort hæstv. fjmrh. sé hér því að nú stendur yfir 2. umr. fjáraukalaga sem er eins konar úttekt á störfum ríkisstjórnarinnar hvað umsýslu fjármála ríkisins varðar á árinu. Mér þætti vænt um ef það væri hægt að fá hæstv. fjmrh. hingað, virðulegi forseti.

(Forseti (ÍGP): Á sama hátt sér forseti að hæstv. fjmrh. er í húsinu. Forseti mun sjá til þess að hann fái þessi skilaboð.)

Herra forseti. Frumvarp til fjáraukalaga kemur nú til 2. umr. við miklar óvissuaðstæður í efnahagsmálum. Það er fyllilega tilefni til þess að líta yfir árið, það sem liðið er af því, hvað varðar stjórn efnahagsmála og þau markmið sem hæstv. ríkisstjórn setti sér við gerð og ákvörðun fjárlaga á liðnu ári fyrir þetta ár og hvað hefur áunnist. Staðreyndin er sú, herra forseti, að ekki hefur allt gengið eftir sem þá var ætlað. Gengi íslensku krónunnar hefur haldið áfram að falla þrátt fyrir aðgerðir Seðlabankans og er fullkomlega óvíst hvenær gengisfallið mun stöðvast. Síðan í ágúst á þessu ári hefur það fallið um 9% og náði sögulegu lágmarki í gær með gengisvísitölunni 149,5 og Bandaríkjadollar var þá kominn í 108,92 kr. Ef við horfum til baka til 2. október í fyrra, fyrir um ári síðan, var gengisvísitalan þá einungis 115,2 og dollarinn á 82,90 kr. Það hafa því orðið veruleg umskipti, gríðarleg umskipti í gengismálum þjóðarinnar. Verðbólga á árinu er langt umfram þau markmið sem Seðlabankanum voru sett við stjórn peningamála og útlit er fyrir að enn muni líða að minnsta kosti eitt ár þar til stöðugt verðlag verður að veruleika. En nú spáir Seðlabankinn 8,5% verðbólgu frá upphafi til loka þessa árs sem er langt umfram það sem honum hafði verið ætlað að tryggja. Verðbólgan rýrir nú hratt kaupmátt launþega og setur kjarasamninga í hættu á almennum vinnumarkaði. Kjaraviðræður ríkisins við sína eigin launþega eru einnig í uppnámi. Kjaradeilan við sjúkraliða hefur nú þegar haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsugæslu í landinu. Atvinnuleysi er tekið að aukast og horfur eru dekkri í rekstri margra fyrirtækja en hafa verið um langt árabil. Vextir hérlendis eru rúmlega 9% hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar og þeir, ásamt þenslu á innanlandsmarkaði, eru þungur baggi sem er farinn að sliga atvinnulífið.

Herra forseti. Í stuttu máli blasir við að góðærið margumtalaða er nú komið að endapunkti. Ríkisstjórn hefur flotið sofandi að feigðarósi. Hættumerkin í þróun efnahagsmála hafa blasað við í a.m.k. tvö ár: Mikill viðskiptahalli, erlend lántaka og mikil aukning útlána bankakerfsins. Allt hefur þetta átt sér stað og var ljóst. Hægt hefði verið að bregðast við þessum hættumerkjum áður en komið var í óefni. Þess í stað hefur ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar fullyrt að allt væri í stakasta lagi og þverneitað allri gagnrýni. Í þessari sjálfsblekkingu hefur ríkisstjórnin gert röð mistaka í hagstjórninni. Ástandið er enn verra og útlitið enn dekkra en þyrfti að vera ef réttum viðbrögðum hefði verið beitt.

Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins, byggð og búsetu í landinu öllu, hefur ríkisstjórnin blásið upp tímabundið góðæri með einkavæðingu á mikilvægum þjónustufyrirtækjum og skertri almannaþjónustu, gífurlegri byggðaröskun og skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis. Ein afleiðing þess er sú að tekjur ríkisins dragast hraðar saman en tekjuáætlun fjárlaga gerir nú ráð fyrir. Að mati Seðlabanka Íslands eru

tekjur ríkissjóðs reyndar þegar farnar að minnka mjög hratt og vafasamt að forsendur fjárlaga haldi, eins þær eru nú settar fram. Enn fremur er ljóst að þær tekjur sem átti að afla með sölu ríkisfyrirtækja hafa ekki enn skilað sér, en áfram er reiknað með þeim sölutekjum í fjárhagsuppgjöri ársins.

Herra forseti. Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, kveða á um þá umgjörð sem sett er allri vinnu við gerð frumvarps til fjárlaga og, ef nauðsyn krefur, frumvarps til fjáraukalaga. Í 21. gr. þeirra laga stendur, með leyfi forseta:

„Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytisins eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.

Forsætisnefnd Alþingis gerir ár hvert tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan þess frests sem almennt gildir, og sendir forsætisráðherra."

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt og afgreidd frá Alþingi bera forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.

Nú getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. Á því taka lögin um fjárreiður ríkisins einnig. Í 33. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Í 44. gr. er kveðið nánar á um frumvarp til fjáraukalaga. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Herra forseti. Frumvarp til fjáraukalaga sem hér er til 2. umr. var lagt fram í upphafi þings þetta haust. Síðan þá hefur fjárlaganefnd haft frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana sem bæði hafa lagt fram viðbótarbeiðnir og fært rök fyrir auknum fjárheimildum innan fjárlagaársins.

Í langflestum tilvikum er hér um að ræða útgjöld sem hafa þegar verið innt af hendi eða framkvæmdarvaldið hefur skuldbundið sig til að greiða. Það er því nánast formsatriði hjá Alþingi að afgreiða aukin útgjöld á fjáraukalögum eins og hér er lagt fram. Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á gengur þvert á anda laganna um fjárreiður ríkisins.

Til þess að bæta úr þessu hefur undirritaður lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem kveður á um að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti.

Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs sem geta haft í för með sér fjárskuldbindingar innan sama árs sem þarf að taka afstöðu til. Ýmsar forsendur geta einnig breyst eins og dæmin sanna sem bregðast þarf við. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög geta verið afgreidd í byrjun október og síðan koma lokafjárlög. Með þessu getur Alþingi stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum og komið í veg fyrir að efnt sé til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Herra forseti. Samkvæmt þeim tillögum sem enn er unnið eftir í fjáraukalagafrumvarpinu eru tekjur ríkissjóðs á árinu áætlaðar um 253 milljarðar kr. en endurskoðuð útgjöld nú við 2. umr. fjáraukalaga eru 233,5 milljarðar kr. Tillögur um hækkun útgjalda frá fjárlögum nema nú samtals 14.357 þús. kr. Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 2001 liggur enn ekki fyrir en allar líkur benda til að tekjur verði mun minni en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Þá er og líklegt að enn aukist við gjaldahliðina. Niðurstöðutölur geta því átt eftir að breytast við 3. umr.

Fjárlaganefnd er kunnugt um fjárhagsvanda og uppsafnaðan halla margra stofnana og heilla málaflokka sem ekki fá úrlausn samkvæmt þessu fjáraukalagafrumvarpi. Þar má telja fjárskuldbindingar vegna félagslega húsnæðiskerfisins sem velt var einhliða yfir á sveitarfélögin. Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er óleystur þótt leyfð hafi verið lítils háttar hækkun á afnotagjöldum á næsta ári. Margir framhaldsskólar sitja uppi með skuldir frá fyrri árum og eiga í miklum fjárhagserfiðleikum og verða því að skera niður námsframboð af þeim sökum. Þar er ljóst að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara við að einkavæða skólakerfið og fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa skólastarfið sjálft, stöðu þess og markmið og þá menntun sem skólarnir veita, treysta bönd skóla og skólastarfs við fjölskyldulíf, atvinnuvegi og sitt nánasta umhverfi.

Bæði Skólameistarafélag Íslands og Félag framhaldsskóla hafa þráfaldlega bent á grundvallarskekkjur í þeirri reiknireglu sem nú er beitt við skiptingu fjár á skólana og birtist í því að fjármagn er skert til skóla með verknáms- og starfsnámsbrautir og skóla sem reka heimavistir og þeir sitja nú með skuldir svo skiptir tugum eða jafnvel hundruðum milljóna króna. Fjárhagsvanda einstakra framhaldsskóla verður að leysa þegar í stað. Brýnt er að hugmyndafræðin að baki reiknilíkansins við skiptingu fjárins verði endurskoðuð þannig að stutt verði við metnaðarfullt og fjölbreytt nám hvarvetna á landinu, nám sem taki mið af þörfum allra nemenda og tryggi góðan starfsanda. Fullt tillit á að taka til séraðstæðna hvers skóla.

Herra forseti. Ég vil hér inna hv. formann fjárln. hvað líði endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskólanna sem þeir hafa fengið útdeilt fjármagni eftir, sem hefur reynst þeim mjög erfitt og mismunað mörgum. Og hvað líður ákvörðunum um að létta skuldum sem hafa safnast upp hjá ýmsum framhaldsskólum vegna óréttláts reiknilíkans, en þeir framhaldsskólar eiga mjög erfitt með að reka starf sitt eðlilega?

Mörg sveitarfélög eiga nú í alvarlegum fjárhagsvanda. Í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur mjög hallað á sveitarfélögin. Hluti af fjárhagsvanda sveitarfélaganna er til

kominn vegna skuldbindinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Félagsíbúðirnar voru liður í opinberri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Ríkisvaldið, sveitarfélög, lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins sameinuðust um að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd víða um land. Það var Alþingi sem setti lögin og ákvað einhliða að ábyrgðin og innlausnarskyldan á íbúðunum ætti að hvíla á sveitarfélögunum. Undirritaður er fyrsti flutningsmaður að frumvarpi til fjáraukalaga sem liggur fyrir þinginu þar sem lagt er til sem fyrsta skref að verja allt að einum milljarði króna til að greiða úr bráðavanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins. Samkvæmt upplýsingum Sambands íslenskra sveitarfélaga er talið að færa þurfi þessi lán niður um allt að 3 milljörðum króna vegna þessa hjá hinum ýmsu sveitarfélögum.

Herra forseti. Það er afar brýnt að leysa fjárhagsvanda félagslega íbúðakerfisins heildstætt og á landsvísu en ekki að þvinga einstök sveitarfélög til að selja eignir sínar til að standa skil á skuldbindingum sem þjóðin öll ber sameiginlega ábyrgð á. Þess er vænst að frumvarp undirritaðs fái jákvæða afgreiðslu.

Auk þessa verður að taka með raunhæfum hætti á rekstrarvanda sveitarfélaganna. Annaðhvort verður að færa frekari tekjustofna til þeirra eða sjá til þess að ríkið komi inn í rekstur verkefna þeirra og felli niður skuldir sem eru til komnar vegna byggðaröskunar og lélegra tekjumöguleika. Annars munu þau á engan hátt verða fær um að veita íbúum sínum samkeppnishæfa og lögboðna þjónustu. Þá munu heilu byggðarlögin tæmast og búseta líða undir lok á stórum landsvæðum.

Grein Ögmundar Jónassonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd, sem birtist í Morgunblaðinu 6. október sl. sýnir glöggt hvernig skuldir heimila, fyrirtækja, sveitarfélaga og þjóðarbúsins alls hafa aukist á síðustu árum.

Árið 1991 voru skuldir þjóðarbúsins rúmir 575 milljarðar kr. eða liðlega 52% af vergri landsframleiðslu. En nú, tíu árum seinna, eru það þúsund, ja, þetta er svo há tala að varla er hægt að nefna hana, en það eru um 1.925 milljarðar kr., eða um rúmlega 90% af heildarlandsframleiðslu, hefur nærri tvöfaldast miðað við landsframleiðslu á þessum tíu árum. Og þetta á að gerast í því sem ríkisstjórnin hefur kallað góðæri. Sér eru nú hver endemin.

Þessi staða er virkilega alvarleg og þegar litið er á skuldastöðu heimilanna er það sama upp á teningnum, skuldir þeirra hafa margfaldast á þessum tíma og stafar veruleg ógn af.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu fjölmargar breytingartillögur við bæði tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarps fyrir árið 2001 þegar það var afgreitt frá Alþingi fyrir ári. Þær tillögur miðuðu að auknum jöfnuði í samfélaginu, auknum jöfnuði milli þjóðfélagshópa, eflingu atvinnulífs og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda til lands og sjávar. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu til að tekjum ríkisins yrði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna. Því miður, herra forseti, náðu þessar tillögur ekki fram að ganga og því fer sem fer.

Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár sýnir það ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hefur vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gefur tilefni til. Þessu verður að snúa við ef við eigum að ná eðlilegum hagvexti, jafnvægi í viðskiptum og greiða niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd.

Á síðustu árum hefur þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og er orðið háð honum. Það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut en það verður að gerast. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Herra forseti. Hér verður að breyta um kúrs. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að raunverulegri verðmætaaukningu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak sérhvers einstaklings fær notið sín, atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður og íslenskan veruleika og byggist á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Takist þetta, herra forseti, mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni, ekki aðeins á suðvesturhorninu heldur um allt land.

Í þessum stóru málaflokkum greinir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn.

Herra forseti. Þetta frumvarp til fjáraukalaga, sem hér er til 2. umr. fyrir árið 2001, endurspeglar mikla spennu sem þenslan í þjóðfélaginu hefur alið á og undirstrikar að ríkisstjórnin hefur lítil tök á þróun efnhagsmála. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir ákveðnum gæluverkefnum sínum í stað þess að vinna út frá markaðri heildarstefnu í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins.

Mikið af þeim útgjöldum sem lögð eru til í þessu frumvarpi er þó nauðsynlegt og sinnir góðum málefnum en eins og ég hef áður bent á, herra forseti, þá á að vinna þessi mál með öðrum hætti en hér er gert. Það á að leggja fram fjáraukalög og lagaheimildir fyrir útgjöldunum áður en þau eru ákveðin eða innt af hendi.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina, rangrar forgangsröðunar og mistaka í hagstjórn.

Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem hér er verið að greiða atkvæði um og hér hefur verið lagt fyrir þingið. Herra forseti. Það þarf að breyta lögum um fjárreiður ríkisins þannig að það sé þingið sem ákveði fjárveitingar í raun fyrir fram en standi ekki frammi fyrir því að stimpla meira og minna ákvarðanir framkvæmdarvaldsins eftir á.

Herra forseti. Ég mun í síðari ræðu minni, við 2. umr., fjalla um einstök atriði í nál. meiri hluta fjárln. með fjáraukalagafrv. ársins 2001.

[18:28]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir framsögu hans hér og sömuleiðis fyrir vinnu hans í nefndinni að frv. og væntanlegum lögum um fjáraukalagafrv.

Ég tek undir með hv. þm. að því leyti að við þurfum stöðugt að vera á verðbergi um framkvæmd fjárlaga og að fjáraukalögin séu nýtt eins sparlega og hægt er. Ég tel hins vegar að þeir liðir sem settir eru fram í frv. og í tillögum

meiri hlutans þoli vel skoðun og þá framsetningu sem ég gerði hér grein fyrir fyrr í dag.

Það er öllum ljóst að þingið getur ekki komið að viðbrögðum og ákvörðunum um ófyrirséð útgjöld. Ég nefni eins og ég rakti í ræðu minni viðbrögð sem urðu að vera ekki aðeins með einhverra daga fyrirvara, heldur var þar um að ræða viðbrögð sem snerust um klukkutíma þegar hin mikla vá steðjaði að okkur vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum.

Fleira taldi ég líka í framsögu minni sem mér þykir sýna að engin leið var að bíða eftir ákvörðun þingsins um, heldur varð ríkisstjórnin að bregðast við því og þingið styður að sjálfsögðu slík góð verk hjá ríkisstjórninni. Og ég tel að hér hafi ekki verið farið út fyrir þau mörk sem eðlilegt má teljast um gerð fjáraukalaga.

[18:30]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að margar af þeim upphæðum sem eru ákveðnar hér eða lagt hefur verið til við afgreiðslu fjáraukalaga að ákveða hafa verið teknar fyrr á árinu og meira að segja sumar þeirra meðan þing sat enn að störfum á sl. vetri. Þá hefði fjmrh. verið í lófa lagið að leita heimilda til þeirra. Þau tilvik sem hv. þm. og formaður fjárln. gat hér um að grípa hefði þurft til er heimilt að gera samkvæmt fjárreiðulögum en eins og stendur í núverandi fjárreiðulögum er fjmrh. skylt að gera fjárln. Alþingis grein fyrir ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær. Ég sit í fjárln., herra forseti, og mér hefur ekki verið kunnugt um marga fundi á árinu, eða frá því fjárln. lauk afgreiðslu sinni við fjárlög á sl. ári, þar til hún kom saman í haust þar sem fjmrh. hefur verið að gera henni grein fyrir nauðsynlegum útgjöldum sem hann taldi sig þurfa að samþykkja og taka ákvörðun um á grundvelli fjárreiðulaga.

Herra forseti. Þó að mörg af þessum málefnum séu bestu mál og brýn nauðsyn, sem ég legg áherslu á að hægt eigi að vera að bregðast við, á samt að gera það löglega og það á að gera fyrir atbeina þingsins með beinum hætti fyrir fram en hitt heyri til undantekninga, að ákveða gjöldin fyrst, og þá í neyðartilvikum sem lögin að sjálfsögðu heimila.

[18:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Okkur hv. þm. Jón Bjarnason greinir ekki á um þessi grundvallaratriði, að fjáraukalögin eru til að bregðast við ófyrirséðum og aðsteðjandi vanda eða tilvikum sem ekki hafa rúmast innan fjárlaganna. Og ég nefndi hér viðbrögð vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum.

Mér hefði hins vegar þótt það til mikillar glöggvunar fyrir þá sem fylgjast með þessari umræðu, hvort sem það eru hv. þm. í þessum sal eða aðrir þeir sem kunna að heyra mál okkar, ef þingmaðurinn hefði rakið í ræðu sinni nokkur dæmi þar sem hann telur að meiri hluti fjárln. og ríkisstjórn hafi farið út fyrir þau venjulegu vinnubrögð sem gott er að hafa um þessi efni.

Ég skora á hv. þm. að nýta sér ræðutímann sem hann hefur síðar í umræðunni og koma fram með slíkar ábendingar og ég er tilbúinn til að bregðast við þeirri framsetningu.

[18:33]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég mun í síðari ræðu minni gera grein fyrir því frekar. Ég get þó minnt hv. formann fjárln. á texta sem stendur hér í fjárlagafrv. undir forsrn. af því að ég gríp þar fyrst niður: „Gerð er tillaga um 20,7 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til skrifstofunnar vegna aukins rekstrarkostnaðar hennar í ár og í fyrra."

Ekki var þetta nú tilfallandi, og svona má rekja áfram.

Málið er, herra forseti, fyrst og fremst að það eru lagaleg tök á að vinna sig út úr öngstrætinu og bæta ástandið. Þess vegna, herra forseti, hef ég einmitt lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins sem breytir þessu og tryggir aðkomu þingsins að þessum ákvörðunum þannig að ekki þurfi að gera þetta með þeim hætti sem hv. þm. benti á að væri nú komin nokkurs konar hefð fyrir.

Ég vil einnig, herra forseti, nota þetta tækifæri og óska eftir því að formaður fjárln. komi inn á það í seinni ræðu sinni hvernig sú vinna stendur sem lýtur að fjárhagsvanda framhaldsskólanna og þeim skuldum sem þeir sitja uppi með, jafnvel til nokkurra ára, og hefur verið þrjóskast við að leysa úr og bæta síðan til frambúðar með endurskoðun á reiknilíkani sem þeir hafa fengið fjármagni úthlutað samkvæmt.

[18:35]

Útbýting þingskjala:

Bindandi álit í skattamálum, 316. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 392.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 308. mál, fsp. RG, þskj. 384.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 313. mál, frv. landbn., þskj. 389.

Skattlagning launa og fjármagns, 130. mál, svar fjmrh., þskj. 315.

Skipulagsmál á hálendinu, 208. mál, svar félmrh., þskj. 344.

Styrking Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, svar heilbrrh., þskj. 346.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, 216. mál, svar viðskrh., þskj. 368.

[18:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum hér í 2. umr. frv. til fjáraukalaga, og í áliti 1. minni hluta, sem hv. þm. Gísli S. Einarsson gerði grein fyrir áðan, var víða komið við og m.a. bent á að víða væri ekki nægjanlega vel að verki staðið og ýmsir endar lausir enn varðandi fjáraukalög þessa árs.

Ég fór í andsvar við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson eftir framsöguræðu hans fyrir áliti meiri hluta fjárln. og spurði hann út í eitt ákveðið atriði sem, vægt til orða tekið, er afar óljóst í tillögum meiri hluta fjárln. Í svörum hv. þm. kom fram að það sem ég spurði um væri þar inni samkvæmt tillögum ríkisstjórnar og hv. þm. hefði ekki undir höndum þær skýringar sem ég var að leita eftir.

Það er því óhjákvæmilegt, herra forseti, að fara nokkrum orðum um þetta ákvæði en þetta varðar tillögu, eða eins og segir í tillögu meiri hlutans, með leyfi forseta,:

„Gerð er tillaga um að 38 millj. kr. söluandvirði Skólabrúar renni til framkvæmda við fasteignir Alþingis."

Í fyrsta lagi spurðist ég fyrir um hvernig á því stæði að ekki væri gerð tillaga um að þetta ákvæði væri raunverulega við 7. gr. fjárlaganna, þ.e. að heimilað væri að nýta þetta andvirði á þennan hátt eins og hér kemur fram. Það var ástæða, herra forseti, fyrir því að ég gerði það — í andsvari sem hv. þm. Halldór Blöndal fór í við mig við 1. umr. lét hann þess einmitt getið að hann teldi að þetta vantaði í fjáraukalagafrv. Hv. þm. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég vissi ekki betur en að í þessu fjáraukalagfrv. yrði heimildargrein þar sem gert væri ráð fyrir því að andvirði Skólabrúar 2 mundi renna til framkvæmda á vegum Alþingis.“

Því er þannig ósvarað hvernig á því stendur að þessi leið er ekki farin, að það sé sett inn í heimildargrein. Og, herra forseti, hæstv. fjmrh. kom einnig að þessu máli í ræðu sinni og sagði svo, með leyfi forseta:

„Að því er varðar deilu manna hér fyrr á fundinum um Skólabrú 2, sem hæstv. forseti þingsins gat um á fimmtudag, þá skal ég taka á mig ábyrgðina á þeim mistökum að sú heimildargrein“ — herra forseti, að sú heimildargrein — „er ekki inni í þessu frv.“

Þannig að enn stendur eftir spurningin um það hvernig á því stendur að sú leið er valin sem farin er, að setja þetta inn beint án þess að gera breytingartillögur við heimildargreinina, að þetta söluandvirði Skólabrúar muni renna til framkvæmda við fasteignir Alþingis.

Enn vek ég athygli á því, eins og ég gerði í andsvari við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, að hér er engin skýring á því til hvaða framkvæmda þessir fjármunir eiga að fara. Það hlýtur þó að vera lágmarkskrafa að það liggi algjörlega ljóst fyrir hvaða framkvæmdir eiga hér í hlut.

Og þess vegna, herra forseti, þar sem það var ekki skýrt nánar í svörum hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, leyfi ég mér að fara yfir nokkra pappíra sem tengjast málinu.

Í fyrsta lagi er það alveg augljóst mál að Alþingi hefur gert tillögu um að hærri fjárhæð renni til framkvæmda en hér kemur fram í bréfi sem sent var til fjárln. þann 8. nóvember sl. Ég vek athygli á því að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln., sagði að þessi tillaga sem hér er inni væri tillaga ríkisstjórnar sem meiri hluti fjárln. hefði síðan gengist við.

Þess vegna spurði ég einmitt hv. þm. að því hvort þessi tala ætti að duga til að ljúka þeim framkvæmdum sem þarna ættu í hlut vegna þess að í því bréfi sem ég nefndi áðan kemur fram að fjárvöntunin er meiri. Ég verð að segja, herra forseti, að það hlýtur að vera kominn tími til að við ljúkum þessu máli með heiðri og sann, hættum feluleiknum og reynum að viðurkenna staðreyndir málsins þannig að það verði nákvæmlega klárt við hvað er átt og hvað það kostar þannig að þessu máli megi koma út úr heiminum í eitt skipti fyrir öll.

En, herra forseti, af þessu gefna tilefni tel ég nauðsynlegt að rifja ýmislegt upp. Það segir nefnilega í í 7. gr. fjárlaga þessa árs, nánar tiltekið 2.31 þar sem heimiluð er sala m.a. fasteigna, að selja fasteignina Skólabrú 2, Reykjavík. Hér er ekkert um það fjallað hvernig fara eigi með söluandvirði eignarinnar, hvergi á það minnst. Hins vegar kemur fram í skýringum, þ.e. við það sem gerðist í 3. umr. — við liðinn 6.21, lið sem heyrir undir Alþingi og er stofnkostnaður og heitir Fasteignir komu inn 25 millj. kr. við 3. umr. Í skýringu við þennan lið segir, með leyfi forseta:

„Veitt er 25 millj. kr. tímabundin hækkun fjárveitinga til að ljúka endurskipulagningu á húsnæði Alþingis sem hafin var með leigutöku Austurstrætis 8–10 og 10A. Breyting verður á notkun Austurstrætis 12–14, Þórshamars, Vonarstrætis 8 og Blöndahlshúss. Kirkjuhvoll verður tekinn úr leigu og hluti Austurstrætis 12, en 3. hæð Austurstrætis 10A verður tekin á leigu.“ — Síðan segir, með leyfi forseta: „Í tengslum við þessar breytingar er heimild í 7. gr. til að selja Skólabrú 2 en söluandvirðið rennur í ríkissjóð.“

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Ólafs Arnar hér áðan að sú upphæð sem væri nú lögð til vegna söluandvirðis Skólabrúar ...

(**Forseti** (ÍGP): Má ég minna hv. þm. á að þegar þingmenn eru ávarpaðir hér tíðkast að nefna föðurnafn líka.)

Herra forseti. Það er sjálfsagt. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lét þess getið að það væru engin tengsl á milli þessara upphæða sem annars vegar voru í fjárlögum fyrir árið 2001 og hins vegar í tillögum meiri hluta nefndarinnar til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Þess vegna, herra forseti, hlýt ég að vekja athygli á þessu orðalagi: „Í tengslum við þessar breytingar er heimild“ o.s.frv. Það hlýtur þess vegna að vekja þær hugrenningar hvort ekki hafi einmitt verið hugsað í þessu samhengi að þarna væri einmitt verið að útvega fjármuni til að standa undir a.m.k. hluta þess kostnaðar sem til hafði fallið.

Ég ætla ekkert um það að fullyrða en ég tel algjörlega nauðsynlegt að þetta komi skýrt fram þannig að það sé enginn að velkjast í vafa um hvað hér er á ferðinni.

Það er nefnilega svo, eins og kom fram hjá mér áðan, að í þessu bréfi frá 8. nóvember er einmitt verið að fjalla um þessar tölur fram og til baka og þar kemur fram að fjárvöntunin vegna framkvæmda við Austurstræti 8–10 sem fóru fram úr fjárveitingum ársins 2000 er nú 48 millj. kr. Hér er eingöngu gerð tillaga um að henni sé mætt með 38 millj. kr. Það virðist því vera að enn einu sinni eigi að skilja eitthvað eftir nema það sé einhver önnur leið til að útvega þessa fjármuni.

Það er hins vegar athyglisvert þegar fleiri bréf eru skoðuð sem tengjast þessu máli að þessi upphæð, sem 8. nóvember var augljóslega komin upp í 38 millj. kr., virðist hafa verið 40 millj. kr. þann 21. mars sl. Það er því eðlilegt að spyrja hvað gerst hafi í millitíðinni, frá 21. mars til 8. nóvember.

Einnig er auðvitað óhjákvæmilegt að spyrja hvað gerst hafi í millitíðinni frá því að fjárlög fyrir árið 2001 voru samþykkt í desember árið 2000 og fram að 21. mars árið 2001, vegna þess að í desember eru samþykktar þessar 25 millj. kr. til að ljúka verkinu. Það er óhjákvæmilegt að rifja það upp í tengslum við þessa umræðu að enn liggur hjá fjárln. álit frá Ríkisendurskoðun þar sem ákveðnar upplýsingar komu fram sem stönguðust að vísu á við ýmsar aðrar upplýsingar sem fjárln. fékk. En þessi skýrsla liggur enn hjá nefndinni og það er óhjákvæmilegt að nefndin fari að ljúka þeim störfum sem tengjast þessari skýrslu þannig að þessu máli verði hægt að ljúka í eitt skipti fyrir öll, því það er óþolandi að málið hangi hér yfir öllum aðilum öllu lengur en orðið er.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni a.m.k.

Fleiri atriði í þessu frv. og í tillögu meiri hluta fjárln. tengjast því sem við segjum í áliti okkar í 1. minni hluta, t.d. um það hvernig umgangurinn er um fjáraukalögin, þ.e. hvað menn eru að setja inn í fjáraukalögin sem við höfum margoft bent á að eigi frekar heima í fjárlögum næsta árs.

Ég ætla eingöngu að halda mig við æðstu stjórn og forsrn. Ég tel mig vera búinn að fjalla nægjanlega um æðstu stjórnina, þ.e. þingið, að sinni og mun því einbeita mér að því að horfa örlítið til forsrn. vegna þess að þessir aðilar hljóta að eiga að vera til fyrirmyndar varðandi alla aðra í kerfinu. En því miður virðist ekki vera hægt að segja að svo sé.

Við 1. umr. ræddi ég m.a. um aðalskrifstofu forsrn. og gat þess að þar væri verið á gráu svæði varðandi það sem sett væri þar inn vegna aukningar frá fyrri árum. Samt sem

áður er enn haldið áfram sömu för vegna þess að frekar er bætt í heldur en hitt.

Í tillögum meiri hluta fjárln. kemur m.a. fram við liðinn 190 Ýmis verkefni, að lögð er til 10 millj. kr. aukafjárveiting *til að standa straum af kostnaði við rannsóknir á afmörkuðum* þáttum efnahagsmála sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið fyrir forsrn. „Hefur unnið fyrir forsrn." Því er sem sagt lokið miðað við þetta orðalag. Hæst ber þar verkefni sem snýr að tekjuskiptingu á Íslandi og rannsókn á ýmsum þáttum gjaldeyrismála. Hér er að sjálfsögðu greinilega um mjög þarft verkefni að ræða og ekkert við því að segja. Hins vegar er ekki boðlegt að forsrn. sjálft skuli sækja eftir því í fjáraukalögum að fá sérstakar 10 millj. vegna verkefnis sem ráðuneytið er greinilega búið að láta framkvæma.

Hér er ekki farið um ríkisfjármál eins og menn vilja að gert sé. Fjárreiðulögin segja að svona eigi ekki að haga sér.

Herra forseti. Fleira er nauðsynlegt að tengja þessari umræðu vegna þess að um ýmislegt var spurt, bæði í fjárln. og eins hér í 1. umr., varðandi það sem tengist forsrn. Að vísu er um að ræða litla upphæð, en hún sýnir okkur samt sem áður hvernig menn umgangast þessi lög.

Eitt í frv. til fjáraukalaga sem tengist forsrn. er liðurinn Fasteignir forsætisráðuneytisins. Farið er fram á 10 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til endurbóta og viðhalds á Þingvallabænum í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 13. febrúar sl. Um þetta var spurt og spurt var hvernig á því stæði að rétt í byrjun febrúar þyrfti að fara fram á viðbótarfjárveitingu vegna verks sem að sjálfsögðu var búið að ákveða og trúlega hafið á árinu 2000, að áætlanir hafi ekki verið betri en svo að *sækja þyrfti um viðbótarfjárveitingu strax í byrjun febrúar.*

Skrifleg svör bárust frá forsrn. og ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að gera athugasemdir við það svar sem barst vegna þess að svarið nálgast það a.m.k. að vera örlítill dónaskapur við hv. fjárln. Það segi ég vegna þess að fyrri hluti svarsins er nákvæmlega það sama og ég las upp hér áðan úr frv. til fjáraukalaga. Síðan er að vísu bætt við einni setningu og hún er býsna athyglisverð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdasýsla ríkisins sá að mestu um framkvæmdir og eftirlit."

Herra forseti. (Gripið fram í.) Ég hlýt að spyrja, herra forseti: Er það sem sagt orðin venjan þegar eitthvað stenst ekki áætlanir að þá sé bara nægjanleg skýring sú að Framkvæmdasýsla ríkisins hafi komið nálægt verkinu? (Gripið fram í.) Og er það boðleg skýring?

Herra forseti. Er hæstv. fjmrh. hvergi í húsinu? Þessi merka stofnun heyrir undir ráðuneyti hæstv. fjmrh. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. fjmrh. ætli að láta bjóða sér það öllu lengur að stofnun sem er á ábyrgð hans skuli ítrekað fá trakteringar sem þessar. Það hlýtur að koma að því að svara verður fyrir þessa stofnun. Það er út af fyrir sig ágætt fyrir okkur stjórnarandstæðinga að vita að ef eitthvað gengur ekki þá hefur Framkvæmdasýsla ríkisins ekki staðið sig. Ég segi, herra forseti: Það er kominn tími til að hæstv. fjmrh. taki til í þessari stofnun. Ef þessi stofnun leiðir ítrekað til þess að *ekkert stenst sem stefnt er að þá hlýtur að vera kominn tími* til að eitthvað verði gert í málinu.

Herra forseti. Eitt atriði var það enn sem spurt var um og tengist forsrn. Í frv. til fjáraukalaga segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að veitt verði 300 millj. kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar við sölu á hlutabréfum ríkisins. Um er að ræða kostnað vegna ráðgjafar, umsjónar með sölu og frágangi skjala."

Hér hafði orðið gífurleg hækkun vegna þess að í fjárlögum var gert ráð fyrir að þetta yrðu 15 millj. kr., en þarna var farið fram á 300 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði. Þess vegna var eðlilegt að um væri spurt hvað þarna væri á ferðinni. Vissulega fékk fjárln. ítarlegra svar við þessari spurningu en spurningunni sem ég fjallaði um áðan vegna þess að hér er tíundað að nokkru leyti hvað þarna er á ferðinni.

Hins vegar skortir algjörlega allar skýringar á því hvernig þessi upphæð kemur til með að skiptast á milli aðila. Það er nefnilega ljóst að við undirbúning á sölu þeirra fyrirtækja sem þarna á sér stað hefur þurft að kalla til erlenda aðila og geri ég ráð fyrir því að ekki hafi verið gert ráð fyrir því þegar menn samþykktu fjárlög í fyrra og það sé skýringin á þessu.

Herra forseti. Þess vegna er óhjákvæmilegt að biðja um að við fáum nákvæma sundurliðun á því hvernig þessi upphæð kemur til með að skiptast. Það er nefnilega athyglisvert að fram kemur að það hafi ætíð verið að undangengnu útboði sem gengið var frá samningum um hvað greitt yrði og hvað ætti að gera, nema í tveimur tilfellum. Annars vegar það sem snýr að ákveðinni lögfræðistofu í Lundúnaborg og hins vegar gagnvart Ríkiskaupum. Skiljum við það nú vel að ekki hafi verið gert útboð gagnvart verki sem Ríkiskaup gæti gert. En það skortir alla skýringu á því í fyrsta lagi hvaða þóknun þessi lögfræðistofa í London er að fá fyrir óskilgreint verk, einnig í skýringum — það er engin skýring á því hvað þessi lögfræðistofa gerði — og hvernig á því stóð að þessi eina lögfræðistofa var ráðin til verks án undangengins útboðs.

Herra forseti. Þess vegna er leitað skýringa og eðlilegt *er að í fyrstu atrennu sé spurningum beint til* hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns fjárln. Einnig er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort einhverjir hæstv. ráðherrar hafi skýringar á þessum lið, því komi ekki skýringar á hinum hér í umræðunum verður að sjálfsögðu leitað eftir þeim í fjárln. og óskað eftir heimsókn þeirra sem skýrt geta málið.

Herra forseti. Ég sagði að ég ætlaði hér að halda mig við æðstu stjórn og forsrn. varðandi það að skýra frekar ýmislegt sem segir í áliti 1. minni hluta fjárln. um að menn séu enn að umgangast fjáraukalögin ógætilega.

Kem ég þá að lokum að því sem segir í svari forsrn. um þá aukningu sem óskað er eftir fyrir aðalskrifstofu forsrn.

Með leyfi herra forseta, segir í svari ráðuneytisins:

„Hallann á árinu 2000 má rekja til aukinna umsvifa í tengslum við fjölbreytt verkefni, m.a. vegna þúsund ára afmælis kristnitöku á Íslandi, landafundanna í Vesturheimi og vegna ráðstefnuhalda hér á landi."

Herra forseti. Hér segir: „Hallann á árinu 2000 ..." Við erum hér að fjalla um fjáraukalög fyrir árið 2001 og samkvæmt fjárreiðulögum á þetta alls ekki heima þar. Og þetta er aðalskrifstofa forsrn.

Síðan kemur viðbót frá þessari ágætu skrifstofa í skýringu sem við óskuðum eftir til ráðuneyta, þar sem þau áttu að geta þess hvort greiðsla hefði farið fram vegna viðkomandi liðar og hvort þetta félli undir ófyrirséð eða ekki. Skrifstofa *forsrn. metur það svo að þegar fjárlög fyrir árið 2001 voru* samþykkt þá væri þetta sem tengist árinu 2000 — og ég veit ekki betur en allt hafi verið liðið þegar við gengum frá fjárlögum fyrir árið 2001 — samt sem áður segir forsrn. að þetta hafi allt verið ófyrirséð útgjöld. Enn, herra forseti, skortir því útskýringu á því hvernig það getur gerst að hlutir sem löngu voru liðnir flokkist undir ófyrirséð og eigi þar af leiðandi heima í fjáraukalögum fyrir árið 2001.

Herra forseti. Því er nú verr og miður að hægt væri að halda nokkuð lengur áfram að tína til dæmi úr því frv. sem hér liggur fyrir um að menn eru að ganga heldur óvarlega um. Ég ætla þó að láta þetta duga að sinni. Ég á þó fleiri dæmi í handraðanum ef ástæða þykir til að nefna þau seinna í umræðunni.

[18:57]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Það er greinilegt að hv. þm. meiri hlutans sem sæti eiga í fjárln., aðrir en formaður fjárln., hafa ekki áhuga á að ræða þau mál sem við í minni hluta fjárln. höfum verið að gera að umtalsefni hér.

Við skulum láta þar við sitja, virðulegur forseti. En þetta mál er ekki búið. Væntanlega fer fram 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2001 þar sem menn ræða þau málefni sem við höfum verið að drepa hér á í dag.

Ég hafði boðað að ég mundi spyrja hér um samgöngumál eða um lið 211, þ.e. Vegagerðina, en þannig hittist á að ég hitti hæstv. samgrh. og spurði lítillega um þetta. Ég fékk þau svör að um væri að ræða tímabundna aðgerð meðan væri verið að skoða ákveðin mál varðandi flug. Um er að ræða styrk til innanlandsflugs sem getið var um í þessum lið. Það verður e.t.v. ástæða til að inna frekar eftir þessu atriði. Mér finnst ég þurfa að skoða betur hvaða áhrif þessi styrkur getur haft á hugsanlega samkeppnisaðila. Þannig er málið vaxið, virðulegur forseti.

Kannski er ekki ástæða til að ræða frekar að sinni frv. til fjáraukalaga. En ég má til með að láta þessari stuttu ræðu lokið með því að segja eftirfarandi:

Mér sýnist ástandið verulega ískyggilegt. Í áliti 1. minni hluta gagnrýnum við agaleysi og fálæti ríkisstjórnar gagnvart aðsteðjandi efnahagsvanda. Fálætið felst í því að fara ekki eftir grundvallaratriðum hagfræðinnar. Grundvallaratriði hagfræðinnar ættu menn almennt að tileinka sér í hugsunarhætti. Grundvallaratriðin eru að hagfræðin felst í því að líta ekki aðeins á skammtímaáhrif stefnu eða ákvarðana heldur einnig á langtímaáhrif og skoða afleiðingarnar, ekki aðeins fyrir einn hóp, heldur fyrir alla hópa.

Virðulegur forseti. Mönnum væri hollt að hafa í huga þau grundvallaratriði sem ég endaði hér á. Við erum að margra mati að sigla inn í válega tíma. Til stendur að ræða um fjárlög fyrir árið 2002. Það eru þungar spár og þungar horfur vegna þess efnahagsástands sem er og virðist blasa við núna upp úr áramótum. Og það eru vissulega ekki skemmtilegir boðberar sem boða slík tíðindi. En ég vona að meiri hluti fjárln. og hæstv. ríkisstjórn sýni það í verki að þeir aðilar séu tilbúnir til að takast á við þann vanda sem við blasir.

Ég læt, virðulegur forseti, lokið ræðu minni að sinni um fjáraukalög fyrir árið 2001, en ég vona að þau orð og þær ábendingar sem ég kom hér með verði til þess að menn velti þeim hlutum fyrir sér í hvaða stöðu við erum komin þegar það blasir við sem ég ræddi um í dag, að verðbólgan er yfir 8% og verðbólgumarkmið gagnvart kjarasamningum voru þau að verðbólga væri undir 5,6%. Og það þekkjast engin ráð, virðulegur forseti, til að ná verðbólgu niður á svo skömmum tíma sem er nú fram í febrúar, þannig að ég er að boða alvarleg tíðindi. Og þess vegna þarf að taka á og ég vona að þeir aðilar sem ég nefndi áðan verði menn til þess.

[19:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl. boðar hér mjög váleg tíðindi og að aðsteðjandi vandi sé í efnahagsmálum, þungar spár og þungar horfur fram undan.

Ég velti því fyrir mér hvernig hv. þm. getur fundið út að ástandið sé virkilega svona. Það er náttúrlega hægt að tala sig upp í það að hér sé allt að fara fjandans til. En ef maður lítur nú á staðreyndir málsins þá er t.d. ekki neitt atvinnuleysi á Íslandi. Helstu atvinnuvegir þjóðarinnar eru mjög sterkir eins og sjávarútvegurinn. Sjávarútvegurinn er í rauninni í blóma í dag. Og útflutningsgreinarnar eru að gera góða hluti. Það er engin heimsendaspá yfir þeim atvinnuvegi sem heldur nú uppi gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Lán sem eru í bönkum og opinberum stofnunum eru almennt í skilum. Fólk stendur sig vel í að borga af lánum sínum. Ég velti því fyrir mér hvað hv. þm. er eiginlega að tala um. Það er hægt að finna það út og getur vel verið að menn langi til að tala sig upp í það að hér sé allt að fara fjandans til. En staðreyndin er náttúrlega sú að svo er alls ekki.

Reyndar er til eitthvað sem heitir verðbólgumarkmið eða viðmið fyrir verkalýðsfélögin. Ég hef ekki heyrt að þau viðmið séu einhver ákveðin tala, heldur einhver tilfinning. Og menn geta haft það á tilfinningunni að þeir ættu að gera eitthvað. En spurningin er sú hvort raunhæft sé að mála ástandið með þessum hætti.

[19:05]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eins og hv. þm. Kristján Pálsson sé veruleikafirrtur og fylgist ekki með því sem er að gerast í landinu. Hann sagði áðan að fólk væri almennt með lán í skilum. Ég minni á, virðulegur forseti, að 8., 9. og 10. nóvember sl. voru heilsíðuauglýsingar á hverjum degi og rúmlega það, um nauðungaruppboð og þar af var u.þ.b. helmingur af þeim síðum með framhaldsuppboð, nauðungaruppboð. Hvað segir þetta okkur? Segir þetta okkur að ástand sé gott og almennt séu menn með hlutina í skilum? Nei, það gerir það ekki.

Og fyrir þá þingmenn sem ekki vita að þegar gerðir voru samningar í febrúar árið 2000 var miðað við 5,6% verðbólgumarkmið, að verðbólgan mætti ekki fara upp fyrir það sem hún þá var, þá væru kjarasamningar í uppnámi eða lausir, þeir þingmenn þyrftu nú hreinlega að kynna sér um hvað kjarasamningar snúast. Þetta er nákvæmlega það mál sem um er að ræða. Það er býsna alvarlegt ef menn sem eru að vasast með fjármál þjóðarinnar og útgjöld ríkissjóðs vita ekki einu sinni hvaða verðbólgumarkmiðum er gengið út frá.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að þvarga um þessi mál hér. Ég mun fara yfir málin nákvæmlega í umræðum um fjárlög nk. þriðjudag og þá fá menn að heyra alveg svart á hvítu hvað eru verðbólgumarkmið og að hverju er stefnt og hvernig menn hafa stjórnað.

[19:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var alveg furðuleg ræða. Hv. þm. segist ekki sjá ástæðu til að þvarga um þessa hluti. Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi hafið þessa umræðu, það var hann sem bað um það. Og svo allt í einu sér hann ekki ástæðu til að þvarga um þetta. Ég hélt að þetta væri alvörumál. Mér heyrðist þingmaðurinn tala þannig að þetta væri alvörumál.

Hvað segir það okkur þó 8., 9. og 10. síða í Lögbirtingablaðinu sé uppfull af uppboðsauglýsingum? Ég bara spyr: Hvenær hefur ekki verið eitthvað af auglýsingum í Lögbirtingablaðinu um uppboð? Þetta er blað til þess að auglýsa uppboð. Auðvitað er misjafnlega mikið, fólk hefur verið að fjárfesta yfir hausinn á sér. Og það er ekkert efnahagskerfi sem getur komið í veg fyrir það. Það er frjálsræði í landinu og menn hafa gengið of langt og þá kemur að skuldadögunum.

Það er ekki vegna atvinnuleysis í landinu að þetta fólk lendir á síðum Lögbirtingablaðsins. Hv. þm. gat ekki bent á það. Mér þætti líka fróðlegt, herra forseti, að fá að sjá þessi 5,6% hjá hv. þm., að það séu einhver sérstök markmið að alls ekki megi fara upp fyrir 5,6%, þá sé allt komið í voða. Þetta er eitthvert markmið sem hv. þm. hlýtur þá að upplýsa hér. Eftir því sem mér er sagt hefur ekki verið samið um nein ákveðin markmið þar sem eru strik, rauð eða gul strik eða hvað þau heita. Auðvitað setja menn sér þau markmið að reyna að halda niðri verðbólgunni þannig að laun og kaupmáttur haldist eins og hann hefur verið eða samið hefur verið um.

En við sjáum það og höfum séð að laun á ýmsum sviðum eins og í opinbera geiranum hafa hækkað allt of mikið. Það gerir það að verkum að við erum í vandræðum með gengið þessa stundina. En það er alls engin hætta á ferðum, síður en svo. Við búum við sterkt efnahagslíf og við þurfum engu að kvíða.

[19:09]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég talaði um að þvarga, ég kalla það að þvarga þegar menn ræða um mál eins og þeir viti um þau án þess að gera það.

Málið stendur nákvæmlega þannig eins og ég lýsti áðan, að samningar eru miðaðir við 5,6% verðbólgu eins og hún var þegar samningar voru gerðir í febrúar árið 2000. Það er í höndum einstakra verkalýðsfélaga á hvern hátt þeir bregðast við. Bregðast verður við yfir 8% verðbólgu eins og ég sagði áðan. Það eru engir sérfræðingar sem geta gefið ráð um það *hvernig hægt er að kýla niður verðbólgu á svo skömmum* tíma sem er fram í febrúar. Og það er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu. Ég hef það.

Ég endurtek að 8., 9. og 10. nóvember voru heilsíðuauglýsingar í dagblöðum um nauðungaruppboð hjá einstaklingum. Svo það fari ekki á milli mála.

Það er mikið áhyggjuefni og ótrúlegt að þingmaður fyrir kjördæmi þar sem birtast auglýsingar varðandi nauðungaruppboð skuli ekki hafa meiri áhyggjur af þeim málum en hann virðist gera.

Ég segi það enn og aftur að ég hef miklar áhyggjur af því hvert ástandið verður þegar kemur fram í febrúar á næsta ári. Og ég bið þá menn að muna það sem ég hef sagt hér.

[19:11]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Athygli vekur við 2. umr. fjáraukalaga að enn hefur fulltrúi annars stjórnarflokksins ekki talað eða tjáð sig um efnið sem er á dagskrá. Það má kannski túlka það svo að í rauninni sé vandi að ræða efnahagsmálin á þessum tímapunkti. En það gefst þá tækifæri til þess þegar fjárlögin koma til 2. umr.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að styrkja þarf stöðu þingsins hvað varðar vinnu og áhrif á fjárlögin, eins og reyndar aðra lagasetningu, en sérstaklega á fjárlagagerðina hér á Alþingi.

Það skiptir afar miklu máli að það sé þingið sem ráði ferð, en ekki framkvæmdarvaldið. Og að framkvæmdarvaldinu sé fyrst og fremst falið að vinna úr þeim ákvörðunum sem þingið tekur. Að sjálfsögðu verður þarna alltaf einhver togstreita á milli, en vald og möguleikar þingsins til að koma að þessu máli þurfa að vera afdráttarlausir.

Herra forseti. Ég vil í því sambandi minnast á að ég tel það mjög varasamt ef leggja á Þjóðhagsstofnun niður án þess einhver önnur hlutlaus stofnun komi eða stofnun á vegum þingsins sem getur unnið með þinginu við að meta efnahagshorfur og vinna óháð fjárlög og fjárlagatillögur. Eins og nú er háttað verður Alþingi í megindráttum að reiða sig á þá grunnvinnu og þá þekkingu sem ráðuneytin hafa, en það er fyllilega ástæða til að þarna verði breyting á og þingið styrkist í vinnu við fjárlagagerðina.

Einn liður í þeirri styrkingu, herra forseti, er að þingið samþykki fjáraukalög oftar á ári, það sé síðasta verk þingsins áður en það fer í leyfi að vorinu að endurskoða fjárlögin í ljósi nýrrar stöðu eða tillagna sem hafa komið fram, taka afstöðu til þeirra og leggja fram og afgreiða á þinginu þannig að hægt sé að vinna samkvæmt þeim ákvörðunum sem teknar eru fyrir fram og síðan aftur að haustinu að taka það sem nýtt hefur komið og afgreiða ný fjáraukalög.

Það er ekkert óeðlilegt að forsendur geti breyst á árinu og að taka þurfi til endurskoðunar einstök atriði án þess að taka upp öll fjárlögin og þá er alveg sjálfsagt að þingið hafi beina aðkomu að því að svo sé gert. Það er öllum fyrir bestu og styrkir stöðu þingsins og tryggir jafnframt eðlilega þinglega aðkomu að fjárlagagerðinni og að fjármálum ríkisins árið um kring.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:17.

---

35. FUNDUR

mánudaginn 26. nóv.,
kl. 5 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[17:01]

Útbýting þingskjala:
Aflamarksbátar, 209. mál, svar sjútvrh., þskj. 333.
Afskrifaðar skattskuldir, 122. mál, svar fjmrh., þskj. 371.
Barnaverndarlög, 318. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 403.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), 321. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 406.

Byggðakvóti, 218. mál, svar iðnrh., þskj. 370.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 146. mál, nál. allshn., þskj. 398.

Fjarskipti, 145. mál, nál. samgn., þskj. 396; brtt. samgn., þskj. 397.

Fjárlög 2002, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 399; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 400.

Gjald af áfengi, 320. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 405.

Staða banka og sparisjóða, 217. mál, svar viðskrh., þskj. 369.

Tollalög, 319. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 404.

Veiðieftirlitsgjald, 288. mál, nál. sjútvn., þskj. 407.

Þriggja fasa rafmagn, 237. mál, svar iðnrh., þskj. 394.

Fundi slitið kl. 17:03.

---

36. FUNDUR

þriðjudaginn 27. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2001, stjfrv., 128. mál, þskj. 128, nál. 378, 382 og 383, brtt. 379. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Fjárlög 2002, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 399, 401 og 402, brtt. 400. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá ríkissaksóknara.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2002, 1. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 401; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 402.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, 327. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 414.

Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, 326. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 413.

Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, 317. mál, þáltill. GÖ o.fl., þskj. 393.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill biðja hv. þingmenn að hafa það í huga að búast má við atkvæðagreiðslum um afbrigði fyrir þingskjölum milli kl. 5 og 7 í dag.

Athugasemdir um störf þingsins.

Verklag við afgreiðslu fjárlaga.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að vara við því verklagi sem hér á að fara að hafa við umræður og afgreiðslu fjárlagafrv. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja það til að 2. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 verði frestað um a.m.k. nokkra daga. Það er bersýnilega algerlega ótímabært að láta þessa umræðu fara núna fram. Það er óvandað, það er ófaglegt og það er í raun og veru óþinglegt að láta 2. umr. um frv. til fjárlaga fara fram í dag.

Meiri hlutinn í fjárln. afgreiddi málið þannig frá sér og frá nefndinni að enginn efnisþáttur frv. væri endanlega frágenginn, enginn meginmálaflokkur í frv. væri endanlega afgreiddur og unninn, hvorki á tekjuhlið né gjaldahlið. Það er því ljóst, herra forseti, að sú efnislega umræða og sú efnislega afgreiðsla á fjárlagafrv. sem á samkvæmt venjum og þingsköpum að fara fram í lok 2. umr., grein fyrir grein, getur ekki gert það á eðlilegum forsendum.

Þegar svo það bætist við að ráðherrar taka í fjölmiðlum um helgina að boða verulegan niðurskurð á fjárlagafrv., að formaður fjárln. og meiri hlutinn í fjárln. kemur af fjöllum, e.t.v. í bókstaflegri merkingu, og hefur ekki af þessum áformum heyrt, þá segir það, herra forseti, allt sem segja þarf um vinnubrögðin hér. Þau eru ótrúverðug, óvönduð og ekki til þess fallin að vekja mönnum traust hvað varðar endanlega afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Þetta eru handabakavinnubrögð, herra forseti. Eða hvernig er svipurinn á því í augum þjóðarinnar að hér við 2. umr. stendur til að hækka fjárlögin um 2,2 milljarða en við 3. umr. á að lækka þau aftur um 3 eða 4? Og hvað mundi gerast af það væri 4. umr.? Mundu þau þá hækka aftur, herra forseti?

Þetta verklag er algerlega ótækt, herra forseti, og ég hvet virðulegan forseta til að íhuga tillögu mína um að umræðunni verði frestað.

[13:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Engum dylst að það eru blikur á lofti í efnahagsmálum og við slíkar aðstæður þurfa menn að sýna yfirvegun og stillingu. Það hefur hæstv. ríkisstjórn ekki gert. Hún hefur ekki sent skilaboð yfirvegunar og stillingar út til landsmanna.

Það sem er að gerast hér er raunverulega fáheyrt, herra forseti. Fjárlagafrv. er allt í uppnámi. Segja má að allt sé undir og það rekur sig hvað á annars horn.

Hæstv. forsrh. kemur í fjölmiðla á sunnudag og lýsir því yfir að það eigi að skera niður um 3–4 milljarða. Nokkrum klukkustundum síðar afgreiðir meiri hluti fjárln. frá sér tillögur sem gera ráð fyrir hækkun upp á 2,2 milljarða og í gærkvöldi kemur síðan hæstv. utanrrh. í fjölmiðla og lýsir því yfir að engar tillögur liggi fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ekki sé ljóst hvaða málaflokkar verða skornir niður. Og ég rifja það upp, herra forseti, að hæstv. forsrh. sagði að á mánudaginn yrðu kynntar tillögur um niðurskurð. Það var ekki gert, herra forseti, þannig að það er alveg ljóst að uppi er ágreiningur innan stjórnarliðsins um það til hvaða ráða á að grípa. Óðagot, pat og flumbrugangur er það sem einkennir tök ríkisstjórnarinnar á þessu máli þegar þjóðin þarf að fá merki um stillingu.

Herra forseti. Ég tel að sú umræða sem á að fara fram í dag hljóti að verða marklaus. Hvers vegna? Vegna þess að fáar ef nokkrar af þeim tillögum sem settar eru fram af hálfu hv. þingmanna stjórnarliðsins eru líklegar til að lifa þannig að við erum komin hér saman til að hafa einhvers konar málæfingar um ríkisfjármál. Auðvitað getum við það, herra forseti, en því má ekki gleyma að þess var farið sérstaklega á leit við stjórnarandstöðuna að umræðunni yrði flýtt til að hægt yrði að hafa sæmileg vinnubrögð uppi. Við urðum við þeim óskum og við sjáum með hvaða hætti ríkisstjórnin svarar. Hún getur ekki einu sinni komið lagi á sitt eigið heimilishald.

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil færa hv. þingmönnum sem hér hafa talað, ekki síst þeim sem síðast töluðu, þakkir fyrir þeirra innlegg til að koma á stillingu og ró í kringum fjárlögin. Ég býst við að þessi uppákoma sé til þess fallin og til þess hugsuð. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti henni því hún er algerlega heföbundin. Við umræður um fjárlög á þessu stigi máls verða upphlaup og hafa alltaf orðið þannig að þetta er í afskaplega góðu samhengi við þau vinnubrögð sem við höfum búið við að undanförnu. Ég veit að þetta var gert í góðu skyni til að auka hér stillingu og ró um málið og þess vegna koma menn hlaupandi í pontuna.

Á öllum stigum fjárlagavinnunnar geta menn þurft að koma fram með tillögur til hækkunar eða lækkunar. Við vitum að í tengslum við 3. umr. um málið liggur fyrir endanlegur tekjugrundvöllur fjárlaganna og þá taka menn á þeim þáttum sem þá liggja fyrir. Það er ekkert að því nema síður væri að geta þess þegar um það er spurt að vinna stendur yfir af hálfu stjórnarflokkanna við að tryggja að fjárlögum verði þegar upp er staðið lokað með dágóðum afgangi. Þá er verið að tala um afgang sem er fyrir utan þær sölutölur sem menn vænta að verði inni í frv. að lokum, og verði reynslutölur þegar að því kemur þannig að menn eru ekki að tala um þær tölur heldur afgang á fjárlögunum. Það eru menn að undirbúa. Það er ekkert athugavert við það og það er gert í mjög góðu samkomulagi milli stjórnarflokkanna.

[13:38]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þeim málflutningi sem hér var hafður uppi af hálfu stjórnarandstöðunnar vil ég vísa á bug þeim efnisatriðum og enn fremur þeim stóryrðum sem sett voru fram. Í gær óskuðu fulltrúar Samfylkingarinnar eftir fundi í fjárln. þegar allt lá fyrir, bæði samþykkt fjárln. og enn fremur yfirlýsingar sem hér er vitnað til, og þá var þessum fulltrúum ásamt hv. fulltrúa Vinstri grænna í lófa lagið að óska eftir því að 2. umr. yrði frestað. Allar þær upplýsingar sem hér er vitnað til og hrópað út af lágu fyrir. Það komu hins vegar engar óskir frá þessum aðilum um að fresta umræðunni.

Dagskrá fjárln. hefur lengi legið fyrir. 27. nóvember sem nú er upp runninn hefur lengi verið ákveðinn sem dagur 2. umr., og 3. umr. fer fram 7. desember. Þess vegna er þetta ómálefnaleg framsetning.

Virðulegur forseti. Ég mæli með því að við hefjum störf og komum okkur til verka að því sem hér liggur fyrir í dag en drepum málum ekki á dreif með því upphlaupi sem stjórnarandstaðan hefur haft uppi.

[13:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að mótmæla óvönduðum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og tel með öllu fráleitt að ganga nú til 2. umr. um frv. til fjárlaga. Að mínu mati er Alþingi ekki boðlegt að hefja umræðuna án þess að tillögur sem boðaðar eru í fjölmiðlum í véfréttastíl séu kynntar fjárln. og Alþingi og án þess að endurskoðuð tekjuáætlun og lánsfjáráætlun liggi fyrir.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur útbúið brtt. við fjárlagafrv. en við munum ekki leggja þær fyrir að svo stöddu í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir enn um sjálfan grunn fjárlaganna.

Eitt virðist þó óumbreytanlegt og fastur punktur í tilveru þessarar ríkisstjórnar, þ.e. að hér skuli haldinn fundur á vegum Atlantshafsbandalagsins fyrir mörg hundruð millj. kr. á næsta ári, og annað sem fast er í tilveru hæstv. forsrh. og þessarar ríkisstjórnar hans er að fjáraustri verði haldið áfram í einkavæðinguna og alla ráðgjafana sem henni tengist. Við munum leggja fram við þessa umræðu ef af henni verður tillögur um að spara þjóðinni þessi óþarfaútgjöld.

Herra forseti. Ég leyfi mér að ítreka kröfu okkar um að þessari umræðu til fjárlaga, þessari platumræðu, verði skotið á frest þar til ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefur unnið heimavinnu sína og þar til ríkisstjórnin hefur gert upp við sig hvernig hún hyggst bregðast við fjárþörf stórra málaflokka sem nú eru í fullkomnu uppnámi.

[13:42]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það sem er að kristallast hér nú, og á liðnum sólarhringum, er að hæstv. ríkisstjórn er í rauninni með allt niður um sig. Lausatök, aðgerðar- og ráðaleysi einkenna allt verklagið. Hæstv. ráðherrar eru einhvers staðar annars hugar við einhverja allt aðra iðju en þeir ættu að vera við varðandi fjárlagagerðina.

Um umræðuna í dag er alveg ljóst í mínum huga að hún mun fara fram en sú umræða verður auðvitað bara almenn efnahagsumræða um lausatök og um vandann sem menn reyna ekki að ráðast á. Það getur vel verið að við munum birta hér tillögur. Ég veit ekkert um það því það fer alfarið eftir efnahagsumræðunni. Við höfum tillögur þó að hæstv. ríkisstjórn sé ekki búin að átta sig á því hvar þarf að grípa á, m.a. var nefndur þessi NATO-fundur sem er náttúrlega eitthvað sem menn hefðu átt að vera búnir að strika út af listanum fyrir löngu síðan.

[13:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Umræðan er í raun og veru þegar hafin. Það heyrum við á hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Þeir eru þegar farnir að vitna í fjárlögin til 2. umr. þannig að segja má að umræðan sé þegar hafin.

Faglega hefur verið að verki staðið, eins og venjulega, við gerð þessara fjárlaga, þ.e. 2. umr. getur mjög vel farið fram núna þó að hv. þm. hafi verið að benda á að á milli umræðna hækki fjárlögin um 2,2 milljarða. Við það er ekkert sérkennilegt vegna þess að þegar til 3. umr. kemur er farið yfir tekjuhlið málsins. Það er þannig alrangt sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. því að tekjuþáttur frv. er alltaf tekinn fyrir í 3. umr. (**Gripið fram í:** ... þessu eins og öðru.) Þessi umræða getur þegar farið fram og ég hvet menn til að sýna stillingu eins og hv. 7. þm. Reykv. reyndar sagði áðan, að menn ættu að sýna yfirvegun og stillingu, og við söknum

þess að sjálfsögðu að hafa ekki þann góða dreng með okkur í fjárlagagerðinni en ég veit að hann leggur sitt af mörkum í þessari umræðu.

[13:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að byrja á að mótmæla orðum hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar vegna þess að aldrei hefur verið orðað af hálfu fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárln., hvorki við þessa umræðu né í nefndinni, að við vildum fresta 2. umr. um fjárlög. Það hefur aldrei staðið á okkur að fara í þessa umræðu. Við höfum hins vegar bent á að meiri hluti fjárln. og ríkisstjórnin eru ekki reiðubúin í 2. umr. Við munum að sjálfsögðu taka þau mál upp sem við teljum henta við þá umræðu.

Við teljum það vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að 2. umr. fjárlaga fer fram við þær aðstæður sem nú eru, þ.e. að verið er að ræða úti í bæ um breytingar á fjárlögum, og að þeir pappírar sem við munum ræða hér í dag eru einskis virði, þ.e. búið er að segja okkur að þeim verði öllum breytt og þess vegna munum við ekki ræða þá pappíra efnislega. Það verður býsna fróðlegt að horfa og hlusta á formann fjárln., hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, fjalla af alvöru um þá pappíra sem hann veit og allur þingheimur að ekkert er að marka.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Taugaveiklun hæstv. ríkisstjórnar yfir ástandinu í efnahagsmálum blasir við og það að þessir hlutir skuli ekki fara rétta boðleið og vera unnir með eðlilegu móti, heldur bera að eins og raun ber vitni, segir mjög mikið um ástand mála á þessum bæ þrátt fyrir digurbarkaleg ummæli hæstv. forsrh. Eða hvar eru sparnaðartillögurnar sem hæstv. forsrh. boðaði þjóðinni á sunnudaginn um hádegisbilið að yrðu meðhöndlaðar í þingflokkum ríkisstjórnarinnar í gær? Hvar eru þær í dag? Það fréttist lítið af þeim.

Hæstv. utanrrh. kannaðist lítið við það í gærkvöldi í sjónvarpsþætti að samkomulag væri orðið eða niðurstaða fengin í eitt einasta atriði í þessum efnum og var allur hin vefréttarlegasti þegar talið barst að því hvar ætti að skera niður og hve mikið.

Því hefur ekki verið mótmælt hér, ekki af hæstv. forsrh., ekki af formanni fjárln. að enginn efnisþáttur frv. er frágenginn. Það er ekki eins og venjulega að útgjaldaflokkar fjárlaganna séu í öllum aðalatriðum afgreiddir við 2. umr. eins og vera ber. Þá fer hin efnislega afgreiðsla frumvarpa fram grein fyrir grein, lið fyrir lið. 3. umr. er til að ljúka afgreiðslunni.

Að vísu hefur oft hent að einstaka þáttum, eins og t.d. málefnum sjúkrahúsa, hefur verið frestað til 3. umr., stundum í samkomulagi. Afmarkaður þáttur málsins hefur verið eftir en frv. fullfrágengið á gjaldahlið að öðru leyti. Það er því mikil vankunnátta ef hæstv. forsrh. heldur að hann geti fullyrt það með réttu að þetta séu algjörlega eðlileg vinnubrögð. Þau eru það ekki.

Þetta þýðir að í reynd fer bara ein efnisumræða og ein efnisafgreiðsla fram, 3. umr. Þannig á það ekki að vera. Eða eru hv. stjórnarþingmenn svo vissir um óskeikulleik sinn að ekki gætu orðið þar mistök sem gott væri að eiga umræðu eftir til þess að leiðrétta? Annað eins hefur nú gerst.

Þessi vinnubrögð, herra forseti, afhjúpa sig algjörlega sjálf. Það er taugaveiklun og upplausn í stjórnarherbúðunum sem gerir það að verkum að í raun og veru er Alþingi niðurlægt með þeim hætti sem hér verður gert ef umræðan verður látin fara fram.

[13:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég átta mig ekki á hvort hringir inni í þingsalnum eða utan hans, en ég vil biðja þingmenn að fylgjast með því hvort hringlar eða hringir í vösum þeirra.

[13:49]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Það er bágt upp á að horfa að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli koma hér og lýsa slíku vantrausti á störf félaga síns, hv. þm. Jóns Bjarnasonar, í fjárln. Sá prúði maður sat orðalítill á fundi fjárln. í gær þegar allar staðreyndir málsins lágu fyrir. Ég veit ekki hvað hv. þingmenn hefur dreymt í nótt en hv. þm. Jón Bjarnason sat og gerði enga tilraun til þess að óska eftir því að 2. umr. færi fram á öðrum tíma en núna.

Ég vil því skjóta skildi fyrir hv. þm. Jón Bjarnason. Hann er nýtur maður og leggur margt til málanna í fjárln. og það er illt að hann skuli gerður hér að ómerkum fulltrúa Vinstri grænna. (**SJS:** Ætli þú hafir ekki meiri þörf fyrir skjöldinn sjálfur?)

[13:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég kann málflutningi hv. formanns fjárln. afar illa. Hv. formanni fjárln. var vel ljóst þegar málið var afgreitt úr fjárln. á sunnudaginn að þá var ítarlega spurt hvort nokkuð annað væri á ferðinni en að allt væri opið. Hann tilkynnti engar stórvægilegar breytingar á fjárlagafrv. í sjálfu sér. Síðan varð ljóst í fréttum bæði á sunnudag og mánudag að niðurskurðartillögur voru á ferðinni.

Á fundi sem var boðaður í gær að frumkvæði fulltrúa Samfylkingarinnar var þetta eitt á dagskrá. Málið var afgreitt út úr nefnd á sunnudagskvöld. Við vöktum athygli á því og ég vakti athygli á því að málið væri ekki að mínu viti þingtækt eins og það var en hægt væri að láta alls konar umræður fara fram.

Sömuleiðis var fundur í gær þar sem á dagskrá var einungis að ræða þennan fréttaflutning og það að fjárlögin og fjárlagaumræðan væru komin út í þjóðfélagið, í fjölmiðla, en væru ekki í fjárln. Þar gagnrýndi ég bæði formann og varaformann fyrir að þannig væri unnið og benti bæði hv. formanni og varaformanni á að frv. væri í höndum fjárln., og þar ætti að vinna það, en ekki í höndum ríkisstjórnarinnar. Og ég þykist vita að hv. formaður geti kannað það að ég lagði til að bókað yrði að ég taldi málið ekki þingtækt með eðlilegum hætti eins og það væri, miðað við þær aðstæður að kynnt var veruleg aukning gjalda utan þingsins eins og gert var.

Herra forseti. Mér þykir miður að þurfa að harma framkomu hv. formanns fjárln. Ég tel hana lítt sæmandi hér í þessari umræðu, þ.e. það sem hann hefur vikið að mér. Ég þakka samt fyrir það að hann gat þess að ég hefði unnið þarna heiðarlega og ég mun gera það áfram þrátt fyrir (Forseti hringir.) að ummæli sem mér finnst ekki passa séu látin falla hér.

Fjáraukalög 2001, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 128, nál. 378, 382 og 383, brtt. 379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:53]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér hef ég atkvæðaskýringu fram að færa. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu þessara fjáraukalaga vegna ársins 2001.

Um er að ræða 14 milljarða 346,8 millj. kr. hækkun frá samþykktum fjárlögum sem ber vott um skelfilegt aðhaldsleysi og óstjórn þar sem um er að ræða okurvexti með mikilli og aukinni verðbólgu. Hér er um að ræða tillögur ríkisstjórnar og meiri hluta fjárln. sem Samfylkingin hefur eingöngu átt aðgang að eftir að ákvarðanirnar voru teknar þannig að ábyrgðin er alfarið ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl.

Við minnum á að stofnanir á ábyrgð ríkisstjórnarinnar hafa árum saman komist upp með að virða ekki fjárheimildir. Það er Alþingis að ákvarða um meiri og dýrari þjónustu. Það er óeðlileg fjármálastjórn að samþykkja viðbótarfjárheimildir til stofnana löngu eftir að í raun er stofnað til heimildarlausra útgjalda.

Af þessari ástæðu munum við sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu, eins og ég gat um áðan.

[13:55]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 kemur nú til 2. umr. og atkvæðagreiðslu. Eins og ég gat um í nál. og í umræðum um fjáraukalagafrv. fyrr í haust hefur framkvæmdarvaldið þegar tekið skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þeirra tillagna sem hér er verið að greiða atkvæði um. Að meginhluta til stendur því Alþingi frammi fyrir gerðum hlut.

Herra forseti. Þó eiga margar tillögur í frv. ásamt þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur til sér eðlilegar skýringar og margar þeirra geta þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svo sem stutt. En hér eru gagnrýnd vinnubrögðin við fjárlagavinnuna m.a. og umsýslu fjármála ríkisins.

Undirritaður hefur lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem miða að því að fjáraukalög verði lögð fyrir Alþingi oftar á ári, þau verði lögð fyrir Alþingi að vori, samþykkt af hálfu Alþingis að vori, og þá sé farið yfir útgjaldatilefni og breytingar á tekjuforsendum sem gætu legið þá fyrir þannig að Alþingi ákveði fyrir fram, komi að málum fyrir fram og ákveði og samþykki einstök útgjaldatilefni eins og það metur þurfa, en standi ekki frammi fyrir þessum nánast gjörða hlut.

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar og meiri hlutanum sem að henni stendur gagnvart afgreiðslu þeirra tillagna sem hér liggja fyrir og mun því í megindráttum sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Þó eru þar ákveðin atriði, örfá, sem þingflokkurinn getur alls ekki stutt og getur ekki látið fara svo í gegnum Alþingi að ekki verði gerð sérstök grein fyrir þeim. Það verður gert nánar hér við afgreiðsluna, en þetta lýtur annars vegar að fyrirhuguðum fundi NATO hér á næsta ári og sömuleiðis að fjármagni sem varið er til einkavæðingarframkvæmda.

Herra forseti. Að öðru leyti mun þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við þessa atkvæðagreiðslu um fjáraukalög þar sem fjárlög yfirstandandi árs eru hækkuð um rúma 14 milljarða munu þingmenn Frjálslynda flokksins sitja hjá við flestar atkvæðagreiðslur um tillögur ríkisstjórnar og meirihlutatillögur fjárln. Undantekning verður að við leggjumst gegn 300 millj. kr. í fjáraukalagafrv. til einkakvæðingarverkefna og munum styðja fjárveitingar meiri hlutans til málefna fatlaðra.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, SvH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 379,1–2 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, MF, ÓÖH, SvanJ, SvH, VE) fjarstaddir.

Liður 01-190 1.15 (útboðs- og einkavæðingarverkefni) samþ. með 33:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, MF, SvanJ, SvH, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við ræddum í upphafi þingfundar væntanlegar niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar sem eru brýnar. Hér á að fara að leggja til 300 millj. kr. aukafjárveitingu til tveggja viðfangsefna, þ.e. til einkavæðingarnefndar til þess að standa straum af einkavæðingu, ráðgjöf og umsjón með einkavæðingu á Landssíma Íslands, Landsbanka Íslands og fleiru sem verið er að bjóða til sölu. Auk þess eru á fjárlögum 15,4 millj. í þetta verkefni þannig að samtals er verið að ráðstafa 315,4 millj.

Herra forseti. Mér finnst þetta alveg ástæðulaust. Ég tel að ekki eigi að samþykkja þessa fjárveitingu, allra síst á

fjáraukalögum. Það er að ganga virkilega á snið og virkilega á svig við lög um fjárreiður ríkisins að taka svona inn með þessum hætti á fjáraukalögum, auk þess að leggja í verkefni sem er þjóðinni ekki þénugt.

Brtt. 379,3–7 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, JÁ, JB, MF, SvanJ, SvH, VE) fjarstaddir.

Liður 03-190 1.19 (ráðstefnur) samþ. með 33:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JÁ, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, KLM, LB, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, MF, SvanJ, SvH, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Samkvæmt þessum lið fjáraukalagafrv. á að verja 32 millj. kr. til viðbótar því sem fjárlög heimila til ráðstefnuhalds eða undirbúnings undir ráðstefnuhald á vegum utanrrn. á þessu ári. Af þessum 32 eiga 30 samkvæmt greinargerð frv. að fara til að undirbúa fyrirhugaðan ráðherrafund NATO á Íslandi næsta vor. En, herra forseti, það er ekki eins og það eigi að duga því að í fjárlögum fyrir næsta ár er rúm 181 millj. kr. sett á utanrrn. til ráðstefnuhalds og í brtt. við fjárlögin sem nú þegar hefur verið dreift er þar bætt 60 millj. við. Þá er ótalinn kostnaður dómsmrn. og fleiri aðila.

Samtals er nú áætlað í augnablikinu, en það breytist um tugi millj. í hverri viku upp á við, að kostnaðurinn verði a.m.k. 350 millj. kr. í þetta einstaka gæluverkefni hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnar. Þetta er óþarft gæluverkefni sem á að kosta þjóðina mörg hundruð millj. kr. á næsta ári. Ég segi nei.

Brtt. 379,8–17 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, MF, SvanJ, SvH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 379,18 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

14 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JB, KVM, KLM, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, EOK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, JóhS, KolH, LB, MF, PHB, SJS, SvanJ, SvH, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um framlag til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, fjársveltrar stofnunar sem veitir fötluðum og aðstandendum fatlaðra barna þjónustu. Það sem ég vil vekja athygli þingheims á er það sem segir í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um þennan lið í brtt. við fjáraukalagafrv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Framlagið er háð því skilyrði að ekki komi til nýrra fjárveitinga til stofnunarinnar frá því sem lagt er til í frumvarpi þessu og fjárlagafrumvarpi ársins 2002. Enn fremur er það skilyrði sett að stjórnendur stofnunarinnar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að halda rekstri stofnunarinnar innan fjárheimilda."

Nú er ljóst að þrátt fyrir þetta framlag og þrátt fyrir það framlag sem kveðið er á um í fjárlögum upp á 9,5 millj. kr. mun þessi stofnun búa við fjársvelti. Það verður að sjálfsögðu til umfjöllunar í umræðu um fjárlögin þegar þar að kemur, en það er mjög óeðlilegt að setja inn skilyrðandi ákvæði með þessum hætti.

Brtt. 379,19–44 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, MF, PHB, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, EOK, GHall, GÁ, HjÁ, JÁ, MF, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

1.–3. gr., svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EOK, GHall, GÁ, HjÁ, LB, MF, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (heimildir) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, JÁ, MF, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Séryfirlit 1–5 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GÁ, HjÁ, MF, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

12 þm. (ÁSJ, ÁRJ, GAK, JóhS, JB, KVM, KolH, RG, SJóh, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, MF, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Fjárlög 2002, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 399, 401 og 402, brtt. 400. [14:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég legg fram til 2. umr. fjárlagafrv. sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi á fyrstu þingdögum og er það gert eftir ítarlega umfjöllun í fjárln. og eftir afgreiðslu nefndarinnar.

Skemmst er frá því að segja að undanfarnir mánuðir hafa verið viðburðaríkir á sviði efnahagsmála. Hryðjuverkaárásin í Bandaríkjunum 11. september og eftirmálar hennar hafa þar auðvitað verið í aðalhlutverki. Þessir voveiflegu atburðir hafa leitt til þess að ástand og horfur í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi hafa versnað til muna. Fyrir 11. september var almennt búist við því að botni hagsveiflunnar í heiminum yrði náð á seinni hluta þessa árs en nú er því spáð að uppsveifla hefjist ekki fyrr en upp úr miðju næsta ári. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa hér heima, m.a. í ferðaþjónustu. Við þetta bætist óhagfelld þróun efnahagsmála innan lands. Þannig hefur verðbólga reynst meiri en áætlað var og gengi krónunnar hefur haldið áfram að síga. Þetta stefnir kjarasamningum í tvísýnu þegar launaliðir þeirra kemur til endurskoðunar í byrjun næsta árs. Þá er ótalinn uppsafnaður vandi vegna mikils viðskiptahalla undanfarin ár. Hér leggst því allt á eitt og fyrir vikið stefnir í meira mótlæti í efnahagsmálum á næsta ári en séð var fyrir þegar gengið var frá fjárlagafrumvarpi og þjóðhagsáætlun undir lok september.

Umskiptin í alþjóðamálum birtast skýrt í muninum á hagvaxtarspá OECD í maí síðastliðnum og endurskoðaðri spá Þjóðhagsstofnunar fyrir skömmu. Í maí var spáð 1,9% hagvexti í aðildarríkjunum á seinni hluta þessa árs og 3,0% hagvexti á fyrri hluta næsta árs. Til samanburðar gerir stofnunin nú ráð fyrir 0,4% samdrætti á seinni hluta þessa árs og einungis 0,7% vexti á fyrri hluta næsta árs. Í framhaldi er hins vegar reiknað með því að hagvöxtur nái sér á strik og verði um 3% á ári frá og með seinni hluta ársins 2002. Þetta er sá jafnaðarvöxtur sem gert er ráð fyrir í aðildarríkjum OECD til lengri tíma. Til marks um dýpt efnahagslægðarinnar má geta þess að núlíðandi árshelmingur yrði fyrsti árshelmingur samdráttar í aðildarríkjum OECD frá árinu 1982, ef spáin gengur eftir.

Innlend efnahagsþróun hefur einnig verið óhagstæð. Gengi krónunnar hefur til að mynda veikst verulega frá því sem miðað var við í fjárlagafrumvarpi og þjóðhagsáætlun. Þannig byggðist þjóðhagsáætlun á gengisvísitölunni 140 stig, þ.e. genginu sem var þegar áætlunin var skrifuð, og fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir styrkingu krónunnar. Nú er gengisvísitalan hins vegar 150 stig sem felur í sér að gengi krónunnar hefur fallið sem næst 7% frá því í september. Þessi gengislækkun kann auðvitað að ganga til baka ef vel er á málum haldið, en engu að síður veldur hún þrýstingi á verðlag á næstu mánuðum og skapar því hættu á óróa á vinnumarkaði. Í forsendum fjárlagafrumvarps var gengið út frá að verðbólga yrði 5% milli áranna 2001 og 2002 og nálægt 3% innan ársins 2002. Þetta er um einu prósentustigi minni verðbólga en í nýlegri spá Seðlabankans og fjármálastofnanir virðast jafnvel reikna með enn meiri verðbólgu samanber nýlega spá Íslandsbanka. Því er ljóst að endurskoða þarf verðlags- og gengisforsendur fjárlagafrumvarpsins.

Einnig veikir grunn frumvarpsins að viðbúið er að umsvif og eftirspurn í hagkerfinu verði minni en reiknað var með í september. Í þjóðhagsáætlun er reiknað með að landsframleiðslan minnkaði um 0,3% milli áranna 2001 og 2002 en hins vegar byggði fjárlagafrumvarpið á 1% hagvexti. Framvindan að undanförnu bendir til að hugsanlega verði samdrátturinn meiri en Þjóðhagsstofnun áætlaði. Kemur þar hvort tveggja til óhagstæð þróun á alþjóðavettvangi og vísbendingar um að e.t.v. verði samdráttur einkaneyslu meiri en áður var talið. Þótt nýjar spár um þetta efni liggi ekki fyrir virðist skynsamlegt að búa sig undir að samdrátturinn í efnahagslífinu verði nokkru meiri en fyrri áætlanir byggðu á.

Við þetta bætist uppsafnaður vandi sem á rætur að rekja til þess að þjóðarútgjöld hafa aukist mun hraðar en þjóðartekjur á undanförnum árum. Þetta hefur leitt til mikils viðskiptahalla sem náði hámarki í fyrra en hallinn nam þá 67 milljörðum króna eða sem svarar til 10% af landsframleiðslu. Það liggur í hlutarins eðli að svo mikill halli gat ekki staðist til langframa. Gengislækkun krónunnar og samdráttur í útgjöldum einkaaðila veldur því að útlit er fyrir verulega minnkun hallans í ár. Þannig er spáð að hallinn verði 7,9% á þessu ári og fari áfram minnkandi á næsta ári, eða niður í 5,9% af landsframleiðslu. Að baki liggur minni einkaneysla og verulegur samdráttur í fjárfestingu atvinnulífsins. Þetta

er nauðsynleg og óhjákvæmileg aðlögun þjóðarútgjalda að þjóðartekjum. Með betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna, eða með öðrum orðum minni viðskiptahalla, er lagður traustur grunnur að nýju hagvaxtarskeiði í þjóðarbúskapnum.

Í þessu ljósi er brýnt að stjórnvöld leggist á sveif með öðrum aðilum í hagkerfinu og leggi sitt af mörkum til lækkunar þjóðarútgjalda. Fjárlaganefnd stefnir að því að ná þeim árangri sem að var stefnt þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram og að skila fjárlögum með nálægt 3,5 milljarða króna afgangi af rekstri, þ.e. þegar sala ríkiseigna hefur verið dregin frá. Fjárlaganefndin mun því vinna að endurskoðun útgjalda og tekna eins og reyndar er venja til milli 2. og 3. umr. og leggja fram tillögur við 3. umr. sem ná þeim markmiðum sem að var stefnt í fjárlagagerðinni.

Með þeim hætti er sýndur sá vilji Alþingis og ríkisvalds að bregðast við þeim breyttu forsendum sem nú eru í efnahagsmálum og leggja þannig sitt af mörkum til þess að efnahagsbatinn nái að skila sér sem fyrst.

Ég geri mér grein fyrir að þetta felur í sér erfiðar og umdeildar ákvarðanir. Slíkur sparnaður tekst ekki nema tekið sé á fjölmörgum liðum sem studdir eru sterkum rökum og góðum ásetningi. Engu að síður verður að gera kröfu til þess að ríkið lagi til í eigin ranni á sama tíma og krafa er gerð til þess að einkaaðilar dragi stórlega úr útgjöldum sínum. Það er sanngirnismál að ríkissjóður taki þátt í niðursveiflunni, sé fyrirmynd og deili því verkefni með heimilum og fyrirtækjum landsins og að þjóðarbúið í heild hafi þannig meira til skiptanna þegar fram í sækir þótt nú sé úr minna að spila.

Ekki er tímabært að rekja hér í einstökum atriðum hugsanlegar sparnaðarhugmyndir. Það verkefni bíður fjárlaganefndar á næstu dögum og munum við þá fara rækilega yfir þá kosti sem koma til álita. Ég vonast til að góð samvinna takist við stjórnarandstöðuna um að vinna að þessu veigamikla verkefni. Við útfærslu sparnaðaraðgerðanna þarf að hafa að leiðarljósi að þær bitni ekki á þeim sem minnst hafa borið úr býtum í góðærinu undanfarin ár. Hagsveiflan er öllum erfið en þó ekki síst þeim sem búa við lökust kjör. Ég legg mikla áherslu á að verja velferðarkerfið og tel reyndar að það eigi að vera forgangsverkefni þegar rofar til að nýju að gera úrbætur á því sviði. Of mörgum er þrengri stakkur skorinn en ásættanlegt er í þjóðfélaginu, sem þó er í fremstu röð í efnahagsmálum í heiminum.

Þótt þunglega horfi í efnahagsmálum í bili er engin ástæða til að fyllast bölmóði. Það er einfaldlega nauðsynlegt að laga þjóðarbúið að lægri útgjöldum og búa þannig í haginn fyrir næsta hagvaxtarskeið. Þetta verkefni sem nauðsynlegt er að horfast í augu við bíður okkar nú á næstu dögum. Flest bendir til að þegar líður á næsta ár fari að rofa til í þjóðarbúskapnum og horfur fyrir árið 2003 eru um margt hagfelldar. Því til stuðnings má meðal annars nefna að miklar líkur eru á því að á næsta ári verði teknar ákvarðanir um fjárfestingu í aukinni álframleiðslu. Þá hefur ríkisstjórnin kynnt áform sín um skattalækkanir sem lúta að því að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þessar ráðstafanir munu án efa stuðla að aukinni framleiðslu og sóknarhug í atvinnulífinu. Lækkun gengis krónunnar hefur áhrif í sömu átt. Því má telja líklegt að niðursveiflan nú verði skammvinn og efnahagslífið nái sér á ný á strik á árinu 2003.

Í þessu sambandi má nefna að Þjóðhagsstofnun spáir því að hagvöxtur á árunum 2003–2006 verði að meðaltali tæplega 2,5% á ári, þótt ekki verði af umræddum stórframkvæmdum í áliðnaði. En ef af þeim verður gæti árlegur vöxtur landsframleiðslunnar orðið 0,5–1% meiri en ella. Í því felst að árlegur hagvöxtur yrði svipaður eða ívið meiri en reiknað er með að jafnaði í nálægum löndum. Þetta er mjög mikilvægt því að hagvöxtur hér á landi þarf að vera sambærilegur við það sem annars staðar gerist til að lífskjör á Íslandi verði áfram með því besta sem þekkist í heiminum. Slíkur vöxtur veitir einnig svigrúm til að viðhalda og bæta velferðarkerfið.

Þessar hagfelldu horfur þegar til næstu ára er litið breyta þó ekki því að okkar bíða mikilvæg verkefni sem menn standa frammi fyrir um þessar mundir. Enginn vafi er á nauðsyn þess að lækka útgjaldastig þjóðarinnar miðað við núverandi ástand og horfur í efnahagsmálum. Þar verður ríkið að koma að málum eins og aðrir aðilar í þjóðfélaginu. Brýnustu verkefnin eru annars vegar að koma á viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og hins vegar að tryggja hjöðnun verðbólgunnar niður á svipað stig og í samkeppnislöndunum. Þessum markmiðum verðum við að ná til að renna traustum stoðum undir nýtt framfaraskeið í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að fjárlagagerðinni.

Óhætt er að fullyrða að með setningu laga um fjárreiður ríkisins, sem tóku gildi í ársbyrjun 1997, hafi orðið verulegar umbætur í fjármálastjórn ríkisins. Lögin áttu sér langan aðdraganda enda um mikilvægt málefni að ræða sem kallaði á vandaðan undirbúning. Nú þegar nær fimm ára reynsla er komin á framkvæmd laganna er ekki úr vegi að staldra við og huga að því hvernig til hefur tekist.

Eitt mikilvægasta skrefið var stigið með því að breyta framsetningu fjárlaga yfir til hins svokallaða rekstrargrunns þannig að í fjárlögum ársins væru tilgreindar allar fjárskuldbindingar sem stofnað er til á árinu óháð því hvenær þær koma til greiðslu. Tilgangur breyttrar framsetningar var enn fremur að gera fjárlög samanburðarhæf við ríkisreikning.

Hins vegar má spyrja þeirrar spurningar hvort að fullu hafi náðst það markmið laganna að auka festu og aga í fjárreiðum ríkisins. Áður en fjárreiðulögin voru sett bar mjög á gagnrýni á hinar svokölluðu aukafjárveitingar. Þær voru ákveðnar af ríkisstjórninni án formlegs atbeina Alþingis en komu til kasta þingsins í fjáraukalögum, oft mörgum árum eftir að til útgjaldanna var stofnað.

Í fjárreiðulögunum voru lögfestar þær undantekningar sem eðlilegt þykir að séu á hinu annars fortakslausa banni stjórnarskrárinnar við að stofna til útgjalda án undangenginnar heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Bæði í 33. og 34. gr. fjárreiðulaganna er að finna heimildir til greiðslna úr ríkissjóði án þess að heimildir þurfi að vera til staðar í fjárlögum. Þannig er í 33. gr. kveðið á um að ef ófyrirséð atvik valdi því að greiða þurfi úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum sé fjármálaráðherra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra, heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Í 34. gr. kemur fram að séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skuli svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga, en haga launagreiðslum þó í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

En hversu algengt skyldi það vera að ákvæðum 33. gr. sé beitt? Þegar litið er yfir beiðnir til útgjalda samkvæmt fjáraukalagafrumvörpum sem lögð hafa verið fram á þinginu frá setningu fjárreiðulaganna, er óhætt að segja að þá þegar hafi verið stofnað til mikils hluta þeirra útgjalda sem þar er óskað

eftir og lögfesting þingsins á frumvörpunum þar af leiðandi nánast formsatriði. Hversu stór hluti þessara útgjaldatilefna var í raun „ófyrirséður" og þess eðlis að hann „þyldi ekki bið"? Samkvæmt ákvæðum fjárreiðulaganna falla önnur útgjöld en þau nefnilega ekki undir undantekningarákvæði í 33. gr.

Varðandi 34. gr., um meiri launagreiðslur vegna nýrra kjarasamninga, er athyglisvert að fjármálaráðherra skrifar ekki undir samninga með fyrirvara um samþykki Alþingis og má því með vissum hætti draga í efa að þingið geti í raun annað en samþykkt óbreytt frumvarp til fjáraukalaga sem lagt er fram vegna þeirra.

Fjárveitingavald Alþingis er hugtak sem oft er notað þegar rætt er um stöðu þingsins í okkar stjórnskipan og virðist full sátt um það á meðal allra þingmanna að það vald sé ekki framselt til ríkisstjórnar frekar en nauðsynlegt er. Ástæða er til að gefa því gaum hvort fjárreiðulögin hafi í raun og veru náð að festa fjárstjórnarvald Alþingis í sessi með þeim hætti sem ætlunin var þegar lögin voru sett.

Eins og ég hef lagt áherslu á, virðulegi forseti, ber Alþingi ábyrgð á fjárlögum og getur ekki skotið sér á bak við ríkisstjórn eða aðra aðila hvað þá ábyrgð varðar. Það er því enn mikilvægara en ella að Alþingi hafi sem allra frjálsastar hendur við gerð fjárlaga og kemur það berlega í ljós nú þegar grípa þarf til aðaldsaðgerða vegna breyttra aðstæðna í efnahagslífinu.

Staðreyndin er hins vegar sú að verulega hefur kreppt að svigrúmi Alþingis við fjárlagagerðina vegna margvíslegra verksamninga sem framkvæmdarvaldið hefur gert. Verksamningar þessir eru bæði um framkvæmdir ýmiss konar, svo sem byggingar, og um þjónustu sem ríkisvaldið er að að kaupa af ýmsum aðilum. Nú þegar grípa þarf til þess að draga úr framkvæmdum og útgjöldum ríkisins kemur fjárlaganefnd að orðnum hlut og bindandi verksamningum sem afar erfitt er fyrir alla aðila að taka upp. Hér er oft um að ræða verkefni sem nema hundruðum milljónum króna og verkin eru hafin löngu áður en Alþingi kemur að fjárlagaheimildinni. Dæmi um þetta má glögglega finna í núverandi fjárlagafrumvarpi. Má segja að fjárlagavald Alþingis sé með nokkrum hætti takmarkað af þessum ástæðum.

Röð þessara ákvarðana þarf að sjálfsögðu að vera önnur, þ.e. að fyrst sé aflað fjárveitinga til svo stórra verksamninga og síðan gengið frá samningum og ráðist í framkvæmdir.

Ég vil þá víkja að öðrum þætti er varðar skuldbindingar á ríkisútgjöldum, enda þótt slíkar skuldbindingar séu ekki bundnar í lögum heldur með samkomulagi og viljayfirlýsingum sem ríkisvaldið gefur varðandi einstök verkefni.

Samningar þessir eru iðulega gerðir um verkefni til þess að koma á fastri skipan og áætlun um framkvæmdahraða og væntanlegar fjárveitingar viðkomandi verkefnis enda geta þau náð yfir mörg fjárlagaár. Yfirleitt standa að verkefnunum ýmsir aðilar í þjóðfélaginu sem vilja ekki síður en ríkisvaldið hafa áætlun um framgang þeirra verkefna sem unnið er að. Þetta fyrirkomulag er til mikillar fyrirmyndar enda vita þá bæði ríkisvald og samstarfsaðili þess að hverju er gengið og allir viðkomandi aðilar geta gert ráðstafanir í samræmi við væntanlegar framkvæmdir og fjárveitingar.

Því er hins vegar ekki að leyna að oft reynist ekki til nægjanlegt fé innan þess ramma sem hverju ráðuneyti er afmarkaður og reynist því ógerlegt að standa við þær miklu væntingar sem skapaðar hafa verið hjá samstarfsaðila ríkisvaldsins. Slíkir samstarfsaðilar hafa oftlega ráðist í fjárfestingar og annan undirbúning vegna þess að þeir töldu sig hafa öruggt loforð fyrir fjárveitingum.

Allmargir þessara aðila hafa leitað á fund fjárlaganefndar á síðustu vikum og óskað eftir úrlausnum hennar þegar þeir telja að ríkisvaldið hafi ekki staðið við samkomulag um fjárframlög sem þeir áttu von á og ætlað var til margra og þarfra verkefna. Þessi verkefni eru á ýmsum sviðum og nægir að nefna menningarmál af ýmsu tagi, málefni fatlaðra og skógrækt svo nokkuð sé nefnt. Því miður hefur fjárlaganefnd ekki það svigrúm sem þarf til þess að bæta upp nema að litlu leyti það sem vantar á að staðið sé við það samkomulag sem gert hefur verið.

Á þessu sviði er hægt að ná meiri festu með því að hverjum samningi og hverri viljayfirlýsingu sé ætlað svigrúm innan fjárlaganna og þess ráðuneytis sem samkomulagið gerir.

Virðulegi forseti. Í þessum kafla ræðu minnar sem fjallar um fjárlagagerðina og bættar fjárreiður vil ég að lokum koma að enn einu atriðinu sem varðar fjárlagafrv.

Breytingartillögur við frumvarpið koma úr tveimur áttum, annars vegar frá ríkisstjórninni, hinn stærri hluti, og hins vegar frá fjárlaganefndinni sjálfri og er sá hluti nú rúmar 400 milljónir af þeim rúmu 2 milljörðum sem breytingarnar ná til.

Í þeim hluta breytingartillagnanna sem kemur frá fjárlaganefndinni hefur nefndin reynt að veita sem flestum framfaramálum lið. En fjárlaganefnd gerir sér grein fyrir að þar er hvergi nóg að gert. Á undanförnum árum hefur nefndin lagt áherslu á nokkur meginsvið og tvímælalaust náð þar árangri til margra góðra verka. Meðal þessara sviða má nefna símenntun og fjarkennslu svo og skógræktarverkefni víða um land. Loks má nefna margvísleg menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Enginn vafi er á að fjárveitingar til þessara málaflokka hafa orðið hvatning og lyftistöng fyrir félög, byggðir og sveitarfélög víða um land. Það hefur verið ánægjulegt að fá vitnisburð um þetta í fjölmörgum heimsóknum til nefndarinnar á síðustu vikum. Einn þessara þátta, þ.e. skógræktarverkefnin, bíður frekari afgreiðslu nefndarinnar til 3. umr.

Virðulegi forseti. Um leið og við teljum okkur hafa náð árangri á þessu sviði hljótum við að horfa til þess að samfélag þjóðarinnar hefur breyst. Verkefni á sviði mannúðarmála, líknarmála, samhjálpar og mannréttinda krefjast meiri athygli og fjárstuðnings. Þá eru enn ótalin þau ógnvekjandi vímuefnamál sem að þjóðinni steðja. Þessi viðfangsefni hafa ekki síst aukist með vaxandi þéttbýli og borgarmyndun og með fjölda þeirra sem þurfa á stuðningi að halda. Þann hóp fylla einstaklingar sem koma úr ólíkum áttum, sumir vegna fátæktar eða auðnuleysis en aðrir vegna fötlunar, öldrunar og sjúkleika. Enda þótt velferðarkerfinu sé ætlað að hlynna að þessu fólki skortir oft fé og sveigjanleika innan kerfisins til að bregðast hratt og vel við brýnum verkefnum.

Ég tel að fjárlaganefnd eigi á næstu árum að huga betur að þessum viðfangsefnum og leggja áherslu á þau. Með því móti kæmi Alþingi til móts við það gríðarlega mikla og fornfúsa sjálfboðaliðastarf og fjárframlög einstaklinga, félaga, klúbba og fyrirtækja sem alls staðar sér merki í íslensku þjóðfélagi. Þessi mikla virkni og hjálparlund er til marks um gildismat stórs hluta þjóðarinnar og viðhorfin til þeirra sem þurfa á stuðningi að halda. Fjárlaganefnd Alþingis á að endurspegla þetta gildismat þjóðarinnar í fjárlagatillögum sínum.

Virðulegi forseti. Ég vík þá að breytingartillögum sem hér eru lagðar fram og geri grein fyrir þeim í alllöngu máli en kem síðan að niðurlagskafla ræðu minnar.

Gerðar eru tillögur um breytingar á framlögum til ýmissa ráðuneyta og mun ég rekja tillögurnar frá einu ráðuneyti til annars og geta breytinganna með þeim skýringum sem fram eru lagðar í þingskjali.

Þá er fyrst til að taka að tillögur eru gerðar um breytingu hvað varðar forsrn.

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 276 millj. kr.

Ýmis verkefni. Vesturfarasetrið á Hofsósi. Gerð er tillaga um 3 millj. kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til að styrkja frekar starfsemi setursins.

Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 7 millj. kr. tímabundið framlag með það að markmiði að auka öryggi rafrænna upplýsinga sem ráðuneytin búa yfir. Fjárveitingin yrði til viðbótar 5 millj. kr. framlagi á lið 01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið sem ætlað er til að efla öryggi upplýsinga hjá Stjórnarráðinu.

Fasteignir Stjórnarráðsins. Lagt er til að 250 millj. kr. fjárveiting til framkvæmda við húsbyggingar fyrir ráðuneyti verði flutt til forsætisráðuneytis af lið 09-981 Ýmsar fasteignir hjá fjármálaráðuneyti, enda fer forsætisráðuneytið með mál sem varða ráðstöfun skrifstofuhúsa fyrir ráðuneytin í heild samkvæmt auglýsingu um Stjórnarráð Íslands.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Nýframkvæmdir. Gerð er tillaga um 12 millj. kr. tímabundið framlag til að koma upp nauðsynlegum búnaði til sýningahalds í fræðslumiðstöðinni á Hakinu þannig að unnt verði að opna gestastofuna á árinu 2002. Með bréfi forsætisráðuneytisins í janúar sl. var heimilað að halda áfram framkvæmdum við fræðslumiðstöðina en þeim hafði verið frestað um eitt ár. Byggingu hússins á að ljúka á þessu ári og verður það þá fullfrágengið með snyrtingum og gestastofu. Tillagan féll niður fyrir misgáning við frágang fjárlagafrumvarpsins.

Þá er gerð tillaga um 4 millj. kr. tímabundið framlag til að koma upp snyrtiaðstöðu í tengslum við þjónustumiðstöðina á Leirunum. Núverandi aðstaða er óviðunandi auk þess sem engar snyrtingar eru opnar á Þingvöllum þegar þjónustumiðstöðin er lokuð á veturna. Fyrirhugað er að reisa aðstöðuna í tveimur áföngum og að sótt verði um 2,5 millj. kr. fjárveitingu til seinni áfanga á árinu 2003. Tillagan féll niður fyrir misgáning við frágang fjárlagafrumvarpsins.

Ég vík þá að menntamálaráðuneytinu. Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 706,6 millj. kr. Þar eru nokkrar tillögur varðandi Háskóla Íslands. Lagt er til að útgjöld til viðhalds verði lækkuð í samræmi við endurskoðaða framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands. Í áætluninni er gert ráð fyrir að skólinn fái 60 millj. kr. af lið 02-269-5.21 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Lagt er til að fjárveiting til framkvæmda hækki um 313 millj. kr. frá fjárlagafrumvarpi og nemi 518 millj. kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun skólans um framkvæmdir og tækjakaup. Auknar framkvæmdir verða fjármagnaðar með lántöku Happdrættis Háskóla Íslands.

Örnefnastofnun Íslands. Gerð er tillaga um tímabundna 1 millj. kr. fjárveitingu til út gáfu mynda með örnefnamerkingum í samvinnu Örnefnastofnunar og IWW ehf.

Listaháskóli Íslands. Lögð er til 30 millj. kr. hækkun á framlagi vegna fyrirhugaðs samnings við skólann til viðbótar 30 millj. kr. hækkun sem áætlað er fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Við gerð frumvarpsins var ákveðið að áætla ekki fyrir hlutdeild Reykjavíkurborgar í myndlistarnámi á sama hátt og í fjárlögum fyrri ára, en Listaháskólinn tók við kennslunni af Myndlista- og handíðaskólanum haustið 1999. Hefur Reykjavíkurborg gert ágreining um greiðsluþátttöku frá þeim tíma, en hún var áætluð 51 millj. kr. á ári. Tillagan felur í sér að ríkissjóður auki framlag sitt til skólans enda takist ekki samningar um að Reykjavíkurborg leggi skólanum til fé.

Þá er lagt til að framsetningu fjárlagaliðarins verði breytt til samræmis við framsetningu fjárreiðna annarra einkaskóla sem fá greiðslur úr ríkissjóði. Samkvæmt því lækka útgjöld um 12,7 millj. kr. þar sem jafnháar sértekjur falla niður.

Á liðnum Háskóla- og vísindastofnanir eru gerðar tillögur vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Lagt er til að færðar verði 30 millj. kr. af viðfangsefni fyrir stofnkostnað á fjárlagaliðnum yfir á viðfangsefni fyrir viðhald í samræmi við sundurliðun fjárveitinga í greinargerð fjárlagafrumvarps.

Gerð er tillaga um Reykjavíkurakademíuna. Gerð er tillaga um að veita Reykjavíkurakademíunni 7 millj. kr. tímabundna fjárveitingu.

Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Lögð er til 8 millj. kr. hækkun liðar en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum III með breytingartillögum meiri hlutans.

Símenntun og fjarkennsla. Lögð er til alls 12 millj. kr. hækkun á liðnum til rekstrar símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Þar er framlag til hverrar stöðvar hækkar um 1,5 millj. kr. og færist á eftirtalin viðfangsefni: Símenntunarstöð á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóli Norðurlands vestra, Símenntunarstöð Eyjafjarðar, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Fræðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Loks vík ég hér að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Lagt er til að framlag hækki um 133 millj. kr. og skýrist það af tvennu. Annars vegar er um að ræða 91 millj. kr. hækkun í samræmi við endurskoðaða áætlun um útlán sjóðsins sem gerir ráð fyrir að lánþegum í námi erlendis fjölgi um 3% milli ára í stað 2% eins og fjárlagafrumvarpið byggist á og að lánþegum í námi innan lands fjölgi um 10% en ekki um 2% samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar eru 42 millj. kr. vegna áætlaðra gengisbreytinga.

Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. tímabundna hækkun á framlagi til safnsins vegna fjarvinnsluverkefna. Skráningarverkefni hafa síðustu tvö ár verið unnin í fjarvinnslu fyrir safnið á Húsavík og Hvammstanga. Góð reynsla er af þessu fyrirkomulagi og hafa fleiri fyrirtæki sýnt áhuga á að taka að sér fjarvinnslu.

Byggða- og minjasöfn. Gerðar eru tillögur um sex tímabundnar fjárveitingar til byggða- og minjasafna og nema þær 29 millj. kr. Í fyrsta lagi er lögð til tímabundin 8 millj. kr. fjárveiting til að halda áfram rannsóknum og kynningu á Gásakaupstað. Verkefnið hófst árið 2001 og er á vegum Minjasafnsins og Þjóðminjasafns Íslands. Það felur í sér fornleifarannsókn, sagnfræðirannsókn, náttúrufarsrannsókn og kynningu. Í öðru lagi er lögð til 7 millj. kr. tímabundin fjárveiting til endurbyggingar Norska hússins í Stykkishólmi en næsta ár verða 170 ár liðin frá byggingu þess. Í þriðja lagi er lagt til 7 millj. kr. tímabundið framlag til áframhaldandi uppbyggingar Vatneyrarbúðar á Patreksfirði. Í fjórða lagi er gerð tillaga um 3 millj. kr. tímabundið framlag til undirbúnings safnahúss í Garðinum en þar er gert ráð fyrir að verði m.a. sérhæft sjóminjasafn. Í fimmta lagi er lögð til 2 millj. kr. tímabundin fjárveiting til bátasafns í Stykkishólmi. Loks

er í sjötta lagi gerð tillaga um að veita 2 millj. kr. tímabundið framlag til að standa undir kostnaði við frágang umhverfis Glaumbæjar í Skagafirði.

Lagt er til að 7 millj. kr. tímabundið framlag verði veitt til að standa straum af byggingarkostnaði Samgöngusafns Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum.

Gerð er tillaga um 4 millj. kr. tímabundið fjárframlag til áframhaldandi viðhalds og endurbyggingar á Kútter Sigurfara sem er eini kútterinn úr þilskipastóli 19. aldar sem varðveittur er á Íslandi.

Söfn, ýmis framlög. Lagt er til að framlög til safna á þessum lið hækki alls um 76 millj. kr.

Ég les þá upp þau atriði sem undir þann lið falla:

Listasafn ASÍ. Lagt er til að framlag til safnsins verði hækkað um 1 millj. kr. til að styrkja frekar rekstur þess.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Lagt er til að framlag til safnsins hækki um 1 millj. kr. til að styrkja frekar starf þess.

Galdrasýning á Ströndum. Lögð er til 7 millj. kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar Galdrasýningar á Ströndum.

Sögusetrið á Hvolsvelli fær 7 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til frekari uppbyggingar safnsins.

Hvalamiðstöð á Húsavík. Lögð er til tímabundin 7 millj. kr. fjárveiting til að halda áfram uppbyggingu á húsnæði miðstöðvarinnar.

Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum. Lögð er til 4 millj. kr. tímabundin fjárveiting til að greiða skuldir af endurbyggingu vélbátsins Blátinds í Vestmannaeyjum. Henni lauk í júní sl. og var báturinn þá afhentur menningarmálanefnd Vestmannaeyja til varðveislu og sýningar.

Sögusafnið í Reykjavík. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. tímabundið framlag til áframhaldandi stuðnings við uppbyggingu þess. Eftir stuðning Orkuveitu Reykjavíkur og fjárlaganefndar hefur Nýsköpunarsjóður ákveðið að styrkja það og er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um safnið. Fyrirhugað er að safnið verði opnað næsta sumar.

Endurbygging á Brydebúð. Lögð er til 3 millj. kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar hússins sem unnið hefur verið að. Þessi bygging, af því að ég heyri spurt úti í sal, er í Vík í Mýrdal.

Sjóminjasafn Íslands fær 1 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til frekari viðgerða á flutninga- og uppskipunarbátnum Friðþjófi sem er um 100 ára gamall.

Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi. Lögð er til 4 millj. kr. tímabundin fjárveiting til framkvæmda og endurbyggingar Tryggvaskála.

Síldarminjasafnið á Siglufirði. Lagt er til að safninu verði veittur 7 millj. kr. tímabundinn styrkur til að byggja bátaskemmu og setja þar upp sýningu á bátum og bryggjum síldarhafnarinnar.

Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði. Lögð er til tímabundin 6 millj. kr. fjárveiting til byggingar safnahúss í Neðstakaupstað.

Þá koma hér fjárveitingar til tveggja báta á Ísafirði. Það er annars vegar eikarbáturinn Sædís. Lagt er til að veitt verði 3,5 millj. kr. tímabundið framlag til að gera við eikarbátinn en hann var smíðaður á Ísafirði árið 1938. Einnig er lagt til að 3,5 millj. kr. verði veittar til viðgerðar á vélbátnum Gesti en hann er líklega elsti vélbátur sem nú er til í landinu.

Safnahús í Búðardal. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. tímabundið framlag til stuðnings uppbyggingar safnahúss í Búðardal en þar stendur til að endurbyggja gamla kaupfélagshúsið.

Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystra. Lagt er til að 4 millj. kr. tímabundið framlag komi þar til uppbyggingar svokallaðrar Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra. Viðfangsefni hennar verða þrjú, þ.e. ævi og list Jóhannesar Kjarvals listmálara, byggðasaga Borgarfjarðar, Víkna og Loðmundarfjarðar og loks þjóðtrú, þjóðsögur, álfar og huldufólk í Borgarfirði.

Saltfisksetur Íslands í Grindavík. Lögð er til 3 millj. kr. tímabundin fjárveiting til undirbúnings Saltfiskseturs Íslands í Grindavík.

Þá er lokið lestri á þessum þáttum.

Vík ég þá að liðnum Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

Kaupvangur á Vopnafirði. Þar er lagt til 7 millj. kr. tímabundið framlag til að ljúka 1. áfanga innanhússviðgerða í Kaupvangi.

Duushúsin í Reykjanesbæ. Þar er gerð tillaga um 7 millj. kr. tímabundið framlag vegna endurbóta á Duushúsunum.

Húsafriðunarsjóður. Hann er meðal þeirra atriða sem ætlað er framlag. Lögð er til 17 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til Húsafriðunarsjóðs sem skiptist á sex tiltekin verkefni og er fjárveitingin tímabundin til þeirra allra. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 7 millj. kr. fjárveitingu til viðgerða á gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði sem mun verða nýtt sem safnahús. Þar verður bæjar- og héraðsbókasafn, listasafn og héraðsskjalasafn. Þá er gerð tillaga um 4 millj. kr. fjárveitingu til endurbóta á Syðstabæjarhúsinu í Hrísey. Í þriðja lagi er lögð til 2 millj. kr. fjárveiting til endurbóta á Pakkhúsinu í Borgarbyggð. Í fjórða lagi er lögð til 2 millj. kr. fjárveiting til endurbyggingar gamla kaupfélagshússins á Breiðdalsvík. Þá er í fimmta lagi 1 millj. kr. framlag til að endurhlaða Hraunsrétt í Aðaldal sem upprunalega var hlaðin á árunum 1836–1838 og er með stærstu réttum á landinu og mjög sérstök. Loks er í sjötta lagi lögð til 1 millj. kr. fjárveiting til að ljúka viðgerðum á gömlum beituskúr á Grenivík sem minnir á gamla tíð og gamla atvinnuhætti.

Undir liðnum Ýmis fræðistörf er lögð til 3 millj. kr. hækkun á framlagi til Hins íslenska bókmenntafélags sem nemur þá 4 millj. kr. eins og í fjárlögum þessa árs.

Æskulýðsmál. Þar er fyrst að telja Ungmennafélag Íslands. Lagt er til að fjárveitingar til þess hækki um 25 millj. kr. til að efla starf hreyfingarinnar. Til stendur m.a. að koma upp þjónustumiðstöðvum víðs vegar um landið.

Bandalag íslenskra skáta. Þar er lagt til að rekstrarstyrkur til bandalagsins verði hækkaður um 3 millj. kr. tímabundið fyrir landsmót skáta 2002 sem haldið verður í Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum við Akureyri.

Tillaga er gerð um tímabundna hækkun á framlagi til Landssambands KFUM og KFUK sem nemur 4 millj. kr. svo að KFUM og KFUK í Reykjavík geti víkkað út starfsemi sína.

Lögð er til 4,9 millj. kr. hækkun safnliðarins Æskulýðsmál og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum sem merkt eru sem III með breytingartillögum meiri hlutans.

Ég vík þá að liðnum Ýmis íþróttamál og les upp þá þætti sem meiri hluti fjárln. gerir tillögu um.

Þar er fyrst að telja Íþróttasamband fatlaðra. Lagt er til að fjárveiting til sambandsins hækki um 4 millj. kr. vegna stöðugt aukins umfangs starfsemi þess.

Gerð er tillaga um 0,8 millj. kr. hækkun á framlagi til Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri til eflingar starfsemi miðstöðvarinnar.

Gerð er tillaga um að framlag til Skáksambands Íslands hækki tímabundið um 2 millj. kr. Starfsemi sambandsins eykst stöðugt en helstu verkefni þess eru: skólaskák, kvennaskák, þátttaka í mótum erlendis, þátttaka í heimsmeistaramótum, Evrópumótum og ólympíumótum og efling skákiðkunar á landsbyggðinni.

Þá er gerð tillaga um Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi. Lögð er til 5 millj. kr. tímabundin hækkun á liðnum til stuðnings við undirbúning unglingalandsmóts UMFÍ árið 2002 í Stykkishólmi.

Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði. Lagt er til að Ísafjarðarbæ verði veitt 10 millj. kr. tímabundið framlag til mannvirkjagerðar fyrir landsmót UMFÍ 2004.

Gaddstaðir, reiðskemma. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. tímabundið framlag til undirbúnings á uppbyggingu aðstöðu fyrir hestamenn á Gaddstaðaflötum.

Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til byggingar skíðamannvirkja í Skarðsdal.

Loks er liðurinn Ýmis framlög. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 17,9 millj. kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum sem merkt eru sem III með breytingartillögum meiri hlutans.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir brtt. sem snúa að menntmrn. og vík næst að utanrrn.

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 135,9 millj. kr.

Undir liðnum Ráðstefnur er gert ráð fyrir um 60 millj. kr. tímabundnu framlagi til viðbótar við framlagið sem þegar hefur verið sótt um, vegna vorfundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins, NATO, og samstarfsríkja þess. Fundurinn verður haldinn á Íslandi vorið 2002 en slíkur fundur var síðast haldinn á Íslandi árið 1987. Samkvæmt þeim kostnaðaráætlunum sem liggja fyrir nú verður kostnaður ráðuneytisins vegna fundarins um 260 millj. kr. Er þá ekki talinn með kostnaður við löggæslu sem færist hjá dómsmálaráðuneytinu.

Þá er gerð tillaga um 2 millj. kr. hækkun fjárveitinga til Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 69,1 millj. kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna aukins eftirlits í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. Á þessu stigi er ekkert sem bendir til þess að slakað verði á þeim kröfum sem gerðar hafa verið um öryggisráðstafanir á millilandaflugvöllum. Gert er ráð fyrir að ráðnir verði tveir til þrír menn sem verði á vakt allan sólarhringinn og nauðsynlegum viðbótarkostnaði vegna þeirra og þeirrar þjálfunar sem þar á við.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 24,8 millj. kr. tímabundið framlag vegna aukins kostnaðar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir að auknum útgjöldum verði mætt með breytingu á viðskiptahreyfingu á stofnuninni. Kostnaðurinn felst aðallega í hertri löggæslu, aukinni vopna- og farangursleit, ásamt sprengjuleit í flugvélum.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þróunaraðstoð. Undir sérstökum lið þar sem lagt er til að hækkun á framlagi til þróunarmála, sem í frumvarpinu var áætluð 50 millj. kr., er sú upphæð lækkuð um 20 millj. kr., það er að hækkun umfram gengisbreytingar verði 30 millj. kr. í stað 50 millj. kr. Á móti hefur verið lagt til að framlag árið 2001 hækki um 100 millj. kr. í frumvarpi til fjáraukalaga.

Þá vík ég að landbúnaðarráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði lækkuð um 0,5 millj. kr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Lögð er til 6 millj. kr. hækkun liðarins og er fjárveitingin ætluð verkefninu Nytjaland.

Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Lögð er til 12 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til skólans svo að unnt sé að ráða fleiri sérfræðinga til starfa en umsvif skólans hafa aukist í samræmi við þau lög sem skólinn starfar eftir og ný námskrá var samþykkt árið 2000 sem gerir ráð fyrir lengingu námsins á öllum brautum.

Landgræðsla ríkisins. Farið er fram á að 49 millj. kr. tímabundnar sértekjur sem voru færðar vegna átaks um landgræðslu og skógrækt verði felldar niður. Átakinu er lokið og lækka tekjur og gjöld um sömu fjárhæð þannig að framlög úr ríkissjóði til landgræðslu verða óbreytt. Þá er jafnframt farið fram á 33 millj. kr. millifærslu af rekstrarlið yfir á stofnkostnað vegna lagningar hitaveitu. Fyrirhugað er að verkið taki þrjú ár og kosti um 90 millj. kr.

Tæki og búnaður. Framangreind millifærsla af rekstrarlið hækkar stofnkostnaðarliðinn um 33 millj. kr.

Skógrækt ríkisins. Rannsóknastöðin Mógilsá. Lögð er til 15 millj. kr. tímabundin hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð til rannsókna á kolefnisbindingu vegna nýskógræktar og kolefnislosun vegna skógareyðingar.

Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Beinar greiðslur til bænda. Lagt er til að framlag vegna beingreiðslna hækki um 10 millj. kr. í samræmi við nýlega ákvörðun um hækkun á grundvallarverði mjólkur. Nýtt verð er 76,02 kr. á lítra en beingreiðsluframlag ríkissjóðs miðast við 47,1% af grundvallarverði.

Lífeyrissjóður bænda. Lögð er til 0,4 millj. kr. hækkun til Lífeyrissjóðs bænda í samræmi við verðlagshækkun mjólkur, en framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðsins miðast við 4% mótframlag.

Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Uppkaup á greiðslumarki. Lögð er til 57 millj. kr. lækkun framlaga til uppkaupa á greiðslumarki sauðfjár. Gert hafði verið ráð fyrir kaupum á 10.000 ærgildum, en tilboð bárust aðeins í um 8.000 ærgildi.

Þá er hér undir lok lestursins um landbúnaðarráðuneytið vikið að Bændasamtökum Íslands. Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta er þar fyrst nefnd. Lögð er til 5,2 millj. kr. hækkun í samræmi við ákvæði um endurskoðun á launaliðum samnings við Bændasamtökin um leiðbeiningarþjónustu.

Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta. Lögð er til 3,4 millj. kr. hækkun í samræmi við ákvæði um endurskoðun á launaliðum samnings við Bændasamtökin um héraðsráðunauta.

Liður 1.96 Búfjárrækt. Lögð er til 58 millj. kr. millifærsla af stofnkostnaði búfjárræktar yfir á rekstrarliði þar sem megnið af kostnaðinum á viðfanginu eru laun. Jafnframt er hér lögð til 4,5 millj. kr. hækkun í samræmi við ákvæði um endurskoðun á launaliðum samnings við Bændasamtökin um leiðbeiningar við búfjárrækt.

Liður 6.95 Búfjárrækt. Þessi liður lækkar um 58 millj. kr. í samræmi við framangreinda milli færslu af stofnkostnaðarlið búfjárræktar yfir á rekstur.

Ég vík þá að sjávarútvegsráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 11 millj. kr.

Ýmis verkefni. Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til hafrannsóknaskipsins Drafnar sem nýtt er sem skólaskip.

Ýmislegt. Gerð er tillaga um að veita sérstakan tímabundinn 6 millj. kr. styrk til verkefnis með það að markmiði að meta samkeppnishæfni þorskeldis á Íslandi, að afla og miðla upplýsingum um þorskeldi og að móta stefnu í rannsókna- og þróunarvinnu. Verkefnið er samstarfsverkefni sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegsfyrirtækja.

Hafrannsóknastofnunin. Gerð er tillaga um að 15,5 millj. kr. verði millifærðar af stofnkostnaðarviðfangsefnum Hafrannsóknastofnunarinnar á rekstrarlið vegna leiðréttingar á framsetningu frumvarpsins. Þannig hækkar viðfangsefnið 1.01 Almenn starfsemi um 15,5 millj. kr. Viðfangsefnið 1.30 Rannsóknaskip lækkar um 6 millj. kr., 5.31 Viðhald rannsóknaskipa lækkar um 7 millj. kr., 6.31 Tæki og búnaður í skip lækkar um 1,4 millj. kr. og loks lækkar 6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa um 1,1 millj. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 80,5 millj. kr.

Yfirstjórn. Gerð er tillaga um að millifærð verði til aðalskrifstofu 8,2 millj. kr. fjárheimild af fjárlagaliðnum 06-397 Schengen-samstarf til að standa undir launakostnaði og öðrum starfskostnaði starfsmanns vegna Schengen-samstarfsins. Undanfarin ár hefur sérstakur starfsmaður unnið að undirbúningi að þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þessum undirbúningsþætti er að mestu lokið og hverfur starfsmaðurinn til sinna fyrri starfa en ýmis verkefni vegna samstarfsins færast til aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að veitt verði 4,4 millj. kr. viðbótarfjárveiting til embættis ríkislögreglustjóra vegna aukins ferðakostnaðar en mjög hefur færst í vöxt að lögreglumenn fylgi útlendingum sem vísað er frá Íslandi til erlendra landa. Slíkum ferðum fylgir jafnframt talsverður dvalarkostnaður.

Jafnframt er lagt til að millifærð verði 1,8 millj. kr. fjárheimild til embættis ríkislögreglustjóra af fjárlagaliðnum 06-397 Schengen-samstarf til að standa undir auknum ferðakostnaði. Með því að Ísland er orðið virkur þátttakandi í Schengen-samstarfinu hefur embætti ríkislögreglustjóra verið falið að sinna þátttöku í nokkrum sérhæfðum vinnunefndum, svo sem vinnunefnd er fjallar um starfsemi SIRENE-skrifstofanna, fölsuð skilríki, fíkniefni o.fl.

Ég vík nú að liðnum Ýmis löggæslu- og öryggismál. Lagt er til að veitt verði 50 millj. kr. tímabundið viðbótarframlag til aukinnar löggæslu í tengslum við fyrirhugaðan ráðherrafund NATO hér á landi í maí á næsta ári. Viðbótarkostnaður löggæsluembætta er einkum vegna aukavakta og yfirvinnu lögreglumanna við öryggisgæslu fundardagana, um 30 millj. kr., undirbúnings, þjálfunar, ferða og uppihalds, um 10 millj. kr., og nokkurra búnaðarkaupa, um 10 millj. kr. Auk lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu er fyrirhugað að lögreglumenn frá embættum víðs vegar á landinu komi að gæslunni ráðstefnudagana 13.–15. maí. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið hafi yfirumsjón með undirbúningi og skipulagningu þessa viðbúnaðar hjá ríkislögreglustjóra og öðrum embættum.

Einnig er gerð tillaga um 12 millj. kr. framlag til vopnaleitar vegna millilandaflugs frá innanlandsflugvöllum en eftirlit þetta er afleiðing hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þeirra. Á þessu stigi er áætlað að eftirlitið muni kosta um 12 millj. kr. á ársgrundvelli. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig fjárhæðin skiptist milli embætta en ljóst er að stærsti hlutinn mun renna til lögreglunnar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði færð til viðkomandi embætta þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að framlag til Landhelgisgæslu Íslands verði hækkað um 6,8 millj. kr. vegna aukins kostnaðar við vátryggingar flugfara á grundvelli útboðs um tryggingarnar. Ekki hefur hins vegar verið tekin endanleg afstaða til tilboða enda er útboðinu nýlokið og er hér því um áætlaða fjárhæð að ræða.

Schengen-samstarf. Lagt er til að millifærðar verði 10 millj. kr. af liðnum, samanber framangreindar skýringar, annars vegar á lið 06-101 um 8,2 millj. kr. millifærslu til aðalskrifstofu og hins vegar á lið 06-303 um 1,8 millj. kr. millifærslu til embættis ríkislögreglustjóra.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum. Löggæsla. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. tímabundið framlag vegna reynsluverkefnis í skipulögðum fíkniefnaleitum.

Þjóðkirkjan. Biskup Íslands. Lagt er til að veitt verði 5,3 millj. kr. fjárveiting til að standa straum af kostnaði við að fjölga prestsembættum um eitt á grundvelli lagaákvæða um að fjölga beri embættum í hvert sinn sem meðlimum þjóðkirkjunnar fjölgar um 5.000. Á grundvelli núverandi talna yfir fjölda í þjóðkirkjunni og reynslu undanfarinna ára þykir næsta víst að fjöldi meðlima muni hafa náð því marki í lok þessa árs. Tölur til staðfestingar frá Hagstofu Íslands munu hins vegar ekki liggja fyrir í tæka tíð fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga næsta árs. Fjárhæðin tekur mið af nánari útfærslu í samningi ríkis og kirkju frá 1998 og er ætlað að standa undir launum, embættiskostnaði, námsleyfum o.fl.

Félagsmálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði lækkuð um 27,2 millj. kr.

Ýmis verkefni. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Lagt er til að hækkað verði framlag til nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum um 0,5 millj. kr.

Ýmislegt. Tillaga er gerð um 2 millj. kr. millifærslu á framlagi af liðnum til verkefnisins „Upplýsingamiðlun í allra þágu: aðlögun tölva að þörfum fatlaðra“ undir liðnum 996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið en mótframlag þetta féll niður í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002.

Barnaverndarstofa. Heimili fyrir börn og unglinga. Lögð er til 13 millj. kr. hækkun liðarins og er fjárveitingin ætluð til að greiða fyrir nýjum þjónustusamningi við meðferðarheimilið Árbót.

Málefni fatlaðra. Ýmis verkefni. Lagt er til að liðurinn hækki tímabundið um 2 millj. kr. og er fjárveitingin ætluð foreldrum tveggja alvarlega veikra barna til að gera þeim unnt að annast þau.

Málefni fatlaðra, Reykjavík. Almennur rekstur. Farið er fram á 16,8 millj. kr. fjárveitingu til greiðslu á húsaleigu sambýla í eigu Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar og skrifstofuaðstöðu fyrir svæðisskrifstofuna. Félagsmálaráðuneytið hefur í vaxandi mæli leitað eftir húsnæði til leigu fyrir sambýli í stað þess að byggja eða kaupa húsnæði.

Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Dagvist og verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 2,5 millj. kr. tímabundna hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð Fjöliðjunni á Vesturlandi.

Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Lögð er til 7,5 millj. kr. hækkun á launalið vegna úrskurðar Félagsdóms nr. 9/2001 um viðurkenningu þess að Byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra hafi borið að greiða starfsmönnum sem þess óskuðu laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Málefni fatlaðra, Austurlandi. Almennur rekstur. Lögð er til 7,5 millj. kr. hækkun á launalið vegna úrsagnar starfsmanna úr Verkalýðsfélagi Fljótsdalshéraðs og inngöngu í Starfsmannafélag ríkisstofnana.

Styrktarfélag vangefinna. Gerð er tillaga um 20 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til Styrktarfélags vangefinna vegna aðkallandi viðhalds á húseignum félagsins. Í tengslum við samning sem gerður var við félagið fyrr á árinu var gerð úttekt á viðhaldsþörf á húseignum þess. Niðurstaða þeirrar úttektar var að um 70 millj. kr. þurfi til endurbóta og viðhalds á húseignum Styrktarfélags vangefinna. Gert er ráð fyrir jafnhárri viðbótarfjárveitingu í breytingartillögu við 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Gerð er tillaga um viðbótarfjárheimild í Framkvæmdasjóð fatlaðra að fjárhæð 70 millj. kr. Á sjóðnum hvíla skuldbindingar vegna framkvæmda og samninga og fyrirséð er að halli verður á starfsemi hans í lok ársins.

Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO. Gerð er tillaga um 3 millj. kr. viðbótarfjárveitingu vegna hækkunar árgjalds félagsmálaráðuneytisins til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Framlög og styrkir. Tímabundið framlag sem veitt var til Atvinnuleysistryggingasjóðs í kjölfar samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2000 er lækkað um 51 millj. kr. Samkomulagið var gert í þeim tilgangi að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný verkefni. Samhliða þessu samkomulagi gerðu forvígismenn atvinnurekenda og félagsmálaráðherra samkomulag um 104 millj. kr. framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2001, 53 millj. kr. árið 2002 og 43 millj. kr. árið 2003 eða alls 200 millj. kr. Framlagið lækkar því um 51 millj. kr. milli áranna 2001 og 2002.

Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að fjárveiting verði lækkuð um 150 millj. kr. vegna endurskoðunar í ljósi þróunar á árinu.

Íslenska upplýsingasamfélagið. Gerð er tillaga um tvær millifærslur til verkefnisins „Upplýsingamiðlun í allra þágu: aðlögun tölva að þörfum fatlaðra“ á þessum lið sem þannig hækkar um 4 millj. kr. Er þar annars vegar um 2 millj. kr. millifærslu af liðnum 999-1.60 að ræða og hins vegar 2 millj. kr. af liðnum 190-1.90 en mótframlag þetta féll niður í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Félagasamtök, styrkir. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. viðbótarfjárveitingu vegna styrks til Vímulausrar æsku til reksturs Foreldrahúss. Í maí 1999 var undirritaður þjónustusamningur milli félagsmálaráðuneytis og Vímulausrar æsku um tilraunaverkefni til tveggja ára vegna reksturs Foreldrahúss. Samningurinn rann úr gildi í lok maí sl. Það er mat ráðuneytisins að mikilvægt verði að styrkja þessa starfsemi áfram á einn eða annan hátt.

Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Lögð er til 4 millj. kr. hækkun á framlagi til Klúbbsins Geysis vegna aukinna umsvifa.

Félagið Geðhjálp. Lögð er til 5 millj. kr. fjárveiting til Geðhjálpar. Fjárveitingunni er ætlað að styrkja félagið í að auka þjónustu við fólk með geðraskanir og aðstandendur þess.

Krossgötur, endurhæfingarheimili. Gerð er tillaga um hækkun fjárveitingar um 10 millj. kr. til að styrkja rekstur endurhæfingarheimilisins.

Byrgið, líknarfélag. Lagt er til að framlag til reksturs Byrgisins hækki um 10 millj. kr. Byrgið er líknarfélag sem rekur endurhæfingarsambýli í Rockville á Miðnesheiði.

Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna. Sem fyrr greinir er tillaga gerð um 2 millj. kr. millifærslu á framlagi af liðnum til verkefnisins „Upplýsingamiðlun í allra þágu: aðlög un tölva að þörfum fatlaðra“ undir liðnum 996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið en mótframlag þetta féll niður í fjárlagafrumvarpinu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 107,1 millj. kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Yfirstjórn. Á fjárlögum ársins 1998 var samþykkt 2,2 millj. kr. fjárveiting til aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins. Gert var ráð fyrir að fénu yrði varið til útgáfu- og kynningarstarfsemi í tengslum við ný lög um réttindi sjúklinga. Þegar því starfi var lokið var fjárveitingin nýtt til aukinnar túlkaþjónustu í samræmi við lögin um réttindi sjúklinga. Áformað er að flytja fjárveitinguna til stofnana og er þeim ætlað að standa straum af kostnaði við túlkaþjónustu sem þær panta.

Tryggingastofnun ríkisins. Farið er fram á 32,5 millj. kr. framlag til að endurgera stærsta tölvukerfi Tryggingastofnunar, þ.e. greiðslukerfi lífeyristrygginga. Miklar endurbætur þyrfti að gera á núverandi greiðslukerfi, Tryggva, á næstu árum og þykir sýnt að hagkvæmara er að smíða nýtt kerfi. Að mati sérfræðinga er heildarkostnaður við endurgerð kerfisins metinn til 260,5 millj. kr. með þarfagreiningu og útboði á kerfisgerð, en það er sú leið sem mælt er með að verði farin. Í áætluðum heildarkostnaði við endurgerð kerfisins er rekstrarkostnaður við núverandi greiðslukerfi næstu tvö árin, 2002 og 2003, að fjárhæð 32 millj. kr. hvort ár, en litið er svo á að sú fjárveiting sé innifalin í rekstrarframlagi Tryggingastofnunar nú. Gert er ráð fyrir að 116,5 millj. kr. falli til á næsta ári, 81 millj. kr. á árinu 2003 og 21 millj. kr. á árunum 2004–2006. Ráðuneytið hefur í hyggju að ráðstafa 26 millj. kr. í ár og á næsta ári af sérstakri fjárveitingu ráðuneytisins, Tryggingastofnun leggur til 32 millj. kr. í samræmi við það sem áður sagði og standa þá eftir 32,5 millj. kr. á næsta ári, 81 millj. kr. árið 2003, þar af er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun leggi til 32 millj. kr. og því sé nauðsynlegt viðbótarframlag að fjárhæð 49 millj. kr. og 21 millj. kr. árin 2004–2006.

Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. 1.15 Umönnunarbætur. Lögð er til 15 millj. kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lögð er til 10 millj. kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar. Lagt er til að lækka framlag um 5 millj. kr. í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.41 Heimilisuppbót. Lögð er til 30 millj. kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld Tryggingastofnunar á árinu 2001.

1.51 Uppbætur. Lögð er til 30 millj. kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.55 Bifreiðakaupastyrkir. Farið er fram á 40 millj. kr. hækkun á framlagi til bifreiðakaupa í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 2001. Gengisbreytingar hafa áhrif á þennan lið, en ein af úthlutunarreglum stofnunarinnar kveður á um heimild hennar til þess að styrkja sem samsvarar 50% eða 60% af kaupverði bifreiðar og enginn hámarksfjöldi styrkja tilgreindur. Að öðru leyti eru reglur Tryggingastofnunar um úthlutun háðar ákveðnum fjölda styrkja miðað við tiltekna fjárhæð í hverjum flokki.

Lífeyristryggingar. Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 160 millj. kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lögð er til 82 millj. kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

Tekjutryggingarauki. Lögð er til 28 millj. kr. hækkun á framlagi í samræmi endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

Sjúkratryggingar. 1.11 Lækniskostnaður. Farið er fram á 100 millj. kr. hækkun á framlagi til lækniskostnaðar. Í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld sjúkratrygginga er gert ráð fyrir að lækniskostnaður verði 100 millj. kr. umfram fjárveitingar á þessu ári.

1.15 Lyf. Samtals er farið fram á 200 millj. kr. hækkun á framlagi til að mæta auknum útgjöldum vegna greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjum. Gert er ráð fyrir að 167 millj. kr. falli á sjúkratryggingar og 33 millj. kr. á Landspítala – háskólasjúkrahús, en á árinu voru fluttar greiðslur til sjúkrahússins frá Tryggingastofnun til að greiða fyrir svokölluð S-merkt lyf, en Tryggingastofnun greiddi áður fyrir lyfin.

1.91 Annað. Á fjárlögum ársins 1998 var samþykkt 6,6 millj. kr. fjárveiting til sjúkratrygginga til að mæta kostnaði við túlkaþjónustu í samræmi við lög um réttindi sjúklinga. Tryggingastofnun gerði athugasemdir við áformaða fjárveitingu þar sem ekki er sérþekking hjá stofnuninni til að veita túlkunarþjónustu fyrir heyrnarlausa og nýbúa. Ráðuneytið hefur greitt fyrir þjónustuna undanfarin ár. Áformað er að flytja fjárveitinguna til stofnana og er þeim ætlað að standa straum af kostnaði við túlkaþjónustu sem þær nota.

Liður 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Lögð er til 8,8 millj. kr. hækkun á liðnum. Fjárveiting er annars vegar millifærð af 206-1.91 Annað, 6,6 millj. kr., og hins vegar af aðalskrifstofu ráðuneytisins, 101-1.01 Yfirstjórn, 2,2 millj. kr., í samræmi við skýringar þar um kostnað við túlkaþjónustu.

Landspítali – háskólasjúkrahús er meðal þeirra þátta sem tillögur voru gerðar um. Farið er fram á að sértekjur lækki um 100 millj. kr. til samræmis við minni tekjur en jafnframt lækki rekstrargjöld um sömu fjárhæð. Vegna sameiningar Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala falla niður sértekjur og útgjöld af viðskiptum þeirra í milli þar sem um innri viðskipti deilda er að ræða.

Á liðnum 379 er liðurinn 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að framlag verði lækkað um 21,6 millj. kr. til að mæta viðbótarkostnaði við leiðréttingu á framlögum til hjúkrunarheimila sem miðast við að umönnunarkostnaður taki mið af hjúkrunarþyngd.

Og loks liður 385 Framkvæmdasjóður aldraðra. Þar er liðurinn 1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra og 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur. Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 88,9 millj. kr. Í þingbyrjun var lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir 88,9 millj. kr. hækkun framlags í sjóðinn og hefur það verið samþykkt sem lög og kemur hækkunin til framkvæmda á árinu 2002. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 var hins vegar gert ráð fyrir óbreyttu gjaldi í sjóðinn. Af fjárveitingunni fara 47 millj. kr. í viðfangsefnið 1.01 og jafnframt er gerð tillaga um breytt heiti, Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Þá fara 41,9 millj. kr. á viðfangsefnið 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur.

Liður 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

Ég vík þar fyrst að lið 1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi. Lagt er til að veitt verði 20 millj. kr. framlag til fjölþættra sýklavarna. Gert er ráð fyrir að gera þurfi m.a. nokkrar endurbætur á húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss, kaupa meira bóluefni, efla bráðameðferð og auka fræðslu meðal heilbrigðisstarfsmanna.

Liðurinn 1.53 Tóbaksvarnir. Farið er fram á 7,7 millj. kr. hækkun framlags til tóbaksvarna. Í samræmi við breytingu á lögum nr. 101/1996, um tóbaksvarnir, sem tók gildi 1. ágúst 2001 skal verja a.m.k. 0,9% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarna í stað 0,7% samkvæmt eldri ákvæðum.

Liður 1.58 er Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili. Lögð er til 5 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til þess að styrkja rekstur meðferðarheimilisins.

Ég vík þá að Hjúkrunarheimilum og daggjaldastofnunum.

Lagt er til að framlög til nokkurra hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana breytist til leiðréttingar á framlögum og til aðlögunar að nýju greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili sem tekið verður í notkun í áföngum. Styrkja þarf rekstrargrunn einstakra heimila og hækka eða lækka framlög til annarra til að laga þau að framlagi þar sem umönnunarkostnaður tekur mið af hjúkrunarþyngd. Breytingar á framlögum til einstakra heimila eru eftirfarandi:

Hjúkrunarheimilið Skjól, 5 millj. kr.; Hjúkrunarheimilið Eir, 5 millj. kr.; Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum., 5 millj. kr. og Víðines, 21,6 millj. kr.

Síðan tel ég hér upp Daggjaldastofnanir:

Seljahlíð í Reykjavík, mínus eða samdráttur um 2,4 millj. kr.; Dalbær, Dalvík, 12,1 millj. kr.; Höfði, Akranesi 14,2 millj. kr.; Hraunbúðir, Vestmannaeyjum, 7,1 millj. kr.; Barmahlíð, Reykhólum, 13,3 millj. kr.; Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi, samdráttur um 0,9 millj. kr.; Fellaskjól, Grundarfirði, 13,9 millj. kr.; Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi, 0,7 millj. kr.; Jaðar, Ólafsvík, samdráttur um 0,2 millj. kr.; sömuleiðis er minnkun hvað varðar Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri, 2,0 millj. kr. samdráttur. Hrafnista, Reykjavík, 63,9 millj. kr.; Hrafnista, Hafnarfirði, 35,3 millj. kr.; Grund, Reykjavík, 31,1 millj. kr.; Ás/Ásbyrgi, Hveragerði, 5,5 millj. kr.; Kumbaravogur, Stokkseyri, mínus 2,8 millj. kr.; Hlíðabær, Reykjavík 0,8 millj. kr.; Lindargata, Reykjavík, mínus 0,8 millj. kr.; MS-félag Íslands, Reykjavík, 3 millj. kr.; Uppsalir, Fáskrúðsfirði, samdráttur um 2,6 millj. kr.; Fríðuhús, Reykjavík, 3,6 millj. kr.

Þessari upptalningu á daggjaldastofnunum er þá lokið og ég vík að framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Lagt er til að sértekjur hækki um 47 millj. kr. Í þingbyrjun var lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir 88,9 millj. kr. hækkun framlags í sjóðinn og hefur það verið samþykkt sem lög og kemur hækkunin til framkvæmda á árinu 2002. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 var hins vegar gert ráð fyrir óbreyttu gjaldi í sjóðinn.

Í fjárlagafrumvarpi láðist að færa 62,5 millj. kr. innheimtar tekjur í Framkvæmdasjóð aldraðra til daggjaldastofnana í hærra daggjaldi og lagt er til að þau mistök verði leiðrétt.

Undir liðnum 1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum er lagt til að framlög til viðfangsefnisins hækki um 8,2 millj. kr. til leiðréttingar á framlögum og til aðlögunar að nýju greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili sem tekið verður í notkun í áföngum. Styrkja þarf rekstrargrunn einstakra heimila og hækka eða lækka framlög til annarra til að laga þau að framlagi þar sem umönnunarkostnaður tekur mið af hjúkrunarþyngd.

Undir liðnum Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Ekki er gerð tillaga um hækkun á liðnum en lögð áhersla á að rekstur göngudeildar SÁÁ á Akureyri verði tryggður á þessum lið með a.m.k. 10 millj. kr.

Undir lið 499 eru tillögur um hjúkrunarheimili og þar undir lið 1.01 Almennur rekstur er lagt til að 106,5 millj. kr. framlag verði færðar af liðnum til að leiðrétta daggjaldataxta hjúkrunarheimila og til aðlögunar að nýju greiðslukerfi hjá hjúkrunarheimili sem tekið verður í notkun í áföngum. Styrkja þarf rekstrargrunn einstakra heimila og hækka eða lækka framlög til annarra til að laga þau að framlagi þar sem umönnunarkostnaður tekur mið af hjúkrunarþyngd.

St. Franciskusspítali, Stykkishólmi fær framlag samkvæmt þessum tillögum. Undir liðnum 1.11 Sjúkrasvið er gerð tillaga um 6 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til spítalans í Stykkishólmi svo að unnt verði að ráða tvo sjúkraþjálfara í fullt starf.

Fjármálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 729,1 millj. kr.

103 Ríkisbókhald. Innheimtuskilakerfi og Forsendukerfi innheimtugagna. Í frumvarpinu eru fjárveitingar vegna rekstrar og stofnkostnaðar fjármálatölvukerfa ríkisins fluttar af sameiginlegum lið til viðkomandi stofnana sem bera ábyrgð á umsjón með þeim. Fyrir misgáning var fjárveiting vegna innheimtuskilakerfa annars vegar og forsendukerfis innheimtugagna hins vegar færð til embættis tollstjórans í Reykjavík en hún átti að færast til Ríkisbókhalds. Gerð er tillaga um að leiðrétta þetta með því að færa 16,2 millj. kr. fjárveitingu á viðfangsefni 1.48 og 16 millj. kr. á viðfangsefni 1.49 og fella niður jafnháa fjárheimild á viðfangsefni 262-1.41 Innheimtuskilakerfi og 262-1.43 Forsendukerfi innheimtugagna á lið tollstjórans í Reykjavík.

Og enn um Tollstjóra í Reykjavík undir liðnum 262. Innheimtuskilakerfi og Forsendukerfi innheimtugagna. Í samræmi við framangreinda skýringu lækkar fjárveiting til innheimtuskilakerfis um 16,2 millj. kr. og fjárveiting til forsendukerfis innheimtugagna um 16 millj. kr.

Liður 381 Lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun. Í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002 er lagt til að fjárheimild eftirtalinna viðfangsefna lækki frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu um alls 624 millj. kr.:

1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, mínus 529 millj. kr.; 1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna, mínus 13 millj. kr.; 1.03 Lífeyrissjóður ráðherra, mínus 2 millj. kr.; 1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, mínus 46 millj. kr.; 1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands, mínus 10 millj. kr., 1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands, mínus 1 millj. kr.; 1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara, mínus 4 millj. kr.; 1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana, mínus 18 millj. kr. og 1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun, mínus 1 millj. kr.

Þá er vikið að vaxtabótum undir lið 821. Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta hækki um 500 millj. kr. Við lokafrágang frumvarpsins voru framreikningar um þróun útgjaldanna á árinu 2002 ekki nægilega langt komnir á veg til að unnt væri að leggja til breytingar á fjárheimildum. Frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram hefur verið unnið frekar að þeirri áætlun og er nú talið að vaxtabætur á næsta ári verði í kringum 4.400 millj. kr.

Undir liðnum 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs er liðurinn 1.05 Stjórnarráðsbyggingar. Lagt er til að fjárveiting til framkvæmda við húsbyggingar fyrir ráðuneyti verði flutt á nýjan fjárlagalið hjá forsætisráðuneyti, 01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins, enda fer forsætisráðuneytið með mál sem varða ráðstöfun skrifstofuhúsa fyrir ráðuneytin í heild samkvæmt auglýsingu um Stjórnarráð Íslands. Lækkar því þessi liður um 250 millj. kr.

Þá eru allnokkrar tillögur undir lið 989 Launa- og verðlagsmál og kem ég fyrst að þætti 1.90 Launa- og verðlagsmálum. Lögð er til 1.036,9 millj. kr. hækkun á launa- og verðlagslið frumvarpsins sem byggist á endurmati í samræmi við endurskoðaða verðbólguspá Seðlabanka Íslands. Bankinn gerir nú ráð fyrir 6,6% hækkun milli áranna 2000 og 2001 og 5,9% hækkun milli áranna 2001 og 2002 í stað 6,4% og tæplega 5%, eins og reiknað var með í frumvarpinu miðað við fyrri spá. Þá hefur verið gerður nákvæmari útreikningur á áhrifum af breyttu gengi íslensku krónunnar. Breyttar forsendur um almennar verðlagshækkanir hafa í för með sér um 615 millj. kr. hækkun á almennum rekstrargjöldum stofnana og verkefna og um 420 millj. kr. hækkun á bótum almannatrygginga. Þessi hækkun á verðlagi frumvarpsins tekur til flestra viðfangsefna en til hagræðis er tillaga um heildarfjárheimildina flutt á þessum lið fremur en á einstökum viðfangsefnum.

Skipting fjárheimildarinnar á einstök viðfangsefni fjárlaga er sýnd í sérstökum yfirlitum sem merkt eru með I með breytingartillögum meiri hlutans.

Jafnframt er lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 66,2 millj. kr. Fjárheimildin er ætluð til að mæta auknum launakostnaði hjá stofnunum fatlaðra og Barnaverndarstofu í kjölfar hækkunar á vaktaálagi en þessi þáttur kjarasamninganna hafði ekki verið metinn sérstaklega í forsendum frumvarpsins. Skipting fjárheimildarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

Virðulegi forseti. Ég kem þá að samgönguráðuneytinu.

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 44,8 millj. kr.

Yfirstjórn. Lagt er til að felldar verði niður 2 millj. kr. vegna úrskurðarnefndar í póst- og fjarskiptamálum. Nefndin hefur fengið eigið viðfangsefni í fjárlögum og fjárveiting vegna hennar færð á það viðfangsefni.

190 Ýmis verkefni. 1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til uppbyggingar rústabjörgunaraðstöðu að Gufuskálum.

Gestastofur, söfn og markaðsstarf. Gerð er tillaga um að veita Samgönguminjasafninu Ystafelli í Ljósavatnshreppi 3 millj. kr. tímabundinn styrk til uppbyggingar safnsins.

Aldamótabærinn Seyðisfjörður, húsahótel. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til verkefnisins Aldamótabærinn Seyðisfjörður til endurbyggingar húsa sem síðan verða nýtt sem hótel.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um að veita Björgunarfélagi Ísafjarðar tímabundinn 2 millj. kr. styrk til að bæta fjárhagsstöðu félagsins. Þá er lagt er til að Björgunarsveitinni Sæbjörgu á Flateyri verði veittur tímabundinn 1 millj. kr. styrkur til að koma nýju húsnæði sveitarinnar í nothæft ástand.

211 Vegagerðin. 1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Farið er fram á að veitt verði 30 millj. kr. framlag til að styrkja innanlandsflug til Hafnar í Hornafirði. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er samsvarandi tillaga um 12 millj. kr. styrk, en ætlunin er að gera bráðabirgðasamning í samvinnu samgönguráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Tryggingastofnunar um áætlunarflug og sjúkraflug. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stefnt verði að því að bjóða flugleiðina út og er gert ráð fyrir að útboðsferlið taki u.þ.b. þrjá mánuði. Að því loknu, og á grundvelli tilboða, er áætlað að gera samning við flugrekanda um rekstur áætlunarflugs á flugleiðinni ásamt sjúkraflugi.

335 Siglingastofnun Íslands. Lendingabætur. Lagt er til að liðurinn hækki um 0,8 millj. kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum III með breytingartillögum meiri hlutans.

Ferðamálaráð. 1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Lögð er til 3 millj. kr. hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð upplýsingamiðstöð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Iðnaðarráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 4 millj. kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög. 1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Lögð er til 4 millj. kr. tímabundin hækkun á þessum lið í þeim tilgangi að styrkja starfsemi Fagráðs textíliðnaðarins við eflingu framleiðslu íslenskrar ullarvöru.

Hagstofa Íslands. Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði óbreytt.

Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. 1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að niður falli 7 millj. kr. mótframlag Hagstofunnar til verkefnis á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um gagnaöflun, hagskýrslugerð og miðlun upplýsinga um hagnýtingu upplýsingatækni. Verkefnið var fært til Hagstofunnar frá forsætisráðuneytinu og við það miðað að til þess yrðu veittar 8 millj. kr. Ekki stóð til að Hagstofan legði sérstakt mótframlag til verkefnisins.

1.50 Þjóðskráin. Lögð er til 1 millj. kr. lækkun á mótframlagi Hagstofunnar til verkefnis á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um rafræn samskipti og þjónustu til samræmis við lækkun á framlagi upplýsingasamfélagsins.

996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið. Í samræmi við framangreindar breytingar á lið aðalskrifstofu lækkar þessi liður um 8 millj. kr.

Virðulegi forseti. Þá vík ég að því ráðuneyti sem enn er ótalið.

Umhverfisráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 110,3 millj. kr.

Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 2,3 millj. kr. fjárveitingu vegna hækkunar húsaleigu. Fyrri húsaleigusamningur um Vonarstræti 4, sem gerður var árið 1990, rennur út nú í lok árs 2001. Endurnýja þurfti því leigusamninginn við Reykjavíkurborg, eiganda húsnæðisins, og húsaleigan hækkaði. Stefnt er að því að aðalskrifstofa ráðuneytisins flytjist í nýtt húsnæði í lok árs 2004.

190 Ýmis verkefni. 1.10 Fastanefndir. Gerð er tillaga um að 6 millj. kr. fjárveiting vegna nefndar um sorpflokkun verði millifærð af viðfanginu 1.23 Ýmis umhverfisverkefni yfir á viðfangsefni 1.10 Fastanefndir.

1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið. Lögð er til 6,5 millj. kr. fjárveiting til samvinnunefndar um miðhálendið og er um nýtt viðfangsefni að ræða. Umfang nefndarinnar er það mikið að rétt þykir að hún hafi sérstakt viðfangsefni í fjárlögum. 5 millj. kr. af fjárveitingunni eru millifærðar af viðfanginu 1.23 Ýmis umhverfisverkefni.

1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Gerð er tillaga um breytingar sem lækka liðinn um 9 millj. kr. Annars vegar er gerð tillaga um 2 millj. kr. aukið framlag til Staðardagskrár, sem er sérstök umhverfisáætlun sveitarfélaga um úrbætur í umhverfismálum, og annarra verkefna. Hins vegar er tillaga um 11 millj. kr. millifærslu af liðnum á tvö framangreind viðfangsefni, 6 millj. kr. á 1.10 Fastanefndir og 5 millj. kr. á 1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið.

1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur. Lagt er til að fjárveiting til undirbúnings að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs verði alls 3 millj. kr. Hluti fjárins, 2,8 millj. kr., er millifærður af viðfangi 1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur, yfir á þetta viðfang sem er nýtt. (**Gripið fram í:** Var ekki talað um að hækka hana?) Óskar hv. þm. eftir því að ég lesi tillögu meiri hlutans aftur? (**Gripið fram í:** Ræðuna alla aftur.)

1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum. Lagt er til að framlag til rannsóknastöðvar að Kvískerjum lækki um 4,6 millj. kr. Inneign hefur safnast á viðfanginu og ekki er talin þörf á frekara fjármagni til að ríkissjóður geti staðið við sínar upphaflegu skuldbindingar þegar að því kemur að ráðist verði í framkvæmdir.

Vernd Breiðafjarðar. Lagt er til að veitt verði 2 millj. kr. fjárveiting til framkvæmdar verndaráætlunar samkvæmt lögum nr. 54/1995. Fyrir liggur tillaga Breiðafjarðarnefndar um verndaráætlun sem nauðsynlegt er að ýta úr vör á næsta ári.

Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur. Lagt er til að 2,8 millj. kr. verði millifærðar af þessum lið á framangreint nýtt viðfang, 1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur.

Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Lögð er til 2,9 millj. kr. hækkun á framlagi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna aukins umfangs.

Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. framlag til að styrkja ýmis náttúruverndarsamtök.

Náttúruvernd ríkisins. 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði og 6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að þær 10 millj. kr. sem ætlaðar eru til uppbyggingar og starfrækslu hins nýja þjóðgarðs á Snæfellsnesi verði færðar af stofnkostnaðarviðfanginu 6.01 Tæki og búnaður yfir á rekstrarviðfangið 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.

281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. 6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. Lagt er til að veitt verði 100 millj. kr.

tímabundin fjárveiting til fráveituframkvæmda sveitarfélaga þannig að heildarfjárveiting til þeirra mála árið 2002 verði 220 millj. kr. Um er að ræða fjármuni sem koma til greiðslu ári eftir að framkvæmdir eiga sér stað. Í fjárlögum ársins 2001 er 120 millj. kr. varið til þessara mála, en þar af eru 20 millj. kr. vegna endurgreiðslu á $^1/_5$ hluta skerðingar á fjárveitingu ársins 2000. Á vegum Reykjavíkurborgar er nú unnið að fráveituframkvæmdum fyrir ríflega 1 milljarð kr. auk framkvæmda annarra sveitarfélaga víðs vegar um land.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. 1.01 Yfirstjórn og 1.02 Setur í Reykjavík. Til að leiðrétta skekkju sem var í fjárlagagerð fyrir árið 2001 er lagt til að 28 millj. kr. tilfærsla milli launa og sértekna verði millifærð af viðfangi 1.01 Yfirstjórn yfir á viðfang 1.02 Setur í Reykjavík.

Að lokum eru hér örfá orð um síðustu breytingartillögurnar.

Lagt er til að fjárheimild til vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 100 millj. kr.

Í samræmi við endurskoðaða áætlun er gert ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2002 verði 100 millj. kr. hærri en áætlað var í frumvarpinu. Skýrist það einkum af breytingum á gengi krónunnar, en á móti hafa vextir á erlendum mörkuðum lækkað.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim tillögum sem hér eru lagðar fram og lesa má í þingskjali sem lagt var fram á Alþingi í gær.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frv. hafa verið hefðbundin. Nefndin hóf störf 20. sept. sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaganna sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárln. vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlfrv. sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 15. okt. sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nál. eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frv. hefur hún haldið 31 fund og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem um skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 2.277,6 millj. kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Eins og venja er bíða 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frv., B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða 3. umr. ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar, þar á meðal Borgarspítali og heilsugæslustöðvar.

Fjárln. hefur leitað til Ríkisendurskoðunar hvað varðar tillögur um styrki til einstaklinga og félagasamtaka. Þegar styrkir verða greiddir út er ráðgert að aðilar gangist undir að skila skýrslum sem greini frá því hvernig viðkomandi verkefni hafi reitt af og hvort þau markmið sem voru áformuð hafi náðst. Ráðgert er að samræma þessa skýrslugerð til að auka eftirlit með verkefnunum. Tillögur um þetta efni eru væntanlegar frá stofnuninni.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki og félögum minum í fjárln. fyrir gott samstarf. Minni hlutanum þakka ég. Sérstaklega vil ég geta þess að málflutningur þeirra og málefnaleg framsetning í umræðunni hefur verið góð og starfsandi góður í nefndinni.

Ég færi sérstakar þakkir þeim sem aðstoðað hafa nefndina í vinnu hennar.

Herra forseti. Ég hef lokið málið mínu.

[16:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Merkilegasti hluti ræðu hv. þm. fólst í byrjuninni. Þar tók hann í einu og öllu undir öll þau atriði sem Samfylkingin og stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt varðandi stjórn efnahagsmála hér á landi. Að því loknu klykkti hv. þm. út með því að segja: Hér leggst því allt á eitt, fyrir vikið stefnir í meira óefni en þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir.

Herra forseti. Ég dreg þetta í efa. Samfylkingin benti á að þá lá fyrir, samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar að hagvöxur á næsta ári yrði minni, verðbólga á næsta ári yrði meiri og það lá fyrir samkvæmt mati peningastofnana að gengið yrði mun lægra. Þannig lá þetta allt saman fyrir, herra forseti.

Hv. þm. talaði sjálfur um að viðskiptahallinn væri allt of mikill og verðbólgan hefði farið upp. Nú langar mig til að spyrja hv. þm.: Hvað telur hann að hafi valdið því að verðbólgan fór upp og að gengið fór niður, hrundi eins og raun bar vitni? Hvað olli þessum mikla viðskiptahalla?

[16:04]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umfangsmikil umræða fór fram í þessum þingsal þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Ég minnist vel orða hv. þm. og annarra þingmanna sem höfðu uppi efasemdir um forsendur fjárlaga. Fjárlagafrv. var hins vegar lagt fram á þeim grunni sem menn töldu traustan og öruggan á þeim tíma.

Öllum er ljóst að miklar breytingar hafa orðið í efnahagsmálum, ekki aðeins vegna þeirra aðstæðna sem eru innan lands heldur vegna alþjóðlegra aðstæðna. Áhrif hryðjuverkanna 11. sept. hafa valdið miklu víðtækari og alvarlegri áhrifum en við mátti búast. Þetta ásamt ýmsu öðru sem ég gat um í ræðu minni eru ástæðurnar fyrir þeim orðum mínum sem hv. þm. vitnar til.

[16:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er kannski dasaður eftir að hafa lesið þessa löngu og ágætu ræðu. Svo virðist sem hv. þm. hafi ekki numið spurninguna sem ég varpaði fram. Ég spurði hv. þm.: Hverjar telur hann að séu orsakir þess mikla viðskiptahalla sem varð til á síðustu árum?

Ég get fyrir mitt leyti, herra forseti, svarað þeirri spurningu. Ég tel að ríkisstjórninni hafi orðið á ákaflega mörg og alvarleg mistök við stjórn efnahagsmála. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir aðgerðum sem beinlínis ýttu undir þenslu. Þessi þensla leiddi til þess að viðskiptahallinn varð til. Hæstv. ríkisstjórn gerði líka hrossakaup við lífeyrissjóðina sem leiddi til þess að þeir fengu að flytja miklu meira fé úr landi en áður. Þetta leiddi til viðskiptahallans.

Þessi viðskiptahalli skapaði þá vá að forveri hv. þm. varaði við honum hér fyrir ári. Nú spyr ég hv. þm.: Telur hann ekki að ríkisstjórnin beri nokkra ábyrgð á viðskiptahallanum og afleiðingum hans?

[16:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri mikil einföldun að ætla ríkisstjórninni allt það er snertir viðskiptahalla undanfarinna ára. Viðskiptahallinn er kominn til vegna margvíslegra þátta og flókinna sem ég get ekki rakið hér við þessar aðstæður.

Því miður er málið ekki svo einfalt að ríkisstjórninni sé um að kenna. Margvíslegar aðstæður í þjóðfélaginu hafa orðið til þess að þensla og eyðsla hefur verið umfram það sem góðu hófi gegnir. Hins vegar hefur komið á daginn að nú hefur dregið úr þessum viðskiptahalla og ríkisstjórnin mun taka mið af því og mótar væntanlega tillögur sínar í því efni og fjárln. mun sömuleiðis taka mið af því í þeim fjárlagatillögum sem mótast hér milli 2. og 3. umr.

[16:08]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður fjárln. rakti í upphafi ræðu sinnar forsendur fyrir fjárlagafrv. og hvað hefði breyst síðan þá, að gengið hefði breyst, það hefði snarlækkað, verðbólgan hefði vaxið, vextir væru áfram háir og samdráttur væri í þjóðarframleiðslu. Hann rakti líka ítarlega skyldur og ábyrgð fjárln. við vinnu sína gagnvart Alþingi.

Ég leyfi mér því að spyrja: Hvernig finnst hv. formanni fjárln. að lesa upp brtt. nefndarinnar við fjárlagafrv. sem hann var með hér eftir að hafa séð í Morgunblaðinu tilvitnun í hæstv. forsrh. þar sem hann tilkynnir alþjóð í gegnum fjölmiðla niðurskurð á fjárlögum um 3–4 milljarða kr., tilkynningu sem ekkert hefur verið rædd eða borin inn í fjárln. og nefndinni ber bara að taka á móti? Hvernig ætlar hv. formaður fjárln. að taka á þessum vinnubrögðum og samskiptum fjárln. og hæstv. ríkisstjórnar?

[16:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera hv. þm. Jóni Bjarnasyni nokkur atriði fullljós. Ríkisstjórnin lagði fram fjárlagafrv. og þess vegna er eðlilegt að hún leggi fram tillögur um breytingar á því á meðan á meðferð þess stendur. Það gerir hún að sjálfsögðu í samráði við oddvita fjárln. Ég fagna því að komið hafi fram skýr skilaboð frá hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., skilaboð sem íslenski markaðurinn hefur tekið mark á, sem styðja þær tillögur og ummæli formanns fjárln. að það verði gripið til aðgerða.

Ég fagna þess vegna þessum ummælum oddvita ríkisstjórnarinnar sem styðja það sem ég hef sagt hér og taka af allan vafa um að Alþingi ætlar með stuðningi ríkisstjórnarinnar að standa við þau markmið sem við höfum sett okkur með þessu fjárlögum, að skila þeim með góðum afgangi og styðja þannig efnahagsbata þjóðarinnar.

[16:10]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð aftur að víkja að máli hv. formanns fjárln. í ræðu hans þar sem hann rakti ábyrgð fjárln. og sjálfstæði. Ég vil því ítreka spurningu mína til hv. þm., þ.e. hvort það henti að formaður fjárln. taki þátt í slíkri vinnu með framkvæmdarvaldinu eftir að frv. og vinna þess er komin til þingsins. Að mínu viti á frumkvæðið í vinnunni að koma frá fjárln. og Alþingi þrátt fyrir það að ríkisstjórnin geti sjálfsagt velt fyrir sér hvað hún á að gera og mætti gera betur.

Herra forseti. Fyndist hv. þm. þá ekki réttara að hann gerði hér grein fyrir því eða ræddi hverjar væru tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis, sundurliðaðar, þannig að Alþingi gæti þá tekið á þeim og rætt þær. Að sjálfsögðu hefur ríkisstjórnin tillögurétt en hún á að koma með tillögur sínar inn á Alþingi en ekki í fjölmiðla eftir að málið er komið inn á Alþingi eins og fjárlagafrv. er núna?

[16:11]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því eins og ég gerði áðan að formaður fjárln. skyldi hafður með í ráðum vegna þeirra gjörbreyttu aðstæðna sem eru í ríkisfjármálum. Mér hefði einmitt þótt það síðra og verra ef formaður fjárln. hefði ekki verið hafður með. Með því að hafa formanninn með í að fást við þær gífurlegu breytingar sem eru að verða á okkar efnahagsmálum sýnir ríkisstjórnin, sem leggur þetta frv. fram, að hún ber virðingu fyrir nefndinni. Hún viðurkennir að fjárlögin eru á höndum nefndarinnar og þess vegna var þetta með öllu eðlilegt, viðurkenning á því að það er Alþingi sem ber ábyrgð á frv. og lögunum.

Það er ekki aðeins í þessu efni sem formenn nefnda starfa með þeim sem leggja fram frv. Það er svo í öllum málum hér í þinginu að formenn nefndanna starfa með þeim sem flytja frumvörpin og þess vegna fagna ég því að oddvitar fjárln. voru með í undirbúningsstarfinu sem mun skila sér milli 2. og 3. umr.

[16:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst inngangur ræðu hv. formanns fjárln. nokkuð skondinn, þegar hv. þm. bar sig mannalega gagnvart þeim aðstæðum sem öll þjóðin hefur fylgst með, þar sem ríkisstjórnin hefur haft fjárln. eða meira hluta hennar, formanninn ekki síst, að engu og boðað þjóðinni í gegnum fjölmiðla hvernig farið verði með fjárlagafrv. Það var eiginlega grátbroslegt að heyra það.

Það blasir við hvílíkur bútasaumur þetta er. Það segir í raun alla söguna að nú er verið að afgreiða hér brtt. frá meiri hluta fjárln. um hækkun upp á 2,2 milljarða en svo er boðuð lækkun aftur upp á 3–4 milljarða. Ég vil þá spyrja hv. formann fjárln.: Á hann von á því að eitthvað af liðunum sem hækka núna við 2. umr. verði lækkaðir aftur við 3. umr.? Er það verklag sem hv. formanni fjárln. finnst almennt til fyrirmyndar og til þæginda?

Ég segi bara aftur það sem ég sagði hér fyrr í dag: Ja, það er eins gott að umræðurnar eru ekki fleiri. Þetta yrði ljóta vinnan ef alltaf væri verið að hækka og lækka fjárlögin á víxl milli umræðna.

[16:14]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur verið unnið að því að finna hvernig bregðast skuli við þeim breyttu efnahagsforsendum sem öllum eru kunnar. Slíkt verk er flókið og tekur mikinn tíma. Það hefur verið unnið mjög ötullega að því. Þar þarf að fást við mörg afar viðkvæm verkefni þar sem einnig er þörf á samkomulagi við margra aðila, m.a. fjárln.

Við höfum vandað okkur við þetta verk. Vissulega hefði verið heppilegra að við hefðum haft þær tillögur hér en niðurstaðan var sú að fara til 2. umr., gera grein fyrir því að niðurskurðartillögur og breytingar á tekjuforsendum væru á leiðinni og mundu skila sér, enda er það verk okkar að skila frá okkur góðum og traustum fjárlögum þegar 3. umr. lýkur. Við það verður staðið.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega til bóta að það örlar á viðurkenningu á því hjá hv. formanni fjárln. að þetta verklag sé ekki mjög gæfulegt eða trúverðugt. Þar tekur hv. þm.

væntanlega undir með leiðtoga sínum, hæstv. utanrrh., sem segir í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta:

„Vissulega hefði verið betra að hafa niðurskurðartillögur með við 2. umr. um fjárlögin, en það hafi verið metið svo að betra væri að raska ekki starfsáætlun þingsins."

Þarna er auðvitað viðurkennt að efnislega er þetta verklag ekki gott.

Það fór hins vegar lítið fyrir slíkri viðurkenningu í þátttöku hv. formanns fjárln. í umræðum um störf þingsins í dag. Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, þó seint sé, til að mótmæla þeim ódrengilegu árásum sem hv. formaður fjárln. fór þar fram með gagnvart Jóni Bjarnasyni, hv. þm. og fulltrúa í fjárln. Það er afar óvenjulegt að heyra formann þingnefndar veitast þannig að einum nefndarmanna sinna, þó að hann væri þar að vísu að nota Albaníu-aðferðina og reyna að skamma þann sem hér stendur. Ég held að einhvern tímann við gott tækifæri ætti hv. formaður fjárln. að biðjast velvirðingar á þessum ummælum.

[16:17]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óþarft að fara frekari orðum um það verklag sem hér er um fjárlagafrv. Allir vita að það er verið að vinna að þessum tillögum. 2. umr. var ekki frestað, tillögurnar eru væntanlegar og verða fyrst kynntar í fjárln. eins og vera ber.

Ég vil hins vegar láta það koma fram að ég þóttist vera að skjóta skildi fyrir góðan liðsmann í fjárlaganefndinni, hv. þm. Jón Bjarnason, þegar mér þótti formaður flokks hans gera hlut hans lítinn, að hann hefði ekki haft burði til þess að óska eftir að 2. umr. væri frestað ef svo mikið lægi við. En svo mátti skilja af ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér fyrr í dag.

[16:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við búum við þrískiptingu valds, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þar er löggjafarvaldið sýnu valdamest, enda kosið af þjóðinni. Það setur lög sem dómstólar fara eftir, semur og setur lög. Það veitir fé til framkvæmdarvaldsins og hefur eftirlit með framkvæmdum og ráðstöfun framkvæmdarvaldsins á þessu fé.

Herra forseti. Ég ætla að nefna eina framkvæmd sem er dæmigerð fyrir fjölda annarra framkvæmda sem við höfum hlustað á formann fjárln. lýsa í eins og hálfs tíma ræðu. Hið háa Alþingi, merkasta stoð hins þrískipta valds, ætlar að ala upp og skóla hund í Vestmannaeyjum. Sá skal læra að leita eftir kókaíni og öðrum eiturlyfjum og kostar uppeldið 2 milljónir. Fyrir utan það að þessi framkvæmd löggjafarvaldsins er fráleit þá leiðir hún til eftirfarandi spurningar til hv. framsögumanns:

Hver ber ábyrgð á því ef uppeldi hins háa Alþingis á hvutta mistekst og hann finnur bara kaffi en ekki kókaín, þ.e. ef útkoman verður röng? Ekki getur hæstv. dómsmrn. borið ábyrgð á því, því Alþingi ákvað þetta. Hvernig getur Alþingi haft eftirlit með framkvæmdinni þegar það ákvað þetta sjálft?

[16:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að gera leiðréttingu á því sem fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals, ræða mín var ekki einn og hálfur klukkutími, hún var röskir tveir.

Mér finnst, eftir allan þann málatilbúnað sem ég hafði uppi, heldur smátt í sniðum að maður sem beitir sér jafnmikið fyrir framförum í efnahagsmálum og hv. þm. Pétur Blöndal skuli koma hér með þetta litla verkefni en ekki víkja að þeim stóru þáttum sem ég gerði að umræðuefni, ekki síst þeim stóru þáttum um bætta fjárlagagerð og bættar fjárreiður sem snúa að sviði sem hv. þm. hefur beitt sér mjög fyrir og hefur ekki sparað að vega þar bæði til hægri og vinstri.

[16:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að ég ætlaði að nefna eina framkvæmd sem dæmigerða fyrir fjölda annarra framkvæmda sem fylltu ræðu hv. þm. í tvo klukkutíma.

Í fyrsta lagi: Við venjulega framkvæmd þarf að undirbúa framkvæmdina og meta þörfina. Ég tel að hv. þm. með starfsmönnum þingsins séu vanhæfir til þess. Þetta er framkvæmdaratriði og það er framkvæmdarvaldið sem á að sjá um þetta.

Í öðru lagi: Það þarf að hafa eftirlit með framkvæmdinni á verktíma. Það getur hv. Alþingi ekki gert. Svo þarf að vera eftirfylgni við framkvæmdina. Það er heldur ekki hægt. Ábyrgðin er ekki hjá framkvæmdarvaldinu af því Alþingi tók ákvörðun um þessa fjárveitingu og þetta á við um allar eða flestallar tillögur sem hv. fjárln. gerir, þ.e. þær sem fylltu tveggja tíma ræðu. (**Gripið fram í:** Meiri hluti fjárln.) Þannig að það sem ég er að gagnrýna er að Alþingi skuli standa í framkvæmdum, að það sé að byggja brýr, reisa hús og þýða bækur o.s.frv.

[16:21]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir gott að það skýrðist að þetta dæmi um fíkniefnahundinn í Vestmannaeyjum var notað hér til að skerpa skilning okkar þingmanna og þjóðarinnar á skoðun hv. þm. á öllu fjárlagaferlinu.

Ég lít svo á að með fjárlögum standi þingið sjálft ekki í rekstri, heldur er það að veita fé til framkvæmdarvaldsins sem síðan sér um ráðstöfun þess og eftirlit. (Gripið fram í.) Þingið verður að treysta því að þær stofnanir, eftirlitsstofnanir og framkvæmdarvaldsstofnanir, sinni því eftirliti.

[16:22]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að taka undir það með ýmsum öðrum hv. þm. að fyrri hluti ræðu hv. formanns fjárln. var afar athyglisverður. Ég leyfi mér að kalla þann hluta ræðunnar stefnuyfirlýsingu nýs formanns fjárln. Þar var víða komið við. Þar var lögð áhersla á sjálfstæði þingsins og sjálfstæði fjárln. gagnvart fjárlagaferlinu og ástæða til þess að taka undir það. Þetta var afar þörf upprifjun í ljósi atburða síðustu daga.

Hins vegar er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm., vegna fréttar sem er í Morgunblaðinu í dag þar sem fram kemur að hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður fjárln. séu starfandi í vinnuhópi með embættismönnum fjmrn. Í fréttinni segir að þessi vinnuhópur hafi skilað útfærðum tillögum sínum.

Herra forseti. Hér blasir við að hv. formaður fjárln. virðist starfa í fleiri en einni fjárlaganefnd. Því er nauðsynlegt, herra forseti, að fá það algjörlega á hreint hvort þessi frétt er rétt eða röng.

[16:23]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir orð hans um fyrri hluta ræðu minnar og sömuleiðis fyrir að kalla það stefnumótun formannsins. Ég vil taka undir það með honum í því og leggja áherslu á það.

Svarið við spurningunni, um hvort fréttin sé rétt eða röng, er: Hún er rétt. Formaður og varaformaður fjárln. hafa ásamt þeim fulltrúum þess sem lagði frv. fram, þ.e. fulltrúum ríkisstjórnarinnar, unnið að hugsanlegum viðbrögðum vegna breyttra efnahagsaðstæðna. Með þessu á nefndin samstarf við þann sem lagði fram frv., þ.e. ríkisstjórnina. Það er þess vegna sem við erum einmitt komin svo langt í okkar starfi að við getum væntanlega lagt fram tillögur sem fyrst munu líta dagsins ljós í fjárln. og hvergi annars staðar. Hv. þm. hlýtur að skilja að slíkt er ekki hægt að hrista fram úr erminni, heldur krefst undirbúnings.

Ríkisstjórnin hefur viðurkennt mikilvægi fjárln. með því að hafa þessa tvo oddvita nefndarinnar með sér í samstarfi.

[16:25]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðfestir að frétt Morgunblaðsins um að hinn svokallaði vinnuhópur hafi skilað útfærðum tillögum sínum um niðurskurð á útgjöldum ríkisins. Þetta er auðvitað afar merkileg yfirlýsing frá hv. formanni fjárln. vegna þess að á fundi fjárln. í gær kom það fram hjá formanni og varaformanni nefndarinnar að engar tillögur væru frágengnar. Hér kemur síðan hv. formaður fjárln. og staðfestir frétt Morgunblaðsins um að fyrir liggi útfærðar tillögur um hvernig eigi að standa að niðurskurði ríkissjóðs.

Einhvers staðar hefur ranglega verið farið með en ég trúi því og treysti að hv. formaður fjárln. hafi farið rétt með hér úr ræðusstóli áðan. Þess vegna er auðvitað ástæða til þess að vekja enn frekari athygli á því að hv. þm. virðist því miður starfa í tveimur fjárlaganefndum. Ég vona að hv. þm. geri upp hug sinn og átti sig á því sem allra fyrst að það er eingöngu ein fjárln. sem á að starfa hér í þessu landi.

[16:26]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. sem hér talaði leggur sig alltaf fram um málefnalega framsetningu og ég virði það mjög. Þess vegna vil ég svara honum með sama hætti. Þegar ég sagði að fréttin væri rétt átti ég við að rétt væri að formaður og varaformaður hafa starfað í starfshópi. Mér var hins vegar ekki ljóst að þingmaðurinn skildi svarið á þann veg að þar lægju fyrir (**EMS:** Það stendur í fréttinni.) — hv. þm., ég hef ekki blaðið fyrir framan mig — útfærðar tillögur. Það er hins vegar ekki rétt í fréttinni.

Það liggja engar tillögur fyrir og voru ekki lagðar fram af þessum starfshópi, útfærðar tillögur, heldur aðeins hugmyndir um hvað til greina gæti komið til niðurskurðar eða tekjuöflunar. Það er hið rétta svar og ég biðst velvirðingar á því ef einhverjir hafa talið mig tvísaga hér um það miðað við það sem ég sagði í fjárln. Ég veit að hv. þm. veit að það var rétt sem ég sagði. Engar útfærðar tillögur liggja fyrir.

[16:27]

Gísli S. Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Við umræðu um frv. til fjáraukalaga nú fyrir skömmu gerði ég þáv. starfandi forseta grein fyrir því að við óskuðum eindregið eftir því að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar yrðu viðstaddir 2. umr. fjárlaga. Ég beindi því til forseta að hann kæmi þessu á framfæri og sæi til þess að þessi boð bærust til hæstv. ráðherra. Aðeins tveir ráðherrar höfðu orð á því við mig um að þeir þyrftu að bregða sér frá augnablik, þ.e. hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh. Við gerðum kröfu um að ráðherrar yrðu við og hlustuðu á talsmenn flokkanna úr fjárln. flytja mál sitt við 2. umr. Það er lágmarksvirðing sem hæstv. ráðherrar geta sýnt þinginu og þingmönnum.

Ég spyr því virðulegan forseta: Hvernig standa þessi mál? Var hæstv. ráðherrum gert viðvart um þetta? Á hvern hátt hyggjast forsetar fylgja þessari athugasemd eftir eða hyggjast þeir ekki gera það?

Ég læt þess getið hér að þegar ég flyt ræðu mína mun ég óska eftir að viðkomandi ráðherrar verði hér við til að hlusta á þær athugasemdir sem ég hef fram að færa. Ég mun nafngreina þá og boða hér með að það mun taka nokkurn tíma að flytja mál mitt. Ég óska eftir því að forseti geri ráðherrum almennt viðvart um að ég mun spyrja þá um ákveðna liði.

Ég virði það að hæstv. fjmrh. situr hér og hlustar og fylgist með umræðunni. Ég reikna með að hann geri eins og venjulega, taki saman og svari því sem honum finnst svaravert af þeim athugasemdum sem fjárlaganefndarmenn hafa fram að færa.

Virðulegur forseti. Ég ítreka þessa athugasemd. Ég tel að það sé skylda að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir hér og hlusti á talsmenn flokkanna.

[16:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill taka fram í ljósi athugasemda hv. þm. að enginn hæstv. ráðherra er með fjarvistarleyfi í dag. Forseti skilur því hv. þm. á þann veg að hann sé að óska viðveru ráðherranna almennt og mun því láta fara fram allsherjarútkall í þeim efnum. Forseti tekur undir með hv. þm. að ekki er óeðlilegt þegar um jafnviðamikla og veigamikla umræðu og hér um ræðir að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir sé þess sérstaklega óskað. Tveir hæstv. ráðherrar eru í húsi, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., en forseti mun gera ráðstafanir til þess að gera öðrum hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar viðvart um þá ósk sem fram er komin.

[16:31]

Gísli S. Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessi viðbrögð. Bara til að ítreka það að sú krafa sem sett var hér fram var um að hæstv. ráðherrar virtu talsmenn úr fjárln. þess að vera hér viðstaddir meðan þeir flyttu mál sitt. Það finnst mér lágmarkskurteisi af hæstv. ráðherrum og ég kann þeim ráðherrum sem hér eru í húsi bestu þakkir, hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., fyrir að vera hér viðstödd. En ég minni á að hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh. gerðu grein fyrir því að þeir þyrftu að bregða sér frá um hálftíma skeið þannig að það var vitað um fjarveru þeirra ágætu ráðherra.

[16:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Það er svo sem ekki miklu við að bæta. Allt var það fyrirliggjandi sem hv. þm. gat um í seinni ræðu sinni. En

forseti áréttar að hann mun gera hæstv. ráðherrum viðvart um þá ósk sem fram er komin.

[16:32]

Útbýting þingskjala:

Fullvirðisréttur við sölu ríkisjarða, 325. mál, fsp. LB, þskj. 412.

Kynning á málstað Íslands í hvalveiðimálum, 324. mál, fsp. MS, þskj. 411.

Mat á umhverfisáhrifum skógræktaverkefna, 323. mál, fsp. KolH, þskj. 410.

Staða þeirra sem kynda með olíu, 322. mál, fsp. SvanJ, þskj. 409.

Þróun lífeyrismála 1998–2001, 328. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 415.

[16:33]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég flyt hér álit 1. minni hluta fjárln. en hann skipa auk mín hv. þm. Gísli S. Einarsson og hv. þm. Kristján L. Möller.

Herra forseti. Ríkisstjórnin virðist nú hafa misst tök á stjórn efnahagsmála. Þetta birtist í miklu gengisfalli íslensku krónunnar undanfarin missiri, hárri og vaxandi verðbólgu, svimháum vöxtum sem leggjast þungt á fyrirtæki og fjölskyldur, gríðarlegum erlendum skuldum þjóðarbúsins og viðskiptahalla sem erfitt er að ná niður. Yfirlýsingar hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar um stöðu mála eru misvísandi og ótrúverðugar. Óðagot, ráðleysi og pat einkenna nú öll viðbrögð ríkisstjórnarinnar. Gott dæmi um það er að nokkrum klukkustundum eftir að hæstv. forsrh. lýsti opinberlega yfir sl. sunnudag að útgjaldatillögur fjárlagafrumvarpsins yrðu skornar niður um nokkra milljarða króna samþykkti meiri hluti fjárlaganefndar tillögur um að hækka útgjöld ríkisins um 2,2 milljarða kr. Af misvísandi yfirlýsingum formanna stjórnarflokkanna í fjölmiðlum í aðdraganda umræðunnar að dæma er jafnframt ljóst að stjórnarflokkarnir hafa hvorki náð saman um niðurskurð né hafa þeir hugmynd um hvaða málaflokkar verða skornir niður. Vinnubrögð af þessu tagi eru fordæmalaus og sýna glögglega ráðleysið sem einkennir nú tök ríkisstjórnarinnar á efnahagsmálum þjóðarinnar.

Í reynd þýða þessi vinnubrögð stjórnarmeirihlutans að 2. umr. um fjárlagafrumvarpið er marklaus. Tillögur ríkisstjórnarinnar liggja ekki fyrir. Miðað við yfirlýsingu forsætisráðherra um niðurskurð er ljóst að frumvarpið mun gerbreytast milli 2. og 3. umr. og líklegt er að ýmsar tillögur sem meiri hlutinn gerir við 2. umr. munu ekki lifa af þann niðurskurð. Ekki er ástæða til að fjalla efnislega um breytingartillögur meiri hlutans nú heldur bíður sú umræða þess að ríkisstjórnarflokkarnir ljúki tillögugerð sinni þannig að hægt sé að fjalla um breytingar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 með heildstæðum hætti. Vinnubrögð af þessu tagi eru hvorki til þess fallin að treysta virðingu þingsins né efla trú landsmanna á getu ríkisstjórnarinnar til að vinna bug á þeim efnahagsvanda sem nú steðjar að. Sá vandi er að stærstum hluta heimatilbúinn. Það er rétt að rifja upp að ríkisstjórnin var ítrekað vöruð við. Staðan sem nú er uppi staðfestir í eitt skipti fyrir öll varnaðarorð Samfylkingarinnar sem fyrst voru sett fram vorið 1999. Fjölmargir erlendir og innlendir sérfræðingar hafa síðan talað á sömu nótum. Ríkisstjórnin ein ber því alla ábyrgð á þeirri þróun sem nú hefur leitt til þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 voru að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika. Þessum markmiðum ætlaði ríkisstjórnin að ná með aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem lýsir sér m.a. í því að upphafleg stefna hennar var að tekjuafgangur næsta árs yrði 18,6 milljarðar kr. og lánsfjárafgangur 41 milljarður kr. Meginháherslan var samkvæmt fjárlagafrumvarpi lögð á að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins. Lækkun skatta og einkavæðingaráform voru sögð hluti af þeirri stefnu. Ríkisstjórnin gerði ráð fyrir að sala ríkisfyrirtækja gæfi um 15,5 milljarða kr. tekjur eða langstærstan hluta af áætluðum tekjuafgangi. Nú er hins vegar allsendis óvíst að þessi markmið náist. Tekjuhlið frumvarpsins bíður að vanda 3. umr. en nú þegar er ljóst að verulegar breytingar verða á henni vegna verra útlits í efnahagsmálum. Þá ríkir veruleg óvissa um sölu eigna, ekki síst vegna vinnubragða ríkisstjórnarinnar við útboð Landssímans hf. Við upphaf 2. umr. um fjárlagafrumvarpið er því ekkert sem tryggir að hægt verði að ná þeim tekjuafgangi ríkissjóðs á næsta ári sem stefnt var að í frumvarpinu.

Helstu efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins eru að hagvöxtur verði um 1% og hækkun verðbólgu verði nálægt 3% innan ársins og um 5% á milli áranna 2001 og 2002. Þessar forsendur voru fallnar áður en 1. umr. fór fram. Samfylkingin benti rækilega á þá staðreynd. Ríkisstjórnin brást ákaflega illa við þeim málflutningi eins og kom fram í yfirlýsingum og fréttatilkynningum hæstv. ráðherra. Nú liggur fyrir hver hafði rétt fyrir sér í því efni. Seðlabankinn hefur lýst þeirri skoðun að verðbólgan verði meiri á næsta ári en forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir og í svipuðum dúr og Þjóðhagsstofnun spáði. Þar með staðfesti bankinn í reynd málflutning Samfylkingarinnar. Ríkisstjórnin hefur sjálf gefist upp fyrir veruleikanum og lýst því í verki að hún hafði rangt fyrir sér með því að tillögur meiri hlutans í fjárlaganefnd styðjast við spár Seðlabankans og þar með spá Þjóðhagsstofnunar. Það getur vart talist annað en ótvíræð uppreisn fyrir orðstír Þjóðhagsstofnunar í ljósi þeirra dæmalausu árása sem stofnunin hefur sætt af hálfu forsætisráðherra.

Gríðarlegur viðskiptahalli er undirrót gengisfalls krónunnar og þar með vaxandi verðbólgu og svimhárra vaxta. Ríkisstjórnin hefur ítrekað vakið vonir um að viðskiptahallinn minnkaði hratt á næstu árum. Samfylkingin hefur hins vegar bent á að gríðarleg skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis vegna þenslu af völdum ríkisstjórnarinnar vinni gegn hraðri minnkun viðskiptahallans. Af því tilefni er rétt að rifja upp að Þjóðhagsstofnun hefur einmitt bent á að sífellt auknar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum leiddu til að halli á jöfnuði þáttatekna ykist umtalsvert. Þar af leiðandi yrði mun erfiðara að minnka viðskiptahallann en ella. Þetta virðist nú vera að rætast.

Þjóðhagsstofnun var gagnrýnd af ríkisstjórninni fyrir að spá að hagvöxtur drægist saman á næsta ári um 0,3%. Nú liggur fyrir að mat stofnunarinnar byggðist síst á of mikilli svartsýni. Seðlabankinn telur þannig í nýjustu spá sinni nú í nóvember að líklegt sé að samdrátturinn verði meiri. Þannig liggur fyrir að ríkisstjórnin byggði á óhóflegri bjartsýni um ýmsar lykilforsendur fjárlagafrumvarpsins eins og Samfylkingin benti á við 1. umr. um fjárlagafrv.

Lausatök ríkisstjórnarinnar við stjórn efnahagsmála hafa m.a. haft þau áhrif að gengi íslensku krónunnar hefur að

meðaltali fallið um 25% á árinu gagnvart helstu gjaldmiðlum þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi margsinnis þurft að grípa til aðgerða til að sporna við frekara falli. Þvert ofan í spár ríkisstjórnarinnar um minnkandi verðbólgu mælist verðbólga nú, miðað við síðustu 12 mánuði, yfir 8%. Þetta er mun hærri verðbólga en þekkist í helstu viðskiptalöndum okkar. Vextir eru hér orðnir miklu hærri en í flestum þeim löndum sem Íslendingar bera sig saman við. Stýrivextir eru nú hér á landi 10,1%. Ef litið er til samanburðarlanda eru þeir aðeins hærri í Brasilíu (19%), Póllandi (17%) og Suður-Afríku (11%). Formaður annars stjórnarflokksins hefur gengið svo langt að kalla þetta okurvexti. Fátt bendir hins vegar til þess að ríkisstjórninni takist með fjárlögum fyrir árið 2002 að skapa þær aðstæður að Seðlabankinn treysti sér til að lækka vexti.

Staða efnahagsmála um þessar mundir einkennist af afleiðingum langvarandi þenslu og því að þenslutíminn var ekki notaður til að undirbúa samdráttartímann sem nú er fram kominn. Strax árið 1998 var ljóst að taka þyrfti betur á í ríkisfjármálum. Samfylkingin vakti máls á því í aðdraganda síðustu kosninga og margoft síðan. Erlendar sérfræðistofnanir bentu sömuleiðis ítrekað á hættumerki í stjórn ríkisfjármála. Svipuð varnaðarorð mátti lesa í skýrslum Þjóðhagsstofnunar. Hún varaði við ískyggilegri þróun í efnahagsmálum og kann að gjalda fyrir með *tilvist sinni* nái vilji forsætisráðherra fram að ganga. Í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum er óhjákvæmilegt að rifja upp nokkur aðvörunarorð innlendra og erlendra sérfræðinga sem vöruðu ríkisstjórnina eindregið við þróuninni.

Í skýrslu OECD í desember 1999 var dregin upp dökk mynd af ástandinu en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Hætta hefur aukist á að skyndilega muni þurfa að draga saman í efnahagslífinu til að minnka verðbólgu og ná henni niður á sama stig og er erlendis. Auk þess er mikil aukning á útlánum banka og þar með aukast líkur á harkalegri lendingu ef vextir eru hækkaðir."

Á fyrri hluta ársins 2000 benti Þjóðhagsstofnun m.a. á að vaxandi líkur væru á harkalegri lendingu ef misvægið í þjóðarbúskapnum *héldi* áfram að aukast og klykkti út með eftirfarandi, með leyfi forseta: „Það er alveg ljóst að það fær ekki staðist til lengdar að verðbólga sé meiri en í helstu viðskiptalöndum og viðskiptahalli sé á bilinu 6–8% af landsframleiðslu."

Þá er rétt að rifja upp það sem fram kom í þjóðhagsáætlun fyrir árið 2001 þar sem sagði, með leyfi forseta: „Áframhaldandi hár viðskiptahalli mun því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu." Síðan bætti stofnunin við og sagði, með leyfi forseta: „Sífelld aukning skulda fæst ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar."

Það vantaði því ekki að innlendir jafnt sem erlendir sérfræðingar sæju blikur á lofti áður en syrti í álinn fyrir alvöru og spöruðu hvergi aðvaranir sínar. Ríkisstjórnin hunsaði hins vegar öll aðvörunarorð.

Því miður er svo komið, herra forseti, að forsendur kjarasamninga á almennum markaði eru brostnar. Ef ekkert verður að gert stefnir í bullandi ágreining á vinnumarkaðnum með ófyrirsjánlegum afleiðingum. Verkalýðshreyfingin hefur óskað eftir aðgerðum ríkisvaldsins og spurt hvort stjórnvöld vilji ekki vera með í baráttunni gegn verðbólgunni. Til að ná tökum á vandanum er nauðsynlegt að sem flestir komi að þeirri lausn og því er brýnt að leitað verði þjóðarsáttar en til þess að slík sátt náist þarf ríkisstjórnin að viðurkenna vandann. Ríkisstjórnin á næsta leik, ábyrgð hennar er mikil. Fyrsta skrefið í þessa átt var ákall hæstv. fjármálaráðherra til þingsins um aðstoð þess við að ná tökum á ríkisútgjöldum í viðtali við Morgunblaðið 22. nóvember sl.

Hið virta fyrirtæki Standard & Poor's, sem undanfarin ár hefur metið lánshæfni ríkissjóðs, bendir á í frétt sinni 22. október sl. að efnahagsuppsveiflan sem hófst 1996 og knúin var áfram af lánsfé sé nú að hjaðna einmitt þegar ytri skilyrði hafa versnað. Hugsanlega gæti afleiðingin orðið tiltölulega *lítill hagvöxtur í töluverðan tíma og áhættusamari eignir* bankakerfisins. Að mati Standard & Poor's eru vísbendingar um áhættu í fjármálakerfi fyrir hendi á Íslandi, svo sem mikil eftirspurn fjármögnuð af lánsfé, ör hækkun fasteignaverðs og ójafnvægi í utanríkisviðskiptum. Horfur um minni hagvöxt og versnandi skuldastöðu við útlönd hafa aukið líkur á rýrnandi gæðum útlána hjá fjármálafyrirtækjum. Veikist fjármálakerfið enn frekar gæti komið til þess að íslenskar fjármálastofnanir þyrftu á auknu eigin fé að halda, hugsanlega úr ríkissjóði. Erlendar skuldir landsins eru miklar eða um 280% af útflutningi árið 2001. Mikil raungengislækkun krónunnar undirstrikar áhrif erlendrar skuldsetningar fyrirtækja og fjármálastofnana í landinu.

Herra forseti. Hagvöxtur hefur minnkað jafnt og þétt úr *5% árið 2000 og stefnir nú í samdrátt á næsta ári.* Minni hagvöxtur ásamt gengislækkun krónunnar hefur þegar haft áhrif á stöðu ríkisfjármála og leitt til hækkunar ríkisskulda. Þetta er óháð öðrum breytingum sem orðið hafa í fjármálageiranum. Að mati Standard & Poor's er frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 byggt á bjartsýnum forsendum um hagvöxt og tekjur. Þeir telja hins vegar að halli ríkissjóðs árið 2002 geti orðið um 1,8% af vergri landsframleiðslu eða sem nemur um 14 milljörðum kr. Að mati Standard & Poor's geta verulegar skattalækkanir því enn frekar staðið í vegi fyrir því að jafnvægi náist aftur í fjármálum ríkissjóðs.

Í nýbirtri spá OECD er talið að efnahagshorfur séu mun lakari en áður var búist við og að jafnvel muni gæta samdráttar á síðari hluta þessa árs og fyrri hluta þess næsta. Á *næsta ári spáir OECD nú 0,6% samdrætti í landsframleiðslu,* samanborið við 2,4% hagvöxt í fyrri spá OECD og spá um 1% hagvöxt í fjárlagafrumvarpinu.

Herra forseti. Í stefnuræðu sinni árið 1996 lýsti hæstv. forsrh. mikilvægi þess að ná tökum á viðskiptajöfnuði til þess, eins og hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta: „að erlendar skuldir okkar geti haldið áfram að lækka og að vaxtagreiðslur til erlendra aðila minnki ár frá ári".

Þegar þessum áhyggjum var lýst var viðskiptahallinn 8 milljarðar kr. og mörgum þótti þó ærið. Síðan hæstv. forsrh. lýsti þessari stefnu hefur þróunin orðið þveröfug. Viðskiptahallinn hefur aukist geigvænlega. Á árinu 1999 nam hann 42,7 milljörðum kr. eða 6,9% af landsframleiðslu. Á þessu ári stefnir í að viðskiptahallinn aukist enn og nemi 58,6 *milljörðum kr. eða 8% af landsframleiðslunni.*

Samfara auknum viðskiptahalla jukust erlendar skuldir þjóðarbúsins mikið. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við árið 1995 voru hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins rúm 50% af landsframleiðslu. Hæstv. forsrh. lýsti þá yfir á Alþingi að ríkisstjórnin stefndi að því að þær lækkuðu í 34% af landsframleiðslu í lok ársins 2000. Staðreyndin er hins vegar sú að í árslok 2000 námu hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins 89,1% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall var komið í 107,6% um mitt ár 2001 og Þjóðhagsstofnun spáir því að það verði komið í 111% í árslok 2001.

Herra forseti. Voru varnaðarorð Samfylkingarinnar og fjölda sérfræðinga varðandi viðskiptahalla og áhrif hans á gengið hrein svartnættisspá eins og hæstv. forsrh. lét gjarnan að liggja? (**Gripið fram í:** Nei.) Hvað hefur í raun gerst á undanförnum mánuðum? Viðskiptahallinn veikti krónuna þannig að hún hefur sigið jafnt og þétt. Verðbólgan er á uppleið og mælist nú rúm 8%. Þrátt fyrir tilraunir hæstv. forsrh. til að „tala gengið upp" er það í sögulegu lámarki dag eftir dag og hefur fallið um 25% frá áramótum gagnvart helstu gjaldmiðlum. Mest hefur krónan þó fallið gagnvart bandaríkjadal á þessum tíma eða um 30%. Nú blasir við, herra forseti, að samdráttur verði hraðari en gert var ráð fyrir og því er mikilvægt að bundinn verði endi á aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Forsendur kjarasamninga á almennum markaði eru í uppnámi og því er ljóst að tryggja verður þátttöku aðila vinnumarkaðarins í lausn efnahagsvandans. Verkalýðshreyfingin hefur haft frumkvæði að því að óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina um mögulega þjóðarsátt og með því axlað þá ábyrgð sem skort hefur hjá ríkisstjórninni.

Herra forseti. Ég hef lokið við að fara yfir nál. 1. minni hluta fjárln. en hann skipa auk þess sem hér stendur hv. þm. Gísli S. Einarsson og hv. þm. Kristján L. Möller.

Þá er rétt að nota þetta tækifæri og þakka fyrir ágætt samstarf í fjárln. við þá vinnu sem þar hefur farið fram. Enn fremur er eðlilegt að óska eftir því og vona að þrátt fyrir ýmsa undarlega atburði og óheppilega atburðarás síðustu daga, þá takist að halda góðu samstarfi í fjárln. vegna þess að nefndarinnar bíða að sjálfsögðu mörg vandasöm verkefni, því fram undan er að tryggja að fjárlög verði afgreidd hér frá hinu háa Alþingi með þeim afgangi sem nauðsynlegur er.

[16:51]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hluta fjárln. við 2. umr. um fjárlagafrv.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2002 kemur nú til 2. umr. Endurskoðuð tekjuáætlun og lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir. Nánast ekkert hefur verið rætt í nefndinni hvernig bregðast á við mikilli fjárþörf stórra málaflokka.

Á stuttum fundi í fjárlaganefnd sl. sunnudagskvöld, þegar nefndarálitið var tekið út af hálfu meiri hlutans, tilkynnti formaður nefndarinnar að ekki hefði verið lokað einum einasta útgjaldalið í frumvarpinu og væru þeir allir til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. Engu að síður vildi formaðurinn að frumvarpið yrði tekið út úr nefnd til 2. umr. Ekki var minnst einu orði á að fyrir dyrum stæði niðurskurður eða breytingar á öllu fjárlagafrumvarpinu. Því kom það mjög á óvart að heyra vitnað í fjölmiðlum til sjónvarpsviðtals sl. sunnudag, 25. nóvember, við hæstv. forsrh. þar sem hann boðaði að niðurskurðartillögur frá ríkisstjórninni yrðu lagðar fyrir þingflokka ríkisstjórnarinnar á mánudag. Allir þekkja svo umræðuna sem farið hefur fram síðan að ítrekað hafa birst viðtöl og tilvitnanir í hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og formann Framsfl. um að niðurskurðartillögur séu á leiðinni, hafi verið í undirbúningi af hálfu ráðuneytanna og hér í umræðunni hefur verið upplýst að bæði formaður og varaformaður fjárln. hafa tekið þátt í þeirri vinnu fram hjá fjárln. og Alþingi.

Engu að síður er það stórmál að boða niðurskurðartillögur eða breytingar upp á milljarða kr. við frumvarpið án þess að þær tillögur komi fram í þinginu fyrst og þar sé gerð grein fyrir því hvernig ætlunin er að þær komi niður. 2. umr., sem hefur að venju snúist að mestu um gjaldahlið frumvarpsins, er því að meira eða minna leyti marklaus eða marklítil þegar í vændum eru stórar tillögur með háum upphæðum sem eiga að breyta allri gjaldahlið frumvarpsins.

Herra forseti. Í ljósi alls þessa er það fullkomin sýndarmennska að taka fjárlagafrumvarpið svo búið til 2. umr. Það er ekki heldur vel til fallið að auka einmitt trúverðugleika á fjármálastjórn landsins að vinna með þeim hætti að boða breytingar á fjárlagafrv. og fjármálum ríkisins í fjölmiðlum utan þings. Annar minni hluti leggur til að 2. umr. verði frestað uns nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hafa komið fram og um þær hefur verið fjallað í fjárlaganefnd.

Þessi mikli vandræðagangur ríkisstjórnarinnar þarf ekki að koma á óvart. Gengi krónunnar er fallandi og hefur náð sögulegu lágmarki þessa dagana, en gengisvísitalan er nú komin yfir 150 stig. Þetta gerist þrátt fyrir 9% vaxtamun við útlönd og að Seðlabankinn hafi varið digrum sjóðum í erlendum gjaldeyri krónunni til varnar. Enn fremur er spáð 8,5% verðbólgu á árinu sem er langt umfram þau markmið sem Seðlabankanum voru sett við stjórn peningamála á vordögum. Þjóðhagsstofnun spáir nú 0,3% samdrætti í landsframleiðslu á næsta ári og fari svo er það í fyrsta skipti síðan 1992 sem landsframleiðsla dregst saman. OECD spáir enn meiri samdrætti eða 0,6% á næsta ári. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 1% hagvexti.

Aðstæður heimila og fyrirtækja hafa einnig snúist til verri vegar að undanförnu. Verðbólgan rýrir hratt kaupmátt launþega og setur kjarasamninga í hættu á almennum vinnumarkaði. Stýrivextir Seðlabankans eru nú 10,1% og þeir, ásamt þenslu á innanlandsmarkaði, eru þungur baggi á atvinnulífinu. Því er ljóst að efnahagsuppsveiflu undangenginna ára er lokið en hversu snörp niðursveiflan mun verða er enn óvissu hulið. Hættumerkin í þróun efnahagsmála hafa þó blasað við sl. tvö til þrjú ár, svo sem mikill viðskiptahalli, erlendar lántökur og mikil aukning útlána bankakerfisins, en hægt hefði verið að bregðast við þeim áður en komið var í óefni. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru nú orðnar hærri en nemur árlegri landsframleiðslu. Ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar hefur allt til þessa dags þverneitað allri gagnrýni og fullyrt að allt væri í stakasta lagi í stjórn efnahagsmála.

Herra forseti. Það væri þó hreint oflof að segja að ríkisstjórnin hafi flotið sofandi að feigðarósi því að flestar árar hafa verið úti til þess einmitt að róa þjóðarskútunni í öfuga átt. Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins, byggð og búsetu í landinu öllu, hefur ríkisstjórnin blásið upp tímabundið „góðæri" með einkavæðingu og skertri almannaþjónustu, gífurlegri byggðaröskun og skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis. Ein afleiðing þess er sú að tekjur ríkisins dragast hraðar saman en tekjuáætlun fjárlaga gerir nú ráð fyrir. Reyndar eru tekjur ríkissjóðs þegar farnar að minnka mjög hratt að mati Seðlabanka Íslands, samanber nýjasta hefti Peningamála. Nú er viðurkennt að forsendur fjárlagafrumvarpsins halda engan veginn, eins og þær voru kynntar hér á haustdögum. Sala ríkisfyrirtækja, svo sem Landssímans og bankanna, er í fullkominni óvissu enda hvorki viðskiptalegar né samfélagslegar forsendur fyrir sölu þeirra um þessar mundir.

Herra forseti. Þótt hinir hörmulegu atburðir í Bandaríkjunum 11. september sl. og stríðsástand víða í heiminum hafi skapað mikla óvissu í þróun efnahagsmála og heimsviðskipta

á næstu mánuðum væri það mikil sjálfsblekking að kenna því ástandi einu um stöðuna hér í efnahagsmálum og horfurnar fram undan.

Veltum aðeins fyrir okkur hvað hefur farið úrskeiðis. Í 35. tölublaði Viðskiptablaðsins frá í ágúst 2001 segir m.a.:

„Erlend lántaka leiddi til mikils innflæðis fjármagns sem aftur varð til þess að gengi krónunnar styrktist. Seðlabankinn og ríkisvaldið hefðu átt að taka höndum saman um að koma í veg fyrir hækkun krónunnar, t.d. með með því að nota innflæðið til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins.

Afnema átti vikmörk krónunnar miklu fyrr en gert var í mars á þessu ári. En vikmörkin voru eins konar ríkisábyrgð á gengi krónunnar og urðu til þess að einstaklingar og fyrirtæki vanmátu þá gengisáhættu sem fylgir erlendum lántökum.

Fara átti varlegar í að rýmka heimildir lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga. Það er eðlilegt að lífeyrissjóðirnir kaupi erlendar eignir, en sú þróun verður að ganga í smáum skrefum svo þjóðhagslegum stöðugleika sé ekki raskað."

Ég er reyndar ekki svo viss um að lífeyrissjóðirnir hafi nýtt sér þá heimild og það hafi orðið fjárhag og gjaldeyrisstöðunni til tjóns en þó má það vera í einhverjum tilvikum.

„Aðhald í ríkisfjármálum hefði mátt byrja miklu fyrr, en fjárlögin 1998 og 1999 báru töluverðan keim af kosningum sem þá voru. Aðilar í atvinnulífi og stjórnkerfi fóru inn í þessa uppsveiflu innblásnir af kenningum kenndum við „nýja hagkerfið" sem urðu til þess að möguleikar tæknifyrirtækja sem og framleiðsla hagkerfisins í heild voru stórlega ofmetnir. Það leiddi til bólu á hlutabréfamarkaði."

Mistökin liggja einnig, að mati þess sem hér talar, í ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar og einkavæðingu í almannaþjónustu. Hröð og skipulagslaus sala hlutabréfa í ríkisfyrirtækjum á sl. 3–4 árum reynist nú efnahagslífi þjóðarinnar dýrkeypt. *Ríkisbankarnir voru einkavæddir og þeim heimilað að auka* hlutafé sitt og selja á uppboðsmarkaði. Einkavæðing og sala hlutafjár í eignum ríkisins fór fram með miklum gusugangi og boðaföllum. Atgangurinn, herra forseti, minnti helst á hugmynd Egils Skalla-Grímssonar forðum sem var orðinn ellimóður en átti þá hinstu ósk að fara með kistur sínar, bróður- og sonarbætur, og dreifa á Þingvöll þá er Alþingi var háð og sjá
allan þingheim berjast um fjölskyldusilfrið. Einstaklingar slógu lán og keyptu hlutabréf. Peningastofnanir og fjölmörg fyrirtæki tóku erlend lán til að kaupa hluti hvert í öðru og spenntu upp verðgildi stofnana og fyrirtækja langt umfram raunvirði. Uppboðsmarkaður verðbréfa á þessum tíma var eins og torg múgsefjunar. Æðstu ráðamenn þjóðarinnar töluðu fjálglega um nýja hagkerfið sem leysti allra vanda og gæti ekki leitt til annars en gróða. Forn gildi og almenn skynsemi þyrftu þar víst hvergi að koma nærri. Þess er einnig skemmst að minnast að í framsögu ræðu hæstv. fjmrh. fyrir fjárlagafrumvarpinu fyrir ári var „hið nýja hagkerfi" mært ótæpilega.

Herra forseti. Margir einstaklingar, fyrirtæki og heimili hafa orðið fórnarlömb í oftrú á þessum nýja markaði og margir eiga nú um sárt að binda og erfiðleika í sínum fjármálum. Margir höfðu þó varað við „netbólunni" svokölluðu og lýst hlutabréfum sumra fyrirtækja „sem nokkurs konar *keðjubréfum og mörgum verðbréfamiðlurum sem áköfum* póstmönnum". Athyglisvert er að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki minnst á „nýja hagkerfið" síðustu mánuðina.

Herra forseti. Það verður að breyta um kúrs. Það verður að breyta um stefnu í efnahagsmálum. Ein af forsendum byggðar og blómlegs atvinnulífs er nærtæk almenn grunnþjónusta. Þetta á við um verslun, síma, fjarskipti, póstþjónustu, heilbrigðisþjónustu, menntun og jafnvel eldsneytistöku á bíla og vélar svo að nokkuð sé nefnt. Búseta og heimilishald krefst þess að hafa góðan aðgang að lágmarksþjónustu í sínu nánasta umhverfi. Sú þróun sem stjórnvöld hafa hvatt til í íslensku atvinnulífi er samruni og miðstýring sem leiðir til aukinnar fjarlægðar stjórnenda fyrirtækja frá því samfélagi sem þeim er ætlað að þjóna. Það er ekki langt síðan, herra forseti, að styrkur atvinnulífs hér á landi var einmitt fólginn í dreifræði. Fyrirtækjum var stjórnað þar sem þau þjónuðu og ákvarðanir voru teknar af fólki sem þekkti staðhætti vel.

En nú hefur orðið mikil breyting, mikil samþjöppun í íslensku atvinnulífi og almannaþjónustu. Stækkun eininga í atvinnulífi og samfélagsþjónustu, einkavæðing með tímabundna arðsemi fjármagns sem höfuðmarkmið hefur í raun verið stefna stjórnvalda síðustu ár. Einnig þessi sýn á sér takmörk eins og nú er að koma á daginn. Tengsl atvinnulífs og umhverfis rofna, fyrirtækin trénast upp og tapa sveigjanleika og aðlögunarhæfni, enda hafa eigendurnir ekki lengur samfélagslega skírskotun. Gildir þar einu þótt í byrjun sé hlutaféð í eigu starfsmanna eða annarra sem eru nátengdir grasrótinni. Áður en varir hafa hlutirnir verið seldir og afdrif fyrirtækjanna eru þá í annarra höndum. Hagkvæmni og arðsemi snúast í andhverfu sína. Samkeppni snýst í fákeppni og einokun, hófleg arðsemiskrafa breytist í hömlulausa fégræðgi, siðferði og samfélagsábyrgð eru fyrir borð borin.

Dapurleg dæmi þessa dagana eru fréttir af áframhaldandi *skerðingu póstþjónustu á Vestfjörðum með tilheyrandi upp*sögnum starfsfólks og minnkandi þjónustu Landsbankans sem lokar nú útibúum sínum eða skerðir þjónustu á Norðausturlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Það kann að virðast einföld framkvæmd, herra forseti, að loka pósthúsi eða bensínafgreiðslu, leggja niður bankaútibú og segja starfsmönnum upp. En með slíku er í raun verið að auka rekstrarkostnað bæði heimila og fyrirtækja svo að um munar. Meint hagræðing kemur oft fram sem örlítil aukning á hagnaði í byrjun, en getur falið í sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þær byggðir og þá einstaklinga sem eiga í hlut.

Bankarnir hafa það meginhlutverk að vera þjónustustofnanir, taka við innlánum og lána síðan út peninga. Þeir eru hins vegar orðnir umsvifamiklir aðilar á hlutabréfamörkuðum, kaupa upp fyrirtæki sem eru í viðskiptum við þá og reka þau svo áfram. Þannig verða til hættuleg hagsmunatengsl þar sem ekki er alltaf ljóst hvort á stærri hlut í hinu, fyrirtækið í bankanum eða bankinn í fyrirtækinu. Sú hætta skapast að peningastjórn bankans og útlánastarfsemi verði ekki lengur hlutlaus eða með almannahagsmuni að leiðarljósi, ekki einu sinni hagsmuni eigenda sinna. Í ritstjórnargrein tímaritsins Íslenskur iðnaður frá í nóvember sl. er það einmitt gagnrýnt að bankarnir reki svona tvöfalda starfsemi og varpi tapi af hlutabréfaviðskiptum sínum út í vexti og þjónustugjöld hjá viðskiptavinum sínum. Herra forseti. Þar er tekið dæmi úr níu mánaða uppgjöri Landsbankans og, með leyfi forseta, vitna ég til þess sem þar stendur: „Gengistap af hlutabréfum nam 1.610 milljónum króna" — þetta er hjá Landsbankanum sem nú er að stæra sig af því að hann verði að hagræða í litlu byggðunum úti á landi, *í þeim litlu byggðum sem einmitt hafa* staðið undir útgerð og fiskvinnslu víða um land, og bankinn einmitt tekið arðinn sinn af þeirri þjónustu. Einmitt sá banki er til umfjöllunar í tímaritinu Íslenskur iðnaðar, og þar segir: „Gengistap af hlutabréfum nam 1.610 milljónum króna" —

gengistap af hlutabréfum og þetta er banki sem á að hafa það hlutverk að stunda inn- og útlán — „og eru umskiptin frá fyrra ári um tveir milljarðar króna." Hreinar vaxtatekjur bankans jukust um 44%. Hver var að tala um okurvexti í þjóðfélaginu? Hreinar vaxtatekjur bankans jukust um 44% eða um 1.892 milljónir króna í samanburði við fyrstu níu mánuði ársins 2000. Og áfram með tilvitnun í þessa ágætu grein í tímaritinu Íslenskur iðnaður – fréttabréfi Samtaka iðnaðarins: „Þarf frekari vitna við?" spyr ritstjórinn. „Lántakendur" — viðskiptavinir bankans — „eru umsvifalaust látnir greiða tapið af hlutabréfaeign bankans."

Herra forseti. Að mínu viti getur heilbrigð og virk bankaþjónusta vart gegnt hlutverki sínu við þessar aðstæður. Bönkum sem stunda almenna útlánastarfsemi ætti ekki að vera heimilt að fjárfesta í hlutabréfum og fullkomlega fráleitt er að þeim sé heimilt að fjárfesta í samkeppnisatvinnurekstri hvort sem það er kjúklingasláturhús, kjúklingabú eða verslun á höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja aðra forgangsröðun í tekjuöflun og útgjöldum ríkisins en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Fjárlögum ríkisins á að beita til þess að auka jöfnuð í samfélaginu svo að enginn þurfi að líða vegna aldurs, fötlunar eða búsetu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, jafnframt að stefna í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í atvinnurekstri og við ákvörðun framkvæmda. Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár sýnir það ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hefur vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gefur tilefni til. Þessu verður að snúa við ef við eigum að ná eðlilegum hagvexti, jafnvægi í viðskiptum og greiða niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd. Því miður hefur á síðustu árum þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og verður háð honum. Það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Herra forseti. Ég dreg í efa að þjóðin treysti ríkisstjórninni til að hafa dug og myndugleika og sýn til að snúa af þeirri villubraut sem hún er á í efnahagsmálum, í atvinnumálum, í byggðamálum og í fjármálaumsýslu ríkisins. Það væri því hið mesta þjóðþrifaverk að hún gerði sér grein fyrir stöðu sinni og færi frá.

Herra forseti. Með nál. fylgja fylgiskjöl sem ég vil geta um. Ég vil nefna þá ágætu ritstjórnargrein sem birtist í tímaritinu Íslenskum iðnaði – fréttabréfi Samtaka iðnaðarins, sem heitir „Hver borgar brúsann?" og fjallar einmitt um hvernig bankarnir hegða sér í viðskiptakerfi okkar. Ég vil einnig nefna grein sem hv. þm. Ögmundur Jónasson skrifaði í Morgunblaðið 6. október varðandi skuldasprengingu sem orðið hefur í þjóðarbúskapnum, en þar kemur einmitt fram að skuldir þjóðarbúsins við útlönd nú eru að verða hærri en árslandsframleiðslan. Ég vil líka vekja athygli á því að hér er líka fylgiskjal frá minni hluta utanrmn., frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þar sem einmitt er ítarlega rakið hvernig útgjöld utanrrn. og til ákveðinna gælumálaflokka þar hafa vaxið gífurlega á síðustu árum. Sömuleiðis er hér álit frá 1. minni hluta samgn., þar sem varað er við niðurskurði til samgöngumála og sérstaklega úti um land. Þá er einnig fylgiskjal álit frá minni hluta menntmn., þar sem einmitt er dregið fram og lögð áhersla á að það verður ekki til að auka hagvöxt hér eða bæta framtíðina að auka skólagjöld, hvort sem það er á nemendur í háskólum eða í framhaldsskólum.

[17:16]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn einu sinni láta það koma fram að á fundi fjárln. var greint frá því að unnið væri að hugmyndum að aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum en hins vegar lægju engar mótaðar tillögur fyrir, en þær yrðu lagðar fyrir fjárln. um leið og þær birtust. Þetta vil ég taka fram.

Hitt er líka töluvert atriði að hér sé ekki hallað máli og ekki breytt nokkrum staðreyndum sem skipta máli í Egilssögu. Hv. þm. Jón Bjarnason sagði að Egill Skalla-Grímsson hefði farið á þing til þess að sjá þingheim berjast. Það mun vera misskilningur eins og margt annað sem kom fram hjá hv. þm. í ræðu hans, því hér segir í Egils sögu:

„Það var á dögum Hákonar hins ríka öndverðum, þá var Egill Skalla-Grímsson á níunda tigi, og var hann þá hress maður fyrir annars sakir en sjónleysis."

Hann langaði til þess að heyra þingheim berjast, en ekki sjá. Silfrinu dreifði hann ekki, enda er það glatað.

[17:17]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, sælir eru þeir sem ekki sáu. Hefði nú verið betra að ríkisstjórnin með hæstv. forsrh. og formann fjárln. hefði getað tekið með sama hætti á málum og Egill Skalla-Grímsson og a.m.k. ekki selt silfrið á þennan hátt, en hvort hún hefur gengið upp í fjöll og sökkt því í dý, ekki ég veit hvort fjallgöngumaðurinn hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefði viljað standa í því.

En málið er, herra forseti, að ógætileg meðferð og ógætilegar aðgerðir í ríkisfjármálum og einkavæðingarmálum voru alvarlegar á þeim tíma og það er óumdeilt og það er miður. Af því á að draga lærdóm.

Hitt höfum við rætt ítarlega, herra forseti, vinnubrögðin eða hvað gerðist í fjárln. Ég vil þó vekja athygli á því aftur, ef hv. formaður fjárln. man það ekki, að málið var afgreitt úr hv. fjárln. á sunnudagskvöld. En á aukafundi í fjárln. í gær var rætt um að formaður fjárln. og varaformaður hefðu tekið þátt í hugmyndahópi á vegum ráðuneytanna um niðurskurðartillögur, en það var það fyrsta sem kom fram um framgöngu þeirra í þeim málum.

[17:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. og heyrði athugasemdir hans, ádeilur og úrtölur. Ég heyrði hins vegar hvergi í máli hans örla á tillögum um hvernig bregðast ætti við þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. Mig langar því til að spyrja hann sérstaklega: Hvernig telur hv. þm. Jón Bjarnason að Íslendingar eigi að auka hagvöxt sinn þannig að efnahagsbati skili sér sem allra fyrst?

[17:20]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hv. þm. skuli ekki hafa hlustað á ræðu mína, en ég rakti einmitt mjög ítarlega af hvaða leið ætti að snúa og til hvers vegar ætti að ganga. Það var einmitt að ganga gegn þeirri einokun sem núna á sér stað, bæði í verslun og viðskiptum í atvinnulífinu. Auka aftur dreifræðið í atvinnulífi þjóðarinnar, í viðskiptalífi og verslun og styrkja menntun og undirstöðu til menntunar og rannsókna. Herra forseti. Við getum tekið þetta betur upp síðar.

En hv. formanni fjárln. ætti að vera enn meira umhugað um hvernig hann ætlar að beita skylmingum sínum við hæstv. forsrh. sem tilkynnir í fjölmiðlum um áherslur og tillögur, annaðhvort sínar eða ríkisstjórnarinnar, meðan fjárln. situr að störfum og fær ekkert um það að vita.

[17:21]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 419.

[17:22]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum nú að taka fjárlagafrv. til 2. umr. Í því tilefni hef ég veitt athygli í dag dálítið skrítnum viðhorfum sem ég átti ekki von á. Ég hélt að öllum væri ljóst hvernig staðið er að þessum málum. Fjárlagafrv. er flutt af ríkisstjórninni. Það er ríkisstjórnarmál og mjög eðlilegt að flutningsmenn frv., þ.e. ríkisstjórnin, hafi afskipti af sínu máli og þannig hefur það líka alltaf verið með öll fjárlagafrv., bæði fyrr og síðar.

Fjárln. tekur þessi mál til afgreiðslu og fer í gegnum þau. Meiri hluti fjárln. hefur alla tíð unnið með sinni ríkisstjórn, það þarf varla að koma neinum á óvart. Varla nein tíðindi með það. Ég fullyrði, herra forseti, að þessir hlutir allir eru í mjög eðlilegum farvegi, nákvæmlega eins og þeir hafa alltaf verið. Það þarf því ekkert að koma neinum á óvart.

Ég veiti því líka athygli að þegar forustumenn stjórnarandstöðunnar, 1. og 2. minni hluti koma hér, þá koma þeir og lesa upp ágæta stíla sem hefur verið dreift sem nál. og ég vil þakka fyrir það. Þetta eru vangaveltur um efnahagsmál og þar er margt þarflegt sagt. En það er engin umræða um fjárlagafrv. Ég ætla þá að sleppa því líka að tala um fjárlagafrv. (**Gripið fram í:** Heldur ekkert um að ræða.) Heldur ekkert um að ræða, er kallað fram úr salnum. En úr því þeir stílar eru um efnahagsmál, þá skulum við aðeins rifja eftirfarandi atriði upp.

Hvað er það, herra forseti, sem hefur verið að gerast í *þjóðfélaginu á undanförnum missirum og árum*? Hvað hefur breyst? Mikill hagvöxtur hefur verið allan tímann. En hvað hefur breyst í þjóðfélaginu? Það liggur alveg fyrir hvað hefur breyst. Samneyslan í samfélaginu hefur vaxið stórkostlega úr þeim vanalega farvegi sem var 21% af vergri landsframleiðslu, upp í það að vera núna rúm 24%. Hvað gerist þá þegar samneyslan vex? Eitthvað verður þá að láta undan. Það er náttúrlega ekkert sem getur látið undan nema þá fjárfestingarnar eða einkaneyslan. Við erum að horfa upp á það núna að íslenska krónan er að veikjast og ástæða til að hafa áhyggjur af því. Margir hafa slíkar áhyggjur og komið er inn á það í nál.

Það er rétt og satt að minni hlutinn hefur áhyggjur af efnahagsmálunum og ég tek undir það. En hvernig stendur á því að samneyslan hefur vaxið svona? Hvað er það sem vex í fjárlagafrv.? Hvað er það sem við vorum að bæta í atkvæðagreiðslunni um fjáraukalögin? Hvað er það sem hefur vaxið? Það er launakostnaður ríkisins. Hann hefur vaxið. Hann hefur vaxið gríðarlega. Og það er ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Laun ríkisstarfsmanna og opinberra starfsmanna hafa hækkað mun meira en laun á almennum markaði. Með allri virðingu fyrir því góða fólki sem vinnur hjá hinu opinbera, þá er það nú samt svo að opinberir starfsmenn mega ekki og geta ekki gert kröfur til þess að launaþróun hjá þeim sé önnur en á almennum markaði. En það hefur gengið illa. Og ríkið hefur staðið sig ákaflega illa á þeim launamarkaði. Síðast í morgun vorum við að fá fréttir af því að verið er að semja um gríðarlega miklar kauphækkanir og ógæfan hjá hinu opinbera er nú svo mögnuð að þeir geta ekki einu sinni haft eina samninganefnd. Sveitarfélögin eru líka með sína samninganefnd og svo semja þeir í kross. Það er ekki hægt að búa við þetta. Og þetta er hlutur sem við verðum að taka á, við verðum að gera það, vegna þess að það er ófært annað. Ríkið getur ekki sinnt svona mikilli lausung í launamálum eins og það hefur gert.

Herra forseti. Ég vil þá minna hinn ágæta minni hluta, stjórnarandstöðuna, á að á undanförnum árum, undanförnum missirum, undanförnum mánuðum og vikum hefur það aldrei brugðist að hvenær sem opinberir starfsmenn hafa lent í launaátökum hefur verið krafist utandagskrárumræðu þar sem stjórnarandstaðan hefur átalið ríkisstjórnina og forustumenn hennar fyrir að verða ekki við þeim kaupkröfum. Svo koma þeir sömu menn hér, herra forseti, og tala um hina miklu eyðslu og lausatök ríkisstjórnarinnar á fjármálum sínum.

Menn verða að hugsa þetta í heild. Menn verða að vera ábyrgir í því sem þeir eru að gera. Og það er sannarlega rétt að ástæða er til að hafa áhyggjur af stöðu efnahagsmálanna núna vegna þess að meginaflið sem hefur staðið undir þeirri miklu þróun og hinu mikla jafnvægi sem hefur ríkt á íslenskum markaði, íslenskum vinnumarkaði og íslensku efnahagslífi, Alþýðusamband Íslands, sem öll síðustu tíu árin hefur samið hér af mikilli ábyrgð með hliðsjón af þjóðarhag í heild — við getum staðið frammi fyrir því ef okkur tekst ekki að stöðva gengið sem ég trúi og vona að hægt verði að snúa við, að samningar losni. Og það er alveg skelfilegt fyrir alla, því það munu allir tapa á því.

Það er einmitt ástæða til, herra forseti, að fara yfir þann grundvallarmun sem hefur verið á afstöðu Alþýðusambands Íslands og hinni ábyrgu stöðu hennar og framgangi ríkisstarfsmanna á undanförnum árum, þar sem hver einasti aðili hefur reynt að nýta sér stöðu sína til að taka meiri kauphækkanir en hinn almenni verkamaður hefur fengið.

Þessu verður að linna, herra forseti. Því er ástæða til að rifja þetta upp og minna hina ábyrgu stjórnarandstöðu á að það er ekki nóg að koma einu sinni og segja: Sjá, vei þeim sem eyða miklum peningum, en hafa svo staðið fyrir kröfugerðinni um það allan tímann.

[17:30]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með hreinum ólíkindum að hv. varaformaður fjárln. skuli koma í ræðustól á Alþingi í fjárlagaumræðunni, skamma hv. þingmenn fyrir að þeir ræði ekki fjárlagafrv. og halda síðan tölu sem gengur út á það að úthúða ríkisstarfsmönnum fyrir launakröfur undangenginna samninga og undangengins áratugar eftir því sem var að skilja á hv. þm.

Það er sem sagt ein ástæða fyrir hækkuðum ríkisútgjöldum liðinn áratug og það eru hækkanir launa ríkisstarfsmanna.

Herra forseti. Það er ekki samboðið hv. þm., varaformanni fjárln., að láta þessi orð sér um munn fara og gera lítið úr því að fólk í samfélaginu geri kröfu um að hafa laun sem eru hærri en 90 þús. kr. Það á við um verkamenn. Það á við um ríkisstarfsmenn. Og það á við um aðra. Hv. þm. veit fullvel að ríkisstarfsmenn drógust úr hófi aftur úr í launum miðað við það sem greitt var á hinum almenna markaði. Hann veit betur en að tala svona. Á sama tíma og hv. þm. lætur sér þessi orð um munn fara er hann að leggja til að fritekjumark á hátekjufólk verði hækkað þannig að ekki innheimtum við hátekjuskatt þetta árið.

[17:31]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndirnar um launaþróunina liggja allar fyrir. Menn geta lesið það í Hagtölunum sem komu út fyrir nokkrum dögum. Það getur hver og einn skoðað þetta. Þetta eru bara staðreyndir sem liggja fyrir og eru ekkert launungamál, um öll síðustu tíu árin.

Aðalvöxturinn hjá ríkinu liggur í því að ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað stórkostlega vegna þess að verið er að bæta þjónustuna, auka hana og efla. Launahækkanirnar hafa verið mjög mikið umfram almenna markaðinn. Þetta er vöxtur ríkissjóðs og þetta liggur alveg fyrir. Ég get náttúrlega því miður ekki gert að því, herra forseti, þó að hv. þm. reiðist yfir því að ég fer yfir þetta. Ég er bara að tala um staðreyndir.

[17:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Má skilja það svo, herra forseti, að hv. þm. sé á því að stöðugt eigi að bæta við fólki, bæta þjónustu ríkisins og fjölga verkefnum án þess að til komi launahækkanir hjá því fólki sem vinnur störfin? Vill hv. þm. stýra ríkisfjármálum þannig hér? Á sama tíma er hann að leggja til gífurlegar skattalækkanir á þau fyrirtæki í landinu sem bera arð. Þar með er hann að taka af ríkissjóði stóran skerf fjármuna sem hefði þó verið hægt að nota í að bæta þjónustuna. Eða vill hv. þm. að þjónustan sé bætt án þess að til álita komi mögulegar hækkanir launa starfsmanna?

[17:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum ekki hækkað laun allra Íslendinga svo að það sé varanlegt þannig að menn fái meiri kaupmátt og betri kjör, öðruvísi en framleiðslan í landinu standi undir þeim.

Einu sinni og ekki fyrir mjög löngu síðan hækkuðu Íslendingar kaupið sitt um 10.000% en kaupmátturinn fór niður um 1%. (**KolH:** Hverjir stóðu að því?) (**Gripið fram í:** Fór upp um 1%.) 10.000%. Þetta voru glaðir dagar, var það ekki? Var ekki ánægjulegt að minnast þess?

Það er enginn vandi að hrópa á kauphækkanir og segja: „Sjá, sjá, ég vil bæta kjör þeirra sem standa illa og allra sem vinna vel." En það verður að vera fosenda fyrir því. Ríkisstarfsmenn, hvorki í þessu landi né nokkru öðru, geta ekki lifað við aðra launaþróun en hinn almenni markaður, framleiðslugetan í landinu, stendur undir.

[17:34]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla orðum 5. þm. Vestf., Einars Odds Kristjánssonar, sem talaði áðan. Ég vil taka upp varnarorð fyrir hönd opinberra starfsmanna, fyrir hönd sjúkraliða, fyrir hönd tónlistarkennara, sem voru núna að ljúka samningum eftir langvarandi samningalotur, eftir að hafa verið á annað ár samningslausir. Þeir voru að ná samningum sem rétt loða við það að gefa sambærileg laun og á hinum almenna vinnumarkaði.

Hvernig eigum við að bregðast við, herra forseti, ef starfsmenn flýja úr störfum sínum, ef stofnanir eins og heilbrigðisstofnanirnar standa berskjaldaðar eftir af því að starfsmenn flýja úr þessum störfum? Ef við aukum starfsemina á ýmsum sviðum þarf að fylgja þar mannafli og þeir starfsmenn þurfa að fá viðunandi laun.

[17:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég náði ekki hverju hv. þm. var að mótmæla. Hverju var hún að mótmæla, mótmæla því að ég hefði sagt frá því hvernig launaþróunin hefði verið? Var hún að mótmæla því? Eða hverju var hún yfirleitt að mótmæla? (Gripið fram í.)

[17:36]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að opinberum starfsmönnum sé kennt um þá þróun sem hefur orðið í ríkisútgjöldunum, að það sé eingöngu þeim að kenna, að launaþróun opinberra starfsmanna sé að kenna að ríkisútgjöldin hafi vaxið eins og þau hafa gert.

Auðvitað eigum við að taka mið af framleiðslu í landinu, útflutningstekjum okkar. Því vil ég beina því til hv. ríkisstjórnar að hún sinni hlutverki sínu þannig að hún styðji við framleiðslugreinarnar og stuðli að því að grunnframleiðsla aukist og styrkist í landinu þannig að full framleiðsla í landbúnaði og sjávarútvegi aukist, geri það betur en hún gerir nú, og að við náum inn hærra hlutfalli af landsframleiðslutekjum en nú.

[17:37]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom víða við í stuttri ræðu sinni og benti eðlilega á að fulltrúar minni hlutans í fjárln. hefðu ekki mikið rætt um þær tillögur sem hér liggja fyrir við 2. umr. um fjárlög. Ég tel að það hafi nú verið skýrt nægjanlega vegna þeirra einföldu ástæðna sem fram hafa komið í umræðum utan þings undanfarna daga um að í raun sé lítið mark takandi á þessum tillögum sem hér liggja fyrir.

Hins vegar var það athyglisvert sem hv. þm. sagði, að skelfilegt yrði ef samningar losnuðu. Ég vil taka undir þessi orð hv. þm. vegna þess að það yrði auðvitað það versta sem gerst gæti í því efnahagsástandi sem við búum nú við.

Herra forseti. Þess vegna er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm. að hvort hann sé ekki sammála okkur sem höfum lagt áherslu á að nú sé brýnt að menn reyni að horfa til þeirrar leiðar sem farin var fyrir þó nokkru síðan — en þar kom hv. þm. nokkuð við sögu — og nefnd hefur verið þjóðarsátt, hvort nú séu ekki runnir upp þeir tímar enn á ný að menn þurfi að draga sem flesta að borðinu til að leysa þann vanda sem aðsteðjandi er.

[17:39]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru allt aðrir tímar núna en fyrir tíu, tólf árum þegar svokallaðir þjóðarsáttarsamningar voru gerðir. Við vorum þá með handstýrt þjóðfélag og þurftum að beita miklum þrýstingi til að þetta tækist.

Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að þjóðarhagsmunir eru í húfi í dag varðandi það að við getum staðið vörð um íslensku krónuna. Það eru þjóðarhagsmunir.

Ég hefði trúað því og vil trúa því að menn sjái sameiginlega hagsmuni sína, að ríki, sveitarfélög, bankar, fjármálastofnanir, lífeyrissjóðir og allir sjái sameiginlega hagsmuni sína í að taka stöðu með íslensku krónunni. (**RG:** Veit Davíð þetta?) Að taka stöðu með íslensku krónunni, í því liggja þjóðarhagsmunirnir. Það eru allra manna hagsmunir. Þess vegna vil ég trúa því að í hinu frjálsa markaðssamfélagi okkar sjái menn þetta og geri þetta.

[17:40]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að þetta eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra og þess vegna er afar mikilvægt að sem víðtækust samstaða náist um þær aðgerðir sem grípa þarf til.

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á fleira í ræðu sinni og það var hin sérkennilega nálgun á því hverjir bæru ábyrgð á hinum mikla vexti ríkisins, þ.e. útgjöldum ríkisins. Hv. þm. nefndi eðlilega að ákveðin útgjöld hefðu vaxið meira en önnur.

Það liggur hins vegar algjörlega ljóst fyrir að ríkisstjórnin hlýtur að bera alla ábyrgð í þessu máli. Það er rangt hjá hv. þm. að stjórnarandstaðan hafi ætíð komið hingað þegar kjarasamningar hafa verið lausir eða kjaradeilur verið og tekið undir alla þá kröfugerð sem lögð hefur verið fram. Áhersla hefur verið lögð á það að ríkisstjórnin reyndi að lægja öldur og ná sáttum vegna þess að vandinn á vinnumarkaðnum hefur, því miður, hin seinni ár verið í hinum opinbera geira. Hinn almenni markaður hefur verið allt annars eðlis og enginn órói verið þar meðan óróinn hefur allur verið í hinum opinbera geira. Það er alveg augljóst að ekki er hægt að kenna aðeins öðrum aðilanum um í þeim efnum. Ríkisstjórnin hlýtur að bera fulla ábyrgð í því.

[17:41]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. Auðvitað ber ríkisstjórnin ábyrgð á þessu líka. Hún hefur sýnt allt of mikla linku í þessum launamálum. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að ríkið sé með sérstaka samninganefnd og sveitarfélögin með aðra. (Gripið fram í.) Auðvitað verða þeir að samræma sig í þessu og standa þessa vakt. Auðvitað verða þeir að gera það.

Auðvitað ber ríkið ábyrgð á aukningu. Við höfum verið að auka stórkostlega þjónustuna við borgarana. Á síðustu tíu árum hefur orðið til alveg heill málaflokkur sem heitir málefni fatlaðra. Mesta aukningin hefur orðið í þeim málaflokki af öllum málaflokkum sem hér eru til umræðu. Auðvitað ber ríkið ábyrgð á því. Við höfum verið að fjölga stórkostlega ríkisstarfsmönnum um leið og við höfum verið að auka og bæta kjör þeirra mjög mikið, meira en á almennum vinnumarkaði.

Auðvitað berum við ábyrgð á þessu. Það var enginn að segja annað. Við höfum alltaf gert það og munum gera það. En ástandið er svona eins og ég lýsti og því getur enginn mótmælt.

[17:42]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var verulega brugðið þegar ég varð þess áskynja að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem ég hef einhvern tímann í þingræðu sagt að væri einn besti vinur ríkissjóðs, flutti fimm mínútna ræðu um fjárlög til 2. umr. Það kemur bersýnilega og best í ljós við ræðu þessa þingmanns að ríkisstjórnin er á fleygiferð við að komast hjá því að ræða þessi mál og það er eðlilegt að hæstv. ráðherrar hverfi héðan úr húsi um leið og fyrstu menn hafa talað hér í dag, og láti helst ekki sjá sig. Ég áttaði mig ekki alveg á því hvað var að gerast hérna áðan þegar ráðherrar streymdu í salinn, en það er víst atkvæðagreiðsla um afbrigði núna eftir nokkrar sekúndur.

Ég vildi því spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, varaformann fjárln., þar sem hann talar um að það séu þjóðarhagsmunir að verja íslensku krónuna, sem er hárrétt og allir verða að sameinast um: Skyldu ekki lausatök hæstv. ríkisstjórnar frá 1998–2001 og viðskiptahallinn vera þær tímasprengjur sem eru að springa í afturendann á hæstv. ríkisstjórn um þessar mundir?

[17:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega efni í margra klukkutíma umræðu hvað hefur gerst á síðustu árum. En auðvitað stafar viðskiptahallinn mjög mikið af því að við Íslendingar vorum að hækka laun okkar. Við vorum að auka hér kaupmátt. Við vorum að því. Var einhver á móti því? Mótmælti því einhver? Nei, það gerði enginn. Við Íslendingar vorum að því. Það kemur fram í viðskiptahallanum að auðvitað eru það einstaklingar — það er náttúrlega munurinn á því sem er að gerast núna og því sem var að gerast hér áður — að það eru einstaklingar sem eru að taka þessa peninga. Einstaklingar skulda þessa peninga en ekki ríkissjóður eins og hér áður fyrr. Það er höfuðmunurinn á þeirri þróun sem hefur verið á undanförnum árum og það var hér áður fyrr. Sá er munurinn.

[17:44]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ljóst er að umræðan sem hér á sér stað um fjárlög fyrir íslenska ríkið árið 2002 er í skötulíki. Hver á fætur öðrum eru hv. stjórnarþingmenn á flótta frá umræðunni og vilja helst ekkert ræða efnið af ótta við að eitthvað verði sagt eða gert sem veikir íslensku krónuna sem hefur verið í frjálsu falli undanfarið.

Við skulum ekki gleyma því að gengisviðmiðun krónunnar var 125 stig þegar breytingin var gerð hjá Seðlabankanum. Í hverju er hún í dag? Núna verða menn helst að líta á viðmiðunina á mínútu fresti til að sjá hver sveiflan er. Ætli hún sé ekki 150 stig eða eitthvað svoleiðis núna?

Herra forseti. Ég spyr hv. þm. Einar Odd Kristjánsson vegna þess að mér finnst að þeir hafi aðallega verið skammaðir sem hafa fengið launahækkun: Gæti ekki líka verið að kerfisbreytingar og það að menn gengu full hratt um gleðinnar dyr hafi komið í afturendann á okkur? Ég nefni dæmi frá síðasta ári. Fjárstreymi frá landinu var upp á 25 milljarða en aðeins 10 milljarðar komu inn til fjárfestinga. (**Gripið fram í:** ... í afturendann.)

[17:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Laun á Íslandi sem hlutfall af þáttatekjunum eru hærri en í nokkru öðru ríki Vestur-Evrópu. Þess vegna eru launin aðalefnið. Þetta eru 70% laun og þess vegna hreyfist allt með launanum. Þetta kunna allir eða eiga a.m.k. að kunna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:47]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 419. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

[17:47]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þetta er að vísu sérkennileg staða sem fjármálin okkar í umræðum á Alþingi eru komin í. Frá gamalli tíð þóttist ég vera nokkuð kunnugur málsmeðferð en hún hefur tekið miklum stakkaskiptum, sér í lagi á þessu þingi.

Það er að vísu rétt að hæstv. ríkisstjórn á hverjum tíma hlýtur að hafa úrslitaáhrif á það hvernig fjárlög eru úr garði gerð. En eftir að fjárlagafrv. er lagt fram fær fjárln., fyrrv. fjárveitinganefnd, málið til meðferðar og starfar að frágangi þess. Jafnóðum, hygg ég, hefur verið siður að gefa nefndinni upplýsingar um hvert stefna bæri og sér í lagi um höfuðmál, höfuðþætti frv.

En hvernig bar það að formanni fjárln., hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, og varaformanninum, sem er nú hlaupinn af vettvangi? Það bar að með þeim hætti að hæstv. forsrh. skýrði frá stefnunni í útsendingu í Silfri Egils. Og ég verð að segja að ég sakna þess að hæstv. forsrh. skuli ekki mæta hér til að strá um sig af nægtaborði ríkisstjórnarinnar hæstv. eins og hann gerði þar. Þar þreif hann í sínar hendur silfur Egils og stráði því um, alsjáandi með góða heyrn, svo ekki þarf að fara frekari orðum um tilvitnanir í forn fræði.

Reynt er að bera í bætifláka fyrir þessi vinnubrögð en það er um það sem vill, að dæma.

Hér fór hann mikinn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf., um ástæður þess hvernig komið væri og aðstæður aðrar í efnahagsmálum okkar. Hann heldur sömu ræðuna þing eftir þing þar sem hann kennir um launastöðunni í landinu, og sér í lagi færir hann að því rök að á því beri samtök opinberra starfsmanna ábyrgð.

Ég rifja upp og spyr: Hvar var hv. þm. þá, þegar tekin var ákvörðun um 30% hækkun á launum þingmanna og ráðherra? Hann var varaformaður fjárveitinganefndar. þá. Dettur honum í hug að það hafi engin áhrif haft? Daginn eftir kosningar var þessi ákvörðun tekin.

Það er ekki þrætt um það að ýmsir njóta góðra launa í þjóðfélaginu og það er ekki þrætt um það að meginhluti þeirra opinberu starfsmanna sem knúið hafa fram kröfur sínar áttu kröfu til þess að fá laun sín bætt. Það sem menn deila um, og hv. þm. virðist aldrei veita athygli, er misskipting fjárins. Það eru nefnilega nógir andskotans peningar til í þessu þjóðfélagi. Það reynist a.m.k. svo vera þegar hægt er að afhenda örfáum sægreifum milljarða á milljarða ofan. Ætli meginástæðan fyrir öllu gengishruninu sé ekki að sjávarútvegurinn var kominn á heljarþröm, aðalútflutningsatvinnuvegur okkar, vegna þess að það er búið að stela svo miklu fé út úr þeim atvinnuvegi?

Nei, þetta er ekki svona einfalt eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln., vill kalla það, að það sé hægt að leita til einhverrar einnar stéttar um ástæður þess hvernig komið er fyrir okkur í þessari miklu verðþenslu, miklu spennu, þessum gífurlega viðskiptahalla. Og mér reiknaðist svo til af því sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður nefndarinnar, sagði að nú mundi á árinu sem er að líða viðskiptahallinn verða 66 milljarðar, held ég að ég hafi tekið eftir. Þá og eftir þeim prósentutölum sem hann fór með má gera ráð fyrir að hann verði um 50 milljarðar á þessu ári og 44–45 milljarðar á árinu 2002.

Þetta er auðvitað óbærilegt. Erlendar skuldir okkar eru komnar upp úr öllu valdi.

Hv. þm., formaður nefndarinnar, talaði um breyttar forsendur í efnahagsmálum. Mér skildist á varaformanninum að ekkert hefði breyst um árabil annað en að kaup hefði hækkað of mikið hjá launþegum ýmsum enda eru þessar forsendur sem nú liggja til grundvallar í efnahagsmálum okkar ekkert nýjar þótt menn flýi til 11. september með þær. Þær eru ekkert nýjar. Flettið upp í ræðum stjórnarandstæðinga við afgreiðslu fjárlaga í hittiðfyrra og í fyrra. Þar er varað við öllu þessu ástandi og ríkisstjórnin brýnd á því að ekki geti gengið svo fram sem horfði, og hefur horft og horfir enn.

Hv. formaðurinn lagði áherslu á það í ræðu sinni að festa og agi yrðu að vera í fjármálum ríkisins. Það er mikið víst og rétt en hvernig var festan og aginn í fjármálunum við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið sem er að líða? Er það kannski rétt hjá mér að þau hafi hækkað milli ára um 20% með fjáraukalögunum, um $^1/_5$, þegar öllum mönnum átti að vera ljóst að það hefði þurft að draga úr útgjöldunum um $^1/_5$? Ég er ekki að segja að það hefði verið framkvæmanlegt en þarna tekur steininn úr.

Svo halda hæstv. ráðherrar áfram að eyða 14 milljörðum umfram eins og ekkert sé. Þetta er látið svo til alveg átölulaust, a.m.k. ekkert gert í málinu af hálfu þeirra sem hafa atkvæðin í stjórnarflokkunum.

Nei, vinnubrögðin við afgreiðslu fjárlagafrv. nú eru stórfurðuleg og sanna enn einu sinni að hæstv. ríkisstjórn umgengst þessa þjóna sína eins og henni sýnist, með óvirðingu sem mest má vera. Að yfirmennirnir í nefndinni skuli frétta það á skotspónum, eins og ég kalla þetta snakk sem var í Silfri Egils, að niðurskurður standi til og ríkisstjórnin sé tilbúin með tillögur er fyrir neðan allar hellur. Hæstv. forsrh. veigraði sér við því að fara með þær tillögur í Silfrinu, og þykir engum mikið. Það lá sem sagt fyrir að ekki væri til neins að ræða innihald fjárlaganna af því að hér ætti eftir að afgreiða höfuðatriði máls.

Mér skilst að hækkun sé á milli tveir og þrír milljarðar frá fjárln. nú en ríkisstjórnin sjálf er með — hvað, fjóra milljarða, og líklega verður að stroka út eitthvað af því sem hv. fjárln. lagði til við þessa umræðu. Þetta eru gersamlega vonlaus vinnubrögð.

Málin standa nefnilega þannig að aðalvopnið sem ríkisstjórn á hverjum tíma hefur til að beita gegn þenslu eru fjárlög, útgjaldaliður fjárlaga, höfuðvopnið, og ég nefndi hvernig því var beitt. 20% hækkun milli ára. Og hvert stefnir það núna? Fjárlagafrv. sem lagt var fram boðaði stórhækkun. Þetta er bara smávægilegt fikt og lítils virði, það sem menn eru að velta á milli sín hér, fjárln. með hækkun upp á þrjá milljarða og ríkisstjórnin með lækkun upp á fjóra.

Á liðnu sumri lýstu tveir forustumenn iðnaðarins í landinu, formaður og framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, því yfir að blindflug í efnahagsmálum væri bráðhættulegt og vísuðu því beint til hæstv. ríkisstjórnar, sögðu að hún stundaði slíkt framferði. Framkvæmdastjórinn sagði að góðærið á Íslandi væri knúið áfram með erlendri skuldasöfnun. Marka menn ekkert þessi orð? Og hvað segja okkar köldu staðreyndir um skuldastöðuna?

Bullandi gengishrap. Og svo er talað um að ekki sé beitt gömlum, úreltum aðferðum. Hvað var verið að gera þegar þeir lofuðu genginu að hrynja? Var það einhver ný aðferð í erfiðri stöðu útflutningsatvinnuveganna? Það er verið að tala um þessa gömlu aðferð, úreltu aðferð, að fella gengið

til þess að rétta við hag útflutningsatvinnuveganna. Hvað skeði? Það einfaldlega skeði að menn létu það hrynja til að rétta af útflutningsatvinnuvegina, einkum og sér í lagi sjávarútveginn. Þar var gömlum aðferðum auðvitað beitt.

Ég gef mér ekki tíma til þess nú, af því sem þessi umræða er hvort sem er ómark, að fara í einstaka þætti málanna. Til þess gefst tími við 3. umr. þegar væntanlega öll kurl verða komin til grafar. En ég, forseti, kemst ekki hjá því að víkja hér að sérstöku viðtali hæstv. forsrh. við Morgunblaðið hinn 22. nóv. sl. Menn geta svo sem fengið að leiða augum hér fréttir í blöðum sem ekkert hefur verið mótmælt, „gjaldþrotahrina er mesta ógnunin". Og það er upplýst að það séu „tvö fyrirtæki á dag sem fara á hausinn" og „framtíð lánastofnana í mikilli tvísýnu".

Það er talið að aðeins sterkustu og elstu bankarnir muni standa af sér áföllin. Og verðbréfafyrirtækin í uppnámi en ég, satt að segja, verð að játa af hreinskilni að ég hef ekki miklar áhyggjur þótt þá fjárhættuspilara setji niður. En það er kannski alveg óþarft að vera með einhverjar áhyggjur.

Það var einu sinni hér á dögum kunningi minn sem var mjög karskur maður og þóttist vita hluti betur en aðrir menn. Meðal annars þóttist hann vera viss upp á sína tíu fingur um heimsmet í íþróttum, og nú nefndi hann dæmi um heimsmet í íþróttum en kunningjarnir sem nærri voru þóttust vita betur. Hann þrætti áfram og málið komst í þverúð og heitingar. Þá sóttu kunningjarnir nýja heimsmetabók Guinness og sýndu honum að þeir hefðu haft rétt fyrir sér. Þá sagði hann: Prentvilla. Upplýsingar sem hafa birst í Morgunblaðinu eru kannski prentvillur.

Ef það er rétt sem hæstv. forsrh. segir í þessu viðtali þá eru allar fréttir í Morgunblaðinu um margra mánaða skeið prentvillur þar sem hefur verið rakið hvernig ástæðurnar eru í efnahagsmálunum, peningamálum og vaxtamálum. Ég skýt því hér inn í að það er dálítið ömurlegt að horfa á það þegar menn eru að reyna að draga úr verðþenslunni með ógnarlegum okurvöxtum, að þá taka þeir upp á því til þess að borga á sig í augum þjóðarinnar að birta tillögur sínar um skattalækkanir. Þetta tvennt vegur hvort annað upp. Þetta eru ráðstafanir sem ganga þvert hvor á aðra. En það þarf ýmislegt að gera þegar herðir að til þess að slá ryki í augu manna.

Með leyfi forseta, vitna ég í þessa grein, fyrst svona:

„Davíð Oddsson forsætisráðherra" — hæstv. — „segir að þrátt fyrir samdrátt í efnahagslífinu megi ekki gleyma því að allar efnahagsforsendur séu í lagi."

Annaðhvort er prentvilla, þetta eða það sem Mogginn hefur áður haldið fram. Ég held áfram að vitna:

„Davíð segist hafa trú á að gengi krónunnar muni fara hækkandi. Mikil framlegð í sjávarútvegi og öðrum útflutningsgreinum muni fyrr eða síðar skila sér í hækkandi gengi."

Er þá ekki ráð að halda áfram að kolfella gengið fyrst það út af fyrir sig mun gera það að verkum að gengið muni hækka síðar? Það er talað um ógnarlega framlegð sjávarútvegsgreinanna og það muni þegar það kemur fram og verður flutt til landsins orsaka hækkun gengisins. Guð láti gott á vita. Svo segir, með leyfi forseta:

„Verðbólga á síðustu 12 mánuðum er rúm 8%, en ef litið er til skemmri tíma er hún 5–6% og stefnir í að hjaðna meira á næsta ári."

Það var þessi hæstv. forsrh. sem stóð hérna úti á Austurvelli árið 2000 og tilkynnti að verðbólgan væri að hjaðna. Og hann segir hér, með leyfi forseta, að það sé þýðingarmikið að þessi ferill um lækkun verðbólgunnar muni ekki ruglast, og hann segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Ég er því bjartsýnn á að menn muni sjá hag sínum best borgið með því að feta ekki hina gömlu slóð sem menn fóru áður."

Sem sagt gengisfellingarleiðina. Þetta er aðalefnahagsaðgerð þeirra og sú eina raunar því þeir halda áfram að eyða og spenna eins og ekkert sé.

Með leyfi forseta:

„Davíð sagði að þegar menn væru að tala um hugsanlega uppsögn kjarasamninga mætti draga þá ályktun að kaupmáttur væri að rýrna, en enn sem komið væri stæðu menn ekki frammi fyrir þeirri staðreynd."

Þessu var haldið fram af hæstv. forsrh. í fjölmiðli eigi alls fyrir löngu. Morguninn eftir mætti í fjölmiðli hagfræðingur Alþýðusambands Íslands og sagði, og færði rök fyrir því, að kaupmáttur $^1/_3$ hluta allra félaga Alþýðusambands Íslands hefði rýrnað um 5%.

Og svo, með leyfi forseta:

„Vandamálið er það að gengið hefur sigið meira en nokkur telur vera frambærilegar skýringar á, a.m.k. á efnahagurinn ekki að leiða til þess."

Hvað er það þá? Er það handafl þeirra? Hvað leiðir til þess að gengið fellur nema markaðurinn sjálfur? Ég held áfram, forseti:

„Það er alveg ljóst að framlegð í sjávarútvegi og í útflutningsatvinnugreinum er að aukast gríðarlega. Fyrr eða síðar mun það skila sér í mjög hækkandi gengi. Það gæti meira að segja þurft að gæta þess að gengið hækkaði ekki of ört."

Það er verst að enginn er hér til andsvara, en þarna er talsmaður fjárln. og ég spyr: Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hamla gegn því að gengið hækki of ört? Ég er að vitna í hæstv. forsrh. sem sagði að það gæti meira að segja þurft að gæta þess að gengið hækkaði ekki of ört bara strax upp úr áramótunum. Ef mikil hætta er á því, hvaða gagnráðstafanir hafa þá verið gerðar? Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta. Enn, með leyfi forseta:

„Það er ekki vafi í mínum huga að þó að þessi óróleiki sé núna og hinn svokallaði markaður sé svona undarlega stemmdur núna, kannski vegna innkaupa sem tengjast jólunum, muni gengið hækka þegar frá líður." (**Gripið fram í:** Og fylla Smáralind.)

Þá muni gengið hækka þegar frá líður. Hér er gert lítið úr hinum svokallaða markaði, einu aðalhólsatriði þessara frjálshyggjumanna, það er markaðurinn sem á að ráða og peningarnir eiga að ráða. En nú er hann bara svokallaður markaður, og svo eru menn að kaupa inn til jólanna og flytja inn allan óþarfann. Með leyfi forseta:

„Fyrr í haust þegar gengi krónunnar féll sem hraðast og dollarinn var kominn rétt upp fyrir 100 krónur sagði Davíð að engar efnahagslegar forsendur væri fyrir þessu gengi."

Er það í 111 kr. núna? Mér er spurn. Engar efnahagslegar forsendur væru fyrir þessu gengi. Og svo, með leyfi forseta, áfram:

„Davíð var spurður hvort þetta hefði ekki verið rangt mat í ljósi þess að gengið hefði haldið áfram að falla og dollarinn stæði núna í 109 krónum." — Eins og var 22. nóvember.

Og svarið, með leyfi forseta:

„Ég hygg að það sem var sagt þá hafi verið rétt."

Það er verst að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hérna svo að hægt sé að skemmta honum með því að rifja þetta upp og

hnykkja enn á öllum fullyrðingunum. Hins vegar segir hann, með leyfi forseta:

„Það tekur hins vegar tíma fyrir menn að átta sig á að gengisbreytingarnar og hátt raunverð á okkar helstu afurðum skila miklu inn nú þegar í efnahagslífið."

Hvernig er þessu varið og hvaða breyting hefur átt sér stað í verðlagi á vöru okkar erlendis? Það hefur verið mjög gott verð á vörum okkar erlendis, gífurlega hátt verð og hagstætt. En hefur eitthvað breyst í því við það að menn hér heima fái meira fyrir dollarinn sinn í íslenskum krónum heldur en áður var, milli 30–40% hærra? Hvaða verðmætaaukning er það, með leyfi? Hvernig á að skilja þetta endemis tal?

Auðvitað var sjávarútvegurinn kominn á heljarþröm vegna þess hve mikið hefur verið tekið af fjármunum út úr þeim atvinnuvegi. Ég heyrði einhvern hv. þm. ræða það hér að 80% af öllum gjafakvótanum mun hafa skipt um hendur. Vilja menn ekki reikna út fjármunina? Allir vita að sægreifarnir hafa farið með stórfé úr landi skattfrjálst og komið því fyrir, m.a. í Lúxemborg. Þegar þeir flytja heim aftur hefur þetta hækkað í krónum um 30–40% en ekkert af þessu verður til þess að efla heildarefnahagslífið okkar. Það bjargar sjálfsagt sjávarútveginum. En meðan við fáum ekki nema sama verð í dollurum úti þá er enginn gróði hér heima fyrir þjóðfélagið sjálft. Með leyfi forseta, segir svo í þessu makalausa samtali:

„Að vísu er það svo að helstu erfiðleikarnir hér hafa verið þeir að útlánakerfið þandist allt of hratt út og menn notfærðu sér hið nýfengna frelsi af dálítið óhóflegri gleði."

Þarna er verið að vísa til þess að vegna hins mikla vaxtamunar hér heima og úti dældu bankarnir inn fjármunum hingað, ekki eingöngu í atvinnuvegina heldur alla einstaklinga sem um það báðu og það er rétt bráðum komið að skuldadögunum og menn vita hvernig skuldir heimilanna hafa hækkað. Áfram, með leyfi forseta:

„Fyrirtækin eru að reyna að nota innkominn gjaldeyri til að borga niður skuldir vegna þess að bankarnir geta ekki fjármagnað þær lengur með venjulegum hætti með lántökum."

Þetta vissu allir á liðnu sumri og frá því í vor, að bankarnir gátu ekki lánað sjávarútveginum meira. Hann var við það að stöðvast. Hvað var þá gert? Brugðið var á gamla úrelta ráðið um að hrinda krónunni fyrir borð og snarfella hana. En hæstv. forsrh. segir:

„Þetta er allt saman í raun jákvætt, en það þýðir hins vegar að þessir peningar skila sér ekki inn á þessu augnabliki til að hækka gengið eins og þegar frá líður."

Það var sem sagt 22. nóvember sem stóð á því að fá þessa peninga inn til þess að hækka gengið í snarheitum og eini vandinn eiginlega sem fram undan er er að það hækki ekki of ört þó að ekki fylgi röksemd fyrir því hvað mundi þá gerast. Nei, það segir hér að ekki verði gripið til efnahagsaðgerða. Með leyfi forseta:

„Ýmsir hafa orðið til að benda á að þörf sé á meira aðhaldi í rekstri ríkisins. Davíð var spurður hvort hann tæki undir að þörf væri á meira aðhaldi í fjárlögum.

„Menn hafa beðið um það og knúið á um það að dregið sé úr þenslu. Það er verið að gera það, en það þýðir aftur á móti að tekjur ríkisins minnka. Menn verða auðvitað að átta sig á að þeir geta ekki sett ólíkar óskir í sömu körfuna og fengið þær allar uppfylltar.""

Þeir geta sem sagt ekki farið fram á að fjárlögunum verði beitt til þess að draga úr þenslu því að þá dregur úr tekjum ríkisins og þessar óskir má ekki setja í sömu körfuna því að ekki er hægt að fá þær báðar uppfylltar. Það er mikil ábyrgð í þessu tali og áfram, með leyfi forseta:

„Ég tel að þrátt fyrir samdrátt geti menn skilað ríkissjóði með viðunandi afgangi."

Afgangurinn er eitt út af fyrir sig til þess að borga niður skuldir en meginmálið er það að dregið verði úr útgjaldahliðinni en ekki aukið um 20% eins og gerðist á þessu ári sem er að líða. Með leyfi forseta, orðrétt:

„Efnahagsforsendurnar eru allar í lagi og menn þurfa að átta sig á því og skilja það."

Efnahagsforsendurnar eru allar í lagi og menn verða að átta sig á því og skilja það. Ég endurtek að allt sem okkur hefur verið flutt um margra vikna skeið í öllum fjölmiðlum hlýtur, ef þetta er rétt, að vera prentvilla eða röng umsögn. Og áfram, með leyfi forseta:

„Kaupmáttur hefur verið að aukast ..."

Nú er ekki eins og hér stóð fyrr í greininni að hann hafi staðið í stað og ekki rýrnað. Hann hefur verið að aukast. Það kemur ný tilkynning hér síðast í viðtalinu.

„Kaupmáttur hefur verið að aukast, atvinnuleysi hefur minnkað og staða útflutningsgreina fer mjög ört batnandi."

Var það að furða að það batnaði aðeins þegar sjávarútvegurinn fær 35% hærra verð í krónum fyrir dollarann sinn en áður. Áfram með leyfi forseta:

„Afkoma og umhverfi útflutningsgreinanna er afar gott um þessar mundir. Ef þetta heldur þannig áfram efast ég ekkert um að gengið styrkist."

Þá hefur nú aðeins dregið niður í því að menn þurfi að hafa sérstaka gát á sér ef gengið styrktist og hækkaði of ört. Og, með leyfi forseta:

„Það er ekki fyrirhugað að hlaupa eftir einhverjum gamaldags aðgerðum eða reddingum eins og tíðkuðust í gamla daga."

Tilvitnun lýkur og endanlega.

En hverjar voru ráðstafanirnar? Bara þessi eina, þetta gamla ráð um að kolfella gengið. Ekkert annað, engu hefur verið beitt, síst í að draga saman útgjöld.

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og ástæðulaust að þreyta þetta lengur. Það kemur að því að við höfum frammi heildartillögur með fullbúnu fjárlagafrv. og ástæðulaust að víkja að einstökum atriðum í þessu fjárlagadæmi þess vegna.

Það að allar efnahagsforsendur séu í lagi sjáum við m.a. á því hvernig þjóðfélagið logar stanslaust af verkföllum. Við sjáum það á þeirri verðbólgu sem hér er þreföld á borð við það sem er í viðskiptalöndum okkar, þreföld. Með sama áframhaldi — með því að beita ekki fjárlögunum t.d. — stefnir í enn hærri verðbólgu. Skuldaaukningin vegna hins gegndarlausa viðskiptahalla er nú orðin slík að við erum í erlendum skuldum komin yfir landsframleiðslu á heilu ári. Það hefur verið rifjað upp í blöðum að eitt sinn sat hér fjármálaráðherra sem tók fram að ef erlendar skuldir færu yfir 60% af landsframleiðslunni þá mundi hann segja af sér.

Nú sitja náttúrlega þeir menn sem þessu stjórna sem fastast, enda eru allar efnahagsforsendurnar í lagi. Betur að satt væri. Þá þyrfti maður ekki að bera þann ugg í brjósti sem allir hljóta að gera vegna þessarar stefnu. Enginn hlakkar yfir þessum óförum og allra síst þeir sem að þessum málum vinna og í fylkingarbrjósti standa hér á hinu háa Alþingi.

[18:18]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Nú fer 2. umr. um frv. til fjárlaga fram. Frv. til fjárlaga er í raun fjárlagarammi sem lagður var fram strax í byrjun þings nú í haust. Sú vinna er unnin undir stjórn fjmrn. sem úthlutar hverju ráðuneyti ákveðinni fjárhæð til að vinna úr.

Eftir 1. umr. í þinginu fær fjárln. frv. til meðferðar og yfirferðar. Þessi vinna er unnin fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og í þeirri vinnu er farið yfir útgjöld ráðuneyta, starfsemi þeirra og stofnana ríkisins. Einnig leita fulltrúar sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga eftir styrk til ákveðinna viðfangsefna og verkefna til nefndarinnar.

Starf fjárln. er í raun mjög fjölbreytt, það er fróðlegt og um margt afar skemmtilegt. Hér er um mikla vinnu og yfirferð að ræða. Í nefndinni er afar gott samstarf hvar sem menn standa í flokki og fyrir það ber að þakka. Starfsmenn Alþingis vinna og þrekvirki á ári hverju. Tækninni fleygir fram og upplýsingakerfið verður fullkomnara og fullkomnara og flýtir fyrir störfum nefndarinnar. Þetta hefur gerbreyst á síðustu árum, þetta er mjög tímasparandi og vinnan er unnin samkvæmt áætlun undir öruggri stjórn og forustu formanns nefndarinnar, Ólafs Arnar Haraldssonar, og varaformannsins, Einars Odds Kristjánssonar.

Formaður fjárln. hefur farið yfir efnahagsforsendur, einstaka liði, í langri ræðu hér í dag. Í raun má líkja starfi fjárln. við að koma saman flóknu púsluspili sem hægt er að púsla saman á mismunandi vegu. Á síðustu árum hafa fjárlögin verið afgreidd með tekjuafgangi og að því er stefnt. Þetta er grundvallaratriði. Við stefnum enn að því að rekstrarafangur í fjárlögum verði 3,5 milljarðar í fjárlagagerð ársins 2002. Með þeim hætti erum við að búa í haginn fyrir framtíðina og *það höfum við gert á undanförnum árum. Það er mikilvægt* fyrir ríkissjóð að eyða ekki um efni fram, nákvæmlega það sama á við um einstaklingana og þetta á við um fyrirtæki og allan rekstur.

Segja má að við Íslendingar séum eyðslusöm þjóð og á Íslandi hefur verið viðvarandi viðskiptahalli sem er mjög alvarlegt mál í efnahagsstjórn þjóðarinnar. Úr viðskiptahalla hefur að vísu dregið að undanförnu en ég hef oft velt því fyrir mér hvort við ættum ekki að kenna meðferð peninga strax á seinni stigum í leikskólum. Á það nám mætti byggja áfram í grunnskólum og í framhaldsskólum. Við þurfum að kenna hvernig peningar verða til, um verðmætasköpun, hvað það þýðir að taka lán, hvað þýði að spara og staðgreiða. Þetta veit ég að er gert t.d. í nágrannalöndum okkar.

Kerfið sem við búum við er í raun og veru eyðslukerfi. Það er mjög sorglegt þegar ungt fólk, sem er að taka fyrstu sín skref út í lífið verður strax gjaldþrota vegna þess að það kann ekki að fara með það frelsi sem felst í notkun greiðslukorta, felst í því að taka bílalán og í að nota léttgreiðslur eða hvað þetta heitir nú allt saman. Ég er hlynntur frelsinu en frelsinu fylgir ábyrgð. Ábyrgð banka og lánastofnana er mikil í þessum efnum en það er eins og bankarnir verði ábyrgðarlausir ef hægt er að útvega ábyrgð þriðja aðila að lánum.

En hvað er það sem brennur á fólki í dag? Það sem brennur á fólki í dag er auðvitað allt sem tengist heilsu og velferð. Og hvernig stöndum við okkur í þeim efnum? Það er talað um að við búum við eitt besta heilbrigðiskerfi í heiminum. Við getum verið stolt af því. Ég er ekki hlynntur einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni, langt í frá. Ég er hins vegar hlynntur sjálfseignarstofnunum eins og Heilsustofnuninni í Hveragerði, Ási í Hveragerði, sem er elliheimili, og rekstri slíkra stofnana. Ég er mótfallinn einkarekstri í heilbrigðisþjónustu.

Ef við veltum fyrir okkur því sem fólk er að hugsa um þá hugsar hver og einn um atvinnu og framfærslu. Við getum verið stolt af því að það er nánast ekkert atvinnuleysi á Íslandi og við búum við gott velferðarkerfi. Fólk veltir líka fyrir sér menntun og menningarmálum. Og hvernig stöndum við í þeim efnum? Á Íslandi er gríðarlegt námsframboð. Ég sá m.a. í gær að hæstv. menntmrh. var að skrifa undir samning um að við förum að kenna arkitektúr í Háskóla Íslands, sem ekki hefur verið gert á Íslandi áður. (**Gripið fram í:** Listaháskóla Íslands.) Ég þakka hv. þm. fyrir að leiðrétta mig, það var Listaháskóli Íslands sem kemur til með að sinna þeirri kennslu. Það er auðvitað nýbreytni.

Síðan er annað sem skiptir miklu máli hér á landi, þ.e. að fólk hefur mikla möguleika á símenntun.

Fólk veltir líka fyrir sér samgöngumálum. Við erum sífellt að bæta samgöngukerfi þjóðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum samt sem áður að stokka upp kerfið hjá okkur. Við þurfum t.d. að verja meiri peningum í tengivegakerfið. Það er ljóst að um 25% af tengivegum landsins eru t.d. í Suðurlandskjördæmi. *Það er líka mjög mikið af tengivegum* á Norðurlandi vestra, þessum gömlu kjördæmum. Í þessum tveimur kjördæmum eru u.þ.b. 50% af tengivegakerfinu og það er auðvitað mjög brýnt að verja meiri peningum til tengivega. (**KPál:** Og í einbreiðar brýr.) Hv. þm. Kristján Pálsson kallar hér fram í að einnig þurfi að fækka einbreiðum brúm. Ég get tekið undir það og þetta er góð ábending hjá hv. þm.

Þegar horft er á þessi mál með sanngirni þá stöndum við okkur í raun og veru vel, þó að alltaf megi gera betur. Stórstígar framfarir hafa átt sér stað á Íslandi í ríkisstjórnartíð Framsfl. og Sjálfstfl. Ef við horfum aðeins til baka, til ársins 1995 þegar Framsfl. kom í ríkisstjórn, þá var gríðarlegt atvinnuleysi hér á landi. Þá stóðu fyrirtæki afar veikt. Og eitt af markmiðum okkar var að auka störf í landinu um 12 þús. störf fram til aldamóta.

Við þetta hefur verið staðið. Stundum hafa nú reyndar þeir sem ekki eru mjög hlynntir okkur sagt að við höfum ekki staðið við þetta til fullnustu vegna þess að störfin urðu 14 þús. en ekki 12 þús. En þetta skiptir allt saman miklu máli.

Við megum ekki gleyma því að við lifum í síbreytilegu samfélagi. Í augnablikinu eru ýmsar blikur á lofti og við þeim aðstæðum þarf að bregðast. Atvinna og atvinnuuppbygging er og verður grundvöllur að velferð þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn er enn undirstaða velferðar þjóðarinnar og um sjávarútveginn verður að ríkja sátt. Í þeirri grein verður einnig að ríkja festa. Menn verða að vita við hvaða kerfi á að búa og við megum ekki sífellt breyta kerfinu með einu pennastriki þannig að los sé á þessari grein.

Það hefur orðið hnignun í hugbúnaðar- og tölvugeiranum sem við bundum reyndar miklar vonir við. Sama er að segja um verðbréfamarkaði nú um sinn.

Það er auðvitað visst áhyggjuefni að bændur þessa lands bera of lítið úr býtum en við getum verið mjög sammála um það að landbúnaður er mikill á Íslandi og landbúnaðarafurðir okkar eru mjög góðar, hvernig sem á það er litið, hvort sem við erum að tala um hefðbundinn landbúnað eða landbúnað í græna geiranum. Síðan eru líka á döfinni ýmsar hliðarbúgreinar sem skipta landsbyggðina miklu máli eins

og landshlutabundin skógræktarverkefni, bæjarvirkjanir, þar sem framleitt er rafmagn úr bæjarlækjum og þess háttar. Þetta á allt að renna stoðum undir atvinnulíf í dreifbýli.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi þó að blikur séu á lofti í þeim efnum, sérstaklega eftir það sem gerðist 11. sept. sl., en Íslendingar standa sig mjög vel í menningartengdri ferðaþjónustu, heilsutengdri ferðaþjónustu og fleira mætti nefna.

Ég má til með að nefna, þegar við erum að tala um uppbyggingu t.d. varðandi heilbrigðisþjónustu, að það er verið að byggja mjög myndarlegan barnaspítala í Reykjavík, Barnaspítala Hringsins. Það eru líka áform um að byggja við Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi. Það er mjög brýn framkvæmd og hún er reyndar á teikniborðinu. Þetta skiptir allt miklu máli. Hæstv. heilbrrh. hefur gert sérstaka samninga við Heilsustofnun í Hveragerði um áframhaldandi uppbyggingu þar.

Ég sé að hv. sunnlenskir þingmenn nikka til mín og eru greinilega ánægðir með þessar framkvæmdir eins og ég sjálfur. Það á líka við um hv. þm. af Austurlandi sem gengur hér fram hjá mér. (**EMS:** Hvor? Við erum tveir.) Það á við um báða, herra forseti.

Fjárln. hefur í seinni tíð beitt sér sérstaklega fyrir ákveðnum byggingarverkefnum, ákveðnum verkefnum sem skipta miklu máli fyrir landsbyggðina. Þar nefni ég fjarkennslu sem hefur gjörbreytt möguleikum fólks á landsbyggðinni til símenntunar. Fjárln. hefur líka lagt heilmikið fjármagn til landshlutabundinna skógræktarverkefna. Þessi verkefni tengja í raun saman dreifbýli og þéttbýli og skipta miklu máli.

Menningartengd ferðaþjónusta hefur einnig margoft komið upp og fjárln. hefur styrkt ýmis verkefni þar að lútandi. Þeir styrkir geta skipt mjög miklu máli, t.d. fyrir lítil byggðarlög. Þó að oft og tíðum sé um að ræða tiltölulega lágar fjárupphæðir geta slíkir styrkir skipt sköpum fyrir viðkomandi verkefni. Ýmislegt mætti telja upp í þeim efnum en eins og ég sagði hefur hv. formaður fjárln., Ólafur Örn Haraldsson, talið upp öll þessi verkefni sem skipta svo miklu máli.

Stundum hafa þingmenn í þessum sal talað um að gera þurfi eitthvað annað. Við höfum stundum leikið okkur að þeirri hugsun, að gera eitthvað annað. Þegar við horfum á þessi fjárlög sem við erum að leggja fram þá er þar fjöldi verkefna sem við getum talað um að séu eitthvað annað. Af því erum við stolt og eins og ég sagði áðan þá skipta þær upphæðir miklu máli fyrir þau byggðarlög og þau verkefni sem við erum að styrkja.

[18:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason flutti ljúfa ræðu og drap á margt gott sem væri að gerast og var það ágætt. Ég vil aðeins í upphafi leiðrétta hv. þm. þegar hann sagði að fjárln. starfaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hún starfar á vegum Alþingis, en ég tel þetta hafa verið mismæli. Ríkisstjórnin í sjálfu sér starfar fyrir Alþingi og Alþingi ber ábyrgð á henni.

En það sem mig langar til að fovitnast um hjá hv. þm. er varðandi skólagjöldin í háskólanum þar sem er lagt til í fjárlagafrv. að skólagjöldin verði hækkuð um 45%, úr 25 þús. kr. í 35 þús. kr. Nú er ekki gerð tillaga um lækkun á þeim hér á milli umræðna við 2. umr. Er það rangminni hjá mér eða er það einhver misskilningur að fréttir hafi birst af þingflokksfundi framsóknarmanna þar sem samþykkt hafi verið að framsóknarmenn mundu ekki samþykkja svo mikla hækkun og vildu minni hækkun? Ef svo er, ætla þeir þá ekki að koma fram með tillögu um það á þinginu?

[18:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að leiðrétta mig. Þegar þingmenn flytja ræður geta þeir gjarnan mismælt sig og það kemur fyrir mig eins og suma aðra eins og gengur. Hafi ég farið rangt með, þá biðst ég afsökunar á því.

Hv. þm., sem er virtur skólamaður, dugmikill skólastjóri, spyr um skólagjöld. (**Gripið fram í:** Fyrrverandi.) Fyrrverandi, já. Um þetta hefur verið mikil umræða t.d. í mínum flokki og sumir hafa verið að rugla dálítið saman skólagjöldum og innritunargjöldum en það er tvennt ólíkt, skólagjöld og innritunargjöld. Gerð hefur verið athugun á þessu og menn í mínum flokki telja að eðlilegt sé að tala einungis um innritunargjöld en ekki skólagjöld. Við erum alveg með það á hreinu. Hins vegar eru skólagjöld í sumum háskólum landsins. Ég nefni t.d. Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og fleiri skóla. Þeir skólar eru auðvitað ríkisstyrktir. Það má ekki gleyma því að oft er verið að tala um einkaskóla með stórum stöfum en þessir skólar eru ríkisstyrktir. Engu að síður eru borguð heilmikil skólagjöld í þeim skólum og það er ekkert rangminni hjá hv. þm. Við höfum rætt þetta mjög innan okkar raða og við höfum mjög einarða stefnu að þessu leytinu til, að menn rugli ekki saman annars vegar skólagjöldum og hins vegar innritunargjöldum.

[18:34]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka spurningu mína: Mun þingflokkur framsóknarmanna beita sér fyrir lækkun á þeim innritunargjöldum sem boðuð eru í fjárlagafrv., þ.e. þeirri 45% hækkun sem þar er boðuð? Mun þingflokkur framsóknarmanna beita sér fyrir því að þau verði lækkuð frá því sem þau eru í fjárlagafrv.?

Hefur þingflokkur framsóknarmanna fjallað um hækkanir á innritunargjöldum í framhaldsskólum þar sem þau eru líka hækkuð um 40% í fjárlagafrv.? Þetta eru grundvallaratriði í uppbyggingu menntunar hér á landi og ég vil gjarnan heyra hvað þingflokkur framsóknarmanna ætlar að gera í þessum efnum.

[18:36]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst eins og ég sagði áðan að þingflokkur Framsfl. vill ekki rugla saman skólagjöldum og innritunargjöldum og við munum beita okkur fyrir því að innritunargjöldin í háskólanum verði 30 þús. kr. eins og við erum að tala um. Svar mitt er þess vegna já.

[18:36]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að inna eftir því hvort hæstv. fjmrh. er til staðar á þinginu.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að hæstv. fjmrh. er til staðar og forseti mun sjá til þess að hann gangi í salinn áður en langt um líður. Samkvæmt tölvubúnaði okkar er hann ekki langt undan.)

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan doka við þangað til hæstv. fjmrh. er kominn í salinn. Ég vil að hann heyri upphafsorð mín og þegar ég er búinn að segja það sem mig langar til að hann heyri, þá bregðist hann væntanlega við því

í lok ræðu minnar. Virðulegur forseti. Ég vil því doka við meðan hæstv. ráðherra er að gera sig tilbúinn til að koma hingað í sal. (**Gripið fram í:** Getur þú ekki rætt við samgrh. á meðan?)

Virðulegur forseti. Ég mun beina fyrirspurn til hæstv. samgrh. en það verður síðar í ræðu minni. Ég get ekki áætlað það í tíma, mér sýnist að það verði einhvern tíma fyrir miðnætti.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill geta þess að nú gengur hæstv. fjmrh. í salinn þannig að hv. þm. getur haldið áfram ræðu sinni.)

Ég þakka fyrir. Virðulegi forseti. Ég vil byrja á, með leyfi forseta, að vitna í fræðirit Henrys Hazlitts, Hagfræði í hnotskurn. Ég þakka ungum sjálfstæðismönnum fyrir að senda mér þetta rit sem er mjög hagnýtt þegar maður er að velta fyrir sér ýmsum lögmálum. Mig langar að hefja mál mitt með því að vitna í bls. 18 þar sem segir að draga megi alla hagfræðina saman í eina lexíu, og þá lexínu í eina málsgrein. Ég efast ekki um að hæstv. fjmrh. er sammála mér í því að hér er um ákaflega merkilega setningu að ræða. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Hagfræðin felst í því að líta ekki aðeins á skammtímaáhrif stefnu eða ákvarðana heldur einnig á langtímaáhrifin, og að skoða afleiðingarnar ekki aðeins fyrir einn hóp heldur fyrir alla hópa."

Þetta tel ég, virðulegur forseti, að eigi að vera markmið allra þeirra sem vinna að fjárlagagerð og eru kjörnir til þess að vinna fyrir fólkið í landinu og mér finnst ástæða til að draga þetta fram vegna þess að mér finnst ekki vera unnið eftir því markmiði sem í hagfræðinni er dregið í eina setningu. Virðulegi forseti. Ég ætla að vitna í þessa ágætu bók, Hagfræði í hnotskurn, á bls. 20, þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Því miður er það oft svo, að vondu hagfræðingunum tekst betur upp að kynna almenningi röng viðhorf sín en hinum góðu tekst að kynna réttu viðhorfin. Menn kvarta oft yfir því, að lýðskrumurunum takist betur að sannfæra fólk um þá hagfræðilegu þvælu sem þeir hafa á stefnuskrá sinni, en hinum heiðarlegu sem reyna að sýna fram á hvað er rangt við hana. En ástæðan fyrir þessu er ósköp einföld. Hún er sú að lýðskrumararnir og vondu hagfræðingarnir eru að kynna hálfsannleik. Þeir fjalla aðeins um bein áhrif á einn hóp, og þeir geta oft haft rétt fyrir sér svo langt sem það nær. Svarið við þessu felst í því að sýna fram á að stefnan hafi einnig í för með sér óæskileg langtímaáhrif eða að sýna fram á að gróðinn fyrir þennan eina hóp stafi einungis af því að gengið sé á hlut einhvers annars. Svarið felst í því að bæta við og leiðrétta hálfsannleikann með hinum helmingnum. En það að taka með í reikninginn öll helstu áhrif ákveðinnar stefnu á alla, krefst oft langrar, flókinnar og leiðinlegrar röksemdafærslu. Flestum finnst erfitt að átta sig á henni og verða fljótt leiðir og hætta að fylgjast með. Vondu hagfræðingarnir færa sér þetta í nyt með því að sannfæra fólk um að það þurfi ekki einu sinni að reyna að fylgjast með röksemdafærslunni eða dæma á grundvelli hennar þar sem hún sé einungis „klassísk hagfræði", „markaðshyggja", „köld frjálshyggja" eða hvaða annað slagorð sem þeim þykir vænlegt til árangurs."

Virðulegi forseti. Tilvitnun er lokið.

Ég hygg að ég þekki hæstv. fjmrh. það vel að við deilum sameiginlegri skoðun á því atriði sem ég vitnaði til, sem að mínu mati ásamt með nokkrum öðrum gullsetningum, er lykilatriði hagfræðinnar.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. verði hér þangað til ég segist hafa sagt það sem mig langar til að segja við hann þannig að hann geti brugðist við í lok ræðu minnar ef hann telur þess þurfa. Hef ég þá ræðu um fjárlögin 2002.

Virðulegur forseti. Alþingi hlýtur að gera kröfu til þess að stofnanir ríkisvaldsins séu samstilltar í þeim áætlunum og áformum sem eru lögð fyrir þingið. Í haust þegar frv. til fjárlaga var lagt fram var munur á spá Þjóðhagsstofnunar og „óskaspá" sem ég leyfi mér að kalla spá fjmrn. Það er orðið ljóst núna að a.m.k. raunhæfnisspár þess síðarnefnda, þ.e. fjmrn., stenst ekki miðað við öll þau álit og ábendingar sem skoðaðar hafa verið og þær spár sem gerðar hafa verið af hinum ýmsu stofnunum allt frá OECD til almennra banka á Íslandi.

Virðulegi forseti. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram þá sagði ég við 1. umr., og er ástæða til að rifja það upp, að það minnti nokkuð á handmálaðan bíl. Bíllinn getur litið nokkuð vel út í fjarlægð en þegar nær kemur má greina misfellur og niðurstaðan verður að umræddur bíll sé fjarskafallegur. Þannig, virðulegur forseti, vil ég líta á þetta fjárlagafrv. sem lagt var fram á fyrsta degi þingsins, að það líti nokkuð vel út en þegar grannt er skoðað, eins og raunin er orðin á, standist frv. ekki. Það stenst ekki. Það sést best á því að hæstv. ríkisstjórn er að boða niðurskurð sem hefði átt að vera fyrirsjáanlegur strax þegar frv. lagt fram þó svo að unnið hafi verið við frv., virðulegur forseti, frá því á vordögum.

Ég þarf ekki annað en að minna á að minni hluti fjárln. hefur frá 1995, mjög greinilega í hverju einasta sameiginlegu minnihlutaáliti og síðan í áliti 1. minni hluta frá síðustu kosningum, greinilega bent á í hvað stefndi. Varað hefur verið við viðskiptahallanum. Varað hefur verið við auknum lántökum og varað hefur verið við því sem mundi óhjákvæmilega koma með þessum mikla viðskiptahalla sem við höfum búið við. Viðskiptahalli á fjórum árum er 200 milljarðar. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að 20 milljarða vantar til að standa undir þessum ósköpum.

Menn geta þá bara reynt að velta því fyrir sér hvert gatið í íslensku fjárlögunum, sem er upp á 230 milljarða, verði. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að gerast spámaður. Ég er bara að velta upp stöðunni sem blasir við.

Upphafsorð fjárlagafrv., með leyfi forseta, eru svona:

„Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2002 endurspeglar að mörgu leyti breytta stöðu efnahagsmála. Eftir kröftuga efnahagsuppsveiflu síðustu ár hefur hagkerfið færst nær jafnvægi á nýjan leik."

Virðulegur forseti. Ég er að vitna til frv. til fjárlaga sem lagt var fram 1. október. Þar segir að hagkerfið sé að færast til jafnvægis á nýjan leik. Þetta er nú m.a. ástæðan fyrir því að ég bið hæstv. fjmrh. að hlýða á orð mín. Á tíu mánaða tímabili höfum við búið við gengisfellingu sem er yfir 20%, nánar tiltekið 23%. Er það að hagkerfið sé að færast til jafnvægis? Er það að hagkerfið sé að færast til jafnvægis að dollarinn sem kostaði 76 kr. fyrir 13 mánuðum kostar í dag 110 kr. eða nálægt því? Erum við að færast nær jafnvægi? Er að furða þó að spurt sé?

Er að furða þó að spurt sé þegar allir samningar sem við höfum gert erlendis í dollurum, hækka um sem nemur 25%? Er furða þó að spurt sé: Erum við að færast nær jafnvægi?

Ég hef á undanförnum mánuðum eða frá því að ríkisreikningurinn fyrir árið 2000 kom út núna í júlí, bent á í hvað stefndi, m.a. í viðtali við Stöð 2. Ég hef einnig reynt

að benda á og draga fram í ljósið og beint kastljósi að gífurlegri skuldasöfnun einstaklinga, ríkisins og ríkisfyrirtækja. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég tel að allt of margir láti sér fátt um finnast.

Einstaklingar og fyrirtæki, samkvæmt fyrirspurn sem ég lagði hér fram fyrir skömmu síðan, hafa tekið lán erlendis sem nema 661,7 milljörðum. Geta menn gert sér grein fyrir því hvað þessi lán hafa hækkað bara frá 15. október? Þessi lán hafa hækkað sem nemur 26 milljörðum í íslenskum krónum. Þetta eru skuggalegar staðreyndir sem ekki verður móti mælt. Þessar lántölur eru samkvæmt svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn sem lögð var hér fram einhvern tíma að kvöldi dags.

Skuldir sjávarútvegsins eru líklega kringum 200 milljarðar. Ekki hefur tekist að fá upplýst hversu miklar skuldir sjávarútvegsins eru, jafnvel þó að hér hafi legið frammi fyrirspurn á annan mánuð til hæstv. sjútvrh. þar sem spurt er einfaldlega: Hverjar eru skuldir sjávarútvegsins?

Virðulegur forseti. Ég hlýt um leið og ég segi þetta að inna eftir því hversu langan tíma ráðuneytin hafa til að svara fyrirspurnum sem eru lagðar hér fram og óskað er skriflegs svars.

Ég tel að sú mikla skuldasöfnun sem ég er hér að ræða sé grunnurinn að því gengishrapi og verðbólgu sem við búum við. Þetta er að mínu mati og margra annarra grunnurinn að því gengishrapi og verðbólgu sem við búum við. Skuldir ríkisins, sem ég veit að hæstv. fjmrh. er ekki sáttur við, eru metnar 413 milljarðar. Það er engu að síður staðreynd að í lok árs 2000 eru skuldir íslenska ríkisins 413 milljarðar og þær jukust um 30 milljarða eða 29,9 milljarða á árinu. Er þetta jafnvægi, herra forseti? Er þetta jafnvægi sem efnahagskerfið er að leita eftir?

Hvar eru merki um jafnvægi? Finnast þau merki í nauðungaruppboðsauglýsingum upp á margar síður dag eftir dag, svo ég vitni bara, virðulegur forseti, til 8., 9. og 10. nóvembers sl. þegar þrjár heilsíðuauglýsingar birtust um nauðungaruppboð? Er það merki um jafnvægi? Er það merki um jafnvægi, virðulegur forseti, að það eru að meðaltali tvö fyrirtæki sem fara á hausinn á hverjum degi á mánaðartímabili, miðað við septembermánuð? Er það að leita jafnvægis í efnahagskerfinu?

Er það jafnvægið í efnahagskerfinu þegar um 50 fyrirtæki eru stofnuð með nýrri kennitölu? Samkvæmt upplýsingum er verið að stofna 50 ný fyrirtæki og leikur grunur á að svokallaður kennitöluleikur, sem ég hef áður nefnt í þessum sölum, sé í gangi, þ.e. að verið sé að hlaupa frá einu fyrirtæki á hnjánum og stofna annað ofan í sárin. Skyldi það bera vott um jafnvægi?

Svo er verið að ræða um árangurslaust fjárnám. Hvað er árangurslaust fjárnám? Ef virðulegur forseti hefur tekið eftir því þá er margsinnis verið að kynna árangurslaust fjárnám. Hvað þýðir það? Það þýðir að einstaklingar hafa farið á hausinn og eignirnar eru ekki metnar á 150 þús. kr., þ.e. að ekki sé hægt að reikna með að þeir sem gera kröfu nái 150 þús. kr. af viðkomandi aðilum. Þá er um að ræða árangurslaust fjárnám. Árangurslaust fjárnám á Íslandi er í þúsundavís í dag. Það er í þúsundavís og það er skelfilegt.

Virðulegur forseti. Ég get sleppt hæstv. fjmrh. við að hlusta á tölu mína því að ég hef tínt upp þau lykilatriði sem ég tel að ráði þeirri stöðu sem við erum nú í. En ég ítreka að í fimm nefndarálitum, litið til baka, er hægt að sjá viðvörunina frá minni hlutanum, fimm ár aftur í tímann, um það sem er að gerast núna nákvæmlega.

Á hverju skyldi þetta álit nú vera byggt? Ætli það sé frá þeim sem hér stendur? Ætli það sé frá þessum skörpu náungum sem hafa setið í minni hluta fjárln.? Nei, það er ekki það. Það er nefnilega fengið frá þeim stofnunum sem hæstv. ríkisstjórn ber að leita til, Seðlabankanum, OECD og Þjóðhagsstofnun. Tilvitnanir okkar í minni hlutanum eru gegnum allan tímann beint í þessa sömu aðila.

Það er virkilega ástæða til að rifja þetta upp vegna þess að menn hafa sagt hér æ ofan í æ, skipstjórinn á skútunni, hæstv. forsrh., hefur sagt að hér sé allt í lagi. Fólk þarf bara að endurnýja bílana sína. Fólk þarf bara að endurnýja tækin sín. Það er ósköp eðlilegt þegar sólin er hátt á lofti að þá streymi fjármunirnir til fjárfestinga, þessara fjárfestinga sem ég er að geta um.

Þeir sem, eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, fylgjast með vita að ástandið hefur versnað. Það þarf ekkert annað en að líta á síður dagblaðanna, eins og ég sagði áðan. En þeim sem ekki virða þessar viðvaranir sem ég hef haft uppi varðandi skuldasöfnun og þær nauðungaruppboðsauglýsingar og annað sem uppi hefur verið, má líkja við strúta sem stinga hausnum í sandinn.

Virðulegur forseti. Ég nefni hæstv. forsrh. og hv. þm. Kristján Pálsson sem hafa rætt um þessi mál eins og þeir búi í annarri veröld en almenningur í þessu landi. Því nefni ég þessa einstaklinga, virðulegur forseti, að í umræðu um frv. til fjáraukalaga fyrir nokkrum dögum síðan kom hv. þm. Kristján Pálsson og sagði: „Hér er ekkert að. Hér er nóg vinna. Allir eru í vinnu og hvað er þá að?"

Það sem er að er það sem er að byggjast upp í kerfinu. Ég sagði: Ég vara við því ástandi sem verður í febrúar. Ég vildi óska þess að það sem ég er að segja hér stæðist ekki. En ég hef líka sagt hér áður, herra forseti, úr þessum stól að ég óskaði þess að þau nefndarálit sem við höfum flutt fyrir hönd minni hluta fjárln., stæðust ekki. Komið er í ljós, virðulegur forseti, að hvert einasta orð stenst. Með tilvitnun í hverja, virðulegur forseti? Þá merku stofnun OECD, þá merku stofnun Þjóðhagsstofnun og þá merku stofnun Seðlabanka Íslands.

Ég bendi hv. þingmönnum á að rétt er að líta í þessi nál. því þá geta menn séð að hvert einasta orð sem ég hef sagt stendur þar.

Ég vitna enn í fjárlagafrv., með leyfi forseta. Þar stendur m.a.:

„Verulega hefur dregið úr innlendri eftirspurn og viðskiptahalli minnkar ... á næstunni."

Ég gerði þetta líka, virðulegur forseti, að umtalsefni við 1. umr. fjárlaga. Vonandi standast þessar fullyrðingar, eða ætti ég að segja væntingar. Vissulega er rétt að viðskiptahallinn í lok september var ekki nema 32 milljarðar ofan á þann viðskiptahalla sem var uppsafnaður áður — það er alveg rétt. Það hefur hægt verulega á — á móti 47 milljörðum á sama tíma í fyrra. Það hefur hægt verulega á. Það er auðvitað gott.

En hver skyldi ástæðan vera fyrir því að fólk sem hefur leiðst út í að kaupa bíla með einhvers konar samningum þar sem það borgar allt að 200–500 þús. kr. til að losna við bíla sem eru með áhvílandi lánum upp á 2–4 millj. Hvað ætli sé á ferðinni þar? Hvað ætli sé að gerast?

Ég hef ósköp lítið heyrt um þessar væntingar frá því að fjárlagafrv. var lagt fram. Þá var verið að spá 4% verðbólgu. Verðbólgan er núna á 9%, milli 8–9%. Á tveimur mánuðum

hefur verðbólgan flogið upp um yfir 2%. Minnugir þess að 5,9% verðbólga er viðmiðun í almennum kjarasamningum og að ef verðbólgan fer yfir 5,9%, þá hafi einstök verkalýðsfélög rétt til að segja upp kjarasamningunum. Það eru engin ráð til þess að ná verðbólgunni niður fram til febrúar nk., úr því að vera milli 8–9% niður í 5,9%. Það er alveg sama hvaða hagfræði er beitt. Ég er búinn að lesa það mikið í hagfræðibók sem ég fékk að gjöf frá ungum sjálfstæðismönnum. Ég leyfi mér að vitna í það sem ég tel að séu lykilatriði hagfræði.

Virðulegur forseti. Sú þróun sem er í gangi leiðir óhjákvæmilega til minni tekna hjá ríkissjóði, segir í þessu frv. En tekjur af sköttum, ef við rifjum það upp, hafa snarhækkað, a.m.k. það sem af er. Ég ætla ekkert að spá frekar um framhaldið en ég hef gert hér um það hvað fram undan er. En ég er þess fullviss að staða ríkissjóðs mun enn versna. Það sannast á því að hæstv. ríkisstjórn er með á prjónunum, eins og hér stendur í blaði allra landsmanna, niðurskurð upp á 3–3,5 milljarða. Þetta á bara að gerast með einu pennastriki eins og frægt er orðið. Hvað er það sem menn eru að velta fyrir sér að draga saman? Jú. Hér stendur, með leyfi forseta:

„... hugsanlega verður gildistöku laga um fæðingarorlof frestað að einhverju leyti, samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins. Einnig hefur komið til tals að fresta að hluta til eða öllu leyti gerð hugbúnaðar fyrir ríkisbókhald og Landsskrá fasteigna ..." Hvernig stendur það mál, virðulegi forseti? Það stendur þannig að búið er að gera samning um þessi verk, það er búið að ráða um 30 manns í vinnu til að vinna þessi verk. Hvað kostar að rifta þessum samningum?

Síðan er bent á að til greina komi að skera niður til vegamála. Hvað er búið að skera niður til vegamála á síðasta ári? 1.400 millj., ekki miðað við þetta fjárlagafrv. heldur miðað við síðasta fjárlagafrv. Þá er búið að skera niður sem nemur 1.400 millj., 1,4 milljörðum.

Í sama blaði, blaði allra landsmanna, er gerð grein fyrir útgjaldatillögum eins og hér hafa verið ræddar í dag og þær kynntar lið fyrir lið með löngum skýringum, útgjaldahækkanir upp á 2,2 milljarða. Halda menn að það séu eðlileg vinnubrögð, á sama tíma og boðuð er útgjaldaaukning upp á 2,2 milljarða, að menn flaggi samtímis einhverjum hugsanlegum niðurskurði upp á 3–4 milljarða? Hið eina sem hefði verið eðlilegt í þeirri stöðu sem upp var komin hefði verið að ríkisstjórnin áttaði sig á að rétt væri að fresta 2. umr. fjárlaga. Það var það eina sem rétt var.

Virðulegi forseti. Ég hef setið í fjárln. síðan 1995 og hef smám saman verið að læra á þann frumskóg og alls konar hliðarvegi í þeirri vinnu. Hins vegar mun maður þó ekki skilja flækjuna, alla taugaflækjuna, nema hafa setið í hópi þeirra sem skipar meiri hluta. Því er ekki hægt að neita að minni hluti fjárln. fær í tilkynningaformi það sem meiri hlutinn ákveður og meiri hlutinn fær í tilkynningaformi það sem ríkisstjórnin ákveður. Svo á þessi nefnd að heita sjálfstæð nefnd á vegum Alþingis.

Í fjárlagafrv. var áætlað að afgangur á ríkissjóði fyrir árið 2002 yrði 18,6 milljarðar. Þetta var áætlunin, um það bil 2,5% af landsframleiðslu. Hver er stefnan nú? Það hefur komið fram í mörgum ræðum í dag. Stefnan er nú að það skuli verða afgangur upp á 3–3,5 milljarða. Það er dálítill munur, frá 3,5 milljörðum upp í 18,6 milljarða. Á hve löngum tíma, virðulegi forseti? Á röskum mánuði. Á einum og hálfum mánuði hefur bókstaflega allt hrunið í þessu fjarskafallega frumvarpi sem ég líkti áðan við handmálaðan bíl.

Lánsfjárafgangur er áætlaður, hversu hár? Hversu há átti sú tala að vera? 41 milljarður kr., lánsfjárafgangurinn. En til þess að það náist þarf að koma til 21 milljarður kr. vegna sölu eigna frá fyrra ári og 20 milljarðar vegna eignasölu ársins. Ég gat ekki annað en fagnað því, virðulegi forseti, að áætlað var að greiða með þessum fjármunum 25 milljarða af skuldum og þar af áttu 9 milljarðar að fara í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Síðan átti að bæta stöðu við Seðlabankann upp á 7,5 milljarða. Þetta voru áformin í haust.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég hef enga trú á að þessi áform eða væntingar standist. En dæmið var svona í mjög einfaldri mynd. Ég segi, eins og ég sagi í upphafi ræðu minnar, að það er ekki nóg að þetta líti vel út í fjarlægð. Það er ekki allt gull sem glóir ef hlutirnir eru skoðaðir í samhengi.

Sá mismunur sem var á þjóðhagsspá og óskaspá fjmrn. olli mér áhyggjum í haust. En sú skekkja, sá mismunur sem þá var, var lítill mismunur, þar tek ég undir orð hæstv. fjmrh. Þar gæti skeikað 1%. Nú er bara mikið verra dæmi komið upp. Hvorug spáin stenst og það er ljóst. Ef ytri skekkjumörk eru notuð þá er staðan verulega slæm miðað við þær spár sem nú liggja fyrir. Ljóst er að tekjur af sölu eigna er það eina sem getur bjargað. Ef ekki tekst að selja þessar eignir þá er ekki nóg með að þessu fjárlagafrv. verði að einhverju leyti breytt núna. Það þarf að taka verulega á á næstu mánuðum til viðbótar ef ekki tekst að semja við kjölfestufjárfesta, t.d. varðandi sölu á Símanum. Menn hafa ekki rætt þetta mikið í dag. En þetta er staðan. Ef það verður ekki orðið klárt og ljóst á næstu vikum eða næstu dögum, þá horfir illa fyrir þessu fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir það áður að skuldir ríkisins eru enn að aukast. Þær eru 413 milljarðar í árslok 2000 samkvæmt ríkisreikningi. Þær höfðu aukist um 30 milljarða á því herrans ári. Ég vísa í endurskoðaðan ríkisreikning fyrir árið 2000, þetta plagg frá Ríkisendurskoðun. Þar eru alvarlegar viðvaranir á ferðinni. Það er ekki að búast við að eitthvað hafi batnað ef ljóst er að viðskiptahallinn er yfir 200 milljarðar á þremur og hálfu ári. Ég er búinn að fara yfir það áður hversu mikið hallinn hefur minnkað en það stefnir samt, miðað við lok september, í að viðskiptahallinn hafi verið þá um 32 milljarðar. Mér er ekki kunnugt um að það hafi gerst nein galdraverk þannig að þessi 32 milljarða halli hafi minnkað.

Seðlabankinn greip inn í gang efnahagslífsins. Með hverju? Seðlabankinn greip inn í með kaupum á krónum til þess að koma í veg fyrir gengislækkun. Margir milljarðar voru notaðir til þeirra kaupa. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég efast nú um þær gjörðir bankans. Ég tel að þeir hafi ætlað að stýra því sem ekki var hægt að koma í veg fyrir. Ég tel að þeir hafi gripið of fljótt inn í og að á þeim bæ þurfi að skoða mjög vel til hvaða efnahagsaðgerða á að grípa við þær aðstæður sem nú ríkja.

Lögum um Seðlabankann var breytt. Það var gert og staðfest með lögum í maí sl. Meiningin var sú að það mundi tryggja stöðugt verðlag. Þær væntingar hafa ekki gengið eftir en þó er rétt að geta þess að Seðlabankinn hefur ekki enn þá tilgreint hvað er átt við með orðalaginu „stöðugu verðlagi". Ég krefst þess, virðulegur forseti, að Seðlabankanum verði gert að skýra út hvað átt var við, þegar lögin voru sett

í maí, þegar talað var um stöðugt verðlag. Verðbólgan er upp á 8–9%, tvöfalt hærri en í nokkru öðru nágrannalandi. Seðlabankinn hlýtur að hafa þá skyldu að útskýra umrætt markmið. Stýrivextir á Íslandi eru tvöfalt og þrefalt hærri en í viðmiðunarlöndunum, t.d. í Evrópu. Ég nefni Noreg. Stýrivextir á Íslandi eru fjórfalt hærri en í Bandaríkjunum.

Virðulegur forseti. Þetta segir allt sem segja þarf um þennan vanda. Hann er ekki meðfæddur, hann er áskapaður að mestu leyti, virðulegur forseti. Þetta er áskapaður vandi hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar með aðgerðaleysi, stefnuleysi og sofandahætti. Þess vegna erum við komin í þá stöðu sem við erum í. Ég tel sennilegt að inngrip með lækkun vaxta hefði getað orðið krónunni til styrkingar. Það vald er í höndum Seðlabankans og þegar Seðlabankanum var afhent þetta vald taldi ég að um rétta gjörð væri að ræða. En ef tregða bankans til sveigjanleika eftir aðstæðum verður of mikil kemur upp í hugann hjá undirrituðum efasemdarhugsun varðandi þetta efni.

Mín skoðun er sú, virðulegur forseti, að núna hefði þurft að vera búið að lækka vexti um 3% í stað 0,9%. Virðulegur forseti. Ég hef nokkuð fyrir mér í þessu efni en ég sé ekki ástæðu til að rekja miklu meira af hagfræðikenningum frá öðrum svo ég læt nægja að setja þetta svona fram. Ég get samt ekki annað, virðulegur forseti, en borið nokkra virðingu fyrir þeim sem standa fast í fætur og eru trúir sannfæringu sinni, eins og Seðlabankinn virðist vera, gegn þeim þrýstingi sem hann býr við. Ég get ekki annað en borið virðingu fyrir mönnum sem eru staðfastir.

Aftur að því frv. sem ég er að ræða, fjárlagafrv. Afgangur ríkissjóðs var fyrst og fremst áætlaður af sölu eigna ríkisins. Ég hef miklar áhyggjur af því að samdráttur verði of harkalegur og ég hef líka áhyggjur af því að söluáform gangi ekki eftir. Síðan velti ég fyrir mér við þessar aðstæður hvort arðkröfur kjölfestukaupenda geti leitt til samdráttar sem mest muni finnast fyrir í dreifðari byggðum landsins. Hvað ætli sé að gerast, virðulegur forseti, þegar verið er að leggja niður hvert Landsbankaútibúið á fætur öðru og þegar verið er að loka hverri póststofunni á fætur annarri úti um allt land? Aðallega er þó verið að gera það í hinum dreifðari byggðum. Og hvaða áhrif hafa þessar gjörðir?

Það er dýrt í litlu þorpi þegar tveir missa starf, það er mikið mál. Þetta er að gerast víðs vegar um landið og það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af framgangi þessarar sjálfstæðu einingar sem er póststofnunin eða Íslandspóstur og síðan Landsbanki Íslands. Það eru þeir aðilar sem ég er að ræða um, virðulegur forseti.

Sett voru upp, virðulegur forseti, ýmis viðvörunarljós í umræðum um tvenn síðustu fjárlög af hálfu okkar jafnaðarmanna. Það var ekki hlustað á þau orð, allra síst af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Staðreyndin er þó sú að ýmsir einkaaðilar voru betur á tánum vegna þeirra viðvarana sem komu fram í minnihlutaáliti fjárln., og það er vel. Einkaaðilarnir hlustuðu en hæstv. ríkisstjórn skellti skollaeyrum við. Það var ekki hægt að vekja hana af þyrnirósarsvefninum. Þó ættu allir menn, virðulegur forseti, að muna að áætlanir fyrir síðasta ár og það ár sem nú er að líða hafa brugðist. Ríkisreikningur fyrir sl. ár segir sína sögu um raunniðurstöðu fjárlaga.

Herra forseti. Við þessa umræðu er ástæða til að nefna að þær fjárlagatillögur sem hæstv. ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi eru niðurstöður ráðuneytanna. Minni hluti fjárln. fær ekki að sjá tillögur forstöðumanna hinna ýmsu stofnana nema með því að fara krókaleiðir. Ef rétt er, sem heyrst hefur, að forstöðumönnum stofnana sé nánast bannað að fara beint til fjárln. til að kynna niðurstöður sínar og tillögur sem þeir leggja fram er ljóst að hér er um að ræða ópolandi gjörð. Líklega er rétt að kryfja hæstv. ráðherra um hvort þeir séu virkilega að láta þau boð út ganga að forstöðumenn stofnana eigi ekki að leita eftir því að fá að skýra fjárln. beint frá tillögum sínum varðandi fjárlagagerð.

Virðulegur forseti. Ég ætla að stoppa við í þessari ræðu vegna þess að hæstv. heilbrrh. er í salnum. Fyrir fjárln. hafa verið lögð gögn úr þeim málaflokki eins og reyndar undanfarin ár. Landspítali – háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og St. Fransiskusspítalinn í Stykkishólmi og nokkrir aðrir aðilar hafa komið og lagt gögn sín fyrir. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hann hafi gert sér ljósa þá mynd sem við blasir ef við eigum að taka mark á því sem forustumenn þessara stofnana leggja fram. Ef svo er — að taka eigi mark á því miðað við fjárlög sem fyrir liggja — sýnist mér að það slagi hátt í milljarðinn sem vantar til að mæta þeim kröfum sem settar eru fram. Þó er ég ekki að tala um ýtrustu kröfur. Stofnanirnar telja að til tækjakaupa einna þurfi 200 millj. Hver er áætlunin, hvað er lagt til? Lagt er til að veita 20 millj. kr. til tækjakaupa, 10% af því sem þörfin er að mati forstöðumanna stofnana. Ég ítreka þá spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort hann hafi gert sér í hugarlund í hvað stefni. Það væri ánægjulegt, þó að ekki yrði fyrr en síðar, að fá svar við þeirri spurningu. Ég sé ekki ástæðu til að leggja miklu fleiri spurningar fyrir hæstv. heilbrrh. Þetta er lykilatriðið um hvernig til tekst með rekstur þeirra stofnana sem eru lykilstofnanir landsins í heilbrigðismálum.

Þetta frv., virðulegur forseti, sem við erum að ræða segir ríkissjóð vel undirbúinn til að takast á við þann vanda sem nú blasir við. En aðstæðurnar eru breyttar frá því að þetta frv. var lagt fram. Nú blasir við meiri vandi en menn gerðu ráð fyrir við framlagningu frv. Það hlýtur að vera hverjum einasta manni ljóst að þeir einstaklingar sem að einhverju leyti standa höllum fæti eru vanbúnir þeim áföllum sem virðast blasa við. Ríkið er vanbúið því áfalli sem virðist blasa við. Ríkið er að tala um að það þurfi að skila afgangi upp á 3–3,5 milljarða. Mér segir svo hugur um að sá afgangur sé allt of lítill til að mæta þeim erfiðleikum sem við blasa. Ég get ekki, herra forseti, hér á þessari stundu bent á ráð en það eru ýmsir póstar — ég tek undir með virðulegum varaformanni fjárln. þegar hann segir að það er víða fitulag sem má skera af. Það er rétt.

Það fyrsta sem mér kemur í hug, virðulegur forseti, er að sjálfsögðu allur sá kostnaður sem felst, samkvæmt ábendingum Ríkisendurskoðunar, í hinum gífurlegu ferðalögum á vegum hins opinbera sem aukast um 30% á ári, 30% aukning í kostnaði vegna ferðalaga. Virðulegur forseti. Komi ekki tillögur — þegar ríkisstjórnin vaknar kannski eftir tvo, þrjá daga — í þá veru að skera þar niður veit ég ekki hvar menn eru staddir. Á fjölmörgum stöðum má skera niður án þess að nokkuð sjái á. Ég held að ýmsar upphæðir ætlaðar málefnum sem eru kannski ekki slæm málefni væru samt betur komnar hjá þeim sem er gert að lifa af 73 þús. kr. á mánuði. Þar á ég við öryrkjann, einbúann sem hefur ekki aðrar tekjur en þessar rúmlega 73 þús. kr., og þar ætti að bæta um.

Meðal okkar jafnaðarmanna eru ríkjandi þau sjónarmið og viðmið að við viljum jafna leikinn. Við viljum gera öllum jafnt undir höfði hvað varðar aðgang að menntun, heilbrigðisþjónustu og atvinnuþátttöku. Þess vegna höfum

við sagt: Við höfnum skólagjöldum. Þess vegna höfnum við, virðulegur forseti, sköttum á bætur. Þess vegna höfnum við auknum álögum á landsbyggð í formi flutningskostnaðar. Þess vegna teljum við ástæðu til að skoða mismunun með skattlagningu og jafna aðstöðumun. Ég vitna til aðgerða sem bræður okkar Norðmenn hafa uppi varðandi dreifbýlið. Ég tel að við getum fundið þar hugmyndir sem við getum nýtt okkur til að jafna þann aðstöðumun sem er á milli dreifbýlis og þéttbýlis á Íslandi.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að lengja þessa umræðu og það verulega. Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að á einhvern hátt sé athygli fjölmiðla beint að þeirri stöðu sem við raunverulega erum í. Og hver er sú staða, virðulegur forseti? Hún er sú að ríkissjóður skuldar 413 milljarða, að einstaklingar og fyrirtæki hafa tekið lán erlendis sem nemur 661,7 milljörðum, að skuldir útgerðarinnar eru 200 milljarðar. Það er ástæða, virðulegur forseti, til að lengja umræðuna bara til að vekja athygli á þeirri stöðu sem menn hafa helst ekki viljað fá upp á borðið.

Verulegur áherslumunur er varðandi ráðstöfun fjármuna, a.m.k. á milli ríkjandi stjórnarflokka og þess sem hugmyndir okkar jafnaðarmanna ganga út á. Þess vegna, virðulegur forseti, ætla ég að halda áfram að fara yfir það sem verður að gera og hefði átt að vera byrjað á fyrir þremur árum í stað þess að láta fljóta að feigðarósi eða, eins og sagt hefur verið, að kapteininn á skútunni liggi bara í ljósaböðum á meðan skútuna ber upp á sker.

Virðulegur forseti. Til að tryggja efnahagslegan stöðugleika verður að vera viðvarandi hagvöxtur og jafnvægi milli útflutnings og innflutnings. Þetta eru grundvallaratriðin.

Hvað höfum við búið við á undanförnum árum? Við höfum búið við það að viðskiptahallinn hefur verið gífurlegur, í kringum 200 milljónir á þremur og hálfu ári. Þetta grundvallarlögmál sem ég var hér að lesa upp og fara með er brotið. Það er nauðsyn að ná stöðugleika á vinnumarkaði hvað varðar átök um laun. Samkvæmt kenningunni þarf framleiðni atvinnulífsins að skapa svigrúm til launabreytinga. Ríkisstjórn verður að reka trúverðuga efnahagsstefnu með skýrt markmið sem tryggir stöðugleika og lága verðbólgu, jöfnun lífskjara og tekjuskiptingar. Virðulegur forseti, það sem ég er að fara með hér eru lykilatriðin í hagfræði og hagstjórn eins samfélags.

Eins og efnahagsstefnan hefur verið rekin hefur ekki verið tekið mið af heildarhagsmunum, en sáttin, ef svo má segja, er rofin og það er ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á því.

Í þeim átökum sem hafa orðið um það sem er til skiptanna hafa sérhagsmunir í vaxandi mæli orðið ofan á. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er ekki mótuð miðað við þarfir atvinnulífsins og forsendur kjarasamninga. Það sést best á því að verðbólgan og stöðugleikinn hefur ekki verið meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi má segja að jöfnun lífskjara sé ekki viðfangsefni boðaðra skattbreytinga. Ég segi, virðulegur forseti, að þær skattbreytingar sem nú eru boðaðar eru ekki jöfnun lífskjara.

Það sem er því miður að gerast er að krónan er afgangsstærð, menn sjá ekki fyrir í dag hvar sú þróun endar sem hér hefur verið stofnað til. Vissulega verður fróðlegt að sjá hver viðbrögð ríkisstjórnar verða eftir þessa umræðu þegar kemur til sjálfrar lagasetningarinnar um fjárlög. Sá efnahagslegi samdráttur sem er að gerast núna fyrir augum okkar má heldur ekki verða til þess að menn rjúki í handahófskenndar aðgerðir. Svo mikið hef ég lært, sitjandi í fjárln. á liðnum árum, að handahófskenndar aðgerðir eru ekki til góðs sem sjá má á því hvernig við erum stödd í dag.

Virðulegur forseti. Ef hæstv. ríkisstjórn vill ná árangri ber henni, að mínu mati, að ná saman breiðfylkingu allra stjórnmálaafla, vinnuveitenda og fulltrúa launþega til samráðs. Ef ekki, þá munu menn missa heildaryfirsýn og myndast munu alls konar flóknar gildrur sem mjög erfitt verður að greina. Allar skammtímaaðgerðir munu leiða til átaka milli aðila og þá verður enginn til að sinna langtímauppbyggingu kerfis eða aðlögun að nýjum viðhorfum og aðstæðum.

Það sem er þungbærast eftir þá góðu möguleika sem við áttum til að viðhalda hógværum stöðugleika er að ríkisfjármál eru í ólestri sem sjá má á því, virðulegur forseti, að útþensla ríkissjóðs hefur vaxið á skömmum tíma úr 20% af vergri landsframleiðslu í 25%. Þetta, virðulegur forseti, er nákvæmlega dæmið sem bar að varast.

Fyrir liggur að skattalækkanir á meðal- og hátekjur 1998 og 1999 voru ekki réttmætar því að það voru í rauninni kjarasamningarnir sem tryggðu aukinn kaupmátt en ekki skattalækkanirnar.

Ég minni einnig á að Seðlabankinn hækkaði raungengi og ætlaði þar með að stöðva verðbólgu. Til hvers leiddi það? Það leiddi til aukins viðskiptahalla og versnandi samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Menn reyndu að mynda nýjan grundvöll með almennum kjarasamningum á síðasta ári. En ríkisstjórnin breytti ekki stefnu sinni. Seðlabankinn var einn að basla við aðgerðir. Gengi krónunnar hefur fallið í skjóli gjaldeyris og fjármálamarkaða. Viðskiptahallinn og útgjaldaþenslan hefur fætt verðbólguna eins og ljóst er. Þetta er, virðulegur forseti, það sem hefur verið að gerast.

Ég ætla ekki að svo komnu máli að ræða um skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Ég tel að menn séu að reyna að færa sig að einhverju nýju. En ég hef áhyggjur af hliðaraðgerðum sem fylgja, og ég tala nú ekki um ef menn ætla að flytja skattana frá fjármagni yfir á laun og atvinnu. Virðulegur forseti. Skyldi vera meiningin að flytja skattana frá fjármagni yfir á laun og atvinnuna?

Virðulegur forseti. Ég vil beina athyglinni að ábendingum Ríkisendurskoðunar um það sem ábótavant er í meðferð ríkisfjármála. Ég styðst við framsetningu skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta. Og þá er komið að því, virðulegur forseti, að ég óska eftir að fá hæstv. forsrh. hér í sal eða að ég geti verið öruggur um að hann heyri það sem ég beini til hans. (**Gripið fram í:** Er ekki nóg að hafa mig?)

Ég treysti því, virðulegur forseti, að ég hafi verið það skýrmæltur að það sem ég fór fram á hafi virðulegur forseti heyrt og ég bíð þá eftir þeim viðbrögðum sem ég óskaði eftir.

(**Forseti** (HBl)**:** Forsrh. er ekki staddur í þinghúsinu.)

Virðulegur forseti. Ég óskaði eftir því, eins og ég gat um hér í dag, að hæstv. ráðherrar yrðu tiltækir við umræðuna. Það var móðgun við talsmenn minni hlutans, og reyndar meiri hlutans, í fjárln. að hæstv. ráðherrar skyldu flestir fara úr húsi. Ég geri því þá kröfu, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. verði sóttur og ég skal standa hér og bíða þangað til hæstv. forsrh. þóknast að koma hér í sal.

(**Forseti** (HBl)**:** Þessi umræða hefur staðið alllengi og menn hafa gert vel grein fyrir máli sínu. Forseti telur ástæðulaust að sækja forsrh. Ég óska eftir því við hv. þm. að hann haldi áfram ræðu sinni.)

Virðulegur forseti. Það er komið að þeim stað í ræðu minni þar sem ég óska eftir því að hæstv. forsrh. verði viðstaddur og hann geti hlýtt á það sem ég hef við hann að segja. Síðan getur hann fengið að fara mín vegna. En ég óska eftir því að hann verði sóttur. Ég er kominn á þann stað í ræðu minni þar sem ég ætla að fara yfir meginvandann sem ríkir í efnahagsstjórn á Íslandi. Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. verði sóttur og á meðan er ég tilbúinn að bíða, og tel ekki eftir mér að bíða með hæstv. forseta.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann muni senn ljúka ræðu sinni.)

Virðulegur forseti. Það er langt í land.

(**Forseti** (HBl)**:** Gert verður matarhlé í hálftíma og fundinum frestað.)

[Fundarhlé. — 19:44]

[20:15]

Gísli S. Einarsson (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Það er alveg hægt að virða það að hæstv. forsrh. sé upptekinn. En það er ekki hægt að virða það, virðulegur forseti, að stjórnandi forseti Alþingis skuli ekki virða þingmann meira en svo að hann meti að ekki sé ástæða til að kalla eftir hæstv. forsrh. þegar eftir því er óskað. 2. umr. fjárlaga stendur yfir og verið er að ræða efnahagsumræðuna eins og hún stendur. Ég lýsi mikilli óánægju, virðulegur forseti, með þessa afstöðu þína sem stjórnanda hér á hinu háa Alþingi.

(**Forseti** (HBl)**:** Það á að segja herra forseti en ekki ávarpa forseta í 2. persónu.)

Ég lýsi mikilli óánægju, herra forseti, með þær aðgerðir sem herra forseti leyfir sér að sýna þinginu með þessum stjórnarháttum.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé einsdæmi að stjórnandi forseti, virðulegur, leyfi sér það í upphafi máls að þegja og svara ekki beiðni þingmanns. Og í öðru lagi að meta það sjálfur að ekki sé ástæða til að kveðja til viðkomandi ráðherra sem beðið er um.

Nú bið ég, virðulegur forseti, um að hæstv. samgrh. verði sóttur í hús.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil geta þess að þessu gefna tilefni að ég hafði verið spurður um það fyrr í dag hvort búast mætti við matarhléi kl. 19.30. Ég sagði að svo yrði en gaf hv. þm. tækifæri til að ljúka ræðu sinni. Þegar svo leit út sem af því gæti ekki orðið frestaði ég fundi í hálftíma til að hv. þm. og aðrir gætu fengið sér snæðing.)

Það er ástæða til, virðulegur forseti, að ítreka það að virðulegur forseti sagði að hann sæi ekki ástæðu til að kalla í hæstv. forsrh. Það voru þau orð sem hér féllu. Og ég segi, og ítreka það: Það er óvirðing við hv. Alþingi að stjórnandi, virðulegur forseti, hagi sér á þennan máta.

Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir að mæta hér og taka við þeim fyrirspurnum sem ég mun bera upp. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra geti svarað þeim fyrirspurnum þegar þar að kemur og geti a.m.k. íhugað það sem hér er á ferðinni.

Undir lið 10-211 sem er Vegagerðin, liður 1.13, er rætt um styrki til innanlandsflugs, ákvarðanir ríkisstjórnar, samþykkt af ríkisstjórn og merkt ríkisstjórn. Þar er farið fram á að veitt verði 30 millj. kr. framlag til að styrkja innanlandsflug til Hafnar í Hornafirði, og í frv. til fjáraukalaga 2001 er samsvarandi tillaga um 12 millj. kr. styrk en ætlunin er að gera bráðabirgðasamning í samvinnu samgrn., heilbr.- og trn. og Tryggingastofnunar um áætlunarflug og sjúkraflug. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stefnt verði að því að bjóða flugleiðina út og er gert ráð fyrir að útboðsferlið taki um það bil þrjá mánuði. Að því loknu og á grundvelli tilboða er áætlað að gera samning við flugrekanda um rekstur áætlunarflugs á flugleiðinni ásamt sjúkraflugi.

Ég spyr hæstv. samgrh. hvort hann telji ekki að þarna geti menn verið á viðsjárverðum brautum þegar um er að ræða aðila sem verið er að styrkja sérstaklega núna í fluginu og hvort hann telji ekki að slík greiðsla geti leitt til mismununar miðað við þá einkaaðila sem nú eru í rekstri og vilja vera á flugleiðum. Þetta er kannski meginatriðið sem ég vildi spyrja hæstv. samgrh. um. Ég hef miklar áhyggjur af þeirri þróun sem er að verða og þá ekki síst út af því sem áður hefur gerst í sambandi við rekstur vélar Flugmálastjórnar þar sem ég hef ekki getað fengið staðfest að vél Flugmálastjórnar sé með flugrekstrarleyfi til farþegaflugs. Því er eðlilegt að það blandist eilítið inn í þetta. Hins vegar reikna ég með að það mál sé í þeim farvegi að Ríkisendurskoðun muni upplýsa hvort um eðlilega notkun á umræddri vél er að ræða eða hvort hún á einhvern hátt kemur truflandi inn í samkeppnisumhverfi sem ætti að ríkja varðandi flug og flugrekstur einkaflugfélaga í landinu. Þetta eru þær spurningar sem ég hef fram að færa og þær varða ekki síst þær 30 millj. sem eru ætlaðar til að styrkja innanlandsflug til Hafnar í Hornafirði. Ég hef áhyggjur af því að mönnum sé mismunað sem standa í þessum rekstri. Annað var það ekki, virðulegur forseti, sem ég þurfti að beina til hæstv. samgrh.

Það sem ég ætla hins vegar að biðja hæstv. fjmrh., sem hér er í salnum, um að koma til hæstv. forsrh. er spurningin um hverjar þær aðgerðir eru sem hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar sem gerir fyrirvara um réttmæti fjárheimilda í ályktun sinni á ríkisreikningi árið 2000. Það liggur fyrir að á þessu ári hefur verið stofnað til útgjalda sem ekki hafa verið heimiluðar. Því spyr ég: Til hvaða aðgerða hefur hæstv. ríkisstjórn gripið til að koma í veg fyrir brot á lögum um fjárreiður ríkisins?

Ég bendi á, virðulegur forseti, að í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 segir að gerður hafi verið sams konar fyrirvari í áritun á ríkisreikningi 1999 og sá fyrirvari sem ég var að nefna. Það er ástæða til þess að um þetta sé spurt, virðulegur forseti.

Ég vil ítreka það hér sem hefur margoft komið fram að það er Alþingis að ákveða hvort stofnanir skuli veita meiri og dýrari þjónustu en núverandi fjárheimildir þeirra gera ráð fyrir. Það getur með engum hætti talist eðlileg fjármálastjórn né í samræmi við gildandi lög að samþykkja eins og hér hefur verið gert ár eftir ár viðbótarheimildir til umræddra stofnana löngu eftir að þær hafa stofnað til heimildarlausra útgjalda. Það er einn meginvandi Alþingis ár eftir ár að verið er að brjóta lög um fjárreiður ríkisins.

Það er líka ástæða, virðulegur forseti, til að beina athyglinni að því að sí og æ safnast upp hjá nokkrum stofnunum ónotaðar fjárheimildir, jafnvel yfir nokkurra ára tímabil, og það er ástæða til að beina því til hæstv. fjmrh. að slíkt hefur komið fram í nefndarálitum minni hluta fjárln. a.m.k. fimm ár í röð og svo virðist sem ekki náist tök á þeim aðilum sem telja sér heimilt að vinna á þennan hátt. Því spyr ég: Til hvaða aðgerða hefur verið gripið og til hvaða aðgerða mun verða gripið til að koma í veg fyrir að fjármunum sé ráðstafað án heimilda?

Um rekstur og efnahag ríkissjóðs er svo ástatt að frá árinu 1995 til 1996 jukust skuldir úr 330.776 millj. upp í

353.723 millj. Frá árinu 1995 til ársins 2000 hafa skuldir aukist upp í 413 milljarða, úr 330 milljörðum. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að þessar tölur eru skelfilegar að mínu mati. Það er skelfilegur vitnisburður um hvernig hefur farið hjá okkur í góðærinu.

Ég hef sagt áður að það er nauðsyn að ná stöðugleika á vinnumarkaði og þá er ég að vísa til átaka um laun. Það sem getur skapað svigrúm til launabreytinga er ekkert annað en framleiðni atvinnulífsins með vísan til þeirrar hagfræði í hnotskurn sem ég hef áður vitnað til í ræðu minni. Hæstv. ríkisstjórn verður að reka trúverðuga efnahagsstefnu með skýr markmið sem tryggja stöðugleika og lága verðbólgu, jöfnun lífskjara og tryggingu tekjutryggingar, að tekjuskiptingin milli þegnanna sé sanngjörn. Ég segi bara: Eins og efnahagsstefnan hefur verið rekin hefur ekki verið tekið mið af heildarhagsmunum. En sáttin, sem allir vita til hvers vísar, er rofin. Virðulegur forseti. Sáttin er rofin og enginn ber sök á því nema hæstv. ríkisstjórn.

Í þeim átökum sem hafa orðið um það sem er til skiptanna hafa því miður sérhagsmunir í vaxandi mæli orðið ofan á. Ég tel, og beini því til hæstv. fjmrh., að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sé ekki mótuð miðað við þarfir atvinnulífsins og forsendur kjarasamninga. Það sést best á því að verðbólgan og stöðugleikinn hefur ekki verið meginverkefni ríkisstjórnarinnar eins og ætti að vera. Í því sambandi má segja að jöfnun lífskjara sé ekki viðfangsefni þeirra skattbreytinga sem nú eru boðaðar og það er ástæða til að nefna þær skattbreytingar sem eru fram undan.

Ég tel að krónan sé orðin afgangsstærð og að menn sjái engan veginn þróun hennar fyrir lengur. Ég bið, virðulegur forseti, eftir þeim viðbrögðum sem við sjáum þegar fjárlagasetningin gengur í gildi og eftir viðbrögðum ríkisstjórnar eftir þessa umræðu sem er í rauninni, eins og einhver sagði í dag, svolítil platumræða og þess vegna hefur hún orðið að efnahagsumræðu í staðinn fyrir að beinast beint að fjárlögum. Þó vil ég geta þess, virðulegur forseti, að ég hef haft hér við höndina skýringar við einstakar breytingar við 2. umr. fjárlaga til að geta vitnað til þeirra þegar við hefur átt.

Ég vil bara segja það að sá efnahagslegi samdráttur sem við horfum upp á beint fyrir framan nefið á okkur má ekki verða til þess að gripið verði til handahófskenndra aðgerða. Ég kalla það handahófskenndar aðgerðir ef það er rétt, sem stendur hér í blaði allra landsmanna, að grípa eigi til niðurskurðar, jafnvel á samningum sem búið er að gera. Ef upplýsingar mínar eru réttar er jafnframt búið að gera samninga um að gera nýjan hugbúnað fyrir ríkisbókhald og Landsskrá fasteigna og búið að ráða til þess allt að 30 manns í vinnu. Ég veit ekki til hvers það leiðir en vissulega væri fróðlegt ef hæstv. fjmrh. gæti einhvern tíma við tækifæri upplýst hvort rétt sé eftir haft.

Ótrúlegt er ef grípa á til þeirra ráðstafana sem heyrst hafa nefndar, að fresta að einhverju leyti gildistöku fæðingarorlofsfrv. Við þurfum að fá skýringar á því hvort þar sé um eitthvert fleipur að ræða eða hvort það sé alvara málsins.

Það sem mér, virðulegur forseti, er þungbærast, eftir þá góðu möguleika sem við höfðum til að viðhalda hógværum stöðugleika, er að ríkisfjármálin eru í ólestri sem er best að sjá af því að útþensla ríkissjóðs hefur vaxið á örskömmum tíma úr 20% af vergri landsframleiðslu í 25%. Ég er hér að nefna lykilatriði.

Virðulegur forseti. Ég er þá kominn að þeim kafla í ræðu minni að ég vildi gjarnan geta lagt spurningar fyrir hæstv. menntmrh. Ég óska eftir því að gerðar verði ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherra verði við þannig að hann geti tekið á móti þeim spurningum sem ég hef til hans. Ég get að sjálfsögðu rætt önnur mál á meðan gerðar eru ráðstafanir til að ná í viðkomandi ráðherra. Af nógu er að taka, virðulegur forseti. Ég hef í hyggju að ræða um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég hef í hyggju að ræða um ástandið í framhaldsskólunum og þegar hæstv. menntmrh. birtist mun ég bera fram spurningarnar hratt og örugglega þannig að hann tefjist ekki mjög frá þeim mikilvægu störfum sem hann er að sinna. Ég skil það mætavel að þannig geti það verið og vil láta þess getið, virðulegi forseti, að hæstv. menntmrh. hefur ærið oft setið í salnum þegar rædd hafa verið fjármál ríkisins við 1., 2. og 3. umr. fjárlaga. Ég er því ekki að ásaka hæstv. menntmrh. um að hafa ekki verið viðstaddur fjárlagaumræður. En ég bíð að sjálfsögðu eftir því að fá einhver viðbrögð frá virðulegum forseta þingsins við þessari ósk minni þannig að ég geti þá ákvarðað hvort ég haldi áfram með ræðu mína í öðrum málum eða hvort hæstv. menntmrh. sé á leiðinni.

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. menntmrh. getur kannski verið hér eftir 20 mínútur, kannski eftir hálftíma.)

Það er alveg prýðilegt, virðulegur forseti. Það er það eina sem ég á nóg af. Ég á nógan tíma. Ég þakka fyrir það og vænti að sjá hann á þeim tíma.

Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að hafa áhyggjur af þeim málum sem fyrir okkur ber á hverjum tíma. Það er ástæða til að nefna Greiningarstöðina. Fulltrúar Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar komu og kynntu fyrir hv. fjárln. starfsemi stöðvarinnar og þann vanda sem stöðin býr við og einnig orsök vandans. Að sjálfsögðu var þakkað fyrir að vandanum sem verið hafði áður hefði verið eytt. En Greiningarstöðin er talin búa við mikinn og alvarlegan vanda vegna þeirrar þjónustu sem henni er ætlað að veita. Því er ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvar eru mörk þess sem Greiningarstöðin á að framkvæma? Á að gera það eftir þörfum sjúklinganna eða á að gera það miðað við framsett fjárlög? Mér er alveg ljóst að þegar búið er að ákveða upphæðina sem ætluð er til starfans á ekki að fara út fyrir þá upphæð en ég vil benda á að starfsfólk þessarar stöðvar hefur lagt mjög mikið á sig á undanförnum árum til að mæta aukinni eftirspurn.

Fjöldi skjólstæðinga og tilvísana hefur tvöfaldast á sex árum á meðan stöðugildum hefur fjölgað um 10%. Þannig er auðséð að þar er mikill vandi á ferð og ástæða til að velta því fyrir sér á hvern hátt hæstv. ríkisstjórn ætlar að mæta þeim vanda sem við blasir.

Það er líka ástæða til þess að velta fyrir sér hvernig menn ætla að bregðast við ályktun sem hv. alþm. hefur borist í hendur frá stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar. Hún ályktar að þrátt fyrir fullyrðingar stjórnvalda um almenna velmegun í landinu þá vanti verulega á að svo sé. Í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Skattar á almennu launafólki eru langt umfram það sem ætti að vera, enda hafa stjórnvöld árum saman svikist um um að efna gömul loforð sín um hækkun skattleysismarka. Ef ríkisvaldið hefði staðið við þau loforð væru skattleysismörk komin hátt í 90.000 krónur."

Þessi svik ráðamanna þjóðarinnar hafa sett fjármál þúsunda íslenskra heimila í uppnám og oftar en ekki valdið gjaldþrotum margra þeirra.

Síðar segir: „Sú aðgerð núverandi stjórnvalda að hækka umtalsvert skattleysismörk hátekjuskatts kemur hinum al-

menna launþega ekki að neinu gagni og er einungis gróf móðgun við meginþorra launafólks. Eitt af því sem gæti bjargað fjárhag margra alþýðuheimila er að hækka almenn skattleysismörk í kr. 90.000 og láta þau síðan fylgja launaþróun í landinu."

Fundurinn skorar á Davíð Oddsson forsætisráðherra og ríkisstjórn hans að hætta að hygla sjálfum sér og hátekjufólki með skattaívilnunum og beita sér heldur fyrir bættum hag hins almenna launamanns. Slíkt gæti orðið gott innlegg í viðræður aðila vinnumarkaðarins á komandi vetri, segja þeir. Í ályktuninni segir enn fremur:

„Davíð getur varla verið svo veruleikafirrtur að halda að hann geti blaðrað sig endalaust frá því að laga skattalegt umhverfi almenns launafólks eftir að hafa lækkað skatta á hátekjufólki. Það verður því fyrst og fremst á hans ábyrgð og ríkisstjórnarinnar ef verkalýðsfélögin neyðast til þess að segja upp kaupliðum kjarasamninga."

Slík bréf og slíkar ályktanir sem berast til alþingismanna hljóta að vekja áhyggjur af því sem fram undan er. Það er m.a., virðulegur forseti, eitt af því sem ég hef verið að gera hér að umtalsefni, þ.e. áhyggjur sem margir aðrir deila með mér, af því hvernig ástandið verði í febrúar komandi þegar engin lausn virðist í sjónmáli til að ná verðbólgunni niður fyrir 5,9%, eins og viðmiðunin er.

Virðulegur forseti. Ég bendi á það sem er að gerast í landinu. Það er ástæða til að ræða skýrslu um kostnað vegna þjónustu við fatlaða. Þar er nákvæmlega og vel unnin niðurstaða sem hvergi sér stað í fjárlagafrv. miðað við þau tilefni sem gefin eru af embættismönnum í viðkomandi ráðuneyti.

Virðulegur forseti. Einnig væri ástæða til að velta fyrir sér þessum spurningum: Af hverju er krónan að falla? Hvert eru peningarnir að fara? Er verið að flytja fjármuni úr landi? Ég get svarað því, virðulegur forseti. Á vissan hátt er verið að flytja fjármuni úr landi. Þegar Opin kerfi kaupa Datapoint fyrir 1.700 millj. kr. eru það kannski góð kaup en það er verið að flytja fjármuni úr landi. Það reynir á íslensku krónuna og er að fella hana. Stærstu fyrirtækjakaup í íslenskri viðskiptasögu áttu sér stað fyrir skömmu. Þar voru dugnaðarmenn að verki frá fyrirtækinu Bakkavör Group sem undirrituðu kaupsamning við eiganda breska matvælaframleiðslufyrirtækisins Katsouris Fresh Food Ltd. en með þeim kaupum verður Bakkavör Group eitt af stærstu fyrirtækjum á Íslandi. (Gripið fram í.) En hvað þýðir það, virðulegur forseti? (Gripið fram í.) Þetta þýðir að það er verið að flytja fjármuni úr landi og krónan féll við þessa aðgerð. Ég vona að frammígjammið sem heyrðist hér sé rétt, að þetta muni bætt upp þó síðar verði. (**KPál:** Ertu á móti sterkum fyrirtækjum?)

Virðulegur forseti. Alþingismönnum berast ýmis gögn. Hér er bréf til Morgunblaðsins. Þetta hefur legið á borði hjá mér í nokkurn tíma og ég vil, með leyfi forseta, vitna í þessa grein sem ber yfirskriftina Sætt er lof í sjálfs munni. Það er ágætt að fara með þetta á meðan beðið er eftir hæstv. menntmrh. Greinin er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Landsfeðurnir hafa haft nóg að gera að hrósa sjálfum sér síðan Alþingi kom saman eftir sumarfrí. Það sem hæst ber í lofsöngnum er fjárlögin og skattamál. Fjárlögin alveg frábær, hunsuðu spá Þjóðhagsstofnunar og bjuggu til sína eigin spá sem kom alveg heim og saman við fjárlög. Það er nú kannski munur að geta haft þetta allt eftir sínu eigin höfði, þá koma skattalækkanirnar — aðeins öflug fyrirtæki fá skattalækkanir, hin mega éta það sem úti frýs.

Þá eru það einstaklingar, aðeins þeir sem lentu í hátekjuskatti fá lækkun, lengra niður stigann fóru þeir ekki. Hvað segir þetta? Er hægt að tala eins og þetta sé almenn skattalækkun? Þar sem engir skattar lækka sem eru undir hátekjumörkum. Svo segja þessir blessaðir menn að ekkert land í Evrópu sé með jafnlága skatta og Ísland. Skattaparadís — eða hvað? Þeim verður varla erfitt að bjarga andlitinu með því að selja það sem eftir er af ríkiseignum og fá inn erlent fjármagn eins og hugur þeirra hefur staðið til, og þá er ekkert mál að fórna Landssímanum, ríkisbönkunum, sjónvarpi, útvarpi og öllu því sem Ísland á og þeir hafa ekki þegar selt. (**KPál:** Hver á Ísland?)

Er ekki nokkuð ljóst hvers vegna þessir skattar voru lækkaðir? Hefði ekki verið eðlilegra að byrja neðan frá á skattleysismörkunum og bæta fyrir þann siðferðisbrest sem varð í því máli? Það var auðvitað aldrei meiningin að lækka skatta almennt, þótt sölumenn ríkiseigna tali eins og það hafi gerst.

Ef sölumenn ríkiseigna vildu upplýsa þjóðina um hver er munurinn á skattleysismörkum á Íslandi og hjá öðrum Evrópuþjóðum mundi það vera vel þegið. Það er að sjálfsögðu æskilegra fyrir sölumennina að gera Ísland að skattaparadís fyrir erlenda fjárfesta heldur en þá Íslendinga sem þeir hafa dæmt til að lifa undir hungurmörkunum.

Fyrir sex árum, þegar fyrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar komst til valda, voru það þeirra fyrstu verk að hækka eigin laun, lækka skattleysismörkin og ákveða að laun aldraðra og öryrkja skyldu ekki lengur fylgja almennri launaþróun heldur geðþóttaákvörðun stjórnvalda. (**KPál:** Hefurðu neitað laununum þínum?) Þetta hefur valdið því, að þessir hópar hafa dregist langt aftur úr í launaþróun sem síðan hefur haft örlagaríkar afleiðingar fyrir marga einstaklinga eins og sýnir sig best á því hve margir hafa leitað til hjálparstofnana."

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson þarf að vera að gjamma fram í á meðan ég er að lesa þetta viðkvæma bréf frá einstaklingi sem skrifaði Morgunblaðinu og ég er að vitna í það að svona er hugsunin hjá mörgum og ástæða er til að ræða það þegar við ræðum efnahagsmál. (Gripið fram í.)

„Þetta hefur valdið því, að þessir hópar hafa dregist langt aftur úr í launaþróun sem síðan hefur haft örlagaríkar afleiðingar fyrir marga einstaklinga eins og sýnir sig best á því hve margir hafa leitað til hjálparstofnana. (Forseti hringir.)

Skyldi nokkur treysta sér til að lifa af þessum tekjum, sem þokuðust um eitt hænufet á liðnu vori ...

(**Forseti** (HBl)**:** Það ber að biðja forseta leyfis hverju sinni sem vitnað er til skrifaðs máls.)

Virðulegur forseti. Í upphafi máls óskaði ég leyfis forseta til að vitna í ritað mál. Ég stoppaði ...

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti gefur ekki leyfi í eitt skipti fyrir öll, heldur ber að biðja um leyfi í hvert sinn.)

Virðulegur forseti. Ég held þá áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„Skyldi nokkur treysta sér til að lifa af þessum tekjum, sem þokuðust um eitt hænufet á liðnu vori — náðu því að verða 65.132 kr., hækkun um rúmlega 200 kr. með nýjum heilbrigðis- og tryggingaráðherra Framsóknar. Það er sem sé ófrávíkjanlegt lögmál hænsnfugla að fara eitt lítið hænufet, þegar það hentar þeim. Þetta er ekki einungis smánarblettur á þeim ríkisstjórnum sem nú hafa setið í sex ár, heldur einnig íslensku þjóðarinnar. Það er erfitt að átta sig á hvernig svona lagað getur gerst hjá þjóð, sem vill telja sig meðal mestu menningarþjóða heims og er eða hefur verið talin meðal

þeirra ríkustu. En svona er þetta bara, ekkert virðist geta breytt því, að minnsta kosti ekki svo lengi sem þessir stjórnarherrar sitja við völd og meðan þjóðin er í þessu ömurlega kviksyndi pólitískt séð. Það er til orðtak sem segir þangað sækir klárinn sem hann er kvaldastur og það virðist eiga einkar vel við íslensku þjóðina um þessar mundir. (**KPál:** Kemur þetta frá eigin brjósti?)

Lokaorð. Ég skora á Alþingi eða stjórnarandstöðuna að taka skattleysismörkin til rækilegrar athugunar. Það er ekki vansalaust fyrir Alþingi að hafa litið þetta ófremdarástand allan þennan tíma. Ég hefði haldið að skattleysismörk ættu að miðast við það sem hægt væri að láta duga til framfærslu. Treysta alþingismenn sér til að láta duga 65.132 kr. á mánuði? Þessu svívirðilega ranglæti verður að ljúka. En kannski er ekki ofmælt að margir séu siðblindir."

Undir þetta ritar kona sem heitir Aðalheiður Jónsdóttir.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið tilvitnun í þessa grein og hv. alþm. Kristján Pálsson leyfir sér að gera grín að einstaklingi sem býr við sultarmörk og kvartar við Alþingi. (**KPál:** Ég var ekki að gera grín ...) Á sama tíma gjammar viðkomandi hv. þm. fram í í tíma og ótíma þegar svona viðkvæmt mál er uppi. Ég held, herra forseti, að frekar væri ástæða til að áminna viðkomandi þingmann, hv. þm. Kristján Pálsson, um að þegja meðan verið er að lesa slíkt mál sem hér var flutt. (**KPál:** Þú ert að misnota viðkvæmt bréf.)

Ástæða er til að nefna, virðulegur forseti, að Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum fjallað mjög ítarlega um rekstrarvanda heilbrigðisstofnana. Ýmislegt hefur gerst á heilbrigðisstofnunum, menn hafa náð betri tökum á vandanum sem verið hefur við reksturinn. Komið hefur verið á móti af sanngirni um tíma a.m.k. varðandi vanda þeirra, en nú virðist mér að allt sé að stefna á sama veginn og var fyrir þremur og hálfu ári þegar fjárln. beitti sér fyrir því að laga þann grunn sem heilbrigðisstofnanirnar urðu að búa við. Það horfir til þess, virðulegur forseti, eftir því sem ég fæ best séð, að ef allt fer sem horfir verði u.þ.b. 1 milljarðs vandi í heilbrigðiskerfinu þegar kemur fram á mitt næsta ár. Ég vara við þeirri þróun sem virðist stefna í og það er ástæða til að menn bregðist við þeim vanda sem uppi er.

Nú spyr ég virðulegan forseta: Hvað líður komu hæstv. menntmrh. í hið háa Alþingi? Hefur forseti einhverjar spurnir af því hvort hæstv. menntmrh. hafi orðið veðurtepptur á leiðinni eða fest í skafli eða hvort hann er að koma í hús?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég sagði hv. þm. að von væri á ráðherra eftir 20 mínútur til hálftíma og hálftími er ekki liðinn. Hæstv. ráðherra er stundvís maður og við því er að búast að hann kunni að koma hvenær sem er. En hv. þm. liggur mikið á hjarta svo það kemur ekki að sök þó einhver dráttur verði.)

Það er álit virðulegs forseta og það er ekki hans, virðulegs forseta, að meta hvað undirrituðum liggur á hjarta. Það er ekki hæstv. forseta að meta það. Hæstv. forseti á að vera hér til þjónustu fyrir þingmenn jafnvel þó að úr stjórnarandstöðu séu. (**KPál:** Samgrh. er í húsinu.) Og enn gjammar hv. þm. Kristján Pálsson.

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að fara yfir mörg afglöp sem hafa átt sér stað í gegnum tíðina. Fyrir u.þ.b. tíu árum var bent á að viðveruskráning í stofnunum ætti að vera á þann veg að menn stimpluðu sig inn eða það væri skráð þegar þeir kæmu til vinnu og færu frá vinnu. Enn þann dag í dag er ástandið þannig þegar Ríkisendurskoðun var að skoða það mál að stimpilklukka er jú notuð til að fylgjast með viðveru starfsmanna hjá meiri hluta þeirra stofnana sem athugunin náði til. En samkvæmt vinnuskýrslum er það u.þ.b. fjórðungur sem skráir viðveru með öðrum hætti og ástæða er til að gera athugasemdir við það.

Það eru allt of margir sem telja sig vera frjálsa að því hvenær þeir mæta og hvernig þeir mæta í vinnu og búið er að gera athugasemd af hálfu Ríkisendurskoðunar æ ofan í æ, og er ástæða til að beina því til hæstv. ríkisstjórnar að þarna sé málaflokkur sem enn þurfi verulegs átaks við ásamt því sem ég fór með hér áðan, uppsafnaðar ónotaðar heimildir, jafnvel til margra ára í senn og oftast nær af sömu stofnunum. (Gripið fram í.) Þetta eru þau mál sem m.a. væri ástæða fyrir hv. þm. Kristján Pálsson að reyna að kynna sér.

Sama gildir um áætlanagerð og fjármálastjórn. Þar er bent á að pottur sé brotinn í þeim málum æ ofan í æ hjá mörgum stofnunum og ráðuneytum og er ástæða til að lagfæra þar. Einnig má velta fyrir sér ráðningarsamningum sem gerðir hafa verið. Það má einnig velta fyrir sér því sem ég nefndi í ræðu minni, virðulegur forseti, sem er eitt af því feitmeti sem mætti skera af.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir, með leyfi forseta, að í meginatriðum hafi aðalaskrifstofur ráðuneytanna fylgt settum reglum um greiðslur á ferðakostnaði vegna ferða erlendis á vegum ríkisstofnana. Ferðareikningar voru almennt greinilega sundurliðaðir, útfylltir og áritaðir af öllum ráðuneytum. Þó var gerð athugasemd við að skil á ferðareikningum væru ekki innan tilskilinna tímamarka hjá, virðulegur forseti, menntmrn., félmrn., iðnrn., viðskrn. og umhvrn. Einnig voru ýmsar athugasemdir gerðar við skoðun ferðareikninga vegna ferða erlendis hjá landbrn.

Virðulegur forseti. Þessar og sambærilegar athugasemdir hafa margoft komið fram frá Ríkisendurskoðun, og er ástæða fyrir hæstv. ríkisstjórn til að taka á þessum málum. Því er þetta fært í tal hér.

Enn, með leyfi forseta, segir:

„Hjá nokkrum ráðuneytum hafa verið í gildi reglur sem kveða á um að starfsmenn þeirra sem eru í fylgd með ráðherra fái sömu kjör og ráðuneytisstjóri, þ.e. fái greidda gistingu og 80% dagpeninga. Ríkisendurskoðun telur að þetta sé ekki í samræmi við reglur um ferðakostnað. Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn þurfa að vera í gistingu sem er verulega dýrari en gistihluti dagpeninga þá á að greiða fyrir gistingu auk almenns hluta dagpeninga.

Ríkisendurskoðun bendir á að greiðsla dagpeninga er hugsuð sem endurgreiðsla á útlögðum kostnaði en ljóst er að í mörgum tilvikum eru dagpeningar hærri en honum nemur. Ríkisendurskoðun telur að endurskoða þurfi reglur um ferðakostnað þar sem meginregla verði að útlagður kostnaður sé endurgreiddur."

Virðulegur forseti. Ég get mætavel tekið undir athugasemdir hv. þm. Péturs Blöndals varðandi þessi atriði. Spurningin er hvort búið sé að missa þarna eitthvað úr böndum og það sé öðruvísi en ætlast var til, a.m.k. er það samkvæmt ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Einnig má benda á að ferðakostnaður vegna ferða innan lands hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna jókst um 5,4 millj., um 30% vegna ferða innan lands. Þetta er ástæða til að skoða ásamt svo mörgu sem er í þessari ágætu skýrslu sem ég hef verið að vitna til og mun halda áfram að gera þangað til í ljós kemur hvenær hæstv. menntmrh. hugnast að koma hér í hús og nú er liðinn sá tími ...

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að nú gengur hæstv. menntmrh. í salinn.)

Takk fyrir, virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að koma hér. Ég gat um það í ræðu minni að hæstv. menntmrh. hafi á undanförnum árum verið manna iðnastur við að sitja hér og fylgjast með þeim umræðum sem eru um efnahagsmál þó að hann hafi verið vant við látinn í dag. En ástæða þess að ég óska eftir hæstv. menntmrh. er að ég vil spyrja um lausnir á þeim vanda sem blasir við í stofnunum eins og hér eru nefndar, með leyfi forseta: Menntaskólanum í Kópavogi, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Fjölbrautaskólanum á Norðurlandi vestra. Þar að auki vil ég nefna þann vanda sem Fjölbrautaskóli Vesturlands býr við, þ.e. 40 millj. kr. halla. Rekstrarhalli á þeim stofnunum sem hér er getið um er frá 40 millj. upp í 120 millj. og það er mikil og brýn nauðsyn að leysa úr rekstrarvanda þessara stofnana. Því vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.: Hvenær sér virðulegur menntmrh. fyrir sér að reiknilíkan framhaldsskólanna verði það mótað að hægt verði að nota það við þessa mjög svo misjöfnu skóla sem reiknilíkanið á að vinna fyrir? Þegar ég tala um misjafna skóla, þá er ég að horfa til mismunandi nemendafjölda í þessum mismunandi skólum, mismunandi tæknibúnað sem þarf við þessa skóla og sem kallar á mjög mismunandi mikið fjármagn.

Ég vil benda á að fjárskorturinn er farinn að há nemendum, ekki bara við nám heldur einnig í félagsstarfi og vegna þess að mér er kunnugt um að til eru uppsafnaðar heimildir upp á nærri 400 millj. kr. þá er ástæða til að fara að grípa inn í og ég veit að hæstv. menntmrh. er sammála um að það þarf að gera hið fyrsta.

Ég get bent á að nemendur í fjölbrautaskólum utan Reykjavíkur búa við það að þurfa að vera einni önn lengur í skóla vegna þess að það er ekki hægt að halda áfram með það nám eða þá kennslu sem viðkomandi nemandi hefur verið að sækja eftir og hefur verið í. Bara til að nefna dæmi, þá var ekki hægt að fá frönskukennslu í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi vegna þess að þar var um of fáa nemendur að ræða svo eitt dæmi sé nefnt í þeim tilvikum og ég veit að hæstv. menntmrh. er kunnugt um að mörg slík atriði hafa komið upp. En það er skilningur, auðvitað hlýtur að vera skilningur á því að ekki er hægt að halda úti bekkjardeild með tveimur eða þremur nemendum. En eitthvað þarf að gera í málinu og það er spurning á hvern hátt á að leysa það.

Virðulegur forseti. Ég hef náð því að beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra sem ég tilgreindi að ég mundi biðja um að vera viðstadda og ég greindi frá því að ég mundi biðja um með þægilegum fyrirvara þannig að menn gætu brugðist við og komið hér. Ég vil ljúka máli mínu með því að þakka þeim hæstv. ráðherrum sem komu í samræmi við þá beiðni sem ég lagði fram. En ég lýsi miklum leiðindum yfir viðbrögðum hæstv. virðulegs forseta Alþingis, sem sumir kalla fyrsta forseta. Þau viðbrögð tel ég að hafi verið, virðulegur forseti, óviðunandi að hafna því og dæma það frá eigin brjósti að ekki væri ástæða til að kveðja hæstv. forsrh. til umræðunnar.

[21:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau atriði sem hv. þm. vakti máls á í fyrirspurn til mín hafa verið hér til umræðu áður. Það er rétt hjá hv. þm. að nokkrir skólar eru til sérstakrar skoðunar. Ég hef átt viðræður við forustumenn bæði skólans á Akranesi og eins skólans í Kópavogi og rætt við stjórnendur skólans í Breiðholti, alla þessa skólastjórnendur hef ég haft tækifæri til að ræða við á undanförnum dögum. Það er ljóst að við erum að nálgast þann ramma í skólastarfinu sem við teljum að sé viðunandi til þess að unnt sé að hefja þær gagnaðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að vinna á þessum halla.

Hins vegar er það svo varðandi Menntaskólann í Kópavogi, sérstaklega vegna þess hve hann er stór skóli og vel tækjum búinn, að ekki er við því að búast að mínu mati að nokkrar almennar reiknireglur nái utan um alla þá starfsemi þannig að við þurfum að líta á hann sérstökum augum. En á Akranesi og í hinum skólunum miðað við þau áform sem við höfum við endurskoðun á reiknilíkaninu þá sýnist mér að utan um skólarekstrinn náist með viðunandi hætti. Ég met það svo a.m.k.

Varðandi það sem hv. þm. vék að þá er ekki aðeins á Akranesi, svo er í fleiri skólum, í Reykjavík líka, að menn þurfa að stilla saman kennslu í frönsku eða öðrum tungumálum og safna nemendum saman í stærri hópa þannig að það er ekki bundið við einstaka landshluta. Ég sé það fyrir mér að við séum að ná utan um þetta en hve langan tíma tekur síðan að vinna á hallanum er annað mál. En við sjáum það líka að það er oft hægt á tiltölulega skömmum tíma að snúa vörn í sókn í þessum skólum. Við getum tekið Menntaskólann í Hamrahlíð sem dæmi um það hve vel hefur verið staðið að því að umbreyta fjárhagsstöðu hans. Hann sætir nú, ef það má orða það svo, ámæli frá Ríkisendurskoðun fyrir að vera með of mikinn afgang.

[21:06]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég lýsi yfir ánægju ef það er að gerast sem mér var ekki kunnugt um, að menn telja sig vera að ná sáttum um það reiknilíkan sem notað er við framhaldsskólana. Fyrir mér eru þetta nýjar fréttir og ég vona að verið sé að upplýsa þingið um ákveðna hluti sem menn hafa haft miklar áhyggjur af.

Ég kann hæstv. menntmrh. bestu þakkir fyrir greinargóð svör. Því var svarað sem ég beindi til hæstv. menntmrh. og ég mun fylgjast grannt með því hvort lausnin verður á þann veg sem hæstv. menntmrh. lýsti. Ég fagna því og ég hef ástæðu til að trúa því að það sé rétt sem sagt var í þessu efni.

[21:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta að í sjálfu sér erum við ekki að ná sáttum um reiknilíkanið sem slíkt heldur er mjög mikilvægt að samkomulag náist á milli ráðuneytisins og viðkomandi skóla um þann ramma sem við erum að tala um og um þau umsvif sem eru innan skólans til þess að unnt sé að ganga til samninga um að byrja að vinna á þeim halla sem er í hverum skóla fyrir sig. Þetta er misjafnt eftir skólum, enda er það eðlilegt. Þeir eru í misjafnri stöðu. En ég held að í það stefni að við náum þeim forsendum í viðræðum okkar við skólana að unnt sé að snúa vörn í sókn eins og ég orðaði það. Hvað tekur síðan langan tíma að eyða þessum halla eða vinna á vandanum kemur í ljós miðað við það fjármagn sem við höfum hverju sinni. Ég held bæði varðandi Menntaskólann í Kópavogi og líka skólann á Akranesi að í viðræðum ráðuneytisins hafi náðst samkomulagsgrundvöllur um umsvifin í skólastarfinu.

[21:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson gerði að umtalsefni styrki til innanlandsflugsins og velti fyrir sér hvort

eðlilegt væri að semja við flugfélag um flug til Hafnar í Hornafirði. Það sem þar er á ferðinni er að Flugfélag Íslands sem hafði flogið til Hafnar hafði tilkynnt um að félagið mundi ekki fljúga áfram að óbreyttu. Þess vegna var tekin ákvörðun um að bjóða þessa flugleið út sem í raun þýðir að verið er að veita ríkisstyrki til flugsins.

Það tekur tíma að undirbúa slíkt. Það var ákveðið að bjóða þessa flugleið út og verið er að undirbúa útboðið. En það þótti jafnframt í fyllsta máta eðlilegt að snúa sér til þess félags sem hefur um áraraðir sinnt þeirri þjónustu að fljúga til Hafnar í Hornafirði. Þess vegna var samið við Flugfélag Íslands um það fram á næsta ár en þó þannig að það yrði svo langt inn á árið að félagið gæti kynnt þessa flugþjónustu inn á aðalferðamannatímann því við þurfum nokkurn aðdraganda að útboðinu. Ef það hefði ekki verið gert heldur samið til skemmri tíma þá hefði dottið niður afar mikilvægur tími sem þarf að nýtast til þess að auglýsa upp þessa þjónustu á aðalferðamannatímanum. Þess vegna er gripið til þess ráðs að semja langt inn á næsta ár og gera ráð fyrir að síðan verði boðið út og það félag sem vinnur það útboð taki við rekstrinum þegar þar að kemur.

[21:10]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. útskýrði þetta á þann veg að á meðan verið sé að leita lausna og útbúa útboðsgögn sé greitt 30 millj. kr. framlag til þess aðila, Flugfélags Íslands, sem nú annast flugþjónustu til Hafnar í Hornafirði.

Það sem ég velti bara fyrir mér, og verið getur að ég sé að misskilja eitthvað, er að mér fannst og finnst að verið sé að mismuna því að einhverjir aðilar hefðu kannski viljað bjóða í og kannski getað veitt þessa þjónustu fyrir lægri upphæð á meðan verið var að vinna útboðið. Það getur vel verið að þetta sé allt eðilegt. En um er að ræða frá síðasta ári og núna 42 millj. sem eru greiddar til þess að annast þessa þjónustu. Mér er alveg ljóst að það verður að veita þjónustuna og það getur vel verið að það sé eimitt þannig að ekki sé hægt að gera þetta á annan máta.

En ég hrökk svolítið við vegna þess að ég taldi að þær 12 millj. sem voru veittar í fjáraukalögum væru það sem til þyrfti. En svo kemur við 2. umr. fjárlaga tillaga um 30 millj. til viðbótar. Það var ástæðan, virðulegi forseti, fyrir því að ég innti svara við þessu frá hæstv. samgrh.

[21:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til frekari skýringar er í breytingartillögum við fjárlagafrv. gert ráð fyrir 30 millj. fyrir allt árið þannig að ekki er gert ráð fyrir því að semja við Flugfélag Íslands um að veita þessa þjónustu allt næsta ár. Því er ekki um það að ræða að sú upphæð renni öll til þess félags.

Ég gat þess að við töldum hvorki tíma né tóm til þess að bjóða þetta út. Annað flugfélag hafði lýst áhuga sínum og vilja til þess að fljúga þarna áfram en í ljós kom að ekki var um það að ræða að það félag hefði yfir að ráða þeim vélakosti sem gera verður kröfu um í svo langt flug, og Flugfélag Íslands hafði sinnt þessu.

Ég vil að öðru leyti vegna ræðu hv. þm. nefna að það er alveg af og frá að vél Flugmálastjórnar trufli samkeppnisrekstur í innanlandsflugi. Ég held að sú þjónusta við ráðherra sem gert hefur verið mikið úr og fleiri æðstu embættismenn þjóðarinnar sem hefur verið veitt með flugvél Flugmálastjórnar, að sú starfsemi eða þau viðskipti munu ekki standa undir eða tryggja rekstur eins flugfélags. Ég held að það sé alveg af og frá. Það er skýrt skilgreint hvað um er að ræða og það er fjarri lagi að sú starfsemi sé truflandi fyrir samkeppni í áætunarflugi innan lands.

[21:14]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til þess að endurtaka þakkir til hæstv. samgrh. fyrir svörin. Það er líka mjög gott að fá það skjalfest af hæstv. samgrh. að hann telji að það hafi engin truflandi áhrif á þá sem eru hugsanlega samkeppnisaðilar við Flugmálastjórnarvélina að hún sé nýtt á þann hátt sem verið hefur.

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin. Ég fékk fram það sem ég vildi fá þó að ég gleymdi reyndar einu atriði. En ég ætla ekki að efna til spurninga á þessum stað og þessum tíma sem ekki er hægt að veita svar við.

[21:15]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lagði fram fjárlagafrv. sitt á fyrstu dögum haustþings. Á þeim tíma hljóðaði tekjuhlið þess upp á 257,9 milljarða kr. en gjaldahliðin upp á 239,3 milljarða. Tekjujöfnuður var því 18,6 milljarðar.

Frá því að fjárln. tók við frv. hefur margt gerst í fjármálum þjóðarinnar og verið áætlað að gerist sem taka verður tillit til við endanlega afgreiðslu fjárlaganna. Við þessa umræðu er því aðeins verið að ræða það sem búið er að útfæra en annað sem þarf frekari skoðunar við kemur við 3. umr.

Mér hefur fundist, herra forseti, gæta alvarlegs misskilnings hjá stjórnarandstöðunni í fjárln., þ.e. að halda að allar breytingar á fjárlögum eigi að liggja fyrir við 2. umr. Það hefur aldrei verið svo, það ég viti. Þetta lýsir fyrst og fremst taugaveiklun stjórnarandstöðunnar í þessu máli.

Auðvitað er frv. til skoðunar fram á síðustu klukkustund áður en það verður lögfest svo að nýjustu og öruggustu tölurnar séu þar þegar Alþingi fær það til lokaafgreiðslu. Það eru fagleg vinnubrögð, herra forseti, að mínu áliti og ábyrg. Krafa stjórnarandstöðunnar um sérstakan fund í fjárln. í gær vegna ummæla hæstv. forsrh. um breytingar á fjárlögum var því hálfhjákátleg í ljósi þess að þessi mál eru í stöðugri skoðun. 2. umr. er ekkert plat heldur er verið að ganga frá þeim málum sem liggja hrein fyrir og samstaða er um.

Niðurstöðutölur á gjaldahluta fjárlaganna breyttust um 2,3 milljarða kr. í meðförum fjárln. en tekjuhlutinn verður ekki hreyfður fyrr en við 3. umr. Gjaldaliðirnir verða því um 241,6 milljarðar kr. og hækka um 0,96% á milli umræðna. Þessi aukning skiptist þannig að tillögur ríkisstjórnarinnar auka gjöldin um 1,9 milljarða kr. og tillögur fjárln. sjálfrar gera ráð fyrir 0,4 milljarða kr. hækkun.

Sú tilfinning fjölmiðla fyrir þessum tölum, að fjárln. sé að hækka alla liði meðan ríkisstjórnin rembist við að skera niður, er því á misskilningi byggð. Allar tillögurnar eru þó lagðar fram í nafni meiri hluta fjárln. enda frv. í höndum fjárln. til afgreiðslu. Það er samt svo, eins og eðlilegt má teljast, að ríkisstjórnin og meiri hluti fjárln. lagfæra sameiginlega með tillögugerð einstaka liði eftir því sem þurfa þykir fram á síðustu klukkutíma eins og ég sagði áðan.

Fjárln. hefur við þá vinnu sem snýr að hennar tillögum haft að leiðarljósi ákveðin markmið. Þau markmið hafa undanfarin ár verið nokkurn veginn óbreytt og beinast að mestu að þremur málum, þ.e. menningartengdri ferðaþjónustu um allt land, fjarkennslu og símenntun um land allt og landshlutabundinni skógrækt.

Mikill fjöldi verkefna við menningartengda ferðaþjónustu hefur komið á borð fjárln. og fengið þar úrlausn. Þau snúa að því að byggja upp aðstöðu svo sinna megi, í víðustum skilningi, ferðamennsku og afþreyingu. Þar má nefna styrki til að endurbyggja beituskúr á Grenivík, fjárrétt í Aðaldal, báta eins og Blátind í Vestmannaeyjum og Kútter Sigurfara á Akranesi, gömul hús eins og Brydebúð í Vík í Mýrdal og Duushús í Keflavík, söfn sem jafnframt eru leikhús og samkomustaðir eins og Njálusetrið á Hvolsvelli, Galdrasafnið á Ströndum og Síldarminjasafnið á Siglufirði.

Á þessari braut er haldið áfram með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir frá meiri hluta fjárln. og vil ég leyfa mér, herra forseti, að nefna hér nokkur af þessum verkefnum.

Fyrst vil ég nefna Galdrasýninguna á Ströndum sem nú fær 7 millj. kr. Þessa sýningu sóttu um 6 þúsund manns í sumar og vöktu uppákomur þarna verðskuldaða athygli ferðamanna og hrós fyrir fagmennsku og metnað. Ljóst er að frekari uppbygging er nauðsynleg og því leggur fjárln. þetta til.

Duushúsin í Keflavík eru elstu hús Reykjanesbæjar og á vegum bæjarins er áætluð mikil uppbygging enda um mjög stór og mikil hús að ræða sem hafa verið vöruhús fram að þessu. Ákveðið hefur verið að flytja byggðasafn bæjarins inn í þetta hús en þarna er nú þegar komið bátasafn Gríms Karlssonar sem var til umræðu í fyrra. Þarna mun verða eitt fegursta húsasvæði á landinu öllu. Meiri hluti fjárln. leggur til að 7 millj. kr. verði veittar í þetta verkefni.

Gerðahreppur er einn elsti útvegsstaður landsins og á þeirra vegum er áformað að byggja mjög nýtískulegt byggðasafn sem verði sérhæft sem sjóminjasafn. Meiri hlutinn leggur til að 3 millj. kr. verði settar til að koma þessum framkvæmdum af stað en Garðmenn hafa byggt upp mjög öflugt sjóminjasafn í gömlum skúrum sem þarna eru.

Saltfisksetur Íslands í Grindavík er einnig metnaðarfullt verkefni á þessum slóðum sem bæjaryfirvöld þar hafa hrint af stað. Það er vel við hæfi að setja slíkt upp í Grindavík, einum allra stærsta útgerðarstað landsins um árhundruð.

Um þetta segir í umsókn þeirra Grindvíkinga, með leyfi forseta:

„Saltfisksetur Íslands mun setja upp og reka sýningu tileinkaða saltfiski. Markmið sýningarinnar er að:

Safna saman og varðveita muni og myndir sem segja sögu saltfisksins í þeim tilgangi að kynna fyrir almenningi og ferðamönnum mikilvægi þessa atvinnuvegar fyrir íslenskt samfélag.

Sinna fræðslustarfi fyrir skóla og aðrar menntastofnanir um saltfiskvinnslu og samfélagsleg áhrif hennar á Íslandi.

Veita afþreyingu til ferðamanna sem sækja Grindavík heim, kynna fyrir gestum saltfisk, bragð hans og gæði með sérstakri áherslu á hreinleika íslensku vörunnar og fjölbreytta möguleika í matargerð."

Ýmislegt fleira má nefna sem snýr að Suðurnesjunum. Má þar nefna Sædýrasafnið í Höfnum en þangað sækja yfir 20 þúsund manns árlega en 3 millj. kr. styrkur er veittur þangað í ár eins og í fyrra.

Fræðasetrið í Sandgerði fær 2 millj. kr. í ár en Fræðasetrið sækja um 7 þúsund manns árlega.

Veruleg aðstoð er við meðferðarheimilin á Svæðinu, í Krýsuvík og eins við Byrgið í Rockville, en þessi tvö heimili hafa orðið verulega út undan. Það er saga út af fyrir sig hvernig staða þeirra hefur orðið svo erfið sem raun ber vitni. Til að létta undir með þessum aðilum er tillaga um að Byrgið fái 10 milljónir og Krýsuvík 5 millj. kr. til viðbótar við fjárlagatillögu ráðherra.

Sýningahald og uppbygging á Sögusetrinu á Hvolsvelli fær 7 millj. kr. en ótrúlegur árangur hefur náðst við að sýna og túlka Njálssögu, svo eftir hefur verið tekið langt út fyrir landsteinana.

Eina nýja framkvæmd vil ég nefna hér en það er framkvæmd á Gaddstaðaflötum við Hellu. Hestamenn og sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi hafa náð um það samstöðu að Gaddstaðaflatir verði framtíðarlandsmótsstaður sunnlenskra hestamanna. Þeir hafa þegar keypt grindurnar sem héldu uppi tívolíinu í Hveragerði. Hvergi á landinu eru fleiri hestar eða hestamenn en á Suðurlandi og því full ástæða til að aðstoða þá við að hefja það starf sem þarna er áformað með byggingu reiðhallar og landsmótsaðstöðu. Tillaga meiri hluta fjárln. er upp á 7 millj. kr.

Ég vil einnig nefna tillögu meiri hlutans um að styrkja lagningu ljósleiðara að skólahverfinu við Laugarvatn, upp á 8 millj. kr. Engum hefði svo sem dottið í hug að ekki væri búið að leggja ljósleiðara að þessu menntasetri.

Að lokum vil ég nefna eitt verkefni, herra forseti, en það er skólaskipið Dröfn, sem hefur undanfarin ár farið í fræðsluferðir með grunnskólabörn alls staðar að af landinu. Þau skólabörn skipta í dag tugum þúsunda sem fá þar sína fyrstu reynslu af sjómennsku og jafnvel þá einu á okkar nýja Íslandi. Það var ávallt hugmyndin að sveitarfélögin tækju þetta verkefni að sér að hálfu á móti ríkinu eða jafnvel að öllu leyti. Ekki náðist samkomulag um það við sveitarfélögin á reynslutíma verkefnisins að þau tækju þessa fræðslu að sér. Um borð í Dröfninni er úrvalsáhöfn ásamt fiskifræðingi sem fer yfir starf Hafró og skýrir fyrir börnunum hvernig lífið í sjónum er. Áhöfnin setur veiðarfæri í sjó, t.d. troll, og er sá afli sem inn kemur skoðaður af fagmönnum og greindur. Samstarfið við Hafró hefur verið til mikillar fyrirmyndar að öllu leyti.

Sjútvrn. hefur sett um 5 millj. kr í þetta verkefni árlega og með jafnmiklu viðbótarfjármagni frá Alþingi hefur tekist að halda úti sömu dagskrá undanfarin ár, þrátt fyrir að upphæðirnar sem Hafró fær fyrir rekstur skipsins hafi ekki hækkað. Þar er fyrst og fremst að þakka velvilja Hafró og hæstv. sjútvrh.

Ég hef fundið það í hv. fjárln. að nefndarmenn hafa almennt mikinn skilning á mikilvægi þessa þáttar og því að þetta gægjugat sé opið fyrir ungt fólk til að kynnast um stund lífinu um borð í fiskiskipi. Þær 5 millj. kr. sem hér eru lagðar til teljast því eðlilegt framlag og þjónusta hins opinbera við ungdóminn hjá þjóð sem byggir afkomu sína að mestu á sjónum.

Herra forseti. Hér hef ég talið upp nokkur verkefni sem lagt er til að styrkja, verkefni sem dreifð eru um allt land. Ég trúi því að slík aðstoð styrki landsbyggðina verulega og dreifi um leið ferðamönnum víðar um landið en annars hefði orðið. Þetta eru verkefni sem brenna á fólkinu og sveitarfélögunum að koma á framkvæmdarstig og ég efa ekki að þessi framlög mundu auka bjartsýni á þessum stöðum.

Ég heyri það frá sumum hv. þm. að það sé ekki í okkar verkahring að skipta sér af framkvæmdum. Ég verð hins vegar að segja að ef ekki kæmi til þekking einstakra þingmanna á aðstæðum og þörfum í þeirra eigin kjördæmum og vilji þeirra til að bæta úr þar sem þörf er fyrir slíkt þá væri fátæklegra um að litast á þessum stöðum og fólksflóttinn væri enn meiri en nú er. Ég tel það reyndar skyldu þingmanna að

koma málum kjördæma sinna á koppinn með þeim ráðum sem þeir hafa. Ástæðan fyrir því að skipta landinu upp í kjördæmi er einmitt sú að þingmenn geti sérhæft sig um ákveðin svæði og þjónað þeim. Að sjálfsögðu er lagasetning hugsuð fyrir allt landið en þegar kemur að því að rétta hlut einstakra kjördæma kemur að þingmönnum þeirra að ná fram leiðréttingum eins og kostur er.

Það hefur komið fram, herra forseti, við umræðuna sem hér hefur farið fram að tillögugerð er í gangi sem mun koma fram við 3. umr. Það hefur einnig komið fram hjá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, formanni fjárln., að þar verði allt til skoðunar, bæði til hækkunar og lækkunar á þeim liðum sem koma fram í fjárlagafrv. sjálfu.

Ég vil benda á að verkefni eins og skógrækt hafa ekki verið til sérstakrar meðferðar, ýmsar sjúkrastofnanir hafa ekki heldur verið til sérstakrar meðferðar og eru óræddd.

Meginmarkmiðið með þeirri tillögugerð sem er til umfjöllunar hjá ríkisstjórninni og meiri hluta fjárln. er þó að skila fjárlögunum með verulegum rekstrarafgangi. Það er meira en gert hefur verið í tíð flestra fyrrverandi ríkisstjórna. Árangurinn sem náðst hefur, herra forseti, er til vitnis um styrka fjármálastjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, undir ráðuneyti hæstv. fjmrh. Geirs Haardes. Ég held, herra forseti, að þegar þetta fjárlagafrv. verður samþykkt hér við 3. umr. þá geti þessi ríkisstjórn og meiri hluti hennar á Alþingi verið ánægð með gott dagsverk.

[21:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu andsvari vil ég gera að umræðuefni þá upptalningu hv. þm. á sérstökum verkefnum sem heyra flestöll undir fjárlagalið 919 Söfn, ýmis framlög. Ég rifja það upp, herra forseti, að í fjárlagafrv. var þessi fjárlagaliður lækkaður frá fyrra ári um 106 millj. kr. Meðal þess sem tekið var út af fjárlagaliðnum var Galdrasýning á Ströndum, Sögusafn í Reykjavík, Sögusetur á Hvolsvelli, endurbygging vélbátsins Blátinds, Hvalamiðstöðin á Húsavík, Síldarminjasafn á Siglufirði, Faktorshús í Neðstakaupstað og endurbygging Tryggvaskála á Selfossi.

Síðan gerist það að fjárln. setur alla þessa liði, sem ég hef tínt til, aftur inn í formi breytingartillagna og hækkar þannig liðinn. Ég á sæti í hv. menntmn. þingsins og menntmn. fékk til umsagnar ákveðnar umsóknir á safnliði ráðuneytisins. Menntmn. var treg til að gefa umsagnir af því að hún hafði reynt á fyrri árum að fjárln. hækkaði iðulega safnliði eftir að menntmn. hefur skilað tillögum sínum. Nú hafði menntmn. ekki þetta svigrúm þegar hún fjallaði um tillögur eða úthlutanir af safnliðum sem fjárln. síðar gaf sér.

Nú vil ég spyrja hv. þm.: Býst hann við að þessir liðir, sem einu sinni voru skornir út en eru settir aftur inn, verði áfram inni við 3. umr.? Eru þetta tillögur sem þingmaðurinn hefur trú á að nái fram að ganga?

Í öðru lagi: Hvers vegna fékk menntmn. ekki tækifæri til að veita umsögn um þá liði sem hv. þm. fjallaði hér um? Hvers vegna fékk menntmn. ekki þetta svigrúm sem fjárln. gaf sér?

[21:31]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort þessar tillögur muni verða áfram inni í fjárlagafrv. við 3. umr. Ég á ekki von á öðru, en ég get að sjálfsögðu ekki lofað fyrir neinn nema mig. Ég mun að óbreyttu, ef ekki koma fram nýjar upplýsingar, styðja það að þær tillögur verði í frv. og að það verði að lögum með þessum breytingum.

Fjárln. hefur alltaf haft heimildir enda er fjárln. með þær heimildir í sínum höndum að bæta inn framkvæmdum eða breytingum á ýmsum liðum ef hún hefur talið það réttlætanlegt. Það var einu sinni þannig, og ekki mjög langt síðan reyndar, að fjárln. fór með allar umsóknir og fagnefndirnar höfðu ekkert með það að gera í flestum tilvikum, nema þá gamla menntamálaráðið og nú menntmn. varðandi úthlutun listamannalauna eða eitthvað slíkt, en að mestu leyti hefur þetta verið þannig að fjárln. hefur haft með allt þetta að gera. Það var síðan, ef ég man rétt, fyrir þremur eða fjórum árum að fagnefndirnar fengu til sín stóran hluta af því sem sneri að sérsviði þeirra.

Oft hefur verið rætt um það í fjárln. hvort ástæða sé til að halda því áfram vegna þess að fagnefndirnar taka því illa ef eitthvað er verið að gera öðruvísi en þær vilja. En auðvitað er þetta meira hugsað, a.m.k. lít ég svo á, sem ráðgjöf sem ekki endilega er skylda að fara eftir — en betur sjá augu en auga.

[21:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort skilja mátti það á orðum hv. þm. að það fyrirkomulag að senda fagnefndum til umsagnar ákveðna þætti varðandi safnliðina, komi til með að verða aflagt, þar sem hann talar þannig að honum finnist ekki mikið til þess koma, herra forseti. Ég vildi gjarnan fá að heyra aðeins nánar um það hjá hv. þm. Hitt er annað mál að við getum ekki rætt þetta ofan í kjölinn í stuttum andsvörum. En það er alveg ljóst að fagnefndir þingsins hafa átt erfitt með að verða við óskum fjárln. vegna þess að svigrúmið hefur einatt verið aukið þegar tillögur nefndanna koma aftur til fjárln.

Ég vil segja, herra forseti, og taka undir með hv. formanni menntmn., að auðvitað er betra að sleppa þessum umsögnum fagnefndanna en að vera að láta fólk eyða ómældum tíma og taka á móti fjölda gesta og láta líta svo út sem nefndirnar hafi eitthvað um málin að segja þegar þær hafa það svo hreinlega ekki.

[21:34]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að biðja hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að vera ekki að leggja mér orð í munn. Ég sagði ekki að mér þætti lítið til ráða menntmn. koma. Ég sagði það ekki. Ég sagði að betur sæju augu en auga. Og ég sagði að það væri eðlilegt að leita til fagnefnda og betra að hafa samráð við fagnefndir sem hafa meiri þekkingu á vissum sérsviðum en t.d. fjárln. Það er náttúrlega meginástæðan fyrir því að ýmsum þáttum var vísað til fagnefnda upphaflega.

Ég lít svo á að þegar stofnanir, ráðherrar og aðilar sem hafa heimildir samkvæmt lögum til að taka ákveðnar ákvarðanir, ef þeir hafa ráðgjafa sér við hlið, biðja um ráðgjöf, fá hana, þá eru þeir ekki skyldugir til að fara eftir henni 100%. Ég veit ekki um neitt einasta tilvik þar sem menntmn. hefur lagt eitthvað til að því hafi verið hafnað, að nefndin hafi lagt til einhverja fjármuni og þeir hafi verið teknir til baka, ég minnist þess ekki. Aftur á móti hefur fjárln. leyft sér, af því hún hefur vald og heimild til þess, að bæta við. Og það verður að fá að vera hlutverk fjárln. að geta ráðið því að meta öðruvísi í sumum tilvikum en menntmn. En það segir ekkert um að menntmn. sé ekki fullfær eða geti ekki sinnt hlutverki sínu með miklum sóma.

[21:36]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur átt sér stað í dag um frv. til fjárlaga sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir í upphafi þings og við erum að ræða nú á sér náttúrlega stað undir ákaflega sérkennilegum kringumstæðum. Sérkennilegum kringumstæðum í efnahagslífi landsmanna, sem e.t.v. eru þannig að við þekkjum ekki annað eins mörg síðustu ár, sem betur fer.

En í dag stöndum við í þessari ísköldu sturtu ef svo má að orði komast. Það er sannarlega mikil vá fyrir dyrum og ég hygg að það geri sér allir grein fyrir því, jafnt hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn sem aðrir, þó svo að hæstv. forsrh. keppist við að fara í alla þá fjölmiðla sem hægt er að komast í til að telja okkur trú um að allt sé í besta lagi. Sennilega getur maður skilið mjög vel að það sé reynt.

Það sem við Íslendingar þyrftum að standa í núna um þessar mundir væri kannski ekki að eyða hér 12, 15, 20 tímum í að ræða um fjárlög við 2. umr. heldur ættu ríkisstjórn og stjórnarandstaða, aðilar vinnumarkaðarins, ASÍ og Samtök atvinnulífsins að sitja inni í lokuðu herbergi og ekki koma út fyrr en þau eru búin að ná sátt, þjóðarsátt um varnir gegn þeirri vá sem við stöndum frammi fyrir sem því miður, það er ljótt að segja það, getur flokkast undir ákveðin hryðjuverk. Ég kem kannski að því síðar hvernig þessir miklu erfiðleikar blasa við.

Ég held, herra forseti, að það sé allt of mikil einföldun á þeim vanda eins og komið hefur fram hjá hæstv. forsrh., að þetta sé m.a. vegna þess að verið sé að fylla Smáralindina, verið sé að fylla hillur í Smáralindinni af vörum og jólavertíð sé að koma. Ég held að það sé of mikil einföldun. Vandinn er miklu meiri.

Ég ætla að fara aðeins aftur til þess þegar við á hinu háa Alþingi samþykktum lög um Seðlabanka með 56 samhljóða atkvæðum þeirra þingmanna sem í salnum voru. Þær breytingar sem gerðar voru hér 27. mars sl. stefndu í raun og veru að mjög einföldu markmiði, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi, Seðlabankanum var falið að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankanum var veitt fullt sjálfstæði til að beita tækjum sínum í þeim efnum. Með öðrum orðum, sveigjanleg fastgengisstefna sem verið hefur hér um alllanga hríð vék og upp voru tekin verðbólgumarkmið og fljótandi gengi. Rétt er að hafa í huga að það verðbólgumarkmið var skilgreint sem hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánuðum.

Ég hef áður í ræðustól hins háa Alþingis gagnrýnt þá vísitölu sem þarna er notuð, þ.e. vísitölu neysluverðs, og hef tekið sem dæmi að hún mælir eingöngu fasteignaþáttinn í Reykjavík, tekur ekki meðaltal af landinu öllu. Með öðrum orðum, í þeirri miklu þenslu sem verið hefur á höfuðborgarsvæðinu, í þeim miklu flutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sem átt hafa sér stað sl. 10–12 ár, hefur orðið verðsprengja vegna vöntunar á íbúðarhúsnæði. Það hefur undanfarin ár leitt til hækkunar á þeirri vísitölu sem hefur síðan gert það að verkum að lán jafnt þeirra sem búa í Reykjavík og lifa í því húsnæði sem hefur verið að hækka og hækka, þá hækka jafnt lán Íbúðalánasjóðs hjá íbúa úti á landi, sama hvort hann býr á Raufarhöfn, Reyðarfirði eða Ólafsfirði svo við tökum dæmi. Þetta er auðvitað mjög ósanngjörn vísitala og hefur komið illa út fyrir landsbyggðafólk. Þetta vildi ég láta koma fram.

Það er ansi sniðugt vil ég segja eða kostulegt eftir að þessi verðbólgumarkmið voru tekin upp og fljótandi gengi, að hlusta á tvo hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands, þ.e. hæstv. landbrh., Guðna Ágústsson, og hæstv. félmrh., Pál Pétursson, sem báðir hafa talað þannig að þetta hafi verið mikil mistök. En í Dagblaðinu í dag segir hæstv. landbrh. m.a. þar sem hann ræðir um efnahagsástandið — verið er að tala um misvísandi skilaboð frá formanni og varaformanni Framsfl. um evruna, hugsanlega að taka hana upp og Evrópumálin, en í lokin er talað um það sem við erum hér að ræða, þessa mestu vá sem að okkur steðjar um þessar mundir, þ.e. efnahagsstefnuna.

En með leyfi forseta, segir hæstv. landbrh. þetta í Dagblaðinu í dag:

„Guðni segir brýnast fyrir okkur Íslendinga að takast sjálfir á við efnahagsvandann og hætta að leita að lausnum annars staðar. Þetta sé heimavandi sem þurfi að takast á við með því að treysta gengið, lækka vexti og verðbólgu. Og Seðlabankinn verði að taka þátt í því verkefni.“

Þetta er merkileg yfirlýsing. Áfram skal lesið úr þessu blaðaviðtali, með leyfi forseta:

„Kannski voru lögin um Seðlabankann snarvitlaus af okkar hálfu, að gera bankanum það að einblína svona lögum samkvæmt á verðbólguþáttinn, segir Guðni. Aðspurður um hvort hann vilji þá takmarka sjálfstæði bankans aftur, segist Guðni e.t.v. frekar vera að velta fyrir sér hvort ástæða sé til að endurskilgreina hlutverk hans og víkka það út fyrir verðbólgumarkmið I.“

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að þetta var viðtal við hæstv. landbrh., varaformann annars stjórnarflokksins, varaformann Framsfl., um það sem hér er um að ræða, þ.e. þá breytingu sem gerð var á lögum um Seðlabanka og þegar verðbólgumarkmið og fljótandi gengi var tekið upp.

Ég man ekki og hef ekki tiltæk þau orð sem hæstv. félmrh. hafði um þetta sama efni, en þau voru ekki skárri.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., sem heiðrar okkur hér með nærveru sinni í þessari umræðu og hefur gert að mestu leyti í allan dag, hvort hann sé sammála því áliti sem kemur fram hjá þessum tveimur samráðherrum sínum í ríkisstjórn.

Í öðru lagi hvort einhver möguleiki sé á að skoða ef áfram heldur sem horfir að gengishrunið verði ekki stöðvað, hvort það sé þá virkilega hægt, eins og Guðni Ágústssonýjaði að, að endurskilgreina hlutverk Seðlabankans í ljósi fenginnar reynslu frá því í mars sl.

Ég vona að hæstv. fjmrh. leyfi okkur að heyra álit sitt á þessu á eftir og við getum þá skipst á skoðunum í framhaldi af því.

Herra forseti. Í lok nóvember árið 2001 blasir þetta við Íslendingum: Viðskiptahalli 200 milljarðar kr. sl. þrjú ár. Verðbólga í lok nóvember rúm 8%. Vextir, sem formaður Framfl., hæstv. utanrrh., kallar reyndar okurvexti, rúm 20%. Gengisfelling eða kannski mætti frekar notað orðið gengishrun 25–30%, eftir því hvaða gjaldmiðill er tekinn. Mikil þensla á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur kynt undir það sem við erum hér að fást við og tala um, en ekki þensla á landsbyggðinni sem hins vegar þarf að búa við sama gengisfallið, sömu okurvextina o.s.frv.

Viðskiptahallinn, rúmir 200 milljarðar sl. þrjú ár, er stórhættulegur og er auðvitað það sem kyndir bálið núna. Ef til vill er — ja, það er ekki ef til vill, við vitum það að í dag er samdráttur. Minni eftirspurn er eftir atvinnu og minni eftirspurn er eftir lánum. Með öðrum orðum, vonandi er að hefjast endurreisn og jafnvægi komist í þjóðfélaginu. Þetta

verður mjög erfið aðlögun, sársaukafull, en engu að síður mjög nauðsynleg.

Ég óttast, herra forseti, að landsbyggðin muni einnig fara verulega illa út úr þessu ekki síður en höfuðborgarsvæðið en e.t.v. verður skaðinn og höggið meira á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að þenslan hefur verið þar, eins og ég sagði áðan, en ekki úti á landi. Engu að síður, herra forseti, eru rauð ljós blikkandi gagnvart landsbyggðinni og skal ég hér fara yfir nokkur atriði.

Þær tillögur sem hæstv. ríkisstjórn lagði fram á haustdögum, skattatillögurnar svokölluðu, eru mjög íþyngjandi fyrir atvinnurekstur á landsbyggðinni og skekkir samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Þetta er vegna þeirrar óréttlátu skattheimtu sem þarna er hugsuð til að ná í tekjur, og þá er ég að tala um hækkun upp á 0,77% á tryggingagjaldinu.

Áður hefur komið fram að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega peningastofnanir, tryggingafélög, stórverslunarkeðjur og aðrir munu hagnast mjög mikið á slíkum skattalagabreytingum. Fyrirtæki á landsbyggðinni munu hins vegar ekki njóta þess skattalega ávinnings sem er af fyrirhugaðri tekjuskattslækkun eða eignarskattslækkun en munu fá á sig fullt högg af þungaskattinum.

Komið hefur fram, herra forseti, að atvinnufyrirtæki á Austurlandi mundu borga 32 millj. kr. meira í skatta ef þær skattatillögur hefðu verið komnar til framkvæmda miðað við skattlagningu þessa árs. Í Vestmannaeyjum mundu fyrirtæki þar borga 20 millj. kr. meira í skatta en þau gera í dag. Í nokkrum öðrum landsbyggðarkjördæmum stendur þetta nánast í stað.

Þetta er því ekki til að bæta atvinnuástand á landsbyggðinni. Þetta er ekki aðgerð sem mun virka vel til að reyna að ná jöfnuði innan lands, sem er er nauðsynlegur eins og ég sagði hér áðan. Ég held að þetta muni skapa ójafnvægi og miklu meiri erfiðleika en við gerum okkur grein fyrir.

Fyrirtæki á landsbyggðinni kvarta mjög í dag yfir öðrum álögum. Skal ég fyrst nefna margræddan og slæman skatt sem er þungaskattur sem samkvæmt útreikningum hefur hækkað um allt að 45% frá 1998 í þeim tveimur breytingum sem gerðar hafa verið á þungaskattslögunum. Á ég þá við flutninga á lengstu leiðum eins og til Austurlands eða Vestfjarða á flutningabíl með tengivagn. Auðvitað hefur þessi hækkun farið beint út í verðlagið, hvernig á annað að vera? Og þegar við bætist síðan þessi óðaverðbólga og gengishrun þá hefur þetta auðvitað þær afleiðingar að flutningsgjöld hækka enn þá meira og þessi fyrirtæki geta ekkert frekar en önnur fyrirtæki gert annað en setja slíkar hækkanir þráðbeint út í verðlagið.

Herra forseti. Þessi tvö atriði sem ég hef nefnt eru hrein aðför að atvinnurekstri á landsbyggðinni sem á þó töluvert undir högg að sækja af ýmsum öðrum ástæðum.

Eitt atriði skal ég nefna í viðbót. Nýlegar breytingar hjá Eimskip á gjaldskrá fyrir strandflutninga kemur aldeilis sæmilega við atvinnurekstur á landsbyggðinni. Haft hefur verið samband við mig af forsvarsmönnum fyrirtækis á landsbyggðinni sem þarf að flytja töluvert mikið af þungavöru annars vegar til landsins og hins vegar frá uppskipunarhöfninni í Reykjavík til landsbyggðarinnar með strandsiglingum. Þar er þetta að hafa þau áhrif að 8–10 millj. kr. hækkun á flutningsgjöldum er fyrirsjáanleg miðað við óbreytt flutningsmagn og það er töluvert meira en hagnaður þess fyrirtækis.

Herra forseti. Þetta vildi ég nefna í umræðunni vegna þess að þetta hangir vissulega saman við fjárlög og efnahagsmálin, sem við erum aðallega að ræða um, og þær forsendur sem verða fyrir þessu fjárlagafrv. Eins og hér hefur komið fram höfum við kannski ekki verið að ræða beint mikla liði í þeim vegna þess að komið hefur fram, m.a. frá hæstv. forsrh., að þetta muni e.t.v. breytast töluvert mikið fyrir 3. umr. og að ýmsir þættir í fjárlagafrv. verði ræddir kannski frekar þar. Nefni ég t.d. niðurgreiðslu á húshitun, sem mér sýnist að muni snarstoppa í þessum þrengingum, og ýmislegt fleira sem þverpólitísk nefnd hæstv. forsrh., svokölluð byggðanefnd, var sammála um sem bráðaaðgerðir, sem fyrstu aðgerðir, og voru aðgerðir sem allir voru sammála um hvar í flokki sem þeir standa og voru settar fram með fullum stuðningi hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, þegar verið var að undirbúa og vinna að því að troða kjördæmabreytingunni, eins og ég hef stundum sagt, í gegnum Alþingi.

Ég ætla ekki að staldra lengur við þá vá og þá hættu og þær árásir sem er beint gegn atvinnurekstri á landsbyggðinni en það nægir að nefna niðurskurð Landsbanka Íslands á nokkrum stöðum á landsbyggðinni, sama hvort það er á Kópaskeri, Þórshöfn, Raufarhöfn, Vopnafirði, Reyðarfirði, Stokkseyri eða Eyrarbakka. Þetta hlutafélag, Landsbanki Íslands, sem er að meirihlutaeign í eigu ríkisins, er að ganga að þessari starfsemi og ganga frá henni, sennilega vegna þess að bankakreppan er það mikil að mikið liggur á að skera allt niður. Áður hefur hér verið rætt um Íslandspóst, ríkisfyrirtækið, að maður tali nú ekki um ýmis önnur svikin loforð eins og í fjarvinnslu og öðrum atriðum. Ég vildi aðeins nefna þetta í umræðunni.

Herra forseti. Í þeim efnahagsþrengingum sem við erum í og í þeim erfiðleikum sem blessaður ríkissjóður er í vegna tekjufalls og stórhækkandi gjalda, m.a. út af gengisfellingu og hárri verðbólgu, þá sýnist mér að í öllu fjárlagafrv. sé reitt hátt til höggs á ýmsan hátt gagnvart landsbyggðinni, því miður.

Þensla er að minnka, atvinnuleysið er að aukast, við blasa gjaldþrot og rekstrarerfiðleikar atvinnufyrirtækja. Þegar hlustað er á fréttir í dag kemur fram að Samvinnuferðir – Landsýn hafi verið tekin til gjaldþrotaskipta og 70 manns missa vinnuna. Forstjóri þess fyrirtækis nefndi þrjár ástæður. Ein ástæðan var gengisfellingar eða gengishrunið, önnur ástæða var 11. september sl. Og í dag var fyrirtæki sem heitir Burnham International, sem ég kann ekki mikið að segja frá hvað er, einnig lokað vegna fjármálakreppu og svona má lengi telja. Í september kom fram að tvö gjaldþrot voru að meðaltali á dag.

Herra forseti. Ég nefni þetta hér en mér er mjög illa við það en get engu að síður ekki sleppt því vegna þess að þetta eru þær stórkostlegu hættur sem blasa við okkur Íslendingum um þessar mundir og næstu tvo, þrjá mánuði. Ég hef nefnt gjaldþrot og rekstrarerfiðleika fyrirtækja og nefni líka erfiðleika almennings sem verða nú töluvert miklir. Og það er kannski rétt að nefna það að einstaklingur sem tók húsbréf fyrir fjórum, fimm mánuðum upp á 6,4 milljónir, ætli það húsbréf standi ekki í einum 7–7,2 milljónum í dag? Það hefur hækkað svo vegna verðbólgu fimm, sex mánuðum síðar.

Ég óttast einnig, herra forseti, að fjármálastofnanir muni lenda í töluverðum vandræðum og miklir erfiðleikar verði í fjármálaheiminum en vonandi ráða fjármálastofnanir sjálfar við að leysa þau vandamál.

Herra forseti. Það má kannski orða þetta á þann veg að eftir þennan íslenska „bömmer" ættum við að hafa í huga að vaxtarmöguleikum eru takmörk sett. Við höfum sennilega verið á algjöru fjárfestingarfylliríi, við höfum verið á algjörum „bömmer". Hinn gullni meðalvegur er vandrataður. Ég hika ekki við að halda því fram, herra forseti, að viðskiptahalli áranna 1998, 1999 og 2000 er stærsti hlutinn af þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir núna gagnvart íslensku krónunni.

Það var hátt risið á ríkissjóði og ríkisstjórn, góðærið var mikið, tekjur ríkissjóðs jukust mikið af innflutningi sem að megni var tekið lán fyrir. Þegar hátt ris verður, eins og hér hefur komið fram, verður fallið mikið. Þetta hefur verið að koma í bakið á okkur undanfarna mánuði. Ég skynja þetta þannig að vorið 2000 fór bjartsýnin mikið að minnka. Haustið 2001 hófst hins vegar leitin að patentlausnum. Fyllirínu var lokið. Það fór að renna af mönnum, jafnt ríkisstjórn sem öðrum. Í slíkri meðferð er kannski ekki mikið hægt að gera, ekki er hægt að fara í sund eða fara út að hlaupa. En menn hafa verið að leita að einhverjum blóraböggli og hæstv. forsrh. hefur þar verið í ákveðinni afneitun og leitað að blórabögglum.

Hæstv. forsrh. hefur m.a. notað orðið „klaufaskapur" um íslenskt efnahagslíf. Hann sagði að klaufaskapur í bankakerfinu hefði valdið því að gengið lækkaði verulega í maí.

Í viðtali við hæstv. forsrh. kemur fram að þá hafi gjaldeyrismarkaðurinn farið að titra þegar farið var að borga af lánum Fiskveiðasjóðs og höggið orðið meira en ella. Orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Mér finnst að í þessu litla kerfi okkar hefði átt að láta vita með tveggja mánaða fyrirvara eða svo um svona hluti þannig að hægt væri að útbúa þetta og undirbúa og það mundi ekki hafa önnur áhrif á viðskipti dagsins. Þetta finnst mér klaufaskapur í bankakerfinu."

Herra forseti. Ég hygg að klaufaskapurinn sem þarna er rætt um hafi verið sá sem orðrómur gengur um hér á landi, að þeir sem tóku við Fiskveiðasjóði, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins sem síðan rann saman við Íslandsbanka, hafi ekki í tæka tíð, eins og hæstv. forsrh. sagði, uppgötvað að fara átti að borga af erlendum lánum og vantað hafi 2 milljarða kr. sem átti að borga af erlendum lánum. Því hafi verið byrjað að kaupa gjaldeyri hjá næsta banka, og sá banki skildi ekki hvað var um að vera og fór að kaupa gjaldeyri hjá þar næsta banka, og sá banki sneri sér svo til þriðja bankans og fór að kaupa gjaldeyri hjá þeim banka, og þannig fóru allir að elta skottið á sér. Mig minnir, herra forseti, að gjaldeyrisviðskipti þennan dag sem hæstv. forsrh. talar um klaufaskapinn í bankakerfinu, hafi verið rúmir 35 eða 36 milljarðar kr. en aðeins 1 milljarður fór út úr landinu til að borga fyrir einhver vörukaup eða annað.

Með öðrum orðum, á þremur, fjórum viðskiptaborðum í viðskiptabönkunum hafði þessi hringavitaleysa átt að eiga sér stað sem hæstv. forsrh. er hér að vitna í og hann talar um klaufaskap. Þrátt fyrir að Seðlabankanum hefði verið veitt fullt sjálfstæði með breytingunum á lögum um hann, og hæstv. forsrh. hefur margoft sagt að hann hafi engar tilskipunarheimildir núna til Seðlabanka, hvatti hæstv. forsrh. í þessu sama viðtali frá því í kringum 24. júní, Seðlabankann eða sagði sem svo: Seðlabankinn ætti fyrr eða síðar að hugleiða vaxtalækkun. Þetta var í júní.

Herra forseti. Þetta var á þeim tíma þegar vísitala neysluverðs hækkaði um 4,2%, sem samsvaraði 17–18% verðbólgu á ári. Þetta var þriggja mánaða vísitölumæling. Í maí–júní sl. var hækkun vísitölu á milli mánaða, eins og hún var þarna, sú mesta sem mælst hafði undanfarin tíu ár.

Herra forseti. Þetta vildi ég aðeins draga fram í umræðunni til að benda á hvað efnahagskerfi okkar er brothætt. Það þarf ekki mikið að rugga bátnum til að koma gengisfallinu af stað. „Klaufaskapur", sagði hæstv. forsrh. um bankana þegar tvo milljarða vantaði til að borga. Við fundum að þegar hið ágæta fyrirtæki Bakkavör var að útvíkka sig og kaupa fyrirtæki í Bretlandi að það hafði mikil áhrif á gengi krónunnar. Þannig má lengi telja.

Herra forseti. Einnig má líka leiða líkur að því að við þessa breytingu sem gerð var hafi gjaldeyrisvarasjóðurinn hreinlega verið orðinn allt of lítill. Ef til vill vorum við að gera þessa breytingu of seint. Ef til vill vorum við búin að missa af lestinni og hefðum kannski átt að fresta því enn lengur. Þó hef ég reyndar haldið að Seðlabankinn eða íslenska ríkið hafi nú bara hreinlega ekki getað haldið gjaldeyrinum stöðugum.

Það var einmitt í framhaldi af þessu sem hæstv. fjmrh. tók 25 milljarða kr. lán þegar bandarískt dollarinn var í 105 kr. Á þessum tíma var líka fyrirsjáanlegt sjómannaverkfall sem stuðlaði auðvitað að gengisfalli vegna þess að ekki var innstreymi á gjaldeyri. Líka má tala um hið frjálsa flæði fjármagns milli landa sem hófst 1995. Mér skilst að við höfum lifað það á síðasta ári að 25 milljarðar fóru út úr landinu til fjárfestinga frá lífeyrissjóðum og öðrum en aðeins 10 milljarðar inn. Það er hluti af þessum vandamálum. Útlendingar hafa því ekki verið mjög ginnkeyptir fyrir því að koma hér til Íslands og fjárfesta nema í litlum mæli.

Þetta nefni ég vegna þess að við sjáum það í dag við þessar síendurteknu gengisfellingar að íslenska krónan stenst ekki þá atlögu eða þær aðgerðir sem ýmsir í þjóðfélaginu grípa til. Það kemur lítill gjaldeyrir heim. Því miður er ekki hægt að sjá það frá degi til dags. Í október segja hagspekúlantar og fræðingar að sjávarútvegurinn hafi verið að greiða mikið niður af skuldum. Það er vel. Sjávarútvegurinn er með öðrum orðum ekki að taka erlendan gjaldeyri heim. Hann er ekki að taka hann heim til að fara í fjárfestingar vegna þess að hann telur það ekki fýsilegt. Krónan veikist því enn frekar við það að gjaldeyrir kemur ekki heim. Menn geyma það að taka gjaldeyrinn heim. Menn geyma það að breyta honum yfir í íslenskar krónur vegna þess að þeir hafa getað lifað við það undanfarna daga og missiri að gengisfellingar dagsins munu gera það að verkum að þeir fá miklu meira fyrir þetta á morgun.

Gengisvísitala íslensku krónunnar er nú um þessar mundir yfir 150 stigum, um 151 stig. Þegar verðbólgumarkmiðunum var breytt var gengisvísitalan 123 stig. Daginn eftir þessa breytingu var gengisvísitalan fyrir hádegi — það er sorglegt, herra forseti, að menn skuli geta talað um gengisvísitölu fyrir hádegi og eftir hádegi — þennan dag var hún 123 stig. Eftir hádegi var hún hins vegar 125 stig eftir mikil inngrip Seðlabankans.

Það er ansi athyglisvert að lesa það sem kemur fram í yfirliti frá Búnaðarbankanum sem nefnist Hálffimmfréttir þennan dag, 27. mars. Ég held að það sé þörf lesning að gera það hér nú til þess að setja það í samhengi við raunveruleikann í dag, þar sem gengisvísitalan er komin yfir 150 stig. Bandarískur dollari er í tæpum 111 kr. Hann var í 90 kr. þegar breytingin átti sér stað. Evran er í 95 kr. núna en var í 80 kr.

Með leyfi forseta, vil ég lesa hér upp úr Hálffimmfréttum Búnaðarbankans 27. mars sl. þar sem talað er um að krónan sleiki neðri mörk gengisstefnunnar:

„Við opnun markaða í morgun stóð vísitalan í 123,0 stigum. Hún hækkaði fram eftir morgni og var komin í 124,6 stig rétt fyrir kl. 13.00, þegar Seðlabankinn greip inn og keypti krónur fyrir 18 milljónir bandaríkjadala. Við inngripin styrktist krónan og gengisvísitalan lækkaði niður fyrir 124 stig. Lækkun vísitölunnar var þó skammvinn og hækkaði hún yfir 125,1 stig áður en Seðlabankinn greip inn að nýju og keypti krónur fyrir 24 milljónir bandaríkjadala. Við þetta styrktist krónan aftur tímabundið og lækkaði gengisvísitalan niður í 123,65 stig. Krónan veiktist þó fljótt á ný og endaði vísitalan í 125,1 stigi við lok gjaldeyrismarkaða."

Herra forseti. Þetta var það sem íslensk peningastofnun sagði um íslensku krónuna 27. mars sl. Síðan er staðan þessi í dag í lok nóvember. Vonandi tekst okkur að skapa skilyrði, jafnvel þjóðarsátt um að verja krónuna frekara falli þannig að hún fari heldur að styrkjast.

Herra forseti. Ég óttast það því miður að afneitun hæstv. ríkisstjórnar á þessum vanda, á þessum heimatilbúna vanda, geri það að verkum að þetta muni ekki gerast. Ef til vill mun það takast hjá hæstv. ríkisstjórn að selja hluta af Símanum núna fyrir áramót og vonandi fá þá mikinn gjaldeyri heim. En ég óttast að það verði tímabundin lækning. (**JÁ:** Selja hann til útlanda?) Því miður er komið svo fyrir efnahagsástandi íslensks þjóðfélags í dag að við getum ekkert gert annað en að selja hann erlendum aðilum, því miður. Það er verið að selja ættarsilfrið og þær eignir verða ekki seldar aftur. Ég ætlaði að segja það hér áðan að ég óttast að jafnvel sala á Símanum muni ekki vera nema skammgóður vermir í þessu efnahagsflippi sem stendur yfir á Íslandi í dag, því miður.

Það liggur ljóst fyrir og er viðurkennt af öllum að lækkun gengisins á undanförnum mánuðum er nærtækasta skýringin og sennilega eina skýringin á því að verðbólga er nú fyrir ofan þolmörk verðbólgumarkmiðsins og í raun og veru er óðaverðbólga. Það er bara rétt að nota það orð. Nú er árið 2001 og við teljum þetta óðaverðbólgu.

Herra forseti. Ég var áðan að glugga í gamalt Morgunblað frá 1974. Mjög mörgu sem kemur fram í því blaði sem svipar til dagsins í dag. Að vísu var vinstri stjórn að falla. Það var ekki ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sem var að falla. Það var vinstri stjórn og gengismál voru aðalmálin, erfiðleikar í þjóðarbúinu og fleira og fleira. Svo mörgu svipar til dagsins í dag að ég ætla ekki að lengja umræðuna með að vitna í það allt. En meira að segja árið 1974, svo ég bæti aðeins gamansömum tón í þetta, var verið að skipta um gangstéttarhellur eða allar hellur í Austurstrætinu í Reykjavík.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða nú að ræða örlítið um það sem kannski mesta hættan er fólgin í. Allra mesta hættan er sú að launþegafélögin í landinu neyðist til að segja upp kjarasamningum í febrúar vegna þess hvernig ástandið er orðið í þjóðfélaginu.

Hæstv. forsrh. segir alltaf að kaupmátturinn hafi aldrei verið meiri. Ég ætla að fara aðeins yfir það hér á eftir og vitna í ágætan hagfræðing ASÍ, Rannveigu Sigurðardóttur. En áður vil ég líka vitna í ágætan formann verkalýðsfélags á landsbyggðinni sem heitir Aðalsteinn Baldursson og er formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur. Hann er jafnframt formaður fiskvinnsludeildar Starfsgreinasambands Íslands.

Aðalsteinn segir í blaðaviðtali í dag — ég held að svo sé — að hann telji að staðan núna sé sú að forsendur kjarasamninga séu kolfallnar og hann telji að jafnvel þótt farið verði í að grípa til einhverra ráðstafana núna þá sé það of seint.

Við höfum heyrt gagnrýni forustumanna verkalýðshreyfingarinnar um að samráð hæstv. ríkisstjórnar við aðila vinnumarkaðarins hafi ekki verið nægjanlegt. Hæstv. forsrh. nefndi það um daginn að sjálfsagt væri að viðurkenna það og biðjast afsökunar á því að gleymst hefði að tala við verkalýðshreyfinguna í einhvern tíma.

En Aðalsteinn er að vitna í þessi mál og segir að þetta þýði ekkert annað en að kjarasamningar séu kolfallnir og að borðleggjandi virðist að segja launaliðum þeirra upp í febrúar og allt verði í uppnámi í kjölfarið. Hann segir ekkert benda til þess að breytingar verði. En hvað þarf að breytast ef freista ætti þess að koma í veg fyrir að allt fari hér í háaloft?

Herra forseti. Það má náttúrlega vitna í viðtöl við forseta ASÍ, Grétar Þorsteinsson, í þessum efnum, og þetta er auðvitað langmesta hættan sem er fram undan. Ég ætla rétt að vona að hæstv. ríkisstjórn og Alþingi muni takast að rétta örlítið kúrsinn í efnahagsmálunum þannig að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, forustumenn ASÍ og annarra, neyðist ekki til að segja upp kjarasamningum vegna þess að þá verður nú heldur betur darraðardans í þjóðfélaginu. Og þá veit ég ekki hvaða orð við eigum að nota. Ég held að þá muni ekki duga orðið efnahagskreppa.

Herra forseti. Ég sagði frá því áðan að ég hlustaði með athygli á viðtal sem var í þættinum Hér og nú ekki alls fyrir löngu. Þar var m.a. viðtal við Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðing hjá ASÍ, og farið fara yfir þessi mál öll, þ.e. hvernig málin hafa þróast frá gerð kjarasamninga. Fram kom að bílatryggingar hafa hækkað um 46% frá því flest stóru verkalýðsfélögin innan Alþýðusambandsins skrifuðu undir kjarasamning við Samtök atvinnulífs á vordögum árið 2000.

Bandaríkjadollar kostar nú tæpum 50% meira en hann gerði þá, með öðrum orðum kostar 36 þús. kr. meira að kaupa þúsund bandaríkjadollara nú en þegar kjarasamningarnir voru gerðir í mars, apríl árið 2000. Þá var gengið á bandaríska dollaranum 73,49 kr. Breskt pund hefur hækkað um rúm 30% og svipað er að segja um aðra gjaldmiðla. Það er eiginlega alveg með ólíkindum, herra forseti, þegar maður les þessar tölur upp því maður heldur að þetta sé allt saman fullt af prentvillum. Maður heldur að eitthvað hafi misritast en svo er ekki.

Þannig er staðan í þessu og um kaupmáttarþróunina segir Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur ASÍ, með leyfi forseta:

„Kaupmáttarþróunin hefur náttúrlega verið ákaflega mismunandi eftir hópum. Við getum þó séð að fyrir þá sem hafa fengið umsamdar launahækkanir á samningstímabilinu, þ.e. 3,9% í fyrra og 3% í ár eða 7% samtals, hefur kaupmáttarrýrnunin á þessu tímabili verið um 5%, sem sagt frá því fyrir gerð kjarasamninga. Þannig að 7% launahækkun hefur ekki einu sinni dugað til þess að halda uppi sama kaupmætti og fyrir kjarasamningana. Og þetta er ekki lítill hópur sem hægt er að horfa fram hjá," — segir Rannveig — „því um þriðjungur af starfsmönnum á almennum vinnumarkaði hefur á þessu tímabili fengið umsamdar launahækkanir."

Herra forseti. Hér kemur fram að kaupmáttarrýrnun þessa hóps er um 5%. Svo kemur hæstv. forsrh. sí og æ og segir að það sé engin ástæða fyrir verkalýðshreyfinguna að vera að kvarta og kveina, kaupmátturinn hafi ekki rýrnað mikið, kaupmátturinn sé voðalega góður.

Það kemur líka fram í þessu viðtali að kaupmáttur opinberra starfsmanna er hærri en hann var við gerð kjarasamninga. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm. Kristján Pálsson núna þegar hann gengur í salinn í kjól og hvítt? (Gripið fram í.)

(Forseti (ÁSJ)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að vera ekki í samræðum í þingsalnum.)

Enn fremur segir þessi ágæti hagfræðingur:

„Það segir sig náttúrlega sjálft að 8,1% verðbólga eins og við höfum haft hér síðustu 12 mánuði étur mjög hratt upp. Hún er löngu búin að éta upp umsamdar launahækkanir tveggja ára en hún étur jafnvel mjög hratt upp mikið launaskrið eins og verið hefur hjá nokkrum á vinnumarkaði."

Herra forseti. Ég skil ekki almennilega þegar hæstv. forsrh. er að gera lítið úr því og tala um að kaupmátturinn hafi ekkert rýrnað. Það er sannarlega svo hjá þeim þriðjungi sem fengið hefur almennar hækkanir á almenna vinnumarkaðnum að þar er hann gjörsamlega að hverfa. 5% kaupmáttarrýrnun frá gerð kjarasamninga. Opinberir starfsmenn halda enn þá meiri kaupmætti og vafalaust er það svo að hæstv. forsrh. hefur verið að tala um meðaltalið. Þá kemur það líka vel fram, sem er þekkt í efnahagskreppum, að hinir lægst launuðu munu fara langverst út úr þeirri kreppu sem nú er. Það er með öðrum orðum, herra forseti, engan veginn viðunandi að 7% launahækkun sé horfin á því tímabili sem ég hef hér verið að ræða um.

Herra forseti. Því miður hef ég í ræðu minni dregið upp dálítið dökka mynd af stöðu efnahagsmála eins og hún blasir við í dag. Ég er ekki hagfræðingur. Ég hef hins vegar mjög mikinn áhuga á efnahagsmálum og hef áhuga á því að íslenskt samfélag þróist áfram á betri veg en það er að gera núna. Ég hef miklar áhyggjur af atvinnurekstri eins og ég hef hér farið yfir, litlum atvinnufyrirtækjum, sérstaklega á landsbyggðinni. Ég hef verulegar áhyggjur af skuldastöðu almennings. Og ég hef miklar áhyggjur af þeirri verðbólgu sem geisar í landinu vegna gengisfellingar og gengishruns íslensku krónunnar. Þetta hefur auðvitað hrikaleg áhrif, eins og hér hefur komið fram, á þessa þjóð sem býr við það að þurfa að flytja svo mikið inn í landið af vörum til framleiðslu og til að fæða sig.

Ég vildi óska þess að ég hefði getað komið hér í ræðustól og hælt hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn fyrir góð fjárlög og fyrir góða stöðu efnahagsmála vegna þess að slíkt nýtist okkur öllum. En því miður er það bara ekki hægt eins og staðan er í dag. Því miður. Og þess vegna hlýtur það að vera algjört lykilatriði, og því fyrr því betra, að hæstv. ríkisstjórn viðurkenni þær staðreyndir að ekkert minna en fullt samráð ríkisstjórnar, stjórnarandstöðu, aðila vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingar og Samtaka atvinnulífsins, dugar okkur núna til að sigla okkur út úr þeim brimgarði sem við erum í áður en okkur rekur algjörlega upp í fjöruna og við steytum þar á steinum. Staðan er það alvarleg að mínu mati.

Ég hef ekki rætt mikið um fjárlagafrv. eða þær tölur sem þar eru inni. Ég hef átt þess kost að sitja á nokkrum fundum fjárln. sem varamaður og ég tók eftir því núna við lokaafgreiðslu nefndarinnar til þingsins að menn tóku upp ansi marga liði og hækkuðu þá vegna gengisfellingar krónunnar, vegna gengisbreytinga. Og það speglast töluvert í gegnum þessi fjárlög. Það væri óskandi að þau fjárlög sem við e.t.v. samþykkjum hér, 7. desember vonandi ef allar tillögur verða þá komnar fram sem auðvitað er nauðsynlegt að komi sem fyrst, jafnt niðurskurðartillögur sem annað, að maður tali nú ekki um tekjuhliðina, væru fjárlög sem mundu standast fyrir næsta ár. Það væri óskandi.

Ég ætla að ljúka ræðu minni með því að segja að það er e.t.v. gott og kannski það besta við þessa 2. umr. fjárlaga að hún hefur ekki mikið snúist um þau heldur bíður 3. umr. Það er e.t.v. betra vegna þess að ég held að þessar umræður ættu að breytast og það væri betra fyrir hið háa Alþingi að gera sér fyrst grein fyrir því úr hve miklum tekjum við höfum að spila áður en við förum að taka gjaldahlið frv. Núna og væntanlega við 3. umr. munum við með öðrum orðum hafa tekjuhliðina algjörlega klára — vonandi verður hún ekki allt of svört — og þá getum við rætt gjaldahliðina. En ég ítreka það, herra forseti, að ég vildi gjarnan hafa getað verið hér og hælt hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn fyrir góð fjárlög og góða stöðu efnahagsmála en því miður er það ekki svoleiðis. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að ég vona að augu ríkisstjórnarinnar opnist sem fyrst fyrir því að þjóðarsátt um aðgerðir gegn þeirri vá sem steðjar að íslensku þjóðfélagi er það sem við þurfum á að halda nú um þessar mundir.

[22:23]

Útbýting þingskjala:

Leigubifreiðar, 167. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 416; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 418.

[22:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég gæti tekið undir þær óskir sem settar hafa verið fram af fyrri ræðumönnum, t.d. þeim sem hér talaði í kringum kvöldmatarleytið, að æskilegt væri að hæstv. ráðherrar og formenn stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., væru viðstaddir þessa umræðu. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að þessir hv. þm., hæstv. ráðherrar, ættu að sjá sóma sinn í að vera hérna óumbeðið eins og aðstæður eru við þessa fjárlagaumræðu. Auðvitað ættu fagráðherrar að hafa það sem reglu að vera við 2. umr. fjárlaga hið minnsta þegar hin efnislega umræða um einstaka málaflokka fer fram og útgjöld eru, ef allt er með felldu, ákvörðuð til þeirra ráðuneyta.

Og það er auðvitað, herra forseti, umhugsunarefni fyrir okkur öll hvernig sambúð Alþingis og ríkisstjórnar er orðin, og sést m.a. í þessu og á framkomunni við fjárln. hverjir telja sig hafa völdin hér í landinu og hverjir telja sig þurfa að vera upp á Alþingi komnir.

Ef ég heyrði rétt svaraði hæstv. forseti, sá sem þá var á stóli, hv. þm. Gísla Einarssyni þannig hér fyrr í kvöld að hann sæi ekki ástæðu til að kveðja hæstv. forsrh. til fundar og upplýsti síðan að hæstv. forsrh. væri á förum til útlanda og hann mundi ekki fara að standa fyrir því að kveðja hann hingað í þingsal. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér blöskrar þetta. Mér blöskrar að borið sé á borð fyrir okkur að af því að hæstv. forsrh. kunni að vera að fara til útlanda á morgun eða hinn daginn sé hann bara heima að pakka og megi ekki vera að því að koma hingað í þingið og sinna þingskyldum sínum eins og aðrir. Ég segi bara alveg eins og er að þessum mönnum er ekki vandara um en okkur hinum að hafa sig í það að vera hér í sinni vinnu. Það er ansi langt gengið, herra forseti, ef menn neita óskum um að ráðherrar komi hingað og séu viðstaddir umræður um fjárlög. Þá er skörin farin að færast upp í bekkinn.

Og ég spyr, herra forseti: Mega þessir menn vera að því að stjórna landinu, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.? Ja, þeir sjást ekki mikið hér. Og ég tek það ekki gilt að mennirnir

geti ekki vaknað í fyrramálið og farið til útlanda ef það er það sem fyrir þeim liggur og verið hér samt á kvöldfundi. Ég mótmæli því, herra forseti, að þessir hv. þm. og hæstv. ráðherrar skuli ekki sjá sóma sinn í að vera hér.

Einhvern tímann hefði verið beðið um hæstv. ráðherra af minna tilefni en því að þeir eru margsaga í viðtölum við fjölmiðla nú um helgina og í dag um stöðu fjárlagavinnunnar, hvað sé í vændum varðandi niðurskurð á ríkisútgjöldum og annað í þeim dúr. Þannig segir til að mynda hæstv. forsrh. í viðtali við Morgunblaðið, og ekki lýgur Morgunblaðið eða hvað? Allra síst skulum ekki reikna með að Morgunblaðið ljúgi upp á formann Sjálfstfl. En þar er, með leyfi forseta, haft eftir hæstv. forsrh.:

„Davíð Oddsson forsætisráðherra sagði í ljósvakamiðlunum í gær að fjárlögin yrðu skorin niður um 3–4 milljarða við lokaafgreiðslu þeirra og niðurskurðurinn næði til allra ráðuneyta." — Punktur. Engir fyrirvarar. Þetta er svona, segir forsætisráðherra.

Hvað segir hæstv. utanrrh. í næstu setningu?

„Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, segir að starfshópurinn hafi skilað ákveðnum tillögum sem verði ræddar á næstu dögum. Ekkert sé enn frágengið og þingmenn hafi ólíkar hugmyndir um hvar bera skuli niður í niðurskurðinum."

Er mikill samhljómur í þessu? Hvað segir hæstv. fjmrh.? Er búið að afmunstra hann? Kemur honum þetta ekki við? Ja, það mætti halda það. Ég hef ekki heyrt tíst í hæstv. fjmrh. um þessi mál og á þó að heita svo að málaflokkurinn heyri undir hann, fjárlög ríkisins og fjárlagagerðin af hálfu ríkisstjórnar. Hann hefur líklega ekki komist í sjónvarpið um helgina, ekki komist í útvarp, þannig að hann hefur ekki getað flutt þjóðinni boðskapinn um hvað í vændum sé því það er ekki til siðs að tilkynna slíkt hér á þingi. Nei, það skal gert í gegnum fjölmiðlana og helst áður en þingmenn hafa hugmynd um hvað er að gerast.

Svo kemur hv. formaður fjárln. og sperrir sig í ræðustólnum í dag og talar drýgindalega um hið veigamikla hlutverk fjárln. en sat við útvarpið eða framan við sjónvarpið eins og þægur stubbur um helgina og tók við tilkynningunum frá ráðherrunum. Þannig er þetta, herra forseti, og þarf ekkert að vera að mylja það neitt með sér. Þetta er svona.

Það koma tilskipanir frá forsrh. og það er bersýnilegt af þessum textum að meira að segja formaður hins stjórnarflokksins vissi ekki hvað var í vændum. Það þarf ekki mikla reynslu af þátttöku í stjórnmálum til að sjá að formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., er hér á kurteislegan hátt að segja að forsrh. hafi ekki haft neitt umboð til þess að tala í framsöguhætti eins og hann gerði í sjónvarpsþáttum um helgina. Það er allt óákveðið. Það er verið að byrja að ræða tillögur, segir hæstv. utanrrh., og menn eru sammála sumu og ósammála öðru. Er þá ekki útkoman ófyrirséð? Jú, auðvitað. Verða þetta þá endilega þrír eða fjórir milljarðar? Hver veit? Og hvar koma þeir niður? Hjá öllum ráðuneytum eins og forsrh. segir? Hver veit það?

Hvorum á að trúa? Á ég að vitna betur í hæstv. utanrrh.? Hvar er hæstv. utanrrh. — er hann kannski farinn úr landi líka? Ætlar hann að fara svona sem skírari á undan forsrh. úr landi? Þeir eru stundum erlendis samtímis. Ég spyr aftur: Mega þessir menn vera að því að stjórna landinu, herra forseti? Þeir mega alla vega ekki vera að því að sinna skyldum sínum í þinginu. Er ekki hægt að senda menn heim og hjálpa forsrh. að pakka þannig að hann verði fljótari að því og komist hingað niður eftir. Það væri hægt að troða ofan í eins og eina tösku handa honum ef það er vandamálið hér í kvöld.

Hæstv. utanrrh. segir áfram í Morgunblaðinu:

„Þetta er allt enn á umræðustigi og við erum enn að velta á milli okkur hugmyndum. Sumt finnst okkur koma til greina en ekki annað."

Hver segir þetta? Það er hæstv. utanrrh., formaður annars stjórnarflokksins sem talar þannig að það er algjörleg bersýnilegt að af hans hálfu, að hans mati, mati annars stjórnarflokksins er þetta algjörlega óútkljáð, óákveðið. Er boðlegt, herra forseti, að láta svo 2. umr. fjárlaga fara fram við þessar aðstæður? Ég segi nei.

Enn má vitna í þessa kostulegu texta sem Morgunblaðið hefur eftir utanrrh. og innan gæsalappa:

„Þetta hefur borið nokkuð brátt að ...", segir hæstv. (Forseti hringir.) utanrrh.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. á að biðja leyfis forseta í hvert ...)

Það var margbúið að biðja um leyfi, herra forseti. Áður en (Forseti hringir.) að þessi forseti kom í forsetastólinn var ég búinn að biðja um leyfi forseta til að vitna í þessa texta úr Morgunblaðsinu.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil áminna hv. þm. um að hlíta þingsköpum og honum ber í hvert skipti sem hann vitnar til prentaðs máls að óska eftir leyfi forseta.)

Herra forseti. Ég held að það væri hyggilegt fyrir forseta að kynna sér hvað farið hefur fram í forsetastóli og í þingsalnum áður en forseti kom þangað. Ef það er svo að það þurfi að biðja um leyfi til þess að lesa í eina tiltekna prentaða heimild í hvert einasta skipti þá eru það nýjar þingvenjur. Ég hélt að venjan væri sú að þegar maður hefði með leyfi forseta hafið að vitna í tiltekið prentað mál þá gæti maður gert það og skotið inn í setningum. En ef hæstv. forseti vill hafa þetta svona í kvöld þá skal ég verða við því.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil segja við hv. þm. að hann á að hlíta þingsköpum. Það er afdráttarlaust í þingsköpum að í hvert skipti sem vitnað er í prentað mál ber að biðja forseta leyfis. (**SJS:** Já, herra forseti.) Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við þingsköp svo að óþarfi sé að veita honum oftar áminningu.)

Hefur forseti lokið máli sínu?

Herra forseti. Það er ekki í fyrsta skipti nú að sá sem hér talar verður fyrir því að sá virðulegi forseti sem nú situr á forsetastóli leggur sig fram um að hjálpa mér að fá að flytja mál mitt í samfellu án þess að ég sé mikið truflaður. Það er ekki í fyrsta skipti og eftir því er auðvitað tekið. Ég mun að sjálfsögðu reyna að halda mig við þingsköpin í allra þrengstu merkingu þeirra og eins og hæstv. forseta þóknast að túlka þau í kvöld. Ef það er verulega frábrugðið því sem venja er þá bið ég um leiðbeiningar þannig að ég geti orðið við óskum forseta um að viðhafa þá aðferð sem hæstv. forseta býður í skap hverju sinni.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þm. á að í 58. gr. þingskapa stendur:

„Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál."

Ég vil biðja hv. þm. án útúrsnúninga að halda sig við þingsköp.)

Herra forseti. Ég hafði sem sagt beðið þann forseta sem var á stóli, áður en núv. hæstv. forseti kom þangað, leyfis um að vitna í þetta prentaða mál í Morgunblaðinu, tvívegis ef ég man rétt. Að sjálfsögðu voru ekki gerðar athugasemdir við það þannig að öllum sem á mál mitt hlýddu hér í salnum var ljóst að ég var ítrekað að vitna í þessa texta úr frétt

í Morgunblaðinu í dag. En ég skal gera það áfram ef ég má, með leyfi virðulegs forseta, Halldórs Blöndals, 1. þm. Norðurl. e., með mikla þingreynslu, vitna í Morgunblaðið í dag. Vill forseti gera mér ljóst hvort þetta sé leyft.

(Forseti (HBl)**:** Hv. þm. ber hverju sinni að óska leyfis forseta sem vitnað er í prentað mál.)

Já, ég held að það sé vissara að fá líka staðfest að leyfið sé veitt eins og liggur á forseta í kvöld.

Með leyfi forseta, segir hæstv. utanrrh. áfram:

„Þetta hefur borið nokkuð brátt að ...“

Hingað var ég kominn, herra forseti, þegar forseti truflaði *mig áðan og í það hafa farið einar fimm mínútur.*

„Þetta hefur borið nokkuð brátt að og við fengum þessar hugmyndir um helgina.“

Þetta segir hæstv. utanrrh. í viðtali við Morgunblaðið í dag sem ég hef nú vitnað í, með leyfi forseta.

Og hvað er verið að segja þarna? Hæstv. utanrrh. er að segja að hugmyndir um 3–4 milljarða niðurskurð á fjárlögum hafi komið upp um helgina. Þeir hafi bara fengið þessa flugu í höfuðið, því hafi bara slegið inn. Það er verst að vita ekki hvort þetta var á laugardagskvöldið eða fyrri part sunnudagsins sem þeir fengu þessa snjöllu hugmynd, að fara í niðurskurð á fjárlögunum upp á 3–4 milljarða króna.

Þetta er auðvitað þannig, herra forseti, að allar kringumstæður þessa máls eru stórkostlegar, ótrúlegar. Svo er verið að reyna að segja okkur að þetta sé allt saman mjög yfirvegað, útreiknað og pælt — ha! En er það ekki svolítið svona merkilegt að þeim skyldi bara allt í einu detta í hug um helgina að fara í að skera niður fjárlögin um 3–4 milljarða? Ja, það er a.m.k. alveg á hreinu að hæstv. utanrrh. var ekki með það í kortunum fyrr en þarna var komið að þetta gæti verið sniðugt. Og reyndar er hæstv. utanrrh. svo hreinskilinn að viðurkenna að það hefði nú kannski verið betra að vera búinn að þessu áður en 2. umr. fjárlagafrv. færi fram, en það sé sennilega betra að hafa hana á tilskildum tíma og láta sig hafa það að sullast í gegnum hana með aðstæður allar eins og raun ber vitni.

Efnahagsaðstæðurnar, herra forseti, í kringum afgreiðslu þessa fjárlagafrv. eru náttúrlega þannig, eins og margoft og rækilega hefur verið lýst og þegar í haust var farið að blasa við og hefur reyndar verið fyrirsjáanlegt um eins til tveggja ára skeið, að það gat aðeins verið tímaspursmál hvenær efnahagsástandið á Íslandi hlaut að snarversna. Ég held að öllum hugsandi mönnum sé ljóst að ekki gat haldið áfram sem horfði. Í raun og veru er nokkurn veginn öruggt mál að því fyrr sem menn hefðu séð að sér og farið að takast á við þessa erfiðu glímu, sem það verður að ná aftur tökum á efnahagsstjórn og hagstjórn í landinu, þeim mun auðveldara hefði það orðið.

Það munar um hvert árið, herra forseti, sem keyrt er áfram í 8–10% viðskiptahalla miðað við landsframleiðslu. Það munar um hverja 50–80 milljarðana í erlendum skuldum sem bætast *við á ári með slíku áframhaldi. En á þetta var* auðvitað ekki hlustað. Þess vegna er svo komið að uppsafnaður viðskiptahalli á sl. fjórum árum, að viðbættu því sem nú er spáð að verði á næsta ári, því sem þetta fjárlagafrv. tekur til, verður um 250 milljarðar kr. Það verða fjárlögin eða þar um bil svona í grófum dráttum, ein íslensk fjárlög sem orðin eru uppsafnaður viðskiptahalli á þessu fimm ára *tímabili. (Gripið fram í.)* Það tekur nú í að hafa slegið fyrir fjárlögunum erlendis á eins og fimm árum.

Við fórum yfir meiri og kannski enn þá afdrifaríkari vatnaskil síðasta sumar þegar hrein erlend skuldastaða þjóðarbúsins í heild fór yfir 100%, fram úr þessum 740–750 milljörðum kr. sem landsframleiðslan verður á þessu ári og stefnir í 112–115% eða a.m.k. vel yfir 110% í lok þessa árs.

Hagsveiflan, herra forseti, hefur sem sagt snúist við. Þá gerist það sem hefur verið fyrirsjáanlegt og er vel þekkt og hæstv. fjmrh. ætti að vita manna best um núna, að tekjur ríkissjóðs dragast hratt saman en útgjöldin halda áfram að aukast. Það er nákvæmlega það sem er að gerast núna, það sem gerðist þegar við gerðum upp ríkisreikning síðasta árs og á eftir að koma enn betur í ljós þegar öll kurl koma til grafar frá yfirstandandi ári, að tekjur ríkissjóðs eru á hraðri niðurleið og nú er tekjuhliðin ofmetin en gjaldahliðin vex. Nú verður ekki eins gaman að vera fjmrh., nú verður það ekki eins létt.

Og ég spái því, herra forseti, að þegar þetta fjárlagafrv. verður gert upp verði því lokað eitthvað nálægt þeim nótum sem nú er verið að tala um, með sýndarmennskuafgangi upp á nokkra milljarða króna, eftir rúmt ár mun það reynast í verulegum mínus. Það er næstum því alveg borðleggjandi eins og hagsveiflan teiknar til allra hluta nú um stundir.

Það versta, herra forseti, við þetta er auðvitað að þessi kreppa, þessi vandi, er að því leyti öðruvísi en erfiðleikatímabil á umliðnum árum, ef við tökum tvö, þrjú síðustu *erfiðleikatímabil, að hún er að langmestu leyti heimatilbúin.* Þetta er ekki sambærilegt við erfiðleikaárin 1968 þegar síldin hvarf. Hún er ekki horfin. Þvert á móti er verið að veiða heldur meira af síld. Það gengur að vísu illa á vertíðinni þessar vikurnar út af brælu og ógæftum og dyntóttri síld en stofninn er til staðar.

Þetta er ekki eins og þegar olíuverðsprengingin mikla setti hér allt úr skorðum 1974. Þetta er ekki eins og þegar Íslendingar urðu að hætta loðnuveiðum í heilt ár 1982. Þetta er ekki eins og þegar við þurftum að skera þorskkvótann harkalega niður í kringum 1990, ár eftir ár. Nei, ekkert af þessu er til staðar núna.

Viðskiptakjörin eru tiltölulega góð. Það er ekki framleiðslubrestur eða óáran af því tagi sem setur hér hlutina úr skorðum. Þetta er heimatilbúinn efnahagsvandi, óstjórn í efnahagsmálum.

Hér er viðtal í ágætu tíðindabréfi, Félagstíðindum Starfsmannafélags ríkisstofnana, við Má Guðmundsson, aðalhagfræðing Seðlabanka Íslands. Það er afar athyglisvert viðtal og ég hvet þá sem ekki eru reglulegir lesendur þessara tíðinda að lesa a.m.k. þetta ágæta viðtal. Þar er ekkert dregið undan með það að efnahagsvandinn er heimatilbúinn.

„Vandinn er heimatilbúinn,“ segir þar, með leyfi forseti, ef ég má nú fara að vitna í prentað mál.

„Vandamálið er heimatilbúið. Útflutningur hefur ekki dregist saman heldur aukist ef eitthvað er. Ef litið er á ytri skilyrði þjóðarbúsins þá er ekkert sem bendir til annars en að við eigum að geta náð tökum á ástandinu. Álverð hefur að vísu lækkað að undanförnu, en hins vegar er olíuverð í lágmarki, fiskverð mjög hátt og sjávarútvegurinn stendur ágætlega.“

Síðan er það rakið hvernig verstu samdráttarárin hafi yfirleitt ævinlega tengst einhverjum innri eða ytri áföllum af því tagi að það hafi orðið aflabrestur, að viðskiptakjör hafi snöggversnað eða aðrir hlutir af skyldum toga sett efnahagslíf okkar úr skorðum.

Aftur, með leyfi forseta, í sömu prentuðu heimild segir Már Guðmundsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans:

„Þetta er meira eins og eftir langt fyllerí þegar menn verða að taka út timburmennina.“

Ég hef nú verið svo hógvær að kalla þetta veislu en einkennin eru þau sömu. Þetta er auðvitað mergurinn málsins, herra forseti. Þetta blasir við öllum og er alveg sama hvernig okkar góði vinur, hæstv. forsrh., rembist við að reyna að segja okkur að þetta sé einhvern veginn öðruvísi, það gengur ekki. Staðreyndirnar tala bara sínu máli. Það þýðir ekkert að ætla að afgreiða okkur í stjórnarandstöðunni út af borðinu í þessari umræðu með því að segja að þetta sé allt saman svartagallsraus í okkur.

Í hvað er verið að vitna? Hvað hef ég verið að nota hér, herra forseti, þegar ég hef verið að nefna tölur? Þjóðhagsáætlun, lagða fram af forsrh. Þar koma þessar tölur fram og ég þarf væntanlega ekki leyfi núna, herra forseti, af því ég er ekki að vitna í hana beint. Þar koma fram þessar tölur um viðskiptahallann og um hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af landsframleiðslu. Ég get heldur ekki fallist á að það sé svartagallsraus að leyfa sér að vitna í viðtal við aðalhagfræðing Seðlabankans.

Staðreyndirnar eru einfaldlega svona. Þær blasa við okkur. Það er langskynsamlegast og miklu vænlegra til árangurs, til að fá menn til að takast á við þessa hluti að koma niður á jörðina og ræða málin eins og þau eru. Þau eru svona og þau eru grafalvarleg.

Þó ekkert annað kæmi til, herra forseti, heldur en það að við höfum nú um eins árs skeið horft framan í verðbólgu sem á ákveðnum tímabilum, jafnvel nokkra mánuði í senn, hefur mælst í tveggja stafa tölu. Hvað segir það þessari þjóð þegar verðbólgan er orðin 10% eða í nágrenni við það? Ég hef áður sagt að ég tel að það eigi að vera eins og köld sturta yfir okkur öll. Svo alvarlegt er það ef við erum að missa verðbólguna úr böndunum í þeim skilningi að hún er orðin þrefalt, fjórfalt eða fimmfalt meiri en í nágrannalöndunum.

Okkur þótti verðbólgan mikil hér þegar hún var á árabilum kannski 20–30%. En þá var hún þó iðulega ekki nema svona tvöfalt til þrefalt meiri en í nágrannalöndunum. Það var mikið. En þá var verðbólgan mun meiri víðast hvar í nágrannalöndum okkar og helstu viðskiptalöndum líka. Þá dregur auðvitað að sama skapi hratt í sundur ef ástandið er eins og það er núna, að verðbólga er kannski að meðaltali 2–3% á okkar helstu viðskiptasvæðum erlendis en 8–10% hér.

Herra forseti. Ég ætlaði að víkja síðan lítillega að útgjöldum á tveimur málasviðum í þeim þingnefndum sem ég á sæti í, þ.e. í félmn. og utanrmn. Ánægjulegt hefði verið ef hæstv. utanrrh. hefði séð sóma sinn í að vera viðstaddur umræðuna eins og aðrir fagráðherrar og hæstv. félmrh., sem er frár á fæti og gæti sjálfsagt brugðið sér hingað niður eftir ef spurt væri um hann. Það væri alveg sérstaklega ástæða til, herra forseti, að hæstv. utanrrh. sýndi umræðum um ríkisfjármál alúð vegna þess að hann er fá talsverðan skerf til sín, til síns málaflokks. Sennilega hafa fáir ef nokkrir málaflokkar í fjárlögunum aukið svo sinn hlut sem einmitt utanrrn. Það tekur mun stærri sneið af kökunni nú og er í þessu frv. ætlað meira en það hefur áður gert eða gerði a.m.k. fyrir fáeinum árum.

Á sviði félmn. vil ég sérstaklega nefna stöðu sveitarfélaganna. Þegar við höfðum gjaldahlið fjárlagafrv. á sviði félagsmála til umsagnar í félmn. kölluðum við fyrir okkur talsmenn sveitarfélaganna. Ég vil gjarnan inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort farið hafi fram viðræður milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna undanfarna daga eða hvort standi til að svo verði áður en fjárlögunum verður lokað. Mér segir svo hugur um að þar séu ýmis óútkljáð mál, a.m.k. líta sveitarfélögin svo á að óútkljáð séu allmörg mál sem varði ýmis samskipti þessara aðila.

Þannig á t.d. að lækka útgjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en talsmenn sveitarfélaganna telja að umtalsvert fjármagn vanti í Jöfnunarsjóð vegna breytinga á álagningarstofni fasteigna, vegna útvíkkunar á grunni húsaleigubóta með lögum nr. 52/2001, og vegna einsetningar skóla, þar sem sveitarfélögin telja að halli verulega á sig. Ónefnt er þá að nú um þessi áramót á að falla niður 700 millj. kr. sérstök fjárveiting til sveitarfélaganna sem þau hafa fengið í þrjú ár í röð. Vegna hvers? Jú, þau hafa m.a. fengið þá fjárveitingu til þess að hægt væri að koma til móts við illa stödd sveitarfélög sem hafa orðið fyrir mikilli fólksfækkun og þar með tekjuhruni.

Það hefur skipt svo miklu fyrir þessi sveitarfélög að aðlaga sig að þessum annars erfiðu og dapurlegu aðstæðum, að hafa fengið stuðning til þess að mæta tekjufallinu í gegnum þessi sérstöku framlög. Nú á þetta að falla niður. Ég leyfi mér að spyrja: Er þetta kveðja ríkisstjórnarinnar til þeirra sveitarfélaga á landsbyggðinni sem eru að missa frá sér fólk í stórum stíl, t.d. á þessu ári, og hefðu samkvæmt fyrri tilhögun fengið framlög í samræmi við það á næsta ári?

Hinn helmingur þessa framlags hefur farið sem viðbótartekjujöfnunarframlög og þar með runnið til tekjulægstu sveitarfélaganna. Þetta á nú hvort tveggja að falla niður.

Mér er nákvæmlega sama þó menn segi að þetta hafi verið ákveðið til þriggja ára einhvern tíma í fortíðinni. Þörfin og aðstæðurnar eru enn til staðar nákvæmlega eins og verið hefur. Ekki verður það auðveldara fyrir sveitarfélögin úti á landi sem hér eiga í hlut að mæta þessum breytingum eftir því sem áföllin eru langvinnari og fólkinu fækkar ár eftir ár.

Síðan vil ég nefna, herra forseti, hina hörmulegu framvindu hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í húsnæðismálum og í samskiptum við sveitarfélögin hvað þau varðar. Það er alveg yfirgengilegt að þau mál skuli dankast ár eftir ár eins og raun ber vitni. Þetta er klafi á herðum sveitarfélaganna þannig að þau eru mörg hver að brotna undan því og á harðahlaupum að reyna að selja eignir, ýmist frjálst eða þvingað til að bjarga sér frá þroti. Það er ekkert í hendi með almennar ráðstafanir til að taka á þeim vanda sem blasað hefur við allan tímann að þurfti að fara í.

Það er líka ljóst, herra forseti, að ríkið var að losna frá stórfelldum framtíðarskuldbindingum sem ella hefðu fallið á það á komandi árum þegar félagslega húsnæðiskerfinu var lokað. Eða hafa menn farið yfir það og framreiknað það hvað áframhaldandi vaxtaniðurgreiðsla á nýjum lánum í gegnum Byggingarsjóð verkamanna í sama kerfi hefði þýtt inn í framtíðina fyrir ríkið? Frá þessu losaði ríkið sig með breytingum á húsnæðismálum fyrir þremur árum, eða hvað það nú er, en hefur síðan algjörlega svikið að taka á vandanum gagnvart fortíðinni með sveitarfélögunum. Það er meira að segja svo níðingslegt, herra forseti, að þær 50 millj. sem talað var um að að lágmarki færu sem framlag á hverju ári í viðbótarsjóð, afskriftasjóð viðbótarlána, hafa ekki verið greiddar nema í eitt skipti. Það stendur því algjörlega út af að efna þessi fyrirheit nánast að öllu leyti. Þegar spurt er um þetta hér, hvort sem það er í tengslum við hina frægu sölu á Orkubúi

Vestfjarða eða eitthvað annað, þá er málið í nefnd. Og það er búið að vera það svo lengi sem menn muna og í raun og veru allan tímann frá því þetta mál hóf sögu sína.

Sveitarfélögin hafa þarna eins og stundum áður borið skarðan hlut frá borði í samskiptum við ríkisvaldið og mæta engu nema vanefndum í þessum samskiptum, þar sem neytt er aflsmunar eins og venjulega. Hér stjórnar ríkisvaldið í skjóli löggjafarvaldsins og meiri hlutans á Alþingis sem endalaust hlýðir.

Herra forseti. Ég skilaði í utanrmn. séráliti í umsögn til fjárln. Ég gat með engu móti neitað mér um að vekja þar athygli á nokkrum hlutum sem ég reiknaði ekki með að félagar mínir í meiri hlutanum, hvað sem öðrum liði, mundu taka undir með mér. Gott hefði auðvitað verið ef svo hefði verið. Ég held að þar sé einna helst varpað ljósi á hluti sem þar hafa verið að gerast. Ég bendi mönnum á þetta nefndarálit. Það er fylgiskjal með áliti bæði 2. minni hluta fjárln. og eins fylgir það með meirihlutaálitinu.

Herra forseti. Fyrst er um að ræða almenna útgjaldaaukning sem orðið hefur til utanrrh. á undanförnum árum. Ég verð að játa að ég varð nokkuð hugsi þegar ég fór yfir það hversu myndarlega þetta ráðuneyti hefur aukið hlutdeild sína á undanförnum árum.

Og hvernig er það, herra forseti, þarf að biðja um leyfi til að vitna í prentað mál ef það er í þingskjölum?

(**Forseti** (HBl)**:** Já.)

Þá þarf líka að gera það?

(**Forseti** (HBl)**:** Já, já.)

Fyrirfinnst þá nokkurt prentað mál sem ekki þarf að biðja um leyfi fyrir, jafnt þó verið sé að lesa upp úr þingskjölum?

Í þessu áliti minni hluta utanrmn. til fjárln. er komið inn á þetta og þar er m.a. í töflu fjallað um það hvernig útgjöld til utanrrn., sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs, hafa þróast á fimm ára tímabili, þ.e. frá 1998 til og með 2002, ef frv. í aðalatriðum gengur fram. Menn kunna að segja að þetta séu ekki mjög háar tölur, að þetta hafi farið úr 1,76% eða 1,75 eins og það var á árunum 1998 og 1999 í 2,09% af heildarútgjöldum ríkissjóðs, eins og stefnir í samkvæmt frv. En það munar um það, herra forseti, þegar um er að ræða allmarga milljarða eins og þarna eiga í hlut.

Þetta hefur t.d. aukist um rétt tæpan milljarð króna milli ára samkvæmt fjárlagafrv., úr 4.084 millj. sem voru 1,86% af fjárlögum yfirstandandi árs í 5.012 á árinu 2002, sem þá eru orðin 2,09% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þarna kemur náttúrlega ýmislegt inn í eins og menn vita, hin frægu útgjöld til sendiráðs í Japan og t.d. aðild okkar að Schengensamstarfinu sem auðvitað er að koma á daginn að reynist ærið dýru verði keypt. Þess sér víða stað, í rekstrarútgjöldum hjá flugstöðinni í Keflavík og hjá embætti sýslumanns og tollstjóra í Keflavík sem fellur að vísu undir dómsmrn. Þannig er t.d. færður undir dómsmrn. í frv. áætlaður 74 millj. kr. rekstrarkostnaður af Schengen eins og hann er færður þar. Þá er allt hitt eftir sem lýtur að starfseminni á öðrum sviðum, gæslunni sem færist undir lögreglustjóra, tollstjóra, sýslumann o.s.frv.

Herra forseti. Fyrsta atriðið sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni í útgjöldum til utanrrn. er auðvitað hinn margfrægi utanríkisráðherrafundur NATO. Mér finnst nöturlegt að einmitt þessa dagana þegar aðstæður eru eins og raun ber vitni í fjárlagagerðinni sé verið að sturta hér í gegn breytingartillögum, bæði í fjáraukalagafrv., sem afgreitt var í dag til 3. umr., og svo hér í fjárlagafrv. og í breytingartillögum meiri hlutans, þar sem tuga og hundruða millj. kr. útgjöldum er bætt við í þetta gæluverkefni.

Ég velti því aðeins upp, herra forseti, í þessu nefndaráliti, hvernig ákvarðanir um þessi ríkisútgjöld eru teknar. Ég tók eftir því að hv. formaður fjárln. sem vonandi heyrir til mín — vonandi er hann ekki farinn heim að sofa eða á leið til útlanda eins og fleiri frammámenn þjóðfélagsins. (**ÓÖH:** Ég hlýði með athygli á hvert orð.) Mikið er ég nú ánægður að heyra þetta. Ég heyrði að formaður fjárln. sagði hér, og var bara nokkuð rogginn með sig, að það væri mjög til vansa hvernig fjárveitingavaldið stæði stundum frammi fyrir gerðum hlut af hálfu framkvæmdarvaldsins. Mig minnir að hv. formaður fjárln. hafi nefnt verksamninga í þessu sambandi. Hann nefndi að t.d. væru alls konar verksamningar gerðir og ákvarðanir sem ráðherrar væru búnir að taka og Alþingi stæði frammi fyrir gerðum hlut. Hann taldi þetta ekki gott mál, ef ég skildi hv. formann fjárln. rétt. Hann taldi fjárveitingavaldið og ákvarðanavaldið komið út um dal og hól í þessum efnum.

En hvað er þá svona mál þegar hæstv. utanrrh. er einhvers staðar á fundi í útlöndum og býður heim, býður vinum sínum hjá NATO heim? „Komiði strákar, bara til mín í júní á næsta ári. Við skulum bara vera hjá mér næsta vor — ha! Við skulum bara vera hjá mér. Komiði bara til Íslands.“ Svo er komið heim og ekki endilega víst að það fyrsta sem hafi verið gert hafi verið að hringja í formann fjárln. Nei, það skyldi nú vera. Hér dúkka upp mánuðum og missirum seinna víxlar upp á tugi og hundruð milljóna til að greiða reikningana vegna heimboðsins sem boðið var í þarna útlöndum. Svona gerist þetta nú. Það er ósköp einfaldlega svona sem þetta gerist.

Látum nú vera þótt um sé að ræða reglubundið samstarf og eitthvert svona minni háttar útstáelsi sem kostar kannski fáeinar milljónir eins og venjulegar ráðstefnur og fundir. Nei, þessi ósköp kosta fleiri hundruð milljónir króna. Núverandi áætlun er í augnablikinu upp á 350 millj. plús. Og það eru eiginlega allir sannfærðir um að hún muni ekki halda því kostnaðurinn stefnir svo hratt upp á við að menn mega varla blikka auga, þá eru komnar tíu milljónir í viðbót. Á nokkurra daga tímabili hækkuðu þær áætlanir sem utanrmn. fékk í sinn hlut um tugi milljóna króna. Nú er maður dauðhræddur við að vita hvað kemur á fundinum í hádeginu á morgun því þá koma þeir einu sinni enn frá utanrrn. og ræða við utanrmn. Það skyldi nú ekki vera að þar hafi orðið hækkun síðan við hittum þá síðast. Eins gott að fara að hætta þessum fundum.

Herra forseti. Verið var að afgreiða í fjáraukalagafrv. í dag að setja þarf 30 millj. kr. inn á fjáraukalög handa utanrrn. til að undirbúa fundinn á þessu ári þótt hann verði ekki fyrr en í júní á næsta ári. Og maður veltir því vissulega fyrir sér hvort einhverjir séu kannski ekki að smyrja svolítið á sneiðina. Getur verið að það komi sér svona vel í almennu samhengi fyrir þá að fá þessar 30 millj.? Og er nú alveg víst að allt saman fari nákvæmlega í þetta? En látum það nú vera. 30 millj. þar til utanrrn. í fjáraukalagafrv. Í skýringum í fjárlagafrv. eins og það var lagt fram 1. október stendur að af 181 millj. og 400 þús. kr. sem eru áætlaðar í ráðstefnur hjá utanrrn. á næsta ári séu 170 millj. ætlaðar í utanríkisráðherrafund NATO. Þá erum við komin í 200. Og hvað er í brtt. meiri hluta fjárln., hins aðhaldssama, svona til að hita upp fyrir niðurskurðinn upp á 3–4 milljarða? Það er 60 millj. kr. hækkun í viðbót.

Þá erum við komin í 260 millj. handa utanrrn. einu. Mikil óvissa að þetta dugi. Þá á eftir að reikna allan kostnaðinn sem færist á aðra aðila og embætti í undirstofnunum og þar á meðal einar 60–80 millj., að lágmarki, sem talið er að dómsmrn. þurfi að fá sérstaklega vegna öryggisgæslunnar. Því viti menn — það kom ekki upp fyrr en í umfjöllun um þetta í utanrmn. að talan sem menn höfðu hent á milli sín dagana þar á undan um kostnað var fyrir utan öryggisgæsluna. Og þá brá mönnum í brún því menn höfðu verið að reyna að gefa sér sem skýringu á þessum ósköpum að þessi rosalegi kostnaður utanrrn. væri vegna þess að það yrði svo dýrt að passa upp á höfðingjana og gæta öryggis þeirra. En nei, ónei, það var allt þar fyrir utan. Það átti eftir að gera ráð fyrir því og það virtist hafa verið misskilningur í gangi milli ráðuneyta um hver ætti að borga þann reikning. En það var sorterað út og niðurstaðan var þessi: Þetta er kostnaður utanrrn. fyrir utan öryggisgæsluna. Fyrir utan allar byssurnar sem á að kaupa, leigja, eða lána eða hvernig sem það nú allt verður og allt hitt dótið. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, mér finnst að menn eigi að sjá að sér og hætta við þessa vitleysu.

Er ekki bara hægt að segja eins og er að mönnum þyki þetta ansi dýrt? Og ekki bætir ástand í heiminum úr. Er ekki hægt að láta þessa höfðingja funda einhvers staðar í herstöð eða einhvers staðar annars staðar? Ég spyr nú bara að því. Þarf að vera að taka þessi ósköp inn í eitt land, setja þar allt á hvolf og kosta til þess hundruðum milljóna með þessum hætti? Geta þeir ekki fundað á flugmóðurskipi eða þar sem þeir telja sig sæmilega örugga og þar sem ekki þarf að leggja í þennan ógurlega kostnað, herra forseti?

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég nefna aðeins málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem falla líka undir utanrrh. Og enn sakna ég þess að hæstv. utanrrh. skuli ekki frekar en aðrir ráðherrar sjá sóma sinn í að vera viðstaddur umræðuna. Hefði þó verið fróðlegt að heyra hæstv. utanrrh. fara yfir það hvað hefur breyst síðan stofnað var hlutafélag um reksturinn í Keflavík og haldnar hátíðir í tilefni þess og allt átti að komast á nýjan og betri grunn, sérstaklega af því að þessir töfrastafir hf. bættust aftan við nafnið á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Og sjá menn ekki muninn — sérstaklega hv. þm. Pétur Blöndal — hvað þetta breytir rosalega miklu? (**PHB:** Best að selja það.) Það breytir rosalega miklu að fá þá stafi, hf.

En hver hefur reyndin orðið? Hvernig hefur þetta gengið síðan? Jú, það er þannig að þarna er allt í skötulíki. (**PHB:** Það er hægt að selja það.) Hér eru upplýsingar um það sem ég dró út úr utanrrn., m.a. með því að fá uppgjör, ársreikning félagsins Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. fyrir fyrsta hálfa árið sem það var í rekstri. Og hvað kemur þá í ljós, herra forseti? Það kemur í ljós að skuldirnar, langtímaskuldirnar, eru rétt tæpir sex milljarðar. Þær eru örugglega komnar yfir það núna vegna þess að þetta var miðað við gengið fyrir nokkrum vikum. Sex milljarðar króna. Sex þúsund milljónir. Er það ekki ansi mikið á einni svona byggingu þó að hún sé nokkuð stór? Og við svo kúnstugan arkitektúr hefur ekki reynst mjög ódýrt að eiga, t.d. að byggja við? Þar til viðbótar eru lausaskuldir upp á allmörg hundruð milljóna, einar 460 millj. í lausaskuldir og lífeyrisskuldbindingar ef við tökum þær nú með, og þá eru skuldirnar komnar líklega á áttunda milljarð.

Rekstrartekjurnar jukust hins vegar nánast ekkert milli ára. Og hvað varð þá um allar fínu áætlanirnar sem okkur voru sýndar í tengslum við hlutafélagavæðinguna, að með breyttum áherslum í rekstri, auknum leigutekjum og alls konar hagræðingu ætti þetta allt saman að blómstra? Nei, niðurstaðan varð sú að rekstrartekjurnar jukust á þessu tímabili, þ.e. fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 2000 miðað við sama tíma í ár, úr 1.880 millj. rúmum í rúmar 1.930. Það var allt og sumt þannig að áform um einhvern stórkostlegan tekjuauka fóru út í veður og vind.

Hvernig var svo afkoman? Jú, hún var rekstrartap upp á litlar 580 millj. kr. og hafði þó verið tekjufærður skattafrádráttur upp á rúmar 220 millj. Nú ætlar hæstv. fjmrh. að lækka tekjuskatt og þá verða þeir hjá flugstöðinni að fara að reikna þetta allt til baka því þetta er auðvitað miðað við núverandi tekjuskattsprósentu og er sýnd veiði en ekki gefin í öllu falli, því það teiknar ekki til þannig hagnaðar af Flugstöð Leifs Eiríkssonar á allra næstu árum að það hafi mikla merkingu að tekjufæra þennan tapfrádrátt sem e.t.v. mætti einhvern tímann inni í framtíðinni minnka. Og mörg fyrirtæki láta það vera að gera það í ársreikningum sínum en ekki Flugstöð Leifs Eiríkssonar enda má hún illa við því, því að rekstrartapið fyrir skatta er sem sagt yfir 800 millj. kr. á fyrri helmingi ársins.

Auðvitað er þarna gengisniðurfærslan stór hluti, það er alveg ljóst, fjármagnsliðir eru neikvæðir upp á rúmlega 1.100 milljónir. En það er alveg sama þótt tekið sé tillit til þess, þetta er samt afar bágborin afkoma. Og hver hefur niðurstaðan af þessu orðið? Hún er sú að öll áform um að þetta fyrirtæki stæði sjálft undir endurfjármögnun skulda sinna og afborgunum eru runnin út í sandinn. Nú er komið og beðið um sérstaka ríkisábyrgð vegna afborgunarinnar sem gjaldfellur í desember. Menn eru hættir við endurfjármögnun lána og er talað um að fá sérstaka ríkisábyrgð fyrir þeim þegar þau verða á gjalddaga hverju sinni. Svona er þetta, herra forseti.

Ég læt það eftir mér að taka í þetta nokkrar mínútur vegna þess að ekki vantaði derringinn í menn þegar verið var að boða fyrirmyndarríkið í formi hlutafélagavæðingar og þeirra áherslubreytinga sem þarna átti að gera. Þá reyndu sumir að mæla varnaðarorð. Ég taldi t.d. áform um stórauknar tekjur algjörlega óraunhæfar eftir að hafa aðeins kynnt mér afkomu leigutakanna í flugstöðinni og fleiri þætti. Ég tel að það sé að koma á daginn að þarna fegruðu menn allar forsendur og byggðu slík áform og plön meira og minna á sandi. Hvaða tilgangi þjónar það? Hverjum eru menn að gera greiða með því?

Þá er það enn eftir, herra forseti, sem ég gagnrýni að engar upplýsingar fengust um það hvernig menn ætla að taka þarna á málum þegar augljóst er að það stefnir í mikinn vanda. Það hlýtur að vera þannig þegar við tökum mið af verulegum samdrætti í umferð og þeim miklu rekstrarerfiðleikum sem margir og þar á meðal mjög mikilvægir leigutakar í flugstöðinni standa núna frammi fyrir. Eða hafa menn t.d. ekki heyrt fréttir af afkomu Íslensks markaðar, hvernig hún hefur hefur verið sl. tvö, þrjú ár? Og hvernig staða þess fyrirtækis er sem eins stærsta leigutakans í byggingunni fyrir utan opinbera aðila? Við rukkuðum um upplýsingar um þetta í utanrrmn. en fengum engar.

Þar með leyfi ég mér að segja, herra forseti, að skil séu alls ekki fyrir hendi í þessu máli sem ættu auðvitað að vera þegar menn eru að fjalla um þetta við afgreiðslu fjárlaga. Það er auðvitað alveg ljóst að það er enginn annar en ríkið sem á bak við þetta stendur samanber það að fyrirtækið

kemur til mömmu gömlu, ríkisins, og biður um ríkisábyrgðir þegar það er komið í vandræði með afborganirnar og þær eru komnar á gjalddaga.

Að síðustu, herra forseti, ætla ég að nefna aðeins þróunarsamvinnuna af þeim málum sem heyra undir utanrrn. Ég lét taka saman hvernig það hlutfall væri að þróast sem hlutfall af landsframleiðslu. Því hafði verið heitið á árinu 1997, ef ég man rétt, að nú skyldi þetta aukið í áföngum á komandi árum. Það leit út fyrir að vera svo og maður gladdist að sjálfsögðu yfir því þótt í litlu væri sem gamall baráttumaður fyrir því að hífa þetta hlutfall eitthvað upp, manni þótti gott að verið væri að stefna í þá átt. En af ýmsum ástæðum fannst mér rétt að láta líta á hvernig þetta hlutfall væri í reynd að þróast. Þetta er sá mælikvarði, og sá mælikvarði einn, sem er marktækur í þeim efnum, þ.e. hvernig við stöndum okkur gagnvart þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við höfum undirgengist sem eitt af hinum þróuðu ríkjum Sameinuðu þjóðanna, að reyna að verja um 0,7% af landsframleiðslu til þróunarsamvinnu og hvetja til þess að aðrir óopinberir aðilar, hjálparsamtök og aðrir, leggi þar 0,3% á móti og þannig náist 1% markið sem hin Norðurlöndin hafa flestöll uppfyllt og sum rúmlega það.

En því miður, herra forseti, kemur sú dapurlega niðurstaða að í reynd hefur þetta hlutfall nánast staðið í stað, og gerir á næsta ári miðað við það sem var t.d. fyrir þrem eða fimm árum. Og það er vegna þess að landsframleiðslan hefur á tímabilinu aukist að vísu, en sem hlutfall hefur þetta nánast staðið í stað. Þannig var það t.d. 0,1% af landsframleiðslu bæði árin 1995 og 1997, en verður á þessu ári og hinu næsta 0,1–0,2%. Það eru sem sagt aðeins 0,02% af landsframleiðslu sem þarna hafa þokast upp á þessum fjórum, sex árum ef við tökum það tímabil.

Þetta eru mikil vonbrigði, herra forseti, því satt best að segja hafði ég, eins og sjálfsagt flestir aðrir, trúað því að þetta hlutfall væri raunverulega á uppleið og við værum að ráðstafa, með þeim hækkunum sem ákveðnar voru 1997, vaxandi hlutfalli af landsframleiðslu okkar í þetta verkefni en svo er ekki. Við erum hins vegar ólöt að minna á það þegar það hentar að Íslendingar séu fjórða, fimmta ríkasta þjóð heimsins og það segir náttúrlega sína sögu að samt sem áður skulum við vera einna aftast á merinni allra OECD-ríkja, ef ekki í botnsætinu sem ég reyndar óttast nú að sé, með framlög á þessu sviði. Við leggjum þarna minna af mörkum en ríki þar sem þjóðartekjur á mann eru langtum minni en þær eru hér.

Herra forseti. Það hefði verið gaman að nefna síðan aðeins samgöngumálin ef hæstv. samgrh. hefði verið í salnum. Því miður var það svo, og er, að í fjárlagafrv. er boðaður næstum 1.500 millj. kr. niðurskurður til vegamála borið saman við það sem vegáætlun gerði ráð fyrir. Menn hafa reynt að útskýra það þannig og afsaka sig með því að þetta geti orðið að mestu leyti einhvers konar frestun framkvæmda innan ársins og annað í þeim dúr. En nú óttast maður, og heyrist að jafnvel sé verið að tala um enn fekari niðurskurð, eða hugmyndir séu uppi um slíkt. Þá fer það að taka dálítið í óttast ég, miðað við vegáætlun, ef bæta á einhverju í nýja pakkanum við þær næstum 1.500 millj. sem samkvæmt greinargerð fjárlagafrv. eru þegar til staðar í frv. miðað við vegáætlun. Og væri fróðlegt að heyra um það ef eitthvað væri af því að frétta.

Þá væri nú nærtækt líka, herra forseti, að nefna byggðamálin og þá grafalvarlegu stöðu sem þar er uppi. Ekki mun það leggjast með mönnum í erfiðri varnarbaráttu í hinum dreifðu byggðum ef enn á að höggva í þann knérunn.

Að lokum, herra forseti, það er erfitt að spá og einkum um framtíðina. Ég ætla svo sem ekki að halda því fram að ég sé spámannlegar vaxinn en t.d. hæstv. forsrh., sem er út af fyrir sig prýðilega vaxinn til að spá fyrir um óorðna tíð. En ég get ekki deilt bjartsýninni með hæstv. forsrh. á að efnahagsástandið muni snarlagast og gengi krónunnar styrkjast að miklum mun strax á fyrstu mánuðum næsta árs. Ég sé ekki hinar efnislegu innstæður fyrir slíkum spádómi. Ég get ekki dregið þann lærdóm af sögunni.

Þegar maður skoðar hvernig okkur hefur tekist, eftir því sem það hefur tekist, að vinna okkur út úr erfiðum aðstæðum í efnahagsmálum held ég að eitt sé nokkuð sammerkt með þeim tímabilum sem tekið hafa við í kjölfar samdráttar og óróleika, hvort sem við tökum tímabilið 1987–1988, 1973–1974 eða núna nær okkur í tíma, að það hefur aldrei gerst öðruvísi en að við þyrftum að vinna okkur hægt og bítandi út úr erfiðleikunum. Það hefur oftast nær tekið einhver ár að koma skútunni á rétta siglingu. Er eitthvað sem bendir sérstaklega til að þetta verði öðruvísi núna? Ég sé það ekki.

Ég vona auðvitað, eins og við öll, að okkur vegni vel í þessu. Það er mikið í húfi, að við náum tökum á þeim óróleika sem nú er auðvitað allt um kring. Það væri ekki nýtt þó að það tæki hálft til eitt ár þannig að ef vel gengur og maður reynir að vera bjartsýnn á forsendurnar mundi maður vilja trúa að með haustinu árið 2002 gætu málin farið að róast. Þá tæki við, ef vel gengi aftur, tveggja, þriggja ára tímabil þar sem við færum vonandi að lyfta okkur hægt og bítandi upp úr öldudalnum. Þannig sýnist mér miklu líklegra að þetta gæti orðið ef vel tækist til.

Ég held að óraunsæ bjartsýni og spádómar út í loftið, um að þetta muni allt saman lagast af sjálfu sér innan nokkurra mánaða, séu ekki til þess fallnir að fá menn til að trúa því að þeir sem sitja við stjórnvölinn hafi sérstaklega góð tök á hlutunum. Það er heldur ekki trúverðugt þegar landsfeðurnir eru út og suður í ummælum sínum um efnahagsmál og ríkisfjármál og fjárlög eins og þeir hafa verið undanfarna daga. Ég þykist hafa sýnt fram á það með dæmum, m.a. úr prentuðu máli, sem ég hef fengið góðfúslegt leyfi forseta til að vitna í af og til í kvöld.

[23:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt í máli hv. þm. sem væri tilefni til að gera að umtalsefni. Ég vil víkja að einu atriði sem þingmaðurinn fjallaði nokkuð mikið um, þ.e. umsvifum utanrrn. sem hann dró upp mikla mynd af.

Ég vil af því tilefni vekja athygli þingmannsins á því að eitt af því sem skiptir hvað mestu máli um framtíðarhorfur í þjóðfélagi eins og á Íslandi eru utanríkisviðskipti. Þau eru að verða æ stærri þáttur í því að viðhalda hagvexti og batnandi lífskjörum til framtíðar litið, að mönnum takist vel til á því sviði. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ráðuneytið sem fer með þann málaflokk hljóti að auka umsvif sín. Við þurfum að hafa sendiráð í fleiri fjölmennum löndum en við höfum haft á undanförnum áratugum til þess að opna braut fyrir íslensk fyrirtæki til að selja vöru sína og þjónustu. Með því móti treystum við undirstöður lífskjara hér á landi. Það er nauðsynlegt fyrir þjóð eins og okkar sem telst mjög háð útflutningi og þegar til þess er litið að hlutfall útflutnings af þjóðarframleiðslu er ekki nema 35% hér á landi og mætti vera miklu hærra, sérstaklega þegar litið er til þess að í

ýmsum öðrum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við, er þetta hlutfall enn hærra.

Ég held að við þurfum að gera meira átak á næstu árum en við höfum gert til að styrkja okkur að þessu leyti. Ég vil vekja athygli á því að ég tel að þau sjónarmið sem hv. þm. talaði fyrir séu að sumu leyti byggð á úreltum viðhorfum til utanrrn. og eigi ekki við lengur.

[23:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það virðingarvert hjá hv. 3. þm. Vestf. að koma til varnar sínum arfakóngi og herra, hæstv. utanrrh., eins og góðum liðsmönnum sæmir. Honum tókst það út af fyrir sig ágætlega því það er alveg rétt sem hv. þm. segir, auðvitað eru utanríkisviðskiptahagsmunir okkar mikilvægir og við þurfum að gæta þeirra enda er það sérstaklega tekið fram í áliti minni hluta utanrmn. Þar segir m.a., með leyfi forseta — það hefði verið laglegt hefði ég gleymt því:

„Minni hlutinn tekur fram að hann hefur stutt það að utan ríkisþjónustan væri efld og Íslendingar yrðu að gæta hagsmuna sinna á alþjóðavettvangi og kosta þar nokkru til. Þetta gildir einnig um opnun nýrra sendiráða, t.d. í Kanada og Afríku. Hitt er annað að þegar í ljós kom hversu gríðarlegur kostnaður yrði samfara opnun sendiráðs í Japan hefði e.t.v. átt að endurskoða þá ákvörðun eða leita leiða til þess að ná þessum kostnaði niður, t.d. með því að fara í samstarf við aðrar Norðurlandaþjóðir um rekstur þess. Af öðrum nýtilkomnum útgjaldatilefnum sem augljóslega hleypa upp kostnaði á vegum utan ríkisráðuneytisins er nærtækt að nefna aðild okkar að Schengen-samstarfinu en ljóst er nú að sú aðild reynist ærið dýru verði keypt."

Aðildin að Schengen á ekkert skylt við það í sjálfu sér að gæta utanríkisviðskiptahagsmuna okkar heldur er það pólitísk ákvörðun sem mun reynast okkur mjög dýr. Hún er það nú þegar, í miklum stofnkostnaði, t.d. í Keflavík, og í tugmilljóna kr. ef ekki hundruða millj. kr. rekstrarkostnaði árlega.

Tilefni þess að ég geri útgjöld til þessa ráðuneytis sérstaklega að athugunarefni er annars vegar að ég sit í utanrmn. og það er mitt verksvið og hins vegar að þegar það er skoðað hefur þetta ráðuneytið óumdeilanlega verið að auka hlut sinn mjög hratt. Það hefur hækkað sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Fyrir því geta verið rök að einhverju leyti, ég er ekki að mótmæla því. En það hlýtur að vera rétt og skylt að athuga hvað er að gerast og viðhafa þarna aðhald og gát eins og annars staðar. Ég neita því ekki að ég var nokkuð hugsi yfir því þegar ég sá hversu háar ýmsar af þessum tölum voru.

[23:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að við erum sammála um það meginatriði í þessu máli að við hljótum að leggja meiri áherslu á utanríkisviðskipti og því sé eðlilegt í því ljósi að útgjöld til þessa málaflokks aukist. Það þarf þá bara að skýra af hálfu hv. þm. að hve miklu leyti hann telur aukninguna vera umfram það sem hann teldi að ætti að vera. Út af fyrir sig væri fróðlegt að fá nánari skýringar hjá þingmanninum á því hvað væri, að hans mati, eðlileg aukning og hvað þá umfram það, þannig að við getum áttað okkur á því hvað ber á milli okkar í þeim efnum.

En vegna þess að hann nefndi sendiráðið í Japan, sem vissulega er dýrt, ber að hafa það í huga að langstærsti hlutinn í þeim kostnaði eru kaup á húsnæði undir sendiráðið. Það er ekki gjaldfærsla heldur eignafærsla. Þar er ríkið að fjárfesta í eign sem það á og mun selja þegar þar að kemur og innleysa peninginn. Þá koma þeir inn að fullu sem tekjur og miðað við fasteignaverð í Tókíó um þessar mundir eru taldar allar líkur á því að síðar meir verði verðið miklu hærra þannig að það verði hagnaður af þessum viðskiptum.

Í öðru lagi vil ég geta þess að sá sem fyrstur hóf baráttu fyrir því að opna sendiráð í Japan var þingmaður hér, Hjörleifur Guttormsson (**Gripið fram í:** Varaþingmaður.) sem er varaþingmaður Vinstri grænna og flutti tillögu um það í þrígang eða fjórum sinnum á Alþingi ... (**Gripið fram í:** Það voru fleiri flutningsmenn.) og flutningsmenn voru fleiri um tíma. Það var sérstaklega tekið fram í greinargerð með þeirri ágætu tillögu, sem leiddi kannski til þess að farið var í þetta af meiri alvöru, að þetta mundi verða dýrt en það mundi verða þess virði. Það var það sem vakti fyrir flutningsmanni.

[23:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að þeir framsóknarmenn, bæði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hæstv. utanrrh., sem ég hef heyrt vitna í þetta sama, halda á lofti heiðri Hjörleifs Guttormssonar, fyrrv. hv. þm. Hins vegar er það alveg rétt að hann, af mikilli framsýni sinni fyrir mörgum árum, og studdur án efa af fleiri góðum mönnum, hvatti til þess að við Íslendingar opnuðum fyrsta sendiráð okkar í Asíu. Þá var eðlilegt að menn stöldruðu við Japan því það var náttúrlega ört vaxandi markaður og mikilvægur fyrir Ísland. Á þeim tíma var Kína hins vegar nánast lokað og var ekki fyrr en allmörgum árum seinna að málin þróuðust þannig að farið var í að opna sendiráð í Kína á undan því í Japan sem hv. páv. þm. Hjörleifur Gottormsson lagði til á þeim tíma.

Ég tek fram, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að ég hef verið stuðningsmaður þess að utanríkisþjónustan væri efld. En það hlýtur að mega ræða um kostnaðinn sem því er samfara, eða hvað? Ég spyr bara: Eru menn ósáttir við eitthvað af því sem hér er reifað í þessu ákaflega hógværa minnihlutaáliti? Er þetta mál eitthvað viðkvæmt? Mega þessar tölulegu staðreyndir t.d. ekki koma fram eða er ekki rétt reiknað? Ég skal þá taka það á mig því ég reiknaði þetta á minn vasareikni.

Ég er ósköp einfaldlega að velta þessu upp af því að mér finnst eðlilegt að skoða þetta. Erum við ekki til þess í þessum fagnefndum þingsins? Til hvers er fjárln. að senda okkur þetta? Er það ekki til þess að við förum yfir þetta? Er þá eitthvað að því að menn vinni vinnuna sína? Ég tel svo ekki vera, ég tel að ég hafi verið að gera skyldu mína með því að fara yfir málið með þessum hætti.

Ég viðurkenni alveg að ýmislegt í aðstæðum bendir til þess að lítið sjálfstætt ríki eins og Ísland geti þurft að búa sig undir að ráðstafa heldur hærri hlut ríkisútgjalda sinna til utanríkis- og alþjóðamála. Ég er þá ekkert síður að hugsa um alþjóðastjórnmál og þróunina í þeim efnum en endilega utanríkisviðskiptin, sem reka sig mikið sjálf. Sumir telja einmitt að kannski sé ekki þörf fyrir þessi gömlu hefðbundnu sendiráð vegna þess að netið og annað slíkt leysi þau að hluta til af hólmi.

En hvernig sem því öllu viðvíkur þá hlýtur að vera skynsamlegt að reyna að ráðstafa takmörkuðum peningum sem skynsamlegast.

[23:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér skilst að á það hafi verið bent í umræðu í kvöld og kvartað hafi verið yfir því að ég hafi verið fjarverandi. Ég vildi upplýsa að ég hef verið á fundi í allt kvöld með utanríkisráðherra Noregs í ráðherrabústaðnum og sat einnig að kvöldverði með honum. Ég taldi mér skylt að sinna þeim málum þó að mér sé að sjálfsögðu líka skylt að sinna hér þingstörfum. Ég vildi að hv. þm. vissu af þeirri ástæðu fyrir því að ég gat ekki verið viðstaddur þessa umræðu.

Mér skilst einnig að hér hafi verið talað um utanríkisþjónustuna og sérstaklega þrjú mál, þ.e. sendiráð í Japan, sem mönnum hefur verið nokkuð tíðrætt um, NATO-fund á næsta ári og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Opnun sendiráðs í Japan hefur lengi verið áhugamál margra. Þrívegis hefur verið flutt þáltill., hún var flutt hér á Alþingi af stjórnarandstöðu, og síðan var þessi þáltill. samþykkt 1998. Hún var samþykkt samhljóða. Þar kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Talsverður kostnaður er því fylgjandi að koma á fót sendiráði og reka það. Í Tókíó er húsnæðiskostnaður hærri en gerist víða annars staðar. Ekki er í tillögunni tekin afstaða til hvort mæta skuli þessum tilkostnaði vegna sendiráðs í Japan með endurskipulagningu á sendiráðsstarfsemi okkar annars staðar, eða hvort nauðsynlegt reynist að auka það fjármagn sem utanríkisþjónustan hefur til ráðstöfunar til að gæta hagsmuna Íslands á erlendri grundu á tímum sífellt aukinna alþjóðasamskipta."

Ég held að það hafi verið alveg ljóst þegar þessi tillaga var flutt að húsnæðiskostnaður í Tókíó er miklu meiri en víðast annars staðar í heiminum og verðlag þar miklu hærra. Það var kannski ein aðalástæðan fyrir því að Íslendingar opnuðu fyrst sendiráð í Kína á sínum tíma en ekki í Tókíó þrátt fyrir að Japan væri eitt af okkar stærstu viðskiptalöndum og þetta land er eitt af helstu iðnríkjum heims. Markaðurinn í Japan er u.þ.b. 60% af Bandaríkjamarkaði. Markaðurinn er álíka stór í Frakklandi og Þýskalandi og markaður í Japan, og talið er að það sé eftir miklu að slægjast í þessu landi, m.a. á sviði ferðaþjónustu.

Síðan kemur að því, þegar undirbúningur er búinn að standa yfir árum saman, að koma þessu í framkvæmd. Ég vil taka fram að það var líka starfandi nefnd um utanríkisþjónustuna með fulltrúum allra flokka hér á Alþingi þar sem niðurstaða var samhljóða um að opna bæri sendiráð í Japan. Síðan sendum við okkar fólk á vettvang til að undirbúa þetta mál og kanna með hvaða hætti væri best að standa að því. Það var gert og viðkomandi einstaklingar, sem bæði voru frá utanrrn. og fjmrn. og studdir af sérfræðingum í Japan með aðstoð okkar ágæta konsúls sem þar er, komast að þeirri niðurstöðu að það sé langtum hagkvæmara fyrir Íslendinga að kaupa húsnæði í stað þess að leigja. Það lá alveg ljóst fyrir í upphafi að um var að ræða háar fjárhæðir. Ég fór sem utanrrh. með þetta mál í utanrmn., lagði það þar fyrir og lagði fram það mat að ódýrara væri talið til lengri tíma litið að kaupa en leigja, það mundi borga sig upp á svona 14 árum.

Síðan leyfa menn sér að bera saman húsaleigu annars vegar og stofnkostnað hins vegar eins og sambærilegar tölur. Það er svona álíka og ef ungur maður sem er að hugsa um að kaupa sér 10 millj. kr. íbúð en það kostar 600 þús. á ári að leigja hana og hann kemst að þeirri niðurstöðu að það sé náttúrlega miklu ódýrara að leigja en að kaupa. Þetta er ekki frambærilegt og í þessu máli hefur verið haft stöðugt samráð.

Mér kemur á óvart þegar þingmenn frá ákveðnum flokkum eru búnir að vera að berjast fyrir máli árum saman — mér er alveg sama þó að viðkomandi flokkar hafi skipt um nafn — og falla svo í þá gryfju, vegna þess að það hentar þeim á þeim tíma að gleyma öllu sem á undan er gengið, að fara í þennan billega málflutning. (**SJS:** Hvað er svona ódýrt í þessu máli? Ekki sendiráðið.) Nei, hv. þm., það hefur alltaf legið fyrir. Það vissi hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þegar hann flutti þessa tillögu. Það vissi hv. þm. Steingrímur Sigfússon þegar hann studdi þessa tillögu þannig að það hefur alltaf legið fyrir að það yrði dýrt. En það er náttúrlega alveg ljóst að húsnæðisverð á þessu svæði er ekki það sama og hér á landi.

Ég vil líka minna á í þessu samhengi að viðkomandi þjóð, Japan, ákvað að opna sendiráð hér á Íslandi. Það skiptir að sjálfsögðu líka miklu máli að þessi mikla viðskiptaþjóð og menningarþjóð skuli jafnframt ákveða að opna sendiráð hér.

Nú má vel vera að það sé skoðun hv. þm. að það sé engin ástæða til að gæta hagsmuna landsins meðal þessarar þjóðar. Mér hefur skilist að það sé ekki ástæða til að leggja mikið upp úr því að ræða við Evrópusambandið, það sé ekki mikilvægt fyrir Íslendinga. Það virðist ekki skipta miklu máli að kosta miklu til til að gæta hagsmuna gagnvart Japan. Ég spyr: Hvar ætla þessir þingmenn að leita eftir því að auka viðskipti Íslands? Hvað er það sem þeir leggja áherslu á í íslenskri utanríkisþjónustu? Ég skil þá þannig að þeir séu núna komnir að þeirri niðurstöðu að það hafi ekki verið nein ástæða til að opna sendiráð í Japan. Ég skil málflutninginn þannig, og þá er sagt að best sé að gera það á einhvern ódýrari máta. Eiga þá hv. þingmenn við að það hefði sem sagt verið rétt að leigja og ekki að fara eftir áliti sérfræðinga um að það væri miklu ódýrara að kaupa? Nú hefur markaðurinn stigið um ein 20%. Hann var talinn í algjöru lágmarki. Fyrir þessu var gerð grein í hv. utanrmn. á sínum tíma. Það má vel vera að hv. þingmenn hafi ekki verið viðstaddir þar. Þegar þessi þáltill. var flutt á hv. Alþingi var fasteignaverð miklu hærra í Tókíó.

Næsta atriði sem hv. þingmenn hafa tekið hér til umfjöllunar er NATO-fundurinn. Ég geri mér grein fyrir því að hv. þingmenn Vinstri grænna eru andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og telja að Íslendingar eigi ekkert erindi þar. Hann er sennilega eini flokkurinn í Evrópu sem hefur þessa skoðun. Það er eiginlega ekki að verða neinn flokkur einu sinni í Rússlandi sem útilokar aðild Rússa að Atlantshafsbandalaginu. Þannig er nú staðan. Það vill svo til að Atlantshafsbandalagið og Rússland eru að færast sífellt nær hvort öðru.

Það er hins vegar ljóst að ákveðnar skyldur fylgja því að vera í Atlantshafsbandalaginu og menn verða að leggja þar eitthvað af mörkum. Við erum eina þjóðin í Atlantshafsbandalaginu sem höfum ekki her og leggjum því afskaplega lítið til varnarskuldbindinga Atlantshafsbandalagsins. Við höfum talið það skyldu okkar að taka þátt í þeim kostnaði — og það höfum við gert einstaka sinnum — sem fylgir fundahaldi Atlantshafsbandalagsins.

Við höfum líka talið það vera mikilvægt fyrir Ísland, fyrir kynningu Íslands, að vekja athygli á Íslandi, vekja athygli í gegnum alþjóðlega fjölmiðla á að hér sé sjálfstæð þjóð sem stendur í báða fætur, er fullgildur aðili að Atlantshafsbanda-

laginu ásamt mörgum öflugustu þjóðum heims, bandalagi sem hefur verið öflugasti málsvari friðar í heiminum.

Það er líka alveg ljóst að það er mikilvægt fyrir Ísland, íslenska ferðaþjónustu, að hér á landi eigi sér annað slagið stað alþjóðlegir viðburðir. Það er mjög eftirsótt í heiminum að taka við ýmsum alþjóðlegum viðburðum sem fjölmiðlar fylgjast ítarlega með. Við töldum það eftirsóknarvert á sínum tíma að halda leiðatogafundinn og þannig gæti ég lengi talið. Mikið af þeim kostnaði sem hér leggst til varðar húsnæði, hótel og margt í þeim dúr. Viðkomandi aðilar koma hingað á eigin kostnað. Þeir kaupa sér fargjald með íslensku flugfélagi. Þeir fylla öll hótel í borginni þannig að þeir skilja eftir sig mikið fé. Þeir koma með mikið af aðstoðarfólki með sér þannig að hér fyllist allt af fólki meðan á þessu stendur og það verður mikil umfjöllun um landið.

Ég hefði talið að við þyrftum sérstaklega á því að halda nú um þessar mundir þegar heldur illa lítur út um stundarsakir í ferðaþjónustu í heiminum. Menn verða líka að líta á þann hluta málsins.

Að því er varðar Flugstöð Leifs Eiríkssonar, herra forseti, hafa áætlanir um þá flugstöð staðist, nema tvær. Í fyrsta lagi hefur gengið breyst meira en gert var ráð fyrir og þar með hafa skuldirnar aukist sem genginu svarar. Í öðru lagi hefur farþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll minnkað allverulega eftir 11. september. Það er staðreynd sem ekki verður umflúin og það er nokkuð sem við þurfum að leggja sérstaka áherslu á að vinna upp á nýjan leik og skiptir miklu máli. En það gat enginn séð fyrir.

Flugstöðin var stækkuð. Í fyrsta lagi var hún stækkuð vegna þess að gert var ráð fyrir mikilli aukningu farþega. Í öðru lagi ákváðum við að vera með í Schengen sem hv. þingmenn Vinstri grænna voru að vísu á móti eins og svo mörgu öðru sem varðar alþjóðleg samskipti og aukin samskipti við umheiminn, og það er þeirra mál. Að mínu mati var það lífsnauðsynlegt fyrir íslenska þjóð að taka þátt í þessu samstarfi, m.a. til þess að viðhalda norrænu samstarfi sem ég hélt að hv. þingmenn legðu eitthvað upp úr. Þeir hafa að vísu ákveðið það hér í ræðustól á Alþingi að það hefði verið hægt að leysa allt saman með öðrum hætti, og það er í sjálfu sér ekki fyrsta samningslotan sem þeir taka við sjálfa sig í ræðustól hér á Alþingi, og sjálfsagt ekki sú síðasta. Það liggur alveg ljóst fyrir í dag að aðildin að Schengen var eina leiðin til að viðhalda norrænu samstarfi á þessu sviði.

Ég vil, herra forseti, aftur afsaka það að ég gat ekki verið viðstaddur þessa umræðu og hlustað á allt sem hér fór fram en taldi nauðsynlegt að koma þessum sjónarmiðum hér á framfæri í tilefni þessarar umræðu.

[23:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að koma til fundarins og taka þátt í umræðunni. Það var ekki bara til að ræða þessi mál heldur er líka gott að hafa fulltrúa annars stjórnarflokksins hér, m.a. til að ræða aðstæður í kringum þessa fjárlagaumræðu. Þess vegna var nærveru hans óskað eða látin í ljósi sú skoðun að það væri æskilegt ef hann og reyndar helst sem flestir hæstv. ráðherrar gætu verið hér viðstaddir.

Allt og sumt sem sagt er um sendiráð í Japan í nál. minni hluta utanrmn. er að það sé mjög dýrt, og þegar í ljós kom hversu geysilega háa tölu um er að ræða hefði e.t.v. verið ástæða til — eins og það er nákvæmlega orðað — að endurskoða þá ákvörðun eða leita leiða til að ná þessum kostnaði niður, t.d. með því að fara í samstarf við aðrar Norðurlandaþjóðir, ef slíkt hefði reynst mögulegt, eða annað í þeim dúr. Er það mikið sagt, og er það tilefni til mikillar viðkvæmni, þó að sagt sé að þetta sé mikill kostnaður, borið saman t.d. við rekstur annarra sendiráða, og hvort mögulegt hefði verið að endurmeta það þegar fyrir lá hversu dýrt þetta væri? Reyndar er rétt að fram komi að kostnaðurinn er ekki allur, eins og iðulega hefur heyrst haldið fram opinberlega, fólginn í kaupum á húsnæði heldur reyndust, samkvæmt sundurliðun sem utanrmn. fékk, endurbætur á þessu húsnæði mjög dýrar og ýmis búnaður í það. Pakkinn sem slíkur er þarna mjög dýr.

Það er hins vegar athyglisvert hversu viðkvæmur hæstv. utanrrh. er gagnvart því að þetta sé rætt, og fellur jafnvel í þá gryfju að fara að gera mönnum algjörlega að ósekju upp skoðanir eins og þær að þeir vilji ekki að við gætum hagsmuna okkar á erlendri grund eða séu beinlínis á móti því að þetta sendiráð hafi verið opnað. Ekkert slíkt stendur hér í nál. þessa minni hluta og ekkert slíkt hefur ræðumaður sagt.

Varðandi NATO-fundinn telur hæstv. utanrrh. að þessum peningum sé vel varið, talaði jafnvel um landkynningu í því sambandi og hagsmuni ferðaþjónustuaðila. Ég leyfi mér að fullyrða það og tala af nokkurri reynslu að ef ferðaþjónustuaðilar á Íslandi fengju 350 milljónir mundu þeir ekki nota þær svona.

[23:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé rétt hjá mér að það eina sem hv. þingmenn Vinstri grænna hafa sagt um málið standi ekki í þessu nál. Þeir hafa látið hafa ýmislegt annað eftir sér í fjölmiðlum um þetta mál í Japan.

En aðalatriðið er að hv. þingmenn Vinstri grænna stóðu að þessari tillögu og hvöttu til þess að þetta sendiráð yrði opnað og það er náttúrlega mikilvægt að menn séu samkvæmir sjálfum sér í því.

Auðvitað ber að leita leiða til að halda kostnaði í hófi og það var gert (**Gripið fram í:** Nei.) og sú áætlun, sem upp var sett, stóðst. Hún var lögð fyrir hv. utanrmn. — það má vel vera að hv. þingmenn hafi ekki mætt á þann fund — og það var samstaða í nefndinni um að fara þessa leið og hv. þingmenn geta farið í bækur utanrmn. til að kynna sér það.

Að því er varðar NATO-fundinn, það er út í bláinn að halda því fram að það skipti engu máli fyrir íslenska ferðaþjónustu að hótelin hér í borginni fyllist öll um miðjan maí, að það skipti engu máli að fá umfjöllun í helstu sjónvarpsstöðvum heimsins, að það skipti engu máli að þetta fólk kemur að meira eða minna leyti með íslensku flugfélagi til landsins. Það má vel vera að íslensk ferðaþjónusta mundi vilja eyða einhverjum peningum öðruvísi, það veit ég ekki.

En það skiptir líka máli að við rækjum hlutverk okkar sem aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Við gætum líka sparað peninga með því að leggja niður sendiráð okkar í Brussel eins og hv. þingmenn hafa margoft lagt til (**Gripið fram í:** Nú?) í sambandi við NATO. Ég kannast við það frá fyrri árum þegar verið var að flytja brtt. um að spara jafnvel það sem við borgum til NATO. Er það rangt?

[23:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það hljóti að mega ræða útgjöldin sem eru samfara stofnun þessa sendiráðs í Japan þó að maður hafi verið og sé stuðningsmaður þess að Íslendingar hafi sendiráð í þessu öðru stærsta hagkerfi heimsins. Það er allt

rétt í því sem hæstv. utanrrh. sagði, 60%. Og þegar það jókst reyndar sem mest hér á árunum stefndi í að það færi fram úr bandaríska hagkerfinu, 2010 ef ég man rétt, en það mun nú ekki rætast.

Þeir kostir sem voru kynntir í þessu sambandi í utanrmn. voru einfaldlega þeir að kaupa eða leigja. Ég er ekkert að deila um það að leigan var ekki fýsilegur kostur þarna. Þetta er samt dýrt, hæstv. utanrrh. Og ég tel að hæstv. utanrrh. sé að taka skakkan pól í hæðina að bregðast öndverður við þó að þetta mál á hans málasviði sé rætt, að ég tel á afar málefnalegan og hógværan hátt. Það eru ekki stóryrðin hér. Ég kannast ekki við að ég hafi haft um þetta önnur og eftir atvikum óvægari ummæli annars staðar. Ég man ekki til þess að ég hafi mikið tjáð mig um þetta við fjölmiðla yfir höfuð. En dýrt er drottins orðið, hefði nú einhvern tíma verið sagt.

Varðandi hagsmuni ferðaþjónustunnar er ég ekki sammála hæstv. utanrrh. Ég geri ekki mikið með það að þetta sé einhver sérstakur búhnykkur. Auðvitað er það að jafnaði þannig að stórir alþjóðlegir atburðir hafa í för með sér ákveðin umsvif. En þessi atburður er fyrir það fyrsta ekki fyrr en um miðjan maí þegar nýting er hvort sem er orðin allgóð á gistirými hér í Reykjavík, gjarnan svona frá 50–70% á axlartímabilunum, síðari hluti apríl, maímánuður og svo aftur í september, október. Það getur meira að segja að sumu leyti verið neikvætt að fá mjög stóran atburð inn þegar kominn er talsverður annatími í ferðaþjónustunni því að það ryður þá öðrum og föstum viðskiptum út. Ég geri ráð fyrir því að hótel hafi verið blokkbókuð hér í stórum stíl í Reykjavík þannig að kostur almennra ferðaþjónustuaðila sé býsna þröngur þá daga sem þessi ráðstefna stendur. Þetta er því ekki, hæstv. utanrrh., einhliða jákvætt.

[23:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki með útskriftir af ummælum hv. þingmanna Vinstri grænna um sendiráðið í Japan. En ég er helst á því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi sagt ýmislegt um það mál í fjölmiðlum, ef mig rekur rétt... (**ÖJ:** Um hvað?) um sendiráð í Japan ef mig rekur rétt minni til en hann er þó einn af þeim sem mér skilst að hafi samþykkt þessa tillögu á sínum tíma.

Ég er að fara fram á það að menn séu samkvæmir sjálfum sér en breyti ekki alltaf um þegar mönnum finnst henta og finnst vera jarðvegur fyrir því (**ÖJ:** Svona opið í báða enda, meinarðu?) og finnst áróðursstaðan vera þannig að það sé heppilegt að skipta dálítið um skoðun. (Gripið fram í.)

En að því er varðar fund NATO liggur það alveg ljóst fyrir að það er eftirsóknarvert að halda þennan fund. Ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson ætti ekki að vera að tala mikið um skapvonsku í ræðustól, svona miðað við fyrri reynslu. (**ÖJ:** Ég spurði hvað hefði verið í matinn.) Ég skal upplýsa það, það var íslensk fjallarjúpa sem er afar góður matur og fer vel í hv. þm. sem hér stendur.

En það er mjög eftirsótt að halda þessa fundi og það er líka afskaplega eftirsótt að vera í Atlantshafsbandalaginu. Kannski eru hv. þm. farnir að átta sig á að það er mjög eftirsótt. Ég býst við að það sé ekkert vandamál að fá aðra þjóð til að yfirtaka þennan fund ef menn telja æskilegt og nauðsynlegt að gera það. En ég er ekki viss um að það auki mjög hróður Íslands að vilja lítið eða ekkert á sig leggja í þessu samstarfi. (**ÖJ:** Nú, er þetta ekki allt til góða?) Allt til góða, það er allt til góða. Og ég vona að það hafi góð áhrif á skap hv. þm. — mér sýnist hann bara vera farinn að brosa.

[23:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil hvetja hæstv. utanrrh. til að finna aðra þjóð til að halda þennan fund hið allra fyrsta.

Það er rétt að hér var á sínum tíma samþykkt þáltill. um að kanna kosti þess að koma á fót sendiráði í Japan. Gerð var grein fyrir því í greinargerð með þessari tillögu, eins og hér var vitnað í, (**Utanrrh.:** Að kanna?) að þetta yrði dýrt en ég held að enginn hafi haft hugarflug til að ímynda sér að ríkisstjórnin mundi kaupa sendiráðsbyggingu fyrir tæpan milljarð króna. Strax og þetta varð uppskátt hér á þinginu var því andmælt og það gerði ég meðal annarra.

Ég efast ekki um að við eigum eftir að færa út viðskipti okkar við Japan og Kína og Austur-Asíu. Við kaupum vörur frá Japan fyrir tæpa 10 milljarða kr. og seljum fyrir eitthvað heldur minna. Ég er hins vegar með vaxandi efasemdir um að fjárfesting í rándýrum sendiráðum og rándýrar ferðir stórra sveita svokallaðra fyrirmanna greiði fyrir viðskiptum eins og þeir vilja sjálfir vera láta.

Hins vegar óttast ég að dómgreind þeirra blindist. Ég veit ekki hvort það gerist á fimm stjörnu hótelum eða í öllum veisluhöldunum sem þeir sækja en forgangsröðun þeirra raskast. Og ég vil minna á að þær kröfur sem nú eru uppi á meðal fatlaðra og aðstandenda fatlaðra barna um að útrýma biðlistum eftir húsnæði kosta álíka mikið og þessi eina sendiráðsbygging í Japan.

Það er þetta sem við erum að gagnrýna, það er þessi bjagaða forgangsröðun sem hæstv. utanrrh. virðist því miður ekki koma auga á.

[23:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, þarna kom rétta andlitið fram.

Það stendur ekki í þessari þáltill. „að kanna“, það stendur „að fela ríkisstjórninni“. Og það var samþykkt hér á hv. Alþingi, ekkert að kanna. Alþingi samþykkti að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1998, og það samþykkti hv. þm. Þá var húsnæðisverð miklu hærra í Japan. Það lækkaði verulega eftir það og var talið í algjörri lægð.

Svo segja menn hér: Ja, því miður vissi þingið náttúrlega ekkert hvað það var að tala um eða samþykkja. Ekki vissum við það, hv. þm. Nei, auðvitað ekki. Þetta er málflutningur í lagi.

Svo getur hv. þm. ekki stillt sig um það, þegar svona mál er á dagskrá, að fara að bera þessa fjárfestingu saman við afskaplega viðkvæman málaflokk. Það er honum líkt. En er það sæmandi hv. þm.? (**ÖJ:** Já, það er sæmandi.) Hefði þá ekki verið rétt af hv. þm. að hafa það í huga þegar hann samþykkti þessa tillögu 1998 eða voru aðstæður fatlaðra á þeim tíma miklu betri? Var engin ástæða til að hafa það í huga þegar hv. þm. var að samþykkja þá tillögu? Ber aðeins að hafa það í huga þegar búið er að koma vilja hv. þm. og annarra í framkvæmd? Mér finnst þessi málflutningur með öllu ósæmilegur, hv. þm. Ögmundur Jónasson, og ég mun ekki breyta um skoðun í þeim efnum.

Það lá alveg fyrir og hefur alla tíð legið fyrir að þetta yrði okkar dýrasta sendiráð. Það er rétt að þetta er dýrt en það hefur alltaf legið fyrir að þetta yrði dýrt. Og það vissu hv. þm. þegar þeir samþykktu þetta og það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Ögmund Jónasson eða aðra þingmenn Vinstri grænna

að vera að tala um það að þeir hafi ekki vitað neitt í sinn haus þegar þeir samþykktu þetta á sínum tíma.

[23:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kemur í máli hæstv. utanrrh. að í þessari till. til þál. felur Alþingi ríkisstjórninni að koma á fót sendiráði. Það er rétt. Ég dreg til baka fyrri fullyrðingu mína um að hún hefði falið í sér að könnun skyldi eiga sér stað.

Hins vegar lá það ekki fyrir — og það er rangt hjá hæstv. utanrrh. — að kostnaðurinn yrði þessi. Og um leið og þær tölur voru nefndar sem nú eru orðnar að raunveruleika var því mótmælt, m.a. af mér.

Af hálfu þessarar ríkisstjórnar hefur ýmsu öðru verið lofað. Því var t.d. lofað af hálfu Framsfl. fyrir kosningarnar 1999 að á næstu fimm eða sex árum yrði biðlistum fatlaðra eftir húsnæði útrýmt. Því var lofað. Það loforð var endurtekið og ítrekað á árinu 2000. Þessi loforð hafa verið svikin. Það er þessi forgangsröðun ríkisstjórnarinnar, þessi forgangsröðun Framsfl., þessi forgangsröðun hæstv. utanrrh. sem ég er að gagnrýna og finna að. Þegar við stöndum frammi fyrir þessum valkostum um fjárfestingar og hvernig við verjum fjármunum skattborgaranna er þetta forgangsröðun Framsfl. Þetta er forgangsröðun hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar og mér finnst það svívirðilegt.

[23:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það lá alveg ljóst fyrir þegar sendiráðið í Kína var opnað að miklu dýrara yrði að opna sendiráð í Japan þannig að það er ekkert nýtt undir sólinni í því.

Síðan fer hv. þm. í vandræðum sínum að tala um kosningamarkmið Framsfl. Ég þakka honum kærlega fyrir það, hann mætti lesa þau oftar. (**ÖJ:** Ég var að tala um svik ykkar.) Ég held (**ÖJ:** ...mundi gera þetta.) að hv. þm. ætti að hafa aðaláhyggjur af eigin svikum en ekki annarra. (**ÖJ:** ...að koma ykkur út úr fimm stjörnu hótelunum og inn í íslenskan veruleika.) Fimm stjörnu hótelum, ég er afskaplega sjaldan á fimm stjörnu hótelum. (**ÖJ:** Fatlað fólk býður í biðröðum ...) Ég býst við að hv. þm. hafi einhvern tíma komið inn á bærilegt hótel á vegum þingsins, ef ég þekki rétt til. Menn eru yfirleitt settir á sæmileg hótel og ég efast um að utanrrh. sé á eitthvað miklu betri hótelum en hv. þm. en mér finnst (**ÖJ:** ...) þetta ekki vera sæmandi málflutningur.

Aðalatriðið er að ákveðið var að gera þetta, það var ákveðið af Alþingi. Og menn eiga að vera menn að meiri og standa við ákvörðun sína eins og hv. þm. tók þátt í, ber alla ábyrgð á (**ÖJ:** Þú skalt ekki svíkja fatlaða.) en núna vill hann komast undan því... (**ÖJ:** Níðast á fötluðum og öryrkjum og láglaunafólki.) Herra forseti, er þetta við hæfi að kalla hérna ...?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa ...)

... að kalla ræðumenn hér níðinga og ég veit ekki hvað? (Gripið fram í.) Er þetta sæmandi hér á hv. Alþingi? (**ÖJ:** Það er ekki sæmandi að svíkja gefin loforð.)

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að stilla sig við framíköll.)

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að vera í ræðustól hér á Alþingi við þessar aðstæður.

[00:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sem endranær minnti ræða hv. formanns fjárln. mig á ræðu framkvæmdastjóra í meðalstóru bandarísku hlutafélagi á aðalfundi þess. Hv. fjárln. ætlast til þess að löggjafarsamkundan samþykki í fyrsta lagi að reisa nokkur hús, borga húsaleigu, ráða fólk, byggja snyrtiaðstöðu, styrkja myndlistarnám og fjarkennslu. Svo á að styrkja fjöldann allan af söfnum. Síðan á stunda viðgerð á tveimur eikarbátum. Það á að hlaða fjárrétt. Síðan á að styrkja skíði og tefla skák. Halda ráðstefnu NATO og svo á að sinna dýrunum. Sinna hrossum, að ala þorsk, temja hund. Stunda útgáfu, kaupa tölvukerfi, stunda sýklavarnir og byggja skolpræsi. Þetta er það sem ég las út úr tillögum hv. fjárln.

Þetta er náttúrlega ekkert annað en framkvæmdir, herra forseti. Þarna er Alþingi, löggjafarsamkundan, að blanda sér inn í verkefni framkvæmdarvaldsins.

En mér þótti mjög athyglisvert það sem hæstv. utanrrh. sagði um NATO-fundinn og hann benti mér á atriði sem ég hafði ekki komið auga á, því ég hef alltaf átt erfitt með að verja þennan fund. En nú sá ég auglýsingagildið sem er afar mikið. Mér þætti gaman að sjá íslenska ferðaþjónustu kaupa auglýsingatíma í ígildi fréttatíma um allan heim, því að fréttir komast miklu auðveldlegar inn í huga fólks en auglýsingar þar sem fólk er í vörn, og að fá til þess eins hátt launaða leikara og verða hér á þessari ráðstefnu, þannig að þetta er hið besta mál. Ég efast um að ferðaþjónustan fengi betri auglýsingu og betri leikara ókeypis, þ.e. burt séð frá þessum kostnaði.

Herra forseti. Mat mitt er að það sé ekki hlutverk Alþingis að standa í framkvæmdum eins og þeim sem hv. formaður fjárln. las upp í einn og hálfan tíma af tveggja tíma ræðu sinni. Ég lít þannig á að Alþingi hafi þríþætt hlutverk, þ.e. að semja og setja lög, veita fé til framkvæmdarvalds og að hafa eftirlit með ráðstöfun framkvæmdarvaldsins á þeim fjárveitingum. Alþingi semur eiginlega engin lög sem það setur, það hef ég margoft bent á. Það er framkvæmdarvaldið sem semur lög sem Alþingi svo samþykkir eftir að hafa endurskoðað þau og skoðað hvernig gengur að framkvæma þau.

Hins vegar stendur Alþingi, eins og kemur fram í brtt. hv. fjárln., í heilmiklum framkvæmdum. Ég mun koma inn á það á eftir hvaða afleiðingar það hefur um ábyrgð á þeim framkvæmdum.

Herra forseti. Hv. fjárln. fær álit fagnefnda á tillögum sínum. Þar eru veittar u.þ.b. 20 mínútur til að hlusta á erindi forstöðumanna stofnana og svo á að taka ákvörðun um fjárveitinguna. Mér er lífsins ómögulegt að skilja rekstur stofnana á 20 mínútum. Það getur vel verið að ég sé svona takmarkaður, en þegar stofnanir eða fyrirbæri eins og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eða eitthvað því um líkt kemur með óskaplega mikinn rekstur þá er mér ofboðið að skilja það á 20 mínútum, fyrir utan það að við fáum hvorki reikninga né annað til þess að átta okkur og glöggva okkur á rekstrinum.

Þess vegna skrifaði ég ekki undir álit hvorki félmn. né hv. iðnn., sem ég á sæti í, þó ég væri viðstaddur afgreiðsluna. Ég get ekki lagt heiður minn við það að skrifa undir fjárlagatillögur til stofnana eða aðila úti í bæ, og ég veit ekkert hvort þær tillögur sem lagðar voru til voru of háar eða of lágar.

Herra forseti. Þetta er gölluð framkvæmd. Hæstv. ráðherrar, sem viðkomandi málaflokkur heyrir undir, geta ekki borið ábyrgð eins og þeir eiga að bera samkvæmt stjórnar-

skránni á þeim framkvæmdum sem Alþingi hefur samþykkt. Það liggur í augum uppi. Þeir geta ekki borið ábyrgð á því ef uppeldið á þessum hundi í Vestmannaeyjum mistekst. Það hlýtur að vera ákvörðun og ábyrgð Alþingis og Alþingi getur þar af leiðandi ekki kallað neinn til ábyrgðar, þannig að þetta vinnulag hv. fjárln. leiðir til ábyrgðarleysis, sem hefur viðgengist í áratugi.

Síðan er það dálítið undarlegt ef maður setur sig í stöðu þeirra gesta sem koma til fjárln. og til viðkomandi fagnefndar og hugsanlega í ráðuneytið. Hvað er verið að gera þessu fólki? Það þarf að fara með betlistaf frá einum stað til annars og tyggja upp sömu rulluna.

Mér þætti miklu eðlilegra að hv. fjárln. setti ráðuneytunum ákveðinn ramma og segði: Hér eru þúsund milljónir. Við viljum að þetta og þetta sé gert, í þessum anda, og síðan sjái ráðuneytið um framkvæmdina. Þegar fé er veitt til ákveðinnar framkvæmdar, hvort sem það er að hlaða rétt, byggja torfbæ, reisa kirkju í Vestmannaeyjum eða eitthvað slíkt, þá þarf fyrst að kanna þörfina. Síðan þarf að hafa eftirlit með framkvæmdinni meðan á henni stendur og svo þarf að hafa eftirfylgni með framkvæmdinni, hvort til hafi tekist eins og til var ætlast. Allt þetta skortir þegar Alþingi veitir fé beint.

Þetta er að mínu mati mjög gölluð og röng nálgun við það að veita fé og ég vildi gjarnan að menn færu að skoða hvort ekki mætti gera þetta á skynsamlegri máta, fela framkvæmdarvaldinu framkvæmd, eins og til stendur, og vera svo mjög harðir á því að spyrja það út úr og láta það bera ábyrgð á þeim framkvæmdum sem það fer út í.

Herra forseti. Núna ... (Gripið fram í.) Ég ætla að geta þess að ég mun greiða atkvæði gegn eða sitja hjá við flestar þessar tillögur fjárln.

Herra forseti. Nú þegar fjárln. hefur skilað tillögum sínum (**Gripið fram í:** Meiri hlutans.) er liðinn tími lokana á deildum sjúkrahúsa, upphlaupa og auglýsinga á biðlistum og því um líkt, þar sem krabbameinssjúkum börnum og geðfötluðum er teflt fram, og vertíðinni hjá þeim iðnaði sem gerir út á ríkissjóð er lokið. Þetta er náttúrlega ekkert annað en markaðsstarf hjá þeim aðilum. Þeir eru að stunda markaðsstarfsemi sína og þeir beina henni að sjálfsögðu að þeim sem veita þeim tekjurnar, eins og aðrir sem stunda rekstur. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að hafa afgang á fjárlögum, það er afskaplega mikilvægt. Það eru teikn til atvinnulífsins að menn ætli sér að stunda öguð vinnubrögð og það eru enn fremur teikn til erlendra matsfyrirtækja og lánastofnana um að ríkisvaldið ætli að gera sitt til þess að stuðla að ró í atvinnulífinu á Íslandi.

Reyndar skil ég ekki almennilega þau miklu upphlaup og upphrópanir um kreppu á Íslandi. Ég skil það ekki. Það er margt gott að gerast. Til dæmis hefur það gerst eftir 11. september að vextir hafa lækkað um 1% í útlöndum. Það þýðir að Íslendingar borga sennilega 10 milljörðum minna í vexti af öllum þessum skuldum sem þeir hafa búið til, 10 milljarða, og ríkissjóður einn sér sennilega svona 3, 4 milljarða. (**Gripið fram í:** Hvað með gengisfellinguna?)

Síðan hefur olíuverð stórlækkað. Það er nú aldeilis gott fyrir útgerðina eða flugfélögin. (Gripið fram í.) Herra forseti, get ég fengið frið? Ég vil gjarnan hafa aga jafnt á fundum Alþingis sem annars staðar, herra forseti. Síðan gerist það að ferðaþjónustan — það má vel vera að hún kunni að njóta góðs af þessum atburðum vegna þess að nú munu ferðamenn leita til landa þar sem er öryggi, og Ísland telst náttúrlega mjög öruggt land. Ég er því ekki viss um að þessir atburðir séu svo neikvæðir.

Varðandi gengisfellinguna eða gengisfallið, gengið er ekki fellt, það fellur sjálft á markaði, þá er það mjög gott fyrir fyrirtæki sem stunda útflutning. Ef við lítum á þau fyrirtæki eða rekstur þeirra með augum erlendrar myntar, þá breytast erlendar skuldir þessa fyrirtækis ekki neitt, erlendar tekjur breytast heldur ekki neitt. Það sem breytist eru innlendar skuldir sem lækka og innlendur tilkostnaður sem lækkar. Þannig að hagur allra fyrirtækja sem flytja út batnar mjög mikið við gengisfallið. Útgerð á Íslandi blómstrar um þessar stundir, þó að bókhaldsreglur sem færa upp erlendar skuldir í einu vetfangi sýni tap fyrsta kastið.

Við Íslendingar búum við atvinnuleysi sem er ekkert atvinnuleysi. Það er skortur á vinnuafli. Þetta er einsdæmi í heiminum. Ég hefði gaman af að kynnast því einhvers staðar að þar sé 1% atvinnuleysi. Og menn tala um kreppu. Hvernig í ósköpunum getur verið kreppa þegar hver einasta hönd er gjörnýtt? Mér þætti gaman að sjá það. Ég skil bara ekki þetta tal.

Það má vel vera að atvinnuleysið, þetta sem ekkert er, sé að nálgast það að vera eðlilegt. Ég hef heyrt að 2% væri eðlilegt, þá er atvinnuleysi orðið eðlilegt, þ.e. fólk sem er að skipta um vinnu. Þegar það er komið upp í 2% þá skal ég fara að hafa áhyggjur með þeim hv. þm. sem hafa hrópað hæst um kreppu.

Svo er það spurningin: Hvaða afleiðingar hefur gengisfallið og af hverju er gengisfall? Gengisfallið er eflaust af mörgum ástæðum, m.a. vegna upphrópana þar sem menn eru að tala um kreppu. En það er líka vegna þess að einstaklingar og fyrirtæki þeirra hafa skuldsett sig mjög mikið á undanförnum árum. Og menn geta svo sem gagnrýnt það og sagt við landsmenn: Þið eruð eyðsluseggir og eigið ekki að vera að kaupa ykkur jeppa o.s.frv. En ég hef nú einu sinni sagt það að fólk eigi að geta ráðið því sjálft hvað það gerir við peningana sína.

Íslendingar eru því orðnir dálítið skuldsettir og núna eru þeir í óða önn að greiða niður skuldir sínar. Það leiðir til þess að bankarnir, sem fjármögnuðu þær lántökur erlendis eru að greiða niður erlendar skuldir, sem þýðir að fé streymir út. Það vantar dollara til að borga af lánunum og gengið fellur. Gengið fellur vegna þess hve Íslendingar eru duglegir að borga niður skuldir meðal annars. Svo koma náttúrlega inn í kauptækifæri sem íslensk fyrirtæki hafa fengið erlendis, en það skilar sér allt saman í framtíðinni með væntanlega arðgreiðslum frá þeim fyrirtækjum til Íslands og þá hækkar gengið aftur. Ég sé því ekki hvað er vandamálið.

Það sem gæti gerst er að verðbólgan færi í gang vegna þess að gengið fellur en þá kemur á móti að fólkið er svo skuldsett að það getur ekki keypt mikið meira. Öll teikn sýna líka að neyslan er að dragast saman, og það þýðir ekkert að hækka bíla þegar enginn kaupir þá. Samkeppni mun stóraukast á öllum sviðum verslunar og hún vinnur á móti því að gengisfallið komi fram í verðbólgunni. Það er spá manna að verðbólgan minnki. Það er ekki rétt sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði, að verðbólgan hafi nálgast tveggja stafa tölu, hún hefur aldrei farið upp í 10% undanfarið.

Vandamálið núna er að stíga þarf varlega á bremsurnar þannig að menn séu tilbúnir með aðgerðir þegar atvinnuleysið fer upp í 2% og þá kemur skattalækkun ríkisstjórnarinnar eins og himnasending. Hún mun örva atvinnulífið og koma

í veg fyrir að lendingin verði harkaleg ef til hennar skyldi koma.

Ég er mjög hlynntur því að fjárlögum sé skilað með afgangi, þeim sama afgangi og lagt var til. Þar sem hv. fjárln. hefur lagt til 2,3 milljarða aukningu á útgjöldum þarf að sjálfsögðu að ná þeim inn og ég er alveg hjartanlega sammála því að skera eigi niður, gera eigi kröfu um betri stjórnun, kröfu um hagræðingu hjá opinberum fyrirtækjum eins og annars staðar. Ég er alveg sannfærður um að það er heilmikið loft í rekstri opinberra fyrirtækja.

Það þarf að auka agann, það þarf að láta menn skilja að við þurfum að gera meiri kröfur um betri stjórnun og við þurfum t.d. að taka á virkni ferðalaga og fundarseta. Það þarf að gera fundarsetur og ferðalög virkari.

Herra forseti. Það sem hefur einkennt fjárlög og rekstur opinberra fyrirtækja í áratugi hér á landi er agaleysi. Menn tóku fjárlög nánast sem einhvers konar áætlun sem menn færu svona nokkurn veginn eftir og það gerði ekkert til þó að þeir færu svona 10–20% umfram í einstökum stofnunum. Þetta er náttúrlega alrangt. Fjárlög eru lög. Sá sem brýtur fjárlög og fer tíu milljónir umfram er að ná sér í peninga úr ríkiskassanum sem Alþingi hefur ekki samþykkt. Hann er að taka sér fjárveitingavald og það gengur ekki. Ég hef bent á að ég sé engan mun á þeim manni sem brýtur stjórnarskrána með því að taka sér fjárveitingavald og nær sér í milljónir úr ríkiskassanum og hinum sem brýst inn í banka. Þetta hef ég sagt hér í þessum ræðustól. Ég vil að menn taki upp miklu meiri og betri aga í þessum málum, menn eigi hreinlega að standa við fjárlög.

Mig langar til, herra forseti, að lesa hérna örstutt úr 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkissjóðs. Þar stendur:

„Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds.

Brot á ákvæðum laga þessara varða skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Ég vil að staðið sé við þessi ákvæði og menn reknir ef þeir ekki standa við fjárlög. Þannig á að vinna. Fjárlög á að taka alvarlega. Það er stjórnarskráin sem segir að ekki megi veita fé úr ríkissjóði nema með lögum frá Alþingi og menn verða að virða stjórnarskrána og vilja Alþingis sem kemur fram í fjárlögum.

[00:20]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Pétur H. Blöndal hóf ræðu sína, eins og hann gerði líka við síðustu fjárlög, á því að honum liði eins og hann væri staddur á hluthafafundi í meðalstóru bandarísku fyrirtæki. Ég tók það þannig að hann væri þá hluthafi.

Því langar mig til að spyrja hv. þm. eftir þessa ræðu um agaleysi í ríkisfjármálum og annað, eins og hér hefur komið fram: Telur hv. þm. Pétur H. Blöndal að hluthafafundur í þessu meðalstóra bandaríska fyrirtæki mundi endurráða þá stjórn sem situr núna, þ.e. hæstv. ríkisstjórn, eftir frammistöðu hennar í fjármálum fyrirtækisins, þ.e. ríkissjóðs?

[00:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á að við erum ekki í hlutafélagi. Þetta er löggjafarsamkunda þjóðarinnar. Herra forseti, ég er svo aldeilis... (**KLM:** ... bandarískt fyrirtæki.)

Já, ég var einmitt að gagnrýna það hvernig menn haga störfum löggjafarsamkundunnar. Hún á ekki að vinna eins og ameríska fyrirtæki, eins og ameríska hlutafélag. Það er það sem ég er að gagnrýna, þetta er ekki hlutafélag. Þetta er löggjafarsamkunda íslensku þjóðarinnar.

[00:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. veigrar sér við að svara spurningu minni og snýr út úr henni. Ég veit vel, hv. þm., að við erum á löggjafarsamkundu íslensku þjóðarinnar. En tilvitnun þín í upphafi ræðu þinnar ...

(**Forseti** (ÁSJ): Hv. þm.)

Tilvitnun hv. þm. gekk út á samlíkingu við meðalstórt bandarískt hlutafélag. Spurningin var þá einfaldlega þessi, sem ég bið hv. þm. um að svara: Ef við setjum hæstv. ríkisstjórn sem stjórn yfir þetta bandaríska fyrirtæki sem er vafalaust með svipuð umsvif og við erum að tala um hér fyrir litla Ísland var spurning mín þessi: Telur hv. þm. að ef þessi stjórn í þessu hlutafélagi, sem hv. þm. vitnaði til í byrjun, hefði skilað slíkri afkomu í fjármálum fyrirtækisins eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert undanfarin ár, að „stjórn" þessa hlutafélags yrði endurráðin, að hún mundi hljóta kosningu til að halda áfram að stjórna á sama hátt? Mig langar bara að fá svar við þessari spurningu.

Hitt atriðið sem ég vil spyrja hv. þm. út í: Telur hv. þm. að barátta heilbrigðisstétta, barátta t.d. Þroskahjálpar, fyrir auknum fjárveitingum til að sinna neyðaraðstoð sé iðnaður sem gerir út á ríkissjóð, svo notuð séu beint orð hv. þm.?

[00:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi í upphafi máls míns áðan að mér liði eins og ég væri á hluthafafundi meðalstórs bandarísks hlutafélags. Það gerði ég vegna þess að ég vil ekki að hv. Alþingi sé notað eins og hlutafélag. Það er ekki hlutafélag og ég neita að svara þeirri spurningu hvort hæstv. ríkisstjórn Íslands sé ígildi stjórnar hlutafélags í Bandaríkjunum. Við erum hérna á löggjafarsamkundu og hún á ekki að hegða sér eins og hlutafélag, og ég vil ekki að nokkur hv. þm. spyrji mig þess hvort ég mundi líta á Alþingi Íslendinga sem hluthafasamkundu í hlutafélagi.

Varðandi það að barátta ýmissa stétta fyrir fjárveitingum sé iðnaður ber hún þess vissulega mörg merki að hún sé að verða iðnaður, og þessir aðilar stunda markaðsstarf, t.d. í áfengisvörnum og víðar. Þeir eru að herja á fjárln., þeir birta fréttatilkynningar í blöðum sem eiga að ýta undir kröfur þeirra og auka líkur þeirra á að fá fjárveitingar. Þetta er bara staðreynd og það er ekkert skrýtið að þessi atvinnustarfsemi skuli ekki nota markaðsstarf eins og önnur starfsemi. Hún beinir markaðsstarfinu að fjárln. sem er hennar tekjulind.

[00:25]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal upplýsir mann oft um það sem hrærist í hugum ýmissa flokksbræðra hans. Það er spurning hvort það hafi gerst hér enn einu sinni, og

þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. nokkurra spurninga þannig að maður geti skýrt hugsanlega með svörum hv. þm. aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Hv. þm. taldi allt bjart fram undan, og í raun og veru væru engar ástæður til að hafa áhyggjur af efnahagslífi þjóðarinnar. Meðal annars fjallaði hann afar jákvætt um gengisfallið sem að vísu gæti orsakað hærri verðbólgu en færði síðan rök fyrir því, að því er mér heyrðist, að því meira sem gengisfallið yrði, þeim mun meiri líkur væru á því að verðbólgan færi aftur að minnka.

Ég er að velta fyrir mér, herra forseti, hvort hv. þm. geti frætt okkur um það hversu mikið gengisfallið þarf að vera til að verðbólgan fari minnkandi vegna gengisfallsins. Nú hefur gengið fallið um 25% að meðaltali frá síðustu áramótum og bandaríkjadollar um 30% frá áramótum. Spurningin er: Hversu há þarf þessi prósenta að vera til að verðbólgan fari að minnka að mati hv. þm.?

Þetta bjarta sem hv. þm. sá einnig fram undan þyddi, að því er mér virtist, aukinn samdrátt, jafnvel atvinnuleysi upp á 2%. Þá ætlaði hv. þm. að vísu að fara að taka þátt í áhyggjuumræðum um stöðuna en ekki fyrr. Og síðan lagði hv. þm. mikla áherslu á að hann vildi aga. Því er spurt, herra forseti, hvort hv. þm. sé að boða það að aga skuli þjóðina með enn meira gengisfalli.

[00:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort ég tjáði huga flokksbræðra minna. Það hef ég aldrei nokkurn tíma gert. Ég hef aldrei sagt: Við sjálfstæðismenn hugsum svona og svona eins og margir aðrir hv. þingmenn segja um sína flokksbræður. Við sjálfstæðismenn höfum nefnilega ekki sameiginlega hugsun eða sameiginlegan heila eða sameiginlega sál og ætlumst ekki til þess þannig að ég get ekki tjáð huga flokksbræðra minna.

Síðan sagði hv. þm. að ég segði að gengisfallið væri jákvætt. Það er ekki rétt, hann misskildi mig. Ég sagði að gengisfallið kæmi ekki endilega beint fram í verðlagi eins og margir virðast álíta, og það gerðist hérna fyrir 10–20 árum. Þá var gengisfelling og hún var komin inn í verðlagið samkvæmt ákveðinni reikningsformúlu eftir fjóra mánuði. Það gerist ekki lengur vegna þess að samkeppnin vinnur þar á móti, og síðan er spurning um kaupmátt. Ég er langt frá því að segja að gengisfall sé jákvætt, alls ekki. Gengisfallið er allt of mikið, það ætti að vera miklu minna. Það eru nánast allir sammála um að gengið sé orðið allt of lágt, raungengið sé orðið svo lágt að hagur útflutningsfyrirtækja hljóti að vinna á móti því. Það yrði þannig mjög undarlegt ef gengið héldist lengi svona lágt því þá færu útflutningsfyrirtækin að græða svo mikið að gengið hlyti að hækka þegar þau flyttu inn allan gróðann.

[00:29]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að ég skuli hafa misskilið hv. þm. varðandi gengisfallið.

Hins vegar þarf ég að leiðrétta annað. Ég taldi ekki að hv. þm. tjáði hug flokksbræðra sinna heldur sagði ég að oft væri hægt að ráða í hvað flokksbræður hans væru að hugsa með því að hlusta á hv. þm. vegna þess að hann á það til að vera hreinskilnari en margur flokksbræðra hans og þess vegna er oft auðveldara að fá skýringar á ýmsu háttalagi flokksbræðra hv. þm. með því að hlusta á hann.

Ég vil ítreka spurningu mína um það hvað hv. þm. átti við með því að hann vildi aga. Telur hann það vænlegt til að aga þjóðina að auka hugsanlega atvinnuleysið, taka örlítið á þeim sem hafa eytt um efni fram? Þá væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hv. þm. hvernig best væri að gera slíkt. Einnig væri gott að fá skýringu á þeirri staðhæfingu að gengisfallið væri svo jákvætt fyrir útflutningsfyrirtækin að það mundi jafnvel vinna á móti hinu neikvæða, og samkeppnin væri slík að þrátt fyrir að gengisfallið væri þetta mikið eins og það hefur verið ætti það ekki að koma fram í hærra vöruverði.

Herra forseti. Ég held að hv. þm., eins og svo sem oft hefur komið fram hér í ræðum hans, lifi á stundum í örlítið annarri veröld en við mörg hin. En ég endurtek, herra forseti, að hv. þm. er oft hreinskilinn og ég vænti þess að hann verði það enn á ný í seinna andsvari sínu.

[00:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eiginlega verið að spyrja mig hérna um sálarfræði og ég get ekki svarað því hvort mínar hugsanir séu einhvern veginn endurómun úr hugsunum annarra hv. sjálfstæðisþingmanna þannig að ég get ómögulega svarað þessu. Ég segi bara það sem ég hugsa og ég get eiginlega ekki lesið í gegnum fjartengingu hvað aðrir hv. sjálfstæðisþingmenn eru að hugsa.

En varðandi það að ég vilji aga. Ég held að íslensku atvinnulífi sé mjög nauðsynlegt að meiri agi sé mjög víða, og við erum að vinna að því. Þess vegna voru fjárreiðulögin sett. Fjárreiðulögin eru ekkert annað en krafa um aukinn aga. Það var mjög mikið atriði í sambandi við þau lög að ná fram þessum aga eins og menn muna kannski frá þeim tíma þegar þau voru sett. Sú grein sem ég las upp er einmitt dæmi um það.

Varðandi það hvort ég vilji taka á þeim sem eyddu umfram efni þarf ég þess ekki. Það fólk er núna því miður skuldum vafið margt hvert og á í miklum erfiðleikum, og það sem kannski hefur skort á er að kenna mönnum hvað það þýðir að taka lán. Kannski mætti segja einstaka manni það sem ekki veit hvað það þýðir. Þegar menn taka lán eru þeir að ráðstafa framtíðartekjum sínum og þeir gera það ekkert voðalega oft nema lenda í miklum vandræðum.

Því miður held ég að reynslan verði ansi dýrkeypt fyrir það fólk sem hefur lifað um efni fram og það fólk þarf ekkert annan aga.

[00:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð liðið á umræðuna og hefur verið farið mjög vítt um sviðið. Áður en ég fer í mína málaflokka, þ.e. þá málaflokka sem ég hef starfað mest í á vegum þingsins í vetur, sem eru umhverfismálin og menntaog menningarmálin, langar mig aðeins að hafa nokkur orð um þessar undarlegu kringumstæður sem við erum stödd í þegar við ræðum þetta fyrirliggjandi fjárlagafrv. og þær brtt. sem þegar hafa litið dagsins ljós frá hv. fjárln. og ríkisstjórninni.

Við erum hér með í pappírum brtt. sem gera ráð fyrir hækkun frv. um 2,2 milljarða kr. Þær koma annars vegar frá ríkisstjórninni og hins vegar hv. fjárln. Á sama tíma liggur fyrir, eins og margoft hefur komið fram hér í dag í umræðunni, yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um að frv. skuli skorið niður um 3–4 milljarða. Í dag veit enginn hvort hækkunartillögurnar koma til með að verða skornar eða hvort á að ráðast

einhvers staðar allt annars staðar á frv., og í þessari óvissu fer umræðan fram, og óvissa þessi litar vissulega umræðurnar.

Það er harla erfitt að eiga samtal við hæstv. ráðherra eða stjórnarliða hér í þessum sal þegar óvissan er jafnnagandi og hún er í dag. Það var ekki beysið upplit á hv. formanni fjárln. þegar hann þurfti í löngu máli hér fyrr í dag að gera grein fyrir öllum brtt. um hækkanirnar, hafandi yfir sér sveðjuna um niðurskurðinn upp á 3–4 milljarða á frv. sem þýðir þá vafalaust brtt. allar plús 3–4 milljarðar í viðbót.

Fyrir utan þetta er náttúrlega ástandið í fjármálum þjóðarinnar og efnahagsmálunum svo grafalvarlegt að sameiginlegar skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið jafnháar og þær eru í dag. Þetta eru því ekki auðveldar kringumstæður, herra forseti, til að ræða um fjárlagafrv.

Það er búið að fara vítt yfir sviðið. Það er búið að ræða um væntanlegan utanríkisráðherrafund NATO sem á að kosta a.m.k. á fjórða hundrað milljónir. Það er búið að tala um flugstöðina, Schengen, skattalækkanirnar á hátekjufólkið og fyrirtækin og fleira og fleira, og það sem maður saknar auðvitað fyrst og fremst í þeim veigamiklu spurningum sem bornar eru upp er að hæstv. forsrh. skuli ekki sýna sig hér. Þó ber að þakka þær heimsóknir sem við höfum fengið frá hæstv. ráðherrum í dag. Ég hef óskað eftir því sérstaklega að hæstv. menntmrh. verði viðstaddur ræðu mína og ég veit af honum hér í hliðarsal og treysti því að hann komi til með að hlýða á mál mitt þegar ég fer í menntamálin en þar eru ákveðin atriði sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um.

Ég held að ég byrji þó á umhverfismálunum, herra forseti. Á þskj. 399 er nál. frá meiri hluta fjárln. ásamt álitum þeim sem fagnefndirnar hafa sent til hv. fjárln.

Umhvn. var að þessu sinni nokkuð samstiga í afgreiðslu sinni til fjárln. og ber að fagna því. Þau mál sem komu fyrir hv. umhvn. í umræðunum um fjárlagafrv. lutu að nokkrum stofnunum umhvrn., t.d. Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Skipulagsstofnun. Allar þessar stofnanir starfa samkvæmt lögum og hafa lögbundin verkefni og allar þessar stofnanir eiga það sammerkt að hafa árum saman þurft að leita til fjárlagavaldsins á hverju einasta ári til að reyna að fá einhverja rýmkun þannig að þær geti staðið undir sínum lögbundnu verkefnum.

Í þetta sinn var þessu einnig svona háttað, herra forseti, og þannig kemur það fram í áliti hv. umhvn. til fjárln. að fulltrúi Hollustuverndar ríkisins hafi óskað eftir leiðréttingu á fjárlagafrv. vegna eldri skuldbindinga stofnunarinnar og færði einnig veigamikil rök fyrir því að stofnunina vantaði talsvert fé til að sinna skuldbindingum sem ríkisvaldið hefur lagt á stofnunina og falla undir forgangsmál. Að mati stofnunarinnar og reyndar eftir því sem fram kom í mati nefndarinnar er ekki ágreiningur um forgang þeirra mála sem Hollustuvernd hefur gert nefndinni grein fyrir. Þannig hefur hún fengið virkilega aukin verkefni sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu og það skortir mjög á að stofnunin hafi fjárhagslegan grundvöll til að sinna þessum verkefnum og standa undir kostnaði við þau.

Umhvn. var sammála um það, herra forseti, að nauðsynlegt væri að kanna í fjárln. hvernig hægt yrði að mæta þessum þörfum. Og ég verð að spyrja, herra forseti, hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln.: Hvað gerði fjárln. í þessum efnum? Hvaða meðferð fékk álit hv. umhvn. í hv. fjárln.?

Í framhaldi af þessari spurningu, herra forseti, að þeirri næstu sem varðar Náttúruvernd ríkisins. Það hefur komið fram í máli þeirra sem talað hafa fyrir málefnum Náttúruverndar hér ár eftir ár að sú stofnun hafi á sama hátt og Hollustuvernd ríkisins ekki úr nægilegu fjármagni að spila til að standa undir lögboðnum verkefnum. Og þar skeikar ansi stórum tölum, herra forseti. Vegna verkefnanna sem Náttúruvernd ríkisins hefur tekið að sér, og umhvn. telur brýnt að stofnuninni verði gert kleift að sinna — það var ekki ágreiningur um þetta í nefndinni, herra forseti — óskaði umhvn. eftir því að fjárheimildir vegna þjóðgarðsins á Snæfellsnesi yrðu auknar þannig að mögulegt yrði að byggja upp starfsemi í þessum nýopnaða þjóðgarði sem er, eftir því sem manni hefur heyrst á máli hæstv. umhvrh., stolt hennar. Satt að segja verður maður fyrir vonbrigðum þegar maður les brtt. frá hv. fjárln. því að þær ganga út á að þær 2,8 millj. sem þó virtust vera ætlaðar til þessa þjóðgarðs, ef ég skil brtt. hv. fjárln. rétt, verða aftur teknar af þessu verkefni, Snæfellsnesþjóðgarði. Eftir því sem kemur fram í þessu plaggi, þskj. 399, virðist eiga að færa þessar 2,8 millj. á annan þjóðgarð sem hæstv. umhvrh. gerir ráð fyrir að opnaður verði á næsta ári, þ.e. Vatnajökulsþjóðgarð.

Það er að sönnu rétt, herra forseti, að athugasemdir voru gerðar við það í 1. umr. fjárlaga að ekki skuli ætlað neitt fé til opnunar hins nýja Vatnajökulsþjóðgarðs. En það er ekki alveg sanngjarnt, herra forseti, að taka þessar litlu 2,8 millj. af Snæfellsnesþjóðgarði og setja þær í Vatnajökulsþjóðgarð. Ég vil þess vegna fá skýringu frá hv. fjárln. á því hvers vegna svona er haldið á málum og hvers vegna ekki er farið að tilmælum hv. umhvn. í áliti því sem ég hef verið að gera hér grein fyrir.

Nefndin nefnir meira að segja í áliti sínu ákveðna upphæð og hún segir hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Þjóðgarðurinn [þ.e. Snæfellsnesþjóðgarður] var stofnaður sl. sumar og telur nefndin að þær 10 millj. kr. sem hann á að fá samkvæmt frumvarpinu dugi engan veginn til þessa.“

Ég vil fá viðbrögð frá hv. formanni nefndarinnar vegna þessara þjóðgarða.

Að lokum, herra forseti, varðandi stofnanir umhvrn. eru það málefni Skipulagsstofnunar. Þau voru rædd á fundum umhvn. og nefndin leggur áherslu á í sínu áliti að þess verði gætt að Skipulagssjóður, sem hefur ákveðna eyrnamerkta fjárveitingu í fjárlagafrv., verði þannig úr garði gerður á næsta ári að hann hafi fjárhagslega burði til að ná markmiði sínu sem er að standa að baki og kosta aðalskipulagsgerð fyrir öll sveitarfélög á landinu, og því verkefni á samkvæmt lögum að vera lokið árið 2008.

Eins og fjárlagafrv. er í dag gerir það ráð fyrir 80 millj. kr., sem er 30 millj. kr. lægri upphæð en var á síðasta ári, og það er nota bene innheimt skipulagsgjald sem er tekjustofn þessa sjóðs. Og eftir því sem gestir þeir er komu til umhvn. sögðu er ekki nein skýring á því hvers vegna gert er ráð fyrir svo lækkaðri innheimtu á næsta ári frá því sem verið hefur á yfirstandandi ári. Af þessum 80 milljónum munu 30 milljónir vera bundnar þannig að einungis 50 milljónir munu verða í verkefnið sem stofnunin hefur gert ráð fyrir að hafa 110 milljónir í. Af þessu hefur umhvn. áhyggjur, en ekki var að sjá nein viðbrögð frá hv. fjárln. í tillögunum sem liggja fyrir frá henni.

Herra forseti. Þá er einungis eitt mál enn sem ég þarf að nefna varðandi umhverfismálin en það kemur fram í bréfi því er fylgdi áliti umhvn. til hv. fjárln. Í því bréfi er fjallað

um safnliði sem umhvn. fékk til umfjöllunar og hafði fjárln. óskað eftir því við umhvn. að hún veitti umsögn um mögu-leg framlög til frjálsra félagasamtaka, og fylgdi umsögn frá Náttúruverndarsamtökum Íslands umsókn um stuðning. Ein eða tvær aðrar umsóknir voru þarna og nefndin gerði ekki neinar athugasemdir við t.d. tillögu um þann safnlið sem við höfðum til umfjöllunar, að 1,5 millj. færi til skráningar á gömlum húsum á Núpsstað á Suðurlandi, en lagði síðan til við fjárln. að umhvrn. yrði falið að skipta þessum tiltekna safnlið á milli frjálsra félagasamtaka og sá hluti safnliðarins sem nefndin telur að eigi að skipta á milli þessara samtaka er upp á 4 millj. kr. Í bréfi frá hv. umhvn. til hv. fjárln. segir, með leyfi forseta:

„Þessum fjármunum, 4 milljónum, verði skipt eftir vinnu-reglu sem ráðuneytið hefur mótað í samráði við félaga-samtökin og verði þar m.a. tekið tillit til eðlisstarfsemi viðkomandi félaga, umfangs þeirra, og jafnræðis gætt við úthlutun. Nefndin leggur því til að umsókn Náttúruverndar-samtaka Íslands verði vísað til ráðuneytisins jafnframt því sem nefndin mælir með umsókninni. Umhverfisnefnd mun á yfirstandandi þingi taka til umfjöllunar hvernig ákvörðun um fjárframlög til félagasamtakanna verði háttað í framtíðinni."

Sjálf fagna ég þeirri ákvörðun nefndarinnar að ætla að taka fjármögnun frjálsra félagasamtaka á þessu sviði sérstak-lega til umfjöllunar og hlakka einungis til að takast á við það verkefni. Á hitt vil ég benda sérstaklega, og vekja athygli þingheims á, að þessar 4 millj. á safnliðnum sem ætlaðar eru til frjálsra félagasamtaka eru sama upphæð og fer til frjálsra félagasamtaka á yfirstandandi fjárlagaári.

Þá spyr ég, herra forseti: Hvað með loforð hæstv. umhvrh. um 8 milljónirnar sem Náttúruverndarráð hafði á yfirstand-andi ári en hæstv. umhvrh. ætlar, eins og þingheimi er kunnugt, að leggja niður og hefur haft hástemmdar yfirlýs-ingar um að því fé skuli deilt á milli náttúruverndar- og umhverfisverndarsamtaka. Það hefur reyndar komið fram í máli hæstv. umhvrh. á allra síðustu dögum að það muni víst vera hægt að deila þessum 8 millj. út oftar en einu sinni því að hún mun ætla að láta hluta af því fara til Breiðafjarðar-nefndarinnar. Engu að síður er ekki hægt, herra forseti, að líða það af hæstv. umhvrh. að hér sé talað um það fjálglega að nú skuli efla frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar sem aldrei fyrr og það er ekki að sjá neinar efndir. 4 millj. voru það og 4 millj. verða það. Þetta þarf að skýra, herra forseti.

Hef ég þá lokið máli mínu varðandi störf umhvn. og gert þær athugasemdir sem ég taldi nauðsynlegar varðandi álit það er umhvn. sendi fjárln. Að öðru leyti má segja um brtt. hv. fjárln. að þær eru svo sem athugasemdaverðar og þar eru hlutir sem koma kannski ekki heim og saman við áherslur umhvn. Ég lýsi því bara yfir, herra forseti, að ég hefði óskað eftir nánara samstarfi milli nefndanna og að samskiptin væru þess eðlis að fagnefndir sem eru að gera tillögur til fjárln. — ég sé ekki nein rök fyrir því að þær nefndir fái engin viðbrögð, eða viðbrögð sem eru þvert ofan í viðkomandi álit. Hver eru rökin ef álit fagnefnda eru sniðgengin? Þetta er á sömu nótum og ég kom inn á fyrr í dag í andsvari við hv. þm. Kristján Pálsson þar sem við vorum að fjalla um þá áráttu — vil ég kalla það — fjárln. að útdeila peningum af safnliðum til hægri og til vinstri þvert ofan í öll álit fagnefndanna og jafnvel þvert ofan í alla menningarstefnu eða fjárútlátastefnu stjórnvalda. Það er alveg spurning hvort ekki eigi að taka upp gamla nafnið á nefndinni og kalla hana fjárveitinganefnd en ekki fjárlaganefnd.

Er þá komið að þeim kafla í ræðu minni, herra forseti, þar sem ég ætlaði að fjalla um menntamálin og mundi ég þá vilja ganga úr skugga um að hæstv. menntmrh. væri einhvers staðar til staðar þannig að hann heyrði þær spurningar sem ég þarf að leggja fyrir hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. menntmrh. er í húsinu og mun væntanlega heyra málflutning þingmannsins.)

Ég treysti því, herra forseti.

Í menntamálunum vil ég byrja á Þjóðminjasafni Íslands. Eins og þingheimi er kunnugt voru samþykkt ný lög á síð-asta þingi um Þjóðminjasafn, lög um Fornleifavernd ríkis-ins, húsafriðunarnefnd og flutning menningarverðmæta milli landa. Þessi lagabreyting fól í sér að sett yrði á fót ný ríkis-stofnun, Fornleifavernd ríkisins, og ekki einasta það heldur tveir nýir sjóðir. Annar sjóðurinn er fornleifasjóður og hinn heitir safnasjóður. Báðir þessir sjóðir áttu að úthluta fé eftir framlagi ríkissjóðs sem ákveðið yrði í fjárlögum hvers árs. Nú sé ég ekki, herra forseti, tilvist þessara sjóða í fjárlaga-frv. og ég sé ekki að hv. fjárln. hafi lagt fram nokkrar brtt. varðandi þetta efni. Þá er nauðsynlegt að spyrja: Hvernig á að vera hægt að starfa eftir þessum nýju lögum ef ekkert fjármagn verður ætlað til þessara tveggja sjóða sem er ætlað það hlutverk að fjármagna fornleifauppgröft og starfsemi safna sem heyra undir þessi lög? Það eru byggðasöfnin og fleiri söfn.

Það má svo sem ætlja hæstv. menntmrh. fyrir það líka að vera ekki búinn að setja neina reglugerð við þessi nýju lög og þar af leiðandi ekki heldur nánari ákvæði varðandi starf þessara sjóða. Hér er um gríðarlegt stórmál að ræða, herra forseti, því að þessi fornleifaverndargeiri og minjageiri veit ekki í hvorn fótinn hann á að stíga, er nánast lamaður á meðan hann veit ekki hvað er fram undan á næsta ári. Nógu erfitt er að þurfa að fara að fóta sig í nýju lagaumhverfi þó að fólki sé ekki boðið upp á það líka að fjárlagafrv. geri ekki ráð fyrir að viðkomandi lög geti tekið gildi.

Þjóðminjasafn Íslands er stofnun sem hefur átt undir högg að sækja í gegnum tíðina. Við vitum öll að Þjóðminjasafnið er lokað og okkur tekur öll sárt að horfa upp á það lokað ár eftir ár. Nú er búið að setja upp áætlun um endurbyggingu hússins, og gert er ráð fyrir að hægt verði að opna húsið, þ.e. Þjóðminjasafnið, vorið 2003, draumurinn er að það geti orðið 24. febrúar 2003. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það væri virkilega glæsilegt ef við gætum staðið saman að opnun Þjóðminjasafnsins á þessum degi, 24. febrúar 2003, því það er 140 ára afmælisdagur Þjóð-minjasafnsins. (Gripið fram í.) Jú, fjárlögin gera ráð fyrir endurbótum hússins. Það er búið að fjármagna þær, og það er vitað nokkurn veginn að það fjármagn á að duga. En áætlun Þjóðminjasafnsins um að fjármagna grunnsýninguna sem á að fara upp í nýendurbætt húsið hljóðaði upp á, ef ég man rétt, herra forseti, 120 millj. kr. Þjóðminjasafnið hefur verið að óska eftir þessari fjárveitingu til að geta forvarið þá hluti sem eiga að fara inn á grunnsýninguna sem Þjóðminjasafnið ætlar að opna með. En, herra forseti, það er ekki króna í fjárlagafrv. næsta árs til að forverja hluti eða undirbúa þá þannig að þeir geti farið á grunnsýninguna. Og ég spyr, herra forseti, hæstv. menntmrh. og hv. formann fjárln.: Á að bjóða þjóðinni upp á Þjóðminjasafnið tómt?

Aðra hluti verður að nefna varðandi þessa nýju laga-setningu. Ég kom inn á það í ræðu minni þann 19. maí á

þessu ári, sem var örlagaríkur dagur í þinginu, herra forseti. Þetta var dagurinn sem við samþykktum 34 lög og 12 þál. á einu bretti, umræðulítið eða umræðulaust. Þennan dag stóð ég í þessari pontu og hélt ræðu, hóf ræðu væri réttara að segja, herra forseti, um þessa nýju löggjöf sem varðar minjaarfinn okkar, Þjóðminjasafnið, Fornleifavernd ríkisins, húsafriðunina og flutning menningarverðmæta milli landa. Ég hélt því fram í þeirri ræðu að það væri illa gert við þennan mikilvæga málaflokk að setja þessi lög í gegnum þingið með hraði því að ég teldi málið vera gott en þyrfti skoðunar við, þingheimur þyrfti upplýsingar þannig að við gætum tekið réttar ákvarðanir á milli 2. og 3. umr. um málið. En herra forseti, ekki reyndist tími til þess, svo sannarlega ekki. Mínar hugmyndir eða mín sýn varðandi Fornleifavernd ríkisins, þessa nýju stofnun sem að mínu mati byggir á mjög góðri hugmyndafræði, fékk ekki byr undir vængina hér. Ég fékk ekki að gera grein fyrir máli mínu. Ég hafði ekki tíma til að eiga orðastað við hæstv. ráðherra til að reyna að fylgja málinu þannig eftir sem við í hv. menntmn. höfðum þó unnið mjög vel og ofan í kjölinn, vil ég meina. Við vorum samt sammála um að ákveðnir gallar væru á löggjöfinni og nú eru þeir auðvitað allir að koma í ljós, herra forseti.

Hver var einn megingallinn sem við vildum eiga um orðastað við hæstv. menntmrh. sl. vor? Það var umsögn fjármálaskrifstofu varðandi fjármálin til þessarar nýju stofnunar því að ekki var gert ráð fyrir því í lagasetningunni að þessi nýja stofnun ætti að kosta nokkurn skapaðan hlut. Það var helst að skilja á frv. og greinargerð með því að þessi nýja stofnun ætti bara að verða til upp úr sjálfu sér inni í Þjóðminjasafninu, og Þjóðminjasafnið ætti í raun og veru að hafa þessa nýju stofnun á framfæri sínu. Það var í hróplegri andstöðu við lagasetninguna og við anda þessara nýju laga.

Hvað kemur á daginn þegar frv. til fjárlaga ársins 2002 er lesið? Þá kemur í ljós að Fornleifavernd ríkisins eru ætlaðar 5,6 millj. kr. af merktri fjárveitingu Þjóðminjasafnsins. Þessi nýja ríkisstofnun er ekki einu sinni merktur fjárlagalíður í fjárlagafrv. Er furða, herra forseti, þó að maður lýsi undrun sinni hér og nú með þetta metnaðarleysi? Ég spyr hæstv. menntmrh.: Til hvers var þessi lagasetning í vor? Átti Fornleifavernd ríkisins aldrei að fá að verða neitt? Var þetta bara sýndarmennska?

Nú koma forstöðumenn bæði Fornleifaverndar ríkisins, sem ráðinn var í byrjun september sl. þegar lögin tóku gildi, og þjóðminjavörður og reyndar með fjármálastjóra Þjóðminjasafnsins á fund menntmn. og þá er komið upp úr kafinu, þegar forstöðumenn þessara tveggja stofnana fara að bera saman bækur sínar, að ekki er hægt að láta einn fjármálastjóra hafa yfirumsjón með báðum stofnununum eins og voru greinilega hugmyndir hæstv. ráðherra þegar frv. var samið. Hvers vegna ekki? Vegna þess að hlutverk þessara tveggja stofnana skarast mjög alvarlega þannig að Fornleifavernd ríkisins er gert að standa að útboðum á verkum varðandi fornleifauppgröft og fornleifarannsóknir og Þjóðminjasafnið á að geta boðið í verkin. Hvar stendur þá fjármálastjóri sem ætti að hafa umsjón með báðum stofnununum? Herra forseti. Hann stendur beggja megin við borðið. Það samrýmist auðvitað engum siðareglum eða samkeppnisreglum eða nokkrum öðrum reglum fyrir utan það að fjármálastjóri Þjóðminjasafnsins er náttúrlega störfum hlaðinn í Þjóðminjasafninu og hefur verið að vinna kraftaverk þar, tel ég, og er staðgengill þjóðminjavarðar og hennar nánasti samstarfsmaður og er þar af leiðandi ekki í stakk búinn til að bæta við sig nýrri stöðu, stöðu fjármálastjóra Fornleifaverndar ríkisins. Nú verðum við að fá að vita það hér í þessari umræðu, herra forseti, hvað á að gera. Eigum við að halda svona áfram að setja ný lög sem verður ekki hægt að framfylgja af því að þeim fylgja engar fjárveitingar? Eigum við þá ekki bara að bakka og snúa okkur aftur að gömlu löggjöfinni? Að mínu viti, herra forseti, er það miklu skynsamlegra. Svona vinnubrögð eru engum til sóma og gera þessum mikilvæga málaflokki bara ógagn, og var nóg fyrir. Hér verður að taka virkilega vel á til að lagfæra og leiðrétta þannig að ekki hljótist af óbætanleg slys.

Þá er ég komin að atriðum í brtt. fjárln. sem ég verð að segja að eru nokkuð furðulegar. Eins og kom fram í stuttu andsvari mínu við hv. þm. Kristján Pálsson fyrr í dag eru hér nokkur gæluverkefni sem hv. þm. fjárln. hafa óskað eftir að sett verði í þær brtt. og eru þar ótal verkefni t.d. á sviði þjóðminjaverndar, á sviði byggðasafna eða Þjóðminjasafns. Ég get nefnt endurbyggingu vélbátsins Blátinds í Vestmannaeyjum, endurbyggingu á Brydebúð, endurbyggingu Tryggvaskála á Selfossi, Síldarminjasafnið á Siglufirði, Safnahúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði, viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði, viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði, Safnahúsið í Búðardal, Kjarvalsstofa í Borgarfirði eystra, Saltfisksetur Íslands í Grindavík, Kaupvang í Vopnafirði, Duushúsin í Reykjanesbæ og svona mætti lengi telja. Þar að auki er gert ráð fyrir að húsafriðunarsjóður fái það í sinn hlut að sjá um endurbætur á Syðstabæjarhúsinu í Hrísey, Pakkhúsinu í Borgarbyggð, kaupfélagshúsinu í Breiðdalsvík og svo á hann að endurhlaða Hraunsrétt í Aðaldal og sjá um viðgerðir á gömlum beitiskúr í Grenivík.

Nú spyr ég, herra forseti, og við þessu verður að fást svar: Eftir hvaða menningarstefnu og minjaverndarstefnu vinnur fjárln. Alþingis? Og hvernig stendur á því að Þjóðminjasafninu og húsafriðunarsjóði er gert að styrkja ákveðin verkefni án þess að stjórnendur viðkomandi stofnana eða sjóða hafi komið að þeim málum? Hvernig stendur á því að endurbygging Kútters Sigurfara er sett nafngreind undir Þjóðminjasafnið á meðan endurbygging annarra báta er bara á safnlið Söfn, ýmis framlög? Hver er pólitíkin hér að baki?

Herra forseti. Ég get ekki varist þessarar spurningar vegna þess m.a. að ég var stödd á þingi Bandalags íslenskra listamanna um helgina. Þar var ályktað um heilmargt. Meðal þess sem var ályktað var um menningarstefnu. Óskað var eftir faglegum vinnubrögðum yfirvalda í þeim efnum. Nákvæmlega það sem listamenn og fagmenn t.d. í minjaverndargeiranum hafa verið að vara við, þær gryfjur sem hefur verið varað við að við gætum fallið ofan í eru allar galopnar hér. Og, herra forseti, við erum með lappirnar ofan í þeim, upp fyrir haus. Þetta er ekki fjárveitingavaldi Alþingis til sóma.

Ég spyr hæstv. menntmrh. sem mikið talar um sjálfstæði forstöðumanna stofnana: Hvar er pláss fyrir sjálfstæði þeirra sem starfa í þessum geira?

Þegar fjárln. er að veita hér framlög upp á 7 millj. kr., 4 millj. og guð veit hvað margar milljónir til einstakra verkefna, þá vil ég upplýsa það hér, herra forseti, að stóri styrkurinn sem húsafriðunarnefnd veitir einu sinni á ári til eins verkefnis í hverjum landshluta, stóri styrkurinn sem þeir sem sækja um í húsafriðunarsjóð óska eftir er upp á 2,5 millj. kr. En af því hv. fjárln. hefur öll fjárlögin undir, yfir 200 milljarða, þá getur hún ákveðið sjálf stærð sinna gæluverkefna.

Ég segi, herra forseti, ef fagmennirnir og fagráðin og sjóðstjórnirnar og þeir sem samkvæmt lögum eiga að hafa það hlutverk, að móta menningarstefnu og fylgja henni, ef þeir eiga endalaust að þurfa að kyngja svona löguðu, hvernig halda þingmenn í raun og veru að þetta fólk geti borið virðingu fyrir því sem við erum að gera og þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna, þeim verkefnum sem við fáum þeim í hendur?

Herra forseti. Í ræðu minni hef ég ekki nefnt innritunargjöldin í Háskóla Íslands. Ekki er hægt annað en að krefja Framsfl. einhverra sagna um það mál hér og nú. Við verðum að fá að vita hvort uppi er ágreiningur meðal stjórnarliða varðandi tillögu fjárlagafrv.

Í nál., reyndar eru tvö nál. frá hv. menntmn. og ásteitingarsteinninn eða ástæðan fyrir því að álitin urðu tvö, var ekki síst sú að innritunargjöld í háskólann voru ágreiningsmál í nefndinni. Ég vitna í álitið frá minni hluta menntmn., með leyfi herra forseta:

„Minni hlutinn telur að ekki hafi verið sýnt fram á að raunkostnaður við innritun nemenda hafi hækkað tilsvarandi við það sem lagt er til í fjárlagafrumvarpinu. Minni hlutinn telur að með hagræðingu eigi að vera hægt að láta innritunargjöldin nægja fyrir raunkostnaði."

Þetta, herra forseti, er stefna stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

En við verðum að fá að vita, herra forseti, hvort þetta er líka stefna Framsfl. því það kann að vera. Ég auglýsi því hér eftir svörum frá Framsfl. varðandi þetta mál.

Síðan er hv. menntmn. sammála um að það sé í hæsta máta gagnrýnivert að ekki skuli enn lokið gerð samnings um fjármögnun til rannsókna í háskólanum. Og þess utan er nefndin sammála um að það teljist óeðlilegt að ekki skuli vera samræmi á milli verðbótaþáttar á kennslukostnað og verðbóta á rannsóknakostnað í frv. Nefndin biður um að þetta verði leiðrétt. Ekki er að sjá í brtt. þeim sem liggja hér fyrir að þetta eigi að leiðrétta. Ég spyr hv. formann fjárln. hverju það sætir. Af hverju er þetta ekki leiðrétt? Er einhver ástæða fyrir því? Þá verður að liggja fyrir skýring á því hér, herra forseti.

Þá er rétt að gera athugasemd, herra forseti, vegna þess að ég skrifaði undir nál. minni hlutans með fyrirvara. Ég verð að fá að gera grein fyrir því hver sá fyrirvari er. Hann lýtur aðeins að einum þætti þessa álits frá minni hluta menntmn., þ.e. kaflanum um Ríkisútvarpið.

Í áliti frá minni hluta menntmn. segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að leysa fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins tafarlaust."

Um þetta deilum við ekki í minni hluta nefndarinnar. Hins vegar segir örlítið síðar í álitinu, með leyfi forseta:

„Nú þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur verið lagður niður og aðrar stofnanir þurfa ekki lengur að greiða lögbundið framlag til hans heldur Ríkisútvarpið áfram að greiða 25% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar eða samkvæmt áætlun fyrir næsta ár 103 millj. kr. Undir þann rekstur þarf að skjóta öðrum stoðum."

Herra forseti. Um þetta erum við í minni hlutanum ekki sammála. Ég vil meina að lítill sparnaður verði af því að skilja milli Sinfóníuhljómsveitarinnar á þennan hátt og Ríkisútvarpsins, því það sem gerðist í staðinn væri einungis að Ríkisútvarpið þyrfti að fara að borga fyrir flutning á sinfóníutónleikum.

Að mínu áliti skiptir það ekki meginmáli hvorum megin fjármunirnir koma, hérna megin borðs eða hinum megin, ef þeir koma frá sömu stofnun, þ.e. í þessu tilfelli Ríkisútvarpinu.

Ég tel satt að segja að skjóta þurfi styrkum stoðum undir báðar þessar stofnanir. Og það höfum við rætt í menntmn. og erum í raun og veru ekki að deila um. Það virðist vera sátt um það í nefndinni. En lausnirnar á málum þessara stofnana hafa ekki legið þannig á borðum stjórnarliða í öllu falli að þær rati hér inn í brtt. þó svo að ég fagni að sjálfsögðu 7% hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins og því að það skuli eiga að takast á við þann vanda sem að þeirri stofnun hefur steðjað, því eins og við höfum svo oft fjallað um hér í þingsalnum er Ríkisútvarpið auðvitað ein af okkar merkustu menningarstofnunum og án þeirrar menningarstofnunar væri íslenskt samfélag mun fátækara en það er í dag.

Herra forseti. Þetta er sjálfsagt orðið miklu lengri ræða en ég ætlaði mér að hafa hana. Ég held ég sé komin í gegnum það sem ég taldi vera nauðsynlegast að koma hér á framfæri og hafi komið frá mér flestum spurningum sem á mér brunnu og mig langaði til að leggja fyrir hæstv. menntmrh. og hv. formann fjárln. Að ósekju má hæstv. fjmrh. hafa skoðanir á því sem ég hef lagt hér til líka.

Ég harma hins vegar að umræðan skuli ekki hafa meira svigrúm eða meiri tíma og að eilíflega skuli vera þessi pressa á okkur þingmönnum þegar við ætlum að ræða fjárlögin, að við erum send inn í nóttina með þá umræðu og orðið mismunandi lágskýjað hjá fólki. Mér finnst umræðan um fjárlög íslenska ríkisins eiga skilið meiri birtu.

[01:11]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þær spurningar sem hún bar fram þótt ég sé ekki viss um að mér takist að svara þeim með tilhlýðilegum hætti, enda vék hv. þm. að ýmsum atriðum er snúa að ráðherrum og er rétt að þeir svari fyrir það, þó svo að einungis hæstv. menntmrh. sé hér viðstaddur en hæstv. umhvrh. ekki.

Hv. þm. spyr hvaða meðferð álit umhvn. hafi fengið í fjárln. Því er til að svara að formaður nefndarinnar kom á fund fjárln. og flutti þar nál. og gerði grein fyrir þeim umræðum og áherslum sem þar komu fram. Umræður urðu nokkrar í fjárln. og niðurstöðuna má finna í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram og í nál. og fundargerðum.

Ég vil vísa þeim spurningum sem hér eru lagðar fram um Snæfellsnesþjóðgarð og Vatnajökulsþjóðgarð til hæstv. umhvrh. sem ekki er viðstödd. Ég fellst á það sem hv. þm. segir um stofnanir er heyra undir umhvrn. Þar eru vissulega mjög mörg og þörf verkefni sem flutt voru af þeim og ég þekki þau mætavel vegna fyrri starfa fyrir umhvn. Ég tek undir að þar þyrfti að taka á en því miður gefa fjárlög Alþingis ekki tækifæri til þeirra umsvifa sem vert væri.

Að baki útdeilingar eða fjárveitinga til einstakra verkefna út um land sem þingmaðurinn gerði að umræðuefni og spurði um, hafði nefndin að sjálfsögðu margvísleg gögn og upplýsingar, m.a. frá húsafriðunarnefnd, en að baki lágu, hæstv. forseti, í þrjú ár til viðbótar sjónarmið í ferðamálum, húsavernd, byggðasjónarmið og atvinnusaga sem nefndin hafði til hliðsjónar við tillögur sínar.

[01:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi menningarstefnu fjárln. veit ég auðvitað að hv. þm. sem í nefndinni sitja gengur gott eitt til. En ég leyfi mér samt sem áður að gagnrýna að svona skuli á málum haldið þegar litlir fjármunir eru til skiptanna í málaflokk sem er jafnmikilvægur og hér um ræðir. Við höfum í rauninni það skipulag í gangi að samkvæmt lögum er gert ráð fyrir að þessir hlutir gangi eftir ákveðnum brautum. Mér finnst, herra forseti, skynsamlegra að þær brautir fái notið sín og það fólk sem hefur valist í forustu í viðkomandi málaflokki eigi að fá það svigrúm sem fjárln. er að gefa sér.

En þarna greinir okkur á, hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, þó ég geri ekki lítið úr þeim vilja og þeim hugmyndum sem einstakir þingmenn ganga með í sambandi við einstök menningarverkefni.

Varðandi hitt að málefni þjóðgarðanna skuli hafa farið formlega frá nefndinni til umhvrn. gefur okkur kannski vonir um að umhvrn. geti þá af einhverjum sjóðum hjá sér séð til þess að stofnun þessara tveggja þjóðgarða, Vatnajökulsþjóðgarðs og þjóðgarðsins á Snæfellsnesi sem heitir nú víst Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, fái að verða okkur, þjóðinni allri, landinu og náttúrunni til þess sóma sem ég veit að allir hv. þm. vænta.

[01:15]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður gat fjárln. ekki orðið við öllum þeim góðu tillögum sem fyrir nefndina komu varðandi þau efni sem hv. þm. gerir hér að umræðuefni, þ.e. margvísleg menningarverkefni, verkefni er snúa að byggingum fornum og nýjum, bátum, söfnum og öðru slíku.

Að sjálfsögðu er það hárrétt hjá hv. þm. að við höfum fagstofnun eða stofnanir til þess að takast á við þessi verkefni. En verksvið þeirra og sjónarhorn og umboð er miklu þrengra en þau sjónarmið sem fjárln. hefur til hliðsjónar við útdeilingu þessa fjár. Þar verður að taka tillit til margra annarra þátta. Ég nefndi ferðamál. Ég nefndi húsavernd og byggðasjónarmið. Og ég vil líka nefna hvatningu sem fjárln. veitir margvíslegum félögum, einstaklingum og sveitarfélögum til þess að efla anda, framsýni og bjartsýni í þeim byggðum sem fá slík verkefni til sín.

Við höfum orðið vör við það í fjárln. að þessu fé hefur verið vel varið. Alltaf má deila um það og að sjálfsögðu verður aldrei lagður neinn algildur mælikvarði á þetta. En ég fullvissa hv. þm. um að við lögðum verulega vinnu í þetta með öll þessi margvíslegu sjónarmið að leiðarljósi og hörmum það fyrst og fremst að við gátum ekki komið lengra til móts við öll þau góðu verkefni sem óskað var eftir fjármagni til.

[01:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það veit sá sem allt veit að ég geri ekki lítið úr þeim verkefnum sem hér hafa verið nefnd eða sem fjárln. gerir tillögu um að hljóti stuðning, þvert á móti. Ég viðurkenni fúslega að þar er um mjög mörg þörf verkefni að ræða. Sannarlega hefðum við í menntmn., sem fékk til umsagnar safnliðina, viljað hafa meira svigrúm til þess að láta öll þessi góðu verkefni hafa eitthvað sem við töldum að væri rétt og sanngjarnt og metnaðarfullt og menningarlegt.

En hvað gerist, herra forseti? Við höfum svo lítið svigrúm af því safnliðirnir, eins og allir þingmenn vita, voru skornir svo mikið niður.

Svo eftir að tillögum eða áliti hv. menntmn. er skilað gerist náttúrlega það sama og gerist venjulega, safnliðirnir vaxa að umfangi. Og í þetta skipti varð vöxturinn gífurlegur miðað við það hve safnliðirnir voru lágir í upphæðum í frv. því fjárln. gaf sér 30 millj. til viðbótar.

Herra forseti. Ég rifja enn upp að stóri styrkurinn hjá húsafriðunarnefnd er 2,5 millj. á verkefni.

Ég spyr enn og auglýsi eftir því að hv. formaður fjárln. skýri það fyrir okkur: Hvers vegna er þá ekki aftur leitað til menntmn. sem hafði liðina til umsagnar þegar liðurinn vex allt í einu um heilar 30 millj.?

Herra forseti. Þarna finnst manni lítið gert úr störfum þeirra þingmanna sem þó lögðu það á sig að fara vel og gaumgæfilega yfir allar umsóknir sem fyrir lágu. Við forgangsröðuðum í menntmn. og höfðum ákveðnar hugmyndir um það, ef liðirnir stækkuðu, hvað ætti að fara þar inn. Ég nefni t.d. leikminjasafn sem var eitt af verkefnunum sem sótt var um fyrir. Menntmn. var jákvæð gagnvart því, en hv. fjárln. því miður ekki.

[01:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrir mig voru lagðar nokkrar spurningar um fjárlagafrv. og þær brtt. sem liggja hér fyrir. Mér finnst fyrst nauðsynlegt að koma aðeins inn í þær umræður sem voru hér rétt í þessu um þá liði sem fjárln. úthlutar til og þau verkefni sem öll eru góð og gild. En þeim er öllum eins og menn sjá eða langflestum úthlutað tímabundið. Þess vegna er ljóst þegar fjárlagafrv. er skoðað og fjárlögin að verið er að veita þessa styrki yfirleitt til eins árs í senn. Síðan eru þeir ekki í fjárlagafrv. ársins á eftir vegna þess að ekki hefur verið gengið þannig frá málum að búið sé að taka ákvörðun um að fylgja einhverju verkefni eftir til loka. Þá kemur fjárln. að nýju að þessum málum og tekur þau upp á sína arma á nýjan leik eins og við sjáum í mörgum þeim tilvikum sem hér er um að ræða og þá er að nýju veitt tímabundið fé til þessara verkefna.

Ég tel sjálfur að það sé skynsamleg leið að móta stefnu í þessum málum sem miðar að því að menn ákveði að það eigi að taka ákveðin verkefni og vinna þannig að þeim að þeim sé lokið. Ég leit m.a. þannig á að með safnalagafrv. væri verið að koma til móts við sjónarmið sem höfðu verið reifuð í þingsalnum við afgreiðslu fjárlaga af fyrrv. formanni fjárln. sem ræddi það oftar en einu sinni í sínum ræðum að nauðsynlegt væri að hafa þann hátt á sem ég er að lýsa og koma almennum lagaramma utan um þessa starfsemi eins og gert var með safnalögunum.

Einnig hefur fyrrv. formaður fjárln., núv. hæstv. heilbrrh., lagt á það áherslu við afgreiðslu fjárlagafrv. að þess verði gætt mjög vel, m.a. í samvinnu við Ríkisendurskoðun, hvernig staðið er að því að nýta þá peninga sem veittir eru á þessum liðum þannig að eftirfylgnin verði með sama hætti og gert er ef menn gera samninga um eitthvert verkefni og stefni að því að ljúka því á ákveðnum tíma.

Í ljósi þessa og í ljósi þeirra umræðna sem fara jafnan fram hér við afgreiðslu fjárlaganna hef ég því í hyggju sem menntmrh. að taka upp strangari reglur um útgreiðslu á þessu fé þannig að ljóst liggi fyrir hvað hafi verið unnið fyrir peninga sem úthlutað er t.d. í ár til ákveðinna verkefna, hvernig þeir peningar hafi verið nýttir og að aflað verði greinargóðra

upplýsinga um það áður en næsta útgreiðsla verður. Ég held að þetta sé nauðsynlegt og ég held að líka sé nauðsynlegt að fyrir liggi á hinu háa Alþingi upplýsingar um þetta sem hægt væri að nýta, því ég geri mér ekki grein fyrir því hvort fjárln. geri jafnríkar kröfur til þess að menn skili til hennar yfirlitum og gerð er krafa til af hálfu ráðuneytanna þegar um slík verkefni er að ræða.

Ég tel nauðsynlegt að hafa þetta í huga. Ég er ekki hér að segja annað en komið hefur fram í umræðum um fjárlagafrv. Hugmyndin um að setja almenn safnalög kom fram í umræðum um fjárlagafrv. að tillögu og hugmynd þáv. formanns fjárln. og hann hefur einnig reifað nauðsyn þess að Ríkisendurskoðun setji um það reglur og Ríkisendurskoðun komi að þessum verkefnum. Ég held að nauðsynlegt sé að huga að því þegar litið er til þeirra fjárhæða sem hér er um að ræða. Þetta eru miklar fjárhæðir eins og fram hefur komið og nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar til þess verks er gengið að framkvæma þennan mikilvæga þátt í fjárlögunum eins og aðra þætti fjárlaga og afla góðra upplýsinga um það hvernig þetta fé nýtist og þá líka hvenær verkefnum lýkur þannig að menn sjái fyrir endann á því og viti þá að þingið hafi upplýsingar um það frá þeim sem fá þessa styrki hvernig slík mál líta út í heild. Ég held að það sé nauðsynlegt.

Í sömu andrá og menn settu ný safnalög var lögunum um Þjóðminjasafnið breytt eins og vitað er og það stokkað upp og m.a. var lagt þar til að stofnaður yrði þessi safnasjóður og einnig fornleifasjóður. Lögin voru samþykkt á Alþingi hinn 27. maí sl. og líka safnalöggjöfin og þá voru líka samþykkt ný þjóðminjalög, lög um húsafriðun og lög um ólögmætan flutning menningarverðmæta. Þessi lög tóku gildi 17. júlí á þessu ári og það hefur verið starfað eftir þeim að sjálfsögðu frá þeim tíma.

Safnaráð var skipað 15. september sl. og í því sitja Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, formaður, Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, vegna Náttúruminjasafnsins, Gísli Sverrir Árnason varaformaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, tilnefndur af Félagi safna og safnamanna.

Alltaf hefur legið fyrir að safnasjóður verði stofnaður þegar fé er veitt til hans á fjárlögum ársins 2002 og samkvæmt frv. mínu til safnalaga og kostnaðarmati fjmrn. skal fé af af eftirtöldum fjárlagaliðum, þ.e. fjárlögum 2001 og fjárlagafrv. 2002, renna í safnasjóð, þ.e. Fjárlagalið 02-902 Þjóðminjasafn Íslands 1.10 Byggða- og minjasöfn, 39 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 2002 á fjárlagalið 02-902 1.10 er um að ræða 39 millj. kr., 48,4 millj. kr. mínus 9,4 millj. kr. vegna minjavarðar á Norðurlandi eystra. Um er að ræða rekstrar- og verkefnastyrki til ofangreindra safna sem veittir voru samkvæmt 13. gr. fyrri þjóðminjalaga, nr. 88/1989, og verða veittir samkv. 10. gr. safnalaga, nr. 106/2001. Byggðasöfnin hafa sótt um rekstrar- og verkefnastyrki árið 2002, samtals að fjárhæð 62 millj. kr.

Þá er einnig tillaga samkvæmt frv., eins og það var og greinargerðinni sem því fylgdi, um lið 02-919 Söfn, ýmis framlög 1.90 16 millj. kr. Eins og segir í fjárlagafrv. 2002 eru á fjárlagalið 02-919 17,5 millj. kr. til almenns rekstur safna og skyldrar starfsemi. Gert er ráð fyrir að 16 millj. kr. af því renni í safnasjóð, en 1,5 millj. kr. verði haldið á óskiptum lið vegna t.d. verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, sýninga utan safna, þátttöku í Nordic World Heritage Office og fleira.

Gert er ráð fyrir að millifært verði af fjárlagaliðum menntmrn. í safnasjóð 55 millj. kr. eins og greint er frá hér að ofan. Auk þess er lagt til að millifært verði 3 millj. kr. af fjárlagalið umhvrn. vegna verkefna á sviði náttúrugripasafna. Fram til 1996 veitti menntmrn. styrki til náttúrugripasafna. Frá árinu 1996 hefur fé verið veitt til náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum af fjárlagalið umhvrn. og í fjárlagafrv. 2002 eru 3 millj. kr. á þessum fjárlagalið og eðlilegt væri að þetta fé rynni í safnasjóð.

Í landinu eru starfrækt nokkur náttúrugripasöfn, t.d. í Bolungarvík, Neskaupstað og Vestmannaeyjum, auk þess sem mörg byggðasöfn hafa náttúrugripasöfn á sinni könnu.

Síðan er hér líka um framlög til byggða- eða minjasafna, listasafna og náttúrugripasafna sem ekki eru rekin af ríkinu og uppfylla skilyrði 10. gr. safnalaga og eiga kost á styrkjum úr safnasjóði. Það fellur undir það sem hér hefur verið sagt að ofan.

En síðan eru sérstök söfn eins og Listasafn Íslands, Nýlistasafnið og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, sem eru sérliðir. Sum þessi söfn hafa fengið aukið fé í tillögunum núna, eins og Listasafn ASÍ og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Þessar upplýsingar hafa verið sendar fjárln.

Síðan er það mat mitt að sumt af því fé sem fjárln. hefur skipt á einstaka liði hefði átt að fara inn í safnasjóðinn eins og til var stofnað og eins og um var rætt þegar safnalöggjöfin var til umræðu hér í þinginu.

Varðandi fornleifasjóðinn er í tillögu ráðuneytisins vísað í það að samkvæmt 24. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, eigi að setja á laggirnar fornleifasjóð sem hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Í kostnaðarmati fjmrn. með frv. segir:

„... ákvörðun um stofnun fornleifasjóðs gefur tilefni til þess að útgjöld ríkisins til fornleifarannsókna verði aukin. Ákvörðun þess efnis er háð afgreiðslu fjárlaga eins og önnur ný útgjöld."

En hvorki í greinargerð með frv. til fjárlaga né í áliti menntmn. er gert ráð fyrir að fé í sjóðinn verði tekið af öðrum liðum eins og ráðgert er með safnasjóðinn. Alþingi hefur ár hvert úthlutað fé til fornleifarannsókna. Eðlilegt er að slíkir fjármunir verði veittir til fornleifasjóðs og verði úthlutað úr honum.

Við erum því að segja að við teljum eðlilegt að í stað þess að Alþingi sé að velja ákveðin verkefni þá fari fjármunir til fornleifa í þennan sjóð og verði úthlutað úr honum, en í stjórn sjóðsins eru séra Þórir Stephensen, fyrrv. dómkirkjuprestur, formaður, Magnús Þorkelsson, aðstoðarskólameistari og Birna Lárusdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðar.

Þetta eru þær hugmyndir og þau sjónarmið sem við höfum í þessu. Við höfum búist við því að nú fyrir 3. umr. fjárlaga taki menn þetta til athugunar því þá komi líka inn ákvæði sem eru nauðsynleg vegna Fornleifaverndar ríkisins og það kemur fram í fjáraukalögunum sem hafa núna verið til umræðu, að þar kemur inn nýtt fé vegna Fornleifaverndar ríkisins og það fylgir Fornleifaverndinni einnig inn í fjárlögin 2002 og búnir verði þá til þeir fjárlagaliðir sem þarf til þess.

Ég sé því ekki annað en að við höfum lagt málin þannig fyrir að hægt eigi vera að vinna þetta skikkanlega og koma þessum sjóðum á laggirnar. Þótt fjármunirnir séu til komnir eins og ég var að lýsa eru þó sjóðirnir komnir og komnar

stjórnir og búið er að ganga frá skipulaginu öllu af okkar hálfu.

Ég tel að það sé gagnlegt fyrir mig að fá að koma þessum sjónarmiðum hér á framfæri. Þau hafa verið kynnt fjárln. og fjmrn. Eftir því sem ég best veit er unnið að því að ganga frá þeim málum með þessu skipulagi fyrir 3. umr. fjárlaga.

[01:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin sem voru afskaplega greinargóð. Ég fagna því að fyrir þessum hlutum skuli þó vera þannig séð sem hæstv. ráðherra hefur nú lýst. Ég fagna því sömuleiðis að full meðvitund skuli vera um það í hv. fjárln. að þetta mál verði tekið þannig fyrir að þegar málið kemur aftur til 3. umr. komi þessir sjóðir til með að verða nafngreindir liðir í fjárlögunum sem og Fornleifavernd ríkisins þá einnig, miðað við það sem hæstv. ráðherra sagði.

Varðandi hitt sem hæstv. ráðherra fjallaði um, sem var menningarstefnan, þá vil ég líka fagna. Ég hef sjaldan verið jafnánægð með ræðu hæstv. ráðherra úr þessum stóli því við erum gersamlega sammála um menningarstefnu og nauðsyn þess að menningarstefna sé skýr og að hún sé sett þannig fram að auðvelt sé að framfylgja henni og allir viti hvaða hugmyndafræði á þar að vera við lýði.

Handahófskennd menningarstefna fjárln. er hæstv. ráðherra því greinilega ekki að skapi, ekki frekar en mér, og ég fagna því einlæglega og ég treysti því að sjónarmið hv. fyrrv. formanns fjárln., sem hæstv. ráðherra lýsti, nái til nefndarinnar. Hæstv. ráðherra hefur skýrt fyrir okkur að það hafi verið vilji hans og ég treysti því að hann geti þá miðlað hugmyndum sínum og fróðleik áfram til nefndarinnar og treysti því þess vegna að hægt sé að gera þessa bragarbót þannig að við eigum eftir að leiðrétta þá handahófskenndu útdeilingu fjárln. sem einu sinni hét fjárveitinganefnd, en heitir það ekki lengur.

[01:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að það vald verður aldrei tekið af fjárln. sem hún hefur til þess að koma með sínar tillögur. Það er hvorki á mínu valdi né annarra að takmarka vald hennar til þess að gera tillögur við afgreiðslu fjárlagafrv.

Hins vegar er nauðsynlegt og unnið hefur verið að því og ég vona að það sé enn markmið þeirra sem í fjárlaganefndinni starfa, að koma að þessum málum þannig að ákveðnar leikreglur gildi um þessa þætti, m.a. eftirfylgni, einhverjar reglur eins og hæstv. heilbrrh. talaði um þegar hann var formaður fjárln. og að Ríkisendurskoðun kæmi að því. Eins og ég sagði í sambandi safnalöggjöfina, þá eru sett ákveðin markmið. Alþingi samþykkir hvort tveggja, Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi o.s.frv. þannig að ákveðin eftirfylgni sé varðandi þennan þátt fjárlaganna ekki síður en annarra.

Ég ætla ekki og var ekki að leggja mat á það í sjálfu sér hvort eitt verkefni umfram annað sé betra og hvort spurning sé um einhverja menningarstefnu og vil ekki gagnrýna hv. fjárln. á þeim forsendum. Mér finnst að ekki megi draga þær ályktanir af máli mínu, heldur hitt að verið sé að gera þetta innan ramma sem menn geta fylgst með og sú eftirfylgni hvíli á þessum þáttum ekki síður en öðrum sem gerð er krafa til þegar um opinberar fjárveitingar er að ræða.

[01:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur hnykkt á skilningi sínum á þessu máli og allt í góðu lagi með það. Ég lít engu að síður þannig á að við séum sammála um að menningarstefna sé til bóta. Ég hef fylgst með því hvernig hæstv. ráðherra hefur verið að búa til eða hanna upp á nýtt allar fjárveitingar til sjálfstæðra atvinnuleikhópa og ég hef fagnað því. Búið er að gera mjög mikla bragarbót á, bót sem er í því fólgin að það er algjörlega gegnsætt hvernig fjárhagsáætlanir hópanna eru gerðar. Eftirfylgnin er skýr. Það er allt mjög aðgengilegt á netinu. Það er úthlutunarnefnd sem allir vita að starfar eftir ákveðnum reglum og allir þekkja þetta kerfi sem búið er að koma upp. Þess vegna ríkir ákveðin sameiginleg meðvitund um menningarstefnuna í málefnum atvinnuleikhópa. Hún mótast að sjálfsögðu af því fjármagni sem ætlað er til hópanna í fjárlagafrv. Það sama á auðvitað að gilda um menningarstefnu í öðrum málaflokkum eins og t.d. í safnamálum eða þjóðminjageiranum eða fornleifaverndinni.

Ég lít því enn svo á að við hæstv. ráðherra séum sammála og ég treysti því að hér verði um öfluga stefnu að ræða sem verði skýr og auðvelt að stjórna eftir. Ég treysti því, og þykist náttúrlega vita, að það komi til með að skila sér inn í þennan mikilvæga málaflokk, fornleifaverndina og minjaverndina.

[01:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar umræðan um fjárlögin hófst í dag um tveggja vikna leyti gerði stjórnarandstaðan það að tillögu sinni að umræðunni yrði skotið á frest. Ástæðan var sú að við töldum óvissuþætti of marga, of mikla.

Sannast sagna er þessi 2. umr. um fjárlög frábrugðin umræðum fyrri ára að ýmsu leyti. Ekki er fast land undir fótum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Eins og hér hefur komið fram lýsti hæstv. forsrh. því yfir í fjölmiðlum nú um helgina að á döfinni væri að kynna niðurskurðartillögur upp á 3–3,5 milljarða kr. Þær tillögur höfðu hins vegar ekki verið ræddar við fjárlaganefndarfulltrúa og formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., virtist koma af fjöllum ef marka má viðtal við hann sem birtist í Morgunblaðinu í morgun.

Annað er að eðlilegt hefði verið að endurskoðuð tekjuáætlun og lánsfjáráætlun lægi fyrir. En það verður að segjast þó að oft hefur það viljað brenna við að svo væri ekki við 2. umr. fjárlaga.

Hitt eykur einnig á óvissuna, að við eigum enn eftir að afgreiða skattapakka ríkisstjórnarinnar sem felur í sér umfangsmiklar breytingar á skattlagningu í landinu, lækkun tekjuskatta fyrirtækja, breytingar á tekjusköttum einstaklinga, einkum ívilnanir til hátekjuhópa og millitekjuhópa, sérstaklega hátekjuhópa. Í grófum dráttum er verið að létta skattbyrði af fjármagni og fyrirtækjum og færa hana yfir á launatengda starfsemi.

Komið hefur fram í umsögnum, m.a. Þjóðhagsstofnunar, að þetta komi til með að veikja verulega stöðu ríkissjóðs og stöðu sveitarfélaganna í landinu. Það eru ekki aðeins gagnrýnisraddir eða efasemdir sem hafa heyrst úr þeirri átt heldur hefur einnig komið fram mjög hörð gagnrýni m.a. frá verkalýðshreyfingunni á þær skattatillögur. Ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir í fjölmiðlum að farið yrði rækilega yfir þá gagnrýni og kannað hvort ríkisstjórnin sé reiðubúin að taka hana til greina að einhverju leyti.

En einnig þetta eykur á óvissuna og það var í ljósi þessa sem við lögðum til að 2. umr. um fjárlagafrv. yrði skotið á frest.

Reyndar er margt óljóst í stöðunni nú um stundir. Þannig stangast á spádómar Þjóðhagsstofnunar annars vegar og OECD og hins vegar ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin gerir enn ráð fyrir 1% hagvexti á komandi ári. OECD gerir ráð fyrir samdrætti upp á 0,6%, Þjóðhagsstofnun samdrætti upp á 0,3%. Þarna stangast sitthvað á.

Þótt þetta sé óljóst er margt ljóst í þeirri stöðu sem nú blasir við. Það er t.d. ljóst að skuldastaða þjóðarinnar er alvarlegri en hún hefur nokkru sinni verið í sögu þjóðarinnar. Í annan stað er líka ljóst að verðgildi krónunnar hefur rýrnað verulega á undangengnum missirum, sem síðan hefur leitt til þess að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa stórlega rýrnað.

Einnig er ljóst að verðbólga er nú meiri en hún hefur verið um nokkurt árabil. Þá er á það að líta að viðskiptahallinn hefur reynst meira og alvarlegra efnahagsmein en flestir gerðu sér grein fyrir fyrir fáeinum árum þegar hallaði á ógæfuhliðina og kemur til með að skilja eftir sig dýpri og verri sár en margir ætluðu þá.

Ég vil segja örfá orð um hvern þessara liða fyrir sig.

Viðskiptahallinn í fyrra nam í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar yfir 10% af vergri landsframleiðslu. Hann hefur aldrei verið eins mikill og í fyrra. Sennilega verður hann heldur minni á þessu ári og gert er ráð fyrir að enn muni hugsanlega draga úr honum á næsta ári. En ef litið er til fimm ára, frá 1998, er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn nemi um 250 milljörðum kr.

Þetta leiðir hugann að því að velgengni ríkissjóðs á undangengnum árum hefur byggst á þessum mikla halla. Hann eða innflutningur til landsins umfram efni hefur skapað þenslu í atvinnulífinu sem síðan hefur skapað ríkissjóði auknar tekjur. Þegar dregur úr viðskiptahallanum, þegar hann minnkar, þá minnka tekjur ríkissjóðs að sama skapi.

Verðbólgan hefur á þessu ári verið yfir 8% og það er rangt sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. að launafólk hefði ekki orðið fyrir neinni kaupmáttarrýrnun á þessu ári. Á þessu ári var samið um 6,9% hækkun á kauptaxta. En þegar verðbólgan er komin yfir 8% þá segir það sig sjálft að þarna er um kaupmáttarrýrnun að ræða.

Að sönnu hafa margir hópar sem betur fer fengið umtalsvert meiri kauphækkanir. En þeir eru til og það eru fjölmennir hópar, ekki síst í hópi láglaunafólks, sem búa við þessa kauphækkun eina. Þeir láglaunahópar hafa sannarlega orðið fyrir verulegri eða nokkurri kaupmáttarrýrnun.

Verðgildi krónunnar. Við þekkjum það að hún hefur rýrnað stórlega, 25% mun það vera að meðaltali gagnvart erlendum gjaldmiðlum, 30% gagnvart bandaríkjadollar. Í ársbyrjun kostaði bandaríkjadollar 82,90 en kostar núna í kringum 110 kr. Þetta breytist dag frá degi, mun sennilega vera 111 núna. En þetta er veruleg rýrnun sem segir til sín í hækkun á aðfluttri vöru til landsins og hefur þar af leiðandi í för með sér rýrnun á ráðstöfunarfjármagni heimilanna.

Skuldastaða þjóðarinnar er verri en hún hefur nokkru sinni verið. Því miður gætti nokkurrar óskhyggju í tali hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þegar hann talaði um að þar stefndi allt á betri veg. Hann sagði að okkur hefði auðnast að ná skuldum ríkisins verulega niður og heldur betur væri bjart fram undan. Það er rétt að ef við lítum á skuldir ríkisins um miðjan tíunda áratuginn hefur okkur tekist að ná skuldum ríkissjóðs talsvert niður. Ef við hins vegar hverfum lengra aftur í tímann, til upphafs tíunda áratugarins, erum við ekki í betri stöðu að þessu leyti. Þannig eru skuldir ríkissjóðs samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar áætlaðar á þessu ári 39,2% af vergri landsframleiðslu en voru 32,4% árið 1990, þ.e. lægra hlutfall. Skuldir sveitarfélaganna voru þá, árið 1990, í byrjun tíunda áratugarins, 4,3% af vergri landsframleiðslu en samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar verða þær 7,1% á þessu ári.

Ef litið er á nettóskuldir hins opinbera — vegna þess að iðulega er það svo að ríkið skuldar sveitarfélögunum og sveitarfélögin skulda ríki þannig að eðlilegt er að líta til nettóskulda hins opinbera — er áætlað að á árinu 2001 verði þær 27,5% af vergri landsframleiðslu en voru umtalsvert lægri árið 1990 eða 19,1% af vergri landsframleiðslu.

Það sem er óhugnanlegast þegar skuldastaða þjóðarinnar er gaumgæfð er að hún hefur aldrei nokkurn tímann verið verri en núna og nemur 259% af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt áætlunum og útreikningum Þjóðhagsstofnunar munu skuldir heimilanna á þessu ári nema 675 milljörðum kr. og skuldir fyrirtækjanna 1.045 milljörðum kr. Á liðnum árum hefur ríkið verið að reyna að færa skuldabaggann af eigin herðum yfir á herðar sveitarfélaganna og síðan yfir á fyrirtækin. Það kemur m.a. fram í eða er afleiðing einkaframkvæmdarstefnu ríkisins.

Þegar t.d. elliheimilið Sóltún er reist eru skuldirnar við það ekki bókfærðar hjá ríkinu. Þær eru bókfærðar hjá fyrirtækinu sem reisir elliheimilið. Enda þótt ríkið komi til með að fjármagna hverja einustu krónu í þessu elliheimili eru skuldirnar bókfærðar á annan aðila. Því er ekki annað raunsætt eða raunhæft þegar við skoðum skuldbindingar þjóðarinnar en að líta á heildardæmið, að sjálfsögðu, og ekki síst með tilliti til þess að í tilvikum eins og elliheimilinu Sóltúni þar sem einkaframkvæmdin hefur verið innleidd eru skuldbindingarnar á endanum að sjálfsögðu hjá ríkinu og þeim sem koma til með að nýta sér þessa þjónustu. Minnast menn þá einkaframkvæmdarbæklings ríkisstjórnarinnar þar sem segir að í framtíðinni muni notendur koma til með að greiða beint úr eigin vasa fyrir þessa þjónustu, a.m.k. í ríkari mæli en nú er gert.

Herra forseti. Við umræðuna um fjárlögin að undanförnu hefur stjórnarandstaðan verið gagnrýnd nokkuð fyrir svartsýni og að hún hafi ekki verið ábyrg í þessari umræðu. Þessu vísa ég algjörlega á bug. Staðreyndin er sú að við höfum kappkostað að benda á jákvæða þætti í efnahagslífinu nú um stundir og viljað nýta okkur það sem jákvætt er til uppbyggingar.

Það er staðreynd að markaðir fyrir íslenska útflutningsvöru hafa verið góðir. Vísa ég þar að sjálfsögðu fyrst og fremst til sjávarafurða. Komið hefur fram að álverð hefur heldur lækkað. Þegar á heildina er litið hafa markaðsaðstæður verið okkur hagstæðar og ef við hefðum haldið vel og rétt á spöðunum á undanförnum árum værum við ekki að stefna inn í þann vanda sem við því miður erum að gera núna.

Hvernig á þá að taka af ábyrgð á efnahagsmálunum? Jú, það er hægt að gera með skynsamlegu samspili skattlagningar og útgjalda ríkissjóðs. Við höfum gagnrýnt þær áherslur sem ríkið hefur haft þar uppi. Í annan stað er mjög mikilvægt að gefa þjóðinni, fyrirtækjum og heimilum, rétt skilaboð. Það skiptir mjög miklu máli.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hitti nefnilega naglann á höfuðið þegar hann sagði réttilega að með lántökum væru menn,

hvort sem væri um að ræða heimili eða fyrirtæki, að ráðstafa framtíðartekjum sínum. Og það skiptir nokkru máli að menn geri sér grein fyrir því hverjar líklegar framtíðartekjur þeirra eru. Munum við búa við áframhaldandi hagvöxt og mikinn hagvöxt eða komum við hugsanlega til með að þurfa að búa við einhvern samdrátt? Munu rauntekjur mínar, það fjármagn sem ég hef handa á milli, aukast eða er sú hætta fyrir hendi að það muni dragast eitthvað saman? Og ef svo er þarf maður að sýna meiri varfærni, t.d. við lántökur. Og það er til þessarar varfærni sem við höfum verið að hvetja.

Að lokum langar mig til að víkja að málflutningi talsmanna Sjálfstfl. í þessari umræðu. Þeir sem hafa haft sig mest í frammi af talsmönnum Sjálfstfl. við þessa umræðu, utan hæstvirtra ráðherra, hafa verið varaformaður fjárln., hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og Pétur H. Blöndal, sérfræðingur Sjálfstfl. í velferðarmálum og almannatryggingum.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti hefðbundna fjárlagaræðu sína fyrr í kvöld. Hann sagði að allan þann vanda sem ríkissjóður byggi við mætti rekja til útþenslu í opinbera geiranum og til launahækkana. Það er alveg rétt. Á undanförnum missirum hafa sem betur fer orðið nokkrar launahækkanir og ég hef ekki heyrt hæstv. fjmrh. kveinka sér mikið undan þeim. Sjúkraliðar — það er svona nærtækasta dæmið af því að þeir voru að ljúka við samninga — voru með í byrjunarlaun tæpar 89 þús. kr. á mánuði. Núna var samið við þá stétt þannig að byrjunarlaunin verða um 115 þús. og hækka síðan eftir einhvern starfsaldur í 119 þús. Föst meðallaun þessarar stéttar koma til með að verða tæplega 143 þús. kr. á mánuði. Sannast sagna finnst mér þetta ekki mikið kaup. Mér finnst þetta ekki há upphæð. Þetta er stétt sem vinnur mjög erfið störf á sjúkrahúsum. Þótt okkur finnist þetta ekki há upphæð var þarna um umtalsverðar kjarabætur að ræða í síðustu samningum. Og mér finnst það vera fagnaðarefni.

Mér finnst það líka vera fagnaðarefni sem menn eru sífellt að emja hér undan, að ellilífeyrisþegar fái einhverja hlutdeild í þessum kjarabótum. Mér finnst það gott. Staðreyndin er nefnilega sú að fólk í almannaþjónustu hefur búið við *mjög bág kjör, lágt kaup, og svo sannarlega mjög lágt kaup* miðað við það sem gerist í okkar viðmiðunarríkjum, t.d. á Norðurlöndunum. Það er mjög gott að þetta skuli vera heldur lagað.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að síðan hefði orðið alveg geysileg útþensla hér í þjónustu við fatlaða. Það er alveg rétt. Ýmis skref hafa verið stigin. En menn hafa líka verið að vekja athygli á því að íslenska þjóðfélagið, þessi ein ríkasta þjóð í heiminum — er hún ekki númer sex í röðinni núna? — ver mun minna fjármagni og minna af sameiginlegum verðmætum sínum til málefna fatlaðra og til velferðarmála almennt, miklu minna en gerist á Norðurlöndunum og minna en gerist í ýmsum þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Ég vakti athygli á því fyrr í umræðunni að ríkisstjórnin hefði að mínum dómi kolranga forgangsröðun þegar hún væri að ráðstafa skattfé. Hún hefði t.d. ekki staðið við loforð *og fyrirheit sem samtökum fatlaðra voru gefin fyrir fáeinum* árum um að útrýma biðlistum eftir húsnæði. Þetta var gert fyrir kosningarnar 1999. Ég man eftir mörgum kosningafundum sem ég sótti þar sem fulltrúar allra flokka voru og þar sem fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. lýstu því afdráttarlaust yfir að þeir mundu standa við áætlun sem þá hafði verið gerð um að útrýma biðlistum fatlaðra eftir húsnæði fyrir árið 2006. Við þetta hefur ekki verið staðið.

Aftur var sett niður nefnd á árinu 2000 til að gera um það tillögur hvernig þessum biðlistum yrði útrýmt. Ekki hefur heldur verið staðið við þau fyrirheit sem þá voru gefin. Samkvæmt biðlistanefndinni 1998 sem kynnt var fyrir kosningarnar 1999 hefði átt að verja 139 millj. á þessu ári í þessu skyni. Uppreiknað væru það 178,2 millj. kr. samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá Landssamtökunum Þroskahjálp. Þegar búið var að færa þessar tölur niður samkvæmt biðlistanefndinni á árinu 2000 var talan komin úr 139 millj. í 81,2 millj. sem væri uppreiknað 88 millj.

En hvað skyldi vera í því frv. sem við erum hér með til umfjöllunar? Hverju skyldi verða varið í þessu skyni til verkefnisins? 23 millj. kr. Er að undra að menn setji þetta í samhengi við fjáraustur ríkisins á öðrum sviðum? Er að undra að menn veki athygli á því að við erum að verja í eitt sendiráð í Japan tæpum milljarði króna? Og hæstv. utanrrh. leyfir sér að koma hingað og kveinka sér undan því að menn geri þennan samanburð.

Ég mótmæli harðlega að óeðlilegt sé að slíkt sé gert.

Það er líka eðlilegt að við skoðum fjárausturinn í þessa flottræfilsráðstefnu NATO hér á næsta ári sem á að kosta a.m.k. á fjórða hundrað millj. kr. Og þetta er gert á sama tíma og ríkisstjórnin er að svíkja fyrirheit sem samtökum fatlaðra voru gefin um að útrýma biðlistum eftir húsnæði. Þetta eru staðreyndir og menn verða að vera menn til að horfast í augu við þær. Þeir eiga ekki að láta þar við sitja heldur eigum við áður en fjárlögunum er lokað að gera bragarbót í þessu efni.

Þetta var um öll ósköpin og þennan mikla rausnarhug sem ríkisstjórnin og ríkisvaldið hefur sýnt fötluðum á undanförnum árum, sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði sérstaklega að umræðuefni.

Ég vil þá víkja að málflutningi hins aðaltalsmanns Sjálfstfl. í velferðarmálum og almannatryggingum og opinberum rekstri, hv. þm. Péturs H. Blöndals. Honum verður tíðrætt um það þessa dagana að nú þurfi heldur betur að draga saman seglin. Það á að vera allra meina bót að fækka *starfsfólki í almannaþjónustu.*

Hann gerði þetta að sérstöku umræðuefni í þingræðu 11. okt. sl. Þá setti Pétur H. Blöndal, hv. talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum, fram þá hugmynd að við færum að dæmi Granda hf. sem á síðustu fimm eða tíu árum hefði fækkað starfsfólki um helming. Þetta eigum við að gera líka í hinni opinberu þjónustu, sagði þessi talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum. Þetta á ekki að þurfa að bitna á þjónustunni, sagði hv. þm.

En orðrétt sagði hann, með leyfi forseta, og vísaði þá til niðurskurðarins hjá Granda hf.:

„Þetta vil ég líka sjá í heilbrigðiskerfinu. Ég vil sjá að fólki fækki um helming, læknum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, um helming, ...“

Þetta eru tillögur sem eru settar fram að því er virðist vera af fullri alvöru af hálfu þessa talsmanns Sjálfstfl. í velferðarmálum og almannatryggingum. Mér finnst ástæða til að vekja *sérstaklega athygli á þessu.*

Herra forseti. Ég ætla að vona að þær ábendingar sem hér hafa komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar um breytingar á fjárlagafrv., um breyttar áherslur í ýmsum efnum verði teknar til greina áður en umræðu verður endanlega lokið um fjárlagafrv.

[02:03]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið eytt löngum tíma í að ræða fjárlagafrv. í dag. Komið er langt fram á nótt og ekki ástæða til að lengja umræðuna umfram það sem orðið er. Ég vildi þó leggja áherslu á nokkur atriði sem ég held að sé algjörlega nauðsynlegt að komi fram.

Ég vil þá fyrst leggja á það áherslu, hæstv. forseti, að ekki fer á milli mála í umræðunni hér í dag og kvöld að vilji ríkisstjórnarinnar og meiri hluta fjárln. er að skila fjárlagafrv. með góðum afgangi. Það hefur komið hér skýrt fram. Það er einörð stefna okkar að taka ábyrgð á efnahagsstjórninni og ríkisfjármálum hér eftir sem hingað til. Það er augljóst að til þess verður að vanda tillögugerðina í ljósi breyttra aðstæðna og það er því af mikilli ábyrgð sem frestað er frekari tillögugerð en orðið er hér við 2. umr. Þar til staðan liggur ljósar fyrir um stöðu efnahagsmála og tekjuspá fjárlagafrv.

Þrátt fyrir stóryrði og fúkyrði frá stjórnarandstöðunni í dag um þær tillögur sem liggja fyrir við 2. umr. er þar um augljós mál að ræða sem nauðsynlegt var að taka á. Það vekur undrun og nokkrar áhyggjur og mér sérstaka athygli sú andstaða sem kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur við ýmis menningartengd verkefni á landsbyggðinni. Það vekur athygli að ekki má nýta orku til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni og það má ekki nýta menningararfinn til uppbyggingar atvinnulífs á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Hver hefur bannað það?) (Gripið fram í.)

Vegna frammíkalls þá var ekki hægt að skilja annað á ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur en að mikil ósvinna væri að styðja menningartengd verkefni á landsbyggðinni. (**KolH:** Þetta er rangt, þingmaður.) Það var augljóst af málflutningi hennar að mikil andstaða var hjá hv. þm. Reykvíkinga, Kolbrúnu Halldórsdóttur, við menningartengd verkefni á landsbyggðinni.

Í tillögum meiri hluta fjárln. höfum við tekið á nokkrum atriðum sem augljóslega þurfti að koma að og ljós voru eftir að fjárlagafrv. var lagt fram. Þau atriði snúa m.a. að fjarkennslu, menningarmálum á landsbyggðinni og menningartengdri ferðaþjónustu, eins og ágætlega var tíundað í ræðu formanns fjárln. En aðallega snúa þau atriði að endurskoðun á launa- og gengisþróun. Ýmis atriði eru þó eftir sem kanna þarf betur, bæði í einstökum verkefnum og hjá einstökum stofnunum.

Hæstv. forseti. Hvers er nú þörf? Það verður auðvitað að örva efnahagslífið m.a. með eflingu atvinnulífsins og auknum fjárfestingum. Ríkisstjórnin hefur m.a. beitt sér fyrir því að áform um stóriðju á Reyðarfirði og virkjun við Kárahnjúka geti orðið að veruleika. Það er einfaldlega svo að innkoman verður að standa undir útgjöldum og helst gott betur. Þarna verður að vera samhljóma taktur og ríflegt bil á milli útgjalda og innkomu. Því er það einægur og einbeittur vilji ríkisvaldsins að beita sér fyrir því að þessi stóru verkefni á Austurlandi nái fram að ganga. Þau munu hafa gífurlega góð og mikil áhrif á efnahagslífið. Það er einnig mikil og brýn nauðsyn til að byggja upp og stefna að uppbyggingu á atvinnulífinu á landsbyggðinni með þeim hætti.

Það er augljóst að þau jákvæðu áhrif sem stóriðjuframkvæmdir og virkjun á Austurlandi munu hafa eru mjög mikil og góð á atvinnulíf á Austurlandi og jákvæð fyrir íbúaþróun þar. Ekki hefur staðið á neinu hjá ríkisvaldinu sem þurft hefur til að uppfylla þær þarfir sem slíkar framkvæmdir þurfa, hvorki varðandi vegaframkvæmdir né hafnarframkvæmdir á Austurlandi til að þær framkvæmdir geti farið af stað á tilsettum tíma.

Hæstv. forseti. Því blöskrar mér að sjá hér tillögur 2. minni hluta fjárln., sem er í líki hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hann leggur fram tillögur við 2. umr. sem er bein atlaga að þeim áformum að byggja upp atvinnulíf á Austurlandi. Hann leggur sem sagt til að allar hafnarframkvæmdir í Fjarðabyggð verði aflagðar. Ég spyr: Hvers eiga íbúar Fjarðabyggðar að gjalda frá hendi Vinstri grænna? Ekki einungis er lagt til að hætt verði við hafnarframkvæmdir í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Reyðarfirði heldur einnig togarabryggju, smábátabryggju og skjólgarða í Neskaupstað. Ég hlýt að spyrja, hæstv. forseti: Hvað hafa sjómenn í Fjarðabyggð og í Neskaupstað gert hv. þm. Jóni Bjarnasyni? Hvers eiga þeir að gjalda?

Hv. þm. gerir atlögu að lengingu togarabryggju og dýpkun hafnarinnar í Neskaupstað. Hann gerir atlögu að skjólgarði við höfnina í Neskaupstað og ég veit að fyrrum góðir og gegnir alþýðubandalagsmenn í Neskaupstað munu senda þingflokki Vinstri grænna sérstakar þakkir fyrir stuðning við atvinnulíf og sjómenn þar í bæ.

Niðurrif og neikvæðni Vinstri grænna eiga sér engin takmörk. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Verður það skýrar sagt en hér í þessum tillögum hv. þm. Jóns Bjarnasonar? Ég spyr, hæstv. forseti.

[02:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. að ég hafi á nokkurn hátt talað niður til, gert lítið úr eða talað gegn þeim menningarverkefnum sem voru til umfjöllunar í ræðu minni og ég átti orðastað við hæstv. menntmrh. um og hv. formann fjárln. Það er alrangt og það er henni til minnkunar að leika sér að því að láta líta út fyrir að ég hafi sagt annað en ég sagði.

Það vill svo til, herra forseti, að ég er með skrifaða setninguna sem ég sagði. Ég sagði:

„Ég geri ekki á nokkurn hátt lítið úr þeim verkefnum sem hér eru til umfjöllunar."

Ég sagði jafnframt, herra forseti, að menntmn. hefði gjarnan viljað styrkja talsvert mörg af þeim, en hafði ekki svigrúm vegna þess að í meðförum nefndarinnar voru safnliðirnir miklu lægri en þeir síðan urðu í meðförum fjárln.

Það var þetta sem ég sagði. Ég ítrekaði það meira að segja að það væri ekki um verkefnin sem væri verið að fjalla heldur aðferðafræðina, menningarstefnu, og ég gagnrýndi handahófskennda úthlutun fjárln. Og við það stend ég, því að auðvitað getur meiri hluti fjárln. ekki stutt það neinum rökum hvers vegna þessi eikarbáturinn hlaut stuðning en ekki hinn, eða þetta húsið en ekki hitt, eða þessi réttin en ekki hin, vegna þess að það er engin menningarstefna eða neinar úthlutunarreglur hjá hv. fjárln. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.)

Þess vegna (Gripið fram í.) var það sem ég kom með gagnrýni, en ekki af því að ég væri að gera lítið úr eða tala niður til þeirra verkefna sem um ræðir. Og það er lítilsvirðandi af hv. þm. að reyna að láta líta svo út að ég hafi haft eitthvað á móti þeim verkefnum.

[02:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýddi á ræðu hv. þm. og þetta mátti mjög vel skilja á ræðu hennar, m.a. með hennar leikrænu tilburðum sem hæfa henni mjög vel, þegar hún tíundaði ýmis

verkefni sem eru í tillögum meiri hluta fjárln. og sem hún taldi að væru mjög ófaglega unnar af hendi meiri hluta fjárln. Það er skoðun hennar.

En ég fullyrði að þau verkefni sem við höfum verið að styðja eru góð menningarverkefni og að þeim hefur verið vel staðið. Meiri hluti fjárln. hefur farið ofan í hvernig að þeim hefði verið staðið fram að þessu og skoðað þær áætlanir að nýjum verkefnum sem hér eru að koma inn.

Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra þá hefur þar verið gerð mjög góð áætlun sem liggur fyrir í fjárln. og hefur m.a. verið studd af Kjarvalssafni í Reykjavík. Helst mátti skilja af ræðu hennar að verkefnin væru þeim mun betri eftir því sem þau væru betur studd og hefðu meiri skírskotun til Reykjavíkur, og það er hægt að segja m.a. í þessu verkefni.

[02:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki hvað hv. þm. gengur til að halda áfram að gera mér upp skoðanir og leggja mér orð í munn. Það eina sem ég fjallaði um í ræðu minni var stefna í úthlutunum til menningarmála.

Það vill svo til, herra forseti, að hæstv. menntmrh. var mér hjartanlega sammála. Hann vitnaði til orða og vinnubragða hæstv. heilbrrh., fyrrum hv. formanns fjárln., og hæstv. menntmrh. bað um að vinnubrögð af því tagi yrðu viðhöfð í þeirri fjárln. sem nú starfar. Ef hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir getur ekki tekið þeirri gagnrýni og hlustað á orð okkar eins og þau eru meint þá er bara við hana að sakast og leitt fyrir hana.

Varðandi Kjarvalsstofu og öll þau verkefni sem nefnd voru áðan, þá ber ég fulla virðingu fyrir þeim og ítreka að þau eru öll góðra gjalda verð, sannarlega athyglisverð og örugglega mjög þörf. En það var verið að tala um vinnubrögð og stefnu.

[02:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vitnað er til orða núv. hæstv. heilbrrh. sem var formaður fjárln. á síðasta ári. Það vill svo til að við sem héldum ræður okkar við 2. umr. fjárlaga í fyrra tókum einmitt flest fram að þetta væri verkefni Ríkisendurskoðunar, nákvæmlega þetta að hún færi ofan í það hvernig styrkjum væri varið. Það er ekkert að því. Það er mjög eðlilegt og eðlilegt hlutverk Ríkisendurskoðunar. Þó svo að hv. þm. vitni til þess að samþykkt hafi verið ný safnalög þá falla þessi verkefni sem við erum að tala um hér, menningartengd verkefni, einfaldlega ekki öll undir þau lög. Og ef þetta er einhver sérstök aðferð til þess að ríkisendurskoðandi fari að skoða verkefni og ráðuneytin að fylgja eftir því (Forseti hringir.) sem þau eiga að gera þá held ég að við séum á einhverjum villigötum.

[02:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það vera alrangt mat hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar muni hafa jákvæð áhrif. Ég tel að það muni ekki verða, hvorki fyrir atvinnu- og efnahagslíf á Austurlandi né þjóðfélagið í heild sinni.

Þjóðhagsstofnun hefur bent á að þrenns konar afleiðingar slíkra framkvæmda yrðu augljósar. Í fyrsta lagi yrði að opna fyrir stóraukinn innflutning á vinnuafli, sem hugsanlega yrði skilið eftir í reiðileysi í lausu lofti að loknum framkvæmdum. Í öðru lagi mundi þetta leiða til stórhækkunar á vöxtum. Þetta mundi leiða af sér hærri vexti. Og í þriðja lagi mun þetta óhjákvæmilega leiða til þess að draga verði úr öllum öðrum fjárfestingum í landinu á vegum hins opinbera, bæði á Austurlandi og í öðrum landshlutum þannig að þetta verði þegar á heildina er litið mjög óráðleg ráðstöfun fyrir okkar litla hagkerfi.

Ég sakna þess að hv. þm. færi ekki betri rök í máli sínu en raun ber vitni.

[02:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill svo til að flestir sem hafa kynnt sér og farið ofan í áform um virkjanir og stóriðju á Austurlandi hafa litið á þau sem mjög jákvætt innlegg í efnahagslíf landsins. En það er alveg ljóst að pólitísk skoðun hv. þm. Ögmundar Jónassonar er allt önnur. Það kemur auðvitað fram hjá honum sem stjórnarmanni í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að hann hefur þessa pólitísku skoðun og við getum einfaldlega ekki breytt því.

En allir færustu sérfræðingar sem hafa farið ofan í þessi mál eru allt annarrar skoðunar en hann. Ég styðst við álit þeirra en ekki álit hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

[02:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Það er rangt hjá hv. þm. að allir færustu sérfræðingar séu á máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur. Þvert á móti hafa þeir sérfræðingar sem kynnt hafa sér málin hvað gleggst verið með svipuð sjónarmið uppi og ég. Ég vísa þar m.a. í hagfræðinga, samflokksmenn hv. þm., sem hafa skrifað mikið um þessi efni. (Gripið fram í.)

Þannig er nú með lífeyrissjóðina að þeir eru flestir á því máli að fara sér mjög hægt í þessum efnum og sá lífeyrissjóður sem hv. þm. vísaði til var einhuga í afstöðu sinni.

Ég talaði um rök, óskaði eftir rökum. Ég vísaði í rök sérfræðinga, efnahagssérfræðinga hjá Þjóðhagsstofnun Íslands og ég nefndi þau rök og vil gjarnan heyra viðbrögð hv. þm. við þeim rökum sem ég nefndi.

[02:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um þann hroka sem kemur hér fram í orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar ætla ég ekki að fara í neitt orðaskak. (Gripið fram í.) Hins vegar liggja fyrir margar, góðar og vel ígrundaðar skýrslur unnar af færustu hagfræðingum og hæfustu sérfræðingum um góð efnahagsleg áhrif þessara framkvæmda. Ég vísa til þeirra og bið hv. þm. — ég held að ekki sé vanþörf á — að hann kynni sér þær skýrslur. Það held ég að væri mjög gott, sérstaklega vegna þess að hann ber mikla ábyrgð á opinberum fjármunum. Það væri mjög gott fyrir hann ef hann mundi kynna sér þær skýrslur, kynna sér þau rök og léti ekki pólitískar skoðanir sínar villa sér sýn í störfum sínum fyrir opinbera starfsmenn. (Gripið fram í.)

[02:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Leitt er til þess að vita að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir virðist ekki almennilega ráða við það að eiga skoðanaskipti við fólk sem hefur að einhverju leyti önnur viðhorf.

Það liggur alveg fyrir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg stórvirkjun við Kárahnjúka og tilheyrandi

álveri á Reyðarfirði. Við höfum það sjónarmið að umhverfisspjöllin sem slíkum framkvæmdum yrðu samfara séu ekki réttlætanleg, séu ekki verjandi. Og þó að menn kunni að sjá í þeim framkvæmdum einhverja ávinninga og kosti, sem umdeilanlegt er, er það algjörlega bjargföst sannfæring okkar að umhverfisröskun og spjöll af þessu tagi séu ekki verjandi, séu ekki réttlætanleg. Það ræður mestu um afstöðu okkar þótt fleira komi til.

En hv. þm. virðist fyrirmunað að skilja, svo ekki sé nú sagt virða, þessa niðurstöðu okkar og að við komumst að þessari niðurstöðu og höfum þessa skoðun, heldur hefur uppi málflutning af því tagi sem við heyrðum hér áðan. Af þessu leiðir að sjálfsögðu að við teljum ekki rétt að binda hendur íslenska ríkisins með verulegum fjárveitingum til hafnargerðar til þessarar stóriðju og allra síst áður en nokkur ákvörðun hefur verið tekin um framkvæmdirnar. Það verður ekki fyrr en í september á næsta ári eins og tímaplön liggja nú fyrir.

Að fara að lesa út úr því síðan að við séum andvíg almennum hafnarframkvæmdum í Fjarðabyggð frekar en annars staðar á landinu er langt fyrir neðan virðingu hv. þm. Og skyldi svo hafa tekist til, sem ég hef reyndar ekki haft tíma til að kanna, að einhver mistök hafi orðið við að útbúa brtt. veit hv. þm. ósköp vel að þá hafa orðið einhver mistök. Það er ekki málflutningur sem menn lyfta sér hátt á, herra forseti, að ætla þá að fara að reyna að gera lítið úr mönnum og bera upp á menn andstöðu við framkvæmdir, t.d. í smábátahöfninni á Norðfirði á slíkum grunni. Það er ekki hátt risið á slíku, herra forseti.

[02:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og venjulega hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hann er með palladóma um aðra og getur ekki tekið því þegar hann er gagnrýndur. Það breytist ekkert.

En hér liggja fyrir tillögur frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni upp á niðurskurð á lið 10-335 Siglingastofnun Íslands 6.70 Hafnarmannvirki [Fjarðabyggð]. Þar er tekið skýrt fram, mínus 158,7 millj.

Ég veit ekki hvernig ég á að skilja þetta öðruvísi en svo að hv. þm. Jón Bjarnason sé að leggja til niðurskurð á öllum hafnarframkvæmdum í Fjarðabyggð. Hvað á ég að skilja annað í þessu?

Þarna er um að ræða 88 milljónir til hafnarframkvæmda í Neskaupstað og eftirstöðvunum er reiknað með í hafnarframkvæmdum við Hraun í Reyðarfirði. Þetta eru bara þær tillögur sem liggja hérna fyrir, hæstv. forseti. Ég hlýt að mega draga það fram hér í dagsljósið að þetta eru skoðanir vinstri grænna, að hafnarframkvæmdir í Fjarðabyggð megi ekki fara fram.

[02:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega dapurlegt að eiga skoðanaskipti við fólk sem ekki ljær máls á því að menn megi t.d. leiðrétta sig ef þeir mismæla sig. Ég tók það alveg skýrt fram hér áðan að andstaða okkar er bundin við þessa stóriðjuhafnargerð og ekkert annað. Við erum ekki lakari stuðningsmenn hafnarframkvæmda, almennra hafnarframkvæmda í Fjarðabyggð, fyrir smábátaútgerð eða togaraútgerð eða hvað það nú er heldur en aðrir. Það er bara hreinlega ómerkilegt hjá hv. þm. að reyna að bera það upp á okkur. Hafi hv. þm. rekið augun í að þarna hafi orðið mistök af hálfu starfsmanna þingsins eða okkar þegar verið var að útbúa þessar brtt. eru það einfaldlega mistök og ekkert annað.

Tekur hv. þm. það gilt þegar ég segi að það sé þannig? Við erum eingöngu andvíg því að veitt verði fé til stóriðjuhafnarframkvæmdanna. Við styðjum framkvæmdir hvort sem þær eru í smábátahöfninni í Neskaupstað, lengingu eða nýjan togarakant og dýpkunina sem ég veit vel að full þörf er fyrir.

Nú verður gaman að sjá hvort hv. þm. hefur sig til flugs og tekur þessar skýringar gildar eða ekki.

[02:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að það var hv. þm. Jón Bjarnason sem flutti þessa tillögu hér inni á Alþingi. Auðvitað er öllum mönnum frjálst að breyta tillöguflutningi sínum. Menn hafa væntanlega tækifæri til þess hér. Ekki er ég að draga úr því. Það liggur hins vegar jafnljóst fyrir að þarna liggur þessi tillaga frammi ásamt ýmsum öðrum frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni.

Varðandi það sem kom hér fram og ég gleymdi að svara í fyrra andsvari mínu, þ.e. umhverfisstefnu hv. þingmanna Vinstri grænna og að þeir væru á móti stóriðju af umhverfisástæðum, er náttúrlega rétt að vekja athygli á því að framkvæmdin hefur nú þegar farið í umhverfismat (Gripið fram í.) og verið samþykkt sem slík. Þess vegna ættum við samkvæmt okkar kerfi, sem margir eru mjög hlynntir, að vilja að slíkar framkvæmdir fari í umhverfismat, verði samþykktar eftir atvikum og þær nái þá fram að ganga. Það á við um álver í Reyðarfirði og það á við um hafnarframkvæmdir í Reyðarfirði.

[02:26]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir að vekja athygli á þessari undarlegu brtt. sem hér liggur fyrir við fjárlögin.

Það er auðvitað búið að koma fram hjá samflokksmönnum hv. þm. Jóns Bjarnasonar að hér er greinilega um mistök að ræða og við væntum þess auðvitað að þessi mistök verði lagfærð svo fljótt sem verða má þannig að hér liggi ekki frammi tillögur um eitthvað allt annað en flutningsmenn eiga við.

Hins vegar er auðvitað nauðsynlegt, vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað, að geta þess að þetta kapp hv. þingmanna Vinstri grænna að reyna með öllum brögðum og klækjum að klekkja á þeim fyrirhuguðu framkvæmdum sem menn hafa verið að hugsa sér á Austurlandi til að efla þar mannlíf og atvinnulíf og nota síðan röksemdir einstakra hagfræðinga, teknar úr öllu samhengi, (Gripið fram í.) og bera saman við þær niðurstöður sem menn hafa verið að vinna að hjá ýmsum stofnunum þar sem menn hafa jafnvel notað þau orð að hér sé líklega einn stærsti gullmoli sem þjóðin hefur átt möguleika á í mjög langan tíma ... (**KolH:** Er þingmaðurinn að halda ræðu?)

Herra forseti. Ég er í andsvari við hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og leyfi mér að nýta þann tíma sem mér er ætlaður til þess burt séð frá því hvað óróleiki hv. þingmanna Vinstri grænna er (Gripið fram í.) mikill eða lítill.

Herra forseti. Þess vegna var full þörf á að vekja athygli á því að svo mikið er kapp Vinstri grænna að klekkja á þessum framkvæmdum og þessum hugmyndum öllum að ekki er einu sinni haft fyrir því að athuga út á hvað tillögur þeirra ganga.

Herra forseti. Við munum að sjálfsögðu bíða þess að þetta verði lagfært og við tökum það að sjálfsögðu gilt að hér hafi orðið mistök og við vonum að þingmennirnir lagfæri þetta fyrr en síðar.

[02:28]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég auðvitað get verið hjartanlega sammála hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni og hlýt auk þess að óska honum til hamingju með að hafa afskaplega skýra stefnu í virkjunar- og stóriðjumálum á Austurlandi (Gripið fram í.) sem við getum því miður ekki sagt um hans ágæta þingflokk. Það væri auðvitað mjög brýn ástæða til að fá nánari skýringar á því hver stefna þingflokks Samfylkingarinnar er, hvort þeir hafi náð niðurstöðu um virkjunarmál og stóriðjumál á Austurlandi sem eru mikil þjóðþrifamál eins og hér hefur komið fram og algjörlega nauðsynlegt fyrir efnahagskerfi okkar að geti orðið að veruleika.

[02:29]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við beiðni hv. þm. um að rifja upp hver niðurstaða þingflokks Samfylkingarinnar er um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Fyrir liggur samþykkt um að endanleg ákvörðun á flokkslegum grunni verður ekki tekin fyrr en umhverfisferlinu er lokið (**SJS:** Siv ræður.) sem er að sjálfsögðu nákvæmlega það sama, vænti ég, og gert verður af hálfu ríkisstjórnarinnar. Umhverfisferlinu verður lokið og þá mun hin formlega flokkslega niðurstaða Samfylkingarinnar liggja fyrir.

Hins vegar liggur það auðvitað ljóst fyrir að einstakir þingmenn hafa ákveðna skoðun og það hefur komið fram í umræðum á Alþingi við m.a. tillögu frá nokkrum hv. þm. Vinstri grænna sem boðuðu að rétt væri að senda nokkur hundruð milljónir austur á firði til að gera bragarbót þar á ýmsum sviðum. En í þeirri umræðu kom einmitt fram hjá nokkrum hv. þm. Samfylkingarinnar að þeir eru mjög ákveðnir virkjunarsinnar og telja að stóriðja muni að sjálfsögðu bæta bæði atvinnulíf og mannlíf á Austfjörðum.

[02:30]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt enn og aftur að þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir hans skýru og ágætu stefnu í virkjunar- og stóriðjumálum. Þetta léttir okkur auðvitað mjög róðurinn við að koma þeim framkvæmdum á fót. Ég veit að hv. þm. mun ekki draga af sér við að sannfæra þingflokk sinn um að þarna er um góðar og gagnmerkar framkvæmdir að ræða.

[02:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Nú er komið að lokum 2. umr. um frv. til fjárlaga. Af þeim orðaskiptum sem urðu hér í lokin og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir vakti athygli á í ræðu sinni var tillaga sem flutt er af undirrituðum fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um framkvæmdir við hafnargerð á Austurlandi. Það er alveg hárrétt sem þingmaðurinn benti á að orðið hafa mistök í vinnslu, tilgreint er meira en hún átti að taka til. Tillagan átti einungis að taka til hafnargerðar vegna fyrirhugaðrar verksmiðju á Reyðarfirði.

Þar sem engin ákvörðun hefur verið tekin, hvorki um virkjun né í raun um framkvæmdir þarna við þá verksmiðju er ástæðulaust að verja til hennar fjármagni að svo stöddu. Fari svo að það verði lyktir máls þá þarf að sjálfsögðu að byggja upp höfn og þá fer það í eðlilega framkvæmdaröð.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á því að þarna hafi orðið á mistök og ég harma það. Tillagan verður leiðrétt miðað við það sem henni var ætlað að flytja.

Að lokum, herra forseti, vil ég geta þess að undirritaður fyrir hönd þingflokksins flytur nokkrar brtt. sem miða að því að lækka útgjöld. Miðað er að því að fella burt ónauðsynlega gjaldaliði. En að öðru leyti mun tillöguflutningur af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs við fjárlagafrv. bíða 3. umr. þar sem hvorki hefur af hálfu ríkisstjórnar né meiri hluta fjárln. verið gengið frá útgjalda- né tekjuhliðum. Og fyrr en það er af þeirra hálfu gert er ekki hægt að koma með raunhæfar brtt. við frv. En það mun verða gert þá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:35.

---

37. FUNDUR

miðvikudaginn 28. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2002, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 399, 401 og 402, brtt. 400 og 419. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 288. mál, þskj. 351, nál. 407. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir, umhvrh.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[13:01]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, þskj. 417.

Landanir á Vestfjörðum, 211. mál, svar sjútvrh., þskj. 332.

Athugasemdir um störf þingsins.

Staða efnahagsmála.

[13:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að eiga orðastað við hæstv. forsrh. en er tjáð að hann sé staddur erlendis í embættiserindum. En það fór ekki í verra því hér er staddur starfandi forsrh., hæstv. utanrrh., og mér þykir ekki verra að eiga orðastað við hann.

Tilefnið er sú alvarlega staða sem nú er uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Eins og okkur er öllum ljóst blikka nú flest rauð ljós sem eiga að vara okkur við í þeim efnum. Það er nánast sama hvert er litið, til gengisins, til verðbólgunnar, til vaxtanna, til erlendra skulda — allt er þetta komið út fyrir þau mörk sem við getum sætt okkur við.

Vegna þessarar þróunar, herra forseti, er verðbólgan orðin miklu meiri en spáð var á sínum tíma þegar kjarasamningar voru gerðir á almenna vinnumarkaðnum í mars árið 2000. Þegar þeir voru gerðir var verðbólgan á 12 mánaða grunni innan við 6% og forsenda þeirra samninga var eins og menn muna að verðbólgan færi lækkandi. Það hefur ekki orðið. Verðbólgan á sama grunni er núna um 8,1%. Það er alveg ljóst að yrði farið eftir bókstaf samninganna þá yrði þeim sagt upp.

Allir eru sammála um að stöðugleikinn hefur raskast og hann er í uppnámi. Eins og allir vita var grundvöllurinn að þeim stöðugleika sem við höfum búið við lagður með þjóðarsáttarsamningunum 1990 í tíð vinstri stjórnar sem þá sat. Ég held að menn séu almennt sammála um það líka að ákaflega erfitt verði að ná stöðugleikanum aftur og komast hjá óróa á vinnuamarkaði nema í góðu og nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Í ljósi þeirrar stöðu vil ég spyrja hæstv. starfandi forsrh. hvort ríkisstjórninni finnist ekki tímabært og eðlilegt að endurreisa þær forsendur sem þjóðarsáttin var gerð á og kalla verkalýðshreyfinguna, þ.e. aðila vinnumarkaðarins, til formlegra viðræðna um aðgerðir til þess að endurheimta stöðugleikann aftur.

[13:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Núverandi ríkisstjórn hefur átt mjög gott og náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins í því skyni að varðveita þjóðarsáttina. Hægt væri að nefna mörg dæmi um aðgerðir í þessu skyni, t.d. skattalækkanir, hækkanir á barnabótum, hækkanir á tryggingabótum til aldraðra og öryrkja og margar aðrar aðgerðir sem farið hefur verið út í í fullu samráði við verkalýðshreyfinguna. Það má m.a. geta þess að nú 1. janúar kemur til framkvæmda skattalækkun sem ákveðin var af Alþingi sl. vor í samráði við verkalýðshreyfinguna, m.a. í því skyni að varðveita stöðugleika í þjóðfélaginu. Þessu verður að sjálfsögðu haldið áfram og haft um það náið samráð við aðila vinnumarkaðarins eins og hingað til.

Það er rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að verðbólga er heldur hærri en gert var ráð fyrir. Það eru ýmsar skýringar á því. Hins vegar gera allar spár ráð fyrir því að verðbólga fari á ný lækkandi. Það er alveg ljóst að forsenda þess að svo geti orðið er að bærileg sátt ríki í þjóðfélaginu og ekki komi til uppsagna kjarasamninga. Það eru allir meðvitaðir um það, bæði ríkisstjórnin, vinnuveitendur og verkalýðshreyfingin. Við munum að sjálfsögðu halda þessu starfi áfram og ég tel enga ástæðu til þess að breyta því formi sem þar hefur verið viðhaft. Það samstarf hefur gengið vel þó að menn hafi ekki alltaf verið sammála um alla hluti frekar nú en endranær. Svarið við spurningu hv. þm. er að sjálfsögðu: Já, við munum halda þessu samstarfi áfram í því skyni að tryggja áframhaldandi þjóðarsátt um stöðugleika í samfélaginu.

[13:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er því miður svo að í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur að miklu leyti aflagst sú venja að reyna að leita eftir sem víðtækastri pólitískri samstöðu eða faglegri samstöðu um málefni í þessu landi. Það er t.d. afar athyglisvert að þverpólitískar nefndir eða starfshópar heyra nokkurn veginn sögunni til. Núverandi ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnir hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hafa að mestu leyti horfið frá þeirri venju að kalla til aðila af hinu pólitíska sviði til þess að reyna eftir því sem við verður komið að reyna að skapa víðtæka pólitíska samstöðu.

Nú standa menn frammi fyrir grafalvarlegum aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Auðvitað væri eina vitið, hið eina rétta nú, að reyna að skapa sem víðtækasta faglega og pólitíska sátt um aðgerðir og um efnistök á næstu mánuðum og missirum milli stjórnar og stjórnarandstöðu, eftir því sem slíkt gæti orðið, með aðilum vinnumarkaðarins, með neytendum, bændum og öðrum framleiðendum o.s.frv. Ég minni á að angi af þjóðarsáttargjörðinni svokölluðu 1989–1990, var mjög víðtækt samráð, m.a. um stefnumótun í málefnum landbúnaðarins og fleira í þeim dúr.

Ríkisstjórnin hefur því miður yfirleitt gengið þannig fram að hún þurfi ekki að tala við kóng né prest. Hún hefur frekar en hitt troðið illsakir við fjöldahreyfingar og félagasamtök í landinu, t.d. samtök öryrkja og aldraðra. Það verður að segjast, herra forseti, að þó að hæstv. utanrrh., sem starfandi hæstv. forsrh., reyni að svara á diplómatískan hátt þá er ekki margt sem bendir til þess, enn sem komið er, að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., muni breyta um venjur.

[13:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er hafin umræða af afskaplega litlu tilefni. Raunar hefur ekkert breyst frá því í gær að hv. málshefjandi tók til máls undir sama lið, um störf þingsins. Hann gat þá ekkert um það sem hann er núna að tala um. En það er rangt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að ríkisstjórnin hafi hætt að skipa þverfaglegar nefndir. Það gefur bara ekki alltaf mjög góða raun. Er þingmaðurinn búinn að gleyma því að þverpólitísk nefnd um sjávarútvegsmálin hefur nýlokið störfum? Er hann ekki sammála mér um að það hafi ekki gefið sérstaklega góða raun?

Hins vegar er það stundum þannig að það er ekki hægt að kalla alla til samráðs um öll mál. Það var t.d. ekki hægt og ekki eðlilegt þegar í undirbúningi var skattalækkunarfrumvarp, sem nú er til meðferðar í þinginu, að kalla mjög marga til ráðs um það. Slíkt mál hefur áhrif á markaðinn ef það spyrst út. Hins vegar er það rétt — alveg eins og utanrrh., starfandi hæstv. forsrh., hefur undirstrikað — að það er auðvitað vilji og ásetningur ríkisstjórnarinnar að eiga gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins hér eftir sem hingað til, ekki síst á næstu vikum og mánuðum, til að afstýra því að hér verði uppnám vegna kjarasamninga og hugsanlegrar uppsagnar á þeim í febrúar eða mars á næsta ári. Auðvitað er það vilji og ásetningur ríkisstjórnarinnar að eiga gott samstarf við alla aðila um það mál og finna lausn sem komið gæti í veg fyrir uppsögn launaliðar kjarasamninganna.

[13:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. talaði eins og þjóðarsáttarsamráð ríkti hér um stjórn efnahagsmála og hefði gert hingað til. Hæstv. fjmrh. sagði hins vegar að það væri ekki hægt að hafa samráð um alla skapaða hluti.

Herra forseti. Það hefur ekki verið haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, við samtök atvinnulífsins og við sam-

tök launafólks, um þróun efnahagsmála. Afleiðingar þessa skorts á samráði eru nú að koma fram af fullum þunga, herra forseti. Ríkisstjórnin hefur ekki full tök á hagstjórninni og afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Stöðugleikinn er í hættu og það blasir við að forsendur kjarasamninga eru brostnar ef ekkert er að gert.

Ástandið er alvarlegt, herra forseti. Í umræðunum síðustu daga hefur ástand efnahagsmála verið rakið að öðru leyti, hvernig fyrirtækin eru mörg hver að sligast undan gengisþróuninni, verðbólgan fer vaxandi, vaxtastig er hátt og svigrúm til launahækkana hefur verið takmarkað með hækkun á tryggingagjaldi. Afleiðingar þessa eru þær að forsendur kjarasamninga eru í hættu. Það er alvarlegt mál, herra forseti.

Hafi það verið svo að hæstv. ríkisstjórn telji að samráð hafi verið haft um þessi mál þá er sannarlega kominn tími til fyrir hæstv. ríkisstjórn að endurskoða hvað felst í slíku samráði og í hvaða formi það eigi að vera. Samtök launafólks standa frammi fyrir því að þurfa að taka upp launalið kjarasamninga verði ekkert að gert. Um þetta hefur verið ályktað hjá fjölmörgum þessara samtaka og hæstv. ríkisstjórn verður að gera svo vel að horfast í augu við þau mistök sem hugsanlega hafa verið gerð og kalla eftir samráði til að forða því að þau hafi frekari afleiðingar.

Ég kalla því eftir því að hæstv. ríkisstjórn taki upp vitrænar aðgerðir til að forða því að ástandið versni, sem felast í því sem hér hefur komið fram hjá hv. málshefjanda, að fara í þríhliða samstarf, formlegt samstarf við aðila vinnumarkaðarins um þróun efnahagsmála á næstunni. Annars siglum við inn í enn alvarlegra ástand, herra forseti.

[13:12]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. taldi þessa umræðu vera af litlu tilefni. Það er að sjálfsögðu ekki lítið tilefni þegar komið er í slíkt óefni í efnahagsmálum þjóðarinnar að forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru brostnar.

Hæstv. utanrrh. taldi það grundvöll þess að hægt yrði að lækka verðbólgu að komið yrði í veg fyrir að kjarasamningum yrði sagt upp. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. Það er meginmarkmið ríkisstjórnarinnar á næstu dögum og vikum að tryggja að ekki þurfi að koma til uppsagnar kjarasamninga. En til þess að svo megi vera verður auðvitað að taka upp samráð. Samráðið getur ekki falist í tilskipunum eða tilkynningum frá öðrum aðilanum til hins aðilans. Þess vegna er eðlilegt að vekja athygli á því að verkalýðshreyfingin hefur óskað eftir formlegum viðræðum við ríkisstjórnina um hvernig koma megi í veg fyrir að kjarasamningum verði sagt upp. Það er lykilatriði.

Auðvitað ber að fagna því að hæstv. fjmrh. telji að vilji sé til að hafa gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins á næstu vikum. Því miður verður að mótmæla því að svo hafi verið að undanförnu að samstarfið hafi verið gott. Hæstv. fjmrh. benti einmitt sjálfur á að ekkert samráð hefði verið haft við aðila vinnumarkaðarins um tillögur til breytinga á skattalögum. Rétt er að minna á að þær tillögur sem liggja fyrir um að hækka tryggingagjald munu að sjálfsögðu torvelda frekar en hitt að komið verði í veg fyrir að kjarasamningum verði sagt upp.

[13:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er fullt tilefni til þess að leita nú allra ráða til að efna til víðtæks samstarfs og samráðs í þjóðfélaginu um aðgerðir í efnahagsmálum í anda þess sem gert var árið 1990 og kennt var við þjóðarsátt. Óhætt er að segja að öll spjót standi nú á ríkisstjórninni. Hún er sökuð um að ganga erinda fjármagnsafla á kostnað launafólks. Þetta kemur m.a. fram í harðri gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á skattapakka ríkisstjórnarinnar, á aðgerðir hennar í velferðarmálum, húsnæðismálum og öðru því sem tengist lífskjörum almennings á liðnum árum.

Hafa menn hugleitt að þrátt fyrir sverar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðstoð við barnafólk eru barnabætur núna að verðgildi lægri, þær eru minni en þær voru fyrir 10 árum? Ríkisstjórnin hefur þverskallast gegn öllum kröfum launafólks í skattamálum og í velferðarmálum. Nú blasir við að verðlag er farið úr böndum. Við slíkar aðstæður ber ríkisstjórninni siðferðileg skylda til að leita allra leiða tl að stofna til þeirrar sáttar í þjóðfélaginu sem hér er lagt til.

[13:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hver voru merkilegustu orðin sem féllu í þessum umræðum? Það voru orð hæstv. fjmrh. Orð hans lýstu á vissan hátt viðhorfi ríkisstjórnarinnar. Hæstv. fjmrh. sagði að við værum að ræða hér af litlu tilefni.

Herra forseti. Hvert er tilefnið? Vextir sem eru þrefalt hærri en í samkeppnislöndunum. Verðbólga sem er nánast fjórfalt hærri en í samkeppnislöndunum og gengisfelling sem stappar nærri hruni. Það er eiginlega sama hvert er litið. Alls staðar blasa við vísbendingar um að hæstv. fjmrh. og kollegar hans í ríkisstjórninni hafi misst öll tök á þróun og stjórn efnahagsmála. Ég tek undir með hæstv. utanrrh. sem segir hér að ekki sé hægt að komast hjá því að hér verði uppnám í efnahagslífinu nema það takist að forða því að launalið kjarasamninga verði sagt upp. Það er alveg ljóst. Hann sagði sjálfur að forsendan fyrir því væri að verðbólgan færi niður og hann sagði líka að allar spár bentu til þess.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. ætti að fara og skoða allar spár ríkisstjórnarinnar síðustu missirin um verðbólgu. Hver og ein einasta hefur reynst röng. Ég gef því lítið fyrir þessar spár ríkisstjórnarinnar. Ég horfi bara á veruleikann og veruleikinn er eins og hæstv. utanrrh. sér hann, þ.e. það verður að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna til þess að komast hjá uppnámi í efnahagslífinu.

Það er hins vegar staðleysa hjá hæstv. utanrrh. að haft hafi verið samráð við verkalýðshreyfinguna. Hún hefur ítrekað sent frá sér varnaðarorð, fréttatilkynningar um að það hafi ekki verið gert, t.d. þegar ráðist var í umdeildar lækkanir á sköttum fyrirtækja. Þá kom miðstjórn ASÍ sérstaklega saman til að senda frá sér ávítanir og ábendingar til ríkisstjórnarinnar um að haga sér ekki með þessum hætti. Ég vísa þessu því algerlega til föðurhúsanna en mér þykir miður að hæstv. utanrrh. vilji ekki lýsa því yfir að taka eigi upp formlegt þríhliða samráð eins og var grundvöllur þjóðarsáttarinnar 1990.

[13:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var heldur léleg málsvörn hjá hæstv. fjmrh. að vísa til nánast einu nefndarinnar sem ríkisstjórnin á síðari árum hefur skipað fulltrúum allra flokka eða flestallra þingflokka, nefndarinnar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Það vita nú allir hvernig það mál er vaxið og hverjum það þjónaði helst, að tefja málin og reyna að kalla til fleiri í því tilviki, sem var auðvitað ríkisstjórnin sjálf og vandræði hennar í málinu.

Það sem hér þarf að gera, herra forseti, er ekki aðeins að krefjast þess að hæstv. ríkisstjórn reyni eftir atvikum að skapa samstöðu um aðgerðir í efnahagsmálum. Það þarf jafnframt að þrýsta á að eitthvað verði reynt. Það virðist vera svo, herra forseti, að ekki aðeins ætli ríkisstjórnin sér nánast ekkert að reyna, t.d. að ná stjórnmálasambandi við aðila vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin virðist yfir höfuð ekki ætla að gera neitt eða reyna neitt.

Lína hæstv. forsrh. er: Þetta er allt í lagi og lagast af sjálfu sér. Hann vill halla sér aftur á bak og bíða eftir því, á grundvelli einhvers spádóms, að krónan muni styrkjast svo hratt á fyrstu mánuðum næsta árs að það verði jafnvel til vandræða. Þetta er stóri spádómurinn sem fyrir liggur frá hæstv. forsrh. Það er auðvitað ekki gæfulegt, herra forseti. M.a. í gegnum það að fleiri aðilar komist að þessu borði binda menn vonir við að eitthvað verði reynt. Hæstv. forsrh. er búinn að segja þetta um efnahagsmálin í eitt og hálft til tvö ár: Þetta er allt í fína lagi, lagast allt á næstu mánuðum. Verðbólgan átti að hans dómi að verða á hraðri niðurleið á næstu mánuðum í eitt og hálft ár, á sama tíma og hún hefur lengst af farið hækkandi.

Þannig eru aðstæðurnar enn, því miður. Það er auðvitað skaði að hafa misst hæstv. forsrh. til útlanda. Og þó, það er ekki víst að það breyti nokkrum sköpuðum hlut. Hann hefur ekkert verið að reyna hvort sem er.

[13:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fleiri þverpólitískar nefndir hafa verið skipaðar í þessu þjóðfélagi og má þar nefna nefnd um fjármagnstekjuskatt sem skilaði ágætu áliti. Ég veit ekki betur en stjórnarandstaðan hafi síðan hlaupið frá því áliti. Það er hins vegar ekki nema sjálfsagt að ræða öll þessi mál á Alþingi og ber að gera það. Það er náttúrlega æðsti samráðsvettvangur þjóðarinnar.

Stjórnarandstaðan getur á næstunni tekið afstöðu til örvunaraðgerða í atvinnulífinu. Skattalagabreytingar að því er varðar fyrirtækin eru dæmi um örvunaraðgerð. Menn mega ekki bara líta á samdráttinn. Það ber líka að líta til þess sem gera á í framtíðinni. Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að fara út í stóriðjuframkvæmdir. Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að fara út í virkjunarframkvæmdir sem stjórnarandstaðan getur að sjálfsögðu tekið afstöðu til á Alþingi og vonandi styður stjórnarandstaðan allar þessar aðgerðir til að örva atvinnulífið fyrst hún er fullkomlega sannfærð um að þetta horfi allt saman illa.

Það hefur ekki verið þannig í umræðunni á undanförnum árum að stjórnarandstaðan hafi talið að mikið þyrfti að gera til uppbyggingar í þessu samfélagi. Það hefur ekki borið mikið á því. En nú reynir á stjórnarandstöðuna á næstunni, í að taka afstöðu til mála sem varða efnahagslífið. Það reynir á okkur öll í sambandi við fjárlagafrv. Það er lykilatriði í sambandi við efnahagsmál þannig að þessi mál eru að sjálfsögðu öll hér uppi á borði.

Áfram verður haft gott samráð við aðila vinnumarkaðarins en að sjálfsögðu verður ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis að bera mestu ábyrgðina á því hvernig mál standa og taka af skarið í málum þar sem ekki næst full samstaða. Þannig hefur það alltaf verið og verður áfram.

Ég endurtek að góðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins verður haldið áfram. Það er mikil þörf á því og meiri þörf á því en oft áður. Við það verður staðið.

Tilhögun þingfundar.

[13:23]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli þingmanna á því að fyrirhugað er að boða nýjan fund rétt fyrir kl. 4 í dag. Á dagskrá verður 3. umr. um veiðieftirlitsgjald og takist að ljúka henni þá verður lokaatkvæðagreiðsla um málið.

Fjárlög 2002, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 399, 401 og 402, brtt. 400 og 419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:23]

Sverrir Hermannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þar sem fjárlagafrv. er að svo komnu ófullburða með öllu sjá þingmenn Frjálslynda flokksins ekki ástæðu til að taka afstöðu til einstakra tillagna sem þar kunna að vera og munu sitja hjá við málamyndaafgreiðslu frv. nú.

[13:24]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárlög fyrir árið 2002 skipta miklu máli varðandi þróun efnahagsmála. Því miður voru ríkisstjórnin og meiri hluti fjárln. ekki búin að ljúka tillögum sínum fyrir 2. umr. um fjárlög. Þess vegna var umræðan sem fór fram í gær og fram á nótt, um þær brtt. sem liggja hér fyrir frá meiri hluta fjárln., ekki efnisleg. Þær tillögur verða væntanlega gjörbreyttar þegar kemur að 3. umr. því að hæstv. forsrh. hefur boðað miklar breytingar á þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Herra forseti. Þessi atkvæðagreiðsla er því fyrst og fremst formsatriði. Stjórnarflokkarnir bera alla ábyrgð á stöðu mála og þeim vinnubrögðum sem við hafa verið höfð í þessu máli. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun því sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu sem hér fer fram.

[13:25]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 kemur hér til atkvæðagreiðslu við 2. umr. Fram hefur komið af hálfu meiri hluta fjárln. að engum lið frv., hvorki tekna- né gjaldamegin, verði lokað við þessa umræðu. Forsrh. hefur boðað í fjölmiðlum að gjaldahlið frv. veri skorin niður um 3–4 milljarða við 3. umr. Ekki liggur fyrir hvar sá niðurskurður kemur niður en ljóst er að allir útgjaldaliðir koma þar til greina.

Hér er gagnrýnt að tilkynning um niðurskurð birtist fyrst í fjölmiðlum áður en slík aðgerð var kynnt og rædd í hv. fjárln. og hér á hv. Alþingi. Atkvæðagreiðslan sem hér á að fara fram er því alger sýndarmennska. Allt sem hér er verið að greiða atkvæði um getur átt eftir að breytast.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs situr því hjá við atkvæðagreiðslu um frv. að undanskildum bæði tillögum sem þingflokkurinn flytur varðandi utanríkisráðherrafund NATO og kostnað við hann og framlag til einkavæðingarnefndar.

Við 3. umr. mun þingflokkurinn flytja brtt. bæði hvað varðar tekjuöflun og útgjöld miðað við áherslur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, þegar efnahagsforsendur, tekjuáætlun og niðurskurðartillögur meiri hlutans liggja fyrir.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GAK, GÁ, GÖ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 419,1 felld með 32:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eitt af sérstökum gæluverkefnum þessarar ríkisstjórnar, fyrir utan NATO-fundi og annað því um líkt, hefur verið einkavæðingartrúboðið. Ævinlega eru til nógir peningar þegar þarf að setja meira í þann herrekstur. Þannig voru til að mynda afgreiddar hér litlar 300 millj. kr. inn í fjáraukalög með brtt. frá meiri hlutanum fyrir nokkrum dögum. Það á að halda áfram á sömu braut og setja áframhaldandi fjárveitingar í þetta. Það kæmi manni mjög á óvart ef ríkisstjórnin hefði nokkrar hugmyndir um að skera þetta niður.

Við teljum þennan fjáraustur óþarfan og þessum peningum betur komið annars staðar. Við teljum að endurskoða eigi frá grunni öll vinnubrögð í sambandi við verkaskiptingu ríkis og einkaaðila og stöðva frekari ákvarðanatöku á því sviði á meðan. Þar af leiðandi er þarna handhægur liður til að spara um 16,5 millj. kr., herra forseti, eða tæplega það, og munar um minna. Við leggjum því til að þessi liður verði strikaður út, liður 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni undir Ýmis verkefni 01-190.

Brtt. 400,1–9 og sérstök yfirlit III, 1–2 samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: PHB.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og ég gat um í umræðu um fjárlögin í gær þá er ég á móti því að löggjafarsamkunda Íslands, hv. Alþingi, standi í framkvæmdum, sé að grafa skurði, byggja hús, rækta lax, silung og hunda. Ég mun því greiða atkvæði gegn slíkum framkvæmdum, sem hér er verið að ákveða.

Ég tel að ráðuneytin eigi að fá rammafjárlög til þess að standa í slíkum framkvæmdum, enda eru ráðherrarnir framkvæmdaraðilar, og þeir eigi að standa ábyrgð á því gagnvart Alþingi hvernig þeirri framkvæmd lyktir.

Nú er það þannig að enginn ber ábyrgð á þessum framkvæmdum sem Alþingi ákveður sjálft vegna þess að ráðherrar geta ekki borið ábyrgð á því sem löggjafarsamkundan ákveður.

Brtt. 419,2 kölluð aftur.

Brtt. 400,10 samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: PHB.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SÓ, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 400,11 kölluð aftur.

Brtt. 400,12–19 og sérstök yfirlit III, 3–10 samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: PHB.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 419,3 felld með 32:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í ljósi þess að margt bendir til að staða ríkissjóðs muni veikjast á komandi mánuðum og missirum, í ljósi þess að margar mikilvægar stofnanir í heilbrigðis- og velferðarþjónustunni eru fjárhagslega mjög aðþrengdar og þurfa á auknu fjármagni að halda og í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur ekki séð sér fært að standa við fyrirheit og loforð við samtök fatlaðra um að útrýma biðlistum eftir húsnæði, í ljósi alls þessa ber okkur að ráðstafa skattpeningum almennings á skynsamlegan og réttlátan hátt.

Að okkar mati blasir við að stöðva fjáraustur ríkisstjórnarinnar í fyrirhugaðan NATO-fund sem mun þegar upp verður staðið kosta mörg hundruð millj. kr., a.m.k. hátt á fjórða hundrað millj. kr. Með því að samþykkja þessa tillögu spörum við skattborgaranum 170 millj. kr.

Brtt. 400,20.a samþ. með 32:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að vekja athygli manna á því að hér á nú að bæta um betur við þær 170 millj. kr. sem NATO-fundurinn á að kosta og þegar er búið að færa inn í fjárlagafrv. eða gera ráð fyrir. Samkvæmt skýringum við þennan lið í greinargerð fjárlagafrv. eiga 170 millj., af þeim 181,4 millj. sem veita á utanrrn. undir liðnum Ráðstefnur, að fara í NATO-fundinn, en hér á að bæta 60 millj. kr. við. Þetta er aðeins kostnaður utanrrn. eins og hann er áætlaður á næsta ári. Þá er eftir kostnaður dómsmrn. að ógleymdum 30 millj. sem þegar er búið að færa inn í fjáraukalög þannig að dýr mundi Hafliði allur.

Það er rétt að menn taki eftir því að hér eru nægir peningar á lausu til að hækka þetta gæluverkefni um 60 millj. kr. frá því sem áætlað var að það mundi kosta 1. okt. í haust þegar fjárlagafrv. var lagt fram.

Brtt. 400,20.b–34 og sérstök yfirlit III, 11–12 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (DO, EKG, GHH, GAK, GÁ, GÖ, ÍGP, JónK, KLM, MF, PHB, RG, SF, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 419,4 felld með 32:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að það er ekki til nægilegt fé til að sinna löggæslu á viðunandi hátt í Reykjavík. Það er ekki til nægilegt fé til forvarna í fíkniefnamálum. Það er ekki til nægilegt fé til lögreglunnar almennt til að sinna hefðbundu hlutverki sínu fyrir íslenskt samfélag. En þegar á að þjóna NATO, þá er nóg til af peningum. Okkar tillaga gengur út á að snúa þessari þröngu forgangsröð við.

Brtt. 400,35 samþ. með 32:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 400,36–41 samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: PHB.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 400,42–48 samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: PHB.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um liði undir liðnum Málefni fatlaðra. Samfylkingin hefur ætíð lagt áherslu á að staðið sé við lög um málefni fatlaðra, sem ekki hefur verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er ljóst að þessar tillögur munu leiða til þess að biðlistar fatlaðra eftir sjálfsögðum mannréttindum, svo sem búsetu og þjónustu munu halda áfram að lengjast.

Greiningarstöð ríkisins fær ekki neina viðbótarfjárveitingu og getur því ekki sinnt lögbundinni þjónustu. Frammistaða ríkisstjórnarinnar í málefnum fatlaðra er til skammar. Þingmál þetta er allt vanbúið og mun Samfylkingin ekki taka þátt í þessari afgreiðslu og situr því hjá.

Brtt. 400,49–79 og sérstök yfirlit I, II, og III, 13–16, samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: PHB.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BBj, DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 419,5 kölluð aftur.

Brtt. 400,80–90 og sérstök yfirlit III, 17–19, samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: PHB.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SJS, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta), samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, PHB, RG, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SJóh, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Sundurliðun 4 (fjármál lánastofnana í C-hluta), samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

3.–6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

7. gr., liðir 1.1–3.18, samþ. með 32 shlj. atkv.

7. gr., liðir 4.1–4.37, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er hæstv. ríkisstjórn að afla sér, samkvæmt þeirri venju sem hefur verið að skapast undanfarin ár, heimildar til ýmiss konar ráðstafana á jarðnæði í eigu ríkisins. Nú er það svo að sumar af þessum heimildum getur verið fullkomlega eðlilegt að hafa tiltækar, ef í hlut á t.d. sala jarða til ábúanda á bújörðum sem samkvæmt lögum

eiga kauprétt, en í öðrum tilvikum, eins og dæmin sanna, hafa hæstv. ríkisstjórn vægast sagt verið mislagðar hendur þegar komið hefur að því að fara með þessar eignir ríkisins. Afstaða okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er almennt sú að ríkið eigi ekki að láta frá sér jarðnæði nema í þeim tilvikum að um sé að ræða sölu til ábúanda á bújörðum eða sölu til sveitarfélaga.

Að öðrum kosti er þetta jarðnæði að okkar dómi betur komið í eigu almennings í landinu og í höndum ríkisins fyrir þess hönd, svo ekki sé minnst á það hversu gagnrýnisverð framkvæmd hæstv. ríksstjórnar á þessu sviði hefur iðulega verið.

Þennan fyrirvara, herra forseti, vildi ég sérstaklega hafa á um afstöðu okkar til þessara liða.

7. gr., liðir 5.1–7.12, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SÓ, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

11 þm. (DO, GAK, GÁ, ÍGP, JónK, KLM, MF, SF, SvanJ, VE, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:49]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þrátt fyrir að þess megi vænta að þær tillögur sem hér hafa farið í gegnum atkvæðagreiðslu muni að stórum hluta breytast milli 2. og 3. umr. þá er að sjálfsögðu eðlilegt að greiða því atkvæði að málið fari til 3. umr. þannig að sem fyrst megi hefja raunhæfa umræðu og vinnu við fjárlagafrv. fyrir árið 2002.

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Stjfrv., 288. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 351, nál. 407.

[13:49]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Til að ná markmiðum fjárlaga er með frumvarpinu annars vegar lagt til að gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni sem rennur til veiðieftirlits Fiskistofu hækki úr 15.000 kr. í 16.500 kr. og hins vegar að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum, sem einnig rennur til veiðieftirlits Fiskistofu, hækki úr 424 kr. í 462 kr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason og Helga Guðrún Jónasdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu, með fyrirvara.

Undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson og Guðjón A. Kristjánsson og að auki, með fyrirvara, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson.

[13:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. skrifuðum við hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir undir þetta álit með fyrirvara en erum samþykk efni þess. Við fórum yfir þetta í nefndinni og teljum að þessar hækkanir séu eðlilegar miðað við verðlagsforsendur og höfum þess vegna skrifað undir nál.

Fyrirvarann settum við þó hér vegna þess að við höfum áður í tengslum við fjárlagagerð, samfylkingarfólk, lagt fram tillögur sem byggt hafa á því að hærra gjald yrði innkallað fyrir veiðiheimildir. Við gerðum þess vegna ráð fyrir því að til þess gæti komið að við flyttum slíkar tillögur í tengslum við fjárlagagerðina. Við vildum að það kæmi fram við þá umræðu sem hér fer fram, að við teljum það fullt eins koma til greina þó að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 13:54.

---

38. FUNDUR

miðvikudaginn 28. nóv.,
að loknum 37. fundi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Útsendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl, fsp. GÁS, 238. mál, þskj. 265.

2. Stofnun safnasjóðs, fsp. SJóh, 240. mál, þskj. 271.

3. Sérframlag til framhaldsdeilda, fsp. JB, 244. mál, þskj. 278.

Til iðnaðarráðherra:

4. Afurðalán í landbúnaði, fsp. JB, 271. mál, þskj. 321.

Til viðskiptaráðherra:

5. Rannsókn Samkeppnisstofnunar á hækkun matvöruverðs, fsp. SJóh, 298. mál, þskj. 363.

6. Gagnkvæmt samstarf við önnur ríki um fjármálastarfsemi, fsp. ÁRÁ, 299. mál, þskj. 364.

Til dómsmálaráðherra:

7. Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, fsp. LB, 277. mál, þskj. 327.

Til fjármálaráðherra:

8. Skattar af greiðslum úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaga, fsp. SJóh, 297. mál, þskj. 362.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðbragðstími lögreglu.

[13:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í fyrirspurnatíma í þinginu í fyrri viku spurði hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nokkurra spurninga um útkallstíma lögreglunnar í Reykjavík, þar á meðal um lengsta útkallstíma þar sem óskað hefði verið eftir neyðaraðstoð. Af því tilefni leitaði ég eftir upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík og fékk skýr og greinargóð svör sem ég flutti þinginu. Svörin komu hv. þm. á óvart og reifaði hann í framhaldinu dæmi sem hann taldi í ósamræmi við svör mín. Harmaði ég að dæmi þetta hefði ekki verið nefnt fyrr þannig að unnt væri að kanna bakgrunn málsins og flytja þinginu skýringar á umræddu máli. Ég boðaði jafnframt að ég mundi kanna málið sérstaklega.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gekk þó heldur lengra og sakaði mig um að flytja þinginu rangar upplýsingar. Ég hef kannað þetta tiltekna mál sem var tilefni þess að hinir hv. þm. ásökuðu mig um að flytja þinginu rangar upplýsingar. Málavextir þess eru í stuttu máli þeir að boð komu til fjarskiptamiðstöðvar lögreglu um að maður svæfi ölvunarsvefni í stigagangi húss hér í borginni. Af hálfu fjarskiptamiðstöðvar var litið svo á að ekki væri um forgangsmál að ræða og var ekki unnt að sinna þessari beiðni fyrr en 50 mínútum síðar en lögregla var á þessum tíma m.a. upptekin við að sinna útkalli vegna heimilisófriðar. Boð komu að nýju til fjarskiptamiðstöðvarinnar, 50 mínútum eftir fyrsta boðið, um að maðurinn svæfi ekki ölvunarsvefni heldur væri hann með höfuðáverka. Lögregla var þá þegar komin á staðinn.

Af þessu má ljóst vera að fyrstu boð sem bárust lögreglu gáfu ekki til kynna að hér væri um forgangsmál eða beiðni um neyðaraðstoð að ræða, hvorki gagnvart lögreglu né sjúkraliði. Eins og ég upplýsti þingið um getur viðbragðstími lögreglu verið langur á álagstímum og þegar ekki er um forgangsmál að ræða mætir það í flestum tilvikum skilningi viðkomandi aðila. Hv. þm., formaður Samfylkingarinnar, sagði í umræddum fyrirspurnatíma að það væri embættisskylda mín að greina þinginu rétt frá og ég yrði að skýra þinginu frá orsökum þess að ég flytti þinginu rangar upplýsingar. Sagði hv. þm. að þingið mundi þá meta hvort óskað yrði eftir afsökunarbeiðni minni.

Vegna orða hv. þm. taldi ég þörf á að greina frá því hér, herra forseti, að það er ljóst að upplýsingar þær sem ég flutti þinginu í fyrri viku, um viðbragðstíma lögreglunnar þegar um forgangsmál eða neyðarútkall er að ræða, eru réttar, enda koma þær beint frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar.

Ég tel rétt að koma þessu á framfæri hér og nú.

[13:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að gera fulla grein fyrir hinu rétta í þessum efnum þótt seint sé. Ég hefði raunar kosið að hún hefði komið þessum upplýsingum beint til mín áður en ég þyrfti að lesa um það í blöðum.

Hins vegar er alveg ljóst af efni þessa máls að hér þarf nánari athugunar við. Ég óska hér með eftir því með formlegum hætti að fá öll gögn þessa máls í mínar hendur því að hvernig svo sem kallið hefur verið í upphafi er augljóst að boð hafa misfarist. Maður liggur höfuðkúpubrotinn í stigagangi í Breiðholti í 50 mínútur án þess að fá aðstoð. Það eitt og sér kallar á sérstaka athugun.

Ég ætla hins vegar ekki að gera þetta einstaka tilefni að umfjöllunarefni. Tilgangur fyrirspurnar minnar á sínum tíma var að komast að því hvort löggæslan í borginni væri í stakk búin til að sinna beiðnum um brýna aðstoð. Nú er það auðvitað skilgreiningaratriði, eins og hér hefur komið fram, hvað er neyðaraðstoð. Hvað er neyðarkall, hver eru forgangsmál? Það er út af fyrir sig efni í sérstaka athugun. Ég mun sjálfur láta gera úttekt á því.

Hitt er ljóst, og rétt að fara um það nokkrum orðum, að þessi aðferð hæstvirtra ráðherra, að koma hér í fyrirspurnatíma og lesa beint af blöðum stíla frá undirstofnunum og embættismönnum og vísa í raun ábyrgð svaranna á hendur þeim, er venja sem núv. hæstv. ráðherrar hafa tekið upp og einkanlega þeir sessunautar hér, hæstv. menntmrh. og hæstv. dómsmrh. Ég vil undirstrika, herra forseti, að það er auðvitað ráðherrann sjálfur sem ber ábyrgð á svörum sínum hér en ekki einstakir embættismenn eða undirstofnanir.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að þingmenn óski eftir skýringum á misvísandi upplýsingum eins og þeim sem hér komu fram í fyrirspurnatíma í síðustu viku. Ég vek eftirtekt á því að það er réttur þingmanna að krefjast þess að ráðherrar greini satt og rétt frá. Misbrestur á því hefur m.a. orðið til þess að hér hafa orðið einhver mestu umsvif og umskipti í atvinnulífi á seinni árum. Ég vísa til þess þegar ráðherrar komu hér fyrir nokkrum árum og fluttu rangar upplýsingar um innviði banka. Við munum öll til hvers það leiddi.

Hæstv. ráðherra hefur hins vegar orðið við því sem menn fóru fram á þá, að skýra mál sitt. Ég segi það fyrir mitt leyti að ég tek skýringar hæstv. ráðherra fullkomlega gildar. Það er alveg ljóst, eins og hún leggur þetta mál fyrir, að þarna hefur verið um einhvers konar misskilning að ræða á milli þeirra sem hringdu í neyðaraðstoðina og lögreglunnar. Þetta hefur verið skýrt af hálfu hæstv. ráðherra. Ég tel það vera til eftirbreytni að bregðast við með þessum hætti og þakka henni fyrir.

[14:01]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur brugðist stórmannlega við þeim fyrirspurnum sem var beint til hennar í síðustu viku og því að hún var sökuð um að hafa nánast vísvitandi farið með rangar upplýsingar. Mér finnst það gott dæmi um mjög góð vinnubrögð af hálfu dómsmrh., þ.e. að bregðast við eins og hún gerði. Einnig má ljóst vera að ekkert tilefni var til að ráðast óviðurkvæmilega að hæstv. dómsmrh. eins og gert var í síðustu viku og vakti sérstaka athygli í þinginu.

[14:02]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er ekki hægt annað en bregðast við þessum síðustu orðum hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns þingflokks Sjálfstfl. Hún kvartar sérstaklega yfir því að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar séu spurðir spurninga. Hún kvartar sérstaklega yfir því, þegar í ljós kemur að svör þeirra eru ekki í samræmi við veruleikann, að þá sé ekki mjög stórmannlegt af hálfu þingmanna að spyrja út í það og þar með sé ráðist að einstökum ráðherrum. Hvers konar þvæla er þetta, herra forseti? Hvaða dellumakarí er hér á ferðinni? Réttur þingmanna er einfaldlega skýr og afdráttarlaus í þingsköpum, rétturinn til að afla upplýsinga frá framkvæmdarvaldinu. Það voru þingmenn að gera og nákvæmlega það var á ferðinni hér fyrir viku.

Hæstv. ráðherra veit betur núna og kemur fram fyrir þingheim og gerir grein fyrir því sem hún vissi ekki fyrir viku. Fyrir það var þakkað. Flóknara er þetta mál ekki.

[14:03]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Mér finnst mjög sérstakt að hlusta á viðbrögðin frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni út af þessari fyrirspurn. Hann kemur hér með ákveðnar spurningar sem er sjálfsagt að svara og ráðherrum ber að svara og veita upplýsingar til þingsins. En þegar spurt er um málefni lögreglunnar og beðið um upplýsingar um störf hennar þarf auðvitað að leita eftir upplýsingum hjá henni sjálfri. Ekki getur hv. þm. ætlast til þess að ég gangi hér með í vasanum t.d. dagbók lögreglunnar í Reykjavík eða nákvæmar upplýsingar af því tagi.

Tilfellið er að hv. þm. spurði um neyðaraðstoð. Hann spurði nánar tiltekið í fimm liðum sem var svarað mjög nákvæmlega. Í dæminu sem hann tiltók síðan var ekki óskað eftir neyðaraðstoð og ég benti hv. fyrirspyrjanda á að það hefði verið æskilegra ef hann hefði komið með þetta dæmi til mín eða lögreglunnar áður en hann kom með það fyrir þingið. Það hefði auðvitað verið eðlilegast, hv. þm.

Það er skýrt að ráðherrum ber að svara fyrirspurnum þingmanna en það er jafnskýrt að hv. þm. verða líka að haga orðum sínum svo að hægt sé að verða við þeim fyrirspurnum og svara skýrt og skilmerkilega. Ég hef upplýst þetta mál hér og nú. Ég taldi rétt að gera það við þetta tækifæri þar sem nú er að byrja annar fyrirspurnatími í þinginu.

[14:05]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. brást strax við í fyrirspurnatímanum í síðustu viku og sagðist mundu láta skoða sérstaklega málið sem tekið var sem dæmi um sérstakt tilvik sem ekki væri í samræmi við þær upplýsingar sem ráðherra hefði veitt. Eftir að hún hafði tekið jákvætt í að kanna þetta mál þá var veist að henni með mjög óviðurkvæmilegum hætti að mínu mati. Ég var að vísa til þess. Þar var m.a. fullyrt að til greina gæti komið að ráðherra þyrfti að biðjast afsökunar. Ég held að þar sem málið er nú að fullu upplýst af hendi dómsmrh. þá væri miklu nær að þeir þingmenn sem töluðu með þessum hætti bæðu dómsmrh. afsökunar.

Útsendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl.

Fsp. GÁS, 238. mál. — Þskj. 265.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Það er á mörkunum að maður leggi í að leyfa sér að beina þessari fyrirspurn til hæstv. menntmrh. Ráðherrar eru greinilega ekki upptekni af smámálum á borð við þau að svara fyrirspurnum. Ég ætla samt að láta á það reyna í þessari stuttu fyrirspurn sem er að sönnu þekkt í herbúðum hæstv. menntmrh. því að hann hefur svarað ámóta fyrirspurnum fyrr. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur verið einkar duglegur við að kalla eftir þessum svörum hæstv. ráðherra.

Þessi fyrirspurn er sett fram á þskj. 265 í ljósi síðustu svara hæstv. ráðherra um sama efni, varðandi móttökuskilyrði fyrir útvarps- og sjónvarpssendingar.

Í svari hæstv. ráðherra í mars 1999 segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Raunar hef ég beint því erindi til útvarpsstjóra og Ríkisútvarpsins að vinna verði sett í að skoða þetta mál nánar. Ef það kosti á bilinu 60–80 millj. kr. á ári að senda út sjónvarps- og útvarpsdagskrár héðan frá Íslandi um gervitungl þá er það miðlunarleið sem skoða ber af mikilli alvöru.“

Í ljósi þessarar yfirlýsingar vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvar þessi athugun standi. Hefur alvara málsins aukist eða minnkað á þessum tveimur árum? Það liggur enn fremur ljóst fyrir að á þessu tímabili hafa u.þ.b. 25 skip í íslenska fiskiskipaflotanum komið sér upp búnaði til þess að taka á móti sjónvarpssendingum um gervitungl. Þau geta með þessum búnaði tekið á móti sjónvarpsefni, til að mynda frá öðrum Norðurlöndum. Það er því brýnt að fá um það skýrt svar, hafi ráðherrann til þess tíma og nennu, hvort þessi rannsókn standi enn þá yfir, hvort sjái fyrir endann á henni og hvort einhver von sé til að íslenskir sjómenn og raunar íslenskir útvarpshlustendur í afskekktum byggðum landsins, jafnvel Íslendingar búsettir erlendis, muni eiga þess kost á að ná útsendingum sjónvarps og útvarps með þessum tæknibúnaði sem rutt hefur sér til rúms á síðari árum.

Ég vænti skýrra svara við þessu.

[14:09]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það upp við herra forseta hvort eðlilegt sé að ganga fram með þeim hætti sem hv. þm. gerði í ræðu sinni, að gefa til kynna að það sé eitthvert gustukaverk að svara fyrirspurnum hans og að það hafi verið gert þannig að óviðunandi sé með tilliti til þingskapa. Í ræðu hv. þm. gætti þess hvað eftir annað að ég hefði sýnt þinginu einhverja óvirðingu með því hvernig ég svara fyrirspurnum. Auk þess kom fram í ummælum áðan hjá þingmanninum að það yrði að svara fyrirspurnum hans með einhverjum sérstökum hætti, þ.e. að ekki mætti leita upplýsinga hjá opinberum stofnunum til að leita svara.

Einnig kom það fram, herra forseti, að hann mætti ekki frétta af neinu í blöðum heldur yrðu ráðherrar að sjá til þess að hv. þm. fengi hér fyrst fréttir um það sem fjölmiðlar leita svara við og spyrja um eftir að hann leggur hér fram fyrirspurnir. Herra forseti. Með ólíkindum er að heyra hvernig hv. þm. lagði sitt mál fram.

Svarið við fyrirspurninni er hins vegar að unnið hefur verið að þessu máli. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur unnið að þessu máli og við höfum unnið að því saman að

þoka því áfram. Það hefur verið kannað hjá Ríkisútvarpinu og kemur í ljós að nú kostar það um 100 millj. kr. að leigja slíkar rásir. Þeir eru að kanna aðrar leiðir. Þeir eru núna að kanna leiðir með svokölluðum varaleiðum, hvort hægt væri að nýta þær gervihnattarásir til að veita þessa þjónustu.

[14:10]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Fyrir sex árum samþykkti Alþingi þáltill. sem ég flutti um athugun á þeim kostum sem í boði væru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna. Í framhaldi af því fékk hæstv. menntmrh. greinargerð frá útvarpsstjóra þar sem fram kom að stækkun dreifikerfis svo það næði út á fiskimiðin mundi kosta 850 millj. kr. á ári.

Í svari við fyrirspurn minni fjórum árum síðar í mars 1999 kom hins vegar fram að samsendingar sjónvarps- og útvarpsdagskrár um gervitungl mundu aðeins kosta 60–80 millj. kr. á ári og að kostnaður við slíkar sendingar mundi frekar lækka en hækka. Ég ítreka hér það sem ég sagði við þá umræðu, að Ríkisútvarpið á að slá tvær flugur í einu höggi og tryggja með sendingu um gervitungl að sjómenn og aðrir landsmenn sem búa við slæm móttökuskilyrði geti notið sendingar sjónvarps til jafns við aðra íbúa landsins.

Ég hef að undanförnu undirbúið flutning nýrrar þáltill. um þetta mál sem vonandi lítur dagsins ljós fljótlega.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Hún er alveg ótrúleg, ólundin í hæstv. menntmrh. Ég hvet hann — það er ekki að tilefnislausu sem ég hafði þennan inngang að fyrirspurn minni — til að lesa eigin skrif á netinu þar sem hann varði löngum tíma í síðasta netpistli sínum til að fara yfir það að menn væru hér í ýmiss konar smásmygli og ýmiss konar smáatriðatíningi á eftir ráðherrum. Það var tilefni inngangs míns.

Herra forseti. Ólund hæstv. ráðherra er svo mikil að hann lætur ekki svo lítið að koma fram með efnisleg svör. Spurning mín var um hvernig þetta mál stæði í tíma, hvort þess væri að vænta að eitthvað gerðist raunverulega í málinu annað en að það yrði skoðað áfram. Svo var þó ekki að heyra á þessu örstutta og snautlega svari hæstv. ráðherra. Ekki virtist annað í gangi en áframhaldandi athugun og skoðun. Það er ekki að undra þó að hv. þm., áhugamaður um þetta mikilsverða mál, hv. þm. Guðjón Guðmundsson, sjái sig knúinn til að flytja sérstaka þáltill. á nýjan leik um málið. Ég vil við þetta tækifæri lýsa yfir eindregnum stuðningi við þá tillögu. Ég sé í hendi mér að þingið þurfi auðvitað að koma beint að þessu máli til að það fái þann framgang sem því ber. Það liggur algerlega í augum uppi.

[14:13]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er unnið að þessu máli. En nú skil ég hvers vegna hv. þm. lét svona í ræðustólnum áðan. Það er út af því sem ég skrifaði á netinu. Það kemur því ekkert við sem ég svara hér á hv. Alþingi. (Gripið fram í.) En ég skil mætavel að hv. þm. kveinki sér undan því og þeim umræðum sem urðu um fyrirspurn hans í síðustu viku til dómsmrh., sem síðan hefur komið hér upp aftur.

Það er von að hv. þm. reyni að beina athyglinni frá því hve framganga hans á þessum stað fyrir viku vakti mikla undrun. Það á ekki eftir að vekja minni undrun hvernig hann hefur gengið fram í dag í þessum fyrirspurnatíma.

Sérframlag til framhaldsdeilda.

Fsp. JB, 244. mál. — Þskj. 278.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja fyrir hæstv. menntmrh. fyrirspurn sem lýtur að stefnu í skólamálum og eflingu framhaldsnáms á landsbyggðinni.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 2001 er fjárlagaliður 1.20 Framhaldsdeildir undir lið 02-319 Framhaldsskólar, almennt, þar sem hafa verið 7,8 millj. kr., ætlaðar til þess að styrkja framhaldsdeildir um landið. Í fjárlagfrv. fyrir næsta ár er lagt til að þessi upphæð verði öll felld niður, þessar 7,8 millj. kr. Textinn sem þeirri breytingu fylgir hljóðar upp á að það sé gert í sparnaðarskyni.

Nú er það svo, herra forseti, að framhaldsdeildir og framhaldsnám sem víðast á landinu skiptir afar miklu máli fyrir fólkið sem þar býr og fyrir byggð í landinu. Auk þess er það í stefnuskrá bæði ríkisstjórnarinnar og hefur verið áréttað í samþykktum Alþingis varðandi byggðamál að efla beri menntun sem víðast um land. Í nýbirtri skýrslu Byggðastofnunar um veikleika og styrkleika í byggðum er einmitt lögð þung áhersla á gildi menntunar í byggðunum og það hversu miklu máli það skipti að sem mest, hæst og best menntunarstig og menntunarframboð sé í hverri byggð. Það er talin ein af meginforsendunum fyrir velferð og vellíðan í viðkomandi byggðum og þar af leiðandi sjálfsögð mannréttindi.

Það er alveg ljóst að það eru mikilvæg og sjálfsögð mannréttindi að ungt fólk, á aldrinum 15–18 ára, geti sem lengst sótt nám heiman frá sér. Nú er það svo að samkvæmt svari sem hæstv. menntmrh. hefur gefið undirrituðum skriflega, við fyrirspurn um hve margar framhaldsdeildir væru starfandi í landinu og hvar þær væru, eru enn starfræktar framhaldsdeildir í Stykkishólmi og Ólafsvík sem útibú frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Samkvæmt svari hæstv. menntmrh. hefur Hólmavíkurhreppur einnig sótt um eða óskað eftir viðræðum við menntmrn. um að athuga möguleika á framhaldsdeildum þar. Mér er kunnugt um, herra forseti, að víðar er áhugi á því að geta komið á framhaldsdeildum og framhaldsnámi heima í byggðunum. Í þessu sambandi má ekki gleyma Grundarfirði, þar er reyndar ekki formleg framhaldsdeild en formlegt framhaldsnám. Þess vegna finnst mér skjóta skökku við, herra forseti, að í fjárlagafrv. skuli einmitt skornar niður sérmerktar fjárveitingar til þessa starfs. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. menntmrh.: Er hér ekki bara um hrein mistök að ræða?

[14:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: „Hvernig samræmist það skólastefnu ríkisstjórnarinnar og stefnu hennar í byggðamálum að fella niður „í sparnaðarskyni" allt sérframlag til framhaldsdeilda, 7,8 millj. kr., eins og gerð er tillaga um í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002?"

Svarið er þetta: Í frv. er gert ráð fyrir að sérstakt framlag framhaldsdeilda á fjárlögum, 7,5 millj. kr., falli niður í sparnaðarskyni. Ekki er gert ráð fyrir að þetta hafi áhrif á þær framhaldsdeildir sem eru starfandi. Á undanförnum árum

hefur dregið úr umfangi framhaldsdeilda og nú er svo komið að framhaldsdeildir eru einungis reknar að staðaldri á vegum Fjölbrautaskóla Vesturlands í Stykkishólmi og í Ólafsvík. Þá hefur tilkoma reiknilíkans fyrir framhaldsskóla leitt til þess að nú er áætlað fyrir þessari kennslu með öðrum hætti en áður, þ.e. fjárveiting er nú áætluð á fjárlögum viðkomandi skóla. Nemendur í framhaldsdeildum eru taldir með öðrum nemendum móðurskóla og reiknast skólanum því framlag til kennslu og almenns rekstrarkostnaðar vegna þeirra með sama hætti og vegna annarra nemenda, þ.e. áætlað er fyrir því húsnæði sem nýtt er undir framhaldsdeildir í fermetratölu móðurskólans.

Þessu til viðbótar hefur skólinn fengið viðbótarframlag til að mæta auknum stjórnunarkostnaði, ferðakostnaði o.fl. Vegna þessa er talið óhætt að leggja niður fjárlagalið sem ætlað er að mæta sérstökum útgjöldum vegna framhaldsdeilda. Fjárþörf vegna óreglulegrar starfsemi framhaldsdeilda verður, þegar þess gerist þörf, mætt af óskiptum lið framhaldsskólanna með sama hætti og öðrum minni sveiflum í nemendafjölda.

[14:19]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Komið hefur fram við rannsóknir á byggðaþróun hér á Íslandi að ein af meginástæðum byggðaröskunar er of lítið námsframboð úti í hinum dreifðu byggðum.

Nemendur fara brott til að stunda nám í fjarlægum byggðum og koma ekki heim aftur, og á eftir þeim fara svo oft og tíðum fjölskyldurnar því að það er dýrt að halda úti börnum við nám í fjarlægum landshlutum. Ég verð að segja að þegar skorið er núna niður sérstakt framlag til framhaldsdeilda í þessum fjárlögum finnst mér vera höggvið þar sem hlífa skyldi. Auðvitað eigum við að standa vörð um það að hægt sé að bjóða upp á slíkt nám sem víðast og þá með aðstoð fjarnáms.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Eins og kom fram í svari hæstv. ráðherra eru núna starfandi framhaldsdeildir í Stykkishólmi og Ólafsvík, og svo er sérstakt framhaldsnám í Grundarfirði.

Mér er kunnugt um að á undanförnum árum og enn þann dag í dag hafa viðkomandi framhaldsskólar sem bera bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á þessum deildum sagt að þeir fengju ekki þann fjárhagslega stuðning sem þyrfti til að standa straum af þeim kostnaði sem þarna hlytist af. Þess vegna þyrfti að auka þarna við fjárveitingar. Að vísu er það rétt hjá hæstv. ráðherra að nú nýverið fékk Fjölbrautaskólinn á Akranesi 4 millj. kr. í stjórnunarkostnað aukalega, að ég hygg, til að stýra þessum deildum. Engu að síður sagði viðkomandi skólameistari við mig að þetta væri í sjálfu sér of lítið. Þessar deildir hafa starfað í fullkomnu óöryggi frá ári til árs einmitt vegna fjárskorts eða óöryggis með fjármagn.

Auk þess, herra forseti, er eitt öflugasta tækið í byggðamálum það að styrkja menntun úti um land. Því ber að gera það með öllum tiltækum ráðum. Ég tel þau skilaboð í fjárlagafrv., að skera eigi niður í sparnaðarskyni þessa sérmerktu litlu fjárveitingu upp á milli 7 og 8 millj. kr. sem hefur mátt ráðstafa til að styrkja framhaldsdeildir víða um land, vera óheppileg og döpur til þeirra sveitarfélaga sem hefðu áhuga á að reyna að koma slíku á.

Herra forseti. Ég hvet hæstv. menntmrh. til að endurskoða þetta. Þetta er ekki sú upphæð sem skiptir ríkissjóð meginmáli en þetta eru skýr skilaboð til viðkomandi byggðarlaga.

[14:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta eru ekki skilaboð til neinna byggðarlaga því að eins og hér hefur komið fram á þetta við einn skóla, Fjölbrautaskóla Vesturlands, og um er að ræða Stykkishólm og Ólafsvík og það er búið að láta Fjölbrautaskóla Vesturlands hafa sérstaka peninga til að sinna þessu verkefni. Það er þannig ekki verið að senda nein sérstök skilaboð með þessu. Það er líka verið að fella þetta inn í reiknilíkan skólanna eins og ég rakti.

Ég held að vandinn í þessum málum sé ekki sá sem hv. þm. er alltaf að ræða um, að það séu styrkir af þessu tagi sem ráði því hvort fólk búi úti á landsbyggðinni, eins og ég hef áður bent hv. þm. á. Það er hin þröngsýna stefna, m.a. í atvinnumálum, sem Vinstri grænir boða sem veikir tiltrú fólks á því að búa úti á landi en ekki spurningin um það hvort settar séu 7,5 millj. í framhaldsdeildir við framhaldsskóla. Það eru þau skilaboð sem stjórnmálamenn eins og Vinstri grænir eru að setja með þröngsýnni stefnu sinni í atvinnumálunum og andstöðu sinni við uppbyggingu á landsbyggðinni sem veldur því að fólk flytur þaðan en ekki spurningin um sérmerkta peninga í slíkt skólastarf.

Ég vil einnig minna hv. þm. á það sem hefur farið fram hjá honum, byltinguna sem orðið hefur í fjarkennslu þegar nemendum hefur fjölgað þar um þúsund á milli ára, og hve aukin þjónustan er þar. Hv. þm. er í raun og veru, eins og líka í atvinnumálunum, gamaldags þegar hann ræðir um skólamál á þessum þröngsýnu forsendum sem hann leggur til grundvallar þegar hann ræðir um skólamálin. Það eru nákvæmlega sömu viðhorfin og þegar hann ræðir um atvinnumálin. Hann horfir fram hjá breytingunum, hann horfir fram hjá þróuninni, hann horfir fram hjá hinum nýju tækifærum sem verið er að bjóða í fjarnámi og með nýjum atvinnuháttum sem Vinstri grænir vilja ekki viðurkenna, vilja ekki horfast í augu við heldur leggjast gegn og segja að það sé einhverjum öðrum að kenna, það sé spurning um styrki til framhaldsdeilda hvort fólk búi úti á landsbyggðinni.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 5. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Margur heldur mig sig og ég vil segja hér, herra forseti, að í orðum hæstv. menntmrh. hefði honum verið nær að ganga hreinlega til verks og svara betur þessari fyrirspurn heldur en vera að tala um að það að styrkja og efla nám úti um land flokkaðist undir þröngsýni. Ég harma þessa sýn hæstv. menntmrh. og vil biðja hæstv. ráðherra að líta í eigin barm varðandi uppbyggingu menntunar úti á landi.

(**Forseti** (HBl): Ég er litlu nær um það hvernig hv. þm. bar af sér sakir eftir ræðu hans (Gripið fram í.) og hygg að það beri vott um frjálslyndi forseta að hafa leyft hv. þm. að halda áfram ræðu sinni.)

Rannsókn Samkeppnisstofnunar á hækkun matvöruverðs.

Fsp. SJóh, 298. mál. — Þskj. 363.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Í skýrslu sem hæstv. viðskrh. skilaði í maí í vor til þingsins kemur m.a. fram að álagning í smásölu á Íslandi hefur hækkað mikið á árunum 1996–2000 sem er sá tími sem rannsóknin náði til. Í könnun sem ASÍ gerði á matvöruverði í Danmörku og á Íslandi þann 13. september sl. kemur fram að mikill verðmunur er á matvælum á Íslandi og í Danmörku og er verð í flestum tilfellum hærra á Íslandi, en verð er borið saman án virðisaukaskatts.

Þegar borið er saman verðlag á tímum svo örra gengisbreytinga, Íslandi í óhag, ætti það að vera hagstætt verðlaginu hér á landi þar sem gengisbreytingar hefðu að einhverju leyti ekki átt að hafa náð út í verðlagið þar sem vörur, keyptar til landsins á lægra gengi en gengi dagsins, liggja í hillum og innlenda framleiðslan ætti ekki að hafa hækkað í takt við gengissigið.

Rökstuddar ábendingar hafa komið fram um að þennan verðmun megi að einhverju leyti rekja til ólögmætra viðskiptahátta. Undirrituð telur nauðsynlegt að hraða þeirri rannsókn sem þegar hefur farið af stað en ekki gengið sem skyldi vegna skorts á fé og mannafla. Miklir hagsmunir íslenskra neytenda eru í húfi í þessu máli og því mjög brýnt að tekið verði á málinu af festu.

Ástandið hér á Íslandi er farið að minna óþægilega mikið á land þar sem ég þekki nokkuð til en það er Rússland. Almenningur hefur varla til hnífs og skeiðar. Jafnvel þó að fólk hafi vinnu duga launin ekki fyrir nauðþurftum en stór hópur landsmanna hefur fullar hendur fjár og lætur sig hátt matvælaverð litlu skipta. Allar búðir eru troðfullar af vörum sem almenningur á enga möguleika á að kaupa. Við erum hins vegar ekki enn komin með vopnaða verði til að gæta góssins eins og gerist í Rússlandi. Þar skilur á milli.

Mér finnst stjórnvöld bera mikla ábyrgð á því hvernig komið er. Mig hryllir við því að ekki skuli hafa verið látin fara fram sú rannsókn sem lofað var í maí sl. þegar vísbendingar lágu fyrir sem full ástæða var til að rannsaka nánar. Rannsóknin var hins vegar lögð á ís vegna skorts á fé hjá viðkomandi stofnun. Þess vegna spyr ég hæstv. viðskrh.: Hyggst hún útvega það fjármagn sem þarf til að þessi rannsókn geti farið fram sem fyrst og henni verði lokið sem fyrst?

[14:29]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 30. maí árið 2000 var samþykkt tillaga viðskrh., þeirrar sem hér stendur, þess efnis að fela Samkeppnisstofnun að kanna orsakir óhagstæðrar þróunar á verði matvöru hér á landi, m.a. í ljósi breytinga sem orðið höfðu á gengi erlendra gjaldmiðla missirin þar á undan. Viðskrh. ritaði stofnuninni síðan bréf þar um þann 31. maí 2000.

Samkeppnisstofnun skilaði ítarlegri skýrslu um þetta mál í apríl 2001. Ein meginniðurstaða skýrslunnar er sú að á milli þeirra tímapunkta sem könnun Samkeppnisstofnunar tekur til hafi verð á dagvöru, þ.e. mat- og drykkjarvörum og hreinlætis- og snyrtivörum, hækkað um u.þ.b. 15% í smásölu samkvæmt vísitölu. Vegin hækkun á innkaupsverði verslana á þessum vörum var u.þ.b. 8–9%. Sú hækkun er í samræmi við það sem vænta mátti með hliðsjón af erlendum verðhækkunum og gengisbreytingum.

Draga má þá ályktun að smásöluálagning matvöruverslana, þar með talin álagning birgðahúsa sem rekin eru í tengslum við nokkrar verslunarkeðjur, hafi hækkað um sem nemur mismuninum á hækkun á smásöluverði og hækkun innkaupsverðs verslana. Í skýrslunni er fjallað um þá samþjöppun á matvörumarkaðnum sem hefur orðið á því fimm ára tímabili sem könnunin nær til. Fjallað er um markaðsstöðu einstakra fyrirtækja og kaupendastyrk á markaðnum.

Samkeppnisstofnun lýsti því yfir að frekari rannsókn á samkeppnis- og viðskiptaháttum á matvörumarkaði mundi fara fram. Mér er kunnugt um að sú vinna er hafin. Sú athugun mun taka einhvern tíma og það ræðst m.a. af öðrum verkefnum sem stofnunin er að vinna.

Það sem m.a. er til athugunar í þessu sambandi er að setja siðareglur um viðskipti matvöruverslana við birgja sína. Slíkar reglur hafa nýlega verið settar í Bretlandi og er mér kunnugt um að Samkeppnisstofnun hefur þær reglur til athugunar. Ég tel að það væri mikið framfaraspor ef slíkar reglur yrðu settar og þær yrðu til þess að koma á meira jafnvægi milli styrks keðjanna og einstakra birgja þeirra. Ég hef þegar rætt þessi mál við Samkeppnisstofnun.

Svo sem þingheimi er kunnugt eru fjölmörg stór mál á borðum samkeppnisyfirvalda. Ég hef ekki tamið mér að hafa bein afskipti af daglegri starfsemi stofnunarinnar enda tel ég það vera samkvæmt anda samkeppnislaga að samkeppnisyfirvöld starfi sem sjálfstæðast. Málið er í eðlilegum farvegi. Rannsókn sem þessi er tímafrek og Samkeppnisstofnun ber að virða reglur stjórnsýsluréttarins um andmælarétt. Því tekur rannsókn sem þessi lengri tíma en í fljótu bragði kann að virðast.

[14:32]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrirspurnina því að hún er afar mikilvæg. Guðmundur Ólafsson hagfræðingur benti nýverið á að verð matvöru og annarrar neysluvöru hefði tekið stórt stökk á árinu 1998 og sú þróun hefur haldið áfram. Þessar hækkanir eiga sér ekki hliðstæðu erlendis. Gögn benda til þess að þessi stökk tengist sameiningu stórra matvöruverslana og fákeppni sé ein helsta undirliggjandi orsök hás matvöruverðs.

Yfirleitt fer sameining fyrirtækja fram undir merkjum hagræðingar en samkvæmt fræðunum ætti það að skila sér í betra verði til neytenda. Hið gagnstæða hefur gerst hér á landi. Matvöruverð hefur hækkað sem aldrei fyrr og er hærra hér á landi en hægt er að una sér við. T.d. hefur verið bent á að verð á grænmeti hér á landi er 25% hærra en í Evrópu. Fákeppni er til staðar og fákeppni hefur ætíð unnið gegn neytendum. Það hefur verið orðaður grunur um ólögmæta viðskiptahætti og því er full ástæða til að skoða verðmyndun matvöruverðs hér á landi og ég hvet til þess að fullur kraftur verði settur í málið.

[14:34]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Fákeppni er mikil hér á landi og hefur komið í ljós að matvöruverð hefur hækkað úr hófi. En ég vil bara koma því að að sá sem framleiðir vöruna hefur fengið æ minna í sinn skerf af þeirri köku.

Það var athyglisvert þegar manneldisráð gerði úttekt um daginn á hollustukörfu og óhollustukörfu að hollustukarfan kom mun betur út. En þar sem hv. fyrirspyrjandi var að bera

Ísland saman við Rússland, þ.e. að fólk hefði hér ekki til hnífs og skeiðar, finnst mér alveg fráleitt. Ísland er í þeirri stöðu að vera fremst meðal þjóða hvað lífskjör snertir. Mér finnst alveg fáheyrt að bera okkur saman við Rússland.

[14:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að bera fram þessa fyrirspurn sem var í sjálfu sér ósköp einföld. Hún snerist um hvort hæstv. ráðherra ætlaði að beita sér fyrr því að þessari niðurstöðu sem Samkeppnisstofnun komst að og finna má í skýrslu hennar yrði fylgt eftir með tiltekinni rannsókn. Hvort hún mundi beita sér fyrir því að til þessarar rannsóknar yrði lagt fé. Hæstv. ráðherra svaraði engu þar um. Hún sagði aðeins að sjálfstæðið væri nauðsynlegt og svaraði engu þar um.

Til þess hins vegar að þessar stofnanir geti verið sjálfstæðar, til þess að þær geti komist að einhverri niðurstöðu, til þess að þær geti aukið skilning manna á þeirri fákeppni sem þarna virðist ríkja, vantar fé. Ég verð að segja alveg eins og er, af því að við höfum verið að ræða hér fjárlög, að mér sýnist víða vera hægt að taka fé, taka nokkrar milljónir til þess að tryggja hag neytenda. Því miður hefur það verið svo að þessi tiltekni hæstv. ráðherra hefur frekar lítinn áhuga haft á þessum málum í ráðherratíð sinni.

[14:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er hreyft einu mesta hagsmunamáli og stærsta máli sem íslenskir neytendur og íslenska þjóðin stendur frammi fyrir, þ.e. vaxandi fákeppni og einokun í verslun hér á landi, verslun með matvöru. Það gerist þannig að verð hækkar hér miklu meira en í nágrannalöndunum, bæði á innfluttri matvöru og þeirri sem hér er framleidd innan lands, án þess að verð hækki nándar nærri að sama skapi til framleiðenda hér á landi. Það bil breikkar stöðugt. Því er alveg ljóst að hér þarf að ganga kröftuglega til verks og kanna hvað er á ferðinni og hvaða úrbótum megi beita. Einokun og fákeppni í verslun er ein mesta ógn við lífskjör hér á landi þessa dagana.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Það olli mér sannarlega vonbrigðum að hæstv. ráðherra virtist ekki hafa lesið fyrirspurnina. Hún gaf að mörgu leyti ágætt svar almennt en ég sakna þess að fá ekki að heyra um það sem ég spurði sérstaklega um.

Þegar yfirlýsingar komu frá hæstv. ráðherra í kjölfar þess að þessi skýrsla var birt batt ég miklar vonir við að hún mundi beita sér fyrir því að Samkeppnisstofnun rannsakaði málið. Þegar það tók svo að berast mér til eyrna að þeir gætu því miður ekkert unnið í þessu máli eða mjög lítið vegna fjárskorts hélt ég að þar væri kannski bara beðið eftir fjárlögunum. Svo sá þess engan stað þar að sérstaklega væri gert ráð fyrir að í þetta væru ætlaðir peningar. Ég verð að ítreka það hér við hæstv. ráðherra að til þess að þessi rannsókn geti farið fram fljótt og vel og við getum haft af henni hag, sem er mjög brýnt fyrir íslenska neytendur, þá þarf auðvitað að leggja til þeirra fé.

Hvað varðar það sem kom fram hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að allir hefðu nóg að bíta og brenna á Íslandi þá verð ég því miður að segja að ég hef samband við nokkrar fjölskyldur sem eru í miklum vandræðum við að sjá sér farborða, þó fólk leggi nótt við dag og sé ekki í neinni óreglu eða neinu slíku. Matvöruverð, húsaleiga og allt sem fólk þarf að leggja sér til hefur hækkað svo gríðarlega, langt umfram það sem laun hafa hækkað hjá þessu fólki, sem er bara á umsömdum lágmarkslaunum.

[14:39]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn en mér þykir það mjög leitt ef hv. þingmenn hafa alls ekki numið það sem ég sagði í ræðu minni áðan. Ég sagði frá því að Samkeppnisstofnun skilaði ítarlegri skýrslu í apríl 2001. Þar komu fram miklar upplýsingar. Það sem kom m.a. fram af hálfu samkeppnisyfirvalda var að farið yrði í frekari vinnu vegna einstakra mála sem þeir höfðu komist á snoðir um í rannsókn sinni. Þeir hafa ekki tjáð mér að þeir geti ekki farið í þá vinnu. Þeir hljóta að vera í henni. Alla vega hafa mér ekki borist upplýsingar um að þeir hafi ekki hafið þá vinnu vegna fjárskorts. Ég bíð hins vegar eftir niðurstöðum og ég held að það hljóti að fara að styttast í þær því liðinn er alllangur tími síðan þetta var.

Þessi mikla skýrsla sem unnin var, eins og ég sagði líka frá vegna samþykktar ríkisstjórnarinnar og í hana fékkst sérstakt fjármagn af ríkisstjórnarlið, sýndi það að þegar samruni átti sér stað á þessum markaði hækkaði verðið. Það var augljóst. Þetta er svo sannarlega stórt mál sem hér er hreyft. Ég hef ekki nokkrar athugasemdir og miklu frekar þakkir til hv. þm. fyrir að bera það hér fram.

Ég vil bara ítreka að Samkeppnisstofnun er að vinna að þessum málum í framhaldi af rannsókninni sem átti sér stað snemma á síðasta ári.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að Samkeppnisstofnun gæti þegið hærri fjárveitingar á fjárlögum. En við skulum hafa það í huga að með nýjum samkeppnislögum sem samþykkt voru eftir að ég tók við sem viðskrh. fær þessa ágæta stofnun verulega aukið fjármagn sem skiptir tugum milljóna, þ.e. vegna nýju laganna. Það eru hlutir sem komu fram og menn voru upplýstir um áður en lögin voru samþykkt og þess vegna kemur þetta af sjálfu sér inn í fjárlögin.

Ég vil að lokum segja að ég tel þessa stofnun vinna mjög þarft verk og ber mikla virðingu fyrir störfum hennar.

Afurðalán í landbúnaði.

Fsp. JB, 271. mál. — Þskj. 321.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. iðnrh. Eins og öllum er kunnugt lenti landbúnaðurinn og sérstaklega bændur sem voru með búfé, sauðfé, nautgripi og svín, í miklum hremmingum á liðnu sumri þegar fyrirtækið Goði ákvað að loka sláturhúsum sínum og lenti síðan í rekstrarstöðvun og mál þeirra voru í uppnámi. Einn liðurinn í að leysa úr þeim hnút sem þá skapaðist þegar sláturhúsin stóðu lokuð bændum fyrir búfé þeirra, var að Byggðastofnun kom inn í og veitti bakábyrgð á afurðalánum, en viðskiptabankarnir höfðu annaðhvort tregðast við að veita lán eða veittu þau á svo háum vöxtum að þau voru óaðgengileg.

Eftir samninga leystust málin þannig, eftir því sem fram kom í fréttum, að Byggðastofnun veitti bakábyrgð fyrir þessi lán. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. iðnrh.:

1. Hverjir eiga rétt á að nýta sér bakábyrgð Byggðastofnunar á afurðalánum á þessu hausti?

2. Hvernig breyttust kjörin á lánunum og hver eru þau nú eftir að ábyrgð Byggðastofnunar var veitt?

3. Hvernig fylgir Byggðastofnun því eftir að lántakendum sé ekki mismunað í lánskjörum?

4. Til hve langs tíma er þessi tilhögun um ábyrgð afurðalána ákveðin og hver er þóknun Byggðastofnunar fyrir að veita þessa ábyrgð?

5. Sé litið svo á að ábyrgð Byggðastofnunar á lánum til afurðastöðva nú í haust sé ákveðin byggðaaðgerð, má þá vænta þess að gripið verði til hliðstæðra aðgerða gagnvart fjárþörf annarra atvinnugreina í dreifbýli sem búa við ofurvexti á rekstrarlánum sínum?

[14:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurningin var þessi, með leyfi forseta:

„Hverjir eiga rétt á að nýta sér bakábyrgð Byggðastofnunar á afurðalánum á þessu hausti?"

Svarið er svohljóðandi: Bakábyrgð Byggðastofnunar er einföld ábyrgð og takmarkast við kindakjötsframleiðslu haustið 2001. Sláturleyfishafar sækja formlega um ábyrgð Byggðastofnunar vegna lánafyrirgreiðslu í formi afurðaláns að fenginni yfirlýsingu viðskiptabanka um afgreiðslu á lánsumsókn. Með umsókninni skulu fylgja öll gögn sem Byggðastofnun metur nauðsynleg við mat á greiðslugetu lántaka. Krafist er samþykkis Byggðastofnunar á kaupendum þeim sem lántaki hyggst selja afurðir sínar til. Fjárhæð afurðalána nemur aldrei hærri upphæð en sem nemur 75% af viðmiðunarverði birgða lántaka vegna sauðfjárslátrunar haustið 2001 eins og þær eru á hverjum tíma samkvæmt birgðaskýrslu.

Næsta spurning: „Hvernig breyttust kjörin á lánunum og hver eru þau nú eftir að ábyrgð Byggðastofnunar var veitt?"

Svar: Vextir afurðalána með ábyrgð Byggðastofnunar eru kjörvextir óverðtryggðra útlána að viðbættu 0,5% álagi. Markmið samninga um ábyrgð Byggðastofnunar var að ná fram 4–6% lækkun á vöxtum afurðalána og má segja að því markmiði hafi verið náð. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarsparnaður sláturleyfishafa nemi allt að 50 millj. og nemi um sjö kr. á hvert kíló kindakjöts til sölu innan lands.

Þriðja spurning: „Hvernig fylgir Byggðastofnun því eftir að lántakendum sé ekki mismunað í lánskjörum?"

Svar: Byggðastofnun fær alla afurðalánasamninga til staðfestingar. Allir þeir samningar sem gerðir hafa verið um ábyrgð Byggðastofnunar eru með sömu vexti og fram koma í svari við 2. spurningu hér á undan.

Fjórða spurning: „Til hve langs tíma er þessi tilhögun um ábyrgð afurðalána ákveðin og hver er þóknun Byggðastofnunar fyrir að veita þessa ábyrgð?"

Svar: Ofangreind tilhögun um ábyrgð Byggðastofnunar tekur eingöngu til kindakjötsframleiðslu haustsins 2001. Þóknun Byggðastofnunar vegna ábyrgðanna er 1% ábyrgðargjald miðað við heilt ár sem reiknast af höfuðstól lánsins. Við útborgun lánsins greiðir viðskiptabanki 0,6% af lánsfjárhæðinni til stofnunarinnar og endanlegt uppgjör fer fram við lok gildistíma samnings.

Svo er það síðasta spurningin sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Sé litið svo á að ábyrgð Byggðastofnunar á lánum til afurðastöðva nú í haust sé ákveðin byggðaaðgerð, má þá vænta þess að gripið verði til hliðstæðra aðgerða gagnvart fjárþörf annarra atvinnugreina í dreifbýli sem búa við ofurvexti á rekstrarlánum sínum?"

Svar: Hlutverk Byggðastofnunar er samkvæmt 2. gr. laga um stofnunina að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til þess að gegna þessu hlutverki og í samræmi við hlutverk sitt veitir hún samkvæmt 11. gr. laganna lán og ábyrgðir. Þar sem ábyrgðin er í reynd í sama flokki og útlán þarf að meta áhættuna af veittri ábyrgð og setja mótframlag í afskriftasjóð og færa áhættuna til sérstakra skuldbindinga á efnahagsreikningi.

Til þess að Byggðastofnun geti veitt þær ábyrgðir sem hér um ræðir þarf því að koma til sérstakt framlag úr ríkissjóði er tekur mið af áhættu ábyrgðarinnar til að mæta afskriftaþörf stofnunarinnar vegna þeirra. Hér er vissulega um byggðaaðgerð að ræða þar sem mjög tvísýnt var með framkvæmd slátrunar sl. haust. Hér er um einstaka ákvörðun um aðkomu Byggðastofnunar að ræða varðandi kindakjötsframleiðslu haustið 2001. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hliðstæðar aðgerðir gagnvart fjárþörf annarra atvinnugreina í dreifbýli.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir afar greinargóð svör og tel að þarna hafi vel tekist til. Hitt hlýtur þó að vekja athygli, þ.e. að viðkomandi viðskiptabankar sem hafa verið með slík viðskipti árum saman skuli ekki geta veitt eðlileg rekstrarkjör á þessum lánum og að grípa verði til óbeinnar ríkisábyrgðar til þess að kjörin geti orðið eðlileg.

Það er því ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi á takteinum hversu miklu viðskiptabankarnir hafi tapað í afurðalánum á undanförnum nokkrum síðustu árum. Mig minnir, herra forseti, að í viðtali við hæstv. landbrh. hafi komið fram að þau töp væru afar lítil eða óveruleg ef þau væru þá nokkur núna um nokkurt skeið. Af þeim orðum virtist því ekki um veruleg áhættuútlán að ræða hjá viðskiptabönkunum. Ég tel, herra forseti, að þetta sýni einmitt hvernig þróunin á þjónustu viðskiptabankana gagnvart frumvinnslugreinunum er að færast á óhagkvæma braut.

Herra forseti. Ég vil einnig inna hæstv. ráðherra eftir því hvort nokkrum hafi verið neitað. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að Byggðastofnun verði að samþykkja kaupanda að afurðunum til að lánsábyrgðin og lánveiting geti farið fram, en til að hafa það á hreinu: Hefur nokkrum verið neitað?

Ég ítreka það, herra forseti, að sú aðgerð sem þarna var gripið til sýnir einmitt hvernig viðskiptahættir viðskiptabankanna eru gagnvart atvinnugreinunum, eins og komið hefur fram í haust.

[14:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel að aðstæður hafi verið mjög sérstakar þegar sú ákvörðun var tekin og þarna sé ekki dæmigerðri afgreiðslu viðskiptabanka um að kenna heldur, eins og við vitum, erfiðleikum í því fyrirtæki sem fyrst og fremst eða að stórum hluta hafði staðið í slátrun, og þá er ég að tala um Goða. Þess vegna voru aðstæður mjög erfiðar akkúrat þegar á þurfti að halda og slátrun var að hefjast í landinu. Það hafði mikið að segja um að þessi sérstaka ákvörðun var tekin af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það má á engan hátt líta svo á að þetta sé eitthvað sem hugsað er til framtíðar heldur er þetta hugsað til þess að bjarga erfiðri stöðu fyrir mikilvæga búgrein, þ.e. sauðfjárræktina og ekki síður til að reyna að koma hlutum þannig

fyrir að vextir þurfi ekki að vera óbærilegir. Með ábyrgð Byggðastofnunar var hægt að ná betri vaxtakjörum þannig að ég vil líta á þetta sem einstakt tilfelli.

En af því að hv. þm. spyr um hvort einhverjum hafi verið neitað þá er mér ekki kunnugt um það. Ég bið hv. þm. að hafa skilning á því að þó að ég sem iðnrh. sé ráðherra byggðamála er ég náttúrlega ekki að vasast í rekstri þeirrar stofnunar dagsdaglega og hef ekki afskipti af stjórnarákvörðunum þar. En í þessu sérstaka tilfelli varð stjórnin að beiðni ríkisstjórnar um að koma að liði vegna þess að við litum svo á að um mikilvæga búgrein væri að ræða, að bjarga þyrfti málum á skömmum tíma og ég er þakklát Byggðastofnun fyrir að hafa orðið við beiðni okkar. Ég þakka þingmanninum fyrir fyrirspurnina.

Gagnkvæmt samstarf við önnur ríki um fjármálastarfsemi.

Fsp. ÁRÁ, 299. mál. — Þskj. 364.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Við höfum gerst aðilar að samstarfi ríkja bæði með milliríkjasamningum um skatta, gagnkvæmum tvísköttunarsamningum, en ekki síður samstarfi ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti. Í tengslum við það höfum við sett sérstök lög, löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti. Við höfum vænst þess að þeir aðilar á Íslandi sem eiga viðskipti og sinna fjármálastarfsemi yfir landamæri og raunar erlendir aðilar sem eiga viðskipti og hafa fjármálaumsvif hér, hafi þar með nægar reglur til að geta átt þau viðskipti án þess að til komi sérstök frávik frá daglegum störfum.

Hins vegar kom í ljós fyrr á þessu ári, herra forseti, að Ísland er ekki skráð meðal þeirra lögsagna, þ.e. ríkja og sjálfsstjórnarsvæða, sem hafa birt reglur sínar í Bandaríkjunum. Bandaríkin hafa um margt sínar eigin reglur þar sem við í smærri ríkjum höfum milliríkjasamninga eða fjölþjóðlega samninga. Þær reglur sem hér er átt við eru nefndar í fyrirspurn á þskj. 327 sem ég hef lagt fyrir hæstv. viðskrh., svohljóðandi:

1. Hver er ástæða þess að Ísland er ekki skráð á lista bandarísku skattstofunnar, IRS, samkvæmt ákvæðum þarlendra reglna, þ.e. Revenue Procedure 2000-12, um viðurkennda milligönguaðila, QI, og staðfestar viðskiptareglur?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir slíkri skráningu og er honum kunnugt um áhrif þessa á skattheimtu í viðskiptum íslenskra og bandarískra aðila?

[14:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr um reglur bandarísku skattstofunnar um viðurkennda milligönguaðila og stöðu Íslands varðandi þær reglur sem þar gilda.

Því er til að svara að hér er um að ræða viðamikla endurskoðun bandarískra skattyfirvalda á reglum um skráningu upplýsinga um verðbréfaviðskipti í Bandaríkjunum sem stunduð hafa verið af fjármálafyrirtækjum sem ekki hafa staðfestu þar í landi. Með reglunum vilja bandarísk skattyfirvöld m.a. nálgast upplýsingar um verðbréfaviðskipti bandarískra þegna hjá erlendum fjármálafyrirtækjum. Nýju reglurnar eru mun yfirgripsmeiri en hinar fyrri og tóku gildi um síðustu áramót.

Fjármálafyrirtæki utan Bandaríkjanna geta sótt um að fá stöðu svokallaðs viðurkennds milligönguaðila í Bandaríkjunum. Fái fjármálafyrirtæki þá stöðu krefjast bandarísk skattyfirvöld ekki jafnítarlegra upplýsinga um hver einstök viðskipti og ella, jafnframt er tryggt að reglur um afdráttarskatt í tvísköttunarsamningi viðkomandi ríkis við Bandaríkin gildi um viðskiptin. Þeir samningar mæla jafnan fyrir um verulega lækkun á slíkum afdráttarskatti. Til að fá stöðu viðurkennds milligönguaðila þurfa skattyfirvöld að hafa staðfest viðskiptareglur í heimaríki vikomandi fjármálafyrirtækis. Þær reglur lúta m.a. að því hvernig tekið er á peningaþvætti í viðkomandi ríki.

Íslensk fjármálafyrirtæki fóru fyrr á þessu ári að skoða möguleikana á skráningu sem milligönguaðilar. Hér á landi hafa samtök banka og verðbréfafyrirtækja haft veg og vanda af vinnu við mál þetta. Samtökin hafa m.a. ráðið bandarískan sérfræðing á þessu sviði sér til aðstoðar við framgang málsins.

Samtökin leituðu einnig eftir liðsinni viðskrn. og Fjármálaeftirlitsins við að svara tilteknum atriðum í spurningalista um staðfestar viðskiptareglur. Stjórnvöld hafa ekki komið að málinu með öðrum hætti. Mikilvægt er að íslensk fjármálafyrirtæki sem hafa átt umtalsverð verðbréfaviðskipti í Bandaríkjunum fái stöðu viðurkennds milligönguaðila fyrir áramótin, því ella verður haldið eftir skatti í Bandaríkjunum af viðskiptum ársins. Þetta er því mikilvægt hagsmunamál fyrir íslenska fjármálamarkaðinn.

Eins og sakir standa bendir allt til þess að farsællega takist að leiða málið til lykta fyrir áramót.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Þau segja mér að nú þegar er unnið að því að fullnægja þessum ákvæðum og koma því þannig við að íslenskir aðilar sem stunda fjármálaviðskipti í Bandaríkjunum af einhverjum ástæðum, hvort sem það eru fyrirtæki, einkaaðilar eða lífeyrissjóðir, sem sennilega eru hvað stærstir í þessu efni, muni ekki verða fyrir skaða vegna þess að Ísland hafi ekki fullnægt reglum Bandaríkjamanna.

Ég komst á snoðir um þetta mál í byrjun þessa árs en reglur Bandaríkjamanna voru þá ekki alveg glænýjar. Í síðasta mánuði, í lok október sl., stóð enn svo á að þó að skráðar hefðu verið reglur þessa efnis frá nokkrum tugum ríkja og sjálfstjórnarsvæða var Ísland enn ekki á þeim lista og enginn aðili á Íslandi viðurkenndur eða staðfestur sem milligönguaðili. Ég tel það skipta mjög miklu máli að úr þessu rætist, bæði af hálfu íslenska ríkisins og íslenskra fyrirtækja sem stunda slík viðskipti eða eru milligönguaðilar til að umbjóðendur þeirra verði ekki fyrir miklum skaða. Um er að ræða um það bil þriðjungsgjaldtöku í hverju tilviki af fjármagnstekjum ef slíkar reglur eru ekki viðurkenndar. Þess vegna verð ég að viðurkenna að mér þykir brýnt að bæta hér úr.

[14:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að við séum alveg sammála í þessu máli, ég og hv. fyrirspyrjandi, þannig að í sjálfu sér þarf ég ekki að gera annað en þakka hv. þm. fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Ég held að hún hafi verið gagnleg.

Ég vonast eindregið til að þetta gangi eins og ég sagði í lok máls míns áðan, að fyrir áramótin hafi verið gengið frá

þessu þannig að íslensk fjármálafyrirtæki megi treysta því.

[Fundarhlé. — 14:59]

Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga.

Fsp. LB, 277. mál. — Þskj. 327.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Sú tækniþróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár, einkanlega á sviði tölvuvinnslu og úrvinnslu upplýsinga, hefur gert það að verkum að núorðið er miklu auðveldara að safna saman og miðla upplýsingum sem geta verið mjög viðkvæmar, viðkvæmum persónulegum upplýsingum, og því skiptir mjög miklu máli hvernig með þær er farið. Umræða um það hefur farið fram um nokkurt skeið, einnig á hinu háa Alþingi, hvernig þessu sé best fyrir komið. Af þessu tilefni, virðulegi forseti, ber ég fram fyrirspurn á þskj. 327.

Hinar ýmsu stofnanir samfélagsins, t.d. sýslumenn, héraðsdómstólar og aðrir opinberir aðilar fá upplýsingar um persónulega og fjárhagslega stöðu einstaklinga. Þeir fá þær í gegnum störf sín o.s.frv. Má til að mynda taka sem dæmi að sýslumenn hafa m.a. þann starfa að innheimta kröfur sem ekki innheimtast með öðrum hætti, til að mynda með aðfarargerðum og öðru þess háttar. Í slíkum gerðum verða til upplýsingar um fjárhagsstöðu einstaklinga, til að mynda ef um árangurslaust fjárnám er að ræða sem felur það í sér að viðkomandi skuldari lýsir því yfir við yfirvöld að hann eigi enga eign sem hann geti sett til tryggingar fyrir tiltekinni kröfu. Þar með eru komnar fram upplýsingar um svokallað árangurslaust fjárnám. Með öðrum orðum: Viðkomandi einstaklingur á ekki eignir fyrir skuldum sem er þó oft forsenda þess að viðkomandi er tekinn til gjaldþrotaúrskurðar.

Þessar upplýsingar eru mjög viðkvæmar. Þetta eru persónuupplýsingar og því skiptir miklu máli hvernig með þær er farið. Þessar upplýsingar eru í dag veittar fyrirtæki sem heitir Lánstraust hf. og er að stærstum hluta í eigu banka sem síðan selur þessar upplýsingar áfram, þ.e. upplýsingar m.a. sem koma frá yfirvöldum. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.:

1. Hvernig fer fram afhending upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila til fyrirtækisins Lánstrausts hf. frá sýslumönnum, héraðsdómstólum og öðrum opinberum aðilum sem veita fyrirtækinu slíkar upplýsingar?
2. Hvaða upplýsingar eru veittar?
3. Hvað greiðir fyrirtækið fyrir móttöku á þessum upplýsingum og hvernig fer sú greiðsla fram?
4. Eru fleiri aðilar en Lánstraust hf. sem safna og miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni einstaklinga og lögaðila? Ef svo er, hafa þeir fengið til þess leyfi hjá Persónuvernd og er tryggt að meðferð þeirra sé í samræmi við reglur um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust?

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. þm. var leitað eftir upplýsingum hjá sýslumönnum, héraðsdómstólum og Persónuvernd. Varðandi fyrstu spurninguna sem snýr að því hvernig afhending upplýsinga fer fram um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila til fyrirtækisins Lánstrausts hf. frá sýslumönnum, héraðsdómstólum og öðrum opinberum aðilum sem veita fyrirtækjum slíkar upplýsingar, þá er því til að svara að afhending upplýsinga fer þannig fram að gögn eru send ýmist í pósti eða á faxi. Takmarkaðar upplýsingar um fyrirhuguð nauðungaruppboð eru þó afhentar á tölvutæku formi hjá stærstu sýslumannsembættunum. Sú afhending upplýsinga byggir á sérstöku leyfi dómsmrn. að fenginni umsögn tölvunefndar, samanber bréf dómsmrn. til sýslumanna dagsett 22. júní 1998.

Sem dæmi um hvernig þessi afhending upplýsinga fer fram má nefna að sýslumaðurinn í Reykjavík sendir fyrirtækinu lista yfir árangurslaus fjárnám vikulega. Þá eru listar um byrjanir og framhald uppboða sendir í tölvupósti mánaðarlega. Héraðsdómstólar senda fyrirtækinu endurrit dóma í skuldamálum sem dæmd eru sem útivistarmál ef stefnufjárhæð er 100 þús. kr. eða hærri. Þá eru upplýsingar um gjaldþrotaúrskurði sem kveðnir hafa verið upp sendir ýmist í pósti eða á faxi.

Önnur spurningin snýr að því hvaða upplýsingar eru veittar. Því er til að svara að sýslumenn veita upplýsingar um framkvæmd fjárnáms án árangurs. Þá veita stærstu embættin upplýsingar um fyrirhuguð nauðungaruppboð. Um upplýsingar um fjárnám gildir reglugerð nr. 17/1992. Samkvæmt henni skulu þessar upplýsingar opinberar. Nauðungaruppboð eru gerð opinber með auglýsingu í dagblöðum samanber 2. mgr. 26. gr. laga nr. 90/1991.

Héraðsdómstólar veita upplýsingar um gjaldþrotaúrskurði sem kveðnir hafa verið upp auk upplýsinga um dóma í útivistarmálum. Um upplýsingar um gjaldþrotaúrskurði gildir reglugerð nr. 226/1992. Þá eru upplýsingar um gjaldþrotaúrskurði gerðar opinberar í Lögbirtingablaðinu þegar innkallanir eru auglýstar. Útivistardómar, þar með taldar áritaðar stefnur, eru afhentar samkvæmt þeirri meginreglu að dómar skuli opinberir.

Í þriðju spurningu er spurt hvað fyrirtækið greiði fyrir móttöku á þessum upplýsingum og hvernig sú greiðsla fari fram. Því er til að svara að framkvæmd greiðslu er eitthvað misjöfn eftir embættum. Sum embætti senda gögn í póstkröfu, önnur senda reikning með sendingum, enn önnur senda reikning með nokkru millibili, svo sem einu sinni til tvisvar á ári. Sem dæmi um hvernig þetta fer fram má nefna að fyrirtæki greiðir sýslumanninum í Reykjavík 100 kr. fyrir hverja blaðsíðu sem send er. Fyrir hverja faxsendingu greiðir fyrirtækið aukalega 150 kr. Fyrirtækinu er sendur reikningur í lok árs.

Hjá héraðsdómstólum fer þetta þannig fram að ýmist kemur starfsmaður fyrirtækisins á staðinn og greiðir reikning eða fyrirtækið fær sendan reikning með ákveðnu millibili. Fyrirtækið greiðir dómstólum fyrir endurrit dómanna að hámarki 100 kr. fyrir hverja blaðsíðu. Ekki er tekið gjald fyrir upplýsingar úr gjaldþrotaskrá en upplýsingar um hvern úrskurð komast fyrir í einni línu og er hægt að prenta þær beint út úr skráningarforriti dómstólanna.

Við fjórðu og síðustu spurningunni er því til að svara að fleiri aðilar en Lánstraust hf. safna og miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni einstaklinga og lögaðila. T.d. má nefna opinberar birtingar álagningar- og skattskráa sem skattyfirvöld halda. Þá felur miðlun úr fasteigna- og ökutækjaskrám oft í sér miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni.

Söfnun og miðlun fjárhagsupplýsinga er í sumum tilvikum eðlilegur hluti af viðskiptasambandi við hinn skráða og stundum er um að ræða vinnslu sem byggð er á sérstakri lagaheimild. Í þessum tilvikum er vinnslan ekki ávallt háð leyfi persónuverndar. Ef vinnslan fer fram sérstaklega í því ljósi að miðla slíkum upplýsingum til annarra er hins vegar jafnan um að ræða vinnslu sem fellur undir reglugerð dóms- og kirkjumrn., nr. 246/2001, um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Enn sem komið er hefur einungis Lánstraust hf. fengið leyfi Persónuverndar á grundvelli reglugerðarinnar.

[15:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og svör hæstv. ráðherra. En ég vil nota tækifærið fyrst þetta mál er komið upp og láta í ljós undrun mína á því að hjá þjóð sem er svo grandvör og vör um sig á allan hátt að hún getur ekki gefið blóðprufu nema upplýsingar um það séu þrídulkóðaðar í sjúkraskrám, skuli æðstu embætti landsins selja upplýsingar um fjármál einstaklinga þessarar sömu þjóðar. Ég veit til þess að fólk sem hefur lent á skrá, t.d. vegna fjárnáms og hefur svo gert upp sín mál, hafi ekki verið tekið út af þessari skrá. Ég hef slíkt dæmi með námsmann hjá LÍN sem var neitað um lán vegna uppáskriftar aðstandanda sem var talinn vanskilamaður af því að hann hafði lent á vanskilaskrá. Sá hafði samt gert upp öll sín mál.

Ég verð að segja að mér finnst ekkert sjálfsagt að svona skrár gangi kaupum og sölum.

[15:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir að hreyfa þessu máli sem er í aðra röndina afar viðkvæmt en í hina mjög mikilvægt. Hér er um hagsmuni fjölda fólks að ræða og það er alveg nauðsynlegt að með upplýsingar af þessum toga, þó að opinberar séu, sé farið með mikilli gát.

Af svörum hæstv. ráðherra var að heyra að verklag og vinnubrögð við söfnun þessara upplýsinga og miðlun þeirra til annarra væri með dálítið mismunandi hætti og ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki ástæðu til að fara yfir það í ráðuneytinu og setja um þetta a.m.k. samræmdar reglur. Ég tek undir það að skipuleg söfnun þessara upplýsinga og miðlun þeirra til einkaaðila er viðkvæm og getur orkað tvímælis undir ákveðnum kringumstæðum þannig að ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún sé ánægð með það fyrirkomulag sem á þessu er haft.

[15:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mér kemur þessi umræða á óvart. Mér datt ekki í hug að svona viðkvæmar persónulegar upplýsingar væru faldar til vörslu hjá einkafyrirtæki. Ég hefði talið að svona viðkvæmar upplýsingar eins og þarna er um að ræða og eru á ábyrgð hins opinbera ættu að vera í vörslu þess samkvæmt þá skýrum reglum um hvernig með skuli fara en þetta gangi ekki svona á milli einstaklinga.

Mér finnst heldur ekki koma skýrt fram hvernig tryggt sé að upplýsingarnar fari þá aftur út eða séu réttar sem inni eru. Mér, herra forseti, finnst þetta vera grafalvarlegt mál sem hér er verið að hreyfa og treysti því að hæstv. dómsmrh. skoði hvort þarna sé með besta hætti farið.

[15:18]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft afar viðkvæmu en þörfu máli, og kemur í ljós í svari hæstv. ráðherra að ýmislegt vekur forvitni. Það er t.d. eðlilegt ef hæstv. ráðherra hefur upplýsingar um það hvernig eftirliti er háttað með viðkomandi upplýsingum og kem ég þá inn á það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir kom inn á, þ.e. hvernig skránni er viðhaldið, hvort ætíð séu þar nýjustu upplýsingar og hversu gamlar þær eru þegar þær hverfa út af listanum.

Síðan kemur fram hjá hæstv. ráðherra að það er greinilega afar misjafnt hvernig greiðslum er háttað fyrir þessar upplýsingar og þess vegna er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki eðlilegt að samræma á einhvern hátt þær reglur sem um þetta gilda. Að lokum, herra forseti, er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji að hugsanlega séu einhverjir aðilar sem safna upplýsingum af þessu tagi sem í raun og veru þyrftu leyfi frá Persónuvernd sem þeir hafa ekki í dag.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör og kannski að mörgu leyti fyrir að draga ekkert undan því að þetta er akkúrat eins og hæstv. ráðherra lýsti þessu. Þessar upplýsingar eru sendar á faxi fyrir 100 kr.

Í framhaldi af því tekur þetta fyrirtæki og selur áskrifendum eða bönkum og öðrum slíkum þessar upplýsingar og selur þá á allt öðru verði. Þarna er ríkið orðið einhvers konar uppspretta fyrir þetta fyrirtæki, uppspretta upplýsinga fyrir þetta fyrirtæki sem það selur síðan áfram.

Mér finnst það mjög verðugt umhugsunarefni ef 20 nöfn á faxblaði kosta 100 kr. sem síðan eru seld áfram á margföldu verði, hvort þetta fyrirkomulag sé yfir höfuð eðlilegt. Nú skil ég mjög vel og tek undir að það er nauðsynlegt að viðskiptalífið hafi aðgang að þessum upplýsingum. En mér virðist af þessum svörum að ferðalag þessara upplýsinga frá ríkisvaldinu yfir til fyrirtækisins sé ekki í nógu góðu standi og ríkisvaldið verði líka að meta að virði þessara seldu upplýsinga sé eðlilegt verð.

Það er dálítið sérstætt þegar þetta fer bara á faxvélinni frá sýslumannsembættunum og ég tek undir með hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur sem orðaði það þannig að svona er ástatt hjá þjóð sem vill láta dulkóða sig margsinnis ef gefa á blóð eða taka sýni.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég líka nefna það af því að hæstv. ráðherra dró í raun og veru ekkert undan í svari sínu og svaraði þessu mjög eðlilega að af svörum hennar má til að mynda ráða að Reiknistofa bankanna sem vélar um upplýsingar af þessum toga hafi ekki leyfi Persónuverndar til að vinna með og dreifa þessum upplýsingum. Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra taki til hendinni í þessum efnum.

[15:22]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ábendingar þeirra en ég verð að segja að það kemur mér verulega á óvart að allur þessi fjöldi af hv. þm. Samfylkingarinnar hafi ekki heyrt talað um þessa upplýsingagjöf. Hún hefur tíðkast í mjög langan tíma og þykir sjálfsögð. En það er alveg rétt að það þurfa að vera mjög skýrar reglur um það hvernig slíkar upplýsingar eru gefnar. Þess vegna svaraði ég skilmerkilega

þessari fyrirspurn um hvaða reglur giltu. Það er ljóst að þar er um að ræða reglugerð, þar er um að ræða lagafyrirmæli, t.d. ákveðið viðskiptasamband milli aðila. Það er sérstök reglugerð sem gildir um þá aðila sem þurfa að sækja um leyfi hjá Persónuvernd og ég upplýsti að það væri einungis þetta eina fyrirtæki sem hefur enn sem komið er fengið þetta leyfi þannig að það eru allar upplýsingar sem koma fram í þessu svari, og svara væntanlega þeim athugasemdum hv. þm. sem hér hafa komið fram.

Það kom fram í samtölum við fulltrúa hjá nokkrum stærstu sýslumannsembættunum, þ.e. Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, að vel er látið af samskiptunum við fyrirtækið Lánstraust hf. Afhending upplýsinga frá sýslumannsembættunum er almennt eins og fram kemur í svari mínu nema hvað minni embættin senda ekki upplýsingar eins reglulega og stærri embættin. Minni embættin taka mörg hver ekkert fyrir að senda upplýsingar. Það var sérstaklega rætt um kostnaðinn við þessar sendingar þannig að ríkið er ekki að taka of mikið fyrir að ljósrita og senda þessar upplýsingar.

Ég tek undir með hv. þingmönnum í því efni að það er vissulega þörf á því að fara varlega þegar um er að ræða slíkar upplýsingar en ég hef ekki orðið vör við kvartanir út af þessu fyrirkomulagi. Ég veit hins vegar að stundum koma kvartanir til Persónuverndar út af ákveðnum dæmum sem eru þá skoðuð sérstaklega og mér skilst að yfirleitt sé það ekki út af skráningu þessara upplýsinga heldur út af einhverju öðru. Fyrirtækinu Lánstraust hf. ber að skila inn skýrslum og standa nákvæmlega skil á sínum málum gagnvart Persónuvernd. Ég hef aflað mér upplýsinga um það.

[15:24]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir á sjúkrahúsum og utan þeirra, 329. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 420.

Eldi nytjastofna sjávar, 333. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 424.

Greiðsla sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp, 330. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 421.

Greiðslur fyrir sjúkra- og innanlandsflug, 332. mál, fsp. GAK, þskj. 423.

Jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð, 78. mál, svar forsrh., þskj. 377.

Rafrænt upplýsingakerfi bókasafna, 331. mál, fsp. ÞBack, þskj. 422.

Skattar af greiðslum úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaga.

Fsp. SJóh, 297. mál. — Þskj. 362.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur það mjög aukist að félagar í stéttarfélögum borgi ákveðna prósentu af launum sínum í sérstakan kjaradeilusjóð sem stendur svo undir greiðslum til þeirra í kjaradeilum. Þetta munu vera nokkuð misjafnar upphæðir og greiðslurnar eftir því misháar. Það fer eftir félögum, en í því stéttarfélagi sem ég þekki best til í, Kennarasambandi Íslands, hefur þetta lengst af verið 1% af launum og að sjálfsögðu hefur þessi upphæð verið skattlögð eins og aðrar tekjur. Við stóðum því í þeirri meiningu, kennarar, þegar við fyrst fórum að greiða okkur verkfallsstyrki úr sjóðnum að þetta væri eins og að taka peninga út af sparisjóðsbók sem maður ætti sjálfur. Þessar greiðslur yrðu ekki skattlagðar. Þetta væru peningar sem þegar hefði verið greiddur skattur af.

Okkur var þó gert ljóst að þessar greiðslur væru tilkynningarskyldar á skattskýrslu. Það fór svo að þessar greiðslur voru skattlagðar eins og aðrar launatekjur en voru þó ekki skattlagðar fyrr en eftir á sem kom sér ákaflega vel fyrir þá sem nutu þeirra. Þetta eru fremur lágar greiðslur og kom sér vel fyrir fólk að það gat verið búið að ná sér upp fjárhagslega eftir verkfallið þegar kom að skuldadögum vegna þessara greiðslna sem auðvitað ættu að vera með öllu undanþegnar skatti.

Minna má á að breyting var gerð á skattlagningu framlaga í lífeyrissjóði til að koma í veg fyrir tvísköttun lífeyrisgreiðslna og virðist eðlilegt að líta á framlög úr kjaradeilusjóðum á sama hátt.

Nú brá svo við að alveg án samráðs við verkalýðsfélögin sem hafa umrædda sjóði í vörslu sinni var gefin út reglugerð í ágúst sl. þar sem ákveðið er að taka greiðslur úr kjaradeilusjóðum út af lista yfir greiðslur sem eru undanþegnar staðgreiðslu. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.:

Hvað olli því að greiðslur úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaga voru í sumar teknar út af lista yfir greiðslur sem eru undanþegnar staðgreiðslu skatta með reglugerð nr. 500/2001, um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum?

[15:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er í raun og veru spurt um það hvort tilteknar greiðslur sem berast einstaklingum úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaga skuli skattlagðar í staðgreiðslu eða eftir á. Slíkar greiðslur voru skattlagðar eftir á á grundvelli heimilda í reglugerð, en það sem hv. þm. er að spyrja um er hvers vegna þessu hefði verið breytt með nýrri reglugerð núna á liðnu sumri.

Meginreglan í sambandi við tekjuskattinn er að sjálfsögðu, eins og kunnugt er, að hann beri að staðgreiða, sbr. lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1987, staðgreiðslulögunum, er ráðherra heimilað að undanþiggja staðgreiðslu ákveðin laun og tegundir launa undir ákveðinni fjárhæð. Með setningu reglugerðar nr. 500/2001 sem hv. þm. vitnaði til, um breytingu á tiltekinni reglugerð um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum, var gerð heildstæð endurskoðun á reglugerðinni nr. 591/1987 sem heimilaði þessar undanþágur. Það var gert vegna fjölmargra ábendinga um óþægindin sem fylgdu því að lenda í eftirágreiðslu með þennan skatt. En þarna er um að ræða ýmsar tegundir greiðslna sem með reglugerðarbreytingunni í sumar voru gerðar staðgreiðsluskyldar, þar á meðal umræddar greiðslur úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaganna.

Sama á reyndar við um greiðslur af sjúkradagpeningum frá Tryggingastofnun og vátryggingafélögunum og fleiru sem var ákveðið að gera staðgreiðsluskylt við sama tækifæri. Ástæðan var sú að það var talið eðlilegt að reyna að tryggja að álagningin sem kemur eftir á væri sem réttust og fólk lenti þá ekki í því að þurfa að borga eftir á af peningum sem í flestum tilfellum væri búið að eyða. Um þetta höfðu borist margvíslegar kvartanir frá fólki vegna álagningarinnar

sem á sér stað 1. ágúst ár hvert og það var vegna þessara ábendinga og kvartana sem ákveðið var að breyta reglunum um undanþágurnar sem hér eru til umræðu. Undanþágum var í allt fækkað úr 27 í 15 við þessa reglugerðarbreytingu sem þýðir að fólk staðgreiðir þennan skatt í stað þess að borga hann hugsanlega allt að einu og hálfu ári seinna í eftirágreiðslunum.

Þetta kom oft harkalega niður á þeim sem fengu t.d. verkfallsgreiðslur. Þar gat verið um að ræða tekjulágt fólk og ekki óalgengt þegar um er að ræða greiðslur úr kjaradeilusjóðum og þess vegna var það óþægilegt fyrir mjög marga að þurfa að greiða þetta árið eftir, frá 1. ágúst til 1. desember.

Því er jafnframt við að bæta að vegna þess að greiðslur úr kjaradeilusjóðum eru oft og tíðum ekki mjög háar er það raunin í mörgum tilvikum að persónuafsláttur viðkomandi hefur gengið að öllu leyti til greiðslu á afdreginni staðgreiðslu. Greiðslurnar úr kjaradeilusjóðunum hafa með öðrum orðum verið undir skattfrelsismörkunum þannig að þá skiptir þetta ekki máli að öðru leyti en því að fólk er þá laust allra mála gagnvart skattinum að því er þetta varðar.

Ég tel þess vegna að þetta hafi verið hagkvæmnisráðstöfun fyrir þá launþega eða þiggjendur þessara greiðslna sem hér eiga hlut að máli auk þess sem það er að sjálfsögðu til þæginda fyrir hið opinbera að sem flest sé gert upp í staðgreiðslunni sem hægt er að gera upp af opinberum gjöldum. Þetta er ástæðan og þetta er svarið, hv. þm.

[15:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég skildi ábendingu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur þannig að launþegar sjálfir, í því tilfelli sem hv. þm. tók dæmi um, kennarar, greiddu af launum sínum í þennan kjaradeilusjóð og hefðu þá þegar greitt af þeim staðgreiðslu. Sé það rétt skilið hjá mér er hér um tvísköttun að ræða, þ.e. ef þeim er aftur gert að greiða af þessum tekjum þegar þeir fá greitt úr kjaradeilusjóðnum.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er þetta svo eða er þetta rangur skilningur hjá mér, að starfsmenn, í þessu tilfelli kennarar, greiði af eigin launum í kjaradeilusjóð, greiði af þeim staðgreiðsluskatta og verði síðan aftur að greiða skatta af sömu peningum þegar þeir fá þá greidda úr verkfallssjóði?

Mig langar til að fá þetta upplýst, herra forseti.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Hann svaraði vissulega spurningunni sem ég bar fram en ég hefði gjarnan viljað að svarið hefði verið á annan veg, að þetta hefði verið tekið út fyrir misskilning. Það reyndist hins vegar ekki vera.

Nú er búið að leggja þetta framlag, sem við höfum verið að greiða af okkar eigin sparifjárinnistæðu, sem við höfum greitt skatta af, til jafns við sjúkradagpeninga og aðrar slíkar bætur sem fólk fær úr ríkissjóði og hefur ekki endilega lagt inn í sjálft af skattskyldum tekjum. Mér finnst þetta ekki fullkomlega sambærilegt, herra forseti.

Hæstv. ráðherra kom fram með þá röksemd að borist hefðu fjölmargar ábendingar. Ég hef verið í forsvari fyrir stéttarfélag sem hefur slíkan sjóð og hef talað við fjölmarga sem finnst alveg með ólíkindum að þaðan hafi komið ábendingar um þetta. Menn telja að það hafi þó hjálpað fólki til að sætta sig við það ranglæti sem þessi tvísköttun virkilega er að þessir peningar voru ekki skattlagðir fyrr en árið eftir, þegar fólk var í flestum tilfellum búið að ná sér eftir verkfallsaðgerðirnar sem vissulega hafa harkaleg áhrif á persónulega hagi fólks.

En ég vil gleðja hæstv. ráðherra með því að hann mun fá tækifæri til þess að rétta hlut ríkissjóðs í þessu máli því að ég hef lagt fram frv. um að slíkar greiðslur verði ekki skattskyldar í framtíðinni.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér eru tvö mál á ferðinni, tvö atriði sem hafa komið upp í þessari umræðu. Ég hef svarað spurningu þingmannsins um annað atriðið, þ.e. það atriðið sem spurt var um.

Hitt atriðið sem kom síðan fram bæði hjá fyrirspyrjanda og hv. þm. Jóni Bjarnasyni var um það hvort þessar greiðslur ættu yfirleitt að vera skattskyldar. En spurningin var af hverju greiðslurnar væru skattlagðar í staðgreiðslu en ekki eftir á? Ég er búinn að svara því og ég tel reyndar að það sé til hagsbóta fyrir fólk að vera laust við þennan skatt í staðgreiðslunni fremur en sitja uppi með hann eftir á. En auðvitað geta vel verið mismunandi skoðanir á því hvað fólki finnst þægilegt í þeim efnum.

Þeir sem kvörtuðu við okkur vildu frekar fá að borga þetta í staðgreiðslunni. Aðrir, sem ég heyri að hv. þm. mælir fyrir, vilja að þetta sé greitt eftir á. Almenna reglan er sú að slíkar greiðslur séu skattskyldar í staðgreiðslu og það er verið að gera hérna.

Svo er það spurningin: Á þetta að vera skattskylt? Ég tel að svarið við því sé já. Ég tel líka að ótvírætt hafi verið úrskurðað um það mál, eins og þingmaðurinn náttúrlega fellst á með því að flytja frv. til laga um að breyta því, eins og hún sagði okkur áðan.

En af hverju á þetta að vera skattskylt? Það er vegna þess að það er engin bein tenging á milli þess sem hver einstaklingur borgar í þennan sjóð og þess sem hann kann síðan að fá út úr honum einhvern tíma seinna. Þetta er ekki eins og sparisjóðsreikningur sem fólk leggur inn á og geymir á sína eigin aura. Það er í raun verið að borga þetta til óskylds aðila og þessi óskyldi aðili veitir síðan viðkomandi verkfallsmanni — hugsanlega einhvern tíma, hugsanlega aldrei, hugsanlega er ekkert verkfall fyrr en eftir að viðkomandi er fallinn frá, hver veit það — styrk, verkfallsstyrk. En styrkir eru samkvæmt skattalögunum almennt skattskyldir. Svo er og um þennan styrk sem hér um ræðir.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 15:38.

39. FUNDUR

miðvikudaginn 28. nóv.,
að loknum 38. fundi.

Dagskrá:

Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 288. mál, þskj. 351. — 3. umr.
Ef leyft verður.

[Fundarhlé. — 15:38]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]

Of skammt var liðið frá 2. umr. dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Stjfrv., 288. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 351.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, KF, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, SÓ, StB, VS, ÞSveinb.

28 þm. (ArnbS, ÁSJ, BBj, DO, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KLM, MF, RG, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 430).

Fundi slitið kl. 15:59.

---

40. FUNDUR

fimmtudaginn 29. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
2. Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, stjtill., 326. mál, þskj. 413. — Fyrri umr.
3. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, stjtill., 327. mál, þskj. 414. — Fyrri umr.
4. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 321. mál, þskj. 406. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Sjálfstæði Palestínu, 336. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 431.
Virkjanaleyfi, 334. mál, fsp. SvanJ, þskj. 426.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Af og til gerast atburðir í veröldinni sem hafa varanleg áhrif á gang sögunnar. Þessir atburðir geta falist í tæknibyltingum, náttúruhamförum eða styrjöldum, og þeir breyta á einni svipstundu sjónarhorni okkar, skilningi og stefnu í stóru og smáu. Árás hryðjuverkamanna sem kostuðu líf þúsunda óbreyttra borgara í New York og Washington þann 11. september sl. er slíkur atburður.

Áhrif hryðjuverkanna á þróun öryggismála og alþjóðastjórnmála, efnahagsmála og alþjóðaviðskipta hafa verið gríðarleg nú þegar og munu verða langvarandi. Ein helsta afleiðing þessa atburðar er þó að orðin friður og öryggi hafa öðlast dýpri merkingu fyrir okkur Íslendinga því hryðjuverkin beindust gegn stöðum sem eru hluti af okkar heimsmynd og veruleika, og í árásunum féllu meðbræður okkar, samstarfsmenn og jafnvel ástvinir.

Samhengið á milli öryggismála og efnahagslegrar velferðar er sömuleiðis skýrara en nokkru sinni fyrr. Þannig hafa hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin haft verulega neikvæð áhrif á þróun heimsviðskipta, og bitnað harkalega á íslensku atvinnulífi. Sú staðreynd að hryðjuverk í heimsborgum annarrar heimsálfu hafa valdið uppsögnum starfsfólks í fyrirtækjum á Íslandi, segir meira en mörg orð um hve efnahagskerfi ríkja eru samofin og háð stöðugleika, friði og öryggi.

Hryðjuverkin voru ekki einvörðungu árás á Bandaríkin, þau voru einnig árás á siðmenningu og hagkerfi heimsins. Eðlilegt er því á þessum tímum að líta til stöðu og hagsmuna Íslands í þeirri breyttu heimsmynd sem nú blasir við, sérstaklega á sviði viðskipta- og efnahagsmála.

Mörg dæmi eru um að þegar ógn og hætta steðjar að verði samkennd sundrungu yfirsterkari. Sú hefur einnig orðið raunin nú og er það huggun harmi gegn að hryðjuverkin virðast ætla að verða aflvaki þróunar sem gengur þvert á væntingar ofbeldismannanna. Ef vel er á málum haldið geta þessir atburðir leitt til aukins skilnings meðal þjóða.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrr í þessum mánuði kom skýrt fram að heimsbyggðin hefur sameinast gegn ógn hryðjuverkamanna. Ólík ríki um víða veröld með mismunandi trúarbrögð, efnahag og stjórnkerfi hafa sameinast um það grundvallarmarkmið að uppræta hryðjuverk og efla öryggi. Þessi eindrægni Sameinuðu þjóðanna stafar án efa af auknum skilningi á því að samstaða er það vopn sem best bítur á þá ógn er að steðjar.

Samskipti Atlantshafsbandalagsins og Rússlands eru annað dæmi um að baráttan gegn hryðjuverkum virðist hafa

skapað grundvöll til lausna í erfiðum deilum. Í þessu sambandi er rétt að minna á hugmyndir um grundvallarbreytingu á öryggissamstarfi NATO og Rússlands sem nú er til umræðu innan bandalagsins.

Í nýlegri heimsókn minni til Rússlands ræddi ég mikilvægi stóraukins samstarfs Atlantshafsbandalagsins og Rússlands og benti á að samhliða auknu samstarfi í öryggismálum þyrfti Rússland að tengjast Evrópu nánari efnahagslegum böndum. Stækkun NATO og ESB til austurs er mikilvægt framlag til að efla öryggi í álfunni og brýnt er að við horfum öll til Rússlands sem bandalagsríkis og eflum samstarf við það ríki á sem flestum sviðum.

Harðstjórn talíbana í Afganistan er senn á enda. Ljóst er að þar stendur fyrir dyrum gífurlegt uppbyggingarstarf. Brýnt er að hraða öllum áætlunum um framtíð Afganistans og fagna ég því ferli sem nú er hafið með þátttöku allra þeirra aðila sem koma verða að myndun þjóðstjórnar í Kabúl í samræmi við ályktun öryggisráðsins. Að mínu mati er mikilvægt að lausn finnist á svæðisbundnum ágreiningsmálum sem oft virðast vera rót þess haturs sem öfgamenn byggja tilveru sína á. Langar mig í því samhengi að ítreka nauðsyn þess að alþjóðasamfélagið beiti auknum kröftum í að leysa deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs en slík lausn þarf m.a. að fela í sér stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu og að Ísrael verði tryggt öryggi innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra. Eftir stendur að engin réttlæting getur nokkurn tíma fundist á voðaverkunum 11. september og draga verður hryðjuverkamennina til ábyrgðar.

Hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafa haft margþætt áhrif á efnahagslíf heimsins. Óvissa á gjaldeyris- og hlutabréfamörkuðum, erfiðleikar í flugrekstri og samdráttur í ferðaþjónustu eru augljósustu afleiðingarnar og hefur þeirra þegar orðið harkalega vart hér á landi.

Þetta kallar á samstöðu um grundvallarreglur sem gera efnahagskerfi heimsins betur í stakk búið að standa af sér erfiðleika, með víðtæku neti milliríkjasamninga sem tryggja opna markaði og hindrunarlaus viðskipti. Áföll síðustu mánaða sýna hve miklu skiptir að Ísland njóti hagstæðrar samkeppnisstöðu á erlendum mörkuðum.

Útflutningsviðskipti eru undirstaða hagsældar okkar. Fá ríki byggja á utanríkisviðskiptum í eins ríkum mæli og Ísland. Samkvæmt tölfræðiskýrslu sem skrifstofa EFTA hefur tekið saman er Ísland í 6. sæti ríkja heims þegar þau eru flokkuð eftir mikilvægi útflutningsviðskipta. Á tímum hnattvæðingar er óhjákvæmilegt að íslensk stjórnvöld búi atvinnulífinu a.m.k. sambærileg viðskiptakjör og í nágrannalöndum okkar. Því verður seint of mikil áhersla lögð á mikilvægi starfs utanríkisþjónustunnar í þágu sífellt fjölbreyttari utanríkisverslunar Íslands.

EES-samningurinn mun nú sem fyrr gegna lykilhlutverki þar sem hann tryggir aðgang að mikilvægasta útflutningsmarkaði okkar. Sá markaður mun eflast með stækkun ESB til austurs og við þurfum að gæta vel að hagsmunum okkar. Þá skapast ótvíræð sóknarfæri vegna nýrra samninga á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og vegna nýrra fríverslunarsamninga EFTA.

EES-samningurinn er okkar langmikilvægasti viðskiptasamningur. Samningurinn hefur staðið undir efnahagslegum væntingum og verið nauðsynlegur grundvöllur framfara.

Frá gerð EES-samningsins hefur þróunin innan ESB verið hröð, meðan EES-samningurinn hefur staðið í stað. Ég hef því beitt mér fyrir því innan EFTA að EES-samningurinn verði uppfærður. Vísbendingar hafa borist um að ESB kunni nú að vera reiðubúið að ræða takmarkaða tæknilega endurskoðun samningsins. Þau atriði sem ég hef lagt áherslu á í þessu efni er efnisleg aðlögun samningsins, tryggari þátttaka í nefndum og aukin áhrif á störf stofnana ESB. Endurskoðun bókunar 9 sem lýtur að tollfrjálsum viðskiptum með sjávarafurðir er verkefni sem nauðsynlegt er að skoða. Þrjú fyrstu atriðin eru af pólitískum toga og hefur verið gerð grein fyrir þeim við önnur tækifæri.

Með bókun 9 var meginhluti tolla á íslenskar sjávarafurðir afnuminn. Þetta var mikill áfangi á þeim tíma en vissulega voru það vonbrigði að full fríverslun með fisk náðist ekki fram. Enn eru tollar, og sumir mjög háir, á vissum síldarflokkum, unnum laxi, ferskum fiskflökum, humri o.fl. Þrátt fyrir að hlutfall tollfrelsis sé hátt og tiltölulega fáar tegundir beri tolla, er um háa fjárhæð að ræða, sem er hindrun í vegi frjálsra viðskipta, skaðar staðbundna atvinnuhagsmuni og getur torveldað uppbyggingu nýrra atvinnugreina á borð við fiskeldi. Þessir tollar hafa þau áhrif sérstaklega að fullvinnsla vissra afurða er hagkvæmari innan ESB en hér á landi.

Annað atriði sem varðar bókun 9 er stækkun Evrópusambandsins. Vaxandi líkur eru á að allt að tíu ný ríki verði aðilar að ESB árið 2004. Með stækkuninni heyrir skipting álfunnar milli austurs og vesturs sögunni til. ESB breytist úr hópi einsleitra ríkja í stærra bandalag samstarfsþjóða með ólíkan bakgrunn og efnahagslega burði.

Stækkun Evrópusambandsins hefur í för með sér stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem nýjum aðildarríkjum ESB verður skylt að sækja um aðild að EES. Þetta kallar á sérstakar viðræður og samninga við EFTA-ríkin.

EFTA-ríkin hafa á liðnum árum gert fríverslunarsamninga við flest þessara nýju aðildarríkja, sem m.a. fela yfirleitt í sér fulla fríverslun með fisk. Við inngöngu ríkjanna í ESB falla þessir samningar úr gildi og reglur bókunar 9 taka við og hafa í för með sér óhagstæðari tollmeðferð. Ísland mun því formlega fara fram á að EES-samningurinn verði aðlagaður þessum staðreyndum og að markaðsaðgangur verði ekki verri eftir stækkun ESB. Af viðbrögðum ESB má ráða að þessi róður verður þungur en þar sem hér er um gífurlegt hagsmunamál að ræða verður það sótt af fullum þunga.

Við síðustu stækkun ESB varð niðurstaðan sú að Ísland hlaut tollfrjálsa innflutningskvóta sem miðuðust við viðskiptareynslu. Vandinn við að beita þessari lausn nú felst í því að Ísland hefur litla markaðshlutdeild á þessu svæði eftir hrun kommúnismans. Ég hef áður lýst áhyggjum mínum yfir því hve markaðsuppbygging okkar hefur verið takmörkuð í þessum löndum á undanförnum árum á meðan Norðmenn hafa lagt í verulegt markaðsátak í Póllandi. Þeir hafa nú um 50% markaðshlutdeild í fiski á pólskum markaði meðan Ísland hefur 1%.

Utanríkisráðuneytið hefur að undanförnu boðið atvinnulífinu til samstarfs um markaðssókn í Póllandi, enda verður Pólland meðal stærstu aðildarríkja ESB. Það er vissulega á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að sem hagstæðastir samningar náist við ESB á þessu sviði. En ég tel einnig afar mikilvægt að útflytjendur og framleiðendur horfi til langs tíma, auki sókn sína á þessa markaði og bæti þannig stöðu okkar að þessu leyti.

EFTA-ríkin hafa lagt sitt af mörkum til efnahagslegrar uppbyggingar í Evrópu með framlögum í þróunarsjóð fyrir fátækari ríki ESB. Búast má við að ESB óski viðbótarframlags frá EFTA-ríkjunum vegna stækkunarinnar.

Evrópusambandið hefur lýst því yfir að stækkun eigi ekki að hafa þær afleiðingar að nýir tollmúrar verði reistir í Evrópu. Því tel ég að ESB beri skylda til að horfa á þetta mál í breiðu samhengi. Hafa ber í huga að EFTA-ríkin gerðu fríverslunarsamninga sína áður en umsóknarríkin sóttu um aðild að sambandinu. Með þeim samningum var lagður grundvöllur að uppbyggingu viðskipta til lengri tíma litið og því hafa þeir skapað tækifæri sem enn eru að mestu ónýtt. Við höfum óhagstæðan viðskiptajöfnuð við þessi lönd og helstu tækifærin til markaðssóknar þar eru á sviði sjávarútvegs. Það er því mikilvægt að stækkunin útiloki ekki að fáum nýtt þessi tækifæri. Ég á erfitt með að færa rök fyrir því að Alþingi samþykki aukin framlög í þróunarsjóð vegna stækkunarinnar, ef stækkunin skerðir markaðsaðgang okkar og tækifæri í milliríkjaviðskiptum.

Um næstu áramót verður evran tekin upp sem lögeyrir í flestum ESB-löndum. Tíminn einn mun leiða í ljós hvaða áhrif upptaka evrunnar mun hafa annars vegar á efnahagslíf evrulandanna og hins vegar á stöðu Íslands í því samhengi. Ríkisstjórnin hefur þegar sýnt gott frumkvæði til að laga aðstöðu fyrirtækja eins og kostur er með skattkerfisbreytingum sem lagðar hafa verið til. Við verðum hins vegar sífellt að meta stöðu okkar í ljósi þróunar þessara mála, einkum með tilliti til samkeppnisstöðu fyrirtækja og vaxtakjara. Sömuleiðis gæti samkeppnisstaða milli ESB og EFTA raskast frá því sem EES-samningurinn tryggði og áhrifin gætu þannig orðið töluverð hér á landi. Ég hef áður sagt að við erum ekki að falla á tíma í þessu efni en tel nauðsynlegt að þessi staða verði vandlega skoðuð af ríkisvaldi, atvinnulífi og öðrum sem hafa hagsmuna að gæta.

Með sama hætti og EES-samningurinn tryggir aðgang okkar að Evrópumarkaði höfum við byggt upp fjölþætt net viðskiptasamninga við önnur ríki til að tryggja hagsmuni okkar á öðrum mörkuðum. Á undanförnum árum hefur hið alþjóðlega viðskiptakerfi orðið flóknara og fjölþættara, en líka opnara og viðkvæmara. Bætt aðgengi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum á grundvelli fjölþjóðlegra samninga skapar nýja möguleika á markaðssókn og vöruþróun og stuðlar að aukinni fjölbreytni í atvinnulífi. Samhliða höfum við lagt áherslu á gerð tvísköttunarsamninga og tvíhliða fjárfestingasamninga. Tveir þeirra síðarnefndu eru nú á lokastigi, við Rússland og Mexíkó.

Innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur um langt skeið verið unnið að því að koma á nýrri viðræðulotu um næstu skref í átt til aukins frjálsræðis í alþjóðaviðskiptum. Á ráðherrastefnu stofnunarinnar í Doha náðist samkomulag um að hefja nýja viðræðulotu. Það er sérstakt fagnaðarefni að þessum áfanga hafi verið náð á sama tíma og samdráttarskeið virðist vera að hefjast í hinu alþjóðlega hagkerfi. Erfiðara er að ná samstöðu milli ríkja um skref af þessum toga á samdráttartímum en hins vegar er ávinningurinn af slíkum samningum aldrei meiri en við þær aðstæður.

Smá hagkerfi hafa ríkari hagsmuni af því að samræmdar reglur gildi í alþjóðaviðskiptum, en stærri ríki geta frekar neytt aflsmunar til að tryggja sér markaðsaðgang. Þróunarríki hafa einnig hag af auknu frelsi á þessu sviði, svo fremi að gagnkvæmni ríki í samningunum og þau fái tryggan markaðsaðgang fyrir útflutningsvörur sínar.

Í þeim viðræðum sem nú eru fram undan munum við Íslendingar leggja sérstaka áherslu á fríverslun með iðnaðarvörur, þar á meðal sjávarafurðir, og afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi.

Ég hef áður bent á mikilvægi þess fyrir samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs að ríkisstyrkir verði almennt aflagðir. Þetta hefur verið megináhersla okkar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þar höfum við Íslendingar verið í fylkingarbrjósti ríkja sem lagt hafa til að unnið verði að samkomulagi á vettvangi stofnunarinnar um afnám ríkisstyrkja. Á fundinum í Doha var samþykkt að tekið verði sérstaklega á ríkisstyrkjum í sjávarútvegi með það að markmiði að settar verði reglur um beitingu ríkisstyrkja og stuðlað að afnámi þeirra.

Vinna að þessu máli hefur verið meðal forgangsverkefna utanríkisþjónustunnar um langt skeið þar sem afnám ríkisstyrkja er ekki aðeins mikilvægt fyrir viðskiptahagsmuni okkar, heldur styrkir stöðu okkar í alþjóðlegri umræðu um sjávarútvegsmál og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins. Afnám ríkisstyrkja er mikilvægur þáttur í að tryggja betri umgengni um lifandi auðlindir hafsins. Ríkisstyrkir í sjávarútvegi stuðla að ofveiðigetu og rányrkju á heimsvísu og eru þröskuldur í vegi þróunarríkja við að byggja framtíð sína á sjálfbærum sjávarútvegi.

Lítill ágreiningur varð um landbúnað í Doha en meginágreiningsefnið var hvort afnema ætti útflutningsbætur. Á Íslandi voru útflutningsbætur afnumdar fyrir rúmum áratug. Misskilnings hefur gætt hér á landi um eðli umræðunnar um viðskipti með landbúnaðarvörur innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í gildi er sérstakur samningur um landbúnaðarviðskipti sem heimilar tilteknar stuðningsaðgerðir við greinina. Ísland hefur stutt það langtímamarkmið að auka samkeppni í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Á hinn bóginn viljum við líkt og margar aðrar þjóðir í heiminum nýta það svigrúm til stuðnings á grundvelli fæðuöryggis- og byggðasjónarmiða sem gildandi samningar gefa okkur. Þar erum við samstiga frændþjóðum okkar á Norðurlöndunum sem hafa lagt ríka áherslu á sérstöðu norðlægs landbúnaðar.

Aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru nú orðin 144 eftir aðild Kína og Tævans að stofnuninni. Í aðildarviðræðum við Kína náði Ísland víðtækum tilslökunum í viðskiptum með sjávarafurðir og undirbúningur fyrir sams konar viðræður við Rússa er þegar hafinn.

Með ákvörðuninni í Doha hefur Alþjóðaviðskiptastofnunin sýnt að hún stendur undir því hlutverki sínu að efla og auka milliríkjaviðskipti þar sem byggt er á réttlátum leikreglum sem tryggja hag allra þátttökuríkja. Við Íslendingar eigum mikið undir því að stofnuninni takist vel til við verkefni sín og mjög mun reyna á samráð við atvinnulífið og samstarf við hin ýmsu ráðuneyti við undirbúning samningaviðræðna sem munu fara fram á næstu árum.

EFTA-ríkin hafa á undanförnum árum byggt upp net fríverslunarsamninga við átján ríki vítt og breitt um heiminn. Þeir samningar bæta markaðsmöguleika okkar umfram það sem unnt er að gera á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þetta net verður sífellt þéttriðnara. Nýverið tók gildi samningur við Mexíkó, auk þess sem samningum er lokið við Singapúr og samningar eru á lokastigi við Chile og Kanada. Allir þessir samningar munu tryggja íslenskum útflytjendum fríverslun m.a. með fisk og skapa því sóknarfæri á nýjum mörkuðum. Sérstakt ánægjuefni er að tekist hafi að ljúka samningi við Singapúr en hann er mikilvægt upphaf sóknar EFTA-ríkjanna inn á markaði í Asíu. Í undirbúningi er fríverslunarsamningur við Suður-Afríku en samningaumleitanir eru áður hafnar við nokkur ríki Norður-Afríku.

Sá grunnur sem lagður hefur verið fyrir íslenska utanríkisverslun með þessum millilríkjasamningum er að sönnu mikilvægur. Ekki er síður mikilvægt að það stoðkerfi sem byggt er upp til aðstoðar fyrirtækjum til markaðssóknar sé öflugt.

Utanríkisþjónustan er í vaxandi mæli útvörður íslensks atvinnulífs á erlendri grundu. Samstaða hefur náðst á Alþingi um eflingu utanríkisþjónustunnar á undanförnum árum. Það hefur verið forgangsverkefni utanríkisráðuneytisins að fjölga viðskiptafulltrúum í því skyni að efla viðskipti á erlendum mörkuðum.

Það er í fullu samræmi við þá þróun sem hefur orðið í öðrum ríkjum og á rætur að rekja til hnattvæðingarinnar sem okkur er tíðrætt um. Íslensk stjórnvöld þurfa að leitast við að veita útflytjendum okkar sambærilega aðstoð og aðrar þjóðir veita.

Í þessu ljósi ber að líta á stofnun sendiráðs í Japan, sem er stærsta viðskiptaríki Íslands í Asíu og næststærsta hagkerfi í veröldinni. Um það verkefni hefur skapast sérstök pólitísk samstaða hér á Alþingi milli stjórnar og stjórnarandstöðu á undanförnum árum. Það gefur augaleið að sendiráðið gegnir afar mikilvægu viðskiptalegu hlutverki en einnig í pólitísku og menningarlegu tilliti. Sendiráðinu er ætlað að gegna ríkulegu hlutverki við að greiða leið íslensks útflutnings á Japansmarkað og legg ég í því sambandi megináherslu á ferðaþjónustuna um þessar mundir.

Markaðssvæðið í Asíu er nú þegar eitt af þeim mikilvægari í heiminum og mun enn eflast á næstu árum. Má í því sambandi nefna að hagvöxtur í Kína er með því hæsta sem gerist en árið 2000 jók Kína innflutning sinn um 36% og útflutning um 28%. Kína er einfaldlega, ekki síst með aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, markaður framtíðarinnar og þangað sækja nú flestar þjóðir heims. Því er ljóst að sendiráð okkar í Japan og Kína hafa lykilhlutverki að gegna við að aðstoða íslenskt atvinnulíf í þessum heimshluta.

Ljóst er að utanríkisþjónustan getur haft mikil áhrif á samkeppniskjör sem útflytjendur njóta á erlendum mörkuðum. Því er mikilvægt að tryggja náið samstarf utanríkisþjónustunnar og atvinnulífsins. Það höfum við leitast við að gera og því verður haldið áfram.

Sú atvinnugrein sem e.t.v. hefur mest að sækja til sendiráða okkar er ferðaþjónustan, sem hefur verið vaxtarbroddur í íslensku efnahagslífi undanfarin ár. Þetta á ekki síst við í Asíu þar sem margt bendir til að vinna megi nýja markaði. Ferðamenn í þeim heimshluta sækja í vaxandi mæli til Evrópu en þeir hafa hins vegar ekki sótt hingað til lands í sama mæli, þrátt fyrir að þeir leggi meira upp úr öryggi áfangastaða sinna en flestir aðrir. Eftir því sem efnahagslegar aðstæður almennings batna í Asíu eykst mikilvægi öruggra áfangastaða í markaðssókn fyrir ferðaþjónustuna. Alþjóðasamtök ferðamála hafa nýlega gefið út spá þar sem fram kemur að áætlað er að ferðamenn frá Kína verði allt að 100 milljónir árið 2020. Okkur ber að sjá til þess að Ísland verði á landakorti þessara ferðamanna.

Ef spár rætast um neikvæðar afleiðingar hryðjuverkanna á ferðaþjónustuna er það áhyggjuefni fyrir Ísland enda er ferðaþjónustan orðin næststærsti útflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar. Þó efast megi um langtímaáhrif hryðjuverkanna á íslenska ferðaþjónustu er ljóst að átak er nauðsynlegt til að kynna Ísland sem öruggan áfangastað með það að markmiði að reyna eftir bestu getu að vernda og byggja upp þann árangur sem við höfum þegar náð á því sviði.

Ég hef hér að framan lagt megináherslu á tengsl utanríkisviðskipta og velferðar í íslensku samfélagi. Í því sambandi er nauðsynlegt að árétta að viðskiptamál og umhverfismál eru sömuleiðis samofin.

Sjálfbær þróun er lykilþáttur í að stuðla að efnahagslegri- og félagslegri uppbyggingu og stöðugleika um heim allan. Nýverið náðist tímamótasamkomulag í Marrakesh sem gerir iðnríkjunum kleift að fullgilda Kyoto-bókunina. Við Íslendingar áttum okkar þátt í að þessu samkomulagi var náð. Samkomulagið er enn ein staðfestingin á því að heimsbyggðin verður öll að vinna saman að því að leysa hnattræn vandamál.

Kyoto-bókunin skapar ný tækifæri til að efla tækniþróun og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Þegar bókunin öðlast gildi mun eftirspurn stórlega aukast eftir orkugjöfum sem hafa ekki í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda. Íslendingar eiga mikil tækifæri í orkufrekum iðnaði og við þróun nýrra orkubera. Kyoto-bókunin veitir aukin tækifæri til að nýta sérþekkingu okkar á notkun endurnýjanlegra orkugjafa, einkum jarðvarma, til fjárfestinga og verkefna í öðrum heimshlutum. Má þar nefna nýlega samninga í Ungverjalandi og Kína, auk þess sem vaxandi samstarf er við Rússa.

Kyoto-bókunin tryggir efnahagslega hagsmuni Íslands ásamt því að standa undir því grundvallarmarkmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfismál eru ekki afmarkaður málaflokkur heldur hafa þau áhrif á aðra þætti þjóðlífsins þar á meðal efnahagsmál. Umræða um umhverfismál án tillits til efnahagslegra áhrifa umhverfisaðgerða er tilgangslaus. Niðurstaðan í Kyoto-ferlinu er sigur fyrir umhverfisstefnu okkar en varðveitir jafnframt þann efnahagslega ávinning sem við höfum haft og munum áfram hafa af endurnýjanlegum orkuauðlindum.

Ísland hefur, herra forseti, vissulega sérstöðu þar sem það býr yfir margvíslegum auðlindum sem allar eiga það sameiginlegt að vera sjálfbærar. Auðlindir okkar þurfum við að vernda og hámarka afrakstur þeirra. Slíkt er ekki aðeins hlutverk einstakra ríkja heldur einnig alþjóðlegra samtaka.

Framvinda alþjóðastjórnmála eftir atburðina 11. september hafa kristallað hversu öryggismál, efnahagsmál, umhverfismál, lýðræði og mannréttindi eru samofin. Markmið utanríkisstefnu Íslands er að tryggja þjóðarhagsmuni á öllum þessum sviðum. Efnahagsleg velferð og styrkur þess frelsis og lýðræðis sem við búum við fer eftir því hvernig til tekst í því efni. Starf utanríkisþjónustunnar gagnast því með beinum hætti landsmönnum öllum, hvort sem í hlut á bóndi, sem á sitt undir starfsskilyrðum landbúnaðar, fiskverkandi, sem byggir á tryggum aðgangi að markaði fyrir framleiðslu sína eða starfsmaður, sem á atvinnu sína undir þjónustu við erlenda ferðamenn.

Innanlands- og utanríkismál hafa sjaldan eða aldrei verið jafnsamofin og nú. Samdráttur í efnahagslífinu kallar á aukið starf og meiri þjónustu við atvinnulífið. Utanríkisþjónustan mun leggja þunga áherslu á að sinna þeirri brýnu þörf sem nú blasir við.

[11:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra ræðuna. Ég get ekki annað en tekið undir þau orð sem hæstv. ráðherra hafði um skelfilegar afleiðingar voðaverkanna í Bandaríkjunum 11. september, ég tek undir þau orð sem hæstv. ráðherra hafði um afleiðingar þeirra fyrir heimsbyggðina og mannlegt samfélag alls staðar. Ég held hins vegar að við eigum að

fara okkur hægt að túlka eða oftúlka áhrif þeirra atburða á efnahagslíf okkar hér heima. Það er að sönnu rétt að sú lægð sem við erum að sigla inn í mun örugglega dýpka af völdum þeirra en ég tek mönnum vara fyrir því að nota þá atburði og afleiðingar þeirra á efnahagskerfi heimsins til þess að skýra með einhverjum hætti þá stöðu sem íslenskt efnahagslíf er í núna. Það er afleiðing raða mistaka núverandi stjórnvalda og á sér engar skýringar erlendis.

Herra forseti. Samfylkingin hefur stutt afstöðu hæstv. ráðherra í þeim viðbrögðum sem alþjóðasamfélagið hefur gripið til í kjölfar atburðanna 11. september. Við Íslendingar höfum stutt samþykktir Sameinuðu þjóðanna um þessi efni. Við höfum stutt bandalag aðildarþjóða Sameinuðu þjóðanna sem ætla að láta einskis ófreistað til þess að ráða niðurlögum hermdarverkamanna hvar sem er.

Hér er komið að ákveðnu grundvallaratriði, herra forseti. Leyfist alþjóðasamfélaginu að grípa til aðgerða til að tryggja mannréttindi í einstökum ríkjum? Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að svo sé. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hlutverk alþjóðasamfélagsins að tryggja mannréttindi hvar sem er í heiminum og þess vegna segi ég það hikstalaust að ég fagna því þegar afganskar konur kasta blæjunni í Kabúl vegna þeirra aðgerða sem alþjóðasamfélagið greip til. Ég tel að það sé hlutverk alþjóðasamfélagsins að tryggja mannréttindi hvar sem er í heiminum.

Ég er þeirrar skoðunar að alþjóðasamfélagið sé í fullum rétti til að aðstoða og skakka leikinn þar sem fólk hefur verið svipt grundvallarmannréttindum sem eru viðurkennd í alþjóðlegum sáttmálum. Það er hins vegar rétt að muna, herra forseti, að sá árangur er dýru verði keyptur og mannslífið er jafndýrmætt í Afganistan og í Bandaríkjunum eða hvarvetna annars staðar. Þegar við hörmum missi þeirra sem eiga um sárt að binda vestan hafs, þá hörmum við líka mannfall og hörmungar óbreyttra borgara í þessu fjarlæga fjallalandi.

Afganistan er að sönnu fallið eða sú stjórn sem þar ríkti en það að uppræta hryðjuverkastarfsemi er flókið og langvinnt verkefni sem vinnst endanlega á öðrum vettvangi en vígvellinum einum. Það hafa auðvitað önnur öfl en einungis talibanar og samtök ofsatrúarmanna veitt hryðjuverkamönnum skjól og stuðning og þann flókna vef þarf að rekja upp. Ég er þeirrar skoðunar að forustan við þá vinnu og yfirstjórn aðgerða alþjóðasamfélagsins gegn hermdarverkasamtökum sé best komin í höndum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Við vitum hins vegar, herra forseti, að besta ráðið til að draga úr hryðjuverkum er að ráðast gegn misrétti og örbirgð í heiminum. Það er ekki síst hlutverk þjóðar eins og okkar. Þess vegna langar mig, herra forseti, að vekja eftirtekt á því að við í Samfylkingunni höfum í dag lagt fram till. til þál. um sjálfstæði Palestínu. Við höfum beitt okkur sérstaklega í því efni, herra forseti.

Það vill svo til að í dag er alþjóðlegur stuðningsdagur Sameinuðu þjóðanna við baráttu Palestínu — ég er viss um að hæstv. utanrrh. mundi eftir því en láðist að geta þess — og af því tilefni höfum við lagt fram þáltill. sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísraelsmenn dragi heri sína frá hernumdu svæðunum í Palestínu, í samræmi við friðarsamkomulagið sem gert var í Ósló árið 1993, og geri þannig Palestínumönnum kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi."

Herra forseti. Tillögugreinin er nokkuð lengri og í greinargerðinni er skýrt hvers vegna við höfum þessa afstöðu. Í dag er það svo að Palestínumenn eru beittir markvissri kúgun af Ísraelsmönnum. Þeir ráða í dag einungis yfir 18% af Vesturbakkanum og Gaza. Ísraelsher hefur hlutað Palestínusvæðið niður í rúmlega 220 einingar með minni byggð og Palestínumenn hafa nánast ekkert sjálfræði á þeim svæðum. Ég kalla þetta markvissa kúgun, herra forseti, og það er skylda Íslendinga að beita sér fyrir því að þeirri þróun sé snúið við á alþjóðavettvangi og ég fagna þeim ágætu orðum sem hæstv. ráðherra lét einmitt falla um þetta efni.

Herra forseti. Þriðja málið sem ég vil gera að umræðuefni eru tengsl okkar Íslendinga við Evrópusambandið og afstaðan til umsóknar um aðild að sambandinu. Ég hef sagt, herra forseti, eftir skoðun mína á málinu að kostirnir séu fleiri en gallarnir og sú afstaða mín herðist fremur en hitt eftir því sem ég skoða málið frekar.

Þetta er að sönnu ákaflega umdeilt mál og eðlilegt er að innan allra flokka séu skiptar skoðanir. Við í Samfylkingunni höfum fyrir okkar parta lagt mikla vinnu í þetta mál. Við höfum fengið 13 sérfræðinga til að fjalla um alla þá þætti sem málið varðar helst, 10 þætti alls og við höfum gefið þá vinnu út í 202 blaðsíðna bók sem er stútfull af upplýsingum um þetta mál. Þar eru samningsmarkmið Íslendinga skilgreind með þeim hætti að ef kæmi til aðildarumsóknar, þá er þetta framlag okkar til umræðunnar.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur í reynd í sér aukaaðild að Evrópusambandinu. Mér finnst eftirtektarvert og athyglisvert og kemur reyndar ekki á óvart að hæstv. utanrrh. talar fallega um samninginn. Samningurinn á það skilið. En það var ekki alltaf svo. Ég minnist þess ekki að hæstv. ráðherra hafi á sínum tíma treyst sér til að styðja aðild að þeim samningi sem hann mærir svo mikið núna. Ég heyri hæstv. ráðherra í dag tala fjálglega um ágæti samningsins en ég minnist þess samt ekki að hann hafi á sínum tíma treyst sér til að greiða honum atkvæði. En, herra forseti, batnandi manni er best að lifa.

Í dag er það þannig að samningurinn um EES er stöðugt að veikjast. Hann er okkur ekki jafnhagfelldur inn í framtíðina og hann var áður. Ástæðurnar eru margar. Í fyrsta lagi leiðir stækkun Evrópusambandsins til þess að furðu skjótt munu ríki þess verða 30 í stað 15 og það eitt leiðir til miklu minni áhuga sambandsins á málefnum EES en áður. Engir vita það betur en við sem sitjum í EFTA/EES-nefndinni og höfum átt viðræður við utanríkismálanefndir fjölmargra þjóðþinga sem hafa ákaflega lítinn áhuga og enga þekkingu á samningnum.

Í öðru lagi er samningurinn staður að því leyti að hann nær ekki til nýrra sviða í samstarfi ESB sem annað tveggja krefast þá harðra og erfiðra samninga líkt og um Schengen eða hreinlega þess að Íslendingar fá ekki tækifæri til að taka þátt í mikilvægu samstarfi innan álfunnar.

Í þriðja lagi afsöluðum við okkur ákveðnu fullveldi með samningnum en þróun innviða Evrópusambandsins, svo sem aukin völd Evrópuþingsins leiðir hægt en bítandi til þess að það dregur úr áhrifum okkar. Með rökum má halda því fram að við séum með þeirri þróun hægt en bítandi að tapa fullveldi án þess að hafa í rauninni fallist á það.

Í fjórða lagi leiðir núverandi staða til þess að við munum ekki ná þeim mikilvægu ávinningum sem felast í aðild að Myntbandalaginu með því að vera einungis í EES.

Í fimmta lagi má nefna að afurðir í sjávarútvegi sem voru undanþegnar hinum mikilvægu tollfríðindum sem við náðum með samningnum verða á næstu árum æ mikilvægari

í útflutningi Íslendinga. Hæstv. ráðherra nefndi t.d. framþróun laxeldis sem er nokkuð háð því að okkur takist að breyta tollafyrirkomulagi sem nú gildir um það. Ég nefni sérstaklega síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ég held að kolmunninn sé í bókun 9 en man það ekki alveg.

Í sjötta lagi nefni ég niðurfellingu mikilvægra tollfríðinda gagnvart sjávarútvegi í fríverslunarsamningum við tilvonandi aðildarríki í ESB sem ógildast við inngöngu þeirra í sambandið.

Í sjöunda lagi má síðan nefna samstarf um öryggi og varnir sem við eigum ekki kost á að taka þátt í nema innan Evrópusambandsins.

Við erum hins vegar gróið Evrópuríki með burðuga stjórnsýslu og höfum a.m.k. til skamms tíma verið með ákaflega farsælt og stöðugt efnahagslíf. Við höfum því rétt til þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það er eitt af því sem við hljótum að ræða í fullri alvöru og hljótum að fara að taka það mál til efnislegrar umræðu, ekki einungis að ræða stöðugt hvort eigi að setja það á dagskrá. Við stöndum frammi fyrir þremur kostum.

Í fyrsta lagi að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið og það er sú leið sem ég hef skilið að forustumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilji fara. Sá flokkur á hins vegar eftir að skýra rökin fyrir því að slíkur samningur dugi okkur og líka að slíkur samningur náist. Ég vísa t.d. til niðurstöðu Svisslendinga um tvíhliða samning við ESB. Þar voru gerðar miklar tilslakanir af þeirra hálfu. Landfræðileg tengsl þeirra við ESB eru auðvitað ákjósanleg. Þeir eru í miðju ESB-ríkjanna. Viðræðurnar tóku 8 ár. Þeir kostuðu miklu til að bæta innviði síns ríkis í undirbúningi samninganna en niðurstaðan varð talsvert verri kjör en ganga innan Evrópusambandsins. Í slíkum umræðum þurfa forustumenn Vinstri grænna að skýra þau rök sem þeir telja að hnígi að því að hægt sé fyrir Íslendinga að ná betri árangri með tvíhliða samningum en Svisslendingar gerðu.

Í öðru lagi er kostur að vera áfram innan EES og berjast þar til þrautar fyrir uppfærslu á samningnum eins og hæstv. ráðherra hefur talað um að hann vilji gera. Ég verð þá upplýsa það, herra forseti, að ég var nýlega á fundum EFTA/EES-nefndarinnar þar sem þau mál voru rædd til hlítar við talsmenn Evrópusambandsins. Þá kom það alveg skýrt fram að ekki kæmi til nokkurra greina að fara í einhvers konar endurskoðun á þeim samningum aðra en tæknilega uppfærslu til að við höldum fríðindum sem við höfum gagnvart ríkjum sem við höfum fríverslunarsamninga við og eru núna að ganga í Evrópusambandið. Þau tollfríðindi falla niður. En það kom fram í máli hæstv. ráðherra að ekki er gert ráð fyrir af hálfu Evrópusambandsins, eins og kom líka fram af hálfu talsmanna þeirra á þessum fundi, að það verði uppfært á öðru en grundvelli viðskiptareynslu.

Þriðji kosturinn er auðvitað sá að sækja um aðild að Evrópusambandinu á grundvelli vel skilgreindra samningsmarkmiða og leggja niðurstöðuna síðan undir dóm þjóðarinnar. Það er athyglisvert þegar maður lítur yfir sviðið að Alþýðusamband Íslands hefur mótað mjög framsækna stefnu varðandi málið. Mér er ókunnugt um afstöðu BSRB, ef hún er þá einhver, en öflugir forustumenn innan BSRB, m.a. formaður eins stærsta aðildarfélagsins, hafa lýst stuðningi við það. Samtök atvinnulífsins eru þess mjög fýsandi að það verði lagt í umsókn. Staða flokkanna á Alþingi er þannig að þrír flokkar hafa málið til umræðu. Einn er á móti, þ.e. Vinstri hreyfingin – grænt framboð og einn, Sjálfstfl., bannar umræðuna. Sem komið er þá er einungis einn flokkur sem er kominn með mögulega aðild að Evrópusambandinu í feril ákvörðunar og það er Samfylkingin.

Ég hef, herra forseti, lýst skoðun minni eins og fram hefur komið. Ef ég hefði meiri tíma, herra forseti, hefði ég viljað fara ítarlegri orðum um afstöðu mína til einstakra atriða. Það eru kannski tvö atriði sem mestu skipta. Það eru fullveldisrökin og sjórinn. Sjór skiptir mestu máli vegna þess að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins hefur fyrst og fremst verið það sem lagt hefur verið gegn aðild og þá kem ég að þætti hæstv. utanrrh.

Hann hefur sjálfur sagt það oftar en einu sinni að það sem íslenska hagsmuni varðar sé einmitt sjávarútvegsstefna ESB. Sá sem svona talar sem hefur yfir að ráða heilu ráðuneyti góðra sérfræðinga hlýtur að hafa brotið það mál til mergjar. Hvaða áhrif hefur það á sjávarútveg Íslendinga að ganga í Evrópusambandið? Hæstv. ráðherra lagði á sl. vori fram skýrslu. Þar var m.a. fjallað um sjávarútveg. Það var ekki tæmandi úttekt. Hæstv. ráðherra sagði um sjó í ræðu sinni þegar hann reifaði skýrsluna, með leyfi forseta:

„Enn hefur ekki verið farið yfir alla texta sem tengjast sameiginlegri sjávarútvegsstefnu og þeir greindir út frá íslenskum hagsmunum."

Mér finnst þetta ekki metnaðarfullt, herra forseti, og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er þessi vinna í gangi? Í sjálfu sér, herra forseti, er það svo að ég er ekki viss um að það skipti lengur máli vegna þess að sú vinna hefur verið unnin og hana er að finna í þessari bók Samfylkingarinnar sem ég held á.

Auðvitað er það þannig, herra forseti, að hér er ekki um að ræða fullkomna úttekt og örugglega eru þau rök sem hér eru ekki að öllu leyti skotheld. En þetta er besti texti sem ég hef séð um áhrif aðildar að ESB á sjávarútveg Íslendinga. Í stuttu máli, herra forseti, er ég þeirrar skoðunar á grundvelli þeirra raka sem þar koma fram og ég ætla að leyfa mér að skýra betur í seinni ræðu minni að það sé hagfellt fyrir íslenskan sjávarútveg að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópusambandinu.

Ég ætlast ekki til þess að í dag taki menn metnaðarfulla umræðu á grundvelli þeirra raka sem hér koma fram og ég ætlast ekki til þess að það eitt verði grundvöllur umræðunnar. En hér er í fyrsta skipti af hálfu stjórnmálflokks, í fyrsta skipti af hálfu hreyfingar lagður fram pakki þar sem málið er skýrt og reynt að finna galla og kosti og það lagt fyrir. Og forustumönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa sérstaklega nefnt sjávarútvegsrökin gegn aðild og einnig hv. forustumönnum Frjálslynda flokksins, ber auðvitað skylda til þess í framhaldinu að svara þessu með rökum. Við höfum með þessu lagt fram okkar skerf til málefnalegrar umræðu um mögulega aðild að ESB til að Íslendingar geti að lokum tekið afstöðu sem byggist ekki á tilfinningum heldur upplýsingum.

[11:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er nokkuð tíðrætt um EES-samninginn. Það er mikilvægt að taka fram í sambandi við hann að ákveðið var strax á árinu 1989 að fara í samninga um Evrópska efnahagssvæðið og stór hluti þess samnings var mjög langt kominn í þeirri ríkisstjórn sem ég sat í og fór frá völdum 1991 þannig að í sjálfu sér bera allir stjórnmálaflokkar ábyrgð á þeim samningi. Þetta var nánar tiltekið 15. mars 1989 í Ósló.

Ég leyfði mér hins vegar að gagnrýna ýmis atriði í samningnum þegar hann kom til lokaafgreiðslu á Alþingi og ég bið hv. þm. að lesa ræður mínar frá þeim tíma þannig að hann fari ekki með rangt mál. Ég gagnrýndi t.d. sjávarútvegskaflann og spáði fyrir um að tollfrelsið væri ekki jafnmikið og haldið var fram af þáv. utanrrh. Það hefur allt komið í ljós og það er m.a. þess vegna sem við þurfum nú á því að halda að taka upp bókun 9 vegna þess að því var haldið fram að unnar síldarafurðir mundu njóta tollfrelsis samkvæmt þeim samningi. Það er ekki þar með sagt að ekki hafi átt að gera þann samning eða undirrita hann, en okkur bar í stjórnarandstöðunni að gagnrýna hann, eins og stjórnarandstaðan gerir við aðra samninga á Alþingi í dag, og veita þáv. ríkisstjórn aðhald. Þáverandi ríkisstjórn hafði ekki samráð við stjórnarandstöðuna um gerð þess samnings svo því sé líka haldið til haga. Ég taldi rétt á lokastigum hans að þáv. ríkisstjórn bæri endanlega ábyrgð á honum en ég fyrir mitt leyti ber mikla ábyrgð á samningnum vegna þess að ég kom mjög mikið að honum á árunum 1989, 1990 og fram á mitt ár 1991.

[11:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast vel við ræður hæstv. utanrrh. um EES-samninginn. Hæstv. ráðherra var að vísu gagnrýninn á einstaka þætti samningsins en hann var hér í sölum þingsins einn af þeim sem mærðu þennan samning. Hvers vegna? Vegna þess að hann bar auðvitað ábyrgð á honum. Hvers vegna bar hann ábyrgð á honum? Vegna þess að hann var einn af þeim sem sat í ríkisstjórn sem hrinti þessu máli af stað, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon líka, þannig að auðvitað ber hann ábyrgð á honum. En hæstv. núv. utanrrh. þorði ekki að standa undir þeirri ábyrgð þegar kom að því að greiða atkvæði og auðvitað iðrast hann þess núna. Hvers vegna? Vegna þess að það hefur enginn núlifandi Íslendingur, ef frá er talinn núverandi sendiherra Íslendinga í Washington, mært þennan samning með jafnhástemmdum lýsingarorðum og hæstv. utanrrh. Menn ættu að lesa þá texta sem hann hefur sent frá sér um það. Hann kemst réttilega að þeirri niðurstöðu að ekkert hafi lagt grundvöllinn að því góðæri sem við höfum átt að fagna á síðustu árum í jafnríkum mæli og einmitt þessi samningur sem hæstv. ráðherra treysti sér ekki til að styðja hér í sölum Alþingis. Hann lét það að vísu uppskátt, svo sögunni sé haldið til haga, þegar hann var á fundi ungra framsóknarmanna uppi í Hvalfirði, að auðvitað hefði hann átt að gera það og hann hefði gert það ef hann hefði verið í ríkisstjórn. Þetta er nú sami ráðherrann og var fyrir nokkrum dögum að berja á mér og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að vilja ekki fylgja einhverjum áformum hans og álasa okkur fyrir að haga okkur með óábyrgum hætti, að haga okkur eins og stjórnarandstæðingar. Nú höfum við lýsinguna á því hvernig hann, þessi ágæti maður hagaði sér í stjórnarandstöðu og hvaðan kemur sú lýsing? Úr munni hans sjálfs.

[11:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var þeirrar skoðunar að hægt hefði verið að ná betri árangri í sambandi við þennan samning. Ég hélt því fram. Ég hafði ekki aðstöðu til þess að meta það vegna þess að ég sat ekki í neinni samninganefnd sem var að ljúka þeim samningi.

Ég hef hins vegar alltaf talið nauðsynlegt að þessi samningur hafi verið gerður og þar af leiðandi liggur það náttúrlega alveg ljóst fyrir að ef ég hefði verið í ríkisstjórn og haft aðstöðu til þess að meta allt sem að honum kom, þá hefði ég fylgt honum fram því ég hef alltaf haldið því fram að nauðsynlegt hafi verið að gera þennan samning.

Ég hef haldið því fram í núverandi ríkisstjórn að nauðsynlegt hafi verið að koma í gegn íslenska ákvæðinu í Kyoto-samkomulaginu. Ég hef haldið því fram. Núverandi stjórnarandstaða hefur ekki haldið því fram að það bæri að koma því í gegn. Núverandi stjórnarandstaða hefur haldið því fram að ekki ætti að gera það. Núverandi stjórnarandstaða hefur ekki haldið því fram að það ætti að gera öðruvísi. Hún hefur hreinlega verið á móti því samningsferli sem við Íslendingar höfum farið í. Á þessu er náttúrlega mikill grundvallarmunur, hv. þm.

Við skulum hins vegar temja okkur það í öllum stórum málum að þar koma margir að. Það gerir enginn einn maður, hvorki utanrrh. landsins eða aðrir. Þetta eru stór mál og flókið ferli þar sem margir aðilar og oft margar ríkisstjórnir koma að. Þannig er það líka með Evrópumálin, hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Framsfl. lagði fram mjög mikið rit í þessu máli og mjög gott að Samfylkingin hefur líka gert það. En við skulum halda því rétt til haga og við skulum ekki metast um hvað lagt er fram og þess vegna fagna ég því að Samfylkingin hefur gert það. En ég minni hv. þm. á að það hefur Framsfl. líka gert og fyrir alllöngu, en hann virðist hafa gleymt því í öllum málflutningi sínum.

[11:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér þann munað að biðja hæstv. ráðherra að reyna að lyfta umræðunni upp á það plan sem sæmir honum sem ráðherra. Ég flutti málefnalega ræðu og réðst ekki á einn eða neinn. Ég bað hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og hæstv. utanrrh. um málefnaleg svör. Það er hæstv. utanrrh. sem kemur hingað og ræðst, ekki á mig, heldur á sendiherra sinn í Washington. Hvers konar mannasiðir eru það? Og hæstv. utanrrh. fer að rifja hér upp feril sinn sem samningamanns. Þá er rétt að ég segi að ég tel að hæstv. utanrrh. og umhvrh. hafi náð býsna góðum árangri frá þeim sjónarhóli sem þeir standa og það væri hægt að færa rök fyrir því að þeir hafi náð býsna góðum árangri frá sjónarhóli Íslendinga í þessu Kyoto-máli.

Eigum við síðan að fara yfir samninginn sem hæstv. utanrrh. gerði um norsk-íslenska síldarstofninn? Ég var á móti þeim samningi frá upphafi og taldi að þar hefði ekki tekist vel til. En hæstv. ráðherra komst ekki lengra. Munum við eftir hæstv. ráðherra þegar hann var óbreyttur þingmaður Framsfl. í stjórnarandstöðu og veittist að núverandi sendiherra í Washington fyrir að hafa ekki náð samningum um Smuguveiðarnar? Munum við eftir sjónvarpsviðtali sem tekið var við þennan hæstv. ráðherra þegar hann hljóp á ströndinni með þáverandi sjávarútvegsráðherra Noregs og ætlaði að fara að gera samning? Við vitum öll hvernig sá samningur varð að lokum. Svo kemur hæstv. ráðherra núna og segir að ástæðan fyrir því að hann treysti sér ekki til þess að styðja EES-samninginn hafi verið sú að hann hafi ekki verið nógu góður. Hefur þessum hæstv. ráðherra tekist að bæta hann?

Nú munum við sjá á næstunni samningasnilld þessa hæstv. ráðherra þegar hann ætlar að fara að endursemja samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og við skulum sjá hvort honum tekst að ná meiru en bara þeirri uppfærslu sem byggist á

viðskiptareynslu okkar við þær þjóðir sem núna eru að ganga inn. Og það er fjarri því nóg. Ef hæstv. ráðherra tekst meira, þá mun ég koma í þennan stól og óska honum til hamingu vegna þess að mér finnst ekkert slæmt að hrósa mönnum ef þeir eiga það skilið en mér finnst slæmt að eiga í karpi við hæstv. utanrrh. þegar ég reyni að hefja hér málefnalega umræðu.

[11:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hóf mál sitt á því að ræða um rétt eða svigrúm alþjóðasamfélagsins eins og hann kallaði það til að grípa til aðgerða til að tryggja mannréttindi. Ég get verið sammála hv. þm. um að slíkur réttur er til staðar, enda sé þá um að ræða lögmætar ákvarðanir alþjóðastofnana og í samræmi við mannréttindasáttmála og önnur alþjóðalög.

Hins vegar er ég ósammála þeirri greiningu hv. þm. að alþjóðasamfélagið standi fyrir aðgerðum í Afganistan um þessar mundir. Það gerir það ekki. Hernaðurinn í Afganistan er hvorki á vegum Sameinuðu þjóðanna, NATO, né annarra viðurkenndra alþjóðasamtaka. Hann er á vegum Bandaríkjamanna, Breta að litlu leyti og síðan hópa innan Afganistan.

Því miður er það svo að þótt öllum réttsýnum mönnum sé það fagnaðarefni að harðstjórn talibana hverfi frá völdum, þá hafa umbæturnar í málefnum kvenna ekki orðið meiri en svo að hinir nýju valdaherrar í Kabúl bönnuðu þar fyrir nokkrum dögum mótmælagöngu nýstofnaðra kvennasamtaka.

Varðandi tillögu Samfylkingarinnar um málefni Palestínu sem hv. þm. gerði að umtalsefni þá fagna ég áhuga Samfylkingarinnar á því máli og ég tel til fyrirmyndar að Samfylkingin bauð þeim gesti hingað til landsins sem hún gerði á landsfundi sínum. Hitt eru mér vonbrigði að Samfylkingin skyldi ekki leita eftir þverpólitískri samstöðu um flutning tillögu um málefni Palestínu. Fyrir því er hefð á Alþingi. Það tókst mjög góð samstaða um stefnumótun í málefnum Palestínu á Alþingi veturinn 1988–1989 og ég verð einnig að segja að gildandi samþykkt Alþingis um það mál er að flestöllu leyti betri en sú tillaga sem Samfylkingin flytur nú. Hún er sterkari og vísar afdráttarlausar í rétt Palestínumanna til að stofna sjálfstætt ríki og réttindi flóttamanna til að snúa heim. Það er aðeins þetta eina atriði í tillögu Samfylkingarinnar sem er þá nýtt og það er um alþjóðlegar gæslusveitir. Ég verð því að segja að það urðu mér vonbrigði að sjá þessa tillögu hér á borðum orðaða eins og hún er orðuð og einnig að ekki skyldi reynt að viðhalda um málið þverpólitískri samstöðu.

[11:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður ef það hefur skapað einhverja ólgu í hugarheimi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að Samfylkingin lagði fram þessa þáltill. en mér heyrist nú á hv. þm. að hún sé miklu verri en sú tillaga sem samþykkt var 1989, þannig að ég skil ekki að mikil eftirsjá sé í huga þingmannsins yfir því að fá ekki að vera á tillögu sem honum finnst miklu verri en gildandi stefna.

Það að við förum ekki fram með tillögur sem við höfum boðið þingmönnum annarra flokka að vera á þýðir ekki að ekki sé þverpólitísk samstaða. Í hópi þingmanna, m.a. hópi stjórnarliða, eru menn sem eru félagar í samtökunum Ísland-Palestína. Við buðum þeim ekki að vera með á tillögunni. Við teljum samt að þeir styðji anda hennar.

Í ræðu hæstv. utanrrh. kom fram að hann og hans flokkur er á ákaflega svipuðum slóðum og við varðandi afstöðuna til Palestínu. Við leggjum fram þessa tillögu af okkar hálfu vegna þess að hér er um nýja stefnumörkun að ræða af hálfu Samfylkingarinnar. Af hverju er hún ný? Vegna þess að við erum nýr flokkur og við höfum bara haldið einn landsfund. Honum er nýlokið.

Ég geri ráð fyrir að takast muni ákaflega góð samstaða hér í þinginu um þá tillögu og þess vegna flutning tillagna af þessu tagi í framtíðinni. Ekki skal á okkur standa.

Að því er varðar síðan það sem hv. þm. sagði um Afganistan og stöðu mála þar, þá er það einfaldlega svo að ég er þeirrar skoðunar að alþjóðasamfélagið eigi og hafi rétt til þess að hlutast til um að mannréttindi séu virt, t.d. hlutast til um að kúgunaraðgerðir gagnvart konum séu afnumdar, frá þeim sé fallið. Ég sagði í ræðu minni að ég teldi að hinar samræmdu aðgerðir gegn hryðjuverkum í heiminum ættu að vera undir stjórn öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Ég minnist þess að skammt er síðan öryggisráðið samþykkti tillögu um að sett yrði á stofn þjóðstjórn í Afganistan. Við styðjum það öll.

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta seinna atriði sem orðið hefur tilefni orðaskipta milli mín og hv. þm. þá laut athugasemd mín eingöngu að því að æskilegt er að menn tali skýrt og noti hugtök sem eru gagnsæ og hafa tiltekna merkingu. Alþjóðasamfélagið er notað við ýmis tilefni og tekur ekki alltaf til sömu hluta. Þannig er t.d. það sem menn kalla hina víðtæku alþjóðlegu samstöðu gegn hryðjuverkum. Það er ekki lögformlegur skilgreindur aðili. Það er hins vegar öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og Sameinuðu þjóðirnar. Það er Stofnunin um öryggi og samvinnu í Evrópu eða NATO eða önnur slík viðurkennd fyrirbæri sem menn vita fyrir hvað standa.

Mér finnst stundum að menn grípi til þessa hugtaks alþjóðasamfélagsins þegar þeir vilja ekki vera nákvæmlega skýrir í máli sínu vegna þess kannski að menn eru að sveigja fram hjá því að tala um hlutina eins og þeir nákvæmlega eru í Afganistan núna og þeir eru þannig að aðgerðirnar eru ekki á vegum eða í nafni neinnar viðurkenndrar alþjóðastofnunar. Þær eru á vegum Bandaríkjamanna, Breta og einstakra hópa eða fylkinga innan Afganistan.

Varðandi tillöguna um málefni Palestínu þá kemur það ekkert við mig öðruvísi en þannig, herra forseti, að mér er ákaflega annt um þennan málstað og ég fagna því og ætla að taka fram í ræðu minni á eftir að ég fagna m.a. ummælum hæstv. utanrrh. um sjálfstætt ríki Palestínumanna og ég tel ákaflega mikilvægt að við reynum að verja sem breiðasta og almennasta samstöðu um þetta mál á Alþingi. Stefnumótun Alþingis 1989 var ákaflega merkileg og framsækin þar sem í henni fólst m.a. ákveðin viðurkenning á PLO og ég hygg að Ísland hafi verið fyrst ríkja t.d. í þessum hópi á Vesturlöndum til að ganga jafnlangt og þar er gert í sambandi við rétt Palestínumanna til að stofna eigið ríki og rétt flóttamanna til að snúa heim.

Það sem er veikara í tillögu Samfylkingarinnar er t.d. skírskotunin til Óslóarsamkomulagsins sem við vitum vel að margir Palestínumenn eru óánægðir með og er að mörgu leyti málamiðlun frá afdráttarlausustu samþykktum Sameinuðu þjóðanna um þessi réttindi Palestínumanna. En þetta ræðum við auðvitað allt saman og skoðum í framhaldinu.

[11:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er ákaflega annt um málstað Palestínumanna. Þó kemur hann og agnúast út í Samfylkinguna fyrir að hafa lagt fram stefnumörkun í málinu, stefnumörkun sem byggist á ræðum sem fluttar voru af dr. Mustafa Barghouthi, manninum sem hv. þm. var að hrósa áðan, hófsömum, frjálslyndum miðjumanni frá Palestínu.

Samfylkingin er hófsamur flokkur jafnaðarmanna. Þetta er sá málflutningur sem við teljum henta núna. Ef það er afturför frá þeirri samþykkt sem Alþingi gerði 1989, hlýtur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að hrósa happi yfir því að hafa ekki verið píndur af Samfylkingunni á svona vonda tillögu. Svo einfalt er það mál.

Að því er varðar stríðið í Afganistan þá er það þannig að sá sem hérna stendur hefur ekki farið leynt með skoðanir sínar á því máli og það hefur ekki verið honum létt verk, hvorki í sínum flokki né utan hans. Ég hef sagt að gagnvart því þurfi enga hálfvelgju. En það er greinilegt að ýmsir aðrir eru annarrar skoðunar. Engin átök sem ég man eftir frá því að ég komst af sokkabandsárunum hafa notið jafnvíðtæks alþjóðlegs stuðnings og þarna, ekki nokkur átök. Þetta hefur orðið til þess, eins og hæstv. utanrrh. sagði, að gjörbreyta viðsjám milli stórvelda. Þetta hefur leitt til þess að Rússar hafa tekið upp ný viðhorf gagnvart Atlantshafsbandalaginu og ef marka má fréttir, gæti þetta leitt til þess að þeir mundu jafnvel óska eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu sem mundi endanlega geirnegla gjörbreytt eðli þess.

[11:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hóf mál sitt á umfjöllun um atburði á sviði alþjóðamála og það hlýtur að teljast eðlilegt og við hæfi. Staðreyndin er auðvitað sú að að ýmsu leyti lifum við í þeim efnum og höfum gert síðustu vikurnar afar dapurlega tíma. Mér er til efs að fréttatímar fjölmiðla hafi í annan tíma verið jafndapurlegir og drungalegir og þeir hafa verið nú um margra vikna skeið. Það er eiginlega með kvíða sem foreldrar opna fyrir sjónvarpstæki og setja kvöldfréttir á hverju sinni, alla vega þeir sem eiga ung börn á heimilinu því að það líður varla svo kvöld að ekki birtist okkur á skjánum svo hryllilegar myndir af átökum og afleiðingum þeirra í Afganistan, í Palestínu og jafnvel víðar, að slíkar myndir eru vart við hæfi barna.

Í Afganistan eru auðvitað afar alvarlegir hlutir að gerast. Þar er mannfall orðið gífurlegt og hjálparsamtök og alþjóðamannréttindasamtök hafa lýst og lýsa þungum áhyggjum yfir ýmsu sem þar er að gerast í þessum átökum eins og alltaf vill verða þar sem mannréttindi eru fyrir borð borin. Það fyrsta sem fellur, eins og stundum er sagt, er gjarnan sannleikurinn og oft líða mánuðir, ár þangað til smátt og smátt skýrist hvað raunverulega gerðist. Þannig eru til að mynda fréttir síðustu daga af mannfalli í tengslum við uppreisn fanga í fangelsi óhuggulegar og mannréttindasamtök hafa af því miklar áhyggjur að þar séu þverbrotnar allar alþjóðareglur, Genfarsáttmálar og aðrir hlutir um meðferð fanga á stríðstímum og þess gæti jafnvel að mönnum gefist yfir höfuð ekki kostur á því að gefast upp og afhenda vopn sín heldur séu þeir teknir af lífi án dóms og laga og án þess að eiga nokkurn tíma kost á því að öðlast stöðu fanga á stríðstímum og njóta þeirrar verndar sem þeim ber.

Ástandið í Palestínu er sömuleiðis afar dapurlegt og þvert á það sem menn bundu jafnvel vonir við fyrstu dagana eftir atburðina 11. september þá hafa þeir ekki nýst þeim sem þar búa til þess að koma málum í friðsamlegri farveg heldur þvert á móti.

Jafnvel eru teikn á lofti um að í vændum séu og þegar sé hafinn undirbúningur árása á önnur ríki í framhaldi af því að ófriðnum ljúki a.m.k. að mestu leyti í Afganistan og ber þá gjarnan Írak á góma eins og það sé það sem sú hrjáða þjóð þurfi helst á að halda, að styrjaldarátökin sem reyndar hafa meira og minna geisað þar samfellt í 12 ár magnist upp á nýjan leik. Þar er reyndar háð gleymt stríð með loftárásum með nokkuð reglubundnu millibili og allir vita þær þjáningar sem íraska þjóðin hefur liðið vegna viðskiptabanns sem staðið hefur í meira en áratug.

Þessir atburðir, herra forseti, og reyndar ýmsar breytingar í alþjóðastjórnmálum sl. 10–12 ár hafa haft mikil áhrif á umræður á alþjóðavettvangi um öryggismál. Það er síður en svo að allt sé neikvætt sem gerst hefur í þeim efnum. Þvert á móti hefur að mínu mati umræðum um þessa hluti að ýmsu leyti fleygt fram frá því að múrinn féll og Varsjárbandalagið og Sovétríkin leystust upp. Þannig hafa menn t.d. beint sjónum að ýmsum öðrum þáttum sem skipta máli í sambandi við öryggi og frið en hinum hernaðarlega þætti einum sem mest var til umfjöllunar á tímum kalda stríðsins. Öryggishugtakið hefur öðlast nýja merkingu, breiðari og víðari merkingu og menn hafa einnig í vaxandi mæli, til að mynda á Norðurlöndum, reynt að beina sjónum að möguleikum til fyrirbyggjandi og borgaralegra aðferða í sambandi við lausn deilumála eða það að hindra að deilur stigmagnist og endi í blóðugum átökum.

Ég minni á það starf sem unnið hefur verið á vettvangi Norðurlandaráðs síðustu mánuði og skilað sér í þessari skýrslu um borgaralegar og friðsamlegar aðgerðir til að eiga við deilumál og fyrirbyggja að slíkar deilur stigmagnist. Norðurlandaráð afgreiddi ályktun í þessa veru á þingi sínu í Kaupmannahöfn á dögunum sem ég tel fulla ástæðu til að minna á og vekja athygli á inn í þetta samhengi.

Á bls. 4 í ræðu sinni talar hæstv. utanrrh. um nauðsyn þess að lausn finnist á svæðisbundnum ágreiningsmálum sem oft séu rót þess haturs sem öfgamenn byggi tilveru sína á. Þessu er ég að sjálfsögðu sammála en hefði getað hugsað mér að þarna væri farið dýpra í hlutina og rætt um þau margbreytilegu vandamál, þær aðstæður misskiptingar, kúgunar, mannréttindabrota og vonleysis og örbirgðar, ekki síst meðal ungs fólks sem víða verða jarðvegur fyrir ofbeldis- og ofstækishugsunarhátt sem aftur býður heim hættunni á því að öfgamenn geri út á þessar aðstæður og afli sínum vonda málstað stuðnings til hefndarverka eða glæpaverka.

Herra forseti. Það verður líka að segjast eins og er að mér finnst ekki skynsamlegt að fjalla af algerlega gagnrýnislausum fögnuði um það sem menn kalla hina víðtæku alþjóðlegu samstöðu núna um baráttu gegn hryðjuverkum. Hverjir eru bandamenn Vesturlanda í þessum leiðangri núna? Hverju eru helstu bandamenn Bandaríkjamanna og Breta um þessar mundir? Það eru Rússar, Kínverjar og Pakistanar ef nefna ætti þrjár mikilvægustu þjóðirnar í þessu sambandi fyrir utan kannski Úsbeka og Tadsjika. Og hvernig er mannréttindaástandið í þessum löndum? Hafa engir áhyggjur af því að þessar þjóðir séu reiðubúnar í samstöðunni og tilbúnar í leiðangurinn vegna þess að þær hugsi gott til glóðarinnar að berja á sínum eigin uppreisnarhópum sem þær þar með

ákveða að skilgreina sem hryðjuverkamenn. Rússar rembdust við það að skilgreina uppreisnaröflin í Tsjetsjeníu sem hryðjuverkamenn en ekki var á þá hlustað á Vesturlöndum fyrr en núna. Nú er allt í einu allt gjörbreytt. Og Kínverjar sýna þess þegar merki að þeir ætla að nota sér aðstæðurnar til þess að berja enn rækilegar á hópum í Mongólíu, Tíbet og víðar sem þeir hafa reyndar ástundað um árabil.

Það er alveg nýtt fyrir mér ef Pakistan hefur þroskast svo í þessum efnum á örfáum mánuðum að við getum tekið samstöðu með þeim fagnandi og þurfum ekki að hafa áhyggjur af ýmsu sem gerist í bakgarði þeirra, t.d. samskiptum þeirra og Indverja og erum við nokkuð að gleyma því að þarna eru tvö nýjustu kjarnorkuveldi heimsins á ferðinni. Sömuleiðis um suðausturríki eða lýðveldi Sovétríkjanna sálugu, Úsbekistan, Tadsjikistan og önnur slík, þá eru það líka nýjar gleðifréttir ef ástand mannréttindamála þar á bæ er þannig að við getum fyrirvaralaust og af fölskvalausri gleði tekið þau í hóp okkar sem bandamenn vestrænna lýðræðisþjóða. Ætli það hafi ekki verið nóg, herra forseti, að vera í því bandalagi með Tyrklandi sem Vesturlönd hafa lengi verið með í NATO og mættu menn hafa nokkurn kinnroða af hvernig þeir hafa fengið að berja t.d. á Kúrdum árum og áratugum saman og menn hafa ævinlega sett kíkinn upp að blinda auganu á Vesturlöndum af því að það hefur hentað að hafa ekki hátt um það.

Ég fagna orðum hæstv. utanrrh. um rétt Palestínumanna til stofnunar sjálfstæðs ríkis og ef því fylgdi stuðningur við kröfu þeirra og mjög margra þjóða um að reynt verði að koma málum þannig fyrir að alþjóðlegt friðargæslulið fari til botns Miðjarðarhafsins þá teldi ég að fullur sómi væri orðinn að afstöðu Íslands í þessu máli. Það ber að taka það fram sem vel er gert og ég tel að hæstv. utanrrh. eigi hrós skilið fyrir það að hann hefur bæði hér heima og einnig á alþjóðavettvangi, eins og í ræðu sinni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, lyft fram stuðningi við sjálfstætt ríki Palestínumanna.

Um Evrópumálin vil ég segja að þar er athyglisverður kafli í ræðu hæstv. utanrrh. á bls. 6 í hinu prentaða handriti þar sem komið er inn á möguleikann á endurskoðun EES-samningsins og ég mun þá nota tækifærið og svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni lítillega í leiðinni. Ég tel að það sé að sjálfsögðu eins og aðstæðurnar eru og blasa við okkur mjög áhugavert efni hvort forsendur skapist fyrir uppfærslu EES-samningsins. Vinstri hreyfingin – grænt framboð, a.m.k. sá sem hér talar sem einn sat á þingi þingmanna flokksins þegar EES-samningurinn var afgreiddur, studdi hann ekki frekar en hæstv. utanrrh., greiddi reyndar atkvæði gegn honum — en við höfum heldur ekki verið með kröfur um að þessum samningi yrði sagt upp vegna þess einfaldlega að hann er okkar grundvöllur þessara samskipta eins og málin eru og að sjálfsögðu eiga menn og verða menn að líta á það eins og það er hvaða afstöðu sem menn höfðu til þess á sínum tíma. Mér finnst satt best að segja ekki hafa mikið upp á sig að eyða orkunni í að vera að reyna að elta menn uppi eins og mér finnst hv. þm. Össur Skarphéðinsson hálfpartinn vera að reyna að gera vegna þeirra aðstæðna sem voru uppi á Alþingi fyrir næstum tíu árum síðan og þeirrar afstöðu sem menn þá tóku. Það verður ævinlega að muna eftir því að skoða hlutina í ljósi þeirra aðstæðna sem voru á hverjum tíma. Atburðirnir eru börn síns tíma eins og það heitir í sögunni og það ættu allir sanngjarnir menn að virða í umfjöllun um þessi mál.

Afstaða okkar til þessara framtíðarsamskipta við Evrópusambandið er alveg skýr. Við erum ekki með kröfur um að samningnum við EES verði sagt upp og í staðinn komi tvíhliða samningur eins og mér fannst hálfpartinn hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafa misskilið þetta. Ef hv. þm. hefur fyrir því að lesa till. til ál. um stefnu í alþjóðasamskiptum þá kemur þar alveg skýrt fram að það sem við teljum að eigi að stefna á er einföldun þessara samskipta í þágu þess að Ísland er lítið ríki og það eigi að stefna á þróun í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu. Og m.a. endurskoðun eða uppfærsla samningsins um Evrópska efnahagssvæðið gæti að einhverju leyti falið í sér að mínu mati slíka þróun mála því að það er auðvitað algerlega ljóst að það væri til hagsbóta fyrir Ísland sem lítið ríki með takmarkaða burði og möguleika til þess að taka þátt í hinu gríðarlega flókna og viðamikla stofnana- og nefndakerfi Evrópusambandsins ef hægt væri að finna þessum samskiptum einfaldara form, ég tala nú ekki um ósköpin ef hlutir breyttust t.d. með þeim hætti að Noregur heltist úr lestinni en við kysum áfram að standa utan Evrópusambandsins.

Fróðlegt væri að heyra hæstv. utanrrh. fjalla aðeins nánar um það sem drepið er á og orðað er þannig að vísbendingar hafi borist um að ESB kunni nú að vera reiðubúið að ræða takmarkaða tæknilega endurskoðun samningsins.

Ég tek undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að afar fróðlegt væri að fá nánari útlistun á því hverja hæstv. utanrrh. telji vera möguleikana í þessu sambandi og einnig hvað hæstv. utanrrh. geti sagt okkur um samstöðu Íslands og Noregs í þessu sambandi. Nú kunna þar að vera að einhverju leyti viðkvæmir hlutir á ferð sem við höfum fullan skilning á að hæstv. utanrrh. geti kannski ekki hér í heyranda hljóði fjallað um í nákvæmum smáatriðum, og þá það. En hæstv. utanrrh. ætti eitthvað að geta um þetta fjallað. Ég vísa til þess að héðan er nýfarinn heim til gamla landsins nýskipaður utanrrh. Noregs, Jan Petersen, sem ég vænti að hæstv. utanrrh. hafi átt áhugaverð samtöl við og þá m.a. og ekki síst um þetta því að ekki trúi ég því að menn hafi notað heilan fund í að rífast um það hver ætti að fá að vera næsti embættismaður Eftirlitsstofnunar ESA.

Varðandi það sem sagt er um gjaldmiðlamálin þá væri svo sem einnig fróðlegt að fara inn á það. Ég hef að sumu leyti ekki alveg áttað mig á þeirri umræðu sem keyrð hefur verið upp af ýmsum aðilum um evruna ósköp einfaldlega vegna þess að ef ég veit rétt og ég veit ekki annað en menn séu sammála um það þá er forsenda þess að taka hana upp aðild að Evrópusambandinu og mér finnst þar af leiðandi sérkennilegt að taka upp umræður um mögulega upptöku evrunnar og setja hana í samhengi við nákvæmlega núverandi aðstæður í efnahags- eða gengismálum á Íslandi. Sé þetta svona að forsenda evrunnar sé aðild að Evrópusambandinu þá vitum við öll að það er langt inni í framtíðinni og kemur ekki á nokkurn hátt til með að hafa áhrif á nákvæmlega núverandi aðstæður í efnahags- eða gengismálum þjóðarinnar og þá eiga menn líka að ræða málið eins og það er og taka grundvallarspurninguna upp á borðið sem er þá um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu í heild sinni, pakkann eins og hann leggur sig með kostum og göllum og kostnaði þar með töldum. Svona, herra forseti, hef ég talið að áhugaverðast væri að ræða þetta.

Um stækkun Evrópusambandsins og stöðu bókunar 9 þá er þar sömuleiðis mjög stórt og mikilvægt hagsmunamál á ferð, ekki síst vegna mögulegra framtíðarviðskipta okkar við austanverða Evrópu. Ég er í hópi þeirra sem hafa bundið vonir við að þar kynnu að skapast á nýjan leik að sumu leyti einhverjir vænlegustu framtíðarmarkaðir fyrir afurðir Íslend-

inga, t.d. úr uppsjávarfiskum sem við gætum unnið í miklu magni á verði sem gengi inn á þessa markaði. En til þess þurfa auðvitað viðskiptakjörin að vera í lagi þannig að ég deili þeirri skoðun með hæstv. utanrrh. að þar sé mikilvægt mál á ferð.

[11:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðlilegt að spurt sé um hugsanlega uppfærslu EES-samningsins. Þegar ég tala um tæknilega uppfærslu hans sem Evrópusambandið hefur gefið vísbendingar um að geti gengið upp, þá á það við Maastricht-samninginn og að því er varðar Amsterdam-samninginn, þar hafa orðið ýmsar breytingar sem eru þannig að mál hafa breyst frá því að samningurinn var gerður. Þess vegna er eðlilegt að samningurinn verði endurskoðaður í ljósi þessara breytinga. Þetta á við málefni á sviði umhverfismála og félagsmála sem nauðsynlegt er að breyta.

Næsta atriði varðar aðgang okkar að ýmsum nefndum þar sem teknar eru ákvarðanir sem varða hagsmuni okkar mikið. Það er allt óvíst um hvort slíkt sé mögulegt.

Þriðja atriðið er síðan aðgangur að ýmsum stofnunum þar sem ákvarðanir eru teknar sem varða okkar hagsmuni og ekki voru til staðar þegar EES-samningurinn var gerður. Þetta á við um flugmál og þetta á við um málefni sem snerta matvæli.

Þá er ótalið atriði sem skiptir máli. Það varðar bókun 9. Það varðar þá staðreynd að það er ekki fullt tollfrelsi með sjávarafurðir okkar. Þessir ókostir EES-samningsins, sem ég vil leyfa mér að nefna svo, koma skýrar fram við stækkunina þegar þessi markaður verður stærri, þegar við þurfum að fara að sækja á þá markaði, m.a. í ljósi þess að vinnsla á síld til manneldis á þessum mörkuðum mun fara vaxandi hér á landi vegna norsk-íslenska síldarstofnsins. Þetta eru þau vandamál sem eru uppi á borðinu. Ég skal koma að þessu með Norðmenn síðar.

[11:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þennan hluta svaranna. Ég skil það svo að í aðalatriðum sé um tæknilega uppfærslu að ræða sem lúti að þeim breytingum sem hafi þá fyrst og fremst fylgt Maastrict- og Amsterdam-niðurstöðunum. Nice-samningurinn var reyndar ekki nefndur í þessu sambandi. Það er reyndar athyglisvert þó sjaldan sé á það minnst, en er staðreynd engu að síður, að Írar felldu þann samning. Eitt aðildarríkja Evrópusambandsins felldi Nice-samninginn og mér er ekki kunnugt um að þau mál hafi enn verið leyst. Fyrir þá atkvæðagreiðslu var það talin forsenda þess að hann gengi fram og þar með jafnvel sjálf stækkun Evrópusambandsins að allar aðildarþjóðirnar samþykktu en Írar gerðu sér lítið fyrir og felldu hann engu að síður. Það mál er einhvers staðar á ferðinni í kerfinu.

Varðandi aðgang að nefndum og stofnunum þá er spurning hvort það er pólitískt eða praktískt mál. Sú skoðun hefur heyrst að aðalástæða þess að það kunni að vera vandamál að leyfa Íslendingum og jafnvel fleiri aðilum að sitja þar sé einfaldlega praktísks eðlis, þ.e. það sé spurning um húsnæði vegna þess að nefndarherbergin séu öll sprungin og rúmlega það. Með áheyrnarfulltrúum væntanlegra aðildarríkja þrengist um á bekkjunum, svo maður tali nú ekki um þegar þessi aðildarlönd verða orðin fullgildir aðilar og stækka þarf túlkaherbergin og annað í þeim dúr.

Ef til vill er það pólitískt atriði, að Evrópusambandið vilji með því sýna þeim þjóðum sem ekki gerast aðilar að þau geti ekki vænst þess að fá að vera alls staðar með. Það er þá eitthvað sem þarf að glíma við sem slíkt.

Varðandi bókun 9 endurtek ég að ég tel mjög stórt hagsmunamál að okkur takist vel til í þeim efnum, varðandi uppsjávarfiskana og aðrar afurðir sem mundu bera tolla ef fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna féllu niður án þess að við fengjum það bætt með einhverjum hætti þegar þessi ríki gerast aðilar að Evrópusambandinu.

[11:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er ekki um að ræða málefni af neinum praktískum toga. Hér er um pólitísk mál að ræða. Þetta varðar spurninguna um hvort Evrópusambandið telji rétt að hleypa okkur í meiri mæli að vettvangi þar sem fjallað er um málefni sem okkur varðar.

Nú liggur það alveg ljóst fyrir að við komumst ekki að þeim vettvangi á síðustu stigum, þ.e. í ráðherraráðinu sjálfu. Þar höfum við engan aðgang. Við höfum ekki aðgang að Evrópuþinginu. Þetta kom mjög berlega í ljós þegar upp kom vandi varðandi fiskimjölið, þar sem teknar voru mikilvægar ákvarðanir sem augljóslega varða hagsmuni okkar. Um það er ekki að ræða að við fáum aðgang að þessum stofnunum á grundvelli EES-samningsins. Það liggur alveg ljóst fyrir. Þangað gætum við aðeins komið sem aðilar að Evrópusambandinu. Þetta verðum við að gera okkur alveg ljóst.

Hins vegar varða ákveðnar nefndir og stofnanir innri markaði. Ég nefndi Matvælastofnunina, sem búið er að koma á fót. Hún varðar innri markaðinn. Ég nefndi flugmálin. Við erum aðilar að flugmálastefnu Evrópu og þess vegna er bagalegt að hafa engan aðgang þar sem verið er að fjalla um mál og undirbúa ákvarðanir sem varða hagsmuni okkar. Hér er því um hrein pólitísk mál að ræða sem ég hef talið rétt að láta á reyna. Undirtektirnar hafa ekki verið góðar en ég vil líka taka fram að um þessi atriði þurfum við að ná samstöðu meðal þeirra ríkja sem hér eiga hlut að máli, þ.e. milli Íslands, Noregs og Liechtenstein. Við munum aðeins geta farið hér fram í samfloti við aðra og þess vegna eiga þessar viðræður sér stað milli Íslands og Noregs um þessi mál þannig að við getum komist að sameiginlegri niðurstöðu.

[11:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti sá kafli í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem laut að Evrópu vera með allra bragðdaufasta móti. Hv. þm. álasaði þó hæstv. ráðherra fyrir að taka eitt tiltekið mál út, þ.e. gengismálin, og varaði hann réttilega við því að Evrópusambandið mundi ekki leysa núverandi vanda okkar. Það er hárrétt hjá hv. þm. að þar er um að ræða miklu lengri aðdraganda en svo að við getum séð nokkra von í að aðild að Evrópusambandinu kynni að bæta núverandi stöðu.

Hv. þm. sagði eigi að síður að nauðsynlegt væri að ræða málið allt saman, kosti og galla. Ég spyr: Hvers vegna gerði hv. þm. það ekki?

Ég varpaði nokkrum spurningum fram til hv. þm. í ræðu minni. Nú geri ég ekki kröfu til þess að hann svari þeim í stuttu andsvari en við höfum tímann hér í dag. Það er rétt hjá hv. þm. að við þurfum að ræða aðild að Evrópusambandinu efnislega. Hv. þm. er í fararbroddi hreyfingar sem m.a. hefur

tínt það til, með nokkrum rökum, að það sé ekki hægt að ganga í Evrópusambandið vegna hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu. Þá verður auðvitað að koma með rök til þess að styðja þá afstöðu.

Ég er þeirrar skoðunar að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna standi ekki í vegi fyrir þessu. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hélt fram í ræðu minni, að það sé gott fyrir íslenskan sjávarútveg að Ísland gangi í Evrópusambandið. Þá getur hv. þm. sagt á móti að ég hafi ekki fært rök fyrir því. Það er rétt hjá honum. Það ætla ég að gera seinna í dag.

Ég kom hér upp til að spyrja hv. þm. hvað hann átti við með afstöðu sinni gagnvart EES og tvíhliða samningi. Hv. þm. sagði að ég hefði líklega misskilið stefnu Vinstri grænna, hún væri í reynd ekki sú að koma á tvíhliða samningi. Eigi að síður sagði hv. þm. að stefna hreyfingarinnar væri að þróa EES-samninginn í átt að tvíhliða samningi. Ég hef kannski bara ekki greind til þess að skilja þetta allt saman en vill hv. þm. vera svo elskulegur að segja af eða á? Vilja Vinstri grænir þróa EES-samninginn í þá átt að hann verði tvíhliða samningur milli Íslands og sambandsins eða vilja Vinstri grænir það ekki?

[11:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir að sönnu miður ef hv. þm. þykja ræður mínar bragðdaufar. En þá eru það bara örlög mín að verða ekki krydd í sálarlífstilveru hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það verður þá bara að hafa það. Þann kross verð ég þá að bera í gegnum lífið og ég held að þeir hafi áður hvílt þyngri á mínum herðum heldur en þeir að ég geti ekki dagsdaglega lífgað þannig upp á sálarlíf hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að það jafngildi krydduðum asískum mat eða öðru því um líku.

Varðandi afstöðu okkar til Evrópusambandsins þá höfum við að vísu ekki gefið út tilkynningar um það daglega að við séum að vinna að þessu máli. Fyrir okkur er stefnumótun í samskiptum Íslands við önnur lönd og samskipti okkar við Evrópusambandið rétt eins og önnur málefnabundin verkefni í okkar stjórnmálaflokki, að við erum alltaf að ræða þau og skoða eftir atvikum.

Löngu áður en Samfylkingin tilkynnti þjóðinni að hún ætlaði að fara að vinna í þessu máli þá höfðum við gert það. Hér hefur verið flutt á þingi tillaga með ítarlegri greinargerð þar sem farið mjög rækilega yfir röksemdir með og á móti aðild að Evrópusambandinu á mörgum blaðsíðum. Sú greinargerð var endurskoðuð í beinu framhaldi af því að utanrrh. lagði skýrslu fyrir Alþingi fyrir einu og hálfu ári og þar er þetta talið upp, í kafla í greinargerðinni um Ísland og Evrópusambandið. Þar er rætt um að óvissan sé skaðleg íslenskum hagsmunum. Þess vegna höfum við verið talsmenn þess að koma þessu í eins skýran farveg og hægt væri til einhverra ára þannig að hagsmunaaðilar vissu að hverju þeir gengju með stefnu íslenskra stjórnmála. Rök með og á móti eru síðan talin upp og ókostir aðildar, sem við leggjumst gegn, eru taldir upp og rökstuddir í átta töluliðum.

Varðandi tvíhliða samning, þá hvet ég hv. þm. til að lesa sjálfa tillögugreinina en þar segir að vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu. Þetta er nokkurn veginn íslenska sem ég held að hljóti að vera skiljanleg fyrir hv. þm.

[12:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get huggað hv. þm. Steingrím J. Sigfússon með því að mér finnst hann oft vera bragðsterkur og hann er mér oft ígildi bæði salts og pipars en ég tek þó fram að ég ætla ekki að leggja mér hann til munns. Hann getur setið tiltölulega rólegur í sæti sínu.

Herra forseti. Ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur skýra stefnu um það af hverju Íslendingar eiga ekki að sækja um aðild að Evrópusambandinu og hefur lagt hana fram hér í kafla er auðvitað tímabært að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon færi þau rök inn í umræðu á þinginu. Það getur hann gert í ræðum sínum seinna í dag.

Margoft hefur komið fram í máli forustumanna Vinstri grænna að þeir telji t.d. að fullveldisrökin og sjávarútvegsrökin leggist eindregið gegn aðild og þeir hafa sinn fyllsta rétt til að vera þessarar skoðunar. En við þurfum að ræða þessi rök og takast á við þau. Hvers vegna eru þau feimnismál? Hvers vegna kemur hv. þm. ekki með þessi rök inn í umræðuna? Hann gerir það kannski seinna í dag og ég hef biðlund fram eftir degi. Hann á líka skilið að ég komi í ítarlegra máli með rök mín fyrir þeim fullyrðingum sem ég hef sett fram um sjávarútvegsstefnuna. Ég vona að mér gefist tóm til þess í dag.

Herra forseti. Það er þá rétt sem ég taldi að ég hefði heyrt — Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill taka upp tvíhliða samning um samskipti okkar og Evrópusambandsins. Ég spurði hv. þm. í ræðu minni hvaða rök hann hefði fyrir því að slíkur samningur dygði og nægist. Ég vísaði til Svisslendinga. Þeir lögðu milljarðatugi í jarðgöng til að uppfylla kröfur ESB. Þeir eru í hjarta ESB-ríkjanna. Þeir voru 8 ár í ströngum samningum. Þeir gáfu verulega eftir en þeir stóðu loks uppi með kjör sem voru mun verri en ganga innan EES og þó er hv. þm. að segja að þau kjör séu ekki nægilega góð. Herra forseti. Hér rekur sig hvað á annars horn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð verður að tala skýrt í þessum málum eða hefur hún ekki skýra stefnu?

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið kannast ég vel við minn gamla vin, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Nú held ég að hann sé farinn að finna sjálfan sig aftur. Þetta minnir mig dálítið á þá daga þegar hv. þm. eyddi allri orku sinni dögum, stundum vikum, saman í það að sarga á talsmönnum annarra flokka um smáatriði í stefnu þeirra (Gripið fram í.) en mundi ekkert eftir því stundum í hvaða flokki hann sjálfur var staddur þá og þá stundina. Muna menn eftir því þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson sargaði á talsmönnum Kvennalistans um smáatriðin í sjávarútvegsstefnu þeirra vikum saman? Eða hvernig hv. þm. lék þetta sama gagnvart fyrrv. heilbrrh., Ingibjörgu Pálmadóttur? Nú kemur hv. þm. og eyðir mikilli orku í að hann vill fá nákvæmar útlistanir á því hvernig hæstv. utanrrh. réttlætti það fyrir samvisku sinni að sitja hjá við EES-samninginn á sínum tíma eða hver séu smáatriðin í þessu með mögulegan tvíhliða samning við Evrópusambandið af hálfu okkar talsmanna Vinstri grænna?

Hv. þm. frestaði sjálfur að mestu leyti Evrópuræðu sinni sökum tímaskorts og getur þá ekki kvartað undan því að aðrir menn hafi ekki komið öllu að í ræðu sinni. Þegar verið er að reyna að ræða öll alþjóðamál, og Evrópumál þar með talin, eru 15 mínútur satt best að segja ekki langur tími.

Ég held að menn eigi ekki að horfa á þessi samskipti við Evrópusambandið, frekar en neitt annað í alþjóðasamskiptum, sem einhverja einangraða atburði í tíma og rúmi og efni. Samskipti Íslands og Evrópusambandsins hafa verið í þróun. Við höfðum bókun 6. Hvers vegna gekk okkur tiltölulega vel að ná að mestu leyti tollfrelsi á sjávarafurðir okkar í viðræðunum um EES-samninginn? Það var af því að við höfðum bókun 6 og engum datt í hug að menn færu aftur á bak í þeim viðskiptakjörum þannig að bókun 6 þróaðist inn í bókun 9 og fól í sér vissa útvíkkun en í grunninn var tollfrelsi á mjög mikilvægum afurðum til staðar. Við sjáum þetta fyrir okkur með sama hætti í framhaldinu sem þróun inn í framtíðina.

[12:05]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans um utanríkismál þar sem drepið var á flest þau mál sem að okkur steðja á þeim vettvangi, að sjálfsögðu í stuttu máli eins og svona umræða gefur tilefni til. Á síðustu 12 árum hafa orðið tveir heimsviðburðir sem hafa markað þáttaskil í alþjóðlegum stjórnmálum. Annars vegar er það hrun Sovétríkjanna og endurheimt sjálfstæðis fjölmargra ríkja Mið- og Austur-Evrópu ásamt þróun lýðræðis og markaðsbúskapar í þessum heimshluta. Sú þróun sýndi svo ekki varð um villst hve sterkur kjarni menningarlegs sjálfstæðis lifði af ofsóknir kommúnismans og hve djúpum rótum lýðræðishugsjónin stóð í raun. Hún sýndi einnig hve mikilvægt varnarsamstarf vestrænna þjóða var, ekki aðeins sem máttugra varnarsamtaka heldur og hve sterkt tákn um frelsi og lýðræði þessi samstök voru í augum hinna kúguðu þjóða austan járntjaldsins. Í hruni Sovétríkjanna birtist því ekki aðeins veikleiki miðstýrðrar hugmyndafræði og flokksalræðis heldur reis lýðræðishugsjónin sem sigurvegari í pólitískum átökum sem staðið höfðu í 70 ár. Atburðarásin sem hófst 1989 og enn er ekki lokið var því mikill sigur fyrir lýðræði, þjóðfrelsi og þjóðmenningu í heiminum.

Herra forseti. Atburðirnir sem gerðust 11. september sl. voru hins vegar ekki aðeins hatrömm og mannskæð árás á Bandaríki Norður-Ameríku. Árásinni var beint að grundvallarþáttum vestræns lýðræðis. Skotmörk hryðjuverkamannanna voru saklausir borgarar. Flugvélum í farþegaflugi, sjálfu tákni ferðafrelsis og samskipta, var breytt í tortímingarvopn og þeim beitt gegn miðstöð viðskiptafrelsis og varnarkerfis þeirrar þjóðar, Bandaríkjanna, sem mest hefur lagt af mörkum til að tryggja varnir og öryggi vestrænna þjóða. Allt var gert til að tryggja að sem flestir óbreyttir borgarar féllu í þessu tilræði. Hér var því um að ræða aðför að öllum helstu gildum og verðmætum sem hafin hafa verið til vegs og virðingar af vestrænum lýðræðisþjóðum og hlotið hafa ótrúlega mikinn framgang og styrk á síðustu öld. Þessi aðför var þeim mun alvarlegri sem óvinurinn gaf sig ekki fram, hann athafnar sig neðan jarðar og nýtir sér alla þá farvegi sem frelsi og lýðræði hafa búið þegnum sínum.

Herra forseti. Þótt viðbrögð við þessum atburðum hafi öll verið á einn veg til að byrja með og öllum hafi af eins konar eðlisávísun orðið ljóst hve djúpstæð forherðing og mannhatur hafi búið að baki þessum glæp hefur fljótt komið í ljós hér og þar tilhneiging til að líta á þessa árás sem einhvers konar lið í pólitískum deilumálum í Miðausturlöndum eða framlag til þeirra deilna, að ekki sé talað um þá sem vilja telja árásina á Bandaríkin þátt í mannréttindabaráttu Palestínumanna og baráttu fyrir auknu lýðfrelsi á Persaflóasvæðinu. Að hefja hryðjuverkamenn þannig á stall með því að telja þá með einhverjum hætti aðila máls og viðræðuhæfa sem slíka er með öllu afvegaleidd hugmyndafræði og siðlaust viðhorf. Alræðisstjórnir og hryðjuverkasamtök fremja glæpi til að viðhalda sjálfum sér.

Þeir ótrúlegu glæpir sem framdir voru í Sovétríkjunum í nafni alþýðu og öreigastéttar beindust gegn réttlæti, lýðræði, jöfnuði og bræðralagi. Það kom ekki í veg fyrir að sífellt voru til einstaklingar og pólitísk samtök sem sáu sóma sinn í því að gera Sovétríkin að viðræðuhæfum talsmönnum friðar, lýðræðis og jafnréttis. Sömu aðilar settu sig aldrei úr færi að veikja tiltrú á lýðræðisríkin og varnarsamtök þeirra.

Hryðjuverk eru ekki ný af nálinni. Samtök hryðjuverkamanna áttu lengi athvarf í Sovétríkjunum og leppríkjum þeirra. Þau áttu skjól og heimahöfn í Líbíu og Írak og fleiri Austurlöndum. Engin þeirra afla sem hýstu samtök af þessu tagi standa fyrir öðru en einræði og ofbeldi.

Megintilgangur hryðjuverkasamtaka er að viðhalda því ástandi sem þau þrífast best í. Þar með er með öllu óásættanlegt að umræðan um þá nýju ógn sem heiminum stendur af hryðjuverkastarfsemi sé afvegaleidd með þeim hætti að tengja lausn hennar staðbundnum pólitískum deilumálum. Slík deilumál eru sérstök úrlausnarefni. Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi er einnig sérstakt úrlausnarefni sem kallar á alþjóðlega samvinnu sem nú þegar er hafin.

Meðal þeirra afleiðinga sem árásin á Bandaríkin hefur haft er nánara samstarf Bandaríkjamanna og annarra NATO-ríkja við Rússland. Það samstarf var þegar hafið innan friðarsamstarfsins. Eflaust verða þessar nýju aðstæður tilefni til þess að efla verulega þetta samstarf og þar eru tvímælalaust athyglisverðir möguleikar á að þróa nánara samstarf við Rússa en verið hefur. Slíkt aukið samstarf verður til þess að styrkja öryggi Evrópu svo fremi sem þess er gætt að standa vörð um hlutverk Atlantshafsbandalagsins og hagsmuni þess sem varnarbandalags og draga ekki á nokkurn hátt úr sjálfstæði þess.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hefur óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum aukist og dregið hefur úr líkum á að helstu efnahagskerfi heimsins nái sér á strik. Það vakti athygli mína að hv. þm. Össur Skarphéðinsson gat þess í máli sínu að erfiðleikar í íslensku efnahagslífi eigi sér á engan hátt skýringar erlendis. Þetta er mjög athyglisverð skoðun og mjög sérkennileg ef þetta er skoðun Samfylkingarinnar í heild. Ef við lítum á þá staðreynd að Ísland er í sjötta sæti á lista yfir þær þjóðir sem mest eru háðar milliríkjaviðskiptum, og það er almennt viðurkennt að atburðirnir í Bandaríkjunum 11. september hafi haft gífurlega mikil áhrif á efnahagsmál heimsins og útlit fyrir þróun þeirra, má heita sérkennileg bíræfni að halda því fram að þetta muni ekki hafa nein áhrif á Ísland.

Það er augljóst mál að þessir atburðir munu hafa djúpstæð áhrif á íslenskt efnahagslíf svo háð sem við erum milliríkjaviðskiptum. Við erum háð milliríkjaviðskiptum og við erum háð kaupmætti í viðskiptalöndum okkar og það er ljóst að þessi þróun mun ekki auðvelda íslenskum stjórnvöldum að tryggja hér stöðugleika. Að tala um íslensk efnahagsmál eins og þau séu einangruð frá alþjóðlegum viðskiptamálum er furðuleg afstaða og í raun og veru undarlegt að formaður Samfylkingarinnar skuli leyfa sér að halda því fram í ræðustól á Alþingi.

Við þessar aðstæður hefur umræða um efnahagsmál magnast hér á landi og sérstaklega um gengi íslensku krón-

unnar sem er með nokkuð sérstökum hætti og á köflum afar óábyrg umræða. Að hluta til tengist þessi óábyrga umræða áhuga á að tengjast Evrópusambandinu og evrusvæðinu sérstaklega og er þar með hluti af utanríkismálaumræðunni. Umræðan hefur magnast nú þegar sú breyting verður á að sérstakir seðlar og mynt evrunnar verða tekin upp um næstu áramót. Evran hefur að sjálfsögðu verið í fullu gildi sem greiðslueining í tvö ár og gengi gjaldmiðla þeirra landa sem eru aðilar að evrusvæðinu hefur verið bundið evrunni frá upphafi árs 1999. Það er full ástæða til að víkja örlítið að þessum þætti efnahags- og utanríkismála við þessa umræðu.

Þegar litið er til hinna hefðbundnu undirliggjandi efnahagsþátta er ljóst að allar forsendur eru fyrir því að gengi íslensku krónunnar styrkist. Nú dregur hratt úr innflutningi, útflutningur eflist og atvinnulífið greiðir niður skuldir sínar. Hið opinbera hefur einnig lækkað skuldir sínar verulega. Allt á þetta að verka til þess að styrkja stöðu krónunnar á markaði. Það er hins vegar staðreynd að frjálst flæði fjármagns sem við búum hér við nú opnar ýmsum öðrum þáttum en hinum hefðbundnu undirliggjandi þáttum leiðir að stöðu gengisins. Væntingar og spákaupmennska geta haft veruleg áhrif. Óábyrgt hjal um vaxandi veikleika gjaldeyrisins getur einnig haft skaðleg áhrif á frjálsum markaði gjaldeyrisviðskipta. Það er með þetta í huga sem ber að skoða hina sérkennilegu umræðu um að íslenska krónan sé gallaður gjaldmiðill ef ekki ónýtur.

Því er ítrekað haldið fram að vegna þess að krónan hefur lagað sig að íslenskum efnahagsaðstæðum og sigið talsvert beri að stefna að því að athuga hvort ekki sé rétt að taka upp evruna í hennar stað. Ljóst er að það eru ekki aðrir en áhugamenn um að ganga í Evrópusambandið sem stunda málflutning af þessu tagi. Enginn stjórnmálaflokkur þorir í raun að setja inngöngu í ESB á oddinn en hins vegar eru margir stjórnmálamenn reiðubúnir til að hætta ýmsu til til að sannfæra almenning um að ekki séu aðrar leiðir færar en að falla í þann faðm. Á meðan þeir þora ekki að mæla opinskátt með inngöngu eru þeir reiðubúnir til að grafa undan gengi íslensku krónunnar með óábyrgu tali um að hún sé ónýt og ekkert geti styrkt stöðu okkar annað en aðild að evrunni. Svo er því sleppt að aðild að evrunni gengur ekki nema aðild að Evrópusambandinu sé þegar komin. Þetta er þeim mun sérkennilegri málflutningur sem það er einmitt nú á þessum tímum sem það sýnir sig hvers virði það er fyrir þjóðina að hafa eigin gjaldmiðil sem hægt er að laga að þróun efnahagslífsins.

Ljóst er að þótt tekist hafi að tryggja hér á landi mesta hagvaxtartímabil sem um getur í sögu lýðveldisins þá hefur þensla orðið meiri en efnahagsforsendur eru fyrir. Óhjákvæmilegt er að kaupmáttur krónunnar lagi sig að efnahagsumhverfinu. Það er þróun sem nú fer fram og hún fer fram á markaðsforsendum. Það er einmitt við slíkar aðstæður sem það verður ljóst hvers virði það er að geta beitt eigin gjaldmiðli til leiðréttinga af þessu tagi.

Menn geta ímyndað sér hver staða okkar hefði orðið innan evrusvæðisins við þær aðstæður sem hér hafa þróast. Evran tekur að sjálfsögðu ekki tillit til staðbundinna vandkvæða í efnahagsmálum, ekki frekar en hún tók tillit til þess þegar Írar stóðu frammi fyrir mikilli verðbólgu á sama tíma og evran var stöðug og viðurkenndu að þeir hefðu ekki nokkur tök á því að bregðast við þeim vanda. Enginn minntist heldur á að evran væri ónýtur gjaldmiðill þó að hún félli um 23–25%. Hún var þó ónýtur gjaldmiðill fyrir Íra sem áttu örlög sín undir því að evran veiktist vegna aðstæðna sem þeir gátu ekki haft nokkur áhrif á. Þróun evrunnar og verðbólga á Írlandi hefur að sjálfsögðu skaðað samkeppnisstöðu Íra. Ljóst er að við núverandi aðstæður hefðu Íslendingar ekki haft af því hag að vera bundnir evrunni. Þvert á móti hefði það leitt til örari verðbólgu og færri úrræði hefðu verið til að bregðast við því.

Meginmálið er að evran slær eftir hjartslætti hinna stærri ríkja í Evrópu en þó fyrst og fremst eftir púlsinum í Þýskalandi. Ísland hefur lengi búið við sveiflur í efnahagslífi þótt ötullega hafi verið að því unnið að jafna þær sveiflur og mikilvægir áfangar hafi tekist í þeim efnum. Við getum hins vegar ekki reiknað með því að íslenskar hreyfingar í efnahagslífinu endurspegli það sem gerist innan evrusvæðisins.

Innleiðing evrunar 1999 og myntin sem tekin verður upp um næstu áramót getur ekki haft annað en góð áhrif á stöðu Íslands. Sú þróun einfaldar viðskipti og afnemur milliliði. Aðild Íslands að myntinni er allt annað mál og mun flóknara. Að nota þá markaðsleiðréttingu sem krónan er að ganga í gegnum nú sem rök fyrir aðild að evrunni er út í hött, á sér engar forsendur og snýr hlutunum á hvolf. Það verður eftir því tekið hverjir stunda slíkan málflutning.

Frjálst flæði fjármagns gerir þær kröfur til allra þeirra sem með stjórn peningamála fara, stjórnmálamanna og viðskiptaaðila að þeir fjalli af varúð og ábyrgð um gjaldmiðilinn og skapi ekki ástæðulausar væntingar um veikingu hans þegar allar aðstæður benda til þess að hann mun styrkjast. Það er einnig versta tegund af utanríkisstefnu sem hugsast getur þegar menn kjósa að nálgast ESB eftir krókaleiðum, þar á meðal með því að grafa undan tiltrú íslensku krónunnar vegna þess að þeir hafa ekki kjark til að segja að þeir óski eftir inngöngu í bandalagið.

Með þetta sérstaklega í huga vil ég minnast þess sem hér kom fram í máli hv. formanns Samfylkingarinnar þegar hann sagði að þeir hefðu skilgreint samningsmarkmið sín varðandi Evrópusambandið. Þeir hafa vissulega gert það en þeir hafa ekki haft manndóm í sér til að lýsa því yfir að flokkurinn hafi áhuga á inngöngu. Um þetta er eitthvað því um líkt að segja að menn hafi skilgreint hvað væri fólgið í því að ferðast til London en hafa ekki haft manndóm í sér að taka ákvörðun um að fara til London. Allar slíkar bollaleggingar eru mjög sérkennilegar, ekki síst vegna þess að ljóst er að við getum ekki orðið aðilar að Evrópusambandinu á næstu árum og Evrópusambandið mun að sjálfsögðu ganga í gegnum ýmiss konar þróunarferli áður en slíkt stendur til boða, en þá er verið að ýja að því án þess að menn geti tekið um það ákvörðun að rétt sé að við eigum að vera þarna innan borðs án þess að menn hafi kjark í sér til þess að taka þá ákvörðun. Þetta er að leika tveimur skjöldum og það er engum stjórnmálasamtökum sæmandi.

Ég mun síðar í máli mínu koma inn á nokkur atriði er fram komu í ágætri ræðu hæstv. utanrrh. og víkja að þeim nánar en ég hef nú tíma til.

[12:20]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig haft skammar signingar yfir skýrslu hæstv. utanrrh. af því sem afstaða Frjálslynda flokksins til ýmissa meginatriða í utanríkismálum er hin sama og ríkjandi stjórnarstefna þótt þar kunni og sé nokkur blæbrigðamunur á. Ég mun þess vegna víkja eftir hendinni að ræðu hæstv. ráðherra eftir því sem henni skilaði fram.

Hann vék sem vonlegt var í upphafi máls síns að hinum ógnarlegu atburðum, hryðjuverkunum í Bandaríkjunum. En það má segja kannski að fátt sé svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott, og á ég þar við að lýðræðisþjóðirnar hafa náð höndum saman í baráttunni gegn þeirri ógn. En ekki er séð fyrir endann á þessum atburðum og raunar má segja að 11. september hafi brotist út þriðja heimsstyrjöldin. Menn sáu fyrir strax að þetta mundi hafa ógnarlegar afleiðingar en ekki eru öll kurl komin til grafar, því miður, og þess verður langt að bíða.

Sérstaka athygli vekur og veldur feginleik a.m.k. í brjósti þess sem hér stendur hversu breytt er afstaða Rússlands til vestrænna ríkja og gagnkvæmt. Það er kannski vegna þess að þeir sem muna kalda stríðið og þær áhyggjur sem menn báru í brjósti vegna þeirra atburða sem menn áttu e.t.v. von á, svo ég nefni Kúbudeiluna, til hvers það gæti leitt. Menn áttu á öllu von. En nú er þetta svo gerbreytt, að vísu breyttist það við fall Sovétríkjanna á sínum tíma í grundvallaratriðum, en núna er breytingin orðin alger að kalla má þar sem gera má kannski ráð fyrir að Rússland gerist a.m.k. óbeinn aðili að varnarsamtökum hinna vestrænnu þjóða.

Ég vil skjóta því hér inn í að á því hefur borið þegar í stað að hæstv. ríkisstjórn hefur viljað nota þessa geigvænlegu atburði í Bandaríkjunum sem skálkaskjól fyrir þeirri stöðu efnahagsmála sem við stöndum nú frammi fyrir. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson lét þess getið að ástand efnahagsmála okkar væri óskylt atburðunum og það er rétt að svo komnu. En hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist alls ekkert á að efnahagsmál okkar væru með öllu óviðkomandi þróun viðskiptamála heimsins. Það var ósköp dapurlegur útúrsnúningur sem hv. formaður utanrmn. viðhafði hér. En að öðru leyti er hv. þm. Össur Skarphéðinsson fullfær um að svara fyrir sig.

Hæstv. utanrrh. leggur á það áherslu „að engin réttlæting getur nokkurn tíma fundist á voðaverkunum ...“ eins og þar segir orðrétt, með leyfi forseta.

Það er rétt, en maður hlýtur að leiða hugann að stöðu mála fyrir Miðjarðarhafsbotni. Komið hefur skýrt fram af hálfu hryðjuverkamanna — þó ekki sé það kannski mikið að marka — að það ástand sem er að finna fyrir Miðjarðarhafsbotni milli Ísraela og Palestínumanna hafi haft úrslitaáhrif á hegðan þeirra.

Ég álít það undirstöðuatriði að þær deilur verði settar niður, þessari vargöld linni. Og þar eiga þeir sem nú beita sér gegn hryðjuverkamönnunum að vera og hljóta að vera fremst í fylkingu, að ég tali ekki um Bandaríkjamenn. En ekki er fyrir það synjað að Bandaríkjamenn geta talist hafa verið nokkur hlífiskjöldur Ísraela. Ég held að þetta sé undirstöðuatriði og það verði miskunnarlaust að beita öllum ráðum til að setja þær deilur niður með góðu eða illu og bera á aðila fé ótakmarkað ef ekki gengur betur með öðrum hætti.

Það er líka rétt sem hér kemur fram að alþjóðaviðskiptamál og utanríkismál okkar og rekstur þeirra er undirstaða framgangsmála og velferðar okkar.

Hér hefur langt mál verið haft um samning okkar við Evrópu enda þótt það væri ekki gert að aðalmáli í ræðu hæstv. utanrrh. Menn hafa minnt á EES-samninginn og borið hefur á því reyndar að menn væru með samviskubit út af afstöðu sinni í gamla daga til þess samnings. Það kom bæði fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hæstv. utanrrh. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að menn ættu ekki að vera að rifja upp liðna atburði þar sem afstaða manna mótaðist jafnan af því umhverfi og þeim tímum sem þá eru í hvert eitt sinni. En ég bið menn að athuga að um framtíðaráætlanir okkar höfum við fæst að byggja á nema reynslu sögunnar.

Hér minntist hæstv. utanrrh. á hina tæknilegu endurskoðun sem Evrópusambandið er tilbúið til að gera á þeim samningi en eins og ég skil orðin svo sem mér virtust fram koma í svörum hæstv. ráðherra þá yrði þar ekki feitan gölt að flá. Að vísu er mikilvægt að ná inn í ýmsar nefndir sem hafa með að gera úrslitamál sem okkur varða og ég er ekki að draga í efa að þetta er mikilvægt í sjálfu sér en við getum ekki bundið miklar vonir við þetta.

Ég verð tímans vegna að leiða hjá mér ýmislegt sem skiptir miklu máli en ég rekst hér á og hnaut sérstaklega um í ræðu hæstv. ráðherra það sem hann fer nokkrum orðum um afnám ríkisstyrkja og vitna í ræðu hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ég hef áður bent á mikilvægi þess fyrir samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs að ríkisstyrkir verði almennt aflagðir. Þetta hefur verið meginhersla okkar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þar höfum við Íslendingar verið í fylkingarbrjósti ríkja sem lagt hafa til að unnið verði að samkomulagi á vettvangi stofnunarinnar um afnám ríkisstyrkja.“

Ég verð að segja að ég hef margsinnis hnotið um þessar yfirlýsingar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og þó aðallega hæstv. utanrrh. um að við værum í fylkingarbrjósti þeirra sem vildu berjast gegn því að ríkisstyrkir væru veittir, sér í lagi til sjávarútvegsmála. Þetta er náttúrlega skrum eitt og fráleitt að þetta komi heim og saman við staðreyndir máls. Hvað kallar hæstv. utanrrh. t.d. greiðslu ríkisins á skattafslætti til sjómanna? Það er auðvitað stór fjárhæð sem útgerðinni ber að greiða. Þetta er beinn ríkisstyrkur að sjálfsögðu. Ég ætla ekki að minnast á þann ógnarríkisstyrk sem í því er fólginn að afhenda útgerðarmönnum auðlind almennings gefins og án endurgjalds og minnir mig að hv. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, hafi reiknað það út að ríkisstyrk mætti telja allt að 6 milljörðum kr. sem ríkissjóður Íslands veitir sjávarútveginum. Þetta er því heldur einkennileg málafærsla og mætti segja mér að kynni að koma okkur í koll þegar aðrir átta sig á því hver staðan í raun og veru er.

Það er eins og ég sagði og fram kemur hér að rekstur utanríkismálanna er undirstöðuatriði líka og ekki síst vegna viðskiptahátta og undirstöðuatriði er það að ná sem traustustum viðskiptasamböndum við nýja stórmarkaði eins og nefndir eru hér í Kína og Japan. Annað mál er það að við þurfum ekki að haga okkur eins og einhverjir oflátungar í kostnaði sem stofnað er til, eins og við höfum dæmi um í Japan, vegna þess að frekar væri og árangursríkara hygg ég að styrkja samtök útflytjenda eins og sér í lagi sjávarútvegsafurða til þess að ná viðskiptasamböndum við þessi ríki, enda hafði þeim tekist vel sem svo reynslan sannar áður.

En það sem vakti athygli mína, þó að ég hafi ekki tíma til að víkja að því sem skyldi — ég mun gera það í síðari ræðu — var það sem ekki stóð í skýrslunni og það var útlegging á hugsanlegri inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Ég átti von á því sérstaklega af því að mér skildist að á nýafstöðnu þingi Framsfl. hefðu þessi mál verið mjög til umfjöllunar, enda hafði flokkurinn efnt í stóra nefnd til að ræða þessi mál og rannsaka, og eins á þingi Samfylkingarinnar var þetta í upphafi gert að aðalmáli en virtist svo skákað út af borðinu af aðalforustumanni Samfylkingarinnar í Reykjavík, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En það er ánægjulegt að þeir hafi unnið drengilega og skarplega að þessu og gjarnan vildi ég fá

þessa útgefnu bók þeirra í hendur gegn vægu gjaldi. Þar er af ýmsu að taka. Ég vil leggja á það áherslu að við í Frjálslynda flokknum höfum lýst því yfir frá upphafi að við vildum ræða þessi mál og rannsaka til hins ýtrasta, hins vegar væru það stórir agnúar á mögulegri aðild okkar að fram hjá þeim yrði ekki gengið eða komist að óbreyttu.

Þar vil ég tímans vegna aðeins nefna að að svo komnu, eftir þeim upplýsingum sem bestar fást, virðist blasa við að útilokað sé fyrir okkur að ganga í bandalagið vegna stefnu þess í sjávarútvegsmálum. Það virðist með öllu útilokað annað en ganga þar við inngönguna undir jarðarmen sem við getum aldrei og með engum hætti sætt okkur við. Yfirstjórn nýtingar landhelgi okkar færðist blátt áfram til Brussel. Þetta er aðalásteytingarsteinninn að mínum dómi. Ég geri miklu minna úr evrunni. Ég er að vísu ekki tilbúinn til þess að fallast á að hún verði gerð að gjaldmiðli okkar enda slík ákvörðun bundin því að við gengjum í þetta umrædda samband. Nei, það er mikilvægt að stunda rannsóknir á þessu stórmáli. Vera kann að við neyðumst til þess að ganga í sambandið en það verður þó aldrei nema að breytt verði frá því sem nú gildir og virðist gilda um sjávarútvegsmálin.

Ég vil að endingu þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu. Hún er vönduð og upplýsandi og ég spyr forseta vorn og forsetadæmið: Vildi hann ekki athuga það að þetta yrði fordæmi fyrir önnur ráðuneyti þannig að við tækjum upp á því, t.d. að afloknu jólaleyfi, að eyða einu formiðdegi í að ræða skýrslur um helstu mál sem eru á döfinni hjá ráðuneytunum, tækjum okkur kannski tíma frá kl. 9 að morgni til 12 með takmörkuðum ræðutíma. Þetta bið ég vinsamlegast um að verði athugað sérstaklega því að umræður um þessi mál eru mjög mikils virði til viðbótar þeim sem stundaðar eru við tillöguflutning og að öðru leyti á Alþingi.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun taka ábendingar þingmannsins til athugunar.)

[12:35]

Útbýting þingskjala:

Flutningur Byggðastofnunar, 274. mál, svar iðnrh., þskj. 433.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 255. mál, svar umhvrh., þskj. 432.

Iðnaðarlög, 137. mál, nál. iðnn., þskj. 428; brtt. iðnn., þskj. 429.

Rafgirðingar, 264. mál, svar iðnrh., þskj. 395.

Rekstrarleyfi fyrir heilbrigðisþjónustu, 335. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 427.

[12:36]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir efnismikla skýrslu þar sem fjallað er um ýmis mál sem varða alþjóðasamfélagið og sem reyndar varða okkur Íslendinga jafnframt því þegar fjallað er um utanríkismál er í senn verið að fjalla um innanríkismál. Þannig er nú samspil þessara hluta.

Þetta samspil hefur aukist mjög á undanförnum árum og áratugum samfara auknu frjálsræði í samskiptum ríkja heims og auknum alþjóðaviðskiptum. Útflutningsviðskipti bera uppi þær þjóðartekjur sem leggja grunninn að samfélagi okkar og velferð. Því er augljóst að samfélag okkar og efnahagskerfið er mjög opið fyrir utanaðkomandi áhrifum og margt af því sem gerist í alþjóðasamfélaginu hefur bein áhrif á aðstæður okkar.

Árásirnar á Bandaríkin þann 11. september sl. og afleiðingar þeirra hafa þegar haft mikil áhrif á samfélag okkar og hagkerfi og líkur eru til að þar séu ekki öll kurl komin til grafar. Við fyrstu sýn töldu ýmsir að þessir atburðir ættu sér stað svo langt frá okkur að áhrifin á samfélag okkar yrðu ekki mikil, a.m.k. ekki til lengdar litið. Staðreyndirnar segja okkur allt annað. Við höfum þegar orðið vitni að því að afleiðingar þessa hildarleiks fyrir efnahagskerfi heimsins og heimsviðskipti koma fram í samdrætti, minnkandi hagvexti og tekjutapi. Við Íslendingar verðum áþreifanlega varir við þetta í hagkerfi okkar, umsvif og tekjur minnka og margt þarf að hugsa upp á nýtt.

Ef litið er til nánustu framtíðar er von til þess að þessir hlutir færist í jafnvægi á ný og alþjóðasamfélagið aðlagist breyttum aðstæðum. Svo hörmulegir sem atburðirnir í Bandaríkjunum voru má sjá jákvæðar hliðar ef litið er til afleiðinga þeirra. Ógnir hryðjuverkanna virða ekki landamæri ríkja né eiga við einstaka heimshluta. Hryðjuverkaváin ógnar gervallri heimsbyggðinni. Þessi veruleiki hefur skapað þjóðum heimsins samstöðu um að taka höndum saman í baráttunni gegn hryðjuverkaöflum. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að stórveldin skuli taka saman höndum í sameiginlegri baráttu gegn glæpum en tilefni þess hefði mátt vera annað en raun ber vitni. Friðelskandi fólk ber þá von í brjósti að þessi samheldni megi halda áfram og þróast í þá veru að heimsfriður verði betur tryggður en áður.

Árásirnar á Bandaríkin hafa hreyft við ýmsu. Umræðan hér á landi um aðild Íslands að NATO hefur á vissan hátt hafist á ný og er nú litið til fleiri hliða málsins en áður. Samstarf íslenskra stjórnvalda og varnarliðsins í Keflavík hefur eflst og aukin áhersla hefur verið lögð á varnir landsins gegn hryðjuverkaöflum. Á vegum NATO hafa verið haldnar varnaræfingar hér á landi og hafa þær beinst að vörnum gegn hryðjuverkum sérstaklega.

Fullyrða má að vera varnarliðsins hér á landi hafi sjaldan eða aldrei haft jafnmikla þýðingu fyrir íslensku þjóðina og nú. Því hefur verið haldið fram að tilvist og viðbúnaður varnarliðsins og íslenskra yfirvalda hafi gert það að verkum að Ísland sé eitt öruggasta land heimsins gagnvart árásum hryðjuverkaafla. Í þessu sambandi mætti spyrja sig ákveðinna spurninga: Ef Ísland væri ekki aðili að NATO og hér væri ekki varnarlið, í hvaða sporum værum við þá? Við rekum ekki her og þjóðin er sammála um að þannig viljum við hafa það. Við rekum ekki öryggissveitir að öðru leyti en því sem á við lögreglulið okkar.

Miðað við þær aðstæður sem nú eru í heiminum, ógn hryðjuverkanna og þann ótta sem henni fylgir, hvernig mundum við haga málum okkar við þær aðstæður ef við værum ekki aðilar að NATO? Þetta er stór spurning sem þeir þurfa að svara sem harðast hafa gengið fram í andstöðu við aðild okkar að NATO og veru varnarliðsins hér á landi. Ég tel nauðsynlegt að fá slík svör frá þessum aðilum þannig að sá málflutningur sem lýsir andstöðu gegn aðild Íslands að NATO sé málefnalegur en ekki eins og í flestum öðrum málaflokkum að byggjast nær eingöngu á því að skapa sér sérstöðu með því að vera á móti.

Útflutningur og alþjóðaviðskipti eru grundvallarmálefni fyrir okkur Íslendinga. Það er því eitt stærsta og mikilvægasta viðfangsefni utanríkisþjónustunnar að standa vel og myndarlega að því að vinna með íslensku atvinnulífi við að afla markaða fyrir íslenskar útflutningsafurðir og stofna til alþjóðlegra viðskipta. Utanríkisþjónustan hefur staðið að

þessum málum með miklum sóma. Hæstv. utanrrh. hefur lagt mikla áherslu á þessi mál og náðst hefur góður árangur. Ljóst er að slík verkefni kosta mikla fjármuni en líta verður á það sem ákveðna fjárfestingu sem skilar þjóðarbúinu fjármunum til baka þegar til lengri tíma er litið. Því má ekki gleyma að í þessu felast miklir hagsmunir þjóðarinnar vegna þess hve við erum háð alþjóðaviðskiptum. Að undanförnu höfum við verið að efla utanríkisþjónustuna, m.a. með opnun sendiráða í nokkrum löndum. Um þau mál hefur verið góð samstaða á Alþingi og tillögur um það hafa komið bæði frá stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum. Það er því æðiskondin staða þegar stjórnarandstaðan hleypur upp til handa og fóta og gagnrýnir opnun sendiráðs í Japan vegna þess hve mikla fjármuni það kostar þjóðina.

Vissulega felst í því mikill kostnaður fyrir ríkissjóð en það vissu menn á þeim tíma þegar fjallað var um tillögu um opnun sendiráðs í Japan. Tillagan var flutt af þáv. hv. þingmönnum sem nú eru meðlimir í stjórnarandstöðuflokkum á Alþingi og um málið var full samstaða. Í þessu máli ættu menn að reyna að vera samkvæmir sjálfum sér og láta af þeirri gagnrýni sem haldið hefur verið uppi og beint gegn hæstv. utanrrh. Íslenskt sendiráð í Japan skiptir okkur miklu máli og á án efa eftir að skila þjóðinni ávinningum í framtíðinni, ekki síst ef litið er til ferðamannaiðnaðarins og viðskipta með sjávarafurðir.

Herra forseti. Umhverfismál í víðum skilningi eru einn af þeim málaflokkum sem varðar alla heimsbyggðina. Umhverfismálin varða nútíðina en þó öllu fremur framtíðina og lífsskilyrði afkomenda okkar. Það sem stendur okkur Íslendingum næst á sviði umhverfismála er lífríki hafsins, hvernig viðgangur þess verður í framtíðinni og hvernig þjóðum heims mun takast að nýta auðlindir hafsins með sjálfbærum hætti. Afrakstur fiskstofna við Ísland skilar þjóðarbúinu mestum hluta þeirra tekna sem við byggjum samfélag okkar á. Það eru því gríðarlegir hagsmunir fyrir okkur að lífríki hafsins sé verndað.

Hér áður fyrr var stundum sagt að lengi tæki sjórinn við. Ekki eru mjög mörg ár síðan við Íslendingar hættum að kasta sorpi og öðrum úrgangi í sjóinn. Vitundin um að sjórinn er ekki ruslahaugur heldur matarkista og auðsuppspretta hefur vaxið mjög á undanförnum árum. Því miður vantar mikið upp á að umgengni við hafið sé í lagi á alþjóðlega vísu og ef ekki verður breyting þar á er hætt við að illa fari. Stjórnlaus nýting fiskstofna viðgengst víða og stunduð er rányrkja sem ógnar tilvist einstakra stofna. Alls kyns efni og úrgangi er fleygt í hafið og nægir þar að nefna iðnaðarúrgang og kjarnorkuúrgang.

Við höfum lengi barist gegn því að Bretar losi úrgang frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum sínum í hafið. Það er augljóst að ef ekki verður breyting þar á munu áhrif þessarar mengunar fyrr eða síðar koma fram hér við land. Það er með ólíkindum hve bresk yfirvöld eru fáskipt út af þessum málum. Sú þjóð hefur að vísu stundum jaðrað við að teljast umhverfissóðar en það er með öllu óverjandi gagnvart framtíðinni að þeir haldi þessari iðju áfram og gegn því verðum við að beita okkur með öllum ráðum í samstarfi við aðrar þjóðir, svo sem Norðmenn. Það er augljóst að í víðu samhengi verður ekki komið í veg fyrir mengun hafsins nema með alþjóðasamvinnu þar sem mengunin virðir engin lögsögumörk ríkja. Þar getum við Íslendingar lagt mikið af mörkum.

Vernd hafsins er eitt þeirra mála sem eru efst á baugi í umræðu margra alþjóðasamtaka sem láta sig umhverfis- og auðlindamál varða. Langt er í land í þeirri umræðu og má reikna með að hún eigi eftir að verða mjög áberandi í náinni framtíð. Þjóðir heimsins hafa í auknum mæli vaknað til vitundar um mikilvægi þess að hafið verði verndað gegn mengun og að auðlindir þess verði nýttar á sjálfbæran hátt núlifandi og komandi kynlóðum til farsældar. Allt fer þetta mjög vel saman við hagsmuni okkar Íslendinga.

Ástand fiskstofna er alþjóðlegt áhyggjuefni og er ljóst að ástand margra þeirra fer versnandi. Ofveiddum stofnum hefur fjölgað og margir mikilvægustu nytjastofnarnir eru nú þegar fullnýttir. Þetta ástand hefur sín áhrif á lífríki hafsins og raskar jafnvægi náttúrunnar. Það er mikilvægt verkefni þjóðanna að vinna saman að sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins með framtíðarhagsmunina að leiðarljósi.

Eitt af því sem skiptir miklu varðandi nýtingu og afrakstur fiskstofna er að samstaða náist um það meðal ríkja heimsins að ríkisstyrkir til sjávarútvegs verði lagðir af. Ríkisstyrktur sjávarútvegur þekkist víða og það hefur m.a. áhrif á samkeppnisstöðu sjávarútvegs þeirra ríkja sem ekki njóta ríkisstyrkja, t.d. íslensks sjávarútvegs. Einnig er ljóst að ríkisstyrkir til sjávarútvegs eru til þess fallnir að hvetja til ofveiði og offramleiðslu, þar sem viðkomandi sjávarútvegur er þar með ekki rekinn út frá hagkvæmni- og arðsemissjónarmiðum.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á að ríkisstyrkir til sjávarútvegs verði aflagðir. Í því liggja miklir hagsmunir fyrir íslenskan sjávarútveg og þjóðarbú okkar. Það skiptir einnig og ekki síður máli varðandi sjálfbæra nýtingu fiskstofna.

Alþingi hefur ályktað að hefja beri hvalveiðar á ný við Ísland. Við höfum lagt áherslu á sjálfbæra nýtingu hvalastofna. Friðun hvala hefur valdið því að þeim hefur fjölgað mjög við landið og eru stofnarnir nánast að vaxa okkur yfir höfuð. Hvalirnir eru í beinni og öflugri samkeppni við okkur um fiskstofnana og við verðum að beita okkur af fullu afli á alþjóðlegum vettvangi til að hvalveiðar hefjist hér á ný sem fyrst.

Andstaða margra ríkja heims gegn hvalveiðum er andstæð almennum sjónarmiðum um sjálfbæra nýtingu. Þar að baki liggur óskiljanleg pólitík sem mótast m.a. af afstöðu almennings til hvala og byggist sú afstaða að miklu leyti á vanþekkingu og barnalegum sjónarmiðum. Einnig láta stjórnvöld í ýmsum ríkjum stjórnast af öfgafullum áróðurssamtökum sem misnota náttúruverndarhugsjónir. Íslensk stjórnvöld hafa verk að vinna við að koma ályktun Alþingis til framkvæmdar.

Einn hluti alþjóðlegu umræðunnar um umhverfismál snýst um loftslagsbreytingar. Nýlega fór fram hér á Alþingi umræða um skýrslu hæstv. umhvrh. um niðurstöður 7. aðildarþings Sameinuðu þjóðanna í Marrakesh um loftslagsbreytingar. Á þeirri ráðstefnu náðist samkomulag um útfærslu Kyoto-bókunarinnar um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Hluti niðurstöðunnar var samþykkt aðildarríkjanna á hinu svonefnda íslenska ákvæði sem gerir litlum ríkjum mögulegt að ráðast í verkefni sem nýta endurnýjanlega orkugjafa, þótt því fylgi staðbundin aukning á losun koldíoxíðs.

Þetta mál er gott dæmi um sameiginleg alþjóðleg hagsmunamál sem skipta okkur Íslendinga miklu máli. Innanlandshagsmunir okkar lúta að atvinnuuppbyggingu og nýtingu innlendra og endurnýjanlegra orkugjafa til atvinnu- og

verðmætasköpunar. Með öðrum þjóðum höfum við sameiginlegra hagsmuna að gæta til framtíðar varðandi lífsskilyrði á jörðinni. Í þessu máli sem öðrum höfum við látið mikið að okkur kveða og tekið þátt í því sameiginlega verkefni þjóða heims að gæta hagsmuna framtíðarinnar.

Niðurstaðan í Marrakesh getur falið í sér ýmis sóknarfæri fyrir Íslendinga, m.a. hvað varðar útflutning þekkingar á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, einkum jarðvarma. Samningurinn felur í sér hvata fyrir þróunarlönd til að nýta jarðvarma til orkuvinnslu og í því getur falist verulegur ávinningur fyrir okkur, bæði ef litið er til efnahagslegra þátta og einnig til öflunar losunarheimilda til notkunar við atvinnusköpun hér á landi.

Niðurstöðum loftslagssamningsins fylgja einnig neikvæðar hliðar. Það er mat manna að stórar iðnþjóðir munu samhliða því að draga úr notkun orkugjafa sem valda loftmengun, auka orkuframleiðslu með kjarnorku. Orkuframleiðsla með kjarnorku veldur ekki þeirri mengun sem fjallað er um í loftslagssamningnum og Kyoto-bókuninni og því er gert ráð fyrir því að þessi þróun geti m.a. átt sér stað í Japan.

Í samhengi við umræðuna um verndun lífríkis hafsins þá er þetta verulegt áhyggjuefni. Upp koma ýmsar áleitnar spurningar eins og: Hvað verður um úrgang frá kjarnorkuverunum? Munu Japanar flytja hann til annarra ríkja til endurvinnslu eða geymslu? Hvernig verður meðhöndlun þessara hættulegu efna þá hjá viðkomandi ríkjum? Fyrir okkur er eðlilegt að spyrja þess hvort t.d. Japanar mundu semja við Breta um endurvinnslu úrgangs í Sellafield eða Dounreay. Og hvernig verður sá úrgangur fluttur milli þessara landa? Lengi hefur sá möguleiki verið til skoðunar að skipaumferð fari norðurleiðina milli Asíu og Evrópu. Ef kjarnorkuúrgangur kemur til með að verða fluttur þá leið, er komið upp mjög alvarlegt áhyggjuefni fyrir þjóðirnar við Norður-Atlantshaf. Ég legg áherslu á þessar hugleiðingar og hvet íslensk stjórnvöld að vera vel á verði vegna þessara mála í nánustu framtíð.

Herra forseti. Samspil innanríkis- og utanríkismála hefur aukist mjög á liðnum árum og við blasir að sú þróun muni halda áfram í nánustu framtíð. Ég hef í ræðu minni beint sjónum sérstaklega að umhverfis- og auðlindamálum og dregið fram hve samofnir hagsmunir okkar sem þjóðar eru alþjóðlegum hagsmunum og hve miklu máli þeir skipta fyrir framtíðina. Það er augljóst að beint samhengi er milli umhverfisverndar og skynsamlegrar nýtingar náttúruauðlinda annars vegar og efnahagslegra hagsmuna hins vegar. Þessir hagsmunir fara einfaldlega saman og það vekur vonir um að þjóðir heims muni láta umhverfis- og auðlindamálin meira til sín taka í framtíðinni, ekki síst þar sem því fylgir efnahagslegur ávinningur þegar upp er staðið.

[12:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem fær mig til að bregðast við ræðu þingmannsins eru orð hans um sendiráð í Japan. Mér er farið að leiðast svolítið þetta hálfgerða nöldur út af stjórnarandstöðunni og sendiráðsmálum.

Það er þannig, herra forseti, að ákvörðun um að opna sendiráð er eitt og útfærsla og kostnaður við þann gjörning annað. Ríkisstjórnin ákvað að útfæra það þannig að fjárfesta í húsnæði. Það getur verið rétt ákvörðun en hún getur líka verið röng. Þetta var val ríkisstjórnarinnar. Stofnkostnaður fer ekki í rekstur, hvorki hér heima né úti. Þessar miklu fjárfestingar byggjast á ákvörðunum stjórnvalda og það verður ekki fjárfest í öðru eða annars staðar fyrir sömu peninga.

Ég býst við að umræðan hafi verið um þetta, þótt ég hafi reyndar ekki verið viðstödd umræðu um sendiráðið í Japan í þessum sal. Ég minni á að þegar ákvörðun var tekin á fjáraukalögum um að verja 800 millj. kr. til þessara fjárfestinga vegna sendiráðs í Japan þá sat Samfylkingin hjá. Hún lagðist ekki gegn því en hún studdi það heldur ekki og það þýðir ekkert að vera með viðkvæmni yfir því þó öll mál séu ekki studd, vegna þess að það er handhafi framkvæmdarvalds sem ber ábyrgðina og velur sína leið. Um þá leið er ekki endilega góð sátt en það er sú leið sem hann vill fara. Við bara virðum það. Við skulum hafa þessa umræðu betur á hreinu en verið hefur.

[12:52]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur finnst eitthvert nöldur í mér, í þessu tilfelli, varðandi umræðuna um sendiráð í Japan og einhver viðkvæmni út af því að stjórnarandstaðan sé ekki sammála. Það er algjörlega rangt mat hjá hv. þm. Ég er hvorki með nöldur né viðkvæmni út af því. Hins vegar hefur verið bent á að í umræðunni á sínum tíma, þegar tillagan um stofnun sendiráðs í Japan var rædd á þinginu, þá hafi verið bent á að þetta mundi kosta mikla fjármuni. Það komu fram upplýsingar um það. Menn vöruðu við því og það lá allt fyrir en það var full samstaða í þinginu um það mál.

Það sem ég var að benda á var að þrátt fyrir að þessar upplýsingar hafi komið fram við þá umfjöllun þá er haldið áfram að láta eins og svo hafi ekki verið. Menn gagnrýna hér hástöfum að ráðist sé í hinar og þessar fjárfestingar, í þessu tilfelli á sendiráði í Japan, með miklum tilkostnaði. Það er auðvitað rétt að af þessu er mikill kostnaður. Ég vil hins vegar ekki taka undir að það sé eitthvert nöldur eða nagg hjá mér að benda á þetta. Mér finnst frekar að andsvar hv. þm. hafi jaðrað við nöldur.

[12:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að vanda sig við orðaval í þessum ræðustól. Staðreyndin er hins vegar sú að ég held að t.d. minn flokkur hafi almennt stutt opnun sendiráða. Við meinum það þegar við segjum að við viljum sókn á erlenda markaði og styðja þannig við útflutningsfyrirtæki. Okkur er alvara með því.

En ég undirstrika að það er ríkisstjórn á hverjum tíma sem ákveður með hvaða hætti hún hefur þessi mál. Eins og ég sagði þá má vel vera að besta niðurstaðan hafi verið að kaupa húsnæði. Ég legg ekki mat á það.

Ég get líka tekið undir þau orð sem hæstv. utanrrh. lét falla í einhverju viðtali að auðvitað væri hvenær sem er hægt að selja húsnæðið, losa þannig fjármagn og leigja í staðinn, þ.e. ef einhverjum finnst það betra. Það sem ég er að undirstrika er að ákvörðun um sendiráð, ákvörðun um þróun mála er eitt, útfærsla er annað, útfærslan sem liggur hjá hæstv. ríkisstjórn. Og hafi verið gagnrýni hér hefur hún trúlega aðallega verið vegna fjármagnskostnaðar og hvort binda hefði átt fjármagn þarna eða annars staðar, hún hefur ekki komið frá okkur að því er ég best veit. Og mér finnst mikilvægt að menn átti sig á þessu og ræði raunhæft um hlutina, auk þess sem það er mikilvægt að stjórnarandstaða á hverjum tíma ræði málin, málin sem hún hefur ekki aðkomu að, og veiti þar með aðhald.

[12:56]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákvörðun er eitt og útfærsla annað, auðvitað er margt til í því. Það er líka nauðsynlegt að halda því til haga að þegar ákvörðun hafði verið tekin og unnið var að útfærslu þessa máls, um sendiráð í Japan, þá var það kynnt í þinginu. Það var t.d. kynnt í utanrmn. hvernig með þetta yrði farið. Þar kom fram að keypt yrði hús í Japan með þeim tilkostnaði sem þar varð. Ég átti að vísu ekki sæti í nefndinni á þeim tíma en hef fengið upplýsingar um að full samstaða hafi verið um málið.

Ég get tekið undir það að þetta eru miklir peningar en það þýðir ekki að hlaupa svo frá þessu, eins og mér hefur stundum fundist við þessa umræðu, líkt og menn hafi ekki haft hugmynd um þetta og ekkert komið að þessu máli.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. hóf mál sitt á umræðu um alþjóðastjórnmál og hryðjuverk, en að öðru leyti er ræða hans fyrst og fremst um utanríkisviðskiptapólitík. Og þó mér finnist vanta ákveðnari pólitík um hvernig eigi að taka á mörgum vandamálum sem við blasa finnst mér mjög áhugavert að taka ákveðið þema fyrir í utanríkisumræðunni á þennan hátt. Ég mun halda mig við það svið sem ráðherrann gerir að meginefni í stað þess að fara vítt og breitt um önnur áhugasvið á vettvangi utanríkismálanna. En fyrst vil ég bregðast við umfjöllun utanrrh. varðandi breytingar í samskiptum þjóða eftir 11. september og áhyggjum yfir hvaða áhrif neikvæð þróun muni hafa á heimsviðskipti. Ég tek undir varnaðarorð og er sammála því að við verðum að bregðast við þeim afleiðingum með öllum tiltækum ráðum.

Fyrirhugað var að fá yfirferð í utanrmn. í október/nóvember á tillögum í skýrslu utanrrn. frá 1999, um öryggis- og varnarmál. Hvaða tillögum hefur verið ákveðið að hrinda í framkvæmd, hvar standa þau mál og á hvaða aðgerðir kallar ástandið í dag varðandi varnir gegn hugsanlegum hryðjuverkum? Því miður hefur þessi yfirferð ekki farið fram, en væri afar gagnlegt ef við hefðum verið búin að fá hana áður en utanríkismálin komu hér á dagskrá. Hún hefði svo sannarlega átt heima í þeirri umræðu.

Herra forseti. Norðurlönd hafa góða reynslu af samvinnu sín á milli og jafnframt innbyrðis samvinnu í alþjóðlegum samskiptum. Á síðasta Norðurlandaþingi voru hryðjuverkin og innrásin í Afganistan í brennidepli utanríkisumræðunnar og brýn áhersla lögð á alþjóðlegt samstarf undir forustu Sameinuðu þjóðanna við hjálparstarf og enduruppbyggingu.

Utanríkisráðherrar lýstu stuðningi við þá stefnumörkun Norðurlandaráðs að löndin hafi nánara samstarf um þátttöku í friðargæslu, fyrirbyggjandi aðgerðir á spennusvæðum, áhættustjórnun og uppbyggingu á svæðum í kjölfar átaka og við þær tillögur að setja á laggir tvo starfshópa milli landanna í þessu skyni. Markmið er að með því að sameina og samnýta krafta sína gætu Norðurlönd aukið sameiginlegan innbyrðis styrk sinn til friðargæslustarfa og í því alþjóðlega samstarfi sem þau eru hluti af. Í umræðunni var bent á góða reynslu af samstarfi NORDCAPS hvað slíka samvinnu varðar.

Sú afstaða kom fram af hálfu utanríkisráðherranna á þinginu að ráðherrar Norðurlandanna mundu við öll tækifæri þrýsta á um að Evrópa gerði kröfu til Bandaríkjanna um lausn í málum Palestínu — viðvarandi að auka þrýsting á Ísrael, svo ég vísi í orð Mogens Lykketofts, þáverandi utanríkisráðherra Dana, sem sagði af þessu tilefni:

„Alls staðar skulum við beina því til Bandaríkjanna að þeirra aðaltakmark verði á sama hátt og Evrópu, að leysa deiluna."

Í gær, í rafrænu fréttabréfi frá Evrópusambandinu, má sjá tvær athyglisverðar yfirlýsingar annars vegar um að vörur, upprunnar frá landnemabyggðum Ísraela á Vesturbakkanum, Gazaströndinni, Austur-Jerúsalem og Gólanhæðum falli ekki undir viðskiptasamning Evrópusambandsins og Ísraels. Og svo hitt að leiðtogar Evrópusambandsins lýsa stuðningi við stefnu Bandaríkjastjórnar í málefnum Mið-austurlanda og leggja áherslu á sameiginlega nálgun Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til að binda enda á ofbeldi og koma samningaviðræðum á skrið á ný. Þetta eru alveg nýjar samþykktir.

Herra forseti. Í dag er baráttudagur Palestínu. Ég vona að þessi dagur veki Íslendinga alla til umhugsunar um undirokunina og harðræðið sem þjóðin býr við. Ég vil lýsa ánægju með afstöðu hæstv. utanrrh. á þingi Sameinuðu þjóðanna um rétt Palestínu til að stofna sjálfstætt ríki.

Það er rétt að ólík ríki um víða veröld með mismunandi trúarbrögð, efnahag og stjórnkerfi hafa sameinast um það grundvallarmarkmið að uppræta hryðjuverk og efla öryggi. En við verðum að vita hvað þau eru tilbúin að leggja af mörkum til viðbótar því að fara inn í Afganistan í leit að hryðjuverkaforingjanum.

Það hlýtur að vera eitt brýnasta verkefni okkar að uppræta þá gróðrarstíu örvæntingar og haturs sem kúgun, aðskilnaðarstefna og fátækt veldur. Hér vil ég vekja athygli hv. þm. á þeirri staðreynd að um leið og ný ríkisstjórn í Danmörku herðir reglur gagnvart innflytjendum ætlar hún líka að minnka þróunaraðstoð um 20 milljarða íslenskra króna.

Herra forseti. Þetta finnst mér mikið áhyggjuefni.

Margir hafa talið að átökin milli Ísraels og Palestínu væru fyrst og fremst á heföbundnum landamærasvæðum. Staðreynd er að mannfall, árekstrar og niðurlæging er engu síður við eftirlitsstöðvarnar á lokuðum 220 smærri svæðum þar sem búið er að stía í sundur samfélagi manna. Oft er ekki hægt að komast á áfangastað hinum megin við götu án þess að fara margra klukkustunda leið í kringum önnur svæði. Sjúkt fólk, konur í fæðingu eru stoppaðar af. Mæður með nýfædd börn látnar standa klukkustundum saman á eftirlitsstöðvunum. Niðurlægjandi framkoma niðurlægingarinnar vegna.

Við höfum fengið að heyra slíkar frásagnir í hófsamri framsetningu læknisins og mannvinarins Mustafa Barghouthis sem hefur haldið á lofti málstað þjóðar sinnar.

Það er ósk mín, og væri besta jólagjöf vestrænna þjóða til sjálfra sín, að stíga nú með sameiginlegu átaki afdráttarlaus skref í að leysa málin fyrir botni Miðjarðarhafs.

Herra forseti. Ég ætla nú að víkja að viðskiptamálunum. Þróun alþjóðaviðskipta skiptir máli fyrir okkur, en ekki síður er það skylda okkar að tryggja hag þróunarríkja og tryggja markaðsaðgang þeirra fyrir vörur sínar.

Nýir markaðir og fríverslunarsamningar eru okkur afar mikilvægir, sem og afnám ríkisstyrkja í samkeppnisgreinunum á viðskiptasvæðum sem við eigum viðskipti á. En ég tek undir það að sú hugsun er áleitin hvort sú aðferð sem viðgengist hefur á Íslandi varðandi takmarkaðan aðgang að fiskibönkum og hvernig auðlindinni hefur verið úthlutað til sumra sem hafa valtað og skaltað með hana, selt og leigt

fyrir eigin vasa, hvort það mundi nú ekki teljast bærilegur ríkisstyrkur einhvers staðar.

Það er ágætt að fá í skýrslu heildaryfirsýn yfir utanríkisviðskiptin og verk utanrrn. en þá verðum við líka að geta rætt það af hispursleysi.

Síðast þegar við ræddum um utanríkismál voru Evrópumálin varla nefnd. En í utanríkisviðskiptapólitískri umræðu vega þau þungt. Utanrrh. telur vísbendingar um að Evrópusambandið sé tilbúið að ræða takmarkaða tæknilega endurskoðun EES-samningsins. Mér finnst holur tónn í þeim kafla, því það sem við þurfum er allt annað.

Fyrir skömmu lýsti ráðherra því yfir á Alþingi að hann væri ekki bjartsýnn á að ná fram áhersluatriðum okkar Íslendinga, sem er þátttaka í stofnunum Evrópusambandsins og breyting á bókun 9, og það er skiljanlegt.

Norskir þingmenn hafa nefnilega líka fengið sína skýrslu. Þeim finnst EES-samningurinn of góður til að vilja hrófla við honum. Önnur lönd mundu ekki fá slíkan samning í dag. Þeim finnst ekki ráðlegt að fara í breytingar, telja að efnisbreyting sé ekki fær leið. Það virðist skoðun þeirra að ekki sé unnt að ná fram breytingum nema verða við mótkröfum. Við erum alltaf svo bjartsýn á að fá það sem við viljum án þess að láta eitthvað á móti.

Við fengum afar góðan samning á sínum tíma. Það er óumdeilt. Hann var mjög mikilvægur fyrir atvinnulíf okkar, hvati að uppsveiflu í efnahagsþrengingum þess tíma.

Þá voru EFTA-ríkin mörg og sterk. En nú er EFTA-stoðin mög veik. Hana mynda Ísland, Noregur og Liechtenstein sem verða að vera samstiga og tala einni röddu til að ná árangri. Þau gera það ekki.

Nefndur áhersluatriði er í raun ágreiningur, svo talað sé tæpitungulaust. Ég spyr hæstv. utanrrh. og vona að hann heyri spurningu mína: Hafa einhverjar tillögur verið lagðar fram af EFTA hálfu?

Ísland styður fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins. Samfylkingin styður fyrirhugaða stækkun. Hún er jákvæð fyrir Evrópu. Löndin sem sækja binda mikla von við aðild, bæði efnahagslega og ekki síður varðandi öryggi heimafyrir. En á sama tíma og við styðjum stækkun, þá er hún efnahagsleg ögrun fyrir Ísland.

Fríverslunarsamningar við umsóknarlöndin falla úr gildi. Fyrirtæki okkar geta lent til hliðar og markaðsaðgengi versnað. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja versnar gagnvart aðildarlöndum. Miklir hagsmunir eru í húfi.

Ég tek eftir að utanrrn. hefur boðið atvinnulífinu til samstarfs um markaðssókn í Póllandi, sem verður eitt stærsta aðildarríki Evrópusambandsins eftir stækkun. Af hverju var ekki blásið til slíkrar markaðssóknar fyrir löngu? Hvers vegna sitjum við uppi með 1% markaðshlutdeild meðan Norðmenn munu njóta tollfríðinda í Evrópusambandinu út á 49% markaðshlutdeild sem þeir eru búnir að ná í Póllandi? Var atvinnulífið ekki tilbúið fyrr, eða uggðu stjórnvöld ekki að sér?

Í umræðu á Alþingi um áhrif upptöku evrunnar sagði hæstv. utanrrh. að gera mætti ráð fyrir að samkeppnisstaða fyrirtækja okkar yrði lakari en meðal samkeppnisaðila okkar innan Evrópusambandsins. Einnig að ef evran yrði öflugur og stöðugur gjaldmiðill í öllum núverandi Evrópusambandsríkjum verði ekki auðveldara að tryggja stöðugt gengi íslensku krónunnar, að vaxtamunur gæti orðið enn meiri en hann er í dag. Vaxtamunur mun hafa áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart samkeppnisaðilum Evrópusambandsins og vaxtamunur muni líka hafa áhrif á neytendur.

Nú er því lyft fram að ríkisstjórnin sýni gott frumkvæði með því að lagfæra skattaumhverfi fyrirtækja. Við skulum öll gera okkur grein fyrir því að staða okkar er veik miðað við verðandi evrulönd. Við förum halloka. Það er gengið, verðbólgan, vextirnir. Við erum að lækka skatta á fyrirtækjum til að komast hjá bindandi tengingum við evrusvæðið.

Mikilvægt er að ræða þessa hluti í samhengi svo við áttum okkur á breytingunum og afleiðingum þróunarinnar í Evrópu.

Utanrrh. hefur verið að opna umræðuna, en samstarfsaðilinn í ríkisstjórn, forsrh., slær hana jafnharðan út af borðinu. En það eru fleiri að ræða málin. Málin sem eru svo heit í dag á Íslandi, en eru þögguð niður.

Þann 31. október var haldin ráðstefna um evruna og áhrif hennar á Íslandi. Þar hélt ræðu Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjmrn. Hún var yfirgripsmikil og þar voru teknir fyrir kostir og gallar þess að standa utan Myntsambandsins. Ég hvet þingmenn til að kynna sér þá ræðu. Hún er á vefsíðu fjmrn. Hann fór yfir efnahagslegan ávinning á sama hátt og gert hefur verið hér — minni vaxtamun, lægri viðskiptakostnað eins og við höfum rætt. Hann tók líka rökin gegn Evrópuaðild, einn seðlabanka, afleiðingar þess að geta ekki lengur lagað eigið hagkerfi að ytri áföllum.

Ég ætla ekki að fara yfir þetta erindi Baldurs Guðlaugssonar, en ég get ekki látið hjá líða að nefna lokaorð hans í þeirri ræðu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ef einhvers konar tenging við evruna á eftir að þykja æskileg þarf að skoða hvort tenging í einhverju formi sem ekki felur í sér fulla aðild að Myntbandalaginu er möguleg eða nægjanleg, hvort heldur þar um ræðir þá einhliða eða tvíhliða tengingu við evru, myntráð eða notkun evru sem lögeyris. Ef svo reynist ekki mun valið standa á milli þess að leita eftir aðild að Evrópusambandinu til þess að geta síðan gerst aðili að Myntbandalaginu og hins að standa áfram utan Myntbandalagsins með þeim kostum og göllum sem því væru samfara.

Val á milli þessara tveggja kosta gæti þá orðið einhver stærsta pólitíska ákvörðun Íslandssögunnar."

Herra forseti. Af því að ég hef ákveðið að draga fram hér að fleiri hafa verið að vekja upp umræðuna um bæði kosti og galla þess að evran verði tekin upp um áramót og líka hins hvernig það verður fyrir Ísland að standa utan Evrópusambandsins vil ég ljúka máli mínu með því að vitna í ræðu sem Valgerður Sverrisdóttir hélt á þessari sömu ráðstefnu. Hún sagði:

„Ég hef þá trú að breytingin nú um áramótin, þegar evran verður áþreifanleg, verði meiri en marga grunar. Fyrirtæki í evrulöndum munu nota evrur í viðskiptum við lönd sem ekki hafa evru sem lögeyri. Ferðamenn munu sjálfsagt krefjast þess að geta notað evrur alls staðar á innri markaðnum. Þannig getur notkun evrunnar orðið almenn án þess að íhlutun stjórnvalda komi til. Þetta er mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa í huga og undirstrikar mikilvægi þess að stjórnvöld búi sig vel undir þær breytingar sem evran mun hafa í för með sér." — Og hún segir:

„Við stöndum frammi fyrir stórum spurningum sem ég bjóst ekki við að þurfa að svara. Mitt er ekki valið frekar en þeirra sem gengu á undan mér í sveitinni minni. Svarið er unga fólksins. Svarið snýst um framtíð þess. Ég er hins vegar tilbúin að hugsa allt upp á nýtt. Ekki út frá sveitinni minni

eða Eyjafirði heldur stöðu Íslands í alþjóðlegu umhverfi. Við verðum fyrst og fremst að hugsa um að treysta sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar á nýjum tímum í nýju umhverfi og evran er hluti af því umhverfi."

Mér finnst þetta góð orð hjá hæstv. viðskrh., tek undir þau og geri þau að mínum í lok þessarar framsögu minnar.

[13:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af þeim orðum hv. þm. að norskir þingmenn, a.m.k. sumir hverjir, teldu ekki ráðlegt að taka upp þau vandamál og vandkvæði sem við stöndum frammi fyrir. Það er rétt en ég er einfaldlega ekki sammála því. Ég tel alltaf nauðsynlegt að taka upp þau vandkvæði og vandamál sem menn standa frammi fyrir. Ef menn óttast að það geti leitt til þess að staðan verði alltaf miklu verri verður það væntanlega til þess að menn verða aldrei tilbúnir til þess að tala um nokkurt einasta vandamál. Og ég er ósammála þeirri hugsun. Hins vegar er það rétt að þessa hefur gætt í Noregi.

Það má vel vera að Evrópusambandið muni taka upp einhverjar kröfur á okkur. Og það er vitað að þeir munu gera það. Það er vitað að þeir munu krefjast þess að við borgum meira inn í sameiginlega sjóði til styrktar fátækari löndum.

En aðeins vegna þess sem hv. þm. sagði um að stjórnarflokkarnir báðir væru ekki að ræða mál sem vörðuðu evruna. Það er rangt. Hún vitnaði hér í prýðilega ræðu Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra í fjmrn. Og ætli það sé ekki alveg ljóst að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. heldur ekki slíka ræðu nema með samþykki síns fjmrh. Ég lít því svo á að þessi ræða, sem er mjög merkileg, sé að sjálfsögðu flutt í fullu samráði við fjmrh. Það liggur alveg fyrir í hverju einasta ráðuneyti að ráðuneytisstjóri heldur aldrei slíka ræðu nema í samráði við sinn ráðherra.

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég tek undir það. Mér finnst frekar líklegt að Baldur Guðlaugsson hafi leitað eftir því við hæstv. fjmrh. að það væri í lagi að fara með þessa ræðu. Ræðan er efnisleg og mjög góð. Hún dregur fram kosti og galla og hún dregur ekkert undan. En ég viðurkenni alveg að þegar ég var búin að lesa þessa ræðu hugsaði ég: Ætli Davíð hafi vitað þetta?

En, herra forseti, um afstöðu Norðmanna. Ég styð hæstv. utanrrh. í tilraun hans til að taka upp EES-samninginn, hann getur alveg treyst því. Ég tel mjög mikilvægt að við reynum að fá eins öflugan EES-samning og hugsast getur meðan við erum í þeirri stöðu að við ákveðum að standa utan Evrópusambandsins. Og ég get alveg ímyndað mér að það sé munur á matinu hjá Norðmönnum og okkur á því hvað skipti máli í þessu sambandi. Ráðherrann hefur sjálfur farið yfir það að þeir eru miklu betur staddir varðandi markaðina af því að þeir hafa verið í mikilli sókn á markaði og hafa mjög mikla markaðshlutdeild í Póllandi eins og ég tók fram áðan. Þeir kæra sig ekkert um, þessi stóra þjóð í samanburði við okkur, að fara að greiða inn í þróunarsjóð.

En ég dreg þetta fram til að staðreyndir liggi á borðinu, til að það sé ljóst að þótt við séum að basla með EES-samninginn eru líkurnar ekkert miklar um stuðning frá Noregi. En ég veit líka að maður stendur í samningaviðræðum og þegar samningur liggur fyrir metur maður hvort hann sé nægilega góður til að taka honum eða ekki. Og það mat skal ég svo sannarlega leggja með ráðherranum ef ég fæ tækifæri til.

[13:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þjóðir hafa alltaf mismunandi mat á því hvernig staða þeirra verði best tryggð. Við höfum okkar mat á því og Norðmenn hafa sitt mat. Til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það mál verða þjóðirnar að ræða saman. Og það erum við að gera.

Við gerum okkur alveg grein fyrir því að við þurfum að sækja sameiginlega fram á vettvangi EFTA í þessu máli gagnvart Evrópusambandinu. En á það þarf líka að reyna að hvað miklu leyti þjóðirnar geta komið sér saman að þessu leytinu til.

Að mínu mati liggur alveg ljóst fyrir að við þurfum að fá fram lagfæringar á bókun 9. Það er eiginlega óbúandi við það ástand. Ég geri mér líka grein fyrir því að hugsanlega koma fram kröfur frá Evrópusambandinu til þess að þeir séu tilbúnir að fallast á breytingar án þess að ég ætli að fara að greina frá þeim hugsanlegu kröfum hér. Þannig er það í öllum samskiptum. En ég tel að bókun 9 sé þess eðlis að hún standi í vegi fyrir þróun tiltekins hluta sjávarútvegsins.

Þar með er EES-samningurinn augljóslega ófullkominn að þessu leyti og hann hefur reyndar alltaf verið það. Samningurinn er afskaplega mikilvægur en við verðum líka að viðurkenna að hann hefur sína galla án þess að verið sé að halda því fram að samningamenn Íslands hafi staðið sig eitthvað illa á þeim tíma. Ég hef aldrei haldið því fram. Ég veit alveg hvað það er að standa í erfiðum samningum. Og menn geta ekki alltaf fengið þá niðurstöðu sem þeir vilja héðan úr ræðustól á Alþingi, það er veruleiki sem við stöndum alltaf frammi fyrir.

[13:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað fengum við ekki alveg allt fyrir ekkert með EES-samningnum þó að við höfum farið langleiðina. Við skulum heldur ekki gleyma í hvaða umhverfi sá samningur var gerður. Við skulum ekki gleyma andúðinni sem stóð á páv. utanrrh. í erfiðri stöðu og erfiðum verkum. Það er ólíkt því sem er í dag þegar við komum hér hvert af öðru og í raun og veru bjóðumst til að bakka hæstv. utanrrh. upp í verkum hans til að gera þennan samning enn betri.

Ég man þá tíma að héðan úr þessum ræðustól hafi páv. hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, verið kallaður landráðamaður, svo heitar tilfinningar voru við vinnuna við EES-samninginn.

Ég tek undir það með hæstv. utanrrh. að það eru gallar á bókuninni fyrir sjávarútveginn og þar verður að reyna að ná einhverju fram. Ég er líka alveg viss um að við munum standa frammi fyrir því að fá úrbætur og verða við kröfum. Ef til vill verða það greiðslur, e.t.v. annað.

Staðan gagnvart Norðmönnum og svo orðaskipti út af ræðu Baldurs Guðlaugssonar urðu til þess að mér láðist að hvetja hæstv. utanrrh. til að svara mér um markaðssóknina og boðið til atvinnulífsins. Ég vona að hann komi inn á það hér í síðari ræðu af hverju við erum svo sein að taka höndum saman við atvinnulífið um markaðssókn. Var það atvinnulífið sem ekki var tilbúið eða var ríkisstjórnin ekki á varðbergi?

[13:55]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september sl. skóku veröldina alla og hafa þegar haft gríðarlegar afleiðingar á sviði öryggismála, alþjóðastjórnmála og alþjóðaviðskipta. Atburðirnir minntu okkur óþyrmilega á að við getum ekki gengið út frá öryggi sem gefnu. Og er það e.t.v. stærsti lærdómurinn sem við getum dregið af þessum voðaverkum. Alþjóðasamfélagið hefur snúist til varnar af fullum þunga og vinnur nú að því að uppræta búðir hryðjuverkamanna í Afganistan. Enn fremur er lögð áhersla á að stuðla að friði á þeim átakasvæðum þar sem hryðjuverkastarfsemi á rætur sínar enda hlýtur friður þar að vera hluti af varanlegri lausn á hryðjuverkaógninni.

Friður, frelsi og hagsæld hefur ríkt í Vestur-Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. NATO hefur tryggt öryggi, og náin samvinna á efnahagssviðinu hefur stuðlað að þeirri velmegun sem við búum við. Nú stendur fyrir dyrum stækkun NATO og ESB til austurs. Í því sambandi hafa Norðurlöndin stutt Eystrasaltsríkin í orði og á borði. Við Íslendingar lékum sögulegt hlutverk fyrir tíu árum þegar Eystrasaltsríkin endurheimtu frelsi sitt og æ síðan hafa Norðurlönd verið í fararbroddi utanaðkomandi aðila við að aðstoða við uppbyggingu markaðshagkerfis og lýðræðislegra stjórnarhátta og tryggja þannig stöðugleika á Eystrasaltssvæðinu.

Vil ég í þessu sambandi spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig hefur stuðningi Íslands við aðildarumsóknir Eystrasaltsríkjanna að NATO og ESB verið háttað og hvernig metur hann stöðuna í þessum málum nú?

Á vettvangi Norðurlandaráðs hafa málefni Eystrasaltsríkjanna verið í brennidepli. Norrænt samstarf við Eystrasaltslöndin hefur verið umfangsmikið og einkum beinst að þróun lýðræðislegra stofnana, uppbyggingu markaðshagkerfis, virðingu fyrir mannréttindum og ábyrgri nýtingu auðlinda. Norðurlandaráð hefur lagt þunga áherslu á að Eystrasaltsríkin verði með í fyrstu lotu stækkunar NATO og ESB en ályktun þess efnis var m.a. samþykkt á sameiginlegum fundi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Riga í maí sl.

Þegar Eystrasaltsríkin verða orðin fullir aðilar að NATO og ESB mun samstarfið við grannsvæðin færast enn austar. En sú áherslubreyting var nýlega gerð að samstarf Norðurlanda við austanvert Eystrasaltssvæðið taki einnig til Norðvestur-Rússlands og Kaliningrad. Með þessu svæðisbundna samstarfi vilja Norðurlönd hér eftir sem hingað til leggja sitt af mörkum til að stuðla að friði, öryggi og stöðugleika í Evrópu.

Umfangsmiklar breytingar voru gerðar á skipulagi Norðurlandaráðs á 53. þingi ráðsins sem var haldið í Kaupmannahöfn í lok október. Nefndakerfi Norðurlandaráðs var breytt, horfið frá skipulagi með þremur stórum landfræðilega skilgreindum nefndum, Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd, og upp var tekið kerfi fimm málefnanefnda. Þessar nefndir eru menningar- og menntamálanefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, borgara- og neytendanefnd og velferðarnefnd, auk forsætisnefndar. Rætur þessara breytinga eru að aukinnar samstillingar var þörf við fagsvið norrænu ráðherranefndarinnar, málefnanefndir þjóðþinganna og nefndakerfi annarra alþjóðastofnana. Ætlunin er að vægi alþjóðastarfs Norðurlandaráðs aukist og hinar nýju málefnanefndir eigi samstarf við samsvarandi nefndir þjóðþinga og alþjóðastofnana.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs mun hafa utanríkismál á sínu starfssviði en utanríkismál hafa hlotið æ stærri sess í starfi ráðsins frá því fyrsta utanríkismálaumræðan fór fram á Norðurlandaráðsþingi árið 1992. Ýmsar athyglisverðar hugmyndir hafa verið uppi á vettvangi Norðurlandaráðs um aukið samstarf Norðurlanda á sviði öryggismála. Má þar nefna hugmyndir um samstarf um friðargæslu, aukið samstarf sendiskrifstofa eftir vel heppnað samstarf norrænu sendiráðanna í Berlín og síðast en ekki síst tillögu aldamótanefndar um að Norðurlönd mæli einum rómi á alþjóðavettvangi. Er þar sérstaklega viðruð sú tillaga að Norðurlöndin tali einni röddu innan stærstu alþjóðasamtaka til að tryggja aukna vigt og áhrif þegar sameiginleg hagsmunamál Norðurlanda eru til umræðu.

Herra forseti. Nokkur umræða hefur verið um opnun sendiráðs Íslands í Japan. Í Japan er mikilvægur markaður fyrir íslenskar útflutningsafurðir og með sendiráðum í Japan og Kína höfum við öflugan útvörð fyrir íslenskt viðskiptalíf í Asíu. Þar eigum við gríðarlega viðskiptahagsmuni og mörg tækifæri til framtíðar. Viðskiptahættir og menning í Asíulöndunum eru svo gerólík því sem við eigum að venjast að það er mikill styrkur að því að einhver búi yfir sérþekkingu sem nýtist til að greiða fyrir viðskiptum. Þessa er sérstaklega þörf í Asíu og því ber að fagna sérstaklega opnun sendiráðs í Tókíó.

[14:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurt var um með hvaða hætti við höfum stutt umsóknir Eystrasaltsríkjanna bæði að Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu. Hvar sem við komum leggjum við Eystrasaltsríkjunum lið í viðleitni þeirra til að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Við munum halda því áfram og fá einstakt tækifæri til þess á fundi Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík í maí nk. Endanleg ákvörðun verður tekin um það á haustfundi bandalagsins í Prag.

Ég tel að möguleikar Eystrasaltsríkjanna til að komast inn í Atlantshafsbandalagið í næstu lotu séu mjög góðir. Ég tel að þeir séu á margan hátt betri en nokkru sinni fyrr. Það hefur ríkt mikil samstaða í þessu máli milli Norðurlandanna. Við höfum verið samhent að því, þ.e. Danmörk, Noregur og Ísland. Það hafa ekki allir verið því sammála en við höfum átt marga bandamenn í því verki. Ég held að allar aðildarþjóðirnar geri sér grein fyrir því að það verður ekki gengið fram hjá Eystrasaltsríkjunum í þessu efni.

Að því er varðar aðild þeirra að Evrópusambandinu þá liggur ljóst fyrir að á alþjóðavettvangi styðjum við stækkun Evrópusambandsins og látum það í ljós hvar sem við komum. Eystrasaltsríkin hafa staðið sig mjög vel í að uppfylla þær kröfur sem gera verður til þeirra þegar þau gerast aðilar að Evrópusambandinu. Það er þeim mjög mikilvægt. Þau hafa náð athyglisverðum árangri á sviði efnahagsmála og ég held að þar sé ekki síst að þakka þeim mikla stuðningi sem Eystrasaltsríkin hafa notið af hálfu Norðurlandanna, einkum þeirra Norðurlanda sem liggja þeim næst.

[14:04]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi greiðu og góðu svör. Það er ánægjulegt að heyra að hann metur það svo að Eystrasaltslöndin eigi möguleika á því að komast inn í NATO í fyrstu lotu.

Ég efast ekki um að Ísland hefur lagt sitt lóð á þessa vogarskál með gildum hætti enda er líka alveg ljóst að

Eystrasaltslöndin hafa mjög reitt sig á stuðning Norðurlandanna í þessum efnum. Hann hefur og verið til staðar.

[14:05]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Án jafnréttis, frelsis og virðingar fyrir mannréttindum tryggjum við ekki öryggi fólks og frið í heiminum. Án jafnræðis allra þegna fyrir lögum, hvar sem þeir búa, mál- og skoðanafrelsis, prentfrelsis, þá tryggjum við ekki öryggi og frið í heiminum. Þessi gildi verða að vera grundvöllurinn að framrás lýðræðisins og lýðréttinda, hvort heldur það er hér á Íslandi eða í Afganistan.

Án frelsis kvenna til að stjórna eigin lífi og eignum, án grunnmenntunar barna, telpna og drengja, lágmarksheilsugæslu og aðgangs að hreinu vatni, tryggjum við hvorki öryggi né frið né heldur mun þorri mannkyns eiga möguleika á að lifa lífinu án fátæktar.

Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að örlög okkar á jörðinni eru samofin, allra sem hér búa. Þau eru samofin í mörgu tilliti og ekki bara í öryggismálum. Þau eru einnig þéttofin þeim kjörum sem ríki búa þegnum sínum, með tilliti til ríkidæmis og fátæktar.

Sóknin úr örbirgð til bættra kjara lýsir sé m.a. í miklum fólksflutningum frá suðrinu til norðursins. Þessi sókn hefur m.a. orðið til þess að æ fleiri ríki á Vesturlöndum reisa nú háa múra til að stemma stigu við straumi útlendinga til þeirra. Nýjasta dæmið um slíkar aðgerðir er frá Danmörku þar sem ný ríkisstjórn hægri flokkanna hefur þrengt svo að dvöl útlendinga í landinu að undrun sætir og bítur svo höfuðið af skömminni með því að skera niður framlög til þróunarverkefna um tug milljarða ísl. kr.

Það er mikil skammsýni að halda að háar landamæragirðingar leysi einhvern vanda í bráð og lengd þótt þær geti verið vel fallnar til pólitískra vinsælda um skamma hríð. Hér á Íslandi ber okkur að gjalda varhug við þróuninni hjá frændum okkar í Danmörku. Við höfum sótt margt gott til þeirra í gegnum tíðina en nýja stefnan þeirra í útlendingamálunum verður okkur þó seint til eftirbreytni.

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að víkja máli mínu að stöðunni í Afganistan og stríðinu þar. Eins og margoft hefur komið fram, bæði í máli mínu og annarra hv. þm. hér í haust, þá hafa þjóðir heims sýnt Bandaríkjamönnum og Bandaríkjastjórn sjálfsagðan pólitískan og siðferðilegan stuðning í kjölfar hryðjuverkanna í New York og Washington 11. sept. sl. Þessar hrikalegu árásir særðu bandarísku þjóðina djúpum sárum sem seint munu gróa. Ég verð þó að segja, herra forseti, að hástemmdar yfirlýsingar um breytta heimsmynd í kjölfar þessara skelfilegu atburða standa ekki allar undir sjálfum sér.

Hvað hefur í raun breyst, herra forseti? Jú, það hefur myndast samstaða gegn hryðjuverkum og hryðjuverkasamtökum. Ég hafði þó ætlað að flestar þjóðir heims væru andsnúnar hryðjuverkasamtökum fram að 11. sept. Hefur valdastrúktúrinn í alþjóðasamfélaginu breyst? Ekki tiltakanlega að því er ég fæ séð, herra forseti. Er hinn nýi óvinur skýr og greinilegur í hugum allra? Ég er ekki alveg viss um það og ég er ansi hrædd um að þegar til þess kemur að skilgreina óvininn í formi hryðjuverkamanns eða hryðjuverkasamtaka þá gætu skilgreiningarnar orðið ansi margar. Er óvinurinn Tsjetsjenar? Er hann í formi Úgúra í Kína? Er hann Palestínumenn í Ísrael, Kúrdar í Tyrklandi? Það er kannski ágætt að hafa þetta í huga, herra forseti, í þessari umræðu.

Það er nefnilega þannig að hvergi í alþjóðalögum eða sáttmálum eru hryðjuverk skilgreind með fullnægjandi hætti. Úr því þarf að bæta. Ella er sú hætta fyrir hendi að ríkisstjórnir víða um heim skilgreini hryðjuverkamennina eftir pólitískri hentisemi. Sagan kennir okkur að annað eins hefur gerst.

Hæstv. forseti. Stríð Bandaríkjanna og Bretlands í Afganistan hefur nú staðið í þó nokkrar vikur, frá 7. okt. sl. Fréttir hafa borist okkur á sl. dögum um skelfilega atburði, blóðbað í Mazar-e-Sharif og mannréttindasamtök krefjast rannsókna vegna þess að grunur leikur á að stríðsglæpir hafi verið framdir.

Síðast þegar ég frétti lék höfuðpaur al Qaeda hryðjuverkasamtakanna, Osama bin Laden, enn lausum hala en líklega einhvers staðar í Afganistan.

Hæstv. forseti. Ég þori að fullyrða að fáir gráta ógnarstjórn talibana, a.m.k. engar konur. En hvað tekur við? Nú standa yfir fundahöld í Bonn í Þýskalandi. Og hvernig má það vera, herra forseti, að þjóðir heims styðji myndun svokallaðrar þjóðstjórnar í Afganistan sem helmingur þjóðarinnar á engan aðgang að? Hvar eru afgönsku konurnar, herra forseti? Þær eru ekki við samningaborðið í Bonn, svo mikið er víst. Það er algjörlega óviðunandi að hið gríðarlega uppbyggingarstarf sem fyrir höndum er í Afganistan eigi að fara af stað eða að leggja eigi grunninn að því án þess að réttindi kvenna séu tryggð eða tilraun til þess gerð eða þátttaka kvenna tryggð í því ferli sem fram undan er.

Því spyr ég, herra forseti: Hver ætlar að tryggja réttindi og öryggi kvenna í Afganistan? Forkólfar Norðurbandalagsins segjast ekki þurfa utanaðkomandi hjálp til þess. Þeir háu herrar eru þekktir fyrir flest annað en að vera unnendur jafnréttis og kvenfrelsis. Að mér læðist sá illi grunur að réttindum kvenna í Afganistan verði enn eina ferðina fórnað á altari stríðsherranna, innlendra og útlendra, ef ekki verður gripið undir eins í taumana og samtökum kvenna veittur aðgangur að þjóðstjórnarferlinu og uppbyggingu landsins. Eins og hæstv. utanrrh. tók fram í sinni ræðu þá er gríðarlegt verkefni fyrir höndum.

Það er yfirvofandi hungursneyð í Afganistan. Vegna þess var sent út neyðarkall í byrjun september, löngu fyrir þá atburði sem hrundu stríðinu af stað. Flóttamannavandinn er einnig gríðarlegur. Þessi neyðarhjálp, herra forseti, mun kosta fjármuni. Hún mun ekki kosta neina smápeninga og nú er ekki tíminn til þess að draga úr fjárframlögum, hvorki okkar né annarra, til þróunarsamvinnu og neyðarhjálpar.

Hæstv. forseti. Mig langar að drepa hér aðeins á Evrópuumræðuna, þótt hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson og Rannveig Guðmundsdóttir hafi farið ítarlega yfir hana fyrir hönd Samfylkingarinnar. Mig langar þó aðallega að benda á, og sérstaklega í tilefni af orðum hv. formanns utanrmn. Alþingis, að það ferli sem nú er farið af stað í Samfylkingunni er umræðuferli um Evrópumálin þar sem allt er uppi á borði, opinn vettvangur þar sem flokksmenn og aðrir geta tekið þátt í vandaðri og upplýstri umræðu um Evrópumálin. Það ferli sýnir meiri pólitískan kjark en a.m.k. Sjálfstfl. býr yfir.

Það er með hreinum ólíkindum að hv. formaður utanrmn. skuli koma hér í þennan ræðustól og tala um að það að ræða stöðu efnahagsmála og evrunnar með tilliti til Íslands hafi það beinlínis í för með sér að grafa undan gengi íslensku krónunnar. Hvert mun svona málflutningur á endanum leiða okkur, herra forseti? Ég spyr.

Að öðru, þ.e. ummælum hæstv. utanrrh. um ríkisstyrki. Mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra, eins og ég reyndi að spyrja hæstv. umhvrh. um daginn í umræðunni um skýrsluna frá Marrakesh, hvort losunarkvótarnir sem við fengum þar með sérákvæðinu verði meðgjöf ríkisins með stóriðjunni? Ríkisstyrkir eru til í ýmsu formi, herra forseti, og það væri kannski gott að fá það fram hér hvort það er samræmi í þessari stefnu ríkisstjórnar Íslands.

Hér hefur einnig verið gerð að umræðuefni þáltill. þingmanna Samfylkingarinnar um sjálfstæði Palestínu. Vegna þeirra ummæla sem hér féllu fyrr í umræðunni um þáltill. sem samþykkt var árið 1989 er ég fyllilega sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að það var og er mjög góð tillaga enda hlýtur hún enn að vera í fullu gildi eins og annað sem komið hefur frá hinu háa Alþingi. En síðan náðist friðarsamkomulag árið 1993 þó að það hafi gengið jafnilla og raun ber vitni að halda samkomulagið. Því er það svo að við þingmenn Samfylkingarinnar teljum brýnt að hið háa Alþingi lýsi yfir pólitískum stuðningi við hina palestínsku þjóð og vilja sínum til að styðja við sjálfstæði hennar. Ég á fyllilega von á því að um þetta mál ríki algjör þverpólitísk samstaða hér á Alþingi.

Mig langar einnig að víkja að stöðu mannréttindamála, og kannski sérstaklega með tilliti til þess, herra forseti, að hæstv. utanrrh. hélt nýverið í opinberar heimsóknir, m.a. til Japans, Kína og Rússlands, og ég efast ekki um að margt hefur borið á góma í viðræðum sem hæstv. ráðherra hefur átt við ráðamenn þessara landa. Mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann hafi í heimsókn sinni til Kína rætt sérstaklega stöðu mannréttindamála við ráðamenn þar.

Í því sambandi vil ég minna á að í Kína liggur dauðarefsing við yfir 60 brotum, og líklega eru þar framkvæmdar fleiri dauðarefsingar en í nokkru öðru landi í heiminum. Þar verða minnihlutahópar, trúarhópar sérstaklega, bæði kristnir og múslimar og fylgjendur Falun Gong iðkunarinnar, fyrir ofsóknum af hálfu ríkisvaldsins. Fróðlegt væri að vita hvort þetta hefur verið rætt í opinberri heimsókn hæstv. utanrrh. til Kína.

Í framhjáhlaupi vil ég líka minna hv. þingmenn á að ofsóknirnar geisa víða. Í Egyptalandi geisa þær gegn samkynhneigðum, aðallega karlmönnum sýnist mér, þar sem fjöldi karlmanna hefur verið dæmdur til þrælkunarvinnu fyrir kynhneigð sína. Þessu ber hinu háa Alþingi einnig að mótmæla.

Herra forseti. Ég ætla síst að draga úr mikilvægi þess að afl utanríkisþjónustunnar sé nýtt til að afla nýrra markaða fyrir íslenskar vörur og tryggja frjálsa verslun við sem flest ríki heims. En slík útrás verður að haldast í hendur við kröfuna um virðingu fyrir mannréttindum, frelsi og jöfnuði. Ég er hjartanlega sammála hæstv. utanrrh. um að skilin á milli alþjóðastjórnmála og annarra stjórnmála innan lands verða sífellt óskýrari og í raun skipta þau engu máli þegar upp er staðið því að sama lífssýnin hlýtur að ráða ferð.

Við hjá Samfylkingunni teljum að lífssýn jafnaðar og kvenfrelsis eigi að ráða innan lands sem utan. Það er hlutverk okkar á alþjóðavettvangi að beita okkur fyrir því að draga úr fátækt, að jafna kjörin, og það gerum við m.a. með öflugri þróunarsamvinnu og annarri aðstoð við fátækustu ríki heims.

[14:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykn. spurðist fyrir um það af eðlilegum ástæðum í ágætu máli sínu um mannréttindi hver ætti að tryggja réttindi kvenna í Afganistan. Ég vil aðeins benda á að í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna gerði ég þetta sérstaklega að umtalsefni og tók fram í ræðu minni að Sameinuðu þjóðunum bæri að vinna á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um réttindi kvenna í Afganistan við uppbyggingarstarfið þar.

En það vill svo til að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti sérstaka ályktun um réttindi og stöðu kvenna í Afganistan áður en þessi skelfilegu hryðjuverk áttu sér stað. Ég tel að það sé sú stofnun sem geti haldið því á lofti. Sameinuðu þjóðunum ber að sjálfsögðu, eins og öllum aðildarríkjum þess, að vinna á grundvelli samþykkta öryggisráðsins og því verður að halda til haga í þessu mikilvæga máli.

Hv. þm. vék að öðru máli og það var um loftslagsbreytingar og samþykktirnar í Kyoto. Það er rétt að taka fram að við höfum ekki heimild til að selja þessa kvóta. Það er tekið sérstakt tillit til Íslands í þessu tilviki en við höfum enga heimild til að krefjast gjalds fyrir þá aukakvóta sem við fengum í þessum samningum.

[14:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin hvað varðar Afganistan og lýsa ánægju minni með að það skuli hafa komið fram í máli hans hjá Sameinuðu þjóðunum að auðvitað beri þeim og aðildarríkjum þeirra að vinna samkvæmt samþykktum öryggisráðsins þar um. Það er mjög brýnt að mistök fortíðarinnar verði ekki endurtekin í Afganistan. Það hefur ýmislegt gengið á þar og það hefur áður verið gengið til friðarsamninga og konurnar gleymst þannig að við skulum halda þessu til haga, herra forseti.

Hvað varðar ríkisstyrkina og losunarkvótana er það þó þannig, herra forseti, að þeir munu, þ.e. kvótarnir, hafa verðgildi. Það á eftir að koma í ljós hvert það verður. Og ef þau fyrirtæki sem hingað munu líklega leita kæmu ekki hingað þyrftu þau að kaupa kvótana annars staðar, í öðrum löndum, þannig að auðvitað hefur losunarkvótinn sem slíkur eitthvert verðgildi og gæti því reiknast sem styrkur.

Að lokum langar mig til að ítreka hvatningu mína til hæstv. utanrrh. um stöðu mannréttindamála í Kína og spurninguna um hvort þau hafi borið á góma í viðræðum hans við ráðamenn þar.

[14:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Staða mannréttindamála í Kína kom til umfjöllunar á mjög löngum fundi sem ég átti með utanríkisráðherra Kína og þá sérstaklega dauðarefsingar í Kína. Ég hef ekki ráðrúm til að fara ítarlega yfir þær viðræður sem áttu sér stað milli mín og utanríkisráðherra Kína en ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að gera utanrmn. þingsins grein fyrir öllum þessum viðræðum sem ég átti í Kína, Japan og Rússlandi, og er tilbúinn til að nota fyrsta tækifæri til þess. Hugsanlegt er að ég geti komið eitthvað inn á það í síðari ræðu minni.

Í sambandi við losunarkvótann er rétt að hafa í huga að við erum fyrst og fremst að tryggja að sú atvinnustarfsemi sem þegar hefur verið byggð upp á vettvangi stóriðju og sú atvinnustarfsemi sem er ráðgerð í þeim samningum sem eiga sér stað núna geti farið fram á Íslandi. Það liggur alveg ljóst

fyrir í öllum þeim forsendum að ekki hefur verið gert ráð fyrir því að krefjast sérstakra gjalda af þessum fyrirtækjum enda þekkist það hvergi í heiminum við núverandi aðstæður. Það sem ég er að tala um í þessu sambandi er álverksmiðjan í Hvalfirði, stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, stækkun Ísals og fyrirhugað álver á Austurlandi. Það svigrúm sem þarna hefur skapast varðar fyrst og fremst þessi fyrirtæki og þess vegna er algjörlega ótímabært og út í hött að vera að tala um að fénýta þessa samninga. Ég tel hins vegar að það sé mikilvægt að gleðjast yfir því að þeim skuli hafa verið náð og forsendur skuli hafa skapast til að standa að Kyoto-bókuninni.

[14:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað verða losunarkvótarnir hluti af þeim samningum sem gerðir verða. Það hlýtur að vera tekið inn í reikningsdæmi fyrirtækjanna. Þar þurfa menn að reikna út hagnað sinn eða tap og það hlýtur að vera hluti af ástæðunni fyrir því að fyrirtækin vilja setja sig niður hér en ekki annars staðar.

Hvað varðar Kína, hæstv. forseti, vil ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Það væri mjög fróðlegt að fá að heyra nánar um þær viðræður sem fram fóru við ráðamenn þar og jafnframt reyndar líka í Rússlandi og Japan, bæði um almenna stöðu mannréttindamála en reyndar hef ég þó sérstaklega áhyggjur af stöðu mannréttindamála í Kína. Ég vona að hv. formaður utanrmn. muni taka boði hæstv. utanrrh. og við getum rætt það nánar í nefndinni.

[14:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að nýta mér andsvararéttinn til að koma með athugasemd við ræðu Þórunnar Sveinbjarnardóttur og þakka henni fyrir að koma með kvennavinkil inn í utanríkisumræðuna. Það er mjög brýnt.

Við vinnu Norðurlandaráðs í friðargæsluhópnum komu á fundinn fulltrúar sænskra samtaka sem heita „Från kvinna till kvinna". Þau eru öflug og starfa á mörgum átaka- og hættusvæðum. Þær sögðu að við lestur Dayton-samkomulagsins væri ekki hægt að ímynda sér að Peking-ráðstefnan um jafnrétti hefði yfirleitt farið fram. Þessar upplýsingar eiga bara heima inni í þessari umræðu.

Þá má nefna að á alþjóðaráðstefnum um öryggi og varnarmál er þátttaka kvenna svona frá 1–10% að jafnaði og það segir sitt um hverjir halda um þessi málefni í hverju landi.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég varpa því inn í umræðuna að í niðurstöðu starfshópsins sem ég hef vitnað í var lögð gífurleg áhersla á jafnréttissjónarmiðin og sérstaklega að auka hlut kvenna í uppbyggingarstarfi í kjölfar átaka þar sem Norðurlönd koma að og taka þátt í uppbyggingarstarfi. Það var sérstakt ánægjuefni að núna í haust veittu sænsk stjórnvöld 3 millj. sænskra króna til að gera átak í jafnréttismálum á þessu sviði.

Þessi örfáu atriði sem ég hef nefnt eru mjög mikilvæg, og sérstök ástæða til að koma þeim á framfæri hér þó að mér finnist ekki tilefni til að koma aftur í ræðu hér, herra forseti, til að geta þeirra. En sem betur fer er rétturinn til andsvara líka þannig að unnt sé að koma með ábendingar.

[14:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans og greinargerð.

Í upphafi þessarar fyrri ræðu minnar langar mig að fara örfáum orðum um för mína um miðjan nóvembermánuð á vegum utanrrn. til Kosovo til að fylgjast þar með kosningum. Kosningarnar fóru fram hinn 17. nóvember og þrír fulltrúar frá Íslandi fóru til Kosovo, ásamt mér þeir Jón Ólafsson, heimspekingur frá Háskóla Íslands, og Finnbogi Rútur Arnarson, starfsmaður utanríkisþjónustunnar en mér skilst að hugmyndin hafi verið sú af hálfu utanrrn. að einn fulltrúi færi frá háskólanum, annar úr stjórnsýslunni og hinn þriðji af vettvangi stjórnmálanna.

Við vorum á meðal á nítjánda hundrað fulltrúa sem voru í Kosovo á vegum ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, og ég held að óhætt sé að segja að þessar kosningar sem okkur var gert að hafa umsjón með tókust afar vel. Þær fóru friðsamlega fram, kosningaþátttaka var allgóð eða 63%, u.þ.b. sem menn höfðu gert sér vonir um.

Varðandi tildrög þessara kosninga þá eru þær byggðar á samþykkt öryggisráðsins nr. 1244 frá því í júní árið 1999, en þá var ákveðið að gera Kosovo að eins konar sjálfstjórnarsvæði. Ekki var kveðið á um sjálfstæði Kosovo þótt Kosovo-Albanar hafi mjög ákveðnar hugmyndir um að þangað beri að stefna. En næsta mánuð á eftir, júlí 1999, var ákveðið að senda lið til Kosovo á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Fulltrúar Öryggis- og samvinnustofnunarinnar höfðu áður verið á þessum slóðum en horfið á brott þegar NATO hóf loftárásir á þetta svæði.

Kosningar höfðu áður farið fram í Kosovo. Þar fóru fram sveitarstjórnarkosningar í fyrra en þær voru því marki brenndar að serbneski minni hlutinn í Kosovo sniðgekk kosningarnar. Að þessu sinni var hart unnið að því að fá serbneska minni hlutann til að taka þátt í kosningunum. Það tókst betur en menn höfðu gert sér vonir um. Þátttaka serbneska minni hlutans í kosningunum var allgóð en flokkur þeirra fékk 11,34% atkvæðanna. Menn gera sér ekki fyllilega grein fyrir því hver fjöldi fólks af serbneskum uppruna er í Kosovo. Margir hafa flúið land. En þetta var heldur betri kosningaþátttaka af þeirra hálfu en menn höfðu áður trúað að gæti orðið.

Fyrirkomulagið er með þeim hætti að 120 fulltrúar eru kosnir á þing Kosovo, 100 með hlutfallskosningu en til að tryggja aðkomu minnihlutahópa að þinginu var ákveðið að 20 þingsætum yrði ráðstafað til þeirra óháð kosningunum. Þegar það síðan gerist að kosningaþátttaka serbneska minni hlutans var þetta mikil komu fram efasemdir af hálfu Kosovo-Albana um hvort þetta hefði verið skynsamleg ráðstöfun.

Í Kosovo er ástandið mjög erfitt. Þar fer að sönnu fram mikið uppbyggingarstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna og ÖSE-fulltrúar leggja þar hönd á plóg. Evrópusambandið kemur einnig mjög við sögu varðandi uppbygginguna. Hinu verður þó ekki horft fram hjá, að hið pólitíska ástand í landinu er mjög erfitt því samfélagið er að mörgu leyti sært djúpum sárum sem eiga sér rætur langt aftur í fortíðina. Það virðist hafa gerst sem oft virðist gerast, að hinn undirokaði gerist kúgari þegar hann kemst í aðstöðu til þess.

Við sinntum okkar starfi í bæ sem heitir Djakova, sem er í suðvesturhluta Kosovo, nærri landamærunum við Albaníu. 100–150 þúsund íbúar bjuggu þar. Talið er að Serbar í þessum bæ hafi áður verið 5–10% íbúanna. Þegar við komum þangað voru þeir fimm talsins, fimm einstaklingar, fimm nunnur sem létu lítið fyrir sér fara. En við sáum merki stríðsins, bæði loftárásanna og svo einnig hins að Kosovo-Albanar höfðu eyðilagt ýmsar eigur og fornar minjar sem kenndar

voru við serbneska minni hlutann. Fyrir framan hótelið sem við bjuggum á, svo dæmi sé tekið, voru rústir serbneskrar kirkju sem hafði verið sprengd í loft upp. Við sáum þess einnig dæmi að þorp og bæir þar sem Serbar bjuggu voru girtir af og varðstaða um þá til að verja fólkið árásum.

Kosningarnar virðast með öðrum orðum hafa farið vel fram og friðsamlega en mikið starf er fram undan við að byggja þetta samfélag upp á friðsamlegan hátt. Landið er hættulegt yfirferðar. Þar er enn mikið af ósprungnum sprengjum að því er talið er, sprengjum sem varpað var úr flugvélum í loftárásunum á sínum tíma. En talið er að á milli 10 og 30% klasasprengna, sem hafa verið mjög í umræðu bæði í loftárásunum á Balkanskagann og núna á Afganistan, springi ekki. Það óhuggulega við það er að það eru engin mistök, það eru engin tæknileg mistök. Gert er ráð fyrir því við hönnun sprengnanna að þær springi ekki fyrr en síðar. Þær eiga ekki að drepa samstundis.

Við kynntumst í þessari för starfi Íslendinga í Kosovo á vegum alþjóðastofnana, á vegum Sameinuðu þjóðanna, á vegum ÖSE og annarra stofnana, UNIFEM, svo dæmi sé tekið. Hrund Gunnsteinsdóttir hefur tekið við merki Kristínar Ástgeirsdóttur sem starfaði þarna um nokkurra mánaða skeið. Ég er sannfærður um að þær hafa unnið mikið og merkilegt starf við að treysta réttarstöðu kvenna í Kosovo. Almennt hrifumst við af starfi Íslendinganna á þessum slóðum. Ég vil lýsa stuðningi við þá viðleitni hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar að efla starf Íslendinga á þessum vettvangi og vildi gjarnan heyra frá hæstv. utanrrh. hvernig hann sér framtíðina fyrir sér í þessum efnum. Við höfum áður rætt um að til standi að efla aðkomu okkar að þessu alþjóðastarfi, t.d. á vegum ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, og á vegum Sameinuðu þjóðanna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst yfir stuðningi við slíkt starf.

Hvaða lærdóm má draga af þessu starfi og þessum atburðum í Kosovo? Að vissu leyti er atburðarásin, um sumt, sambærileg við það sem gerðist í Afganistan. Þær aðstæður koma upp að alþjóðasamfélagið, sem svo hefur verið nefnt, þarf að grípa í taumana, en að okkar dómi þarf það að gerast á lýðræðislegum forsendum og jafnan þarf að virða alþjóðlega samninga um mannréttindi. Það sem gerðist á Balkanskaganum og endurtók sig í Afganistan er að Bandaríkjamenn — í fyrra skiptið var það Atlantshafsbandalagið, í síðara skiptið Bretar og Bandaríkjamenn — fara sínu fram án samþykkis hins svokallaða alþjóðasamfélags, án samþykkis Sameinuðu þjóðanna, án samþykkis öryggisráðsins, þótt menn hafi sumir viljað láta í veðri vaka að árásirnar á Afganistan hafi verið gerðar samkvæmt samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Svo var ekki.

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af því sem er að gerast í Afganistan nú um stundir og fréttir berast af voveiflegum atburðum þar. Það var sagt hér í ræðustól fyrr í dag að mannslífið væri jafnverðmætt hvar sem er í heiminum, hvort sem væri á Vesturlöndum eða í Austurlöndum, hvort sem er í norðri eða suðri. Í fréttaflutningi frá Afganistan finnst mér koma mjög greinilega í ljós sá tvískinnungur sem gildir í þessu efni. Í blöðum í dag er greint frá því að bandarískur hermaður hafi fallið í bardaga. En við fáum líka fréttir af því, og hér má sjá í frétt í Morgunblaðinu, þar sem hermaður Norðurbandalagsins sést sparka í lík fallins manns í virkinu Qala-I-Jangi, fangelsinu þar, að grunur leiki á að 600 manns sem voru fangar þar hafi verið myrtir.

Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa óskað eftir því að fram fari rannsókn á tildrögum þessara aftaka eða morða. Hvers vegna segi ég það og hvers vegna segja fulltrúar Amnesty International þetta? Jú, fréttamenn sem fóru inn í fangelsið staðhæfa að þar hafi fjöldi manns verið með hendur bundnar fyrir aftan bak. Þær grunsemdir hafa vaknað að sigurherrarnir nýju vilji ekki taka andstæðinga sína til fanga heldur taka þá af lífi án dóms og laga eða í besta falli eftir að herdómstóll hefur fjallað um mál þeirra. Það berast fréttir af miklu mannfalli af völdum loftárásanna á Afganistan og sannast sagna hrýs mér hugur við þeirri tilhugsun að í landinu muni nú vera mörg hundruð þúsund sprengna víðs vegar um landið sem eiga eftir að springa á komandi vikum, mánuðum og hugsanlega árum.

Menn sem hafa efast um þessar loftárásir Bandaríkjamanna og þau mannréttindabrot sem eru framin eða virðast vera framin og ásakanir eru uppi um að séu framin í skjóli þeirra, hafa verið sakaðir um — þeir sem hafa haldið slíku á lofti — and-bandaríska stefnu. Breska tímaritið New Statesman, svo dæmi sé tekið, spyr hverju slíkir menn mundu svara flóttamanninum Zumeray sem greinir frá því að 40 manns hafi fallið eða hann hafi séð lík 40 manna í Kunduz þaðan sem hann flúði eftir loftárásir Bandaríkjamanna. Fólkið brann í sprengjuregninu, segir hann. Aðrir urðu undir þakinu sem hrundi. Hverju svörum við þessum manni þegar hann ber fram ásakanir sínar gegn Bandaríkjunum og þeim sem stýra sprengjuregninu þar? Er hann að halda fram and-bandarískum sjónarmiðum? Er hann stuðningsmaður hryðjuverkanna? Nei, hann er stuðningsmaður síns fólks og hann er stuðningsmaður mannréttindanna.

Mér finnst að Íslendingar og hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin eigi að fara gaumgæfilega í saumana á þeim ásökunum sem núna fram eru bornar af mannréttindasamtökum á borð við Amnesty International, ekki síst í ljósi hins afdráttarlausa stuðnings sem íslenska ríkisstjórnin hefur veitt Bandaríkjamönnum og Bretum í árásum þeirra á Afganistan.

[14:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Voðaverkin sem framin voru í Bandaríkjunum þann 11. sept. settu líf mannkyns úr skorðum. Veröldin verður aldrei söm, ekki frekar en eftir önnur voðaverk sem framin hafa verið gegn mannkyni í aldanna rás. Öll voðaverk sem framin eru gegn mannkyni eru endanleg og breyta heiminum. En því miður, herra forseti, ekki til hins betra.

Margt hefur verið rætt og ritað um þá atburði sem fylgdu í kjölfar 11. sept. og hæstv. utanrrh. kom inn á það í upphafi ræðu sinnar og ég get sannarlega tekið undir margt af því sem kom fram í máli hans. En þegar rifjaðir eru upp þessir atburðir og við skoðum þá í ljósi þess sem gerst hefur síðan þá koma ýmsar myndir upp í kollinn. Ein er mér afar minnisstæð. Það er mynd af sjónvarpsskjánum, örfáum dögum eftir að tvíburaturnarnir í New York hrundu. Myndin sýndi kertaljós og kort og kveðjur til fórnarlamba árásanna og myndavélinni var beint að einu kortinu sem hékk á grindverki. Á þessu korti stóð á ensku: „Our grief is not a cry for war." Það mundi útleggjast á íslensku: Sorg okkar er ekki ákall um stríð.

En það varð stríð eins og við öll vitum. Það breytir því ekki að stríðinu er mótmælt af friðarsinnum úti um allan heim. Í okkar landi hafa verið gengnar friðargöngur til að reyna að vekja ákall um frið á þessum erfiðu tímum. Í sann-

leika sagt er engin barátta jafnmikil meirihlutabarátta og friðarbaráttan.

Við erum öll í friðarbaráttu en auðvitað beitum við í þeirri baráttu eins og annarri baráttu ólíkum meðulum. Oft er erfitt að sætta sig við þau meðul sem beitt er. Nú um þessar mundir er erfitt að horfa upp á það sem er að gerast í Afganistan.

Talibanar hafa hrökklast frá Kabúl, Norðurbandalagið hóf þar innreið sína og Vesturlönd fögnuðu. En ekki eru mörg ár síðan Norðurbandalagið var hrakið frá Kabúl og Vesturlönd fögnuðu. Stundum eru stríðsátökin svo öfugsnúin og svo undarleg að það virðist ekki heil brú í einu eða neinu og það er ekki skrýtið þó fólk eigi erfitt með að skilja. Núna sem sagt fagna því allir að talibanar skuli vera farnir frá Kabúl þó að þeir séu ekki hættir að berjast. Nýlega hefur foringi þeirra gefið út þá tilskipun að menn þeirra muni berjast fram í rauðan dauðann. Þeir eru þó farnir frá Kabúl og það virtist vera stórt skref og kannski bjuggust sumir við að þá mundi eitthvað breytast.

Enn hefur þó ekkert breyst. Stríðið gegn hryðjuverkunum heldur áfram og Osama bin Laden er enn ófundinn. Við reynum að réttlæta þetta stríð og það er reynt að gera í flestum löndum heims en maður skilur ekki rökin og stendur ráðalaus hjá. Hvað er á seyði? Hvað gerðist í fangelsinu þar sem síðustu fréttir herma að fangauppreisn hafi verið barin niður á þann hátt að 600 fangar voru myrtir. Kannski var engin fangauppreisn. Hvað þarf að gerast í stríði til að sprengjum sé varpað á fangelsi? Hvað verður þá um alla mannréttindasáttmála? Og hvað verður þá um réttindi fanga á stríðstímum? Það er ekki eins og við höfum ekki undirritað alþjóðlega samninga sem eiga að tryggja föngum rétt á stríðstímum.

Hvað er á seyði þegar Bandaríkjamenn segjast ekki ætla að taka fanga? Hvað þýðir það? Nei, herra forseti, burt séð frá áliti okkar á talibönum, sem virðist nokkuð samhljóma, þá er spurning hvort nokkuð geti réttlætt sprengjuárásir á fangelsi. Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa krafist rannsóknar á því sem í raun gerðist. Vonandi á sú rannsókn eftir að leiða eitthvað í ljós. En hún á ekki eftir að færa mannkyninu aftur þau líf sem fórnað var, ekki frekar en önnur líf sem fórnað hefur verið í þeim styrjöldum sem háðar hafa verið.

Herra forseti. Aðra hluti þarf að hafa í huga á alþjóðavettvangi og það eru hlutir sem koma upp í hugann þegar átök af því tagi sem nú geisa skekja veröldina. Mig langar að gera í nokkrum orðum málefni barna að umtalsefni í því sambandi, vegna þess að þjóðir heims hafa undirritað sáttmála sem eiga að tryggja rétt barna í heiminum hvar sem er og hvenær sem er.

Til stóð að í september yrði haldið sérstakt aukaþing Sameinuðu þjóðanna sem átti að fjalla um málefni barna til að fylgja eftir ályktunum þings sem haldið var á vegum Sameinuðu þjóðanna árið 1990 og kallað var Alheimsráðstefna um réttindi barna eða World Summit for Children.

Þetta þing Sameinuðu þjóðanna um málefni barna var ekki haldið vegna atburðanna 11. september. En Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, skrifaði í rit sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu út sem nokkurs konar aðfaraorð að því þingi, sem vonandi verður haldið á næsta ári, orð sem mættu útleggjast á þennan veg, með leyfi herra forseta:

„Öll börn ættu að búa við það frelsi að geta notið góðrar heilsu, friðar og mannlegrar reisnar."

Herra forseti. Íslendingar verða að leggja sín öflugu lóð á vogarskálarnar til þess að tryggja slíkt frelsi fyrir öll börn í öllum löndum án nokkurra undantekninga. Það má engar undantekningar gera, herra forseti.

Hvar eru börn þessarar veraldar stödd í dag? Sérstakur sendiherra Kofi Annans, Olara Otunnu, fer nú um heiminn til að freista þess að fá barnaheri afvopnaða. Börn ganga undir vopnum sem eru — það er sorglegt að segja það — í ákveðnum tilfellum framleidd á Vesturlöndum og keypt af þjóðum sem eiga í stríði. Hver er ábyrgð Vesturlanda í málefnum af þessu tagi?

Íslendingar eiga öflug lóð og eiga að leggja þau á vogarskálar í alþjóðlegu samstarfi um mannréttindamál. Íslendingar verða að leggja lóð sín á vogarskálarnar þegar réttindi barna eru til umfjöllunar. Það hefur ýmislegt áunnist á síðustu árum í réttindum barna. Það verður að segjast eins og er að þremur milljónum færri börn undir fimm ára aldri deyja nú en fyrir tíu árum. Það má m.a. þakka árangri af bólusetningum og af félagslegri aðstoð. Í þróunarlöndunum þjást nú vegna vannæringar 28 milljónum færri börn undir fimm ára aldri en fyrir tíu árum.

En þrátt fyrir þennan mælanlega árangur af starfi Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra hjálparstofnana deyja enn um tíu milljónir barna vegna sjúkdóma, sem þó eru til lækningar við. 600 milljónir barna lifa enn við sára fátækt og meira en 100 milljónir barna eiga ekki kost á neinni menntun. Vart þarf að taka fram, herra forseti, að flest þeirra barna eru stúlkur.

En hvað þarf að gera til að ná enn frekari árangri? Að mati aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annans, liggur lausnin m.a. hjá leiðtogum þjóða heims. Svarið er að mati hans fólgið í því að leiðtogar þjóða standi undir þeim skyldum sínum að hagsmunir barna séu skoðaðir sérstaklega við hverja einustu pólitísku ákvörðun sem tekin er og við hverja einustu viðskiptalegu ákvörðun sem tekin er í veröldinni. Þess utan þurfa ráðamenn að hvetja til þess að hagsmunir barna séu hafðir til hliðsjónar við allar okkar daglegu athafnir og hegðun. Þetta er ábyrgð ráðamanna veraldarinnar og við Íslendingar erum þar á meðal. Í alþjóðasamstarfi megum við ekki gleyma þeim staðreyndum.

Það er ekki gaman, herra forseti, að þurfa að fjalla um þær ógnir sem steðja að börnum í heiminum. Það er sárt og tekur á að þurfa að minna stöðugt á þá hræðilegu staðreynd að hundruð þúsunda kvenna og barna skuli á ári hverju ganga kaupum og sölum á milli landa til að fullnægja kynlífsfýsnum karla á Vesturlöndum. Það er þyngra en tárum taki þegar maður les í ritum Sameinuðu þjóðanna að staðfestur fjöldi þeirra barna sem í Asíu einni þurfa að þjást í kynlífsiðnaði og þola þar kynferðislega misnotkun er ein milljón.

En það er ekkert, herra forseti, sem réttlætir þögnina. Það er erfitt að tala um ýmsa hluti í alþjóðlegu samstarfi, m.a. þetta sem hér er rætt. Sameinuðu þjóðirnar hafa beitt sér fyrir gerð fjölda alþjóðlegra, mikilvægra samninga sem ætlað er að taka á mannréttindabrotum og Íslendingar eru aðilar að flestum þeirra, m.a. þeim samningi sem undirritaður var í Palermo í desember á síðasta ári og hæstv. dómsmrh. hefur sagt okkur að unnið sé að fullgildingu á, en hann á að reyna að koma í veg fyrir mansal sem viðgengst á vegum skipulegra glæpasamtaka í heiminum. Ég treysti því, herra forseti, að hæstv. utanrrh. geti beitt sér í slíkum málum áfram á þeim nótum sem hæstv. dómsmrh. hefur lýst að verið sé að gera í þessum tiltekna samningi og sömuleiðis að íslensk

stjórnvöld geti staðið vörð um hagsmuni mannréttinda og reyni allt sem hægt er á þeim vettvangi til að koma í veg fyrir þau skelfilegu mannréttindabrot sem framin eru í veröldinni á hverjum degi.

Sameiningarmáttur og samstaða þjóða getur áfram unnið kraftaverk í því að koma börnum heimsins til bjargar. Ég hvet þess vegna ráðamenn Íslands og bryni: Aldrei er of oft lögð áhersla á að hagsmuni barna þurfi að hafa í huga í hvert sinn sem við tökum þátt í alþjóðlegum pólitískum aðgerðum og undirritaðir eru alþjóðlegir samningar um viðskipti milli þjóða.

Herra forseti. Það líður að lokum ræðutíma míns en eitt af þeim málum sem hæstv. utanrrh. gerði að umræðuefni í ræðu sinni var Kyoto-bókunin. Þar kveður nú við annan tón en oft áður í máli hæstv. ráðherra. Nú tryggir Kyoto-bókunin efnahagslega hagsmuni Íslands vegna þess að undanþáguákvæðið sem fjallað var um hér í löngu og ítarlegu máli á Alþingi fyrir fáum dögum náði fram að ganga.

Hæstv. utanrrh. hefur gagnrýnt stjórnarandstöðuna fyrir að vinna gegn hagsmunum Íslendinga í því máli. En það var athyglisvert að hlýða á þann bút í ræðu hæstv. utanrrh. þar sem hann fjallaði um þá skyldu stjórnarandstöðunnar að gagnrýna ríkisstjórnina. Hæstv. utanrrh. fór um það þeim orðum að hann hefði sjálfur verið í því hlutverki. Ég lít því svo á að stjórnarandstaðan á Alþingi hafi verið að sinna skyldum sínum með gagnrýni sinni. Ég vil halda því fram að gagnrýni stjórnarandstöðunnar á þetta undanþáguákvæði hafi átt fullan rétt á sér og hafi verið sjálfsögð. Hún virðist meira að segja hafa skilað sér vegna þess m.a. að virkustu gróðurhúsalofttegundirnar, þ.e. flúorkolefnin, voru tekin út úr tillögu Íslendinga á ákveðnu stigi í samningaviðræðunum og að auki var sett á hana þak. Ég tel að stjórnarandstaðan, sem hefur veitt stjórnvöldum ákveðna gagnrýni í þessu máli, hafi að hluta til unnið sigur vegna þess að eftir gagnrýninni var tekið og hún skilaði sér.

Herra forseti. Hafi ég orku og þrek til að koma hér upp í síðari ræðu mína þá hef ég heilmargt um umhverfismálin að segja, sem eru vissulega eitt af stærstu málunum fram undan. Meðal þess sem þarf að gera á þeim vettvangi er að taka þátt í Jóhannesarborgarþinginu, Ríó plús 10 árið 2002. Ég treysti því að hæstv. umhvrh. styðji það að Alþingi Íslendinga geti á öflugan hátt tekið þátt í því þingi.

[14:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gagnrýni það ekki að stjórnarandstaða veiti ríkisstjórn aðhald. Það getur stundum verið afskaplega mikilvægt að svo sé gert í mikilvægum erlendum samningum. Það er ekkert sjálfsagt í þeim efnum. Við skulum taka sem dæmi landhelgismálið og fiskveiðisamninga. Við viljum yfirleitt ná betri samningum en við náum og því er mikilvægt að gagnrýnisraddir heyrist innan lands um hvað þjóðinni er mikið niðri fyrir í sambandi við slík mál. Það átti líka við um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

En ég hef skilið gagnrýni hv. þm. í þessu máli allt öðruvísi. Það má vel vera að þar hafi verið um misskilning að ræða. Ég hef skilið hv. þm. þannig að hann hafi verið algjörlega andvígur því að Íslendingar færu fram á að fá sérstök réttindi í þessu sambandi. Það hefur ekki hjálpað okkur á erlendri grund. Þvert á móti hefur það verið okkur erfitt. Hefði hv. þm. hins vegar gagnrýnt okkur fyrir að við værum ekki með nægilegar kröfur í þessu sambandi, þá hefði það verið mjög hjálplegt í málinu. En gagnrýni stjórnarandstöðunnar í þessu tiltekna máli hefur verið þröskuldur á vegi okkar í samtölum og samningum erlendis. Ég hef upplifað það en hins vegar hefði verið afar hjálplegt ef ríkisstjórnin hefði verið gagnrýnd fyrir að hún væri með afskaplega litlar kröfur í þessu sambandi. Þessu vildi ég koma á framfæri við hv. þm. í fullri vinsemd.

[15:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað gagnrýndi stjórnarandstaðan ríkisstjórnina ekki fyrir að setja fram lágar kröfur enda var hæstv. ríkisstjórn með óhóflega kröfu uppi í þessu máli. Það var slegið af þeim kröfum, þ.e. samninganefndin dró úr kröfum sínum undir lokin af því að kröfurnar mættu þvílíkri andstöðu á alþjóðavettvangi. Ef það er því að þakka, að sú sem hér stendur gagnrýndi íslensk stjórnvöld, að þakið var sett og að flúorkolefnin voru tekin út úr tillögunni þá er ég stolt yfir því að hafa gagnrýnt íslensk stjórnvöld í þessu máli.

[15:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Ég ætla ekkert að segja til um hvort það er hv. þm. að þakka að ríkisstjórnin náði ekki þeim árangri sem hún stefndi að í þessu máli. En það er svo í öllum samningum að menn verða að vera tilbúnir til að víkja eitthvað frá því sem upphaflega er fram sett.

Ég er hissa á hv. þm. skuli lýsa þessu yfir því að ég tel að þarna hafi verið um þjóðarhagsmuni að ræða. En hv. þm. hefur staðfest það hér að hún er og var andvíg hvers kona beiðnum af hálfu Íslands í þessu sambandi. Hún er þá jafnframt að segja að hún hefði viljað sjá að álverið í Straumsvík hefði ekki verið stækkað, að álverksmiðjan í Hvalfirði hefði ekki verið byggð, að Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði hefði ekki verið stækkuð og ég tala nú ekki um álver á Austurlandi. Um þetta snýst málið.

Okkur tókst að tryggja möguleika þess að halda þessu verki áfram, til þess að efla íslenskt efnahagslíf, til þess að standa vörð um íslenskt velferðarkerfi og til þess að standa á því að við gætum nýtt auðlindir okkar með sjálfbærum hætti.

Ég tel að hv. þm. og flokkur hennar hafi farið miklu offari í þessu máli og við það mun ég standa. En sem betur fer hefur þetta tekist, þrátt fyrir það að engin hjálp bærist frá íslenskri stjórnarandstöðu, þvert á móti var það akkúrat í öfuga átt. En þegar ég gagnrýndi t.d. ríkisstjórnina á sínum tíma, t.d. vegna EES-samningsins, þá tel ég að það hafi verið til að hjálpa til í því máli. Ég er líka sannfærður um að gagnrýni á mig að því er varðar síldveiðisamninginn og að því er varðar Smugusamninginn var mikilvæg og nauðsynleg. Ég hef ekki kvartað undan þeirri gagnrýni, enda má alltaf deila um slíka samninga.

[15:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur hæstv. utanrrh. greinir á um hvaða meðöl eigi að nota til þess að efla atvinnulíf á Íslandi, til þess að efla íslenskt efnahagslíf og íslenskt velferðarkerfi. Okkur greinir á um hvað sjálfbær nýting okkar náttúruauðlinda felur í sér og hvað það í raun og veru þýðir. Því til staðfestingar get ég nefnt eina setningu úr ræðu hæstv. utanrrh., þar sem hann fjallar um sjálfbæra þróun. Í ræðu hans á bls. 18 í hinu prentaða handriti segir, með leyfi forseta:

„Ísland hefur vissulega sérstöðu þar sem það býr yfir margvíslegum auðlindum sem allar eiga það sameiginlegt að

vera sjálfbærar. Auðlindir okkar þurfum við að vernda og hámarka afrakstur þeirra."

Herra forseti. Auðlindir okkar eru ekki í eðli sínu sjálfbærar. Hins vegar getum við nýtt auðlindir, annars vegar með sjálfbærum hætti og hins vegar með ósjálfbærum hætti, þ.e. með því að eyða þeim. Sú nýting orkuauðlindanna sem hæstv. ríkisstjórn stefnir í er ekki nýting með sjálfbærum hætti.

Ég reyndi að fjalla um það í umræðum um skýrslu hæstv. utanrrh. um loftslagsmálin hér fyrir nokkrum dögum og get ekki farið nánar út í það hér en ég spyr: Ef við hámörkum afrakstur auðlinda okkar, t.d. fiskstofnana, hámörkum afraksturinn, hvað verður þá um auðlindina?

[15:06]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. utanrrh. og þakka honum greinargóða skýrslu um þau málefni sem hæst ber í umræðu um alþjóðasamskipti og utanríkismál okkar Íslendinga um þessar mundir.

Eðlilegt er að í umræðunni hafi fyrst verið vikið að áhrifum og afleiðingum atburðanna í New York og Washington hinn 11. sept. sl. Hvernig svo sem menn meta þau áhrif og þær afleiðingar í dag er ljóst að þar var framin árás á vestræn gildi og á alþjóðlegt samstarf sem á að miklu leyti miðstöðar sínar í Bandaríkjunum, þó svo Bandaríkin hafi ekki alltaf leikið stærsta hlutverkið í alþjóðlegu samstarfi, alla vega ekki öllum þáttum þess.

Mér er það ljóst, herra forseti, að árásin á þessar tvær borgir var gerð vitandi vits og sem slíkt er hún eins og hvert annað hermdarverk, lögbrot. Við getum engan veginn talið að lögbrot, af þessu tagi eða öðru, sé eðlileg baráttuaðferð fyrir einhverjum sjónarmiðum, hver sem sjónarmiðin kunna að vera. Þó ekki væri nema í því ljósi er alveg ljóst að viðbrögð Bandaríkjanna, viðbrögð alþjóðastofnana, fjölþjóðastofnana og ríkja sem eru utan þeirra en hafa brugðist við þessum árásum, eru fyllilega lögmæt. Afleiðingarnar af hermdarverkunum munu birtast víða og við Íslendingar munum eins og fleiri þjóðir á Vesturlöndum eiga eftir að súpa úr þeirri ausunni. Þegar hafa komið fram umtalsverð áhrif á íslenska ferðaþjónustu og á flugsamgöngur yfirleitt, milli Bandaríkjanna og annarra heimsálfa og þá ekki síst yfir Atlantshafið, sem við höfum til þessa leikið stórt hlutverk í.

Áhrifin munu birtast í samdrætti í flugsamgöngum og í ferðaþjónustu. Nú þegar höfum við séð fyrirtæki týna tölunni vegna þessara afleiðinga og áfram berast upplýsingar og enn standa yfir umræður um aukinn kostnað vegna öryggisgæslu eða annarra öryggisaðgerða. Fjárfestingarkostnaður í samgöngum og ferðaþjónustu eykst og í samræmi við það rekstrarkostnaður.

Niðurstaðan af þessum áhrifum eða afleiðingum mun birtast í versnandi lífskjörum, væntanlega í aukinni skattheimtu til að rísa undir þessum fjárfestingum, en einnig hækkandi verði þjónustunnar sjálfrar.

Menn hljóta mjög að velta fyrir sér hvar kann að vera að leita rótanna að atvikum sem þessum, hverjar kunna að vera ástæður þess að menn fremja slíkan verknað. Það verður að segjast að vísbendingar og ábendingar um stjórnarhætti talibana í Afganistan hafa verið mikið umhugsunarefni og verið efst á baugi í allri umræðu um þessi mál. Það er ljóst að stjórnarhættir þeirra eru engum til fyrimyndar og helst hægt að líkja við harðræðisstjórn Saddams Husseins í Írak, eða hverja aðra harðræðisstjórn sem við höfum þekkt á síðari áratugum, svo sem í Þýsaklandi nasismans og í Sovétríkjunum fyrrverandi.

Það er merkilegt að rifja upp, eins og gert var fyrir fáum dögum í umræðu hér í borg, að fyrir fáeinum áratugum, á sjöunda áratugnum, voru réttindi kvenna í Afganistan talin einna best tryggð í múhameðstrúarríkjum. Undanfarin ár, allan síðasta áratug, hafa réttindi kvenna þar, eins og réttindi almennings yfirleitt, verið algjörlega fótumtroðin, skipulega og vitandi vits.

Hins vegar er undarlegast að trúarbrögð eins og múhameðstrú sem þóttu umburðarlyndari en kristin trú fyrr á öldum, sérstaklega hin rómversk-kaþólska sem við köllum í dag en var þá nánast eina fyrirbrigðið af kristnum trúarbrögðum. Málin virðast hins vegar hafa þróast þannig í gegnum aldirnar að í múhameðstrú hafi vaxið upp enn þá meiri ofstækisöfl sem rekja forsendur sínar til trúarbragðanna en í kristnu samfélagi í dag.

Mér sýnist ljóst, herra forseti, að hugmyndaheimur talibana sé að mörgu leyti rakinn til trúarbragða, svo undarlegt sem það kann að virðast. Þetta hefur gerst í fleiri ríkjum íslams en í Afganistan, og margir hafa bent á að stjórnarherrar í Sádi-Arabíu gæli við mjög ofstækisfulla túlkun á múhameðstrú, grein af þeim trúarbrögðum sem talin eru hafa verið forsenda fyrir trúarbragðahugmyndum eða túlkun í síðustu hugmyndum og hugmyndaheimi talibana.

Það er hins vegar merkilegt að hugsa sér að orðið taliban merkir námsmaður. Ljóst er að þar er um að ræða unga menn sem hafa farið að heiman, forvitnir í leit að menntun, til að fræðast og öðlast þannig öruggari fótfestu í lífinu, en koma til baka sem fullkomnir ofstækismenn.

Ég segi svo, herra forseti, vegna þess að mér er ekki nokkur vegur að greina á milli ofstækis-talibana og samstarfsmanna þeirra Osama bin Ladens og félaga hans í hreyfingu hans al Qaeda. Mér er ekki nokkur leið að greina þar á milli.

Það er auðvitað svo að við erum aum undan þeim afleiðingum sem við sjáum í fjölmiðlum vegna núverandi styrjaldar í Afganistan. Samt sem áður getum við rakið ástæður þess að hún hefur tekið á sig þessa mynd, en þar birtist ekki síður en áður í slíkum tilvikum að aðstaða barna, kvenna og alls almennings er verst. Þau verða fórnarlömb allra stríðsherranna, hverjir sem þeir eru.

En víkjum að öðru sem hefur borið hér á góma og hefur stundum verið talin ein af ástæðunum fyrir hugmyndum múhameðstrúarmanna um að ráðast beri á vestræn gildi, vestræn mannvirki og jafnvel menningu. Sumir segja að deilur Palestínumanna og Ísraelsmanna séu ein af ástæðunum. Ég get ekki fallist á þau rök, en látum það vera. Þær hugmyndir eru uppi. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hæstv. utanrrh. um sjálfsagðan rétt Palestínumanna til að eignast sitt eigið sjálfstæða ríki og snúa heim til eigin byggða eftir útlegð og hernám.

Það er rétt að nefna í þessu samhengi að fyrir fáeinum árum, þ.e. skömmu fyrir síðasta áratug, féll svonefnt aðskilnaðarríki í Suður-Afríku. Eftir að hafa komið oftar en einu sinni til Ísraels og Palestínu verð ég að viðurkenna að ég hygg að hefðu þær hugmyndir átt að standa lengur í Suður-Afríku, þá hefðu þeir þurft að fara í nám til Ísraelsmanna. Mér vitanlega hefur ekkert ríki í heiminum komist jafnlangt í aðskilnaði á milli bæði þjóðarbrota, trúarbragðahópa og stétta eins og Ísrael.

Það er ljóst að Ísraelsríki hefur verið seint til að taka undir alþjóðasamninga og staðfesta þá og lengi vel töldu öll vestræn ríki að þeir væru að brjóta slíka samninga á Palestínumönnum. Okkur á líka að vera ljóst að þarna er um að ræða stríð sem hefur staðið um þúsundir ára, hernám sitt á hvað og auðvelt að rekja hverjir áttust við í sögum Gamla testamentisins í hinni helgu bók. Það voru forfeður núverandi íbúa Palestínu og Ísraels.

Ég vænti þess að okkur sé ljóst að deilur af þessu tagi sem eiga sér svo langa sögu, svo djúp sár, eins og haft var á orði áðan um aðstæðurnar í Kosovo. Deilur af slíku tagi og sár sem eru svo djúp, verði aðeins leystar og sárin aðeins grædd með málamiðlunum og gagnkvæmum skuldbindingum allra sem í þeim hafa staðið og fleiri aðila sem geta lagt hönd á plóginn.

Mér er að vísu ljóst að okkar hönd er ekki svo þung að við getum breytt miklu um þessi mál, en sjálfsagt er að Íslendingar leggi sitt til þar sem það er unnt. Þó tel ég að meiru skipti að ríki sem hafa um nærri tvær aldir sóst eftir áhrifum í þessum heimshluta og vilja hlutast til um mál þeirra sem þar búa leggi gott til. Flest þeirra eru í dag heimsveldi en misjafnlega áhrifamikil. Hins vegar má líka vera ljóst að vandi Palestínumanna er nokkur því þeir eiga afskaplega litla arfleifð þess efnis sem við köllum ríki, sennilega síðasta þjóð þessa heimshluta til að gangast undir það sem við köllum nútímaríki og þá með annarri arabískri þjóð. Þeir voru ríkisborgarar í Jórdaníu. Afskipti ríkisvaldsins í Palestínu voru afskaplega lítil, nánast engin. Flestir Palestínumenn sem muna þá daga muna það eitt að þeir áttu jú ríkisfang með Jórdaníumönnum en vissu lítið um hvað ríkið yfirleitt var.

Vegna þess að við höfum borið hag þessa fólks fyrir brjósti og hér liggur fyrir tillaga Samfylkingarinnar í þessu máli verð ég að viðurkenna að mér sýnist eðlilegt að hún komi fram og lýsi þannig afstöðu flokksins sem telur sig nýjan en ég tel hins vegar að sú afstaða sem kemur fram í máli hæstv. utanrrh., og er að sjálfsögðu afstaða ríkisstjórnar Íslands, sé betur til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á framvindu þessara mála ef afstaða Íslands skiptir svo miklu máli.

Ef við hins vegar víkjum að samskiptum okkar við Evrópusambandið og aðildarríki þess innan Evrópska efnahagssvæðisins liggur fyrir það viðfangsefni að taka til við þróun samningsins sem skýrt var í upphafi, þegar hann var hér á hinu háa Alþingi til umfjöllunar á sínum tíma, að hefði þann kost umfram aðra slíka að hann gæti þróast. Til þess þarf viðræður samningsaðilanna. Það sem krefst þess að við förum fram á slíkar viðræður og komum þeim áfram er að sjálfsögðu það að hlutverk stofnana innan sambandsins hefur breyst og stofnanakerfið allt. Þær stofnanir sem okkur var tryggður aðgangur að, aðgangur og áhrif, hafa misst þau hlutverk sem þær höfðu þá, hlutverkið er komið til annarra stofnana sem við eigum að mínu viti samkvæmt ákvæðum samningsins að fá slíkan aðgang að.

Það skiptir okkur miklu máli að þær bókanir sem eru veigamestar fyrir okkur, sérstaklega bókun 9, fái að þróast eins og samningurinn sjálfur. Einungis þannig kemur það til móts við hagsmuni okkar að útvíkka eða breikka tollfrelsisákvæðin sem við nutum við inngönguna í Evrópska efnahagssvæðið, að þau nái til fleiri vöruflokka, sérstaklega til fleiri tegunda sjávarafurða. Sumt af þessu blasti að vísu við þegar við gerð samningsins en var þá ekki eins mikilvægt í okkar efnahagslegu hagsmunum og það er orðið nú, t.d. varðandi síldarafurðir. Aðrar afurðir urðu einfaldlega að víkja vegna hagsmuna sem þá þóttu vera meiri.

Það skiptir líka máli fyrir okkur eins og hér hefur verið nefnt að væntanleg er stækkun sambandsins, tilkoma nýrra Evrópusambandsríkja sem við þurfum að geta átt jafngreið og eðlileg viðskipti við og við höfum haft til þessa. Þá tel ég rétt að við bendum á það sem viðhaft hefur verið, ekki alltaf en oftast, við slík tilvik að Evrópusambandið hafi yfirtekið skuldbindingar nýrra aðildarríkja við ríki utan sambandsins. Það hefur oft verið gert en ekki alltaf.

Ég hlýt að viðurkenna að ég get ekki talið að hugmyndir um að þróa samninginn að okkar leyti gagnvart Evrópusambandinu yfir í einhvern tvíhliða samning geti verið til mikils árangurs. Hins vegar er alveg ljóst að ef Noregur mundi færa sig úr EFTA yfir í Evrópusambandið hlyti byrði okkar mjög að breytast og upp að rísa ný viðfangsefni í því hvernig við byggjum upp bæði stjórnkerfi samningsins og eftirlitsþættina.

Ég hygg raunar að það verði svo með ný viðfangsefni að við getum ekki mikið nálgast þau í dag. Við vitum ekki hvort Noregur er á leiðinni í Evrópusambandið eða ekki, það hefur ekki meiri fótfesta fengist í því máli en áður. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að í EFTA-hlið þessa tvíhliða samnings er Noregur auðvitað miklu öflugri aðili en við, sérstaklega efnahagslega.

Það er hins vegar mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að í hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu eru fólgnir bæði kostir og ókostir. Ég hef litið svo á að ókostirnir séu meiri en kostirnir, sérstaklega vegna þess að innan Evrópusambandsins gerum við ekki sjálf samninga við ríki utan þess, það yrði Evrópusambandið að gera. Skipta þá miklu þeir samningar sem við eigum og viljum þróa, bæði í viðskiptum og öðrum samskiptum við ríki vestan Atlantshafsins.

Herra forseti. Ég tel skipta miklu máli að við höldum vel á þessum málum og öðrum sem hér hafa verið nefnd, ekki síst að við höldum á lofti hagsmunum Íslands í viðræðum okkar við önnur ríki og í alþjóðasamningum og á ég þar ekki síst við hagsmuni okkar sem við áttum undir niðurstöðu Kyoto-bókunarinnar sem ég tel hafa vel tekist.

[15:22]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað því hv. þm. Árni Ragnar Árnason nefndi það í ræðu sinni, ef ég hef skilið hann rétt, að ofstækisöflin innan íslams væru sýnu verst af ofstækisöflum trúarbragða. Hv. þm. leiðréttir mig ef ég hef misskilið þetta. Ég held að mjög mikilvægt sé í þessari umræðu að halda því til haga að eins og við vitum öll hafa trúarbrögð, hverju nafni sem þau nefnast, alltaf verið misnotuð, því miður, af pólitískum ofstækismönnum. Saga kristninnar er blóði drifin eins og við þekkjum öll, saga íslams líka að stórum hluta og það á við um fleiri trúarbrögð, því miður. Ég vil gjalda varhug við því að hér sé reynt að útmála íslam sem rót hins illa. Málið er ekki svo einfalt, herra forseti.

Ég vil benda hv. þingmönnum á að rithöfundurinn góðkunni, Salman Rushdie, skrifaði um þetta efni í breska dagblaðið Guardian nýverið þar sem hann varaði við ofstækinu í trúnni og ofstækinu í íslam. Það þurfum við auðvitað að varast eins og annað trúarofstæki. Trúarofstæki kristinna manna er engu skárra að mínu viti. Salman Rushdie benti líka á að það sem allir þyrftu að leggja áherslu á, og það

vona ég að við séum öll sammála um, er að gildi lýðræðis og mannréttinda eru sammannleg og ekki menningarbundin. Það er það sem skiptir mestu máli í þessari umræðu, herra forseti.

[15:24]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek fyllilega undir það að gildi lýðræðis og allra mannréttinda eru sam-mannleg og gera ekki greinarmun á menningarheimum eða trúarbrögðum.

Það er hins vegar nauðsynlegt að ég bendi á að ég hafði engin orð uppi um það að hermdarverkamenn eða ofstækisöfl innan íslams væru verri en önnur. Ég rakti ofstækisöfl sem spruttu af hugarheimi kristinna manna. Ég rakti það að fyrir nokkrum öldum voru kristnir menn í Evrópu sunnanverðri vissulega ofstækisfyllri og síður umburðarlyndir en múhameðstrúarmenn á þeim tíma. Það er hægt að rekja þetta í ritum bæði kristinna manna og múhameðstrúarmanna.

Það eru hins vegar vissir atburðir sem hafa vakið stóran hluta umræðu okkar í dag um utanríkismál og eru vegna árásar sem kom greinilega frá einstaklingum eða samtökum sem hafa starfað innan lögsagna íslamskra ríkja. Hitt er rétt, og þess vegna nefndi ég önnur ríki í máli mínu, að ríki í Vestur-Evrópu, í Þýskalandi á dögum nasismans, og síðan í Rússlandi og víðar innan lögsögu Sovétríkjanna á þeim tíma sem þau voru til vildu líka veita hermdarverkamönnum skjól og gerðu það. Þannig að ég gerði engan greinarmun að þessu leyti á kristnum mönnum og múhameðstrúarmönnum.

Ég vakti hins vegar máls á því sem ég vil enn þá fylgja eftir að mér finnst nokkur furða að trúarbrögð af þessu tagi skuli vera notuð sem skálkaskjól ofstækisafla sem segjast rökstyðja bæði hermdarverk sín og málflutning með trúarbrögðunum. Það finnst mér afleitt og ég tel að við eigum öll að berjast gegn slíkum málflutningi.

[15:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að leiðrétta þennan misskilning minn.

Auðvitað er það þannig eins og hv. þm. tók fram að fleiri trúarbrögð hafa verið misnotuð og því miður notuð sem skálkaskjól, eins og það var orðað, ofstækismanna hvaða nafni sem þeir nefnast. Við hljótum öll að vera sammála um að við berjumst gegn því í hvaða mynd sem það birtist.

[15:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni fyrir prýðilega ræðu og einhverja hina efnisríkustu sem ég hef heyrt í þessum umræðum hér í dag.

Mér fannst hv. þm. gera prýðilega og af einlægni grein fyrir viðhorfum sínum til Evrópusambandsins. Ég er honum reyndar ekki sammála um hvaða leið er hægt að fara til að þróa samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það má vera að mér hafi misheyrst en þó kann það að stafa af misskilningi hv. þm. en hann taldi að samningurinn hefði frá upphafi verið þeirrar gerðar að honum væri ætlað að þróast. Það er rétt að því er hann nær til þeirra sviða sem hann var gerður um en ekki varðandi þau svið önnur sem hin evrópska samvinna hefur síðan þróast og náð út yfir. Það er sá stóri galli sem á þessum samningi er.

Ég deili auðvitað með hv. þm. vonum um að hægt verði að breyta samningnum eða uppfæra hann eins og hæstv. utanrrh. kallaði það þannig að okkur takist að ná frekari tollfríðindum, t.d. á sviði sjávarútvegs. Og það er alveg rétt að þróun í sjávarútvegi okkar hefur verið þess eðlis að skorturinn á tollfríðindum er miklu átakanlegri en núna. Við vitum hins vegar hvað Evrópusambandið hefur sagt. Þeir eru til í að ræða tæknilega uppfærslu sem byggir á viðskiptareynslu. Það hjálpar okkur ekkert. Við erum að gera út á væntingar hinna nýju ríkja sem munu ganga í Evrópusambandið.

Herra forseti. Ég kom þó aðallega hingað upp til að ræða um Palestínu. Hv. þm. sem er einn af talsmönnum Sjálfstfl. í utanríkismálum og situr í utanrmn. orðaði það svo að af persónulegum kynnum sínum af Ísrael teldi hann að ekkert ríki hefði komist eins langt í aðskilnaði á grundvelli þjóðarbrota og trúarbragða og Ísrael. Þetta þykja mér merkar yfirlýsingar. Mér sýnist að í ljósi þeirra hljóti hann að vera að tala fyrir munn a.m.k. sæmilegs hluta Sjálfstfl. og þá sýnist mér sem sú stefna sem Samfylkingin og fleiri fylgja varðandi málefni Palestínu hljóti að vera komin í ansi drjúgan meiri hluta á þinginu.

[15:28]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að seinna atriðinu sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Ég greindi þarna frá sjónarmiði gagnvart Ísrael í ljósi þess að ég hefði komið þangað og átt raunar, eins og ég get sagt nú, viðræður við þarlenda embættismenn, var raunar svo óheppinn að hitta ekki þarlenda stjórnmálamenn. Ég get viðurkennt að ég get ekki um þetta sagt neitt af hálfu annarra þingmanna Sjálfstfl. eða flokksforustunnar vegna þess að ég var þar eini sjálfstæðismaðurinn á ferð. Þessi sjónarmið eru þannig mín eigin. Ég hef hins vegar áður gert grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum og þau ættu þess vegna ekki að koma neinum á óvart sem setið hefur hér á þingi jafnlengi og hv. þm. hefur gert.

Varðandi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið vil ég geta þess að það er að sjálfsögðu rétt að hann mun ekki geta þróast í átt til þeirra þátta sem síðan hafa komið inn í samstarf ríkjanna innan Evrópusambandsins. Og hvað þá heldur getur hann tekið til þátta sem voru áður í samstarfi þeirra en ekki var samið um við gerð hans. Auðvitað verður það aldrei nema með því að breyta samningnum efnislega. En það liggur fyrir í þingtíðindum oftar en einu sinni frá umræðum um samninginn meðan hann var hér til meðferðar að það var talinn einn af hans stærstu kostum að hann gæti þróast, hann gæti tekið breytingum, en það segir sig sjálft að til þess þurfum við að ræða við Evrópusambandið, raunar líka við hin EFTA-ríkin sem eiga aðild að honum.

Það skiptir þó hins vegar miklu máli að við gerum okkur grein fyrir því varðandi aðra hugsanlega kosti að Evrópusambandið er að breytast, að það mun breytast, það hefur meira að segja tekið miklum breytingum frá því að þessi samningur var gerður. M.a. þær breytingar kalla fram þörfina á að þróa samninginn um Evrópska efnahagssvæðið til að fylla upp í eyður sem breytingar innan Evrópusambandsins hafa skapað fyrir hagsmuni okkar.

[15:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Orsök þess að við erum að ræða möguleikann á að enduskoða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða að öðrum kosti íhuga að sækja um aðild að Evrópusambandinu er einmitt eins og hv. þm. bendir á, að komið hafa til ný svið í hinni evrópsku samvinnu sem eru okkur ákaflega mikilvæg, svið sem við höfum ekki aðgang

að í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er þess vegna sem flokkar eru búnir að taka það á dagskrá að ræða og brjóta til mergjar hvort við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það er til þess m.a. að njóta ávinnings af þeirri nýju samvinnu. Við sáum hvað það var erfitt fyrir okkur að ná Schengen-samkomulaginu í höfn og vísast gekk það bara vegna þeirrar fortíðar sem við höfðum í því máli. Það verður erfitt fyrir okkur að semja um önnur svið. Og það er erfitt fyrir utanríkisþjónustu okkar að sinna þessum nýju verkefnum. Mér er til efs að ýmsar ákvarðanir sem stundum eru teknar um þau nýju svið séu teknar með þeim hætti að hægt sé að verja þær frá sjónarhóli lýðræðisins. Ég held að starfsmenn og embættismenn utanríkisþjónustunnar þurfi stundum að taka ákvarðanir sem má deila um hvort þeir hafi umboð til.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um Palestínu, þá kann það auðvitað vel að vera að þetta séu bara skoðanir hans sjálfs en hann er enginn prívatmaður. Hann er fulltrúi í utanrmn. Hann er oftsinnis talsmaður Sjálfstfl. í utanríkismálum þannig að orð hans hafa vægi þó að ég sé ekki að yfirfæra þau á Sjálfstfl. í heild. Hann spyr eða segir að ég hafi sökum langrar setu á þingi átt að hafa heyrt þessi viðhorf áður. Auðvitað hef ég heyrt örla á vild hans gagnvart Palestínu, en ég hef aldrei heyrt nokkurn þingmann, hvorki hér né annars staðar, halda því fram að aðskilnaðarstefna Ísraelsmanna gangi lengra en aðskilnaðarstefna Suður-Afríkumanna á sínum tíma. En ég dreg það ekki í efa.

[15:33]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðasta atriðið vil ég nefna að nákvæmlega sömu orð hafði ég í annarri þingræðu fyrir fáeinum árum, þá nýlega kominn frá Ísrael og Palestínu. Þau hafa líka birst á prenti, í fjölmiðlum og í viðtölum við fjölmiðla, þannig að það ætti ekki að koma neinum á óvart.

En vegna þess að hv. þm. telur að ég hljóti að tala fyrir munn flokksins í þessu máli ... (**ÖS:** Nei, ég sagði að ég vildi ekki yfirfæra þau orð.) Jæja, gott og vel. Hv. þm. tekur fram að hann vilji ekki yfirfæra þessa skoðun mína lengur svo ég vísa til fyrri orða minna þar um.

En varðandi Evrópska efnahagssvæðið og hugsanlega aðild Íslands í framtíðinni eða viðræður um aðild að Evrópusambandinu, verð ég að geta þess að á síðustu missirum hefur einn af íslensku stjórnmálaflokkunum tekið upp sérstaka umræðu, mjög djúpstæða, um þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu eftir mikla umræðu að ekki væri ástæða til þess nú að leita aðildar, en hins vegar þróa og fá fram breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég hygg að það séu fleiri ástæður fyrir Samfylkinguna til að taka þessi mál upp vegna þess að þegar sá flokkur var stofnaður, enda nýr eins og kom fram, voru núverandi þingmenn hennar í öðrum flokkum og voru þá alls ekki sammála um þetta mál. Það var því sérstök ástæða fyrir þann flokk að kryfja þetta mál til mergjar og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það þarf engin áhrif að hafa á okkur sem höfum starfað í öðrum flokkum sem hafa alla tíð getað tekist á við þetta mál, stundum komist að sameiginlegri niðurstöðu og stundum ekki vegna þess að það er nú svo — og hefur reyndar verið miklu lengur en innan Samfylkingarinnar og forvera hennar — að stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa gefið svigrúm til fleiri en einnar persónulegrar eða einstaklingsbundinna skoðana þingmanna sinna og forustumanna.

[15:35]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni vék ég að því að ég vildi minnast á nokkur atriði í ræðu hæstv. utanrrh. sem ég hafði þá ekki tíma til að ræða. Þetta er einkum og sér í lagi í sambandi við endurskoðun EES-samningsins.

Í ræðu sinni vék hæstv. utanrrh. að því máli og nefndi þar sérstaklega að vísbendingar hefðu borist um að Evrópusambandið kynni nú að vera reiðubúið að ræða takmarkaða tæknilega endurskoðun samningsins. Hann nefndi síðan nokkur atriði sem væru mikilvæg, en það væri m.a. tryggari þátttaka í nefndum og aukin áhrif á störf stofnana ESB.

Það kann að verka nokkuð sveigjanlegt hvað flokka má undir tæknileg atriði. Aðgangur að nefndastarfi er vissulega mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi. Frá því er gengið með nokkuð flóknum hætti í samskiptum EFTA-ríkjanna við ESB. Kannski má segja að sú skylda hvíli á Evrópusambandinu að hleypa Íslandi, Noregi og Liechtenstein að ákvarðanatökunni á fyrri stigum málsins og það er einmitt í gegnum nefndirnar sem slíkt gerist. Engu að síður eru ekki mjög formlegar reglur eða samningar um það hvernig þetta skuli gert. Þó skilst mér að það sé svolítið misjafnt eftir nefndum, að samningar séu um aðgang að ákveðnum nefndum en aðgangur að öðrum nefndum fari nánast eftir góðum vilja Evrópusambandsins.

Það hefur reynst ganga misjafnlega að fá aðgang að nefndum og í einhverjum tilfellum eru dæmi um það, sem ég held að séu þó fá, að EFTA-löndunum hafi verið meinaður aðgangur að nefndum á undirbúningsstigi. Ég hef a.m.k. vitneskju um eitt slíkt atvik sem þá hafði ekkert með pólitík að gera. Það er því þess virði að spyrjast fyrir um hvort þarna er um að ræða að slíkur aðgangur að nefndunum sem er aðferð Evrópusambandsins til að koma til móts við skuldbindingar sem sambandið hefur gagnvart EFTA-ríkjunum, flokkist undir þessi tæknilegu atriði eða ekki.

Síðan er eitt atriði sem ég hjó eftir. Í ræðu hæstv. utanrrh. var sagt að endurskoðun bókunar 9, sem lýtur að tollfrjálsum viðskiptum með sjávarafurðir, sé verkefni sem nauðsynlegt er að skoða. Í andsvari væntanlega við hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hæstv. utanrrh. að taka beri upp bókun 9. Ég hefði viljað spyrjast fyrir um það hvort hæstv. utanrrh. sé þeirrar skoðunar að taka beri upp bókun 9.

Bókun 9 veitir vissulega ekki fullan tollfrjálsan aðgang að mörkuðum fyrir fiskafurðir en er engu að síður mjög mikilvæg og þær skoðanir hafa oft verið settar fram að ef bókun 9 yrði tekin upp eins og það er orðað, þá mundu vakna kröfur Evrópusambandsríkja og kannski einkum og sér í lagi Spánverja, hugsanlega Portúgala, um veiðiheimildir í íslenskri efnahagslögsögu gegn auknum aðgangi að markaðnum. Þar af leiðandi skiptir nokkuð miklu máli með hvaða hætti er um þetta fjallað og ég segi það sem skoðun mína og þó að það sé sjálfsagt að skoða þetta atriði eins og hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni, þá tel ég að fara þurfi varlega í það og bókunin verði naumast eða trauðla tekin upp sem slík nema þá komi til með að vakna kröfur um aðgang að fiskimiðunum fyrir Evrópusambandsríkin.

Það er afar mikilvægt að við fáum betri aðgang að nýjum mörkuðum. Og þegar Evrópusambandið stækkar sem fyrirsjáanlegt er að það muni gera í náinni framtíð þá er mjög mikilvægt að við förum fram á að fá aðgang að þeim nýju mörkuðum. Ég held að það sé hægt að gera á grundvelli réttlætis- og jafnréttissjónarmiða og á grundvelli hugsjóna

um viðskiptafrelsi sem liggur til grundvallar stofnsamningi um ESB og er undirstaða EES-samningsins. Við eigum samkvæmt þessum samningi, í raun og veru gengur hann út á það að við eigum aðgang að mörkuðum þeirra eins og þeir hafa frjálsan aðgang að okkar mörkuðum.

Einnig er hægt að rökstyðja þetta á grundvelli þeirra samninga sem hafa verið að ganga á ábyrgð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ég held að í raun og veru sé hægt að rökstyðja slíka kröfu á öðrum forsendum en þeim að þurfi að brjóta upp bókun 9 sem slíka.

Það er afar mikilsvert að þegar farið er af stað með viðræður um að breyta þessum samningi séu markmiðin með þeim viðræðum ljós. Mikilvægt er að fá upplýsingar um hvaða markmið menn setja sér. Ef það er í raun og veru svo að ESB er ekki reiðubúið til að taka upp aðra þætti en tæknilega þætti samningsins þá er að sjálfsögðu til lítils að fara af stað með slíkar samningaviðræður ef það er fyrirsjáanlegt að þær nái ekki nema til tæknilegra hluta. Að minnsta kosti þarf þá að skilgreina mjög nákvæmlega eins og ég bað um hér áðan hvað menn flokka undir tæknileg atriði samningsins.

Enginn gerir sér betur grein fyrir þessu máli en Samfylkingin, sem hefur lagt mikla vinnu í það að skilgreina samningsmarkmið sín gagnvart Evrópusambandinu en er ekki reiðubúin til þess að ganga inn í sambandið.

Þetta hefði ég viljað að yrði rætt hér. Einnig er afar mikilvægt að menn setji sér sameiginleg markmið og þá á ég við að aðilar samningsins, EFTA-megin, Ísland, Noregur og Liechtenstein, hafi líka sömu samningsmarkmið þegar þeir ganga til slíkra viðræðna.

Sú skoðun hefur komið fram víða að EES-samningurinn sé hagstæður samningur, hugsanlega jafnvel svo hagstæður að það væri erfitt að gera slíkan samning í dag. Menn þurfa þá að hafa sameiginleg markmið til að ganga til slíkra samninga án þess að ég fullyrði að menn geti upplýst um það hér þá væri líka fróðlegt að fá upplýsingar um það hvort full samstaða er um það milli EFTA-stoðarinnar, þ.e. Noregs, Liechtensteins og Íslands, um hvaða markmið menn setji sér með þessum viðræðum.

Að lokum vil ég aðeins nota þann tíma sem ég hef til að víkja að einu atriði sem snertir vissulega umræðuna um Evrópusambandið. Það er merkilegt að hér kom fram sú fullyrðing af hálfu formanns Samfylkingarinnar að Sjálfstfl. bannaði umræður um aðild að ESB. Svo er nú ekki. Sjálfstfl. hefur haft mikla umræðu um aðild að ESB en munurinn er sá á Sjálfstfl. og Samfylkingunni að Sjálfstfl. lýsir því yfir mjög skýrt og skorinort að hann vilji ekki sækja um aðild að ESB eins og málin standa. Flokkurinn hefur hins vegar ekki fullyrt neitt um að svo geti ekki farið að aðstæður breytist þannig að fýsilegt verði fyrir Sjálfstfl. að óska eftir aðild. Það byggist að sjálfsögðu á því að Evrópusambandið er breytilegur heimur, er að breytast og tekur breytingum eftir þeim pólitísku sjónarmiðum sem þar verða ofan á innan sambandsins. Og það er ekki hægt að fullyrða að ekki geti orðið breytingar í framtíðinni.

Eitt af því sem ég held að væri athyglisvert fyrir menn að hugleiða, ekki síst fyrir þá sem vilja ganga í Evrópusambandið án þess að þora að lýsa því yfir, að tekist er nokkuð á inni í Evrópusambandinu, en einnig nokkuð á milli heimshluta um hvort það eigi að gera skattamál að yfirþjóðlegri hugsjón. Það er mjög sterkur straumur í Evrópusambandinu sem gengur á þá leið að skattar verði samræmdir. Sömu aðilar og hafa verið mestu talsmenn evrunnar eru einnig talsmenn samræmingar í skattamálum og það er þegar hafin samræming í skattamálum innan Evrópusambandsins. Hún kemur þannig fram m.a. að í raun og veru hefur verið sett gólf á virðisaukaskatt. Menn komast ekki niður fyrir þetta gólf í virðisaukaskatti. Ég man nú ekki nákvæmlega hvar þetta gólf er, mig minnir að það sé um 15%.

Það er alveg klárt mál að það er mjög harður róður gegn skattafríðindum ríkja í Evrópusambandinu. Ljóst er að Írar hafa búið til ákveðin skattfríðindi fyrir fyrirtæki sem hefur orðið til þess að alþjóðleg fyrirtæki hafa sótt í að setjast að á Írlandi. Það er verið að þrengja þennan ramma og Írar vita að þeir verða sennilega að breyta um stefnu í þessum efnum og aðlaga sig auknum kröfum um samræmda skattastefnu. Þetta mun að sjálfsögðu hafa veruleg áhrif á samkeppnisstöðu Íra sem hafa skapað sér hagstæða samkeppnisstöðu með skattamálum.

Afstaða ESB-ríkjanna til þessa máls kemur mjög ljóst fram í baráttu þeirra innan OECD en þar hafa þau sett á oddinn að OECD beitti sér gegn skattfríðindum, gegn ríkjum sem löðuðu til sín fyrirtæki á grundvelli lágra skatta. Ef þessi barátta nær fram að ganga þá er í raun verið að taka mjög athyglisverða pólitíska stefnu innan Evrópu og innan Evrópusambandsins sérstaklega sem gengur gegn þeirri stefnu sem t.d. Bandaríkjamenn hafa verið að reka. Þeir hafa verið frekar hliðhollir lágum sköttum, alla vega hliðhollir þeirri grundvallarreglu að ríki geti og eigi að geta átt í samkeppni um það hversu háir skattarnir eru. Ef upplýsingagjöf er gagnvirk og miðast að því að geta tvískattað fyrirtæki þá er verið að búa til skattalegt umhverfi sem er þannig að fyrirtæki geta ekki flutt sig til eftir því hvar skattar eru hagstæðir. Það er að sjálfsögðu gert til þess að styrkja stöðu ríkisvalds og ríkisstjórna til þess að skattleggja fyrirtækin.

Ef sú staða kæmi upp að Evrópa yrði eitt skattsvæði þá er mjög athyglisvert hvaða afstöðu við Íslendingar mundum taka í því, hvorum megin við vildum vera í því máli. Sóknin inn í ESB, sem er svona eitthvert óopinbert mál margra á Íslandi, er að sjálfsögðu sókn inn í háskattaumhverfi. Það fer ekki milli mála að áhugi ASÍ á inngöngu í ESB er m.a. tengdur þessu. Þeir telja sig eiga auðveldara með að ná hugsjónum sínum fram í slíku umhverfi en í því umhverfi mikils sveigjanleika sem ríkt hefur á Íslandi.

Þennan sveigjanleika höfum við haft vegna þess að við höfum frelsi til þess að ráðstafa skattamálum okkar sjálf. Við höfum búið okkur til bæði sveigjanleika í efnahagsmálum sem nálgast að einhverju leyti þann sem Bandaríkjamenn hafa, án þess þó að hafa fórnað þeim félagslegu hugsjónum sem við viljum standa vörð um. Ef við horfum fram á að Ísland glati þessu frelsi þá er það náttúrlega hluti af þeirri skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti sem við metum mikils. Ég taldi rétt að þetta sjónarmið kæmi hér fram í umræðunni vegna þess að það hefur ekki borið mikið á þessum fleti umræðunnar um ESB. En það er alveg ljóst eins og málin horfa nú innan Evrópusambandsins að það stefnir að samræmdri skattastefnu og stefna þess mun verða háskattastefna.

[15:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var fróðlegt að hlusta á skattaræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs. Hún kom hrá upp úr bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og hafði inni að halda nákvæmlega sömu vitleysurnar og þar er að finna um Íra.

Sá uppgangur sem hefur verið í Írlandi er að sögn írskra stjórnvalda ekki sökum skattastefnu Íra heldur vegna þess að Írland gekk í Evrópusambandið og vegna þess að Írland í krafti þess naut gríðarmikilla þróunar- og byggðastyrkja. Líka vegna þess að írsk stjórnvöld lögðu sérstaka áherslu á uppbyggingarstyrki fyrir tiltekið form iðnaðar, hugbúnaðar- og þekkingariðnað. Þetta ætti nú hv. þm. að kynna sér áður en hann ber fram þessar staðleysur varðandi þetta.

Það var þó ekki efni máls míns hið upphaflega, þó mér fyndist rétt að leiðrétta hv. þm. um þetta. Mér þótti merkilegt að heyra hvernig hv. þm. þjarmaði að hæstv. utanrrh. varðandi endurskoðun á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hver er stefna Sjálfstfl. eiginlega? Af máli hv. þm., formanns utanrmn., má ráða að hann telur engar líkur á því að hægt sé að endurskoða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Eigi að síður hefur það komið fram í máli þingmanna Sjálfstfl. hér fyrr í dag að stefna flokksins sé sú að ganga ekki í Evrópusambandið vegna þess að nóg sé að hafa samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og ná einhverri uppfærslu á hann.

Herra forseti. Mér þótti forvitnilegast að heyra það sem hv. þm. hafði að segja um jafnræðisforsendur þess að breyta samningnum. Ég vil því spyrja hann: Var hv. þm. í reynd að segja að á grundvelli jafnræðis hlyti eða ætti að vera hægt að knýja ESB til þess að fallast á að við héldum sömu tollfríðindum og við höfum gagnvart þeim löndum sem eru að ganga inn eftir að innganga þeirra er orðin að veruleika?

Ef svarið er já við því þá hlýtur hann að segja að í krafti þessarar inngöngu eigi að gjörbreyta allri bókun 9 því að það hlýtur auðvitað að ganga yfir allt ESB-svæðið en ekki bara hin nýju aðildarríki.

[15:52]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi varðandi Íra og skattfríðindin og styrkjastefnuna þá kemur mér mjög á óvart ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson mótmælir því að skattastefna Íra hafi skapað þeim góða stöðu í samkeppni þjóða í millum. Þetta er vitað mál og hefur alla tíð verið viðurkennt. Auðvitað hafa styrkirnir komið til líka og það er annað mál. Hvort tveggja þessara atriða hefur bætt stórlega stöðu Íra í samkeppni við aðrar þjóðir.

Ljóst er að úr styrkjum þeirra mun draga og það er ljóst að verið er að herða tökin að þessum skattafríðindum. Allt liggur þetta fyrir og ef hv. þm. veit ekki af þessu þá er eflaust hægt að upplýsa hann um það. Hann hefði sjálfur mjög gott af því að lesa bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og getur eflaust margt lært af henni. En hann getur líka, ef hann vill, kynnt sér önnur rit um þetta. Mikið hefur verið skrifað einmitt um þessi skattfríðindi, ekki síst vegna þess að hinir vofveifilegu atburðir í Bandaríkjunum hafa leitt til þess að Bandaríkjamenn hafa nokkuð söðlað um í afstöðu sinni til þess hvort það eigi að t.d. afla upplýsinga um skattfríðindi og skatta þannig að möguleikar skapist á því að tvískatta fyrirtæki sem sækja í hagstætt umhverfi. Þetta liggur nú fyrir þar líka þannig að fjallað er um skattamál einnig á þeim grundvelli.

Að því er varðar svo hugmyndir mínar um það á hvaða grundvelli eigi að leita eftir hagstæðum samningum við nýju ríkin í ESB, þau sem ganga væntanlega inn í ESB, þá rakti ég það mjög skilmerkilega á hvaða hugmyndafræðilega grundvelli ég taldi að hægt væri að gera slíkar kröfur og ég taldi að það væri heppilegra heldur en að brjóta upp ákvæðið.

[15:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er formaður utanrmn. Alþingis virkilega að halda því fram að hægt sé að gera sérsamninga við einstök ríki innan ESB á grundvelli þeirra fríverslunarsamninga sem nú eru í gildi? Ef það er skoðun formannsins þá er ákaflega forvitnilegt að fá að heyra rökin fyrir henni. Ég hef aldrei heyrt það.

Ef það væri hægt þá þyrfti hæstv. utanrrh. ekki að standa í því stappi sem hann stendur í gagnvart Evrópusambandinu. Þá mundum við geta fengið þau fríðindi sem við höfum og þyrftum ekki að fara að slást við ESB sem segir að það eina sem við getum fengið sé tæknileg uppfærsla á samningnum á grundvelli viðskiptareynslu.

Viðskiptareynsla dugar okkur ekki. Hvers vegna? Áherslur innan sjávarútvegs okkar hafa breyst. Það eru að koma fram nýir stofnar og aukinn afli í tegundum eins og síld og það sem meira er, neyslumynstur í þessum löndum mun breytast með aukinni velferð sem stafar af inngöngunni í Evrópusambandið. Það er sá vonarpeningur framtíðar sem við erum að gera út á, sem gæti skotið nýjum stoðum undir byggðarlög á Austfjörðum, á suðausturhorninu og jafnvel á Norðurlandi. Það er það sem skiptir máli.

Það er hrein firra að ætla að halda því fram að hægt sé að gera einhverja sérsamninga við einstök ríki sem eru komin inn í Evrópusambandið. Hv. formaður utanrmn. verður að skýra fyrir okkur hvernig þetta er hægt.

Varðandi Íra þá er tóm vitleysa að uppgangur Íra sé út af skattastefnu. Það er hárrétt hjá hv. þm. að skattar á Írlandi eru lágir. Hvernig eru þeir? Þeir hafa verið 10% skattar á hagnað sem stafar af iðnaði. Þeir hafa verið 20% af hagnaði fyrirtækja sem eru í þjónustu og ýmiss konar vöruframleiðslu. Þeir hafa verið 25% á fjármagn.

Hvernig er t.d. Ísland? Við erum með lægra tryggingagjald en flestar þjóðir. Við erum með lægri fjármagnstekjuskatt. Við erum ekki með háan tekjuskatt, þökk sé þeirri ríkisstjórn sem ég sat í. Munurinn á okkur og Írlandi er því ekki svo ýkja mikill.

[15:57]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg greinilegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson þarf að kynna sér málefnin á Írlandi betur en hann hefur gert. Það er ljóst að Írar hafa náð verulegum árangri með því að draga til sín fyrirtæki vegna skattfríðinda. Það á ekki síst við þegar fyrirtæki setjast þar að. Þau njóta skattafríðinda, þegar þau setjast þar að, í ákveðinn tíma en úr þessu er verið að draga hægt og rólega vegna þeirrar stefnu sem ríkir hjá Evrópusambandinu þannig að þetta liggur alveg ljóst fyrir og þetta er viðurkennt.

Að því er varðar seinna atriðið, þá fullyrðingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að sá sem hér stendur hafi sagt að það ætti að gera sérsamninga við hvert og eitt ríki þá vil ég bara taka það fram að þau orð voru aldrei látin falla hér. Ég geri þess vegna ráð fyrir því að hv. þm. heyri bara það sem hann vill heyra og legg til að hann reyni að hlusta betur á það sem sagt er hér í þessari pontu en hann gerir greinilega.

[15:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Margar ástæður eru fyrir því að ræða við Evrópusambandið um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og ég ætla að nefna eina, númer eitt, sem skiptir kannski mestu máli og það er að Evrópusambandið faldi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sem hefur reynst okkur erfitt að undanförnu. Ég ætla að nefna dæmi.

Við erum með landamærastöðvar og ESA felldi úrskurð í því máli sem Evrópusambandið neitaði að viðurkenna. Það var hins vegar leyst án þess þó að tveggja stoða kerfið væri virt.

Annað dæmi má nefna um dýrasjúkdóma og Noreg, þar sem Norðmenn kröfðust þess að þeir mættu banna innflutning á grundvelli tveggja stoða kerfisins og ESA féllst á það. Það var ekki viðurkennt. Einnig má nefna málefni að því er varðar prófgráður.

Síðan gerðist það í fyrradag að fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar sögðu á fundi í nefnd I þeir vildu ekki virða ákvörðunarrétt okkar á grundvelli tveggja stoða kerfisins og þeir vildu benda okkur á það að við hefðum fengið aðgang að mun fleiri nefndum en EES-samningurinn gerði ráð fyrir og létu í það skína að ef við ætluðum að halda kröfum okkar til streitu þá mundu þeir túlka samninginn eftir orðanna hljóðan, sem þýddi að við yrðum að fara út úr ýmsum nefndum. Þetta er nú ástæða númer eitt.

Önnur ástæða er breytingar sem orðið hafa. Síðan varðar þetta bókun 9. Og ég minni á að síðast þegar við ákváðum að greiða meira fjármagn til uppbyggingarsjóðanna þá sögðum við að við vildum fá endurskoðun í samræmi við bókun 9 en því var hafnað. Við hljótum að krefjast þess áfram að við fáum einhver réttindi á móti því sem við látum af hendi.

[16:00]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég er að sjálfsögðu sammála honum um að full ástæða sé til að halda ESB við efnið og krefja þá um að samningurinn verði haldinn. Það liggur í hlutarins eðli að ef menn eru sammála um það að ESB haldi ekki samninginn þá er það sjálfstætt deilumál milli aðila og í það ber að ganga af fullum krafti. Það er hins vegar ekki það sama og að endurskoða samninginn eða breyta honum eða taka inn ný atriði. (Gripið fram í.) Það er verið að tala um að menn standi við samningsskuldbindingar sínar. Eitt ákveðið atriði.

Að því er varðar aðgang að nefndum og þá fullyrðingu Evrópusambandsins að við höfum aðgang að fleiri nefndum en samningurinn hljóðar upp á þá hygg ég að það megi rökstyðja. Hins vegar hef ég skilið það svo að aðgangur að nefndum sem ekki er tryggður í samningnum sé aðferð Evrópusambandsins til þess að uppfylla ákveðnar samningsskyldur sínar, þó að ekki sé nefnt að aðgangur að nefndum sé fólginn í þeim. Með því er verið að hleypa samningsaðilum, þ.e. EFTA-ríkjunum að ákvarðanatökunni í gegnum þessar nefndir. Ég tel að Evrópusambandið hafi sjálft kosið að fara þá leið. Ef Evrópusambandið er að loka þessum leiðum þá stendur eftir sú skuldbinding sambandsins að hleypa með einhverjum hætti Íslandi, Liechtenstein og Noregi að þessari ákvarðanatöku. (**RG:** Vill þingmaðurinn taka upp umræður um það?)

Ég vil biðja hæstv. forseta að koma í veg fyrir það að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sé að blanda sér í skoðanaskipti okkar hæstv. utanrrh. úr sal og trufla þau með þeim hætti. Ég hygg að hún geti kvatt sér hljóðs hér í salnum eins og aðrir þingmenn og þurfi ekki að vera með þessa afskiptasemi.

[16:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það á eftir að koma í ljós hvort nauðsynlegt er að breyta í einhverju orðalagi EES-samningsins í sambandi við okkar mikilvægustu hagsmunamál. Það liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Hins vegar er ljóst að ef þörf er á því þá er þetta eina tækifærið sem við höfum vegna þess að viðkomandi samningur, þ.e. um stækkunina, verður borinn undir þjóðþing allra aðildarríkjanna. Það eru engar líkur á því að svo verði gert aftur í nánustu framtíð. Að öðrum kosti er algjörlega vonlaust að fá þarna einhverjar breytingar.

Ef Evrópusambandið telur að það geti gengið að því sem við biðjum um, án þess að gerðar séu orðalagsbreytingar, þá er vel. Hins vegar er ljóst að trúlega mun þurfa að gera ákveðnar orðalagsbreytingar vegna Maastricht- og Amsterdam-samninganna. En við erum ekkert að fara fram á það. Það er hægt að gera ýmislegt á grundvelli samningsins en samningurinn nýtur minnkandi athygli. Það er vandinn.

Það má kannski geta þess að Lamy, einn af framkvæmdastjórum sambandsins, sagði nýlega að fríverslunarsamningurinn sem Evrópusambandið gerði við Mexíkó væri langmikilvægasti og metnaðarfyllsti samningurinn sem Evrópusambandið hafi nokkurn tíma gert. Þetta voru hans orð. Chris Patten sagði fyrir nokkru í Noregi, sem var nokkuð athyglisvert, að eftir stækkunina yrði erfiðara að taka tillit til sérþarfa EFTA-ríkjanna.

Þetta eru ummæli sem við þurfum að taka mið af þegar við fjöllum um þessi mál og m.a. gefa þessi ummæli okkur í utanríkisþjónustunni tilefni til að vera alveg sérstaklega á varðbergi.

[16:04]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessar athugasemdir.

Ég held að það sé alveg ljóst og liggi í hlutarins eðli að þegar samningsaðilar eru orðnir færri en þeir voru í upphafi, eins og nú á við um EFTA-hlutann af þessum EES-samningi, þá hafi þeir minna vægi í öllu ferlinu en þeir höfðu áður. Það liggur í hlutarins eðli. Stækki Evrópusambandið, þá verður hlutfallslegt vægi þeirra minna, það er ekkert óeðlilegt við það.

Engu að síður standa eftir samningsskuldbindingarnar, hlutfallslegt vægi og athygli sem samningurinn fær á í raun og veru ekki að breyta neinu um samningsskuldbindingar ESB. Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli að það er hlutverk aðila samningsins, þ.e. Noregs, Íslands og Liechtensteins, að gera þá kröfu til ESB að við samningsskuldbindingarnar verði staðið hvort sem ESB-löndin eru fleiri eða færri.

[16:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Athyglisverðustu orðaskiptin sem hér hafa átt sér stað í dag voru þau sem urðu á milli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, formanns utanrmn., og hæstv. utanrrh. Það kemur í ljós að menn í stjórnarflokkunum eru ekki samstiga á þessu ferðalagi. Það kemur í ljós að hv. þm. og formaður utanrmn., Tómas Ingi Olrich, er ósammála því sem

hæstv. utanrrh. leggur meginþungann á í máli sínu varðandi endurskoðun á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hæstv. utanrrh. hefur sagt að það sé nauðsynlegt að taka upp bókun 9 vegna þess að okkur skorti tollfríðindi varðandi mikilvægar sjávarafurðir, afurðir sem fara vaxandi að þýðingu í útflutningi okkar. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er ósammála hæstv. utanrrh.

Nú er það svo að hv. formaður utanrmn. er helsti talsmaður Sjálfstfl. hér í þessum sölum um þessar mundir. Hann verður því að koma hér á eftir og skýra hvort ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna um hvaða leið eigi að fara. Mér finnst, herra forseti, að verulega skorti á skýrleika þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin fylgir í þessu máli.

Ég hef skilið það svo að hæstv. utanrrh. hafi í reynd, á síðustu árum, verið að þróa ákveðinn stíg sem byggist á þremur þrepum. Í fyrst lagi, og það er lægsta þrepið, þá kanni menn möguleika á tvíhliða samningi. Það hefur margsinnis komið fram í ræðum hans að hann telur það ekki æskilegan samning og ólíklegt að hægt verði að ná honum. Hann hefur fært sannfærandi rök fyrir því, m.a. með vísan til örlaga Svisslendinga í samningaviðræðum sínum.

Í öðru lagi hefur hæstv. utanrrh. sagt að það eigi að reyna til þrautar að endurskoða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og þá sér í lagi bókun 9. Ef það tekst ekki þá met ég það svo að hæstv. utanrrh. telji þriðja kostinn þann illskásta í þeirri stöðu sem felst í að kanna hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu.

Það kemur fram hér hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að hann er ósammála þessu og ég verð auðvitað að ganga eftir því: Er hann að tala í nafni Sjálfstfl.? Er það svo að Sjálfstfl. sé ósammála hæstv. utanrrh. um að það eigi að endurskoða bókun 9?

Hv. þm. og formaður utanrmn. verður líka að skýra hvað í ósköpunum hann átti við áðan þegar hann taldi, væntanlega á grundvelli jafnræðisreglu, að hægt ætti að vera að knýja Evrópusambandið til að gefa okkur þau tollfríðindi yfir öll ríki Evrópusambandsins sem við njótum nú gagnvart einstökum ríkjum í hópi umsækjenda en hafa ekki enn öðlast fulla aðild.

Hvers konar pólitík er þetta og hvaðan kemur þessi skilningur? Þetta er formaður utanrmn., herra forseti. Hann verður auðvitað að skýra mál sitt. Hvað á hann við? Getur verið að hv. formaður utanrmn. misskilji eðli Evrópusambandsins í grundvallaratriðum? Getur verið að hv. formaður utanrmn. misskilji í grundvallaratriðum eðli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?

Það var hv. formaður utanrmn. sem hóf þessa umræðu af dæmafáum hroka í garð Samfylkingarinnar. Kom hérna til þess að sneypa hana fyrir það hvernig hún fer í þetta mál og hann lýsti því yfir að Sjálfstfl. hefði skoðun á málinu: Hvar er sú skoðun, herra forseti? Ég spyr: Hvar er sú skoðun?

Það var bannað að ræða þetta mál í Sjálfstfl. fyrir tveimur árum og eftir að búið var að banna það tóku þeir ákvörðunina. Um hvað er sú ákvörðun? Að ekki eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu? Gott og vel, það er ákvörðun í sjálfu sér. En er það þá stefna Sjálfstfl. að það eigi ekki heldur að fara í alvöruendurskoðun á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið? Hvers konar stefna er þetta, herra forseti?

Herra forseti. Ég tel að við eigum auðvitað að reyna að fara hér í alvöruumræðu um kosti og galla Evrópusambandsins. Mér finnst að það eigi að efna til umræðu um þau mál sem eru jákvæð og þau sem eru neikvæð. Það eru tvö mál sem ég vildi ræða hérna sérstaklega. Það eru í fyrsta lagi rök sem ég hef heyrt margoft frá hv. þingmönnum Vinstri grænna sem varða fullveldið. Mér hefur skilist á máli hv. Ögmundar Jónassonar að hann telji að ef við gengjum í Evrópusambandið værum við að afsala okkur fullveldi.

Nú er það svo, herra forseti, að takmörkun á fullveldi þarf ekkert að vera af hinu illa. Fullveldi okkar sem einstaklinga er jafnan takmarkað af ýmsum lögum sem ríkja og frelsi okkar sem einstaklinga er takmarkað af lögum, af reglum, venjum og siðum sem skapast í mannlegu samfélagi. Þessar takmarkanir gilda líka um ríki. Ríki afsala sér fullveldi í sérhvert sinn sem þau gera alþjóðlega samninga við önnur ríki. Slíkir samningar eru vitaskuld af hinu góða, annars væru þeir tæpast gerðir. Ég held því fram að jákvæður skilningur okkar á gildi þessara samninga, sem við erum alltaf að gera, og þar með á afsali á fullveldi sem þeim fylgir, endurspegli breyttan skilning okkar á því hvað er fullveldi.

Nútímasamfélagið þrífst einfaldlega ekki nema sameiginlegar reglur gildi um margvísleg málefni. En um leið og þessar reglur eru settar í samningum ríkja eru þau líka að afsala sér valdi til annarra ríkja, þau eru að deila valdi með öðrum. Þar með eru þau að deila með sér fullveldi. Það má þess vegna segja, herra forseti, að þjóðirnar deili með sér hinu lagalega fullveldi í vaxandi mæli á vorum tímum til þess að öðlast með því meira fullveldi í reynd. Íslendingar hafa mörgum sinnum afsalað sér einhvers konar fullveldi í gegnum alþjóðlega samninga. Hvað t.d. með Norðurlandasamningana? Hvað t.d. með samninginn um hinn sameiginlega vinnumarkað á Norðurlöndum? Vorum við ekki að afsala okkur þar réttinum til þess að hafna þátttöku erlendra manna frá tilteknum þjóðríkjum á okkar vinnumarkaði? Jú. Og hvað með tvíhliða varnarsamninginn við Bandaríki Norður-Ameríku þar sem við vorum í reynd að afsala okkur þeim grunnþætti fullveldis sérhvers ríkis sem felst í landvörnum.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu fól líka í sér ákveðna takmörkun á fullveldi okkar. Við skuldbundum okkur þá með samningum til að taka yfir og hlíta réttarreglum ESB á sviðum sem samningurinn okkar náði yfir, þrátt fyrir að við hefðum fulla vitund um að við mundum hafa takmörkuð áhrif á mótunarferlið. Þessi áhrif hafa minnkað verulega síðan. Ég hef ekki orð minni manns fyrir því en hæstv. utanrrh. sem hefur margoft fært mjög sannfærandi rök fyrir því.

Þetta þýðir í reynd að sökum þessara breytinga á innviðum Evrópusambandsins, t.d. á vægi Evrópuþingsins höfum við enn tapað nokkrum hluta af okkar fullveldi frá því að við urðum hluti af EES-samningnum og jafnvel meira en við gerðum okkur í upphafi grein fyrir. Þess vegna má vel halda því fram að þessi þróun gæti án nokkurs atbeina okkar skorið á þann granna þráð sem skilur að það afsal sem við getum sæst á samkvæmt samningnum og samkvæmt stjórnarskránni og þess sem við getum ekki sæst á. Ég held að það sé ekki komið að þeim punkti. En þarna er í gangi þróun sem við þurfum auðvitað að fylgjast með. Gleymum ekki úrskurði hinna fjögurra lagaspekinga árið 1993 um stjórnarskrána og samninginn.

Ég segi hins vegar að innan ESB hefðum við alla vega möguleika á því að koma okkar málstað á framfæri og til þess að hafa bein áhrif. Það er að sönnu hægt að halda því fram að þau væru ekki mikil og það væri að sönnu hægt að halda því fram að rödd okkar við borðið væri ekki sterk

en hún hljómar þó, við hefðum þó áhrif innan þess sem við höfum ekki í dag. Ég held því fram, herra forseti, að það sé hægt að færa sterk rök fyrir því að með því að ganga í Evrópusambandið mundum við endurheimta hluta af því fullveldi sem tapaðist með EES-samningnum, fullveldi sem, eins og ég skil hæstv. utanrrh., er enn að tapast hægt en bítandi.

Mín niðurstaða, herra forseti, varðandi þennan þátt er því sú að andstaða við aðild að Evrópusambandinu á grundvelli fullveldis, sé hæpin. Ég segi þetta sérstaklega við forustumenn Vinstri grænna af því þeir hafa verið manna iðnastir að koma með rök af því tagi og gert það af mestri fimi. En þetta er partur af þeirri rökræðu sem fram þarf að fara.

Herra forseti. Ég sagði fyrr í dag að í þeirri bók sem við í Samfylkingunni höfum gefið út væri að finna grundvallartexta um áhrif aðildar á sjávarútveg Íslendinga. Ég geri ekki þá kröfu til þingmanna að þeir séu búnir að lesa þetta og mér hefur meira að segja láðst að veita þeim aðild að þessu — ég hef ekki gefið þeim bókina. Ég vonast til að gera það þannig að þeir geti komist til botns í þessu.

Ég verð hins vegar að segja, herra forseti, að á grundvelli þessa tel ég að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins komi ekki í veg fyrir að Ísland geti orðið aðili að Evrópusambandinu. Meginkjarninn í þeirri stefnu felst í sameiginlegri nýtingu sameiginlegra fiskstofna innan sameiginlegrar lögsögu og undir þessu öllu verður að auki að standa ákveðin veiðireynsla til að ríki geti gert tilkall til aflaheimilda innan lögsögu okkar Íslendinga.

Hvernig er þessi staða að því er að okkur snýr? Hún er svona: Það er engin sameiginleg lögsaga. Það eru örfáir sameiginlegir fiskstofnar og það er búið að semja um þá alla að ég held, þökk sé þessum ágætu, duglegu mönnum í utanrrn., nema kolmunnann að ég held. Þannig að þetta mundi í dag duga til að tryggja Íslendingum óskoraðan rétt yfir auðlindinni.

Herra forseti. Ráðherraráðið innan ESB skiptir aflaheimildum miðað við regluna um hlutfallslegan stöðugleika. Það þýðir að ríki fá í sinn hlut veiðiheimildir í réttu hlutfalli við veiðireynslu undanfarinna ára.

Menn eru stundum að tala um Spán og Portúgal. Gleymum því ekki að þegar þessi regla var fest í sessi hjá ESB árið 1983 var miðað við veiðireynslu ríkjanna á bilinu 1973–1978. Þegar Spánn gekk í Evrópusambandið í upphafi níunda áratugarins var því hafnað að Spánn fengi hlutdeild í kvótum ESB miðað við heföbundnar veiðar Spánverja fyrir útfærslu landhelgi aðildarríkjanna í 200 mílur. Samkvæmt þessu gætu t.d. Bretar, Belgar eða Þjóðverjar ekki krafist kvóta innan 200 mílna lögsögu Íslands vegna heföbundinna veiða á Íslandsmiðum fyrir útfærslu landhelginnar árið 1975. Þetta skiptir höfuðmáli.

Er þetta rétt eða rangt? Ef hægt er að hrekja þessi rök er um leið búið að veikja verulega þá staðhæfingu sem ég setti fram í upphafi máls míns.

Ég er að halda því fram á grundvelli þeirra texta, sem Samfylkingin hefur lagt fram og hv. þm. Tómas Ingi Olrich spottaði hérna áðan, að starfsreglur ESB um úthlutun aflaheimilda leiði til þess að Íslendingar mundu áfram sitja einir að veiðum þeirra fiskistofna sem halda sig eingöngu innan lögsögunnar. Og rétturinn til veiða á flökkustofnunum, norsk-íslensku síldinni, úthafskarfanum, kolmunnanum o.s.frv. byggist líka á veiðireynslu. (**Gripið fram í:** Þú mátt ekki gleyma ...)

Ríki Evrópusambandsins hafa nánast enga veiðireynslu í þessum tegundum innan lögsögunnar þannig að ég tel ekki að við þyrftum að hafa áhyggjur af flota Spánverja eða annarra ESB-skipa á Íslandsmiðum.

Er það ekki dr. Franz Fischler sem fer með sjávarútvegsmál innan Evrópusambandsins enn þá? Ég held það. Hann sagði í samtali við Morgunblaðið 13. maí í vor að Íslendingar þyrftu ekki að óttast að landhelgin mundi fyllast af togurum ESB-ríkja ef kæmi til hugsanlegrar aðildar okkar að Evrópusambandinu.

Hann sagði, með leyfi forseta:

„.... að öll aðildarríki ESB fylgi sameiginlegri fiskveiðistefnu“ sem þýðir að grundvallarreglurnar eru þær sömu. Samt sem áður notumst við við regluna um „svokallaðan hlutfallslegan stöðugleika sem felst m.a. í því að fiskveiðiréttindi byggjast á fortíðinni. „Þannig að ef Íslendingar hafa einir veitt á ákveðnum svæðum í fortíðinni, er það virt,““ er haft eftir Fischler. Þetta segir sá maður sem fer með sjávarútvegsmál innan Evrópusambandsins. „Og annar eins maður og Oliver Lodge fer ekki með neina lygi,“ eins og segir í kvæðinu.

Ég tel að þetta skýri alveg stöðuna. Það er hins vegar, herra forseti, ráðherraráð allra sjávarútvegsráðherra ESB sem tekur hina endanlegu ákvörðun. Og það gerir ráðherraráðið eftir að hafa fengið tillögur frá framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin mundi hins vegar byggja tillögur sínar að öllu leyti á vísindalegri og haffræðilegri ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar á Íslandi. Tillögurnar sem íslenski sjávarútvegsráðherrann — sem mundi þá sitja í þessu ráðherraráði — færi með til Brussel yrðu að öllum líkindum samþykktar í ráðherraráðinu án nokkurra athugasemda þar sem það er ekkert annað ríki en Ísland sem ætti hagsmuna að gæta við þessa ákvörðun um skiptingu aflaheimilda.

Herra forseti. Ég hef hérna í nokkuð stuttu máli farið yfir tvær röksemdir sem hefur jafnan verið teflt gegn því að við veltum í alvöru fyrir okkur aðild að Evrópusambandinu, þ.e. annars vegar þá sem tengist fullveldinu og hins vegar hina sem tengist sjávarútveginum. Ég er ekki að halda því fram að þessar röksemdir mínar séu skotheldar. En ég held því fram að ég viti ekki betur á þessari stundu. Og ég er að óska eftir því að hv. þm. sem eru mér ósammála lýsi því með rökum.

[16:22]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mjög skýrt fram í máli mínu að ég vara við því að taka upp bókun 9 ef þá vakna kröfur um aðgang að fiskimiðum Íslands. Ég hygg að ég tali fyrir munn Sjálfstfl. þegar við vörum við því að það að taka upp bókun 9 geti leitt til þess að hjá ESB vakni kröfur um aðgang að fiskimiðunum.

Þessar kröfur hafa verið margendurteknar af Spánverjum. Það þarf ekki annað en lesa yfir umræður í Evrópuþinginu til að átta sig á því að hlutfallslegur stöugleiki er undantekning frá meginreglum ESB og þar hefur komið skýrt fram að þessar kröfur geti vaknað vegna þess að þær séu í eðli sínu í samræmi við grundvallarsamninga ESB.

[16:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hef ég daufheyrst með aldrinum eða heyrði ég ekki þessa röksemd í ræðum hv. þm. áðan? Ég heyrði hann ekki skjóta þessari stoð undir málflutning sinn.

Það skiptir heldur ekki máli. Það hefur alltaf verið ein grundvallarregla sem Íslendingar hafa fylgt í samningum við Evrópusambandið og önnur ríki: Aldrei að fallast á að skipta á aflaheimildum og tollfríðindum. Það er ein meginreglan og það þarf ekki Sjálfstæðisflokkinn til að undirstrika það. Mér kemur aldrei til hugar að hæstv. utanrrh. mundi nokkru sinni fallast á samninga sem gerðu það að verkum að verið væri að selja aflaheimildir, aðgang að lögsögunni, fyrir tollfríðindi. Það hefur aldrei gerst.

[16:23]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þá rétt að hv. þm. er farin að förlast heyrn vegna þess að ég tók þetta skýrt fram í máli mínu.

Hv. þm. gengur hér fram og vill ganga í ESB. Hann talar þó þar ekki fyrir munn Samfylkingarinnar. Þetta er athyglisverður málflutningur.

Mér finnst hins vegar ekki síður athyglisvert að hv. þm. kaus ekki að koma inn í umræðuna þegar ég hafði lokið máli mínu í fyrra skipti þannig að hann tekur ekki upp efnislega umræðu við þann sem hér stendur fyrr en eftir að hann er búinn að nota sér tvo möguleika til að ræða málin í löngu máli. Og þá ætlast hann til að ég svari þessu. Þetta verð ég að taka fram að er frekar lágkúrulegt.

[16:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki kallað eftir stórum ræðum af hálfu hv. formanns utanrmn. Honum hefur tekist að skýra mál sitt, eftir atvikum vel eða illa, í andsvörum.

En það er rétt, hann á skilið afsökunarbeiðni frá mér vegna þess að ég var ekki staddur hérna þegar hann hélt ræðu sína. Ég var því miður bundinn, reyndar við pólitísk störf utan þings, en auðvitað hefði verið betra að ég hefði verið hér þá og komið fram með þau andrök sem ég á. Ég bið hann afsökunar á því, mér var bara ekki stætt hér.

[16:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Evrópusambandið byggir á því að markaðsvæða Evrópu innan eins ríkis. Þessi hugsun var sett fram á eftirminnilegan hátt fyrst af Winston Churchill í frægri ræðu í Zürich að lokinni heimsstyrjöldinni síðari.

Þessi markaðssáttmáli byggir á því að fjármagn, vinnuafl, vara og þjónusta skuli flæða frjálst um. En þessu frelsi eru takmörk sett. Og í vaxandi mæli lokar Evrópusambandið sig af gagnvart umheiminum, gagnvart vaxandi mörkuðum í Japan, Kína, Kóreu, í gervallri Asíu, Suður-Ameríku, Mexíkó, Kanada. Evrópusambandið lokar sig af.

Við höfum gagnrýnt þessa einangrunarhyggju sem felst í því að binda trúss sitt í of ríkum mæli við Evrópusambandið. Og við bendum einnig á hitt að það er ekki aðeins einangrunarhyggja sem fylgir aðild að Evrópusambandinu heldur setur þessi aðild okkur lýðræðislegar skorður, þrengir að lýðræðinu. Það sanna ótal dæmi sem ég nefni í síðara andsvari mínu.

[16:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður átt orðastað við hv. þm. um þetta og ég er ekki viss um að hann hafi rétt fyrir sér. Ég held að það sé ekkert svæði sem hafi eins gjöfula og frjálsa samninga við ýmis þróunarríki og einmitt Evrópusambandið og klárt er að innan þess, sér í lagi af hálfu jafnaðarmanna, er uppi sterk hreyfing til þess einmitt að opna Evrópusambandið fyrir vörum frá þriðja heiminum.

Við, ég og hv. þm., erum ekki alveg sömu skoðunar varðandi alþjóðavæðinguna, og hann hefur ýmislegt rétt fyrir sér þegar hann er að skjóta upp varúðarflaugum vegna hennar. Það er alveg rétt að ef alþjóðavæðingin nær bara til fjármagnsfrelsis og viðskipta er hún ekki innihaldsins virði. Við höfum sagt það, jafnaðarmenn, og m.a. samþykkt það sem hluta af stefnu okkar, Samfylkingarinnar, að við þurfum að berjast fyrir því í gegnum þær hreyfingar sem við eigum aðild að á alþjóðavettvangi að gæða alþjóðavæðinguna siðferðilegu inntaki. Og það veit ég að við erum sammála um.

[16:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðu undanfarna daga um utanríkisviðskipti hve ört markaðir okkar eru að vaxa víða um heim. Það hefur komið fram að til Japans flytjum við út vörur fyrir tæpa 10 milljarða kr. og við flytjum frá Japan annað eins. Það eru vaxandi markaðir í Asíu, Suður-Ameríku, Mexíkó, Kanada. Við eigum að hafa allan heiminn undir í stað þess að láta Brussel-valdið njörva okkur niður.

Varðandi lýðræðið og þær skorður sem reglugerðarverk Evrópusambandsins og Brussel-valdsins setur á okkur þekkjum við dæmin úr raforkugeiranum, úr fjarskiptageiranum og þannig mætti áfram telja. Spurningin snýst nefnilega ekki um frelsið eitt. Spurningin snýst um það að setja fjármagninu skorður. Og nú stendur krafan á Evrópusambandið að skjóta lýðræðislegum stoðum undir alla ákvarðanatöku. Við það er þjóðríkinu vikið til hliðar og úr verður nýtt miðstýrt vald sem ég mun skýra nánar þegar ég kem hér í ræðustól á eftir.

[16:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það eru margir gallar sem hægt er að finna innan Evrópusambandsins. Einn af þeim göllum sem menn hafa vakið máls á innan sambandsins er skortur á nægu lýðræði. En öll þróun innan sambandsins hefur einmitt verið í þá átt að bæta úr því. Þar af leiðir m.a. minnkandi möguleika okkar Íslendinga á að ná okkar hlut og hafa þau áhrif sem við höfðum áður vegna þess að ákvörðunarferlið er breytt nú frá því sem áður var með því að Evrópuþingið hefur miklu meira vægi en áður. Það hefur núna í vissum tilvikum lokaorðin sem ekki var áður. Við höfum enga aðkomu að því.

Varðandi þau svæði sem hv. þm. nefndi hérna áðan, Japan, Suður-Ameríku og ákveðna parta af Asíu, þá er það svo, eins og hv. þm. á að vita eftir sameiginlega fundi okkar í Brussel með EFTA/EES-nefndinni, að Evrópusambandið er að gera samninga — ég veit ekki hversu langt það er komið — en það er að gera samninga um viðskipti við þessi svæði sem einmitt fella niður þessa tollamúra. Og ég er sammála honum um að það er nauðsynlegt að berjast fyrir því eins og við munum auðvitað gera það.

[16:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru auðvitað ekki ný sannindi að fullveldishugtakið hefur verið að taka breytingum á síðustu áratugum. Það sem hv. þm. nefndi varðandi t.d. varnarsamning okkar við Bandaríkin var að hann var auðvitað gerður í því skyni að verja fullveldi okkar. Hins vegar er augljóst

mál að það að gerast aðili að Evrópusambandinu væri í eðli sínu ákvörðun af allt öðrum toga. Og við mundum auðvitað leggja þar með af stað inn í ferðalag sem við sæjum ekki fyrir endann á. Þegar við vorum að ræða þessi mál á sínum tíma varðandi EES-samninginn voru menn almennt þeirrar skoðunar þó að menn greindi á um það hvort EES-samningurinn væri það mikið fullveldisafsal að það bryti í bága við stjórnarskrána. Ég taldi að menn væru almennt þeirrar skoðunar, á þeim tíma a.m.k., að fullveldisafsalið sem aðild að Evrópusambandinu fæli í sér væri svo mikið að það þyrfti a.m.k. að bera undir þjóðaratkvæði.

Nú finnst mér hv. þm. einhvern veginn vera að segja sem svo að þetta fullveldisafsal væri minna en aðildin að EES felur í sér. Er ég að misskilja hv. þm.?

[16:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu afsalað okkur hluta af fullveldi eins og við gerum með öllum alþjóðlegum samningum. Eins og hv. þm. man frá þeim tíma var harkalega deilt um það. Nefnd fjögurra lögspekinga úr Háskóla Íslands skilaði skýrslu um að það væri ásættanlegt en það kom skýrt fram í þeirri skýrslu að ekki mætti það vera meira.

Það hefur komið fram og sér í lagi í máli hæstv. utanrrh. að síðan hafa orðið breytingar á innviðum Evrópusambandsins sem gera það að verkum að við höfum minni möguleika en áður á því að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða okkar eigin örlög. Það þýðir í reynd að við höfum enn verið að tapa fullveldinu. Það má setja spurningarmerki við það hvort það sé ásættanlegt. Þess vegna hefur ríkisstjórn Íslands sett fram þá skoðun að það kunni að reynast nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni til að heimila henni að afsala ákveðnu valdi til yfirþjóðlegra stofnana.

Ég tel sjálfur að það væri minna skref fólgið í því núna varðandi fullveldið að ganga í Evrópusambandið heldur en EES á sínum tíma.

[16:32]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli sínu áðan vék hv. þm. að sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og minnti á að hún byggðist núna á því sem kallað hefur verið hlutfallslegur stöðugleiki. Nú vitum við það hins vegar sem höfum verið að fylgjast með þessari umræðu innan Evrópusambandsins að um þetta eru mjög skiptar skoðanir. Mjög öflugar þjóðir, öflugar sjávarútvegsþjóðir innan Evrópusambandsins, eru að gera kröfur um allt aðra hluti. Og eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich benti réttilega á eru ýmsir sem telja einmitt að þessi hugmyndafræði gangi í berhögg við grundvallarhugmyndirnar sem standa að baki Evrópusambandinu. Og við gerum okkur auðvitað grein fyrir því að það er vaxandi þrýstingur, m.a. frá þessum þjóðum, sem vilja breyta þessari hugmynd á bak við hinn hlutfallslega stöðugleika.

Værum við aðilar að þessu sambandi og stæðum í þeim sporum að þetta mundi breytast er alveg augljóst mál að aðgangurinn að íslenskum fiskimiðum væri nánast orðinn opinn fyrir þessar þjóðir. Og er þá ekki auðvitað augljóst mál, virðulegi forseti, að aðild okkar í þessum efnum fæli í sér í grundvallaratriðum a.m.k. möguleikana á því að við værum að missa algjörlega tökin á þeirri stjórn á fiskimiðunum sem við höfum verið einhuga um hér á Alþingi að verja?

[16:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gefur sér ýmsar forsendur og kemur síðan með spurningu miðað við þær. Svarið er já. Það er alveg ljóst að að uppfylltum þessum forsendum hv. þm. værum við að tapa yfirráðum yfir auðlindinni. Þess vegna er það, herra forseti, sem stjórnmálaflokkurinn Samfylkingin sem ég er formaður fyrir hefur lagt í vinnu til að skilgreina samningsmarkmið sem verður að uppfylla til að hægt sé að hugsa sér það að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Eitt af þeim er auðvitað að veiðireynslan sé grundvöllur undir skiptingu aflaheimilda. Það er alveg ljóst að ef það næðist ekki fram í samningum við Evrópusambandið mundi ég ekki treysta mér til að mæla með því að við mundum ganga þar inn.

[16:34]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur formaður Samfylkingarinnar talað og lýst þeirri skoðun sinni að flokkur hans ætti að taka upp það stefnumál að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Hann útskýrði þær röksemdir sem hann hefur lagt fyrir landsfund Samfylkingarinnar fyrir þessu máli, m.a. þau orð fulltrúa Evrópusambandsins sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn þess, að fiskveiðiheimildir ákveðist á grundvelli réttinda sem menn hafi áunnið sér í fortíðinni, sögulegri veiðireynslu.

Nú vill svo til að þetta er gjörsamlega öndvert við hugmyndir Samfylkingarinnar um úthlutun veiðiheimilda á Íslandi. Nær allir og ég held jafnvel alveg allir hv. þm. hennar, og hlýtur þá að vera um að ræða skoðun fylkingarinnar, flokksins, hafa lagt hér til ítrekað tillögur, frv. til laga, um að Ísland og í íslenskri lögsögu skuli úthluta veiðiheimildum með uppboði eingöngu án þess að taka tillit til réttinda úr fortíðinni. Því hlýt ég nú að spyrja, vegna þess að hitt er í röksemdafærslu fylkingarinnar fyrir því að Íslandi gangi í Evrópusambandið: Hvort vill fylkingin?

[16:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherraráðið úthlutar aflaheimildum innan ESB til tiltekins lands og síðan er það ríkisstjórn þess lands sem úthlutar með þeim hætti sem hún kýs. Samkvæmt þeirri skoðun sem við höfum gert á þessu er ljóst að við Íslendingar gætum skipt þessu með þeim aðferðum sem við viljum. Ég veit að hv. þm. hefur kynnt sér málefni sjávarútvegs innan Evrópusambandsins mjög vel þannig að ég geri ráð fyrir að hann viti hvernig Hollendingar skipta sínum. Þar er framseljanlegur veiðiréttur.

Ég held reyndar að ef menn færu að tillögum þess stjórnmálaflokks sem hv. þm. kallar fylkinguna, væntanlega til að reyna að niðurlægja þann stjórnmálaflokk af því að þingmenn Sjálfstfl. hafa verið á því plani í umræðunni í dag, væri hægt að tryggja í eitt skipti fyrir öll að útlendingar næðu aldrei neinum undirtökum yfir auðlindinni. Ef farið yrði að hugmyndum okkar sem fleiri stjórnmálaflokkar hafa reyndar líka, um að gera það að ákvæði í stjórnarskrá að auðlindin væri sameiginleg þjóðareign, væri endanlega skotið byttu undir þann mögulega leka.

[16:37]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil að formaður Samfylkingarinnar telur rétt að fara ekki eftir þeim orðum sem höfð voru eftir framkvæmdastjóra Evrópusambandsins um sjávarútvegsmál

heldur eftir hugmyndum Samfylkingarinnar um að bjóða út veiðiheimildir. Þá spyr ég: Hvernig í ósköpunum hyggst hann framfylgja því að Íslendingar bjóði út veiðiheimildir í lögsögunni við Ísland en takmarki bjóðendur við, hvað — ríkisborgararétt eða eitthvað slíkt innan Evrópusambandsins, verandi orðið aðildarríki þess?

[16:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er ekkert í skoðun okkar sem bendir til að sá háttur sem við ræðum um mundi stangast í einhverju á við þá stefnu sem Evrópusambandið hefur núna. Við miðum auðvitað okkar samningskröfur við þá stefnu sem þarna er uppi og við viljum að það verði gert á grundvelli þessarar hlutfallsreglu. Það er alveg ljóst.

Við höfum síðan í ákaflega löngu máli, sem hv. þm. getur lesið í þessari bók, sett fram ákveðin samningsmarkmið sem koma einmitt í veg fyrir að útlendingar geti náð tangarhaldi hér á auðlindinni. Ég bendi t.d. á ákveðin lög sem sett hafa verið í Bretlandi sem Evrópusambandið hefur fallist á og koma í veg fyrir að útgerð í öðru landi geti komið inn og keypt sér veiðiheimildir beinlínis til þess að misnota þær í þeim tilgangi sem mér skildist á máli hv. þm.

[16:39]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög gott yfirlit og góða ræðu um utanríkismál. Ég get tekið undir með honum svo varðandi þau miklu áhrif sem hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafa haft á efnahagslíf heimsins og þá ekki kannski síst hér á Íslandi þar sem ferðamennska hefur orðið fyrir miklu áfalli og erfitt að sjá hvernig þau fyrirtæki muni rísa undir því á næsta ári. Afleiðingarnar hafa þegar komið fram. Það hefur líka komið fram í vantrú fólks á getu sína til að verja lönd sín fyrir slíkri vá og öryggishugmyndir almennt í heiminum.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni með hvernig hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hafa tekið undir með Bandaríkjamönnum og Bandaríkjaforseta um það hvernig ætti að taka á þeim hryðjuverkamönnum sem eru ábyrgir fyrir aðgerðum sem þessum. Ég vil segja það sem mína skoðun að Bandaríkjaforseti hefur gengið vel fram í því að sameina þjóðir heimsins um þær aðgerðir sem nú hafa skilað heilmiklum árangri og ljóst að verið er að brjóta á bak aftur þau hryðjuverkasamtök sem hafa notið skjóls í Afganistan og ég held að öll heimsbyggðin fagni því. Það er sérstaklega ánægjulegt að þessi árangur skyldi nást svo fljótt þó að allir geri sér ljósa grein fyrir því að þessi barátta er ekki unnin með þessu eina stríði heldur er þetta langvarandi eins og margoft hefur komið fram.

Hæstv. utanrrh. kom í ræðu sinni inn á marga liði sem eru mjög mikilvægir fyrir stöðu Íslands í framtíðinni, og sérstaklega inn á stöðu evrunnar. Umræðan hefur snúist út í það hvort við eigum að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Ég segi fyrir mína parta að innganga í Evrópusambandið er í sjálfu sér alltaf til umræðu og til skoðunar en eins og staðan er núna get ég ekki séð neina leið til að Íslendingar geti sætt sig við það að ganga inn í Evrópusambandið þó að ekki væri nema bara vegna sjávarútvegshagsmuna okkar.

Það kom mér mjög á óvart að heyra formann Samfylkingarinnar segja hér áðan að það yrði ekki meira afsal á sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar að ganga í ESB en vera í hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég var mjög hissa á að það skyldi koma fram nú um fyrirvara því hv. þm. tók það ekki fram í því andsvari að hann undanskildi sjávarútvegshagsmuni þjóðarinnar.

Ég geri ráð fyrir að hann hafi verið að reyna að leiðrétta það seinna í andsvari sínu. En það er ljóst að ef við göngum í Evrópusambandið undir þessum skilyrðum erum við búin að afsala okkur þeim rétti að stjórna veiðunum og ekki síst að stjórna því hvernig stofnarnir eru nýttir.

Það er ljóst að Evrópusambandinu hefur alls ekki tekist að halda stofnstærðum í veiðanlegu ástandi nema kannski í örfáum tilfellum en eins og Eystrasaltsstofnarnir líta út í dag eru fiskstofnar í Eystrasalti og í Norðursjó nánast hrundir. Það er nánast ekkert eftir. Fiskveiðikvótar Breta voru allir sendir til Spánar. Þannig hefur ekki náðst að halda utan um kerfið svo að trúverðugt sé og sjálfsákvörðunarréttur okkar þá í engu virtur ef til skyldi koma.

Ég hef aftur á móti heyrt að ýmsir ábyrgir aðilar hafi velt fyrir sér þeim möguleika að við tækjum upp evruna. Ég sé ekki hvernig það er hægt öðruvísi en að við göngum í Evrópusambandið en eigi að síður hafa ýmsir aðilar talað um tengingu við evruna. Mig langaði til að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann gæti útskýrt hvernig hann teldi að íslenskt efnahagslíf liti út í dag ef við værum tengd evrunni.

Ég hef heyrt þá skoðun margra að með tengingu við gjaldmiðla sem eru með svona gríðarlega stórt efnahagskerfi á bak við sig mundu kostir okkar sem sjálfstæðs ríkis ekki nýtast — gjaldmiðill okkar mundi ekki nýtast til að stjórna efnahagslegum sveiflum sem við gætum gert betur með því að hafa stjórn á gjaldmiðlinum og ráða einhverju um það hvernig hann hreyfist miðað við þann efnahagslega takt sem er í þjóðlífinu. Og vegna þess að umræðan hefur snúist mikið um evruna hefði mig langað að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hann sæi stöðuna fyrir sér í dag ef evran væri gjaldmiðill okkar og við tengdumst þá Evrópugjaldmiðli alfarið.

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. um eitt annað atriði, þ.e. hvernig hann sér þann árangur sem hefur náðst við það að skipta upp Vestur-Evrópusambandinu. Því var skipt í tvennt þannig að hluti verkefna Vestur-Evrópusambandsins hefur verið fluttur yfir til Evrópusambandsins og svokölluð Petersberg-verkefni flutt yfir í sérstaka stofnun sem sett hefur verið á fót um öryggismál Evrópusambandsins. Samfara þessari breytingu og uppskiptingu Vestur-Evrópusambandsins er hugmyndin sú að koma upp sérstökum Evrópuher sem hefði um 60 þúsund manns á að skipa ásamt öðru sem Evrópusambandsríkin hafa hugsað sér að leggja til sameiginlegs varnarhers eða herafla sem mundi geta tekið á hryðjuverkum m.a. eða málefnum sem snúa að öryggi og varnarmálum Evrópusambandsins. Hinar svokölluðu hraðsveitir hafa ekki enn litið dagsins ljós.

Mér hefur fundist að margir óttist að þessi skipting hafi ekki náð þeim árangri sem ætlast var til, þ.e. að styrkja Evrópu. Ég er ekki að segja að það takist ekki, en alla vega hefur að mínu áliti hægt verulega á þessari uppbyggingu og við sitjum núna uppi með frekar veika stöðu Evrópusambandsins að þessu leyti. Þeir eru með þessi varnar- og öryggisverkefni, Petersberg-verkefnin, en aftur á móti er Brussel-samþykktin enn þá hjá Vestur-Evrópusambandinu. Þetta hefur að mörgu leyti splundrað upp stöðunni eða skipað Evrópuríkjunum í flokka vegna þess að Evrópusambandið vildi ekki tryggja þeim ríkjum sem ekki eru í Evrópusambandinu en í NATO beinan aðgang að ákvarðanatöku í aðgerðum Evrópusambandsins almennt varðandi Petersberg-verkefnin.

Fram komu sérstaklega hávær mótmæli Tyrkja og ég heyri ekki annað en Tyrkir séu enn mjög óánægðir með það hvernig Evrópuríki utan Evrópusambandsins en innì í NATO voru hantéruð að þessu leyti.

Ég veit að hæstv. utanrrh. lagði sig mjög fram um að tryggja stöðu Íslands eftir þessa breytingu og sótti marga fundi til þess að ná sem allra mestu út úr því þannig að aðkoma okkar að ákvarðanatöku Evrópusambandsins í þessum verkefnum yrði sem skjótust og nákvæmust, að hún yrði á sem hæstu plani. Mig langar til að vita hjá hæstv. ráðherra og ráðuneytinu hvort honum finnist að þeir samningar sem náðust hafi virkað eins og til var ætlast.

Ég veit að það var ekki meining Evrópusambandsins eða þeirra ríkja sem ákváðu þessa skiptingu að veikja varnarkerfi Evrópu eða veikja NATO. Ég hef ekki trú á því að það hafi gerst enn þá. En ég hef þá trú að ef þetta verði í tvennu lagi og óánægja Evrópuríkjanna og Tyrklands verði viðvarandi, þá gæti þetta gerst þó síðar væri.

Ég á ekki von á öðru en að reynt sé að leysa þessi mál á þann hátt að árangur náist. Auðvitað hefur mjög margt breyst með því stríði eða með því sem gerst hefur núna á síðustu mánuðum í Afganistan og við þær aðgerðir sem hafa verið notaðar til þess að ná árangri við það. Þar hefur Tyrkland sem eitt af stærstu ríkjum NATO gegnt mjög veigamiklu hlutverki og ég á ekki von á öðru en að það hlutverk komi til með að skipta máli í þeirri niðurstöðu sem næst í þessu máli.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir ágæta ræðu hans.

[16:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þær reglur sem gilda innan Evrópusambandsins um úthlutun aflaheimilda eru þess eðlis að jafnvel þó við gengjum inn þá mundu þær ekki koma í veg fyrir að Íslendingar sjálfir, íslensk stjórnvöld, réðu úthlutun aflaheimilda hér innan lögsögunnar. Það er alveg ljóst. Mér fannst ég skilja á hv. þm. að hann teldi að svo væri ekki.

Hann drap á atriði sem margir nefna sem réttmæt rök gegn því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu og það er sú ofveiði sem sannanlega hefur átt sér á ýmsum stofnum innan lögsögu Evrópusambandsríkjanna. Það er alveg rétt hjá honum að ráðherraráðið hefur oft í fortíðinni ákveðið meiri veiði en æskilegt væri vegna þrýsting frá sjómönnum sem hafa orðið fyrir þrengingum vegna minnkandi veiða eða hagræðingar í greininni. En þar sem Íslendingar mundu í tilviki aðildar sitja einir að kvóta í íslenskri lögsögu vegna reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika þá hafa hin aðildarríkin engan hag af því að ákveða hærri kvóta en vísindamenn okkar mæla fyrir um. Það er alveg ljóst að hin vísindalega og haffræðilega ráðgjöf yrði áfram í höndum hinnar íslensku Hafrannsóknastofnunar. Til þess að tryggja það mundum við að sjálfsögðu, ef kæmi til samninga, gera það sem eina af okkar meginkröfum að farið yrði að tillögum vísindamanna.

Ég bendi svo á það líka, herra forseti, að undanfarin tvö ár hefur þó ráðherraráðið að mestu, ekki öllu leyti, en að mestu haldið sig við ráðleggingar vísindamanna þannig að ofveiði sem sannanlega hefur átt sér stað úr tilteknum stofnum innan lögsögu Evrópusambandsins er sem betur fer á útleið.

[16:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að við hv. þm. Össur Skarphéðinsson erum sammála um að ráðherraráðið í Evrópusambandinu hefur farið óvarlega í úthlutun kvóta í öllum fisktegundum á hafsvæðum sínum og það er ákveðin ástæða, held ég, fyrir því. Fiskveiðar skipta engu máli í Evrópusambandinu. Þetta eru svo stór þjoðríki og aðrir hagsmunir eru svo miklir en veiðarnar eru svo lítið brot af öllu þessu hagkerfi að það fær ekki neitt rúm hjá þessum risa.

Það held ég að geti einmitt verið vandamálið hjá okkur, þ.e. af því þetta eru svo ótrúlega miklir hagsmunir hjá okkur miðað við þeirra að okkar vægi í að koma sjónarmiðum okkar að og áhyggjum sé svo óskaplega lítið að hagsmunir okkar yrðu fyrir borð bornir. Við það held ég að menn séu fyrst og fremst hræddir.

Ég held að allir geri sér grein fyrir því að samstarf okkar við Evrópu er gríðarlega mikilvægt. Spurningin er sú: Getum við ekki haldið því sambandi með Evrópska efnahagssvæðinu? Ég hef ekki heyrt í raun neinn segja að það sé ekki hægt.

Hæstv. utanrrh. hefur sagt að endurnýja þurfi þennan samning að sumu leyti og skýra hann betur og ná fram þeim markmiðum sem með honum voru sett. Ég er alls ekki vonlaus um að við náum því fram sem menn ætlast til. En ég held varðandi fiskveiðarnar að þetta sé bara svo stór þáttur og eftir því sem mér er sagt mun Rómarsáttmálinn aldrei gefa tækifæri til þess að við fáum neina sérsamninga fyrir Íslendinga nema til skamms tíma.

[16:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að vægi sjávarútvegs er miklu meira hjá okkur Íslendingum en innan Evrópusambandsins. Hlutfall sjávarútvegs af landsframleiðslu er tólf sinnum hærra á Íslandi en þar. Það hefur í fortíðinni leitt til þess að þeir hafa kastað til höndunum varðandi stjórn stofnanna.

Spyrja má og velta vöngum yfir því hvernig okkur Íslendingum hefur sjálfum tekist upp við stjórn okkar eigin stofna. Ég er ekki viss um að svarið við því yrði ákaflega hagfellt fyrir okkur.

Herra forseti. En það er enginn að tala um að ganga í Evrópusambandið án undangenginna samninga. Menn setja að sjálfsögðu fram samningskröfur sem mótast af hagsmunum Íslendinga. Þess vegna mundu Íslendingar aldrei ganga í Evrópusambandið og stjórnmálamenn mundu aldrei mæla með aðild að Evrópusambandinu nema það lægi ljóst fyrir að búið væri að ganga til samninga og að tiltekin niðurstaða væri fyrir hendi. Um þá niðurstöðu mundi síðan þjóðin greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún væri þá síðasti varnaglinn hvað þetta varðar.

Ég held hins vegar, herra forseti, að samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru sé alveg ljóst að við getum farið eftir þeim reglum sem okkur hentar varðandi vernd stofnanna.

Ég vek líka eftirtekt á því, herra forseti, að upp hafa verið vaktar hugmyndir m.a. af Jean-Luc Dehaene, fyrrverandi forsætisráðherra Belgíu, en hann varpaði fram þeirri hugmynd að gera íslenska fiskveiðistjórnkerfið að hluta af sjávarútvegsstefnu ESB ef Íslendingar gengju þar inn. Og hann hefur bent á að fordæmi séu fyrir því að sérstök stjórnkerfi gildi á ákveðnum hafsvæðum, t.d. við Írland og Hjaltland. Ég bendi líka á að stofnanir ESB ná ekki til allra hafsvæða. Sérstakar

reglur gilda um veiðar bæði í Eystrasalti og í Miðjarðarhafi sem dæmi.

Við skulum því ekki loka á slíka möguleika áður en við reynum á ef til kæmi.

[16:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að enginn sé að loka fyrir eitt né neitt. Það er, held ég, útilokað að ímynda sér sérstaka samninga vegna þess að grundvallarsamningar, þ.e. Rómarsáttmálinn á bak við Evrópusambandið gerir ekki ráð fyrir því að hægt sé að gefa varanlega undanþágu til einhvers ákveðins ríkis vegna mála t.d. eins og fiskveiða.

Um hvað er þá að semja? Við erum þá þegar búin að ákveða það, ef við ætlum ekki að sætta okkur við stefnu þeirra í sjávarútvegsmálum, að samningsgrundvöllurinn er enginn og þess vegna er ekkert að leggja fyrir þjóðina.

Þess vegna held ég að við séum að hleypa af stað umræðu sem getur aldrei leitt til neins og vekur upp spurningar og vonir sumra eða annað sem í raun er þá bara dans í kringum einhvern graut sem allir vita að muni aldrei ná að sjóða.

Ég sé að hv. þm. vitnar mjög í bók sem hann er með í höndunum og mér er sagt að sé eitthvert rit sem Samfylkingin hefur gefið út um Evrópusambandið. Hv. þm. spurði hvort menn hefðu ekki lesið hana. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki lesið hana vegna þess að ég hef ekki séð hana. Ég vona þá að þingmönnum verði afhent þessi bók þegar hún verður tilbúin. En mér skilst að Samfylkingin hafi þegar tekið saman einhver atriði, einhverjar rannsóknir á því hvernig staða Íslands mundi líta út ef við mundum ganga í Evrópusambandið og hvað þyrfti að gera áður en af því yrði.

[16:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson spurðist fyrir um hvað liði samskiptum Evrópubandalagsins og Atlantshafsbandalagsins. Í sjálfu sér er afskaplega lítið nýtt að frétta af þeim vettvangi. Búið var að byggja upp bærilega sátt í þeim málum og samskiptaferli sem flestir gátu sætt sig við. Hins vegar hafa Tyrkir haft nokkra sérstöðu í þessum málum, sennilega vegna þess að þó þeir séu ríki sem hugsanlega getur orðið aðili að Evrópusambandinu og vilji verða aðili að Evrópusambandinu þá er það nú að flestra mati mjög fjarlægt. Þar af leiðandi hafa þeir verið mjög ákveðnir í afstöðu sinni varðandi þetta ferli. Og það er ekki leyst enn þá.

Hins vegar verðum við varir við að Evrópusambandið reynir að styrkja sig mjög mikið á vettvangi öryggis- og utanríkismála og fundar mikið sameiginlega um þau mál. Ég varð t.d. var við það í New York í kringum allsherjarþingið að utanríkisráðherrar Evrópusambandsins áttu sérstakan fund með utanríkisráðherra Bandaríkjanna og þeir áttu sérstakan fund með utanríkisráðherra Rússlands o.s.frv. Evrópusambandið kemur því í vaxandi mæli fram sem ein heild á sviði utanríkismála. Það gerir það að verkum að það hefur áhrif á Atlantshafsbandalagið og samstarfið þar.

Ég ætla ekki að spá frekar um framvindu þess. En það er t.d. staðreynd að utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins hafa aldrei komið saman eftir atburðina 11. september. Það er fyrst í næstu viku sem þeir koma saman þeirra vegna. En utanríkisráðherrar Evrópusambandsins hafa sjálfsagt hist tíu sinnum í sambandi við það mál.

[17:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þetta svar. Þetta er kannski dálítið í þeim anda sem margir óttuðust, að Evrópusambandið yrði ein blokk í varnar- og öryggismálaumræðum sínum sem er dálítið annað en var. Þau mál voru rædd innan NATO þegar um Evrópuríki var að ræða eða þá innan Vestur-Evrópusambandsins sem hafði þetta hlutverk. Og þar mættust allir sendiherrar Evrópuríkjanna innan NATO og þar voru þessi mál til umræðu.

Út af fyrir sig er afskaplega skiljanlegt að Tyrkir skuli enn vera ósáttir við stöðuna. Og ég heyri á hæstv. utanrrh. að það ferli sem hugsað var sem samskiptaferli virkaði ekki nema til aðgerða kæmi. Öll umræða milli utanríkisráðherra Evrópusambandsins færi sem sagt fram innan Evrópusambandsins meðan ekkert annað gerðist, eða þá að eitthvað gerðist sem þyrfti að taka ákvörðun um og kæmi þá inn í NATO.

Það er svo sem ekkert við þessu að segja, herra forseti. Þetta er staða sem við stöndum frammi fyrir. Ég er að fara á fund Vestur-Evrópusambandsins núna um helgina en þar verður fundað um þessi mál. Ég geri ráð fyrir að stefna Íslendinga verði áfram sú að taka fullan þátt í því samstarfi sem hefur verið mjög farsælt og þær 29 þjóðir sem þar eiga aðild mæti til skrafs og ráðagerða. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. styðji það.

[17:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er stefna Íslands að taka áfram fullan þátt í þessu samstarfi, samstarfi með Evrópusambandinu og ríkjum utan þess, sérstaklega ríkjum sem eru í Atlantshafsbandalaginu. Ég tel mikilvægt að gengið verði frá þessum málum sem fyrst því ég geri mér grein fyrir að þau þrjú ríki af þessum sex sem talað er um í þessu samhengi eru umsóknarríki inn í Evrópusambandið og verða væntanlega aðilar að því. Þá standa eftir þrjú ríki, þ.e. Tyrkland, Noregur og Ísland. Þá er ég hræddur um að eitthvað svipað geti gerst og hefur þegar gerst með Evrópska efnahagssvæðið, að minni áhersla verði á það lögð af hálfu Evrópusambandsins með nýjum mönnum sem ekki voru með í að byggja upp viðkomandi samkomulag, að ástunda þá samvinnu með þeim hætti sem upphaflega var stofnað til. Þetta höfum við upplifað á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta upplifum við í samskiptum þeirra ráðherra sem koma frá EFTA-ríkjunum og hinna frá Evrópusambandinu þannig að þetta gerist.

Hins vegar er ekkert alslæmt að Evrópusambandið geri sig meira gildandi á vettvangi utanríkismála. Það er merkilegt að mínu mati að Evrópusambandið skuli hafa náð algjörri samstöðu í stefnunni að því er varðar Palestínu og Ísrael. Það eru nýmæli í utanríkispólitík og skiptir miklu máli.

Það er líka mikilvægt að Evrópusambandið beiti sér í uppbyggingunni í Afganistan. Það er dæmi um mjög mikilvægt mál þar sem samstaða Evrópusambandsins skiptir miklu máli og veitir heilmikið vægi inn í þegar við erum að hugsa um hið sterka ríki, Bandaríkin. Það er mikilvægt í utanríkispólitík að það sé mótvægi við þau.

[17:06]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um þetta. Fulltrúar Evrópusambandsins hafa látið þau orð falla að þeim finnist eðlilegt að Evrópusambandið eigi fulltrúa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, styrkleiki þeirra sé slíkur

að þar ættu sameinuð ríki eða Evrópusambandið sem slíkt að eiga sinn eigin fulltrúa.

Það er svo aftur annað mál hvernig það þróast. Ég verð að segja, herra forseti, að í mínum huga er það kannski ekki alveg sama breyting, annars vegar á okkar málum innan EES með þeirri breytingu sem er að verða innan Evrópusambandsins og þeirri sem það mun hafa á þennan samning og svo hins vegar varnarmálin sem eru sannarlega að verða flóknari en áður var.

Eftir sem áður held ég að þegar kemur að því að leita leiða til að halda okkur sem næst þeirri ákvarðanatöku sem við vildum alltaf hafa með Evrópusambandinu eða Evrópuríkjunum innan NATO munum við reyna að stuðla að því að Vestur-Evrópusambandið sem slíkt verði aðili eða hlutaaðili að Evrópuþinginu. Það eru margir innan Vestur-Evrópusambandsins sem hafa áhuga á því að þessi þáttur öryggismála Evrópu verði ekki tvískiptur eins og hann er í dag heldur verði hann í einu lagi innan Evrópuþingsins í sérstakri deild eða með öðrum sambærilegum hætti.

[17:08]

Útbýting þingskjala:

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 39. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 434; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 435.

[17:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem mér gafst ekki tími til að fara yfir í fyrri ræðu minni eins og ég hefði gjarnan viljað. Ég ætla að reyna að bæta þar lítillega úr án þess þó að það sé markmið endilega að lengja mikið þessa umræðu sem þegar hefur staðið drjúga stund.

Fyrra atriðið sem ég í aðalatriðum ætlaði að fjalla um lýtur að stöðu Evrópumála. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson innti mjög eftir því að menn gerðu þar grein fyrir sjónarmiðum sínum og það er vissulega vel. Ég hygg að það sé vandræðalaust alveg af minni hálfu að gera það þannig að sæmilega skýr mynd eigi að geta fengist af því fyrir hvað Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur í þeim efnum enda höfum við fyrir löngu síðan lagt það fram í m.a. formi þáltill. hér á Alþingi með tiltölulega skýrum hætti.

Þeir sem hafa til þess vilja hafa getað lesið sér til um það, bæði stefnumótunina sjálfa í tillögugrein sem og rökstuðning í ítarlegri greinargerð með þessu þingskjali. Af okkar hálfu má segja að þetta hafi verið okkar hvíta bók í Evrópumálum um tveggja ára skeið.

Þessi rökstuðningur við greinargerð var síðan endurskoðaður *með hliðsjón af nýjum upplýsingum sem fyrir lágu á* vordögum 2000, ef ég man rétt, þegar hæstv. utanrrh. skilaði sinni ágætu þykku og miklu skýrslu til Alþingis. Til annarra gagna var líka litið eins og mats á úttekt á kostum og göllum þess að taka upp evru fyrir Ísland og fleira mætti þar nefna.

Ég vísa til þess sem ég áður sagði um að það er áhugavert mál í sjálfu sér, samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hvort í gang fást alvöru samningaviðræður um uppfærslu á honum sem hafa bæði formlegt eða praktískt gildi og líka pólitískt því ég skildi hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu þannig að markmiðið væri að ná hvoru tveggja inn.

Hitt er líka ljóst að mikilvægt er að menn átti sig á því hver markmið manna með slíkum leiðangri eru og hvort það er full samstaða á bak við þann leiðangur af hálfu EFTA-ríkjanna. Ég minni á að staðan í Noregi er nokkuð flókin um þessar mundir eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar þar sem svo er um hnúta búið að í raun er það sjálfkrafa stjórnarslitaefni að hrófla við þeirri stöðu sem Noregur hefur núna gagnvart Evrópusambandinu. Það er yfirlýst, og gott ef ekki beinlínis samningsbundið, milli flokkanna að tæki einhver þeirra upp áróður eða baráttu fyrir breytingum á stöðu Noregs og þá með aðild í huga jafngildi það því að segja sig frá stjórnarsamstarfinu.

Ég býst við að það sé þannig nokkuð vandasamt að eiga samskipti við Norðmenn að þessu leyti til því allir sem til norskra stjórnmála þekkja vita að staðan er mjög viðkvæm í samstarfi þeirra flokka sem hafa í raun og veru í grundvallaratriðum ólíkar áherslur í Evrópumálum, annars vegar flokkur forsætisráðherra og hins vegar hinn stóri samstarfsaðilinn, hægri menn.

Um evruna og gildi hennar þarf ég svo sem ekki að bæta miklu við það sem ég áður hef sagt. Það eru auðvitað engin efnahagsleg tíðindi að evran sem slík er að taka gildi nú um áramótin enda fyrir löngu búið að festa allar breytur sem lúta að upptöku evrunnar. Það hefur átt sér langan aðdraganda. Menn geta einfaldlega ekki tengt þetta við íslenskan veruleika *þótt með skýrum og skilmerkilegum fyrirvörum* væri, þetta er auðvitað ekki neitt sem við getum verið að ræða hér uppi á Íslandi með möguleg áhrif á stöðu okkar í huga á allra næstu tímum. Það er augljóst mál að það yrði langt árabil í öllu falli þangað til að slíkt gæti farið að hafa áhrif hér. Undangengnar viðræður um aðild að Evrópusambandinu, samningar um það, kosningar sem því yrðu samfara, kannski tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla, fyrst um samninginn og síðan þjóðaratkvæðagreiðsla í formi kosninga um breytingar á stjórnarskrá. Síðan tæki væntanlega við aðlögunartíminn að evrunni á meðan það væri mælt að við uppfylltum þau skilyrði sem gerð eru til nýrra aðildarríkja.

Mér er ekki kunnugt um annað en að ætli menn að taka upp evru fari þeir inn í sambærilegt prógramm og þau lönd gerðu sem ákváðu það á sínum tíma, og þurfa þá væntanlega að uppfylla öll skilyrðin. Þau kunna að vísu að verða eitthvað rýmri þá því umræður eru einmitt uppi um að breyta þeim vegna þess að ákveðin Evrópuríki eru að lenda í vandræðum gagnvart tilteknum þáttum eins og verðbólgu og skuldum.

Varðandi efnislega afstöðu til málsins hefur ekkert breyst í mínum huga í þeim efnum, þessu fylgja bæði kostir og gallar. Ég deili meira skoðunum með dönsku hagfræðingunum sem öllum á óvart færðu fyrir því rök að sennilega væri heldur óhagstæðara en ekki fyrir Dani að taka upp evruna. Hins vegar væri þetta pólitísk spurning. Þetta væri miklu meira pólitísk en efnahagsleg spurning og það held ég að sé mergurinn *málsins. Þetta er í reynd spurning um það hvort menn* ætla að verða þátttakendur að öllu leyti í samrunaferlinu í Evrópu og myndun hins evrópska ríkis með sameiginlegum gjaldmiðli, efnahagsstefnu, ytri landamærum, lögreglu og jafnvel her. Á því höfðu Danir ekki áhuga samanber það að þeir felldu evruna, og ég fullyrði að hin pólitísku rök vógu þar þyngra en endilega hin efnahagslegu. Um þau var mjög deilt og sitt sýndist hverjum. Flestir voru sammála um að það væri hins vegar mjög sterk pólitísk yfirlýsing um að Danir ætluðu sér að verða samferða í samrunaferlinu ef þeir tækju upp evruna. Þar hafa Danir verið tregir í taumi eins og kunnugt er, og eitt vinsælasta og kannski áhrifamesta slagorðið, endurtekið í dönskum kosningum, um nálgun við Evrópusambandið hefur verið þetta fræga: „Nej tak, ikke mere union." Þeir vilja ekki meira sambandsríki.

Stækkun Evrópusambandsins varðar okkur auðvitað að ýmsu leyti vegna þess að hún markar breytingu á stöðu okkar gagnvart þeim ríkjum sem ganga þar inn, eins og við höfum rætt hér fyrr í dag, en hún varðar okkur líka vegna þess að stækkun Evrópusambandsins hefur auðvitað mikil áhrif á þetta fyrirbæri sem við erum samningsbundin. Það er auðvitað alveg augljóst mál — bæði liggur það þegar fyrir í Nice-niðurstöðunum en það liggur líka í loftinu og í allri umræðu um málið núna — að stækkunin mun hafa mjög mikil áhrif og það sér engan veginn fyrir endann á þeim. Þjóðverjar eru þegar lagðir upp með baráttu fyrir því að næstu skref verði undirbúin um frekari samruna og ríkismyndun í Evrópu. Það er athyglisvert að í raun og veru allir áhrifamestu talsmenn þýskra stjórnmála um þessar mundir, með Joschka Fischer utanríkisráðherra (**ÖS:** Flokksbróður.) — já, að sumu leyti er hann kannski flokksbróðir ræðumanns — í broddi fylkingar með forsætisráðherra og jafnvel helstu talsmenn stjórnarandstöðuflokka tala Þjóðverjar ákveðið fyrir ýmsum hugmyndum um enn þá frekari samrunaþróun í Evrópu.

Þetta finnst mér að menn verði að hafa í huga líka þegar þeir ræða um stöðu Íslands og spurningu um evru eða ekki evru og hvort kostir eða gallar vegi þyngra í augnablikinu gagnvart því að ganga í Evrópusambandið. Evrópusambandið er ekki kyrrstætt fyrirbæri. Það er á fullri ferð og það stefnir meira og minna í eina átt, það stefnir í átt til sambandsríkis, federalísks ríkis, og það tekur sífellt á sig fleiri og fleiri einkenni slíkra ríkja. Af augljósum ástæðum hefur það ekki eitt sameiginlegt tungumál en að því slepptu vantar ekki orðið mikið upp á að þetta fyrirbæri sé að ná öllum helstu einkennum slíkra sameiginlegra ríkja. Hæstv. utanrrh. nefndi m.a. réttilega hér áðan að það gætir sífellt ríkari tilhneiginga til þess af hálfu Evrópusambandsins að koma fram sem eitt og hafa aðildarríkin í bakgrunni, á aftari bekkjunum, þegar það blandar sér í utanríkismál eða hvað það er.

Herra forseti. Það skiptir svo líka máli hvað úr þessu öllu verður í sambandi við viðskiptakjör okkar. Eins og við ræddum fyrr í dag skiptir auðvitað máli hvernig tekst til með það verkefni á næstu mánuðum og missirum að semja um stöðu okkar gagnvart þeim Austur-Evrópuríkjum eða nýju aðildarríkjum sem nú eru að banka á dyr Evrópusambandsins. Sífellt fleira bendir til að þau muni koma inn í stærri hópi heldur en upphaflega var kannski ráð fyrir gert og þar af leiðandi er málið enn þá afdrifaríkara fyrir okkur.

Stækkunin mun hins vegar reynast Evrópusambandinu — það held ég að allir séu sammála um — alveg gríðarlegt verkefni og það eru mörg óleyst vandamál þar enn þann dag í dag. Mér vitanlega er engin niðurstaða komin í það t.d. hvernig taka eigi Pólland með sinn gríðarlega landbúnað og milljónir bænda inn í Evrópusambandið og landbúnaðarstefnu þess. Hvernig á að samræma það tvennt, að halda áfram fullum styrkjum til hinna ríku bænda í Vestur-Evrópu og taka Pólverja inn um leið án þess að þeir njóti þá sambærilegra kjara? Það stendur jú ekki til, a.m.k. ekki fyrstu 5–10 árin, jafnvel 15. Samt á að reyna að halda í grundvallarprinsippin um stöðugleika og þau markmið að jafna lífskjör innan sambandsins. Þetta er ekkert áhlaupaverk, herra forseti, sem þarna blasir við mönnum.

Síðast þegar ég komst í aðstöðu til að spyrja áhrifaaðila á vettvangi Evrópusambandsins um hvernig stæði með þessi mál voru svörin alveg nákvæmlega þau sömu og við í Evrópunefnd Norðurlandaráðs höfðum fengið í tví- eða þrígang áður, að þetta væri óleyst mál. Það var vissulega viðurkennt að þetta væri eitt af því allra erfiðasta. Við skulum bara draga andann rólega og bíða og sjá hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig.

Ég held að í aðalatriðum standi rökin óhögguð sem við höfum fært fram fyrir afstöðu okkar, og ég vitna aftur í þá grg. með till. til þál. sem ég hef hér nefnt um mótun stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum. Og af því að menn hafa innt eftir þeim nefni ég í fyrsta lagi hiklaust afsal sjálfstæðis og fullveldis og glataða sérstöðu landsins. Og ég sný þeim hlutum akkúrat öfugt við formann Samfylkingarinnar, það er ekki nokkur minnsti vafi á því í mínum huga að það er allt annað og miklu meira fullveldisafsal fólgið í aðild að Evrópusambandinu, fyrir utan að það er ekki aðgerð sem auðvelt væri að taka aftur eða segja sig frá ef svo bæri undir. Þar koma inn þættir sem væru algjörlega nýir og til viðbótar því sem fyrir er, t.d. hlutur dómstóla, lögskýringar og annað því um líkt.

Í öðru lagi er augljóst mál að inngöngu í Evrópusambandið fylgja verulega skertir möguleikar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnunar. Við getum velt fyrir okkur hversu höndduglega okkur hafi stundum tekist til í þeim efnum en svona er það nú.

Ég tel að hagsmunum íslensks sjávarútvegs yrði fórnað eða þeim stefnt í stórhættu og það yrði ekki bara út frá því augnabliki sem gengi í garð þegar við gengjum þarna inn. Ég held að enginn hafi haldið því fram að þann dag fylltust Íslandsmið af erlendum togurum. En það er sú staða sem við komum okkur í gagnvart framhaldinu því það þarf enginn að fara í neinar grafgötur um að þegar í stað hefst mikill þrýstingur frá þeim þjóðum sem eiga mikla ónýtta flota að fá hér einhverja hlutdeild og það mál yrði uppi á borðum í samningaprútti framtíðarinnar.

Ég nefni í fjórða lagi að það er allt sem teiknar til að þetta yrði umtalsvert áfall fyrir íslenskan landbúnað nema kannski helst sauðfjárrækt sem gæti sogið út styrki nokkurn veginn til að jafna þá stöðu sem hún hefur í dag. Það gæti orðið mjög tvíbent fyrir ferðaþjónustu hvernig hún kæmi út úr þessu. Við gengjumst undir þetta fjarlæga og miðstýrða Brusselvald sem er gagnrýnt fyrir ólýðræðislega ákvarðanatöku, við gengjum inn fyrir að ýmsu leyti varhugaverða tollmúra út á við, þ.e. yrðum hluti af tollmúrum Evrópusambandsins og þessu fylgir síðast en ekki síst gríðarlegur kostnaður. Það er talið að hann yrði í kringum 8 milljarðar miðað við óbreytta stærð og jafnvel 10–12 milljarðar eftir stækkun. E.t.v. kæmi um helmingur af því til baka ef vel tækist til í að sjúga hingað styrki. Á mjög hraðri yfirferð, herra forseti, er þetta til að nefna nokkur af þeim veigamiklu rökum sem ráða því að við teljum ekki æskilegan kost fyrir Ísland að vera að horfa til aðildar að Evrópusambandinu, og þvert á móti eigi menn að gæta hagsmuna sinna á öðrum grundvelli hér til næstu ára litið.

[17:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að núverandi ríkisstjórn og utanrrn. vinnur fyrst og fremst að því að gæta hagsmuna Íslands á grundvelli samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Hins vegar er jafnframt nauðsynlegt að ræða þá þróun sem á sér stað í Evrópu og þá framtíð sem við sjáum inni. Þess vegna er mjög mikilvægt að umræða um það sem er að gerast í Evrópusambandinu eigi sér stað. Það er líka mikilvægt að við ástundum þá umræðu á grundvelli ákveðinna

staðreynda sem við kunnum að vísu að hafa mismunandi mat á.

Ég heyrði að hv. þm. hefur það mat að Evrópusambandið stefni að því að verða sambandsríki og það eru margir sem hafa það mat. Hann er ekki einn um það. Ég er hins vegar ekki sammála því mati og ég rökstyð það með því að eftir því sem ríkin verða fleiri og eftir að stækkunin á sér stað er miklu ólíklegra en nokkru sinni áður að samkomulag muni takast um það. Ég tel að með stækkuninni verði enn þá líklegra að Evrópusambandið verði það ekki.

Hins vegar er ljóst að Evrópusambandið hefur stefnt að því að hafa sem mest sameiginlega utanríkisstefnu. Það er samt ekki allt sem bendir til þess að þar sé samkomulag. Við tökum t.d. eftir því núna að það er ekki talsmaður Evrópusambandsins sem fer um heiminn út af Afganistan. Það hefur fyrst og fremst verið Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands. Það er ekki Solana, talsmaður Evrópusambandsins í utanríkismálum, þannig að það er misjafnt hvernig þetta kemur út.

Hins vegar álít ég að það hafi verið mikið gæfuspor að Evrópusambandið hafi t.d. komið sér saman um stefnuna að því er varðar Ísrael og Palestínu og tel að það hafi styrkt friðarferlið á því svæði og það hljótum við að viðurkenna.

[17:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alltaf verið í þeim hópi sem hefur talið mikilvægt að við fylgdumst vel með þróun Evrópumála og værum vel heima í því sem þar er að gerst. Mér hefur hins vegar aldrei fundist það neitt merkilegt og eitthvað sem menn þyrftu að standa hér og lýsa yfir annan hvern dag að þeir fylgdust með því sem væri að gerast þarna. Mér finnst það bara svo sjálfsagður hlutur af því að vera þátttakandi í stjórnmálum á líðandi stund og hafa augu og eyru opin gagnvart því sem er að gerast í kringum sig.

Ég hef t.d. setið í svonefndri Evrópunefnd Norðurlandaráðs núna um nokkurt árabil þannig að í gegnum það hef ég m.a. heimsótt Brussel líklega einu sinni til tvisvar á ári sl. 3–4 ár og haft alveg ágætar aðstæður til að fylgjast með því sem þarna er að gerast. Og ég tel að Alþingi Íslendinga eigi að sjálfsögðu að gera það. Þess vegna minni ég á hugmynd sem ég varpaði hér fram, ég hygg í umræðum í fyrravor, og fékk vissar undirtektir, að e.t.v. væri tímabært á nýjan leik að Alþingi setti á fót nýja Evrópustefnunefnd sem færi með sambærilegum hætti yfir hlutina og gert var í kringum 1990 og skilaði ágætisafrakstri.

Já, ég tel, herra forseti, að Evrópusambandið sé sífellt að taka á sig fleiri og fleiri einkenni sambandsríkis og ég minni t.d. á mannréttindayfirlýsingu, hálfgerða stjórnarskrá, Evrópusambandsins sem verið er að koma á fót núna. Og til hvers er það? Ekki til þess að finna upp neitt nýtt, segja þeir, vegna þess að það á ekkert nýtt að vera í henni sem skuldbindur neitt ríki. Það er bara til þess að Evrópusambandið sem slíkt eigi „manifesto" sem er hægt að líkja við stjórnarskrá. Og síðan er þetta gjaldmiðillinn, seðlabankinn, ytri landamærin, herinn og allt þetta. Þetta eru allt saman einkenni sem menn yfirleitt nota til að átta sig á hvað er um að vera. Er þetta ríki eða er þetta eitthvað annað?

Það er hins vegar ljóst að ekki eru allir inni á þessu og stækkunin skapar viss vandamál. Þá koma strax upp hugmyndir um aukið vald með meirihlutaákvörðunum, um tveggja hraða lausnir, um innri kjarna sem keyrir þróunina áfram o.s.frv. Og það eru mjög sterk öfl sem keyra þetta í þessa átt.

[17:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru kannski skoðanaskipti sem skipta ekki öllu máli í þessu samhengi. Auðvitað hafa menn mismunandi mat á því. Það er samt athyglisvert að stærstu ríkin hafa oftast orðið undir í atkvæðagreiðslum innan Evrópusambandsins. Það ríki sem þar er efst á blaði er Þýskaland. Mig minnir að talað sé um — ég ætla ekki að fara með þá tölu — en það ríki sem hefur sjaldnast orðið undir í atkvæðagreiðslum sem það hefur tekið þátt í er ríkið Lúxemborg. Nú má vel vera að ríkið Lúxemborg sé miklu sveigjanlegra ríki og setji sig ekki á mjög háan hest í ýmsum málum með sama hætti og Þýskaland.

Þarna er jú vissulega verið að breyta valdajafnvægi en það er alveg ljóst að smærri ríkin, eftir stækkunina, hafa þarna tögl og hagldir, og þess vegna er ég þeirrar skoðunar að þetta sé ekki að gerast. Mér finnst það koma mjög skýrt fram í málflutningi Breta sem hafa mikið að segja innan Evrópusambandsins en hitt er svo annað mál að málflutningur Þjóðverja og Frakka hefur gengið í aðra átt. Það er málflutningur sem mér sýnist ekki að sé að verða ofan á, og ég hef heldur styrkst í þeirri trú. Mér finnst t.d. alveg ljóst að Norðurlöndin saman, ásamt ýmsum smærri ríkjum — við skulum taka sem dæmi Eystrasaltsríkin — geti haft þarna veruleg áhrif ef þau standa saman. Og það er þetta sem ég held að muni gerast í framtíðinni í Evrópusambandinu, að blokkir muni myndast.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta þvert á móti vera einmitt mjög áhugaverð og mikilvæg umræða því að ég held að það skipti miklu máli að við reynum að greina hvernig landið liggur þarna og hvert líklegt er að þetta batterí þróist, eiginlega burt séð frá því hvaða viðhorf við höfum til þess nákvæmlega hvernig við eigum að reyna að búa um okkar samskipti. Ég tel að við séum almennt öll Evrópusinnar í jákvæðum skilningi og bestu merkingu þess orðs, að við viljum gott samstarf Evrópuþjóða og við viljum vera þátttakendur í því, en okkur greinir á um hvort við eigum að byggja þá samvinnu á þeim grundvelli að við göngum í þetta samband eða þá einingu sem þarna er að verða til.

Það er að vísu rétt að ef smáríkin stæðu öll saman þá hafa þau sterka stöðu, en það gera þau sjaldan. Það er nákvæmlega eins og menn sögðu hér alltaf: Já, en landsbyggðarþingmenn eru með meiri hluta á Alþingi. En hversu oft hafa menn hafa séð slíkan meiri hluta birtast hér í atkvæðagreiðslum? (Gripið fram í.) Ræðumaður hefur verið hérna í 19 ár og ég held að ég hafi aldrei séð hann birtast þannig að allir landsbyggðarþingmenn allra flokka stæðu saman en suðvesturhornsþingmennirnir á móti. Það gerist ekki þannig. Og alveg eins er þetta innan Evrópusambandsins. Ég held að það gerist mjög sjaldan að öll smáríkin sameini krafta sína og standi eins og ein blokk á móti þeim stóru. Og þau stóru eru auðvitað mjög dugleg við að búa sér til bandalög og versla og hafa til þess afl og burði og ná þannig ýmsu fram.

Gleymum ekki því að Evrópusambandið er eins og öll önnur kerfi af þessu tagi, það lifir sjálfu sér í ríkum mæli og það hefur mikla burði til þess að reka áróður fyrir sjálfu sér. Við Íslendingar þekkjum það, Evrópusambandið er með upplýsinga- og áróðurskontóra úti um allt og ræður til þess

menn í störf. Það er auðvitað alltaf að reka áróður fyrir sjálfu sér og þar er þessi hugsun mjög sterk, að draga völdin undir Brussel og gera þetta sem öflugast og burðugast ríki. Þar kemur mótvægishugsunin upp sem hæstv. utanrrh. nefndi.

Í sambandi við Norðurlöndin, herra forseti, þá minni ég á að þeim hefur nú ekki alltaf gengið vel að samræma sig og Finnar t.d. eru býsna hallir undir þessa samrunahugsun.

[17:33]

Útbýting þingskjals:

Búfjárhald o.fl., 338. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 437.

[17:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni fjallaði ég um kosningarnar í Kosovo og aðkomu Íslendinga að þeim. Ég vék að Afganistan og vakti athygli á því að Bandaríkjamenn hófu loftárásir sínar á Afganistan án þess að hafa áður tryggt stuðning öryggisráðsins eða öllu heldur án þess að byggt væri á ákvörðun öryggisráðsins. Og það er margt sem bendir til þess að Bandaríkjamenn vilji gera þetta á eigin forsendum, vilji hafa svigrúm til hernaðarlegra umsvifa og athafna án þess að vera háðir alþjóðasamfélaginu. Þetta ætti að vera okkur umhugsunarefni og Íslendingar ættu að beita sér gegn þessum yfirgangi Bandaríkjamanna og tilraunum til að gerast alheimslögregla, óháð alþjóðasamfélaginu.

Auðvitað er það mjög mikilvægt núna að alþjóðasamfélagið komi Afgönum til hjálpar. Land og þjóð eru illa farin, þar ríkir hungursneyð, landið er allt sundurskotið og gera má ráð fyrir að tugþúsundir ef ekki hundruð þúsunda ósprunginna sprengna sé að finna vítt um landið, sem verður hættulegt yfirferðar um langan tíma. Ég held að mjög mikilvægt sé að Evrópuríki, og þar á meðal Ísland, reyni að halda Bandaríkjamönnum við efnið hvað þetta snertir. Ef ekki, þá er hætt við því að fari á svipaðan hátt um loforðin og gerðist gagnvart Víetnam á sínum tíma þar sem loforð voru veitt í upphafi árs 1973 um umtalsverða efnahagsaðstoð á komandi árum, loforð sem síðan voru svikin. Þessi loforð voru líka svikin gagnvart Kambódíu og Laos á því sama tímabili og síðar Grenada, Panama, og við þekkjum hvað er að gerast á Balkanskaganum gagnvart Serbum. Þar voru gefin fyrirheit um umtalsverða fjárhagsaðstoð af hálfu Evrópusambandsins og fleiri ríkja. Lítið hefur orðið um efndir og vekur athygli að þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi hafa verið frystar sem uppgreiðslur í lán, m.a. frá Tító-tímanum. En Serbía er enn sundursprengd og allt stoðkerfi landsins meira og minna í rúst. Á þessu er rétt að vekja athygli.

Ég tók eftir því í ræðum margra þingmanna þegar þeir fjölluðu um atburði síðustu vikna, árásirnar á New York og Washington, og síðan í kjölfarið árásirnar á Afganistan, að hryðjuverkin í New York og Washington hefðu verið árás á vestræn gildi. Ég hef velt því fyrir mér hvað felist í þeirri notkun hugtaka. Hvað eru menn að tala um? Eru menn að tala um vestræna hagsmuni? Eru menn að tala um kapítalismann, um frjálst markaðskerfi, og með árásunum á New York og Washington hafi verið ráðist á tákn þessa kerfis, er það það sem menn eiga við? Eða eru menn að tala um mannréttindi sem við viljum í heiðri hafa á Vesturlöndum?

Ég held að það sé fyrst og fremst það sem menn eiga við. Og ef það var árás á vestræn gildi í þeim skilningi þegar saklaust fólk var drepið í New York og Washington, þá er það líka árás á vestræn gildi þegar saklaust fólk er drepið í Afganistan eða þegar menn eru teknir af lífi án dóms og laga, eins og dæmin sanna á undanförnum dögum. Við eigum að fylgjast með ásökunum og rannsóknum sem fram fara á vegum mannréttindasamtaka á borð við Amnesty International í kjölfar þessara atburða í Afganistan. Mér finnst rétt að vekja á þessu athygli í ljósi þeirra ummæla sem hér hafa fallið.

Ég vil í örfáum orðum víkja að fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem hæstv. utanrrh. gerir að umræðuefni í ræðu sinni. Sá fundur var haldinn í Quatar á Arabíuskaganum og það vita allir hvers vegna fundurinn var haldinn þar, það var til að geta haldið hann í kyrrþey, til að geta útilokað almannasamtök eða komið í veg fyrir að almannasamtök sendu fulltrúa á fundinn. Við vitum að mikil mótmæli hafa fylgt þessum fundum á liðnum árum og missirum, í Seattle, Prag, Washington. Þessu hafa fylgt mikil mótmæli en það vekur athygli hve langt menn ganga í því að útiloka almannasamtök frá því að sækja þennan fund. Þannig var það gert að skilyrði að verkalýðssamtök, sem jafnvel höfðu innan sinna vébanda milljónir félagsmanna, fengu aðeins að senda einn fulltrúa á fundinn. Þessu hefur verið harðlega mótmælt, bæði fyrir fundinn og eftir fundinn, af hálfu hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar.

Á hvern hátt létu Íslendingar til sín taka á þeim fundi? Jú, nú sem fyrri daginn var afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi helst á dagskrá.

Í ræðu sinni sagði hæstv. utanrrh. m.a., með leyfi forseta:

„Þetta hefur verið meginákersla okkar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þar höfum við Íslendingar verið í fylkingarbrjósti ríkja sem lagt hafa til að unnið verði að samkomulagi á vettvangi stofnunarinnar um afnám ríkisstyrkja. Á fundinum í Doha var samþykkt að tekið verði sérstaklega á ríkisstyrkjum í sjávarútvegi með það að markmiði að settar verði reglur um beitingu ríkisstyrkja og stuðlað að afnámi þeirra."

Og síðar segir hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Afnám ríkisstyrkja er mikilvægur þáttur í að tryggja betri umgengni um lifandi auðlindir hafsins."

Reyndar er einnig talað um að þetta sé mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga til að tryggja markaðsstöðu sína.

Ég er ekki sannfærður um að þessar staðhæfingar standist. Ég er ekki sannfærður um að þetta nána samhengi sé á milli ríkisstyrkja annars vegar og ofveiði hins vegar. Þannig þarf smábátabúskapur með einhverjum ríkisstyrkjum ekki að vera skaðlegri umhverfinu og leiða til ofveiði fremur en verksmiðjutogarar á höfum úti sem njóta ekki neinna slíkra styrkja nema síður sé. Mér finnst felast í þessu ákveðin trú á að markaðurinn hljóti að fara vel með umhverfið. Ég held að þetta standist ekki.

Styrkir geta verið til þess fallnir að bæta stöðu fámennra byggðarlaga og önnur sjónarmið kunna einnig að vera uppi, að styrkja atvinnulíf þegar það á í erfiðleikum svo dæmi sé tekið. Hins vegar get ég alveg tekið undir það að styrkir til stórra flota sem sækja í þverrandi auðlind, í fisktegundir sem eru í hættu, eru að sjálfsögðu skaðlegir. En ég vara við því að taka á þessum málum á svart/hvítan hátt, eins og hér hefur verið gert, og ég leyfi mér að lýsa andstöðu við það að Íslendingar skuli ganga fram fyrir skjöldu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til þess að setja heimsbyggðinni leikreglurnar í þessum efnum. Mér finnst það vera mjög slæmt, og ég leyfi mér að gagnrýna það.

Hér hefur verið rætt talsvert um Evrópusambandið og EES og hugsanlega endurskoðun þeirra samninga. Menn hafa rætt um viðskiptahagsmuni í því sambandi og menn

hafa rætt um lýðræðið. Sérstaklega staðnæmdist formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, við lýðræðið.

Nú er Evrópusambandið ekki mjög lýðræðisleg stofnun. Evrópusambandið byggir í rauninni í mjög takmörkuðum mæli á lýðræðislegum vilja. Þar leikur framkvæmdarvaldið hins vegar lausum hala. Evrópusambandið er fyrst og fremst vettvangur framkvæmdarvaldsins. Þjóðþingin hafa afskaplega lítið að gera með það sem ákveðið er á vettvangi Evrópusambandsins. Og þá sjaldan sem Evrópusambandið þorir að skjóta einhverjum álitamálum til þjóðarinnar sjálfrar eða þjóðanna, þá er það iðulega fellt, eins og dæmin sanna. Það er því alrangt að halda því fram að Evrópusambandið sé byggt á lýðræðislegum vilja. Það er alrangt.

Það sem hins vegar er líklegt að gerist er að hin lýðræðislega krafa vakni á næstu árum. Og þá verður það ekki gert með því að styrkja aðkomu þjóðþinganna, vegna þess að þau eru víkjandi innan Evrópusambandsins, heldur með því að styrkja Evrópuþing, miðstýrt Evrópuþing, til þess að setja hinum frjálsa markaði sem menn hafa sameinast um einhverjar skorður. Það mun gerast.

En þá spyr ég ef menn ætla að styrkja Evrópuþingið og þetta verður þróunin: Er ekki líklegt að hið sama verði uppi á teningnum í Evrópu og var hér á landi þegar menn settu fram kröfuna „einn maður, eitt atkvæði"? Þeir eru víðar Vestfirðirnir en á Íslandi. Halda menn ekki að slík krafa yrði uppi gagnvart Íslendingum? Að sjálfsögðu. Og þá spyr ég: Er það hagur Íslendinga að styrkja samstarf á grundvelli þjóða eða á grundvelli einstaklinga á markaði? Þetta er spurningin sem við stöndum frammi fyrir.

En ég vildi aðeins leggja á það áherslu að það er blekking að tala um Evrópusambandið sem lýðræðislegt og með því að fá aðkomu að nefndum þá séum við að efla lýðræðið. Við erum að opna fyrir embættismenn okkar til að fá aðild að ákvarðanatöku. En í lýðræðislegum skilningi er Evrópusambandið ekki klúbbur sem við eigum að kenna við lýðræði. Mér stendur vægast sagt ógn af því valdi sem er að hrannast upp í Brussel, valdi sem á sér afskaplega litla jarðtengingu í lýðræðinu.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, að það er sjálfsagður hlutur að ræða um Evrópumálin og það höfum við gert. Mikil umræða hefur farið fram núna upp á síðkastið, síðustu mánuðina um evruna. Gerðar hafa verið fjölmargar skýrslur, Seðlabankinn hefur gert skýrslur, forsrn. hefur gert skýrslur. Þess vegna furða ég mig á þeirri hugsun sem oft skýtur upp og þeim staðhæfingum að það sé bannað að tala um Evrópumálin. Ég hef ekki orðið var við það. Ég veit ekki betur en við höfum verið að tala okkur blá í framan um Evrópumálin í mörg ár. En ég sakna þess að menn bjóði fram skýra og trúverðuga stefnu í þeim efnum.

En auðvitað finnum við hvað er að gerast. Við finnum að Framsfl. er að færa sig nær því að þora að koma hreint til dyranna og segja hug sinn um að hann langi til að sækja um aðild að Evrópusambandinu, auðvitað finnum við hvað er að baki þeim yfirlýsingum sem eru einhvers staðar í umræðunni. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur komið út úr skápnum. Hann hefur komið hreint til dyranna og sagt að hann vilji að Samfylkingin beiti sér fyrir því að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu. (**RG:** Þar verður lýðræði viðhaft.) Lýðræði viðhaft? Lýðræðið fer fram í kosningum þar sem stjórnmálaflokkar bjóða fram stefnu, m.a. í Evrópumálunum. En þá verða þeir líka að vita hvað þeir vilja.

Vill Samfylkingin sækja um aðild að Evrópusambandinu eða vill hún það ekki? Hún segist alltaf vera að skoða málin og það komi í ljós. En hvað er það sem menn eru að skoða, með leyfi? Þetta er búið að segja árum saman. Mér finnst þetta vera bara ómerkilegar blekkingar ef ég á að segja alveg eins og er. Þeir liggja ljósir fyrir kostirnir og gallarnir við að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Viljum við taka þátt í því að gera Ísland að hluta af evrópsku stórríki, viljum við það eða viljum við það ekki? Viljum við þróa samskipti okkar og samband við Evrópusambandið á annan hátt? Við höfum sett fram tillögur í því efni, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, og það höfum við gert eftir ítarlega umræðu um þau mál.

[17:49]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar kom fram áðan að Bandaríkjamenn hafi ekki haft umboð Sameinuðu þjóðanna til aðgerða. Þetta hefur áður komið fram hjá hv. þm. í sjónvarpsþætti en það er ástæða til að gera athugasemd við þetta vegna þess að í samþykkt öryggisráðsins, nr. 1368, í inngangi, er sérstaklega vitnað í þann viðurkennda rétt einstaklinga og samfélaga til sjálfsvarnar sem er í fullu samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Sá réttur veitir Bandaríkjamönnum, að mati öryggisráðsins, fulla heimild til aðgerða. Ekki er hægt að skilja þetta á nokkurn annan hátt en að Sameinuðu þjóðirnar hafi gefið Bandaríkjamönnum rétt til aðgerða.

[17:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er alrangt. Árás Bandaríkjamanna á Afganistan byggir ekki á samþykkt öryggisráðsins. Bandaríkjamenn kynntu hins vegar, og það gerðu Bretar einnig, fastafulltrúar þeirra í öryggisráðinu, á hvaða forsendum þeir hefðu gert árás á Afganistan, að það væri á grundvelli 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, og þeir kynntu þetta í öryggisráðinu. Formaður öryggisráðsins, Írinn Ryes, gaf síðan út yfirlýsingu þar sem fram kom að þessi afstaða Bandaríkjamanna og Breta hefði verið kynnt í öryggisráðinu og síðar var vísað í samþykkt öryggisráðsins sem byggði á þeim yfirlýsingum sem Kofi Annan hafði áður sett fram um að alþjóðasamfélagið ætti að beita sér á grundvelli pólitískra, diplómatískra og fjárhagslegra aðgerða til að uppræta hryðjuverk.

[17:51]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera að Vinstri grænir hafi einkarétt á því að skilja samþykktir öryggisráðsins öðruvísi en allir aðrir. Það er nú samt svo að þegar öyggisráðið fjallaði um þennan atburð þá minnti það sérstaklega á þann viðurkennda rétt einstaklinga og samfélaga til sjálfsvarnar sem er skráður í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Til hvers er verið að vitna í hann ef hann á ekki við í þessu tilfelli? Dettur hv. þm. í hug að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sé að vitna þarna í stofnskrá sína út í bláinn án þess að það mál komi þeim atburði við sem þarna er verið að ræða um?

[17:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég er hér með í höndum yfirlýsingu formanns öryggisráðsins, Írans Ryes, þar sem hann greinir frá umræddum fundi sem haldinn var 8. okt. í öryggisráðinu.

Hann segir, með leyfi forseta, ég les hér eina setningu á ensku:

(**Forseti** (GuðjG): Það er ætlast til að það sé töluð íslenska í ræðustól. Hv. þm. verður að snara þessu yfir á íslensku.)

Það skal ég gera þegar ég hef lesið hana á ensku, með leyfi forseta:

„The members of the Security Council took note of the letter ... "

(**Forseti** (GuðjG): Forseti ætlast til þess að það sé farið að tilmælum hans og ekki farið með erlent mál hér í ræðustólnum. Þær reglur gilda hér á Alþingi.)

Já, en ég vil taka fram, hæstv. forseti, að margoft áður hefur verið vitnað í erlend mál þegar menn telja mikilvægt að hafa nákvæman málflutning, en ég verð að sjálfsögðu við þessari ósk forseta. En hér í yfirlýsingu Ryes kemur fram að öryggisráðið hafi lesið eða heyrt bréf fulltrúa Bandaríkjastjórnar og Breta til ráðsins þar sem þeir hafi skýrt á hvaða forsendum árásirnar séu gerðar.

Síðan er vitnað í samþykkt öryggisráðsins sem byggir ekki á þessu.

[17:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einfaldlega rétt hjá hv. þm. að lýðræðið innan Evrópusambandsins er ekki eins og best verður á kosið. Um hvað hefur umræðan snúist síðustu árin innan Evrópusambandsins? Hvað var t.d. drifhvati umræðunnar sem var undanfari kosninganna í Danmörku? Það var einmitt þessi lýðræðishalli, það er alveg rétt. Það þýðir hins vegar ekki, herra forseti, að Evrópusambandið sé ekki á vetur setjandi vegna þess að við hljótum líka að berjast fyrir því að bæta þetta lýðræði.

Það er einmitt það sem er að bera árangur núna. Í vaxandi mæli er lýðræðið að aukast innan Evópusambandsins. Lýðræðishallinn er að minnka. Evrópuþingið er að fá miklu meira vægi.

En mér finnst merkilegt að hlusta á einn af forustumönnum íslenskra launþega tala um að lýðræði og frelsi skipti ekki máli varðandi Evrópusambandið þegar ljóst er að ekkert hefur fært hans fólki jafnmiklar félagslegar réttindabætur á síðustu árum og einmitt það sem komið hefur frá Brussel, þar sem valdið er að hrannast upp, eins og hv. þm. sagði. Sem betur fer fyrir hans fólk, segi ég.

[17:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög algengur misskilningur að íslenskt launafólk hafi haft einhverjar sérstakar hagsbætur af aðildinni við Evrópusambandið, það er alrangt.

Ég vil nefna að á þeim sviðum þar sem við höfum stigið stærst framfaraspor á liðnum árum þá stöndum við langt framar Evrópusambandsríkjunum. Ég nefni t.d. fæðingarorlofið. Þar hafa Íslendingar stigið stórt framfaraskref á liðnum missirum. Ég nefni lífeyrismálin. Við stöndum Evrópusambandinu langt framar.

Og nú ætla ég að biðja hv. þm., formann Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, að nefna mér dæmi um hinar miklu hagsbætur sem við höfum sótt til Brussel.

[17:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur alltaf verið mikill talsmaður sameiningar. Fyrir um tíu árum mátti lesa viðtöl við hann um nauðsyn þess að sameina íslenska jafnaðarmenn. Enn á okkar dögum má lesa viðtöl við hann um að sameina hina einstöku meiði íslenskrar verkalýðshreyfingar. Hv. þm. hefur með góðum rökum talað fyrir nauðsyn þess að menn a.m.k. íhugi mjög sterklega að sameina Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusamband Íslands.

Ég ætla um þessi dæmi, herra forseti, að vísa hv. þm. til samþykktar Alþýðusambands Íslands og hnausþykkrar greinargerðar sem henni fylgdi frá síðasta þingi ASÍ. Þar var einmitt rætt um nauðsyn þess að taka Evrópumálið á dagskrá og eins og það mál var sett upp var ákaflega erfitt að komast hjá því að álykta að þar væri mikill vilji fyrir því að kanna í alvöru aðild að Evrópusambandinu. Hver voru rökin? Rökin voru fyrst og fremst þau að hin félagslegu réttindi sem tryggð væru með aðild að Evrópusambandinu væru svo mikil. Og þar voru rakin upp fjölmörg dæmi.

[17:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er heils hugar sammála Alþýðusambandinu um það að Evrópumálin eigi að vera á dagskrá. Ég held að allt samfélagið sé á því máli að við eigum að ræða tengsl okkar við Evrópu sem önnur ríki í heiminum.

Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú í flestum verkalýðssamböndum að hér sé um að ræða þverpólitískt mál sem ekki er á færi einstakra verkalýðsfélaga eða samtaka að taka afstöðu til. Menn eru einfaldlega með mjög mismunandi skoðanir á því hvort æskilegt sé að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu.

Innan Alþýðusambandsins eru mjög margir á því máli að það sé heppilegt. Aðrir eru því andvígir. Hið sama gildir innan BSRB, BHM, bankamanna, annarra samtaka. Það er á vettvangi stjórnmálanna hins vegar sem krafa er gerð um það að menn hafi skýrar línur í þessum efnum til að bjóða kjósendum upp á skýra valkosti þegar kemur til kosninga.

[17:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði athugasemdir við það áðan að Bandaríkjamenn gerðu tilraun til þess að verða alheimslögregla. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. hefur látið þá skoðun sína í ljósi að Bandaríkjamenn séu að skipta sér of mikið af því sem er að gerast í heiminum.

Ég spyr hv. þm. hvernig hann teldi að útlits væri í dag ef Bandaríkjamenn hefðu ekki tekið af skarið varðandi hryðjuverkamenn sem hafa átt skjól í Afganistan. Telur hann að Sameinuðu þjóðirnar hefðu getað leyst það mál? Ég sé fyrir mér að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og Sameinuðu þjóðirnar sjálfar hefðu getað rifist um það mánuðum saman og jafnvel árum saman til hvaða aðgerða ætti að grípa. Því miður hefur það nú verið þannig að Sameinuðu þjóðirnar, þegar þær loksins hafa gripið inn í, hafa ekki náð nægum árangri.

[17:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. talaði um að leysa málið og gaf í skyn að málið væri leyst. Það er ekki búið að leysa eitt eða neitt í reynd og ekki séð fyrir endann á atburðarásinni.

Ég vil vekja athygli á lítilli frétt í The Financial Times í dag þar sem menn eru með vangaveltur um hvar Osama bin Laden haldi sig. Talið er að hann kunni að vera í hellum nærri Tora Bora, þorpi nærri landamærunum við Pakistan.

Þar eru miklir hellar og talið að hann kunni að leynast í þeim hellum. En þeir segja í Financial Times að það sé líklegt að í fórum bandarísku leyniþjónustunnar séu uppdrættir af þessum hellum. Hvers vegna? Þeir fjármögnuðu smíðina. Þeir fjármögnuðu smíði þeirra fyrir þá sem ráðið hafa ríkjum í Kabúl á liðnum árum en börðust áður við innrásarheri Sovétmanna, þ.e. frelsishetjur gærdagsins hafa verið kúgaðar til síðustu ára í Kabúl. Heimurinn er ekki alveg svona einfaldur eins og hv. þm. vill vera láta.

[18:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð var við að hv. þm. svaraði ekki spurningunum. Ég spurði: Ef það er svona andstætt hugmyndum hans að Bandaríkjamenn taki að sér lögregluhlutverk eins og hann telur að þeir séu að gera og það ætti þá annar væntanlega að gera, telur hann að Sameinuðu þjóðirnar mundu geta tekið að sér það hlutverk?

Ég sagði áðan að ég hefði ekki þá reynslu af Sameinuðu þjóðunum og aðgerðum þeirra að þær hefðu skilað þeim árangri sem ætlast var til. Það var sá árangur sem ég var að tala um áðan. Ég held að hv. þm. hafi misskilið þetta. Reyndar tel ég að nokkuð góður árangur hafi náðst í að uppræta hryðjuverkasamtök sem hafa tekið sér bólfestu í Afganistan sem betur fer og ég vona að það takist að endingu alveg. En eins og ég sagði í ræðu minni þá get ég ekki séð að neinn endir sé á þeirri baráttu að uppræta hryðjuverkamenn í heiminum. Það er eitt af þeim verkefnum sem verða langvinn.

[18:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég tel að það eigi að reyna að þróa Sameinuðu þjóðirnar og þau tæki sem þær búa yfir í þessu veru þannig að þær geti beitt sér á alþjóðavettvangi og geri það með lýðræðislegu aðhaldi. Mér finnst það rangt, skaðlegt og hættulegt að Bandaríkjamenn hafi sjálfdæmi um lögregluaðgerðir í heiminum og dæmin sanna að þau hafa fyrst og fremst verið að þjóna sínum eigin hagsmunum.

Það sem ég var að koma inn á þegar ég vitnaði í vináttu þeirra við talibana fyrr á tíð er að Bandaríkjamenn hafa haft á sínu framfæri hryðjuverkamenn og hryðjuverkastjórnir um langt árabil. Um langt árabil studdu Bandaríkjamenn Saddam Hussein. Á þeim tíma beitti hann efnavopnum gegn Kúrdum og gegn Írönum svo aðeins eitt dæmi sé tekið og það var á þeirra vegum sem Osama bin Laden og félagar hans í talibanahreyfingunni fjármögnuðu starfsemi sína.

[18:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um utanríkismál. Hún hefur verið mjög góð og mjög margt hefur komið fram. Mér finnst hafa komið fram að það ríki mikil samstaða um utanríkismálin að langmestu leyti eins og þau blasa við í dag þó að ólíkar áherslur séu um það hvernig menn sjá framtíðina sem er afskaplega eðlilegt. Menn sjá framtíðina misjafnlega fyrir sér, en mikilvægast er að við reynum að sjá hana fyrir þannig að hagsmunum okkar verði sem best borgið þegar næstu ár koma.

Hér hefur verið farið yfir mörg mál. Ég vildi í upphafi gera eitt þeirra að umtalsefni. Það er endurskoðun eða það sem við höfum kallað uppfærsla á EES-samningnum. Ég legg mjög mikið upp úr því í þeim samningi að við fáum bætta stöðu að því er varðar bókun 9. Það hefur komið fram í þessum umræðum og það er ekkert nýtt.

Ég sagði í ræðu minni að menn hefðu gert sér vonir um það strax í upphafi að fá meira út úr bókun 9 en síðan kom í ljós. Það var að einhverju leyti byggt á samtölum sem áttu sér stað en varð aldrei að veruleika. Ég sagði að ég hefði gagnrýnt það á sínum tíma en ég er á engan hátt að halda því fram að þau orð sem féllu á Alþingi um það mál, t.d. að því er varðar síldina, hafi ekki átt sér neina stoð. En það er hins vegar staðreynd að við fengum það ekki út úr bókun 9 á sínum tíma sem menn gerðu sér vonir um. Þannig hefur málið staðið alla tíð síðan og við höfum verið að ræða þetta og reyna að sækja á um það öll þau ár sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið í gildi. Síðast sendum við ásamt Norðmönnum greinargerð til Evrópusambandsins fyrir um það bil tveimur árum um bókun 9. Við fengum viðbrögð frá Evrópusambandinu um bókun 9 og satt best að segja var hún þess eðlis að það var mat okkar að betra væri á því stigi að láta málið niður falla vegna þess að þar komu fram ýmsar kröfur sem við töldum óaðgengilegar og þess vegna væri ekki hægt að halda áfram með málið á þeim grundvelli.

Nú kann vel að fara svo einu sinni enn, sem ég vona þó að verði ekki, að viðbrögð Evrópusambandsins verði með þessum hætti. En núna er enn þá meira í húfi vegna þess að verið er að stækka Evrópusambandið. Við munum að sjálfsögðu líka meta það hvort við getum náð árangri á grundvelli bókunar 6 sem enn þá er í gildi. Mikilvægir hagsmunir Íslendinga eru tryggðir á grundvelli bókunar 6. Þetta hefur verið stefnan alla tíð og ekkert ósamkomulag um það og ég tel rétt að reka málið áfram á þeim grundvelli.

Að því er varðar utanríkisþjónustuna almennt hefur okkur í utanrrn. fundist að ágæt samstaða ríki á Alþingi um mikilvægi utanríkisþjónustunnar og þau verk sem hún er að vinna í öllum meginatriðum. Mér finnst að það hafi komið hér fram í dag. Sá kostnaður sem er af utan ríkisþjónustunni, og þar með talin öll sendiráð, framlag okkar til þróunarhjálpar, hjálparstarfs og friðargæslu, hefur verið um það bil 2% af fjárlögunum, aðeins undir og kannski aðeins yfir núna, sem er um það bil 0,7% af þjóðarframleiðslu. Við skulum vera minnug þess að sum Norðurlandanna eyða meiru en 0,7% af þjóðarframleiðslu aðeins til þróunarhjálpar og við Íslendingar getum ekki talað um að við höfum staðið okkur sérstaklega vel á þeim vettvangi.

Að því er varðar friðargæslu þá er það stefna okkar að auka hlutdeild okkar á því sviði. Ég hef litið svo á að um það sé ágæt samstaða á Alþingi. Það kom t.d. ágætlega fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar hversu mikilvægt það starf er og hversu vel okkar fólk hefur staðið sig á þeim vettvangi, t.d. í Kosovo sem ég hef líka haft tækifæri til að kynna mér. Ég tel að þarna höfum við hlutverki að gegna og við eigum að halda áfram að byggja þetta upp. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við eigum að gera það fremur hægt, ekki mjög hratt, vegna þess að við þurfum að þjálfa okkar fólk og við þurfum að vera viss um að við séum til gagns. Það sama á við um þróunarhjálpina. Við höfum verið að byggja hana smátt og smátt upp, heldur hægt að mínu mati en þó með þeim hætti að við erum að fara inn á fleiri svið.

Auðvitað verður alltaf einhver ágreiningur um það hvort rétt sé farið með fjármuni. Sendiráð í Japan hefur verið mikið

í umræðunni undanfarna daga og undanfarna mánuði, ekki aðeins á Alþingi heldur í þjóðfélaginu. Ég hef verið að lesa þá upprætu mér til upprifjunar í þessu sambandi vegna þess að mér hefur fundist að við í utanrrn. undir minni forustu höfum farið varlega í þeim efnum. Ég sagði alltaf að því er varðaði sendiráð bæði í Japan og Kanada að ég vildi tryggja að viðkomandi þjóðir opnuðu jafnframt sendiráð hér á landi og það tók langan tíma að fá svar þar um. Það var ekki fyrr en núna á árinu 2001 að við töldum ráðlegt að fara út í þetta.

Það lá alltaf fyrir og samanber m.a. ummæli sem ég viðhafði á árinu 1999 þar sem ég sagði að sendiráð í Japan yrði langdýrasta sendráð okkar, það yrði helmingi dýrara en önnur sendiráð í rekstri og ég sé það á umræðunni að ávallt hef ég verið hvattur af þingmönnum til þess að halda þessu áfram. Þingmenn hafa látið falla hér ýmis ummæli um það, t.d. að þó að kostnaður verði ekki nema tvöfaldur, þó það sé að vísu nokkuð, þá verði víst að hafa það. Þegar ég fer yfir þessa umræðu finnst mér því að ég hafi verið maðurinn sem hefur heldur dregið lappirnar í málinu en hafi legið fremur undir ámælum þingsins fyrir að ganga ekki nógu hratt fram. (**ÖS:** Þú eyðir ekki nógu miklu.)

Síðan gerist það að farið er vandlega yfir hvort hagkvæmara sé að leigja eða kaupa. Mér fannst það feiknarlega dýrt en sérfræðingar sýndu mér fram á að það væri ódýrara þegar til lengri tíma væri litið. Ég fór með þá útreikninga til utanrrn. og lagði þá þar fyrir, hvorki til samþykktar né synjunar, en utanrmn. var því sammála að menn hlytu að standa þannig að málinu að það yrði sem hagkvæmast til lengri tíma litið. Þetta eru staðreyndir málsins.

Auðvitað geta menn deilt um það hvort Íslendingar eigi að gangast fyrir alþjóðlegum fundum hér á landi eins og fundi Atlantshafsbandalagsins. En það fylgja því skyldur að vera í Atlantshafsbandalaginu. Gerð er sú krafa til þeirra ríkja sem eru að ganga inn að þau eyði um 2–2,5% af þjóðartekjum til varnarmála sem er, ef miðað er við 2%, eins og 15 milljarðar á Ísland. Ekki er gerð sú krafa til okkar og stendur ekki til þannig að við erum í þessum samtökum með mjög sérstökum hætti. En við verðum þarna sem annars staðar að leggja eitthvað af mörkum viljum við vera með. Við verðum að gera okkur grein fyrir því.

Við skulum líka vera minnug þess að þau alþjóðasamtök sem við erum að taka þátt í, hvort sem það er Atlantshafsbandalagið eða önnur samtök, eru að vinna gagn til hjálpar ýmsum sem minna mega sín og mannréttindi eru brotin á í heiminum. Okkur ber að líta ekki eingöngu til þeirra sem eiga við erfiðleika að etja á Íslandi sem eru margir. Við verðum jafnframt sem sjálfstæð þjóð og efnuð þjóð að líta til þeirra sem búa við slæman rétt og slæman kost víða í heiminum. Það getum við best gert með þróunarhjálp. Það getum við best gert með því að taka þátt í friðargæslu. Það getum við líka gert með margvíslegri þátttöku á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og jafnframt með þátttöku á vettvangi Atlantshafsbandalagsins.

Atlantshafsbandalagið hefur verið framvörður lýðræðis í Evrópu. Það er ekki síst vegna Atlantshafsbandalagsins að mörg ríki Mið- og Austur-Evrópu eru að öðlast sjálfstæði, þar sem lýðræði er í hávegum haft og þar sem verið er að byggja upp mannréttindi á við þau sem við höfum notið. Ég tel að það sé skylda okkar að taka þátt í þessu.

Þar að auki skiptir að mínu mati máli að Íslendingar taki þátt í þessu starfi þannig að eftir því sé tekið, að mönnum sé kunnugt að við eigum okkar fulltrúa á erlendri grund, bæði í Bosníu og Kosovo og hugsanlega í framtíðinni í Afganistan. Ég tel að það skipti máli að það sé tekið eftir því að viðkomandi samtök komi jafnframt saman í okkar landi eins og í öðrum löndum, til að minna á að hér býr sjálfstæð fullvalda þjóð sem tekur þátt í þessu starfi. Það vekur athygli á okkur sem þjóð, því sem við erum að gera og þeim möguleikum sem hér gefast.

Það er að mínu mati mikils virði að á komandi vori muni koma hingað fulltrúar fjölmiðla víðs vegar að úr heiminum og tæknimenn þeirra, u.þ.b. 400 manns fyrir utan þá 750 fulltrúa sem gert er ráð fyrir að verði hér á landi. Þessi fundur í Reykjavík næsta vor verður afskaplega mikilvægur. Hann verður afskaplega mikilvægur fyrir framtíð Atlantshafsbandalagsins, stækkun þess, stöðu Eystrasaltsríkjanna, samskipti austurs og vesturs, Rússlands og Bandaríkjanna, og þar eigum við að leggja af mörkum með sama hætti og við gerðum þegar leiðtogafundurinn var haldinn hér 1986.

Auðvitað kostaði mikið að halda þann fund hér á landi. Ég man vel hvernig sú ákvörðun var tekin. Hún var aðeins tekin með 10–14 daga fyrirvara. Þá voru engin fjárlög sem heimiluðu okkur það. Það var hins vegar ákveðið vegna þess að það var talið vera okkur til framdráttar að taka þátt í því og við Íslendingar höfum ávallt verið stoltir af því. Það er vitnað til þess og ég tel að við eigum að halda áfram að vinna með sama hætti.

Að endingu vil ég endurtaka þakkir mínar fyrir góða og málefnalega umræðu í dag. Það er ánægjulegt til þess að vita að það skuli þrátt fyrir allt vera góð samstaða um meginatriði íslenskrar utanríkisstefnu þó að vissulega hafi menn nokkuð mismunandi sýn til lengri framtíðar, sem er bæði hollt og eðlilegt.

[18:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst örfá orð um sendiráðið í Japan. Hæstv. utanrrh. segist hafa látið sannfærast af sérfræðingum ráðuneytisins um að nauðsynlegt væri að ráðast í þessa dýru fjárfestingu, upp á 800 millj. kr. held ég að hún sé. Ég velti því fyrir hvort utanrrn. og þess vegna sérfræðingar þess búi ekki við úreltan þankagang í þessum efnum. Ég hefði fyrir mitt leyti alveg fyrirgefið Japönum að reisa sendiráð sitt í Mosfellssveitinni ef það hefði verið ódýrara en í miðbæ Reykjavíkur. Sendiráð er fyrst og fremst starfsstöð, nærvera við landið og stjórnkerfið, án þess að menn þurfi að setja það niður í dýrasta hluta Tókíóborgar í þessu tilviki. Ég trúi ekki öðru en að við hefðum getað leyst þetta mál á ódýrari hátt.

Varðandi Atlantshafsbandalagið, varðandi NATO, þá heyrði ég ekki betur en hæstv. utanrrh. segði, e.t.v. misheyrðist mér, að NATO hefði sérstaklega hjálpað þeim sem minna mættu sín og væri sérstaklega að starfa í þágu þeirra sem minna mættu sín í heiminum. Það getur vel verið að NATO hafi einhvern tíma beitt sér í þágu þeirra sem minna mega sín en NATO er fyrst og fremst hernaðarbandalag ríkustu og öflugustu hervelda heimsins. Atlantshafsbandalagið stendur fyrst og fremst vörð um hagsmuni þeirra.

[18:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærður um að Berlínarmúrinn væri ekki fallinn ef NATO hefði ekki verið til. Ég er sannfærður um það. Ég er sannfærður um að það sem kom á eftir hefur skipt þær þjóðir sem voru bak við þennan múr og það fólk sem þar býr afskaplega miklu máli.

Það er ljóst að Atlantshafsbandalagið sem greip til sinna ráða vegna fjöldamorða í Bosníu. Það skipti máli að stöðva þann leik þó að það hefði mátt takast fyrr. Það var Atlantshafsbandalagið sem greip til sinna ráða til þess að stöðva sama leikinn í Kosovo. Hvað er það annað en hjálpa þeim sem eru í neyð og nauð og verið er að murka lífið úr? Hvernig var ástandið í ýmsum löndum áður en Berlínarmúrinn féll?

Ég vonast til að komast á fund ÖSE í Rúmeníu. Þangað hef ég aldrei komið áður. En það er dæmi um ríki sem er að byggja sig upp á nýjan leik og byggir á lýðræði og mannréttindum. Ætli það hefði gerst nema vegna þess að Berlínarmúrinn féll og kúgun og ógn kommúnismans er þar farin? Þetta er ástæðan fyrir því að ég legg mikið upp úr Atlantshafsbandalaginu, tilveru þess og að Íslendingar taki fullan þátt í starfi þess sem stofnaðili og fullvalda ríki sem hefur mikið fram að færa á þeim vettvangi.

[18:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við búum yfir mismunandi söguskýringum. Einræðisríki í Austur-Evrópu féllu saman, brotnuðu innan frá en jafnframt varð lýðræðisvakning í þessum hluta Evrópu. Margir telja að sú vakning sem varð í Evrópu á 9. áratugnum og tengdist m.a. andófi milljóna manna gegn hervæðingu Atlantshafsbandalagsins hafi orðið til að styrkja samsvarandi lýðræðisöfl austan múrsins.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh., þegar hann segist þurfa að halda þennan fund NATO sem nú er vitað að mun kosta milli 300 og 400 millj. kr. og margir sem gera því skóna að upphæðin verði miklu hærri: Jafnvel þótt ríkisstjórnina langi óskaplega mikið að halda þennan fund, ber henni ekki siðferðileg skylda til að skoða þennan fjáraustur í víðara samhengi, þ.e. í samhengi við það sem verið er að skera niður?

Ég leyfði mér hér um daginn að vísa á biðraðir fatlaðra eftir húsnæði. Einhver hafði á orði að það væri ósiðlegt að blanda þessum ólíku málaflokkum saman. Mér finnst það ekki. Þetta eru nefnilega sömu skattkrónurnar sem við erum að takast á um hvernig við ráðstöfum. Ég er andvígur því að ráðstafa þeim í þennan dýra NATO-fund í vor á sama hátt og ég taldi þessa dýru fjárfestingu í Japan óráðlega. Ég vildi láta leysa það viðfangsefni á ódýrari hátt.

[18:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kostnaðaráætlun utanrrn. vegna þessa fundar er 260 millj. Síðan er gert ráð fyrir 50 millj. til öryggisgæslu. Við getum að sjálfsögðu endalaust farið í samanburð af því tagi sem hv. þm. hefur tamið sér. Mér finnst afskaplega undarlegt að ástunda slíka iðju, það er mitt álit. Það mun alltaf verða svo að við getum ekki leyst öll viðfangsefni. Við getum líka sagt sem svo: Ber okkur þá ekki að hætta við friðargæslu, hætta við þróunaraðstoð og margt fleira til að leysa betur þau mál sem að steðja innan lands? En við skulum jafnframt muna að það að vera sjálfstæð þjóð og að afla tekna sem sjálfstæð þjóð krefst ákveðinnar alþjóðasamvinnu. Ef við færum alltaf út á þá braut sem hv. þm. fer út á þá held ég að efnahagur Íslendinga mundi hrynja. Hann horfir alltaf inn á við en vill lítið gera til að afla þjóðinni tekna. Hann vill ekki fara í stóriðju, hann vill ekki fara í fiskeldi, hann vill ekki vera í Atlantshafsbandalaginu. Sú sýn er afskaplega þröng að mínu mati. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að ef sýn hv. þm., bæði til alþjóðamála og efnahagsmála, yrði ríkjandi hér á landi, þá hefðum við ekkert til að hjálpa því fólki sem er illa statt. Þetta er aðalatriði málsins.

Þar fyrir utan finnst mér þessi samanburðarfræði þingmannsins ekki vera honum til sóma.

[18:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki, í þessu síðasta andsvari mínu, að ræða leiðtogafundinn. Ég ætla heldur ekki að tala um sendiráð í Japan. Það gerði ég stuttlega í andsvari í dag og gerði grein fyrir afstöðu minni til þess þá.

Mig langar hins vegar að nefna að ég átti því láni að fagna að fara á vegum Norðurlandaráðs á Norræna daga í Berlín nú í haust og koma í íslenska sendiráðið í Berlín. Það er áfdráttarlaus afstaða mín að það hafi verið heillaspor að ákveða að Norðurlöndin færu saman í húsnæði þar. Ég er sannfærð um að það sem þar er að gerast er lyftistöng í þeim þætti utanríkisstarfs okkar sem snýr að útflutningsmálum.

Ég ætla líka að nefna eitt af því sem ég hef oft rætt við hæstv. utanrrh. í umræðum um utanríkismál. Það eru mannúðarmálin og mannréttindin. Ég hef sagt að það sé mikilvægt að utanrrh. Íslands sé rödd mannréttinda á erlendri grund og að umhverfi Íslendinga og okkar lög geri það að verkum að við getum tekið stórt upp í okkar á þeim vettvangi. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. hefur gert það. Forusta hans í Evrópuráðinu var farsæl og mér finnst að hann hafi stigið skref í þessa átt.

Með þessum orðum mínum vil ég sýna fram á að það er mjög margt sem sameinar okkur í utanríkismálum og það er á mörgum sviðum sem ég er mjög sátt við hvernig haldið er á málum. Mér finnst þessi umræða hafa verið góð. Hún hefur verið upplýsandi og dregið fram ólíkar skoðanir á mikilvægum málum. En hún hefur verið góð og efnisleg og ég tek undir þau orð ráðherra og þakka fyrir hana.

[18:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að vel hefði tekist til í Berlín. Ég get verið sammála því en þó tel ég að byggingin sé, ef eitthvað er, heldur lítil. Það hefði verið hægt að hafa hana heldur stærri með tiltölulega litlum viðbótarkostnaði.

Sú lausn sem fékkst í Berlín er miklu dýrari, þegar upp er staðið, en lausnin í Japan, þrátt fyrir mun hærra verðlag í Japan. Okkar hluti í sendiráðinu í Berlín kostaði yfir hálfan milljarð. Þá eigum við eftir að byggja hús fyrir sendiherra. Við höfum keypt þar lóð sem kostaði, ef ég man rétt, um 80 millj. og talið er að væri hægt að selja hana í dag á yfir 200 millj. En þá eigum við eftir að byggja húsið þannig að lausnin í Berlín verður töluvert dýrari en lausnin í Japan þó að verðlag sé mun hærra í Japan. Þetta eru staðreyndir og rétt að hafa í huga að það er allt annað verðlag í mörgum þessara landa. Það er sérstaklega landverðið og lóðaverðið sem er ofar okkar skilningi.

Ég vil taka undir með hv. þm. og þakka fyrir orð hennar í garð okkar í utanríkisþjónustunni, að það er mikilvægt að við höldum mannréttindum hátt á lofti, málefnum kvenna og málefnum barna. Það vildi svo til að Ísland var eitt örfárra ríkja sem minntist á það varðandi Afganistan að þar yrði að hafa í fyrirrúmi ályktun öryggisráðsins um málefni kvenna í Afganistan að því er varðar uppbyggingu þar.

[18:32]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir, maður sér um leið og maður kemur að byggingunni í Berlín að hún er dýr. Hún er glæsileg en hún ber það líka með sér að vera dýr.

Ég er ekki endilega að lýsa yfir hrifningu á að hafa farið einhverja dýra leið. Ég geri mér vel grein fyrir að þessi útfærsla vekur athygli en ég býst við að ég hefði verið jafnhrifin þótt það hefði verið í ódýrara húsi.

Ég tek líka undir það að litla húsið okkar inni í þessum sameiginlega ramma er mjög lítið og eftir á, eftir að hafa kynnst þessu, hefði ég stutt það að það hefði verið haft stærra. Nóg um það.

Ég vil líka í lokin nefna friðargæslumálin. Utanrrn. hefur unnið ágæta skýrslu um stefnumörkun í friðargæslunni. Ég hef fyrr í ræðu minni nefnt samvinnu Norðurlanda á þessu sviði sem mér finnst mikilvæg og ég legg mikla áherslu á það og læt það verða lokaorð mín í þessari umræðu að Ísland feti þá braut að skoða jafnréttismálin, að reyna að fá konur til starfa í friðargæslunni þannig að þegar komi að því að Ísland sendi fólk í uppbyggingarstarf sem getur verið svo viðkvæmt í fjölskyldum þessara fjarlægu landa með allt aðra hugsun og allt önnur samskipti kynjanna en eru hjá okkur höfum við á að skipa hæfileikafólki af báðum kynjum. Það verða mín hvatningarorð í lokin á þessari umræðu.

[18:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að mikilvægt sé að fá konur til þessara starfa og við höfum lagt á það áherslu. Við höfum t.d. lagt á það sérstaka áherslu í Bosníu — eitt sinn voru fjórir einstaklingar meðal Breta í þeirra sveit, tveir læknar og tveir hjúkrunarfræðingar, og það voru allt saman konur og þær stóðu sig afskaplega vel. Það er mikil þörf fyrir konur til lögreglustarfa bæði í Bosníu og Kosovo vegna aðstæðna sem þar eru en okkur hefur ekki gengið nægilega vel að fá konur til þeirra starfa. Við höfum hins vegar getað lagt jafnréttismálum lið í þessum löndum, sérstaklega í Kosovo, og höfum verið þar með einstaklinga á vegum UNIFEM sem við höfum kostað sem hafa sérstaklega starfað meðal kvenna í Kosovo.

Okkur hefur líka tekist að styrkja starf kvenna í Bosníu en þar er afskaplega mikil þörf fyrir það. Konur í þessum löndum hafa búið við ofsóknir vil ég leyfa mér að segja þó að það sé ekkert á við það sem er í Afganistan, ofsóknir sem við gætum aldrei þolað í okkar samfélagi, og eitt af því mikilvægasta sem þarf að gera í mörgum þessum samfélögum er að bæta réttindi og stöðu kvenna. Á því sviði eigum við Íslendingar sérstaklega að beita okkur að mínu mati því að þar getum við gert mikið gagn.

Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, fyrri umr.

Stjtill., 326. mál. — Þskj. 413.

[18:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða sem gerður var í New York 10. júní 1958.

Samningurinn hefur það að meginmarkmiði að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gerðardómsúrskurðum þannig að þeir öðlist réttaráhrif og verði fullnægt í samræmi við réttarfarsreglur þar sem fullnustu er leitað. Hann gildir um viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða sem kveðnir eru upp á landsvæði annars ríkis en þess þar sem viðurkenningar þeirra og fullnustu er leitað og til eru komnir vegna ágreinings einstaklinga eða lögaðila. Samningurinn gildir einnig um gerðardómsúrskurði sem ekki eru taldir innlendir í því ríki þar sem leitað er eftir viðurkenningu og fullnustu þeirra.

Vert er að geta þess að í samningnum er heimild fyrir aðildarríki til að lýsa því yfir að þau muni einungis láta samninginn gilda um viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða sem eru kveðnir upp í öðru aðildarríki. Gert er ráð fyrir að slík yfirlýsing verði gefin af Íslands hálfu við aðild að samningnum eins og langflest aðildarríki samningsins hafa gert. Á meðan Ísland hefur ekki gerst aðili að samningnum hefur það í för með sér að engin trygging er fyrir því að gerðardómsúrskurðir kveðnir upp á Íslandi verði viðurkenndir erlendis né heldur að erlendir gerðardómsúrskurðir verði viðurkenndir eða þeim framfylgt hér á landi.

Aukin alþjóðavæðing, fjölbreyttari viðskipti íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu og ríkari söknarfæri erlendra aðila til að stunda viðskipti á Íslandi gera það brýnt að Ísland gerist aðili að New York samningnum.

Hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989. Með því eru sköpuð skilyrði til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verð tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[18:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. man kannski eftir hef ég aldrei verið sérstakur aðdáandi þeirrar niðurstöðu sem fékkst í hinum upphaflegu samningum okkar um skiptingu þessa stofns sem mig minnir að hafi átt sér stað 1996 hið fyrsta sinni. (**Utanrrh.**: Það er annað mál.)

Herra forseti. Ég er kominn hér upp til þess að ræða vitlaust mál og bið afsökunar á því.

(**Forseti** (HBl): Þetta er nú gott mál.)

[18:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki tefja þennan fund með einhverri ræðu. Þegar ég horfði á þetta þingmál var ég að undrast yfir því að við ætluðum að fara að fullgilda samning sem hefði öðlast gildi 7. júní 1959 og fór að velta því fyrir mér hvernig stæði á því að við værum að gera þetta núna. En ég kem hingað til að vekja athygli á því sem segir hér að það er alþjóðavæðingin og breytingin á viðskiptum og hversu gífurleg breyting hefur orðið á viðskiptalífi okkar bara síðasta áratug sem gerir það að verkum að við erum núna að gerast aðilar að þessum samningi. Það vildi ég sagt hafa, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, fyrri umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 414.

[18:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 sem gerðir voru í London 9. nóvember sl.

Á grundvelli samnings strandríkjanna fjögurra, Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands, frá 1996 hafa þessi ríki auk Evrópubandalagsins á undanförnum árum samið árlega um stjórn veiði úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Á fundi aðila í nóvember sl. náðist samkomulag um veiðar úr þessum stofni á næsta ári. Heildaraflamarkið var ákveðið 850.000 lestir og er því óbreytt frá þessu ári. Eins og í ár skiptist aflinn þannig að í hlut Íslands koma 132.080 lestir, í hlut Evrópubandalagsins 71.260 lestir, í hlut Færeyja 46.420 lestir, í hlut Noregs 484.500 lestir og í hlut Rússlands koma 115.740 lestir.

Eins og fyrr hafa aðilar í sérstökum tvíhliða samningum komið sér saman um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Eru þessir samningar samhljóða samningum aðila í ár.

Við ákvörðun heildaraflamarks er nú í fyrsta skipti byggt á þeirri nýtingarstefnu sem aðilar samþykktu fyrir tveimur árum að fylgt skyldi við stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Heildaraflamarkið er jafnframt í samræmi við tillögu ráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[18:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og ég var að rifja upp hérna áðan man hæstv. utanrrh. vísast að ég hef aldrei verið sérstakur aðdáandi þessa samnings um skiptingu íslensk-norska síldarstofnsins. Ég hef fært rök fyrir því, herra forseti, að þeir sem bera meginábyrgð á því að stofninn hrundi á sínum tíma voru ekki Íslendingar heldur Norðmenn. Því er stundum haldið fram, og reyndar ákaflega oft af Norðmönnum, að það hafi verið ofveiði á Rauða torginu, ofveiði fyrir austan Ísland, sem leiddi til hruns stofnsins. Ég tel að allar vísindalegar rannsóknir sem gerðar hafa verið á seinni árum hafi sýnt ákaflega skýrt fram á að það voru fyrst og fremst veiðar Norðmanna á ungsíld innan norskra fjarða á uppeldisstöðvum síldarstofnsins sem leiddu til hrunsins.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, að þrír af fremstu sérfræðingum Norðmanna gerðu úttekt á þróun stofnsins löngu eftir hrunið og birtu um hana vísindalega ritgerð þar sem ekki varð komist að neinni annarri niðurstöðu heldur en að það hafi fyrst og fremst verið veiðar Norðmanna sjálfra á ungsíld sem leiddu til þessa hruns. Þess vegna finnst mér ömurlegt, herra forseti, að sjá að Íslendingar fá minna en þriðjung af því sem Noregur fær að veiða.

Ég gleðst yfir því, herra forseti, að hæstv. utanrrh. upplýsir að það er þó farið að þeim ráðleggingum sem Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt fyrir. Það hefur ekki alltaf verið gert. Við vitum að miklar væntingar eru bundnar stækkun þessa síldarstofns. Við vitum líka að til þess að Íslendingar geti, úr því sem komið er, gert frekari kröfu til að fá stærri aflahlutdeild úr stofninum þarf stofninn aftur að taka upp fyrri göngumynstur og ganga inn í íslensku efnahagslögsöguna. Af því verður tæpast nema stofninn stækki. Þess vegna eigum við mikið undir því að farið sé með mikilli gát að veiðum úr þessum stofni.

Ég hef stundum haft á tilfinningunni að Norðmönnum hafi verið nákvæmlega sama þó að farið væri heldur ógætilega með stofninn. Við skulum ekki gleyma því að þeir eiga hagsmuna að gæta. Ef stofninn stækkar og fer að ganga inn í íslensku lögsöguna munum við fá að veiða mun meira en í dag og væntanlega meira en Norðmenn. Ég hvet hæstv. ráðherra til að standa fast í ístaðinu gagnvart þeim og það hefur hann gert væntanlega og sérfræðingar hans varðandi skiptinguna núna. Það er ákaflega nauðsynlegt að við náum þessum stofni upp. Stofn eins og þessi, síldin, er viðkvæmur. Við vitum að veiðarnar byggja oft árum saman á einum sterkum árgangi og þess vegna getur hrunið gerst skjótt en uppbyggingin getur líka orðið tiltölulega hröð.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða spár eru um þróun þessa stofns á næstu árum og má vænta þess að hann muni á næstu árum stækka umtalsvert?

[18:46]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni að auðvitað finnst okkur alltaf að okkar hlutur sé rýr í þessu sambandi og hlutur Norðmanna mikill. En ég held að þó verði að draga það fram í þessu samhengi að það er náttúrlega mjög mikilvægt fyrir okkur öll að allir skuli vera komnir að borðinu og sammála að miklu leyti um þá aðferð sem viðhafa skal við stjórn á þessum síldarstofni. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Og ég held, eins og vitnað er til í fylgiskjalinu, að gott sé að formenn sendinefndanna skuli hafa komið sér saman um að leggja þessa tillögu til við yfirvöldin. Það er mjög mikilvægt að Rússar skuli vera komnir algjörlega að þessu máli og að allir séu sammála um að byggja á ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins við þessa vinnu. Eins og fram hefur komið finnst sjálfsagt öllum sinn hlutur vera rýr, en Evrópusambandið fær þarna 71.260 lestir og Færeyingar, frændur okkar, 46.420 lestir, Ísland 132.080, Noregur langstærstan hluta, 484.500 lestir og rússneska sambandsríkið 115.740 lestir.

Það er mjög mikilvægt, eins og kemur fram í II. viðauka, að allir séu sammála um að framkvæma langtímastjórnaráætlun vegna veiðanna og ég held, eins og ég sagði áðan, að við verðum að gleðjast yfir því að á grunni þessa samnings skuli vera hafin svona heildstæð vinna varðandi stjórn á þessum stofni.

Í fskj. IV er vikið að samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2002. Það er kannski fyrst og fremst þar sem maður hefur vissar áhyggjur. Norðmönnum er heimilað að veiða verulegan hluta innan efnahagslögsögu okkar en auðvitað fáum við þá á móti að við getum veitt mikið í efnahagslögsögu Jan Mayen, en síðan mjög lítið í efnahagslögsögu Noregs hlutfallslega. Ég tel að það sé náttúrlega fyrst og fremst kannski þessi hluti sem við þurfum að lagfæra þegar til lengri tíma er litið vegna þess að við verðum að vona að skilyrðin í sjónum batni þannig að síldin geti gengið lengra vestur á bóginn og þá hafa Norðmenn þarna gríðarlega sterka stöðu á móti verri stöðu okkar að sækja austur, ef svo ber við. Margt bendir

reyndar til þess að við getum verið svo bjartsýn að alla vega á næstu árum gangi síldin meira vestur á bóginn. Einhverjar breytingar eru í gangi, eins og hefur komið fram, varðandi aukna ýsuveiði fyrir Norðurlandi þannig að maður hefur nú leyfi til þess að vona það og það væri mikil gæfa ef síldin gæti flust meira vestur á bóginn á sín heföbundnu mið.

Það er einkum þetta sem ég vil spyrja hæstv. utanrrh. um, þ.e. hvort við þurfum ekki að ganga á Norðmenn bæði varðandi aukna hlutdeild og líka varðandi tilsvarandi aukin réttindi okkar í fiskveiðilögsögu þeirra því að norskum fiskiskipum er samkvæmt þessu heimilt að veiða 94.200 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands árið 2002.

Um fskj. V varðandi samkomulagið við Rússland þá held ég að mjög mikilvægt sé að hafa gott samkomulag við sambandsríkið Rússland. Það eflir okkur á öðrum sviðum. Það er í sjálfu sér ekki stórmál í þessu samhengi og auðvitað styðjum við öll gagnkvæman rétt Íslendinga og Færeyinga varðandi lögsögurnar þannig að ég geri ekki athugasemdir við þennan samning á neinn hátt. Ég tel að við eigum að samþykkja hann á þessum nótum eða þessa þáltill. En ég er með þessar bollaleggingar um framtíðarsamninga og þreifingar um það hvernig við þróum þetta samstarf, þ.e. að auka hlutdeildina og að Norðmenn gefi okkur þá meira færi, tilsvarandi færi og þeir hafa greinilega fengið til þess að sækja inn í okkar lögsögu, svona til framtíðar litið.

[18:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Deila má um þennan samning eins og alla aðra samninga og ég geri mér grein fyrir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson taldi hann svo slæman að hann greiddi atkvæði á móti honum. Hann lét hann ekki afskiptalausan. Hann taldi hann svo slæman að hann var alfarið á móti honum og ég man vel eftir þeirri umræðu þegar þessi mál voru rædd hér á Alþingi. (**ÖS:** Ég ... síðan.) Já, sem betur fer. Menn þroskast og það er vel. Það gerum við öll.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi samningur hafi verið afskaplega mikilvægur. Ég ætla ekkert að segja hvort hann hefur verið góður eða slæmur í tölum talið. Auðvitað hefði ég viljað sjá stærri hlutdeild Íslands í þessu samhengi. En það skipti gríðarlegu máli að á því augnabliki sem samningurinn var gerður náðist samkomulag um heildarveiðina úr þessum stofni sem stundum hefur verið of mikil á undanförnum árum.

Við höfum lagt á það megináherslu að minnka veiðina. Og nú hefur tekist að fara að tillögum vísindamanna og þar með gera menn sér vonir um að á næstu árum geti veiðin komist upp í 1 milljón til 1.200 þúsund tonn.

Það hafa hins vegar verið vonbrigði að síldin hefur ekki gengið inn í íslenska lögsögu. Hún heldur sig mun norðar en hún gerði áður og það hefur takmarkað möguleika skipa okkar. Það vantaði tugi þúsunda tonna upp á að við næðum okkar hlut á síðasta fiskveiðiári eða síðasta sumri. Samningsaðilar okkar hafa að sjálfsögðu tekið eftir þessu og sækja nú mjög á um að okkar hlutur verði minnkaður. Síðasta samningalota var mjög erfið. Ef hv. þm. les um það í norskum blöðum þá getur hann fengið staðfestingu á óánægju hagsmunaaðila í Noregi með niðurstöðu samningsins. Við teljum hins vegar að með þessum kröfum séu Norðmenn að sýna mikil skammtímasjónarmið og hafi gleymt því hver sé grundvöllur þessa samnings. En við skulum líka hafa í huga að við veiddum ekkert úr þessum síldarstofni í marga áratugi og þess vegna er hér um gífurlega stórt hagsmunamál að ræða.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að heimildir okkar til að veiða í norskri lögsögu eru afar litlar. Það má kannski til sanns vegar færa að við lögðum ekkert sérstaklega mikið upp úr því á sínum tíma, og það má gagnrýna það, hvorki íslensk stjórnvöld og þá sérstaklega ekki íslenskir útvegsmenn. Þeir gáfu ekkert fyrir það. Nú hafa þeir að vísu skipt um skoðun og leggja mikið upp úr því að breyta því og hafa orðið talsmenn þess að þessi samningur hafi upphaflega verið mjög góður þó að þeir hafi lagst gegn honum á sínum tíma. Þeir leggja nú mikið upp úr því að þessari síld verði úthlutað varanlega, sem er annað mál.

En það sem við lögðum hins vegar mest upp úr var að veiða minna, vinna þannig að málinu að síldarstofninn yrði byggður upp og hann yrði það sterkur að hann gengi aftur inn í íslenska lögsögu og við fengjum eitthvað svipað munstur og við vorum vön hér fyrr á árum, sem við munum eftir sem unglingar. Við munum eftir hversu mikilvægt það var fyrir sérstaklega Norðurland og Austurland, síldin var uppistaða atvinnulífs í þessum byggðum yfir sumarið. Þetta munstur hefur allt saman horfið úr íslensku samfélagi, sem menn sakna, og þetta skiptir Íslendinga mjög miklu máli.

Þess má geta í þessu samhengi að ég harma það ekkert sérstaklega þó að vantað hafi tugi þúsunda tonna upp á það að Íslendingar næðu sínum kvóta á síðasta sumri vegna þess að sú síld hefur þá fengið að lifa og hún mun ekki hverfa og hún mun þá leggja sitt af mörkum til þess að byggja stofninn enn betur upp og ég held að það sé af hinu góða. Það er sjónarmið sem við höfum fært fram í þessum viðræðum að við leggjum ekki allt upp úr því að ná öllu vegna þess að við leggjum mest upp úr því að byggja stofninn upp og vildum í reynd frekar minnka veiðina frá þessu heldur en hitt. Þetta hefur verið stefna okkar og vegna þess að þetta var stefna okkar lögðum við kannski ekki nægilega áherslu á að fá réttindi til veiða í norskri lögsögu þannig að gagnrýni í þá átt á samninginn er réttmæt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), fyrri umr.

Stjtill., 321. mál. — Þskj. 406.

[18:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þeirri þáltill. sem ég mæli hér fyrir er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001, um breytingu á XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins um urðun úrgangs.

Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir. Þessi ákvörðun kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt EES-samningnum verða

þær skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Sú málsmeðferð sem hér er viðhöfð er í samræmi við þá tilhögun sem hefur verið tekin upp á hv. Alþingi og er hv. þingmönnum kunnug. Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar.

Tilskipunin fjallar um rekstrarlegar og tæknilegar kröfur varðandi úrgang og urðun hans og kveður á um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar til að koma í veg fyrir eða minnka eins og unnt er neikvæð áhrif á umhverfið, sérstaklega mengun yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðvegs og lofts. Tilskipunin tekur til urðunar spilliefna, venjulegs úrgangs og óvirks úrgangs.

Þessa tilskipun ber að horfa á í ljósi þeirrar alþjóðlegu þróunar sem á sér stað nú um stundir þar sem ekki er síður leitað lausna í umhverfismálum í fjölþjóðlegu samstarfi en innan hvers ríkis.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í umhvrn. sem gerð er nánari grein fyrir í greinargerð með tillögunni. Þessi tilskipun hefur þegar komið til framkvæmda innan Evrópusambandsins. Á hinn bóginn er rekstraraðilum urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku tilskipunar gert að laga sig að ákvæðum hennar innan átta ára frá lögleiðingu hennar eftir nánari reglum sem er að finna í henni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[19:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð táknrænt að síðasta málið á dagskrá fundar Alþingis í dag skuli vera till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar EES-nefndarinnar. Þess vegna get ég ekki látið hjá líða að koma hér upp til þess að legga orð í belg.

Mér sýnist, við að lesa þessa greinargerð og tilskipun sem fylgir með, að þetta sé gott mál, þessi tilskipun um urðun úrgangs. Það kemur fram í máli ráðherra og greinargerðinni að sum ákvæðin verði sett í reglugerð en lagastoð vantar vegna hlutlægrar ábyrgðar, vegna mengungartjóns sem aðeins er að finna í lögum um mengun sjávar og einnig að skilgreina hvað felst í urðunargjaldi. Ég sé að innan árs á að gera úrbætur á þeim urðunarstöðum sem eru til og í gang mun fara ferli til að fylgja eftir þeim úrbótum sem á að gera.

Ég vil spyrja ráðherrann: Er eitthvað í þessu máli sem er erfitt eða setur í uppnám þá urðunarstaði sem eru til í dag? Það hafa kannski ekki verið mjög strangar reglur um þá miðað við það sem hér er að finna. Mér sýnist þetta gott mál en það væri fróðlegt fyrir Alþingi — þó ég fái tækifæri til að fara yfir þetta mál í utanrmn. — að vita hvort vitað er um vandkvæði á þessu.

[19:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við teljum svo ekki vera. Það er aðlögunartími í þessu máli. Hins vegar er ljóst að það er verið að gera miklu meiri kröfur til urðunarstaða en áður hefur verið gert. Til þeirra hafa verið of litlar kröfur. Þær hafa ekki verið í samræmi við það sem nú er gert ráð fyrir. Þarna er gefinn ákveðinn aðlögunartími sem ætti að gera viðkomandi kleift að laga sig að reglunum með eðlilegum hætti. Hins vegar er alveg ljóst að hér er verið að grípa til kostnaðarsamari aðgerða en áður hefur þekkst, enda erum við farin að gera miklu meiri kröfur til umhverfis okkar og umgengni við það en áður. Í því felst kostnaðarauki. Það sama á t.d. við um virkjanir og alla aðra mannvirkjagerð. Þessar kröfur valda auknum kostnaði þeirra sem standa í þessum atvinnurekstri og standa í fjárfestingum tengdum honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:05.

41. FUNDUR

mánudaginn 3. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 321. mál, þskj. 406. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, stjtill., 326. mál, þskj. 413. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, stjtill., 327. mál, þskj. 414. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2000. — Ein umr.
6. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2000 — Ein umr.
7. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 137, nál. 428, brtt. 429. — 2. umr.
8. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 398. — 2. umr.
9. Fjarskipti, stjfrv., 145. mál, þskj. 145, nál. 396, brtt. 397. — 2. umr.
10. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168, nál. 416, brtt. 418. — 2. umr.
11. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347. — Frh. 1. umr.
12. Getraunir, stjfrv., 314. mál, þskj. 390. — 1. umr.
13. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358. — 1. umr.
14. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437. — 1. umr.
15. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, frv., 313. mál, þskj. 389. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 438; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 439.

Fjárlög 2002, 1. mál, þskj. 425.

Athugasemdir um störf þingsins.

Alþjóðlegur dagur fatlaðra.

[15:02]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1992 að 3. desember ár hvert skyldi helgaður málefnum fatlaðra. Þá voru einnig kynntar grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna þar sem áhersla er lögð á jöfn lífsskilyrði og jafna þátttöku fatlaðra á öllum sviðum þjóðlífsins. Hagsmunasamtök fatlaðra um allan heim líta á þessar reglur og það að 3. desember ár hvert skuli helgaður málefnum fatlaðra sem mikilvægan þátt í baráttu sinni fyrir jöfnum rétti á við aðra þegna þjóðfélagsins, ekki síst vegna þess að Sameinuðu þjóðirnar beindu þeim tilmælum til þjóðþinga aðildarríkjanna að þau tækju málefni fatlaðra til umræðu og skoðunar á þessum degi ár hvert þannig að hægt sé að meta stöðuna hverju sinni. Í ljósi þess væri eðlilegt að hæstv. félmrh. hefði í dag gefið þinginu skýrslu um stöðu mála eða að hér hefðu verið á dagskrá þau þingmál þingmanna sem lúta að réttindum og stöðu fatlaðra. Þá hefur einnig legið hér fyrir í þrjár vikur beiðni frá mér til hæstv. félmrh. um umræðu utan dagskrár um búsetumál fatlaðra en þau mál stefna í óefni miðað við þær tölur sem eru í frv. til fjárlaga.

Í frv. er aðeins gert ráð fyrir að heimili fyrir 12 einstaklinga taki til starfa á næsta ári og að þau verði rekin í u.þ.b. þrjá mánuði. Samkvæmt tölum frá því í október sl. eru hins vegar yfir 200 einstaklingar á biðlista eftir búsetu.

Hæstv. félmrh. hefur lýst því yfir að þessum biðlistum verði að útrýma á næstu fimm árum. Miðað við þær tölur sem eru í frv. til fjárlaga getur það ekki gerst. Það hefði verið eðlilegt að hæstv. félmrh. segði okkur frá því í dag, á alþjóðlegum degi fatlaðra, hvernig hann hyggst standa við þau loforð sem hann áður hefur gefið.

[15:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér þykir fyrir því ef ég hef ekki svarað beiðni hv. þm. um utandagskrárumræðu. Auðvitað er sjálfsagt að fara í utandagskrárumræðu þegar tækifæri er til. Í dag hafði ég því miður ekki tækifæri til þess því að ég er bókaður á annan fund en ætlaði þó að vera við þessar óundirbúnu fyrirspurnir.

Starfshópurinn sem skilaði skýrslu haustið 2000 lagði til að á næstu fimm árum yrði rýmum á sambýlum í Reykjavík og á Reykjanesi fjölgað um 80 alls og til þess þarf 250 millj. kr. í rekstur og koma upp 15 til 16 sambýlum. 26 millj. kr. yrði varið til að eyða biðlistum eftir frekari liðveislu. Rýmum í dagþjónustu yrði fjölgað um 40 í Reykjavík og á Reykjanesi og til þess yrði varið 36 millj. Þjónusta við börn yrði efld og varið til þess 40 millj. kr. og nýliðun í hópi þeirra sem þurfa á þjónustu að halda yrði mætt með 130 millj. kr. fjárveitingu eða 26 millj. kr. á ári til að kaupa eða byggja sex sambýli. Það eru engin áform um annað en fara eftir þessum tillögum.

Það er að vísu rétt sem hv. þm. sagði að samkvæmt fjárlagafrv. duga framlögin ekki nema til þess að standa undir fimmta parti af þessum framkvæmdum en það hefur í för með sér að þá þarf að taka þeim mun betur á á seinni hluta tímabilsins.

[15:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er við hæfi að vekja athygli á stöðu fatlaðra og vanefndum ríkisstjórnarinnar í málaflokknum nú í dag, 3. desember, á alþjóðabaráttudegi fatlaðra. Ég verð að segja að það var ekki mikið um svör frá hæstv. ráðherra hér á undan. Á þriðja hundrað fatlaðra bíða eftir búsetu í Reykjavík og á Reykjanesi og það er löng bið eftir þjónustu- og skammtímavistun. Það er líka margra mánaða bið eftir greiningu hjá Greiningarstöð ríkisins, eins og menn vita.

Hæstv. ráðherra talar um að biðlistanefndin hafi talað um að leysa þennan vanda á næstu fimm árum. Þess sér ekki stað í frv. hæstv. ríkisstjórnar. Það er verið að gefa loforð langt fram í tímann, svo langt að það er ekki öruggt að hæstv. ráðherra verði hér til að efna þessi loforð.

Það verður að segjast eins og er, að fjárlagafrv. er áfall fyrir fatlaða og foreldra þeirra. Álagið og óvissan er að sliga þessa foreldra. Hæstv. ráðherra gaf loforð um úrbætur í skammtímavistun en þau hafa öll verið svikin. Það er löng bið og langir biðlistar. En skammtímavistunin er forsenda þess að foreldrar geti haft börn sín heima. Ef þeir gefast upp verður það mjög dýrt og mun dýrara fyrir ríkissjóð.

Biðlistanefndin talaði um að leysa þennan vanda á fimm árum með ákveðnum fjárhæðum. Auðvitað verður hluti þeirra að koma fram í fjárlögunum núna. Það ber að standa við þau loforð sem gefin hafa verið og það verður að segjast hér, herra forseti, að frammistaða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í málefnum fatlaðra er til skammar.

[15:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Til máls tekur hv. 4. þm. Austurl., Einar Már Sigurðarson. (**EMS:** Síðar.) Hv. þm. vill ekki taka til máls eins og á stendur og ætli Alþingi verði ekki að fallast á það. Ég veit ekki hvort einhver gefur kost á sér til þess að taka til máls.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það hefði verið fullt tilefni til að taka ítarlega umræðu í dag um málefni fatlaðra. Í dag er alþjóðadagur fatlaðra og í kvöld standa Landssamtökin Þroskahjálp fyrir baráttufundi, m.a. um vanefndir ríkisstjórnarinnar og setja fram kröfur til úrbóta. Ég vil af þessu tilefni að fram komi að ósvarað er spurningum sem þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram á Alþingi, spurningum sem lagðar hafa verið fyrir hæstv. félmrh. um þjónustusamninga við fatlaða og um lausn á brýnum húsnæðisvanda þeirra. Það er mikilvægt að skýr svör berist við þessum spurningum þannig að við vitum hverjar fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar eru og okkur gefist kostur á að koma sjónarmiðum okkar á framfæri áður en fjárlögum er lokað.

Ég vil að þetta komi fram, herra forseti.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er full þörf á að vekja athygli á þeirri staðreynd að í dag er dagur fatlaðra, samkvæmt tilmælum Sameinuðu þjóðanna. Það hefði verið ástæða til að þess sæist stað í dagskrá Alþingis. Reyndar mætti gjarnan huga að því, herra forseti, að sú venja væri höfð, þegar um slíka sérstaka daga sem helgaðir eru tilteknum viðfangsefnum er að ræða að þá væri t.d. sett á dagskrá þingsins stutt umræða um þau mál. Það mætti gjarnan hefjast á því að ráðherra viðkomandi málaflokks gæfi þinginu stutta skýrslu um það helsta sem á döfinni væri á því sviði.

Grunnreglur Sameinuðu þjóðanna eru ákaflega mikilvægur grunnur í réttarbaráttu fatlaðra. Þar hafa Norðurlöndin verið í fararbroddi, herra forseti, við að móta þær reglur og fá þær staðfestar. Norðurlandabúi hefur verið sérstakur talsmaður Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra um árabil. Það er því miður svo, herra forseti, að það er ekki af miklu að státa hjá okkur Íslendingum á mörgum sviðum þessara mála. Þar er nærtækt að nefna húsnæðismálin og reyndar aðgengismálin.

Sá sem hér talar hefur átt sæti í norræna ráðinu um málefni fatlaðra um nokkurra ára bil. Ég tel mig því hafa ágætan samanburð eftir það starf á því hvar við Íslendingar stöndum og þó að vissulega sé ýmislegt vel gert hér, þá er ekki hægt að horfa fram hjá hinu, að það hallar stórkostlega á okkur að mínu mati, sérstaklega á þeim tveimur sviðum sem ég nefndi. Húsnæðismál eru í miklum ólestri hjá fötluðum upp til hópa og langir biðlistar. Við erum jafnframt mun skemmra á veg komin hvað það varðar að taka aðgengismálin föstum tökum og tryggja í víðasta skilningi aðgengi fatlaðra, bæði að húsnæði og öðru slíku í efnislegum skilningi, og líka aðgengi fatlaðra t.d. að námi og öðrum slíkum þáttum.

Það hefði, herra forseti, verið full þörf á því að taka umræður um almenna stöðu þessara mála hér í dag.

[15:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér er til efs að á undanförnum 20 árum hafi nokkur hópur í þjóðfélaginu fengið viðlíka úrbætur í málum sínum og fatlaðir. Ég er ekki þar með að segja að ekki sé margt ógert í málaflokknum en samt ber að hafa í huga að okkur hefur einnig miðað fram á við.

Í fjárlögum ársins í ár, 2001, eru 3.820 millj. ætlaðar í málaflokk fatlaðra. Í frv. fyrir næsta ár, sem hér hefur verið til meðferðar, eru í upphaflegu frv. 4.410 millj. Þá hefur verið ákveðið að hækka ýmsa liði sem varða málefni fatlaðra við 2. umr. og þar bætast 200 millj. við, þ.e. búið er að hækka framlög til þeirra mála um 200 millj. Þar fyrir utan eru 90 millj. lagðar til málefna fatlaðra í fjáraukalögum. Þetta sýnir að við höfum svo sem ekki setið með hendur í skauti.

[15:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þessa upptalningu hjá hæstv. félmrh. er staðreyndin sú að 23 millj. eru ætlaðar til að reka ný sambýli á næsta ári. Það er ætlað 12 einstaklingum og reksturinn á að standa í u.þ.b. þrjá mánuði. Samkvæmt þeim tölum sem hæstv. ráðherra hafði frá sérstökum starfshópi sem fór yfir þetta voru hins vegar 175 einstaklingar á biðlista eftir fastri búsetu í nóvember á síðasta ári. Á biðlista núna, í október 2001, eru alls 201 einstaklingur, sem þýðir að fjölgað hefur um tæplega 30 á biðlistunum. Þó að þarna komi til úrræði fyrir 12 einstaklinga þá er alveg ljóst að ef ekki verða gerðar verulegar úrbætur þá munu biðlistar lengjast frá því sem áætlað var. Þar með verður ekki hægt að standa við þau loforð sem hæstv. ráðherra gaf, um að biðlistunum yrði útrýmt á næstu fimm árum.

Ég má einnig til með að nefna það hér, virðulegi forseti, að 1996 og 1997 var hér þingmaður, Ásta B. Þorsteinsdóttir, sem ítrekaði þann vilja og þau tilmæli sem Sameinuðu þjóðirnar sendu öllum þjóðþingum að 3. desember yrði tileinkaður þessum málaflokki. Þess sér engan stað í dagskrá þingsins í dag, alls ekki. Það hefði verið eðlilegt að hæstv. ráðherra hefði lagt fram skýrslu, farið þar yfir meginreglur Sameinuðu þjóðanna og skýrt út fyrir okkur hver staða okkar er gagnvart þeim og gagnvart öðrum Norðurlöndum en í þeim samanburði er staða okkar, t.d. hvað varðar aðgengismál, framkvæmdaáætlun o.fl. afar bágborin. Ég skora á hæstv. ráðherra að gera samning um framkvæmdaáætlun vegna þessara búsetumála þannig að við getum gengið að því að á næstu fjórum árum verði þessum biðlistum útrýmt. Það þarf samninga til.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum.

[15:16]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þannig er mál með vexti að í frv. til fjáraukalaga er farið fram á aukafjárveitingu að fjárhæð 300 millj. kr. á liðnum 01-190, 1.15 Ýmis verkefni, útboðs- og einkavæðingarverkefni. Margítrekað hefur verið óskað eftir upplýsingum frá forsrn. varðandi það í hvað þessar 300 millj. eigi að fara. Því miður hafa svör verið lengi á leiðinni og verið ófullnægjandi þegar þau hafa komið. Lokatilraun til þess að fá almennileg svör frá ráðuneytinu var gerð 29. nóv. sl., um leið og meiri hluti fjárln. afgreiddi frv. til fjáraukalaga út úr nefndinni.

Svar forsrn. barst síðan 30. nóv. en þar kemur m.a. fram að ráðuneytið hafni því að gefa þær upplýsingar sem um er beðið með vísun í m.a. upplýsingalög og segir síðan, með leyfi forseta, í svari ráðuneytisins:

„Þar eð sambærileg þagnarskylda hvílir ekki á þingmönnum eða þingnefndum, telur ráðuneytið því ekki fært að veita nánari upplýsingar um það hvernig framangreind fjárhæð skiptist milli einstakra viðsemjenda."

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að rifja upp og vitna í lög, m.a. um þingsköp Alþingis frá 1999, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði."

Í 28. gr. laganna er m.a. fjallað um erindi sem berast þingnefndum og á grundvelli þeirrar lagagreinar setti forsætisnefnd reglur hinn 5. desember 1994 og tóku þær gildi 1. janúar 1995. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þingnefnd getur ákveðið, að ósk sendanda erindis eða að eigin frumkvæði, að farið skuli með erindi að öllu leyti eða að hluta sem trúnaðarmál."

Herra forseti. Þess vegna er ljóst að svar forsrn. stenst ekki þau lög sem hér hefur verið vitnað til. Þess vegna er óskað eftir liðsinni hæstv. forseta svo tryggja megi að hv. þingmenn í fjárln. fái umbeðnar upplýsingar áður en 3. umr. um frv. til fjáraukalaga fer fram, þ.e. fyrir morgundaginn.

[15:19]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að hinn 29. nóvember skrifaði Skarphéðinn Steinarsson, forsrn., fjárln. Alþingis svohljóðandi bréf:

„Spurt var um sundurliðun kostnaðar vegna einkavæðingar á yfirstandandi ári, en í fjáraukalagafrumvarpi 2001 er farið fram á 300 millj. kr. fjárveitingu til verkefnanna. Upplýsingar um endurgjald til einstakra viðsemjenda varða mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra. Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er skylt að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum, ef hann er til þess fallinn að skaða þá hagsmuni sem í húfi eru. Í því felst þá jafnframt að slíkar upplýsingar eru undirorpnar þagnarskyldu af hálfu stjórnvalda að viðlagðri ábyrgð. Á þeim grundvelli hefur ráðuneytið jafnframt heitið viðsemjendum sínum að gæta trúnaðar við meðferð þeirra. Þar eð sambærileg þagnarskylda hvílir ekki á þingmönnum eða þingnefndum telur ráðuneytið því ekki fært að veita nánari upplýsingar um það hvernig framangeind fjárhæð skiptist milli einstakra viðsemjenda."

5. gr. upplýsingalaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila."

Samkvæmt þingsköpum Alþingis er sérstaklega kveðið á um það í 24. gr., þar sem fjallað er um utanrmn., að nefndarmenn skuli bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Engin sambærileg ákvæði eru um aðrar nefndir Alþingis og hlýtur því að verða að líta svo á að utanrmn. sé bundin þagnarskyldu fram yfir það sem aðrar nefndir eru.

Í 25. gr., þar sem fjallað er um fjárln., er sérstaklega rætt um það að fjárln. skuli fá þær upplýsingar sem hún telji nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana. Mér er ekki kunnugt um annað en fjárln. hafi fengið slíkar upplýsingar. Ég lít svo á að niðurstaða forsrh. sé rétt þar sem ekki eru nein ákvæði í þingsköpum um þagnarskyldu annarra nefnda sambærileg við þau sem eru um utanrmn.

[15:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er aldeilis að það þarf að grípa til málsins þegar verja á einstök og sérstök gæluverkefni þessarar ríkisstjórnar, m.a. það fjármagn sem einkavæðingarnefnd fær til að leika sér að og spila úr. Þá þarf ekki minna til en hæstv. forseti taki upp langan lestur og lesi yfir þingmönnum lög en sleppi þó úr veigamiklum köflum.

Herra forseti. Þetta erindi frá hv. fjárln. um að fá upplýsingar um ráðstöfun á þessu gæluverkefnafjármagni til einkavæðingar var eðlileg spurning. Þarna eru 300 millj. kr. á fjáraukalögum — og við erum að tala um niðurskurð — að viðbættum einum 15–16 millj. á fjárlögum. Hvað er eðlilegra en spyrja: Hvernig var þessu fé ráðstafað eða hvernig er ætlunin að ráðstafa þessu fé?

Herra forseti. Það er ekki einu sinni búið að samþykkja ráðstöfun þessa fjár hér. Samt geta menn verið hér uppi, hv. þingmenn og hæstv. forseti haldið því fram að ekki megi veita aðgang að upplýsingum um þetta mál. Það er ekki enn búið að samþykkja það.

Líklega er búið að skuldbinda ríkissjóð með greiðslu á þessu fjármagni og þessi mikla viðkvæmni sem hér er varðandi þessar upplýsingar er afar ósanngjörn og röng gagnvart Alþingi. Í 4. gr. reglna um meðferð erinda til þingnefnda segir, með leyfi forseta:

„Þingnefnd getur ákveðið, að ósk sendanda erindis eða að eigin frumkvæði, að farið skuli með erindi að öllu leyti eða að hluta sem trúnaðarmál." Og hér er ekki verið að draga þingnefndir í dilka. „Ætíð skal þó farið með erindi sem trúnaðarmál ef það varðar einkahagi manna ..."

Herra forseti. Það er skýrt kveðið á um það að einstaka þingnefndir geti tekið fyrir mál sem trúnaðarmál en í þessu tilviki ætti það að vera fullkomlega óþarfi því að þetta ætti allt að liggja á borðum uppi.

Um fundarstjórn.
Úrskurður forseta.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að telja það afar óheppilega fundarstjórn hjá forseta að forseti skuli velja það undir lokin á umræðu um störf þingsins að fara með ákaflega pólitískan úrskurð sinn í þessu upplýsingamáli, þar sem hann úrskurðar Alþingi í óhag en framkvæmdarvaldinu í hag og gegn rétti þingmanna til að krefja upplýsinga, m.a. um meðferð opinbers fjár, en hagar síðan fundarstjórn þannig að þingmönnum gefst ekki kostur á að rökræða málið. Forseta á að vera ljóst að í máli sem hann treystir sér til að úrskurða um án nokkurs fyrirvara, að því er virðist, því að hér var verið að ræða um störf þingsins, verður að gefa þingmönnum færi á að rökræða málið.

Ég er algerlega ósammála úrskurði forseta og tel hið mesta hneyksli að sjálfur forseti Alþingis skuli fótumtroða svo rétt þingmanna til upplýsinga. Ég tel algerlega óviðunandi að okkur þingmönnum gefist ekki færi á því með einhverjum hætti að ræða þetta mál. Þess vegna vil ég setja það í hendur hæstv. forseta, sem varla getur átt sér það markmið sérstaklega með fundarstjórn hér að koma í veg fyrir eðlileg skoðanaskipti um mikilvæg mál — það væri þá langt gengið — með hvaða hætti hann telur heppilegast að sjá fyrir því að um þetta grafalvarlega mál geti þingmenn rætt, helst nú þegar eða svo fljótt sem við verður komið, og átt þess kost að eiga skoðanaskipti um þetta. Það er auðvitað um að ræða mjög stóran og alvarlegan atburð ef þessi síðasta og sennilega svæsnasta tilraun framkvæmdarvaldsins til að fótumtroða rétt Alþingis og alþingismanna til upplýsinga nær fram að ganga og er ofan í kaupið studd af forseta þingsins. Þá er skörin farin að færast upp í bekkinn og ég trúi því a.m.k. ekki að menn fái ekki tíma og tóm til þess að ræða málið.

[15:27]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af því gefna tilefni sem hv. ræðumaður gaf vekja athygli á því að ég gerði tilraun til að veita hv. 4. þm. Austurl., hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, orðið þegar á eftir ræðu hæstv. félmrh. en hann afþakkaði að taka til máls. Þannig er það algjörlega úr lausu lofti gripið að ég hafi verið að stilla svo til að hv. þm. tæki til máls í lok þess ræðutíma sem ætlaður er um störf þingsins. Þetta kemur fram í þingtíðindum og þarf ekki að fara frekari orðum um þetta nema vekja athygli á því að þingmenn eiga að reyna að haga málflutningi þannig að ekki gefi tilefni til athugasemda.

[15:28]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi yfir furðu minni á þessum úrskurði forseta og vek sérstaklega athygli þingheims á því að á þeim tímum sem hugtök eins og gegnsæi í stjórnsýslu, mikilvægi þess að farið sé með opinbert vald á opinskáan hátt, að upplýsingar liggi fyrir um það hvernig farið sé með opinbert fé og hvernig farið sé með opinbert vald, þá er hæstv. forseti Alþingis Íslendinga að taka undir með framkvæmdarvaldinu um að það sé einkamálefni þeirra sem versla við ríkið, og fá væntanlega greitt af opinberu fé, í hvað þeir fjármunir fara og hversu mikið sé greitt til hvers aðila.

Herra forseti. Ég mótmæli þessari túlkun hæstv. forseta og lýsi yfir furðu minni. Ég tel að hér sé mjög alvarlegt mál á ferðinni. Látum vera, herra forseti, að höfuð framkvæmdarvaldsins, forsrh., úrskurði í þessa veru og telji þetta sína skoðun en að hæstv. forseti Alþingis skuli ekki standa vörð um hagsmuni Alþingis og um hagsmuni alþingismanna og gera þeim þannig kleift að framfylgja eftirlitshlutverki sínu með því hvernig farið er með opinbert fé, það tel ég vera mjög alvarlegt mál, herra forseti.

[15:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla harðlega úrskurði hæstv. forseta Alþingis og hefði talið að honum bæri að taka upp hanskann fyrir Alþingi í þeirri viðureign sem nú fer fram við framkvæmdarvaldið.

Hér eru mjög alvarlegir hlutir að gerast. Forsrn. neitar að upplýsa Alþingi um hvernig 300 millj. af skattfé almennings er ráðstafað, með öðrum orðum fær fjárveitingavaldið ekki upplýsingar um hvernig skattfénu er ráðstafað. Ég hefði haldið að við slíkar aðstæður ættum við liðsmann í hæstv. forseta Alþingis. Ég harma að svo skuli ekki vera.

[15:30]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Umboðsmaður Alþingis hefur lagt á það ríka áherslu að setja þurfi stjórnsýsluna í skóla. Það þurfi að skóla hana til að fara eftir þeim reglum sem um hana gilda.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, eftir að hafa hlýtt á úrskurð hæstv. forseta, að ég held að hv. forsn. ætti einnig að fara í þennan skóla. Þessi úrskurður er algert hneyksli. Ég vil taka undir það með þeim sem hafa sagt það úr þessum ræðustóli. Það er algert hneyksli að alþingismenn séu sviptir þeim stjórnarskrárvarða rétti sínum að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Ég spyr, virðulegur forseti: Hvað er næst? Hvað verður næst í þessum óskapnaði? Verða undirverktakar hjá Vegagerðinni næsta leyndarmál? Hvert verður næsta leyndarmál í þessu? Hvar enda þessi ósköp?

Virðulegi forseti. Alþingismenn eiga sitt ekki undir upplýsingalögum. Þau voru aldrei sett með því fororði að með þeim lögum væru alþingismenn sviptir stjórnarskrárvörðum rétti sínum til að fá upplýsingar. Þetta er algert hneyksli, virðulegur forseti, og ég mótmæli þessu harðlega.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hann ræddi ekki fundarstjórn forseta.)

[15:32]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt skýra málið vegna þeirra orða sem hæstv. forseti lét falla hér áðan, um að ég hefði ekki tekið til máls þegar hann kynnti mig fyrst í ræðustól. Ástæðan var einfaldlega sú að ég hef vanist þeim hefðum hér að þegar tvö mál eru tekin fyrir undir liðnum um störf þingsins þá sé fyrra málinu lokið áður en hið seinna er tekið á dagskrá.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að störf þingsins voru til umræðu en ekki tvö mál. Ég kannast ekki við að hafa gefið út slíka dagskrá.)

Það er þá hugsanlega skýringin á því að hæstv. forseti kynnti þetta á þennan hátt. Hins vegar hafði verið frá því gengið, að því er ég taldi, að hér yrðu tvö mál á dagskrá og þess vegna yrði fyrra málinu lokið af og síðan hinu seinna, eins og komið hefur fram og hæstv. forseti hefur væntanlega orðið var við, að um tvö mál hafi verið að ræða.

Hins vegar er nauðsynlegt, vegna úrskurðar hæstv. forseta, að vekja athygli hæstv. forseta á því að forsn. setti reglur

hinn 5. des. 1994 á grundvelli 28. gr. laga um þingsköp. Það er nauðsynlegt fyrir hæstv. forseta að kynna sér þessar reglur vandlega og íhuga hvort úrskurður sá sem hæstv. forseti gaf hér áðan standist þær reglur sem þá voru settar.

Áður en sá úrskurður liggur fyrir og áður en hæstv. þingforseti hefur fengið tíma til að kynna sér þessar reglur nákvæmlega tel ég nauðsynlegt að bíða með frekari framgang þessa máls. En ef úrskurður hæstv. forseta verður eins og hann var hér áðan tel ég nauðsynlegt að óska eftir aukafundi í fjárln. og láta á það reyna hvort hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln., muni ekki gefa færi á að enn verði leitað eftir því að þær upplýsingar sem um er beðið komi fram frá forsrn.

[15:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu gefna tilefni taka fram að ég hef ekki óskað eftir því að einstakir þingmenn skýri mér frá því um hvað þeir ætla að tala hér í ræðustól þegar þeir kveðja sér hljóðs um störf þingsins. Hv. þingmönnum er alveg frjálst að láta slíkar upplýsingar í té en það hefur engin áhrif á stjórn mína, nema ef hv. þingmenn óska eftir því að taka ekki til máls.

Í öðru lagi vil ég taka fram, eins og ég sagði áður, að þingsköp eru mjög skýr varðandi þá trúnaðarskyldu sem hvílir á utanrmn. og sambærileg ákvæði eru ekki um aðrar þingnefndir. (**SJS:** Það er alger þvæla að gagnálykta svona.) Ég skil nú ekki í hv. 3. þm. Norðurl. e. að tala um að þetta sé þvæla. Þetta eru skýr ákvæði í þingsköpum. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hv. 3. þm. Norðurl. e. að róa skap sitt.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Samningur heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis um málefni fatlaðra.

[15:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Málefni 20 fatlaðra og þroskaheftra fyrrum íbúa Kópavogshælis sem lent hafa utanveltu í kerfinu hafa alloft verið til umfjöllunar hér á Alþingi og nú undanfarið í fjölmiðlum. Þetta fólk hefur búið við vægast sagt slæmar aðstæður í starfsmannablokk við Kópavogshæli sem heyrir undir heilbrigðiskerfið. Eitthvað hefur verið dyttað að húsnæðinu undanfarið en Landspítalinn sér um reksturinn á blokkinni.

Í sumar voru gerð drög að samningi milli félmrn. og heilbrrn. en samkvæmt honum á þetta fatlaða fólk að flytjast undir félmrn. og í sambýli, þeir síðustu um áramótin 2003 og að sjálfsögðu að fá þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Frá því í sumar hafa starfsmennirnir heyrt undir félmrn. og vistmennirnir ættu að heyra undir svæðisskrifstofu fatlaðra en ekkert samráð var haft við hana í sambandi við þessi samningsdrög eða látið vita að þarna bættust við 20 manns sem þyrftu þjónustu. Þeir hafa því ekki fengið stuðning, liðveislu eða lögbundna þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Ekki var enn búið að skrifa undir þennan samning ráðuneytanna þegar síðast fréttist, en það hefur dregist frá því í sumar. Á meðan eru mál þessa fólks í ólestri og mjög óljóst hver ber ábyrgðina ef eitthvað kemur fyrir og þjónustan er öll í lamasessi.

Nú spyr ég hæstv. heilbrrh., þar sem þetta eru skjólstæðingar hans, a.m.k. þar til samningur er undirritaður: Hvað dvelur orminn langa? Eru menn búnir að undirrita þennan samning eða hvað líður máli þessara fötluðu íbúa af Kópavogshælinu sem hafa verið utanveltu í kerfinu og búið við afleitar aðstæður?

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Því miður er þessi samningur ekki undirritaður. En það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að uppkast hans hefur legið fyrir síðan í sumar. Í honum er ákvæði um að flutningi fatlaðra verði lokið 1. jan. 2003. Skipting söluandvirðis blokkarinnar sem liggur til grundvallar flutningnum liggur fyrir. Félmrn. fær $^2/_3$ af söluandvirðinu og heilbrrn. afganginn til að sjá fyrir framheilasköðuðum börnum sem eru á vegum heilbrrn.

Það sem hefur tafið málið er að það er ekki fyrir því séð enn þá í fjárveitingu til félmrn. að þessi flutningur geti farið fram. Enn hefur ekki verið séð fyrir fjármunum til þess og það er verið að vinna í því. Ég vona að við getum undirritað þennan samning mjög fljótlega því satt að segja hefur undirritun hans dregist miklu lengur en ég vildi.

Ég hef mikinn vilja til þess og við höfum verið að ræða það, bæði ég og félmrh., hvernig hægt er að tryggja framkvæmd samningsins. Ég vil ógjarnan undirrita hann nema tryggt sé að hægt sé að standa við hann. Við höfum verið að skoða það.

[15:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Það er alveg rétt að það hefur dregist úr hömlu að ganga frá þessum samningi. En ég veit að hæstv. ráðherra er ábyrgur maður og vill hafa fjárveitingu fyrir þessum flutningi áður en hann undirritar plaggið.

Ég hefði hins vegar talið, miðað við þau gæluverkefni sem er að finna í fjárlagafrv., að hægt hefði verið að hliðra eitthvað til þannig að sjá mætti til þess að sá hópur fatlaðra sem hér er til umræðu fái viðunandi þjónustu. Ég minnist þess að þær eru þó nokkuð margar milljónirnar til hrossaræktar og slíkra gæluverkefna ríkisstjórnarinnar. Þær væru betur komnar hjá þessu fólki sem hefur nánast alltaf fengið óviðunandi þjónustu.

Ég spyr því hæstv. ráðherra, sem segir að þessi samningur verði undirritaður á næstunni: Hvenær hyggst hann gera það? Verður það gert áður en fjárlagaumræðunni lýkur í lok þessarar viku?

[15:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég get nú ekki nefnt stað eða stund en það er rétt að við erum að vinna að því að tryggja þessa fjármuni. Ég vona að það takist og dragist ekki úr hömlu að undirrita þennan samning. Ég endurtek að ég vil að þetta mál sé tryggt.

Ég endurtek líka að ég hefði gjarnan viljað vera búinn að undirrita samninginn en ég vil tryggja framkvæmd hans og geta undirritað hann uppréttur að því leyti. Ég vona að það takist á næstu dögum. Ég get ekki nefnt stað eða stund en auðvitað tengist þetta mál fjárlagaafgreiðslunni.

[15:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. ráðherra er allur af vilja gerður. Hann sagðist vona að það tækist að fá fjárveitingu til að klára þennan samning. Ég treysti hæstv. ráðherra til að klára þetta mál og að hann tryggi fjármuni til að leysa þennan vanda. Ég veit að hann mun gera það.

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vænti þess að gengið verði frá þessum samningi á næstu dögum.

Atkvæðagreiðsla um innflutning á fósturvísum úr norskum kúm.

[15:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í nóvembermánuði stóð yfir atkvæðagreiðsla á vegum Landssambands kúabænda og Bændasamtakanna um hvort leyfa skyldi innflutning á fósturvísum úr norskum kúm. Þátttaka kúabænda var mjög góð og fyrir helgi var niðurstaða atkvæðagreiðslunnar birt. Hún alveg afdráttarlaus, en um 75% kúabænda höfnuðu innflutningi á norskum fósturvísum. Andstaðan er svo afgerandi að ljóst ætti að vera að öllum beiðnum um innflutning á norskum fósturvísum verði hafnað.

Herra forseti. Nú vill svo til að fyrir liggur umsókn Nautgriparæktarfélags Íslands um innflutning á norskum fósturvísum og telur formaður þess félags að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar auki enn frekar möguleika Nautgriparæktarfélagsins til innflutnings og þurfi þá ekki að eyða tíma í samanburðarrannsóknir.

Því spyr ég hæstv. landbrh.: Mun hann virða ákvörðun meiri hluta kúabænda og hafna alfarið innflutningi á norskum fósturvísum til kynblöndunar á íslenskum mjólkurkúm?

[15:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Sú samanburðartilraun sem hér átti að fara í gang snerist ekki um kynblöndun við íslenskar kýr heldur samanburðartilraun á þremur kúm, íslenskri kú, norskri kú og blendingskú. Hún átti að fara fram í tveimur fjósum. Það var alveg afmarkað mál.

Afstaða bænda er mjög afdráttarlaus í þessu máli, 75% hafna þeirra þessari tilraun, þannig að niðurstaðan er mjög skýr. Það er rétt sem hv. þm. segir að nýstofnað félag NRFÍ-manna hefur sent inn umsókn um innflutning í Hrísey og síðan fljótlega út í fjósin. Mér finnst atvinnugreinin sjálf hafa svarað þessari spurningu um tilraunina. Þess vegna er skoðun landbrh. sú að þetta mál sé farið hjá garði.

[15:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir skýr svör og vona að hann muni standa við þá yfirlýsingu sem hann gaf og taki undir niðurstöðu og ákvörðun kúabænda þar sem samanburðartilrauninni var hafnað og að yfirlýsingin verði alfarið yfirfærð á allan innflutning á norskum fósturvísum. Eins og ég sagði, herra forseti, þakka ég landbrh. fyrir skýr svör.

Reikningsskil sveitarfélaga.

[15:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er mikilvægt í opinberri stjórnsýslu, hvort heldur það er á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga, að öllum fjárhagsskuldbindingum sé vel til haga haldið. Undir þeim formerkjum vil ég vekja athygli á að nokkuð hefur verið laust í reipunum af hálfu félmrn. og annarra þeirra aðila sem um málefni sveitarfélaganna véla hvernig fara skuli með skuldbindingar sveitarfélaga er varða eignarleigusamninga svokallaða og rekstrarleigusamninga.

Hins vegar er fyrirliggjandi að nokkur sveitarfélög hafa á síðari árum fjárfest svo milljörðum skiptir eða skuldbundið sig svo milljörðum skiptir undir þeim formerkjum. Félmrn. og reikningsskilanefnd ráðuneytisins hafa ekki verið í stakk búin fram að þessu að svara því fyrir fullt og fast hvernig með skuli fara og ýmis sveitarfélög hafa freistað þess að halda slíkum skuldbindingum til hlés og undir borðum, með öðrum orðum hafa ekki fært það til bókar, hvorki í ársreikningum né í fjárhagsáætlunum.

Nýverið, að gefnu tilefni, svaraði ráðuneytið bæjarfulltrúum í Hafnarfirði þess efnis að ekki væri kveðið á um það svo skýrt væri að sveitarfélögum bæri að færa skuldbindingar af þessum toga í ársreikninga. Var því m.a. haldið fram að skólahúsnæði og leikskólahúsnæði væri ekki svo sérhæft að það félli undir alþjóðaskilgreiningar í þessa veru, það mætti með öðrum orðum nota skóla og leikskóla sem sumarhótel yfir sumarmánuðina. Það var hin dapurlega skýring á þessu.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra þráðbeint hvort hann standi við þetta álit reikningsskilanefndar, hversu fráleitt og kjánalegt sem það nú annars er.

[15:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég harðneita því að þetta álit félmrn. sé kjánalegt. Ég stend við þetta álit.

[15:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þetta var afskaplega ítarlegt og efnislegt svar hjá hæstv. ráðherra eða hitt þó heldur. Ég hafði gert mér örlitlar vonir um, ekki miklar að vísu, að ég fengi hér einhvern rökstuðning fyrir fyrirspurn minni og einhverjar skýringar á því hvernig á því stæði að hæstv. ráðuneyti eða a.m.k. undirmenn hæstv. ráðherra færu fram með málflutning af þessum toga, sem m.a. birtist í því eins og ég sagði áðan að það væri ekki skylda á hendur sveitarfélögum að færa skuldbindingar af þessum toga í ársreikninga eða fjárhagsáætlun vegna þess að ekki væri um sérhæft húsnæði að ræða, og ég endurtek: sérstaklega byggt skólahúsnæði væri ekki sérhæft, sérstaklega byggt leikskólahúsnæði væri ekki sérhæft, og af þeim sökum einum væri sveitarfélögum vítt og breitt um landið, einkanlega sveitarfélögum þar sem sjálfstæðis- og framsóknarmenn fara með völd, heimilt að fela slíkar skuldbindingar og ljúga að íbúum sveitarfélaganna um raunverulegar skuldir viðkomandi sveitarfélaga. En svar félmrh. talar fyrir sig sjálft, efnislegt og innihaldsríkt.

[15:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Rökstuðningur sá sem þetta álit byggist á var á þeim blöðum sem hv. þm. var með í höndunum og þurfti ekkert að tyggja það meira ofan í hann.

Ég vil líka taka fram að það er mikil fásinna að halda að erindi eða klögumál á hendur meiri hluta sveitarstjórna þar sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn eru í meiri hluta séu eitthvað öðruvísi meðhöndlaðar en kærur þar sem öðruvísi er pólitískt skipað meiri hluta í sveitarfélögum.

[15:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Vegna lokaorða hæstv. ráðherra þá er nú reynslan ólygnust í þessum efnum. Það nægir að vísa til þess dæmis sem ég hef farið hér orðum um.

En, herra forseti, það tekur því ekki að vera að standa í þessu orðaskaki við hæstv. ráðherra. Hann er náttúrlega röklaus með öllu í þessu máli og ég mun auðvitað grípa til þess ráðs seinna í dag að láta dreifa frumvarpi þar sem þessum málum er komið í skikk. Hann er greinilega ófær um það sjálfur.

Málefni hælisleitandi flóttamanna.

[15:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég spyr félmrh. um aðkomu hans að málefnum hælisleitandi flóttamanna sem dvelja í landinu. Aðildarríkjum flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna ber að taka á sig skyldur og kostnað vegna flóttafólks en hér er vandræðagangur varðandi þennan hóp. Fjölskyldur sækja um hæli á Íslandi en margir mánuðir geta liðið þar til úrskurðað er. Á meðan er fjölskyldan réttindalaus og skilríkjalaus. Börnin eru réttindalaus.

Í dag er kastljósinu beint að 4–5 börnum á skólaaldri sem fá ekki kennslu. Þau eiga í raun ekki heima í landinu og eiga þess vegna engan rétt, þrátt fyrir að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveði á um rétt þeirra til skólagöngu.

Herra forseti. Í þessum málum er það þannig að þegar loks er úrskurðað og ef hælisvist er hafnað er oft ekki hægt að hjálpa fólki úr landi. Það er ekki ljóst hvert það eigi að fara. Það má ekki vera, það má ekki vinna, það á ekki heima í félagslega kerfinu en það er hér. Samningur dómsmrn. og Rauða krossins kveður á um að Rauði krossinn greiði uppihald fyrstu þrjá mánuðina. Síðan tekur dómsmrn. við og er það líklega einsdæmi að félagasamtök axli slíkar skyldur.

En ef fólkið fer ekki úr landi þrátt fyrir úrskurð greiðir dómsmrn. ekki lengur uppihald. Fjölskyldan getur ekki farið, hún getur ekki verið og eins og ég hef áður sagt, hún á engan rétt.

Þetta er ekki ásættanlegt fyrirkomulag og ég spyr hvernig aðkoma félmrn. sé að þessum málum og hvað félmrh. ætli að gera, m.a. varðandi kennslu barnanna sem er fyrir borð borin.

[15:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Málefni hælisleitenda er fyrst og fremst málefni dómsmrn. og það ráðuneyti fer með þau mál. Aðkoma félmrn. er ekki mikil að slíkum málum. Hins vegar höfum við í frv. sem liggur fyrir þinginu um atvinnuréttindi útlendinga gert ráð fyrir því að unnt væri að veita hælisleitendum tímabundið atvinnuleyfi þannig að þeir gætu unnið fyrir sér ef í nauðirnar rekur. Við greiðum Rauða krossinum kostnað sem hann verður fyrir af hælisleitendum.

Hvað varðar menntun barnanna þá tel ég að það mál hljóti að heyra undir menntmrn. en ekki félmrn.

[15:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að bera þessa fyrirspurn upp við hæstv. dómsmrh. sem er ekki hér í dag. Að dómsmrh. frágengnum finnst mér eðlilegt að beina fyrirspurn til félmrh. Málefni flóttafólks eru á ábyrgð félmrn. svo og félagsleg réttindi þó að tryggingar og menntun séu hjá öðrum ráðherrum.

Í viðræðum fulltrúa dómsmrn. við fjölmiðla í dag kom fram að ráðuneytið er afar ánægt með samninginn við Rauða krossinn, eðlilega, en það þurfi að fá samstarf við félmrn., heilbrrn. og menntmrn., þannig að hægt sé að verða við þeim réttindum eða tryggja þau réttindi sem hafa verið rædd, m.a. kennslumálin. Því spyr ég: Hefur verið leitað eftir fundi með ráðuneytunum um þessi mál?

[15:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að gera skýran greinarmun á því hvort um er að ræða flóttamenn sem hafa flóttamannastatus eða hælisleitendur. Flóttamenn sem hafa flóttamannastatus og er boðið hingað til lands koma á vegum félmrn. og félmrn. kostar uppihald þeirra fyrsta árið og kaupir þjónustu af Rauða krossinum og einstökum sveitarfélögum. Þeir fá kennslu í íslensku og margvíslega aðstoð fyrsta árið og eftir árið bjarga þeir sér.

Það stendur ekki á okkur í félmrn. að koma að vinnu við að ræða málefni hælisleitenda. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að beiðni hafi borist um það. Þó getur það vel verið að hún hafi borist til ráðuneytisstjóra þó að mér hafi ekki verið gerð grein fyrir því. En ég veit ekki til þess að sú beiðni hafi komið til okkar en það er sjálfsagt að taka jákvætt í að leggja fram vinnu í þessu efni ef beiðni berst um það.

[15:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þá höfum við það skýrt og skorinort. Flóttamenn með flóttamannastatus fá hér þjónustu og eiga hér rétt. Aðrir eiga ekki rétt. Ráðuneytin hafa ekki rætt saman.

Í dag fáum við að heyra að fimm börn hafi komið hingað með þremur fjölskyldum í september og í desember hafa þau ekki fengið skólagöngu, fjölskyldurnar eiga engan rétt, það er Rauði krossinn sem heldur þeim uppi.

Ég verð að segja að ég hélt að ég byggi í öðruvísi þjóðfélagi. Ég hélt að við létum okkur varða hagsmuni barna, allra barna hvernig svo sem þau ber að okkar garði. Það er ekki svo. Ég er glöð að heyra það að félmrn. ætlar að verða við ósk dómsmrn. um fund þegar og ef beðið verður um hann.

En satt best að segja, herra forseti, þá ætlast ég til þess að ráðherra fari yfir það hvernig ólíkir hagsmunir þessa fólks snúa að ráðuneytum þeirra, ekki síst barnanna, og tryggi þeim úrbætur.

[15:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Það er alveg með ólíkindum, herra forseti, að hv. þm. sem sjálf hefur verið félmrh. skuli halda þessu fram. Það er alveg ljóst að Útlendingaeftirlitið heyrir undir dómsmrn. og málefni þessara einstaklinga heyra undir dómsmrn. þangað til þeir eru búnir að fá dvalarleyfi hér. Ég get ekki gripið fram fyrir hendurnar á dómsmrn. enda reikna ég með að þessu máli sé sinnt eðlilega af hendi þess ráðuneytis.

Ég geri ráð fyrir að kennslumál þessara barna heyri undir menntmrn. En eins og ég sagði áðan stendur ekki á okkur að ræða þetta vandamál.

[15:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Já, ég þekki málefni félmrn. Ég þekki lög um félagsþjónustu. Ég þekki lög um hvað félmrn. á að halda utan um. Ég veit líka að stundum axlar maður ábyrgð þó einhver lög nái ekki yfir það. Það er það sem ég er að benda á. Heilbrrn. ber ekki ábyrgð á þessum börnum sem ég var að vekja athygli á. Félmrn. ber ekki ábyrgð. Menntmrn. ber alls ekki ábyrgð. Ég hélt satt að segja að meira samráð væri á milli ráðuneytanna heldur en raun ber vitni þegar fólk væri þátttakendur í samfélagi okkar. Ég hélt ekki að þetta fólk væri í þrjá mánuði eingöngu upp á Rauða krossinn komið. Ég hélt ekki að það væri þannig að ráðuneytið skipti sér ekki af. Ég geri mér alveg grein fyrir því að dómsmrn. heldur um hælisleitandi flóttamenn, enda hef ég mörgum sinnum, árum saman kallað eftir úrbótum í þeim málaflokki. En það sem ég vissi ekki var að ef einhver liggur utan við lagaramma í íslensku samfélagi, þá lætur íslenskt samfélag þann einstakling eiga sig. Þá er einhver annar sem ber ábyrgð. Og að sjálfsögðu, herra forseti, hafði ég velt því fyrir mér að beina spurningu til hæstv. menntmrh. en þetta mál fannst mér stærra en svo að það snerist eingöngu að menntun þessara ungu barna.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að svarið sem ég fékk hér í dag olli mér miklum vonbrigðum.

[16:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hlýt að mega tala fjórum sinnum eins og hv. fyrirspyrjandi. Ég tel að það sé nokkuð djúpt tekið í árinni að vera að telja þetta fólk þátttakendur í okkar samfélagi. Því hefur nefnilega verið neitað um að vera þátttakendur í okkar samfélagi, því miður. Gjarnan hefði verið gott að geta boðið það velkomið en einhverjir annmarkar hafa væntanlega verið á komu þess. Þetta er fólk sem í sumum tilfellum a.m.k. brennir vegabréfin sín og vill ekki gera grein fyrir sér og það er vandamál sem verður að takast á við hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Ég tel auðvitað eðlilegt að reyna að koma mannúðlega fram við þetta fólk en við getum hins vegar ekki farið að opna landið fyrir hverjum sem vill koma. Það er fjarri lagi. (Gripið fram í.) Það er rétt að þetta fólk er komið hingað og það er sjálfsagt að reyna að liðsinna þessum börnum, ég hef alveg fulla samúð með þeim og, eins og ég er búinn að margsegja, tilbúinn að leggja fram vinnu í að ræða þau mál við þar til bæra aðila.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), frh. fyrri umr.

Stjtill., 321. mál. — Þskj. 406.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, frh. fyrri umr.

Stjtill., 326. mál. — Þskj. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, frh. fyrri umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2000, ein umr.

[16:08]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2000.

Eins og lýst er í bréfi því til Alþingis sem fylgdi skýrslunni hefur verið fylgt því fyrirkomulagi sem tekið var upp í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1998 að birta í henni að meginstefnu til aðeins útdrætti vegna mála sem umboðsmaður hefur lokið með áliti eða bréfi og ákveðið að birta opinberlega. Er í bréfinu vakin sem fyrr athygli á því að álit umboðsmanns birtast nú ásamt útdrætti á heimasíðu hans jafnóðum og málunum er lokið. Í ræðu minni á síðasta löggjafarþingi við umræður um skýrslur umboðsmanns fyrir árin 1998 og 1999 benti ég á að þetta breytta fyrirkomulag mundi að líkindum auðvelda leit að úrlausnum umboðsmanns í einstökum viðfangsefnum og málaflokkum. Óhætt er að segja að þetta aukna aðgengi að úrlausnum umboðsmanns með auðveldum og skjótum hætti hefur á undanförnum missirum reynst mikilvægt innlegg í þjóðfélagsumræðuna og þannig náð því markmiði að upplýsa bæði almenning og starfsfólk stjórnsýslunnar um þær lagareglur sem gilda í samskiptum þessara aðila og umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um.

Uppbygging og efnistök skýrslunnar eru að öðru leyti með hefðbundnu sniði. Er skýrslan í fimm köflum. Fyrsti kafli fjallar um störf umboðsmanns Alþingis og rekstur skrifstofu hans árið 2000. Í öðrum kafla eru töflur og tölfræðilegar upplýsingar um þau mál sem umboðsmaður kannaði á árinu svo og tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál. Í þriðja kafla eru birtar niðurstöður og álit í málum sem afgreidd voru af kjörnum umboðsmanni, Tryggva Gunnarssyni, og þeim mönnum sem settir voru sem umboðsmenn í einstökum málum, og ástæða þótti til að gera sérstaka grein fyrir í skýrslunni. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað er um í fyrri skýrslum umboðsmanns og loks hefur fimmti kafli að geyma skrár yfir atriðisorð og lagatilvitnanir.

Á árinu 2000 voru skráð 232 ný mál hjá umboðsmanni Alþingis og tók hann þrjú mál upp að eigin frumkvæði. Skráð mál á grundvelli kvartana sem bornar voru fram voru 229. Er þetta nokkur fækkun hlutfallslega frá árunum 1998 og 1999 og má draga hugsanlega þá ályktun af þessari þróun að áhrif skýrari löggjafar um málmeðferð stjórnsýslunnar, svo sem gildistaka stjórnsýslulaga 1. janúar 1994, og einnig aukin forvarnaáhrif með starfsemi umboðsmanns Alþingis séu farin að skila sér í nokkuð bættri stjórnsýslu þótt enn sé verk óunnið í þeim efnum.

Fram kemur í skýrslu umboðsmanns að helstu viðfangsefni hans á árinu 2000 hafi sem fyrr varðað almannatryggingar, málefni fanga og skatta og gjöld. Einnig er í skýrslunni gerð grein fyrir 14 málum er lutu að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Rétt er að benda á að í skýrslu sinni vekur umboðsmaður Alþingis athygli á því að samkvæmt lögunum um umboðsmann frá 1997 sé það hlutverk hans að gæta þess að stjórnsýslan fari fram í samræmi við lög og „vandaða stjórnsýsluhætti“. Ekki sé í lögunum skýrt nánar hvað átt sé við með vönduðum stjórnsýsluháttum en ljóst sé að þarna sé verið að vísa til þess að stjórnsýslan eigi sjálf að gæta þess í störfum sínum að þar séu viðhafðir vandaðir stjórnsýsluhættir. Ljóst er að ekki er vanþörf á að leggja áherslu á þetta atriði. Þá segir í skýrslunni að það sé síðan umboðsmanns að hafa eftirlit með að gætt sé vandaðra stjórnsýsluhátta og þá einnig að móta frekar inntak þess hvað teljist í hverju tilviki vandaðir stjórnsýsluhættir. Er í þessu sambandi bent á nokkur mál í skýrslunni þar sem fjallað er nánar um þetta.

Gert er ráð fyrir því í lögunum um umboðsmann að umboðsmaður geti að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Þá geti hann jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar. Vegna þessa legg ég á það áherslu að mikilvægt er að umboðsmaður Alþingis eigi þess kost að beita þessari heimild til frumkvæðisathugana, meðal annars með nauðsynlegum fjárveitingum, þannig að hann geti sinnt því eftirlitshlutverki gagnvart stjórnsýslunni sem Alþingi hefur falið honum. Þá verður að líta svo á að þetta frumkvæðiseftirlit sé vel til þess fallið að veita umboðsmanni Alþingis færi á því að stuðla að umbótum í stjórnsýslunni og þar með að rækja það hlutverk sem honum er falið með lögum, að tryggja réttaröryggi borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Í þeirri skýrslu umboðsmanns Alþingis sem við ræðum hér er vikið að því að gerð heimasíðu fyrir embættið og sú mikla vinna sem starfsmenn embættisins þurftu að inna af hendi í því sambandi, svo og flutningur skrifstofunnar í nýtt húsnæði í Álftamýri 7 í Reykjavík, hafi orðið til þess að afgreiðsla mála hjá umboðsmanni dróst nokkuð á árunum 1998–2000. Fram kemur hins vegar að umboðsmaður Alþingis hefur nú sett sér það markmið að afgreiðslutími mála styttist nokkuð þannig að niðurstaða í málum sem sæta nánari athugun af hans hálfu liggi að jafnaði fyrir ekki síðar en sex mánuðum eftir að kvörtun berst. Ég vil hins vegar vekja athygli hv. alþingismanna á því, sem bent er á í skýrslunni, að afgreiðslutími mála hjá umboðsmanni Alþingis markast að verulegu leyti af því hvernig stjórnvöld sem í hlut eiga hverju sinni bregðast við fyrirspurnum hans og beiðnum um skýringar í tilefni af tilteknum málum. Er því vel að umboðsmaður muni í samræmi við markmið sitt um styttingu afgreiðslutíma leggja á það aukna áherslu í störfum sínum að hlutaðeigandi stjórnvöld svari fyrirspurnarbréfum hans og beiðnum um afhendingu gagna eins fljótt og kostur er.

Að lokum vil ég sem fyrr þakka umboðsmanni Alþingis og starfsmönnum hans fyrir vel unnin og árangursrík störf á liðnu ári.

[16:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að óhætt sé að segja að í það heila tekið ríki almenn ánægja með hvernig til hefur tekist í uppbyggingu og eflingu starfsemi umboðsmanns Alþingis. Það er enginn vafi á því að það var eitt af stóru skrefunum fram á við í stjórnsýslu okkar og réttarfari að slíkt embætti óháðs umboðsmanns borgaranna kæmi til sögunnar og þangað gætu þeir leitað án þess að hafa af því umtalsverðan kostnað eða fyrirhöfn að fá mál sín skoðuð. Af sömu ástæðu var talið skynsamlegast að þetta embætti starfaði sem sjálfstætt og óháð embætti í skjóli Alþingis. Svipuð niðurstaða varð svo nokkrum árum síðar með embætti Ríkisendurskoðunar og hefur jafnvel komið til tals að fleiri þættir, að einhverju leyti sambærilegir eða hliðstæðir, ættu jafnvel betur heima á sama stað, að þeir störfuðu sem sjálfstæðar óháðar stofnanir en í skjóli Alþingis þannig að Alþingi væri þeim skjöldur gagnvart framkvæmdarvaldinu eða öðrum sem kynnu að vilja seilast til einhverra áhrifa um málefni þessara stofnana. Með því að fjárveitingar renni beint frá Alþingi til svona stofnana er líka t.d. tryggt að framkvæmdarvaldið hafi þar ekki hönd í bagga o.s.frv.

Ég tel að þessar skýrslur sem við höfum nú fengið og það form sem hér er orðið á skýrslunum sé sömuleiðis gott og til bóta. Þær voru orðnar ansi þykkar, ef ég man rétt, síðustu skýrslurnar þar sem úrskurðir voru allir teknar saman á einn stað. En hér er þetta með handhægum hætti dregið saman og síðan mönnum vísað í frumgögnin sjálf ef á þarf að halda.

Herra forseti. Það er auðvitað þannig að með starfrækslu þessara embætta er verið að reyna að bæta stjórnsýslu í landinu og tryggja réttaröryggi borgaranna. Það er engin tilviljun að þessar stofnanir eru settar í skjól Alþingis. Það er vegna þess að á Alþingi sjálfu er ein æðsta skylda manna að sinna þessu eftirlits- og upplýsingahlutverki. Það er þekkt úr lögum, stjórnarskipunarlögum, og úr hefðum þjóðþinga um víða veröld að eitt ríkasta hlutverk þeirra er að vera vettvangur upplýsingagjafar og aðhalds að stjórnsýslunni og þingmenn leika stórt hlutverk í því sambandi. Þess vegna er það þannig að alls staðar þar sem þingræði er þroskað er með einhverjum hætti búið um rétt þingmanna til þess að krefja upplýsinga um opinber mál. Hann er gjarnan varinn í stjórnarskrá og allt sem lýtur að hefðum og starfsemi þjóðþinga er auðvitað eitt talandi dæmi um þetta. Er þar nærtækt að vitna t.d. til rannsóknarnefnda sem alsiða er að setja á fót í þjóðþingunum í kringum okkur þó þá hefð skorti að vísu nokkuð hér.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hef sívaxandi áhyggjur af þeirri tilhneigingu sem gætir hjá framkvæmdarvaldinu að skerða þennan rétt þingmanna. Þess sér stað í margvíslegum greinum. Ráðherrar neita að að svara fyrir málaflokka sína ef þeim býður svo við í utandagskrárumræðum. Svör við fyrirspurnum þingmanna sem oft eru settar fram til þess að krefja upplýsinga um mikilvæg opinber málefni eða málefni úr stjórnsýslunni, oft hliðstæð þeim sem umboðsmaður Alþingis fær til umfjöllunar, eru iðulega í skötulíki. Ráðuneyti bera fyrir sig lagarefjar og eru með útúrsnúninga gagnvart því að svara til um opinber málefni, jafnvel ráðstöfun opinberra fjármuna.

Í þessu sambandi, herra forseti, gerðist mjög alvarlegur atburður áðan og hefur verið á dagskrá síðustu daga í gegnum bréfaskriftir milli fjárln. Alþingis og forsrn. Sá fáheyrði atburður gerist að embættismaður í forsrn. synjar fjárln. um upplýsingar um ráðstöfun tiltekinna opinberra fjármuna og verð ég að segja alveg eins og er að langt er um liðið síðan ég hef séð samskipti hins virðulega Alþingis og framkvæmdarvalds á hliðstæðum nótum. Synjunin er ekki byggð á formlegu undirrituðu bréfi sem ráðherra ber ábyrgð á heldur er það í faxsendingu frá einum embættismanni í forsrn. Það er bara sagt sisvona að fjárln. komi þetta ekki við. Sundurliðun og ráðstöfun á 300 millj. kr. kemur fjárln. Alþingis ekki við. Hvert er þróunin að bera okkur, herra forseti, ef búast má við þessu á fleiri sviðum? (**Gripið fram í:** Hvað þá ...) Ég er ansi hræddur um að ef réttur Alþingis að þessu leyti verði veiktur þá verði lítið úr stofnunum af tagi umboðsmanns eða Ríkisendurskoðun því að þær njóta m.a. góðs af því og eiga að vera í þessu skjóli Alþingis og starfa þar vel varðar m.a. af hinni ótvíræðu stöðu Alþingis til þess að veita framkvæmdarvaldinu eftirlit og aðhald og sjá um sinn hluta þess máls. Allt á þetta að mynda eina heild, herra forseti, hinn lögvarði og stjórnarskrárvarði réttur þingsins og þingmanna, þær eftirlitsstofnanir sem Alþingi á grundvelli laga setur á laggirnar og sá stuðningur við rétt borgaranna sem fólginn er t.d. í hlutverki umboðsmanns Alþingis, umboðsmanns barna, Ríkisendurskoðunar og fleiri slíkra aðila.

Herra forseti. Ég tel þessa synjun fjmrn., þessa embættismanns í fjmrn., svo fráleita að engu tali tekur. Á dauða mínum átti ég von en ekki því að sjálfur forseti Alþingis gengi fyrirvaralaust í lið með þessum embættismanni framkvæmdarvaldsins og felldi hér einhvern þann fráleitasta úrskurð áðan sem ég hef lengi heyrt, að þessi hundalógík Stjórnarráðsins væri öllsömul pottþéttur „jús" og notaði til þess að mínu mati, herra forseti, þannig röksemdafærslu að hún var algjörlega fráleit.

Herra forseti. Í fyrsta lagi var það ekki tilgangur með upplýsingalögum að snúa þeim yfir í óupplýsingalög, en það gerist nú aftur og aftur að upplýsingalöggjöfinni sem var sett til þess að tryggja rétt manna og aðgang þeirra að upplýsingum til að lögfesta hina opnu stjórnsýslu er snúið við og hún er notuð sem andstæða sjálfrar sín til þess að loka af upplýsingar og bera við alls konar fáránlegum hlutum um að einhverjir gætu átt einhverra viðskiptahagsmuna að gæta í því efni. Hver neyðir þessa menn til viðskipta við hið opinbera? Eru einhverjir að neyða einhverja til þess að þiggja fé frá ríkinu í sambandi við einkavæðingu? Mér er ekki kunnugt um það. Hafa þar átt sér stað þvingunaraðgerðir? Og þessir menn geta veskú tekið það á sig eins og hverjar aðrar kvaðir ef þeir taka sér verkefni sem hið opinbera greiðir að upplýsingar um það liggi fyrir. Ég veit ekki síðan hvenær ríkið fór að stunda viðskiptaleynd af þessu tagi að það jaðrar við að vera eins og ónefndar hreyfingar úti í heimi sem allar eru með öll sín fjármál neðan jarðar. Hvað þolir ekki dagsins ljós í þessum efnum, herra forseti?

Hæstv. forseti notaði trúnaðarskylduákvæði utanrmn. til þess að gagnálykta með algjörlega óréttmætum hætti og sú gagnályktun stangast á við starfsreglur Alþingis sem það hefur sjálft sett, þ.e. að gagnálykta út frá því að lengi hefur verið í lögum sérstök trúnaðarskylda á utanrmn. af eðlilegum ástæðum vegna þeirra þjóðarhagsmuna og trúnaðarupplýsinga sem þar eru oft á ferð, að gagnálykta að þar með geti enginn trúnaður ríkt um neinar aðrar upplýsingar sem þingmenn annars staðar fá í hendur. Þetta er einhver mesti þvættingur sem ég hef nokkurn tímann heyrt og hann fellur um sjálfan sig vegna þess að í 28. gr. laga um þingsköp Alþingis er talað um að Alþingi skuli setja nánari reglur um meðferð erinda og umsagna og annarra upplýsinga sem nefndum berast, og í þeim starfsreglum er m.a. kveðið á um að ef aðstæður séu slíkar skuli fara í trúnaði með upplýsingar sem þingmenn eða þingnefndir fá. Væri þetta sett inn í þessar starfsreglur ef það væri réttmæt túlkun laga sem hæstv. forseti fór með, að af því að það er pósitíft trúnaðarskylduákvæði í utanrmn. þá hljóti allt annað að vera galopið? Nei. Það fellur auðvitað algjörlega um sjálft sig, enda hefur aldrei hvarflað að mönnum að þingmenn gætu ekki í öðrum þingnefndum og í öðrum tilvikum tekið við viðkvæmum upplýsingum og þar á meðal trúnaðarupplýsingum, enda er fyrir því áratuga löng hefð. Og þeir sem hafa hér einhverja þingreynslu hafa auðvitað oft lent í því, eins og sá sem hér talar, að taka við viðkvæmum trúnaðarupplýsingum í fjölmörgum nefndum þingsins. Það eru sennilega ekki margir nú starfandi þingmenn sem hafa setið í öllu fleiri nefndum en sá sem hér talar og ég fullyrði að það hefur gerst aftur og aftur að þessar nefndir hafa fengið viðkvæmar trúnaðarupplýsingar, ýmist tengdar einstaklingum eða fyrirtækjum, og hafa ekki misfarið með þann trúnað. Það hafa verið björgunaraðgerðir vegna bágstaddra fyrirtækja, viðkvæm mál einstaklinga og fjölskyldna, mál sem varða réttarfarsleg málefni og þar fram eftir götunum þannig að auðvitað er þetta algjör þvæla, herra forseti.

Það alvarlega er ef verið er að vega aftur og aftur að þessum rétti Alþingis til upplýsinga og til þess að sinna hlutverki sínu. Það gætir alveg ótrúlegrar tilhneigingar til þess hjá núverandi handhöfum framkvæmdarvaldsins að gefa Alþingi langt nef í þessum efnum og skammta því upplýsingar eftir því sem þeim sýnist.

Einhver farsakenndasti atburður sem hefur orðið á Alþingi lengi var þegar hæstv. landbrh. kom bólginn af rökum embættismanna sinna um að hann mætti ekki veita upplýsingar um sölu ríkisjarða. En svo kom í ljós að þessar sömu upplýsingar höfðu að vísu verið birtar með ríkisreikningum ár eftir ár og aumlegri stöðu hef ég varla séð einn ráðherra koma sér í heldur en þessa. En það er ekki eins og menn láti svona lagað sér að kenningu verða heldur er haldið áfram. Ég fullyrði að þessi tilhneiging er háskaleg. Hún er á skjön við alla þróun í stjórnsýslu sem menn hafa verið að reyna að telja sér trú um að væri hér í gangi, þ.e. að við værum að taka skref í átt til opnari, lýðræðislegri og upplýstari stjórnunarhátta. Til þess settum við stjórnsýslulög. Til þess settum við upplýsingalög. Til þess höfum við embætti umboðsmanns Alþingis. Til þess höfum við Ríkisendurskoðun en ekki til hins gagnstæða.

Ömurlegastur er þó hlutur hæstv. forseta sem verður á það glapræði, greinilega algjörlega að vanhugsuðu máli eða þá þvílíku þekkingarleysi að því verður ekki trúað að maður sem kominn er í það embætti sé svo illa á vegi staddur, að fella þann arfavitlausa úrskurð sem auðvitað var enginn úrskurður sem forseti gerði í þessum efnum. Forseti hafði ekki verið beðinn um neinn úrskurð. Það sem forseti gerði var að hann hljóp til varnar framkvæmdarvaldinu. Hann hljóp til varnar húsbónda sínum, hæstv. forsrh., og það skal aldrei bregðast þegar mikið liggur við að þá gleymir hv. þm. Halldór Blöndal, hæstv. forseti, því í hvaða embætti hann

er og hleypur til varnar húsbónda sínum og arfakóngi og herra, hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni. Þessu kynntumst við hér heldur nöturlega í öryrkjamálinu í fyrra þegar hæstv. forseti þingsins lagðist í bréfaskriftir til Hæstaréttar til þess að draga út úr Hæstarétti túlkun á dómum sem er náttúrlega fáheyrt og hefði hvergi getað gerst í þroskuðu þingræðis- og lýðræðisríki þar sem menn taka aðskilnað valdþáttanna hátíðlega. En það er ekki eins og hæstv. forseti hafi lært mikið af þessu.

Herra forseti. Ég tel þetta allt saman grafalvarlega atburði og að sá starfi sem menn telja sig hafa verið að vinna á undanförnum árum, að bæta og opna stjórnsýsluna með margvíslegum ráðum, sé til lítils ef svo er grafið undan mikilvægasta þættinum af þessu öllu saman sem er auðvitað staða Alþingis. Ætli það sé ekki nóg hvernig komið er fram við Alþingi með ýmsum hætti þessa dagana þegar t.d. fjárlaganefndarmenn sitja við útvarpið til að heyra fréttir af því utan úr bæ hvað sé að gerast í meðförum Alþingis á fjárlagafrv. Nær væri að virðulegur forseti þingsins reyndi að standa sig í stykkinu og halda uppi einhverjum málsvörnum fyrir stofnunina heldur en leka niður eins og hann hefur gert og skríða til varnar framkvæmdarvaldinu og gleyma skyldum sínum sem forseti Alþingis og brjóstvörn þess að sjálfstætt og sterkt Alþingi sé hluti af og einn af hornsteinum stjórnskipunar landsins en ekki einhver ómerkileg tuska fyrir fótum framkvæmdarvaldsins. Það er lítið lið í forseta af þessu tagi, verð ég að segja, og mikið lifandis ósköp er ég feginn að ég skyldi ekki hafa greitt honum atkvæði mitt í haust. (**Gripið fram í:** Þá vitum við það.) Já það er sko ekkert leyndarmál.

[16:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það var mjög til góðs á sínum tíma þegar stofnað var til embættis umboðsmanns Alþingis. Með tilkomu þessa embættis var borgurunum skapað tækifæri til að leita réttar síns gagnvart stjórnsýslunni og á hitt ber einnig að líta að það er mjög mikilvægt fyrir stjórnsýsluna að búa við kröftugt og málefnalegt aðhald frá embættinu. Þó ég sé hlynntur embætti umboðsmanns Alþingis og telji það hafa verið mjög til góðs er ekki þar með sagt að ég hafi alltaf og ævinlega verið sammála öllum úrskurðum umboðsmanns, en yfirleitt eru þeir mjög vandaðir og til mikillar fyrirmyndar.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að embætti umboðsmanns Alþingis hefur orðið til að bæta stjórnsýsluna í landinu. En það þarf að bæta stjórnsýsluna enn betur. Til að auðvelda umboðsmanni Alþingis störfin er mjög mikilvægt að stjórnsýslan bregðist við óskum embættisins á jákvæðan hátt.

Í skýrslu umboðsmanns, sem nú liggur fyrir Alþingi, segir að stefnt verði að því á komandi mánuðum og missirum að stytta afgreiðslutíma á þeim erindum sem embættinu berast. Sú skýring er m.a. gefin á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu mála á liðnum árum að stjórnsýslan veiti ekki greið svör. Í niðurlagi inngangs segir, með leyfi forseta:

„Hafa verður í huga að afgreiðslutími mála hjá umboðsmanni Alþingis markast að verulegu leyti af því hvernig stjórnvöld sem í hlut eiga hverju sinni bregðast við fyrirspurnum mínum og beiðnum um skýringar í tilefni af tilteknum málum, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997. Mun ég því í samræmi við ofangreint markmið um styttingu afgreiðslutíma leggja á það aukna áherslu í störfum mínum að hlutaðeigandi stjórnvöld svari fyrirspurnarbréfum mínum og beiðnum um afhendingu gagna eins fljótt og kostur er.“

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að stjórnsýslan almennt bregðist við þessum eðlilegu tilmælum umboðsmanns Alþingis. Til marks um hve vel hefur tekist með embætti umboðsmanns Alþingis má nefna að fljótlega risu kröfur um að stofnuð yrðu samsvarandi embætti til að reka erindi tiltekinna hópa í landinu, t.d. umboðsmaður fatlaðra, umboðsmaður aldraðra var nefndur og á laggirnar var sett embætti sem heitir umboðsmaður barna. Ég tel reyndar að það hafi verið mjög misráðið að nota það heiti um það tiltekna embætti sem sinnir gerólíkum verkefnum þeim sem umboðsmaður Alþingis sinnir. Þótt ég sé hlynntur því að ná þeim markmiðum sem menn vilja setja með því að setja fót embætti á borð við umboðsmann fatlaðra og aldraðra o.s.frv. þá held ég að við eigum ekki að nota þetta heiti á slík embætti, verði þau á annað borð sett á fót.

Það er mjög mikið atriði að tryggja góða stjórnsýslu í landinu og tryggja opna stjórnsýslu í landinu. Það er grundvallaratriði að réttur Alþingis verði tryggður í þeim efnum. Þess vegna var embætti umboðsmanns Alþingis sett á fót.

Nú er það að gerast, við urðum vitni að því síðast í dag, að Alþingi er neitað um upplýsingar sem óskað hefur verið eftir. Svo langt er gengið að forsrn. neitar fjárln. Alþingis, neitar fjárveitingavaldinu um umbeðnar upplýsingar um hvernig skattpeningum landsmanna er ráðstafað. Um er að ræða 300 millj. kr. sem verja á í tengslum við einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar.

Nú er það svo að til þess að framfylgja þeirri stefnu eru ekki valdir óvinir ríkisstjórnarinnar. Öllu heldur eru til þess valdir vinir ríkisstjórnarinnar, meira að segja einkavinir ríkisstjórnarinnar. Stundum hefur verið talað um einkavinavæðingu í því sambandi. Ég spyr: Út á hvaða braut erum við komin þegar Alþingi Íslendinga, fjárveitingavaldið, fær ekki umbeðnar upplýsingar um hvernig þessir einkavinir ráðstafa peningum landsmanna? Út á hvaða braut erum við komin? Við fáum ekki að vita hvernig þessum fjármunum er varið. Alþingi Íslendinga er neitað um þessar upplýsingar.

Mér finnst ástæða til að á þessu sé vakin athygli hér við umræðu um skýrslu umboðsmanns Alþingis.

[16:36]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er komin hingað í ræðustól til þess að ræða þessa ágætu skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2000, en hún var tekin fyrir á fundi allshn. þann 12. nóvember. sl. eins og venja er þegar fjallað er um þennan mikilvæga þátt í eftirliti Alþingis með stjórnsýslunni. Að mínu mati skiptir miklu að þessari skýrslu umboðsmanns Alþings sé fundinn farvegur í starfsemi þingsins, eins og raunar hefur verið gert.

Samræður okkar þingmanna, þá kannski fyrst og síðast okkar sem sitjum í allshn. og umboðsmanns, og síðan hér í þingsalnum á hinu háa Alþingi, eru því liður í að gera þetta eftirlit skilvirkt en ekki síður til að farsælt samstarf mótist milli embættisins og Alþingis svo hægt verði að taka á þessum efnisflokki á málefnalegan og skilvirkan hátt.

Við vitum hversu mikilvægu þjónustuhlutverki stjórnvöld gegna og er því áríðandi að stjórnvöld sjái til þess að gætt sé málsmeðferðarreglna sem beinlínis tengjast sjónarmiðum um að niðurstaða máls sé byggð á réttum efnislegum forsendum eins og jafnræðisreglunni, rannsóknarreglunni og andmælareglunni, eins og umboðsmaður sjálfur segir frá í skýrslu sinni.

Annars langar mig að koma sérstaklega inn á tvö atriði í skýrslunni sjálfri, herra forseti. Annars vegar þá ábendingu umboðsmanns að hann hafi fengið þau viðbrögð frá stjórnvöldum að þau séu í ákveðinni óvissu um hvort þau geti að eigin frumkvæði brugðist við tilmælum hans um endurupptöku mála, þ.e. óháð því hvort sá sem borið hefur fram kvörtun við umboðsmann setji fram beina kröfu um að mál hans verði tekið til meðferðar að nýju eða ekki.

Umboðsmaður bendir á í skýrslunni að stjórnvöld hafi víðtækar heimildir til að endurskoða fyrri ákvarðanir sínar að eigin frumkvæði við ákveðnar aðstæður og vísar í 25. gr. stjórnsýslulaganna frá 1993. En þar segir skýrlega að stjórnvald geti afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði sem tilkynnt hefur verið aðila máls þegar það er ekki til tjóns fyrir aðila eða ákvörðun er ógildanleg. Það er ekki hægt að sjá að mál sem kvartað er yfir til umboðsmanns geti leitt til tjóns fyrir þann aðila málsins, ef tilmæli umboðsmanns fela í sér endurskoðun stjórnvaldsins á því atriði sem kvartað var yfir.

Ég vil hvað þetta atriði varðar taka undir þau sjónarmið og orð umboðsmanns, að rétt sé og eðlilegt að stjórnvöld taki afstöðu til þess, þegar umboðsmaður hefur beint tilmælum til stjórnvalds um endurupptöku máls, hvort rétt sé að þau nýti heimild 25. gr. stjórnsýslulaga eða ólögfestar afturköllunarheimildir stjórnsýsluréttarins og afturkalli ákvörðun sína að eigin frumkvæði.

Í þessu samhengi er kannski rétt að koma með þá ábendingu af minni hálfu til embættis umboðsmanns Alþingis að það væri gott, bæði fyrir þingmenn og almennt borgarana í landinu, að hafa betra og skýrara yfirlit yfir viðbrögðin við áliti umboðsmanns í stjórnsýslunni. Hugsanlega mætti fá þetta sett upp skematískara en er í skýrslunni. Þetta er allt í skýrslunni, þetta er engin nýlunda, við vitum það. En það væri ágætt að fá þetta sett fram skýrt og skorinort í yfirlitinu yfir störf umboðsmanns Alþingis til hægðarauka fyrir alla.

Ég vil einnig benda á ábendingu umboðsmanns, um málsmeðferðartíma stjórnvalda, sem að mínu mati er líka réttmæt ábending. Málsmeðferðartíminn er stundum lengri en meginregla 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga gerir ráð fyrir. Fyrir slíku kunna að vera margvíslegar ástæður, við vitum það. En eins og umboðsmaður fjallar um þá ber stjórnvaldi, ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast, að skýra aðila máls frá því eins og segir í 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaganna. Ef þessu ákvæði er framfylgt leggja stjórnvöld grundvöll að góðum og eðlilegum samskiptum milli þeirra og borgaranna. Þjónustuhlutverk stjórnvalda styrkist með því og eflist.

Ég vil einnig, herra forseti, koma inn á atriði sem ég gat um í ræðu minni um skýrslu umboðsmannsins í fyrra. Það varðar fræðslu um stjórnsýslurétt og skyld málefni, fræðslu til starfsmanna stjórnsýslunnar. Þetta ræddi umboðsmaður einnig sérstaklega á fundi nefndarinnar og í ljósi þeirra samræðna ákvað allshn., í nál. sínu til fjárln. vegna fjárlaga næsta árs, að mæla með tímabundnu framlagi til umboðsmanns svo hægt verði að efla fræðslu og upplýsingu innan stjórnsýslunnar. Það má kannski rökstyðja þetta með því að umboðsmaður og starfsmenn hans, með öllum þeim málum sem liggja fyrir hjá þeim á hverju ári, séu í einna bestri aðstöðu til að meta hvar og á hvaða sviði stjórnsýslunnar þörfin er mest á almennri stjórnsýslufræðslu.

Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan hvað varðar nafn umboðsmanns Alþingis. Hann hefur tvímælalaust fest sig í sessi svo rækilega að hann er í raun orðinn einn af öryggisventlunum í stjórnsýslu okkar. Því skiptir nafnið máli. Ég held að við ættum alla vega að taka það til umhugsunar að breyta nafni umboðsmanns barna, sem er líka að festa sig í sessi en ég tel engu að síður að við ættum að skoða það rækilega, í „talsmann barna" til að undirstrika mikilvægi þessa embættis eða skýrslu þessa embættis sem við erum að ræða um hér í dag.

Ég vil í lokin þakka umboðsmanni og starfsfólki hans fyrir ágæta skýrslu fyrir árið 2000. Hún er, eins og hann gat um á fundi allshn., nokkuð hefðbundin. Við lestur hennar kemur glögglega fram hversu mikil réttarbót var gerð með samþykkt laga um umboðsmann Alþingis og starfsemi hans.

[16:42]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 441, 442.

Leigubifreiðar, 167. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 443; nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 444.

[16:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er að mörgu leyti dálítið sérstætt að þessi skýrsla skuli koma á dagskrá í dag. Ekki það að dagskráin hafi verið sett upp með sérstæðum hætti heldur féll í dag úr stóli hæstv. forseta Alþingis að mínu mati einhver sá versti úrskurður sem ég hef nokkru sinni heyrt á hinu háa Alþingi. Það er mjög sorglegt, virðulegi forseti, þegar málum er þannig háttað að alþingismenn á hinu háa Alþingi eru komnir í þá stöðu að vera sagt að þeim komi bara ekki fjárlög eða fjármunir ríkisins nokkurn skapaðan hlut við.

Málum hefur verið hagað þannig að réttur Alþingis, stjórnarskrárvarinn réttur Alþingis og alþingismanna, til þess að fá upplýsingar er fótum troðinn. Eftir að upplýsingalög hafa verið samþykkt þá er sí og æ vitnað í þau lög og vísað til þess að tiltekin málefni varði einkamálefni eða fjárhagsmálefni sem komi Alþingi bókstaflega ekkert við. En það vantar ekki, virðulegi forseti — og mér þætti vænt um að hæstv. forseti sæi sér fært að sitja hér í salnum á meðan ég flyt mál mitt. (**HBl:** Má maður ekki standa? Það er gott hreyfa sig.) Forseti má hreyfa sig.

En, virðulegi forseti, það er mjög sérstætt að vinna undir þeim kringumstæðum að hæstv. forseti skuli í störfum sínum ganga svo undir framkvæmdarvaldið að það er nánast óþekkt í sögunni að málum skuli þannig háttað.

Það mál sem við ræddum áðan var þess eðlis að starfsmaður einkavæðingarnefndar sendi á faxi svar við erindi þar sem óskað var eftir því að fá upplýsingar um hvernig fjármunum ríkisins væri varið. Hann sagði að alþingismönnum kæmi það bara ekkert við, að þetta væri einkamál. Síðan hvenær er það einkamál þó að tiltekin fyrirtæki sendi ríkinu einhverja reikninga? Hvaða einkamál eru það? Þeir sem eiga viðskipti við ríkið vita að það er greitt af opinberu fé. Þeir vita að um það gilda reglur að Alþingi hafi eftirlit með þessu fé. Hví skyldu þeir ganga út frá því sem vísu að það sé eitthvað sérstakt leyndarmál hvað ríkið greiði þeim þegar þeir senda sína reikninga? (**SJS:** Hvað er að fela?) Já, von er að spurt sé. Hvað er að fela, virðulegi forseti?

Það er líka sérstakt, og ég nefndi það hér áðan, og spurning hvort það þjóni einhverjum tilgangi að ræða stofnun umboðsmanns Alþingis þegar fyrir liggur að Alþingi sjálft sem er skjöldur stofnunarinnar fær engar upplýsingar.

Hvaða svör halda hv. þingmenn að umboðsmaður Alþingis fái þegar hann spyr hið háa framkvæmdarvald — ég held að rétt sé að orða það þannig eftir úrskurð hæstv. ráðherra, hið háa framkvæmdarvald — og óskar eftir einhverjum upplýsingum? Ég held að fróðlegt verði að sjá þau svör í framtíðinni í ljósi þess úrskurðar sem hér féll í dag.

Ég vil ganga svo langt, virðulegi forseti, að segja að þetta hafi verið svartur dagur í sögu þingsins. Það var svartur dagur í sögu þingsins er menn hlustuðu á hæstv. forseta kveða upp úrskurð sinn í dag, algerlega órökstuddan með öllu og sorglegan í öllu falli.

Virðulegi forseti. Það er ekki nema von þegar maður hlýðir á úrskurð á þessum degi þegar algerlega er gengist undir framkvæmdarvaldið að menn velti því fyrir sér hvort hv. forsn. hafi á sínum tíma haft manndóm í sér að senda Hæstarétti þetta bréf eða hvort skilaboðin hafi komið annars staðar frá.

Maður getur satt best að segja ekki ímyndað sér að forsn. hafi haft það frumkvæði að senda þetta í eigin nafni miðað við þann óskapnað sem við þurftum að hlýða hér á úr stóli forseta Alþingis fyrr í dag.

Til hvers var embætti umboðsmanns komið á laggirnar? Af hverju var það sett á fót? Það var til að veita einstaklingum skjól fyrir ríkisvaldinu þannig að þeir geti skotið málum sínum til umboðsmanns og fengið þar niðurstöðu á fljótvirkari hátt en fyrir dómstólum, skjótvirkar og ódýrar, fengið hana svo skjótt sem auðið væri. Umboðsmaður Alþingis er ekki dómstóll. Hann hefur ekkert vald til að framkvæma úrskurði sína. Þess vegna byggist áhrifavald hans, ef svo má að orði komast, fyrst og fremst á virðingu, á virðingu við embættið og virðingu fyrir því sem hann lætur frá sér fara.

Í öðru lagi er hlutverk umboðsmanns líka að tryggja að eftir lögum Alþingis sé farið, í raun að fylgja því eftir að vilji Alþingis birtist í niðurstöðum framkvæmdarvaldsins.

Það er ekki nema von, virðulegi forseti, þegar það liggur síðan hér fyrir að Alþingi sjálft fær engar upplýsingar, að manni þyki nú ekki líklegt að umboðsmaður fái þær sjálfur. Til eru líka fræg dæmi þar sem annars vegar hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson og hv. þm. Gunnar Birgisson — því miður er hvorugur þeirra viðstaddur hér í dag og því kannski að einhverju leyti erfitt að fjalla um þá — en þessir tveir hv. þm. hafa látið ýmislegt um þetta embætti falla og ýmislegt miður eða lítt rökstutt. Annar þeirra hélt því fram að úrskurðir umboðsmanns væru nánast algjört rugl og lítt sem ekkert var það rökstutt. Hinn taldi hausa, þar sem hann sagði að eitthvað af lögfræðingum í sínu ráðuneyti hefðu aðra skoðun og þar með væri þetta bara allt í lagi. Það er einmitt svona umræða sem er til þess fallin að grafa undan embætti umboðsmanns Alþingis.

Í mínum huga vegur svona umræða að rótum lýðræðisins vegna þess að allir tapa í þessu. Borgararnir tapa og stjórnvöld missa trú almennings. Það er einfaldlega þannig. Það er alveg svakalegt þegar svona er fyrir okkur komið.

Virðulegi forseti. Ég held að við verðum líka að fara yfir það af hverju við erum að veita stjórnvöldum aðhald. Er þetta eitthvað sem einhverjum datt bara í hug, eitthvað sem mönnum datt bara í hug hér í þinginu kannski á einhverju hraði, þ.e. að mönnum hafi bara dottið í hug að mikilvægt væri að Alþingi veitti stjórnvöldum aðhald og að mikilvægt væri að koma upp stofnun umboðsmanns Alþingis til að veita þetta aðhald? Þetta er ekkert sem neinum datt í hug á hlaupum. Langur aðdragandi var að þessu og það eru reynslurök, söguleg reynsla að mikilvægt er að þetta eftirlit sé gott.

Þess vegna var alveg svakalegt að hlýða á úrskurð hæstv. forseta í dag. Það er ekki nóg með að hann var einhver versta niðurstaða sem maður hefur heyrt, heldur jafnlítt rökstuddur og raun ber vitni sagði hann allt sem segja þarf um þann skjöld sem forsn. á að vera gagnvart hinu háa Alþingi, talsmaður hins háa Alþingis, hæstv. forseti.

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að stofnun umboðsmanns Alþingis var mikið framfaraskref á sínum tíma og er fyrir löngu búið að sanna sig. Það er fyrst nú, virðulegi forseti, í ríkisstjórnartíð Davíðs Oddssonar og undir forsæti hæstv. núv. forseta Alþingis sem þessi umræða hefur breyst mikið. Hún hefur breyst mikið í þá veru að aldrei hefur verið gengið jafnhart undir framkvæmdarvaldinu, aldrei nokkurn tímann. Og það verður erfitt fyrir umboðsmann að starfa í þessu umhverfi, það er ekki nokkur spurning. Það verður erfitt fyrir umboðsmann að starfa í því umhverfi að umboðsmaður hefur ekki skjól af Alþingi og ráðherrar og alþingismenn tala um embættið með þeim hætti sem þeir hafa gert.

Þess vegna verð ég að segja, virðulegi forseti, að það er mjög sérstætt að þessi umræða skuli einmitt fara fram í dag, að þannig hittist á að þetta er einhver svartasti dagur þingsins í samskiptum þingsins og framkvæmdarvaldsins, þar sem fax frá starfsmanni einkavæðingarnefndar var lesið upp á forsetastóli sem niðurstaða hæstv. forseta.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að fjölyrða frekar um þetta að sinni. Ég ítreka að dagurinn í dag er vondur dagur í sögu Alþingis.

[16:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir eins stór orð og hv. þm. hefur haft hér og látið sér um munn fara er eðlilegt að ég fái að vita hvað það var í mínum orðum sem hv. alþingismaður getur ekki sætt sig við eða telur rangt. Hvað sagði ég úr forsetastóli sem hv. þm. er á móti?

[16:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í ræðu minni áðan að það hefði verið ágætt ef hæstv. forseti hefði setið hér í salnum á meðan ég flutti mál mitt. Þess vegna kemur þessi spurning fram. En niðurstaða hæstv. forseta í dag er sú að alþingismönnum komi lítið sem ekkert við hvernig framkvæmdarvaldið ráðstafar þeim fjármunum sem það hefur fengið til ráðstöfunar með heimild Alþingis.

Það vantar ekki, virðulegi forseti, þegar framkvæmdarvaldið kemur hingað inn og óskar eftir heimildum, að þá eru þetta mikilvæg verk. Það vantar ekki, virðulegi forseti. En þegar spurt er hvað þeir gerðu við peningana, þegar spurt er hverjum þeir seldu löndin, þegar spurt er hverja þeir réðu til vinnu, þá er ekkert um svör, ekki nokkur skapaður hlutur.

Hæstv. forseti úrskurðar það síðan hér úr forsetastóli að alþingismönnum komi þetta ekkert við. Og til að bæta gráu ofan á svart þá fer hann einhverja þá lengstu leið sem ég hef nokkurn tímann heyrt í þá veru, ef ég skildi hann rétt — og lái mér hver sem vill vegna þess að ég held að ekki nokkur maður hafi skilið hæstv. forseta almennilega — en það var einhvern veginn á þá leið að af því að ekki væri þagnarskylda í fjárln., en það væri þagnarskylda í utanrmn., þá væri það þannig að þinginu kæmi þetta ekki við.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að dagurinn í dag var svartur dagur í sögu þingsins.

[16:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við þau orð sem hv. þm. hefur eftir mér. Ég skora enn á hann að koma hér upp í ræðustól Alþingis og skýra fyrir þingheimi hverju hann er ósammála í því sem ég sagði hér áður. Það hefur ekki komið fram hjá neinum þeim ræðumanni sem hér hefur talað. Það kom ekki fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni. Það kom ekki fram hjá hv. 13. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni. Þetta var stóryrðavaðall hjá öllum þessum hv. þingmönnum, stóryrðavaðall.

[16:56]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það þjóni nokkrum tilgangi að halda þessari orðræðu áfram. En ég skal tala hægt og skal reyna að tala skýrt.

Það var einfaldlega þannig að þess var farið á leit í fjárln. að fá upplýsingar, eðlilegar upplýsingar um hvernig fé ríkisins var varið. Þessu var neitað. Hæstv. forseti tók undir það og niðurstaðan er sú, eftir þennan úrskurð, að hv. alþingismenn eigi ekki rétt á að fá þær upplýsingar nema sem þeim er skammtað úr hnefa. Og það er þessi efnislega niðurstaða sem er algerlega fráleit. Þetta hefur komið fram hér í ræðum mínum. Þetta hefur komið fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og þetta kom fram í öllum þeim ræðum sem fluttar voru hér um þetta mál fyrr í dag.

Ég veit því ekki, virðulegi forseti, hvort það þjóni yfir höfuð nokkrum tilgangi að ræða við hæstv. forseta. Hann virðist bara heyra það sem hann vill heyra og skilja það sem hann vill skilja, enda bar úrskurður hæstv. forseta þess ræk vitni að honum var alveg sama hvað hann sagði, nákvæmlega sama hvað hann sagði, enda fór hann slíka fjallabaksleið í rökstuðningi að þetta verður sennilega frægt að endemum.

Líklega má þá túlka niðurstöðuna þannig að þeim einum sé treystandi sem sitja í utanrmn. af því að þeir heyra undir einhvers konar þagnareið. Líklega var það það sem hæstv. forseti átti við hér fyrr í dag.

En það liggur fyrir, virðulegi forseti, að eftir úrskurð hæstv. forseta í dag verður þrautin þyngri að fá nokkrar upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu. Þeir hafa fengið öflugan talsmann í lið með sér til að þeir geti svarað eins og þeim sýnist, þeir geti túlkað hlutina eins og þeim sýnist og fært allt undir einkamálefni og fjárhagsmálefni sem eru viðkvæm.

Virðulegi forseti. Það er niðurstaða dagsins í dag.

[16:59]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það verður að segjast eins og er að að sjálfsögðu gefur þessi skýrsla tilefni til að ræða þá hluti sem hafa gerst hér í þingsalnum í dag. Það er kannski spurning að hafa öll málin í utanrmn. þannig að hægt sé að ræða þau þar í trúnaði. Hins vegar er það alveg ofar mínum skilningi að mál geti ekki verið í trúnaði í nefndum. Ég er búin að starfa í mörgum nefndum, bæði hjá sveitarfélögum, hjá ríki og annar staðar. Ef ræða þarf um mál í trúnaði þá er það bara í trúnaði og allir kunna að virða slíkt. Hins vegar má svo aftur efast um það að opinberir fjármunir sem eiga að fara til verkefna eigi að vera í einhverjum trúnaði, þ.e. þegar verið er að ræða um opinbert fé. Það er önnur saga.

Hér er til umræðu hin gagnmerka og fína skýrsla umboðsmanns Alþingis sem hæstv. forseti hefur farið aðeins yfir hér. Hún er náttúrlega afar fróðleg aflestrar og hefur að geyma mjög miklar upplýsingar. Við vitum vel að skýrslan hefur mjög mikið að gera með réttaröryggi borgaranna til að ná sínum málum fram og fá rökstuðning gagnvart málum sínum gagnvart stjórnsýslunni og öðru. Þar af leiðandi er þetta gríðarlega mikilvæg stofnun.

Mig langar að benda þingmönnum á bls. 24 í þessari gagnmerku skýrslu þar sem fjallað er um hvaðan flest málin koma. Þegar þau eru flokkuð eftir viðfangsefnum þá eru starfshættir stjórnvalda með alstærstu málaflokkum, með 22% af þeim viðfangsefnum sem koma fyrir umboðsmann Alþingis. Hér er því líka að finna mjög fróðlega statistík. Kannski ekki skrýtið að flest málin varði dóms- og kirkjumrn., þar er stærsti þátturinn, enda kemur réttarstaða þar afar mikið við sögu.

Ég man eftir að í þeirri umræðu sem verið hefur um fjárlögin hefur verið beðið um viðbótarfjármuni fyrir þetta embætti til þess að gefa því tækifæri, t.d. til þess að vera með sjálfstæðar athuganir. Ég vil sýna þingmönnum þetta álit umboðsmanns sem gefið er út í sérstöku hefti, með rannsókn embættisins á réttarstöðu afplánunarfanga og meðferð mála hjá fangelsisyfirvöldum. Það er afar brýnt að einhver embætti skoði svona mál heildstætt. Það er einmitt mjög mikilvægt að ákveðnir fjármunir séu til slíkra verkefna.

Við þekkjum öll að það að vinna sjálfstætt að verkefnum og geta hafið sínar eigin rannsóknir er gríðarlega mikilvægt, þ.e. að umboðsmaður sé algjörlega óháður stjórnsýslunni og sé fyrst og fremst settur undir Alþingi.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði að umtalsefni ýmsar tillögur um umboðsmenn, hvort sem það er fyrir sjúklinga, fatlaða o.s.frv. Ég hef alltaf viljað tala um þá sem talsmenn, vegna þess að fyrir mér er í raun bara einn umboðsmaður og það er umboðsmaður Alþingis. Við erum með umboðsmann barna, sem er afar mikilvægt embætti líka, en sá fellur undir stjórnsýsluna. Það gerir umboðsmaður þingsins ekki. Við ættum í raun að breyta svolítið þessum hugsunarhætti því að við erum auðvitað að tala um talsmenn þessara hópa í ákveðnum málum. Það er afar mikilvægt að þeir séu til staðar.

Við sjáum líka mikinn fjölda mála hjá umboðsmanni og við megum líka búast við að þeim fjölgi, ekki síst vegna þeirra möguleika sem heimasíðan hefur í för með sér. Slíkt er náttúrlega afar gott.

En það hefur líka komið fram að málin eru meira af höfuðborgarsvæðinu en af landsbyggðinni. Það er kannski áhyggjuefni. Þá komum við kannski að því að ég man ekki betur en umboðsmaður sé með óskir um að kynna þessi mál á landsbyggðinni, bæði úti á landsbyggðinni og hér í stofnunum. Það er afmarkað verkefni, kannski til tveggja eða þriggja ára, og er afar brýnt að það sé kynnt sérstaklega.

Hér eru hins vegar örfá mál, kannski þrjú mál sem vöktu sérstaka athygli mína í bókinni, m.a. fangelsismálin. Ég vil endilega hvetja þingmenn til að kynna sér þennan sérbækling og eins fangelsismálin.

Við sjáum líka að auðvitað geta mál orðið heilmiklar tragedíur vegna meðferðar mála hjá stjórnsýslunni. Fólk fær ekki svör á réttum tíma, málin eru lengi í pípunum og þarf að fara mjög langa leið til að fá niðurstöður. Og við sjáum það t.d. í málefni á bls. 185 er varðar útlendinga. Þegar ég var búin að lesa um þau mál varð ég enn þá sannfærðari um

mikilvægi þess að hafa sérstakan talsmann fyrir útlendinga. Þetta er að verða mjög flókinn málaflokkur. Við erum að fá ný lög, bæði um atvinnuréttindi og svo er að koma stór nýr lagabálkur. Umboðsmaður vinnur að sjálfsögðu mjög góða vinnu, það er ekki það. Ég held að það væri mjög gott ef þarna mundi skapast ákveðin sérhæfing. Mig langar því aðeins að undirstrika það og eins varðandi flóttamennina.

Mig langar að minnast á eitt mál undir kafla 3.0 Foreldrar og börn, er varðaði dómsmrn., um ættleiðingu á barni erlendis frá fyrir einstakling sem ekki var giftur. Nú er að vísu búið að breyta lögunum þannig að einstaklingar geta ættleitt börn erlendis frá og hérlendis svo fremi sem lögin í viðkomandi landi heimila slíkt. Í rauninni sjáum við þar ákveðnar oftúlkanir. Einmitt þetta mál hefur gengið mjög langt, hvað þá ef málið væri tekið upp aftur. Maður sér hins vegar í rauninni, og getur lesið á milli línanna, að þegar þetta mál er í pípunum þá er viðkomandi kona að komast á tíma hvað varðar aldur. Og það er náttúrlega alveg voðalegt þegar stjórnsýslan vinnur þannig, það verður bara að segjast alveg eins og er. Ég veit náttúrlega ekki hvað hefur gerst núna en þetta verður að hafa í huga þegar um ákveðna tímafaktora er að ræða í málum.

En þetta er afar gagnmerk skýrsla og ég vil endilega hvetja þingmenn til þess að kynna sér hana og þau málasvið sem fólk hefur sérstakan áhuga á. Embættið stuðlar m.a. að réttaröryggi borgaranna, þetta er þeirra aðgangur og afar mikilvægur og stuðlar líka að því að stjórnsýslan fari kannski að haga sér betur gagnvart nýjum lögum og nýjum tímum þannig að fólk fái skýr svör í sínum málum.

[17:06]

Stefanía Óskarsdóttir:

Herra forseti. Upphaflega voru lög um umboðsmann Alþingis sett 1987 en þau voru síðan endursamþykkt með breytingum 1997, þá í takt við breytta tíma geri ég ráð fyrir, svo sem setningu stjórnsýslulaga og upplýsingalaga sem hvor tveggja eru merkilegir lagabálkar sem settir voru í tíð ríkisstjórna Davíðs Oddssonar.

Hér kom fram fyrr, í ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, að umboðsmaður Alþingis og störf hans ættu mjög undir högg að sækja í skjóli ráðríkis forsrh. Það er málflutningur sem á ekki heima hér í sölum Alþingis að mínu mati.

Hér liggur frammi mjög góð skýrsla um störf umboðsmanns Alþingis árið 2000. Það kemur fram að fjölmörg mál hafa verið afgreidd. Þeir sem eiga rétt á þjónustu, ef við getum kallað það svo, skrifstofu umboðsmanns Alþingis eru hverjir þeir sem telja að þeir hafi verið beittir rangsleitni af hálfu einhvers þess aðila sem fæst við stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga, eða af hálfu einkaaðila sem að lögum hefur fengið vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þetta segir í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997, um störf umboðsmanns Alþingis.

Í skýrslunni kemur fram, eins og hér hefur verið nefnt, að samtals voru 253 mál tekin til afgreiðslu árið 2000. Af þeim voru 83 mál þar sem fallið var frá kvörtun eða kvörtun gaf ekki tilefni til frekari meðferðar að lokinni frumathugun, en önnur mál voru afgreidd. Þess vegna skilaði umboðsmaður áliti í 60 málum. Fram komu ábendingar um að leggja réttarágreining fyrir dómi í fimm tilvikum. 35 mál voru felld niður að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds, eins og fram kemur í skýrslu umboðsmanns sem hér er til umræðu. En einnig voru nokkur mál sem fóru í annan farveg vegna þess að þau féllu utan starfssviðs umboðsmanns.

Það segir í 3. mgr. 3. gr. laga um umboðsmann Alþingis frá 1997, með leyfi forseta, að starfssvið umboðsmanns nái ekki til starfa Alþingis og stofnana þess. Umboðsmanni er því óheimilt að hafa afskipti af störfum Alþingis og stjórnsýslu í þágu þingsins, sem háð er eftirliti þingforseta. Í þessu felst einnig að umboðsmanni er óheimilt að hafa afskipti af störfum Ríkisendurskoðunar og störfum nefnda sem Alþingi kýs og skila eiga Alþingi skýrslu til umfjöllunar.

Ég vek athygli á þessu í framhaldi af þeirri umræðu sem verið hefur hér undir þessum lið, en nokkrir þingmenn hafa látið í ljós óánægju sína með túlkun forseta Alþingis á bréfi frá forsrn. eða starfsmanni þar. Ég ætla ekki að gera það að neinu umtalsefni en vek athygli á því að hér er til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis. Við erum ekki að ræða eftirlitshlutverk Alþingis sem slíks, þó svo umboðsmaður Alþingis starfi í þágu Alþingis, enda er það Alþingi sem kýs umboðsmann Alþingis.

Hið stóra réttlætismál, ef við getum sagt sem svo, og hlutverk umboðsmanns er að með stofnun þessa embættis gefst þegnunum betra tækifæri til að koma umkvörtunum á framfæri með ódýrari og skjótvirkari hætti en með því að geta einungis leitað til dómstóla. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt hlutverk og fagna því að umboðsmaður hefur þau ár sem hann hefur starfað sent frá sér vönduð álit sem hafa verið mjög mikil réttarbót.

Ég vara við því, sem stundum hefur borið á þegar stjórnvöld hafa fengið á sig álit sem þeim líkar ekki af einhverjum orsökum, að dregið sé úr trausti og trúverðugleika slíkra álita. Ég tel að slíkur málflutningur stjórnvalda grafi óbeint undan virðingu fólks fyrir lögum. Það á ekki að tala um lög eins og þau séu einungis einhvers konar vegaskilti sem skipti ekki máli. Þegar menn segja lagatúlkanir og lögfræðiálit bara vera enn eina skoðunina, þá held ég að fólk sé komið á villigötur, sérstaklega þeir sem starfa í umboði Alþingis þar sem lög landsins eru sett.

Forsendur réttarríkisins eru að til staðar séu skýrar reglur sem settar eru með lýðræðislegum hætti. Og það verður að vera til staðar virðing fyrir reglum. Allir þeir sem starfa í umboði Alþingis og stjórnvalda verða að viðurkenna og haga störfum sínum þannig að þessari virðingu sé viðhaldið. Í þessu felst einnig að það verður að vera eðlileg eftirfylgni sem tryggi að eftir þessum reglum sé farið. Jafnframt er það mjög mikilvæg forsenda réttarríkisins að því sé stöðugt haldið til haga að allir eru jafnir fyrir lögum. Nauðsynlegt er að almenningur sem og stjórnvöld átti sig á því að forsenda lýðræðisins er sú að allir séu jafnir fyrir lögunum.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera mikið lengra mál úr þessu. Ég verð þó að draga í efa að það sé rétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði hér fyrr þegar hann varpaði því fram fyrir þingheim, þ.e. að frá því að Davíð Oddsson hefði tekið við starfi forsrh. hefði stjórnsýslan farið á verri veg og að umboðsmaður Alþingis ætti mjög örðugt með að starfa. Hann gaf jafnframt í skyn að umboðsmaður Alþingis ætti örðugt með að fá svör hjá stjórnvöldum og þar með væri umboðsmanni torveldað að sinna starfi sínu.

Í skýrslu umboðsmanns kemur ekki fram ein einasta vísbending um að svo sé, að umboðsmanni hafi verið neitað um upplýsingar, enda hefur hann tæki til þess að ganga á eftir upplýsingum. Mér virðist tal hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar vinna í sömu átt og þær efasemdarraddir sem stundum heyrast frá stjórnvöldum, þar sem gert er lítið úr störfum og áliti

umboðsmanns Alþingis. Mér finnst að slíkt tal vinni fremur að því að grafa undan trausti á störfum umboðsmanns, þingsins og lögum almennt.

[17:14]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti ræða hv. þm. að mörgu leyti nokkuð góð, a.m.k. lengi vel eða þangað til kom að merku niðurlagi. Þar var reynt að túlka eða skýra orð mín með þeim hætti að því verður að svara.

Það sem ég sagði í ræðustól áðan var að ef stjórnvöld telja sig geta komið svona fram við Alþingi, þ.e. að túlka eftir hentugleik að hvaða upplýsingar sem er séu með þeim hætti að um sé að ræða leyndarmál, einkamálefni, fjárhagsmálefni o.s.frv., þá kviknar spurningin: Hvernig halda menn að þeir geti komið fram við umboðsmann Alþingis?

Þessi stefna er algerlega ný af nálinni. Menn hafa verið að beita fyrir sig upplýsingalögum. Upplýsingalög eiga ekki við um Alþingi, það kemur skýrt fram. Ef menn geta beitt fyrir sig þessum lögum í samskiptum við Alþingi, halda menn þá að þeir geti ekki beitt fyrir sig þessum lögum í samskiptum við umboðsmann Alþingis?

Ég ætla að bæta því við, af því að hv. þm. nefndi það að umboðsmanni Alþingis hafi aldrei verið neitað um upplýsingar, að umboðsmaður Alþingis kom fyrir allshn. Hann greindi frá því að oft og tíðum væri mjög örðugt að afla upplýsinga og tilgreindi m.a. í þeim tilvikum sérstök ráðuneyti sem ég ætla ekki að fjalla um hér. Þannig að það er mikilvægt að þetta liggi skýrt fyrir í þessari umræðu.

Þessi úrskurður sem féll í dag, sá mjög svo sérstæði úrskurður, er að mörgu leyti U-beygja í öllu að því er varðar stjórnsýslu og samskipti framkvæmdarvaldsins við Alþingi. Sú umræða sem verið hefur undanfarið er um að málin hafi þróast þveröfugt við þau markmið sem stefnt hefur verið að frá því embætti umboðsmanns Alþingis var sett á laggirnar.

[17:16]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Ég held að mikilvægt sé að við víkjum ekki af þeirri leið sem mörkuð hefur verið með setningu laga um umboðsmann Alþingis, upplýsingalaga og stjórnsýslulaga. Ég tek undir það með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni í þessum efnum.

Ég bendi á að umboðsmaður Alþingis getur krafið stjórnvöld um hvers konar upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfsins — við skulum halda þessu til haga — þar á meðal um hvers konar skýrslur, skjöl, bókanir og önnur gögn. Hann getur og kvatt starfsmenn í stjórnsýslunni á sinn fund til að gefa munnlegar upplýsingar og skýringar. Við skulum líka halda þessu vel til haga.

Enn fremur á umboðsmaður frjálsan aðgang að starfsstöðum stjórnvalda til athugana í þágu starfs síns. Og loks getur umboðsmaður óskað eftir því við héraðsdómara að hann taki af mönnum skýrslu um atvik sem máli skipta að dómi umboðsmanns. Við skulum halda þessu öllu til haga.

Það er óumdeilt að umboðsmaður hefur þennan rétt og hann hefur í störfum sínum notað þessi tæki, þennan rétt, til að krefja stjórnvöld um upplýsingar. Í einhverjum tilvikum kann að hafa reynst torvelt að fá þessar upplýsingar, en þar sem þessi réttur er ótvíræður og skýr skulum við ekki vera með neinar vífilengjur eða varpa efa á þennan rétt eða gefa okkur það og gefa í skyn að stjórnvöld starfi í þeim anda að þau vilji torvelda skýra stjórnsýslu. Það er þvert á móti. Alþingi setti lög um stjórnsýslu og upplýsingalög í stjórnartíð Davíðs Oddssonar.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vil minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta í upphafi ræðu.)

[17:18]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta öðru en því að alþingismenn eiga stjórnarskrárvarinn rétt til upplýsinga. Alþingismenn eiga stjórnarskrárvarinn rétt til upplýsinga. Stjórnarskráin er jafnvel æðri lögum. Þrátt fyrir það fengum við þann úrskurð sem við fengum frá forseta Alþingis hér í dag.

[17:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem ég vildi bæta við um skýrslu umboðsmanns Alþingis er það sem ég hygg að hafi oft áður borið á góma þegar menn hafa fjallað um þær skýrslur hér á hinu háa Alþingi, þ.e. spurningin um hvernig Alþingi ætli fyrir sitt leyti að fjalla um skýrslurnar, meðhöndla þær og fylgja þeim eftir. Þá hefur oft komið upp sú hugmynd, og ég er stuðningsmaður hennar, að hér yrði kosin sérnefnd, eða að sérstök nefnd á vegum Alþingis hefði það hlutverk að taka til umfjöllunar skýrslur umboðsmanns, eftir atvikum einnig skýrslur Ríkisendurskoðunar og mögulega fleiri sambærilega þætti sem lúta að starfsskilyrðum stjórnvalda, framkvæmd stjórnsýslunnar og samskiptum borgara og stjórnvalda, og eftir atvikum leggja til við þingið hvernig álitunum yrði fylgt eftir, hvernig væri kerfisbundið og reglubundið farið yfir það að brugðist væri við úrskurðum o.s.frv.

Oft lúta þessir úrskurðir að hlutum sem betur mega fara í sambandi við ýmis framkvæmdaleg atriði eða reglubundin atriði eins og stjórnskipulega stöðu reglugerða eða annað því um líkt. Þá er náttúrlega mikilvægt til að þetta starf skili sem mestum árangri að úrskurðirnir séu teknir alvarlega og við þeim brugðist.

Ég minni á þessa hugmynd, herra forseti, og ég tel að hún eigi að vera til umfjöllunar jafnt því sem menn ræða þessa skýrslu eða aðrar slíkar og velta því fyrir sér í framtíðinni hvernig best verði búið um þessa þætti. Eins og önnur þingskjöl gengju þessar skýrslur þá til nefndar, fengju þar formlega umsögn, þar væri skilað nefndaráliti og eftir atvikum gætu þá fylgt tillögur í kjölfarið um viðbrögð ef efni stæðu til.

Hæstv. forseti Alþingis vék að mér í andsvari áðan og taldi ekki hafa komið fram hvað ég var ósáttur við í þeirri yfirlýsingu sem hann gaf hér af forsetastóli í umræðum um störf þingsins fyrr í dag. Það kemur mér afar mikið á óvart ef það getur hafa farið fram hjá hæstv. forseta að ég, eins og margir fleiri þingmenn, var forundrandi og hneykslaður á þeirri afstöðu sem hæstv. forseti tók þar, sem sagt að ganga í lið með framkvæmdarvaldinu, þessum embættismanni framkvæmdarvaldsins sem sendi fjárlögum. Alþingis það snubbótta svar að henni kæmi það ekki við hvernig forsrn. hygðist ráðstafa eða hefði þegar ráðstafað 300 millj. kr. af opinberu fé sem ekki einu sinni voru á fjárlögum.

Það er rétt að rifja það upp, herra forseti, og draga athyglina að þeirri staðreynd að ósvífnin er nú sem þessu nemur meiri hjá forsrn. að hér er ekki verið að tala um ráðstöfun fjármuna sem Alþingi hefur þegar samþykkt fyrir sitt leyti. Nei, forsrn. fer fram á aukafjárveitingu upp á 300 millj. kr. og hún er sett inn á fjáraukalög hér í haust. Guð má vita

hversu miklu af þessum peningum er þegar búið að ráðstafa án þess að heimildir séu fyrir.

En svo sendir þessi embættismaður forsrn. það svar þegar fjárln. vill fá að vita hvernig eigi að ráðstafa þessum fjármunum áður en fjáraukalögin eru afgreidd: „Það kemur ykkur ekki við." Hvernig á Alþingi að bregðast við?

Nærtækt væri að leggja það til að Alþingi reiddi ekki fram féð, að forsrn. fái ekki krónu fyrr en skýringarnar liggja fyrir. Ætla menn að láta bjóða sér þá framkomu að eitt stykki embættismaður í forsrn. sendi fjárln. Alþingis þetta snubbótta svar í tölvupósti? Þetta er ekki ráðuneytisbréf. Þetta er ekki „f.h.r."-bréf, þaðan af síður undirritað af ráðherra sjálfum. Þetta er tölvupóstur, tölvupóstur frá einum embættismanni: Það kemur ekki við í fjárln. Alþingis hvernig við ætlum að ráðskast með litlar 300 millj. kr. Það slagar upp í NATO-fundinn. Þá eru þeir á lausu, peningarnir, þegar í hlut eiga gæluverkefnin, einkavæðingargæluverkefnin eða NATO-fundirnir.

Förum aðeins yfir þetta mál, herra forseti, um hvað það snýst og hver helstu atriðin í þessu máli eru.

Þau eru í fyrsta lagi að forsrn. hefur greinilega vanmetið svo kostnaðinn af einkavæðingarbröltinu að það þarf að biðja um 300 millj. í aukafjárveitingu á haustdögum.

Fjárln. Alþingis segir: „Heyrðu, við viljum fá skýringar á því hvernig á að ráðstafa þessum fjármunum." Eða þeim hefur e.t.v. þegar verið ráðstafað.

Þriðja: Embættismaður í forsrn. sendir tölvupóst. Að vísu er netfang hér. En þetta er ekki á bréfhaus forsrn. og þetta er ekki „f.h.r."og þetta er ekki „kántersignerað". Nei, þessi kveðja berst frá framkvæmdarvaldinu í tölvupósti, undirrituðum af einum embættismanni.

Svo er það upplýst og því hefur ekki verið mótmælt að hann er ekki hlutlausari en það, þessi dómari framkvæmdarvaldsins, að hann er jafnframt starfsmaður sömu einkavæðingarnefndar og fer með hlutina. Þannig er þetta vaxið.

Og hver er röksemdafærslan? Hún er sú að það kunni að vera einhverjir einkahagsmunir einhverra fyrirtækja sem hafi fengið borgað þarna af opinberu fé og þess vegna sé í krafti uppýsingalaga ákveðið að hafna erindinu, hafna þessari beiðni fjárln. um upplýsingar, sundurliðun á ráðstöfun opinberra fjármuna.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti. Ég hef aldrei heyrt annað eins.

Hvar heldur framkvæmdarvaldið að það sé statt? Það sendir orðsendingar til Alþingis, fjárveitingavaldsins, löggjafarvaldsins: Við viljum fá litlar 300 millj. hérna aukalega til að sinna þessu gæluverkefni okkar, en ykkur kemur ekki við hvernig við ætlum að nota þær. Það er okkar einkamál hérna.

Hafa þessir menn fengið veiðileyfi á ríkissjóð? Mega þeir fara með skóflur í ríkisfjárhirslurnar og moka út peningum til þeirra sem þeim sýnist án þess að standa nokkrum reikningsskap gerða sinna í þeim efnum?

Þetta er að því leyti algjörlega biluð röksemdafærsla, herra forseti, að í fyrsta lagi taka upplýsingalög ekki til Alþingis. Það er skýrt. Í öðru lagi er réttur alþingismanna og Alþingis til upplýsinga, ég tala nú ekki um um svona opinber mál, ríkari en almennra borgara. Annars væri engin ástæða til þessarar aðgreiningar. Hann er ríkari og það sést á því að Alþingi heyrir ekki undir upplýsingalög og hann er ríkari vegna þess að hann er í stjórnarskránni. Og hann er í mörgum öðrum lagaákvæðum, þar á meðal um fjárreiður ríkisins og um eftirlit með fjármunum ríkisins. Hann er í þingsköpunum og víðar.

Hér er á ferðinni ráðstöfun opinberra fjármuna og spurning um eftirlit með því hvernig þeim er eytt.

Það er alls konar áskilnaður hér helgaður af hefðum og venjum, t.d. um að þeir, m.a. einkaaðilar, sem fá opinberan fjárstuðning skuli gera grein fyrir honum. Ég nefni þá sem hljóta fjárveitingar af safnliðum sem annaðhvort Alþingi eða ráðuneyti skipta. Getur það ekki varðað viðskiptahagsmuni eða einkamál hvernig fjármunum þessara aðila er háttað? Jú, en þeir gangast undir það, um leið og þeir þiggja hina opinberu fjármuni, að veita upplýsingar um hvernig þeim var ráðstafað.

Auðvitað vita fyrirtæki að þeim er greitt með opinberum peningum ef þau taka að sér opinber verk og þar með er það ekki lengur viðskiptaleyndarmál. Hvar í ósköpunum enda menn ef þeir halda áfram á þessari braut? Menn enda þannig að ekki má greina frá neinu um ráðstöfun vegafjár eða framkvæmda á vegum ríkisins af því að það gæti varðað viðskiptahagsmuni og heila eftirlitskerfið með því hvernig útgjöldum ríkisins er varið hrynur. Og hafa nýleg og sorgleg dæmi sem ættu m.a. að vera vel kunn forseta þingsins, sem er sjálfstæðismaður, sýnt okkur að ekki er alltaf vanþörf á að halda uppi virku eftirliti með hlutunum.

Í fjórða lagi, herra forseti, eru þetta opinber mál sem ekki eiga að varða trúnað, þannig að þá þegar er málið afgreitt. En það kostulegasta er eftir. Væri eitthvert hald í röksemdunum um að þarna sé um viðkvæmar upplýsingar að ræða er ekkert vandamál að bregðast við því og í gildi eru staðfestar starfsreglur um það hvernig þingnefndir Alþingis fara þá með málin. Veit virðulegur forseti þingsins ekki af því að 1994 voru mótaðar reglur um trúnaðarupplýsingar sem nefndum þingsins berast iðulega og hvernig með þær skuli farið, t.d. hverjir aðrir en þingmenn eigi þá að hafa aðgang að þeim upplýsingum og hvernig þær skuli geymdar í vörslu þingsins?

Ég ætla að nefna nokkur dæmi um viðkvæmar trúnaðarupplýsingar sem mismunandi þingnefndir hafa fengið í sínar hendur á undanförnum árum og mér hefur aldrei verið sýnt fram á eitt einasta dæmi um að slíkur trúnaður hafi ekki verið virtur. Ég man aldrei eftir því að ásakanir hafi komið upp um slíkt:

Í fyrsta lagi vil ég nefna þegar iðnn. þingsins fékk sem trúnaðarupplýsingar, einhverjar heitustu upplýsingar sem þá voru til í þjóðfélaginu á sínum tíma, raforkuverðið til stóriðju í nýjum samningum. Það var mjög heitt og umdeilt mál sem rætt var hér á þingi dögum oftar. Iðnn. þingsins meðtók sem trúnaðarupplýsingar raforkuverðstölurnar sjálfar. Þær voru ekki að öðru leyti afhentar og aldrei gerðar opinberar. Í öllum hinum heitu pólitísku umræðum sem urðu um stóriðjumálin héldu allir trúnað um það hvert nákvæmlega raforkuverðið var.

Í öðru lagi fékk félmn. frá lögreglustjóra og fleiri yfirmönnum löggæslu í landinu mjög viðkvæmar og vandmeðfarnar upplýsingar úr undirheimum Reykjavíkurborgar, þegar til umræðu voru vændi og fleiri undirheimamál. Að sjálfsögðu var ekki við hæfi og á engan hátt leyfilegt að greina frá þeim hér úr ræðustóli og það gerði enginn maður. Það nægði að taka fram, minna þingmenn á og vekja athygli á því að auðvitað væri hér um mjög viðkvæmar upplýsingar

að ræða sem rétt væri að meðhöndla sem slíkar og það gerðu að sjálfsögðu allir.

Í þriðja lagi hefur efh.- og viðskn. ítrekað, á þeim tæpu tíu árum sem ég sat í þeirri nefnd, fengið viðkvæm viðskiptaleg mál í sínar hendur. Ég nefni t.d. þegar þar var afgreidd aðstoð við Landsbanka Íslands og nefndarmenn fóru rækilega ofan í saumana á því hvernig fyrirtækið stæði og fengu margvíslegar viðkvæmar trúnaðarupplýsingar um stöðu þess fyrirtækis, áhættusöm útlán, hvað gæti tapast á næstu mánuðum o.s.frv. Að sjálfsögðu var farið með þetta sem trúnaðarmál. Engum datt annað í hug.

Það er einhver mesta steypa sem ég hef lengi heyrt — menn skilja kannski betur það orðalag nú til dags — þegar forseti tekur svo gömlu trúnaðarákvæðin úr utanrmn. og ætlar að nota þau sem öfugsönnun fyrir því að Alþingi að öðru leyti, þingmönnum eða þingnefndum, sé ekki trúandi fyrir viðkvæmum upplýsingum. Heyr á endemi! Það kemur úr hörðustu átt að ætla að gengisfella svo þingmenn og þingnefndir að þeim sé ekki treystandi fyrir viðkvæmum upplýsingum ef svo er ástatt og rökstutt er að þær skuli fara leynt, sem ég kaupi að vísu ekki í þessu tilviki því um er að ræða ráðstöfun opinberra fjármuna.

Hvað hefst nú upp úr öllu þessu brölti, herra forseti, þessari fáheyrðu og ómarktæku synjun forsrn. sem ætti að skammast sín að láta fara frá sér erindi með þessum hætti, í staðinn fyrir að bréfa það þá formlega þannig að það sé á ábyrgð ráðherrans eins og allt á að vera sem gert er í ráðuneyti í alvöru, en ekki svona tölvupóstsendingar í nafni einstakra starfsmanna. Það er auðvitað tilefni til að taka fyrir sérstaklega, hvernig menn kunna hlutina á þeim bæ úr því svo er.

Hvað sem hefst upp úr þessu, herra forseti, fyrir utan það hvernig virðulegur forseti okkar hefur misstigið sig hér í dag svo herfilega að leitun mun að öðru eins, þá vaknar a.m.k. mikil tortryggni um það hvernig þessum fjármunum er varið. Hvað þolir ekki dagsins ljós? Hefur verið rætt við þá sem þarna fengu greitt og þeir t.d. spurðir, til að leysa þá málið á einfaldan hátt? Hefur nokkur þeirra nokkuð á móti því að þessar upplýsingar séu birtar? Ef ekki þá mætti fara í að skoða hvort þær ættu að koma sem trúnaðarmál til fjárln.

Það sem hefst upp úr þessu, herra forseti, er hið gagnstæða við það sem mönnum gengur til með opinni stjórnsýslu, þ.e. að skapa traust, skapa traust á stjórnsýslunni og meðferð opinberra fjármuna. Þetta grefur undan slíku og vekur eðlilega grunsemdir um að eitthvað sé að fela. Ætlar virðulegur forseti þingsins að vera í því liði?

[17:34]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og þingheimur varð var við fór Steingrímur J. Sigfússon, hv. 3. þm. Norðurl. e., mikinn en vék hvergi beinlínis að þeim orðum sem ég talaði hér úr forsetastóli, þannig að þetta fór hjá eins og vindþytur, goluþytur.

[17:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Já, ég heyri það, herra forseti, og það hefur komið fram í fyrri andsvörum að hæstv. forseti hefur horfið frá að ræða þetta mál efnislega. Hann kemur hér og endurtekur sömu tugguna aftur og aftur, að það liggi ekki ljóst fyrir hvað menn séu óánægðir með í málflutningi hans og framgöngu. Það hefur legið algjörlega ljóst fyrir, öllum nema hv. 1. þm. Norðurl. e. sem af einhverjum undarlegum ástæðum er hættur að skilja íslenskt mál. Ég held að hver einasti ræðumaður sem um þetta hefur síðan fjallað, aðrir en hæstv. forseti sjálfur og e.t.v. einn stjórnarþingmaður, hafi lýst óánægju sinni með framgöngu forseta þegar hann hljóp til varnar framkvæmdarvaldinu og þóttist færa hér rök fyrir því að orðsending embættismannsins væri rétt og hún ætti að standa, að þinginu kæmi ekki við hvernig verja ætti þessum fjármunum. Hvernig í ósköpunum eigum við að tyggja þetta ofan í hæstv. forseta svo hann skilji það?

Við mótmælum harðlega þeirri afstöðu sem forseti tók. Við erum gáttuð á því að forseti þingsins, af öllum mönnum, skuli skjóta upp kollinum í vitlausu liði í stað þess að standa með þingmönnum og þinginu í baráttunni fyrir því að verja þennan helga rétt til upplýsinga sem næst á eftir málfrelsinu er þinginu kannski hvað mikilvægastur. Það er nú bara þannig. Nei, þá er hæstv. forseti allt í einu genginn í raðir hins liðsins og færir hér fram algjörlega óbrúklega röksemdafærslu fyrir því að svona eigi þetta að vera, að framkvæmdarvaldið sendi Alþingi orðsendingar um að það vanti 300 millj. hér eða 500 þar, en Alþingi komi að vísu ekki við hvernig eigi að verja peningunum, það sé einkamál. Einkamál hverra? Þessa embættismanns þá og þeirra sem þiggja síðan fjármunina? Er það hin tæra stjórnsýsla? Hver kaus þennan embættismann til að fara með opinbera fjármuni? Það er Alþingi sem hefur völdin í þessum efnum eða ætti að hafa þau.

[17:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa ágætu skýrslu umboðsmanns Alþingis sem mér barst í hendur fyrir helgi og hef varið helginni til að kynna mér nokkuð. Ég verð að segja að ánægja mín með tilvist þessa embættis er mikil eftir að hafa grúft mig nokkuð yfir þessa skýrslu. Ég sé að hér er akkúrat tekið á þeim málum sem þarf að taka á og á annað borð er vísað til embættisins. Tekið er á þeim með slíkum ágætum, svo faglega, að vart er hægt að hugsa sér annað en fara eftir þeim úrskurði sem liggur fyrir í þessum málum. Mér finnst til fyrirmyndar hvernig að þessu er unnið.

Embætti umboðsmanns er óháð embætti í skjóli Alþingis og á að vera óháð framkvæmdarvaldinu. Eftir þeim upplýsingum sem koma hér fram í dag, um að framkvæmdarvaldið virðist allt í einu hafa tekið hæstv. forseta Alþingis og stungið honum í vasann dettur mér í hug hvort það sé kannski hægt fyrir hv. alþingismenn og hv. Alþingi að skjóta þessu máli til umboðsmanns Alþingis, um hvernig eigi að fara með uppýsingaskyldu til þingmanna.

Ég verð að segja að málum okkar er illa komið þegar hæstv. forseti Alþingis snýst, eins og hann hefur gert hér í dag, gegn Alþingi og lögvörðum og stjórnarskrárvörðum rétti alþingismanna til að fá upplýsingar og leggst á sveif með framkvæmdarvaldinu. Ég sé eiginlega ekki annað fært en að skjóta þessu máli til umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður Alþingis á að tryggja réttaröryggi borgaranna og bæta stjórnsýslu í landinu. Ábendingar hans í þessari ágætu skýrslu eru afskaplega góðar og réttmætar og til þess fallnar að tryggja hvort tveggja, þ.e. ef viðkomandi stjórnvöld fara eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis.

En það hefur borið á því að ákveðnir aðilar, og dettur mér þá fyrst í hug einn hv. alþingismaður sem viðhafði ekki fögur ummæli um úrskurði þessa embættis þegar þeir koma eitthvað við kaunin á honum, hafa ekki viljað fara að

þessum úrskurðum. Ég verð að segja að þá eru nú góð ráð dýr ef stjórnvöld neita að bæta ráð sitt þegar þau fá eins vel undirbúnar ábendingar og um er að ræða í skýrslum umboðsmanns Alþingis.

Það eru tvenns konar mál, eins og við vitum, sem umboðsmaður tekur aðallega fyrir, þ.e. annars vegar kvartanir borgara sem telja sig hafa verið órétti beittir og hins vegar frumkvæðismál svokölluð, sem embætti umboðsmanns tekur upp hjá sjálfu sér að fara í faglega. Við höfum hér í dag fengið ágæta skýrslu um réttarstöðu afplánunarfanga og meðferð mála hjá fangelsisyfirvöldum sem eru einmitt dæmi um slíkt frumkvæðismál. Ég hef sömuleiðis gluggað nokkuð í þá skýrslu og tel að þar séu margar réttmætar ábendingar og vil líka þakka það.

Á þessum fundi hefur komið fram að hæstv. forseti Alþingis kannast ekki við að hafa sagt það sem hann sagði hér úr forsetastóli í dag. Hann kvað þá upp mjög afdrifaríka úrskurði um upplýsingaskyldu stjórnvalda til alþingismanna. Ég verð að segja að mér kemur þetta mjög spánskt fyrir sjónir. Mér dettur í hug að í þessu tilfelli að hafi einhver talað í gegnum hæstv. forseta. Maður hefur stundum heyrt talað um að á andafundum falli miðlar í trans og segja ýmislegt sem þeir vilja svo ekki kannast við eftir á að hafa sagt eða hafa sagt óafvitandi. Mér dettur í hug að við höfum kannski orðið vitni hér að slíkum atburði í dag, að einhver andi — ég vil ekki segja illur andi en það gæti alveg eins verið — hafi í þessu tilfelli talað í gegnum hæstv. forseta Alþingis og hann kannist síðan ekki kannist við orð sín sem hann viðhafði undir þessum kringumstæðum. Það væri (Gripið fram í.) mikilvægt ef úr þessu fengist skorið.

[17:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér skýrslu umboðsmanns Alþingis. Umræðan hefur að þessu sinni verið býsna óhefðbundin og farið um víðan völl og ekkert nema gott um það að segja.

Fyrst þráðbeint um þá skýrslu sem hér liggur á borðum þingmanna og hefur legið um nokkurt skeið. Hún undirstrikar enn og aftur þau vönduðu vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið á skrifstofu umboðsmanns Alþingis allt frá byrjun, ekki eingöngu hjá núverandi umboðsmanni, Tryggva Gunnarssyni og hans fólki, heldur og ekki síður hjá forvera hans, Gauki Jörundssyni og hans samstarfsfólki. Þessi undirstofnun Alþingis hefur með öðrum orðum áskapað sér þá virðingu sem þessu mikilvæga embætti er nauðsyn.

Það er sérstök ástæða til þess að undirstrika það að úrskurðir umboðsmanns allt frá byrjun hafa verið mjög málefnalegir og svo ítarlegir að þeir hafa talað fyrir sig sjálfir, enda er það brýnt í þessum efnum að til þess þurfi ekki að koma að aðilar á borð við umboðsmann Alþingis, raunar ekki heldur Ríkisendurskoðun, þurfi í almennri þjóðfélagsumræðu að standa í orðaskaki eða ágreiningi á opinberum vettvangi við þá sem hugsanlega hafa önnur viðhorf eða önnur viðmið til málsins. Ég tel því að þegar opinberir aðilar hafa borið sig illa undan niðurstöðu umboðsmanns Alþingis þá hafi þeir yfirleitt farið illa út úr slíkri baráttu. Úrskurðir umboðsmanns hafa einfaldlega, eins og ég sagði áðan, verið það vel rökstuddir og vel fram settir að þeir hafa talað fyrir sig sjálfir og fremur undirstrikað réttmæti þeirra ábendinga eða niðurstöðu sem umboðsmaður hefur hverju sinni komist að.

Herra forseti. Um þessi mál almennt og þá umræðu sem hér hefur eðlilega skapast í kjölfar uppákomu sem varð í upphaf þingfundar vil ég segja að almennt er ekkert um það að segja að ákveðin togstreita sé ríkjandi milli löggjafarvaldsins annars vegar, þ.e. Alþingis sem hefur samkvæmt stjórnarskrá það hlutverk með höndum einnig að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, og svo aftur framkvæmdarvaldsins. Þarna á eðli málsins samkvæmt að vera ákveðin togstreita. Svo hefur verið og skiptir litlu ... Herra forseti. Ég vænti þess að ég hafi athygli hér að fullu og öllu. Það væri kannski hægt að loka dyrum að hliðarsal.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill beina þeim tilmælum til þingmanna að hafa hljóð í salnum.)

Ég var að enda við að segja, herra forseti, að það væri kannski ekki óeðlilegt að þessi togstreita væri til staðar milli þings og framkvæmdarvalds. Þannig hefur það verið. Mér er það í minni að á árum áður þegar sumir í þessum þingsal gegndu öðrum embættum og voru öðrum megin hryggjar en nú er, fóru þeir mikinn í þessum sama ræðustól gegn þáverandi valdhöfum, gegn þáverandi ríkisstjórn, gegn þáverandi forsetum og höfðu gjarnan allt á hornunum sér. Þeir gagnrýndu þá með réttu eða röngu mjög harkalega þáverandi ríkisstjórn og þáverandi þingmeirihluta. Allt breytist þetta því með ýmsum hætti.

Hins vegar hygg ég að við verðum að komast að niðurstöðu um tvö lykilatriði efnislega áður en menn ná landi í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað. Hafa menn í fyrsta lagi einhverjar efasemdir um að þingmenn hafi eftirlitsskyldu með framkvæmdarvaldinu? Velkist nokkur í vafa um það hlutverk þingmanna? Mér hefur á stundum fundist að þegar það hefur þótt henta hjá einstökum hæstv. ráðherrum þá telji þeir það einhvers konar smásmygli og tittlingaskít þegar þingmenn hafa verið að elta þá uppi með ákveðnar fyrirspurnir og leitað eftir staðreyndum. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort það geti verið að menn standi ekki alveg klárir á þessum þætti stjórnarskrárinnar og þessu hlutverki þingsins.

Í annan stað. Er einhver ágreiningur um það almennt í þessum sal, herra forseti, hvort upplýsingalög taki yfir störf þingmanna, þ.e. um rétt þeirra og skyldu til þess að afla upplýsinga? Heldur einhver því fram? Ég kalla sérstaklega eftir því hjá hv. þingheimi hvort einhver haldi því fram að upplýsingalög nái yfir þetta svið. Það þarf auðvitað ekki að segja þetta hér, herra forseti, því allir vita að sértæk lög gilda um þingmenn, rétt þeirra og skyldur. Þau nefnast þingsköp. Í þessum lögum er kveðið sérstaklega á um þessa þætti máls. Að því er ekki vikið einu aukateknu orði, eðli málsins samkvæmt, í upplýsingalögum almennum að þau taki til þingmanna.

Það er alveg nauðsynlegt að menn komist til botns í þessu atriði því það hefur færst í vöxt hér ár frá ári, hin síðari ár, að ráðherrar og embættismenn raunar, hafi haldið því fram í svörum sínum sem oftar en ekki hafa verið ekki-svör, að upplýsingalög gildi þegar kemur að samskiptum framkvæmdarvalds og þingsins. Engin rök standa til þess og ég kalla alveg sérstaklega eftir því, herra forseti, ef einhver þingmaður veður þá villu og svíma að trúa því og treysta.

Herra forseti. Í þessu samhengi er líka ástæða til þess að fara nokkrum orðum um, við skulum segja, umfang og umgjörð þessarar umræðu. Ég held að að gefnu tilefni væri ekki fjarri lagi þegar þetta mál er rætt, þ.e. skýrsla umboðsmanns Alþingis, að ráðherrar sem hlut eiga að máli og eru

áminntir í mörgum tilfellum um að gera betur, mæti til leiks í viðkomandi þingnefnd, í allshn. og svari fyrir þau viðbrögð sem þeim er gert að framkvæma, að ekki verði látið nægja að umboðsmaður sjálfur komi þar til skrafs og ráðagerða heldur verði ráðherrarnir kallaðir þar fyrir og eftir því leitað hvað þeir hafi gert, eftir að þessi niðurstaða liggur fyrir frá síðasta ári, til að bæta úr skák. Jafnvel gætu þeir komið hingað og verið viðstaddir almenna umræðu um þessi mál og montað sig þá af því, ef ástæða er til, hvernig þeir hafi brugðist við þessum réttmætu ábendingum og gert betur. Þó er kannski allt of langt seilst, herra forseti, að reikna með því að hæstv. ráðherrar megi vera að slíku, þ.e. að koma hingað til almennrar umræðu um þessi efni á hinu háa Alþingi. Það er tæpast að maður geti farið fram á slíkt. En full ástæða er til. Og full ástæða er til, í ljósi umræðunnar sem hér hefur átt sér stað almennt um samskipti þjóðþings og framkvæmdarvalds, að þeir láti sig þessi mál varða því að upphaf þessara vandræða sem við erum að fara yfir liggja hjá framkvæmdarvaldinu, þ.e. síaukin tregða þess til þess að koma réttum, skilmerkilegum og ítarlegum upplýsingum á framfæri, oftast vegna einfaldra spurninga þingmanna.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að rifja upp hvernig þessi, að minni hyggju, öfugþróun byrjaði. Hún byrjaði fyrir alvöru 1997 þegar hér var dreift, ég veit ekki hvað skal kalla það, áliti eða skýrslu, a.m.k. var því dreift sem fylgiskjali Stefáns Más Stefánssonar prófessors um rétt þingmanna til þess að fá upplýsingar hjá framkvæmdarvaldinu. Það var mjög umdeild niðurstaða og engan veginn í lög fest eða hafði neitt ígildi laga þó að dreift hafi verið í þessum sal. Í kjölfarið færðist í vöxt, og hv. 1. þm. Norðurl. e. er þessu einkar vel kunnur sem fyrrum samgrh., að framkvæmdarvaldið brá fyrir sig hulu þegar kom að málefnum hlutafélaga í eigu ríkissjóðs, jafnvel hlutafélaga sem ríkissjóður átti í einu og öllu, eins og hlutafélög sem mynduð voru um Póst og síma, Símann annars vegar og Póstinn hins vegar. Þegar spurt var um málefni þessara fyrirtækja var því gjarnan svarað að þau væru á samkeppnismarkaði og það hentaði ekki og mætti ekki, til þess að skaða ekki hagsmuni þessara fyrirtækja í hörðum samkeppnsirekstri, koma hér inn með upplýsingar um málefni þeirra. Jafnvel þó að þessi sömu fyrirtæki veltu milljarðatugum og skiluðu milljörðum á eftir milljörðum inn í ríkissjóð sem arðgreiðslu þá var því svarað til að um þessi ríkisfyrirtæki sem voru áður undirstofnanir einstakra ráðuneyta, giltu allt í einu sértæk lögmál.

Ég hef í tví- eða þrígang flutt um þetta frv. þar sem ég vil að kveðið verði upp úr með það fyrir fullt og fast, bæði í lögum um hlutafélög og einnig þingsköpum, að farið verði með málefni þessara fyrirtækja sem opinber væru þegar og ef þau væru að 50% eða meira í eigu ríkissjóðs. Það mál hefur ekki verið til lykta leitt.

Herra forseti. Aðeins að lyktum um nýleg mál af þessum toga sem hér hefur kannski mestan tíma fengið í þessari umræðu og vegna orða einstakra þingmanna um þau. Fyrst vil ég segja að þó að almennt sé mjög góð og breið samstaða í forsætisnefnd þingsins þá er því ekki þannig farið að allir úrskurðir forseta hljóti meirihlutaafgreiðslu á fundum forsætisnefndar. Forseti hefur samkvæmt þingsköpum sjálfdæmi um ýmsa hluti og nýtir það að minni hyggju eðlilega. Ég vil taka það skýrt fram að ég þarf ekki endilega, þó 1. varaforseti sé, að vera nákvæmlega sammála honum um alla úrskurði. Ég ætla hins vegar ekki að gera úrskurði hans að neinu umtalsefni hér heldur vil ég á lokamínútum ræðu minnar fara aðeins efnislega ofan í það sem hér er á seyði.

Þessi tvö nýlegu dæmi sem ég vil staldra við eru þau sem hér hefur hvað mest verið drepið á. Í fyrsta lagi er um að ræða einfalda fyrirspurn um hvernig landbrh. hafi á síðari árum nýtt heimild sína sem hann fékk hjá hinu háa Alþingi til sölu á ríkisjörðum. Svarið var: „Ykkur kemur það ekki við.“ Það hefur síðan komið í ljós, eins og hér hefur margsinnis komið fram, að sviplíkar upplýsingar var að finna í ríkisreikningi. Það veit auðvitað hver einasti maður og ég trúi ekki öðru en hver einasti maður hér inni, á hinu háa Alþingi, finni það ekki á sínum beinum að auðvitað muni hæstv. landbrh. þurfa að svara þessum fyrirspurnum. Það gefur augaleið að landbrh. getur ekki fremur en nokkur annar ráðherra haft um það sjálfdæmi og sveipað um það leyndarhulu á hvaða verði og á hvaða kjörum og hvenær o.s.frv. hann selur jarðir og eignir ríkisins upp á milljónir, tugi millj. eða upp á hundruð millj. á tilteknu tímabili. Þetta er svo fjarri lagi að engu tali tekur.

Í annan stað er einfaldlega spurt hvernig þau kaup eigi að gerast á eyrinni þegar hér er beðið um verulegar fjárhæðir til að eiga viðskipti við sérhæfða aðila um ráðgjöf við einkavæðingu. Þá er svarið það sama: „Ykkur kemur það ekki við.“ Þetta tekur engu tali, herra forseti. Það sér hver einasti maður þegar hann skoðar það grannt að það er ekki fjarri lagi velta upp þeim hliðstæðum sem hér hefur verið drepið á, þ.e. hvað verði næst.

Hvað verður eiginlega næst? Verður hv. þingmönnum sagt, ef þeir spyrja til að mynda um nýbyggingar við hliðina á þinghúsinu þar sem verktakar eru að störfum samkvæmt niðurstöðu útboðs, að þeim komi ekkert við hvaða fyrirtæki það er því það geti varðað viðskiptahagsmuni? Það sér hver einasti maður að þetta heldur engum rökum. Eða eins og hér hefur verið nefnt að þegar útboð fara fram um brúarsmíði þá verði það leyndarmál hverjar niðurstöður útboðs verði, það verði síðan leyndarmál hvort niðurstöðutölur útboðsins hafi staðist eða hvort verkið hafi farið svo og svo mikið fram úr áætlun eða standi svo og svo mikið innan áætlunar eftir efnum. Við erum hér á undarlegu ferðalagi ef þessu heldur fram sem horfir.

Ég trúi því, eins og ég hef sagt áður úr þessum ræðustól ekki fyrir margt löngu, að skynsemin muni leiða þetta mál til lykta eins og öll önnur góð mál og hæstv. viðkomandi ráðherrar sjái að sér fyrr en síðar og komi þessum sjálfsögðu upplýsingum á borð okkar þingmanna, a.m.k. áður en jólaleyfi þingmanna hefst.

[17:59]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Ég vil þó benda á umræðu sem varð vegna þess að hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir gerði grein fyrir svari sínu sem hún hafði flutt vikunni fyrr við fyrirspurn hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, þ.e. hún gerði frekari grein fyrir svari sínu og þeirri umræðu sem varð vegna svara sem hún gaf. Þá kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að það væri eiginlega óþolandi að ráðherrar væru að lesa upp stílana sína og leita eftir upplýsingum úti í bæ um málefni sem spurt væri um. Ég vil bara benda hv. þm. á þessi ummæli sín.

[17:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessi viðbrögð hv. þm. og stuðning hennar við þau meginsjónarmið sem ég lýsti áðan. Hún rifjaði upp annað tilvik, og ég þakka henni sérstaklega fyrir það, sem lýtur að sama meginmáli og við ræðum hér, nefnilega því að allt og oft er það svo að ráðherrar skila inn „svörum" sem eru í raun ekki svör við þeim spurningum sem fyrir liggja. Stundum er svarað með útúrsnúningum og stundum er svarið efnislega mjög rýrt.

Það tilvik sem hv. þm. rifjar upp, og ég ætla ekki að fara djúpt ofan í enn á ný, varðaði það að samkvæmt upplýsingum sem ég hafði stóðust svör ráðherra ekki fullkomlega. Ráðherra var hins vegar maður að meiri, kom hér eftir viku og gerði bragarbót á og ég vil rifja það upp að ég þakkaði henni sérstaklega fyrir það að vilja halda hinu rétta til haga og á réttum vettvangi, þ.e. á hinu háa Alþingi.

Ég gagnrýndi þá, og get gert það aftur þannig að ég noti ferðina, og vil einfaldlega minna á að svar ráðherra er hér hverju sinni ætíð og alltaf á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Það getur aldrei orðið öðruvísi. Það er ráðherrann sem ber ábyrgðina en ekki Pétur eða Páll í viðkomandi ráðuneyti, hvort sem þeir eru skrifstofustjórar, ráðuneytisstjórar eða hjá undirstofnunum viðkomandi ráðuneytis. Þess vegna gerði ég það hér að umtalsefni að mér þætti færast í vöxt, og það hefur gert það, að ráðherrar koma hér og lesa upp af blaði, nánast með beinni tilvísun í eitthvert sjúkrahús, í einhvern embættismann, og láta í veðri vaka að þessi svör séu alfarið á ábyrgð þeirra. Þannig gerast einfaldlega ekki kaupin á eyrinni. Í þessum ræðustól eru ráðherrar ábyrgir gerða sinna eins og raunar við allir hinir.

[18:02]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnsýslan er viðamikil og margt sem framkvæmdarvaldið fæst við hverju sinni. Eðlilega á Alþingi rétt á því að fylgjast með hvernig fjárveitingum Alþingis er varið og hvernig lögum sem Alþingi setur er framfylgt. Það er vissulega rétt.

Í því tilviki sem nefnt var áður, þ.e. fyrirspurn hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar til hæstv. dómsmrh. Sólveigar Pétursdóttur, var um að ræða ákveðna skilgreiningu á orðalagi og flokkun upplýsinga í fjarskiptamiðstöð lögreglunnar. Segja má að það hafi e.t.v. fremur verið tilefnið til orðaskipta hv. þm. við hæstv. dómsmrh. út af svörum sem hún gaf.

Þar sem stjórnsýslan er umfangsmikil verður ráðherra að leita upplýsinga, fá þær og treysta þeim í flestum tilvikum. Það er þannig. Ef ástæða er til að bera brigður á þær hlýtur að fara fram efnisleg umræða um það á þeim vettvangi sem við á.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta en bendi enn og aftur á að umfangið er mikið. Það er mikilvægt að reglur séu skýrar og gagnsæjar og vilji sé til að fara að reglum.

[18:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn ágreiningur um að fjölmörg ráðuneyti eru mjög viðamikil, og í mörg horn að líta fyrir ráðherra. Ég sat í því ráðuneytinu sem þá var umfangsmest, og er raunar enn í dag, heilbrrn. Ég svaraði hér fjölmörgum spurningum þingmanna á sinni tíð. Það lá auðvitað í augum uppi að það var á ábyrgð ráðherrans að gaumgæfa þau svör sem hann fær hverju sinni og ganga þá eftir nánari upplýsingum ef hann er ekki ánægður með svörin sem undirmenn hans bera á borð fyrir hann. Það er auðvitað skylda ráðherrans hverju sinni.

Mér hefur fundist vanta talsvert upp á að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar geri það. Það getur hins vegar enginn ætlast til þess að ráðherrar hverju sinni séu alvitrir og að ekkert fari fram hjá þeirra vökulu augum. Auðvitað eru hv. þm. hverju sinni opnir fyrir því og viðurkenna þá staðreynd að ráðherrum getur skjöplast eins og hverjum öðrum. Þá er einnig hægt að plata eins og frægt er. Hæstv. páv. forsrh. sagði opinskátt frá því er hann var plataður í stóru máli fyrir einhverjum áratugum og varð maður að meiri. Þannig er það.

Kjarni málsins er eftir sem áður sá að hin formlega ábyrgð er ráðherrans og getur aldrei orðið neinna annarra. Ráðherrann verður auðvitað að upplifa þessa ábyrgð sjálfur og á því ekki að byrja ræður sínar eða svör í þessum ræðustól með því að vísa ábyrgðinni frá sér. Það er það sem ég er að gagnrýna.

[18:05]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 440.

[18:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við þessa umræðu hefur komið fram almenn ánægja með störf umboðsmanns Alþingis. Ég vakti athygli á því í upphafi umræðunnar hvort rétt væri að einskorða umboðsmannsheitið við þetta tiltekna embætti. Komið hafa fram hugmyndir um að stofna til embættis umboðsmanns fatlaðra, umboðsmanns aldraðra og fleiri hópar hafa einnig verið nefndir. Eins og við þekkjum hefur verið stofnað sérstakt embætti umboðsmanns barna.

Hv. alþm. hafa margir tekið undir þessi sjónarmið, að eðlilegt sé að einskorða þetta heiti við embætti umboðsmanns Alþingis. Mér finnst koma vel til álita að tekið verði til endurskoðunar heitið á embætti umboðsmanns barna. Þetta skapar líka ákveðinn rugling. Menn telja að embætti umboðsmanns barna hafi öðrum skyldum að gegna fyrir vikið.

Hvers vegna er almenn ánægja með störf umboðsmanns Alþingis? Jú, þar er unnið fagmannlega að málum til að tryggja að borgarinn eigi greiðari leið til að leita réttar síns gagnvart stjórnsýslunni. Í annan stað telja menn mikilvægt að stjórnsýslan fái aukið aðhald, eins og hún óneitanlega hefur fengið, eftir tilkomu þessa embættis. Ég held að enginn velkist í vafa um að þjóðfélagið hefur orðið opnara og stjórnsýslan fagmannlegri fyrir vikið. Þetta er nokkuð sem menn koma auga á og taka undir.

Inn í þessa umræðu hefur síðan fléttast gagnrýni á forsrn. sem hefur, því miður við undirtektir hæstv. forseta Alþingis, neitað Alþingi um upplýsingar um ráðstöfun fjármuna almennings. Hvaða peningaupphæðir erum við hér að tala um og hvernig er þessum fjármunum varið? Við erum að tala um 300 millj. kr. sem verja á til sérstaks gæluverkefnis ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, til einkavæðingarinnar. Þetta er einn umdeildasti þátturinn í stefnu þessarar ríkisstjórnar og hefur oft verið hart tekist á um einkavæðinguna á Alþingi.

Þegar fjárln. þingsins, sú nefnd sem fyrir hönd Alþingis undirbýr fjárlögin, leitar upplýsinga um hvernig þessum peningum er varið kemur svar frá embættismanni í forsrn. þess efnis að hér sé um að ræða viðkvæma viðskiptahagsmuni

sem ráðuneytið sjái ekki ástæðu til að upplýsa Alþingi um. Svo bera menn fyrir sig upplýsingalög sem reyndar er rangt að gera vegna þess að upplýsingalögin taka ekki til Alþingis. Alþingismenn hafa stjórnarskrárvarinn rétt til að leita eftir upplýsingum og til að fá svör.

Í annan stað byggir stjórnkerfi okkar á því að Alþingi og fjárveitingavaldið hafi tök á því að sinna eftirliti með framkvæmdarvaldinu og sýna því aðhald.

Burt séð frá lögunum og stjórnarskránni þá hlýtur það einnig að vera pólitísk krafa að um þetta sé upplýst, að sjálfsögðu. Ég sagði áðan í ræðustól að ríkisstjórnin hefði ekki leitað sérstaklega til óvina sinna um að véla um einkavæðinguna. Hún hefur leitað til þeirra sem hún ber mest traust til, til sérstakra vina sinna, jafnvel einkavina. Í því sambandi hefur oft verið talað um einkavinavæðingu. Nú spyrja menn: Þegar ríkisstjórnin neitar að upplýsa Alþingi um hvernig 300 millj. kr. af skattfé er varið, hvað er það sem menn hafa að fela? Taka fulltrúar beggja stjórnarflokkanna undir þetta? Hvert er álit framsóknarmanna á þeirri ákvörðun hæstv. forsrh. að meina Alþingi aðgang að þessum upplýsingum? Hvað segir formaður fjárln.? Ætlar hann að taka undir þetta? Ætlar hann að taka þátt í þessum feluleik?

Eitt vil ég fullyrða: Þessu máli er ekki lokið. Ég vil minna hæstv. forseta Alþingis á ábyrgð hans í þessu efni. Hann leyfði sér að koma upp áðan og flokka gagnrýni þeirra þingmanna sem hafa tekið þetta mál upp hér undir stóriðju og stóryrðaflaum. Sjálfur hefur hann ekki treyst sér í þessa umræðu til að færa rök fyrir máli sínu og svara því hvers vegna hann hefur lagst á sveif með forsrn. með að halda þessum upplýsingum leyndum fyrir Alþingi til að koma í veg fyrir að eðlilegum spurningum verði svarað.

Ég vil minna hæstv. forseta Alþingis á ábyrgð hans í þessu máli og ég harmaði það fyrr í dag að hann skyldi ekki hafa tekið upp hanskann fyrir Alþingi í þessari viðureign við framkvæmdarvaldið.

[18:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram í dag hefur snúist um helgasta rétt þingmanna, þ.e. réttinn til upplýsinga. Það hefur verið eftirtektarvert, virðulegi forseti, að framsóknarmenn á hinu háa Alþingi hafa ekki treyst sér í þessa umræðu. Það hefur líka verið eftirtektarvert að forseti þingsins hefur að litlu leyti komið inn í þessa umræðu nema með undarlegum andsvörum sem erfitt hefur verið að átta sig á eða á hvaða vegferð hæstv. forseti hefur verið í þau skipti.

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kem hér upp og óska eftir að flytja aðra ræðu er fyrst og fremst sú mikla umræða sem fram hefur farið um upplýsingalögin og sú röksemdafærsla — virðulegi forseti, ég hefði viljað hafa hæstv. forseta Alþingis hér. Ég er að reyna að eiga við hann orðastað og mér þætti vænt um ef hann sæi sér fært að ...

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti sér að hæstv. forseti Alþingis er í húsinu og hann mun sennilega hlýða á mál þingmannsins úr hliðarsal.)

Er það víst?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti mun láta kanna það.)

Þakka þér fyrir, herra forseti. Hér hefur líka verið gerð að umræðuefni orðsending úr forsrn., ég reyndar kallaði það fax en rétt var að þetta kom með tölvupósti og hafa skal það sem sannara reynist. En í þeirri umræðu, þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvað gert var við 300 millj. af opinberu fé, hefur verið vitnað til ákvæða upplýsingalaga í leit að rökum gegn því að þessar upplýsingar verði veittar. Því vil ég, virðulegi forseti — og ég fagna því að hæstv. forseti er kominn í salinn — vitna í greinargerð með frv. til upplýsingalaga frá 120. löggjafarþingi. Ég held að hæstv. forseti eigi að hlýða á það af því að hæstv. forseti hefur sí og æ vitnað til upplýsingalaga. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér upp:

„Þannig taka lögin til þeirrar starfsemi sem heyrir undir framkvæmdarvaldið samkvæmt þrískiptingu ríkisvaldsins. Utan gildissviðs þeirra fellur hins vegar Alþingi og stofnanir þess," segir í athugasemdum um 1. gr. upplýsingalaganna. Utan gildissviðs upplýsingalaga, virðulegi forseti, fellur Alþingi og stofnanir þess.

Þess vegna hefur verið mjög sérstætt að hlýða á hæstv. forseta Alþingis vitna sífellt til þessara laga þegar hann er að reyna að mæla því í mót að þingmenn eigi rétt á tilteknum upplýsingum. Það má heldur ekki gleyma því og verður aldrei of oft minnt á það að þessi réttur er í stjórnarskránni og stjórnarskráin stendur ofar hinum almennu lögum. Hún er að verða mjög sérstæð þessi endalausa barátta við framkvæmdarvaldið og við forseta Alþingis, um að þingmenn njóti þessa helga réttar.

Það hefur komið fram í umræðunni og kom fram fyrr í dag að þetta er er helgasti réttur þingmanna ásamt málfrelsinu, þ.e. rétturinn til upplýsinga. Ég spyr hæstv. forseta, Halldór Blöndal, ég sé hann þarna í hliðarsalnum og beini þeirri fyrirspurn til hans og bið hann að hlýða á: Hvernig eiga þingmenn að sinna þessari eftirlitsskyldu ef þeir fá ekki þær upplýsingar sem um er beðið? Menn bera fyrir sig svona hundalógík, eins og hæstv. forseti gerði úr forsetastól í dag. Hvernig á að sinna þessu eftirliti, sem er grundvallarhugmyndafræði að baki stjórnarskránni? Hvernig eiga hv. þingmenn að sinna þessum verkefnum sínum? Hvernig í veröldinni eiga þeir að sinna þessum verkefnum sínum ef þeir fá ekki upplýsingar? (**GÁS:** Viltu fá svör við þessu?) Ég ætlaði að beina þessari fyrirspurn til hæstv. forseta Alþingis sem situr hér í hliðarsal, um hvernig í veröldinni menn eigi að sinna þessu verkefni sínu. Það kemur kannski, virðulegi forseti, rafpóstur um það frá forsrn. um hvernig alþingismenn eigi að sinna þessu verkefni sínu. Það skyldi þó ekki verða svo. Það skyldi þó ekki verða svo, virðulegi forseti, að við fengjum rafpóst um það hvernig við eigum að sinna þessum stjórnarskrárbundnu verkefnum okkar.

Virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð löng og ströng og sjálfsagt að lýsa því yfir að henni er ekki lokið hér. Vitaskuld lýkur henni ekki fyrr en framkvæmdarvaldið og forseti Alþingis viðurkenna þennan rétt. Þessi hundalógík sem haldið hefur verið fram í nokkur ár verður aldrei samþykkt. Þá kannski lýkur þessari umræðu. En það hefur hins vegar komið skýrt fram, þrátt fyrir að almennt hafi verið talið að Alþingi sé æðst stofnana ríkisvaldsins, að ýmsir hafa aðrar hugmyndir uppi. Sumir virðast telja á valdi framkvæmdarvaldsins að túlka það hvað þinginu komi við og hvað ekki. Það er líka sérstætt að oddviti þingsins, hæstv. forseti Alþingis, skuli taka undir þessi sjónarmið. Því spyr ég forseta Alþingis aftur: Hvernig eiga þingmenn að sinna eftirlitsskyldu sinni ef þeir fá ekki þær upplýsingar sem um er beðið? Ég held að hæstv. forseti verði að svara þessari spurningu eða a.m.k. lýsa því yfir að hann bíði eftir því að það komi rafpóstur úr forsrn. til að hann geti svarað henni.

[18:20]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér hafa farið fram fjörugar umræður um skýrslu umboðsmanns Alþingis og hlýt ég að lýsa ánægju minni yfir því sem um hana hefur verið sagt og það traust sem umboðsmaður Alþingis nýtur á Alþingi.

Því miður snerust umræðurnar að miklum hluta til um önnur málefni sem ekki voru hér á dagskrá og er satt að segja dapurlegt til þess að vita að hver þingmaðurinn á fætur öðrum skuli standa upp og vitna til ummæla sem ég hafði fyrr í dag án þess að hafa þau eftir og án þess að gera grein fyrir þeim efnisatriðum sem fólust í ummælum mínum, heldur vaða hér upp með hvers konar fullyrðingar og digurmæli sem enginn fótur er fyrir.

Ég sakna þess pínulítið að sá þingmaður sem lýsti því yfir að hann væri feginn því að hafa ekki kosið mig sem forseta þingsins, hv. 3. þm. Norðurl. e., skuli ekki vera í þingsalnum svo ég geti átt við hann orðastað. Við getum svo sem gert það fyrir norðan. Mér þykir alltaf skemmtilegt að heyra hvernig hann tekur til máls, tungutak hans þegar hann kallar mig úldið smjör og þar fram eftir götunum. Þá gleðst maður auðvitað yfir því mikla myndríki sem hv. þm. býr yfir og góðum skilningi hans á íslensku máli.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill upplýsa þingmanninn um að hv. 3. þm. Norðurl. e. upplýsti forseta um það hér áðan að hann þyrfti af persónulegum ástæðum að hverfa úr þingsalnum um stundarsakir.)

Mér þykir það leiðinlegt. Eins og ég sagði þá sakna ég hans mjög.

Það gerðist í upphafi fundar í dag, og ég verð að biðja forseta afsökunar á því að þurfa að taka það mál upp undir þessum dagskrárlið. Það hafði ég ekki ætlað mér. En þar sem það hefur verið látið viðgangast án athugasemda af hálfu hæstv. forseta að hver ræðumaður á fætur öðrum hefur kvatt sér hljóðs um málefni sem voru á dagskrá fyrr í dag undir liðnum athugasemdir um störf þingsins og úr því að þeir hafa komið hver á fætur öðrum og satt að segja snúið mjög hrapallega út úr ummælum mínum þá hlýt ég að biðja hæstv. forseta leyfis undir þessum dagskrárlið að svara þeim orðum sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu.

Það gerðist í dag undir liðnum athugasemdir um störf þingsins að fyrst kvaddi sér hljóðs hv. 15. þm. Reykv., Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, til þess að fjalla um mál sem varðaði heilbrrh. má ég segja. Ég bjóst síðan til þess að gefa hv. 4. þm. Austurl., Einari Má Sigurðarsyni, orðið eins og hann hafði beðið um. En hann óskaði eftir því að aðrir þingmenn töluðu á undan sér. Nauðsynlegt er að taka þetta fram vegna þess að hv. 3. þm. Norðurl. e. vék sérstaklega að því í ræðu sinni að ég hefði dregið það að gefa honum orðið til þess að umræður gætu ekki farið fram um þau efnisatriði sem hann talaði um. Það er auðvitað algerlega úr lausu lofti gripið eins og ég raunar leiðrétti fyrr í dag.

Það sem lá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni á hjarta var að fjárln. hafði sent forsrn. bréf þar sem óskað var tiltekinna upplýsinga og hann lauk máli sínu svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra forseti. Þess vegna er ljóst að svar forsrn. stenst ekki þau lög sem hér hefur verið vitnað til. Þess vegna er óskað eftir liðsinni hæstv. forseta svo tryggja megi að hv. þingmenn í fjárln. fái umbeðnar upplýsingar áður en 3. umr. um frv. til fjáraukalaga fer fram, þ.e. fyrir morgundaginn."

Það er nauðsynlegt að draga þetta fram þar sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, lét orð falla á þá leið að enginn hefði beðið mig að fjalla um þetta mál, úrskurða í málinu eins og hann orðaði það. Nauðsynlegt er að það komi skýrt fram að ég brást vel við tilmælum hv. þm. þar sem hann talaði um að lög hefðu verið brotin á sér. Ég fór síðan í ræðu minni lítillega yfir þau lög sem fjalla um upplýsingaskyldu eða rétt þingnefnda til þess að fá upplýsingar og vakti athygli hv. þm. á því að samkvæmt þingsköpum eru ákvæði um að formaður nefndar eða ráðherra geti kveðið upp úr um að nefndarmenn skuli bundnir þagnarskyldu um vitneskju sem þeir fá í nefndinni. Ráðherra getur kveðið svo á um lögum samkvæmt. Engin slík ákvæði er að finna í lögum um aðrar þingnefndir. En það sem hv. þm. spurði mig sérstaklega um var, með leyfi hæstv. forseta, hvort svar forsætisnefndar stæðist lög sem vitnað hafði verið til og ég hlaut af þeim sökum að svara sérstaklega um þau lög sem gilda um þingnefndir. Óhjákvæmilegt var að gera það. Síðan tók ég fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 25. gr." — þ.e. þingskapa — „þar sem fjallað er um fjárln. er sérstaklega rætt um það að fjárln. skuli fá þær upplýsingar sem hún telji nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana. Mér er ekki kunnugt um annað en fjárln. hafi fengið slíkar upplýsingar."

Þegar ég sagði þessi orð var búið að útbýta í hliðarsal brtt. frá meiri hluta fjárln. Alþingis við fjáraukalög og sömuleiðis var búið að útbýta nál. meiri hluta fjárln. Eftir að ég fór úr forsetastóli spurðist ég síðan fyrir um það á skrifstofu Alþingis hvort þess væri að vænta að nál. bærist frá 1. eða 2. minni hluta fjárln. varðandi þetta mál eða hvort eitthvert slíkt nál. lægi fyrir. Það lágu engin slík nefndarálit fyrir og skrifstofunni var ekki kunnugt um að von væri á slíkum nefndarálitum. Síðan óskaði ég eftir því að fá um það öll gögn hvernig þessi mál hefðu verið rædd í fjárln. Alþingis, hvort athugasemd hefði verið gerð þar við það að forsrn. svaraði ekki þeim spurningum sem fram komu. Það svar sem ég fékk var að málið hefði verið afgreitt úr fjárln. án þess að því væri mótmælt eða eftir því gengið að forsrn. svaraði því sem um var beðið og án þess að slíkt kæmi á dagskrá. Ég tók að vísu fyrirvara. Ég sagði í ræðu minni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég lít svo á ..." og „Mér er ekki kunnugt um annað en ..." o.s.frv. Mér var ekki kunnugt um annað. Síðan gekk ég úr skugga um hvort þetta væri rétt og kemur þá í ljós að nefndin hafði ekki óskað frekari upplýsinga þannig að augljóst er að forsn. leit svo á að hún hefði í höndum nægilegar upplýsingar til þess að geta afgreitt málið frá nefndinni. Engin athugasemd kom fram um það eins og málið liggur fyrir frá minni hluta fjárln. Þetta er að vísu ekki það mál sem hér var beinlínis spurt um en þetta upplýsir málið. Þá spyr ég: Hvar eru þá stóryrðin sem hér voru höfð í minn garð? Nefndin hafði ekki snúið sér til mín. Nefndin hafði ekki einu sinni sjálf fjallað um það hvort bréf forsrn. væri fullnægjandi eða ekki. Hvernig er þá við því að búast að mér sé kunnugt um að slík beiðni hafi verið sett fram þegar hún hafði aldrei verið sett fram? Þannig að ég held að hv. þm. eigi að spara sér stóryrðin svo ekki sé minna sagt.

Það sem ég segi síðan, með leyfi hæstv. forseta, og það er það síðasta sem fram kemur — ætli það sé ekki rétt, herra forseti, að ég lesi það sem frá mínu brjósti kom í heild svo að það liggi alveg ljóst fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 25. gr., þar sem fjallað er um fjárln., er sérstaklega

rætt um það að fjárln. skuli fá þær upplýsingar sem hún telji nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana. Mér er ekki kunnugt um annað en fjárln. hafi fengið slíkar upplýsingar. Ég lít svo á að niðurstaða forsrh. sé rétt þar sem ekki eru nein ákvæði í þingsköpum um þagnarskyldu annarra nefnda sambærileg við þau sem eru um utanrmn."

Þetta lýtur að lögum eins og ég var um spurður. Hitt er svo annað mál að fjárln. getur tekið málið upp á sínum forsendum og hefði verið eðlilegt ef fjárln. taldi að það væri nauðsynlegt að hún gerði það en afgreiddi ekki málið frá sér án þess að slíkt kæmi til umræðu. Mér er ekki kunnugt um það í þingsögunni að forseti Alþingis hafi í eitt einasta sinn gert athugasemdir úr forsetastóli við það að nefnd þingsins afgreiði mál frá sér og láti undir höfuð leggjast að fá nægilegar upplýsingar. Mér er ekki kunnugt um það. Ég hygg að forseti Alþingis verði á hverjum tíma að treysta því að nefndir Alþingis vinni eftir bestu samvisku og eigi ekki að vera með puttana í því í krafti síns embættis.

Einhverjar slettur persónulega í minn garð af þessu tilefni eru auðvitað málefnalegt innlegg í samræmi við þann málflutning sem sumum þingmönnum lætur best að hafa uppi hér í þessum sal.

Út af þeim ummælum öðrum sem hér fóru fram vil ég minna hv. þingmenn á að það er rétt að upplýsingalög taka ekki til allra hluta, t.d. gilda upplýsingalög ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Í 5. gr. upplýsingalaga segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila."

Svo mörg eru þau orð. Ég álít að þessi ákvæði séu ekki sett hér að tilefnislausu inn í þessi lög og þó svo að alþingismenn hafi meiri rétt en aðrir þegnar þá verða þeir að gæta vel að því hvernig þeir fara með sitt vald og hvernig þeir fara með þann aðgang sem þeir hafa að hinum ýmsu upplýsingum. Það væri t.d. mjög óheppilegt ef þingmenn sæktust eftir því í krafti sérstöðu sinnar að fá aðgang að persónulegum og viðkvæmum upplýsingum um menn úti í þjóðfélaginu til að beita slíkum upplýsingum hér í pólitískri baráttu inni á Alþingi eða bara að gamni sínu, eða svo ég taki annað dæmi, ef þingmenn skeyttu því engu þó að þeir sköðuðu viðskiptalega hagsmuni fyrirtækja eða einstaklinga úti í þjóðfélaginu. Ég álít að óhjákvæmilegt sé að alþingismenn virði þann rétt sem menn hafa yfir einkalífi sínu og ég álít að alþingismenn eins og aðrir hljóti að gæta stöðu sinnar og þess trúnaðar sem þeir hafa fengið með því að vera kjörnir hingað í löggjafarsamkunduna. Ég held að það sé aðalatriðið. Það þjónar að sjálfsögðu á hinn bóginn engum tilgangi að tala í svigurmælum eða upphrópununum um mál af þessu tagi. Aðalatriðið er að við hljótum að reyna að tryggja að Alþingi hafi stöðu til að vinna málefnalega að sínum málum.

[18:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hún var vægast sagt sérstæð, ræða hv. 1. þm. Norðurl. e. sem í reynd skaut sér undan því að ræða það málefni sem við höfum rætt í dag, sem í reynd vildi ekki ræða þá grundvallarumræðu sem hér fór fram og laut að því hver væri réttur þingmanna, hvert væri hlutverk þeirra. M.a. svaraði hv. þm. ekki þeirri spurningu sem ég beindi til hans sem var á þá leið hvernig þingmenn ættu að sinna eftirlitsskyldu sinni ef þeim er sí og æ neitað um upplýsingar.

Ég get þó tekið undir það með hæstv. forseta að þau tilefni geta komið upp að eðlilegt sé að þingmenn fái ekki slíkar upplýsingar. Það kunna að koma upp þau tilefni. En reyndar ekki þau hvernig framkvæmdarvaldið ráðstafar 300 millj. Það hefur ekkert með þessa hluti að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut.

En ég vil aðeins halda áfram þessari skrýtnu umræðu og þeim skrýtna úrskurði sem forseti lét falla í dag. Þá ætla ég að beina til hans einni lítilli spurningu. Hún er á þá leið: Hver er réttur embættismanna, hver er réttur framkvæmdarvaldsins, hver er réttur embættismanna til þess að heita þagnarskyldu um tiltekin mál gagnvart aðilum úti í bæ? Geta embættismenn með loforðum sínum tryggt það að alþingismenn eigi ekki rétt til upplýsinga? Geta þeir heitið því í samskiptum við tiltekin fyrirtæki að það loforð geri það að verkum að þingmenn eigi ekki lengur rétt til upplýsinga? Þetta er nákvæmlega það sem hæstv. forseti talaði um í ræðu sinni, hv. 1. þm. Norðurl. e. Ég spyr því hv. 1. þm. Norðurl. e.: Geta einstakir embættismenn undanþegið tilteknar upplýsingar upplýsingarétti þingmanna?

[18:38]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa að ég átta mig ekki alveg á hugarflugi hv. þm. Eins og þetta mál liggur fyrir var það fjárln. sem bað um ákveðnar upplýsingar og hún mat það svo að hún hefði nægilegar upplýsingar í höndum til að afgreiða málið frá sér, bæði meiri og minni hluti fjárln. (**EMS:** Það er rangt.) Það er rangt, segir hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Ég lét athuga það sérstaklega (**Gripið fram í:** ... fundargerðabók?) hjá starfsmönnum þingsins í fundargerðabók hvort nokkuð væri um þessi mál og það liggur ekkert fyrir í plöggum fjárln. (**EMS:** Það er rangt.) Það er rangt, segir hv. þm. Þá segir hann að embættismenn hafi sagt mér rangt til og ekki skal ég um það segja. En þannig er mér sagt frá þessu og ekki lét hv. þm. Einar Már Sigurðarson þess getið í ræðu sinni í dag að fjárln. hefði fjallað um þennan úrskurð. Ekki veit ég hvað fer fram á lokuðum fundum og er ekki skyldugur til. (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

En aðalatriðið í málinu er að fjárln. er búin að afgreiða málið, það liggur fyrir, og það er ekkert í fundargerðum fjárln. um þetta mál. Samkvæmt mínum upplýsingum hafði það ekki verið tekið á dagskrá þegar þessi umræða var hafin í dag.

[18:39]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki tókst að fá svar frá hæstv. forseta í þessari umferð og reyni ég það aftur. Hæstv. forseti lýsti því yfir í dag, lýsti því yfir úr stóli forseta þingsins, að niðurstaða forsrh. væri rétt. Það stendur hér í útskrift frá þinginu. Hver er niðurstaða hæstv. forsrh.? Hún er þessi, með leyfi forseta: „Upplýsingar um endurgjald til einstakra viðsemjenda" o.s.frv. „er skylt að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum, ef hann er til þess fallinn að skaða þá hagsmuni, ..." þar sem er vitnað í upplýsingalög sem eiga ekki við. Það hefur komið fram í þessari umræðu. „Í því felst þó jafnframt að slíkar upplýsingar eru undirorpnar þagnarskyldu af hálfu stjórnvalda að viðlagðri ábyrgð."

Síðan kemur: „.... hefur ráðuneytið jafnframt heitið viðsemjendum sínum að gæta trúnaðar við meðferð þeirra."

Því ítreka ég þá spurningu sem ég bar upp við hæstv. forseta Alþingis, 1. þm. Norðurl. e.: Hvar liggur sú heimild embættismanna að undanþiggja tilteknar upplýsingar upplýsingarétti þingmanna? Hvar liggur sú heimild? Hver veitti þeim þá heimild? Hver heimilar þeim að gefa slík loforð þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár, þrátt fyrir skýlaus ákvæði þess efnis að upplýsingalög eigi ekki við um Alþingi? Hver veitir þeim þessa heimild? Þetta tók hv. 1. þm. Norðurl. e., sem gegndi jafnframt starfi forseta Alþingis, undir af forsetastóli og ég verð að segja, virðulegi forseti, og ítreka það sem ég hef sagt í umræðunni að þessi úrskurður á sér vart hliðstæðu.

[18:41]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður áttar sig eiginlega ekki á því hvað hv. þm. gengur til. Nú veit hv. þm. að ef ekki er annað tekið fram gildir sú almenna regla um þær upplýsingar sem gefnar eru í þingnefndum að þingmönnum er frjálst að vitna til þeirra, endurtaka þær og fara með þær sem þeim sýnist. Þetta veit hv. þm. Það er því alveg ljóst að á venjulegum nefndarfundi í hinum ýmsu fagnefndum er ekki um neina þagnarskyldu að ræða.

Hins vegar eru um það skýr ákvæði í samþykktum forsætisnefndar að þingnefnd getur ákveðið að trúnaður skuli gilda um sérstakar upplýsingar og þar fram eftir götunum. Þetta veit hv. þm. (Gripið fram í.) Hann er órólegur, þingmaðurinn. (Gripið fram í.) Rólegur, rólegur, við erum ekki í Eyjum. Þetta veit þingmaðurinn allt saman og hann þarf ekki að vera svona órólegur.

Þetta er auðvitað vegna þess að þingmenn gera sér ljóst að stundum eru þau málefni lögð fyrir Alþingi sem ekki er gott eða hollt að fari út um víðan völl og þá getur það komið upp að trúnaðar sé þörf, bæði til að tryggja eðlilega framkvæmd mála og eins til að vernda einkahagsmuni og viðskiptahagsmuni og þar með hagsmuni ríkisins.

[18:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil upplýsa hæstv. forseta Alþingis um að óskað var eftir þessum upplýsingum einnig í annarri nefnd þingsins, í allshn., án þess að svar fengist. Eftir stendur þetta: Alþingismenn hafa óskað eftir upplýsingum um hvernig 300 millj. af skattfé er ráðstafað. Það hefur verið óskað eftir þessum upplýsingum í fjárlögum þingsins og óskað hefur verið eftir þessum upplýsingum í þingsal.

Ekki hef ég orðið var við stuðning hæstv. forseta Alþingis við þær óskir þingmanna og nú vil ég spyrja hæstv. forseta Alþingis: Finnst honum eðlilegt að orðið verði við kröfum Alþingis og alþingismanna, að við fáum um það upplýsingar hvernig 300 millj. er varið í tengslum við einkavæðingu ríkisstjórnarinnar?

[18:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst undarlegt að hv. þm. skuli bera fram þessa spurningu. Hann hefur staðið í þessum ræðustóli í dag með stóryrði þar sem hann hefur fullyrt hvaða afstöðu ég hafi til málsins. Hann þarf ekkert að spyrja mig um þetta, er það? Hann hefur sjálfur talað um það hvaða skoðanir ég hafi á þessum málum án þess að ég hafi almennt vikið að því.

[18:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forseti Alþingis kom hér í ræðustól og sagði okkur að hann væri hafður fyrir rangri sök, að við værum að bera hann röngum sökum og værum með stóryrði í því sambandi. Nú hleypur hann undan sjálfum sér og vill hvorki kannast við eigin afstöðu nú né fyrr í dag. Þetta er ömurlega staða sem forseti þingsins er kominn í.

[18:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar eins og honum sé ekki kunnugt um það sem hefur gerst í málinu. Það sem hefur gerst er að þetta mál er þegar afgreitt úr fjárlögum. Málið liggur fyrir í þingskjölum. Þess hefur þá verið óskað að málið verði tekið upp að nýju.

En ég vil nota þetta tækifæri til að segja herra forseta að við erum að ræða skýrslu um umboðsmann Alþingis. Ef þetta á að snúast upp í almenna umræðu um fjárlög, þá er verið að misnota þingsköp, og það á auðvitað ekki að gera undir þessum dagskrárlið.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að hann reyni að halda hv. þingmönnum við efnið. Ég hef nú leiðrétt þann misskilning sem hér kom upp varðandi það sem ég sagði í dag. Ég óska eftir því að umræðan verði nú látin snúast um umboðsmann Alþingis og þessi umræða um fjáraukalög verði látin niður falla. (**ÖJ:** Forsetinn hóf þessa umræðu núna.)

[18:46]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill geta þess að hann hefur ekki gert athugasemd við ræðu neins þingmanns og það gildir jafnt um hv. 1. þm. Norðurl. e. eins og aðra.

[18:47]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vék tali mínu sérstaklega til forseta og vakti athygli á því að ég væri að svara gagnrýni sem hefði komið á ummæli mín sem féllu undir öðrum dagskrárlið og baðst afsökunar á því að ég skyldi þurfa að víkja að þeim málum hér í ræðustólnum þegar umræður ættu að snúast um skýrslu umboðsmanns.

Það er auðvitað mikill ósiður ef það á að fara svo, þegar skýrslur umboðsmanns eða Ríkisendurskoðunar eru til umræðu, að þá skuli þær umræður snúast upp í að einstakir þingmenn noti tækifærið til þess að bera aðra þingmenn röngum sökum og hafa uppi stóryrði.

[18:48]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er á dagskrá merk skýrsla frá umboðsmanni Alþingis. Ég var að sinna öðrum málum á skrifstofu minni þegar ég tók eftir því að hv. þm. Halldór Blöndal vék máli sínu, að því er mér heyrðist, að ummælum ýmissa annarra þingmanna um umboðsmann Alþingis sem teygðist síðan yfir í mál sem ég hafði bryddað upp á fyrr í dag.

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og biðja hæstv. forseta afsökunar á því að ég verð því miður að leiða umræðuna örlítið frá skýrslu umboðsmanns Alþingis en það er algerlega óhjákvæmilegt í framhaldi af ræðu hv. þm. Halldórs Blöndal.

Í ræðu hv. þm. kom m.a. fram að Ásta R. Jóhannesdóttir hefði hafið umræðu um störf þingsins og síðan hafi hv. þm., sem þá var starfandi hæstv. forseti, viljað gefa þeim sem hér stendur orðið en ég hefði beðið um gera það síðar. Þetta er alrangt hjá hv. þm. vegna þess að það var ekki Ásta R.

Jóhannesdóttir sem hóf umræðuna heldur var það Margrét Frímannsdóttir. Í millitíðinni, áður en Ásta R. Jóhannesdóttir talaði, hafði hæstv. félmrh. talað. Þannig að í miðri umræðu um þau málefni sem þá voru til umfjöllunar vildi hæstv. forseti gefa mér orðið um allt annað mál sem hæstv. forseta átti að vera vel kunnugt um að væri á dagskrá þegar hinum málunum væri lokið. Eins og ég hef bent á áður er hefð fyrir því að þegar um slíkt er að ræða, að verið er að tala um störf þingsins og tvö mál eru undir, þá er yfirleitt lokið umræðu um annað málið áður en umræða um hitt málið hefst. Þetta ætti hæstv. forseti að þekkja, a.m.k. mun betur en ég.

En það kom ekki í ljós fyrr en síðar hver tilgangurinn var með því að reyna að gefa mér orðið í miðri umræðu, en ég mun ekki erfa það við hæstv. forseta heldur vil ég aðeins minna á þær hefðir sem hér hafa ríkt við slík tækifæri. Þetta var fyrra atriðið sem rangt var í máli hv. þm.

Hið seinna er í mínum huga öllu alvarlegra. Það er að vísu væntanlega vegna þess, og ég tek orð hv. þm. trúanleg um það, að hann hafi fengið rangar upplýsingar af fundum fjárln. Það er alrangt að ekki hafi verið beðið um ítarlegri upplýsingar frá forsrn. en áður höfðu borist. Það er skráð í fundargerðabók fjárln. sem ég lét kanna sérstaklega áður en ég kom hér upp í stólinn, að ég hafði óskað sérstaklega eftir því að forsrn. svaraði þeirri fyrirspurn að nýju vegna þess að fyrri svör ráðuneytisins væru ófullnægjandi.

Það er hins vegar rétt að þau svör sem ég gerði að umtalsefni í dag bárust eftir þann fund vegna þess að nefndin samþykkti þá beiðni mína að farið yrði aftur fram á ítarlegri svör frá ráðuneytinu. Þau svör sem ég gerði að umtalsefni í dag voru hin seinni svör frá ráðuneytinu. Þess vegna var að sjálfsögðu ekki haldinn fundur í fjárln. um þau svör því þau bárust, eins og hv. þm. benti á, eftir að búið var að afgreiða málið úr nefndinni, þ.e. fjárlagafrv. til 3. umr. Ég fór hins vegar fram á, svo ég endurtaki það, þar sem verið væri að afgreiða málið af meiri hluta nefndarinnar úr nefndinni, að við fengjum frekari svör um þetta áður en 3. umr. færi fram um fjárlagafrv. Því miður barst ófullnægjandi svar frá forsrn. sem ég gerði að umtalsefni í dag og óskaði, eins og kom fram réttilega hjá hv. þm., eftir liðsinni hæstv. forseta við að þinginu væri sýnd sú virðing sem það á skilið.

Því miður valdi hv. þm. aðra leið en að ganga í lið með mér í því að fá þær upplýsingar sem ég taldi nauðsynlegar. Í fyrsta lagi er afar hæpið að telja að um þær upplýsingar sem um er beðið eigi að ríkja þagnarskylda. En ef svo væri, og væri þá hægt að færa frekari rök fyrir því en koma fram í þessu snubbótta svari frá forsrn., þá benti ég einnig á það í máli mínu að til væru reglur um að þingnefndir ættu að gæta trúnaðar, og þó það nú væri, ef óskað væri eftir því. Það eru reglur sem forsn. sjálf setti á grundvelli 28. gr. laga um þingsköp. Hv. þm. fór hins vegar í svari sínu ekki svo langt að minnast á 28. gr. og enn síður minntist hv. þm., hæstv. forseti þá, á að til væru sérstakar reglur sem fjölluðu um meðferð erinda til þingnefnda. Að því gefna tilefni, herra forseti, tel ég rétt að lesa hluta af þeirri reglu. Þetta er 4. gr. reglnanna sem fjallar um þetta og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þingnefnd getur ákveðið, að ósk sendanda erindis eða að eigin frumkvæði, að farið skuli með erindi að öllu leyti eða að hluta sem trúnaðarmál."

Ég veit ekki hvort þetta þarf að vera miklu skýrara til að allir hv. þm. átti sig á því hvað hér er sagt. Hér er það ósköp einfaldlega sagt að auðvitað geti nefndum þingsins borist erindi sem eðlilegt er að halda trúnað um og litið sé á það sem trúnaðarmál. Síðan er í greininni fjallað ítarlega um hvernig með slíkt skuli farið. En af hverju er þessi regla sett? Er það einhver tilviljun að hún var sett? Ekki aldeilis.

Þegar þetta lagafrv. var lagt fram er um það getið sérstaklega í greinargerð. Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta, að í reglum forseta Alþingis skuli m.a. kveðið á um aðgang annarra en nefndarmanna að gögnum sem nefndum berast. Það er auðvitað eðlilegt þess vegna að settar séu um það sérstakar reglur. Þær eru hér mjög skýrar og mjög eðlilegt þar af leiðandi að nefndir fái að sjálfsögðu, og ég tala nú ekki um fjárln., upplýsingar um það þegar eitt ráðuneyti biður um óútfylltan tékka upp á 300 millj. Það er auðvitað lágmarkskurteisi við þingið að svara slíkum fyrirspurnum þannig að ekki sé verið að fela hlutina að því er manni sýnist á óeðlilegan hátt.

Það er eðlilegt að menn spyrji: Hvað er þá verið að fela? Hvað er það sem verið er að fela? Við höfum áður fengið þau svör frá forsrn. hvaða stofnanir og fyrirtæki það væru sem kæmu við þennan lið. Það virðist alveg augljóst mál að þetta er ákveðið lögfræðifyrirtæki í London sem fær megnið af þessum upphæðum. Það blasir við vegna þess að við það fyrirtæki hefur verið gengið til samninga án þess að það færi í útboð. Og hvaða trúnaður er það í raun og veru, ef við veltum því fyrir okkur, sem þarf að sýna þessu lögfræðifyrirtæki í London um hvað það fái borgað, einhverja ákveðna upphæð, vegna verka sem það hefur unnið?

Auðvitað á þetta að liggja allt saman ljóst fyrir. Þess vegna er algerlega óskiljanlegt í fyrsta lagi að forsrn. skuli láta sér detta í hug að þeim upplýsingum eigi að halda leyndum, í fyrsta lagi fyrir alþjóð, að ég tali ekki um fjárln. þingsins. Það er að sjálfsögðu enn þá óskiljanlegra að hæstv. forseti skuli síðan taka undir slíkt þegar þingmaður óskar eftir liðsinni forseta til að fá sjálfsagðar upplýsingar. Ég var að vona, herra forseti, að hér væri einhver misskilningur á ferðum og af þeim sökum sendi forsrn. ekki slíkar upplýsingar til okkar eða að forsrn. vissi ekki um þær reglur sem gilda um störf þingnefnda, að það er að sjálfsögðu hægt að upplýsa þær um trúnaðarmál og óska eftir að nefndarmenn haldi trúnað. Ég trúi því ekki að dæmi séu um að þingnefndir hafi brotið slíkan trúnað. Því trúi ég ekki. Ef svo er, þá væri fróðlegt að fá um það upplýsingar.

Herra forseti. Það er ljóst að þetta mál hefur, að því er mér skilst, skyggt of mikið á hina merku skýrslu umboðsmanns Alþingis. Herra forseti. Það er ekki við mig að sakast í þeim efnum. Ég fór þá einu leið sem ég taldi mér færa og hóf umræðu um störf þingsins, eins og margoft hefur komið fram í máli mínu, og óskaði eingöngu eftir liðsinni forseta við að við gætum á morgun fjallað við eðlilegar kringumstæður um fjáraukalög þessa árs. Því miður virðist ýmislegt benda til að það verði ekki og þá verði væntanlega að halda að einhverju leyti áfram umræðunni þá, ef ekki verður búið að leysa úr þessu máli.

Hins vegar er óhætt að upplýsa að ég hef átt viðræður við hv. formann fjárln. um málið og hvaða lausnir hægt er að finna á því til að fá þessar upplýsingar. En ég verð að segja, herra forseti, að þau ummæli sem ég heyrði frá hv. 1. þm. Norðurl. e., í kjölfar þeirra viðræðna sem ég átti við hv. formann fjárln., voru þess eðlis að ég veit ekki hvort ég er í raun reiðubúinn til að fara þá leið sem við ræddum á þeim fundi, af þeirri einföldu ástæðu að ef eitthvað var, þá var bætt hér í málið. Ég hélt að hv. þm. væri búinn að

fá þær upplýsingar sem hefðu átt að duga til þess að hægt hefði verið að finna lausn á málinu á annan hátt en þann að menn væru að munnhöggvast um málið í þingsal, ég segi, herra forseti, um svo sjálfsagt mál sem það er að fjárln. geti fengið upplýsingar um hvernig forsrn. gerir ráð fyrir því að fara með þær 300 millj. sem óskað er eftir að fá vegna einkavæðingaráforma.

Herra forseti. Því miður virðist sú skoðun uppi hjá sumum hv. þm. að fjárln. komi það hreinlega ekki við. Þá hlýtur maður auðvitað að spyrja sig þeirrar spurningar: Hvar eru mörkin? Hvað kemur fjárln. yfir höfuð þá við af þeim fjárveitingum sem verið er að fjalla um í nefndinni?

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið að sinni og vona að þetta muni upplýsast allt saman þannig að við getum á morgun hafið 3. umr. um fjáraukalög ársins við eðlilegar kringumstæður.

[18:58]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að ítreka athugasemdir mínar. Við erum að ræða skýrslu umboðsmanns Alþingis og þá er tækifærið notað til að halda áfram einhverjum lestri um mál sem alls ekki er hér á dagskrá. Ég hafði satt að segja búist við því að þingmenn bæru þá virðingu fyrir umboðsmanni Alþingis og því verki sem hann hefur verið að vinna, að þeir hefðu ekki uppi málatilbúnað af því tagi sem þeir hafa haldið úti með útúrsnúningum og rangfærslum.

[18:59]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég skil hv. 1. þm. Norðurl. e. mjög vel, að reyna sífellt að fara með umræðuna úr þeim farvegi sem hún hefur verið í og koma henni í annan farveg, því að hann hefur ekki riðið feitum hesti frá þessari umræðu.

En aðeins um þetta, virðulegi forseti. Þeir þingmenn sem hér hafa talað hafa allir talað um embætti umboðsmanns Alþingis, hafa allir talað um skýrsluna, hafa allir hælt þessu embætti og talið að það væri mjög mikilvægt að það héldi störfum sínum áfram. Hins vegar hafa menn einnig bent á það hvernig framkvæmdarvaldið kemur fram við þingið. Menn hafa dregið þær ályktanir af því að það kunni að verða erfitt fyrir umboðsmann að sinna starfi sínu áfram ef sá úrskurður sem hæstv. forseti felldi fyrr í dag verður meginregla eða stoð í því þegar framkvæmdarvaldið vill ekki láta umboðsmann Alþingis hafa upplýsingar. Af þessu höfum við miklar áhyggjur, virðulegi forseti, og því er mjög eðlilegt, ég tek undir með forseta eins og hann hefur sinnt stjórn fundarins í dag, að umræðan hafi farið fram með þeim hætti sem hún gerði í dag. Ég mótmæli harðlega fullyrðingum hv. 1. þm. Norðurl. e.

[19:01]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er væntanlega rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að hér hafa umræður átt sér stað sem eru nokkuð á skjön við skýrslu umboðsmanns Alþingis. (**HBl:** Er þetta um fundarsköp? Er þetta um þingsköp forseta?) Herra forseti. Hef ég ekki orðið hérna? (**LB:** Forseti þó!) Ég hafði hins vegar hv. þingmann mjög til fyrirmyndar í því hvernig hann taldi óhjákvæmilegt að ræða önnur mál en skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna þess að ég hafði ekki verið viðstaddur umræðuna og þess vegna bað ég hæstv. forseta sérstaklega afsökunar á því að ég þyrfti að ræða hér önnur mál.

Herra forseti. Fyrirmynd mín í því var hv. þm. Halldór Blöndal og ég taldi að hæstv. forseti Halldór Blöndal kynni að haga máli sínu eins og gert væri ráð fyrir innan þingskapa Alþingis.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 1. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[19:02]

Halldór Blöndal:

Það er tvennt, herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég minna á að ég bað sérstaklega um leyfi til þess að fá að svara þeim persónulegu ávirðingum sem voru á mig bornar hér.

Í annan stað vil ég minna á að það sem ég sagði hér um þingsköp var þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég lít svo á að niðurstaða forsrh. sé rétt þar sem ekki eru nein ákvæði í þingsköpum um þagnarskyldu annarra nefnda sambærileg við þau sem eru um utanrmn."

Í þingsköpum eru ekki neinar aðrar sambærilegar setningar þannig að ég skil satt að segja ekki hvað þetta á að þýða hjá hv. þingmönnum að halda þessum vaðli til haga.

[19:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2000 og það er alveg ljóst á þeim málum sem þar er gerð grein fyrir að starf umboðsmanns er afar mikilvægt og gegnir veigamiklu hlutverki í því að tryggja eðlilega og rétta stjórnsýslu og rétt einstaklingsins gagnvart bæði framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu almennt. Þetta starf og verkefni umboðsmanns Alþingis er þeim mun mikilvægara sem bæði framkvæmdarvald hins opinbera, hvort sem það er af hálfu ríkis eða annarra, er stöðugt að ganga harðar fram og að líta æ stærra á rétt sinn og er þar af leiðandi líka ganga á rétt hins lýðræðislega kosna valds, m.a. þings sem hefur það hlutverk einmitt að fylgja því eftir að misrétti sé ekki beitt.

Herra forseti. Þetta snertir einnig málið sem hér hefur verið mjög um rætt nú síðast, þ.e. einmitt þann málatilbúnað, erindi og svör sem hafa komið við erindi fjárln. til forsrn. um að svara því til hvernig ætlunin sé að verja þeim 300 millj. kr. sem sótt er um á fjáraukalögum til þess að standa straum af kostnaði vegna einkavæðingarverkefna. Eftir ítrekun, herra forseti, kemur svar frá forsrn. einmitt um þetta mál á þann veg að því miður sé ekki hægt að verða við því að gefa sundurliðað svar um það hvernig þessum einkavæðingarpeningum er varið og vísað er þar til 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, þar sem segir að skylt sé að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum. Má ég vitna í þetta bréf sem kemur frá forsrn., með leyfi forseta:

„Upplýsingar um endurgjald til einstakra viðsemjenda varða mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra. Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er skylt að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum, ef hann er til þess fallinn að skaða þá hagsmuni, sem í húfi eru. Í því felst þá jafnframt að slíkar upplýsingar eru undirorpnar þagnarskyldu af hálfu stjórnvalda að viðlagðri ábyrgð. Á þeim grundvelli hefur ráðuneytið jafnframt heitið viðsemjendum sínum að gæta trúnaðar við meðferð þeirra. Þar eð sambærileg þagnarskylda hvílir ekki á þingmönnum eða þingnefndum telur ráðuneytið því ekki fært að veita nánari upplýsingar um það hvernig framangeind fjárhæð skiptist milli einstakra viðsemjenda."

Herra forseti. Með þessum úrskurði er forsrn. í rauninni að vísa því frá að hér sé ...

(**Forseti** (GuðjG): Forseti vill minna á að skýrsla umboðsmanns Alþingis er hér til umræðu.)

Ég er að koma að því, virðulegi forseti. Með þessu er forsrn. að vísa til þess að svörin eru flokkuð undir það að þingmenn séu ekki að spyrja í nafni þingsins heldur sem einstaklingar. Það er einmitt vísað til upplýsingalaganna og þá er þetta, herra forseti, orðin stjórnvaldsaðgerð sem ber að fara að eftir þeim lögum sem lúta að stjórnvaldsaðgerðum. Þá, herra forseti, komum við einmitt inn á verksvið umboðsmanns Alþingis því að sú grein sem vitnað er til þarna fjallar um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sannagjarnt er að leynt fari.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að það er ansi hart ef þingmenn þurfa að leita undir væng upplýsingalaga og umboðsmanns Alþingis eins og þarna er verið að vísa til í svari forsrn. til þess að geta sótt rétt sinn sem er fullkomlega alrangt að mínu mati að gera. Þarna er verið að segja að þingmenn séu bara eins og hver annar almenningur varðandi þessi mál og verði að sækja mál sín þannig gagnvart stjórnvöldum, en þá yrði líka stjórnvaldið að lúta þeim lögum með andmælarétti o.s.frv. Það væri því ýmislegt hægt að flokka undir verkefni umboðsmanns Alþingis ef þetta mál á að falla undir þau eins og forsrn. er að segja í bréfi sínu.

Á því vildi ég bara vekja athygli, herra forseti, varðandi meðhöndlun þessa máls að einmitt er verið að draga málið inn á vettvang umboðsmanns Alþingis í svörum forsrn.

Að öðru leyti skal ég síðan vera mjög stuttorður um það sem eftir er. Ég verð, herra forseti, af því að hv. 1. þm. Norðurl. e. vék í ræðu sinni að störfum mínum sem fjárlaganefndarmanni, að fá að segja örfá orð um það.

Svara frá forsrn. um einkavæðingarfjármagnið var krafist af fjárln. Gerður var fyrirvari um það við afgreiðslu málsins úr fjárln. að minni hlutinn vildi fá þessi svör áður en máli yrði afgreitt. Hv. 1. þm. Norðurl. e. benti á að nál. 1. og 2. minni hluta væru ekki komin fram. Það er alveg hárrétt að þau eru ekki komin fram. En þau eru væntanleg. Ein ástæða þess er einmitt sú að verið er að bíða eftir því að þetta skili sér eins og um var beðið, þessi ítarlegu svör.

Varðandi síðan umræðuna að öðru leyti og umræðuna um þingsköp, herra forseti, þá er ég ekki þingreyndur og verð að segja það af hreinni og einskærri einlægni að í upphafi þegar þetta mál kom fyrir undir liðnum athugasemdir um störf þingsins var mönnum í lófa lagið að kanna hvernig málið væri vaxið en ekki að kveða upp þann mikla úrskurð sem var kveðinn upp hér í morgun.

Ég vil að lokum, herra forseti, fá að vitna í bækling sem heitir Háttvirtur þingmaður, bls. 14 þar sem er verið að fjalla um störf forseta Alþingis, með leyfi forseta:

„Forseti Alþingis tekur ekki þátt í almennum umræðum samkvæmt þingsköpum og á að jafnaði ekki orðastað við þingmenn í þingsalnum."

Herra forseti. Ég tel að þegar mál þetta var til umfjöllunar fyrr í dag hafi hæstv. forseti einmitt verið að fjalla um málið með beinum hætti. Hann hefði átt að mínu viti og eftir mínum einlæga skilningi á því hvernig eigi að vinna átt að taka málið til skoðunar í forsn. og kveða síðan upp úrskurð sinn.

Herra forseti. Ég vona að það takist að skýra mál betur þannig að mál þingmanna, þingsins og einstakra þingnefnda þurfi ekki að reka fyrir umboðsmanni Alþingis.

[19:11]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um að ég hefði ekki átt að svara hv. 4. þm. Austurl., Einari Má Sigurðarsyni, úr forsetastóli með undarlegri röksemdafærslu sem var erfitt að skilja, en stundum er erfitt að skilja hv. þm.

Nú vil ég spyrja hv. þm. í fyrsta lagi:

Hvernig stóð á því að hann skyldi ekki hafa gert neinar athugasemdir í fjárln. þegar svarið kom frá forsrn. ef þetta lá honum svona þungt á hjarta eins og hann er að lýsa?

Hvernig stóð á því að ekki lá fyrir hjá skrifstofu Alþingis eins og venja var, a.m.k. meðan ég var í nefndum þingsins, að 1. og 2. minni hluti létu vita ef þeir hygðust skila minnihlutaáliti, hvernig stóð á því að engin slík vitneskja lá fyrir á skrifstofu þingsins?

Ég vil spyrja hv. þm.: Er hv. þm. með sínum orðræðum hér að gefa í skyn að í þingsköpum séu sambærileg ummæli varðandi þagnarskyldu um aðrar nefndir þingsins og eru um utanrmn.?

Hvað gengur hv. þm. til þegar hann er að gefa í skyn að þau ummæli mín hafi verið röng sem hann leyfir sér að kalla úrskurð? Það sem ég sagði í forsetastóli var að í þingsköpum væru engin sambærileg ummæli um þagnarskyldu annarra þingnefnda og væru um utanrmn.? Hvað er rangt við þetta? spyr ég hv. þm. Hvað er rangt við þetta?

Ég vil líka spyrja hv. þm.: Hvernig átti mér að vera annað ljóst en að fjárln. hefði fengið þær upplýsingar sem hún óskaði eftir þegar búið var að dreifa nál.? Hvernig á forseta þá að detta annað í hug en að nefndin hafi fengið fullnægjandi upplýsingar? Ekki var undan því kvartað af þeim fjárlaganefndarmanni sem hér tók til máls að málið hefði verið tekið úr fjárln. gegn vilja minni hlutans og ég hlaut að líta svo á að fjárln. hefði lokið umfjöllun sinni um málið.

[19:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var ég að segja hæstv. forseta neitt fyrir verkum í morgun varðandi hvað hann ætti að segja. Það er svo með nál., alla vega síðan ég kom á þingið, að gefinn er nokkur frestur til að skila nefndarálitum og þau þurfa yfirleitt ekki að koma fram samtímis álitum meiri hlutans.

Ég er ekki þingreyndur og hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur af mikilli þingreynslu að státa. Ég hef aðeins mína litlu lífsreynslu. Varðandi allt sem hv. þm. talaði um að hann hefði ekki vitað um þá hefði ég í mínum barnaskap hugsanlega velt því fyrir mér að bíða með að segja öll þessi stóru orð og kanna hvernig málin stæðu áður en ég hefði komið með slíkan úrskurð. Ég verð bara að segja það og (**HBl:** ... út úr því.) bendi á það. Hv. 1. þm. Norðurl. e. kallar fram í. Það er búið að rekja það ítarlega hér að nefndir geta farið með mál í trúnaði. En málið snýst um hvernig erindi fjárln. er svarað og rökin fyrir því. Rök fyrir því, virðulegi forseti, á að kanna ef vafi getur leikið á hvernig með er farið eins og hérna hefur komið fram í umræðunni og það er það sem ég hef eindregið lagt til í vinnubrögðum á Alþingi.

[19:15]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. sé nauðsynlegt að fara dýpra ofan í þetta mál. Ég sagði í dag að ég vissi ekki betur en fjárln. hefði fengið þær upplýsingar sem hún teldi nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana,

sem var eðlilegt þar sem búið var að skila nefndaráliti. Hvernig átti mér þess vegna að detta annað í hug?

Ég gekk eftir því og ég spurði hvort minni hlutinn ætlaði að skila nefndaráliti. Mér skilst að það hafi ekki verið bókað á fundi nefndarinnar, ekki veit ég til þess. Ég hef þá spurt ógreinilega ef það hefur verið gert. En það er góður siður í þingnefndum, ef skila á minnihlutaáliti, að þeir hv. nefndarmenn sem það vilja gera láti þess getið þegar mál er afgreitt úr þingnefnd. Það er áratuga ef ekki aldavenja á Alþingi að gera það. Ég veit auðvitað ekki hvernig þetta er nú en þetta var svo meðan ég starfaði í nefndum.

Ég vil í annan stað segja: Hvað er rangt í því sem ég sagði þegar ég sagði að ekki væru nein ákvæði í þingsköpum um þagnarskyldu annarra nefnda sambærileg við þau sem eru um utanrmn.? Hvað var rangt í því? Hvernig getur hv. þm. komið hér upp þrásinnis og haldið því fram að ég hafi kallað það úrskurð og sagt þar eitthvað rangt? Hvernig getur hv. þm. gert það?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Enn er ástæða til að minna á að hér er á dagskrá skýrsla umboðsmanns Alþingis.)

[19:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér finnst að virðulegur forseti, hv. 1. þm. Norðurl. e., eigi að vitna til annars, þegar hann er í ræðustól, en að forseti telji að eitthvað hafi átt sér stað varðandi afgreiðslu nefndarálita. Í fjárln. ganga hlutirnir þannig fyrir sig, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. Halldór Blöndal viti, að fyrst skilar meiri hlutinn áliti sínu og síðan vinnur minni hlutinn álit sitt þegar ljóst er hvað fram kemur í áliti meiri hlutans. Öllum sem vinna við fjárlagagerðina er þetta ljóst. Það er meira að segja þannig að ágætur starfsmaður þingsins sem starfar með nefndunum er að vinna að nefndaráliti fyrir 1. og 2. minni hluta.

Ég verð bara, herra forseti, að ítreka það sem ég gat um áðan að það er mikilvægt að forseti þingsins, forseti allra þingmanna, kanni málin betur, hvernig þau eru stödd ef ljóst er að um þau geta verið ágreiningur, skiptar skoðanir eða að vitneskja liggi ekki öll fyrir áður en farið er út í langar útskýringar af forsetastóli.

[19:19]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að halda örlítið áfram þeirri orðræðu sem hér hefur átt sér stað en, virðulegi forseti, ég mun stytta mál mitt mjög.

Þetta snýst eingöngu um það sem stendur að hv. þm. Halldór Blöndal ræðir um það að minnihlutaálit í fjárln. hafi ekki verið komið fram og hann hafi aflað sér upplýsinga um að það væri hugsanlega ekki á leiðinni. Það skal upplýst hér, þannig að málið sé sem gleggst fyrir hv. þingmenn, að strax í morgun hafði ég samband við nefndadeild og minntist á að því miður yrði einhver dráttur á nefndaráliti okkar af þeirri einföldu ástæðu að ég þyrfti að fara hér í umræðu um störf þingsins og fá ákveðnar upplýsingar og reyna að fá betri svör frá forsrn. varðandi mál sem hér hefur nokkuð verið rætt um. Þess vegna er álit 1. minni hluta í fjárln. ekki enn tilbúið, þ.e. vegna þess að enn er verið að leita leiða til að fá þær upplýsingar sem við teljum nauðsynlegar til þess að hægt sé að hefja 3. umr. um fjáraukalög á morgun. Ég vonast að sjálfsögðu eftir því að það takist en þetta er skýringin á því að minnihlutaálitið var ekki tilbúið þegar hv. þm. leitaði eftir því, ekki að það væri ekki á leiðinni neitt álit frá minni hlutanum. Hér hefur komið fram að það voru gerðar athugasemdir og óskað eftir ákveðnum upplýsingum sem yrðu tilbúnar áður en 3. umr. hæfist þrátt fyrir það að meiri hluti fjárln. hafi afgreitt málið úr nefndinni, ekki með atkvæðum minni hlutans heldur eingöngu með atkvæðum meiri hlutans eins og alsiða hefur verið í þeirri nefnd frá því að ég hóf þar störf.

[19:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að halda aðeins áfram þeirri umræðu sem hér hefur farið fram reyndar í allan dag.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vekur athygli hv. þm. á að hann er í andsvari og heldur ekki áfram að ræða um það sem hefur skeð hér í dag. Hann er í andsvari við hv. 4. þm. Austurl. og ef hann ætlar ekki í andsvar, þá biður forseti hann ...)

Virðulegi forseti. Hv. þm. er það vel kunnugt að hann er í andsvari.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Gott.)

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og kom inn á ræðu hv. 4. þm. Austurl. þá hefur komið fram að ráðuneytið treystir sér ekki til að láta af hendi þessar upplýsingar af þeim sökum að tilteknir embættismenn hafi heitið þagnarskyldu. Því spyr ég hv. þm.: Hefur það komið fram í fjárln. að menn treysti sér ekki til að afhenda þessar upplýsingar af því að embættismenn hafi heitið þagnarskyldu? Enn fremur: Hefur það verið skýrt út fyrir fjárlaganefndarmönnum hvernig á því stendur að tilteknir embættismenn geti bundið þingið þagnareiði?

[19:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Engar skýringar hafa borist fjárln. um hvernig á því stendur að óskað er eftir þagnarskyldu varðandi þær upplýsingar sem um hefur verið beðið, aðrar en þær sem koma fram í svari ráðuneytisins til nefndarinnar.

Herra forseti. Ég held að það sé ekkert úr vegi að láta það vera mín síðustu orð að lesa þetta sérkennilega svar frá forsrn. vegna beiðninnar, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Spurt var um sundurliðun kostnaðar vegna einkavæðingar á yfirstandandi ári, en í fjáraukalagafrumvarpi 2001 er farið fram á 300 millj. kr. fjárveitingu til verkefnanna. Upplýsingar um endurgjald til einstakra viðsemjenda varða mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra. Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er skylt að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum, ef hann er til þess fallinn að skaða þá hagsmuni, sem í húfi eru. Í því felst þá jafnframt að slíkar upplýsingar eru undirorpnar þagnarskyldu af hálfu stjórnvalda að viðlagðri ábyrgð. Á þeim grundvelli hefur ráðuneytið jafnframt heitið viðsemjendum sínum að gæta trúnaðar við meðferð þeirra. Þar eð sambærileg þagnarskylda hvílir ekki á þingmönnum eða þingnefndum telur ráðuneytið því ekki fært að veita nánari upplýsingar um það hvernig framangeind fjárhæð skiptist milli einstakra viðsemjenda."

Herra forseti. Áður hefur verið á það bent að því miður eru ákveðnir hlutir í þessu svari rangir. Ég vonast til þess að það verði hægt að upplýsa forsrn. um hvað er rangt í svari þeirra þannig að svona lagað endurtaki sig ekki hjá því ráðuneyti.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2000, ein umr.
[19:24]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi Ríkisendurskoðunar ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrsla fyrir liðið ár var gefin út og birt í maímánuði sl. Ég mun nú gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni.

Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar námu alls 219,1 millj. kr. á árinu 2000 að frádregnum tekjum af seldri þjónustu. Á árinu 1999 námu rekstrarútgjöld 207,9 millj. kr. Útgjöldin jukust því um 11,2 millj. kr. eða um 5,4%. Þegar tekið tillit til verðlags- og launabreytinga á milli ára lækkuðu útgjöldin hins vegar um 1,6% milli ára.

Fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar voru jafnmargir á árinu 2000 og á árinu 1999 eða 43. Þá störfuðu einnig fjórir verkefna- og tímaráðnir starfsmenn hjá stofnuninni á síðasta ári. Til að leysa af hendi hin víðtæku verkefni sem stofnuninni ber að lögum að sinna hefur hún á liðnu ári samið við ýmsa sjálfstætt starfandi löggilta endurskoðendur um að þeir annist endurskoðun á ársreikningum tiltekinna ríkisaðila. Í lok ársins voru 85 samningar af þessu tagi í gildi. Endurskoðun sem innt er af hendi á grundvelli þessara samninga er unnin í umboði Ríkisendurskoðunar og í samráði við hana. Ef hin samningsbundnu verkefni lúta að endurskoðun reikninga ríkisaðila í A-hluta ríkisreiknings ber Ríkisendurskoðun kostnaðinn af vinnunni, en annars er hann borinn af viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Umfangsmestu verkefnin af þessum toga voru á sínum tíma boðin út í samræmi við lög um opinber innkaup og reglur sem gilda í því efni á Evrópska efnhagssvæðinu.

Starfsmenn stofnunarinnar unnu alls tæplega 66 þúsund vinnustundir á árinu 2000. Þessu til viðbótar keypti stofnunin rúmlega 4.300 tíma af sjálfstætt starfandi löggiltum endurskoðendum, sem annast endurskoðun í hennar umboði. Heildarfjöldi vinnustunda var því um 70 þús. á síðasta ári og fjölgaði þeim um 500 frá árinu 1999.

Eins og jafnan áður er langmestum hluta þess tíma sem Ríkisendurskoðun hefur til ráðstöfunar á hverju ári varið til hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar hjá stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum í eigu ríkisins. Á árinu 2000 var alls tæplega 38 þúsund vinnustundum varið til fjárhagsendurskoðunar eða 57% af heildarvinnumagninu. Hlutfallslega mestum tíma var varið til endurskoðunar hjá stofnunum, sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið eða um 16%. Til endurskoðunar hjá fjármálaráðuneyti og stofnunum þess fóru um 15% tímans, 10% hjá menntamálaráðuneyti og stofnunum þess, en minna hjá öðrum.

Fjárhagsendurskoðunarsvið stofnunarinnar hefur sett sér það markmið að endurskoða öll viðfangsefni í fjárlögum a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Allar stofnanir utan A-hluta ríkisreiknings eru þó endurskoðaðar á hverju ári sem og stærstu A-hluta stofnanirnar. Á árinu 2000 var vaxandi áhersla lögð á gerð ársreikninga fyrir stofnanir og aðra fjárlagaliði og er stefnt að því að allir ársreikningar stofnana í A-hluta verði áritaðir á hverju ári.

Alls var lokið við 105 skýrslur er tengdust fjárhagsendurskoðun hjá stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum ríkisins. Þessar skýrslur eru að jafnaði ekki birtar opinberlega en ríkisendurskoðandi lætur í ljós álit sitt á reikningsskilum einstakra aðila með áritun sinni. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings er þó jafnan að finna samandregið yfirlit um alla þá vinnu sem unnin er við fjárhagsendurskoðun á vegum stofnunarinnar.

Tæplega 8.400 vinnustundum var varið til stjórnsýsluúttekta á vegum stjórnsýslusviðs stofnunarinnar á síðasta ári eða um 13% af heildarvinnumagninu. Stjórnsýslusviðið lauk við 7 skýrslur og voru þær allar birtar opinberlega. Eins og oft áður voru nokkrar þeirra gerðar að beiðni eða frumkvæði annarra, svo sem forsætisnefndar Alþingis. Skýrslur af þessum meiði eru jafnan lagðar fyrst fram á Alþingi. Skýrslur þær sem hér um ræðir fjölluðu um margbreytileg efni, svo sem um kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu, rammasamninga Ríkiskaupa, reynslusveitarfélagið Akureyri, rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana, framkvæmdir við Þjóðmenningarhús, átaksverkefni, framkvæmd fjárlaga o.fl.

Undir stjórnsýslusviðið heyrir endurskoðun upplýsingakerfa. Sá þáttur starfseminnar beinist að því að kanna virkni og öryggi tölvu- og upplýsingakerfa hjá fyrirtækjum og stofnunum ríkisins með það fyrir augum að ganga úr skugga um að þau uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og að þau séu í samræmi við lög, reglur og staðla. Til þessara verkefna var varið tæplega 3.000 vinnustundum eða sem svarar 5% af heildarvinnumagninu. Á síðasta ári kom út vegum upplýsingasviðsins rit um rafræn viðskipti sem geymir auk ýmissa upplýsinga um rafræn viðskipti ýmsan fróðleik um þau öryggisatriði sem ríkisaðilar verða að huga að og þær meginreglur sem þeir verða að fylgja, ætli þeir sér að taka upp og stunda rafræn viðskipti. Einnig tók sviðið saman leiðbeiningar um eignaumsýslu í tengslum við hugbúnað og tölvuvélbúnað ríkisstofnana. Þetta þótti nauðsynlegt að gera til að fylgja eftir athugun og skýrslu stofnunarinnar um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum frá árinu 1999.

Til annarra verkefna var alls varið rúmlega 15 þús. vinnustundum. Hér er um að ræða verkefni sem ekki verða heimfærð beint undir endurskoðun. Má í þessu sambandi nefna eftirlit með ríkistekjum, eftirlit með staðfestum sjóðum og sjálfseignarstofnunum, yfirstjórn, námskeið, endurmenntun starfsmanna o.fl. Eins og nánari grein er gerð fyrir á bls. 12 í starfskýrslunni var námskeiðahald í tengslum við endurmenntun starfsmanna nokkuð umfangsmikið og fjölbreytt í fyrra rétt eins og á liðnum árum.

Um verkefni og störf stofnunarinnar á árinu 2000 að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til skýrslunnar sjálfrar.

Að lokum vil ég víkja að nokkuð áhugaverðri hugleiðingu í starfsskýrslunni um aukið sjálfstæði og aukna ábyrgð ríkisstofnana og stjórnenda þeirra. Á undanförnum árum hefur leynt og ljóst verið reynt að draga úr miðstýringu í ríkisrekstrinum jafnframt því að flytja ákvarðanir og ábyrgð út til sjálfra stofnananna. Nýju starfsmannalögin frá árinu 1996 og fjárreiðulögin frá árinu 1997 hafa m.a. stuðlað mjög að þessari þróun. Sú viðleitni að taka upp árangursstjórnun í ríkisrekstrinum hlýtur að vera ein helsta forsenda aukinnar vald- og ábyrgðardreifingar. Með henni er leitast við að draga úr beinum afskiptum ráðuneyta af stjórnun og innri málefnum stofnana, en í staðinn er lögð áhersla á að stofnanir skili fyrir fram skilgreindum árangri. Með þessu gefst stjórnendum aukið svigrúm til ákvarðana um reksturinn en þeir verða á móti að sýna fram á að aðferðir og aðgerðir þeirra skili þeim árangri sem að er stefnt.

Á sama tíma og reynt er að breyta stjórnunartengslum milli ráðuneyta og stjórnunar, er gerð krafa um að stjórnendur sjái til þess að útgjöld stofnana séu innan þess ramma

sem þeim er markaður í fjárlögum. Í þessu sambandi nægir að benda á áherslur þær sem finna má í þessu efni í lögum um fjárreiður ríkisins og í reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Því miður munu bæði ráðuneyti og stofnanir enn sem komið er fremur skammt á veg komin í því að tileinka sér aðferðir árangursstjórnunar. Þannig munu árangursmælingar lítt notaðar sem stjórntæki í rekstri og eins er áætlanagerð, þar sem sett eru skýr rekstrarmarkmið, víða mjög frumstæð í ríkiskerfinu.

Taka verður undir með Ríkisendurskoðun, að á þessu þurfi að verða breyting. Vönduð markmiðasetning og virk eftirfylgni er forsenda þess að unnt sé að gera stjórnendur ábyrga fyrir árangri. Auknu sjálfstæði stofnana verður að fylgja aukin ábyrgð stjórnenda, bæði á fjárreiðum og á afrakstri starfseminnar. Í þessu efni hlýtur það að vera grundvallarregla að vald og ábyrgð fari saman.

Ég vil láta þess getið að í lok október sótti ríkisendurskoðandi aðalfund alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda, INTOSAI, sem að þessu sinni var haldin í Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu. Á fundinum tók hann við viðurkenningu sem honum var veitt fyrir grein sem birtist í fagtímariti samtakanna á síðasta ári. Þessi viðurkenning er veitt á þriggja ára fresti fyrir grein sem birtist í tímaritinu og þykir að mati dómnefndar skara fram úr. Dómnefnd var skipuð fulltrúum frá Bandaríkjunum, Kanada, Venesúela, Indlandi og Túnis. Greinin sem um ræðir birtist í fyrra og fjallaði um úttekt bresku ríkisendurskoðunarinnar, National Audit Office, á skipulagi og starfsháttum Ríkisendurskoðunar.

Verðlaunagrein Ríkisendurskoðunar ber heitið „Auditing the Auditor: A Peer Review of the Icelandic National Audit Office". Þar er fjallað um úttekt sem breska ríkisendurskoðunin gerði á starfsemi Ríkisendurskoðunar árið 1997, að beiðni ríkisendurskoðanda. Fjallað er um aðdraganda málsins, ástæður þess að farið var fram á úttekt, og rakið í stuttu máli hvernig staðið var að vinnu við úttektina. Einnig eru helstu niðurstöður úttektarinnar raktar en þær voru birtar í sérstakri skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út árið 1997.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni með að Ríkisendurskoðun hafi hlotnast sú viðurkenning sem felst í þessari verðlaunaviðurkenningu sem er til marks um þá góðu og vönduðu vinnu sem þar er unnin.

Þá vil ég fyrir hönd forsætisnefndar, herra forseti, flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–15. mál.

Fundi slitið kl. 19:35.

---

42. FUNDUR

þriðjudaginn 4. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2001, stjfrv., 128. mál, þskj. 417, frhnál. 438, 452 og 453, brtt. 439, 440, 441 og 442. — 3. umr.
2. Tollalög, stjfrv., 319. mál, þskj. 404. — 1. umr.
3. Gjald af áfengi, stjfrv., 320. mál, þskj. 405. — 1. umr.
4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391. — 1. umr.
5. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392. — 1. umr.
6. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 312. mál, þskj. 388. — 1. umr.
7. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403. — 1. umr.
8. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 333. mál, þskj. 424. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 452; frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 453; brtt. JB o.fl., þskj. 454, 455.

Íslenska friðargæslan, 340. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 446.

Rannsókn á dreifingu barnakláms á netinu, 341. mál, fsp. GÖ, þskj. 447.

Rannsóknasetur að Kvískerjum, 262. mál, svar umhvrh., þskj. 449.

Reglugerðir frá umhverfisráðuneyti, 170. mál, svar umhvrh., þskj. 408.

Sveitarstjórnarlög, 339. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 445.

Útbreiðsla ADSL-þjónustu, 241. mál, svar samgrh., þskj. 448.

Afturköllun þingmála.

[13:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Fyrirspurnir á þskj. 271, 361 og 409 hafa verið kallaðar aftur.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ófriður fyrir botni Miðjarðarhafs.

[13:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það eru hörmulegar fréttir sem okkur berast nú frá botni Miðjarðarhafs þar sem langvarandi deila Ísraelsmanna og Palestínumanna er að blossa upp með skelfilegum

hætti. Árásum Hamas-samtakanna á Ísrael um helgina hefur verið svarað með grimmilegum árásum af hálfu Ísraelsmanna og raunar virðist af fréttum sem Ísraelsmenn séu beinlínis uppi með tilraunir til að ráða Arafat af dögum.

Alþjóðasamfélagið getur ekki látið slíka árás Ísraelsríkis á svæði Palestínumanna átölulaust. Það væri litið á það sem samþykki við þeirri fráleitu staðhæfingu Sharons, forsætisráðherra Ísraels, að árás þeirra á Palestínu sé liður í alþjóðlegum viðbrögðum og baráttu gegn hermdarverkum.

Íslenska ríkisstjórnin hefur lýst yfir fylgi sínu og fylgi Íslendinga við hina alþjóðlegu baráttu gegn hermdarverkum. Það þarf að vera alveg ljóst, herra forseti, að íslenska ríkisstjórnin styður með engum hætti þá túlkun Sharons forsætisráðherra á því sem hann er að gera, þeim óhæfuverkum sem Ísraelsmenn eru að vinna á Palestínumönnum. Ísraelsmenn hafa beitt Palestínumenn langvinnum og markvissum kúgunum. Það er ítarlega skýrt í greinargerð með tillögu til stuðnings baráttu Palestínumanna sem Samfylkingin hefur lagt fram á hinu háa Alþingi.

Mig fýsir að vita og inni hæstv. utanrrh. eftir því hvort og hvernig íslensk stjórnvöld hyggist bregðast við þessum válegu tíðindum. Munu þau ekki láta uppi andúð sína á árás Hamas-samtakanna um helgina en fordæma jafnframt fortakslaust hina harkalegu og grimmúðlegu árás Ísraelsmanna? Munu íslensk stjórnvöld ekki beita sér fyrir því að Norðurlöndin muni reyna að hafa samstöðu á alþjóðavettvangi til þess að knýja Ísrael til að fara að alþjóðlegum lögum, fara að alþjóðlegum samþykktum og virða samkomulagið sem kennt er við Ósló frá 1993?

[13:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að það er hörmulegt að svo skuli vera komið fyrir botni Miðjarðarhafsins eins og raun ber vitni. Það er skelfilegt að þessi hryðjuverkaárás skyldi verða gerð á Ísraelsmenn og ungt fólk í Ísrael og við hljótum að fordæma allar hryðjuverkaárásir. Hins vegar hljótum við jafnframt að harma beitingu valds vegna þess að ég hef enga trú á að þetta mál verði leyst með valdi.

Ég get tekið undir með hv. þm. að ég tel það ekki rétt að líta með sama hætti á þetta mál, þó að það sé afskaplega slæmt, og hryðjuverkaárásina í New York og Washington. Þarna hafa verið deilur mjög lengi, gagnkvæmar árásir og dráp á saklausu fólki. Það hafa um þúsund manns fallið í valinn núna á 14 mánuðum. Við í utanrrn. fylgjumst mjög vel með því sem þarna er að gerast og erum í sambandi við sérstaklega hin Norðurlöndin sem hafa miklu betri aðstæður en við til að dæma um það sem þarna er að gerast. Við munum halda áfram að fylgjast með því. Ég lýsi yfir miklum áhyggjum af því ástandi sem þarna hefur skapast og má segja að friðarferlinu eins og það var hugsað er nánast lokið eins og útlitið er. En við hljótum að leggja á það áherslu, alþjóðasamfélagið, að koma því í gang á nýjan leik því að ekkert annað getur leyst þá alvarlegu deilu sem þarna er.

[13:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Váleg tíðindi berast frá Miðausturlöndum nær. Hryðjuverk eru að magnast upp í hernaðarátök sem ekki er séð fyrir endann á. Ísraelsstjórn virðist ekki lengur gera greinarmun annars vegar á herskáum harðlínuhópum og hins vegar almennu löggæsluliði Palestínu-Araba. Allir eru settir undir einn hatt og skilgreindir sem réttdræpir hryðjuverkamenn og virðist það taka til almennra borgara, fbúa á hernumdu svæðunum.

Svo er að skilja á ýmsum valdamönnum heimsins, svo sem Bandaríkjaforseta, að svo fremi sem Ísraelsmenn setji hryðjuverkastimpilinn á andstæðinga sína séu allar aðgerðir gegn þeim réttlætanlegar. Þetta er varasöm afstaða og þetta er frumstæð afstaða.

Frá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna hefur á hinn bóginn borist hvatning til allra ríkja heims að leggjast á eitt um að fá Ísraelsmenn og Palestínu-Araba til að setjast þegar í stað að samningaborði. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hvetur til þess að íslenska ríkisstjórnin fordæmi harðlega hernaðarofbeldið, hið vopnaða ofbeldi sem heimurinn verður nú vitni að og taki undir kröfu um að þegar í stað verði sest að samningaborði í skjóli friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna.

[13:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það ætti að vera öllum ljóst, svo rækilega hefur það sannast í gegnum bitra reynslu að hefndaraðgerðir og ofbeldi eru ekki leiðin til friðar í Miðausturlöndum. Aðeins með því að hætta ofbeldinu og setjast að samningaborði getur verið einhver von fyrir þetta svæði.

Alls staðar annars staðar þar sem svipað háttaði til og gerir í Palestínu nú væri krafan um alþjóðlegt gæslulið studd og henni hrint í framkvæmd. En vandinn er m.a. sá að ekki aðeins Ísraelsmenn bera nú fyrir sig það sem þeir kalla sjálfsvarnarrétt sinn heldur hefur einnig því miður Bush Bandaríkjaforseti að hluta til tekið undir þá skilgreiningu. Kröfunni um að menn láti af ofbeldinu nægir því ekki að beina bara til Ísraelsstjórnar. Henni verður jafnframt að beina til Bandaríkjastjórnar í hverra skjóli Ísraelsmenn sitja og fara sínu fram.

Gildandi samþykkt Alþingis um þetta mál og þar með stefna Íslands, sem ríkisstjórn Íslands framfylgir að sjálfsögðu, er afdráttarlaus og kveður á um rétt Palestínumanna til að stofna sjálfstætt ríki í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 og kveður á um rétt Palestínumanna til að ráða sjálfir landsvæðum sínum og kveður á um rétt flóttamanna til að snúa heim. Á þeim grunni á auðvitað að reisa aðgerðir málsins og við þetta þarf að bæta stuðningi við kröfuna um að alþjóðlegt gæslulið komi nú á svæðið og reyni að tryggja öryggi borgaranna. Það má ekkert út af bera, herra forseti, til að þarna skelli ekki á allsherjarstríð og maður gæti leitt að því hugann hvernig ástandið væri núna ef Arafat, forseti Palestínu, hefði t.d. fallið í nótt.

[13:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er ánægð með undirtektir hæstv. utanrrh. og það er undir öllum kringumstæðum alvarlegt og mjög ámælisvert og ber að fordæma ef gerð er hryðjuverkaárás, hvar sem er. Við Íslendingar styðjum að Palestína verði sjálfstætt ríki. Norðurlöndin öll styðja að Palestína verði sjálfstætt ríki. Bandaríkin gáfu út yfirlýsingu um að þau mundu núna vinna að friði fyrir botni Miðjarðarhafs og gera átak í því máli. Um leið kom yfirlýsing frá Evrópusambandinu að það mundi vinna með Bandaríkjunum að því að ná friði fyrir botni Miðjarðarhafs. Nú væri að því komið.

Það er því líklega ekki tilviljun að við þessar aðstæður var gripið til vopna við hryðjuverkaárás. Það er ekki tilviljun að mínu mati og það má ekki gerast, virðulegi forseti, að árás hryðjuverkahóps og hópa fram og til baka á þessu viðkvæma

svæði verði til þess að hrjáð þjóð í Palestínu verði endanlega hernumin af Ísrael. Ekkert okkar getur látið það gerast og hæstv. utanrrh. nefnir að hann muni vinna með Norðurlöndunum í þessu máli. Ég treysti Norðurlöndunum til réttra viðbragða og það er líka mikils virði gagnvart alþjóðasamfélaginu að afstaða okkar Íslendinga sé afdráttarlaus.

[13:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Það er ákaflega mikilvægt að hann, sá sem flytur stefnu íslenska lýðveldisins á alþjóðavettvangi, gefi þessa yfirlýsingu. Sharon forsætisráðherra hafði lýst því yfir að hin skelfilega og grimmúðlega árás Ísraelsmanna á Palestínumenn, þar sem þeir réðust í morgun beinlínis yfir landamærin með herlið, skriðdreka og þotur og eru núna sem við tölum að tæta upp flugvelli á Gaza-svæðinu, væri hluti af herför alþjóðasamfélagsins gagnvart hermdarverkum. Við á hinu háa Alþingi höfum flest lýst yfir stuðningi við viðbrögð hæstv. utanrrh. í þeirri herför. Þess vegna verður það að vera alveg ljóst að íslenska þingið, íslenska ríkisstjórnin og íslenskir stjórnmálaflokkar standa ekki með Ísraelsmönnum í þessu óréttlætanlega og óverjanlega árásarstríði sem þeir hafa nú hafið gagnvart Palestínumönnum.

Einnig er nauðsynlegt, herra forseti, að menn skilji hver undirrót þessa ófriðar er. Hún er sú að Ísraelsmenn hafa ekki viljað standa við samkomulagið sem gert var 1993. Það var þó einungis málamiðlun sem Palestínumenn varla gátu sætt sig við en gerðu þó í nafni friðar. Ísraelsmenn hafa svikið það samkomulag, þeir bera alla sök. Þeir hafa ekki staðið við það að Palestínumenn fái að stjórna þessum svæðum sem þeir þó fengu. Þeir hafa haldið fyrir þeim öllum skattpeningunum, þeir koma í veg fyrir að hægt sé að halda uppi heilsugæslu og innviðum venjulegs samfélags. Herra forseti. Það er þetta sem er undirrót meinsemdarinnar. Það skiptir miklu máli að við Íslendingar látum rödd okkar heyrast á alþjóðavettvangi og ég skora á hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir því að Norðurlöndin myndi kjarna innan hins alþjóðlega samfélags sem beiti sér fyrir því að Ísraelsmenn verði knúnir til að standa við samkomulagið frá 1993.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum.

[13:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt í ljósi þeirrar umræðu sem fór hér fram í gær varðandi svör frá forsrn. til fjárln. að upplýsa gang mála frá þeirri umræðu.

Í hádeginu í dag var haldinn aukafundur í fjárln. þar sem fyrir lá ósk frá forsrn. um að að nefndin héldi trúnað varðandi upplýsingar um það hvernig 300 milljónir, sem ætlaðar eru til einkavæðingarverkefna, skiptast milli þeirra aðila sem þær eiga að fá.

Við því var orðið af hálfu nefndarinnar að gæta trúnaðar í málinu en að sjálfsögðu með þeim fyrirvara að a.m.k. minni hluti nefndarinnar telur ámælisvert að þessi gögn þurfi að vera í trúnaði og við áskiljum okkur fullan rétt til að gagnrýna það að slík gögn séu í trúnaði. Hins vegar teljum við það mikilvægasta í málinu og fögnum því að sjálfsögðu að umbeðnar upplýsingar muni berast til nefndarinnar. Og það er ástæða til að þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, formanni fjárln., fyrir að hafa beitt sér í þessu máli þrátt fyir þau orð sem féllu hér í gær af hálfu hæstv. forseta þingsins. Með þessu tel ég að að þessu leyti hafi andliti löggjafarvaldsins verið bjargað gagnvart framkvæmdarvaldinu.

[13:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er alvarlegt þegar Alþingi og þingnefndir geta ekki sinnt skyldum sínum og starfað með eðlilegum hætti, leitað þeirra upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að geta metið og ákvarðað einstök mál í afgreiðslum hér á Alþingi.

Eitt slíkt var einmitt fyrirspurn til forsrn. varðandi ráðstöfun á 300 millj. kr. aukafjárveitingarbeiðni til einkavæðingarverkefna. Ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta er fjáraukalagabeiðni. Þetta er eitthvað sem kemur upp mjög brýnt og Alþingi er beðið um að taka til afgreiðslu sem sérstakt og afbrigðilegt verkefni sem hafi borið svo brátt að. Því var mjög eðlilegt að fjárln. leitaði eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvað þarna væri verið að gera, til hvers ætti að verja þessu fé eða hvernig því hefði verið varið ef það væri búið. Við þessu bréfi kom síðan svar í tölvupósti um að þingnefndinni væri ekki heimill aðgangur að þeim upplýsingum.

Þetta er alvarlegt mál, herra forseti. Á fundi í hádeginu í dag voru síðan skilaboð frá forsrn. um að þessar upplýsingar gætu legið fyrir fjárln. og einstökum fjárlaganefndarmönnum ef þeir ábyrgðust að taka á þeim málum í trúnaði.

Að sjálfsögðu er hægt að taka við málum í trúnaði en það verður að mótmæla svona vinnubrögðum af hálfu framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarsamkomunni og því alvarlega fordæmi sem þetta skapar ef hægt er með þessum hætti að skjóta sér undan því að miðla eðlilegum upplýsingum til Alþingis.

[13:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er upplýst að tekið hefur verið hænufet í rétta átt í því deilumáli sem vaknaði eðlilega hér á þingfundi í gær. Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram, herra forseti, að þetta er mér ekki nægilegt. Ég sit ekki í fjárln. en hafði hins vegar í hyggju að taka hér þátt í umræðu og, eins og gefur að skilja, afgreiðslu fjáraukalaganna. Þær upplýsingar sem leitað hefur verið eftir eru hluti þeirra gagna og þeirra tillagna sem fyrir liggja.

Þannig árétta ég þá ósk til handa formanni fjárln. að hann geri í inngangsræðu sinni glögga grein fyrir ráðstöfun þessara fjármuna því að ég vænti þess að stærstum hluta þessara 300 milljóna sé þegar búið að ráðstafa — og greiða hugsanlega — og að hann fari ekki undan í flæmingi eins og gert hefur verið í málinu fram að þessu heldur geri þingheimi glögga grein fyrir ráðstöfun þessara fjármuna. Það veit auðvitað hver einasti maður að hér eru ekki á ferðinni nein viðskiptaleyndarmál. Hvernig gæti það verið? Hér er einfaldlega um það að ræða að greiða lögaðilum fyrir þá þjónustu sem þeir hafa veitt framkvæmdarvaldinu og hvað er eðlilegra en að það sé upplýst með hvaða hætti þessi þjónusta var veitt, fyrir hvað var greitt og hversu hátt hverjum og einum?

Því árétta ég það, herra forseti, að þetta mál er hreint ekki þannig vaxið að það þurfi að sveipa það neinni hulu, binda það neinum trúnaði við einn eða neinn, og ég ítreka óskir um að hér verði þessu álitaefni svarað þráðbeint og án vífilengja.

[13:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í gær var hv. þingheimi skýrt frá því að forsrn. hefði hafnað því að veita umbeðnar upplýsingar. Hæstv. forseti tók undir þau sjónarmið og sagði að ekki væri hægt að veita þessar upplýsingar af því að það væri ekki sami trúnaður í fjárln. eins og er í utanrmn.

Nú virðist sem forsrn. hafi lýst því yfir að hægt væri að veita þessar upplýsingar í trúnaði þrátt fyrir úrskurð forseta Alþingis hér í gær. Og niðurstaðan er þá sú að þrátt fyrir úrskurð forseta þingsins tekur forsrn. fram fyrir hendurnar á honum og afhendir upplýsingar sem ekki mátti veita í gær.

Virðulegi forseti, þetta mál er vægast sagt orðið heldur snúið. Og ég verð að segja það og taka undir með þeim, auðvitað er fráleitt og fáránlegt að upplýsingar eins og þessar séu afhentar í einhverjum trúnaði. Það er algerlega fráleitt. Og ef einstaka embættismenn geta svipt þingmenn rétti til upplýsinga með því að veita einhverjum viðskiptaaðilum loforð um að trúnaður verði haldinn gagnvart einhverjum upplýsingum er mjög mikilvægt að þingið taki þetta sérstaklega til umræðu því það er algjörlega fráleitt og ég mótmæli því algjörlega, virðulegi forseti. Að minnsta kosti sá er hér stendur á ekki sæti í fjárln. og því dugar þetta mér engan veginn og ég mótmæli því alveg harðlega að svona upplýsingar séu veittar í trúnaði.

Um fundarstjórn.

Umræðuefni í athugasemdum um störf þingsins.

[13:53]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér í upphafi fundar var hreyft alvarlegum málum sem að sönnu er efni til að ræða. En ég vil benda á að undanfarið hefur nær undantekningarlaust í upphafi þingfunda hafist upp umræða, efnisleg umræða um einstök mál, þar sem hæstv. ráðherrar koma til svara og er þar í reynd um að ræða utandagskrárumræðu í því formi.

Ég vil beina því til hæstv. forseta að forsn. ræði þetta mál vegna þess að ég tel að hér séu hv. þm. að misnota þingsköp og ræða hlutina undir öfugum formerkjum.

[13:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég verð að mótmæla þessu hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni. Ég vil mótmæla því að menn séu með einhverjum hætti að misnota aðstöðu sína hér til að ræða mál sem koma upp. Hér lýsti ég því áðan — vegna þess að ég tel að hv. þm. hafi m.a. verið að vísa til þeirrar umræðu sem ég hóf hér — að hæstv. utanrrh. hefur gefið ákveðna yfirlýsingu um stuðning íslenska lýðveldisins við baráttuna gegn hryðjuverkum. Ég lýsti því jafnframt yfir að ákveðin skýring hefði komið fram af hálfu forsætisráðherra ríkis sem var að ráðast á Palestínumenn.

Ég taldi algjörlega nauðsynlegt, vegna þess stuðnings sem minn stjórnmálaflokkur hefur veitt hæstv. utanrrh., að fram kæmi að hann væri þeirrar skoðunar að forsætisráðherra Ísraels hefði engan rétt til að túlka gang mála eins og hann gerir.

Ég hefði auðvitað getað farið í fullvaxna utandagskrárumræðu síðar í dag. Ég taldi einfaldlega að þetta form þingsins nægði til að skýra þetta. Og ég held að það greiði fyrir þingstörfum og hafi greitt fyrir störfum hæstv. utanrrh. að gera það með þessum hætti fremur en að fara hér eftir atvikum í hálftímaumræðu eða lengri umræðu, herra forseti, þannig að ég mótmæli þessu algjörlega.

Ég tel sjálfur að það form sem hér hefur í vetur verið að þróast, m.a. að frumkvæði Samfylkingarinnar, að menn noti þetta tækifæri til að fá svör við mikilvægum spurningum sem koma upp og til að koma á framfæri viðhorfum, hafi gert þetta þing miklu líflegra en ella. Og ég er þeirrar skoðunar að með þessum hætti sé auðveldara fyrir okkur að eiga orðastað við ráðherrana og það sé auðveldara að kristalla þann ágreining sem er á millum stjórnmálaflokka, milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Þannig að ég held, herra forseti, að í stað þess að hlíta tilmælum hv. þm. Magnúsar Stefánssonar eigum við að feta áfram þennan stíg vegna þess að það gerir þingið bæði skemmtilegra og meira upplýsandi — og hlífir auðvitað hæstv. ráðherrum við óhóflegri vinnu.

[13:56]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er orðið vandlifað að vera stjórnarandstæðingur á Alþingi Íslendinga í dag. Það líður varla það skipti sem hv. stjórnarandstöðuþingmenn fara hér í ræðustól og vilja spjalla við hæstv. ráðherra eða við forseta þingsins, ýmist undir liðnum störf þingsins eða í utandagskrárumræðum við ráðherrana, að ekki heyrist kvart og kvein, vil ég segja, frá ríkisstjórninni eða stjórnarliðum undan þeirri umræðu.

Herra forseti. Á fundum með formönnum þingflokka og forseta undanfarið hefur verið margrætt að minnka þurfi og fækka hér utandagskrárumræðum. Þær eigi ekki að vera jafnríkur liður í störfum þingsins og þær hafa verið, og ég get að vissu leyti tekið undir það. Jafnframt hefur verið bent á það af hæstv. forseta að til sé liðurinn „störf þingsins" þar sem hv. þm. hafi möguleika á því að koma á framfæri ýmsum athugasemdum á borð við það sem gert var hér í upphafi þings.

Það er náttúrlega algjörlega fráleitt, herra forseti, að verið sé að kvarta undan því að fram fari umræða um það sem er að gerast. Eins og í þessu tilviki er mjög eðlilegt að þessi umræða sé tekin upp undir liðnum störf þingsins vegna þess að hv. málshefjandi talaði einmitt um að það mætti ekki líta svo út að Alþingi Íslendinga og íslenska ríkisstjórnin styddu þær aðgerðir sem Ísraelsmenn hafa verið að beita á Palestínu og litu á það sem lið í alþjóðlegri baráttu gegn hermdaraðgerðum.

Herra forseti. Ég mótmæli því að menn séu að kvarta undan því að umræða um málefni líðandi stundar fari fram, hvort sem það er undir liðnum störf þingsins eða utandagskrárumræður.

[13:58]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er nú kominn sá árstími að stjórnarandstaðan fer upp í upphafi hvers einasta þingfundar til að ræða um störf þingsins. Það var reyndar gert með óvenjumálefnalegum hætti í dag. En það er auðvitað ljóst að menn gera þetta til að ná til fjölmiðla, (Gripið fram í.) það er fyrst og fremst tilgangurinn.

Ég verð að taka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að ég held að það sé orðinn æðilítill munur á utandagskrárumræðu og umræðum um störf þingsins, a.m.k. virðist það vera orðið viðtekið að verið sé að beina spurningum til

ráðherra um ákveðin mál eins og gjarnan er nú vandi við utandagskrárumræður.

[13:59]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að spyrja, herra forseti: Er það einhver glæpur af stjórnmálamönnum að vilja ná eyrum fjölmiðla og almennings í landinu um það sem er að gerast hér á hinu háa Alþingi? (**Gripið fram í:** ... leyndarmál.) Eða á þetta, eins og hér var kallað fram í, allt saman að vera leyndarmál, á enginn að fá að heyra neitt? Ég vil mótmæla orðum hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur að láta líta þannig út að hér sé um einhvern „pópúlisma" að ræða þó að tekin séu upp málefni til umræðu á hinu háa Alþingi.

Og að nefna það sérstaklega að hér hafi málefni verið tekið upp á sérstaklega málefnalegan hátt, sem mætti þá gagnálykta á þann hátt að yfirleitt væri þetta mjög ómálefnaleg umræða — ég vil mótmæla því, herra forseti, og svona ummæli um hv. stjórnarandstöðuþingmenn eru ekki til sóma.

[14:00]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég held að ef hv. þm. fara í gegnum þær umræður sem hafa verið hér á síðustu dögum um störf þingsins og fundarstjórn forseta, þá þurfi ekki frekar vitnanna við.

[14:00]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið vill forseti taka fram að þetta hefur verið rætt ítarlega í forsn. og niðurstaða nefndarinnar er sú að leyfa umræður svipaðar og hér fóru fram í upphafi fundar undir liðnum störf þingsins. En það er sjálfsagt að bera boð hv. 2. þm. Vesturl. til forsn. og ræða þetta að nýju.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 454 og 455. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Fjáraukalög 2001, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 417, frhnál. 438, 452 og 453, brtt. 439, 440, 441, 442, 454 og 455.

[14:02]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Þess var óskað af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að ég gerði grein fyrir nokkrum atriðum varðandi það mál sem hér hefur verið til umræðu, ósk fjárln. um upplýsingar frá forsrn. varðandi ákveðin útgjöld. Þarf þó vart að endurtaka það sem hér var sagt fyrr, að í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram í þingsölum í gær ákvað ég strax að bregðast við og að nefndin léti málið til sín taka. Það var ekki hægt að gera það í gærkvöldi en þó var málið undirbúið í gærkvöldi og í morgun. Nefndin hefur sýnt að mínu mati frumkvæði og sjálfstæði með því að óska aftur eftir þessum upplýsingum jafnhliða því að bæði hún og einstakir nefndarmenn sem á fundinum voru lýsa því yfir að þeir muni halda trúnað um þær upplýsingar sem þar koma fram. Þetta er stutt þeim reglum sem eru til stuðnings þingsköpum og til þessara reglna var vitnað í gær af hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni en, með leyfi forseta, segir í 4. gr. og þar vitna ég til samþykktar á fundi forsn. 5. desember 1994:

„Þingnefnd getur ákveðið að ósk sendanda erindis eða að eigin frumkvæði að farið skuli með erindi að öllu leyti eða að hluta sem trúnaðarmál."

Greinin er lengri og fjallar um skylda þætti en þó ekki efnislega nákvæmlega það sem hér er um að ræða.

Á fundi fjárln. í dag hafa nefndarmenn óskað eftir því að fá þessar upplýsingar jafnhliða því að þeir vilja fara með það sem trúnaðarmál og tel ég því að málið sé fullkomlega í farvegi innan þeirra starfsreglna sem þingið hefur sett okkur og það verði orðið við óskum þingmanna um þær upplýsingar sem um er beðið og vænti ég þess að þær upplýsingar berist frá forsrn. Þær upplýsingar hef ég ekki hér þar sem ég stend í þessum stóli en svo fljótt sem mér berast þær mun ég gera grein fyrir þeim.

Virðulegi forseti. Ég mæli þá fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um fjáraukalög fyrir árið 2001.

„Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Tekjur hækka frá frumvarpinu um 1.265 millj. kr. og verða 1.150,4 millj. kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum. Þær varða 1. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 1 og 2, 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2001, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001, þ.e. heimildagrein. Breytingar á sundurliðun 2 nema alls 609,8 millj. kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu."

Skýringar við einstakar brtt. geri ég nú að umræðuefni og vík fyrst að menntmrn.

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 365 millj. kr.

Ríkisútvarpið. Lagt er til að framlag til Ríkisútvarpsins hækki um 365 millj. kr. í samræmi við auknar tekjur af afnotagjöldum á yfirstandandi ári. Áætlað er að afnotagjöldin skili um 1.990 millj. kr. í tekjur samanborið við 1.625 millj. kr. samkvæmt áætlun fjárlaga. Mismunurinn skýrist að hluta til af 7% hækkun afnotagjalda frá 1. janúar sl. sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögunum. Tekjuhlið fjárlaga hækkar um sömu upphæð og hefur breytingin því ekki haft áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Landbúnaðarráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 148 millj. kr.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Gerð tillaga um 54 millj. kr. fjárheimild til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla frá liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði Stofnfisks verði varið í þessu skyni í stað þess að honum verði varið til fiskeldislána eins og heimild var fyrir í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001.

Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 44 millj. kr. fjárheimild til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla á liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði Stofnfisks verði varið í þessu skyni í stað þess að honum verði varið til

fiskeldislána eins og heimild var fyrir í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001.

Garðyrkjuskóli ríkisins. Lögð er til 10 millj. kr. fjárheimild til að greiða upp uppsafnaðan rekstrarhalla frá liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði af jörðinni Straumi verði varið í þessu skyni.

Skógrækt ríkisins. Gerð er tillaga um 44 millj. kr. fjárheimild til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla frá liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði af jörðinni Straumi verði varið í þessu skyni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 61,8 millj. kr.

Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 2,4 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af söknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

Kirkjugarðsgjöld. Lagt er til að lögboðið framlag til kirkjugarða vegna kirkjugarðsgjalds verði hækkað um 14,8 millj. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Kirkjugarðsgjald hækkar í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjugarðasjóðs um 1,3 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 8% hlutdeild í kirkjugarðsgjaldi en það tekur hækkun í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 21,6 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 7,5 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði hækkað um 10,2 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 4 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

Félagsmálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 9 millj. kr.

Gerð er tillaga um 9 millj. kr. aukafjárveitingu vegna halla sem stafar af launabreytingum hjá starfsmönnum sem starfa við vistheimilið Skálatún, en það eru starfsmenn utan SFR, og ekki eru bættar sérstaklega á launa- og verðlagslið fjárlaga.

Fæðingarorlof. Lagt er til að 61,6 millj. kr. verði millifærðar innan þessa fjárlagaliðar af viðfangsefninu 1.11 Fæðingarorlofssjóður á viðfangsefnið 1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins. Fjárheimildin er vegna kostnaðar Tryggingastofnunar við undirbúning starfsemi Fæðingarorlofssjóðs árið 2000 og starfsemi hans árið 2001. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2000 verði 8,4 millj. vegna hugbúnaðargerðar og annarra undirbúningsþátta og 53,2 millj. kr. vegna ársins 2001. Þar af eru 17 millj. kr. vegna hugbúnaðargerðar. Tryggingastofnun ríkisins hefur haft umsjón með greiðslum úr eldra kerfi sem starfrækt verður til ársloka 2001. Frá þeim tíma fellur kostnaður við rekstur þess niður svo og ýmis undirbúningskostnaður við að hrinda nýju kerfi í framkvæmd og mun það koma á móti rekstrarkostnaði stofnunarinnar af nýja fæðingarorlofssjóðnum frá og með árinu 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 20 millj. kr. Lagt er til að útgjaldaheimild Tryggingastofnunar ríkisins verði aukin um 61,6 millj. en að sértekjur hækki á móti um sömu fjárhæð þannig að framlag úr ríkissjóði verði óbreytt eftir sem áður.

Fjárheimildin er vegna kostnaðar Tryggingastofnunar við undirbúning starfsemi Fæðingarorlofssjóðs árið 2000 og starfsemi hans árið 2001. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2000 hafi verið 8,4 millj. kr. vegna hugbúnaðargerðar og annarra undirbúningsþátta og 53,2 millj. kr. árið 2001. Þar af eru 17 millj. kr. vegna hugbúnaðargerðar. Tryggingastofnun ríkisins hefur haft umsjón með greiðslum úr eldra kerfi sem starfrækt verður til ársloka 2001 ef fer sem verkáætlun gerir ráð fyrir. Frá þeim tíma fellur kostnaður við rekstur þess niður svo og ýmis undirbúningskostnaður við að hrinda nýju kerfi í framkvæmd og mun það koma á móti rekstrarkostnaði stofnunarinnar af nýja fæðingarorlofssjóðnum frá og með árinu 2002. Sértekjurnar sem stofnunin hefur til að fjármagna verkefnið eru færðar sem framlag frá viðfangsefninu 07-989 1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins hjá félagsmálaráðuneyti.

Ég vík þá að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Gerð er tillaga um 5 millj. kr. aukafjárveitingu þar sem óhjákvæmilegt hefur reynst að auka starfsemi meinafræðideildar á árinu. Það hefur leitt til meiri mönnunar og hækkunar á kostnaði.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 15 millj. kr. aukafjárveitingu vegna nýrrar vararafstöðvar sem reyndist óhjákvæmilegt að kaupa og taka í notkun með tilkomu nýrrar legudeildarálmu og flutnings barnadeildar í nýtt húsnæði. Útboð á vararafstöð ásamt húsnæðisbreytingum fór að hluta fram árið 2000 en lýkur á þessu ári. Heildarkostnaður fór fram úr upphaflegri áætlun, nemur nú um 39 millj. kr. Framlög vegna þess námu 2,2 millj. kr. og 11 millj. kr. í fjárlögum og fjáraukalögum 2000.

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði óbreytt.

Siglingastofnun Íslands. 6.70 Hafnamannvirki. Gerð er tillaga um breytingar á framkvæmdaröð á hafnaáætlun sem ekki hefur áhrif á heildarframlag til stofnunarinnar. Lagt er til að framlag til framkvæmda á Vopnafirði hækki um 84,4 millj. kr. og á Arnarstapa í Snæfellsbæ um 3,9 millj. kr. Þá er lögð til samsvarandi lækkun á framlögum til framkvæmda

sem áætlaðar voru á þessu ári: Í Bolungarvík 14 millj. kr., á Þórshöfn 54 millj. kr., á Fáskrúðsfirði 18 millj. kr. og í Sandgerði 2,3 millj. kr. Heildarframlög til þessara framkvæmda koma fram í sérstökum yfirlitum II.

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 6 millj. kr.

Orkusjóður. 1.13 Jarðhitaleit. Lögð er til 6 millj. kr. fjárveiting til að uppfæra jarðfræðikort af Heimaey, seltu- og hitamæla allar tiltækar borholur og gera í kjölfarið grunnvatnskort af eynni.

Virðulegi forseti. Ég les þá skýringar við 3. gr., en skýringarnar eru svohljóðandi:

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 3. gr. frumvarpsins sem breytir 5. gr. fjárlaga. Lagt er til að Íbúðalánsjóði verði veittar auknar lántökuheimildir í ljósi þróunar útlána það sem af er árinu. Lánsfjármögnun hækkar um 940 millj. kr. frá fjárlögum ársins til að fjármagna viðbótarlán sem sjóðurinn sér um að veita fyrir hönd sveitarfélaganna. Enn fremur er húsbréfadeild heimilað að auka lántökur um 4.200 millj. kr. vegna aukinnar útgáfu húsbréfalána og áformuð lántaka til endurfjármögnunar á eldra húsnæðiskerfi lækkar um 2.500 millj. kr. í ljósi endurskoðunar á sjóðstreymi Byggingarsjóða ríkisins og verkamanna.

Jafnframt er lagt til að lántökur og útlán Byggðastofnunar verði aukin um 300 millj. kr. og verði 1.600 millj. kr. á árinu 2001. Er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 5. október sl., en það er mat stjórnenda stofnunarinnar að eiginfjárstaða hennar standi undir auknum útlánum.

Þá er lagt til að við bætist nýr liður sem heimili Rafmagnsveitum ríkisins að taka lán er nemur allt að 780 millj. kr. Þar af eru 300 millj. kr. til kaupa á Rafveitu Sauðárkróks og 480 millj. kr. til að standa undir hallarekstri fyrirtækisins vegna óarðbærra rekstrareininga.

Loks er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að veita hinu nýja hlutafélagi um rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sjálfskuldarábyrgð er nemur allt að 2.500 millj. kr. til að standa undir endurfjármögnun lána í árslok 2001.

Í sundurliðun 2 með frumvarpinu birtust tvær tillögur án þess að skýringar fylgdu þeim. Ekki var gert ráð fyrir þeim í samtölum 1. og 2. gr. frumvarpsins, enda áttu þær ekki að vera í sundurliðuninni og birtust þar vegna mistaka við frágang prentskrár. Þær tillögur sem um ræðir voru annars vegar 1,3 millj. kr. undir liðnum 01-190 1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada, og hins vegar 9 millj. kr. undir liðnum 08-500 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Tillögurnar eru ekki í stöðuskjalinu og hefur breytingin ekki áhrif á útgjöldin í frumvarpinu þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim í lagagreinum þess.

Undir þetta nál. ritar meiri hluti fjárln. Þann meiri hluta skipa hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson formaður, Einar Oddur Kristjánsson varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Pálsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Drífa Hjartardóttir og Tómas Ingi Olrich.

[14:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Miklar umræður hafa þegar orðið um þær 300 milljónir sem ríkisstjórnin leggur til að veittar verði til þess að greiða fyrir störf og vinnu einkavæðingarnefndar. Nú segir í lögum um fjárreiður ríkisins í 33. gr. að þegar slík ófyrirséð atvik komi upp sé fjmrh. skylt að gera fjárln. Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin.

Ég vil því spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln., hvort ríkisstjórnin hafi sinnt lagaskyldu sinni um þetta.

[14:23]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tel svo vera.

[14:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla þá að biðja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson að gera grein fyrir því hér á Alþingi með hvaða hætti ríkisstjórnin gerði fjárln. viðvart og uppfyllti lagaskyldu sína, vegna þess að a.m.k. þingmenn Samfylkingar, og ég hygg allir þingmenn stjórnarandstöðunnar, vita ekki um þetta. Mér þykir því hv. þm. verða nú að gera grein fyrir sínu máli og hæstv. fjmrh.

[14:24]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil mælast til þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sýni mér nokkra þolinmæði. Ég mun taka saman svar sem ég mun koma að síðar í umræðunni.

[14:25]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta 300 millj. kr. mál er bara enn eitt ljóst dæmi um það hvernig framkvæmdarvaldið umgengst hið háa Alþingi.

En á bls. 13 í þingsköpum segir svo, þ.e. í 25. gr. þeirra, með leyfi forseta:

„Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði. Enn fremur er þeim stofnunum ríkisins, er fást við efnahagsmál, skylt að veita nefndinni upplýsingar og aðstoð sem hún þarf á að halda við afgreiðslu þingmála."

Í þingsköpum er aðeins gert ráð fyrir því að nefndarmenn séu bundnir þagnarskyldu í utanrmn. ef formaður nefndarinnar eða ráðherra mælir svo fyrir um. En með kröfu um lokaðan þingfund yrði að upplýsa allt hið háa Alþingi um þetta.

Svo þarf ég að fá svar við því hvernig hv. formaður fjárln. ætlar að taka á því máli að einn af þingflokkunum á þingi hefur enga nasasjón af þessu máli.

[14:26]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vitna aftur til þeirrar samþykktar sem forsn. gerði og ég gerði að umræðuefni í upphafi míns máls í dag, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þingnefnd getur ákveðið, að ósk sendanda erindis eða að eigin frumkvæði, að farið skuli með erindi að öllu leyti eða að hluta sem trúnaðarmál."

Það hafa menn komið sér saman um að verði málsmeðferðin (Gripið fram í.) á þessi ... (Gripið fram í.) Ég ítreka að þetta var samþykkt sem var gerð í fjárln. núna í dag að viðstöddum meiri hluta í nefndinni og í meiri hluta þess fundar voru stjórnarandstöðumenn og það var ekki stjórnarmeirihlutinn sem ákvað þetta heldur var þetta á löglegum fundi nefndarinnar. Ég tel að við séum á allan hátt að fara að reglum þingsins og ég held að menn ættu að fagna því hér

að nefndin hefur skotið skildi fyrir þingmenn í nefndinni og reynt að leiða mál til lykta með farsælum hætti.

[14:27]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bókanir forsetadæmisins taka ekki af ákvæði þingskapa sem eru án allra tvímæla og hafa ígildi laga. Menn mega til með að fara að átta sig á því eftir hvaða reglum við störfum hér og hvaða reglum okkur ber að hlíta.

[14:28]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln., upplýsti þingheim um það hverjir þeir aðilar væru sem hefðu móttekið eða mundu móttaka fyrir árslok þær 300 milljónir sem óskað er eftir að hér verði veitt heimild fyrir af hálfu hins háa Alþingis.

Ég skil hv. þm. þannig að þeirri beiðni minni hafi verið neitað og hann hafi undirgengist beiðni embættismanna forsrn. í þá veru að trúnaðar skyldi gæta. Er það ekki rétt skilið?

Ég spyr því hv. þm. hvaða efnisrök hafi staðið til þess af hans hálfu að virða þá beiðni embættismanns forsrn. að fela þessa skiptingu fjármuna hulu leyndar og leyndarmála. Þetta er fordæmalaust. Ég vísa til þess að í fjölmörg skipti hefur verið svarað fyrirspurnum um skiptingu sérfræðikostnaðar á hinu háa Alþingi, ítrekað aftur og aftur, og maður hlýtur að gagnálykta sem svo og spyrja: Eru hér einhver undirmál á ferðinni sem mega ekki sjá dagsins ljós?

[14:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér eru engin undirmál og allra síst á hv. fjárln. aðild að neinum undirmálum. Ég vil reyna að útskýra þetta enn einu sinni fyrir þingheimi. Fundarmenn á fundi fjárln. óskuðu eftir því að fá til sín þær upplýsingar sem hér er rætt um og ef í óskum forsrn. kæmi fram að farið væri með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál þá mundu nefndarmenn ekki bregðast þeim trúnaði. Það undirgengumst við allir og þess vegna er það ekki að nefndin sé að óska eftir neinu í trúnaði, heldur þvert á móti, að ef slík ósk kæmi fram og þá í samræmi við starfsreglur þingsins þá geti nefndin ákveðið að verða við slíku. Og það munum við gera þegar þær upplýsingar berast.

[14:30]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér eru auðvitað fullkomin endaskipti á hlutunum. Það er fjárln. sem eðlilega óskar eftir sundurliðun á þessum fjármunum. Embættismenn í forsrn. geta ekki búið til áskilnað um að nefndin verði bundin trúnaði um málið. Það er auðvitað fjarri lagi. Ég spyr því og gagnálykta: Hefði nefndin engar upplýsingar fengið frá forsrn. hefði hún ekki undirgengist trúnaðarskilyrðin? Er hv. þm. að segja það?

Ég spyr líka, af því hann svaraði því áðan í öðru andsvari að hann hefði fengið vitneskju um þetta áður en skuldbindingin átti sér stað: Vissi hann ekki og veit hann kannski ekki enn þá hvernig þessi skipting átti sér stað, í trúnaði eður ei? Það er auðvitað grafalvarlegt mál að koma hér fyrir þingheim og biðja um 300 millj. kr. í verkefni af þessum toga og vita hvorki haus né hala á því sem á ferðinni er.

Ég hlýt að árétta ósk mína, herra forseti, og beini þeim orðum til forseta ekki síður en annarra, að við fáum þessar upplýsingar hér upp á borð. Þar til við fáum þær eru undirmál á ferðinni.

[14:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég neyðist til að taka það enn einu sinni skýrt fram að í erindi fjárln. var ekki óskað eftir því að þetta mál væri sent okkur í trúnaði. Okkur kom hins vegar saman um það að ef sendandi, í samræmi við reglur þingsins, óskaði eftir slíkum trúnaði, þá væri sjálfsagt að verða við því og við mundum ekki bregðast því.

Tilraunir hv. þm. til þess að gera fjárln., þingið og forsrn. tortryggilegt með því að varpa hér inn orðum eins og „undirmál" og öðrum af því tagi, snerta mig ekki því þau eru fjarri þeim sannleika sem þetta mál snýst um. Hérna hefur verið reynt að leysa með lagni og á grunni reglna þingsins þau mál sem komið hafa upp í dag. Ég held að hv. þm. ætti að fagna því að til þess hefur verið gerð tilraun og að þingið fái þær upplýsingar sem um hefur verið beðið.

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla svo sannarlega að vona að fjárln. hafi gert ráðuneytum og muni gera ráðuneytum það algerlega ljóst að með þessu sé ekki fallist á það fordæmi með neinum hætti að upplýsingar af þessu tagi eigi leynt að fara. Það eiga þær ekki. Þetta eru opinber málefni og það þarf að reka ofan í kokið á forsrn., alla leið.

Þó mætti segja að í kúvendingu forsrn. frá því í gær sé fólgin viðurkenning á því að afstaðan sem embættismaður ráðuneytisins tók á tölvumiðanum fræga í gær var fráleit og aumkunarverðastur verður náttúrlega hlutur forseta þingsins, Halldórs Blöndals, sem hljóp til varnar þeirri vitleysu í gær sem forsrn. hefur núna dregið til baka.

Mergurinn málsins er sá að Alþingi má undir engum kringumstæðum fallast á að verið sé að gefa fordæmi um að upplýsingar af þessu tagi eigi að fara leynt. Þetta er ráðstöfun opinberra fjármuna og það á að vera opinbert mál.

[14:34]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ýmislegt í ræðu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar sem rétt væri að vekja athygli á en ég mun gera það í ræðu minni hér á eftir. Þó er eitt atriði sem ég tel afar nauðsynlegt að verði upplýst nú strax, þ.e. varðandi ákvæði sem snúa að sölu eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.

Þannig er mál með vexti að í umræðum hér um fjárlög í fyrra kom afar skýrt fram hjá páv. formanni fjárln. hvernig með skyldi farið. Þess vegna er nauðsynlegt að hv. þm. útskýri fyrir þingheimi hvað hafi breyst frá þeim tíma.

En hv. fyrrv. formaður fjárln., hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson, sagði orðrétt, með leyfi forseta, í umræðum hér í fyrra:

„Það er fortakslaust að söluandvirðinu á að verja til styrktar rekstri Skógræktar ríkisins, enda eru gjafabréf fyrir þessum jörðum sem fjalla um að þær séu gefnar til Skógræktarinnar. Þetta eru jarðir sem voru gefnar til Skógræktarinnar á sínum tíma og það er ótvírætt og skilningur meiri hluta nefndarinnar að þessu verði varið til styrktar rekstri Skógræktarinnar. Allar fyrri yfirlýsingar mínar varðandi þetta standa og ég vil staðfesta það hér."

[14:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi sérstaka ástæðu til að leita eftir svörum við spurningum á borð við þær sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson setur hér fram. Eftir þeim upplýsingum sem ég fékk í gær þá er andvirði jarðarinnar Straums varið til Skógræktar ríkisins, enda þótt það sé sundurliðað með þeim hætti sem fram kemur í brtt. meiri hlutans hér í nál. og fylgigögnum.

Þau verkefni sem fara þar til skólanna, þar með talið Garðyrkjuskólans, er mér tjáð að séu vegna Skógræktar ríkisins og þar með hafi verið fylgt þeim fyrirmælum sem komu fram, að mér er sagt, í gjafabréfi og til fullnustu orðum hv. formanns nefndarinnar á síðasta þingi.

[14:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar upplýsingar voru vægast sagt afar sérkennilegar, nema hér sé um að ræða skuld Skógræktarinnar við Garðyrkjuskóla ríkisins. Ég vil taka fram að ég tel að Garðyrkjuskóli ríkisins hafi fulla þörf fyrir þessa fjármuni en það er bara allt annar handleggur. Hér er verið að fara á skjön við hluti sem sagðir voru og voru mjög skýrir. Í 7. gr. fjárlaga er hvergi um það rætt að ráðstafa eigi þessu á neinn annan hátt, þ.e. það er eingöngu gefin heimild til sölunnar. Þessi skýring sem ég vitnaði í áðan var gefin við þá umræðu. Og það er afar sérkennilegt, vægast sagt, ef fyrrv. formaður fjárln. er gerður ómerkur orða sinna.

Ég verð að segja það, herra forseti, að á öllu öðru átti ég von en að hæstv. heilbrrh. yrði strax á fyrsta ári sínu í ráðherrastóli gerður ómerkur orða sinna, þegar hann hafði mælti jafnskýrt og ég vitnaði til hér áðan.

[14:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem mig langaði að spyrja um. Að hluta til hefur hv. þm. Einar Már Sigurðarson vikið að öðru þeirra en mig langar samt að bæta um betur og spyrja: Fyrir hvað var jörðin Straumur seld? Var hún seld í heilu lagi eða í pörtum? Hvert var andvirði hennar?

Síðan langar mig að spyrja um það sem tekið er inn í fjáraukalög um hækkun á ýmsum gjöldum til kirkjumála og safnaðarmála, þ.e. hvort það hafi verið venja að taka slíka hækkun inn í fjáraukalög. Ég er ekki viss um það. Eða hefur hún venjulega verið tekin í fjárlög árið á eftir?

[14:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Söluandvirði jarðarinnar Straums var 102 milljónir, en hún var aðeins seld að hluta.

Varðandi annað sem hv. þm. spurði hér um, vil ég gjarnan fá að koma að í síðara svari mínu, þegar ég hef gengið úr skugga um þær tölur sem hann spurði um.

[14:39]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það kemur stundum fyrir að þingmenn verða að freista þess að leita liðsinnis forseta til þess að réttur þeirra sé ekki brotinn. Ég hef þann rétt sem almennur þingmaður að spyrja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln., út í það álit sem hann var að reifa hérna áðan. Ég spurði hv. þm. hvort það væri svo að hæstv. fjmrh. hefði staðið við ákvæði sem er að finna í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins, þar sem segir að honum beri, að honum sé skylt að gera fjárln. Alþingis grein fyrir því þegar hann þurfi að inna af höndum ófyrirséðar greiðslur strax og ákvörðun um þær hafi verið tekin. Nú hefur hv. þm. auðvitað fullan rétt til þess að svara mér með þeim hætti að hann viti ekki hvort svo hafi verið gert. Það virði ég.

Hv. þm. er á sínu fyrsta ári sem formaður og það er ekkert við því að segja þó honum séu ekki allir hlutir ljósir. En hv. þm., herra forseti, kom og sagði að svo hefði verið. Í því liggur yfirlýsing um að honum sé kunnugt um að hæstv. ráðherra hafi staðið við þetta. Af sjálfu leiðir, herra forseti, að hann hlýtur að vita hvernig það var gert. Ég spurðist fyrir um það og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson neitaði mér um svarið.

Herra forseti. Málið sem hér hefur borið hæst í umræðunni til þessa eru þær 300 millj. sem inntar voru af höndum til einkavæðingarnefndar. Ég þarf að fá þessar upplýsingar til þess að geta tekið með fullburða hætti þátt í þessari umræðu. Það liggur fyrir að hv. þm. hefur þessar upplýsingar, því hann hefur lýst því yfir að hann viti til þess að þetta hafi verið gert. Þess vegna verð ég að biðja hæstv. forseta um liðsinni til þess að fá þessar upplýsingar hér fram af munni hv. þm. svo við getum rætt allar hliðar þessa máls.

Ég tel að ég eigi rétt á þessu og það er ekkert sem getur varið það að hv. formaður fjárln. liggi á þessum upplýsingum til mín.

[14:41]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Næstur tekur til máls framsögumaður 1. minni hluta fjárln., hv. 5. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson. (**ÖS:** Um fundarstjórn forseta.) Hv. 7. þm. Reykv. vill ræða enn meira um fundarstjórn forseta.

[14:42]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kom hér í stólinn til að leita liðsinnis hæstv. forseta. Er það ekki réttur minn að fá upplýsingar sem liggja fyrir, sem hv. þm., Ólafur Örn Haraldsson, hefur lýst yfir að liggi fyrir? Ég hef spurt hann um þessar upplýsingar, ég þarf á þeim að halda. Einhverra hluta vegna vill hv. þm. ekki láta það uppi með hvaða hætti hæstv. fjmrh. sinnti ákvæði 33. gr. sem ég hef rakið. Ég óska eftir því að hæstv. forseti hjálpi mér sem almennum þingmanni til þess að ná þeim rétti sem ég á til þessara upplýsinga.

[14:42]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það væri að æra óstöðugan ef forseti ætti að fara að blanda sér mikið í umræður, spurningar og svör hv. þingmanna. Forseti verður að treysta formönnum nefnda til að svara eins og þeim þykir eðlilegast. Forseti getur ekki blandað sér í það.

[14:43]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég kem hér til að gera grein fyrir frhnál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 fyrir hönd 1. minni hluta fjárln.

Ég spyr í upphafi máls hvort forseti geti gefið mér upplýsingar um hversu margir hæstv. ráðherrar eru í húsinu og hversu margir hæstv. ráðherrar hafa fjarvistarleyfi?

(**Forseti** (GuðjG): Það eru fjórir hæstv. ráðherrar í húsinu og tveir hæstv. ráðherrar með fjarvistarleyfi.)

Þakka þér fyrir, virðulegur forseti.

Ég vek enn þá athygli á því að hæstv. ráðherrar sjá ekki, nema hluti þeirra, fjórir, ástæðu til að vera í Alþingishúsinu

við umræðu um þau störf þeirra á liðnu ári þegar verið er að ræða um fjáraukalögin. Ég lýsi því yfir að mér þykir það vera niðurlæging gagnvart þinginu og gagnvart talsmönnum flokkanna í fjárln. að hæstv. ráðherrar sjái ekki ástæðu til að vera viðstaddir, hvorki við fjáraukalagaumræðu né fjárlagaumræðu. Þeir virðast telja nægjanlegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur. Ég þakka þó þeim sem sjá ástæðu til að vera í húsinu eins og er.

Við lokaumræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er eðlilegt að horfa til baka og athuga hvernig til hefur tekist með framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2001. Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að útgjöld næmu 219,2 milljörðum kr. og tekjur 253,1 milljarði kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður 33,9 milljarðar kr. Nú liggur fyrir að útgjöld aukast um 14,9 milljarða kr. umfram fjárlög og að áætlað er að tekjurnar nemi 254,2 milljörðum kr. sem er aðeins 1,2 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Tekjujöfnuður er því áætlaður um 20 milljarðar kr. í stað 33,9 milljarða.

Virðulegur forseti. Ef ekki verður af sölu eigna eins og ráð er fyrir gert stefnir í að halli af reglulegri starfsemi ríkissjóðs gæti numið rúmlega 1 milljarði króna. Áætlað var að ríkissjóður tæki á árinu langtímalán sem næmu 27 milljörðum kr. Nú er ljóst að lántökur verða mun meiri eða sem nemur 60,9 milljörðum kr. Ástæður þessa eru sem fyrr þær að gjaldeyrisstaðan er veik og viðskiptahallinn mikill. Þá hefur gengisþróunin verið með þeim hætti að ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður erlend lán og hefur því þurft að taka ný erlend lán til að gera upp þau eldri.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um efnahagsforsendur fjárlaga fyrir árið 2001. Tekjur ríkissjóðs af reglulegri starfsemi dragast saman að raungildi sem endurspeglar þann samdrátt í efnahagslífinu sem aukist hefur á árinu 2001. Áætlað var að einkaneyslan ykist um 1,7% á þessu ári en nú er spáð að hún dragist saman um 1%. Nú er ætlað að viðskiptahallinn nemi 58,6 milljörðum kr. í árslok 2001. Þrátt fyrir að halli á vöruskiptajöfnuði fari minnkandi nægir hann ekki til að minnka viðskiptahallann svo neinu nemi vegna þess að halli á jöfnuði þáttatekna fer vaxandi sökum versnandi skuldastöðu erlendis.

Þessi mikli viðskiptahalli og skuldasöfnunin sem honum fylgir hefur aukið jafnt og þétt þrýstinginn á gengi íslensku krónunnar og hefur Seðlabankinn hvað eftir annað þurft að grípa inn í. Þrátt fyrir það hefur gengi íslensku krónunnar fallið um fjórðung gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu. Í þjóðhagsáætlun Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2001 er varað við afleiðingum af svo miklum og langvarandi viðskiptahalla en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar."

Við slíkar aðstæður er mikil hætta á að verðbólga aukist enn frekar. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að verðbólga yrði um 4% á árinu 2001 en nú stefnir í að hún verði tvöfalt hærri. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvaða áhrif þessi þættir hafa á heimilin í landinu og atvinnulífið almennt. Þessi staða hefur valdið því að forsendur kjarasamninga á almennum markaði eru brostnar og ef ekkert er að gert stefnir í uppsögn samninga í febrúar.

Gert er ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins verði um 111% af landsframleiðslu í lok þessa árs en þetta hlutfall var 89,1% í lok ársins 2000. Óhjákvæmilega hefur þenslan og væntingar landsmanna aukið á skuldasöfnun heimilanna. Þannig mun hlutfall milli skulda og ráðstöfunartekna heimilanna hækka verulega milli ára. Ekki má mikið út af bregða í efnahagsstjórninni til að illa fari hjá mörgum heimilum við slíkar aðstæður.

Eins og fram kom við 2. umr. um fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2001 taldi 1. minni hluti verulega bresti vera í fjármálstjórn ríkisins. Þetta má einnig lesa út úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið sem kom út í maí 2001. Margar stofnanir eyða umfram heimildir ár eftir ár án þess að gripið sé til aðgerða. Þá eru teknar ákvarðanir um veruleg útgjöld án þess að heimildir séu til staðar. Má þar nefna tvö dæmi: Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir að kostnaður við einkavæðingarnefnd næmi 15,4 millj. kr. Þegar þessi útgjöld voru samþykkt lá fyrir að selja ætti m.a. Landssímann og halda áfram sölu hlutafjár í ríkisbönkunum. Nú er sótt um 300 millj. kr. aukafjárveitingu. Engar skýringar hafa fengist á þessari viðbótarfjárþörf eða af hverju teknar voru ákvarðanir um þessi útgjöld án þess að fyrir lægi fjárheimild. Hitt dæmið er kostnaður við nýtt bókhalds- og starfsmannakerfi ríkisins. Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir 160 millj. kr. framlagi „til kaupa og aðlögunar á nýju bókhalds- og starfsmannakerfi fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins" eins og það er orðað í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu. Það lá ljóst fyrir á þessum tíma að stefnt væri að því að efna til útboðs á árinu 2001 og ganga til samninga um kaup á nýju kerfi fyrir mitt ár enda gekk það eftir og í júlí 2001 undirrituðu fjármálaráðherra og Skýrr hf. samning um kaup á nýju kerfi fyrir 819 millj. kr. Vegna þessa er nú óskað eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 350 millj. kr. Í þessu sambandi má einnig benda á að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 hefur fjármálaráðuneytið og einstök fagráðuneyti gert skuldbindandi samninga við fjölmarga aðila og er áætlað að útgjöld vegna þeirra nemi tæpum 18 milljörðum kr. á næsta ári.

Í byrjun árs 2001 gaf fjármálaráðuneytið út reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a., með leyfi forseta, að:

„Falli greiðsluskylda á ríkissjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997." Í 33. gr. fjárreiðulaganna er kveðið á um að fjármálaráðherra sé skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Ljóst er að í mörgum tilvikum, m.a. í þeim tveimur sem á undan er getið, hefur ekki verið farið eftir þessu lagaákvæði.

Við 3. umr. um frumvarpið leggur meiri hlutinn til útgjaldahækkanir að upphæð 609,8 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 365 millj. kr. vegna endurmats á tekjum Ríkisútvarpins og lagt er til að 98 millj. kr. af söluhagnaði Stofnfisks hf. verði varið til að greiða niður rekstrarhalla Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Hólaskóla. Þessi ráðstöfun á söluhagnaði á sér ekki skýra stoð í lið 5.4 í 7. gr. fjárlaga eins og hann er orðaður. Þá er lagt til að 50 millj. kr. af söluhagnaði jarðarinnar Straums verði varið til að greiða niður rekstrarhalla Garðyrkjuskóla ríkisins og Skógræktar ríkisins. Varðandi ráðstöfun á söluhagnaði jarðarinnar Straums bendir 1. minni

hluti á að í umræðum um fjárlög ársins 2001 kom það fram hjá þáverandi formanni fjárlaganefndar, Jóni Kristjánssyni, að það væri fortakslaust að söluandvirði jarðarinnar Straums ætti að verja til styrktar rekstri Skógræktar ríkisins, enda um það fjallað í viðkomandi gjafabréfum. Því verður ekki annað séð en að gengið sé gegn ákvæðum gjafabréfsins með því að ráðstafa hluta af söluhagnaði til að mæta rekstrarhalla Garðyrkjuskólans.

Eins og áður hefur komið fram hafa ekki fengist fullnægjandi upplýsingar varðandi beiðni forsætisráðuneytis um 300 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við útboðs- og einkavæðingarverkefni ríkisins. Ráðuneytið hefur með tölvupósti 30. nóvember sl. hafnað því að veita umbeðnar upplýsingar, m.a. vegna þess að þær séu undirorpnar þagnarskyldu og „(þ)ar eð sambærileg þagnarskylda hvíli(r) ekki á þingmönnum eða þingnefndum, telur ráðuneytið (því) ekki fært að veita nánari upplýsingar um það hvernig framangreind fjárhæð skiptist milli einstakra viðsemjenda." Þetta svar stangast m.a. á við 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, þar sem segir m.a., með leyfi forseta: „Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði." Röksemdir ráðuneytisins fá ekki staðist því fjárlaganefnd nýtur lögbundins réttar til að fá upplýsingar og ef ráðherra telur nánari sundurliðun og skýringar aukafjárveitinga vera viðkvæmar upplýsingar getur hann ávallt óskað eftir að farið verði með viðkomandi erindi og gögn til fjárlaganefndar sem trúnaðarmál, sbr. 4. gr. reglna forsætisnefndar frá 5. desember 1994. 1. minni hluti ítrekar harðlega þessi vinnubrögð forsætisráðuneytisins og bendir á að þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem framkvæmdarvaldið neitar Alþingi um upplýsingar. Það er álit 1. minni hluta að með þessu sé orðinn trúnaðarbrestur á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem haft getur ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Gísli S. Einarsson, Einar Már Sigurðarson og Kristján L. Möller.

Virðulegur forseti. Ég hef nú gert grein fyrir frhnál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001. En nokkur orð til viðbótar.

Herra forseti. Við jafnaðarmenn höfum á undanförnum árum bent á fjölmörg atriði varðandi fjáraukalög sem ekki hafa staðist ákvæði fjárreiðulaga. Því miður virðist vera lítið aðhald í fjármálastjórn ríkisins enda efnahagsstaðan sem raun ber vitni. Efnahagsstaðan er þannig að fjölmörg fyrirtæki, fjölmörg heimili og fjölmargir einstaklingar eru í uppboðsferli, nauðungaruppboðsferli og það segir ýmsa sögu um lausatök.

Ég má til með að minnast á, virðulegur forseti, að í 2. umr. kom fram í máli mínu að ráðherrar virðast hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að hæstv. fjmrh. stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur í rauninni lítt rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Þetta styðjum við ítrekað með umsögnum, í nefndarálitum, bæði við 2. og nú við 3. umr. og með ábendingum í skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem gefin var út í apríl sl. Þar er rætt um ábyrgð fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta á framkvæmd fjárlaga eins og hér var getið um fyrr í nál.

Ég sé ástæðu til að vitna til 2. mgr. 12. gr. reglugerðar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneyti hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum."

Ég tel að ef menn reyndu að fara eftir þeirri reglugerð sem nú var vitnað í þá er ljóst að fjáraukalagafrv. liti öðruvísi út. Ég met það svo að fjárln. hafi því miður ekki þá yfirsýn yfir ríkisfjármálin sem nauðsynleg er.

Ég get þó látið þess getið, virðulegur forseti, að ég tel að meðferð fjáraukalaga hafi batnað verulega á undanförnum árum. Hins vegar er ástæða til þess að minna á það sem betur má fara án þess að skammast sé út í einstaka aðila öðruvísi en að benda á það í heild sinni, vandi menn sig ekki nægjanlega vel.

Virðulegur forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að til þess að fjárln. hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok þess árs sem til umfjöllunar er í fjáraukalögum hverju sinni. Þetta á einnig við um afgreiðslu fjárlaga því það eru í rauninni óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingu til stofnunar sem miðar við rekstur næsta árs án þess að taka tillit til stöðu viðkomandi stofnunar um áramót. Þetta er meginatriðið.

Herra forseti. Ég hef lokið umfjöllun minni um fjáraukalög ársins 2001 og ég get ekki annað en lýst yfir vanþóknun á þeirri stefnu sem virðist vera ofan á hjá virðulegum forseta þingsins, hv. 1. þm. Norðurl. e., sem tók þá ákvörðun að verja allar gerðir framkvæmdarvaldsins og snúast gegn gagnrýni þingmanna um upplýsingaskyldu og viðveru ráðherra við umræðu um meginmál þingsins. Ef þessi háttsemi umrædds virðulegs forseta er afraksturinn af kynnisferð hans til annarra þjóðþinga, m.a. Írlands, hefði betur verið heima setið.

Ég vil í lokin, herra forseti, þakka fyrir samstarfið í vinnunni að fjáraukalögum fyrir árið 2001. Ég þakka ráðuneytisstarfsmönnum, starfsmönnum fjárlaganefndar, og þá vil ég sérstaklega nefna Ríkisendurskoðun, sem veitt hefur mér og minni hlutanum ómetanlega aðstoð við framhaldsnefndarálit og nefndarálitin. Einnig þakkað ég samstarfið við meiri hluta fjárln. sem hefur verið ágætt undir stjórn formanns og varaformanns hv. nefndar.

Virðulegur forseti. Ég læt hér máli mínu lokið að sinni. Ég árétta hins vegar að endingu að ég hef miklar áhyggjur af þróun mála hjá hæstv. forseta þingsins, hv. 1. þm. Norðurl. e., að hann skuli hafa tekið þá afstöðu að í stað þess að vera trúnaðarmaður milli þings og framkvæmdarvalds þá hafi hann tekið afstöðu með framkvæmdarvaldinu.

[15:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins geta nokkurra atriða í tilefni af ummælum hv. þm. og einnig í tilefni af ummælum hv. 4. þm. Austurl. fyrr í dag varðandi ráðstöfun á andvirði söluhagnaðar af jörðinni Straumi. Þar er svo sannarlega allt með felldu. Við hæstv. landbrh. höfum gert samkomulag um hvernig þessu andvirði skuli varið. Eins og kunnugt er var þessi jörð á sínum tíma ánöfnuð Skógrækt ríkisins en nú er um það að ræða að verið er að taka þessa jörð til sölumeðferðar og ákveðinn hluti hennar hefur þegar verið seldur með gjörningi sem skrifað var undir nú fyrir síðustu helgi.

Andvirði þessa hluta jarðarinnar er 102 milljónir eins og hv. formaður fjárln. hefur getið um. Við höfum gert um það samkomulag að ráðstafa þessu andvirði á næstu árum í þágu Skógræktar ríkisins en einnig 10 millj. kr. á þessu ári, eins og fram kemur í fjáraukalagafrv. og brtt. við það, til Garðyrkjuskóla ríkisins til að gera þar upp rekstrarhalla enda stundar sá skóli ... (Gripið fram í.) Nei, það eru 40 til Skógræktar ríkisins, (Gripið fram í.) 40 til Skógræktar ríkisins og 10 til Garðyrkjuskólans — leyfið mér að klára, hv. þm., og lesið breytingartillögurnar — og síðan á næstu árum einvörðungu í þágu Skógræktarinnar.

Það er auðvitað fullkomlega réttlætanlegt að nota þetta tækifæri og létta byrðum af Garðyrkjuskólanum vegna þess að hann stundar líka rannsóknir og starfsemi í þágu skógræktar í landinu. Þess vegna er þetta svona í pottinn búið og það hefur verið tekið fullt tillit til þess sem á undan er gengið í þessu máli. Ég held að það sé algjörlega ómaklegt að bera það á borð hér að hv. fyrrv. formaður fjárln., núv. heilbrrh., hafi verið gerður að ómerkingi í þessu máli. Það er af og frá.

[15:08]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma upp í ræðustól og svara þeirri „áreitni" sem það virðist vera að gagnrýna það sem gert er. Það var ekki svo í 2. umr. um fjárlög að menn teldu ástæðu til að svara þeirri, að ég vil segja, hörðu gagnrýni sem þar kom fram. Það þurfti að kalla einstaka ráðherra til. Þá bar svo við að hæstv. forseti þingsins mat það þannig að ekki væri ástæða til að kalla til ákveðna hæstv. ráðherra. Ég fagna því þessum umskiptum.

En það fer ekkert á milli mála að það er verið að verja hluta af söluhagnaði jarðarinnar Straums til að greiða niður rekstrarhalla Garðyrkjuskóla ríkisins. Þar með er ekki sagt að ekki sé þörf á að rétta það dæmi af. Við erum alveg sammála um að nauðsynlegt sé að rétta af stöðu Garðyrkjuskóla ríkisins.

Hér kemur fram að Garðyrkjuskóli ríkisins fæst við plönturækt, skógrækt að einhverju leyti og aðstoð við það. En það fer ekkert á milli mála að það var fjallað um það í viðkomandi gjafabréfum að andvirði jarðarinnar Straums ætti að verja til styrktar rekstri Skógræktar ríkisins. Þetta stendur ótvírætt, virðulegur forseti, og þess vegna kemur þessi gagnrýni fram í nál. 1. minni hluta fjárln.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít ekki á það sem sérstakt áreiti þó að til manns sé beint spurningum um þingmál sem maður flytur hér. Það er sjálfsagt að veita upplýsingar sem geta skýrt málið. Ég hef gert það og er búinn að gefa skýringar á því hvernig þetta mál er í pottinn búið, hvernig þessu andvirði er varið og hver niðurstaðan er af samkomulagi okkar landbrh. um þetta mál. Síðan geta menn bara gert það upp við sig, hver fyrir sig, hvort þeir eru ánægðir með þá niðurstöðu eða ekki, hvort þeir telja að hún sé fullnægjandi eða ófullnægjandi, viðunandi eða óviðunandi. Þetta er niðurstaðan af samkomulagi okkar og ég tel að hún sé í eðlilegu samræmi við gjafabréfið sem um er að ræða.

Auðvitað er ljóst að hér er um að ræða miklu meiri verðmæti en áður var talið og það gefst tækifæri til að leysa hér vanda, bæði Skógræktar ríkisins og Garðyrkjuskólans, sem ég tel eðlilegt í þessu sambandi með hliðsjón af því sem ég gat um hér áðan. Það gefst líka tækifæri vegna annars máls, sem einnig kemur fram í brtt., að leysa vanda tveggja annarra stofnana á vegum landbrn., þ.e. skólanna á Hvanneyri og á Hólum. Það er vegna annarra fjármálaráðstafana sem við landbrh. höfum orðið sammála um. Ég held að menn ættu bara að vera ánægðir með þetta og gera ekki veður út af einhverjum smámunum í þessu máli eins og mér heyrist tilhneiging til.

[15:11]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. telji það vera smámuni að ganga gegn þeim ákvæðum sem vitnað hefur verið til. Það getur verið að hann sé þeirrar skoðunar að það sé smámál að gjafabréf sé með ákveðnum ákvæðum og ef einhverjum þyki henta að hagræða þeim þá sé það í lagi en telji menn það ekki í lagi þá sé verið að gera úlfalda úr mýflugu. Ég tel að svo sé ekki.

Ég segi bara: Það er alveg eðlilegt að veita Garðyrkjuskólanum aðstoð í rekstrarvanda hans. Spurningin er bara hvaðan peningarnir eru fengnir. Þeir eru teknir af andvirði sölu jarðarinnar Straums sem var gefin með ákveðnum skilyrðum. Þetta er svo einfalt í mínum huga. Ég er ekki að áfellast hæstv. fjmrh. þó að hann finni einhverja lausn sem honum finnst viðunandi. En ég verð að taka það fram hvaða skoðun ég hef á því gjafabréfi sem þarna er um að ræða.

Vegna orða minna áðan um áreiti þá setti ég hér fram fjölmargar spurningar, m.a. til hæstv. fjmrh. í umræðu um fjárlög. Þess vegna nefndi ég það áðan og þakkaði fyrir að fá svör. En ég fékk engin svör við þeim spurningum sem ég bar upp, til reyndar fleiri en eins ráðherra.

[15:13]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnefndaráliti um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001, frá 2. minni hluta fjárln.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 kemur nú til 3. umr. Vísað er hér til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umr. um almenn atriði og tillögur að þingræðislegri vinnu við fjárlagagerðina og það jafnframt að útgjöld séu samþykkt fyrir fram með fjáraukalögum. Aðeins bráða- eða neyðartilvik réttlæta aðra tilhögun. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins ber framkvæmdarvaldinu að kynna aukna fjárþörf fyrir fjárln. strax og hún er ljós og leita heimilda á fjáraukalögum. Áður hefur verið bent á þær ástæður að Alþing hafi samþykkt lög, t.d. á vorþingi, sem krefjast útgjalda á því sama ári og geti því verið nauðsynlegt að bregðast strax við með samþykkt fjáraukalaga.

Því er hér ítrekað það mat 2. minni hluta að fjárreiðulögum verði illa framfylgt nema til komi sú breytta tilhögun að Alþingi samþykki fjáraukalög í lok vorþings og svo aftur í upphafi haustþings ef nauðsyn krefur. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort meiri hluti ríkisstjórnarinnar sé nægur til að tryggja ákvarðanir framkvæmdarvaldsins heldur er hitt aðalatriðið að farið sé að lögum og ákvarðanir um aukin útgjöld teknar á þingræðislegan hátt. Þessu til viðbótar, herra forseti, má benda á að reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjármálaráðuneytið gaf út í byrjun þessa árs skerpir enn á þessu ferli og því er enn þá brýnna að á þessum málum sé tekið.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að rekstrartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 verði um 254,2 milljarðar kr. en þær voru áætlaðar á fjárlögum um

253,1 milljarður kr. og hafa því aukist um 1,2 milljarða kr. frá fjárlögum. Rekstrargjöld samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2001 voru áætluð liðlega 219 milljarðar kr., en samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir við 3. umr. fjáraukalaga eru þau áætluð rúmir 233 milljarðar kr. og rekstrarafgangur ársins um 20 milljarðar kr. En samkvæmt fjárlögum ársins, eins og þau voru samþykkt fyrir ári síðan, var rekstrarafgangur áætlaður 33 milljarðar kr.

Ljóst er að meiri samdráttur hefur verið í efnahagslífinu frá samþykktum fjárlögum ársins en þá var ráð fyrir gert. Sérstaklega á þetta við um einkaneyslu en nú er talið að hún dragist saman um 1% á þessu ári en í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir 1,7% aukningu. Nú stefnir í að viðskiptahallinn verði nálægt 8% af landsframleiðslu í árslok 2001. Þrátt fyrir hagstæðari vöruskiptajöfnuð á árinu hefur viðskiptahallinn ekki minnkað að sama skapi því á móti vegur óhagstæður jöfnuður þáttatekna sem vex hratt vegna versnandi skuldastöðu erlendis og mikilla vaxtagreiðslna.

Hinn mikli viðskiptahalli og útflæði fjármagns hefur leitt til þess að ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður skuldir erlendis án þess að veikja krónuna. Þrátt fyrir góðan rekstrarafgang er takmarkað hægt að greiða niður innlendar skuldir án þess að valda aukinni þenslu á innlendum peningamarkaði. Nú blasir við að gengi íslensku krónunnar hefur frá áramótum fallið um fjórðung gagnvart helstu gjaldmiðlum. Verðbólgan hefur einnig ætt af stað og er nú áætlað að hún verði rúmlega 8% í árslok 2001 sem er tvöfalt hærra hlutfall en fjárlög gerðu ráð fyrir. Nú er gert ráð fyrir að hreinar skuldir ríkissjóðs nemi 167,7 milljörðum kr. í árslok 2001 og hafa þær aukist um rúma 40 milljarða kr. á árinu.

Meginástæður þessarar þróunar eiga rætur í rangri stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum og skattamálum. Ofuráhersla á hagkvæmni stærðarinnar og forgangsréttur fjármagnseigenda til hámarkstímabundinna arðgreiðslna hefur leitt þróun atvinnulífsins á villigötur. Einkavæðing almannaþjónustu leiðir til verri þjónustu og skertrar samkeppnishæfni margra byggðarlaga. Hinn mikli viðskiptahalli sem er til kominn vegna stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum hefur leitt til gífurlegrar þenslu í viðskipta- og verslunarþjónustu á suðvesturhorninu langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu hefur gefið tilefni til. Þessi stefna hefur leitt til þess að þeir atvinnuvegir sem í raun auka þjóðarframleiðsluna og standa undir hagvextinum hafa verið vanræktir. Þenslan hefur sogað til sín vinnukraft og fjármagn frá þessum atvinnugreinum sem lýsir sér m.a. í gífurlegum fólksflutningum á höfuðborgarsvæðið og vaxandi fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsbyggðinni.

Víkjum að stöðu sveitarfélaganna. Skuldir sveitarfélaganna hafa vaxið mjög á undanförnum árum og á þessu ári er gert ráð fyrir að þær aukist úr 49,5 milljörðum kr. í 53 milljarða kr. Skuldastaða sveitarfélaganna er reyndar afar misjöfn sem og möguleikar þeirra til að standa við skuldbindingar sínar. Skuldir einstakra sveitarfélaga og lágar tekjur á íbúa er ein mesta ógnun við samfélagsþjónustuna og jafnvægi í búsetu í landinu. Brýnt er að aukinn jöfnuður verði í tekjum og gjöldum hins opinbera.

Mörg sveitarfélög telja sig ekki hafa fengið bættan þann kostnað sem þau tóku á sig við einsetningu og yfirfærslu grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaganna. Er endurmat á þeim viðskiptum óútkljáð milli ríkis og sveitarfélaga.

Staða nokkurra sveitarfélaga gagnvart Íbúðalánasjóði er mjög slæm og er skuldsetning í félagslega íbúðakerfinu að sliga þau mörg. Ríkisstjórnin hefur enn ekki gert neitt til að leysa þennan vanda sem þó er að nokkru leyti til kominn vegna ákvarðana ríkisins. Það eina sem gerst hefur er að sveitarfélögin á Vestfjörðum voru neydd til að skilyrða sölu á Orkubúi Vestfjarða hf. þannig að andvirðinu yrði varið til að greiða niður skuldir við Íbúðalánasjóð.

Það er rétt, herra forseti, að vekja athygli á því að félagsíbúðirnar voru liður í opinberri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Það var Alþingi sem setti lögin og ákvað einhliða að fela sveitarfélögunum fjárhagslega bakábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu. Í umræðum á þingi hefur komið fram að hæstv. félmrh. hafi skipað nefnd til að móta tillögur um hvernig ætti að leysa fjárþörf félagslega íbúðakerfisins með heildstæðum hætti á landsvísu. Nefndin mun hafa skilað minnispunktum til ráðherra sem ekkert virðist enn hafa verið gert með og lítur út fyrir sem lítið sé þar aðhafst. Haldið er áfram á þeirri braut að ríkið kaupi eignir og þjónustustofnanir einstakra sveitarfélaga og taki andvirðið upp í skuldir. Má þar benda á kaup ríkisins á Orkubúi Vestfjarða sem var þvingunaraðgerð gagnvart sveitarfélögunum á Vestfjörðum og erfiðri fjárhagsstöðu nokkurra þeirra.

Með þessari aðgerð er í raun verið að ýta því til hliðar að taka á skuldamálum sveitarfélaganna heildstætt á landsvísu.

Herra forseti. Við 3. umr. um frumvarp til fjáraukalaga leggur meiri hlutinn til að ríkisfyrirtækinu Rarik verði veitt 300 millj. kr. lánsfjárheimild til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks. Meðan sveitarfélögin hér á suðvesturhorninu keppast við að styrkja og efla orkuveitur sínar og nýta styrk þeirra til sóknar og átaks í atvinnuuppbyggingu sjá önnur sveitarfélög sig nauðbeygð til að selja þessar þjónustustofnanir sínar upp í skuldir, m.a. við hið opinbera, skuldir sem eru til komnar vegna lækkunar tekna eða beinlínis rangrar tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga. Rafveita Sauðárkróks hefur skilað umtalsverðum tekjum til sveitarfélagsins og verið til margháttaðs stuðnings í rekstri þess á undanförnum árum.

Sala Rafveitu Sauðárkróks er mjög umdeild meðal íbúa sveitarfélagsins, samanber meðfylgjandi fylgiskjal sem er áskorun til þingmanna frá Félagi ungra sjálfstæðismanna í Skagafirði. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er það slæm að sveitarstjórnin sér sig knúna til að fara þessa leið til að bæta stöðuna. Sameining sveitarfélaganna í Skagafirði hefur í sjálfu sér ekki fært aukið fjármagn inn í byggðarlagið heldur hefur kostnaður aukist, a.m.k. fyrst í stað. Þá telja heimamenn að halli verulega á þá í viðskiptum við ríkisvaldið varðandi kostnað við einsetningu grunnskólans og yfirfærslu hans til sveitarfélagsins. Í frumvarpi til fjáraukalaga er farið fram á að ríkið láti Rarik fá fé til að kaupa veituna og grynnka þar með á rekstrarskuldum sveitarfélagsins. Að mati 2. minni hluta væri miklu nær að ríkið léti þessa fjármuni ganga beint til sveitarfélagsins eða styddi það á annan hátt þannig að það héldi veitu sinnu. Þess vegna er gerð tillaga um að þessi kerfislægi fjárhagsvandi sveitarfélaganna sé leystur á landsvísu og þar með fjárhagsvandi sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Herra forseti. Hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins námu um 89,1% af landsframleiðslu í árslok 2000 en nú stefnir í að þetta hlutfall verði komið í 111% af landsframleiðslu í árslok 2001. Á árinu 1996 námu hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins 50,8% af landsframleiðslu. Hún hefur sem sagt tvöfaldast frá árinu 1996 og ríflega það. Hin mikla þensla á undanförnum árum hefur því að stærstum hluta verið fjármögnuð með erlendum lánum.

Bankar og sparisjóðir hafa ekki farið varhluta af þeim efnahagssamdrætti sem nú ríkir. Þeir hafa þurft að auka framlög í afskriftareikning vegna aukinna vanskila hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Eiginfjárhlutfall þeirra hefur farið stöðugt lækkandi frá árinu 1999. Það hefur, án víkjandi lána, lækkað úr 9,9% árið 1997 í 6,6% árið 2000. Hætt er við að erfitt verði að selja hlutabréf í ríkisbönkunum fyrir viðunandi verð nema að ríkissjóður bæti eiginfjárhlutfall þeirra með auknum framlögum.

En víkjum að framkvæmd fjárlaga á yfirstandandi ári. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga frá janúar til september árið 2001 var birt rétt fyrir helgina. Ríkisendurskoðun skilaði þarna skýrslu og þar er m.a. gagnrýnd sú stefna að halda ríkisstofnunum í gíslingu með því að taka ekki á fjárhagsvanda þeirra, láta þær bera árum saman halla frá fyrri árum og halda þeim þannig í spennitreyju án þess þó að skipa þeim að loka eða leggja niður lögboðna þjónustu og verkefni sem þeim er gert að sinna við fullkomlega óviðunandi aðstæður. Á þetta til dæmis við um framhaldsskólana þar sem þetta háttalag ríkisvaldsins er að vinna illbætanlegt tjón á öllu menntakerfi landsmanna.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir m.a. á bls. 25–26, með leyfi forseta:

„Til þess að yfirfærsla eða flutningur fjárheimilda með þessum hætti nái tilgangi sínum og verði til þess að auka sveigjanleika í ráðstöfun fjármuna þurfa að gilda ákveðnar reglur um hversu stóran hluta fjárheimilda má flytja á milli ára og hversu lengi. Mörg dæmi eru um stofnanir sem búa við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa þá velt frá einu ári til þess næsta. Til dæmis námu fjárveitingar til eins menntaskóla 333 millj. kr. í fjárlögum ársins 2001, en sú fjárheimild var skert um 122 millj. kr. vegna halla fyrri ára. Að teknu tilliti til millifærslu annarra fjárheimilda á árinu nam fjárheimild skólans 261 millj. kr. á árinu 2001. Í lok september hafði hins vegar verið stofnað til útgjalda fyrir 318 millj. kr. Ekki verður séð að skólinn geti rétt reksturinn af miðað við þá fjárheimild sem honum er ætluð á árinu nema með mjög verulegum samdrætti í þjónustu, t.d. aðgerð á borð við að hætta að taka við nýjum nemendum. Þessi skóli er síður en svo einsdæmi um stofnun sem býr við svo skertar fjárheimildir að engin leið er til að veita þá þjónustu sem henni er ætlað. Á 30 fjárlagaliðum nemur skerðing fjárheimilda vegna halla fyrri ára 20% eða meiru af fjárheimild ársins. Í þeim hópi eru til að mynda fimm skólar og tvö sýslumannsembætti. Engin áform virðast liggja fyrir um hvort og þá hvernig þessar stofnanir eiga að draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli innan fjárheimilda.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mjög brýnt að tekið verði á þessum málum og að framvegis verði fjárheimildir ekki skertar vegna halla fyrri ára nema raunhæft sé að stofnanir geti ráðið við slíka skerðingu. Setja þyrfti viðmiðunarmörk um hversu háar fjárhæðir megi flytja á milli ára. Í öðrum löndum þar sem heimilt er að flytja fjárheimildir milli ára eru sett mjög þröng mörk þar um."

Herra forseti. Þessar athugasemdir falla fullkomlega að þeirri gagnrýni sem 2. minni hluti hefur verið með á framkvæmd einmitt þessa málaflokks, framhaldsskólanna, hjá menntamálaráðuneytinu. Og í þeim umræðum sem hér hafa farið fram í haust hefur verið lögð áhersla á að endurskoðun á því reiknilíkani sem nú er beitt við útdeilingu fjármagns til framhaldsskólanna verði lokið áður en gengið verði frá fjárlögum á Alþingi, þ.e. áður en frv. til fjárlaga kemur til 3. umr. Sömuleiðis er afar mikilvægt að þá verði einnig tekin ákvörðun um hvernig afskrifaður verði og skorinn af sá halli sem nú fylgir mörgum framhaldsskólum og er þeim svo þungur baggi að farið er að hefta störf þeirra verulega. Þetta tel ég afar mikilvægt, herra forseti, að liggi fyrir fyrir lok afgreiðslu fjárlaga næsta árs.

Um afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu og það hvað breyst hefur í fjármálum ríkisins frá því að fjárlög fyrir árið 2001 voru samþykkt í desember fyrir ári síðan segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 33–34, með leyfi forseta:

„Áætlanir í frumvarpi til fjáraukalaga um afkomu ríkissjóðs í árslok 2001 sýna að í stað 33,8 milljarða kr. tekjuafgangs er nú gert ráð fyrir að hann verði 19,3 milljarðar kr. eða lækki um 14,5 milljarða kr. Í stað þess að handbært fé frá rekstri skili 9,1 milljarði kr. er nú gert ráð fyrir að á vanti 3,5 milljarða kr. eða breytingu til hins verra upp á 12,6 milljarða kr. Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir að fjárfestingarhreyfingar skiluðu 29,6 milljörðum kr. í ríkissjóð en nú er hins vegar gert ráð fyrir að á vanti 3,6 milljarða kr. og er því breyting til hins verra að fjárhæð 33,2 milljarðar kr. Áætlað var að svokallaður hreinn lánsfjárjöfnuður skilaði 38,7 milljörðum kr. til ríkissjóðs í ár en áætlanir nú gera ráð fyrir að á vanti 7,1 milljarð kr. Að lokum var gert ráð fyrir að afborganir af lánum umfram tekin lán næmu 24,2 milljörðum kr. en nú er aftur á móti gert ráð fyrir að lántökur umfram afborganir nemi 26,3 milljörðum kr. eða breytingu að fjárhæð 50,5 milljarðar kr.

Ríkisendurskoðun hefur lagt mat á afkomuhorfur í árslok 2001 og borið saman við áætlun fjármálaráðuneytis. Stofnunin vill vekja athygli á eftirfarandi í því sambandi. Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlun tekna nema að því leyti er varðar söluhagnað af eignum að fjárhæð 21,5 milljarðar kr. Í lok septembermánaðar höfðu 277 millj. kr. verið færðar til tekna vegna sölu eigna. Ef áform stjórnvalda um sölu Landssíma Íslands hf. og fjármálastofnana ná ekki fram að ganga fyrir árslok mun afkoma ríkissjóðs versna er nemur þeirri fjárhæð."

Herra forseti. Ég tel reyndar fráleitt að ætla að þessar ríkiseignir verði seldar fyrir árslok. Það er reyndar afar óskynsamlegt að selja þær eins og nú er ástatt í viðskiptaheiminum og einnig miðað við stöðu samfélagsþjónustu í landinu. Þess vegna hefði verið réttara að gera sér grein fyrir stöðu málsins eins og hún er í dag og afgreiða fjáraukalög í samræmi við raunveruleikann.

Herra forseti. Ekki er hægt að ljúka þessari framsögu hér án þess að víkja að vinnunni í hv. fjárln. og umræðunni um hana hér á þinginu síðustu tvo daga. Eðlilega þarf fjárln. að leita upplýsinga um fjölmörg atriði. Fjárln. óskar upplýsinga um fjárlagabeiðnir og um stöðu einstakra mála til þess að geta lagt mat á hver staðan er og hvernig með skuli fara í tillögu nefndarinnar og afgreiðslu þingsins.

Í fjáraukalagafrv. var lögð fram beiðni frá forsrn. um 300 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta útgjöldum við einkavæðingu og störf einkavæðingarnefndar. Eðlilegt og nauðsynlegt þótti að fá um það upplýsingar hjá forsrn. til hvers ætti að verja þessum peningum og með hvaða hætti — hér var jú um skyndibeiðni að ræða.

Fjárln. sendi þessa beiðni og seint og um síðir kom svo óundirritað svar frá forsrn. í tölvupósti þar sem tilkynnt var að ekki væri hægt að veita umbeðnar upplýsingar og borið við ákvæðum upplýsingalaga um að skylt væri að takmarka

aðgang að slíkum upplýsingum ef hann væri til þess fallin að skaða þá hagsmuni sem í húfi væru.

Herra forseti. Ítarlega hefur verið um það fjallað hversu óeðlilegt og rangt er af hálfu framkvæmdarvaldsins að setja slík skilyrði við eðlilegri beiðni um upplýsingar. Við getum ímyndað okkur hvernig fer ef þetta á að verða viðtekin venja þegar spurt er um ráðstöfun fjár eða fyrirhugaða ráðstöfun fjár. Ekki hefur komið fram að sala Landssímans, sem nota átti þetta fjármagn til að einhverju leyti, sé eitthvert pukursmál. Ekki hafa komið fram neinar upplýsingar um að þar sé eitthvert pukursmál á ferðinni. Eða eru sala Landssímans eða sala Landsbankans einhver pukursmál? Það hefur ekki komið fram, enda virðist hér vera um hreinan hroka að ræða hjá framkvæmdarvaldinu gagnvart fjárln. og Alþingi, að neita að svara.

Það færist jú í vöxt að verkefni á vegum hins opinbera séu unnin samkvæmt samningum við ýmsa verktaka. Ætti það að vera fordæmið þótt verktakar geri samning við ríkisvaldið að ekki þurfi að upplýsa um þá sem geta verið nauðsynlegir og eðlilegir, þá er illa að farið.

Herra forseti. Á fundi sem hv. fjárln. hélt í hádeginu, þar sem boðað var að þetta mál yrði rætt og tilkynning kom inn á fundinn um að væntanlegt væri svar frá forsrn. um hvernig ætti að ráðstafa þessum 300 millj. einkavæðingarnefndar. Forsrn. gerði það hins vegar að skilyrði að með þær upplýsingar yrði farið sem trúnaðarmál. Því var að sjálfsögðu mótmælt að upplýsingar af þessu tagi yrðu eða þyrftu að koma fram undir þeim formerkjum að vera trúnaðarmál. Engu að síður féllst fjárln. á að um það kæmi skrifleg beiðni frá forsrn. að þetta yrði meðhöndlað sem trúnaðarmál. Á fundinum kom fram að ljóst væri að samkvæmt þingsköpum væri hægt að fara fram á slíkt og var þá örðugt fyrir einstaka nefndarmenn og nefndina sem heild að víkja sér undan því.

Engu að síður eru þetta alveg fráleit vinnubrögð. Það ber að mótmæla þeim afdráttarlaust og ég skora hér á hæstv. Alþingi og hv. fjárln. að standa gegn þeim vinnubrögðum sem hér er boðið upp á gagnvart fjárln. og Alþingi.

Til enn frekari upplýsingar þá er undirrituðum ekki kunnugt um að þetta svar hafi borist til nefndarmanna sem sátu þennan fund, sem þó var lofað og gert ráð fyrir þegar á þeim fundi. Allt er þetta því hið kúnstugasta mál og þinginu til vansa hvernig það hefur þróast.

Herra forseti. Ég mæli einnig fyrir brtt. við fjáraukalög, sem ég er flutningsmaður að ásamt hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni, sem lúta að því að í stað þess að ganga að eigum einstakra sveitarfélaga til þess að leysa þau úr bráðum greiðsluvanda og skuldum þá verði tekið á þeim málum á landsvísu og heildstætt eins og reyndar hefur verið lofað.

Við flytjum hér brtt. á þskj. 454:

1. Við brtt. á þskj. 441. Í stað fjárhæðarinnar „780 millj. kr." í f-lið a-liðar komi: 480 millj. kr.

2. Við brtt. á þskj. 442. Liður 8.27 í 1. tölul. falli brott.

Í greinargerð með þessari tillögu segir að hér sé lagt til að hafnað verði að gefa Rafmagnsveitum ríkisins heimild til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks og að veita þeim lán að upphæð 300 millj. kr. til þessara kaupa. Sveitarfélagið Skagafjörður á í miklum fjárhagsvanda eins og mörg önnur sveitarfélög á landsbyggðinni. Þennan greiðsluvanda sveitarfélaganna á að leysa með aðgerðum á landsvísu heildstætt. Sveitarfélögin á suðvesturhorni landsins, þangað sem hið svokallaða „góðæri" kom, keppast nú við að efla orkufyrirtæki sín og nýta styrk þeirra til sóknar í nýsköpun atvinnulífs. Á meðan sjá sveitarfélögin á landsbyggðinni hvert af öðru sér ekki fært annað en að selja þessi fjöregg sín til að létta til bráðbirgða á greiðsluvandanum.

Lagt er til að ríkið komi að því að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins með beinum hætti og sem hluta af heildarlausn á landsvísu en ekki með því að afhenda Rarik peninga til að kaupa af þeim rafveituna og rýra þar með möguleika Skagfirðinga til að sækja fram á eigin forsendum í orkubúskap.

Herra forseti. Sem fylgiskjal með nál. fylgir einmitt bréf sem sent var þingmönnum til áréttingar. Ég vil leyfa mér að vitna í það, með leyfi forseta:

„Þann 13. nóvember sl. samþykkti sveitarstjórn Skagafjarðar sölu á Rafveitu Sauðárkróks og er Rarik kaupandinn. Á næstunni mun þetta mál verða tekið fyrir á Alþingi og ákvörðun tekin um hvort veita eigi Rarik lánsheimild til þessara kaupa.

Í upphafi árs hafði sú ákvörðun verið tekin af sveitarstjórn Skagafjarðar að sameina allar veitur sveitarfélagsins ef það reyndist ákjósanlegt, ef ekki, átti að skoða sölu rafveitunnar. Við sameiningu hefði orðið til öflugt veitufyrirtæki, sem skilað hefði arði um ókomin ár. Niðurstöður nefndar, sem sett var á fót til þess að kanna hvort ásættanleg hagræðing næðist með sameiningu veitnanna, var sú að hægt hefði verið að lækka skuldir sveitarfélagsins um minnst 370 milljónir kr. Auk þess var mögulegt að hið nýja fyrirtæki keypti áhaldahús sveitarfélagsins á allt að 50 milljónir kr. Allir flokkar voru sammála um að þetta væri hagstæðasta leiðin, er bæði gæti lagað slæma stöðu sveitarsjóðs nú og skilað hagnaði til framtíðar."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þetta er eitt heitasta mál sem upp hefur komið hér í Skagafirði og biðjum við ykkur að veita því sérstaka athygli. Hvers vegna liggur meiri hluta sveitarstjórnar svo á að selja rafveituna núna í haust? Því var hagstæðasta leiðin, sem stefnt hafði verið að frá upphafi árs, skyndilega orðin óhagstæð? Ekki gaf núverandi meiri hluti sér tíma til þess að skoða möguleika rafveitunnar í ljósi komandi breytinga á orkulögum ... Er það ekki undarlegt að Rarik, sem er í ríkiseign, skuli sækjast eftir og fá heimild til að kaupa orkufyrirtæki í eigu sveitarfélaga á landsbyggðinni, þegar það er stefna ríkisstjórnar að selja eignir en ekki kaupa? Á sama tíma verða orkufyrirtækin í eigu sveitarfélaganna á suðvesturhorninu stöðugt öflugri. Þó Rafveita Sauðárkróks sé lítil á landsvísu er hún mikill styrkur fyrir sveitarfélagið og sala hennar því skref í ranga átt. Þetta er einungis skammtímalausn þar sem ekki er hugsað um hagsmuni sveitarfélagsins til framtíðar."

Og bréfi þessu lýkur með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Við biðjum þig að kynna þér þetta mál til hlítar og leggja okkur lið við að standa vörð um framtíð okkar og byggðar út á landi."

Undir bréfið ritar, fyrir hönd ungra sjálfstæðismanna í Skagafirði, Sigurlaug Vildís Bjarnadóttir.

Mér þótti rétt, herra forseti, að vísa til þessa bréfs. Reyndar hefur þetta verið eitt umdeildasta mál í Skagafirði nú um nokkra hríð og margar blaðagreinar verið skrifaðar um það. Ég leyfi mér að vísa til greinar sem einn sveitarstjórnarmaður, forsvarsmaður núverandi meiri hluta, segir í grein í Feyki 19. sept. 2001, með leyfi forseta, þar sem hann

svarar spurningunum um hvers vegna nauðsynlegt sé að selja Rafveitu Sauðárksóks, en þar segir, með leyfi forseta, sveitarstjórnarmaðurinn Snorri Styrkársson:

„Ég vil ekki selja Rafveitu Sauðárkróks. Það er ekki mitt markmið né nokkurs annars í sveitarstjórninni svo ég viti um. Sú stund er hins vegar upp runnin að ég og aðrir ábyrgir sveitarstjórnarmenn höfum ekki efni á þessari skoðun."

Því næst, herra forseti, rekur hann skuldir sveitarfélagsins, bæði vegna félagslega íbúðakerfisins, lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins og aðar skuldir, sem eru mjög háar upphæðir miðað við fjárhagsáætlun og fjármál sveitarfélagsins. Og áfram segir í þessari grein:

„Ég vil ekki skerða þá um margt góðu þjónustu sem sveitarfélagið er að veita Skagfirðingum. Ég vil ekki að börnin okkar — framtíðin — njóti ekki bestu menntunar. Ég vil ekki skerða þá þjónustu sem við höfum búið þeim sem minna mega sín í okkar samfélagi. Svo mætti lengi telja.

Ég tel mig ekki töframann í fjármálum þó ég sé ágætlega menntaður á því sviði. Ég hef ekki séð, heyrt eða fundið neinn núverandi eða fyrrverandi sveitarstjórnarmann í Skagafirði sem hefur getað komið með rökstudda, trúverðuga og haldfasta tillögu eða kenningu um hvernig glíma eigi við þennan fjárhagsvanda nema með sölu eigna."

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þetta er neyðarlausn af hálfu sveitarfélagsins Skagafjarðar til að bjarga fjárhag sínum og það er miklu nær að ríkisvaldið komi þarna að með beinum hætti og leysi fjárhagsvanda Skagafjarðar eins og annarra sveitarfélaga sem núna eiga í erfiðleikum sem einmitt stafa af stefnu ríkisstjórnarinnar. Miklu nær er að tekið verði á þessu með heildstæðum hætti en ekki þannig að þau séu hvert og eitt tekin út og eignir þeirra teknar. Það er skiljanleg staða sveitarfélagsins sem sér ekki aðra leið til að leysa úr bráðavanda, fjárhagsvandanum, en þá sem þarna er verið að óska eftir.

Herra forseti. Að lokum er önnur brtt. sem er flutt auk mín af hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni, sem fjallar um að heimilt sé að verja allt 1 milljarði kr. til að greiða úr bráðum fjárhagsvanda sveitarfélaganna, m.a. vegna félagslega íbúðakerfisins, og félmrh. setji nánari reglur um úthlutunina. Og í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Mörg sveitarfélög á landsbyggðinni búa nú við háar skuldir og mikla greiðsluerfiðleika, m.a. vegna skulda við félagslega íbúðakerfið og aukins kostnaðar við einsetningu grunnskólans og yfirfærslu hans til sveitarfélaganna. Þar telja mörg þeirra mjög á sig hallað í samskiptum við ríkisvaldið. Hvor tveggja þessara málaflokka bíður úrlausnar á landsvísu.

Þessi mál og önnur er varða verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru óútkljáð en þau verður að leysa með nýju fjármagni til sveitarfélaganna. Óviðunandi er að einstök sveitarfélög séu knúin til að selja bestu eignir sínar og þjónustustofnanir til að leysa bráðan greiðsluvanda heldur ber að einhenda sér í að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsvísu. Hér er lagt til að heimilt verði að ráðstafa allt að 1 milljarði kr. á fjáraukalögum þessa árs sem fyrsta skref í að leysa þennan vanda án þess að taka af sveitarfélögum eignir í staðinn."

Herra forseti. Varðandi fjárlög og efnahagsmál ríkisins á þessu ári er ljóst að margt hefur farið á annan veg en þjóðhagsáætlun og stefna ríkisins í efnahagsmálum gerðu ráð fyrir. Eins og 2. minni hluti rakti ítarlega í nefndaráliti við 2. umr. fjáraukalaga er meginhluti þess fjárhagsvanda sem nú er glímt við heimatilbúinn og á rætur í alvarlegum mistökum ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahagsmála. Hann á rætur í einkavæðingarherferð almannaþjónustunnar og rangri stefnu í atvinnumálum. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir ákveðnum gæluverkefnum sínum í stað þess að vinna út frá markaðri heildarstefnu í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins.

Annar minni hluti lýsir því fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina sem lýsir sér núna í mjög breyttum forsendum og niðurstöðum í efnahagsmálum og fjárlögum þessa árs og eiga rætur sínar að rekja til rangrar forgangsröðunar og mistaka í hagstjórninni.

[15:49]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi hér fram að ég get ekki stutt lánsheimildir til Rariks vegna yfirtöku eða kaupa þess fyrirtækis á Rafveitu Sauðárkróks. Eins og fram hefur komið hafa verið afar miklar deilur um þetta mál í Skagafirði. Ég tel algjörlega óviðunandi að þessu ríkisfyrirtæki sé beitt með þeim hætti sem gert er til að grípa inn í deiluna við þessar aðstæður. Ég tel að það hefði verið eðlilegt að bíða með inngrip ríkisfyrirtækisins í þessar deilur þangað til Skagfirðingum hefði gefist kostur á að gera út um þetta mál í næstu sveitarstjórnarkosningum.

[15:50]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Fyrir mér er þetta meira mál en bara kosningamál. Fyrir mér er þetta mál á landsvísu, hvernig á að taka á þessum málum og hinni alvarlegu stöðu sveitarfélagsins Skagafjarðar eins og hjá mörgum öðrum sveitarfélögum sem eru í hliðstæðri stöðu. Það á að taka á þeim á landsvísu og leysa þau en ekki láta þau dragast og dragast, og hengja sveitarfélögin áfram.

Þannig að ég vonast eftir því, herra forseti, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson styðji þessar tillögur sem hér eru fluttar um að fjárhagsvandi sveitarfélagsins Skagafjarðar verði leystur á annan hátt en lagt er til í frv. meiri hlutans til fjáraukalaga.

[15:51]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þær forsendur sem hv. þm. hefur fyrir því að standa gegn sölu Rafveitu Sauðárkróks til Rariks séu ekki endilega þær sömu og mínar forsendur en ég er hins vegar algjörlega sammála honum um efni málsins þótt á öðrum forsendum sé en hann hefur verið að rekja hér.

[15:51]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið er brýnt fyrir sveitarfélagið Skagafjörð vegna vanda þess sérstaklega, og síðan er þetta málefni á landsvísu. Ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vill bæta við tillöguna eða koma öðrum orðum inn til þess að koma megi til móts við þetta er sjálfsagt að skoða það.

En ég legg áherslu á að það á ekki að fara að sveitarfélögunum með þessum hætti, það á að leysa fjárhagsvanda þeirra á annan hátt en að taka af þeim eignir. Ég þakka hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fyrir stuðning við þau sjónarmið sem þarna eru, hvernig salan á Rafveitu Sauðárkróks til Rariks snýr að sveitarfélaginu Skagafirði.

[15:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg með ólíkindum að hlusta á framsögumann 2. minni hluta fjárln., hv. þm. Jón Bjarnason, leggja til að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélagsins Skagafjarðar verði hunsaður þar sem meiri hlutinn hefur samþykkt að selja Rafveitu Sauðárkróks til Rariks, hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill ganga gegn þessu sjálfstæði sveitarfélaganna og banna því hreinlega að taka slíka ákvörðun. Þetta er alveg með ólíkindum.

Mér finnst þetta jafnfurðulegt og það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð álykti um það á landsfundi sínum að vera á móti ljósastaurum í þéttbýli til að varðveita það að fólk geti horft á himintungl og stjörnur í grennd við þéttbýlisstaði — það snýr líka að orkumálum. Mér finnst sú samþykkt álíka vitlaus og tillagan sem hér kemur fram hjá Vinstri grænum við þessa umræðu.

Jafnframt finnst mér náttúrlega alveg sérstaklega ánægjulegt og skemmtilegt að hlusta hér á hv. þm. Jón Bjarnason, þingmann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eyða töluverðum tíma í að koma á framfæri skoðun sjálfstæðismanna í Skagafirði. Að lesa hér og gera að þinggagni ályktun ungra sjálfstæðismanna í Skagafirði sem leggjast gegn þessu í einhverri fýlu sinni út af því að þeir duttu út úr meiri hluta, sem ég ætla að koma að síðar — mér finnst það alveg stórkostlegt og vil vekja athygli þingheims á því að hér hafa sjálfstæðismenn í Skagafirði fengið nýjan talsmann fyrir sig á hinu háa Alþingi.

Ég vil leyfa mér hér í lokin, herra forseti, að spyrja hv. þm.: Hvers eiga önnur sveitarfélög að gjalda? Hér er lagt til að veita sveitarfélaginu 300 milljónir beint, bara án nokkurrar umræðu. Hvað með jafnræði sveitarfélaganna? Það er ekki nóg með að ganga eigi á sjálfsákvörðunarrétt, hvað með jafnræði sveitarfélaganna? Og, herra forseti, mér virðist, þótt ekki sé nema 4. desember í dag, sem fyrsti jólaveinninn sé kominn til byggða og heldur betur farinn að deila hér út gjöfum.

[15:54]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi harma ég það ef hv. þm. Kristján L. Möller hefur ekki heyrt ræðu mína en er samt farinn að vitna í hana en ég rakti einmitt rökin sem hafa komið fram fyrir sölu veitunnar og ég vitnaði til bæjarfulltrúans Snorra Styrkárssonar þar sem hann rakti að það væri ekki óskastaða að selja rafveituna heldur rakti hvernig erfið fjárhagsstaða sveitarfélagsins rekur til þess arna. Og að sjálfsögðu ber sveitarfélaginu skylda til að leysa úr því eins og best verður á kosið.

Hins vegar er það sveitarfélaginu ekki til góðs til frambúðar að eignir séu teknar af því til að láta ganga upp í rekstrarskuldir, skuldir sem eru m.a. til komnar vegna óhagstæðrar skiptingar á tekjum milli ríkis og sveitarfélaga, vegna skulda við félagslega íbúðakerfið o.s.frv., sem er vandi miklu fleiri sveitarfélaga en Skagafjarðar og á að taka á honum heildstætt. Og það er mesti misskilningur hjá hv. þm. að lagt sé til að þetta verði leyst með því að leggja út þessar 300 milljónir heldur er gert ráð fyrir því að vandamál þessa sveitarfélags verði leyst um leið og annarra. Þarna er bráður vandi sem ber að taka á þegar í stað. Það er skylda ríkisins að gera það og við leggjum það til en ekki að gengið verði að einstökum sveitarfélögum eða þau knúin til að selja dýrmætar eignir sínar þegar aðrar leiðir eru miklu réttlátari og miklu sanngjarnari og koma sveitarfélaginu miklu betur, bæði til skemmri og lengri tíma.

[15:57]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér, með leyfi þínu, að vitna beint í greinargerð sem hér hefur verið flutt af hv. þm.:

„Að mati 2. minni hluta væri miklu nær að ríkið léti þessa fjármuni ganga beint til sveitarfélagsins eða styddi það á annan hátt þannig að það héldi sinni veitu.“

Hvað er þetta annað en bein jólagjöf? Það er ekki hægt að lesa annað út úr þessu en að veita eigi hér einu sveitarfélagi 300 millj. kr. beint og gera ekkert fyrir aðra.

Eins og ég segi, það er alveg með ólíkindum hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur komið hér fram með tillögur sem eru algjörlega út í hött, eingöngu til þess fallnar að gera hosur sínar grænar í viðkomandi sveitarfélagi. Mér finnst þessi markaðshyggja Vinstri grænna ansi dýru verði keypt, að ríkissjóður þurfi að borga 300 millj. fyrir þessa markaðssetningu Vinstri grænna í viðkomandi sveitarfélagi.

Ég stóð í því sjálfur, herra forseti, sem gamall bæjarfulltrúi að við neyddumst til að selja veitur okkar á Siglufirði þegar við vorum komin í ansi mikil skuldamál. Ég held að sú ráðstöfun hafi ekki reynst sérlega slæm. Ég segi það bara, og mun koma að því betur á eftir, að samskiptin við Rarik hafa verið sérstaklega góð og ég vænti þess að Rarik muni starfa jafn vel í Skagafirði og sinna Skagfirðingum jafn vel og þeir hafa gert við Siglufjörð eftir að þeir keyptu veiturnar þar.

Herra forseti. Bara rétt í lokin. Mér kom þetta svo á óvart að ég gat ekki annað en komið hér upp í stutt andsvar. Ég ætla samt að ræða þetta betur á eftir. Mér finnst þessi stefna í orkumálum sveitarfélaga með ólíkindum, alveg sama hvort það er að banna meiri hluta sveitarstjórnar Skagafjarðar að selja eignir sínar eða það að hvetja sveitarfélög til að vera ekki með ljósastaura í þéttbýlinu til að lýsa upp götur og annað slíkt vegna þess að það geti skyggt á himintungl og stjörnur í grennd við viðkomandi sveitarfélög. Herra forseti. Þetta er alveg með ólíkindum.

[15:59]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. vildi í rauninni koma þarna vel að málum ætti hann að styðja þessa tillögu. (**KLM:** Um ljósastaurana? Nei.)

Það er erfitt að horfa upp á það að sveitarfélög úti um land verði að selja eignir sínar, orkuveitur, til að leysa úr bráðaskuldavanda. Svo horfum við upp á það hér á suðvesturhorninu að þar styrkja þessar orkuveitur sig, þær eru meðal sterkustu stoða viðkomandi sveitarfélaga og viðkomandi samfélags og þangað sækja þessi sveitarfélög styrk í nýsköpun atvinnulífs. En úti á landi er þessu þveröfugt farið. Það er af ástæðum sem eru til komnar vegna rangrar stefnu ríkisins í efnahagsmálum og atvinnumálum. Það bætir ekki úr skák fyrir þessi sveitarfélög þegar eignir þeirra eru teknar ein af annarri upp í skuldir. Að sjálfsögðu bregðast sveitarfélögin við og reyna að leysa þau mál eins og þau best geta en ríkið ber líka skyldur, sem og við hér á Alþingi, gagnvart þessum sveitarfélögum, gagnvart fjárhag þeirra og stöðu og gagnvart möguleikum þeirra til búsetu og að tryggja öflugt atvinnulíf og sterkt samfélag. Og það gerum við með því að leggja fram tillögur eins og þá sem hér var lögð fram, virðulegi forseti.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. sé einhvers staðar nálægur þannig að ríkisstjórnin eigi a.m.k. einn fulltrúa hér við umræðuna. Það má nú ekki minna vera. Það gengur satt best að segja heldur illa að fá hæstv. ráðherra til að vera hér viðstadda umræður þegar málaflokkar þeirra eiga undir, hvort heldur er í umræðum um fjárlög eða fjáraukalög og virðist vera orðið algjört metnaðarleysi gagnvart því að menn eigi þess kost að ræða hlutina við viðkomandi fagráðherra jafnframt því að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur. Og öll góð áform og fyrirheit um að greiða fyrir umræðunni með því að ráðherrar reyni að vera við a.m.k. á þeim sérstöku dögum þegar svona umræður fara fram, renna út í sandinn og iðulega er stór hluti þeirra erlendis þegar eftir því er spurt hvar þeir haldi sig. Því leita náttúrlega á mann spurningar um hvort hæstv. ráðherrar megi yfirleitt vera að því að stjórna landinu.

Staðreyndin er sú, herra forseti, þegar fjáraukalagafrv. fyrir árið 2001 er að koma til lokaumræðu þá liggur sú napurlega staðreynd á borðum að afgangur af ríkissjóði hefur gufað upp og fjárlögin sem slík, að slepptri eignasölu, áætlaðri en óorðinni eignasölu, eru orðin öfug. Það er nú allt og sumt sem eftir stendur af góðærinu og hinum glæsilega árangri í ríkisfjármálum, herra forseti. Þær staðreyndir liggja hér fyrir okkur og þeim er ómótmælt. Það staðfestir Ríkisendurskoðun í úttekt sinni og fleiri gögn eru því til staðfestingar að fjármunamyndun frá rekstri ríkisins á þessu ári er neikvæð upp á nokkra milljarða og eignasölu þarf til til að koma ríkissjóði í afgang.

Það sem kostulegra er, herra forseti, er að núna þegar komið er fram í desembermánuð er þessi eignasala öllsömul bara fuglar í skógi enn þá. Það gengur alveg hörmulega að koma þessum eignum ríkisins út og er þó ekki til sparað að reyna það.

Maður hlýtur að spyrja, herra forseti, í hvað þessir peningar hafi farið, þessar óhemju fjárhæðir sem í þessum sömu fjáraukalögum er verið að heimta handa forsrn. til að smyrja hjólin og þarf að vera ríkisleyndarmál hvernig þeim er varið. En það hefur samt ekki tekist að selja eignirnar. Það eru skitnar 270 millj. heyrði ég hér áðan sem búið er að tekjufæra sem þegar tilfallinn söluhagnað vegna eigna ríkisins á árinu.

Hvar er restin? Jú, hún er í óljósum áformum um að mögulega náist eitthvað inn fyrir Landssímann einhvern tíma á næstu vikum eða mánuðum. Og hvað varðar Landsbankann virðist enn lengra í land ef eitthvað er.

Herra forseti. Eitt af því sem er alvarlegt í sambandi við stöðu ríkisfjármála og opinberra aðila nú á tímum er bág staða sveitarfélaga. Ég ætla að gera það aðeins fyrst að umtalsefni áður en ég vík aftur að almennri stöðu ríkisfjármála og trúnaðarmálunum miklu, m.a. vegna þess að ég sé að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur.

Það væri nú æskilegt, herra forseti, ef hæstv. félmrh. væri hér á slóðunum því ekki varðar það hæstv. félmrh. litlu hvernig sveitarfélögin í landinu standa.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill láta þess getið að samkvæmt tölvunni sem hann hefur fyrir framan sig er hv. félmrh. reyndar nýgenginn úr húsi. En hæstv. fjmrh. er hér í hliðarherbergi og hæstv. heilbrrh. er hér líka.)

Kannski tölvan viti hvar hæstv. forsrh., nei, hæstv. fjmrh. er í húsinu líka? (**Fjmrh.:** Hér, hv. þm.) Jú, það er nú gott, hæstv. fjmrh. ... (**Fjmrh.:** Það hefur ekkert vantað upp á það í þessari umræðu.) Nei, það er gott. (**Fjmrh.:** Meira að segja hv. þm. hefur farið úr salnum. Hvar var hv. þm. þegar síðasta umræða var?) Ég var að mestu leyti hér í salnum. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má forseti biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Ja, ég veit ekki hvort ætti að gefa hæstv. fjmrh. eitthvað. Það liggur eitthvað illa á honum, hæstv. ráðherranum.

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að fara aðeins yfir það hvernig staða sveitarfélaganna í landinu er og blasir við þeim um þessar mundir. Ég ætla líka í leiðinni að koma að stórbrotnu innleggi hv. þm. Kristjáns L. Möllers í umræðunni hér áðan sem birti alveg sérstaka hlið á metnaði þess hv. þm. í byggðamálum og landsbyggðarmálum sem hv. þm. kveður mikinn að eigin sögn, en fann hér hins vegar allt til foráttu tillöguflutningi þingmanna sem einmitt gengur út á að taka almennt á fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsbyggðinni og leysa hann. En það vill hv. þm. ekki sjá og hafði hin hörðustu orð um þá þingmenn sem slíkt hafa lagt hér til.

Staðreyndin er sú að fjölmörg sveitarfélög landsins eru við það að komast í gjörgæslu hjá félmrn. vegna skulda og erfiðleika í rekstri, ef ekki þegar komin þangað. Það liggur alveg fyrir. Þetta hefur átt við um mörg sveitarfélög á Vestfjörðum. Í reynd, herra forseti, hefði félmrn. átt að vera búið að taka að sér fjármál eða koma til aðstoðar verst stöddu sveitarfélögunum á Vestfjörðum fyrir mörgum missirum. En það brást í rauninni þeirri skyldu sinni og enginn vafi er á því að færa má fyrir því gild rök að réttur hafi verið brotinn á íbúum sumra sveitarfélaga sem hafa verið orðin svo illa stödd — það á ekki bara við um Vestfirði — að þau hafa ekki ráðið við að uppfylla skyldur sína á fullnægjandi hátt. Það er alveg skýrt í lögum og stjórnskipun landsins að ríkið ber ábyrgð á því.

Fjárhagur sveitarfélaga á ekki og má ekki lögum samkvæmt verða til þess að íbúarnir verði af lögboðinni þjónustu sem sveitarfélögin eiga að annast. Þá er ríkið bakábyrgt og á að koma til skjalanna. Þegar hættumerkin láta á sér kræla, þegar bjöllurnar fara að hringja, á að taka í taumana og þá á að koma sveitarfélögunum til aðstoðar. Þeim skyldum sínum hefur ríkisvaldið verið að bregðast vegna þess að það er augljóst mál að skulda- og greiðslustaða sumra sveitarfélaganna er orðin slík að borðleggjandi er að þau geta ekki með fullnægjandi hætti, þannig að þau séu með sæmilega óbundnar hendur til þess, uppfyllt skyldur sínar.

Eitt af því alvarlega í þessu sambandi eru gríðarlegar skuldir sem hvíla á herðum sveitarfélaganna vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis og innlausnarskyldunnar þar. Það eru nokkur ár síðan að lofað var að taka á þeim vanda með sveitarfélögum og stofnaður var viðlagasjóður viðbótarlána eða hvað það nú hét, lofað framlögum á fjárlögum í þann sjóð. En síðan hefur það allt verið svikið. Nefndir hafa verið að lulla í því að koma með einhverjar tillögur og svo gerist ekki neitt. Og einhver minnisblöð liggja og rykfalla í skúffum hæstv. ráðherra. Ein afleiðing af þessu hefur orðið sú að sveitarfélög hafa séð sig knúin til þess, neydd til þess, að selja eignir sínar sér þvert um geð í mörgum tilvikum.

Eða hverjum dettur í hug að sveitarfélög á Vestfjörðum hefðu selt frá sér Orkubú Vestfjarða eða væru að gera það, ágætis fyrirtæki sem tryggði fjórðungnum lægra orkuverð en öðrum svæðum á landsbyggðinni, sem var rekið með ágætri afkomu og var að skila eigendum sínum arði, hverjum dettur

í hug að sveitarfélög á Vestfjörðum hefðu selt þetta frá sér og þar með afsalað sér möguleikum til að nota það fyrirtæki til að byggja upp annað atvinnulíf eða sækja fram í orkumálum ef þau hin sömu sveitarfélög hefðu ekki neyðst til þess? Engum. Það er algjörlega borðleggjandi.

Hér eru reiddar fram upplýsingar um að þeir sveitarstjórnarmenn í Skagafirði sem eru núna að beita sér fyrir sölu orkuveitunnar þar gera það nauðugir. Svo kemur hv. þm. Kristján Möller og telur það mikla ósvinnu að leggja hér til annars konar aðgerðir en þær einar að heimila sveitarfélögunum þetta og láta ríkið kaupa af þeim. (**KLM:** ... vilji stjórna sveitarfélögunum.) Láta ríkið kaupa af þeim. (**KLM:** Þú ert ekki kosinn til þess.) Nú ætti hv. þm. Kristján Möller að hafa hægt um sig (Gripið fram í.) því hv. þm. var m.a. að tala um það hér að við vildum með þessu stjórna sveitarfélögunum, það ætti að taka sjálfsákvörðunarréttinn af sveitarfélögunum. (**KLM:** Já, það viltu.) Felst hann í því að selja ríkinu, að ríkið sé skuldbundið til að kaupa? (Gripið fram í.) Og þegar það liggur fyrir að sveitarfélögin ... (Forseti hringir.) Ég skal sjá um hv. þm.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má forseti biðja hv. þm. um að gefa ræðumanni hljóð.)

Það þarf enga hjálp þó ég sé forseta þakklátur fyrir velviljann, ég skal sjá um hv. þm. Kristján Möller. Ég get það hjálparlaust, held ég.

Felst þá sjálfræði sveitarfélaganna í því að fá að selja eignir sínar nauðugt á hnjánum í fjárhagsþrengingum? Væri ekki sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna betur borgið ef ríkið kæmi með eðlilegum hætti þeim til aðstoðar eins og lofað hefur verið og leysti með þeim fjárhagsvandann vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis? Væri það ekki betra, hv. þm.? Væri þá ekki meira eftir af sjálfsákvörðunarréttinum heldur en að birtingarform hans sé þetta sem hv. þm. styður, að þau séu neydd til að selja eignir sínar? Og sveitarstjórnarmenn vitna í blöðum og/eða opinberlega um að þeir geri þetta þvert um hug sér vegna þess að þetta séu nauðungarkostir.

Hv. þm. Kristján Möller var reyndar svo óheppinn hér áðan. Hann sagði: „... við neyddumst til að selja veituna okkar á Siglufirði ...“ Hann taldi það svo hafa verið hina bestu gjörð og komið vel út. En hann notaði orðin „neyddumst til að selja veituna“. Var það þá svo gleðilegt? Ég hef aldrei áður heyrt íslenskt mál notað á þennan hátt. Þegar menn neyðast til að gera eitthvað, þá hélt ég það væri nauðung, eitthvað sem væri mönnum þvert um geð, það væru afarkostir. Þannig skil ég íslensku. (**KLM:** ... söluna á ...).

Og auðvitað er það þannig, herra forseti, þegar menn eru settir upp við vegg, þegar mönnum eru allar bjargir bannaðar, eins og sveitarfélögin eru í þessari stöðu vegna þess að ríkið og löggjafinn hefur öll þeirra ráð í hendi sér, skammtar þeim tekjurnar og hefur gert það þannig, m.a. í tengslum við yfirfærslu verkefna, að sveitarfélögin eru út um allt á hnjánum, hafa hlaðið á sig skuldum og þegar stjórnvöld lyfta ekki litla fingri þeim til aðstoðar, hver er þá þrautalendingin? Jú, hún er þessi: Að selja eignir á meðan þær eru einhverjar til.

Gallinn er sá að það gengur hratt á þær og hann er líka sá að sum sveitarfélögin eiga bara alls ekki neitt til að selja. Þau eru ýmist þegar búin að því eða hafa aldrei myndað neinar eignir af þessu tagi, því mörg þeirra hafa um áratuga skeið verið kaupendur orku frá landsfyrirtækjum og aldrei átt nein eigin orkufyrirtæki eða veitur sem hafa myndað eignir og eiga ekki heldur hlutabréf í atvinnufyrirtækjum eða öðru slíku. Og þannig þekkjum við dæmin um mörg sveitarfélög. Með því að styðja nauðungarleiðina eru þessi sveitarfélög smátt og smátt skilin ein eftir algjörlega bjargarlaus og á vonarvöl, enda eru þau sum hver að reyna að flýja inn í einhverjar sameiningar sem auðvitað leysa ekki nokkurn skapaðan hlut því það er ekki mikil lausn fólgin í því að sameina tvo bjálfa og fá út einn aumingja, eins og maðurinn sagði hérna á árunum þegar tvö skuldug fyrirtæki skriðu saman og urðu svo gjaldþrota rétt eftir það.

Nei, það verður ekki svona, herra forseti, sem vandi landsbyggðarinnar verður leystur. Það er algjörlega á hreinu.

Ég held að hv. þm. Kristján Möller, þó hann langi mikið til að reyna að koma höggi á Vinstri græna, og löngun þingmannsins leynir sér ekkert í þeim efnum því hann fer í ótrúlegar skógarferðir til að reyna að snúa út úr og (**Gripið fram í:** Himintunglin.) koma með ... Já, ég skal taka þetta aðeins með himintunglin, hv. þm. Ég segi nú bara: Litlu verður Vöggur feginn. Fann hann ekki þar, hv. þm. Kristján Möller, mikið tilefni til að finna alveg sérstakan höggstað á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og draga upp þá mynd af þeim að það væru nú ljótu jólasveinarnir og vitleysingarnir á ferð þar sem væru þeir? Það er furðulegt að þjóðin skuli ekki vera sama sinnis og þessi bráðgáfaði þingmaður, Kristján Möller, sem hneykslast jafnóskaplega á því að stjórnmálaflokkur skuli hafa þá stefnu sem við höfum.

Við skulum aðeins fara yfir það sem hv. þingmaðurinn þarna vitnar til. Ég veit vel að það þýðir ekki að reyna að hafa hér málefnaleg orðaskipti við hv. þm. Kristján Möller. En vegna þingtíðindanna og annarra áheyrenda ætla ég að fara aðeins yfir þetta því það var hin ágætasta samþykkt sem hv. þm. var þarna að vitna til og ætti að fara yfir málið í heild sinni. Hún var um umhverfismál í þéttbýli. Þar var tekið á mörgum þáttum sem svo sannarlega er ástæða til að fara yfir.

Eitt af því sem nefnt var og er alveg hárrétt — og ég er einlægur stuðningsmaður þess, enda studdi ég þessa ályktun að sjálfsögðu — er það að menn mega gjarnan fara að huga að því, og það er löngu komið á dagskrá erlendis, þegar stór þéttbýlissvæði sem eru upplýst í myrkri myndast, að þar sé einhvers staðar skilið eitthvað eftir þannig að eitt af því sem menn geti notið séu svæði sem ekki eru upplýst, þ.e. að menn geti farið þangað og skoðað stjörnurnar og notið norðurljósanna eða hvað það nú er.

Þetta finnst mönnum alveg rosalega fyndið. Þarna fundu menn nú aldeilis málið til að ráðast á Vinstri græna. Þetta er nú meiri pólitíkin, maður, ha. Hugsið ykkur. Þetta er svona svipað og með fjallagrösin. Og kannski endar þetta á svipaðan hátt, þ.e. að þetta verður þeim mest til skammar sem sýna vanþekkingu sína og fordóma með því að reyna að gera umfjöllun um viðangsefni af þessu tagi hlægilega og auðvirðilega með útúrsnúningum af því tagi sem hv. þm. Kristján Möller ástundar hér.

Og er þetta þá svona alveg út í hött og fráleitt? Er nokkuð óskaplega vitlaust t.d. að við hugsum Heiðmörkina hér ofan við þéttbýlið sem svæði sem við höfum í huga að verja m.a. fyrir, við getum sagt, mengun af þessu tagi, sem þetta á vissan hátt er úr því flestum nálægum þjóðum hefur fyrir löngu orðið það ljóst að eitt af því sem menn glata með þéttbýlismyndun og upplýsingu í þessum skilningi — ekki andlegri heldur ljósvænni — er þetta. Og það var um þetta sem verið var að álykta. Mér finnst það bara gott og fínt að einhver vekur máls á þessu og það er auðvitað framsýnt. Ég skil vel að mönnum sem eru áratugum á eftir tímanum

í umhverfismálum eins og hv. þm. Kristján Möller, gangi erfiðlega að höndla þetta. Þá bara fyrirgefum við það. En það er eins gott að einhverjir velti svona hlutum fyrir sér.

Umhverfismál í þéttbýli eru hlutur sem svo sannarlega þarf að koma hér betur á dagskrá. Menn hafa oft verið dálítið sofandi yfir því að það er nú ekki síst hér í þéttbýlinu og í kringum það sem mikilvægt er að vanda sig í umhverfismálum vegna þess að sambúð stórs hluta þeirra sem hér búa við umhverfið og náttúruna fer fram á þessu svæði og menn hafa ekki mikið tækifæri til þess annars staðar. En þeir geta skotist eitthvað út úr bænum um helgar á kvöldin, og þá er mikilvægt að slík svæði séu varðveitt, opin, ósnortin og óupplýst, t.d. til að taka sér kvöldgöngu og njóta norðurljósanna og horfa á stjörnurnar.

Um þetta snerist þetta mál og síðan má hv. þm. Kristján Möller mín vegna og mjög gjarnan upphefja sjálfan sig á sinn eigin hátt í stjórnmálum með því að hann haldi áfram að hamast á þessu. Það er í raun og veru alveg hið besta mál.

En ég er alveg viss um að aulafyndni af því tagi sem hv. þm. var hér að reyna að ástunda eða útúrsnúningar, nema ef vera skyldi þetta ofboðslega húmorsleysi, er hugsanlega skýringin á því að hv. þm. grípur þetta svona því það var ákveðinn gamansamur tónn í þessari ályktun. Það er alveg rétt. Reyndar var hlegið og menn höfðu gaman að því þegar verið var að afgreiða þetta á landsfundinum hjá okkur. En það var líka alvarlegur undirtónn í því og mönnum fannst það hið besta mál að afgreiða þetta.

En meira mun þurfa til en hv. þm. Kristján Möller og þetta mál til að klekkja eitthvað á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þó ég efist ekkert um löngun hv. þm. til þess. Hann hefur margopinberað hana.

Herra forseti. Það ber vel í veiði að hv. þm. og hæstv. forseti Halldór Blöndal er hér nálægur því ég ætlaði að gera trúnaðarmálið um 300 milljónirnar aðeins að umtalsefni, fara aðeins betur yfir það og m.a. þá atburði sem urðu í því máli í dag, sem í sjálfu sér gera það ekki miklu betra og sumpart verra.

Hér varð mikið upphlaup í gær sem eðlilegt er, herra forseti, og uppnám má segja í þinginu þegar þau fáheyrðu tíðindi spurðust að embættismaður í fjmrn. hefði í tölvupósti ... (**Gripið fram í:** Í forsætisráðuneytinu.) — ég þakka — í forsrn. hefði í tölvupósti hafnað ósk fjárln., ekki minni hlutans, heldur fjárln., hafnað beiðni sem sett var fram fyrir hönd fjárln. um að fá sundurliðun á því hvernig ráðstafa ætti þessum 300 millj. og/eða ef þeim hefði að einhverju leyti þegar verið ráðstafað, sem þetta sama forsrn. var að fara fram á að fá heimildir fyrir í fjáraukalögum. Og þá gerist sá fáheyrði atburður að þessi ágæti embættismaður synjar þessu og ber við trúnaðarskyldu samkvæmt upplýsingalögum á málefnum sem leynt geti þurft að fara af viðskiptaástæðum.

Og eins og þetta væri nú ekki nóg þá urðu þau ósköp ofan í kaupið að hæstv. forseti Alþingis hljóp þessari afstöðu til varnar og taldi þetta rétta niðurstöðu hjá forsrn. Það heyrðist ekkert í hæstv. fjmrh. enda er hann mjög upptekinn við lestur blaða, fornra. (Gripið fram í.) Ég var að segja að ekki hefði heyrst í hæstv. fjmrh. í þessari umræðu í gær. Ég saknaði þess nokkuð að hæstv. fjmrh., sem fer með fjármál ríkisins, eða svo á að heita nema þá að hæstv. forsrh. hafi yfirtekið það líka, blandaði sér í umræðurnar.

Svo ber við í dag, herra forseti, að forsrn. breytir um afstöðu. Það er sjálfsagt þessi sami embættismaður. Hann hefur átt fund með sjálfum sér í nótt, legið yfir þessu andvaka í nótt væntanlega og kemst að þeirri niðurstöðu undir hádegið, eða hvenær það nú var, að það kunni að vera hægt að reiða þessar upplýsingar fram enda verði farið með þær sem trúnaðarmál af hálfu fjárln.

Auðvitað er forsrn. með þessu, ef tala má fyrir hönd þess — ef þetta er þá í nafni forsrn. sem mér er ekki ljóst því ekki var talað fyrir hönd þess í gær. Þetta var algjörlega ómarktækt plagg. Það var tölvupóstssending frá einum starfsmanni ráðuneytisins. Það var ekki formlegt ráðuneytisbréf og er það náttúrlega mikill galli því það væri kostur að fá á hreint hver sé afstaða ráðuneytisins, þ.e. forsrh., í þessu máli. En til þess að hún liggi fyrir þarf að tala fyrir hönd ráðuneytisins og það er ævinlega gert í umboði ráðherra eins og menn vita, þannig að þá kæmi það út á eitt.

Um þetta vil ég segja, herra forseti, að auðvitað er forsrn. eða embættismaðurinn að viðurkenna að afstaðan frá því í gær gekk ekki upp. Hún var út í hött enda svo gjörsamlega fráleit og fáheyrð að það hálfa væri nóg og er auðvelt að sýna fram á með dæmum að menn geta lagt niður fjárln. og hætt þessu rausi og afgreitt bara eina tölu til ríkisstjórnarinnar ef þessi hugsunarháttur nær fram að ganga almennt. Þá þarf nú ekki að vera sitja yfir þessum sparðatíningi í fjárln. Þá væru þetta bara blokktölur, í mesta falli sundurliðað á ráðuneytið og jafnvel ekki einu sinni. Af hverju ekki bara að láta Davíð fá 240 milljarða og síðan er það bara trúnaðarmál hvernig með það er farið. Það er næsti bær við þetta.

Auðvitað er það svo að sá sem náttúrlega er skilinn verst eftir í þessu, herra forseti, er hv. 1. þm. Norðurl. e., forseti þingsins, Halldór Blöndal, sem lenti út í því fúafeni að hlaupa til varnar þessari afstöðu embættismanns forsrn. í gær, sem hann er svo fallin frá í dag. Og þá á minn herra engan vin því einasti bandamaður forseta Alþingis í gjörvöllum heiminum í þessu máli, embættismaðurinn í forsrn., er hlaupinn frá honum líka. Meiri einsemd hef ég ekki lengi séð, herra forseti, í einu máli.

Ég ætla að vona að hæstv. forseti Alþingis sé þá umsnúinn líka og ætli ekki að halda til streitu þeim skilningi sínum og þeirri túlkun sem hann viðhafði hér gegn upplýsingarétti Alþingis, gegn eftirlitshlutverki fjárln., gegn stjórnarskrárvörðum rétti þingmanna til að krefja upplýsinga um opinber mál, þ.e. að eitt stykki embættismaður í forsrn. gæti bara gert þetta að engu. En sú var auðvitað túlkun forsetans.

Herra forseti. Aðeins frekar um þessar 300 millj. Er það virkilega ætlun manna hér að láta bjóða sér það að afgreiða þessar 300 millj. eins og í pottinn er búið, þegar búið er að neita þinginu um sundurgreiningu á því í hvað þetta fer? Það er auðvitað algjör fásinna. Formaður fjárln. ætti að sjá sóma sinn í því að flytja hér brtt. og leggja til að þessar 300 millj. fari út þangað til skýringarnar eru fengnar eða málið í heild sinni frestist á meðan. Þannig gætu menn sýnt hverjir ráða, hver hafi fjárveitingavaldið. Það er Alþingi.

Fjárveitingavaldið liggur ekki í gamla tukthúsinu við Lækjargötu. Þannig á það ekki að vera a.m.k.

Og hvað segir hæstv. fjmrh. um þessa uppákomu alla? Ætlar hann bara að þegja sig í gegnum málið? Telur hæstv. fjmrh. það vera þau samskipti framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins í kringum fjárlagagerðina sem sé til farsældar fallin, að einstök ráðuneyti taki sér réttinn til þess að ákveða hvort og þá hvernig þau afhenda einhverjar upplýsingar um ráðstöfun fjár af þessu tagi, að ráðuneytin sendi orðsendingar til Alþingis um að þau vanti t.d. 300 millj. í þessa einkavæðingu sem átti ekki að kosta nema 13, ef ég man rétt

samkvæmt fjárlögunum og munar nú um minni skekkju en þetta, en brúki svo hortugheit þegar spurt er um í hvað þetta eigi að fara?

Tökum NATO-fundinn sem dæmi. Nú stendur til, ef fjárlög verða afgreidd eins og þau liggja fyrir eftir 2. umr., að utanrrh. hafi eina óskipta tölu upp á einar 260 millj. kr., ef ég man rétt, ef ekki meira á fjárlögum næsta árs til að setja í þennan NATO-fund. Er þá Alþingi að undirgangast það að um leið og hæstv. utanrrh. segir: „Ja, það voru einkaaðilar sem tóku að sér verkefnið þarna fyrir ráðuneytið og fengu greitt af þessum lið og þar með er ekki hægt að upplýsa hvernig honum var varið."

Er það þetta sem menn eru að ganga inn í? Og er hæstv. fjmrh. á því að svona eigi þetta að vera, að við séum að færa frá Alþingi til ráðuneytanna réttinn til að skilgreina hvaða upplýsingar eigi að fara leynt af þessu tagi og hverfa yfir í að ráðuneytin ein hafi þá í höndum upplýsingar um nánari sundurliðun ríkisútgjaldanna, nema ef vera skyldi að þeim þóknist að afhenda fjárlaganefnd einhverjar upplýsingar og þá í trúnaði?

Þá er eftir eitt enn í þessu máli, herra forseti, og það er að fjárln. er ekki ein í salnum þegar greidd eru atkvæði um fjárlög eða fjáraukalög. Það erum við þingmenn allir. Það er ætlast til þess að við öll berum sameiginlega pólitíska ábyrgð á því sem þarna er afgreitt, þeir sem það styðja með sínu atkvæði. Og það er fjöldinn allur af þingmönnum sem hefur þá engar upplýsingar í höndunum. Ef menn undirgangast trúnaðarskylduna og þingmenn virða hana — hún tekur þá væntanlega til annarra þingmanna, þ.e. að þetta eigi að vera trúnaður inni í þingnefndinni og mönnum sé ekki heimilt að skýra öðrum frá — þá er ætlast til þess að afgangurinn af þinginu greiði atkvæði blankó um þessa hluti, hvort sem eru 300 millj. í dag eða 350 millj. á morgun.

Herra forseti. Þetta er auðvitað svo gjörsamlega út í hött að það nær ekki nokkurri átt. Það sjá allir menn. Þá brotnar allt niður sem heitir gagnsæi ríkisfjármálanna. Þá brotnar allt niður sem heitir eðlilegt aðhald að því hvernig ríkisfé er varið, í hvað það fer. Í reynd, eins og ég segi, væri þá hægt meira og minna að leggja niður vinnu fjárln. og Alþingi hyrfi þá bara yfir að því skipulagi að viðurkenna það sem hlutverk sitt eitt að afgreiða einhvern ramma og málið sé þannig búið.

Er einhver óróleiki, herra forseti, í þingsalnum? (**HBl:** Mér sýnist nú ræðumaðurinn hlaupa svolítið á súðum.) Mér heyrist virðulegur forseti vera í svipuðu skapi og í gær og það veit ekki á gott. (**HBl:** Forseti situr þarna í stólnum. ... Mér sýnist liggja vel á honum.) 1. þm. Norðurl. e. hefur ekki lært að skammast sín í nótt sem hefði nú verið hyggilegt af hv. þm. Halldóri Blöndal. (Gripið fram í.) Það hefði nú verið skynsamlegt af hv. þm. Halldóri Blöndal að vera frekar í betra skapi í dag og láta fara lítið fyrir sér eftir uppákomuna hér í gær og eftir það hversu einmana hann er í ljósi þess að forsrn. hefur nú skipt um skoðun og viðurkennt að sú afstaða sem hæstv. forseti hljóp til varnar hér í gær var tóm vitleysa. En auðvitað mega menn hýða sig með hrísi eins og þeim sýnist mín vegna og hv. þm. Halldór Blöndal, hæstv. forseti þingsins, má gera það.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg sama hvernig maður nálgast þetta mál, þessi niðurstaða getur ekki staðið. Það breytir engu þó að svo kunni að fara í þessu tilviki að fjárln. taki eftir á — eftir á — við einhverjum útskýringum varðandi þennan 300 millj. kr. lið, það má ekki og getur ekki orðið fordæmi hér. Það er algjörlega borðleggjandi að þannig má það ekki vera. Það hljóta allir menn að sjá að þannig getur þetta ekki staðið.

Það er auðvitað þannig, herra forseti, að það verða að vera efnisleg rök fyrir því að trúnaður af þessu tagi þurfi að vera til staðar. Þau skortir algjörlega að mínu mati. Þetta er opinbert fé, þetta eru opinber verk og þar af leiðandi eiga þeir sem þau taka að sér að vera vel meðvitaðir um að sundurliðaðar upplýsingar um greiðslur komi til með að liggja fyrir. Þannig hefur það alltaf verið. Menn eru náttúrlega í grenjandi mótsögn hér við sjálfa sig vegna þess að það er alsiða að birta sundurliðaðar upplýsingar með nöfnum þeirra sem hafa þegið greiðslur frá ríkinu löngu eftir að þessi sömu upplýsingalög, þessi sömu lög um fjárreiður ríkisins og annað það sem menn eru hér að reyna að bera fyrir sig, komu til sögunnar. Þar má t.d. nefna svör við skriflegum fyrirspurnum um kostnað ríkisins vegna ráðgjafar, auglýsinga og annarra slíkra verkefna.

Þar hefur það stundum verið dregið fram í dagsljósið, herra forseti, að ráðuneytin hafi farið ansi frjálslega t.d. með útboðsreglur og stundum látið undan þeirri freistingu að semja við einstaka aðila og moka til þeirra verkefnum langt umfram það sem reglur gefa strangt til tekið tilefni til. Veitir þá af því, herra forseti, að einhvers staðar í þjóðfélaginu sé til staðar aðhald til að draga þessar upplýsingar fram?

Það er vel mögulegt að fjölmiðlar mundu staðnæmast við þennan þröskuld upplýsingalaganna sem þarna er beitt sem anti-upplýsingalögum, sem ó-upplýsingalögum, til að hindra það að upplýsingar komist út, en ekki til að tryggja þær, sem er þó megintilgangur þeirra laga. Það er sorgleg staðreynd, að menn hafa í miklu ríkari mæli reynt að nota þau í hina áttina.

En þá er Alþingi eftir. Ef fjölmiðlar hnjóta um þennan þröskuld og ná t.d. ekki út upplýsingum um ráðstöfun opinberra fjármuna af þessu tagi þá er Alþingi eftir. Þar á að vera fortakslaus réttur til að reiða fram upplýsingar um opinber málefni af þessu tagi. Allt annað er algjörlega fáránlegt, fær ekki staðist, mun leiða til ófarnaðar og er fordæmi sem má ekki verða. Ég trúi ekki öðru en að t.d. hæstv. fjmrh. sé þessu sammála. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. fjmrh. ætli að fara að ganga í lið með þeim öflum, sem vissulega hafa látið á sér kræla af og til upp á síðkastið, að reyna að sveipa þessa hluti meiri leyndarhjúp á Íslandi en þeir voru hér áður og auðvitað miklu meiri en nokkurs staðar annars staðar viðgengst, í löndum sem við berum okkur saman við, þar sem stjórnsýslan hefur alls staðar, t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, verið að þróast í átt til meiri opnunar. Þar eru margvíslegar kröfur og reglur komnar til sögunnar þar sem menn þurfa í miklu meiri smáatriðum en áður var að gera grein fyrir fjárhagslegum málefnum, hvort sem það eru útgjöld eða gjafir sem þeir fá eða annað í þeim dúr.

Það væri fróðlegt fyrir menn, sem eru núna að velta þessu fyrir sér uppi á Íslandi, að skoða t.d. hversu strangar allar reglur eru orðnar á þjóðþingum og í kringum þjóðþing hinna Norðurlandanna um hvaðeina sem lýtur að opinberum fjárreiðum, um fríðindi, um ferðalög, hlunnindi, greiðslur, gjafir og annað slíkt sem þingmenn, ráðherrar og embættismenn og allir opinberir starfsmenn hljóta. Með tilliti til þess er það náttúrlega í svo hrópandi mótsögn, herra forseti, við allt þetta að hér uppi á Íslandi vaxi þeim öflum ásmegin sem reyna að beita upplýsingalögum til að koma á aukinni leynd. Það getur ekki gengið og fær ekki staðist, herra forseti.

Herra forseti. Mig langar að minnast á tvö, þrjú atriði hér í lokin úr efni sjálfs frumvarpsins. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., sem mögulega hefur hugsað sér að taka þátt í umræðunni hér einhvern tíma síðar í köld, þó að það liggi nú að vísu ekki fyrir. — Ég get alveg beðið ef hæstv. fjmrh. vill skrifa niður spurninguna og sækja sér penna. — Telur hæstv. fjmrh. eðlilegt að halda inni í fjárlagafrv., úr því að því skal breytt hér nokkrum dögum fyrir áramót, tekjum af eignasölu sem nokkuð ljóst virðist orðið að muni ekki skila sér á árinu? Hvað heitir það? Er það ekki vísvitandi að blekkja, er það ekki vísvitandi að ljúga saman fjárlögunum rétt áður en þau renna skeið sitt á enda, með afgangi sem ekki verður til staðar?

Hverjar eru líkurnar á því að tekjur vegna sölu Landssímans upp á milljarðatugi skili sér í ríkiskassann fyrir áramót þegar öll tímaáætlun um einkavæðingu þess fyrirtækis er hrunin til grunna? Eignasalan sem átti að fara fram í haust varð ekki nema svipur hjá sjón. Síminn gekk ekki út, almenningur neitaði að kaupa hann af sjálfum sér og gaf stefnu ríkisstjórnarinnar langt nef. Leitin mikla að einhverjum útlendingum sem vilja kaupa hann, til þess að það litla sem fáist nú fyrir Símann verði í gjaldeyrisformi, hefur ekki borið árangur enn þá. Það er búið að framlengja og ítrekað framlengja alla tímafresti í þeim efnum. Nú er kominn 4. desember og engar fréttir hafa enn borist af því að kaupandinn sé fundinn. Væntanlega er þá eitthvað eftir í að ganga frá málinu.

Væri það ekki ósköp einfaldlega raunsætt mat á aðstæðunum eins og þær blasa við öllum núna — nema þá hæstv. fjmrh. — að líta svo á að þessi áform séu runnin út í sandinn og fjárlögin verði þá væntanlega gerð upp með halla þegar upp verður staðið? Með þessu er engin fjármunamyndun lengur orðin í rekstri ríkissjóðs og fjárlögin á þeim grunni neikvæð.

Í öðru lagi, herra forseti, væri fróðlegt að heyra svör hæstv. fjmrh. við þessu með sölu jarðar Skógræktarinnar, jarðarinnar Straums hér sunnan við Hafnarfjörð. Það er ákaflega verðmætt land sem Skógræktin hefur átt og m.a. horft til sem svona ákveðinnar innstæðu sem menn ættu þar í handraðanum til að efla starfsemi stofnunarinnar og auka umsvif í skógrækt í landinu, enda eru flestar jarðeignir Skógræktarinnar meira og minna þannig til komnar. Þær eru langflestar gjafir til Skógræktarinnar sem menn hafa af hugsjónaástæðum gefið til að þær yrðu nýttar til að efla skógrækt í landinu.

Nú man ég ekki nákvæmlega hvernig það stendur með jörðina Straum. Ég hygg að það sé þó þannig að hún sé ein af gjöfunum sem Skógræktin hefur fengið — sú var tíðin að ég kunni eitthvað á þetta. Í því gjafabréfi er mjög líklega áskilnaður um að andvirðinu eða aðstöðunni á jörðinni verði ráðstafað til að efla skógrækt í landinu.

Geta menn lagst lægra, herra forseti, en svo að virða ekki einu sinni skilmála af þessu tagi, þegar menn arfleiða í þágu hugsjóna sinna einhverjum aðila eins og Skógrækt ríkisins eða stofnunum sem vinna að málefnum fatlaðra eða eitthvað í þeim dúr, svo önnur þekkt dæmi séu tekin, að virða ekki vilja gefendanna í þeim tilvikum? Er það virkilega svo að menn ætli að færa eitthvað af þessu söluandvirði yfir til annarra stofnana, hversu þarft og nauðsynlegt sem það kann að vera að taka á fjárhagsvanda þeirra? Ég geri ekkert lítið úr vanda þeirra en þetta er algjör óhæfa, herra forseti. Það á ekki að standa svona að málum. Menn minnka sig með þessu. Ég tala nú ekki um ósköpin ef þetta eru ekki nema tíu milljónir króna. Er það þess virði að brjóta gegn ákvæðum gjafabréfa? Þar fyrir utan þarf málaflokkurinn sem slíkur á þessu að halda og á ekki að líða fyrir að einhvers staðar annars staðar séu erfiðleikar af þessu tagi.

Það væri af tvennu illu miklu skárri svipur á því að láta Skógræktina þá fá þessa peninga en lækka til hennar fjárveitingarnar í staðinn. Að vísu væri það níðingslegt en það væri þó aðeins skárra en þetta, að taka söluandvirðið sjálft og eyrnamerkja hluta þess yfir til annarrar stofnunar, ef það er algjörlega á skjön við vilja í gjafabréfi og allt sem í sögunni liggur falið. Þetta er nú ekki beinlínis uppörvandi og hvetjandi fyrir fólk sem kynni að velta því fyrir sér nú um stundir að gera eitthvað svipað. Sem betur fer gerist það enn þá af og til að fólk lætur af hugsjónaástæðum ráðstafa eigum sínum til menntastofnana, til líknarstofnana eða til hugsjónaverkefna eins og landgræðslu og skógræktar. Það mega stjórnvöld ekki láta gerast að menn fái á tilfinninguna að þeir skuli nú fara varlega í það því að það sé alls ekkert víst að Alþingi eða meiri hluti þess líti svo á að það sé á nokkurn hátt skuldbundið til að virða skilmála gjafarinnar, en taki þó við gjöfinni, það hafa menn gert. Fylgir það ekki viðtöku slíkrar gjafar að menn eigi að uppfylla ákvæði af þessu tagi?

Herra forseti. Ég hefði gaman af því að heyra hæstv. fjmrh. fara hér einhverjum orðum, þó það megi auðvitað hugsa sér að ræða líka við 3. umr. fjárlaga, um almenna stöðu ríkissjóðs. Hún hefur náttúrlega þróast eins og raun ber vitni, úr þessum rómaða afgangi sem menn montuðu sig voðalega af hér í fyrra og hittiðfyrra og jafnvel fram á þetta ár, og yfir í það að nú er ríkissjóður í reynd rekinn með halla, ef ekki væri verið að ganga á eigur þjóðarinnar sem ríkið fer með fyrir hennar hönd. Það er nú allt og sumt.

Auðvitað geta menn lifað af því um stund ef þeir eru orðnir svo illa staddir að þeir þurfi að selja eigur sínar, en þá eiga menn að horfast í augu við það eins og það er. Reyndin er sú að það eru menn að gera og þær verða væntanlega ekki seldar nema einu sinni. Menn þurfa þá líka að átta sig á því hvað þeir ætli að gera þegar þær verða á þrotum.

Þannig væri betra, herra forseti, að þetta væri rætt á þessum nótum fremur en að þumbast hér við og ætla að loka þessu fjárlagafrv. endanlega með þessu fjáraukalagafrv. sem nú er til 3. umr., ég geri ekki ráð fyrir því að það verði fleiri fjáraukalög á þessu ári. Það yrði þá bara leiðréttingarfrumvarp sem flutt yrði á næsta ári eða nær það verður, að loka því svona, vitandi betur, a.m.k. hvað varðar eignasöluna. Væri nú ekki heiðarlegra að gera þetta þá þannig upp núna um áramótin að þetta færðist úr fjáraukalagafrv. og yfir í fjárlagafrv. næsta árs? Það er náttúrlega miklu líklegra að eitthvað af þessum tekjum skili sér á fyrstu mánuðum næsta árs og menn gætu þá gripið til þeirra þá og mundu þá bæta stöðuna sem því nemur, að þær skiluðu sér þá en ekki á þessu ári.

[16:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessum tveimur atriðum sem hv. þm. nefndi hér undir lokin og beindi til mín þá langar mig að segja nokkur orð.

Að því er fyrra atriðið varðar þá kemur nú á daginn að það kemur sér illa fyrir hv. þm. að hafa ekki setið hér yfir allri umræðunni, eins og hann hefur nú kvartað yfir því að aðrir hafi ekki gert. Ég er nefnilega búinn að svara þessu atriði

varðandi ráðstöfun fjár af söluandvirði jarðarinnar Straums, þ.e. þeim hluta hennar sem var seldur í síðustu viku. Ég vísa til þess sem þá kom fram í máli mínu.

Ég hef hér í höndum afsalið frá 1949, ljósrit af því, og ég tel ekki að í neinu hafi verið brotið gegn því þó að hluti af söluandvirði jarðarinnar renni til Garðyrkjuskólans í Hveragerði, þar sem að hluta til eru stundaðar rannsóknir í þágu skógræktarmálefna hér á Íslandi.

Að því er varðar hina spurninguna, sem hefur ekki komið fram hér fyrr í dag, hvort það sé eðlilegt að halda því áfram til streitu að inn komi söluhagnaður sem tekjur á þessu ári, þá vil ég bara segja að það er eðlileg spurning vegna þess að nú er kominn desember. Þess vegna er eðlilegt að inna eftir því hvort líkur séu á því að þessir peningar skili sér. Svar mitt við því er: Já, ég tel að það séu líkur á því. Þess vegna hef ég ekki beitt mér fyrir því að þessar áætluðu tekjur verði felldar brott úr frv.

[16:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði talið æskilegt að hæstv. fjmrh. rökstyddi svarið við seinni spurningunni. Á hverju eru þær líkur byggðar? Er hægt að upplýsa eitthvað um að líklegt sé að kaupandi sé að finnast að Landssímanum? Ganga þeir hlutir þá svo hratt fyrir sig að greiðsla verði komin inn um áramót eða er litið svo á að ef búið er að undirrita einhverja pappíra þó að engir peningar hafi komið eigi að bókfæra söluhagnaðinn á þessu ári þó að hann kannski borgist einhvern tímann og einhvern tímann? (Gripið fram í.) Já, ég tel það samt sem áður a.m.k. alveg ljóst, herra forseti, að það eru ekki fjármunir sem muni greiðast inn í ríkissjóð og það er þá orðið svona bókfærsluatriði. Ég skildi það náttúrlega svo að menn reiknuðu með þessum tekjum í kassann á þessu ári og þannig var auðvitað lagt upp með málið. (**Fjmrh.**: Nei, þetta er rekstrar...) Já, já, það er auðvitað ljóst að þetta er á rekstrargrunni.

Engu að síður, herra forseti, kæmi það manni mjög á óvart ef málið gengi saman á þeim örfáu virku dögum sem til stefnu eru fram að hátíðunum. Að vísu eru fræg dæmin um að menn hafi skrifað undir hluti á gamlársdag til að geta bókfært söluhagnaðinn og líklega er nú það frægasta og illræmdasta þegar svo mikið lá á að selja SR-mjöl að það var drifið af. Mig minnir að það hafi verið á gamlársdag eða 30. desember, og vinnubrögðin voru eins og raun ber vitni. Það var einmitt til þess að geta látið bókhaldið líta betur út. Og þá finnst mér leggjast lítið fyrir kappann, hæstv. fjmrh., ef þetta er farið að snúast um svoleiðis leik.

Varðandi fyrra atriðið, herra forseti, um að með þessu sé verið að virða gjafabréfið finnst mér það ekki vera. Ég tel að það sé á afar miklum bláþræði að leggja það sem Garðyrkjuskólinn er að sýsla með að jöfnu við rannsóknir í þágu skógræktar. Án þess að ég ætli á nokkurn hátt að kasta rýrð á það ágæta starf sem unnið er hjá Garðyrkjuskólanum eru bara grunnrannsóknir í skógrækt ekki vistaðar þar, hvorki í landnýtingu né skógrækt. Þær eru annars staðar, og þar af leiðandi tel ég þetta mjög hæpna túlkun.

[16:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og ég sagði í umræðunni fyrr í dag, skýringarnar á þessu máli liggja alveg klárar fyrir. Þær er að finna í máli mínu fyrr í dag og þær byggjast á samkomulagi sem við hæstv. landbrh. höfum gert um þetta mál. Svo kann vel að vera að einhverjum eins og hv. þm. finnist ekki nóg að gert, séu ekki ánægðir með þetta eða þar fram eftir götunum. Við það verður að sitja.

Að því er hitt atriðið varðar, sölu ríkiseigna á þessu ári, er ekki unnt að fullyrða um það með neinni vissu að það muni ganga saman í þeim efnum fyrir áramót. Við höfum góðar vonir um að það verði og, eins og hv. þm. leiðrétti sjálfan sig með, eftir að fjárlög voru sett á rekstrargrunn ber að bókfæra tekjur af slíkum gjörningi á því ári þegar hann fer fram hvort sem greiðslur fara fram þá eða síðar. Þetta á bæði við um tekjur og gjöld ríkissjóðs eins og kunnugt er. Frekar er ekki hægt að upplýsa um þetta mál á þessu stigi.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Fróðlegt væri þá að vita hvers konar gjörningur dugar til að sölutekjurnar séu bókfærðar á árinu. Dugar einhvers konar viljayfirlýsing? Dugar það að fjmrh. finni einhvern til að setja stafina sína undir eitthvert blað fyrir áramót og þá sé hægt að líta svo á að þessu skilyrði sé fullnægt? Þá er það auðvitað einfaldlega eins og það er og blasir við.

Auðvitað er ljóst að ríkisstjórnin er á bullandi flótta með öll þessi mál. Þrátt fyrir allan fjárausturinn hefur ekkert gengið að selja hvorki Landssímann né Landsbankann. Þegar upp verður staðið verður sjálfsagt gat sem þessu nemur í fjárlögunum. Þá það.

Varðandi aftur skógræktarmálið og ráðstöfun söluandvirðis jarðarinnar Straums finnst mér það ekki vera eitthvað sem fjmrh. og landbrh. kokka á milli sín í einhverjum samningum þar sem landbrh. er auðvitað á hnjánum frammi fyrir fjmrh. til að fá einhverja aura til að laga stöðu stofnana sinna. Það á bara ekki að gerast þannig og það hefur ekkert gildi, hvorki gagnvart gjafabréfi né vilja Alþingis í þessum efnum þó að þessir ráðherrar hafi komist að einhverju samkomulagi úti í bæ.

[16:50]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Áður en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði ályktun Vinstri grænna gegn ljósastaurum í þéttbýli að umtalsefni og reifaði ýmis önnur mál ræddi hann einnig um miklar skuldir smærri sveitarfélaga og vakti athygli á því að sum þeirra yrðu að selja eignir sínar til að standa straum af þessari skuldaaukningu. Jafnframt kallaði hann eftir aðgerðum stjórnvalda. En það eru fleiri sveitarfélög en þau smærri sem safna skuldum og vil ég sérstaklega vekja athygli á slæmri skuldastöðu Reykjavíkurborgar, stærsta sveitarfélags á Íslandi. Þar hefur skuldsetningin verið gífurleg og hefur verið gripið til ýmissa örþrifaráða eins og þess að selja Perluna. Þar eru í forustu, eins og við vitum, fulltrúar R-listans, Vinstri grænna og Framsfl.

Mér þætti fróðlegt að heyra það úr þessum ræðustóli hvaða hugmyndir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur um hvernig stjórnvöld gætu komið Reykjavíkurborg til hjálpar í þeim mikla vanda sem blasir við borginni nú um stundir. Má kannski búast við tillögum í borgarstjórn Reykjavíkur frá fulltrúum Vinstri grænna þar, þeim sem kalla eftir aðgerðum stjórnvalda?

[16:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég tel að hv. þm. sé mjög efnilegur talsmaður síns flokks því að hún er þegar komin í það sem forustumenn Sjálfstfl. hafa verið ólatir við að reyna að gera, að bera deilurnar í borgarstjórn Reykjavíkur

hingað inn á vettvang Alþingis og reyna að klekkja svolítið á R-listanum héðan og hefna þá þess á Alþingi sem hallast í héraði. Eins og kunnugt er liggur minni hlutinn heldur lágt og á bága daga í borgarstjórn Reykjavíkur.

Auðvitað er það rétt, herra forseti, að Reykjavíkurborg gæti að sjálfsögðu að einhverju leyti komið inn, eins og önnur sveitarfélög landsins, undir almennar aðgerðir sem farið yrði í þar sem samskipti ríkis og sveitarfélaga væru lagfærð og á sveitarfélögin hefur hallað. Tökum þar sem dæmi yfirfærslu grunnskólans og vanmetinn kostnað við einsetningu og annað því um líkt. Hann hefur auðvitað lagst þungt á Reykjavík. Aðrir þættir mundu kannski síður koma til sögunnar hér eins og t.d. skuldbindingar vegna félagslega húsnæðisins. Innlausnarskyldan er yfirleitt ekki byrði vegna þess að fasteignirnar eru á fullu markaðsverði og hvort sem er auðvelt að leigja þær út ef þær eru í höndum sveitarfélaganna. Þannig hafa sveitarfélögin yfirleitt ekki haft kostnað af slíkum hlutum. Það mundi þar af leiðandi, herra forseti, og svarið er það, ráðast af þeim málaflokkum sem teknir yrðu fyrir í slíkri uppstokkun á samskiptum ríkis og sveitarfélaga hvernig einstök sveitarfélög og þar með talin Reykjavíkurborg eða þéttbýlissveitarfélögin hér kæmu út. Þau hafa mörg hver líka safnað skuldum, það er rétt, og lent í því að verkefnatilflutningurinn og óhagstæð tekjusamskipti sveitarfélaga og ríkis hafa bitnað á sveitarfélögum.

Eitt sem bitnaði á sveitarfélögunum um skeið var það að tekjustofnar þeirra skiluðu minni tekjuaukningu í þenslunni en tekjustofnar ríkissjóðs. Það kann að vísu að snúast við núna og sveitarfélögin að koma hlutfallslega betur út í niðursveiflunni vegna þess að þau hafa meiri hluta tekna sinna af launasköttum en minni af veltusköttum þannig að auðvitað getur þetta breyst eitthvað á næstu missirum og þá taka menn að sjálfsögðu mið af því.

[16:54]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hefur það óneitanlega vakið athygli að einmitt í Reykjavíkurborg hafa fulltrúar Vinstri grænna, í viðræðum við R-listann vegna hugsanlegrar þátttöku þeirra í sveitarstjórnarkosningum í samstarfi við R-listann, mælt mjög gegn sölu eigna svo sem Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur safnað gríðarlegum skuldum á síðustu árum. Þeir hafa lagt til að stofnað yrði sameignarfélag um þann rekstur sem kemur ýmsum undarlega fyrir sjónir. En stendur það þá eftir að Vinstri grænir muni mjög beita sér fyrir því að stjórnvöld greiði niður skuldir Reykjavíkurborgar?

[16:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi eru viðræður flokkanna þriggja um mögulegt samstarf á næsta kjörtímabili ekki á vegum R-listans. Þær eru í raun og veru algerlega sjálfstæðar og honum óviðkomandi sem slíkar. Þær viðræður sem eru í gangi eru milli flokkanna þriggja hér, Framsfl., Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta eru viðræður flokkanna og eru ekki í neinum skipulagslegum tengslum við núverandi R-lista sem varð til á öðrum grunni eins og kunnugt er.

Reykjavíkurborg er auðvitað mjög sterkt og öflugt sveitarfélag með miklar tekjur og ég held að það sé ekki nokkur minnsta ástæða til að óttast að borgin sjálf sem og einstök fyrirtæki hennar ráði ekki við allar skuldbindingar sínar. Satt best að segja held ég að enginn hafi neinar áhyggjur af því, og yfirleitt gildir um þessi sterku sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að þau eru tiltölulega mjög vel á vegi stödd borið saman við sveitarfélög á landsbyggðinni. Þar eru meðaltekjur lægri, þar hefur fólki fækkað og ýmislegt fleira hefur orðið mönnum mótdrægt og valdið þeim erfiðleikum og þeirri skuldasöfnun sem þar er auðvitað stórfellt vandamál. Í raun og veru er staða þeirra alls ekki sambærileg við stöðu sveitarfélaganna hér á þessu svæði.

[16:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Steingríms Sigfússonar og varð þess skyndilega áskynja að ég gleymdi að fá leyfi hjá honum sem þingmanni til að koma í ræðustól og ræða aðeins um þessi mál.

Það rifjaðist upp fyrir mér þegar þessi ofboðslegi skapofsi braust fram hjá formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — og mér fannst ég allt í einu sjá hérna sama hrokagikkinn og talaði í Hrísey þegar ég álpaðist til að mæta þar á borgarafund (Gripið fram í.) sem sveitarstjórn Hríseyjar boðaði til þar (Gripið fram í.) og eins og hv. þm. orðaði það — hann skildi ekkert hvað þingmenn úr öðrum sóknum væru að gera í Hrísey. Þetta rifjaðist allt upp fyrir mér áðan.

Herra forseti. Ég vildi líka spyrja hv. þm. — vegna þess að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er að leggjast gegn því að sjálfsákvörðunarréttur sveitarstjórnar Skagafjarðar um að selja eignir sínar verði virtur þótt ekki verði tekin ákvörðun á Alþingi um það: Hver er munurinn á þessari sölu nú eða þegar Siglfirðingar seldu rafveitu og hitaveitu? Herra forseti, samgrh. í þeirri ríkisstjórn hét nefnilega Steingrímur Sigfússon. Og Steingrímur Sigfússon, sá hv. þm. sem hér situr nú, tók þátt í að samþykkja í lánsfjárlögum heimild um að Rafmagnsveitur ríkisins keyptu rafveitu og hitaveitu Siglufjarðar.

Herra forseti. Að vísu eru liðin 10 ár, og mikið hefur breyst á þeim tíma, en óneitanlega kemur upp í huga manns tækifærismennska og skopparakringluháttur. Hver er munurinn, herra forseti, á þessum gerningi fyrir 10 árum og þeim sem verið er að gera nú í næsta byggðarlagi?

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. má hafa öll þau orð sem hann vill um geðslag mitt, og það er alveg hárrétt að það getur fokið í mig. Ég ætla ekkert að skammast mín fyrir það. Einu skal ég lofa hv. þm. Kristjáni Möller algjörlega upp á æru og trú: Þegar hann ræðst með útúrsnúningum og skætingi að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tek ég til varna. Það skal hv. þm. hafa algjörlega á hreinu. Á meðan ég er hér í því hlutverki sem ég er skal hv. þm. ekki búast við því að honum verði kápan úr því klæðinu að fara með ómerkilegum útúrsnúningum og skæklatogi af því tagi sem hann stundaði hér áðan, og hefur stundum áður reynt, gegn þeirri stjórnmálahreyfingu sem ég er í forsvari fyrir enda ætti ég þá að hætta og fara að gera eitthvað annað ef ég væri ekki maður til þess að reyna að bera eitthvert blak af henni.

Varðandi hinn almenna vanda sveitarfélaganna, þar á meðal Skagafjarðar, sveitarfélaga á Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu, hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð verið í forustu fyrir þeim hér sem hafa verið að knýja á um aðgerðir til að leysa vanda þessara sveitarfélaga sem hluta af aðgerðum í byggðamálum, í félagslegu tilliti og á ýmsan hátt, vegna þess að það er ljóst að þetta er eitt af því hættulegasta sem núna steðjar að mörgum byggðarlögum landsbyggðarinnar, hversu bágstödd sveitarfélögin eru.

Áður en ég svara því hvernig aðstæður voru þegar Siglfirðingar seldu sína veitu á sínum tíma vil ég fá að fara yfir það og rifja upp hvernig aðstæður voru þá. Það man ég ekki hér. Það er ugglaust rétt hjá hv. þm. að ég beri pólitíska ábyrgð á að hafa fallist á þá heimild og þá skal ég að sjálfsögðu bera hana. Ég skal fara yfir það hvernig þau mál bar að en það þarf ég að gera áður en ég get tjáð mig um það hvort það sé sambærilegt eða hliðstætt við þá afarkosti sem sveitarfélög á Vestfjörðum voru látin sæta eða þá nauðungarkosti sem sveitarstjórnarmenn í Skagafirði hafa lýst yfir að þeir telji sig vera stadda í gagnvart sölunni þar.

[17:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins rifja upp þá stöðu sem var 1991 vegna þess að hv. þm. Steingrímur Sigfússon man það ekki. Staðan var sú að það var eitt sveitarfélag sem Siglufjörður hét sem var ansi skuldsett, líkt og í dag, árið 2001, er sveitarfélag í næsta nágrenni, sem er Skagafjörður, sem er líka ákaflega skuldsett. Bæði þessi sveitarfélög áttu eignir sem voru veitur. Siglufjörður átti þó aðeins meira vegna þess að hann átti líka orkuöflunarfyrirtæki eða Skeiðsfossvirkjun.

Það var ákvörðun allrar bæjarstjórnar Siglufjarðar að óska eftir því að Rarik keypti þessar eignir eins og það hefur verið ákvörðun meiri hluta sveitarstjórnar Skagafjarðar að óska eftir því að Rarik kaupi dreifikerfi Rafveitu Sauðárkróks til þess að grynnka á skuldum.

Þetta er aðeins nefnt, herra forseti, til upprifjunar fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þannig að hann geti reynt að svara því hér á eftir hver munurinn er núna eða þegar hann var ráðherra í ríkisstjórn 1991. Hann er ekki ráðherra nú, sem betur fer, heldur kominn undir svona hálfgerða hentifánasiglingu.

[17:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætli þurfi ekki aðeins meira til en þetta áhlaup hv. þm. Kristjáns Möllers til að sanna það að sá sem hér stendur sé hentistefnumaður umfram aðra í íslenskum stjórnmálum en auðvitað má hv. þm. reyna. Honum er það frjálst.

Ég hygg að þegar hafi komið fram ákveðinn munur í þessum tveimur málum, og hann kom reyndar fram í orðaskiptum fyrr í dag. Sala orkuveitunnar í Skagafirði er gríðarlega umdeilt mál innan þess byggðarlags. Það er ekki samstaða um það, ekki af hálfu sveitarfélags og þaðan af síður íbúa svæðisins, og ef ég man rétt var þetta ein helsta undirrót þess að sveitarstjórnarmeirihluti sprakk og annar varð til.

Ef ég man rétt var fleira sem gerðist í samskiptum Siglfirðinga og ríkisvaldsins á þessum tíma, og getur ekki verið að það hafi að einhverju leyti verið angi af stærri pakka þar sem ríkisvaldið var að koma þessu byggðarlagi til aðstoðar? Ég held að ég muni það rétt. Ætli það hafi ekki verið þannig að hluti af þeim aðgerðum hafi verið endurreisn ákveðinna atvinnufyrirtækja á staðnum og fleira í þeim dúr? Alltént man ég svo mikið að ráðamenn áttu ófáar ferðir til Siglufjarðar þar sem þeir í samráði við forsvarsmenn byggðarlagsins á þessum tíma voru að reyna að finna leiðir út úr vanda byggðarlagsins eins og hann var þá.

[17:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég er meðflm. að tveim brtt. vegna fjáraukalaga fyrir árið 2001 ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni og hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Það er þskj. 455, 128. mál, þar sem við leggjum til að verja allt að 1 milljarði kr. til að greiða úr bágum fjárhagsvanda sveitarfélaganna, m.a. vegna félagslega íbúðakerfisins, og að félmrh. verði falið að setja nánari reglur. Síðan í framhaldi af því er brtt. á þskj. 454, 128. mál, og sú brtt. er sömuleiðis flutt ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni og hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni en hún er um að fella niður heimild Rafmagnsveitna ríkisins til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í umræðunum hjá nokkrum hv. þm. að með þessum tillöguflutningi séum við að ástunda einhvers konar hentistefnu í þessum málum. Ég vil benda þingheimi á, virðulegi forseti, að við höfum ávallt fylgt okkar einu sönnu stefnu í þessum málaflokki. Við lögðum mikið til umræðunnar út af Orkubúi Vestfjarða í fyrra þar sem við lögðumst eindregið gegn þeim málatilbúnaði sem hafður var uppi varðandi Orkubú Vestfjarða. Á sama hátt leggjumst við eindregið gegn því að Rafveita Sauðárkróks verði seld með svipuðum hætti og Orkubú Vestfjarða. Þetta er klár stefna og hefur ekkert með neina hentistefnu að gera.

Til að rifja það upp, virðulegi forseti, af hverju við vildum ekki selja Orkubú Vestfjarða — það kom skýrt fram í málflutningnum í fyrra — það er vegna þess að við viljum, eins og þáltill. gefur tilefni til að skilja, taka heildstætt á fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsbyggðinni. Við viljum ekki að ruglað sé saman reytum varðandi önnur mál, svo sem eins og kaup á eignum. Það er ósanngjarnt í fyrsta lagi og það er óráðlegt í öðru lagi vegna þess að þessi fyrirtæki eru kannski ein dyggasta stoð til framtíðar litið sem þessi sveitarfélög eiga.

Engum dylst að salan á Orkubúi Vestfjarða fer fram undir þeim formerkjum eða með þeirri formúlu að þar á að leysa fjárhagsvandamál sveitarfélaganna í einu vetfangi og allir þeir sem hafa fylgst með þjóðfélagsumræðunni undanfarið vita hvernig þau mál hafa gengið fyrir sig. Það hefur komið alveg flatt upp á sveitarstjórnarmenn á öllum Vestfjarðakjálkanum hvernig ríkisvaldið hefur staðið að þeim málum. En það sem verra er er það, og það er rökstuðningurinn fyrir því að menn vilja ekki fara þessar leiðir í byggðamálum, að formúlan gerir það að verkum að orkuverð til Vestfirðinga verður hærra til framtíðar litið. Það verður hærra, það dylst engum og það er í öllum plöggunum. Og ef hinar dreifðu byggðir Vestfjarða þurfa ekki á einhverju að halda er það upplegg af þessu tagi sem veikir möguleika þeirra á því að lifa og dafna og vera til. Þess vegna viljum við pólitískt ekki fara þessa leið.

Í öðru lagi, pólitískt, er ekki sanngjarnt að fara þá leið að kaupa upp eignir vegna þess að landið í heild sinni á að taka á þessum málum. Vandamál hins félagslega íbúðakerfis eru vandamál landsins í heild og þess vegna á ríkissjóður að taka það dæmi til umfjöllunar og meðhöndlunar og greiða úr því vandræðaástandi sem við erum komin í þar. Alveg á sama hátt færum við rök fyrir því, og það er skoðun okkar, að ekki eigi að nota ríkisfyrirtækið Rarik til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks til að leysa fjárhagsvanda Sauðárkróks.

Þessi tillaga okkar um milljarðinn er byrjunarframlag og svona í samhengi við annað, þó að milljarður sé miklir peningar, skulum við bara rifja það upp að við vorum að tala á dögunum um eitt sendiráð sem kostar 800 millj., við vorum að tala um einn NATO-fund sem kostar á fjórða hundrað millj., við vorum að tala um einkavæðingarnefnd lögfræðinga og skriffinna sem þarf aukafjárveitingu upp á 300 millj.

Allt er afstætt í þessum heimi, er það ekki? Og það er hin pólitíska sýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hér er höfð að leiðarljósi. Við viljum ekki þessa aðferð. Það þýðir að við viljum aðra aðferð og hún er sett hér mjög skýrt fram. Vegna ummæla hv. þm. Kristjáns Möllers áðan vil ég ítreka að þetta er engin hentistefna. Við höfum sagt það skýrt að þessi formúla sem við höfum uppi hér gildir fyrir allt landið.

Hv. þm. Kristján Möller var með samlíkingu áðan hvað varðar Siglufjörð. Ég hef ekki sett mig inn í það mál en vil bara segja þetta almennt séð pólitískt: Fyrir 10 árum voru uppi allt aðrar aðstæður hvað varðar landstjórnina en nú er. Á 10 árum hefur íslenska samfélaginu verið gjörbreytt í átt til einkavæðingar og sér ekki fyrir endann á því. Það eitt getur í hinni pólitísku vinnu gefið tilefni til að menn vilji ekki fara þá leið að láta ríkisfyrirtækið Rarik leysa þetta mál með þeim aðferðum sem hér er ætlað að nota vegna þess að maður sér fyrir sér að það fyrirtæki geti innan örfárra missira farið á sölutorg Framsóknar og íhaldsins. Það eitt gefur tilefni til að varla er hægt að líkja þessum málum saman.

Virðulegi forseti. Að leysa vanda sveitarfélaganna í gegnum ríkisfyrirtækið Rarik á þennan hátt er í hæsta máta óeðlilegt. Þessir peningar sem reiddir eru fram vegna sölunnar á Orkubúi Vestfjarða leiða til þess að orkuverð hækkar, og það að skuldsetja Rarik meira en orðið er leiðir til þess að það eru aðrir sem borga. En hverjir borga þessar lausnir? Eins og Rarik er sett upp núna er Rarik með þjónustusvæði í dreifbýlinu. Rarik þjónar þeim svæðum sem eru minnst ábatasöm. Höfuðborgarsvæðið nýtur þess að þjóna sjálfu sér og eiga stóran hluta eða stærstan hluta í Landsvirkjun ásamt ríkinu. Allt önnur staða — miklu lægra orkuverð.

Með því að nota þá formúlu sem hér er sett upp er pólitískt séð verið að setja upp formúlu sem leiðir til þess að það er landsbyggðarfólkið sjálft sem er látið borga fyrir þann vanda sem þjóðfélagið allt ber ábyrgð á. Það er meginmálið. Lífvænlegustu dreifbýlisstaðirnir úti á landi þar sem Rarik hefur tekjur munu borga brúsann. Þetta er vond byggðastefna. Þetta snýr upp á sig. Þetta gerir rekstur heimila og fyrirtækja úti á landi dýrari þegar til lengri tíma er litið og það á ekki að nota svona aðferðir. Ég veit að í röðum hv. þingmanna stjórnarliðsins innan Sjálfstfl. er mjög mikil gagnrýni uppi á það að nota þessa aðferð sem hér er upp sett. Þetta er stórhættuleg aðferð. Miklu betra er, virðulegi forseti, að horfa á þann vanda sem við erum búin að koma okkur í í byggðamálum. Í því sambandi vil ég geta þess að hæstv. félmrh. skipaði 7. desember 2000 nefnd sem í voru valinkunnir menn, t.d. fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, til þess að gera úttekt á stöðunni í félagslega íbúðakerfinu, hvað þar gæti verið stórt mál uppi á borðum. Þessi nefnd er búin að skila bráðabirgðaniðurstöðum og þar er þessi vandi sveitarfélaganna vítt og breitt um landið talinn vera upp á 2,8 milljarða. Þetta mál þarf að leysa. Við verðum að horfast í augu við það að mistök voru gerð við ákvarðanatöku um uppbyggingu félagslega íbúðakerfisins eins og það var rekið. Menn sáu ekki þróunina fyrir, of margar íbúðir voru byggðar, fækkun varð á sumum stöðunum og þetta er engu einu sveitarfélagi að kenna. Þess vegna segjum við og erum með fyrsta áfanga að lausn þess máls að þessa 2,8 milljarða verður að fá út af borðinu. Við getum tekið einhver ár til þess, tvö, þrjú ár, en ákvarðanatakan verður að liggja á borðinu þannig að sveitarstjórnarmenn í hinum dreifðu byggðum geti gert áætlanir sínar miðað við það að taka eigi á því máli.

Það er ekki rétt að sveitarstjórnarmenn á Vestfjarðakjálkanum eða sveitarstjórnarmenn almennt í Skagafirði séu hlynntir þeirri lausn sem hæstv. ríkisstjórn kokkar hér. Ég fullyrði að þeir eru það ekki. En þeir telja sig vera í stöðu veika mannsins sem er kominn í fjárhagslega örðugleika og þeir sjá enga aðra leið. Nauðugir viljugir samþykkja þeir svona tillögur. Það hefur komið mjög skýrt fram hjá mörgum þeirra, að ég tali ekki um hjá fólkinu sjálfu sem byggir þessa staði. Þess vegna er útúrdúr að segja að sveitarstjórnarmenn vilji þetta. Sveitarstjórnarmenn samþykkja þetta eingöngu vegna þess að þeim er ekki gefinn kostur á annarri formúlu. Hv. þingmenn. Talið þið við þessa sveitarstjórnarmenn ef þið hafið í farteskinu hugmyndir um það hvernig á að leysa málin hjá þeim sveitarfélögum sem eru komin í ógöngur á annan hátt með öðrum formúlum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur alveg skýra stefnu hvað þetta varðar. Við viljum taka á þeim vandamálum í félagslega íbúðakerfinu, sennilega upp á 2,8 milljarða, en síðan er alveg ljóst að við sameiningu sveitarfélaga, eins og t.d. hefur gerst í Skagafirði, á að koma inn með einhvers konar framlög vegna sameiningarinnar. Það eru formúlur fyrir því sem aðrar þjóðir hafa notað, nágrannar okkar eins og Danir, Skotar og fleiri. Það hefur ekki gerst eins og hér hefur átt sér stað varðandi sameiningu sveitarfélaga að ríkið hafi hreinlega hlaupið frá öllum loforðum sem sett voru fram. Sum þeirra fengu loforð um vegabætur, aðstoð varðandi endurskipulagningu skólamála o.s.frv. og ekkert varð af neinu. Vandinn liggur þarna, virðulegur forseti. Stefna okkar er öðruvísi. Þetta er öðruvísi nálgun og það er ekki rétt að okkar mati að fara í lausn þeirra mála með ríkisfyrirtækið Rarik í broddi fylkingar. Það er mergurinn málsins. Sú aðferðafræði er að okkar mati röng og þess vegna á ekki að nota hana.

Menn henda oft gaman að því — ég veit ekki hvers vegna það er gagnvart okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, en þó hlýtur einhver tilgangur að vera með því, kannski til gamans — t.d. þegar hv. þm. Kristján Möller kom inn á það að við vildum ekki götulýsingu. Ég vil bara segja við hv. þm. Kristján Möller að almenningur sem hlustar á okkur er ekki svona grænn. Hver trúir slíkri framsetningu? Ég bendi hv. þm. á, ef hann hefur ekki fylgst með, að við erum oft kannski nokkrum árum á eftir öðrum að tileinka okkur hluti en alls staðar í hinum vestræna heimi í þeim löndum sem við berum okkur saman við hefur átt sér stað gríðarleg vinna varðandi endurskipulagningu á allri lýsingu. Lýsing er stórt mál í samfélagi okkar í dag og lýsing og lýsingartækni er stór iðnaður. Lýsing varðar allt okkar líf. Til að skýra mál mitt betur varðandi lýsingu, þá höfum við tvö dæmi, eitt gamalt og eitt nýtt.

Alþingishúsið er oflýst með tveimur gömlum kösturum sem eru úti á Austurvelli. En Dómkirkjan (**Gripið fram í:** Slökkva bara á þeim.) sem er í næsta nágrenni við okkur er lýst með nútímatækni og hv. þingmenn sjá að þar eru allt önnur vinnubrögð viðhöfð. Hún er ekki yfirlýst. Hvers vegna fara menn í nýja lýsingartækni og hverfa frá því að oflýsa? Það eru margar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi verða bæirnir og byggðirnar huggulegri ef þetta er gert af kunnáttu. Síðan er annað mál t.d. fyrir auglýsingaiðnaðinn og túrismann, ljósmyndarar hafa skorið upp herör víða um heim og líka á Íslandi gegn oflýsingu vegna þess að það er vandasamt að lýsa í borgum og bæjum. Þetta er sérstakt fag og við þetta vinna víðast hvar og jafnvel hér á landi hundruð manna sem

alltaf eru að spá í nýjar aðferðir við þetta. Slíkt þekkjum við sem höfum unnið hjá sveitarfélögunum. Lýsing bæjanna hefur tekið stórstígum framförum. Menn hafa mjög víða náð árangri með það t.d. að oflýsa ekki, ofnota ekki birtuna fyrir margra hluta sakir. Svona málflutningur leiðir því ekki til neins. Það er bara sorglegt til þess að vita að þegar hv. þm. í ofstopa sínum, í gagnrýni sinni á okkur Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sjást ekki fyrir og geta ekki verið nútímalegir því að þetta er nútímatækni sem menn eru að tileinka sér og ræða um burt séð frá því að margir hafa talað um að við megum ekki oflýsa allt nágrenni t.d. bæjanna þannig að fólk komist hvergi út í guðsgræna náttúruna eða geti notið stjarnanna og tunglsins. Þetta er í raun og veru ekki lítið mál.

Allir vita, svo ég eyði örlítið lengri tíma í það, að þeir sem kunna ekki fagið, rafmagnsfræðina og lýsingartæknina, þeir oflýsa og þetta höfum við öll gert. Við höfum notað of stórar perur, við höfum keypt lampa sem henta ekki. Lítið á mörg iðnaðarhúsnæði o.s.frv. þar sem þetta gæti verið gert miklu betur. Það er framfaramál.

Virðulegi forseti. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvað varðar þessar tvær tillögur vegna fjáraukalaga er alveg skýr. Við vitum nákvæmlega hvaða aðferð við viljum beita. Hún er ekki sú sem ríkisstjórnin vill nota og um hana er tekist.

[17:22]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins spyrja hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson út í nokkur atriði, sérstaklega hvað varðar þá umræðu sem er orðin svo mikil allt í einu um heimild fyrir Rarik til að kaupa dreifikerfi Rafveitu Sauðárkróks. Mig langar að spyrja hv. þm.: Er það ekki bara í rauninni mjög skynsamlegt frá rekstrarlegum grunni, þ.e. að reka eitt sveitarfélag, að því leytinu til að allir íbúar sama sveitarfélags sitji við sama borð, að Rarik verði veitt heimild til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks vegna þess að Rafveita Sauðárkróks starfar bara í þéttbýlinu Sauðárkróki? Ef farið er örlítið út úr, 2–3 km í átt að Varmahlíð, þá er komið að fyrsta bæ og það er orðið orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eða ef keyrt er í átt að flugvellinum eða aðeins lengra en flugvöllurinn er, þá er er líka komið á svæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég er ekki viss um að íbúarnir í þessu sama sveitarfélagi, þéttbýlinu Sauðárkróki eða Hofsósi, sitji við sama borð hvað varðar þjónustu eða gjaldskrá. Ef þetta væri bara tekið út frá þeim þætti, þá væri ákaflega skynsamlegt að gera þetta fyrir sveitarstjórn Skagafjarðar að selja dreifikerfið í þéttbýlinu Sauðárkróki. Það sem mér finnst vera grundvallaratriði og mig greinir mest á við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um, er að þeir vilja ekki virða þann ákvörðunarrétt meiri hluta sveitarstjórnar Skagafjarðar að vilja ganga þessa leið. Ég spyr: Er það ekki grundvallaratriði og sanngjarnt út frá jafnréttissjónarmiði að íbúar í sama sveitarfélagi fái sömu þjónustu og sömu gjaldskrá, en ekki að einn sé að reka þjónustuna á þessum stað og allt annar að reka hana í nokkurra metra fjarlægð? Þetta er grundvallaratriði.

[17:24]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að ég hefði talað algerlega skýrt áðan. Ég sagði að það væri skoðun mín, og ég er ekki einn um hana, að sveitarstjórnir t.d. á Vestfjörðum og í Skagafirði séu að taka þessar ákvarðanir nauðugar viljugar. Ég virði auðvitað rétt sveitarstjórnarmanna, verð fyrstur manna til þess og hef í málflutningi mínum verið talsmaður þess að efla völd og vægi sveitarstjórna. En það er engin samningsstaða hjá aðila sem er kominn út í horn peningalega og menn eru nauðugir að fara í þá lausn sem þeim er boðin, þá formúlu sem sett er upp. Þetta er nákvæmlega sama formúlan og sett er upp fyrir Vestfirðinga. Ég er andvígur formúlunni. En það segir ekki, ég held að það hafi komið skýrt fram í máli mínu, að við viljum ekki nota aðrar aðferðir. Við erum með tillöguflutning um að fyrsti milljarðurinn verði settur inn í þetta dæmi núna.

Ef menn væru ekki í þessari stöðu, þá væru sveitarstjórnarmenn örugglega alltaf að ræða um hvernig rekstri sveitarfélaga yrði best fyrir komið, en þeir sem eru komnir í neyð eru ekki að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Það er mergurinn málsins.

[17:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einfaldlega þannig að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru greinilega á móti öllum málum sem hér koma inn. Við hlustuðum á það í umræðu um stefnuyfirlýsingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um ljósastaura, himintungl og náttmyrkur. að þeir eru meira að segja á móti lýsingu á framhlið Alþingishússins, hún sé allt of mikil og þeir vilji minnka þá lýsingu. Ég hef ekki hugleitt þetta, ég ætla að gera það þegar ég labba út á eftir. En grundvallaratriðið er þetta og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson svaraði ekki þeirri spurningu áðan um jafnræðisrétt viðkomandi íbúa sveitarfélaganna í Skagafirði þar sem ég spurði bara skýrt og skorinort: Er það ekki réttur þeirra að allir sitji við sama borð hvað varðar þjónustu? Í þessu tilviki fær hluti þeirra þjónustu frá Rafveitu Sauðárkróks. Ef farið er örlítið út í sveitina þar sem engir ljósastaurar eru og himintunglin fá að njóta sín, þá er komið á svæði Rariks, þá er það Rarik sem þjónar þeim og það er ekkert víst að þeir fái sömu þjónustu. Er ekki verið að brjóta þarna jafnræðisrétt á því fólki? Þó að ekki væri nema bara þetta atriði hjá sveitarstjórn Skagafjarðar að vilja selja rafveituna til að allir íbúar Skagafjarðar sitji við sömu þjónustu og fái þjónustu frá sama aðila. Ég er ekkert endilega viss um að menn séu að gera þetta nauðugir viljugir. Ég er ekki sammála því áliti, herra forseti, sem fram kom hjá hv. þm. að sveitarfélagið Skagafjörður hafi enga samningsstöðu til að selja eignir sínar. Ég held að þeir hafi hana.

Ég held líka að sveitarfélögin á Vestfjörðum hafi haft samningsaðstöðu til að selja Orkubú Vestfjarða. Ég vil bara segja að núna þegar verið er að setja fleiri verkefni á sveitarfélög, þá er ég þeirrar skoðunar að það sé ekki hlutverk sveitarfélaga að reka raforkufyrirtæki.

[17:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér í andsvari kemur hv. þm. Kristján Möller með þá gömlu frasa að við séum á móti öllu. Ég hélt að ég hefði talað sæmilega skýrt. Var ég ekki í öllum málflutningi mínum að benda á að við erum með aðra tillögu en hæstv. ríkisstjórn setur fram? Er maður á móti öllu ef maður vill fara aðrar leiðir? Það er alveg skýrt hvaða leið við viljum fara.

Ég hef greinilega heldur ekki, virðulegi forseti, komið helmingnum til skila þegar ég var að reyna að útskýra fyrir hv. þm. að uppsetning Rariks er þess eðlis, vegna þess að Rarik þjónar hinum dreifðu byggðum, að sá kostnaður við dreifbýlisveiturnar borgar sig ekki og svona aðgerðir leggjast

á landsbyggðarfólkið. Þetta er himinklárt í öllum pappírum Rariks meira að segja.

Ef hv. þm. skilur það ekki að ekki er hægt eða a.m.k. mjög óheppilegt að hafa bæði mjöl í kjaftinum og blása, þá er erfitt að skýra þetta út. Svona uppsetning leiðir til þess að verið er að láta dreifbýlið borga lausnir fyrir dreifbýlið í krafti þess að fara í gegnum Rarik með dæmið. Það er himinklárt. Enginn efast um það. Það hefur enginn gagnrýnt þennan málflutning. Þess vegna viljum við að vandinn sé leystur með beinum framlögum úr ríkissjóði sem er þá þess eðlis að öll þjóðin taki á sig lausn vandamáls sem hún ber öll sameiginlega ábyrgð á. Það er mergurinn málsins. (**Gripið fram í:** Þú styður þá tillögu ...)

Hvað varðar lýsinguna á Alþingishúsinu, þá hef ég rætt um það við þann hæstv. forseta sem nú situr á forsetastóli að það væri við hæfi að við færum að dæmi þeirra dómkirkjumanna og settum nýmóðins fallega lýsingu á það hús.

[17:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spyr bara hv. þm. hvort honum finnist ekki svolítil forsjárhyggja í að skipta sér yfirleitt af því þó að sveitarstjórnin á þessu svæði telji hag sveitarfélagsins best borgið með þessum samningum. Í sjálfu sér er ekki hægt að jafna þessu við það sem gerðist á Vestfjörðum. Ég veit ekki til þess að ástæðan fyrir því að þessi rafveita sem hér um ræðir hafi verið seld vegna sömu vandamála og um var að ræða á Vestfjörðum. Niðurstöðu sveitarstjórnarmanna á þessum stað, að vilja fara í samninga við Rarik, tel ég að beri að virða. Mér finnst forsjárhyggjan keyra úr hófi þegar menn vilja stöðva slíkt.

Ég get hins vegar vel fallist á að það geti verið gagnrýnivert hvernig Rarik stjórnar sínum málum. Þá þurfa menn bara að fara yfir það út frá sjónarmiðum þess fyrirtækis. Ég hef ekki heyrt þau hér. Ég tel að menn séu að reyna að stjórna því fyrirtæki, a.m.k. með annað augað á þeirri framtíð sem menn ímynda sér að sé núna í raforkugeiranum og reyni að byggja það fyrirtæki upp með það í huga að það verði gjaldgengt og geti keppt við þau fyrirtæki sem verða á þeim markaði sem til stendur að skapa. En það er bara allt önnur umræða en hér fer fram.

Hér hafa þeir sem hafa talað fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð talað út frá þeim sjónarmiðum að það beri bókstaflega að koma í veg fyrir að sveitarstjórnarmenn geti tekið ákvarðanir sem þeir telja skynsamlegar í tilfellum eins og hér um ræðir.

[17:33]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson erum nú ekki fæddir í gær. Við vitum alveg hvernig þessi málatilbúnaður verður til. Við vitum alveg hvernig málin þróast. Ég var að segja að þetta er sú lausn sem rétt er að mönnum af ríkisvaldinu eins og það er samsett núna. Það er þessi aðferð og þessari leið erum við andvíg. Við viljum fara aðra leið. Það er alveg himinklárt.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson veit nákvæmlega eins vel og ég að Rarik þyrfti miklu meiri framlög úr ríkissjóði til að standa straum af kostnaði við félagslega þáttinn. Þeir hafa sett fram í skýrslum u.þ.b. 700 millj. sem þeir fá ekki og hafa ekki fengið neitt nærri þeirri upphæð undanfarin ár. Til hvers leiðir það? Það leiðir til þess að rafmagnsverð í dreifbýlinu, jafnvel á hagstæðustu stöðum eins og í minni heimabyggð, á Dalvík, er miklu hærra en hér eða á Akureyri. Það er þessi sýn og þessi undirstaða sem við beinum athyglinni að. Við megum ekki bara vera í einhverjum lausnum þar sem ekki er horft á hlutina heildstætt.

Það liggur alveg á borðinu, hv. þm. Jóhann Ársælsson, að Vestfirðingar munu þurfa að búa við það í framhaldi af kaupum Rariks að rafmagnsverð þar muni hækka verulega. Það er samþykkt. Þetta viljum við ekki. Við teljum að með þessu sé farin öfug leið. Þess vegna er málflutningur okkar á þeim nótum sem hann er og þær tillögur sem við setjum fram í öðrum dúr.

[17:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst að ef menn ræða um að gera hlutina með almennum hætti, eins og hv. þm. virtist láta liggja að hér áðan, þá þyrfti að vera hægt að hafa áhrif á raforkuverð á öllu orkuveitusvæði Rariks. Þannig væri kannski auðveldast að hafa áhrif á almennt orkuverð í landinu. Ég tel hins vegar að það sé ekki leiðin að skipta sér af einstökum svæðum með framlögum vegna einstakra byggðarlaga öðruvísi en að menn taki heildstætt á því um allt land. Ég sé ekki fyrir mér að það gerist á augabragði. Mér finnst að það vanti botninn í þessa hugmynd.

Án þess að bæta miklu við umræðuna í sambandi við lýsinguna, þá finnst mér það góð hugmynd að endurskoða lýsinguna á Alþingishúsið, minnugur þess sem einn gamall Skagamaður sagði þegar hann var að setja upp flúrsentperur og einhver spurði af hverju hann væri að þessu. Þá sagði hann: „Það þýðir ekkert að vera með þessar gömlu perur, þær skyggja bara hver á aðra."

[17:36]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. Jóhann Ársælsson væri að nálgast okkur Vinstri græna í okkar málflutningi. Við vorum einmitt að tala um það, öll mín ræða gekk út á það, að taka heildstætt á málunum. Við vitum báðir, bæði ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson, að t.d. ástæðan fyrir því að raforkuverð hefur verið tiltölulega skaplegt og lægra á Vestfjörðum en í öðru dreifbýli á landinu er hreinlega sú að Vestfirðingar voru svo ljónheppnir að hafa nokkrar virkjanir, þ.e. að stofni til Mjólkárvirkjun og aðrar virkjanir sem framleiða 40% af því afli sem þeir þurftu að nota. Rarik var hins vegar svo illa sett, eins og hv. þm. vita að fyrirtækið, að það er skilið eftir með nánast enga orkuframleiðslu og afleiðingin verður sú að dreifbýlið, sem Rarik þjónar, hefur þurft að búa við miklu hærra orkuverð.

Við í Vinstri grænum höfum verið talsmenn þess að taka á þessum málum heildstætt. Það er þess vegna sem þessi málflutningur er hafður í frammi. Tillaga okkar til fjáraukalaga upp á 1 milljarð er fyrsti áfanginn í að leysa vandamál sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins upp á 2,8 milljarða. Það þarf að byrja á því. Það þarf að hreinsa til og taka þetta frá grunni, taka þetta heildstætt. Það er algerlega út í hött að mínu mati hvað varðar allar svona lausnir að beita ríkisfyrirtækinu Rarik til að leysa þennan vanda á þennan hátt. Það er kannski auðveldasta leiðin fyrir hæstv. ríkisstjórn en auðvitað eru margar aðrar leiðir færar ef menn hafa vilja til þess að leysa vandamálin. Það er númer eitt. Menn sjá það sjálfsagt fyrir sér í stóru samhengi að þetta sé einn liður í einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar því að Rarik verði hvort eð er selt innan fárra missira.

[17:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mér finnst umræðan núna seinni partinn hafa snúist um það hvort menn vildu taka á ákveðnum vandamálum á landsvísu eða ekki. Alla vega hef ég skilið umræðuna þannig upp á síðkastið. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi sagt eitthvað á þá leið að menn yrðu að taka á þessu á landsvísu en ekki sértækt.

Nú vill svo til að sú tillaga sem ég er flutningsmaður að ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Árna Steinari Jóhannssyni gengur einmitt í þá átt, að koma að þessu vandamáli á landsvísu. Það hefur verið nefnt í umræðunni, og er sjálfsagt að byrja á því að nefna það aftur, að talið er að það þurfi 2,8–3 milljarða kr. til að taka á vandamálum sveitarfélaganna á landsvísu og finna á þeim lausn, sérstaklega þeirra sveitarfélaga sem hvað skuldsettust eru.

Það er ekkert launungarmál, og það vita allir, að aðgerðirnar á Vestfjörðum með sölu Orkubús Vestfjarða voru aðgerðir sem sveitarfélögin voru sett upp að vegg með að framkvæma. Þó að hér hafi verið fluttar langar ræður um að svo væri ekki. Ég minnist orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um það í umræðunni á síðasta þingi að frv. sneri eingöngu að því að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag en fjallaði ekkert um söluna eða þær kvaðir sem því hafa fylgt. Ég held að allir hljóti að sjá það nú, ekki síst eftir að sett hafa verið sérstök skilyrði um að fjármunir úr sölu Orkubús Vestfjarða *hangi inni á biðreikningum, m.a. vegna þess* að málin varðandi félagslega íbúðakerfið hafa ekki verið leyst og ekki er samkomulag um hvernig þau verði leyst.

Þessi tillaga sem við flytjum er um að verja allt að 1 milljarði — þar segir ekki að 1 milljarði skuli varið heldur að heimilt verði að verja allt að 1 milljarði — til að greiða úr bráðum fjárhagsvanda sveitarfélaganna, m.a. vegna félagslega íbúðakerfisins og að félmrh. setji nánari reglur um þá úthlutun. Hér erum við eingöngu að marka því bás að hægt verði að leggja af stað í þá vegferð að taka á fjárhagslegum vanda sveitarfélaganna á landsvísu. Þess vegna skil ég ekki alveg þá umræðu sem hér hefur farið fram, þar sem menn hafa mælt gegn því að slíkt verði gert. Mér hefur jafnvel fundist gæta þess að menn mæltu gegn því.

Ég er enn þá sömu skoðunar og ég var þegar við afgreiddum frv. um Orkubú Vestfjarðar á á sl. þingi, að það beri að taka heildstætt á þessum vanda sveitarfélaganna úti um land heildstætt og á landsvísu. Þar til það hefur verið gert mun ég leggjast gegn því að eitt og eitt sveitarfélag sé tekið sérstaklega fyrir og menn settir í þá stöðu að selja eignir sínar.

Ég vil líka benda á, hæstv. forseti, að sú stefnumótun sem hefur verið í gangi hér á landi varðandi sölu á orkufyrirtækjum er eiginlega af tvennum toga. Annars vegar er það sú stefnumótun sem ríkir hér á suðvesturhorni landsins, að þar skuli sveitarfélögin eignast orkufyrirtækin og efla þau, væntanlega vegna þess að menn sjá í því framtíð, að það stuðli að atvinnuuppbyggingu í viðkomandi byggðarlögum og sveitarstjórnarmenn telji að það tryggi framtíðina. Ríkið hefur jú fallist á að selja sveitarfélögunum á suðvesturhorninu orkufyrirtækin, m.a. Orkuveitu Suðurnesja. Helminginn af þeim fjármunum sem ríkið fékk settu menn svo í félag til eflingar atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Sitthvað er aðhafst í þessu landi, annars vegar á suðvesturhorni landsins, þar sem ríkið selur sveitarfélögum sinn hluta í orkuveitufyrirtækjum og sveitarfélögin efla þá atvinnustarfsemi á sínum vegum og ákveðið er að taka þá fjármuni sem ríkið fær fyrir sinn hlut í orkubúunum, eins og á Reykjanessvæðinu, og efla þar atvinnulífið með þeim fjármunum sem úr sölunni komu.

Mér finnst því að þessi mál séu unnin á tvo ólíka vegu, annars vegar á suðvesturhorni landsins, þar sem ríkið virðist vera að stuðla að því að sveitarfélögin og atvinnulífið eflist, og hins vegar það sem gert var á Vestfjörðum þar sem sveitarfélögin eru nánast sett upp að vegg og knúið fram að þau selji eign sína til að greiða niður skuldir við ríkissjóð.

Síðan er það til viðbótar í annarri tillögu sem við sömu hv. þm. flytjum að við viljum fresta því að salan á Orkuveitu Skagafjarðar fari fram.

Allt byggir þetta á þeirri skoðun, a.m.k. minni og ég hef ekki heyrt annað en að samflutningsmenn mínir að þessari tillögu séu sömu skoðunar, að menn vilja leggja upp með þá stefnumótun að vandi sveitarfélaganna sem m.a. er til *kominn vegna fjárhagsvanda sem tengist félagslega íbúða*kerfinu og sums staðar líka yfirtöku á grunnskólanum og einsetningu hans ásamt náttúrlega með allri íbúafækkuninni á landsbyggðinni sem ekkert hefur verið nefnd í þessari umræðu. — Hvers vegna er íbúafækkunin? Hefur ekki m.a. verið leidd fram nýleg skýrsla frá Byggðastofnun um atvinnumál á Vestfjörðum og sýnt fram á beina tengingu milli tilfærslu á aflaheimildum og atvinnustigsins og fækkunar íbúanna og að þau sveitarfélög þar sem aflaheimildir hafa aukist hafa eflst eins og t.d. Akureyri? Það er beint samhengi *á milli* þess að *sveitarfélög hafa komist í fjárhagserfiðleika* og þeirrar stefnu sem framkvæmd er í landinu í atvinnumálum annars vegar og hins vegar afleiðinga þess að íbúum fækkar, þ.e. auðra íbúða, m.a. í félagslega íbúðakerfinu.

Þar til viðbótar hefur það m.a. gerst, svo að ég nefni það í þessari umræðu, að á Vestfjörðum hafa laun lækkað hlutfallslega mjög mikið. Laun á Vestfjörðum voru yfir landsmeðaltali, oft og tíðum vel yfir því en eru nú komin niður fyrir það. Allt ber að sama brunni, þ.e. tekjur sveitarfélaganna lækka. Þær lækka vegna þess að fólki fækkar. Þær lækka vegna þess að atvinnutækifærin eru ekki til staðar. Þær lækka vegna þess að fyrirtækin sem þar voru öflug og stunduðu fiskveiðar eru farin að hluta til með stóran hluta af aflaheimildunum og þær lækka vegna þess að almenn kaupgeta á svæðinu, laun, hafa lækkað hlutfallslega. Svo er sjálfgefið að þegar stefnan snýst við frá því að vera uppbyggingarstefna yfir í það að fækka fólki í sveitarfélögum, þá er ekki sjálfgefið að á sama degi séu menn búnir að snúa niður vandann til samræmis við það sem íbúunum fækkar. Það gerist ekki þannig í sveitarfélögum. Það tekur langan tíma að laga sig að slíku. Auðvitað er það ekki stefna sem menn vilja horfa á, hvorki íbúar viðkomandi landshluta né hvað þá heldur sveitarstjórnarmenn eða þingmenn viðkomandi kjördæma, að að þeim sé vegið beinlínis með þeirri stefnu sem framkvæmd er. Við viljum snúa þeirri þróun við og reyna að efla á ný atvinnustig, atvinnuhorfur og framtíðarhorfur þeirra landshluta sem við erum fulltrúar fyrir. Þess vegna taldi ég það m.a. óráð að farið skyldi í að selja Orkubú Vestfjarða í stað þess að reyna að knýja það fram að vandinn yrði leystur á landsvísu. Þess vegna leggjum við það líka til að þessum allt að 1 milljarði kr. verði varið til þessara mála. Ekki mun það duga til því að, eins og ég áður sagði, er vandinn hátt í 3 milljarðar og hann lagast ekkert af sjálfu sér. Hann hleður bara á sig. Það verður auðvitað að fara að taka á þessu vandamáli.

Síðan ber svo einkennilega við að þingmenn Sjálfstfl. úr Norðurl. v. kemur hér upp og tjáir sig andvígan því að þessi sala fari fram. Auðvitað er ég honum sammála um það. Ég tel að þessi sala eigi ekki að fara fram heldur eigi að taka á vanda sveitarfélaganna á landsvísu og þegar því er lokið geta sveitarfélögin ef þau vilja auðvitað ákveðið að ráðstafa eignum sínum. Ég hygg hins vegar að ef tekið hefði verið á vanda Vestfjarða áður en menn stóðu frammi fyrir því að neyðast til að selja Orkubúið þá hefðu menn ekki verið svo áfjáðir í að selja það. Það er ég nánast alveg viss um. Mönnum var í raun stillt þar upp við vegg.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með það hvernig menn hafa litið á þessa tillögu okkar. Hún er fyrst og fremst sett fram í þeim tilgangi að leggja af stað í þá vegferð að leiðrétta og taka á vanda sveitarfélaga sem eru illa stödd fjárhagslega. Menn greinir á um þetta heima í héraði eins og greinilega kemur fram í fylgiskjali með fráhnál. 2. minni hluta, þ.e. bréfi ungra sjálfstæðismanna í Skagafirði. Það hefur líka verið upplýst hér í umræðunni að menn greinir á um það í sveitarstjórn Skagafjarðar hvort þessa leið eigi að fara. Ég tel því að ekki sé rétt að fara þessa leið og tek undir það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði, að eðlilegt væri að þessi aðgerð biði og horft yrði til þess að reyna að taka á vandamálum sveitarfélaganna á landsvísu.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið. Mér finnst málið mjög skýrt að þessu leyti. Við erum að leggja hér til að lagt verði af stað í þá vegferð að viðurkenna að sveitarfélögin eiga í vanda. Þessi tillaga miðar eingöngu að því að það verði gert. Ef svo lánlega vildi til að meiri hluti þingmanna gæti fallist á það og það kemur svo upp, eftir að vandi sveitarfélaganna hefur verið leystur að þessu leyti varðandi félagslega íbúðakerfið, einsetningu grunnskólans og vanda illra staddra sveitarfélög fjárhagslega, að þau taka ákvörðun um það sérstaklega að óska eftir því að fá að selja eignir sínar, þá mun ég a.m.k. ekki leggjast gegn því. En að fara þá leið að knýja hvert sveitarfélagið á fætur öðru inn í þann farveg að neyðast til að selja eignir sínar eingöngu vegna þess að á vanda þeirra er ekki tekið heildstætt, er leið sem ég get ekki fallist á. Þess vegna er ég meðflutningsmaður að þeim brtt. sem hér hafa verið lagðar fram og lýsi því yfir að ég tel að ég sé að fylgja þar algjörlega óbreyttri stefnu frá þeirri afstöðu sem ég tjáði varðandi söluna á Orkubúi Vestfjarða. Ég tel að hér á landi séu framkvæmdar tvær stefnur, annars vegar stefna gagnvart sveitarfélögum á landsbyggðinni sem knúin eru til að selja eignir sínar og hins vegar stefna gagnvart sveitarfélögunum á suðvesturhorni landsins þar sem ríkið selur sveitarfélögum eignir sínar í orkuveitum og eflir í raun atvinnulíf á því svæði. Ég er ekki að mæla því bót, alls ekki. En mér finnst skrýtið hvernig þetta skiptist alveg í tvö horn.

[17:54]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í dag hefur staðið yfir 3. umr. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 sem hér hefur verið fylgt úr hlaði þótt umræðan hafi e.t.v. verið minnst um þá liði sem þar eru settir fram. Ég hef átt þess kost nú að sitja sem varamaður nokkra fundi í hv. fjárln. og fjalla um þessi atriði sem hér hefur verið komið fram með. Ég hef svo sem ekki margt um þau að segja vegna þess að hér er svona mest verið að, skulum við segja, sópa upp, lagfæra og breyta í takt við verðlagsþróun, þróun á gengi íslensku krónunnar og þróun íslensks samfélags síðustu missiri. Því miður er mjög mikil verðbólga, rúmlega 8%, okurvextir, svo að notuð séu orð hæstv. utanrrh. og formanns annars stjórnarflokksins, Framsfl. Viðskiptahalli undanfarinna þriggja ára er upp á 200–300 milljarða kr. o.s.frv. þannig að auðvitað liggur í augum uppi við fjáraukalög að útgjöld ríkisins munu aukast mjög vegna þessa, að ég tali ekki um launahækkanir sem hafa gengið yfir.

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er áætlað að útgjöld aukist um 14,9 milljarða kr. umfram fjárlög og áætlað er að tekjurnar nemi 254,2 milljörðum kr. sem eru aðeins 1,2 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í frv. til fjárlaga fyrir þetta ár.

Síðan eru auðvitað vafaatriði um sölu eigna, en ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að fara inn í þá umræðu. Ég gerði það við 2. umr. fjárlaga. Það er sannarlega erfitt að selja eignir um þessar mundir. Viðræður standa yfir um að selja stóran hluta af Landssímanum og síðan var ætlunin að selja Landsbanka og Búnaðarbanka. En mér virðist af fréttum að það gangi frekar erfiðlega og taki töluvert lengri tíma en ætlað var. Rétti tíminn til að selja þessar eigur ríkissjóðs virðist ekki vera núna þannig að ekki koma peningar fyrir þær á þessu ári. En vonandi fer efnahagslíf heimsins að taka við sér á ný, að rétta úr kútnum, og þá mun þess vonandi sjá stað á Íslandi líka. Miðað við ýmsar tölur sem hafa verið að koma fram síðustu daga er óskandi að það gangi eftir. Alla vega kemur það fram og hefur komið fram opinberlega í tölum að verulega hefur dregið út útlánaaukningu bankanna, eins og reyndar hefur komið fram í ársfhlutauppgjörum þeirra. Þær tölur sem fram hafa komið í þessum efnum sýna þó enn þá um 15% aukningu frá síðustu áramótum til fyrirtækja, en útlánaaukningu til einstaklinga aðeins rúmlega 6,7% og samdráttur er greinilegur í lántöku vegna íbúða, þ.e. íbúðarlán. Þetta eru náttúrlega ekkert endilega nein fagnaðartíðindi. Það er sannarlega að draga úr því sem er að gerast í efnahagsumhverfinu og það er náttúrlega ekki gott. Eins og ég segi, herra forseti, þá kemur það bersýnilega fram í þessum gögnum sem hér er verið að fjalla um. Samkvæmt frv. var gert ráð fyrir að ríkissjóður tæki löng lán sem næmu 27 milljörðum kr. En nú er ljóst að lántökur verða mun meiri eða um 60,9 milljarðar kr. Komið hefur fram að menn hafa verið að taka þessi erlendu lán til að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn og það sem þar hefur verið að gerast vegna hins mikla útstreymis af gjaldeyri og vegna þess að gjaldeyrir hefur í raun ekki skilað sér heim sem hefur svo komið fram í allsvakalegri veikingu krónunnar eins og við höfum líka margoft farið yfir.

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson fór yfir frhnál. 1. minni hluta fjárln. sem ég skrifaði upp á. Ekki þarf að endurtaka það sem þar kemur fram. Þó er vert að minnast örlítið á það sem verið hefur umræðuefni og deilt um, þ.e. beiðni forsrn. um 300 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við útboðs- og einkavæðingarverkefni ríkisins eða einkavæðingarnefnd. Mjög margt hefur verið sagt um þetta og verið vitnað í 25. gr. laga um þingsköp, sem ég held að séu öllum æðri á hinu háa Alþingi og vitnað svo í 4. gr. reglugerðar forsn. frá 5. desember 1994. Ég held, herra forseti, að hafa verði það á hreinu að það er náttúrlega alvarlegt mál og við erum komin í mjög alvarlega stöðu á hinu háa Alþingi ef ráðherrar og einstök ráðuneyti geta neitað fjárln. eða þingmönnum um þau gögn sem eiga að vera uppi á

borðum þegar verið er að vinna fjárlög eða fjáraukalög, eins og í þessu tilfelli.

Auðvitað eru það miklir peningar sem þarna er um að ræða, 300 millj., og eðlilegt að þingmenn vilji fá að vita hvernig á að ráðstafa þessum peningum. Er þetta t.d. þannig, og nú er ég ekki að brjóta neinn trúnað, herra forseti, vegna þess að ég var á fundi fjárln. í morgun þar sem ég var látinn vitna um það að ef ósk kæmi frá forsrn. um að þessi gögn yrðu trúnaðarmál yrði það að sjálfsögðu haldið. Nú hafa þessi gögn ekki borist enn og ekkert við því að segja en auðvitað skiptir töluverðu máli hvað á að gera við þessar 300 millj. Eru þetta t.d. 300 millj. til að greiða einhverjum erlendum sérfræðingum fyrir að reyna að hjálpa okkur við að selja bankana eða Símann? Eða eru þetta peningar sem á að nota á heimavelli við sömu vinnu? Er þetta greitt til verktaka innan lands, fyrir ákveðna vinnu í þessum efnum, eða hvað á yfir höfuð að gera við þetta?

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að mér finnst mjög skrýtið hvernig þetta kemur fram hér. Umræðan um skýrslu umboðsmanns Alþingis í gær snerist öll um þetta. Það var eðlilegt vegna þess að ég tel að þar hafi menn farið út á ystu nöf í að túlka hinar ýmsu reglugerðir og að gengið hafi verið yfir þingheim á skítugum skónum.

Í þessu sambandi vil ég, herra forseti, vitna í það og nefna við þessa umræðu að 2. nóv. sl. var dreift á hinu háa Alþingi fyrirspurn frá mér til forsrh. um framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Nú er hinn 4. desember að kvöldi kominn og mér vitanlega hefur þessu svari ekki enn verið dreift þó að samkvæmt þingsköpum skuli ráðherrar og ráðuneyti svara eigi síðar en 14 dögum frá því að viðkomandi fyrirspurn er lögð fram. Ég hygg að þær spurningar sem ég lagði þar fram séu ekki þess eðlis að það taki mjög langan tíma að svara þeim. Ég hef auðvitað eins og aðrir þingmenn orðið var við að svör berast ákaflega seint og illa frá ýmsum ráðuneytum. Það er umhugsunarefni hvers vegna svo er, hvort menn séu farnir að líta svo á að Alþingi komi þessir hlutir ekkert við, eins og eiginlega lá í orðum svars frá forsrn. varðandi 300 millj. Bara til að rökstyðja það sem ég er að segja, að það ætti ekki að taka langan tíma að svara þessari fyrirspurn minni, vil ég lesa upp hvað í þessari fyrirspurn fólst. Þar voru fjórar spurningar lagðar fram, eins og ég segi en svar er ekki komið enn. Spurningarnar snúa hins vegar að þessari nefnd sem hér er mjög deilt um, framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Fyrsta spurningin er svo, með leyfi forseta:

1. Hvenær var framkvæmdanefnd um einkavæðingu skipuð og hverjir hafa setið í henni?

2. Hver er heildarþóknun til nefndarmanna, sundurliðað eftir nefndarmönnum og árum?

3. Hafa nefndarmenn fengið einhverjar aðrar greiðslur fyrir störf sín í nefndinni? Ef svo er, hverjar eru þær og fyrir hvaða verkefni, sundurliðað eftir árum?

4. Hefur nefndin keypt eða fengið einhverja utanaðkomandi þjónustu og ef svo er, hver er hún, sundurliðað eftir árum?

Það var óskað eftir skriflegu svari.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er mér ekki kunnugt um að þessari fyrirspurn hafi verið svarað. Ég leita eftir því við forseta þingsins, forsætisnefnd og starfsmenn þingsins að gengið verði eftir svari við þessari fyrirspurn.

Ég minnist þess að ég þurfti að bíða í nokkra mánuði vegna fyrirspurnar út af öðrum málum á síðasta þingi. Það er, eins og ég sagði áðan, ótrúlegt hve langan tíma það tekur að fá þessi svör.

Eins og hér hefur komið fram, og töluvert verið deilt um, er eitt lítið atriði í þessum brtt. fyrir 3. umr. Í tillögum meiri hlutans er lagt til að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilað að kaupa Rafveitu Sauðárkróks og taka til þess nauðsynleg lán. Um það hefur töluvert verið deilt í dag. Ég kom örlítið inn á þetta mál í andsvari áðan og tel vegna þeirra orðaskipta sem þar fóru fram þá sé vert að verja örlítið meiri tíma þingsins í þá umræðu.

Ýmsir þingmenn hafa sagt hér hitt og þetta sem á ekkert skylt við málið. Fyrir það fyrsta vil ég taka afar skýrt fram að ég er þeirrar skoðunar, og hef gagnrýnt það hér, að ríkisvaldið og Alþingi hafi mjög oft samþykkt lög, ráðherrar sett reglugerðir o.s.frv., sem íþyngt hafi mjög sveitarfélögum í landinu, gert þeim reksturinn erfiðari. Þau hafa þurft að taka lán og safna skuldum. Auðvitað á að leysa þennan fjárhagsvanda á landsvísu, á sama hátt fyrir öll sveitarfélög, sama hvað þau heita. Og það er útúrsnúningur sem hér hefur komið fram hjá nokkrum hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að ég sé ekki á þeirri skoðun. Ég held að ég þurfi ekki að fá neinar leiðbeiningar, hvorki frá þessum þingmönnum né öðrum, um fjárhagsvanda sveitarfélaganna í landinu. Ég benti m.a. á það við 1. umr., þegar hæstv. fjmrh. flutti frv. til skattalagabreytinga sem nú er í vinnslu hjá efh.- og viðskn., að með hækkun tryggingagjaldsins mundi kostnaður sveitarfélaga og gjöld sveitarfélaga aukast mikið. Það hefur komið í ljós að þar eru 500–700 millj. kr., bara vegna tryggingagjaldsins.

Það er reyndar líka, herra forseti, hægt að geta þess hér í framhjáhlaupi að rétt eftir að þetta kom fram lagði ég fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh. um hverjar heildarlaunagreiðslur 25 stærstu sveitarfélaganna í landinu hefðu verið og hvert greitt tryggingagjald hefði verið á þessum tíma. Eins spurði ég hvert greitt tryggingagjald hefði verið ef þau lög sem þar voru boðuð og sú breyting eða hækkun á tryggingagjaldi, upp á 0,77%, hefðu verið komin í gildi og hvað sveitarfélögin hefðu þurft að borga mikið þá. Svar hæstv. félmrh. um það hefur heldur ekki borist og nú man ég ekki alveg hve margir dagar eru liðnir frá því. Hins vegar hafa komið gögn frá sveitarfélögunum sem benda á að kostnaður þeirra mun stóraukast í þessum efnum.

Ég hef líka rætt um aðrar íþyngjandi aðgerðir og bent á ýmislegt annað sem dregið hefur úr tekjustofnum sveitarfélaga, t.d. bara skattafslátt vegna hlutabréfakaupa á árum áður, sem var mjög vinsælt. Auðvitað misstu sveitarfélögin töluvert af tekjustofnum sínum í framhaldi af því þannig að ég vísa því til föðurhúsanna — hvort sem það er í birtu eða myrkur, í sveitarfélög sem búa við mikla lýsingu eða litla — að ég hafi ekki verið á þeirri skoðun að fjárhagsvanda sveitarfélaga ætti að leysa á landsvísu með aðgerðum sem mundu henta þeim öllum. Það er einmitt þess vegna, herra forseti, sem ég er andvígur því sem kemur fram í frhnál. 2. minni hluta fjárln., sem hv. þm. Jón Bjarnason skrifar undir, þar sem því er andmælt að Rarik fái heimild til að selja Rafveitu Sauðárkróks, dreifikerfið, í þéttbýlinu Sauðárkróki, hvergi annars staðar. Ég er andvígur því áliti sem hér kemur fram og oft kemur fram í tillögum og öðru slíku frá þingmönnum Vinstri grænna. Þar stendur t.d. á bls. 3, með leyfi forseta:

„Að mati 2. minni hluta væri miklu nær að ríkið léti þessa fjármuni ganga beint til sveitarfélagsins eða styddi það á annan hátt þannig að það héldi sinni veitu.“

Þarna er með öðrum orðum sagt að ríkissjóður eigi að veita einu sveitarfélagi 300 millj. kr. bara svona út um gluggann. (**ÁSJ:** Það er ekki rétt.) Jú, það kemur nefnilega fram hér. Það hefur ekki verið gripið til neinna altækra aðgerða fyrir öll sveitarfélögin í landinu. Í þessu nefndaráliti kemur þetta skýrt fram og ég var, hv. þm., að lesa upp úr þessu frhnál. (Gripið fram í.) Það stendur hér. Ég ætla rétt að vona að það séu þá einhverjar prentvillur í þessu. En hér segir að hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs leggist gegn þessu, þ.e. ákvörðun sem meiri hluti sveitarstjórnar Skagafjarðar hefur tekið. Ég er ekkert endilega viss um að þeir séu nauðugir, ég er ekkert viss um það. Þarna hefur komið nýr meiri hluti sem stefnir að því að minnka mjög skuldir sveitarfélagsins og lækka þar með þá háu upphæð sem fer í fjármagnskostnað.

Ég lýsti því í stuttu andsvari áðan að ég stóð í svipuðum sporum sem bæjarfulltrúi á Siglufirði fyrir 10 árum. Menn gengu þar fram og seldu rafveitu og hitaveitu, fengu háar fjárhæðir fyrir og greiddu niður mjög miklar skuldir þannig að eftir stendur sveitarfélagið í dag, fjárhagslega mjög sterkt með lítinn fjármagnskostnað. Það gat gert töluvert í framhaldi af því sem við gátum ekki áður. Hvað var að þessari aðgerð? Ekki neitt.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég held að Siglfirðingar hafi aldrei orðið varir við að þeir hafi fengið eitthvað verri þjónustu við kveikja á ljós eða taka heitt vatn í gegnum mæli sem selt er af Rafmagnsveitum ríkisins, sem áður var selt af Rafveitu Siglufjarðar og Hitaveitu Siglufjarðar. Ýmsar nauðsynlegar breytingar voru gerðar sem heimamenn komu ekki í gegn og komu sér ekki saman um að gera. Það gerðu rafmagnsveitumenn, að mínu mati ágætlega.

Hins vegar hygg ég að ég sé sammála þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um orkuverð, það er allt annar handleggur. Ég er þeirrar skoðunar að orkuverð eigi að vera hið sama um allt land og ég held að það hafi komið fram í tillögum þverpólitískrar nefndar, svokallaðrar byggðanefndar forsrh., sem ég sat í ásamt hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Við lögðum þar til ákveðnar aðgerðir sem voru kallaðar bráðaaðgerðir, þverpólitískar aðgerðir, studdar af hæstv. núv. forsrh., Davíð Oddssyni. Þær gengu út á að jafna orkukostnað í landinu. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég er alveg á sömu skoðun og okkur greinir ekkert á um það, að orkuverð er á mörgum stöðum úti á landi of hátt miðað við það sem er í Reykjavík, miðað við það sem er hjá löngu afskrifuðum veitum hér í Reykjavík, hvort sem það er Rafmagnsveita Reykjavíkur eða Hitaveita Reykjavíkur sem er búið að sameina í Orkuveitu Reykjavíkur. Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að verðið sé of hátt. Ég er hins vegar ekki alveg viss um að það sé rétt leið til að halda lægra orkuverði í ákveðnum sveitarfélögum að viðkomandi sveitarfélög eigi veiturnar sjálfar, selji orkuna e.t.v. ódýrar en þau geta. Þau gætu verið að selja það ódýrara til neytenda í dag með því að safna skuldum og samþykkja þannig óútfylltan víxil til framtíðarinnar. Það er mikill munur á þessu.

Hér hefur nokkur umræða farið fram um brtt. meiri hlutans um að heimila Rarik að taka lán til að kaupa dreifikerfið, burt séð frá hvaða verð fæst fyrir það. Ég hef ekki aðstæður til að vega það og meta. En treysti hins vegar fullkomlega sveitarstjórnarmönnum í Skagafirði, sem unnið hafa að málinu, til að fá sem allra mest út úr þeirri sölu. Þegar við seldum veiturnar á Siglufirði var það gert á viðskiptalegum grunni. Ég hygg að þarna sé það einnig gert. Það kemur fram í ýmsum pappírum sem þessu fylgja að Rarik ætli sér að efla starfsemi sína í Skagafirði, halda óbreyttum starfsmannafjölda o.s.frv.

Hvort sem það er gert í neyð eða ekki þá er það auðvitað ákvörðun meiri hluta sveitarstjórnar Skagafjarðar að selja þetta dreifikerfi, selja Rafveitu Sauðárkróks. Það ber auðvitað að virða. Menn geta síðan tekist á um það heima fyrir hvort það hafi verið rétt eða rangt. Auðvitað verða skiptar skoðanir um það. Það er náttúrlega hjákátlegt að ungir sjálfstæðismenn í Skagafirði skuli senda bréf til að mótmæla þessu rétt eftir að meiri hluti framsóknarmanna og sjálfstæðismanna sprakk í Skagafirði og sjálfstæðismenn fóru í minni hluta. Manni finnst þetta bera keim af einhverri fýlu sjálfstæðismanna út í framsóknarmenn, sem vildu ekki sameina veiturnar og fara einhverja aðra leið. Ég hef hins vegar ekki sett mig nákvæmlega inn í hvernig þau mál gengu fyrir sig.

Herra forseti. Ég ítreka það að mér þótti mjög gaman að sitja í þingsal á hinu háa Alþingi og hlusta á hv. þm. Jón Bjarnason, frsm. þessa frhnál., lesa upp úr fylgiskjali Vinstri grænna, bréf frá ungum sjálfstæðismönnum í Skagafirði. Nú veit ég ekki hvort ungir sjálfstæðismenn telji sig hólpna með að fá Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sem talsmenn sína á Alþingi. Það verða ungir sjálfstæðismenn í Skagafirði að eiga við sjálfa sig. Ég veit það ekki. Hefði ég verið ungur jafnaðarmaður á Siglufirði og skrifað bréf til Alþingis á sínum tíma út af slíku þá hefði ég talið farsælast að flokksmenn mínir hefðu skýrt frá því en ekki að einhverjir aðrir tækju það upp.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá liggur í þessu enn ein prívat aðgerðin — mjög dýr markaðssetning á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í Skagafirði og Norðvesturkjördæmi, með því að leggja hér til að 300 millj. gangi til sveitarfélagsins og þetta eina sveitarfélag verði tekið út úr. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er sammála um að fjárhagsvandi sveitarfélaga um allt land sé mikill en þó á að fara í sértæka aðgerð, 300 millj. bara si svona, og allir aðrir sitja eftir. Því er ég ósammála, herra forseti.

Ég er hins vegar hjartanlega sammála því að það beri að taka á vanda sveitarfélaganna á landvísu og þá með svipuðum aðgerðum fyrir öll sveitarfélög. Það er grundvallaratriði í þessum efnum. Fyrir utan það grundvallaratriði að ég virði þann rétt meiri hluta sveitarstjórnar Skagafjarðar til að taka þessa ákvörðun. Stjórn Rariks hefur síðan tekið þá ákvörðun að kaupa og auðvitað eiga þessir aðilar að ráða sínum málum.

Ég er ósammála hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálmi Egilssyni, sem sagði það í stuttu andsvari áðan að hann teldi að betra væri að bíða með söluna fram yfir næstu sveitarstjórnarkosningar og sala á Rafveitu Sauðárkróks ætti að vera kosningamál í Skagafirði. Út af fyrir sig getur verið að þingmaðurinn hafi þessa skoðun og er ekkert um það að segja. Ég held hins vegar að menn verði bara að átta sig á því að í dag situr réttkjörin sveitarstjórn í Skagafirði. Þar situr meiri hluti sem er að vinna að sínum málum, vinna á sínum fjárhagsvanda, að lækka skuldir og fjármagnskostnað. Þetta er ein leiðin þeirra. Maður hefur svo sem heyrt um ýmsar aðrar leiðir en auðvitað á að virða rétt þeirra.

Í öðrum málum hefur komið fram að menn eigi að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Því væri svo sem allt í lagi að lesa upp, vegna þess að hér er ágreiningur milli mín og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um hvernig

eigi að fara með þessi mál. Ég hef sem betur fer ekki sömu skoðun og þeir í þessu máli en það er náttúrlega ljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ályktað um sveitarstjórnarmál. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er að gera hosur sínar grænar fyrir sveitarfélögum landsins til að bjóða fram á næsta kjörtímabili. Út af fyrir sig er allt í lagi með það náttúrlega og það hið besta mál. En ég grip hér aðeins niður í nokkra þætti frá landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þetta sem ég held að styðji það sem ég hef verið að segja, að menn eiga að virða þennan ákvörðunarrétt sveitarstjórnar Skagafjarðar að vilja selja sínar eigur. Ef einhver vill kaupa þær þá er það grundvallaratriði að menn virði þá tilhögun. En hér segir, með leyfi forseta, í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:

„Á undanförnum árum hefur mikilvægi sveitarstjórnarstigsins aukist, ekki síst vegna þess að sveitarfélögunum hafa verið falin aukin verkefni, einkum á sviði velferðarmála."

Einmitt þessu atriði stóðum við frammi fyrir á Siglufirði á sínum tíma. Ég hygg að það blandist inn í þessi málefni Skagfirðinga líka, að ýmis verkefni á sviði velferðarmála eru á verkefnasviði sveitarfélaganna. Þau eiga að sinna þeim verkefnum en geta e.t.v. ekki vegna fjárhagserfiðleika. Í raun er engin ástæða til þess að krefja sveitarfélög um að reka rafveitudreifikerfi, afla orkunnar eða annars af því tagi. Það á ekki að þurfa að vera fast verkefni þeirra. Hér kemur hins vegar ansi skringileg tilvitnun sem ég ætla að vitna í líka úr þessum gögnum frá landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, með leyfi forseta:

„Grundvallarstefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er hin sama í málefnum sveitarfélaga og í landsmálum, en áherslurnar eru að sjálfsögðu breytilegar eftir aðstæðum."

Það skyldi þó ekki vera að hér sé um að ræða breytilegar tillögur? Í þetta vitna ég vegna þess, sem ég sagði það í umræðu áðan, að ég spurði út í þetta þegar ég átti orðastað við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, sem var ráðherra þegar við Siglfirðingar seldum Rafveitu og Hitaveitu Siglufjarðar. Hann var samgrh. í þá tíð og ég vil nota þetta tækifæri, vegna þess að ég held að ég hafi aldrei gert það áður, til að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir aðstoð hans við okkur Siglfirðinga við að fá heimild á hinu háa Alþingi í lánsfjárlögum fyrir því að Rarik keypti af okkur rafveitu og hitaveitu. Ég vil að það komi skýrt fram að við Siglfirðingar vorum ákaflega ánægð með þessa aðgerð þáv. ríkisstjórnar og Alþingis fyrir að veita þessa heimild. Á þeim tíma var sem sagt þáv. fjmrh. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast nauðsynleg lán vegna kaupa Rafmagnsveitna ríkisins á eignum Hitaveitu og Rafveitu Siglufjarðar. Þetta var fyrir 10 árum.

Ég er ekki endilega viss um það, þegar maður fer yfir sviðið, hvort staðan hafi verið eitthvað öðruvísi og það er algerlega rangt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að segja að aðstæður á Siglufirði hafi verið eitthvað öðruvísi en aðstæður í Skagafirði í dag. Við stóðum bara einfaldlega frammi fyrir því að Siglfirðingar höfðu lagt mikið af fé bæjarsjóðs í atvinnulíf til að reyna að skapa atvinnu. Ýmislegt tókst vel, annað illa og sveitarfélagið var orðið mjög skuldsett. Bæjarsjóður var mjög skuldsettur og við áttum ekki marga kosti. Við gátum selt þessar veitur okkar og gerðum það. Við fengum fyrir þær nokkuð gott verð sem var reiknað út frá verðgildi fyrirtækjanna, sem menn fóru mjög vel í gegnum þannig að aðilar yrðu sammála um það í lokin og allir voru ánægðir.

Skuldir Siglufjarðar lækkuðu svakalega og bærinn hafði mjög góð rekstrargrunn á eftir. Ég held að strax um sumarið höfum við m.a. farið að byggja leikskóla, fjögurra deilda leikskóla sem ekki hefði verið hægt ef við hefðum ekki selt veiturnar. Hvort sem menn gerðu það nauðugir eða viljugir — ég hygg að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon muni ræða það mál á eftir — þá var ég viss um það, þegar við lögðum af stað með málið, að ekki væru allir mjög kátir með að við gerðum þetta.

Ég segi hins vegar að okkur tókst að lenda því máli mjög vel. Ég held að í dag séu allir mjög ánægðir með það. Um þetta snýst málið varðandi Rafveitu Sauðárkróks. Það snýst einfaldlega um að meiri hluti sveitarstjórnar hefur tekið ákvörðun um að selja rafveituna og þar með vinnst annað, sem mikilvægt er að komi fram, að einn rekstraraðili verði að sölu rafmagns, sama hvort það er í þéttbýlinu Sauðárkróki eða 1 km utan við bæjarmörk Sauðárkróks, þar sem Rarik tekur við og selur rafmagn. Það er einfaldlega þannig að ég held að það sé hið besta mál að þetta sé allt á sömu hendi.

Rétt í lokin, herra forseti, vil ég segja, vegna þess að mér finnst hafa komið fram í umræðu í dag vantrú og gagnrýni á Rafmagnsveitur ríkisins og stjórnendur þeirra, að þau samskipti sem við Siglfirðingar áttum við forsvarsmenn Rafmagnsveitnanna, sem þá voru og sem ég held að séu þar enn í dag, voru mjög góð. Samstarfið eftir söluna var mjög gott. Ég vona svo sannarlega að Skagfirðingar geti sagt það sama og að Skagfirðingar muni sjá, þegar fram líða stundir, að þetta er rétt ákvörðun. Ég vona að þingmenn á hinu háa Alþingi muni síðar meir sjá að þetta er rétt ákvörðun. Hún er kannski erfið og menn telja sig kannski vera að selja ættarsilfrið eða eitthvað svoleiðis en það er annar handleggur.

Herra forseti. Umræður um þessi fjáraukalög hafa tekið langan tíma en það er nauðsynlegt að fara í gegnum þessi atriði. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Hér hefur verið farið yfir frhnál. okkar sem skipum 1. minna hluta og ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara ítarlegar í það.

[18:27]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst makalaust hvað hv. þm. Kristján Möller er seinheppinn í málflutningi sínum. Hann biður um að við gefum honum ekki leiðbeiningar. Ég veit ekki betur en hér í umræðunni hafi hann farið í andsvör við okkur, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, bæði við hv. þm. Jón Bjarnason og hv. þm. Steingrím J. Sigfússon.

Ég gat ekki heyrt betur í ræðunni núna en hv. þm. lýsti því yfir að hann væri hlynntur því að taka á vandanum heildstætt, eins og við erum að leggja fram í tillögu okkar. Er það misskilningur? Samkvæmt okkar tillögu er milljarður ætlaður sem byrjunaraðgerð í verkefni upp á 2,8 milljarða. Ég heyrði ekki betur núna. Ég vil spyrja þingmanninn hvort hann sé andvígur þessari tillögu á þessum grunni. Það kom fram í máli hans.

Svo kastar alveg tólfunum, ekki bara í einu heldur í öllu, þegar hann er að túlka áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hann vitnar í málefnahandbók út af sveitarstjórnarmálefnum þar, drepur niður og segir áherslur okkar breytilegar eftir aðstæðum. Heldur hv. þm. að það séu sömu aðstæður í öllum sveitarfélögum? Eiga allir að byggja

kirkju eða fara í hafnarmannvirki án tillits til þess hvort slík mannvirki eru fyrir? Auðvitað eru þar mismunandi áherslur. Ég vil biðja hv. þm. að lesa gögnin betur ef hann ætlar að nota drjúgan tíma, dag eftir dag, í það að túlka stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, framsækna stefnu sem á ekki að vera svo torskilin.

[18:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt að ég ætla ekki að taka að mér að túlka þessa samþykkt Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, enda er það bara vonlaust mál. Hins vegar stendur hér, úr því að hv. þm. vísaði til þess, að í málefnum sveitarfélaga og í landsmálum væru áherslurnar að sjálfsögðu breytilegar eftir aðstæðum. (**ÁSJ:** Já.) Það er einmitt málið. Það eru nefnilega breytilegar aðstæður.

Skyldi það ekki vera þannig í dag að sum sveitarfélög sem eiga eignir, hugsanlega dreifikerfi eins og Rafveita Sauðárkróks, sjái að aðstæður eru breytilegar? Þær aðstæður geta breyst á þann hátt að sveitarstjórnarmenn telji sig þurfa að taka ákvörðun um hvort þeir vilji selja t.d. slíkt dreifikerfi, fá fyrir það peninga, borga niður skuldir og minnka fjármagnskostnað. Þar með er ekki sagt að aðrir geri það.

Ég verð nú að segja alveg eins og er varðandi umræðuna um byggðamál og held að það hafi komið skýrt fram áðan: Ég er hlynntur heildstæðum aðgerðum. Ég er á móti handahófskenndum tillögum eins og mér finnst þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð stunda á hinu háa Alþingi, um milljarð hér og milljarð þar. Ég minni á umræðu sem var hér fyrr í haust sem var um milljarð í einhvers konar byggðaaðgerð. Á þinginu þar á undan var lagt til að veittir yrðu 5 milljarðar kr. Hvers vegna lækkaði talan? Ég fékk aldrei svar við því.

Ég er hlynntur altækum aðgerðum í byggðamálum til að rétta við byggð í landinu. Ég hef flutt tillögur hér og bent á atriði eins og flutningskostnað, húshitunarkostnað, jöfnun námskostnaðar og annað slíkt. En þær tillögur sem hér eru held ég að séu byggðastefnunni ekki til framdráttar, þegar komið er með svona tillögur í jólagjafastíl, einfaldar tillögur um milljarð hér og milljarð þar og ráðherra sagt að gera ráðstafanir og setja reglugerðir um hvernig eigi að dreifa fénu. Ég er hlynntari því að farið sé í aðgerðir sem virka fyrir alla. Ég hef sagt það áður og segi það enn að hér á að mismuna sveitarfélögum allsvakalega.

[18:31]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú biðja hv. þm. um að gæta sín í túlkun sinni. Varðandi þennan milljarð sem er lagður til: Það er rétt tæplega $^1/_3$ af því sem fram kemur í opinberum gögnum og er vandi varðandi félagslega íbúðakerfið. Það er alveg himinklárt. Það eru engin handahófskennd vinnubrögð. Stór og mikil nefnd skilaði þessu áliti, reiknaði þetta allt út og lagði fram tillögur. Það sama gæti gilt um hv. þm. Telur hann sig þá vera í embætti jólasveins, t.d. þegar hann var að gera tillögur um aukningu á niðurgreiðslu vegna rafhitunarkostnaðar, þar sem hann þráfaldlega fór inn á það að ríkisstjórnin færi ekki nema hluta af leiðinni, var með 700 millj. í staðinn fyrir 900 millj.? Ég tel svo ekki vera vegna þess að ég veit að sú tala upp á 900 millj. sem verið var að tala um var byggð á gögnum sem voru sett fram og áætlun sem var sett fram.

Ég vil spyrja þingmanninn: Telur hann handahófskennt að fara heildstætt í þetta fyrir öll sveitarfélögin í landinu og hefja þennan gang til lausnar á málinu, um u.þ.b. $^1/_3$? Vandamálið er eins og fram kemur 2,8 milljarðar.

Ég tel að hv. þm. sé algjörlega að vanmeta þá sem hafa lagt málið upp, þ.e. opinberir aðilar að hluta til, bæjarstjórar og talsmenn sveitarfélaga. Og þarna liggur þetta himintært.

Síðan vil ég segja þetta: Enginn dregur í efa, hv. þm., sjálfsákvörðunarrétt og tillögugerð og réttmæti sveitarfélaga til þess að setja þær fram, enginn. Hins vegar er ríkið með aðkomu að þessum málum og það byggir á landspólitík. Það er ekki sama hvernig það er gert. Við viljum árangur sem er farsæll til langs tíma.

[18:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Efnislega kom ekkert nýtt fram í þessu seinna andsvari hv. þm. Við erum sammála um nokkur atriði í byggðastefnu sem væri þannig að mundi þjóna öllum. Ég gagnrýni mjög, eins og ég hef sagt, svona jólasveinatillögur um að banna Rarik að kaupa Rafveitu Sauðárkróks, en í staðinn eigi það sveitarfélag að fá bara út um gluggann 300 millj., til þess að vera góðir strákar við sveitarfélagið Skagafjörð. (**SJS:** Þetta stendur hvergi.) Þetta stendur hér. Þá verða menn að leiðrétta það. Ég skal bara lesa það enn einu sinni, herra forseti. Það stendur hér á bls. 3 í nefndarálitinu:

„Að mati 2. minni hluta væri miklu nær að ríkið léti þessa fjármuni ganga beint til sveitarfélagsins eða styddi það á annan hátt þannig að það héldi sinni veitu."

Hvernig er hægt að lesa þetta öðruvísi en svo að þær 300 millj. sem eru umsamið samningsverð á veitunum sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja stoppa og ekki láta ganga í gegn, hvernig á lesa þetta öðruvísi en að afhenda eigi þessar 300 millj. einu sveitarfélagi en ekki öðru? Þetta er þannig. Þetta stendur hér skýrt og skorinort. Það verður þá að koma fram leiðrétting ef þetta er einhver vitleysa.

En það hefur svo sem áður komið fram vitleysa í nefndarálitum sem ég ætla ekkert endilega að fara að ræða um hér hvernig hefur komið til — þetta getur oft gerst — og ræddum við það ekki alls fyrir löngu varðandi breytingartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs út af öðrum málum. En það var leiðrétt sem mistök. En ég vil þá bara spyrja: Eru þetta mistök?

Grundvallaratriðið í mínum huga er, og skal það áréttað hér í lokin, herra forseti, að nauðsynlegt er að fara í aðgerðir gagnvart skuldsettum sveitarfélögum. Við deilum ekki um það. Deilan snýst um hvernig eigi að fara í það. Deilan snýst ekki um að fara eigi í aðgerðir í byggðamálum. Ekki er deila milli okkar um það. Okkur greinir á um leiðir. Það hefur komið skýrt fram og ég hef gagnrýnt það og hef kallað það handahófskenndar og ódýrar tillögur að leggja til milljarð hér og milljarð þar.

[18:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér segir svo hugur að hv. þm. Kristján L. Möller muni ekki hafa erindi sem erfiði í gegnum tilraunir sínar hér í dag til þess að klekkja á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og snúa út úr hvort heldur landsfundarsamþykktum okkar eða málflutningi hér, breytingartillögum og öðru.

Í sambandi við þetta orkuveitumál í Skagafirði liggur það í fyrsta lagi fyrir að málið er mjög umdeilt heima í héraði. (Gripið fram í.) Ástæðan fyrir því að ungir sjálfstæðismenn eru hér tilvitnaðir er sú að þeir beittu sér fyrir almennum

fundi um málið og hafa ályktað um málið. Þeir eru ekkert verri raddir þeirra sjónarmiða sem eru þessu andvíg en aðrir í byggðalaginu.

Í öðru lagi hafa sveitarstjórnarmenn sem sjálfir eru að beita sér fyrir þessari sölu viðurkennt opinberlega að þeir telja sig tilneydda. Er það þá andstætt þeim og er það á móti þeim að leggja til að reynt verði að leysa vanda sveitarfélaganna, þar með talið Skagafjarðar, með almennum aðgerðum, en ekki þannig að sveitarfélögunum hverju fyrir sig verði stillt upp og þau neydd til að selja eigur sínar?

Í þriðja lagi telur hv. þm. þetta snúast um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna. En sveitarfélagið er ekki að semja við sjálft sig. Það er er ekki að selja sjálfu sér. Það er ekki að selja einkaaðilum. Það er ríkið sem á að kaupa og það er hér á Alþingi sem verið er að fara fram á heimild til þess að ríkið leggi 300 millj. í þessi kaup. Er þá óeðlilegt að alþingismenn hafi skoðun á því?

Þá vakna auðvitað spurningar um jafnræði gagnvart öðrum sveitarfélögum. Verður það þá ekki að vera þannig að Rarik sé skuldbundið til að kaupa allar veitur allra sveitarfélaga sem vilja selja? Jú, ef menn ætla að fara út í umræðuna á þessum grunni. Og er það þá sú kerfisbreyting í orkumálum sem við teljum skynsamlega? Það kann vel að vera, en þá á að nálgast málið þannig.

Það sem við leggjum til er að vandi sveitarfélaganna verði ekki leystur með því að neyða þau til að selja einstakar eigur sínar, heldur tekið á honum almennt. Það virðist hv. þm. ekki geta skilið.

[18:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mín umræða hér um þetta mál hefur ekkert snúist um það að klekkja á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, síður en svo. Ég held að aðrir geti gert það. Hins vegar hef ég vitnað í nokkur atriði sem mér finnst vera alveg á skjön við það sem hér hefur komið fram.

Málið er einfaldlega þannig að meiri hluti sveitarstjórnar Skagafjarðar hefur ákveðið að selja dreifikerfi Rafveitu Sauðárkróks. Rarik, Rafmagnsveitur ríkisins, með samþykki ríkisstjórnar, hefur ákveðið að kaupa og vill kaupa. Um það snýst málið. Þessa ákvörðun réttkjörins stjórnvalds norður í Skagafirði ber okkur að virða. Og þá eigum við á hinu háa Alþingi ekki að segja: „Nei. Sveitarstjórnarmenn í Skagafirði, þið eruð á rangri leið. Við teljum að þið eigið að gera þetta öðruvísi. Geymið þetta og hættið við að selja.“ Þannig finnst mér skilaboðin vera frá Vinstri grænum. Það er nú svo.

Í umræðunni um Rarik verð ég eiginlega að rifja svolítið upp frá því við Siglfirðingar seldum okkar veitur. Ég man t.d. eftir því að Hveragerði hefur selt sitt og Rarik keypt. Það hefur verið gert með samkomulagi. Menn hafa orðið ásáttir um verð og annað slíkt. Eitthvað hefur sennilega gerst í millitíðinni, og svo þetta núna. Grundvallaratriðið í mínum huga er bara þetta. Það vil ég segja við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Svo geta menn alveg haft skoðanir á því hvort þetta er vitlaust eða ekki og mér finnst ekki skipta veigamiklu máli hvort deilur séu heima í héraði eða ekki. Ég tel hins vegar að það hefði verið ákaflega gott ef sveitarstjórn Skagafjarðar hefði öll verið sammála um þessi atriði og hefði náð sátt um þau eins og okkur tókst á Siglufirði.

Grundvallaratriðið er að menn hafa ákveðið að selja. Aðili vill kaupa. Sátt er um verð. Því eigum við á hinu háa Alþingi ekki að setja okkur á háan hest og segja: „Nei. Þið þarna sveitarstjórnarmenn úti á landi eruð á vitlausri leið.“

[18:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Bæði nú við þessa afgreiðslu fjáraukalaga og áður í formi frumvarpsflutninga höfum við lagt til almennar aðgerðir til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélaga. Við viljum að sveitarfélögin séu fjárhagslega sjálfstæð og sterk. Þá er sjálfsákvörðunarréttur þeirra virtur. Hann er ekki til staðar hjá sveitarstjórnum sem nauðbeygðar eru til þess að láta frá sér verðmætustu eignir sínar til þess að bjarga fjármálum sínum. Við höfnum því að sveitarfélögin séu höfð í þeirri bóndabeygju. Fæst hv. þm. Kristján L. Möller ekki til þess að líta á þessar aðstæður eins og þær blasa við öllum mönnum? Efast menn um það eitt augnablik hvað forsvarsmenn sveitarfélaga velja ef þeim stendur til boða að bjarga sér tímabundið fyrir horn með því að láta frá sér verðmætar eignir sem önnur sveitarfélög halda eða fá stuðning frá ríkisvaldinu við að leysa sín mál, t.d. varðandi félagslega íbúðarhúsnæðið, og fá efndir á þeim fyrirheitum sem þeim hafa verið gefin í þeim efnum? Ég held að svarið liggi í augum uppi. Þá mundu forsvarsmenn sveitarfélaganna að sjálfsögðu vilja fara þá leið að þetta yrði leyst á almennum grundvelli sem kæmi öllum til góða.

Það er auðvitað ekki einkamál sveitarfélagsins að ákveða að það selji opinberu fyrirtæki þessa eign þegar ofan í kaupið þarf að koma til stuðnings hinu opinbera fyrirtæki með miklum fjármunum, sem hér er verið að fara fram á heimildir fyrir í fjáraukalögum.

Þetta samhengi málsins verða menn að hafa í huga og horfast í augu við ef þeir vilja ræða það málefnalega. Svo geta menn auðvitað bara ýtt því til hliðar og verið í svona keiluslætti eins og hv. þm. Kristján L. Möller er að reyna að ástunda hér, sem ég spái að muni ekki skila honum mikilli pólitískri uppskeru.

[18:42]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski er rétt að grípa á lofti þau síðustu orð hv. þm. að þetta muni ekki verða til framdráttar í pólitíkinni. Það skyldi þó ekki vera svo að það sé rétt sem ég hef haldið hér fram að markaðssetningu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á landsbyggðinni eigi að greiða úr ríkissjóði eins og hér hefur komið fram. Þetta snýst ekkert endilega um það hvað þingmenn fiska í atkvæðum út á svona lagað. Þetta snýst um almennar aðgerðir.

Ég er auðvitað hjartanlega sammála því og fagna því ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, þetta snýst um almennar aðgerðir til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Ég er alveg sammála því og það hefur margoft komið fram. (**SJS:** Hvað ertu þá að æsa þig?) Það skyldi nú ekki vera einhver æsingatónn hafi verið úr þessum ræðustóli frá þeim sem var hér áðan.

Ég hef áður beðið hv. þm. afsökunar á því að ryðjast inn á hans svið og ræða mál sem honum finnst að öðrum þingmönnum komi bara hreinlega ekki við.

Svo rétt í lokin, herra forseti, um félagslega húsnæðið á landsbyggðinni. Það er líka hárrétt og ég er alveg sammála því og hef sagt það líka að það á að leysa með almennum aðgerðum.

Ég hygg að það sé verið að gera þarna. Alla vega er sveitarfélagið Skagafjörður ekki skikkað til þess að gera eitt eða neitt við þá peninga sem þeir fá fyrir það sem þeir þarna

selja. Auðvitað er viðkomandi sveitarstjórn það í sjálfsvald sett hvernig ráðstafað er þeim peningum sem þeir fá fyrir eigur sínar. Að því leytinu get ég verið sammála því, gagnvart Orkubúi Vestfjarða, að það er óeðlilegt að ríkisvaldið skuli nota einhverjar aðgerðir til þess að binda féð sem fyrir það fæst til þess að eyrnamerkja það vanda félagslega húsnæðiskerfisins á Vestfjörðum. Ég þekki þau mál alveg. Það á að sjálfsögðu að leysa með almennum aðgerðum. Það er alveg hárrétt, og skal segja það hér í lokin, herra forseti, að þar hefur hæstv. ríkisstjórn staðið sig auðvitað ákaflega illa. En málið snýst ekki um það að banna og leyfa ekki þeim sveitarstjórnum sem það vilja að selja eigur sínar, jafnvel þó um sé að ræða dreifikerfi orkuveitna.

[18:44]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 456.

Úttekt Ríkisendurskoðunar á skattsvikamálum, 342. mál, skýrsla efh.- og viðskn., þskj. 450.

[18:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Nú er mál þannig vaxið að ég á satt að segja sáralítið vantalað við stjórnarandstöðuna hér á hinu háa Alþingi vegna þess máls sem hér er til umræðu. Þetta segi ég vegna þess að staðan er þannig að viðstaddir þessa umræðu eru eingöngu stjórnarandstæðingar, að undanskilinni ágætum hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Ég held að óhjákvæmilegt sé að biðja forseta að leita uppi hæstv. fjmrh. og einnig formann fjárln. Ég hef ekki séð varaformanninn hér á kreiki í allan dag og satt að segja ekki nokkurn fulltrúa úr meiri hlutanum, að undanskildum formanninum.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti sér að hæstv. fjmrh. er í húsinu og kemur nú inn í salinn, en mun láta athuga aðra.)

Einkum og sér í lagi er það formaðurinn sem ég sækist eftir. En það er út af fyrir sig efni í langa ræðu að fara yfir það enn og aftur hvers konar virðing mikilvægri umræðu af þessum toga er sýnd af hálfu stjórnarliða trekk í trekk. Þeir eru að bera hér fram vægast sagt umdeilt frv. til fjáraukalaga en hafa ekki uppi burði til þess að fylgja því eftir hér í orðræðu og skoðanaskiptum. Þetta er að verða algerlega óþolandi, herra forseti. Það verður auðvitað að taka á þessu einhvern veginn. En það er nú önnur saga.

Ég sagðist ekki eiga mikið vantalað við stjórnarandstæðinga og það er að sönnu rétt. Ég ætla samt sem áður í örfáum orðum í inngangi að láta í ljósi nokkrar skoðanir á þeim orðaskiptum sem hér hafa átt sér stað á milli flokksbróður míns, hv. þm. Kristjáns L. Möllers, og nokkurra þingmanna Vinstri grænna. Ég efast ekki eitt andartak um einlægan og góðan vilja tillöguflytjenda, háttvirtra þingmanna Vinstri grænna, í því máli sem hér um ræðir, að styrkja fjárhagsstöðu og vaxtarmöguleika sveitarfélaga vítt og breitt um landið.

Ég vil eingöngu segja að í ljósi þess sem talsmaður Vinstri grænna, sem er því miður farinn úr salnum í augnablikinu, hefur haft uppi um nýtingu og notkun fjáraukalaganna sem slíkra hvort ekki skjóti skökku við að grípa á vanda sveitarfélaganna í landinu í heild og breidd í fjáraukalögum þann 4. desember þegar yfirstandandi fjárhagsár er að lokum komið, hvort ekki hefði verið meiri mannsbragur á því og eðlilegra að tillaga af þessum toga sem á að vera „heildstæð" eins og segir í tillögutextanum hefði birst við fjárlagagerð komandi árs, þ.e. brtt. við 3. umræðu fjárlaga sem fram fer eftir nokkra daga? Það held ég að hefði verið miklum mun hyggilegri og skynsamlegri nálgun svo ég aðeins víki orðum að formsatriðum mála.

Hitt er svo alveg ljóst og um það er ekki deilt að staða sveitarfélaganna í landinu er svona og svona og mörg þeirra berjast í bökkum eins og þekkt er, ekki síst úti á landi þótt þess séu raunar dæmi hér í nágrenni höfuðborgarinnar að þar séu sveitarfélög býsna hart keyrð, ekki síst þau sem eru rekin af núverandi stjórnarflokkum. Nefni ég minn heimabæ sem dæmi um það.

En af því að ég nefndi hér formsatriði, og hv. þm. Jón Bjarnason er kominn í salinn aftur, var ég að velta eilítið fyrir mér í ljósi fyrri ummæla hans hér þar sem hann hefur vandað um, réttilega, við stjórnarherrana fyrir að misnota og nýta um of þessa opnun sem fjáraukalög veita hvort ekki hefði verið skynsamlegra að breytingartillaga hans um einn milljarð kr. til styrktar sveitarfélögum í landinu hefði komið við fjárlagaafgreiðslu komandi árs, þ.e. væntanlega á næsta föstudegi, af því að menn eru að horfa til lengri framtíðar. Ég vænti þess ekki að til standi að úthluta þessum peningum núna í desembermánuði til sveitarfélaganna, en þetta er eingöngu hin formlega hlið málsins.

Síðan velti ég því upp og segi það svona sem mína almennu skoðun að heppilegast er auðvitað ævinlega undir þessum kringumstæðum að forðast hinar sértæku aðgerðir. Það eru vitaskuld fjölmörg atriði sem lúta að rekstri og fjárhagsafkomu sveitarfélaga sem eru mér kannski jafnofarlega í huga og það mál sem hér hefur mest verið rætt um. Það eru til að mynda skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar sem leiða til tekjurýrnunar hjá sveitarfélögum upp á fleiri hundruð milljónir kr. vegna tryggingagjaldsins. Það er auðvitað þekkt hér í umræðum frá því fyrir ekkert margt löngu, raunar fyrir réttu ári, þegar verið var að endurmeta tekjustofna sveitarfélaga. Þar var auðvitað ekki gengið frá öllum endum og hnútum með fullnægjandi hætti og það er auðvitað æ ljósar að koma á daginn. En nóg um þetta.

Eðli máls samkvæmt hefur þessi umræða hér um fjáraukalög tekið nokkurt mið af þeim umræðum sem áttu sér stað í gær vegna eðlilegra beiðna fulltrúa í fjárlaganefnd um upplýsingar. Ráðherrar í þessari ríkisstjórn sem málið snýr náttúrlega fyrst og síðast að hafa látið sig málið lítið varða, hæstv. forsrh. hvorki verið viðstaddur fundinn í gær né í dag, er vafalaust með fjarvist og að sinna öðrum verkefnum.

En af því að svo vel ber í veiði að hæstv. fjmrh. er hér, sá ráðherra sem nýtir mest þær opnu heimildir sem hið háa Alþingi veitir framkvæmdarvaldinu yfirleitt í fjárlögum — af því að í þessu frv. til fjáraukalaga og breytingartillögum er þess farið á leit við hið háa Alþingi að bætt verði við nýjum liðum eða felldir nýir liðir í heimildargreinina margfrægu, 7. gr. fjárlaga, vegna yfirstandandi fjárlagaárs, hér er um að ræða eina tíu eða tólf liði — vil ég bara spyrja hann þráðbeint: Mun nokkuð standa á því af hans hálfu, þegar og ef þessar heimildir verða nýttar, að hann upplýsi hið háa Alþingi undanbragðalaust með hvaða hætti hann hafi gert þetta, með öðrum orðum hverjum var selt fyrir hvað mikið og á hvaða kjörum? Af hverjum var keypt, fyrir hvað mikið og á hvaða kjörum?

Ég vil láta koma hér fram, herra forseti, að margt af þessu er síðan birt í ríkisreikningi þegar hann loksins sér dagsins ljós. En að þessu gefna tilefni vil ég líka upplýsa að ég er með í vinnslu á skrifstofu þingsins fyrirspurn í þessa veru þar sem ég fer þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann upplýsi þingheim innan tilskilins frests þingskapa, tíu virkra daga:

1. Hvaða heimildir í fjárlögum vegna yfirstandandi árs, þ.e. vegna ársins 2001, til sölu eða kaupa hafa verið nýttar af fjmrh.?

2. Hvert var söluverð einstakra eigna ríkissjóðs og hverjir keyptu?

3. Hvert var kaupverð einstakra eigna og hverjir seldu?

Ég mun óska skriflegs svars.

Ég spyr hæstv. fjmrh. í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað hvort hann sjái einhver tormerki á því að svara þessum einföldu spurningum. Ég trúi því ekki að svo sé því svör við þessum spurningum hafa gjarnan að verulegu leyti birst í ríkisreikningi þegar hann loksins er saman settur.

Ég hef orðið var við það í dag og fylgst með því að menn hafa nokkuð staldrað við meðferð fjármuna sem í ríkissjóð runnu vegna heimilda 7. gr. um sölu á hluta af landi Straums í umdæmi Hafnarfjarðar. Orðræður hafa farið fram um það hvernig þeim fjármunum væri ráðstafað og hvort rétt væri að verki staðið. Ég ætla að láta það liggja á milli hluta. Eftir því sem ég best heyrði var söluverð eignarinnar eitthvað á annað hundrað millj. kr., það kann að vera að þetta hafi farið fram hjá mér í þessari löngu umræðu, en — (**Gripið fram í:** 102 millj.) Hver var talan? (**Gripið fram í:** 102 millj.) 102 millj. kr. Ég óska eftir því að fá að vita hver kaupandi þessarar jarðar var. Það skiptir dálitlu máli, ég þekki það frá árum áður. Þegar ég var bæjarstjóri í Hafnarfirði átti ég einmitt í viðræðum við skógræktarfélagið um kaup á þessum landskika og raunar fleirum til að tryggja eðlilega þróun byggðar í Hafnarfirði og þá náðust ekki samningar. En það er auðvitað þekkt hjá sveitarstjórnarmönnum þegar einkaaðilar eða aðrir eru að kaupa land í grennd þéttbýlis að oft er það gert með það að markmiði að versla og hafa ákveðna spákaupmennsku uppi við. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga, einstaklingar hafa auðvitað þann rétt að reyna að gera það. Stundum tekst það og stundum ekki. En það er staðreynd að það er ekki vegna þess að eigendur viðkomandi landsvæðis hafi lagt svo mikið í viðkomandi svæði til verðmætaauka að það hækkar í verði heldur einfaldlega þróun byggðar, þ.e. einhverjar allt aðrar aðstæður. Og ég heyrði hæstv. fjmrh. fagna því alveg sérstaklega að söluverð Straums hefði verið miklum mun hærra en menn hefðu þorað að vona. Það er út af fyrir sig gott fyrir ríkissjóð.

Ég óska með öðrum orðum eftir því að hæstv. ráðherra svari mér þessu. Hann hlýtur að muna það því hann gat þess hér áðan að hann hefði skrifað undir samning þessa efnis fyrir viku eða um síðustu helgi, hafi ég fylgst rétt með. Ég vænti þess þannig að hann geri þinginu grein fyrir því hver hafi keypt þessa eign.

Ég gerði mér það til gamans — það er nú kannski rangt að segja að ég hafi gert það mér til gamans — eða ég taldi það öllu heldur nauðsynlegt í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um upplýsingaskyldu framkvæmdarvaldsins gagnvart hinu háa Alþingi að leita uppi og biðja skrifstofuna um hjálp í þeim efnum, leita uppi sviplík mál og hér hefur verið hvað mest deilt um, þ.e. hver er réttur þingmanna til að fá sundurliðuð svör við fyrirspurnum sínum. Ég hef haft það á tilfinningunni að þessi afstaða sé fordæmalítil, og þessi tregða forsrn. til að svara eins eðlilegum og sjálfsögðum spurningum og lagðar hafa verið fram þess efnis að fá á því sundurliðun hverjir hafa fengið greitt úr ríkissjóði fyrir veitta aðstoð við að selja ríkisfyrirtæki.

Menn hafa gripið til ýmissa vopna til að andæfa í þeim efnum, nefnt einkahagsmuni og nánast persónuvernd, það verður líklega það næsta. En hér er auðvitað í öllum tilfellum um lögaðila að ræða og þá hafa menn hlaupið í hitt hornið og talað um að vernda þyrfti viðskiptasjónarmið. Þetta er auðvitað eins og hver annar þvættingur og það vita þeir aðilar sem hafa verið með þennan undandrátt og verið á þessu undanhaldi.

Ég fann fjölmörg dæmi, herra forseti, sem sýna að venjan hefur auðvitað verið sú að fyrirspurnum af þessum toga er svarað undanbragðalaust. Þau eru bæði ný og gömul, þessi dæmi, en mér þykir svona kannski hvað sniðugast það dæmi sem ég fann frá þinginu 1989–1990 þegar flokkur hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. var í stjórnarandstöðu. Fyrirspyrjandi í þessu tilfelli er enginn annar en forveri hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, sem er núv. forstjóri Landsvirkjunar. Þá er hann að spyrja þáv. forsrh., sem var ef ég man rétt Steingrímur Hermannsson, einmitt um aðkeypta sérfræðiþjónustu á vegum ríkisstjórnarinnar. Hann innir eftir sundurliðun og spyr einfaldlega:

„Hvaða aðilum var greitt á árinu 1989 fyrir sérfræðiþjónustu?"

Hér er það listað í 20 liðum. Það eru einstaklingar, lögaðilar og arkitektar, jafnvel starfsmenn ráðuneytisins og hinir og þessir. Síðan er þetta sundurliðað hér upp á punkt og prik enda ekkert óeðlilegt við það. Síðan er spurt um fleiri atriði sem lúta ekki að þessu beinlínis. En ég held að það væri mjög fróðlegt, herra forseti, að koma þessu svari frá 112. löggjafarþingi, 1989–1990, sem varð til vegna fyrirspurnar fyrrv. varaformanns Sjálfstfl. til þáv. forsrh. og senda þeim uppi í Stjórnarráði þetta svar þannig að þeir geti lært hvernig á að standa að samskiptum framkvæmdarvalds og þjóðþings. Þegar ég hef lokið ræðu minni, herra forseti, ætla ég að póstsenda plaggið með lítilli nótu upp í Stjórnarráð nema vera kynni að ég gæti beðið hæstv. fjmrh. að taka það með sér þegar hann fer úr salnum. Þetta er gamalt dæmi en mjög lærdómsríkt engu að síður.

Síðan er nýlegra dæmi hér á ferðinni — þar hittist þannig á að sá sem hér stendur spurði fjmrh. sem var þá sennilega þessi sami Friðrik Sophusson því hér er um að ræða 123. löggjafarþing á árunum 1998–1999. Ég spurði þá um kostnað af breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög, sem er einmitt náskylt því efni sem verið er að leita eftir í dag. Þá svarar — svo ég fari alveg hárrétt með, er það ekki rétt munað hjá mér, herra forseti, að Friðrik Sophusson hafi verið í fjmrn. árin 1998–1999? Getur hæstv. fjmrh. kannski hjálpað mér með það? (**Fjmrh.:** Ég var þar sjálfur.) Hann var þá mættur til leiks. Þá ber að þakka honum þessi skýru og afdráttarlausu svör við spurningum mínum á þessu ári um kostnaðarbreytingu ríkisfyrirtækja við hlutafélög. (**Gripið fram í:** Hann getur kennt þér ...) (**Gripið fram í:** ... villurnar bara.)

Þá er það listað hér alveg nákvæmlega hverjir hafi fengið greiðslu úr ríkissjóði vegna tiltekinna einkavæðingarframkvæmda og ég fæ ekki séð að menn séu að standa á einu eða neinu. Hér eru upphæðir af ýmsum toga, milli tvær og þrjár milljónir og allt niður í 650 þús. Handsal sá um söluna á Áburðarverksmiðjunni. Scandia hf. sá um söluna á Sementsverksmiðjunni. Jarðboranir voru seldar af Kaupþingi. Útboð mötuneyta önnuðust Ríkiskaup og Íslandskostur hf. Og kynningarmál vegna þessa arna — nú er ég að tala um árið 1996 — annaðist Gott fólk. Og af því ég nefni það fyrirtæki alveg sérstaklega er mér líka í fersku minni að hv. þm. Gísli S. Einarsson spurði eftir því ekki fyrir mjög margt löngu hver útlagður kostnaður hefði verið vegna Lánasýsl-

unnar af samskiptum við Gott fólk. Eftir mikið japl, jaml og fuður var það tíundað hér algerlega, brotið niður í öreindir og niður í krónur og aura.

Ég hirði ekki um að fara yfir þetta skjal allt saman, herra forseti, en árið 1997 er hér tekið og allt er þetta eins og vera ber. Því hlýtur maður að velta því fyrir sér hvað eiginlega hafi gerst í Stjórnarráðinu þessa síðustu mánuði og vikur og daga sem geri það að verkum að upplýsingar sem áður voru opinberar eru það ekki lengur.

Ég sagði áðan, herra forseti, að hæstv. forsrh. hefur ekki verið hér viðstaddur umræðuna vegna fjarvista. En gæti verið að varaformaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., gæti hjálpað mér í þessum efnum, því ég stend satt að segja alveg á gati þegar menn fara yfir sögu máls. Ekki þar fyrir að það hafi ekki stundum verið uppi ágreiningur og togstreita um að ná slíkum upplýsingum út og ekki allir alltaf sáttir. Oftar en ekki hefur það samt tekist eins og þessi tvö dæmi, raunar af fjölmörgum málum öðrum, bera glöggt vitni.

Því leyfi ég mér, herra forseti, með von um að það geti eitthvað skýrt málið sem er allt í skötulíki, því er verr og miður, að hæstv. forsrh. geti hugsanlega hjálpað upp á sakir í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Fjármálaráðherra.) Hæstv. fjmrh. vildi ég sagt hafa.

Áður en ég vík frá þessum þönkum er kannski rétt að nefna það líka að 1997 og 1998 spurði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir forsrh. um úttektir á ríkisstofnunum. Nú hafa engar breytingar orðið í Stjórnarráðinu á kontór hæstv. forsrh., þar er sami maður nú og þá var. Þá var reynt að svara spurningunum með skaplegum hætti eftir því sem ég fæ best séð, hverjir það voru sem unnu tiltekin verkefni á þessum vettvangi. Hér er því svarað á 16 blaðsíðum og nokkuð skýrlega gerð grein fyrir því hvernig að þeim úttektum var unnið og hverjir unnu verkin. Það er kannski rétt að koma þessum dæmum líka til forsrn. þannig að þeir geti lært af þeim vinnubrögðum og tekið mið af þeim núna við þessar einföldu óskir þingmanna um að fá upplýst hverjir nutu greiðslna úr ríkissjóði vegna veittrar þjónustu við sölu ríkisfyrirtækja. Með öðrum orðum, herra forseti, hefur gengið þolanlega fram að þessu en nú allt í einu er hurðum skellt í lás.

Það er auðvitað þetta, þessi breyting, þessi lítilsvirðing við hið háa Alþingi sem birtist í svörum eða öllu heldur engum svörum forsrn. sem gerir það að verkum að menn hljóta að velta yfir því vöngum, með réttu eða röngu, hvort einhverjar þær upplýsingar séu þarna á ferli sem þola ekki dagsins ljós.

Ég er ekki að dreifa hér ryki eða búa til eitthvað sem ekkert er en maður kemst ekki hjá því að draga þær ályktanir að þarna hljóti að vera eitthvað á ferðinni sem þingmenn og almenningur mega ekki sjá.

Ég nenni tæplega, herra forseti, að fara um það fleiri orðum hvers konar sveigjur og beygjur þetta mál allt hefur tekið á síðustu sólarhringum og raunar klukkutímum þegar menn eru hrokknir í það hornið að dreifa þessum upplýsingum til þingmanna í fjárln. og binda þau jafnframt trúnaði. Það er svo fráleitt sem frekast getur verið. Ég vil bara hafa það algjörlega „on record" hafi nokkrum komið það til hugar, herra forseti, að fleiri en nefndir hv. þm. í fjárln. eigi að fá þessar upplýsingar í trúnaði frábið ég mér að fá að sjá þessar upplýsingar og láta binda mig trúnaði um þær jafnharðan. Ég frábið mér að fá upplýsingar af þessum toga í hendur undir þeim formerkjum. Ég neita því og vil ekki sjá þær.

Herra forseti. Það má svo sem hafa langt mál um þetta fjáraukalagafrv. og kannski hefur umræðan því miður um of einskorðast við það mál sem ég var að enda við að tala um. Heppilegra hefði verið að ræða það á almennari nótum því fjáraukalagafrv. ber það auðvitað með sér að til verri vegar horfir í fjármálum ríkisins. Það hefur reyndar komið fram í umræðunni, og þó nú væri, að ef áform ríkisstjórnarinnar um sölu ríkiseigna á síðustu vikum þessa árs ná ekki fram að ganga er spilaborgin fallin. Þá snýst greiðsluafgangur ríkissjóðs við og verður greiðsluhalli. Það er auðvitað grafalvarlegt mál í lok eins mesta góðæris Íslandssögunnar á síðustu árum.

Ég vil hins vegar ljúka ræðu minni með einni lítilli fyrirspurn til viðbótar til hæstv. fjmrh. sem lýtur að nýrri heimild honum til handa. Vera kann að hann hafi svarað því fyrr í dag — þá bið ég afsökunar á því — en fyrirspurnin lýtur að heimild til handa honum til að taka lán að upphæð 2,5 millj. kr. til að standa undir endurfjármögnun lána vegna reksturs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.e. fjmrh. verði heimilað að ganga að þeirri sjálfskuldarábyrgð. Nú veit ég að fjárhæðir vegna flugstöðvarinnar hlaupa á mjög stórum upphæðum og þarf svo sem ekki að koma á óvart. En er þessi nýja endurfjármögnun lána í frv. til fjáraukalaga við 3. umr. eitthvað sem ekki var fyrirséð? Kom eitthvað þar upp í rekstrinum sem gerir það að verkum að ráðast þarf í þessa nýju lántöku? Ég geri ráð fyrir að menn hafi séð í upphafi árs hvenær greiðslur féllu til vegna áhvílandi lána? Mér finnst ástæða til þess vegna jafnstórra upphæða og hér um ræðir — nú bíð ég bara, herra forseti, þar til formaður fjárln. og hæstv. fjmrh. hafa lokið sér af. Spurningin var sú — og sérstaklega vil ég fagna hér veru hv. formanns fjárln. sem hefur ekki haft tök á því að vera í salnum eina aukatekna mínútu í hálftímaræðu minni. Það er því alveg einstök ánægja að hann megi vera að því að fylgja úr hlaði nefndaráliti sínu, og býð hann alveg hjartanlega velkominn. En fyrirspurnin var sem sagt þessi og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. hafi heyrt hana og aðrar þær fyrirspurnir sem ég beindi til hans enda hefur hann haft tök og ráðrúm til þess að sitja hér yfir ræðu minni.

[19:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið við síðustu spurningu hv. þm. er já. Þetta var ófyrirséður atburður. Gert var ráð fyrir því í fjárlögum ársins að fjármögnun og endurfjármögnum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar yrði með öðrum hætti en hér er ráð fyrir gert. Það mál hefur því miður ekki gengið eftir. Það byggðist á því að flugstöðin ætti að taka sjálf erlent lán í eigin nafni og endurgreiða ríkinu þau lán sem ríkið hefur lánað stöðinni. Flugstöðin átti að gera það í eigin nafni. Það hefur ekki gengið eftir vegna þess að hún hefur ekki byggt upp þann sess sem þarf til að geta fjármagnað sig sjálf með þessum hætti í eigin nafni. Þess vegna er niðurstaðan sú að hagstæðast sé fyrir fyrirtækið og eiganda þess sem er ríkið að stöðin fái heimild til að taka lán og ríkið veiti þá sjálfskuldarábyrgð sem hér er verið að afla heimildar fyrir til að geta endurfjármagnað þau lán sem eru á gjalddaga.

Hv. þm. spurði: Hver er kaupandinn að þeim hluta Straums sem seldur var í síðustu viku? Ég hygg að það sé ekkert leyndarmál að það er stórfyrirtæki þarna í nágrenninu sem er kaupandinn. Hlutafélag sem hv. þm. þekkir vel til, Íslenska álfélagið. Og Hafnarfjarðarbær hefur fallið frá forkaupsrétti ef hann er fyrir hendi sem ég er ekki alveg klár á, en sé hann fyrir hendi, hefur bærinn fallið frá honum

vegna þess að búið er að undirrita þessa samninga sem ég vona að verði báðum til hagsbóta.

Síðan vil ég segja vegna umræðna fyrr í dag af hálfu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og Steingríms J. Sigfússonar sem hafa gert að umtalsefni ráðstöfun fjárins að í afsalsbréfinu frá 1949 sem þessu máli tilheyrir — ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon heyrir til mín — segir að þessu landi sé afsalað til ríkissjóðs með gögnum og gæðum og án allra kvaða, með öðrum orðum er verið að færa ríkisaðila í A-hluta gjöf og við ráðstöfun andvirðinu í dag með þessum hætti. Það er fullkomlega eðlilegt og ekki brot á neinu gjafabréfi eða neinu slíku eins og hér hefur verið gefið í skyn.

[19:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði ekki um þetta en það er ágætt að fá svör fram um ráðstöfun fjárins. Ég þakka hæstv. fjmrh. hrein og klár svör hans við fyrirspurn minni um það hver keypti. Þetta mjakast allt í rétta átt. Ég ætla svo sem ekki að hafa neinar skoðanir á því í augnablikinu enda á það kannski ekki heima í þingsölum. Ég get þó ekki látið vera að velta því aðeins fyrir mér — nú veit ég ekki nákvæmlega hvaða blettur var keyptur — hver þörf álversins hafi beinlínis verið vegna Straumslandsins. Það kunna að vera skýringar á því en vangavelturnar eiga ekki hér heima. Ég hins vegar spurði hæstv. ráðherra um fleira. Ég spurði hann hvort hann mæti það svo að einhver fyrirstaða yrði á því að svara fyrirspurninni, sem væntanlega verður dreift hér á næstu klukkutímum eða á morgun, þess efnis almennt hvernig heimildir hans sem hann hefur fengið skv. 7. gr. fjárlaga hafa verið nýttar, hverjum hefur verið selt og hverjir hafa keypt, af hverjum hefur verið keypt og verð í þessu samhengi. Hann hefur riðið á vaðið með því að upplýsa án vífilengja um kaup og kjör vegna Straumslandsins og ég vænti þess að nákvæmlega það sama gildi um önnur viðskipti sem hann hefur hér átt samkvæmt heimildum ríkissjóðs. Að þessu leytinu til hefur hann gert miklum mun betur en hæstv. forsrh. í ljósi fyrri umræðu máls.

Hins vegar tók varaformaður Sjálfstfl. ekki áskorun minni um að blanda sér í þá orðræðu. (**Fjmrh.:** Tíminn var nú bara búinn.) En nú skal ég hleypa hæstv. ráðherra í seinna andsvar sitt.

[19:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Það eru takmörk fyrir því, hæstv. forseti, hve miklu er hægt að koma að hér á tveimur mínútum. Þingmaðurinn hefur lagt hér fram fyrirspurn og svo spyr hann mig núna hvort ég vilji ekki bara svara fyrirspurninni fyrir fram. Auðvitað ekki. Hann leggur fram fyrirspurn sína, henni verður svarað eftir eðlilegum og hefðbundnum leiðum.

Að því er varðar þann þátt málsins sem menn hafa gert sér svo mikinn mat úr í dag í umræðu og reyndar í gær varðandi fjárveitingu vegna einkavæðingar og útboðs verkefna á vegum ríkisins þá liggur náttúrlega í hlutarins eðli að oft er ekki hægt að svara slíkum spurningum meðan mál eru í vinnslu. Þarna eru samningar m.a. við erlend fyrirtæki og viðskiptaleyndarmál sem ekki er eðlilegt að upplýsa um. Þetta verða menn bara að skilja að er algengt í viðskiptum. Það þarf eiginlega ekki að hafa fleiri orð um það. Þannig er þetta mál vaxið eftir því sem ég best veit.

[19:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Loksins fæst þó örlítill snefill af efnislegu svari vegna þeirra mála sem hér hafa verið á ferðinni. Hæstv. fjmrh. lætur að því liggja að ekki sé búið að ganga frá þessum samningum. Ég hélt satt að segja að menn væru komnir mun lengra en svo. Á ekki að taka afstöðu til kjölfestufjárfesta í Landssímanum á föstudaginn? Er þetta ekki allt að bresta á á næstu dögum? Ég trúi því tæplega að ekki sé búið að ganga frá samningum við sérfræðinga sem eiga að aðstoða ríkisvaldið við sölu á þessum lykileignum ríkissjóðs, ég neita bara að trúa því.

Ég vil hins vegar minna á það, ég hlýt þá að gagnálykta og líta svo á, að um leið og frá þessum samningum hefur verið gengið þá falli þessi kvöð á hinum meintu viðskiptaleyndarmálum niður og þá muni ekki standa á upplýsingum um við hverja hefur verið samið og á hvaða verði þessi þjónusta hefur verið keypt.

Ég árétta það að hæstv. fjmrh. hefur svarað sviplíkum fyrirspurnum hér allítarlega og tíundað þau fyrirtæki sem hafa veitt álíka þjónustu og greitt hefur verið fyrir. Á því hefur ekki staðið. Ég rifja það líka upp að forveri hans á stóli fjmrh., raunar einnig forveri hans sem varaformaður Sjálfstfl., spurði nákvæmlega um álíka mál hér, þá var hann þingmaður stjórnarandstöðunnar, á árinu 1989. Hann spurði þáv. forsrh., Steingrím Hermannsson, og fékk auðvitað nákvæm svör, sundurliðuð. Þá voru engin viðskiptaleyndarmál á ferðinni og ég fæ ekki annað séð en að ef þessi svör berast ekki alþingismönnum áður en til afgreiðslu þessa máls kemur þá hafi orðið hér einhver undarleg stefnubreyting sem ég kann engin skil á.

[19:19]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom með mjög málefnalega ábendingu og spurningu varðandi tillöguflutning minn við frv. til fjáraukalaga, tillögu um að verja allt að einum milljarði kr. til að greiða úr bráðum fjárhagsvanda sveitarfélaganna, m.a. vegna félagslega íbúðakerfisins. Hv. þm. spurði hvort ekki hefði verið eðlilegra að þetta kæmi á fjárlögum næsta árs.

Það er svo sem alveg hárrétt ábending að velta því fyrir sér en þannig er að ég, ásamt hv. þingmönnum Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni, flutti einmitt frv. til fjáraukalaga síðasta vor um þetta mál. Það er eðlilegt að flytja frv. til fjáraukalaga til að taka á greiðslum sem Alþingi vill leggja í áður en ráðist er í að ráðstafa þeim.

Það frv. var ekki samþykkt í vor og þess vegna endurfluttum við það í haust, frv. til fjáraukalaga um að verja allt að 1 milljarði kr. til þessa verkefnis.

Í ár er einnig heimild í fjárlögum til þess að ríkissjóður taki lán til að kaupa Orkubú Vestfjarða af Vestfirðingum. Þar inni eru heimildir til fjárútláta og sömuleiðis er í fjáraukalagafrv. núna við 3. umr. lagt til að ríkið láti 300 millj. kr. til Rariks til þess að kaupa ákveðnar eignir þannig að þessi fjárráðstöfun er þegar í gangi.

[19:21]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski alveg ástæðulaust að vera að hengja sig hér í formsatriði vegna þessa máls. Ég gat hins vegar ekki annað vegna þess að hv. þm. hefur með réttu gagnrýnt stjórnarherrana fyrir það hvernig þeir umgangast fjárlög og nota fjáraukalög í allt of ríkum mæli. Það er alveg

hárrétt hjá honum. Þess vegna gat ég ekki stillt mig um að benda honum á að hann væri fallinn í sama pyttinn.

Það getur vel verið að það hafi átt við í vor þegar hann flutti þetta frv., þegar sex eða sjö mánuðir voru eftir af fjárhagsárinu, en það á bara ekki við að flytja tillögur af þessum toga sem hér um ræðir núna 4. desember, til nýrra útgjalda upp á 1 milljarð kr.

Það hefði nægt, hefðu tilöguflytjendur viljað koma sjónarmiðum sínum hér á framfæri, að leggjast gegn því, sem eðlilegra hefði verið, að þessi heimild til Rariks yrði hækkuð um 300 milljónir. En þessi opna tillaga um 1 milljarð kr. er formlega, finnst mér, ekki rétt fram komin. Eðlilegra og skynsamlegra hefði verið að finna henni stað í fjárlögum sem verða afgreidd á næstu dögum. En þetta eru aukaatriði málsins.

Aðeins um málið almennt, án þess að detta niður í harðvítugar deilur sem staðið hafa yfir um þau efni, þá er skoðun mín sú að menn hafi ekki mjög góða reynslu af því að veita hundruð millj. kr., hvað þá milljarða, til styrkingar sveitarfélögum, t.d. byggða á Vestfjörðum, og láta síðan einstökum fagráðherrum eftir að úthluta úr sjóðnum. Út á það gengur einmitt tillagan sem fyrir liggur.

Ég verð að segja eins og er, í ljósi reynslunnar, herra forseti, að ég ber ekkert sérstakt traust til þess að hæstv. félmrh. deili úr milljarðspotti til hinna og þessara sveitarfélaga á landinu sem þurfa að koma til hans og sanna á sig fáækt. Ég hef miklar efasemdir um þá nálgun mála þó að ég deili áhyggjum hv. þingmanna af afleitri stöðu fjölmargra sveitarfélaga.

[19:23]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að ekki eigi að leysa vanda einstakra sveitarfélaga með sértækum hætti þegar vandinn, eins og hér um ræðir, fjárhagsvandi sveitarfélaganna, er meira eða minna kerfislægur. Það eru alla vega fleiri sveitarfélög sem standa frammi fyrir viðlíka vanda. Það á að taka á honum heildstætt og á landsvísu. Þar er ég alveg sammála hv. þm. og tel að þannig eigi að vinna. Tillöguflutningur okkar miðar í þá átt og tekur mið af því.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. í því að þetta á að gera sem mest á almennan hátt og þannig kemur það líka sveitarfélögunum til góða til framtíðar litið fremur en að standa stöðugt í einhverjum bráðabirgðareddingum sem geta aldrei annað en verið slíkar meðan málið er síðan óleyst í heild sinni til frambúðar. Það eru ekki góð vinnubrögð heldur á að taka á þessu heildstætt. Á það legg ég áherslu, herra forseti.

[Fundarhlé. — 19:26]

[21:07]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú stendur yfir 3. umr. um fjáraukalög og eftir hlé á störfum Alþingis á meðan fjárln. fundaði er kannski eðlilegt að hefja umræðu um það sem að hluta til fór fram á þeim fundi.

Þingheimur hefur orðið vitni að nokkrum umræðum varðandi það að fjárln. hefur ítrekað leitað eftir upplýsingum frá forsrn. um upplýsingar um einn ákveðinn lið í fjáraukalagafrv., þ.e. 300 millj. kr. beiðni undir liðnum Útboð og einkavæðingarverkefni.

Því miður, herra forseti, hefur ekki tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá þær upplýsingar frá forsrn. sem um hefur verið beðið. Á fundi í hádeginu í dag, eins og ég greindi frá fyrr í dag, gekkst fjárln. undir það að meðtaka upplýsingar frá forsrn. í trúnaði. Þannig var um þau mál rætt þá að örstuttur tími ætti að líða þar til þessar upplýsingar bærust. Því miður bárust engar upplýsingar fyrr en rúmlega fimm klukkustundum síðar og þá kom bréf sem að sjálfsögðu fellur þá undir þann trúnað sem menn gengust undir á hádegisfundi. En því miður, herra forseti, verð ég að segja að í þessu bréfi er ekkert sem að mínu mati getur í raun og veru réttlætt það að bréfið sé trúnaðarmál. Hins vegar mun ég að sjálfsögðu halda fullan trúnað um þetta bréf.

Á fundi áðan í fjárln. óskaði ég sérstaklega eftir því að nefndin ítrekaði beiðni sína til forsrn. um að fá þá sundurliðun sem ítrekað hefur verið óskað eftir frá ráðuneytinu. Það var sameiginlegt mat mitt og hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns nefndarinnar, að svar forsrn. væri ekki eins og um hefði verið beðið. Formaður nefndarinnar lýsti því yfir að hann mundi reyna allt sem í hans valdi stæði til að fá frekari upplýsingar frá forsrn., hann mundi reyna að ná þessum upplýsingum áður en þessari umræðu sem nú stendur yfir lýkur, en treysti sér ekki til að lofa því að þær lægju fyrir áður en umræðu lyki.

Af hálfu okkar í minni hluta fjárln. voru því bókuð mótmæli við því að ekki væri tryggt að þessar upplýsingar bærust nefndinni áður en umræðu lyki. Þess vegna, herra forseti, er þetta mál í raun og veru enn í uppnámi. Það er auðvitað ekki viðsættanlegt að forsrn., eftir ítrekaðar beiðnir frá fjárln., skuli ekki svara eða gefa þær upplýsingar sem um er beðið, og það meira að segja þegar nefndin hefur lýst því yfir að hún sé reiðubúin til að meðtaka upplýsingarnar í trúnaði. Hér er eitthvað óskýranlegt á ferðinni og ég treysti mér ekki til að viðhafa þær getgátur sem gætu skýrt hvernig á því stendur að forsrn. treystir sér ekki til að gefa þær upplýsingar sem um er beðið. Og, herra forseti, það er rétt að ítreka að umræddar beiðnir um upplýsingar eru ekki beiðnir frá einstökum þingmönnum í fjárln. heldur er hér um að ræða óskir nefndarinnar um upplýsingar, og það ítrekaðar beiðnir um upplýsingar.

Þess vegna, herra forseti, verð ég að ítreka enn á ný að það er eindregin ósk okkar í minni hluta fjárln. að allt verði gert sem hægt er til að tryggja að nefndin fái þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir og að þær upplýsingar liggi að sjálfsögðu fyrir áður en 3. umr. um fjáraukalög lýkur vegna þess að sú upphæð sem hér um ræðir og þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir snerta afgreiðslu fjáraukalaga. Hér er auðvitað um prinsippmál að ræða, þetta snýst um að framkvæmdarvaldið gefi löggjafarvaldinu þær upplýsingar sem um er beðið. Þetta snýst um það að fjárln. geti í raun og veru sinnt hlutverki sínu. Þetta snýst um það að framkvæmdarvaldið geti ekki ákveðið það hverju sinni hvaða upplýsingar það eru sem fjárln. telur nauðsynlegt að hún fái þegar unnið er að ýmist fjárlögum eða fjáraukalögum. Ég ítreka það enn á ný að fjárln. samþykkti það á fundi sínum í hádeginu að hún væri reiðubúin til að móttaka þessar upplýsingar í trúnaði. Þrátt fyrir það, af einhverjum ástæðum sem enginn hefur tilgreint, treystir forsrn. sér ekki til að sundurliða þessar 300 millj. á þann hátt sem viðsættanlegt er.

Herra forseti. Ég þarf í raun og veru ekki að fjalla mikið lengur um þetta mál að sinni. Ég vona að sjálfsögðu enn að þessar upplýsingar berist okkur áður en þessari umræðu lýkur en því miður liggja engin loforð fyrir um slíkt.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem ég vildi ræða varðandi það frv. sem hér er til umræðu. Fyrst vil ég fara lítillega yfir það sem snýr að 7. gr. fjárlaga eða 4. gr. fjáraukalaga og gera sérstaklega að umræðuefni hvernig framkvæmdarvaldið vill umgangast þessa lagagrein. Því miður er nauðsynlegt að gera við það athugasemdir.

Í tillögum meiri hluta fjárln. þar sem þessi leið er farin er m.a. gerð tillaga um það að hluti af söluhagnaði Stofnfisks fari annars vegar til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og hins vegar til Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal. Herra forseti, það er rétt að taka fram að hér er vissulega full þörf á því að ákveðið fjármagn fari til þessara ágætu skóla. Það er hins vegar ekki boðlegt að hér sé verið að vísa til söluhagnaðar Stofnfisks í skýringum með fjárframlögum til þessara ágætu skóla þegar gert er ráð fyrir því í 7. gr. fjárlaga eða gerð tillaga um það í 4. gr. fjáraukalaga að liðurinn sem snertir Stofnfisk hljóði svo í tillögum meiri hluta, með leyfi forseta:

„Liður 5.4 í lögunum orðast svo: Að selja hlut ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja hluta af andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins."

Herra forseti. Það er a.m.k. nauðsynlegt að fá á því skýringar hvernig á því stendur að í þessum lið sé eingöngu minnst á Laxeldisstöð ríkisins eða greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins, en ekkert er minnst á Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri eða Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal, sem þó er gert ráð fyrir að fái mun hærri upphæðir af þessum söluhagnaði en nemur skuld Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins. Hér skortir allar skýringar. Hugsanlega er um handvömm að ræða og úr því muni þá verða bætt og þessu komið fyrir á réttan stað í frv. en ég ítreka, herra forseti, að það er lágmark að hér komi skýring á þessu máli, annaðhvort frá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, formanni fjárln., eða hæstv. fjmrh. sem eflaust býr yfir meiri vitneskju um málið og því líklegri til þess að geta skýrt það til fullnustu.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, vegna þess að við 2. umr. um fjáraukalögin vakti ég athygli á svipuðu máli, þ.e. gerð var grein fyrir því með skýringu með fjárframlögum til Alþingis að verið væri að ráðstafa andvirði af sölu fasteignarinnar Skólabrúar 2 í Reykjavík.

Herra forseti. Brugðist er við þeim athugasemdum mínum nú við 3. umr. og því ber auðvitað að fagna. Gerð er tillaga um það af meiri hluta fjárln. að í 4. gr. verði breyttur liður og liður 2.31 í lögunum orðist svo, með leyfi forseta:

„Að selja fasteignina Skólabrú 2, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu til fasteigna Alþingis."

Herra forseti. Menn geta auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvort eðlilegt sé að gera þetta á þennan hátt, en hér er a.m.k. rétt að málum staðið. Það er því miður ekki svo að sjá varðandi Stofnfisk.

Þá kem ég, herra forseti, að einu enn sem snertir 7. gr. og er mál sem nokkuð hefur verið rætt í dag. Ég mun leggja fram brtt. sem snertir það mál, en þar sem enn hafa ekki verið samþykkt afbrigði til þess að sú tillaga megi koma á dagskrá mun ég ekki ræða þá tillögu sérstaklega í ræðu minni. Í fjárlögum ársins 2001 segir svo í 7. gr., þ.e. lið 4.47, þetta er ein af heimildargreinunum, að selja ...

(**Forseti** (HBl): Óskar hv. þm. að gera hlé á máli sínu svo hægt sé að leita afbrigða um tillöguna?)

Herra forseti. Það væri vel til fundið ef möguleiki væri á slíku.

(**Forseti** (HBl): Þá gerir hv. 3. þm. Austurl. hlé á ræðu sinni um stund.)

[21:19]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, brtt. EMS, þskj. 457.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:20]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 457. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[21:20]

Einar Már Sigurðarson (frh.):

Herra forseti. Þar sem afbrigði hafa verið veitt, þá get ég rætt örlítið um þá tillögu sem ég hef hér lagt fram, en eins og ég sagði áðan í ræðu minni hefur þetta mál nokkuð verið rætt í dag og snertir 7. gr. fjárlaga 2001, lið 4.47, en þar segir með leyfi forseta:

„Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði."

Nú hefur hæstv. fjmrh. upplýst að búið er að selja þá jörð og söluandvirðið var 102 millj. kr. (Gripið fram í.) Hluta jarðarinnar, herra forseti, þarna er um hluta jarðarinnar að ræða og andvirði þess hluta er 102 millj. kr. Gerð er tillaga um það í tillögum meiri hluta fjárln. að 50 millj. af þessu söluandvirði sé ráðstafað á þann hátt að Skógrækt ríkisins fái 40 millj. kr. og Garðyrkjuskóli ríkisins 10 millj. kr. Hvort tveggja er tengt við söluhagnað af jörðinni Straumi.

En eins og fram kom er ekkert um það getið í fjárlögum þessa árs hvernig ráðstafa skuli söluhagnaði af sölu jarðarinnar Straums í Hafnarfirði. Hins vegar kom fram fyrr í dag þegar ég fór í andsvar við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson þegar hann gerði grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. að með tillögum meiri hluta nefndarinnar er algjörlega farið á svig við orð fyrrv. formanns fjárln., hæstv. heilbrrh., sem á mjög skilmerkilegan og skýran hátt tilkynnti við umræðu í fyrra að það væri fortakslaust að söluandvirðinu ætti að verja til styrktar rekstri Skógræktar ríkisins. Og það kom ítrekað fram hjá hæstv. heilbrrh., þáv. formanni fjárln., að þetta væri skoðun meiri hluta fjárln.

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel það afar mikilvægt að orð formanna fjárln. standi. Þegar formenn fjárln. lýsa yfir skoðunum meiri hluta fjárln., þá eigi það að vera jafngilt skýringum með frv. Í þessu tilfelli held ég að flestir ef ekki allir hv. þm. hafi skilið þau orð á þann hátt.

Það verður að segjast alveg eins og er að auðvitað er ótrúlega lágt lagst að vera að tína af Skógrækt ríkisins 10 millj. kr., ég tala nú ekki um ef við setjum það í samhengi við það að á meðan er verið að ráðstafa 300 millj. kr. sem ekki nokkur leið virðist vera fyrir fjárln. að fá upplýsingar um hvað verið er að gera við, þá er lagst svo lágt að reyna að tína af Skógrækt ríkisins 10 millj. kr. Nei, herra forseti, það er auðvitað fyrir neðan virðingu þingsins að standa svona að málum.

Þess vegna, til að bjarga heiðri þingsins í raun og veru, hef ég lagt fram brtt. við 4. gr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Liður 4.47 í lögunum orðast svo: Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í Straumi í Hafnarfirði og verja andvirðinu til Skógræktar ríkisins."

Herra forseti. Verði þessi brtt. samþykkt er það tryggt að söluandvirðið fer til Skógræktar ríkisins eins og rætt hefur verið um hér í þingsölum og ég hélt þar til ég sá þessa brtt. að

væri samdóma vilji allra hv. þm., þá er það tryggt að þannig fer með fjármagnið án þess að Garðyrkjuskóli ríkisins þurfi að gjalda fyrir það og sú stofnun haldi þeim 10 millj. sem gerð er tillaga um að renni til skólans.

Einnig er nauðsynlegt, herra forseti, að bæta hér örlitlu við vegna þess að hæstv. fjmrh. kom upp í andsvörum við annan hv. þm. og rökstuddi m.a. þennan gjörning með því að við Garðyrkjuskóla ríkisins færu fram skógræktarrannsóknir. Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að hæstv. fjmrh. komi hér á eftir og skýri út fyrir þingheimi hvaða rannsóknir þar eru á ferðinni.

Ég notaði tímann á meðan á umræðu stóð í dag og reyndi að afla mér upplýsinga um hvaða rannsóknir þar væru á ferðinni. Ég ræddi við nokkra menn sem ég treysti fyllilega til að gera sér grein fyrir því hvað skógræktarrannsóknir eru og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að þeir ágætu aðilar könnuðust ekki við slíkar rannsóknir. Þess vegna er mjög brýnt, ef það er meginrökstuðningurinn fyrir því að taka 10 millj. kr. af Skógrækt ríkisins vegna þess að svo mikilvægar skógræktarrannsóknir fari fram hjá Garðyrkjuskóla ríkisins, að þá sé það algjörlega klárt hvaða rannsóknir hér eru á ferðinni.

Það skal hins vegar upplýst að það er samstarfsverkefni á milli Skógræktar ríkisins, Garðyrkjuskóla ríkisins og Náttúrufræðistofnunar þar sem þeir leggja saman í púkkið til að tryggja doktorsnema við Garðyrkjuskólann laun. Þau laun eru ekkert nándar nærri sú upphæð sem hér um ræðir, enda er skýringin sú, herra forseti, með tillögunum að verið sé að greiða rekstrarhalla við Garðyrkjuskóla ríkisins.

Þess vegna ítreka ég það enn einu sinni, herra forseti, að hér er auðvitað allt of lágt lagst til að þingheimur geti samþykkt slíkt. Hins vegar er ekkert vafamál að Garðyrkjuskóli ríkisins þarf væntanlega á 10 milljónum að halda til að rétta við reksturinn.

En ég ítreka, herra forseti, að það er gjörsamlega óviðunandi í ljósi fyrri umræðna og þeirra skoðana sem ýmsir hafa áður lýst að þær 10 millj. kr. séu teknar af Skógrækt ríkisins og því vænti ég þess að hæstv. fjmrh. komi hér upp í andsvari þannig að hægt sé að taka af allan vafa í málinu og lýsi sig fylgjandi þeirri brtt. sem ég hef hér mælt fyrir til þess að heiðri Alþingis sé bjargað í málinu.

[21:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem við vorum að fjalla um í fjárln. í kvöld var nákvæmlega þetta: Við fengum bréf í trúnaði um hverjir væru að selja eignir ríkisins. Við vitum hvaða eignir þetta eru, það eru þrjár eignir. Það vita allir að ekki er búið að selja eignirnar.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Einar Má Sigurðarson, 4. þm. Austurl., af því ég veit að hann hefur fengist töluvert við stærðfræðikennslu: Hvernig ætlar hann að kenna börnum það — nú vitum við að sölulaun eru hlutfallslaun — þegar allar þrjár stærðirnar eru óráðnar, hvernig ætlar hann þá að skipta sölulaununum sem eru hlutfallsleg? (**Gripið fram í:** Þetta er bara algebra.)

[21:28]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var býsna skemmtileg spurning frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

Það er hins vegar eðlilegt áður en ég fer að reikna þríliðuna fyrir hv. þm. að upplýsa að það sem hann sagði að við hefðum fengið á fundinum í kvöld og í bréfi frá forsrn. lá allt saman fyrir áður, það sem hann nefndi. Við vorum áður búnir að fá upplýsingar um hvaða fyrirtæki ætti að selja. Við vorum áður búnir að fá upplýsingar um hvaða aðilar það væru sem ættu að fá þessar 300 millj. Það sem við vorum að biðja um var sundurliðun á þessu. Og ef allt er svona óvisst, hv. þm., þ.e. hvað verður selt og hvert söluandvirðið verður, hvernig stendur þá á því að forsrn. gat fundið þessa merku tölu 300 millj.? Eitthvað hefur þar staðið að baki. Einnig liggur fyrir í fjáraukalagafrv. að gert er ráð fyrir að söluhagnaðurinn verði rúmir 20 milljarðar. Það ætti því ekki að vera vandamál ef búið er að ganga til samninga við öll þessi fyrirtæki að upplýsa fjárln. um hvaða prósentutölur það eru sem eiga að renna til hvers fyrirtækis, ef það er þannig, hv. þm. hefur sagt að hann hafi þær upplýsingar að það séu einhverjar prósentur, þá hlýtur að vera í lagi að láta fjárln. vita hvaða prósentur hér eiga í hlut þannig að menn geti þá leikið sér a.m.k. með dæmið út frá þeim tölum sem eru í fjáraukalagafrv. og skipt þessu niður á aðila út frá þeim prósentum sem hv. þm. líklega veit hverjar eru. Það væri auðvitað mjög fróðlegt ef hv. þm. mundi upplýsa okkur um það hvaða prósentur hér eiga í hlut og telja upp fyrirtækin og gefa prósenturnar við hvert. Þá væri nú trúlega komið megnið af þeim upplýsingum sem við höfum verið að biðja um, hv. þm.

[21:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er furðulegt, herra forseti, að menn skuli eyða nærri tveim dögum í þetta moldviðri út af engu.

Upplýsingar forsrn. eru fullkomnar, það vantar ekkert í þær. Það er alveg vitað mál hver sölulaunin eru og hvað gengur á almennum markaði í heiminum, það er ekkert leyndarmál ef menn leita eftir því. Ég bauð hv. þm. að reikna þetta fyrir hann svona „sirkabát omtrent". (**Gripið fram í:** Með þríliðu?) Með engri óþekkt og engri þríliðu. Það þarf nefnilega ekki. Það er ekki hægt að skipta þessu nákvæmlega fyrr en salan hefur farið fram. Hún hefur ekki farið fram en af því verður vonandi fyrir áramót. Allt þetta moldviðri um að verið sé að leyna einhverjum upplýsingum eru bókstaflega fáránlegt, herra forseti. (**Gripið fram í:** Hverju er verið að leyna?) Það er engu verið að leyna. Það liggur fyrir að við ætlum að selja þessi þrjú fyrirtæki, það liggur fyrir áætlun um á hvað við gætum u.þ.b. selt þau þó að við vitum það ekki. Þess vegna hafa menn áætlað hvað það mundi kosta að selja þau og það vantar engar upplýsingar. Þetta er bókstaflega heilaspuni frá upphafi til enda. (Gripið fram í.)

Allar upplýsingar sem liggja fyrir hjá okkur í fjárln. liggja alveg nægjanlega skýrt fyrir. Við munum svo geta skipt þessu nákvæmlega þegar sala fer fram.

Hér er verið að búa til reyk og púðurkerlingar úr engu. Það er ekkert sem vantar í þetta. Og ef stjórnarandstaðan hefur ekkert annað að gera en að tala sig hása um mál eins og þessi er náttúrlega alveg sjálfsagt að halda hér áfram einhverja daga. (Gripið fram í.) Vegna þess að hv. þm. er svo vanur að kalla fram í fyrir öðrum get ég sagt honum þetta, að það er líka hægt að taka hann með í þetta því að það er ekkert sem liggur óskýrt fyrir. Við erum að selja þessi fyrirtæki, það er búið að ráða ákveðinn aðila til að selja þau og það er ekki nokkur skapaður hlutur sem vantar í þessar upplýsingar nema að fyrirtækin eru óseld þannig að nákvæm skipting á þessu getur ekki komið fram (**Gripið fram í:** Hvað var þessum aðilum greitt?) fyrr en búið er að selja þau. Það er

algjörlega óþarft að halda því fram að nokkurn hlut vanti í þessar upplýsingar.

[21:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér voru merkilegar upplýsingar á ferð. Ég held að ég verði að biðja hv. þm. að hringja hið snarasta í ráðuneytisstjórann uppi í forsrn. og upplýsa hann um að þetta liggi raunverulega allt saman ljóst fyrir og hann geti bara skrifað bréf í snatri og upplýst það sem upp á vantar. (**EOK:** Hann gerði það. Þú fékkst bréf í dag.) Rétt er það, herra forseti, ég fékk bréf í dag. Ég hef lesið það bréf og í því eru því miður ekki þessar upplýsingar sem hv. þm. er að tala um. (**EOK:** Nú?)

En ég vil vekja sérstaka athygli á því, herra forseti, að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln., sagði áðan að upplýsingarnar frá forsrn. væru fullkomnar. Það kom hins vegar fram á fundi fjárln. í fundarhléi áðan að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln., taldi upplýsingarnar ekki fullnægjandi. Þær væru ekki þær sem beðið hafði verið um.

Hér er greinilega einhver ágreiningur á milli formanns og varaformanns fjárln. Ég velti fyrir mér hvort það geti verið skýringin á því að það stendur á þessum upplýsingum að jafnvel sumir hv. þm. í fjárln. vilji ekki að þessar upplýsingar verði lagðar fram.

Ég spyr þess vegna: Hvaða upplýsingar eru þetta sem ekki má leggja fram? Ef hv. þm. virðist vita allt um málið, af hverju notar hann ekki tækifærið og kemur hér með þó ekki væri nema stutta ræðu? Þetta eru ekki miklar og langar upplýsingar ef mark má taka á því sem hv. þm. hefur sagt þannig að hann gæti hér á örskammri stundu leyst málið með þeim upplýsingum sem hann virðist búa yfir.

Og það er rétt að hv. þm. bauðst til að fara yfir þetta mál með mér. Ég þáði það og er tilbúinn til að sitja með honum hér og fá að sjá þessar tölur allar á blaði, þó það nú væri, því ég er að leita eftir þessum upplýsingum. Og ef hv. þm. býr yfir upplýsingunum þigg ég með þökkum að fá þær frá honum ef forsrn. treystir sér ekki til að veita þær.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 5. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

[21:35]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er fáránlegt að ætla mér að ég hafi verið að biðja forsrn. um að skrifa einhver bréf öðruvísi en þeir vilja skrifa sín bréf.

Í þessu bréfi voru þær upplýsingar sem við þurftum að fá og báðum um. Það vita allir sem vilja vita það að ekki er búið að selja fyrirtækin. Þess vegna veit enginn skiptinguna. En allir menn sem vita eitthvað um sölu á fyrirtækjum vita að menn gera það hlutfallslega fyrir þóknun og það er ekkert leyndarmál í því þannig að það var ekkert sem vantaði inn í þetta bréf. Þetta er bara moldviðri út af engu. Og ásakanir á mig um að ég fari að standa fyrir því að menn skrifi ekki hvað sem er í slíkt bréf eru fáránlegar.

Ég tel bréfið alveg fullnægjandi vegna þess að ráðuneytið sagði frá því sem hægt er að segja frá, það er ekki búið að skipta tölunni vegna þess að fyrirtækin eru ekki seld.

[21:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mig langar að fara hér nokkrum orðum um þann málflutning sem dunið hefur yfir okkur í dag varðandi ráðstöfun sölutekna hér, fyrst aðeins einni eign en síðan af annarri nú eftir kvöldmat. Það er að sjálfsögðu verið að gera hér úlfalda úr mýflugu eins og venjulega, gera veður út af engu, gera hluti tortryggilega sem eru ekki tortryggilegir og reyna að kasta ryki í augun á fólki varðandi heimildir um ráðstöfun sölutekna af tilteknum eignum ríkisins.

Förum aðeins yfir þetta mál. Það veitir sennilega ekki af, ég heyri það. Fyrst varðandi ráðstöfun söluhagnaðar af hlutabréfum ríkissjóðs í Stofnfiski hf. Leyfist mér að vitna í fjárlög ársins í ár, herra forseti? Það er 7. gr., liður 5.4. Þar segir að fjmrh. sé heimilt:

„.... að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins og til sérstakra rekstrarlána fiskeldisfyrirtækja."

Nú er það niðurstaða manna að ekki sé skynsamlegt að verja andvirði hlutafjár til rekstrarlána á sviði fiskeldis. Þess vegna verður það ekki gert. Ég leyfi mér að segja að það sé ekki bara óskynsamlegt, ég tel að það sé heimskulegt. Þess vegna hefur orðið niðurstaða í því máli að fá þessari ráðstöfunarheimild breytt. Hvernig er það gert? Jú, það er flutt breytingartillaga hér í Alþingi. Og hv. þm. Einar Már Sigurðarson var að vitna í hana áðan.

Þá er gert ráð fyrir því að seinni ráðstöfunarheimildin til sérstakra rekstrarlána fiskeldisfyrirtækja verði felld brott. Hvað stendur þá eftir? Að verja andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins, gera það upp sem þar er óuppgert. Þar er hins vegar um að ræða tiltölulega litla skuld þannig að nettóniðurstaðan úr þessu máli er sú að söluhagnaðurinn er mun meiri en því nemur. En til að vera ekki bundnir af því að ráðstafa andvirðinu í einhver vitleysisleg rekstrarlán fiskeldisfyrirtækja var það niðurstaða okkar landbrh. að nota hluta af þessu andvirði til að leysa önnur vandamál í landbúnaðargeiranum. (**ÖS:** Fjósið á Hvanneyri?) Og ... (**Gripið fram í:** Er nokkuð heimskulegt í gangi núna?) niðurstaðan er þá sú að leysa ákveðinn uppsafnaðan vanda í landbúnaðarháskólunum. Það er gott að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skemmtir sér vel vegna þess að hann þekkir til rekstrarlána fiskeldisfyrirtækja og er örugglega sammála okkur um að gott sé að kasta þeim hér út. En við ætluðum að nota ákveðinn hluta þessa hagnaðar til að leysa uppsafnaðan vanda, bæði varðandi Hólaskóla og skólann á Hvanneyri.

Í raun og veru er ekkert að gerast hér annað en að andvirði eignar sem er seld rennur í ríkissjóð. Og síðan eru bara veittar nýjar fjárveitingar. Eitthvað fleira sem þingmaðurinn vill bæta hér við? (Gripið fram í.) Hv. þm. situr hér og segir hallelúja á eftir öllu sem ég segi. Það er út af fyrir sig mjög gott.

En það er ekkert annað sem er að gerast þarna og í raun og veru er óþarfi að vera að tengja þetta endilega Stofnfiski. Það er samt ekkert athugavert við að skýra það í þeim tillögum sem fylgja brtt. nefndarinnar og koma frá ríkisstjórninni. Það er allt í lagi að skýra það að ástæðan fyrir því að allt í einu er farið í að leysa vanda landbúnaðarháskólanna, annars vegar á Hólum sem hv. þm. Jón Bjarnason þekkir vel og hins vegar á Hvanneyri, er sú að ný verðmæti verða til á verksviði landbrn. Það var ákveðið að nota tækifærið og ganga í að

leysa þarna vissan vanda. Ég hefði haldið að menn mundu kannski frekar fagna því en að gera athugasemdir.

Þetta er bara skýring á því hvers vegna allt í einu eru komnar fjárveitingar í þessa skóla sem hafa átt við mikinn vanda að stríða og við höfum ekki viljað taka á fyrr en ljóst væri að framtíðarvandi þeirra yrði líka leystur. Og það hangir á spýtunni hér að nú verða skólarnir að taka sig á hvað það varðar.

En það þarf auðvitað ekki, eins og hv. þm. var að gefa í skyn, að afla einhverrar nýrrar ráðstöfunarheimildar með 7. gr. fjárlaga til að geta gert þetta vegna þess að það er bara andvirði sem rennur í ríkissjóð og svo er ný fjárveiting veitt til þessara hluta.

Og auðvitað er alveg það sama með jörðina Straum sem getið er um í 7. gr. fjárlaga yfirstandandi árs, heimildargreininni þar nr. 4.47, en þar segir:

„Fjármálaráðherra er heimilt að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði."

Það sem gerðist í síðustu viku var það að ákveðinn hluti af þessari jörð var seldur fyrir það andvirði sem hér hefur margoft verið nefnt og ákveðið hefur verið að verja megninu af því í þágu Skógræktar ríkisins. Hins vegar er það auðvitað í formi almennrar fjárveitingar alveg eins og framlagið til Garðyrkjuskólans, og í raun og veru má segja að það hafi verið algjör óþarfi að vera með einhverjar útskýringar á því að þetta garðyrkjuskólaframlag kæmi endilega af þessum peningum vegna þess að þetta blandast allt í einum potti í ríkissjóði. En það er gert til þess að menn glöggvi sig á því af hverju allt í einu núna er farið í að leysa vanda þessarar stofnunar í landbrn. Útúrsnúningar hv. þm. um ummæli mín hér um skógræktarrannsóknir og Garðyrkjuskólann missa algjörlega marks þegar haft er í huga að þetta er auðvitað náskyld starfsemi og það er bara verið að nota tækifærið vegna þess að þarna kemur inn söluandvirði, og ekki bara til að leysa vandamál Skógræktar ríkisins sem eru ærin að því er reksturinn varðar heldur líka Garðyrkjuskólans.

Ef þingmaðurinn vildi vera sjálfum sér samkvæmur ætti hann að gagnrýna að allt söluandvirðið skyldi ekki vera sett í einu, 102 millj. mínus sölukostnaður, í Skógrækt ríkisins. En það var ekki gert heldur höfum við landbrh., bæði varðandi Skógrækt ríkisins en einnig varðandi Hvanneyri og Hóla, gert sérstakt samkomulag um það hvernig eigi að ráðstafa þessum peningum með fjárveitingum á nokkrum árum. Í millitíðinni liggur mismunurinn í ríkissjóði. Þetta vita allir menn sem komið hafa nálægt þessum málum og við þetta er ekkert athugavert, bara engan veginn. Þvert á móti er það mjög jákvætt og fínt að hægt skuli vera að taka á þessum málum. Og þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson verður kominn í nýja fjósið á Hvanneyri sem verður sjálfsagt reist á næstu árum veit ég að hann verður mjög glaður yfir starfseminni sem þar fer fram. (**Gripið fram í:** ... ráðsmaður þar?) Það gæti endað með því já, það gæti sennilega endað með því. (**Félmrh.:** Nei, það hugsa ég ekki.) — sagði félmrh. sem þekkir vel til í fjósum.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þetta komi fram, herra forseti, auk þess sem ég vil bæta því við sem ég sagði áðan í andsvari að ég hef í höndunum ljósrit af afsalinu sem liggur til grundvallar því að Skógrækt ríkisins er eigandi þessarar jarðar eða að ákveðnum hluta hennar. Og það er ákveðinn aðili sem árið 1949 afsalar þessari jörð til ríkisins, þ.e. til Skógræktar ríkisins sem er auðvitað A-hluta stofnun, ríkisaðili í A-hluta, og getur ekki selt eða ráðstafað þessari eign nema í gegnum ríkissjóð og þess vegna er það fjmrh. sem hefur þessa söluheimild og hún var auðvitað nýtt í samráði við landbrh. og í grundvallaratriðum í þágu Skógræktarinnar. En í afsalinu sem liggur þessu öllu saman til grundvallar stendur, eins og ég las upp hér áðan, að eigninni er afsalað til Skógræktar ríkisins með „gögnum og gæðum og án allra kvaða. Með öðrum orðum, ef eignin er seld rennur andvirðið í ríkissjóð og þá er það í sjálfu sér formlega séð ákvörðun Alþingis hvernig andvirðinu er ráðstafað.

Ég er hins vegar sammála mönnum um það sem haldið hefur verið fram í landbrn. að eðlilegt sé að andvirði slíkrar jarðar, sem hefur verið gefin Skógrækt ríkisins, renni til Skógræktarinnar eða almennrar skógræktarstarfsemi í landinu í aðalatriðum. Ég tel að fullkomlega eðlilegt sé að leysa jafnframt vanda Garðyrkjuskólans af þessu tilefni.

Þetta er allt málið, hv. þingmenn. Ekki er það sérstaklega flókið eða sérstök ástæða til að gera það tortryggilegt. Og ef við hefðum ekki verið svo vænir, við landbrh., að geta þess sérstaklega með skýringum, bæði að því er varðar Stofnfisk og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og skólann á Hólum og svo að því er varðar Garðyrkjuskólann, að þetta væri í tengslum við þessa sölu heldur látið andvirði þeirra bara renna í ríkissjóð, þá hefði þetta ekki orðið að neinu máli. Þá hefði hv. þm. Einar Már Sigurðarson ekki spurt neitt út í þetta og sjálfsagt ekki einu sinni tekið eftir því að minna af sölupeningunum er látið renna í Skógrækt ríkisins á þessu ári heldur en nemur öllu söluandvirðinu þó að þetta skili sér á nokkrum árum.

Ég vona, hv. þingmenn, að þetta skýri málið. Hér hefur verið gert mikið veður út af engu en ég tek undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að heimildargreinin að því er varðar söluna á Skólabrú 2 — þar er um að ræða ákveðna leiðréttingu sem við urðum sammála um við 1. umr. að hefði vantað inn í frv. þá. Ég gat þess þá að það væru mín mistök. Þau eru hér með leiðrétt. Að öðru leyti mundi ég mæla með því að við létum þetta tal niður falla.

[21:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins ein örlítil fyrirspurn til hæstv. fjmrh.: Hver var það sem í fyrra lagði til við Alþingi hugmyndina um þessi vitleysislegu rekstrarlán til fiskeldis?

[21:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, nú er stórt spurt. Ég verð að viðurkenna að ég man það nú ekki nákvæmlega en ætli við í ríkisstjórninni verðum ekki að taka það á okkur eins og ýmislegt fleira sem gert er. (**ÖS:** Heldurðu að það geti hafa verið hæstv. fjmrh.?) Það má vel vera. Mér verða á mistök eins og fleirum. Hvað sem því líður þá er þetta textinn eins og hann er í fjárlögunum í dag.

Eftir á að hyggja er það mjög óskynsamleg hugmynd og vitleysisleg, eins og þingmaðurinn sagði, og sennilega jafnvel heimskuleg, eins og ég sagði áðan, að láta sér detta í hug að ráðstafa þessu andvirði þannig að taka andvirði eignar með þessum hætti og ætla að ráðstafa í rekstrarlán án þess að það sé nánar skilgreint. En hugmyndin kom ekki frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, svo mikið er víst.

[21:50]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera hér örfáar athugasemdir við ræðu hæstv. fjmrh. Ég vona að að megninu

til sé bara um misskilning að ræða á milli okkar, það hefur reyndar einstaka sinnum gerst áður. Venjulega hefur tekist býsna vel að leiðrétta slíkt.

Athugasemdir mínar voru út af fyrir sig ekkert síður þær að hér væri í raun jafnvel um óþarfa að ræða, að tengja t.d. Hólaskóla og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri við söluhagnað Stofnfisks. Greinin stæði þá alveg fyllilega út af fyrir sig ef svo væri. Þess vegna væri auðvitað nær að fella það út þannig að þetta verði ekki tengt saman. Það væri miklu eðlilegra að segja að tekið yrði á rekstrarvanda þessara stofnana á þennan hátt, án þess að tengja það nokkuð við Stofnfisk.

Hefðin er auðvitað sú að í 7. gr. fjárlaga er yfirleitt gerð grein fyrir því ef ætlunin er að ráðstafa söluhagnaði til ákveðinna verkefna. Þess vegna, þó ekki væri nema til að halda stílnum, hefði verið eðlilegt að taka þetta inn í 7. gr. eða sleppa þessum skýringum ella.

Ég get alveg fallist á það með hæstv. fjmrh. að það er auðvitað einfaldara að fella þetta bara út úr skýringunum. En ég er því miður hræddur um, herra forseti, að við eigum svolítið erfitt með að taka það út, úr því sem komið er.

Ég vil því bara leggja áherslu á orð hæstv. fjmrh. um að það sé óþarfi að hafa þetta inni. Við ættum þá í raun að líta fram hjá því, þannig að þetta sé bara úr ríkissjóði og að söluandvirði Stofnfisks, að öðru leyti en því sem ráðstafað er skv. 7. gr., renni í ríkissjóð.

Hins vegar, herra forseti, þar sem ég sé að tími minn er að renna út í fyrra andsvari, mun ég geyma Straum til seinna andsvars en hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. hvað hafi breyst varðandi ráðstöfun til rekstrarlána í laxeldi frá því sem gert var ráð fyrir í fyrra. Hvað hefur breyst í þeim efnum á árinu sem liðið er síðan? Eða var þetta jafnheimskulegt þá eins og hæstv. ráðherra lýsir því nú?

[21:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú alveg áreiðanlega þannig þá. Og landbrn., sem hefur hönd í bagga varðandi þessi mál, komst líka að þeirri niðurstöðu þannig að það er sameiginleg ákvörðun okkar að hætta við það.

Að því er varðar hitt málið og það hvort þessar skýringar eigi að vera þarna inni eða ekki þá sýnist mér að niðurstaðan í því máli sé sú, að þrátt fyrir að menn hafi verið að kvarta undan því hér í þinginu í allan dag að fá of litlar upplýsingar frá ríkisstjórninni, þá sé umkvörtunarefnið í þessu tilfelli það að of miklar upplýsingar hafi verið gefnar. Ég sé ekki betur.

Eins og ég sagði áðan þá finnst mér þetta komið út í hreint rugl. Skýringarnar liggja fyrir og ég legg til að menn taki frekar upp léttara hjal en þetta.

[21:53]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að kvarta yfir því að upplýsingarnar skuli koma frá ríkisstjórninni. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra að það hefur nokkuð verið rætt um það, bæði í gær og í dag, að nokkuð hafi skort á upplýsingar. En hér er ekki verið að kvarta yfir því að þær séu of miklar heldur er það lágmarkskrafa að samræmi sé í upplýsingunum þannig að hlutirnir passi saman. Það er nú lykilatriði að það sé ekki handahófskennt hvaða upplýsingar eru gefnar, hvenær og hvernig.

Varðandi seinna málið sem hæstv. fjmrh. ræddi um, þ.e. sölu á jörðinni Straumi í Hafnarfirði þá vakti ég sérstaka athygli á því og vil ítreka það, að hæstv. ráðherra vék engu orði að því sem ég vitnaði til, þ.e. þegar hæstv. heilbrrh., þáv. formaður fjárln., gaf ákveðnar skýringar hér í þingsalnum. Ég lagði höfuðáherslu á að afar brýnt væri að þegar formaður fjárln. gefur yfirlýsingar fyrir hönd meiri hluta fjárln. þá eigi þær yfirlýsingar að standa. Þannig að þó að skipt sé um formann í fjárln. þá verða ekki orð fyrrv. formanns orðin dauð og ómerk þar með.

Slík orð hljóta að standa. Þess vegna, herra forseti, ítreka ég að tillaga mín um lausn á þessu máli er fyrst og fremst sett fram til að tryggja að við getum treyst því að þegar formaður fjárln. kemur hér í þingsalinn og talar fyrir munn meiri hluta fjárln. eða allrar nefndarinnar þá standi þær yfirlýsingar a.m.k. árið, þannig að hægt verði að taka mark á því sem hv. þingmenn sem eru í forsvari fyrir fjárln. segja hér í þingsalnum.

[21:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hélt því fram í ræðu sinni áðan að verið væri að hafa fé af Skógrækt ríkisins og hann væri með tillögu sinni að koma í veg fyrir slíka vá. Þetta er náttúrlega bara útúrsnúningur. Ég tel að sú ráðstöfun sem hér er lögð til sé í raun í fullu samræmi við það sem hv. formaður fjárln. sagði í fyrra. Þessum peningum verður varið til málefna skógræktarinnar í breiðum skilningi þó svo að þeir renni ekki allir til stofnunar sem heitir Skógrækt ríkisins, sem sé skógræktarmálefna eða skyldra mála.

Ég sé ekki að það þurfi að gera veður út af því. Eins og ég sagði áðan, ef við hefðum sleppt þessari tilvísun í skýringum um framlagið til Garðyrkjuskólans þá hefði enginn maður farið að slá upp í ársgömlum ummælum formanns fjárln. Er nú ekki mál að linni, hv. þm.?

[21:56]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil andmæla þeim orðum hæstv. fjmrh. að hægt sé að líkja sölu og söluhagnaði Stofnfisks og söluhagnaði af jörðinni Straumi saman, að þetta séu sambærilega gjörðir. Svo er ekki vegna þess að eignarhluti Straums var gjöf til Skógræktar ríkisins og í afsalinu segir að Skógrækt ríkisins geti farið með jörðina með gögnum hennar og gæðum án nokkurra kvaða, þ.e. kvaða á Skógrækt ríkisins, hvernig hún fari með jörðina meðan hún heldur henni og hugsar um hana.

Það skiptir máli þegar jörðin er seld hvort Skógrækt ríkisins, sú stofnun, sem á í miklum fjárhagsvanda, fái andvirði af sölunni eða hvort hluta af andvirði sölunnar verði ráðstafað til annarrar stofnunar. Garðyrkjuskóli ríkisins á líka við fjárhagsvanda að etja og það þarf að leysa hann en það á ekki að gera það með því að nota söluandvirði af jörðinni Straumi, sem Skógrækt ríkisins á.

Herra forseti. Garðyrkjuskóli ríkisins er ekki í skógræktarverkefnum, ekki rannsóknum og hefur ekkert með skógrækt að gera. Þess vegna er verið að fara á svig við kvaðirnar með því að veita fjármuni sem Skógrækt ríkisins á til annarrar stofnunar. Við eigum að leysa fjárhagsvanda Garðyrkjuskólans á annan hátt.

[21:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andsvar útskýrir eiginlega enn betur þann misskilning sem hér er á ferðinni. Við höfum auðvitað alveg eins getað tengt Garðyrkjuskólann og framlagið til hans sölunni á hlutabréfunum í Stofnfiski. Við höfum í öðru lagi getað veitt þetta fé án þess að tengja það með nokkrum

hætti við þá sölu sem hér er um að ræða á Stofnfiski og Straumi.

En til þess að gefa fólki hugmynd um tilefni þess að nú er tækifæri til að leysa vandann hjá þessum stofnunum þá eru gefnar þessar skýringar. Þetta er ekkert flókið. Það er ekki verið að hlunnfara Skógrækt ríkisins og það er auðvitað alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að aðilar í A-hluta ríkissjóðs hafa ekki sjálfstæðan fjárhag með þeim hætti að þeir geti ráðstafað eignum og skuldum, tekjum og gjöldum, eins og venjuleg fyrirtæki. Það er bara ekki þannig. Þegar fólk er að gefa Skógræktinni eða öðrum ríkisstofnunum eignir þá er það að gefa ríkinu eignir, ríkissjóði. Auðvitað er eðlilegt að taka tillit til þess, þegar eignunum er ráðstafað þó að umliðin séu meira en 50 ár, hver var vilji gefandans. Það er alveg sjálfsagt og það er líka gert.

Ég tel að hér sé verið að ráðstafa þessu andvirði, og muni verða gert á næstu árum í þágu skógræktarstarfsemi í landinu, bæði beint í gegnum Skógrækt ríkisins en einnig óbeint í gegnum þá ráðstöfun sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[22:00]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir auðvitað máli fyrir þá sem ætla sér að gefa og hafa gefið eignir til ríkisins og hafa tilnefnt ákveðnar stofnanir til að varðveita þær eignir, að eignirnar nýtist eins og til var ætlast. Afsalið að jörðinni er til Skógræktar ríkisins. Mér finnst það vera ákveðið siðferði og siðferðiskennd sem segir okkur að við eigum að virða vilja gefendanna og að þeir sem bera velvilja til ákveðinna verkefna eða stofnana eiga að geta treyst því að fjármunirnir fari í viðkomandi verkefni. Þess vegna skiptir kannski mestu máli þegar upp er staðið að andvirði jarðarinnar renni til Skógræktar ríkisins.

Ég held að okkur sé það öllum ljóst að Skógrækt ríkisins getur ekki selt jörðina og ráðstafað fjármagninu að eigin geðþótta, andvirði sölunnar fer auðvitað í gegnum ríkissjóð.

En það skiptir máli að upphæðin, andvirði sölunnar fari óskipt til skógræktar.

[22:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr: Hefði þingmanninum og öðrum þingmönnum sem hafa tjáð sig um þetta liðið eitthvað betur ef ekki hefði verið gefin sú skýring varðandi framlag til Garðyrkjuskólans að þetta væri tengt sölunni á þessari tilteknu jörð? Það hefði þá ekkert annað breyst og þá hefði þessi fjárhæð til Skógræktar ríkisins, 40 millj., staðið óbreytt. Hin fjárveitingin, 10 millj., hefði líka staðið óbreytt án skýringa. Þetta er málið.

Eins er með ráðstöfunina á andvirði hlutabréfanna í Stofnfiski. Það er bara verið að veita upplýsingar og upplýsa af hverju einmitt núna er tækifæri til að taka á þeim vanda sem í mörgum tilfellum er margra ára gamall. Það er vegna þess að áskotnast hafa aurar, ef svo mætti segja, á verksviði landbrn., annars vegar þessi jörð og hins vegar hlutabréfin sem við urðum sammála um, við landbrh. og eftir atvikum ríkisstjórnin sem gerir þetta að tillögu sinni, að nota tækifærið og leysa þann vanda með þeim hætti. Það er nú bara svona sem þetta er.

Ég hygg nú að Skógrækt ríkisins sem hefur haft langan hala á eftir sér, sem er margra ára gamall, muni una mjög vel við þetta og ekkert sjá ofsjónum yfir því þó þetta mál sé tengt Garðyrkjuskólanum á einhvern hátt, og þeim hefði líka verið alveg sama þótt þeirri skýringu hefði verið sleppt, geri ég ráð fyrir. Ég held að þeir fagni því að þessi jörð skuli seljast svona dýru verði, miklu hærra verði en nokkur maður átti von á, og þeir skuli geta gert sér mat úr því fyrir okkar milligöngu með þessu móti.

Þetta er ekkert mál og það er ekkert verið að hafa neitt fé af neinum. Og þetta er enn síður eitthvert stórmál sem ætti að kalla hér á langa umræðu á hinu háa Alþingi. Þetta eru tekjur í ríkissjóð og þetta eru fjárveitingar úr ríkissjóði. Þannig er formið á þessu.

[22:04]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Í frv. til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir til 3. umr. er undir lið forsrn. farið fram á 300 millj. kr. aukafjárveitingu vegna einkavæðingarverkefna. Farið er fram á þetta á fjáraukalögum. Á fjárlögum þessa árs sem samþykkt voru fyrir ári eru að mig minnir milli 15 og 16 millj. kr. sem ætlað var til slíkra verkefnia, til einkavæðingarverkefna.

Þegar sótt er um á fjáraukalögum þá er það vegna verkefna sem eru skyndileg og brýn og geta ekki beðið afgreiðslu reglulegra fjárlaga.

Herra forseti. Það hafði þegar verið gert ráð fyrir því að beita sér fyrir sölu á Landssímanum og Búnaðarbankanum á þessu ári þannig að þau verkefni voru svo sem nokkuð ljós fyrir en engu að síður er farið fram á beiðni á fjáraukalögum upp á 300 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við einkavæðingarferil á ákveðnum fyrirtækjum í eigu ríkisins, almannaþjónustufyrirtækinu Landssímanum og bönkunum, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Að mínu mati er það andstætt hagsmunum þjóðarinnar að selja Landssímann, enda sýndi þjóðin hug sinn í verki og hafnaði því að kaupa hlutabréf í honum af sjálfri sér nú á haustdögum. Það hefði svo sem verið réttast í því ljósi að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar, Framsfl. og Sjálfstfl., hefðu séð að sér og áttað sig á því hverja villu þeir voru þar að fara að ætla sér að selja Landssímann og eignarhald hans helst úr landi. Að mínu mati er það andstætt hagsmunum þjóðarinnar og hefði átt að hætta við hana í haust.

Auk þess, herra forseti, er ljóst að viðskiptaumhverfi um þessar mundir er þannig að ekki er mjög fýsilegt að vera að reyna að selja dýrmætar eignir þjóðarinnar vegna ótryggs efnahagsástands víða í heiminum og því litlar líkur til þess að þau fyrirtæki geti selst á viðunandi verði. En það er aftur á móti annað mál.

Engu að síður, herra forseti, þótti fjárln. rétt þegar hún stóð frammi fyrir þessari fjáraukalagabeiðni upp á 300 millj. kr. til einkavæðingarverkefna, sléttar 300 millj. kr., að óska eftir greinargerð og sundurliðun kostnaðar sem stæði að baki þessari fjárlagabeiðni, sem er í hæsta máta eðlilegt og fjárln. gerir og vinnur verk sitt vel og samviskulega eins og hún hefur tök á að afla upplýsinga um hvað standi að baki slíkum beiðnum.

Svör frá forsrn. komu seint og eftir ítrekun. Það var fyrst í gær, eftir að frv. til fjáraukalaga hafði verið afgreitt úr nefnd, að svar kom. Með leyfi forseta, stendur í svarinu:

„Upplýsingar um endurgjald til einstakra viðsemjenda varða mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra. Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er skylt að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum, ef hann er til þess fallinn að skaða þá hagsmuni, sem í húfi eru. Í því felst þá jafnframt að slíkar upplýsingar eru undirorpnar þagnarskyldu af hálfu

stjórnvalda að viðlagðri ábyrgð. Á þeim grundvelli hefur ráðuneytið jafnframt heitið viðsemjendum sínum að gæta trúnaðar við meðferð þeirra. Þar eð sambærileg þagnarskylda hvílir ekki á þingmönnum eða þingnefndum telur ráðuneytið því ekki fært að veita nánari upplýsingar um það hvernig framangeind fjárhæð skiptist milli einstakra viðsemjenda."

Þessu svari og slíku viðhorfi hefur verið harðlega mótmælt hér á Alþingi og því var einnig mótmælt í fjárln. Á grundvelli þeirra umræðna sem fóru fram í fjárln. og á Alþingi í gær var haldinn fundur í fjárln. þar sem farið var yfir málið og ítrekað óskað eftir svari frá forsrn. Forsrn. fór áfram fram á trúnað án þess þó að geta í rauninni vísað til þeirra laga sem réttlættu slíkt.

Á hádegisverðarfundi í fjárln. í dag var það upplýst að forsrn. væri reiðubúið að gefa umbeðnar upplýsingar til fjárln. gegn því að farið yrði með slíkt sem trúnaðarmál.

Þá var að mati þess sem hér talar talið að þetta svar lægi fyrir og væri fullnægjandi. Svarið barst síðan ekki fyrr en nú mjög síðdegis og samkvæmt þeim upplýsingum sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur hér gert grein fyrir, var það á engan hátt fullnægjandi eða svaraði þeim spurningum sem beðið var um né heldur var að mati hans, eins og hv. þm. hefur hér gert grein fyrir, neitt þar sem þyrfti sérstaks trúnaðar við.

Á fundi fjárln. nú í kvöld, þar sem þetta svar og þessi viðbrögð voru til umræðu, greindi undirritaður þess vegna frá því að á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram komu, að svarið væri engan veginn fullnægjandi né heldur væri þar neitt sérstakt sem að mati hv. þm., sem hafði þar orð fyrir og hafði séð efnið, krefðist sérstaks trúnaðar, hafnaði sá sem hér talar að taka við því bréfi án skilgreinds trúnaðar. Undirritaður lagði þar áherslu á að í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið í þinginu um málið væri eðlilegast, sjálfsagt og réttast að skriflegt svar kæmi frá forsrn., undanbragðalaust, til fjárln. og færi til þingsins sem nauðsynlegt gagn í umfjöllun um afgreiðslu fjáraukalaga.

Jafnframt lagði ég áherslu á að þingið sem slíkt starfaði eftir sérstökum og eigin lögum og þegar farið væri fram á trúnað gagnvart einstökum málum sem bærust yrði að skilgreina þar um hvers konar trúnað væri verið að biðja. Var verið að biðja um trúnað innan viðkomandi nefndar, fjárln.? Var verið að biðja um trúnað sem næði til fjárln. og til þess að fara með til umfjöllunar í þingflokkum, eða var verið að fara fram á trúnað sem fyrst og fremst næði til alþingismanna og þingsins, en ekki til almennings, þannig að málið yrði til umfjöllunar í þinginu? Þetta yrði í sjálfu sér allt að koma fram, um hvers konar trúnað væri farið fram á og þá jafnframt lagalegur rökstuðningur fyrir þeirri beiðni sem höfðað væri til varðandi þessa málsmeðferð.

Herra forseti. Í framhaldi af þeim fundi sem hv. fjárln. hélt nú í kvöld um þetta mál lét undirritaður bóka að hann teldi að þær upplýsingar ættu að koma fram sem beðið hefði verið um af hálfu forsrn. vegna einkavæðingarverkefna upp á 300 millj. kr., þær ættu að koma fyrir nefndina og ættu að koma fyrir þingið og að 3. umr. um fjáraukalögin ætti ekki að ljúka fyrr en þær upplýsingar lægju fyrir.

Ég tel afar mikilvægt, herra forseti, að með þetta mál verði farið með þessum fulla og rétta þingræðislega hætti.

Af þeim umræðum sem hér hafa síðan spunnist og vitna ég þar til hv. þm. og varaformanns fjárln. þar sem hann lét að því liggja að í sjálfu sér væru þarna engar leyndar upplýsingar, þetta gæti allt saman legið fyrir, þá er það einmitt áréttting þess að þetta mál og allar upplýsingar sem beðið hefur verið um eigi að koma undanbragðalaust fyrir þingið þannig að það geti meðhöndlað það sem og önnur mál sem eru hér til meðferðar.

Herra forseti. Þetta vildi ég láta koma fram hér varðandi umræðu um þær 300 millj. sem beðið er um á fjáraukalögum til einkavæðingarverkefna á vegum forsrn. og hefur verið beðið um sundurliðun á eins og eðlilegt er.

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel að slíkar upplýsingar eigi að liggja fyrir og ég hef gert kröfu þar um áður en 3. umr. um fjáraukalög lýkur.

Þá hyggst ég einnig leggja fyrir þingið brtt. sem felur það í sér að þær 300 millj. sem farið er fram á vegna útboðs og einkavæðingarverkefna í fjáraukalögum verði felldar niður.

Herra forseti. Ég ítreka að þingið og nefndir þess eiga hinn eina og sanna þingræðisrétt til að fá upplýsingar, fjalla um mál og afgreiða þau.

[22:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins víkja að einum þætti í máli hv. þm.

Þingmaðurinn sem var á fundi í fjárln. í dag ásamt fleirum gekkst undir það að þær upplýsingar sem bærust frá forsrn. og sem lýst var yfir að væru trúnaðarmál, eins og formaðurinn gerði í samtölum við ráðuneytið, að með þær yrði farið sem trúnaðarmál. Enda þótt þingmanninum líki ekki innihald bréfsins sem hann hefur upplýst hér að hann hafi reyndar ekki séð heldur hefur afspurn af að sé ekki fullnægjandi, enda þótt honum líki ekki sú afspurn og þær fréttir þá er það allt annar handleggur en það hvort maður heldur trúnað eða ekki. Ég veit að hv. þm. er vandaður maður og þekkir til hinna óskrifuðu lögmála í mannlegum samskiptum og hvað þá í stjórnsýslu, að þegar maður hefur undirgengist trúnað þá stendur maður við hann. (Gripið fram í.) Hitt atriðið, hvort þingmanninum líkar þau svör sem hafa verið gefin, er annar handleggur.

[22:21]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki athugasemd við það þó að hv. þm. og formaður fjárln. sem hefur séð viðkomandi bréf, geri ekki opinskátt efni þess af því hann hefur lýst því yfir að hann sé bundinn trúnaði og ég geri ekki athugasemdir við það. Það sem ég geri athugasemdir við er að ég tel að þetta mál eins og það er vaxið eigi að koma inn í þingið eins og hér hefur komið mjög ákveðin og rökstudd krafa um. Ég tel að það eigi að gerast áður en umræðu um þetta mál lýkur og að þá þurfi að koma ítarlegri rökstuðningur með tilvitnun í þær lagagreinar sem hann styðst við, þ.e. með hvaða hætti og hver sá trúnaður skuli vera og hve langt hann skuli ná ef fallast eigi á hann. Að sjálfsögðu virði ég afstöðu hv. formanns fjárln. gagnvart persónulegri stöðu sinni og þeim upplýsingum sem hann hefur tekið við og gefið fyrirheit um að halda trúnað um.

[22:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér til staðar í þingsal eru bæði hæstv. fjmrh. og hv. formaður fjárln. sem hér talar eins og fulltrúi leynireglu og finnst eðlilegt að upplýsingum sé haldið leyndum fyrir Alþingi og fyrir þjóðinni.

Herra forseti. Að mínum dómi er ekki forsvaranlegt að afgreiða fjáraukalög án þess að fyrir liggi ítarleg greinargerð

og sundurliðun á þeim 300 millj. kr. sem ætlaðar eru til að standa straum af einkavæðingu ríkisstjórnarinnar. Hverjum er verið að borga þessa peninga, fyrir hvaða verkefni og á hvaða forsendum eru þessar greiðslur inntar af hendi? Alþingi á kröfu á því, á heimtingu á því að grein verði gerð fyrir þessu.

Það ákvæði í fjáraukalögum sem Alþingi verður gert að greiða atkvæði um hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Útboðs- og einkavæðingarverkefni 300 millj. kr."

Og í greinargerð með frv. segir eftirfarandi um þessa fjárupphæð, með leyfi forseta:

„Farið er fram á 300 millj. kr. aukafjárveitingu til tveggja viðfangsefna á þessum lið.

1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Lagt er til að veitt verði 300 millj. kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar við sölu á hlutabréfum ríkisins. Um er að ræða kostnað vegna ráðgjafar, umsjónar með sölu og frágangi skjala. Ákveðið hefur verið að selja hlutabréf ríkisins í Landssíma Íslands hf., Landsbanka Íslands hf., Íslenskum aðalverktökum hf. og Stofnfiski hf. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna sölu á hlutabréfum árið 2001 eru um 28 milljarðar króna."

Meira segir ekki í greinargerð um þennan fjárlagalið.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom hins vegar hingað í pontu áðan og upplýsti að allt annað stæði til að gera en Alþingi er hér gerð grein fyrir. Hann talaði um prósentur, um að þeir sem tækju þátt í einkavæðingarbraskinu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar væru á prósentum. En í fjárlagaliðnum, eða öllu heldur í greinargerð með honum, er ekki vikið að slíku. Þar er talað um ráðgjöfina. Þar er talað um umsjón með sölunni og frágangi skjala.

Herra forseti. Í mínum huga hafa vaknað spurningar sem gerast sífellt ágengari og áleitnari varðandi alla þá sem tengjast einkavæðingarbraski þessarar ríkisstjórnar.

Ég hef áður beint athygli að þeim sem sitja í einkavæðingarnefndinni og tengslum þeirra við atvinnu- og fjármálalíf í landinu því staðreyndin er sú að ýmsir þessara einstaklinga eiga jafnframt sæti í stjórnum fyrirtækja, sem hafa fengið ýmsa feita einkavæðingarbita á sitt fat.

Ég er ekki að gera því skóna að þessir menn fái í sinn vasa felumilljónirnar 300. Ég er ekki að gera því skóna þótt mig gruni að þeir vinni ekki sína vinnu fyrir ríkisstjórnina án endurgjalds. En hverjir fá þessa peninga? Hvaða einstaklingar fá þessa peninga í sinn hlut og hvaða fyrirtæki, hvaða fjármálstofnanir og á hvaða forsendum eru þessar greiðslur inntar af hendi? Alþingi á kröfu á að fá upplýsingar um þetta.

Það má furðu sæta að okkur sé boðið upp á að þetta sé leynimál, að meira að segja fjárveitingavaldið og meira að segja „fjárveitinganefnd" er náðasamlegast fengið í hendur dreifibréf úr forsrn. með sýndarupplýsingum, sem hún þar í ofanálag á að þegja um. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Ég furða mig á því að fjárln. og hv. formaður fjárln. láti bjóða sér þessa framkomu og þessi vinnubrögð.

Ég endurtek: Ýmsar spurningar gerast áleitnar um hvað hér sé á ferðinni því við vitum að þeir eru margir sem hafa makað krókinn á einkavæðingarbraskinu.

Í skjóli þessarar einkavæðingar er að myndast eins konar atvinnuvegur, ekki verðmætaskapandi, nei, síður en svo. Það er að skapast brask með almannafjármuni. Nú neitar ríkisstjórnin að upplýsa Alþingi um hvernig þessum milljónum er varið. Og við erum ekki að tala um neina smápeninga. Við erum að tala um 300 millj. kr.

Hér undanfarna daga hafa menn verið að ræða fjárlög. Menn hafa verið að gera athugasemdir við hvernig farið er með ýmsar fjársveltar stofnanir sem sinna mikilvægum verkefnum, stofnanir sem veita fötluðu fólki þjónustu. Í gær var haldinn baráttufundur á vegum Landssamtakanna Þroskahjálpar til að mótmæla svikum ríkisstjórnarinnar gagnvart fötluðum. Gefin voru fyrirheit árið 1999 um afnám biðlista eftir húsnæði. Þau fyrirheit voru ítrekuð aftur árið 2000, að vísu mikið niðurskorin. En nú eru þau loforð einnig svikin. Þarna vantar peninga.

En þegar deila á úr sjóðum til einkavinanna vantar ekki peninga. Þeir þola hins vegar ekki dagsljósið. Það finnst mér áhyggjuefni og mér finnst það áhyggjuefni fyrir hv. Alþingi að vera boðið upp á þessi vinnubrögð. Með öðrum orðum: Hvers konar viðskiptaleyndarmál getur þetta eiginlega verið? Hvers konar pukur er þetta?

Ég vil biðja bæði hæstv. fjmrh. og hv. formann fjárln. að gera okkur grein fyrir því misræmi sem annars vegar er í yfirlýsingum sem hér voru gefnar, m.a. af varaformanni fjárln., hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, og hins vegar því sem segir í greinargerð með þessum fjárlagalið. Getur verið að hér séu komnir á mála einstaklingar eða stofnanir sem fá prósentur af braskinu? Getur það verið? Ég heyrði ekki betur en hv. þm. væri að staðhæfa slíkt. Ég heyrði ekki betur.

Eitt atriði vildi ég nefna annað í tengslum við þetta fjáraukalagafrv. og það er sú framkoma sem ríkisstjórnin sýnir sveitarfélögunum í landinu og þá sérstaklega fjársveltum sveitarfélögum, þeim sveitarfélögum sem eiga við fjárhagsvanda að stríða. Við þekkjum öll framkomuna gagnvart Vestfirðingum þar sem slíkt ástand hefur verið einna bágbornast af því að Vestfirðingar voru komnir í mikla skuld við íbúðalánakerfið vegna félagslegs húsnæðis. Þeim var gert að afsala sér yfirráðum yfir Orkubúi Vestfjarða, stillt frammi fyrir þeim afarkostum að láta andvirðið renna upp í þessar skuldir.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð var með tillögur um að öðruvísi skyldi farið að, að sveitarfélögunum í landinu sem ættu við þennan fjárhagsvanda að stríða yrði veittur sá stuðningur sem þeim siðferðilega ber. Nú er hið sama að endurtaka sig gagnvart Skagfirðingum. Í Skagafirði hefur verið rekin rafveita, Rafveita Sauðárkróks. Hún hefur skilað bæjarbúum og því sveitarfélagi, sveitarfélagi Skagafjarðar, hagnaði. Í þessum fjáraukalögum vill ríkisstjórnin veita Rarik 300 millj. kr. til þess að kaupa þessa rafveitu.

Hv. þm. Kristján L. Möller blandaði sér í þessa umræðu í dag og vék nokkrum orðum að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og fannst brtt. okkar harla undarleg vegna þess að þetta væri tillaga sveitarfélagsins. Við höfum á hinn bóginn bent á að sveitarfélaginu er stillt upp gagnvart afarkostum.

Við ætlum líka að leyfa okkur, ég ætla að gera það, að hafa skoðanir á því hvað sveitarfélög gera, nákvæmlega eins og menn höfðu skoðanir á því hér fyrir fáeinum mánuðum þegar sveitarfélagið Hafnarfjörður ákvað að einkavæða grunnskólann þar í bæ. Ég man ekki betur en fulltrúar bæði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og einnig Samfylkingarinnar hefðu haft á því skoðun, jafnvel þótt þetta hefði verið meirihlutavilji í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Við leyfum okkur líka að hafa skoðun á því hvað meirihlutaviljinn vill gera á þessum bæ, á hv. Alþingi. Við búum sem betur fer í lýðræðisþjóðfélagi og höfum skoðanir á pólitískum ákvörðunum. Ég hef t.d. þá skoðun á því sjónarmiði hv. þm. Kristjáns Möllers að sveitarfélögum beri ekki að reka

orkuveitu, að það sé rangt sjónamið. Ég er ósammála því. Ég tel að orkuveitur eigi að reka á vegum almennings, hvort heldur sveitarfélags eða ríkis. Auðvitað vita allir hvert stefnir í þeim efnum. Stefnt er að því leynt og ljóst að einkavæða Rarik, að færa því fyrst eignirnar og setja það síðan yfir á einkavæðingarfæribandið.

Á þessu samhengi erum við að vekja athygli og það er í þessu samhengi sem við viljum veita Skagfirðingum stuðning okkar, sem og öðrum sveitarfélögum sem ríkisstjórnin setur afarkosti og stillir upp við vegg.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta frv. til fjáraukalaga. Ég ítreka það sjónarmið mitt að mér finnst ekki koma til greina að afgreiða fjáraukalögin án þess að fyrir liggi ítarleg greinargerð og sundurliðaðar uppýsingar um hvernig 300 millj. til að standa straum af kostnaði við einkavæðingu ríkisstjórnarinnar er varið, hverjir fá þessar greiðslur og á hvaða forsendum þær eru inntar af hendi.

Umræðu frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 319. mál (tollkvótar og tollar af tóbaki). — Þskj. 404.

[22:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Hér er ekki um að ræða umsvifamikið eða langt frv. Efnisgreinar þess eru aðeins tvær.

Í 1. gr. frv. er lagt til að fjármálaráðherra fái heimild til þess að úthluta tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum, að því leyti sem innfluttar vörur falla ekki undir viðauka tollalaga um landbúnaðarvörur. Tilefni að lögfestingu þessa ákvæðis er samningur Íslands og Noregs, sem gerður var í mars árið 2000, um gagnkvæma tollfrjálsa tollkvóta á íslenskum hestum annars vegar og á norskum kartöfluflögum og ostum hins vegar.

Í 6. gr. A í tollalögum, nr. 50/1987, er að finna reglur um hvernig skuli standa að úthlutun tollkvóta fyrir landbúnaðarvörur, og er úthlutun slíks kvóta á forræði landbúnaðarráðherra. Lagareglur hefur hins vegar skort um úthlutun tollkvóta í öðrum tilvikum, svo sem þegar tollkvótar eru ákveðnir í einstökum fríverslunarsamningum. Því skortir nú lagaheimild til úthlutunar tollkvóta fyrir norsku kartöfluflögurnar samkvæmt samningnum við Norðmenn, en með frv. þessu er lagt til að úr því verði bætt. Gert er ráð fyrir að úthlutun tollkvóta samkvæmt ákvæðinu heyri undir fjmrh., en fjmrh. getur falið ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning búvara að gera tillögu um úthlutun tollkvótanna. Er það gert af hagkvæmnisástæðum þar sem sú nefnd sér um úthlutun tollkvóta í umboði landbrh. og er því hagkvæmast að hún muni annast framkvæmdina í þeim fáu tilvikum sem tollkvótum verður úthlutað samkvæmt þessu nýja ákvæði.

Í 2. gr. frv. er lagt til að tollar af tóbaki verði lagðir niður. Ekki er gert ráð fyrir að gjaldtaka ríkisins af tóbaki lækki í kjölfarið þar sem samhliða er lagt til í öðru frv., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, að greiða skuli til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er hingað til lands eða framleitt hér á landi.

Ástæðan fyrir því að þessi breyting er lögð til nú er ekki síst sú að Ísland hefur skuldbundið sig með breytingu á bókun 3 við EES-samninginn að fella niður tolla af tóbaki sem flutt er inn frá Evrópska efnahagssvæðinu frá og með 1. janúar 2002. Í stað þess að fara þá leið að fella eingöngu niður tolla af tóbaki sem kemur frá Evrópska efnahagssvæðinu og skapa þannig mismunun að því er varðar innflutning á tóbaki frá öðrum löndum, er hér með ákveðið í þessu frv. að leggja til að tollar almennt falli niður á þessari vöru, þar á meðal frá stærstu viðskiptalöndunum eins og t.d. Bandaríkjunum, en í staðinn komi sérstakt tóbaksgjald sem er eins konar vörugjald. En um það þarf þá að setja sérstök ákvæði í áðurgreind lög nr. 96/1995, sem mun vera næsta mál hér á dagskrá, herra forseti.

Virðulegi forseti. Tilefni frv. er sem sagt annars vegar að gera íslenska ríkinu kleift að standa við samninga sem gerðir hafa verið á alþjóðavettvangi, auk þess sem lagt er til að hinni formlegu og opinberu gjaldtöku af tóbaki verði breytt.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn., en vek jafnframt athygli á því að vegna þess að breyting er í vændum á bókun 3 við EES-samninginn — hún tekur gildi um næstkomandi áramót — er nauðsynlegt að þetta mál fái afgreiðslu í Alþingi fyrir jólaleyfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[22:42]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 2001, 128. mál, brtt. JB, þskj. 458.

Gjald af áfengi, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 405.

[22:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum. Hér er um að ræða mál sem er nátengt því dagskrármáli sem ég mælti hér fyrir fyrir augnabliki síðan og tengist niðurfellingu tolla af tóbaki, en upptöku tóbaksgjalds þess í stað.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp sérstakt gjald, tóbaksgjald, á tóbaksvörur sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar hér á landi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur fram til þessa annast gjaldtöku af tóbaksvörum fyrir ríkissjóð með sérstakri álagningu á þær. Sú álagning hefur verið tvíþætt. Annars vegar er um að ræða magnálagningu sem lögð er á tóbaksvörur og reiknast hún sem tiltekin fjárhæð á hvert gramm, nema af vindlingum, þar sem hún er tiltekin fjárhæð á hvert stykki. Hins vegar hefur verið lögð á u.þ.b. 12% heildsöluálagning sem ætlað er að standa undir kostnaði ÁTVR við umsýslu tóbakssölunnar.

Samhliða þessu frumvarpi, eins og áður er komið fram, er lagt fram frumvarp til breytinga á tollalögum, nr. 55/1987, sem varðar m.a. afnám tolla af tóbaki. Eins og ég gat um við framsögu þess máls er ástæðan sú að Ísland hefur skuldbundið sig til að fella niður tolla af tóbaki frá 1. janúar 2002 samkvæmt breytingum sem gerðar hafa verið á bókun 3 við

EES-samninginn. Tollar eru nú 25% af cif-verði vindlinga og 18% á öðru tóbaki.

Sem fyrr segir er í því frv. sem nú er mælt fyrir lagt til að sérstakt gjald, tóbaksgjald, komi í stað framangreindra tolla og þeirrar gjaldtöku ÁTVR á tóbaksvörur sem lögð hefur verið á í formi magnálagningar. Svipar þessari gjaldtöku að mörgu leyti til áfengisgjaldsins sem um er fjallað í þeim lögum sem lagt er til að hér verði breytt. Frumvarpinu er ekki ætlað að auka álögur ríkisins á tóbak heldur er hér fyrst og fremst um formbreytingu á gjaldtöku á tóbaki að ræða. Áhrif á útsöluverð þess verða því lítil sem engin. Tekjur ríkissjóðs af tollum og magnálagningu tóbaks nema nú tæplega þremur milljörðum króna á ári hverju.

Gert er ráð fyrir að tóbaksgjald vegna sölu ÁTVR verði lagt á og innheimt á heildsölustigi, þ.e. við sölu verslunarinnar á tóbaksvörum til smásala, en ekki við tollafgreiðslu eins og við á um áfengisgjaldið.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir að innheimt verði tóbaksgjald af tóbaksvörum sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins umfram það magn sem þeim er heimilt að hafa tollfrjálst með sér til landsins eða sem sent er til landsins án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða. Lagt er til að gjaldtaka verði í slíkum tilvikum nokkru hærri en af því tóbaki sem ÁTVR flytur inn, en að öðru leyti ákvörðuð með sama hætti.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að hér er um að ræða formbreytingu á gjaldtöku á þessum varningi. Verið er að leggja af annars vegar innheimtu tolla og hins vegar svokallaða magnálagningu sem í raun er skattur í dag.

En það er ekki bara sú ástæða sem hér er nefnd sem gerir þetta brýnt, heldur líka það að vafamál er að álagning magnálagningar með þeim hætti sem tíðkast hefur standist nútímareglur um skattálagningu, vegna þess að í raun er magnálagningin dulbúin skattlagning ríkisins á þessa vöru og um hana gilda engin sérstök lög í dag. Þetta er bara sú framkvæmd sem tíðkast hefur. Þess vegna er brýnt að koma þessu fyrirkomulagi í eðlilegt horf þannig að það standist eðlilegar kröfur og þær kröfur sem settar eru í stjórnarskrá frá 1995 um það hvernig standa ber að töku og álagningu skatta á Íslandi. Það er ein ástæða fyrir því að nauðsynlegt er að gera þessa breytingu þannig að það sé Alþingi sem ákveði fyrirkomulag tóbaksgjaldsins og hversu hátt það skuli vera hverju sinni og hafi síðan í hendi sér hvort og hvenær og hversu mikið því skuli breytt hverju sinni.

Þetta er efni þessa máls, herra forseti, og ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn., en bendi jafnframt á eins og í hinu fyrra máli, að brýnt er að þessi mál fylgist að og hljóti afgreiðslu þannig að þau megi taka gildi um áramót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–8. mál.

Fundi slitið kl. 22:48.

---

43. FUNDUR

miðvikudaginn 5. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2001, stjfrv., 128. mál, þskj. 417, frhnál. 438, 452 og 453, brtt. 439, 440, 441, 442, 454, 455, 457 og 458. — Frh. 3. umr.

2. Tollalög, stjfrv., 319. mál, þskj. 404. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Gjald af áfengi, stjfrv., 320. mál, þskj. 405. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[13:36]

Útbýting þingskjala:

Geislavarnir, 344. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 460.
Grasmjölsframleiðsla, 272. mál, svar landbrh., þskj. 451.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vinnulag fjárlaganefndar við undirbúning 3. umr. fjárlaga.

[13:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins. Ég tel eðlilegt að forsvarsmenn þeirra málaflokka sem nú er verið að meðhöndla þessa dagana og sem ég er einmitt að fjalla um, séu viðstaddir.

Herra forseti. Ég harma það reyndar að hv. formaður fjárln. skuli ekki vera kominn í salinn. Engu að síður kveð ég mér hljóðs um störf þingsins og vinnuna í fjárln. Samkvæmt boðaðri dagskrá fjárln. í morgun átti kl. 10.15 að kynna tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á fjárlagafrv. til 3. umr., þar á meðal margboðaðar niðurskurðartillögur á útgjöldum ríkisins. Þá óskaði formaður nefndarinnar eftir frestun á fundinum til kl. 11 meðan meiri hlutinn færi yfir tillögrnar. Fundi var svo fram haldið um hálftólfleytið þar sem minni hlutinn var til kallaður og hafið að kynna honum tillögu ríkisstjórnarinnar. Formaður nefndarinnar greindi þá frá því að hann stefndi að því að afgreiða fjárlagafrv. úr nefnd í kvöld og við 2. umr. var boðað að veigamiklar breytingar yrðu gerðar á fjárlagafrv. við 3. umr. Þess vegna boðaði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að brtt. biðu 3. umr.

Samkvæmt verkáætlun sem starfað hefur verið eftir og skriflegri verkáætlun sem hluta af starfsáætlun þingsins átti ríkisstjórnin að hafa skilað tillögum sínum 30. nóvember sl. Þær eru sem sagt að koma í dag. Ég tel algerlega óviðunandi, herra forseti, að ætlast til þess að á þessum skamma tíma, einum sólarhring, undirbúi stjórnarandstaðan mál sín til 3. umr. á föstudaginn. Verkáætlun hefur hvort eð er öll farið úr skorðum og því ber þinginu að taka tillit til þess og breyta um. Ég fer fram á að 3. umr. fjárlaga verði ekki fyrr en eftir helgi.

[13:40]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Það er margt rétt í þeim ábendingum sem settar voru fram af hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þ.e. að mál eru seinna fram komin til fjárln. en við hefðum viljað. Til þess liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður sem mörgum eru kunnar hér.

Ég vil líka láta það koma fram að minni hluti fjárln. hefur sýnt samstarfsvilja og elju í þessum störfum. Við leituðum samkomulags vegna þeirra aðstæðna sem hv. þm. lýsti hér áðan í þá veru að við frestuðum fundi klukkan hálfeitt í staðinn fyrir eitt eins og fyrirhugað var í verkáætlunum mínum og við mundum síðan hefja störf aftur ef við næðum samkomulagi við hæstv. forseta, þá sem eru með mál hér á dagskrá og ráðherra sem verða fyrir svörum. Ég leitaði eftir þessu samkomulagi og fékk þar góðar undirtektir þó svo ég viti að hv. þm. Jón Bjarnason gerði fyrirvara þar um. Ég heiti á fjárlaganefndarmenn að róa vel á bæði borð og klára þetta mál og er tilbúinn til þess að liðka til eftir því sem frekast er unnt og eins líka að fá starfslið þingsins, sem mjög er hart keyrt í þessu máli, til þess að vinna með okkur.

[13:41]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir þær almennu athugasemdir sem hér hafa komið fram um gangverkið í kringum þinghaldið.

Mig langar að beina fyrirspurnum til oddvita þessarar ríkisstjórnar og láta á það reyna rétt áður en lokaafgreiðsla fjáraukalaga fer fram, hvort hægt sé að tosa út úr hæstv. ríkisstjórn þær sjálfsögðu upplýsingar er varða 300 millj. kr. sem greiddar hafa verið að stærstum hluta til sérfræðinga sem aðstoðað hafa ríkisvaldið við sölu ríkisfyrirtækja.

Hæstv. forsrh. hefur sárlega verið saknað hér á umliðnum dögum þegar þessar umræður hafa farið fram. Ég batt vonir við að hann yrði hér í dag og gæti upplýst um þetta mál, en það er hann ekki. Ég beini því orðum mínum til staðgengils hans, hæstv. utanrrh., og spyr hann á hverju það strandi að þessar upplýsingar til greiðslu lögaðila hérlendis og í útlöndum séu uppi á borðum. Því hefur verið haldið fram að um viðskiptaleyndarmál sé að ræða. Hins vegar eru fjölmörg fordæmi fyrir því á liðnum þingum, á liðnum árum og áratugum, að ámóta upplýsingar hafi verið veittar þannig að hér er um algerlega nýja stefnu að ræða, ný vinnubrögð að ræða.

Maður hlýtur að álykta sem svo, herra forseti, að hér séu undirmál á ferðinni, einhver leyndarmál sem þola ekki dagsins ljós, þar til annað hefur verið sannað. Ég vænti þess að staðgengill forsrh., hæstv. utanrrh., leysi úr þessum málum hér og leiði okkur í allan sannleika um raunveruleika hlutanna.

[13:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Varðandi ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. um vinnu í fjárln., þá gæti auðvitað ýmislegt þar betur farið. Hins vegar er alveg ljóst að mikilvægt er að vinna eftir vinnuáætlunum eins og við höfum verið að gera. Við kappkostum við að ljúka fjárlagaumræðunni á tilsettum (Gripið fram í.) tíma, þ.e. 7. desember nk. Ég er alveg viss um að ef samstarfsvilji er fyrir hendi þá getum við það. Við höfum þær upplýsingar sem við þurfum. Við getum auðvitað alltaf unnið hraðar og betur, en ég er alveg sannfærður um að okkur tekst þetta með góðum vilja. (**Gripið fram í:** Það er ekki unnið samkvæmt áætlun.)

[13:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar hefur þetta mál þegar verið rætt í þinginu. Umbeðnar upplýsingar hafa verið afhentar í fjárln. sem trúnaðarmál. Ég held að eðlilegast sé að umræðan um það mál haldi áfram í þeirri nefnd. Það er ósköp venjulegt í öllum samskiptum að trúnaður sé um ákveðnar upplýsingar. Það eru lög í landinu sem líka krefjast þess. Stundum krefjast aðstæður þess. Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar að halda áfram að ræða þetta mál hér.

Hins vegar finnst mér rétt að það verði áfram rætt á þeim vettvangi sem það er á, þ.e. í fjárln., þar á meðal hvenær sé tímabært að létta þeim trúnaði af. Ég sé engan annan framgangsmáta eðlilegan í því. Ég hlýt að spyrja hv. þm.: Hefur hann aldrei lent í því sem forsvarsmaður í bæjarfélagi með viðamikinn rekstur að stundum þurfi að ríkja trúnaður í ákveðnum málum? Ég er aldeilis hissa á því að ... (**ÖJ:** Er þetta ekki eitthvað sem ekki þolir dagsljósið?) Ég reikna með að hv. þm. Ögmundur Jónasson sem er forustumaður í ákveðnum lífeyrissjóði — ég býst við að til séu upplýsingar í þessum lífeyrissjóði sem varða persónur einstaklinga sem rétt er að hafa trúnað um. Eða er það þannig að allt sem þar gerist sé borið á torg daginn eftir?

[13:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. utanrrh. um að lög væru í landinu sem kvæðu á um að það ætti að gilda þagnarskylda um þessar tilteknu upplýsingar, þá vil ég mótmæla því, herra forseti, og jafnframt inna hæstv. utanrrh. eftir því hvaða lög í landinu þetta séu. Gjarnan hefur verið bent á 5. gr. upplýsingalaga í þessum efnum sem ég tel algerlega fráleitt, herra forseti, að eigi við um það mál sem hér er verið að ræða.

Ég vil líka benda hæstv. ríkisstjórn á að hún er að ráðstafa fjármunum ríkisins og ef hún er að gera samninga sem eru bundnir einhverri þagnarskyldu þar um, þá er það bara rangt af henni að gera það vegna þess að hún hefur þá skyldu gagnvart þinginu að upplýsa hvernig hún ráðstafar fjármunum almennings. Um það á ekki að ríkja nokkur einasta leynd. Fyrir utan það, herra forseti, að auðvitað virkar það afskaplega tortryggilega að menn séu nú á þessum síðustu tímum þar sem gegnsæi í stjórnsýslu er orðið lykilorð og réttarþróun hefur verið í þá átt síðustu árin að menn séu allt í einu farnir að skýla sér bak við eitthvert þagnarskylduákvæði um samninga trekk í trekk. Eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson benti á eru fjölmörg fordæmi fyrir því að ámóta samningar hafi verið upplýstir hér, enda á það að vera þannig, herra forseti. Þetta eru fjármunir almennings sem verið er að ráðstafa og það á að liggja uppi á borðinu í hvað þeir eru settir.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að vinnubrögðin öll í kringum fjárlagagerðina nú og vinnu að fjáraukalagafrv. eru dapurleg. Samskiptin við framkvæmdarvaldið eru eins og allir hafa heyrt og séð hér undanfarna sólarhringa. Forsrn. fer þar í broddi fylkingar og sýnir Alþingi fullkomna lítilsvirðingu og hroka og reynir að telja mönnum trú um að eðlilegt sé að leyna öllum upplýsingum um það hvernig 300 millj. kr. af opinberu fé sé varið á

sama tíma og ráðuneytið er að fara fram á að fá þessa sömu fjármuni í aukafjárveitingum vegna verkefna sem það hefur e.t.v. þegar bundið fé í. Ósvífninni eru lítil takmörk sett, verð ég að segja. „Látið okkur hafa 300 millj. og ykkur kemur ekki við hvernig þær eru notaðar.“ Þetta er á mannamáli það sem forsrn. er að segja við Alþingi.

Herra forseti. Auðvitað var öllum ljóst að 2. umr. um fjárlagafrv. var platumræða. Þá skorti allar forsendur til að ræða það efnislega og hvorki var verið að loka neinum útgjaldaflokkum né tekjuhliðinni. Og ný þjóðhagsáætlun er dagsett í gær með nýjum þjóðhagsforsendum þar sem allt er á floti miðað við það sem áður hefur verið þannig að það bítur höfuðið af skömminni ef menn ætla svo að hespa 3. umr. af á föstudaginn kemur. Ég mótmæli því. Það er enginn svipur á þessum vinnubrögðum, herra forseti. Það er ekki Alþingi til sóma að ríghalda svo í einhverjar löngu útgefnar starfsáætlanir og dagsetningar að við látum þær frekar en efnisleg og vönduð vinnubrögð stjórna gerðum okkar hér. Það er ekki skynsamlegt.

Það væri frekar, herra forseti, einhver svipur á því að menn tækju sér helgina í að skoða niðurskurðartillögurnar sem stjórnarflokkarnir hafa verið að rífast um fram á þennan dag, nýjar þjóðhagsforsendur og annað sem breyst hefur í meðförum málsins og hér færi svo fram umræða t.d. á þriðjudaginn kemur.

[13:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. forseta sem ber að fylgjast með því að starfsáætlunum þingsins sé fylgt og ef þeim er ekki fylgt, hvernig skuli þá bregðast við.

Samkvæmt verkáætlun fjárln., sem er hluti af starfsáætlunum þingsins, er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin skili tillögum sínum til 3. umr. 30. nóvember og í mínu dagatali er 30. nóvember löngu liðinn. Frágangi nefndarinnar á að vera lokið ekki síðar en 4. desember og í mínu dagatali er sú dagsetning líka liðin. Ég leyfi mér því að beina máli mínu til hæstv. forseta og forsn. sem stýrir störfum þessa þings, að gæta þess að fylgt sé eftir starfsreglum, ekki síst í ljósi þess að 2. umr. fjárlaga var sýndarumræða og boðaðar voru veigamiklar breytingar bæði á gjalda- og tekjuhliðum frv., óljóst hve miklar og hvar.

Einnig var boðað og tilkynnt að engum lið í frv. væri lokað þannig að það væri allt saman til umræðu og vinnslu fyrir 3. umr. Þess vegna, herra forseti, hafði litla þýðingu að vera að vinna brtt. við frv. við 2. umr. að svo stöddu. Í dag er verið að byrja fyrst að kynna tillögur ríkisstjórnarinnar. Síðan á fjárlaganefnd eftir að fjalla um þær og vinna þær áfram og aðra vinnu og tillögur sem þar gætu komið upp.

Ég vil einnig benda á, herra forseti, að okkur voru birtar spár um efnahagsforsendur annars vegar frá fjmrn. og hins vegar frá Þjóðhagsstofnun. Þær stönguðust á í ákveðnum atriðum. Ég tel það skyldu fjárln. að fara yfir þau mál. Ég legg því áherslu á, herra forseti, að umræðu um fjárlög verði frestað fram yfir helgi.

[13:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með heldur rýr svör hæstv. utanrrh., staðgengils forsrh., í þessu svari hans. Augljóst er að Framsfl. er samofinn Sjálfstfl. í því leynimakki sem hér á sér stað.

Hæstv. ráðherra spurði mig hvort ég hefði ekki þekkt það úr fyrri störfum að leynd þyrfti að hvíla yfir tilteknum atriðum á tilteknum tíma. Ég skal svara hæstv. ráðherra því alveg þráðbeint. Í Hafnarfirði á bæjarstjóraárum mínum fengu bæjarbúar að vita hverjum var greitt og hversu mikið og enginn undandráttur var þar á. Er málið þannig vaxið og má skilja það svo að yfirstandandi séu samningar við þessa ráðgjafa ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisfyrirtækja eins og látið hefur verið í veðri vaka og meðan þeir samningar standa yfir sé ekki hægt að svara spurningunni? Þá spyr maður í framhaldi af því: Er verið að semja um þessa ráðgjöf núna, 5. desember, um sölu á ríkisfyrirtækjum sem á að fara fram á næstu dögum og næstu vikum fyrir áramót? Það er fjarri öllu lagi. Það sér hver einasti maður. Því hlýt ég að spyrja: Er þá ekki hægt að upplýsa hverjum hafi verið greitt nú þegar og hversu mikið? Hvaða viðskiptaleyndarmál geta legið þar að baki? Er ástæðan sú að það sé viðkvæmara að upplýsa um þau mál af því að erlendir aðilar eiga í hlut eins og hér hefur verið látið falla úr þessum ræðustóli af hálfu hæstv. fjmrh. og raunar fleiri?

Nei, herra forseti. Þetta mál er auðvitað skandall, fyrir neðan allar hellur. Engin rök verja það að við stjórnarandstæðingar fáum ekki hrein og klár svör við einfaldri spurningu: Hverjir fá greiddar þær 300 millj. kr. sem þingmeirihlutinn er að biðja Alþingi um að blessa og festa í fjáraukalög? Klár er spurningin en svarið er eintómt núll: „Ykkur kemur það ekki við.“ Það er fyrir neðan allar hellur og fá dæmi eru um annað eins, sennilega ekkert.

[13:55]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þingið hlýtur að vilja vanda vinnubrögð sín og þegar við erum að ræða jafnmikilvæg mál og hér er verið að ræða þá hljótum við að vilja hafa góðan tíma til þess. Það skiptir mjög miklu máli hvernig við verjum fjármunum þjóðarinnar og þegnanna, ekki síst þegar illa árar og útlit er ekki gott í fjármálum þjóðarinnar.

Einnig má spyrja í sambandi við þetta mál allt saman með leyniféð: Hversu þykir stjórnarherrum landsins tilhlýðilegt að vera með — hversu háar fjárhæðir telja þeir vera í lagi að setja á fjáraukalög án þess að nokkur maður fái að vita í hvað þær eiga að fara? Væri t.d. í lagi að setja einn milljarð á fjáraukalög í einhver verkefni sem enginn má vita hver eru? Eða 2 milljarða? Ég spyr og vænti svara.

Fjáraukalög 2001, frh. 3. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 417, frhnál. 438, 452 og 453, brtt. 439, 440, 441, 442, 454, 455, 457 og 458.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Maður er eilítið hugsi við upphaf þessarar atkvæðagreiðslu, hvort frv. og þær tillögur sem hér liggja fyrir séu yfirleitt á vetur setjandi og hvort yfirleitt sé nokkurt vit í því að afgreiða þessar tillögur eins og venja er til samanborið heimildir til ráðherra, sumar ansi víðtækar þegar fyrir liggur í stórauknum mæli að ráðherrar ríkisstjórnarinnar

reynast mjög tregir í taumi þegar kemur að einföldum spurningum í þá veru hvernig þeir hafi notað þær heimildir sem Alþingi er að veita þeim. Það liggur í augum uppi að menn hafa í ljósi þessarar nýfengnu reynslu og þess tappa sem virðist í upplýsingastreymi frá framkvæmdarvaldi til þingsins ástæða til að endurmeta verklag og vinnubrögð þegar kemur að opnum heimildum þingsins til handa framkvæmdarvaldinu. Ég held að menn hljóti að skoða það í framhaldi þessa.

[13:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við lokaafgreiðslu frv. til fjáraukalaga birtast umgengnishættir framkvæmdarvaldsins við lög frá Alþingi þar sem gildandi fjárlög eru enn á ný að engu höfð og 14 milljörðum ráðstafað úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga.

Tilburðir ríkisstjórnarinnar við fjárlagagerðina nú, um 3–4 milljarða niðurskurð er hrein sýndarmennska og víst má telja að stjórnvöld munu eyða margfaldri þeirri fjárhæð á næsta ári umfram heimildir laga þegar á ný verður borið inn í Alþingi frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa miklar áhyggjur af veikri stöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni og flytja því tillögur ásamt Vinstri grænum um að styrkja skuldsett sveitarfélög. Þær tillögur eru á þskj. 455 og síðan er önnur tillaga á þskj. 454, um breytingar á lánsheimild til að kaupa Orkuveitu Sauðárkróks.

Að öðru leyti vilja þingmenn Frjálslynda flokksins enga aðild eiga að afgreiðslu þessa máls og munu því sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[13:59]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Margt er athugavert við fjáraukalög ríkisstjórnarinnar að þessu sinni en algera sérstöðu hafa þó felumilljónirnar 300, 300 millj. kr. sem ríkisstjórnin ætlar að verja til að standa straum af kostnaði við einkavæðingarbrask.

Mér finnst algerlega óforsvaranlegt að ganga til atkvæða um fjáraukalög án þess að fyrir liggi sundurgreining og ítarleg greinargerð um það hvernig þeim fjármunum verði varið, hverjir fá greiðslurnar og á hvaða forsendum. Í grg. með fjáraukalögum segir að verja eigi peningunum til umsjónarmanna sölunnar í ráðgjöf og frágang skjala, 300 millj. kr. Síðan upplýsir varaformaður fjárln., hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, í gær, eða gefur í skyn, að sölumennirnir séu á prósentum, að menn séu á prósentum í einkavæðingarbraski ríkisstjórnarinnar. Það er þá ekki í samræmi við það sem segir í grg. með frv.

Herra forseti. Mér finnst svona framkoma gagnvart Alþingi Íslendinga ekki forsvaranleg og mér finnst ekki forsvaranlegt fyrir Alþingi að greiða atkvæði um fjáraukalögin fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir.

[14:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er vitað að leyniþjónustur stórvelda hafa stundum aðgang að leyndum sjóðum, jafnvel svo leyndum að þeim er haldið utan við fjárlög. Ýmsar sögur væri hægt að segja af verkefnum vítt um heim sem slíkir sjóðir hafa fjármagnað. Sá er að vísu munurinn á þeim og leynisjóði ríkisstjórnarinnar að brúttótalan á að fá að koma inn í fjárlögin, en það er líka allt og sumt, brúttótalan. Að öðru leyti er verið að búa til sérstakan leynisjóð fyrir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar til að smyrja hjólin og ráðstafa eftir „behag" í eitt helsta gæluverkefni þessarar ríkisstjórnar fyrr og síðar, einkavæðingartrúboðið, þannig að betur gangi að moka út eignum almennings og helst koma þeim til útlanda.

Herra forseti. Það er eftir öðru og hæfir þessum málstað vel að hann skuli þurfa á svona pukri og leynimakki að halda. Það segir sína sögu að vinnubrögðin og ráðstöfun þessara fjármuna, sem eru líka fé almennings, skuli þurfa að fara fram með leynd og sjálfsagt helst í náttmyrkri enda nóg af því núna í skammdeginu.

Það er algerlega ótækt, herra forseti, að Alþingi láti koma svona fram við sig. Mér finnast þeir hv. þm. sem ætla að greiða þessum leynisjóði ríkisstjórnarinnar atkvæði, gengisfella sjálfa sig og þingið þar með með því að láta framkvæmdarvaldið komast upp með svona framkomu gagnvart Alþingi. Ýmislegt hefur stofnunin mátt þola í samskiptum við ráðríka stjórnarherra en þetta held ég að sé það fráleitasta af öllu og brjóti í blað í sögunni að forsrn. eða embættismenn þaðan sendi Alþingi orðsendingar um að þá vanti 300 millj. en láti fylgja með svo gott sem samdægurs að því hinu sama Alþingi komi hins vegar ekki við hvernig fénu sé ráðstafað, það skuli allt saman vera leyndó.

Hverjir verða svo leynisjóðir framtíðarinnar? Ég sé ekki annað ef menn láta ríkisstjórnina komast upp með þetta en að hún sé komin með formúlu til þess að sveipa leyndarhjúpi þá þætti ríkisfjármálanna sem henni sýnist. Hæstv. utanrrh. þarf ekki annað en fá einn einkaaðila til að taka að sér eitt verkefni fyrir eins og eina krónu og þá getur hann mætt hér að ári og sagt við þingið: „Ykkur kemur ekki við hvernig 350 millj. vegna NATO-fundarins var ráðstafað vegna þess að það verður að fara leynt af viðskiptahagsmunalegum ástæðum o.s.frv."

Og það bítur höfuðið af skömminni að þetta skuli gerast, herra forseti, í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaga þegar framkvæmdarvaldið ætti að vita upp á sig skömmina og biðja Alþingi afsökunar á því að hafa vanætlað fjárþörf sína í þessu efni.

Herra forseti. Ég lýsi miklum vonbrigðum með það ef þetta á svona fram að ganga og trúi því satt best að segja ekki fyrr en ég tek á því að menn láti koma svona fram við sig.

[14:04]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við umræður um fjáraukalög í gær lagði ég fram kröfu um að fjáraukalögin yrðu ekki afgreidd á þinginu fyrr en komið hefðu fullnægjandi svör, opin öllum, bæði fjárln. og Alþingi, um þær 300 millj. kr. sem ætlunin er að verja og kannski er búið að verja til einkavæðingarverkefna sem einkavæðingarnefnd fer með á vegum ríkisins. Þessar upplýsingar hafa ekki komið fram. Þess vegna tel ég að fresta eigi þessari umræðu og afgreiðslu málsins þangað til þær upplýsingar liggja fyrir.

Herra forseti. Fjáraukalögin eru hér til afgreiðslu og ætlunin er að afgreiða þau í mikilli óvissu. Tekjuhlið fjáraukalaganna er í fullkominni óvissu. Þar er enn gert ráð fyrir að yfir 20 milljarðar kr. skili sér við sölu ríkiseigna, sem enn hefur ekki átt sér stað og sem betur fer, segi ég, því að ég er að sjálfsögðu andvígur því að Landssímanum verði settur á uppboðstorg. Engu að síður er gert ráð fyrir þessum tekjum í fjáraukalögin, í tekjur þessa árs og því er tekjuahlið frv. í fullkominni óvissu. Sömuleiðis eru aðrir tekjuliðir, svo

sem gjöld af vöruinnflutningi, í fullkominni óvissu vegna örs samdráttar í kaupum á slíkum vörum.

Herra forseti. Hér er því verið að samþykkja fullkomin óvissufjáraukalög í lok þessa árs, svo mikil er óvissan fram undan. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ásamt þingmönnum Frjálslynda flokksins höfum flutt brtt. við frv. sem lúta að því að styrkja og efla fjárhag sveitarfélaganna og að því að taka heildstætt á málefnum þeirra á landsvísu, þeirra sem nú eiga í miklum greiðsluerfiðleikum, greiðsluerfiðleikum sem eru m.a. til komnir af rangri efnahags- og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar sem bitnar hart á dreifbýlissveitarfélögunum sem verða nú að selja eignir sínar til að eiga fyrir rekstri.

Herra forseti. Við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslu um ýmsa aðra málaflokka, en að sjálfsögðu samþykkja tillögu um að fella burt þær 300 millj. kr. sem ætlaðar eru til einkavæðingarverkefnanna. Við teljum að alls ekki hafi komið fram fullnægjandi skýringar sem réttlæti að þingið afgreiði þessar 300 millj. og leggjum því til í tillögum okkar að þær verði felldar brott.

Brtt. 440 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (HjÁ, JóhS, KF, KPál, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:08]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það er undarleg skipan á röð í þennan stól en ég ætla ekki að hafa orð á því. Ég vil aðeins gera grein fyrir því að Samfylkingin mun sitja að mestu leyti hjá við þessa atkvæðagreiðslu við lokaafgreiðslu fjáraukalaga 2001, þessara laga þar sem ekki eru öll kurl komin til grafar. Við vísum allri ábyrgð af þessu á ríkisstjórnina. En við einstakar greinar munum við flytja skýringar ýmist til að hafna þeim eða styðja.

Brtt. 458 felld með 35:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

6 þm. (HjÁ, JóhS, KF, KPál, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða beiðni forsrn. um 300 millj. vegna einkavæðingarverkefna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá nákvæmar upplýsingar um hvað hér sé á ferðinni hefur það ekki tekist. Ekki er um slíkar upplýsingar að ræða í bréfi því sem fjárln. fékk í gær, tók undir trúnað um, og því verður ekki fjallað um innihald þess nánar. Hins vegar er ljóst að ekki er búið að greiða út nema lítinn hluta af þessari upphæð. Því hlýtur að vera eðlilegt, meðan enn er beðið upplýsinga, að þessi liður fari inn á fjárlög fyrir næsta ár.

Herra forseti. Ég segi já.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eina svarið sem Alþingi getur gefið við þessar aðstæður og ekki misskilst er að fella út þessa fyrirhuguðu fjárveitingu eða aukafjárveitingu öllu heldur til forsrn. Forsrn. neitar að upplýsa Alþingi um hvernig eigi að ráðstafa litlum 300 millj. kr. sem ráðuneytið telur sig þurfa til einkavæðingarmálefna. Þá er ekki annað að gera fyrir Alþingi en að segja ósköp einfaldlega: Þá er ekki hægt að afgreiða þessar fjárheimildir.

Forsrn. væri þá kannski minnt á það, sem ekki virðist vanþörf á, hvar fjárveitingavaldið liggur. Ég óttast að hluti þess vanda sem nú er uppi sé sá að það sé algerlega búið að rugla þessu saman og mönnum finnist að hér sé bara færiband þar sem eigi að afgreiða það sem forsrn., öðrum ráðuneytum eða framkvæmdarvaldinu sýnist og að einungis eigi eftir að færa hnappinn upp í gamla tukthúsið. En hér liggur valdið og þess vegna á Alþingi að senda skilaboð til framkvæmdarvaldsins sem ekki misskiljast.

[14:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort fella skuli burt heimild til að verja á fjáraukalögum 300 millj. kr. til forsrn. til einkavæðingarverkefna. Ítrekað hefur verið beðið um skýringu og greinargerð og rökstuðning fyrir þessari upphæð. Slíkt hefur ekki borist þingheimi. Það er alveg fráleitt að þingheimur samþykki að veita svo háar upphæðir gjörsamlega án þess að fyrir liggi neinn raunverulegur rökstuðningur. Verið er að skera niður fjárveitingar til brýnna málaflokka. Fjárþörf er brýn víða í þjóðfélaginu. Það er fásinna að samþykkja svo óskilgreinda fjárveitingu til gæluverkefna ríkisstjórnarinnar.

[14:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég velti því fyrir mér hvernig sagnfræðingar framtíðarinnar muni fjalla um þetta ákvæði. Það hefur gengið þannig til að forsrn. hefur neitað að upplýsa hvað eigi að gera við þessa aura. Í bréfi frá þeim kemur fram að tiltekinn embættismaður lofaði einhverjum viðsemjendum því að ekki yrði greint frá því hvað væri borgað. Hæstv. forseti þingsins tekur síðan undir þessi sjónarmið og byggir það á því að ekki gildi sami trúnaður um fjárln. og um utanrmn. Niðurstaðan er því sú að þingið fær ekki að vita nokkurn skapaðan hlut og ég fæ ekki betur séð, virðulegi forseti, þegar ég lít á töfluna, en að þingið ætli að sætta sig við þetta.

Virðulegur forseti. Ég tek undir að það yki virðingu þingsins að koma þessu út. Því segi ég að sjálfsögðu já við brtt.

[14:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að fella niður framlag í leynisjóð ríkisstjórnarinnar, í einkavæðingarbrask. Mér finnst umhugsunarvert hvernig hæstv. forsrh. kemur fram í þessu máli.

Þetta hefur vakið miklar deilur í þinginu. Framkvæmdarvaldið og sérstaklega forsrn. hefur verið harðlega gagnrýnt og hæstv. forsrh. að sjálfsögðu einnig. Hæstv. forsrh. lætur hins

vegar ekki svo lítið að taka til máls og skýra sjónarmið sín. Hann sendir Alþingi Íslendinga skilaboð frá embættismönnum í forsrn., skilaboð þess efnis að hv. Alþingi Íslendinga komi ekki við hvernig þessum leynisjóði forsrn. er varið.

Brtt. 439 og sérstök yfirlit I og II samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (JóhS, KF, KPál, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til nauðsynlegar fjárveitingar til margra merkra stofnana og verka, til Ríkisútvarpsins, til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, til Hólaskóla, til Garðyrkjuskólans, til Skógræktar ríkisins, til Kirkjumálasjóðs, í kirkjugarðsgjöld, í sóknargjöld, til Jöfnunarsjóðs sókna, til Skálatúnsheimilisins, í fæðingarorlof, til Tryggingastofnunar ríkisins, til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og Orkusjóðs.

Þetta eru allt góðar tillögur í sjálfu sér og nauðsynlegt er að þessir fjármunir komi þarna. Þeir mættu sjálfsagt vera meiri. En þetta er hluti af heildarafgreiðslunni hér á vegum meiri hlutans og Alþingis. Þó að þarna séu góð mál á ferðinni þá sitjum við hjá við þessa atkvæðagreiðslu en lýsum ánægju yfir mörgum þeirra liða þar sem bætt er um betur.

Brtt. 441,a (liðir a–e) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÍGP, JóhS, KF, KPál, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 454,1 felld með 45:9 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, VE, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

4 þm. (EKG, GuðjG, GunnB, SI) greiddu ekki atkv.

5 þm. (JóhS, KF, KPál, RG, ÞSveinb) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:18]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni erum við andvíg því að fyrirtækið Rafmagnsveitur ríkisins sé notað til þess að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaga. Í fjárlögum er gert ráð fyrir því að Rafmagnsveitur ríkisins hafi heimild til að nota 300 millj. kr. í slík verkefni. Við teljum rangt að stuðla að því að sveitarfélögin í landinu missi forræði yfir grunnþjónustu sinni, þar á meðal veitum. Þess vegna, virðulegi forseti, segi ég já við þessari tillögu.

Ég vil jafnframt geta þess að á þskj. 455 er tillaga frá okkur, sömu aðilum, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ásamt hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, um annars konar heildstæða lausn á rekstrarvanda sveitarfélaganna í landinu, þá sérstaklega dreifbýlissveitarfélaga.

[14:19]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég styð þessa tillögu. Ég tel ótækt að beita Rafmagnsveitum ríkisins eins og hér er gert til þess að taka þátt í þeim deilum sem hafa verið meðal Skagfirðinga um þetta mál. (Gripið fram í.) Þessi þátttaka mun viðhalda því ósætti og þeirri úlfúð sem verið hefur meðal Skagfirðinga um mörg ókomin ár. (**Gripið fram í:** Ertu á bæjarstjórnar...?) og það verður ekki til hjálpar Skagfirðingum. Ég segi því nei við þessu. (**Gripið fram í:** ... láta bæjarstjórnina ráða því.) (**BH:** Á ekki bæjarstjórnin að ráða?) (Gripið fram í.) (**SvH:** Hann sagði já.) (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

[14:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með því að heimila Rarik að taka lán upp á 300 millj. kr. til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks erum við að aðstoða þetta sveitarfélag við að taka á fjárhagserfiðleikum sínum. Það er hægt að sýna fram á að fyrirtækið Rarik hafi burði til að greiða þetta lán þegar ákveðið hefur verið, sem vonandi verður gert með nýjum lögum í vor, að af fyrirtækinu verði létt þeim skyldum sem það gegnir í dag í sambandi við óarðbærar einingar í raforkugeiranum.

[14:20]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur samþykkt að selja Rafveitu Sauðárkróks og náð samkomulagi við Rafmagnsveitur ríkisins um kaupin. Aðilar málsins hafa með öðrum orðum náð samkomulagi um þessi viðskipti.

Við þingmenn Samfylkingarinnar virðum og styðjum sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Sú brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um og hv. þm. Jón Bjarnason er 1. flm. að, er um að Alþingi hafni því að veita Rarik heimild til kaupa á Rafveitu Sauðárkróks. Þessu erum við ósammála og greiðum því atkvæði gegn tillögunni.

Svo aðeins út af umfjöllun sem hér hefur verið um ósamkomulag í Skagafirði. Ég held að það sé einungis vegna þess að sjálfstæðismenn í Skagafirði eru í fýlu yfir því að hafa dottið út úr meiri hluta sveitarstjórnar Skagafjarðar.

[14:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sveitarfélagið Skagafjörður á í miklum fjárhagsvanda eins og mörg önnur sveitarfélög á landsbyggðinni. Þennan greiðsluvanda sveitarfélaganna á að leysa með aðgerðum á landsvísu, heildstætt.

Sveitarfélögin á suðvesturhorni landsins, þangað sem góðærið kom, keppast nú við að efla orkufyrirtæki sín og nýta styrk þeirra til sóknar í nýsköpun atvinnulífs. Á meðan sjá sveitarfélögin á landsbyggðinni hvert á fætur öðru sér ekki fært annað en selja þessi fjöregg sín til að létta til bráðabirgða á greiðsluvandanum. Lagt er til að ríkið komi að því að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins Skagafjarðar sem hluta af heildarlausn á landsvísu en ekki með því að afhenda Rarik peninga til að kaupa af þeim rafveituna og

rýra þar með möguleika Skagfirðinga til að sækja fram á eigin forsendum í orkubúskap.

[14:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér birtist í hnotskurn hin skrýtna stefna ríkisstjórnarinnar að á landsbyggðinni er ríkið að kaupa upp orkufyrirtæki sem sveitarfélögin höfðu átt eða nota fyrirtæki í ríkiseigu til að kaupa upp hluti í orkufyrirtækjum sem sveitarfélögin hafa átt.

Á suðvesturhorni landsins er þessu allt öðruvísi farið. Þar selur ríkið sinn hlut til sveitarfélaganna og ráðstafar svo fjármunum þar til þess að byggja upp atvinnu og efla atvinnusjóði. Þess vegna segi ég já við þessari tillögu.

Brtt. 441,a (liður f) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (JóhS, KF, KPál, RG, SvH, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:23]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er sérkennilegt við þessa tillögu að hún er lánsheimild fyrir ríkisfyrirtæki til að stunda taprekstur og kaupa rafveitur sveitarfélaga. Ekki er ætlunin að fyrirtækið sjálft geri ráðstafanir í rekstri sínum til að lækka taprekstur-inn heldur er þess vænst að í framtíðinni verði hann bættur með sköttum á orkukaupendur annarra fyrirtækja.

Í þessu máli er um að ræða uppkaup á fyrirtæki sem deilur standa um heima í héraði. Í öðrum tilvikum stundar þetta fyrirtæki uppkaup á fyrirtækjum sem verða hins vegar til þess að sameiningarviðræður annarra raforkufyrirtækja, t.d. í eigu sveitarfélaga, ganga erfiðlega vegna þess að þetta fyrirtæki beitir hreinum yfirboðum. Af þessum ástæðum tel ég þetta mál mjög vafasamt.

Mér finnst hins vegar nauðsynlegt og rétt að ríkisstjórnin geti greitt götu eðlilegra meiri hluta í sveitarfélögum — þó svo deilur standi — og viðskipti á milli þeirra og ríkisfyrirtækja. Einungis þess vegna segi ég já.

Brtt. 441,b samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (JóhS, KF, KPál, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er farið fram á heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs sjálfskuldarábyrgð lántöku Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf., til endurfjármögnunar á allt að 2.500 millj. kr. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að leggja stein í götu þess að þetta fyrirtæki geti endurfjármagnað hluta af miklum skuldum sínum. En ég vek athygli á því að hér er verið að lýsa því yfir að áform um að hlutafélag um Flugstöð Leifs Eiríkssonar gæti sjálfstætt og á eigin forsendum ráðið við fjárskuldbindingar sínar eru í reynd að renna út í sandinn. Nú þarf fyrirtækið sjálfstæða ríkisábyrgð til að inna af hendi eða framlengja hverja afborgun fyrir sig þegar hún gjaldfellur. Þetta er auðvitað ekki í samræmi við þau fögru fyrirheit og þær miklu væntingar sem menn höfðu uppi þegar fyrirtækið var stofnað um að töfrastafirnir miklu, hf, mundu leysa þarna allan vanda.

Brtt. 442,1 (liðir 1.4, 6.7 og 7.33) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 455 felld með 36:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:27]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða brtt. frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni um að verja allt að 1 milljarði kr. til að greiða úr bráðum fjárhagsvanda sveitarfélaganna og þá sérstaklega dreifbýlissveitarfélaganna. Til eru skýrslur, unnar af nefnd á vegum félmrn., um að vandi sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins sé um 2,8 milljarðar. Þetta er fyrsti áfangi sem við leggjum hér til, upp á 1 milljarð. Við teljum það vel gerlegt. Þetta eru almennar aðgerðir. Gagnstætt því sem ríkisstjórnin er að gera í sambandi við lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna í gegnum ríkisfyrirtækið Rarik þá teljum við að hér sé um heilsteypta heildstæða lausn að ræða sem gagnist í grunninn fyrir öll sveitarfélögin í landinu.

[14:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að verja allt að 1 milljarði kr. til að greiða úr bráðum fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Mörg sveitarfélög á landsbyggðinni búa nú við háar skuldir og mikla greiðsluerfiðleika m.a. vegna skulda við félagslega íbúðakerfið og aukins kostnaðar við einsetningu grunnskólans og yfirfærslu hans til sveitarfélaganna. Þau telja mörg á sig hallað í samskiptum við ríkisvaldið. Hvor tveggja þessara málaflokka bíður úrlausnar á landsvísu.

Þessi mál og önnur er varða verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru óútkljáð en þau verður að leysa með nýju fjármagni til sveitarfélaganna. Óviðunandi er að einstök sveitarfélög séu knúin til að selja bestu eignir sínar og þjónustustofnanir til að leysa úr bráðum greiðsluvanda. Fremur ber að einhenda sér í að leysa þennan fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsvísu. Hér er lagt til að verja allt að 1 milljarði kr., sem fyrsta skrefi, í að leysa þennan vanda án þess að taka af sveitarfélögunum eignir í staðinn.

[14:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fyrir liggur að uppsafnaður skuldavandi sveitarfélaganna hefur verið metinn af sérstakri nefnd á allt að tæpa 3 milljarða kr. Hér er lagt til að lagt verði af stað í þá vegferð að rétta af hlut skuldsettra sveitarfélaga með almennum aðgerðum. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu og segi já.

[14:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt að vandi er mikill hjá ýmsum sveitarfélögum vítt og breitt um landið. Ástæður þess eru margvíslegar. Byggðastefna núverandi ríkisstjórnar hefur brugðist algerlega og tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga er ósanngjörn. Það var best sýnt hér í langri og ítarlegri umræðu fyrir réttu ári síðan um tekjustofna sveitarfélaga og er þeirri umræðu langt í frá lokið.

Ég hef hins vegar efasemdir um þá nálgun sem hér er lögð til um að verja 1 milljarði kr. úr ríkissjóði til þess að dreifa á hin einstöku sveitarfélög samkvæmt reglum sem hæstv. félmrh. setur. Ég hef í fyrsta lagi ekki mikla trú á því að gera félmrh. að skammta úr hnefa hingað og þangað hringinn í kringum landið og nálgun þessa máls er ekki skynsamleg þó að ég efist ekki um heilan hug flutningsmanna. Ég get ekki stutt málið og sit því hjá.

Brtt. 454,2 felld með 31:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, VE, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁRJ, BH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GÁS, GunnB, JÁ, KVM, KLM, LB, MF, SI, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:31]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Til þess að það fari nú ekkert á milli mála: Ég segi nei og nei og aftur nei við því að Rarik kaupi Rafveitu Sauðárkróks. Því ætla ég að styðja þessa tillögu.

Ég vil segja það í tilefni af orðum hv. þm. Kristjáns Möllers hér áðan að sjálfstæðismenn í Skagafirði eru vissulega í fýlu yfir því að vera í minni hluta vegna þess að því sveitarfélagi væri miklu betur borgið með því að hafa sjálfstæðismenn þar við völd. (Gripið fram í.) Ég vona fyrir hönd Skagafjarðar að það takist að koma í veg fyrr það klúður að Samfylkingin verði þar áfram í meiri hluta eftir næstu kosningar.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er gott að fá sýnishorn af því hvernig bæjarstjórnarfundir ganga fyrir sig þar nyrðra.)

Brtt. 442,1 (liður 8.27) samþ. með 42:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, GunnB, JB, KolH, SJS, VE, ÞBack, ÖJ.

5 þm. (EKG, GuðjG, GAK, SI, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 442,1 (liður 8.28) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 442,2 (liður a) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SI*, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 457 felld með 36:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:34]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst lögð fram til þess að það megi fyllilega treysta því sem formenn fjárln. segja við umræður um fjárlög. Þannig var, herra forseti, að við umræður um fjárlög þessa árs sagði páv. formaður fjárln., hæstv. núv. heilbrrh. Jón Kristjánsson, m.a., með leyfi forseta:

„Það er fortakslaust að söluandvirðinu á að verja til styrktar rekstri Skógræktar ríkisins, ...“

Og síðan, með leyfi forseta:

„Þetta eru jarðir sem voru gefnar til Skógræktarinnar á sínum tíma og það er ótvírætt og skilningur meiri hluta nefndarinnar að þessu verði varið til styrktar rekstri Skógræktarinnar."

Herra forseti. Það er auðvitað bráðnauðsynlegt að við björgum því sem hér liggur fyrir og samþykkjum þessa tillögu þannig að við getum framvegis treyst því að það sem formaður fjárln. segir um álit meiri hluta nefndarinnar standi, a.m.k. það ár sem um er fjallað.

[14:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Skógrækt ríkisins var gefin þessi jörð og þessi tillaga tryggir að andvirði sölunnar renni til Skógræktarinnar og ekki annarra stofnana. Því segi segi ég já.

Brtt. 442,2 (liður b) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GÖ, ÍGP, JóhS, KF, KPál, LB, RG, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GÖ, ÍGP, JóhS, KF, KPál, RG, SvH, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 463).

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 319. mál (tollkvótar og tollar af tóbaki). — Þskj. 404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, GÖ, JóhS, KF, KPál, RG, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Gjald af áfengi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 405.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:38.

---

44. FUNDUR

miðvikudaginn 5. des.,
að loknum 43. fundi.

Dagskrá:

Til landbúnaðarráðherra:

1. Úthlutun ærgilda til svæða sem eru háð sauðfjárrækt, fsp. EKG, 243. mál, þskj. 277.
2. Útflutningsskylda sauðfjárafurða, fsp. ÁRÁ, 259. mál, þskj. 304.
3. Greiðslumark í sauðfjárbúskap, fsp. ÁRÁ, 260. mál, þskj. 305.

Til menntamálaráðherra:

4. Tónlistarnám fatlaðra, fsp. MF, 310. mál, þskj. 386.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Rýmingaráætlanir, fsp. MF, 294. mál, þskj. 359.
6. Vandi of feitra barna og ungmenna, fsp. ÁMöl, 304. mál, þskj. 374.

Til félagsmálaráðherra:

7. Tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fsp. SvanJ, 250. mál, þskj. 286.
8. Aðstoð við fatlaða vegna orlofsdvalar eða ferðalaga, fsp. MF, 256. mál, þskj. 295.
9. Biðlisti eftir þjónustu sæðisskrifstofa málefna fatlaðra, fsp. JB, 300. mál, þskj. 365.
10. Málefni fatlaðra, fsp. JB, 301. mál, þskj. 366.

Til iðnaðarráðherra:

11. Virkjanaleyfi, fsp. SvanJ, 334. mál, þskj. 426.

Úthlutun ærgilda til svæða sem eru háð sauðfjárrækt.

Fsp. EKG, 243. mál. — Þskj. 277.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á sínum tíma þegar nýr búvörusamningur, sauðfjársamningur var gerður var eitt meginefni hans að ríkisvaldið keypti upp allmörg ærgildi í því skyni að skapa betra svigrúm til rekstrar fyrir þá sem eftir stæðu. Við vitum að uppkaupin voru talsvert mikil strax á fyrsta árinu, raunar meiri en menn bjuggust við í upphafi þó að ekki hafi alveg

að öllu leyti tekist að kaupa upp í það magn á þessu hausti sem dygði til þess að opna á hið frjálsa framsal.

Í umræðum sem fram fóru þegar verið var að festa í lög sem leiddu af þessum sauðfjársamningi, umræðum sem fram fóru á Alþingi 9. maí í fyrra, sagði hv. þáv. formaður landbn., hv. þm. Hjálmar Jónsson svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Því er það að á tilteknu stigi í samningagerðinni var vilyrði gefið fyrir sérstökum stuðningi við sauðfjárrækt í þeim byggðum sem mest eiga undir sauðfjárræktinni. Ríkisstjórnin hefur fjallað um það og ég vænti þess að hæstv. landbrh. geri grein fyrir þeim sérstaka stuðningi sem reiknað er með að Byggðastofnun setji reglur um hvað úthlutun varðar."

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. útskýrði málið frekar í umræðunni og sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„En ríkisstjórnin er sammála, í tengslum við nýjan samning um framleiðslu sauðfjárafurða, um að lýsa yfir vilja sínum til að úthluta 7.500 ærgildum til þeirra svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir."

Síðan sagði hæstv. ráðherra að Byggðastofnun yrði falið að skilgreina svæðin og undirbúa reglur til viðmiðunar við úthlutun. Þetta var á vordögum árið 2000.

Því hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. landbrh. nokkuð frekar út í þetta mál og stöðu þess með eftirfarandi spurningum:

1. Hvað líður efndum á fyrirheitum um að úthluta 7.500 ærgildum til þeirra svæða sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir?

2. Er ætlunin að um verði að ræða árlegar greiðslur út gildistíma núverandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða?

3. Hafa þau svæði verið skilgreind sem uppfylla skilyrði skv. 1. lið?

4. Liggja fyrir úthlutunarreglur sem greitt verður eftir á viðkomandi svæðum?

[14:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Við umræður á Alþingi um gerð nýs búvörusamnings um framleiðslu sauðfjárafurða og breytingu laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var m.a. fjallað um leiðir til að styrkja þau svæði sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt. Ríkisstjórnin ákvað að veita fjármuni sem svara til beingreiðslna á 7.500 ærgildum, eins og hér kom fram í ræðu hv. þm., til að styrkja svæði sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og hefðu takmarkaða möguleika til annarrar tekjuöflunar. Gert var ráð fyrir að þessi stuðningur kæmi til framkvæmda í framhaldi af uppkaupum ríkissjóðs á 45 þúsund ærgildum sauðfjár.

Fyrir liggur eins og fram kom að uppkaupin ganga ekki upp á þessu hausti. Á fyrsta ári voru keypt upp 35 þúsund ærgildi, talið er að í haust verði það 7–8 þúsund ærgildi, en sala á milli manna á þeim rétti hefst eigi að síður í síðasta lagi 1. janúar 2004. Þetta mál er því í þeim farvegi.

Svar við annarri spurningu er: Framkvæmdanefnd búvörusamninga sem annast framkvæmd samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000, hefur lagt til að gerður verði viðauki við samninginn þar sem tekið verður fram að um verði að ræða árlegar greiðslur út gildistíma samningsins er svarar til beingreiðslna á 4.500 ærgildisafurðum. Framkvæmdanefnd búvörusamningsins hefur sent erindi til Byggðastofnunar um að stofnunin skilgreini þau svæði sem falla undir það að vera háð sauðfjárrækt og eiga takmarkaða möguleika til annarrar tekjuöflunar. Er það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar og þá umræðu sem fram fór á Alþingi við breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem var nauðsynleg til staðfestingar samningnum.

Síðan er þriðja spurningin: „Hafa þau svæði verið skilgreind sem uppfylla skilyrði skv. 1. lið?" Svarið við því er nei.

Fjórða spurningin: „Liggja fyrir úthlutunarreglur sem greitt verður eftir á viðkomandi svæðum?" Svarið er: Framkvæmdanefnd búvörusamninga mun að fengnum tillögum Byggðastofnunar um þau svæði sem framkvæmdanefnd nær til gera tillögur um úthlutunarreglur er farið verður eftir. Svona stendur þetta mál um þessar mundir.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál stendur ekki vel því að svör hæstv. ráðherra, að svo miklu leyti sem þau voru svör, voru nei og nei. Að hinu leytinu var algerlega þokukennt hvert hæstv. ráðherra var að fara. Ég vona að það hafi ekki átt að skilja eða ráða í þessa latínu hæstv. ráðherra á þeim nótum að nota eigi það sem tylliástæðu fyrir því að efna ekki þau fyrirheit sem voru kynnt þegar bændum var kynnt efni samninganna og áttu án efa þátt í því að t.d. bændur á sauðfjárræktarsvæðum sem gerðu sér vonir um stuðning úr þessum potti voru jákvæðari í garð samningsins en ella, að nú eigi að nota það sem tylliástæðu að enn vanti 2–3 þúsund ærgildi upp á uppkaupin til þess að efna ekki þetta fyrirheit. Það er auðvitað búið að kaupa miklu meira en nóg til að hægt sé að endurúthluta þessum 7.500 ærgildum eða ígildi þeirra í fjármunum og í raun og veru er þetta nokkurn veginn komið. Ég tel því algerlega óforsvaranlegt að ætla að nota þetta sem tylliástæðu til að drepa málinu á dreif. Og heldur hefur verklagið verið slælegt að ekki skuli enn vera búið að útfæra svæðin og skipta um reglur.

[14:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Byggðastofnun hefur nýlega borist bréf frá framkvæmdanefnd búvörusamnings þar sem óskað er eftir því að stofnunin komi að þessu máli. Það verður rætt á næstu dögum innan stofnunarinnar og ég mun leggja til við stjórnina að hún fallist á að taka þau erindi í samræmi við yfirlýsingu ráðherra sem hann gaf í þinginu 9. maí árið 2000 á þá lund, með leyfi forseta:

„Framkvæmd úthlutunarinnar verður þannig að Byggðastofnun verður falið að skilgreina svæðin og undirbúa reglur sem til viðmiðunar verði hafðar við úthlutun."

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim sem hér hafa talað við umræðuna og hæstv. landbrh. fyrir svörin. Ég neita því ekki að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum. Ég hafði satt að segja, virðulegi forseti, búist við því að málið væri komið lengra einfaldlega vegna þess að strax á fyrsta ári tókst þannig til að það urðu eiginlega meiri uppkaup en flesta hafði grunað á þessum sauðfjárræktarheimildum. Þess vegna bjóst ég satt að segja við því, virðulegi forseti, að málið væri komið í þann farveg að menn væru farnir að huga af mikilli alvöru að þeim reglum, einfaldlega vegna þess að tíminn líður og við vitum að staða sauðfjárræktarinnar hefur verið mjög alvarleg og staðan er auðvitað sérstaklega alvarleg á þeim svæðum þar sem menn eru háðastir sauðfjárrækt

og hafa ekki aðra tekjumöguleika eins og er forsendan fyrir úthlutun að þessu leyti.

Nú geri ég mér grein fyrir því að menn voru að tala um að þetta ætti að gerast í framhaldi af uppkaupunum. En eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er nú þegar búið að kaupa 42–43 þúsund ærgildi upp af þeim 45 þúsund sem stefnt var að, þannig að þarna er náttúrlega bitamunur en ekki fjár. Ég hefði talið það, virðulegi forseti, í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru séstaklega á þessum svæðum og vegna stöðu sauðfjárræktarinnar sem við vitum að hefur verið mjög alvarleg. Tekjumyndunin hefur verið lítil, tekjur sauðfjárbænda eru þær lökustu í landinu og ég hefði talið að eðlilegt hefði verið að málið væri komið lengra þannig að menn gætu farið að njóta afrakstursins ef það hefði verið hægt af slíkum heimildum.

En ég þakka engu að síður svörin og fagna því að þetta mál er þó komið í þennan farveg. Ég tel að þetta sé eðlilega gert að því leyti að þarna kom að máli framkvæmdanefnd búvörusamningsins og Byggðastofnun og ég treysti því að málinu verði hraðað þannig að við getum farið að sjá framan í þær reglur og bændur geti farið að átta sig á því nákvæmlega hvernig farið verður með málið í framtíðinni.

[14:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Já, ég get tekið undir að auðvitað hefði verið æskilegt að þessi uppkaup hefðu gengið hraðar og klárast og nýr tími sem menn bíða eftir hefði litið dagsins ljós á þessu hausti. Því miður er það ekki. Menn halda fast í sauðfé sitt og þykir vænt um það.

Hins vegar hef ég alltaf afskaplega gaman af því þegar hæstv. fyrrv. landbrh., Steingrímur J. Sigfússon, kemur hér upp og hefur hátt, talar um að menn efni ekki fyrirheit, tali þokukennt o.s.frv. Ráðherrann sem sat og hjó á útflutningsbætur í samningum með einu pennastriki og kannski sá ráðherra sem sat í þeirri dýflissu að landbúnaðurinn og ekki síst sauðfjárræktin færðist inn í þá þungu kreppu sem við nú erum að reyna að vinna okkur úr. Stundum halda menn að þjóðin og þeir sem eru á þinginu séu gleymnir og geti hlustað á hvað sem er. Það er ekki því að heilsa. Þess vegna er það nú svo að hv. þm. verður að axla sína byrði eins og hver annar og hann var starfandi landbrh. Nú erum við að reyna að greiða úr þessu, gerðum glæsilegan nýjan samning við sauðfjárbændur sem verður efndur og staðið verður við öll hans fyrirheit og hann hefur þegar haft góð áhrif í landinu til að rétta þennan atvinnuveg við og í honum eru mörg ný og glæsileg tækifæri sem munu efla sauðfjárræktina. Við erum því á réttri leið.

Ég þakka formanni Byggðastofnunar fyrir undirtektir hans í málinu. Og hvað varðar þessi 7.500 ærgildi, þá þarf þar niðurstöðu. Það er vandi að finna og ná sátt um þau byggðasvæði sem fá þá úthlutun en við munum takast á við það eins og annað sem nú stendur að þessum málum.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 3. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[14:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég á ekki annan kost en þann að biðja um orðið til að bera af mér sakir þegar hæstv. landbrh., sem því miður er ekkert einsdæmi, notar sér það að vera síðasti ræðumaður í umræðu um fyrirspurn og notar nánast allan ræðutíma sinn ekki í að svara betur fyrirspurninni sem hann fékk eða bregðast við athugasemdum þingmanna um það mál sem var til umræðu, heldur ræðst á mig vegna starfa minna sem fyrrv. ráðherra fyrir meira en tíu árum, sem er mál sem ekki er á dagskrá hér, og ég hef enga aðstöðu samkvæmt þingsköpum til að bera hönd fyrir höfuð mér aðra en þá að biðja um orðið til að bera af mér sakir og auðvitað ber ég af mér þær sakir að sá búvörusamningur sem ég gerði á sínum tíma og var studdur af stjórnarflokkum þáv. ríkisstjórnar, þar á meðal flokki hæstv. núv. landbrh., Framsfl., og einn af þeim mönnum sem lagði hvað mest fram til þess að sá samningur komst á fyrir utan þann sem hér stendur var einmitt formaður þess flokks, Steingrímur Hermannsson, sem skal eiga það sem hann á og þar á meðal það að hann studdi vel við bakið á þeim ráðherrum sínum sem voru í erfiðum verkefnum á hverjum tíma, meira en kannski mætti segja um suma aðra.

Ég tel að sá samningur hafi verið góður og farsæll miðað við þær ákaflega erfiðu aðstæður sem íslenskur landbúnaður var í um þær mundir. (**Landbrh.:** Spurðu bændurna.) Ég skal alveg eiga orðastað við núv. hæstv. landbrh. um þá tíma þegar betur stendur á, herra forseti, og fara yfir það og hvernig m.a. ráðsmennska Framsfl. í landbrn. undangengin ár og áratugi skildi við íslenskan landbúnað svoleiðis gersamlega á hnjánum að hann hefur auðvitað aldrei í annan tíma verið verr staddur, hvorki efnislega né pólitískt en hann var einmitt þarna um 1990, með gersamlega gjaldþrota kerfi á herðunum sem enginn pólitískur stuðningur var lengur fyrir. Árlegar reddingar með auknum útflutningsuppbótum (**Landbrh.:** Er þetta að bera af sér sakir?) o.s.frv., herra forseti, þannig að ég vísa þessu öllu saman til föðurhúsanna. (Gripið fram í.) Og það er heldur dapurlegt þegar maður leyfir sér að gera athugasemdir við að hægt hafi gengið að koma hlutum fram í landbrn., sem var allt og sumt sem ég gerði hér, að lýsa óánægju minni með óskýr svör ráðherra um hvenær staðið yrði við þessi fyrirheit og að mér þætti hafa tekið langan tíma að skilgreina þessi svæði og móta reglur um hvernig þetta yrði greitt út. Sama sinnis var hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Er það tilefni til þess að fara að ráðast að mönnum með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir hér? Ég mótmæli því, herra forseti. Og ég bendi virðulegum forsetum á að það gerist æ algengara að menn noti sér það að vera síðustu menn á mælendaskrá í umræðum þegar aðrir þingmenn eru „dauðir" eins og kallað er og koma ekki hönd fyrir höfuð sér, til þess að ráðast þá með frekar ómerkilegum hætti að mönnum. Það hefur aldrei þótt stórmannlegt og ég held að hæstv. landbrh. væri nær að hugsa um sinn sokk heldur en vera að kássast upp á annarra manna jússur.

[14:55]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti minnir á að þegar hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar ætla að bera af sér sakir, þá fá þeir orðið til að bera af sér sakir en ekki til að halda langa efnislega ræðu. Forseti hefur efasemdir um að einhverjar sérstakar sakir hafi verið bornar á hæstv. ráðherra en það er rétt að heyra hvað hann hefur fram að færa.

Hæstv. landbúnaðarráðherra óskar að bera af sér sakir.

[14:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég fellst á það, ég hef engar sakir af mér að bera. Mér þótti vænt um ræðu hv. þm. en hún sýnir að minni hans er gott og er í lagi. Hann man þá tíma.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. ráðherra byrjaði á að lýsa því yfir að hann hefði engar sakir af sér að bera og þá eiga menn einfaldlega ekki að biðja um orðið til að bera af sér sakir.)

Útflutningsskylda sauðfjárafurða.

Fsp. ÁRÁ, 259. mál. — Þskj. 304.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Fyrir tæpu ári eða þann 13. desember sl. svaraði hæstv. landbrh. fyrirspurn minni um útflutningsskyldu sauðfjárafurða og áhrif uppkaupa ríkisins en í þeirri umræðu hafði ég á orði að heimildir mínar sögðu mér að hugsanlegt væri að útflutningsskyldar sauðfjárafurðir hefðu komist á innanlandsmarkað og ráðherra svaraði því til í fyrsta lagi að það kæmi sér á óvart en þyrfti að rannsaka.

Nú hefur það gerst að þurft hefur að gera upp bú eins af alstærstu sláturleyfishöfunum og standa þau skipti yfir. Væri þess vegna ástæða til að draga fram upplýsingar sem þar kunna að hafa komið fram. Raunar er það svo að varðandi þau skipti hafa bændur gert ítarlegar og miklar athugasemdir við viðskipti eða viðskiptahætti þess bús og fyrirtækisins fram að því. Af þeim ástæðum, herra forseti, hef ég lagt fyrirspurn fyrir hæstv. landbrh. sem liggur fyrir á þskj. 304 um þetta efni, sem er svohljóðandi:

1. Hefur verið kannað hvort útflutningsskyldar sauðfjárafurðir hafi verið seldar á innanlandsmarkaði?

2. Ef svo er, hve mikil hefur sú sala orðið og hvernig hefur sú breyting komið fram í ákvörðun um útflutningsskyldu næsta árs?

3. Hvernig hafa sauðfjárbændur fengið skil á verðmun?

[14:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Svar við fyrstu spurningunni er svo að í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 29. gr., er ákvæði um að sláturleyfishafa sé skylt að leggja til kjöt til útflutnings, semja um skipti á kjöti við sláturleyfishafa sem hefur leyfi til útflutnings eða gera verktakasamning við útflutningshús um slátrun þess hluta innleggs búsins sem þarf að flytja úr landi. Sé þess ekki kostur er sláturhúsleyfishafa heimilt að greiða tiltekið gjald af hverju kílói kjöts sem er ætlað að standa undir kostnaði við að koma jafnmiklu magni á erlendan markað til að halda jafnvægi á markaði innan lands.

Í reglugerð nr. 524/1998, um útflutning á kindakjöti, er að finna nánari ákvæði um þessa framkvæmd. Þar er tilgreint að sláturleyfishöfum sé skylt að gera áætlun um vinnslu kjöts til útflutnings samkvæmt þeirri útflutningsskyldu sem á þeim hvílir eða greiðslu gjalds. Eigi þeir ekki kost á að flytja út það magn sem þeim ber á grundvelli ákvæða reglugerðarinnar og búvörulaga hafa Bændasamtök Íslands gert samning um söfnun og úrvinnslu á skýrslum frá sláturleyfishöfum um framleiðslu, ráðstöfun og birgðir kjöts, þar með talið kindakjöts. Mánaðarlega berast skýrslur fyrir 15. hvers mánaðar sem bera með sér hverjar eru birgðir í upphafi mánaðar, framleiðsla, sala, útflutningur, rýrnun og birgðir í lok mánaðar. Skýrslur um útflutning eru bornar saman við álagða útflutningsskyldu og þannig fylgst með fullnustu hennar. Sláturleyfishafar hafa frest til 1. nóvember árið eftir að slátrun á sér stað til að ljúka útflutningi. Hafi útflutningur ekki verið í samræmi við álagða útflutningsskyldu er útflutningsgjald lagt á sem síðan á að nota til kaupa á kjöti sem flutt er úr landi.

Í öðru lagi: „Ef svo er, hve mikil hefur sú sala orðið og hvernig hefur sú breyting komið fram í ákvörðun um útflutningsskyldu næsta árs?"

Svar: Einn sláturleyfishafi hefur ekki lokið uppgjöri á útflutningsgjaldi fyrir haustið 1999. Á næstu dögum verður farið yfir stöðu útflutningsins, miðað við 1. nóvember, og borin saman við álagða útflutningsskyldu haustið 2000. Þann 1. október var ólokið útflutningi frá sl. hausti á um 260 tonnum af kjöti vegna Goða hf., Kjötumboðsins og tengdra fyrirtækja. Fyrir liggur að verið er að selja þetta kjöt á innanlandsmarkaði þrátt fyrir andmæli Bændasamtaka Íslands. Bændasamtök Íslands munu krefjast þess að útflutningsgjald verði viðurkennt sem forgangskrafa vegna væntanlegra tilrauna til nauðasamninga hjá Goða hf., Kjötumboðinu. Verði ekki fallist á þetta er ljóst að verulegur hluti þessara fjármuna mun því ekki innheimtast. Einn sláturleyfishafi óskaði eftir að greiða útflutningsgjald vegna slátrunar haustið 2000 og hefur gengið frá greiðslum. Verið er að vinna í útflutningi á kjöti vegna þessa.

Þann 1. október var ólokið útflutningi vegna 1999 og 2000 á 536 tonnum. Þar af voru 340 tonn vegna þeirra fyrirtækja sem að framan er rætt um. Eftir sláturtíð í haust er því áætlað að um 1.900 tonn verði til af útflutningsskyldu kjöti. Að því leyti sem álagt útflutningsgjald nægir ekki til að flytja útflutningsskylt kjöt úr landi samanber ofangreint er óhjákvæmilegt að leysa þetta mál með hækkaðri útflutningsskyldu á heildina á næsta ári eða árum ef svo fer.

Í þriðja lagi: „Hvernig hafa sauðfjárbændur fengið skil á verðmun?"

Svar: Af kjöti sem er útflutningsskylt en er selt innan lands er lagt á útflutningsgjald. Því gefur sú sala framleiðendum engan verðmun.

[15:01]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þetta mál inn á þingið og eins fyrir svör hæstv. landbrh. Það er alveg ljóst að hér er grafalvarlegt mál á ferðinni.

Að mínu mati er hér um allt að því glæpsamlega starfsemi að ræða. Bændur bera af því mikinn kostnað að hafa hluta af framleiðslu sinni til útflutnings. Ef ofan á bætist að þetta kjöt er selt á innanlandsmarkaði og dregur úr möguleikum bænda til áframhaldandi framleiðslu og þeir þurfa að auki að taka á sig enn frekari kostnað og skyldur og hærri kostnað vegna þessa þá er þetta ekkert annað en glæpastarfsemi.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þetta mál verði rannsakað sem slíkt og að réttur og hagsmunir bænda verði hafðir að leiðarljósi í þessum málum.

[15:03]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er stungið á slæmu kýli. Ég verð að segja að ég er auðvitað þakklát fyrir hversu greið svör hæstv. landbrh. gaf við spurningum hv. þm. Árna R. Árnasonar um þetta efni. Það er grafalvarlegt mál að hér hafi verið dengt á innanlandsmarkað 260 tonnum frá þessu eina fyrirtæki sem núna er komið í gjaldþrot og mun sjálfsagt aldrei geta staðið

skil á því útflutningsgjaldi sem gert var ráð fyrir auk þess sem þetta gjöreyðileggur markaðinn fyrir kjötframleiðsluna á þessu ári.

Ég verð að segja að ég tek undir með hv. þm. Þuríði Backman. Þetta mál verður að rannsaka sem glæpamál.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. greið og góð svör um þetta mál sem er í eðli sínu allviðamikið og viðkvæmt að því leyti að það snertir beinlínis hag starfandi bænda. Í því samhengi er rétt að geta þess að þeir starfa undir þeim áskilnaði bæði búvörulaga og búvörusamnings að þeim er ekki gert kleift að flytja atvinnuréttindi sem við köllum greiðslumark á milli sauðfjárbúa þannig að allar hagræðingar þeirra eru bundnar af lögum og samningi sem var ekki gerður af þeim sjálfum heldur samtökum þeirra og ríkisvaldinu.

Það verður að segjast eins og er að heimildir sláturleyfishafa birtast í þessu sem óþarflega rúmar. Ég hef áður bent á það í umræðu um þessi mál að heimildir þeirra til hagræðingar, samkvæmt samningnum og lögunum, eru rýmri en bændanna sjálfra, eins og kemur fram í þessu, til þess að flytja afurðir beinlínis á milli innanlandsmarkaðar og útflutnings sem snertir hins vegar beint viðskipti bænda við þessi fyrirtæki.

Ég vænti þess að þetta mál verði rannsakað til hlítar og að dregið verði fram hvernig bændur fá endanleg skil, hvort brot hafi átt sér stað á búvörulögum eða einhverjum öðrum og sérstaklega að bændum verði gerð grein fyrir því hvaða áhrif þetta mál mun hafa á innanlandsmarkað á næstu árum. Það er enginn efi á því að sú nauðsyn að ljúka þessu máli með því að setja útflutningsafurðir á innanlandsmarkað mun hafa áhrif, ef ekki á næsta ári þá öllu lengur. Síðan tel ég brýnt að breytt verði ákvæðum laganna og samningsins sem meina sauðfjárbændum að flytja réttindi á milli búa til að hagræða.

[15:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er svo sem lítið meira um þetta mál að segja. Það er komið í ákveðinn farveg sem verður fylgt. Það er alltaf ljóst þegar fyrirtæki fara illa á markaði, eins og þekkt er með Goða sem hefur verið fyrirtæki líklega 40–50% bænda í sauðfjárslátrun, að þá getur illa farið. Það er ábyrgðarhlutur þegar slíkt gerist og sorgarsaga og margir geta orðið fyrir miklum afföllum. Þarna skópu menn fyrirtæki sem aldrei gat siglt og ekki gengið og örlög þess eru að ráðast þessa dagana í nauðasamningum og uppgjöri. Við skulum vona að bændurnir fái sem mest af því sem þeir eiga.

Ég vil svo sem ekki ræða þetta mál hér frekar. Ég vona að ég hafi gefið þinginu þær skýringar sem mér finnst mikilvægt að upplýsa um og segja satt frá. Málið er í þessum farvegi og það verður farið með það þannig. Brot á búvörulögum er alvarlegur hlutur og þetta verður leitt til lykta á næstunni.

Greiðslumark í sauðfjárbúskap.

Fsp. ÁRÁ, 260. mál. — Þskj. 305.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Eins og fram kom í umræðu um fyrri fyrirspurn mína eru sauðfjárbændum ekki gerð sömu kjör og öðrum stéttum til hagræðingar vegna ákvæðanna um frjálst framsal greiðslumarks í sauðfjárbúskap. Því er mjög mikilvægt að koma því við sem fyrst. Samtök þeirra og ríkisvaldið hafa komist að þeirri niðurstöðu að til þess þyrfti ákveðinn tíma, ráðrúm til annarra aðgerða áður en þeir fengju sjálfir vald til að ákveða framtíð sína, m.a. þá framtíð að færa bú sín milli búgreina, breyta stærð þeirra og sameina smábú. Þetta allt þykir sjálfsagt í öðrum rekstri, sjálfsagt.

Það skiptir miklu máli, og verður enn ítrekað af því sem rætt var áðan og þá kom fram í svörum hæstv. landbrh., að við virðum fyrir okkur hvenær að því geti komið. Í því efni hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. á þskj. 305 um greiðslumark í sauðfjárbúskap og eru spurningarnar svohljóðandi:

1. Hve mikil hafa uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki samkvæmt ákvæðum búvörusamnings orðið og hver var viðmiðun búvörusamningsins?

2. Hvenær og hvernig koma til framkvæmda ákvæði búvörusamnings um frjálst framsal greiðslumarks?

[15:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr:

„Hve mikil hafa uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki samkvæmt ákvæðum búvörusamnings orðið og hver var viðmiðun búvörusamningsins?“

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur annast uppkaup á greiðslumarki í sauðfé samkvæmt ákvæðum samninga um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars árið 2000. Í samningnum eru ákvæði um að keypt verði upp 45 þús. ærgildi sauðfjárgreiðslumarks og hófust uppkaup samkvæmt því árið 2000. Það ár voru keypt upp 35.107 ærgildi sem hinu háa Alþingi hefur verið gerð grein fyrir í sérstakri skýrslu. Á þessu ári var því óskað eftir kaupum á mismuninum eða um 10 þús. ærgildisafurðum. Komnar eru beiðnir um sölu á 7.455 ærgildisafurðum. Ókeyptar eru því tæplega 2.500 ærgildisafurðir sem verða keyptar eftir að uppkaupum í ár lýkur.

Eins og hér kom fram undir annarri fyrirspurn áðan þá er þetta mál ekki lengra komið en þetta. Menn halda fast í sauðfé sitt og fleiri en hér eru nefndir hafa ekki viljað selja þannig að þetta mál frestast. En hin frjálsa sala sem rætt er um á auðvitað að koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2004 samkvæmt samningnum.

Síðan spyr hv. þm.:

„Hvenær og hvernig koma til framkvæmda ákvæði búvörusamnings um frjálst framsal greiðslumarks?“

Frjálst framsal greiðslumarks verður þegar keyptar hafa verið upp 45 þús. ærgildisafurðir og eins og ég sagði eigi síðar en 1. janúar 2004. Framsal greiðslumarks tekur gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast framsalshafa frá sama tíma. Bændasamtökum Íslands skal tilkynna framsal á greiðslumarki milli lögbýla fyrir 15. janúar ár hvert vegna beingreiðslna fyrir viðkomandi ár.

Ég vil segja að það er auðvitað mikilvægt sem hv. þm. ræðir um ákveðið frelsi atvinnugreinarinnar og að fjötrar séu sem minnstir. Það held ég að sé mikilvægt í mínum huga. En á hitt ber að líta að auðvitað er það áhyggjuefni í þessu ekkert síður en í mjólkinni að framleiðsluréttur í mjólk hefur t.d. verið að seljast mjög dýrt til framtíðarinnar og kann að hafa áhrif á samkeppnisstöðu bæði bænda og búgreinarinnar. Þess vegna er kannski ekki ljóst enn þá hvernig þessi réttur selst manna á milli. En ég held að mjög mikilvægt sé að fara yfir það að þetta gerist með þeim hætti sem best hentar atvinnugreininni og styrkir þá best í sessi sem áfram ætla að starfa við landbúnaðinn í þessu landi. Eins og ég hef margsagt úr þessum ræðustól á íslenskur landbúnaður nýja og meiri möguleika. Bæði er það að Íslendingar hafa áttað sig á hinum heilnæma og góðu vörum sem landbúnaðurinn gefur af sér og ekki síður hitt að erlendir aðilar horfa í vaxandi mæli til hinnar hreinu náttúru og hinna góðu afurða sem við höfum upp á að bjóða. Sjást gleggst merki þess í Bandaríkjunum og fyrirspurnir koma víðar að. Síðast í gær bárust á mitt borð fyrirspurnir frá Japan um innmat o.fl. þannig að það eru ýmsir nýir möguleikar. Þess vegna er mjög mikilvægt, eins og hv. þingmaður nefndi, að reyna að hafa atvinnuveginn sem best staddan til þess að mæta nýjum tímum og nýrri þróun. Það er öllum fyrir bestu.

[15:13]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Árna R. Árnasyni, fyrir fyrirspurnina og ráðherra svörin, það sem fram kemur hjá honum. Það er gleðiefni sem fram kom í máli ráðherra að erlendir aðilar hafa aukinn áhuga á að kaupa íslenskar landbúnaðarafurðir, kindakjöt og afurðir af þeim skepnum. En þess verður náttúrlega að gæta vel og vandlega að sauðfé verði ekki komið í útrýmingarhættu um það leyti sem menn vilja fara að gera stóra sölusamninga þannig að ekki séu til kindur í landinu eða lömb að selja þegar búið er að gera gott markaðsátak.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. þessi greinargóðu svör. Ég verð að segja að nú liggur fyrir að í ársbyrjun 2004 samkvæmt ákvæðum búvörusamnings munu sauðfjárbændur geta flutt greiðslumark á milli sauðfjárbúa og þar með hafið þá hagræðingu sem þeir sjálfir sjá helst sér og sínum til farsældar og hagsældar.

Ég hafði gert mér þær vonir að það gæti orðið fyrr. En af svörunum má greina að það liggur ekki í hendi. Það er þó alveg ljóst af þessum svörum að við nálgumst greiðlega þau viðmið sem sett voru.

Hæstv. landbrh. sagði sem svo að æskilegt væri að fjötrar væru sem minnstir um starfsemi af þessu tagi. Ég verð að viðurkenna að ég tel eðlilegast að ekki sé um fjötra að ræða nema ef við köllum fjötra þau skilyrði og skilmála sem við setjum yfirleitt um gæði afurða, um hreinlæti í starfsemi sem varðar matvæli. En þá skilmála tel ég yfirleitt ekki til fjötra.

Mestu skiptir að ekkert mismuni starfsgreinum eða stéttum. Ég tel að því miður hafi svo verið um íslenskan landbúnað fram að þessu og svo sé enn um sauðfjárbúskapinn. Mjög miklu skiptir fyrir okkur ef bændur og samstarfsstéttir þeirra finna markaði sem greiða fullt verð fyrir heilnæmar landbúnaðarafurðir að þeir hafi þá frelsi til að bregðast við þörfum þeirra markaða og halda úti nægilega stórum bústofni til að geta annað þeim þörfum. Að því leyti tel ég mikilvægt að við náum sem fyrst því marki að þeir ráði sjálfir stærð búa sinna og taki sjálfir ákvarðanir um hvernig þeir haga rekstri þeirra.

[15:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Í dag ráða bændur því hvað þeir eiga margt sauðfé. Það er frelsi um það. Sá sem hér stendur sagði einhvern tíma að það væru mannréttindi að eiga sauðkind. Bændurnir geta átt svo margt sauðfé sem þeir vilja þess vegna, en beingreiðslurnar eru bundnar við ákveðið magn. Það kynni t.d. að gerast, sem við höfum séð, að hið háa verð á Bandaríkjamarkaði skilaði sér vel heim á búin og hækkaði mjög verð. Þá hefðu menn auðvitað frelsi til þess að bregðast við því. Það eru engar hömlur gegn því að menn fjölgi þá sauðfé sínu, sinni þeim markaði og eigi hann. Hitt er auðvitað bundið við innanlandsmarkaðinn og neysluna hér þannig að að þessu leyti er þetta frjálst.

Hitt er annað mál að kvóti eða takmörkun á því sem er undirstaðan, stuðningnum, er bundinn bæði mjólk og sauðfé. Margir líta á það sem ákveðna fjötra. Menn hafa ekki fundið aðrar leiðir. En ég tek undir það að ég tel mikilvægt að þetta ákvæði, um að þessi atvinnugrein fari út í þá þróun að menn geti selt sín á milli, verði að lögum sem fyrst. Auðvitað mætti hugsa sér að taka upp samninginn og flýta fyrir þessu. Það mætti hugsa sér það til þess að hjálpa atvinnugreininni og efla hana. Því er ástæðulaust að útiloka það. Hins vegar verða bændurnir náttúrlega á öllum sviðum að bera ábyrgð á sér og sínum, búunum, slátruninni, þeim millilið, og standa síðan sterkir við að koma vörum sínum á markað. Sauðkindin hefur sem betur fer haldið markaðshlutdeild sinni hér 6–7 síðustu ár sem skiptir miklu máli fyrir bændurna og byggðina.

Tónlistarnám fatlaðra.

Fsp. MF, 310. mál. — Þskj. 386.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í 6. meginreglu Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra er fjallað sérstaklega um aðgang fatlaðra að menntun. Þar segir m.a. að aðildarríkin skuli hafa í heiðri þá meginreglu að fötluð börn njóti jafnréttis hvað snertir nám í grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla, í almennum skólum. Þau skulu tryggja að menntun fatlaðra sé óaðskiljanlegur hluti menntakerfisins. Hér eiga öll börn lögbundinn rétt á menntun og við höfum fylgt þeirri stefnu að hafa samskipan í almennu skólunum. Þó að meginreglur Sameinuðu þjóðanna leggi ekki lagalegar skyldur á herðar aðildarríkjunum eru þær skuldbindandi siðferðilega og pólitískt og þær byggja á kjörorði Sameinuðu þjóðanna: „Eitt samfélag fyrir alla."

Eins og ég hef nefnt höfum við reynt að fylgja því eftir að fatlaðir einstaklingar geti sótt nám í grunnskóla og framhaldsskóla þó að við eigum kannski svolítið langt í land að tala þar um algert jafnrétti. Hins vegar virðist réttur fatlaðra, eða möguleikar fatlaðra, til að sækja tónlistarnám heldur bágborinn. Þess eru dæmi að hér hafi foreldrar þurft að berjast fyrir því í allt að tvö eða þrjú ár að koma fötluðu barni til tónlistarnáms. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að tónlistarskólarnir eða forráðamenn þeirra hafa borið því við að aðstaðan til að taka fatlaða einstaklinga í nám sé

ekki fyrir hendi og e.t.v. heldur ekki sú sérmenntun sem til þyrfti.

Fyrir nokkrum árum var gerð rannsókn í Bandaríkjunum þar sem niðurstaðan varð ótvírætt sú að það flýtti mjög fyrir þroska fatlaðra barna og hjálpaði þeim félagslega, þá kannski sérstaklega til að ná tengslum við aðra, að þau stunduðu tónlistarnám. Þar hafa risið skólar og á einhverjum hinna Norðurlandanna hafa verið reknir tónlistarskólar, algjörlega á kostnað ríkisins, m.a. í Noregi. Þar eru a.m.k. þrír tónlistarskólar fyrir fatlaða. Þar eru kennarar sem eru uppeldisfræðingar að mennt en hafa tónlist sem sérgrein. Þar hafa börn alveg niður í tveggja ára aldur verið tekin inn í tónlistarnám vegna þess að þar er viðurkennt að það hjálpar þeim mjög í þroska og ekki síst í samskiptum við aðra.

Ég hef á þskj. 386 borið fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

Hefur farið fram könnun á því hvernig tónlistarskólar eru í stakk búnir til þess að mæta þörfum fatlaðra nemenda hvað varðar aðbúnað og kennslu? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður hennar?

Telur ráðherra að þörf sé á úrbótum í þessum málum, og þá hverjum, og mun ráðherra beita sér fyrir slíkum úrbótum þannig að jafnræði ríki milli fatlaðra og ófatlaðra hvað tónlistarnám varðar?

[15:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og kunnugt er er það hlutverk sveitarfélaganna að reka tónlistarskóla og ríkið kemur ekki að rekstri þeirra. Það er samt hlutverk menntmrn. að hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu en hún hefur á síðustu árum einkum verið fólgin í verkefnum á sviði námskrárgerðar og almennrar upplýsingaöflunar.

Á vegum mats- og eftirlitsdeildar menntmrn. er árlega aflað upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi tónlistarskóla en það hefur ekki verið kannað sérstaklega hvernig tónlistarskólar eru í stakk búnir til að mæta þörfum fatlaðra hvað varðar aðbúnað og kennslu. Á hinn bóginn er það svo að ekki hafa heldur gilt um þetta reglur. Skólarnir hafa því ekki getað áttað sig á því hvaða skyldur hvíla á þeim varðandi þennan þátt sérstaklega. Hins vegar er það rétt sem hv. þm. sagði að það eru hinar almennu skuldbindingar, m.a. í ályktunum Sameinuðu þjóðanna sem hún vitnaði til, sem menn eiga að taka mið af. Það hefur verið gert í mótun nýrrar skólastefnu sem kynnt var í apríl 1998 í ritinu Enn betri skóli. Þar er lagður grundvöllur að endurskoðun á aðalnámskrá fyrir alla skóla landsins. Í því riti er mörkuð skýr stefna um jafnrétti til náms og í málefnum fatlaðra nemenda. Þessi stefna hefur verið útfærð í aðalnámskrá fyrir einstaka hluta skólakerfisins, þar á meðal nýrri aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla. Í almennum hluta þeirrar námskrár sem kom út og tók gildi 1. júní árið 2000 er vikið bæði beint og óbeint að því jafnræði milli fatlaðra og ófatlaðra nemenda í tónlistarnámi sem um er spurt.

Ég veit ekki, herra forseti, hvað ég á að vitna mikið í þessa námskrá en þó vil ég, með leyfi forseta, nefna að í aðalnámskrá tónlistarskóla, almennum hluta á bls. 13, er inngangsgrein og yfirskrift yfir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla sem hljóðar svo:

„Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öflugu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Kennsluaðferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg."

Þetta er endurtekið á fleiri stöðum í þessum almenna hluta námskrárinnar og sérstaklega er tekið fram að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

Í viðauka aftan við almennan hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er kafli með ábendingum um húsnæði, hljóðfæraeign og tækjakost tónlistarskóla. Í inngangsgrein um húsakost á bls. 68 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við hönnun og val á húsnæði fyrir tónlistarkennslu þarf að huga sérstaklega að hljómburði, hljóðeinangrun, loftræstingu og lýsingu. Einnig þarf ætíð að gera ráð fyrir greiðu aðgengi fatlaðra."

Þannig hefur menntmrn., með námskrárgerðinni, markað mjög skýra stefnu um þau tilteknu atriði í málefnum fatlaðra nemenda sem hv. þm. vakti máls á, og þakka ég þingmanninum fyrir það. Útfærsla þessara atriða er hins vegar í höndum tónlistarskólanna sjálfra og rekstraraðila þeirra.

Í nýrri aðalnámskrá er gert ráð fyrir auknu faglegu sjálfstæði einstakra tónlistarskóla sem þeim er ætlað að setja fram í skólanámskrá hvers skóla. Hverjum skóla er ætlað að marka sér stefnu samkvæmt skólanámskrá byggðri á skýrt markaðri heildarstefnu stjórnvalda sem kemur fram í aðalnámskrá tónlistarskólanna, bæði almenna hlutanum og í námskrám fyrir einstakar námsgreinar. Þessu mun menntmrn. fylgja eftir samkvæmt þeim leiðum og þeim aðferðum sem tíðkast um mat og eftirlit ráðuneytisins með skólastarfi á hverjum tíma þannig að ráðuneytið hefur núna sett þessar almennu reglur og getur þess vegna betur en áður óskað eftir því og spurt hvort menn fari eftir þeim reglum.

Ég vil aðeins geta þess að lokum að hér á landi er einn tónlistarskóli sem heldur uppi sérhæfðri þjónustu einvörðungu fyrir fatlaða nemendur. Þetta er Tónstofa Valgerðar. Í nýlegu erindi frá þeim skóla til menntmrn. hefur komið fram að Tónstofa Valgerðar hefur hlotið fjárstyrk frá Reykjavíkurborg. Hins vegar bíður skólinn enn eftir því að fá formlegt starfsleyfi og samþykki frá borgaryfirvöldum. Að því fengnu verður væntanlega ekkert því til fyrirstöðu að Tónstofa Valgerðar geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum hlotið lögformlega viðurkenningu og samþykki menntmrn. lögum samkvæmt fyrir starfsemi sinni sem er afar mikilvæg því eins og áður segir mun þetta vera eini tónlistarskólinn í landinu sem veitir sérhæfða þjónustu fyrir fatlaða nemendur.

[15:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hreyfa þessu afar þýðingarmikla máli og víkja aðeins að því hér að eins og allir vita eiga fatlaðir nemendur misauðvelt með að tileinka sér almennar námsgreinar. Hins vegar eiga þeir trúlega allir það sameiginlegt að listnám, ekki síst nám í tónlist, fleytir þeim mjög áfram í þroska. Þess vegna er það mjög mikilvægt að listnámi fatlaðra nemenda sé sérstakur gaumur gefinn.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hann skuli hafa nefnt hér Tónstofu Valgerðar sem ég þekki eilítið til. Þar er verið að vinna þvílíka kraftaverkavinnu sem er ekki annað en sanngjarnt að allir fatlaðir nemendur á Íslandi geti átt aðgang að. Svo mikil kraftaverk eiga sér stað þegar fatlaðir nemendur

fá tækifæri til að öðlast þroska í gegnum tónlistarnám.

[15:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka einnig þessa fyrirspurn. Það er mjög mikilvægt að fatlaðir geti nýtt sér tónlistarnám. Nú er fötlun mjög mismunandi og margir fatlaðir geta nýtt sér það sem verið er að bjóða upp á í venjulegum sveitarfélögum. Aðrir geta það hins vegar ekki.

Ég mundi segja að það væri mikilvægt að sú stofnun sem hér hefur verið minnst á í dag, Tónstofa Valgerðar, sem er starfrækt hér í Reykjavík, fengi sem fyrst lögformlega viðurkenningu og stuðning frá ríkinu til að veita sérhæfða þjónustu fyrir mikið fötluð börn. Ég held að þetta væri mjög verðugt verkefni og vel til þess fallið að hjálpa fötluðum börnum sem eiga við mikla erfiðleika að etja.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þann skilning sem hann sýnir á þörfinni fyrir að ýtt verði undir og stutt við sérhæft tónlistarnám fyrir fatlaða einstaklinga. Eins og hér hefur komið fram er fötlun afar mismunandi og fatlaðir einstaklingar geta auðvitað margir hverjir sem betur fer sótt nám í starfandi tónlistarskólum. Hins vegar er mikil þörf á að gera þeim tónlistarskólum sem eru starfandi í sveitarfélögunum kleift að taka á móti fötluðum einstaklingum.

Því miður þekki ég dæmi þess að það hafi tekið hátt á þriðja ár að fá kennslu fyrir fatlað barn í tónlistarskóla vegna þess að það var hvorki aðgengi fyrir fatlaða né möguleiki til að sinna þeim einstaklingi eins og þurft hefði í einkakennslu. Þegar það hafðist síðan í gegn var, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á, eins og það ætti sér stað ákveðið kraftaverk í lífi þessa einstaklings. Faglega umsjón, eftirlit og þær reglur sem hæstv. menntmrh. hefur nú sett ætti m.a. að nota til að gera könnun á því hvernig tónlistarskólar í landinu eru í stakk búnir til að mæta þörfum fatlaðra nemenda.

Mér finnast til fyrirmyndar þau dæmi sem ég nefndi frá Noregi þar sem t.d. er um að ræða stað þar sem aðeins eru 30 þúsund eru búsettir en þar er rekinn tónlistarskóli fyrir fatlaða einstaklinga og eru börnin tekin inn frá tveggja ára aldri. Þar er byggt á niðurstöðum þessarar bandarísku rannsóknar og unnið eftir þeim niðurstöðum sem þar var að finna. Þar er þetta að fullu kostað af hinu opinbera og eingöngu þannig held ég að við getum tryggt jafnrétti til þessa náms.

[15:32]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi þetta mál hef ég gert grein fyrir því hvernig að þessu er staðið af hálfu menntmrn. Menntmrn. hefur ekki heimild til þess að veita fé til tónlistarskóla, hvorki fyrir fatlaða né aðra, samkvæmt lögum og samkvæmt verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að menntmrn. getur komið að því með þeim hætti sem ég hef lýst. Það getur ekki gert það með því að styrkja einstaka skóla þótt vel sé að starfi þeirra staðið og mikilvæg verkefni sé um að ræða. Það er verkefni sveitarfélaganna að standa undir kostnaði við tónlistarskóla.

Ég vil láta þess getið að þar sem menntmrn. ber ábyrgð á skólastarfi alfarið, eins og framhaldsskólastiginu, hafa verið stigin skref á undanförnum árum til þess að opna framhaldsskólana fyrir fötluðum nemendum. Nú í vetur er í fyrsta sinn boðið upp á fjórða árið fyrir fatlaða nemendur á framhaldsskólastigi og þetta hefur verið ákaflega mikils metið af þeim sem sinna málefnum fatlaðra. Þar hefur einnig komið í ljós að með unglinga sem fá tækifæri til þess að fara í framhaldsskóla gerist það sama og menn voru að lýsa varðandi tónlistarnámið. Það virðist vera að á þeim aldri sé mjög mikilvægt að gefa þessum nemendum kost á því að sækja skóla og stunda nám og fara inn í það umhverfi sem framhaldsskólarnir veita. Á því sviði, þar sem ríkið kemur að alfarið, tel ég þannig að verki staðið að ekki sé brotið með neinum hætti á rétti fatlaðra. Við tökum á móti fötluðum nemendum og höfum lagt okkur fram um að tryggja þeim öllum skólavist eins og kostur er.

Ég get ekki gefið yfirlýsingar fyrir hönd annarra, t.d. sveitarfélaganna, sem yrðu þá einnig túlkaðar á þann veg að ég sé að ráðskast með málefni og fjármuni þeirra, þ.e. ef ég færi að gefa of háleitar yfirlýsingar um markmið varðandi tónlistarskólana. Að sjálfsögðu eru þau skilyrði sett og þær kröfur settar fram í hinni almennu námskrá sem ég kynnti hv. þingmönnum.

Rýmingaráætlanir.

Fsp. MF, 294. mál. — Þskj. 359.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Þess er getið í löggjöf að gera skuli rýmingaráætlanir sem gilda þegar hætta steðjar að, t.d. vegna náttúruhamfara. Um það voru á sínum tíma skiptar skoðanir, þegar viðkomandi lög voru sett, hvort slíkar rýmingaráætlanir væru gerðar af heimamönnum sem best þekktu til á hverjum stað eða hvort opinber nefnd, skipuð fulltrúum þeirra sem að almannavörnum koma, ætti að gera þær áætlanir, sem síðan varð ofan á að því er mig minnir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það er nauðsynlegt að gera rýmingaráætlanir fyrir opinberar stofnanir, sérstaklega þar sem daglega er fjöldi saman kominn, t.d. í skólum og leikskólum, en ekki síður fyrir heilbrigðisstofnanir og fyrir dvalarheimili fyrir aldraða, þar sem oftar en ekki er um að ræða rúmliggjandi einstaklinga sem þurfa á verulegri aðstoð að halda ef yfirgefa þarf húsnæði. Ef hætta steðjar að, t.d. af náttúruhamförum eða eldsvoða, verða viðbrögðin við að rýma slíkar stofnanir að vera rétt svo það gangi fyrir sig eins fljótt og auðið er.

Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar opinberar eftirlitsstofnanir, eins og Heilbrigðiseftirlit, Vinnueftirlit og Brunamálastofnun, gera verulegar athugasemdir við húsakynni heilbrigðisstofnana og möguleika til að rýma þær ef hætta steðjar, að eins og gert var varðandi öldrunar- og hjúkrunardeildina Ljósheima á Selfossi fyrir nokkrum árum.

Mér er ekki kunnugt um, virðulegi forseti, að þeim umbótum sem þar var farið fram á að yrðu gerðar, m.a. til að auka möguleika á að rýma húsnæðið ef hætta steðjaði að, hafi verið hrint í framkvæmd. Þess vegna skiptir verulega miklu máli að fyrir liggi afstaða hæstv. ráðherra um hvernig eigi að standa að því ef vá ber að höndum í stofnun eins og Ljósheimum á Selfossi, þar sem húsnæði er verulega ábótavant og það jafnvel talið hættulegt. Verði þar til að mynda eldsvoði þá þarf að vera til virk rýmingaráætlun. Þess vegna

leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

1. Eru fyrirliggjandi rýmingaráætlanir fyrir allar heilbrigðisstofnanir í landinu ef hætta steðjar að, t.d. náttúruhamfarir eða eldsvoði, og ef svo er, hvenær voru þær gerðar og fyrir hvaða stofnanir?

2. Hvenær voru síðast gerðar rýmingaráætlanir fyrir heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi?

3. Var við gerð þeirra tekið tillit til þeirra alvarlegu ábendinga sem fram hafa komið frá eftirlitsaðilum varðandi öldrunar- og hjúkrunardeildina Ljósheima á Selfossi? Ef svo er, hvað var gert til þess að bregðast við þessum ábendingum?

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín spurningu um rýmingaráætlanir á heilbrigðisstofnunum í landinu sem grípa þyrfti til ef hætta steðjaði að, t.d. náttúruhamfarir eða eldsvoðar. Hv. þm. spurði einnig fyrir hvaða stofnanir þessar rýmingaráætlanir væru til og hvenær þær voru gerðar.

Vegna fyrirspurnar þingmannsins er rétt að geta þess að rýmingaráætlanir af þessum toga tengjast ýmsum áætlunum öðrum en vá á þessum stofnunum. Tengjast þær þannig skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og byggingarreglugerð, nr. 441/1998, þó að ekki sé þar gerð skýr krafa um rýmingaráætlanir. Það er hins vegar ítarlega fjallað um brunahólfun, flóttaleiðir, brunaviðvörunarkerfi og brunahönnun. Það er sérstaklega fjallað um að í heilbrigðisstofnunum miðist kröfur við að gestir þekki ekki flóttaleiðir fyrir fram en geti almennt bjargað sér af eigin rammleik. Hins vegar eru gerðar sérstakar kröfur um brunahönnun húsnæðis sem ætlað er fólki sem illa er fært um að bjarga sér sjálft úr bruna.

Í reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna um brunavarnir í atvinnuhúsnæði frá 1994 er fjallað um skyldur aðila. Falla sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir undir ákvæði reglugerðarinnar. Kveðið er á um reglubundið eldvarnareftirlit til að fyrirbyggja manntjón og eignatjón. Eftirliti þessu er sinnt með ýmsum hætti en mikilvægustu þættirnir eru aðgengilegar merkingar og leiðbeiningar, skipan starfsmanna til að annast þessi mál, fræðsla til starfsfólks, reglubundnar brunaæfingar og vakt allan sólarhringinn á stærri sjúkrahúsum.

Mál þessi tengjast einnig lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, þar sem kveðið er á um að landlæknir fari með stjórn þeirra mála er varða sjúkrahús, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum. Í umboði landlæknis hafa Almannavarnir ríkisins haft forgöngu um gerð hópslysaáætlana en gerð þeirra og endurskoðun hefur síðan verið í höndum stofnananna sjálfra. Við gerð rýmingaráætlana hefur því á mörgum stöðum verið fylgt gerð hópslysaáætlana.

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. var haft samband við flestar heilbrigðisstofnanir hins opinbera þar sem sjúklingar dvelja. Kom í ljós að formlegar rýmingaráætlanir eru til á nánast öllum heilbrigðisstofnunum landsins. Flestar hafa verið gerðar á síðustu árum og eru víða í reglubundinni skoðun eða heildarendurskoðun.

Hv. þm. spyr sérstaklega hvenær síðast voru gerðar rýmingaráætlanir fyrir heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi. Við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi er til rýmingaráætlun frá 1996 sem var uppfærð á árinu 2001. Á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði er til formleg rýmingaráætlun sem stöðugt er endurskoðuð í samráði við slökkvilið.

Á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi er ekki til formleg rýmingaráætlun en hún er í vinnslu. Sama er að segja um hjúkrunarheimilið Lund á Hellu þótt á báðum þessum stöðum sé þannig gengið frá að útgönguleiðir eru glögglega merktar eins og brunareglur gera ráð fyrir.

Á dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli er til bruna- og rýmingaráætlun frá árinu 2001 og á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum er til rýmingaráætlun sem nú er í endurskoðun með tilliti til breytinga á húsakynnum. Áætlað að ný liggi fyrir strax og framkvæmdum lýkur á 2. hæð stofnunarinnar. Á réttargeðdeildinni á Sogni er til rýmingaráætlun sem síðast var gerð árið 2000.

Hv. þm. spyr sérstaklega hvort tekið hafi verið tillit til ábendinga varðandi öldrunar- og hjúkrunardeildina á Ljósheimum á Selfossi. Ég get upplýst að á hjúkrunardeildinni á Ljósheimum er ekki til formleg rýmingaráætlun á sama hátt og við heilbrigðisstofnunina að öðru leyti. Hins vegar eru samþykktir neyðarútgangar úr húsinu, því er skipt í brunahólf og til viðbragðslistar um almenn atriði varðandi aðgerðir í eldsvoðum. Nýjum starfsmönnum er leiðbeint um þessi öryggisatriði og þeir eru fræddir um notkun slökkvitækja. Einnig eru reglulegar brunaæfingar í samstarfi við slökkviliðið á Selfossi. Sett hefur verið af stað vinna við gerð rýmingaráætlunar fyrir Ljósheima undir stjórn hjúkrunarforstjóra og verður hún unnin í samvinnu við slökkviliðið á Selfossi.

Herra forseti. Með spurningum sínum hefur hv. þm. vakið máls á mjög mikilvægum þætti í öryggi þeirra sem dvelja á heilbrigðisstofnunum. Athugun ráðuneytisins leiddi í ljós að stjórnendur stofnana eru mjög vel meðvitaðir um þennan þátt. Hann er í stöðugri endurskoðun og samvinnu við slökkviliðið viðkomandi byggðarlaga, eins og reglugerðirnar gera ráð fyrir.

[15:42]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er rætt um rýmingaráætlanir fyrir heilbrigðisstofnanir. Sérstaklega var í fyrirspurn fyrirspyrjanda spurt um Ljósheima á Selfossi. Ég kannast aðeins við þá stofnun og þekki til aðstæðna þar. Það er auðvitað ljóst að húsnæðisaðstaða langlegudeildarinnar á Ljósheimum er barn síns tíma, rekin í gamla sjúkrahúsinu á Selfossi og uppfyllir ekki allar þær nútímakröfur sem eru gerðar til slíks húsnæðis.

Hins vegar hafa stjórnendur og starfsfólk stofnunarinnar lagt sig mjög fram um það að gæta öryggis sjúklinga og starfsfólks sem best, m.a. í samstarfi við slökkviliðið eins og komið hefur fram.

Aðalmálið varðandi Ljósheima á Selfossi er auðvitað, hvernig sem á það mál er litið, að mjög aðkallandi er að hið fyrsta verði ráðist í nýbyggingu þar sem þessari aðstöðu verði komið fyrir í nútímahúsnæði við bestu aðstæður. Fyrir alla sem til þekkja er það brýnast fyrir framtíðina að sem fyrst verði ráðist í að koma þessari starfsemi í það horf sem nútímaþarfir krefjast.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svör hans og fagna þeirri yfirlýsingu að til séu rýmingaráætlanir í flestum heilbrigðisstofnunum landsins. Það fór samt sem áður eins og mig grunaði, að á öldrunardeildinni Ljósheimum á Selfossi væri ekki til formleg rýmingaráætlun. Það kemur í

sjálfu sér ekki á óvart vegna þess að í fyrirspurn minni til hæstv. ráðherra var m.a. spurt hvernig brugðist hefði verið við þeim ábendingum sem settar voru fram af eftirlitsaðilum fyrir nokkrum árum.

Mér vitanlega hefur ekkert gerst frá því að þetta húsnæði var lýst nánast ónothæft, hvað þá að þar ætti að reka hjúkrunarheimili. Ég fullyrði að aðstaðan er hvergi á landinu verri á hjúkrunarheimilum en einmitt að Ljósheimum. Ég tek undir þau orð hv. þm. Magnúsar Stefánssonar sem þekkir þetta mál afar vel að þarna þarf nýbyggingu og það hið fyrsta. Engu að síður verður á meðan að tryggja öryggi þeirra sem þarna eru, þangað til byggingin rís.

Það er líka jafnljóst að í fjárlögum eða í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir neinni flýtiframkvæmd, sérstaklega hvað varðar langlegudeildina við sjúkrahúsið á Selfossi, því miður. Það er ekki þannig. Það á enn að fara um það bil eitt ár í hönnun, að því er manni sýnist, miðað við þær tölur sem eru í frv. núna ef ekki verður mikil breyting á. Ég vil skora á hæstv. ráðherra, hafi hann ekki frá því að hann tók við embætti heilbrrh. farið austur og skoðað þær aðstæður sem búið er við, að gera það hið fyrsta. Ég hvet til að þar verði tekið á málum, bæði hvað varðar núverandi húsnæði og eins að farið verði í sérstakar flýtiframkvæmdir við byggingu á nýrri legudeild við sjúkrahúsið. Ástandið er okkur öllum, sem stöndum fyrir fjárveitingum hins opinbera, til skammar.

[15:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Umræðurnar um fyrirspurnina og athugasemdir sem ég þakka fyrir hafa hnigið að Ljósheimum á Selfossi. Ég vil fyrst upplýsa að ég hef þegar skoðað Ljósheima og ekki fyrir alllöngu síðan. Ég hef unnið að því síðan ég kom í ráðuneytið að koma af stað hönnun fyrir Heilbrigðisstofnunina á Selfossi og ég vona að sjái fyrir endann á því máli innan mjög skamms tíma því að fjármunir eru geymdir til þeirra verkefna og þó að ekki sé há fjárhæð á fjárlögum vona ég að hægt verði að koma þeim framkvæmdum í gang á næsta ári, eða hönnuninni, og gera samning um framkvæmdir þannig að framkvæmdir geti hafist af fullum krafti árið 2003.

Varðandi Ljósheima er ljóst að aðkallandi er að gera þar rýmingaráætlun vegna þess að hvað sem líður nýbyggingu er notast við þessa byggingu. Eins og hún er úr garði gerð þarf að gera þar rýmingaráætlun og eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið — við lögðum mikla vinnu í að svara þessari fyrirspurn og við sendum fyrirspurnir vítt og breitt um landið til að afla upplýsinga um þetta áríðandi málefni. Ég vil þakka fyrir að borin var fram fyrirspurn um þetta því að þetta er mál sem þarf að vera í umræðunni. Við þurfum að gera þarna rýmingaráætlun og unnið er að því, því að ljóst er að einhver tími líður þangað til hægt verður að flytja í nýtt húsnæði þó að það sé áform okkar að koma þessum framkvæmdum þarna af stað. Þarna eru mikil verkefni fram undan.

Að öðru leyti ítreka ég það sem ég sagði í fyrsta svari áðan.

Vandi of feitra barna og ungmenna.

Fsp. ÁMöl, 304. mál. — Þskj. 374.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Fyrir stuttu voru mjög gagnlegar umræður í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi um offituvanda sem hv. varaþm. Sjálfstfl., Soffía Gísladóttir, hóf. Í umræðunni komu fram mjög sláandi upplýsingar um að Íslendingar eru stöðugt að þyngjast. Einnig var rætt um alvarlega fylgikvilla þessa vanda, t.d. kransæðasjúkdóma, sykursýki o.s.frv.

Úrræði heilbrigðiskerfisins við þessum vanda beinast að mestu að fullorðnu fólki, t.d. í gegnum heilsugæsluna og endurhæfingarstofnanir svo sem Reykjalund eða NLFÍ í Hveragerði eins og hæstv. heilbrrh. kom inn á í svari sínu.

Í þeirri fyrirspurn sem hér er varpað fram til hæstv. heilbrrh. vil ég sérstaklega beina athyglinni að vanda þeirra íslensku barna sem eru of þung og aðstoð sem þeim stendur til boða til að taka á vanda sínum. Rannsóknir benda til þess að tæplega fimmta hvert íslenskt níu ára barn er of þungt og 5% barna eru of feit og eiga við verulegan vanda að stríða. Á það skal bent að í Bretlandi eru 25% barna undir 5 ára aldri of þung og 10% eiga við offituvanda að stríða. Líklegt er að við höfum ekki séð fyrir endann á þessu vandamáli hér á landi að óbreyttu. Barn sem er of þungt er líklegt til þess að verða það einnig á fullorðinsaldri. Jafnframt sýna erlendar rannsóknir að enn meiri líkur eru á fylgikvillum offitu og sjúkdómum í kjölfarið ef einstaklingur er of feitur á unglingsaldri en ef hann þyngist þegar hann er orðinn eldri.

Nýverið hefur verið í umræðunni hér á landi einelti í skólum og leiddar að því líkur að 5.000 íslensk grunnskólabörn verði fyrir einelti á hverju ári en það eru 15% allra grunnskólanema. Börn sem skera sig úr að einhverju leyti eru útsettari fyrir einelti en önnur börn. Það á ekki síst við um börn sem eru of þung. Það er hætta á að sjálfsmynd barns sem lendir í einelti eða verður fyrir aðkasti vegna útlits síns er skert og getur jafnvel haft varanleg áhrif á persónuþroska barnsins.

Erlendar rannsóknir benda til að neyslumynstur þessara krakka sé í ýmsu frábrugðið öðrum börnum. Þau neyta meira magns af tilbúnum skyndiréttum og feitum mat auk mikils magns sætinda en neyta lítils af ávöxtum og grænmeti. Rannsóknir benda líka til að of feit börn hreyfi sig minna en önnur börn og verji lengri tíma fyrir framan sjónvörp og tölvur. Einnig eru rannsóknir sem segja að þetta vandamál velur sér ekki þjóðfélagshópa, þetta eru börn í öllum þjóðfélagshópum.

Það er öllum ljóst að ekki er einfalt mál að takast á við þennan vanda, allra síst hjá börnum. Offita nær til erfða, neysluvenja og viðhorfs til hreyfingar. Afstaða foreldra til heilbrigðra lífsháttа skiptir verulegu máli um holdarfar barnsins. Stuðningur heilbrigðiskerfisins við börn sem eiga við þennan vanda að glíma verður því að taka til allrar fjölskyldunnar. Með þetta í huga beini ég þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh.:

Hvaða úrræði býður heilbrigðiskerfið upp á til að hjálpa vaxandi hópi of þungra og of feitra barna og ungmenna til að taka á vanda sínum?

[15:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 19. þm. Reykv., Ásta Möller, beinir til mín fyrirspurn um hvaða úrræði heilbrigðiskerfið bjóði upp

á til að hjálpa vaxandi hópi of þungra og of feitra barna og ungmenna til að taka á vanda sínum. Ég vil í upphafi, eins og fyrirspyrjandi kom inn á, minna á svör mín við fyrirspurn hv. varaþm. Soffíu Gísladóttur um mjög skylt efni sem ég svaraði fyrir þremur vikum þar sem fjallað var um þessi mál. En ég mun bæta hér nokkru við um efni fyrirspurnarinnar sem fjallaði um börn og unglinga.

Heilbrigðisstarfsfólk fylgist með holdafari barna frá fæðingu. Það er fylgst nákvæmlega með vexti og þroska frá því að ungbarnavernd hefst strax eftir fæðingu og nokkuð reglulega upp frá því allt til loka skólaskyldu þegar reglubundnum skoðunum er hætt. Öll frávik sem fram koma við þessar skoðanir eru því metin af viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum, læknum og hjúkrunarfræðingum, jafnt hjá þeim börnum sem kunna að þyngjast um of sem og hjá þeim sem ekki þyngjast eðlilega. Fyrstu úrræði eru því á sviði grunnþjónustunnar í heilsugæslunni, oftast með almennum ráðleggingum til foreldra um mataræði, en einnig getur verið um þau frávik að ræða að vísa þurfi börnum til sérfræðinga svo sem barnalækna. Einnig getur þurft að leggja viðkomandi börn eða unglinga inn á sjúkrahús til frekari rannsókna. Sum börn í þessum hópi eru því undir mjög ströngu eftirliti og fá meiri ráðgjöf en aðrir ef ástæða er til þess að mati heilbrigðisstarfsfólks. Náið samstarf verði við foreldra og forráðamenn um alla þessa þætti.

Vandi of þungra og of feitra barna er margþættur og hann er ekki nema að hluta tengdur heilbrigðiskerfinu. Hann snýr að mörgu leyti að almennum lífsháttum, lífsstíl, mataræði, fjölskyldum og almennri hreyfingu. Vitað er að offita fylgir oft slæmu matarræði, lélegri sjálfsímynd og mjög takmarkaðri hreyfingu. Að öllum þessum þáttum þarf að gæta og bregðast þarf við offitu hjá börnum eða unglingum. Að lausn vandamála af þessu tagi koma því jöfnum höndum heilbrigðiskerfið með stofnunum sínum, leikskólar, grunnskólar og þeir aðrir sem hafa áhrif á frístundir og hegðun barna og ungmenna. Almenn manneldis- og mataræðisráðgjöf er einnig mikilvægur þáttur auk ráðgjafar til barnanna og forráðamanna þeirra um reglubundna og holla hreyfingu.

Virðulegur forseti. Þeim börnum og ungmennum fjölgar sem þjást af offitu í flestum vestrænum löndum, og eru því forvarnir mikilvægar til að hindra líkamlegar, félagslegar og sálrænar afleiðingar hennar.

Eins og ég hef greint frá bregst heilbrigðisþjónustan við á ýmsan hátt en ég legg einnig áherslu á að þáttur annarra aðila í þessum efnum er ekki síður mikilvægur.

[15:55]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Orsaka aukinnar offitu meðal barna og unglinga er bæði að leita í minni hreyfingu og röngu mataræði. Sykurneysla íslenskra barna og unglinga er gífurleg og á mikil gosdrykkjaneysla þar drýgstan þátt. Samkvæmt könnun manneldisráðs á mataræði barna og unglinga árin 1992–1993 innbyrti hvert barn að jafnaði hálfan lítra af sykruðum drykkjum á dag. Síðan hefur framboð gosdrykkja aukist um 25% og er nú 160 lítrar á mann á ári að jafnaði.

Mörg börn þurfa að sjá um sig sjálf stóran hluta dags og margt bendir til að heimilismáltíðir skipi ekki þann sess sem áður var. Mataræði er því óreglulegt og því fylgir bæði hætta á ofeldi fyrir þá sem eru mikið fyrir sætindi og mat en jafnframt hugsanlegu vaneldi fyrir önnur börn. Til að stemma stigu við óhóflegri sykurneyslu og bæta mataræði ungs fólks skiptir mestu máli að bjóða börnum hollan og góðan mat í skóla sem og á heimilum sem mettar án þess að fita. Eins og málum er háttað nú er aðeins boðið upp á skólamáltíðir í fáum grunnskólum og framhaldsskólum.

[15:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er enn drepið á þetta mikla vandamál og ég verð að taka undir að erfiðast er að horfa upp á það þegar það snertir börn og unglinga.

Þegar maður horfir yfir venjulegan skólabekk í dag sér maður strax þessi 2–4 börn í hverjum einasta bekk sem eiga orðið við þennan vanda að etja. Ég veit til þess að tilraunir kennara til að hafa t.d. samband við foreldra og reyna að fá þá til að breyta mataræði gefa yfirleitt ekki góða raun. Þessi börn eru mjög mótþróafull gegn öllum ráðleggingum um mataræði og fara sínu fram. Ég held að það þurfi að koma fram miklu ákveðnari stuðningur frá heilsugæslunni heldur en hefur verið í boði, a.m.k. þar sem ég þekki til, vegna þess að þetta er mikið vandamál og það er ömurlegt að horfa upp á einsemd þeirra barna sem illa er komið fyrir að þessu leyti.

[15:58]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Offita er heilsufarsvandamál sem hefur verið að aukast. Við sáum það fyrst hjá fullorðnum og nú sjáum við þetta í æ ríkari mæli hjá börnum. Það er vissulega rétt sem kom fram hjá hæstv. heilbrrh. að það er vel fylgst með börnunum en það er ekki nóg. Það þarf að grípa inn í þessa þróun. Ungbarnaeftirlitið og skólaheilsugæslan eru þeir aðilar sem best geta fylgst með og ættu að geta sem best gripið inn í, þ.e. ef heilsugæslan hefur mannafla og tíma til að sinna slíku starfi.

Það þarf að setja þetta forvarnastarf inn í daglegt prógramm heilsugæslunnar. Það þarf að sjá til þess að þeir starfsmenn sem þar vinna fái þá sérfræðiaðstoð sem þeir þurfa til þess síðan að geta haldið vinnunni áfram sjálfstætt. Kennslugögn vantar og það tekur tíma að hafa alla fjölskylduna í hópefli innan heilsugæslunnar. En á þessu vandamáli þarf virkilega að taka.

[15:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það kom mér eilítið á óvart að hv. þm. Ásta Möller sem er talsmaður frelsis og einkareksturs á heilbrigðissviðinu skyldi fara fram með fyrirspurn af þessum toga. Hún kemur hér og vill hlýða hæstv. heilbrrh. yfir þegar grípa þarf til ráðstafana gegn of feitum börnum og ungmennum.

Ég hygg að þetta mál sé afskaplega einfalt. Í þessu tilfelli eru það auðvitað heimilin í landinu sem eiga að taka á þessu og foreldrar þeirra barna sem þarna eiga í hlut. En því miður, með fullri virðingu fyrir hæstv. heilbrrh., held ég að það sé afskaplega lítið sem hann getur gert í þessu máli þó að hann sé allur af vilja gerður. Ég dreg í efa án þess að ég sé að draga úr þeim vanda sem til staðar er að forsjárhyggja eða matseðill ríkisins geti bjargað nokkru og ég vil undirstrika eins og hér hefur verið sagt í alllöngu máli að auðvitað skiptir mataræði og holl hreyfing öllu.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. heilbrrh. í þessu máli en jafnframt lýsi ég furðu minni á innleggi hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Innlegg hans lýsir litlum skilningi á þessum vanda. Það er búið að fara í gegnum það að hér

er um heilbrigðisvanda að ræða. Ef ekki er tekið í taumana eru þessi börn framtíðarsjúklingar landsins með háþrýsting, með sykursýki, með hreyfiskerðingar o.s.frv. þannig að ég er mjög undrandi á orðum hv. þm.

Við erum að tala um umfang sem er 7 þús. íslensk grunnskólabörn. Við erum að tala um að 1.500–2.000 börn eigi í verulegum vanda. Og ætlar hv. þm. að segja að heilbrigðiskerfið eigi að standa hjá og horfa á þetta? Verið var að stofna nýtt félag um lýðheilsu á mánudaginn var. Þar kom m.a. fram það mat landlæknis að offita barna og unglinga væri eitt mesta heilbrigðisvandamálið hér á landi í dag. Ég furða mig því verulega á því að þetta sjónarmið skuli koma frá fyrrv. heilbrrh., að hann skyldi nota þetta tækifæri til að reyna að koma einhverju höggi á mig fyrir skoðanir mínar á heilbrigðisþjónustunni er alveg með ólíkindum.

Ég þakka fyrir umræðuna sem farið hefur hérna fram. Það er alveg ljóst að forvarnir í þessum málum eru mjög mikilvægar og þar kemur til kasta skólaheilsugæslunnar. Það þarf að styrkja skólaheilsugæsluna til að taka á þessum vanda því að til mikils er að vinna. Ég vildi í þessu sambandi leggja áherslu á að ekki er nóg að taka einungis almennt á þessum vanda eins og heilbrrh. benti á og sem er þó mjög mikilvægt. Það þarf líka að taka á þessu með sérstökum úrræðum.

[16:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður og þau innlegg sem hafa komið um þetta mál.

Ég vil bæta við svar mitt við fyrirspurninni. Ég tel að það sem heilbrigðiskerfið getur gert við þessu vandamáli sé að efla forvarnaþáttinn. Við höfum verið að vinna á því sviði undanfarið að reyna að samhæfa þá hópa sem vinna að forvörnum í landinu.

Ég tek alveg undir það að orð og gerðir heilbrigðisstarfsfólks vega þungt í þessu efni. Heilbrigðisstarfsfólkið hefur mikil áhrif. Mér dettur t.d. alltaf í hug hv. 5. þm. Austurl. þegar ég heyri um tóbaksvarnir. Hv. þm. hafði mikil áhrif á því sviði og er dæmi um starfsmann heilbrigðiskerfisins sem hafði mikil áhrif og vafalaust er það hægt í þessu efni einnig. Ég endurtek það að auðvitað gildir það sama um miklu fleiri aðila í þjóðfélaginu, eins og reyndar kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. varðandi skólamáltíðir og aðra aðstöðu sem börn og unglingar hafa í samfélaginu. Allt þetta hefur áhrif. Fjöldamargir þurfa því að koma að málum. Vandinn er að samhæfa forvarnastarfið. Lýðheilsumiðstöð og lýðheilsufélag eins og var verið að stofna í fyrradag hér í bæ hefur áreiðanlega áhrif í þessu efni. Ég tek undir að hér er um mjög alvarlegt heilbrigðisvandamál að ræða sem þarf að bregðast við eins og öðrum sem upp koma.

[Fundarhlé. — 16:06]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, 347. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 468.

Heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001, 345. mál, fsp. GÁS, þskj. 465.

Persónuskrár, 346. mál, fsp. RG, þskj. 466.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 469.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 114. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 461; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 462.

Út af dagskrá voru tekin 7.–11. mál.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

45. FUNDUR

fimmtudaginn 6. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 114, nál. 461 og 464, brtt. 462. — 2. umr.
2. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 137, nál. 428, brtt. 429. — 2. umr.
3. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 398. — 2. umr.
4. Fjarskipti, stjfrv., 145. mál, þskj. 145, nál. 396, brtt. 397. — 2. umr.
5. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168, nál. 416, 443 og 444, brtt. 418. — 2. umr.
6. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347. — Frh. 1. umr.
7. Getraunir, stjfrv., 314. mál, þskj. 390. — 1. umr.
8. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358. — 1. umr.
9. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437. — 1. umr.
10. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, frv., 313. mál, þskj. 389. — 1. umr.
11. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391. — 1. umr.
12. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392. — 1. umr.
13. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 312. mál, þskj. 388. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 114. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 464.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill geta þess að búast má við atkvæðagreiðslu um afbrigði kl. 11.

[Fundarhlé. — 10:32]

[11:01]

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 114. mál, brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 470; brtt. PHB, þskj. 471; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 472; brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 473.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 470, 471 og 473. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 114, nál. 461, 464 og 472, brtt. 462, 470, 471 og 473.

[11:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum. Eins eru í frv. þessu gerðar tillögur um breytingar á lögum um nr. 83/19893, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjöld, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994 um ársreikninga og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum. Breytingarnar eru að sjálfsögðu allmargar í tímans rás, enda er það eitt af helstu verkefnum Alþingis að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt og þeim lögum sem hér eru upp talin.

Frv. þetta er eitt af helstu frumvörpum á þessu þingi. Í því felast ákveðnar grundvallarbreytingar á skattlagningu atvinnurekstrar á Íslandi. Þessar breytingar eru í meginatriðum þrenns konar.

Í fyrsta lagi lækkar eignarskattur fyrirtækja og einstaklinga, í öðru lagi lækkar tekjuskattur atvinnurekstrar og í þriðja lagi hækkar tryggingagjald á móti samkvæmt frv. Meginárifin á tekjuhlið ríkissjóðs verða á árinu 2003 en að sumu leyti munu áhrifin koma fram þegar á næsta ári.

Enn fremur eru í frv. mikilvæg atriði sem snerta svokölluð verðbólgureikningsskil en meiningin er að þau verði afnumin úr skattalögum og að horfið verði frá verðbólgureikningsskilum á Íslandi á næstunni. Verðbólgureikningsskil voru á sínum tíma tekin upp á miklum verðbólgutímum en nú þegar stöðugleiki hefur orðið meiri í íslensku efnahagslífi svona almennt séð (**Gripið fram í:** ... einhvern tímann.) og horfur eru á að stöðugleiki verði enn þá meiri þegar til framtíðar er horft er þetta talið rétt. Ástæðan er fyrst og fremst sú að Ísland er eitt í hópi helstu viðskiptalanda heims þar sem verðbólgureikningsskil eru viðhöfð. Í okkar helstu viðskiptalöndum þekkjast ekki slíkar reglur heldur er stuðst við alþjóðlega viðurkennd reikningsskil og meiningin er að íslenskt atvinnulíf búi við sams konar fyrirkomulag í framtíðinni.

Enn fremur er mikilvægt ákvæði sem snýr að heimildum einstaklinga í atvinnurekstri til að færa rekstur sinn yfir í hlutafélagaform án þess að slík yfirfærsla ein og sér leiði til skattlagningar með því að söluhagnaður er uppleystur eingöngu við þá yfirfærslu. Um það mál hafa orðið töluverðar umræður og segja má að þar sé oft verið að blanda saman ólíkum hlutum.

Ef við lítum á þetta mál snýst það kannski um tvennt. Annars vegar snýst það um hvort eigi almennt séð að vera heimilt að færa einstaklingsrekstur yfir í hlutafélag án þess að yfirfærslan sem slík kalli á skattlagningu. Þetta er mjög mikið hagsmunamál fyrir einstaklingsrekstur í landinu og hlýtur að vera mikið kappsmál fyrir alla þá flokka og þá stjórnmálamenn sem telja sig vera talsmenn hinna litlu fyrirtækja og einstaklingsrekstrarins og rekstrar sem menn eru með á eigin kennitölu að slík yfirfærsla sé heimil. Málið er þannig að oft þurfa þessi fyrirtæki að stækka. Oft þurfa þessi fyrirtæki að taka breytingum. Oft þurfa þessi einstaklingsfyrirtæki að renna saman við önnur fyrirtæki og til að fyrirtæki geti með þægilegu móti þroskast eða þróast úr einstaklingsrekstri yfir í hlutafélag og hægt sé að koma við rekstrarhagræðingu og slíkum þáttum er nauðsynlegt að þessi yfirfærsla sé heimil án þess að hún ein og sér kalli á skattlagningu.

Það er líka mjög mikilvægt við kynslóðaskipti í rekstri að hægt sé að færa einstaklingsrekstur á milli kynslóða og halda rekstri áfram en þurfa ekki að vera í félagi án þess að það kosti mikil útlát í skattgreiðslum. Það er oft erfitt þegar menn hafa verið með rekstur á einstaklingsgrundvelli og menn eru komnir á efri ár að halda rekstrinum áfram þegar þeir sem hafa staðið í honum falla frá eða vilja draga sig út úr honum. Þess vegna er nauðsynlegt að það sé mjög auðvelt að færa slíkan rekstur á milli aðila án þess að sú yfirfærsla ein og sér kalli á skattgreiðslur. Þess vegna treysti ég því að allir þeir sem hafa látið sig hin litlu fyrirtæki í landinu miklu varða standi nú með þessari breytingu en reyni ekki að koma í veg fyrir hana vegna þess að yfirfærslan er algjörlega nauðsynlegt mál, mikið framfaramál, fyrir litlu fyrirtækin í landinu.

Síðan er annað mál sem kemur þarna inn. Með þeim breytingum sem lagðar eru til á lækkun á tekjuskatti fyrirtækja verður almennt séð hagstæðara að reka fyrirtæki í hlutafélagaformi heldur en í einstaklingsrekstri. Ef menn væru fastir í einstaklingsrekstrarforminu og gætu ekki flutt rekstrarformið á milli mundi það þýða að allir sem koma nýir að atvinnurekstri og væru að byrja í atvinnurekstri mundu að sjálfsögðu velja hlutafélagaformið meðan þeir sem væru áfram með einstaklingsrekstur væru bara fastir. Það mundi skapa mjög mikla mismunun þarna á milli og þess vegna mjög eðlilegt að heimild til þess að flytja á milli sé veitt án þess að þurfa að leysa upp söluhagnað út af þessu. En framtíðarverkefnið hlýtur að vera, þegar upp er staðið, að huga að því hvernig hægt er þá að lækka skattlagningu á einstaklingsrekstrarformið og samræma það skattlagningu félaganna fremur en að gefast upp og hverfa frá því að lækka tekjuskatta á atvinnurekstur. Ég treysti því að það verði

viðfangsefnið á næstunni að reyna einmitt að finna leiðir til að draga úr skattlagningu á einstaklingsreksturinn þannig að hann geti búið við svipuð skattakjör og hlutafélög og minni fyrirtækin sem eru rekin í hlutafélagaformi munu búa við.

Meiri hluti efh.- og viðskn. er með nokkrar brtt. við frv. Í 1. lið brtt. er skýrt betur hvað þeir sem standa fyrir rekstri þurfa að telja sér til tekna sem laun þannig að ekki verði um að ræða óeðlilegan tilflutning frá launum yfir í arð.

Í 2. lið brtt. er enn fremur fjallað um sama atriði þar sem kveðið er svo á um að úthlutum verðmæta úr félögum svo sem hluthafalán og slíkt sem ekki samræmist lögum um hlutafélög og einkahlutafélög skuli talin til skattskyldra tekna.

Í öðrum liðum brtt. frá efh.- og viðskn. er líka fjallað um sömu mál og það er einkum í 7. lið brtt. Þessi atriði voru mikið rædd í nefndinni. Að sjálfsögðu þarf að koma í veg fyrir að einstaklingar sem vinna við lítil fyrirtæki, hvort sem það er í einstaklingsrekstri eða í hlutafélögum, telji fram óeðlilega lág laun og telji fram óeðlilega mikinn hagnað, hvort sem það er rekstrarhagnaður í einstaklingsrekstri eða arður af hlutafélagi. Hins vegar er ótækt að svo langt sé gengið í þessum efnum að hver einasti einstaklingur sem stundar atvinnurekstur, hvort sem er í einstaklingsrekstri eða hlutafélagsformi, sé fyrir fram skilgreindur sem skattsvikari áður en annað kemur í ljós.

Við vitum hvernig það var í Austur-Þýskalandi í gamla daga. Þá var hver ferðamaður sem kom til landsins skilgreindur sem hugsanleg ógnun við öryggi ríkisins. Ég tel að það megi ekki umgangast þá einstaklinga sem taka þátt í atvinnurekstri í litlum fyrirtækjum á Íslandi sem hugsanlega ógnun við íslenska skattkerfið og íslenska réttarríkið, að þeir séu stimplaðir sem glæpamenn þangað til þeir hafa sannað sakleysi sitt. (Gripið fram í.) Þess vegna er mikilvægt að þessir aðilar búi við eðlilega réttarstöðu, og út á það ganga þær brtt. sem hér eru settar fram.

Þá er í 3. lið brtt. gert ráð fyrir að horfið sé frá svokallaðri 67 ára viðmiðun sem sett var fram í frv. varðandi myndun lífeyrisréttinda. Mál þetta snýst um að þegar fyrirtæki greiða til lífeyrissjóða til öflunar lífeyrisréttinda fyrir starfsmenn sína er það frádráttarbær kostnaður hjá fyrirtækjunum en getur í vissum tilvikum verið skráð sem tekjur hjá launþeganum og hann því tvískattaður, bæði við inngreiðslu inn í lífeyrissjóði og eins þegar tekið er út úr lífeyrissjóðunum við starfslok, þ.e. þegar ellilífeyrir er tekinn.

Á sínum tíma afgreiddi Alþingi ákvæði um þetta, sem gerði það að verkum að ákveðið þak var sett á hve mikið mætti greiða í lífeyrissjóð á þessum forsendum, hvað launagreiðendur gætu lagt mikið inn í lífeyrissjóð án þess að launþegar þyrftu að telja það sér til tekna jafnframt. Það þak var miðað við að telja lífeyrisgreiðslur frá 65 ára aldri. Í frv. var gerð sú tillaga að þessi 65 ára viðmiðun yrði færð upp í 67 ár en í brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir að haldið verði fast við 65 ára viðmiðun.

Í 4. lið brtt. eru skýrð betur ákvæði sem snúa að því hvort arður sem fyrirtæki fá frá útlöndum er talinn til skattskyldra tekna eða ekki. Almenna reglan innan lands er sú að arður sem fyrirtækið fær frá öðru fyrirtæki er ekki talinn til skattskyldra tekna vegna þess að fyrirtækið sem greiðir arðinn í fyrirtækið er væntanlega búið að greiða skatt af tekjum sínum. Þetta er hin almenna regla sem gildir um allan heim.

Sama reglan gildir fyrir íslensk fyrirtæki gagnvart mótteknum arði frá útlöndum nema arðurinn að utan sé skattlagður í einhverju sérumhverfi. Í brtt. nefndarinnar er það betur skilgreint hvað er sérumhverfi og hvað almennt umhverfi. Reglan sem tekin er upp er að frádráttur samkvæmt þessari málsgrein sé bundinn því skilyrði að skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, OECD, og fjmrh. setji nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Lægsta viðmiðunin sem menn sjá fram á núna er írska skattprósentan sem verður 12,5% en hins vegar hef ég haft fregnir af því að í aðildarsamningum Kýpur að Evrópusambandinu sé miðað við 10% skatthlutfall á atvinnurekstur. Væntanlega verður það sú viðmiðun sem höfð verður.

Síðan eru gerðar tillögur í 6. lið um tæknilegar breytingar vegna yfirfærslu á einstaklingsrekstri yfir í hlutafélag og gerð grein fyrir því.

Í 8. lið er fjallað um breytingar til að samræma eignarskattslega stöðu verðbréfa. Þetta er fyrst og fremst tæknileg breyting sem gerð er í brtt. og varðar það að skuldabréf útgefin af Íbúðalánasjóði eigi að flokkast með sama hætti og skuldabréf útgefin af Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er tæknilegt atriði.

Þá gerir nefndin tillögu um að 39. gr. frv. falli brott. 39. gr. frv. er um að heimild sem fjmrh. hefur haft til að krefjast tryggingа af erlendum aðilum vegna hugsanlegra skatta hér á landi flytjist til skattstjóra. Þessi grein er felld úr frv. þannig að þessi heimild verður áfram hjá fjmrh. Hins vegar er afar vandasamt að beita slíkri heimild, sérstaklega gagnvart erlendum aðilum sem eru borgarar á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það er augljóst að við getum ekki gert aðrar kröfur um tryggingar fyrir skattgreiðslum til borgara á hinu Evrópska efnahagssvæði en til íslenskra ríkisborgara. Það verður því að leysa vandamál sem upp kunna að koma af þessum ástæðum með öðrum hætti.

Í 10. lið er verið að uppfæra viðmiðunarfjárhæðir vegna greiðslu vaxtabóta.

Í 11. lið brtt. er fjallað um mál sem snerta reiknað endurgjald sem ég ræddi um áðan.

Í 12. lið brtt. eru tæknilegar breytingar sem varða rafræn skil á skýrslu og greiðslu vegna staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í 13. lið brtt. er fjallað um tæknilegt atriði er varðar skilgreiningar á kostnaðarverði eða bókfærðu verði.

Í 14. og 15. lið brtt. eru tillögur til breytinga á ákvæðum frv. er snúa að ársreikningalögum. Þar eru afnumin verðbólgureikningsskilin en í frv. hafði óvart verið felld niður annað ákvæði í 25. gr. ásetningarlaganna, sem fjallar um heimildir fyrirtækja til þess að endurmeta eignir þegar raunverð þeirra hefur sannarlega breyst og horfur eru á að sú breyting verði varanleg. Það er nauðsynlegt að þetta ákvæði haldist inni í lögum um ársreikninga.

Í nefndinni var gert ráð fyrir því að málið kæmi aftur fyrir nefndina milli umræðna. Sumir nefndarmanna hafa áhuga á að fjalla frekar um ákveðin atriði. Það er sjálfsagt að taka málið aftur inn í nefnd milli umræðna og ég hef gengið út frá því að fundinn verði staður í dagskrá nefndarinnar til að taka málið aftur fyrir ef mönnum sýnist svo.

Virðulegi forseti. Með þessum brtt. frá meiri hluta nefndarinnar sem ég hef kynnt legg ég til að þetta mál verði samþykkt.

[11:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sendi hv. efh.- og viðskn. umsögn sem m.a. benti á áhrif skattalækkana á hagnað fyrirtækja, á gengi hlutabréfa þeirra, og þess að nú ætlar ríkið að selja hlutafélög fyrir u.þ.b. 68 milljarða, atriði sem ekki kom fram í greinargerð með frv. Ég rökstuddi að þessi lækkun úr 30% í 18% mundi hækka verð þessara fyrirtækja, að öðru óbreyttu, um tæpa 12 milljarða. Allur pakkinn átti að kosta 4. Svo benti ég á að enn frekari lækkun skattprósentu í 11%, sem ég tel vera pólitískt framkvæmanlegt, mundi lækka tekjur ríkissjóðs að óbreyttum skattstofni um u.þ.b. 1,6 milljarða til viðbótar en hækka verð þessara fyrirtækja um tæpa 7 milljarða. Í þeim skilningi er því afskaplega skynsamlegt að fara með skattprósentuna eins lágt og hægt er, miðað við þá stöðu sem við erum í í dag, að til stendur að selja ríkisfyrirtæki fyrir tæpa 70 milljarða.

Ég sé hvergi í gögnum nefndarinnar að þetta hafi verið rætt, sannreynt eða yfirleitt að nefndin hafi tekið nokkra afstöðu til þessa. Ég spyr hv. frsm. nefndarinnar hvort nefndin hafi virkilega ekki rætt þetta atriði, sem er þess eðlis að þessi eins skiptis hagnaður vegur margfalt upp tap ríkissjóðs.

[11:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umsögn hv. þm. var tekin fyrir á fundi í nefndinni. Það skal viðurkennt að nefndarmenn voru misáhugasamir um að kynna sér umsögn hv. þm. en hvað sjálfan mig varðar kynnti ég mér rök hans.

Þegar svona lagað er reiknað út kemur í ljós, eins og hv. þm. nefndi, að menn geta fundið út að verðmæti ríkisfyrirtækja sem á eftir að selja hækkar í eitt skipti. Hins vegar er það því miður þannig að við þurfum að búa við skattana um aldur og ævi. Ef við reynum að meta það hvað eins skiptis hækkun þýðir, sem upphæð sem á að gilda um aldur og ævi, þarf að skoða hver ávöxtunarkrafa er eða hvaða fjármagnskostnað á að miða við til að bera þessa hluti saman. Fyrir hvern milljarð sem eign mundi hækka í verði með þessum hætti, miðað við 6% vaxtakröfu, mundi það þýða 60 millj. Ég held að í þeirri jöfnu sem var verið að fara yfir við ákvörðun á skattprósentunni hafi þessi munur ekki skipt svo miklu máli til lengri tíma litið.

Hins vegar er það sameiginlegt áhugamál mitt og hv. þm. að skoða hver skattprósentan á atvinnulíf eigi almennt að vera til þess að skattstofnarnir ræktist sem best og skili sem mestum tekjum í ríkissjóð.

[11:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Tækifæri til lækkunar skatta með þessum áhrifum er bara núna af því að við erum að selja þessi fyrirtæki núna. Það sýnir sig að það tap sem ríkissjóður verður fyrir eða hagnaðurinn er fjórfalt tapið, þ.e. fjögurra ára tap, og hv. þm. veit það að ef við færum með tekjuskatt fyrirtækja niður í 11% hefðum við ekki undan að skrá erlend fyrirtæki hér á landi. Við hefðum ekki undan að fylla skrifstofuhúsnæði á Íslandi með háborguðum starfsmönnum við eignarhaldsfélög sem eru með starfsemi um allan heim.

[11:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eitt sem vantar inn í þessa jöfnu hjá hv. þm. Það er að hugsanlega gæti einhverjum kaupendum þessara ágætu fyrirtækja sem ríkið er að selja dottið í hug að ég og hv. þm. verðum ekki alltaf í meiri hluta. Við eigum eftir undir þessari umræðu að hlusta á áhuga sumra hv. þm. á því að hækka skatta á atvinnureksturinn og jafnvel þó að okkur hv. þm. tækist að lækka skatta á fyrirtæki niður í 10% er ekki víst að menn hafi þvílíka ofurtrú á því að það standist til lengri tíma. Hv. þm. hefur þegar fengið fullvissu um að markaðurinn mundi ekki endilega trúa því að skatturinn mundi haldast í 10% þannig að þessir útreikningar á hækkun á verði ríkisfyrirtækjanna mundu kannski ekki alveg ganga svona upp eins og stærðfræðiformúla sem hv. þm. þekkir vel.

[11:32]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. ræddi um bjartar framtíðarhorfur og stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Hjá þeim sem gaumgæfa efnahagshorfurnar og hafa ekki pólitísk gleraugu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar á nefinu kveður við annan tón.

Þannig birtist í fyrradag greinargerð frá Þjóðhagsstofnun þar sem segir að þjóðhagsleg skilyrði á næsta ári verði bæði lakari og óvissari en gert var ráð fyrir og er í álitsgerð Þjóðhagsstofnunar talað um að samdráttur á næsta ári muni nema 1%. Áður var spáð 0,3% samdrætti.

Þessi skattapakki gengur út á að veikja stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaganna. Ég spyr: Kom aldrei til álita hjá ríkisstjórninni að taka alvarlega varnaðarorð sem borist hafa bæði frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun einmitt um þetta efni? Í greinargerðum sem efh.- og viðskn. bárust frá Þjóðhagsstofnun er sérstök athygli vakin á því að þessar aðgerðir veiki stöðu ríkissjóðs. Í álitsgerð Seðlabanka segir, með leyfi forseta:

„Afkoma ríkissjóðs hefur veikst á þessu ári vegna nýrra útgjalda ríkisins og samdráttar í neyslu almennings. Að frátöldum tekjum af eignasölu er nú því sem næst jöfnuður á ríkisbúskapnum þrátt fyrir að þjóðarútgjöld séu enn meiri en þjóðartekjur og ríkið njóti þess í skatttekjum. Af þeim sökum er óæskilegt að rýra frekar afkomu ríkissjóðs á þessu stigi.“

Kom virkilega aldrei til álita hjá hæstv. ríkisstjórn að taka þessi viðvörunarorð sem borist hafa bæði frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka alvarlega?

[11:34]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu hafa þessi mál öllsömul verið rædd í þaula á stjórnarheimilinu. Hlutverk þessara skattbreytinga er að búa í haginn fyrir nýtt hagvaxtarskeið á Íslandi. Á árunum 1995–2000 var eitt glæstasta hagvaxtarskeið Íslandssögunnar, einmitt m.a. vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á innviðum íslenska hagkerfsins, þar með talin skattlagning atvinnulífsins.

Þjóðhagsstofnun kom til efh.- og viðskn. í gær, og vissulega erum við að fara í gegnum ákveðna aðlögun á næsta ári. En þegar á árinu 2003 spáir Þjóðhagsstofnun 3% hagvexti

að því tilskildu að vísu að það takist að koma álversframkvæmdum og -virkjunum í gang og ég ætla bara rétt að vona að hv. þm. standi hvorki í vegi fyrir þeim skattbreytingum sem hér er verið að leggja til, sem eru nauðsynlegar til þess að ná hagkerfinu aftur í gang, né gegn álversframkvæmdunum.

[11:35]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að sumt af því sem er að finna í skattapakka ríkisstjórnarinnar og lýtur að tekjurýrnun fyrir ríkissjóð og sveitarsjóði er óumflýjanlegt. Þar er ég að tala m.a. um lækkun tekjuskattsprósentunnar sem verður að skoðast í samhengi við heimildir til sveitarfélaga um að hækka útsvar. Þarna er um eins konar tilfærslu að ræða.

Einnig fagna ég því að húsaleigubætur skulu ekki skattlagðar. En þegar kemur að öðrum skattatilfærslum er það svo, eins og ég mun gera rækilega grein fyrir í máli mínu síðar í dag, að þær eru harðlega gagnrýndar af verkalýðshreyfingunni gervallri og öllum þeim samtökum sem sinna réttindabaráttu fyrir almenning í landinu. Ég vísa þar til Landssambands eldri borgara, ég vísa til Öryrkjabandalags Íslands, Aþýðusambands Íslands, BSRB og fjölmargra annarra samtaka.

Hitt er annað mál að Íslendingar hafa á undanförnum árum notið góðs af þeirri efnahagsuppsveiflu sem einkennt hefur nær allan heiminn. Það höfum við gert þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem hér hefur setið.

[11:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem verið er að gera munu eiga stóran átt í því að skapa hér nýtt hagvaxtarskeið. Við erum með þessu að rífa atvinnulífið aftur í gang og það mun gerast á árunum 2003, 2004 og 2005. Einmitt á þessum árum munu launþegar landsins og þeir sem þurfa á aðstoð eða samhjálp að halda frá ríkinu njóta þessa í bættum kjörum.

[11:38]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. frsm. talaði um að nauðsynlegt væri að tryggja skattalegt umhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og það tökum við undir í Samfylkingunni með því að leggja til lækkun á stimpilgjöldum og að leggjast gegn hækkun á tryggingagjaldi. Ég spyr hv. frsm. hvort hann geti ekki tekið undir með okkur að það komi mjög illa við lítil og meðalstór fyrirtæki að hækka tryggingagjald. Ég spyr hv. frsm. einnig hvort hann sé ekki líka sammála okkur um að hér sé um sérstakan landsbyggðarskatt að ræða þegar útreikningar ríkisskattstjóra sýna að þrátt fyrir verulega lækkun á tekjuskatti og hækkun á tryggingagjaldi komi þrjú kjördæmi illa út úr þessum skattbreytingum, Norðurland eystra, Austurland og Vestmannaeyjar.

Ég vil enn fremur spyrja hv. þm. að því hvort meiningin sé að bæta sveitarfélögunum upp tekjutap sem þau verða fyrir með þessum breytingum þegar sveitarfélögin tapa á þeirri skattbreytingu 1.500–1.800 millj. og af því að yfirfæra einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög, þá er það mat Reykjavíkurborgar að sveitarfélögin tapi 1.360 millj. og Reykjavíkurborg ein og sér 560 millj.

Loks vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé sammála því sem fram kemur í umsögn Verslunarráðsins sem bendir á að samkvæmt lögum eigi tryggingagjald að renna til ákveðinna skilgreindra verkefna en ekki til að standa straum af almennum útgjöldum ríkissjóðs, skýring sú sem fram kemur í athugasemdum með frv. standist því ekki lög. Er þingmaðurinn sammála þessari skilgreiningu Verslunarráðs?

[11:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er ég sammála því að æskilegt væri að skilgreina betur hvert tekjur af tryggingagjaldi eigi að renna. (**Gripið fram í:** Er það lögbrot að ...?) Ég mundi nú ekki vilja skrifa upp á það, hv. þm., að svo sé en það er æskilegt að skilgreina þetta betur.

Varðandi þau atriði sem hv. þm. nefndi til hagsbóta fyrir litlu fyrirtækin, þá er ekkert sem skiptir meira máli fyrir litlu fyrirtækin og einstaklingsreksturinn heldur en einmitt þau ákvæði sem er að finna í frv. um heimildir til að yfirfæra á milli rekstrarforma án þess að það kosti eitthvað sérstakt í skattgreiðslum. Ekkert. Það er að sjálfsögðu hagsmunamál lítilla fyrirtækja sem stærri, þó fyrst og fremst lítilla fyrirtækja, að breyta stimpilgjaldinu og það er fyrirhugað eins og hv. þm. veit. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég hygg að tími hv. formanns Samfylkingarinnar muni hugsanlega koma síðar í umræðunni.

Varðandi landsbyggðaáhrifin hefur það að sjálfsögðu verið mikið áhyggjuefni að hagnaður fyrirtækja á landsbyggðinni hefur ekki verið viðunandi. Það er meginvandamálið. En ég hygg að með þeim breytingum sem verið er að gera gagnist þær að sjálfsögðu þeim fyrirtækjum á landsbyggðinni sem skila hagnaði og ég hef trú á því, ekki síst í ljósi þess hvernig gengið hefur þróast að undanförnu og hvernig horfir með að það verði á næstu árum, að býsna mörg fyrirtæki á landsbyggðinni muni hagnast verulega og njóta þess verulega í lægri skattgreiðslum.

[11:41]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. þm. líði illa undir svona spurningum vegna þess að það er alveg ljóst — það liggur fyrir í gögnum efh.- og viðskn. — að landsbyggðin kemur sérstaklega illa út úr þessum skattalagabreytingum, og líka lítil og meðalstór fyrirtæki. Hv. þm. svarar því ekki t.d. hvort eigi að bæta sveitarfélögunum upp það mikla tekjutap sem þau verða fyrir og ég spyr: Var haft samráð við sveitarfélögin um þessa skattalagabreytingu sem er skylt að gera í samræmi við ákvæði samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga?

Það er athyglisvert líka að hv. þm. er ekki sammála umsögn Verslunarráðsins að því leyti að hér sé verið að brjóta lög en það er athyglisverð ábending.

Síðan spyr ég hv. þm.: Hvar á að fá peninga fyrir stimpilgjöldunum? Það er ekki bara hægt að segja að hér eigi að lækka stimpilgjöldin um 900 millj. á næsta ári eða að ári og segja svo ekki hvar eigi að fá peningana.

[11:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. veit að í Verslunarráðinu er mikil breiðfylking, stærri en sumar aðrar fylkingar. Að mínu mati er það viðvarandi viðfangsefni varðandi sveitarfélögin

að fjalla um tekjuskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaga og það er eitt af því sem þarf að skoða reglubundið. Að sjálfsögðu þarf að skoða þessa hluti eins og aðra í því samhengi. Þetta er eitthvað sem þarf að gerast á nokkurra ára fresti. (**Gripið fram í:** Hvað með sveitarfélögin, tryggingagjaldið?) Það er það sem ég var að ræða um, hv. þm.

[11:44]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér eru teknar til 2. umr. skattalagabreytingar sem ríkisstjórnin hefur lagt fram sem eiga að hafa það að markmiði að treysta starfsskilyrði og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Samfylkingin telur mikilvægt að það verði gert, að treysta starfsskilyrði og samkeppnishæfni atvinnulífsins, m.a. með því að skattalegt umhverfi verði með því besta sem þekkist í alþjóðlegum samanburði til þess að örva nýsköpun og hagvöxt. En Samfylkingin telur jafnframt að skattkerfið eigi að endurspegla jafnræði í skattlagningu og sanngirni í dreifingu á skattbyrðinni en það er langur vegur frá, herra forseti, að tillögur stjórnarflokkanna nái því markmiði. Tillögur þær sem Samfylkingin leggur fram eru mjög umfangsmiklar og í samræmi við stefnu flokksins sem í veigamiklum atriðum koma til móts við athugasemdir og gagnrýni fjölda umsagnaraðila vegna þess að ég hef sjaldan séð frv. sem liggur undir eins mikilli gagnrýni frá umsagnaraðilum og þeim sem tjáðu sig um þetta mál í efh.- og viðskn. um þessar skattalagabreytingar.

Helstu gallarnir á þessu frv. fela m.a. í sér:

tilfærslu á skattbyrði af fjármagni yfir á vinnuafl og launatekjur,

stærri hluti heildarskattheimtu er fluttur yfir á einstaklinga,

mismunun innan atvinnulífsins sem birtist í að þær gagnast aðallega stórfyrirtækjum sem skila hagnaði á kostnað lítilla fyrirtækja,

hér er um að ræða landsbyggðarskatt þar sem heilu landshlutarnir tapa,

láglaunafólk og lífeyrisþegar fá minnst í sinn hlut,

þetta eykur möguleika á skattasniðgöngu og tilfærslu á launatekjum yfir í arð og hagnað

og hér er um að ræða tekjutap hjá sveitarfélögunum sem getur legið á bilinu 1,5–1,8 milljarðar.

Ég spyr hæstv. fjmrh. að því hvort það hafi verið haft samráð við sveitarfélögin um þær viðamiklu breytingar sem hér er verið að gera sem fela í sér svona mikið tekjutap hjá sveitarfélögunum.

Og ég spyr hæstv. ráðherra hvort þetta sé í samræmi við samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga sem er undirritaður af hæstv. félmrh. Páli Péturssyni og hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde og formanni Sambands ísl. sveitarfélaga en í 8. gr. hans segir, með leyfi forseta:

„Komi fram tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum þessum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, skulu þær teknar til umfjöllunar í samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en þær eru teknar til formlegrar afgreiðslu hjá aðilum þessa sáttmála.“

Ég spyr hvort þetta hafi verið gert, hvort leitað hafi verið til þeirra. Eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um hefur það ekki verið gert. Það er auðvitað mjög ámælisvert að fara út í svona viðamiklar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga án þess að samráðs sé leitað hjá sveitarfélögum. Ég tel að hér sé verið að brjóta þennan samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga.

Það er athyglisvert, í grg. með frv., að helstu rök fyrir tillögum ríkisstjórnarinnar eru að verið sé að fylgja þróun hjá öðrum ríkjum og að halda forskoti sem Ísland hefur haft til þessa. Í grg. með frv. er fullyrt að tekjuskattshlutfall fyrirtækja sé nú rétt undir meðallagi OECD-ríkjanna. Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn minni, sem fram kemur í fskj. I í nál. sem ég hér mæli fyrir ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, varðandi skattgreiðslur einstaklinga og fyrirtækja kemur fram að forskot Íslands er þegar verulegt á því sviði. Þar er upplýst að af 22 ríkjum OECD eru 14 með hærra skatthlutfall en Ísland og sömuleiðis að einungis fimm ríki njóti lægra skatthlutfalls, það eru Svíþjóð, Noregur, Finnland, sem eru með 28% skatt á hagnaði fyrirtækja, Sviss með 25% og Írland með 20%.

Í sama svari er einnig upplýst um skattlagningu arðgreiðslna. Þar kemur fram að Ísland er með langlægsta skatt á arð, þ.e. aðeins um 10%. Flest ríki leggja á bilinu 25–48% skatt á arð. Það er athyglisvert að ekki eru nema tvö ríki fyrir utan Ísland sem eru með lægri skatt á arðgreiðslur, þ.e. Belgía og Ítalía. Önnur lönd innan OECD eru með hærra skatthlutfall og það verulega hærra, þ.e. á bilinu 25–48%. Hins vegar er þar líka upplýst að tekjuskattur einstaklinga á Íslandi er með því hæsta sem þekkist, sem og skattar á vöru og þjónustu. Það kemur líka fram í þessu svari.

Einnig koma fram mjög athyglisverðar upplýsingar um þróun á tekjuskatti einstaklinga og félaga innan ríkja OECD sem má finna á fskj. I. Þar kemur fram að sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa skattar á einstaklinga frá árinu 1990 til 1999 verið að þyngjast verulega hér á landi, eða úr 8,2% í 12,7%, meðan skattar á félög hafa aðeins breyst lítillega, eða úr 0,9%, sem hlutfall af landsframleiðslu, árið 1990 í 1,5% árið 1999. Skattbyrðinni hefur því í auknum mæli verið velt af fjármagni og fyrirtækjum og yfir á laun og vinnuafl síðasta áratug.

Í umsögn ASÍ er einmitt bent á að með lækkun tekjuskatts fyrirtækja, samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, verði tekjuskattshlutfall íslenskra fyrirtækja langt undir því sem gerist innan OECD. ASÍ vekur á því sérstaka athygli að á alþjóðavettvangi er slík samkeppni afar umdeild.

BSRB vekur athygli á því í umsögn sinni að lækkun á tekjuskatti fyrirtækja muni einvörðungu gagnast þeim sem sýna hagnað. Samtökin telja óeðlilegt að létt sé undir með þeim fyrirtækjum sem sýna hagnað en um leið sé tryggingagjaldið, sem lagt er á fyrirtæki óháð því hvernig þeim vegnar, hækkað og það sé auk þess skattlagning á vinnuafl.

Ef við lítum á þróunina í öðrum löndum, þegar það liggur fyrir að skattar á einstaklinga hafa hækkað verulega hér en á móti hafa skattar á fyrirtæki verið að lækka, þá hefur þróunin verið þveröfug í Danmörku, Finnlandi, Írlandi og Svíþjóð. Þar hafa skattar á einstaklinga verið að lækka, sem hlutfall af landsframleiðslu, en hafa aukist á fyrirtæki. Meðaltal skatta einstaklinga innan OECD-ríkja Evrópu var 10,6% af landsframleiðslu á árinu 1990 en þeir voru komnir niður í 10% á árinu 1999. Á sama tíma jukust hins vegar skattar á félög sem hlutfall af landsframleiðslu, úr 2,5% á árinu 1990 í 3,2% á árinu 1999.

Þetta sýnir, þvert á það sem haldið er fram í grg. með frv., að skattlagning á lögaðila á Íslandi er mjög hagstæð

samanborið við aðrar þjóðir en hlutur einstaklinga í skattbyrðinni er verulega hærri hér en hjá öðrum þjóðum. Í því sambandi má líka minna á það sem fram kemur í fylgiskjali með þessu nál., að skipting á skattgreiðslum milli fyrirtækja og einstaklinga á árinu 2001 var þannig að einstaklingar greiddu samtals 83% en fyrirtæki aðeins 17%.

Það er líka athyglisvert, sem fram kemur, að fjöldi skattskyldra lögaðila á öllu landinu var á þessu ári 17.100 en af þeim greiddu einungis 7.500 tekjuskatt. Það kemur fram í svari fjmrh. við fsp. minni hér á Alþingi.

Einnig kemur fram, bæði í umsögn Þjóðhagsstofnunar og ASÍ, að það eru fyrst og fremst fjármála- og tryggingafyrirtæki sem munu njóta góðs af lækkun tekjuskatts. Er það meiningin, herra forseti, að það skuli fyrst og fremst vera fjármála- og tryggingafyrirtæki sem eiga að njóta góðs af þessari lækkun? Orðrétt segir í umsögn ASÍ: „Skýrist það fyrst og fremst af því að þau eiga fæst hver uppsafnað skattalegt tap og hafa skilað hagnaði síðustu ár. Hins vegar er ljóst að fyrirtæki í sjávarútvegi eiga mörg hver verulegt uppsafnað tap og munu því ekki njóta góðs af lækkun tekjuskatts á næstu missirum."

Herra forseti. Margir umsagnaraðila gagnrýna mjög hækkunina á tryggingagjaldi, sem þeir segja að komi mjög illa við atvinnurekstur sinn, m.a. Samtök ferðaþjónustunnar sem benda á að tryggingagjöld muni hækka um rúmlega 100 millj. kr. á ferðaþjónustuna án þess að ávinningur verði á móti á næstu 2–5 árum.

Það er alvarlegt að Þjóðhagsstofnun bendir í umsögn sinni á að þekkingarfyrirtæki sem eru á frumkvöðlastigi í rannsóknum og þróun án þess að hafa tekjur á móti muni ekki njóta lækkunar tekjuskatts fyrr en eftir langan tíma. Ég bendi einnig á að í umsögn ASÍ í sambandi við einstaklingshlutafélög kemur fram að endurskoða þurfi upphæð fjármagnstekjuskatts ef tekjuskattshlutfall fyrirtækja verður lækkað úr 30 í 18%. Með því að lækka tekjuskatt fyrirtækja en hækka ekki fjármagnstekjuskatt er talið að mismunur í skattlagningu fari í auknum mæli eftir uppruna tekna.

Og það er einmitt alvarlegt í þessum brtt. ríkisstjórnarinnar að mismunur í skattlagningu eftir uppruna tekna eykst. Engin rök hafa verið færð fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að nauðsynlegt sé að ganga jafnlangt í að lækka skatthlutfall fyrirtækja og gert er í tillögum hennar, ef markmiðið er að halda skattalegu forskoti Íslands, sérstaklega þegar það er gert á kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja með hækkun á tryggingagjaldi. Samfylkingin telur það ranga stefnu hjá ríkisstjórninni að létta sköttum af fjármagni og flytja þá yfir á vinnuafl og þar með mannauð.

Röksemdir stjórnarflokkanna standast ekki og sýna ljóslega að Ísland skipar sér nú þegar í röð þeirra þjóða þar sem skattar á fyrirtæki eru hvað lægstir.

Það er því alveg útilokað, herra forseti, að við getum mælt með því að skatthlutfall fyrirtækja verði lækkað um 12%, eða úr 30% í 18%. Kostnaði við lækkunina á að verulegu leyti að mæta með hækkun tryggingagjalds sem, eins og ég hef sagt, bitnar á fyrirtækjum með mikla launaveltu en lítinn hagnað, og fyrirtækjum á landsbyggðinni og sprotafyrirtækjum sem ekkert eiga annað en mannauð. Áhrif hækkunar tryggingagjalds eru rakin í nál. en sú mikla lækkun á tekjusköttum fyrirtækja sem ríkisstjórnin leggur til stóreykur jafnframt líkur á skattasniðgöngu, eins og rökstutt er í nál. Samfylkingin telur nægilegt að lækka skatthlutfall fyrirtækja úr 30% í 25%, þar sem sú lækkun dugir til að halda alþjóðlegu skattaforskoti íslenskra fyrirtækja. Eftir þá breytingu yrði Ísland með lægsta skatthlutfall innan OECD-landanna, og gildir einu, herra forseti, þó að Írland sé tekið inn í þann samanburð.

Menn hafa bent á að Írland sé einhver sérstök skattaparadís en við í minni hlutanum, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, óskuðum eftir því að ríkisskattstjóri legði mat á og gerði samanburð á sköttum hér á landi og á Írlandi, heildarsköttum og heildaráhrifum af sköttum á fyrirtæki hér á landi og á Írlandi.

Herra forseti. Hvað kemur í ljós? Það kemur í ljós að heildarskattar á Írlandi á árinu 2001, þ.e. í ár, voru á bilinu 53,6%–56,5% en á Íslandi 37%. Þegar litið er til ársins 2003, þegar þessar breytingar eru komnar inn sem ríkisstjórnin leggur hér til, verða heildarskattarnir á Írlandi 49,3%–56,5% en á Íslandi 26,2%.

Skatthlutfall einstaklinga, en þar er stighækkandi tekjuskattur á einstaklinga, er 20% af tekjum einhleypings sem er með tekjur lægri en 15 þús. pund og hjóna undir tæplega 30 þús. pund en 42% ef tekjur eru hærri. Taflan sem við sýnum í nál. okkar um samanburð á Írlandi og Íslandi, og vitnum þar í útreikninga ríkisskattstjóra, sýnir að það er ýkt og villandi framsetning þegar því er haldið fram að Írland skeri sig úr öðrum löndum fyrir lága skattheimtu á fyrirtæki. Hinn lági skattur þar er eingöngu á tekjur af sölu á vöru og þjónustu. Allar aðrar tekjur, t.d. tekjur af fjármagni, þóknanir o.s.frv., eru skattlagðar með 25% skatti. Þar að auki er skilyrðið fyrir lága skattinum að hagnaðurinn sé borgaður út og skattleggst útborgunin þá með 20–40% skatti hjá hluthafanum.

Einnig má benda á að skattar á lögaðila á Norðurlöndunum eru 25–28% í Noregi og Svíþjóð og Finnlandi, en hærri í Danmörku. Markmiðið sem við í Samfylkingunni viljum ná fram og leggjum mikla áherslu á, þ.e. að skattaumhverfi á Íslandi laði hingað erlenda fjárfesta og styrki starfs- og samkeppnisskilyrði íslenskra fyrirtækja, næst fyllilega með 25% skatthlutfalli á fyrirtæki, og vel það.

Í því sambandi er líka rétt að vekja athygli á því sem fram kemur í umsögn ASÍ að með lækkun tekjuskatts fyrirtækja verður tekjuskattshlutfall íslenskra fyrirtækja langt undir því sem gerist innan OECD og vekur ASÍ athygli á því að slíkt sé afar umdeilt á alþjóðavettvangi. Það er sérstök athygli vakin á því og undir þetta tekið í umsögn Þjóðhagsstofnunar.

Herra forseti. Ég ætla næst að víkja að tekjuáhrifunum og hvaða áhrif þessar tillögur hafa nái þær fram að ganga á tekjutap ríkissjóðs. Verið er að lækka tekjuskattinn úr 30% í 18% og það þýðir umtalsvert tekjutap. Athyglisvert er að skoða þær upplýsingar sem embætti ríkisskattstjóra hefur birt efh.- og viðskn. um hvernig álagning á lögaðila eftir skatttegundum hefði breyst hefðu skattatillögur ríkisstjórnarinnar verið komnar til framkvæmda við síðustu álagningu. Samkvæmt því sem ríkisskattstjóri upplýsir hefði tekjuskattur lögaðila orðið 3,7 milljörðum kr. lægri en fjmrn. hefur haldið því fram að tekjutapið vegna lækkunar á tekjuskatti lögaðila sé um 2,7 milljarðar við lækkun á tekjuskatti úr 30% í 18%. Hér skeikar um milljarði ef þessi samanburður er notaður.

Síðan er eitt mjög athyglisvert sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um. Í útreikningum fjmrn. og ríkisskattstjóra er ekki reiknað með tekjutapi á stóriðjufyrirtækjum eins og Norðurál eða Ísal sem eru með sérstaka skattasamninga. Hvaða áhrif hefði það ef þessir aðilar mundu óska eftir að ganga inn í breytt skattaumhverfi með lægri tekjuskatti? Samkvæmt

upplýsingum sem fram komu í Morgunblaðinu í júní á þessu ári var hagnaður Ísals fyrir skatta um 4,5 milljarðar kr. og skattgreiðslur þess um 1,4 milljarðar kr. Sé miðað við þetta og að lækkun tekjuskatta á félög samkvæmt frv. er 40% má áætla að sambærileg lækkun skatta hjá Ísal hefði orðið 560 millj. kr. Hér er því um að ræða tekjutap hjá ríkissjóði upp á 560 millj. kr. til viðbótar því tekjutapi sem fjmrn. hefur áætlað vegna skattbreytinganna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er það ekki rétt skilið að í útreikningum fjmrn. sé ekki gert ráð fyrir því að stóriðjufyrirtækin eins og Ísal og Norðurál séu með í þeim útreikningum sem sýna tekjutap upp á 2,7 milljarða, og getur ekki verið um umtalsvert tekjutap að ræða til viðbótar ef Ísal kýs að ganga inn í þetta nýja skattaumhverfi? Ég sé ekki betur af þeim sérstöku samningum sem gerðir hafa verið við Ísal en að þeir hafi til þess fulla heimild.

Við sýnum í töflu í nál. hvaða áhrif þetta hefði og þá erum við að miða við skattlagningu eins og hún var miðuð við hagnað Ísals á þessu ári sem vel má vera að verði annar á næsta ári. Miðað við þær forsendur og tölur sem við höfum breytist þetta í þá veru, skipt eftir kjördæmum, að skattatapið vegna Reykjaness, ef við lítum á það umdæmi, er 560 millj. kr. meira og skattatap ríkissjóðs er á bilinu 500–600 millj. Gerir hæstv. fjmrh. ráð fyrir að Ísal muni óska eftir því að taka upp skattasamningana sem við þá eru og hvað áætlar hæstv. fjmrh. að það þýði í auknu tekjutapi fyrir ríkissjóð miðað við það að lækka skatthlutfallið úr 30% í 18%?

Það kom fram hjá mörgum umsagnaraðilum að óvissa sé um að þessar skattalækkanir muni leiða til svo mikilla aukinna efnahagsumsvifa að þau séu metin á 3,5 milljarða kr. eins og fjmrh. gerir. Meðal annars er vísað til þess að lækkun á skatthlutfalli úr 45% í 30% á síðasta áratug hafi átt verulegan þátt í efnahagsuppsveiflu liðinna ára. Þjóðhagsstofnun bendir á í umsögn sinni að tekjuauki af auknum efnahagsumsvifum sé óviss og fyrir vikið sé hyggilegt að áætla hann varlega. Stofnunin bendir á að þó að gert sé ráð fyrir auknum umsvifum í efnahagslífinu fylgi því á hinn bóginn meiri viðskiptahalli, aukinn þrýstingur á laun og meiri verðbólga. Þetta leiði aftur til meiri ríkisútgjalda og auki halla á rekstri ríkisins. Í ljósi efnahagsþróunar að undanförnu og með hliðsjón af reynslu annarra þjóða bendir Þjóðhagsstofnun á að óbeinu áhrifin gætu orðið minni þar sem heimili og fyrirtæki eru mörg hver skuldsett og því líkur á því að skattalækkanir skiluðu sér ekki í meiri umsvifum heldur yrðu notaðar til að greiða niður skuldir.

Það er auðvitað alveg rétt hjá Þjóðhagsstofnun að heimilin og fyrirtækin eru orðin mjög skuldsett. Það er umhugsunarvert, herra forseti, að í tíð þessarar ríkisstjórnar eða frá árinu 1995 hafa skuldir heimila aukist um helming og eru núna að nálgast 700 milljarða kr. og skuldir á hvert mannsbarn eru orðnar 2,4 millj. kr.

Seðlabankinn segir í umsögn sinni að hugsanlegt sé að jákvæð tekjuáhrif verði minni hér á landi en í flestum öðrum þróuðum ríkjum vegna þess að skattar á fyrirtæki séu þegar tiltölulega lágir. Líka er ljóst að skattalækkanir setja meiri kvaðir á stjórn peningamála og gætu minnkað svigrúm til vaxtalækkana. Það kemur fram bæði í umsögn frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka.

Ég vil þá halda því til haga sem fram kom í svari Þjóðhagsstofnunar við fyrirspurn minni að meðalvextir á lán þyrftu að lækka um um það bil 0,4% til að skila fyrirtækjum og heimilum 8 milljarða kr. ávinningi á tveggja ára tímabili í formi lægri vaxtakostnaðar eins og þessar skattalækkunartillögur kosta ríkissjóð.

ASÍ gerði í umsögn sinni að umtalsefni þau efnahagsumsvif sem hér er verið að ræða um, að þau séu metin á 3,5 milljarða kr. og bendir á í umsögn sinni að ólíku sé saman að jafna nú og í efnahagssveiflunni á fyrri árum sem verið er að vitna til. Íslenska hagkerfið hafi þá verið að sigla inn í skeið mikils hagvaxtar þegar þær skattalækkanir áttu sér stað og honum hafi fylgt mikil aukning á hagnaði fyrirtækja. Varhugavert sé að gefa sér að svo verði á næstu árum þar sem líklegra sé að á næsta ári verði hér ekki mikill hagvöxtur.

ASÍ gagnrýnir líka í umsögn sinni að þessar aðgerðir muni leiða til samdráttar í stað eflingar atvinnulífsins. Ástæðan sé einföld. Skattur á launaútgjöld fyrirtækja hafi nákvæmlega sömu áhrif og launahækkunin sjálf, þ.e. kostnaður fyrirtækja hækki og rík tilhneiging sé hjá stjórnendum að velta slíkum skattahækkunum bent út í verðlagið og leiði það til þess að kaupmáttur almennings minnkar. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja hjálpi hér lítið því að minnkandi tekjur fyrirtækjanna hafi miklu umfangsmeiri áhrif á fjárfestingarákvarðanir heldur en tekjuskattur af væntum afrakstri.

Ég spyr, herra forseti, hæstv. fjmrh. miðað við þessa umsögn ASÍ og að kjarasamningar eru nú í uppnámi, m.a. vegna aukinnar verðbólgu: Hvaða áhrif hefur það á þær viðræður sem væntanlega eiga sér stað milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að hækka tryggingagjaldið með þeim áhrifum sem ASÍ er hér að lýsa? Verðlagsáhrifin af þessu eru nokkur og Þjóðhagsstofnun metur það að þetta leiði til hækkunar um 0,3–0,4%, það séu verðlagsáhrifin af hækkun á tryggingagjaldinu. Það er líka umhugsunarvert þegar þessar skattalagabreytingar skila svo litlu til fólks með lægstu tekjurnar að það skuli þá þurfa að bera slíka hækkun í tryggingagjaldi í formi hærra verðlags sem rýrir auðvitað kjör þeirra. Ég spyr, herra forseti, hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki að hækkun á tryggingagjaldi geti sett kjarasamningana í meira uppnám en þeir eru í núna og vísa þar til umsagnar ASÍ.

Ríkisskattstjóri bendir á að skattalækkunin á 10. áratugnum átti ekki að leiða til skattalækkana því að samhliða var skattstofninn breikkaður. Jafnframt benti ríkisskattstjóri á að hæpið sé að heimfæra tekjusveiflu og uppgang í efnahagslífi til skattalækkana. Engar óumdeildar kenningar séu til um að samasemmerki sé milli aukinna umsvifa og skattalækkana.

Þetta fannst mér nauðsynlegt, herra forseti, að kæmi fram vegna þess að í fskj. frá fjmrn. er lagt verulega upp úr því að skattalækkanir skili sér í auknum efnahagsumsvifum sem metin eru á 3,5 milljarða kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Getur hann skýrt það nánar út heldur en kemur fram í frv. og greinargerð hvenær vænta megi þá að þessi áhrif komi fram? Er það á árinu 2003? Er það á árinu 2004 eða er það eitthvað síðar? Þetta er veigamikill þáttur í því þegar maður er að meta tekjuáhrifin á ríkissjóð af skattalagabreytingunum.

Eitt helsta markmið frv. er að skattalækkun í tekjuskatti hafi veruleg áhrif til þess að laða hingað erlend stórfyrirtæki. Það er vissulega markmið sem ber að stefna að. En ég spyr: Getur verið að þær væntingar sem menn hafa í því efni, og fram koma í frv., séu of miklar?

Ég vísa þar í embætti ríkisskattstjóra sem var beðið að leggja mat á áhrif þessara breytinga á erlendar fjárfestingar. Í umsögn embættisins kemur fram að áhrif skatta á erlendar fjárfestingar ráðist ekki eingöngu af íslenskum lögum heldur einnig af þeim ákvæðum sem við eiga í heimaríki fjárfestisins

og reglum í alþjóðaskattlagningu svo sem tvísköttunarsamningum. Orðrétt segir síðan, með leyfi forseta:

„Flest ríki á Vesturlöndum hafa sömu grunnreglu varðandi skattskyldu, þ.e. að þegnarnir eru skattlagðir á grundvelli allra tekna þeirra svo sem þeirra er aflað. Enn fremur áskilja þau sér rétt til þess að skattleggja allar tekjur sem uppruna eiga í landinu óháð því hver er eigandi þeirra. Þetta þýðir að tekjur sem erlendir aðilar afla hér á landi eru skattskyldar í heimalandi fjárfestisins. Flest ríki taka í löggjöf sinni eða á grundvelli samninga tillit til skatta sem viðkomandi skattaðili greiddi í því landi sem tekjurnar eru upprunnar í. Áhrifin á arðsemi fjárfestingarinnar ráðast m.a. af því hvernig það er gert. Í sumum tilvikum, t.d. í Bandaríkjunum og Írlandi, er það gert með því að veita skattfrádrátt sem svarar til þess skatts sem greiddur var í upprunalandinu. Í þeim tilvikum hefur skattalækkun í upprunalandinu engin áhrif á fjárfestinn. Í öðrum tilvikum eru arðgreiðslur til móðurfélags undanþegnar skatti og áhrifin ráðast þá af þeim skatthlutföllum sem í löndunum gilda. Lækkun skatta á lögaðila hefur því þegar um er að ræða erlendan eiganda tvíþætt áhrif. Hluti lækkunarinnar skilar sér í auknum skatttekjum hjá heimalandi fjárfestisins og hluti hjá fjárfestinum sjálfum."

Einnig er athyglisvert í þessu sambandi að Bandaríkin undanþiggja ekki tekjur erlendra dótturfélaga skattlagningu heima fyrir en veita frádrátt frá greiddum skatti sem nemur þeim skatti sem dótturfélagið greiddi í upprunalandi tekna. Orðrétt segir ríkisskattstjóri síðar í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Lækkun skatta á félög í upprunalandinu hefur því engin áhrif á heildarskattgreiðslur félaganna, móður- og dótturfélags, en færa skatttekjurnar frá upprunaríkinu til þess ríkis þar sem eigandinn hefur heimilisfesti og gefur það því ekki tilefni til gagnráðstafana."

Í öðru lagi kemur fram í umsögn ríkisskattstjóra að ríki sem hafa svokallaða CFC-löggjöf geta skattlagt hagnað dótturfélaga sem starfa á lágskattasvæðum með tekjum móðurfélagsins heima fyrir. Slíkum reglum er fyrst og fremst beint gagnvart fjármálafélögum sem ekki eru með neina raunverulega starfsemi í því ríki sem þau eru skráð í.

Herra forseti. Hvaða niðurstöðu er þá hægt að draga af þessu? Hún er einfaldlega sú, að mínu mati, að þó að skattbreytingarnar hér á landi kunni að örva erlendar fjárfestingar í einhverjum mæli er vafasamt að þær leiði til þess að erlendir fjárfestar muni hópast hingað af þeim sökum.

Mig langar næst að víkja að sköttum á einstaklinga en á síðasta áratug hefur tekjuskattur einstaklinga sem hlutfall af landsframleiðslu vaxið úr rúmlega 8% í tæplega 13% eins og ég nefndi fyrr í máli mínu. Hjá öðrum OECD-ríkjum í Evrópu er hann nú um 10%.

Ríkisskattstjóri hefur að ósk fulltrúa Samfylkingarinnar skilað til nefndarinnar áliti sínu á hver sé líkleg þróun í tekjusköttum einstaklinga vegna þessa og næsta árs.

Þar kemur fram að við álagningu á þessu ári var almennur tekjuskattur og útsvar samtals um 95,5 milljarðar kr. og skattstofninn tæpir 394 milljarðar kr. Þá var meðalskatthlutfallið um 24,2%. Það sem mér finnst athyglisvert í þessu er að þó að tekið sé tillit til þeirrar skattalækkunar sem einstaklingar fá um næstu áramót, 0,33%, yrði meðalskatthlutfallið á næsta ári engu að síður um 24,8% eða 0,6% hærra en á þessu ári þrátt fyrir þá skattalækkun sem einstaklingarnir fá.

Ef gert er ráð fyrir að persónuafsláttur hækki eins og nú er gert ráð fyrir í lögum má reikna með að tekjuskattur og útsvar hækki um 13% að óbreyttum skatthlutföllum og verði þá 108 milljarðar króna. Auknar tekjur af tekjusköttum einstaklinga milli ára eru því um 11 milljarðar kr. þrátt fyrir lækkun á almenna skatthlutfallinu í tekjuskatti um 0,33%.

Það sem er auðvitað umhugsunarvirði hér á landi er það að láglaunafólki með 90 þús. kr., lífeyrisþegum, öldruðum og öryrkjum sem eingöngu hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga, skuli vera gert að greiða í skatta sem samsvarar 1 milljarði kr. Er það forsvaranlegt í velferðarríkinu Íslandi að fólk sem býr við sultarkjör sem eru þannig að ekki nást endar saman milli mánaða skuli greiða 1 milljarð í tekjuskatt? Það gerist á sama tíma og verið er að létta sköttum af fyrirtækjum eins mikið og raun ber vitni hjá þessari ríkisstjórn. Það er líka ljóst þegar litið er til skattalækkana sem voru fyrir nokkrum árum, 1997, að þetta fólk greiddi raunverulega þá tekjuskattslækkun sem þeir tekjuhærri fengu vegna þess að skattleysismörkin voru fryst.

Mér finnst orðið tímabært, herra forseti, að skoðað verði hvernig hægt er að draga úr sköttum hjá fólki sem er með þessar tekjur. En það er eins og reiknimeistarar og embættismenn geti aldrei fundið leið eða reiknað út hvernig hægt er að lækka skatta sérstaklega á þetta fólk þó að alltaf virðist vera auðvelt að finna leiðir og reikna út skattaívilnanir og skattalækkanir fyrir þá sem betur eru settir.

Til marks um óréttláta skattastefnu þessarar ríkisstjórnar er ástæða til að halda því til haga að á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við greiddu lífeyrisþegar, sem eingöngu höfðu sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga, engan skatt. Nú er svo komið að þessi hópur greiðir í skatta sem samsvarar lífeyri almannatrygginga í einn mánuð, þ.e. eins mánaðar framfærslueyrir þessa fólks sem það fær úr tryggingum, 70 þús. kr., fer í ríkiskassann. Mér finnst, herra forseti, að þetta sé til skammar og mér finnst að okkur beri skylda til þess í þinginu, stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðunni, að setjast yfir það hvernig hægt er að draga úr skattbyrði þessa fólks og lækka hjá því skattana. Við leggjum það til í tillögum okkar, fulltrúar Samfylkingarinnar, að það verði gert. Og við leggjum til í ákvæði til bráðabirgða, herra forseti, að sest verði yfir það verkefni og að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka, aðila vinnumarkaðarins og samtaka öryrkja og aldraðra sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega skatta á launafólki og lífeyrisþegum með tekjur undir lágmarkslaunum. Mér finnst við öll hafa skyldur til þess við það fólk sem er gert að bera 1 milljarð í skatt meðan verið er að lækka skatta á þeim sem betra hafa það í þjóðfélaginu, stóreignamönnum og stóreignafólki. Mér finnst okkur bera skylda til þess. Ég er alveg viss, herra forseti, um að það er hægt að ná um það þjóðarsátt í þjóðfélaginu, og ég er viss um að við höfum hér færa reikningsmenn sem geta reiknað út hvaða leið eigi að fara, hvort það er í endurgreiðslu, í eftiráálagningu eða lækkun á sköttum. Það er gert í löndum eins og Finnlandi og Bandaríkjunum, þar er farin sérstök leið til þess að hlífa láglaunafólki við skatti.

Tillögur ríkisstjórnarinnar ganga út á það að hækka frítekjumörk í hátekjuskatti þegar á næsta ári vegna tekna þessa árs. ASÍ mótmælir þessari skattalækkun til þeirra sem eru betur settir á sama tíma og ekkert er gert fyrir þá sem minna hafa. Með því að fara þessa leið er verið að lækka skatta á einstaklinga með hærri tekjur um 600 millj. kr. Í svari

ríkisskattstjóra við fyrirspurn okkar í 1. minni hluta kemur fram að þessi breyting leiðir til þess að þeir sem eru með 2 millj. kr. í tekjur fá 6.600 kr. skattalækkun eða meðallækkun á skatthlutfalli um 0,3%. Á sama tíma fá þeir sem eru með 8 millj. kr. í tekjur skattalækkun sem nemur 104 þús. kr. Hjá þeim sem njóta góðs af þessari hátekjuskattslækkun er meðallækkun á skatthlutfalli þeirra um 1,2% en hjá þeim sem eru með 2 millj. ekki nema 0,3%. Við í minni hlutanum spyrjum: Er ekki eðlilegt — miðað við stöðu ríkissjóðs nú og miðað við það að lítið er gert fyrir þá sem eru tekjulægstir — að fresta þessari lækkun hjá þeim sem greiða hátekjuskatt, þ.e. að fresta því að hækka frítekjumörkin í hátekjuskatti? Við leggjum það til, herra forseti, að þessi hækkun á frítekjumörkum gangi ekki fram fyrr en á árinu 2004. Við teljum miklu nær, eins og við leggjum til, að stíga skref til að lækka meira almennan tekjuskatt á árinu 2003 sem við leggjum til að verði lækkaður um 0,25%.

ASÍ bendir á það í umsögn sinni að hér sé ekki um að ræða meðaltekjur eins og þær eru skilgreindar af kjararannsóknarnefnd og segir orðrétt í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Því hefur verið haldið fram að hátekjuskatturinn sé í raun bara skattur á meðaltekjur. Það er tvennt sem villir mönnum sýn hvað þetta varðar. Annars vegar virðast margir ekki átta sig á því að þegar hátekjuskattur er reiknaður fyrir fólk í sambúð, þá eru tekjur beggja aðila lagðar saman og það sem er yfir tvöföldum hátekjumörkum 2 x 280 þúsund á mánuði (tekjur ársins 2000) er skattlagt með hátekjuskattsprósentunni 7% aukalega."

Herra forseti. ASÍ heldur því fram og vísar þar til kjararannsóknarnefndar að þeir hópar sem ná upp að og yfir hátekjuskattsmörkin í launum séu ekki fjölmennir. Í töflu sem fylgir nefndarálitinu og fylgdi umsögn þeirra kemur fram að á árinu 2000 voru meðalatvinnutekjur hjóna og sambýlisfólks samtals 379.417 kr. á mánuði og meðalatvinnutekjur einstæðra foreldra 136.083 kr. á mánuði. Ef eingöngu er horft á meðaltekjur allra sem greiða tekjuskatt nettó eftir að bætur hafa verið dregnar frá tekjuskatti eru þær aðeins 193 þús. kr. á mánuði. En hátekjuskattur greiðist nú eftir þessa breytingu á tekjur sem eru yfir 322 þús. hjá einstaklingum og 640 þús. hjá hjónum, ef ég man þetta rétt.

Herra forseti. Ég nefndi að Samfylkingin leggur þess í stað til að lækka frekar á árinu 2003 almennan tekjuskatt einstaklinga og það er í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar sem m.a. var samþykkt á síðasta landsfundi flokksins.

Samfylkingin hefur rutt brautina fyrir því að þeir sem nýta takmarkaðar auðlindir í sameign þjóðarinnar greiði fyrir það sérstakt gjald. Stefna flokksins er að svigrúminu sem það skapar verði varið til að lækka tekjuskatta einstaklinga. Í samræmi við það leggur 1. minni hluti til að á árinu 2003 verði stiginn frekari áfangi í lækkun á almennum tekjusköttum einstaklinga og hann verði fjármagnaður með gjaldi sem tekið verði fyrir nýtingu fiskstofna. Í þeirri niðursveiflu sem nú er hafin í efnahagslífinu og samdrætti í hagkerfinu ætti það að hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið og eftirspurn í hagkerfinu. Þetta er til dæmis í samræmi við þá leið sem nú er áformuð af ríkisstjórninni í Danmörku sem hyggst lækka nokkuð tekjuskatt á einstaklinga til að svara lægð í efnahagslífinu, herra forseti. Ég vil spyrja, herra forseti, hæstv. fjmrh. hvort hann geti verið sammála þessu mati hægri stjórnarinnar í Danmörku sem ætlar að lækka tekjuskatt á einstaklinga til að svara lægð í efnahagslífinu, hvort hann telji það skynsamlega leið. En samtök atvinnulífsins þar hafa lýst stuðningi við þá leið.

Herra forseti. Ég vil næst víkja að því sem mjög var rætt í nefndinni og kom mjög fram í umsögnum, þ.e. þeim mun sem orðinn er á skatthlutfalli launafólks og fyrirtækja sem er orðinn nærri 23%. Eitt af því sem erfitt er að sætta sig við í skattatillögum ríkisstjórnarinnar er að verið er að færa skattbyrði í auknum mæli af fjármagni og eignum yfir á vinnuafl og launatekjur. Mesti munur á skatthlutfalli einstaklinga og lögaðila, nái skattatillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga, verður tæplega 23%. Þjóðhagsstofnun segir í umsögn sinni að það sé umhugsunarefni hversu mikið misræmi verði á milli skattlagningar einstaklinga og fyrirtækja með þessum breytingum.

Verið er að færa sífellt stærri hluti heildarskattheimtu yfir á tekjuskatt einstaklinga og hann er orðinn langtum stærri hluti af þjóðarframleiðslu en hann var fyrir nokkrum árum. Vegna meiri skattheimtu af einstaklingum eru skattleysismörkin nú lægri og meðalskatthlutfallið hærra en áður.

Fyrsti minni hluti óskaði eftir umsögn ríkisskattstjóra um hvort 22–23% munur á skattlagningu einstaklinga og félaga þekktist annars staðar og hver væri algengur munur. Þar kemur nokkuð athyglisvert í ljós. Fram kom í svarinu að yfirleitt er munur á skattlagningu launatekna og heildarskattlagningu tekna af atvinnurekstri öfugt við það sem stefnt er að í frumvarpinu, þ.e. skattur á hagnað af rekstri er hærri en skattur á launatekjur. Mér finnst það umhugsunarvirði, herra forseti, í þeim breytingum sem hér er verið að gera að almennt hjá öðrum þjóðum sé munur á skattlagningu launatekna og heildarskattlagningu í þá veru að skattur á hagnað af rekstri er hærri en skattur á launatekjur. Í flestum löndum eru sameignarfélög ekki sjálfstæðir skattaðilar en hagnaður þeirra skattlagður með öðrum tekjum viðkomandi einstaklinga. Arður á söluhagnað er í flestum löndum skattlagður eins og launatekjur eða sérskattaður með 20–25% til viðbótar við 25–35% skatt á félagið þannig að heildarskattlagningin er 40–50% sem er svipað eða hærra en hæsta skattþrep einstaklinga í flestum löndum.

Þegar ríkisskattstjóri er spurður um þennan mismun í skattlagningu, hvaða möguleika hann sjái á úrbótum, er svarið þetta, með leyfi forseta:

„Eina raunhæfa úrbótin til lengri tíma litið er að afnema mismun á skattlagningu einstaklinga eftir því hvernig tekjur þeirra eru til komnar. Það má t.d. gera með því að hafa skattlagningu á einstaklinga og sameignarfélög hina sömu og stilla skattlagningu hlutafélaga og fjármagnstekjuskatt þannig af að heildarskattlagning slíkra tekna sé hin sama og almennra tekna. Meðal ráðstafana, sem að auki gætu dregið úr mismuninum og tilheigingu til að flytja til tekjur má nefna:

Að allar tekjur, þar með taldar fjármagnstekjur, séu gerðar að andlagi sérstaka tekjuskattsins.

Að rekstrarhagnaður sameignarfélaga sé gerður að andlagi sérstaka tekjuskattsins og látinn skerða bætur eins og aðrar tekjur."

Þetta álit ríkisskattstjóra staðfestir ótvírætt að stjórnarflokkarnir eru á rangri braut með skattastefnu sinni, sem stuðlar að ósanngirni og ójafnræði í skattlagningu bæði milli atvinnugreina og milli einstaklinga og lögaðila.

Herra forseti. Ég vil þá víkja að yfirfærslu á einkarekstri yfir í einkahlutafélög en það mál var einna mest rætt í nefndinni.

Mikil lækkun á tekjuskatti lögaðila eins og nú er fyrirhuguð mun ein og sér hvetja einstaklinga í rekstri til að breyta rekstrinum í hlutafélag og færa með því hluta launa yfir á hagnað og arð og greiða þannig lægri skatta. Skattalegt hagræði og möguleikar til skattasniðgöngu eru svo miklir með þessum breytingum að leiða má að því líkur að einstaklingsrekstur leggist af með flutningi hans yfir í einkahlutafélög.

Þetta er alvarleg þróun sem m.a. embætti ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóri, skattstjórar, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki og ASÍ vara öll við í umsögnum sínum. Skattstjóri Vesturlandsumdæmis orðar það svo í umsögn sinni að þessi breyting muni kalla á stórfelldan flutning atvinnurekstrar frá einstaklingsformi til félagaforms. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi segir í umsögn sinni að oft sé megintilgangurinn með stofnun einkahlutafélags sá að takmarka ábyrgð og skapa betri skilyrði til að komast hjá réttum skattgreiðslum, koma einkaútgjöldum til frádráttar og skapa skattahagræði með ýmiss konar fjármálagerningum við hlutafélagið.

Ríkisskattstjóri telur að aukinn munur í skattlagningu tekna muni leiða til aukinna vandamála við skattframkvæmd, sem erfitt og tafsamt verði að bregðast við. Líkleg afleiðing af þessum aukna mismun sé enn frekari flutningur á einstaklingsrekstri í félagsform og meiri tilhneiging en áður til að dulbúa launatekjur sem tekjur af atvinnurekstri. Ljóst er einnig að þessi breyting mun ýta undir gerviverktöku og auka skattasniðgöngu. Það kom m.a. fram hjá skattstjóra Reykjanesumdæmis. Jafnframt taldi hann — og það er athyglisvert því að ríkisstjórnin telur að með því að herða reglur um reiknað endurgjald megi koma í veg fyrir óeðlilega yfirfærslu úr einstaklingsrekstri í einkahlutafélög — að þótt herða ætti á reglum um reiknað endurgjald mundi það ekki miklu breyta um afleiðingar þessara breytinga.

ASÍ lýsir sig algjörlega mótfallið þessum breytingum. Það telur nauðsynlegt að herða og skýra öll ákvæði sem snúa að einstaklingshlutafélögum. Í umsögn ASÍ kemur líka fram að búast megi við mikilli aukningu á fjölda einkahlutafélaga og sömuleiðis vandamála sem snerta launagreiðslur til eigenda.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að þessar breytingar muni leiða til þess að einstaklingsrekstur muni hreinlega leggjast af.

Áhrifanna gætir víða. Tryggingastofnun ríkisins bendir þannig á í umsögn sinni að þegar um einkahlutafélag er að ræða skipti máli hvernig afrakstur skiptist á milli reiknaðs endurgjalds og arðgreiðslna. Ástæðan sé sú, að einungis 50% arðstekna koma til útreiknings þeirra tekna sem skerða tekjutengda bótaflokka. Skerðing bóta vegna tekna verður því minni hjá aðila sem fær endurgjald frá rekstri í formi arðgreiðslu frá einkahlutafélagi en hjá þeim sem fær endurgjald í formi hagnaðar frá einstaklingsrekstri.

Herra forseti. Ljóst er að yfirfærsla úr einkarekstri yfir í einkahlutafélag leiðir ekki einungis til verulegra skattalækkana, heldur hefur það áhrif á bótagreiðslur í almannatryggingakerfinu og skattkerfinu, eins og greiðslur vaxta- og barnabóta. Með því að taka verulegan hluta tekna út í formi arðs og söluhagnaðar skapast því einnig möguleikar til ýmissa tekjutengdra bótagreiðslna.

Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi vekur einnig athygli á hvernig menn leika sér með tilfærslur milli reiknaðs endurgjalds og hagnaðar á skattframtölum, allt eftir því hvort er hagstæðara fyrir þá sem sýnir okkur að þeir geta raunverulega ákveðið sjálfir hve mikið þeir áætla sér í tekjur og hve mikið í hagnað með lægra skatthlutfalli. Við bendum á það í nefndarálitinu hvernig þessi þróun hefur verið allt frá 1985.

Ríkisskattstjóri var beðinn um álit á breyttum reglum um reiknað endurgjald, en í breytingartillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir hertum reglum þar að lútandi. Og hvað segir ríkisskattstjórinn um það? Ég vitna orðrétt til hans, með leyfi forseta:

„Reglur um reiknað endurgjald eru tilraun til að draga úr tilfærslum úr launum í rekstrarhagnað. Bættar reglur um þær eru mikils virði en munu aldrei leysa úr vandamálinu. Eðli máls samkvæmt verða slíkar matsreglur ætíð lágmark þannig að einhver hluti launa mun færast yfir í rekstrarhagnað. Auk þess eru slíkar reglur erfiðar í framkvæmd og munu kosta mikið. Fjöldi einstaklinga í rekstri er yfir 25.000 og einkahlutafélög og sameignarfélög eru yfir 10.000. Búast má við að álag á skattstofur og yfirskattanefnd aukist stórlega og verður óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því í fjárveitingum þegar á næsta ári.

Hluti af þeim fyrirsjáanlega tekjutilflutningi sem bent hefur verið á er þess eðlis að reglur um reiknað endurgjald eða aðrar aðgerðir skattyfirvalda hafa ekkert að segja. Breyting á einkarekstri í sameignarfélag eða einkahlutafélag er eingöngu háð ákvörðun viðkomandi aðila og hafa skattyfirvöld ekkert um slíka formbreytingu að segja. Tilfærsla á tekjum úr hagnaði af einkarekstri í hagnað félags er því alveg óháð reglum um reiknað endurgjald og þær því engin vörn gagnvart tekjutapi sveitarfélaga og ríkis af þeim ástæðum."

Herra forseti. Ljóst er af framangreindu að vandamálið stendur að stærstum hluta eftir þótt reynt sé að herða að reglum um reiknað endurgjald, auk þess sem það skapar mikil vandamál í allri framkvæmd í skattkerfinu, enda reglurnar mjög matskenndar.

Herra forseti. Meira jafnræði í skattlagningu milli lögaðila og einstaklinga og milli tekna af fjármagni og launa mundi girða fyrir óeðlilega yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög með tilheyrandi skattasniðgöngu.

Fyrsti minni hluti leitaði eftir útreikningum hjá embætti ríkisskattstjóra á áhrifum þess að einkarekstri væri breytt í einkahlutafélög. Þar kemur fram að ef allir þeir sem við álagningu þessa árs hefðu haft skattalegt hagræði af því, og höfðu tekjur yfir skattleysismörkum, hefðu breytt einkarekstri í einkahlutafélag hefði það þýtt rúmlega 1 milljarðs kr. tekjutap fyrir sveitarfélög og 500 millj. kr. tap fyrir ríkissjóð.

Spurningin er hvort tekjuáhrifin af þessum breytingum sem fram koma í fylgiskjali frá fjmrn. séu ekki vanáætluð.

Herra forseti. Við vörum því alvarlega við afleiðingum þessara breytinga og teljum að þessi skattaaðgerð ríkisstjórnarinnar muni í senn auka ójafnræði í skattlagningu og stuðla að skattasniðgöngu með tilheyrandi tapi fyrir ríki og sveitarfélög.

Herra forseti. Sýnt er fram á það í nál. sem ég ætla ekki að fara ítarlega í hvaða áhrif þetta getur haft á gróða kvótaeigenda vegna skattalækkana. Þar er sýnt fram á með útreikningum bæði Þjóðhagsstofnunar og embættis ríkisskattstjóra að þetta gæti þýtt 18–26 milljarða skattalækkun miðað við markaðsvirði aflaheimilda í dag ef þær yrðu allar seldar og um leið og Alþingi samþykkir þessa skattalækkun hefur kvótaeigendum verið færð á silfurfati skattalækkun upp á 18–26 milljarða kr., hvort sem þeir svo kjósa að eiga kvótann lengur eða skemur eða hvort þeir leysa strax til sín skattalækkunina með því að selja kvótann.

Þar sem skattkvöðin sem á kvótanum hvílir lækkar mun þessi breyting leiða til þess að verð mun hækka jafnt á kvóta sem hlutabréfum í fyrirtækjum sem eiga kvóta. Þar með mun söluhagnaður eigendanna hækka.

Ekki er ólíklegt, herra forseti, að eigendur fyrirtækja nýti sér þessa miklu skattalækkun og selji úr þeim eignir sem hafa verið afskrifaðar og fela því í sér óskattlagðan hagnað frá fyrri árum. Sama á við um kvótann. Vel má því vera að kvótaeigendur nýti þá hagstæðu stöðu sem skapast með skattalækkuninni og innleysi fyrr en seinna til sín gróðann af þessari gjöf sem ríkisstjórnin er að færa þeim.

Herra forseti. Ég vík þá næst að tryggingagjaldinu. Við teljum varhugavert við núverandi aðstæður að hækka tryggingagjald. Fram kemur í nál. útreikningar frá embætti ríkisskattstjóra á áhrifum hækkunar á tryggingagjaldi. Þar er að finna töflu sem ég fór aðeins yfir í upphafi þessara umræðna. Hún sýnir ljóslega að það eru fyrst og fremst fyrirtæki sem skila verulegum hagnaði á höfuðborgarsvæðinu sem hafa ávinning af breytingunni. Norðurland eystra, Austurland og Vestmannaeyjar tapa á henni. Hér er því greinilega á ferðinni sérstakur landsbyggðarskattur. Hann staðfestir betur en allt annað að það er engin innstæða á bak við tal stjórnarliða um að nauðsynlegt sé að rétta hlut landsbyggðarinnar.

Útreikningar embættis ríkisskattstjóra sýna líka að hækkun á tryggingagjaldi verður þungbær fyrir fyrirtæki, sennilega flest lítil og meðalstór, sem eru með mikla launaveltu og greiða þar af leiðandi hátt tryggingagjald. Sömuleiðis á einyrkja og þá sem taka laun samkvæmt verktakagreiðslum. Hækkun tryggingagjalds á þessa aðila stendur í verulegum mæli undir tekjuskattslækkun stórra fyrirtækja sem skila miklum hagnaði, en þau hagnast fyrst og fremst á þessum skattbreytingum ríkisstjórnarinnar.

Fyrsti minni hluti varar mjög við því að fyrirtæki í nýsköpun og þekkingariðnaði fara sérstaklega illa út úr fyrirhugaðri hækkun á tryggingagjaldinu. Það er röng skattastefna og gengur gegn því sem Samfylkingin vill leggja áherslu á. Allir vita að framtíðarmöguleikar þjóðarinnar og bætt lífskjör liggja fyrst og fremst í því að hlúa að mannauð og menntun þjóðarinnar.

ASÍ, eins og ég hef farið hér inn á, gagnrýnir hækkun tryggingagjaldsins í umsögn sinni og telur að með því sé verið að hækka launakostnað fyrirtækja án þess að það skili sér í bættum kjörum launafólks. Með þessu sé ríkissjóður líka að þrengja að því svigrúmi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa til að semja um bætt kjör launafólks. ASÍ bendir á, eins og ég nefndi áðan, að áhrif hækkunar tryggingagjalds á vísitölu neysluverðs séu þau sömu og ef um launahækkun til launafólks væri að ræða. Með þessari breytingu yrði því kaupmáttur launafólks skertur. Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn því að þessi breyting verði að lögum. Orðrétt segir í umsögn ASÍ, og er ástæða til að vísa til þess með tilliti til þess í hvaða stöðu kjarasamningarnir eru:

„Um slíka breytingu hlýtur að verða grundvallarágreiningur og er hún lítt til þess fallin að stuðla að sátt á vinnumarkaði."

Samtök atvinnulífsins gagnrýna hækkun á tryggingagjaldi og telja að hún feli í sér verri rekstrarskilyrði hjá mörgum fyrirtækjum, einkum í vinnuaflsfrekri starfsemi þar sem erfitt eða ógerlegt sé að bæta kostnaðarhækkanir upp með verðhækkunum.

Sama gildir um Samtök ferðaþjónustunnar. Um afstöðu Verslunarráðsins fór ég yfir áðan. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í umsögn sinni lagt mat á áhrifin og telur að áhrifin af tryggingagjaldinu þýði verri afkomu fyrir sveitarfélögin sem nemi 500–550 millj. kr. Síðan benda þeir á að þetta hafi áhrif til skerðingar á tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og, eins og ég hef farið yfir varðandi einstaklingsreksturinn, þá hefur sérstaklega Reykjavíkurborg gert sérstaka útreikninga og telur að þetta geti þýtt tekjutap upp á 1.300 millj. fyrir sveitarfélögin, þ.e. bara breyting á yfirfærslunni yfir í einkahlutafélög.

Herra forseti. Ég held að það sé því alveg ljóst að hækkun tryggingagjalds sé vanhugsuð af ríkisstjórn og muni leiða til erfiðleika og jafnvel uppsagna starfsfólks hjá mörgum fyrirtækjum. Samfylkingin er því mótfallin hækkun tryggingagjalds og lýsir sig andvíga henni og við teljum að með þessu, eins og ég hef bent á, sé verið að leggja sérstakan skatt á landsbyggðina.

Ég hef farið yfir tekjutapið hjá sveitarfélögunum, herra forseti. Við fögnum því sem snýr að húsaleigubótum þó að það þýði tekjutap fyrir sveitarfélögin. Það var löngu kominn tími til að stíga það skref að afnema skattlagningu á húsaleigubótum en við teljum að ekki sé nógu langt gengið í að afnema skatta á þá sem verst hafa það í samfélaginu. Samfylkingin hefur margsinnis lýst yfir að af hennar hálfu komi ekki til greina að lækka skatta á fyrirtæki nema einnig verði felld niður skattskylda á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem er ekkert annað en fátækraskattur, skattur sem vefur upp á sig vegna þess að fólkið getur ekki staðið undir skattinum og kemur til sveitarfélaganna til að leita fjárhagsaðstoðar til að standa undir skattinum. Svona hringavitleysa er þetta nú. Við teljum fráleitt að skattleggja þessa fjárhagsaðstoð til fátæks fólks sem ekki á fyrir allra brýnustu nauðþurftum. Hér er ekki um stórar fjárhæðir að ræða þótt farið yrði sömu leið með þetta og húsaleigubætur en þetta mundi þýða tekjutap fyrir ríkið um 120–135 millj. kr. samkvæmt lauslegu mati Þjóðhagsstofnunar.

Herra forseti. Lagðar eru til veigamiklar breytingar á lækkun á eignarsköttum. Í fyrsta lagi er eðlileg og sjálfsögð breyting gerð á hækkun fríeignarmarka í eignarskatti um 20% vegna eigna í árslok 2001 til að koma í veg fyrir hækkun eignarskatta vegna sérstakrar hækkunar á fasteignamati. En herra forseti, með því er ekki að okkar viti uppfyllt loforð fjmrh. frá í sumar um að hækkun á fasteignamati muni ekki hafa áhrif til hækkunar á sköttum eða skerðingar á bótum. Ég er að rukka inn, herra forseti, loforð hæstv. fjmrh. um að gerðar yrðu ráðstafanir til að vaxtabætur mundu ekki skerðast vegna hækkunar á fasteignamati. Eftir því hefur verið ítrekað kallað í efh.- og viðskn. Herra forseti, umræðu um þetta mál má ekki ljúka án þess að fyrir liggi hvernig á því er tekið. (**Fjmrh.:** Það liggur fyrir í þingskjölum.) Ekki varðandi vaxtabæturnar, herra ... (**Fjmrh.:** Ég svaraði fyrirspurn ...) Það liggur ekki fyrir varðandi vaxtabæturnar, við höfum margítrekað farið yfir það í nefndinni. Það verður auðvitað gert aftur milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. verður þá að sýna fram á það í ræðustólnum að það sé alveg ljóst að vaxtabæturnar skerðist ekki vegna þess að samkvæmt því sem við höfum farið yfir hafa ekki verið gerðar þær ráðstafanir sem duga til þess að áhrifin af fasteignamatinu komi ekki fram í skerðingum á vaxtabótum. (**Fjmrh.:** Þær eiga ekkert að gera það. ... Það liggur fyrir í þingskjölum.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má forseti biðja hæstv. ráðherra um að gefa ræðumanni frið?)

Herra forseti. Við höfum ekki séð þess stað í efh.- og viðskn. Við höfum farið yfir það, ég og formaður efh.- og viðskn., að þetta mál þurfi að skoðast milli 2. og 3. umr. Mér finnst ekkert skrýtið, herra forseti, þó að hæstv. fjmrh. líði illa undir þessum umræðum vegna þess að ég vona að hæstv. ráðherra sé að uppgötva það á hvílíkum villigötum ríkisstjórnin er varðandi þessar skattalagabreytingar. (**Fjmrh.:** Þingmaðurinn hefur ekki fylgst með umræðunni fyrr í vetur um þetta.) Mér þykir nú bara gaman, herra forseti, að þessum frammíköllum hæstv. fjmrh. vegna þess að það staðfestir og sýnir mér að honum líður illa undir þessari umræðu. (**Fjmrh.:** Mér líður illa undir röfli.) Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kallar það röfl þó að hér sé verið að fara ítarlega og efnislega, lið fyrir lið yfir þær skattalagabreytingar sem hæstv. ráðherra leggur til þar sem vitnað er í umsagnir og álit stofnana í þjóðfélaginu, sem hæstv. ráðherra á að bera virðingu fyrir, eins og Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka, ríkisskattstjóra og fleiri aðila eins og ég hef hér gert. (**Fjmrh.:** Ég er að tala um þetta síðasta atriði, hv. þm. Það liggur fyrir.) Það er ágætt að hann dregur í land, hæstv. ráðherrann. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Enn á ný biður forseti þingheim að gefa hljóð þannig að hv. þm. geti haldið áfram ræðu sinni.)

Herra forseti. Ég ítreka að þetta þarf að skoðast milli 2. og 3. umr. Líka það að fasteignamatið hefur áhrif á erfðafjárskattinn og stimpilgjöldin, og ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að það hafi ekki áhrif á þá skattstofna.

Verið er að lækka almenna eignarskattinn á lögaðila um helming eða úr 1,2% niður í 0,6% í árslok 2002 sem hefur í för með sér 3,1 milljarðs kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Afnám sérstaka eignarskattsins á einstaklinga og lögaðila leiðir til 800 millj. kr. tekjutaps ríkissjóðs. Herra forseti. Við í Samfylkingunni teljum skynsamlegra að fara hægar í að lækka eignarskatt á lögaðila en stíga fremur skref í að afnema stimpilgjöld sem nýtast mun bæði einstaklingum og atvinnurekstri, ekki síst minni fyrirtækjum eins og ég hef nefnt. Við leggjum því til í 1. minni hlutanum að lækkun á eignarskatti fyrirtækja verði með þeim hætti að hann lækki úr 1,2% í 0,9% en ekki 0,6% eins og frv. gerir ráð fyrir. Í stað þess er lagt til að þriðjungur stimpilgjalds verði afnuminn 1. janúar 2003. Af því að boðuð er lækkun á stimpilgjaldi sem á að kosta 900 millj. kr. og taka gildi 1. janúar 2003 væri fróðlegt, herra forseti, að fá fram hjá hæstv. fjmrh. — ég vænti þess að hann hlýði á mál mitt — hvernig á að fjármagna þá lækkun.

Í umsögn ASÍ er það gagnrýnt að dregið sé úr skattlagningu á eignum og fjármagni án þess að endurskoðun sé gerð á skattlagningu fjármagnstekna. Rök ASÍ eru þau að skoða þurfi skattlagningu eigna og fjármagnstekna út frá því markmiði að það sé afrakstur eignanna sem verði skattlagður, hvort sem það er leiga, vextir eða arður, en ekki eignin sem slík. Í umsögn þeirra kemur fram að hefði áætluðu tekjutapi verið mætt að hluta til eða öllu leyti með hækkun fjármagnstekjuskatts hefði yfirbragð þessara aðgerða verið allt annað og betra. Slík skattkerfisbreyting hefði stuðlað að því að jafna samkeppnisstöðu mismunandi eignarforma á fjármálamarkaði, og einkennst af innbyrðis jafnvægi á kostum og göllum.

Það er skoðun fyrsta minni hluta líkt og ASÍ að skoða eigi mikla skattalækkun eignarskatta í samhengi við fjármagnstekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur er hvergi lægri en á Íslandi í löndum OECD, eins og ég hef rakið fyrr í máli mínu. Í löndum OECD er algeng skattlagning á arð 25%–40% og raunar allt upp í 48%. Fyrsti minni hluti telur að fremur en að hækka tryggingagjald eigi að fara þá leið til að afla tekna vegna þessara skattkerfisbreytinga, að hækka fjármagnstekjuskatt lítillega á móti verulegri lækkun á eignarskatti. Það nær mun betur markmiði jafnræðis og sanngirni í skattkerfinu. Það dregur líka úr óeðlilegum hvata til yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög í þeim tilgangi að komast hjá eðlilegri skattlagningu launatekna. Slíkar skattbreytingar stuðla líka að því að bilið milli skattlagningar á laun og fjármagn verði ekki óeðlilega mikið eins og margir hafa varað við. En því meira sem bilið er, því meiri er hvatinn til að nota slíka yfirfærslu fyrst og fremst til skattasniðgöngu.

Loks felst í slíkri skattkerfisbreytingu meira jafnræði í skattlagningu milli atvinnugreina. En hækkun tryggingagjalds gengur þvert á slík markmið. Fyrsti minni hluti leggur því til að í stað hækkunar á tryggingagjaldi verði fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 10% í 16% sem gefur brúttó um 2,4 milljarða í tekjur. Er þá miðað við endurskoðaða tekjuáætlun fjárlaga fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur gefi einum milljarði meira í tekjur á ári en áætlað var. Á móti komi sérstakt frítekjumark í fjármagnstekjuskatti. Þannig greiði einstaklingar með fjármagnstekjur að 100 þús. kr. og hjón með fjármagnstekjur að 200 þús. ekki fjármagnstekjuskatt. Með þessari leið væri verið að létta fjármagnstekjuskatti af hóflegum sparnaði en fá samt viðbótartekjur upp á 1,7 milljarða kr.

Þessar tillögur mundu leiða til þess að fjármagnstekjuskattur mundi fyrst og fremst aukast hjá þeim sem eru með miklar fjármagnstekjur. Það er sýnt í töflu 11 í nál. en þar kemur fram að af 24,5 milljarða fjármagnstekjuskattsstofni eigi 10% framteljenda 16 milljarða af stofninum. 8 milljarðar skiptist því á þau 90% framteljanda sem eftir eru. Einnig má benda á að verið er að lækka verulega eignarskatt og afnema sérstakan eignarskatt. Má ætla að að verulegu leyti sé um sama fólk að ræða sem á miklar eignir, bæði í fjármagni og föstum eignum.

Þannig er ljóst að í heildina tekið er ekki verið að auka skattbyrðina þrátt fyrir lítillega hækkun á fjármagnstekjuskatti sem skila mun nettó um 1,7 milljörðum eftir að tillit hefur verið tekið til frítekjugólfs. Á móti lækkuðu eignarskattar um 3,4–3,5 milljarða kr. samkvæmt þeim tillögum sem fyrsti minni hluti setur fram.

Samkvæmt útreikningum frá embætti ríkisskattstjóra eru greiðendur fjármagnstekjuskatts 78.566 en þeir greiða samtals 3.290 millj. kr. Ef fjármagnstekjuskattur færi í 16% og frítekjumark yrði 100 þús. hjá einstaklingum og 200 þús. hjá hjónum, eins og fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til, fækkaði þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt um 55.800 manns og yrðu um 22 þús. í stað 78 þús. Hér er því um að ræða tillögu sem fækkar verulega í hópi þeirra sem greiða fjármagnstekjuskatt og er því um beina skattalækkun að ræða á stóran hóp fólks eða um 55 þús. manns miðað við skattálagningu þessa árs. Með þessari tillögu er þannig verið að stuðla að tekjuauka fyrir ríkissjóð, hlífa hóflegum sparnaði og minnka það bil sem er orðið á milliskattlagningu á fjármagni og launum.

Nú kynni einhver að spyrja: Mun þetta ekki leiða til fjárflótta úr landi? Við spurðum ríkisskattstjóra um það og óskuðum eftir svörum frá embætti hans um hvort hætta væri á að hækkun fjármagnstekjuskatts mundi leiða til fjárflótta

úr landi og tekjutaps af þeim sökum. Svör ríkisskattstjóra eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Varðandi hættu á því að breyting á fjármagnstekjuskatti muni hafa í för með sér fjárflótta úr landi af skattalegum ástæðum skal bent á eftirfarandi:

Fjármagnstekjur íslenskra skattborgara eru skattskyldar hér á landi með sama hætti hvort sem þær eru upprunnar hér eða erlendis. Til að koma þeim undan skatti nægir því ekki að flytja féð úr landi heldur þarf einnig að leyna því og tekjum af því fyrir skattyfirvöldum hér og skattyfirvöldum viðkomandi lands sem oft eru skuldbundin til að veita íslenskum skattyfirvöldum upplýsingar. Tilfærsla á fé er því ekki nægileg heldur þarf skattsvik til viðbótar.

Skattar á fjármagnstekjur eru í flestum löndum verulega hærri en hér á landi. Það hefur í þeim löndum ekki leitt til fjárflótta úr þeim í þeim mæli að það hafi verið talið tilefni til að lækka þá skatta."

Þetta er tilvitnun í ríkisskattstjóra sem ég tel athyglisverða, að skattar á fjármagnstekjur í flestum löndum sem eru verulega hærri en hér hafa ekki leitt til fjárflótta úr þeim í þeim mæli að það hafi verið talið tilefni til í þeim löndum að lækka fjármagnstekjuskattana þess vegna. Mér finnst þetta vera lykilatriði.

Skattstjóri segir hér áfram:

„Það þýðir enn fremur að flutningur á fé til þessara landa án áframhaldandi skattskyldu hér hefði ekki skattalegt hagræði í för með sér.

Til að meta líkurnar á fjárflutningum úr landi þarf að hafa í huga hvernig fjármagnstekjur hér eru samsettar og hversu líklegt er að þær verði fluttar. Um 40% fjármagnstekna eru vaxtatekjur af innstæðum í íslenskum bönkum, önnur 40% eru söluhagnaður af hlutabréfum í íslenskum félögum og um 20% eru arður af hlutabréfum í íslenskum félögum."

Ég tel, herra forseti, að öll rök standi því til þess að fara þá leið sem við leggjum til sem þýðir að við þurfum ekki að fara þá leið að hækka tryggingagjaldið sem er óskynsamleg skattbyrði í þeirri stöðu sem við erum í núna. Þetta mun leiða til tekjuauka hjá ríkissjóði á sama tíma og við erum að létta sköttum af hóflegum sparnaði hjá 55 þúsund einstaklingum.

Herra forseti. Afnám verðbreytingarfærslu er einn liður í skattatillögum ríkisstjórnarinnar. Við flytjum fyrir því rök í ítarlegu máli í greinargerðinni að ekki sé skynsamlegt við þessar aðstæður að fara út í verðbreytingarfærslu nú og er m.a. ástæða til að vitna til þess sem fram kom í DV í gær, 5. desember. Þar segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, að skattalækkunin verði ónýt í verðbólgunni og afnám verðbólgureikningsskila sé ótímabær eins og nú horfir.

Herra forseti. Í ítarlegu máli skýrum við sjónarmið okkar líka í nál. Ég vitna þar til Seðlabanka, til Þjóðhagsstofnunar og ASÍ og það er niðurstaða okkar að geta ekki mælt með því, miðað við núverandi aðstæður, að afnema verðbólgureikningsskil.

Herra forseti. Ég vil þá næst víkja að stimpilgjaldi.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Fimm til tíu mínútur.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Þá bið ég hv. þm. um að halda áfram ræðunni og við munum síðan taka matarhlé eftir á að giska tíu mínútur.)

Samfylkingin er þeirrar skoðunar að stimpilgjöld séu í eðli sínu ranglát og leggist þyngra á fólk í fjárhagsþröng en aðra í samfélaginu, og þyngra á lítil fyrirtæki en stór. Við leggjum því áherslu á að þegar á næsta ári verði stigið skref í að afnema stimpilgjöld og teljum rétt að um þriðjungur stimpilgjalda verði afnuminn 1. janúar 2003. Við vísum þar til frv. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur flutt um afnám stimpilgjalda í áföngum en í greinargerð með frv. kemur fram að skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjunum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Þetta er líka, eins og orðað er í frv. Margrétar Frímannsdóttur, fátækraskattur vegna þess að þetta er kostnaður sem leggst t.d. á fólk í íbúðakaupum. Þess vegna teljum við að afnám á þessum skatti sem við viljum stíga myndarlegt skref í gagnist einstaklingum og heimilunum og sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem síður en stærri fyrirtæki geta leitað eftir lánsfé erlendis.

Tekjur af stimpilgjaldi eru áætlaðar 3,3 milljarðar kr. á næsta ári. Samkvæmt lauslega áætluðu mati greiða einstaklingar 35–40% af stimpilgjaldinu en fyrirtæki 60–65%.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli. Niðurstaða okkar af þessu sem ég hef rakið hér ítarlega er að með vísan í fjölda álita og umsagna sem nefndinni bárust eru skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar að verulegu leyti vanhugsaðar, þær byggjast á þröngri hugmyndafræði og á þeim eru stórir gallar. Þær virðast fyrst og fremst henta stórfyrirtækjum í þéttbýlinu en hvorki sprotafyrirtækjum, smáum fyrirtækjum né landsbyggðinni. Hætta er líka á að áhrifin af landsbyggðarskattinum í formi tryggingagjalds geti leitt til uppsagna og aukið þannig atvinnuleysi auk þess sem verðlagsáhrifin eru verðbólguhvetjandi. Skattalagabreytingarnar fela einnig í sér stórfellt tekjutap fyrir sveitarfélögin.

Fyrsti minni hluti leggur því fram viðamiklar breytingartillögur á frv. sem ná því markmiði að mismuna ekki atvinnugreinum, tryggja meira jafnræði, auka sanngirni í allri skattlagningu en ná jafnframt því markmiði að viðhalda alþjóðlegu skattaforskoti íslenskra fyrirtækja.

Tillögum okkar er ítarlega lýst hér í lok nefndarálitsins og ætla ég í örstuttu máli að hlaupa á þeim.

Við viljum lækka tekjuskatt fyrirtækja úr 30% í 25%. Það kostar 1,1 milljarð kr. í stað 2,7 milljarða kr. tekjuskattslækkunar á fyrirtækin í tillögum stjórnarflokkanna.

Við leggjumst gegn hækkun tryggingagjalds.

Við viljum að hækkun á frítekjumarki af hátekjuskatti verði frestað um tvö ár.

Við styðjum hækkun fríeignamarka eignarskatts og sérstaks eignarskatts um 20% vegna eigna í árslok 2001 til að koma í veg fyrir hækkun eignarskatta vegna sérstakrar hækkunar á fasteignamati.

Við styðjum afnám sérstaks eignarskatts á lögaðila og einstaklinga og lækkun á almennum eignarskatti á einstaklinga úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002 en leggjum til að almennur eignarskattur á lögaðila lækki einungis úr 1,2% í 0,9%. Á móti er lögð til hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 10% í 16% með sérstöku frítekjumarki þannig að fjármagnstekjur einstaklinga að 100 þús. kr. og hjóna eða sambýlisfólks að 200 þús. kr. verði ekki skattlagðar. Miðað við álagningu þessa árs fækkar þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt úr 78.566 í

22.725 eða um 55.841 manns með þessari breytingu. Hækkun fjármagnstekjuskatts með frítekjumarkinu gefur tæplega 1,7 milljarða kr. í auknar tekjur miðað við endurskoðaða tekjuáætlun fyrir næsta ár.

Við styðjum lækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,33% um næstu áramót sem samið var um í tengslum við kjarasamninga en teljum rétt að stigið verði fyrst skref í lækkun á almennum tekjusköttum sem fjármögnuð verði með hækkun kostnaðargjalda í sjávarútvegi. Þannig verði á árinu 2003 lækkaður almennur tekjuskattur einstaklinga um 0,25% til viðbótar 0,33% um næstu áramót.

Við styðjum afnám skattskyldu húsaleigubóta.

Við viljum afnema skattlagningu á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en með því nemur tekjutap ríkissjóðs 120–135 millj. kr.

Loks leggjum við til að skipuð verði nefnd með aðild fulltrúa allra stjórnmálaflokka, aðila vinnumarkaðarins og samtaka öryrkja og aldraðra sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega skatta á launafólk og lífeyrisþega með tekjur undir lágmarkslaunum.

Herra forseti. Í fylgiskjali XIII stillum við upp þessum tillögum okkar og metum áætluð áhrif af þessum skattalagabreytingum.

Ljóst er að breytingartillögur okkar kalla á minni útgjöld fyrir ríkissjóð og minni útgjöld fyrir sveitarfélögin en tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir, og munar þar verulegu.

Í tillögum okkar er tekið tillit til lækkunar á stimpilgjöldum sem komi til framkvæmda um þarnæstu áramót. Miðað við hana er niðurstaða okkar sú að útgjöldin yrðu tæpir 6 milljarðar kr. en hjá ríkisstjórninni eru útgjöldin um 7,1 milljarður og þá hefur ekki verið gert ráð fyrir hvernig afla eigi tekna vegna stimpilgjaldslækkunar.

Við setjum ekki inn í tillögur okkar mat af áhrifum tillagnanna á aukin efnahagsumsvif sem ég fullyrði að yrðu ekki minni en í tillögum ríkisstjórnarinnar. Við teljum hins vegar að óvissan sé svo mikil í því efni að ekki sé rétt að stilla upp neinni tölu í því sambandi eins og ríkisstjórnin gerir. Í heildina tekið, herra forseti, kostar þetta ríki og sveitarfélög minna en tillögur stjórnarflokkanna.

Herra forseti. Loks leggjum við áherslu á að þær breytingar sem ég hef hér lýst nái fram að ganga en þessar skattbreytingar tryggja mun betur jafnræði og sanngirni í skattlagningu og tryggja vel starfsskilyrði og samkeppnishæfni atvinnuveganna án þess að hafa í för með sér verðbólguáhrif sem rýra kjör almennings og þrengja að atvinnuvegum.

[13:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir afskaplega yfirgripsmikla og góða ræðu þó að ég sé í flestum atriðum ekki sammála henni.

Það er eitt sem mig langar til að spyrja hv. þm. sem situr í hv. efh.- og viðskn. — hún hefur væntanlega kynnt sér umsögn mína um þetta frv. í nefndinni — og spurning mín er hvort hún fallist á útreikninga mína, að hagnaður ríkissjóðs af sölu ríkisfyrirtækja verði 12 milljarðar vegna lækkunarinnar úr 30% í 18%. Og hvort hún fallist enn fremur á það að ríkissjóður mundi hagnast til viðbótar um 7 milljarða ef farið yrði niður í 11% og hvort hv. þm. með hliðsjón af velvild hennar gagnvart velferðarkerfinu væri ekki tilbúin til að styðja lækkun niður í 11% til að geta nýtt þessa 7 milljarða til að bæta stöðu fatlaðra og annarra í velferðarkerfinu.

Síðan segir hv. þm. að skattasniðganga muni aukast mikið, og las það upp. Spurning mín til hv. þm. er: Hefur hv. þm. einhverjar tölur í því sambandi? Hve margir munu „sníða fram hjá skattinum“ eins hún kallar það eða svíkja undan skatti eins og það heitir á íslensku? Og telur hún að þessi skattsvik mundu aukast enn frekar ef farið yrði í 11% skatta á hagnað fyrirtækja?

[13:09]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög gott hjá hv. þm. að leggja alla þá vinnu sem hann hefur gert í að skoða þetta frv. og senda efh.- og viðskn. athuganir sínar. En ég taldi enga ástæðu til að láta staðreyna þá útreikninga sem hv. þm. leggur hér fram, sem felast í að lækka skatthlutfallið enn meira en ríkisstjórnin áformar, þ.e. ekki bara niður í 18% heldur í 11%, vegna þess að ég einfaldlega ósammála hv. þm. um að það sé skynsamleg leið. Ég hef rökstutt það ítarlega í máli mínu og þarf ekki að gera það frekar en ég hef hér gert.

Ég tel að munurinn á skattlagningu fjármagns og launa sé orðinn allt of mikill og ég hygg að hann sé hvergi jafnmikill og hér á landi. Ég tel að það komi einmitt í veg fyrir skattasniðgöngu að reyna að minnka þennan mun eins og við erum að gera miðað við tillögur okkar. Já, ég tel að með því að fara niður í 11%, eins og hv. þm. leggur til, muni þessi skattasniðganga enn aukast. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég get ekki sagt nákvæmlega um það hvort það verði 20.150 eða 18.750 eða eitthvað meira en í öllum umsögnum frá öllum skattstjórum sem þekkja þetta gerst, sem veittu nefndinni umsögn, og frá ríkisskattstjóra, er talað um að áhrifin af því að hafa svona mikinn mun, eins og ég nefndi hér, og auðvelda yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög, yrðu þessar afleiðingar. Og það er það sem ég tel að sé rétt og satt og ég vitnaði t.d. í tölur frá skattstjóra Reykjanesumdæmis sem sýnir hvernig menn hafa verið að spila á þetta kerfi eftir því hvort er hagstæðara, að fá skattlagninguna á hagnaðinn eða launatekjur. Með öðrum orðum: Þetta eru ekkert annað en launatekjur hjá mörgum, sem ákveða sjálfir hve mikið þeir greiða í tekjuskatt af þeim og hve mikið þeir greiða í fjármagnstekjuskatt. Það er því borðliggjandi að þessu fylgja skattsvik en ég hef ekki nákvæma tölu um þau.

[13:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. að það sé meira um vert að ná peningum af þeim sem hafa háar tekjur en að bæta velferðarkerfið með auknum tekjum af skattkerfinu. Það sé meira um vert að ná fram einhverju réttlæti en að auka tekjur ríkissjóðs til að standa undir velferðarkerfinu. Þetta er mjög athyglisvert og þetta hefur svo sem komið fram víða og oft. Það sé meira atriði að skipta kökunni en stækka hana.

Hv. þm. horfir ekki á það og metur það einskis þó að bent sé á að ríkissjóður gæti hagnast um 18 milljarða með sölu á þessum þrem fyrirtækjum með því að fara með skattprósentuna niður í 11%. Og tapar ekki nema 3,4 milljörðum á móti þannig að hún hefði 14 milljarða til ráðstöfunar, annaðhvort til að greiða niður skuldir barnanna okkar í útlöndum eða til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Síðari spurningin varðar skattsvikin. Er það virkilega svo að hv. þm. reikni með því að það séu 20 þúsund Íslendingar sem skattkerfið gerir að glæpamönnum? Það er glæpur að brjóta lög. Það er glæpur að svíkja undan skatti. Og er hv. þm. að segja að af kjósendum hennar séu 20 þús. manns sem ætli að fremja þann glæp að sniðganga skattalögin eða svíkja undan skatti?

[13:13]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því síðasta, það er auðvitað billegur útúrsnúningur hjá hv. þm. að segja að ég hafi nefnt hér að það væru 20 þús. skattsvikarar. Ég nefndi einfaldlega sem dæmi að það væri ómögulegt að setja nákvæmlega puttann á það hve margir nýttu sér þetta skattform og að ekki væri hægt að nefna þá tölu nákvæmlega. En ég fór ítarlega yfir það í máli mínu og vitnaði þar til skattstjóra, að þetta leiðir til skattsvika. Til hve mikilla getur hann örugglega ekki heldur svarað nákvæmlega.

En það er athyglisvert, herra forseti, að Sjálfstfl. sem vill helst vera málsvari fyrir stórfyrirtæki og stóreignafólk, styður ekki einu sinni þessa tillögu hv. þm. eða ég fæ ekki ráðið það af orðum hv. formanns efh.- og viðskn. að þeir styðji hv. þm. í þeirri leið að fara með skattana svona langt niður. Það er arfavitlaus tillaga að gera það með þessum hætti. Það sem við viljum horfa til, og hv. þm. gerir ekki, er að hafa skattalögin með þeim hætti að þau stuðli að jafnræði í skattlagningu, að þau stuðli að sanngirni í skattbyrðinni og skattlagningunni og að þau séu hlutlaus gagnvart tekjum. Hv. þm. vill hins vegar ekki horfa til þeirra sjónarmiða heldur vaða með skatthlutfallið niður í 11%. Hvað vill hv. þm. gera fyrir einstaklingana sem borga 37–38% skatt? Hvað vill hv. þm. gera fyrir láglaunafólkið, ellilífeyrisþegana og öryrkja sem borga 1 milljarð í skatt af framfærslueyri sem er innan við 90 þús.? Ég hefði viljað heyra hv. þm. tala um það frekar en að vilja lækka enn frekar skattana á stórfyrirtækjum og stóreignamönnum.

[13:15]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir samstarfið við meðferð þessa máls í efh.- og viðskn. og þá vinnu sem þingmaðurinn hefur lagt í nál.

Ég vil hins vegar spyrja í ljósi orða hv. þm. um áhrif 0,77% hækkunar tryggingagjalds á atvinnuleysi og uppsagnir fyrirtækja, hvort hv. þm., Samfylkingin eða einhver á vegum þingmannsins hefur gert úttekt á áhrifum launakostnaðarhækkana vegna umsaminna launahækkana nú um áramótin hjá fyrirtækjum, sem eru 3%, og síðan umsaminna launahækkana í ársbyrjun 2003 og annarra þeirra launahækkana sem hugsanlega gætu (Gripið fram í.) komið, hvort hv. þm. hafi einhverjar hugmyndir um áhrif launakostnaðarhækkana af þeim völdum á atvinnuleysi og uppsagnir, vegna þess að hv. þm. var búinn að gera úttekt á áhrifum launakostnaðarhækkana vegna 0,77% hækkunar á tryggingagjaldi.

Annað sem ég fékk ekki almennilega skýringu á var að það á að taka upp mismunandi eignarskatta á eigið fé í fyrirtækjum eftir því hvort nafnverð hlutafjár er hærra eða lægra. Eins og hv. þm. veit þá skiptist eigið fé fyrirtækja í nafnverð hlutafjár og síðan annað eigið fé. Mér skildist á hv. þm. að tillaga Samfylkingarinnar væri upp á að það væri 0,9% eignarskattur á eigið fé sem er inni í fyrirtækinu en 0,6% eignarskattur á nafnverð hlutafjár sem er í eigu einstaklinganna eða eigendanna. Ég vil spyrja um rökin fyrir því að mismuna fyrirtækjum svo miðað við það hvort nafnverð hlutafjár er hærra eða lægra.

[13:17]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil líka þakka hv. þm. fyrir ágætt samstarf í nefndinni.

Varðandi tryggingagjaldið og hækkun á því þá hef ég rökstutt það með vísan t.d. í umsögn ASÍ, með vísan í verðlagsáhrifin af tryggingagjaldinu, sem er 0,3–0,4%, að þessi skattlagning íþyngir fyrirtækjunum verulega. Ég nefndi hér að þegar verið er að setja auknar álögur á félög með mikla launaveltu geti það hugsanlega leitt til uppsagna og haft þau áhrif. Ég vitna líka til þess að ASÍ segir hreinlega í umsögn sinni að þetta sé mjög vont innlegg inn í kjarasamninga, m.a. vegna þeirra áhrifa sem þetta hefur á verðlag og einnig á minni getu fyrirtækjanna til þess að greiða laun.

Varðandi mismunandi skattlagningu á eignarskatti lögaðila þá teljum við að skynsamlegra sé að fara þá leið núna að lækka skattana á lögaðilana minna en tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir. Við teljum skynsamlegra að verja þá þeim hluta í að lækka stimpilgjöldin um þriðjung sem gagnast fyrirtækjunum mjög vel. Líka má segja um lágan fjármagnstekjuskatt, eins og við erum að tala um, að raunverulega megi líta á eignarskattana sem staðgengil fjármagnstekjuskatts og lagfæringu á ranglátu tekjuskattskerfi. Þeir tekjuhæstu og eignamestu sleppa best og eignarskattur einkum á fyrirtæki er bara smávegis leiðrétting. Ég held því að öll rök mæli með því að fara þessa leið.

[13:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þm. ekki skýra út af hverju rétt væri að mismuna fyrirtækjum í skattlagningu á eigið fé þeirra eftir því hvort nafnverð hlutafjár er hærra eða lægra. Mér fannst ekki koma fram nein skýring á því af hverju slík mismunun væri æskileg. Af hverju á að skattleggja fyrirtæki, þar sem nafnverð hlutafjár er tiltölulega hátt hlutfall af eigin fé, minna en eigið fé fyrirtækis þar sem nafnverð hlutafjár er tiltölulega hátt eða lágt eftir atvikum. En svona er nú þetta.

Eitt kom mér sérstaklega á óvart í ræðu hv. þm. og því nefndaráliti sem hér kemur fram, þ.e. andstaðan við að einstaklingsrekstur geti færst yfir í hlutafélag án þess að það hafi í för með sér skattalegar afleiðingar við sjálfa yfirfærsluna. Þetta finnst mér algjörlega á skjön við þær yfirlýsingar flokks hv. þm. að hann sé flokkur smáatvinnurekenda og lítilla fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri. En svo þegar hér kemur loksins fram frv., eftir langa bið og langa mæðu, sem felur í sér að auðvelt verði að færa einstaklingsrekstur yfir í hlutafélag þá er ekkert nema vont við það. Maður hefur á tilfinningunni að þeir sem standa í slíkum rekstri séu skilgreindir sem skattsvikarar áður en annað kemur í ljós.

[13:21]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. stendur fyrir því að hækka hér tryggingagjald. Á hverjum bitnar það? Litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Við viljum koma í veg fyrir það.

Hv. þm. stendur að skattalagafrv. sem segir að það eigi að lækka stimpilgjöld, en hvergi er gert ráð fyrir fjármagni til þess. Við viljum lækka stimpilgjöldin strax vegna þess að það kemur best við lítil og meðalstór fyrirtæki sem þurfa að sækja lánsfé sitt innan lands. Okkar tillögur stuðla þess vegna að því að lækka skatta á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Við höfum ekki sagt, og það kom ekki fram í máli mínu, að við værum að leggjast gegn eðlilegri tilfærslu og yfirfærslu á einstaklingsrekstrinum yfir í einkahlutafélög. Við viljum bara búa þannig um hnútana að ekki sé verið að misnota slíkt skattform. Það er t.d. niðurstaða þeirra sem hafa skoðað þetta, t.d. hjá Reykjavíkurborg, að einstaklingsreksturinn muni hreinlega leggjast af af því að því fylgir svo mikið skattalegt hagræði að færa þetta yfir í einkahlutafélög. Við viljum búa svo um hnútana að ekki sé verið að misnota þennan möguleika.

Eins og hverjir nefna það? Í umsögnum Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka, allra skattstjóra og ríkisskattstjóra, er varað við því hvernig búið er um hnútana að því er þetta varðar. En við teljum alls ekki að koma eigi í veg fyrir að sé hægt að færa einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög eðlilega. Með þeirri leið m.a. sem við erum að fara með því að hækka lítillega fjármagnstekjuskatt með ákveðnu frítekjugólfi er nokkuð dregið úr hvatanum á því að með óeðlilegum hætti sé verið að misnota það að færa einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög.

Ég frábið mér það, herra forseti, að hv. þm. sé að halda því hér fram að við séum með einhverjar tillögur sem ganga gegn því að lækka skatta á lítil og meðalstór fyrirtæki.

[Fundarhlé. — 13:24]

[13:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla til að byrja með að einbeita mér að og takmarka mig við lækkun á tekjuskatti á hagnað fyrirtækja.

Hagnaður fyrirtækja er afskaplega kvikur skattstofn. Fáir skattstofnar eru eins kvikir og hagnaður fyrirtækja. Það er auðvelt að sólunda honum með lélegri stjórnun, skammtímafjárfestingum, markaðssetningu og ferðalögum. Hvati til slíks vex þegar skattprósentan er há. Þá er auðvelt að kaupa fallegar tölvur milli jóla og nýárs og var töluvert mikið gert af því þegar prósentan var 50%, enda sögðu fyrirtæki sem sýndu hagnað að ríkissjóður greiddi helminginn af fínu tölvunum. Sama gerist með ferðalög til útlanda og annað slíkt. Það verður allt miklu léttara þegar ríkissjóður greiðir stóran hluta af þeim. Þessi skattstofn er því með þeim kvikustu sem til eru.

Dæmi um skattstofn sem ekki er eins kvikur er eignarskatturinn. Það er ekki auðvelt að lækka eignir sínar, jafnvel þó menn leggist í mikið bruðl.

Herra forseti. Í skattafræðum er til svokölluð Laffer-kúrfa sem segir til um að skattstofninn breytist eftir skattprósentunni. Ef við lítum á tekjur ríkissjóðs af ákveðnum skattstofni, og ef skattprósentan væri núll prósent, eru tekjur ríkissjóðs engar til að standa undir velferðarkerfinu. Ef skattprósentan fer í 100%, segjum að 100% skattur væri af tekjum einstaklinga, þá mundu allir hætta að vinna og skattstofninn yrði líka núll og tekjur ríkissjóðs til að standa undir velferðarkerfinu yrðu engar.

Einhvers staðar á þessu ferli, frá 0% skattprósentu upp í 100% er hámark. Margir meta það svo að við séum komin yfir það hámark í mörgum skattstofnum þannig að sérhver hækkun á skattprósentu þýði í reynd lækkun á tekjum ríkissjóðs vegna þess að viðkomandi atvinnugrein dragist saman, fari til útlanda — dæmi eru um ferðalög Íslendinga til útlanda fyrir jól til þess að ná í virðisaukaskattinn sem hopar þangað, þ.e. skattstofninn — eða fari undir jörðina og verði undirheimaatvinnugrein og skattsvikin aukist. Menn þurfa því að ganga mjög hægt um gleðinnar dyr varðandi upphæð skattprósentu.

Ef litið er á hagnað fyrirtækja og skattlagningu á hann er ljóst að þeir sem fjárfesta í fyrirtækjum líta að sjálfsögðu á hagnaðinn eftir skatt, hvað stendur eftir þegar ríkið er búið að taka sinn skatt af hagnaðinum. Það er sá hagnaður sem þeir geta ráðstafað. Ef prósentan er 30% þá heldur hluthafinn eftir 70% af hagnaðinum. Fari prósentan í 18% þá heldur hann 82% eftir af hagnaðinum, þ.e. hann heldur 12% meira eftir, 17% meira af þeim hagnaði sem hann hélt eftir áður. Með öðrum orðum þá eykst tekjustraumur til hluthafans um 17% og þar sem gengi hlutabréfa er ekkert annað en mælikvarði á tekjustrauma þess í framtíðinni þá ætti gengi hlutabréfa að hækka um 17%.

Áhrif skattalækkunar á nýsköpun og fjárfestingar eru þau að fólk sem ætlar að leggjast í nýsköpun, segjum úti á landi einhvers staðar, lítið fyrirtæki, ætlar að tína einhver jurtagrös eða hvað sem er, (**Gripið fram í:** Fjallagrös.) já, fjallagrös, eins og bent hefur verið á hér, herra forseti, eða herða þorskhausa, gerir greiðsluáætlun ef skynsemi er í hlutunum og metur tekjur og gjöld næstu ára, helst til 7–10 ára. Ég mundi ráðleggja hverjum manni sem ætlar í nýsköpun að gera það. Síðan metur hann mismuninn og dregur frá því viðkomandi tekjuskatt. Eftir stendur tekjustraumur sem hann á von á að fá sem hann metur sem verðmæti nýsköpunarinnar, verðmæti fyrirtækisins sem er verið að stofna. Það er ljóst af þessu dæmi að eftir því sem skattprósentan er lægri, eftir því sem ríkið hleypir meiru af hagnaðinum til þess sem ætlar í nýsköpun — í fjallagrasaframleiðslu eða eitthvað annað — þeim mun meiri er vilji manna til að fjárfesta í nýsköpun. Menn ætla jú aldrei að fara út í nýsköpun til þess að tapa, herra forseti. Það er aldrei ætlun fólks með því að fara út í nýsköpun að tapa. Menn ætla sér að græða á rekstri fyrirtækja og að fara út í nýsköpun.

Hið sama á við um fjárfestingar fyrirtækja. Ef fyrirtæki ætlar að fara í fjárfestingu, hvort sem það er nú að kaupa nýjan vörubíl eða gera eitthvað annað, eða bóndi ætlar að rækta tún sem fjárfestingu, metur það tekjur og gjöld af þessari fjárfestingu og að sjálfsögðu þann hagnað sem það heldur eftir þegar ríkið er búið að taka sinn skerf. Það er einmitt sá hagnaður sem fyrirtækið heldur. Lægri skattprósenta þýðir að arðurinn af fjárfestingunni vex og hvatinn til fjárfestinga vex. Lægri tekjuskattar á fyrirtæki þýða auknar fjárfestingar, aukna nýsköpun og aukna atvinnu, sem kemur öllum til góða.

Það er kannski ekki undarlegt að atvinnuleysi á Íslandi er nánast ekkert á meðan t.d. í Evrópusambandinu, þar sem tekjur fyrirtækja eru hærra skattlagðar, er viðvarandi atvinnuleysi um 10%, sem er skelfilegt, herra forseti. Það er skelfilegt, sérstaklega fyrir ungt fólk sem þarf að bíða í ár eða áratugi eftir að fá vinnu. Það hefur auk þess slæm áhrif á samstarf launþega og fyrirtækja eða atvinnurekenda þegar annar er alltaf í þeirri stöðu að biðja um vinnu en hinn getur

alltaf bent á að fyrir utan bíði margir eftir stöðunni.

Herra forseti. Við búum við þá stöðu í dag að ríkissjóður er að selja fyrirtæki. Menn geta verið ánægðir með það eða ekki. Sumir eru á móti því að selja ríkisfyrirtæki, aðrir vilja það. En hvorum megin sem menn standa þá munu menn vilja fá sem hæst verð fyrir fyrirtækin eftir að búið er að taka ákvörðun um að selja þau. Miðað við það sem ég gat um áðan, að gengi hlutabréfa ætti að hækka í takt við lækkun á tekjuskatti, þá hef ég reiknað út og sendi sem umsögn til hv. efh.- og viðskn. að lækkun tekjuskatts úr 30% í 18% þýddi, eins og ég gat um áðan, 17% hækkun á tekjustraumum. Sú breyting ein sér ætti að þýða 17% hækkun á gengi allra hlutabréfa. Gengi hlutabréfa hækkaði reyndar um 6–7% daginn eftir að tilkynnt var um þessa skattbreytingu en þar eru líka fleiri atriði inni í sem vega á móti, t.d. hækkun á tryggingagjaldi.

Þessi breyting ein sér ætti því að þýða 17% hækkun á gengi hlutabréfa, þar á meðal á gengi þeirra hlutabréfa sem ríkissjóður er að selja, 17% af 68 milljörðum sem eru óseldir, og það er gengið fyrir tilkynningu þessarar skattalækkunar. Gengi þeirra ætti þá að hækka um 11,7 milljarða eða 12 milljarða tæplega að öllu öðru óbreyttu. Eða ef menn eiga í erfiðleikum með að selja þessi bréf þá ætti að vera miklu auðveldara að selja þau eftir að skatturinn hefur verið lækkaður.

Þessi tala, 12 milljarðar, er svo stór að allur kostnaður í þennan skattapakka sem nefndur hefur verið í greinargerð fjmrn., 6,8 milljarðar, tæpir 7 milljarðar, er hverfandi miðað við hagnað ríkissjóðs af þessari einsskiptissölu. Nú munu sumir segja að verið sé að selja einu sinni en skatturinn virkar til margra ára. Því kemur í ljós að tekjuhagnaður ríkissjóðs af þessum þremur fyrirtækjum svarar til tekjutapsins í fjögur og hálft ár, hvorki meira né minna. Það má því borga tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunarinnar í fjögur og hálft ár og þá gef ég mér að skattstofninn sé sá sami, hann breytist ekki. En að sjálfsögðu mun skattstofninn stórhækka við það að lækka prósentuna.

Samkvæmt þessum sömu hugleiðingum mundi borga sig að fara með skattprósentuna niður í 0%, herra forseti, vegna þess að þá mundi gengi hlutabréfa almennt, á öllum hlutabréfum, sem sýna hagnað — önnur eru ekki metin til verðs, fyrirtæki sem sýna viðvarandi tap eru verðlaus, herra forseti, stefna beint í gjaldþrot. Ef skatturinn yrði lækkaður úr 30 niður í 0% þá mundi það þýða að hluthafinn sæi 100% eftir af hagnaðinum í staðinn fyrir 70%, sem þýðir 43% hækkun. Það mundi þýða að þessi þrjú fyrirtæki mundu hækka um 29 milljarða við þá breytingu eina sér.

En þá er spurningin: Hvað er mögulegt að fara með tekjuskatt fyrirtækja langt niður? Ég tel að ekki sé mögulegt pólitískt að fara með hann niður í 10% vegna þess að þá munu löndin í kringum okkur í OECD tala um skattaeyju eða skattahlíf og þau munu ekki líða það. Ég hef því lagt til að farið verði niður í 11%, sem er nokkuð lægra en skattar eru á Írlandi, þar sem þeir eru 12,5%, en ekki það mikið lægra að menn geti sett út á það sérstaklega. Við þá lækkun, niður í 11%, mundu þessi fyrirtæki hækka um 18,5 milljarða vegna þeirra breytinga einna sér, þessi þrjú fyrirtæki sem ég nefndi. Ég skil ekki í þeim mönnum sem vilja velferðarkerfinu vel eða börnunum okkar sem borga halla á ríkissjóði til framtíðar, eða þeim mönnum sem eru í forsvari fyrir opinbera starfsmenn og ættu að hafa áhyggjur af lífeyrisskuldbindingum þeirra, að það verði staðið við þær yfirleitt, ég skil ekki í þeim að vilja ekki sjá 18,5 milljörðum meira inn í ríkissjóð en ella, í staðinn fyrir 12 sem koma núna. Ég geri ráð fyrir því að þegar menn hugleiða málið og sjá það í þessu ljósi þá muni mjög margir styðja það að fara með tekjuskatt fyrirtækja í 11%, sérstaklega þegar haft er í huga að ef skatturinn yrði 11% þá hefðu Íslendingar varla undan að skrá erlend stórfyrirtæki sem mundu flytja höfuðstöðvar sínar hingað úr öðrum löndum. Alþjóðafyrirtæki sem eru með rekstur um allan heim og geta verið staðsett hvar sem er mundu flytja höfuðstöðvar sínar hingað til þess að nýta þessa lágu skattprósentu. Fyrir utan það hefur Ísland marga aðra kosti eins og mjög stöðugt efnahagslíf og hér eru ekki neinar óeirðir eða því um líkt.

Það er einn galli við þessa tillögu, herra forseti, og hann er sá að munurinn á tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja vex. Og eins og kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan, sem var afskaplega vel unnin, mundi hvatinn vaxa til þess að misnota kerfið, til að svíkja undan skatti eða til skattasniðgöngu eins og hún nefndi það.

Þá er náttúrlega spurningin hvort við ætlum að láta þá menn sem brjóta lög stýra lagasetningunni. Eiga þeir að ráða því hvort við lækkum skattana niður í 11% og náum í 6 milljarða aukalega til þess að standa undir velferðarkerfinu? Það finnst mér ekki. Mér finnst að bæta eigi skatteftirlitið á þessu sviði og láta ekki slíkar hugleiðingar stýra því hvort menn fari út í skattalækkanir.

Svo er líka spurning: Ef það kæmi nú einhver vísir að kreppu hér á landi, ef það skyldi gerast sem er langt í frá í dag, þá geta menn að sjálfsögðu og ættu að lækka tekjuskatt einstaklinga vegna þess að hann er orðinn of hár. En það er ljóst eins og staðan er í dag að lækkun á tekjuskatti einstaklinga mundi auka ráðstöfunarfé þeirra og mundi virka eins og bensín á eldinn í þeirri þenslu sem við búum við enn sem komið er.

Herra forseti. Vegna þess arna hef ég lagt til á sérstöku þingskjali að í stað þess að lækka tekjuskatt fyrirtækja í 18% verði hann lækkaður í 11% með þessum rökum. Þetta getum við bara gert einu sinni, herra forseti, vegna þess að þegar búið er að selja þessi ríkisfyrirtæki þá dettur þessi hagnaður út. Og ef við skyldum lækka tekjuskattinn þá þá njóta þeir hluthafar sem hafa keypt þau fyrirtæki þess hagnaðar en ekki ríkissjóður. Það sem ég legg áherslu á að sé gert núna er að þessi skattprósenta verði lækkuð þannig að ríkissjóður njóti þessa hagnaðar.

Mörg önnur atriði í þessu frv. sem eru umhugsunarverð og ég mun koma inn á þau í seinni ræðu minni.

[14:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf gaman að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal ræða þessi fræði sín og fara með þessar kenningar. En þetta eru bara kenningar. Er það ekki rétt, herra forseti, að þessar kenningar hafa í rauninni aldrei sannað sig í raunveruleikanum?

Má ég rifja það upp að fyrr á þessu ári komst til valda í Bandaríkjunum ungur forseti sem hafði á stefnuskrá sinni að lækka skatta gríðarlega. Varð það til þess, herra forseti, að fyrirtæki hækkuðu í verði? Nei, það varð ekki til þess. Áður en þeir válegu atburðir urðu í Bandaríkjunum í byrjun september sem leiddu til þess að sú efnahagslægð sem þá var að ganga yfir dýpkaði að mun, voru komin mjög skýr teikn um að erfiðleikar væru fram undan. Skattalækkanir Bandaríkjastjórnar leiddu ekki til þess að gengi hlutabréfa

hækkaði heldur hefur það þvert á móti verið að lækka allt árið og ekki fundust dæmi þess, herra forseti, að nokkuð hægði á þeirri lækkun að neinu leyti vegna þessarar yfirlýsingar Bandaríkjaforseta.

Í annan stað fannst mér líka að hv. þm. svaraði rökum sínum svolítið sjálfur þegar hann nefndi það að samkvæmt hinni ágætu Laffer-kúrfu og þessum kenningum þá hefði gengi hlutabréfa í reynd átt að hækka um 17% þegar þessi yfirlýsing kom frá ríkisstjórninni. En það hækkaði bara um 6–7%. Mér finnst því a.m.k. að markaðurinn sýni þetta ekki í verki.

Herra forseti. Ég nefni þetta hér vegna þess að hvergi finnast staðfest dæmi um að þessar kenningar um að miklar skattalækkanir leiði til mikillar auðlegðar, gangi eftir.

[14:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær kenningar sem ég er að tala um eru lagðar til grundvallar við verðmat t.d. á Landssímanum, á Landsbankanum og öðrum þeim fyrirtækjum sem menn eru að verðmeta. Þá er litið á framtíðartekjuflæði og það er lagt til grundvallar verðinu. Þetta er notað alls staðar við mat á fyrirtækjum, alls staðar.

Síðan hafa mörg önnur atriði áhrif á gengið. Ég nefni sem dæmi að í fyrsta lagi var íslenska krónan að lækka, hún er búin að vera að lækka stöðugt, kannski vegna þess hve sumir stjórnmálamenn tala þunglyndislega þessa dagana, þ.e. að þeir tali upp kreppu. Síðan þegar tillögurnar eru lagðar fram þá virka ýmis atriði í þeim illa, t.d. afnám verðbólgureikningsskila, t.d. hækkun á tryggingagjaldi o.s.frv. þannig að heildarpakkinn var ekki bara lækkun á tekjusköttum fyrirtækja.

Það sem mér finnst eiginlega verst er að hv. efh.- og viðskn., sem í sátu fulltrúar flokks hv. þm., það ekki um staðfestingu á þessum kenningum. Hún bað ekkert um að láta skoða hvort þetta væri rétt. Mér fannst mjög slæmt og eiginlega allt að því vítavert að hv. efh.- og viðskn. skyldi ekki ganga eftir því og fá sérfræðinga til þess að segja sér hvort þetta sé rétt eða rangt. Hún horfir fram hjá fleiri milljörðum í tekjum fyrir ríkissjóð og gerir ekkert í því.

[14:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður að hv. þm. Pétur H. Blöndal sér ekki gallana á sinni eigin röksemdafærslu. Hv. þm. skýrir út fyrir mér hvers vegna þetta hafi ekki birst í gengi fyrirtækja á Íslandi með því að margir aðrir þættir hafi haft áhrif líka. Það er mergurinn málsins. Margir aðrir þættir hafa áhrif á þetta. Þess vegna getur hv. þm. ekki komið og fullyrt að ef farið yrði að tillögum hans þá mundi það leiða til þess að við gætum fengið, eins og hann orðaði það, einsskiptisgreiðslu og þá í formi hækkaðs verðs á þeim fyrirtækjum sem ríkið hyggst selja. Ekkert tryggir það, herra forseti.

Í annan stað vil ég líka geta þess að ég á sæti í efh.- og viðskn. og það er rangt hjá honum að við sem þar sitjum höfum ekki gengið eftir því hvort menn teldu að þessar kenningar ættu við rök að styðjast. Það var sérstaklega rætt við fulltrúa fjmrn. og sérstaklega var rætt við ríkisskattstjóra, a.m.k. þessar tvær stofnanir, og spurt hvort einhver óyggjandi dæmi, einhverjar kenningar sem hefðu slegnar undir sig stoðir veruleikans, prófaðar af reynslunni, sýndu fram á þetta. Svo var ekki. Þetta kemur fram í því nál. sem hv. þm. vísaði til og ég er höfundur að ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að svona kenningar hafa verið ákaflega lengi uppi. Ég minnist þess að á sínum tíma voru þær kallaðar vúdú-hagfræði. Menn verða að geta sýnt fram á þetta með dæmum. Dæmin eru ekki til. Það sem skiptir máli í þessu, herra forseti, er að íslensk fyrirtæki séu a.m.k. samkeppnisfær við erlend fyrirtæki. En ég leyfi mér að efast um að kenningar hv. þm. eigi við veruleikann að styðjast fyrr en hann getur sýnt mér dæmi um það. Og dæmin sem hann hefur sjálfur nefnt héðan af Íslandi standast þetta ekki.

[14:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. kallar vúdú-hagfræði liggur nú bara í augum uppi. Ef hluthafinn sér 82% af hagnaði fyrirtækis síns í staðinn fyrir 70% þá hlýtur hann að meta það sem því nemur meira, því að þegar hluthafinn leggur fram hlutafé, hvort sem hann er að kaupa hlutabréf á markaði eða stofna hlutafélag, metur hann hagnaðinn eftir skatt. Hann sér því þarna 17% meiri tekjustraum til sín og hann hlýtur að meta það 17% meira. Það hlýtur að vera. Annað er ekki rökrétt.

Mörg önnur atriði koma inn í þetta, margir aðrir þættir, framboð og eftirspurn o.s.frv. En þetta atriði eitt sér á að valda þeirri hækkun sem um er talað. Mér finnst slæmt ef hv. efh.- og viðskn., sem hv. þm. á sæti í, hafi snúið sér eingöngu til opinberra aðila sem hafa ekki mikla reynslu af verðbréfamarkaði yfirleitt, þ.e. fjmrn. og ríkisskattstjóra. Það eru ekki aðilar sem eru fremstir í flokki þeirra sem starfa á verðbréfamarkaði í heiminum. Miklu skynsamlegra hefði verið að snúa sér til heimsfrægra endurskoðunarskrifstofa sem hafa hér aðsetur eða aðila sem eru að vinna á markaðnum og spyrja þá, spyrja t.d. hvernig þessi ríkisfyrirtæki hafi verið verðmetin. Þau voru verðmetin akkúrat svona. Og lækkun á skattprósentu þýðir hreinlega að verðmatið hækkar.

[14:16]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær hugmyndir sem hv. þm. Pétur H. Blöndal reifaði hafa heyrst áður og reyndar verið í framkvæmd á tímum Ronalds Reagans í Bandaríkjunum og Margrétar Thatcher í Bretlandi. Þær voru reifaðar á ráðstefnu hægri sinnaðra frjálshyggjuprófessora í hagfræði í háskólanum ekki alls fyrir löngu og hafa birst á prenti í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, kennara við Háskóla Íslands.

Vandinn er sá að þær hafa ekki leitt til þeirrar niðurstöðu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal telur að þær muni óhjákvæmilega gera. Með því að lækka skatta á fyrirtæki og efnamenn muni allt samfélagið hagnast.

En það var eitt sem vakti sérstaklega athygli mína í ræðu hans. Hann sagði að pólitískt væri ekki gerlegt að lækka skatta á fyrirtæki niður í 10%. Hvers vegna er það ekki pólitískt gerlegt? Jú, við mundum, eins og ég skildi það, sæta gagnrýni erlendis frá, því að við yrðum grunuð um græsku að við værum að skjóta skjóli yfir þá sem vildu komast hjá að greiða skatt í heimalandi sínu.

En spurning mín til hv. þm. Péturs H. Blöndals er þessi: Nú höfum við orðið fyrir gagnrýni fyrir nákvæmlega þetta, fyrir að gera tilraun, viðskrn. og Verslunarráðið standa að þeirri tilraun, að lokka til okkar fyrirtæki með því að bjóða

þeim upp á skattaívilnun 5% í tekjuskatt, ef ég man rétt. Finnst hv. þm. það vera pólitískt gerlegt eða siðferðilega réttlætanlegt?

[14:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði sjálfum sér því hann sagði að það hefðu komið athugasemdir vegna þess arna. 5% voru greinilega of lág. Ég tel hins vegar að 11% væru viðunandi og *ég vil benda á að flest lönd eru með svona skattaskjól* T.d. er Danmörk með sérstakt skattaskjól fyrir fyrirtæki sem starfa erlendis frá Danmörku. Og það sem við erum að gera núna með því að lækka skattana er hreinlega að stöðva flutning íslenskra fyrirtækja eða hagnað íslenskra fyrirtækja til útlanda því að það er hægt að flytja hagnað til útlanda án þess að *flytja fyrirtækin. Það gera menn með því að stofna* dótturfyrirtæki einhvers staðar og selja því vöruna á lágu verði og það selur svo vöruna áfram á háu verði.

Þessi skattaskjól eru því til mjög víða. Og það er t.d. eitt merkilegt sem ég rakst á líka að sparifé eða fjármagn frá Austurlöndum nær er sums staðar skattað öðruvísi en annars staðar er gert, þ.e. ekki neitt. Það eru *því alls konar reglur* í gangi í heiminum með skattlagningu á tekjum og hagnaði og arði og sést ekki alltaf á tölum frá OECD.

En varðandi það sem hv. þm. sagði um verðmat á fyrirtækjum, þá hlýtur hann sem fjárfestir í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og eins í BSRB, sem hefur nú fjárfest í fyrirtækjum, ekki alltaf glæsilega, hann hlýtur að hafa metið þann hagnað sem hann sér eftir skatt. Hann getur ekki metið skattinn sem ríkið hirðir sem hagnað sinn sem fjárfestis. Hann hlýtur að meta hagnaðinn eftir skatt. Og þar af leiðandi hlýtur hann að meta meira fyrirtæki sem borgar lítinn skatt eða engan af hagnaðinum heldur en þau sem borga mjög háan skatt. Ég spyr hv. þm.: Hvað mundi hann meta fyrirtæki sem væri með 100% skatt á hagnað og sæi aldrei neinn arð? Hvers virði mundi hann meta það?

[14:20]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert hvernig hv. þm. metur atvinnustarfsemi almennt, eingöngu út frá því sjónarmiði að hún veiti eigendum sínum arð. Það er nú þannig að menn geta viljað styrkja og stuðla að atvinnustarfsemi sem veitir fólki lífsgæði. Þetta er sjónarhorn sem ég vil minna á en skortir yfirleitt hjá hv. þm.

En til að leggja áherslu mína á hve brotakennd framsetning hv. þm. Péturs H. Blöndals er á þeim kenningum sínum sem hann segir að muni gefa okkur gull og græna skóga, þá vil ég minna á að hann hefur líka sett fram aðrar mjög athyglisverðar kenningar. Hann sagði t.d. í ræðu 10. eða 11. okt. sl. að hægt væri að tryggja sömu þjónustu, sambærilega þjónustu á sjúkrahúsum landsins þótt við fækkuðum sjúkraliðum um helming, hjúkrunarfræðingum um helming, læknum um helming — sama þjónusta.

Þetta er raunveruleikinn í málflutningi hv. þm. Og ef röksemdafærslan er reist á svipuðum grunni í þessum skattahugleiðingum hv. þm. þá verð ég nú að segja, herra forseti, að ég gef ekki mikið fyrir þær.

[14:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir starfsmenn í atvinnulífinu sem starfa hjá fyrirtækjum með góðum hagnaði gætu sagt hv. þm. hver er munurinn á því að starfa hjá fyrirtæki með góðum hagnaði og hjá öðru fyrirtæki sem er rekið með tapi eða stefnir í gjaldþrot, þar sem uppsagnir og annað er yfirvofandi. Þeir munu geta sagt hv. þm. um lífsgæðin sem felast í því að fyrirtækin skili góðum hagnaði og eru vel rekin.

Varðandi það að fækka um helming í heilbrigðisstofnunum þá nefndi ég það að sjávarútvegsfyrirtækin hafa orðið að hagræða vegna samkeppni og þau hafa gert það. Ég nefndi sem dæmi Granda sem er búinn að fækka starfsfólki um *meira en helming og framleiðir meira* og borgar hærri laun öllum til góða. Það eru lífsgæði, herra forseti.

Það er nefnilega þannig að betri stjórnun, líka hjá opinbera geiranum, skilar sér í meiri hagræðingu og þá geta fyrirtækin borgað hærri laun. Og það eru lífsgæði, herra forseti, ekki að halda öllum í sömu lágu, lélegu launum hjá gjaldþrota fyrirtækjum.

[14:23]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég gera þessi ummæli hv. þm. Péturs Blöndals að umræðuefni áður en ég vík að meginefni máls míns.

Það er alveg rétt að í fyrirtækjum eru menn stöðugt að leita eftir hagræðingu og sums staðar hefur það tekist prýðilega. Hið sama á að sjálfsögðu að eiga við um opinbera starfsemi og opinberan rekstur. En við verðum að gá að því að ekki er hægt að setja alla starfsemi undir sama hattinn og mæla árangur samkvæmt sömu mælistikunni.

Ég skal taka sem dæmi að sá starfsmaður á elliheimili sem sýnir eða hefur til að bera þolinmæði og sýnir alúð og umhyggju kann að vera mun verðmætari starfsmaður en hinn sem er fljótur að skipta á rúmunum, svo tekið sé einfalt dæmi. Sá lögreglumaður sem kemur í veg fyrir að fólk fremji afbrot er árangursríkari í starfi en hinn sem er duglegur við að hneppa fólk í varðhald. Þannig getum við ekki borið saman ólíka þætti. Það er ekki hægt að mæla árangur jafnan á grundvelli færibandsins í verksmiðjunum. Á þetta vildi ég leggja áherslu og koma að hér í upphafi máls míns.

Við *ræðum nú stóran tekjuskattapakka frá ríkisstjórninni* og meiri hlutanum hér á Alþingi. Þegar hann upphaflega birtist var margt mjög óljóst í efnahagsmálum okkar og reyndar blikur þar á lofti. Á síðustu vikum hefur síður en svo birt til því miður, þvert á móti hafa núna komið fram álitsgerðir og greinargerðir frá þeim aðilum sem gaumgæfa efnahagsmálin *án þess að hafa pólitísk gleraugu ríkisstjórnarinnar á nefinu.* Í áliti Þjóðhagsstofnunar frá því í fyrradag segir að gera megi ráð fyrir að samdráttur á næsta ári verði um 1%, en áður hafði stofnunin spáð því að samdráttur mundi nema um 0,3%. OECD hafði þá einnig sett fram sína spádóma um 0,6% samdrátt á næsta ári. Það er því ljóst að aðstæður eru allar mjög óljósar.

Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal í því að við eigum að reyna að forðast að tala hér upp kreppu eða stuðla að svartsýni. En við þurfum engu að síður að vera raunsæ, að leggja raunsætt mat á nútíðina og á framtíðina, vegna þess að — ég man nú ekki hvernig hv. þm. orðaði það sjálfur — að lántökur í dag eru skuldbindingar og útgjöld á morgun, og við verðum að reyna að gera okkur grein fyrir því hver hagur okkar verður þegar fram líða stundir.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattkerfisbreytingar hafa verið mjög harðlega gagnrýndar og úr mörgum áttum og sumum óvæntum, eins og ég mun koma að síðar.

Samtök launafólks hafa helst fundið að því að þessar skattkerfisbreytingar séu ranglátar, þær ívilni fjársterkum aðilum og í stað þess að gera stórátak til að bæta kjör þeirra sem illa eru settir í þjóðfélaginu, láglaunafólki, öryrkjum og öldruðum, þá sé hinum fjársterku ívilnað með þessum skattapakka. Reyndar er ein undantekning þar á og það eru húsaleigubæturnar. Gert er ráð fyrir að afnema skattlagningu á húsaleigubætur og öll samtök sem tjá sig um skattapakkann þar sem almenningur kemur að, Alþýðusambandið, BSRB, Öryrkjabandalagið og Landssamband eldri borgara fagna þeirri ráðstöfun en gagnrýna hinar þegar á heildina er litið. Reyndar vil ég nefna sérstaklega þó að lækkun tekjuskattshlutfallsins um 0,33% er almennt vel tekið, enda litið á hana í samhengi fyrri ráðstafana þar sem ákveðið var að veita sveitarfélögunum heimild til að hækka útsvar. Í því samhengi skoða menn þá ráðstöfun.

Þá hafa samtök launafólks bent á að tillögurnar séu ekki til þess fallnar að treysta atvinnustigið í landinu. Þvert á móti sé líklegt að skattkerfisbreytingarnar mundu veikja þau fyrirtæki sem standa illa og kæmu þar af leiðandi til með að leiða til vaxandi atvinnuleysis.

Atvinnuleysi er mjög lítið nú um stundir. Það er rétt rúmlega 1%, 1,2%, ef ég man rétt og hefur ekki verið lægra í langan tíma. En spár sem nú eru gerðar sýna fram á eða gera ráð fyrir, því miður, vaxandi atvinnuleysi. Og menn eru núna að gera því skóna að atvinnuleysi á næsta ári verði um 2%.

Í þessum skattapakka hefur einnig verið bent á að ýmis tæknileg vandkvæði séu því samfara þegar misræmi er á milli skattlagningar á fjármagn, fyrirtæki og launafólk. Í tillögum ríkisstjórnarinnar er enn aukið á þetta misræmi — sem margir vildu kalla misrétti að auki — launafólki í óhag.

Þá hafa sveitarfélögin sett fram gagnrýni sum hver vegna rýrnandi tekna þeirra sem þessi skattapakki leiðir af sér.

Af hálfu Þjóðhagsstofnunar — reyndar er tekið undir það sjónarmið einnig hjá Seðlabankanum — hefur verið bent á að ríkissjóður stæði tæpt ef ekki væri vegna tímabundinnar sölu á ríkiseignum. Og það er varað við því að ráðist verði í grundvallarbreytingar á skattkerfinu í ljósi mjög tímabundinna aðstæðna. Vegna þess að ríkissjóður sé tímabundið að hagnast á því að selja eignir ríkisins þá eigi menn ekki að láta blekkjast af því.

Í ljósi þessarar gagnrýni og þeirrar óvissu sem nú er uppi í efnahagsmálum hef ég gert tillögu um að þessum skattkerfisbreytingum verði skotið á frest með undantekningum þó, með þeirri undantekningu að skattlagningu á húsaleigubætur verði hætt og að tekjuskattslækkunin til einstaklinga komi til framkvæmda. Ég held að það væri mjög skynsamlegt vegna þess að raunsætt talað held ég að menn séu búnir að læsa sig svo rækilega niður í þessar lausnir sínar að litlu verði hnikað nema menn ræði hlutina ofan í kjölinn og gefi sér til þess tóm. Þá held ég að hyggilegt væri að stofnað yrði til víðtæks samstarfs, bæði þverpólitískt á þingi og í þjóðfélaginu almennt, fulltrúar verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda yrðu kallaðir að borði til að móta hér skattastefnu sem samstaða gæti verið um.

Ég held að samstaða sé um það, bæði hér á þingi og hjá fulltrúum atvinnulífsins, að menn vilji hafa hér skatta og skattaumhverfi sem sé hagstætt samfélaginu öllu, atvinnurekstrinum og fólkinu sem býr í þessu landi. Mönnum gremst að hér skuli keyrðar í gegn skattkerfisbreytingar sem ívilna hinum tekjuhærri en eru sannanlega á kostnað hinna sem minni hafa tekjurnar.

Að mínum dómi ætti við slíka endurskoðun að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi: Það verði stefnt að því að samræma skatta á lögaðila, fjármagn og laun. Til að ná því markmiði væri nauðsynlegt að hækka fjármagnstekjuskatt frá því sem nú er en jafnframt hækka persónuafslátt og tryggja með því móti hækkun skattleysismarka fyrir einstaklinga. Þetta er reyndar í þeim anda sem Samfylkingin hefur gert tillögur um, að hækka t.d. fjármagnstekjuskattinn úr 10% í 16%, ef ég man rétt. Samfylkingin vill líka lækka tekjuskatt fyrirtækja, fara með hann úr 30% í 25%. Þetta er allt skoðunarvert ef samstaða skapast einnig um aðra þætti.

Þess vegna þótti mér hyggilegast að gera tillögu um það núna á þessu stigi að við skytum þessum grundvallarskattkerfisbreytingum á frest og freistuðum þess að ná um það þjóðarsamstöðu að skapa hér skattkerfi sem sátt gæti orðið um.

Nú ætla ég að víkja að einstökum efnisatriðum í þessu frv. og þáttum sem hafa komið til umræðu. Ég sagði að tillögur ríkisstjórnarinnar ívilnuðu sérstaklega fjársterkum fyrirtækjum og einstaklingum. Hvernig gerist það? Jú, tekjuskattur fyrirtækja er lækkaður úr 30% í 18%. Síðan gerist það einnig gagnvart einstaklingunum að viðmiðunarmörk hátekjuskattsins eru hækkuð um 15%, þ.e. úr tæpum 280 þús. kr. í rúmar 322 þús. kr. Þetta er sá hópur sem ríkisstjórnin vill svona fyrst og fremst standa vörð um, það er fólkið sem er með yfir 280 þús. kr. á mánuði. En handa hinum sem minna hafa og minnstar tekjurnar hafa, sem eru með undir 70 þús. kr. eins og atvinnulaust fólk er með, eru engar bætur. Það er enginn í Stjórnarráðinu sem stendur vörð um hag þess fólks, ekki nokkur maður. En endilega þarf að færa viðmiðunarmörk hátekjuskattsins upp og færa hann úr 280 þús. í 322 þús. kr. Mér finnst þetta vera fullkomið siðleysi.

Þetta er með öðrum orðum, eins og ég gat um, án þess að samsvarandi breyting sé gerð á skattleysismörkum þeirra sem hafa minni tekjur en þessu nemur. Það er verið að ívilna fólkinu sem er með yfir 280 þús. kr. á mánuði, færa skattleysismörk þess upp í 322 þús., en hinir eru skildir eftir sem minnstar tekjurnar hafa. Það er ekki hreyft við skattleysismörkunum, persónuafsláttur inn er ekki færður til og stendur ekki til að gera.

Þetta er harðlega gagnrýnt í greinargerðum sem efh.- og viðskn. bárust. Í töflum sem fylgja þessum álitum er okkur ágætlega sýnt fram á hvernig skattar hér hafa breyst á liðnum árum. Það er ekkert mjög langt síðan tekjuskattar fyrirtækja voru yfir 50%. Síðan voru þeir færðir niður í 33%, úr 33% voru þeir færðir niður í 30% og nú stendur til að fara með þá niður í 18%.

Ef litið er á tekjuskatta einstaklinganna voru þeir 35,20% fyrir rúmum tíu árum, árið 1988. Hvað skyldu þeir vera nú? Þeir eru 38,76%. Tekjuskattar einstaklinganna hafa hækkað. Þegar hæstv. fjmrh. gumar af því að hann sé að lækka stórlega tekjuskatta einstaklinga er það alveg rétt — að því marki að þeir voru hærra hlutfall um miðjan áratuginn. Árið 1993 voru þeir komnir upp í 41,34% og fóru reyndar hæst 1997 upp í 41,98%. Sé miðað við þá tölu eru þeir lægri nú eins og ég nefndi, 38,76%. Ef við förum hins vegar lengra aftur í tímann var þetta skatthlutfall miklu lægra. Árið 1988, á sama tíma og tekjuskatturinn var í 35,20% hjá einstaklingum, var fyrirtækjaskatturinn 50%, og hann er kominn niður í 30%. Við þessu ætla þeir að hreyfa núna eða þau, sem sitja

í ríkisstjórninni, og meiri hlutinn sem þau styðjast við hér á Alþingi. Þau ætla að færa þennan skatt enn þá lengra niður en láta einstaklingana standa í stað, aðra en þá sem hafa hæstu tekjurnar, eru með yfir 280 þús. kr. á mánuði. Það þarf að standa sérstaklega vörð um þá.

Í greinargerðum sem okkur hafa borist er síðan tíundað mjög rækilega hvaða afleiðingar þetta hefur. Í ályktunum sem samtök launafólks og önnur almannasamtök hafa sent frá sér er víða vakin athygli á því ranglæti sem ég hef tíundað og þessar tillögur fela í sér. Í umsögn ASÍ er farið yfir valkosti við þessar skattatillögur ríkisstjórnarinnar. Þar er einnig fjallað um það misrétti sem í tillögunum er, og er í því sambandi sérstaklega vísað til breytinga á hátekjuskattinum. Og ég ætla að vitna aðeins í þetta álit Alþýðusambands, með leyfi forseta:

„Þegar tölur um greiðendur hátekjuskatts vegna tekna árið 2000 eru skoðaðar, kemur í ljós að tæplega 7% tekjuskattsgreiðenda greiða hátekjuskatt eða um 14 þúsund af þeim 214 þúsund sem gefa upp tekjur til skatts. Ef einungis eru skoðaðir þeir sem greiða tekjuskatt nettó, þ.e. greiða tekjuskatt umfram bætur, þá eru þeir 156.600. Hlutfall þeirra sem greiða hátekjuskatt, reiknað af þeim hópi, er 9,3%. Einungis um 3% kvenna greiða hátekjuskatt og aðeins 2,9% giftra kvenna. Um 10,7% karla greiða hátekjuskatt og af giftum körlum greiða um 11% hátekjuskatt. Fjölmennasti hópurinn sem greiðir hátekjuskatt er í hópnum hjón eða 11,8%.

Af þessum tölum má ljóst vera að mikill minni hluti greiðir hátekjuskatt. Með þessari breytingu er því verið að setja 600 milljónir til að lækka sérstaklega skatt hjá minna en 10% þjóðarinnar. Með hækkun viðmiðunarmarka lækkar skattur þeirra sem hafa tekjur yfir 320 þúsund kr. á mánuði í ár um 3.000 kr. á mánuði eða um 35 þúsund krónur á ári og á næsta ári um 3.600 krónur á mánuði eða um 43 þúsund á ári."

Hvað var það mikið sem þeir höfðu af öryrkjunum í upphafi árs? Voru það ekki tölur á þessu bili sem þeir með handafli færðu niður eftir að Hæstiréttur hafði kveðið upp úrskurð sinn? En nú eru þeir að reiða þessar sömu upphæðir fram til þeirra einstaklinga í þjóðfélaginu sem mestar hafa tekjurnar. Og það verður fróðlegt að sjá hvernig menn greiða atkvæði hér á Alþingi þegar þessar tillögur verða bornar upp. Þeir eru sem sagt að færa þessum hópum 35 þús. kr. núna og 43 þús. kr. á næsta ári.

Síðan segir áfram í álitsgerð ASÍ, með leyfi forseta:

„Fyrir 600 milljónir hefði mátt hækka skattleysismörkin um 800 krónur á mánuði, úr 65.132 kr. í 65.932 kr. Hækkun skattleysismarka lækkar vissulega skattbyrði allra sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum en lækkar þó hlutfallslega mest skattbyrði þeirra tekjulægstu. Hækkun skattleysismarka um 800 krónur hefur í för með sér að allir sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum greiða 310 króna lægri skatt á mánuði.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að skattleysismörk í hátekjuskatti séu hækkuð eins og lagt er til í frumvarpinu og telur að almenn aðgerð eins og t.d. hækkun skattleysismarka eða lækkun almennu tekjuskattsprósentunnar sé betur fallin til tekjujöfnunar."

Þetta er umhugsunarvert. Þetta eru pólitískar áherslur fyrst og fremst. Ekki nóg með það náttúrlega, þessar klukkustundirnar er verið að kynna nýjar tillögur um að taka skatta, notendagjöld á sjúkrahúsunum, að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvarnar og gjöldin til sérfræðinga.

Ég verð að segja að ég hef ákveðna samúð með hæstv. heilbrrh. vegna þess að hart er að honum sótt. Ég geri mér fulla grein fyrir því. Hann hefur verið að reyna að standa hér vörð um velferðarþjónustuna og gegn haukunum í Sjálfstfl. sem þar vilja allt einkavæða, setja allt á markað. Og ég tek ofan fyrir honum fyrir að standa í fæturna gegn þessum aðilum. Nú hefur það greinilega gerst að að honum er lagt að færa komugjöldin upp og tilkostnað sjúklinganna. Ég er *því mjög andvígur að fara inn á þessa braut vegna þess að* staðreyndin er að þegar útgjöld heimilanna eru skoðuð undangenginn áratug, bæði hvað varðar lyfjakostnað og beinan notendakostnað, komugjöld á heilsugæslustöðvar og greiðslur fyrir röntgenmyndir og aðra þjónustu og aðhlynningu sem fólk fær í heilbrigðiskerfinu, hafa þessi útgjöld stóraukist. Og við minnumst þess þegar landslæknisembættið lét fyrir fáeinum árum gera könnun á því hvaða afleiðingar þetta hefði haft í þjóðfélaginu. Þá kom í ljós að tekjulægsta fólkið var farið að veigra sér við að leita læknisþjónustu vegna þess að það hafði ekki ráð á henni. Það var fyrst og fremst í tannlækningum en þess var farið að gæta einnig á öðrum sviðum. Við erum þannig að fara inn á mjög varasama braut með því að hækka þessi gjöld.

Ég vitnaði hér í álitsgerð ASÍ. BSRB tekur undir þetta, er með mjög svipaða tóna í álitsgerð sinni. Bæði samtökin fagna niðurfellingu á skattlagningu húsaleigubótanna og segir í umsögn BSRB, með leyfi forseta, að hún sé til þess fallin „að auka jafnræði á milli heimila í landinu óháð eignarformi á húsnæði. Aðrar skattkerfisbreytingar sem hér eru lagðar til eru flestar til þess fallnar að bæta stöðu fjársterkra aðila hvort heldur um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Þannig eru viðmiðunarmörk svokallaðs hátekjuskatts hækkuð langt umfram verðlagsþróun í stað þess að hækka persónuafslátt og þar með skattleysismörk sem gagnast hefði öllum almenningi í landinu. Þetta gengur þvert gegn áherslum BSRB um að nýta skattkerfið til tekjujöfnunar."

Þetta segja þessi samtök launafólks á Íslandi, benda á aðra valkosti, aðrar leiðir sem hefði mátt fara ef á annað borð stóð til að lækka skatta, sem ég reyndar hef ákveðnar efasemdir um, ég tel að við eigum að fara mjög varlega þar í sakirnar. En hinar pólitísku áherslur, þessar áherslur ríkisstjórnarinnar, áherslur hæstv. fjmrh. eru náttúrlega forkastanlegar. Það eru ekki bara heildarsamtök launafólks sem gagnrýna þær, það eru nánast öll samtök sem standa vörð um almannahagsmuni, t.d. Öryrkjabandalagið og Landssamband eldri borgara. Allir gagnrýna þessar áherslur, hinar pólitísku áherslur ríkisstjórnarinnar mjög harðlega.

Þá hefur verið á það bent að tillögur ríkisstjórnarinnar komi til með að veikja stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaga. Að mati fjmrn. munu skattbreytingarnar hafa í för með sér tekjurýrnun sem nemur rúmum 7 milljörðum, 7,1 milljarði kr., en ráðuneytið telur þó að breytingarnar muni hafa í för með sér aukin efnahagsumsvif sem metin eru á 3,5 milljarða. Þetta leyfi ég mér nú reyndar að draga stórlega í efa að standist. Þvert á móti er líklegt að þessar skattkerfisbreytingar muni þrengja að fyrirtækjum sem eiga í rekstrarerfiðleikum, því skattaívilnanir sem er að finna í frv. og í tillögunum munu fyrst og fremst falla í skaut þeirra fyrirtækja sem hafa hagnað af rekstri sínum. Öllum fyrirtækjum verður hins vegar gert að greiða hærra tryggingagjald óháð rekstrarstöðu. En þess skal getið að 7 milljarðarnir sem ég vék að taka til þessa tímabils, þessara tveggja ára sem skattbreytingarnar koma til framkvæmda.

Varðandi afkomu sveitarfélaganna í tengslum við skattkerfisbreytingarnar þá er meiri óvissa um hvaða áhrif þær muni hafa á hag þeirra en á við um ríkið. Það eru að vísu óvissuþættir gagnvart ríkinu. Við heyrðum það hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, og það hefur komið fram hjá stjórnarmeirihlutanum, að þessir aðilar telja að með því að lækka skatta á fyrirtæki muni þeim vegna betur og þau munu þar af leiðandi verða líkleg til að veita skattfé inn í fjárhirslur ríkisins á komandi tímum.

En ég er að leggja áherslu á, og það eru margir sem taka undir það sjónarmið, að einmitt vegna þess að skattaívilnanir koma fyrst og fremst þeim til góða sem hafa þegar hagnað, ekki hinum sem berjast í bökkum, sem eiga í rekstrarerfiðleikum, á þau eru settar auknar klyfjar með hækkun tryggingagjaldsins, og þar hefði náttúrlega átt að bera niður fyrst og fremst.

Varðandi afkomu sveitarfélaganna er staðan óvissari og þar stangast á álitsgerðir sem fram hafa verið reiddar. Þannig metur Reykjavíkurborg tekjutap sveitarfélaganna mun meira en Þjóðhagsstofnun gerir. Reykjavíkurborg metur þetta tekjutap sveitarfélaganna tvisvar eða þrisvar sinnum meira en Þjóðhagsstofnun. Reyndar er ein tala sem Þjóðhagsstofnun sleppir. Þetta gerist þannig að sveitarfélögin eru launagreiðendur sem þurfa að greiða tryggingagjald fyrir starfsmenn sína og það mun koma fram í auknum úgjöldum þeirra. Þjóðhagsstofnun metur að slík útgjöld fyrir sveitarfélögin í landinu muni nema um 400–450 millj. á ári fyrir tryggingagjaldið. *Og Reykjavíkurborg nefnir svipaða tölu.*

Þetta á að sjálfsögðu líka við um ríkið. Ríkið greiðir tryggingagjald fyrir starfsmenn ríkisins. En ríkið fær síðan þessar tekjur á móti aftur inn sem skatttekjur, þannig að þegar upp er staðið er ríkissjóður að sjálfsögðu í plús en *þetta er einvörðungu útgjöld fyrir sveitarfélögin.*

Þjóðhagsstofnun og Reykjavíkurborg nefna svipaða tölu hér, 400–450 millj., vegna hækkunar tryggingagjaldsins. Báðir þessir aðilar telja að tekjur sveitarfélaganna geti minnkað um 90 millj. vegna skattfrelsis húsaleigubóta, vegna þess að hætt er að skilgreina húsaleigubætur sem tekjur og hætt að skattleggja þær og þá verða sveitarfélögin þarna af 90 millj. kr.

Það er mat beggja aðila að með því að sjálfstæður atvinnurekstur færist í auknum mæli í einkahlutafélagsform og að tilfærsla verði á milli launa og hagnaðar muni tekjur af útsvari skerðast.

Þjóðhagsstofnun telur tekjuáhrif sveitarfélaganna vegna lækkunar útsvarstekna óviss. Þjóðhagsstofnun nefnir engar tölur í þessu sambandi.

Reykjavíkurborg telur hins vegar að vegna þessara breytinga á rekstrarformi einstaklingsreksturs muni tekjur sveitarfélaganna rýrna um 1.320 millj. kr. Þarna hafa verið nefndar ýmsar aðrar tölur og mun lægri. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ef ég man rétt og ýmsum öðrum aðilum sem hafa sett fram tölur en þessi tala er nefnd af hálfu reiknimeistara Reykjavíkurborgar.

Þá má nefna að Þjóðhagsstofnun telur að þessar breytingar muni rýra tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Alls metur Þjóðhagsstofnun bein áhrif á afkomu sveitarfélaganna nema a.m.k. 500–550 millj. kr. á ári, en samkvæmt útreikningum Reykjavíkurborgar er þessi upphæð 1,7 milljarðar eða þar um bil. En þarna eins og ég gat um er að sjálfsögðu mikil óvissa. Eitt er það að menn vita ekki hve mikil brögð verða að því að einstaklingar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og hafa verið skattlagðir sem einstaklingar á grundvelli tekjuskatts, færa sig yfir í þetta nýja rekstrarform og gera sjálfa sig að einkahlutafélagi sem greiðir mun lægri skatta, bæði lægri skatta og annars konar skatta, ekki tekjuskatta sem sveitarfélögin fá útsvar af heldur fyrirtækjaskatta sem renna til ríkisins.

Þetta eru ástæðurnar, meginástæðurnar fyrir því að hagur sveitarfélaganna mun skerðast, verður slakari. Bent hefur verið á það m.a. í tengslum við umræðu um fjárlögin hve erfiður hagur sveitarfélaganna víða er. Hv. þm. Jón Bjarnason gat um það að skuldir sveitarfélaganna hefðu vaxið mjög á undanförnum árum og að gert væri ráð fyrir því, þetta kemur fram í minnihlutaáliti hans með fjáraukalögunum, að skuldir sveitarfélaganna aukist úr 49,5 milljörðum í 53 milljarða kr. á þessu ári. Þetta er þróunin hjá sveitarfélögunum. Og það er mjög varasamt við þessar aðstæður að draga úr tekjumöguleikum þeirra eins og gert er ráð fyrir í tekjupakka ríkisstjórnarinnar. Það er ekki aðeins óráðlegt, það er mjög óábyrgt að gera það við þessar aðstæður. Mjög óábyrgt.

Og þar kem ég að kafla í álitsgerð minni sem ég nefni: Óskynsamleg skattheimta – efnahagslegt glapræði.

Skattatillögur ríkisstjórnarinnar hafa verið gagnrýndar á þeirri forsendu að þær séu ekki skynsamlegar og það er tvennt sem hefur sérstaklega verið nefnt í því samhengi.

Í fyrsta lagi hafa verið bornar brigður á að lækkun tekjuskatta fyrirtækja jafnhliða hækkun tryggingagjalds sé skynsamleg með hliðsjón af því efnahagsástandi sem nú blasir við. *Ljóst er að vaxandi fjöldi fyrirtækja á við rekstrarörðugleika að etja.* Í þessu sambandi er vísað í rökstuðning sem fram kemur í þeim álitsgerðum sem hafa verið gerðar að umræðuefni sérstaklega hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ég mun víkja að hér á eftir. Gagnrýnin byggir á því að með tillögum ríkisstjórnarinnar sé sérstaklega komið til móts við þau fyrirtæki sem sýna hagnað en auknar klyfjar settar á hin sem engan hagnað hafa. Og þar kemur sem sagt tryggingagjaldið til sögunnar.

Ég vil þó taka fram að þegar við ræðum um tryggingagjaldið, hið illa tryggingagjald, að tryggingagjaldið fjármagnar að sjálfsögðu þætti sem við hljótum öll að leggja mikið upp úr að séu í lagi, að fjármunir séu fyrir hendi til að standa straum af kostnaðinum við. Atvinnuleysisbætur eru fjármagnaðar með tryggingagjaldinu. Fæðingarorlofið er fjármagnað af tryggingagjaldinu. Af tryggingagjaldinu er greitt til almannatrygginga. Þetta eru skattpeningar sem við þurfum á að halda.

Spurningin er einvörðungu þessi: Er hyggilegt við þær aðstæður sem við búum við í þjóðfélaginu núna, fyrirsjáanlegan samdrátt, er hyggilegt við þær aðstæður að leggja auknar klyfjar á þau fyrirtæki sem engan hagnað hafa? Og ekki síður hitt að setja á skattlagningu sem tengist launafólki, launagjöldum? Verður það ekki til þess að rýra möguleika þeirra til að halda fólki í vinnu? Eru þetta ekki rangar áherslur? Hefðum við ekki átt að fresta ákvörðunum um lækkun tryggingagjalds, það kemur reyndar ekki til sögunnar fyrr en að ári, en ættum við ekki að fresta þessu, en jafnframt fresta því að fara með tekjuskattinn niður eins og hér er lagt til?

Það eru mjög athyglisverð sjónarmið sem fram koma í greinargerðum Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Þetta eru *nú ekki róttækustu stofnanir í landinu*, Seðlabankinn sérstaklega, hann er ekki vanur að hafa uppi mjög harða gagnrýni á ríkisstjórnina, en ég fæ ekki betur séð en að í álitsgerð Seðlabankans og álitsgerð Þjóðhagsstofnunar, sé mjög þungur,

alvarlegur aðvörunartónn. Um líklegar afleiðingar þessara skattkerfisbreytinga segir m.a. í áliti frá Seðlabanka Íslands, með leyfi forseta:

„Skattalækkanir sem boðaðar eru í frumvarpinu munu minnka tekjur ríkissjóðs á árinu 2002 og hugsanlega lengur. Þessi áhrif verður að skoða í ljósi stöðu ríkissjóðs og hagsveiflunnar. Afkoma ríkissjóðs hefur veikst á þessu ári vegna nýrra útgjalda ríkisins og samdráttar í neyslu almennings. Að frátöldum tekjum af eignasölu er nú því sem næst jöfnuður á ríkisbúskapnum, þrátt fyrir að þjóðarútgjöld séu enn meiri en þjóðartekjur og ríkið njóti þess í skatttekjum. Af þessum sökum er óæskilegt að rýra frekar afkomu ríkissjóðs á þessu stigi." En það er verið að leggja það til. Það er verið að biðja þingið að samþykkja nákvæmlega þetta. Og ég held áfram:

„Af þeim sökum er óæskilegt að rýra frekar afkomu ríkissjóðs á þessu stigi og æskilegra væri að skattbreytingarnar hefðu ekki áhrif á heildartekjur.

Þótt boðaðar skattbreytingar miði að því að örva framboðshlið þjóðarbúskaparins mun áhrifanna gæta fyrst á eftirspurnarhlið. Því er almennt æskilegra að gera slíkar breytingar þegar lægð er í þjóðarbúskapnum fremur en uppsveifla. Sem stendur gætir enn umtalsverðrar framleiðsluspennu í þjóðarbúskapnum. Á meðan hún er fyrir hendi eru aðgerðir sem tafið gætu óhjákvæmilega aðlögun þjóðarútgjalda að þjóðartekjum óæskilegar."

Er ekki alveg skýrt hvað verið er að segja hér? (**Gripið fram í:** Mótsögn.) Mótsögn, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal, og verður fróðlegt að heyra hann skýra fyrir okkur þessar mótsagnir sem hann er að uppgötva hér hjá Seðlabankanum. En um sama efnir segir í greinargerð Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Rétt er að vekja athygli á nokkrum álitamálum. Þar skiptir tvennt mestu máli. Annars vegar veikja þessar breytingar afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaga, þótt mat á áhrifum á afkomu sé nokkurri óvissu háð, einkum að því er varðar nettóáhrifin, og fyrir vikið kunna þær að leiða til hærri vaxta en ella. Þetta stafar af því að stjórnvöld hafa í meginatriðum tvö tæki til að halda aftur af þenslu og verðbólgu, þ.e. vexti og afkomu ríkissjóðs. Það leiðir því af sjálfu sér að eftirgjöf á öðru sviðinu felur að öðru óbreyttu í sér þörf fyrir aukið aðhald á hinu sviðinu."

Einhverjir kunna að segja að ríkissjóður og ríkisstjórnin eigi tveggja kosta völ hér, þ.e. annars vegar að falla frá þessum áformum eða skera niður ríkisútgjöldin. Það er það sem þau eru að reyna að gera. Og ég hélt, herra forseti, að sá tími væri liðinn að það yrði reyndur flatur niðurskurður til að spara í ríkisútgjöldum. Ég hélt að sá tími væri liðinn. En menn ætla að fara þá leið núna.

Ég veit ekki betur en að stjórnsýslunni sé almennt gert að skera niður um 1%, alveg óháð því hver staðan er, og reksturinn. Ég vona að einhver leiðrétti mig ef þetta er rangt. Ég hélt að þetta væri liðin tíð. Ég hélt að menn skoðuðu hvert tilvik fyrir sig, hverja stofnun, athuguðu hvort hægt væri að hagræða í starfseminni og tækju ákvörðun í kjölfarið, í stað þess að beita svona mistýrðri reglustikuaðferð. Þetta er eitt sem hefur verið gagnrýnt varðandi skattheimtuna, að hún sé óskynsamleg.

Hitt atriðið sem hefur verið nefnt í því sambandi er að þetta séu óskynsamlegar ráðstafanir, þ.e. gagnrýnt hefur verið að skattapakkinn auki á misræmi í skattkerfinu. Sú staðreynd að launafólk býr við mun hærri skatta en fyrirtæki ýtir undir gerviverktöku og að einstaklingar með rekstur flytji sig yfir í hlutafélagsform til að geta greitt lægri skatta. Æskilegt væri að stefnt væri að jafnari skattlagningu og, eins og ég gat um áðan og kemur fram í upphafi minnihlutaálitsins sem ég rita nafn mitt undir, tel ég æskilegt að hækka fjármagnstekjuskatt en fráleitt að samanlagðir fjármagnstekjuskattar og tekjuskattur fyrirtækja séu lægri en skattur á einstaklinga. Það er lágmarkskrafa að þarna búi einstaklingar ekki við þyngri skattlagningu. Og þegar ég tala um samræmingu finnst mér eðlilegt að leitað sé eftir samræmingu þarna á milli, tekjuskatta einstaklinga annars vegar og hins vegar samanlagðra rekstrarskatta fyrirtækja og fjármagnstekjuskatts. Þetta er nokkuð sem ég hefði talið að þingið ætti að taka sér góðan tíma í að gaumgæfa.

Við höfum ákveðið að setja ekki fram ákveðnar tillögur um þetta á þessu stigi til þess eins að láta sópa þeim út af borðinu en viljum vekja athygli á þessum meginmarkmiðum sem við teljum mikilvægt að fleiri komi að til þess að móta hér skattastefnu, skattaumhverfi sem sæmileg sátt gæti orðið um.

Í þessari umræðu um skatta má ekki gleymast að skattar eru til margs brúks til þess að afla ríki og sveitarfélögum, almannasjóðum, tekna. Þeir eru líka til þess að auka á jöfnuð í þjóðfélaginu. Þeir hafa gildi í þá veru og þegar lækkun skatta og skattkerfisbreytingar ber á góma er nauðsynlegt að ræða það í samhengi við hugsanlegar afleiðingar.

Og þá þarf að spyrja hvorn kostinn menn velja, að greiða fyrir þjónustu með sköttum eða notendagjöldum. Þetta eru valkostirnir. (Gripið fram í.) Í viðamikilli könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi haustið 1998 fyrir BSRB þar sem könnuð voru viðhorf fólks til velferðarríkisins á Íslandi kom fram afdráttarlaus vilji til að greiða fyrir velferðarþjónustu með sköttum en ekki notendagjöldum. Og 67% þeirra sem voru spurðir voru reiðubúnir að greiða hærri skatta en þeir greiða nú til að bæta velferðarþjónustuna á Íslandi. Það var gerð svipuð, heldur minni, könnun árið 1989 og þegar þessar tvær eru bornar saman, annars vegar könnunin 1989 og hins vegar hin 1998, kom í ljós að andstaðan gegn notendagjöldum fer vaxandi. 1989 voru 60% landsmanna sem lýstu andstöðu við notendagjöld. Í könnuninni 1998 var þessi hlutfallstala komin upp í 71%. Andstaðan gegn notendagjöldunum hefur farið vaxandi eftir að menn fóru að kynnast þeim.

Góð velferðar- og almannaþjónusta gagnast öllu samfélaginu og er forsenda kröftugs atvinnulífs. Það er svolítið gaman að segja frá könnun sem framkvæmd var í Danmörku árið 1996, ég held að danska atvinnumálaráðuneytið hafi látið gera þá könnun meðal atvinnurekenda þar í landi. Þeir voru spurðir: Hvað er það sem skiptir ykkur máli þegar þið takið ákvörðun um hvar þið setjið fyrirtæki á stofn? Yfir 90% sögðu að skólamál skiptu mestu máli. Á svipuðu róli var afstaðan til heilbrigðismála og löggæslu. Fast á hæla þessara þriggja þátta með yfir 80% komu leikskólarnir og ýmsir þættir í stoðkerfi samfélagsins. Menn vildu hafa samgöngur í lagi, veitur, síma og póst. Tæplega 80% lögðu áherslu á öldrunarþjónustu.

Oft eru menn að stilla þessu upp sem andstæðum, annars vegar fyrirtækjum á markaði og hins vegar almannaþjónustunni. Þetta eru engar andstæður. Til þess að atvinnureksturinn geti blómstrað þarf þetta stoðkerfi að vera í lagi. Og til að það sé í lagi þarf að greiða fyrir það. Og þjóðin vill gera það með sköttum en ekki með notendagjöldum.

Menn hafa verið að velta vöngum yfir því hvernig við getum tryggt að íslensk fyrirtæki vilji vera hér á landi og jafnvel hvernig við förum að því að laða erlend fyrirtæki til landsins. Þá hafa menn einblínt á skattaráðstafanir í þeim efnum og sagt: Við skulum reyna að lækka skattana, þá *munu fyrirtækin streyma hingað.*

En þegar allt kemur til alls er það þetta sem þau eru að horfa til, þ.e. ef um er að ræða einhvern atvinnurekstur, ef ekki er um að ræða skúffu í skrifborði þar sem menn eru að færa til fjármuni. Ef menn eru að tala um atvinnurekstur sem hefur starfsmenn innan borðs eru þetta einfaldlega þær kröfur sem fólk gerir. Það vill hafa samgöngur í lagi, það vill geta tengst netinu, sent börnin sín á leikskóla, fengið aðhlynningu í heilbrigðisstofnunum, löggæslan þarf að vera í lagi o.s.frv.

Ég held að þetta skipti miklu meira máli fyrir atvinnureksturinn heldur en hver skattprósentan er.

Staðreyndin er sú að við erum á alveg kolvitlausri leið þegar við erum að velta fyrir okkur hvernig eigi að byggja hér upp atvinnulíf. Við eigum að fara í ríkari mæli út á þá braut að veita stofnstyrki og aðstoða fyrirtæki við að koma undir sig fótunum, treysta rekstrargrundvöllinn undir sér en þegar þau fara að hagnast, þegar þau fara að skila arði, eiga þau að sjálfsögðu að greiða til samfélagsins. Hér er ríkisstjórnin að fara alveg þveröfuga leið. Hún heldur að menn hugsi um það eitt hvernig þeir geti hagnast og grætt á fyrirtækinu. Þetta er ekki hið almenna viðhorf. Menn vilja hafa traustan rekstur í fyrirtæki sínu og sjá fram á varanleika og þá eru það þessir þættir sem skipta máli.

Ég man eftir því að ég var á ráðstefnu sem EFTA stóð fyrir fyrir hálfu öðru ári, held ég, á Hótel Sögu. Þangað kom maður frá Írlandi sem hélt mikla ræðu um írska undrið, hversu stórvel þeim hefði vegnað eftir að þeir lækkuðu þar skatta, sem eru reyndar hærri en þeir eru á Íslandi — þetta eru svolitlar blekkingar sem þarna hafa verið hafðar í frammi — en hann sagði að það væri alveg stórkostlegt hvað þeim hefði vegnað vel. Og hann hélt sína ræðu. Síðan stóð upp maður, þrútinn mjög í framan, rauður og reiður, íhaldsmaður frá Evrópu. Hann sagði: Gerir þú þér ekki grein fyrir því að írska efnahagsundrið byggir að verulegu leyti á þeim tugmilljörðum sem Evrópusambandið hefur dælt inn í írska hagkerfið úr skattpyngju Evrópumanna? Þarna er komin ástæðan, sagði þessi maður, og taldi þetta nánast ósiðlegan málflutning.

Staðreyndin er sú að Íslendingar eru almennt með lægri skatta en gerist á Írlandi. Ég er með töflu yfir þetta en ég ætla ekki að þreyta menn með því að fara að lesa hana upp.

Þetta er sem sagt um mikilvægi skattanna. Og hvers vegna er ég að eyða tíma í þetta? Vegna þess að mér finnst að í þessari umræðu vilji menn gleyma þessu, til hvers við erum að leggja skatta á þjóðina, hvers vegna við greiðum skatta til samfélagsins. Innflutningurinn í seinni tíð á hægri sinnuðum frjálshyggjupostulum — ég held að þeir hafi fundið þá allra hægri sinnuðustu í heiminum og safnað þeim saman í háskólann ekki alls fyrir löngu þar sem þeir voru að dásama skattaskjólin sem þeir vildu koma á fót hér á Íslandi. Þessir aðilar virtust alveg gleyma því til hvers fólk greiðir skatta til samfélagsins. Það er til þess að við getum hlúð að góðu mannlífi og haldið áfram að smíða velferðarþjóðfélagið okkar.

Í rauninni er þetta ömurleg þróun, sú stefnubreyting sem hefur orðið hér á síðasta áratug. Frá stríðslokum eða þar um bil var um það sæmileg sátt í þjóðfélaginu hvert skyldi stefna. Menn deildu um það hversu miklu ætti að verja til uppbyggingar, til vegagerðar, til að byggja skóla og sjúkrahús o.s.frv., hversu hratt skyldi farið. Menn skiptust í pólitískar fylkingar hvað þetta snertir og áherslur voru mismunandi en það var til þess að gera sátt um þennan grunn. Allir Íslendingar ættu að hafa jafnan aðgang að velferðarstofnunum samfélagsins, að skólunum og heilbrigðisþjónustunni o.s.frv.

Nú er verið að færa þetta í aðra átt. Nú er verið að gera alla þessa þjónustu að verslunarvöru. Ég minnist þess að *í einkavæðingar- eða einkaframkvæmdarbæklingi* ríkisstjórnarinnar sem nú er orðinn frægur að endemum er rætt sérstaklega um þetta. Þessi bæklingur er heiðarlegur. Þar segir að menn skuli gera sér grein fyrir því að samfara einkaframkvæmdinni verði notendagjöld innleidd í ríkara mæli en við höfum búið við. *Þetta vildi ég minnast á, hæstv. forseti.* Við skulum ekki gleyma til hvers við viljum yfirleitt greiða skatta, bæði sem einstaklingar og sem fyrirtæki.

Þegar skattar eru bornir saman hér á landi við það sem gerist erlendis kemur í ljós að skattlagning er hér almennt mun lægri en í öðrum ríkjum, hvort sem litið er til Norðurlandanna eða OECD. Tekjuskattar einstaklinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru 9,5% á Íslandi, þeir eru 15,7 á Norðurlöndum, 12,2 í Evrópuríkjum OECD. Tekjuskattarnir sem nú er verið að lækka eru 1% af landsframleiðslunni hér á landi. Þeir eru 2,5% á Norðurlöndunum. Og þeir eru 3,4% í Evrópuríkjum OECD. Það er þetta sem er enn verið að lækka núna. Þetta 1% hlutfall sem er á móti 2,5 og 3,4 á Norðurlöndum og OECD er verið að lækka núna. Launa- og tryggingagjöldin eru líka miklu lægri hér, 2,5 á móti 8,6 og 14% hjá Norðurlöndunum og Evrópuríkjum OECD.

Það eru helst skattar á vöru og þjónustu sem eru á svipuðu róli. Þá erum við t.d. að tala um virðisaukaskattinn. Hann er 15,1% hér sem hlutfall af landsframleiðslu, 13% á Norðurlöndum og 15,7% í Evrópuríkjum OECD. Almennt eru skatttekjur hér miklu lægri en gerist í þessum viðmiðunarríkjum, 30,9% hér á móti 40,8 á Norðurlöndum og 47,8 í Evrópuríkjum OECD.

Auðvitað segja þessar tölur ekki allan sannleikann, einfaldlega vegna þess að landsframleiðslan sveiflast til, og ég viðurkenni að varasamt er að nota þetta sem eitthvert vísindalegt viðmið. Því fer fjarri að hægt sé að gera það. En sem ákveðin vísbending eru þetta stærðarhlutföll til viðmiðunar þótt engan veginn sé hægt að taka þetta sem einhvern algildan sannleika.

Undir lokin vil ég nefna það sem ég hef áður aðeins vísað til að almannasamtök í landinu gagnrýna þessar skattkerfisbreytingar harkalega. Landssamband eldri borgara segir m.a. í sinni álitsgerð, með leyfi forseta:

„Landssamband eldri borgara fagnar því að gert er ráð fyrir að afnema skattlagningu á húsaleigubætur. Einnig fagnar Landssamband eldri borgara því að gerð er tillaga um ráðstafanir til að koma í veg fyrir skattahækkanir vegna hækkunar á fasteignamati.“ Við eigum eftir að fá botn í það, held ég, hvort það er innstæða fyrir þessum mikla fögnuði. En hæstv. fjmrh. gaf a.m.k. þær yfirlýsingar á sínum tíma að gerðar yrðu ráðstafanir til að koma í veg fyrir skattahækkanir vegna hækkunar á fasteignamati, við eigum eftir að fara nánar yfir það. Síðan segir áfram í álitsgerð Landssambands eldri borgara: „Landssambandið saknar þess hins vegar að þess skuli ekki gætt, að nýta þá fjármuni sem ríkið telur sig geta lagt í að bæta skattalegt umhverfi til þess að laga kjör þess

lágtekjufólks sem býr við hvað lökust kjör, t.d. með því að hækka skattleysismörk og/eða að búa til nýtt, miklu lægra skattþrep vegna tekna sem væru kannski undir 100 þús. kr. á mánuði, en það hvort tveggja hefur verið krafa Landssambands eldri borgara gagnvart stjórnvöldum um langan tíma. Landssambandinu finnst vera rangar meginákherslur í þessu frumvarpi og leggur því til að það fái ekki við svo búið brautargengi gegnum hið háa Alþingi."

Í áliti Öryrkjabandalags Íslands er vísað í meginályktun nýafstaðins aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands, haldinn laugardaginn 6. október 2001, vekur athygli á að með margvíslegum aðgerðum og aðgerðaleysi hefur ríkisstjórn Íslands orðið þess valdandi að kaupmáttur öryrkja er almennt lakari í dag en hann var fyrir rúmum áratug.

Með raunlækkun skattleysismarka er ríkisstjórnin sú fyrsta í sögu lýðveldisins sem innheimtir tekjuskatt af þeim sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga — bætur sem þó hafa dregist verulega aftur úr launaþróun. Er nú svo komið að umræddum einstaklingum er gert að endurgreiða rúmar 70 þúsund krónur á ári, sem jafngildir öllum tekjum þeirra á heilum mánuði." Það þarf náttúrlega að fjármagna lækkun á hátekjuskattinum. Þar vorum við að tala um 45 þús. kr. á ári ef ég man rétt. Síðan segir áfram, með leyfi forseta, í áliti Öryrkjabandalagsins: „Af framansögðu má ljóst vera að Öryrkjabandalag Íslands leggst eindregið gegn þeirri forgangsröðun í skattamálum sem lögð er til í framangreindu frumvarpi."

Alþýðusamband Íslands segir m.a. í samantekt, með leyfi forseta:

„Vegið að kjörum almenns launafólks og skattlagning færð af eignum og fjármagni yfir á laun og vinnu. Alþýðusambandið hefur sett fram alvarlega gagnrýni á fyrirhugaðar skattbreytingar ríkisstjórnarinnar og telur að með þeim sé vegið að kjörum almenns launafólks. Kjarni þeirrar gagnrýni sem Alþýðusambandið hefur sett fram er í raun þríþættur en snýst í grundvallaratriðum um að verði þessar tillögur að lögum, sé verið að færa skattbyrðina yfir á laun og vinnu, af eignum og fjármagni."

Í áliti BSRB segir í samantekt, með leyfi forseta:

„Þær skattkerfisbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ívilna fjársterkum aðilum, án þess að tilraun sé gerð til þess að létta undir með láglaunafólki og millitekjuhópum að undantekinni tillögu um að afnema skatta á húsaleigubætur. BSRB vekur athygli á að á sama tíma og sköttum hefur jafnt og þétt verið létt af fjársterkum fyrirtækjum og arðgreiðslum í atvinnurekstri hefur fjölgað í þeim hópi láglaunafólks og öryrkja sem nú greiða skatta en voru áður undir skattleysismörkum. BSRB væri því fylgjandi að við skattkerfisbreytingar væri byrjað á þessum enda."

Í þessum orðum Aþýðusambandsins, um að verið sé að færa skattbyrðina yfir á laun og vinnu af eignum og fjármagni, felst kjarni máls. Það er þetta sem skattkerfisbreytingarnar ganga út á.

Í rauninni var byrjað á verki sem fékk ekki nógu góðar lyktir á sínum tíma þegar ráðist var í ákveðna samræmingarvinnu í skattkerfinu. Þegar skattur var lagður á fjármagn á sínum tíma kveinkuðu fjármagnseigendur sér óskaplega og fannst afskaplega illa með sig farið. Þeir sögðu að þetta væri eina landið í heiminum sem væri svona óskaplega grimmt við þá sem ættu peninga. Í því sambandi langar mig til að nefna það svona sem lítið innskot að í einni af þeim töflum sem fram hafa verið reiddar í þessu upplýsingaflóði sem við höfum kallað eftir og fengið yfir okkur að undanförnu kemur fram að skattlagning arðgreiðslna sem voru samræmdar við fjármagnstekjuskattinn á sínum tíma og nema 10% á Íslandi eru 40% í Bandaríkjunum og samsvarandi tala í Þýskalandi er 48%. Við erum með 10%. En mikil krafa hafði verið um það í þjóðfélaginu á þessum tíma, undir lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda, að hér yrði tekinn upp fjármagnstekjuskattur. Hugsunin að baki þeim breytingum sem þá voru gerðar var sú að í stað þess að skattleggja eignir fólks ætti núna að fara inn á nýja braut og skattleggja það sem eignirnar gæfu af sér, tekjurnar sem menn hefðu af eignum sínum, hvort sem var í fjármagni, og þá raunvextina, eða arðinn sem menn hefðu af eignum sínum. Mér finnst þessi hugsun vera skynsamleg.

Ef það gerist, eins og lagt er til í þessum skattapakka, að skatthlutfallið á eignirnar verði fært niður, á þá ekki að færa upp skattinn á arðinn? (Gripið fram í.) Er þá ekki eðlilegt að hækka fjármagnstekjuskattinn og skatt á arðgreiðslur? Væri ekki eðlilegt að fara með þann skatt upp í 15–20%? Vel mætti hugsa sér að þar kæmu skattleysismörk á móti, að þeir sem væru innan tiltekinna marka, að þeir sem hefðu tiltölulega litlar tekjur af fjármagni, væru undanþegnir skatti á sama hátt og launafólk býr við skattleysismörk. Mér fyndist hyggilegt og eðlilegt og sanngjarnt að leita slíkra leiða.

Það er þessi samræmingarvinna sem ég er að auglýsa eftir. Ég hef hér gert grein fyrir þeim markmiðum sem mér finnst að hafa eigi að leiðarljósi þegar gengið er til þess verks, og á þessu stigi teljum við heppilegt að gera grein fyrir þessari meginhugsun. Við vitum því miður af fenginni reynslu að flestum breytingartillögum verður núna sópað af borðinu þótt við gerum veika tilraun til að fá frest í skattapakkann, að undanskildum tekjuskattinum og skattinum á húsaleigubætur. Við köllum eftir þessari þjóðarsátt, þverpólitískri samstöðu um að koma hér á skattkerfi sem er í senn hagstætt fyrir atvinnureksturinn í landinu og fyrir fólkið sem byggir þetta land ofar öllu, og það er réttlátt. Það verður því miður ekki sagt um skattapakka ríkisstjórnarinnar.

[15:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir gott samstarf í nefndinni við meðferð málsins. Hann var þar óvenjuhljóður á köflum. En það hefur ekki komið að sök því ég sé að honum hefur tekist að koma saman ágætisnefndaráliti frá hans sjónarhóli.

Ég var hins vegar mjög impóneraður í rauninni yfir þessari ágætu umfjöllun hans um samspil fjármagnstekjuskatts og eignarskatts og þess að þessa skatta ætti að skoða í samhengi. Hins vegar verð ég að viðurkenna að mér finnst að álit hans og skoðun, sem ég ber mikla virðingu fyrir, hafi komið fullseint fram því ég heyrði aldrei þessa skoðun koma fram hjá hv. þm. þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp á sínum tíma. Þó hefði verið ástæða til að koma með hana því þegar fjármagnstekjuskatturinn var settur á var eignarskatturinn ekki lækkaður á móti. Það er þannig spurning hvort hv. þm. sé að skipta um skoðun á þessu máli frá því þegar fjármagnstekjuskatturinn var upphaflega innleiddur eða hvort þetta nýja prinsipp á allt í einu að koma núna á þessu augnabliki. Af hverju var þetta prinsipp ekki

eins mikilvægt á þeim tíma þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp?

[15:29]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Undir lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda fóru fram mikil átök í þjóðfélaginu um það hvort yfirleitt ætti að taka upp fjármagnstekjuskatt. Ég var í hópi þeirra sem börðust mjög ákveðið fyrir því. Ég þekki ekki afstöðu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, fróðlegt væri að fá að heyra hver sjónarmið hans voru. En við bentum þá á að Ísland væri eitt fárra landa í heiminum sem legði ekki skatta á eigendur fjármagns. Reyndar hefur stóreignafólki og fjármagnseigendum verið hlíft um of í skjóli þeirra ríkisstjórna sem hér hafa setið allt of lengi og verið of bláar á litinn.

Ég er að tala fyrir því núna að mér finnist eðlilegt að þess verði freistað að skapa þverpólitíska sátt um skattastefnu sem kæmi til góða bæði atvinnurekstri og fólkinu í landinu og væri í senn réttlátt. Mér finnst eðlilegt við slíka endurskoðun að menn hafi þessi meginmarkmið í huga sem ég gat um, að það sé eitthvert samræmi milli skattlagningar á tekjur einstaklinga og fyrirtækja annars vegar og fjármagns hins vegar í stað þess að fara lengra í þá átt sem við höfum verið að feta okkur núna á síðustu árum, að lækka skatta á fyrirtæki, lækka skatta á þá sem búa best í þessu þjóðfélagi, en þyngja skattbyrðarnar hjá hinum.

[15:30]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Ég vek aftur athygli á því að þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp var eignarskatturinn ekki lækkaður á móti. En miðað við þau prinsipp sem hv. þm. talaði um áðan þá hefði á sínum tíma átt að lækka eignarskattinn á móti fjármagnstekjuskattinum. Nú er verið að lækka eignarskattinn og ég tel það hið besta mál.

Við skulum bara skoða eitt. Hver er hin raunverulega skattlagning á hagnað eða arð af eigin fé í atvinnurekstri? Með 1,45% eignarskatti eins og verið hefur þá gefur 10% arður af eigin fé í atvinnurekstri 14,5% tekjuskatt sem ígildi eignarskattsins. Ef maður leggur saman 30% tekjuskatt, 14,5% eignarskattsprósentuna ofan á það og þar ofan á prósentuna af arðinum, þá er hin raunverulega skattlagning á arð af atvinnustarfsemi komin yfir 50%. Þetta er sem betur fer að lækka núna, niður í einhverja eðlilega prósentu. Þessi raunskattlagning á atvinnurekstur sem hér hefur verið er mjög há í öllum alþjóðlegum samanburði. En með þessari lækkun sem núna verður á fyrirtækjasköttunum, bæði eignarsköttunum og á tekjuskatti fyrirtækjanna, erum við að komast í flokk síðaðra þjóða hvað þetta snertir.

[15:32]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram að eignarskattar hafa ekki verið mér neinn sérstakur þyrnir í auga. Ég sé enga fasta jöfnu þar til staðar. Það er einn eignarskattur sem mér hefur fundist eðlilegt að lækka eða alla vega skilyrða, þ.e. eignarskattur á húsnæði fullorðins fólks. Mér finnst slæmt þegar fullorðið fólk er hrakið úr íbúðarhúsnæði sínu.

Ég er einfaldlega að vekja athygli á því að fyrst ríkisstjórnin gengst fyrir því að eignarskattar séu lækkaðir þá finnst mér, í ljósi þeirra röksemda sem fram komu í tengslum við upptöku fjármagnstekjuskattsins, eðlilegt að fjármagnstekjuskatturinn verði þá hækkaður að sama skapi.

Á hverju byggi ég þetta? *Jú, grundvallarsjónarmið mitt* er að við eigum ekki að rýra tekjur, hvorki ríkis né sveitarfélags. Ég er talsmaður hárra skatta, við skulum ekki gleyma því. Ég er talsmaður þess að reka velferðarþjónustuna og almannaþjónustu, samfélagsþjónustu, með sköttum. Ekki með notendagjöldum. Ég vil ekki láta rukka við dyrnar á spítölunum eða skólunum. Ég vil ekki skattleggja skólabörn eins og ríkisstjórnin er að gera, eða sjúklingana. Ég vil gera það í gegnum skattana.

Ég er einvörðungu, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, að minna á þann rökstuðning sem hafður var uppi í tengslum við upptöku fjármagnstekjuskattsins á sínum tíma. Ég er vissulega að taka undir sitthvað í þeim sjónarmiðum sem menn hafa haldið fram, að það séu ákveðin rök fyrir því að skattleggja fremur arðinn af eigninni en eignina sjálfa. Ég er tilbúinn að hlusta á þau rök.

[15:34]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarlög, 350. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 485.

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 480, 481.

Tollalög, 349. mál, frv. VE o.fl., þskj. 474.

[15:35]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er eins og verða vill þegar nálgast áramót að mikið vinnuálag er hér á hinu háa Alþingi. Þó skyldi maður halda að þessi tvö mál, skattbreytingin og svo fjárlögin, væru þau mál sem sérstaklega biðu afgreiðslu. Þannig er enn tími til stefnu. Víst er að lítt þolanleg fljótaskrift er á afgreiðslu mála og fundahaldi. Það kom í fyrsta lagi í ljós við 2. umræðu fjárlaga og þá fljótaskrift sem á henni var höfð og nú aftur vegna þessa máls. Í morgun varð að fresta fundi vegna þess að ekki hafði náðst að leggja fram þingskjöl frá nefnd. Hvað þá um aðra en nefndarmenn sem kunnir eru málatilbúnaði úr efh.- og viðskn., að ég tali ekki um okkur í Frjálslynda flokknum sem ekkert höfum fengið að sjá eða vita um gerð þeirra tillagna, nefndarálita og breytingartillagna í þessu sambandi sem eru síðan lagðar fram eftir að menn eiga að vera byrjaðir að ræða þær?

Auðvitað ber dálítið á þessu, að stjórn þingsins þykist ekki þurfa að gá sérstaklega að grundvelli þingræðisins, þ.e. góðri samvinnu við stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Það kom nú heldur betur í ljós þegar menn kröfðust upplýsinga um 300 millj. kr. hnyskju sem bætt var inn í fjáraukalög án þess að nein grein væri gerð fyrir því hvað væri þar á ferðinni. Kveða þó þingsköp mjög greinilega á um að fjárln. má ekki leyna neinu í þessu sambandi. Aðeins ein nefnd og er sérstaklega tekið fram í þingsköpum, sem eru eins og menn vita lög, ein þingnefnd getur verið bundin trúnaði ef formaður utanrrn. eða ráðherra kveður á um að svo skuli vera. En þarna tók steininn úr því sjálfir nefndarmenn fjárln., eins og hún heitir nú, fengu ekki upplýsingar um innihald þessa sérsjóðs sem formaður einkavæðingarnefndar, Hreinn Loftsson lögmaður, á að fá til sinna þarfa.

Hér erum við að ræða skattbreytingafrumvarp og mér leikur grunur á að engin tilviljun sé af hverju þetta frv. er lagt fram nú. Í skjóli fjölmiðla halda stjórnvöld því fram að hér séu menn að leggja til breytingar á skattalögum sem komi helst öllum landslýð til góða. Þetta frv. er lagt fram í því skyni, einmitt á þessum tíma þegar hæstv. ríkisstjórn

á í mestum vandræðum vegna þess að að henni herðir í efnahagsmálum.

Að öðru leyti mundi á löngum tíma koma í ljós að þessar skattbreytingar innihalda fyrst og fremst ívilnanir fyrir hátekjumenn, fyrir forréttindahópinn í þjóðfélaginu. Auðvitað hefði verið erfitt að ræða slíkar tillögur á kosningaári enda þótt meginatriði þessa frv. komi ekki til framkvæmda fyrr en 2003. Það er eins og fyrri daginn treyst á gleymsku kjósenda, enda hefur hún því miður ásannast allt of oft. Er kannski ekki að undra, eins og ég sagði, þegar fjölmiðlar ganga undir hverju einu sem frá ríkisvaldinu kemur með góðu eða illu. Slík glímutök hafa valdhafar á fjölmiðlunum.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, frsm. og formaður efh.- og viðskn. — hefur það starf raunar sem aukastarf með því að vera framkvæmdastjóri hins illmúraða hóps í Verslunarráði Íslands — tók það fram að þessar skattalagabreytingar væru til þess fram lagðar að búa í haginn fyrir nýtt hagvaxtarskeið.

Hvert er hv. þm. að fara þarna? Má ekki lesa það í öllum viðtölum og hlusta á það í öllum ræðum hæstv. forsrh. að hér er allt blúndulagt í efnahagsmálum? Hvað þarf þá að vera undirbúa nýtt hagvaxtarskeið fyrst er allt er í hinum mesta sóma að sögn sjálfs formanns hæstv. ríkisstjórnar? Hann talar um það að gengi muni hækka svo snarlega eftir áramót að menn verði að vara sig, kaupmáttur hafi aukist enda þótt allt annað blasi við, viðskiptahalli verði brátt úr sögunni og verðbólga sé á niðurleið. Þetta er það viðhorf, þeir góðærisgeislar sem sólin mikla lætur á okkur skína. Maður skyldi því halda að það þyrfti ekki sérstaklega að búa í haginn fyrir nýtt hagvaxtarskeið.

Ég hef fyrir framan mig úrklippu úr Morgunblaðinu frá 9. október þar sem vikið er að ályktun Alþýðusambands Íslands vegna þessa skattalagafrumvarps. Alþýðusambandið ályktaði að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skattamálum þyddu að kjarasamningar á almennum markaði yrðu settir í uppnám. Hvorki meira né minna. Þeir ályktu jafnframt að hækkun tryggingagjaldsins geri fyrirtækjunum að sjálfsögðu erfiðara um vik að hækka laun við launþegana. Þeir taka það enn fremur fram að skattbreytingarnar snúist einkum um að eignalega sterkum fyrirtækjum, svo sem bönkum og tryggingafélögum, svo og hátekju- og stóreignafólki sem væri með mikla neyslu og mundi breytingin því ekki leiða til aukinna viðskipta eða neyslu þessara hópa.

Enn ályktuðu þeir og mátu það svo að þessar breytingar, sem hafa að yfirskrift að efla íslenskt atvinnulíf, mundu auka samdrátt í fyrirtækjunum o.s.frv. Þeir ályktuðu um að með þessum hætti mundi ekki unnt að slá á verðbólguna. Svo lýstu forráðamenn Alþýðusambands Íslands óánægju sinni með að ekkert samráð hefði verið haft við ASÍ af hálfu ríkisstjórnarinnar um þessar viðamiklu aðgerðir, þrátt fyrir góð orð þar um.

Alþýðusambandið fordæmir, að kalla má, þær tillögur til skattbreytinga sem hér liggja frammi. Maður hefði þó haldið að mikið lægi við að ná sem bestu samkomulagi við samtök launþega um þennan málatilbúnað. Að sjálfsögðu mun það verða þeim mun erfiðara fyrir hæstv. ríkisstjórn að ná samkomulagi við verkalýðssamtökin sem þessi málatilbúnaður er af samtökunum talinn ganga mjög á þeirra eigin hagsmuni.

Í Morgunblaðinu frá 27. nóvember er síðan grein sem einn af þekktari endurskoðendum, Sveinn Jónsson, skrifar. Þar kemst hann óyggjandi að þeirri niðurstöðu að menn sitji ekkert við sama borð vegna hinna nýju ákvæða um að þeir geti breytt rekstri sínum yfir í einkahlutafélag. Hann tekur dæmi hér af tveimur mönnum, Jóni sem er launþegi og Pétri sem er verktaki. Hann gefur sér að báðir hafi í tekjur 550 þús. kr. á mánuði. Jón getur ekki breytt vinnu sinni, ef við megum orða það svo, yfir í einkahlutafélag en það getur Pétur. Með þeirri aðferð fengi Pétur 300 þús. kr. lægri tekjuskatt en Jón. Þetta er auðvitað með þeim hætti að ekki verður við það búið.

Hv. frsm. efh.- og viðskn. gat þess að auðvitað væri ekkert réttlæti í því að nýir menn í atvinnurekstri gætu gengið inn í þessa aðferð um einkahlutafélög meðan aðrir sætu þá eftir sem löngu væru búnir að hefja sína starfsemi. En þetta óréttlæti og misræmi verður ekki leiðrétt með þessum hætti.

Það er verið að búa til skattalegan forréttindahóp. Það er sem sagt á eina bókina lært að það er auðvitað verið að búa til nýtt hagvaxtarskeið með því að hygla hinum efnameiri en afgangurinn, neytendur, launþegar í þjóðfélaginu, eiga að borga brúsann.

Það er ótrúlegt hversu margir misskilja áhrif hinnar hrottalegu gengisbreytingar sem yfir hefur dunið hina síðustu mánuði. Hæstv. forsrh. hefur bent á að nú græði sjávarútvegurinn á tá og fingri. Ekki veitti honum af því það hélt við að mestöll sjávarútvegsfyrirtæki yrðu stöðvuð fljótlega ef þetta hefði ekki verið gert. Hæstv. ríkisstjórn marglýsir því yfir að hún ætli ekki að beita gömlum ráðum og úreltum í efnahagsmálum en samt var þarna útflutningsatvinnuvegunum rétt upp í hendurnar yfir 30% gengisfelling. Og hverjir borga þetta? Þetta er tilfærsla til útflutningsatvinnuveganna sem neytandinn í þjóðfélaginu borgar með stórhækkuðu verði varanna sem til landsins eru fluttar.

Eitt ákvæði í þessu frv. er að skattleysismörk verða hækkuð hjá greiðendum hátekjuskatts en þau standa óbreytt hjá lægra launuðum, hafa þó ekki fylgt verðlagsþróun um lengri tíma. Það á sem sagt að létta af mér, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson reiknaði út, 35–40 þús. kr. í tekjuskatti en láglaunafólkið á ekkert að fá í sinn hlut. Það er dálítið hastarlegt að þessi fjárhæð sem á að hlífa mér um í sköttum stenst nokkurn veginn á við þær fjárhæðir sem hæstv. ríkisstjórn hafði af öryrkjum og ellilífeyrisþegum á liðnu ári. Það er ömurlegt við þetta að búa svo ekki sé meira sagt og sá sem hér stendur og hans flokkur mun aldrei samþykkja neitt af þessu sem hér stendur meðan slík ósanngirni er höfð í frammi.

Þetta frv. og framkvæmd lagabreytinganna á að hafa í för með sér að auka umsvif fyrirtækja. Við búum við hér um bil óbærilega vexti eins og menn þekkja. Þeir eru hafðir svona háir til að draga úr þenslu. Aftur á móti kemur hér frv. sem á að auka hana til baka og hefur alveg önnur áhrif.

Ég mundi vilja beina því til hæstv. ríkisstjórnar að fresta þessu frv. sem við höfum til umræðu, kanna málið miklu betur og hafa samráð við félagasamtök og sveitarfélög. Má ég minna á það að sveitarfélögin telja sig tapa á þessari breytingu um einum milljarði kr. og er þó fjárhagur þeirra afar erfiður eins og nú standa sakir. Rétt væri að fresta þessu máli en beita heldur, ef þeir telja óhætt að auka þenslu og umsvif í þjóðfélaginu, vaxtalækkun þegar í stað. Það mundi hafa gífurlega snögg áhrif — ég segi ef þeir telja þetta óhætt — að bæta við umsvifin í landinu og hætta að berjast við þensluna með þeim hætti að beita þessari vaxtapíningu. Þá væru það miklu skjótvirkari áhrif sem þetta mundi hafa.

Ég þykist vita að talað verði fyrir daufum eyrum um að taka þetta mál til frekari athugunar og endurskoðunar. En

ég verð að játa að ég hefði bundið aðrar vonir við stórfellda endurskoðun skattalaga en þá sem hér kemur fram.

Ég geri ekki ráð fyrir því að þingflokkur Frjálslynda flokksins muni ljá þessu fylgi sitt að einu eða neinu leyti.

[15:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hafa athyglisverðar umræður staðið yfir í dag um þessar miklu breytingar á skattalögum sem ríkisstjórnin leggur til. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert ákaflega góða grein fyrir afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Við höfum lagt hérna fram mjög ítarlegt nál. og skýrt afstöðu okkar til þeirra breytinga sem lagðar eru til af hálfu ríkisstjórnarinnar. Sömuleiðis höfum við í Samfylkingunni í ítarlegu máli og með ítarlegum rökum skýrt þær breytingar sem við viljum sjá á þessum málum.

Herra forseti. Mér hefur þótt merkilegt að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal og sömuleiðis hv. formann efh.- og viðskn., Vilhjálm Egilsson.

Fyrst langar mig aðeins að drepa á þær kenningar sem Pétur H. Blöndal var með uppi. Hv. þm. gat þess að það væri bótin á öllum raunum ríkissjóðs, ekki bara á Íslandi, heldur annars staðar líka ef menn færu þá leið að lækka skatta á fyrirtækjum. Það mundi leiða til þess, sagði hv. þm., að tekjustraumar í gegnum fyrirtæki mundu aukast. Þær aðferðir sem notaðar eru til að verðmeta eða gengismeta fyrirtæki eru þess eðlis að það leiðir til þess eftir ákveðnum formúlum að fyrirtækin hækka í verði. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kvaðst hafa reiknað það út eftir Laffer-kúrfunni að fyrirtæki sem nú á að selja af hálfu ríkisins mundu við þetta aukast að verðgildi um eina 12 milljarða. Og hv. þm. spurði: Hví í ósköpunum samþykkja menn þetta ekki með lófataki og fá þar með eins skiptis greiðslu, eins og hv. þm. orðaði það, upp á 12 milljarða?

Hv. þm. sagði að miðað við það líkan sem hann beitir, og væntanlega byggist á Laffer-kúrfunni, ætti verðgildi fyrirtækja að aukast um 17%. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hv. þm. hafi sjálfur í máli sínu fellt rökin undan þessu. Í fyrsta lagi gat hann engin dæmi bent á um að þetta hefði staðist. Í öðru lagi gat hann þess að þegar ríkisstjórnin lagði fram þessar hugmyndir sínar í formi frumvarpa leiddi það að vísu til hækkunar fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands en þær hækkanir voru miklu minni en hv. þm. sagði að hækkanir fyrirtækja ættu að verða samkvæmt Laffer-kúrfunni góðu. Vera kann því að einhver misbrestur hafi orðið hjá félaga Laffer þegar hann var að gera þetta.

Ég vísaði raunar einnig til þess, herra forseti, að í Bandaríkjunum hefði Bush gefið út yfirlýsingar um gríðarlegar skattalækkanir þegar hann komst til valda. Það sér ekki á efnahag Bandaríkjanna að menn hafi talið að þær mundu leiða til allra þessara miklu hækkana sem hv. þm. taldi að yrði miðað við svona miklar skattalækkanir þótt þess beri að vísu að geta að á síðustu vikum eftir að markaðir í Bandaríkjunum hafa farið ákaflega langt niður hafa þeir verið að skríða eitthvað upp.

Herra forseti. Hér er um að ræða kenningar sem eru athyglisverðar og gaman er að fjölyrða um, skemmtilegar til íhugunar, en þær skortir dóm reynslunnar. Það er hvergi hægt að benda á að skattalækkanir í verulega miklum mæli hafi leitt til þess að efnahagsumsvifin hafi stóraukist. Þetta held ég að hafi skort undir röksemdir hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Ég tel sjálfur, eins og ég hef sagt, að hóflegar skattalækkanir á fyrirtæki geti verkað eins og smurolía við sérstakar aðstæður til að ýta gangvirkinu af stað aftur en að þær geti gert það í þeim mæli sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði hér áðan dreg ég í efa.

Hv. þm. sendi til efh.- og viðskn. mikið plagg þar sem hann gerði grein fyrir ákveðnum hugmyndum. Ég var að vísu ekki viðstaddur í nefndinni þegar það var tekið til ítarlegrar umræðu. Ég minnist þess hins vegar að við spurðum fulltrúa bæði fjmrn. og ríkisskattstjóra hvort von væri til þess að hægt væri að finna einhvern skóla eða einhverjar óvefengjanlegar kenningar sem sýndu fram á þetta. Og svarið var, eins og kemur fram í nál. okkar, að svo væri ekki.

Herra forseti. Annað sem mig langar til að gera að umræðuefni eru ákveðnar staðhæfingar í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Hann vék að þeirri röksemd okkar í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni, sem reyndar má líka lesa í umsögnum ýmissa samtaka sem sendu álit sitt til efh.- og viðskn., að hækkun á tryggingagjaldi yki launakostnað fyrirtækja og þar af leiðandi teldum við að við þessar aðstæður væri þetta ekki ráðlegt, auk margra annarra ástæðna sem við nefndum líka. Þá kom hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og ég heyrði ekki betur en að hann væri að leggja að jöfnu hækkun ríkisstjórnarinnar á tryggingagjaldi annars vegar og hins vegar umsamdar launahækkanir í kjarasamningum. Hv. þm. sagði:

„Ja, ef menn eru á móti hækkun tryggingagjalds vegna þess að það eykur launakostnað fyrirtækja, vilja menn þá ekki með sömu rökum leggjast gegn launahækkunum í kjarasamningum?"

Herra forseti. Þetta er náttúrlega svo ákaflega vond röksemdafærsla að ég er gáttaður á því að formaður efh.- og viðskn. skuli með þessum hætti leiða hana inn í umræðuna.

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir færði í ítarlegu máli og með sterkum röksemdum að því gild rök, að mér þykir, að sú lækkun sem við leggjum til á tekjuskatti fyrirtækja væri nægileg til þess að viðhalda því skattaforskoti sem Íslendingar hafa hvað varðar tekjuskatt á hagnað fyrirtækja í alþjóðlegum samanburði. Hv. þm. gat þess nánast hvergi í máli sínu og ég var nokkuð hissa á því að mér þótti hann í engu geta hrakið þessar röksemdir sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom með, og vísaði hann þó til ýmissa gagna. Ég hlýt að óska eftir því að hv. þm. gefi þessu ríkari gaum þegar hann heldur seinni ræðu sína síðar í dag.

Jafnframt þótti mér, herra forseti, að lítið legðist fyrir hv. formann efh.- og viðskn. þegar hann hélt því fram að Samfylkingin væri í reynd að vinna gegn hagsmunum lítilla fyrirtækja. Mér þótti þetta koma úr hörðustu átt þegar horft er til þess að hv. þm. hefur verið í fylkingarbrjósti þeirra stjórnarliða sem hafa varið hækkun á tryggingagjaldi um 0,77%. Við hvaða fyrirtæki, herra forseti, skyldi þessi hækkun koma hvað verst? Lítil fyrirtæki? Já. Við lítil fyrirtæki á landsbyggðinni sem hv. þm. ber svo fyrir brjósti? Já. Við ný fyrirtæki í þekkingariðnaði, sprotafyrirtæki, frjóangana inn í framtíðina? Já.

Hv. þm. beitir sér fyrir því að hækka skatta á vinnuafl. Mörg þessara litlu fyrirtækja eiga ekkert nema mannauðinn, eiga engar eignir, hafa ekki getað sýnt fram á neinn hagnað og það er alveg ljóst, miðað við það útlit sem er í efnahagsmálum, að það er ekki von á neinum hagnaði hjá þeim. Lækkun á tekjuskatti fyrirtækjanna hjálpar þessum fyrirtækjum ekki. Mörg þessara fyrirtækja eru fleiðruð upp

á herðablöð sökum þeirrar lægðar sem nú gengur yfir efnahagslífið og má að stórum hluta, að ég tel, rekja til mistaka við stjórn efnahagsmála.

Ætli þurfi mjög stórt högg til að ýta sumum þessara fyrirtækja yfir blábrún bjargsins? Það held ég ekki. Gæti það verið að hækkun tryggingagjaldsins hjálpi einhverjum þeirra? Nei, en hún hjálpar kannski sumum þeirra fram af brúninni, herra forseti.

Mér finnst því skjóta skökku við þegar hv. þm. kemur hér og heldur því fram að við séum sérstaklega að vinna gegn hagsmunum smárra fyrirtækja, þegar ljóst er að veigamikill þáttur í tillögum ríkisstjórnarinnar gerir einmitt það sem hann er að saka okkur um.

Í annan stað, herra forseti, hlýt ég að vekja athygli á því að eitt af því sem kemur litlum fyrirtækjum ákaflega vel eins og mörgu fólki sem hefur ekki mikla fjármuni umleikis og þarf ítrekað að slá lán til að fleyta sér áfram, það sem kemur þessum aðilum í samfélaginu hvað best er að lækka stimpilgjöld. Stimpilgjöld sem eiga sér ekki mörg fordæmi erlendis. Stimpilgjöld sem ég held að Sjálfstfl. hafi ákaflega lengi talað um að ætti að leggja af.

Maður hefði talið að þegar svona gagnmerkar, svo notuð séu orð stjórnarliða, tillögur að skattbreytingum koma fram, þá væri þetta í gadda slegið. Svo er ekki, herra forseti, það er að vísu talað um að að lækka eigi stimpilgjöld um 900 millj. sem er ekki einu sinni þriðjungurinn af þeirri upphæð sem greidd eru í stimpilgjöld núna, en það er ekkert sagt nákvæmlega hvenær og það er heldur ekki sagt með hvaða hætti á að fjármagna það.

Við því geld ég varhug, herra forseti. Hvers vegna? Vegna þess að mér þykir sem þar með sé sú skattbreyting sett niður í aðra röð og óæðri miðað við hinar. Ríkisstjórnarliðið hefur sagt hvenær hinar breytingarnar eiga að taka gildi. Ríkisstjórnin hefur líka sagt með hvaða móti hún telur að fjármagn fáist til að standa straum af þeim, en hún gerir það ekki um þessa. Segir ekki hvenær, segir ekki hvernig.

Ég hlýt að halda því fram að hér sé fugl í skógi en ekki í hendi. Ég hlýt að halda því fram, herra forseti, að um sé að ræða part af ákveðnum blekkingarleik hjá ríkisstjórninni sem hefur auðvitað séð að sú aðferð sem hún notar til að fjármagna lækkun tekjuskatta sem einkum kemur stórum fyrirtækjum á péttbýlissvæðinu til góða, þ.e. tryggingagjaldið, kemur svo illa við litlu fyrirtækin, ekki síst litlu fyrirtækin á landsbyggðinni, að hún þurfti að láta skína í einhverja gulrót. Og þessi gulrót var lækkun stimpilgjalda. Það hefði komið þessum fyrirtækjum ákaflega vel ef það hefði verið dagsett, tímasett hvenær átti að lækka stimpilgjöldin.

Það er hins vegar þannig, herra forseti, að Samfylkingin sem leggur hér fram ítarlega tillögugerð, leggur fram tillögu um það að á næsta ári verði stimpilgjöldin lækkuð um þriðjung, þ.e. um 1.100 millj. Og hún segir líka frá því hvernig á að fara í það að fjármagna þetta. Mér þykir það því óhæfa hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að koma hingað og halda hinu þveröfuga fram þegar flokkur eins og Samfylkingin er að leggja fram beinharðar rökstuddar tillögur um að bæta hag smárra fyrirtækja.

Meginröksemdin sem ég greindi í máli hv. þm. fyrir þeirri staðleysu sinni er sú að Samfylkingin sé á einhvern hátt á móti því að einyrkjar breyti rekstri sínum úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög. Og hv. þm. taldi að við hefðum í frammi málflutning sem gerði það að verkum að hann gæti með einhverjum sóma dregið þá ályktun að við værum að gefa okkur fyrir fram að þeir menn væru lögbrjótar. Ég bið hv. þm. að finna þessu stað í því nál. sem hér liggur fyrir.

Að sönnu er rétt að þar er vakin athygli á því að upp kunni að koma sú staða að einstaklingar í slíkri stöðu hallist að því að beita því sem kallað er gerviverktakar. Sömuleiðis að færa ýmsan kostnað sem tengist rekstri þeirra sjálfra, tilveru þeirra og fjölskyldu þeirra, heimili, sem kostnað þess einkahlutafélags. Herra forseti. Hvaðan skyldi Samfylkingin hafa fengið þær hugmyndir sem hún leggur ekki fram sem sínar eigin, heldur getur nákvæmlega hvaðan koma? Frá ríkisskattstjóra, ýmsum einstökum skattstjórum og frá skattrannsóknarstjóra, sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kallaði sérstaklega á fund nefndarinnar til að kynna nefndinni og þar með hv. þm. hinar nýju leiðir sem menn nota til að koma kostnaði af sjálfum sér með þessum hætti yfir á einkahlutafélögin. Sú hætta sem þarna er fyrir hendi er hætta sem bent er á af fulltrúum ríkisvaldsins og Samfylkingin hefur samviskusamlega bent á þessi álit þeirra.

Herra forseti. Samfylkingin hefur ekki lagst gegn því að einyrkjar og aðrir slíkir breyti rekstri sínum yfir í einkahlutafélög, það er fráleitt að halda því fram. Samfylkingin hefur hins vegar bent á að með því að breyta á þennan hátt skatti á hagnað slíkra félaga sé hvatinn svo mikill fyrir þá aðila að vinda sér í þessa færslu að það muni leiða til þess að þau 25 þúsund sem falla í þennan hóp muni að öllum líkindum gera það. Það þýðir að skattar sveitarfélaga munu t.d. lækka um 1.000 milljónir, tekjur ríkisins munu lækka um 500 millj. af þessum völdum. Og ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vill breyta þessu, þá verður hann auðvitað sýna fram á hvernig sveitarfélögin eiga að standa undir ýmsum þáttum samneyslunnar, sem bæði ég og hann njóta, á hvern hátt á að bæta þeim þetta. Á þetta höfum við bent. Menn miklu vísari okkur hafa sagt að eina og besta leiðin til að koma í veg fyrir þetta sé að samræma skattlagningu, annars vegar hlutafélaganna og einstaklinganna. Þess vegna höfum við lagt til, herra forseti, að skatthlutfallið hjá fyrirtækjum verði 25% og við höfum sömuleiðis lagt til að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður upp í 16%.

Þegar þetta tvennt er tekið með er það einfaldlega svo að líkast til er óbreyttur sá hvati sem í dag ýtir mönnum til þess að skipta úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög. Í dag tel ég að þann hvata megi meta eftir atvikum, hvort menn eru í hátekjuskattsstiginu eða ekki, á bilinu 8–11%. Með þeim breytingum sem hv. þm. leggur hér til er munurinn 34%, þannig að hvatinn er þrefalt sterkari en ella.

Við höfum sem sagt verið að beita okkur fyrir ákveðnu samræmi þarna, herra forseti. Samfylkingin hefur hins vegar með engu móti verið að leggja til einhverjar girðingar sem komi í veg fyrir að menn svipti rekstri sínum á milli þessara tveggja forma. En, herra forseti, það vill svo til að slíkar girðingar, slíkar hömlur, hafa verði lagðar til á undanförnum árum. Ég minnist einnar stofnunar sem gerði það. Hvaða stofnun var það? Það var Verslunarráð. Hafi einhver gert það á síðustu árum, reynt með einhverjum hætti aðeins að torvelda það, þá eru það aðrir en Samfylkingin, herra forseti.

Ég vil í örstuttu máli, herra forseti, rekja hérna og taka saman hvaða afstöðu Samfylkingin hefur til þeirra breytinga sem hér liggja fyrir og hvaða breytingar við viljum gera. Þær eru tíu talsins.

Í fyrsta lagi vill Samfylkingin lækka tekjuskatt á fyrirtæki úr 30% í 25%.

Í öðru lagi leggjumst við alfarið gegn hækkun tryggingagjalds um 0,77%. Við teljum að við þessar aðstæður sé það ekki rétt.

Í þriðja lagi viljum við hækkun frítekjumarka. Við viljum að hækkun frítekjumarka í hátekjuskatti verði frestað um tvö ár.

Við styðjum í fjórða lagi hækkun fríeignamarka eignarskatts og sérstaks eignarskatts um 20% vegna eigna í árslok 2001 til að koma í veg fyrir hækkun eignarskatta vegna sérstakrar hækkunar á fasteignamati.

Í fimmta lagi styður Samfylkingin afnám sérstaks eignarskatts á lögaðila og einstaklinga og lækkun á almennum eignarskatti á einstakling úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002. En við leggjum til að almennur eignarskattur á lögaðila lækki einungis úr 1,2% í 0,9%. Á móti er lögð til sú hækkun á fjármagnstekjuskatti sem ég gat um hér áðan. Það er í reynd, herra forseti, ekkert annað en lækkun hjá fjölmörgum, vegna þess að sú breyting með því gólfi sem við leggjum líka til, sem er þannig að fjármagnstekjur einstaklinga að 100 þús. kr. og hjóna að 200 þús. kr. verði ekki skattlagðar, þýðir að þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt fækkar um ríflega 50 þúsund.

Í sjötta lagi styðjum við lækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,33% sem var samið um í tengslum við kjarasamninga og eiga að taka gildi næstkomandi áramót, en þá leggjum við jafnframt til, herra forseti, að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem við höfum rekið og samþykkt og ítrekað á landsfundi okkar fyrir skömmu um auðlindagjöld, að þau verði tekin upp til þess að kosta einn áfanga til viðbótar í lækkun á almennum tekjusköttum, sem verði 0,25% á árinu 2003. Við teljum, herra forseti, að það henti ákaflega vel þeirri stöðu sem spáð er að verði þá á hagsveiflunni. Ég vísa líka til þess, herra forseti, að í Danmörku er nú komin ný ríkisstjórn, sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson t.d. er áreiðanlega ekki mjög mótfallinn. (Gripið fram í.) Er áreiðanlega ekki mjög mótfallinn. (**VE:** Ég er ánægður með hana.) Ánægður með hana, segir hv. þm. og ég skil það vel og þóttist geta gefið mér þá niðurstöðu. Og hún er einmitt að fara svipaðar leiðir.

Í sjöunda lagi, herra forseti, styðjum við að sjálfsögðu afnám skattskyldu húsaleigubóta.

Í áttunda lagi leggjum við til að samhliða þessum aðgerðum verði skattlagning á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga afnumin.

Í níunda lagi teljum við að rétt sé að skipa nefnd með aðild fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna, aðila vinnumarkaðarins, samtaka öryrkja og aldraðra, sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega þá skatta sem launafólk og lífeyrisþegar eru að greiða, þ.e. fólk sem er með tekjur undir lágmarkslaunum.

Í tíunda lagi, herra forseti — og ég vil vekja sérstaka athygli á því, vegna þess að láðst hefur að skrá það í upptalningu í nál. á bls. 21 — leggjum við einnig til að árið 2003 komi til framkvæmda lækkun á stimpilgjöldum sem nemur 1.100 millj. og ég hef þegar rakið.

Herra forseti. Mig langar að síðustu aðeins að ítreka það að við teljum að nauðsynlegt sé að beita sér fyrir breytingum sem jafna aðstöðu Íslendinga gagnvart útlöndum. Af því leiða tillögur okkar varðandi stimpilgjöld. Af því leiðir stuðningur okkar varðandi breytingar á eignarskatti. Af því leiðir sömuleiðis, herra forseti, að við teljum að það sé nóg að lækka tekjuskatt fyrirtækja úr 30% niður í 25% vegna þess að með því er ekki aðeins verið að halda í við breytingar og þróun erlendis, heldur er með því verið að viðhalda skattprósentunni sem Íslendingar hafa í fyrirtækjarekstri gagnvart útlöndum.

[16:14]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágætissamstarf í nefndinni í meðferð málsins og ágæta ræðu.

Ég vil aðeins koma inn á það að það sem ég var að spyrja um varðandi ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur var hvort Samfylkingin hefði lagt mat á hvaða áhrif yrðu af launahækkunum sem hækkuðu launakostnað, af því að Samfylkingin var með ákveðið mat og ákveðin varnaðarorð út af 0,77% hækkun á tryggingagjaldi sem vissulega hækkar launakostnaðinn og þessi 0,77% hækkun var talin hafa áhrif á uppsagnir og auka atvinnuleysi. Þess vegna spurði ég eftir mati á þessu, ekki það að ég ætlaði að leggja til að taka ætti til baka umsamdar launahækkanir, það er af og frá.

Varðandi tekjuskattslækkanir fyrirtækjanna, þá eru þær algjörlega nauðsynlegar til að auka samkeppnishæfni okkar. Ef við leggjum saman eignarskattsprósentuna, tekjuskattsprósentuna eins og hún er og fjármagnstekjuskattsprósentuna og göngum út frá 10% arðsemi á eigið fé, sem er afar hátt miðað við það sem gengur og gerist í atvinnulífinu, þá fáum við effektífa skattprósentu á eigið fé eða hagnað af eigin fé fyrirtækja yfir 50%. Og ekki síst ef við lítum til atvinnulífs úti á landi þar sem arðsemin hefur ekki verið mikil þá gagnast eignarskattslækkunin sérstaklega mikið vegna þess hvað þessi eignarskattsprósenta bítur fast í eigið fé. Með því að lækka tekjuskattinn og eignarskattinn er einmitt verið að koma til móts við þau fyrirtæki.

En best væri nú ef atvinnulífið úti á landi gæti farið að hagnast og við skulum vona að það takist á næstu árum.

[16:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hv. formaður efh.- og viðskn. var a.m.k. ekki að mælast til þess að menn réðust í það óhæfuverk að taka aftur umsamdar launahækkanir. Reyndar tek ég fram að ég gerði ekki ráð fyrir því að það væri ætlun hv. þm. Hins vegar lagði hann þetta tvennt að jöfnu og spyr um áhrifin. Þetta eru umsamdar launahækkanir sem fyrirtækin hafa þurft að gera ráð fyrir í áætlunum sínum. Tryggingagjaldið sem hv. þm. vill hækka kemur auðvitað eins og skrattinn úr sauðarleggnum þó að auðvitað megi halda því fram að þau fái nokkurt ráðrúm til að búa sig undir þetta.

Ég held því hins vegar fram, herra forseti, að þessi hækkun á tryggingagjaldi sé skaðleg, ekki bara fyrir lítil fyrirtæki á landsbyggðinni heldur ekki síst þau fyrirtæki sem við lítum svo á að séu þræðir okkar inn í framtíðina, þ.e. sprotafyrirtækin og þekkingarfyrirtækin sem eiga ekkert nema bara mannauðinn. Kapítal þeirra stendur upp klukkan fimm og gengur heim. Það er munurinn á fyrirtækjum framtíðarinnar og fyrirtækjum gærdagsins.

Herra forseti. Ég vek eftirtekt hv. þm. á því að við erum nær samstiga varðandi eignarskattinn. Að því er varðar síðan samkeppnishæfni fyrirtækja við útlönd þá vek ég athygli á því að hann hefur ekki mótmælt þeim upplýsingum sem komu fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og nál. þar sem sýnt er fram á að í örfáum löndum njóti menn lægra skatthlutfalls í dag.

Sömuleiðis vek ég líka eftirtekt á því að við höfum, ef ég man rétt, langlægstan skatt lagt á arð, 10% til þessa. Þannig að ég held því fram, herra forseti, að þegar maður skoðar allt þá sé samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á þessu sviði nokkuð góð og nægilegt að lækka tekjuskattinn niður í 25%.

[16:19]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef maður skoðar áhrif eignarskattsins, tekjuskattsins, arðsins og fjármagnstekjuskattsins saman, það er það sem skiptir máli, þá kemur í ljós að skattlagning á íslenskt atvinnulíf hefur verið býsna þung.

Menn tala oft um Þýskaland. Staðan var þannig í Þýskalandi, og var þannig fram að skattaumbótum sem flokksbræður hv. þm. stóðu fyrir, að það mátti draga tekjuskatt fyrirtækjanna frá þegar menn reiknuðu út fjármagnstekjuskatt einstaklinganna. Síðan var þessu breytt og jafnvel Þjóðverjar, með alla sína skattpeninga, eru að reyna að komast út úr þessari háu skattlagningu á atvinnulífið.

Varðandi tryggingagjaldið þá er það vissulega íþyngjandi og enginn sem ber á móti því. En við segjum að þrátt fyrir hækkun tryggingagjaldsins þá vegi skattalækkanirnar á eignarskattinum og lækkun á tekjuskattinum það upp og gott betur.

Síðan er hún alveg ótrúleg þessi tillaga Samfylkingarinnar um að hafa mismunandi eignarskatt á fyrirtæki og eigið fé fyrirtækja eftir samsetningu nafnverðs hlutafjár, eftir því hvort það er stærri eða minni hlutur. Ég get bara ekki skilið af hverju þeim í Samfylkingunni dettur þetta í hug.

Varðandi yfirfærsluna þá er ég einfaldlega að lesa þetta ágæta nál., sem er vandað og vel unnið. Hér er verið að tala um að 1. minni hluti vari alvarlega við afleiðingum þessara breytinga. Öll umræðan í nefndinni af hálfu nefndarmanna Samfylkingarinnar gekk einmitt út á að vara mjög sterklega við þessu, amast við þessu og reyna að finna breytingunum allt til foráttu. Þegar rætt var um réttarstöðu þeirra sem þarna eiga í hlut þá var alltaf verið að reyna að gera það tortryggilegt að menn stunduðu atvinnurekstur á Íslandi.

[16:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. á við að allur málflutningur okkar í efh.- og viðskn. hafi gengið út á það að vara við þessum tillögum sem liggja hér fyrir þá ítreka ég, herra forseti, og bendi hv. þm. á að við styðjum fjölmargar þeirra tillagna sem koma fram frá hv. þm. stjórnarliðsins.

Ef hv. þm. átti við þessa tilteknu breytingu sem varðaði möguleikana og hagræðið af því að flytja rekstur úr því formi sem sjálfstæðir atvinnurekendur hafa í dag yfir í einkahlutafélög þá ítreka ég það sem ég sagði áðan, að hver stofnunin á fætur annarri sendi frá sér álit, kom á fund nefndarinnar og benti á alls konar neikvæðar afleiðingar sem því fylgdu.

Það getur vel verið að það sé síður hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að telja að hann einn viti alla hluti og viti a.m.k. flesta hluti betur en aðrir. En ég vek eftirtekt á því að ríkisskattstjóri, skattstjórar ýmsir og ýmsar stofnanir sem sendu frá sér álit, bentu á þessar afleiðingar. Þetta er því enginn uppspuni í þingmönnum Samfylkingarinnar nema síður væri. Við erum að tala um jafnræði og það er það sem skiptir máli.

Hv. þm. hefur talað um nauðsyn þess að koma á jafnræði milli Íslands og útlanda í skattalegu tilliti. Við höfum tekið undir með honum að því er varðar eignarskattana, en við höfum verið að tala um nauðsyn þess að hafa líka skattalegt jafnræði, annars vegar milli þeirra sem hafa rekstur sinn í einstaklingshlutafélögum og líka hinna sem standa þar fyrir utan.

[16:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef hlýtt á þessa umræðu af mikilli athygli og mér sýnist að bæði umræða og tillögur stjórnarmeirihlutans sýni gjörólíka lífssýn miðað við það sem við byggjum á umræðu okkar og tillögur. Við erum að tala fullkomlega í kross.

Þessi umræða dregur fram áherslur íhaldssamfélagsins. Við vitum að íhaldssamfélag er alltaf að gæta ákveðinna hagsmunahópa. Við vitum líka að í samstarfi þarf samstarfsflokkurinn alltaf að vera á verði og standa á sínu. Við sjáum á þeim tillögum sem hér eru kynntar að fjarvera annars stjórnarflokksins í svo ríkum mæli sem raun ber vitni er til marks um að á þessum tíma eru ekki allir ánægðir.

Mér finnst, virðulegi forseti, að aðgerðir stjórnarmeirihlutans undirstriki þau viðhorf að það sé allt í lagi að lýðurinn borgi. Þær draga það fram að venjulegur launamaður, litli maðurinn í þessu samfélagi er enn þá breiða bakið. Satt besta að segja er ömurlegt að sjá samhengið á milli tillagnanna um stóru fjárhæðirnar, sem mælast í milljónum og milljörðum, og gramsa svo í pappírunum sem hrúgast á borðin okkar meðan við sitjum yfir þessari umræðu í dag, pappírum sem tengjast málum sem á að ræða síðar svo sem eins og ríkisfjármál. Þegar við gluggum í þá sjáum við að það er fyrst nú á allra síðustu dögum að ríkisstjórnin hefur horfst í augu við staðreyndirnar sem svo lengi hafa blasað við. Það vekur furðu, herra forseti.

Niðurskurðurinn sem birtist í gögnunum sem lögð eru á borð okkar eitt af öðru undirstrikar þetta mjög vel. Hér erum við annars vegar að fjalla um miklar skattalækkanir sem koma stöndugum stórfyrirtækjum fyrst og fremst til góða og tryggja hag þeirra á þeim tíma sem í hönd fer. Hins vegar eigum við eftir að ræða, ef við fáum þá á borðin undir þessari umræðu, pappíra sem sýna smásmugulegan niðurskurð í málum sem eru gífurlega mikilvæg í samfélagi okkar.

Herra forseti. Þótt það sé ekki á dagskrá ætla ég að nefna fjögur atriði. Þrjú þeirra er að finna í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar á að sækja peninga í skólana og hækka svokölluð skólagjöld. Það á að heimila að taka upp innritunargjald í framhaldsskólum og þangað á að sækja 38 millj. kr. Það á að heimila að innheimta efnisgjald af nemendum og þangað á að sækja 10 millj. kr. Það á að heimila Kennaraháskólanum að innheimta skrásetningargjald við upphaf skólaárs, þangað á að sækja tæpar 9 millj. kr. Það á að hækka gjald sem greitt er til Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, svokallað skrásetningargjald. Þangað á að sækja 34 millj. kr. til Háskóla Íslands og heilar 4,9 millj. kr. til nemenda í Háskólanum á Akureyri.

Menn ætla að sækja ýmislegt annað, t.d. er afar saklaust að tala um að hækka sóknargjöld. Það eru svo fáir sem vita hvað sóknargjöld eru og þess vegna er allt í lagi að lækka þau framlög og ná sér í 100 millj. kr. Hvað ætli þessi sóknargjöld geri? Æ, þau standa undir kostnaði við starf organistans í kirkjunni, standa undir starfinu með börnin í kirkjunni. Barnastarf hefur orðið æ þýðingarmeira í kirkjum landsins hin síðari ár. Það er augljóst að í neyð sinni víla menn ekki fyrir sér að kroppa á ólíklegustu stöðum í viðkvæma liði.

Það er stutt síðan ég var í viðtali um kirkjuna mína, Digraneskirkju. Ég var stolt af því að segja frá því að þangað væri hægt að sækja góða friðarstund og til hve mikillar fyrirmyndar starfið þar væri. Þar væri barnastarf mjög öflugt, þar væri ýmislegt á boðstólum fyrir eldri borgara og komið til móts við þarfir þeirra á mörgum ólíkum sviðum og þar færi fram mikið fjölskyldustarf og fræðslustarf, m.a. hjónastarf.

Hvaðan ætli menn fái einhvern smápening í þetta, þó svona starf sé í ríkum mæli unnið í sjálfboðavinnu? Jú, úr þessum dreitli sem kemur til kirkjunnar úr sóknargjöldunum.

Það liggur við, virðulegi forseti, að ég segi við stjórnarmeirihlutann, þegar ég sé þetta kropp í framhaldsskólana og háskólana — við sem ætlum að gera svo mikið með unga fólkið og vitum að þekkingarsamfélag framtíðarinnar krefst þess að við setjum allt í menntun — að ég óski þeim til hamingju með lífssýnina sem birtist í þessum pappírum.

Herra forseti. Það sem þessi umræða leiðir betur og betur í ljós er að við verðum að kljást við afleiðingar þess að ríkisstjórnin lét reka á reiðanum þegar hún þurfti og átti að bregðast við. Hún bruðlaði þegar átti að sýna aðhald. Hún taldi fólki trú um að gósentíð væri viðvarandi og hvatti í raun til eyðslu með öllum sínum viðbrögðum í fjölmiðlum í stað þess að vera hreinskilin við þjóð sína og hvetja til aðhalds. Nú þegar það er allt of seint er reynt að klóra sig upp úr brunninum. Það er svo merkilegt að eftirmálin af 11. sept., svo alvarlegur sem sá dagur er í hugum okkar allra, eru gerð að blóraböggli til að breiða á örvæntingarfullan hátt yfir að vandinn er heimatilbúinn. Nú er allt skrifað á breytingarnar eftir 11. sept.

En við vitum betur og það er spurning hvenær þjóðin áttar sig á því sem hefur verið að gerast vegna þess að nú er það að verða æ ljósara og nú eru í raun og veru efnahagsstofnanir hægt og sígandi að viðurkenna að það hefði þurft að gera ýmsa hluti fyrr, þá hefðu aðgerðirnar núna ekki orðið svona harkalegar.

Þess vegna draga tillögur stjórnarmeirihlutans mjög vel fram að vandi fyrirtækja er mjög mikill að óbreyttu og við höfum farið í gegnum það að undanförnu. Þetta hefur komið mjög vel fram í þeim fyrirspurnum sem ég hef lagt fyrir hæstv. utanrrh. um þróun efnahagsmála í kjölfar stækkunar Evrópu, komið mjög vel fram í fyrirspurn og umræðum um hver munurinn verði í löndunum sem taka upp evru og hjá okkur, og það hefur komið skýrt fram að munurinn er gífurlega mikill og að það verður að taka á varðandi umhverfi atvinnulífsins hér til þess að menn geti haldið einhverri samkeppnishæfni fyrirtækjanna sem eru á Evrópumarkaði. Við erum búin að vita þetta lengi, við erum búin að vera að ræða þetta í allt haust.

En það er eitthvað að í umfjöllun efnahagsmála hjá okkur. Gengislækkunin er sennilega að verða 30% frá upphafi ársins í fyrra. Það er mjög erfitt að átta sig á því hvernig hún hefur í raun þróast. Við höfum viðmiðunina gagnvart dollar en um mitt árið núna var ljóst að hún var orðin u.þ.b. 25% frá upphafi ársins á undan og nú mælist hún mjög hátt frá upphafi þessa árs. Það er því ekki ósennilegt að það sé frekar nær 30%. Verðbólgan er komin úr öllum böndum á þessu hausti og við erum með ofurvexti, þá hæstu á samkeppnisvæðum íslenskra fyrirtækja og þetta erum við búin að vera að ræða, bara í öðru samhengi. Og það er alveg ljóst að að taka verður á umhverfi fyrirtækjanna hér til að bjarga því sem bjargað verður.

En þetta þurfti ekki að verða svona slæmt. Það er sama hvert við lítum að haldið hefur verið öðruvísi á málum en á að halda á þeim hér og nú, þegar í óefni er komið. Það er vegna þess að þannig hefur verið flotið að feigðarósi að Alþingi verður að lækka skatta fyrirtækja og þess vegna gerir líka Samfylkingin tillögu þar um þó að hún vilji fara aðrar leiðir en stjórnarmeirihlutinn til þess að reyna að rétta við samkeppnisstöðuna fyrir þau fyrirtæki.

Þess vegna verður ríkið af umtalsverðum tekjum núna, einmitt þegar afleiðingar efnahagsstefnunnar eru að skella á venjuleg heimili, og reyndar á fyrirtækin vegna þess að fyrirtækin vita, Samtök atvinnulífsins vita það og Samtök iðnaðarins vita að þessi vandi er heimatilbúinn vegna aðgerðaleysis stjórnarflokkanna missirum saman.

Það er alveg ljóst að þessi efnahagsstaða skapar ekkert umhverfi fyrir nýja vaxtarbrodda eins og hér hefur komið fram, fyrir ný fyrirtæki sem ekki eru í útflutningi en þurfa að sækja sitt til útlanda. Það er náttúrlega alveg dæmafátt að hugsa til þess hvernig mismunurinn er að verða í skattheimtu í okkar litla landi. Ég ætla að koma aðeins að því síðar.

En áður langar mig að bregðast örlítið við af því það var svo athyglisvert að hlusta á orðaskipti hv. þm. Péturs Blöndals og hv. þm. Vilhjálms Egilssonar um skattlagningu fyrirtækja og áhrifin af sölu ríkisfyrirtækja. Og þá veltir maður því fyrir sér hvernig umræðan um þessi mál er innan Sjálfstfl., að það skuli vera þannig að þessir þingmenn þurfi að hnippast á hér í ræðustól Alþingis. Að hv. þm. Pétur Blöndal þurfi að skrifa efh.- og viðskn. bréf sem hann óskar sérstaklega eftir að sé tekið fyrir í nefndinni — með sjónarmiðum sínum. Og auðvitað erum við öll minnug þess að hv. þm. Pétur Blöndal átti sæti í efh.- og viðskn. en sagði sig úr nefndinni. Ég ætla ekkert að blanda mér í þessi orðaskipti en auðvitað tökum við eftir þeim og veltum vöngum yfir samráðinu og vinnunni í þeim stóra flokki.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson, félagar mínir, hafa gert því skil í ræðum sínum að annars vegar hækkun tryggingagjaldsins og hins vegar tregðan við að leggja af stimpilgjaldið í áföngum hitta litla manninn afskaplega illa fyrir. En það er eins og annað í þessum tillögum.

Ég nefndi að ég ætlaði aðeins, áður en ég færi nánar í tillögurnar um skattamál, að staldra við hv. þm. Pétur Blöndal og ræðu hans. Hann orðaði það svo að ef það væri 100% skattur í landinu mundi enginn vinna og þess vegna yrði að finna ásættanlega tölu einhvers staðar á milli 0 og 100%. Hann nefndi það líka að ef skattpíning væri í landinu þá mundu skattsvik aukast, og ef lægri skattar væru á fyrirtæki þá væri aukin nýsköpun, aukin atvinna og meiri fjárfesting. Þetta hljómar afskaplega vel. Þetta er ekki endilega svona. Það hefur ekki endilega alltaf verið svona.

En ég skil a.m.k. áhersluna á gífurlega lækkun skatta á fyrirtæki núna út frá þessu sjónarmiði. En af tilefni þessara orða hv. þm. Péturs Blöndals langar mig að nefna þetta með samfélag. Samfélag snýst ekki bara um hvar maður stoppar ef maður færir fingurinn frá 0 að 100% skatti. Fyrirmyndarsamfélag er þar sem eru gagnkvæmar skyldur og gagnkvæmur réttur og það er hægt að setja eina yfirskrift yfir þessar tvær setningar og hún gæti verið „réttlæti“. Skattalögin sem við búum við í dag eru ekki réttlát, það er mjög ójafnt gefið. En skattkerfið, eftir þær breytingar sem stjórnarmeirihlutinn er að gera núna, er enn þá óréttlátara vegna þess að tekjuminnsta fólkið á að bera þyngstu klyfjarnar og það er fullkomlega óásættanlegt, jafnvel þó að það séu erfiðir tímar

og jafnvel þó að einhverjum finnist að það sé í lagi að láta minnsta manninn greiða af því að það þurfi að taka á stóru fyrirtækjunum.

En það er ekki úr vegi, herra forseti, að drepa aðeins niður í álit Þjóðhagsstofnunar 4. desember, í fyrradag. Því er spáð að landsframleiðslan minnki um 1% á næsta ári samanborið við 0,3% í þjóðhagsáætlun eins og hún kom fram í haust af því að það eru lakari efnahagsleg skilyrði og meiri samdráttur þjóðarútgjalda en áður var gert ráð fyrir. Og hagvöxturinn hækkar hugsanlega um 0,3%. Viðskiptahallinn verður þrátt fyrir alla umræðu um annað samt 49 milljarðar á þessu ári og menn eru að spá því að hann geti farið niður í 38% á næsta ári. Hækkun neysluvöruverðs á milli áranna 2000 og 2001 er spáð að verði 6,6% og á hverjum lendir það? Og því er spáð að hún verði 6,1% á milli 2001 og 2002. Það er umhugsunarefni inn í þessa umræðu.

Hins vegar er talið rétt að vekja athygli á mikilli óvissu um þessa spá vegna óstöðugleika á gjaldeyrismörkuðum og óvissu um launaþróun. Og ég tel það fullkomlega eðlilegt að Þjóðhagsstofnun setji þann fyrirvara.

Fjórði punkturinn sem Þjóðhagsstofnun gerir að meginatriði er að þegar horft er fram á árið 2002 þá virðast efnahagshorfur góðar og búist er við að efnahagslífið í heiminum hafi náð sér á strik — takið eftir, með leyfi forseta, „í heiminum". Gleymum því þá ekki að efnahagsstaðan hjá okkur hefur ekki bara hangið saman við það sem er að gerast í heiminum, eins og ég hef þegar getið um, og það megi þess vegna búast við að hagvöxtur geti orðið um 3%. Þá er spáð nær sama hagvexti hér og í heiminum þar sem hlutirnir verða betri ef ráðist verður í áformaðar stórframkvæmdir í álíðnaði — ef. Ég ætla ekki að segja orð meira um þau mál, en það er þarna stórt ef.

Herra forseti. Ég ætla að víkja örfáum orðum að nál. sem fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. hafa lagt fram. Þeir hafa dregið fram helstu gallana á skattalagabreytingum ríkisstjórnarinnar og ég ætla ekki að endurtaka það en ég ætla bara að árétta það sem þegar hefur komið fram að mesti mismunur í sköttum einstaklinga og fyrirtækja verður 23% með þessum tillögum. Og við eigum að segja það alls staðar sem við komum og muna hvar sem við tökum þátt í pólitískri umræðu að mesti munurinn er 23%. Ég ætla líka að vekja athygli á því að þar sem eru settar fram mjög harðar ádeilur á tillögur stjórnarmeirihlutans þá eru þær allar studdar umsögnum þeirra aðila sem gerst þekkja, ríkisskattstjóra, skattstjóra, sýslumanna o.s.frv.

Í umræðunni fyrr í dag þegar Jóhanna Sigurðardóttir, sem var framsögumaður fyrir Samfylkinguna í þessu máli og mælti fyrir nál. Samfylkingarinnar, ræddi mismun á skattprósentunni var það gert tortryggilegt að sá sem þægi lægri skattprósentu væri að svíkja undan skatti. Hún svaraði því eðlilega um leið og leiðrétti það.

En það sem stendur eftir hér er að velji einstaklingur að hagræða málum sínum og nýta lagaheimildir, hvort sem það er einstaklingur í rekstri með ekkert mannahald sem ætlar að breyta um rekstrarform og fara í 26% skatt eða einkahlutafélag þar sem menn nýta allar lagaheimildir um slíkt, þá kemur út úr því skattahagræðing sem enginn launamaður á möguleika á þó að allt annað sé eins.

Þetta er auðvitað umhugsunarefni fyrir okkur og það er að gefnu þessu tilefni sem við höfum sett fram tillögur okkar með þeim hætti að þær eru raunhæfar og sanngjarnar. Við erum að taka tillit til efnahagsumhverfis sem stjórnarmeirihlutinn hefur skapað hérlendis og reyna að bregðast við honum en á annan hátt en ríkisstjórnin. Þess vegna vek ég sérstaklega athygli á því að löndin í kringum okkur, Svíþjóð, Noregur og Finnland eru með 28% skatt á hagnað fyrirtækja, Sviss er með 28% og Írland með 20%. Að vísu hefur formaður efh.- og viðskn. upplýst að þar geti þetta verið misjafnt, að gömul fyrirtæki geti verið með 20% en splunkuný einhvers eðlis séu með lægra. Það leiðir hugann að því að meira að segja á Írlandi gera menn sér grein fyrir því að ný fyrirtæki geta verið þvílíkir sprotar að skattlagning og með hvaða hætti hún er framkvæmd getur ýtt þeim umsvifalaust út af borðinu, alveg eins og mun gerast með mörg ný fyrirtæki í samfélagi okkar þar sem er mikill rekstur en litlar tekjur, af því menn fara ekki í tryggingagjaldið í stað þess að lækka tekjuskattsprósentuna.

Það er því ljóst að við erum með þeim lægstu og mætti spyrja hvort við verðum að vera fyrir neðan öll önnur lönd í skattprósentu fyrirtækja til þess að erlend fyrirtæki yfirleitt hugi að því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Auðvitað er svarið nei.

Fyrirtæki í útlöndum eða fjárfestar eru ekki endilega að horfa á það hvort að á Írlandi finnist tegund fyrirtækja sem lýtur lögum um lægri skattprósentu en finnst hér. Það sem fyrirtækin eru að gá að og við verðum að bjóða upp á er stöðugleiki. Stöðugleiki, orðið sem var notað svo mikið í fyrra og svo mikið í notað hittiðfyrra. Það trúðu því allir og fólk fór og keypti íbúðir og hús og gerði áætlanir út frá tekjunum sínum og innkomu fjölskyldunnar í stöðugleikanum. En núna hefur allt breyst og nú er það ekki tiltökumál sýnist mér þó mánaðarútgjöld fjölskyldna sem þannig fóru skipulega í málin út frá eigin tekjum og stækkuðu við sig eða komu sér þaki yfir höfuðið, hækki um 12–15 þúsund á mánuði, ekki tiltökumál. Það er enginn að tala um það fólk, ekki þeir sem hafa talað af hálfu stjórnarmeirihlutans. Nei, það er nefnilega stöðugleikinn sem fólkið í landinu vill og það er stöðugleikinn sem útlendingar þurfa til að þora að koma hingað. Þeir treysta ekki þessu landi.

Það er líka fróðlegt að skoða svörin, og ég get nefnt það af því ég hef verið fús að fræðast um afleiðingar af upptöku evrunnar fyrir Ísland og ég hef spurt af því að ég hef ekki gert upp hug minn og af því að mér finnst mikilvægt að fá að heyra hvað felist í ákvörðunum og breytingum í Evrópu til þess að ég eigi í fyllingu tímans auðveldara með að taka ákvarðanir fyrir mig. Mér finnst athyglisvert að í öllum svörunum hefur komið fram hvað fyrirtæki standi miklu verr, eins og ég hef farið hér yfir. Það er líka athyglisvert og menn ættu að skrifa það hjá sér því að stundum held ég að þeir viti það ekki, að ef við værum í þessum félagsskap, sem við náttúrlega erum alls ekki búin að ákveða hvort við viljum vera í, þá mundi ekki þýða að vera með verðtryggingu. Nei, þá yrði maður að haga öllum efnahagsaðgerðum sínum út frá því. Þetta er umhugsunarefni.

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að fara svolítið nánar ofan í það sem mér hefur fundist skipta mestu máli varðandi nefndarálitið sem hér hefur verið kynnt. Ég ætla ekki að gera það vegna þess að ég ætla ekki að flytja miklu lengri ræðu. En ég ætla að nefna tvennt, t.d. það sem kemur hér fram um að mundi gerast ef stóru fyrirtækin með samningana — af því að í umsögn Þjóðhagsstofnunar kom fram að hægt væri að ná þessum hagvexti ef áformaðar stórframkvæmdir yrðu í álíðnaði og það dregur auðvitað athyglina að slíkum stórfyrirtækjum og þau eru með sérstaka samninga og

skattasamninga — mundu gera kröfu um að fá endurskoðaða samninga og fá að greiða skatta eins og önnur fyrirtæki í landinu. Það mundi breyta þeim tölum sem við erum að tala um alveg gífurlega. Þá værum við bara í Reykjanesi að breyta tölunum sem hér hafa verið kynntar um liðlega 500 millj. Það eru því mörg „ef" í þessu máli, herra forseti.

Það er með ólíkindum, þegar verið er að taka ákvarðanir eins og þær sem eru teknar þessa dagana, að menn skuli ekki skoða það að stokka skattana upp með tilliti til launafólksins í þessari stöðu. Ég ætla að enda mál mitt á að minnast á dæmið sem Sveinn Jónsson setti upp í grein sem Sverrir Hermannsson vitnaði í fyrr í dag. Ég hef farið yfir þessa grein og ætla að ljúka máli mínu á þeirri umfjöllun, af því það er ekki alltaf að þeir sem á okkur hlýða við umræðuna, skilji þetta flókna tal um skattumhverfið. Þess vegna ætla ég, með leyfi forseta, að lesa hér örfáar línur sem skýra muninn á þessum tveimur, Jóni og Pétri, sem lifa hvor í sínu skattumhverfinu þótt kannski sé allt annað eins. Dæmið sem Sveinn Jónsson sýnir fram á mismununina sem stefnir í með því að þeir sem eru í eigin rekstri, einstaklingar, geti skipt yfir í öðruvísi skattaform. Hann segir, og enginn efast um að Sveinn Jónsson hafi grundvallarþekkingu á þessum málum:

„Jón er launþegi enda hefur verið lítið um það á hans starfssviði að menn gætu boðið fram vinnu sína sem verktakar. Auk starfa fyrir aðallaunagreiðanda vinnur hann töluverða aukavinnu fyrir aðra. Ætla má að tekjur hans á árinu 2001 verði að meðaltali 550.000 kr. á mánuði.

Pétur hefur starfað sem verktaki og fært tekjur sínar í rekstrarreikning og á skattframtal sem einstaklingur með rekstur samkvæmt núgildandi reglum. Hann hefur því greitt sama hlutfall í skatt af tekjum sínum og Jón. Pétur er heimilifandi yfir framkomnum tillögum í skattamálum. Hann er þegar búinn að ákveða að stofna einkahlutafélag með 500.000 kr. hlutafé og verður hann eini hluthafinn. Pétur verður jafnframt eini starfsmaður félagsins enda hefur hann ekki haft starfsmenn í þjónustu sinni til þessa. Hann áætlar að tekjur sínar að frádregnum rekstrargjöldum verði að meðaltali 550.000 kr. á mánuði á árinu 2001. Sem rekstraraðili þekkir Pétur reglur skattyfirvalda um svokallað reiknað endurgjald og mun framvegis sem hingað til reikna sér þau lágmarkslaun sem fram koma í reglunum varðandi hans starfsgrein og starfsumfang. Þetta lágmark er 330.000 kr. á mánuði á árinu 2001. Ef fyrirhugað skatthlutfall væri í gildi á árinu 2001 mundi hann því greiða 26,2% af 220.000 kr. á mánuði (550.000 mínus 330.000) í stað um 38%.

Ef hinar fyrirhuguðu reglur væru í gildi á árinu 2001 mundi Pétur greiða rúmlega 300.000 kr. minni tekjuskatta en Jón enda þótt tekjur þeirra séu þær sömu."

Sveinn Jónsson endurskoðandi spyr:

„Fær slík mismunun staðist? Væru Jón og Pétur jafnir fyrir lögum ef svona væri að farið?"

Herra forseti. Hann segir líka:

„Þeir Pétur og Jón, sem fjallað er um hér að framan, hafa vissulega góðar tekjur og spyrja má hvort umrædd mismunun muni ekki einungis snerta skatta fámenns hóps hátekjumanna. En þeir félagar Pétur og Jón hafa nú ekki hærri laun en það að þeir hefðu ekki greitt svokallaðan hátekjuskatt af þeim fjárhæðum á tekjuárinu 2000 enda bætast ekki við neinar tekjur frá maka. Þeir hefðu því ekki komist í hóp 15.144 skattgreiðenda sem greiddu hátekjuskatt af tekjum ársins 2000. Lögð skal áhersla á að fyrirhuguð mismunun verður enn meiri af fjárhæðum sem lenda í hátekjuskatti heldur en dæmið um Jón og Pétur sýnir."

Herra forseti. Ég ætla ekki að lesa meira úr þessari grein. Ég hvet þingmenn til að skoða hana. En ég get spurt eins og Sveinn Jónsson spyr lesanda sinn:

„Hefur þú, lesandi góður, aðstöðu til að komast í forréttindahópinn?"

Herra forseti. Ég legg mikla áherslu á að Samfylkingin hefur farið aðra leið en stjórnarmeirihlutinn í skattatillögum sínum. Við í Samfylkingunni höfum lagt mikla áherslu á að koma til móts, bæði við launþegana og þá sem eru í rekstri en hafa ekki miklar tekjur. Ég vona, af því þetta mál á að fara inn í efh.- og viðskn. á milli umræðna, að það verði tekið til greina að gera breytingar á þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

[16:55]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem hér talaði síðast, talaði um þá sem hefðu talað af hálfu stjórnarmeirihlutans í þessari umræðu. Ég hef fylgst með þessari umræðu í dag, herra forseti. Ég skil ekki af hverju hv. þm. sagði ekki bara „sá" (**RG:** Það er rétt.) vegna þess að hér hefur einungis einn maður talað fyrir hönd stjórnarmeirihlutans (**Gripið fram í:** Formaður nefndarinnar.) (Gripið fram í.) og það var formaður nefndarinnar sem talaði í u.þ.b. 20 mínútur um þetta mál, sem hann þó taldi vera stærsta mál þingsins. Síðan hafa stjórnarliðar, eða kannski réttara að segja, þeir sem tala af hálfu stjórnarmeirihlutans, ekki talað. Pétur Blöndal tók reyndar til máls ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Háttvirtur þingmaður.)

Hv. þm. Pétur Blöndal tók til máls til þess að undirstrika sérstöðu sína hvað varðar þessi mál eins og reyndar flest önnur mál sem hér koma fram, hvort sem það eru mál af hálfu ríkisstjórnar eða mál okkar stjórnarandstæðinga.

Hann hefur kvartað undan því að naumt væri skammtaður tíminn fyrir stjórnarflokkana, sakir þess að hann kemst ekki alltaf að til þess að marka sérstöðu sína. Það er nú öll samstaðan í Sjálfstfl. eða stjórnarliðinu. En einhverra hluta vegna hefur í þessu stærsta máli þingsins, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson orðaði það, þeim ekki þótt ástæða til þess að tala um það nema í 20 mínútur og þá var málið afgreitt að því er virðist.

Ég held að það sé ekki svo einfalt, herra forseti. Ég vil áður en ég fer að tala um frv. nota tækifærið og óska Sjálfstfl. til hamingju með að nú þegar þeir eru búnir að vera tíu ár í fjmrn. sjái kannski fyrir endann á ekknaskattinum illræmda. Ástæða er til að nefna það hér vegna þess að mér er það minnisstætt þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu og sá ekkert verra og ekkert eitraðra og ekkert mikilvægara markmið í skattamálum en að afnema þennan ekknaskatt, sem þeir sjálfir nefndu svo. En eftir tíu ár, herra forseti, hafa þeir loksins séð ljósið hvað varðar þá sjálfa og nú virðist loks sjást fyrir endann á ekknaskattinum.

Herra forseti. Þingmálið sem við ræðum hér er vissulega stórt. Ég tek undir það að við erum hér að ræða eitt stærsta mál þingsins og á morgun ræðum við líklega stærsta málið sem er fjárlagafrv. Þessi mál eru stór vegna þess að þau taka til þess hvernig menn ætla sér annars vegar að hafa áhrif hér á hagstjórnina og hins vegar hvernig þeir ætli sér að deila út byrðunum.

Tilgangur frv. sem við ræðum hér í dag og breytinganna sem það boðar í skattamálum er yfirlýstur sá að styrkja sam-

keppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Um það er ekkert nema gott að segja. Það er afskaplega mikilvægt að menn hafi hugann við að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. En miðað við það sem hér hefur verið rakið í dag, og kemur mjög glöggt fram í nál. 1. minni hluta, nál. fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., virðist sem samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs sé sæmilega tryggð, séu skattprósentur bornar saman. Það kemur fram þegar það er skoðað að í skattprósentu, hvort sem um er að ræða skatta fyrirtækja, tekjuskatta, skatta af arði eða aðra skatta sem lúta að fyrirtækjum í landinu og fjármagni, virðumst við vera samkeppnisfær.

Því hlýtur maður að spyrja, herra forseti: Af hverju á að lækka skattprósentuna svo mikið, niður í 18%? Hver er tilgangurinn? Hvað er ríkisstjórnin að reyna að gera?

Það er augljóst, af því sem fram hefur komið, að sú staða að við stöndum nokkurn veginn jafnfætis, reyndar dálítið betur hvað varðar skattprósentu, dugir ekki. Það þarf að fara neðar með skattprósentuna. Jú, herra forseti, það er nefnilega svo að íslenskt atvinnulíf býr að mörgu leyti við býsna flóknar aðstæður. Þær munu ekki verða einfaldari eða betri þegar fram líða stundir.

Herra forseti. Mér sýnist að menn séu hér eftir ýmsum leiðum að takast á við hinn litla gjaldmiðil, krónuna, þ.e. menn eru að reyna að mæta með skattalækkunum því óhagræði íslensks atvinnulífs sem felst í því að það skuli þurfa að vinna með svo lítinn gjaldeyri, að það skuli þurfa þar með að búa við svo hátt vaxtastig, svo ótryggt efnahagsástand, svo mikið flökt á krónunni — það er kallað flökt núna þó sveiflan sé 30%, þetta var kallað gengisfelling hér á árum áður — menn eru að reyna að mæta þeirri stöðu sem íslenskt atvinnulíf býr við, en ekki má tala um af hverju.

Herra forseti. Ég held hins vegar að það sé alveg nauðsynlegt að við setjum þetta allt í samhengi. Þá vil ég nefna í leiðinni það frv. sem hér var dreift í dag um breyting á lögum um bókhald. Í 2. gr. þess frv., herra forseti, er fjallað um breytingar sem miða að því að heimila fyrirtækjum færslu bókhalds og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Gefin voru fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar um að íslensk fyrirtæki fengju að gera þetta og þau hafa fagnað því. Þau hafa jafnframt komið fram með þá kröfu að þau fái þá einnig að skrá hlutabréf sín í erlendri mynt og sömuleiðis að gera launasamninga í þeirri sömu mynt.

Herra forseti. Þetta segir okkur nokkuð um það hvern áhuga íslensk fyrirtæki hafa á því að tengjast erlendri mynt eða fá að vinna í annarri mynt en krónunni.

Ég held að þessum þrýstingi linni ekki, herra forseti, þó svo að skattprósentan fari niður í 18% vegna þess að skattprósenta í 18% getur verið góð fyrir þau fyrirtæki sem hafa nokkurn hagnað. Einhvers staðar kemur hér fram að einungis tiltekin stórfyrirtæki muni njóta þess. Ég held, herra forseti, að áfram verði ákveðinn þrýstingur á að menn skoði í alvöru aðra möguleika og að menn haldi áfram að þrýsta á að fá þá frekari breytingar í framhaldi af þeim breytingum sem hér eru boðaðar í frv. til laga um breyting á lögum um bókhald, þ.e. að fyrirtæki geti fært bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Herra forseti. Menn eru hér sem sagt að mæta ákveðnum erfiðleikum íslenskra fyrirtækja sem skapast af því að við erum að vinna við lítinn gjaldeyri sem gerir það að verkum að efnahagsástandið er að mörgu leyti mun erfiðara fyrir íslensk fyrirtæki en þau fyrirtæki sem þau eiga í samkeppni við. Þá finnst mér líka að menn eigi að segja það og fyrst aðrir urðu ekki til þess þá geri ég það hér með vegna þess að ég held að mjög mikilvægt sé að umræða eins og þessi sé notuð til þess að setja fram tilteknar hugmyndir og ræða þær, setja fram skoðanir eða setja hlutina í nýtt samhengi.

Fyrir ári síðan var eðlilega verið að ræða hér skattamál líka. Þetta er sá tími. Þá lýstum við í Samfylkingunni því yfir að við værum tilbúin til að skoða eignarskattana og að við værum jafnframt tilbúin til þess að fella niður stimpilgjöldin.

Þessa sér stað í þeim tillögum sem við leggjum hér fram og kynntar hafa verið. Ég vil aðeins fara yfir, herra forseti, hvernig frv. sem hér er nálgast þennan veruleika fyrirtækjanna og sömuleiðis einstaklinganna og þá líka út frá því sem áður hefur verið rætt.

Verið er að tala mikið um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og ég er búin að fara yfir það að mér finnst það eðlilegt en teldi kannski að rétt væri að ríkisstjórnin orðaði nálgun sína þannig að mönnum væri þá ljóst hvað þeir eru að hugsa og hvernig.

En ég vil líka nefna, herra forseti, að við þurfum ekki bara að hugsa um samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Við þurfum líka að velta því fyrir okkur hvaða samkeppnisstöðu einstaklingarnir og fjölskyldurnar hafa og við þurfum að velta fyrir okkur þeim sköttum sem bæði einstaklingar og þá fjölskyldur og heimili þurfa að greiða.

Þetta frv. tekur ekki á þeirri samkeppni, ekki hvað varðar tekjuskattana, nema að sáralitlu leyti sem samið hafði verið um í kjarasamningum. Og ég er ansi hrædd um það, herra forseti, að menn verði að fara að horfa meira á þessa hlið eins og við í Samfylkingunni reynum að gera með okkar tillögum, þ.e. horfa á þá hlið að líka er samkeppni um einstaklinga. Einstaklingarnir eru orðnir mjög hreyfanlegir, ef það má orða það svo. Það eru ekki bara fyrirtækin sem leita að betri aðstæðum. Það gera líka einstaklingar og fjölskyldur. Þess vegna er dálítið skammsýnt, herra forseti, að einblína svo mjög á fyrirtækin, en gleyma nánast einstaklingunum og fjölskyldunum.

Ég ætla þó ekki að forsóma það sem gert er hér til bóta eins og að fella niður skatt af húsaleigubótum, sem hefur lengið verið baráttumál okkar þingmanna Samfylkingarinnar og er nú loks að komast í höfn.

Herra forseti. Mig langar til þess að ræða hér fyrst um þessa hækkun á tryggingagjaldinu. Í greinargerð með frv. ríkisstjórnarinnar kemur beinlínis fram að tryggingagjaldið sé hækkað á móti skattalækkunum, þ.e. um leið og menn lækka skattinn á fyrirtækjunum með annarri hendinni, hækka þeir skattinn á fyrirtækjunum með hinni hendinni, svona á móti, eins og þeir orða það. Og skattinn, segi ég, herra forseti, vegna þess að eins og tryggingagjaldið er skilgreint í frv. ríkisstjórnarinnar er ekki hægt að líta öðruvísi á en svo að hér sé um skattahækkun að ræða. Í skilningi OECD væri þetta skilgreint sem skattahækkun, einfaldlega vegna þess að það vantar skilgreiningu á bak við þessa hækkun gjaldsins.

Það kemur fram í lögum um tryggingagjald að ráðstöfun þess er algjörlega sundurgreind, enda er það flokkað sem gjald en ekki skattur. Og í 3. gr. laganna um tryggingagjald er farið nákvæmlega í gegnum það hvaða aðilar, eða hvaða verkefni, hvaða viðfangsefni, fá þær tekjur til ráðstöfunar sem inn koma vegna tryggingagjaldsins. Þær renna m.a. til Atvinnuleysistryggingajóðs, þær renna í Fæðingarorlofssjóð og þær renna m.a. til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjár-

magna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem fjmrh. setur með reglugerð.

Herra forseti. Þess vegna er mikilvægt að það komi fram hér í umræðunni, ef menn eiga ekki að sitja eftir með þá tilfinningu að hér sé eingöngu verið að hækka skatta, að hækka skatta þegar um tryggingagjaldið er að ræða, hvernig ríkisstjórnin hafi hugsað sér að verja þessum hluta tryggingagjaldsins, þessum 2,5 milljörðum.

Ef ekkert kemur fram um það, herra forseti, þá er hér einfaldlega um skattahækkun að ræða og þá verður þetta dálítið fyndið vegna þess að menn eru þarna að hækka skatta á fyrirtækjum með annarri hendinni, um leið og þeir lækka þá með hinni.

Það eru hins vegar ekki sömu fyrirtækin sem njóta eða verða fyrir. Stór skuldlítil fyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem eru búin að byggja upp eignir og skila hagnaði, munu njóta skattbreytinga ríkisstjórnarinnar. Ung fyrirtæki sem eru að byggja sig upp, ég tala nú ekki um fyrirtæki sem byggja fyrst og fremst á mannauði, munu hins vegar líða fyrir hækkun tryggingagjaldsins.

Herra forseti. Mér finnst að þetta sé kannski ekki sú ráðstöfun sem menn hefðu átt að fara í núna. Mikilvægara hefði verið, að mínu mati, að menn reyndu að hlúa að vaxtarsprotunum og færu ekki í þær æfingar að hækka á þeim skattana á meðan verið er að lækka þá af hinum stærri og stöndugri fyrirtækjum. En þetta er atvinnustefna hæstv. ríkisstjórnar og hún liggur þá fyrir með þessum hætti.

Herra forseti. Mér finnst líka mikilvægt þegar við erum að skoða tryggingagjöldin á Íslandi og horfum á rök ríkisstjórnarinnar fyrir hækkuninni sem þau að tryggingagjald sé tiltölulega lágt á Íslandi, að við veltum því aðeins fyrir okkur hvar menn eigi þá að flokka t.d. lífeyrisiðgjöld. Nú eru greidd 10% plús af launum fólks í lífeyrissjóði. Þessar greiðslur — þ.e. sambærilegar greiðslur, því ekki eru nú aðrir með sambærilegt eða eins lífeyrissjóðakerfi — en sambærilegar greiðslur eru flokkaðar sem tryggingagjald eða launaskattar annars staðar og því væri eðlilegt að þessi tala, 10% plús, yrði tekin inn í og að menn litu á þetta í heild sinni þegar verið er að skoða tryggingagjaldið og bera það saman við það sem gerist annars staðar.

En þetta ásamt hinu, herra forseti, að hér vantar skilgreiningar á þessa hækkun, gerir það að verkum að mér finnst a.m.k. að af hálfu stjórnarmeirihlutans þyrfti að hafa frekari orð um það sem menn eru að gera og að röksemdin eða það sem menn færa fram sem rök fyrir þessari breytingu, standist ekki þegar farið er að skoða málið betur.

Við sjáum það á töflu sem er fylgiskjal VIII í nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., nál. fulltrúa Samfylkingarinnar, þar sem verið er að bera saman hlutfallslega skiptingu skatttekna hins opinbera í OECD-löndunum, að þar er jú tryggingagjaldið frekar lágt. En eins og ég sagði áðan, eru lífeyrisiðgjöldin þar ekki innifalin. Þessi tafla er afar athyglisverð að ýmsu leyti vegna þess að hún sýnir mjög glögglega hver staða Íslands raunverulega er í hinu skattalega umhverfi OECD og þar kemur vel fram það sem ég nefndi í upphafi ræðu minnar, þ.e. ef menn eru bara að horfa á samkeppnishæfnina hvað varðar fyrirtækin þá þarf ekki að breyta skattprósentunni þess vegna. Annað liggur til grundavallar. Hins vegar er alveg ljóst af þessari töflu að einstaklingarnir hvað varðar tekjuskatt, eru nokkuð skattpíndir á Íslandi og sömuleiðis fjölskyldurnar, ef við getum talað um skatta á vöru og þjónustu eða virðisaukaskattinn sem sérstakan fjölskylduskatt, vegna þess að það er neysluskattur og líklega langstærsti hluti skattgreiðslna flestra fjölskyldna.

Herra forseti. Ég vildi láta þetta koma fram sem skoðun mína á þessari breytingu á tryggingagjaldinu. Ég geri kröfu til þess að það sé skilgreint í hvað þetta gjald eigi að fara og að menn umgangist þá röksemd sem þeir hafa fyrir því að hækka gjaldið svolítið varlegar en gert er hér í textanum vegna þess að hann er í rauninni alls ekki í samræmi við þann veruleika sem menn ættu að vera að tala út frá.

Annað mál er hér inni, herra forseti, sem ég vildi gjarnan nefna og það er stimpilgjaldið. Eins og ég gat um áðan lýstum við fulltrúar Samfylkingarinnar því yfir í umræðum fyrir ári síðan að við værum tilbúin að skoða afnám stimpilgjalds sem er úreltur skattur í engu samræmi við það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur og hefði vissulega átt að horfa til ef menn væru í alvöru að horfa til samkeppnishæfni, hvort sem fjölskyldur eða fyrirtæki eiga í hlut. Stimpilgjald er, eins og menn þekkja, skattur sem lagður er á í hvert skipti sem menn eru með eignabreytingar. Varaformaður Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir, hefur í tvígang flutt frv. um afnám stimpilgjalds í áföngum og nú liggur einmitt slíkt frv. fyrir Alþingi. Það er, eins og segir, með leyfi forseta, í greinargerð þess frv.: „... óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum."

Þarna erum við komin að samkeppnishæfninni beint, herra forseti.

Hér kemur einnig fram að stimpilgjöld séu mjög ósanngjarn skattur gagnvart einstaklingum, einkum þeim sem eru að koma sér upp húsnæði. Með innheimtu stimpilgjalds af lánum einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja er í raun verið að innheimta nokkurs konar fátækraskatt. Þessi lán eru oftast veitt þeim sem ekki hafa efni á að fjármagna húsnæðiskaup eða aðrar nauðsynjar af eigin fé. Það er ítrekað, herra forseti, að það sé óeðlilegt að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt æ ofan í æ. Þar er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun. Það er einnig fullyrt, herra forseti, í nefndaráliti Samfylkingarinnar, þeirra fulltrúa hennar sem eru í efh.- og viðskn., að afnám stimpilgjalda kæmu sér sérstaklega vel bæði fyrir fyrirtæki og heimili.

Það er líka ljóst, herra forseti, að afnám stimpilgjalda mundi sérstaklega gagnast litlum og meðalstórum fyrirtækjum vegna þess að þau geta síður en hin stærri fyrirtæki leitað sér lánsfjár erlendis. Það er þess vegna, herra forseti, sem Samfylkingin leggur til að stimpilgjöldin verði afnumin í áföngum. Við erum með tillögu beinlínis þess efnis sem hluta af þeim tillögupakka sem við leggjum fram í þessa skattaumræðu og vísum þar að sjálfsögðu í það frv. sem varaformaður Samfylkingarinnar hefur flutt.

Þegar þetta er lagt saman, þ.e. annars vegar það hvernig ríkisstjórnin fer í skattbreytingarnar með því að lækka tekjuskatt á fyrirtækin, lækka eignarskatta og hækka á móti tryggingagjaldið og hins vegar hitt að hirða ekki um stimpilgjaldið, finnst mér að verið sé að sýna hér ákveðna atvinnustefnu eins og ég sagði áðan, atvinnustefnu sem liggur þá fyrir og er í rauninni þveröfug miðað við þá stefnu sem við höfum viljað fylgja. Við höfum gjarnan viljað sjá að menn reyndu frekar með þeim aðgerðum sem farið væri í að hlúa að hinum minni fyrirtækjum, að hlúa að þeim vaxtarsprotum sem hér eru til í atvinnulífinu, hlúa að fyrirtækjum þar sem mannvitið

er það verðmætasta en eins og menn þekkja í mörgum þeim fyrirtækjum sem hér hafa haslað sér völl í tölvutækni ýmiss konar, hugbúnaðargerð — þar er kostnaður vegna tækja eða húsnæðis tiltölulega lítill og verðmætið sem liggur í þeim fyrirtækjum liggur í þekkingu einstaklinganna sem þar starfa. Ég er ansi hrædd um að tryggingagjald geri þessum fyrirtækjum nokkurn óleik en þau geti hins vegar ekki notið þess hagræðis sem önnur fyrirtæki geta, annaðhvort með lækkaðri skattprósentu eða lægri eignarsköttum.

Herra forseti. Það kemur fram og hefur komið fram í þessari umræðu að skattbyrðinni hefur í auknum mæli verið velt af fjármagni og fyrirtækjum yfir á laun og vinnuafl hér á Íslandi undanfarinn áratug og það er enn stefnan í þessu frv. Það er vísað til þess að þróunin hafi verið þveröfug í ýmsum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Í greinargerð þess nefndarálits sem ég hef verið að vitna til, nefndarálits fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., eru nefnd lönd eins og Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð þar sem skattar á einstaklinga hafa verið að lækka sem hlutfall af landsframleiðslu en aukast á fyrirtæki. Þó eru fyrirtækjaskattar í þessum löndum lægri en á Íslandi.

Mér finnst, herra forseti, eins og ég sagði áðan, mjög nauðsynlegt að við horfum líka til einstaklinganna, að horft sé til þess að það er líka samkeppni um þá. Það er ekki nóg að líta bara til samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Við þurfum líka að gæta að því að einstaklingar og fjölskyldur vilji eiga heima á Íslandi, vilji verja kröftum sínum og nýta þekkingu sína hér vegna þess að það verður lítið um íslenskt atvinnulíf ef við náum ekki að halda í okkar vel menntaða unga fólk sem hefur alla burði til að setjast að mjög víða um heiminn og getur þá valið sér land rétt eins og fyrirtækin. Þetta er eitthvað sem mér finnst að ríkisstjórnin hafi gleymt þegar hún var að stilla upp skattamálum sínum núna.

Herra forseti. Ég held að ég sé komin yfir það sem ég ætlaði mér að nefna í þessari umræðu. Það er fyrst og fremst það að skatthlutfallið er í sjálfu sér ekki það sem ríkisstjórnin er í rauninni að tala um vegna þess að það er í sjálfu sér í góðu lagi ef horft er á það í hlutfalli við skatt annars staðar hvað varðar fyrirtæki. Það hefur líka komið fram af því að menn eru að tala um fjárflótta að hann virðist ekki standa í beinu samhengi við hlutfall skattanna.

Það er annað sem menn þurfa að ræða um og mér finnst eðlilegt, herra forseti, að við ræðum í þessari umræðu. Þess vegna hef ég komið inn á það sem og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Við þurfum að ræða í þessari umræðu þau vandkvæði sem stafa af því að við erum með mjög lítinn og veikan gjaldmiðil og það skiptir vissulega máli fyrir íslensk fyrirtæki þegar við horfum á efnahagsumhverfi þeirra og þar með samkeppnisstöðu. Þó að menn vilji horfa fram hjá þessari augljósu staðreynd með því að reyna að tala um aðra hluti liggur þetta eigi að síður fyrir sem staðreynd. Til þess að þoka umræðunni áfram, herra forseti, held ég að æskilegt væri að menn ræddu það einnig og hefðu sem hluta af þeirri umræðu sem hér fer fram um samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og hvað það er sem við þurfum að gera til að mæta þörfum fyrirtækjanna fyrir stöðugra efnahagslíf, lægri vexti og minni gengisáhættu. Fyrir sumum liggur það svar í augum uppi en augljóslega má ekki nefna það í þessari umræðu, a.m.k. virðist það ekki vera vilji hæstv. ríkisstjórnar.

Herra forseti. Tillögur Samfylkingarinnar liggja hér fyrir sundurliðaðar. Nálgunin er önnur og í henni kristallast önnur sýn varðandi fyrirtækin í landinu, fjölskyldurnar og einstaklingana, og það er kannski það mikilvæga við slíka umræðu að hér sem og í umræðu um t.d. fjárlögin skýrast hinar pólitísku línur betur en í umræðu um ýmis önnur mál. Kannski má frekar segja þar sem ekki er hægt að marka jafnklára pólitíska línu og gerist þegar menn eru að tala annars vegar um möguleika fjárlagafrv. til hagstjórnar og hvernig því tæki hefur þá verið beitt og hvernig menn vildu beita því og hins vegar skattbreytingar, það er sem sagt spurningin um hverjir eiga að bera þær byrðar sem íslenskt samfélag gerir kröfu um á meðan við ætlum að vera hér með velferðarsamfélag.

Ég er alveg sannfærð, herra forseti, um að ekkert þýðir að bjóða íslensku samfélagi upp á þá mismunun sem óhjákvæmilega leiðir af því að skatttekjur minnki hér, þ.e. ef við þurfum að fara það langt niður með skattprósentuna á íslenskum fyrirtækjum til að laga efnahagsumhverfi þeirra svo þau geti staðist samkeppni við það umhverfi sem fyrirtæki erlendis búa við, og skiljum síðan launamenn eftir eina með skattbyrðina. Ég er ekki viss um, herra forseti, að það yrði þolað til lengdar en það er líka eitt af því sem við þyrftum að ræða í þessari umræðu.

[17:25]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það frv. sem hér hefur verið til umræðu í dag, skattalagabreytingar sem ríkisstjórnin flutti fljótlega eftir að þing kom saman og við erum að ræða hér við 2. umr. eftir meðferð hjá efh.- og viðskn., er um margt athyglisvert og hefur verið farið allvel í gegnum það eins og það lítur hér út. Það vekur hins vegar athygli mína, herra forseti, hvað þær tillögur sem hér liggja fyrir hafa litla athygli þingmanna fengið ef svo má að orði komast.

Ég hef fylgst með umræðum hér í dag og held að ég muni það alveg rétt að hér hefur enginn fulltrúi Framsfl., annars stjórnarflokksins, talað. Ég hef áður getið þess og sagt að mér finnist eins og Framsfl. sé orðinn einhver b-deild í Sjálfstfl., að Framsfl. hafi afsalað sér öllu hér og feli Sjálfstfl., hinum stjórnarflokknum, að fara með mál sín á hinu háa Alþingi nema í þeim örfáu tilfellum þegar framsóknarmenn eru að flytja mál sjálfir. Þannig hefur það verið í dag, herra forseti. Við höfum ekki heyrt í nokkrum hv. þm. Framsfl. og því miður verð ég að segja að ég sakna þess mjög að þeir séu ekki í salnum, að enginn framsóknarmaður skuli vera í salnum, vegna þess að ég mundi mjög gjarnan vilja spyrja framsóknarmenn út í ýmsa þætti hér, t.d. hvað tryggingagjaldið varðar sem landsbyggðarskatt sem það sannarlega er eins og komið hefur fram bæði við 1. umr. og svo núna í meðförum hv. efh.- og viðskn. Ég kem að því síðar. Framsfl. virðist algerlega dæma sig frá þessu máli. Það er náttúrlega mjög undarlegt að það sé ekki einu sinni hægt að eiga orðastað við fulltrúa Framsfl. í efh.- og viðskn., að maður tali ekki um ráðherra félagsmála sem fer með málefni sveitarfélaganna vegna þess að eins og hér kemur fram í þyngir tryggingagjaldið mjög öllum sveitarfélögum í landinu. Ég benti strax við 1. umr. á ákveðna vankanta á þessu máli hvað varðar sveitarfélögin og spurðist fyrir um hvernig menn hygðust lagfæra það gagnvart sveitarfélögunum. Mér fannst hæstv. félmrh. — ég ætla bara að segja það — koma af fjöllum varðandi þær fyrirspurnir sem ég lagði þá fram.

Hæstv. fjmrh. sem hér situr tók undir það atriði sem ég benti þá á varðandi skatta af einstaklingsrekstri, varðandi breytinguna yfir í einkahlutafélög og tekjutap sem sveitarfélögin yrðu fyrir og fannst það athyglisverð ábending og hvatti til þess að nefndin skoðaði það mál. Því vil ég leyfa

mér að leggja fram þá fyrirspurn til hæstv. fjmrh., sem hefur setið hér manna mest yfir þessari umræðu og ber að þakka fyrir, hvað hafi komið út úr þeirri vinnu gagnvart sveitarfélögunum og því tekjutapi sem þau óneitanlega verða fyrir við þessa breytingu á skattalögunum eins og ég hef hér rætt um. Tryggingagjaldið hækkar hjá þeim um 500–550 millj., og meira þegar tekið er tillit til keyptrar þjónustu. Hvernig á að bregðast við þessu, hvert verður tekjutapið vegna breytinganna úr einstaklingshlutafélögum yfir í einkahlutafélög og hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn sér að breyta þeim atriðum og koma til móts við sveitarfélögin?

Ég trúi því ekki að það sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar að koma þannig fram við sveitarfélögin, að draga út úr rekstri þeirra rúman milljarð eða meira og skerða þannig möguleika þeirra á að veita þjónustu sína. Ég þekki það vel til stöðu sveitarfélaga úti á landi að þau munu ekki geta dregið úr þjónustu sinni til að mæta þessum aukna kostnaði. Þá mun hefjast skuldasöfnun nema menn ætli hreinlega að leggja þá þjónustu af, ekki skera hana niður heldur leggja hana af. Ég held að það sé ekki gott fyrir byggðirnar ef smærri sveitarfélög um allt land þurfa að hætta rekstri ágætrar þjónustu eða skerða þjónustuna við íbúana í byggðarlagi sínu. Það gæti kallað á að einhverjir telji sig ekki geta búið í viðkomandi sveitarfélagi og vilji flytjast á brott. Þetta er mjög mikilvægt atriði og ég vil endilega heyra frá hæstv. fjmrh. á eftir hvernig þessu verði mætt.

Virðulegi forseti. Ég sagði að ýmislegt í þessum tillögum virkaði á mig sem hreinn landsbyggðarskattur. Hér er verið að leggja á nýja landsbyggðarskatta. Eins og hér hefur verið rakið er talið að fyrirhuguð hækkun á tryggingagjaldi um 0,77% muni að sjálfsögðu leggjast af fullum þunga á fyrirtæki á landsbyggðinni sem auk þess eru ekki þannig stödd að þau fái mikinn skattalegan ávinning af lækkun á tekjuskatti og eignarskatti.

Ég ætla svo sannarlega að taka undir það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur sagt um landsbyggðafyrirtækin. Ég ætla rétt að vona að þau fari að skila verulegum tekjuafgangi. Hann nefndi áðan að sjávarútvegsfyrirtækin græddu vel í dag. Við höfum séð það, t.d. að Samherji, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, hefur skilað 30% framlegð fyrir afskriftir og skatta. Það er sannarlega gósentíð hjá sjávarútvegsfyrirtækjum í dag. Ég er hins vegar ekki viss um að gengishrunið, sem orðið hefur og hefur styrkt rekstur þessara fyrirtækja þannig að þau fá meira fyrir seldar afurðir í dag en áður, verði til þess að þau skili hagnaði á næsta ári. Ég vona þó sannarlega að eitthvað muni breytast í þá átt.

Afleiðingar þessara breytinga hafa verið reiknaðar út af ríkisskattstjóra og það kemur fram í gögnum í nál. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar — um leið og ég nefni nöfn þeirra vil ég nefna að nál. þeirra er mjög viðamikið og vel unnið og eiga þeir hv. þm. heiður skilinn fyrir þetta nál. Ég hefði sagt að stjórnarmeirihlutinn hefði getað reddað sér út úr þessu klúðri með því að gera tillögur okkar í Samfylkingunni að sínum, þ.e. hefðu fulltrúar meiri hlutans í efh.- og viðskn. gert nál. okkar að sínu.

Tryggingagjaldið eins og það kemur fyrir, ég nefndi það áðan, samkvæmt skýrslu og útreikningar úr henni koma fram í nál. 1. minni hluta, hefur þau áhrif að fyrirtæki í Reykjavík, sem eru 11.502, munu fá lækkun eignarskatta upp á 861 millj., lækkun á tekjusköttum upp á 2,5 milljarða en munu hins vegar, ef tillögur ríkisstjórnarflokkanna verða samþykktar, þurfa að borga 1.728 millj. kr. meira í tryggingagjald. Þau munu hagnast á þessu um 1.637 millj. kr. Út af fyrir sig er það kannski ágætt að fyrirtæki skuli hagnast svo mikið á þessu. En ekki er allt gull sem glóir. Þar kem ég að þessum mismun milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Sama má segja um Reykjanes. Þar eru 4.540 félög sem telja fram. Þau munu njóta eignarskattslækkunar upp á tæpar 260 millj. Þau munu njóta þess að tekjuskattar þeirra lækka um 1.266 millj. Þau munu hins vegar aðeins greiða tæplega 500 millj. kr. meira í tryggingagjald og ávinningur þeirra verður þar um einn milljaður. Þá er Ísal-dæmið ekki tekið inn í, sem við kannski komum að síðar. Ef Ísal mundi banka upp á og fá að njóta hagsbótanna af þessum tillögum, ef samþykktar verða, þá mun þetta breytast töluvert.

Öðru máli gildir um landsbyggðarkjördæmin. — Nú sakna ég þess, herra forseti, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., 1. þm. Norðurl. v., skuli ekki vera í salnum. Mig langar mjög til þess að leggja fyrir hann nokkrar spurningar í þessu efni. (**JóhS:** Láta ná í manninn.) Það er spurning hvort Vilhjálmur sé í húsinu. Hann er búinn að vera hér í allan dag.

(**Forseti** (GÁS)**:** Hann er í húsi. Forseti gerir ráðstafanir til að ná í hann.)

Ég gat um það í upphafi að sá ágæti stofn sem telur sig til framsóknarmanna, þ.e. hv. þm. sem sitja á þingi og ég man ekki hve margir eru, hefur ekki sést mikið í dag.

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fyrir að koma í salinn. Ég tek þó skýrt fram að hann hefur setið hér í allan dag sem formaður efh.- og viðskn. og ég ætla ekkert að skammast yfir því að hann hafi fengið sér kaffibolla eða eitthvað þess háttar. En ég var, hæstv. forseti, að ræða um þessar tryggingagjaldsbreytingar og um hvernig það gagnast fyrirtækjum í Reykjavík og á Reykjanesi upp á tæplega 2,7 milljarða. Ég var hins vegar kominn að því að fjalla um hve illa þessar skattkerfisbreytingar munu koma við mörg fyrirtæki á landsbyggðinni. Það var það sem ég vildi spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson út í, formann efh.- og viðskn. sem jafnframt er 1. þm. Norðurl. v., þess landsbyggðarkjördæmis.

Í ljós kemur varðandi skattalegan ávinning fyrirtækja á Norðurl. v. og félaga sem telja fram, sem eru 727 talsins, að þau munu lækka í eignarskatti um 37 millj., lækka í tekjuskatti um 44 millj. en munu hins vegar þurfa að borga 78 millj. kr. meira í tryggingagjald. Þau munu einungis hagnast um 2 millj. kr. á þessari skattkerfisbreytingu. Er þetta einhver ný landsbyggðastefna þingmanna Sjálfstfl. og hæstv. ríkisstjórnar? Telja menn að þær breytingar sem hér er verið að boða með hækkun tryggingagjalds verði til að létta á fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni?

Ef við förum í önnur kjördæmi sem eiga eftir að sameinast í hinu nýja Norðvesturkjördæmi, tökum t.d. Vesturland þar sem eru 1.360 félög, munu þau lækka í eignarskatti um 59 millj., í tekjuskatti 62 millj., en munu hins vegar þurfa að borga tryggingagjald upp á 118 millj. Þau munu hagnast um 4 millj. Ef við förum til Vestfjarða, þá er svipað upp á teningnum. Ef við tökum þessi þrjú kjördæmi þá er skattalegur ávinningur þessara þriggja kjördæma 18 millj. kr. Það er allt og sumt. Þess vegna er rétt, herra forseti, sem menn hafa sagt og þingmenn landsbyggðarkjördæma, sama hvort þeir eru í Norðurl. v. eða Vesturl. — ég sé ekki þingmenn úr fleiri kjördæmum — ættu að hafa í huga að hér er enn einu sinni verið að ívilna fyrirtækjarekstri höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni mun sitja eftir, mun ekki fá skattalegan ávinning. Samkeppnisstaða fyrirtækja á

landsbyggðinni verður stórlega skert. Rekstrarskilyrði þessara fyrirtækja eru stórlega skert. Þegar þetta bætist svo við önnur afrek ríkisstjórnarflokkanna, sem m.a. hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v. hefur stuðlað að, t.d. að breyta þungaskattskerfi landsmanna, þá spyr maður bara: Fer ekki að verða komið nóg? Væri ekki gott að staldra við og minnka álögur á fyrirtæki á landsbyggðinni? Væri ekki betra að gera eitthvað sem mundi létta byrðum af fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni sem lið í áætlun um að snúa vörn í sókn gegn þeim mikla þjóðarvanda sem við höfum búið við undanfarin ár?

Ég fullyrði, herra forseti, að hækkun þungaskatts, sem m.a. hv. þm. Vilhjálmur Egilsson átti þátt í sem formaður efh.- og viðskn., frá 1998 er í kringum 45% á flutningabíl með tengivagni sem keyrir á lengstu leiðum, hvort sem það er frá Reykjavík austur á land eða vestur á firði — 45% hækkun. Hvert hefur þessi hækkun farið annað en þráðbeint út í verðlagið? Þessi ráðstöfun hefur hækkað verð á nauðsynjavörum hjá landsbyggðarfólki, hækkað verð á flutningsgjöldum til fyrirtækja á landsbyggðinni og hækkað það tvöfalt, séu það fyrirtæki sem eru að flytja vörur frá innflutningshöfnum í Reykjavík út á land til að vinna eitthvað úr því og senda það e.t.v. hingað suður á höfuðborgarsvæðið, stærsta markaðssvæðið. Þannig kemur þetta út.

Er nema von, herra forseti, að fyrirtæki og fólk í forustu fyrirtækja á Norðurlandi hafi nú nýlega, í byrjun nóvember sl., stofnað samtök til þess að berjast gegn auknum álögum og áframhaldandi árásum núverandi ríkisstjórnarflokka á landsbyggðina og fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni? Meðal helstu atriða hjá þessum samtökum er að berjast fyrir breytingum á þungaskatti og lækkunum þar á. Þess vegna vil ég gjarnan fá að heyra það frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni hér á eftir, talsmanni ríkisstjórnarflokkanna, formanni efh.- og viðskn.: Er ekki komið nóg? Er ekki kominn tími til að hætta? Viljið þið ekki hætta að auka þessa landsbyggðarskatta sem íþyngja og draga lífsþróttinn úr atvinnurekstrinum á landsbyggðinni og stórhækka vöruverð, sama hvort það er á Sauðárkróki, Ísafirði, Siglufirði eða Neskaupstað? Það er komið nóg.

Ofan á þetta allt saman bætast — sem ég skal viðurkenna að er kannski ekki ríkisstjórninni að kenna eða ríkisstjórnarflokkunum — miklar breytingar á flutningskerfi landsmanna þar sem eitt fyrirtæki er enn þá að sigla við ströndina, Eimskipafélag Íslands. Þetta félag hefur verið að breyta gjaldskrá sinni, hækka gjöldin á sjóflutningum hér við ströndina sem hefur m.a. þær afleiðingar í för með sér, eins og hér hefur komið fram, að t.d. löndun á 400 tonna farmi úr frystitogara norður á Sauðárkróki mun þýða 900 þús. kr. til 1 millj. kr. hærri flutningsgjöld fyrir að koma því hingað suður í umskipunarhöfn til þess að flytja þessar vörur út — 1 millj. kr. hækkun á þessum flutningsgjöldum.

Það hefur líka komið fram hjá forsvarsmönnum atvinnurekstrar á Norðurlandi að þeir þurfa að flytja inn vörur til landsins, hráefni sitt, og það er frekar þungt. Það kemur hingað til Reykjavíkur, því umskipað í skip sem fer á ströndina og siglt með það norður í land. Sú breyting sem þarna átti sér stað við sjóflutningana og þungaskattsbreytingin, vegna þess að ekki er hægt að nota hana lengur þar sem það er dýrara, hefur gert það að verkum að flutningskostnaður til þessa tiltekna fyrirtækis hækkar um 10–11 millj. kr. bara við þessar breytingar. Þetta er fyrirtæki sem veltir 200–300 millj. með 40 manns í vinnu. Það hefur ekki borgað mikinn tekjuskatt, örlítinn eignarskatt. Það fær ekki skattalegan ávinning. Það mun þurfa að borga hærra tryggingagjald og hækkunin á flutningsgjöldunum á þessum framleiðsluvörum til að skapa þessa vinnu, til að vinna úr því vöru til að selja á höfuðborgarsvæðinu, hefur þær afleiðingar að forsvarsmenn fyrirtækisins verða að grípa til uppsagna, stórbreytinga eða jafnvel það sem er allra verst, hugsa um að hætta atvinnustarfsemi sinni norður í landi og flytja hana til höfuðborgarsvæðisins. Ég fagna því að sjá hv. þm. framsóknarmanna, Hjálmar Árnason, í þingsalnum. (Gripið fram í.) Gleði mín er því mikil yfir því að sjá hv. þm. ganga í salinn vegna þess að ég hef saknað þess mjög í dag hve lítið hefur verið hér um framsóknarmenn. (**Gripið fram í:** Það er tæknin ...) (**Gripið fram í:** Það er orðið býsna lítið um þá.) (**Gripið fram í:** Litlu verður Vöggur feginn.)

Þannig er það nú. En hér hefur ekki verið hægt að spyrja framsóknarmenn út í þá landsbyggðarskatta sem verið er að setja á. Það er með öðrum orðum, herra forseti, alveg með ólíkindum að hv. stjórnarþingmenn sem kosnir eru af fólkinu úti á landi og eru úr þessum landsbyggðarkjördæmum sem við teljum vera, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurl. v., Norðurl. e., Austurlandi og Suðurlandi, skuli láta lemja svo ofan í sig þessar skattkerfisbreytingar sem gagnast ekki atvinnurekstri á landsbyggðinni og skekkja mjög samkeppnisstöðu atvinnurekstrar á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Í guðanna bænum, hv. þingmenn, reynið nú að sporna gegn þessari ískyggilegu þróun.

Herra forseti. Hér hefur ekki oft verið talað — nei, ég verð bara að segja að hér er örsjaldan talað um byggðamál af stjórnarflokkunum. Í gildi er einhver byggðaáætlun. Það er ágætisbók til að fletta upp í með mikið af gögnum. En frekar lítið hefur orðið úr framkvæmdinni á tillögunum sem þar voru nefndar og átti að fara eftir.

Mér finnst stundum eins og þeir þingmenn stjórnarflokkanna sem koma úr landsbyggðarkjördæmum skammist sín hreinlega fyrir að tala fyrir málefni fólksins í kjördæmum sínum, atvinnurekstri og öðru og mér þykir mjög slæmt að menn skuli ekki gæta betur hagsmuna þess fólks sem byggir þessi kjördæmi, vill vera þar, vill fá að vera þar í friði en krefst þess að hafa atvinnu og krefst þess að atvinnustarfsemi og annað gangi og fái að þróast eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna, herra forseti, um þau loforð og tal um að flytja atvinnustarfsemi út á land, að maður tali nú ekki um t.d. fjarvinnsluna sem ekkert hefur orðið úr.

Herra forseti. Af því að ég sé hér hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, fulltrúa Framsfl. í efh.- og viðskn., vil ég ítreka þær spurningar sem ég bar fram áðan og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., hefur hlustað á. Ég vil ítreka þær spurningar til fulltrúa Framsfl. í þessari nefnd og spyrja hvort þeir séu virkilega stoltir af þeim tillögum sem hér eru lagðar fram sem eru þannig að þær íþyngja atvinnurekstri á landsbyggðinni og munu, ef þær taka gildi, verða atvinnulífi á landsbyggðinni til trafala. Þar er ég að tala um tryggingagjaldið og það sem ég nefndi áðan um þungaskatt og annað sem hefur verið að íþyngja atvinnurekstri á landsbyggðinni.

Herra forseti. Eitt atriði í viðbót sem kemur fram í nál. 1. minni hluta, þeirra Jóhönnu Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar, fjallar um skatta á einstaklinga, þ.e. um að þeir lækki. Það er að ef skattleysismörk hefðu fylgt launa-

þróun frá árinu 1995 væru þau í dag 89.808 kr. Þetta sýnir okkur að hæstv. ríkisstjórn hefur með stefnu sinni í skattamálum verið að íþyngja láglaunafólki og ná í skatt til þess, enda er það svo í dag að lífeyrisþegar sem eingöngu hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga greiða nú um 70 þús. kr. í skatt á ári eða sem svarar til eins mánaðar lífeyrisgreiðslu þeirra. Á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn komst til valda illu heilli greiddu lífeyrisþegar með lágmarkslífeyri engan skatt.

Herra forseti. Ég er að tala um það sem gerst hefur frá því að við jafnaðarmenn, frá því að alþýðuflokksmenn fóru úr stjórn þessa lands og við tóku sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Þeir hafa fundið sér breiðu bökin til að skattleggja, taka nú u.þ.b. 70 þús. kr. í skatt af hverjum ellilífeyrisþega á ári og eru sennilega stoltir af. Þess vegna er það athyglisvert sem hér kemur fram í tillögum og nál. fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. að þeir leggja þar til að kosin verði nefnd sem hafi m.a. það verkefni að skoða hvernig hægt verði að finna leið í gegnum skattkerfið til að útrýma tekjuskatti af 90 þús. kr. launum og lægri, þ.e. lágmarkslaunum. Og því skyldi það ekki vera hægt, herra forseti, með því að gera það eftir á í gegnum skattkerfið, ekki með því að breyta prósentunni til að byrja með, heldur þegar skatturinn er lagður á. Hver er munurinn á því, herra forseti, að leggja á hátekjuskatt eftir á, þegar framteljendur hafa talið fram, og því hreinlega að leggja þá bara á lágtekjuskatt? *Eftir því sem ég hef kannað það mál skilst mér að ekki sé* erfitt að gera það gagnvart skattkerfinu, þeim prógrömmum öllum sem eru í gangi, ef menn ákveða þetta og ég held að það sé kannski eitt af mikilvægari atriðum í skattamálum að breyta þessu atriði vegna þess að ég trúi því ekki að nokkur einasti stjórnmálaflokkur sem vill láta taka sig alvarlega sé hreykinn af því og stoltur að skattleggja lífeyrisþega og gamalt fólk, öryrkja eins og gert er í dag. Ég trúi því ekki að ríkisstjórnarflokkarnir séu ánægðir með þann 1 milljarð sem fólk með undir 90 þús. kr. á mánuði borgar í skatt á ári. Það er verið er að ná 1 milljarði í skatt af þessu fólki með þessari aðferð. Þess vegna lýsi ég yfir mikilli hrifningu minni með að lagt skuli vera til í þessu nefndaráliti að kjósa nefnd þar sem í eru aðilar vinnumarkaðarins og aðrir til þess að skoða þessi mál vegna þess að það er sennilega eitt það brýnasta í skattkerfisbreytingum í dag. Með þessu er verið að fara leið varðandi hækkun á persónuafslætti eða öðru sem stundum hefur verið farin, þó að hún hafi sjaldan verið farin af núverandi ríkisstjórn, þ.e. að hækka persónuafsláttinn. En þá þyrfti að finna leið til þess að persónuafsláttarhækkun verði ekki notuð til að jafna þetta heldur verði það gert á annan hátt. Með öðrum orðum, það er ekki verið að tala um að fara þá leið að hækka á persónuafslátt til að lækka skatta á þessu fólki, sem yrði þá um leið til þess að milljón krónu fólkið mundi lækka í leiðinni. Það er ekki verið að tala um þá leið.

Herra forseti. Ég minntist lítillega á tryggingagjaldið áðan og hvernig það mundi íþyngja atvinnurekstri á landsbyggðinni. Nú ætla ég að snúa mér að því sem snýr að sveitarfélögunum og nefnt var strax í upphafi við 1. umr., þ.e. annars vegar tryggingagjaldi á beinar launagreiðslur og hins vegar breytingu á einstaklingsfyrirtækjunum yfir í einkahlutafélög og því tekjutapi sem sveitarfélögin verða fyrir á þeim tíma.

Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga mun hækkun tryggingagjalds hafa áhrif á afkomu sveitarfélaga sem nemur 500–550 millj. kr. og þar til viðbótar komi hækkun tryggingagjalds í tengslum við verktakavinnu fyrir sveitarfélögin, bæði að því er varðar rekstur og fjárfestingar. Ekki hef ég séð í gögnum hvað þetta yrði mikil breyting ef allir breyttu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög, en það yrði mikið. Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann efh.- og viðskn., vegna þess að það kom fram og því lofaði hæstv. fjmrh. eftir spurningar mínar við 1. umr. þegar frv. var lagt fram, að efh.- og viðskn. ætti að skoða sérstaklega hvernig sveitarfélögunum yrði bætt þetta tekjutap og kostnaður við aukið tryggingagjald. Fram hefur komið og það kemur fram hér í fylgiskjali að það séu í kringum 380 millj., eins og hér er talið upp eftir nokkrum sveitarfélögum, sem tryggingagjaldið muni hækka laun þeirra. Ég hef ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar. Af sérstökum ástæðum þarf nú að fresta fundi um tíu mínútna skeið ef það kemur ekki illa við hv. þm. Forseti frestar þessum fundi til kl. 18.10.)

[Fundarhlé. — 17:58]

[18:09]

Kristján L. Möller (frh.):

Hæstv. forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég var að ræða um tryggingagjaldið og áhrif þess á sveitarfélögin í landinu og var að tala um að að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga muni hækkun tryggingagjalds hafa áhrif á afkomu sveitarfélaga sem nemur 500–550 millj. kr. Þetta eru *sannarlega miklir peningar sem á* að taka þarna af sveitarfélögunum í ríkiskassann og ég hafði lagt spurningar fyrir þá hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann efh.- og viðskn., og Kristin H. Gunnarsson, talsmann Framsfl. í efh.- og viðskn.

En það er líka ansi sérstakt hvað Samtök atvinnulífsins segja um þetta tryggingagjald, en í nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn. segir, með leyfi forseta:

„Samtök atvinnulífsins benda á í umsögn sinni að hækkun tryggingagjaldsins feli í sér verri rekstrarskilyrði hjá mörgum fyrirtækjum, einkum í vinnuaflsfrekri starfsemi þar sem erfitt eða ógerlegt sé að bæta kostnaðarhækkanir upp með verðhækkunum.“

Þetta eru stór og mikil orð, aðvörunarorð sem Samtök atvinnulífsins leggja fram. Verslunarráð Íslands bendir einnig á þetta, en m.a. segir í nál., með leyfi forseta:

„Í því sambandi má hins vegar benda á, að samkvæmt lögum um tryggingagjald skal það renna til ákveðinna skilgreindra verkefna, en ekki til að standa straum af almennum útgjöldum ríkissjóðs. Skýring sú sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu stenst því ekki lög.

Að mati Verslunarráðs er ríkisstjórnin að ganga gegn lögum landsins með þessari tillögu. Verslunarráðið vekur líka athygli á því að þessi hækkun leiði til verulegs útgjaldaauka fyrir alla atvinnustarfsemi í landi hvernig svo sem aðkoman er. Lýsir ráðið áhyggjum sínum af þessari hækkun og getur ekki stutt hana.“

Virðulegi forseti. Svo segir m.a. í áliti Verslunarráðs Íslands sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. er framkvæmdastjóri fyrir. Maður spyr bara: Er ekkert mark tekið á áliti frá Verslunarráði eða hvað? Hvernig stendur á því að menn hlusta ekki á það álit sem þar kemur fram?

Herra forseti. Hér á árum áður var rukkað aðstöðugjald af fyrirtækjum. Það eru ansi mörg ár síðan það var lagt niður. Það var aðstöðugjald sem var rukkað og menn töldu mjög ósanngjarnan skatt vegna þess að hann var rukkaður burt

séð frá því hvort fyrirtækið var rekið með bullandi hagnaði eða á hvínandi hausnum. Tryggingagjaldið er svipað. Tryggingagjaldið er skattur sem leggst á launaútgjöld fyrirtækja og hefur áhrif á hagkvæmni rekstrarins og rekstrarafkomu fyrirtækjanna. Það er með öðrum orðum, burt séð frá því hvað gerist í fyrirtækjarekstrinum, hvernig mál þróast, en fyrirtæki með mikinn launakostnað þarf að borga ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga, miklu meira í tryggingagjald eftir þessa breytingu.

Miðað við það sem hér hefur verið sagt og kemur fram í nál. 1. minni hluta, þeirra Jóhönnu Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar, í lok þess um tryggingagjaldið sem ég ætla að lesa upp, með leyfi forseta:

„Af framansögðu er morgunljóst að hækkun tryggingagjalds er algjörlega vanhugsuð og mun leiða til erfiðleika og jafnvel uppsagna starfsfólks hjá mörgum fyrirtækjum.

Samfylkingin er mótfallin hækkun tryggingagjalds við núverandi aðstæður. 1. minni hluti lýsir sig andvíga henni. Hækkun tryggingagjalds mismunar atvinnufyrirtækjum og getur leitt til verulegra rekstrarerfiðleika hjá fjölda fyrirtækja. Átelur 1. minni hluti ríkisstjórnina sömuleiðis fyrir að leggja sérstakan skatt á landsbyggðina með þessum hætti."

Það þarf í raun og veru ekki að hafa, herra forseti, fleiri orð um tryggingagjaldið. Það er íþyngjandi, skekkir samkeppnisstöðu og er mjög ósanngjarn skattur, og eins og hér hefur verið sagt landsbyggðarskattur, og nóg var af þeim fyrir frá hæstv. ríkisstjórn.

Nokkur orð um fjármagnstekjuskattinn sem hér er fjallað um í tillögum okkar jafnaðarmanna. Það er með öðrum orðum, herra forseti, alveg ótrúlegt sem kemur fram á fylgiskjali sem er merkt nr. XII, um fjölda gjaldenda en það eru í dag rúmlega 55 þúsund aðilar sem greiða fjármagnstekjuskatt, þennan 10% flata skatt. Ég vek athygli á því að þessi fjármagnstekjuskattur er einnig greiddur af verðbótaþættinum sem er náttúrlega mjög ósanngjarnt.

Í tillögum Samfylkingarinnar er fjallað um að ef fjármagnstekjuskatturinn færi í 16% og frítekjumark yrði yfir 100 þús. kr. hjá einstaklingum og 200 þús. kr. hjá hjónum, þá mundi greiðendum fjármagnstekjuskatts fækka og þeir yrðu rúmlega 22 þús. En tekjurnar mundu samt sem áður aukast. Með öðrum orðum, herra forseti, er mjög mikilvægt að benda á það við þessa umræðu sem fram kemur í fylgiskjali XII, frá ríkisskattstjóra, í nál. 1. minni hluta. Þær upplýsingar sem þar koma fram eru mjög athyglisverðar. Menn hafa m.a. þær í huga þegar þeir nefna að full ástæða væri fyrir ríkisstjórnina til að taka þessar tillögur, nál. og fleira, töluverðan hluta þeirra nú milli umræðna og gera að sínum tillögum. Þá held ég að ríkisstjórnin mundi komast betur út úr þessu máli.

Í lokin vil ég taka fram, herra forseti, að ég hef gagnrýnt hv. þm. Framsfl. fyrir að hafa ekki verið hér í salnum við þessa umræðu. Þeir hafa lítið látið sjá sig. Ég hef nefnt það áður að Framsfl. hefur falið Sjálfstfl. að ganga frá sínum málum. En það er annar flokkur sem hefur skilað algjörlega auðu í þessu máli líka, fyrir utan framsögu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. Ég vek athygli á því, herra forseti, að hér hefur maður varla séð þingmann frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í allan dag, að maður tali ekki um brtt. þeirra sem hér er lögð fram og ég hef spurst fyrir um hvort sé virkilega eina brtt. frá Vinstri grænum. Svo er.

Ég get ekki séð annað, herra forseti — það er leitt að þeir skuli ekki sjá sér fært að vera hérna í þingsalnum nú þegar er verið að ræða þetta mikilvæga mál, þessa skattkerfisbreytingu — en þeir skili algjörlega auðu í því. Það er kannski táknrænt, enda hafa Vinstri grænir meira verið í því að spreða og eyða, gert tillögur um það, frekar en að afla tekna eða skoða breytingar á skattkerfinu. Í þessum mæltum orðum gengur formaður Vinstri grænna í salinn og ég geri ráð fyrir því að við eigum eftir að heyra í þeim hv. þm. á eftir, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Við munum að líkindum heyra álit hans á þessu máli. En ég vildi kasta fram þeirri spurningu og fá svar við henni á eftir, þ.e. hvort það sé virkilega rétt að sú brtt. sem hér er flutt á þskj. 473 frá 2. minni hluta efh.- og viðskn., hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem er við 54. gr. sé eina tillaga þeirra. Og 54. gr. þessa frv. hljóðar svo, með leyfi forseta, í 7. kafla og er um gildistöku laganna:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2003."

En brtt. Vinstri grænna er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004."

Með öðrum orðum, herra forseti, ef ég les ekki hér vitlaust eða er ekki með eitthvert vinnugagn sem e.t.v. hefur verið prentað upp, þá get ég ekki séð annað, herra forseti, en að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé sammála þessum tillögum. Ágreiningurinn sé bara um hvort þær eigi að taka gildi einu ári seinna.

Ég vil nota þetta tækifæri og spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvort þetta sé virkilega rétt. Reyndar er í brtt. að auki minnst á ákvæðin um húsaleigubæturnar og lækkun tekjuskattsins um 0,33%, sem ég gleymdi að lesa og skal gera hér, með leyfi forseta:

„Þó skulu ákvæði e-liðar 17. gr. og 30. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2002."

Mér kemur þetta ákaflega spánskt fyrir sjónir. Ég skil ekki hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur verið sammála þessum tillögum að öðru leyti en því að þær eigi að taka gildi einu ári seinna. Að í stað þess, eins og ríkisstjórnin leggur til, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 2002 og komi til framkvæmda á árinu 2003, þá sé viðsættanlegt samkvæmt brtt. að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 og komi til framkvæmda á árinu 2004.

Ef þetta er rangt hjá mér vil ég gjarnan fá að heyra það hér á eftir og heyra hvað virkilega er átt við með þessari brtt. og hvort Vinstri hreyfingin – grænt framboð er sammála þessum skattalagapakka ríkisstjórnarinnar. Er eingöngu ágreiningur um hvort lögin eigi að taka gildi einu ári seinna?

[18:21]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur hv. þm. Kristján L. Möller flutt yfirgripsmikla ræðu. Ég verð að segja eins og er, að í sjálfu sér hefur ekkert nýtt komið fram í umræðunni miðað við þá ítarlegu ræðu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti sem annar fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn.

En það var ekki ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs heldur hitt að vekja athygli á þessum undarlega sið hv. þm. Kristjáns L. Möller, sem hann gerir sig ítrekað sekan um hér í ræðustól. Það er eins og hv. þm. hafi ekki áttað sig á því að Alþingi Íslendinga er afskaplega tæknivætt þing og hefur m.a. lagt sjónvörp inn á skrifstofur allra þingmanna. Það veit hv. þm., geri ég ráð fyrir, að þingmenn kjósa almennt að fylgjast með umræðum sitjandi á skrifstofum sínum. Þess

vegna er með ólíkindum að hv. þm. skuli ítrekað koma, tína út einstaka þingmenn og saka þá um að fylgjast ekki með umræðu og fleira í þeim dúr, í ljósi þessa. Það hvarflar ekki að mér eitt augnablik að að saka þingmanninn um að vera fjarverandi við umræður um mikilvæg mál á Alþingi eða saka hv. þm. um nokkuð án þess að hann sé viðstaddur.

Ég vil því hvetja hv. þm. til að láta af þessum plagsið sínum, en leggja til ella, við hæstv. forseta, að þau tæki sem þingmenn hafa inni á sínum herbergjum, á skrifstofum sínum og gjarnan nota til þess að fylgjast með umræðunni, verði aflögð. Það er kannski boðskapur hv. þm.

[18:23]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að biðja hv. þm. Hjálmar Árnason afsökunar ef ég hef raskað ró hans.

Ég tek alveg undir það að Alþingi er tæknivætt og það vitum við öll. Við notum sjónvarpstæki þegar við erum að vinna á skrifstofum okkar til að fylgjast með. En mér finnst það vera lágmark að háttvirtir nefndarmenn í viðkomandi nefnd, sem er með viðkomandi mál hér á dagskrá, séu í salnum.

Ég hef reynt að leggja hér spurningar fyrir fulltrúa Framsfl. í efh.- og viðskn. og hv. þm. Hjálmar Árnason er í þeirri nefnd. Ég vænti þess þá að fá að heyra svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fram. Mig langar með öðrum orðum að vita: Styður Framsfl. fullkomlega og er hann ánægður með þá landsbyggðarskatta sem hér er verið að leggja á rétt einu sinni í formi tryggingagjaldsins? Er það stefna Framsfl., að ganga um atvinnulífið á landsbyggðinni eins og fram kemur í þeim skýrslum og gögnum sem efh.- og viðskn. hefur fengið? Er það skoðun Framsfl. að þetta sé bara allt í besta lagi?

Það er þetta sem ég er að ræða um þegar ég ræði um að ég hafi ekki séð fulltrúa Framsfl. mikið í dag, það er alveg hárrétt. En sjónvarpssendingarnar hafa þó skilað sér það vel að það má þá eiga orðastað við hv. þm. Hjálmar Árnason, annan fulltrúa Framsfl. í efh.- og viðskn. Ég bíð eftir að heyra álit þeirra. Þeir hafa ekki rætt um þetta mál í allan dag. Það er mergur málsins.

[18:25]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég nefndi hér áðan, þennan plagsið hv. þm. Kristjáns L. Möllers, þar sem hann alhæfir afskaplega mikið um fjarveru þingmanna. Ég vil líka vekja athygli hv. þm. á því, hafi hann ekki áttað sig á því, að starfslag þingsins er með þeim hætti að málum er vísað til fagnefnda eftir 1. umr. Þar fer fram hin efnislega umræða um einstök mál með fulltrúum allra flokka. Síðan koma málin út úr nefnd, ef þm. hv. hefur ekki áttað sig á því, og þar skrifa menn undir nál. eða þeir skrifa ekki undir nál.

Ég vil hvetja hv. þm. annars vegar til þess að gerast nú örlítið málefnalegri og hætta þessum plagsið sínum og hins vegar til að lesa þau þingskjöl sem lögð eru fyrir þingið. Það er ekki þinginu sæmandi að þingmenn skuli koma fram með slíku háttalagi sem hv. þm. Kristján Möller gerir sig ítrekað sekan um.

[18:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að hafa það í huga það sem eftir er að óska aldrei eftir því að hv. þm. Hjálmar Árnason verði viðstaddur þegar mál eru rædd frá efh.- og viðskn.

[18:26]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. Kristjáns Möller kom mér mjög á óvart. Ég taldi að hann mundi nota tíma sinn til að skýra út það sem er á bls. 8 í nál. um að nota eigi auðlindaskatt til að fjármagna tekjuskattslækkun. Hver milljarður í auðlindaskatti, sem notaður er til að fjármagna tekjuskattslækkun, þýðir 500 millj. tilflutning frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Ég hélt að hann ætlaði að skýra út hvað hann ætlaði að taka mikið frá Siglufirði til þess að fjármagna tekjuskattslækkun í Reykjavík, frá Sauðárkróki, Hofsósi eða frá Skagaströnd. Nei, í stað þess biður hann mig að koma hér og útskýra fyrir sér af hverju þetta frv. sé gott fyrir landsbyggðina, m.a. vegna þess að eignarskatturinn er að lækka.

Hv. þm. ætti að kynna sér það hvernig hinn íþyngjandi eignarskattur sligar fyrirtæki sem ekki skila góðum hagnaði, eins og hefur því miður verið raun úti á landi. Þar sem arðsemi af eigin fé er 5%, þá þýðir 1,45% eignarskattur 29% tekjuskatt.

[18:27]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., svaraði hér engu um tryggingagjaldið, sem ég spurði hann um og það hvernig tryggingagjaldið, samkvæmt þeim töflum sem liggja fyrir í öllum gögnum sem efh.- og viðskn. hefur fengið, mun íþyngja atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Það mun íþyngja starfseminni þar. Hins vegar kýs hann að ræða hér um hið hóflega auðlindagjald sem Sjálfstfl. samþykkti nýlega á fundi sínum.

Ég ítreka spurningu mína um tryggingagjaldið. Ég hef farið yfir hvernig það kemur út í okkar kjördæmi, Norðurl. v., og hvernig það mun létta skattaálögur á fyrirtækjum í Reykjavík og á Reykjanesi en mun gera það að verkum að rekstrarskilyrði milli fyrirtækja á þessum svæðum verða gjörólík. Hann hefur heldur ekki svarað því sem við töluðum um áðan, sem líka kom frá efh.- og viðskn. á árum áður, um breytingar á þungaskattskerfinu sem hafa haft það í för með sér að þungaskattur hefur hækkað um 45% frá árinu 1998.

[18:29]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. víkur sér undan því að segja hvað hann telur að flytja eigi marga milljarða frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins í gegnum auðlindaskatt og lægri tekjuskatt.

Ég hef í allan dag verið að ræða tryggingagjöld, bæði í framsögu og andsvörum. Hv. þm. var kannski ekki í salnum þegar ég ræddi þau mál. Þá er eðlilegt að hann viti ekki hvað hefur farið hér fram.

En málið er einfaldlega þetta: Lækkun eignarskattsins hefur geysilega þýðingu fyrir fyrirtæki úti um land, vegna þess hve hagnaður þeirra hefur verið lítill og hvað eignarskatturinn hefur verið íþyngjandi. 30% tekjuskattur og 1,45% eignarskattur á fyrirtæki sem er með 5% arðsemi af eigin fé er samtals 60% krafa. Ég fullyrði að þegar eignarskatturinn lækkar þá munu fyrirtæki á landsbyggðinni fara að sjá pening og að það mun duga til að hjálpa þeim fyrirtækjum mikið.

[18:30]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er best að við tökum bara dæmi af kjördæmi okkar, Norðurl. v. Ef þær skattkerfisbreytingar sem hv. þm. Vihjálmur Egilsson hefur mælt fyrir og er frsm. fyrir komast til framkvæmda mun eignarskattur allra fyrirtækja, þeirra félaga sem telja fram í Norðurl. v., sem eru 725 talsins, lækka um 37 millj. En tryggingagjaldið mun hins vegar hækka um 78 millj.

Það er þetta sem ég er að spyrja um og vil biðja hv. þm. um að svara, þ.e. varðandi tryggingagjaldið gagnvart atvinnurekstri á landsbyggðinni, sem skerðir rekstrarskilyrði, þessi litlu fyrirtæki sem berjast í bökkum, skila ekki miklum hagnaði en veita fólki vinnu enn þá. Lát heyra hvernig þetta á að styrkja þá starfsemi? Á Norðurl. v. er eignarskattslækkun upp á 37 millj. en tryggingagjaldshækkun upp á 78 millj. Hversu mun þetta styrkja atvinnureksturinn á Norðurl. v., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson?

[18:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að verða vitni að því hér dag eftir dag að hv. þm. Samfylkingarinnar, Kristján L. Möller, gerir sér erindi í ræðustól í hverju málinu á fætur öðru til þess eins að reyna að afflytja afstöðu manna til mála. Hér rembdist hv. þm. Kristján L. Möller áðan við að lesa það út úr tillögum 2. minni hluta í efh.- og viðskn., Ögmundar Jónassonar, að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði værum sammála ríkisstjórninni í skattamálum. Það er algjörlega ljóst hverjum manni sem hlustaði á ræðu Ögmundar Jónassonar hér áðan, það er gjörsamlega ljóst hverjum læsum manni sem fer í gegnum nál. 2. minni hluta að við erum með í grundvallaratriðum aðrar áherslur. Millifyrirsagnir segja allt sem segja þarf um það: „Ríkisstjórnin ívilnar fjársterkum aðilum", „Tillögur ríkisstjórnarinnar veikja stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaga", „Óskynsamleg skattheimta, efnahagslegt glapræði" o.s.frv.

En af því að brtt. er tæknilega frestunartill., þá kemur hv. þm. hér upp í ræðustólinn með þennan útúrsnúning. Er þetta nú sæmandi, herra forseti?

[18:32]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér er kominn talsmaður til að skýra þessa brtt. út fyrir okkur. Ég gat ekki lesið annað út úr þeirri brtt. Ég ætla bara að lesa hana enn einu sinni. Og þá getur vel verið að þessi brtt. sé bara snarvitlaus og eigi ekki heima hér. En það er ein brtt. sem kemur frá 2. minni hluta. Hún er við 54. gr. og orðast svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004."

Og síðan er rætt um e-lið 14. gr. um húsaleigubæturnar og 30. gr. sem er tekjuskattslækkun um 0,33%. Ég gat ekki lesið annað úr því en að þessi lög og eina brtt. sem er við þennan lagabálk sem hér er, og er við 54. gr. sem er um gildistökuna. Ríkisstjórnarflokkarnir eru með árið 2002 en taki gildi 2003. Ég gat ekki lesið annað út úr þessu en þetta.

[18:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru nú svo barnalegir útúrsnúningar eða tilraunir til barnalegra og einfeldnislegra útúrsnúninga að það er eiginlega varla hægt að taka þátt í að ræða þetta hér. Það er náttúrlega í framsöguræðu og nefndaráliti sem hin efnislega afstaða er reifuð. En síðan fellur hv. þm. í þá gryfju að vegna þess að tæknilega er um frestunartillögu að ræða því flytja þarf brtt. við það frv. sem er á dagskrá hverju sinni. Þá liggur það auðvitað þannig að við leggjum til frestun á öllum pakkanum nema tveimur jákvæðum þáttum sem við viljum láta ganga í gildi, sem er að hætta skattlagningu húsaleigubóta og að tekjuskattslækkunin á móti útsvarshækkun sveitarfélaga komi til framkvæmda. Að öðru leyti leggjum við til að þessum skattapakka sem slíkum sé öllum frestað. Þingtæknilega gerist það þannig að þá er flutt tillaga á þessum nótum.

Hv. þm. er að vísu ekki mjög þingreyndur og honum fyrirgefst alveg að hafa ekki áttað sig á þessu að svona gerist þetta, en hann er læs, hv. þm. ætti að vera læs og ætti að hafa sæmilega heyrn og þess vegna er eiginlega með ólíkindum að hann skuli reyna efnislega útúrsnúninga af því tagi sem hann var að fara með áðan.

[18:35]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt, ég hef ekki hina miklu þingreynslu hv. þm. sem kýs að tala þannig við okkur nýliðana. Það er út af fyrir sig allt í lagi. Ég erfi það ekkert.

En ég spurði bara: Hvað á Vinstri hreyfingin – grænt framboð við með þessari brtt.? Og það kom fram hérna áðan.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm.: Hefði ekki bara verið betra að hér kæmi frávísun á skattalagapakkann? Hér er brtt. um að lögin taki gildi einu ári seinna heldur en ríkisstjórnarflokkarnir leggja til. Ja, það getur vel verið að menn eigi eftir að læra meira á þeim árum sem hv. þm. hefur vonandi lært, en ég þykist vita að hér hefði verið eðlilegra að menn hefðu þá komið með frávísun og þessum skattalagapakka væri vísað frá, fyrir utan húsaleigubæturnar og tekjuskattslækkun upp á 0,33%.

[18:36]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller hóf ræðu sína á harðri ádeilu á þingmenn fyrir að sinna þessari umræðu lítið og hafa ekki á henni áhuga, samt er hún búin að standa í nokkra klukkutíma og ég verð að minna á að 1. umr. stóð í sex klukkutíma og þar töluðu þingmenn frá öllum stjórnmálaflokkum hér á þingi.

Síðan fór hv. þm. mörgum orðum um landsbyggðina og hversu illa væri farið með hana og fór að tala um að Eimskip hefði hækkað gjaldskrána og eitthvað fleira í þeim dúr, sem er reyndar ekki á forræði ríkisstjórnarinnar, og sagði svo eitthvað á þá leið að nú yrði að fara að gera eitthvað til að létta skattbyrðinni af landsbyggðinni. Ég verð þá að minna á í því sambandi að nýlega var samþykkt að breyta fasteignamatinu þannig að húsnæðið á landsbyggðinni yrði ekki metið með sama hætti og á höfuðborgarsvæðinu, sem þýðir það að atvinnurekandi t.d. á Raufarhöfn sem á 300 fermetra iðnaðarhúsnæði borgar kannski $^1/_3$ af því sem atvinnurekandi borgar af sambærilegu húsnæði í Reykjavík. Þetta er auðvitað til stórkostlegs hagræðis fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni og einstaklingana að sjálfsögðu líka.

Mér fannst hv. þm. líka allt of fastur í því sem honum fannst neikvætt. Hann sá ekki neitt jákvætt í frv., ég ætla aðeins að drepa á það í síðara andsvari mínu, því ræðutíminn er búinn.

[18:37]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vesturl., Guðjón Guðmundsson, ræðir um að ég hafi verið að gagnrýna árásir á landsbyggðina og atvinnurekstur þar og það er alveg hárrétt. Hann kýs hins vegar að koma hér upp og ræða það sem ég nefndi m.a. og tók skýrt fram að væri ekki á valdsviði ríkisstjórnar, hækkun á strandsiglingunum hjá Eimskip. En hv. þm. kaus að skauta fram hjá því sem ég nefndi, sem væri á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, það er 45% hækkun á þungaskatti frá árinu 1998.

Hv. þm. taldi sig ekki þurfa að ræða það en gagnrýnir svo ýmislegt annað sem ég hef sagt. En má ég, hv. þm., heyra álit á 45% hækkun þungaskatts frá 1998 sem hefur íþyngt allsvakalega fyrirtækjarekstri og almenningi út um allt land?

[18:38]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum halda okkur við umræðuefnið sem er frv. sem er til umræðu og það frv. er tvímælalaust til hagsbóta fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni. Menn getur greint á um það hversu mikið það er, en það er tvímælalaust til hagsbóta.

En ég vildi aðeins fá að nefna það sem hv. þm. sleppti í ræðu sinni, hann sleppti því hversu gríðarlegt hagræði er af þessu fyrir einstaklingana í landinu. Hann sleppti því að minnast á 50% lækkun eignarskatts, hækkun fríeignamarks í eignarskattinum og aflagðan þjóðarbókhlöðuskatt, frítekjumark sérstaka tekjuskattsins hækkað, skattur á húsaleigubætur aflagður. Og það er að verða að fullu millifæranlegur skattafsláttur hjóna, fæðingarorlof hefur verið stóraukið. Barnabætur hækka um 2 milljarða í þremur áföngum. Nýlega hefur tekjuskattur einstaklinga verið lækkaður um fjögur prósentustig í þremur áföngum sem er mesta skattalækkun í sögu lýðveldisins. Síðan kemur hv. þm. og sér ekkert nema allt svart þegar verið er að lækka skattana á einstaklingum og fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Nú sé ég að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gefur þingmanninum ráð og verður fróðlegt að heyra hvað kemur út úr því í svari hans.

[18:39]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég vildi óska að ég gæti lært af öðrum þingmönnum það sem ég hef lært af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á tveggja ára ferli. Ég vildi óska að ég gæti lært jafnmikið af öðrum þingmönnum.

Ég eyddi töluverðum tíma í að ræða um tryggingagjaldið, hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Ég spurði hvort það væri ekki íþyngjandi. Í skýrslum kemur fram að á Vesturlandi munu eignarskattar af fyrirtækjum lækka um 59 millj., tekjuskattur um 62 millj. en tryggingagjald mun hækka um 118 millj. Þannig að fyrirtæki á Vesturlandi munu einungis græða um 4 millj. meðan fyrirtæki í höfuðborginni græða um 2,7 milljarða.

Er þetta, hv. þm., til þess að létta atvinnurekstur á landsbyggðinni?

Og svo rétt í lokin: Er ekki töluvert verið að ráðast hér að sveitarfélögunum sem við berum umhyggju fyrir? Er ekki verið að skerða ráðstöfunartekjur sveitarfélaga um 1.500–1.800 millj. með þeim breytingum sem verið er að boða?

Það er þetta sem ég er að ræða um sem eru auðvitað árásir á landsbyggðarekstur, á sveitarfélög á landsbyggðinni, sem þola ekki mikið fyrir, þetta er það versta í þessum skattalagapakka.

[18:41]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess varðandi þinghaldið í kvöld að ráð er fyrir því gert að ljúka umræðum um fyrsta dagskrármálið þannig að önnur dagskrármál verða tekin út af dagskrá. Þá er enn fremur ráðgert að gera hlé á þessum fundi núna um sjöleytið og halda honum áfram síðan klukkan 8.30 og sem fyrr sagði að ljúka þá umræðum um fyrsta dagskrármálið.

[18:41]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 482.

Forvarnasjóður, 352. mál, fsp. PHB, þskj. 488.

Fundargerðir stjórna og ráða á vegum ríkisvaldsins, 355. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 491.

Hækkun vaxta af lánum Íbúðalánasjóðs, 353. mál, fsp. SvH, þskj. 489.

Könnun á vegum OECD á námsgetu skólabarna, 354. mál, fsp. ÞKG, þskj. 490.

[18:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ræddi í fyrri ræðu minni í umræðunni eingöngu um lækkun tekjuskatts á fyrirtæki og reifaði þá hugmynd mína og rökstuddi að lækka tekjuskattinn niður í 11% og sýndi fram á það að ríkissjóður mundi græða fleiri, fleiri milljarða á því. Nú ætla ég að ræða aðra þætti frv. sem að mínu mati er afskaplega bjartsýnt og afskaplega skemmtilegt að fá inn og ætti að auka landslýð bjartsýni í skammdeginu og ekki veitir af eftir umræðuna hér í dag, sem öll hefur verið meira og minna á svörtum nótum og alveg með ólíkindum. Það liggur við að maður leggist í þunglyndi eftir að hafa hlustað á þessa umræðu í dag, svo slæmt er ástandið. En það er náttúrlega bara í nösunum á þeim sem tala, herra forseti.

Undanfarin ár hafa skattar, sérstaklega á einstaklinga, hækkað mikið vegna þess að tekjur hafa hækkað sem aldrei fyrr í þjóðfélaginu. Þar sem frítekjumarkið hefur hækkað eins og verðlagið en ekki eins og tekjur, þá hefur tekjuskattsbyrðin þyngst og spurningin var hvenær komið væri að skattgreiðendum til að taka þátt í sínum hlut af þjóðarkökunni, taka þátt í því hvað þjóðarkakan hefði stækkað mikið.

Þar aftur á móti rekumst við á ákveðinn vanda vegna þess að flestar skattalækkanir auka á þenslu og margir segja, þrátt fyrir svartsýnishjalið í dag, að töluverð þensla sé í þjóðfélaginu, m.a. Seðlabankinn. Og þess vegna má ekki lækka neina skatta, hvorki tekjuskatt, virðisaukaskatt né aðra skatta, nema helst skatta á fyrirtæki og eignarskatta, þ.e. skatt á eignir. Skattar á hagnað fyrirtækja hemja fjárfestingu, koma í veg fyrir fjárfestingu og við þurfum einmitt fjárfestingu í dag, því þenslan sem við höfum upplifað undanfarin ár er aðallega vegna einkaneyslu. Eignarskattur, hár eignarskattur, er ekkert annað en hemill á sparnað. Það er refsing fyrir sparnað, það er refsing fyrir ráðdeild. Við þurfum síst á því að halda í dag, að refsa fólki fyrir ráðdeild og sparnað. Við þurfum að örva sparnað. Aukinn sparnaður vinnur á móti þenslu. Þannig að lækkun eignarskatta er einmitt tæki til að vinna á

móti þenslu. Þetta frv. vinnur því nákvæmlega í þeim anda. Nákvæmlega.

Hér í dag hefur lítið verið rætt um ýmsa þætti þessa frv. sem eru þó mjög margir, og ég ætla að reifa nokkra þeirra.

Í fyrsta lagi verðbólgureikningsskil. Það er meiningin að leggja þau af og þó að þau séu á margan hátt mjög skynsamleg, vegna þess að þau taka tillit til verðrýrnunar peningalegra eigna í verðbólgu, er skynsamlegt að leggja þau af vegna samanburðar við útlönd. Fá lönd í heiminum, ef einhver, hafa verðbólgureikningsskil og þess vegna rekast íslensk fyrirtæki á veggi þegar þau eiga í samskiptum við erlend fyrirtæki, sérstaklega ef þau eru að reyna að selja þeim hlutabréf og erlendu fyrirtækin rekast á eitthvert fyrirbæri í reikningunum sem heitir verðbólgureikningsskil eða verðbreytingarfærsla.

Annað atriði sem nefnt hefur verið er að færa ársreikninga í erlendri mynt, og það frv. er þegar komið fram þannig að þetta hvort tveggja á eftir að auðvelda mikið fjárfestingar erlendra aðila innan lands.

Þá komum við að þeim þætti frv. sem ég tel vera þann mikilvægasta. Það er lækkun eignarskatta úr 1,2% niður í 0,6% og niðurfelling sérstaks eignarskatts upp á 0,25% sem var á sínum tíma ætlaður til að byggja Þjóðarbókhlöðuna. Sem kunnugt er er hún þegar risin fyrir nokkru en skatturinn hefur lifað ansi lengi engu að síður.

Eignarskattar eru mjög lúmskir. Þeir eru lúmskastir allra skatta vegna þess að skattstofninn er mjög stífur. Menn geta hætt að vinna ef þeim finnst tekjuskatturinn vera of hár. Menn geta minnkað neyslu ef þeim finnast neysluskattar of háir. Menn geta brugðist við flestum sköttum, ef bensínskatturinn er of hár geta þeir hætt að keyra o.s.frv., en þeir geta illa losað sig við eignir. Ef menn eiga eignir sem eru oft margra ára sparnaður geta þeir illa losað sig við þær á einu bretti, í hendingskasti, nema að fara að stunda óeðlilega mikla eyðslu. Þess vegna eru eignarskattar mjög lúmskir og þeir flytja eignir frá borgurunum til þess sem leggur skattinn á, þ.e. til ríkisins, vegna þess að ríkið gætir þess að sjálfsögðu að allar eignir þess séu undanþegnar eignarskatti. Þetta mátti sjá hér í eina tíð þegar tíundin var lögð á, þá voru eignir þjóðarinnar hægt og bítandi fluttar yfir til kirkjunnar vegna þess að tíundin var jú eignarskattur.

Segja má að núverandi eignarskattar séu hvorki almennir né rökréttir. Stærsti hluti eigna í landinu er undanþeginn skatti. Má þar nefna lífeyrissjóðina, orkufyrirtækin, opinber mannvirki, skóla, spítala og skrifstofur. Vegir, hafnir og flugvellir, þjóðlendurnar, er allt saman undanþegið eignarskatti. Ef spariskírteini og bankainnstæður einstaklinga eru umfram skuldir eru þær eignarskattsfrjálsar. Það er einungis $^1/_3$ af eignum í landinu sem er eignarskattsskyldur, aðallega atvinnulífið svo og íbúðir einstaklinga og jarðir bænda. Þessi hluti eignanna er fluttur hægt og rólega til ríkisins.

Reyndar hefur verið til leið til að losna við eignarskattinn og ég hef bent á hana hér í ræðustól. Hún er sú að taka lán í banka með yfirdrætti, kaupa fyrir það spariskírteini og leggja spariskírteinin að veði fyrir yfirdrættinum — það fellur ekki undir CAD-reglur bankanna, er þar af leiðandi afskaplega vinsælt þar og minnkar ekki möguleika á lánum til annarra, menn fá þarna mjög lága vexti og eignin lækkar sem nemur eignarskattinum. Þannig var það. Þetta var reyndar að mestu leyti lagað fyrir tveim árum.

Enn er til leið til að komast hjá því að greiða eignarskatt. Hún er dálítið flóknari, þ.e. að stofna fyrirtæki sem kaupir allar eignir manns og yfirtekur allar skuldir á nettóvirði, fær lán í banka fyrir þessari nettógreiðslu og það lán er lagt inn í banka í nafni eigandans sem sparisjóðsinnstæða og þá er hún skattfrjáls. Fyrirtækið borgar ekki eignarskatt þar sem eignir þess og skuldir eru jafnháar. Þetta er dálítið flókið og ekki fyrir almenning að stunda, a.m.k. ekki með háan eignarskatt.

Þetta er sem sagt möguleiki til að komast hjá því að borga eignarskatt fyrir þá sem ekki nenna. (**Gripið fram í:** Er þetta nokkuð kennsla í ... ?) (**Gripið fram í:** Kennsla í skattsvikum?) Nei, ég er að kenna hve órökrétt og vitlaust skattkerfið er (**Gripið fram í:** Þetta er löglegt.) og það hefur alltaf verið svona. Ég er á móti órökréttum og vitlausum skattkerfum sem hjálpa mönnum sem hafa til þess þekkingu og endurskoðendur að komast hjá því að greiða skatta. Ég vil að skattar séu réttlátir og allir greiði skatta, og þá hæfilega litla.

Ég vil eyða nokkrum orðum á áhrif eignarskatta á sparnað og þenslu og á kjör aldraðra sem ég vil nefna sérstaklega. Aldraðir sem margir hverjir búa í stórum eignum sem þeir hafa komið sér upp um ævina eru búnir að borga skuldir niður, skulda lítið og eru að borga eignarskatta af eignum sínum. Alveg sérstaklega hastarleg verður byrðin þegar annar aðilinn fellur frá, oftast nær karlmaðurinn, og konan stendur eftir með stóra húsið og þarf að borga enn meiri eignarskatta af því að hún nýtur ekki lengur eignarskattsfrelsis bóndans. Þetta verður oft svo þungbært að fólk neyðist til að gefa upp heimili sitt sem það hefur búið í kannski í 20, 30, 40 ár og flytja á stofnanir ríkisins sem oft og tíðum eru miklu dýrari. Þannig virkar eignarskatturinn til þess að auka útgjöld ríkissjóðs og neyða fólk inn á stofnanir sem það kærir sig ekki um og kemur í veg fyrir að fólk búi á heimilum sínum. Ég er því mjög ánægður með að eignarskattar skuli vera lækkaðir, og helst þyrfti að fella þá alveg niður.

Hér hefur nokkuð verið talað um landsbyggðina eins og oft áður. Ég held að eignarskattarnir komi eiginlega hvað verst við hana, og alveg sérstaklega koma þeir illa við bændur sem þurfa að borga eignarskatta af jörðum sínum þó að tekjurnar séu kannski litlar sem engar, þökk sé langvarandi landbúnaðarstefnu fjöldamargra ríkisstjórna. (Gripið fram í.)

Ég var búinn að ræða hér um lækkun tekjuskatta á fyrirtæki og ætla rétt aðeins að koma inn á lækkun tekjuskatts einstaklinga.

Ég tel mjög brýnt að strax og færi gefst verði unnið að því að lækka tekjuskatt einstaklinga. Tekjuskattur einstaklinga er ekkert annað en skattur á frumkvæði og dugnað. Þegar fólk leggur hart að sér, hvort sem það er við sjómennsku eða vinnu uppi á hálendinu í myrkri og kulda eða vinnur lengi í frystihúsi eða hvað það nú er, fer það að sjálfsögðu umfram frítekjumark og allur dugnaðurinn er skattaður. Oft sér fólk lítið eftir þegar tekið er tillit til ýmissa tekjuháðra bóta eins og barnabóta, vaxtabóta o.s.frv. Þannig hafa margir sagt mér að þótt þeir séu með dágóðar tekjur hafi þeir í rauninni ekkert mikið til framfærslu og ekkert miklu meira en hinir sem hafa miklu lægri tekjur. Það vill oft gleymast að sérstaklega millitekjufólk með börn, fólk sem er með svona efri millitekjur, lendir í hátekjuskatti og er bara alls ekkert sælt af kjörum sínum í dag, fær litlar sem engar bætur til uppeldis barnanna, fær litlar sem engar vaxtabætur til að koma sér upp húsnæði, en þarf að borga skatta að fullu, hátekjuskatta og aðra.

Núverandi kerfi skatta er í reynd niðurgreiðsla ríkisins á láglaunastörfum. Ef fyrirtæki þarf að velja milli tveggja landa fyrir starfsemi sína — annað er með skattkerfi eins

og okkar þar sem lágar tekjur eru skattlausar og hitt með flatan tekjuskatt, við skulum segja 20% sem er meðalskattprósenta á allar tekjur — flytur það að sjálfsögðu starfsemina til fyrra landsins ef það er í láglaunastarfsemi, t.d. saumaskap, prjónaskap eða slíku, vegna þess að í landinu sem ekki skattleggur lágar tekjur fær fólkið launin að fullu útgreidd. Þetta fyrirtæki mundi aldrei flytja starfsemi sína til lands sem skattleggur allar tekjur, er með flatan tekjuskatt, og þar af leiðandi dregur íslenska tekjuskattskerfið að sér láglaunastörf eins og segull.

Fyrirtæki sem eru með hátekjustörf, hátæknifyrirtæki og önnur slík, fara helst til landa sem eru með flatara tekjuskattskerfi. Þannig má segja að skattkerfi okkar verðlauni láglaunastörf og hrindi frá sér hálaunastörfum í alþjóðlegri samkeppni landa um starfsemi, fyrirtæki og starfsfólk.

Þetta tel ég vera mjög varasamt fyrir utan hvað það er varasamt og eiginlega móðgandi við lágtekjufólk að ætlast ekki til þess og reikna ekki með því að það geti borið sinn hlut af rekstri velferðarkerfisins. Fyrir utan það tel ég ekki að lágar tekjur séu eitthvert persónueinkenni. Ég vil ekki að fólk sé með lágar tekjur. Það er ekki það sama og persónueinkenni, það er ekki hægt að segja að maðurinn sé bláeygður og með lágar tekjur. Það er nefnilega hægt að breyta tekjunum. Menn geta breytt tekjum sínum, annaðhvort með því að endurmennta sig, sýna meiri dugnað eða ráðdeildarsemi eða með því að vera snjallari í vinnu o.s.frv., þannig að ég lít ekki á lágar tekjur sem einhvers konar persónueinkenni, eins og mjög margir virðast því miður gera hér á hinu háa Alþingi. Þeir tala alltaf um lágtekjufólk eins og það sé bara eitthvert óumbreytanlegt náttúrulögmál, að visst fólk eigi að vera með lágar tekjur. (Gripið fram í.) Ég held nefnilega að tekjuskattskerfið, sem hlífir lágum launum og býr til fátæktargildrur þannig að fólk geti ekki hækkað sig í launum vegna þess að skatturinn hirðir allt af því búi til lágtekjufólk sem ég vil ekki sjá.

Þess vegna held ég að skattkerfi eins og við höfum í dag sé refsing til þeirra sem byrja á því að lenda á lágum launum. Þeir geta ekki bætt sig, þeir lenda í fátæktargildru og vinna þá jafnvel svart til að komast hjá því að launaaukinn lendi allur í skatti. Þetta er mjög hættuleg þróun.

Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir hækkun tryggingagjalds um 0,77% og hefur það mikið verið rætt. Á það hefur verið bent að þetta verði skattur á fyrirtæki úti á landi en þau muni hins vegar ekki njóta skattalækkunar á hagnað. Það er afskaplega dapurlegt þegar maður heyrir að fulltrúar landsbyggðarinnar segi þetta. Þeir reikna með því að fyrirtæki úti á landi skili ekki hagnaði. Það á ekkert fyrirtæki að vera starfrækt yfirleitt, aldrei, ef það ekki skilar hagnaði, a.m.k. *til lengri tíma. Það stefnir lóðbeint í gjaldþrot.* Þeir menn sem tala svona um landsbyggðina eru í rauninni að segja að landsbyggðin sé gjaldþrota. Sem betur fer er ekki svo. **(Gripið fram í:** ... fyrirtækjum í landinu.) Fjöldinn allur af fyrirtækjum úti á landi, sérstaklega útgerðarfyrirtækjum, stendur ljómandi vel, hefur staðið í miklum fjárfestingum (Gripið fram í.) og hefur dregið til sín fjármagn til fjárfestingar og stundar miklar fjárfestingar, sérstaklega á Austfjörðum og á Norðurlandi, Akureyri og víðar.

Þannig er það ekki rétt fullyrðing að hagur fyrirtækja úti á landi sé allur þannig að þau borgi engan tekjuskatt.

Svo má líka benda á það að þessi hækkun tryggingagjalds er þess eðlis, 0,77%, að fyrirtæki sem er með 130 starfsmenn þarf að hagræða með því að setja einn starfsmann út til að geta greitt þessa hækkun á tryggingagjaldinu. Þetta er einmitt mjög góð aðgerð þegar staðan er sú að hver einasta vinnandi hönd fær vinnu, atvinnuleysi er nánast ekki neitt og það stefnir í hættu á þenslu á vinnumarkaði. Þá er einmitt mjög skynsamlegt að skattleggja vinnuna.

Í frv. er boðuð lækkun stimpilgjalds og eftir því sem mér heyrist hér á hinu háa Alþingi og víðar eru menn á einu máli um að stimpilgjaldið sé skattur liðins tíma og það beri að leggja hann af. Hann er öllum til óþurftar. Hann er skattur á fátækt og gjaldþrot. Hann er skattur á fólk sem lendir í fjárhagslegum vandræðum, oft og tíðum mjög ómaklegur skattur og ófélagslegur. Hann stöðvar viðskipti fyrirtækja og meira að segja Seðlabanki Íslands fer í kringum þennan skatt með svokölluðum endurhverfum verðbréfaviðskiptum sem enginn skilur fyrr en hann fer að velta fyrir sér hvað þau eru. Seðlabankinn notar sama skuldabréfið aftur og aftur til þess að þurfa ekki að borga stimpilgjald. Það held ég að hann reyni ... **(Gripið fram í:** Og endurhverfist það?) Já, þá endurhverfist það. Og hann reynir sem sagt að stunda skammtímalánaviðskipti þrátt fyrir stimpilgjaldið. Það sýnir áhrif stimpilgjaldsins.

Ég legg til að hið háa Alþingi taki á honum stóra sínum og leggi stimpilgjaldið algjörlega af. Það mætti gjarnan gera það á tveim, þrem árum ef mönnum finnst sárt að gera það strax en það mætti leggja alveg af.

Að lokum ætla ég rétt aðeins að minnast á skattfrelsi húsaleigubóta sem ég er ekkert sáttur við. Það skiptir ekki miklu máli en ég er á móti því að sumar tekjur séu skattfrjálsar og aðrar ekki. Á það hefur verið bent að vaxtabæturnar séu skattfrjálsar. Segja má að það sé ákveðinn ljóður. En fólk með háar tekjur, hvort sem þær koma af vinnu eða af bótum, á að borga skatta. Maður sem ekki fær húsaleigubætur en borgar húsaleigu samt, og er kannski með lægri tekjur en annar sem fær húsaleigubætur. Af hverju ætti hann að borga skatta af húsaleigu sinni að fullu á meðan hinn fær húsaleigubæturnar skattfrjálsar? Hvaða rök eru á bak við þetta? Þar fyrir utan var upphæð húsaleigubóta á sínum tíma ákveðin með hliðsjón af því að þær væru skattfrjálsar. Ég er á móti svona smugum í skattkerfinu sem gera það að verkum að sumir sem hafa meiri ráðstöfun vegna þess að tekjur þeirra koma af bótum og ýmsum öðrum þáttum borga ekki skatta eins og aðrir sem eru með nákvæmlega jafnmiklar tekjur. En það eru vinnutekjur sem þeir fá fyrir að vinna, t.d. að skúra eða eitthvað slíkt. Ef einhver skúrar skal það vera skattlagt. En ef hann fær húsaleigubætur er það ekki skattlagt.

Þá sem borga enga skatta hvort sem er skiptir þetta engu máli. Það bætir ekki stöðu þeirra. Þetta bætir því eingöngu stöðu þeirra sem eru með tiltölulega góðar tekjur og alveg sérstaklega einstaklinga sem fá húsaleigubætur óskertar ef þeir eru með tekjur undir 133 þús. kr. Og það merkilega er að sex manna fjölskylda má í heild sinni hafa sömu tekjur og þá fara bæturnar að skerðast.

Herra forseti. Ég er almennt séð afskaplega ánægður með þetta frv. Ég mun flytja brtt. sem hefur komið fram á þskj. 471 um að tekjuskattur fyrirtækja lækki úr 30 niður í 11%. Ég hef rökstutt það með því að við Íslendingar stöndum frammi fyrir því einmitt núna að við erum að selja þrjú ríkisfyrirtæki sem eru u.þ.b. 60–70 milljarðar að verðmæti og sú hækkun sem stafar af lækkun tekjuskattsins gefur ríkissjóði það miklar tekjur að hv. þingmenn geta í rauninni ekki horft fram hjá því. Tekjuauki ríkissjóðs vegna hækkunar á þessum

þremur fyrirtækjum er jafnmikill og sá skattur sem ríkið sér af í rúmlega fjögur ár.

Ég skora á hv. efh.- og viðskn. að skoða þetta mál ofan í kjölinn. Hún gerði það ekki eftir 1. umr. Það er víst meiningin að hún komi saman á milli 2. og 3. umr. og ég mun leggja til að þessari brtt. verði frestað til 3. umr. Ég skora á hv. efh.- og viðskn. að taka sér tak og fá til þess kunnáttumenn á verðbréfamarkaði, kunnáttumenn fyrirtækja sem meta hlutafélög, og fá hjá þeim upplýsingar hvort þetta sé ekki rétt, hvort það geti ekki verið að ríkissjóður sé, með því að hækka verðmæti þessara fyrirtækja, að fá inn tekjur upp á 18,5 milljarða ef tekjuskatturinn yrði lækkaður niður í 11%. Ríkissjóður fær aukalega 18,5 milljarða ef tekjuskattur er lækkaður í 11%. Það tel ég pólitískt framkvæmanlegt í alþjóðlegri pólitík.

Þess vegna skora ég á hv. efh.- og viðskn. að taka sér tak, fá til þess sérfræðinga, láta leiða sig í gegnum það hvort þessi breyting ein sér valdi ekki þessari hækkun á ríkisfyrirtækjunum eða geri þau auðseljanlegri, ef þau eru illseljanleg, og hvort ekki sé skynsamlegt að taka þetta skref núna því það verður ekki tekið seinna.

Við lækkum ekki skattana niður í 11% þegar við erum búin að selja þessi fyrirtæki því þá fær eigandi þeirra hagnaðinn en ekki ríkissjóður.

[19:04]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kom víða við í málflutningi sínum og að sjálfsögðu er ekki möguleiki á því að koma að öllu því sem ég vildi spyrja hv. þm. frekar um.

Hv. þm. lýsti því yfir að hann væri í meginatriðum ánægður með þetta og það væri gleðibragur á þessu frv. Mig langar að spyrja hv. þm. um tvö atriði því þegar svona bandormur eða skattapakki er settur fram eru í honum ákveðnar áherslur. Í þessu tilviki er alveg augljóst að áherslan er lögð á tvennt, þ.e. breytingin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir fyrirtæki sem skila hagnaði, því að að sjálfsögðu mun lækkun tekjuskatts ekki koma öðrum fyrirtækjum til góða, og höfuðborgarsvæðið. Þetta eru þyngdarpunktarnir í þessu. Á móti kemur að minni fyrirtæki sem eru kannski að verða til, þurfa að keyra áfram einhvern tíma án þess að vera farin að skila miklum tekjum, og landsbyggðin verða undir. Ég vildi spyrja hv. þm. um þetta, hvort hann sé ekki sammála þeirri greiningu að í áherslu ríkisstjórnarinnar er þetta tekið fram fyrir, þ.e. hagsmunir þessara tveggja hópa, annars vegar stærri fyrirtækja og hins vegar höfuðborgarsvæðisins.

Hitt atriðið sem ég vildi spyrja hv. þm. um, vegna þess að hv. þm. er yfir höfuð ánægður með meginstefnu frv., er að veruleikinn er sá að frá árinu 1996 hafa útgjöld ríkissjóðs á verðlagi hvors árs um sig tvöfaldast, farið úr u.þ.b. 125 milljörðum í 250. Er hv. þm. sáttur við þessa ótrúlegu útþenslu ríkissjóðs sem ég held að jaðri við að vera heimsmet?

[19:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fullyrti að ég væri í meginatriðum ánægður. Ég er í öllum atriðum ánægður. Það er eitt pínulítið atriði sem ég sagði að skipti ekki stóru máli, þ.e. skattfrelsi húsaleigubóta. En ég er afskaplega ánægður með allt annað. Það er ekkert nema gleði. Ég sé ekkert annað. Ef það er einhver drungi í atvinnulífinu, herra forseti, ef stjórnarandstaðan er búin að tala eitthvert þunglyndi í þjóðina ætti þetta frv. að verða til þess að létta mönnum brún og fylla þá bjartsýni því það er það sem þeir þurfa í dag. Enda er ekkert að. Það er ekkert að atvinnulífinu, ekki nokkur skapaður hlutur. Hver einasta hönd er vinnandi eins og hún mögulega getur.

Herra forseti. Hv. þm. fullyrti að tvennt í þessu skipti máli, þ.e. fyrirtæki með hagnað og höfuðborgarsvæðið. Það er ekki rétt. Í þessu frv. er eignarskattur líka og hann vegur ekki síður. Og hann virkar um allt land. En það er ekki rétt að fyrirtæki með hagnað séu bara í Reykjavík. Það er algjörlega fráleitt. Sem betur fer er fjöldi fyrirtækja úti á landi, sérstaklega sjávarútvegsfyrirtæki, með góðan hagnað. Það er því ekki rétt. Og ný fyrirtæki, herra forseti. Ég gat um það í fyrri ræðu minni að ný fyrirtæki munu hagnast á lægri sköttum vegna þess að þá verður miklu meiri vilji hjá þeim til fjárfestingar. Lægri skattar á hagnað fyrirtækja þýða, eins og ég rökstuddi, meiri vilja til fjárfestingar og nýsköpunar.

Varðandi það að ríkisútgjöldin séu tvöföld, þótt það sé ekki endilega málefni þessa frv. eða fundar, þá er það afskaplega hættuleg þróun og, eins og ég gat um, er tími kominn til að skattgreiðendur fái sinn skerf af þeirri miklu og stóru köku sem hefur verið bökuð og hefur stækkað umtalsvert á síðustu tíu árum.

[19:08]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að standa í einhverju karpi enda er hv. þm. ekki vanur því að karpa hér í ræðustól um hvort hann sé ánægður í meginatriðum eða öllum atriðum að undanskildu einu atriði eða hvernig menn vilja leggja það upp.

Hins vegar vil ég mótmæla því sem kom fram hjá hv. þm. um landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið. Þær einu tölur sem liggja fyrir um áhrif hækkunar tryggingagjaldsins og lækkunar tekjuskattsins sýna að þau áhrif éta sig upp í Vestmannaeyjum, í Norðurlandskjördæmi eystra og Norðurlandskjördæmi vestra. Það er heildarniðurstaðan fyrir þessi svæði. Þetta eru tölur frá ríkisskattstjóra, engum öðrum, þannig að ég er að gera tölur hans að mínum. Það liggja ekki neinar aðrar tölur eða rannsóknir fyrir. Ég er einfaldlega að draga það fram í umræðuna að opinberar stofnanir og opinberir embættismenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að þessi verða áhrifin.

Ég vil líka mótmæla því að stjórnarandstaðan sé að tala eitthvert svartnætti inn í þessa þjóð. Stjórnarandstaðan hefur einfaldlega verið að reyna að tala um hlutina eins og þeir eru. Það er alveg ástæðulaust að halda áfram þeirri umræðu. Við vitum hver þróun hefur verið á genginu. Við vitum hver þróun hefur verið á vöxtunum. Það er dálítið langsótt eftir tíu ára samfellda setu í Stjórnarráðinu að kenna stjórnarandstöðunni um, að líklega sé það — hvað eigum við að segja — sálarástandið sem að einhverju leyti, sem er rétt, hafi fengið eitthvert áfall og hugsanlega sé þetta allt saman heimatilbúið. Ég skal ekkert um það segja. En það jaðrar við karp og er þingmanninum ekki sæmandi því hann er ekki vanur að stunda karp í þessum ræðustól, að tala um að stjórnarandstaðan eigi allan þátt í því að menn hafa verið að draga saman seglin í atvinnulífinu.

[19:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess að opinberar skýrslur segðu að ýmsir staðir úti á landi færu illa út úr þessu. Ég mundi nú ráðleggja þeim sem sjá um rekstur þeirra sveitarfélaga að líta í eigin barm til að komast að því hvað sé að. (Gripið fram í.) Já, þau sveitarfélög sem um er að ræða

þurfa að skoða sinn gang. Ef fyrirtæki skila ekki hagnaði, þá guð hjálpi þeim. Og guð hjálpi viðkomandi sveitarfélögum. Menn þurfa að taka sér tak og menn þurfa þá að hvetja til nýsköpunar í atvinnurekstri sem skilar hagnaði.

Fyrirtæki sem ekki skila hagnaði til langtíma eru dauðadæmd. Þau eru dauðadæmd, herra forseti.

Það er afskaplega dapurlegt ef í ljós kemur að fyrirtæki skili ekki hagnaði. Menn þurfa þá að skoða hvort stjórnin sé nægilega góð, hvort þeir hafi stundað nægilega mikla hagræðingu. Og þá kemur maður einmitt að áhrifum hækkunar tryggingagjaldsins sem á að hvetja fyrirtæki til að hagræða og spara í mannskap sem er vel hægt þegar hver einasta hönd fær vinnu í landinu.

Varðandi svartnættið, þá er ljóst að gengið hefur fallið og vextir eru háir. Það er að mínu mati hvort tveggja afleiðingin af afskaplega mikilli skuldsetningu einstaklinga og til þess að hún lendi ekki í ósköpum er einmitt mjög brýnt að menn sjái til þess að atvinna í landinu sé næg og það gerum við einmitt með því að lækka skatta á tekjur og hagnað fyrirtækja.

[Fundarhlé. — 19:12]

[20:31]

Útbýting þingskjala:

Áhrif lækkunar tekjuskatts, 351. mál, fsp. PHB, þskj. 487.

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 477, 479.

[20:31]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér hefur í allan dag verið rætt um frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt ásamt öðru og margt verið sagt.

Í fskj. II með frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu eru lagðar til margvíslegar breytingar á gildandi skattalögum. Breytingunum er m.a. ætlað að örva atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum en miða einnig að því að draga úr skattbyrði einstaklinga. Á móti er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á tryggingagjaldi."

Úr þessum setningum, herra forseti, má lesa nokkurn kvíða. Það koma fram ákveðnar áhyggjur í þessum orðum. Þrátt fyrir að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sagt hér áðan að allt væri í stakasta og besta lagi hér á landi, allir í vinnu og að allt væri bjart þá bera þó þessi orð „ætlað að örva atvinnulífið" í sér aðra hugsun eða annað hugarfar en hann kom hér fram með, að mínu mati, herra forseti.

Góðæri mikið var hér í landinu fyrir ekkert mörgum árum. Mér hefur ekki verið tjáð af neinum þeirra sem þá tjáðu sig um hve mikið góðæri væri hér að því sé lokið. Ef góðærinu er ekki lokið þá má spyrja: Til hvers þarf að örva atvinnulífið? En af þessum orðum „að örva atvinnulífið" dreg ég þá ályktun að fjmrn., fjárlagaskrifstofa ætli sem svo að því sé lokið eða a.m.k. að það sé í mikilli hættu.

Hvers vegna er þá góðærið uppurið eða horfið? Er það vegna þess að ríkisstjórnin missti tökin á öllu? Það hlýtur að vera, a.m.k. ef það var ríkisstjórninni að þakka að hér var góðæri, herra forseti. En ef það er ekki ríkisstjórninni að kenna eða við hana að sakast að góðærið sé búið þá getum við líka ætlað sem svo að góðærið hefði komið hvort sem ríkisstjórnin var góð eða slæm og að ríkisstjórnin hafi í raun og veru ekkert haft með þetta góðæri að gera heldur hafi verið þannig aðstæður í landinu eða aðstæður á mörkuðum.

Það kom skelfilegur stormur, vindar og straumar sem kenndir voru við El Niño sem eyðilögðu t.d. allar uppsjávarveiðar í Suður-Ameríku. Þar með hrundi mjölframleiðsla þar fyrir nokkrum árum. Þetta varð til þess að verð á mjöli hækkaði mjög á Íslandi og varð undirstaða og jafnvel upphaf góðæris hér. Það var ekki einhver snjöll hagstjórn. Þess vegna þarf að örva atvinnulífið, þ.e. vegna þess að góðærið er á enda og að það þarf að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum, segir hér einnig.

Fyrirtæki á alþjóðamörkuðum greiða vexti af skuldum sínum og lánum en fyrirtækin á Íslandi greiða gífurlega háa vexti. Því miður ræður ríkisstjórnin engu um hve háir vextir eru á Íslandi. Hún ræður engu um það hvað vextir eru háir og hún ræður ekki neinu um góðærið, hvort það kemur eða fer. Svo virðist a.m.k. vera. Þess vegna ætti enginn hæstvirtra ráðherra að tala um góðæri og tengja það við gerðir sínar.

Við þekkjum gamla sögu sem er í Mósebók þar sem maður einn ræður drauma konungsins sem dreymdi fyrir góðæri og hallæri. Náttúran ræður töluverðu um það og önnur skilyrði hvort það er góðæri eða hallæri í landinu. Þó að tækni og þekking sé mikil þá verða menn að varast að hrokast upp eins og hanar á haug og segja að velsæld sem stafar af góðum náttúrulegum skilyrðum sé þeim að þakka. Þá hljóta þeir að segja að hörmungar og hallæri séu þeim að kenna. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur öll.

Mikið hefur verið sagt um þetta frv. og mörg ákvæði þess. Ég ætla nú svo sem ekki að endurtaka það hér, það er komið fram á kvöldið. En mig langar þó að geta þess að ég var á ferð um Vestfirði fyrir nokkru í kjördæmavikunni þar sem alþingismenn Vestfjarða hittu að máli sveitarstjórnarmenn. Í máli langflestra þeirra, líka þeirra sveitarstjórnarmanna sem styðja þann flokk sem fer með forsrn., töluðu flestir um að varasamt væri að koma fram með þær breytingar sem hér eru lagðar fram á tryggingagjaldi. Það var sérstaklega nefnt. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi heyrt þessar raddir og taki mark á þeim. Hverjum á að treysta betur en einmitt þeim sem eru á kafi í sveitarstjórnarmálum þegar þeir gefa álit sitt á þessu? Við hljótum að taka mark á sveitarstjórnarmönnum sem hafa setið í sveitarstjórnum og sinnt stjórnsýslu sem lýtur að rekstri sveitarfélaga. Þeir hljóta að vita betur en margir hvað hefur áhrif á rekstur sveitarfélaganna.

Margoft hefur verið nefnt hvaða áhrif þetta hefur t.d. í Vestmannaeyjum, á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Ég vona að tillit verði tekið til þeirra orða.

Herra forseti. Þegar talað er um að lækka eigi tekjuskatt fyrirtækja úr 30% í 18% og eignarskatt á fyrirtæki og fleiri gjöld og fleiri skatta, lækka skatta á fyrirtæki og jafnvel fjármagnseigendur þá muni það eiga að örva og styrkja atvinnulífið. Það er talið leiða til þess að tekjur þeirra sem vinna þar muni hækka.

Margoft hefur verið sagt við þessari umræðu að það sé komin gósentíð hjá sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi, það komi svo margir dollarar inn í landið fyrir sölu á sjávarafurðum og þeir hagnist svo og ábatinn verði svo mikill að búast megi við því að gengi hlutabréfa í sjávarútvegsfyrirtækjum muni hækka mjög og áhugi manna á því að kaupa hlut í þeim muni aukast snarlega. Ég býst þá við því að heyra innan skamms, sérstaklega á komandi tímum, að laun verkafólks í fiskvinnslu hækki til muna, samkvæmt þeirri kenningu að

þegar fyrirtækin fari að hagnast svo mikið þá hækki launin hjá fólkinu. Um leið og þessi röksemdafærsla er notuð og því er haldið fram að það sé allt svona gott í útgerðinni þá er í raun og veru verið að tjá, samkvæmt þessum rökum, að fiskverkafólk geti farið að hlakka til kauphækkana, enda veitir ekki af á þeim bænum.

Í fskj. II, sem ég vitnaði í áðan, herra forseti, stendur líka, um skattbreytingarnar sem hér um ræðir:

„Talsverðum vandkvæðum er bundið að spá fyrir um tekjutap ríkissjóðs í kjölfar slíkra breytinga þegar til lengri tíma er litið. Þar veldur mestu óvissan um í hvaða mæli lækkun tekna verður vegin upp af hækkun tekna vegna vaxandi umsvifa í þjóðarbúskapnum en tilgangurinn með þessum ráðstöfunum er einmitt að stuðla að betri skilyrðum fyrir hagvexti."

Ég minni á, herra forseti, að fjármagnstekjuskattur er 10% og hann var lækkaður á sínum tíma. Hvaða áhrif skyldi hann hafa haft til þess að örva atvinnulífið eða aðrar skattalækkanir sem hafa átt sér stað á fyrirtækjum eða þeim sem hafa mikið fjármagn undir höndum, til að styrkja og efla atvinnulífið?

Kannski er þetta ekki rökrétt. Kannski eru það rangar aðgerðir að lækka svo mikið skatta á fyrirtæki og það sem að þeim lýtur. Það hefur sýnt sig að í samanburði við nágrannalöndin, OECD-löndin, eru lagðir mjög lágir skattar á fyrirtæki. Hér greiða hins vegar einstaklingar hvað hæstan tekjuskatt, en samt er umhverfið þannig hjá okkur að hér eru alveg gífurlega háir vextir, sem margir hafa miklar áhyggjur af. Við getum tekið sem dæmi fjölskyldu sem skuldar 10 millj. kr., ætli hún sé ekki að greiða allt að því 1,2 millj. kr. í vexti og verðbætur á hverju ári? Það þurfa að vera miklar tekjur sem slík fjölskylda hefur, bara til að standa undir þessu og rekstrinum. Það eru margar fjölskyldur í landinu sem skulda fleiri milljónir. Margir hafa talað um það sem fólk er að greiða vegna skulda sinna við Íbúðalánasjóð, að af hverri milljón þá hækki upphæðin nánast í hverjum mánuði. Þetta er áhyggjuefni. Kannski væri betra að huga betur að því hvernig við getum lækkað skatta á einstaklinga.

Sagt er að það sé vandkvæðum bundið að spá fyrir um tekjutap ríkissjóðs og hvað tekjutapið eða lækkun skatta á fyrirtækin muni valda mikilli hækkun á tekjum einstaklinga sem síðar muni þá væntanlega skila sér í aukinni neyslu og hækkandi tekjum af virðisaukaskatti og þá jafnframt í auknum tekjum af tekjuskatti. Um þetta er vandi að spá, „vandi er um slíkt að spá", segir í kvæði eftir Jóhannes úr Kötlum, Bráðum koma blessuð jólin, herra forseti.

Ég held að íhuga þurfi betur skattatillögurnar og allar þessar breytingar sem menn telja nauðsynlegt að koma á og þegar svona mikilvæg mál eru tekin fyrir, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gat um í framsöguræðu sinni, þurfi að hugsa betur um afleiðingarnar.

Hvaða áhrif hefur það t.d. haft, svo ég ítreki spurningu mína, þegar fjármagnstekjuskatturinn er svona lágur? Hefur það skipt einhverju máli til eflingar fyrirtækjum? Hefur ekki fjármagn streymt úr landi? Hefur lækkunin skilað sér? Eða hvers vegna hefur krónan lækkað svo mikið á undanförnum mánuðum? Er það vegna þess að sjávarafurðirnar hafi verið að lækka í verði í útlöndum eða er það eitthvað annað? Er það ekki vegna að allt of mikið fjármagn hefur streymt út úr landinu og að þeir sem hafa bætt hag sinn hafi jafnvel ekki farið í að fjárfesta innan lands heldur talið fé sínu betur varið annars staðar, í öðrum löndum, jafnvel þó að skattar á fyrirtæki þar séu ekkert lægri en hér?

Um þetta þurfum við að hugsa vel. Um þetta ætti hv. efh.- og viðskn. að fjalla betur og leggja ríkari áherslu á að forðast skatta sem halda einstaklingum og fjölskyldum í heljargreipum skattpíningar. Betra væri að fara bil beggja í þessu tilliti.

[20:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál lengi dags. Í sjálfu sér er ekki miklu við það bæta. Ég vil þó segja nokkur orð í þeirri umræðu sem hér fer fram.

Ég held að í fyrsta lagi verði menn að hafa það í huga í þessari umræðu að nettóáhrif þeirra breytinga sem hér á að ráðast í eru tiltölulega lítil. Þau eru rúmlega 1% af áætluðum tekjum ríkissjóðs. Nettóáhrif þessara breytinga eru kannski lítil í sjálfu sér. Hér er um að ræða 3 milljarða kr. og tekjurnar eru u.þ.b. 260 milljarðar kr. eða svo, þannig að nettóáhrifin eru kannski rúmlega 1%. Við erum því í sjálfu sér ekki að tala um stóra hluti þegar við ræðum um tekjur ríkissjóðs yfir höfuð. Hins vegar er kjarninn í þessu kannski þær áherslur sem í breytingunum birtast.

Hér er áherslan lögð á lækkun á tekjuskatti fyrirtækja og að sama skapi er meginhersla lögð á stærri fyrirtækin. Á móti kemur hins vegar að minni fyrirtækin og þau fyrirtæki sem hugsanlega eru að byggja sig upp, hafa ekki miklar tekjur og þar af leiðandi ekki mikinn hagnað, þau hafa lítinn sem engan hag af þessu. Þá er mjög sláandi að Vestmannaeyjar, Norðaustur- og Norðvesturkjördæmin, hin nýju, þ.e. það er nánast frá Hornafirði til Akraness plús Vestmannaeyjar, að nettóniðurstaða þessara staða, ef marka má niðurstöðu ríkisskattstjóra, er sú að þessar breytingar munu koma mjög illa við þessa landshluta, þ.e. fyrirtæki á þessum slóðum munu ekki njóta góðs af þeirri skattalækkun sem hér er á ferðinni.

Það var dálítið sérstakt sem fram kom hjá hv. þm. Pétri Blöndal, sem ræddi einmitt þessa hluti í dag, þ.e. að fyrirtæki sem ekki skiluðu hagnaði ættu mjög erfitt. Hann vildi gera ráðamenn í sveitarfélögum allt að því ábyrga fyrir því. En það sem menn verða vitaskuld að hafa í huga í þessu samhengi er að markaðurinn úti á landi eru mun minni en hér og allur aðfangakostnaður vitaskuld miklu hærri. Þess vegna er það einfaldlega staðreynd að veltuskattar, eins og hér er verið að leggja á, eins og tryggingagjaldið, koma verr út fyrir þessi fyrirtæki. Mér finnst það enn fremur umhugsunarefni, í ljósi þess að ekki er langt síðan svokölluð aðstöðugjöld voru felld niður, veltuskattar sem menn töldu á þeim tíma ósanngjarna því að það var fyrst og fremst skattur á veltu en ekki skattur á afkomu, að þegar á að fara að breyta þessum áherslum þá skuli ríkissjóður fara í þetta far að nýju. Ég vildi benda á þetta atriði.

Hitt atriðið sem ég vil leggja áherslu á og við komumst ekki hjá að ræða í þessu samhengi er að áhrif þeirra breytinga sem hér er ætlunin að ráðast í eru í raun og veru sáralítil. Við erum að tala um rúmlega 1% breytingu. Ég get sagt það sem mína skoðun að það er ýmislegt í þessu sem mér þykir til bóta, til þess að halda því nú til haga í þessari umræðu. En það er líka dálítið sérstætt, þegar horft er á þetta í heild, hvernig ríkissjóður og ríkið hefur þanist út og virðist nánast ekki hægt að koma nokkrum böndum á það. Við eigum eftir að ræða hér — það er reyndar á dagskrá í dag en kemst nú varla til umræðu — lítið frv. um leigubifreiðar sem er einmitt dæmi um hvernig þetta þenst út án þess að nokkur virðist

eiga möguleika á að stjórna þeirri útþenslu. Á aðeins fimm árum hafa útgjöld ríkisins tvöfaldast, farið úr 125 milljörðum í u.þ.b. 250. Þeir sem nú ráða ríkjum í Stjórnarráðinu blésu sig eitt sinn breiða á því að æpa og góla um það að nú skyldi báknið burt.

Ég geri ráð fyrir að sá staður sé vandfundinn þar sem hægt er að sjá álíka þenslu og hefur átt sér stað í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Vissulega felst hluti af þessu í því að menn hafa byrjað að greiða inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins strax og vissulega er hluti af þessu hækkun launa. En það breytir ekki hinu að sú ríkisstjórn sem nú situr virðist ekki hafa nein tök á málum, eins og það dæmi sem við eigum eftir að ræða síðar sýnir. Það að færa verkefni af einum stað yfir á annan þýðir að viðkomandi embættismenn senda einfaldlega reikning vegna þeirrar auknu vinnu sem á þá fellur. Síðan kemur stjórnarmeirihlutinn hlaupandi hingað inn og reynir að búa til tekjur til þess að greiða þann reikning, en það er umræða sem á eftir að fara í síðar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég vildi leggja áherslu á að þó að hér sé ekki um mikil nettóáhrif að ræða á heildartekjur ríkissjóðs þá dregur þetta frv. um skattbreytingarnar fram áherslur ríkisstjórnarinnar. Megináherslan er lögð á stærri fyrirtæki og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Skýrustu skilaboðin eru þau að öll umræða um að efla landsbyggðina skilar sér a.m.k. ekki í þessu frv. Menn geta deilt um hvort rétt sé að hafa áhrif á þá þróun í gegnum skattkerfið. Það má vissulega deila um það. En ég vil þó segja það að það er algerlega ástæðulaust að íþyngja þessum fyrirtækjum með skattkerfinu.

[20:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þm. fjallaði hér um landsbyggðaráhrif þessara breytinga, sem ég tel mjög jákvæð fyrir atvinnurekstur á landinu, þá þætti mér vænt um að hv. þm. skýrði fyrir okkur hvernig Samfylkingin ætlar að standa að því að leggja á hóflegan auðlindaskatt til að fjármagna lækkun á tekjuskatti þar sem hver milljarður í auðlindaskatti flytur 500 milljónir frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Hvernig ætlar hv. þm. að láta það koma út? Hvað þýðir það fyrir Vestmannaeyjar, hvað eiga t.d. Vestmanneyingar að leggja mikið af mörkum til þess að greiða niður tekjuskatt fyrir höfuðborgarbúa? Ég held að það væri ágætt að fá þessar skýringar vegna þess að þetta kemur fram á bls. 8 í nál. fulltrúa Samfylkingarinnar.

[21:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil mætavel að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v., vilji ekkert ræða þær hugmyndir sem hér liggja fyrir, hann vilji fara með umræðuna í allt aðra hluti.

Ég vil segja það líka að umræðan um auðlindagjöld er orðin margra ára gömul. Sú umræða hefur ráðið hér ríkjum í samfélagsumræðunni undanfarin ár. Mér þykir dálítið sérstakt ef hv. þm. telur að hægt sé að klára þá umræðu í stuttu andsvari. Það finnst mér vægast sagt dálítið sérstakt.

Við skulum einmitt halda þessari umræðu áfram. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að núverandi fyrirkomulag við stjórn fiskveiða hefur gert það að verkum að landsbyggðin hefur sjaldan eða aldrei átt eins mikið undir högg að sækja. Ekki hefur nema að litlu leyti verið lagt á auðlindagjald þannig að auðlindagjaldið verður ekki sakað um að hafa vegið að landsbyggðinni.

Því er dálítið sérstakt ef hv. þm. ætlast til þess að þessar tillögur verði skýrðar út í stuttu andsvari. Þó má færa góð og gild rök fyrir því að ég skil óskaplega vel að hann vilji reyna að beina umræðunni frá sínu eigin frv. að einhverjum öðrum hugmyndum.

[21:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek bara athygli á því að hér er þingmaður Samfylkingarinnar að ræða um skattamál og hér frammi liggur nál. frá 1. minni hluta þar sem segir:

„Í samræmi við það leggur 1. minni hluti til að á árinu 2003 verði stiginn frekari áfangi í lækkun á almennum tekjusköttum einstaklinga og hann verði fjármagnaður með gjaldi sem tekið verði fyrir nýtingu fiskstofna."

Þetta er innlegg frá 1. minni hluta í þetta mál og mér finnst bara eðlilegt að hv. þm. Samfylkingarinnar komi og skýri þetta út: Hvað ætlar hann að flytja marga milljarða með þessu frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins? Hvað ætlar hann að flytja marga milljónatugi eða hundruð milljóna frá Vestmannaeyjum til höfuðborgarsvæðisins í gegnum síkt fyrirkomulag?

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir á að leyfi forseta þarf til að lesa upp prentað mál.)

[21:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða verður nú enn undarlegri því ekki eru nema nokkrar vikur síðan ríkisstjórnin lagði fram hugmyndir um að hækka álögur á úthlutaðar aflaheimildir sem, ef ég man þessa tölu rétt og menn geta þá leiðrétt mig, nema hálfum milljarði. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan.

Því er náttúrlega alveg makalaust að hv. þm. skuli koma hér upp og óska eftir skýringum á þessu og hugsanlegum áhrifum á landsbyggðina eða hvernig þetta verður útfært. Sjálfur stendur hann að tillögum hér upp á 500 milljónir. Sjálfur stendur hann að tillögum um breytingar á skattkerfinu sem koma mjög illa, samkvæmt tölum ríkisskattstjóra, við Vestmannaeyjar, hið nýja Norðurlandskjördæmi eystra, þ.e. Norðausturkjördæmið, og Norðvesturkjördæmið.

Ég skal alveg játa það, virðulegi forseti, að ég skil óskaplega vel að hv. þm. vilji fara með umræðuna í einhvern allt annan farveg en um það mál sem hann sjálfur hefur talað fyrir hér.

[21:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti byrja á að þakka þingmönnum fyrir málefnalega umræðu sem hefur staðið í allan dag, eins og kunnugt er, þar sem virkilega hefur á köflum verið farið í saumana á því frv. sem hér er til umræðu og vitaskuld hefur það kristallað þann skoðanamun sem er í þessum málum, sem er í skattamálum milli stjórnmálaflokkanna á Alþingi og milli grundvallarsjónarmiða fólks hér á Alþingi um þessi mál. Vitaskuld er það mjög jákvætt og gott og kannski reyndar frekar sjaldgæft núorðið í umræðum á Alþingi um einstök frv.

Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni, herra forseti. Mig langar til þess að víkja að nokkrum atriðum sem hafa komið fram í þessari umræðu og reyna að svara nokkrum spurningum sem til mín hefur verið beint. Kannski

væri rétt að byrja á fyrirspurnum eða vangaveltum hv. þm. Karls V. Matthíassonar því að það er stutt síðan hann talaði hér. Hann velti því fyrir sér hvaða áhrif skattalækkanir eins og hér eru lagðar til að því er varðar fyrirtæki mundu hafa og spurði t.d.: Hvaða áhrif hafði lækkun fjármagnstekjuskatts á atvinnulífið og aðrar skattalækkanir sem hafa beinst að atvinnulífinu?

Ég skal segja hv. þm. hvaða áhrif þetta hafði. Gleymum ekki því að fyrir ekkert mjög löngu síðan var almenna tekjuskattshlutfallið á fyrirtæki 50% en hefur núna sl. þrjú ár verið 30%. Ég tel að sú breyting, þó að hún hafi reyndar ekki orðið öll í einum áfanga, hafi haft gríðarlega mikilvæg áhrif á atvinnulífið og á fyrirtækin í landinu og að það megi færa mjög haldbær rök fyrir því að ríkissjóður hafi hagnast á þeirri breytingu peningalega en ekki tapað, sem er reyndar það sem við teljum að verði með breytingunni úr 30% ofan í 18.

Svo var það fjármagnstekjuskatturinn sem þingmaðurinn nefndi. Hann lækkaði nú reyndar ekki í öllum tilfellum. Hann nefnilega hækkaði úr 0% upp í 10% á stærstum hluta fjármagnstekna í landinu, þar á meðal bankainnstæðum og mörgu öðru sem áður var alls ekki skattlagt, öðrum fjármagnstekjum. En hann lækkaði til að mynda á söluhagnaði, á arði, á húsaleigu og fleiri slíkum atriðum og það varð til þess, herra forseti, að úr læðingi leystust alls kyns fjármagnsstraumar sem voru frystir niðri í frystikistu skattkerfisins engum til góðs en ýmsum til mikilla vandræða en hafa síðan látið mjög gott af sér leiða.

Halda menn að sú mikla gróska og þau miklu umsvif sem verið hafa hér á verðbréfamarkaði og hlutabréfamarkaði séu ekki a.m.k. að stórum hluta til til komin vegna þess að þessum skattareglum var breytt. Það var farið að versla með hlutabréf sem ekki var gert áður vegna þess að fólk var í sjálfheldu með hlutabréf vegna þess hve skattheimtan var mikil og skattprósentan há. Þegar þetta var komið ofan í sanngjarnt horf, 10%, fór fólk að haga sér allt öðruvísi en það gerði áður. Sama er að segja um húsaleigumál, arðgreiðslur og fleira.

Þess vegna, hv. þm., höfum við mikla sannfæringu fyrir því að þessi áhrif af frv. núna verði mjög til góðs vegna þess að skattstofninn er ekki föst stærð þegar um er að ræða tekjuskattsstofn fyrirtækja eða skatt af fjármagnstekjum. Hann er alls ekkert föst stærð. Hann er kvikur. Hann breytist alveg eins og hagkerfið okkar er sífelldum breytingum undirorpið og er sífellt að breyta um lögun, breyta um hegðun þar sem fólk og fyrirtæki eru ævinlega að leita að betri leiðum til þess að gera hlutina, hagkvæmari leiðum, ódýrari leiðum, betri lausnum á verkefnum og vandamálum. Þess vegna er skattstofninn, þegar um er að ræða fyrirtæki og fjármagn, ekki föst stærð. Hann er ekki einhver fasti sem menn geta gengið að og reiknað út frá heldur þvert á móti hefur skatthlutfallið áhrif á skattandlagið og skattandlagið hefur tilhneigingu til þess að hlaupa undan og hverfa ef skattprósentan er of há. Þetta höfum við séð og margupplifað og allir sem hafa einhvern tíma haft einhverja nasasjón af fyrirtækjarekstri, eins og margir hér í þingsalnum hafa haft, litlum fyrirtækjum eða stórum, vita vel hversu auðvelt er að hafa áhrif á endanlega niðurstöðutölu í uppgjöri fyrirtækja, hvað auðvelt er að eyða peningum sem menn vita að mundu ella fara að hálfu leyti til ríkisins eins og áður var þegar prósentan var 50% en að $^1/_3$ í dag þegar prósentan er sú sem hún er í dag, tæplega $^1/_3$.

Það verður með öðrum orðum miklu minni hvatning til þess að reyna að minnka skattstofninn, auka tilkostnað, minnka hagnað þegar prósentan er orðin það lág að fólki finnst ekki taka því, stjórnendum fyrirtækja finnst ekki taka því, vilja frekar taka eðlilegan þátt í að borga fyrir það sem það kostar að halda þessu samfélagi uppi að því er varðar velferðarþjónustu, opinbera stjórnsýslu, dómstóla, utanríkisþjónustu o.s.frv.

Þetta er kjarni málsins, herra forseti, og það var mjög gott að hv. þm. spurði þessarar spurningar vegna þess að þetta eru rökin fyrir frv. að því er varðar skattlagningarprósentu fyrirtækja.

Svo hefur fleiri atriði í frv. borið hér á góma. Margt í frv. hefur að sjálfsögðu borið á góma, en ég tel að þetta sé stóra málið í frv. og að við munum sjá fram á það, þegar fram líða stundir og kannski ekki innan mjög svo langs tíma, að þessi áhrif verða ekki bara jákvæð, þau verða mjög mikil. Ekki þarf annað en að heyra það sem ýmsir aðilar hafa látið hafa eftir sér eftir að þetta var kynnt, ábyrgir aðilar í atvinnurekstri um starfsemi sem þeir hyggjast flytja hingað eða hætta við að flytja úr landi o.s.frv., til að geta áttað sig á því hvað hér er á ferðinni.

Ég ætla þá aðeins að víkja að nokkrum atriðum sem til mín var beint í umræðunni. Margir hafa talað um sveitarfélögin, m.a. hv. þm. Kristján Möller og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem spurði mig að því hvort haft hafi verið samráð við sveitarfélögin um þessar breytingar. Því var reyndar svarað við 1. umr. og svarið er að ekki var haft samráð út fyrir stjórnarflokkana í þessu máli, hvorki við sveitarfélögin, aðila vinnumarkaðarins né atvinnulífshópa eins og Verslunarráðið eða slíka, vegna þess að það var talið geta haft óæskileg áhrif á málið. Það hefði hugsanlega getað leitt til innherjaviðskipta eða einhvers afbrigðis af þeim ef sumir hefðu fengið vitneskju um hluti sem hafa áhrif á markaðinn sem aðrir fá ekki. Þess vegna var reynt að lágmarka það svokallaða samráð sem haft var um þetta mál. Það var bara ákveðið á pólitískum vettvangi og það spurðist ekki út fyrr en eftir klukkan fjögur þann dag sem við tilkynntum þetta, sem var 3. október sl. Ég held að það hafi verið alveg nauðsynlegt.

Ég tel ekki að hér hafi verið framið neitt brot á samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga um samstarf að því er varðar fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ég tel það ekki. Ég tel ekki að sá sáttmáli, svo ágætur sem hann er, feli í sér neitt afsal ríkisvaldsins á því að flytja frv. sem þessi sem nauðsynlegt er að um ríki ákveðinn trúnaður áður en þau koma fram.

Síðan hefur hér verið spurt um önnur atriði sem varða sveitarfélögin — og raða menn sér nú á mælendaskrá til andsvara. Það er ágætt. (**Gripið fram í:** Þetta er ræða.) Það er enn betra — þ.e. spurningin um tekjuáhrifin á sveitarfélögin. Vissulega er eðlilegt að velta þeim fyrir sér. Ég tel hins vegar að þó að sveitarfélög muni lenda í því, eins og allir sem hafa fólk í vinnu, að þurfa að greiða meira í tryggingagjald séu yfirgnæfandi líkur á því að hin auknu efnahagsumsvif sem fylgja þessu frv. og áhrifum þess muni yfirgnæfa þann kostnað, ávinningurinn verði með öðrum orðum meiri en kostnaðurinn að því leyti til. En auðvitað er erfitt að fullyrða um það fyrir fram og sjálfsagt er að ræða um það við sveitarfélögin. Við höfum heilt ár til þess vegna þess að þetta tekur ekki gildi samkvæmt frv. fyrr en um önnur áramót eins og kunnugt er.

Síðan er það spurningin um einkahlutafélögin og áhrif þess að menn flytji rekstur sinn úr einkarekstrarlegu formi yfir í einkahlutafélag. En þá verða menn að hafa í huga að sá möguleiki er fyrir hendi í lögum í dag. Fjölmargir hafa breytt sínum rekstri úr því að vera einkarekstur yfir í að vera einkahlutafélag og það er ekki er hægt að banna mönnum. Einhver tala var nefnd um það í umræðunum að einkahlutafélögin væru orðin eitthvað um 5.000, minnir mig. Hins vegar er vert að minnast þess að einkahlutafélagaformið kom í lög sennilega á árinu 1994 og var eitt af því sem fylgdi EES-samningnum. Þetta form hafði ekki verið í lögum á Íslandi áður en var eitt af því sem við skuldbundum okkur til þess að innleiða hér í lög vegna aðildar okkar að EES-samningnum. Og ég held að það sé bara fínt, gott og blessað og reyndar mjög hentugt form oft og tíðum fyrir atvinnurekstur sem passar inn í þennan búning, hvort sem að honum standa einn eða fleiri aðilar þannig að ekkert verður bakkað með það.

Auðvitað má fullyrða eða halda því fram að þau einkahlutafélög sem nú starfi hafi þá hugsanlega rýrt útsvarstekjur sveitarfélaganna að einhverju marki ef það er rétt að einstaklingar hafi í þessum mæli breytt rekstri sínum með þeim hætti yfir í einkahlutafélög.

Þá er spurningin hvort þetta muni aukast í framhaldinu verði frv. samþykkt. Ekki er hægt að fullyrða um það með nokkurri vissu. En það er líklegt. Það er líklegt að einkahlutafélögum muni fjölga, m.a. vegna þess að í frv. er sérstök grein sem á að gera fólki auðveldara að komast úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög og er sérstaklega hugsuð fyrir einyrkja sem stunda atvinnurekstur í dag, vilja komast út úr honum, vilja koma honum á hendur afkomenda sinna, vilja geta hætt, selt, losað sig út úr honum en eru í sjálfheldu í dag eins og segir í umsögn skattrannsóknarstjóra um þetta atriði. Hann segir nefnilega í umsögn sinni að ekki leiki vafi á því að við þessa breytingu muni ákveðnum hópi aðila gert kleift að losna úr ákveðinni sjálfheldu. Þetta veit hv. þm. Kristján Möller og þetta vita allir sem til að mynda hafa fylgst með einstaklingsrekstri víða um land. Auðvitað er þetta líka til á höfuðborgarsvæðinu. En þetta er algengt úti á landi, þ.e. að menn hafi verið með einhvern lítinn rekstur, hugsanlega bát, hugsanlega vörubíl, hvað sem það væri nú og eru í þessari stöðu. Okkur fannst rétt — og uppi hefur verið um það ósk lengi — að mönnum yrði gert kleift að brjótast út úr þessari sjálfheldu með því að fá rekstri sínum breytt án þess að við það myndaðist nýr skattstofn í formi söluhagnaðar. Tillaga er um það í þessu frv. Það er vissulega rétt.

Hver síðan öll þessi áhrif samantekin gætu hugsanlega orðið á sveitarfélögin er erfitt að segja til um. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á voru mjög mismunandi útgáfur af spám um áhrifin á sveitarfélögin. Það munar hvorki meira né minna en einum 1.200 millj., minnir mig, á tveimur spám sem fyrir liggja um þetta atriði. Þetta þarf að skoðast betur en þetta er auðvitað ekki nægileg ástæða til þess að hætta við þetta ákvæði eða fresta frv. Þetta er framfaramál þó það geti hugsanlega haft einhver neikvæði áhrif að þessu leyti til fyrir sveitarfélögin. Við þurfum bara að fara yfir það. Við gerum það áreiðanlega í góðu samstarfi við sveitarfélögin.

Hv. þm. Kristján Möller lét þess líka getið að fjármagnstekjuskatturinn sem hérna var minnst á væri að því leyti til ósanngjarn að hann væri líka greiddur af verðbótaþættinum, þ.e. hann er greiddur af verðbólgu sem leggst ofan á hinn raunverulega stofn. Það er m.a. ástæðan fyrir því að hann var hafður þetta lágur á sínum tíma. Það væri mjög ankannalegt, óheppilegt að leggja segjum 15, segjum 20% nafnavaxtaskatt á t.d. verðbæturnar sem fólk er að fá af verðtryggðum innlánsreikningum sínum í bönkunum. Megnið af því væri skattur á verðbólguna en ekki skattur á raunverulega verðmæti, skattur á verðbólguna í hendi almennings. En vegna þess að þessi skattur er lágur voru þessi áhrif talin vera frekar léttvæg. En þau eru auðvitað áhrifameiri eftir því sem verðbólgan er meiri og eftir því sem skattprósentan er hærri. Um þennan skatt hefur þess vegna náðst, að ég tel, bæði í raun og í framkvæmdinni tiltölulega góð sátt og það er þess vegna sem þessi skattur hefur skilað ríkissjóði miklu meiri tekjum, hv. þm. Karl Matthíasson, sem spurði um þetta, miklu meiri tekjum en menn höfðu getið sér til um áður og spáð vegna þess að skattstofninn varð annar og meiri en talið var vegna þess að skatthlutfallið var sanngjarnt. Þeir sem á annað borð spá í slíka hluti sáu ekki ástæðu til að reyna að koma sér undan slíkum skatti t.d. með því að fara með peninga sína úr landi. Þeir sem það hafa hins vegar gert löglega eru ekki endilega að hugsa um fjármagnstekjuskattinn því að það hefur réttilega verið bent á að hann er lægri hér en í mörgum löndum sem betur fer. Það er ein ástæðan fyrir því að gott er að búa á Íslandi. Það eru ekki allir skattar jafnháir hér og annars staðar.

En vandamál þeirra sem hafa verið að flytja fyrirtæki sín úr landi hefur frekar verið eignarskattur á Íslandi sem m.a. hefur lagst á hlutafé í litlum fyrirtækjum sem kannski hefur verið eina eign slíkra fyrirtækja. Þess vegna hafa þau farið úr landi, skráð sig annars staðar þar sem ekki er eignarskattur, til þess að fá ekki slíkan skatt sem leggst á eigið fé án þess að taka nokkurt tillit til þess hvort það er hagnaður eða tap af starfseminni. Það er líka þess vegna sem það er orðið mjög brýnt fyrir okkur að breyta skattlagningu eigna hér og koma okkur út úr því fari sem hér hefur verið í mörg ár og er auðvitað orðið úrelt, að skattleggja eignir af þeim mikla þunga sem hér hefur tíðkast. Þess vegna er gott að sjá í tillögum Samfylkingarinnar að gamlir skattpíningarsinnar að því er varðar eignarskatta eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem sat í ríkisstjórn hér og gerði ítrekaðar tilraunir til þess að skattleggja eignir beinlínis af fólki, sérstaklega haustið 1988, hafa nú séð ljósið í því máli (**JóhS:** Vill ráðherrann ekki skýra þetta?) og á hún aðild að því að flytja hér tillögu um að lækka eignarskatta.

Haustið 1988 þegar Jóhanna Sigurardóttir var félmrh. var farið með skatthlutfall á eignir allt upp í 2,95%. Ráðherrann páv. var meðflutningsmaður slíkra tillagna sem páv. fjmrh. flutti, bar á þeim fulla ábyrgð, hafði örugglega stúderað slíkar hugmyndir og gert sér vel grein fyrir því hvaða áhrif þær mundu hafa á atvinnulíf og eignir, fyrirtæki og einstaklinga, og það er í fyrsta skipti nú í dag sem ég sé þennan þingmann eiga aðild að tillögum um að lækka eignarskatta. Ég fagna því að skilningur hennar í þessu efni hefur breyst og hún hefur breytt um afstöðu í þessu máli. Ég fagna því bara og býð hana velkomna í hóp þeirra sem þannig hugsa. Ég fagna því líka sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni þegar hann velti vöngum yfir því að kannski væri ekki réttlátt að skattleggja bæði stofninn, þ.e. eignina og líka afraksturinn af eigninni með fjármagnstekjuskatti, að kannski ætti það ekki samleið að vera bæði með eignarskatt og fjármagnstekjuskatt. Ég fagna því að hann er a.m.k. opinn fyrir slíkum vangaveltum þó að hann hafi ekki endilega tekið af skarið með það. En það var nefnilega það sem gleymdist þegar fjár-

magnstekjuskatturinn var lagður á, að lækka eignarskattinn og það er verið að gera það núna. Því er ekki sanngjarnt að vilja hækka fjármagnstekjuskattinn á móti af þeim sökum. Það átti að lækka eignarskattinn fyrir fimm árum þegar fjármagnstekjuskatturinn var lagður á ef vel hefði átt að vera og ef rétt hefði verið rétt.

Ástæða er til að víkja að nokkrum spurningum enn þó að kannski sé ekki hægt að svara þeim til hlítar. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um skattgreiðslur Ísals. Nú er það svo að um það gildir sérstakur samningur um framleiðslugjald svokallað sem það fyrirtæki borgar og auðvitað getum við ekki í útreikningum af því tagi sem liggja á bak við þetta frv. velt fyrir okkur einstökum skattgreiðendum eins og þessu fyrirtæki og tekið allt slíkt með í reikninginn. Verðum við þá ekki að taka líka Járnblendiverksmiðjuna, Norðurál, væntanlegt Reyðarál og fleiri slík fyrirtæki inn í þann pakka? Ísal greiðir núna mjög myndarlega skatta, hefur reyndar ekki gert það alltaf í gegnum árin eins og kunnugt er vegna þess að mikil breyting hefur orðið á afkomu fyrirtækisins. Við vonum auðvitað að það haldi áfram að græða. Ég segi fyrir mig að ég vona að Ísal haldi áfram að græða og vera góður og öflugur vinnuveitandi og borga há gjöld og ég vona að þeir haldi áfram að færa út kvíarnar, þeir sem það fyrirtæki eiga hér. En þeir eiga kost á því að fara inn í almenna skattkerfið og vitanlega væri æskilegt að þeir gerðu það eins og öll svona fyrirtæki. Og það er í samræmi við þær breytingar sem við höfum verið að gera á skattkerfinu að búa þannig um hnútana að ekki þurfi sérreglur um hvert einasta erlent fyrirtæki sem hingað kemur, að þau geti bara gengið beint inn í hið almenna skattkerfi á Íslandi og ekki þurfi að semja um það sérstaklega sem er bæði tímafrekt og dýrt og ekki endilega alltaf hagstætt íslenskum stjórnvöldum eins og ýmis dæmi sanna. Ég vona að það gerist á endanum að Ísal gangi inn í íslenska skattkerfið eins og þeir eiga samkvæmt samningnum rétt á að gera. En þá fara þeir ekki út úr því aftur því ef fyrirtækið tekur þá ákvörðun að ganga inn í kerfið eins og það er á hverjum tíma þá verður ekki aftur snúið með það. Sú leið liggur bara í eina átt.

Síðan spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mig líka hvort ég væri samþykkur því sem væri að gerast í Danmörku varðandi lækkun tekjuskatta. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki haft tíma til þess að lesa mér mikið til um það eða tala við kollega mína í Danmörku úr íhaldsflokknum og vinstri flokknum sem hafa með þetta að gera núna. Ég skal gera það næst þegar ég hitti það fólk. En hitt er annað mál að þeir eru að bregðast við allt öðruvísi aðstæðum. Þeir eru að bregðast við því að fram undan hjá þeim er ákveðin ládeyða. Við höfum verið að glíma við þenslu og við erum ekki að hugsa þetta frv. hér og þann pakka sem er í þessu frv. sem einhverja skammtímaörvun í atvinnulífinu. Það er miklu meiri langtímahugsun í þessu frv. enda á það ekki að taka gildi að stærstum hluta til, eða áhrifin af því að koma fram fyrr, en eftir nokkur missiri og það mun auðvitað hafa langtímaáhrif miklu lengra fram í tímann. Ég óska þeim góðs gengis í Danmörku og get sagt þeim að þeir eiga góðan bandamann uppi á Íslandi í hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Síðan spurði hv. þm. mig um áhrif fasteignamatsins sem tekið er sérstaklega á í frv. að því er varðar eignarskattana. Ég lýsti því yfir í sumar, og við fleiri í ríkisstjórninni, að fasteignamatshækkunin sem varð í sumar mundi ekki hafa áhrif á eignarskatta fólks vegna þess að við mundum hækka fríeignarmörkin sem því næmi. Það gerum við í frv. og reyndar vel rúmlega það.

En að því er varðar aðra þætti, þá hef ég aldrei sagt að þeir væru í þeim pakka. Ég hef meira að segja svarað því í þessum ræðustóli að við munum ekki grípa til sambærilegra aðgerða, hvorki að því er varðar erfðafjárskatt, stimpilgjald né vaxtabætur. Einhvers staðar verður að draga mörkin í þeim efnum. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram þannig að efh.- og viðskn. viti, ef einhver vafi hefur verið í þessu, hver afstaða mín er í því efni.

Það er rétt að taka fram vegna þess að til nokkurra orðahnippinga kom milli okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún var að fjalla um þetta mál að þar gætti nokkurs misskilnings. Sennilega af minni hálfu en hluta til einnig af hennar hálfu þannig að í milli okkar fóru orðaskipti sem kannski voru ekki alveg við hæfi og mér þykir það leitt ef ég hef tekið fullstórt upp í mig gagnvart ummælum þingmannsins fyrr í dag um það efni en það höfum við rætt og búið er að koma því á hreint hvað þar var á ferðinni.

Að því er varðar síðan, herra forseti, stimpilgjaldið sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði líka að umtalsefni, þá er það mál þannig vaxið að tilkynnt var um það þegar þessar aðgerðir allar voru kynntar 3. október að hluti af þessum pakka væri lækkun stimpilgjalds sem næmi um 900 millj. kr. En stimpilgjaldið er í sérstökum lögum. Sú breyting á ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2003 og þess vegna liggur ekki á að afgreiða það mál eða koma því inn í þingið, við höfum reyndar tíma til næstu áramóta að ljúka því af, en auðvitað væri hyggilegast og heppilegast að reyna að gera það sem fyrst á árinu 2002. Það frv. kemur því annaðhvort á vorþinginu eða í síðasta lagi í upphafi haustþings. Þannig er staðan á því máli og kannski ekkert meira um það að segja í bili.

Ég vil síðan endurtaka það sem ég sagði, herra forseti, í upphafi ræðu minnar að ég tel að þau orðaskipti sem hafa farið fram í dag hafi verið málefnaleg og raunverulega býsna upplýsandi að því er varðar skoðanir manna, annars vegar ríkisstjórnarinnar og stuðningsaðila hennar og hins vegar stjórnarandstöðuflokkanna. Það kemur reyndar á daginn að þeir eru ekki alveg samstiga í þessum efnum frekar en í ýmsu öðru. Það er líka ágætt að það komi í ljós. Mismunandi afstaða er til einstakra atriða í þeim efnum en ég held hins vegar að það sé rangt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að lítil breyting væri í frv. vegna þess að hann mældi það á mælistiku heildarskatttekna ríkissjóðs, var reyndar eftir því sem ég best veit með of lága prósentu á þann mælikvarða. En það er ekki aðalatriðið heldur er aðalatriðið innihald breytinganna og þau auknu umsvif og áhrif sem þessar breytingar munu væntanlega hafa, bæði á árinu 2002 en þó einkanlega þegar fram í sækir.

[21:35]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. svaraði nokkrum spurningum sem ég bar upp í þessum ræðustóli og hann talaði um að þær aðgerðir sem gerðar hefðu verið í sambandi við fjármagnstekjuskattinn sem hefði verið lækkaður, þó hann hefði hækkað í sumum tilvikum, og fleiri atriði hefðu orðið til þess að örva atvinnulífið eða hefði virkað sem vítamínsprauta á það. En það hefur greinilega ekki verið nægilega mikið fyrst hæstv. ríkisstjórn telur að það sem bjargi atvinnulífinu á Íslandi sé bara að lækka skatta á fyrirtækin. Ég held að hugsa þurfi alvarlega um vaxtagreiðslurnar en því miður eru tökin greinilega engin hjá ríkisstjórninni hvað varðar þá gífurlega

miklu, ég leyfi mér að segja okurvexti sem eru við lýði í landinu.

Ég tel að það sé svo sem ekki neitt til að hreykja sér af með þennan fjármagnstekjuskatt í sumum tilvikum a.m.k., þar sem börn eru skattlögð alveg niður í ómálga börn sem eiga kannski örfáar krónur í bankabókum og við höfum komið með tillögur í þeim efnum og svo væri gaman að vita hvort fjmrh. telji að fjörleg viðskipti verði með hlutabréfakaup í kringum jólin eins og var fyrst þegar skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa var gefinn á sínum tíma.

[21:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get auðvitað ekki svarað síðustu spurningu þingmannsins, en ég vona að svo verði. Ég vona að blómleg viðskipti verði með hlutabréf fyrir þessi áramót eins og oft hefur verið.

En það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að það sem hérna er verið að gera er grundvallarkerfisbreyting á skattkerfinu til lengri tíma. Þetta er ekki skammtímaörvunaraðgerð eins og til að mynda er verið að gera í Danmörku núna. Slíkar breytingar geta átt rétt á sér. Þær eru ekki það sem við þurfum mest á að halda núna þegar við erum að koma út úr þensluskeiði þar sem er viðskiptahalli og verðbólgan hefur látið á sér kræla þó að hún sé núna á niðurleið á nýjan leik, þá þurfum við ekki slíkar aðgerðir heldur þurfum við það sem hérna er verið að gera, þar sem verið er að skjóta nýjum stoðum undir atvinnulífið með þessari varanlegu kerfisbreytingu sem er náttúrlega grundvallarstrúktúrbreyting eins og sumir mundu kalla það í skattkerfinu.

[21:38]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Það er mín spá, herra forseti, að þó hér sé verið að tala um lagasetningu til margra ára eða langs tíma þá muni þessu verða breytt þegar fram í sækir. Ég tel að allt of langt sé gengið í þessum efnum, í því að létta sköttum af fyrirtækjum og það eigi að fara bil beggja. Verið er að tala um að lækka eigi skatta á fyrirtæki, m.a. til þess að fá mikið af erlendum fyrirtækjum inn í landið og hér verði einhver paradís. Maður sér fyrir sér, ég veit ekki hvað maður á að sjá fyrir sér af alls konar fyrirtækjum, City Bank, ég veit ekki hvað verið er að hugsa um í því sambandi. En ef miklar skattalækkanir á fyrirtæki leiða til þess að erlend fyrirtæki flytji til landsins þá held ég að mikil hætta sé líka á því, jafnmikla skattapíningu og einstaklingar búa við í dag, að það muni þá leiða til þess að þeir flytji til landa þar sem skattar á einstaklinga eru miklu lægri.

[21:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að þingmaðurinn geri sér grein fyrir að eitt markmiðið með þessum breytingum er að efla þannig stöðu ríkissjóðs að hún geri okkur kleift að koma enn betur til móts við einstaklingana en við gerum í dag og við getum slegið enn þéttari skjaldborg til að mynda um velferðarkerfið.

Síðan sagði þingmaðurinn: „Þessu verður breytt ...“ Já, mér finnst það líklegt. Og ég geri mér vonir um að það líði ekkert mjög mörg ár áður en hægt verður að breyta þessu aftur og halda áfram og gera meira í þessum efnum, ganga lengra í að lækka, jafnvel afnema eignarskatta, gera meira í ýmsum öðrum umbótum sem lúta að atvinnulífinu en einnig einstaklingunum. Það er markmiðið með þessum breytingum.

[21:41]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. fjmrh. að það er gott að búa á Íslandi. En það var ekki aðeins það sem hann sagði. Það er gott að búa á Íslandi, sagði hæstv. ráðherra, vegna þess að hér borgum við lága skatta. Annars mundu allir flytja úr landi. Ég hef heyrt hv. þm. Karl V. Matthíasson leiða þessa hugsun áfram með bros á vör að ef við borguðum enga skatta, þá mundu sennilega allir flytja til Íslands. Þetta er það sem einhvern tíma var kallað Sahara-pólitík, eyðimerkurpólitíkin, vegna þess að í Sahara er ágætt að vera en þar er heldur ekki neitt. Ef við þurrkum út allt mannlegt samfélag, ef við þurrkum burt allt það sem við gerum í sameiningu og fjármögnum saman, þá er ekkert sérstaklega gott að vera hér. Staðreyndin er sú að íslensku velferðarþjónustunni er um margt ábótavant og hana þyrfti að bæta. Þegar almenningur á Íslandi er spurður um hvort hann sé reiðubúinn að kosta einhverju til, þá er yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar reiðubúinn að gera það.

Hér talaði fyrr í dag hv. þm. Kristján L. Möller og hann saknaði mín við umræðuna. Því miður var ég fjarri þá stund sem hann ræddi skattapakka ríkisstjórnarinnar en þar sem hann óskaði eftir skýringum á afstöðu minni ætla ég að verða við beiðni hans.

Hv. þm. var að furða sig eitthvað á þeirri tillögu sem ég hef sett fram og gengur út á að skjóta framkvæmd skattapakkans á frest að undanskildum tveimur ákvæðum hans, tveimur greinum. Í fyrsta lagi lækkun almenns tekjuskatts um 0,33% og í öðru lagi afnáms skattlagningar á húsaleigubætur. Ég er fylgjandi síðara atriðinu og hitt lít ég á sem hluta af stærri heild. Áður var um það samið að tekjuskattur yrði færður niður til samræmis við þá ákvörðun Alþingis að hækka heimild sveitarfélaganna til að taka útsvar sem þessu nemur þannig að þetta ber að skoðast í þessu samhengi. Þess vegna vil ég fá þetta til framkvæmda þegar í stað.

Hinu vil ég skjóta á frest, ekki vegna þess að ég vilji fá það í framkvæmd heldur vegna þess að ég vil fá umræðu um skattkerfisbreytingar almennt einmitt vegna þess að ég er mjög ósáttur við þær breytingar sem felast í skattapakka ríkisstjórnarinnar. Reyndar er ég mjög ósáttur við þær breytingar sem orðið hafa á skattkerfinu, ekki bara á síðasta ári eða þar síðasta heldur allan tíunda áratuginn. Þar hefur það verið að gerast sem nú er að ágerast að skattar eru lækkaðir á þá sem hafa mestar tekjur, eiga mestar eignir og reka fyrirtæki.

Fyrir rúmum 10 árum, árið 1988, voru tekjuskattar á fyrirtæki 50%. Það ár voru tekjuskattar á einstaklinga 35,20%. Núna hefur þetta snúist við. Tekjuskattar einstaklinga eru komnir í 38,76% en tekjuskattar fyrirtækjanna eru komnir niður í 30%. Hvenær byrjaði þetta að gerast? Hver var byrjunin, hvenær hófst þessi öfugþróun? Hvenær skyldi hún hafa hafist? Hún hófst á árinu 1992 og fyrir alvöru árið 1993. Þá voru tekjuskattar fyrirtækjanna komnir niður í 33% en tekjuskattar einstaklinga voru þá komnir yfir 41%. Á sama tíma og þetta gerðist voru lífskjör almennings skert á ýmsan annan hátt. Ég man ekki gjörla hvort það var við fjárlögin 1992 eða 1993 að barnabætur voru skornar niður um hálfan milljarð kr., 500 millj. kr. Það var gert í einu vetfangi og þar hófst sú öfugþróun hvað þær snertir sem hefur leitt til þess að barnabætur eru enn rýrari að verðgildi nú en þær voru fyrir 10 árum. Á þessum árum var álögum hlaðið á sjúklinga. Starfsfólk heilsugæslustöðvanna var sent á námskeið til að

kenna því á sjóðsvélar og innræta sjúklingum á langlegudeildum sjúkrahúsanna kostnaðarvitund. Muna menn eftir þessu? Rekur menn minni til þessa?

Vegna þess að hv. þm. Kristján L. Möller er að reyna að mála þessa umræðu pólitískum flokkslitum og þá vil ég spyrja hv. þm. Kristján L. Möller: Hverjir skyldu þá hafa setið í ríkisstjórn og í hvers hendi skyldi niðurskurðarhnífurinn hafa verið?

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að um þessar aðgerðir var ekki fullkomin sátt í ríkisstjórn. Svo allir séu látnir njóta sannmælis hef ég trú á því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi staðið vel vörðinn og reynt að vinna gegn þessum ósköpum. En þetta eru bara staðreyndir lífsins. Ef hv. þm. Kristján L. Möller hefur einhverjar efasemdir um hvað mér finnst vera rétt og rangt í skattamálum skal ég upplýsa hann um það.

Ég er andvígur því, og það á jafnframt við um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, að fara þá leið sem þarna var farin, að innræta sjúku fólki og fátæku kostnaðarvitund. Ég er andvígur því að létta sköttum af fyrirtækjum og hátekjufólki og hlaða klyfjunum á almennt launafólk. Einmitt þetta er að birtast í þeim skattapakka sem við stöndum nú frammi fyrir. Ein af þeim ráðstöfunum sem grípa á til er að létta sköttum af hátekjufólki um 600 millj. kr. með því að færa hátekjuskattsviðmiðið upp um 15%, úr 280 þús. í 322 þús. Hverjir eru það í hópi Íslendinga sem greiða þennan svokallaða hátekjuskatt? Það er tíundi hluti þjóðarinnar. Ef við deilum niður skattaávinningnum á þennan tíunda hluta þjóðarinnar, hvað skyldi hver þeirra fá í sinn hlut? Hann fær um 40 þús. kr. Hver niðurgreiðir þennan hátekjuskatt, eða þessa skattaívilnun öllu heldur? Hver skyldi gera það? Hvað hefur gerst í skattkerfinu sem býr til þessa niðurgreiðslu, hefur hana innbyggða? Jú, það eru öryrkjar og það er tekjulægsta launafólkið. Það er að niðurgreiða þetta.

Fyrir fáeinum árum var það svo á Íslandi að öryrkjar sem aðeins fengu tekjur frá almannatryggingum greiddu enga skatta. Þessi hópur greiðir nú á ári hverju um 70 þús. kr. í skatt. Síðan verður hæstv. fjmrh. reiður þegar menn amast við þessu og benda á að ríkisstjórnin standi vörð um þá sem best standa að vígi í þjóðfélaginu en skerði hlut hinna. Þetta eru staðreyndir sem tala sínu máli.

Aðeins um þær áherslubreytingar sem ég vildi sjá og er tilbúinn að taka til umræðu. Hæstv. fjmrh. benti réttilega á að þetta væru vangaveltur af minni hálfu en ég er opinn fyrir þessum hugsunum: Mér finnast ákveðin rök fyrir því að skattleggja fólk þegar það hefur tekjur af eignum sínum í stað þess að leggja höfuðáherslu á að skattleggja tekjurnar einar. Ég benti á að þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp var þessu sjónarmiði haldið mjög á lofti. Hæstv. fjmrh. segir að láðst hafi að lækka eignarskattinn á þessum tíma eða ekki verið um það samstaða. Svo kann vel að vera í einhverjum hópi en ég er ekki tilbúinn að fallast á að þarna séu komnar einhverjar fastar stærðir.

Þótt ég sé tilbúinn að skoða þetta, sé opinn fyrir þessum hugmyndum og sjái fyrir þeim ákveðin rök, sé ég líka ákveðna galla. Ég sé ákveðna ágalla á þessu því að staðreyndin er sú að mikil brögð eru að því að fólk svíki undan skatti, komi sér hjá því að greiða tekjuskattinn. Stundum hefur verið bent á að þeir einir greiði tekjuskatt að fullu sem eigi ekki annarra kosta völ. Ég ætla ekki að gera því skóna að það margir svíki undan skatti en það eru greinilega talsverð brögð að því. Þá er það náttúrlega svo að eina augljósa leiðin til að ná til þeirra sem hafa miklar eignir og tekjur en skjóta sér undan skattinum er að skattleggja eignirnar. Þetta eru þeir ágallar sem ég sé á kerfinu.

Síðan er spurningin aftur sú hvort menn eigi að smíða skattkerfi sem byggist á því að fólk sé óheiðarlegt. Það er svo önnur spurning en þetta er nokkuð sem við þurfum að hafa í huga.

Eins kom það sjónarmið upp í umræðu hæstv. fjmrh. varðandi breytingu á rekstri einstaklinga yfir í hlutafélög, sem auðvitað er alveg rétt, að það er varasamt að smíða kerfi með hliðsjón af því að fólk sé almennt óheiðarlegt. Engu að síður er innbyggður þarna ákveðinn hvati, ákveðin gulrót, til að koma sér undan skattlagningu, einfaldlega vegna þess að skattar á hlutafélög eru miklu lægri en skattar á tekjur. Í framhaldi af þessu vaknar sú spurning hvort ekki sé heppilegast fyrir skattkerfið að hafa sem mest samræmi á milli tekjuskattsins, rekstrarskatts og fjármagnsskatts.

Mér finnst þetta allt þess efnis að það þurfi að ræða þessa hluti og skoða. Mér finnst afskaplega sorglegt og miður að ríkisstjórnin skuli ætla að reyna að keyra þetta fram, að lögfesta þessar breytingar, þessar ranglátu og, að mér finnst, mjög vanhugsuðu tillögur. Það er ekki nóg með að þær séu ranglátar heldur held ég að þær séu líka mjög óskynsamlegar. Mér finnst að við þurfum að taka mið af varnaðarorðum sem við heyrum frá ýmsum sérfræðingum í skattkerfinu. Mér finnst allt of margir vara okkur við til að við tökum ekki þau aðvörunarorð til greina. Þetta er ástæðan fyrir því að ég legg það til að þessum skattapakka í heild sinni verði skotið á frest. Mér finnst hins vegar ekki stætt á því að lækkun almenns tekjuskatts og afnámi skattlagningar á húsaleigubætur verði frestað. Þetta er skýringin á þeirri tillögu sem ég hef sett fram.

[21:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar og því sem ég gerði að umtalsefni í dag, þ.e. brtt. sem hann flytur á þskj. 473 um að lög þessi taki gildi einu ári seinna en ríkisstjórnin leggur til miðað við 54. gr. Ef þessi brtt. er lesin er ekki hægt að leggja annan skilning í hana, en af nál. mætti skilja annað. Í brtt. er lagt til að skattkerfisbreytingu ríkisstjórnar verði frestað, ekki vísað frá, ekki að hún verði felld, heldur frestað.

Formaður Vinstri grænna gerir að vísu mjög lítið úr mínum stutta þingferli og talar um það með miklum hroka að við, þessir nýju, höfum ekki mikla reynslu. Ég hefði talið betra og vil spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson hvort ekki hefði verið betra að leggja til að þeim hluta sem hann segist vera ósammála yrði vísað til ríkisstjórnar eða tillagan hreinlega felld. Á því er mikill munur.

Herra forseti. Ef ég les þessi tvö plögg, brtt. frá 2. minni hluta efh.- og viðskn., hv. þm. Ögmundi Jónssyni, og nefndarálitið þá tel ég þetta ekki vera frá sama hópnum. Það er grundvallaratriðið. Það sem segir í brtt. er allt annað en það sem kemur fram í nefndarálitinu, fyrir utan að það stendur hér að tillögunum verði frestað. Að fresta tillögum er ekki það sama og að vera á móti eða leggja til að þær verði felldar. Þetta er grundvallaratriðið.

Ég vil bara spyrja út í það. Hér stangast hlutirnar á. Það kom fram, ekki alls fyrir löngu, að lagt var til að skera niður framkvæmdir til hafna fyrir austan, allan pakkann í einu sveitarfélagi. Það reyndist svo ekki vera rétt. Það átti bara

að vera ein höfnin af þremur. Er ekki svipuð vitleysa hér á ferðinni?

[21:58]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um þá stóru sigra sem menn vinna hér í þingsal á tæknilegum forsendum. (Gripið fram í.) En hvort mér fyndist betra að skattapakki ríkisstjórnarinnar yrði felldur en að honum yrði frestað, ég er sammála því. Mér þætti betra að skattapakki ríkisstjórnarinnar yrði felldur vegna þess að ég er andvígur honum.

Ég er hins vegar að ræða það — ég hélt að menn hefðu skilið þau orð mín hér áðan — að ég tel mikilvægt að við myndum þverpólitíska samstöðu um skattkerfisbreytingar, aðrar en þær sem hér eru lagðar til. Við vitum að að baki skattapakka ríkisstjórnarinnar stendur ríkisstjórnin og stjórnarmeirihluti á Alþingi. Ég legg til að menn skjóti á frest framkvæmd þessara ranglátu og að mínum dómi vanhugsuðu skattbreytinga til þess að við getum tekið höndum saman og komið þar öðrum sjónarmiðum að sem mér finnst vitlegri. Undir þetta taka aðilar, einnig úr sama pólitíska ranni og ríkisstjórnin kemur almennt úr, og telja að á þessu þurfi að gera ýmsar breytingar án þess að þeir vilji endilega hlaupa frá allri sinni sannfæringu og skoðunum.

Tillagan gengur út á að reyna að tala hæstv. ríkisstjórn inn á þá skoðun sem er studd af Þjóðhagsstofnun, af Seðlabanka og öðrum þeim aðilum sem gerst þekkja um þessi mál og freista þess að ná samstöðu á grundvelli skynsemi og einhvers réttlætis.

[22:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við þetta að bæta nema því sem ég gleymdi áðan. Ég mundi aldrei leggja til að gildistökudegi yrði frestað á máli sem ég er á móti. Ég mundi samþykkja annan gildistökudag á máli sem ég er sammála, sem ég ætla að styðja, ef ég hef aðra skoðun um gildistökudaginn. Á þessu er mikill munur.

Hv. þm. Þetta snýst ekki um það hver sé að sigra eða slá keilur. Þetta snýst ekki um það. Ég er einfaldlega að benda á þann mismun sem er í þeim tvennum gögnum sem koma frá 2. minni hluta efh.- og viðskn., hv. þm. Ögmundi Jónassyni, þingflokksformanni Vinstri grænna.

Þegar ég las þessi tvö skjöl, brtt. og nefndarálitið, gat ég ekki séð að þetta væri frá sama aðilanum. Annars vegar segir brtt., eins og hér kemur skýrt fram:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003" — ríkisstjórnin er með 2002 — „og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004" — ríkisstjórnin er með 2003.

Í nefndarálitinu stendur, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, gagnrýndi mig fyrir að ég hefði ekki verið búinn að lesa. Það er ekki rétt. Ég var búinn að lesa þetta gagn. Þar er talað um að fresta. Á þessu hlýtur að vera mikill munur.

Herra forseti. Mér finnst þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson ræðir um þetta núna að við séum næstum því sammála um að eðlilegra hefði verið, miðað við þetta sem hér kemur fram — Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill styðja tvo liði, eins og við höfum farið yfir, húsaleigubæturnar og tekjuskattslækkunin upp á 0,33% — að leggja til að öðrum þáttum þessa frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar eða það hreinlega fellt. En það er ekki hér í og mig langar bara til að heyra það þá héðan úr þessum ræðustól frá hv. þm., ef þetta er réttur skilningur, hvort hér sé um einhver mistök í gögnum að ræða, þ.e. að ekki er samræmi milli brtt. og nefndarálits. Ég tel að svo sé, að ekki sé samræmi þar á milli.

[22:02]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ef menn lesa þessar skýrslur og tillögur með einu auga í miðju enni og líta hvorki til hægri né vinstri, hlusta á engin rök, þá komist menn að sömu niðurstöðu og hv. þm. Kristján L. Möller. Ef menn hins vegar hlusta á þær röksemdir sem búa að baki munu þeir komast að raun um að ég er ekki að leggja til að við samþykkjum skattapakka ríkisstjórnarinnar að ári.

Ég er búinn að reyna að gera grein fyrir þessu sjónarmiði og skýra það og ég er alveg reiðubúinn að koma hér aftur í ræðustól og halda um þetta langa tölu. Ég er líka tilbúinn að halda langa tölu um skattkerfisbreytingar á síðasta áratug og afstöðu mína til þeirra, hvernig hún er nákvæmlega hin sama nú og þegar menn voru að ganga á hlut launafólks og þeirra tekjulægri í þjóðfélaginu um miðjan síðasta áratug. Ég er alveg tilbúinn til að gera það. En ég held sannast sagna að flestir geri sér grein fyrir hvaða meining búi að baki þessari tillögu.

[22:03]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2002, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 475; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 476, 478.

[22:04]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað í allan dag hefur kristallast mjög munur á skattastefnu stjórnarflokkanna og Samfylkingarinnar. Skattastefna Samfylkingarinnar byggist, eins og ég sagði í dag, á jafnræði, sanngirni og hlutleysi gagnvart skattlagningu og skattformum og tryggir um leið starfsskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja. Skattastefna ríkisstjórnarflokkanna gengur í þveröfuga átt, er vanhugsuð og hentar fyrst og fremst stórfyrirtækjum í þéttbýlinu.

Herra forseti. Ég hygg að það sé einsdæmi sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., að farið sé út í svona stórfelldar skattbreytingar sem svo mikil áhrif hafa á tekjur sveitarfélaganna án þess að rætt hafi verið við þau stakt orð um þær.

Ég minnist þess þegar að ég var í ríkisstjórn mátti ekki hreyfa fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, varla um nokkrar milljónir, án þess að koma þyrfti til samráðs milli ríkis og sveitarfélaga um slíkar breytingar. Hér erum við að ræða um 1.500–1.800 millj. kr. tekjutap sveitarfélaganna og þessi ríkisstjórn, með öllum sínum hroka gagnvart sveitarfélögum og öðrum í landinu, lætur ekki svo lítið að tala við sveitarfélögin. Einungis í Reykjavík er tekjutapið, eins og fram kemur í umsögn Reykjavíkurborgar, milli 500 og 600 millj. kr.

Ég hefði gjarnan vilja heyra það frá formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga hvort hann líti ekki á þetta sem brot á samskiptasáttmála ríkis og sveitarfélaga þó að hæstv. ráðherra geri það ekki. 8. gr. samstarfssáttmálans er alveg skýr í mínum huga. Það á að taka það til sérstakrar umfjöllunar í samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga ef um er að ræða breytingar á fjárhagslegum samskiptum þeirra. Enginn veit þegar þetta frv. verður

afgreitt sem lög frá Alþingi á næstu dögum hvort sveitarfélögunum verði þetta bætt á einn eða annan hátt.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að stefnubreyting hefði orðið hjá þeirri sem hér stendur varðandi eignarskatta. Nú er tvennu ólíku saman að jafna, herra forseti, skattatillögum stjórnarflokkanna eins og þær birtast í þessu frv. og skattatillögum þeim sem Samfylkingin stendur fyrir og hér hafa verið kynntar. Þar er ekki bara litið til stóreignafyrirtækja, stórfyrirtækja og stóreignamanna, heldur er litið á jafnræði og sanngirni í skattlagningu, ekki bara gagnvart fyrirtækjum heldur er líka verið að horfa til einstaklinga. Slíkur heildarpakki þar sem sýn okkar er allt önnur en Sjálfstfl. er auðvitað allt annað en að fara út í eignarskattslækkun eins og hér er gert. Við leggjum t.d. til að fara þá leið að hækka fjármagnstekjuskatt um 16% á móti eignarskattslækkuninni. Með hvaða áhrifum, herra forseti? Með þeim áhrifum og afleiðingum að við hlífum hóflegum sparnaði fólks. Við viljum lækka fjármagnstekjuskatt. Við viljum fella niður fjármagnstekjuskatt hjá 55 þús. sparifjáreigendum. Þeir voru 78 þús. fyrir þessa breytingu en yrðu 22 þús. næði hún fram að ganga. Það er allt annað að standa að eignarskattslækkun þegar slíkt kemur á móti.

Af því að hæstv. ráðherra var að vitna í fyrri ár og tíma minn væntanlega í ríkisstjórn með Sjálfstfl. verð ég að segja, herra forseti ... (**Fjmrh.:** 1988.) 1988. Það var oft, herra forseti, þegar við vorum í ríkisstjórn með Sjálfstfl. ... (**Fjmrh.:** Það var ekki þá.) Það var ekki þá en það var oft sem maður lenti í glímu einmitt þá við sjálfstæðismenn sem alltaf eru með sömu hugsunina uppi vegna þess að þeir eru fyrst og fremst í hagsmunagæslu fyrir stóreignafólk og stórfyrirtæki og þeir hafa ekkert breyst þótt þeir séu í ríkisstjórn með framsóknarmönnum. Mér sýnist á þessum skattapakka og miðað við stefnu framsóknarmanna að þeir hafi ekki fengið mikið út úr honum. Ég vil þó óska þeim til hamingju með að þeir hafa fengið hæstv. ráðherra — það hefur þá væntanlega verið þeim mjög dýrt sem þeir hafa þurft að kokgleypa í staðinn — fengið afnám á skattlagningu á húsaleigubótum sem hefur verið eitur í beinum sjálfstæðismanna.

Ég segi það, miðað við orð ráðherra, að honum finnst ekki muna mikið um það þó að Ísal eða önnur stóriðjufyrirtæki gangi inn í þetta skattumhverfi og fái nokkur hundruð milljónir í skattalækkanir á sama tíma og hér er lagt fram frv. um að auka skatta á sjúklinga og námsmenn. Þetta er einmitt sýn hæstv. fjmrh. og flokks hans. Mér finnst muna um það í þeim niðurskurði sem við stöndum frammi fyrir hvort við förum í hátekjuskattinn núna á þessum erfiðleikatímum, t.d. á næsta ári þar sem verið er að hækka komugjöld og innritunargjöld og efnisgjöld í framhaldsskólum, og auka skatta á sjúklinga og námsmenn. Að fresta þessum hátekjuskatti upp á 600 millj. eins og við höfum lagt til er auðvitað allt önnur sýn og allt önnur skattastefna en stjórnarflokkarnir hafa. Auðvitað munar líka um það hvort þessar skattalækkunartillögur, t.d. tekjuskattslækkun niður í 18%, ganga til stóriðjufyrirtækjanna líka vegna þess að það þýðir verulega mikið tap ríkissjóðs til viðbótar því sem er í skattatillögum þeirra.

Herra forseti. Það er nefnilega svo, sem við höfum sýnt fram á í þessu nál., að á Íslandi er rekin önnur skattapólitík, önnur skattastefna, en í flestum öðrum ríkjum OECD. Það höfum við sýnt fram á með talnaefni. Það höfum við sýnt fram á með umsögnum ríkisskattstjóra og skattstjóranna almennt. Við höfum sýnt fram á að hér á landi er skattastefnan sú að létta sköttum af stórfyrirtækjum en hækka skatta á einstaklinga. Ríkisskattstjóri segir í umsögn sinni þegar hann er spurður um það, og það er hér í nefndarálitinu, að þessu sé þveröfugt farið hjá öðrum þjóðum. Þar er stefnan sú að skattarnir eru hærri á fyrirtæki og fjármagnseigendur ekki síst en lægri á launafólk enda ber launafólk uppi 83% af skatttekjum ríkissjóðs. Sýnt hefur verið fram á það, m.a. af fjmrh. sjálfum í svari sem hann hefur lagt fram á þingi, að skattar á vöru og þjónustu hér eru með því hæsta sem þekkist. Tekjuskattur einstaklinga er með því hæsta sem þekkist. Skattar á fyrirtæki eru með því lægsta sem þekkist og hvergi er lægri fjármagnstekjuskattur en hér. Það get ég sagt, herra forseti, að ég hefði aldrei í ríkisstjórn samþykkt þennan skattapakka stjórnarflokkanna með þessari eignarskattslækkun og öðru því sem hér er fram reitt. Við í Samfylkingunni höfum allt aðra sýn. Mér finnst ég sjá í þeirri stefnu sem stjórnarflokkarnir setja fram einmitt það sem lýst er í ágætri grein um íslenska skattkerfið úr blaðinu Tíund fyrir nokkru, skrifaðri af Indriða Þorlákssyni. Mér fannst ég sjá þar ágæta lýsingu á skattastefnu stjórnarflokkanna. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Skaðleg skattasamkeppni leiðir til brenglunar á fjármála- og þjónustustarfsemi. Hún leiðir til þess að skattbyrði flyst af fjármagni yfir á vinnuafl. Hún grefur undan jafnræði og trúverðugleika skattkerfisins, eykur skattaundanskot og skattasniðgöngu, veldur auknum kostnaði við skattaframkvæmd og rýrir skattatekjur ríkjanna."

Þetta er, herra forseti, stefna stjórnarflokkanna í hnotskurn.

Hæstv. ráðherra kemur hér og talar um að þetta muni auka umsvifin í efnahagskerfinu og vísar til skattalækkana á síðasta áratug í því sambandi. Þetta er allt hrakið í nál. Samfylkingarinnar. Ekki að við gerum það með okkar eigin orðum, okkar skoðunum, heldur er vísað til efnahagsstofnana í þjóðfélaginu, til ASÍ og Þjóðhagsstofnunar svo að dæmi séu tekin. Þær telja að þarna sé á ferðinni ofmat á efnahagsáhrifum.

Þegar hæstv. ráðherra talar um fjármagnstekjuskattinn, hvað hann sé hagstæður hér á landi og skattastefnan almennt fyrir fyrirtæki, þá bendi ég líka á það sem kemur fram í nál. okkar á bls. 18, þar sem við spyrjum hvort breytingar á fjármagnstekjuskatti muni hafa í för með sér fjárflótta úr landi af skattalegum ástæðum. Ríkisskattstjóri segir orðrétt:

„Skattar á fjármagnstekjur eru í flestum löndum verulega hærri en hér á landi. Það hefur í þeim löndum ekki leitt til fjárflótta úr þeim í þeim mæli að það hafi verið talið tilefni til að lækka þá skatta. Það þýðir enn fremur að flutningur á fé til þessara landa án áframhaldandi skattskyldu hér hefði ekki skattalegt hagræði í för með sér."

Herra forseti. Þetta eru ekki mín orð. Þetta eru orð ríkisskattstjóra, að það hefði ekki skattalegt hagræði í för með sér að flytja fjármagn úr landi jafnvel þó að fjármagnstekjuskattur yrði hækkaður.

Herra forseti. Ég held að það hafi komið fram, það heyrðist auðvitað í máli hæstv. fjmrh., að menn óttast hvaða afleiðingu það hefur að galopna, eins og hér er gert, fyrir yfirfærslu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög. Það hefur verið sýnt fram á það með útreikningum skattstjóra að ef allir sem hefðu haft af því skattalegt hagræði og voru yfir skattleysismörkum hefðu flutt rekstur sinn yfir í einkahlutafélög þá hefði það þýtt meira en 1 milljarðs kr. tekjutap hjá sveitarfélögunum og um 500 millj. kr. tap hjá ríkissjóði.

Ég tel að með þeim tillögum sem við erum að leggja til yrði ekki svona breitt bil á milli skattlagningar á tekjum annars vegar og síðan á skattlagningu fyrirtækja og fjármagns, með því að hækka fjármagnstekjuskattinn eins og við leggjum til, með ákveðnu frítekjugólfi. Með því móti hefði ekki verið svo mikill hvati til að flytja úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög með þeim afleiðingum sem lýst er í áliti frá Reykjavíkurborg en þeir telja að með því muni einstaklingsreksturinn leggjast af.

Meiri hlutinn leggur fram brtt. til að reyna að reisa ákveðnar girðingar við því að óeðlilega mikið verði gert af því að flytja einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög og með því að útfæra reglur varðandi hið reiknaða endurgjald. Ég vísa þá til þess að t.d. skattstjórinn í Reykjanesumdæmi sagði í umsögn sinni að hann teldi að það hefði ekki mjög mikil áhrif þó farið yrði út í það. Menn telja að verið sé að auka álag á allar skattstofur og skattaframkvæmd með þessum breytingum sem muni þegar á næsta ári kalla eftir auknum mannskap á skattstofunum.

Ein af þeim tillögum sem meiri hlutinn setur fram varðandi reiknaða endurgjaldið er sem hér segir:

„Framteljandi skal m.a. láta í té upplýsingar um umfang og eðli starfs og starfsemi, afkomu rekstrarins, fjármagn bundið í rekstri og upplýsingar um útselda vinnu eftir því sem það á við."

Þegar þessi tillaga var lögð fram í efh.- og viðskn. voru á fundinum fulltrúar fjmrh. og ríkisskattstjóri. Þar tókust þessir tveir aðilar nokkuð á, ríkisskattstjóri og fulltrúar fjmrn., um hluta af þessari tillögu, þ.e. að þarna skuli kveðið á um og sett í lög að framteljandi eigi að láta í té upplýsingar um umfang og eðli starfsins.

Í umsögn ASÍ koma einmitt fram sömu viðvaranir og ríkisskattstjóri setti fram þegar hann gagnrýndi hvernig fara ætti í þetta mál. Þarna er verið að óska eftir upplýsingum sem erfitt eða nánast útilokað er fyrir skattstjórana að staðreyna, þ.e. um umfang á starfi þeirra sem reikna sér endurgjald. Viðkomandi gæti lagt fram upplýsingar um tiltölulega lágt endurgjald og sagt að það væri vegna þess að hann væri í hálfu starfi hjá fyrirtæki sínu meðan hann væri í reynd í fullu starfi svo dæmi sé tekið. Ég hef ekki umsögn ASÍ við höndina en þeir lýsa þessu mjög nákvæmlega, hvaða áhrif þetta getur haft. En af því að skattstjóri getur ekki staðreynt — varla getur hann vitað það nákvæmlega — þann tímafjölda sem liggur að baki vinnunni hjá þeim sem reikna sér endurgjald leitar hann kannski til yfirskattanefndar til þess að fá úrskurði skattstjórans hnekkt, sem vill hækka á hann endurgjaldið. Þá gæti yfirskattanefndin sagt að þar sem ekki liggi fyrir sönnun frá skattstjóraembættunum þá falli þetta niður, sú hækkun sem skattstjórarnir vilja hugsanlega hækka endurgjaldið um.

Ríkisskattstjóri lagði mikla áherslu á að fá þessu breytt en fulltrúar fjmrh. ekki. Þetta held ég að muni gera alla skattaframkvæmdina og skatteftirlitið mjög erfitt. Ég legg áherslu á að meiri hlutinn komi til móts við þessi sjónarmið og okkur í minni hlutanum sem teljum eðlilegt að koma til móts við sjónarmið yfirmanns skattaeftirlitsins og breyti þessari tillögu.

Herra forseti. Hér var rætt um hvort fjmrh. uppfyllti þau loforð sem hann gaf í sumar þegar mikil hækkun varð á fasteignamatinu með þeim áhrifum að sýnt þótti að leiða mundi til skattahækkana hjá fólki, t.d. vegna eignarskatta og skerðinga á bótum. Efh.- og viðskn. fundaði í sumar þar sem ítarlega var farið yfir þetta mál. Niðurstaðan af þeim fundi var einróma og henni lýsti t.d. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. í viðtali eftir þann fund. Efh.- og viðskn. var sammála um að hækkun á fasteignamati ætti ekki að leiða til skattahækkana eða skerðinga á bótum.

Hæstv. fjmrh. kom fram, einnig Davíð Oddsson forsrh., og þeir sögðu líka að áhrifin af fasteignamatinu ættu ekki að leiða til skattahækkana. Efh.- og viðskn. fékk lista frá fjmrn. um hvaða áhrif þetta hefði að óbreyttu, þ.e. þýddi verulega hækkun á eignarskatti, ég man ekki nákvæmlega töluna. Það þýddi hækkun á stimpilgjöldum, það þýddi hækkun á erfðafjárskatti og það þýddi skerðingu á vaxtabótum um 170 millj. Við í nefndinni stóðum öll í þeirri trú, miðað við þessi orð, að við þessar yfirlýsingar yrði staðið fyrir lok fjárlagaafgreiðslunnar. Það hefur verið staðið við að hækkun á fasteignamatinu hafi ekki áhrif til hækkunar á eignarskatti en það hefur ekki verið staðið við hitt, varðandi áhrifin til skerðingar á vaxtabótum.

Nú vísar hæstv. ráðherra til umræðna sem hafa verið á þessu hausti. Ég hef ekki tekið þátt í þeim. Hæstv. ráðherra segir að hann hafi sagt við þá umræðu, aðspurður af einhverjum þingmanni, að hann mundi ekki beita sér fyrir því að fasteignamatið mundi ekki skerða vaxtabætur. Hann kveðst hafa svarað nei við því þegar hann var spurður hvort hann mundi beita sér fyrir því. Þannig að við það stendur núna. Vaxtabætur verða skertar um 170 millj. en það er staðið við lækkun á eignarskatti. Það var einmitt ekki síst vegna þess sem efh.- og viðskn. ætlaði að þinga milli 2. og 3. umr., vegna þess að það er einlægur vilji t.d. formanns efh.- og viðskn. að komið verði til móts við það sem um var talað í sumar.

Við munum fara yfir þetta í efh.- og viðskn. og ég býst við því að þingið hafi sjálfstæðan vilja í þessu efni og efh.- og viðskn., þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. hafi einhverja aðra skoðun, sameinist um að flytja brtt. við 3. umr. um að hækkun á fasteignamati skerði ekki vaxtabætur. Á það reynir nú milli 2. og 3. umr. Ég skal setjast yfir það með hv. formanni efh.- og viðskn. að finna leið til að þetta hafi ekki þau áhrif að skerða tekjur ríkissjóðs. Það skal ekki standa á því. En ég legg mikla áherslu á að a.m.k. efh.- og viðskn. falli ekki frá þeirri skoðun sem hún hafði á þessu máli í sumar, þó hæstv. ráðherra ætli að standa þannig að málum að vaxtabæturnar verði skertar. Ég harma það ef svo verður.

Herra forseti. Sjálfsagt væri hægt að hafa um þetta miklu lengra mál en ég ætla hér að nema staðar. Ég harma það hve vanhugsuð skattastefna ríkisstjórnarinnar er. Ríkisstjórnin mun ekki ná þeim markmiðum sem hún reynir að setja fram með þessum tillögum. Þetta er illa ígrunduð skattastefna sem mun hafa þau áhrif sem við höfum lýst í ítarlegu nál. en þjóðin ætti eftir þessa umræðu að vera örugglega fullviss um að Samfylkingin hefur allt aðra skattastefnu en stjórnarflokkarnir.

Það er með ólíkindum, herra forseti, að Framsfl. sé svo heillum horfinn að hann láti Sjálfstfl. teyma sig í að taka upp skattastefnu sem hvergi þekkist hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við, þ.e. að auka skatta á einstaklinga og laun en hlífa stóreignafólki, stórfyrirtækjum og setja kostnaðinn af því yfir á landsbyggðina, sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki.

Þessi skattastefna, herra forseti, er stjórnarflokkunum til skammar.

[22:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi bara taka það fram varðandi vaxtabæturnar að við 2. umr. fjárlaga var samþykkt hækkun upp á 500 millj. kr. vegna breyttra forsendna að því er varðar vaxtabætur fyrir árið 2002. Ég legg til að hv. þm. beiti sér fyrir því á fundi efh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. að farið verði í saumana á þeirri forsendubreytingu. Það má vel vera að eitthvað af því sé komið til vegna breytinga á fasteignamati en ég tel fráleitt að bæta enn við 170 millj. í þennan lið enda hefur því aldrei verið lofað.

Ég vildi síðan bara segja það að lokum, herra forseti, að mér finnst mjög athyglisvert að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skuli ekki vilja rifja það upp með mér þegar hún lagði það til haustið 1988 að hæsta skattprósenta eignarskatts yrði 2,95%. Það lagði hún til sem ráðherra í páverandi ríkisstjórn. Ég mundi náttúrlega, eins og hún núna, skammast mín fyrir slíka tillögu en ég fagna því jafnframt að hún er núna meðflutningsaðili að tillögu sem gerir ráð fyrir því að lækka verulega eignarskatta einstaklinga og að hluta til einnig fyrirtækja. Það er sem sagt af sem áður var í þessu efni og ég tel að það sé gott. Það eiga allir leiðréttingu orða sinna og út af fyrir sig rétt á því að skipta um skoðun í þessu efni sem öðrum.

Við erum að leggja til í ríkisstjórninni að lækka eignarskattana úr 1,2%, fella niður viðbótarálagið sem er 0,25% og fara með það niður í 0,6 fyrir fyrirtæki og einstaklinga. En á sínum tíma var tillaga þeirrar ríkisstjórnar sem Jóhanna Sigurðardóttir sat í haustið 1988 að þetta samanlagt yrði 2,95%. Ég fagna stefnubreytingu þingmannsins.

[22:33]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa því gjörsamlega til föðurhúsanna að hér sé um einhverja stefnubreytingu að ræða. Ég vísa bara til orða minna hér áðan og vænti þess að hæstv. ráðherra hafi hlustað á þau vegna þess að þegar þær skattatillögur sem við erum með í Samfylkingunni eru skoðaðar eru þær allt annars eðlis, eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur í ræðu sinni áðan, en tillögur stjórnarflokkanna. Það er allt annað að fallast á lækkun á eignarskatti þegar um er að ræða hækkun fjármagnstekjuskatts á móti. Það er eðlilegt. Og ég skammast mín ekkert fyrir það þó að ég hafi verið með einhverja tillögu 1988 um hærri eignarskatta þegar — ja, var fjármagnstekjuskatturinn kominn á þá? Nei. Þá var enginn fjármagnstekjuskattur þannig að ég vísa bara þessum orðum til föðurhúsanna. Ég tel þau ósanngjörn í minn garð vegna þess að sú skattastefna sem við stöndum fyrir er sem betur fer allt önnur en fjmrh. og stjórnarflokkarnir standa fyrir. Hún er skynsamlegri, hún er réttlátari og stuðlar að meira jafnræði og sanngirni í skattlagningunni sem er þveröfugt við það sem stjórnarflokkarnir vilja í skattamálum á Íslandi.

[22:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn gagnályktaði eiginlega sjálf í svari sínu og gaf í skyn að ef fjármagnstekjuskatturinn væri ekki 10% heldur 0 væri sennilega í lagi að fara bara upp í 2,95 með eignarskattinn. Þetta stenst ekki skoðun, herra forseti.

Út af fyrir sig fagna ég því, eins og ég sagði fyrr í kvöld, að einn stjórnarandstöðuflokkanna skuli hafa lagt fram heildstæða stefnu í þessum málum þó að hún sé gjörólík því sem ríkisstjórnin vill leggja fram og hefur lagt til. Það er virðingarvert að leggja vinnu í að búa til slíkar tillögur og manna sig upp í að leggja þær fram þó að ég sé algjörlega ósammála því, sem kom fram í máli þingmannsins, að þær tillögur séu réttlátari, skynsamlegri og að öllu leyti betri en tillögur ríkisstjórnarinnar. Ég tel að það sé fráleit kenning. Ég tel hins vegar að ýmsir aðrir stjórnmálaflokkar í stjórnarandstöðu á Alþingi mættu kannski læra eitthvað af því þegar svona pakki kemur fram frá stjórnarandstöðunni þar sem aðrar tillögur eru lagðar til í heilu lagi sem svar við tillögu ríkisstjórnarinnar. Mér finnst það athyglisverð nýjung á þessu sviði hér á hinu háa Alþingi. Það hafa Vinstri grænir ekki gert svo dæmi sé tekið, hvað þá Frjálslyndi flokkurinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–13. mál.

Fundi slitið kl. 22:37.

---

46. FUNDUR

föstudaginn 7. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2002, stjfrv., 1. mál, þskj. 425, frhnál. 475, brtt. 456, 476, 477, 478, 479, 480, 481 og 482. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um mannabreytingu í nefnd.

[10:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur tilkynning frá þingflokki Frjálslynda flokksins um að í stað Sverris Hermannssonar taki Guðjón Arnar Kristjánsson sæti í allshn. Skoðast það samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 150. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 493; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 494.

Útflutningur hrossa, 357. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 497.

Vistvænt eldsneyti á Íslandi, 343. mál, þáltill. HjÁ og GuðjG, þskj. 459.

Tilhögun þingfundar.

[10:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess varðandi þinghald í dag að ráð er fyrir því gert að fram fari atkvæðagreiðsla að loknu matarhléi, um hálftvöleytið, til að ganga frá afbrigðum. Enn fremur er reiknað með því að frekari atkvæðagreiðslur verði þegar líða tekur á daginn, aftur um afbrigði. Ég bið hv. þm. að vera því viðbúna með jafnvel stuttum fyrirvara.

Fjárlög 2002, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 425, frhnál. 475, brtt. 456, 476, 477, 478, 479, 480, 481 og 482.

[10:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 og er það frá meiri hluta fjárln.

Mikil umskipti hafa orðið í íslenskum þjóðarbúskap á þessu ári. Eftir því sem á árið hefur liðið hafa birst æ skýrari merki um samdrátt í þjóðarbúskapnum og er það eftir að vaxtarskeið sem á undanförnum árum hefur staðið yfir kemur til loka. Til marks um það er áætlað að þjóðarútgjöld í heild dragist saman um 3% á þessu ári og spáð er rúmlega 3% samdrætti á næsta ári. Samkvæmt þessu minnka þjóðarútgjöld um 6% samanlagt á umræddum árum. Landsframleiðslan breytist minna því að innflutningur á vöru og þjónustu dregst mest saman. Hagvöxtur er reyndar talinn verða 2,2% á þessu ári en hann kemur allur fram á fyrri hluta ársins og því er gert ráð fyrir samdrætti á síðari hluta þess.

Í nýbirtri spá Þjóðhagsstofnunar er reiknað með 1% í samdrætti á næsta ári. Það virðist því enginn vafi á að samdráttur hefur tekið við af vaxtarskeiðinu. Slíkar tölur gefa e.t.v. takmarkaða mynd af niðursveiflunni og því getur verið gagnlegt að skoða hana einnig í sögulegu ljósi. Síðast var afturkippur í hagkerfinu á árunum 1992 og 1993. Þá drógust þjóðarútgjöld saman um nálægt 1,5% hvort árið eða samtals um 9%. Landsframleiðslan minnkaði hins vegar um 3,3% á árinu 1992 en jókst síðan lítillega árið eftir. Af þessu má sjá að lægðin í efnahagslífinu var nokkru dýpri á þessum árum en gert er ráð fyrir að verði nú.

Ef litið er aðeins lengra aftur í tímann til niðursveiflunnar á árunum 1988 og 1989 kemur í ljós að þjóðarútgjöldin drógust þá saman um 5% og landsframleiðslan stóð nánast í stað. Þessi lægð var því grynnri en búist er við að hún verði á þessu og næsta ári. Svo geta menn borið saman þessi tímabil í huga sér, bæði eftir minni og með hliðsjón af því talnaefni sem hér hefur verið rakið.

Margt hefur breyst í þjóðbúskapnum frá þessum samdráttartímum og að baki þeim liggja mismunandi ástæður. Engu að síður sýnir þetta efni að við stöndum frammi fyrir umtalsverðum vanda. Sá vandi er fyrst og fremst í efnahagslífi okkar og athafnalífi og ekki svo ýkja ólíkur að umfangi sem ég ræddi um á þeim árum er um var getið. Því skyldi engan undra að mikið hafi gengið á við fjárlagagerðina að þessu sinni. Breytt efnahagsleg skilyrði hafa einfaldlega leitt til viðbragða af hálfu stjórnvalda sem hafa birst í skattaaðgerðum sem kynntar voru í október og sparnaðar- og aðhaldsaðgerðum sem unnið hefur verið að undanfarna daga.

Í þessu sambandi má rifja upp að haustið 1992 var einmitt farið í víðtækar ríkisfjármálaráðstafanir og fyrir vikið breyttist fjárlagafrv. verulega í meðförum þingsins. Þar var bæði um sparnaðarátak að ræða og örvandi aðgerðir fyrir athafnalífið. Ég ætla ekki að fara nánar út í slíkan samanburð enda aðstæður öðruvísi nú en þá, ekki síst að því er varðar aðdragandann. Meginatriðið er hins vegar að þetta eru eðlileg viðbrögð af hálfu stjórnvalda við stórfelldum breytingum á efnahagslegum skilyrðum.

Einnig er ástæða til að vekja athygli á því að efnahagsleg skilyrði eru ekki aðeins lakari en áður var gert ráð fyrir heldur jafnframt óvissari. Aukin óvissa verður bæði rakin til atburða innan lands og ekki síður utan þess. Spenna í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl., stríðið í Afganistan og átökin fyrir botni Miðjarðarhafs geta birst í óvæntum myndum í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi.

Hér innan lands er óneitanlega mikil óvissa um efnahagshorfur sem m.a. stafa af óstöðugleika á gjaldeyrismörkuðum og óvissu um hvort launalið kjarasamninga verður sagt upp í byrjun næsta árs. Því er erfitt að henda reiður á verðlagshorfum eins og mikill munur á verðbólguspám gefur til kynna. Þjóðhagsstofnun reiknar t.d. með að verðbólgan milli áranna 2001 og 2002 verði 6,1% og um 3,5% frá upphafi til loka ársins 2002 sem er svipað og Seðlabankinn spáir en Landsbankinn spáir aftur á móti 6,7% verðbólgu milli umræddra ára og 4,9% frá upphafi til loka ársins í nýútgefnu riti sínu. Þessi óvissa gerir hagstjórn erfiðari og veldur því að menn verða að hafa góðar gætur á framvindunni á næstu mánuðum til að geta gripið inn í ef frekari tilefni verða til slíks.

Þrátt fyrir þessa óvissu má færa sterk rök fyrir því að efnahagsniðursveiflan verði skammvinn. Þannig er reiknað með að efnahagslífið rétti úr kútnum þegar kemur fram á árið 2003. Hagvöxtur verði þá því sem næst 3% ef ráðist verður í áformaðar virkjunarframkvæmdir en ella um 1% minni. Ef þessar spár ganga eftir fylgir hagsveiflan hér á landi í mikilvægum atriðum hinni alþjóðlegu sveiflu þótt flest bendi til að dýfan hér á landi verði nokkru dýpri og standi e.t.v. nokkrum mánuðum lengur. Þetta stafar af því að fyrir utan erfiðari ytri skilyrði er óhjákvæmilegt að þjóðarbúið lagi útgjöld sín að tekjum til að minnka viðskiptahallann og skapa þannig traustari grunn fyrir stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu í næstu framtíð.

Enginn vafi er á því að viðskiptahallinn hefur verið okkar helsta vandamál í efnahagsmálum á undanförnum árum. Hallinn náði hámarki í fyrra. Þá var hann 67 milljarðar kr. en það samsvarar 10% af landsframleiðslunni. Endurskoðaðar spár um þetta sýna að búast má við helmingi minni halla á næsta ári, um 5% af landsframleiðslu eða um 38 milljarða kr. Þarna er því í sjónmáli mikilsverður árangur. Fyrirtæki og heimili taka á sig mestan hluta samdráttar í viðskiptahallanum. Útgjöld heimila og fjárfesting fyrirtækja minnkar verulega á þessu ári og því næsta.

Mikilvægt er að ríkissjóður leggist á sveif með einkaaðilum í þessu efni eins fast og unnt er miðað við núverandi horfur í þjóðarbúskapnum. Þessu hefur verið beitt og ég hef lagt áherslu á það í starfi fjárln. á síðustu vikum í góðri samvinnu við ríkisstjórn og aðra aðila. Þetta endurspeglast í þeim tillögum sem meiri hluti fjárln. leggur fram og eru það umtalsverðar ráðstafanir sem gerðar eru og birtast nú hvað skýrast í þeim tillögum sem koma fram við 3. umr. og líka með tilvísun til þeirrar umræðu og tillagna sem komu fram

við 2. umr. Ég mun á eftir lýsa þeim brtt. nánar en þær liggja einnig fyrir í þingskjölum í þinginu.

Ég tel að fjárln. Alþingis og Alþingi hafi með þessum hætti lagt sitt af mörkum til að efla stöðugleika í þjóðfélaginu og senda skýr skilaboð til atvinnulífsins, til markaðarins, til félaga og heimila og einstaklinga til þess að sem fyrst verði komist úr úr þeirri tímabundnu lægð sem búast má við í efnahagsmálum og við komumst svo skjótt sem verða má til vaxtar og framfara að nýju.

Ég vík nú að nál. meiri hluta fjárln. en fjárln. hefur haft fjárlagafrv. til athugunar frá því að 2. umr. fór fram 27. nóvember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarps og Íbúðalánasjóðs. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frv. og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst og fremst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frv. Þá er einnig gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. og 6. gr. frv.

Mun ég nú gera grein fyrir helstu breytingum sem meiri hluti fjárln. leggur til að gerðar verði á 7. gr. frumvarpsins.

Þar er nýr liður sem fjallar um að selja mannvirki á jörðinni Kópareykjum, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu. Einnig er tillaga við 7. gr. um að liður 3.16 falli brott og liður 3.9 orðist svo:

„Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar, og ráðstafa hluta af andvirðinu til að koma upp þremur sambýlum fyrir fatlaða og til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi."

Enn fremur eru við 7. gr. nýir liðir, 3.19–3.22, sem orðist svo:

„Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum á Varmalandi í Borgarfirði sem nýttar hafa verið fyrir starfsemi Kennaraháskóla Íslands og verja andvirðinu til nýbyggingar skólans.

Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Eskihlíð 5, Sauðárkróki.

Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Hellu hrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.

Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi."

Við 7. gr. er einnig tillaga um að liður 4.15 orðist svo:

„Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu."

Og liður 4.21 orðist svo:

„Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu."

Ég les hér einnig allnokkra nýja liði við 7. gr., 4.38–4.51, sem orðist svo:

„Að selja jörðina Tjaldbúðir, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.

Að selja jörðina Kolfreyju, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Að selja hluta af jörðinni Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Að selja hluta af jörðinni Stað í Staðardal, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.

Að selja hluta af jörðinni Knappstöðum í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.

Að selja hluta af jörðinni Brúum í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Að selja hluta af jörðinni Kirkjuferjuhjáleigu, Ölfusi, Árnessýslu.

Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. (Gripið fram í.)

Að selja jörðina Hvítsstaði í Borgarbyggð, Mýrasýslu.

Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.

Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu. (Gripið fram í.)

Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu. (**Gripið fram í:** Hverjum á að selja hana?)

Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu. (Gripið fram í.)

Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu." (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er stöðugt gripið fram í fyrir mér hér úti í salnum og truflar það mál mitt. Má ég biðja um aðstoð forseta ef því heldur áfram. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að forseti biðji þingmenn að hafa hljóð?)

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti er einfær um að halda stjórn á þessum fundi og biður hv. þm. að hafa sig hæga.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti biður hv. þm. um að hafa hljóð og gefa ræðumanni tóm til að halda ræðu sína.) (**Gripið fram í:** Gildir það ekki um aðra þingmenn líka?)

(**Forseti** (GÁS)**:** Þarf forseti að árétta þetta frekar?)

Virðulegi forseti. Ég þakka góða aðstoð við ræðuhöldin. Ég held áfram að lesa og gera grein fyrir 7. gr.

Liður 6.30 falli brott.

Liður 6.1 orðist svo:

„Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á sk. stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík."

Liður 6.3 orðist svo:

„Að kaupa fasteignir sem nauðsynlegar eru vegna skipulags Menntaskólans í Reykjavík, og eru innan svæðis sem markast af Lækjargötu, Amtmannsstíg, Þingholtsstræti og Bókhlöðustíg."

Liður 6.17 orðist svo:

„Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss."

Við 7. gr. eru enn fremur nýir liðir, 6.31–6.35, og orðist svo:

„Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna í Hafnarfirði.

Að kaupa jörðina Galtastaði fram í Hróarstungu, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.

Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.

Að kaupa eignarhlut Reykhólahrepps í Flatey á Breiðafirði og taka til þess nauðsynleg lán.

Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán."

Þá bætist nýr liður við 7. gr. sem er 7.13 en þar segir:

„Að lækka fjárheimildir á fjárlagaliðunum 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá ráðuneytum, alls um 100 millj. kr., og færa þær inn á liðinn 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum til að framfylgja tillögu um lækkun útgjalda í þeim verkefnum. Jafnframt að færa fjárheimildir á milli fjárlagaliðanna 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá

ráðuneytum og annarra fjárlagaliða eftir því sem við á vegna mótframlaga stofnana til verkefna á þessu sviði sem dregið verður úr eða fallið frá."

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir 7. gr. í þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Virðulegi forseti. Ég geri þá grein fyrir og skýri einstakar brtt., mun þó ekki lesa þær allar heldur vísa til þingskjala sem liggja frammi. Ég vík að einstökum ráðuneytum og stofnunum þeirra en fyrst vil ég fara nokkrum orðum um þær brtt. sem gerðar eru hér við 3. umr. og varða æðstu stjórn ríkisins.

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði lækkuð um 45,1 millj. kr.

Þar er fyrst að geta Alþingis.

Alþjóðasamstarf. Lagt er til að fjárveiting til alþjóðasamstarfs Alþingis hækki um 26,4 millj. kr. Tillagan er þríþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða 15 millj. kr. tímabundna hækkun til að standa straum af útgjöldum við fjórar ráðstefnur og fundi á Íslandi en það eru þemaráðstefna Norðurlandaráðs, fundur þingmannanefndar EES og tveir norrænir samráðsfundir IPU sem eru alþjóðasamtök þingmanna. Í öðru lagi er um að ræða 4,6 millj. kr. tímabundna hækkun til að greiða hlut Íslands við að setja upp sýningu helgaða veiðimenningu Vestur-Norðurlanda og í þriðja lagi er um að ræða 6,8 millj. kr. hækkun til að mæta gengishækkunum umfram verðlagsforsendur fjárlaga vegna þátttökugjalda í alþjóðasamstarfi og ferðakostnaðar erlendis.

Almennur rekstur. Lögð er til 2,4 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta útgjöldum við framkvæmd kjarasamnings við starfsmenn Alþingis. Jafnframt er lagt til að fjárveiting hækki um 1,5 millj. kr. til að mæta gengishækkunum umfram verðlagsforsendur fjárlaga við alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar.

Sérverkefni. Lögð er til 7 millj. kr. tímabundin hækkun framlags til verkefnis við skönnun eldri árganga Alþingistíðinda. Áætlun gerir ráð fyrir að myndað verði heillegt stafrænt og birtingarhæft yfirlit um öll skjöl Alþingis frá því að það var endurreist árið 1845. Þá er lagt til að fjárveiting hækki um 0,6 millj. kr. til að mæta gengishækkunum umfram verðlagsforsendur fjárlaga við rekstur Jónshúss og fræðimannsíbúðar í Kaupmannahöfn.

Lagt er til að framlag til reksturs fasteigna lækki um 10 millj. kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Undir liðnum Fasteignir er lögð til 23 millj. kr. tímabundin lækkun framlags til viðgerða á Alþingishúsinu. Er þá miðað við að tengingu Skála við Alþingishús verði frestað og ekki ráðist í breytingar innan dyra í Alþingishúsinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnar um aukið aðhald í ríkisútgjöldum.

Gerð er tillaga um 50 millj. kr. tímabundna lækkun framlags til breytinga í Alþingishúsinu. Er þá miðað við að tengingu Skála við Alþingishús verði frestað og ekki ráðist í breytingar innan dyra í Alþingishúsinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Ég vík þá að forsætisráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild ráðuneytisins verði lækkuð um 254 millj. kr.

Til að leiðrétta stöðu fjárlagaliða vegna mótframlaga ráðuneytisins til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins er lagt til að 3 millj. kr. millifærist af þessum lið þannig að 1,5 millj. kr. færist á lið 01-251 Þjóðmenningarhúsið og 1,5 millj. kr. á lið 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

Lagt er til að framlag til nýbygginga fyrir Stjórnarráðið lækki um 200 millj. kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Þjóðmenningarhúsið. Á þennan lið millifærast 1,5 millj. kr. af lið 01-190 Ýmis verkefni til að leiðrétta stöðu fjárlagaliða vegna mótframlaga ráðuneytisins til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins eins og að framan greinir.

Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn. Gerð er tillaga um að framlag til framkvæmda við vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn lækki tímabundið um 54 millj. kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Til að leiðrétta stöðu fjárlagaliða vegna mótframlaga ráðuneytisins til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins er lagt til að 1,5 millj. kr. millifærist á þennan lið af lið 01-190 Ýmis verkefni.

Þá eru gerðar tillögur er varða menntamálaráðuneytið. Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði lækkuð um 159,3 millj. kr.

Háskóli Íslands. Lagt er til að framlag til rannsókna lækki um 25 millj. kr. og er því áætlað fyrir 55 millj. kr. tímabundinni hækkun til rannsókna í skólanum frá fjárlögum yfirstandandi árs í stað 80 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fjáraukalögum fyrir árið 2001 er farið fram á 80 millj. kr. framlag til rannsókna í skólanum. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í ríkisútgjöldum.

Ég vil þá í nokkrum orðum gera grein fyrir breytingartillögum undir liðnum 1.13 Háskólasjóður. Lagt er til að framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði lækkað um 4 millj. kr. frá frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 14,9 millj. kr. hækkun á þessu viðfangsefni. Skv. 2. gr. laga nr. 91/1987 er framlagið reiknað sem tiltekin fjárhæð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Í greininni er jafnframt kveðið á um að sóknargjaldið hækki í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Þar sem framlag til þessarar starfsemi hefur verið hækkað að fullu miðað við launabreytingar milli ára hefur það hækkað umfram almennar verðlagshækkanir sem gert hefur verið ráð fyrir í framlögum til rekstrarverkefna í fjárlögum um árabil. Þá hefur ekki heldur verið dregið úr hækkunum á framlaginu þau ár sem fjárlög hafa gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana sem ríkið greiðir framlög til. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hefur verið fram á Alþingi er lögð til breyting á tilvitnaðri grein laganna fyrir árið 2002 á þann veg að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001. Framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða 1%. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Ég vík þá að Byggingarframkvæmdum og tækjakaupum. Lagt er til að fyrirhuguðum 400 millj. kr. framkvæmdum við Náttúrufræðihús sem miðað var við að hæfust á miðju ári 2002 verði seinkað þannig að framkvæmt verði fyrir 200 millj. kr. á árinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Byggingarframkvæmdir, óskipt. Lagt er til að frestað verði fyrirhuguðum framkvæmdum við framhaldsskóla að fjárhæð 100 millj. kr. og nema byggingarframkvæmdir við framhaldsskóla þá 372 millj. kr. á árinu 2002. Skipting framlagsins er sýnd í breytingartillögum meiri hlutans.

Lagt er til að framlag til leigugreiðslu framhaldsskóla til Fasteigna ríkisins og Fasteigna framhaldsskóla, sem ganga til viðhalds skólahúsnæðis, lækki tímabundið um 75 millj. kr. Lækkunin hefur áhrif á framlög til allra framhaldsskólanna og er skipting fjárhæðarinnar á einstaka liði fjárlaga sýnd í sérstökum yfirlitum I í breytingartillögum meiri hlutans. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 150 millj. kr. hækkun á milli ára og er því lagt til að helmingi þeirrar hækkunar verði frestað til ársins 2003. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Þá vík ég að Kvikmyndaskoðun. Menntamálaráðuneytið hefur breytt reglugerð um Kvikmyndaskoðun, nr. 388/1995, sem áætlað er að leiði til þess að áætluð rekstrargjöld lækki um 1 millj. kr. og áætlaðar innheimtar ríkistekjur vegna kvikmyndaskoðunar lækki um sömu fjárhæð. Breytingin hefur því ekki áhrif á útgjöld ríkisins.

Um Fornleifavernd ríkisins er gerð tillaga og lagt til að millifærðar verði 30 millj. kr. á þennan nýja lið í samræmi við ákvæði safnalaga. Þar af eru 20,6 millj. kr. millifærðar af Þjóðminjasafni Íslands, viðfangsefni 1.01, og 9,4 millj. kr. vegna launa minjavarða sem eru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins af viðfangsefni 1.10 Byggða- og minjasöfn.

Þá er að geta tillagna er varða Þjóðminjasafn Íslands.

Gerð er tillaga um fjárveitingu til þriggja verkefna sem alls nema 19 millj. kr. Í fyrsta lagi er lögð til 9 millj. kr. tímabundin fjárveiting til átaks í fjarvinnsluskrám safnsins í gagnagrunninn Sarp. Í öðru lagi er gerð tillaga um 6 millj. kr. tímabundna hækkun fjárveitingar til áframhaldandi rannsókna í Reykholti í Borgarfirði. Loks er gerð tillaga um 4 millj. kr. fjárveitingu til Þjóðminjasafnsins til að taka til varðveislu og skráningar málverkasafn Bjarna Jónssonar um íslenska sjávarhætti. Um lokagreiðslu er að ræða.

Þá er lagt er til að millifærðar verði 20,6 millj. kr. af þessum lið á nýjan fjárlagalið, 02-901 Fornleifavernd ríkisins, í samræmi við ný safnalög.

Byggða- og minjasöfn. Lagt er til að millifærðar verði 48,4 millj. kr. af liðnum. Annars vegar fara 9,4 millj. kr. á nýjan fjárlagalið Fornleifaverndar Íslands í samræmi við ákvæði nýrra safnalaga og hins vegar 39 millj. kr. á lið 02-918 Safnasjóður sem er nýr liður samkvæmt safnalögum sem samþykkt voru á síðasta löggjafarþingi.

Ég vík að Safnasjóði. Lögð er til 58 millj. kr. fjárveiting sem er millifærð á þennan nýja lið samkvæmt safnalögum sem samþykkt voru á síðasta löggjafarþingi. Millifærðar eru 39 millj. kr. af lið 02-902 1.10 Þjóðminjasafn, byggða- og minjasöfn, 16 millj. kr. af liðnum 02-919 1.90 Söfn, ýmis framlög, og 3 millj. kr. af fjárlagalið umhverfisráðuneytsins, 14-190 1.59 Náttúrugripasöfn.

Söfn, ýmis framlög. Lagt er til að liðurinn hækki um 3 millj. kr. Af fjárveitingunni eru 2 millj. kr. ætlaðar Sjávarsafninu á Norðurtanga, Ólafsvík, en gert var ráð fyrir 0,5 millj. kr. til þess við 2. umr. um frumvarpið. Þá er gert ráð fyrir 1 millj. kr. til varðveislu og viðhalds eikarbátsins Húna II.

Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 16 millj. kr. af þessum lið á nýjan fjárlagalið 02-918 Safnasjóður sem stofnað er til með nýjum safnalögum.

Endurbótasjóður menningarstofnana. Lagt er til að fallið verði frá fyrirhuguðum 50 millj. kr. framkvæmdum á vegum Endurbótasjóðs. Nemur framlag úr ríkissjóði því 335 millj. kr. samanborið við 385 millj. kr. í frumvarpinu. Gerð er breytingartillaga við 6. gr. frumvarpsins um skerðingarákvæði. Skipting framlagsins kemur fram í breytingartillögum meiri hlutans. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Lagt er til að framlag hækki um 250 millj. kr. vegna ákvörðunar um 7% hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins. Afnotagjöldin færast um tekjuhlið fjárlaga og er ráðstafað til Ríkisútvarpsins. Hækka tekjur og gjöld um sömu fjárhæð og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Lagt er til að áætlað verði fyrir 1,7 millj. kr. meiri ríkistekjum af höfundarréttargjaldi sem innheimt er vegna flutnings tónverka við jarðarfarir. Innheimtan fer fram á vegum STEF í samræmi við 3. gr. reglna nr. 232/1974. Tekjur af gjaldinu námu rúmlega 2,7 millj. kr. á árinu 2000 og er því lagt til að áætlað verði fyrir sömu fjárhæðum á árinu 2002. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Þá er að geta þriggja liða undir menntamálaráðuneyti 02-982 Listir, framlög. Liður 1.83 Samningur við Menningarborgarsjóð. Lagt er til að 5 millj. kr. framlag til samnings við Menningarborgarsjóð á viðfangsefni 1.83 verði millifært yfir á nýtt viðfangsefni, 1.84, með sama heiti. Vegna mistaka var framlagið fært á lið 1.83 sem hefur í fjárlögum og bókhaldi staðið fyrir önnur verkefni.

Listir. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. framlag til Rannsóknastofnunar í helgisiðum í Skálholti. Óskipt fé liðarins lækkar um sömu fjárhæð.

Farið er fram á 17 millj. kr. tímabundið framlag til uppbyggingar menningarmiðstöðva á Austurlandi í samræmi við viljayfirlýsingu menntamálaráðherra og formanns Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í tengslum við undirritun samnings milli ríkis og sveitarfélaga í landsfjórðungnum um að efla þar menningarstarf og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga þar í einn farveg.

Undir lið 983 1.10 Fræðistörf er gerð tillaga um 1,5 millj. kr. framlag af liðnum til Margrétar Hermanns Auðardóttur vegna rannsókna í Herjólfsdal.

Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. framlag til framkvæmda á Laugarbrekku undir Jökli til að minnast Guðríðar Þorbjarnardóttur.

Er þá lokið greinargerð minni um það er varðar menntamálaráðuneytið og vík ég næst að utanríkisráðuneytinu.

Utanríkisráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytisins verði lækkuð um 43,4 millj. kr.

Ég vík fyrst að nokkrum þáttum er snerta sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að fjármögnunarliðurinn Greitt úr ríkissjóði hækki um 67,6 millj. kr. og á móti lækkar fjármögnunarliðurinn Innheimt af ríkistekjum um sömu fjárhæð. Um er að ræða breytingu á fjárreiðum þar sem tekjur af vopnaleitargjaldi hafa verið færðar á embættið, en nú er lagt til að þær verði færðar á Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli í samræmi við lög nr. 60/1998, um loftferðir.

Löggæsla á Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 22 millj. kr. tímabundið framlag vegna aukins kostnaðar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. Um er að ræða kostnað vegna aukins eftirlits á varnarsvæðum.

Þá er gerð tillaga um sértekjur embættisins á þann veg að þær hækki um 137,6 millj. kr. vegna útseldrar þjónustu við vopnaleit hjá embættinu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi og hækka því sértekjur embættisins. Útgjöldunum er mætt með jafnháum tekjum af vopnaleitargjaldi á tekjuhlið fjárlaga. Í fjárlögum 2001 var áætlað að

vopnaleitargjaldið skilaði 67,6 millj. kr., miðað við 125 kr. á farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll, en nú er gert ráð fyrir að gjaldið verði hækkað og skili á árinu 2002 137,6 millj. kr. og verði 300 kr. á farþega. Hækkunin er til að mæta kostnaði við aukna vopnaleit í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum í september. Um er að ræða greiðslur frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli fyrir vopnaleit sem framkvæmd er hjá embættinu.

Loks er lagt til breytt heiti á viðfangsefninu.

Vík ég þá næst að Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Þar er lagt til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 137,6 millj. kr. vegna aðkeyptrar þjónustu við vopnaleit hjá sýslumanni á Keflavíkurflugvelli. Stofnunin hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi og koma því fram auknar sértekjur hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli. Útgjöldum er mætt með jafnháum tekjum af vopnaleitargjaldi á tekjuhlið fjárlaga. Í fjárlögum 2001 var áætlað að vopnaleitargjald skilaði 67,6 millj. kr., miðað við 125 kr. á farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll, en nú er gert ráð fyrir að gjaldið verði hækkað og skili á árinu 2002 137,6 millj. kr. og verði 300 kr. á farþega, eins og áður var getið. Hækkunin er til þess að mæta kostnaði við aukna vopnaleit í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum.

Gjöld stofnunarinnar lækka um 20,4 millj. kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um tekjur af lendingargjaldi er gert ráð fyrir að tekjurnar verði 531,2 millj. kr. árið 2002. Gert er ráð fyrir að lendingartonnum fækki um 20% vegna minni umferðar á árinu 2002. 25% hluti áætlaðra lendingargjalda sem runnu til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í B-hluta fer nú í að greiða niður skuldir Flugmálastjórnar og færist sem viðskiptahreyfing í fjárlögum fyrir árið 2002. Miðað við 531,2 millj. kr. tekjur er sá hluti 132,8 millj. kr. Hins vegar eru tekjur stofnunarinnar skertar vegna hagræðingar og samtals verður því viðskiptahreyfingin 113,9 millj. kr.

Íslensk friðargæsla. Lögð er til tímabundin lækkun framlags um 45 millj. kr. á viðfangsefnið. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Landbúnaðarráðuneytið. Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði lækkuð um 9 millj. kr.

Lögð er til 5 millj. kr. lækkun framlags til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Lögð er til 3 millj. kr. lækkun framlags til verðlagsnefndar landbúnaðarafurða. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Ýmis verkefni. Lögð er til 1 millj. kr. lækkun safnliðarins. Sundurliðun var sýnd í sérstökum yfirlitum III í breytingartillögum meiri hlutans við 2. umr. um frumvarpið. Fjárveiting til einstakra verkefna helst óbreytt en óskipt fé lækkar.

Aðfangaeftirlit ríkisins. Lögð er til 1,5 millj. kr. lækkun á framlagi. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Skógrækt ríkisins. Þar er lagt til að veitt verði 8 millj. kr. tímabundið framlag til Skógræktar ríkisins. Fjárþörf þessi er til komin vegna þess að Skógræktin þarf að aðlaga rekstur sinn úrskurði samkeppnisráðs nr. 33/1999. Í úrskurðinum kemur fram að stofnunin skuli hætta framleiðslu skógarplantna. Fjárveitingin kemur í stað tekna af sölu plantna og er áformað að hún lækki um 2 millj. kr. á ári til ársins 2005.

Hvað varðar Jarðasjóð og Jarðeignir ríkisins er gerð tillaga um 6,5 millj. kr. lækkun á framlagi. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Sjávarútvegsráðuneytið. Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytisins verði hækkuð um 71 millj. kr.

Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til könnunar á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði annars vegar og Húnaflóa hins vegar, 5 millj. kr. á hvorn stað.

Hafrannsóknastofnunin. Lagt er til að fjárveiting til stofnunarinnar verði hækkuð um 10 millj. kr. vegna verðhækkana á eldsneyti. Undanfarin missiri hefur eldsneyti sem notað er til að knýja rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað mikið í verði. Þessar verðhækkanir stafa að stórum hluta af þróun olíuverðs á alþjóðamörkuðum en í þeim gætir einnig áhrifa af lækkandi gengi íslensku krónunnar. Lagt er til að fjárveiting stofnunarinnar verði verðbætt á næsta ári í ljósi framangreinds en einnig í ljósi spár efnahagsdeildar OECD um 3,8% lækkun á innflutningsverði hráolíu á árinu 2002.

Settur hefur verið upp sérstakur kostnaðarútreikningur vegna eldsneytis fyrir bæði Hafrannsóknastofnunina og Landhelgisgæsluna. Reikningurinn er útfærður þannig að fari olíuverð lækkandi miðað við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002 verður ávinningurinn reiknaður mánaðarlega hjá þessum stofnunum með hliðsjón af olíunotkun. Það verður síðan á ábyrgð stofnananna að verðlagsávinningurinn verði ekki notaður í aðra starfsemi heldur skili hann sér í samsvarandi afgangi á fjárheimildum í árslok. Fari eldsneytisverð hins vegar hækkandi miðað við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002 færist tapið á sama hátt á reikninginn og skýrir þá útgjöld umfram fjárheimildir í árslok sem því nemur. Slík umframútgjöld kunna þá að koma til skoðunar við árlegan undirbúning fjárlaga en þó er gert ráð fyrir að stofnanirnar hafi nokkurt svigrúm til sveiflujöfnunar á eldsneytiskostnaði milli ára eða nýti afganginn frá fyrri árum.

Viðhald rannsóknaskipa. Lagt er til að 25 millj. kr. framlag í frumvarpinu til viðgerða á rannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni falli niður þar sem hluta af viðgerð skipsins verður frestað. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Lagt er til að tekjur Fiskistofu verði auknar um 50 millj. kr. og bein framlög úr ríkissjóði til stofnunarinnar lækki að sama skapi. Áformað er að hækka veiðieftirlitsgjald þannig að það standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlit Fiskistofu. Þetta er liður í tillögum ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir 76 millj. kr. hærri innheimtu ríkistekna af þróunarsjóðsgjöldum sem renna til sjóðsins. Samsvarandi hækkun verður gerð á tekjuhlið fjárlaga og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði lækkuð um 139,6 millj. kr.

Lagt er til að 12 millj. kr. framlag til hugbúnaðargerðar og til kaupa á tækjum vegna Schengen-samstarfsins falli niður. Tillagan er liður í ákvörðun ríkis stjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Gerð er tillaga um að lækka framlag til Kirkjumálasjóðs um 8 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 11,8 millj. kr. hækkun. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum og lækkunin er í samræmi við tillögur á öðrum liðum fjárlaga um að dregið verði

úr aukningu þessara framlaga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Lagt er til að Kirkjugarðasambandi Íslands verði veitt 3 millj. kr. tímabundið framlag til að hægt verði að halda áfram skráningu í fámennari sóknum landsins sem ekki hafa möguleika á því að greiða fyrir þá vinnu. Um er að ræða söfnun og skráningu legstaða- og söguupplýsinga í sóknum sem hafa færri en 500 gjaldendur, svo og kostnað við mælingu og gerð korta viðkomandi kirkjugarða. Verkefnið er unnið til að koma legstaðaskrám og uppdráttum af kirkjugörðum inn á vefinn sem ber nafnið gardur.is.

Lagt er til að framlag til kirkjugarða vegna kirkjugarðsgjalds verði lækkað um 30,4 millj. kr. eða um sömu upphæð og gert var ráð fyrir að framlagið hækkaði í frumvarpinu. Skv. 39. gr. laga nr. 36/1993 er framlag til kirkjugarða reiknað sem tiltekin fjárhæð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Í greininni er jafnframt kveðið á um að kirkjugarðsgjaldið hækki í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Þar sem framlag til þessarar starfsemi hefur verið hækkað að fullu miðað við launabreytingar milli ára hefur það hækkað umfram þær almennu verðlagshækkanir sem gert er ráð fyrir í framlögum til rekstrarverkefna í fjárlögum frá því að lögin voru sett árið 1993. Þá hefur ekki heldur verið dregið úr hækkunum á framlaginu þau ár sem fjárlög hafa gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hefur verið fram á Alþingi er lögð til breyting á tilvitnaðri grein laganna fyrir árið 2002 á þann veg að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001. Framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða um 1%. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum.

Þá er gerð tillaga um framlag til Kirkjugarðasjóðs á þann veg að það lækki um 2,6 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frv. Framlagið er reiknað sem 8% hlutdeild í kirkjugarðsgjaldi og er lækkunin í samræmi við tillögu um að dregið verði úr útgjaldaaukningu kirkjugarða á viðfangsefni merkt 1.11 undir þessum lið fjárlaga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnar um aukið aðhald.

Þá er gerð tillaga um sóknargjöld, þ.e. sóknargjöld til þjóðkirkjunnar og til annarra trúfélaga. Lagt er til að framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði lækkað frá því sem gert er ráð fyrir í frv. en þar er gert ráð fyrir 104,7 millj. kr. til hækkunar á viðfangsefninu. Þá er lagt til að framlag til annarra trúfélaga vegna sóknargjalda verði lækkað um 6,1 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frv. en þar er gert ráð fyrir 14,8 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu. Skv. 2. gr. laga nr. 91/1987 er framlagið reiknað sem tiltekin fjárhæð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Í greininni er jafnframt kveðið á um að sóknargjaldið hækki í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Þar sem framlag til þessarar starfsemi hefur verið hækkað að fullu miðað við launabreytingar milli ára hefur það hækkað umfram þær almennu verðlagshækkanir sem gert hefur verið ráð fyrir í framlögum til rekstrarverkefna í fjárlögum um árabil. Þá hefur ekki heldur verið dregið úr hækkunum á framlaginu þau ár sem fjárlög hafa gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hefur verið fram á Alþingi er lögð til breyting á tilvitnaðri grein laganna fyrir árið 2002 á þann veg að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001. Framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða um 1%. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Þá er hér gerð tillaga um að lækka framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 13 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 19,4 millj. kr. til hækkunar. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum og er lækkunin í samræmi við tillögur á öðrum liðum fjárlaga um að dregið verði úr aukningu þessara framlaga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Þá er gerð tillaga um að fjárheimild félagsmálaráðuneytisins verði lækkuð um 234 millj. kr.

Undir liðnum Heimili fyrir börn og unglinga eru veittar 10 millj. kr. í framlag til meðferðarheimilis Götusmiðjunnar að Árvöllum til að styrkja starfsemi heimilisins.

Undir liðnum Málefni fatlaðra, Reykjavík, undir Almennur rekstur er lagt til að framlag til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík hækki um 25 millj. kr. vegna reksturs nýs sambýlis í samræmi við áform félagsmálaráðuneytis um styttingu biðlista.

Jafnframt er lagt til að framlag til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík hækki um 25 millj. kr. til eflingar skammtímaþjónustu fyrir fatlaða í Reykjavík.

Þá er með sama hætti vikið að Framkvæmdasjóði fatlaðra og lagt til að framlag til sjóðsins lækki um 25 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en að fjárheimildin verði færð á lið 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík og verði varið til eflingar skammtímaþjónustu fyrir fatlaða, eins og getið var hér að frama.

Um Atvinnuleysistryggingasjóð eru gerðar tillögur og lagt til að 250 millj. kr. sem eru vaxtatekjur úr Atvinnuleysistryggingasjóði af inneign markaðra tekna verði færðar á sjóðinn í samræmi við framsetningu í ríkisreikningi. Endurskoðuð áætlun um vexti af inneign sjóðsins af mörkuðum tekjum leiðir í ljós að þær verða mun hærri en áætlað var í frumvarpinu.

Lagt er til að 10 millj. kr. vaxtatekjur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga af inneign markaðra tekna verði færðar á sjóðinn í samræmi við framsetningu ríkisreiknings.

Þá eru gerðar tillögur undir liðnum Fæðingarorlof og vikið þar að tveimur liðum, 1.01 Umsýslukostnaði Tryggingastofnunar ríkisins og 1.11 Fæðingarorlofssjóði. Lagt er til að 48 millj. kr. fjárveiting renni til rekstrarkostnaðar Fæðingarorlofssjóðs og að hún verði millifærð af tilfærsluframlagi sjóðsins, viðfangsefni 1.11, á rekstrarviðfangsefni, 1.01. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2002 nemi 48 millj. kr. vegna launakostnaðar, viðhalds hugbúnaðar og hlutdeildar í föstum kostnaði.

Undir liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi er undirliðurinn Móttaka flóttamannahópa. Lögð er til 10 millj. kr. lækkun á framlagi til móttöku flóttamannahópa sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Undir liðnum Ýmis framlög er gerð tillaga um að 1 millj. kr. fari til fjárveitingar til foreldra hreyfihamlaðs drengs til lyftukaupa á heimili fjölskyldunnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði lækkuð um 106,9 millj. kr.

Ég vík hér fyrst að Tryggingastofnun ríkisins. Óskað er eftir að 48 millj. kr. verði færðar af liðnum 07-989 1.01 Umsýslukostnaður til greiðslu umsýslukostnaðar Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfsemi Fæðingarorlofssjóðs árið 2002. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2002 nemi 48 millj. kr. vegna launakostnaðar, viðhalds hugbúnaðar og hlutdeildar í föstum kostnaði. Tekjur og gjöld Tryggingastofnunar hækka um sömu fjárhæð þar sem kostnaðurinn er greiddur af tekjum Fæðingarorlofssjóðs.

Ég vík þá að bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Þar er liðurinn 1.51 Uppbætur. Lagt er til veitt verði heimild til að fjölga dvalarrýmum á Hornafirði um tvö og að kostnaður við það verði 3,2 millj. kr. Viðræður standa yfir við Hornafjörð um fyrirkomulag heilsugæslu- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu. Lög um reynslusveitarfélög falla úr gildi um næstu áramót og samningur við Hornafjörð sem gerður er á grundvelli þeirra laga. Markmið nýs samnings er að efla stjórn sveitarfélagsins á málaflokknum, *laga stjórnsýsluna betur að staðbundnum aðstæðum*, bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Í samningsdrögum er gert ráð fyrir að framlag hækki um 3,2 millj. kr. vegna fjölgunar um tvö dvalarrými. Enn fremur er áformuð framtíðaruppbygging öldrunarþjónustu á svæðinu, en áætlanir eru um að byggja við hjúkrunarheimilið.

Undir liðnum Sjúkratryggingar er liðurinn Lækniskostnaður. Þar er lögð til 160 millj. kr. lækkun sjúkratrygginga vegna áforma um afnám 5.000 kr. þaks á hverja komu til sérfræðilæknis. Eftir sem áður verða heildarþök vegna lækniskostnaðar óbreytt. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Varðandi lið 1.15 Lyf er lögð til 310 millj. kr. lækkun lyfjaútgjalda vegna breytinga á greiðsluþátttöku lyfja. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald.

Tillögur eru gerðar um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og er lagt til að rekstrargrunnur stofnunarinnar verði hækkaður um 6 millj. kr. vegna aukinna verkefna. Hér er um að ræða kostnað við læknisþjónustu og ráðningu heyrnarfræðings til að hægt verði að bæta afgreiðslu heyrnartækja og auka þjónustu við landsbyggðina.

Hins vegar er lagt til að 57,9 millj. kr. framlag undir þessum lið sem varið hefur verið til að greiða niður hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina verði fært á lið 08-399 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. *Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi* þar sem lagt er til að heimilt verði að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast tiltekna þjónustu við heyrnarskerta og heyrnarlausa. Neytendur njóta sömu greiðsluþátttöku ríkis við kaup á hjálpartækjum án tillits til þess hvert þeir kjósa að beina viðskiptum sínum.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Gerð er tillaga um 8,8 millj. kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við bakvaktir lækna við sjúkraflugsvakt á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Fyrr á þessu ári var gerður samningur við Flugfélag Íslands um rekstur sjúkraflugs á Norður- og Austurlandi. Með honum tryggir Flugfélag Íslands þjónustu á svæðinu allan sólarhringinn út frá Akureyri. Með samningnum er sett á fót miðstöð sjúkraflugs á Akureyri og starfsemi Fjórðungssjúkrahússins efld. Til að bæta þjónustuna enn frekar er áformað að hefja bakvaktir lækna við Fjórðungssjúkrahúsið. Með þessari nýbreytni þarf starfandi læknir á svæðinu ekki lengur að fylgja sjúklingi í sjúkraflug og skilja héraðið eftir læknislaust.

Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Lagt er til að veitt verði 30 millj. kr. framlag til að koma á þjónustusamningi við SÁÁ og er framlagið háð því skilyrði að samkomulag náist og þjónustusamningur verði undirritaður.

Þá er farið fram á 20 millj. kr. framlag vegna fyrirhugaðs átaks á sviði geðheilbrigðismála. Geðsjúkdómar og geðraskanir eru á meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi. Brýnt er að efla forvarnir á þessu sviði og þjónustu við þá sem haldnir eru þessum sjúkdómum. Einnig er farið fram á 20 millj. kr. framlag til sama málefnis á liðnum 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Landspítali – háskólasjúkrahús. Lögð er til 200 millj. kr. hækkun framlags til styrktar reksturs sjúkrahússins. Er framlagið ætlað til að auðvelda frekari sérhæfingu og tryggja að reksturinn verði innan fjárheimilda árið 2002.

Lögð er til 41,9 millj. kr. lækkun á framlagi til stofnframkvæmda Framkvæmdasjóðs aldraðra undir liðnum Stofnkostnaður og endurbætur. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi. Lagt er til að veitt verði 30 millj. kr. framlag til fjölþættra sýklavarna og er það til viðbótar 20 millj. kr. framlagi sem samþykkt var við 2. umr. um frumvarpið. Gert er ráð fyrir að birgðir af bóluefni verði auknar, viðbrögð við bráðameðferð efld og fræðsla meðal heilbrigðisstarfsmanna aukin. Einnig er gert ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús ráðist í endurbætur á aðstöðu og breyti forgangsröðun stofnkostnaðarverkefna í þessum tilgangi.

Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. Lagt er til að 57,9 millj. kr. framlag sem hefur verið til að greiða niður hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina verði fært á þetta nýja viðfangsefni 08-399 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að heimilt verði að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að *annast tiltekna þjónustu við heyrnarskerta og heyrnarlausa*. Gert er ráð fyrir að neytendur njóti sömu greiðsluþátttöku ríkis við kaup á hjálpartækjum án tillits til þess hvert þeir kjósa að beina viðskiptum sínum.

Jafnframt er lagt til að 12 millj. kr. framlagi verði varið til að draga úr biðlistum eftir hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta.

Reynslusveitarfélagið Akureyri. Hjúkrunarrými. Lagt er til að 41 millj. kr. komi til hækkunar framlags til að mæta kostnaði við breytingu 18 dvalarrýma í hjúkrunarrými. RAI-mat sýnir að það eru a.m.k. 18 einstaklingar sem vistast í þjónusturýmum á Hlíð og í Kjarnalundi sem ættu að vera í hjúkrunarrýmum. Lagt er til að greitt verði fyrir 18 hjúkrunarrými til viðbótar stofnunum Akureyrarbæjar og að frá því dragist jafnframt framlög til 18 þjónusturýma.

Reynslusveitarfélagið Hornafjörður. Hjúkrunarrými. Viðræður standa yfir við sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustusamning um heilsugæslu- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu. Lög um reynslusveitarfélög falla úr gildi um næstu áramót og samningur við Hornafjörð sem gerður er á grundvelli þeirra laga. Markmið nýs samnings er að efla stjórn sveitarfélagsins á málaflokknum, laga stjórnsýsluna betur að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Áformað er að gera þjónustusamning um heilsugæslu- og öldrunarþjónustu á svæðinu. Í samningsdrögum er áætluð hækkun daggjalds í öldrunarþjónustu samtals 5,2 millj. kr. miðað við 26 hjúkrunarrými. Er tekið mið af daggjaldataxta til annarra hjúkrunarheimila samkvæmt RAI-hjúkrunarþyngdarstuðli. Í samningsdrögum er enn fremur áformuð framtíðaruppbygging öldrunarþjónustu á svæðinu, en áætlanir eru um að byggja við hjúkrunarheimilið.

Hjúkrunarheimili. Almennur rekstur. Lagt er til 20 millj. kr. framlag til að lagfæra daggjaldataxta þjónusturýma og/eða breyta þjónusturýmum í hjúkrunarrými.

Heilsugæslustöðvar, almennt. Gerð er tillaga um 20 millj. kr. framlag vegna fyrirhugaðs átaks á sviði geðheilbrigðismála, en eins og áður kom fram í máli mínu eru geðsjúkdómar og geðraskanir meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi. Brýnt er að efla forvarnir á þessu sviði sem og þjónustu við þá sem eru haldnir þessum sjúkdómum. Einnig er farið fram á 20 millj. kr. framlag til sama verkefnis á liðnum 08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

Þá er lögð til 40 millj. kr. hækkun á komugjöldum til heilsugæslustöðva en þau hafa ekki verið hækkuð frá árinu 1996. Er gert ráð fyrir að útgjöld hækki um sömu fjárhæð og tekjurnar renni óskiptar til að styrkja rekstur heilsugæslustöðva, en nokkur rekstrarhalli er á heilsugæslunni í Reykjavík. Skipting þessarar fjárhæðar á heilsugæslustöðvarnar verður sýnd í sérstökum yfirlitum II í breytingartillögum meiri hlutans og verður færð á viðkomandi stofnanir í fjárlögum.

Sjúkraflutningar. Veitt er 8,8 millj. kr. framlag til að ljúka samningum við sýslumannsembættið á Selfossi um sjúkraflutninga í Árnessýslu. Svæðið er víðfemt og eitt það umfangsmesta sem er í umsjón eins aðila. Fyrir liggja drög að nýjum samningi en hann er sambærilegur við aðra samninga um sjúkraflutninga.

Fjármálaráðuneytið. Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytisins verði lækkuð um 800 millj. kr.

Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 680 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

Lífeyrissjóður alþingismanna. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 15 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

Lífeyrissjóður ráðherra. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 4 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 64 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 11 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og er það í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 2 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Eftirlaun hæstaréttardómara. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 4 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 19 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 1 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Eru þessar lækkanir og tillögur sem hér voru lesnar að framan gerðar í samræmi eftir endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

Fasteignamat ríkisins. Landskrá fasteigna. Lagt er til að fjárveiting til smíði Landskrár fasteigna lækki um 20 millj. kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið hækki um sömu fjárhæð. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Þá vil ég koma að nokkrum orðum um fjárlagaliðinn 481 6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði lækkuð um 100 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan skýrist af áformum um lækkun útgjalda vegna verkefna á sviði íslenska upplýsingasamfélagsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði sérstakt framlag að fjárhæð 231,5 millj. kr. til þessara verkefna og að ýmsir fjárlagaliðir ráðuneyta leggi til mótframlög að fjárhæð 198,5 millj. kr. þannig að samtals verði 430 millj. kr. til ráðstöfunar. Fjárheimildirnar eru færðar á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá hverju ráðuneyti og eru verkefnin sem fá hlutdeild í sérstaka framlaginu valin af verkefnisstjórn átaksins um íslenska upplýsingasamfélagið. Ráðuneytin leggja fjárlagaliðnum til mótframlög af fjárheimildum viðkomandi stofnana sem nema a.m.k. helmingi kostnaðar fyrir utan verkefni sem teljast vera sameiginleg. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að sérstakt framlag til verkefnanna verði lækkað um 100 millj. kr. Í heimildargrein er jafnframt gert ráð fyrir að lækkun fjárheimilda verði færð á liði 996 Íslenska upplýsingasamfélagið innan ársins þegar forgangsröð verkefna hefur verið endurskoðuð í ljósi þess að sérstaka framlagið verður minna. Er þá einnig gert ráð fyrir að mótframlög sem færð hafa verið milli liðanna og viðkomandi stofnana geti lækkað eða fallið niður. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Fasteignir ríkissjóðs. Rekstur fasteigna og Viðhald fasteigna. Lagt er til að sértekjur lækki um 75 millj. kr. á viðfangsefninu 1.11 Rekstur fasteigna. Á móti lækkar fjárheimild á viðfangsefni 5.21 Viðhald fasteigna um sömu fjárhæð. Tillagan felur í sér að veltuaukning stofnunarinnar verður minni en gert var ráð fyrir í frumvarpinu þar sem nú er fyrirhugað að farið verði hægar í sakirnar við að færa umsjón með fasteignum framhaldsskóla til stofnunarinnar. Tillagan

er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 300 millj. kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Skýrist það af launahækkunum sjúkraliða umfram það sem gert hefur verið ráð fyrir í forsendum frumvarpsins en nýr kjarasamningu við stéttarfélag þeirra tók gildi 1. nóvember sl. Skipting á fjárheimildum til stofnana vegna kjarasamningsins er sýnd í sérstökum yfirlitum IV í breytingartillögum meiri hlutans en þar er gert ráð fyrir að nýtt verði 261,1 millj. kr. fjárheimild sem var fyrir hendi á þessum lið í frumvarpinu, auk hækkunarinnar sem fram kemur í tillögunni.

Lagt er til að gerð verði almenn 1% hagræðingarkrafa til stjórnsýslustofnana ríkisins. Slík krafa skilar 180 millj. kr. lækkun rekstrarútgjalda umfram það sem þegar hefur verið lagt til í frumvarpinu. Skipting á lækkun fjárveitinga er sýnd í sérstökum yfirlitum V í breytingartillögum meiri hlutans.

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði lækkuð um 89 millj. kr.

Ýmis verkefni. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu. Farið er fram á 150 millj. kr. tímabundið framlag í eitt ár til markaðssóknar í ferðaþjónustu, bæði innan lands og erlendis. Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. hefur orðið vart samdráttar í íslenskri ferðaþjónustu. Mikilvægt er að sporna við þessari þróun en ferðaþjónustan hefur skilað þjóðarbúinu vaxandi gjaldeyristekjum undanfarin ár.

1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu. Veitt er 5 millj. kr. framlag til Norður-Siglingar á Húsavík til að styrkja rekstur, en eitt höfuðmarkmið félagsins er að kynna íslenska strandmenningu og varðveita ákveðna þætti hennar.

Vegagerðin. 1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 6 millj. kr. hækkun á liðnum. Vegna breytinga á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, sem samþykktar voru á Alþingi með gildistöku 1. september sl. er gert ráð fyrir að útgjöld Vegagerðarinnar vegna eftirlits og útgáfu rekstrarleyfa til sérleyfishafa hækki um 6 millj. kr. og verði samtals 9 millj. kr. á ári. Kostnaður af leyfisveitingunum er borinn uppi af leyfisgjöldum og hefur verið gert ráð fyrir tekjum vegna þeirra á tekjuhlið fjárlaga.

6.10 Nýframkvæmdir. Lögð er til 150 millj. kr. tímabundin lækkun á framlagi til nýframkvæmda umfram það sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Siglingastofnun Íslands. 6.70 Hafnamannvirki. Lögð er til 100 millj. kr. tímabundin lækkun á framlagi til hafnamannvirkja umfram það sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði lækkuð um 110 millj. kr.

Ýmis orkumál. 1.13 Hafsbotnsrannsóknir. Lögð er til 10 millj. kr. lækkun á framlagi vegna frestunar hafbotnsrannsókna en í frumvarpinu er 70 millj. kr. varið til verkefnisins. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Byggðastofnun. 6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Gerð er tillaga um niðurfellingu á 100 millj. kr. framlagi vegna þátttöku ríkissjóðs í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 300 millj. kr. til verkefnisins en það framlag hefur ekki verið nýtt nema að hluta undanfarin ár. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði óbreytt.

1.01 Löggildingarstofa. Lögð er til 10 millj. kr. lækkun á framlögum ríkissjóðs til stofnunarinnar sem mætt verði með hærra hlutfalli ríkistekna sem innheimtar eru af notendum þjónustunnar. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði lækkuð um 152,5 millj. kr.

Ýmis verkefni. 1.58 Náttúrugripasöfn. Í samræmi við safnalög er lagt til að 3 millj. kr. fjárveiting til náttúrugripasafna verði færð frá umhverfisráðuneyti til menntamálaráðuneytis á lið 02-918 Safnasjóður.

Lagt er til að framlag til Ofanflóðasjóðs lækki tímabundið um 160 millj. kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað. Lögð er til 3,5 millj. kr. fjárveiting til rannsókna á hreindýrastofninum.

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Lögð er til 3,5 millj. kr. fjárveiting til áframhaldandi rannsókna á Hornstrandafriðlandi.

1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi. Veitt er 3,5 millj. kr. fjárveiting til rannsókna á minkastofninum.

Virðulegi forseti. Ég les ekki ýmis gögn sem hér eru til viðbótar, en það eru skýringar við breytingartillögur við sundurliðanir vegna B-hluta og C-hluta. Vil ég vísa þar til 5. og 6. gr. Er þessa efnis alls getið ítarlega í gögnum sem lögð hafa verið fram í þinginu.

Að lokum vil ég geta þáttar er varðar samgrn. eftir samráð við Ríkisendurskoðun. Sú breyting er gerð á framsetningu upplýsinga í fjárlagafrv. fyrir árið 2002 í samanburði við fyrra ár að fjárlagaliður 10-472 Flugvellir er sameinaður fjárlagalið 10-471 Flugmálastjórn. Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2000 er m.a. vikið að framsetningu á framangreindu viðfangsefni hjá Flugmálastjórn. Þar segir m.a., og vitna ég, með leyfi forseta, til þess texta:

„Flugmálastjórn hefur að mati Ríkisendurskoðunar ekki aðgreint rekstur Flugmálastjórnar, flugvalla og Alþjóðaflugþjónustunnar eins og lög um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir. Birting ofangreindra viðfangsefna í fjárlögum og ríkisreikningi er ekki heldur með samræmdum hætti. ... Þar sem um er að ræða ósamræmi er brýnt að leitað verði álits ríkisreikningsnefndar, sbr. lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, á því hvernig framsetning á rekstri Flugmálastjórnar í fjárlögum og ríkisreikningi á að vera."

Ekki eru gerðar tillögur um að breyta skipan þessara mála til fyrra horfs við afgreiðslu þessa frv. Hins vegar telur fjárln. að þegar breytingar verða á framsetningu upplýsinga í ríkisreikningi eða í fjárlögum sé mikilvægt að gæta ákvæða laga um fjárreiður ríkisins. Slíkar breytingar fái faglega umfjöllun hjá þar til bærum aðilum. Fjárln. telur að rétt sé og nauðsynlegt að ríkisreikningsnefnd fjalli og álykti um þessa breytingu áður en hún festist í sessi.

Virðulegi forseti. Ég lýk hér lestri brtt. og greinargerðar sem meiri hluti fjárln. leggur hér fram við 3. umr. Óþarft er að gera grein fyrir ástæðum þess að þær tillögur eru hér efnismiklar. Þessi mikla vinna milli 2. og 3. umr. hefur mætt mjög á þeim sem að hafa komið. Þar á ég að sjálfsögðu við nefndarmenn í hv. fjárln. og vil ég sérstaklega þakka þeim

gott samstarf, bæði þeim sem skipa meiri hluta nefndarinnar og jafnframt þeim sem skipa minni hlutann. Ég þakka þessum hv. þm. fyrir gott samstarf og fyrir að greiða götu þessara umfangsmiklu tillagna þannig að hér verði haldið þeirri tímaáætlun sem fjárln. og Alþingi settu sér.

Ekki síður vil ég þakka starfsliði þingsins fyrir afar vandað starf, en mætt hefur mjög á starfsliðinu við þessa tillögugerð og framsetningu sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[12:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef ekki beint upp á fundarstjórn forseta að klaga. Aftur á móti verð ég að vekja athygli á því að við erum að ræða rammafjárlög og erum búin að vera í þessari umræðu frá því klukkan hálfellefu í morgun, en enginn ráðherra hefur gefið sér tíma til þess að sitja við þessa umræðu í salnum. Í morgun var hér enginn ráðherra þegar umræðan hófst og ég spyr hæstv. ... (Gripið fram í.) enginn ráðherra ... (Gripið fram í.) a.m.k. ekki hér í salnum. (Gripið fram í.) Ég er búin að sitja hér yfir allri umræðunni. Það hafa þrír ráðherrar komið hér inn í mýflugumynd — það skal viðurkennt — á meðan á umræðunni stóð.

Aftur á móti spyr ég — ég fagna hæstv. ráðherra ... (Gripið fram í.) Má ég spyrja: Hversu margir ráðherrar eru í húsinu?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti getur upplýst að hæstv. fjmrh. er viðstaddur umræðuna.)

Ég sé hann og fagna honum. En hversu margir aðrir? Nú eru rædd rammafjárlög þar sem hver ráðherra ber ábyrgð á sínu ráðuneyti og ég vil fá að vita hversu margir ráðherrar eru í húsinu. (**Gripið fram í:** Ha, er andsvar?)

(**Forseti** (ÁSJ): Á þessari stundu er hér aðeins hæstv. fjmrh.)

Er það einn ráðherra? Ég vil líka vekja athygli á því að hæstv. forsrh. sem er nú verkstjóri þessarar ríkisstjórnar, hefur heldur ekki séð sóma sinn í því að vera viðstaddur þessa fjárlagaumræðu. Mér finnst full ástæða til þess að ráðherrarnir séu viðstaddir. Verið er að skera mikið niður á fjárlögum og það er verið að taka hérna mjög afdrifaríkar ákvarðanir fyrir ákveðinn hóp fólks. Ég fer fram á það, herra forseti, að ráðherrarnir verði viðstaddir þessa umræðu í dag. (**Fjmrh.:** Forsrh. er við jarðarför norður á Akureyri.)

[12:15]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Út af þessum orðum hv. þm. — ég hef séð ráðherra í þessum sal, m.a. stendur hæstv. fjmrh. hér í dyrunum og hæstv. samgrh. hefur verið hér. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur verið hér í húsi en vegna tækninnar hér í þinginu geta menn fylgst með umræðu.

Það skal tekið fram, og er aldrei of oft tekið fram, að þó að það séu að vísu ekki mjög margir þingmenn hér í augnablikinu fylgjast þeir mjög gjarnan með umræðum á skrifstofum sínum. Við eigum að nýta okkur þessa tækni því að það er mjög margt hægt að gera meðan menn eru á skrifstofum. Mér finnst í raun og veru óþarfi að vekja athygli á þessu og fáránlegt að segja að þeir hafi ekki verið hérna þar sem ég hef a.m.k. orðið var við þessa þrjá hæstv. ráðherra, og hæstv. fjmrh. sem ber ábyrgð á fjárlögunum stendur hér í dyrunum.

[12:16]

Sverrir Hermannsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það var einn af varaforsetum Alþingis sem lauk hér máli sínu og varði af miklum móð þá réttmætu aðfinnslu að hér mæta forustumenn hæstv. ríkisstjórnar ekki til leiks.

Ég vil líka minna á það sem stendur í þingsköpum sem hv. varaforseti ætti að kynna sér að mönnum er skylt að sækja þingfundi. Það er alveg út í hött að vísa til þess að menn geti fylgst með því sem hér gerist á þingfundum hvort heldur úti í Vonarstræti eða annars staðar. Það er að vísu hagræði í því ef þannig stendur á fyrir mönnum að þeir geti ekki sinnt þingskyldu sinni.

[12:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka þá beiðni að ráðherrar láti svo lítið að vera viðstaddir þessa fjárlagaumræðu. Það gæti verið svo að þingmenn sem taka þátt í umræðunni vildu eiga orðastað við þessa ráðherra. Ég vek aftur athygli á því að þetta eru rammafjárlög þar sem við þurfum að eiga orðastað við hvern og einn ráðherra varðandi þær breytingar sem er verið að gera á fjárlögunum.

Þess vegna ítreka ég þá beiðni mína að ráðherrarnir láti svo lítið að vera viðstaddir þá umræðu sem fer hér fram, þriðju og síðustu umræðu um fjárlög.

[12:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram á að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar skuli ekki vera viðstaddir þessa umræðu. Auðvitað kunna að vera eðlilegar og lögmætar ástæður fyrir því að þeir geti ekki allir mætt en mér finnst algjört lágmark, þegar verið er að ræða fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 2002, að ráðherrar sýni umræðunni a.m.k. þann áhuga og þá virðingu að vera hér viðstaddir til þess að svara fyrir fjárlögin eða taka eftir og eiga orðastað við þá alþingismenn sem vilja ræða um málaflokka þeirra, jafnvel leggja inn gott orð.

Mér finnst, herra forseti, með ólíkindum að hér skuli menn koma upp, eins og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, og bera blak af ráðherrum, vísa til þess að þeir kunni að sitja á skrifstofum sínum. Herra forseti, ef ráðherrar taka ekki frá þá daga sem verið er að ræða fjárlög íslenska ríkisins til að vera hér á Alþingi hljóta starfsskyldur þeirra að vera orðnar allt aðrar en þeim er ætlað samkvæmt þeim leikreglum sem ég hélt að við störfuðum öll eftir. Almennir þingmenn reyna að vera hér í salnum og taka þátt í umræðu, a.m.k. vera til viðtals, þegar verið er að ræða þá málaflokka sem þeim koma við á hverjum tíma.

Það er lágmark, herra forseti, að ráðherrarnir taki þátt í þessari umræðu, séu viðstaddir hana, séu hér til viðtals og hægt sé að eiga við þá orðastað. Ef þeir líta þannig á málin að slíkt sé ekki nauðsynlegt þarf a.m.k. að líta svo á að taka þurfi hér vinnubrögð öll til gagngerðrar endurskoðunar því að við svo búið má ekki standa, herra forseti.

[12:20]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Áðan var hér fullyrt að enginn ráðherra væri í salnum og enginn ráðherra að hlusta á þessa umræðu. Eins og hv. þm. vita er tölvuborð í sæti hæstv. forseta þar sem hann getur fylgst með hvaða þingmenn og hvaða ráðherrar eru viðstaddir umræðu hverju sinni. Allir slá sig inn í kerfi

þingsins og þannig er alltaf hægt að fylgjast með því hverjir eru mættir.

Hugsanlega mætti hafa þann hátt á að með ákveðnu millibili birtist hér á skermi þannig að alþjóð mundi fylgjast með því hverjir eru að störfum í þinginu hverju sinni, hvort heldur er á nefndarfundum eða öðrum fundum. Það held ég að væri ágætis leið til að fólk fylgdist með viðveru. Býsna margir hafa tilhneigingu til að koma því orði á þingheim að hann sé ekki viðstaddur umræðu og þar fram eftir götum. Það ættum við að hugsa um hvert um sig. Við vitum líka að þingmenn og ráðherrar eru mjög uppteknir við mörg störf eins og gengur og gerist. Þess vegna væri hugsanlega ágætisleið að birta þetta á skjá en við eigum ekki sífellt að vera að kvarta undan því að þingmenn og ráðherrar séu ekki viðstaddir ákveðnar umræður hverju sinni.

[12:22]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kýs að eyða ekki orðum á þau ummæli hv. 5. þm. Suðurl. sem hér talaði á undan mér um að þingið sé svo tæknivætt. Ég vil hins vegar taka undir þau orð sem hér hafa fallið frá hv. þm. sem hafa kvartað undan því að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir þessa umræðu.

Ég vil bera upp þá frómu ósk við hæstv. forseta að þegar kemur að mér á mælendaskránni verði hæstv. menntmrh. og hæstv. umhvrh. hér í salnum vegna þess að ég þarf að eiga við þau orðastað. Ef hv. þm. þurfa að beita svona aðferðum til að fá hæstv. ráðherra í salinn er það miður en ég óska eftir því við hæstv. forseta að þessari beiðni minni verði komið á framfæri við þá tvo ráðherra sem ég nefndi.

[12:22]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti mun taka athugasemdir hv. þingmanna til athugunar.

[12:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að eiga orðastað við hv. formann fjárln. Ég tek eftir því að verið er að taka þakið af ferliverkum hjá sjúklingum, það er verið að hækka gjöld á sjúklinga um 200–300% í þessum fjárlögum áður en kemur að hámarksgjaldi fyrir læknisþjónustu sem var hækkað um 50% í sumar.

Ég spyr hv. þm. hvort hann telji að þarna séu breiðu bökin. Ég vek athygli á því að gjöld fyrir sjúklinga hafa hækkað mjög í tíð þessarar ríkisstjórnar. Mig langar til að nefna dæmi af krabbameinssjúklingi, 18 ára stúlku utan af landi, sem greindist með krabbamein núna í haust. Hún þarf að koma til Reykjavíkur á 14 daga fresti til að fara þar í göngudeildarmeðferð. Hún þarf að greiða fyrir krabbameinsmeðferðina — fyrst þarf hún að greiða fyrir lyfjabrunn 6.500 kr., fyrir viðtal við lækni og lyfjainnhellingu 9.300 kr., síðan annan daginn í blóðprufu 1.580 kr. og loks fyrir rannsókn 1.200 kr. Þetta eru 18.580 kr. sem þessi unga stúlka, 18 ára gömul, sem greinst hefur með krabbamein, þarf að greiða á göngudeild.

Síðan á að fara að hækka gjöldin fyrir ferliverkin og sérfræðiþjónustuna, taka í burtu 5.000 kr. þakið sem var ekki lítið látið með þegar þessi ríkisstjórn kom því á. Það á að taka af sem gerir það að verkum að gjöld fyrir sjúklinga sem þurfa að koma til sérfræðilækna eða í ferliverk geta hækkað um 200–300% áður en kemur að afsláttarkortinu.

Ég spyr hv. þm.: Eru þetta breiðu bökin hjá flokknum sem vill fólk í fyrirrúmi?

[12:25]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér tel ég að verið sé að koma til móts við þá sem þurfa að njóta þjónustunnar og sömuleiðis að auka aðhald og hagræðingu í rekstri heilbrigðiskerfisins. Hundraðshluti sjúklings í heildarkostnaði við komu til klínísks sérfræðilæknis var 45,1% árið 1996 en hafði lækkað í 29,9% á árinu 2000. Ég tel að fullt tilefni hafi verið til að bregðast við með þessum hætti og er tilbúinn til að veita hv. þm. aðgang að gögnum um þróun komugjalda á heildarrekstrarkostnaði til heilsugæslustöðva frá 1998–1999 sem styðja dyggilega þá tillögu sem hér er lögð fram.

[12:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar var algjörlega út í hött. Ég var ekki að tala um komugjöld á heilsugæslustöðvar. Ég var að tala um greiðslur fyrir ferliverk. Þau voru ekki hærri fyrir sjúklinginn en 6.000 kr. og eru það ekki enn þá. En með þessu frv. ríkisstjórnarinnar á að taka það hámark af þannig að það getur farið upp í yfir 18 þús. kr. þangað til afsláttarkortið fer að virka. Þannig getur ein koma til sérfræðilæknis farið yfir 18 þús. kr. og síðan borgar sjúklingurinn 1/3 af gjaldinu eftir það, eftir að hann er kominn með afsláttarkortið.

Ég minni á að hvert afsláttarkort fellur úr gildi um áramót og þá þurfa menn að safna sér aftur upp í afsláttarkort ef þeir þurfa mikið að sækja til læknis þannig að þarna er verið að auka verulega álögur á sjúklinga með þessari breytingu og, eins og ég sagði, verið er að hækka gjöldin fyrir sérfræðilæknisþjónustuna og ferliverkin um 200–300% í vissum tilvikum. Er það þetta sem flokkurinn vildi með fólk í fyrirrúmi?

[12:27]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þakið 18 þús. kr. heldur sér. Eins og ég gat um áðan, og átti einmitt við það efni sem hv. þm. spurði um, er það svo að hundraðshluti sjúklings í heildarkostnaði við komu til klínísks sérfræðilæknis var 45,1% á árinu 1996 en hafði lækkað í 29,9% á árinu 2000.

Ég er tilbúinn, eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, að láta hv. þm. hafa allt slíkt efni sem styður þessa tillögu og gerir hana fyllilega réttmæta.

[12:28]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. SvH, þskj. 496; frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 498; frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 499.

[12:29]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um viðveru hæstv. ráðherra en vil þó að það komi skýrt fram að hæstv. heilbrrh. sem var hér í morgun lét vita af því að hann þyrfti að bregða sér frá og yrði ekki við umræðuna fyrri hluta dags. Hann hafði samband við framsögumenn minnihlutaálitanna svo að öllu sé haldið til haga.

Virðulegi forseti. Gott væri ef önnur eins yfirvegun og agi væru í tillögum þeim sem hv. formaður fjárln. flytur með

nál. meiri hluta fjárln. eins og var í ítarlegum flutningi hans á nál. meiri hluta fjárln. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 frá 1. minni hluta fjárln. á þskj. 498. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég verð að taka það fram að mér sýnist að eitthvað hafi misfarist í yfirlestri þingskjalsins áður en því var dreift í hraðanum sem var síðustu nótt. En um forsendur frv. segir í áliti 1. minni hluta:

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 eru að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika. Þessum markmiðum ætlaði ríkisstjórnin að ná með aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem lýsir sér m.a. í því að hún stefndi að því að tekjuafgangur næsta árs yrði 18,6 milljarðar kr. og lánsfjárafgangur 41 milljarður kr. Megináherslan samkvæmt fjárlagafrumvarpi var lögð á að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins. Lækkun skatta og einkavæðingaráform eru sögð hluti af þeirri stefnu. Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að sala ríkisfyrirtækja gefi um 15,5 milljarða kr. tekjur eða langstærstan hluta af áætluðum tekjuafgangi. Án sölu eigna er tekjuafgangur aðeins rúmir 3 milljarðar kr.

Helstu efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins voru m.a. að hagvöxtur yrði um 1% og hækkun verðbólgu yrði nálægt 3% innan ársins og um 5% á milli áranna 2001 og 2002. Þessar forsendur höfðu þegar breyst áður en 1. umr. fór fram eins og Samfylkingin benti á. Ríkisstjórnin brást illa við þeim málflutningi eins og kom fram í yfirlýsingum og fréttatilkynningum frá ráðherra. Nú við 3. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 er komin endurskoðuð þjóðhagsspá sem staðfestir veikleika frumvarpsins og hefur fjármálaráðuneytið einnig breytt sinni spá verulega og þar með viðurkennt þær athugasemdir sem Samfylkingin gerði við þær forsendur sem frumvarpið byggðist á. Þó er í mörgum atriðum verulegur munur á spám þessara tveggja stofnana eins og vikið verður að hér á eftir.

Við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld hækkuðu um 2,2 milljarða kr. Að mati 1. minni hluta var umræða um þær tillögur sem þar komu fram að hluta til marklaus þar sem fyrir lá að stór mál biðu 3. umr. Var einnig bent á að líklegt væri að einhverjar þessara tillagna mundu taka verulegum breytingum við 3. umr. Þetta hefur gengið eftir, t.d. hvað varðar lífeyrisskuldbindingar og framlag til byggingar Náttúrufræðihúss.

Efnahagsforsendur. Eins og venja er til liggur nú fyrir endurskoðuð þjóðhagsspá frá Þjóðhagsstofnun. Eins og von var á eru efnahagshorfur á næsta ári töluvert lakari en gert var ráð fyrir þegar frumvarp til fjárlaga var lagt fram. Nú er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1,5% og að fjárfestingar dragist saman um 14%. Þá er gert ráð fyrir að innflutningur dragist saman um 7,1% og útflutningur um 1,8%. Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir að landsframleiðsla dragist saman um 1% en í fyrri spá stofnunarinnar var gert ráð fyrir 0,3% samdrætti. Ef þessi spá gengur eftir þá er það í fyrsta sinn síðan 1992 að landsframleiðsla dregst saman á milli ára. Þá er gert ráð fyrir að verðbólga verði um 6,1% á milli ára. Í forsendum Þjóðhagsstofnunar fyrir þeirri verðlagsspá er gert ráð fyrir að gengisvísitala krónunnar verði 147,2 sem var skráð gengi hennar 3. desember sl. Þá bendir stofnunin á að spenna á vinnumarkaði sé að minnka og reiknar með að atvinnuleysi verði um 2% á næsta ári. Verulega dregur úr launaskriði og er þess reyndar þegar farið að gæta. Þjóðhagsstofnun tekur fram að nokkur óvissa ríki um spána, ekki síst launa- og gengisforsendur. Launaforsendur byggjast m.a. á því að kjarasamningar verði ekki endurskoðaðir. Miðað við þá þróun sem verið hefur undanfarið má telja næsta víst að þeim verði sagt upp á næsta ári. Það kemur einnig fram að í þeim forsendum sem Þjóðhagsstofnun gefur sér er gert ráð fyrir að efnahagsstefnan verði aðhaldssöm en þess sjást ekki merki í frumvarpi til fjárlaga né þeim efnahagsráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur nú kynnt við lokaafgreiðslu fjárlaga.

Nýrri tekjuspá fjármálaráðuneytisins fylgdi endurskoðuð efnahagsspá. Þessi spá er í veigamiklum atriðum frábrugðin spá Þjóðhagsstofnunar. Miðað við að sérfræðingar hafa talið spá hennar í bjartsýnna lagi verður ekki annað sagt en þessi nýja spá ráðuneytisins lýsi upp skammdegið. Ráðuneytið spáir reyndar að landsframleiðsla dragist saman um 0,5% sem er umtalsverð breyting frá því að frumvarpið var lagt fram en þá gerði ráðuneytið ráð fyrir að landsframleiðslan ykist um 1%. Mestur munur á spá þessara tveggja stofnana liggur í mati þeirra á þróun á inn- og útflutningi vöru og þjónustu. Þannig spáir ráðuneytið að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 1% á næsta ári en Þjóðhagsstofnun spáir 1,8% samdrætti. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir í sinni spá að innflutningur vöru og þjónustu dragist saman um 4,3% en í endurskoðaðri þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir mun meiri samdrætti eða 7,1%. Verður að telja þennan mun ótrúlegan í ekki stærra efnahagsumhverfi en raun ber vitni.

Gert er ráð fyrir að halli á vöruskiptum minnki nokkuð á milli ára og er nú gert ráð fyrir að hallinn nemi 3,9 milljörðum kr. Þá má búast við að jöfnuður á þjónustuviðskiptum verði jákvæður á næsta ári sem nemur 2 milljörðum kr. Þrátt fyrir þetta er samt gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 38,5 milljarðar kr. eða 4,9% af landsframleiðslu. Ástæða þessa er sú að vegna skuldasöfnunar erlendis og óhagstæðrar þróunar aukast vaxtagreiðslur af erlendum skuldum jafnt og þétt og spáð er að jöfnuður þáttatekna verði af þeim sökum neikvæður um 35,8 milljarða kr. á komandi ári.

Breytingar á gjöldum við 3. umr. Eftir 2. umr. gerði frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 ráð fyrir að útgjöld næmu 241,5 milljörðum kr. Nú við 3. umr. frumvarpsins er lagt til að útgjöld ríkisins á næsta ári verði skorin niður um rúma 2 milljarða kr. Það sem einkennir þennan niðurskurð er þrennt. Í fyrsta lagi er frestað ýmsum framkvæmdum, í öðru lagi er aukinn hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði og komugjöldum og í þriðja lagi er markmiðinu náð með að reikna niður lífeyrisskuldbindingar.

Í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir þetta ár hækkuðu komugjöld, þök og hámarksgreiðslur fyrir hverja komu til sérfræðilæknis frá og með 1. júlí sl. Þessar breytingar juku hlut sjúklings við komu til sérfræðilækna. Endanleg áhrif þessara hækkana liggja ekki fyrir en áætlanir heilbrigðisráðuneytis gerðu ráð fyrir að hlutur sjúklings í heildarkostnaði við komu til sérfræðings yrði um 32%. Ríkisstjórnin telur ekki nóg að gert og ætlar nú að höggva í sama knérunn með viðbótarhækkunum.

Samkvæmt svörum heilbrigðisráðuneytis á að ná áformuðum sparnaði í lyfjakostnaði með fjölþættum aðgerðum. Þar vega þó þyngst áform um hækkun á lágmarks- og hámarksgreiðslum lyfja. Sá kostnaður mun einnig lenda á sjúklingum.

Þá er nauðsynlegt að gera athugasemd við þær breytingartillögur sem lagðar hafa verið fram vegna gjaldfærðra lífeyrisskuldbindinga. Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð

fyrir að þær næmu 6,2 milljörðum kr. Við 2. umr. um fjárlög voru þær lækkaðar um 624 millj. kr. vegna skekkju sem talin var vera í reikningsgrunni. Nú við 3. umr. eru þær enn lækkaðar og nú um 800 millj. kr. á sömu forsendum, þ.e. að grunnurinn hafi ekki verið réttur. Þetta eru ekki trúverðugar breytingartillögur. Líklegra er að hér sé um að ræða „afgangstölu" sem sniðin er að þörfum ríkisstjórnarinnar til að henni takist að ná þeim tekjuafgangi sem hún lagði upp með í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002. Það eru hins vegar engin rök fyrir þessari lækkun. Allar stærðir varðandi kjarasamninga, að undanskildum kjarasamningum sjúkraliða, voru þekktar og komnar fram þegar frumvarpið var lagt fram. Þá er ekkert í spá um launaþróun sem réttlætir þessa lækkun. Það er því ekki hægt að færa skynsamleg rök fyrir þessum breytingum og bendir allt til að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar verði ekki undir upphaflegri áætlun, þ.e. um 6 milljarðar kr. á árinu 2002 og gætu jafnvel orðið hærri.

Lánsfjáráætlun. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki að láni 15 milljarða kr. á næsta ári og að hreinn lánsfjárjöfnuður verði 41,2 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði niður lán að fjárhæð 40,2 milljarðar kr. og að sala hlutabréfa og eignarhluta nemi 20 milljörðum kr. Ljóst er að miðað við þá fjármálastjórn sem ríkisstjórnin hefur tamið sér og þá miklu veikleika sem eru á tekjuhlið er hætt við að markmið um enn frekari skuldalækkun gangi ekki eftir.

Tekjuhlið frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að tekjur næmu 258,9 milljörðum kr. Strax við 1. umr. komu fram efasemdir um tekjuhlið frumvarpsins. Var helst horft til þess að ýmsar efnahagsforsendur voru byggðar á mikilli bjartsýni. Nú hefur verið lögð fram endurskoðuð tekjuspá sem gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs breytist ekkert frá frumvarpi. Þetta gerist þrátt fyrir að efnahagsforsendur fjármálaráðuneytisins séu heldur svartari en það hafði áður gert ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að skattahækkanir og hækkun rekstrartekna einstakra stofnana, sem koma fram í hækkuðum þjónustugjöldum, skili um 1 milljarði kr. í tekjuauka. Auk þess er gert ráð fyrir að hækkun áfengis- og tóbaksgjalds skili um 450 millj. kr. Ljóst er að hluti þessara hækkana fer beint inn í vísitöluna og hækkar þar með skuldir heimilanna.

Að mati 1. minni hluta eru þau vinnubrögð sem höfð eru við gerð tekjuáætlunar með eindæmum. Enn einu sinni er tekjuhliðin „aðlöguð" að gjaldahlið þannig að viðunandi tekjuafgangur náist. Ekki verður séð að þær efnahagsforsendur sem fjármálaráðuneytið gefur sér varðandi launaþróun, atvinnuleysi og fjárfestingar standi undir þeim auknu tekjum af tekjuskatti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá virðast áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti ekki standast þegar litið er til samdráttar í einkaneyslu og verulegs samdráttar í innflutningi á vöru og þjónustu. Að öllu samanlögðu telur 1. minni hluti ekki óvarlegt að áætla að tekjur séu ofmetnar um 3,5 til 4 milljarða kr.

Verðlag og gengismál. Þjóðhagsstofnun spáir því að verðbólga verði um 6% á milli áranna 2001 og 2002. Þetta er heldur lægri verðbólga en stefnir í að verði á þessu ári. Þetta byggist þó að sjálfsögðu mikið á þróun gengis á árinu 2002. Það er mikilvægt fyrir íslenska fjármálamarkaðinn og krónuna að ríkissjóður sé rekinn með afgangi en ekki er sama hvernig sá afgangur er samansettur. Eftir að tillögur ríkisstjórnarinnar birtust í fjölmiðlum hefur ekki orðið sú breyting til batnaðar á gengi krónunnar sem vænta mátti. Það sýnir að fjármálamarkaðurinn metur að frumvarpið eins og það lítur núna út, og þar með tillögur ríkisstjórnarinnar, sé ekki trúverðugt og byggist á allt of veikum forsendum. Áhrif þess á efnahagsumhverfið verða því lítil sem engin. Þegar helmingur niðurskurðartillagna byggist á bókhaldslegum millifærslum og tekjuhliðin er notuð sem afgangsstærð er ekki furða þótt svo fari. Það eina sem er varanlegt í tillögum ríkisstjórnarinnar eru hækkandi álögur á almenning, þó sérstaklega á nemendur og sjúklinga.

Breytingartillögur 1. minni hluta. Við 3. umr. leggur 1. minni hluti fram breytingartillögur sem gera ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði rúmlega 3 milljarðar kr. að frádregnum söluhagnaði ríkiseigna. Lagt er til að skatteftirlit verði hert með 100 millj. kr. aukinni fjárheimild. Gert er ráð fyrir að það skili auknum skatttekjum sem samsvara um 810 millj. kr. Þá er einnig lagt til að þróunarsjóðsgjald verði hækkað um 900 millj. kr. og þeirri hækkun ráðstafað til stofnana sjávarútvegsins á móti lækkun sömu upphæðar úr ríkissjóði. Þá gerir 1. minni hluti tillögur um að framkvæmdum á stjórnarráðsreit og við Vestnorræna menningarhúsið í Kaupmannahöfn verði slegið á frest og þannig sparaðar tæpar 400 millj. kr. Aðrar sparnaðartillögur gera ráð fyrir aðhaldsaðgerðum af hálfu ráðuneyta og stofnana ríkisins með lækkun ferða- og risnukostnaðar, sérfræðikostnaðar, annars rekstrarkostnaðar og frestunar á flutningi fjárheimilda milli ára. Samtals skila þessar tillögur um 2 milljörðum kr. Við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir 1. minni hluti aðeins tillögur um aukin útgjöld til þriggja málaflokka, þ.e. til heilbrigðisstofnana, málefna fatlaðra og löggæslu. Tillögurnar nema samtals 625 millj. kr.

Og, virðulegi forseti, yfir þessar tillögur verður farið síðan aftur af öðrum hv. þm. Samfylkingarinnar.

Aðhald og eftirlit. Það má segja að það sé eins og að berja höfðinu við steininn að hvetja ríkisstjórnina til að sýna aðhald og sparsemi á næsta ári. Það væri forsvarsmönnum hennar væri hollt að lesa nefndarálit fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd vegna fjáraukalaganna fyrir árið 2001 og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002. Ekki er úr vegi að rifja upp aðvörunarorð Seðlabankans sem birst hafa reglulega í ritum hans frá árinu 1998. Í nóvember það ár vakti bankinn athygli á því að mikill vöxtur útlána væri verulegt áhyggjuefni af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi ýtti hann undir vöxt innlendrar eftirspurnar og stuðlaði þannig að auknum viðskiptahalla og/eða meiri verðbólgu og í öðru lagi gæti mikilli útlánaþenslu fylgt veruleg áhætta fyrir lánastofnanir sem gætu leiðst út í áhættusamari lánveitingar sem ekki skiluðu tilætlaðri ávöxtun þegar slægi í bakseglin í þjóðarbúskapnum.

Ári síðar benti bankinn á að full ástæða væri til að taka alvarlega þann vanda sem viðskiptahallinn skapaði þar sem hann gæti til lengdar grafið undan stöðugleika gengisins, auk þess sem vaxandi skuldir þjóðarbúsins sem honum fylgja gera það viðkvæmara fyrir áföllum. Í febrúar árið 2000 lagði Seðlabankinn til að beitt yrði aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu og taldi það ásamt minnkandi viðskiptahalla geta leið til þess að draga mætti úr hækkun raungengis. Taldi bankinn sérstaklega mikilvægt að ekki yrði farið fram úr útgjöldum fjárlaga og að tekjur umfram fjárlög skiluðu sér að fullu í bættri afkomu ríkissjóðs.

Síðar á árinu 2000 vakti Seðlabankinn athygli á að ólíklegt væri að svo mikið ójafnvægi í utanríkisviðskiptum gæti viðgengist til lengdar án snöggra umskipta og væri alvarleg ógnun við stöðugleika til frambúðar.

Allar þessar aðvaranir kaus ríkisstjórnin að hunsa og vildi ekki horfast í augu við vandann og taka á honum nægjanlega tímanlega til að forðast þá hröðu niðursveiflu sem nú blasir við.

Í þessu frumvarpi er ekki leystur vandi margra ríkisstofnana sem standa höllum fæti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til september 2001 kemur fram að hjá 30 stofnunum eða á safnliðum fjárlaga nemur hallinn 20% eða meira af heildarfjárheimildum ársins. Ríkisendurskoðun telur með öllu óraunhæft að flytja svo mikinn halla á milli ára nema að ljóst sé að stofnanir geti hagrætt svo í rekstri að þær ráði við slíka skerðingu. Að sama skapi telur Ríkisendurskoðun þörf á að endurskoða rekstrargrunn þeirra stofnana sem safnað hafa upp fjárheimildum. Þannig er ljóst að endurskoða þarf reglur sem settar hafa verið um flutning fjárheimilda milli ára.

Í fyrri nefndarálitum hefur 1. minni hluti fjárln. gert grein fyrir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um fjárveitingar úr ríkissjóði og eftirlit með þeim. Hefur hann í því sambandi vitnað til skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið en þar koma fram ýmsar áhugaverðar staðreyndir um fjárlagagerð og eftirlit með þeim sem vert er að gefa gaum. Þar er m.a. bent á að eftir á veitt fjárheimild feli í raun í sér raunverulegt framsal fjárveitingavalds til ríkisstjórnarinnar enda þótt hið formlega vald sé hjá Alþingi. Á þessu ári kom einnig í ljós að reglugerð fjármálaráðuneytis um framkvæmd fjárlaga hélt hvorki vatni né vindi þegar kom að útgjaldaákvörðunum einstakra ráðherra. Má í því sambandi benda á samninga fjármálaráðherra við Skýrr hf. og umframkeyrslu einkavæðingarnefndar forsætisráðherra.

Mikil fjölgun hefur orðið á samningum ráðuneyta um fjárfestingar og ýmis rekstrarverkefni. Þetta hefur m.a. leitt til þess að stór hluti þeirra fjármuna sem ætlaðir eru til ýmissa verkefna í fjárlögum eru þegar samningsbundnir. Þetta er varasöm þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og dregur því í raun úr fjárveitingavaldi Alþingis. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 kemur fram að alls nemur skuldbinding vegna þessara samninga rúmum 18 milljörðum kr. á því ári.

Alþingi samþykkir ár hvert fjölda lagabreytinga er varða stofnanir ríkisins. Eftirlitið með framkvæmd laganna er mikilvægur þáttur í allri stjórn á útgjöldum ríkisins til einstakra stofnana og verkefna. Það er hlutverk framkvæmdarvaldsins að sjá til þess að vilji Alþingis nái fram að ganga. Nauðsynlegt er að Alþingi sé á hverjum tíma vel upplýst um framkvæmd laga. Það verður síst gert með því að torvelda Alþingi aðgang að upplýsingum og jafnvel koma algjörlega í veg fyrir að umbeðnar upplýsingar berist. Slík vinnubrögð eiga ekki að tíðkast í lýðræðisþjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Undir nál. 1. minni hluta skrifa auk mín hv. þingmenn Gísli S. Einarsson og Einar Már Sigurðarson.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki í þessari framsögu minni með nefndaráliti okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar, að fara ítarlega yfir einstakar breytingatillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar flytur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Það verður gert hér á eftir þótt þær séu í sjálfu sér ekki mikillar umræðu virði.

Þessar tillögur eru fyrst og fremst afrakstur þeirra vinnubragða sem hafa einkennt fjárlagagerðina síðustu ár, og ef til vill á það stærstan þátt í ótrúverðugleika þeirra.

Ábyrgðin á tillögunum og þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við undirbúning og lokagerð fjárlaga er þeirra sem tillögurnar og frumvarpið flytja.

Fulltúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson formaður Samfylkingarinnar og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, fóru í umræðum í gær og í ítarlegu nefndaráliti yfir skattapakka ríkisstjórnarinnar og eins og fram kemur í nefndarálitinu eru skattatillögurnar að okkar mati að mörgu leyti illa ígrundaðar og fljótfærnislegar miðað við það ástand sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Mörgum hættir til að detta í þann pytt þegar vel árar að fara í gervi jólasveinsins og útdeila gjöfum, loforðum og samningum. Það hefur ríkisstjórnarmeirihlutinn sannarlega gert á undanförnum árum og aukið útgjöld ríkisins gífurlega.

Tekjurnar hafa vissulega aukist en það hafa útgjöldin einnig gert og ekki alltaf skynsamlega farið með. Hins vegar getur reynst erfitt að standa við öll fyrirheitin og samningana þegar að kreppir. Það hefur jafnvel gerst að fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafi strax að lokinni afgreiðslu fjárlaga, án þess að nokkur umræða hafi átt sér stað á Alþingi, gert samninga um fjárfestingar og rekstur. Það eru ólíðandi vinnubrögð og til þess eins fallin að draga úr trúverðugleika fjárlaga. Stór hluti þeirra fjármuna sem áætlaðir eru til ýmissa verkefna eru þegar samningsbundnir, og margir samningar gerðir án undangenginnar umræðu í sölum Alþingis.

Samþykki Alþingis kemur oftar en ekki eftir á þegar ráðherrar hafa í raun skuldbundið fylgilið ríkisstjórnar til að samþykkja raunverulegt „fjárveitingavald" ríkisstjórnarinnar og þar með draga úr vægi þess fjárveitingavalds sem á að vera hjá Alþingi. Það hefur verið skert stórlega, er varla lengur til staðar, a.m.k. ekki á þann hátt sem lög gerðu ráð fyrir.

Þá hafa þau vinnubrögð verið tekin upp að stofnanir ráðuneyta senda erindi sín inn í gegnum fagráðuneyti og „fá" að koma fyrir fjárlaganefnd ef ráðuneytin náðarsamlega samþykkja og helst að fulltrúi þeirra sitji yfir þegar stofnanir flytja mál sitt.

Alþingi fer með fjárveitingavaldið en hefur einnig mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna með fjárreiðum ríkisins og því að farið sé að lögum. Til þess að þetta eftirlitshlutverk sé virkt þurfa þingmenn, ekki síst þeir sem sitja í fjárlaganefnd, að hafa grunnupplýsingar um rekstur stofnana — um lögbundið hlutverk þeirra, um möguleika þeirra til að sinna hlutverki sínu og um raunverulega fjárþörf þeirra. Aðeins þannig getur Alþingi rækt hlutverk sitt.

Ár hvert samþykkir Alþingi breytingar er varða stofnanir ríkisins. Fjöldi lagabreytinga er svo mikill að það samsvarar því nánast að á hverjum virkum degi allan ársins hring væru samþykkt ný lög. Ég efast um að önnur þjóðþing skáki okkur í þeim efnum.

Af hálfu Alþingis er þó eftirlitinu með framkvæmd þessara laga stórlega ábótavant sem þó er afar mikilvægur þáttur í allri stjórn á útgjöldum ríkisins til einstakra stofnana og verkefna. Það er löngu tímabært að finna leiðir til að efla eftirlitshlutverk Alþingis og það verður ekki gert með því að torvelda þingmönnum aðgang að upplýsingum, jafnvel koma algjörlega í veg fyrir að þær fáist eins og nýleg dæmi sanna, eða með því að hefta samskipti stofnana við nefndir Alþingis.

Slík vinnubrögð eiga ekki að tíðkast í lýðræðisþjóðfélagi. Það að takmarka aðgang þingmanna, ekki síst fjárlaganefndarmanna, að grunngögnum um rekstur stofnana kemur í veg fyrir að eðlileg málefnaleg umræða og skoðanaskipti um hlutverk stofnana og stöðu þeirra eigi sér stað. Einnig er mikilvægt að skoða hvort á því eigi að verða breyting, hvort hlutverk einstakra stofnana og/eða ráðuneyta skarist, hvort stofnun sé að sinna verkefnum sem henni hafa ekki verið falin með lögum frá Alþingi og hvort um tvíverknað sé að ræða þannig að fjárveitingar nýtist illa eða ekki. Þessum verkum geta alþingismenn ekki sinnt nema þeir hafi fullnægjandi upplýsingar hverju sinni um grunnstöðu stofnunar.

Þá þarf að vera í stöðugri skoðun hvaða verkefni eiga að vera greidd af samfélaginu og hver ekki. Breyttir tímar, breytt umhverfi innan lands og utan kallar á breytta verkaskiptingu og aðra forgangsröðun. Það er hins vegar vonlaust fyrir alþingismenn sem hér eiga að greiða atkvæði og ráðstafa gífurlegum fjármunum sem greiddir eru úr sameiginlegum sjóðum landsmanna að vinna þetta verk svo vel fari ef lágmarksupplýsingar liggja ekki fyrir eða þingmönnum er beinlínis meinaður aðgangur að þeim.

Skýr forgangsröðun verkefna í ríkisrekstri er nauðsynleg, ekki síst ef kreppir að. Forgangsröðun í ríkisfjármálum hefur ekki verið skýr í tíð þessarar ríkisstjórnar og á því hefur ekki orðið breyting miðað við það frumvarp sem hér er til lokaafgreiðslu.

Á meðan úr nógu var að spila léku menn sér með fjárlög ríkisins, úthlutuðu til verkefna án þess að nokkur sjáanleg umræða ætti sér stað um forgang eða mikilvægi, jafnvel til verkefna sem orkar tvímælis að eigi að vera á kostnað sameiginlegra sjóða landsmanna, á meðan önnur sem hingað til hefur verið sátt um voru látin sitja á hakanum eða búa við fjársvelti þannig að þau gátu, og geta, vart sinnt lögbundnum hlutverkum sínum. Samið er um launahækkanir, jafnvel án þess að fjárveitingar fylgi í kjölfarið til að mæta þeim. Sértekjur stofnana eru ofáætlaðar eða vanáætlaðar.

Eins og kom fram í nál. teljum við að allt of litlum tíma sé af hálfu Alþingis varið til þess að kanna ítarlega þegar stofnun fer ítrekað fram úr fjárlögum. Það starf þarf ekki allt að vera unnið af fjárlaganefnd. Þar gætu og ættu að koma að verki viðkomandi fagnefndir. Þeirra hlutverk er í raun mjög mikilvægt. Það kæmi til með að styrkja tengsl og þekkingu fagnefnda á rekstri stofnana ríkisins og þeim verkefnum sem tengjast verksviði viðkomandi fagnefndar.

Umfjöllun fagnefnda um einstaka kafla frumvarpsins í aðdraganda umræðna um fjárlög og önnur lög er tengjast stofnunum á sérsviði nefndarinnar yrðu þá markvissari og marktækari.

Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú vinnuregla að í undirbúningi frumvarps til fjárlaga fengju fagráðuneytin hvert um sig ákveðinn fjárhagsramma í upphafi fjárlagagerðar og þeim yrði falið að yfirfara tillögur þeirra stofnana sem heyrðu til viðkomandi ráðuneyta. Síðan áttu þau að skila tillögum til fjármálaráðuneytis um framlög til þeirra. Áður var vinnureglan sú að fjármálaráðuneytið yfirfór allar tillögur og tók í raun ákvörðun um hverjar þeirra færu inn í frumvarpið. Stofnanir höfðu síðan möguleika á breytingum í gegnum vinnu Alþingis, þá fyrst og fremst fjárlaganefndar.

Fagráðuneytin höfðu því takmörkuð áhrif. Rökin fyrir því að færa fjárlagatillögur meira til fagráðuneyta voru fyrst og fremst að þau þekktu betur mál þeirra stofnana er undir þau heyra og væru því betur í stakk búin til að taka ákvarðanir um framlög til þeirra og þau verkefni sem stofnunin ætti að vinna. Auk þess bjuggust menn við að tillögurnar yrðu þá unnar í betri sátt við einstakar stofnanir. Þessi breyting varð hins vegar til þess að aðkoma Alþingis að málum var miklum mun minni en áður.

Ráðuneytin tóku upp þau vinnubrögð að öll erindi færu í gegnum þau, helst ekki beint til fjárlaganefndar þingsins sem þýðir auðvitað skert frelsi þeirra sem reka stofnanir ríkisins og stríðir gegn þeim yfirlýstu markmiðum ríkisstjórnarinnar að auka frelsi og sjálfstæði stofnana. Þetta hefur einnig dregið úr, eins og ég hef áður sagt, möguleikum Alþingis til að rækja fjárveitinga- og eftirlitshlutverk sitt eins og því ber skylda til.

Einstök ráðuneyti bera ábyrgð og hafa einnig eftirlitshlutverki að gegna með stofnunum sínum. Vissulega eru til ráðuneyti sem sinna þessu hlutverki sínu vel. En hin eru einnig til sem gera það ekki á fullnægjandi hátt, hvorki með rekstri né þeim verkefnum sem viðkomandi stofnun fæst við, og samráði við stofnanir í aðdraganda fjárlagagerðar er einnig ábótavant. Þá virðist ábyrgðarleysi flestra fagráðherra algert þegar kemur að umfjöllun um stofnanir þeirra eða ráðuneytið sjálft á Alþingi, hvort sem um er að ræða umræðu og afgreiðslu fjárlaga eða fjáraukalaga. Þá er algerlega undir hælinn lagt hvort fagráðherrar eru á staðnum þótt verið sé að ræða mál þeirra eigin ráðuneyta. Þá má fjármálaráðherra svara fyrir útdeilingu innan allra ramma eða svara fyrir framúrkeyrslu einstakra stofnana eða ráðuneytanna sjálfra.

Brýnt er að settar séu skýrar reglur um meðferð þeirra tillagna sem hvert fagráðuneyti fær frá stofnunum sínum sem tryggi efnislega meðferð í takt við þau lög og reglur sem um viðkomandi stofnun gilda — samræmdar reglur þannig að um samræmd vinnubrögð allra ráðuneyta verði að ræða.

Ég tel einnig sjálfsagðar skyldur ráðherra að vera síðan hér til svara um þær stofnanir sem til viðkomandi ráðuneytis heyra.

Á fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytis kom fram að engar vinnureglur, samræmd viðmið eða mælikvarðar virðast vera fyrir hendi sem beita má til að meta með sanngjörnum hætti rekstrarlega stöðu ríkisstofnana með tilliti til þeirra verkefna sem þeim ber að sinna eða til að meta það sem kalla mætti lágmarksfjárþörf stofnana. Slíkar reglur, viðmið og mælikvarða er hvorki að finna í fagráðuneytum né fjármálaráðuneyti. Þessi skortur á viðmiðum og mælikvörðum kemur vissulega skýrt fram þegar meta á kostnað nýrra verkefna.

Ríkisstofnanir velja sér ekki verkefni líkt og einkafyrirtæki gera. Þær taka við þeim frá Alþingi eða frá fagráðherra í Stjórnarráðinu og verða að sinna þeim, oft án þess að hafa fjárhagslega burði til þess og án þess að eðlilegt mat hafi farið fram á þeim kostnaði sem verkefninu fylgir eða hvort stofnuninni beri lögum samkvæmt að sinna því.

Hér á Alþingi má sjá með frumvörpum kostnaðarmat einstakra verkefna sem unnið er að frumkvæði viðkomandi ráðuneytis eða fjármálaráðuneytis, jafnvel ekki í samráði við þá stofnun eða þann aðila sem á að vinna þau verkefni sem frumvarpið felur í sér. Þetta hefur leitt til þess, eins og stundum hefur mátt sjá í ríkisreikningi, að rangar kostnaðaráætlanir, yfirleitt of lágar, eru settar fram í byrjun sem leiðir af sér hallarekstur þeirrar stofnunar sem hlut á að máli. Á þessu sviði þarf að vanda betur til vinnunnar.

Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú jákvæða nýbreytni að stofnanir ríkisins gátu gert samninga um árangursstjórnun. Þeir samningar hafa þó, að því er virðist, aldrei skilað fullum

árangri, meðal annars vegna þess að áðurnefnd samræmd viðmið eru ekki til þegar kostnaður við rekstur einstakra verkefna, húsnæði og mannahald er metinn. Ef horft er til stofnana með svipuð eða sambærileg verkefni virðist ekki vera samræmi í fjárveitingum til þeirra.

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins á fundi fjárlaganefndar sagði að ekki væri borinn saman kostnaður slíkra stofnana á hverja einingu sem hlýtur þó að vera liður í að ná tökum á rekstri ríkisstofnana og auka möguleika á skilvirku eftirliti og raunhæfum fjárveitingum.

Það er ekki vandalaust að koma upp samræmdum viðmiðum fyrir sambærilegan rekstur. Menntamálaráðuneytið hefur verið með ákveðið líkan í gangi fyrir skólana en þar hefur, að mati skólastjórnenda framhaldsskóla, ekki verið tekið tillit til ýmissar sérhæfingar og sérverkefna sem eru hjá einstökum skólum. Það hefur því leitt til mikils hallareksturs einstakra skóla þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt í rekstri þeirra. Þó má reikna með að í hverjum skóla séu verkefnin nokkuð þekkt stærð ásamt fjölda þeirra sem stunda nám og vinnu en sérhæfinguna verður að meta sérstaklega.

Ef til vill er erfiðara að eiga við stofnanir eins og heilbrigðisstofnanir. Fyrir það fyrsta þarf þar að skilgreina með skýrum hætti þjónustustig og þau verkefni sem á að vinna á einstökum stofnunum og síðan að reyna að meta fjárþörf út frá því. Hingað til höfum við nánast ætlast til að allar heilbrigðisstofnanir sinntu öllum eða sem flestum verkefnum. Ef til vill er erfiðast að meta kostnað við rekstur sjúkrastofnana sem sinna bráðatilfellum. Þá hafa orðið örar framfarir á sviði lækninga og hægt er að sinna mun fleiri sjúklingum en áður á mun styttri tíma. Þetta eru jákvæðar framfarir. Afköstin eru aukin en um leið er þjónustan dýrari og sömuleiðis þarf fullkomnari tæki til að þjónustan sé góð.

Við viljum þessar framfarir en þá verðum við að gera okkur grein fyrir því að þær kosta mikla fjármuni sem þó skila sér fljótt aftur þar sem framfarirnar þýða einnig skjótari bata sjúklings sem skilar sínu út í þjóðfélagið.

Við höfum verið gjörn á að dæma þá sem reka heilbrigðisstofnanir sem og aðrar stofnanir fyrir ítrekaðan hallarekstur. Jafnvel gengið svo langt að segja að ef viðkomandi stofnun væri einkarekin en ekki ríkisrekin væri reksturinn allur annar. Þetta er óvæginn dómur og felur í sér lítilsvirðingu gagnvart þeim fjölmörgu aðilum sem reka þessar stofnanir og búa við það að eiga í erfiðleikum með að gera raunhæfar rekstraráætlanir. Fjárlög ríkisins eru enn aðeins afgreidd til eins árs í senn og enginn veit með vissu við hverju má búast fyrr en að lokinni afgreiðslu fjárlaga, eða hvort viðkomandi stofnun fær ný verkefni ákveðin af ráðherra eða Alþingi á miðju fjárlagaári án þess að fjármagn fylgi með.

Það var til að mynda tekin ákvörðun um að sameina sjúkrahúsin í Reykjavík, í hagræðingarskyni. Flestir hafa áreiðanlega gert sér grein fyrir að sú hagræðing yrði nokkuð kostnaðarsöm og skilaði sér ekki að fullu strax á fyrstu árum eftir samrunann. Auk þess sem þetta háskólasjúkrahús sinnir öllum alvarlegustu, jafnframt dýrustu sjúkdóms- og slysatilvikum sem hér eru, hafa þar einnig orðið dýrar tækniframfarir og meiri framleiðni, en um leið meiri fjárþörf.

Fyrirsjáanlegur rekstrarhalli á Landspítalanum á þessu ári er metinn um 500 millj. kr. 200 millj. fengust upp í þennan halla á fjáraukalögum. Þá eru 300 millj. eftir sem þarf að flytja yfir á næsta ár. Fjárlög næsta árs munu væntanlega fela í sér nær óbreytta tölu frá síðustu fjárlögum að viðbættum 200 millj. í samræmi við fjáraukalögin. Það er ljóst að rekstrarvandi spítalans á næsta ári verður verulegur.

Nú er það alls ekki þannig að Landspítalinn sé illa rekin stofnun, öðru nær. Rekstrarhallann á þessu ári má að verulegu leyti skýra út með því að forsendur hafa brugðist frá því að fjárlög síðustu ára voru samþykkt. Gengishrun krónunnar ...

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hún hyggist ljúka ræðu sinni á næstu 3–5 mínútum.)

Ég lofa því ekki, virðulegi forseti, en ég ætla að ljúka ræðu minni fyrir hlé, en það verður ekki langt fram yfir 5 mínútur.

(**Forseti** (ÁSJ): Gjörðu svo vel.)

Nú er það alls ekki þannig að Landspítalinn sé illa rekinn. Rekstrarhallann á þessu ári má rekja eins og ég sagði m.a. til gengishruns krónunnar sem hefur leitt til þess að allur innflutningur á lyfjum og rekstrarvörum hefur stórhækkað í verði og þar að auki hefur innlent verðlag hækkað mun meira en reiknað var með þegar fjárveitingar til spítalans voru ákveðnar. Ef litið er nánar á rekstur spítalans kemur í ljós að þær breytingar sem staðið hafa yfir og standa enn yfir í kjölfar sameiningar sjúkrahúsanna eru að skila árangri og hagræðingu þó enn hafi það ekki skilað sér að fullu. Þrátt fyrir þetta virðist staða spítalans vera sú að stjórnendur hans þurfa strax í upphafi næsta árs að finna út hvernig á að bregðast við rekstrarvanda. Við þekkjum öll þær leiðir sem stjórnendum spítalans eru færar; þær felast í niðurskurði, uppsögnum, minni þjónustu, lokunum deilda, lengingu biðlista, önnur eru úrræðin ekki.

Hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi nemur launakostnaður um 70% af rekstrarkostnaði spítalans. Á sumum deildum er þessi prósenta hærri, t.d. á geðdeildum, á öðrum er hún lægri. Ríkisstjórnin er því með niðurskurði og því að viðhalda fjárvöntun miðað við þarfir þessa mikilvæga sjúkrahúss beinlínis að þrýsta stjórnendum spítalans út í uppsagnir. Það er eina raunhæfa leiðin til að halda sig innan ramma fjárlaga vegna þeirrar einföldu staðreyndar að helstu eignir spítalans eru mannauður. Þetta er nokkuð sem hið háa Alþingi þarf að gera sér grein fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Það er því út í hött að halda því fram að rekstrarhallinn verði ekki til þess að skerða grunnþjónustuna til almennings þegar litið er til stöðu Landspítalans, ef hallinn verður ekki bættur umfram það sem gert er ráð fyrir. Allur þessi niðurskurður bitnar yfirleitt á þeim sem síst skyldi, og á sama tíma er verið að leggja til að komugjöld og lyfjakostnaður hækki, sem aftur bitnar á sömu hópunum.

Það er útilokað að endar nái saman í rekstri eins og þessum þegar allar forsendur bregðast en ganga um leið út frá því að þjónustustigið sé óbreytt. Það sama á reyndar við um fjölda annarra stofnana. Önnur hlið á fjárhagsvanda Landspítalans sem skiptir miklu máli er fjárþörf til framkvæmda vegna sameiningar sjúkrahúsanna. Það gefur augaleið að það þarf að klára nauðsynlegar breytingar á húsnæði spítalanna til þess að ljúka sameiningunni og ná fullri hagræðingu sem aftur mun koma fram í bættum rekstri.

Að mínu mati hafa stjórnendur Landspítalans unnið þrekvirki við að koma sameiningunni á með þeim hætti að segja má að sátt og friður ríki um breytingarnar hjá starfsfólki spítalans, að því marki sem hægt er að ætlast til. Það er augljóst að jafnmiklar breytingar og tilfærsla heilla deilda milli húsa og sameiningar þeirra fela í sér mikla röskun fyrir starfsemina og mikið álag á starfsfólk. Þetta hefur þó

gerst á tiltölulega átakalítinn hátt meðal annars vegna þess að starfsfólk hefur haft fyrir sér vel tímasetta sýn allt til enda breytinganna og haft væntingar um að staða mála kæmist í eðlilegt horf miðað við að þær áætlanir stæðust.

En ef fjárlagafrumvarpið er skoðað er komin upp alvarleg staða. Í fjárlagafrumvarpinu eru 248 millj. kr. ætlaðar til breytinga og meiri háttar viðhalds en fjárþörfin samkvæmt mati spítalans er 460 millj. kr. Það vantar því 212 millj. kr. upp á til þess að endar nái saman í viðhalds- og framkvæmdafé þannig að hægt sé að koma fólki inn á vinnustaði sína til þess að sinna störfum sínum.

Í þessu sambandi má t.d. benda á að viðhaldsfé þarf til þess að spítalinn geti tekið á móti starfsemi Vífilsstaða. Þar eru nú um 60 sjúkrarúm og það er ekki úr vegi að rifja það upp að það var árið 1998 sem tekin var ákvörðun um að leggja Vífilsstaði af, en það er fyrst að koma til framkvæmda núna. Fjárþörfin er því löngu ljós.

Þá má enn og aftur minna á að þessar breytingar eru nauðsynlegar til þess að full hagræðing náist af sameiningunni og þær eru væntanlega líka forsenda þess að sú sátt sem náðst hefur fram innan spítalans um málið standi til lengdar.

Ég tek þetta dæmi, virðulegi forseti, um það þegar ákvarðanir eru teknar um stórframkvæmdir, eins og þá að sameina þessi tvö mikilvægu sjúkrahús, án þess að raunveruleg fjárþörf sé metin strax í upphafi og framkvæmdin kláruð þannig að vel fari. Aðrar minni ákvarðanir mætti nefna, en ég læt nægja að taka þetta dæmi.

Starfsfólk og stjórnendur sjúkrahússins hafa sannarlega lagt sitt af mörkum til þess að þessi stóra framkvæmd gæti átt sér stað án stórra átaka og með sem minnstri röskun fyrir sjúklinga. Umbunin fyrir þetta góða starf virðist vera lokanir deilda, uppsagnir fólks og samdráttur í þjónustu, allt vegna þess að dæmið var ekki skoðað frá upphafi til enda. Þannig bitna ákvarðanir stjórnvalda oftar en ekki á stjórnendum stofnana og á starfsfólki og þeim sem viðkomandi stofnun á að þjónusta.

Í nefndaráliti okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, við 1., 2. og nú 3. umr., kemur fram mikil gagnrýni á þau lausatök sem einkenna rekstur ríkisins. Stór ástæða þess er hversu ómarkviss áætlanagerðin er, sem bitnar af fullum þunga á öllum rekstri ríkisstofnana.

Því er oft verið að hengja bakara fyrir smið þegar starfsfólk og stjórnendur stofnana eru harðlega gagnrýnd fyrir slæleg vinnubrögð og framúrkeyrslu fjárlaga.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að við búum við fjárlög hvers árs sem ber að virða. Það getur hins vegar reynst erfitt ef áætlanir eru í engu samræmi við rekstrarumfang eða lögbundnar skyldur einstakra stofnana. Því ber að vanda til verka við gerð fjárlaga hverju sinni.

Því miður virðist sem sú breyting að fá hverju fagráðuneyti meiri ákvörðunarrétt í málefnum þeirra stofnana sem til þeirra heyra í öllum tilvikum, ekki hafa skilað þeim árangri sem vænst var.

Ég tel nauðsynlegt að endurskoða þá ákvörðun jafnvel að fjármálaráðuneytið yfirtaki vinnuna að stærri hluta aftur. Eða að sett verði skýr samræmd viðmið við ákvarðanatöku og umfjöllun um fjárveitingar til einstakra stofnana og verkefna, viðmið sem öll ráðuneyti verða að hafa í heiðri.

Þar á ofan hefur ekki farið fram markviss vinna í að skilgreina og forgangsraða verkefnum ríkisins, jafnvel bæst við verkefni sem betur eða jafn vel væru komin annars staðar. Sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar við þessa 3. umr. fjárlaga eru ómarkvissar og nánast gefið að þær munu ekki standast eru í besta falli hreinn sýndarveruleiki og minna um margt á söguna um nýju fötin keisarans.

Þar má fyrst nefna, eins og við gerum í nefndarálitinu, breytingar á lífeyrissjóðsgjöldum. Við 2 umr. þurfti að skera niður til þess að vega upp á móti rúmlega 2 milljarða króna útgjaldaaukningu. Flest til mikilvægra verkefna. Hvað er þá gert? Er skorið niður á minna mikilvægum verkefnum? Nei, menn fundu út að grunnurinn sem gefinn var í frumvarpinu rúmum mánuði áður vegna lífeyrisskuldbindinga væri rangur. Hægt væri að lækka þær greiðslur um nákvæmlega 624 millj. kr.

Hvað hafði gerst á þessum rúma mánuði frá því að frumvarpið var lagt fram sem breytti þessum forsendum á þeim tíma? Ekkert. Enda hefur það ekki komið fram í skýringum með breytingunum. Og núna, rúmri viku seinna eftir að ríkisstjórnin fann út skekkju uppá 624 millj. kr. í grunni lífeyrisskuldbindinga hafa þeir fundið út að skekkjan var miklu meiri, nú má taka 800 millj. kr. til viðbótar. Þannig að tæplega 1,5 milljarðar króna hafa nú verið teknir út úr þeim áætlunum sem gerðar voru vegna lífeyrisskuldbindinga án þess að sjáanlegar ástæður séu fyrir því á þeim tíma sem liðinn er frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram fyrir rúmum tveimur mánuðum.

Hver trúir því að svo stór skekkja hafi verið gerð jafnvel þó ekki sé vandað til áætlanagerðar, eða ástand efnahagsmála svo ótryggt að erfitt er að leggja mat á útgjaldaþróun?

Lífeyrisskuldbindingar ættu að vera nokkuð þekkt stærð. Það væri ef til vill hægt að horfa fram hjá skekkju upp á rúmar 600 millj. en 1.500 millj. er full mikið í lagt.

Eitt af því jákvæða sem gerst hefur í ríkisfjármálum er að farið hefur verið að ráðum Ríkisendurskoðunar varðandi færslur og sýnileika skuldbindinga ríkisins.

Það er sannarlega vont ef verið er að snúa af þeirri braut, vegna þess að menn höfðu ekki kjark í raunverulegan niðurskurð á útgjöldum ríkisins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, m.a. úr samtölum við Ríkisendurskoðun, eru þessar tillögur fullkomlega óraunhæfar eins og aðrar niðurskurðartillögur sem hér eru frá ríkisstjórninni, meðal annars um frestun framkvæmda sem eru ekki sparnaður til lengri tíma litið.

Þá á að ná fram sparnaði með því að leggja auknar álögur á sjúklinga og nemendur, og með hækkun á lyfjakostnaði, komugjöldum og skólagjöldum háskólanema. Þar hefur Framsfl. skíttapað enn einni orustunni við Sjálfstfl. Þetta eru helstu áherslurnar í sparnaðartillögum ríkisstjórnarinnar. Ótrúverðugar tillögur, enginn langtímasparnaður nema sem almenningur í landinu á að skila í formi hærri gjaldtöku. Frumvarpið og niðurstaða þess eru vissulega nokkurn veginn á pari eftir að nokkrir smáir útgjaldaliðir bætast við, og tækjakaup Menntaskólans á Laugarvatni upp á heilar 8 millj. kr. sem meiri hluti fjárlaganefndar fékk samþykkt við 2. umr. eru tekin til baka af ráðuneytinu. Dæmigert hvernig farið er fyrir fjárveitingavaldi Alþingis, meira að segja hinar smæstu tillögur eru teknar til baka ef hv. þm. meiri hlutans sýna pínulítið sjálfstæði í vinnu sinni. Að þessu samþykktu þá eru fjárlög og frumvarpsniðurstöður nokkurn veginn á pari. En eins og við höfum margbent á, þá vantar trúverðugleikann, það vantar raunverulegan vilja til að takast á við þann vanda sem við blasir í efnahagsmálum.

Langtímasparnaður sem meðal annars gæti falist í tillögum þess efnis að sameina ráðuneyti eins og ráðuneyti

atvinnuveganna í eitt, að sameina rannsóknastofnanir atvinnuveganna í eina stofnun, að sameina landbúnaðarskólana undir eina stjórn og færa til menntamálaráðuneytis og að sameina skógrækt og landgræðslu í eina sæng, eins og Ríkisendurskoðun lagði eitt sinn til, og sameina og endurskipuleggja rekstur ýmissa annarra stofnana svo eitthvað sé nefnt. Tillögur sem skila árangri, ekki strax, ekki skammtímabata heldur sparnaði til lengri tíma litið. Slíkar tillögur er ekki að finna frá ríkisstjórninni eða meiri hlutanum, né heldur tillögur um bætt vinnubrögð markvissari áætlanagerð, skýrari forgangsröðun. Aðeins skammtímalækning sem endist stutt jafnvel ekki til áramóta.

[Fundarhlé. — 13:13]

[13:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir framsögu hennar, ábendingar og spurningar.

Ég tel nauðsynlegt, áður en þessari umræðu lýkur hér í dag, að fulltrúar Samfylkingarinnar, sem hv. þm. talaði væntanlega fyrir, geri mjög skýra grein fyrir útfærslunni á því hvernig Samfylkingin og fulltrúar hennar vilja ná 3 milljörðum kr. í tekjuafgang á rekstrargrunni fjárlaganna. Ég er ekki að biðja um tillögur þar sem sagt er að spara skuli hálfan milljarð í ráðuneytunum og aðrar slíkar fyrirsagnir, ég vil sjá í þingskjali og ræðum sundurliðaðar tillögur um tekjur og útgjöld, tillögur sem sýna hvernig Samfylkingin hyggst ná þessu. Það kom ekki fram í ræðu hv. þm.

Af þeim fáum tölum sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni mátti ráða að hv. þm. væri sammála meiri hluta fjárln. um þær niðurskurðartillögur sem meiri hlutinn hefur lagt fram. Ég fagna því ef svo er.

Í öðru lagi vil ég koma að orðum þingmannsins um þær fjárveitingar sem menntmrn. gerði tillögu um að væru dregnar til baka varðandi tölvumál í Menntaskólanum á Laugarvatni. Það var fullt samráð milli formanns fjárln. og menntmrh. og menntmrn. um meðferð þess máls. Það felst engin lítillækkun í því fyrir fjárln. að fallast á þá málsmeðferð sem þar var höfð.

[13:33]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. formaður fjárln. veit og er vel kunnugt um var í alla nótt unnið að því, m.a. að koma í prentun tillögum meiri hluta fjárln. Þannig stendur á að tillögurnar frá 1. minni hluta, fulltrúum Samfylkingarinnar í fjárln., eru ekki komnar hér á borðið útfærðar en þær munu koma. Von er á þeim núna á næstu mínútum eftir því sem skrifstofa þingsins upplýsti við mig rétt áðan en það hafði bara ekki unnist tími til að ganga frá þingskjalinu.

Ég lýsti því í ræðu minni að farið yrði yfir þær nákvæmlega, ekki í einni ræðu, heldur nokkuð mörgum í dag, af hálfu Samfylkingarinnar, þannig ég býst við að þegar þessum fundi lýkur verði hv. þm. formaður fjárln. afar vel upplýstur um tillögur Samfylkingarinnar, gott ef hann verður ekki farinn að styðja þær.

[13:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hér eru þingmenn Samfylkingarinnar ekki tilbúnir og í raun alveg á náttfötunum með sínar tillögur þegar kemur að málflutningi hér. Þetta eru sömu þm. hv. og gagnrýnt hafa okkur í meiri hlutanum fyrir að koma seint fram með tillögur til þingsins. Það var vitað með löngum fyrirvara að hér stæði til að ná þriggja milljarða afgangi af rekstrargrunni fjárlaganna og hefði því Samfylkingin vel getað notað þann tíma sem þar gafst til að koma með tillögur sínar og hafa þær tilbúnar. Þannig hefðum við í meiri hlutanum haft tíma til að átta okkur á þessum merku tillögum.

Ég vildi síðan víkja að einu atriði sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni en það var lækkun lífeyrisskuldbindinga um 800 millj. kr. Allir gera sér grein fyrir því að lífeyrisskuldbindingar eru gríðarlega miklar og háar og því er það svo að smávægilegar breytingar þýða háar upphæðir í fjárlagafrv. Ég ætla aðeins að drepa á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi. Áætlaðar lífeyrisskuldbindingar við árslok 2001 reyndust ofmetnar. Nú liggja kjarasamningar við ríkisstarfsmenn fyrir og kerfisbundnar hækkanir á næsta ári. Verulega dregur úr launaskriði samkvæmt endurskoðun á efnahagsforsendum. Lokið er við svonefnda kerfisbreytingu á kjarasamningum þar sem aukagreiðslur færast á dagvinnulaunum, en slíkar breytingar hafa mikil áhrif á skuldbindinguna þar sem hún fylgir dagvinnulaunum.

Fleiri atriði get ég talið sem skýra þá breytingu sem hefur orðið á liðnum sem tengist lífeyrisskuldbindingum í fjárlagafrv.

[13:36]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar lífeyrisskuldbindingarnar þá lágu allir kjarasamningar fyrir nema við sjúkraliðana þegar frv. var lagt fram í haust. Þær skýringar sem hér hafa verið gefnar, sem og þær sem við höfum fengið við störf í fjárlaganefnd, útskýra ekki að hægt sé að taka út úr grunninum 1.424 millj., það er bara ekki þannig. Eins og ég segi væri hægt að skilja þessa skekkju ef við værum að tala um fyrri töluna sem afgreidd var frá meiri hluta fjárln. fyrir rétt rúmri viku síðan.

En síðan þá hafa bæst við 800 millj. sem hægt er að taka þarna út. Þetta er hreint og klárt bókhaldsfiff og það vitum við öll. Að hv. formaður fjárln. skuli tala á þann hátt sem hann gerir hér, um fólk á náttfötum í sölum Alþingis. Ja, stundum hefur nú verið sagt í minni heimabyggð, virðulegi forseti: Þeir sletta skyrinu o.s.frv.

[13:37]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hvarflar ekki að mér að sletta skyrinu.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir ræðuna sem var um margt ágætishugleiðing. Hún talaði að vísu um skammtímalausnir og nýju fötin keisarans. Það er kannski þess vegna sem mig langar til að spyrja einkum um tvennt sem fram kom í ræðu hennar.

Hv. þm. talaði um hert skatteftirlit. Talaði um að Samfylkingin vildi verja 100 millj. í viðbótarfjárheimild til herts skatteftirlits, sem ætti síðan að skila 810 millj. Mig langar að vita hvað býr þarna að baki. Hv. þm. talaði líka um bókhaldsfiff. Ég er alveg viss um að hér er ekki um neitt bókhaldsfiff að ræða en fróðlegt væri að fá að heyra útskýringar á þessu.

Hv. þm. talaði einnig um breytt umhverfi innan lands og utan, sem er svo vissulega rétt. Hv. þm. talaði um að lækka ferðakostnað Alþingis og undir það get ég í sjálfu sér tekið. En mig langar til þess að vita hvað býr að baki? Eigum

við að fækka t.d. þeim sem fara á Evrópuþing eða Norðurlandsráðsþing o.s.frv.? Við höfum auðvitað okkar skyldum að gegna í alþjóðlegu samstarfi en fróðlegt væri að vita hvað býr þarna að baki.

Það var líka talað um sérfræðikostnaðinn. Um hvað er verið að tala? Er t.d. verið að tala um það þegar við þingmenn leggjum fram fyrirspurnir hér? Þá þarf oft að kalla til sérfræðinga og það kostar mikla peninga. Stendur til að setja einhverjar hömlur á það t.d. vegna þess að þar eru um verulegan kostnað að ræða? Ég er alveg viss um að hv. þm. hefur svör við þessu og hér er vonandi ekki um einhverjar skammtímalausnir að ræða hjá Samfylkingunni.

[13:39]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sem á sæti í fjárln. ætti að vita að samkvæmt upplýsingum frá skattrannsóknarstjóra þá skilar hver króna sem sett er í hert eftirlit mun hærra hlutfalli til baka. Þegar Samfylkingin, sem vill gjarnan vinna sín verk vel, setti fram þessa tillögu þá var það að sjálfsögðu gert og farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hafa komið fram frá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Ég held að hv. þm. hljóti að vita það hvert hlutfallið er þarna á milli og hafi fengið þær upplýsingar rétt eins og við.

Varðandi það að skera niður ferðakostnað og risnu. Reyndar var talað um ráðuneytin í tillögunum, en sjálfsagt má gera það á allri yfirstjórn. Það er samkvæmt ábendingum sem m.a. hafa komið frá Ríkisendurskoðun og má finna í skýrslum Ríkisendurskoðunar. Fjárlaganefndarmenn mættu gjarnan gera meira af því að fara ítarlega í þær skýrslur eins og við höfum reynt að gera, taka ábendingar þeirra til greina. Þessar ábendingar koma fram í tillögum okkar, bæði hvað varðar ferðakostnað, risnu og sérfræðikostnað ráðuneytanna.

Þetta eru ábendingar sem hafa komið fram frá Ríkisendurskoðun um að þarna hafi vöxturinn orðið mun meiri en eðlilegt geti talist. Tillögur okkar eru í samræmi við þær athugasemdir sem komið hafa fram.

[13:41]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að okkur berast margar skýrslur og margar ábendingar í þeim skýrslum. Ég spurði hv. þm. hvort hún gæti t.d. bent okkur á það, ef við erum að tala um niðurskurð varðandi ferðir og þátttöku okkar í alþjóðasamstarfi, í hverju hann ætti helst að vera fólginn. Ég vildi gjarnan fá að heyra hugleiðingar þessa ágætisfólks í þeim efnum og finnst nauðsynlegt að skýra það nákvæmlega út.

Mjög margir hafa horft til þess að það fara miklir peningar í þetta, bæði í Alþingi, í ráðuneytunum, hjá fyrirtækjum og öðrum, vegna þess að alþjóðlegt samstarf er gríðarlega mikið. Það er í raun oft á tíðum einfaldara að fara á fundi til nágrannalandanna heldur en ferðast hér innan lands. Þess vegna vildi ég gjarnan að hv. þm. mundi skýra það betur út.

Í raun og veru svaraði hv. þm. ekki þessu með sérfræðikostnaðinn. Þar vildi hv. þm. gera ákveðnar úrbætur og skera niður. Ég spurði hv. þm. hvort skera ætti þann kostnað niður hjá þinginu, eins og oft hefur komið fram er gríðarlega dýrt að svara öllum þeim fyrirspurnum sem við þingmenn leggjum fram, hvort heldur við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég vildi gjarnan fá betri útskýringar á þessum málum.

[13:43]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að við þurfum í auknum mæli að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Breytt umhverfi felur það í sér. En við búum sem betur fer við breytt umhverfi á fleiri sviðum, t.d. á sviði fjarskiptatækni. Það er alveg klárlega þannig að hægt er að nota þá tækni miklu meira en gert er í dag til þess að draga úr þeim kostnaði sem íslenska ríkið hefur af ferðalögum og vegna þess að við erum að senda fólk til fundarstarfa erlendis. Ég er ekki að draga úr vægi þessa samstarfs. Það eykst og á að aukast vegna þess að við viljum vera virkir þátttakendur. En við getum gert það á fleiri en einn veg.

Hvað varðar sérfræðikostnaðinn sem hv. þm. nefndi hér áðan þá er sá kostnaður mjög stór hluti af rekstrarkostnaðinum. Hann er mjög stór hluti í rekstrarkostnaði ráðuneyta og stofnana og eins hjá Alþingi. En varðandi hvernig eigi nákvæmlega að útfæra það held ég að ég yrði að treysta stjórnendum viðkomandi ráðuneyta og Alþingis til að útfæra aðferðir til að draga úr kostnaðinum og setja kannski skýrari reglur um hvernig með þennan kostnað skuli farið.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 4. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[13:44]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það var afar óvenjuleg ræða sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln., flutti hér áðan. Hann kvartaði yfir því að tillögur 1. minni hluta fjárln. væru ekki tilbúnar og ekki búið að dreifa þeim í sal. Það vill að vísu svo til að það er búið að dreifa þeim nú í millitíðinni og ástæðan var auðvitað sú að þær voru í vinnslu hjá nefndasviði sem hefur verið önnum kafið, m.a. vegna þess að margar tillögur hafa komið fram og mikil vinna hefur lent á þessu ágæta starfsfólki, auðvitað fyrst og fremst vegna þess að tillögur meiri hluta fjárln. hafa verið svo seint á ferðinni.

Það má segja að það hafi allt haldið hér gagnvart því að taka þessi mál fyrir samkvæmt dagskrá þingsins. 3. umr. fjárlaga fer fram, fyrst og fremst að ég tel vegna þess að minni hluti fjárln. hefur verið liðlegur í störfum sínum og ekki verið með háværar ásakanir eða reynt að tefja störf í nefndinni heldur reynt að flýta fyrir þeim.

Þess vegna verð ég að segja það, herra forseti, að það eru nokkuð kaldar kveðjur sem formaður fjárln. sendir til minni hluta nefndarinnar. Ég fullyrði, herra forseti, að þessar ásakanir eru algjörlega rakalausar og eiga ekki við neitt að styðjast í raunveruleikanum.

[13:45]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 504; brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 505; brtt. JB, þskj. 506.

Greiðslur fyrir veiðiheimildir 1996/1997 til 2000/2001, 179. mál, svar sjútvrh., þskj. 500.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, 279. mál, svar umhvrh., þskj. 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 496, 504, 505 og 506. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

[13:48]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér frhnál. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umr. Vísað er til nál. 2. minni hluta við 2. umr. fjárlaga fyrr í haust. Fullkomin óvissa ríkir um tekjuhlið fjárlaganna, og breytast forsendur nánast dag frá degi. Ástæða þessa er að meginhluta heimatilbúinn vandi ríkisstjórnarinnar. Hættumerkin í þróun efnahagsmála hafa blasað við sl. 2–3 ár, svo sem mikill viðskiptahalli, gífurlegar erlendar lántökur og mikil aukning útlána bankakerfisins, en hægt hefði verið að bregðast við þeim áður en komið var í óefni. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru nú orðnar hærri en sem nemur árlegri landsframleiðslu. Ríkisstjórnin, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., með forsrh. og fjmrh. í broddi fylkingar hefur þar til nú þverneitað allri gagnrýni og fullyrt að allt væri í stakasta lagi. Herra forseti. Það væri hreint oflof að segja að ríkisstjórnin hafi flotið sofandi að feigðarósi því flestar árar hafa verið úti til þess að róa þjóðarskútunni í öfuga átt. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar í skattamálum er til umfjöllunar samtímis hér í þinginu og vísað er til nál. fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efh.- og viðskn. við það frumvarp.

Herra forseti. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs á næsta ári, árið 2002, verði 257,9 milljarðar kr. sem er sama fjárhæð og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu þegar það var lagt fram. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 239,4 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður 18,5 milljarðar kr.

Herra forseti. Mig langar til að víkja aðeins fyrst að vinnunni við fjárlagagerðina. Ríkisstjórnin leggur fram frumvarp til fjárlaga í upphafi þings. Að því búnu fer það til fjárlaganefndar til frekari umfjöllunar. Sú hefð hefur skapast að við 2. umr. eru lagðar fram meginbreytingar þingsins á gjaldahlið frumvarpsins. 2. umr. hefur í auknum mæli snúist um efnahagshorfur og stefnu í ríkisfjármálum þrátt fyrir að endurskoðuð þjóðhagsspá og tekjuáætlun fyrir næsta ár liggi ekki fyrir. Við 3. umr. er lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun fyrir næsta ár og jafnframt þær efnahagsforsendur sem ríkisfjármálin byggjast á næsta ár.

Ítarleg umræða fer fram innan fjárlaganefndar um sundurliðaða gjaldahlið frumvarpsins. Fjölmargir aðilar koma fyrir nefndina og skýra einstaka útgjaldaliði.

Tekjuhlið frumvarpsins fær aftur á móti afar litla umfjöllun í fjárlaganefndinni sem er þó ekki síður mikilvæg hlið fjárlagafrumvarpsins. Má nefna í því sambandi að endurskoðuð tekjuáætlun var kynnt í nefndinni rétt um það leyti sem hún afgreiddi frumvarpið frá sér, þ.e. sama dag. Þá komu boðaðar tillögur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð útgjalda heldur ekki fyrir fjárlaganefnd fyrr en sl. miðvikudag eða sama dag og nefndin varð að afgreiða frumvarpið úr nefnd ef takast átti að láta 3. umr. fara fram föstudaginn 7. desember, sem sagt í dag, eins og starfsáætlun þingsins gerði ráð fyrir. Hins vegar gerði verkáætlun fjárlaganefndar ráð fyrir að tillögur ríkisstjórnarinnar fyrir 3. umr. lægju allar fyrir hjá nefndinni fyrir 30. nóvember. Þarna hefur því nokkuð skort á að þeir sem eiga að skila upplýsingum og gögnum til nefndarinnar standi við þau tímamörk sem þeim eru sett og eru hluti af starfsáætlun þingsins. Vegna tímaskorts fengu efnahagsforsendur og tekjuhlið frumvarpsins því afar litla umfjöllun í nefndinni. Niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar hlutu sömu örlög. Spurningar og beiðni um útskýringar á einstökum liðum frá nefndinni bárust ekki fyrr en eftir að hún hafði afgreitt fjárlagafrumvarpið frá sér til 3. umr. og sum svör bárust alls ekki. Fjárlaganefnd hefur ekki á sínum snærum eigin ráðgjafa eða sérfræðinga í efnahagsmálum og verður því að reiða sig á útskýringar sérfræðinga framkvæmdarvaldsins. Það er því mikilvægt að vönduð svör og skýringar berist nefndinni fljótt og undanbragðalaust. Í flestöllum tilfellum er það svo en þó vill verða á því misbrestur og er nærtækasta dæmið þegar forsætisráðuneytið neitaði að svara spurningum nefndarinnar um sundurliðun á kostnaði á 300 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við sérfræðivinnu og ráðgjafarkostnað einkavæðingarnefndar. Að mati 2. minni hluta er afar brýnt að yfirstjórn Alþingis, forsætisnefnd og þingflokksformenn, fari gaumgæfilega í gegnum stöðu Alþingis og þingnefnda gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hér er nefnilega virkileg hætta á ferðum gagnvart lýðræðinu, gagnvart þingræðinu. Hættan er sú að hér þróist ríkisstjórnarbundið þingræði í stað þingbundins ríkisvalds. Þingið þarf að mínu viti, herra forseti, að eignast eigin þjóðhagsstofnun sem starfar með Alþingi í efnahagsmálum og fjármálastjórn ríkisins.

Að mati 2. minni hluta er mun eðlilegra að við 2. umr. sé fjallað um tekjuáætlun, efnahagsforsendur og stefnu í ríkisfjármálum. Við þá umræðu væri tekjuhlið frumvarpsins ákveðin en við 3. umr. væru útgjöldin endanlega ákveðin og frágengin og þá færi fram eins konar fínpússun á frumvarpinu sjálfu. Það er nefnilega góður siður að átta sig fyllilega á því úr hvaða peningum er að spila. Það þykir góður siður á vönduðum heimilum að telja fyrst í buddunni og ákveða síðan útgjöldin. Þannig ætti það einnig að vera hjá Alþingi gagnvart ríkisfjármálum.

Víkjum nú að forsendum fjárlagafrumvarpsins. Þjóðhagsstofnun lagði fram endurskoðaða þjóðhagsspá fyrir næsta ár nú á dögunum. Þar er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1,5% og að fjárfestingar dragist saman um 14%. Þá er gert ráð fyrir að innflutningur dragist saman um 7,1% og útflutningur um 1,8% og landsframleiðsla dragist saman um 1% en í fyrri spá stofnunarinnar var gert ráð fyrir 0,3% samdrætti í landsframleiðslu. Ef þessi spá gengur eftir er það í fyrsta sinn frá 1992 sem landsframleiðsla dregst saman á milli ára. Þá er og gert ráð fyrir að verðbólga verði um 6,1% á milli áranna. Í forsendum Þjóðhagsstofnunar fyrir þeirri verðlagsspá er gert ráð fyrir að gengisvísitala krónunnar verði 147,2 sem var skráð gengi hennar 3. desember sl. Þá bendir stofnunin á að spenna á vinnumarkaði sé að minnka og reiknað sé með um 2% atvinnuleysi á næsta ári. Verulega dregur úr launaskriði og þess er reyndar þegar farið að gæta. Þjóðhagsstofnun tekur fram að nokkur óvissa ríki um spána, ekki síst launa- og gengisforsendur. Launaforsendur byggja m.a. á því að kjarasamningar verði ekki endurskoðaðir.

Fjárlagafrumvarpið sem hér er lagt fram byggir á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins. Þær eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar spá Þjóðhagsstofnunar. Ráðuneytið spáir reyndar að landsframleiðsla dragist saman um 0,5% sem er umtalsverð breyting frá því að frumvarpið var lagt fram en þá gerði ráðuneytið ráð fyrir að landsframleiðslan ykist um 1% á næsta ári. Mestur munur á spá þessara tveggja stofnana liggur í mati þeirra á þróun á inn- og útflutningi vöru og þjónustu. Þannig spáir fjármálaráðuneytið að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 1% á næsta ári á meðan Þjóðhagsstofnun spáir 1,8% samdrætti. Fjármálaráðuneytið gerir

í sinni spá ráð fyrir að innflutningur vöru og þjónustu dragist saman um 4,3% en í endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir mun meiri samdrætti í innflutningi eða 7,1%.

Þessar tölur og þessar spár undirstrika þá miklu óvissu sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar um þessar mundir og á næstu missirum.

Gert er ráð fyrir að halli á vöruskiptum minnki nokkuð milli ára og er nú gert ráð fyrir að hallinn nemi 3,9 milljörðum kr. Þá má búast við að jöfnuður á þjónustuviðskiptum verði jákvæður á næsta ári sem nemur 2 milljörðum kr. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 38,5 milljarðar kr. eða 4,9% af landsframleiðslu. Ástæða þessa er sú að vegna skuldasöfnunar erlendis og óhagstæðrar þróunar aukast vaxtagreiðslur af erlendum skuldum jafnt og þétt og spáð er að jöfnuður þáttatekna verði af þeim sökum neikvæður um 35,8 milljarða kr. á komandi ári.

Fjárlög ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2002 eru því afgreidd nú við mikla óvissu í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Eftir langvarandi og nær fullkomið andvaraleysi skiptir nú yfir í mikinn ótta um gengi krónunnar og verðbólgu. Í mars á þessu ári voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála hér á landi. Meginatriði þessara breytinga fólust í því að 2,5% verðbólgumarkmið varð meginviðmið peningastefnunnar. Samtímis voru vikmörk gengisstefnunnar afnumin. Á árinu féll ríkisstjórnin frá fastgengisstefnunni og setti efnahagslífinu verðbólgumarkmið og fól Seðlabankanum að framfylgja þeim með peningamálastefnu sinni. Ljóst er að sett markmið hafa engan veginn náðst, og fjarri því, enda er verðbólguhraðinn nú um 8,8% og spáð er um 6% verðbólgu milli áranna 2001 og 2002.

Herra forseti. Bæði verðbólgan og gengi krónunnar skiptir efnahagslífið og kjör fólks að sjálfsögðu afar miklu máli. Atvinnulífið er mjög skuldsett í erlendum gjaldmiðlum og þolir illa gengislækkun. Sama gildir um fjárhag heimilanna en lægra gengi hækkar vöruverð og höfuðstól verðtryggðra lána. Sú staða sem þjóðarbúið stendur nú frammi fyrir kom ekki til af sjálfu sér. Hún er afleiðing þeirra mistaka í hagstjórnarákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið á síðustu árum.

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir miklum áhyggjum af gangi mála. Ef þetta ástand varir miklu lengur er hætta á því að útflutningsgeta þjóðarbúsins skaðist þegar til lengri tíma er litið. Jafnvægi í efnahagslífinu innan lands og aukinn útflutningur er eina varanlega lausnin á viðskiptahallanum.

Herra forseti. Fjárlaganefnd er kunnugt um fjárhagsvanda og uppsafnaðan halla margra stofnana og heilla málaflokka sem ekki fá úrlausn í þessu fjárlagafrumvarpi. Þar má telja fjárskuldbindingar vegna félagslega húsnæðiskerfisins sem velt var einhliða yfir á sveitarfélögin. Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er óleystur þótt leyfð hafi verið lítils háttar hækkun á afnotagjöldum á næsta ári. Margir framhaldsskólar sitja uppi með skuldir frá fyrri árum og eiga í miklum fjárhagserfiðleikum og geta lent í því að verða að skera niður námsframboð. Það er ljóst að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara við að einkavæða skólakerfið og fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa skólastarfið sjálft, stöðu þess og markmið og þá menntun sem skólarnir veita, treysta bönd skóla og skólastarfs við fjölskyldulíf, atvinnuvegi og sitt nánasta umhverfi.

Bæði Skólameistarafélag Íslands og Félag framhaldsskólakennara hafa þráfaldlega bent á grundvallarskekkjur í þeirri reiknireglu sem nú er beitt við skiptingu fjár á skólana og birtist í því að fjármagn er skert til skóla með verknáms- og starfsnámsbrautir og skóla sem reka heimavistir og þeir sitja nú uppi með skuldir svo skiptir tugum eða jafnvel hundruðum milljóna króna. Fjárhagsvanda einstakra framhaldsskóla verður að leysa þegar í stað. Brýnt er að hugmyndafræðin að baki reiknilíkansins við skiptingu fjárins verði endurskoðuð þannig að stutt verði við metnaðarfullt og fjölbreytt nám hvarvetna á landinu, nám sem taki mið af þörfum allra nemenda og tryggi góðan starfsanda.

Þetta mál var til umfjöllunar á síðasta ári og þá var þess vænst að nauðsynlegar leiðréttingar yrðu gerðar á reiknilíkani menntamálaráðuneytisins. Í haust kom hins vegar í ljós að ekki hafði verið bætt úr fjárhagsvanda margra skóla og þeir stóðu áfram frammi fyrir mikilli óvissu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem dreift var nú á dögunum, um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til september 2001 er þetta harðlega gagnrýnt og bent á að ekki þýði að flytja halla á milli ára nema ljóst sé að viðkomandi stofnun geti með raunhæfum hætti hagrætt hjá sér til að vinna á hallanum. Yfirlit í fylgiskjali II með þessu nál. sýnir vel þá stöðu sem sumir skólar eru í og hve brýnt er að úr vanda þeirra verði leyst. Í því sambandi þarf að taka fullt tillit til séraðstæðna hvers skóla.

Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd hefur ítrekað lagt áherslu á að endurskoðun á reiknilíkaninu og uppgjöri á fjárhagsvanda skólanna yrði lokið áður en gengið væri frá fjárlögum næsta árs. Engin svör hafa borist um það og með skírskotun til mjög alvarlegra athugasemda Ríkisendurskoðunar um fjármál framhaldsskólanna er ljóst að Alþingi verður að beita sér með beinum hætti í þessu máli áður en í meira óefni er komið.

Í ályktun Félags framhaldsskólakennara í nóvember sl. kom fram að veruleg hætta væri á að markmið og fyrirheit um að styrkja stöðu framhaldsskóla í breyttu umhverfi og nýjum kjarasamningi yrðu aðeins orðin tóm ef ekki yrði tryggt fé á fjárlögum ársins 2002 til þess að framkvæma þær endurbætur á reiknilíkani fyrir framhaldsskóla sem nauðsynlegar væru og undirbúnar hafa verið í menntamálaráðuneytinu.

Starfshópur ráðuneytismanna og skólameistara hefur skilað skýrslu um endurskoðun líkansins. Félag íslenskra framhaldsskóla telur að á þeim grunni þurfi að taka pólitískar ákvarðanir um hærri fjárveitingar til skólanna, hækka afskriftafé, ætla af raunsæi fyrir launum þjónustudeilda skólanna og viðhaldi og endurnýjun húsa.

Herra forseti. Alþingi hlýtur og verður að byggja fjárveitingar sínar á raunhæfum forsendum hverju sinni. Skólar eru lifandi stofnanir sem taka sífelldum breytingum og því verður reiknilíkanið, eigi að beita því, að mæta hverju sinni.

Herra forseti. Það þarf gjörbreytta stefnu í efnahagsmálum og atvinnumálum þjóðarinnar. Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins og byggð og búsetu í landinu öllu hefur ríkisstjórnin blásið upp tímabundið „góðæri" með einkavæðingu almannaþjónustu, gífurlegri byggðaröskun og skuldasöfnun. Sjávarútvegurinn er einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og sýnir sig best að þegar „nýja hagkerfið" gengur ekki upp þá er traustið sett á hann. Það skiptir miklu fyrir þjóðarbúið að sjávarútvegurinn sé rekinn með hagsmuni þjóðarinnar allrar í huga.

Þótt markmið laganna um stjórn fiskveiða sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskstofna og, eins og stendur í lögunum, með leyfi forseta, „tryggja með því trausta

atvinnu og byggð í landinu" er fjarri því að sú sé raunin. Í mörgum tilvikum er ástand fiskstofnanna nú svipað eða jafnvel verra en fyrir daga kvótakerfisins. Ljóst er að ríkisstjórnin ætlar í sjávarútvegsmálum að fylgja eftir tillögum svokallaðs meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar um stjórn fiskveiða sem er nánast óbreytt kvótakerfi með lítils háttar gjaldtöku sem mun áfram leiða til þess að fiskveiðiheimildir færast á æ færri hendur og sjávarútvegsfyrirtækjum fækkar í sjávarbyggðum meðfram ströndum landsins með tilheyrandi byggðaröskun. Þessari stefnu er Vinstri hreyfingin – grænt framboð andvíg og telur hana hættulega atvinnulífi landsmanna.

Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum hefur sem meginmarkmið:

að tryggja í verki sameign þjóðarinnar á fiskstofnum og réttláta skiptingu afrakstursins,

að gera grundvallarbreytingu á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu 20 árum,

að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og efla vistvænar veiðar,

að skapa forsendur til að treysta búsetu við sjávarsíðuna,

að tryggja atvinnuöryggi og kjör fiskverkafólks og sjómanna,

að stuðla að betra jafnvægi og réttlátari leikreglum í samskiptum helstu aðila innan sjávarútvegsins, þ.e. útgerðar og fiskvinnslu, verkafólks og sjómanna, sjávarbyggða og samfélagsins alls,

að standa þannig að nauðsynlegum kerfisbreytingum og aðgerðum að stöðugleiki verði tryggður og hæfilegur aðlögunartími gefist.

Sjávarútvegurinn, fiskveiðarnar og fiskvinnslan gegna lykilhlutverki í atvinnulífi og efnahagsbúskap okkar Íslendinga. Sá vandi og sú óvissa sem nú blasir við í fjármálum ríkisins og þjóðarbúskapnum í heild á ekki hvað síst rætur að rekja til rangrar stefnu ríkisstjórnarinnar í fiskveiði- og fiskverndarmálum.

Herra forseti. Til þess að hér megi auka hagvöxt á ný, greiða niður erlendar skuldir, tryggja atvinnulíf og búsetu um allt land er afar brýnt að stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fiskveiðistjórn komi sem fyrst til framkvæmda. Það að stjórnvöld virðast ætla að halda áfram í nánast óbreyttu kerfi í stjórn fiskveiða er ein alvarlegasta ógnun við efnahag og atvinnulíf landsins hvort heldur er litið til lengri eða skemmri tíma.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Allir þegnar þjóðfélagsins skulu eiga tryggð mannsæmandi samfélagslaun. Öll mismunun á lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu, sem og röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs.

Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og að tekið verði upp „grænt bókhald" þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár sýnir það ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hefur vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gefur tilefni til. Þessu verður að snúa við ef við eigum að ná eðlilegum hagvexti og jafnvægi í viðskiptum og greiða niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd.

Á síðustu árum hefur þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og er orðið háð honum. Það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut, en það er afar brýnt. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Hér verður að breyta um kúrs. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að varanlegri verðmætaaukningu í þjóðfélaginu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak sérhvers einstaklings fær notið sín og að atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður og íslenskan veruleika og byggist á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Takist þetta mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni um allt Ísland.

Í þessum stóru málaflokkum greinir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð flytur örfáar brtt. við fjárlagafrv. við lokaafgreiðslu þess. Þessar brtt. lúta í fyrsta lagi að því að skerpa og undirstrika áherslur flokksins í fjármálum ríkisins. Við leggjum til að hinum boðuðu skattbreytingum sem liggja nú fyrir þinginu verði að hluta til frestað og þar af leiðandi fái ríkissjóður í tekjur af sérstökum tekjuskatti, 600 millj. kr., sem nú er gert ráð fyrir að falli niður, og einnig að hluti af þeim eignarskatti sem ætlunin er að falli út samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar verði frestað þannig að ríkissjóður haldi þar áfram um 500 millj. kr.

Síðan leggjum við áherslu á aðra málaflokka. Við leggjum áherslu á menntun. Við leggjum áherslu á málefni Þjóðminjasafnsins. Við leggjum áherslu á menningarstofnanir. Við leggjum áherslu á málefni fatlaðra. Við leggjum áherslu á heilbrigðismálin og við leggjum áherslu á að ekki verði ráðist í ótímabærar framkvæmdir vegna stóriðju, stóriðju sem ekki einu sinni hefur verið tekin ákvörðun um að fari í gang.

Herra forseti. Nánar verður gerð grein fyrir einstökum tillögum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við umræðurnar seinna í dag.

[14:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var löng og mikil ræða hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Ég hef svo sem ekki mjög margar spurningar til hans í þessum efnum. Mig langar þó að spyrja: Á einum stað í þessum gögnum stendur að búa þurfi atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að verulegri verðmætaaukningu í þjóðfélaginu og þar með raunhagvexti. Hvað á þingmaðurinn við með þessu?

[14:14]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður í umræðum um fjárlög einmitt tekið þetta mál fyrir sem hv. þm. spyr um.

Ég tel engan veginn eðlilegt að banka- og peningastofnanir sem eru meira að segja að hluta til enn þá í ríkiseigu séu að skerða þjónustuna, loka útibúum og skerða þjónustuna vítt og breitt um landið, einmitt á svæðum þar sem þessir grunnatvinnuvegir þjóðarinnar sem skila raunverulegum þjóðartekjum, sem skila útflutningstekjum — að þar sé verið að skerða þessa þjónustu og loka og væntanlega að færa þjónustuna í aðra landshluta.

Herra forseti. Ég benti líka á það í ræðu minni hvernig hér hefur á síðustu árum, einmitt í ljósi viðskiptahallans, myndast og þróast atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og gefur ekki raunsannar þjóðartekjur. Þessar áherslur dreg ég hér fram.

Ég hef líka bent á, og það kemur fram í tillögum okkar hér, herra forseti, nauðsyn þess að leggja áherslu á að efla menntun og menntunarstarf úti um land til að styrkja búsetuna þar, að veita fjármagn til þessara þátta sem í raun ráða búsetu og því hvort fólk býr í þeim byggðarlögum og vinnur við þær atvinnugreinar sem gefa hinar raunsönnu þjóðartekjur og þar með líka útflutningstekjur.

[14:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki þessari einföldu spurningu minni. Það stendur hérna: „Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að varanlegri verðmætaaukningu í þjóðfélaginu og þar með raunhagvexti."

Þetta var spurning mín og ég vil gjarnan fá meira konkret svar við henni. Ég var ekki að tala um þjónustu banka eða peningastofnana eða neitt í þeim efnum heldur bara að fá svar við þeirri spurningu.

[14:16]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum huga skiptir einmitt ekki hvað síst máli þjónusta banka, þjónusta pósthúsa, hin almenna þjónusta. Það skiptir máli hvernig fjarskipti eru, möguleikar til gagnaflutnings úti um land. Og áherslan á að vera í þá veruna að í það sé lagt fjármagn af hálfu ríkisins þegar verið er að forgangsraða fjármagni. Og með því að styrkja byggð og styrkja þessa grunnþætti samfélagsins einmitt úti um landið þá erum við líka að skapa atvinnulífinu fýsilegri umgjörð og fólki fýsilegri búsetu.

Ég geri alveg ráð fyrir því, herra forseti, að hv. þm. hljóti að átta sig á þessu og gera sér grein fyrir þessu. Við erum t.d. andvíg því að hækka skólagjöldin á framhaldsskólanemendum og háskólanemendum. Okkur finnst nóg að gert og nógur kostnaður fyrir þetta unga fólk utan af landi að þurfa að leggja á sig mikla fyrirhöfn og verulegan kostnað til að sækja nám, framhaldsskólanám eða háskólanám fjarri heimabyggð sinni þó ekki sé verið líka núna, eins og liggur fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar, að hækka skólagjöld, hækka innritunargjöld á nemendum. Það er ekki til að styrkja atvinnulíf, menntun og búsetu um land allt og tryggja þar með hinn raunsanna hagvöxt.

[14:18]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Formaður fjárln., hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, lýsti í upphafi ræðu sinnar þeirri skoðun sinni og taladi eins og það væru staðreyndir í bakgrunni að við stæðum frammi fyrir mikilli lægð í efnahagsmálum, hættulegri lægð sem þyrfti að mæta með gagngerum ráðstöfunum, og að fjárlagafrv. eins og talað er fyrir flytti skýr skilaboð til alls almennings og félaga um að nú verði að beita nýjum tökum í viðureigninni við þennan mikla vágest sem manni skildist að stefnan og viðhorfin í efnahagsmálum væru.

Ég skal ekki segja um hvernig háttað er samskiptum forustumanna hæstv. ríkisstjórnar, t.d. hæstv. forsrh. og formanns fjárln., en svo er að sjá að þar sé ekkert samband á milli og að hv. formaður fjárln. lesi ekki skilaboðin sem birtast frá hæstv. forsrh. um stöðu mála og er þar einna greinilegast til orða tekið af hálfu hæstv. forsrh. í viðtali við Morgunblaðið frá 22. nóvember. Ég vísaði nokkuð til þess viðtals hér á dögunum og ég endurtek það ekkert, en hann lýsti því yfir að allar efnahagsforsendur á Íslandi væru í lagi. (Gripið fram í.) Það má lesa í Morgunblaðinu efst á bls. 6 þennan dag, 22. nóvember, þær væru í lagi, og hann endurtók það.

Hvers vegna gerir þá formaður fjárln., hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sér áhyggjur af þessari stöðu? Hv. formaður lýsir því yfir í viðtalinu að verðbólga sé á niðurleið, kaupmáttur að aukast, framlegð í sjávarútvegi að aukast gríðarlega, eins og það er orðað þar. Hvernig skyldi sú framlegð hafa orðið til, þessi gríðarlega framlegð í sjávarútvegi?

Hann segir á öðrum stað í viðtalinu að það verði aldeilis ekki brugðið á gömul eða eins og segir þar, með leyfi forseta: „Það er ekki fyrirhugað að hlaupa eftir einhverjum gamaldags reddingum eins og tíðkuðust í gamla daga."

En hvert er það ráð sem brugðið var á til björgunar sjávarútveginum? Skyldi það vera nýtt fyrirbrigði að beita fyrir sig bullandi gengisfalli? Í þá áratugi sem ég man eftir úr íslenskum þjóðmálum var þetta ráðið og á það var brugðið nú. Það er eins og menn eigi erfitt með að skilja og ég vék hér áður að fyrr í umræðum um tekjuskattinn, að menn skilji ekki með hvaða hætti er unnið að viðreisn sjávarútvegsins sem fallinn var í botnlausar skuldir vegna þess að menn höfðu hrammsað út úr honum tugi milljarða ef ekki hundruð milljarða í kvótabraski. Það er frá öllum almenningi sem fjárhæðirnar eru teknar og færðar sjávarútveginum. Neytandinn íslenski borgar þetta allt saman með hærra vöruverði af innfluttum vörum.

Hæstv. forsrh. tilkynnir að gengið muni fara hækkandi, í síðasta lagi upp úr áramótum og, með leyfi forseta, segir hann orðrétt í þessu viðtali:

„Það gæti meira að segja þurft að gæta þess að gengið hækkaði ekki of ört."

Vill nú ekki hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hlýða til þessa eiðsspjalls og varpa öndinni léttara af því að ástæður eru svona björgulegar? Enda getur ekki verið að hv. formaður fjárln. geri sér í raun neina grein fyrir því að neitt sé að vegna þess að meðferð á fjárlögunum og innihald þeirra bregst í engu við neinum vanda, þannig að þótt hann tali í aðvörunartón í aðfaraorðum sínum þá trúir hann hæstv. forsrh. í raun ella væru önnur vinnubrögð höfð uppi vegna frágangs fjárlaganna.

Í sambandi við spennuna sagði hæstv. forsrh. að þetta væri einhver óróleiki á hinum svokallaða markaði vegna jólainnkaupa. Það hefði kannski verið ráð til að bregðast við þeim vanda að fresta jólunum. Það var einu sinni uppi tillaga um það og þeir bræður Jón Múli og Jónas Árnasynir sýndu fram á hvernig það var gert.

Hér lýsti hæstv. forsrh. yfir því að gengisbreytingin hefði þegar skilað miklu inn í efnahagslífið. Ég held að það þyrfti að taka allan almenning í kennslustund um hvers slags auðlegð það er og ábati sem fæst inn í íslenskt þjóðfélag með gengisbreytingu. Ég hef áður vikið að þessum málum og það er ekki of oft sem þessi góða vísa er kveðin.

Við gengisbreytingu á íslensku krónunni breytist ekkert vegna þess sem við fáum fyrir vöru okkar erlendis. Það er verið að færa fjármagn til innan lands og kemur okkar afkomu ekkert við í heild, þjóðfélaginu. Með gömlum aðferðum er verið að reyna að rétta við fjárhag sjávarútvegsins, útveginn er að bera upp á sker vegna þeirra ótrúlegu vinnubragða sem viðhöfð eru í stjórn þess útvegs, þeirrar atvinnugreinar undir og á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar. En menn eiga eftir að þreifa á öðru, það er eitt sem víst er, í sambandi við þau mál og það er ekki langt undan án þess að ég ætli að gerast neinn sérstakur spámaður í þeim efnum.

Ég fer einnig að efast um að hæstv. ríkisstjórn og fjármálayfirvöld geri sér neina grein fyrir því til hvers á að beita fjárlögum þjóðfélagsins eða að fjármálayfirvöldin neita að taka mark á því. Ég er þeirrar skoðunar aftur á móti að beiting fjárlaga á þenslutímum sé aðaltækið sem ríkisstjórn á hverjum tíma hefur til þess að draga úr spennu og ráða við að efnahagsmálin sígi ekki á ógæfuhlið. Og að ég skuli vera þessarar skoðunar um málið og viðhorf ráðandi manna í fjármálum ríkisins kemur til af því að ekki er að sjá að nein viðbrögð séu höfð uppi til þess að bregðast við þeim vanda sem við blasir.

Fjárlögin, forsendur fjárlaga, segir hæstv. ríkisstjórn, og tilgangur þeirra, sé að draga úr spennu, sporna við viðskiptahalla, draga úr verðbólgu, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja stöðugleika. Menn ættu að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort ekki sé stöðugleiki hér. Eftir þessum orðum þarf víst að tryggja hann á nýjan leik. En menn eiga auðvitað að leita þangað sem svör er að fá.

Hvernig lítur svo dæmið út um beitingu fjárlaganna eða afgreiðslu þeirra? Undirstöðuatriði er að draga úr útgjaldahlið fjárlaga og alveg miskunnarlaust eins og nú horfa við sakir. Í fjárlagafrv. fyrir þetta ár sem er að líða, þegar það var lagt fram, var gert ráð fyrir tæplega 210 milljarða útgjöldum. Fjárlagafrv. nú er 239 milljarðar og hækkun þess vegna milli frumvarpanna um 14% tæp. Og fjárlög þau sem við búum við nema nú 219 milljörðum, námu 219 milljörðum við afgreiðslu í desember í fyrra. Síðan hafa menn valsað um og gengið í sjóðinn og fengið sér hnefa með því að eyða heimildalaust nærri 15 milljörðum, eins og kom í ljós við afgreiðslu á frv. til fjáraukalaga. Og þá þýðir það að frá árinu 2000 hefur hækkun orðið á útgjaldahlið fjárlaga árið 2000 og er orðin á yfirstandandi ári 20% milli þessara tveggja ára. Hvorki meira né minna.

Það er ekki verið að draga úr spennu með þessum ósköpum. Spurningin er auðvitað: Hvernig stendur á þessu? Ég hef haldið því fram að það sé vegna þess að menn vilji halda því að þjóðinni að hér sé áframhaldandi góðæri og allar efnahagsforsendur í besta lagi. Og það er kannski ekki von að menn ráði við það að taka tillit til hinnar alvarlegu stöðu þegar þessu er haldið að þeim af sólinni miklu.

Hvað svo um frv. til fjárlaga fyrir næsta ár? Það var við framlagningu 241,4 milljarðar kr. Ef við tökum töluna frá fjárlagafrv. í fyrra, þá er það 22,4% hækkun. Milli fjárlagafrv. fyrir árið sem er að líða og frv. sem lagt er fram fyrir næsta ár er 10% hækkun. Að jafnaði er það svo að eigi bregður mær vana sínum. Miðað við þann sóðaskap í meðferð fjármálanna sem við stöndum frammi fyrir og fjármálayfirvöld leyfðu sér á síðasta ári er ekki ofætlað að gera ráð fyrir einum 15 milljörðum sem þeir tækju til sín og sóuðu án heimilda á næsta ári. Þá er hækkunin milli þessara tveggja ára, útgjaldahliðar fjárlaga í ár og þess sem gert er ráð fyrir og má gera ráð fyrir á næsta ári, 17% hækkun. Sem sagt allt á hverfanda hveli, svo ekki sé kveðið fastar að orði.

Frsm. og formaður fjárln. gat þess, að því mig minnir, að mikið hefði gengið á fjárlagagerðinni. Það undrar nú engan sem fylgst hefur með því þótt úr fjarlægð sé. Þeir grúfðu sig yfir það í fjárln. í allt haust að gera tillögur um breytingar á frv. eins og það var lagt fram. Í ljós kom, þegar leið að lokum, að þeir höfðu aukið við útgjöldin um yfir 2 milljarða kr.

Á þessum spennutímum sem formaðurinn talar um að þurfi að bregðast hart við til þess að draga úr spennu, verðbólgu, viðskiptahalla o.s.frv., þá stjórnar hv. þm. því nú að hækkun var lögð til. Svo er mönnum tilkynnt í beinni útsendingu í Silfri Egils að til standi að draga saman útgjaldahlið fjárlaga — skera niður. Nú hefur verið unnið að því, á náttfötunum eins og hv. formaður gat sérstaklega um, og niðurskurðurinn nemur nokkurn veginn þeirri fjárhæð sem þeir áður höfðu lagt til, meiri hluti fjárln., að yrði aukið við á fjárlögum. Menn byrja því á upphafinu á nýjan leik, með þá útgjaldahlið fyrir framan sig sem gert var ráð fyrir í frv. eins og það lá fyrir í fyrstu, þegar það var lagt fram.

Það er satt að segja mjög undarlegt að sjá þvílík vinnubrögð. Ég rifja það upp að ég hygg að ég hafi haft gömul kynni af vinnubrögðum fjárveitinganefndar, eins og hún hét þá, og mér næst að halda að vinnubrögð á borð við þetta séu fordæmalaus, séu með öllu fordæmalaus.

Og hvað er svo verið að fikta við? Það birtist á forsíðu Fréttablaðsins í gær að þeir sem ættu að borga væru námsmenn og sjúklingar. Ég ætla nú ekki að fara mörgum fleiri orðum um það háttalag, en það er ekki tekið á neinum lið af neinni alvöru. Það er fiktað við þetta fram og aftur og borið niður á þeim stöðum sem síst skyldi að vísu, en um átak til þess að bregðast við hættunni og erfiðleikunum er ekki að ræða.

En gæluverkefnin fá að halda sér og eins og til þeirra hefur verið stofnað. NATO-fundur upp á fleiri hundruð milljónir kr. og það er of seint að rifja upp annað eins fyrirbrigði og stofnun sendiráðs í Japan fyrir 1.000 millj. kr.

Nei, þeim forsendum sem fyrir þessu frv. lágu og ég rifjaði hér upp, þ.e. að mæta þeim vandamálum sem við blasa, er ekki veitt nein viðspyrna, engin viðspyrna gegn því erfiða og hættulega ástandi sem við búum við. Tilgangurinn eins og hann birtist frá hæstv. ríkisstjórn nær ekki fram að ganga, enda hlýtur hann að vera settur fram til málamynda.

Frjálslyndi flokkurinn varar við þessum vinnubrögðum. Hann mun engan þátt taka í lokaafgreiðslu fjárlaganna, hann vill engan hlut eiga þar að og til engrar ábyrgðar verða kallaður fyrr eða síðar.

[14:37]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Nú við 3. umr. um fjárlög setja að sjálfsögðu svip sinn á umræðuna þær tillögur sem hér liggja fyrir í bandormsformi og eiga formlega að koma til umræðu á morgun svo og sú niðurstaða að lækka nokkuð þau útgjaldaáform sem gerð var grein fyrir þegar fjárlagafrv. kom hér fyrst til umræðu.

Það sem ég vil fyrst og fremst segja um þetta er að þessi niðurskurður er ákaflega lítill. Menn verða að átta sig á því hvernig hann er til kominn. Menn ákváðu að bregðast strax við nú í haust þegar ljóst var að tekjurnar mundu kannski ekki verða nákvæmlega eins og við ætluðum í upphafi, að útlitið væri verra en menn hefðu gert ráð fyrir í upphafi.

Það er alveg rétt sem margir hafa sagt um þessar tillögur að mun æskilegra hefði verið að þær hefðu að mestum hluta eða öllum fjallað um niðurskurð á rekstri. Ég er alveg sammála á því. En niðurskurður á rekstri ríkisins er hlutur sem þarf mikinn undirbúning. Sex til tólf mánuðir mundi ég ætla að væri réttur aðdragandi að því, ef sá niðurskurður á að vera raunhæfur og ekki bara sýndarmennska. Þær tillögur sem hér liggja fyrir bera því vitni að vera aðgerðir sem gripið er til með skömmum fyrirvara. Þær hefðu miklu frekar átt að vera um reksturinn. Vonandi verður svo að menn horfist í augu við að lækka verður rekstrarkostnað ríkisins. Hann hefur vaxið gríðarlega mikið og það er ekki ástæða til að halda því áfram.

Ég hef áður gert það að umræðuefni hvernig launakostnaður ríkisstarfsmanna hefur vaxið. Við það hefur hvað eftir orðið uppi fótur og fit, menn hafa staðið hér upp og mótmælt því. Það er sjálfsagt að menn mótmæli en þá ég bið þá sem mótmæla því að koma mótmælum sínum á framfæri við þær stofnanir sem annast það að gera hér tölfræðirannsóknir, til Seðlabankans, Þjóðhagsstofnunar, Hagstofunnar eða kjararannsóknarnefndar, en vera ekki að mótmæla mér vegna þess að niðurstöðum allra þessara stofnana ber saman.

Laun ríkisstarfsmanna miðað við 100 stig árið 1990 eru í dag á þriðja ársfjórðungi þessa árs 209,6 stig á móti 173,2 á hinum almenna markaði. Ég ætla að ítreka það enn einu sinni, herra forseti, að þetta má ekki halda svona áfram. Þetta má ekki undir neinum kringumstæðum halda svona áfram. Með allri virðingu fyrir því góða fólki sem vinnur hjá ríkinu, með allri virðingu fyrir því duglega, vel menntaða og metnaðarfulla fólki sem vinnur hjá ríkinu og leggur sig eflaust allt fram í sínu starfi, þá verða menn og mega vita það að ríkisstarfsmenn geta aldrei vænst annarrar launaþróunar og annarrar kjaraþróunar en það fólk sem vinnur við framleiðsluna í landinu. Þetta má bara ekki halda svona áfram, það má bara ekki. Ég minni menn á að á þessu er aldrei neinn endir. Við erum aldrei búin að semja við þessa hópa.

Ef menn vilja leggja eyrun við, þá má svo sem heyra hófadyninn. Það eru riddarasveitir læknafélaganna sem núna eru að nálgast. Er einhver undankoma? Nei, það er engin undankoma. Menn komast ekki hjá því að láta sverfa til stáls og það verður þá einu að gilda hvar það endar. Við megum ekki halda þessari þróun áfram, ríkinu og sveitarfélögunum leyfist það ekki. Menn verða að gera sér grein fyrir að þessi þróun á Íslandi á undanförnum árum er háskaleg. Hlutfall launa í þáttatekjum þjóðfélagsins er núna 65% og hefur stöðugt farið hækkandi á undanförnum árum. Ef við lítum á hagsöguna, förum svona 30 ár aftur í tímann, þá er eitt dæmi þess að hlutfall launa hafi verið svo hátt. Það var árið 1988. Þá fór hlutfallið upp í 66,4% og ég vona, herra forseti, að allir muni hvernig fór þá. Það fór illa þá. (**Gripið fram í:** Hver ber ábyrgðina?)

Þeir sem bera ábyrgðina eru þeir sem semja á launamarkaði. Auðvitað er ábyrgðin sveitarfélaganna og ríkisins, auðvitað er hún þeirra. Þeim leyfist ekki að gera kjarasamninga sem eru umfram það sem atvinnuvegirnir geta borgað fólkinu í landinu. Við verðum því að horfast í augu við að núna gildir það eitt að stöðva þann vöxt í rekstrarkostnaði ríkisins sem verið hefur um árabil. Það verður að gerast sama hvað það kostar.

Samneyslan í landinu hefur farið vaxandi, sérstaklega hin síðari ár og hún er að nálgast rétt u.þ.b. 24% af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall hefur yfirleitt legið í 21% og á að vera þar. Ef það hækkar svona gríðarlega verða menn að horfast í augu við það að eitthvað lætur undan, annaðhvort fjárfestingin eða þá kaupmátturinn í landinu. Það er ekkert annað sem getur látið undan. Það eru ekki nein önnur skipti, það er þá einkaneyslan. Þetta er því svona.

Við erum að afgreiða fjárlög og hið sama gildir um ríkisútgjöldin, hlutfall launa í ríkisútgjöldum hefur farið vaxandi. Við verðum að stöðva þá þróun hvað sem tautar og raular. Þó svo gæfulega hafi viljað til á undanförnum árum að ríkið hafi ekki aukið skuldir sínar erlendis, það hefur verið okkar aðalgæfa, þá verðum við að horfast í augu við að þessi þjóð er gríðarlega skuldug. Hún skuldar 600 milljarða, þessi litla þjóð með aðeins 280 þús. íbúa. Þó að ríkið hafi til allrar hamingju ekki verið að auka skuldir sínar skulum við minnast þess hvað er að veði fyrir þessum skuldum. Það eru jú bankarnir, lífæðar þjóðfélagsins og framleiðslutækin.

Það er eins gott að menn geri sér grein fyrir því hver staðan er og eins gott að ekkert komi fyrir. Það er engin ástæða til annars en að horfast í augu við að okkur hefur gengið vel, okkur hefur farnast vel. Lífskjör í landinu eru góð og mikil atvinna en við verðum að fara varlega. Við höfum dæmin um að okkur hafi mistekist vegna þess að við höfum verið kærulaus.

Herra forseti. Nokkur orð um störf fjárln. Það hefur valdið mér vonbrigðum að jafnvel þingvanir menn virðist jafnvel ekki gera sér grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin vinnur með þingmeirihluta sínum. Að sjálfsögðu vinnur meiri hluti fjárln. með sinni ríkisstjórn. Að sjálfsögðu er sá siður, sem hefur verið hér að ég ætla alla tíð, að ríkisstjórnin, sem er flutningsmaður fyrir stjfrv. — fjárlagafrv. er stjfrv. — hafi áhrif á það og hafi meiningar um hvernig það eigi að líta út og kemur því með margar breytingartillögur meðan frv. er til umfjöllunar. Ríkisstjórnin snýr sér til þingnefndarinnar og biður hana að flytja brtt. sína. Ég hélt að öllum væri þetta ljóst en það virðist ekki vera og því er rétt að fara yfir þetta. Þetta eru sameiginlegar brtt., sameiginlegar tillögur meiri hluta fjárln. og ríkisstjórnarinnar. Það er mjög nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því.

Hins vegar er öllum frjálst, herra forseti, eins og menn vita að flytja sínar tillögur. Öllum er frjálst að gera það. Þeir sem telja sig ekki þurfa á fulltingi ríkisstjórnarinnar eða meiri hluta fjárln. að halda geta náttúrlega flutt tillögur sínar sjálfir, t.d. forseti Alþingis. Það er ekkert að því að hann flytji tillögur sínar sjálfur. Ekki hefði ég á móti því, herra forseti, að sú skipan kæmi að þeir flyttu bara sínar tillögur. Þá gætu hv. þm. greitt atkvæði um þær ef þeir vildu, hvernig sem þeir vildu. Ég á ekki von á að það verði breyting í þá átt en ég nefni þetta.

Til viðbótar við störf nefndarinnar er rétt að ítreka og fara yfir að að sjálfsögðu veitir þingið áheyrn, tekur á móti erindum frá gríðarlegum fjölda félagasamtaka og einstaklinga. Flestir ef ekki allir eru þeir að vinna sjálfboðaliðastarf fyrir þetta þjóðfélag til gagns og blessunar. Í mínum huga er klárt að stór hluti af farsæld Íslands er hversu yfirgripsmikið sjálfboðaliðastarf á sér stað hér. Þingið hefur alla tíð séð sóma sinn í að reyna, þó ekki væri nema á táknrænan hátt, að styðja

þessi samtök, alls konar samtök sem vinna að félagsmálum, líknar- og heilbrigðismálum og talið af því sóma. (**Gripið fram í:** Og kirkjuna.) Já, kirkjuna ekki síst. Ég vil hafa orð á þessu vegna þess að sumum hafa þótt þunnar tillögurnar sem hafa komið hér fram.

Við höfum oft styrkt hið mikla og góða starf björgunarsveitanna, hið ómetanlega starf sem þær sinna. Við höfum líka tekið þátt í því að reyna að styrkja með öllum ráðum baráttuna gegn eiturlyfjum. Í okkar huga er það grafalvarlegt mál þegar við styrkjum björgunarsveitirnar t.d. til þess að geta átt leitarhunda eða að styrkja hundahald í þeim tilgangi að berjst gegn eiturlyfjunum. Okkur finnst það grafalvarlegt mál og eðlilegt að styrkja það, og ekkert fyndið við það á nokkurn hátt, alls ekki.

Ég tel líka rétt að hafa orð á því hér að það er eitt stílbrot í þessum tillögum okkar frá því sem hefur verið undanfarin ár, en fjárln. hefur á undanförnum árum að eigin frumkvæði lagt til nokkra peninga til að auka skógrækt á Íslandi. Í því sambandi hefur tekist að koma nokkru fé í skógræktarverkefni hingað og þangað um landið. Gert hefur verið átak í skógrækt um allt land og er ekki vafi, herra forseti, að þetta hefur verið giftusamlegt og til gæfu.

Hins vegar er það svo að fjárln. getur ekki ár eftir ár staðið fyrir hækkunum á þessum liðum. Það verður að líta svo á að þær fjárhæðir sem núna eru veittar til landshlutabundinna skógræktarverkefna verði óbreyttar nema til komi stuðningur frá landbrn.

Einnig er ástæða til þess að nefna, af því að það hefur komið til nokkurrar umræðu varðandi þann bandorm sem hér kemur til formlegrar umræðu á morgun, að Ísland ver gríðarlega háum fjárhæðum — alveg sama hvernig það er mælt og yfirleitt er samanburðurinn á milli landa gerður sem hlutfall af vergri landsframleiðslu — hærri hlutfallstölu en flest önnur Evrópuríki til heilbrigðismála. Erum við þó mjög ung þjóð í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir. Við erum hærri en nærri því allar Evrópuþjóðir, í alhæsta kanti. Hins vegar, ef við berum saman þennan kostnað við Evrópuþjóðirnar og allar OECD-þjóðirnar, þá er það gegnumgangandi að í öllum ríkjum Evrópu er kostnaður þeirra sem njóta þjónustu heilbrigðismála nokkurn veginn sá sami í öllum ríkjum Evrópu eða um 2% af vergri landsframleiðslu, en miklu hærra í Bandaríkjunum. Það er miklu réttara að miða við Evrópu. Ísland sker sig úr öllum öðrum Evrópuríkjum. Á Íslandi er hlutdeild sjúklinga 1% af vergri landsframleiðslu. Einstaklingarnir borga hér hlutfallslega helmingi minna í heilbrigðiskostnaðinn en sjúklingar í öðrum Evrópuríkjum. Það er rétt, herra forseti, að minna á þetta og fara yfir þannig að mönnum sé þetta kunnugt.

Við 2. umr. gerðu menn nokkrar athugasemdir við að eitthvað skorti á fagleg vinnubrögð þar sem við værum að gera tillögur um að veita smápeninga til nokkurra menningartengdra ferðaþjónustuverkefna vítt um Ísland eins og við höfum gert á undanförnum árum. Ég fullyrði, herra forseti, að öll þessi verkefni eru mjög faglega unnin, öll gögn um þau liggja fyrir og bestu menn á hverju sviði, mestu fagmenn og bestu menn Íslands koma að því eins og sjá má ef við skoðum þessi gögn. Þannig að engin hætta er á skorti á fagmennsku. En þessi sjónarmið koma stundum fram, í Reykjavík aðallega hjá sjálfskipuðum menningarvitum, að úti á landi séu ekki fagleg vinnubrögð, þar sé eitthvað annað. Það er rangt og rétt að undirstrika það.

Að lokum, herra forseti, er rétt að benda á að nokkrar umræður hafa orðið um tekjuhlið þessa frv. Menn hafa ekki verið á eitt sáttir um hana og bent á það að tekjuspárnar væru misvísandi. Það er ekki óeðlilegt þó að tekjuspárnar séu misvísandi á slíkum óróleika- og óvissutímum sem við lifum núna. Það er eðlilegt að þar sé misvísun. En hvernig svo sem veruleikinn verður á næsta ári og þar næsta, hvort hinar svartsýnu spár reynast réttar eða hinar bjartsýnu, hvort sem ástand og horfur fyrir þetta þjóðfélag eru sæmilegar, góðar eða slæmar, þá er alveg þarflaust að kýta um það hér. Það er alveg sama á hvorn veginn þetta fer á næstu missirum eða mánuðum, verkefnið verður alltaf hið sama. Verkefnið er óumflýjanlegt, þ.e. að við verðum að vinna að því og vanda í alla staði það verk að stöðva útþenslu ríkisins og koma í veg fyrir þá þróun sem verið hefur. Við þurfum að vinna að því á raunhæfan og heilbrigðan hátt eins og vel er hægt að gera, að kostnaðarhlutföll ríkisins lækki.

[14:58]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson deilir á kjarasamninga opinberra starfsmanna, segir þá hafa fengið hlutfallslega of stóran skref af kökunni. Þá spyr ég: Er það ekki rétt að þeir sem semja fyrir hönd ríkisins, eru á ábyrgð ríkisstjórnar og fyrst og fremst á vegum hæstv. fjmrh.? Hvern er hv. þm. í raun að skamma ef ekki ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh.? Þeir fá skammirnar, heyrist mér. Ég spyr hvert hann beinir átölum sínum. Er verið að skamma þessa aðila?

Síðan talar þingmaðurinn um svartsýna og bjartsýna spá. Ég segi bara, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og virðulegur forseti, að það ætti að fara að spám okkar jafnaðarmanna. Þær hafa verið raunsæjar.

[14:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað kom það skýrt fram í máli mínu að þeir sem semja bera ábyrgð á því ... (**GE:** Fjmrh.) Á undanförnum mánuðum, missirum og árum hefur aldrei komið svo til kjaradeilna að stjórnarandstaðan hafi ekki komið hér og efnt til sérstakrar umræðu til þess að krefjast þess að fjmrh. semji og gangi að eðlilegum, hóflegum og sanngjörnum kröfum sem uppi hafa verið. Það er stjórnarandstaðan sem hefur gert það og svo getur hún sakað ríkisstjórnina um orðinn hlut.

Það er alveg rétt. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessu en hver var þeirra hlutur, herra forseti? Hann liggur alveg fyrir. Menn skulu átta sig á því að við höfum farið óvarlega og það verður að draga það fram vegna þess að í framtíðinni verðum við að miða við það eitt að fara varlegar og rétt að, passa upp á að ríkisútgjöldin og laun ríkisstarfsmanna hækki eins og annarra.

[15:00]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta eru naumast skýr svör. Það á að kenna — hverjum? — stjórnarandstöðunni um núna þegar illa fer vegna þess að við höfum komið með sanngjarnar og réttlátar ábendingar um að það eigi að reyna að koma í veg fyrir verkföll og í veg fyrir töf á vinnumarkaði vegna kjarasamninga og vegna verkfalla. Við höfum aldrei sagt að það ætti að ganga að þeim kröfum sem settar eru fram, aldrei nokkurn tímann. Við höfum aðeins sagt að það eigi að semja, það á bara að semja. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁS): Ég var ekki að bjalla á hv. ræðumann. Ræðumaður á 24 sekúndur eftir ef hann vill ljúka. Ég var hins vegar að biðja þingheim um að hafa hljóð.)

Þetta er það sem kristallast í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hann er að skamma ríkisstjórnina og númer eitt hæstv. fjmrh. fyrir að hafa ekki gætt nægjanlega vel að hagsmunum ríkisins í þessum samningum. Og svo á að kenna stjórnarandstöðunni um. Heyr á endemi.

[15:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður minnst á það í þessum ræðustól að Alþýðusamband Íslands hefur gengið fram af mikilli ábyrgð í launamálakröfum sínum allan síðasta áratug, allir farið þar saman og samið með tilliti til hagsmuna þjóðfélagsins í heild.

Ríkisstarfsmenn hafa ekki haft uppi þau vinnubrögð. Þeir hafa farið í hverju félagi fyrir sig, hvert og eitt, að krefjast launa fyrir sig og umbjóðendur sína í engum takti við það sem verkafólk þessa lands hefur sætt sig við. Það eru þessi vinnubrögð og þessi saga sem ég er að vekja athygli á til að biðja menn að forðast að halda þeim áfram.

[15:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hv. þm. að gefa ræðumanni tilhlýðilegt hljóð.)

talaði um að það væri of lítill niðurskurður, það þyrfti að skila meiri afgangi. Því erum við sammála. Í tillögum okkar erum við að skila meiri afgangi. En hvar bitnar niðurskurðurinn hjá þessari ríkisstjórn, á hverjum bitnar hann? Hver er að borga afganginn hjá þessari ríkisstjórn? Það eru sjúklingar, það eru námsmenn og það eru fatlaðir. Það er allt í lagi að spara og fara vel með almannafé en það á ekki að bitna á velferðarkerfinu. Þannig forgangsraðar þessi ríkisstjórn. Hún er að auka álögur á sjúklinga um 200–300% í sérfræðiþjónustunni. Sérfræðilæknisþjónustan hækkaði í sumar og nú er hún að hækka enn þá meira og hámarksgreiðslan áður en fólk fær afsláttarkort hefur líka verið að hækka, hækkaði um 50% í sumar, þannig að það eru verulega auknar álögur á sjúklinga í þessu fjárlagafrv.

Ég spyr hv. þm.: Er það þannig sem (Forseti hringir.) þessi ríkisstjórn er að forgangsraða, að láta sjúklinga, (Forseti hringir.) fatlaða og námsmenn greiða þennan fjárlagaafgang?

(**Forseti** (GÁS): Ég bið þingmenn um að virða tímamörk.)

[15:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður farið yfir það í ræðu minni og bent mönnum á það hvernig kostnaðarskipting er á Íslandi miðað við öll önnur Evrópuríki. Sjúklingar borga hér hlutfallslega helmingi minna en í öðrum Evrópuríkjum.

Ég hef líka farið yfir það áður að hlutdeild hins opinbera á Íslandi í heilbrigðismálum er mjög mikil. Gríðarlega miklum peningum er veitt til þessa málaflokks. En ég get tekið undir það með öllum öðrum hv. þm. hér og nú og fyrir 5 árum, 10 árum og 15 árum að það er ástæða til að fara yfir það hvernig við verjum þessum peningum, hver stjórn okkar á heilbrigðismálunum er, hvernig þeim er varið. Allar þjóðir Evrópu eiga við þennan vanda að stríða.

Tilhneigingin til þess að peningarnir fara allir í hátækni og viðgerðarþjónustu er alls staðar rík í staðinn fyrir að koma peningunum niður í heilbrigðiseftirlitið.

[15:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. þm. á að við Íslendingar greiðum hærri skatta vegna þess að við viljum borga skatta til þess að þurfa ekki að vera að borga þegar við erum orðin veik, þegar við þurfum á heilbrigðisþjónustu að halda. Það er vilji almennings. Það hefur verið fundið út í skoðanakönnunum að menn vilja borga hærri skatta til að ekki sé verið að rukka fólk þegar það er orðið sjúkt og getur ekki aflað tekna lengur eða þegar það er orðið fatlað.

Ég minni líka á að niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar munu hafa þau áhrif að þjónusta í heilbrigðiskerfinu mun dragast saman. Ég bendi bara á Landspítalann. Þar mun þjónusta dragast saman og við munum missa hæfa starfskrafta úr landi með þessu áframhaldi ef tillögur ríkisstjórnarinnar verða að veruleika. (Gripið fram í.) En við viljum koma í veg fyrir það. Við borgum mjög háa skatta og við þurfum ekki að skera niður í velferðarkerfinu til að skila meiri tekjuafgangi á þessum fjárlögum. Skoðið bara tillögur Samfylkingarinnar sem liggja hér á borðunum.

[15:06]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslendingar eru til allrar hamingju að borga lægri skatta en aðrar þjóðir, sérstaklega skandinavísku þjóðirnar. Eigi að síður er Ísland að verja hlutfallslega meiri peningum miðað við þjóðarframleiðslu til heilbrigðismála heldur en Danir, heldur en Finnar, heldur en Þjóðverjar o.s.frv. Þeir peningar sem okkur kann að vanta — ég er ekki að gera lítið úr vanda sjúkrahúsanna, það er stjórnunarvandamál, við erum að missa alla peningana alveg eins og hinar þjóðir Evrópu upp í hátæknina sem er svo rosalega kostnaðarsöm í staðinn fyrir að koma peningunum fyrir í grunnþjónustunni. Þetta er vandamál á Íslandi, þetta er vandamál um alla Evrópu. (Gripið fram í.)

[15:07]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. varaformanns fjárln. að hann hafði áhyggjur af skuldasöfnun þjóðarinnar upp á 600 milljarða. Þann tíma sem ég hef verið á þingi hefur verið varað mikið við þessari skuldasöfnun í útlöndum. En hingað til hafa stjórnarsinnar varið hana með því að segja: Ríkið er að minnka skuldirnar, það gerir ekkert til að fyrirtækin í landinu safni skuldum í útlöndum.

Ég spyr því hv. þm.: Er hann fyrst að átta sig á því núna og hafa áhyggjur af því núna að íslenska þjóðin með bankakerfi sínu og peningakerfi er ábyrg fyrir þessari skuldsetningu í útlöndum?

[15:08]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg upplýst að það er ekki svo. Ég er ekki fyrst núna að hafa áhyggjur af því. Það er rétt sem hefur farið fram í umræðunum á undanförnum árum, ríkið hefur til mikillar blessunar verið að passa sig og ekki aukið skuldir sínar á undanförnum árum heldur minnkað þær. En íslenska þjóðfélagið hefur verið að gera það á ábyrgð banka, á ábyrgð einstaklinga og félagasamtaka og ég er aðeins að segja það sem ég held að hver einasti maður viti. Við höfum mikla tilhneigingu, Íslendingar, til þess að fara óvarlega í peningamálum. Það hefur margsinnis komið yfir okkur að

við erum að fara óvarlega. Og þjóð sem skuldar svo mikið þó að ríkið sé ekki í beinni ábyrgð á því verður að passa sig og fara varlega. Ég sagði áðan, herra forseti: Það er eins gott að það komi ekkert fyrir vegna þess að við erum jú ein þjóð. Þetta hefur öllum verið ljóst og hefur alltaf verið ljóst.

[15:09]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti flett upp í mörgum þingræðum þar sem stjórnarsinnar vörðu þessa lántöku í útlöndum með því að það mundi aldrei fara svo að íslenska efnahagskerfið yrði ábyrgt fyrir henni. Þeir héldu, stjórnarsinnar, alveg þangað til núna að þetta væru allt peningar sem mundu bara tapast í bankakerfi heimsins. Og það er gott ef hv. stjórnarsinnar, og þar á meðal hv. varaformaður fjárln., eru farnir að átta sig á því að þetta er alvarlegur hlutur. Það er gott en það er of seint.

Er það ekki þannig, virðulegur forseti, ég spyr hv. varaformann fjárln.: Er það ekki umgerðin sem hæstv. ríkisstjórn hefur skapað síðustu 10 ár sem er að framkalla þann vanda sem við erum að glíma við núna? Það þýðir ekki að ráðast bara á launin, er það? Er það ekki umgjörðin sem gerir það að verkum að menn fara vítt og breitt um og allt fer úr böndum? Það hefur ekki verið haldið á málum, er það, eins og efni stóðu til.

[15:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var 1995 sem við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar með var frjálst fjármagnsflæði staðreynd. Menn höfðu ekki leyfi eða getu áður fyrr til þess að ganga svo um í útlöndum að sækja sér fé eins og hefur verið gert síðan. Þetta er það frelsi sem við höfum fengið og þetta frelsi verður ekki aftur tekið. En menn verða að fara varlega og við höfum eflaust hagað okkur á umliðnum árum eins og kálfar á vorin, loksins þegar menn sluppu út. Ég efast ekkert um það. Ég vona að sú ræða hafi aldrei verið haldin að menn segðu að þetta gerði ekkert til. (**ÁSJ:** Jú.) Ja, það finnst mér mjög leiðinlegt ef einhver hefur haldið þá ræðu. Það er allt í lagi að fletta upp á henni vegna þess að sannarlega hefur öllum verið það ljóst alla tíð að þetta er ein þjóð og óvarleg skuldsetning getur komið niður á henni eins og dæmin sanna um litlar þjóðir í sögunni sem hafa misstigið sig í efnahagsmálum. Það eru ljótar og leiðinlegar sögur og ég ætla bara rétt að vona að það liggi ekki fyrir Íslendingum í framtíðinni.

[15:12]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varaformaður fjárln. tók það fram að niðurskurðurinn svokallaði væri ákaflega lítill. Hv. varaformaður fjárln. er annar áhrifamesti þingmaðurinn um gerð og frágang fjárlaga hverju sinni. Ég gæti haldið svipaða ræðu sem fulltrúi stjórnarandstöðu eins og hann hélt hér.

Hann talar að vísu með Albaníustíl löngum og löngum. En hvað liggur eftir þennan næstmesta valdamann í fjárln.? Hvað liggur eftir hann annað en þessar sanngjörnu og góðu ræður sem hann flytur? Hann segir að niðurskurðinn í fjárln. hafi borið að með skömmum fyrirvara. Það er svo. Hann vann frá 1. október og alveg fram að Silfri Egils 25. nóvember í því að auka við útgjöldin. Hvað svo um alla þessa nauðsyn þarna sem er um að tefla?

[15:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki alveg ljóst í hverju þetta andsvar var fólgið. En hitt er annað mál að við gerð og undirbúning og vinnuna í kringum fjárlagafrv. er fjárln. að störfum og vinnur með ríkisstjórn sinni. Það hefur alltaf gerst að á þeim tíma hafa orðið kostnaðarbreytingar, tillögur um nýjan kostnað komið fram o.s.frv. Menn hafa verið að færa þetta fram og til baka.

Að gefnu tilefni, af því að ég hef skoðað það nokkur ár aftur í tímann hverjar þær litlu tillögur sem fjárln. hefur starfað að og sumir kalla dekurverkefni þingsins, þ.e. stuðningur við félagasamtökin, heilbrigðismálin og menningarmálin á Íslandi, ætla ég að rifja það hér upp að þær hafa á síðustu árum numið þetta frá 0,1%–0,116%. Þetta eru hinar miklu hækkanir sem fjárln. og Alþingi eru að vinna að á haustin. (**ÁRJ:** Er þetta eina vinnan?) Eina? Tókstu það þannig?

[15:14]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvar mitt var í því fólgið að upplýsa það sem hann virðist reyna að dylja, hv. þm., að hann ber fullkomna ábyrgð á stöðu fjármálanna og afgreiðslu þeirra hverju sinni, meira að segja næstmesta ábyrgð allra þeirra sem eiga sæti á hinu háa Alþingi. Hann setur á tölur um það að ófarnaðurinn í launamálum landsins sé allur opinberum starfsmönnum að kenna. Hann vill ekki taka mark á því sem ég hef áður bent á. Hvar var hann þegar ákveðið var að hækka laun þingmanna daginn eftir síðustu kosningar? Dettur honum í hug að það hafi ekki verið fyrirmynd?

Nei, athugasemdir verða menn að gera við það þegar næstvaldamesti maðurinn í fjármálum setur hér á tölur til þess að reyna að skjóta sér undan ábyrgð sinni, talar að vísu um að ríkisstjórnin beri ábyrgð með fjárln. Þó það nú væri. Um það þræta menn ekki.

[15:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er slæmt ef einhver hefur skilið mál mitt þannig að ég teldi að ég bæri ekki ábyrgð. Auðvitað berum við sameiginlega ábyrgð á fjárlögunum, ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn. Það hefur aldrei farið milli mála.

Ég vil gera athugasemd, herra forseti, ég hef ekki vitað það fyrr að það væri að skjóta sér undan ábyrgð að segja rétt og satt frá því að við höfum gert mistök. Er það að skjóta sér undan ábyrgð að horfast í augu við það að launaþróun opinberra starfsmanna hefur verið mjög óhagstæð? Er það að skjóta sér undan ábyrgð að segja frá því að kostnaðarhlutdeild ríkisins hefur vaxið? Er það að skjóta sér undan ábyrgð að benda á það að samneyslan hefur vaxið hér allt of mikið? Er það að skjóta sér undan ábyrgð að fara yfir þetta og segja frá þessu og tala um það um leið og menn vara við og segja: Við höfum dæmin úr íslenskri hagsögu um það að fari menn svo óvarlega getur farið illa? Það er ekki að skjóta sér undan ábyrgð, herra forseti, það er einmitt að taka á sig ábyrgð, að koma fram, segja frá því sem mistekist hefur, segja frá því sem hefur verið gert rétt, segja frá því sem hefur verið gert rangt, viðurkenna það og horfast í augu við það. (Gripið fram í.)

[15:17]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og venjulega þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur talað hér, þá lifnar mjög yfir

umræðunni enda er ræðan væntanlega hugsuð til að hressa þingsalinn örlítið við.

Ræðan er að vísu æðioft býsna lík fyrri ræðum og svipað er alltaf innihaldið en ég vil nota tækifærið, herra forseti, og fá örlitla söguskýringu hjá hv. þm. Hann fjallaði nokkuð um launaþróun opinberra starfsmanna og það er auðvitað rétt hjá honum að í launaþróun opinberra starfsmanna er líklega svona 20% munur sl. fimm ár í samanburði við hinn almenna markað. Það er spurning hvort hv. þm. getur ekki upplýst okkur um það hvenær þessi þróun hófst og hvað það var sem kom henni af stað. Það vill svo til að við höfum a.m.k. fulltrúa annars viðsemjandans í þessu húsi þannig að það ætti að vera hægt að fjalla eitthvað um hlut þess aðila, hinir eru jú fjarstaddir. Það væri býsna skemmtilegt ef hv. þm. gæti rifjað upp með okkur hvað hann telur að hafi komið þessari þróun af stað.

[15:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg óþarfi að ég noti þessa mínútu til að rifja það upp en ég skal minna þingmanninn á að í fjárlagafrv. 2000, við fjárlagafrv. 1999 og við fjárlagaafgreiðslu 1998 fór ég nákvæmlega í gegnum þetta, gagnrýndi lið fyrir lið hvað hafði verið gert rangt, gagnrýndi mjög mikið þegar ríkið, hið opinbera, hætti og afnam þá aðferðafræði sem alltaf hefur verið viðhöfð í samningum, að hnýta hnútana fyrst og semja svo. Menn geta flett þessu upp í þingræðum ár eftir ár.

[15:19]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var staðfest sem ég var að vona, að hv. þm. hefði ekki gleymt hvernig þetta hófst og það er auðvitað ánægjulegt og ég vona að hann lesi þessar ágætu ræður sínar kvölds og morgna eða ætíð þegar hann fer að hafa áhyggjur af því að gleyma einhverju úr þeim.

En, herra forseti, hv. þm. sagði ýmislegt fleira og m.a. það að þær tillögur sem nú lægju fyrir frá ríkisstjórninni og meiri hluta fjárln. hefðu verið unnar með skömmum fyrirvara og þær bæru þess merki. Það er auðvitað spurning hvort þetta segi ekki ansi margt um tillögurnar, þær bera þess einmitt mjög vel merki að vera unnar með skömmum fyrirvara. Það er með ólíkindum vegna þess að það hefur blasað við mjög lengi hvert stefndi. Og margt af því sem hv. þm. var einmitt að benda á er búið að standa yfir mjög lengi og menn hefðu getað verið viðbúnir þessu og hefðu þess vegna átt að geta tekið á rekstrinum með þeim fyrirvara sem hv. þm. nefndi.

Ég vil spyrja hv. þm.: Er ekki tillagan sem er nú í tvígang búið að nefna varðandi það að lækka lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs einmitt um það að menn hafa haft skamman fyrirvara og ákveðið að fara hinar einföldu leiðir og höfðu kannski ekki mjög traust land undir fótum þegar þeir voru að reikna útkomuna í þeim efnum?

[15:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef engar efasemdir um starf fjárlagadeildar fjármálaráðuneytisins, ég hef enga ástæðu til að vefengja tölur þeirra, hvorki nú né fyrr. Við vinnum mjög mikið með þeim, við vitum að þetta fólk er ákaflega hæft og vandað. (Gripið fram í.) Þetta liggur allt saman fyrir.

Það liggur líka fyrir að ríkisstjórnin tók ákvarðanir sínar í apríl um hvert stefna skyldi með þessum rammafjárlögum. Menn gerðu sér vonir um að útlitið væri betra í efnahagsmálum heldur en kom í ljós á haustmánuðum.

Ef menn ætla að taka á rekstrarkostnaðinum kostar það auðvitað langan fyrirvara eins og ég fór yfir í ræðu minni, a.m.k. hálft til eitt ár. Það þekkja allir og vita.

En að lokum, herra forseti, vil ég nú nefna að ég held að það sé miklu hollara fyrir hv. þm. að hann lesi ræðurnar mínar kvölds og morgna.

[15:21]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. ÓÖH, þskj. 507; brtt. GÖ, þskj. 508.

Girðingarlög, 180. mál, brtt. landbn., þskj. 502, 503.

Útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, 356. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 492.

[15:22]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Því miður er hv. 18. þm. Reykv. genginn úr húsi. Hann gagnrýndi reyndar í morgun að það vantaði bæði þingmenn og ráðherra og minnti þann sem hér stendur á að hann væri einn af varaforsetum þingsins og ætti að passa upp á að þingmenn væru á staðnum. En ég segi þetta vegna þess að hann ræddi enn einu sinni um laun þingmanna og talaði í þá veru eins og við hefðum beinlínis um það sjálf að segja. Þessum ágæta þingmanni þykir sjálfsagt lítið til launa þingmanna koma vegna þess að lífeyrisréttindi bankastjóra og ráðherra eru veruleg. Ég er orðinn ansi þreyttur á að hlusta endalaust á það eins og við höfum beinlínis með það sjálf að gera hver laun þingmanna eru.

Því miður er þessi hv. þm. genginn úr húsi og þetta pirrar mig. Þess vegna byrja ég nú ræðu mína á þessum orðum.

Markmið ríkisstjórnarinnar með framlagningu þessara fjárlaga er að draga úr verðbólgu, draga úr viðskiptahalla og treysta undirstöður atvinnulífsins. Enn er stefnt að þessum markmiðum ljóst og leynt með framlagningu fjárlaga ársins 2002. Og með þessu viljum við treysta atvinnulíf landsins og velferð þjóðarinnar.

Eins og fram kom í ræðu í dag verðum við að fara varlega í útgjöldum ríkisins. Menn deila um hvort við skerum of mikið niður eða of lítið og þar fram eftir götum. Við getum hins vegar glaðst yfir því að það er næg atvinna í þessu landi og við búum við góð lífskjör. Í umræðu dagsins í dag megum við ekki gleyma þessum grundvallarþáttum.

Formaður fjárln. hefur gert grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. og ríkisstjórnarinnar nú í 3. umr. og er í raun óþarft að hafa mörg orð um þær til viðbótar. Það hefur líka komið fram að það eru miklar sveiflur sem eiga sér stað í íslensku efnahagskerfi og þær sveiflur eiga sér einnig stað í erlendum nágrannaríkjum okkar. Tekjur eru minni en gert var ráð fyrir og við lifum við ákveðna óvissu í íslensku hagkerfi. Á sama hátt má segja að líka ríki ákveðin óvissa í hagkerfum heimsins, m.a. eftir þá hörmungaratburði sem áttu sér stað 11. september sl. Þjóðhagsstofnun hefur farið yfir forsendur fyrir þjóðhagsspá og öðru slíku og það er einmitt þetta sem m.a. hefur komið fram á þeim fundum.

Aðaláhersluatriði fjárln. hafa verið, nú sem nokkur undanfarin ár, fjarvinnsla á Íslandi, að leggja áherslu á fjarnám, á menningartengda ferðaþjónustu sem margir hafa viljað gera lítið úr hér í þingsölum og tala um að fjárln. sé að leggja peninga í ýmiss konar verkefni sem menn hafa tilhneigingu til að gera lítið úr. Menn gleyma því hins vegar að þessi verkefni skipta hinar dreifðu byggðir mjög miklu máli, bæði verkefnin sjálf og síðan byggðarlögin. Þær litlu fjárveitingar sem er varið til þessara verkefna hafa oft skipt sköpum.

Þessu megum við ekki gleyma. Og við megum heldur ekki gleyma því að í þingsölum er oft og tíðum talað um að við þurfum að gera eitthvað annað. Þetta er einmitt „eitthvað annað". Við erum að aðstoða við ýmiss konar smáverkefni og það er einmitt „eitthvað annað" sem við erum að gera í þessum efnum.

Við höfum líka í gegnum árin lagt mikla áherslu á að styrkja landshlutabundin skógræktarverkefni. Það hefur okkur hins vegar ekki tekist núna í þessari fjárlagagerð og það er auðvitað skylda fjmrn. að leggja peninga, viðbótarfjármagn, í verkefni sem þessi til að tryggja að þau geti haldið áfram. Nákvæmlega á sama hátt er algengt að ráðherrar séu að gera samninga um ýmiss konar mál og málaflokka, eins og menningarmál o.þ.h. Þegar gengið er frá svona samningum er brýnt að fagráðherrar tryggi að fjmrn. leggi peninga til þessara verkefna þannig að fjárln. sitji ekki uppi með það á ári hverju að þurfa að leggja viðbótarpeninga í slík verkefni. Þetta er auðvitað samvinna fjmrn. og viðkomandi fagráðuneyta.

Einn viðkvæmasti þáttur í ríkisfjármálunum er málefni heilbr.- og trmrn. Það er alveg ljóst, og þessi málaflokkur snertir í raun og veru alla íbúa þjóðarinnar og er þess vegna, eins og ég segi, afar viðkvæmur málaflokkur. Þáttur heilbr.- og trmrn. í útgjöldum ríkisins er æðistór, 37,3% af heildarútgjöldum ríkissjóðs ef ég man rétt en næst koma fjmrn. og menntmrn.

Heildarútgjöld heilbr.- og trmrn. fyrir árið 2002 eru áætluð um 92,6 milljarðar á rekstrargrunni. Áætlaðar sértekjur eru 3,4 milljarðar og eru gjöld því umfram sértekjur 89,2 milljarðar þannig að sjá má að sértekjur í þessum málaflokki eru til þess að gera mjög litlar. Heildartekjur ríkissjóðs í fjárlögum eru 258 milljarðar.

Heildarútgjöld heilbr.- og trmrn. aukast í þessum fjárlögum um 9,3 milljarða og í reynd hækka framlög — ég tek það fram að framlög eru að hækka — til heilbrigðis- og tryggingamála um 11,1 milljarð.

Við vitum að við gætum nýtt hverja einustu krónu sem kemur inn í ríkissjóð í þennan málaflokk en því miður búum við ekki svo vel að við getum það. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig við förum með þessa peninga.

Það er líka athyglisvert þegar verið er að skoða þessar tölur að um 80% af útgjöldum heilbrrn. er launakostnaður þannig að hér er auðvitað um gríðarlegar fjárhæðir að ræða.

Í málaflokknum eru laun umfram verðlagsbreytingar um 7 milljarðar. Þetta er 3 milljarða útgjaldaaukning sem fer m.a. í almannatryggingakerfið. Þar er eins og stundum er sagt einber útgjaldaaukning, þjóðin er að eldast, fólkinu fjölgar sem betur fer og ég hef einmitt lagt fram á þingi þáltill. um það á hvern hátt eigi að meta þessar breytingar í framtíðinni.

Sífellt er verið að finna upp betri og dýrari lyf sem notuð eru og sem betur fer höfum við einnig borið gæfu til að auka framlög til elli- og örorkulífeyrisþega.

Í þessum fjárlögum er gert ráð fyrir að verja 80 millj. til þess að vinna á biðlistum eftir liðskiptaaðgerðum og heilsu- og forvarnaverkefni er varða heilbrrn. eru um 161 millj. og við verjum 393 millj. til öldrunarmála.

Líka hefur komið fram í þessari umræðu að sjúklingar greiða helmingi minna fyrir læknisþjónustu á Íslandi en gengur og gerist í Evrópu og er ég í sjálfu sér mjög glaður yfir því. Mér finnst sjálfsagt að þetta komi fram í umræðunni af því að mér finnst fjárlagaumræðan við 3. umr. hafa snúist um að við séum að verja minni peningum til heilbrigðisþjónustu en við erum að gera.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að þessu sinni en vildi að þetta kæmi fram í þessari umræðu.

[15:32]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir yfirgripsmikla og fræðandi ræðu um fjárlögin og þær tillögur sem hér liggja fyrir við 3. umr.

Ég verð þó að segja, herra forseti, að ég sakna nokkuð skýringa á ýmsum liðum sem ég hef ekki fengið fyllilega skýrða í dag og vil því nota tækifærið og athuga hvort hv. þm. gæti ekki gefið mér einhverjar skýringar. Ég vil byrja á því að það hefur vakið verulega athygli mína og fleiri trúi ég að við 2. umr. var samþykkt tillaga um að setja til viðbótar 250 millj. kr. í svokallað Náttúrufræðihús í Vatnsmýrinni. Nú við 3. umr. kemur tillaga frá sömu aðilum um að taka til baka 200 millj. af þessum 250 millj. sem voru samþykktar við 2. umr. Ég verð að segja, herra forseti, að það skortir algjörlega skýringar á því hvað þarna hefur gerst í millitíðinni.

Ég verð eiginlega að segja til viðbótar, herra forseti, að það er býsna erfitt, þrátt fyrir töluverða leit í pappírum, að átta sig á því hvernig þessar framkvæmdir standa. Þannig er að enn eru heimildir varðandi lántöku Happdrættis Háskólans upp á 650 millj. í frv. og ekkert út af fyrir sig sem bendir til að því verði breytt. Samt sem áður segir hér í texta, með leyfi forseta:

„Lagt er til að fyrirhuguðum 400 millj. kr. framkvæmdum við Náttúrufræðihús sem miðað var við að hæfust á miðju ári 2002 verði seinkað þannig að framkvæmt verði fyrir 200 millj. kr. á árinu."

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvernig á því standi að happdrættið hefur lántökuheimild upp á 650 millj. ef í fyrsta lagi var aldrei fyrirhugað að vinna nema fyrir 400 og enn erfiðara er að skilja þetta núna ef bara á að framkvæma fyrir 200 millj.

[15:34]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andsvar er sérkennilegt að því leytinu til að ég vék alls ekkert að þessum málaflokki (**Gripið fram í:** Það var skítt.) og er þess vegna ekki fullklár á því hvernig t.d. framkvæmdir standa. Ég viðurkenni að ég hef ekki sprangað þarna um til að skoða þessar framkvæmdir. Hérna er um tæknileg atriði að ræða sem ég á ekki mjög gott með að útskýra og ég hygg, er þó ekki alveg sannfærður um — eins og ég sagði við hv. þm. hef ég kannski ekki haft tækifæri til að kynna mér þetta mál alveg til fullnustu en ég hygg að þessar 200 millj. skili sér í sparnaði.

[15:35]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um, þó að ég hafi ekki sprangað þarna um daglega eða velt þessu fyrir mér sólarhringum saman, að hv. þm. sé á miklum villigötum ef hann heldur að þessar 200 millj. séu eingöngu sparnaður vegna þess að það er þó hægt að lesa úr þessum texta að ætlunin er að draga úr framkvæmdum eða hefja þær miklum mun seinna en áætlað var.

Það sem ég var að velta fyrir mér er að þessar tölur passa ekki saman. Og það er náttúrlega afar sérkennilegt ef raunin er sú að hv. þm. sem sitja í meiri hluta fjárln. og leggja fram þessar tillögur hafi ekki gert sér grein fyrir í hverju þær felast. Það hlýtur að minna okkur á orð hv. þm. Einars

Odds Kristjánssonar hér áðan um að fyrirvarinn hafi verið svo skammur að varla hafi verið hægt að standa almennilega að þessari tillögugerð. Og það er alveg greinilegt að ekki hefur unnist tími til að uppfræða hv. þingmenn í meiri hluta fjárln. um hvað í þeim felst. Það er auðvitað grafalvarlegt mál, herra forseti, ef hér liggja fyrir tillögur um ýmsa hluti sem flutningsmenn vita ekki hvað þýða.

Ég gæti, herra forseti, ábyggilega tínt til fleiri atriði sem mér fannst hv. þm. sleppa í ræðu sinni þrátt fyrir að hún væri yfirgripsmikil og víða væri komið við.

Ég minnist þess t.d. að það hefur verið margítrekað, og það er til í pappírum í fjárlagafrv., að búið var að lofa hér nýrri byggðaáætlun. Á nokkrum stöðum í fjárlagafrv. er svo sagt að ýmsar fjárheimildir hafi fallið niður vegna þess að byggðaáætlun rennur út en jafnframt sagt að ný byggðaáætlun muni koma inn áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur og þá muni koma fram nýjar tillögur um einhverja fjármuni til að tryggja þá byggðaáætlun.

Svo er ekki að sjá, herra forseti. Ég spyr því hv. þm. hvort hv. þingmenn í meiri hluta fjárln. hafi eitthvað spurst fyrir um þetta eða fengið einhverjar upplýsingar sem af einhverjum ástæðum hefur verið talin ástæða til að halda leyndum fyrir minnihlutamönnum í fjárln.

[15:37]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Á margan hátt er þetta sérkennilegt andsvar vegna þess að þingmenn fara yfirleitt í andsvör vegna þeirrar ræðu sem flutt er. (Gripið fram í.) Já, og hv. þm. kemur inn á ýmis atriði sem vantaði í ræðu þess sem hér stendur.

Vinnan í fjárlaganefndinni er býsna fjölbreytt og flókin en um leið afar skemmtileg. Og við eigum mjög gott samstarf, bæði minnihlutamenn og meirihlutamenn, í því starfi. Það er alveg ljóst — og ég miða við þá þingreynslu sem ég hef hér — að við vinnum mjög náið saman og það á við um, eins og ég segi, bæði minnihlutamenn og meirihlutamenn. Það er ekki verið að halda neinum upplýsingum frá minni hlutanum, langt í frá. (Gripið fram í.) Við erum hér í 3. umr. fjárlaga. Gjarnan hefur verið rætt vítt og breitt um fjáraukalögin og ég minnist þess að einn hv. þm. eyddi gríðarlega löngum tíma í að tala um norðurljósin, hvað þau væru falleg, þegar verið var að tala um fjáraukalögin við 3. umr., og hvernig bæri að lýsa upp í þéttbýli, hvernig bæri að lýsa upp þinghús og fleira, en ég vil bara taka það alveg skýrt fram af því að hv. þm. spyr um Náttúrufræðihúsið og annað slíkt að ég er þess fullviss að þessar 200 millj. komi til með að skila sér í sparnaði og enn er unnið mjög markvisst að byggðaáætlun á vegum þessarar ríkisstjórnar.

[15:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. síðasti ræðumaður talaði um að næg atvinna væri í landinu. Betur væri að satt væri. Því miður hefur atvinnuástandið versnað og stöðugt fjölgar á atvinnuleysisskrá, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Allmörg fyrirtæki berjast í bökkum. Ég veit til þess að bifreiðainnflutningsfyrirtæki hafa verið að fækka starfsmönnum um þriðjung. Ferðaskrifstofufyrirtækjum fækkar, fólk er atvinnulaust og margir hafa verið án atvinnu í því miður allt of langan tíma.

Hv. þm. gerði hér að umtalsefni liðskiptaaðgerðir og gott ástand í heilbrigðiskerfinu o.s.frv. Mig langar til að spyrja hv. þm., herra forseti: Finnst honum eðlilegt að fólk sé að greiða 20–30 þús. kr. fyrir ferliverk, fyrir aðgerðir hjá sérfræðilæknum, eins og verður eftir að þetta fjárlagafrv. verður orðið að lögum, þ.e. að það hækki úr 5 þús. kr. upp í 20–30 þús. kr. og jafnvel meira fyrir slíkar aðgerðir?

Ég minnist þess, herra forseti, að þegar systir hv. þm. var yfir þessu ráðuneyti heilbrigðismála þótti henni það ekki eðlilegt og lækkaði þessa upphæð niður í hámark 5 þús. kr. Nú er ríkisstjórnin sem sagt að fara til baka og hækka þetta um 200–300%. Ég hefði gjarnan viljað fá svar frá hv. þm. sem hefur farið hér fram undir kjörorðinu „Fólk í fyrirrúmi" og ég spyr hvort þarna séu sjúklingar í fyrirrúmi.

[15:41]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Háttvirtum þingmanni er mjög tamt að nota orðin „Fólk í fyrirrúmi". Það er eins og hún sakni þess að vera ekki lengur í þeim flokki sem hún fylgdi (Gripið fram í.) fyrir nokkrum árum. En það vildi þannig til að þegar jafnaðarmannaflokkurinn sem þá hét Alþýðuflokkur skilaði af sér hér 1995 var atvinnuleysi á Íslandi 6%. Auðvitað ber hv. þm. ekki ábyrgð á því vegna þess að hún var ekki í Alþýðuflokknum þá. Hún var ekki í Framsóknarflokknum þá. Þá var hv. þm. í hreyfingu fólksins sem hét Þjóðvaki. En 1995 þegar hv. þm. settist á Alþingi ásamt ræðumanni hér var atvinnuleysi á Íslandi 6%. Það var gríðarlegt atvinnuleysi. Fyrirtæki römbuðu á barmi gjaldþrots en hafa nú rétt úr kútnum — þær tölur sem ég hef um atvinnuleysi á Íslandi eru á milli 1 og 2% og sjálfsagt þykir einhverjum það of mikið en ef við miðum okkur — eins og við gerum gjarnan og hv. þm. mjög gjarnan í athugasemdum sínum — við önnur lönd stöndum við býsna vel að vígi, herra forseti.

Það kemur mér á óvart þegar hv. þm. fer að vitna hér í systur mína. (Gripið fram í.) Hún var yfirleitt ekki mjög glaðleg, hv. þm., þegar hún var að yfirheyra þann ráðherra og fáir sjálfsagt duglegri við að spyrja hana spjörunum úr. En hvað þátttöku fólks í heilbrigðisþjónustu varðar hefur komið fram að það er u.þ.b. 1% af vergri þjóðarframleiðslu. Ýmsar tölur í þeim efnum eru auðvitað háar. Sá sem hér stendur getur alveg fallist á það. En eins og komið hefur fram eru þetta lægri tölur en gerist og gengur hjá viðmiðunarþjóðum.

(**Forseti** (GÁS): Forseti ætlar ekki að blanda sér í orðræðu hv. þm. en finnst samt meira viðeigandi að hér sé talað um hæstv. fyrrv. heilbrrh. en fjölskyldubönd látin liggja milli hluta.)

[15:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það varð fátt um svör hjá hv. þm., því miður. Vissulega hefði ég viljað sjá að fólk væri í fyrirrúmi hjá hinum ágæta flokki, Framsfl. Þess vegna spyr ég hv. þm. út í þessi mál. Ég fékk engin svör við því hvort honum þætti eðlilegt að greitt yrði fyrir læknisverk, eftir að frv. verður að lögum, 20–30 þús. kr. sem núna eru rukkaðar 5 þús. kr. fyrir. Það eru engin svör við því. Það hjálpar ekki þeim sjúklingi hvort þetta er 1 eða 2 eða 3% af vergri þjóðarframleiðslu, það hjálpar ekki sjúklingnum sem þarf að borga fyrir þessa þjónustu.

Ég minni á dæmið sem ég nefndi í andsvari við hv. formann fjárln. í morgun um ungu stúlkuna, námsmann, sem varð alvarlega krabbameinsveik. Þegar hún kemur í fyrstu meðferð þarf hún að borga yfir 18 þús. kr. fyrir göngudeildarþjónustu. Vissulega fær hún síðan afsláttarkort en það rennur úr gildi um áramótin og þá þarf hún að fara að borga aftur. Við þetta bætist að vegna hliðarverkana lyfja missir

hún sjón og þarf að kaupa gleraugu. Það er engin aðstoð við það úr heilbrigðiskerfinu.

Er það þetta sem hv. þm. vill? Þetta er það sem Framsfl. er að leggja til við þessa fjárlagagerð. Það á að láta þetta fólk greiða meira. Finnst mönnum þetta rétta forgangsröðunin í heilbrigðiskerfinu í dag? Það er von að hv. þm. sé svarafátt.

[15:46]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemur inn á viðkvæm persónuleg mál, eins og hún gerir gjarnan þegar hún kemur í ræðustól. Það vill þannig til að hv. þm. vann hjá Tryggingastofnun ríkisins og þekkir þennan málaflokk afar vel. Ég er ekkert frá því að hv. þm. héldi þar enn starfi sínu ef hv. þm. dytti út af þingi, en það er auðvitað aukaatriði í þessu máli. (Gripið fram í.)

Hv. þm. kom, eins og ég sagði, inn á afar viðkvæm mál. Þau má því miður alltaf finna í samfélagi okkar. Við finnum þau í heilbrigðiskerfinu, í félagsmálakerfinu, í menntakerfinu og þekkjum þau af störfum sem við höfum verið að vinna að. Það má með sanni segja að öll þessi mál eru þyngri en tárum taki, það er alveg ljóst. Ég er viss um að hver og einn af þeim þingmönnum sem hér sitja á Alþingi, þessara 63 þingmanna, vildu gjarnan að kerfið okkar gæti verið svo fullkomið að svona dæmi kæmu ekki upp.

Hér á landi búa aðeins 280 þús. manns og þegar við skoðum þessi mál og berum okkur saman við aðrar þjóðir, eins og ég var að reyna að segja hér áðan, stöndum við sem betur fer vel að vígi. Við viljum að kostnaðarþátttaka almennings, eins og við höfum margsagt, sé eins lítil og mögulegt er. (Gripið fram í.) Það kom hér fram í ræðu minni áðan. Gott væri ef hv. þm. gæti nú þagað rétt á meðan ég nota þessar tvær mínútur til að svara en það á hv. þm. yfirleitt afar erfitt með. Hún krefur menn svara en gjammar stöðugt fram í þegar reynt er að svara hv. þm., og því miður er ég kominn sjö sekúndum fram úr þeim ræðutíma sem ég hafði, m.a. vegna þessa.

[15:48]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Mesta vandamál Íslands í dag er uppsöfnun viðskiptahalla. Viðskiptahalli er í rauninni hið sama og ofþensla. Viðskiptahalli af völdum einkaneyslu, vegna óarðbærra fjárfestinga, er alltaf neikvæður því að þá er fjármunum eytt án innstæðu. Viðskiptahalli sem stafar af fjárfestingum sem skila arði er jákvæður því að arðurinn er fyrirsjáanlegur. En skuldasöfnunin hefur átt sér stað og er í raun sjálfskaparvíti á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Íslenska hagkerfið getur ekki brugðist öðruvísi við en nú hefur verið gert og hlaut að verða. Það hlaut að verða gengisfelling fyrr eða síðar í samræmi við það sem við jafnaðarmenn höfðum sagt.

Við Íslendingar höfum ferðast á lúxusfarrými með sólgleraugu eins og skýjaglópar undir forustu ríkisstjórnarinnar, í stað þess að vera á fyrsta farrými eins og við hefðum getað. Sú holskefla sem er að ganga yfir er enn ekki farin að hjaðna, við getum e.t.v. séð fyrir okkur að það styttist í brotið en við erum vonandi á hábárufaldinum eins og er.

Virðulegur forseti. Það er ólíklegt að dollar fari niður fyrir 102–105 kr. í framhaldi af siglingunni sem við höfum verið á. Vonandi náum við að komast í gegnum tvö næstu ár án mikilla sveiflna. Það sem ræður því í íslensku samfélagi er að atvinnuuppbygging verði í samræmi við væntingar og að auðlindin í hafinu gefi af sér ámóta og hún hefur gefið af sér á síðustu mánuðum eftir gengisfellingar.

Allt er þetta samt bundið við festu í stjórn efnahagsmála. Það sem skapar óöryggi um þessar mundir er óvissa vegna kjarasamninga sem eru í uppnámi vegna þess að ríkisstjórnin missti verðbólgu langt upp fyrir markmið sem voru grundvöllur almennra kjarasamninga sem eru í raun lausir í febrúar nk. Vitna má til spár Landsbanka, Íslandsbanka og Seðlabanka um þróun efnahagsmála. Þess má geta að Þjóðhagsstofnun er varfærnari í spám sínum en þessir aðilar en bendir þó á að atvinnuleysi gæti aukist í allt að 2,5% auk þess að búast megi við styttingu vinnutíma. Þjóðhagsstofnun spáir samdrætti þjóðarútgjalda sem nemur 3,1% í stað 2,5% eins og var þegar frv. var lagt fram. Vonandi leiðir það til minni viðskiptahalla sem léttir vafalaust þeim þrýstingi sem verið hefur á krónunni.

Það veldur sannarlega áhyggjum að spáð er samdrætti í landsframleiðslu. Það hefur ekki gerst síðan 1992 en þá dróst landsframleiðsla saman um 3,3% en nú er spáð um 1% samdrætti.

Virðulegur forseti. Í öllum áætlunum sem gerðar hafa verið er gert ráð fyrir stækkun Norðuráls og að af byggingu Reyðaráls verði og því sem með fylgir. Það er enginn vafi á því að þessar framkvæmdir virðast standa undir væntingum um efnahagsástand í spám þeirra sem áður voru nefndir.

Það er þungt að þurfa sífellt að vera að minnast á skuldakónga heimsins. Við Íslendingar erum skuldugasta landið af þeim sem við berum okkur saman við. Það blasir við að fara verður í sérstakar aðgerðir vegna skulda. Það má minna á að Danir gripu til svonefnds kartöflukúrs sem er vísun til megrunar. Það er ekki um annað að ræða fyrir okkur Íslendinga en að grípa til svipaðra ráða og fara í megrunarkúr varðandi skuldir þjóðarbúsins. Meðan við búum við eigin mynt verður að beita öflugri aðhaldsstjórn en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur beitt. Sú ríkisstjórn hefur gert Íslendinga að skuldakóngum heimsins.

Sú kenning er uppi að áliðnaðurinn noti oft þann tíma, þegar verð er lágt fyrir afurðina, til að byggja upp. Það er varla fýsilegt að byggja upp þar sem orkugjafinn er olía, eins og er í arabaríkjunum, þannig að með tilliti til mengunar gagnvart heimsbyggðinni er orkugjafinn á Íslandi heppilegri kostur. Vonandi mun atvinnustigið verða traust í ljósi þess.

Það er, virðulegur forseti, enn þá ástæða til að minnast á stuttu hagfræðikenninguna sem byggist á miklum vísdómi. Hún er sú, að það beri ekki aðeins að líta til skammtímastefnu eða skammtímaákvarðana heldur á langtímaáhrif og skoða afleiðingarnar, ekki aðeins fyrir einn hóp heldur fyrir alla hópa. Með tilliti til þessarar kenningar er ekki hægt annað en að finna að ýmsum skyndiaðgerðum ríkisstjórnar varðandi ráðstafanir í ríkisfjármálum sem nú liggja fyrir til afgreiðslu með fjárlagafrv. Sumir kalla það niðurskurð.

Álögur á aðgang að grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu, lyfjum og komugjöldum, eru rangar aðgerðir sem ber að hafna. Samfylkingin hafnar einnig skólagjöldum. Öll þessi áform um aukna gjaldtöku koma harðast við aldraða og þá sem minna mega sín og þurfa lyf og til læknis, og síðan nemendur sem oft eru mjög tekjulágir en búa við mismunandi heimilisaðstæður.

Virðulegur forseti. Ég leggst ekkert gegn gjaldtöku af tóbaki eða áfengi. En það er mikil ástæða til þess að byggja upp að nýju vísitöluviðmiðun. Ég tel að það gangi ekki að munaðarvörur hækki greiðslubyrði lána. Ég tel að ekki eigi

að taka mið af varningi af því tagi. Reyndar hef ég miklar efasemdir um sjálfvirkar hækkanir sem verða af völdum verðhækkana einhverra vörutegunda sem ekki eiga erindi inn í verðlagsviðmiðun.

Herra forseti. Ég var ákveðinn í því að halda stutta ræðu en ég er kominn að þeim tilögum sem kallaðar eru af ríkisstjórn og meiri hluta fjárln. sparnaðartillögur. Þar eru stórfelldar blekkingar á ferð. Hér er um að ræða tillögur sem eru ekkert annað en gaddavírstillögur af verstu gerð.

Ég nefni fyrst til 800 millj. kr. lækkun lífeyrisskuldbindinga, sem er fullkomlega óraunhæf tala nema ríkisstjórnin ætli að hefja stórfelldar uppsagnir starfsmanna til að losna við þær skuldbindingar. Ég hef ekki heyrt þá kynningu að til standi að segja upp hópum opinberra starfsmanna. Það getur ekki staðist.

Lífeyrisskuldbindingar hafa hingað til verið vanáætlaðar og nægir í því tilviki að vísa til skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna ríkisreiknings fyrir síðasta ár. Ég geri það hér með, með leyfi forseta. Í þessari skýrslu er vakin athygli á stöðugri aukningu skulda ríkissjóðs sem námu 413 milljörðum í árslok 2000 og höfðu hækkað um 30 milljarða á árinu. Þar segir:

„Nýjar skuldbindingar á árinu námu alls 37 milljörðum kr. en voru rúmir 22 milljarðar kr. á árinu 1999.

Aukning nýrra skuldbindinga á einkum rætur að rekja til þess að á árinu var gengið frá nýjum kjarasamningum við kennara í grunn- og framhaldsskólum. Um var að ræða kerfisbreytingu þannig að yfirvinnu- og aukagreiðslur voru felldar inn í dagvinnulaun. Athygli skal vakin á því að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hafa aukist um rúma 68 milljarða kr. frá 1997 eða um 72% á aðeins þremur árum. Ástæðan er sú að á tímabilinu hafa verið gerðir kjarasamningar við fjölmörg stéttarfélög opinberra starfsmanna sem hafa haft í för með sér verulega hækkun grunnlífeyris."

Á þessum tíma kemur hæstv. ríkisstjórn með 1.440 milljarða lækkun á lífeyrisskuldbindingum þar sem standa ekki nokkur rök til þessara aðgerða, engin rök. Þess vegna segi ég: Slíkar tillögur eru gaddavírstillögur.

Svo ég nefni nokkrar gaddavírstillögur í viðbót þá bendi ég á liðinn Sjúkratryggingar. Það eru ekkert nema gaddavírstillögur þegar menn koma með tillögu um lækkun upp á 310 millj. kr. í ríkisútgjöldum. Það er raunverulega bara tilfærsla yfir á sjúklinga og þá sem þurfa að nota lyf. Þetta eru gaddavírstillögur og ekkert annað. Um er að ræða stórfelldar álögur á sjúklinga og þetta kalla menn sparnað fyrir ríkið en ég segi bara: Þetta er til skammar.

Enn undir liðnum Sjúkratryggingar, virðulegur forseti. Þar er afnumið þak á greiðslu komugjalda til sérfræðilæknis. Með því á að ná í 160 millj. kr. og þetta á að heita sparnaður. Ég segi bara, virðulegur forseti, — gott að þeir eru tveir fyrir aftan mig — menn ættu að skammast sín fyrir slík vinnubrögð. Þetta kallar ríkisstjórnin aðhald í útgjöldum í stað þess að kalla það réttu nafni, þ.e. að leggja aukinn kostnað á þá sem þurfa að leita til sérfræðinga.

Að lokum er ekki hægt annað en gera að umtalsefni það sem mér finnst aðhlátursefni, virðulegur forseti, í þessum sparnaðartillögum eða hvað á að kalla þær. Ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. lagði 27. nóv. til við 2. umr. fjárlaga að auka útgjöld til Náttúrufræðihúss um 250 millj. kr. Nokkrum dögum síðar, sem sagt núna, kemur tillagan til baka um frestun framkvæmda sem nemur 200 millj. kr. Ég verð bara að segja það, hvílík snilld, hvílíkur jójóleikur og vita svo ekki einu sinni hvað stendur í fjárlagafrv. eins og hér kom fram áðan. Þar liggur nefnilega fyrir lántökuheimild upp á 650 millj. svo það passar engan veginn saman sem menn eru að gera í þessum málum.

Síðan má nefna, virðulegur forseti, það sem er að gerast við hliðina á okkur. Verið er að byggja þjónustuskála við hliðina á Alþingishúsinu og vert er að minna á að fyrir tveimur árum kom dæmigerð tillaga til sparnaðar upp á 100 millj. á þeim tíma og þá var byggingu skálans frestað. Það er löngu komið í andlitið á okkur allt það sem ég sagði þá, að við erum búin að stórtapa á þeirri frestun.

Verið er að byggja þjónustuskála við hliðina á þessu húsi. En hvað gera menn svo? Loka fyrir framkvæmdina á þann veg að ekki á að vera nein tenging á milli húsa. Þar taka menn sig til og í stað þess að klára þetta verk úr því að það er hafið og tengja saman byggingarnar, þá á að loka þessu. Hvílík snilld. Heilar 80 millj. í sparnað alls og húsið stendur ónotað. Þetta er bara hreint grín.

Virðulegi forseti. Ekki er tekið á því sem unnt hefði verið og sanngjarnt í tillögum minni hlutans en það er að fara eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar með lækkun kostnaðar vegna ferða opinberra aðila innan lands og utan. Þar er unnt, virðulegur forseti, að ná stórum fúlgum með smáaðhaldi en menn vilja ekki eiga við það, hvorki hæstv. ríkisstjórn né virðulegur meiri hluti hv. fjárln. Ekki er verið að eiga við slíka hluti þar sem kostnaður hefur aukist á milli ára um yfir 30%. Nei, það skal ekki tekið á slíkum lúxus.

Ég vitna til þess að Samfylkingin hefur sett fram tillögur um niðurskurð um 420 millj. sem er 20% af þeim kostnaði sem er vegna þessa liðar. Þetta er liður upp á yfir 2.000 millj. kr., 2 milljarða og 75 millj. En þar vitna ég enn til ábendinga frá Ríkisendurskoðun. Eftir þessu hefðu menn átt að fara. Þarna var hægt að ná í pening en ekki hjá sjúklingunum, ekki hjá gamla fólkinu. Og, með leyfi forseta, les ég upp ábendingu Ríkisendurskoðunar.

„Hjá nokkrum ráðuneytum hafa verið í gildi reglur sem kveða á um að starfsmenn þeirra sem eru í fylgd með ráðherra fái sömu kjör og ráðuneytisstjóri, þ.e. fái greidda gistingu og 80% dagpeninga. Ríkisendurskoðun telur að þetta sé ekki í samræmi við reglur um ferðakostnað. Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn þurfa að vera í gistingu sem er verulega dýrari en gistihluti dagpeninga þá á að greiða fyrir gistingu auk almenns hluta dagpeninga.

Ríkisendurskoðun bendir á að greiðsla dagpeninga er hugsuð sem endurgreiðsla á útlögðum kostnaði en ljóst er að í mörgum tilvikum eru dagpeningar hærri en honum nemur."

Það er þetta sem á að taka upp. Það þarf ekkert að minnka ferðir, það þarf ekkert að minnka samskipti erlendis. Þau eiga að fara fram eftir þörfum. En það á að gera mönnum það að leggja fram reikninga og fá greitt í samræmi við það sem kostnaðurinn er, ekki að menn geti haft þetta sem tekjupóst eins og bent er á að gert er samkvæmt ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Það er einnig annar liður hjá ráðuneytunum sem bent hefur verið á hvað eftir annað af Ríkisendurskoðun. Það eru uppsafnaðar ónotaðar heimildir sem unnt er að lækka verulega. Á þetta hefur verið bent í athugun Ríkisendurskoðunar og það hefur aldrei verið farið eftir því, aldrei nokkurn tíma. Þarna er hægt að sækja mörg hundruð millj. og ég vonaðist eftir að þær kæmu sem niðurskurðartillögur frá hæstv. ríkisstjórn. Nei, þær komu ekki. En álögur á sjúklinga og gamalmenni, þær komu, 310 millj. vegna lyfja

og 160 millj. vegna heimsókna til sérfræðinga. Þetta er ekki par fínt. Og síðan blekkingartillögur upp á 800 millj. vegna lífeyrisgreiðslna. Það er ekki svona sem við eigum að vinna.

Ég veit að hægt væri að ná miklu meiri sparnaði en gert er ráð fyrir og við höfum lagt fram tillögur sem ég bíð eftir að hæstv. ráðherrar skoði og athugi hvort þeir eigi ekki möguleika á því að fara að tillögum Samfylkingarinnar um raunverulegan sparnað. Við munum greiða atkvæði með þeim tillögum sem við teljum að rétt sé að eiga við. En ég er búinn að tilkynna að við munum verða á móti hækkun lyfjakostnaðar til þess hóps sem þarna á í hlut. Við munum verða á móti því.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara yfir tillögur sem menn voru að ræða um áðan sem heita menningar- og ferðatengdar tillögur sem meiri hluti fjárln. gerir tillögu um. Ég veit að það er gert af góðum hug og menn hafa reynt að vanda sig í þeim málum. Ég er kannski ekki sammála því sem þar er gert, en ég veit að menn hafa reynt að vanda sig við þau verkefni en það er aðeins lítill hluti þeirra verkefna sem fjárln. er að fást við. Og það ber að segja frá því að nánast er það svo að minni hluti fær tilkynningu um hvað það er sem menn gera tillögu um. En ég segi aftur að ég veit að það er gert af góðum hug sem þar er unnið en það er auðvitað ekki yfir gagnrýni hafið.

[16:08]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson gagnrýnir ríkisstjórn og meiri hluta fjárln. fyrir sýndartillögur, slæleg vinnubrögð og fljótfærni. Ég saknaði þess alveg fram að þessari umræðu að hafa ekki séð eða heyrt neinar tillögur frá minni hluta fjárln. Þeir hafa reyndar básúnað það hversu illa þetta er unnið hjá meiri hlutanum en þær tillögur sem ég sé allt í einu komnar inn á borð hjá mér, brtt. frá minni hluta fjárln. hafa aldrei komið fyrir augu meiri hlutans. Eins og allar tillögur meiri hlutans hafa verið unnar, þá hefur minni hluti fjárln. fengið að skoða þær í margar vikur. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst að bæði fyrir 2. umr. og 3. umr. komu margar tillögur. Ég man ekki eftir einni einustu tillögu frá minni hluta fyrir 2. umr. (**Gripið fram í:** Þetta er rétt.) þannig að ég held að menn ættu aðeins að reyna að róa taugarnar og átta sig á þeirri stöðu sem þeir eru í, hv. þingmenn. Þar stendur ekki steinn yfir steini.

Ráðist er með miklum hamagangi á ýmis mál sem sagt er að séu til þess að níða niður þá sem minna mega sín aðallega, þ.e. þá sem þurfa að nýta sjúkrahúsin og þjónustu hjá sværðisskrifstofum fatlaðra og annarra slíkra. Því er haldið fram að verið sé að skera niður hjá þeim aðilum.

Ég vil bara benda hv. þm. á að málefni fatlaðra í Reykjavík fá 45% hækkun á milli fjárlaga 2001 og 2002. (Gripið fram í.) 379,6 millj. er bætt við þennan málaflokk í Reykjavík, 183 millj. er bætt við þennan málaflokk á Reykjanesi, 69,7 millj. á Suðurlandi. Er þetta niðurskurður?

[16:10]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu minni nefndi ég ekki málefni fatlaðra en ég skal gera það og taka þá til að sværðisskrifstofa fatlaðra er með 140 millj. kr. halla. Það er verið að klóra í bakkann með þeim tillögum og það ber að virða, en það stendur nú mikið út af bæði þar og á Reykjanesi.

Þær tillögur sem ég gerði að umtalsefni voru aðeins 2–3 tillögur, ein sem er sýndartillaga og varðar lífeyrisgreiðslur og tvær tillögur sem varða það að flytja kostnað frá ríkinu yfir á sjúklinga, í báðum tilvikum. Um er að ræða 160 millj. vegna komu til sérfræðinga og 310 millj. vegna lyfja. Ég kalla þetta gaddavírstillögur og ég stend bara við það.

Síðan er hitt sem nefnt var hér áðan, að við hefðum haft í margar vikur sparnaðartillögur ríkisstjórnar. Það kom fyrst fram á sunnudegi í þættinum Silfri Egils að það ætti að birta þær. Það kom frá hæstv. forsrh. Það hafði ekki einn einasti þingmaður, sitjandi í fjárln., hugmynd um að eitthvað slíkt stæði til. (**Gripið fram í:** Nú?) Það er alveg á hreinu. Minni hlutinn sá fyrst í fyrrakvöld þær sparnaðartillögur sem um var að ræða frá ríkisstjórn. Þá gátum við fyrst hafið vinnuna án þess að hafa, virðulegur forseti, aðgang að þeim gögnum sem meiri hlutinn hefur. Ég var að lýsa því áðan að það sem kemur til minni hluta fjárln. er í tilkynningaformi og ekkert öðruvísi. Og þess er krafist nánast að afgreiða þær tillögur á sem skemmstum tíma. Það stóðst engan veginn að gögn væru lögð fram 30. nóvember eins og talað er um í vinnuáætlunum. Það var síðast í fyrrakvöld sem það var gert, að leggja tillögur til sparnaðar fyrir minni hlutann. Þá gátum við farið að skoða málin.

[16:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um gaddavírstillögur. Ég fer að halda að hann hafi eitthvað ruglast á því að hér er komin fram tillaga um breytingar á girðingarlögum. (Gripið fram í.) Það er komin fram breyting á girðingarlögum. Hann hefur eitthvað ruglast í ríminu, hv. þm. Það er verið að ræða hér um fjárlögin en ekki girðingarlögin.

Við getum séð það, herra forseti, að verið er að gera mjög margt til að leiðrétta stöðu sjúkrahúsa um allt land. Það er ekki verið að leggja á álögur, það er verið að reyna að auka þjónustu. Fólk sem dvelur á sjúkrahótelum borgar hluta af þeim kostnaði sem til fellur vegna matar og annars. Ég heyri ekki annað en öllum finnist það eðlilegt. Ég hef alla vega ekki heyrt neinn kvarta yfir því nema stjórnarandstöðuna. (**GE:** Að hvað?) Ég hef ekki heyrt neinn kvarta yfir því nema stjórnarandstöðuna.

Ég ætla að benda á nokkrar tölur sem sýna að verið er að gefa í varðandi fjárlög til heilbrigðismála. Til dæmis aukast framlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss um 13% eða tæpa 2,4 milljarða á milli ára. Til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri koma 173 millj. til viðbótar milli ára sem er 8% aukning. Í Vestmannaeyjum bætast við 7%, á Selfossi 11% og Suðurnesjum 15% þannig að það er alls staðar verið að bæta við og alls staðar verið að gera mun meira en sem svarar verðbólgunni. Ég held því, herra forseti, að hv. þm. hafi ekki lesið í sjálfu sér það sem verið var að gera heldur pikkar út einstaka liði sem hann telur geta verið einhvers virði að tortryggja en þegar grannt er skoðað, þá er það um leið feilhögg eins og annað.

[16:15]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég met það sem vel er gert. Það fer ekkert á milli mála. Engu að síður horfum við fram á um það bil milljarðshalla í heilbrigðiskerfinu. Af hvaða völdum? Vegna kostnaðarhækkana. Vegna gengisfellingar. Það er ekki tekið á þeim vanda hér. Það er bara þannig.

Ég met hins vegar það sem vel er gert og það er alrangt að ég hafi farið yfir allar tillögur, eins og hv. þm. Kristján Pálsson lét í veðri vaka, og gert lítið úr þeim. Ég sagði að við mundum greiða sumum tillögum atkvæði og vonast hreinlega eftir því að minni hlutinn fái stuðning við þær

tillögur sem hann lagði fram. Tillögur sem lagðar eru fram, út frá hverju? Út frá ábendingum Ríkisendurskoðunar. Það ætti hæstv. ríkisstjórn og virðulegur meiri hluti á Alþingi að taka til fyrirmyndar frá okkur í Samfylkingunni, að styðjast við tillögur Ríkisendurskoðunar varðandi þessi mál. Ég get sagt að ef menn fallast ekki á nafnið gaddavírstillögur þá eru þær bara prumptillögur og ekkert annað.

[16:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að biðja um að stjórnarandstaðan gagnrýni ekki fjárlögin, ég átti von á því. En þær tillögur sem hv. 5. þm. Vesturl. kallar gaddavírstillögur eða prumptillögur, eða hvað hann vill kalla það, eru tillögur um að innheimta hluta af aukningunni í heilbrigðiskerfinu með breytingum á gjaldskrá. Það var reynt að hafa það til hliðsjónar að gjaldskrárnar hækkuðu ekki að raungildi. Svo er að vísu ekki með sérfræðikostnaðinn en varðandi lyfjakostnaðinn og komugjöldin á heilsugæsluna þá er reynt að hafa það til viðmiðunar.

Varðandi lyfjakostnaðinn vil ég leiðrétta að það er ekki ætlast til að þessar 310 millj. lendi allar á sjúklingum. Ætlunin er einnig að taka á heildsölu- og smásöluverði innan þessara 310 millj. og breyta viðmiðun varðandi samheitalyf. Við ætlum að fara yfir breytingar þar. Ég vildi koma þessu til skila á þessu stigi umræðunnar.

Ég veit að hv. 5. þm. Vesturl. hlustar og af því að hann er sanngjarn maður þá veit ég að hann tekur við þessum ábendingum mínum. Eins varðandi ferðalög ráðuneyta og utanferðir almennt þá verð ég að halda því til skila að það er gerð 3% hagræðingarkrafa á yfirstjórn ráðuneyta. Ég vil koma því til skila í umræðunni að það er ætlast til að menn dragi saman og líka í þessum kostnaði eins og öðrum.

[16:18]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég virði svar hæstv. heilbrrh. og þakka fyrir ábendingarnar en ég minni hæstv. heilbrrh. á að gjaldtaka vegna komu sjúklinga til sérfræðinga var hækkuð í sumar. Nú á aftur að verða hækkun. Þess vegna er þetta gagnrýnt og það alvarlega. Ég kem ekki upp og gagnrýni hækkun sem er samfara eðlilegri verðþróun. Ég get það ekki. Ég verð að viðurkenna hana.

Það sem um er að ræða er hækkun gjaldtöku vegna lyfja og hæstv. heilbrrh. segir að það eigi líka að skoða verðmyndunargrundvöll lyfja. Þá spyr ég hæstv. heilbrrh.: Hversu stór hluti af þessum 310 millj. á að falla á þá sem nota lyfin? Ég veit ekki hvort hann getur svarað þessu en þetta er auðvitað verið að deila um. Ég deili á að menn skoði ekki betur þá liði sem m.a. við í Samfylkingunni bendum á í tillögum okkar til sparnaðar fremur en að gera það sem ég hef gert að umræðuefni. Tillögur upp á 800 millj. bara til þess að núllstilla, ég kalla það til að núllstilla fjárlagafrv. Það er ekkert annað á ferðinni. Menn ákváðu að halda í þá tölu sem sett var fram í upphafi. Þess vegna er verið að núllstilla með þessum 800 millj. Menn vita fyrir fram að þær standast ekki. Þessi tala stenst engan veginn.

[16:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast vissulega við hækkanir á gjaldskrám á komum til sérfræðinga í sumar. Sérstaklega voru það röntgenrannsóknir sem hækkuðu en þá var breytt um kerfi. Þá fóru menn að greiða hlutfallslega í stað þess að greiða fasta upphæð. Ég kannast mætavel við það. En varðandi hækkanirnar í sumar var reynt að hafa til grundvallar að hækkanirnar yrðu sem minnstar að raungildi. Hins vegar héldum við komugjöldum í heilsugæsluna óbreyttum þegar gjaldskrám var breytt í sumar.

Varðandi það hve hátt hlutfall af þessum 310 millj. mundi væntanlega lenda inni í aukinni greiðsluþátttöku þá höfum við stefnt að því að hægt verði að ná $^1/_3$ þessarar upphæðar með öðrum aðgerðum. Greiðsluþátttakan yrði í kringum 200 millj. af hækkuninni. Þetta eru þau markmið sem við höfum sett okkur og ég vil láta þau koma fram við þessa umræðu þannig að þau liggi fyrir. Þetta eru markmið okkar.

Ég endurtek að þessar ráðstafanir eru til að mæta í þröngri stöðu litlum hluta af þeirri aukningu á framlögum til heilbrigðiskerfisins í fjárlögum.

[16:22]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 frá nefndarmönnum í menntmn.

Nefndin hefur fjallað um úthlutun listamannalauna fyrir næsta ár. Menntmn. leggur til að sömu listamenn og njóta heiðurslauna hljóti þau árið 2002. Þeir eru:

Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Erró, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðbergur Bergsson, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Gunnar Eyjólfsson, Hannes Pétursson, Herdís Þorvaldsdóttir, Jón Nordal, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Stefán Hörður Grímsson, Thor Vilhjálmsson, Þorsteinn frá Hamri, Þráinn Bertelsson og Þuríður Pálsdóttir.

Jafnframt gerir nefndin tillögu um að hver heiðurslaun verði 1.600 þús. kr. Menntmn. stendur einróma að þessari tillögu.

[16:24]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ýmsar mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á fjárlagafrv. milli 2. og 3. umr. sem nauðsynlegar eru til þess að ríkissjóður skili um þriggja milljarða kr. rekstrarafgangi eins og stefnt var að í upphafi.

Ég styð, herra forseti, að sjálfsögðu allar þær tillögur sem hér eru lagðar fram til breytinga á frv. þó deila megi um hvað eigi að skera og hvað ekki. Meginmarkmið stjórnarmeirihlutans á Alþingi er að vernda velferðarkerfið, menntun og heilbrigðismál, og hefur það náðst og rúmlega það í flestöllum tilfellum.

Það láta margir hátt, herra forseti, þegar kemur að þessum viðkvæmu málum og vilja slá keilur á kostnað stjórnarmeirihlutans. Það er alveg ljóst að slegnar hafa verið margar pappírskeilur að þessu sinni. Tölurnar tala sínu máli þegar borin eru saman framlög á fjárlögum 2001 við framlög árið 2002. Ég ætla að leyfa mér að bera saman nokkrar stofnanir hins opinbera í þessum málaflokkum. Ég fékk frá fjmrn. samanburð þar sem bornar eru saman nokkrar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi sem sinna félagsmálum, málefum fatlaðra, í heilbrigðismálum, menntamálum og löggæslumálum.

Varðandi málefni fatlaðra er ekki hægt að segja annað en að þar hafi verið tekið vel á og gert ráð fyrir að hægt verði að bæta aðsteðjandi vanda hjá viðkomandi stofnunum sem starfa víðs vegar um landið. Til þess að átta sig á umfangi þessa má nefna að bætt hefur verið við til málefna fatlaðra

í Reykjavík, 379,6 millj. kr. eða 45% frá yfirstandandi fjárlagaári. Til málefna fatlaðra í Reykjanesi er bætt við 182,9 millj. eða 29% á milli ára. Til málefna fatlaðra á Suðurlandi er bætt við 69,7 millj. eða 32% á milli ára.

Ef við lítum á heilbrigðiskerfið og nokkrar stórar stofnanir um landið, þá bætast við hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 173,1 millj. eða 8%, hjá Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi bætast við 2.357,2 millj. eða 13%, hjá St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 33,4 millj. eða 7%, hjá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja 38,6 millj. eða 11%, Heilbrigðisstofnunin á Selfossi 59,3 millj. eða 11% og hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja bætast við 101,2 millj. eða 15%.

Það er augljóst af þessum tölum, herra forseti, að það er ekki verið að skera niður þjónustu hjá heilbrigðisstofnunum víðs vegar um landið.

Í menntamálum hefur verið bætt við hjá Háskóla Íslands 801,3 millj. eða 25% á milli þess sem var í ár og næsta árs, hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið bætt við 65,6 millj. eða 29%, til Fjölbrautaskólans í Vestmannaeyjum er bætt við 29,4 millj. eða 34%. Hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands er bætt við 87,1 millj. eða 32%. Það er augljóst að á sviði menntamála er verið að bæta við til allra helstu menntastofnana landsins verulegu fjármagni til að mæta þeim vandamálum sem þar er við að eiga og komast hjá því að leggja aukaálögur á fólk eða álögur umfram það sem nauðsynlegt er. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram í tilefni af því að það hefur verið gagnrýnt hér að innritunargjöld hafi verið hækkuð lítillega eftir að hafa verið hin sömu í mörg ár. Það er full ástæða til að benda á að samfara þessari hækkun, sem var vísitöluhækkun, eru framlögin til þessara stofnana hækkuð mjög verulega.

Vegna þess að löggæslumál hafa komið mjög til umræðu í þjóðfélaginu, ekki síst í þingsölum, þá taldi ég ástæðu til þess að skoða hvað löggæslumálin, sýslumenn, hafa fengið út úr þeim fjárlögum sem nú eru til umræðu. Ég ætla að leyfa mér að lesa, herra forseti, það sem fjmrn. upplýsti um hvað það varðar. Í ljós kemur að sýslumaðurinn í Reykjavík bætir við sig 17,6 millj. eða 9%. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum bætir við sig 22,7 millj. eða 21%. Sýslumaðurinn á Selfossi bætir við sig 44,2 millj. eða 23%. Sýslumaðurinn í Keflavík bætir við sig 58 millj. eða 20%. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði bætir við sig 57,8 millj. eða 18% og sýslumaðurinn í Kópavogi bætir við sig 50,3 millj. eða 20%.

Það er ljóst, herra forseti, að framlög til þessara stofnana hafa öll hækkað verulega. Ég held að það sé full ástæða til þess að vekja athygli á sýslumannsembættum á landsbyggðinni þar sem því hefur haldið fram að þar sé verið að skera verulega niður. Þar er ekki verið að skera niður. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um hvernig þessum fjármunum er varið en ljóst er að sýslumannsembættin hafa meira til ráðstöfunar til starfsemi sinnar en þau hafa haft á þessu ári.

Herra forseti. Ég vildi að þetta kæmi hérna fram. Ég geri ekki ráð fyrir því að stjórnarandstaðan hafi endilega sérstakan áhuga á að heyra það, en ég heyrði það í þætti í gær þar sem Ögmundur Jónasson var að orða skoðanir sínar að hann sagði að helst væri níðst á sjúkum og skólabörnum. Það voru hans óbreyttu orð í Kastljóssþættinum í gær um það sem ríkisstjórnin væri að gera. Það voru hans orð.

Herra forseti. Ég ætla að snúa mér aðeins að þeim breytingum sem kynntar eru í nál. meiri hluta fjárln. þar sem ég ætla að stoppa við örfá verkefni. Heyrnar- og talmeinastöðin hefur fram að þessu haft einkarétt á að greina sjúklinga og afgreiða hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson hefur ákveðið að fara fram á heimild Alþingis til að einkaaðilar megi veita þessa þjónustu. Ég er sannfærður um að biðlistar vegna þessarar þjónustu eiga eftir að hverfa eins og dögg fyrir sólu þegar þetta gerist, og mun 12 millj. kr. viðbótarfjárveiting hjálpa til þess. Verð mun lækka við þetta og þjónusta batna án þess að ég sé neitt að gera lítið úr störfum þess ágæta fólks sem vinnur að þessum málum hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni. Það fólk vinnur gott verk í heftu umhverfi.

Ég fagna einnig því átaki sem boðað er af hæstv. samgrh. Sturlu Böðvarssyni í markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu. Það er sannarlega nauðsyn að efla bjartsýni í þessari grein eftir gjaldþrot gamalgróinna fyrirtækja í greininni.

Flugferðum til og frá landinu hefur fækkað verulega á síðustu tveimur mánuðum og samkvæmt tölum sem ég hef fengið frá Keflavíkurflugvelli hefur þeim fækkað um 14% í október og það sama hefur gerst í nóvember sé miðað við sama tímabil í fyrra. Viðskipti í Fríhöfninni hafa dregist saman um sambærilega prósentutölu, sem þýðir um 100 millj. kr. samdrátt í sölu Fríhafnarinnar á þessum tveimur mánuðum miðað við sömu mánuði í fyrra.

Öllum samdráttarskeiðum, herra forseti, fylgja þó ákveðin tækifæri og tel ég að með þessu útspili hæstv. samgrh. megi gera ýmislegt til að ná þeim. Mér er kunnugt um að í undirbúningi á vegum Flugstöðvarinnar í Keflavík eru ýmsar aðgerðir sem lúta að því að auka sókn erlendra ferðamanna hingað sem geta einnig skipt verulegu máli. Ferðalög eru nauðsynleg fyrir eyþjóð eins og okkar. Okkar eina flugfélag sem hefur haldið uppi áætlunum á milli landa, Flugleiðir, þolir ekki mikinn samdrátt að þessu leyti.

Það er skiljanlegt að fólk sé órólegt eftir atburði undanfarinna vikna, en þeir atburðir eru nú liðnir hjá. Atvinnuástand þjóðarinnar býður upp á að hér sé bjartsýnt fólk sem horfir fram á veginn og ferðist bæði innan lands og utan.

Herra forseti. Byggðastofnun fékk fyrir þremur árum samþykkta á Alþingi byggðaáætlun sem m.a. fól í sér styrki til eignarhaldsfélaga sveitarfélaganna og áttu þeir að nema 300 millj. kr. á ári í þrjú ár. Mikil þörf hefur verið fyrir þetta fjármagn úti á landsbyggðinni og hefur það svo sannarlega lyft undir atvinnuuppbyggingu þar sem þörfin er mest. Þetta form hentar líka vel vegna þess að þarna eru það heimamenn sem meta þörfina og fylgjast með því hvernig til tekst.

Af hálfu Byggðastofnunar hafa verið sett afar ströng skilyrði til að þessir peningar væru afhentir og samskiptin við stofnunina þannig að illt er við að una. Í stað þess að leita leiða til að styrkirnir yrðu greiddir út hafa skilyrðin verið breytileg og þannig komið mönnum í opna skjöldu. Aðalásteytingarsteinninn hefur verið að hlutur heimamanna hefur ekki verið metinn eins og um var talað og jafnvel óleysanlegt sumum eignarhaldsfélögum að uppfylla skilyrði Byggðastofnunar. Þetta hefur leitt til þess að nokkur hluti af þessum styrkjum hefur ekki verið greiddur út. Það er ástæðan fyrir því að framlagið hefur ekki verið nýtt undanfarin ár. Þetta er alvarlegt mál, herra forseti, og verður að átelja þessi vinnubrögð Byggðastofnunar.

Lækkun þessa liðar um 100 millj. er einfaldlega andstætt byggðastefnunni. Ég vona að þetta leiði ekki til þess að eignarhaldsfélögin tapi þessu fé enda vart boðlegt miðað við þær tímabundnu aðstæður sem nú eru að skapast.

Herra forseti. Starfsemi Ríkisútvarpsins hefur verið mikið í umræðunni á Alþingi undanfarin ár og sýnist sitt hverj-

um hvert stefna eigi í rekstrarformi RÚV. Kröfurnar til fyrirtækisins hafa þó alltaf verið vaxandi þó að framlög í afnotagjöldum hafi aukist minna. Til marks um umsvifin hefur útsendingartímum fjölgað hjá sjónvarpinu úr 1.505 klukkutímum á ári í 3.690 á 15 ára tímabili, frá 1985–2000, eða rúmlega tvöfaldast. Innlent efni hefur á sama tíma þrefaldast. Útsendingar sjónvarpsins ná nú til 99% landsmanna og er þessi dreifing víðtækari en í flestum öðrum löndum í kringum okkur.

Þjónusta á Rás 2 hefur einnig vaxið stöðugt frá því að hún var sett á laggirnar 1983 og ber þar sérstaklega að nefna svæðisbundnar útsendingar á landsbyggðinni sem eru hluti af Rás 2. Þetta hefur allt gerst eftir að Ríkisútvarpið hætti að starfa í skjóli einkaleyfis á útvarpi og sjónvarpi árið 1985. Maður spyr sig hvort öll þessi þróun hefði orðið án þeirrar samkeppni sem Stöð 2 hefur veitt á þessu tímabili.

Samkeppni frá öðrum löndum er einnig staðreynd og fer eflaust vaxandi þar sem lítill sem enginn kostnaður vegna afnotagjalda fylgir notunum þaðan. Stjórnendur RÚV hafa reynt að draga mjög úr öllum rekstrarkostnaði á undanförnum árum með ágætum árangri. Tekið er tillit til þess í fjárlagafrv. með ýmsum hætti, m.a. hækkun afnotagjalda um 7%. Þessi hækkun afnotagjalda er þó ekki í neinum takt við það sem þyrfti svo mætt yrði auknum umsvifum síðustu ára eða hækkun vísitölunnar. Hallinn á RÚV á næsta ári gæti því orðið um 147 millj. kr. Það er að sjálfsögðu óásættanlegt, herra forseti, að það þurfi að reka svo mikilvæga stofnun með svo miklum halla. Af þessum sökum er ekki hægt að mæta ýmsum kröfum og má þar nefna það dæmi að Alþingi hefur samþykkt að beina þeirri ósk til stofnunarinnar að allt sjónvarpsefni verði textað fyrir heyrnarlausa og heyrnardaufa. Aðeins hefur verið hægt að mæta þessu að hluta, þ.e. með sérstökum fréttatíma og svo textun á takmörkuðu efni. Eðlilegt verður að telja að þjóðin standi með myndarlegum hætti að rekstri RÚV. Þó að styr standi um rekstrarformið má það ekki bitna á stofnuninni sjálfri sem að flestra áliti skilar mjög góðu verkefni.

Herra forseti. Við þetta tækifæri vil ég fara nokkrum orðum um stöðu námsmanna hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég vil vekja athygli á því að sjóðurinn er rekinn með 582 millj. kr. hagnaði í ár. Ýmsar skýringar eru á þessu, m.a. að jafnvægi er ekki enn komið á í vaxtamun og framlög ríkissjóðs eru um 2,5 milljarðar kr. á næsta ári, en miðað er við að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar sjálfur.

Allir milljarðarnir til námsmanna eru með ábyrgðum foreldra og vina viðkomandi. Eftir langt nám hafa margir námsmenn safnað gríðarlegum skuldum og dæmi eru um upp í allt að 16,5 millj. kr. í skuld á einn námsmann. Skuldin er mun minni hjá flestum en staðreyndin er samt sú að eftir langt nám er ekki óalgengt að námsmaður skuldi yfir 10 millj. kr. Það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni flestra námsmanna að þurfa að burðast með þessar skuldir á herðunum alla sína vinnuævi. Þær bætast ofan á skuldir vegna húsnæðis og annars sem ungt fólk þarf að eignast til þess að lifa eðlilegu lífi.

Herra forseti. Ég lít svo á að ástæða geti verið til þess að skoða þessi mál í öðru ljósi en við gerum í dag. Námsmenn okkar leggja á sig gríðarlega vinnu til að afla sér réttinda og viðurkenningar, oft erlendis, sem gagnast landi og þjóð eins og dæmin sanna. Án þessa fólks getum við ekki verið. Ég tel að til greina gæti komið að framlag lánasjóðsins til þessa fólks verði að hluta til metið sem vinna og að lánasjóðurinn greiði þessu fólki laun.

Hugmynd mín er sú að námsmaður sem skilað hefur þrem árum í háskólanámi fari á laun eftir það ef hann stundar framhaldsháskólanám á sömu braut. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið gætu um 800 námsmenn fallið undir þessa skilgreiningu og launaútgjöld sjóðsins til þeirra orðið um 600 millj. kr. á ári. Ekki er gott að sjá hvort þetta örvaði til lengra náms, en ef svo væri er það ekki þjóðhagslegur skaði nema síður væri.

Ég held að mikil vinna námsmanna og vaxandi kostnaður muni fæla fólk frá löngu námi að óbreyttu. Ljóst er að í allt of mörgum tilfellum er langt nám ekki „arðbært" fyrir námsmanninn sjálfan þótt það sé það fyrir þjóðina í heild. Ég vil að þessi mál verði skoðuð, herra forseti, og mun beita mér fyrir því að svo verði.

Á Norðurlöndunum eru þessi mál með mismunandi hætti en þeir nota þó styrkjaformið meira en við og þá sérstaklega Norðmenn og þá vegna máms stúdenta á erlendri grundu.

Herra forseti. Nokkur afturkippur er í þjóðarbúskapnum um þessar mundir og kemur þar margt til eins og allir vita. Engin ástæða er þó til að örvænta enda staða á vinnumarkaði góð og skil fólks í lánastofnunum með betra móti og bendi ég á tölur sem komið hafa frá Íbúðalánasjóði því til staðfestu. Ákveðinn ótti býr þó í hugum margra um stöðu sína og er það eðlilegt miðað við þá umræðu sem farið hefur fram og stjórnarandstaðan hefur kynt undir. Hægt er að tala sig niður og draga þannig úr hvata til að gera eitthvað í málum og bíða heldur. Að almenningur missi trúna er það versta sem getur komið fyrir því ekkert bendir þó til að kreppa sé í aðsigi þótt margt megi gera sem geti hjálpað til.

Ég tel að skoða megi ýmis verkefni hraðar en gert hefur verið. Þar rísa hæst í mínum huga virkjanir og álver eða magnesíumverksmiðja. Samningar um stækkun álversins í Hvalfirði og Straumsvík hafa verið til skoðunar sem og magnesíumverksmiðjan á Reykjanesi. Virkjanir samfara þessum hugmyndum eru á lokastigi í umhverfismati. Allt er því að verða tilbúið svo fara megi af stað þegar ákvörðun er tekin. Brýnt er að það verði sem fyrst.

Til er þumalfingursregla sem segir að hagsæld þjóðar sé í beinu hlutfalli við rafmagnsframleiðslu hennar. Þó að þetta séu ekki algild vísindi er reynsla okkar sú að tilkoma álvera og aukin framleiðsla stóriðjuvera hefur skapað þessari þjóð meiri hagsæld en hún hefur nokkru sinni séð.

Herra forseti. Skattatillögur ríkisstjórnarinnar hafa komið að hluta til inn við vinnslu þessa frv. Þar kennir margra grasa, m.a. eru viðmiðunarmörk til hátekjuskatts hækkuð um rúmar 40 þús. kr. eða úr 280 þús. í 322 þús. Þetta eru meðaltekjur eða um það bil í dag og því eðlileg viðmiðun hvað sem segja má um hátekjuskatt að öðru leyti.

Ýmislegt hefur verið sagt um þessa eðlilegu ráðstöfun og síðast af hv. þm. Ögmundi Jónassyni í Kastljósinu í gær þar sem hann var í umræðum ásamt hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde. Þar sagði hann um það fólk sem greiðir hálaunaskatt, með leyfi forseta:

„Ég blæs á það þegar menn eru að hefja upp til skýjanna fólk á ofurlaunum," — segir Ögmundur Jónasson í þessum þætti, og ég held áfram — „sem hefur klórað til sín iðulega allt of mikið í sinn hlut. Ég held það sé meira að segja í mörgum tilvikum vitlausasta fólkið í þjóðfélaginu." (**Gripið fram í:** ... aftur, maður missti samhengið.)

Vegna óska hv. þm. um að ég endurtaki þetta, get ég gert það, herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði þetta svona í þessum Kastljóssþætti:

„Ég blæs á það þegar menn eru að hefja upp til skýjanna fólk á ofurlaunum sem hefur klórað til sín iðulega allt of mikið í sinn hlut. Ég held það sé meira að segja í mörgum tilvikum vitlausasta fólkið í þjóðfélaginu."

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé dómur þingmannsins um þennan stóra hlut þjóðarinnar. Það er a.m.k. ljóst að ef þetta eru rök Vinstri grænna eru tillögur ríkisstjórnar og þingmeirihlutans í góðu lagi.

Herra forseti. Ég þakka formanni og varaformanni fjárln. fyrir mjög góða samvinnu við vinnu þessa frv. og fjárlaganna að þessu sinni. Formaðurinn Ólafur Örn Haraldsson sem er nýr í starfi hefur staðið sig vel og samstarfsmenn hans í meiri hluta og minni hluta hafa lagt sig fram um að vinna af heilindum að því að koma þessu frv. fram. Ég þakka sérstaklega minni hlutanum fyrir ánægjulegt samstarf fyrir mína parta og ég vil einnig þakka starfsmönnum nefndarinnar sem eru einstaklega liprir og duglegir við að verða við hinum ólíkustu og ótrúlegustu óskum sem koma fram um upplýsingar frá okkur nefndarmönnum.

[16:47]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að stjórnarandstaðan hafi ekki áhuga á þeim tölum sem hann fór með um t.d. aukningu á fjárframlögum til heilbrigðisstofnana og til málefna fatlaðra. Ég hefði gjarnan viljað sjá hv. þm. reikna á sama hátt út hvað launa- og verðlagsþróun í landinu hefur þýtt í halla fyrir þær stofnanir sem hann nefndi hér, bæði á sviði heilbrigðismála og í málefnum fatlaðra. Rétt er að rifja það upp að Landspítalinn einn og sér — þrátt fyrr þær hækkanir sem hafa fengist — fer með 300 millj. kr. halla yfir áramótin og þá er ekki talið til það sem hann þarf í stofnkostnað eða viðhald. Hvernig ætlar hv. þm. Kristján Pálsson að segja að hægt sé að mæta þessum halla öðruvísi en með skertri þjónustu? (Gripið fram í.) Það er mikil synd að við skulum ekki hafa snillinga eins og hv. þm. til að reka þessar stofnanir. (Gripið fram í.)

[16:48]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki almennilega á þessu andsvari. Ég sagði að Landspítalinn – háskólasjúkrahús hefði fengið 13% aukningu. Verðbólgan er u.þ.b. 8%. Bætt var við stofnunina 2.357,2 millj. kr. Ef ég man rétt var 400 millj. á aukafjárlögum bætt við stofnunina.

Ég get ekki séð annað en verið sé að mæta þeim framúrakstri sem hefur orðið vegna ýmissa ástæðna. Ástæðurnar voru ekki bara launaþróun eða vísitöluhækkanir. Það var líka kostnaður vegna sameiningar. Ég held að hv. þm. ætti að skoða betur þær tillögur — ég bendi a.m.k. á Landspítalann – háskólasjúkrahús — og átta sig á því að það er einmitt verið að gera það sem þingmaðurinn heldur að við höfum ekki gert.

[16:49]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Hv. þm. Kristján Pálsson getur þá kannski svarað því hvort sá hallarekstur sem myndast, bara vegna gengishruns sem hefur orðið á árinu og hefur falið í sér gífurlegar hækkanir á lyfjakostnaði og rekstrarvörum hjá Landspítalanum, hefur verið tekinn inn í þessa reikninga og hvort honum sé að fullu mætt með þessum framlögum. Svo er ekki. Og bara vegna þess að það var nefnt — ég ætla ekki að ræða Sjúkrahús Suðurlands, ég er búin að gera það oft í ræðustól — á Akureyri var til að mynda fengin heimild til að kaupa röntgentæki. Þegar útboð fór fram á sínum tíma var reiknað með að þau kostuðu 80 millj. En hvað kosta þau í dag? 105 millj. 25 millj kr. viðbót fellur á sjúkrahúsið. Hvar er þessu mætt? Það þýðir ekki að vera með svona sýndarmennsku. Menn verða að vera með raunsannar tölur og þetta er bara hreint og klárt þvaður. Það er ekki frekar tekið á þessum aðstæðum en öðrum sem stofnanirnar fá að búa við.

[16:50]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er algjör misskilningur. 305 millj. voru settar til að mæta gengishalla og öðrum óvæntum kostnaði sem kom upp hjá sjúkrahúsunum. (Gripið fram í.) Þar á meðal fór hluti af þessum peningum til þess að mæta gengishalla vegna röntgentækisins á Akureyri þannig að ég skora á hv. þm. að átta sig á því að það er þegar búið að gera ráð fyrir þeim gengishalla sem varð á þessu ári.

Við erum núna að tala um næsta ár og samkvæmt þeim tölum sem ég hef verið að lesa upp eru sjúkrahúsin að fá 7–15% hækkun, sjúkrahúsið hér í Reykjavík 13% eða 2,4 milljarða, og það á að vera meira en það sem snýr að hækkun vegna vísitölu og gengis miðað við þær áætlanir sem gerðar eru.

[16:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg með ólíkindum að heyra þau gullkorn eða hitt þó heldur sem hrjóta hér af vörum hv. þm. Kristjáns Pálssonar þegar maður leiðir hugann að því að hann hefur setið í hv. fjárln. og unnið, að því er maður heldur, þá vinnu sem liggur að baki þeim tillögum sem hv. alþm. hafa verið að fjalla hér um. Og ég spyr: Ætlar hv. þm. að neita því að tillögur ríkisstjórnarinnar við fjárlagafrv. og tillögur meiri hluta fjárln. feli í sér hækkaðar álögur á sjúklinga og skólafólk? Til þess að auðvelda hv. þm. svarið vil ég að hann víki í svari sínu sérstaklega að innritunargjöldum í opinbera háskóla, efniskaupa- og innritunargjaldi nemenda í framhaldsskólum og gjaldi fyrir ferliverk á sjúkrahúsum.

[16:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki betur en ég hafi talað sérstaklega um innritunargjaldið. Það gjald er að hækka miðað við vísitöluhækkun á þessum tíma. Þetta er þar að auki gjald sem er hámarksgjald þannig að ekki er ætlast til að tekið verði meira gjald en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við innritun og þann kostnað sem má taka samkvæmt þeim lögum sem þessu fylgir. Ég held að í þessu efni sé ekkert að fela.

Ég var aftur á móti að benda á að flestallar skólastofnanir, þar á meðal háskólinn, eru að fá mun hærri framlög á næsta ári en sem nemur verðbólgunni og Háskóli Íslands sérstaklega. Það er engin skömm að segja frá því, það er að sjálfsögðu ánægjulegt og ég þakka hv. þm. fyrir hrósið að því leyti.

[16:53]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er hv. þm. að fara með rangar staðhæfingar og það vita allir sem vilja vita. Ég þarf ekki að nefna nema eitt lítið dæmi, Háskóli Íslands þarf t.d. að búa við það undir þessu fjárlagafrv. sem hér er fjallað um að verðbótaprósentan á kennsluþátt skólans er viðurkennd en ekki verðbótahækkun á rannsóknaþáttinn. Þá spyr ég bara hv. þm.: Hvernig getur hann haldið slíku fram í andsvarinu þegar allir þingmenn vita að það er ekki rétt sem hv. þm. segir? Það er verið að auka álögur á skólafólk og á sjúklinga, og verið er að gera skólastofnunum sem reknar eru fyrir opinbert fé erfiðara fyrir. Og að hv. þm. skuli leggja svona til stjórnarandstöðunnar með staðreyndir og fullyrðingar af þessu tagi er bara ekki boðlegt, herra forseti.

[16:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir því hvað hv. þm. telur boðlegt hef ég fram að þessu talið að tölur frá fjmrn. væru boðlegar hv. þm. Ég var einungis að lesa upp tölur sem koma frá ráðuneytismönnum. Ég geri ekki ráð fyrir því að þeir séu með rangar tölur. Ég kannast ekki við að þeir gefi rangar upplýsingar. Ef svo væri, verður það leiðrétt. En Háskóli Íslands fær samkvæmt þessum tölum, 25% aukningu á milli áranna eða 801,3 millj. Menntaskólinn í Reykjavík fær 72,8 millj. kr. viðbót eða 30%, Suðurnesin 65,6 millj. eða 29%, Vestmannaeyjar 34% og Suðurland 32%. Þetta er því alveg frá 25 og upp í 34% hækkun hjá þessum stærstu skólastofnunum. Hv. þm. segir að ég fari með staðlausa stafi og ég hafi ekki hugmynd um þetta. Mér finnst alveg makalaust að hlusta á þetta. Ég er ekki að búa þessar tölur til. Þær koma frá ráðuneytinu.

[16:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað til að gera athugasemdir við þau ummæli þingmannsins sem lutu að Byggðastofnun. Málið er mér skylt þar sem ég sit í stjórn stofnunarinnar, og ummæli hv. þm. um styrki Byggðastofnunar til eignarhaldsfélaga og hvernig framlag heimamanna væri metið voru rangar fullyrðingar að mínu mati og ég vísa þeim algerlega á bug fyrir hönd stofnunarinnar.

Ég vil benda hv. þm. á að stofnuninni ber að setja fé til eignarhaldsfélaga samkvæmt lögum og hefur gert það þar sem heimamenn hafa verið tilbúnir að leggja fram framlag á móti en samkvæmt reglugerð má stofnunin ekki eiga meira en 40% í þeim félögum og því er ekki hægt að láta út fé nema 60% fjár komi á móti heiman úr héraði. Það er auðvitað það sem skiptir máli og það er ekki hægt að fallast á það sem meginreglu að stofnunin kaupi fé í eignarhaldsfélögum án þess að mótframlag komi til.

[16:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að mótmæla því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir um að það eigi að koma framlag á móti. Það hefur samt sem áður gerst að eignarhaldsfélögin koma fram á mjög mismunandi tímum. Sum eignarhaldsfélög eru 7–8 ára gömul, voru stofnuð á þeim tíma með mjög ríflegu framlagi heimamanna. Þau hafa verið skikkuð til að gera nákvæmlega það sama og ný eignarhaldsfélög eru að gera í dag og gott betur og eftir því sem ég hef heyrt hafa reglurnar stundum breyst mjög skyndilega.

Eftir því sem ég hef heyrt, herra forseti, hefur þetta valdið verulegum erfiðleikum. Ég er ekki að ásaka hv. þm., formann Byggðastofnunar, um að hafa gert eitthvað vísvitandi í þessum málum en ég fullyrði það að fyrir þessi félög hefur þetta verið ótrúlega erfitt og illleysanlegt.

[16:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að fara aðeins yfir málið. Það eru nokkur eignarhaldsfélög í landinu sem hafa verið stofnuð fyrir atbeina Byggðastofnunar. Hún hefur keypt hlutafé í þeim fyrirtækjum í samræmi við það sem heimamenn á starfssvæði félagsins hafa lagt fram á móti í hlutföllunum 40% á móti 60%. Það var til eitt eignarhaldsfélag sem hafði verið stofnað áður, Eignarhaldsfélag Suðurnesja. Þar höfðu heimamenn lagt fram fé og fjárfest í ýmsum fyrirtækjum og Byggðastofnun ákvað að kaupa sig inn í það félag fremur en að hvetja til stofnunar nýs félags. Fallist var á það fyrsta árið, 1999, að Byggðastofnun legði fram framlag sitt án sérstaks mótframlags frá öðrum eigendum félagsins. Það er eina frávikið frá þeirri meginreglu að láta ekki út fé í þessu skyni nema á móti kæmi mótframlag. Hv. þm. hlýtur að skilja að við getum ekki fallist á að eldri fjárfestingar verði teknar gildar sem mótframlag því að það er enginn hörgull á eldri fjárfestingum sem menn geta talið fram á móti framlagi Byggðastofnunar.

[16:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að það sama ætti yfir öll fyrirtæki að ganga í þessu tilfelli. En ég ætla ekki að gera það að aðalatriði. Það sem ég held að skipti langmestu máli í þessu er að eignarhaldsfélögin um allt land hafa ekki möguleika til þess að uppfylla þessi ströngu skilyrði. 40% eigið fjárframlag af svæðinu er bara einfaldlega of mikið fyrir þessi svæði. (**Gripið fram í:** 60%.) Ég meina 60%, og 40% frá Byggðastofnun. Það er á því sem ég hefði talið að ætti að taka og því fyrr því betra.

Ég efast ekki um að við erum alveg sammála, hv. þm. og ég, um að við teljum að byggðir landsins þurfi á þessu fé að halda.

[17:00]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson kom víða við í ræðu sinni. Ég ætla nú ekki að fara yfir sviðið allt en velta upp a.m.k. tveimur þáttum í ræðunni.

Sá kafli ræðunnar sem fjallaði um byggðamálin var athyglisverður. Mér finnst nauðsynlegt að spyrja hv. þm. hvort hann hafi einhverjar upplýsingar sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hafði ekki — en þeir félagar sitja báðir í meiri hluta fjárln. — varðandi það að væntanlega kæmu inn tillögur vegna nýrrar byggðaáætlunar. Því miður hefur slíkt ekki sést á borðum okkar í fjárln. og spurning hvort þetta hefur á einhvern hátt verið skýrt í meiri hluta fjárln. Hvað veldur því að eingöngu eru teknir út þeir liðir sem tilheyrðu gömlu byggðaáætluninni en hin nýja byggðaáætlun á sér hvergi stoð í fjárlagafrv.?

Hitt málið sem ég kem að í seinna andsvari mínu og hv. þm. getur farið að undirbúa sig með varðar framhaldsskólana.

[17:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að upplýsa það að ég sit ekki í stjórn Byggðastofnunar, ég er reyndar varamaður þar en ég sit þar

ekki marga fundi. Ég veit samt að unnið er að byggðaáætlun og mér er sagt að hún verði lögð fram mjög fljótlega.

Það er náttúrlega ekki hægt að ætlast til þess að meiri hluti fjárln. geti svarað til um hvað verið er að gera í stofnunum hingað og þangað um landið. Ég veit hins vegar að það er verið að vinna þessa áætlun og hún mun koma fyrir þingið mjög fljótlega. Í tengslum við það er verið að skoða ýmislegt, eftir því sem ég hef fregnað frá markaðs- og atvinnuþróunarfélögum. Meðal annars er verið að skoða samninga við markaðs- og atvinnumálaskrifstofur en það voru gerðir stórir samningar við þessar stofnanir. Þá samninga er verið að endurskoða sem hlýtur að taka töluverðan tíma því að þetta er mjög viðkvæmt mál.

[17:03]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega ekki unnið að þessu í Byggðastofnun heldur er sérstakur starfshópur á vegum iðnrh. að vinna að þessari nýju byggðaáætlun. Hins vegar er það ámælisvert að teknar skuli út fjárveitingar sem voru inni í fjárlögum þessa árs vegna gömlu áætlunarinnar. Það kemur aftur á móti ekkert inn vegna hinnar nýju þannig að það boðar væntanlega að það verði ekki til neitt fjármagn til þess að vinna eftir nýrri áætlun á næsta ári.

Hitt sem ég ætlaði að minnast á við hv. þm. er skólakerfið, vegna þess að hann tók það sérstaklega fyrir og taldi þar vera allt með miklum sóma og í miklum blóma og fjárstreymið væri nær óstöðvandi í þann málaflokk. Þetta kemur okkur auðvitað verulega á óvart sem höfum setið fundi fjárln. vegna þess að — ég hélt að hv. þm. hefði líka verið viðstaddur — við fengum heimsóknir m.a. frá skólameisturum í framhaldsskólum þar sem þeir lýstu ástandinu hjá sér og hversu brýnt það væri að reiknilíkanið sem notast er við yrði endurskoðað. Það er m.a. búið að skila til nefndar sameiginlegu áliti af hálfu ráðuneytis og skólameistara þar sem niðurstaðan er mjög skýr, að það þurfi að taka á þessu máli. Það var rætt afskaplega jákvætt um það í nefndinni að gera slíkt en ekkert hefur gerst.

[17:04]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man vel eftir þessari heimsókn, jafn vel og hv. þm., (**EMS:** Heimsóknum.) — þá er ég að tala um skólameistarana. Þeir útlistuðu erfiðleika vegna þess að þetta svokallaða módel sem þeir eru mældir eftir hefði ekki virkað rétt. Þeir halda því fram að þetta virki misjafnlega eftir því hvort um er að ræða verkmenntaskóla eða aðra skóla.

Þar kom fram, og ég hef undir höndum lista eins og hv. þm., að skólarnir eru afskaplega misjafnlega staddir, það á við um skóla á verkmenntastigi jafnt sem á öðrum stigum. Það er því engin samfella þarna á milli. Ég held því að ekki sé hægt að segja annað en að rekstur skólanna sé mjög misjafn. Það sem ég meina með samfellu er einfaldlega að verkmenntaskólar eru ekkert verr staddir en hinir.

[17:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér á þessum föstudegi fer fram 3. umr. um fjárlög ríkisins og til stendur að afgreiða þau í kvöld eða á morgun. Rakið hefur verið allnákvæmlega hvernig vinnan að fjárlagagerðinni hefur gengið fyrir sig, sérstaklega þessa síðustu daga og hversu lítill tími hefur verið fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að undirbúa okkur og skoða breytingar og vinna úr tillögum meiri hlutans hér á þingi. Hugsanlega kemur það eitthvað fram í undirbúningi okkar en svona gengur þetta fyrir sig. Við höfðum óskað eftir því að 3. umr. yrði ekki fyrr en á mánudaginn þannig að við gætum undirbúið okkur betur en við verðum að halda út daginn í dag.

Miðað við þá áherslu sem var lögð á að hafa þessa umræðu í dag og klára þessa vinnu þá hefði ég búist við því að stjórnarliðar sætu hér í sætum sínum og ynnu með okkur að frágangi málsins. Það hefur verið minnst á að allir hafi sjónvarpsskjá í vinnuherbergjum sínum og geti setið þar. Vissulega er það svo. Það á við um þingmenn sem ráðherra. En eftir sem áður, miðað við þann undirbúning og þá áherslu sem var lögð á að vinna þessa vinnu hér í dag, herra forseti, þykir mér ámælisvert að hér sé nær tómur salur. Hann hefur verið nærri tómur í dag. Það á bæði við um þingmenn og ráðherra.

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum yfir fjárlagafrv., ekki að tína hvern einasta lið en nefna helstu þætti sem mér finnst rétt að gera athugasemdir við. Við viðurkennum það öll hér í þessum sal og finnum fyrir því úti í þjóðfélaginu að efnahagsástandið er ekki eins og spáð hafði verið. Það hefur haft þó nokkurn aðdraganda. Ekki hefur verið hlustað á aðvörunarorð minni hlutans, ekki heldur Seðlabankans né Þjóðhagsstofnunar. Minni hlutinn hefur ekki verið að hrópa „úlfur, úlfur" eða verið með upphrópanir um versnandi ástand til að reyna að koma höggi á meiri hlutann heldur höfum við haft verulegar áhyggjur af versnandi horfum í efnahagsmálum enda séð hvernig þau gætu þróast, burt séð frá þeim hörmulega atburði, herra forseti, sem varð þann 11. september. En nú virðist hann orðinn nokkurs konar akkeri fyrir hæstv. ríkisstjórn Íslands og alveg örugglega fleiri lönd til að breiða yfir ýmis útgjöld. Stjórnvöld hafa vísað til þeirra hörmulegu atburða sem urðu þá og viðbragða við þeim til að réttlæta ýmsar gjörðir.

Sannarlega kallaði sá dagur á breytta hugsun og breytt vinnubrögð, m.a. í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, vopnaleit og annað sem við höfum ekki talið að við þyrftum. En heimsmyndin hefur breyst þannig að við þurfum að setja okkur í aðrar stellingar og það kostar sitt. En ég bið þingheim að minnast þess að það er ákaflega auðvelt að fljóta með í múgæsingu og hysteríu þegar kemur að hernaðarumsvifum og viðbrögðum við hryðjuverkum. Ég held að það sé betra að staldra aðeins við og anda djúpt og muna eftir mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að Sameinuðu þjóðirnar séu til áður en við látum dragast með í miklar aðgerðir.

Það er alveg ljóst að ef okkur tekst að ná okkur upp úr þessari niðursveiflu, þó ekki verði fyrr en árið 2003, þá mun hæstv. ríkisstjórn nota efnahagsástandið til þess að réttlæta enn frekar þá áætlun sína að koma á stóriðju á Austurlandi og fara í þær virkjanaframkvæmdir sem þeim tengjast þó að þær hafi verið metnar þannig að náttúruspjöllin séu það mikil að ekki sé réttlætanlegt að fara í virkjunina, eins og fyrirhugað var. Efnahagsástandið verður örugglega notað enn frekar til að píska þá framkvæmd áfram.

Herra forseti. Eins og fjárlögin eru lögð fram — fyrst sú hækkun sem fram kom hjá meiri hluta fjárln. og svo skyndilega niðursveifla og lækkun um nokkurn veginn sömu tölu frá hæstv. ríkisstjórn um rúma 2 milljarða kr. — endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar. Að vísu er þessum niðurskurði dreift á öll ráðuneyti. Allir eiga að bera sitt en þó sér maður eftir sem áður hvaða fjárlagaliðir eru helst skertir. Mér voru það mikil vonbrigði að sjá að það eigi að innheimta enn frekar gjöld af sjúklingum og að lyfjaverð muni hækka. Þó

að það eigi að koma á hagræðingu varðandi samheitalyf og nýtingu ódýrari lyfja mun hækkunin eftir sem áður lenda á sjúklingum og eins hækkun vegna komu til sérfræðinga. Því hefur ekki verið svarað hér hversu hátt eigi að lyfta þessu þaki, sem nú er 5.000 kr. Hversu hátt á það að fara? Eins munu komugjöld til heilsugæslunnar hækka. Ég var að vona, herra forseti, að sjúklingum yrði hlíft við beinum niðurskurði og það mundi nægja að láta hann koma niður á á stofnununum.

Annar rauður þráður hér í gegn er að það eigi að selja enn frekar eignir ríkisins. Þær stóru eru nú að týna tölunni hver af annarri en nú á að einhenda sér í að selja jarðir. Ég harma að svo ákaft skuli farið í að selja ríkisjarðir þar sem engin markviss stefna eða markmið og tilgangur með sölu jarðanna liggur fyrir.

Herra forseti. Þegar til framtíðar er litið gæti verið gott að ríkið ætti jarðir, sérstaklega á stöðum þar sem náttúrufegurð er mikil og hægt að koma upp útivistarsvæðum eða vettvangi fyrir fólk að fara um. Þar gæti það a.m.k. verið aðgengilegt og öllum almenningi opið en ekki í einkaeign, aflokað og afgirt. Það verður æ algengara þegar jarðir eru seldar til einkaeignar og ekki til búskapar að jarðir séu lokaðar af. Ég hvet hæstv. landbrh. til að leggja fram stefnumótun varðandi sölu á ríkisjörðum, hvaða jarðir eigi að selja, hverjum eigi að halda eftir og skýra markmiðin með sölunni, ekki bara þau að ná inn fé í ríkiskassann.

Eins hef ég alltaf talið rangt að fresta þeim framkvæmdum sem hafnar eru. Ef farið er í byggingu tel ég að byggingaráætlun eigi að standa, það eigi að klára bygginguna og frekar að fresta þeim sem ekki er byrjað á. Það er dýrt að vera með frestanir eftir að byrjað er á byggingu og ég tel að við ættum að reyna að komast hjá slíkum vinnubrögðum. Það sama á þá við um viðbyggingu við Alþingishúsið. Þó að við ætlum að sýna gott fordæmi með frestun tel ég að við hefðum átt að halda áfram og klára þessa byggingu. Hún verður engum að gagni hálfköruð eins og hún er. Það er mikilvægt að geta nýtt hana þar sem þar verður eina aðgengið fyrir fatlaða og þegar upp er staðið held ég að enginn sparnaður verði af þessu.

Þegar við erum að fresta framkvæmdum skiptir líka máli hvaða tíma við veljum til þess. Og, herra forseti, ef við erum að horfa fram á tíma núna þar sem byggingarframkvæmdir eru að minnka, ef efnahagslífið er þannig að nýbyggingum fækkar og dregið er úr stórframkvæmdum, tel ég að ríkið eigi að halda uppi ákveðnum verkþáttum til þess að halda uppi vinnu í landinu. Ef einkaaðilar halda að sér höndum er gagnlegt að framkvæmdir eins og vegaframkvæmdir og framkvæmdir á vegum hins opinbera séu látnar ganga til að halda uppi vinnu á viðkomandi stöðum.

Það hlýtur alltaf að vera erfitt að skera niður og segja hvar má þá sleppa en ég held að það sé alveg ljóst að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að hér sé eitt verkefni sem er þegar orðið dýrt, og verður á endanum mjög dýrt, og það er NATO-fundurinn næsta sumar. Það verkefni hefði átt að slá af. Þó að við séum búin að setja einhvern *þening í undirbúning á að slá það af, og þar kemur margt til.*

Hugsanlega var hægt að segja á meðan góðærið var að við hefðum efni á þessu en núna er farið að þrengja að í þjóðarbúinu og kostnaðurinn við fundinn á eftir að verða miklu hærri en við sjáum á pappír núna. Þar koma líka til hryðjuverkin 11. september — nú hlýtur að þurfa miklu meiri gæslu og viðbúnað við þennan fund hér á Íslandi næsta vor en áætlað var. Og það er alveg spurning að mínu mati hvort við séum undir það búin að halda slíkan fund á Íslandi. Þetta er a.m.k. verkefni sem ég tel að við hefðum átt að slá af.

Ég hefði frekar viljað sjá markvissar áherslur til að treysta byggð á landsbyggðinni í frv. Ef við ætlum okkur að snúa þeirri byggðaþróun við sem verið hefur í gangi verðum við að gera það markvisst. Þá verður þess að sjá stað í fjárlagafrv. Þegar við erum að tala um að styrkja byggð eru það ákveðnir þættir sem skipta máli, m.a. góð menntun, en framhaldsskólarnir í landinu eiga í miklum erfiðleikum og það á við um landsbyggðina líka. Þarna hefðum við þurft að auka við en ekki skera niður eða vera með þær aðhaldsaðgerðir sem eru í dag. Vegaframkvæmdir eru líka mikilvægar til að snúa byggðaþróuninni við. Það er líka mikilvægt að styrkja Byggðastofnun og þróunarstofurnar til að koma á nýsköpun og þróunarverkefnum úti um allt og það er líka mikilvægt að styrkja fjórðungssjúkrahúsin til að þau geti aukið starfsemina, skapað sér sérhæfð verkefni og markað sér sess í staðinn fyrir að dala eins og þau hafa gert, í fyrsta lagi vegna fækkunar íbúa og síðan vegna þess að þau hafa ekki haft möguleika á að auka sérfræðiþjónustu eða vera með sérþjónustu sem allir landsmenn gætu sótt.

Heilbrigðisstofnanirnar, framhaldsskólarnir og háskólarnir — allar þessar stofnanir eru í miklu fjársvelti. Rekstrarvandinn er farinn að ógna starfsemi þessara stofnana og, herra forseti, einhvern veginn læðist það að mér að með því að halda bæði skólum og heilbrigðisstofnunum í spennitreyju þannig að þær geti ekki sinnt verkefnum sínum verði þeim öflum sem vilja koma hér á einkarekstri og einkavæðingu á öllum sviðum gert auðveldara fyrir að benda á að þessar stofnanir sinni ekki hlutverki sínu og því verði að koma á einkarekstri og það sé það eina rétta. Þessar stofnanir fá prósentuhækkanir en það er alveg ljóst að þær hækkanir sem koma fram í frv. duga varla til þess að fylgja eftir launaþróun, hvað þá fara í frekari þróun.

Herra forseti. Þá langar mig til að nefna hérna nokkur atriði sem snúa að menntmrn. og þá fyrst að Ríkisútvarpinu sem hefur átt í miklum rekstrarerfiðleikum í mörg ár. Það fær að vísu hækkun með afnotagjöldum á nýju ári en eftir sem áður verður vandi í rekstri Ríkisútvarpsins og eftir stendur vandi svæðisstöðvanna. Sú hugmynd að gera svæðisútvarpið á Akureyri að miðstöð Stöðvar 2 var hugmynd sem var reifuð hér í þessum ræðustóli. Ég tel alveg fráleitt að fara í þær aðgerðir. Það á aftur á móti að efla svæðisútvarpið, og útvarpsstöðin á Akureyri gæti orðið miðstöð svæðisstöðvanna úti á landi. Svæðisstöðvarnar eru vel mannaðar og jafnvel hægt að gera enn betur. Þær geta sinnt dagskrárgerð sem mundi nýtast bæði á Rás 2 og Rás 1 og ég tel að með því móti, að efla svæðisstöðvarnar og koma þeim betur inn í útvarpssendingar Rásar 1 og 2, mundum við leggja stóran skerf til uppbyggingar menningar úti á landi.

Menntaskólinn á Egilsstöðum er einn af þeim skólum sem eiga og hafa átt í rekstrarerfiðleikum og nú á aftur að *minnka framlög sem áttu að koma fram til að styrkja leigu* fyrir skólann. Þessi niðurskurður á eftir að koma sér mjög illa því að skólinn hefur sprengt utan af sér húsnæðið. Staðið hefur til að byggja nýjan skóla, það er núna í undirbúningi og ég hafði vonast til að framkvæmdum yrði frekar flýtt en seinkað eins og nú stendur til. Skólinn hefur þurft að leigja húsnæði úti í bæ fyrir nemendur sína og ég sé ekki fyrir hvernig hann muni komast út úr þessum rekstrarerfiðleikum,

að fá ekki fullan styrk eins og um hafði verið talað, nema það komi þá fram í hærri húsaleigu hjá nemum.

Reynt hefur verið að byggja upp fjarnám víða um land með fræðslusetrum. Fræðslunetið sem er fyrir háskólanám og hefur miðstöð á Egilsstöðum hefur staðið undir björtustu vonum. Aðsókn að skólanum eða fjarnáminu hefur verið mjög mikil og til að fylgja eftir þessari þróun til að hvetja fólk til að sækja sér meira nám verður auðvitað að fylgja því eftir með styrkingu til skólans, til Fræðslunets Austurlands og þessara fjarskiptamiðstöðva sem sinna fjarnáminu. En þarna vantar upp á og það kemur eingöngu niður á framboði til náms, það verða þá færri sem geta sótt skólann. Allt snýr þetta að því að styrkja og þótt ég taki hér dæmi úr mínu kjördæmi eru svipaðar aðstæður annars staðar.

Eins hefði ég viljað sjá — og kem ekki auga á hér í fjárlagafrv. — vilja hins opinbera til að færa störf út á land með fjarvinnsluverkefni en hann er ekki sýnilegur. Eins og miklar væntingar voru byggðar upp í kringum þessi fyrirheit hafa þær hrunið og víða er fólk að reyna að halda stöðvunum gangandi með einstaka verkefnum. Á flestum stöðum voru það konur sem réðu sig í þessa vinnu en þær ganga nú um atvinnulausar. Ég tel mikilvægt verkefni að einhenda sér í að færa fjarvinnslustörf út um land og standa við stóru orðin.

Einstaka sérskólar eins og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað eru líka mikilvægir, ekki bara sem landshlutabundnir skólar heldur til að halda uppi ákveðnu námi í landinu. Hússtjórnarskólar eru orðnir fáséðir og við eigum að hlúa að þeim sem enn eru starfandi.

Herra forseti. Mig langaði í nokkrum orðum að fara hér yfir verkefni landbrn. en þar er m.a. hlutverk Skógræktar ríkisins. Hún hefði þurft að fá meiri framlög en hér kemur fram. Og þrátt fyrir 8 millj. kr. aukafjárveitingu sem kemur fram í brtt. duga þær ekki sem uppbót fyrir sérverkefni því að Skógrækt ríkisins var líka með sölu á öðrum plöntum en skógræktarplöntum og mun eiga í miklum erfiðleikum með bara að halda rekstri sínum þar sem þessi sérverkefni hafa verið tekin af henni. Eins má benda á það, herra forseti, að verkefnið Átak í landgræðslu og skógrækt, sem var átak um kolefnisbindingu, er fellt niður. Mér þykir það mjög undarlegt því það á að bjarga stóriðjunni í framtíðinni að hér sé skógrækt í miklum blóma. Til þess þurfa að liggja fyrir einhverjar niðurstöður um hvað skógræktin og önnur landgræðsluverkefni duga í kolefnisbindingu og því hefði ég haldið að átak í landgræðslu og skógrækt, þ.e. þetta kolefnisbindingarverkefni, yrði að vera áfram og það virðist sem Landgræðslan hafi fengið öll framlög til kolefnisbindingarinnar, ef ég get lesið rétt út úr frv.

Herra forseti. Víða um land hefur verið hrundið af stað miklum verkefnum í skógrækt. Miklar væntingar eru bundnar við skógræktina, sérstaklega hjá þeim bændum sem eru að hætta búskap og vilja snúa sér að öðru án þess að fara af jörðum sínum. Samningar hafa verið gerðir vegna ákveðinna skógræktarverkefna og það er auðvitað alveg nauðsynlegt, þrátt fyrir niðurskurð, og skylda okkar að standa við alla þá samninga þannig að áætlanir sem samið hefur verið um við bændur standist. Annað væru hrein og bein svik. Menn verða að geta treyst á samninga þegar farið er í svona verkefni enda snúast þau um atvinnu fólks.

Varðandi félmrn. þá hafa málefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins verið þó nokkuð til umræðu hér. Greiningarstöðin fékk fjárveitingu af fjáraukalögum upp í halla. Sú hækkun sem stöðin fær á fjárlögum mun varla duga til að halda í við launahækkanir en dugir alls ekki til að þróa starfið áfram eða mæta nýjum verkefnum. Til þess er ekki króna. Það eina sem starfsmenn Greiningarstöðvarinnar geta gert á næsta ári er að draga enn úr starfseminni. Við svo búið má ekki standa miðað við þau verkefni sem bíða. Eðlilega fjölgar verkefnunum og þau verða flóknari og fleiri einstaklingar fá greiningu, bæði vegna mannfjölgunar og vegna þess að fleiri fæðast og lifa sem áður fyrr hefðu ekki gert það vegna fötlunar.

Þekking sérfræðinga er alltaf að aukast þannig að nú væri hægt að grípa fyrr inn í og hjálpa fleirum ef hægt væri að manna Greiningarstöðina eins og þarf. Engum skal detta í hug að þar sé verið að leika sér eða fimbulfamba um eitthvað sem ekki er. Það er ótækt að það skuli þurfa að bíða í tvö ár eftir meðferð, eftir að grunur kemur upp um að eitthvað sé að, og koma barninu ekki í greiningu eða meðferð fyrr en eftir tvö ár, vera stöðugt að bíða eftir því að komast að hjá sérfræðingum, jafnvel það seint að niðurstaðan verður: Ef þú hefðir komið fyrr þá hefði verið hægt að gera eitthvað.

Varðandi heilbr.- og trmrn. fagna ég því ef gengið verður frá samningi við Heilbrigðisstofnunina á Hornafirði, þ.e. náist samningar um þetta reynsluverkefni og verði því haldið áfram. Það hefur gengið vel en nokkuð hefur skort á að fjármagnið dygði. Ég bind vonir við að samningar náist um verkefnið og ekki síður að samningar náist um að byggja við stofnunina, við hjúkrunardeildina þannig að það sé ekki til bráðabirgða. Síðast var byggt til bráðabirgða en það má ekki verða að aftur verði byggt til bráðabirgða, að þjónustudeildir verði ekki hafðar með og áfram verði sami barningurinn. Það á við um þessa eins og margar aðrar stofnanir. Það er verið að skera niður til að spara en það er ekki alltaf gert á réttum stöðum.

Mig langar, herra forseti, varðandi heilbrigðisþjónustuna almennt að vísa til fyrirspurnar sem ég lagði fram á þinginu nú í vetur ásamt Steingrími J. Sigfússyni, um biðlista í heilbrigðiskerfinu. Þar kemur mjög skýrt fram hvernig þjónustan er. Biðlistar segja töluvert um aðgengi sjúklinga að heilbrigðisstofnunum. Þegar við lítum á biðlista að Landspítalanum þá eru þeir langir á mörgum sviðum. Þar þarf lengi að bíða og því vil ég segja hér nokkrur orð um Landspítalann. Það er orðinn svo stór útgjaldaliður í fjárlögum ríkisins að ég tel rétt að við stöldrum aðeins við og sjáum hvort þar er ekki hægt að leita einhverra lausna.

Í upphafi vil ég taka fram að ég hef aldrei verið hlynnt sameiningu Landspítala og Borgarspítala. Ég taldi þessar einingar hæfilega stórar eins og þær voru. En nú verður ekki aftur snúið og þá er ekki um annað að ræða en að gera þetta að brúklegri stofnun. Ég tel að allan tímann hafi kostnaðurinn við að gera þetta að brúklegri stofnun verið vanmetinn, þ.e. bara að breyta húsnæðinu — burt séð frá öllum flutningum á deildum fram og til baka.

Borgarspítalinn er orðinn yfir 30 ára gamall og hafði lítið verið fyrir hann gert varðandi endurnýjun og viðhald, a.m.k. á mörgum deildum. Þegar komið er inn með nýja starfsemi á gamlar deildir — deildir sem væru ekki byggðar eins í dag, en þetta er það húsnæði sem á að nota — þá er það óhemjudýrt í slíku húsnæði. Ég held að allan tímann hafi þessi kostnaður verið vanmetinn þannig að þrátt fyrir að bætt hafi verið inn 200 milljónum núna þá tel ég að þar vanti enn a.m.k. 200 milljónir upp á, eingöngu til breytinga á húsnæðinu til að geta komið starfseminni í almennilegt horf. Dragist mjög lengi að starfsemi Landspítalans verði

heildstæð þá er það bara bensín á eld fyrir þá sem vilja koma öllu út í einkarekstur. Þá er hægt að benda á að hin opinbera þjónusta sé ónýt, dugi ekki til og öllu þurfi að koma í einkarekstur.

Þó ég hafi áhyggjur af rekstri Landspítalans þá vil ég, eins og ég nefndi hér í upphafi máls míns, að við leggjum áherslu á fjórðungssjúkrahúsin og stofnanir úti á landi, að auka farþjónustu og sérfræðiþjónustu úti á landi. Við þurfum að styrkja sérverkefni úti á landi þannig að stofnanirnar hafi möguleika á að byggja sig upp.

Það er alveg ljóst að Tryggingastofnun ríkisins verður áfram í miklu basli vegna tölvukerfisins. Ég veit ekki hvað gerist ef það hrynur svo, eins og vírus kæmist í það. Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að engu megi muna að þetta kerfi gangi. Ég veit ekki hversu lengi má draga það að endurnýja tölvukerfi Tryggingastofnunar.

Ég vil gjarnan fá svör varðandi Heyrnar- og talmeinastöðina. Hæstv. heilbrrh. er ekki hér en getur þá hugsanlega svarað mér síðar eða hæstv. fjmrh. Það hefur komið fram að miðað við þær breytingar sem gera á verði hægt að fjölga verkefnum og rekstur stöðvarinnar verði ódýrari. Þá vil ég bara spyrja viðkomandi ráðherra, þ.e. þann sem kost á að svara: Hvernig getur reksturinn orðið ódýrari ef hann verður einkarekstur? Ef það á að kosta sjúklinga hið sama að fá tæki hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og hjá einkarekinni stöð, hlýtur það ekki að þýða að ríkið eigi bara að taka meiri þátt í greiðslum fyrir tæki en er í dag? Mín reikningskúnst segir að þannig hljóti það að vera, það sé eina leiðin til að gera þetta ódýrara. En það væri gott að fá skýr svör við því hvort meiningin sé að auka kostnaðarþátttöku sjúklinga við kaup á heyrnartækjunum.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. En það á að skera niður til vegagerðar. Það hefur ekkert komið fram um hvaða vegalagningar er að ræða eða hvernig það á að skiptast. Eins hefur ekki komið fram hvort þessi niðurskurður muni hafa áhrif á útboð á fyrirhuguðum jarðgöngum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Ég vil taka fram að ég teldi það mjög óskynsamlegt, sérstaklega miðað við þær þrengingar sem nú eru, að bjóða pakkann út í heilu lagi. Ef menn eru ákveðnir í að gera það þannig ætti í það minnsta að bjóða upp á tvo valkosti, þ.e. að bjóða í allan pakkann eða í hvor jarðgöngin fyrir sig. Það er ekki ljóst og ekkert víst að það sé ódýrara að bjóða í pakkann í heilu lagi. Það er alls ekkert öruggt. Það verður ekki ljóst nema gefinn sé sá möguleiki að bjóða megi, annaðhvort í allan pakkann eða í hvor göngin fyrir sig.

Miðað við ástandið eins og það er núna, bæði varðandi samdrátt og aðhaldsaðgerðir þá teldi ég fráleitt, ef það kæmi í ljós að það væri ekki ódýrara að bjóða í allan pakkann, að láta það bitna á þessum ódýru jarðgöngum fyrir austan. Ég teldi slæmt ef menn teldu sig fyrir vikið ekki geta fara í þau. Ég legg áherslu á þetta. Það stendur til að kynna þetta stóra og mikla verk á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég hvet til þess að það verði kynnt þannig að það séu a.m.k. tveir möguleikar í stöðunni.

Ég hefði getað nefnt fleiri dæmi en, herra forseti, ég held að nóg sé komið í bili af þeim hugleiðingum mínum og því sem ég hef verið að velta fyrir mér. Vissulega eru verkefnin mörg og ekki auðvelt fyrir hv. fjárln. að velja og hafna. En þetta er spurning um áherslur.

[17:45]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð sem innlegg í umræðuna um fjárlög, þá þriðju og síðustu sem að sönnu er einnig eins og hér hefur komið í ljós umræða um efnahagsmál og framtíðarhorfur í þjóðarbúinu og staða mála almennt til sjávar og sveita.

Út af fyrir sig væri kannski ekki nokkur ástæða til að setja á neina ræðu undir þeim formerkjum því að hér á síðustu dögum og vikum hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson haldið alloft ræður og farið mikinn og gefið einkunnir á báða bóga. Ætla mætti fyrir ókunna að þar færi stjórnarandstæðingur sem hefði haldið hér uppi verulegu andófi og hörðu gegn stefnu ríkisstjórnarinnar á síðustu sex árum, allt hennar stjórnartímabil, því að hann hefur ekki skafið utan af því og gagnrýnt mjög hvernig haldið hefur verið utan um efnahagsmálin og dregið upp dökka mynd af stöðu þeirra mála eins og þau eru í dag. Eins og ég segi, herra forseti, væri kannski ástæða til að láta þar við sitja.

En auðvitað er það svo að þessi hv. þm., Einar Oddur Kristjánsson, er enginn meðaljón. Hann er einn helsti sérfræðingur sjálfrar ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans á hinu háa Alþingi í efnahagsmálum og peningamálum og hefur völd sem slíkur. Hann er hvorki meira né minna en varaformaður fjárln. Hann hefur að sönnu af þeim ástæðum verið þráspurður um hvort hann beri enga ábyrgð á þessu ófremdarástandi, hvort það geti látið sig gera að óhóflegar launahækkanir, að hans áliti, séu þeim um að kenna sem notið hafa, þeim opinberu starfsmönnum sem hann hefur talið hafa fengið of mikið í sinn vasa í kjarasamningum og kjaradeilum sem þeir hafa átt í, einstakir hópar og samtökin í heild, á umliðnum árum við fjárhaldsmann ríkissjóðs, hæstv. fjmrh.

Þá hefur hv. þm. svarað því til að það væri nú kannski mestan part stjórnarandstöðunni um að kenna því að hún hefði leikið þann leik að koma hér í hvert einasta skipti sem kjaradeilur hafi átt sér stað og heimtað að gengið yrði að kröfum launafólks hvernig sem mál hafa staðið.

Herra forseti. Ég set á þennan inngang svona til þess að undirstrika í raun það leikhús fáránleikans sem við okkur blasir við þessar aðstæður því að staðreynd mála er sú að núna fyrst reynir á ríkisstjórnina og á þennan þingmeirihluta, núna fyrst er ekki vindur í bakið. Núna fyrst renna ekki peningar í ríkissjóð sjálfkrafa inn um allar dyr og gættir eins og verið hefur. Núna fyrst þurfa stjórnarherrarnir að horfast í augu við að það kreppir að. Það eru erfiðleikar til lands og sjávar, það eru erfiðleikar í ríkisbúskapnum, það eru erfiðleikar hjá fólki og þá fyrst reynir á manninn. Þá fyrst fær maður að sjá framan í það sem að baki býr, sjá þær áherslur sem flokkar ríkisstjórnarinnar standa fyrir þegar til kastanna kemur, en einnig hitt hvernig þjóðarbúið er í stakk búið til að mæta slíku andstreymi, til að mæta þessum mótvindi eftir fimm til sex ára samfellt góðæri í landinu.

Og, herra forseti, ekki þarf að fara mörgum orðum um að aðstæður hér í þjóðarbúinu eftir þetta langvarandi góðæri eru með þeim hætti að viðnámið er sáralítið. Möguleikar stjórnarflokkanna til að bregðast við eru sáralitlir og ætla ég þá ekki að fara yfir það leikhús sem sett hefur verið á fjalirnar hér á haustdögum þegar kemur að þróun vaxtamála og gengismála, þegar stjórnarherrarnir, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., staðgengill hans, og í för fylgir hæstv. fjmrh., láta að því liggja í almennri orðaræðu að nú komi þeim ekkert

við og það sé ekki á þeirra valdsviði hvernig vaxtaþróun sé í landinu. Þeir hafi ekkert um það að segja lengur hvernig gengismál þróast því að nú sé það á hendi mannanna uppi í Seðlabanka, að vísu þeirra sömu sem þeir handpikkuðu og völdu til að stjórna þeirri stofnun, völdu þá einstaklinga sem þar ráða ríkjum alla sem einn. Þeir gleyma að geta þess að stjórn þeirrar stofnunar er einnig skipuð að meiri hluta til af hálfu stjórnarherranna sjálfra.

Og dettur nokkrum í hug að einhver lifandi maður trúi því þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson segist ekki ráða neinu um gang mála heldur Birgir Ísleifur, það sé hann sem stýri þessu? Hverjum dettur í hug að trúa svona staðleysu? En það bara hentar. Og dettur einhverjum mönnum það í hug að þeir taki ekki upp tólið, þessir stjórnarherrar, þegar þeim býður svo við að horfa og reyni að halda þannig utan um stjórnartaumana að mál gangi fram? Menn hafa nú hringt út af minna tilefni í mann og annan og látið í sér heyra. Auðvitað er þetta ekkert annað en það að menn eru að víkjast undan ábyrgð þegar það hentar. Og það hentar núna þegar verðbólgubálið er farið að brenna, það hentar núna þegar vextirnir eru upp úr öllu valdi og það hentar núna þegar krónan er ónýt. Þá er ósköp þægilegt að vísa sök, vísa ábyrgð í Seðlabankann. En auðvitað eru mál ekkert með þeim hætti. En þetta var útúrdúr, herra forseti.

Ég talaði um viðnám og nú reynir á. Það er próf hjá ríkisstjórninni. Núna í fyrsta skipti reynir á að ríkisstjórnin þurfi að láta hendur standa fram úr ermum. Það voru digrar yfirlýsingar sem fóru á öldum ljósvakans í frægum þætti, Silfri Egils, um verulegan niðurskurð ríkisútgjalda. Það hafa verið digrar yfirlýsingar á síðustu dögum og vikum að nú þurfi að taka á. Afraksturinn er hér á borðum okkar. Hann er upp á nákvæmlega sömu upphæð, 2,2 milljarða kr. í niðurskurði, og hækkunin var milli 1. og 2. umr. Það er það sem gerst hefur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hér hefur verið áður sagt með réttu í hverju þessar sparnaðartillögur liggja en það sér auðvitað hver einasti maður að þær liggja í þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi með bókhaldsfiffi þar sem afstemmt er með hækkun eða lækkun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs. Ég man ekki betur en að á hverju einasta ári á umliðnum árum hafi það verið með þeim hætti að menn hafi þurft að bæta í vegna þeirra skuldbindinga og hæstv. fjmrh. hafi þurft að moka út peningum vegna þess að menn hafi vanmetið þær skuldbindingar. Nú bregður hins vegar allt í einu svo við að hann telur sig í fjárlagafrv. sjálfu hafa ofmetið þær umtalsvert, upp á 800 millj. kr. Þetta er auðvitað svo gagnsætt að það er grátbroslegt.

Í annan stað lýtur þetta að frestun framkvæmda og það þekkja allir af gamalli reynslu að það er auðvitað ekkert annað en að pissa í skóinn sinn. Það er enginn sparnaður í raun, það ýtir bara upp stíflu sem einhvern tíma springur og einhvern tíma kemur að því að ljúka þar verki.

Í þriðja lagi, sem segir vissulega margt um þær áherslur sem er að finna hjá ríkisstjórnarflokkunum því auðvitað eru fjárlög, bæði gjaldamegin og teknamegin, meira en tölur á blaði. Þær segja líka til um þá pólitík sem rekin er í landinu. Í hvaða vasa er farið núna í þeim sparðatíningi, sem ég vil segja, til að ná saman fjárlögunum að þessu sinni? Jú, það er farið í kostnaðargjöldin í velferðarkerfinu.

Herra forseti. Ég get ekki annað en rifjað það upp af því að mér er það minnisstætt hér á árunum 1991–1995 þegar kreppa var í landinu og flokksbræður mínir og ég þar meðtalinn vorum nauðbeygðir til þess að treysta fjárhag ríkisins við mjög erfiðar aðstæður. Þá var nú heldur betur lamið á ráðherrum jafnaðarmanna á þeim dögum. Hins vegar gættum við þess ævinlega á þeim tíma að fara með mikilli gát. Og við gættum þess ævinlega, herra forseti, að fara ekki yfir hin heilögu strik sem ég nefni svo, þ.e. að tryggja það að sjúkrahúsvist til að mynda væri sjúkratryggðu fólki á Íslandi ókeypis. Menn þyrftu sem sé ekki að skoða veskið sitt, skoða heimilisbókhaldið áður en fólk tæki um það ákvörðun, nauðbeygt, þótt þörfin lægi fyrir, hvort það ætti fyrir því að leggjast á spítala.

Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að segja það en ég held að menn séu að fikra sig yfir þessa heilögu línu þó ekki sé í miklu. Því að ég tek eftir því að í fylgifrv. fjárlaga, sem er bandormur og kemur til hinnar formlegu umræðu á morgun, er farið í nýja skilgreiningu á hinum svokölluðu sjúkrahótelum. Að vísu sáralítil upphæð, 10 millj. kr. ef ég man rétt, sem ríkissjóður ætlar að taka inn á þeim vettvangi. Mér hefur verið sagt og dreg það ekki í efa að sá háttur hafi verið á hafður núna um eitthvert skeið en hins vegar sé verið að skjóta undir þetta nauðsynlegri lagastoð og ekki ætla ég að draga það í efa. En hitt er ég búinn að kynna mér að sá háttur sem samkvæmt þessu stóðst ekki að öllu leyti gildandi lög var tekinn upp í tíð núverandi ríkisstjórnar á núverandi kjörtímabili. Þannig að eðli máls samkvæmt var þetta gjörð ríkisstjórnarinnar.

En nú á að ganga skrefinu lengra og festa það í lög að fólk eigi að greiða fyrir sjúkrahúsvist. Og það á að ganga lengra til þess að fela þennan gjörning. Það á að endurskilgreina sjúkrahótelin og gera þau að einhvers konar annars flokks stofnun. Sjúkrahótel, og ég vil taka það mjög skýrt fram, eru úrræði sem ég hef ævinlega verið mjög spenntur fyrir og tel að ætti að virkja í stórauknum mæli í heilbrigðiskerfi okkar. Þau eru hagkvæmur og ódýr kostur og henta í ákveðnum tilvikum afskaplega vel. Ekki síst hefur þetta reynst góður kostur fyrir fólk sem býr úti á landi, fólk sem hefur þurft að sækja læknisþjónustu í Reykjavík, þurft að leggjast inn á spítala og þurft að vera í nálægð sjúkrahúsanna, í nálægð læknisþjónustu, og hefur því verið skipað í rúm á sjúkrahótelum einkum og sér í lagi sjúkrahótel Rauða krossins við Rauðarárstíginn.

Nú er hins vegar verið að segja að þetta úrræði eigi ekki að skilgreina lengur sem úrræði innan heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. þetta eigi ekki að vera sjúkrastofnun ef marka má þann texta sem fylgir í röksemdum með bandorminum.

Ég gagnrýni þetta mjög harðlega. Ég trúi því ekki að hæstv. heilbrrh., eins og hann hefur talað hér á liðnum árum og jafnvel eftir að hann kom í þetta erfiða embætti sem embætti heilbrrh. er, hafi gert þetta ótilneyddur. Annaðhvort hefur hann ekki áttað sig á alvöru málsins ellegar þá að hann hefur verið ginntur til þess að stíga yfir þá línu. Því að ég undirstrika að hér er um algjöra smáaura að ræða. En það vel þekki ég íhaldið að þetta er auðvitað aðeins fyrsta hænufetið. Og þegar íhaldið er komið yfir þetta strik sem það reyndi mörgum sinnum í samstarfi með okkur jafnaðarmönnum, að gera heilbrigðiskerfið og sjúkrahúsin í landinu að markaðstorgi, en ævinlega var sagt nei, þá hætta þeir ekki með eitt hænufet. Ég vara því hæstv. heilbrrh. ákaflega mikið við að feta þetta hænufet og tel að honum hafi orðið á þarna mistök því að haldi þetta stjórnarsamstarf áfram einhvern tíma í viðbót sem ég vona nú að verði ekki og trúi að svo verði ekki, þá er þetta aðeins fyrsti þrýstingurinn og fyrsta pressan

af mörgum sem í kjölfarið fylgja. Ég held því að menn hafi ekki almennilega áttað sig á hvað hér er á ferðinni sökum þess hve litlar upphæðir er um að tefla. En þetta er bara toppurinn af ísjakanum, það skal ég segja hér, herra forseti, svo vel þekki ég Sjálfstfl. þegar kemur að þessu. Hæstv. heilbrrh. væri auðvitað maður að meiri að finna þessar 10 milljónir, þessa smáaura annars staðar í þeim ramma sem honum er gert að spara heldur en að láta toga sig út í þessa mýri sem endar auðvitað bara með hreinum ósköpum.

Herra forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um þetta því að ég undirstrika að fjárlög eru meira en orð á blaði. Þau skipta líka sköpum um það hvaða áherslur, hvers konar samfélag við ætlum að skapa. Það veldur mér þess vegna enn frekari áhyggjum og vonbrigðum að heilbrrh. skuli hafa látið knýja sig og pína sig út í að hækka enn frekar kostnaðargjöld á notendur heilbrigðisþjónustu.

Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar og er enn, að þjónustugjöld í heilbrigðisþjónustu eigi rétt á sér að vissu marki, fyrst og síðast til þess að tryggja kostnaðarvitund þess sem þjónustunnar nýtur og ekki síst heldur út af hinu, til að tryggja að eftirlit með veitendum þjónustunnar, þ.e. læknum oft og tíðum, sé ekki eingöngu af opinberri hálfu, ekki eingöngu af hálfu Tryggingastofnunar, heldur líka frá notendum þjónustunnar, sjúklingunum sjálfum, þegar um hlutfallsgjald er að ræða. En þarna verður að vara sig mjög vel og þarna verða menn að gæta mjög vel að sér og því miður held ég að menn séu að fara yfir strikið að þessu sinni.

Herra forseti. Ég undirstrika og minni á að það er ekki verið að taka hér útgjöld ríkissjóðs niður um einhverja tugi milljarða. Nei, það er öðru nær. Við erum að tala um sparnað upp á 2,2 milljarða í heild, og það er undir þeim kringumstæðum sem það vekur alveg sérstaka athygli að menn þurfi við þær aðstæður að detta niður í þessar holur að sækja peninga einmitt þangað.

Herra forseti. Ég vek á því athygli að í brtt. þingmanna Samfylkingarinnar eru sparnaðartillögur til staðar upp á umtalsvert hærri upphæðir en þingmeirihlutinn hefur lagt hér fram. Við erum hins vegar með útgjöld einnig til hækkunar, til velferðarþjónustu, til heilbrigðiskerfisins og til málefna fatlaðra og fleiri þátta. Eftir sem áður er nettósparnaður umtalsvert meiri í tillögum þingmanna Samfylkingarinnar en hjá þingmeirihlutanum sjálfum. Með þessu erum við því fyrst og síðast að undirstrika að hægt er að spara, skera, án þess að koma við þessa grundvallarþjónustu sem við *jafnaðarmenn lítum á sem heilaga*.

Vandi málsins er sá í bráð og lengd, herra forseti, að sú aukning útgjalda sem átt hefur sér stað stig af stigi, ár frá ári, á umliðnum sex árum og hefur þýtt tvöföldun ríkisútgjalda, gerir það að verkum að kerfið hefur bólgnað út. Það ber ekki á því í einni einustu tillögu sem hér er að finna að menn reyni, hvað þá meira, að takast á við hina kerfislægu útgjaldabólgu sem átt hefur sér stað. Það eru með öðrum orðum hvergi settar skorður við því að kerfið haldi áfram að bólgna. Auðvitað er það eins í ríkiskerfinu og öllum öðrum að það er ákveðin sjálfvirkni í því sem gerir það að verkum að það stækkar og stækkar ef ekkert er að gert. Vissulega eru til þættir í þjónustu ríkisins sem má taka niður.

Herra forseti. Á þessu fyrsta prófi hefur ríkisstjórnin fallið. Um það er ekkert meira að segja. Henni hefur ekki tekist það markmið sitt að ná niður rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Henni hefur ekki tekist að hækka afganginn svo mikið að hægt sé að ganga að því nokkurn veginn sem vísu að það verði ekki rekstrarhalli á ríkissjóði að afloknu næsta ári. Þvert á móti liggur það nokkurn veginn ljóst fyrir. Ég skal leggja hér undir við hvern þann sem þorir að mæta mér í þeim efnum að það verður umtalsverður rekstrarhalli á ríkissjóði ársins 2003 gangi þær tillögur eftir sem meiri hlutinn hefur hér lagt fram.

Að byggja afkomu ríkissjóðs að jafnmiklu leyti og raun ber vitni á sölu ríkisfyrirtækja — og þekkjum við auðvitað þá þrautagöngu sem átt hefur sér stað í þeim efnum — gerir það að verkum að óvissan er enn þá meiri en fyrr. Menn hafa líka reynsluna af því að þessum ráðherrum ríkisstjórnarinnar hefur ekki tekist þegar til kastanna kemur að halda það fast utan um pyngjuna að þeir standist þau fjárlög sem þeim hafa verið sett. Fjáraukalög, nýsamþykkt raunar fyrir yfirstandandi ár, þessa árs og fyrri ára hafa auðvitað sýnt það og sannað.

Herra forseti. Það er því með þetta eins og annað. Ég veit ósköp vel að auðvelt er um að tala og erfiðara í að komast. Því miður þekki ég það eilítið frá fyrri tíð. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Á þessu fyrsta alvöruprófi ríkisstjórnarinnar til að halda hér hlutum í þokkalegasta standi, til að halda málefnum ríkisins á floti nokkuð örugglega þannig að menn geti horft með nokkurri bjartsýni til framtíðar, hefur það ekki tekist. Ríkisstjórin fær falleinkunn.

[18:06]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tek undir það sjónarmið hans að mér finnst samkvæmt þeim tillögum sem ríkisstjórnin leggur til verið að grípa til ýmissa ráðstafana sem maður hefði frekar talið að væri betur væri látið ógert, t.d. kostnaðargjöld í sambandi við sjúklinga og lyf og heimsóknir til sérfræðinga, kostnaðargjöld í skólum og annað slíkt.

Ég vil segja, eftir að hafa kynnt mér þær tillögur sem Samfylkingin hefur t.d. lagt fram um frv. um tekjuskatt og eignarskatt, að ég tel að þær tillögur séu mun skynsamlegri og eðlilegra hefði verið að taka á málunum eins og þeir hafa lagt til. Ég lýsi því yfir að mjög margt í þeim tillögum tel ég mig geta tekið undir.

Ég tel að fyrir þeim verkum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram núna til þess að taka saman fjárlagagerðina fyrir næsta ár, fari líkt og gerðist á þessu ári, þ.e. að menn keyri fram úr í fjáraukanum þegar á næsta ári um 10–15 milljarða kr.

[18:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en þakkað hv. þm. af mikilli auðmýkt þær frábæru undirtektir sem hann sýndi málflutningi mínum og félaga minna í Samfylkingunni. Ég hygg að við séum sammála um að vona hið besta um framtíð þessa lands og þróun mála á næsta ári, en erum viðbúnir því versta.

[18:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í þessar sameiningarviðræður Samfylkingarinnar og frjálslyndra en ég þakka hv. 6. þm. Reykn. fyrir innlegg hans. Hann ræddi á málefnalega um kostnaðarhækkanir í heilbrrn. og hvernig menn mæta þessum aðsteðjandi vanda þar núna.

Ég vildi bara láta það koma fram varðandi ræðu hans að það er rétt að verið er að skjóta lagastoð undir 10 millj. kr.

gjaldtöku á sjúkrahótelum sem hefur verið við lýði núna um nokkurra ára skeið á því eina sjúkrahóteli sem hér er rekið. En ég vil undirstrika að það er engin stefnubreyting í því að fara eigi að taka upp innritunargjöld á sjúkrahús. Fram hefur komið að ég hef hafnað slíkum hugmyndum og það er engin stefnubreyting í því frá minni hálfu. Þetta er afmarkað mál og ég tel að það feli ekki í sér neina stefnubreytingu að taka innritunargjöld á öðrum stofnunum. Ég vildi láta þetta koma fram í framhaldi af ræðu hv. þm.

[18:10]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði og ég raunar vissi, að hæstv. heilbrrh. hefur lýst því mjög skýlaust og afdráttarlaust yfir að hann sé ekki til viðræðu um innritunargjöld á sjúkrahús ellegar að sjúklingar sem þar eru inniliggjandi taki þátt í kostnaði við, hvort heldur það eru sprautur eða handklæði eða sængur eða hvað eina, eins og Sjálfstfl. hefur gjarnan haldið fram.

Ég var hins vegar að lýsa áhyggjum mínum af því, herra forseti, og ég get ekki leynt því að þær eru enn til staðar þrátt fyrir þessa yfirlýsingu ráðherrans, að hann hafi látið þarna fyrir litlar 10 milljónir hnika sér yfir línu sem áður var dregin. Sjúkrahótel eru óaðskiljanlegur hluti heilbrigðisþjónustunnar.

Sem úrræði í framtíðinni er jafnvel mögulegt að ekki þurfi að útskrifa sjúklinga. Sjúklingar á Landspítalanum gætu verið fluttir á sjúkrahótel í helmingi ódýrara rúm, eins og hæstv. heilbrrh. þekkir. Ég hefði viljað sjá þetta og hef verið mikill bandamaður frumkvöðuls alls þessa, Ólafs Ólafssonar, fyrrum landlæknis, sem hefur verið mikill talsmaður þessa úrræðis.

Þess vegna er mér annt um þessar stofnanir sem slíkar og finnst skjóta skökku við að það eigi að skjóta þeim út af borðinu í lagatexta sem sjúkrastofnunum. Það finnst mér vont út af fyrir sig. Enn verra finnst mér í því samhengi að samhliða eigi að festa í lög að sjúklingar — því að þarna eru auðvitað engir aðrir en sjúklingar. Þarna eru engir hótelgestir. Það kemur enginn inn á sjúkrahótel af því að hann vilji endilega vera þar. Það er ekki þannig. Það velur það enginn að vera á sjúkrahótelum — eigi að láta borga þó um litla upphæð sé að ræða. Ég bara veit það, og hæstv. ráðherra heilbrigðismála veit það líka, að íhaldið kemur núna strax eftir áramót og biður um næsta skref.

[18:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undirstrika að þessu fyrirkomulagi er ekki ætlað að draga úr gildi sjúkrahótela. Ég er þingmanninum alveg sammála um að þetta er æskilegt úrræði í heilbrigðisþjónustunni og þessi skilgreining á ekki að draga úr því. Ég tel að þetta sé eðlilegt og skynsamlegt úrræði í heilbrigðisþjónustunni og að það eigi að vinna að þróun hennar á næstu árum í þessa veru. Við erum alveg sammála um það. En ég tel að þetta ákvæði, sem er til þess að skjóta lagastoð undir framkvæmd sem verið hefur tíðkuð um árabil, eigi ekki að draga úr mikilvægi sjúkrahótela að neinu leyti.

[18:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var fyrst og síðast að segja er að sú endurskilgreining á sjúkrahótelum sem er að finna í þessum lagatexta er dálítið vanhugsuð að mínu áliti. Ég held að hún geti dregið dilk á eftir sér. Þar er verið að skilja á milli starfsemi sem fer fram á sjúkrastofnunum og starfsemi sem er í þráðbeinu framhaldi á sjúkrahótelum, svo ég tali nú bara um þann þáttinn sérstaklega. Af því hef ég dálitlar áhyggjur.

Hitt er svo að setja á sértæk gjöld fyrir það því að það er auðvitað augljóst til hvers leikurinn er gerður.

Til hvers er verið að endurskilgreina sjúkrahótel með þessum hætti? Jú, það er til þess að menn geti réttlætt það að hægt sé að taka gjöld fyrir þetta. Mér finnst ljótur leikur að standa í slíkum tilfæringum.

Ég ætla svo sem ekkert að orða það meira. Ég get undirstrikað það sem ég sagði áðan. Ég hef fulla trú á hæstv. heilbrrh. í því að reyna að sporna við. En fyrst og síðast hef ég mikla samúð með honum fyrir að búa við það böl að eiga við íhaldið þegar kemur að þjónustu við sjúkt fólk, veikt fólk og aldraða á Íslandi. Ég þekki þær þrautir sem hann gengur í gegnum þannig að hann veit líka að hann á minn stuðning í því að reyna að berja þá af sér þegar kemur að því að markaðsvæða og frjálshyggjutrylla heilbrigðiskerfið. Það verður að standa vörð um það. Ég vil trúa því að þrátt fyrir hrösun í þessum málum og hækkun komugjalda, muni hann standa sig þegar til kastanna kemur, a.m.k. munum við hjálpa honum til þess.

[18:16]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú stendur yfir 3. umr. um fjárlög og því ekki óeðlilegt að líta örlítið til baka og rifja upp í hvaða sporum við vorum þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 var lagt fram hér á þinginu. Þá var mikið deilt um þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar í frv. Í stuttu máli mætti segja að í raun hafi ýmislegt af því sem þá var bent á ræst, þ.e. að horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar voru því miður ekki jafnbjartar og forsendur frv. gerðu ráð fyrir og ýmsir stjórnarliðar vonuðust eðlilega eftir.

Þetta hefur á margan hátt komið fram í störfum fjárln. og eins í tillögugerð inn í þingið. Þess er skemmst að minnast að við 2. umr. um fjárlögin lágu fyrir tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárln. um aukin útgjöld, upp á 2,2 milljarða, þrátt fyrir að sama dag og við afgreiddum þá niðurstöðu frá fjárln. hafi hæstv. forsrh. boðað að þetta væri ekkert að marka, vegna þess að í raun og veru ætti eftir að ljúka nær allri vinnu við fjárlagafrv. og þess vegna mundi þetta allt gjörbreytast við 3. umr.

Segja má að það hafi verið rétt hjá hæstv. forsrh., miklar urðu breytingarnar. Nú er lagt til að draga úr útgjöldum um nokkurn veginn sömu upphæð og lagt var til við 2. umr. að útgjöld yrðu aukin. Þar munar þó nokkru og er það unnið upp með því að gera ýmsar tillögur um auknar tekjur. Þannig stöndum við í raun og veru á svipuðum stað og við vorum þegar við hófum þessa umræðu, þ.e. afgangurinn á þessum pappírum er svipaður, rúmir 3 milljarðar kr.

Vissulega hafa verið farnar ýmsar leiðir til þess að ná þessu marki sem ríkisstjórnin setti sér. Við verðum auðvitað að vona að það standist sem allra mest þó að við verðum því miður að benda á að margt sem bendi til sú áætlunargerð sem hér liggur fyrir standi að mörgu leyti á veikum grunni.

Til þess að auka tekjurnar og mæta þeim tekjusamdrætti sem augljóslega blasir við á næsta ári eru ýmsar leiðir farnar til að auka tekjurnar. Það er auðvitað augljóst og hárrétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni fjárln., að þessar tillögur hafa greinilega verið unnar með mjög skömmum fyrirvara. Hér er ekki um tillögur að ræða þar sem tjaldað er til framtíðar. Hér of mikið um einnota aðferðir

og margar þeirra munu jafnvel ekki standa, þótt þær séu hugsaðar eitthvað lengur, nema eitthvað fram á árið.

Þetta er auðvitað ekki til fyrirmyndar og er eiginlega með ólíkindum, vegna þess að um mjög langan tíma hafa menn mátt vita hvert stefndi í þessum efnum. Þess vegna hefði auðvitað strax í byrjun ársins átt að fara að undirbúa það hvernig menn ætluðu að mæta þessum vanda og fara að velta fyrir sér ýmsum þáttum, m.a. í rekstri ríkisins og hvernig ýmsir hlutir mættu betur fara. Það er auðvitað ekki hægt að horfa fram hjá því að á undanförnum árum, meðan fjármunir hafa streymt í ríkissjóð, hafa menn því miður ekki náð að halda nógu vel í taumana, í góðærinu svokallaða. Þannig má segja að nú reyni á en auðvitað hefði verið miklu heppilegra, meðan góðærið var, að menn stæðu sig þá og reyndu að koma skikk á hlutina. Það er auðvitað miklu erfiðara, þegar fer að þrengja að, að eiga ekki varasjóði til þess að gefa innspýtingu þar sem þörf er á.

Varðandi þær breytingar á gjöldum við 3. umr. er áberandi og stærst frestun margs konar framkvæmda. Sumt er auðvitað umdeilanlegt og sumt hreinlega sérkennilegt og nefni ég þá sem dæmi, sem hefur auðvitað komið hér áður fram í umræðunni, það sem mest er áberandi, þ.e. breyting frá 2. umr. fjárlaga til þeirrar 3. varðandi hið margumrædda Náttúrufræðihús í Vatnsmýrinni. Við 2. umr. komu menn mjög vaskir til leiks og samþykktu tillögu um að auka framlagið til framkvæmdanna um 250 millj. kr. en segja svo 10 dögum síðar: Nei, þetta var ekki að marka, við ætlum að taka aftur til baka 200 millj. kr.

Margt annað er sérkennilegt við þetta mál vegna þess að um leið hefur Happdrætti Háskóla Íslands, sem ætlaði að lána til þessara framkvæmda 650 millj., heimild til þess að taka slíkt lán. Samt sem áður segir í texta með brtt. að aðeins verði framkvæmt á næsta ári fyrir 200 millj. við þetta hús, þrátt fyrir að happdrættið hafi heimild til þess að taka lán upp á 650 millj. Það þýðir þá væntanlega að menn ætla að byrja seint á árinu en hugsanlega gera einhverja samninga sem ná inn á árið 2003.

Ef ég man rétt var hins vegar upphaflega áætlunin með þetta hús að ljúka því 1998. Þetta er náttúrlega ein hörmungarsaga allt saman og ástæða til að vekja athygli á því að þetta eru ekki fyrstu hremmingarnar sem þetta hús lendir í. Ég efast um að hægt sé að slá þetta met sem þar hefur verið sett í hringlandahætti og handahófskenndum tillögum, eins og þetta dæmi sýnir.

Það eru ekki bara framkvæmdir sem menn velta fyrir sér heldur er líka verið að leggja aukin gjöld, bæði á nemendur í framhaldsskólum og háskólum og síðan sjúklinga, bæði með lyfjakostnaði og hækkun á komugjöldum og eins og hér var rætt fyrir stuttu varðandi breytingar á svokölluðum sjúkrahótelum.

En lengst er líklega gengið í kúnstunum þegar kemur að hinum svokölluðu lífeyrisskuldbindingum. Það er annað dæmið um hversu handahófskennd þessi vinnubrögð hafa verið hjá ríkisstjórnarflokkunum, hvort sem það er í ríkisstjórninni eða í starfi meiri hluta fjárln. Þegar við lítum fjárlagafrv. augum í byrjun október var gert ráð fyrir að þessar lífeyrisskuldbindingar næmu 6,2 milljörðum kr. Við 2. umr. var tilkynnt að einhverrar ónákvæmni hafi gætt við útreikninga á lífeyrisskuldbindingum og þess vegna voru þessar skuldbindingar lækkaðar um 624 millj. kr.

Enn á ný, 10 dögum síðar, hafa uppgötvast einhver reiknimistök. Ég get tekið undir með ýmsum hv. þm. sem hafa gefið yfirlýsingar um að þeir telji starfsfólk í fjmrn. almennt vel til þess fallið að reikna. En það ágæta fólk sinnir auðvitað sínum störfum og setur að sjálfsögðu ekki forsendurnar fyrir öllum sínum útreikningum heldur eru forsendurnar ákveðnar af þar til bærum aðilum. Ég trúi því að þetta sé allt saman rétt reiknað út frá þeim forsendum sem settar eru. En sem sagt, aftur uppgötvaðist einhver misskilningur eða ofreikningur og enn er lögð fram tillaga um að lækka þessar skuldbindingar um 800 millj. Á þessum u.þ.b. hálfa mánuði hafa menn uppgötvað reikningsskekkju upp á um 1,5 milljarða.

Það er ekki einkennilegt að þetta veki hugrenningar um að hér sé um einhvers konar reiknikúnstir að ræða, þ.e. að menn hafi gefið sér fyrst hver útkoman ætti að vera og síðan hafi þeir reiknað inn í dæmið og þetta sé eitt af því sem menn hafi verið að reikna inn í dæmið.

Reyndar vakti ein talan í viðbót sérstaka athygli mína sem erfiðara hefur hins vegar verið að kanna hvernig til er komin. Það er lögð til 250 millj. kr. lækkun til Atvinnuleysistryggingasjóðs og því borið við að það tengist vaxtagjöldum af þeirri skuld sem sjóðurinn á inni hjá ríkissjóði. En það er auðvitað líka afar sérkennilegt að svo há tala skuli finnast allt í einu og passa svona ljómandi vel inn í þá mynd sem menn eru að reyna að teikna. Þetta var varðandi gjöldin.

Tekjuhlið frv. hefur auðvitað verið gagnrýnd verulega alveg frá 1. umr. Gerðar hafa verið athugasemdir við ýmsar forsendur. Við höldum áfram, í 1. minni hluta fjárln., í nál. okkar að benda á að ýmislegt sé hæpið í þeim forsendum sem notaðar eru. Við vekjum athygli á því að auðvitað hafa ýmsir aðrir bent á aðra hluti. Við nefnum t.d. Þjóðhagsstofnun sem kemst að annarri niðurstöðu um ýmsa þætti en áætlanir fjmrn. gera ráð fyrir. Það er hins vegar athyglisvert að fjmrn. hefur í ýmsum öðrum þáttum nálgast mun meira þjóðhagsspána frá því í haust, sem er að hluta til staðfest núna. Þannig er auðvitað ljóst að Þjóðhagsstofnun virðist hafa verið nær raunveruleikanum en ráðuneytið var þegar frv. var lagt fram.

Það er sem sagt hægt að færa rök fyrir því að hér sé jafnvel verið að ofreikna tekjur upp á 3,5 til 4 milljarða kr. Auðvitað verður að vona að þetta sé sem næst raunveruleikanum en eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi þá hafa þessar tekjuáætlanir oft og tíðum ekki staðist vel og það sé kannski ekki aðalatriðið að deila mikið um þær, vegna þess að stóra atriðið í þessu sé í raun og veru útgjöldin, þ.e. hvernig til tekst með að stjórna útgjöldum ríkissjóðs. Vissulega er það stóra málið vegna þess að hitt er kannski erfiðara að halda utan um, nema setja reglurnar um það hvernig gjaldanna er aflað. Það eru svo margir óvissuþættir í því að auðvitað er erfitt að vera með nákvæmni í slíkum spádómum, þótt menn reyni auðvitað að nálgast þá hluti eftir bestu vitneskju.

Hins vegar eru ýmsir þættir sem ég vil minnast á áður en ég fer að mæla fyrir brtt. okkar í 1. minni hluta, varðandi hvernig staðið hefur verið að málum, bæði í sjálfri fjárln., og jafnframt nokkuð aftur í tímann. Þar vil ég fyrst nefna mál sem tengist framhaldsskólunum.

Það er auðvitað algjörlega óviðunandi að ár eftir ár sé byrjað með fögur fyrirheit að hausti um að hlutir sem allir viðurkenna að þurfi að lagfæra, eins og reiknilíkan framhaldsskólanna, verði skoðaðir og öllu komið í það lag sem menn vilja. Menn nota þetta gjarnan sem fyrirmynd fyrir aðra starfsemi, að svona eigi að standa að hlutunum, þetta sé

gegnsætt, menn geti áttað sig á því hvernig fjárveitingum er skipt til stofnana o.s.frv.

Þetta fyrirkomulag var í raun tilraun, til að byrja með, sem var mjög athyglisverð og það sem kannski var mikilvægast var að almennt var mjög góð sátt um það meðal stjórnenda í framhaldsskólum að fara slíka leið. Þó að menn hafi strax bent á að líkanið sem notað væri væri stórgallað treystu menn því að sjálfsögðu að líkanið yrði endurskoðað reglulega og því breytt eftir því sem reynslan gæfi tilefni til. Það hefur því miður ekki orðið. Þessi skref hafa verið allt of fá og allt of stutt. Það hefur valdið vanda mjög víða og hefur m.a. vakið athygli Ríkisendurskoðunar, að það gangi ekki að standa að málum eins og gert er í þessu tilfelli.

En ég ítreka að orð mín um málið snýr fyrst og fremst að því að ég tel mikilvægt, að svona reiknilíkani sé við haldið og það gefi sem allra besta niðurstöðu. Að öðru leyti tel ég til fyrirmyndar að útdeila fjármunum á þennan hátt vegna þess að þá sjá menn nákvæmlega hvernig að úthlutunni er staðið, að það er ekki tilviljunarkennt, heldur gegnsætt og hægt að fylgjast með því.

Herra forseti. Eins og ég sagði hefur þetta vakið athygli í Ríkisendurskoðun, bæði þegar verið var að endurskoða ríkisreikning fyrir árið 2000 og eins í skýrslu sem nýkomin er út frá þeim sem heitir Framkvæmd fjárlaga janúar–september 2001. Og, með leyfi forseta, vil ég vitna til þessarar skýrslu:

„Til dæmis námu fjárveitingar til eins menntaskóla 333 millj. kr. í fjárlögum vegna 2001, en sú fjárheimild var skert um 122 millj. kr. vegna halla fyrri ára. Að teknu tilliti til millifærslu annarra fjárheimilda á árinu nam fjárheimild skólans 261 millj. kr. á árinu 2001. Í lok september hafði hins vegar verið stofnað til útgjalda fyrir 318 millj. kr."

Herra forseti. Ég vil endurtaka: Skólinn hafði fjárheimild upp á 261 millj. kr. árið 2001 en í lok september hafði stofnunin stofnað til útgjalda fyrir 318 millj. kr., sem sagt í lok september komin langt fram úr fjárheimildum ársins.

Og með leyfi forseta held ég áfram í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Ekki verður séð að skólinn geti rétt reksturinn af miðað við þá fjárheimild sem honum er ætluð á árinu nema með mjög verulegum samdrætti í þjónustu, t.d. aðgerð á borð við að hætta að taka við nýjum nemendum. Þessi skóli er síður en svo einsdæmi um stofnun sem býr við svo skertar fjárheimildir að engin leið er til að veita þá þjónustu sem henni er ætlað. Á 30 fjárlagaliðum nemur skerðing fjárheimilda vegna halla fyrri ára 20% eða meiru af fjárheimild ársins. Í þeim hópi eru til að mynda fimm skólar og tvö sýslumannsembætti. Engin áform virðast liggja fyrir um hvort og þá hvernig þessar stofnanir eigi að draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli innan fjárheimilda."

Herra forseti. Þannig segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar og þegar hún var gefin út í nóvember bentu þeir á að ekkert gæfi til kynna að taka ætti á þessum vanda. Enn í dag er ekkert sem bendir til þess að taka eigi á honum. Það er auðvitað gjörsamlega óviðunandi að stofnanir þurfi að búa við þessi skilyrði. Það hlýtur auðvitað að vera nauðsynlegt að farið sé nákvæmlega yfir þá þætti sem valda vandræðunum vegna þess að það er ekki hægt að láta stofnanir ár eftir ár sigla inn í umhverfi þar sem fjármunir eru ekki nægir fyrir þjónustunni, öðruvísi en að þá séu teknar ákvarðanir um að skerða þjónustuna. Þær ákvarðanir á auðvitað að taka á réttum stöðum ef það er vilji þeirra sem með völdin fara. Það er auðvitað ekki hægt að láta stjórnendur stofnana búa við slíkar aðstæður sem hér er lýst því í raun og veru er þeim gert ókleift að sinna störfum sínum.

Herra forseti. Þetta var að hluta til útúrdúr frá því sem ég var að ræða hér um, reiknilíkön framhaldsskóla, en þó nátengt því vegna þess að þarna voru tilgreindir fimm skólar og dæmið var tekið um einn skóla sem, þrátt fyrir að vera menntaskóli, er verknámsskóli og er með síaukinn hluta á því sviði. Í raun og veru er þetta nátengt því að reiknilíkanið tekur ekki tillit til breytinga eins og þeirra að þessi tiltekni skóli breyttist frá því að vera hefðbundinn bóknámsskóli og fór að sinna verknámi mun meira en áður.

Herra forseti. Það er a.m.k. eitt mál til viðbótar sem ég vildi minnast á vegna þess sem ég tel að skorti á það að við stöndum þokkalega að því að ljúka 3. umr. um fjárlagafrv., og það er býsna mikilvægt mál. Ég hef aðeins minnst á það í andsvörum í dag að í fjárlagafrv. er sagt frá ýmsum fjárframlögum sem tengd voru byggðaáætluninni sem er að ljúka um næstu áramót en hafa verið tekin út af þeirri einföldu ástæðu að áætluninni lýkur um næstu áramót. Þar af leiðandi er ekkert við því að segja að slíkt sé tekið út. En það sem er auðvitað ámælisvert er að í frv. segir að ný áætlun í byggðamálum verði lögð fram, og gert er ráð fyrir að hún verði samþykkt áður en fjárlög verða samþykkt fyrir næsta ár. Og þá er sagt í frv. að gert verði ráð fyrir framlögum vegna hinnar nýju byggðaáætlunar í fjárlögum fyrir árið 2002.

Slíkt liggur ekki fyrir. Við í fjárln. höfum fengið svör frá iðnrn. um að þessi vinna hafi öllsömul tafist og þetta verði ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en eftir áramót.

Það þýðir ósköp einfaldlega að ef þessi nýja áætlun gerir ráð fyrir að peninga þurfi að nota til einhverra hluta í áætluninni verði það væntanlega ekki gert á árinu 2002. Það eru engar heimildir um slíkt í fjárlögum. Mér sýnist þannig stefna í að árið 2002 verði í þeirri merkingu fryst ár svipað og tillögurnar eru um að frysta gjöldin til þjóðkirkjunnar — það verður sem sagt fryst til byggðamála. Ég sé ekki að á nokkurn hátt sé verið að taka á þeim málum, því miður, í tengslum við þessa nýju byggðaáætlun. Það er auðvitað ámælisvert að svo seint sé af stað farið að ekki sé hægt að ljúka þessari áætlunargerð fyrir áramót. Ef vel hefði átt að vera hefði auðvitað átt að leggja hana fyrst fram á vorþingi og við hefðum síðan getað rætt hana hér í haust meðfram fjárlögunum og verið búin að samþykkja hana með töluverðum fyrirvara þannig að hægt væri að tryggja vel það sem menn hefðu ákveðið að nota þyrfti peninga til þess að koma þeirri áætlun í framkvæmd.

Ég held, herra forseti, að þetta geti því miður leitt til þess að útgjöld ríkissjóðs verði meiri á öðrum sviðum en menn ætla núna vegna þess að það er auðvitað auðvelt að færa rök fyrir því að sú byggðaþróun sem við höfum búið við hér allt of lengi sé þjóðfélaginu mjög dýr. Því miður stefnir í að þar verði framhald á. Það er ekki að sjá að hér liggi neitt fyrir um að menn ætli eitthvað að breyta kúrsinum. Þó hefur hann ekki verið rekinn með miklum krafti, því er verr og miður.

Ég neita því ekki að ég gerði mér töluverðar vonir um að þessi nýja byggðaáætlun yrði kraftmeiri en sú eldri og að hún væri framkvæmdaáætlun þar sem nákvæmlega væri farið yfir það sem menn ætluðu að gera, ekki bara einhver óskalisti eins og við höfum því miður haft allt of oft fyrir framan okkur í þessum efnum. Það væri framkvæmdalisti þar sem væri nákvæmlega ákveðið hver ætti að framkvæma hvað og þá væri auðvitað hægt að búast við því að einhver árangur yrði af því verki.

Herra forseti. Ég ætla einnig í ræðu minni að mæla fyrir brtt. 1. minni hluta, sem dreift hefur verið á þskj. 504 og er í 13 liðum. Ég tel að megnið af þessum liðum skýri sig að miklu leyti sjálft en vil þó fara um þetta nokkrum orðum, í fyrsta lagi segja að þessar brtt. gera ráð fyrir því að tekjuafgangur ríkissjóðs verði rúmlega 3 milljarðar að frádregnum söluhagnaði ríkiseigna. Við erum raunverulega á táknrænan hátt að segja að við séum sammála því að skila þurfi ríkissjóði afgangi af slíkri stærðargráðu árið 2002, m.a. vegna stöðunnar í efnahagsmálum. Við förum hins vegar töluvert aðrar leiðir en meiri hluti fjárln. leggur til þó að vissulega séu hér einstaka liðir sem eru keimlíkir tillögum meiri hlutans.

Fyrst gerum við tillögu um að auka skatttekjur samanlagt um 810 millj. kr. Eiginlega er nauðsynlegt að skýra það með öðrum lið sem er 12. tölul. á þskj. 504, þ.e. hert skatteftirlit þar sem við leggjum til að 100 millj. fari í að auka þetta skatteftirlit. Það er heldur ekki tilviljun að það eru 100 millj. þar og 810 millj. á tekjuhliðinni. Þetta er gert samkvæmt ráðleggingum þeirra sem nokkuð þekkja til þessara mála, það er talað um sem þumalputtareglu að hlutfallið sem hert skatteftirlit skili sér í betri innheimtu skatts sé svona 1:8,5. Þetta hefur verið reynt í nokkrum löndum og menn telja að þetta hlutfall geti líklega orðið hærra á Íslandi en þar sem þetta hefur verið reynt, m.a. á Norðurlöndum. Þessu til stuðnings get ég bent á rit frá Ríkisendurskoðun frá því í júní sl. þar sem fjallað er m.a. um skattsvikamál; ferli, fjölda og afgreiðslu frá 1997–1999 en þar er m.a. fjallað um tillögur nefndar sem fjallaði um stöðuna varðandi virðisaukaskattinn. Menn komast að eftirfarandi niðurstöðu eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Þó mætti leiða að því líkur að umfangið væri á bilinu 6–8% af reiknuðum virðisaukaskattsstofni sem jafngildir um 4–5 milljarða tekjutapi hjá ríkissjóði á ári."

Hér er eingöngu verið að tala um virðisaukaskattsstofninn þannig að við teljum góðar líkur á að þessu megi ná ef faglega er að verki staðið. Þess vegna teljum við einsýnt að leggja 100 millj. kr. undir til að freista þess að ná inn betri tekjum því það er auðvitað líka afar mikilvægt upp á það að sinna forvinnu í þessum efnum að skatteftirlitið sé með þeim hætti að sem allra mest skil verði á skattinum.

Í 2. tölul., sem eru breytingar á sundurliðun 2, er fyrst tillaga um að nýbygging á stjórnarráðsreit verði lækkuð um 250 millj. kr. sem er sama upphæð og gerð er tillaga um í fjárlagafrv. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um að þarna verði teknar af 200 millj. og 50 millj. skildar eftir. Hér er því við að bæta að nokkur upphæð, ef ég man rétt á annað hundrað millj., er til inni á þessum lið frá fyrra ári og við teljum að það eigi að duga til að framkvæma það sem menn vilja gera á næsta ári án þess að það valdi miklum vandræðum. Það er sérkennileg saga í kringum ýmsar framkvæmdir við þennan stjórnarráðsreit og ég man það frá því í fyrra þegar við gerðum tillögu líka um að taka þarna peninga af var nýkomin skýrsla frá Ríkisendurskoðun um Þjóðmenningarhússframkvæmdirnar og þá töldum við ekki ástæðu til að sömu aðilar færu að fara í miklar framkvæmdir fyrr en þeir væru búnir að læra af þeirri skýrslu. Það má eiginlega segja að við framkvæmdir í Þjóðmenningarhúsinu hafi menn gert nær öll þau mistök sem hægt var að gera og ég held að þau rök geti í raun og veru átt við að stórum hluta til enn þó að vissulega hafi menn verið að reyna að bæta úr með reglugerðum síðan. Menn gerðu ráð fyrir því í fyrra þegar þeir voru að kaupa eitt húsið á þessum ágæta reit að því yrði breytt fyrir nokkur ráðuneyti. Þegar okkur í fjárln. voru í haust kynnt framtíðaráformin á reitnum var greinilega búið að breyta öllu frá árinu á undan því nú átti ekki að breyta þessu tiltekna húsi heldur var húsið metið svo slappt, og svo dýrt að gera við það að vænlegast var talið að rífa það. Þegar búið var að kaupa það var talið vænlegast að rífa það og byggja nýtt á grunninum. Þannig held ég að menn mundu alveg lifa við það þó að þessi fjárveiting yrði látin bíða eitt eða tvö ár til viðbótar.

3. tölul. er einnig svipaður og hjá meiri hluta fjárln., hið vest-norræna menningarhús í Kaupmannahöfn. Við leggjum til að öll upphæðin sem er á fjárlögum verði tekin en meiri hlutinn leggur til að aðeins hluti verði klipinn af. Athugasemdir hafa komið frá húsfriðunarfólki í Kaupmannahöfn og þarna þarf greinilega að leggja sig fram um að sætta deilur og við getum sagt að það séu líkur á að menn muni ekkert framkvæma á næsta ári. Ég held að nú sé vænlegra að menn eyði betri tíma í það og séu ekki í einhverri tímaþröng við að ná sátt í málinu því ekki viljum við standa í stríði við friðsæla íbúa Kaupmannahafnar við það að breyta húsum í þeirra ágætu borg.

4. liður, 5. liður, 6. liður og 7. liður eru í raun sami pakkinn, þ.e. hér er gerð tillaga um, eins og við höfum gert nokkrum sinnum áður við fjárlagaafgreiðslu, að auka tekjur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og deila þeim síðan út á þessar þrjár stofnanir, þ.e. Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskistofu. Þannig hafa verið innheimt gjöld af sjávarútvegi og þau síðan nýtt í þágu sjávarútvegsins. Þetta mun hins vegar spara 900 millj. í útgjöldum ríkissjóðs til þessara stofnana á móti. Þannig standa stofnanirnar raunverulega jafnar eftir.

8. tölul. er síðan til marks um að við metum það svo að þrátt fyrir þrengingar í þjóðarbúinu séu löggæslumál því miður með þeim hætti að þar þurfi eitthvað að taka á. Við leggjum því til að liðurinn 06-190 Ýmis verkefni, 1.74 Efling löggæslu hækki úr 0 í 100 millj. kr. Við teljum það eðlilegt miðað við að við höfum ekki nægar upplýsingar um hvernig best væri að deila þessum fjármunum út, að það sé ráðuneytið sem fari yfir málin og noti þessa upphæð þar sem þörfin er mest. Jafnframt hljótum við að átta okkur á að í þessum efnum breytast aðstæður auðvitað nokkuð fljótt. Það gæti þurft á næsta ári að bregðast við einhverju sem við sjáum ekki fyrir í dag. Þess vegna viljum við með þessu vekja athygli á vanda málaflokksins og leggjum til 100 millj. kr. aukningu til að efla löggæslu.

Hér eru síðan tveir liðir undir félmrn., þ.e. annars vegar Málefni fatlaðra og hins vegar Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Segja má svipað um þennan málaflokk, 07-700 Málefni fatlaðra, að við teljum að full þörf sé á að styrkja málaflokkinn. Við leggjum annars vegar til undir liðnum Ýmis verkefni og setjum það þar af leiðandi í hendur ráðuneytisins að meta hvernig þessar 200 millj. verði nýttar til að styrkja málaflokkinn en víst er að af nægu er að taka.

Greiningar- og ráðgjafarstöðin. Við gerum sem sagt ráð fyrir því hins vegar að eyrnamerkja sérstaklega 25 millj. kr. til stofnunarinnar.

Síðan er hér heilbrigðisráðuneytið, þ.e. tölul. 08-190 Ýmis verkefni. Það eru 300 millj. Hér má segja svipað og ég hef sagt um síðasttalda liði, ráðuneytinu sjálfu er ætlað að meta hvernig best verði farið með þessar 300 millj. til að efla rekstrargrundvöll heilbrigðisstofnana. Það er auðvitað

ljóst að víða eru mikil verkefni og vandi að leysa úr þeim en við teljum að hæstv. heilbrrh. eigi, þar sem hann býr yfir góðri reynslu af því að skipta fé eftir margra ára formennsku í fjárln., að vera fullfær um að átta sig á því hvar þörfin er mest. Þess vegna gerum við tillöguna á þennan hátt.

Ég var búinn að skýra tölul. 12 þannig að ég fer beint þá yfir í þann síðasta, tölulið 13. Það eru fjórir nýir liðir við 7. gr. Þeir eru svohljóðandi:

7.13 Að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 500 millj. kr.

7.14 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 500 millj. kr.

7.15 Að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 420 millj. kr.

7.16 Að lækka sérfræðikostnað hjá A-hluta stofnunum um 500 millj. kr.

Hér er sem sagt um tæplega tvo milljarða að ræða og auðvitað um hreinar og klárar aðhaldsaðgerðir að ræða. Það er ekki hrein tilviljum hvaða þættir eru þarna valdir vegna þess að fyrir liggur, fyrir nær öllum þessum þáttum, rökstuðningur frá Ríkisendurskoðun.

Meðal annars er bent á það hjá Ríkisendurskoðun varðandi ónotaðar heimildir að þar sé vandinn sá að setja þurfi um þetta nýjar reglur. Þess vegna göngum við ekki svo langt að frysta allt saman heldur tökum þarna hálfan milljarð og freistum þess að á næsta ári fari menn í að setja reglur sem duga vegna þess að nú er, liggur mér við að segja, sjálfkrafa færsla yfir áramót þrátt fyrir að jafnvel til fjölda ára hafi stofnunin ekki nýtt ákveðið fjármagn. Auðvitað þarf að vanda sig við þetta því þetta er ekki einfalt en við teljum að svo litlu broti sem hálfum milljarði af öllu þessu fjármagni eigi að vera auðvelt að ná fram.

Að skera niður ferða- og risnukostnað um 420 millj. kr. er um 20% sparnaður. Við bendum á að þetta er ekki endilega tillaga um að skera niður ferðir heldur erum við fyrst og fremst að leggja áherslu á það, sem ég held að flestir kannist við, að í góðæri hafa ákveðnir liðir tilhneigingu til að hækka meira en ella. Við teljum þetta dæmi um það og enn á ný kalla ég Ríkisendurskoðun til vitnis í málinu. Í endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 bendir Ríkisendurskoðun á að þarna þurfi augljóslega að taka á, og telur að auki að víða sé jafnvel ekki farið eftir þeim reglum sem um þetta eiga að gilda. Ríkisendurskoðun bendir á að t.d. megi augljóslega lækka þenna kostnað verulega með því að beita þeirri einföldu reglu að greiða eftir reikningum. Við teljum að um raunhæfa tillögu sé að ræða, hafi menn á annað borð áhuga á að sýna aðhald í rekstri.

Sama má segja um síðasta liðinn, þ.e. sérfræðikostnaðinn. Enn bendi ég á skýrslu frá Ríkisendurskoðun. Þar er bent á að svo aumlega hafi því miður verið að þessu staðið víða að menn hafi jafnvel ekki vitað hvað þeir ætluðu sér að fá frá þeim sérfræðingum sem var falið að vinna í ákveðnum verkum. Með því að undirbúa vinnu sérfræðinganna betur og bjóða út hluta af þeirri vinnu á að vera hægt að ná verulegum sparnaði.

Við teljum að þetta séu markmið sem menn eiga að setja sér. Við teljum að ef ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hefðu unnið heimavinnuna sína allt þetta ár, miðað við þær aðstæður sem hægt var að sjá fyrir, hefðu menn þegar unnið þetta starf, menn væru reiðubúnir. Þá væri hægt að ná miklu meira út úr þessum liðum á næsta ári en við gerum hér tillögur um. Tillögur okkar taka auðvitað mið af því að menn eru ekki einu sinni farnir að setja sig í stellingarnar til að ná þessu fram.

Herra forseti. Ég hef þá lokið að gera grein fyrir brtt. 1. minni hluta fjárln. en að honum standa auk mín hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Gísli S. Einarsson.

[18:53]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar reiknilíkan framhaldsskólanna sem hv. þm. Einari Má Sigurðssyni varð tíðrætt um í ræðu sinni var það rétt sem fram kom í máli hans að það var ákveðin tilraun til að byrja með, þ.e. að útdeila með þessum hætti fjármunum til framhaldsskólanna. En ég vil að gefnu tilefni taka fram að í flestum tilfellum hefur þetta tekist vel, ekki í öllum tilfellum en flestum.

Nokkrir framhaldsskólar koma illa út úr þessu úthlutunarkerfi. Það eru nánar tiltekið verknámsskólar með litlar bekkjardeildir. Einn skóli, aðeins einn, kemur verulega illa út og hann gjarnan nefndur sem dæmi en það er Menntaskólinn í Kópavogi sem er með sérhæfðar matvælabrautir á sínum snærum. Eins og hv. 4. þm. Austurl. veit er verið að skoða mál hans sérstaklega.

Eins hefur komið fram í þingsölum í máli hæstv. menntmrh. að verið er að endurskoða umrætt reiknilíkan, sérstaklega með þau atriði í huga sem koma neikvætt út fyrir framhaldsskólana. Vonandi lýkur þeirri vinnu sem fyrst með farsælli niðurstöðu fyrir alla framhaldsskóla í landinu.

[18:54]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er því miður sami söngur og við höfum allt of oft heyrt og manni bregður eiginlega við að fólk skuli enn trúa þessum ósköpum. Eins og ég sagði í ræðu minni er því miður búið að segja þetta í þrjú, fjögur, fimm eða sex ár að nú sé verið að skoða þetta. Grunnur þessa reiknilíkans er frá 1993. Skólakerfið, ég tala nú ekki um framhaldsskólana, hefur gjörbreyst síðan þá. Þróunin er slík. Þannig er rangt, og ég mótmæli því, að nær allir, allir nema einn framhaldsskóli, hafi komið vel út úr reiknilíkaninu. Það er víðs fjarri veruleikanum. Því miður.

Það sem hv. þm. sagði, að það væru helst litlir verkmenntaskólar sem stæðu illa í líkaninu, er einn reginmisskilningur og líklega einhverjar gamlar upplýsingar. Hið eina sem þó hefur verið gert í reiknilíkaninu frá 1993 er að að frumkvæði fjárln. var einmitt tekið á málefnum lítilla verkmenntaskóla. Þeir standa þannig hvað skást í kerfinu.

Það sem hins vegar kemur út úr þeirri endurskoðun sem í raun er lokið með skýrslugerð sameiginlegs starfshóps skólameistara og ráðuneytismanna er að það séu verknámsskólar, stórir og meðalstórir, og síðan heimavistarskólar sem koma hvað verst út. Þeir sem koma hins vegar best út eru stórir bóknámsskólar. Meginvandi kerfisins eða reiknilíkansins er að ná utan um hina fjölbreyttu flóru framhaldsskólanna. Það verður ekki gert með því að vera ætíð að skoða og aldrei að gera neitt.

Nú er komið að því, og þó fyrr hefði verið, að leggja fram raunhæfar tillögur og taka á þeim vanda sem um er að ræða í framhaldsskólakerfinu en segja ekki ætíð, eins og hæstv. menntmrh. er því miður búinn að gera allt of lengi, að verið sé að skoða einstaka skóla, þetta sé svo gott víðast hvar að við þurfum að velta fyrir okkur sérstaklega einstökum skólum. Það liggja fyrir skýrslur um að skoða þurfi miklu meira en einstaka skóla.

[18:56]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað þarf að skoða fyrst og framkvæma síðan. Það er nú bara þannig. Betra væri ef allir gerðu það.

Ég sagði að einn skóli kæmi áberandi verst út og það er verið að skoða hans mál sérstaklega. Það veit hv. 4. þm. Austurl. Því miður er yfirleitt alltaf tekið dæmi af þessum skóla en það sýnir ekki hvernig heildin kemur út. Margir skólar koma mjög vel út úr reiknilíkaninu líka og endurskoðunin er þegar farin að hafa áhrif. Því til stuðnings mætti t.d. nefna Fjölbrautaskóla Vesturlands en forsvarsmenn þess skóla hafa lýst yfir ánægju með þá endurskoðun sem þegar hefur farið fram.

[18:57]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er mér algjörlega sammála um að nauðsynlegt sé að skoða málið en það þurfi líka að framkvæma. Það var nákvæmlega það sem ég var að segja. Nú er búið að skoða og skoða og nú er komið að því að framkvæma.

Ég veit að ýmsir forsvarsmenn framhaldsskóla hafa lýst því yfir að þeir væru ánægðir, að sjálfsögðu, með þá endurskoðun og þá tillögu sem liggur fyrir hjá þeim hópi sem vann að endurskoðuninni.

Það sem ég var að tala um var að nú hefði þurft að fylgja þeim tillögum sem fyrir liggja. Því miður hefur það ekki verið gert. Bara til að rifja upp fyrir hv. þm., af því að hún er þingmaður í Norðurl. v., get ég einmitt nefnt dæmi um skóla í því kjördæmi sem því miður hefur komið illa út úr þessu líkani. Það er Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

[18:58]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar o.fl., 359. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 510.

Fjárlög 2002, 1. mál, brtt. EMS o.fl., þskj. 513.

Húsnæðismál, 358. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 509.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 308. mál, svar menntmrh., þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:58]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 507, 508 og 513. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

[18:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessu fjárlagafrv. sýnir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sitt rétta andlit. Þegar draga þarf saman í ríkisrekstri er hún fljót að finna matarholurnar. Eins og venjulega er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Sjúkir og námsmenn eiga að borga og fatlaðir líða fyrir og bíða áfram eftir þjónustu. Þó svo eitthvað hafi verið komið til móts við þá er það hvergi nærri því sem búið var að lofa.

Ef við berum hér saman tillögur Samfylkingarinnar og tillögur ríkisstjórnarinnar við þessa fjárlagagerð kemur fram mismunurinn á íhaldsstefnunni og jafnaðarstefnunni. Íhaldið vílar ekki fyrir sér að ráðast á velferðarkerfið á sama tíma og við jafnaðarmenn skilum svipuðum tekjuafgangi án þess að draga nokkuð úr velferðarþjónustunni. Og ég vísa hér til síðasta ræðumanns, hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, sem fór yfir tillögur Samfylkingarinnar í þessari umræðu. Við stöndum við loforðin við fatlaða í tillögum okkar, við foreldra fatlaðra barna, og skilum samt sama og jafnvel aðeins meiri tekjuafgangi.

Herra forseti. Við höfum verið að ræða þetta fjárlagafrv. í dag og hefði mátt taka á ýmsu. En ég ætla aðeins að stikla á stóru og fara yfir nokkur atriði sem varða félagsmálin og síðan heilbrigðismálin. Ég ætla að byrja á því að koma aðeins að málefnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Í fjáraukalögunum var greiddur upp skuldahali sem hafði safnast upp hjá þessari mikilvægu stofnun í lífi fatlaðra barna. Þar voru sett þau skilyrði að væri borgaður upp skuldahalinn kæmu ekki frekari fjárveitingar til stofnunarinnar og vinnunnar þar.

Þetta er mjög alvarlegt, herra forseti. Við vitum að það er þó nokkuð stór hópur fatlaðra sem fær enga þjónustu hjá þessari stöð. Það er líka margra mánaða bið eftir greiningu og ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að þingmenn hafi fengið bréf frá föður barns sem er búið að bíða lengi eftir þjónustu — ég sé hér að það var sent til allra þingmanna — þar sem hann lýsir því hvernig staðan er hjá foreldrum sem lenda í því að eignast barn sem þarf þjónustu Greiningarstöðvarinnar.

Hann segir frá tveggja og hálfs árs gömlum dreng sem er seinn til og foreldrarnir fara með hann til heimilislæknis. Heimilislæknirinn vill ekki skera úr um þetta strax, segir þeim að bíða. Hálfu ári seinna fara þau aftur, drengurinn þroskast ekki eins og önnur börn á hans reki. Þá eru foreldrarnir beðnir um að fara með hann til barnalæknis. Hann þarf enn að bíða eftir þjónustu barnalæknis í tvo mánuði og þegar barnalæknirinn segir svo að hann þurfi að fara í greiningu á Greiningarstöð ríkisins er þar a.m.k. tíu mánaða bið.

Þegar hann loksins er búinn að fá greininguna hjá Greiningarstöðinni eftir þessa löngu bið er enn bið eftir þjálfun, hálfs árs bið eftir talmeinafræðingi og enn lengri bið eftir iðjuþjálfun. Foreldrunum er sagt að barnið muni ná sér fái það rétta þjónustu. En þarna er það búið að bíða í nokkur ár liggur við þegar loksins fæst viðunandi þjónusta. Þetta er auðvitað ekki boðlegt í velferðarsamfélagi.

Greiningarstöðin fær hér um 9 milljónir til rekstrar. Hún þarf 25 milljónir til viðbótar til að geta veitt öllum þjónustu, öllum þeim sem ekki fá þjónustu í dag. Ekki vill ríkisstjórnin verða við því. Nei, það eru aðrar áherslur. Og áfram eiga fötluð börn og foreldrar þeirra að bíða eftir þjónustu áður en hægt er að fara að veita þjálfun.

Ég vil líka gera hér aðeins að umtalsefni loforð stjórnvalda um þjónustu vegna laga um málefni fatlaðra. Hér var búið að vinna heilmikla vinnu í undirbúningi að yfirfærslu þjónustu fatlaðra til sveitarfélaganna, sem ekki varð, og þar voru biðlistanefndir komnar að þeirri niðurstöðu að hægt væri að leysa alla biðlista á ákveðnu tímabili, fyrir 2005. Þessa biðlista átti sem sagt að leysa með ákveðnum fjárveitingum, þ.e. biðlista eftir búsetu, skammtímavistun og annarri þjónustu.

Enn þá vantar heilmikið upp á að staðið verði við þessi loforð. Áfram á að bíða eftir því að stjórnvöld standi við þetta. Verið er að vísa á komandi ríkisstjórnir í þessum efnum. Það er verið að vísa til þeirra sem taka við stjórnartaumunum hér eftir næstu kosningar til að efna þau loforð sem ráðherrar í þessari ríkisstjórn hafa verið að gefa þessum hópi, fötluðum og foreldrum þeirra.

Það ástand sem ríkir í málefnum fatlaðra er óþolandi. Það er verið að brjóta mannréttindi á þessum hópi, það ríkir mikil óvissa og mikið álag hvílir á þessum heimilum. Fólk veit

ekkert hvað bíður, hvaða þjónustu það getur vænst og við vitum að fólk hefur verið að bíða eftir slíkri þjónustu í 10 ár og jafnvel lengur. Það þekkjum við öll af umfjöllun síðustu mánaða.

Það er líka enn þá verið að svíkja loforðin um skammtímavistunina sem er þó grundvöllur þess að fólk geti haft börnin sín heima. Ef foreldrarnir bugast er ekki í nein hús að venda. Þá eru þetta orðin mjög dýr úrræði fyrir samfélagið.

Herra forseti. Mig langar samt til að fagna einu sem kemur hér fram varðandi íbúa í blokkinni við Kópavogshælið. Ég sé að hæstv. heilbrrh. hefur tekist að leysa vanda þessa hóps, eins og hann talaði um á mánudaginn í óundirbúinni fyrirspurn frá mér að hann mundi beita sér í að gera. Það er fagnaðarefni því að þarna eru 20 einstaklingar sem ekki hafa notið viðunandi þjónustu og hafa reyndar aldrei fengið þjónustu eftir þeim lögum sem gilda um fatlaða. Ég fagna því að búið er að leysa þennan vanda.

Ég vil gera næst að umtalsefni heilbrigðis- og tryggingamálin en ég sé að verið var að dreifa á borðin hjá okkur frumvarpi um breytingar á lögum um almannatryggingar og fleiri mál er varða heilbrigðis- og tryggingamálin. Ég sé að þar er verið að leggja til ýmsar úrbætur. Aftur á móti er í þessu frv. til fjárlaga verið að leggja verulegar álögur á þá sem eru sjúkir. Ég vil minna á það, herra forseti, að í sumar, þ.e. 1. júlí, hækkuðu greiðslur fyrir sérfræðilæknishjálp. Greiðslur fyrir röntgenþjónustu hækkuðu og þjónusta sérfræðilækna hækkaði. Þá var einnig hækkað hámarkið áður en menn fengju afsláttarkort og það var 50% hækkun bæði hjá almenningi og hjá öldruðum og öryrkjum. Þá hækkaði hámarkið, áður en afsláttarkorti var náð, um 50%, hjá almenningi úr 12 þús. kr. í 18 þús. og hjá lífeyrisþegunum úr 3 þús. kr. í 4.500.

Þessi hækkun frá því í sumar mun verulega koma niður á sjúklingum í dag þar sem verið er að hækka sérfræðiþjónustuna og greiðslurnar fyrir ferliverkin. Ég held að menn hafi ekki alveg gert sér grein fyrir því hvað þarna er á ferðinni. Það á að láta sjúklinga greiða 160 millj. kr. til viðbótar til ríkisins fyrir þessa þjónustu. Það gerir það að verkum, ég skal nefna dæmi, að fari sjúklingur í algenga aðgerð, t.d. hnéaðgerð sem kostar yfir 20 þús. kr., borgar hann í dag, áður en þessi lög taka gildi, mest 5 þús. kr. fyrir aðgerðina. Það var sett þak á ferliverkin, á sérfræðiþjónustuna, sjúklingurinn borgaði ekki meira en 5 þús. Eftir að þessi lög taka gildi, þ.e. fjárlögin, er áformað að þarna sé ekkert þak á, afsláttarkortið muni gilda eftir 18 þús. kr. hjá almenningi og eftir 4.500 kr. hjá öldruðum og öryrkjum. En við skulum gera okkur grein fyrir því að afsláttarkortin gilda bara almanaksárið þannig að afsláttarkort þess sem fer í aðgerð í desember fellur úr gildi um áramótin.

Vegna þess hvað gjöld hafa hækkað undanfarið hef ég verið að nefna hér dæmi sem mér barst fyrir nokkrum dögum af ungri stúlku, 18 ára gamalli, sem greindist með krabbamein. Hún greiðir yfir 18 þús. kr. fyrir göngudeildarmeðferð, fyrir fyrstu meðferð vegna krabbameinsmeðferðar. Hún mun auðvitað ná afsláttarkortinu með þessari greiðslu og greiðir því minna en það er aðeins fram að áramótum. Þá fellur það afsláttarkort úr gildi og hún þarf að byrja aftur að borga upp í hámarkið af afsláttarkortinu.

Ég nefndi líka að aukaverkanir vegna lyfjanna hjá henni gera það að verkum að hún er að missa sjónina og það þarf að kaupa handa henni gleraugu. Það er enginn stuðningur vegna gleraugnakaupanna sem hlaupa á fleiri tugum þúsunda. Og það breytist auðvitað meðan hún er í meðferðinni vegna þess að lyfin hafa þessi áhrif.

Það er auðvitað allsendis óþolandi að vera að leggja svona álögur á sjúklinga, fólk með alvarlega sjúkdóma eins og krabbamein. Áður var það svo að fólk borgaði ekki fyrir krabbameinsmeðferðina en þetta eru álögur sem hafa verið að koma í tíð þessarar ríkisstjórnar og síðast núna í sumar þegar greiðslurnar fyrir rannsóknirnar voru hækkaðar.

Í þessari umræðu um hækkunina — það er verið að hækka álögur á sjúklinga sem þurfa að fara í ferliverk um jafnvel 200–300% — þess má geta að ég heyrði í fréttunum núna áðan, meðan ég var að bíða eftir að komast hér að, að BSRB hefur verið að láta gera úttekt á kostnaði sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og hvernig hann hefur margfaldast á undanförnum tíu árum. Það er hreint alveg með ólíkindum, kostnaðurinn hefur aukist um mörg hundruð prósent (**Gripið fram í:** Mörg þúsund prósent.) Mörg þúsund prósent, er sagt hér úti í sal.

Ég er hér með þessa úttekt og það er hreint ótrúlegt hvað þessi ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur verið að leggja á sjúklinga. Kannski mætti segja að þetta væri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar því á þessu tíu ára tímabili hefur það verið Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., sem hefur leitt þær ríkisstjórnir sem hafa verið hér við stjórnvölinn. Það er hér úttekt, sem er á föstu verðlagi, og lyfin sem þar eru tekin inn í eru alltaf á lægsta verði úr apóteki og það munar mörg hundruð prósentum í hverju dæminu á fætur öðru. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að fara yfir þessa úttekt. Ég geri ráð fyrir að hann hafi skoðað þetta því að ég sé að BSRB hefur borið þessi dæmi undir landlæknisembættið og Tryggingastofnun sem hefur staðfest að þetta er rétt, þessar álögur á sjúklinga.

Það er alveg merkilegt að þessi ríkisstjórn skuli alltaf finna breiðu bökin hjá sjúku fólki. Ég vil minna á að sjúklingar sem eru ekki með laun í veikindum sínum, eins og mjög margir eru, fá sjúkradagpeninga sem eru svo svívirðilega lágir að það er ekki einu sinni hægt að lifa á þeim, fólk er undir hungurmörkum á þeim smánargreiðslum sem sjúkradagpeningarnir eru frá Tryggingastofnun ríkisins. (**Gripið fram í:** En frá sjúkrasjóðunum?) Þeir sem fá frá sjúkrasjóðunum, vegna ábendingar héðan úr sal, eru að sjálfsögðu betur staddir, það er alveg rétt. En það eru bara ekki allir sem hafa þær greiðslur. (**PHB:** Þeir sem eru í vinnu.) Ég minni t.d. á húsmæður, þær vinna líka, þær vinna á heimilum, þær fá ekki nema brot af sjúkradagpeningum. Þær fá hálfa sjúkradagpeninga sem eru smánargreiðslur og þær eiga að framfleyta börnunum sínum á rúmum 100 kr. á dag. (Gripið fram í.) Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Pétur Blöndal gæti gert það.

Herra forseti. Það er fyrir neðan allar hellur að veitast svona að velferðarkerfinu, veitast svona að sjúkum og þeim sem eru jafnvel búnir að missa starfsgetuna.

Ég er undrandi á því að hæstv. heilbrrh. skuli láta þetta yfir sig ganga. Ég veit alveg hvaðan þessar sendingar eru komnar og geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra sé ekki öfundsverður í þeirri glímu.

Herra forseti. Áfram með heilbrigðismálin. Hér hefur komið fram að gert er ráð fyrir að spara 310 millj. í lyfjakostnaði ríkisins. Þar af er sjúklingum ætlað að bera 200 millj. Það eru sem sagt á sjúklingunum sem álögurnar hafa farið yfir fleiri hundruð prósent á undanförnum árum, þeir eiga nú að fara að greiða 200 millj. til viðbótar í lyfjum.

Ég vil aftur á móti fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að fara að taka á lyfjafyrirtækjunum og markaðssetningunni og auknum útgjöldum ríkisins vegna hennar, þ.e. vegna lyfjafyrirtækjanna. Vissulega hafa sjúklingar hagnast á því að apótekin hafa veitt afslátt. En það þarf auðvitað að stemma stigu við þeim vinnubrögðum sem viðgangast í lyfjageiranum hér á landi. Það þarf að taka á því. Það eru vinnubrögð sem eru alls ekki viðunandi. Ég tel að gagnsæjar og ákveðnar reglur þurfi um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja og það er löngu orðið tímabært. Í öðrum löndum eru menn með slíkar reglur, ekki öllum öðrum löndum en sums staðar, og við eigum að ganga fram sem gott fordæmi og taka á þessum málum. Það er auðvitað engin hemja eins og komið hefur fram hjá lyfjafræðingi Tryggingastofnunar ríkisins hvernig vinsælustu lyfin eins og þau eru kölluð eru margfalt dýrari en sambærileg lyf, t.d. bólgulyfin eins og hefur komið fram. Þessu þarf að taka á.

Ég spyr, herra forseti, hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann taka á þessum vanda?

Það er verið að ræða þetta víða úti í heimi. Ég veit t.d. að það er ráðstefna hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni í Bonn núna í desember, þar sem stjórnvöld og yfirvöld í heilbrigðismálum ætla einmitt að ræða þann vanda sem markaðssetning lyfjafyrirtækja er, þ.e. í hækkun lyfjakostnaðar hjá hinum ýmsu löndum.

Ég vildi gjarnan fá svör frá hæstv. ráðherra við því hvernig hann ætlar að ná þessum peningum niður, þessari lækkun á lyfjunum og velti fyrir mér hvort ekki væri ekki að ná þessu lengra niður. Ég tel það vera hægt.

Það er eitt enn sem ég vildi nefna fyrst hæstv. ráðherra er hér í salnum og það er að ég er sannfærð um að ef hið opinbera greiddi niður sálfræðiþjónustu, þá gætum við lækkað lyfjakostnað verulega. Og það mundi skila sér sem hagnaður fyrir stjórnvöld, fyrir skattgreiðendur. Það að sálfræðiþjónusta er ekki greidd niður af hinu opinbera gerir það að verkum að þeir sem þurfa hana t.d. vegna þunglyndis og annarra kvilla í þá veru fara frekar til geðlækna en til sálfræðinga vegna þess að geðlæknisþjónustan er greidd niður. Og þar eru úrræðin frekar að gefa lyf en sálfræðingarnir vinna fólk frekar út úr vandanum. Og ég bendi hæstv. ráðherra á að skoða þetta dæmi, því ég tel að þarna sé leið sem við gætum farið sem væri öllum til hagsbóta, bæði skattgreiðendum og sjúklingum.

Umræðan um sjúkrahótelin og 10 milljónirnar — það er nú ansi langt seilst að ætla að fara að ná inn einhverjum 10 milljónum á sjúkrahótelunum. Við vitum alveg að það er mikið hagræði fyrir heilbrigðisþjónustuna að geta útskrifað sjúklinga úr dýrum rúmum á sjúkrahúsunum inn á sjúkrahótelin. Og þannig eru stjórnvöld að spara háar upphæðir. Það er því ákaflega slappt að þurfa að vera að seilast þarna í vasa sjúklinga, því við vitum alveg að það er mest landsbyggðarfólk sem er fer inn á sjúkrahótelin. Aðrir geta farið heim til sín og komið síðan í göngudeildarþjónustuna.

Mig langar einnig að minnast aðeins á Landspítala – háskólasjúkrahús og fjárveitingar til þess hátæknisjúkrahúss. Ég er sannfærð um að slíkur niðurskurður, þ.e. að ekki er tekið tillit til þarfa spítalans, mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Sameiningarferlið, sem er í fullum gangi, mun ekki geta gengið fram, sameiningarferli sem átti að skila hagnaði. Stjórnvöld hafa aldrei viljað viðurkenna að sameiningin kosti peninga. Það er sama sagan fyrir hver fjárlög eftir að ákveðið var að sameina þessi sjúkrahús. Menn hafa haldið að það kostaði ekkert að sameina sjúkrahúsin til að ná síðan fram hagræðingu. Auðvitað kostar þetta peninga og menn verða að gera sér grein fyrir því og setja pening í það til þess að hagnaðurinn skili sér.

Ég vil vísa í grein frá ágætum starfsmanni Landspítalans, Önnu Lilju Gunnarsdóttur, sem var í Morgunblaðinu, ég man ekki hvort það var í dag eða gær, um þetta mál. Ef þetta verður látið standa svona eins og fjárlögin frá ríkisstjórninni líta út, þá verður starfsfólki örugglega sagt upp, ég óttast það. Og skuldahalinn mun lengjast.

Herra forseti. Það er verulegt áhyggjuefni hvernig þessi ríkisstjórn býr að heilbrigðisþjónustunni í landinu og velferðarkerfinu sérstaklega þegar litið er til Landspítalans því þetta er sjúkrahús sem sendir ekkert annað. Hann þarf að taka við öllum tilfellum af landinu sem önnur sjúkrahús geta ekki ráðið við. Þetta sjúkrahús er með dýru aðgerðirnar. Þarna verðum við að standa almennilega að verki. Hvað ef við lendum í stórslysum eða einhverjum alvarlegum áföllum? Og svona er búið að eina stóra hátæknisjúkrahúsinu okkar.

Nei, herra forseti, þetta gengur ekki. Ég heiti á hæstv. ráðherra að sjá til þess að breyting verði á áður en við afgreiðum þetta mál á morgun. Ég veit að hæstv. ráðherra veit alveg hvað þessar fjárveitingar fela í sér.

En ég furða mig á því eins og ég hef gert áður hér í andsvörum í dag, að þingmenn og hæstv. ráðherrar Framsfl. skuli sætta sig við að það eigi að fara að hækka sérfræðiþjónustu eins og ferliverkin. Ég veit ekki betur en þeir hafi barist fyrir því að setja þetta 5 þús. kr. þak og það kom í þeirra tíð í ríkisstjórninni. Og ég skil ekki hvað þeim gengur til að fara að leggja þessar margföldu, mörg hundruð prósent auknar álögur á sjúklinga núna í ferliverka- og sérfræðiþjónustunni.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar til viðbótar og hún varðar Heyrnar- og talmeinastöðina. Nokkur umræða hefur verið um hana í fjárlagaumræðunni í dag og það kemur fram að menn eigi að geta fengið sambærilegar greiðslur, þ.e. ef þeir fá heyrnartæki hjá einkaaðilum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er verið að leggja þarna til að sjúklingar fái niðurgreiðslur hjá einkaaðilum sambærilegar og hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og síðan verði þeir rukkaðir til viðbótar um það sem umfram er eins og gerist í einkaskólunum?

Ég verð að segja að ég hef ákveðnar efasemdir um þetta allt saman og tel að við þurfum að skoða þetta mun nánar. Við erum með frv. um Heyrnar- og talmeinastöðina í heilbr.- og trn. og þar verður að taka á þeim málum og skoða þetta, því það er ekki viðunandi að menn geti farið að borga sig fram fyrir í þjónustu sem þessari.

Og síðan hefði ég gjarnan viljað vita hvort sú fjárhæð sem ætluð er til hjálpartækja, þ.e. heyrnartækja og annarra hjálpartækja fyrir þá sem eru heyrnarskertir eða heyrnarlausir, eigi að skiptast á milli þessara þjónustuaðila, þ.e. einkaaðilanna og Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar.

Herra forseti. Ýmis gagnrýni hefur komið fram á þessi fjárlög frá ríkisstjórninni. Við jafnaðarmenn höfum gagnrýnt harðlega hvernig niðurskurðurinn bitnar á sjúklingum, hvernig tekjuafgangurinn er greiddur af sjúklingum og námsmönnum, og við munum aldrei sætta okkur við það, aldrei. En ég held að mál sé að linni. Ég held að ég hafi komið flestu að sem ég tel að þurfi að komast að í umræðunni, en ég verð að segja að þessi úttekt BSRB og hagfræðinga þeirra á þróun kostnaðar sjúklinga, sem ég fór yfir fyrr í ræðu

minni, er náttúrlega mjög merkilegt innlegg vegna hækkana á sjúklinga.

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim örfáu spurningum sem ég beindi til hans í ræðu minni.

[19:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín spurningu varðandi lyfjakostnaðinn, hvernig ég hygðist ná fram sparnaði þar með því að fara inn í heildsölu- og smásöluverðið.

Ég hef átt viðræður við Lyfjastofnun um það mál og ég hef svo sannarlega haft þau áform að greina þann kostnað sérstaklega. Ég hef von um að það geti skilað sparnaði í þessum efnum og ég vona að þau markmið sem við setjum okkur standist varðandi það.

Ég vil undirstrika varðandi sjúkrahótelin að þarna er verið að lögfesta gjöld sem hafa verið tekin um árabil og það hefur engin umræða verið um þau gjöld. Hins vegar eru það fleiri en landsbyggðarfólk sem þarna er því þetta er úrræði í heilbrigðiskerfinu sem er notað víða.

Varðandi Landspítalann og sameiningarferlið, þá er alveg ljóst að það kostar peninga að sameina spítalana. Það var framlag á fjáraukalögum vegna sameiningarinnar. Það var líka framlag í fyrra vegna sameiningarinnar, 150 millj. í hvort skipti ef ég man rétt. Og það eru heimildir til sölu eigna núna sem spítalinn þarf ekki á að halda í sínum rekstri til þess að leggja inn í hagræðingar á spítalanum. Mér er alveg ljós fjárþörfin þar en hins vegar vil ég vara við stórslysaumræðu í þessu sambandi. Því hefur verið mætt ef eitthvað slíkt hefur komið upp á. Það eru dæmi um það og ekki gömul að Landspítalinn hefur fengið sérstök framlög vegna slysaöldu sem reið yfir, því miður.

En ég mun í seinna andsvari taka fyrir Heyrnar- og talmeinastöðina.

[19:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég styð hann eindregið í viðleitni hans til að stemma stigu við lyfjaverðinu og því sem viðgengst þar.

Varðandi sameiningarferlið, þá hefur það verið svo að ekki hafa komið fjármunir inn í það fyrr en eftir nokkra umræðu í fjárlögunum. Það er eins og fólk geri sér ekki grein fyrir því, þ.e. stjórnvöld, að það þurfi að vera peningar þarna.

Mér heyrist á hæstv. ráðherra að það eigi að setja peninga sem koma inn vegna sölu í þann kostnað þannig að þá ætti það að leysast.

Ég ætla ekki að vera með neinar hrakspár eða heimsendaspár í sambandi við slys, alls ekki. En við verðum að vera við öllu búin. Eins og staðan er í dag með sparnaðinn þá eru horfurnar þannig að gott starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni mun hrökklast frá okkur. Það er það sem ég óttast. Ef við erum búin að hrekja frá okkur góða starfsmenn þá erum við auðvitað verr í stakk búin til að takast á við vandann. Ég held að það sé líka eitt af því sem við þurfum að hafa áhyggjur af þegar við stöndum svona að fjárveitingum til þessa stóra sjúkrahúss.

En ég minni á að menn geta enn bætt um betur því hér eru fjárlagatillögur frá Samfylkingunni, frá okkur jafnaðarmönnum, þar sem tekið er á þessum málum, tekið er á greiðslum til spítalans, án þess nokkurs staðar að skera niður í velferðarkerfinu. Við jafnaðarmenn stöndum vörð um velferðarkerfið í öllum okkar tillögum. Ég vil líka minna á tillögur okkar í sambandi við skattamálin.

Herra forseti. Hér vantar svör frá hæstv. ráðherra um Heyrnar- og talmeinastöðina. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari því í seinna andsvari.

[19:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um starfsfólk spítalanna. Ég tek eindregið undir það að gott starfsfólk er undirstaðan í hverri sjúkrastofnun. Ég vona satt að segja að þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið núna, og ég fagna, hjálpi til að halda í það góða starfsfólk sem við höfum. Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess á fjárlögum að standa undir þeim. Ég vona það svo sannarlega því að það er undirstaðan.

Varðandi Heyrnar- og talmeinastöðina þá höfum við verið með mál hennar til sérstakrar skoðunar. Við höfum verið með löggjöf um hana í endurskoðun sem er til meðferðar í heilbr.- og trn. Við höfum borgað á fjáraukalögum þann uppsafnaða halla frá fyrri árum sem var á Heyrnar- og talmeinastöðinni og lagt fram fjármagn til að stytta biðlista, þó að ég viðurkenni að ég hefði viljað hafa það meira. Við þurfum að taka þessa biðlista í áföngum. Við þurfum að fara vel yfir það og ég vænti samstarfs við heilbr.- og trn. um það hvernig við stöndum að greiðslum og greiðsluþátttöku varðandi annað fyrirtæki sem er komið inn í þetta mál. Ég vona að við getum fundið leið sem mismunar ekki fólki í því. Það er stefna mín að fólk hafi sambærilegan aðgang og að menn borgi sig ekki fram fyrir aðra. Ég hef marglýst því yfir og við verðum að finna leið í því efni. Ég tel að ekki sé hægt að mismuna á þann hátt að menn borgi niður hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni en ekki öðrum. Ég á ekki von á því að við getum tekið þann háttinn upp. Vonandi verður þessi samkeppni til góðs fyrir notendur.

[19:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til fjárlaga sem er rætt hér í þinginu. Hún varðar Náttúrufræðistofnun Íslands. Tillagan liggur fyrir á þskj. 507. Um það er að ræða að breyta fjórum liðum í rekstri og bókhaldi stofnunarinnar án þess þó að tillagan hafi áhrif á heildarniðurstöðu fjárlagafrv. Þessir liðir hjá Náttúrufræðistofnun varða yfirstjórn, setur í Reykjavík, setur á Akureyri og sértekjur.

Tillagan gegnur út á að til yfirstjórnar fari 14,9 millj., til seturs í Reykjavík 211,5 millj. og seturs á Akureyri 47,5 millj., en sértekjur lækki á móti.

Ég les greinargerðina. Hún er stutt, herra forseti:

„Lögð er til breyting á framsetningu fjárlagaramma Náttúrufræðistofnunar Íslands sem ekki hefur í för með sér breytingar á framlögum úr ríkissjóði. Breytingin felur í sér tilfærslur milli liða þannig að sértekjur seturs stofnunarinnar í Reykjavík hækka um 31,3 millj. kr. og verða 102,8 millj. kr. Á móti hækkar launaliður um 21,3 millj. kr. og önnur gjöld um 10,0 millj. kr.

Þá er lagt til að sértekjur seturs á Akureyri hækki um 10,0 millj. kr. og verði 17,2 millj. kr. Á móti hækkar launaliður Akureyrarseturs um 6,0 millj. kr. og önnur gjöld um 4,0 millj. kr.

Loks eru millifærðar 4,5 millj. kr. af launalið Reykjavíkurseturs á launalið yfirstjórnar og 3,5 millj. kr. af liðnum önnur gjöld Reykjavíkurseturs á liðinn önnur gjöld hjá yfirstjórn."

[Fundarhlé. — 19:36]

[20:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að ræða um þrískiptingu valdsins að gefnu tilefni. Í 1. gr. stjórnarskrár Íslands, Lýðveldisins Íslands, stendur, með leyfi forseta:

„Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn."

Ég þarf á þessu að halda seinna í ræðu minni.

Í 2. gr. er svo fjallað um þrískiptingu valdsins, í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þessi þrískipting er fundin upp til þess að vernda borgarana fyrir ofurvaldi ríkisins sem oft voru kóngar eða keisarar með alveldi sem bæði settu lögin, framkvæmdu þau og dæmdu. Og til þess að vernda borgarana fyrir ofríki valdsins, ríkisins, hafa menn fundið upp þessa þrískiptingu valds og hún er afskaplega mikilvæg og hún þarf að vera hrein. En hún er ekki hrein á Íslandi.

Herra forseti. Margir hv. þm. hafa tekið óstinnt upp þá gagnrýni sem ég hef haft uppi á verkaskiptingu á milli Alþingis og ríkisvalds, þ.e. hæstv. ríkisstjórnar og hv. Alþingis. Sérstaklega þeir hv. þm. sem sitja í hv. fjárln. Sumir hafa jafnvel tekið þessari gagnrýni persónulega, samt hef ég ætíð undirstrikað að ég er að gagnrýna vinnubrögðin sem hafa varað í áratugi en ekki þá þingmenn sem framkvæma núna með nákvæmlega sama hætti og gert hefur verið í áratugi. Gagnrýni mín snýst um eftirfarandi:

Þegar sett er í fjárlög að gera eigi við gamlan bát fyrir einhverjar milljónir, þá eru þingmenn farnir að vasast í framkvæmdum, því þeir ætla sér að láta gera við þennan bát og það er jú framkvæmd. Það verður ekkert hjá því komist, þetta er sett í lög og þessi framkvæmd skal framkvæmd, það á að gera við þennan bát.

Spurningar sem vakna upp í því sambandi eru í fyrsta lagi: Hver lagði fram erindi um að fara út í slíka framkvæmd með ríkisfé? Hver var það sem kannaði þörfina fyrir framkvæmdina? Hver var það sem fær þetta í gegn, talar við menn og kannar að framkvæmdin sé skynsamleg? Og að síðustu: Hver ber ábyrgð á framkvæmdinni?

Segjum nú að komið hafi í ljós að þessi bátur sé bara grautfúinn og ekki sé hægt að gera við hann og búið væri að henda einhverjum milljónum úr ríkissjóði út í bláinn. Hver ber ábyrgð á því? Ekki getur það verið ráðherra. Hann tók enga ákvörðun um þetta. Það er Alþingi sem ber ábyrgð á því. En hver hefur eftirlit með framkvæmdum og hver hefur eftirlit með ábyrgðum? Það er Alþingi sjálft. Það er enginn annar sem hefur eftirlit með framkvæmdum. Sem sagt Alþingi ber sjálft ábyrgð á þeim framkvæmdum sem það þarna ákvað.

Ég tel miklu skynsamlegra að setja ramma eins og er að komast á sums staðar, eins og t.d. varðandi Forvarnasjóð. Ég hef lagt fram spurningar til hæstv. heilbrrh. um Forvarnasjóð þar sem ég spyr í fyrsta lagi hve mikið af honum fari til landsbyggðarinnar og hve mikið til höfuðborgarsvæðisins. Þetta er eilíft deiluefni.

Síðan spyr ég: Hvernig er kynjaskiptingu háttað í stjórnum þeirra félaga sem fá verkefni úr Forvarnasjóði? Það er til þess að gæta að því að þetta lendi ekki allt saman hjá karlmönnum eins og oft vill verða.

Og síðan spyr ég: Hver er það sem metur þörf fyrir verkefni og hvaða verklag er haft við val verkefna? Og hvernig er fylgst með framvindu verkefna og hver annast það?

Í fjórða lagi: Hvernig er háttað eftirfylgni og mati á árangri og hver annast það verk?

Flest þessi framkvæmdaratriði sem ég er hér að tala um og spyrjast fyrir um, vantar þegar Alþingi sjálft ákveður framkvæmdina. Og það er mikil hætta á því að fé sé illa varið.

Margir hv. þm. sem hafa talað við mig undanfarið og sumir reiðir mjög, hafa sagt að þeir treysti ekki ráðherrunum til þess að setja fjárveitingar út á land. Þeir treysta ekki ráðherrunum til þess að skynja þörf landsbyggðarinnar fyrir slíkar framkvæmdir, þ.e. að ráðherrarnir gleymi landsbyggðinni.

Og þá er ég nefnilega kominn að 1. gr. stjórnarskrárinnar: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn." Það vill svo til, herra forseti, að ráðherrarnir sitja í skjóli Alþingis. Ef alþingismönnum líkar ekki framkvæmd þeirra, t.d. á Forvarnasjóði, þá er bara að setja þá af. Það er mjög einfalt. Velja annað fólk til ráðherradóms. Það er svo einfalt. Þetta er vald sem Alþingi hefur og á að hafa og ætti kannski að nota sér oftar en það gerir. Til þess að ráðherrarnir framkvæmi eins og Alþingi vill og Alþingi þurfi ekki að standa hér í endalausum framkvæmdum eins og umræðurnar í dag og undanfarnar vikur hafa borið merki. Þetta er ekkert annað en framkvæmdir, herra forseti.

Núverandi kerfi þar sem hálf þjóðin mætir fyrir fjárln. eða fagnefndir eða ráðuneyti og jafnvel allt þetta, býður upp á alls konar spillingu, ég er ekki að segja að það sé spilling, en það býður upp á hana. Það býður upp á það að ef einhver nær í gegn ákveðinni framkvæmd, þá fái hann eitthvað annað í staðinn, hvort sem það er atkvæði eða eitthvað annað. Þetta er hættan við núverandi kerfi. Ég er alls ekki að segja að það sé þannig, herra forseti.

Sumir hv. þm. líta jafnvel svo á að slík fyrirgreiðsla sé pólitík og allt annað sé ekki pólitík, t.d. að semja lög og setja ramma utan um starfsemi þjóðfélagsins sé í rauninni ekki hlutverk löggjafans. Ég spyr: Hver á þá að gera það ef ekki löggjafinn? Ég hef litið þannig á að það sé hlutverk löggjafans að setja lög og semja þau líka, en það eru nánast engin lög samþykkt á Alþingi sem alþingismenn hafa samið. Nánast ekki nein.

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður hv. fjárln., sagði að ónefndur þingmaður, hann nefndi hann ekki á nafn, hefði gert grín að fíkniefnavörnum og uppeldi hunds. Ég er þessi ónefndi þingmaður, herra forseti. Meðal margra annarra framkvæmda sem ég gat um í 2. umr., þá fór ég í gegnum bátana og ég fór í gegnum söfnin og torfkofana og allt þetta sem fjárln. er að framkvæma, og þar á meðal nefndi ég hund. Ég var alls ekki að gagnrýna uppeldi hundsins sem slíks. Og ég var alls ekki á móti fíkniefnavörnum, guð forði mér, ég er mjög hlynntur fíkniefnavörnum. Það sem ég er á móti er að löggjafarsamkunda landsins, sem sér um löggjafarvaldið, sé að standa í annarri eins framkvæmd og að sjá um uppeldi á hundi.

Ég hefði viljað fela dómsmrh. að ala upp tíu hunda, ég hef meira að segja bent hæstv. dómsmrh. á að setja fíkniefnahundinn á Litla-Hraun til þess að koma í veg fyrir það furðulega fyrirbæri að hvergi virðist vera auðveldara að komast í fíkniefni en inni á fangelsum landsins.

Ég vil því endilega að aldir séu upp sem flestir fíkniefnahundar og það helst gert á sem hagkvæmastan hátt, kannski fimm eða sex í einu. Og mín vegna má það gerast úti á landi. Ef þingmenn óttast það að þetta sé allt sé framkvæmt í Reykjavík, þá eiga þeir bara að fara fram á það og spyrjast fyrir um það og gagnrýna ráðherrann og setja hann af ef hann ekki framkvæmir það úti á landi eins og þeir vilja.

Ég var því ekki að gagnrýna uppeldi hundsins sem slíks, alls ekki. Ég tel bara að það sé verkefni framkvæmdarvaldsins en ekki löggjafarvaldsins.

Hv. þm. upplýsti jafnframt að um 90% brtt. hv. fjárln. séu í reynd tillögur ráðuneytanna, hæstv. ríkisstjórnar. Ég verð nú bara að segja eins og er að ég hafði ekki áttað mig á þessu og þetta voru ný sannindi fyrir mér og er dálítið undarlegt. Og það er rétt hjá hv. þm. að það er undarlegt að það skuli renna upp fyrir manni ljós svona seint á ferlinum hér á þingi, en það vill svo til að ég hef ekki setið í fjárln. og manni er ekki sagt neitt voðalega mikið af því sem þar gerist. Það er ekkert verið að spyrja mig um hvaða framkvæmdir ég vilji fara út í, enda vil ég helst ekki fara út í neinar framkvæmdir. Ég tel að það sé bara á valdi ríkisstjórnarinnar að framkvæma og síðan vil ég geta spurt hana hvernig gengur með þær framkvæmdir sem hún ætlar sér að fara út í.

Það má líka leggja fram línur. Það mætti t.d. í sambandi við öll söfnin geta þess að hæstv. ríkisstjórn ætti að framkvæma á þennan eða þennan háttinn, leggja áherslu á viðgerðir skipa eða bókasöfn eða eitthvað slíkt, en að fara að setja einstaka framkvæmdir í fjárlög, í lög lýðveldisins, er fráleitt.

Það er þetta sem ég er að benda á. Ég er að benda á hvernig Alþingi grípur inn í verkefni framkvæmdarvaldsins með mjög stórtækum hætti og nánast allt haustið fer í þetta. Og það minnkar alla ábyrgð á þessum framkvæmdum. Það er þetta sem ég er að gagnrýna, herra forseti. Ég er alls ekki að gagnrýna einstaka þingmenn. Ég er alls ekki að gagnrýna hv. fjárln. því hún er að gera nákvæmlega eins og hún hefur gert í áratugi en það þarf ekki að vera rétt fyrir því.

Svo hef ég bent á hinn endann sem er löggjafarvaldið, hver það er sem semur lög, og það er alveg á hreinu í mínum huga að sá sem setur texta fyrst niður á blað ræður mestu um það hvernig endanlegur texti lítur út. Sá sem setur niður texta á blað setur hann niður án þess að þurfa að svara fyrir kóng eða prest. Allir hinir sem koma að því seinna og ætla að breyta þeim texta, hvort sem það er ráðuneyti — því oft eru það sömu stofnanir sem setja niður textann og eru að framkvæma lögin — eða nefndir þingsins, þurfa að rökstyðja breytingar sem sá sem samdi textann þarf ekki. Þess vegna er vald þess sem semur lögin í upphafi geysilega mikið. Og miklu meira en þeirra sem koma síðar að og í rauninni bara endurskoða textann. En allt starf hv. þm. felst í því að endurskoða texta. Stundum eru gerðar miklar breytingar af því að það sýnir sig að textinn er ekki nógu góður, en það þarf að gerast með rökum. Það þarf að sýna fram á að það gangi ekki eins og textinn var.

Vald þeirra sem semja lögin er því feikna mikið. Og það eru oft og tíðum þeir aðilar, herra forseti, sem framkvæma lögin gagnvart borgurunum. Þeir sem eru að framkvæma lögin gagnvart borgurunum, í sífellt flóknara kerfi, semja lögin vegna þess að enginn annar hefur vit á því. Þetta leiðir til þess að borgarinn verður alltaf minna og minna varinn fyrir öllum sérfræðingunum sem eru að framkvæma alls konar lagaákvæði, ég nefni samkeppnislög, nánast hvað sem er, vegna þess að þeir sem hafa vit á þessum ákvæðum eru þeir sem framkvæma þau og þeir semja lögin og ráða þar af leiðandi alltaf meiru og meiru. Þetta finnst mér, herra forseti, fela í sér ákveðna hættu.

Ég tel að í þessu, þ.e. hve verkaskipting milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds er ógreinileg, felist ákveðin hætta og það er þess vegna sem ég er að benda á þetta. Ég er alls ekki að gagnrýna einstaka hv. þingmenn.

[20:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nú staðreyndir sem menn ættu að kunna að stjórnskipan Íslands er dönsk. Hefðir, venjur og siðir eru meira og minna danskir. Það hefur þekkst hér allan tímann mjög náið samstarf ríkisstjórnarinnar við þingmeirihluta sinn. Í allri Evrópu, kannski helst að Frakklandi undanteknu, er ekki þessi þrískipting, hún er ekkert í gangi samkvæmt þessari 18. aldar „ídeólógíu" um þrískiptingu valds, hún er að vísu í gangi í Bandaríkjunum. Og auðveldasta táknið til að sjá það eru þessir 12 stólar hérna, það eru stólar ráðherranna. Þessir ráðherrar eru allir þingmenn. Og svo eru menn að hneykslast á því að verkaskipting milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins sé ekki nógu skýr.

Herra forseti. Það er enginn munur á tillögu sem kemur um breytingu á t.d. fjárlögunum, þ.e. hvort ég er höfundur að henni eða þingmaðurinn sem gegnir stöðu menntmrh. Á því er enginn munur. Og nákvæmlega sama aðferðin í samskiptum ríkisstjórnar við þingmeirihlutann á sér stað í fjárln. eins og í öllum öðrum nefndum þingsins. Ég hef t.d. setið fjögur ár, herra forseti, í efh.- og viðskn. þingsins ásamt hv. þm. Pétri Blöndal. Við höfðum mjög náið samstarf bæði við fjmrn. og viðskrn., eðlilega og að sjálfsögðu. Því kemur mér mjög á óvart þegar þingmaður kemur og segir þau tíðindi að hann hafi ekki áttað sig á því hver starfstilhögunin er. En það er eðlilegt að mínum dómi og sjálfsagt að þingmenn hafi afskipti af gerð fjárlaga. Þeir hafa alltaf haft það og enginn munur er á því hvort sú tillaga kemur frá þingmanni í nefndinni eða frá þeim þingmanni sem er ráðherra þess málaflokks.

[20:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur í 2. gr. stjórnarskrárinnar engu að síður, með leyfi herra forseta:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Stjórnarskráin gerir ráð fyrir þrískiptingu valdsins. Hafi það ekki verið framkvæmt þá er kominn tími til, herra forseti. Þó við höfum tekið upp einhverjar reglur frá Dönum og þeir aftur frá Evrópu, utan Frakklands, og að þar sé allt í graut með samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þá segir stjórnarskráin annað og það byggir á ákveðinni heimspeki til þess að vernda borgara.

Ég vildi gjarnan að það yrði skoðað hvort ráðherrar eigi að vera þingmenn. Mér finnst það ekki eðlilegt. Þeir eru beggja megin borðsins, ef við erum að líta þarna á stjórnarskrá Íslands. Þetta er því ekki fullkomlega rökrétt kerfi. Hér á hinu háa Alþingi hefur verið flutt frv. um það að ráðherrar séu ekki þingmenn, víki af þingi þegar þeir gerast ráðherrar. Það var flutt af hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, núv. hæstv. ráðherra (**SJóh:** Og þingmanni.) og þingmanni. Ég get alveg stutt slíka hugsun.

En varðandi það að ég þekki það úr hv. efh.- og viðskn. að náið samstarf sé við ráðuneytið, þá var það svo náið að ég hætti í nefndinni.

[20:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er áreiðanlega bæði virðingarvert og sjálfsagt að hafa þau baráttumál að breyta þeirri stjórnskipan sem við höfum. Vel kann að vera, herra forseti, að til mikilla bóta sé að gera það. En það er bara ekki á dagskrá hér og nú. Við erum bara að afgreiða fjárlagafrv. og ég hef aðeins verið að benda á að öll tilhögun, öll framkvæmd og allt sem hefur komið fram í sambandi við það er samkvæmt þeim eðlilegu og sjálfsögðu vinnubrögðum sem hafa tíðkast hér um áratugi, áratug eftir áratug og engin breyting hefur þar verið á.

Hins vegar getur það verið allt í lagi að taka það upp að reyna að fá þetta skýrara, taka upp þessa gömlu 18. aldar „ídeólógíu" og fara að framkvæma hana hér, eins og t.d. Bandaríkjamenn eru mjög harðir á í mörgu tilliti. Þá er það bara sjálfstætt mál. Ég ber virðingu fyrir þeim skoðunum o.s.frv. Það er allt í lagi með það. Ég hef ekkert á móti þeim og held að öll sú umfjöllun geti verið hin besta.

En hér hefur ekki verið unnið öðruvísi en allir siðir og okkar venjur leyfa.

[20:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að breyta stjórnskipuninni. Ég ætla að taka hana upp eins og hún á að vera. Þetta stendur í stjórnarskránni, herra forseti, og við höfum svarið eið að henni þannig að ég er ekkert að breyta stjórnskipuninni. Ég las upp úr 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er þessi þrískipting. Og hafi hún ekki verið framkvæmd þá hafa einhverjir aðrir brotið stjórnarskrána en ég.

[20:20]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal gagnrýndi það að nánast engin lög væru samin á Alþingi. Við höfum heyrt hv. þm. gagnrýna þetta aftur og aftur, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, bæði hér á Alþingi og í hinum ýmsu þáttum í sjónvarpi og útvarpi sem hv. þm. er duglegur að mæta í. Þetta er skoðun hans og sannfæring og ég ber virðingu fyrir þessari skoðun þó ég sé ekki endilega alveg sammála túlkun hans.

Mér fannst reyndar hv. þm. örlítið ósamkvæmur sjálfum sér þegar hann fór svo að gagnrýna fjárlögin. Ég skildi hann þannig að hann væri að gagnrýna fjárlögin. fyrir að leyfa sér að gera eitthvað án þess að spyrja ráðherrann. Er þá ekki Alþingi að taka frumkvæðið og semja lögin sjálft? Hv. þm. nefndi dæmi af því ef fjárlögin. tæki sig til og veitti fé í einhvern fúakláf sem væri svo ónýtur að þá væri það Alþingi sem bæri ábyrgð en ekki ráðherrann. Mér fannst þetta svona ekki alveg ganga upp hjá hv. þm.

En hvernig verða lögin til hérna á þingi? Yfirleitt er það nú þannig að þegar til stendur að flytja frumvarp um eitthvert mál þá er sett nefnd í málið. Í nefndina veljast yfirleitt einhverjir menn sem hafa þekkingu á viðkomandi málaflokki. Oftast er hafður með löglærður maður, einn eða tveir, til að passa upp á þá hlið málanna og oft eru í þessum nefndum þingmenn, einn eða tveir þingmenn til að tengja málið við þingið. Síðan þegar frv. er fullskapað og ráðherra leggur það fram þá fer það hér inn í þingnefnd og hv. þm. Pétri Blöndal er náttúrlega kunnugt um að á nánast hverju einasta máli, hverju einasta frv. sem kemur til þingnefndar eru gerðar mjög miklar breytingar, af því að þá koma þingmennirnir að málinu og koma með sinn vinkil á málið og yfirleitt breytast málin mjög mikið í meðferð Alþingis.

Ég held því nú að sú aðferð sem við notum við lagasmíð sé ekki eins galin og hv. þm. vill vera láta. Ég er ekki alveg sammála honum í þessari túlkun.

[20:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að ekki sé rökrétt hjá mér að gagnrýna það að Alþingi setji lög um einn ákveðinn bát eða viðgerð á bát og svo hins vegar það að þurfa að spyrja ráðherra um það, þá er það einmitt það sem ég sé sem verkefni framkvæmdarvaldsins, þ.e. að standa í framkvæmdinni sem slíkri, að gera við bátinn og kanna hvaða báta eigi að gera við. En síðan þurfi þeir að svara fyrir Alþingi um þá framkvæmd þannig að þeir þurfa að svara Alþingi af hverju þeir hafi gert við þennan bát en ekki hinn.

Varðandi það hvernig frv. eru unnin ... (**Gripið fram í:** Hverju erum við þá nær?) Þá erum við því nær að við stöndum ekki í framkvæmd sjálf og ráðherrann ber ábyrgð á framkvæmdinni. Sá er munurinn. Hann þarf að svara til Alþingis fyrir framkvæmdina, auk þess sem framkvæmdin verður væntanlega miklu betri af því að vanir menn sem vinna í ráðuneytunum standa að málum og þeir þekkja hvernig á að framkvæma. (Gripið fram í.)

Síðan er það spurningin um hvernig frv. eru samin í dag, þ.e. af einhverri nefnd á vegum ráðuneytisins, oft af sérfræðingum. Þetta tel ég vera töluvert hættulegt, herra forseti. Vegna þess hve þjóðfélagið er orðið flókið, t.d. varðandi samkeppnislög, eins og ég nefndi, fjármálastofnanir eða eitthvað slíkt, þ.e. þetta er orðið svo flókið að sá sem semur lögin getur sett inn í þau nánast það sem hann vill. Ég teldi miklu eðlilegra að þingnefndir þingsins réðu þetta sama fólk til sín, sem það hvort sem er borgar, og léti það vinna á vegum þingsins. Erindin kæmu þá frá ráðuneytunum, frá einstaklingum eða samtökum til þingmanna eða þingnefnda um að það þurfi að setja lög um þetta og hitt og síðan semji starfsmenn þingsins þau undir eftirliti þingmanna eða þingnefndarinnar.

[20:24]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þetta er sjónarmið hjá hv. þm. Ég er nú reyndar ekki alveg sammála því, ef það á að veita fé í fúinn bát eða bát sem þarf að gera upp, að þá sé endilega meiri þekking á því í ráðuneytinu en hjá þeim þingmönnum sem um það fjalla hér í fjárlögin. Ég hef fullar efasemdir um það með mikilli virðingu fyrir ágætu starfsfólki ráðuneytanna.

Hv. þm. segir að lögin séu yfirleitt samin af sérfræðingum. Ja, hvað eru sérfræðingar? Ég hef stundum setið í svona nefndum sem hafa verið að undirbúa lagasetningu og kallaðir hafa verið til menn. Í fyrra var ég t.d. í einni svona nefnd sem sneri að kjaramálum ákveðins hóps og kallað var til fólk frá þeim stéttarfélögum sem um fjölluðu, frá þeim fyrirtækjum sem ráku starfsemi í þessum sömu greinum og lögfræðingur, þingmenn. Þetta voru út af fyrir sig engir sérfræðingar. Ég tel að þetta hafi fyrst og fremst verið menn sem höfðu ágæta þekkingu á viðkomandi málaflokki.

Ég er ekkert viss um að lagafrumvörp eða lagasetning yrði betri þó að við værum að klambrast við þetta hér á Alþingi alveg frá grunni. Ég held ekki. Ég held að það sé nefnilega ágætisaðferð að gera þetta svona. Eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu þá taka þessi frv. yfirleitt mjög miklum breytingum í meðförum þingsins og yfirleitt, eins og hér var

kallað fram í áðan, til hins betra. Alþingi bætir frumvörpin. Ég held að niðurstaðan yrði ekki betri þó að þetta yrði gert hér alveg frá grunni. Ég hins vegar skil það að þetta er sannfæring hv. þm. og endurtek að ég ber virðingu fyrir skoðunum hans. En ég er honum ekki alls kostar sammála.

[20:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. efast um að þekking sé í ráðuneytunum til þess að standa í framkvæmdum eins og t.d. viðgerð á bát. Það er kannski ljóður að ráðuneytin fari ekki út á land og kanni hvað sé að á hverjum stað. Svo ætti auðvitað að vera. Framkvæmdarvaldið er ekki bara framkvæmdarvald í Reykjavík. Það er framkvæmdarvald fyrir allt landið. En það virðist oft gleymast. Auðvitað á framkvæmdarvaldið að halda fundi og taka á móti fólki á staðnum og heyra hver vandamálin eru á hverjum stað varðandi framkvæmdir, alls konar opinberar framkvæmdir.

Síðan um það hver semji lögin. Ég gat um það að sá sem semur lögin eða semur texta hann ræður mestu um endanlegt útlit hans. Það sem þingmenn eru að gera hérna, merkilegt nokk, er að kanna hvernig lögin muni koma út í framkvæmd. Hv. þm. sem eru á löggjafarsamkundunni eru að kanna hvernig gengi að framkvæma lögin í staðinn fyrir að framkvæmdarvaldið geri það. Miklu eðlilegra væri að þingmenn semdu lögin með sérfræðingum sínum, réðu til sérfræðinga, og síðan yrðu þau send til ráðuneyta og alls konar samtaka til að kanna hvernig gengur að framkvæma það sem þingmenn hafa sett saman. Þessu er snúið við, herra forseti. Þessu er snúið við í núverandi kerfi því að framkvæmdaraðilarnir semja lögin, en svo eru það þingmennirnir á löggjafarsamkundunni sem kanna hvernig gangi að framkvæma viðkomandi lög.

Ég vildi gjarnan að menn alla vega hugsuðu þá hugsun hvort ekki sé eitthvað smábrogað við þetta.

[20:28]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill skýra frá því að hv. 4. þm. Austurl. hefur óskað eftir að kalla aftur brtt. á þskj. 513.

[20:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég rifja það upp í nokkrum orðum að í morgun í umræðum um fundarstjórn forseta óskaði ég formlega eftir því að hæstv. menntmrh. og hæstv. umhvrh. yrðu viðstaddir ræðu mína.

Það ber að virða sem vel er gert. Hæstv. menntmrh. kom að máli við mig um miðjan dag og sagðist því miður ekki geta verið viðstaddur, hann væri bundinn í báða skó og gæti ekki frestað plönum sínum þannig að hann gæti ekki verið viðstaddur þegar ég flytti mitt mál. En hann hét mér þó að svara spurningum mínum hér á vettvangi Alþingis þó síðar yrði. Því spyr maður: Hvað getur aumur stjórnarandstöðuþingmaður gert annað en að bukka sig og beygja sig undir vilja framkvæmdarvaldsins í þessum efnum?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vildi bara upplýsa hv. þm. um að hæstv. fjmrh. og hæstv. umhvrh. eru til staðar í þingsal.)

Ég þakka forseta fyrir það. Ég var einmitt búin að sjá það út undan mér og var í þann mund að hafa orð á því. Hæstv. umhvrh. er hérna og ætlar að leggja við hlustir og svara kannski nokkrum spurningum sem ég hef um málefni er heyra undir ráðuneyti hennar. Ég sé ástæðu til þess að þakka fyrir viðveru hennar hér.

Herra forseti. Það er ekki rismikið hlutskipti útivistarmannsins og náttúruunnandans Ólafs Arnar Haraldssonar þar sem hann þarf að tala fyrir munn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og mæra þann ímyndaða hagvöxt sem ríkisstjórnin heldur fram að verði svo og svo mikill ef af stóriðjuframkvæmdum verður. Öll þjóðin veit að að baki slíkra framkvæmda liggja mestu náttúruspjöll sögunnar og hv. þm., formaður fjárln., er ekki öfundsverður að þurfa að mæla fyrir slíkum spjöllum sem ýmsir reiknimeistarar úr hagfræðingastétt hafa sýnt fram á að eru hvorki hagvaxtarskapandi né á nokkurn hátt réttlætanleg aðgerð út frá sjónarmiðum náttúruverndar enda í hróplegu ósamræmi við lög um náttúruvernd.

Í upphafi vil ég gera umhverfismálin að umtalsefni og hefja mál mitt á stofnunum umhvrn. sem ég gerði raunar hér við 2. umr. fjárlagafrv. Þess ber að geta að í áliti umhvn. til fjárln. sem lagt var fram við 2. umr. fjárlagafrv. kemur fram að nefndin telur afar mikilvægt að bæta úr brýnum vanda Náttúruverndar ríkisins sem enn eitt árið þarf að sætta sig við framlag sem ekki nægir fyrir lögbundnum verkefnum stofnunarinnar. Má þar nefna gerð náttúruverndaráætlunar og umsjón með landvörslu á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum.

Nú hefur fjölgað um einn í þjóðgarðaflóru landsmanna, herra forseti, og er það vel. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður í sumar en fjármunirnir sem Náttúruvernd ríkisins fær til að stofna þennan nýja þjóðgarð nema kannski 30 millj. kr. í allt. Þar er um að ræða 10 millj. af fjárlögum yfirstandandi árs, 10 millj. samkvæmt frv. því sem hér er til umfjöllunar og kannski 10 millj. sem eru fólgnar í heimild til húsakaupa fyrir þjóðgarðsvörð.

Á ráðstefnu um væntanlegan Vatnajökulsþjóðgarð sem haldin var á Höfn í Hornafirði sl. föstudag kom fram að núvirði þess fjár sem sett var í stofnun þjóðgarðsins Skaftafells 1974 mun hafa verið 130 millj. kr., sem sagt 100 millj. kr. hærri upphæð á núvirði en þjóðgarðurinn Snæfellsjökull fær við stofnun sína. Sem framlag til stofnunar væntanlegs Vatnajökulsþjóðgarðs sem fyrirhugað er að opna á næsta ári, á alþjóðlegu ári fjalla — og ber að fagna því — eiga 3 milljónir að nægja.

Er þá ekki rétt að spyrja, herra forseti, hæstv. umhvrh. og svo sem líka hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann fjárln.: Hvernig eru þessar hugmyndir rökstuddar, þ.e. hvernig rökstyður hv. fjárln. þessi framlög og þann mun sem kemur í ljós þegar núvirði stofnframlags til þjóðgarðs í Skaftafelli er skoðað? Hvers vegna er ekki staðið að stofnun þessara nýju þjóðgarða með sama stórhug og gert var 1974 í Skaftafelli?

Meiri hluti fjárln. gerir ráð fyrir 200 millj. kr. framlagi til samgrn. til markaðssóknar í ferðaþjónustu innan lands, og reyndar ekki síður utan. Frv. gerir ráð fyrir 50 millj. og núna á milli umræðna hefur meiri hluti fjárln. lagt fram ósk um hækkun um 150 millj. Sem sagt 200 millj. í markaðsátak samgrn. Það vekur athygli, herra forseti, að slíkir fjármunir skuli liggja á lausu á sama tíma og ekkert virðist hugsað um að halda við þeim stöðum sem gert er ráð fyrir að hingaðkomnir ferðamenn vilji skoða. Staðir sem eru þó gulrótin á veiðistöng Ferðamálaráðs því eins og kunnugt er kynnir Ferðamálaráð Ísland á erlendri grund fyrst og fremst sem paradís fyrir þá sem vilja sækja heim hreina og tæra, ef ekki ósnortna, náttúru landsins. Eins og allir vita liggja helstu náttúruperlur okkar nú undir skemmdum vegna mjög aukins ágangs ferðamanna. Og það er einungis eitt ráð í þeim efnum

ef ekki á að fara enn verr og það er að efla Náttúruvernd ríkisins og gera henni kleift að sinna landvörslu á þessum stöðum, reisa nauðsynleg mannvirki eins og snyrtingar, þjónustumiðstöðvar og gestastofur og halda við og leggja nýja göngustíga, merkja gönguleiðir og annast eftirlit með umgengni um þessar perlur okkar.

Nú skal vikið að annarri stofnun sem heyrir undir hæstv. umhvrh. og er það Hollustuvernd ríkisins.

Í áðurnefndu áliti sem hv. umhvn. sendi fjárln. segir um málefni Hollustuverndar ríkisins, með leyfi forseta:

„Í máli fulltrúa Hollustuverndar kom fram að leiðrétta þurfi fjárlagafrumvarpið vegna eldri skuldbindinga og jafnframt vanti stofnunina nú um 55 millj. kr. til að standa við ýmsar skuldbindingar sínar sem falla undir forgangsmál. Þar af eru laun og verðbreytingar stofnunarinnar ekki leiðrétt nema að hluta. Stofnunin hefur fengið aukin verkefni sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu en mjög skortir á að stofnunin hafi fjárhagslegan grundvöll til að geta sinnt þessum verkefnum. Nefndin telur nauðsynlegt að kannað verði hvernig unnt sé að mæta þessum þörfum."

Nú er komið að lokum fjárlagaumræðunnar og það virðist ekki bóla á lausn á þessum undirliggjandi vanda sem Hollustuvernd ríkisins hefur búið við um árabil, ekki heldur téðri leiðréttingu sem óskað hefur verið eftir þar sem í frv. eru ekki reiknaðar launahækkanir eða verðbætur nema að hluta.

Það er varla skrýtið, herra forseti, þótt maður velti hér vöngum og spyrji: Hvers vegna er ekki hægt að leiðrétta augljósar skekkjur í frv. til fjárlaga þegar hægt er að gera jafnmargar brtt. og hv. meiri hluti fjárln. hefur nú þegar gert?

Þá skulum við skoða í hverju vandi Hollustuverndarinnar er fólginn og þá um leið vandi neytenda, þ.e. okkar sem þurfum að reiða okkur á starfsemi hennar. Hlutverk Hollustuverndar ríkisins er að vernda þau lífsskilyrði sem felast í ómenguðu umhverfi, heilnæmum matvælum og skaðlausum nauðsynjavörum. Nú er svo komið að stofnunin kemst hvorki yfir að þýða né innleiða allar þær EES-reglugerðir sem við höfum skuldbundið okkur til að fara eftir eða leiða í lög til að tryggja lífsgæði okkar og barnanna okkar. Hér er um að ræða reglur er lúta að mengun vatns, lofts og sjávar, samræmingu á matvælaeftirliti um land allt, ýmis mál er lúta að meðferð og eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum og svona mætti raunar lengi telja.

Manni finnst það önugt, herra forseti, þegar nýbúið er að samþykkja 14 milljarða kr. fjáraukalög þar sem innifalin eru hundruð milljóna til umdeildra verkefna á borð við einkaveðingarbrask hæstv. ríkisstjórnar og tugi millj. kr. til að greiða mat á umhverfisáhrifum álvers sem okkur hefur nú verið talin trú um að sé hugsað sem framkvæmd einhverra einkaaðila, álfursta sem starfa undir heitinu „Reyðarál", en virðist þegar allt kemur til alls vera greitt af opinberu fé, að ekki sé talað um, herra forseti, fyrirhugaðar 300–400 milljónir sem á að nota til að halda leiðtogafund NATO-ríkjanna hér á Íslandi á næsta ári.

Þegar allt þetta er skoðað, herra forseti, finnst mér skjóta skökku við að ekki skuli vera hægt að standa sómasamlega að heilbrigðis- og hollustueftirliti í þessu landi. Gott væri að heyra hæstv. umhvrh. fara um það nokkrum orðum hvort hún sætti sig við þetta eða hvort hún hyggist skjóta skildi fyrir Hollustuvernd ríkisins á annan hátt en þann að sjá til þess að stofnunin geti flutt í mannsæmandi húsnæði sem á að gera á næsta ári, og því ber að fagna.

Þriðja stofnunin sem ég geri hér að umtalsefni, herra forseti, og heyrir undir hæstv. umhvrh. er Skipulagsstofnun. Sú stofnun hefur líka eins og hinar mikilvæg lögbundin hlutverk. Og það skiptir okkur öll miklu máli að þessi stofnun fái sinnt þeim hlutverkum sem henni eru falin í lögum.

Það kom fram við 2. umr. fjárlagafrv. að á fjárlagalið 14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga verði einungis 80 millj. til ráðstöfunar í stað 110 millj. í ár. Nú skal það tekið fram að hér er ekki um beint framlag úr ríkissjóði að ræða heldur gjald sem innheimt er með lagaheimild og að sönnu munu þessar 110 millj. innheimtast í Skipulagssjóð en 30 millj. af þeim munu víst eiga að liggja óhreyfðar og ekki vera aðgengilegar fyrir Skipulagsstofnun til að greiða niður kostnað sveitarfélaganna við aðalskipulagsgerð.

Í áliti umhvn. til fjárln. sem ég áður hef nefnt er vikið að þessu máli og er nefndin sammála um að mikilvægt sé að Skipulagssjóður hafi fjárhagslega burði til að ná því setta markmiði að aðalskipulagsgerð fyrir öll sveitarfélög í landinu verði lokið árið 2008 eins og kveðið er á um í skipulags- og byggingarlögum.

Nú er rétt að leita svara við því hjá hæstv. umhvrh. og/eða hv. formanni fjárln. sem meðal annarra orða er ekki sýnilegur hér í salnum, herra forseti, en gæti mögulega verið í hliðarherbergjum — það mætti alveg gera hv. þm. viðvart að hér eru ýmsar spurningar sem væri gott að fá álit hans á. En ég spyr þá hæstv. umhvrh.: Hvað á það að fyrirstilla að frysta þessar 30 milljónir? Er kannski um einhver mistök að ræða sem væri hægt að leiðrétta? Það getur varla verið að hæstv. umhvrh. vilji setja aðalskipulag landsins í uppnám út af einhverjum frosthörkum í Skipulagssjóði. Úr því að ég er byrjuð að tala um frosthörkur má kannski geta þess að Veðurstofan heyrir jafnframt undir hæstv. ráðherra þannig að það er spurning hvort hún getur ekki beðið um gott veður í þessum efnum og stillt á svolitla þíðu til að losa um þessa fjármuni.

Í ræðu minni við 2. umr., herra forseti, gerði ég að umtalsefni framlag til stuðnings ýmissa náttúruverndarsamtaka og er nú komið að þeim kafla á nýjan leik.

Í 2. umr. um fjárlagafrv. virtist mér — og ég gerði grein fyrir því í ræðu — að einungis væri gert ráð fyrir 4 millj. kr. framlagi til stuðnings ýmissa náttúruverndarsamtaka og ég skammaðist eitthvað yfir því að með því væri verið að svíkja loforð hæstv. umhvrh. um umtalsverða hækkun til slíkra samtaka sem hún hafði gefið hér í þingsölum í tengslum við fyrirætlanir um að Náttúruverndarráð yrði lagt niður. Hæstv. ráðherrann hafði gefið yfirlýsingar um að fjármunir þeir sem farið hafa í starfsemi Náttúruverndarráðs, 8 millj. kr., yrðu notaðir til stuðnings við frjáls félagasamtök á sviði náttúru- og umhverfisverndar. En á yfirstandandi ári hafa 4 millj. farið til slíkra samtaka.

Við nánari skoðun kemur í ljós að á fjárlagaliðnum 14-190 Ýmis verkefni er nú í heildina gert ráð fyrir 9,5 millj. kr. Af því eru ein og hálf milljón eyrnamerkt ákveðnu verkefni, skráningu gamalla húsa að Núpsstað en þá standa eftir 8 millj.

Í greinargerð meiri hluta fjárln. við 2. umr. kom fram að liðurinn var hækkaður um 4 millj. kr. frá því sem frv. gerði ráð fyrir og segir í skýringu meiri hluta nefndarinnar að þessum 4 millj. eigi að verja til stuðnings ýmissa náttúruverndarsamtaka. Svo virðist sem meiri hluti nefndarinnar hafi ætlast til þess að framlag til náttúruverndarsamtaka hækkaði um 4 millj. frá því sem nú er veitt til þeirra eða í

8 millj. kr. samtals. Og ég spyr: Er það réttur skilningur hjá mér að á fjárlögum næsta árs komi til með að verða 8 millj. til ráðstöfunar til þessara frjálsu félagasamtaka?

Ég vil minna í þessu sambandi, herra forseti, á ummæli úr bréfi umhvn. til fjárln. um þetta mál sem lýsir vilja umhvn. í þessum efnum en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að af framangreindum safnlið 14-190 fari 1,5 millj. kr. til skráningar á gömlum húsum að Núpsstað á Suðurlandi. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þessa tillögu og leggur jafnframt til að umhverfisráðuneytinu verði falið að skipta liðnum frekar milli frjálsra félagasamtaka, samtals 4,0 millj. kr. Þessum fjármunum verði skipt eftir vinnureglu sem ráðuneytið hefur mótað í samráði við félagasamtökin og verði þar m.a. tekið tillit til eðlis starfsemi viðkomandi félaga, umfangs þeirra og jafnræðis gætt við úthlutun. Nefndin leggur því til að umsókn Náttúruverndarsamtaka Íslands," sem var til umfjöllunar í nefndinni, „verði vísað til ráðuneytisins jafnframt því sem nefndin mælir með umsókninni."

Þarna lýsir sem sagt umhvn. Alþingis, herra forseti, vilja sínum um að náttúruverndarsamtök hljóti styrk sem nemur öllum fjárlagaliðnum og svo þegar liðurinn er hækkaður upp í 8 millj. er mikilvægt að fá að heyra hvort hæstv. umhvrh. hyggist deila öllu því fé niður á frjáls félagasamtök.

Og í niðurlagi þessa bréfs sem ég var að vitna til áðan segir líka, með leyfi forseta:

„Umhverfisnefnd mun á yfirstandandi þingi taka til umfjöllunar hvernig ákvörðun um fjárframlög til félagasamtaka verði háttað í framtíðinni."

Og ég tel mikilvægt, herra forseti, að gera sérstaklega grein fyrir þessari yfirlýsingu nefndarinnar hérna þar sem vilji nefndarinnar er þeim samtökum sem starfa á sviði umhverfis- og náttúruverndar mjög mikils virði. Yfirlýsing nefndarinnar er líka afar mikilvæg nú þegar stjórnvöld undirbúa löggildingu Árósasamningsins sem kveður á um aðkomu frjálsra félagasamtaka að stjórnsýslu umhverfis- og náttúruverndarmála.

Herra forseti. Þá vík ég nokkrum orðum að þeim málaflokki sem heyrir undir menntmn. sem ég á einnig sæti í. Í því sambandi vil ég segja það eitt að hv. þm. Jón Bjarnason hefur gert hér í ítarlegu máli grein fyrir áliti 2. minni hluta fjárln. sem hann stendur að. Hann hefur í því áliti sínu gert grein fyrir nokkrum brtt. við fjárlagafrv. sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja fram. Ég tala hér fyrir þeim hluta brtt. á þskj. 505, herra forseti, sem varðar minjaverndina okkar, þjóðararfinn okkar, Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifasjóð, safnasjóð og húsasafn Þjóðminjasafnsins.

Herra forseti. Ég gat um það í 2. umr. um fjárlagafrv. að svo virðist vera sem enn ein mistökin hafi orðið hvað varðar Þjóðminjasafnið, að þar hafi ekki verið gert ráð fyrir þeim fjármunum sem nauðsynlegir eru til að Þjóðminjasafnið geti opnað á tilsettum tíma. Vonir hafa staðið til þess að endurbyggingu Þjóðminjasafnsins verði lokið á árinu 2003 þannig að hægt verði að opna safnið á 140 ára afmæli þess árið 2003. Samkvæmt frv. til fjárlaga 2002 er gert ráð fyrir fé til framkvæmda við bygginguna við Suðurgötu en ekki neinu fé til nýrrar grunnsýningar í safninu. Af því mætti ætla að ráðgert væri að opna Þjóðminjasafnið tómt — án nokkurra þjóðminja — en það getur varla verið ætlunin, herra forseti, því ef á að vera hægt að gera safninu kleift að opna nýja grunnsýningu á menningararfi þjóðarinnar í nýuppgerðu húsnæði safnsins á tilsettum tíma þarf að undirbúa hana þannig að sómi verði að og sýningin geti staðist kröfur sem gerðar eru til sýninga af þessu tagi. Til að koma slíkri sýningu upp, herra forseti, þarf að forverja gripi, það þarf að fjárfesta í tæknibúnaði, rita og gefa út sýningarskrár á nokkrum tungumálum og markaðssetja sýninguna og safnið í heild sem ekki hefur getað tekið á móti gestum frá 1999.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum mun ný grunnsýning kosta Þjóðminjasafnið um 120 millj. kr. Það er raunhæft að deila þeim kostnaði niður á þrjú ár, 2002, 2003 og 2004. Ósk af þessu tagi hefur komið fyrir hv. fjárln. Með þessu þyrfti 40 millj. kr. framlag til sýningarinnar á næsta ári og fáist það ekki, herra forseti, eru engar líkur á að opnuð verði sýning í húsinu á afmælisárinu 2003. Þess vegna er samkvæmt þessari brtt. lagt til að Þjóðminjasafnið fái sem fyrsta þrep í undirbúningi þessarar opnunar á nýrri grunnsýningu 40 millj. kr.

Í öðru lagi gerum við í þessari brtt. ráð fyrir að settur verði á laggirnar fornleifasjóður en svo er fyrir mælt í 24. gr. nýrra laga um þjóðminjar, nr. 107/2001.

Í 1. umr. um fjárlagafrv. kom það fram í svari hæstv. menntmrh. við ræðu minni að búið væri að setja á stofn sjóðstjórn þessa fornleifasjóðs en hæstv. ráðherra viðurkenndi sömuleiðis að ekki væri gert ráð fyrir neinum fjármunum í fjárlagafrv. og á máli hans mátti skilja að þetta yrði allt skoðað á milli 2. og 3. umr., ekki einasta safnasjóðurinn sem hefur með réttu verið skoðaður og búinn til á nýjum fjárlagalið samkvæmt nýjustu tillögum meiri hluta fjárln., heldur einnig fornleifasjóðurinn. En ekki bólar á honum í tillögum meiri hluta hv. fjárln.

Hlutverk þessa fornleifasjóðs á samkvæmt lögunum að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Tekjur sjóðsins eiga samkvæmt lögunum að vera framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum en samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrv. er, eins og ég sagði áðan, ekki gert ráð fyrir neinu framlagi í þennan nýja sjóð. Og, herra forseti, það hlýtur að þurfa að leiðrétta það.

Tillaga sú sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi til að stofna fornleifasjóð.

Í þriðja og síðasta lagi varðandi brtt. á þskj. 505 fjallar 5. liður brtt. um menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnað. Samkvæmt tillögum meiri hluta fjárln. hefur verið farið inn í þann sjóð, Endurbótasjóð menningarstofnana, og sést í tillögum meiri hlutans hvernig sá niðurskurður á að koma niður á ólíkum verkefnum sem heyra undir endurbótasjóðinn. Þar er gert ráð fyrir að endurbygging Þjóðminjasafnsins fái 225 millj. kr. sem er lækkun úr 240 millj. sem frv. gerði ráð fyrir. Þar er gert ráð fyrir að verndun gamalla húsa í umsjón Þjóðminjasafnsins fái 50 millj. kr. sem er 15 millj. kr. lækkun frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Síðan eru taldar upp bókageymslur í Reykholti, þær halda sínum hlut, 5 millj. Framkvæmdastyrkir byggðasafna lækka samkvæmt tillögum meiri hlutans úr 25 millj., sem frv. gerði ráð fyrir, í 20.

Endurbætur við Þjóðleikhúsið eru lækkaðar samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar úr 30 millj. sem frv. gerir ráð fyrir í 10 millj.

Þjóðskjalasafn Íslands. Endurbætur við það standa í stað en síðan er óskipti liðurinn lækkaður.

Brtt. hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýtur einungis að húsasafni Þjóðminjasafnsins en það verður illa fyrir barðinu á þessum niðurskurði fjárln. og hlýtur að teljast undarlegt að meiri hluti fjárln. skuli upp

á sitt einsdæmi úthluta umtalsverðu fé til endurbyggingar gamalla húsa víða um land — og skal ekki gerð athugasemd, af sama gefna tilefni, við þau verkefni sem þar um ræðir — en það hlýtur að vera undarlegt að þetta fjármagn skuli vera til á meðan verðmætustu og viðkvæmustu byggingar þjóðarinnar, t.d. torfbæir á forræði Þjóðminjasafnsins, þurfa að þola 15 millj. kr. niðurskurð.

Samkvæmt síðustu brtt. meiri hluta fjárln. eru þessar 50 millj. kr. ætlaðar til húsasafnsins en á yfirstandandi ári og í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 65 millj. þannig að við flytjum hér brtt., herra forseti, sem gerir ráð fyrir 15 millj. kr. viðbótarframlagi til húsasafnsins svo það fái að halda sínum hlut. Það er líka eitt, herra forseti, í þessu sambandi sem verður að hafa í huga. Fjöldinn allur af fólki starfar við viðhald bygginga Þjóðminjasafnsins sem eru vítt og breitt um landið, handverksmenn sem hafa sérþekkingu á t.d. torfhleðslum og viðhaldi gamalla bygginga af þessu tagi. Því lengur sem dankast að halda við húsum af þessu tagi, því meiri verður skaðinn. Hér er því um afar brýnt verkefni að ræða og verður að sjá til þess að húsasafni Þjóðminjasafnsins verði gert kleift að starfa á þeim nótum sem það hefur gert hingað til.

Að öðru leyti má segja það um nýju þjóðminjalögin og framkvæmd þeirra að það er önugt, herra forseti, að hæstv. menntmrh. skuli ætla að samþykkja það að Fornleifavernd ríkisins, hin nýja stofnun, skuli einungis vera tekin innan úr Þjóðminjasafninu með því að flytja til tvo eða þrjá fornleifafræðinga sem settir eru inn í annað skrifstofuherbergi en þeir hafa setið í hingað til og það er allt og sumt. Það eru engir nýir fjármunir ætlaðir í Fornleifavernd ríkisins.

Ég fékk engin svör hjá hæstv. ráðherra varðandi þetta við 2. umr. fjárlaga. Okkur væri fengur að því ef hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson gæti gefið okkur einhverjar skýringar á áliti meiri hluta fjárln. í þessum efnum. Er það forsvaranlegt að setja á fót nýja ríkisstofnun á þann hátt að skera hana innan úr annarri? Það verður að segjast eins og er, herra forseti, það er ámælisvert þegar verið er að tala um þjóðararfinn okkar, um þjóðarmenningu okkar sem Þjóðminjasafninu hefur samkvæmt lögum verið falið að varðveita og hluti þeirrar varðveislu á að ganga til Fornleifaverndar ríkisins, *að ekki skuli þá gengið fram af meiri metnaði og af meiri fagmennsku en hér er gert.*

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að varðandi mál af þessu tagi verður að sjá til þess að hæstv. ráðamenn þjóðarinnar haldi trúnað við þær stofnanir sem um ræðir, verði trúverðugir með því að sjá þeim stofnunum sem um er fjallað hér fyrir því fjármagni sem gerir þeim kleift að standa undir lögbundnu hlutverki sínu á faglegan og metnaðarfullan hátt. Það er algjör nauðsyn.

Varðandi önnur mál sem heyra undir valdsvið hæstv. menntmrh. hafa hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert grein fyrir sjónarmiðum okkar varðandi þær auknu álögur sem námsmenn þurfa að þola í þessu fjárlagafrv. Þó að lítillega sé dregið úr núna í nýjustu tillögum fjárln. er það svo lítið að það er nánast ekki orð á því gerandi, herra forseti. Enn þá þurfa námsmenn að lúta því að stór hluti af samdrætti í fjárlagafrv. er fjármagnaður af þeim. Þetta hafa hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gagnrýnt, sem og þá staðreynd að sjúklingar skuli eiga að hlaupa undir bagga með ríkisstjórninni.

Við höfum sömuleiðis, herra forseti, flutt hér tillögur um breytingu á skatttekjum til að fjármagna verkefni á annan hátt en hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera. Við höfum lagt til að því verði frestað að gera breytingar á viðmiðun skattþreps þeirra sem hæst laun hafa, þar með yrði skapað svigrúm upp á 600 millj. kr. og við höfum lagt til að helmingnum af eignarskattslækkuninni verði frestað. Þannig verði til svigrúm upp á 500 millj. kr.

Á breytingartillöguskjali okkar nr. 505 getur að líta hvernig við sjáum möguleika á að koma til móts við ákveðna þætti í áherslum okkar sem lúta að stefnu okkar í skattamálunum, stefnu okkar í velferðarmálunum, stefnu okkar í menningarmálum og stefnu okkar í umverfismálum, og rekin til föðurhúsanna þau orð hæstv. fjmrh. sem leyfði sér hér í lokasetningu í andsvari í gærkveldi að halda því fram að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefði ekki lagt fram neina stefnu að mér skildist í nokkru máli. Og mátti það standa þversum í hálsinum á hæstv. fjmrh. mín vegna og rek ég það til föðurhúsanna því að, eins og hann veit fullvel sem og aðrir þingmenn sem hér í sal hafa setið, Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt hér fram hvert þingmálið á fætur öðru sem einmitt eru stefnumarkandi mál. Nægir þar að nefna endurreisn velferðarkerfisins, sjálfbæra atvinnustefnu, sjálfbæra orkustefnu og sérstakar aðgerðir í byggðamálum. Ég gæti talið áfram þannig að þau ummæli hæstv. fjmrh. séu rekin til föðurhúsanna.

Herra forseti. Ég hef farið í nokkuð ítarlegu máli yfir þá málaflokka sem ég hef sinnt sem þingmaður og nefndarmaður í menntmn. og umhvn. Ég geri ráð fyrir að fá hér einhver viðbrögð frá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni og hæstv. umhvrh. sem hlýtt hefur á mál mitt. Að öðru leyti læt ég bara í ljósi vonbrigði mín með það að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. skuli ekki hafa fundið aðrar leiðir en raun ber vitni til að standa undir fjármögnun ríkissjóðs á næsta ári.

[20:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir beindi nokkrum spurningum til mín sem ég kýs að fjalla hér um. Ekki er nægjanlegur tími í andsvari til að fjalla um þær spurningar eða gefa svör við þeim.

Hér var spurt eftir að nokkrar stofnanir umhvrn. voru dregnar inn í umræðuna: Hví er ekki meira fjármagn veitt til þeirra? Eins og alkunna er erum við að reyna að hemja ríkisútgjöldin og því þarf að sýna aðhald í stofnunum. Það er verra að missa efnahagsmálin úr böndunum en að sýna aðhald í stofnunum okkar.

Varðandi Náttúruvernd ríkisins hefur hún fengið stóraukið fé á síðustu árum eins og alkunna er en að sjálfsögðu *hefðum við getað notað meira fé þar eins og í öðrum stofnunum.* Það á við um stofnanir hjá ríkinu almennt að þær geta notað meira fé en við viljum sýna aðhald og við teljum að fjárveitingarnar séu nægjanlegar.

Hér var fjallað um nýja þjóðgarðinn á Snæfellsnesi, þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eins og hann heitir. Það er rétt sem hér kom fram að veittar eru 10 millj. kr. til hans á yfirstandandi ári og aðrar 10 millj. kr. á næsta ári og svo er heimild skv. 7. gr. til húsakaupa og menn vita ekki hvað það yrði hugsanlega há upphæð ef hún yrði nýtt en sú heimild er inni til hugsanlegrar notkunar varðandi húsnæðiskaup fyrir þjóðgarðsvörð. Að okkar mati er þetta fé nægjanlegt til að hefja starfsemi í þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður er kominn til starfa og að sjálfsögðu mun aukið fjármagn fara til þessara mála í framtíðinni. Við teljum að þetta fé dugi vel til að hefja þessa starfsemi og það sé sómi af því. Að sjálfsögðu

vilja heimamenn sjá aukið fé renna til þjóðgarðsins og hafa mikinn metnað fyrir hans hönd, sem er mjög skiljanlegt. Við viljum byggja hann upp á eðlilegan hátt og teljum þetta fé nægja vel til þess núna fyrst í stað.

Hér var einnig fjallað um Skaftafellsþjóðgarð þegar hann var stofnaður og nefndar tölur sem færðar voru til núvirðis. Af því tilefni vil ég segja að eins og ráð er fyrir gert hefur ríkisstjórnin samþykkt að stefna að því að opna Vatnajökulsþjóðgarð á næsta ári. Þá yrði Skaftafellsþjóðgarður þar innan þannig að þær byggingar sem þar eru mundu nýtast fyrir Vatnajökulsþjóðgarðinn líka. Í fjárlagafrv. eru 3 millj. kr. til undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins. En ljóst er að ef hann verður stofnaður á næsta ári þá mun á næstu árum fara aukið fjármagn til hans.

Hins vegar er það svo, það truflar okkur aðeins í þessari stöðu núna, að óbyggðanefnd er að fjalla um eignarhald á Vatnajökli og á sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði og svæðinu sem það sveitarfélag nær yfir á jöklinum, þ.e. um helmings af Vatnajökli. Nokkrir landeigendur hafa gert tilkall í hluta af Vatnajökli fyrir óbyggðanefnd. Það er því óljóst með eignarhaldið á hluta af jöklinum. Það hefur a.m.k. truflað mig varðandi stofnun þessa þjóðgarðs, þ.e. hvort rétt sé að stofna hann áður en búið er að úrskurða um eignarhaldið og þá með einhvers konar fyrirvara um eignarhaldið. Hins vegar er ljóst að hugur minn hefur staðið til þess að stofna þjóðgarð þar sem helst allt land innan borðs væri í ríkiseigu. Þó að náttúruverndarlögin leyfi að einkaland sé inni í þjóðgarði þá þurfa menn að ná samkomulagi um það land, hvernig á að nýta það o.s.frv. Þó að sú heimild sé fyrir hendi, að stofna þjóðgarð með einkalandi innan marka, þá hef ég ekki talið það hina æskilegu leið. Við lögðum okkur í líma varðandi Snæfellsjökulsþjóðgarð að semja við fjölmarga landeigendur um landið áður en við stofnuðum hann þannig að ríkið keypti þar allt land að undanskildum 300 hekturum sem við náðum ekki að kaupa, sem er einkaland innan þjóðgarðsins á Snæfellsnesi.

Hér var líka rætt um fjármagnið sem fer í átak varðandi fjölsótta ferðamannastaði eða átak til að efla ferðamannaiðnaðinn hér eftir áfallið sem varð 11. sept. Reyndin er sú að fjármagn til fjölsóttra ferðamannastaða er stóraukið, 70 millj. kr. í ár og ráðgert er að svipuð upphæð renni til þessa á næstu þremur árum. Það eru þá fjögur ár samtals og upphæðin því í heild tæplega 300 millj. kr. til að bæta aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum. Þetta er stórsókn varðandi uppbyggingu á fjölsóttum ferðamannastöðum. Við höfum aldrei sett svo háar fjárhæðir til uppbyggingar á þeim. Þar inni í eru auðvitað meðtaldir þjóðgarðar og friðlýst svæði.

Ég get nefnt það hér að á yfirstandandi ári hækkar fjárveitingin til Náttúruverndar ríkisins um 16 millj. kr., fer úr 9 millj. upp í 25 millj. kr., til þessara málefna, m.a. fer til þjóðgarðanna bæði í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfrum tvöfalt hærri upphæð til innri uppbyggingar miðað við árið í fyrra. Þar hefur verið framkvæmt ýmislegt mjög jákvætt í ár varðandi uppbygginguna og þannig munum við reyna að halda á málum áfram í framtíðinni. Ég tel því að við séum að gera afar góða hluti varðandi uppbyggingu á fjölsóttum ferðamannastöðum, þjóðgörðum og friðlýstum svæðum um þessar mundir.

Hér var rætt um Hollustuvernd ríkisins og dregið inn í umræðuna að miklar kröfur eru gerðar til stofnunarinnar varðandi tilskipanir Evrópusambandsins á EES-svæðinu. Það er rétt. Nýlega kom fram skýrsla sem sýnir að við höfum verið að innleiða um 1.100 tilskipanir á Íslandi. Þar af eru yfir 400 hjá umhvrn. Þannig erum við í umhvrn. með milli 30 og 40% af tilskipunum Evrópusambandsins á okkar herðum og meginþunginn er hjá Hollustuverndinni. Þessar tilskipanir eru líka að breytast frekar ört hjá okkur miðað við það sem við sjáum í öðrum ráðuneytum. Þetta er því mikil vinna og mikill þungi.

Það ráðuneyti sem kemur næst á eftir okkur er dómsmrn., með um 200 tilskipanir, þannig að umhvrn. hefur þarna miklu meiri byrðar af þessu afar jákvæða samstarfi en önnur ráðuneyti. Mér er kunnugt um þrýstinginn á Hollustuvernd ríkisins að þessu leyti og við erum núna að skoða sérstaklega þær tilskipanir sem kominn er tími til þess að innleiða, sem ekki er gert ráð fyrir í núverandi fjárlagafrv. að veita fé til, en hugsanlegt er að við þurfum að bregðast við á næsta ári. Það verður skoðað alveg sérstaklega.

Varðandi Hollustuvernd ríkisins þá hef ég verið því fylgjandi að við skoðuðum framtíð þeirrar stofnunar almennt sem og Náttúruverndar ríkisins. Ég hef verið að kynna mér hvað gerst hefur hjá öðrum löndum varðandi þessi mál. Ljóst er að menn hafa verið að sameina stofnanir til að byggja upp öflugar umhverfisstofnanir. Ég tel að við eigum að skoða þann möguleika hér, þ.e. hvort æskilegt væri að sameina Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins og hugsanlega veiðistjóraembættið sem er norður á Akureyri í eina öfluga umhverfisstofnun, sterka umhverfisstofnun, og sækja fram í þessum málaflokki með þeim hætti. Þá er ég ekki að boða að nokkuð verði lagt niður á Akureyri heldur að það yrði útibú frá þessari nýju stofnun, ég vil taka það sérstaklega fram. Þetta er allt á algjöru umræðustigi. Við höfum rætt þetta við forstöðumenn og þetta er ekki komið í neitt textaform eða neitt slíkt. Ég tel að landvinningar gætu orðið í umhverfismálum með því að búa til öfluga umhverfisstofnun.

Varðandi Skipulagsstofnun þá er það rétt að í fjárlagafrv. eru 110 millj. kr. innheimtar í skipulagsgjaldinu. Það kemur fram á bls. 263 að greiddar eru úr ríkissjóði 80 millj. kr. og 30 millj. kr., þ.e. svokölluð viðskiptahreyfing sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kallaði að frysta peningana. Þarna eru sem sagt 30 millj. kr., svokölluð viðskiptahreyfing og ekki útséð um að þessir peningar verði notaðir. Ef við förum yfir þessar 80 millj. kr. í skipulagsvinnunni, þ.e. komi það mörg aðalskipulög frá sveitarfélögunum að það skríði yfir núverandi heimildir, sem eru 80 millj. verði þetta frv. að lögum, þá þurfum við að fara í viðræður við fjmrn. varðandi þessar 30 millj. kr. sem falla undir hina svokölluðu viðskiptahreyfingu. Þannig yrði það alveg ný ákvörðun, ef svo má segja, varðandi það mál. Þannig er ekki útséð um hvort það verði notað eða ekki. Aftur á móti er alveg ljóst að ef við förum yfir þessa upphæð, sem er ekki ljóst í dag, þá munum við fara í viðræður við fjmrn. um þá fjárhæð. Hins vegar er ekkert sem bendir til þess að um neitt uppnám verði að ræða varðandi skipulagsmálin.

Síðan minntist hv. þm. á stuðning við náttúruverndarsamtök. Eins og hér hefur komið fram í ræðustól var meginhugmyndin á bak við að leggja niður Náttúruverndarráð, sem er núna í vinnslu í umhvn., ekki sú að þessar 8 millj. kr. sem hafa farið til Náttúruverndarráðs, færu í sparnað hjá ríkinu eða notuðust í eitthvað óskylt heldur á að nota þessa peninga í verkefni tengd náttúruvernd. Eins og hægt er að lesa út úr fjárlagafrv. þá eru 4 millj. nú þegar skráðar á náttúruverndarsamtök sem við höfum undanfarin ár deilt út

frá umhvrn. eftir ákveðnum reglum. Við þá upphæð bætast núna aðrar 4 millj., þ.e. helmingurinn af þessum 8 millj. sem runnu til Náttúruverndarráðs, helmingurinn bætist við þær 4 millj. sem fyrir eru þannig að samtals verða þetta 8 millj. kr. Það er réttur skilningur hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að sú upphæð tvöfaldast sem fer til úthlutunar til umhverfisverndarsamtaka, bæði í rekstrarstyrki og verkefnastyrki. Þar er verið að tvöfalda framlagið.

Félög sem munu geta sótt um fjármagn úr þessum potti, 8 millj. kr. potti, undirrita samstarfsyfirlýsingu við umhvrn. Nú þegar hafa fjölmörg félagasamtök gert það en þessi félög eru flokkuð í tvo hópa má segja. Þau eru annars vegar umhverfisverndarsamtök sem hafa það að meginmarkmiði að sinna umhverfismálum og hins vegar svokölluð frjáls félagasamtök sem eru líka í öðru en beinni umhverfisvernd. Við munum fara yfir þessi mál með þessum félögum þannig að allir átti sig á því hvaða reglur gilda um úthlutun fjármunanna og ekki verði neinn misskilningur á ferðinni varðandi það. Hluti fjármagnsins mun fara í rekstrarstyrki og stærri félög munu fá meira en minni félög, eins og verið hefur síðustu ár. Þessi stóru félög eins og Landvernd, Umhverfisverndarsamtök Íslands og Náttúruverndarsamtök Íslands hafa fengið helmingi hærri rekstrarstyrki en minni félögin.

Hluti fjármunanna mun fara í verkefni. Ég tel eðlilegt að það sé stór hluti fjármagnsins sem fari í það, að það verði hvati fyrir félögin til að fara í verkefni. Þau geta reynt að sækja til þessa sjóðs. Meginhlutinn verður þá ekki rekstrarstyrkir sem fara beint út heldur verða þetta verkefnatengd framlög. Hluti af þessum potti fer síðan til að styrkja umhverfisverndarsamtökin til að sækja alþjóðafundi á sviði umhverfismála, í ferðastyrki. Það á eftir að búa til þessar reglur. Einhverjar viðræður hafa farið fram um það við frjálsu félagasamtökin en það er ekki búið að klára það ferli. Þetta er svar mitt um þennan helming fjármunanna sem áður fóru til Náttúruverndarráðs.

Varðandi hinn helminginn, þær 4 millj. sem eftir standa, þá munu 2 millj. fara í Staðardagskrá 21 og slík verkefni sem verður þá hægt að sækja um eða ef ráðuneytið vill styrkja sérstaklega eitthvað á því sviði þá er svigrúm þar til þess. Svo munu 2 millj. kr. fara í verndaráætlun Breiðafjarðar en það er búið að skila inn verndaráætlun frá Breiðafjarðarnefndinni. Þar er búið að forgangsraða verkefnunum og þessar 2 millj. geta farið í þau verkefni sem þar eru efst á listanum. Breiðafjarðarnefndin mun koma að því máli. Það væri þá fyrsta fjármagnið sem fer beint í verkefnaáætlunina en hingað til hefur fjármagnið bara farið í rekstur á nefndinni sjálfri, Breiðafjarðarnefndinni.

Ég tel að með þessum hætti nýtum við féð sem fór í Náttúruverndarráð áður með miklu skynsamari hætti. Ég tel að Náttúruverndarráð, eins og hér hefur margoft komið fram, sé barn síns tíma og þessar 8 millj. kr. nýtist ekki vel í dag. Ég tel það skyldu okkar fyrir hönd skattborgaranna að nýta þá fjármuni betur. Ég tel að með því að efla frjáls félagasamtök og umhverfisverndarsamtök þá geti þau betur veitt stjórnvöldum aðhald, sem ég tel eðlilegt að þau geri. Sumir reyna að setja þessa umræðu í það ljós að ráðherra vilji ekki hafa Náttúruverndarráð af því að það hafi gagnrýnt ráðherra og eitthvað slíkt. Svo er aldeilis ekki. Ráðið hefur reyndar gagnrýnt ráðherrann en það er ekki svo að ráðherrann taki það mjög nærri sér.

Ég tel eðlilegt að stjórnvöldum sé veitt aðhald af samtökum og frjálsum félagasamtökum. Þess vegna tel ég eðlilegt að 4 millj. fari aukalega til frjálsra félagasamtaka sem munu þá frekar geta veitt aðhald á faglegum nótum, jafnvel faglegri nótum heldur hingað til. Þau geta notað þetta fé, bæði til þess að afla sér þekkingar og fara í spennandi verkefni. Ég held að allir hafi hag af því, ekki síður frjálsu félagasamtökin en stjórnvöld. Vonandi eflast þessi samtök og vonandi koma fleiri til starfa hjá þeim þegar þau hafa upp á meira að bjóða.

Ég get nefnt hér af handahófi tvö verkefni sem frjáls félagasamtök hafa boðið upp á og við höfum styrkt. Ég tel þau verkefni til fyrirmyndar og við getum væntanlega styrkt fleiri slík verkefni í framtíðinni. Þar vil ég t.d. nefna tvö verkefni sem Landvernd hefur haft á sínum herðum og við höfum styrkt. Annars vegar er um að ræða vegar svokallað GATT-verkefni, þ.e. Vistvernd í verki, þar sem fjölskyldum er boðið að koma í samstarf við Landvernd til að bæta heimilishaldið þannig að það verði umhverfisvænna. Þetta hefur gengið mjög vel og á eftir að smita út frá sér í miklu fleiri fjölskyldur en nú er.

Annað verkefni sem ég vil nefna hér af handahófi er Græna flaggið sem Landvernd er líka með, verkefni með fjölmörgum skólum sem fara í gegnum nokkur umhverfismál og bæta meðferð á ýmsum hlutum í skólunum þannig að skólarnir verði umhverfisvænni. Þau læra líka ýmislegt um orkumál, um endurvinnslu úrgangs o.s.frv. Þegar þau hafa staðið sig það vel að þau uppfylli ákveðin skilyrði þá mega þau flagga grænu flaggi fyrir utan sinn skóla. Þess vegna heitir verkefnið Græna flaggið. Við höfum getað styrkt bæði þessi verkefni og ég sé fram á góða tíma í þessu, að þegar við höfum úr auknu fé að moða þá getum við styrkt fleiri slík mjög jákvæð umhverfisverkefni.

[21:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. umhvrh. fyrir afskaplega greinargóð svör. Það er satt að segja sjaldan sem ráðherrar eru í jafngóðu formi til að svara og gefa sér svona góðan tíma. Oftar á maður því að venjast að manni sé svarað snubbótt í stuttum andsvörum en þetta svar var til fyrirmyndar.

Varðandi innihald svarsins þá fagna ég auðvitað sérstaklega því sem hæstv. ráðherra sagði varðandi frjáls félagasamtök og stuðning við þau, þ.e. að hún skyldi staðfesta að skilningur minn á þeim stuðningi væri réttur. Ég geri kannski örlitla athugasemd við það er hæstv. ráðherra sagði að stærri félög mundu fá meira en minni. Ég mundi fremur telja eðlilegt að þau sem starfa meira fái meira en þau sem starfa minna og að stærðin í sjálfu sér skipti kannski ekki meginmáli.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi, af þessu af því að Landvernd var til umfjöllunar í svari hennar: Nú heyrir Landvernd eins og er undir landbrn. og hefur hlotið 4 millj. í stuðning frá landbrn. á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að Landvernd fái hið sama á næsta ári. Er verið að gera ráð fyrir því að Landvernd komi inn undir umhvrn. eða hvað? Ég spyr bara af því að hæstv. ráðherra nefndi Landvernd í þessu sambandi.

Varðandi síðan hitt að hæstv. ráðherra telur, eins og hún sagði, næga fjármuni setta í náttúruverndina og að það sé fullur sómi af því fé sem sett er í þjóðgarðana. Þar erum við hæstv. ráðherra, bara ósammála. Þeir sem starfa í þessum geira hafa reynt að vekja athygli á því að þarna þurfi meira fjármagn en hæstv. ráðherra er ekki sammála. Við það verður þá bara að sitja. Hins vegar er spurningin um hinar pólitísku

áherslur. Það er auðvitað alveg rétt að aukið fé hefur komið til Náttúruverndar ríkisins. Því ber að fagna og því hefur verið fagnað en það er ekki þar með sagt að allir séu alveg sáttir.

[21:20]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allir forstöðumenn og allar stofnanir vilja fá meira fé. Það er hefðbundið og hefur verið svo alla tíð að ég tel.

Varðandi frjálsu félagasamtökin þá höfum við hingað til látið þau sem eru stærri fá meira fé í rekstrarstyrki en minni félög. Auðvitað er umdeilanlegt hvort þannig eigi að hafa það. En ég vil benda á, vegna þess að hv. þm. sagði að það væri kannski eðlilegra að þeir sem störfuðu mikið ættu að fá meira, að ef við höfum þann hluta af pottinum stóran sem fer til verkefnatengdrar úthlutunar þá munu að sjálfsögðu þau félög sem eru snjöll og dugleg að finna upp á góðum verkefnum fá meira fé, þau sem geta þá sannfært okkur um að þau séu með góð verkefni. Það er því ómögulegt að átta sig á því í dag hvað hver fær, það fer eftir því hve duglegir menn eru. En ég tel að það þurfi líka að skoða stærð félaga að einhverju leyti varðandi rekstrarstyrki.

Það er rétt að Landvernd fær fé eftir öðrum leiðum en úr þessum potti. Landvernd hefur fengið fé til annarra verkefna eins og í rammaáætlun þar sem þeir veita ákveðna þjónustu. Við höfum ekki skoðað það beint hvort lækka eigi fjárveitingar frá okkur til þeirra sem sækja fé annars staðar frá. Ég tel að það gæti verið mjög flókið og tel að það sé mjög jákvætt að félög reyni að afla sér tekna hjá fleiri aðilum, t.d. hjá einkafyrirtækjum og á annan hátt. Ég er ekki viss um að það væri æskilegt að við létum félög sem verða sér úti um fé annars staðar frá gjalda þess, ég veit ekki alveg hvar það mundi enda.

Það er ekki búið að ganga frá neinum reglum í þessu sambandi en ég fagna því að þessi félög nái sér í fjármagn á sem breiðustum grundvelli.

[21:22]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi fullum stuðningi við samstarfsyfirlýsingu hæstv. ráðherra og frjálsu félagasamtakanna. Það nægir mér alveg sem hún sagði áðan, að byggt yrði á henni varðandi stuðning til þessara frjálsu félagasamtaka.

Varðandi Landvernd þá var ég einungis að fiska eftir því hvort það væri verið að hugsa um að flytja Landvernd til umhvrn. frá landbrn. Í raun bjó ekkert annað að baki vangaveltum mínum varðandi Landvernd. Ég tek bara fram að Landvernd vinnur mjög merk verk. Þar er vel haldið á málum í störfum varðandi rammaáætlunina og eins hafa samtökin haldið úti öflugri heimasíðu. Það er sannarlega ekki neitt við það að athuga.

Mig langar einungis að ítreka hér eða koma inn á það sem ég sagði í ræðu minni, að umhvn. Alþingis hefur lýst vilja til að koma að þessu máli með hæstv. ráðherra og félagasamtökunum. Ég lít svo á að umhvn. öll sé stuðningsaðili þess að frjáls félagasamtök komi í auknum mæli inn í þessa stefnumörkun. Ég minni á að Árósasamningurinn er skammt undan og við hljótum að horfa fram á bjartari tíma og meiri kraft í samskiptum þeirra sem starfa í grasrótinni og hinna sem starfa í stjórnsýslunni.

Að lokum vil ég svo taka það fram að ég tek orð hæstv. ráðherra varðandi 30 millj. kr. í frostinu sem viljayfirlýsingu þess efnis að fari umsóknir sveitarfélaganna fram úr þessum 80 millj. kr. þá komi hæstv. ráðherra til með að standa með sveitarfélögunum og losa 30 millj. kr. úr álögum fjmrh.

[21:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alla vega alveg ljóst að fari upphæðin fram úr 80 millj. kr. sem eiga að renna til sveitarfélaganna vegna skipulagsmála þá munum við fara í viðræður við fjmrn. um það. Hins vegar er ekki hægt að segja um það hér og nú hvað út úr því kemur.

Varðandi Landvernd skilst mér að það sé hefð fyrir því — ég veit nú ekki hve löng sú hefð er — að Landvernd fái fjármagn af landbúnaðarhluta fjárlaganna og ég hef ekki heyrt neinar vangaveltur um að til standi að færa það yfir til okkar. Ég hef ekki heyrt það. Í samstarfsyfirlýsingunni sem við höfum gert við þessi samtök — það er opið fyrir fleiri samtök, það er ekki búið að ljúka því — kemur fram að það eigi að setja gagnsæjar reglur varðandi úthlutun á þessu fé. Ég tel að það sé hinn eðlilegi farvegur, að umhverfisverndarsamtökin hafi eitthvað um það að segja svo að ekki komi upp misskilningur varðandi meðferð þessara fjármuna. Það er bæði gott fyrir frjálsu félagasamtökin og ráðuneytið að hafa þetta í einhverjum skorðum.

Ég velti þessu svolítið fyrir mér þar sem umhvn. gæti alveg hugsað sem svo: Af hverju fáum við ekki bara að deila þessu út og koma með einhverjar beinharðar tillögur í því? Ég tel að það sé mun eðlilegra að hafa málin í þeim farvegi sem þau eru núna, að ákveðin upphæð fari óskipt til ráðuneytisins og að við deilum því svo út eftir ákveðnum reglum sem við höfum komið okkur saman um gagnvart þessum frjálsu félagasamtökum, þannig að það sé í föstum skorðum en hangi ekki við vilja umhvn. á hverjum tíma. Ég tel það meira framkvæmdarmál hvernig þessu fé er deilt út og tel því að við séum með þetta í réttum farvegi í dag.

[21:26]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við þessa umræðu, 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2002, hefur þó nokkuð verið rætt um forsendur og meðferð mála, niðurskurð og ekki hvað síst — það tengist auðvitað fjáraukalagaumræðunni sem var á undan — því þegar leynd hvílir á upplýsingum. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði hér áðan þó nokkuð um hlutverk Alþingis og framkvæmdarvaldsins og komst ítrekað að þeirri niðurstöðu að ábyrgðin lægi hjá Alþingi. Það er einmitt þess vegna, herra forseti, sem menn hafa lagt ríka áherslu á að þær upplýsingar sem eftir er leitað séu veittar. Það er erfitt að þurfa að axla ábyrgð á einhverju því sem maður ekki veit hvað er. En þetta var bara léttur undanfari þess sem ég ætla aðallega að ræða hér.

Ég ætla fyrst og fremst að tala um brtt. sem þingmenn Samfylkingarinnar flytja hér við 3. umr., reyndar ekki allar heldur einungis hluta þeirra. Mig langar fyrst, herra forseti, að ræða svolítið um forsendurnar, koma aðeins inn í þá umræðu. Við 1. umr. um fjárlögin fannst hæstv. fjmrh. ekki ástæða til að menn væru að hlaupa upp til handa og fóta þó að forsendum fjárlagafrv. bæri ekki að öllu leyti saman við þjóðhagsáætlun. Hins vegar er full ástæða, herra forseti, til að ítreka að ýmislegt hefur breyst á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru síðan það var þannig að nú ber þeim forsendum sem hæstv. fjmrh. studdist við þá ekki saman við þær sem hann vill styðjast við í dag. Ég er ekki að nefna

þetta í umræðuna hér til að reyna að gera lítið úr hæstv. fjmrh. eða hreykja mér eða einhverjum öðrum vegna þess að einhverjir hafi haft réttara fyrir sér hvað varðar forsendur. Mér finnst miklu frekar mikilvægt að við áttum okkur á því að nákvæmlega þessi staðreynd sýnir okkur hversu mikill óstöðugleiki er hér í efnahagslífinu. Ég held að það sé sú staðreynd sem menn eiga kannski dálítið erfitt með að höndla við þessa fjárlagagerð, þ.e. efnahagslífið er allt undir miklum sviptivindum, ef svo má segja. Gengið er óstöðugt og menn hafa verulegar áhyggjur af því hver þróunin muni verða næstu mánuði.

Svo ég nefni örfáar tölur til að undirstrika það sem gerst hefur á þó ekki lengri tíma var talið að landsframleiðslan ykist um 1% þegar við vorum fyrst að ræða fjárlögin. En nú er talað um að hún dragist saman um 0,5%. Hér munar býsna miklu, herra forseti. Við kunnum að þurfa að horfa upp á aðrar eins breytingar næstu tvo mánuði ef menn halda áfram að spá, sem þeir ugglaust gera einhvers staðar.

Sömuleiðis segir endurskoðuð þjóðhagsáætlun okkur að einkaneysla muni dragast saman um 1,5% sem er meira en reiknað var með. Jafnframt hefur komið fram að fjárfestingar muni dragast saman um 14%, sem er áhyggjuefni vegna þess að svo mikill samdráttur í fjárfestingum getur verið ávísun á atvinnuleysi. Allt eru þetta hlutir sem er ástæða til að hafa verulega áhyggjur af. Óstöðugt efnahagsumhverfi er nákvæmlega ekki það sem íslenskt atvinnulíf og íslensk heimili þurfa á að halda þessa dagana, hvað þá þeir vextir sem því miður sýnast vera fylgifiskur þess að menn eru hér að reyna að ná tökum á efnahagsástandinu.

Í gær var hér nokkuð rætt um skatta og efnahagsforsendur enda eðlilegt þar sem verið var að ræða skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar og þar með þann skattaramma sem ríkisstjórnin hyggst setja fyrir næsta og þarnæsta ár og um lengri framtíð. Nokkuð bar á góma í þeirri umræðu hvert efnahagsumhverfið væri, hverjar horfurnar væru og það hversu mikilvægt væri að efnahagslífið og atvinnulífið á Íslandi væri samkeppnisfært.

Herra forseti. Auðvitað er það þannig að menn bíða eftir því og eru að reyna að gera einhverja hluti sem geta haft áhrif á markaðinn, haft áhrif á það að gengið stöðvist, flöktinu ljúki, eins og menn orða það svo pent þegar gengið hrapar um milli 25 og 30%. En samt er það þannig að það er kannski fátt sem býður upp á það, að því er virðist, að markaðurinn sætti sig við það sem verið er að gera. Alþingi hefur nýlega afgreitt fjáraukalög þar sem bæta þurfti við gildandi fjárlög um 14 milljörðum kr. og það er engin ástæða til þess, því miður, að ætla að niðurstaðan verði önnur á næsta ári nema hvað tekjurnar verða enn lægri og þar með verður útkoman verri. Þetta segi ég, herra forseti, vegna þess að ég trúi því sem menn segja sem gerst þekkja að því miður sé ákveðin innbyggð skekkja sem geri það að verkum að líklega verðum við alltaf, a.m.k. þangað til við mönnum okkur upp í að fara þá í grundvöll þess sem skakkt er talið vera, að kljást við það að þurfa eftir á að bæta svo og svo miklu inn í fjárheimildir líðandi fjárlagaárs.

Herra forseti. Mig langar aðeins að vitna í það sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga frá janúar til september 2001. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þess eru mörg dæmi að stofnanir búi við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa velt frá einu ári til þess næsta. Á 30 fjárlagaliðum nemur skerðing fjárheimilda vegna halla fyrri ára þannig 20% eða meiru af fjárheimild ársins. Í þeim hópi eru til að mynda fimm skólar og tvö sýslumannsembætti. Engin áform virðast liggja fyrir um hvort og þá hvernig þessar stofnanir eigi að draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli að fjárheimildum."

Í þessari skýrslu er jafnframt fjallað um að svo virðist vera að stofnanir fái ákveðna umbun fyrir að keyra fram úr. Menn hafa stundum látið það fara í taugarnar á sér að þeim stofnunum sem standa við fjárlög sé í sjálfu sér ekki umbunað heldur sé hitt vænlegra til frekari fjárveitinga að fara fram úr. Allt eru þetta ákveðin úrlausnarefni sem þarf að kljást við og betra er að eiga við ef efnahagsumhverfið er stöðugt heldur en hitt, og ég álít, herra forseti, að þetta verði okkar vandi ekki síður á næsta ári heldur en núna.

Það gerðist hér við 2. umr. fjárlaganna að í raun var boðað að strax yrði farið í ámóta mikinn niðurskurð og sú aukning nam sem meiri hluti hv. fjárln. lagði til við umræðuna. En þó svo að þær tillögur kæmu í fjölmiðlum varð ekki sú breyting til batnaðar á gengi krónunnar sem forusta ríkisstjórnarinnar ætlaðist til og sýnir það einnig að fjármálamarkaðurinn metur það þannig að þetta fjárlagafrv. sé ekki trúverðugt og byggi á allt of veikum forsendum. Þetta er miður, herra forseti, vegna þess, eins og ég segi, að við þurfum á öðru að halda. En þetta og þær skattalækkanir og skattbreytingar — hér í gær var líka fjallað um skattahækkanir — áttu að mati ríkisstjórnarinnar samanlagt að hafa hér einhver áhrif en hafa greinilega ekki leitt til þess sem vænst var.

Það kom fram í erindi sem ráðuneytisstjóri fjmrn., Baldur Guðlaugsson, hélt á ráðstefnu um það hvort evran hefði áhrif á Íslandi að bæði skattbreytingarnar og reikningsskil í erlendri mynt, sem frv. liggur fyrir um frá ríkisstjórninni einmitt nú, ættu að mæta þeirri skekkju sem íslenskt atvinnulíf hlýtur að búa við þegar horft er til þess annars vegar og hins vegar þess umhverfis sem fyrirtækjum í Evrópu er búið og verður búið þegar evran verður komin í umferð.

Herra forseti. Við veltum því fyrir okkur þegar við horfum til þess hvernig ríkisstjórnin er að reyna að bregðast við með skattalækkunum hversu neðarlega þarf að fara með skatta fyrirtækja til þess að mæta þessum samkeppnismun sem er þarna á milli. Ríkisstjórnin hefur endað í tölunni 18%. En við hljótum að velta því fyrir okkur hvort það sé nægjanlegt, annars vegar til þess að fyrirtækin hafi hér samkeppnisstöðu og hins vegar til þess, sem er síðan hitt yfirlýsta markmiðið, að ná erlendri fjárfestingu inn í landið.

Herra forseti. Ég er ekki viss um að þetta nægi til að vega upp það óhagræði sem er af litlum heimamarkaði og litlum gjaldmiðli en við skulum vona að það mæti því a.m.k. að einhverju leyti því það er afar mikilvægt.

Eins og ég gat um var boðað strax við 2. umr. að um yrði að ræða niðurskurð a.m.k. jafnmikinn þeim viðbótartillögum sem þá voru kynntar af hálfu meiri hluta fjárln. Nú hefur sá niðurskurðarpakki verið kynntur og það verður að segjast eins og er, herra forseti, og vitna ég þá einnig til þess sem félagar mínir í Samfylkingunni hafa sagt hér fyrr í dag, að hann er ekki mjög traustvekjandi. Það eina í þeim pakka sem á að duga til langframa, ef það má orða það þannig, virðast vera auknar álögur á nemendur, bæði í framhaldsskólum og háskólum, og síðan þá sem þurfa að nýta sér læknisþjónustu eða kaupa sér lyf.

Herra forseti. Mér finnst að þarna sé akkúrat ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Ég vil þess vegna gjarnan fara í þær tillögur sem við í Samfylkingunni leggjum til hvað

varðar tekjur í ríkissjóð og bera þær saman við þær hugmyndir sem hæstv. ríkisstjórn virðist hafa um það hverjir séu aflögufærir í samfélagi okkar, vegna þess að það birtir best þá mismunandi lífssýn sem annars vegar jafnaðarmenn og hins vegar íhaldsmenn á Alþingi Íslendinga hafa, sýnir best þau mismunandi viðhorf sem menn hafa gagnvart því hvar eigi að skera, hvert eigi að leita þegar annaðhvort þarf að auka tekjur eða draga úr umsvifum hins opinbera. Fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln., hv. þm. Einar Már Sigurðarson, Margrét Frímannsdóttir og Gísli Einarsson, hafa lagt fram brtt. á þskj. 504 í 13 liðum. Ég ætlaði að gera að umtalsefni 4., 5. og 6. liðinn sem snúa að því að hugmyndir okkar til tekjuöflunar lúta að því að íslenskur sjávarútvegur, íslensk útgerð greiði meira af þeim kostnaði sem til fellur vegna útgerðar en hún gerir í dag. Við ætlum þó ekki í þessu skrefi að ganga alla leið og láta útgerðina greiða allt. Við erum tilbúin að fallast á að skattgreiðendur taki þátt í því með útgerðinni enn um sinn að greiða þann kostnað sem af hlýst. En okkur finnst eðlilegt, herra forseti, að menn fari að stíga þau skref sem þarf að stíga.

Á sama tíma og menn eru að láta hér nemendur og sjúklinga taka á sig frekari kostnaðargreiðslur finnst okkur eðlilegt að sú atvinnugrein sem þó byggir á því að nýta sameiginlega auðlind og, eins og jafnframt hefur komið fram, nýtur e.t.v. hvað mest góðs af þeirri efnahagsþróun sem orðið hefur undanfarið með lækkun gengis, leggi sitt af mörkum.

Við höfum þess vegna lagt til, herra forseti, að þróunarsjóðurinn verði notaður sem farvegur fyrir frekari kostnaðargreiðslur útgerðarinnar þannig að í stað þess að menn greiði þar 1.300 kr. fyrir þorskígildistonnið verði farið upp í rétt um 4.000 kr., sem er u.þ.b. fjórar krónur fyrir hvert þorskkíló og þykir nú svo sem engum mikið. Þetta gefur viðbótartekjur upp á 900 millj sem við síðan tekniskt útfærum þannig að komi inn sem viðbótarsértekjur fyrir ýmsar stofnanir sjávarútvegsins sem á móti þurfi þá ekki jafnmikið ríkisframlag.

Herra forseti. Ég vil því til rökstuðnings að óhætt sé að stíga þetta skref víkja að svari við fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, fyrirspurn um það hversu miklum fjármunum íslensk útgerð hefur varið til þess að leigja sér aflamark á undanförnum árum. Ég ætla bara að víkja að árinu í ár þar sem til eru tölur fyrir hluta sl. fiskveiðiárs, þ.e. frá 1. sept. 2000 til 30. maí 2001. Á þessu tímabili leigja íslenskar útgerðir aflamark, þ.e. kvóta innan ársins, fyrir u.þ.b. 4 milljarða kr. Menn geta síðan framreiknað hversu mikið þetta hefði orðið ef allt árið hefði verið undir og þarna er ekki inni varanlega sala, einungis það sem leigt er, og það eru 4 milljarðar, herra forseti.

Ég hef lengi verið áhugamaður um að útgerðin tæki frekari kostnað á sig, þ.e. greiddi meira af þeim kostnaði sem til fellur vegna starfseminnar. Mér hefur fundist í hæsta máta óeðlilegt að atvinnugrein sem á að vera fullburðug, ein af grundvallarefnahagsstoðum Íslands, greiddi ekki þann kostnað sem af henni hlýst heldur þyrfti að vera upp á skattborgara komin með svo stóran hluta og raun ber vitni.

Mig langar fyrst að rifja upp það sem Phil Major sagði. Nefndur Phil Major var ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti Nýja-Sjálands þegar var verið að taka upp kostnaðargreiðslur í sjávarútvegi og ýmsar breytingar sem þýddu greiðslur fyrir veiðiheimildir, greiðslur fyrir eignarhald á tilteknum fiskstofnum, eins og þeir kusu að haga því þar. Niðurstaða hans eftir að koma til Íslands fyrir auðlindanefndina heitina og kynna sér stöðu mála — hann skilaði henni síðan skýrslu — var sú að endurheimta þyrfti kostnað vegna þjónustu sjútvrn., Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar við útgerðarfyrirtækin fyrir u.þ.b. 2.5 milljarða ísl. kr. á ári. Hann taldi að halda ætti áfram að innheimta kostnað vegna fyrri endurbóta, eins og það er þýtt hér úr ensku, þ.e. þróunarsjóðsins, og hann taldi að hugleiða ætti hvort innheimta ætti hluta af kostnaði eða allan kostnað vegna strandgæslu upp á u.þ.b. 800 milljónir ísl. kr.

Niðurstaða hans í heildina var sú að ef útgerðin ætti að borga algjörlega fyrir sig það sem íslenskir skattborgarar nú gera þá mundi þessi upphæð vaxa úr einum milljarði sem hún er í dag upp í 5,5 milljarða í íslenskum krónum á ári. Hér munar dálitlu, herra forseti, á því sem menn eru að greiða og því sem Phil Major taldi að væri eðlilegt ef horft væri til kostnaðar.

Herra forseti. Ég vil líka, til þess að undirbyggja það sem við erum að leggja til, vísa í lokaskýrslu auðlindanefndar þar sem Sveinn Agnarsson skrifar ritgerð um stjórn fiskveiða. Einn kaflinn er um kostnað við stjórn fiskveiða. Þar víkur hann að því að þeirri skoðun hafi vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum að útgerðin eigi sjálf að bera hluta kostnaðar eða allan kostnað við fiskveiðistjórn og vísar þar bæði til Ástralíu og Nýja-Sjálands þar sem innheimt séu kostnaðargjöld af útgerðinni. Hann rifjar upp að Þróunarsjóðurinn hafi innheimt gjald af hverri brúttórúmlest frá 1994 og frá fiskveiðiárinu 1996–1997 hefur að auki verið greitt gjald af úthlutuðu aflamarki. En eftir að vera búinn að skoða þetta mál kemst Sveinn Agnarsson að þeirri niðurstöðu að útgjöld vegna útgerðar hafi á árunum 1990–1996 verið að meðaltali 1,9% af ríkisútgjöldum og áætlaður beinn kostnaður, bara vegna fiskveiðistjórnar, 1,1% af ríkisútgjöldum.

Herra forseti. Það er í rauninni sama hvora töluna við notum. Ef við notum bara kostnaðinn vegna fiskveiðistjórnar og notumst við töluna 1,1% af ríkisútgjöldum, þá erum við að tala um 2,5 milljarða. Ef við hins vegar notum útgjöld vegna útgerðar sem voru að meðaltali 1,9% af ríkisútgjöldum á þessum tíma erum við að tala um um það bil 4,5 milljarða.

Þessu, herra forseti, vildi ég endilega koma í umræðuna vegna þeirra 900 millj. sem Samfylkingin telur eðlilegt að innheimtar séu sem kostnaðargjald af útgerðinni og þá sem fyrsta skref. Ég geri mér grein fyrir því að þeir sem leggja hér til svokallað veiðigjald eða veiðileyfagjald í skýrslu endurskoðunarnefndar eru ekki að tala um kostnaðargjald. Þeir eru langt undir þessari upphæð. Þar kannski greinir á milli. Okkur finnst eðlilegt að burðug atvinnugrein greiði fyrir þann kostnað sem af henni hlýst en láti skattborgurum það ekki eftir. Ég verð að segja að ég hef skömm á þeim útgerðarmönnum sem kveinka sér undan slíku. Þetta eru menn og fyrirtæki sem fengið hafa að nýta sameiginlega auðlind mismunandi lengi en sér að kostnaðarlitlu. Mér finnst að þeir eigi að sjá sóma sinn í að bjóðast til þess að greiða þennan kostnað, enda fullkomlega óeðlilegt að hann sé greiddur af öðrum.

Herra forseti. Ég ítreka að það er með þessum hætti sem við viljum nálgast tekjuöflun eða það að minnka útgjöld ríkisins en ekki með því að ganga að nemendum eða sjúklingum eins og hæstv. ríkisstjórn hefur valið að gera.

Herra forseti. Ég vil samt sem áður, áður en ég lýk máli mínu, nefna alveg ótrúlega sérkennilega niðurskurðarhugmynd. Það er kannski ekki niðurskurðarhugmynd, herra forseti. Það er eiginlega frekar tekjuöflunarhugmynd hæstv.

ríkisstjórnar. Ég nefndi áðan að ríkisstjórnin hefur helst séð matarholu í nemendum og sjúklingum. En ég gleymdi að geta þess að ríkisstjórnin sér matarholu í sóknargjöldum og kirkjugarðsgjöldum. Það er svolítið merkilegt af því að fjmrn. hefur tekið að sér að innheimta sóknargjöld fyrir hönd safnaðanna og síðan skilað til sókna landsins svo að hægt væri að rækja kirkjustarf úti um allt land. Hæstv. ríkisstjórn hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé allt of mikið. Jafnvel þó einnungis sé farið eftir þeim reglum sem samið var um þá hefur hæstv. ríkisstjórn upp á sitt eindæmi komist að þeirri niðurstöðu að hér sé um allt of mikla peninga að ræða og að rétt sé að hluti þessarar fjármuna renni frekar í ríkissjóð, væntanlega til annarra og merkilegri verkefna — kannski til að borga með útgerðinni, ég veit það ekki.

Herra forseti. Alla vega liggur fyrir að ríkisstjórnin ætlar að kraka í ríkissjóð einhverjum milljónum með því að taka hluta af sóknargjöldunum. Ég verð að segja að margar eru þær dapurlegar niðurskurðartillögurnar en þetta er einhver sú fáránlegasta sem maður hefur séð lengi. Hún minnir reyndar á gamla tíma þegar hér kom mikill bandormur inn í þingið með alls konar „þrátt-fyrir"-tillögum þar sem reynt var að krækja í nokkrar milljónir hér og þar. Ég hélt að þeir tímar væru liðnir. En þeir eru greinilega ekki liðnir. Ríkisstjórnin er enn þá á gömlu nótunum og nú eru sóknargjöldin og kirkjugarðsgjöldin sem ein af matarholunum ásamt nemendum framhaldsskóla og háskóla og þeim sem þurfa að sækja læknisþjónustu.

Herra forseti. Það er rétt að ítreka það enn að hér horfum við kannski upp á nákvæmlega það hvernig þessi ríkisstjórn lítur á málin og þá í raun líka að horfa á andstæðu þess, sem við jafnaðarmenn vildum gera ef við fengjum meiru ráðið. Við viljum reka hér arðbært atvinnulíf sem getur borgað en velferðarkerfið er hins vegar nokkuð sem við viljum slá skjaldborg um.

Herra forseti. Ég held að þau fjárlög sem við erum að nálgast að ljúka umræðum um muni ekki leiða til þeirrar niðurstöðu sem hæstv. ríkisstjórn er að vonast eftir, þ.e. að hér verði burðugt efnahagsumhverfi. Ég óttast satt að segja, eins og ég gat um fyrr, að því miður séum við ekki bara á gömlu nótunum varðandi sóknargjöldin og „þrátt-fyrir"-ákvæðin heldur líka, varðandi það fjárlagafrv. sem hér er verið að ganga frá, að á næsta ári muni þurfa að fara í björgunarleiðangra. Þeir verða sársaukafyllri vegna þess að tekjurnar verða minni. Það liggur fyrir fyrir vegna þess að góðærið hefur ekki verið notað til þess að gera þær grundvallarbreytingar sem hefði þurft að nýta það til.

Því miður er gert ráð fyrir að landsframleiðslan dragist saman og hagvöxtur verði minni en reiknað var með. Reyndar kemur fram að gangi þessi spá eftir þá sé það í fyrsta skipti síðan 1992 að landsframleiðsla dragist saman á milli ára. Við erum að ýmsu leyti, herra forseti, komin í gamlan tíma, kunnuglegan fyrir suma en eitthvað sem ég reikna með að flestir hafi vonast til að við hefðum kvatt.

[21:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fjárlagafrv. sem nú er tekið til lokaafgreiðslu tel ég að sé vanburða, bæði á útgjalda- og tekjuhlið. Ég tel ljóst að það gefi ekki þá festu á markaði eða í efnahagslífi sem nauðsynleg er til að slá á verðbólgu og viðskiptahalla og skapa svigrúm til vaxtalækkana. Ég held að þetta fjárlagafrv. hefði þurft að fara raunverulega til ríkisstjórnarinnar aftur og til endurskoðunar, hefði því verið ætlað að ná því markmiði sem ríkisstjórnin segist vilja stefna að.

Í spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að samdráttur í einkaneyslu verði meiri en áður var reiknað með. Nú er búist við að samdrátturinn nemi 2% í stað 1% í fyrri áætlun. Samdrátturinn í einkaneyslu hefur veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs og sýnir ljóslega að ríkissjóður hefur fyrst og fremst nærst á útgjaldaþenslu í þjóðfélaginu og mikilli einkaneyslu. Það ásamt sölu eigna hefur fyrst og fremst skilað þeim tekjuafgangi sem ríkisstjórnin hefur státað sig af, en ekki skynsamleg hagstjórn, sem síðan hefur aftur leitt til vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla og svimandi hárra vaxta sem eru að knésetja bæði heimili og fyrirtæki.

Vextir hér á landi eru þrisvar til fjórum sinnum hærri en í öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Viðskiptahallinn er enn svimandi hár. Skuldastaða fyrirtækja og einstaklinga er komin á mjög alvarlegt stig og gæti hreinlega, að mínu mati, farið að hrikta í stoðum fjármálastofnana af þeim sökum. Skuldir einstaklinga eru um 675 milljarðar kr. og nálgast 170% af ráðstöfunartekjum heimilanna.

Auðvitað er mikið í húfi með að ná tökum á verðbólgunni því hvert einasta prósentustig í hækkun verðbólgunnar eykur skuldir heimilanna um hvorki meira né minna en 5–6 milljarða kr. Aukning á erlendum skuldum þjóðarbúsins er gríðarleg. Þær voru 80% af landsframleiðslu í fyrra, 110% af landsframleiðslu í ár og stefnir í 120% af landsframleiðslu á næsta ári eða um 940 milljarða kr. Í endurskoðaðri tekjuáætlun kemur fram að samdráttur í einkaneyslu á sköttum af vöru og þjónustu mun dragast saman um 2,8 milljarða, ef ég man rétt, aðallega í virðisaukaskatti um 2,5 milljarða kr.

Verulegar vísbendingar eru um að hér sé um vanmat á ferðinni að ræða og að einkaneyslan dragist miklu meira saman. Þar vísa ég til þess mismunar sem er á spá Þjóðhagsstofnunar um samdrátt í einkaneyslu og spá frá fjmrn., en þar munar um hálfu prósenti. Ég held að reynslan sýni okkur að við eigum að treysta Þjóðhagsstofnun betur en þeim spám sem fjmrn. gerir. Í því sambandi minni ég á að verðbólguspáin sem sett var fram af Þjóðhagsstofnun fyrir næsta ár var að hún yrði 5,9% en 5% hjá fjmrn.

Ég spyr, herra forseti: Hvor hafði rétt fyrir sér? Spáin hjá báðum þessum aðilum er 6% þannig að Þjóðhagsstofnun spáði rétt í því máli. Það athyglisverða er, herra forseti, að séu forsendur Þjóðhagsstofnunar lagðar til grundvallar, má áætla að tekjur af virðisaukaskatti lækki ekki bara um 2,5 milljarða kr. heldur 1,2–1,5 milljarða til viðbótar og verði þá 3,7 milljarðar í tekjutap í stað 2,5 milljarða eins og það er í endurskoðaðri tekjuspá frá fjmrn. Það þýðir, herra forseti, að tekjutapið verður að líkindum mun meira en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir.

Ég bendi einnig á þann mismun sem kemur fram í spá Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. varðandi innflutning á vöru og þjónustu. Það kemur fram í forsendum fjmrn. að hann dragist saman um 4,3%. En í endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir mun meiri samdrætti, eða 7,1%. Gangi það eftir sem kemur fram í endurskoðaðri þjóðhagsáætlun þá mun það auka á tekjutapið, sem áætla má um 300–400 millj. meira en þær 97 millj. sem áætlaðar eru í endurskoðaðri tekjuspá. Því er ljóst að aðeins vegna þess vanmats megi þegar bæta við það tekjutap sem þarna er áætlað, bæði varðandi þá vörugjaldið og virðisaukaskattinn eitthverju á bilinu 1,7–2 milljarða. Það er því ekki ofsagt í áliti 1. minni hluta að áætlað sé að tekjur séu ofmetnar um 3–4 milljarða.

Herra forseti. Það er hárrétt lýsing í nefndaráliti 1. minni hluta að helmingur niðurskurðartillagnanna byggist á bókhaldslegum millifærslum og að tekjuhliðin sé notuð sem afgangsstærð. Veikleikarnir á útgjaldahlið eru líka miklir. Ég nefni sjúkrahúsin sem dæmi. Þar vantar nokkur hundruð milljónir upp á og því til viðbótar eru svo ýmsir veikleikar á útgjaldahlið, eins og hér hefur verið rætt í dag, t.d. 800 millj. í lífeyrisskuldbindingar, sem lækkaðar eru til að búa til það sem ég vil kalla, pappírstekjuafgang.

Mér finnst einnig lítið trúverðug aukningin sem kemur fram m.a. í tekjuskatti einstaklinga og tel ég að hún sé verulega ýkt. Maður spyr: Til hvers? Er verið að knýja fram óraunhæfan afgang þannig að verið er að láta svo sýnast að tekjuafgangurinn sé meiri á fjárlögunum en hann í raun og sanni mun verða?

Ég tel mjög óvarlegt að treysta því sem fram kemur í endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlaga um verulega aukningu á skattgreiðslum einstaklinga sem er áætlað að gefi um 3 milljarða kr., enda er gert ráð fyrir verulega minna launaskriði en verið hefur, ekki síst þegar þessi aukning í tekjusköttum er skoðuð í samhengi við spá Þjóðhagsstofnunar sem segir að að teknu tilliti til breytinga á sköttum einstaklinga og vaxtalækkana undanfarið sé engu að síður gert ráð fyrir 1% samdrætti í kaupmætti ráðstöfunartekna.

Auk þess er einn mikill óvissuliður í allri spánni, þ.e það uppnám sem kjarasamningarnir eru í og allar spár, raunar bæði um gengi og launaforsendur, eru í vindinum. Launaforsendur Þjóðhagsstofnunar byggja m.a. á því að launaforsendur kjarasamninga verði ekki endurskoðaðar.

Ég tel að í heild séu þær breytingar sem sýndar eru í endurskoðaðri tekjuáætlun ofmetnar í þeim tilgangi að reyna í einhverri örvæntingu að skapa trú á fjárlögunum með sýndarmennskuafgangi sem ekki mun þegar á reynir standast, allt í þeim tilgangi, herra forseti, að koma í veg fyrir að miklir veikleikar fjárlaganna, bæði á útgjalda- og tekjuhlið, geti haft neikvæð áhrif á efnahags- og atvinnulífið.

Mér kæmi heldur ekki á óvart að atvinnuleysi væri vanmetið, en forsendurnar byggjast á 2% atvinnuleysi miðað við 1,4% í ár. Í því sambandi er spáð verulegum samdrætti í fjárfestingum, eða um 14%.

Spár Þjóðhagsstofnunar gera líka ráð fyrir að landsframleiðslan dragist saman um 1%, en í fyrri spá var gert ráð fyrir 0,3% samdrætti. Allt hefur þetta veruleg áhrif á atvinnustigið í landinu.

Herra forseti. Allir vita að kjarasamningarnir eru í algjöru uppnámi núna. Verðbólgan var 8% sl. 12 mánuði. Verð á nauðþurftum hefur á stuttum tíma hækkað um 25%. Vextir eru hvergi hærri en hér. Gengið hefur fallið um 25–30% á þessu ári. Það er alveg ljóst, herra forseti, í mínum huga að það er búið að éta upp allar kjarabætur sem launafólk samdi um síðast og auðvitað er búið að éta upp þá litlu hækkun sem lífeyrisþegar, aldraðir og öryrkjar hafa fengið á sinn lífeyri.

Ég er ekki með það blað við höndina, en ég sá haft eftir hagfræðingi ASÍ að hún telur að fyrir löngu sé horfin öll sú launahækkun sem launafólk fékk þegar síðast var samið.

Herra forseti. Varðandi þær tekjutölur sem ég hef verið að nefna og endurskoðaða tekjuspá þá ég held að það sé alveg ljóst að verið er að setja þetta upp í þessa talnaleikfimi til að reyna að blekkja markaðinn og reyna að skapa trúverðugleika sem ekki stenst í kapphlaupinu við að reyna að styrkja gengið.

Herra forseti. Ég skal láta þetta nægja um þetta. En ég vil aðeins fara í tillögur sem fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln. hafa sett fram, en vil áður segja að tillögur okkar við fjárlagagerðina nú og tillögur stjórnarflokkanna endurspegla allt aðra sýn sem við viljum hafa á samfélaginu en stjórnarflokkarnir hafa, með líkum hætti og við sýndum fram á í gær við umræðuna um skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Það er athyglisvert þegar aðhalds er krafist á öllum sviðum, þegar svo langt er gengið að verið er að setja hér á sjúklingaskatta, t.d. í auknum lyfjakostnaði, og komugjöld í heilsugæslunni og heimsóknum til sérfræðilækna um 500 millj., að þá eru aðalskrifstofurnar að auka kostnað sinn og þar er um að ræða raunhækkun upp á 170 millj. kr.

Það er athyglisvert þegar maður skoðar raunaukninguna í aðalskrifstofu ráðuneytanna, herra forseti, sem ég er hér með sundurliðað, raunaukningu á framlögum til ráðuneytanna og stofnana þess, þ.e. ekki aðalskrifstofunnar heldur þeirra verkefna sem heyra undir öll þessi ráðuneyti, að þá er raunaukningin að meðaltali í öllum ráðuneytunum í fjárlagafrv. næsta árs um 4,3%. En þegar skoðuð er raunaukning á aðalskrifstofunum kemur allt annað í ljós í fjárlagafrv. Ég hef ekki borið það saman hvort eitthvað hafi þá breyst. Núna við 3. umr. er raunaukning í forsrn., þ.e. á aðalskrifstofunni 20,5%, en meðalraunaukning til þeirra verkefna sem heyra undir ráðuneytin eru 4,3%. Raunaukning á aðalskrifstofu sjútvrn. er 5,3%, en meðaltalið til þeirra verkefna sem heyra undir þessi ráðuneyti eru 4,3%. Raunaukning til aðalskrifstofu heilbrrn. er til að mynda 7,5% og raunaukning til aðalskrifstofu umhvrn. er 10,6%.

Ráðherrarnir sjá því um sig, herra forseti. Ráðherrarnir sjá um sig og aðalskrifstofur sínar, að það sé nú haldið í við a.m.k. verðlag og gott betur því raunaukningin er 170 millj. hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna meðan verið er að skera niður, herra forseti, framlög til velferðarkerfisins. Og svo langt er gengið að verið er að skattleggja sérstaklega sjúklinga og skólafólk og leggja aukin gjöld á bifreiðaeigendur, eins píndir og þeir eru nú fyrir.

Það sem kemur mér sífellt á óvart, herra forseti, er að Framsfl. skuli láta teyma sig í þennan niðurskurð á velferðarkerfinu, ganga svo langt að alltaf er verið að finna matarholur þar sem síst skyldi, alltaf verið að leita til þeirra hópa sem verst hafa það í þjóðfélaginu og reyna að næla sér þar í einhverja peninga til þess að sýna einhvern afgang á fjárlögum. En aldrei er leitað þar sem á að leita í þessu efni.

Mér kemur t.d. alltaf á óvart, þegar svona illa er komið í þjóðfélaginu að stjórnarflokkarnir hafa glutrað niður þeirri stöðu sem við höfðum í efnahagsmálum, að ekki skuli vera farið í að lækka risnu og ferðakostnað sem hefur aukist um tæpar 500 millj. á tveimur árum.

Herra forseti. Aldrei er leitað að peningum þarna. Þar er þó um að ræða aukningu um tæpar 500 millj. á tveimur árum. og það er auðvitað hárrétt leið sem við í Samfylkingunni viljum fara, þ.e. að láta skera þá liði um 420 millj.

Herra forseti. Ef það væri gert gætum við sloppið við að hækka lyfjakostnað á sjúklinga eða komugjöld í heilsugæslunna eða gjald fyrir heimsóknir sjúklinga til sérfræðinga.

Það er vissulega athyglisvert sem fram kom í dag og BSRB hefur beitt sér fyrir, og eiga þeir þakkir skildar fyrir það, þ.e. að þeir sýna fram á hvaða aukning hefur orðið hjá heimilunum að því er varðar kostnað við heilbrigðisþjónustuna. Það reyndar ber saman við það sem kom fram í svari heilbrrh. við fyrirspurn minni fyrr á þessu þingi um

að sjúklingar greiða þriðjung af lyfja- og lækniskostnaði. Og þetta kemur enn skýrar fram í þeim útreikningum sem BSRB birti í dag.

Herra forseti. Tillögur meiri hlutans sýna að lítillega er verið að auka við framlög í málaflokk fatlaðra. Herra forseti. Þó það nú væri. Við sjáum neyðarástand hjá fötluðum í þjóðfélaginu vegna þess harkalega niðurskurðar sem fatlaðir hafa orðið fyrir í gegnum árin frá þessari ríkisstjórn. Sennilega hafa, herra forseti, um 2,5 milljarðar á liðnum sex árum verið skornir niður af lögbundnum framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Við stæðum ekki frammi fyrir þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir ef svo harkalega hefði ekki verið ráðist að þessum mikilvæga sjóði fatlaðra og raun ber vitni. Staðan er sú núna að 209 fatlaðir eru á biðlista eftir búsetuúrræðum, bæði sambýlum og þjónustuíbúðum. Þar fyrir utan eru 450 öryrkjar á biðlistum hjá Öryrkjabandalaginu eftir húsnæði. 10.800 dvalarsólarhringa vantar í skammtímavistun og 206 fatlaðir voru á biðlistum eftir dagþjónustu.

Áætlaðar tekjur erfðafjárskatts hafa sífellt verið að skerðast meira og meira í gegnum árin og nú er svo komið að stjórnarflokkarnir beittu sér fyrir því raunverulega að loka framkvæmdasjóðnum, þ.e. því lögbundna framlagi sem átti að renna í sjóðinn. Hann hefur nú einungis tekjur af því sem *ríkisstjórnin skammtar honum* að eigin geðþótta á fjárlögum hverju sinni.

Þar fyrir utan, herra forseti, þegar við erum að tala um stöðu þeirra verst settu í þjóðfélaginu eins og t.d. fatlaðra, þá hefur svo langt verið gengið að — Ég spyr: Af hverju blikkar hér á mig ljós, herra forseti?

(**Forseti** (ÍGP): Ætli það sé ekki vegna þess að það er svolítið spennufall hérna, ekki í þingsalnum heldur í rafmagni. Tölvukerfið okkar hefur verið að stríða okkur í dag. *Það er væntanlega þess vegna sem ljósið blikkar. En vonandi* getum við lagað það innan tíðar.)

Herra forseti. Ég ætlaði að fara að minnast á leiguíbúðir þar sem við vitum að er neyðarástand. 2.000 manns bíða eftir leiguíbúðum. Félmrh. hæstv. hefur talið sig vera að leysa þann vanda með auknu lánsfjármagni inn í leiguíbúðakerfið. En, herra forseti, það leysir ekki vandann þegar á sama tíma er verið að hækka svo vexti á þessum kjörum til leiguíbúða að hvorki félagasamtök né sveitarfélög treysta sér til að byggja leiguíbúðir, nema þá, herra forseti, að setja vaxtahækkunina beint inn í leiguverðið þannig að leigjendur þurfi sjálfir að standa undir þeirri hækkun.

Þetta er auðvitað eins og við spáðum, herra forseti. Þegar verið var að leggja af félagslega íbúðakerfið spáðum við því að þetta mundi hafa þær afleiðingar að biðlistar mundu lengjast og að þetta mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem ekki geta komið sér þaki yfir höfuðið af eigin rammleik og þurfa að vera ofurseldir leigumarkaðnum.

Það er sama hvar við lítum, hvort heldur það eru málefni fatlaðra, sjúklinga eða húsnæðismál þeirra sem verst eru staddir í þjóðfélaginu, að allt hefur gengið á verri veg á umliðnum árum.

Herra forseti. Ég held að ekki þýði út af fyrir sig mikið að reyna að sannfæra stjórnarliða. Þeir eru staðráðnir í að knýja fram þetta frv. eins og það er, óraunhæft bæði á útgjalda- og tekjuhlið.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að minnast á einn ákveðinn málaflokk sem ég hef verulegar áhyggjur af, þ.e. málefni löggæslunnar, reyndar um allt land, en þó sérstaklega í Reykjavík. Ég hafði bundið nokkrar vonir við, herra forseti, að dómsmrh. mundi sjá að sér og veita meira fjármagn til löggæslunnar í Reykjavík. En nú við lokaafgreiðslu fjárlaga stöndum við frammi fyrir því að sú er ekki raunin.

Ég fullyrði, herra forseti, og hef gert það reyndar áður að svo hefur verið skorið niður í þeim málaflokki, þ.e. löggæslumálefnum, að ég hygg að sú þjónusta sé undir öryggismörkum. Við höfum farið í gegnum þá umræðu hér og ég skal ekki endurtaka hana, en það er alveg ljóst að a.m.k. 35 lögreglumenn vantar til að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi borgaranna svo viðunandi sé að mati lögreglustjórans í Reykjavík.

Það er hart til þess að vita, herra forseti, að hér sé verið að ljúka fjárlagaafgreiðslunni án þess að veitt hafi verið til löggæslumálefna nauðsynlegt fjármagn. Ég lýsi auðvitað allri ábyrgð á ríkisstjórnina fyrir að standa þannig að málum og fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln. hafa í brtt. sínum reynt að gera nokkra bragarbót á með auknu framlagi til löggæslunnar.

Síðan finnst mér mjög sérstakt og vil nefna það hér að þrátt fyrir ítrekaðar óskir umboðsmanns barna sem m.a. hefur komið fram í fjölmiðlum hefur ekki verið orðið við sanngjarnri og eðlilegri ósk umboðsmanns barna um að auka lítillega fjármagn til þeirrar stofnunar.

Herra forseti. Ég vil minna á í því sambandi að á síðasta þingi stóðu þingmenn úr öllum flokkum að því að hér yrði mótuð heildarstefna í málefnum barna. Maður spyr hvort hugur fylgi ekki máli, herra forseti, þegar því fylgir ekki aukið fjármagn. Ég velti stundum fyrir mér til hvers það fjölskylduráð er sem sett hefur verið á fót í samræmi við þáltill. um málefni fjölskyldunnar, til hvers sú nefnd er þegar ekki heyrist í henni þegar verið er að ganga svo harkalega fram í að skera niður framlög til þeirra málefna sem snúa að *fjölskyldunni að víða er komin upp mjög alvarleg staða eins* og ég hef nefnt.

Málefni barna er vissulega einn málaflokkurinn og auðvitað væri hægt að hafa langt mál um það. Það skilar sér margfalt til baka ef við hlúum vel að þeim málaflokki sem snýr að börnunum, bæði öryggismálum þeirra og þeim málaflokki sem í heild og breidd snýr að velferð og öryggi barna í þjóðfélaginu. En það er ekki einu sinni látið svo lítið, herra forseti, að auka lítillega við framlög til þess mikilvæga *embættis sem hefur með málefni barna að gera að það geti* sinnt verkefnum sínum eðlilega.

Herra forseti. Hér er líka boðaður niðurskurður til vegamála. Ef ég man töluna rétt er verið að ræða um 150 millj. Við vitum ekki hvar hann lendir, herra forseti, en ef gamla leiðin er farin endar hann vafalaust á höfuðborgarsvæðinu. Ég spyr, herra forseti, er skynsamlegt í þeirri niðursveiflu sem við erum í að draga úr fjármagni í þennan málaflokk?

Herra forseti. Við umræður um ráðstafanir í ríkisfjármálum á morgun hef ég tækifæri til að ræða frekar þann alvarlega niðurskurð á fjárlögunum sem kemur fram í því frv. sem tekið verður til 1. umr., þar sem í raun og sanni má segja að gerð sé mjög alvarleg aðför að velferðarkerfinu og heimilunum í landinu, ekki síst sjúklingum og námsmönnum eins og ég hef rakið. Ég vildi geyma mér að ræða þann þátt mála frekar, herra forseti, en ítreka það sem hér hefur komið fram í máli mínu, herra forseti, að þetta frv. felur í sér mikla veikleika, bæði á útgjalda- og tekjuhlið eins og við í Samfylkingunni höfum sýnt fram á. Í tillögum okkar, bæði á tekju- og útgjaldahlið, reynum við að bæta úr en ég held að eitt sé ljóst við lokaafgreiðslu fjárlaga, að aðgerðir

ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálun munu ekki ná því marki að slá á verðbólguna eða skapa nauðsynlegt svigrúm til vaxtalækkana.

Það er miður, herra forseti, að svo sé í pottinn búið en ég held að við stöndum frammi fyrir því að ekki er meira að vænta af ríksstjórninni þegar hún stendur frammi fyrir alvörunni í efnahagsmálunum, þegar hún hefur ekki hagsveifluna við að styðjast, þegar hún hefur ekki við það að styðjast sem hefur fitað ríkisstjórn, þ.e. þensluna í þjóðfélaginu, þegar virkilega alvarlega reynir á hagstjórn í þjóðfélaginu og í ríkisstjórninni er ríkisstjórnin ekki starfi sínu vaxin.

[22:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í gær og í dag hefur farið fram umræða um fjármál ríkisins. Í gær voru ræddir tekjuskattar og tillögur ríkisstjórnarinnar um gagngerar breytingar á þeim og í dag fer fram umræða um fjárlagafrv. Í rauninni fer vel á því að ræða þau frumvörp eða þessar breytingar í senn því að annars vegar fjalla þær um tekjur ríkisins og hins vegar um útgjöld ríkisins.

Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, gerir vinnubrögð við fjárlögin að umræðuefni í áliti sínu og bendir á einmitt þetta atriði, að heppilegt sé að hafa þetta allt saman undir en nefnir jafnframt að vegna tímaskorts hafi efnahagsforsendur og tekjuhlið fjárlagafrv. fengið afar litla umfjöllun í nefndinni. Hann segir reyndar einnig að niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar hafi fengið of litla umfjöllun í vinnu nefndarinnar.

Það sem við erum að fjalla um hér skiptir sköpum fyrir samfélagið allt. Tekjuskattar skipta máli fyrir fyrirtækin og einstaklingana, og þeir sem síðan njóta framlagsins í fjárlagafrv. horfa til þess sem hér verður ákveðið hvort sem þeir starfa innan heilbrigðisþjónustunnar, í skólakerfinu eða við aðra þjónustustarfsemi á vegum hins opinbera. Smáar stofnanir og stórar horfa til þess sem hér gerist.

Stundum geta litlar upphæðir í fjárlagaafgreiðslunni skipt miklu máli fyrir stofnanir og þjóðfélagshópa. Þannig hefur núna farið fram umræða um stöðu fatlaðra í tengslum við fjárlagafrv. Landssamtökin Þroskahjálp efndu til borgarafundar fyrir fáeinum dögum og ræddu þar um vanefndir ríkisstjórnarinnar gagnvart þeim hópi, bentu á að í Reykjavík og á Reykjanesi séu á biðlistum fatlaðra eftir húsnæði yfir 200 manns — hefði fjölgað frá því í fyrra um 25 — og minntu á loforð og fyrirheit sem voru gefin fyrir fáeinum árum. Ég man vel eftir þeim fyrirheitum. Þetta var eitt af átakamálunum í síðustu kosningabaráttu, vorið 1999. Reyndar er rangt hjá mér að vísa til þess sem átakamáls því að fyrirheitin voru víðast hvar fögur, og ekki síst hjá ríkisstjórnarflokkunum. Þeir höfðu þá setið saman að völdunum frá miðjum 10. áratugnum og lofuðu þarna bót og betrun gagnvart þessum hópi sérstaklega. Sett var á fót svokölluð biðlistanefnd 1998, hún skilaði áliti einmitt rétt fyrir kosningarnar 1999 og þá var því lofað að biðlistunum yrði útrýmt fyrir árið 2006. Samkvæmt þeirri áætlun sem þá var uppi átti á þessu ári að verja 139 millj. kr. til að útrýma þeim listum. Sú upphæð væri að sjálfsögðu miklu hærri ef hún væri færð upp samkvæmt verðlagi. Væri hún færð upp samkvæmt vísitölu launa munaði þarna miklum fjárhæðum.

Það er ekki staðið við þessi loforð og líður fram á árið 2000 og aftur er skipuð biðlistanefnd. Hún ætlar enn að útrýma biðlistunum og heitir því að verja 81,2 millj. kr. til verkefnisins á þessu ári. Síðan kemur til sögunnar kostnaðarnefnd vegna flutnings til sveitarfélaganna. Hún tekur einnig á þessum málum og telur að verja þurfi 173 millj. kr. til að útrýma biðlistum, þ.e. telur að þess þurfi á þessu ári.

Síðan kemur frv. til fjárlaga árið 2002. Hvað skyldi standa í því frv.? Það eru 23 millj. kr. Eftir baráttufund Landssamtakanna Þroskahjálpar tvöfaldaðist upphæðin. Engu að síður er um alls ófullnægjandi fjárframlag að ræða til þessa verkefnis og að sjálfsögðu ekki í nokkru samræmi við það sem áður hafði verið lofað. Þetta nefni ég sem tiltölulega smáa upphæð þegar við höfum hliðsjón af fjárlögunum í heild en upphæð sem skiptir mjög miklu máli fyrir þá sem í hlut eiga. Við höfum fengið að kynnast því í umfjöllun fjölmiðla á undanförnum dögum hverju það skiptir fyrir fólk sem er á þessum biðlistum. Alþingismenn hafa fengið bréf frá fólki sem þarna á í hlut. Við höfum líka fengið bréf frá fólki sem hvetur Alþingi til að veita ríflegar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Hún hefur verið fjársvelt á undanförnum árum. Um það deilir held ég ekki nokkur maður enda var ákveðið í fjáraukalögum að veita 18,3 millj. kr. til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. En svo bregður við að í greinargerð með því fjárframlagi er sérstaklega vísað yfir í fjárlögin og afgreiðslu fjárlaga því að hér segir, með leyfi forseta:

„Framlagið er háð því skilyrði að ekki komi til nýrra fjárveitinga til stofnunarinnar frá því sem lagt er til í frv. þessu og fjárlagafrv. ársins 2002. Enn fremur er það skilyrði sett að stjórnendur stofnunarinnar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að halda rekstri stofnunarinnar innan fjárheimilda."

Nú er ég ekki að mæla gegn því að stofnunum sé haldið innan fjárheimilda. Að sjálfsögðu ber að leitast við að gera það. En þá þurfa fjárheimildir að sjálfsögðu einnig að vera í einhverju samræmi við þau verkefni sem við ætlumst til að þessar stofnanir sinni. Til marks um það að þessari tilteknu stofnun sé ekki nægilega ríflega skammtað eru bréf og erindi sem okkur hafa borist frá foreldrum barna sem þurfa á aðstoð Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar að halda.

Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., gerir þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að umræðuefni í minnihlutaáliti sínu og hefur hann reyndar gert það á undanförnum árum einnig að taka vinnubrögðin við fjárlagagerðina til athugunar. Hann víkur sérstaklega að skólakerfinu. Samhengi er á milli þess annars vegar og þess sem ég nefndi varðandi Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Hann bendir á að bæði Skólameistarafélag Íslands og Félag framhaldsskóla hafi þráfaldlega bent á að grundvallarskekkjur séu í þeirri reiknireglu sem nú sé beitt við skiptingu fjár til skólanna og birtist í því að fjármagn sé skert til skóla með verknáms- og starfsnámsbrautir og skóla sem reka heimavistir og að þeir sitji nú uppi með skuldir svo skiptir tugum eða jafnvel hundruðum millj. kr.

Mér finnst að þessi ummæli og athugasemdir eigi að vera okkur öllum til umhugsunar. Þegar gerðar eru kröfur til ríkisstofnana um að þær haldi sig innan þeirra fjárveitinga sem þeim eru skammtaðar þá þarf það að sjálfsögðu að vera gert af einhverju viti og í samræmi við þarfir og samræmi við þær kröfur sem til þessara stofnana eru gerðar.

Ég sagði áðan að litlar upphæðir, tiltölulega litlar upphæðir, gætu skipt smáar stofnanir og hópa miklu máli. Vísaði ég t.d. í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem á fjáraukalögum fékk 18,3 milljónir, sem bjargar eitthvað fjárhagnum,

en er engan veginn nóg. Það er mat þeirra sem best þekkja til. En hvað er lítil upp hæð og hvað eru fáar krónur? Auðvitað eru 18,3 millj. kr. heilmiklir peningar. En þeir eru alla vega ekki eins margar krónur og 300 millj. sem ríkisstjórnin ætlar að verja til að standa straum af kostnaði við einkavæðingaráform sín. Og þetta er mjög smá upp hæð með hliðsjón af NATO-fundinum sem á að halda hér næsta vor. Þar á ekki að setja neinn af.

Ég spyr: Þegar þeir verða farnir að sprengja þennan ramma, veislustjórar NATO, hvernig verður komið fram við þá? Verða þeim send skilaboð á sama hátt og menn leyfa sér að senda til forstöðumanna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem rækja sitt hlutverk og sinna skyldum sínum af trúmennsku? Þetta finnst mér ástæða til að gera að umræðuefni.

Herra forseti. Mig langar undir lokin til að víkja að upplýsingum sem fram voru reiddar í dag á vettvangi BSRB og lúta að hitamáli, deilumáli miklu á Íslandi í rúman áratug.

Í rúman áratug hefur því verið harðlega mótmælt af hálfu almannasamtaka, sjúklinga og almennings, í greinarskrifum, ályktunum, á fjöldafundum, þegar kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni er aukin. Það verður gert með því að hækka komugjöld, taka greiðslur fyrir aðhlynningu og margvísleg viðvik á heilbrigðisstofnunum og síðan hefur lyfjakostnaður verið stóraukinn.

Þessu hefur iðulega við andæft og mótmælt. Reyndar hefur þessi umræða tekið ýmsum breytingum. Fyrir miðjan tíunda áratuginn var talið að þetta væri til þess fallið að bjarga heilbrigðiskerfinu. Við þyrftum að efla kostnaðarvitund með sjúklingum þannig að þeir neituðu að taka hin dýru lyf o.s.frv. Menn á þeim tíma gáfust upp við það verkefni sem þeir hefðu átt að reyna að sinna, þ.e. að skapa þá eðlilega kostnaðarvitund með læknum og ábyrgðarkennd með læknum sem ég efast ekkert um að sé í þeirri stétt í ríkum mæli. En auðvitað eru það þeir sem eiga að hafa vit á því að fara vel með peninga almennings og að sjálfsögðu heilsu sjúklinga sinna þegar kemur að lyfjunum. Þetta var mjög ógeðfelld umræða sem fram fór hér fyrir miðjan síðasta áratug þegar starfsfólk á heilsugæslustöðvum víðs vegar um landið var tekið á námskeið til að læra á alls konar reikni- og sjóðsvélar og miklir fyrirlestrar voru haldnir um þetta efni á spítalagöngum landsins.

Síðan birtist í sumar yfirlýsing eða greinargerð eða töflurit sem ég held að hafi bara verið merkt OECD, eða hvort það var Hagstofa Íslands sem birti það, sennilega mun það nú vera, þar sem fram kemur að kostnaðarþátttaka sjúklinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu yrði að öllum líkindum lægri á árinu 2001 en á árinu 2000 og lægri en hún var á árunum 1997, 1998 og 1999 einnig, svo skeikaði einhverjum brotum úr prósenti.

Einhverjir urðu til að stökkva hæð sína í loft upp og segja: „Þarna sjáiði. Þetta er allt út í hött. Það standast ekki þessar ásakanir um að kostnaðarhlutdeild sjúklinga sé að aukast."

Reyndar er það svo að hún hefur ekki aukist mjög mikið hlutfallslega á allra síðustu árum. Mest virðist aukningin hafa verið rétt fyrir miðjan síðasta áratug og á því bili. Engu að síður hefur hún verið aukin. Hún hefur verið aukin á undangengnum árum og því miður eru enn að berast fréttir af því að aukin gjöld eru tekin af sjúklingum, lyfjakostnaður þyngist og síðan koma þessar undarlegu fréttir um að nú eigi að fara að leggja auknar álögur á sjúkrahótelin eða þá sem þau gista. Reyndar sagði hæstv. heilbrrh. í fréttum að þetta hefði viðgengist, að einfaldlega hefði vantað lagastoð undir þessa gjaldtöku. En ég spyr á móti: Eigum við ekki að hverfa frá þessari gjaldtöku? Er ekki eðlilegt að hverfa frá henni? Ég tel svo vera. Og þegar síðan þessar upplýsingar bætast ofan á þá held ég að ástæða sé til að taka stefnu í þessum málum til gagngerrar endurskoðunar.

Þetta voru sem sagt upplýsingarnar sem fram komu, að sem hlutfall af vergri landsframleiðslu þá væri kostnaðarþátttaka sjúklinga á niðurleið.

Því var ákveðið á vettvangi samtaka launafólks að gera á þessu könnun og fylgja nokkrum sjúkdómstilfellum, eins og það er kallað, sjö sjúklingum í gegnum lyfjameðferð og komu á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús eftir atvikum í eitt ár. Þetta skyldi gert á árinu 1991, á árinu 1996 og á árinu 2001. Og þá koma aldeilis skuggalegar upplýsingar í ljós.

Þannig er að einstaklingur með lungnabólgu og ýmsa skylda sjúkdóma greiddi á árinu 1990 samkvæmt verðlagi ársins í ár — samkvæmt verðlagi ársins í ár því krónurnar voru að sjálfsögðu miklu færri, en þær voru færðar upp til verðlags ársins í ár — árið 1990 greiddi þessi einstaklingur fyrir lyfjagjöf og fyrir læknisþjónustu sem hann þurfti á að halda 7.632 kr. Á árinu 2001 greiðir hann 69.702. Þetta er frá tæpum 8 þús. kr. í tæp 70 þús. Þetta er sprengingin sem þarna hefur orðið.

Einstaklingur sem þjáist af þunglyndi og ýmsum öðrum kvillum — við erum að tala um fólk sem býr við heilsuleysi — greiddi árið 1990 23.697 kr. samkvæmt verðlagi ársins í dag. Það var 1990. Nú er þessi upphæð komin í 72.000. En til áréttingar á því sem ég sagði áðan, að mikið af þessum aukna tilkostnaði var kominn til um miðjan áratuginn, má nefna að upphæðin var komin í 71.248 árið 1996. Þó er ekki einhlítt að þróunin sé þessi.

Gigtarsjúklingur sem þarf á margvíslegri meðferð að halda greiddi 1990 tæpar 30 þús., tæpar 50 þús. árið 2001. Hér erum við að tala um sama verðlag. Við erum að tala um jafnverðgildar krónur því þær hafa verið færðar upp til verðlagsins í dag.

Þetta finnst mér vera óhugnanlegar staðreyndir. Þær koma mér ekki á óvart vegna þess að um þetta hefur pólitísk umræða snúist að verulegu marki á undanförnum árum.

En það er annað sem er merkilegt við þessar upplýsingar sem hér eru reiddar fram, þ.e. hve lyfjakostnaður er mismunandi. Menn fóru út á þá braut fyrir fáeinum árum að markaðsvæða lyfjadreifinguna. Hugmyndin var sú að með því að gera það mætti ná lyfjakostnaðinum niður, þ.e. að ná mætti lyfjakostnaðinum niður með samkeppni. Ýmsir höfðu um þetta efasemdir og margir voru hreinlega andstæðir þessu og bentu á að líklegt væri að þetta mundi koma niður á dreifðum byggðum. Þar væri líklegt að lyfjaverðið yrði hærra en á höfuðborgarsvæðinu og einnig mætti ætla að með því að samkeppnisvæða lyfjamarkaðinn kæmi upp sú tilhneiging í þjóðfélaginu að fá þjóðina til að borða meira af pillum og taka inn meira af lyfjum vegna þess að það væri orðinn atvinnuvegur að koma lyfjunum niður í okkur. Þetta voru sjónarmið sem á vissan hátt eru gild.

En þetta er í rauninni liðin tíð. Þetta hefur gerst. Það er búið að markaðsvæða þessa dreifingu á lyfjunum og þá er að gá hvernig hægt sé að nota markaðinn til þess að keyra lyfjaverðið niður.

Það er mjög athyglisvert í þessum upplýsingum sem hér koma fram og ég er að fjalla um, hve mikil munur er á verðlagningu milli einstakra apóteka og lyfjakeðja. Þannig er

með eitt sjúkdómstilfellið sem hér er greint frá, þ.e. lungnapembusjúkling með skylda sjúkdóma, að ef hann fengi lyf sín samkvæmt verðlagningu með lyfjaskírteinum þá kostuðu þau 78.000 kr. rúmar, en ef hann fengi þau í apóteki þar sem verðlagningin er lægst þá fengi hann þau á 53.270 kr. Þarna munar um 25.000 kr. En síðan er næsta apótek þar fyrir ofan með 61.348. Þarna munar um 9 þús. kr. á milli apótekanna. En síðan er landsbyggðarapótekið með 62.133 og í öðrum sjúkdómstilvikum sem greint er frá í skýrslunni er munurinn á milli apóteka á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðarinnar meiri. Það hefur því sannast að þessi samkeppnisvæðing hefur í raun og sann komið niður á landsbyggðinni að þessu leyti.

Ég kann engin svör við því hvernig eigi að bregðast við þessu. En eitt veit ég, það þarf að skoða þetta og bregðast við því. Að sjálfsögðu eigum við ekki að þola það að fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins búi við annan og lakari kost í þessum efnum. Út á það gengur öll þessi umræða um heilbrigðisþjónustuna og heilbrigðiskerfið, að tryggja öllum þegnum landsins jafnan aðgang að þessari þjónustu, að aðhlynningu og læknisþjónustu án tillits til efnahags. Því miður hefur hér verið fylgt stefnu undangenginn áratug sem hefur gengið þvert á þau markmið og það er kominn tími til að snúa af þeirri braut.

[22:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. kom hér með tölur um kostnaðarþátttöku sjúklinga á síðasta áratug sem BSRB hefur unnið. Ég þakka fyrir það innlegg. Mér hefur ekki gefist tími til að fara yfir þessar tölur í smáatriðum en mér virðist einboðið að við í heilbrrn. gerum það. Ég lýsi því yfir að ég vil gjarnan eiga samstarf við BSRB um að fara yfir þróunina á síðasta áratug.

Hv. þm. tók það réttilega fram að þróunin hefur verið til hækkunar, sérstaklega á fyrri hluta síðasta áratugar. Ég ætla ekkert að orðlengja það en þær hækkanir sem nú hafa verið ákveðnar hafa flestar verið miðaðar við að hækka ekki að raungildi frá árinu 1996. Þarna hef ég ekki upplýsingar á reiðum höndum, t.d. um hvaða áhrif framfarir í læknismeðferð, fullkomnari rannsóknir á síðari hluta áratugarins og reyndar þessum áratug öllum, hafa á þessar tölur, þ.e. dýrari meðferðir og hærri lyfjakostnaður, en mér finnst einboðið að farið verði yfir það.

Ég get staðfest að við áformum að skoða lyfjaverðið og þróun lyfjaverðs í heildsölu og smásölu og þá þróun sem verið hefur verið á síðasta áratug að því leyti. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, þangað til mér verður talin trú um annað, að það að losa um lyfjaverslunina hafi verið til góðs í heildina. Samt er sjálfsagt að skoða þetta kerfi í heild.

[22:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessi jákvæðu viðbrögð.

Varðandi samanburð á lyfjum þá er í flestum tilvikum um að ræða sömu lyf á þessum tíma. Í einhverjum tilvikum eru til komin ný lyf og í einu tilviki kom til dýrara lyf, þannig að það er alveg rétt. En á heildina litið þá er um nákvæmlega sambærileg lyf og sambærilega þjónustu að ræða. Eitt skal tekið fram og áréttað, að þegar heildarkostnaðurinn er reiknaður út þá er lagður þar til grundvallar lyfjakostnaðurinn í þeim apótekum þar sem lyfin eru ódýrust.

Það er rétt hjá hæstv. heilbrrh. að til sögunnar hafa komið ný tækni og ný úrræði og þróunin orðið sú að fólk fer fyrr út af sjúkrahúsum yfir á svokölluð sjúkrahótel. Ég held að það sé mjög mikilvægt að tryggja að þar sé ákveðin samfella og litið á þau sem hluta af heilbrigðisþjónustunni.

Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. heilbrrh. hvernig hann vill taka á eða öllu heldur bregðast við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á að taka 10 millj. út úr þessum geira, eins og lagt er til í fjárlagafrv. Ég hvet hæstv. heilbrrh. til að beita sér fyrir því að það verði endurskoðað.

[22:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi sjúkrahótelin þá er það reyndar rétt sem hv. þm. tók fram í ræðu sinni, að hér er verið að renna lagastoðum undir gjaldtöku sem verið hefur um árabil og hefur reyndar ekki verið mikið í umræðunni. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að sjúkrahótel séu úrræði í heilbrigðiskerfinu sem gefa ber fullan gaum og þróa áfram. Það getur verið full skynsemi í því að útskrifa fólk af spítölum á sjúkrahótel og kann að vera að þetta úrræði verði algengara í framtíðinni en það er núna.

Við munum auðvitað fylgjast með þróun þessarar gjaldtöku í framtíðinni og fara yfir það hvernig þessi gjaldtaka kemur út. Það hafa engin vandkvæði verið við þessa gjaldtöku enn sem komið er en við munum auðvitað fylgjast með þeirri þróun ef sjúkrahótel verða almennt úrræði í heilbrigðiskerfinu. Ég held að það sé skynsamlegt að þau verði það og margt mæli með því að efla þessa starfsemi. En þá munum við að sjálfsögðu fylgjast með því hvernig gjaldtöku verður háttað í framtíðinni fyrir þjónustuna sem þar er veitt. Þarna er ekki verið að taka upp nýja gjaldtöku heldur er rennt lagastoðum undir þá gjaldtöku sem verið hefur í mörg ár.

[22:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við munum fylgjast með þeirri þróun sem hér verður. Ég hefði nú viljað að þessi þróun yrði stöðvuð eða að henni yrði beint í annan farveg. Ég tel mjög óráðlegt að taka 10 millj. frá þessum sjúkrahótelum, eins og stendur til að gera í fjárlagafrv. Með hliðsjón af því hver þróunin hefur verið á liðnum árum og fram kemur í þessari greinargerð BSRB þá finnst mér ástæða til að staldra við og íhuga hvort ekki sé kominn tími til að hverfa af þessari braut. Ég vil eindregið hvetja til þess að hæstv. heilbrrh., sem mér sýnist hafa staðið býsna vel í fæturna gagnvart einkavæðingaröflunum í Sjálfstfl. og hugsanlega einnig í eigin flokki, staldri við og taki einnig þetta sérstaka mál til skoðunar.

[22:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. 3. umr. um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar hefur nú staðið hér í allan dag, frá því klukkan hálfellefu í morgun. Ég kveð mér hljóðs í lok þessarar umræðu til að lýsa furðu minni á því að hæstv. fjmrh. skuli ekki sjá sóma sinn í að flytja hér lokaræðu. Hv. þingmenn sem hér hafa fjallað um frv. í allan dag og gert ótal athugasemdir, margar hverjar mjög uppbyggilegar og með mjög jákvæðu hugarfari, eiga það skilið að hæstv. ráðherra virði þá viðlits. Og ef ekki hæstv. ráðherra þá hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður fjárln.

Í sannleika sagt bjóst ég við að umræðunni yrði lokað með ræðu frá öðrum hvorum þeirra. Það virðist ekki eiga að

gera og ég get ekki, herra forseti, látið slíta þessum fundi án þess að lýsa óánægju minni með það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 22:55.

---

47. FUNDUR

laugardaginn 8. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 348. mál, þskj. 469. — 1. umr.

2. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 114, nál. 461, 464 og 472, brtt. 462, 470, 471 og 473. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Fjárlög 2002, stjfrv., 1. mál, þskj. 425, frhnál. 475, 498 og 499, brtt. 456, 476, 477, 478, 479, 480, 481, 482, 496, 504, 505, 506, 507 og 508. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. umr.

Stjfrv., 348. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 469.
[10:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Sú efnahagsstefna sem fólst í fjárlagafrv. fyrir árið 2002 tók mið af nokkuð breyttri stöðu efnahagsmála. Í stað þeirrar miklu efnahagsuppsveiflu sem ríkt hafði hér á landi undanfarin ár stefndi um sinn í nokkurn samdrátt þjóðarútgjalda og minni hagvöxt en áður. Þessi þróun er að mörgu leyti jákvæð þar sem hún leiðir til aukins jafnvægis í efnahagslífinu sem birtist m.a. núna í ört minnkandi viðskiptahalla auk þess sem horfur eru á að verðbólga hjaðni hratt á næstunni. En á móti kemur að þetta leiðir óhjákvæmilega til minni tekjuauka hjá ríkissjóði. Við þær aðstæður er eðlilegt að afgangur á ríkissjóði verði minni en verið hefur á undanförnum árum.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að afgangur á ríkissjóði á árinu 2002 verði 18,6 milljarðar kr. að meðtöldum tekjum af sölu eigna en 3 milljarðar kr. að þessum tekjum frátöldum. Sú niðurstaða er í fullu samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem miðar að því að viðhalda stöðugleika, styrkja undirstöður atvinnulífsins og stuðla að bættum lífskjörum.

Frá þessum tíma hefur staða efnahagsmála heldur færst til verri vegar. Þar gætir í senn áhrifa lakari efnahagshorfa á alþjóðavettvangi, m.a. í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum, auk þess sem verðlagshorfur hafa heldur versnað í kjölfar gengislækkunar krónunnar að undanförnu. Forsendur fjárlaga hafa því breyst á þann veg að útgjöld hafa óhjákvæmilega hækkað og tekjur lækkað. Ríkisstjórnin hefur hins vegar talið afar mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum og að unnt verði að viðhalda þeim afgangi sem ákveðinn var í fjárlagafrv. Með því eru send afar skýr skilaboð til allra aðila um að leitað verði allra leiða til þess að meginmarkmið stjórnvalda um að viðhalda stöðugleika og treysta stöðu efnahagslífsins nái fram að ganga. Niðurstaða liggur fyrir. Gripið verður til margvíslegra aðgerða jafnt á gjalda- sem teknahlið til að tryggja að meginmarkmið fjárlaganna náist. Sumar þeirra aðgerða krefjast lagabreytinga og hefur þeim að venju verið safnað í eitt frv. svo að um það megi fjalla heildstætt og legg ég áherslu á þann samnefnara þeirra að stuðla að aðhaldi í ríkisfjármálum og halda jafnvægi í ríkisbúskapnum.

Mun ég þá, herra forseti, víkja að einstökum greinum frv. en vísa að öðru leyti til athugasemda sem þeim fylgja. Þar er fyrst að nefna að í 1., 7. og 8. gr. frv. er lagt til að lögbundnum framlögum til Endurbótasjóðs menningarbygginga, þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga og kirkjugarða verði skorinn stakkur í samræmi við þá útgjaldastefnu sem mörkuð hefur verið í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár og raunverulega fjárþörf þeirra að öðru leyti. Þannig er í 7. og 8. gr. frv. lagt til að tekjur þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga af sóknargjöldum og kirkjugarðanna af kirkjugarðsgjöldum taki á næsta ári mið af raunverulegum rekstrarkostnaði þessarar starfsemi en þær hafa fram til þessa verið reiknaðar sem ákveðið hlutfall af tekjuskatti einstaklinga. Þannig hafa þær í raun hækkað um rúm 50% á síðustu tíu árum og á þessu ári einu um 60 millj. kr. umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Ég hef stundum áður gagnrýnt þá tilhögun sem fest hafði rætur allt of víða í íslenskri löggjöf að lögbinda framlög til ýmissa viðfangsefna, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Þegar skattfé er ráðstafað með þessu móti er sá þáttur í fjárstjórnarvaldi Alþingis í raun fyrir fram bundinn þannig að þegar að fjárlagagerðinni kemur er þetta allt saman í raun fyrir fram bundið og með þeim hætti er grafið undan þeim áhrifum sem þinginu er með fjárlögum ætlað að hafa á heildarhagstjórn þjóðarbúsins til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Af þessum sökum hef ég á liðnum árum beinlínis beitt mér fyrir því að sú tilhögun verði markvisst afnumin og framlög til slíkra viðfangsefna þess í stað metin í tengslum við gerð fjárlaga og ákvörðuð í samræmi við þau verkefni sem til úrlausnar eru hverju sinni. Sú verður og raunin með framlög til endurbóta á menningarbyggingum ef tillögur ríkisstjórnarinnar um skattbreytingar ganga eftir en þær gera m.a. ráð fyrir að sérstakur eignarskattur verði í síðasta skipti lagður á á næsta ári.

Þá er, herra forseti, í 2.–5. gr. frv. lagt til að hámark innritunar- og efnisgjalda í framhaldsskólum og skrásetningargjalda í þrjá háskóla verði hækkað. Að frátaldri kennslunni sjálfri njóta nemendur við þær menntastofnanir margvíslegrar þjónustu af þeirra hálfu sem lög hafa um árabil leyft að gjöld væru tekin fyrir. Út af fyrir sig ber enga laganauðsyn til að ákveða fjárhag slíkra þjónustugjalda með lögum, enda er hún í eðli sínu tengd kostnaði af að veita þjónustuna. Ríkisstjórnin hefur á hinn bóginn beitt sér fyrir að hámark slíkra gjalda væri fest í lög þannig að nemendur þurfi ekki að greiða hærri gjöld en því nemur jafnvel þótt kostnaður af þjónustu við þá sé hærri og hafi reyndar farið vaxandi

undanfarin ár, bæði vegna verðlagsþróunar og aukinnar fjölbreytni í þeirri þjónustu sem nemendum stendur til boða. Slíkum umframkostnaði hefði þá þurft að mæta á fjárlögum og er ekki lagt til að á því verði nein breyting.

Á hinn bóginn þykir eðlilegt að kostnaðarþátttaka nemenda eða öllu heldur hámark þeirrar krónutölu sem heimilt er að krefja þá um verði færð til samræmis við verðlagsþróun undanfarinna ára. Þannig er lagt til að hámark innritunargjalda í framhaldsskóla hækki um 40% úr 6.000 kr. í 8.500 kr. á hvern nemanda en það er svipað hlutfall og hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá því að álagningu innritunargjalda var fyrst komið í skipulegt horf árið 1991. Sama er að segja um skrásetningargjöld í háskóla. Þau hafa lítið breyst á sama tímabili en hér er lagt til að hámark þeirra verði hækkað um 30% eða úr 25 þús. kr. í 32.500 kr.

Um hækkun annarra gjalda er það að segja að í 10. gr. frv. er lagt til að bifreiðagjald hækki um 10% sem er þó nokkru lægri hækkun en verðlagsbreytingar á síðustu ákvörðun gjaldsins gefa annars tilefni til.

Þá er í 6. og 11. gr. frv. lagt til að gjöld sem renna til að standa undir veiðieftirliti annars vegar og vopnaeftirliti hins vegar verði færð til samræmis við þann kostnað sem af því stafar. Ekki þarf að hafa mörg orð um ástæður þess að vopnaeftirlit í farþegaflugi hafi hækkað og hefur aukist með tilheyrandi kostnaði. Tillagan um hækkun veiðieftirlitsgjalds sem er reyndar nýbúið að hækka með lögum nr. 125/2001 tekur hins vegar mið af auknum rekstrarkostnaði veiðieftirlits Fiskistofu sem ekki var fullt tillit tekið til við afgreiðslu nýsamþykktra laga.

Loks er í 9. gr. frv. lagt til að svonefnt sjúkraheimili eða sjúkrahótel verði felld brott úr skilgreiningu laga um heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsi. Af því leiðir að dvöl á slíku heimili eða hóteli telst ekki til sjúkratryggðrar þjónustu samkvæmt lögum um almannatryggingar enda þótt ráðgert sé að ríkið standi að mestu leyti undir rekstrarkostnaði slíkra heimila eða hótela með sama hætti og verið hefur. Að þessu leyti skapast á hinn bóginn skilyrði til að mæta því sem á vantar með gjöldum.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel afar mikilvægt að þannig sé á málum haldið varðandi þetta mál sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og reyndar á það við um fjárlögin einnig, að hér springi ekki allt í loft upp í tengslum við kjarasamningana í byrjun næsta árs. Það er skoðun mín, herra forseti, að þær tillögur sem hér eru lagðar fram í þessum bandormi séu ekki til þess fallnar þegar verið er að setja álögur á sjúklinga, skólafólk og bifreiðaeigendur, ferðamenn svo nemi tæpum 1.100 millj. kr. Ég held að þetta sé ekki góð kveðja inn á þann fund sem forusta verkalýðshreyfingarinnar er með nk. mánudag.

Mér finnst, herra forseti, að það sé orðin lenska hjá ríkisstjórninni að leita helst matarholu hjá láglaunafólki, sjúklingum og þeim sem verst hafa það í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég held að það sé mikill vilji hjá verkalýðshreyfingunni að standa þannig að málum að ekki komi til uppsagnar á launalið kjarasamninganna í byrjun næsta árs. Við sjáum í DV í gær að þá eru aðilar vinnumarkaðarins að ræða um að fresta uppsögn launaliðar og, herra forseti, ég held eins og ég sagði áðan að þær aðgerðir sem hér á að grípa til séu ekki til þess fallnar að koma til móts við þau sjónarmið sem verkalýðshreyfingin hefur haft uppi og það sem þarf til þess að ekki komi til uppsagnar á launalið kjarasamninganna. Ég vil vísa þar til ummæla Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ, nýverið eftir að fyrir lá hvaða leið ríkisstjórnin ætlaði að fara, en hann segir að niðurskurður ríkisstjórnarinnar sé í raun aðgerð til að lagfæra bókhald tímabundið og þarna sé verið að fresta framkvæmdum og hins vegar að auka gjaldtöku af venjulegu fólki. Hann segir að verkalýðsforustan telji fulla þörf á því að hagræða á ríkisheimilinu en hún geti ekki fallist á aukna gjaldtöku af venjulegu launafólki.

Fram kemur hjá Grétari Þorsteinssyni að þrátt fyrir að hagræða þurfi hjá ríkinu eins og annars staðar geti verkalýðsforustan ekki fallist á að það sé gert með því að auka álögur á almenning þar á meðal á sjúklinga og skólafólk. Grétar Þorsteinsson segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við föllumst ekki á þá aðferð að þessu vandamáli sé mætt með aukinni gjaldtöku af almenningi."

Halldór Björnsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir, með leyfi forseta, að það sé lenska þegar ríkissjóður eða fyrirtæki skeri niður útgjöld að byrja á þeim sem minnst megi sín. Hann segir einnig að í síðustu kjarasamningum hafi tekist að hækka lægstu launin hlutfallslega meira en það sé þó spurning um afar lágar fjárhæðir sem brenni hratt upp þegar álögur aukist á launafólk. Ég held, herra forseti, að það sé ekkert ofsagt og styðst þar m.a. við það sem fram kom hjá hagfræðingi ASÍ að þær launahækkanir sem um var samið í síðustu kjarasamningum séu brunnar upp í verðbólgunni sem mælist 8% á 12 mánaða tímabili í miklum verðlagshækkunum á nauðsynjavörum sem hafa á stuttum tíma farið upp í 25% og á mikilli vaxtahækkun sem er að sliga heimilin svo dæmi sé nefnt.

Segja má að það sé í nokkrum liðum sem á að fara í vasa sjúklinga, námsmanna og bifreiðaeigenda. Varðandi bifreiðaeigendur verður að segjast eins og er að maður hélt að þar væri mælirinn orðinn fullur. Varla er hægt að ganga lengra vegna þess að álögur á bifreiðaeigendur eru orðnar mjög miklar og hafa verið í gegnum tíðina. Bifreiðagjald er flatur skattur og vegur mjög þungt í framfærslu heimilanna. Að vísu mælist hún ekki í vísitölunni en engu að síður hafa verið verulegar hækkanir á lögboðnum bifreiðatryggingum eins og menn þekkja. Á sl. 2–3 árum hafa þær hækkað um sennilega nálægt 70% og bensínið hefur hækkað gífurlega.

Á það var minnt nýlega í fréttum í útvarpi að fyrrverandi ráðherrar Sjálfstfl., annar fyrrverandi formaður flokksins og hinn varaformaður og fyrrv. fjmrh., hafi ekki verið hrifnir af því að setja miklar álögur á bifreiðaeigendur. Á það var minnt að þegar bifreiðagjald var hækkað — ég man ekki hvað það var mikið — fyrir einum áratug af þáv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni, þá var því mjög harðlega mótmælt af Þorsteini Pálssyni, formanni Sjálfstfl., sem sagði að þessi skattur kæmi með mestum þunga niður á þeim sem kröppust hefðu kjörin og síst þyldu viðbótarálögur. Friðrik Sophusson sagði það augljóst að tilgangurinn með þessu væri að svíkjast um að láta fjármuni af bifreiðum ganga til vegamála. Það væri ekki bara tilgangurin láta fjármuni af bifreiðum ganga til vegamála heldur átti að láta aukna skatta af bifreiðaeigendum renna beint í ríkissjóð. Ég skil ekki annað en þau orð sem þarna voru sögð standi enn og þetta hafi ekki verið skattur sem sjálfstæðismenn hafi fagnað, a.m.k. þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, þó þetta sé eitt af þeim úrræðum

sem þeir beiti nú í þeirri stöðu og uppnámi sem kjarasamningarnir eru í. Ég held að þetta sé ekki skynsamleg leið, herra forseti, ekki síst í ljósi þeirra miklu álagna sem hafa dunið á bifreiðaeigendum á umliðnum 2–3 árum.

Herra forseti. Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. hvort reiknað hafi verið með þeim verðlagsáhrifum sem eru af þessum tillögum sem hér eru lagðar fram og hvort þær hafi komið fram í endurskoðuðum tekjuáhrifum fjárlaga við 3. umr. Ég get ekki betur séð en að verðlagsáhrifin séu veruleg jafnvel þó að bifreiðagjöldin séu ekki inni í vísitölunni. Mér sýnist og hef rætt það við þá sem til þekkja að hér gæti verið um að ræða verðlagsáhrif í vísitölunni upp á 0,5–0,6% og það er ekki gott inn í kjarasamninga eins og ég hef nefnt. Þá er ógetið verðlagsáhrifa sem verða af áfengisgjaldinu sem hefur verið boðað upp á 450 millj. kr. og mér skilst að sérstakt frv. komi um. Ég spyr því hæstv. forsrh. um verðbólguáhrifin af þessu og hvort þau hafi verið tekin með í reikninginn inn í fjárlagagerðina.

Ég vil aðeins fara inn á bílatryggingarnar aftur af því að mér finnst mjög slæmt að velja þá leið. Komið hefur fram að bílatryggingar hafa hækkað um 46% frá því að flest stóru verkalýðsfélaganna innan Alþýðusambandsins skrifuðu undir kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins á árinu 2000. Og það hefur komið fram hjá Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðingi ASÍ, að hún telur að veruleg kaupmáttarrýrnun hafi gengið yfir frá þeim tíma. Hún segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við getum þó séð að fyrir þá sem hafa fengið umsamdar launahækkanir á samningstímabilinu, það er að segja 3,9% í fyrra og 3% í upphafi ársins í ár, 7% samtals þá hefur kaupmáttarrýrnun á þessu tímabili verið um 5%." — Sem sagt frá því fyrir gerð kjarasamninga. 7% launahækkun hefur því ekki dugað til þess að halda uppi einu sinni sama kaupmætti og fyrir kjarasamninga.

Hagfræðingur ASÍ segir að um þriðjungur af starfsmönnum á almennum vinnumarkaði hafi á þessu tímabili fengið umsamdar launahækkanir. Orðrétt segir hún síðan þegar verið er að spyrja hvort hafi hallað undan fæti:

„Það hefur náttúrlega gert það. Það segir sig sjálft að 8,1% verðbólga eins og við höfum hér síðustu 12 mánuðina hún étur mjög hratt upp, hún er löngu búin að éta upp umsamdar launahækkanir tveggja ára en hún étur jafnvel mjög hratt upp mikið launaskrið eins og hefur verið hér á vinnumarkaði."

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er hann sammála hagfræðingi ASÍ um að staðan sé sú, nú þegar við erum að sigla inn í það að kjarasamningum verði hugsanlega sagt upp, að verðbólgan og verðlagsáhrifin séu slík að það sé búið að éta upp allar kjarabætur sem um var samið í síðustu kjarasamningum? En hún segir að 7% launahækkun sé löngu farin.

Nefnd eru ýmis dæmi um verðhækkanir á síðustu 18 mánuðum í þessu viðtali við hagfræðinginn. Vitnað er til þess að samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hafi símakostnaður heimilanna hækkað um tæp 11%, bensín um 4,4%, bílatryggingar um 46% og fiskur um nær 8,5%, grænmeti um 20%, mjólkurlítrinn um 3%. Gífurleg verðlagsalda hefur riðið hér yfir og mér sýnist að það geti alveg staðist hjá hagfræðingnum að það hafi étið upp allar launahækkanir. Hagfræðingurinn segir síðan orðrétt:

„En það sem við höfum verulegar áhyggjur af er það að við sáum í síðustu verðbólgumælingum Hagstofunnar að það séu mjög margir liðir vísitölunnar að hækka sem benda til þess að allir eru farnir í rauninni að hækka undir þessari afsökun að gengið sé að lækka."

Herra forseti. Ég vil aðeins fara inn á þær álögur sem á núna að bæta á skólafólk sem eru verulega miklar og stúdentaráð hefur mótmælt mjög harkalega. Ég held að við verðum að hugsa okkur mjög um þegar verið er að bæta við þessar álögur, innritunargjöldin og skólagjöldin. Ég held að flestir vilji sjá jafnrétti til náms og að unga fólkið geti stundað nám óháð efnahag. Ástæða er til þess að minna á það, og var það rætt ekki fyrir löngu síðan á þinginu, að töluvert er um það að ungmenni flosni upp úr skóla af ýmsum ástæðum, m.a. vegna barneigna, erfiðleika við að koma sér þaki yfir höfuðið o.s.frv. Þetta fólk vill gjarnan eiga möguleika á því síðar að sækja framhaldsskóla, en hér er verið að torvelda það með alls konar álögum og gjaldtökum sem eru afar miklar eins og hæstv. forsrh. nefndi. Ég vil vitna til frv. sem var flutt um breytingu á lögum um framhaldsskóla sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir fluttu á sínum tíma. Það snertir þennan illræmda fallskatt. Þá vitnuðu þær m.a. til Alþingis ungmenna sem var haldið hér fyrir ekki margt löngu og ályktaði að stuðlað skyldi að því að á nýrri öld hefðu allir landsmenn jafnan aðgang og jafnan rétt til náms óháð búsetu, námsgetu, fötlun, efnahag eða öðrum aðstæðum. Einn liður í ályktun þessara ungmenna, unga fólksins sem á að taka við í framtíðinni, var að endurinnritunargjöld í framhaldsskólum skuli afnumin með öllu og að skólagjöld verði ekki lögð á í skólum innan almenna skólakerfisins. Þetta er það sem unga fólkið sér fyrir sér að eigi að afnema í framtíðinni.

Margir hafa orðið til þess að mótmæla þeim leiðum sem hér er verið að fara. Ég hef nefnt stúdentaráð og ég hef nefnt Félag framhaldsskólakennara, svo dæmi séu tekin.

Hér liggja líka fyrir athyglisverðar upplýsingar, sem ég er með í höndunum, þ.e. svar menntmrh. við fyrirspurn Bryndísar Guðmundsdóttur um brottfall nemenda úr skyldunámi á fyrsta ári í framhaldsskólum. Þar kemur fram að um verulegt brottfall er að ræða og t.d. er nefnt að skráðir nemendur í framhaldsskóla séu og hafi verið í gegnum árin á bilinu 70–85%. Það er því um verulegt brottfall að ræða hjá ungu fólki úr námi.

Herra forseti. Þó að það sé ekki í þessu frv. þá er það liður í því að setja gjald á ákveðna hópa. Eins og ég hef nefnt er verið að leggja verulegar álögur á sjúklinga með komugjöldum, með hækkun á gjöldum til sérfræðinga og með hækkun á lyfjakostnaði sem nemur samtals 500 millj. kr. Sýnt hefur verið fram á það og kemur það fram í svari heilbrrh. til mín á Alþingi að kostnaður heimilanna við sérfræðiþjónustu hefur hækkað verulega, en það er um þriðjungur sem heimilin sjálf greiða í sérfræðikostnaði.

Mér fannst athyglisvert sem fram kom hjá Ástu R. Jóhannesdóttur í gær um þær leiðir sem á að fara til þess að auka álögur á sjúklinga. Hún nefndi að þegar verið er að taka þak af kostnaði sjúklinga vegna ferliverka, þá þýði það að hlutur sjúklinga gæti hækkað um 200–300% áður en komi til kasta afsláttarkorta. Hér var um að ræða kostnað sem var áður 5 þús. kr. en hún færir rök fyrir því að sá kostnaður geti farið upp í 18 þús. kr. Hér er um verulega hækkun að ræða, herra forseti, fyrir heimilin í landinu ef verið er að tvö- þrefalda kostnað vegna ferliverka. Því er varla hægt að mótmæla.

Sýnt var fram á það hjá BSRB í gær að á umliðnum árum hefur kostnaður á heimilin í landinu hækkað verulega vegna

lyfja- og lækniskostnaðar. Ég hef ekki farið ofan í þær tölur, en þær virtust nokkuð sannfærandi, um hvaða álögur verið er að setja á sjúklinga.

Þessu til viðbótar hefur ekki samkvæmt fjárlögunum verið staðið við að endurgreiða í eðlilegu hlutfalli kostnað fólks vegna tannlækninga vegna deilna sem uppi hafa verið milli tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins sem bitnað hafa með fullum þunga á þeim sem síst skyldi. Er ég að tala þar um þroskahefta einstaklinga, langveik börn o.s.frv. Ég hélt að hæstv. heilbrrh. hefði alla möguleika á því að setja upp sérstaka gjaldskrá sem hefði þá tekið verðlagshækkunum, a.m.k. meðan verið væri að reyna að ná samningum við Tryggingstofnun ríkisins.

Hér er verið að fara í að hækka greiðslur þeirra sem eru á sjúkrahótelum. Sagt er að hér sé um að ræða gjöld sem hafi verið áður, en hér er verið að festa þetta rækilega í sessi að mér sýnist og setja inn ákveðið merki um að hér eigi að fara í gjaldtökur á sjúkrahúsum.

Herra forseti. Því hefur verið mótmælt hvernig eigi að fara með sóknargjöldin í þessum bandormi. Þingmenn hafa fengið bréf frá sóknarpresti í Stóra-Núpsprestakalli í Árnesprófastsdæmi þar sem hann mótmælir þessu harðlega og færir athyglisverð rök fyrir því að ríkissjóður eigi ekki að seilast í þennan vasa. Presturinn segir að sóknargjöldin séu ekki útgjöld ríkisins til þjóðkirkjunnar heldur hrein og klár félagsgjöld innheimt af ríki og renni þau til viðkomandi safnaðar sem greiðandi tilheyrir. Gildir þá einu hvert trúfélagið er. Sóknargjaldið er ekki nefskattur heldur breytilegt gjald sem nemur hlutdeild í tekjuskatti og álögum samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt. Hann bendir þingmönnum á að fjmrn. sé rukkunaraðili rétt eins og gjaldkerar í klúbbum og félögum og rétt eins og þeir sem stunda virðisaukandi starfsemi beri almennt að standa skil á honum, annars lendi menn í vondum málum. Mér finnst rökin sem presturinn setur fram mjög athyglisverð því ekki er eðlilegt að seilast í það fjármagn sem kirkjan hefur til umráða til þess að bæta stöðu ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég held að ríkisstjórnin sé að fara vondar leiðir og þær eru slæmt innlegg inn í þá kjarasamninga sem losna núna innan nokkurra vikna. Ég bendi á þær leiðir sem við í Samfylkingunni höfum viljað fara til þess að rétta af stöðu ríkissjóðs sem komu fram við 3. umr. fjárlaga. Þar er um að ræða verulega fjármuni eða um 3 milljarða kr. sem við setjum fram raunhæfar tillögur um til þess að rétta af stöðu ríkissjóðs. Ef þær leiðir hefðu verið farnar hefði ekki þurft að fara þá vondu leið sem ríkisstjórnin er hér að leggja til með auknum álögum á þá sem síst skyldi, sjúklinga og skólafólk.

[10:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta síðasta því að tillögur Samfylkingarinnar voru algjörlega óraunhæfar eins og menn vita.

Varðandi verðlagsáhrifin þá eru þau tiltölulega óveruleg. Auðvitað eru þau nokkur, en þó óveruleg. Hv. þm. nefndi hins vegar hækkun á bifreiðagjaldinu. Mér fannst dálítið merkilegt að ungur fréttamaður skyldi muna eftir því sem gerst hafði fyrir 11 árum. Ég tók reyndar eftir því að hæstv. fyrrv. ráðherra, sem var í ríkisstjórn þegar þetta var hækkað, mundi þetta nú ekki nákvæmlega. Við erum að hækka um 10% en hæstv. fyrrv. ráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson, hækkaði þetta um 50%. Ég lét athuga þetta í þingtíðindum. Ég taldi víst að ráðherrann Jóhanna Sigurðardóttir hefði verið þessu algerlega andvíg, en það finnst ekki í þingtíðindunum. Þetta var að vísu mjög lausleg leit og ég tel algjörlega víst að hv. þm. hafi mótmælt þessu harðlega því þetta var 50% hækkun á bifreiðagjaldi en ekki 10% eins og nú. Þessi mótmæli hljóta að finnast við nánari skoðun. Þetta er vegna þessara orða sem sérstaklega voru nefnd.

Verðbólgan á sl. 12 mánuðum er rúm 8%. Hins vegar er spáð 3,5% verðbólgu af stofnunum frá upphafi næsta árs til loka þess. Þar verða því auðvitað mikil umskipti og gleðileg, ef það gengur fram. Auðvitað vitum við aldrei nákvæmlega um það. Það gæti gengið hægar. Það gæti líka gengið hraðar ef gengið styrkist með þeim hætti sem spástofnanir núna búast við.

Varðandi gjaldtöku af því tagi sem hér er nefnd þá vek ég athygli á því að í þessu samhengi er oftast nær verið að færa gjöld í áttina að raunverðlagi, ekki einu sinni að raunverðlagi miðað við það sem verið hefur heldur í áttina að raunverðlagi, svo sem eins og þau hámarksgjöld varðandi skólana sem nefndir eru sérstaklega. Þá er verið að færa það í átt að raunverðlagi. Ef fólk kann einföldustu reikningsaðferðir þá getur það áttað sig á því og þarf ekki að flissa hér til merkis um að það kunni ekki einföldustu reikningsaðferðir.

[11:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skora á hæstv. forsrh. í samanburð með mér á álögum á bifreiðaeigendur á árinu 1991 og eins og þær eru í dag. Ég fullyrði, án þess að hafa farið í þann samanburð nákvæmlega, að álögur á bifreiðaeigendur eru núna margfalt meiri en þær voru á árinu 1991. Þar erum við bæði að tala um bensín og tryggingagjöld sem þessi ríkisstjórn lætur alveg óáreitt. Tryggingafélögin fá að valsa um eins og ríki í ríkinu og setja álögur á bifreiðaeigendur upp á 70–80% á 2–3 árum. Bensínhækkanir hafa aldrei verið meiri og ég þori alveg í samanburð með hæstv. ráðherra um bifreiðagjöldin.

Varðandi það að við séum með óraunhæfar tillögur hjá Samfylkingunni vísa ég því á bug, blæs á það sem forsrh. segir og ég spyr hann: Af hverju eigum við — þegar við erum að setja álögur á sjúklinga — að hækka útgjöld á aðalskrifstofum ráðuneyta? Þá er ég að tala um raunhækkun upp á 170 millj. Skilaðu því, virðulegi forsrh., til að við getum þá minnkað álögur á sjúklingana. Og að ekki sé hægt að minnka sérfræðiaðstoð hjá ráðuneytum og stofnunum er alveg út í hött. Kostnaðurinn hefur blásið út um 2–3 milljarða á mjög stuttum tíma og auðvitað er hægt að skera fitulagið af því um svona 500 millj. kr. Það er líka hægt að skera niður útgjöld vegna ferðalaga og risnu sem hafa aukist um 500 millj. á tveimur árum. Það er meira að segja staðfest af Ríkisendurskoðun sjálfri þannig að það sem hæstv. ráðherra er að segja er auðvitað allt út í hött. Svo þurfum við að fara inn í þann samanburð sem ráðherrann er líka að tala um, að það séu lítil sem engin verðlagsáhrif af þessum leiðum sem hér er verið að fara. Auðvitað verða til þess bærir menn kallaðir til, m.a. frá Þjóðhagsstofnun sem hæstv. ráðherra vill leggja niður.

[11:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Þegar hv. þm. var í ríkisstjórn og var að hækka bifreiðagjaldið um 50%, á móti okkar 10%, var á sama tíma kaupmáttur almennings í landinu að lækka um 15%, í tíð

þeirrar ríkisstjórnar. Á sama tíma og kaupmáttur almennings í landinu var að lækka um 15% og ráðherrann sat sem ánægðust í ríkisstjórninni hækkaði hún bifreiðagjaldið um 50%. Við hækkuðum bifreiðagjaldið um 10% sem ekki hefur hækkað síðan 1998, þ.e. það nær ekki einu sinni raunvirðishækkunum, og það gerist í ástandi þegar kaupmáttur fólksins í landinu hefur hækkað um yfir 25%. Allir sjá í hendi sér þann samanburð. Það þýðir auðvitað ekki — og hv. þm. veit betur — að kenna ríkisstjórninni um það að tryggingagjöld hækki í landinu. Það er alveg ljóst að ábyrgðarskuldbindingar tryggingafélaganna eru miklu meiri nú en áður var og það var algjörlega nauðsynlegt því að fólk sem laut þeim tryggingum og þurfti að hafa þær í lagi var ekki nægilega varið eða verndað með þeirri tryggingavernd sem þá var. Það þótti öllum ljóst og öllum þótti það brýnt — ég hygg einnig hv. þm. — að sú tryggingavernd yrði aukin. Hún var ekki nægilega sterk og öflug. Það var gert og auðvitað hefur það í för með sér að tryggingaiðgjöld hækka. Það gefur augaleið og þarf ekki neinn að undra.

Í meginatriðum er ríkisstjórnin að gæta þess, m.a. með hliðsjón af kröfum Alþýðusambandsins og annarra aðila, að sá afgangur sem var ákveðinn af ríkissjóði þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust, haldist, hann gangi ekki til baka þrátt fyrir breyttar aðstæður. Það er hin ábyrga afstaða ríkisstjórnarinnar og því miður hefur Samfylkingin ekki séð ástæðu til að taka þátt í þeim ábyrgðarstörfum þó að Samfylkingin hafi til að mynda sl. vor lagt til að hækka ætti skatta á almenning eins og formaður flokksins, núverandi og þáverandi, sagði að væri skynsamlegt að gera, hækka skatta á almenning til að standa gegn þenslu. En nú er allt í einu öllum slíkum hugmyndum andmælt þó að þær séu í afskaplega smáum stíl gerðar og reynt að gæta mikillar varúðar.

[11:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mundi fara varlega í það í sporum hæstv. forsrh. að vera að tala um og bera saman kaupmátt nú og einhvern tímann áður, einfaldlega vegna þess, eins og ég var að vitna til, að sú launahækkun sem var samið um í síðustu kjarasamningum er löngu horfin, og það er vegna þess að ríkisstjórnin hefur glutrað niður allri stjórn á efnahagsmálum. Það sem við stöndum frammi fyrir nú er að verðlagshækkunin hefur verið svo mikil að kjarasamningar eru í uppnámi.

Það er auðvitað bara barnaskapur að vera að bera saman stöðuna 1991 og þá sem hefur verið 2–3 síðustu árin með þeirri uppsveiflu sem hefur verið í efnahagslífinu. Auðvitað voru miklu meiri þrengingar í ríkisfjármálum árið 1991 heldur en núna. Mér finnst það í takt við það sem þessi flokkur stendur fyrir, Sjálfstfl., að forsrh. skuli hafa geð í sér að standa hér og verja tryggingafélögin sem hafa verið að níðast á bifreiðaeigendum með hækkunum á lögboðnum tryggingum langt umfram það sem skaðabótalögin gáfu tilefni til. Svo stendur hann hér og talar um skattamál og skattalækkanir — allir vita hvernig skattalækkanirnar voru 1997. Fyrst og fremst þeir sem höfðu nokkuð betri tekjur fengu skattalækkanir, og á kostnað hverra, herra forseti? Á kostnað lægst launaða fólksins sem er með tekjur undir 90 þús. kr. þar sem skattleysismörkin höfðu verið fryst. Það er fólk sem er með tekjur undir 90 þús. kr., lífeyrisþegar og láglaunafólk, sem greiðir einn milljarð í ríkissjóð og til sveitarfélaganna í skatt á ári á sama tíma og verið er að lækka skatta á stóreignafólki og stórfyrirtækjum langt undir það sem eðlilegt er. Ég er ekki hissa á því, herra forseti, þó að forsrh. líði illa í ræðustólnum.

[11:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hygg að þessi bandormur sem hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir sé langmerkilegastur fyrir þá sök að í honum er auðvitað fólgin yfirlýsing, miklu fremur en í innihaldinu sem slíku. Í flutningi þessa bandorms um ráðstafanir í ríkisfjármálum er fólgin yfirlýsing af hálfu hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar um að góðærinu sé lokið. Þetta er klassískur vandræðabandormur sem er fluttur vegna þess að menn fara í svona reddingaraðgerðir þegar ríkisfjármálin eru komin í ólag, þegar efnahagsforsendurnar eru versnandi og á síðustu stundu er verið að reyna að bjarga andlitinu og rumpa saman fjárlögunum þannig að þau líti sæmilega út á pappírunum. Þetta er nákvæmlega svoleiðis plagg. Þetta er hallærisefnahagsvandræðabandormur, og svoleiðis óféti hafa aldrei þótt skemmtileg.

Langmerkast er auðvitað að með þessu eru ákveðin vatnaskil í allri umræðu um efnahagsmál og ríkisfjármál á síðustu mánuðum og missirum. Það er ekki hægt að lýsa því yfir með skýrari og afdráttarlausari hætti af hálfu eins forsrh. að hér séu skollnir á efnahagserfiðleikar en nákvæmlega með þessu enda var lítið gleðibros í ranni þegar hæstv. forsrh. lýsti yfir með þessum hætti að góðærinu væri lokið, það væri gufað upp, úti ævintýri.

Það sem er svo lakara, herra forseti, er að ég held að afar fáir hafi trú á því að í þessum ráðstöfunum sem slíkum og öðru sem tengist lokafrágangi fjárlaga hér og skattamálum séu fólgin mjög trúverðug eða efnisleg viðbrögð við núverandi vanda í efnahagsmálum. Þetta er óskaplegt hálfkák og ráðleysi. Allur aðdragandi málsins ber það náttúrlega með sér, niðurskurðurinn er boðaður í beinni útsendingu og aðrir stjórnarliðar koma algjörlega af fjöllum, sitja við útvarpstækin sín eða sjónvörpin og trúa varla eigin eyrum því að forsrh. er að boða þeim niðurskurð á fjárlagafrv. sem menn eru að hamast við að hækka við 2. umr. Svo fer í gang hálfvandræðakennd atburðarás, eins og menn muna, við að reyna að koma þessu öllu í búning. Ég held, herra forseti, að þeir sem hafa fylgst með vinnubrögðunum og séð hvernig þetta hefur borið til átti sig á því að þetta er ekki mjög trúverðugt. Að lokum held ég að hæstv. forsrh. hafi orðið ljóst að eitthvað yrði að gera til að reyna að senda þau skilaboð út í þjóðfélagið að það væri þó einhver viðleitni, einhver vilji, til að reyna eitthvað. Þá fæddist þessi litla mús, þá fæddist þetta hér, eftir sjónvarpsþáttinn fræga sunnudaginn 25. nóvember á Skjá 1.

Þá kemur að pólitíkinni og innihaldinu í þessu, herra forseti, að svo miklu leyti sem það er eitthvert. Það var eins og við mátti búast að breiðu bökin sem ríkisstjórnin fann voru sjúklingar og námsmenn. Ekki er hér í sjálfu sér um að ræða stórar fjárhæðir þegar þær eru settar í heildarsamhengi ríkisútgjaldanna en þær eru tilfinnanlegar fyrir þessa sérstöku hópa sem verða þarna fyrir barðinu á gæsku ríkisstjórnarinnar. Það er dálítið merkilegt út frá almennum pólitískum vangaveltum að ríkisstjórnin skuli leggja í þennan leiðangur og baka sér þær óvinsældir og þá andúð í samfélaginu sem svona aðgerðir eru dæmdar til að gera, þegar ráðist er sérstaklega á tiltekna hópa á sama tíma og verið er að hygla jafnvel öðrum betur stæðum eins og hátekjufólkinu, og hafa ekki meira upp úr krafsinu. Einhvern tíma hefði þetta verið kölluð, herra forseti, pólitísk heimska. Ef menn fara í svona

leiðangur á annað borð og baka sér þá erfiðleika sem því eru samfara er eins gott að reyna að hafa eitthvað upp úr krafsinu.

Mér finnst t.d. hæstv. heilbrrh. fara heldur snautlega ferð þegar hann fellst á þessa gjaldtöku á sjúkrahótelunum sem er tilfinnanleg fyrir lítinn tiltekinn hóp í samfélaginu, pólitískt ákaflega ógeðfelld aðgerð, og hafa 10 millj. upp úr krafsinu. Hvað er það í prósentum í öllum heildarútgjöldum heilbrigðisgeirans? Þannig getum við tekið dæmi.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta á engan hátt, herra forseti, hvort sem litið er til þess efnahagslega, pólitískt eða út frá sanngirnis- og réttlætissjónarmiðum vera verjandi lending. Þetta er hin mesta hörmungarsmíð sem hér hefur litið dagsins ljós.

Tökum fyrst þjóðarbókhlöðuskattinn og röksemdafærsluna þar, herra forseti, sem er nokkuð kúnstug. Það er þessi venjulega tugga um að það sé svo vont að hafa markaða tekjustofna eða eitthvað þannig fyrir fram bundið í fjárlögum, þá sé fjárlagavaldið og hagstjórnarvaldið tekið af Alþingi. Nú muna þeir allt í einu eftir Alþingi. Hér kemur Alþingi í annarri hverri setningu. Nú er það ekki ríkisstjórnin eða forsrh. einn sem fer með valdið heldur Alþingi þegar það á við. Svo kemur að það sé sem sagt vont að takmarka svona fjárlagavald Alþingis, herra forseti. Ég er á bls. 1, 2 og 3 í greinargerð með frv., ég veit að ég fæ góðfúslegt leyfi forseta til að vitna í þetta, kannski óbeint, en þar segir m.a.:

„Ákvæði um lögmælt framlög verða því að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja. Af þeim sökum eru í fjárlagafrumvarpinu lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun hins sérstaka eignarskatts sem kveðið er á um í lögum nr. 83/1989 ...“ Formfræðin er orðin að rökum. Það eru engin efnisrök færð fram í greinargerð með frv. heldur bara þessi fabúlering um að þetta eigi ekki að vera svona, það sé slæmt fyrir Alþingi að hafa markaða tekjustofna því að það takmarki svigrúm þess við fjárlagagerð hverju sinni. Af þeim sökum verður að skerða þjóðarbókhlöðuskattinn svo og svo mikið í ríkissjóð. Það er ekki vegna þess að það sé ekki þörf fyrir peningana, í endurbæturnar. Það er ekki sagt. Það eru ekki færð sérstök efnahagsleg rök fyrir því að svona verði þetta að vera heldur er þetta svona leitt út úr þessu. Komst hæstv. menntmrh. í þennan texta eða hver vélaði hér um?

Herra forseti. Það er ákaflega skemmtilegt varðandi þennan sérstaka eignarskattsauka sem, ef ég man rétt, enginn flokkur hefur hatast eins mikið við og Sjálfstfl., en hann hefur fundið upp alls konar nafngiftir á slíka eignarskatta og eignarskattsálögur eins og að kalla þetta ekknaskatt og guð má vita hvað og talað sig alveg hása á fyrri þingum um að það yrði forgangsverkefni hjá Sjálfstfl. að henda þessu út í hafsauga þegar hann kæmist að — nú er flokkurinn búinn að búa við þennan skatt í 10–12 ár og lætur nú svo lítið að skerða hann frá þeim menningarverkefnum sem menn töldu þó að réttlættu það að hafa hann þannig að þetta er orðið að hreinum skattstofni í ríkissjóð hjá Sjálfstfl. undir lokin. Til hamingju, hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde, að hafa þarna fundið sérstakan skattstofn.

Það er síðan alveg ljóst, herra forseti, að sú skerðing á ákveðnum verkefnum sem þessi skattstofn hefði átt að fjármagna er mjög tilfinnanleg. Ég nefni þar t.d. sérstaklega húsafriðunarsafn Þjóðminjasafnsins. Það er auðvitað afar dapurlegt að sjá svo naumt skammtað til þess málaflokks þar sem menningarverðmæti liggja undir skemmdum úti um allt land. Þetta eru gríðarlega góð verkefni yfirleitt í þeim byggðarlögum þar sem verið er að vinna að endurgerð og varðveislu gamalla húsa. Þetta er mjög atvinnuskapandi. Fjárveitingar fara að langmestu leyti í vinnulaun handa handverksmönnum og þeim sem þarna annast framkvæmdir og þessi menningarverðmæti þjóðarinnar liggja undir skemmdum í stórum stíl tugum talið úti um allt land. En þá er nánasarskapurinn svona mikill að þessi hungurlús sem er í þetta verkefni er skert sérstaklega, 65 millj. eða hvað það nú var sem var í sjálfu frv.

Herra forseti. Þá kem ég að framhaldsskólunum og þar koma skólagjöldin til sögunnar. Með hækkun innritunargjalda úr 6.000 kr. í 8.500 og síðan aftur þegar kemur að efnisgjöldunum úr 25 þús. í 50 þús. Svo koma menn örugglega hér og segja: Þetta eru ekki miklir peningar. Hvern munar um 6 þúsundkall? Er ekki verið að gera úlfalda úr mýflugu að vera að ræða eitthvað um þetta? Það er heilmikill kostnaður sem skólarnir hafa af þessu, ljósritun og pappírar og alls konar hlutir. Það sem er að gerast í sambandi við skólagjöld og innritunargjöld bæði í framhaldsskóla og háskóla er að fyrst búa menn til skilgreiningu um að verið sé að borga fyrir einhverja tiltekna hluti. Eftir nokkur ár er það orðið að óumdeildri forsendu gjaldtökunnar og menn hætta að horfa á það sem skiptir máli að það er farið að láta nemendurna borga að hluta til fyrir kostnaðinn við skólahaldið og síðan er tilhneigingin alltaf sú að ganga á lagið og menn finna sér auðveldlega aðferðir til að breyta forsendunum, skilgreina þetta upp á nýtt. Það sé kominn ýmiss konar viðbótarkostnaður og hvað er þá að gerast jafnt og þétt? Menn eru farnir að borga fyrir skólana og þá fer efnahagur aðstandendanna að skipta máli og aðstaða að öðru leyti. Það er auðvitað það sem gerist. 50 þúsundkall er 50 þúsundkall hvað sem hann heitir, fyrir fátækan námsmann t.d. af landsbyggðinni sem er að koma hingað suður með ærnum kostnaði að sækja sér verknám. Er það endilega þannig að við kaupum það að af því að það er einhver efniskostnaður í verknámi þá skuli þeir sem fara í það en ekki í bóknám borga 50 þúsund í viðbót fyrir menntun sína? Hvenær var skrifað upp á það? Það geri ég ekki. Ég tel að skólarnir eigi í grundvallaratriðum að vera ókeypis, borgaðir af sameiginlegu skattfé og ég blæs á þessa nálgun sem veður hér uppi í umræðunni að þetta sé allt í lagi bara ef menn geta hengt gjaldtökuna á einhvern tiltekinn pappír, að það kosti svona og svona mikið að ljósrita eða það kosti svona og svona mikið efnið í eitthvert verknám. Hvar enda menn þá? Menn geta haldið áfram að þróa þessa skilgreiningu sína þangað til ekkert er eftir nema kannski launin við kennsluna. Allt hitt er komið yfir á herðar nemendanna. Þessi vegferð getur endað þannig. Þess vegna verða menn að vera með grundvallaratriði í þessu algerlega á hreinu og ég mótmæli sérstaklega þessari grófu hækkun á efnisgjöldunum. Og hvað er svo sagt í þessari 2. gr.? Hún afhjúpar hugsunarháttinn. Hér er sagt, með leyfi forseta, og þá er ég að tala um hækkunina á efnisgjöldunum:

„Með þeirri breytingu er komið á móts við þarfir þeirra skóla, sem bjóða upp á tiltölulega dýrt verknám, t.d. í matvæla- og málmiðngreinum, enda hefur reynslan sýnt að gildandi hámark er ekki í samræmi við raunverulegan efniskostnað í þeim greinum.“

Höfundur þessa texta er búinn að kaupa það sem óumdeilanlega forsendu að nemendurnir eigi að greiða þetta og er hættur að hafa af því áhyggjur að þar með er auðvitað farið að láta menn borga í talsverðum mæli fyrir kostnað sem tengist

náminu. Og hvar endar sú vegferð? Ég hafna þeirri forsendu. Hún er ekki sjálfgefin og mun leiða til mikils ófarnaðar ef menn gefa eftir jafnt og þétt inn á þá braut og minnumst þess að ekki er svo óskaplega langt síðan þessi ósköp hófu göngu sína, nánar tiltekið í tíð ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. 1991–1995. Og ég segi: Það er tilfinnanlegt fyrir nemendur eða fjölskyldur þeirra sem t.d. eru að sækja verknám sem ekki eru í boði nema á fáeinum stöðum á landinu þannig að því fylgir oft mikill uppihaldskostnaður og ferðalög fyrir viðkomandi nemendur að bæta svo ofan á það 50 þúsund kr. í efnisgjöld umfram það sem bóknámsnemdur borga því að þessir nemendur eiga að borga innritun sína eins og aðrir.

Í háskólanum eru þetta auðvitað líka peningar sem munar mikið um og skólagjaldtakan er, með því sem hér er verið að bæta við, samtals upp á rétt tæpar 100 millj. kr. þegar þetta er lagt saman. 38,4 millj. í framhaldsskólana vegna innritunargjaldanna, allt að 10 millj. vegna verknámsskólanna í efnisgjöld, 34,6 millj. í hækkun innritunargjalda hjá Háskóla Íslands, 4,9 millj. í Háskólanum á Akureyri og 8,9 millj. í Kennaraháskólanum, og þá erum við komin í rétt tæpar 100 millj. í ný skólagjöld. Hver ætlar að segja að það muni ekki um þetta? Berum þetta saman við aðra liði eins og t.d. fjárhæðir sem fara til jöfnunar námskostnaðar og þá sjáum við að ríkið er að taka til baka drjúgan hluta af slíku ef við setjum þetta t.d. í samhengi. Það er fjarri því að hægt sé að gera lítið úr þessu með því að segja að þetta séu lágar prósentur eða ekki háar upphæðir sem neinn muni um. Það munar víst um þetta. Þeir sem ekki vita að fátækan námsmann og fjölskyldu hans munar um 50 þús. kr. eru veruleikafirrtir. Þeir lifa í öðrum heimi en það fólk.

Herra forseti. Um sjúkrahótelin hef ég aðeins fjallað og verð að segja að mér finnst það líka dapurlega að verki staðið að fara út í slíka breytingu sem við vitum að bitnar ekki síst á og er gjaldtaka til viðbótar á langveika sjúklinga t.d. á landsbyggðinni sem þurfa í ríkum mæli að vera hér langdvölum vegna veikinda sinna og nota þá þessi sjúkrahótel. Og ætli þeir og aðstandendur þeirra hafi ekki ærnar byrðar fyrir að bera vegna veikindanna og kostnaðar sem þeim tengjast. Má ég minna á nýja könnun sem BSRB stóð fyrir sem sýnir svart á hvítu að til viðbótar öllu öðru er lyfjakostnaður sjúklinga á landsbyggðinni mun hærri en á höfuðborgarsvæðinu. Það hallar því á þann hóp í öllu tilliti og reglur um endurgreiðslur ferðakostnaðar og annað því um líkt er þannig að fyrir utan það áfall sem það er fyrir fólk í fjarlægum dreifðum byggðum að veikjast, þá fylgir því óumflýjanlega gríðarlegur kostnaður umfram það sem aðrir bera.

Ég tók fyrir einu eða tveimur árum, herra forseti, raunverulegt dæmi af manni á Bakkafirði sem lenti í tilteknum veikindum og þurfti 4–6 sinnum á ári að fara ýmist til Akureyrar eða hingað suður og sat uppi með kostnað á bilinu 150–200 þús. eftir að hafa fengið nýtt alla möguleika til endurgreiðslu kostnaðar sem honum stóð til boða og þetta voru blákaldar staðreyndatölur úr dæmi þessa tiltekna manns.

Um skólagjöldin ætla ég að bæta aðeins við að það var einn farsinn enn í því máli að Framsfl. gerði uppsteyt. Nokkru eftir að fjárlagafrv. kom fram með þeim forsendum að hækka skólagjöldin, innritunargjöldin í háskólanum í 35 þús., þá gerði Framsókn uppsteyt eins og hún hefði ekki staðið að fjárlagafrv. Hvernig var fjárlagafrv. afgreitt í þingflokkum stjórnarflokkanna? Var Framsókn með fyrirvara á þessu? En hún gerði uppsteyt og gott og vel. Það gladnaði yfir ýmsum að nú mundi Framsókn berja niður hækkun skólagjaldanna og ég er hér með viðtal sem Morgunblaðið tók við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson þar sem hann sagði: Framsóknarmenn telja ekki rök fyrir slíkri hækkun. Hún er of mikil, hún er umfram forsendur og lög. En þeir gætu fallist á 30 þús. Að 25 þús. yrðu 30 þús. en ekki 35. Hver var svo niðurstaðan? 32.500. Sjálfstfl. hefur greinilega gengist í það sem uppeldislegt verkefni að berja Framsókn niður. Hvað eru þeir með uppsteyt? Þeir skulu fá að kyngja þessu eins og öllu öðru og niðurstaðan er sú að 30 þúsundkall Framsóknar verður 32.500. Og þá er þetta þannig að fyrst er lagt fram stjfrv. með forsendum um að skólagjöld hækki úr 25 þús. í 35 þús. Það eru 10 þús. kr. þar á milli. Nokkrum vikum eftir að fjárlagafrv. er komið fram, sem ég vissi ekki annað en væri á ábyrgð beggja stjórnarflokkanna, þá gerir Framsókn uppsteyt undir forustu merkra manna eins og hv. þm. Hjálmars Árnasonar og Kristins H. Gunnarssonar. Getum ekki sætt okkur við meira en 30 þús. Það eru ekki rök fyrir slíkri hækkun, sögðu þessir sérfræðingar Framsfl. í menntamálum. Við erum búnir að fara ofan í þetta, efnisgjöldin og allt það, það eru ekki rök fyrir meiru en 30 þús. kr. Niðurstaðan 32.500. Það eru 7.500 frá 25 þúsundkallinum þannig að þetta var svona $^3/_4$ sigur fyrir Sjálfstfl. og greinilegt að þeir hafa gengið í það sem uppeldislegt verkefni að kenna Framsókn að vera ekki með svona uppsteyt. Þeir skyldu kyngja þarna 2.500 kr. til viðbótar og halda sig á mottunni og það er niðurstaðan.

Herra forseti. Að lokum verð ég að segja eins og er að mér finnst viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við aðsteðjandi vanda í efnahags- og ríkisfjármálum því miður að langmestu leyti ótrúverðug. Það er að vísu þannig að alltaf er auðvelt að vera vitur eftir á. Það gildir um okkur öll og við sjáum nú betur en við gerðum á árunum 1998, 1999 og 2000, þau mistök sem menn þá gerðu, mest með aðgerðaleysi sínu gagnvart þeim skýru skilaboðum sem þá voru að koma, að taka ekki á málum fyrr. En þá verða menn að horfast í augu við stöðuna eins og hún er og reyna sitt besta til að glíma við hana. Ég hef ekki þá sannfæringu, því miður verð ég að segja, að menn séu með trúverðugum hætti að takast á við vandann þannig að vænta megi verulegs bata í þessum efnum, t.d. þegar á fyrri helmingi næsta árs eins og hæstv. ráðherrar sumir eru að spá. Ég held að fyrri helmingur næsta árs verði afar afdrifaríkur hvað varðar allar meginforsendur efnahagsmála hér í landinu. Þá mun að verulegu leyti ráðast hversu djúp og langvinn þessi efnahagsniðursveifla eða kreppa verður. Það hvernig tekst til í sambandi við verðlagsþróun, gengismál, kjarasamninga, vexti og fleiri þætti á næstu 6–9 mánuðum verður geysilega afdrifaríkt, herra forseti. Við verðum auðvitað að vona það besta en það er ekki hægt að segja að framganga hæstv. ríkisstjórnar auki manni sérstaklega bjartsýni í þeim efnum.

[11:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem ég vildi mega nefna. Hv. þm. sagði að þetta mál, bandormurinn, væri sérstök yfirlýsing um það af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar, skýr og ótvíræð, að efnahagslífið væri brostið. Því fer auðvitað fjarri. Ef efnahagslífið væri brostið, ef menn væru að horfa framan í kreppu eins og talað er um, þá væru menn ekki að slást fyrir því með heilmiklum erfiðleikum að sjá til þess að ríkissjóður væri rekinn með afgangi. Ef efnahagslífið væri brostið, ef menn sæju framan í mikla kreppu, þá væri líklegra að menn hefðu tekið þá ákvörðun að reka ríkissjóð með töluverðum

halla til að mæta þeirri staðreynd ef hún lægi á borðinu. Sú staðreynd að menn eru að berjast um og vinna að því að tryggja að ríkissjóður sé rekinn með afgangi segir einmitt að við teljum okkur vera að komast í gegnum þá niðursveiflu sem orðin var og sem að sumu leyti var nauðsynleg, eins og kom fram í upphafsræðu minni.

Það er annað atriði sem vakti athygli mína. Hv. þm. sagði að hann undraðist það að menn væru að baka sér óvinsældir og hafa svo svona lítið upp úr krafsinu. Þá skildi ég þetta með bifreiðagjaldið sem hv. þm. tók þátt í að hækka um 50%. Þeir hafa setið þarna og sagt: Það verður svo óvinsælt að hækka þetta um 10%, við verðum óvinsælir og höfum lítið upp úr krafsinu, við skulum fara upp í 50%, hafa verulega mikið upp úr krafsinu. Þá kom fram skýringin og ég er hv. þm. afskaplega þakklátur fyrir að koma með þá skýringu. Ég var að velta því fyrir mér af hverju þeir fóru svona rosalega harkalega að almenningi á sinni tíð þegar þeir hækkuðu þetta gjald um 50%.

[11:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta líkar mér. Ég hefði bara helst viljað að öll ríkisstjórnin færi hér í andsvör.

Varðandi þetta með að hafa lítið upp úr krafsinu, þá hafði ég auðvitað gaman af því hvað hæstv. forsrh. var fljótur að finna þetta. Ég held að ég hafi alveg sett þetta í það samhengi sem því ber að vera. Þegar menn eru að beina spjótum sínum sérstaklega að einstökum hópum (Gripið fram í.) og upp úr því — það skiptir hverfandi máli fyrir heildarfjárhag ríkisins en er tilfinnanlegt fyrir þá sem í hlut eiga, og það er í engu tilliti mjög skynsamlegt. Það var þetta sem ég var þarna að víkja að.

Varðandi það að bandormurinn sé yfirlýsing um efnahagserfiðleika — það kemur væntanlega engum sem er meira en tvævetur í pólitík á óvart að ég orði þetta svona. Varðandi bandorminn hef ég notað orðið efnahagserfiðleikar. Ég hef reynt að forðast — og ég hef aldrei notað orðið sem forsrh. tók sér í mun, að efnahagslífið væri brostið, guð forði mér frá því. Ég hef heldur ekki talað um kreppu. Ég hef yfirleitt talað um þá efnahagserfiðleika sem blasa við okkur og við verðum að horfast í augu við. Það er held ég hófsamlegt orð yfir þær aðstæður sem við stöndum núna frammi fyrir.

Ég hef sagt sem svo að maður voni að þetta þróist ekki yfir í alvarlega fjármálakreppu og eitthvert meiri háttar hrun í efnahagslífinu og það hljóta allir að gera. En auðvitað þekkjum við það því miður á Íslandi að oft má lítið út af bera og sveiflurnar í okkar litla hagkerfi geta verið mjög snöggar. Stundum er sagt að það sé ýmist í ökkla eða eyra hjá okkur Íslendingum. Ætli það eigi ekki dálítið við um efnahagslífið líka? Það er lítið og lokað og þar geta orðið mjög snögg veðrabrigði eins og dæmin sanna. Ég tel að því miður megi ósköp lítið út af bera til þess að þetta gæti leitt yfir í alvarlega fjármálakreppu og þá væntanlega aukið atvinnuleysi í framhaldinu.

Afgangurinn á fjárlögunum, herra forseti, er ekki til þess að státa sig af eða sanna að þar með sé allt í lagi. Við vitum hvernig hann er fenginn eða á að fást, með sölu eigna og bókhaldsbrellum.

[11:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að þetta er ekki rétt sem hv. þm. sagði síðast vegna þess að við höldum fast við það að ná afgangi á fjárlögunum án sölu eigna. Ef salan er tekin inn í dæmið er alveg ljóst að afgangurinn er miklu meiri og lánsfjárafgangurinn mjög mikill.

Nú liggja fyrir tvö ágætistilboð, eða a.m.k. athyglisverð, í Landssímann þannig að ljóst er að það útboð hefur heppnast eða flest bendir a.m.k. til þess. Það er athyglisvert og auðvitað kemur það til með, ef það gengur eftir, að styrkja bæði stöðu ríkisins og stöðu hinnar íslensku krónu og verður til þess fallið að hækka hana og þar með að lækka verðbólgu. Yfir þessu öllu saman hljótum við að gleðjast í sameiningu.

[11:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt því fjáraukalagafrv. sem við vorum að enda við að afgreiða í vikunni er það þannig að ef áætlaðar tekjur af sölu eigna sem enn hefur að vísu ekki farið fram — kannski er hún í vændum eins og hæstv. forsrh. upplýsir hér — eru teknar til hliðar er kominn halli á fjárlögin. Fjármunamyndun út úr rekstri ríkissjóðs á árinu 2001 verður neikvæð upp á eina 2–3 milljarða þannig að allur afgangurinn verður fenginn með sölu eigna ef hún kemur til. Sala eigna er auðvitað allt annar hlutur en rekstur ríkissjóðs. (**Forsrh.**: ... árið 2002?) Nei, ég er að tala um árið 2001 og svo skal ég koma að næstu fjárlögum. Menn geta selt eignir á meðan þeir eiga þær eða losað þær við sig. En hvað ætla þeir svo að gera?

Varðandi forsendur fjárlagafrv. fyrir árið 2002 vita allir að þær eru mjög veikar. Á tímum niðursveiflu í hagkerfinu hafa menn tilhneigingu til að ofmeta tekjurnar. Það sýnir m.a. reynslan frá yfirstandandi ári og það mun hún líka sýna á næsta ári þannig að þetta er allt á mjög veikum grunni byggt.

[11:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hélt mikla tölu eins og hans er von og vísa. Athyglisverðast þótti mér í ræðu hans að hann taldi heilbrrh. hafa farið sneypuför með því að taka ekki meira til sín af tekjum heldur en raun ber vitni. Það var einmitt það sem ég vildi hafa í heiðri, að fara varlega. Þess vegna fer ég í andsvar — mér fannst að hv. ræðumaður væri að ýja að því að gjaldtaka á sjúkrahótelum væri ný gjaldtaka. Hún er ekki ný. Þessi gjaldtaka hefur verið um skeið og það er aðeins verið að renna ótvíræðum lagastoðum undir hana. Þetta er ekki ný gjaldtaka. Ég hef enga löngun til að fara í leiðangur til að taka meira varðandi sjúkrahótelin. Nú er hins vegar komin ótvíræð lagastoð undir þessa gjaldtöku.

[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að ég þurfi ekki að útskýra að ég var ekki að setja þessa hluti þannig upp að ég vildi að hæstv. heilbrrh. gengi lengra og tæki 20 millj. í staðinn fyrir 10 eða eitthvað því um líkt. Ég var að reyna að setja þessa hluti í samhengi og benda á að þarna er spjótum beint að einum tilteknum hópi, skjólstæðingum heilbrigðiskerfisins, þeim sem dvelja á sjúkrahótelum. Ég hef þá misskilið málið ef þarna er ekki á ferðinni aukin gjaldtaka upp á 10 millj. kr. og það er eins gott að það komi strax fram hér. Ég viðurkenni að vísu að frv. er mjög illa útbúið hvað þetta varðar því að í umsögn um þennan lið, 9. gr., kemur ekkert fram um fjárhagsáhrifin. Það er ekki fyrr en í umsögn fjárlagaskrifstofunnar sem ég fann þetta aftast í þingskjalinu á bls. 6. Þar stendur:

„Gert er ráð fyrir að gjaldtakan skili 10 millj. kr. tekjum á árinu 2002.“

Þýðir þetta ekki eins og þarna stendur að þarna komi til nýjar 10 millj. kr.? Er þetta bara lagastoð fyrir algjörlega óbreyttri gjaldtöku eins og er í dag, þ.e. fæðisgjöldunum? Það þarf auðvitað að vera algjörlega skýrt hvað þarna er á ferðinni. Sé svo að kostnaður þeirra sem dvelja á sjúkrahótelum á næsta ári muni ekki hækka um eina einustu krónu heldur sé hér eingöngu verið að afla lagaheimildar fagna ég því en ef eitthvað annað er á ferðinni, eins og það sem ég hélt eftir að hafa lesið umsögn fjárlagaskrifstofunnar að þarna ætti að taka 10 millj. í viðbót, snýst málið við og ég mótmæli því.

[11:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Ég vil staðfesta að tekjur af fæðisgjöldum á sjúkrahótelum voru 10 millj. Það er aðeins verið að staðfesta með lögum þessa gjaldtöku. Ekki er um neina viðbótargjaldtöku að ræða. Þessi fæðisgjöld eru um 700 kr. á dag og þau gefa um það bil 10,7 millj. á ársgrundvelli. Þarna er aðeins verið að renna ótvíræðum lagastoðum undir þessa gjaldtöku og taka af allan vafa um að þetta sé löglegt. Ef sú lagastoð hefði ekki verið fyrir hendi hefði þurft að fella þessar tekjur niður.

[11:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessi svör. Ég held að það hafi verið mjög mikilvægt að þetta kæmi fram því ég hef lúmskan grun um að fleiri hafi skilið þetta eins og ég, að þarna væri að koma til ný gjaldtaka. Ég gerði það á grundvelli þess hvernig þetta er sett fram í þingskjalinu. Fjárlagaskrifstofan talar þarna um þessar 10 millj. kr. og það kemur hvergi skýrt fram að þetta sé sú upphæð sem fyrir hafi verið. Ef við höfum orð hæstv. heilbrrh. fyrir því að þetta verði ekki hækkað um eina einustu krónu er það gott án þess að ég sé þar með að skrifa upp á eða segja endilega að þessi gjaldtaka af þeim sem þarna dvelja sé réttlætanleg í sjálfu sér. Ég áskil mér allan rétt til að hafa fyrirvara þar á.

[11:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það sem ég hef að sjálfsögðu áður rætt og fjallað um í þessum þingsal um innritunargjöld og skrásetningargjöld. Hér erum við að fjalla um fjárhæðirnar og nauðsyn þess að færa þær til samræmis við þróun verðlags á undanförnum árum.

Það kom fram í umræðum um þetta á sínum tíma — hér var starfandi sem þingmaður einn af kennurum við Háskóla Íslands, sem var þingmaður Kvennalistans, og flutti þá ræðu um að það væri til mikilla hagsbóta fyrir Háskóla Íslands að skrásetningargjöldin væru vegna þess að það auðveldaði allt skipulag í skólastarfinu, og hún áréttaði nauðsyn þess fyrir nemendur að þeir gengju þannig til innritunar að það væri auðveldara að vinna allt verkið innan skólans. Þetta geta hv. þm. og aðrir séð í þingtíðindunum. Að sjálfsögðu má deila um upphæðina en um meginregluna og nauðsyn þess að hafa slíkar heimildir fyrir skólann eins og hér um ræðir finnst mér að eigi ekki að deila.

Varðandi efnisgjaldið sem hv. þm. nefndi sérstaklega og staldraði við hámarkið, 50 þús. kr., gefur það náttúrlega ekki rétta mynd. Við erum að hækka þetta hámark og það eru nefndar þarna sérstakar námsgreinar — það er verið að auka svigrúmið fyrir nemendurna í þessum greinum og hv. þm. verður að hafa það í huga líka að nemendunum er sá kostur fyrir hendi að semja í námssamningum sínum um að þeir standi ekki undir þessum kostnaði heldur þeir meistarar sem þeir stunda nám hjá. Þannig er alls ekki réttlætanlegt að leggja þetta út eins og hér sé verið að auka sjálfkrafa gjaldtöku á nemendur.

[11:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki nema ég rifji þau betur upp, rök þessa kennara við Háskóla Íslands, en ég kaupi það ekki hrátt að skólarnir geti ekki skipulagt starfsemi sína og haft reiðu á hlutunum öðruvísi en að láta nemendurna borga svo og svo mikil gjöld. Ég sé ekki að innritun sem slík þar sem menn útfylla ákveðna pappíra, skrá sig til náms á ákveðnum brautum o.s.frv., sé í eðli sínu öðruvísi eftir því hvort menn borgi fyrir hana 0 kr., 5 þús. kr. eða 50 þús. kr. Ég held að hún hafi ekkert verið öðruvísi á sínum tíma þegar ég og jafnaldrar mínir vorum að innrita okkur og ég held að þetta hafi verið 5 þús. kr. eða svo og rann það fé þá aðallega til starfsemi námsmanna í skólanum og eiginlega að engu leyti til háskólans sjálfs.

Það sem auðvitað skiptir öllu máli, herra forseti, er hvernig þetta kemur við þá sem í hlut eiga. Það breytir engu fyrir námsmennina sjálfa hvað gjaldið upp á 8.500 kr., 25 þús. kr., 32.500 kr. eða 50 þús. kr., og þetta sumpart hvað ofan á öðru, heitir. Þetta eru bara peningar. Þetta eru bara útgjöld sem bætast við hjá fólki þegar það er að stunda nám. Þetta getur komið út með býsna óréttlátum hætti á ýmsa vegu. Foreldrar hafa verið að hafa samband og benda á að margir sem færa sig á milli skóla lenda í því að flosna eitthvað upp úr námi, endurinnrita sig o.s.frv. og lenda í þessum gjöldum aftur og aftur. Þetta kemur oft harðast niður á þeim sem síst skyldi, þ.e. efnalitlum nemendum sem hafa áður orðið að taka á sig ýmsan kostnað eins og t.d. nemendur af landsbyggðinni lenda gjarnan í. Ég ósköp einfaldlega kaupi það ekki að við gefum okkur það t.d. sem óumdeilda forsendu að þessi efniskostnaður eigi að borgast af nemendunum í raun og veru án tillits til þess hversu hár hann kann að reynast.

[11:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé samdóma álit allra sem koma að skólastarfi og þurfa að skipuleggja það að þær heimildir sem falla undir þau lagaákvæði sem hér eru til umræðu eru mjög gagnlegar fyrir skólastarfið. Það var hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sem var hér á sínum tíma og var þá kennari við Háskóla Íslands sem stóð sérstaklega upp. Ég man eftir þessu vegna þess að ég tók þátt í umræðunum og hv. þm. getur skoðað það í þingtíðindunum. Hún lýsti því yfir að hún sætti sig ekki við fjárhæðina en hún teldi að sú regla sem væri verið að lögfesta með þessum hætti, og við erum að árétta hér, væri mjög góð fyrir starfsemina innan Háskóla Íslands. Þetta getur hv. þm. kynnt sér. Þetta liggur fyrir í þingtíðindunum og ég þarf ekki að rökræða það frekar við hv. þm.

[11:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held því fram að það séu ekki orðin lög í landinu þó að einn kennari við Háskóla Íslands hafi lýst þeim sjónarmiðum úr ræðustóli á Alþingi að þetta væri skynsamlegt auk þess sem ég áskil mér allan rétt til að skoða í hvaða samhengi það var sett fram.

Gjaldtaka af þessu tagi hefur þá hættu í för með sér — það hefur sagan sýnt á þessu sviði og mörgum öðrum — að menn freistist til þess að nota hana þegar hún er einu sinni komin til sögunnar, ýta henni heldur upp á við og ná sér þar með í aðeins meiri peninga. Allir hljóta að skilja t.d. stöðu opinberu háskólanna sem búa við mjög þröngan kost og gjalda meðal annars dekurs hæstv. menntmrh. við einkaskólana að freistast til þess að reyna að gera frekar mikið úr þeim kostnaði sem þarna fellur til, heimfæra undir þetta meira heldur en minna og fara svo fram á heimildir til að hækka gjaldið til að laga stöðu sína. Þetta er svona í þessu tilviki og þetta er svona alls staðar. Þegar menn byrja með komugjöld á heilsugæslustöðvar eða þátttöku manna í tannlæknakostnaði byrja menn lágt og segja: Það munar engan um 500-kall eða þúsund. En hvar endar það svo? Sagan sýnir okkur hvar þetta getur endað og sérstaklega ef á bak við eru menn sem vilja láta þetta hækka af því að þeir vilja einkavæða skólakerfið.

[11:46]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er mikið rætt um bandorminn og ýmis gjöld sem verið er að setja á fólk og hækka. Ég ætla að láta vera að víkja mikið að því sem hefur verið talað um hér í dag en langar að minnast á 7. gr. frv. og þá 8. þar sem talað er um sóknargjöld og kirkjugarðsgjöldin. Mér sýnist gæta nokkurs misskilnings eða það megi lesa út úr þessu frv. að sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld séu hugsuð þannig að þau séu tekin úr ríkissjóði og þess vegna sé nú allt í lagi fyrir ríkisstjórnina að leggja frv. fyrir Alþingi um að klípa af þessu til þess að styrkja ríkissjóð og hafa öruggari rekstur í fjármálum ríkisins. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússona talaði um, ef ég skildi orð hans rétt, að nokkrar blikur væru á lofti í efnahagsmálum.

Í greinargerð með frv. um skattana er talað um að markmið laganna sé að örva atvinnulífið og þegar svona er tekið til orða má lesa út úr því ákveðinn kvíða og áhyggjur yfir því að atvinnulífið þarfnist örvunar, eins og það sé farið að kulna og því þurfi að örva það með breytingu á skattalögum.

Árið 1987, ef ég man rétt, herra forseti, voru sett lög í landinu um innheimtu sóknargjalda. Þetta var þannig að allir sem voru í fríkirkjusöfnuðum og öðrum söfnuðum, í þjóðkirkjunni líka, voru rukkaðir um gjald af þeim sem voru í forsvari fyrir söknirnar, gjaldkerum eða sóknarnefndarformönnum. Síðan var þessum lögum breytt og ríkið sýndi þá þessum trúfélögum velvild og tók að sér innheimtu þessara gjalda þannig að það sem í raun er verið að gera með innheimtu sóknargjalda er því ákveðin þjónusta við þessi trúfélög, þjóðkirkjuna og háskólann líka, þ.e. ríkið er að annast innheimtu á þessu. En þetta er ekki skattlagning eins og þegar hver maður greiðir tekjuskatt hérna. Þetta er allt annað. Það vildi ég að kæmi fram.

Með réttu hefðu sóknargjöldin átt að verða 606 kr. sem eiga að renna til safnaðanna. Ef við hugsum okkur mann, Jón Jónsson, sem er t.d. í Fríkirkjunni í Reykjavík, ef ég skil þetta rétt — ég held að það sé réttur skilningur, herra forseti — þá ætti hann að greiða og mun greiða 606 kr. vegna sóknargjalds í Fríkirkjuna og það verður tekið af honum. Og þessi maður sem er kannski áhugamaður um trúarlíf í söfnuði sínum vill náttúrlega að þessir aurar renni til kirkjunnar sinnar, til fríkirkjunnar sinnar eða til þess safnaðar sem hann tilheyrir ef hann er í þjóðkirkjunni. Við getum hugsað okkur bara einhverja litla sveitarsókn úti á landi sem á fullt í fangi með að greiða organista sínum laun eða kynda kirkjuna þegar messað er eða halda henni við, ég tala nú ekki um ef þetta er kirkja sem reist er fyrir 1918 en þá eru sérstakar kvaðir á henni vegna húsafriðunarlaga. Þó að húsafriðunarsjóður sé fyrir hendi þá hefur hann ekki getað komið til móts við allt það viðhald sem þarf að sinna við kirkjur landsins.

En það sem ríkisstjórnin ætlar sér með þessu er ekki í raun og veru að lækka sóknargjöldin til þeirra sem greiða þau heldur að taka af þeim, og hið sama gildir um kirkjugarðsgjaldið. Þar ætti hver maður að greiða 248,24 kr. en það var 232 kr. Innheimt verður þetta 248 kr. gjald en mismunurinn mun renna í ríkissjóð. Það er í raun verið að taka gjöld, félagsgjöld, af trúfélögunum og setja þau í ríkissjóð.

Þegar ríkisvaldið þarf að klípa af svona gjöldum sem munu náttúrlega bitna hvað verst á minnstu söfnuðunum sem standa undir gífurlega mikilvægu starfi á margan hátt — og þá er ég að tala um safnaðarstarfið sjálft, eins og margir hv. alþingismenn og jafnvel hæstv. ráðherrar verða nú varir við á þessum tíma einmitt þegar þeim er boðið að tala á aðventukvöldum víða um land í kirkjum landsins — þá er gott fyrir þá að líta í kringum sig þegar þeir fara með hugvekjurnar í kirkjunum og velta fyrir sér hvaðan aurarnir í þetta allt saman koma, í orgelin, í að greiða organistunum laun, í að kynda kirkjuna, í að halda henni við, í rekstur barnastarfs, fermingarstarfs, mömmumorgna og kóræfinga og margs konar mikilvægs starfs sem er sinnt af trúfélögum og íslensku þjóðkirkjunni.

Á það er ég að benda, herra forseti, þ.e. að ekki er verið að millifæra peninga í raun innan ríkissjóðs því að það er í sjálfu sér ekki þannig. Við gætum alveg hugsað okkur að fjmrn. mundi innheimta gjöld fyrir einhvern, við getum sagt Ungmennafélag Íslands af einhverjum hagræðingarástæðum og velvild í garð þess, og síðan færi ríkisstjórnin allt í einu að sjá plús í því að geta klipið af því.

Ef verið er að tala um innheimtuþóknun þá á það bara að koma fram. En þá gæti nú farið að versna í málinu því að þá gætu þeir sem gera skil á staðgreiðslu skatta og öðru farið að heimta innheimtuþóknun fyrir að rukka fyrir ríkissjóð.

Mér hefur borist bréf frá manni sem er áhugamaður um þessi mál og hefur áhyggjur af þessu. Hann skrifar, með leyfi forseta,:

„Ég held áfram að hugsa um þetta mál. Innheimta ríkissjóðs og skil á sóknargjöldum til sókna og trúfélaga er ekki framkvæmd skattlagningar heldur meðferð á fjármunum sem sóknir og trúfélög eiga með réttu. Hins vegar má skilja þessa síðustu gerð sem skattalagningu á kirkjufólk eða sóknir. Sóknarnefndir fara með þá fjármuni og ráðstafa þeim, ekki stjórnvöld, og tel ég það vera andstætt lögum ef þessum fjármunum á að ráðstafa af öðrum en þeim sem innheimt er fyrir.

Kirkja og trúfélög eru undanþegin skatti. Ekki leyfist heldur að leggja á nýja skatta nema með óvefengjanlegri lagaheimild."

[11:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ef frv. verður samþykkt er því ætlað að skaffa ríkissjóði liðlega 1 milljarð kr. í heild sinni í auknar tekjur eða spöruð útgjöld á næsta ári.

Það sem sérstaklega vekur athygli er hvar og hvert þessar tekjur eru sóttar. Einnig vekja athygli, herra forseti, þau rök sem færð eru ítrekað í textanum sem fylgir lagagreinunum,

þau rök sem eru talin fram til þess að réttlæta þessar hækkanir. Ég ætla, herra forseti, aðeins að byrja á að víkja að þessum rökum sem þarna eru tínd til og hvernig þau einmitt tengjast umræðunni og áherslunum í efnahagsmálum og fjármálum.

Lögð var á það rík áhersla fyrir nokkrum árum að slíta í sundur fasta tengingu á milli verðbólgu, verðlags, launa og annars sem olli sjálfvirkum hækkunum, verðbólgu og verðhækkunum. Ekki var aðeins mikilvægt að gera þetta tæknilega séð og talnalega heldur líka afar mikilvægt að útrýma þessum hugsanagangi, þeirri hugsun í samfélaginu að sjálfgert væri að hlutir hækkuðu stöðugt milli ára og aðrir fylgdu svo á eftir. Þess vegna var mikilvægt að taka þetta hugtak út úr umfjöllun um efnahags- og fjármál, ég tala nú ekki um í fjármálum ríkisins. Lögð var þung áhersla á það.

En hvað sjáum við hér í textanum sem fylgir þessu frv.? Þar er ítrekað eins og hér segir, með leyfi forseta, í 2. gr.: „Hér er þó aðeins lagt til að hámarki gjaldsins verði breytt í samræmi við þær verðlagsbreytingar, sem orðið hafa á tímabilinu ...“ Hér er vísað í hugtök sem lögð var þung áhersla á að tekin væru út úr þessu samhengi, þau yrðu ekki færð inn í efnahagsumræðuna á ný og notuð sem forsendur fyrir hækkunum á þjónustugjöldum. Ítrekað eru þessi hugtök notuð: „Ársmeðaltal vísitölu neysluverðs án byggingarkostnaðar var árið 1991 154,9 stig, en var í ágúst á þessu ári 214,1 stig.“ Þetta er sjálfsagt allt saman alveg hárrétt og öruggt. Hins vegar hefur verið lagt upp með það í stefnunni í efnahagsmálum að slíta eigi þennan hugsunargang burt og ekki að færa þennan hugsunargang aftur inn sem formleg rök. Auðvitað vitum við af þessu, að þetta er undirliggjandi. En við eigum ekki að draga þetta inn í lagatexta sem rök fyrir hækkunum á opinberri þjónustu eða þjónustugjöldum.

Herra forseti. Ég gagnrýni harðlega að meira að segja af hálfu forsrn. og hæstv. forsrh. sé verið að draga þessi hugtök aftur svo sterkt inn í samhengið. Hvar endum við ef þetta á að vera sá hugsunarháttur sem ræður breytingum í allri verðlagsþróun hér? Vissulega eru áhrifin til staðar en það er verulegt áhyggjuefni ef draga á þetta svona sterkt inn aftur, að vegna þess að vísitala og verðlag hafi hækkað svo og svo mikið þá verði ríkið að hækka eitt og annað. Það er hugsanagangur sem átti að vera fyrir löngu búið að afskrifa í efnahagsumræðunni. Þó að við vitum að verðlag hækki þá á ekki að hafa við það beina tengingu, það á að rökstyðja hækkunina og breytingarnar með öðrum hætti en hafa verðlagsbreytingar sem meginrök. Þetta vil ég gagnrýna hér í upphafi.

Þá vil ég næst, herra forseti, fara nokkrum orðum um skólagjöldin. Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að innritunargjald í framhaldsskólum hækki úr 6 þús. kr. í 8.500 og í stað fjárhæðarinnar 25 þús. kr. komi 50 þús. sem eru efnisgjöld, og sérstök efnisgjöld 12.500 kr. í 25 þús. kr. Þetta er hópurinn sem á að hlaupa undir bagga í ríkisbúskapnum. Það var þá reisn yfir því.

Í upphafi athugasemda við 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, er heimilað að gera nemendum að greiða innritunargjald við upphaf námsannar eða skólaárs.“

Bara þetta orðalag „námsannar eða skólaárs“ opnar möguleikann á að skapa óvissu um innheimtu gjaldsins. Sumir skólar eru heilsársskólar og ekki endilega með formlega skiptum önnum og aðrir ekki. Er það bara skilið eftir opið að gjaldið megi innheimta við upphaf námsannar eða skólaárs?

Í öðru lagi er einnig vert að benda á, herra forseti, að það er talað um innritunargjald. Nú eru flestir nemendur jafnvel nokkur ár, nokkur missiri eða nokkrar annir í sama skóla. Maður gæti haldið að þá væru komnar nokkrar grunnupplýsingar inn í skólann um viðkomandi nemanda. En eins og þarna er gert ráð fyrir virðist þetta innritunargjald vera tekið í upphafi hvers árs eða hverrar annar, óháð því hvaða upplýsingar liggja þegar fyrir um nemandann. Rökin fyrir því að þetta sé sérstakt gjald til þess að skrá inn og búa til gagnagrunn um nemandann og viðhalda honum eru náttúrlega út í loftið. Þetta er skattheimta og það á bara að segja það hreint út en ekki vera með svona feluleik. Það er vilji ríkisstjórnarinnar að skattleggja nemendur. Hún á bara að segja það beint, hæstv. ríkisstjórn, frekar en að fela það í þessum texta.

Herra forseti. Þetta eru skilaboð til ungs fólks í landinu, skilaboð til þessa unga fólks sem þarf að leggja hart að sér og sækja nám um langan veg. Þetta er það sem ríkisstjórnin ætlar að nota sem skattstofn. Nemendur utan af landi sem verða að koma hingað til Reykjavíkur til þess að stunda nám, framhaldsskólanám, sérnám eða háskólanám — haldið þið að þeir hafi ekki orðið varir við hækkun á húsaleigu og hækkun á öllum dvalarkostnaði? Jú. Haldið þið að við höfum ekki líka orðið vör við að tekjur fólks víða um land hafa ekki hækkað í því samhengi og í samræmi við kostnaðaraukann sem lendir á þessu unga fólki sem þarf að sækja hingað nám? Jú, þar breikkar bilið á milli. En samt skal skattleggja þetta fólk. Það skal skattleggja það með innritunargjöldum.

Hér er talað um hámarksgjald, að nauðsynlegt sé að setja hámarksgjald. Hvernig ætli skólarnir hafi nýtt sér þessa heimild sem áður var? Ætli þeir hafi ekki nýtt sér hámarkið sem verið hefur? Það væri fróðlegt að vita hvort þeir hafi ekki nýtt sér það almennt. Það væri líka fróðlegt að fá svar frá hæstv. menntmrh. um hvernig farið var með þetta innritunargjald og þessi kostnaðargjöld við ákvörðun á fjármagni samkvæmt reiknilíkani til skólanna. Hvaða upphæð var þar miðað við? Var ekki miðað við hámarksgjaldið? Mér er nær að halda að svo sé þannig að mér finnst tal um að skólar hafi eitthvert frjálst val til þess ómerkilegt. Ætli það sé ekki frekar í þá veruna að nýti þeir ekki hámarksgjaldið þá dragist saman til þeirra fjárveitningar frá ríkinu? Mér er nær að halda að svo sé. Hæstv. menntmrh. getur upplýst það ef svo er ekki.

Neðar í þessari grein, í athugasemdum við 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Með þeirri breytingu er komið á móts við þarfir þeirra skóla, sem bjóða upp á tiltölulega dýrt verknám, t.d. í matvæla- og málmiðngreinum, enda hefur reynslan sýnt að gildandi hámark er ekki í samræmi við raunverulegan efniskostnað í þeim greinum.“

Herra forseti. Hvaða skólum er verið að senda þessi skilaboð? Er verið að senda Tækniskólanum þessi skilaboð? Tækniskólanum sem á í miklum fjárhagslegum vandræðum. Það hefur verið gagnrýnt af hálfu Ríkisendurskoðunar að menntmrn. hafi ekki tekið á skuldamálum hans og fleiri skóla. Hér er engu líkara en stjórnendum Tækniskólans og Menntaskólans í Kópavogi sé sagt: Við erum núna að hækka skólagjöldin sem þið megið taka upp í efnisgjöldin og bæta fjárhaginn. Eru þetta skilaboðin til Menntaskólans í Kópavogi, sem hefur verið með matvælabraut og hefur ekki fengið kostnaðinn við slíkt starfsnám eða verknám metið í hinu svokallaða reiknilíkani? Eru þetta skilaboðin til hans

og til þjóðarinnar, um hug ríkisstjórnarinnar til starfs- og verknáms? Við hækkum bara heimildina hjá ykkur til að innheimta hærri skólagjöld, hærri efnisgjöld fyrir þá nemendur sem eru í verknámi og starfsnámi. Eru það skilaboðin til verknámsskóla og starfsnámsskóla, að þeir skuli bara gera þetta?

Ég vek athygli, herra forseti, á að fátt hefur verið meira umrætt í haust varðandi menntun, menntakerfið og menntamál hér á landi en staða framhaldsskólanna og það hvernig reiknilíkanið sem notað er til að skipta fé milli þeirra er óréttlátt og mætir ekki þessum kröfum, sérkröfum skólanna, sérstökum skilyrðum starfsmenntaskóla, verkmenntaskóla og heimavistarskóla. Þessir skólar hafa safnað upp halla á undanförnum árum vegna þess að þeir hafa ekki fengið þetta metið. Þeir hafa ekki fengið metinn þann kostnað sem liggur í verknámi og starfsnámi. Nú á að gefa þeim þá möguleika að hækka skólagjöldin.

Ég vil vitna í umsögn Ríkisendurskoðunar um hvernig farið er með framhaldsskólana. Þar stendur, með leyfi forseta, í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2001:

„Mörg dæmi eru um stofnanir sem búa við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa velt frá einu ári til þess næsta. Til dæmis námu fjárveitingar til eins menntaskóla 333 millj. kr. í fjárlögum vegna 2001, en sú fjárheimild var skert um 122 millj. kr. vegna halla fyrri ára.“ — Og áfram: „Á 30 fjárlagaliðum nemur skerðing fjárheimilda vegna halla fyrri ára 20% eða meiru af fjárheimild ársins. Í þeim hópi eru til að mynda fimm skólar ...“ Þessir fimm skólar bjóða einmitt upp á verknám og starfsnám.

Frá þessum skólum hafa borist skýrslur og yfirlýsingar um að þeir geti ekki haldið áfram eðlilegu skólastarfi nema að fá nauðsynlega úrlausn. Úrlausnina, herra forseti, er að finna í þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. að leyfa þeim að hækka skólagjöldin til að koma til móts við þarfir þeirra skóla sem bjóða upp á tiltölulega dýrt verknám í matvæla- og málmiðngreinunum, enda hafi reynslan sýnt að þar sé um tiltölulega dýrt verknám að ræða.

Herra forseti. Ég mótmæli svona vinnubrögðum. Ég mótmæli þessari pólitísku sýn sem birtist í menntamálunum gagnvart starfs- og tæknínámi, að kostnaðurinn við það skuli færður á nemendurna, einmitt námið sem ástæða er til þess að styrkja og styðja við og veita fjármagn til. Því hvar stöndum við ef við ekki höfum þetta tæknimenntaða fólk?

Í svari hæstv. menntmrh. fyrir tveimur þingum síðan, við fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um útskrift nemenda úr framhaldsskólum, kom fram að minna en helmingur nemenda lyki framhaldsskóla samkvæmt eðlilegu ferli, rétt um helmingur þeirra árganga sem þar voru teknir til, þ.e. þeirra sem fæddir voru 1975, 1976, 1977 og 1978. En þar er líka stór munur á milli landshluta. Á þeim svæðum á landinu sem ekki hafa framhaldsskóla í heimabyggð er hlutfallið hæst, bæði þeirra sem ekki fara í framhaldsskóla og líka þeirra sem falla eða ljúka ekki framhaldsskólaprófi. Þetta innritunargjald og þessi efnisgjöld eru innheimt og nemandi borgar hvort sem hann af einhverjum ástæðum verður að hætta námi eða lýkur ekki prófum.

Þetta er gífurleg skattlagning á þá einstaklinga sem hér eiga í hlut og sýnir ótrúlega vanvirðu gagnvart starfsnámi og verknámi í landinu. Það ber að harma að ungt fólk sem menntar sig og sækir sér þekkingu og styrk til að takast á við verkefni framtíðarinnar, nemendur úr dreifbýli og þéttbýli — þetta lendir harðast á nemendum úr dreifbýli því að kostnaðurinn af þeim er mestur — skuli vera skattstofninn sem nýttur er hér til að létta undir eyðsluna hjá ríkissjóði sem ver háum upphæðum í aðra og fullkomlega ónauðsynlega hluti.

Herra forseti. Að síðustu vil ég aðeins taka undir með hv. þm. Karli V. Matthíassyni um það hvernig seilst er eftir því fjármagni sem á að ganga til kirkjunnar og trúfélaga í formi sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda. Í raun er þarna verið að skerða þessar væntanlega samningsbundnu hækkanir sem hefðu átt að eiga sér stað. Það er í raun verið að skerða framlögin um hækkun á verðlagsforsendum fjárlagafrv. á milli ára. Við erum að skerða þarna kannski um 6–8%.

Þessi trúfélög, kirkjan og öll trúfélögin, gætu kannski skilið þetta ef verið væri að lækka skattgreiðslur þeirra sem eru að greiða þessi gjöld sem því nemur. En svo er ekki, heldur er ríkið hreinlega að taka peninga sem því er aðeins falin umsýsla með í innheimtu en hefur í rauninni engan rétt til að taka með þessum hætti. Þetta er afar óréttlát ráðstöfun.

Herra forseti, að lokum: Það er dapurlegt að hæstv. ríkisstjórn, og sýnir pólitískan vilja hennar, að sótt skuli fjármagn til nemenda og fólks sem þarf að sækja læknisþjónustu til heilbrigðisstofnana.

[12:17]

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, 169. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 511; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 512.

[12:18]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það tilheyrir, alla vega síðan ég kom til þings, jólaönnum hjá okkur þingmönnum að skera niður alls konar lögbundin framlög til þjóðþrifamála undir þessum lið, Ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það hafa verið örlög mín að vera þingmaður undir ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Á því tímabili höfum við ævinlega tekist á við það t.d. að skerða framlög til endurbóta menningarbygginga. Það er alltaf sérstök árleg jólagjöf Alþingis til landsmanna. Það mun víst breytast á næsta ári. En ekki mun látið af þessu núna og hér er gert ráð fyrir 335 millj. renni í ríkissjóð á árinu 2002 af þessu lögbundna framlagi sem á að fara til endurbóta menningarbygginga og Þjóðarbókhlöðu. Ég verð að segja að þetta kemur auðvitað niður á viðhaldi þessara bygginga.

Við höfum horft upp á Þjóðminjasafnið núna í nokkur ár. Það átti að taka eitt ár að taka það í gegn, en það hefur dregist úr hömlu og nú er verið að tala um að hugsanlega verði hægt að flytja þar inn árið 2003. Þó er það vafamál því að alla vega síðast þegar ég vissi var ekki komið neitt fjármagn til að endurskipuleggja nýja sýningu í safninu á því ári. Jafnvel þó að við getum kannski haldið þar kokteilboð 2003 til að halda upp á að viðgerð sé loksins lokið þá er mjög ólíklegt að hægt verði að opna þar nýja sýningu.

Mig langar sérstaklega að koma að innritunargjöldunum sem ríkisstjórnin hefur fundið sér sérstaklega til að næla í pening á þessum síðustu og verstu tímum. Hér er alveg furðulegur málflutningur þar sem alltaf er verið að vísa til að byrjað hafi verið á einhvers konar gjaldtöku árið 1991. Svo er sest við að reikna alls konar verðlagsbreytingar sem hafa orðið í landinu frá því 1991 til að réttlæta hækkun þessara gjalda.

En það gleymist að lög sem settu fætur undir þessa gjaldtöku voru sett hér, að mig minnir, um framhaldsskóla árið 1997 og um Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands 1999. Þá voru í raun sett þau lög sem heimila þessa gjaldtöku sem alltaf er vísað til. Þá er talað um sérstök innritunargjöld og það var margfarið hérna yfir það, bæði í nefnd og í þingi, í aðdraganda samþykktar þessara laga að hér yrði einungis um að ræða gjöld vegna kostnaðar við innritun, sannanlegs kostnaðar við innritun.

Það var alveg ljóst við umræðuna að hæstv. menntmrh., sem ég þakka fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu og hlusta á með athygli, marglýsti því yfir að hann væri maður skólagjalda og tryði á uppeldisgildi skólagjalda, þ.e. að ef menn borguðu fyrir nám sitt þá stæðu þeir sig þeim mun betur.

En hæstv. menntmrh. fékk nú ekki þessum sérstöku áhugamálum sínum framgengt að þessu sinni og samþykkt var að þessi innritunargjöld, bæði í framhaldsskóla og háskóla, mættu að hámarki nema hvað varðaði framhaldsskólann 6.000 kr. á önn en hvað varðaði háskólann voru það 25.000 kr. á ári.

Ég veit að í framhaldsskólum sem ég þekki vel til í, fjölbrautaskólum, er þetta skráningargjald, þetta uppeldisgjald, innheimt tvisvar á ári. Því til viðbótar þurfa þessi börn svo að borga mörg hver fallskattinn fræga sem hefur líka mikið uppeldisgildi eftir því sem sumir hafa haldið fram. Það er alveg sérstaklega hægt að þakka það að ekki er gert ráð fyrir því hér við samþykkt þessara ráðstafana í ríkisfjármálum að sú tekjulind ríkissjóðs sé dýpkuð, þ.e. fallskatturinn. En hér er verið að gera ráð fyrir að hækka innritunargjöld og um ekkert smáræði, í 8.500 kr. eða um 41,7%, og það er réttlætt með því að reikna þetta aftur til 1991. Ég tel að það sé rangt.

En þó er enn verra að hér er sagt að þessi breyting geti skilað framhaldsskólum og háskólum landsins einhverjum tekjum. Talað er um það hér að þessi breyting geti skilað framhaldsskólunum 38,4 millj. í auknar tekjur og að breytingin á efnisgjöldunum geti skilað 10 millj. í auknar tekjur. Þetta er rangt. Þetta er hreinlega rangt vegna þess að þessi gjöld dragast frá reiknilíkaninu þannig að því hærri sem þessi gjöld eru því lægri ríkisframlög fær skólinn. Þarna er því alls ekki um það að ræða að þessir skólar séu að fá sem þessu svarar auknar tekjur.

Ég hef eina alveg sérstaka spurningu í þessu sambandi: Er samsvarandi hækkun eða samsvarandi gjald og þetta dregið frá þeim framlögum sem ætluð eru til einkaskóla landsins, einkaháskóla t.d. sem fá sömu framlög á hvern nemanda og ríkisháskólarnir? Er ætlast til að samsvarandi framlög og þetta séu dregin frá þeirra hlut? Ég hef ekki séð þess merki við lestur minn á fjárlögum landsins.

Ég vona eftir þau gleðitíðindi sem forsrh. flutti landi og þjóð hér í morgun um að það væru komin, að því er hann taldi, afskaplega góð tilboð í Landssímann og mundi það nú gjörbreyta stöðu í ríkisfjármálum frá því sem nú væri, að unnt verði að slaka eitthvað á þessu, og ég vil segja, a.m.k ekki leyfa að innritunargjöld séu innheimt oftar en einu sinni á ári af sömu nemendunum í framhaldsskólum.

Hæstv. menntmrh. kom nokkuð inn á það í máli sínu að til bóta væri að innheimta eitthvert slíkt skráningargjald við innritun til að koma í veg fyrir að fjöldamargir færu að innrita sig sem ekki ætluðu svo raunverulega að stunda nám og að eytt væri miklum peningum í að skipuleggja nám fyrir þá sem létu svo ekki sjá sig. Ég skal viðurkenna að það voru einu rökin í þessari umræðu sem ég féllst á, þ.e. að réttlætanlegt væri að innheimta eitthvert lágt innritunargjald — þá er ég ekki að tala um neinar slíkar upphæðir eins og hér er verið að leggja til — til að koma í veg fyrir mikinn fjölda falskra innritana, sem vissulega riðla skipulagningu á skólastarfi. Það er þó satt.

Að lokum langar mig aðeins að koma inn 9. gr. um sjúkrahótel. Hér hefur komið fram að þessar 10 millj. séu gjald sem í raun hafi verið innheimt árum saman, en með þessari lagasetningu sé verið að skjóta stoðum undir innheimtuna. (**KHG:** Styrkari stoðum.) Já, styrkari stoðum, segir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

Ég verð að segja að sjúkrahótel eiga að vera skilgreind sem sjúkrahús. Hins vegar er þetta ein leið sem við hefðum kannski átt að nota miklu meira til að draga úr kostnaði við sjúkrahúskerfið í landinu, þ.e. að hafa meira af slíkum sjúkrahúsum. Þó þetta hafi verið kallað hótel þá finnst mér nú ekki tilefni til þess að hætta að skilgreina slíkar stofnanir sem sjúkrahús og fara í staðinn, eins og það er orðað í skýringum, að innheimta hóflegt gjald fyrir dvöl sjúklings á sjúkrahóteli, svo sem vegna fæðiskostnaðar.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég sé ekki betur en þó að hægt sé af stað farið sé verið að opna leið til að láta borga mikinn hluta af kostnaðinum sem til fellur við dvöl á slíku sjúkrahúsi. Ég mótmæli því að sú leið sé farin.

Varðandi það sem ekki kemur fram í frv., um gjöld af sjúklingum, t.d. vegna komugjalda og sérfræðiþjónustu, fór það mjög fyrir brjóstið á mér að heyra í gær frásögn um unga 18 ára stúlku sem hefur veikst af krabbameini og er að fara í fyrstu meðferð sína núna í desember og þarf að borga 18 þús. kr. En hún þarf að fara í aðra meðferð í janúar og af því að þá er komið nýtt ár, reikningsár, þá þarf hún að borga aðrar 18 þús. kr.

Væri ekki hægt að setjast yfir það í hv. heilbr.- og trn. að reyna að setja undir það að t.d. fólk sem fer í slíka meðferð, mjög alvarlega meðferð sem tekur á fólk á sál og líkama — ekki bara þá sem í hlut eiga heldur alla fjölskylduna. Væri ekki hægt að komast hjá því að viðkomandi þurfi líka að setja út peninga í slíkum tilfellum? Mér finnst þetta ekki þjóðinni sæmandi.

[12:32]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að ekki er verið að tala um að gjaldið í framhaldsskólunum sé 8.500 kr. á önn. Eins og fram kemur eru þetta 8.500 kr. á ári. Það er ekki verið að tala um að menn borgi 8.500 kr. á önn heldur er þetta skólaárið eða árið sem um er að ræða.

Það hefur komið fram, og ég þakka hv. þm. fyrir að árétta það sem ég sagði, að við erum í raun að deila frekar um krónur en skipulag. Ég vil leyfa mér að vitna í hv. þm. sem ég nefndi hér til sögunnar fyrr í þessum umræðum, hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, sem sagði hér á þingi 13. des. 1995, með leyfi hæstv. forseta:

„En við skulum halda okkur við skráningargjöld og þá vil ég sem starfsmaður háskólans vekja athygli á því að það hefur haft jákvæð áhrif innan háskólans að hafa skráningargjöld. Það skapast meiri festa. Nemar skrá sig ekki að óþörfu. Það er auðveldara fyrir kennara að panta bækur og annað slíkt. En mér er stórlega til efs að þessi upphæð sé hin rétta ...“

Þetta er kjarni málsins. Allir sem koma að skólastarfi eru sammála um nauðsyn þess að hafa slíka gjaldtöku. Við erum

því að deila um fjárhæðir og það er matsatriði hverju sinni. Það sem við erum hér að leggja til er að þessar fjárhæðir haldist í hendur við þróun verðlagsins og verðlagsþróunin verði látin ráða, sé það ekki gert þá mun sá kostur sem menn sjá við þessi gjöld hverfa.

[12:33]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er nær að halda og fullyrða að það hafi verið þannig að þetta gjald hafi í fjölbrautaskólunum verið innheimt við hverja önn. Ef meiningin er að hætta því og breyta því þá fagna ég því. Við skulum bara ítreka það mjög ákveðið hér að það sé ólöglegt, slíkt gjald megi aðeins innheimta einu sinni á ári.

Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvaða áhrif þessi hækkun á gjöldum sem nemendur eru látnir borga hefði á reiknilíkanið. Allir hljóta að gera sér grein fyrir því að þegar þessi tala er hækkuð þá dregst það frá reiknilíkaninu. Þarna er ekki um það að ræða að háskólarnir fái aukna peninga.

Hvaða áhrif hefur þetta fyrir einkareknu háskólana? Er dregið samsvarandi af þeim á móti?

[12:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umsögn um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá fjmrn. kemur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagt er til að lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, verði breytt þannig að hámarksgjald sem skólanefndum framhaldsskóla er heimilt að láta hvern nemanda greiða fyrir innritun hækki úr 6.000 kr. í 8.500 kr. á ári“

Þetta er sú regla sem stuðst er við og það er á þeim forsendum sem fjmrn. leggur mat á fjárhagsleg áhrif þeirrar ákvörðunar sem við erum hér að fjalla um.

Varðandi áhrifin á stöðu einkarekinna háskóla þá verður að líta til þess að þeir skólar starfa á öðrum forsendum en ríkisreknu háskólarnir. Það er gert samkomulag við þá og þingmenn geta kynnt sér það á hverju það byggist. Þar eru skólagjöldin allt upp í 350 þús. kr. og skortir ekki nemendurna. Það er meiri aðsókn að þessu námi en skólarnir geta annað. Þannig að það er fróðlegt fyrir hv. þm., þegar þeir eru að ræða um þetta að velta því fyrir sér hvaða áhrif þetta hefur á skólastarfið, að velta því fyrir sér hinum nýju tækifærum sem gefast við að við höfum opnað leiðina fyrir nemendur inn í þessa einkaháskóla. Það er með öllu ástæðulaust að gera það sem þeir eru að gera tortryggilegt í ljósi þess sem við erum að ræða hér. Ég vil benda hv. þm. á að lesa t.d. það sem rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, Runólfur Ágústsson, hefur skrifað um þessi mál og hvernig hann lítur á þetta frá sínum sjónarhóli miðað við stöðu Háskóla Íslands.

[12:36]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá höfum við fengið það staðfest. Þetta þýðir það að einkareknir háskólar fá hærra framlag á nemanda úr ríkissjóði en ríkisreknu háskólarnir. Ég verð að segja að þessu vil ég sérstaklega mótmæla. Ég hef hingað til ekki lagst gegn einkareknum háskólum. Ég tel að þeir eigi í mörgu tilliti rétt á sér. En ég er algjörlega mótfallin því að einkarekinn háskóli fái hærra framlag á nemanda úr ríkissjóði en ríkisrekinn háskóli. Það er nokkuð sem við getum ekki liðið.

Síðan vil ég benda á að í skýringum við fjárlagafrv. stendur að nemendum beri að greiða innritunargjald — þarna er verið að tala um framhaldsskóla — við upphaf námsannar eða skólaárs. Við þetta hefur verið stuðst. Nemendur hafa verið látnir borga tvisvar, bæði á haustönn og á önninni sem byrjar í janúar. Ef það er ekki meining ráðuneytisins þá verða þeir að beita sér fyrir ákveðnum aðgerðum til að þessu fari ekki fram eins og verið hefur.

[12:38]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga er gjarnan þörf á að breyta ýmsum lögum til þess að ná fram þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér við afgreiðslu þeirra ár hvert. Það verður að segjast eins og er að þessi bandormur sem hér liggur fyrir er í styttra lagi og efnisrýrari miðað við það sem oft gerðist hér áður fyrr.

Ég man eftir frumvörpum af þessu tagi sem voru miklu viðameiri, hreyfðu til miklu hærri fjárhæðum en þetta frv. gerir og komu inn á miklu fleiri frumvörp, þannig er varla svo að þetta frv. geti staðið undir því nafni að kallast bandormur. Það er kannski með góðum vilja hægt að kalla þetta ánamaðk, svona tiltölulega saklausan ánamaðk miðað við það sem gerðist hér áður fyrr, t.d. á árunum um 1990 þegar menn réðust í mjög viðamiklar breytingar í með bandormi við afgreiðslu fjárlaga á þeim árum.

Það kemur fram í athugasemdum með frv. að áhrifin af því á hag ríkissjóðs eru talin verða um 1.000 millj. kr. þegar allt er reiknað saman. Ég vil vekja athygli á því að það þýðir ekki að verið sé að leggja á skattgreiðendur þessar fjárhæðir sem nýjar álögur. Því fer víðs fjarri eins og menn átta sig á þegar þeir lesa frv.

Gjöld sem snerta Þjóðleikhúsbyggingu, menningarbyggingar og kirkjugarða og sóknir verða óbreytt. Þeir sem borga þau gjöld munu á næsta ári borga óbreytt gjöld miðað við þau lög sem eru í gildi. Það er því ekki verið að íþyngja gjaldendum með hærri gjöldum hvað það snertir. Áhrifin af frv. lúta að sóknum og kirkjugörðum, að þessir aðilar fá minna til sín af gjaldinu en vera mundi ef lögum væri ekki breytt, sem nemur um 512 millj. kr.

Þá ber að hafa í huga, eins og fram hefur komið, að þau gjöld sem tengd eru tekjuskatti og launaþróun í landinu hafa vaxið verulega á síðustu árum vegna þess að launaþróun hefur verið gríðarlega hagstæð launþegum og kaupmáttur hefur aukist, eins og menn muna, á fáum árum um tæplega fjórðung eða um 25% á 4–5 árum. Það er auðvitað vegna þess hvað kaup hefur hækkað mikið umfram verðlag og að sama skapi hefur það skilað þessum aðilum, sóknum og kirkjugörðum, auknum tekjum miðað við það sem menn gátu séð fyrir á þeim tíma þegar lögin voru sett. Það er því ekki að öllu leyti hægt að halda því fram að þó að gripið sé til þessara aðgerða sé verið að skerða hlut þessara aðila sem því nemur. Þeir hafa fengið umfram það sem ætla hefði mátt að yrði við eðlilega launaþróun, þ.e. í samræmi við það sem áður gerðist. Ég vil meina að þeir sem verða fyrir tekjuskerðingu vegna breytinganna séu að mörgu leyti vel í stakk búnir til að bera þær breytingar.

Eftir standa gjöld, um 496 millj. kr., sem segja má að séu ný gjöld. Þá þarf að draga frá 10 millj. kr. vegna sjúkrahótela sem, eins og fram hefur komið hjá hæstv. heilbrrh., er ekki nýmæli heldur er verið að festa betur í lög framkvæmd sem verið hefur. Raunveruleg hækkun gjalda í þessu frv. á skattgreiðendur, eða þá sem þurfa að borga gjöldin, er í fyrsta lagi á námsmenn, um 100 millj. kr.; í öðru lagi á útgerðir, um 50 milljónir; í þriðja lagi á bifreiðaeigendur, um 260 milljónir

og í fjórða lagi á flugfarþega, um 70 milljónir; en þetta eru um 486 millj. kr. sem kalla má að séu ný gjöld.

Til viðbótar því, eins og fram hefur komið, má minna á að áformað er að hækka áfengisgjald um 450 milljónir þannig að samanlagt eru tekjuaukningaráhrifin 1 milljarður kr. í þeim áformum ríkisstjórnarinnar, bæði í bandorminum og öðrum frumvörpum.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það eru ekki stórar tölur í fjárlögum ríkisins þar sem skatttekjur eru taldar verða um 220 milljarðar kr. Það er langt innan við að vera 1% breyting og reyndar innan við hálfs prósent breytingu á tekjum ríkissjóðs. Þá verður að hafa í huga að ýmislegt í fjárlagafrv. er nýmæli, bæði sem eru að koma inn ný eða hafa komið inn ný á síðustu árum sem er mikils um vert að hafi náðst fram. Ég vil benda á hækkun barnabóta um 500 millj. kr. í þessu fjárlagafrv. Það er annar áfangi af þremur í að hækka barnabætur um allt 2 milljarða kr. Þetta kemur auðvitað þeim hópum til góða sem þetta varðar.

Í öðru lagi er að koma til framkvæmda nýr áfangi í lögunum um fæðingarorlof. Eins og allur þingheimur veit er mikil réttindabót í þeim lögum, enda var algjör samstaða um það mál hér á Alþingi.

Í þriðja lagi vil ég minna á að í frv. eru hlutir sem hafa komið fram fyrr á kjörtímabilinu eins og um 1.200 millj. kr. greiðsla til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að tryggja að fasteignaskattar á landsbyggðinni væru ekki hærri en á höfuðborgarsvæðinu og miðuðust við fasteignamat eigna en ekki uppreiknað fasteignamat og sá ávinningur kemur bæði til fasteignaeigenda, þ.e. einstaklinga og fyrirtækja. Í frv. er líka veruleg aukning á niðurgreiðslu til rafhitunar íbúðarhúsnæðis en eins og menn sjá í frv. eru um 850 millj. kr. til þessa verkefnis. Sú niðurgreiðsla hefur á þessu kjörtímabili aukist mjög verulega og þeir sem njóta hennar hafa séð það á reikningum sínum þar sem þeir hafa lækkað umtalsvert. Þetta hefur verið mikil kjarabót fyrir þá sem þessar greiðslur beinast að.

Fleiri atriði má nefna í frv. sem eru réttindamál. Ég vil nefna auknar greiðslur til öryrkja og ellilífeyrisþega sem ákveðnar voru á Alþingi í framhaldi af dómi Hæstaréttar á sínum tíma og mig minnir að sé um 1 milljarður kr. á ári. Þarna er um að ræða mikla fjármuni til þess hóps sem fær þær greiðslur. Það er því margt í fjárlagafrv. sem í er aukning til ýmissa hópa sem telja verður eðlilegt og sjálfsagt að njóti framlaga úr ríkissjóði og það nemur miklu hærri fjárhæðum en þeim breytingum sem verið er að gera með frv. ríkisstjórnarinnar eða öðrum tekjuöflunaráformum.

Þegar málið er metið í heild er alveg augljóst að verið er að bæta hag fólks í landinu, þeirra hópa sem menn hafa verið að bera hér fyrir brjósti í umræðunni. Ég vil nefna þar að auki það sem er í frv. líka og lýtur að því að bæta hag fólks með því að lækka skatta. Gert er ráð fyrir að eignarskattar lækki með því að hækka fríeignamörk og tekjuskattar einstaklinga hækki með því að hækka frítekjumörk þannig að þar eru samtals um 1.600 millj. kr. lægri skattar en áætlað hafði verið að óbreyttum lögum. Verið er að lækka tekjuskatt einstaklinga um 0,33% um næstu áramót og verið er að afnema skattlagningu á húsaleigubætur þannig að á næsta ári er áætlað að ríkissjóður láti frá sér tekjumöguleika upp á 3 milljarða kr. Þarna er um að ræða fjárhæð sem líka er langtum hærri en nemur þeim fjárhæðum sem auknar eru með breytingum á lögum í þessu frv. Á árinu 2003 kemur til viðbótar þessum 3 milljörðum lækkun á eignarsköttum einstaklinga sem má ætla að séu um 2,4 milljarðar kr. Á því ári verður lækkunin 5,4 milljarðar kr. frá því sem gilti á árinu 2001.

Þegar menn skoða áhrifin í heild bæði á skatta, bætur og gjöld, þá verður ekki annað sagt en að verið sé með þessu fjárlagafrv. og tengdum frv. að bæta almennt hag fólks. Og þá er ónefnt áform um lækkun á stimpilgjöldum sem m.a. margir einstaklingar munu njóta góðs af þegar það kemur til framkvæmda.

Menn í stjórnarandstöðunni hafa nefnilega dálítið fallið í þá gryfju að hafa uppi þann málflutning að þegar verið er að tala um að auka gjöld á ákveðnum sviðum þá eru menn á móti því, en þegar talað er um að auka útgjöld á ákveðnum sviðum til tiltekinna hópa þá eru menn líka á móti því af því að það sé ekki nógu mikið. Þannig að menn eru á móti tekjum af því að þeir vilja ekki hækka tekjur og menn eru á móti útgjaldaauka af því að það er ekki nógu mikill útgjaldaauki. Það verður auðvitað að gera þá kröfu til stjórnarandstöðunnar að hún hafi þá ákveðin úrræði fram að færa og skýri mál sitt hvernig hún ætlar að ná saman endum í ríkisfjármálum með slíkum málflutningi.

Áður en ég vík að ákveðnu máli sem snertir stjórnarandstöðuna vil ég koma því hér að, að í gegnum fjárlög ríkisins á þessu kjörtímabili hafa sést ákveðnar pólitískar áherslur. Ég minni á að framlög til heilbrigðismála frá ríkisreikningi 1999 til frv. 2002 hefur aukist um 10 milljarða kr. eða um 20%. Þau framlög hafa aukist úr 48,8 milljörðum í 58,6 milljarða. Framlög til almannatrygginga og velferðarmála hafa aukist frá ríkisreikningi 1999 úr 38 milljörðum kr. í 52 milljarða kr. í fjárlagafrv. 2002 eða um tæplega 14 milljarða kr. sem nemur um 40% hækkun. Framlög til fræðslumála hafa aukist á þessu tímabili úr 16 milljörðum í 21 milljarð eða um 5 milljarða sem er um 30% aukning. Þannig að útgjaldaaukinn sem er í fjárlögunum frá 1999–2002 hefur að langmestu leyti farið í þrjá málaflokka, fræðslumál, heilbrigðismál, almannatryggingar og velferðarmál. Það er auðvitað til marks um pólitískar áherslur sem koma fram hjá ríkisstjórninni með því móti. Ég vildi minna á það og draga það fram þannig að það gleymdist ekki í umræðunni hvernig þær áherslur koma fram.

Ef við tökum sérstaklega síðasta ár og heilbrrn. þá aukast útgjöld heilbrrn. frá fjárlögum 1991 til þess sem ætla má að verði fjárlög 2002, þ.e. frá fjárlögum 2001–2002, þá má ætla að útgjöld heilbrrn. aukist um tæpa 10 milljarða kr. Það er ekki niðurskurður, það er aukning. Það er ekki niðurskurður um 500 millj. kr., það er aukning um nærri 10 milljarða kr. í framlögum til heilbrrn. bara á milli ára. Þannig að því verður ekki haldið fram af neinni sanngirni að um sé að ræða einhvern niðurskurð í þeim málaflokki.

Herra forseti. Mig langar aðeins að víkja að áherslum stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Ég greip hér áðan eitt þingmál, till. til þál. um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins sem þingflokkur Vinstri grænna flytur á þessu þingi, þar sem er að finna áherslur þess þingflokks í þeim málaflokki. Það er dálítið athyglisvert að skoða það þingmál. Í því eru taldar fram í fjölmörgum liðum breytingar sem þingmenn flokksins vilja gjarnan koma á í almannatryggingum, félagsmálum, heilbrigðismálum og menningarmálum svo eitthvað sé nefnt, þar sem lögð er áhersla á breytingar sem allar kosta peninga, allar kosta peninga og sumar kosta mikla peninga. Ég er ekki að segja neitt um þær tillögur, það er annað mál hvaða skoðun ég hef

á þeim. Við skulum ræða það síðar ef tækifæri gefst. En ég er bara að skoða þetta út frá fjármálapólitík flokksins. Hér er um að ræða alveg í tugum liða taldar aðgerðir sem þeir vilja hrinda í framkvæmd og kostar gríðarlegar fjárhæðir að hrinda þeim í framkvæmd. Síðan fletti ég upp á tekjuöfluninni til að standa undir þessu og skoða þál. og les hvar á að afla tekna til að standa undir þessu. Þá eru taldir upp í fjórum liðum möguleikar á því sviði. Fyrst vil ég nefna einn lið sem er að skattleysismörk fylgi launaþróun. Það er ekki tekjuöflunarliður hygg ég á máli hv. flutningsmanna. Ég hygg að það sem þeir eigi við með þessum lið sé að hækka persónuafsláttinn frá því sem hann er og þar af leiðandi minnka tekjur ríkissjóðs. Eins og menn vita þá kostar það gríðarlegar fjárhæðir að hækka persónuafslátt sérstaklega ef menn ætla að hækka hann mikið eins og ég þykist greina í grg. og því sem fram hefur komið hjá flm. í þessu atriði þar sem þeir telja að skattleysismörk hafi ekki fylgt launaþróun og muni þar verulega miklu á. Tekjuöflunartillaga númer eitt er um að minnka tekjur ríkissjóðs til viðbótar öllum útgjöldunum sem þeir ætla að bæta við til að uppfylla markmið sín. Ég vil spyrja hv. þm. Vinstri grænna: Hvar ætla þingmennirnir að afla tekna fyrir þeim markmiðum? Hvernig mundi bandormur þeirra líta út? Hvað á að hækka skatta mikið til að standa undir þessum óskalista? Væri það 486 millj. eins og ég hef rakið að eru í nýjum tekjum í þessu frv.? Væru það 4.860 millj. sem þingflokkurinn mundi auka tekjur ríkissjóðs með nýjum bandormi? Eða væru það kannski 48.000 millj. sem mér sýnist kannski vera sú tala sem helst kæmist næst því að þurfa til að afla fyrir öllum þessum útgjöldum þingmannanna.

Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. tala á móti tekjuöflun af því að þeir telja að þeir sem hún beinist gegn geti ekki borið hana. Þeir tala með öllum útgjöldum og vilja helst ganga lengra en lagt er til hverju sinni. Síðan þegar þeir leggja fram sitt eigið þingmál þá hafa þeir engar tillögur um hvernig eigi að afla tekna aðrar en þær að minnka tekjur ríkissjóðs enn meira en gert er ráð fyrir. Það væri fróðlegt að fá fram áður en umræðunni lýkur frá hv. þm. Vinstri grænna hvernig ríkisfjármálapakki þeirra liti út. Hvernig mundi bandormur þeirra líta út? Ég er býsna hræddur um, herra forseti, að það yrði mjög langur bandormur sem hlykkjaðist hér um allt lagasafnið og sali Alþingis án nokkurs enda.

[12:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg augljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mundi ekki byrja á því að leggjast á námsmenn til að ná sér í tekjur. Hún mundi ekki byrja á að leggjast á starfsnám eða verknám. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talar um pólitískar áherslur á kjörtímabilinu. Gerir hv. þm. sér grein fyrir að Framsfl. er ábyrgur fyrir þeirri pólitísku áherslu sem lögð hefur verið fram í menntamálum, sem lýsir sér í hækkun á skólagjöldum, skerðingu fjár til verknámsskóla, þannig að skólar sem stunda verk- og starfsnám sitja margir hverjir uppi með miklar skuldir og vita ekki hver framtíð þeirra er eða framtíð verknáms og starfsnáms.

Gerir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks Framsfl. sér grein fyrir því að í þessu frv. er verið að leggja til að skólagjöld í starfsnámi og verknámi verði aukin? Veit hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hvaða nemendur sækja mest í starfsnám og verknám, einmitt málmiðnaðarnám? Það eru nemendur af landsbyggðinni. Nemendur sem búa í sjávarþorpum og úti um sveitir landsins sem sækja þetta nám að langmestum hluta og verða auk þess að sækja það nám hingað á Stór-Reykjavíkursvæðið. Þessir nemendur eru skattstofn ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl.

[12:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Áherslur ríkisstjórnarinnar í fræðslumálum sýna sig í væntanlegum fjárlögunum fyrir 2002 og þar kemur fram að framlög til málaflokksins hafa aukist um 30% frá 1999. Ég held að það verði að teljast nokkuð góður árangur að auka framlög til málaflokksins um tæplega þriðjung á aðeins þremur árum. En hver er skattstofn hv. þm. Vinstri grænna til að standa undir útgjöldum þeirra, tillögum sem þeir bera fyrir brjósti og kosta örugglega tugi milljarða á ári að hrinda í framkvæmd? Ég hef ekki nema gróft mat á því hvað þetta mundi kosta. Ég mundi halda að 20–30 milljarðar væri svona það sem af sanngirni mætti halda að það kostaði að framfylgja slíkum tillögum. (Gripið fram í.) Og hvert á að sækja tekjurnar til að standa undir þessu, herra forseti? Það segir í þingskjali þingflokksins að þær eigi að sækja með því að styrkja tekjustofna sveitarfélaga. Hvernig á að styrkja tekjustofna sveitarfélaga? Verður það ekki gert með því að leggja skatt á einhverja? Og á hverja á að leggja skatt, herra forseti?

Síðan segir að fjölga eigi skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga. Það þýðir væntanlega að það eigi að hækka tekjuskatt einstaklinga en ekki að lækka, eins og núv. ríkisstjórn er að gera.

[13:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. hafði hvorki kjark né kraft til þess að svara því sem hér var fyrst og fremst beint að honum. Það er um hina pólitísku sýn sem birst hefur í menntamálum og birtist hvað harðast núna. Skólar, verknámsskólar sitja uppi með skuldir og skerta framtíðarmöguleika en á þeim er ekki tekið í þessu fjárlagafrv.

Nemendur af Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, sem sækja mest í verklegar greinar, eru skattlagðir. Þeir skulu skattlagðir sérstaklega. Er þetta nú reisn?

Hv. þingflokksformaður Framsfl., Kristinn H. Gunnarsson, gerði jú kannski litla tilraun innan þingflokksins til að mótmæla þessu en var keyrður niður. Það var nú allt og sumt, allur dugurinn.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að skattleggja þetta unga fólk, ungt fólk sem er að sækja í verknám og starfsnám og það fólk kemur sérstaklega frá hinum dreifðu byggðum úti um land. Er það nú reisn.

[13:01]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Framlög úr ríkissjóði til nemenda sem stunda nám fjarri heimilum sínum hefur verið ríflega tvöfaldað á þessu kjörtímabili. Það eru auðvitað pólitískar áherslur sem hv. þm. Jón Bjarnason þegir yfir vegna þess að það hentar honum ekki að láta sannleikann koma fram í þeim efnum.

Hitt er að verða nokkuð ljóst að skattastefna Vinstri grænna er að hækka skatta á almenning í landinu um 15–20% á einu bretti til að standa undir gífurlegum óskalista um ný útgjöld. Það er skattastefna hv. þingmanna Vinstri grænna og mundi vera í bandormi sem hér lægi á borðunum ef þeir sætu í ríkisstjórn.

[13:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur við að ég þurfi ræðu til að fara yfir þessi mál eftir þessi undarlegu ræðuhöld hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

Við erum ekki með tillögur um að stórauka skatta á almenning í landinu. Við viljum hins vegar gerbreyttar áherslur í skattamálum og í stað þess að skattleggja tekjulægsta fólkið og millitekjuhópa þá viljum við skattleggja þá sem eru aflögufærir, en stefna ríkisstjórnarinnar gengur í þveröfuga átt.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að styrkja velferðarþjónustuna í landinu og skapa aukinn jöfnuð meðal landsmanna kosta að sjálfsögðu peninga. Þess vegna höfum við varað við skattatillögum ríkisstjórnarinnar sem að dómi allra þeirra sem hafa skoðað þau mál munu veikja stórlega stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaganna í landinu. Staða ríkissjóðs mun veikjast um yfir 3 milljarða kr. vegna þeirra breytinga sem áformaðar eru.

Við höfum líka verið með tillögur um niðurskurð. Við höfum lagt til að fallið verði frá NATO-fundi sem kemur til með að kosta á milli 300–400 millj. kr. Við höfum gagnrýnt fjáraustur í utanríkisþjónustuna, 900 millj. kr. í Japan í sendiráð.

Nú kann vel að vera að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni finnist ekki mikið til um slíka smámuni. Enn fremur mætti nefna 300 millj. kr. í einkavæðingarbraskið. En ég minni á að fyrir ýmsa hópa sem eru í erfiðri stöðu þá skipta upphæðir af þessari stærðargráðu miklu máli.

Samkvæmt fyrirheitum sem ríkisstjórnin gaf árið 1999 átti á þessu ári að verja 139 millj. kr. til að útrýma biðlistum fatlaðra. Í fjárlagafrv. var þessi tala komin niður í 20 milljónir. Hún hefur núna verið hækkuð upp í 50 milljónir en er engan veginn það sem ríkisstjórnin hafði lofað. Þetta er dæmi um þær áherslur sem við viljum breyta.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti minnir hv. þm. á að virða tímamörk.)

[13:05]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta það sem er að finna í fjárlagafrv. og lýsir stefnu ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Vinstri grænna hafa algjörlega skautað fram hjá því og vilja þegja það í hel. Það er verið að hækka barnabætur um 500 millj. kr., það er verið að auka réttindi í fæðingarorlofi, það er verið að auka greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega. Framlög til almannatrygginga hækka um 3 milljarða kr. í þessum fjárlögum frá yfirstandandi ári. Ætla menn að segja að engar pólitískar áherslur séu fólgnar í því?

Ég vil segja, herra forseti, að þetta er auðvitað pólitík og framlög til almannatrygginga og heilbrrn. hafa hækkað um tugi prósenta bara á þremur árum. Menn höfðu auðvitað það val að gera það ekki. En það eru pólitískar áherslur sem liggja hér að baki og ráða því að þessum mikla tekjuauka ríkissjóðs á síðustu árum hefur verið varið í þessa málaflokka.

Nú kemur hv. þm. og fer að tala um sendiráðið í Japan. Þáltill. þess efnis var samþykkt á Alþingi á síðasta kjörtímabili og 1. flm. var varaþingmaður hv. þingmanns, Hjörleifur Guttormsson, þar sem hann lagði til að þetta yrði gert. Hann sagði í greinargerð sinni með málinu að vissulega mundi þetta kosta mikla peninga en það væri samt rétt að gera það. Þingheimur tók undir þau sjónarmið og taldi rétt að þetta yrði gert. Þegar menn hrinda málinu í framkvæmd, sem samþykkt er frá hv. varaþm. Hjörleifi Guttormssyni, þá kemur hv. þm. Ögmundur Jónasson og leggst á móti málinu. Hvernig stendur á því að þeir félagar, á sama lista í Reykjavík, geta ekki verið sammála í því máli?

Að lokum, herra forseti. Nú kemur hv. þm. og segir: Ja, það er gagnrýnt að ríkisstjórnin er að lækka skatta of mikið. Hvað var hv. þm. og félagar hans að segja um þetta mál? Voruð þeir ekki að gagnrýna að verið væri að auka skattheimtu á ákveðnum sviðum? Nú koma þeir og segja að það sé allt of mikil lækkun.

[13:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Við skulum ekki, herra forseti, tala mikið um sendiráðið og útúrsnúninga varðandi það. En ef ég væri framsóknarmaður, þá mundi ég ekki tala mikið um öryrkja. Ég mundi ekki gera það. Ég mundi ekki tala mikið um það vegna þess að Framsfl. og Sjálfstfl. hafa einmitt haft af þeim hópi bætur sem þeim höfðu verið dæmdar af Hæstarétti Íslands. Ég mundi ekki ræða það mjög mikið.

Gerir hv. þm. sér grein fyrir því að eftir að Framsfl. komst til valda voru öryrkjar, sem eru á lægstu bótunum, í fyrsta skipti skattlagðir og meira en lítið, um 70 þús. kr. á ári? En í skattapakka ríkisstjórnarinnar er ekki komið á nokkurn hátt til móts við þennan hóp en í stað þess eru ívilnanir til tekjuhæsta fólksins í landinu, að jafnaði 40 þús. kr. meðgjöf á ári til þeirra sem mestar hafa tekjurnar. Það eru þær áherslur sem við erum að gagnrýna. Við erum að gagnrýna það að nú sé verið að seilast ofan í vasa námsmanna, í vasa sjúklinga og í vasa þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Framsfl. ætti að skammast sín fyrir þetta.

[13:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú öðru nær. Það er verið að auka fjárframlög til almannatrygginga um 3.000 millj. kr. í þessum fjárlögum frá því sem var í síðustu fjárlögum. Og það er m.a. vegna þess að við erum að bregðast við dómi Hæstaréttar. (**ÖJ**: Aðeins að hluta til.) Við erum að bregðast við dómi Hæstaréttar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er ekki dómstóll og hann getur ekkert kveðið upp úr um hvað er rétt og rangt í þeim efnum. Það gera dómstólar.

Stjórnarflokkarnir (Gripið fram í.) fengu sérfræðinga til að leggja mat á dóminn og hrinda í framkvæmd því sem menn töldu að fælist í dómnum. Og það hefur verið gert að fullu og öllu, herra forseti. (**ÖJ**: Ég var að tala um siðleysi ríkisstjórnarinnar.)

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill biðja hv. þm. um að gefa hljóð í salnum.)

Hv. stjórnarliðar sem standa að þessu máli geta verið stoltir af því að hrinda því í framkvæmd. Fyrrv. heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður ekki vænd um að hafa ætlað sér að hafa eitthvað af öryrkjum. Ég tel lítið leggjast fyrir hv. þm. Ögmund Jónasson að væna hana um slíkt.

[13:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til að spyrja hv. þm. um stefnu Framsfl. hvað varðar skólagjöld. Í frv. er gert ráð fyrir að hækka gjöld á nemendur. Ef ég hef skilið það rétt kom fram í andsvari hæstv. menntmrh. hér fyrr í dag við fsp. frá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur að skólagjöldin sem þarna væru að hækka mundu valda því að framlög ríkisins til einkaskóla yrðu hærri eftir þessa breytingu.

Ef ég man rétt hélt Framsfl. því fram að hann ætlaði sér að verja skólana fyrir stefnu Sjálfstfl. Hvað veldur þessari stefnubreytingu og hvernig útskýrir hv. þm. og formaður þingflokks Framsfl. þá stefnubreytingu sem felst í frv.? Er það virkilega orðin stefna Framsfl. að taka eigi hærri skólagjöld í skólum almennings og ríkisins í landinu og að menn komi þar út með mínus og þurfi að reka þá skóla fyrir miklu lægri fjárhæðir á nemanda en einkaskólarnir eru reknir fyrir? Hefur Framsfl. tekið þá afstöðu, var gerð einhver samþykkt um þetta á síðasta flokksráðsfundi Framsfl.? Ég hef ekki orðið var við það. Mig langar að spyrja um þessa stefnubreytingu, hvort ég hafi skilið hana rétt og hvað það er sem hefur valdið henni.

[13:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að skólagjöldin eru erfið mál fyrir marga þingmenn, m.a. hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem engdist dálítið í því máli kjörtímabilið 1991–1995. Þá voru gerðar breytingar á lögum í þá átt sem við búum við í dag. Framsfl. hefur ekki verið tilbúinn til þess að auka við í þeim efnum. Við höfum ekki verið hvatamenn að því.

Hins vegar er erfitt að standa gegn því að hækka umræddа skatta eða gjöld í samræmi við verðlag og á það hafa menn fallist. Menn þekkja svo sem alveg sjónarmið þingflokksins í þeim efnum þannig að það þarf ekkert að rekja þau frekar.

[13:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta hefur samt aldrei gerst áður, að menn séu farnir að taka einkaskólana fram fyrir skóla ríkisins. Það er stefnubreyting sem áhugavert er að ræða og ástæða til að fá pólitísk svör manna um hvort þeir hafi skrifað upp á slíka stefnu.

Ég verð að segja að þó að ég sé ekki sérstaklega hrifinn af Framsfl. þá hefði ég nú aldrei trúað því að hann léti Sjálfstfl. draga sig út í það fen sem hann er kominn út í hvað þetta varðar, að mismuna skólum ríkisins gagnvart einkaskólum í landinu með þessum hætti. Þetta er ömurlegur endir á stefnu Framsfl. í þessum málum. Það verð ég að segja.

[13:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði þessa fullyrðingu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur áðan á þessum þingfundi. En það var hennar fullyrðing en ekki menntmrh. Ég heyrði ekki að menntmrh. tæki undir það að hér væri um að ræða réttan skilning á málinu. Ég þekki ekki þetta mál þannig að ég get engu um það svarað. En það er auðvitað sjálfsagt að kynna sér það.

[13:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú háttar þannig til að það mun hafa verið samið um að stefna að því að ljúka þessari umræðu eigi síðar en um eittleytið. Ég hygg að formenn þingflokka og forsetar hafi gengið frá því samkomulagi.

Ég vek athygli á því að svo virðist sem hæstv. ráðherrar og aðrir hv. þm. séu algerlega fallnir frá þeim venjum sem hér hafa lengi gilt, að menn taka tillit til þess ef verið er að semja um lok umræðna ef þeir eru síðustu ræðumenn í umræðu og vekja þá ekki tilefni til andsvara eða deilna umfram það sem hjá verður komist.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem augljóslega var síðasti ræðumaður umræðunnar, innan þess tímaramma sem samið hafði verið um fyrir þennan fundi, notaði nánast allan ræðutíma sinn — ekki til að ræða stjfrv. sem er á dagskrá því það er hv. þm. feimnismál — heldur til að ráðast á stjórnarandstöðuflokkana og ræða efni annarra tillagna en þeirrar sem hér er á dagskrá.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti. Mér finnst þetta ekki stórmannlegt. Mér finnst þetta lélegir mannasiðir í samskiptum í þinginu og ég hef af því nokkrar áhyggjur að þetta, ásamt ýmsu fleiru, sé eitt af því sem ekki verði til að auka virðingu þessarar stofnunar og ekki til að gera þingstörfin skemmtilegri og uppbyggilegri. Þetta er heldur leiðinlegur plagsiður sem þarna er að verða.

Hitt tek ég fram að ég er að sjálfsögðu tilbúinn til rökræðna við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvar og hvenær sem aðstæður eru til þess heppilegar og kvíði því í engu að ræða við hann annars vegar um framlag Framsfl., sem hýsir hv. þm. um þessar mundir, og hins vegar annarra flokka til íslenskra stjórnmála.

[Fundarhlé. — 13:15]

[14:18]

Útbýting þingskjals:

Flutningur veiðiheimilda fiskveiðiárin 1996/1997 til 2000/2001, 360. mál, fsp. JÁ, þskj. 514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 114, nál. 461, 464 og 472, brtt. 462, 470, 471 og 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Sú atkvæðagreiðsla sem hér fer fram er nokkuð viðamikil og flókin. Ég hef komið á framfæri við hæstv. forseta ósk minni um hvernig ég og minn flokkur viljum að atkvæðagreiðslan verði brotin upp, en við munum óska sératkvæða um margar greinar frv. sem og brtt. meiri hlutans og þær brtt. sem Samfylkingin hefur lagt fram, og ýmsar greinar þarf líka að kljúfa upp í atkvæðagreiðslunni.

Þær brtt. sem við flytjum eru heilsteyptar og viðamiklar og valkostur við þær tillögur sem stjórnarflokkarnir leggja fram. Þær fela í sér þriggja milljarða króna minni útgjöld fyrir ríkið og sveitarfélög en skattatillögur stjórnarflokkanna þó fallið sé frá óréttlátri hækkun á tryggingagjaldi eins og Samfylkingin leggur til sem mismunar atvinnugreinum og heggur þungt í landsbyggðina. Brtt. Samfylkingarinnar tryggja líka betur hag einstaklinga og fyrirtækja með lækkun á stimpilgjaldi um þriðjung og meiri lækkun á tekjuskatti einstaklinga en ríkisstjórnin áformar. Um leið fela þær í sér að ná því markmiði að viðhalda alþjóðlegu skattaforskoti íslenskra fyrirtækja en jafnframt að minnka þann mun sem

er á skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja, á milli launa og fjármagns sem draga mun úr skattasniðgöngu.

Með því að hækka fjármagnstekjuskatt í 16% og taka upp frítekjugólf með fjármagnstekjuskatti um 100 þús. fyrir einstaklinga og 200 þús. fyrir hjón fækkar greiðendum fjármagnstekjuskatts með hóflegan sparnað um 55 þús. eða úr 78 þús. í 22 þús.

Á þessu vil ég vekja athygli nú í upphafi atkvæðagreiðslunnar því valkostirnar standa um tillögur stjórnarflokkanna, sem þjóna fyrst og fremst hagsmunum stórfyrirtækjanna, og tillögur Samfylkingarinnar sem tryggja jafnræði og sanngirni í skattlagningu, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem er allt annað sjónarhorn í skattlagningu en hjá stjórnarflokkunum.

[14:22]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styður þá tillögu að tekjuskattar einstaklinga verði lækkaðir, enda hér um að ræða hluta af áður gerðu samkomulagi og áður ákveðnum ráðstöfunum. Við styðjum mjög eindregið að afnema skattlagningu á húsaleigubætur og við munum styðja þá tillögu Samfylkingarinnar að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður. Við munum hins vegar ekki styðja aðrar tillögur Samfylkingarinnar heldur sitja hjá við þær eins og aðrar greinar frv. Við teljum t.d. óráðlegt við þessar aðstæður að lækka tekjuskatta fyrirtækja.

Staðreyndin er sú að þær skattbreytingar sem hér verður gengið til atkvæða um munu veikja stöðu ríkissjóðs verulega. Frv. tekur til tveggja ára og mun rýra tekjur ríkissjóðs um yfir 7 milljarða kr., yfir 3 milljarða á komandi ári. Frumvarpið mun einnig veikja stöðu sveitarfélaganna í landinu um á annan milljarð kr. á ári hverju.

Við þessar aðstæður og þær óvissuaðstæður sem við búum nú við hefur bæði Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki haft uppi varnaðarorð um að fara þessa braut. Verkalýðshreyfingin, ASÍ og BSRB hafa mótmælt þessum tillögum, telja þær óskynsamlegar, óráðlegar og ranglátar. Það segir Öryrkjabandalagið, það segir Landssamband eldri borgara. Öll almannasamtök í landinu vara við þessu. Við teljum heppilegra að skjóta þessum skattkerfisbreytingum á frest og freista þess að ná samstöðu í þjóðfélaginu innan þings sem utan um skynsamlegar og réttlátar breytingar á skattkerfinu.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:24]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að lýsa ánægju með þær miklu skattalækkanir sem verið er að samþykkja með þessu frv. Það er enginn vafi á því að mikil lækkun tekjuskatts, eignarskatts og stimpilgjalds mun styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og skapa forsendur fyrir frekari uppbyggingu þeirra. Það sem snýr að einstaklingum er 50% lækkun eignarskatts, þjóðarbókhlöðuskattur aflagður, skattur á húsaleigubætur felldur niður, tekjuskattur lækkaður, frítekjumark hátekjuskattsins hækkað. Allt þetta bætist við margt annað sem gert hefur verið að undanförnu til að bæta hag fólksins í landinu og leitt hefur til þess að kaupmáttur hér hefur aukist meira en í nokkru öðru landi.

Ég minni á að persónufrádráttur hjóna er að verða að fullu millifæranlegur, fæðingarorlof hefur verið stóraukið, barnabætur auknar um 2 milljarða á þremur árum, breyting á fasteignamati hefur stórlækkað fasteignaskatta á landsbyggðinni og tekjuskattur var lækkaður um 4 prósentustig. Hér sést glöggt sá skýri munur sem er á áherslum stjórnarflokkanna sem stórlækka álögur á almenning og stjórnarandstöðunnar sem lagði til milljarða skattahækkanir við síðustu fjárlagagerð.

Brtt. 462,1 (ný 2. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:26]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi brtt. tengist möguleikum á því að færa eintaklingsrekstur í einkahlutafélög. Við í Samfylkingunni erum sammála um það að þetta sé mikilvægur möguleiki og hann á að vera fyrir hendi. En við teljum að ekki sé búið þannig um hnútana að tryggt sé að ekki sé verið að misnota þetta rekstrarform. Við teljum að tillögur okkar sem við flytjum um þetta mál tryggi það mun betur. Tillögur stjórnarflokkanna eru með þeim hætti að það verður mikið skattatap hjá sveitarfélögunum ef það er reiknað á bilinu 1–1,3 milljarðar hjá sveitarfélögunum. Við munum því styðja þær tillögur sem við teljum til bóta í þessu efni sem snertir þessa yfirfærslu en í atkvæðagreiðslu um aðrar tillögur, sem við teljum að ekki séu til bóta, munum við sitja hjá. Þetta er tillaga sem er til bóta og við greiðum atkvæði með henni.

Brtt. 462,2 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

13 þm. (ÁSJ, BH, GAK, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um eitt ákvæði af mörgum í frv. sem snýr að afnámi á verðleiðréttum reikningsskilum. Því fylgja bæði kostir og gallar en ýmsir umsagnaraðilar telja þó varhugavert við þær aðstæður sem nú eru að fara þessa leið. Efasemdir komu fram hjá

Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og ASÍ í þessu efni. Ég minni líka á að Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefur sagt að afnám verðbólgu- og reikningsskila sé ótímabært eins og nú horfir.

Við erum sammála þeim efasemdum sem fram hafa komið og munum sitja hjá við þau ákvæði frv. sem snúa að afnámi verðbreytingafærslna.

3. gr., inngmgr. og a–c-liðir (verða a–d-liðir), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

3. gr., d-liður (verður e-liður), samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

4.–16. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, JBjart, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,3 (nýr b-liður 17. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 470,1 felld með 34:17 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við höfnum því að verið sé að skattleggja fátækasta fólkið í þjóðfélaginu, þ.e. þá sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum á sama tíma og verið er að lækka skatta á stóreignafólki. Þessi tillaga okkar gengur út á það að styrkur sem greiddur er í formi fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögunum verði undanþeginn skatti.

17. gr., inngmgr. og a-liður, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

17. gr., c-liður, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG.

9 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

17. gr., d-liður, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

17. gr., e-liður, samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

6 þm. (EOK, GÁS, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að afnema skattlagningu á húsaleigubætur og er þá orðin að veruleika margra ára barátta Leigjendasamtakanna, verkalýðshreyfingarinnar og annarra almannasamtaka sem lagst hafa á eitt um að hnekkja því ranglæti að leigjendur búi við annan og mun verri kost en þeir sem eiga sínar íbúðir og hús.

Ég fagna þessari skattbreytingu. Hún er í samræmi við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[14:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin styður að sjálfsögðu afnám skatta á *húsaleigubætur. Það var mikil réttarbót fyrir fólk* á leigumarkaði þegar lög um húsaleigubætur voru sett að frumkvæði jafnaðarmanna. Okkur fannst eðlilegt að húsaleigubætur væru ekki skattlagðar fremur en vaxtabætur en um það náðist ekki samstaða á sínum tíma. Hins vegar voru bæturnar hækkaðar krónulega sem nam skattlagningunni þá sem gaf ákveðna viðurkenningu á stöðunni.

Nú í árslok 2001, sjö árum síðar, hefur barátta jafnaðarmanna undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur skilað árangri. Afnám skatta á húsaleigubætur skiptir miklu máli fyrir kjör fólks á leigumarkaði og þessi langþráða lagabreyting, herra forseti, er áþreifanleg sönnun þess að dropinn holar steininn líka hér á Alþingi.

18. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRJ, EOK, GunnB, JBjart, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,4 (nýr c-liður 19. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, JÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

19. gr., inngmgr. og a–b-liðir, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

20.–22. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,5 (ný 23. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

24.–26. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,6 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

27. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,7 (ný 28. gr.), inngmgr., 1.–2. efnismgr. (að orðunum „umfang og eðli“ í 3. málsl.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH*, DO, DrH, EKG, EMS*, GHH, GuðjG, GHall, GÁS*, GÁ, GÖ*, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS*, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM*, KPál, MS, ÓÖH, PHB, RG*, SI, SJóh*, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, GE, GAK, JÁ, JB, KVM, KolH, MF, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 462,7 (ný 28. gr.), orðin „umfang og eðli starfs og starfsemi“ í 3. málsl. 2. efnismgr., samþ. með 34:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði gegn þessum orðum og viljum fella þau út vegna þess að við teljum að þau setji óeðlilega kvöð á skattstjóra vegna eftirlits með reiknuðu endurgjaldi sjálfstæðra atvinnurekenda. Við teljum að þetta veiki mjög eftirlitsmöguleika skattstjóra gagnvart þeim sem fá reiknað endurgjald því að skattstjórar hafa ekki nokkra aðstöðu til þess að leggja sjálfstætt mat á það hvert sé umfang í hverri starfsemi fyrir sig hjá þeim sem taka sér laun samkvæmt reiknuðu endurgjaldi.

ASÍ hefur sterklega varað við þessari tillögu og telur að hún geti leitt til verulegrar skattasniðgöngu. Við segjum því nei við þessum orðum hér.

[14:39]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er afar mikilvægt að þetta ákvæði sé inni. Væri þetta ákvæði fellt út mundi það þýða að skattgreiðandinn væri fyrir fram talinn vera skattsvikari áður en annað kemur í ljós. Ég er á því að skattgreiðendur eigi að vera taldir heiðarlegir borgarar og það eigi að vera útgangspunkturinn í skattalögunum. Þess vegna er alveg bráðnauðsynlegt að þessi orð séu inni.

Brtt. 462,7 (ný 28. gr.), frá og með orðunum „afkomu rekstrarins“, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, EOK, GÁS, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

29. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, DO, EOK, GÁS, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 470,2, inngmgr. og a-liður, felld með 33:17 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, EOK, GÁS, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin styður lækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,33% sem samið var um í tengslum við kjarasamninga og taka á gildi um næstu áramót. Jafnframt er lagt til í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar að stiginn verði frekari áfangi í lækkun á almennum tekjusköttum sem fjármögnuð verði með hækkun kostnaðargjalda í sjávarútvegi. Þannig verði á árinu 2003 lækkaður almennur tekjuskattur einstaklinga um 0,25% til viðbótar 0,33% um næstu áramót. Ég segi já.

Brtt. 470,2.b felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (DO, EOK, GÁS, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að tekið verði upp sérstakt frítekjumark í fjármagnstekjuskatti um leið og fjármagnstekjuskattur verður hækkaður úr 10% í 16%. Þetta sérstaka frítekjumark mun leiða til þess að í stað 78 þúsund einstaklinga sem greiða nú fjármagnstekjuskatt miðað við álagningu í ár mun þeim fækka um 55 þúsund og verða 22 þúsund. Þessi leið mun líka minnka þann mikla mun sem er á skattlagningu á fjármagni og launum. Við teljum mikla eðlilegra að fara þessa leið og hún gefur líka auknar tekjur um 1.700 millj. í ríkissjóð. Þá þurfum við ekki að fara þá leið sem stjórnarflokkarnir velja sem er hækkun á tryggingagjaldi sem kemur sér verulega illa fyrir landsbyggðina og lítil og meðalstór fyrirtæki.

30. gr. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

6 þm. (DO, EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:43]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Með þessu er verið að lækka tekjuskatt á móti þeirri heimild sem sveitarfélög hafa til þess að hækka útsvar. Ég tel að það sé óráðlegt að fara neðar með tekjuskattinn að þessu sinni.

Ég minni á það að tillaga Samfylkingarinnar um að leggja á auðlindaskatt til þess að fjármagna tekjuskattslækkun þýðir að fyrir hvern milljarð sem auðlindaskatturinn er til þess að fjármagna tekjuskattslækkun er 500 millj. kr. tilfærsla frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Leggst þá lítið fyrir allt þetta tal um að það eigi að hygla landsbyggðinni í þessum málum.

31. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, DO, EOK, GunnB, KolH, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 471 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 470,3.a–b felld með 34:18 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Markmið Samfylkingarinnar með skattatillögum sínum varðandi fyrirtæki er ekki síst að tryggja að íslensk fyrirtæki haldi samkeppnishæfni sinni og skattalegri stöðu gagnvart öðrum löndum. Í dag er það þannig eins og fram hefur komið í þeim upplýsingum sem Samfylkingin hefur lagt fyrir þingið í þessari umræðu að það eru einungis örfá ríki sem hafa lægri tekjuskatt á fyrirtæki en Ísland og skattar á arðgreiðslur eru hvergi lægri, að ég hygg, heldur en hér á landi. Víða erlendis eru þeir 25–40%. Það er því ljóst að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er nú þegar alveg prýðileg.

Við teljum þess vegna að til þess að vera í takt við þróunina erlendis og til þess að viðhalda skattalegu forskoti og þar með samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja þurfi ekki að lækka skattprósentuna niður í 18% heldur nægi að leggja hana niður í 25% og þess vegna leggjum við það fyrir þingið með þessari tillögu. Ég segi því já við henni.

[14:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Með því að lækka skatta á atvinnurekstur svo mikið sem ríkisstjórnin leggur til án þess að lækka skatt á almennar launatekjur verður mismunur á sköttum launamanna og atvinnurekstrar úr öllu hófi. Þetta mun valda því að færri fara að vinna sjálfstætt að hluta til með annarri vinnu og meira af slíkri vinnu mun fara undir yfirborðið. Samfylkingin telur að skynsamlegur áfangi í þessu efni sé að lækka tekjuskatt fyrirtækjanna niður í 25% og það er hér lagt til. Meiri lækkun hljóti að verða að bíða þess að tekjuskattar einstaklinga verði lækkaðir verulega.

Brtt. 470,3.c felld með 34:24 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:47]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um tillögu jafnaðarmanna í efh.- og viðskn. um hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 16% og um leið með nýju ákvæði um 100 þús. kr. frítekjumark á einstaklingi og 200 þús. kr. frítekjumark hjá hjónum. Fjármagnstekjustofn er talinn vera 24,5 milljarðar kr. 10% framteljenda eiga 16 milljarða af stofninum.

Með þessari breytingu mun þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt fækka um rúmlega 55 þús. manns. Verði þessi tillaga samþykkt munu t.d. smábörn hætta að greiða fjármagnstekjuskatt af tannfé sínu, börn hætta að greiða fjármagnstekjuskatt af útburðarpeningum og ellilífeyrisþegar hætta að greiða fjármagnstekjuskatt af lágmarkssparnaði.

Herra forseti. Hér er á ferðinni að mínu mati ein merkilegasta brtt. í þessum skattapakka sem við erum að greiða atkvæði um. Þessar tillögur mundu leiða til þess að fjármagnstekjuskattur mundi fyrst og fremst aukast hjá þeim sem hafa miklar fjármagnstekjur og lækka eða hverfa hjá þeim sem lítið eiga. Herra forseti. Ég segi já við þessari tillögu.

32. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

25 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, PHB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er fráleitt við þær aðstæður sem við búum við nú að lækka tekjuskatta fyrirtækja. Þess vegna vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki styðja þessar tillögur ríkisstjórnarinnar og þess vegna gátum við ekki heldur stutt tillögur Samfylkingarinnar um lækkun tekjuskatta fyrirtækja.

Staðreyndin er sú að um þriðjungur fyrirtækja í landinu skilar hagnaði. Það er þeim fyrirtækjum sem verið er að ívilna en á hin fyrirtækin sem búa við þröngan kost nú eru settar auknar klyfjar. Þetta er mjög óskynsamlegt við þessar aðstæður, herra forseti, og við getum ekki stutt þessar ráðstafanir.

[14:50]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Með þeirri breytingu sem hér er verið að gera á skattalögum er stigið mjög mikilvægt skref í þá átt

að gera íslenskt atvinnulíf alþjóðlega samkeppnishæft. Ef við lítum á það hvernig staðan hefur verið og skoðum tekjuskattsprósentuna, eignarskattshlutfallið og fjármagnstekjuskattinn, þá þarf ekki að koma svo mikið út úr rekstri fyrirtækja í hagnað til þess að skattur á þann hagnað sé yfir 50%. Með þessari breytingu er verið að lækka tekjuskattsprósentuna niður í 18%. Síðan er eignarskatturinn líka að lækka og sameiginleg áhrif af þessu verða til þess að skattlagning á arð úr íslenskum atvinnurekstri gerir hann mjög samkeppnishæfan í öllum alþjóðlegum samanburði.

33. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,8 (ný 34. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EOK, GE, GunnB, JÁ, LB, MF, PP, SAÞ) fjarstaddir.

35. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að lækka eignarskatt á einstaklinga og við styðjum það. Í þessari grein er líka verið að hækka fríeignamarkið í eignarskatti til þess að koma í veg fyrir að hækkun á fasteignamati hækki eignarskatt á einstaklingum og við styðjum það. Það er í samræmi við það sem efh.- og viðskn. taldi að rétt væri í frv., er hún fjallaði um hækkun á fasteignamati. Þetta atriði og þetta mál verður þó tekið til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. í efh.- og viðskn. vegna þess að við teljum að út af standi að gera ráð fyrir auknu fjármagni í vaxtabætur til þess að hækkun á fasteignamati skerði ekki vaxtabætur því ella mundu þær skerðast um 170 millj. kr. Þetta teljum við að standi út af í því loforði sem við töldum að hæstv. fjmrh. hefði gefið fólkinu í landinu í sumar.

Brtt. 470,4 felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:54]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég var hálfpartinn að vona að Samfylkingin mundi draga þessa tillögu til baka því að hún er svo arfavitlaus. Hún mundi þýða að það væru mismunandi eignarskattar á eigið fé fyrirtækja eftir því hvað nafnvirði hlutafjár er stór hluti af eigin fé. Það getur ekki verið nein glóra í slíkri tillögu og þess vegna vona ég að þingheimur felli þetta umsvifalaust.

[14:55]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er ekkert sem mælir gegn því í skattkerfinu að hafður sé misjafn skattur á eignarsköttum lögaðila eða einstaklinga. Þess vegna vísa ég því til föðurhúsanna sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kom hér fram með.

36. gr., inngmgr. og a-liður, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að lækka eignarskatta úr 1,2% í 0,6%. Ég styð það mjög eindregið þar sem eignarskattur er ekkert annað en skattur á sparnað, ráðdeild og sparsemi.

36. gr., b-liður, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GAK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

37.–38. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,9 (39. gr. falli brott) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

41. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 470,5.a–c (til og með lið F), felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi brtt. tengist þeim breytingum sem við viljum gera varðandi tillögur ríkisstjórnarinnar um hátekjuskatt, þ.e. að hækka frítekjumark í hátekjuskatti. Við viljum fresta því um tvö ár.

Hér er ekki um eðlilega tillögu eða rétta að ræða í því umhverfi sem við erum. Þessi tillaga hefur það í för með sér að fólk sem er með 2 millj. í tekjuskattsstofn fær 6.600 kr. skattalækkun samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar en þeir sem eru með 8 millj. í tekjuskattsstofn fá 104 þús. í skattalækkun. Við teljum ekki tímabært núna að taka í það 600 millj. að lækka skatta á hátekjufólki á meðan verið er að skera niður í velferðarkerfinu. Þessu viljum við fresta í tvö ár þannig að breytingin taki gildi árið 2004.

Brtt. 470,5.c (liður G) felld með 34:18 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin leggur til að fjmrh. skipi þegar nefnd sem kanni hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega skatta á launafólk og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Nefndin verði skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka, aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum samtaka aldraðra og öryrkja.

Herra forseti. Það er óásættanlegt að ríki og sveitarfélög sæki 1 milljarð kr. í tekjur í vasa fólks sem hefur 90 þús. og þar undir í tekjur á mánuði. Sjóðir láglaunafólks eru magrir. Við skulum leita samstöðu um að rétta hag þessa hóps og ég treysti því — ég trúi eiginlega ekki atkvæðatöflunum. Ég hefði óskað eftir samþykki Alþingis til að koma á því samráði sem nauðsynlegt er til að tryggja tekjuminnstu hópunum í samfélaginu afkomu.

Brtt. 462,10, inngmgr. og a-liður, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,10.b–c samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ.

6 þm. (GAK, MF, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GuðjG, GunnB, JB, KolH, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

42. gr. (verður 41. gr.), inngmgr., a-liður og b-liður (undirliðir A–D), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Breyting á hátekjuskatti rýrir tekjur ríkissjóðs um 600 millj. kr. á ári en að sama skapi bætir þessi breyting hag tekjuhæsta fólksins, þeirra sem búa við skást kjörin í landinu um þessar sömu 600 millj. kr. Þetta er lítill hluti þjóðarinnar sem fær að jafnaði meðgjöf upp á 40 þús. kr. á ári, sumir minna, aðrir meira. Hverjir niðurgreiða þessa meðgjöf? Það er lægst launaða fólkið. Það eru öryrkjarnir. Því að í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins er þetta fólk nú skattlagt. Það greiðir í ríkissjóð 70 þús. kr. á ári til þess m.a. að fjármagna þessar siðlausu skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Já, þetta hét siðleysi og það heitir enn siðleysi.

42. gr. (verður 41. gr.) b-liður (undirliður E), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÖJ) fjarstaddir.

43. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

44. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að fella niður þjóðarbókhlöðuskattinn. Kominn tími til. Það er búið að reisa Þjóðarbókhlöðuna og þá er rétt að skatturinn falli niður.

Brtt. 470,6 felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er tillaga um hækkun á tryggingagjaldi sem við leggjumst gegn. Sú hækkun er í reynd skattlagning á vinnuafl og hún ýtir undir verðbólgu. Hún er algerlega í andstöðu við vilja verkalýðshreyfingarinnar sem ríkisstjórnin er nú loksins að drattast til að tala við og þó fyrr hefði verið.

Það er líka athyglisvert miðað við það á hvaða höndum stjórn þessa máls hefur verið í þinginu að Verslunarráð lítur svo á í umsögn sinni til efh.- og viðskn. að skýringar stjórnvalda á þessu séu í andstöðu við gildandi lög. Þessi breyting, þessi hækkun leggst þyngst á lítil fyrirtæki sem ekkert eiga nema mannauðinn. Þess vegna kemur hún verst við sprotafyrirtæki sem eru frjóangarnir inn í framtíðina og eru nú þegar fleiðruð upp á herðablöð eftir meðferð ríkisstjórnarinnar. Greining Þjóðhagsstofnunar sýnir jafnframt að þessi hækkun mundi lenda langþyngst á landsbyggðinni og þess vegna er í reynd hægt að kalla þetta landsbyggðarskatt. Við erum á móti þessu í Samfylkingunni og þess vegna leggjum við til að þessi grein falli brott.

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í viðtali við talsmann Samfylkingarinnar, Margréti Frímannsdóttur, viku fyrir síðustu kosningar sagðist hún leggja til að tryggingagjald hækkaði um 1%. Við göngum ekki svo langt.

45. gr. (verður 44. gr.) samþ. með 34:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:07]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um nýjasta afrek ríkisstjórnarflokkanna sem er hækkun tryggingagjalds. Hér er verið að búa til enn einn landsbyggðarskattinn. Þessi aðgerð staðfestir betur en allt annað að það er engin innstæða á bak við tal stjórnarsinna um að nauðsynlegt sé að rétta hlut landsbyggðarinnar.

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu munu hagnast um 2,7 milljarða kr. á þessari breytingu. Fyrirtæki á landsbyggðinni munu hins vegar aðeins hagnast um 74 millj. kr. Með þessari skattahækkun eru rekstrar- og samkeppnisskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni stórlega skert. Er ekki komið nóg, herra forseti, í álögum og árásum á fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni?

Jöfnun lífskjara, svo og jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja án tillits til staðsetningar þeirra verður að vera meðal forgangsverkefna ef árangur á að nást í byggðamálum. Núverandi hæstv. ríkisstjórn er ekki að vinna að slíkum jöfnunaraðgerðum.

Herra forseti. Ég segi þvert nei við þessari skattatillögu ríkisstjórnarinnar.

[15:09]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Samfylkingin varaði við því að tekjuskattur fyrirtækja kemur fyrst og fremst þeim sem best standa til góða, sé lækkaður eins og hér er lagt til og kostnaðinum velt yfir á lítil og meðalstór fyrirtæki með hækkun tryggingagjalds. Þessi breyting kemur illa niður á litlum fyrirtækjum á landsbyggðinni. Einkum kemur þetta illa við bændur sem margir reka mjög skuldsett bú. Samfylkingin mótmælir því stórfyrirtækjadekri sem fram kemur í skattatillögum ríkisstjórnarinnar og þeirri aðför að einyrkjum og bændum sem hækkun tryggingagjalds felur í sér.

[15:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hefði verið farið að skattastefnu Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar, þá væri öðruvísi umhorfs í þjóðfélaginu í dag en raun ber vitni. Skattapakki Samfylkingarinnar er alveg skýr í þessari atkvæðagreiðslu. Við viljum létta álögum á atvinnulífi og einstaklingum en samt halda þjónustu á velferðarkerfið.

Þessi ríkisstjórn er í öðru orðinu að létta álögum af atvinnulífinu með lækkun tekjuskatta. Hún tekur það til baka einhendis í formi hækkaðrar álagningar á mannaflafrek fyrirtæki með hækkun tryggingagjalds sem hér er verið að greiða atkvæði um. Það styð ég ekki.

[15:10]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Þessi hækkun á tryggingagjaldinu er beiskur moli sem þarf að kyngja til þess að geta fengið þessa tvo sætu sem eru í pakkanum líka. Þess vegna styð ég þessa hækkun.

Ég vísa hins vegar á bug öllu þessu landsbyggðartali hjá samfylkingarmönnum vegna þess að fyrir liggur tillaga þeirra um að nota auðlindaskatt til þess að fjármagna lækkun tekjuskatts. Milljarður í auðlindaskatt til þess að fjármagna lækkun tekjuskatts þýðir 500 millj. kr. tilflutning frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið.

[15:11]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Tryggingagjald leggst á launagreiðslur fyrirtækja og langstærstur hluti launagreiðslna fyrirtækja fellur til á höfuðborgarsvæðinu. Allt tal um að hækkun á tryggingagjaldi sé einhver sérstakur landsbyggðarskattur er því algerlega út í hött.

[15:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Með því að hækka tryggingagjaldið til að fjármagna tekjuskattslækkun fyrirtækja er verið að hygla fáum stórum og öflugum fyrirtækjum, fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er á kostnað almenns atvinnurekstrar og sveitarfélaga alveg sérstaklega á þeim svæðum landsins sem hafa átt í vök að verjast. Þetta lýsir sér best í því að þrjú skattaumdæmi á suðvesturhorninu hirða meira en allan hagnaðinn af tekjuskattslækkuninni. Þetta eru yfirgengileg skilaboð frá stjórnvöldum sem á hátíðarstundum berja sér á brjóst og tala um það að þau vinni gegn byggðaröskun. Þetta eru skilaboð til landsbyggðafólks. Fyrirtæki í Reykjavík og nágrenni fá 2,8 milljarða í skattalækkun, landsbyggðarfólkið minna en ekki neitt. Hvert skyldu menn svo flytja út á þessa breytingu, hæstv. forseti?

Brtt. 462,11 (ný 46. gr., verður 45. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, EOK, GÁ, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

47.–48. gr. (verða 46.–47. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

14 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, JB, KVM, KolH, MF, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, KLM, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,12 (tvær nýjar greinar, verða 48.–49. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

10 þm. (ÁSJ, ÁRJ*, GAK, JB, KolH, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GÁ, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 462,13 (ný grein, verður 50. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, DO, EOK, GÁ, GunnB, KolH, LB, PP, SJóh, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,14 (ný 49. gr., verður 51. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GÁ, GunnB, JB, LB, PP, SAÞ, SvH) fjarstaddir.

50. gr. (verður 52. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 462,15 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

51. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, LB, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

52.–53. gr. (verða 54.–55. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 470,7 felld með 32:17 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GÁS, GunnB, HjÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:16]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við 1. umr. fjárlaga gaf hæstv. fjmrh. fyrirheit um það að stimpilgjöld yrðu lækkuð. Allt slíkt er þó óljóst í því frv. sem við nú greiðum atkvæði um. Þar eru engar beinar tillögur og engir fjármunir. Við erum hins vegar að greiða atkvæði um tillögu okkar í Samfylkingunni um það að stimpilgjald verði lækkað um þriðjung frá og með 1. janúar 2003 og í okkar tillögum okkar er einnig séð fyrir fjármögnun á þessari lækkun.

Stimpilgjöld eru ranglátur skattur, herra forseti. Þau leggjst þyngra á fólk í fjárhagsþröng en aðra og mismuna fyrirtækjum. Stimpilgjöld eru enda á hröðu undanhaldi í aðildarríkjum OECD. Stimpilgjöld eru gamaldags skattur, herra forseti. Því segi ég já.

Brtt. 473 (fyrri málsliður) felld með 47:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GÁS, GunnB, HjÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú stefnir því miður í að við sitjum uppi með skattkerfisbreytingar sem eru í senn ósanngjarnar og óskynsamlegar. Mikil andstaða hefur komið fram gegn þessum breytingum í þjóðfélaginu og andstaðan fer vaxandi eftir því sem það rennur upp fyrir fólki hvað hér er að gerast.

Tillögurnar eru gagnrýndar einnig vegna þess að þær þykja á margan hátt varasamar í tæknilegu tilliti og á fulltrúum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka er að skilja að það sé mjög varasamt að ráðast í þessar breytingar við það óvissuástand sem við búum við nú.

Við teljum að með tilliti til þessa, ósættisins og óvissunnar, sé hyggilegt að skjóta þessum skattkerfisbreyting á frest og freista þess að ná samstöðu innan þings og utan um breytingar á skattkerfinu sem eru í senn sanngjarnar og skynsamlegar og samstaða getur orðið um.

[15:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrsti hluti tillagna Vinstri grænna snýst um að velja nýjan gildisdag á allan skattapakka ríkisstjórnarinnar. Ég tel að það sé mikil bjartsýni að halda að ríkisstjórnarflokkarnir geri eitthvert bandalag við stjórnarandstöðuna og aðra aðila í þjóðfélaginu um endurbætur á skattkerfinu á þessum tíma. Tillagan er þess vegna efnisleg og því leggst ég gegn henni og það gerir Samfylkingin öll.

Brtt. 473 (síðari málsliður) felld með 33:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GE*, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, EOK, GunnB, HjÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 470,8 kölluð aftur.

54. gr. (verður 56. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁSJ, DO, EOK, GunnB, HjÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:21]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér ægir saman í gildistökuákvæðinu gildistaka á mörgum þeirra skattbreytinga sem í frv. felast og svona framsetning er ekki til fyrirmyndar. Ef birtast ætti afstaða okkar í Samfylkingunni til einstakra greina þyrfti að brjóta þessa atkvæðagreiðslu upp í fimm sérstakar atkvæðagreiðslur þar sem við yrðum ýmist með eða á móti í samræmi við þá afstöðu sem hefur birst í þessari atkvæðagreiðslu.

Þar sem afstaða okkar hefur þegar komið fram í atkvæðagreiðslunni við einstakar greinar, þá teljum við rétt að spara tíma þingsins og fara ekki í allar þessar atkvæðagreiðslur sem ella væri nauðsynlegt og munum því sitja hjá við gildistökugreinina.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 15:23]

Fjárlög 2002, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 425, frhnál. 475, 498 og 499, brtt. 456, 476, 477, 478, 479, 480, 481, 482, 496, 504, 505, 506, 507 og 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú er verið að ganga til lokaafgreiðslu fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga við þessa lokaatkvæðagreiðslu að þrátt fyrir það að forsendur frv. hafi breyst í veigamiklum atriðum til hins verra frá því í haust, bæði að því er varðar tekjuáætlun ríkissjóðs en einnig að því er varðar ýmis óhjákvæmileg útgjöld, þá hefur eigi að síður tekist að búa svo um hnútana að tekjuafgangurinn fyrir næsta ár er hinn sami og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. upphaflega og það þrátt fyrir að nú eins og áður hafi reynst óhjákvæmilegt í meðförum ríkisstjórnar og Alþingis að bæta við nokkrum útgjöldum. Afgangurinn verður 18,6 milljarðar, rúmlega 3 milljarðar að fráteknum söluhagnaði af eignum. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægur árangur sem hér hefur náðst í góðu samstarfi innan ríkisstjórnar og stjórnarflokka en einnig með ágætu vinnulagi í hv. fjárln. Alþingis.

Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, og þakka öllum sem átt hafa hlut að máli og lagt hönd á plóg.

[15:40]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Samfylkingin leggur til við þessi fjárlög aðhalds- og ráðdeildartillögur sem varða aðallega sparnað en einnig útgjöld sem eru hagstæð til lengri tíma litið. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliða til að styðja tillögur okkar. Við munum greiða einstökum tillögum atkvæði, sitja hjá eða greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem við teljum óskynsamlegar. Ég vil láta þess getið að við höfum skýrt fyrir virðulegum forseta hvernig við leggjum til að fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar verði.

[15:41]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 er að koma til lokaafgreiðslu í þinginu. Ég vil vekja athygli á því sérstaklega hversu tekjugrunnur fyrir þessu frv. er veikur og sömuleiðis þær efnahagsforsendur sem frv. í heild sinni byggir á. Þessar efnahagsforsendur hafa verið að breytast dag frá degi og meira að segja þegar fjárln. fékk efnahagsforsendur samtímis frá fjmrn. og frá Þjóðhagsstofnun, þá greindi þær á í veigamiklum atriðum. Þetta sýnir best hvað þetta er óvisst. Eitt er þó svo sem gott og slæmt í senn, að óvissan er að stórum hluta heimatilbúin. Hún er komin til vegna rangra áherslna í efnahagsmálum af hálfu ríkisstjórnarinnar og því er hægt að breyta.

Ég vek enn fremur athygli á því að bæði efnahagsforsendur og tekjuhlið frv. komu ekki inn í fjárln. fyrr en eiginlega sama daginn og var talið nauðsynlegt að afgreiða þær aftur út úr nefndinni. Sama sagan var með margboðaðar niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar. Þær komu heldur ekki til fjárln. fyrr en um það leyti sem átti að fara að afgreiða þær út. Þetta eru ekki vinnubrögð sem ég tel að eigi að viðhafa á Alþingi, enda lagði ég til að gefnir yrðu nokkrir dagar enn til þess að fara betur yfir bæði forsendur fjárlagafrv. og einstaka liði þess. En, herra forseti, það kemur hér til lokaafgreiðslu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram örfáar brtt., annars vegar ákveðnar tekjutillögur þar sem gert er ráð fyrir því að lækkun á hátekjuskatti sé frestað og sömuleiðis hluta af eignarskattslækkuninni. Við leggjum til örfáar brtt. sem miða að því að styrkja stöðu þeirra sem veikast eru settir í þjóðfélaginu og enn fremur til þess að styrkja stöðu námsmanna, en ríkisstjórnin hefur séð sér sérstakan leik á borði að innheimta aukin gjöld af námsmönnum til þess að styrkja fjárhag ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég vona þó að við stöndum frammi fyrir betra ári og öruggari efnahagsforsendum heldur en forsendur

eru hér fyrir og þrátt fyrir að við höfum þessa ríkisstjórn.

[15:45]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við lokaafgreiðslu fjárlaga munu þingmenn Frjálslynda flokksins taka afstöðu til einstakra tillagna. Afstaða okkar mun birtast í atkvæðagreiðslunni. Við munum hins vegar sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[15:45]

Pétur H. Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég tel mjög jákvætt að fjárlögin séu afgreidd með afgangi. Jafnvel fyrir sölu eigna. Það er mjög mikilvægt teikn til atvinnulífsins og til erlendra viðskiptavina þess og þjóðarinnar allrar.

Ég hef gagnrýnt nokkuð í umræðum þann eiginleika þessa frv. að fjalla mikið um einstakar framkvæmdir. Ég tel að það sé verkefni framkvæmdarvaldsins og ég hef líka gagnrýnt það að Alþingi semji ekki lög og það séu óhrein skipti á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. En þetta er frv. ríkisstjórnarinnar og ég styð hana. Hún hefur gert mjög margt gott. Atvinnuleysið er nánast núll hér á landi, einsdæmi í heiminum. Laun hafa hækkað sem hvergi annars staðar og nú stendur til að lækka skatta þannig að ég get ekki annað en stutt fjárlagafrv. þessarar ríkisstjórnar. Við höfum auk þess lifað eitt lengasta hagvaxtartímabil og þó að núna dragi eitthvað úr hagvextinum, þá er sú lægð miklu minni en oft áður. Mér finnst mjög bjart fram undan og þetta frv. er gott og ríkisstjórnin hefur skilað góðum verkum. Ég segi já við þessu frv.

Brtt. 504,1 felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:47]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu frá 1. minni hluta fjárln. um það að auka skatttekjur með því að herða skatteftirlit. Á öðrum stað í frv. er lögð fram tillaga um það að leggja fram aukið fé til skatteftirlits þannig að tryggja megi betri skil á sköttum. Þetta er m.a. gert í samhengi við skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út fyrr á þessu ári. Hér er því einnig um fyrirbyggjandi starf að ræða og er því miklum mun eðlilegri tillaga en ýmsar aðrar sem meiri hlutinn á þingi leggur til. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 505,1 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 477 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,1–2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 504,2 felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:50]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér gerum við í 1. minni hluta fjárln. tillögu um það að fresta framkvæmdum á stjórnarráðsreit á árinu 2002 og leggjum til að sú fjárhæð sem er inni í fjárlagafrv., 250 millj., sé dregin af og fari engir peningar til þessara framkvæmda. Það er m.a. hægt að benda á að á þessu ári var öllum áætlunum breytt miðað við það sem hér var lagt til við afgreiðslu fjárlaga þessa árs því að í fjárlögum þessa árs var m.a. verið að kaupa hús á þessum merka reit sem átti að breyta í skrifstofu fyrir Stjórnarráðið en nú hefur verið ákveðið að rífa húsið og byggja nýtt. Þess vegna, herra forseti, segi ég já við þessari tillögu.

Brtt. 476,3–4 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (ÁSJ, GAK, JB, JBjart, KolH, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 504,3 felld með 38:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (GAK, JB, KolH, SvH) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er alveg lífsins ómögulegt annað en greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Þetta framtak að safna vestnorrænu löndunum sama í eina miðstöð í Kaupmannahöfn er hið merkasta. Það var fyrrv. forseti okkar, frú Vigdís Finnbogadóttir, sem hrinti því af stað. Þarna er ætlunin að sendiráð Íslands, skrifstofur Grænlands og Færeyja og ýmis menningarstarfsemi verði í sögufrægri byggingu við Íslandsbryggju og þeir sem styðja þetta framtak eru yfirleitt mjög áhugasamir um að það nái fram að ganga.

Ýmsir mætir Íslandsvinir og stuðningsmenn vestnorrænu landanna eru að leggja þessu mikið fé. Hér er um að ræða mótframlag frá ríkisstjórn Íslands og er hluti af áætlunum um kostnað vegna verkefnisins og samningum þar um og það væri hið mesta óráð að fella þennan lið alveg út af fjárlögunum. Ég trúi því ekki að það hafi vakað fyrir mönnum að bregða fæti fyrir þetta verkefni. Það kann að vera að eitthvað megi draga úr fjárveitingum til verkefnisins vegna þess að því hafi miðað hægar fram en gert hafði verið ráð fyrir, en ég held að það væri óráðlegt í öllu falli að fella fjárveitingarnar alveg út.

[15:52]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Við teljum alveg eðlilegt að fresta þessum framkvæmdum við vestnorræna menningarhúsið í Kaupmannahöfn á þessu útgjaldaári. Það er ósætti um framkvæmdina við húsfriðunarfólk í Kaupmannahöfn og því er alveg eðlilegt að fresta þessari útgjaldatillögu og fella hana alveg niður að sinni. Það er það sem um er að ræða og þarna er hægt að spara og því gerum við þá tillögu og gefum þessa ábendingu.

Brtt. 476,5 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,6 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GAK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,7 samþ. með 34:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:54]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Víða koma handahófskennd vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans fram í þessu frv. Það er þó líklega hvergi eins áberandi og í þessum lið því að það var samþykkt við 2. umr. að bæta 250 millj. við liðinn Byggingarframkvæmdir og tækjakaup hjá Háskóla Íslands sem tengjast Náttúrufræðihúsinu svokallaða. Nú, herra forseti, er lagt til að teknar séu aftur 200 millj. af þessum 250 millj. sem samþykktar voru við 2. umr. Herra forseti. Svo handahófskennd eru þessi vinnubrögð að við þessu verður að segja nei.

[15:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að skerða framlag til rannsókna við Háskóla Íslands og hér er einnig skert framlag til byggingarframkvæmda og þannig brugðið fæti fyrir háskólann sem hefur lagt kapp á að ljúka framkvæmdum fyrir Náttúrufræðihúsið í Vatnsmýrinni. Þar rísa nú hins vegar stórhýsi á vegum einkafyrirtækja og gerist sú spurning áleitin hvort þetta sé meðvituð tilraun af hálfu ríkisstjórnarinnar til að torvelda Háskóla Íslands og öðrum opinberum stofnunum einnig að byggja yfir sig og þröngva þeim til að gerast leiguliðar á húsamarkaði. Það eru mörg fyrirtæki farin að gera út á þessa stefnu ríkisstjórnarinnar með einkaframkvæmd af ýmsu tagi. Þetta er miklu dýrara fyrir viðkomandi stofnanir, miklu dýrara fyrir ríkið, miklu dýrara fyrir skattborgarann en þetta er stefna ríkisstjórnarinnar að því er virðist. Ég mótmæli því og greiði atkvæði gegn þessum niðurskurði.

Brtt. 476,8–9 samþ. með 34:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 505,2 felld með 34:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að varið verði 100 millj. kr. á næsta ári í sérstöku átaki til þess að efla menntun á landsbyggðinni og þarna er sérstaklega horft til þess að auka námsframboð og efla möguleika á framhaldsmenntun í þeim byggðarlögum sem ekki hafa framhaldsskóla. Það ætti að vera meginmarkmið okkar að sem flest ungt fólk geti sem lengst sótt nám í heimabyggð og hafa einmitt mörg sveitarfélög lagt fram erindi um stuðning til þess að byggja upp aukið nám í heimabyggð.

Skýrsla Byggðastofnunar nýkomin staðfestir einmitt hversu mikilvægt það er fyrir styrk og fyrir sjálfsvitund og framtíðarmöguleika sveitarfélaganna og íbúana þar að efla menntun og efla menntun út um allt land. Þessi tillaga er liður í því að taka á þar þó að í litlu sé.

Brtt. 476,10 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu .
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, EOK, GHall, GunnB, KLM, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,11 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er það mikið í mun að vel sé staðið að málum er snúa að varðveislu menningararfs þjóðarinnar. Þess vegna hafa hv. þingmenn flokksins gagnrýnt það hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að standa að málum varðandi þá aðgerð að sundurgreina fornleifar og fornleifavernd hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð minnir á það álit menntmn. frá liðnu vori þess efnis að við aðskilnaðinn verði þess gætt að veikja ekki Þjóðminjasafn Íslands. Nú stöndum við hv. þm. frammi fyrir því að hin nýja ríkisstofnun er sett á laggirnar á þann hátt að fjármunir til hennar eru skrapaðir innan úr Þjóðminjasafninu án þess að nýir fjármunir komi til. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefðu viljað standa með meiri metnaði að málum þó að við styðjum að Fornleifavernd ríkisins sé sett á laggirnar. Við sitjum því hjá við tillöguna.

Brtt. 505,3 felld með 33:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Samkvæmt frv. því sem við nú greiðum atkvæði um er gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við endurbætur á húsi Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu og væri draumastaðan sú að hægt væri að opna safnið á afmælisári þess árið 2003. En til þess að húsið verði ekki opnað tómt, án nokkurra þjóðminja er nauðsynlegt að ætla einhverja fjármuni til nýrrar grunnsýningar á gripum safnsins. Ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum í nýja sýningu í frv. þessu. Þessi tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á að bæta úr því. Ég segi já.

Brtt. 476,12 samþ. með 33:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: GAK, SvH.
22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 505,4 felld með 32:7 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÍGP, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,13–14 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 505,5 kölluð aftur.

Brtt. 476,15–17 samþ. með 33:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða skerðingartillaga frá meiri hluta fjárln. sem gerir ráð fyrir því að skert verði framlag til endurbyggingar Þjóðminjasafnsins um 15 millj. kr. og einnig að skert verði framlag til Þjóðminjasafnsins, húsasafns, þ.e. verndun gamalla húsa í umsjá Þjóðminjasafnsins.

Í ljósi þess að húsasafnið hefur þurft að berjast í bökkum og það hefur verið mjög erfitt að geta haldið úti bráðnauðsynlegum verkefnum, þ.e. að viðhalda okkar verðmætustu húsum úti um allt land, þá geta hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki greitt svona skerðingu atkvæði. Við segjum nei.

Brtt. 496 kölluð aftur.

Brtt. 456 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 476,18–19 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 508 samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 476,20 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, KLM, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 505,6 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, JÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það leikur stundum vafi á því hversu mikla athygli þjóðin veitir þeim störfum sem hér fara fram þegar komið er langt inn í jólamánuðinn en eitt er víst, og menn þurfa ekki lengi að fara út á meðal almennings til þess að átta sig á því, að þjóðin hefur rækilega tekið eftir því hver eru gæluverkefni hæstv. ríkisstjórnar um þessar mundir. Á sama tíma og þjarmað er að ýmsum hópum sem standa höllum fæti hefur ríkisstjórnin varið hér staffírug fjárveitingar sínar til ákveðinna gæluverkefna, svo sem eins og í leynisjóðina vegna einkavæðingar og til þess að halda þennan margrómaða NATO-fund á næsta ári. Það er svo athyglisvert að gjarnan eru settar um 300–350 millj. kr. í hvert gæluverkefni og hlaupa þessir sjóðir gjarnan á þannig stærðargráðum. Hér er um fullkomlega óþörf útgjöld að ræða sem stofnað er til án þess að haft sé samráð við kóng eða prest og menn standa síðan frammi fyrir gerðum hlut og eiga að samþykkja þetta eða niðurlægja utanrrh. og þjóðina ella.

Þetta eru algerlega ótæk vinnubrögð, herra forseti, og því er ekki seinna vænna en nú við lokaafgreiðsluna að fella þennan lið út úr frv.

[16:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Í þeim efnahagsþrengingum sem nú blasa við og fjárlagatillögurnar staðfesta er auðvitað freistandi að flytja tillögu um að halda ekki rándýran fund um alþjóðasamstarf hér á Íslandi. Ef verið væri að stofna til þessa fundar nú legðist Samfylkingin gegn því að hann væri haldinn á Íslandi.

Við höfum skoðað þetta mál og afstaða okkar er að tillagan sem greidd eru atkvæði um nú sé óhjákvæmilega sýndartillaga. Það er löngu búið að bjóða til fundarins hvað sem mönnum finnst um það. Reyndar kom stjórnarandstaðan hvergi að því boði og ber enga ábyrgð á því.

Mikill undirbúningur er hafinn hérlendis sem ekki verður aftur snúið með og augljóslega yrði það óásættanlegt fyrir þau lönd sem við erum í samstarfi við á alþjóðavettvangi ef við fleygðum til þeirra einu stykki stórfundi á síðustu stundu. Í stöðunni er sú leið niðurlægjandi, ekki bara fyrir Alþingi heldur þjóðina alla.

Tillögur Samfylkingarinnar í dag eru allar þess eðlis að þeim er unnt að hrinda í framkvæmd. Þær eru ábyrgar og skila því sem þeim er ætlað. (Forseti hringir.) Við sitjum hjá við þessa tillögu, herra forseti, og aðrar sem snúa að þessum fundi. Tíma mínum er ekki lokið samkvæmt klukku.

(**Forseti** (HBl)**:** Tímanum er lokið. Hv. þm. hefur eina mínútu til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu.)

Brtt. 476,21–28 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, GHall, GunnB, ÍGP, JÁ, LB, MS, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 504,4–7 felld með 32:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart,

KF, KÓ, KHG, KPál, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, MS, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:09]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Sú tillaga sem við greiðum nú atkvæði um, að láta sjávarútveginn greiða mun meira af þeim kostnaði sem fylgir honum en skattgreiðendur standa undir núna, þ.e. kostnaðargreiðslur, sýnir líklega best þann mun sem er á ríkisstjórnarflokkunum annars vegar og Samfylkingunni hins vegar. Þeir leggja til aukin kostnaðargjöld á fólk, nemendur og sjúklinga, við leggjum til aukin kostnaðargjöld á atvinnulífið. Þeir verja velferðarkerfi fyrirtækjanna. Við verjum velferðarkerfi fólksins. Því segi ég já við þessari tillögu.

Brtt. 476,29.a samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, EOK, GHall, GunnB, JÁ, KolH, LB, MS, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,29.b samþ. með 33:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, MF, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 476,30 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,31 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, PHB, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 504,8 felld með 32:18 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, JBjart, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni tillaga frá okkur í Samfylkingunni um að efla löggæsluna í landinu og er ekki vanþörf á. Hér er tillaga um að hækka framlög til löggæslunnar, óskipt um 100 millj. kr. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að hér er um að ræða styrkingu hinnar almennu löggæslu þvert á það sem kemur í næsta lið á eftir þar sem lagt er til að efla löggæsluna einkum og sér í lagi í kringum tiltekinn fund sem einn og sér kostar einar 50 millj. kr.

Það er full þörf á því að efla löggæslu. Við höfum rætt það hér á haustdögum að það eru brotalamir í þjónustu löggæslunnar við borgarana í landinu. Við finnum fyrir óöryggi hér á höfuðborgarsvæðinu, í miðborginni og ég treysti því og trúi, þrátt fyrir litbrigði hér á veggjum, að stjórnarliðar styðji þetta þarfa mál.

Brtt. 505,7 felld með 34:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GÖ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMöl, EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,32 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EKG, EOK, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, LB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,33–36 samþ. með 33:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:15]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hvort ríkissjóður eigi í björgunaraðgerðum sínum að taka sér fé af þeim gjöldum sem hver gjaldandi einstaklingur kýs að renni til háskólasjóðs ellegar í það trúfélag sem hann er í, hvort heldur það trúfélag er Krossinn, Vegurinn, Fríkirkjan, þjóðkirkjan, Siðmennt eða eitthvert annað.

Þó að fjmrn. annist innheimtu þessara gjalda hefur ríkisvaldið engan rétt til þess að klípa af þessari fjárhæð. Slíkur gerningur hlýtur auk þess að vekja ugg um það að ríkisstjórnin ætli sér að seilast í vasa annarra samtaka sem efla gott mannlíf í landinu. Ég segi nei.

[16:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þau eru eftirtektarverð skilaboðin frá ríkisstjórninni til þessara grunnstofnana í okkar samfélagi, lögreglunnar annars vegar og kirkjunnar hins vegar. Ég segi nei.

Brtt. 476,37 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, EOK, GHall, GÁ, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 504,9 felld með 33:24 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er lögð til fjárveiting til málefna fatlaðra svo hægt sé að standa við loforð sem fötluðum, foreldrum þeirra og aðstandendum hafa verið gefin. Á þriðja hundrað fatlaðra bíða eftir búsetu. Enn fleiri bíða eftir þjónustu. Loforð um skammtímavistun hafa verið svikin af þessari ríkisstjórn sem brýtur mannréttindi á fötluðum.

Með samþykkt þessarar tillögu er hægt að fara eftir lögum um málefni fatlaðra. Samfylkingin vill standa vörð um velferðarkerfið. Ég segi já.

Brtt. 505,8 felld með 33:24 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í Reykjavík og á Reykjanesi eru yfir 200 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði. Þetta er fatlað fólk og það hefur fjölgað á þessum biðlistum frá því í fyrra um 25.

Árið 1999 var gerð áætlun um að útrýma þessum biðlistum fyrir árið 2006. Samkvæmt þeirri áætlun hefði þurft að verja 140 millj. á þessu ári. Ríkisstjórnin gerir hins vegar tillögur um 50 millj. Við viljum bæta um betur með tillögu okkar.

Mér finnst það vera niðurlægjandi fyrir Íslendinga og álitshnekkir að búa að fötluðu fólki eins og við gerum. Mér finnst hins vegar ekki niðurlægjandi og ég tel Íslendinga ekki setja niður við að skjóta á frest eða aflýsa skrautsýningu fyrir NATO og veisluhöldum sem eiga að kosta íslensku þjóðina mörg hundruð millj. kr. Það er ekki niðurlægjandi fyrir Íslendinga að afþakka slíkt boð.

Brtt. 476,38 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er lagt til að verja 50 millj. kr. til þess að draga úr þeim biðlistum sem eru hjá fötluðum, annars vegar 25 millj. kr. til skammtímavistunar og hins vegar um 25 millj. kr. til reksturs sambýla. Til viðbótar eru fyrir í fjárlagafrv. 22 millj. kr. þannig að með þessari tillögu verður fjárveitingin í heild ríflega 70 millj. kr. Það er langleiðina í það sem tillögur nefndar sem vitnað var til fyrr gerðu ráð fyrir og engin ástæða er til annars en ætla að á fimm ára tímabili takist að uppfylla þær tillögur sem þar voru lagðar fram.

Brtt. 504,10 felld með 32:24 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (JBjart) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:21]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um tillögu að ræða upp á 25 millj. fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þessi fjárhæð er algjörlega nauðsynleg, og það vita þeir þingmenn sem hér eru inni, til þess að stofnunin geti sinnt sínum lagaskyldum og tekið inn þá hópa sem nauðsynlegt er að sinna, t.d. þeim sem eru með Asperger-heilkenni Það er nauðsynlegt að koma þessum málum í viðunandi horf áður en sett verða sérlög um þessa stofnun. Það eru mjög margir sem bíða eftir greiningu og sú greining er alltaf mjög erfið fyrir allar fjölskyldur. Þess vegna er þessi tillaga fram komin. Hún á að koma að einhverju leyti til móts við þessa biðlista. Ég segi því að sjálfsögðu já en það hryggir mig að sjá hvernig taflan lítur út í þinginu.

[16:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styður þetta aukna framlag til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins en við teljum þessa aukningu engan veginn nægja. Við höfum kynnt okkur málefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar, sem sinnir mjög mikilvægu þjónustuhlutverki fyrir fötluð börn og aðstandendur fatlaðra barna, og það sætir furðu hvers vegna þeirri stofnun hefur verið haldið í því fjársvelti sem raun ber vitni.

Brtt. 476,39 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 476,40 samþ. með 32:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, KPál, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,41 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, GHall, GunnB, KPál, LB, MS, PP, SJóh, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,42 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, KPál, LB, MS, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,43.a samþ. með 32:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GÁS, GunnB, LB, MS, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Íslendingar leggja ekki háar upphæðir af mörkum til móttöku flóttamanna svona í það heila tekið. Hér er lagt til að skera framlag næsta árs niður um 10 millj. kr. Í ljósi þess að talsverður hluti þeirra tæplega 40 millj. kr. sem eftir standa fer til þess að greiða uppsafnaðan halla vegna móttöku flóttamanna sem nú þegar hefur farið fram, þá er í raun verið að stefna móttöku flóttamanna árið 2002 í mikla óvissu, herra forseti. Þetta er með öllu óviðunandi og ættum við í raun að vera að auka framlag til þessa málaflokks í ljósi stöðu heimsmálanna og í ljósi þess gríðarlega flóttamannavanda sem heimsbyggðin á við að glíma.

Herra forseti. Ég segi nei.

[16:26]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil bera það til baka að með þessari tillögu sé verið að stefna í hættu einhverju af því sem stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að gera á næsta ári varðandi móttöku flóttamanna. Með þeirri fjárveitingu sem hér er lagt til verður hægt að standa við allar yfirlýsingar stjórnvalda í þeim efnum.

Brtt. 476,43.b samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁSJ, EOK, GHall, GunnB, LB, MS, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 504,11 felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:27]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér gerum við tillögu um 300 millj. kr. framlag til þess að styrkja rekstrargrundvöll heilbrigðisstofnana og ætlumst til þess að þetta framlag fari um hendur hæstv. heilbrrh. til að velja þessu stað.

Með þessari tillögu er verið að koma á móti þeirri fjárvöntun sem er stöðugt vaxandi í heilbrigðiskerfinu. Það stefnir, virðulegur forseti, í hallarekstur á næsta ári samtals yfir einn milljarð. Það er að síga í sama farið og var fyrir fjórum árum þegar loksins fékkst tekið á þessum málum. Þess vegna leggjum við þessa tillögu fram.

Brtt. 476,44 samþ. með 32:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 476,45 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOK, GHall, GunnB, JÁ, JóhS, JónK, LB, PP, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 476,46 samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (EOK, GE, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér finnur ríkisstjórnin breiðu bökin. Hækka á gjöld á sjúklinga um 200–300%, þeirra sem þurfa á sérfræðiþjónustu að halda. Það er tekið af 6.000 kr. þak á greiðslum og síðan hækka ferliverk um allt að tugi þúsunda fyrir hvert verk á sjúklinga. Einnig er í þessum lið verið að auka þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og hér er verið að greiða 200 millj. til viðbótar fyrir lyfin.

Við mótmælum þessum álögum á sjúklinga. Við viljum verja velferðarkerfið andstætt við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem veitist að velferðarþjónustunni. Ég segi nei.

Brtt. 476,47 samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GAK, SvH.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, EOK, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,48–50 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 505,9 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,51 samþ. með 33:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, JóhS, KolH, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,52 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JÁ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EOK, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnB, JóhS, KLM, LB, PP, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 505,10 felld með 33:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er lagt til að 100 millj. kr. verði á næsta ári varið til að hefja átak í svonefndum félagslegum forvörn-

um og verði þar um upphaf langtímaverkefnis að ræða þar sem starfsemi aðila eins og félagsmiðstöðva, íþróttahreyfinga, æskulýðsfélaga, skátahreyfingar og fjölmargra annarra sambærilegra aðila, sem bjóða börnum og ungmennum upp á þroskandi og hollt tómstundastarf, skapar þeim tækifæri til að sinna sínum áhugamálum. Þetta verði liður í þessu átaki og er í samræmi við þáltill. sem liggur fyrir þinginu um að hafið verði slíkt átak til eflingar félagslegum forvörnum.

Brtt. 476,53–55 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,56.a samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, JóhS, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 505,11 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,56.b samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,57 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ, SÓ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er nýr liður í fjárlögum. Sjúkraflutningar eru nauðsynlegur þáttur í heilbrigðisþjónustu landsmanna og til að halda uppi öryggi í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, þarf að tryggja sjúkraflug með skömmum fyrirvara. Verið er að byggja miðstöð sjúkraflugs við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ef miðstöð sjúkraflugsins á að standa undir nafni verður að tryggja bakvaktir lækna við sjúkrahúsið, en það á í miklum rekstrarerfiðleikum og ber engan veginn kostnað af þeim bakvöktum sem hljótast af þjónustu við sjúkraflugið nema til komi sérstakt framlag til að styrkja rekstur sjúkraflugsins og stuðla að auknu öryggi fyrir sjúklinga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill standa að uppbyggingu sjúkrahúsþjónustu úti um land og þetta er liður í því. Því segi ég já.

Brtt. 504,12 felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, JBjart, LB, MF, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 476,58–62 og sérst. yfirlit I, III, IV og V samþ. með 33:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, KolH, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:37]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Sú aðgerð sem hér er á ferð er bókhaldsleikfimi eða svokallaðar „fiff"-tillögur, settar fram til að fylla út markmið um jákvæða greiðslustöðu ríkissjóðs, sem sagt að núllstilla fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. Þessi reiknibrella stenst engan veginn. Þess vegna segjum við nei.

Brtt. 476,63 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack*, ÖS.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 476,64 samþ. með 34:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB*, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, GAK, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, KolH, LB, PP, SAÞ, SvanJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 505,12 felld með 49:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um að ræða brtt. frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi hafnarmannvirki þar sem á hafnaáætlun er gert ráð fyrir að verja fjármunum í að byggja stóriðjuhöfn á Reyðarfirði, hefja framkvæmdir þar strax á næsta ári. Við viljum vekja athygli á því að engar ákvarðanir hafa verið teknar, hvorki um virkjun, sem er forsenda fyrir þessari verksmiðju, né heldur um verksmiðjuna sjálfa. Því er fullkomlega ótímabært að ákveða fjármagn til þessara framkvæmda nú en ef til kemur þá verður nægur tími seinna til að ákveða fjármagn til þessarar hafnar.

[16:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er af mikilli sannfæringu sem ég greiði atkvæði gegn þessari tillögu. Það að þarna skuli vera komnir inn fjármunir að tillögu ríkisstjórnarinnar í höfn í Reyðarfirði vegna stóriðju sýnir trú ríkisstjórnarinnar á verkefninu og ég er sannfærð um að af því verður og greiði atkvæði gegn þessari tillögu.

Brtt. 476,65–70 samþ. með 32:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, MS, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:41]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um 100 millj. kr. niðurskurð á liðnum Siglingamálastofnun Íslands sem er aðallega út af hafnarmannvirkjum, byggingu hafnarmannvirkja, jafnt á allar hafnir. Ég vek athygli hv. þingheims á því að hér er náttúrlega allur niðurskurður á landsbyggðinni að hætti hússins, ef svo má að orði komast, með öðrum orðum, breiðu bökin eru fundin. Ýmsar smáhafnir um allt land eru notaðar til að rétta af ríkissjóðshallann. Ég segi nei, herra forseti.

Brtt. 507 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, MS, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 476,71 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 478 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GAK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 479 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, GHall, GunnB, ÍGP, LB, PP, SAÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 480 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, GHall, GunnB, ÍGP, LB, PP, SAÞ, SvanJ, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 481 samþ. með 32:24 atkv . og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, ÍGP, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 482,1–12 samþ. með 33:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, GÁS, SvanJ.

21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í mörgum tilvikum getur sú ráðstöfun jarðeigna og mannvirkja í eigu ríkisins sem hér er verið að afla heimildar til að selja átt fullan rétt á sér en í öðrum tilvikum síður. Því miður hafa hæstv. ríkisstjórn verið ákaflega mislagðar hendur hvað varðar vinnubrögð að verkefnum af þessu tagi og henni er lítt fyrir því treystandi. Þannig hafa komið upp gáleysislegar hugmyndir um að selja einstakar náttúruperlur úr eigu ríkisins til einkaaðila og í mörgum tilvikum er ráðstöfun á jarðnæði þegar um aðra er að ræða en þá ábúendur á lögbýlum algjörlega óverjanleg. Slíkt jarðnæði og land er miklu betur komið í höndum ríkis eða sveitarfélaga fyrir hönd almennings í landinu. Því höfum við alla fyrirvara á um það, herra forseti, hvernig hæstv. ríkisstjórn kann að ráðskast með þessar heimildir en margar þeirra eru eftir sem áður eðlilegar og þar af leiðandi sitjum við hjá við liðinn í heild.

[16:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Efnislega get ég sætt mig við flestar þær heimildir sem hér er að finna. Reynsla undanfarinna daga þegar litið er til framkvæmdar ríkisstjórnarinnar á meðferð þessara heimilda og samskiptum framkvæmdarvaldsins í garð löggjafarþingsins og tregðu þess til þess að upplýsa um meðferð almannafjár og meðferð þeirra heimilda sem Alþingi hefur veitt þeim er með þeim hætti að ég get ekki treyst hæstv. ráðherrum til að fara með jafnopnar heimildir og hér um ræðir. Ég tel að til skamms tíma litið væri þeim best að koma hingað í hvert og eitt skipti og sækja heimildir til löggjafarþingsins. Að þessu sinni get ég því ekki veitt þær heimildir sem eru venju samkvæmt eðlilegar og sjálfsagðar. Þeir hafa misfarið með traust.

Brtt. 506 felld með 32:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GHall, GunnB, HÁs, JÁ, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:48]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Fjárhagsvandi margra sveitarfélaga, sérstaklega úti á landi, er mjög mikill um þessar mundir. Nefnd á vegum félmrn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að vandinn vegna félagslega íbúðakerfisins eins sé um 2,8 milljarðar. Við viljum hefja vinnu við að leysa þennan vanda og leggjum til að varið verði allt að einum milljarði kr. til þessa verkefnis. Því segi ég já.

Brtt. 504,13 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:49]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér leggur 1. minni hluti fjárln. til aðhaldstillögur þar sem gert er ráð fyrir að ráðuneyti fari yfir ýmsa þætti í rekstri sínum og stofnana sinna. Lögð er fram tillaga um að spara megi tæplega 2 milljarða kr. og er litið til ýmissa skýrslna sem Ríkisendurskoðun hefur tekið saman um þessa þætti og einnig endurskoðaða ríkisreikninga.

Herra forseti. Hér er í raun og veru um tillögur að ræða sem við hefðum þurft að sjá frá meiri hluta ríkisstjórnarinnar á þingi en þar sem þær koma ekki þaðan leggur 1. minni hluti þær fram. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 482,13 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PHB, SI, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, GHall, GunnB, LB, PP, SAÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það gæti verið miklu bjartara yfir efnahagsmálum Íslendinga en raun ber vitni og ástæðuna fyrir þeim blikum sem nú eru á lofti má fyrst og fremst rekja til mistaka ríkisstjórnarinnar. Af hennar völdum hefur gengið hríðfallið. Af hennar völdum er verðbólga þrefalt hærri hér en í viðskiptalöndum okkar. Af hennar völdum eru vextir margfalt hærri en sums staðar annars staðar. (Gripið fram í.) Og af hennar völdum hafa skuldir þjóðarbúsins við útlönd vaxið gríðarlega.

Þetta frv. hjálpar hvorki til við að lækka vexti né verðbólgu. Það er dapurlegt tákn um ráðleysi ríkisstjórnar sem verður að grípa til bókhaldsfiffa til að loka fjárlögum og hún verður þess vegna ein að bera ábyrgð á þessu frv.

[16:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er skapi næst að falla frá orðinu í mótmælaskyni við það ótrúlega virðingarleysi að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar geta ekki tollað hér í salnum í eins og eina til tvær mínútur á meðan lokaafgreiðsla um þeirra eigin fjárlagafrv. fer fram. Ég lýsi mikilli hneykslun minni á því að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson er genginn á dyr, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson er genginn á dyr, hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde er genginn á dyr (Gripið fram í.) eða a.m.k. ekki í sæti sínu og fleiri hæstv. ráðherrar eru farnir út. Það er vel við hæfi, herra forseti, að ríkisstjórnin lýsi með þessum hætti virðingu sinni fyrir eigin fjárlagafrv. Liturinn á kápunni var vel valinn þetta árið. Hinn kuldablái, ísblái litur á vel við. Burtu allur sólskinslitur núna. Og það skyldi ekki fara svo, herra forseti, að þetta fjárlagafrv. eigi í samræmi við óvönduð vinnubrögð, lítilsvirðingu og hroka gagnvart Alþingi eftir að reynast sandkastali?

[16:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Nú kemur til lokaafgreiðslu þriðja fjárlagafrv. stjórnarflokkanna á þessu kjörtímabili. Ég vil vekja athygli á því að framlög til velferðar- og fræðslumála hafa aukist um 30 milljarða kr. á aðeins þremur árum. Framlög til heilbrigðismála hafa aukist um ríflega 20%. Framlög til fræðslumála hafa aukist um ríflega 30% og framlög til almannatrygginga og velferðarmála hafa aukist um 40%. Útgjöld til heilbr.- og trmrn. eins aukast á næsta ári um 9,3 milljarða frá gildandi fjárlögum.

Meðal nýrra fjárveitinga nú eru 500 millj. kr. til að auka barnabætur, sem eru annar áfangi af þremur til að auka þær um 2 milljarða kr. alls, 800 millj. kr. til að auka rétt feðra til fæðingarorlofs og 1.600 millj. kr. til að aukinna greiðslna til öryrkja og aldraðra samkvæmt sérstakri lagasetningu fyrr á þessu ári.

Þá vil ég geta þess að til skógræktarverkefna verður varið 280 millj. kr. á næsta ári og hafa framlög til þeirra verkefna þrefaldast frá árinu 1999. (Forseti hringir.) Í heild ber frv. vott um skýrar pólitískar áherslur þar sem auknum tekjum ríkissjóðs er einkum varið til velferðarmála.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 516).

Fundi slitið kl. 16:55.

48. FUNDUR

þriðjudaginn 11. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 515, brtt. 471, 524 og 528. — 3. umr.
2. Húsnæðismál, stjfrv., 358. mál, þskj. 509. — 1. umr.
3. Getraunir, stjfrv., 314. mál, þskj. 390. — 1. umr.
4. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468. — 1. umr.
5. Starfsemi Byggðastofnunar og framvinda byggðaáætlunar, munnleg skýrsla iðnaðarráðherra.

Fjarvistarleyfi:

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Ungmennafélagi Íslands.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Akstur utan vega, 223. mál, svar umhvrh., þskj. 501.

Átraskanir, 337. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 436.

Heildarskuldir sjávarútvegsins, 226. mál, svar sjútvrh., þskj. 484.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 361. mál, frv. ÁRÁ o.fl., þskj. 518.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 114. mál, þskj. 515; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 524; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 528.

Veiting ríkisborgararéttar, 362. mál, frv. allshn., þskj. 519.

Verðbréfaviðskipti, 363. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 527.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 289. mál, nál. sjútvn., þskj. 517.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 528. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Atkvæðagreiðsla við 3. umr. fjárlaga.

[13:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins. Síðasta laugardag fóru fram margar atkvæðagreiðslur í þinginu, m.a. um skattapakka ríkisstjórnarinnar og fjárlög. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá skrifstofu þingsins voru atkvæðagreiðslur um 150 og stóðu þær samtals í nálega þrjár klukkustundir.

Því miður er það svo þegar málum er hraðað í gegnum þingið eins og gerðist á síðustu dögum nú fyrir jól að hætta er á að eitthvað fari úrskeiðis. Sú varð því miður raunin sl. laugardag. Það hefur verið venja, þann stutta tíma sem ég hef verið hér, við langar og flóknar atkvæðagreiðslur að starfsmenn þingsins fái lista frá þingmönnum fyrir fram um hvernig þeir óska eftir að skipta brtt. eða greinum upp við atkvæðagreiðsluna og um aðra tilhögun hennar til að flýta fyrir og aðstoða þannig forseta við störf sín. Þetta hefur yfirleitt gengið vel og gefist vel.

Síðasta laugardag skolaðist hins vegar eitthvað til því að óskir okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs komust ekki áleiðis í tveimur tilfellum, annars vegar þegar bornar voru upp brtt. á þskj. 476, 15.–16. tölul., sem við höfðum beðið um að skipt yrði upp þannig að fram kæmi stuðningur okkar við aukin framlög til Ríkisútvarpsins og hins vegar var ætlun okkar að styðja 63. tölul. á sama skjali, þskj. 476, markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu, en greiða atkvæði gegn 64. lið þar sem áformuð er lækkun á nýframkvæmdum Vegagerðarinnar.

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að koma þessu á framfæri hér úr því að svona tókst til í atkvæðagreiðslunni sl. laugardag til þess að afstaða okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þessara efnisatriða liggi ljós fyrir.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lokaumræða um frv. um tekjuskatt og eignarskatt o.fl.

[13:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar er 3. umr. um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og menn vita er inni í því frv. ákvæði um að hækka tryggingagjald sem á að gefa ríkissjóði um 2,5 milljarða kr. Það hefur reyndar einnig veruleg verðlagsáhrif eða 0,3–0,4%.

Eins og allir þekkja sitja aðilar vinnumarkaðarins yfir því þessa dagana og klukkustundirnar að ná niðurstöðu í samningamál vegna þess uppnáms sem samningarnir eru komnir í vegna vaxandi verðbólgu.

Herra forseti. Ég tel óeðlilegt að ganga til þessarar umræðu, 3. umr. og lokaumræðu um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem í er tryggingagjaldið, þegar aðilar vinnumarkaðarins eru á sama tíma með tryggingagjaldið uppi á borðinu að reyna að ná einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Ef ég skil málið rétt hafa þeir reynt að fá það mál út af borðinu. Í Morgunblaðinu í dag kemur fram að ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að hún sé reiðubúin að draga úr áformaðri hækkun tryggingagjalds um þriðjung. Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að þessari umræðu verði frestað þar til við fáum einhverja niðurstöðu í það mál. Ég sé t.d. í DV í dag að beðið er eftir því að ný framfærsluvísitala taki gildi, sem hugsanlega yrði á morgun. Ég tel því eðlilegt að fresta þessari umræðu og líka að fá upplýsingar, herra forseti, hvort von sé á fleiri frv. í tengslum við þessar viðræður aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega þar sem komið hefur fram að lækka eigi grænmetisverð, sem kallar á lagabreytingu.

Að öllu þessu athuguðu, herra forseti, tel ég rétt að koma þeirri ósk á framfæri við hæstv. forseta að 3. umr. um tekjuskatt og eignarskatt verði frestað, a.m.k. til morguns.

[13:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fresta þeirri umræðu af þessum sökum. Eins og fram hefur komið, m.a. hjá hv. þm., hefur ríkisstjórnin haft góðan vilja til þess að standa með öðrum að því að styrkja grundvöll kjarasamninganna sem í gildi eru og varðveita þann mikla kaupmátt sem náðst hefur á undanförnum árum.

Það hefur komið fram hjá ríkisstjórninni að ef verðlagsmarkmið kjarasamninga muni ganga eftir þá muni ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,25%, úr 6% í 5,75%, á árinu 2003. Það er þá sem þessi lög eiga að taka gildi þannig að við höfum rúman tíma til að breyta því, gangi það allt eftir. Að öðru leyti munu ekki nein frv. koma til afgreiðslu af þessu tilefni fyrir jól. Á hinn bóginn er augljóst að frv. sem lúta að því sem hv. þm. nefndi og snúa að grænmetismálum munu koma fram með vorinu.

Eins og ég segi mun ríkisstjórnin standa við það sem hér er sagt um tryggingagjaldið að því gefnu að verðlagsmarkmið kjarasamninganna muni haldast og samningarnir haldist.

[13:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. málshefjanda að þessari umræðu um störf þingsins að auðvitað er boðið upp á afar sérkennilegar aðstæður nú við lokaafgreiðslu fjárlaga- frv. og skattamála fyrir áramót. Ríkisstjórnin hefur loksins komið sér til að fara að ræða við aðila vinnumarkaðarins um það sem fram undan er, m.a. varðandi forsendur kjarasamninga. Þar eru uppi á borðum nákvæmlega þessa dagana, þessa klukkutímana, breytingar á þeim skattaákvæðum sem við erum með í höndunum og eigum að fara að ræða á eftir. Þar á meðal annars að lögfesta, ef að líkum lætur, hækkun á tryggingagjaldi sem síðan er til umræðu í þessum samtölum aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að lækka aftur.

Það er eins og það sé að verða lenska, herra forseti, að hafa þetta þannig hér að hækka hlutina fyrst til þess að hægt sé að lækka þá aftur. Þannig fór hæstv. ríkisstjórn að með fjárlagafrv. Hún hækkaði útgjöldin um 2,2 milljarða milli 1. og 2. umr. til þess að lækka þau svo aftur um 2 milljarða milli 2. og 3. umr. Þetta er kannski verklag sem ríkisstjórnin hefur sérstaklega valið sér, að hækka hlutina fyrst og lækka þá svo aftur.

Ég tel þetta ekki mjög áferðarfalleg vinnubrögð, herra forseti. Langeðlilegast væri auðvitað að fresta þessum skattapakka, sem hvort sem er hefur sætt mjög harðri gagnrýni, að slá þetta af og láta óbreytt skattalög gilda næsta árið að öðru leyti en því sem allir eru sammála um, að lækka tekjuskattshlutfallið móti lækkun útsvars og afnema skattlagningu húsaleigubóta. Að öðru leyti þyrftu menn ekki að hringla með þessa hluti enda eiga margir þeirra hvort eð er ekki að hafa eiginleg áhrif fyrr en á árinu 2003. Það er auðvitað bara eins og yfirlýsing um hringl að rjúka til og hækka gjöldin núna til þess að lækka þau síðan aftur.

Alla vega, herra forseti, væri til bóta að staða mála skýrðist eitthvað frá því sem nú er. Ég tek því undir óskir um að eðlilegast væri að fresta þessari umræðu um skattamálin í dag.

[13:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með að tekist hefur þríhliða samráð milli ríkisstjórnarinnar og síðan aðila vinnumarkaðarins. Þetta er eitt af því sem við í stjórnarandstöðunni höfum knúið á um að gerðist og vonum seinna greip ríkisstjórnin til þess ráðs. Við skulum vona að þetta verði til þess að það takist að ná tökum á verðbólgunni og það takist að grípa til viðbragða sem leiði til þess að vextir lækki.

Herra forseti. Þessar stundirnar eru ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins að ræða breytingar sem varða frv. sem við erum að fara að samþykkja hér á eftir. Að minni hyggju hafa farið fram ákaflega málefnalegar og skemmtilegar umræður um þær skattalagabreytingar sem hér hafa legið fyrir. Eitt af því sem harðast hefur verið deilt um er einmitt hækkun tryggingagjaldsins.

Það liggur fyrir að þeim vágesti sem við erum öll að berjast gegn, verðbólgunni, er gefið fóður með þeirri hækkun. Það liggur fyrir samkvæmt þeim stofnunum sem ríkisstjórnin sjálf hefur látið reikna það út og það liggur fyrir að eitt af því sem verkalýðshreyfingin leggur hvað mesta áherslu á er að böndum verði komið á verðbólguna. Það liggur fyrir að ríkisstjórnin er núna að ræða ákveðnar hugmyndir hennar í þessa veru. Þessar hugmyndir tengjast einmitt tryggingagjaldshækkuninni sem á að fara að samþykkja á eftir.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að það er fullkomlega eðlileg ósk af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að umræðunni verði frestað. Ég sé ekkert sem mælir gegn því að við frestum henni til morguns og það yrði að sjálfsögðu miklu áferðarfallegra og væri miklu meiri sátt um það ef mönnum tækist þannig, á morgun eftir farsælar viðræður milli þessara þriggja aðila í dag, að lenda þessu máli endanlega. Ég held að það væri ákaflega jákvætt og það sýndi að hér væri þingið allt, ekki bara stjórnarliðið heldur stjórnarandstaðan líka, á sama bát að róa í sömu átt.

[13:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Aðeins út af því sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon sagði, að ríkisstjórnin hefði nú loks sest niður með aðilum vinnumarkaðarins. Við höfum verið í formlegum og óformlegum viðræðum við þessa aðila undanfarnar vikur, bæði ráðherrar ríkisstjórnarinnar og síðan embættismenn á hennar vegum við að vinna að þessum málum. Ég verð að segja það að forustumenn þessara aðila og ekki síst Alþýðusambandsins hafa komið fram af miklum myndarskap, myndugleik og ábyrgðartilfinningu og með sama má segja um fulltrúa hins aðilans, stærsta aðilans á vinnumarkaði.

Ég ítreka að ekki er nein ástæða til þess að fresta þessum ákvörðunum. Lækkun tryggingagjaldsins úr 6% í 5,75% mun fara eftir því hvort markmið okkar náist fram í maímánuði nk. Við höfum tíma til þess og tök á því eftir það að ganga frá því í þá veru. Þetta er öllum aðilum kunnugt og mun ekki trufla það ferli sem þar er á ferðinni.

Ég er mjög ánægður með að þetta skuli vera að takast. Það er ljóst að það mun hafa mjög góð áhrif á stöðu krónunnar, gengið og þar með verðbólgu, sem hefur verið of mikil eins og við höfum öll sagt. Gengið hefur verið of lágt skrifað. Strax og þessar fréttir bárust styrktist krónan töluvert. Gengisvísitalan lækkaði úr 150 niður í 147 og sú þróun mun auðvitað halda áfram þegar þetta gengur allt saman fram.

Auk þessa eru í fréttablöðum í dag fréttir um að hagur fyrirtækja hafi batnað á Verðbréfaþinginu um 9 milljarða á þremur mánuðum. Þetta er eins og við höfum spáð að

mundi gerast og þetta mun einnig hafa afar jákvæð áhrif á gengisvísitölu og aðrar vísitölur.

[13:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Nú hefur komið fram að veruleg þungamiðja í því að verkalýðshreyfingin fallist á að fresta uppsögn á launalið kjarasamninga og reyndar Samtök atvinnulífsins, er að fella niður að hluta eða öllu leyti þetta tryggingagjald.

Hæstv. forseti hlýtur að skilja að það er verulegum erfiðleikum bundið fyrir okkur sem tökum þátt í þeirri umræðu sem fram á að fara hér á eftir að halda uppi vandaðri umræðu þegar við vitum ekkert hvað á að verða um tryggingagjaldið, hvort það verður fellt niður að hluta eða öllu leyti, sem er veruleg uppistaða í þessu frv. í tekjuöflun ríkisstjórnarinnar til þess að afla tekna til þess að lækka tekjuskattshlutfallið. Mér finnst ekki boðleg vinnubrögð að bjóða þinginu upp á það að ganga til þessarar umræðu og þá væntanlega lokaafgreiðslu eða umræðna um málið á þessum degi vegna þess að mér sýnist að það sé nokkuð ljóst að niðurstaða hjá aðilum vinnumarkaðarins muni ekki nást fyrr en fram kemur ný framfærsluvísitala sem á að taka gildi væntanlega á morgun.

Það er nú ekki mikið sem um er beðið, einungis að þessari umræðu verði frestað þar til á morgun. Að minnsta kosti tel ég alveg lágmark að hæstv. forsrh. upplýsi okkur þá um það hvar eigi að lenda þessu tryggingagjaldi. Eru menn að tala um einn þriðja? Hefur verið fastmælum bundið að lækka það um þriðjung ef þessi verðlagsmarkmið nást? Eða er hugsanlegt að menn gangi eitthvað lengra í því, kannski fella það niður um helming af því sem áformað er eða kannski að öllu leyti? (**Forsrh.:** Ég nefndi þessar tölur í tvígang í ræðu minni.) Ef það er þriðjungur sem hæstv. forsrh. nefnir og það er endanlegt af hálfu ríkisstjórnarinnar um þriðjung þá getur það haft verulega að segja inn í þessa umræðu sem fram fer núna milli aðila vinnumarkaðarins vegna þess að ég er ekki viss um að þeir sætti sig við þá niðurstöðu.

En í öllu falli, herra forseti, þá er óeðlilegt, og ég ítreka það, að umræðan skuli fara fram án þess að þessi niðurstaða sé fengin sem ég hér hef lýst.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 515, brtt. 471, 524 og 528.

[13:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og fleiri lögum, þar á meðal lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald.

Nefndin tók málið fyrir milli umræðna og var einkum rætt um vaxtabætur og breytingar þeirra samkvæmt þessum lögum. Enn fremur var rætt um þær brtt. sem hér eru lagðar fram.

Þær eru í tveimur liðum. Í fyrri liðnum er tæknilegt atriði sem varðar skyldur skattgreiðanda þegar hann telur að sér sé reiknað of hátt endurgjald vegna starfa sinna sem sjálfstæður atvinnurekandi.

Í öðru lagi er brtt. sem skiptir töluverðu máli. Hún felst í því að fyrirtækjum verður samkvæmt ársreikningalögum heimilað að nýta eða nota verðbólgureikningsskil áfram í tvö ár. Þetta þýðir að fyrirtæki fá ákveðinn aðlögunarfrest að því samkvæmt ársreikningalögum að skipta yfir í óleiðrétt eða óverðbólguleiðrétt reikningsskil. Þetta hefur ekkert með skattskil eða breytingar á sköttum að gera. Breytingar sem snúa að sköttum taka gildi eins og áformað er samkvæmt frv. Þetta hefur einungis þá þýðingu að uppgjör samkvæmt ársreikningalögum og lögum um bókhald verður þannig að fyrirtæki geta, ef þau kjósa, notað verðbólguleiðrétt reikningsskil í tvö ár.

Að svo miklu leyti sem umræðan í nefndinni milli 2. og 3. umr. snerist um vaxtabætur þá er rétt að taka fram að þegar breyting á fasteignamati varð í fyrrasumar var því lýst yfir að skattar mundu ekki hækka vegna þessara breytinga. Í frv. er fríeignamark hækkað um 20%, fasteignamatið hækkað að meðaltali um 14%. Þessi breyting á fríeignamörkum eignarskattsins lækkar tekjur ríkissjóðs um rúman milljarð. En ef farið hefði verið í 14% töluna hefði breytingin verið á milli 600 og 700 milljónir. Lækkunin á eignarskattinum að þessu leyti er því rúmlega 300 millj. kr. umfram það sem hefði þurft til þess að fara nákvæmlega í þessa tölu sem er meðalhækkunin á fasteignamati þannig að segja má að þessi umframlækkun á eignarskatti komi að nokkru leyti til móts við þá lækkun sem verður á vaxtabótum við það að fasteignamatið hækkar. Sú tala er á bilinu 150–200 milljónir.

Að sjálfsögðu er það þannig þegar svona breytingar verða á fasteignamati að þá hækka sumir og aðrir lækka og aldrei er hægt að sjá fyrir þannig að hvergi muni fólki verða íþyngt með svona breytingum. En ég hygg að þegar upp er staðið sé þessi breyting sem er gerð á fríeignarmörkunum og lækkun á eignarskatti sem því tengist, það ríflega að með góðum rökum megi halda því fram að hún vegi upp á móti því að vaxtabæturnar eru ekki lækkaðar með því að hækka viðmiðunarmörk eignanna sem samsvarar fasteignamatshækkuninni.

Virðulegi forseti. Þetta er það sem ég vil segja um málið við upphaf 3. umr.

[13:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 2. umr. um þetta mál óskaði ég eftir því að hv. efh.- og viðskn. færi yfir þá útreikninga sem liggja til grundvallar tillögu minni um að lækka tekjuskatt fyrirtækja niður í 11% í ljósi þeirrar sérstöku stöðu sem við erum í núna, að selja ríkisfyrirtæki fyrir 68 milljarða og þau áhrif sem sú lækkun á tekjuskatti hefði á gengi hlutabréfa. Ég óskaði eftir því að efh.- og viðskn. kannaði hjá sérfræðingum í gengismálum og verðmati á fyrirtækjum hvaða áhrif það hefði á gengi hlutabréfa og verðmat, og þar á meðal á þessi ríkisfyrirtæki, að lækka tekjuskattinn niður í 11%.

Ég vænti þess að hv. efh.- og viðskn. hafi farið að þessum óskum mínum og fengið sérfræðinga til þess að upplýsa sig um þetta mál, þ.e. hvað þessi breyting ein og sér hefði að segja. Ég óska eftir því að hv. framsögumaður skýri mér frá niðurstöðum þeirrar skoðunar.

[13:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál var ekkert rætt sérstaklega milli 2. og 3. umr. vegna þess að málið var fullrætt í nefndinni fyrir 2. umr. Þetta snýst um að hv. þm. hefur þá skoðun að með því að lækka frekar tekjuskattinn á fyrirtækjunum

þá mundi verð það sem hægt væri að fá fyrir ríkisfyrirtæki hækka svo mjög að það mundi greiða upp það tekjutap sem ríkissjóður yrði fyrir vegna þess að tekjuskatturinn lækkaði meira.

Eins og ég gat um í umræðunni fyrir 2. umr. er ekki hægt að fara með slíka þríliðureikninga hér fram. Þannig er að verð á fyrirtækjum, verðmat á fyrirtækjum byggir á alls kyns væntingum um framtíðina og þótt tekjuskattur yrði lækkaður núna á því herrans ári 2001 eða því herrans ári 2002 úr 18% niður í 10% þá er ekki þar með sagt að gjörvöll heimsbyggðin trúi því að sú prósenta mundi standa óbreytt um aldur og ævi. Alls konar hlutir koma inn í verðmat á fyrirtækjum og það er ekkert hægt að koma hér og halda að hægt sé að töfra eitthvað svona upp úr hattinum eins og einhverjar kanínur.

[13:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki spurning um að töfra einhverjar kanínur upp úr hatti. Spurningin er um að fara í gegnum verðmat og gengi á þessum fyrirtækjum og hv. þm. upplýsti að í umfjöllun nefndarinnar hefði verið leitað til tveggja opinberra aðila sem ekkert eru sérhæfðir í því að verðmeta fyrirtæki, langt í frá.

Það sem ég óska eftir er að fengnir verði sérfræðingar á verðbréfamarkaði sem þekkja útreikninga á gengi fyrirtækja, t.d. þeir aðilar sem mátu Landssíma Íslands. Fulltrúar þeirra erlendu sérfræðinga sem mátu Landssíma Íslands upplýstu nefndina um hvað þessi breyting ein sér hefði að segja um gengi hlutabréfa. Ég veit sjálfur að þetta er rétt eins og ég segi.

Varðandi tal um að lagabreytingar standi ekki að eilífu þá er í þessum útreikningum nægilegt að menn hafi trú á því að lagabreytingarnar standi svona um það bil í tíu ár eða sjö ár til þess að verðmatið sé rétt. Þetta er spurning um svo mikla peninga að það sem ríkissjóður hagnast á þessum þrem fyrirtækjum er jafnmikið og hann tapar á fjórum árum, rúmum fjórum árum, fjórum og hálfu ári. Við erum því að tala um fleiri, fleiri milljarða, miklu meira en allt það sem ríkissjóður er að fórna fyrir þessa skattalækkun.

[13:58]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. er vel að sér í stærðfræði enda er hann doktor í því fagi. En það er nú einu sinni þannig að þegar menn eru að rugla saman stærðfræði og hagfræði þá verður þeim stundum hált á svellinu. Og það er nú stundum þannig að þessir ágætu stærðfræðingar geta sagt mikið fyrir um alls konar útreikninga og reiknað hlutina alveg fram og aftur í bak og fyrir. (**Gripið fram í:** Reiknað barn í ...) Hins vegar vantar stundum á að þeir skilji af hverju verð á tómötum lækkar um mitt sumar.

[13:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill geta þess til skýringar, til að ekki fari það fram hjá hv. þingmönnum, að fram hafa komið tvær brtt. sem ekki er getið á dagskrá. Það er annars vegar brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 524 og svo brtt. á þskj. 528 frá 1. minni hluta efh.- og viðskn.

Hv. þm. óskar eftir að bera af sér sakir. Ég vona að hann skilgreini þá hverjar sakirnar eru.

[13:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. frsm. efh.- og viðskn. hélt því hér fram að ég ruglaði saman stærðfræði og hagfræði. Ég hlýt að bera af mér þær sakir að ég sé eitthvað að rugla í ræðustól Alþingis. Ég veit nákvæmlega muninn á stærðfræði og stærðfræðiformúlum og hagfræði. Ég lýsti því að ég væri ekki að vísa í stærðfræðiformúlur, ég væri að vísa í reikningsaðferðir við mat á fyrirtækjum og aðferðir sérfræðinga í því sambandi. Þannig að ég vísa því til föðurhúsanna að ég sé að rugla saman stærðfræði og hagfræði.

[14:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að mínu mati gáfu ummæli hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálms Egilssonar, ekki tilefni til að kveðja sér hljóðs til að bera af sér sakir.

[14:00]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér finnst það ekki til marks um vönduð vinnubrögð að hér sé hafin umræða um þetta mál þrátt fyrir þau sterku rök sem sett voru fram áðan fyrir því að fresta þessari umræðu a.m.k. til morguns.

Vegna þess að hæstv. forseti varð ekki við þeim tilmælum sem fram komu hér áðan verður þessi umræða öll í skötulíki þar sem mikilvægt ákvæði frumvarpsins, þ.e. tryggingagjaldið, er í nokkru uppnámi. Við vitum ekki að hve miklu leyti það verður fellt út af borðinu eða hvaða leiðir hæstv. ríkisstjórn fer þá til þess að afla tekna á móti því sem hún missir þegar tryggingagjaldið er út úr myndinni.

Herra forseti. Það er ekki að ég fagna því ekki ef draga á úr eða fella niður hækkun á tryggingagjaldi sem við í 1. minni hlutanum í nál. okkar og í umræðum hér við 2. umr. málsins höfum marglýst yfir að sé óskynsamleg hækkun við þessar aðstæður.

Herra forseti. Formaður efh.- og viðskn. fór nokkrum orðum um þær brtt. sem meiri hlutinn stendur fyrir við 3. umr. Ég hef ósköp lítið um þær brtt. að segja. Önnur þeirra gengur út á að setja inn ákvæði sem snertir reiknaða endurgjaldið og hefur afskaplega lítið að segja um það sem við höfum haft mestar áhyggjur af. Áhyggjur okkar lúta að því að miðað við þann hvata sem nú er í yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög muni það hafa veruleg og víðtæk áhrif, ekki bara á tekjur sveitarfélaga og ríkissjóðs heldur leiða til verulegrar skattasniðgöngu eins og við höfum fjallað um í nál. og 2. umr. um þetta mál.

Í annarri brtt. meiri hlutans er komið inn á verðbólgureikningsskilin. Þar er lagt til að félögum, bæði hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila, verði veittur aðlögunartími í tvö ár til að breyta reikningsskilum sínum í það horf sem gert er ráð fyrir í frv. Satt að segja kom þessi brtt. mér nokkuð á óvart. Ég get ekki séð annað en að hún sé viðurkenning á því að mikil óvissa er í kringum verðbólguna. Margir eru eflaust fullir efasemda um að fara út í þessar breytingar miðað við aðstæður. Þetta er viðurkenning á því að verðbólgan er á nokkurri ferð. Við munum sitja hjá við báðar þessar brtt. sem formaður efh.- og viðskn. hefur lýst.

Herra forseti. Ég vorkenndi nokkuð hv. formanni efh.- og viðskn. þegar hann reyndi að klóra sig út úr loforðinu frá því í sumar, sem hann og ríkisstjórnin gáfu, varðandi það að hækkun á fasteignamati ætti ekki að skerða vaxtabætur. Ég

skil vel að hv. þm. líði illa yfir að þurfa að koma í ræðustól og segja þjóðinni að hann geti ekki staðið við það sem efh.- og viðskn. var sammála um í sumar, þ.e. að hækkun á fasteignamati ætti ekki að hafa áhrif á skattstofna, þ.e. að hækka skatta eða skerða bætur. En frammi fyrir því stöndum við núna við 3. umr. málsins eftir að efh.- og viðskn. hefur tekið þetta mál til umfjöllunar. Meiri hlutinn verður að beygja sig hér undir vilja ríkisstjórnarinnar sem ekki ætlar að veita meira fjármagn í vaxtabætur til að hægt sé að koma í veg fyrir að fasteignamatið skerði þær. Þar erum við að tala þar um töluverðar fjárhæðir sem skipta verulegu máli fyrir þau heimili í landinu sem fyrir þessu verða, þ.e. um 170 millj. kr.

Ég tók eftir að hv. þm. flúði í það skjól að verið væri að hækka fríeignamörkin í eignarskatti um 20%, það væri ívið meira en meðaltalið á hækkun fasteignamats og því mætti segja að komið væri til móts við skerðingu á vaxtabótum eftir þeirri einu leið að hækka fríeignamarkið í eignarskatti. En, herra forseti, málið er bara ekki svo einfalt sem hv. þm. vill vera láta.

Fyrir liggja upplýsingar, m.a. frá Fasteignamati ríkisins, um að hækkunin sé í mörgum tilvikum miklu meiri en meðaltalið, 14%, miklu meiri en þau 20% sem á að hækka fríeignamarkið í eignarskatti. Ég vísa í upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins sem staðfesta að skjólið sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson flúði í skýlir honum lítið. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins lækkar brunabótamat meira en nemur afskriftum á rúmlega 35 þús. af 102 þús. eignum í landinu, þ.e. um 34,5% eigna, um meira en afskriftahlutfall. Að meðaltali eru það um 20% eða tæplega 2,7 millj.

Athyglisvert er að brunabótamatið lækkar meira en nemur afskriftum hjá rúmlega helmingi fasteignaeigenda í Reykjavík en að meðaltali um 20% eða 2,7 milljónir á hverja íbúð. 31.800 eignir, 31,2% eignanna, hækka í brunabótamati að meðaltali um 24%, þ.e. 1.473 þús. kr. 34.866 eignir, 34,3% eignanna lækka í brunabótamati. Við erum þarna að tala um, herra forseti, þriðjung eignanna sem hækkar í brunabótamati að meðaltali um 24%. Það er meira en þessi 20% sem fríeignamarkið í eignarskatti hækkar um.

Herra forseti. Ég tel að ekki sé komið til móts við þau loforð sem ég held að þjóðin hafi talið að gefin hefðu verið hér í sumar, þ.e. að þetta ætti ekki að skerða vaxtabætur eða aðrar bætur eða að hækka vexti. Rétt er að halda því til haga þegar niðurstaða er fengin í þetta mál að erfðafjárskattur mun hækka um 50 millj. kr. við þessa hækkun á fasteignamati og stimpilgjald um 80 millj., vaxtabætur um 170 millj. kr.

Herra forseti. Mér finnst ömurlegt að efh.- og viðskn. skuli standa frammi fyrir því, af því hún var einhuga í þessu máli í sumar, að klofna og geti ekki haldið málinu til streitu þar sem meiri hlutinn telur sig knúinn til að fylgja ríkisstjórninni sem ekki ætlar að verða við því að fólk þurfi ekki að ganga í gegnum skerðingu á vaxtabótum vegna hækkana á fasteignamati.

Við í 1. minni hluta, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, leggjum því til, herra forseti, að fjárhæð vaxtabóta eða frítekjumarki breytist líkt og eignarskatturinn og hækki um 20%. Með því yrði komið til móts við að vaxtabætur skerðist ekki.

Herra forseti. Í júní í sumar kom fram hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að það væri þverpólitísk samstaða um að skattahækkun sem afleiðing af hækkun á fasteignmati komi ekki til greina. Hv. þm. sagði orðrétt: „Já, ég tel að menn hljóti að fara í gegnum það hvaða áhrif þessi möt eða þessar breytingar á mötum hafa á skattatekjur og það yrði gert í haust."

Þetta er sem sagt niðurstaðan, herra forseti, og ég harma hana. Með því að flytja þessa brtt. freistum við þess að ganga þannig frá málinu að hægt verði að standa við loforð sem efh.- og viðskn. gaf í sumar.

Herra forseti. Þar sem þetta er 3. umr. þessa máls vil ég fara nokkrum orðum um frv. í heild sinni. Ég held að ljóst sé þegar við erum núna komin til 3. umr. og höfum gengið í gegnum 2. umr. og atkvæðagreiðslu við hana, þar sem felldar voru veigamiklar brtt. sem 1. minni hluti, fulltrúar Samfylkingarinnar, flutti að nú liggja fyrir skýrir valkostir í skattapólitíkinni. Annar er kostur stjórnarflokkanna sem fyrst og fremst ganga erinda stórfyrirtækja og hinn er leið Samfylkingarinnar sem byggir á jafnræði og sanngirni í skattlagningu, bæði gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum. Það er allt annað sjónarhorn en hjá stjórnarflokkunum.

Samfylkingin hefur í tillögum sínum sett fram að hún telji mikilvægt að treysta starfsskilyrði og samkeppnishæfni atvinnulífsins, m.a. með því að gera skattalegt umhverfi með því besta sem þekkist í alþjóðlegum samanburði. Við viljum að skattkerfið endurspegli jafnræði í skattlagningu og sanngirni í dreifingu skattbyrði en það er langt frá því að skattbreytingatillögur stjórnarflokkanna nái því markmiði eins og við höfum ítarlega farið í gegnum.

Skattatillögur ríkisstjórnarinnar gagnast einkum stórfyrirtækjum. Það liggur fyrir í umsögnum ýmissa umsagnaraðila og m.a. kemur fram hjá Þjóðhagsstofnun að þær gagnist einkum fjármálafyrirtækjum og tryggingafélögum sem hagnist fyrst og fremst á þessari skattalækkun.

Tillögur Samfylkingarinnar, sem hafa verið felldar, eru heilsteyptar og viðamiklar og skýr valkostur á móti tillögum stjórnarflokkanna. Það sem er mikilvægt við þær tillögur er að þær fela í sér 3 milljarða kr. minni útgjöld fyrir ríki og sveitarfélög en skattatillögur stjórnarflokkanna, jafnvel þó að fallið sé frá óréttlátri hækkun á tryggingagjaldinu sem mismunar atvinnugreinum. Sem betur fer, herra forseti, er verið að reyna að fá þá hækkun að hluta eða öllu leyti út af borðinu.

Tillögur okkar tryggja líka betur hag einstaklinga og fyrirtækja vegna þess að við viljum fara í verulega lækkun á stimpilgjaldi, þ.e. lækka það um þriðjung. Við gerum ráð fyrir fjármagni til að standa undir því en um leið fela tillögur okkar það í sér að viðhalda því markmiði sem við viljum ná fram, þ.e. að íslensk fyrirtæki hafi hér ákveðið forskot í alþjóðlegu samhengi að því er skatta varðar. Jafnframt fela tillögur okkar það í sér að þær minnka þann mun sem er á skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja og milli launa og fjármagns en það mun draga úr skattasniðgöngu. Ég hygg að engin þjóð búi við jafnmikinn mun á skattlagningu á fyrirtækjum og á launum eins og við á Íslandi. Það hefur mjög alvarlegar afleiðingar og stuðlar að ójafnræði og ósanngirni í skattkerfinu.

Tillögur okkar fela í sér miklu minna tekjutap, sennilega um 1 – 1,5 milljarða kr. fyrir ríkissjóð. Það skýrist m.a. af því að við leggjum til að fjármagnstekjuskattur hækki úr 10 í 16% með ákveðnu frítekjugólfi sem hlífir hóflegum sparnaði en gefur engu að síður um 1,7 milljarða kr. í nettóviðbótartekjur fyrir ríkissjóð. Það þýðir aftur á móti að við þurfum ekki að fara í þá hækkun á tryggingagjaldi sem stjórnarflokkarnir áformuðu.

Ég tel jafnframt að engin rök hafi verið færð fyrir því af hálfu stjórnarflokkanna að ganga svo langt sem raun ber vitni í að lækka tekjuskatta á fyrirtæki, eða úr 30% í 18. Kostnaði við lækkunina er að verulegu leyti mætt með hækkun tryggingagjalds sem bitnar á fyrirtækjum með mikla launaveltu en lítinn hagnað. Ég held að það sé ekki eðlilegt, síst við þær aðstæður sem nú eru, að leggja skatt á rekstrarkostnað fyrirtækja eins og hér er gert. Við teljum nægjanlegt að fara með skatthlutfallið af tekjuskatti fyrirtækja niður í 25%. Eftir þá breytingu yrði Ísland með lægsta skatthlutfall innan OECD-ríkjanna og gildir þar einu þó að Írland sé tekið í þennan samanburð. Því hefur verið haldið fram að Írland skeri sig úr öðrum þjóðum fyrir lága skattheimtu. Þetta er stutt rökum og gögnum frá ríkisskattstjóra og má finna í nál. minni hlutans.

Það er ástæða til að benda á það líka að þegar arðgreiðslur eru skoðaðar eru skattgreiðslur á arð langlægstar á Íslandi eða aðeins um 10% á meðan flest ríki OECD eru með 25–48%. Þegar skattlagningin er skoðuð í heild, jafnvel þó að eignarskatturinn eins og hann er nú sé tekinn með, er skattlagning á íslensk fyrirtæki með því lægsta sem þekkist.

Við vörum mjög við því, herra forseti, að fyrirtæki í nýsköpun og þekkingariðnaði fari sérstaklega illa út úr þessari fyrirhuguðu hækkun á tryggingagjaldi. Sú hækkun kemur líka illa við einyrkja og þá sem þurfa að taka laun samkvæmt verktakagreiðslum. Sumum venjulegum réttum og sléttum launþegum er gert að taka laun sín í samræmi við verktakafyrirkomulagið og þetta kemur illa við það fólk. Við teljum sem sagt ranga skattastefnu að hækka tryggingagjald á meðan framtíðarmöguleikar þjóðarinnar og bætt lífskjör liggja fyrst og fremst í því að hlúa að mannauði og menntun þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég tel miður að stjórnmálaflokkar á Alþingi hafi ekki getað sameinast um þá tillögu okkar að setjast yfir það ásamt verkalýðshreyfingunni og samtökum lífeyrisþega að skoða hvernig hægt væri að lækka eða fella niður skatta á tekjur sem eru undir lágmarkslaunum. Mér finnst það hreinlega til skammar fyrir íslenskt þjóðfélag að við skulum þurfa að skattleggja svo mikið þær tekjur sem eru 90 þúsund kr. og undir sem allir vita að duga ekki fyrir nauðþurftum. Ég hefði talið verðugt verkefni að reyna að skapa um það þjóðarsátt að ná niðurstöðu í því að draga úr skattlagningu á þessi laun. Hér er um að ræða 1 milljarð á ári sem þessir hópar, sem eru með laun undir 90 þús. kr., greiða í skatt til ríkis og sveitarfélaga. Það eru gífurlega miklir peningar, herra forseti, fyrir þetta fólk.

Það er líka athyglisvert að lífeyrisþegarnir skuli þurfa að borga sem svarar 70 þús. kr. á ári í skatta — það samsvarar lífeyrisgreiðslu þeirra í einn mánuð frá Tryggingastofnun ríkisins — á sama tíma og við erum að breyta sköttum, lækka skatta, heimila óeðlilegan hvata í yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög með þeim afleiðingum sem við höfum farið hér í gegnum. Þetta lækkar verulega skattgreiðslur á kvótaeigendur, eins og komið hefur fram. Það gæti skipt milljörðum en á sama tíma erum við að skattleggja fátækt fólk í landinu upp á sem nemur um 1 milljarði kr. Þess vegna harma ég það, herra forseti, að svo hafi farið við 2. umr. þessa máls að tillaga okkar um ákvæði til bráðabirgða um nefnd sem skoði þessi mál án nokkurra skuldbindinga hafi verið felld.

Það er ekki nóg með að fólkið sem ber þessa miklu skattbyrði fái lítið út úr þessum skattatillögum ríkisstjórnarinnar heldur þarf það engu að síður að taka á sig verðlagsáhrifin af hækkun tryggingagjalds sem mun rýra kjör þess um 0,3–0,4%.

Herra forseti. Það væri auðvitað ástæða til þess að fara ofan í afleiðingar af þeim mikla mun sem er orðinn á skatthlutfalli á launafólki og fyrirtækjum. Og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að rifja upp það sem ég sagði við 2. umr. um þetta mál. Þar var ég að vitna til greinargerðar ríkisskattstjóra í blaði sem embætti hans gefur út, Tíund, um hvað væri skaðlaus skattasamkeppni og lýsa því. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skaðleg skattasamkeppni leiðir til brenglunar á fjármála- og þjónustustarfsemi. Hún leiðir til þess að skattbyrði flyst af fjármagni yfir á vinnuafl. Hún grefur undan jafnræði og trúverðugleika skattkerfisins, eykur skattaundanskot og skattasniðgöngu, veldur auknum kostnaði við skattaframkvæmd og rýrir skattatekjur ríkjanna.“

Það er einmitt þetta sem mér finnst lýsa vel tillögum stjórnarflokkanna. Það er verið að færa skattbyrði í auknum mæli af fjármagni og eignum yfir á vinnutekjur og laun með þeim afleiðingum að það verður munur á skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja sem getur orðið allt að 23% ef einnig er um að ræða hátekjuskatt. Slíkur munur er alls staðar talinn óeðlilegur enda veldur hann ójafnræði og ósanngjarnri skattframkvæmd og leiðir til skattaundanskota og óeðlilegrar tilhneigingar til að færa einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög. Þannig geta einstaklingar í rekstri fært aukinn hluta launa yfir á hagnað og arð og greitt 10% skatt af stórum hluta launa sinna í stað 38 eða 42% með hátekjuskatti.

Reykjavíkurborg lýsti því hreinlega yfir í umsögn sinni að þetta gæti leitt til þess að einstaklingsrekstur legðist af og allir mundu færa sig, vegna þess mikla hvata og skattahagræðis sem er í þessu fyrirkomulagi, yfir í þetta form. Og þá er ekki að sökum að spyrja, herra forseti, hvað það þýðir fyrir tekjur sveitarfélaga en Reykjavíkurborg áætlar af þessum sökum 1.300 millj. kr. tekjutap.

Stjórnarflokkarnir eru sem sagt með óeðlilegum hætti að mínu viti að ýta undir stofnun einkahlutafélaga, líka með þeim afleiðingum að það mun ýta undir gerviverktakastarfsemi og auka skattasniðgöngu. Það er full ástæða til að halda því til haga hér, herra forseti, líka við 3. umr. málsins, að margir umsagnaraðilar vöruðu við þeirri leið sem ríkisstjórnin er að fara í þessu efni, bæði ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri, skattstjórar, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki og ASÍ.

Herra forseti. ASÍ gagnrýndi í umsögn sinni að dregið væri úr skattlagningu á eignir og fjármagn án þess að endurskoðun sé gerð á skattlagningu fjármagnstekna. Við tökum undir það og teljum að nú eigi að nota tækifærið, þegar verið er að lækka verulega eignarskatta, og skoða í því samhengi hækkun á fjármagnstekjuskatti sem er hvergi lægri innan OECD-ríkjanna en á Íslandi. Það viljum við gera frekar en að hækka tryggingagjald og það nær miklu betur því markmiði sem við viljum stuðla að um jafnræði og sanngirni í skattkerfinu.

Það sem er nauðsynlegt að halda til haga varðandi hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 10 í 16% er að sérstakt frítekjumark er tekið upp og þannig yrðu fjármagnstekjur hjá einstaklingum undir 100 þús. kr., og hjá hjónum undir 200 þús. kr., ekki skattlagðar og samkvæmt útreikningum embættis ríkisskattstjóra mundi það, miðað við álagningu þessa árs, fækka þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt um 56 þús. manns, eða úr 78

þús. einstaklingum í 22 þús. einstaklinga. Hóflegur sparnaður yrði þannig undanþeginn skatti við þessa breytingu um leið og tekjur ríkissjóðs mundu aukast um 1.700 millj. kr. 56 þús. manns sem voru með hóflegan sparnað inni á bankabókum eða annars staðar og greiddu af því fjármagnstekjuskatt mundu þá, ef þessar tillögur hefðu náð fram að ganga eða væru í gildi á þessu ári, ekki greiða skatt.

Útreikningar ríkisskattstjóra sýna að af 24–25 milljarða fjármagnstekjuskattsstofni eiga 10% framteljenda 16 milljarða kr. af stofninum en 8 milljarðar skiptast á þau 90% framteljenda sem eftir eru.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Það er alveg ljóst að tillögur ríkisstjórnarinnar munu auka verulega á ójafnræði innan skattkerfisins og leiða til skattasniðgöngu. Einstaklingar munu í verulegum mæli, miklu meira mæli en áður, standa undir skatttekjum ríkissjóðs en 83% allra skatttekna koma nú frá einstaklingum. Ég tel því að tillögur stjórnarflokkanna séu vanhugsaðar og á þeim stórar gallar, eins og ég hef hér rakið.

Tillögur Samfylkingarinnar aftur á móti ná því markmiði að mismuna ekki atvinnugreinum, tryggja meira jafnræði, auka sanngirni í allri skattlagningu en viðhalda jafnframt alþjóðlegu skattaforskoti íslenskra fyrirtækja. Með tillögum okkar er unnt að efla atvinnulífið og styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki og sprotafyrirtæki, auka jafnræði á milli þeirra sem greiða skatta af launum og hinna sem greiða skatta af fjármagni, ásamt því að lækka skatta þeirra sem minnstar hafa tekjurnar. Það er þannig skattumhverfi, herra forseti, sem við í Samfylkingunni viljum stefna að. Því miður tókst það ekki í þessari lotu en, herra forseti, við munum halda áfram þar til þessar tillögur eru í höfn.

[14:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af ummælum hv. þm. um ójafnræði á milli fyrirtækjaskattlagningar og einstaklingsskattlagningar sem ég stend hér upp. Ég vil aðeins vekja athygli á því að í mörgum löndum í kringum okkur er hæsta skattþrep töluvert miklu hærra en hér á landi, t.d. í kringum 60%, jafnvel 65%. Í þeim hinum sömu löndum eru virkir fyrirtækjaskattar líklega 30, 35, 40%. Og ég hef ekki orðið var við það að þeir skattar og sá mismunur sem þar er á einstaklingssköttum og fyrirtækjasköttum færi neitt mjög illa með þau hagkerfi. Væri því fróðlegt að vita á hvaða alþjóðlegu reynslu hv. þm. byggir þetta mat sitt, að það verði svo gífurlegt ójafnræði og óhagræði af þeim mismun sem verður á fyrirtækjasköttum og einstaklingssköttum hér á landi.

[14:27]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. hefur farið í gegnum það ítarlega nál. sem við í 1. minni hluta lögðum fram og var tekið hér til 2. umr. hefði hv. þm. væntanlega fengið svar við þessari fyrirspurn sinni. Við studdumst þar við tölur og gögn víðs vegar að þegar við gengum frá nál. okkar, ekki síst frá ríkisskattstjóra. Í þeim gögnum kemur fram, byggt m.a. á tölum frá OECD, að hér á landi eru tekjuskattar einstaklinga, og skattar einstaklinga almennt, hvort sem það eru tekjuskattar eða skattar á vöru og þjónustu, með því hæsta sem þekkist og skattar á fyrirtæki með því lægsta sem þekkist þó að þeir séu ekki allra lægstir eins og nú stendur á. Svo mun hins vegar verða eftir þessa breytingu ríkisstjórnarinnar.

Ríkisskattstjóri segir orðrétt að þessu sé þveröfugt farið hjá öðrum þjóðum, þar séu fyrirtækjaskattar almennt í heildina hærri en skattar á einstaklinga. Ég hef spurst fyrir um það þegar beinu skattarnir eru skoðaðir í heild sinni hvort hægt sé að benda mér á eitthvert land þar sem er meiri munur í skattlagningu en hér er, 23% — arðgreiðslur eru hvergi lægri — sem m.a. skýrir það sem ég hef verið að nefna hér, skattasniðgönguna. Svarið við því er að þetta sé hvergi lægra. Og allt þetta leiðir til þess, sérstaklega þessi lági fjármagnstekjuskattur sem er 10% hér á meðan hann er 25–48% annars staðar, að það er mjög freistandi að fara í þessa yfirfærslu sem leiðir til þeirrar skattasniðgöngu sem ég hef hér nefnt.

[14:29]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að hv. þm. sé að tala sitt á hvað um skatttekjur ríkissjóðs af einstökum sköttum, bæði hér á landi og annars staðar, og svo talar hún í sumum tilvikum um skattprósentur. Ef við berum saman t.d. effektífar skattprósentur í Evrópulöndum og effektífar skattprósentur hér eins og þær eru fyrir þá lækkun sem stendur fyrir dyrum hefur effektíf skattprósenta á arð í atvinnulífi verið í mörgum tilvikum hærri hér á landi vegna þess að eignarskatturinn hefur verið það hár. Nú er hins vegar verið að breyta því og lækka þetta þannig að skattheimta okkar af arði í atvinnulífi verði nokkuð sambærileg við það sem best gerist.

En ég var að spyrja hv. þm. um ákveðið atriði þar sem hún ræddi um mismunun á skattheimtu af einstaklingum og skattprósentu fyrirtækja vegna þess að í Evrópulöndum mörgum hverjum er jaðarskatturinn, þ.e. hæsta skattprósentan, miklum mun hærri en hér á landi, kannski 55, 60, 65% jafnvel. Í þeim löndum sem jaðarskatturinn hefur verið þetta hár hefur hin almenna skattprósenta í atvinnulífinu verið töluvert miklu lægri, kannski á bilinu 30–40%, sem hefur verið hin effektífa skattprósenta. Þetta hefur ekki haft nein gífurleg skemmandi áhrif fyrir hagkerfi þessara landa vegna þess að mörg þeirra eru í hópi best stæðu hagkerfa heimsins. Ég var þess vegna að athuga hvort hv. þm. hefði einhvern alþjóðlegan samanburð eða alþjóðlega reynslu til að vitna til í þessu sambandi. Það er ekki. Það kom hér fram.

[14:31]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg sama hvort við berum saman beinu skattana eða óbeinu skattana. Það liggur algerlega fyrir varðandi óbeinu skattana, skatta á vöru og þjónustu, að þeir eru langhæstir hér á landi, og líka þegar við tökum óbeinu skattana í samanburð við það hvaða þýðingu það hefur ef einhver hefur aðstöðu til þess, eins og margir munu hafa við þessa yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag, að færa verulegan hluta tekna sinna yfir í söluhagnað sem ber einungis 10% skatt.

Af hverju skyldi svo vera að það erum ekki bara við í Samfylkingunni sem höfum áhyggjur af þessu heldur Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki, allir skattstjórar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri? Það er af því að orðinn er óeðlilega mikill munur á skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja. Því væri athyglisvert að spyrja hv. þm.: Þegar verið er að lækka

eignarskattana eins mikið eins og raun ber vitni, um nær 4 milljarða kr., telur hv. þm. þá ekki eðlilegt á sama tíma að fara í að hækka lítillega fjármagnstekjuskattinn sem gefur í nettótekjur í ríkissjóð 1.700 millj. kr. jafnvel þó að sett sé ákveðið fríeignamark í fjármagnstekjuskatti? Hv. þm. hefur ekkert tjáð sig um það núna þegar verið er að lækka verulega eignarskattana, kannski neðar en hjá mörgum öðrum þjóðum sem eru með hærri fjármagnstekjuskatt en við. Af hverju var þá ekki eðlilegt og rétt að nota tækifærið í staðinn fyrir að hækka tryggingagjaldið og hækka frekar fjármagnstekjuskattinn?

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þegar við á hinu háa Alþingi ræðum um skattamál þá skyldi maður ætla að ekki þyrfti að eyða mikilli orku í að ræða t.d. hluti eins og hvernig Íslendingar standi að vígi í skattalegu tilliti borið saman við nágrannalönd, hin Norðurlöndin, OECD-löndin eða hvaða samanburður sem það er.

Engu að síður er það þannig að furðulega margar kenningar eru í gangi um það hvernig íslenska skattkerfið sé í samanburði við það sem tíðkast í nálægum löndum eða löndum sem við viljum bera okkur saman við. Það er dálítið merkilegt að það skuli þurfa að vera tilefni til mikilla rökræðna eða deilna því það ætti í sjálfu sér að geta legið fyrir sem nokkuð óumdeildar staðreyndir. Auðvitað er svona samanburður oft ýmsum annmörkum háður. Það þarf að átta sig á því hvort menn eru að bera saman sambærilega hluti, en með slíkum fyrirvörum er ekkert óskaplega flókið eða erfitt verk að bera þetta saman. Ég hef gert það nokkuð reglubundið í ein 15 ár eða svo frá því að ég fór að baksast í þessum efnahagsmálum, setja mig inn í þá hluti og fylgjast með því jafnframt hvernig þetta stæði annars staðar, t.d. afla mér upplýsinga um það og fá yfirlit yfir það hvernig Ísland stæði að vígi gagnvart hinum Norðurlöndunum og hvernig Norðurlöndin sem slík stæðu að vígi gagnvart t.d. Vestur-Evrópu að öðru leyti.

Ég komst að því fyrir svona 10–15 árum síðan þegar ég fór fyrst að reyna að bera þetta saman í einhverri alvöru að ýmsar goðsagnir voru í gangi, ótrúlega lífseigar goðsagnir svo ekki sé nú sagt hreinar draugasögur, t.d. þessi um skattpíninguna á Norðurlöndum. Það er ákaflega lífseig goðsögn að það sé óvenjuleg skattpíning á Norðurlöndum og Svíþjóð var oft nefnd þar sem dæmi. Vissulega er rétt að hæstu prósentur t.d. í skattlagningu á tekjuháum einstaklingum voru háar í Svíþjóð, þegar hæst lét voru kannski um 60% af tekjum ofan við viss mörk tekin í skatta, en fyrir löngu síðan var mér þó ljóst t.d. að skattalegt umhverfi atvinnulífs, fyrirtækja hefur lengi verið hagstætt á Norðurlöndum. A.m.k. undanfarin 10–15 ár hafa Norðurlöndin verið í lægri kantingum hvað varðar skattlagningu á atvinnulíf. Í Svíþjóð til að mynda sem oft er nú nefnd í þessum efnum hefur það fyrir löngu orðið óumdeild stefna að þeir vilja garnan vera í hagstæðari kantinum til að missa ekki í burtu sænsku stórfyrirtækin með mikil umsvif bæði í Evrópu- og Ameríkulöndum og til þess þarf skattalegt umhverfi þeirra þar að vera sæmilega sambærilegt. Allan þennan tíma hefur Ísland vermt botnsætið, skattar hafa verið lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum nema þá helst í Finnlandi sem lengi hefur legið næst Íslandi, komið númer tvö á þeim enda listans þar sem samneyslan er minnst og skattar lægstir. Þessar upplýsingar, herra forseti, liggja núna fyrir algjörlega skýrt. Þetta má sjá t.d. í töflum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Þetta er til í norrænu talnaverki. Þetta liggur fyrir m.a. á Alþingi í þingskjölum, ágætu svari við fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem er um margt áhugavert og var dreift fyrir nokkru síðan á þskj. 310.

Þar kemur fram svo að ekki verður um villst þegar heildarskattlagning lögaðila eða fyrirtækja er tekin saman, þ.e. skattlagning, tekjuskattur, arður og launatengdur kostnaður, að Ísland er þarna mjög lágt ef ekki lægst, alla vega örugglega lægst innan Norðurlandanna og einna lægst innan OECD-ríkjanna. Þess vegna er dálítið merkilegt að enn tala menn um þessa hluti stundum eins og hér ríki sérstök skattpíning og menn æsa sig upp í það á landsfundum Sjálfstfl. að það sé alveg sérstakt keppikefli að lækka skatta á atvinnulíf, á fyrirtæki á Íslandi enn þá meira, alveg sérstaklega, að nú þurfum við virkilega að fara að taka til hendinni í því. Komust þeir ekki niður í 10% þegar þeir voru búnir að tala sig upp í hita á landsfundi Sjálfstfl., að fara ætti með tekjuskattsprósentuna á hagnaði fyrirtækjanna niður í 10%?

Það sem hefur hins vegar einkennt skattkerfið hjá okkur og er á eina sviðinu þar sem Ísland liggur hátt í þessum samanburði, er í óbeinum sköttum. Það er ljóst að ríkið tekur inn hlutfallslega háan hluta tekna sinna á Íslandi í óbeinu sköttunum. Við erum með eitt hæsta virðisaukaskattshlutfall í heimi. Ætli það séu nokkrir nema kannski Danir sem eru hærri eða sambærilegir og við erum með mest allar vörur og þjónustu uppi í þessu háa þrepi. Það er tiltölulega lítið sem tilheyrir lægra þrepinu af tveimur í virðisaukaskattskerfi okkar. Það leiðir til þess að skattar á vöru og þjónustu standa undir hlutfallslega háum hluta af tekjuöflun ríkissjóðs á Íslandi og þar erum við hæstir Norðurlandanna. Skattar á vörur og þjónustu eru hér um 15% miðað við landsframleiðslu og það er tiltölulega hátt hlutfall af skatttekjum hins opinbera samanlagt upp á kannski rúm 30% sem segir að það er um helmingur sem þarna kemur inn af tekjum hins opinbera. Ef menn vilja bera þar niður, herra forseti, sem Íslands sker sig að einhverju leyti úr eða er á þeim endanum að skattlagningin sé þyngst þá er það ekki þar sem menn eru að bera niður núna, fráleitt hjá atvinnulífinu og ekki heldur hjá tekjuháum einstaklingum. Nei, en ástæða væri til að skoða hvar við séum á vegi stödd með óbeinu skattlagninguna, með neysluskattana og sérstaklega þá þætti hennar sem bitna þungt á tekjulágu fólki.

Það er líka staðreynd að ef maður skoðar skattalegt umhverfi t.d. barnafjölskyldna, þá er það óhagstætt að þessu leyti hér. Það er alveg ljóst. Mjög víða erlendis eru ýmsar neysluvörur sem vega þungt í útgjöldum barnafólks vægar skattlagðar með óbeinum sköttum en hér.

Herra forseti. Þessi almennu orð eru til þess að leiða umræðuna að því sem ég tel að ætti að vera hér umfjöllunarefni ef menn ætla út í almennar umræður um skattamál, sem á köflum hefur ósköp eðlilega orðið í tengslum við þetta frv., og vilja setja hlutina á Íslandi í samhengi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. En þá liggja þeir hlutir svona fyrir. Það er algjörlega ljóst hvað varðar skattlagningu atvinnulífsins eða fyrirtækjanna að Ísland er í nokkri sérstöðu, algjörri sérstöðu innan Norðurlanda og OECD, hvað varðar það að þessir skattar eru lágir. Það helgast af því að tekjuskattsprósentan sjálf á hagnað fyrirtækja er í lægri kantinum nú þegar áður en fyrirhuguð lækkun kemur til sögunnar. Það helgast af því að launatengdur kostnaður atvinnulífsins hér er enn mjög lágur þó að til standi að vísu að hækka hann eitthvað

með tryggingagjaldinu. Eftir sem áður yrði hann með því lægsta. Það helgast af því að hér er skattur á arðgreiðslur og hlutabréfahagnað lágur. Í heildina tekið myndar þetta umhverfi því mjög hagstæða umgjörð fyrir atvinnulífið. Ríkisstjórnin þurfti því ekki að leggja upp í sérstakan leiðangur til að breyta því.

Varðandi tekjuskatta einstaklinga þá eru þeir í það heila tekið ekki mjög háir hér, alls ekki. En dreifingin er hins vegar nokkuð sérstök. Hún er sérstök vegna þess að fólk með tiltölulega lágar tekjur fer að borga mjög þungan skatt, þ.e. um leið og að skattleysismörkunum kemur, þá skellur á full almenn skattprósenta í staðgreiðslu upp á tæp 40%. Það er frábrugið því sem mjög víða er í kringum okkur þar sem oft er um að ræða fleiri þrep í tekjuskattinum eða þá að kerfið er útfært þannig að lægri launum og upp undir meðallaun er hlíft mun meira við skattlagningunni en hér er gert. Það er ekki heildarskattbyrðin í tekjuskatti sem er frábrugðin hér heldur fyrst og fremst dreifingin í kerfinu og svo að ógleymdum auðvitað tekjutengingunum sem valda hinum illræmdu jaðaráhrifum sem minna er rætt nú um stundir en eru auðvitað enn til staðar og mjög tilfinnanleg fyrir marga hópa og hefur aftur nokkuð gleymst í umræðunni það fyrirbæri sem var mikið til umræðu fyrir nokkrum árum síðan.

Herra forseti. Ég tel að pakki hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum nú sé mjög óskynsamlegur og í raun á skjön við það sem menn í orði kveðnu láta í veðri vaka að þeir séu að gera, þ.e. að taka á þeim þáttum í skattkerfinu þar sem Ísland sker sig að einhverju leyti úr hvað varðar það að óhagstæðara sé fyrir viðkomandi aðila en annars staðar gerist, hvort heldur einstaklingar eða fyrirtæki eiga í hlut. Það er ekki verið að því. Því ættu menn að bera annars staðar niður. Það er algjörlega ljóst. Þá ættu menn að skoða skattleysismörkin og skattbyrðarnar á lægri laun og þá ættu menn að skoða frekar óbeinu skattana því þar skerum við okkur úr, en ekki þar sem ríkisstjórnin ber niður, í hinu svokallaða hátekjuþrepi, og ég tala nú ekki um hvað varðar skattbyrði fyrirtækjanna, þess hluta sem er með góða afkomu. Ég held að þessi mikla lækkun tekjuskattsprósentunnar og hækkun tryggingagjaldsins á móti sé mjög óskynsamleg aðgerð. Ég hef frekar samúð með þeirri endurskoðun eignarskattanna sem þarna er á ferðinni þó auðvitað sé alltaf spurning hvernig það er nálgast og mér finnst ríkisstjórnin ekki fara þar nema með hálfkveðna vísu. Ef menn vildu fara yfir eignarskattsálagninguna þá átti að sjálfsögðu að skoða líka hina hliðina, þ.e. skatta á arðgreiðslur og fjármagnstekjuskatta og skatta af hlutabréfahagnaði og annað slíkt.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fara nokkrum orðum almennt um áherslur okkar og sérstöðu í skattamálum. Það hefur verið nokkuð sérkennilegt á köflum að heyra umræður um að það séu bara uppi tvær stefnur í skattalegu tilliti í landinu, þ.e. annars vegar þessi pakki núverandi ríkisstjórnar og svo hins vegar brtt. Samfylkingarinnar sem hún flutti við 2. umr. málsins. Það er svolítið sérkennilegt að menn telji aðra ekki hafa skoðanir á skattamálum eða stefnu í þeim efnum af því að þeir völdu ekki að flytja tiltekna brtt. við eitt tiltekið þingmál. Ég ætla ekki að fara að skattyrðast við ágæta félaga mína í Samfylkingunni en mér hafa þótt alveg óþörf ummæli af því tagi sem m.a. varaformaður Samfylkingarinnar lét falla í sjónvarpsþætti sl. sunnudag og komið hafa fram í umræðunum hjá fleirum í okkar garð. Við höfum fyrst og fremst verið í því að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn og veita henni aðhald í þessum efnum og finna að því þegar við teljum hana vera að fara út af veginum en það stendur ekki á því að gera grein fyrir áherslum okkar í skattamálum.

Ég ætla ekki að fara út í samanburð, t.d. á brtt. Samfylkingarinnar og pakka ríkisstjórnarinnr. Ég gæti út af fyrir sig gert það en ég tel heppilegra að samfylkingarfólk mæli sjálft fyrir tillögum sínum og ég sé ekkert að barna þær en þá fer ég vinsamlegast fram á hið sama. Ég held að við styrkjum okkur ekki í slagnum gegn þessari ríkisstjórn með því að beita allt of mikilli orku í það að kljást innbyrðis.

Ég skil mætavel fulltrúa Framsfl. Þeim líður illa þessa dagana og það er eðlilegt að þeir reyni að koma einhverjum vörnum við og finna höggstað á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Út af fyrir sig gæti ég sagt svipað um Samfylkinguna, að ég skilji að mönnum sé þar órótt, en mér finnst heldur óþarft að eyða mikilli orku í að afflytja beinlínis stöðu okkar í þessum efnum og láta að því liggja að vegna þess að við völdum aðra leið í afstöðu eða afgreiðslu þessa tiltekna máls í þinginu höfum við ekki stefnu í skattamálum. Er þetta mjög uppbyggilegur eða efnislegur málflutningur? Mér finnst það svolítið barnalegt og ég verð að segja alveg eins og er að ég held að þetta afgreiði sig sjálft. Þetta lýsir því fyrst og fremst að það eru einhver ónot innan í mönnum sem taka upp svona málflutning.

Herra forseti. Mér er það svo sem kærkomið tækifæri að fara nokkrum orðum um okkar almennu áherslur í þessum efnum. Þær liggja fyrir í stefnuyfirlýsingu okkar, í málefnahandbókinni, í handbók okkar um sveitarstjórnarmál þar sem komið er inn á tekjustofna sveitarfélaga, í landsfundarsamþykktum o.s.frv. Þannig er það yfirleitt hjá flokkum og ég satt best að segja hafði ekki áttað mig á því að menn teldu almennt að flokkar hefðu ekki stefnu nema sú stefna væri sem slík flutt í formi brtt. við frumvörp sem einhverjir aðrir flytja. Mér finnst í sjálfu sér sá vettvangur ekki endilega hinn rétti til að leggja fram almennar áherslur í skattamálum. Þá komast stjórnarandstöðuflokkar í heldur varnarlegar stellingar ef þeir eru undir það seldir að geta ekki haft stefnu almennt í málum nema í formi einhverra viðbragða við frumvörpum frá ríkisstjórn. Það er að sjálfsögðu ekki þannig. Hitt er rétt og skylt að menn geri á hverjum tíma grein fyrir viðhorfum sínum í almennum efnum og þar tel ég að ekkert hafi skort upp á hjá okkur.

Ég held að það sé alveg ljóst að sérstaða okkar í skattalegu tilliti er fyrst og fremst sú að við höfum tekið okkur mjög einarða stöðu sem varðstöðumenn um öflugt samábyrgt félagslega rekið velferðarkerfi og við höfum ekki skorast undan merkjum í þeim efnum að viðurkenna að það kostar tekjur. Öflugu velferðarkerfi verður ekki haldið uppi á Íslandi nema menn séu tilbúnir til að verja skatta og hafa tekjur í ríkissjóð. Það veit ég að hæstv. fjmrh. veit mætavel. Og ég leyfi mér að minna á það að í okkar röðum eru sennilega þeir einu stjórnmálamenn sem höfðu uppi gagnrýni á flatar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á árunum 1998, 1999, 2000 og við bentum á að að því kynni að koma að gott yrði að hafa þessar tekjur í handraðanum til að halda uppi öflugu velferðarkerfi og eftir atvikum greiða þá niður skuldir ríkissjóðs hraðar en ella væri hægt á meðan svo vel áraði. Og hverjir ætli það hafi verið aðrir en sá sem hér talar og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem helstir hafi haft uppi gagnrýni á sínum tíma á þessar breytingar? Það skyldi þó ekki vera margt að koma á daginn í þeim efnum og ýmsir hafi læðst til þess eftir á að fara að taka undir þessi sjónarmið og þar á meðal ekki ómerkari

aðilar en Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn sem eru núna að segja — telja sig að vísu hafa látið að því liggja á sínum tíma — að auðvitað hafi þetta að mörgu leyti verið óskynsamlegt.

Staðreyndin er auðvitað sú að ef ekki væri núna þessi sala á eignum ríkissjóðs væru menn þegar komnir í bullandi vandræði með rekstur samneyslunnar vegna þess að menn hafa verið að sleppa út tekjum og auðvitað sérstaklega frá fyrirtækjum og atvinnulífi. Menn eru fljótir að gleyma þessum hlutum, t.d. þegar aðstöðugjaldinu að núvirði upp á eina 6 milljarða kr. var hent út á einu bretti. Og hvað var gert við það? Það var fært yfir í launamannaskatta þannig að ef við lítum á þetta í stærra samhengi og til aðeins lengri tíma hafa orðið verulegar breytingar á hlutföllum milli persónuskatta og fyrirtækjaskatta á Íslandi. Þetta tel ég, herra forseti, að hafi fyrst og fremst markað sérstöðu okkar eins og ég greini hana, að við höfum óhikað tekið okkur stöðu sem varðstöðumenn öflugs sameiginlega fjármagnaðs velferðarkerfis og ekki skorast undan þeim merkjum að axla ábyrgð af því að til þess þarf tekjur, til þess þarf skatta. Við höfum, herra forseti, með öðrum orðum ekki gengið almennt í skattalækkunarkórinn enda eru nógir aðrir í honum. Það eru alltaf nógir til þess að slá um sig og álykta á fundum sínum um það hve dýrlegt það væri ef hægt væri að lækka skattana svo og svo mikið, helst niður í núll, eins og hv. þm. Pétur Blöndal og fleiri skoðanasystkini hans í Sjálfstfl. en það er kannski ekki alveg víst að sama fólk sé jafnkokhraust þegar kemur að því að svara því hvar eigi þá að bera niður, hvað eigi að skera niður og hvaða afleiðingar það hafi, t.d. í velferðarkerfi okkar.

Ef ég hleyp yfir þetta í nokkrum liðum, herra forseti — og ég minni aftur á að ég er að vitna í þá hluti sem liggja fyrir í gögnum okkar; stefnuyfirlýsingu, málefnahandbók, sveitarstjórnarhandbók og víðar — þá höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í fyrsta lagi verið talsmenn þrepaskipts tekjuskatts þar sem leitað væri leiða til þess að jafna skattbyrðunum betur en nú er gert þó að íslenska tekjuskattskerfið með ýmsum greiðslum sínum sé vissulega talsvert tekjujafnandi. Það er augljóst mál að núllþrepið sem fólgið er í reynd í skattleysismörkum — það hefur auðvitað þau áhrif, og það er enginn vafi á því að meira þrepaskiptur tekjuskattur hefur ýmsa kosti í þessum efnum. Auðvitað geta menn sagt að honum fylgi líka ókostir, t.d. að hann sé flóknari í framkvæmd, en hugsum okkur tekjuskattinn í fjórum þrepum. Það væri þá núllþrep, þ.e. skattleysismörk með svipuðum hætti og er í dag, það væri lægra almennt þrep sem tæki til vægari skattlagningar á lægri og upp undir meðaltekjur, það væri hærra almennt þrep sem kæmi þar á ofan og síðan hátekjuþrep. Það væri einfalt að sýna fram á að með slíkri útfærslu og þessari einu breytingu, að bæta við einu þrepi, mætti ná fram betri dreifingu byrðanna og hlífa mætti betur lægri og meðaltekjum en nú er gert án þess endilega að það þyrfti að kosta fjárútlát. Síðan er spurningin um það hvernig menn stilla heildarskattlagninguna af. Þetta vil ég í fyrsta lagi nefna sem áherslur okkar. Við mundum vilja skoða þetta.

Í öðru lagi höfum við haft þá afstöðu — og það er ekkert nýtt frekar en hjá stjórnarandstöðunni á sínum tíma — að fjármagnstekjuskatturinn ætti að vera þannig á lagður að í honum væri frítekjumark sem tæki mið af almennum minni háttar sparnaði mjög margra í þjóðfélaginu og svo hins vegar hærri skattprósenta sem tæki til raunverulegra fjármagnstekna þar fyrir ofan. Sú var afstaða minni hlutans á Alþingi á sínum tíma þegar fjármagnstekjuskatturinn var lagður á, og um það voru ef ég man rétt fluttar brtt. Við erum enn sama sinnis, og viljum að bilið milli skatthlutfalls í almennum tekjuskatti og skatthlutfalls fjármagnstekna eigi að vera mun minna en nú er. Það er sjónarmið út af fyrir sig með alveg sama hætti og bilið milli skattlagningar tekjuskatts lögaðila sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að fjalla um hér áðan, og er fullgilt sjónarmið, en þetta á auðvitað líka við um fjármagnstekjuskattinn og arðgreiðslurnar. Þetta er tengt hvað öðru og hefur tilhneigingu til að leita út í breytingar ef bilið verður þarna óhóflega mikið. Þá fara menn að reyna að leita leiða til að færa til hagnaðinn, hvar hann kemur fram, til að losna við skatt. Þetta er alþekkt. Og það er dálítið merkilegt að þeir sem beita gjarnan samræmingarrökunum og rökunum um að best sé að hafa skattana sem einfaldasta, helst bara 1% á allt landið og miðin — við heyrðum þetta heldur betur á sínum tíma þegar virðisaukaskatturinn var tekinn upp. Það voru ekki svo fáar ræðurnar sem hæstv. þáv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, flutti um þetta, að ekki mættu vera neinar undanþágur, þetta ætti bara að vera 1%. Gilda þessi rök þá ekki almennt? Við vitum vel að alltaf er í gangi sú tilhneiging að færa þarna til eftir því sem það er mönnum hagstætt, og menn eru ótrúlega fundvísir á leiðir í þeim efnum eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir stundum þegar verið er að lögfesta einhverjar breytingar í þessum efnum. Síðan eiga skattgreiðendur næsta leik. Það er alltaf þannig, þolendurnir eiga síðan næsta leik. Þegar við erum búin að setja einhverjar nýjar reglur á Alþingi fara menn að skoða hvernig þær koma út, hvernig þær komi við sig og hvaða leiðir þeir eigi færar til að mæta þeim. Þá eru auðvitað mörg og veigamikil rök fyrir því að ekki eigi að vera óhóflega breitt bil á milli þessarar meginskattlagningar verðmætanna eða teknanna eftir því hvernig þær eru taldar fram, hvort það eru launatekjur einstaklings, hagnaður fyrirtækja eða arður af fjármagnstekjum eða öðru slíku.

Í þriðja lagi, herra forseti, teljum við að stokka þurfi upp skattstofna sveitarfélaganna og það eigi að gera þá breiðari og líkari því sem ríkið hefur í dag. Eitt af því sem hefur valdið vandræðum er að samsetning skattstofna, annars vegar ríkis og hins vegar sveitarfélaga, er að hluta til mismunandi. Sveitarfélögin eru mun háðari persónusköttunum en hafa nánast engar eiginlegar skatttekjur af atvinnulífinu. Þau hafa minni eða engar tekjur af annarri veltu í samfélaginu en af launatekjunum. Það er enginn vafi á því að þetta leiddi til þess að góðærið margumtalaða skilaði sér hægar og í minna mæli inn til sveitarfélaganna á uppsveiflutímanum. Ég held að það sé óumdeilt. Þegar tekjur ríkisins jukust mjög hratt af auknum innflutningi og öðrum slíkum tekjum kom það hægara til sveitarfélaganna. Það var þá fyrst og fremst í gegnum launahækkanir, þegar þær voru komnar til sögunnar, að auknar tekjur af útsvari fóru að skila sér til sveitarfélaganna.

Nú munu menn sjálfsagt segja af hálfu sveitarfélaganna: Við skulum bíða aðeins af því að nú er þetta að snúast við, og að sjálfsögðu er þá myndin hagstæðari fyrir sveitarfélögin í augnablikinu en hún er fyrir ríkið. Nú hafa tekjur ríkisins af einmitt innflutningsgjöldum og öðru slíku verið að snardragast saman en það snertir sveitarfélögin minna og þau njóta góðs á hinn bóginn af nýlega gerðum kjarasamningum við fjölmennar stéttir sem þau borga að vísu að hluta til sjálf því auðvitað veldur það auknum launaútgjöldum hjá sveitarfélögum, samningar við tónlistarkennara, grunnskólakennara o.s.frv., en stærri launasumma í þjóðfélaginu kemur hagstæð-

ar út fyrir sveitarfélögin í heildina tekið hlutfallslega heldur en ríkið. Ég býst ekki við að forsvarsmenn sveitarfélaganna verði manni sérstaklega þakklátir fyrir að vekja athygli á því núna að þarna er þetta misræmi á milli en til lengri tíma litið er þetta óheppilegt. Til lengri tíma litið er slæmt að afkoma þessara tveggja meginstjórnsýslustiga og meginframkvæmdaaðila hins sameiginlega rekstrar haldist ekki sæmilega í hendur. Ég er því þeirrar skoðunar, herra forseti, og fyrir því mælum við m.a. í sveitarstjórnarhandbók okkar að tekjustofnar sveitarfélaganna verði endurskipulagðir og þessi tekjulegu samskipti ríkis og sveitarfélaga endurskoðuð. Það er hvort sem er þörf á því, enda hefur hallað á sveitarfélögin eins og allir vita, en að það verði gert út frá þeirri nálgun að tekjustofnar sveitarfélaganna breikki, þau fái hlutdeild í fleiri tekjustofnum og þar af leiðandi fylgi þau ríkinu betur eftir í sveiflum eftir því sem þær koma til.

Auðvitað vakna líka spurningar, herra forseti, um hvort ekki sé óeðlilegt að atvinnulífið, fyrirtæki séu nánast alls ekki greiðendur í formi hreinna skatttekna til sinna sveitarfélaga. Þau greiða fyrst og fremst gjöld vegna þjónustu sem þeim er veitt eða aðstöðu sem þeim er látin í té en í raun og veru er ekki hægt að segja að þau séu raunverulegir skattgreiðendur til sinna sveitarfélaga og það er fremur óvenjulegt. Yfirleitt er um það að ræða að þetta er hvort tveggja og ég held að menn ættu að skoða það.

Ég nefni þá í fimmta lagi umhverfisskatta og gjöld. Við erum talsmenn þess að hafinn verði undirbúningur að því að móta samræmdar áherslur hér og færa inn í skattalög eða lög og reglur um tekjur ríkis og sveitarfélaga, skatta og gjöld sem tengjast þessum flokki og þar gæti orðið og á að vera um bæði íþyngjandi og ívilnandi aðgerðir að ræða, þ.e. skattlagningu mengandi starfsemi og röskunar á umhverfi og öðru slíku og síðan eftir atvikum ívilnandi, hvetjandi aðgerðir í formi afsláttar, t.d. til þeirra sem eru að ráðast í fjárfestingar í þágu úrbóta í umhverfismálum o.s.frv. Þetta er náttúrlega heilt svið, herra forseti, sem mjög lítið er komið á dagskrá hér á landi, nánast ekki í öðru tilliti en því að um einhverja gjaldtöku, skilagjöld og annað slíkt er að ræða. En þetta er í örri þróun mjög víða erlendis og er hluti af pólitík viðkomandi landa þar sem verið er að reyna að stýra þróun atvinnulífs, ekki síst orkumálageiranum inn á grænni brautir með því að hafa skattalegt hagræði fólgið í beislun umhverfisvænna orkugjafa o.s.frv. Þarna gætu sveitarfélögin komið mjög við sögu, enda mörg og stór verkefni á sviði umhverfismála á þeirra könnu, t.d. allt sem lýtur að Staðardagskrá 21 og þau hafa verið að fá á sínar herðar mjög margar skuldbindingar Íslands vegna umhverfismála á alþjóðavettvangi. Ég nefni t.d. tilskipanir frá Evrópusambandinu sem rignir yfir okkur og ein stór í vændum núna sem Ísland er reyndar komið í ónáð með að fullgilda ekki. Það er ný tilskipun um förgun úrgangs sem mun óumflýjanlega hafa í för með sér umtalsverðan kostnað þegar hún kemur hér sem er ekkert vafamál að hún gerir.

Þá kemur að hinni hliðinni sem er fjármögnunin eða gjaldtakan, en það er einmitt gert ráð fyrir, það er beinlínis gert ráð fyrir því í tilskipununum sjálfum að allur svona kostnaður sé borinn uppi af þeim sem úrgangnum veldur. Og ekki er ætlast til þess að ríki eða sveitarfélög noti aðra tekjustofna til að mæta útgjöldum af þeim toga. Það er hluti af nálguninni í þessum málaflokkum. Við verðum því, herra forseti, að fara að koma þessu betur á dagskrá og fara yfir þetta stóra svið.

Í sjötta lagi er það afstaða okkar, herra forseti, að skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi þurfi að sjálfsögðu að vera samkeppnishæft við nágrannalöndin en við erum andvíg því að Ísland taki þátt í skattalegum undirboðum. Við höfum hér á þingi flutt um það tillögur og hreyft við því með ýmsum hætti, til að mynda og ekki síst hv. þm. Ögmundur Jónasson, að Ísland á ekki á hinn bóginn að fara að skipa sér í sveit með þeim ríkjum sem eru að reyna að undirbjóða nágrannalöndin með beinlínis til muna lægri sköttum á atvinnulíf. Sú þróun endar með ósköpum og það er í mótstöðu við alþjóðlegra viðleitni sem í gangi er á vegum OECD og verður væntanlega færð að hluta til yfir til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar núna, því þetta er eitt af því sem viðræðurnar og niðurstaðan af Doha-fundinum tók til að þurfi að líta á. Það væri því sérkennilegt ef Ísland nú á þessum tímapunkti ætlaði að fara að elta einhverjar Karíbahafseyjar eða Ermasundseyjar eða hvað það nú er og fara með einhverjum skattalegum undirboðum að lokka til sín erlend fyrirtæki. Það eigum við ekki að gera en hins vegar sjá um að skattalegt umhverfi og starfsumhverfi okkar eigin atvinnulífs sé hagstætt þannig að það geti blómstrað. Það er það sem skiptir máli. En þessi draumsýn manna um að við Íslendingar verðum ríkir á því að veiða hingað einhver alþjóðleg fyrirtæki, á henni hef ég hvort sem er enga trú, enda niðurstaðan sú að þau skilja yfirleitt mjög lítið eftir sig. Slíkar málamyndastarfsstöðvar sem oft eiga í hlut þegar um er að ræða að nýta sér skattasmugur skilja oft mjög lítið eftir sig. Ég veit ekki hvort menn vita hvernig t.d. sumar þessara Karíbahafseyja sem eru að gera út á hluti af þessu tagi, að ódýrt sé að skrá þar fyrirtæki og ódýrt sé að skrá þar skip, hvernig þær hafa þetta. Ég kynntist því fyrir nokkrum árum þegar mesta umræðan var um skipaskráninguna og ég var að skoða þau mál og hentifánamálin. Hvernig var það þegar menn voru að skrá þetta á einhverjum eyjum? Það var karl í Hamborg með eina skúffu í skrifborðinu hjá sér sem hann kippti út. Þar voru tveir stimplar og nokkur eyðublöð og þar fór þetta fram. Það kom aldrei króna niður á þessar eyjar svo ég viti til fyrir þessa þjónustu. Þetta voru hreinir málamyndagjörningar og ég vona að ekki sé ætlunin að Ísland fari að fara út í einhvern slíkan bisness.

Við höfum líka, herra forseti, verið stuðningsmenn þeirrar viðleitni á alþjóðavettvangi að koma í veg fyrir og skattleggja fjármagnshreyfingar á milli landa. Ég held að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé eini flokkurinn sem hér á þingi hefur flutt um það tillögu að það verði athugað af Íslands hálfu að gerast stuðningsaðilar þeirrar viðleitni sem er ekki síst hagsmunamál lítilla opinna hagkerfa ef það er það sem við viljum vera eða viljum verða eftir því hvernig við teljum að standi nú og að þau sé ekki um of auðsæranleg vegna áhlaupa braskara. Þá hafa menn helst staldrað við þá möguleika til þess að þurfa ekki að setja beinar girðingar og stýra þessu með höftum eins og hér var í eina tíð að einhver gjaldtaka fyrir fjármagnstilfærslur milli landa, t.d. þær sem eru í stærri stíl og ekki tengjast raunverulegum fjárfestingum, komi til. Þetta er oft kennt við upphafsmann þessara hugmynda á alþjóðavettvangi, Tobin, og kallast Tobin-skattur. Þetta höfum við sömuleiðis stutt.

Að síðustu ætla ég, herra forseti, að nefna í þessum pakka að við höfum, og það er auðvitað skattamál líka, lagst mjög hart gegn hugmyndum um að láta notendur í skólakerfinu, í heilbrigðiskerfinu taka til við að greiða umtalsverðan hluta kostnaðarins með þjónustugjöldum eða notendagjöld-

um, sjúklingasköttum, skólagjöldum eða hvað það nú heitir. Þetta er skattapólitík líka því ef menn hafna þessu, þá verða menn að vera tilbúnir til að mæta því og veita þessari starfsemi fjármagn af opinberum fjárlögum sem er fjármagnað með almennum skatttekjum og það er afstaða okkar, herra forseti.

Þess vegna er það að við höfum ekki tekið undir þá almennu skattalækkunarkröfu sem hefur verið uppi nú og studd af væntanlega flestum öðrum því að í tillögum Samfylkingarinnar er um að ræða tillögur um lækkun á tekjuskatti lögaðila, bara mun minni en ríkisstjórnin leggur til og Samfylkingin er líka með tillögur um lækkun á hátekjuskatti. Hún á að vísu að koma seinna til framkvæmda og vera minni, koma til framkvæmda ef ég man rétt á árunum 2003 og 2004, og Samfylkingin var sömuleiðis með í brtt. sínum nokkra lækkun á eignarskatti, þ.e. að vísu minni en þá sem ríkisstjórnin var með.

Við erum hins vegar algerlega sammála Samfylkingunni um breytingarnar á fjármagnstekjuskattinum. Þar liggja leiðir alveg saman. Því var lýst hér og undir það tókum við í málflutningi okkar við 2. umr. og brtt. okkar.

Herra forseti. Ég ákvað að leyfa mér að taka í þetta smástund til að eyða áhyggjum manna í því sambandi að við hefðum ekki áherslur okkar í skattamálum alveg tiltækar og á hreinu. Það höfum við. Ég get komið þessu til manna skriflega ef þeir vilja, samantekt og yfirlit yfir þetta þannig að menn þurfi ekki að vera að ómaka sig hingað upp í ræðustól og halda einhverju öðru fram en því sem rétt er. Það skortir ekkert upp á að áherslur okkar í þessum efnum séu bærilega skýrar, tilbúnar og útfærðar og við alveg menn til að tala fyrir þeim. Það held ég að við séum. Og ég spái því að ef menn fara hér út á götur og ræða við almenning, þá hafi sá hinn sami almenningur það nokkuð á hreinu um það bil hvar við erum í þessu litrófi, að við erum þeir sem höfum helst andæft þessum skattalækkunartillögum og við höfum gert það, bæði vegna þess að þær bera ekki niður þar sem þær ættu að gera, koma ekki til góða þeim sem eru í mestri þörf fyrir það en líka vegna þess að við höfum áhyggjur af fjármögnun velferðarkerfisins og samneyslunnar. Hún er hlutfallslega lítil á Íslandi, mjög lág, samanlagðar skatttekjur hins opinbera, 30% miðað við landsframleiðslu hér en 40% á hinum Norðurlöndunum. Þar dregur Finnland meðaltalið eitthvað niður þannig að þær eru vel yfir 40% þar sem þær eru hæstar sem er væntanlega í Svíþjóð og síðan í Danmörku og það sýnir okkur aðeins hvar við erum á vegi stödd. Þegar kemur hins vegar að velferðarkerfinu og skólakerfi okkar þá viljum við geta verið stolt af því að vera eitt af Norðurlöndunum en staðreyndin er náttúrlega sú að það hefur allan tímann vantað talsvert upp á að við legðum eins mikið til þessara málaflokka og hin Norðurlöndin hafa gert, til velferðarkerfisins, til menntamála og heilbrigðismála.

Það verður ekki bæði sleppt og haldið, herra forseti, í þessum efnum frekar en öðrum, það þurfa menn að læra. Það er ekki endalaust hægt að sitja klofvega á girðingunni og daðra annars vegar við skattalækkanir og vilja gera öllum til góða í þeim efnum en vera þá ekki menn til þess að horfa framan í afleiðingarnar þegar kemur að því að menn missa milljarða á milljarða ofan út úr ríkissjóði. Það hlýtur að koma niður í annaðhvort lakari þjónustu eða hinu sem væntanlega er í ríkari mæli ætlun núverandi stjórnarflokka, að það leiti út í gjaldtöku þannig að notendurnir greiði meira. Áhugi hæstv. menntmrh. leynir sér ekki á því. Það eru ævinlega sömu viðbrögðin hjá hæstv. menntmrh. um leið og opnast möguleikar á því að eitthvað sé einkavætt, einkarekið, einkafjármagnað eða að menn borgi hluta af kostnaðinum með háum skólagjöldum eins og við heyrðum hér fyrir fáeinum dögum þegar hæstv. menntmrh. var að tala alveg heiðbjartur í framan um möguleikana sem opnuðust með því að skólarnir tækju hundruð þúsunda kr. inn í skólagjöld, ákveðnir skólar á ákveðnum sviðum. Þá hoppaði hjartað í hæstv. menntmrh. af gleði yfir þessu. En ekki var verið að ræða í þeirri setningu um jafnrétti til náms — var það?

Herra forseti. Allar aðstæður í kringum þessi mál núna mæla náttúrlega með því að þær breytingar sem ríkisstjórnin rauk af stað með í taugaveiklun sinni sl. haust verði slegnir af að öðru leyti en því sem góð samstaða er um að lækka að sjálfsögðu tekjuskattshlutfallið á móti útsvarshækkuninni sem þegar hefur verið ákveðin. Þessi tilfærsla þar upp á 0,33% og að afnema skattlagningu húsaleigubóta sem auðvitað allir fagna. Restin af pakkanum er meira og minna óskynsamleg við þessar aðstæður og harðlega gagnrýnd, t.d. þessi útfærsla gagnvart fyrirtækjunum, af aðilum vinnumarkaðarins, af Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun og fleiri. Og þá er dálítið skrýtið að ríkisstjórnin skuli vera að þrjóskast áfram með þetta. Það er þegar komin í loftið umræða eins og kom fram í orðaskiptum áðan, umræða um að hætta við þetta að hluta til, að bakka aftur um eins og þriðjung af þessu. Það er ekki stefnufestan, þetta nær ekki einu sinni lögfestingu hér á Alþingi áður en það er komið í loftið úti í þjóðfélaginu að svo verði hætt við a.m.k. þriðjung af þessu. En það er eins og mönnum sé alveg sama. Það sé ekkert tiltökumál hjá mönnum að hringla með þetta svona fram og til baka hvort sem það eru fjárlögin milli umræðna upp og niður eða þessi skattlagning, hækkun tryggingagjaldsins fyrst og svo lækkun þess aftur um $^1/_3$ fljótlega ef þannig tekst til í kjaramálum á næstunni.

Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. verður af allri bjartsýninni sem hann hafði uppi. Það er ekki nýtt að sá maður sé bjartsýnn og það jafnvel úr hófi fram. Auðvitað vildum við gjarnan að þetta reyndist allt saman eins létt og auðvelt á næstu mánuðum og hæstv. forsrh. vill vera láta. Reynslan verður náttúrlega að skera úr um það, en ég get ekki neitað því, herra forseti, að ég hneigist til að verða frekar að trúa miklu síður bjartsýnum og varfærnari spám helstu aðila sem um þetta hafa verið að fjalla undanfarna daga og vikur eins og Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og öðrum slíkum sem alls ekki deila bjartsýninni með hæstv. forsrh. hvað varðar gengisþróun og verðlagsforsendur strax á næstu mánuðum. Auðvitað skiptir miklu í því sambandi að ekki bætist við sú óvissa sem tengist uppsögn kjarasamninga strax upp úr áramótum en það er svo sem ekki allur munur á hvort það hefði gerst í febrúar eða maí ef þannig á eftir að fara, þó vissulega skapist einhver tími til að vinna í málunum á meðan.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka undir þá brtt. sem hér er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi vaxtabæturnar. Það eru að sjálfsögðu öll efni til að skoða þau mál í tengslum við þær breytingar sem nú hafa verið gerðar að öðru leyti, þ.e. á álagningu eignarskatta og á fasteignamatinu eins og það breyttist og síðan má aftur segja að með því að fella niður vaxtatekjur af húsaleigubótum hafi hlutur þess hóps verið réttur og vegna hinna eignatengdu skerðingar bótanna sem getur komið eins og kunnugt er mjög harkalega við, þá eru öll efni til að fara betur yfir það mál. Ég hef ekki lagst yfir það hvort sú hækkun viðmiðunarmarkanna sem

þarna er lögð til dugar í þeim efnum eða hvort þar er eitthvað of eða vanreiknað. Það má sjálfsagt deila um forsendurnar í þeim efnum en staðreyndin er sú að þegar þarna er á ferðinni bæði tekjutengd og eignatengd skerðing þá getur það komið mjög harkalega við og ég held að að séu öll efni til að fara yfir þetta.

Ég get hins vegar ekki stutt — það er vonandi ljóst af máli mínu — brtt. hv. þm. Péturs Blöndals en ég ætla að inna hv. þm. eftir einu atriði og það er hvaða vísindaleg nákvæmni liggur á bak við hlutfallstöluna 11. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur flutt brtt. og það má hv. þm. eiga að hann er yfirleitt sjálfum sér samkvæmur í nálgun sinni í þessum efnum en ég hefði átt von á tölunni 10 þarna miðað við landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. því það er eins og mig rámi í að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sjálfur flutt á landsfundi Sjálfstfl. brtt. um að lækka bæri tekjuskatt fyrirtækja, lögaðila, niður í 10%. Reyndar hef ég heyrt hv. þm. halda ræður um að albest væri að fara niður í núll, þá væru tekjurnar meiri en nokkru sinni ef menn bara færu niður í núll. Alltaf hefur mér þótt gaman að slíkri röksemdafærslu. En hvaða nákvæmnisvísindi liggja á bak við það að niðurstaðan varð 11%, það finnst mér fróðlegt að fá nánari upplýsingar um, það má kalla það fræðilega. Einhver hlýtur ástæðan að vera og ekki síst ef þetta misræmi er á milli landsfundarsamþykktarinnar og brtt. hv. þm. eða hvort hann ætlar að taka þetta í þrepum og lækka þetta um 1 prósentustig ári síðar.

Herra forseti. Ég held að ég ljúki þá máli mínu. Ég endurtek að lokum að þessi skattapakki hæstv. ríkisstjórnar var augljóslega misráðinn og lítt ígrundaður strax í byrjun. Hann kom fram sem eitthvert taugaveiklunarmál á haustdögum þegar útlitið var að dökkna mjög hratt og ber það á margan hátt með sér að vera ekki mjög vel útfærður. Það er held ég þegar farið að koma á daginn. Hann var unninn án samráðs við kóng eða prest og greinilegt að þetta kom frekar í opna skjöldu bæði fagstofnunum eða sérfræðistofnunum á þessu sviði, aðilum vinnumarkaðarins og fleiri, að þessum pakka skyldi vera dengt fram á þennan hátt. Það hefur komist á eitthvert stjórnmálasamband síðar eftir að verkalýðshreyfingin hafði ítrekað kvartað undan því að ríkisstjórnin hefði ekkert við hana að tala og atbeina þurfti úr þeirri átt til þess að koma þeim samtölum á. Það er rétt að hafa það í huga, herra forseti, þannig að ekki er hlutur hæstv. ríkisstjórnar mjög merkilegur í þeim efnum þó að hæstv. forsrh. vilji nú svo vera láta.

Herra forseti. Ef til vill á það fyrir þessum pakka að liggja að hann komi aldrei nema að hluta til til framkvæmda. Það skyldi ekki fara svo að strax þegar kemur inn á næsta ár, þá verði þetta hvort sem er meira og minna orðið úrelt og þá ekki kannski efni til að hafa um það stór orð eða eyða mikilli orku í það. En augljóslega væru það þá rök með því sjónarmiði sem við höfum sett fram að eðlilegast hefði verið að slá þessar breytingar af nema að þessu leyti sem ég hef gert grein fyrir.

[15:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var nokkuð skemmt á köflum undir ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Sérstaklega var mér skemmt þegar hann kastaði yfir sig þeim kufli sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, klæðist jafnan þegar hún kemur stundum í þennan stól til þess að segja þingmönnum til um hvernig þeir eigi að stunda málflutning sinn og störf.

Nú er það svo að ég geri engar athugasemdir við það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur að segja í þessum stól og ef hann hefur einhverjar aðfinnslur við mig eða aðra hv. þm. Samfylkingarinnar verður hann bara að eiga það við sjálfan sig. En mér fannst hann fullviðkvæmur þegar hann kom hérna áðan og kvartaði undan því að einhverjir menn hefðu verið að hafa af því áhyggjur að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefðu ekki stefnu í skattamálum og hann sagði um miðbik sinnar löngu ræðu sem hann lauk nokkrum sinnum að eftir ræðu sína ætti mönnum ekki að þurfa að vera mjög órótt í sinni út af þessu.

Herra forseti. Ég get upplýst formann VG um það að mér hefur aldrei verið neitt órótt í sinni út af skattastefnu VG, ekki vegna þess að mér hafi ekki verið hún ljós, ekki vegna þess að hún hafi ekki verið til. Það er vegna þess einfaldlega að ég hef engar áhyggjur af slíkum hlutum.

Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að í þessum sölum skiptast menn í tvennt, stjórn og stjórnarandstöðu. Við í stjórnarandstöðunni höfum reynt af fremst megni að spara okkur að kasta köpuryrðum hvert í annað og sameinast um vinna gegn fjanda þeim sem situr hér á ráðherrabekkjunum. Það er hlutverk okkar.

Ég kannast ekki við, herra forseti, að í þeirri mjög málefnalegu vinnu sem Samfylkingin hefur lagt í þessi mál hafi menn verið að leggja einhverja sérstaka lykkju á leið sína til að finna að við hv. þm. Ögmund Jónasson sem ég hef átt ákaflega gott samstarf við um þessi mál þótt það sé vík milli vina í einstökum málum í þessum tiltekna málapakka. Ég kannast ekki við að við höfum staðið hér og verið að skamma hv. þm. VG fyrir að þeir hafi ekki stefnu eða vonda stefnu. Við höfum staðið í umræðu um skattamál sem mér hefur fundist einstaklega skemmtileg og með málefnalegri umræðum sem ég hef tekið þátt í.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er áhyggjulaus og upplitsdjarfur almennt. Það er gott fyrir hann og gott fyrir okkur hina að hv. þm. líður vel. Ég var nákvæmlega í ræðu minni að fara um þetta svipuðum orðum og formaður Samfylkingarinnar gerði hér í andsvari, að ég teldi að við gerðum best og réttast í því að sameina sem mest kraftana í stjórnarandstöðunni til að andæfa ríkisstjórninni og því sem hún er rangt að gjöra. Það er af nógu að taka. Það er ekki eins og það vanti.

En auðvitað tek ég eftir því þegar það gerist ítrekað að einstakir hv. þm. Samfylkingarinnar lenda á köflum í því að eyða jafnvel meiri orku í að reyna að finna snúningsfleti á málflutningi okkar og frammistöðu. Ég hef t.d. í höndunum útskrift af þætti sem varaformaður Samfylkingarinnar var í á Skjá 1 í gær þar sem hún fer orðum um okkur og skattstefnu okkar sem mér þykja óþörf, og má ég þá ekki segja það eins og það er?

Ég er ekki að reyna að kenna hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þingmennsku eða pólitíska framgöngu. Þá dul ætla ég mér ekki. En ég leyfi mér að hafa skoðun á því hvernig sterkast sé að við stöndum hér að málum og hvernig ég hefði gjarnan viljað sjá þessa stjórnarandstöðu stilla sem allra mest saman strengi og vera samstiga í áherslum sínum, nefndarálitum og framgöngu hér í þinginu. Þar hefði á köflum mátt betur fara. Það er bara þannig. Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð því að þá værum við farin að gera okkur sjálfum lítið gagn og ég farinn að falla í þá gryfju sem ég er að biðja

menn að varast, að vera ekki að skemmta skrattanum, ef má það orða svo. Ég meina það þá ekki eða vísa neitt sérstaklega til hæstv. fjmrh. þó að hann sitji hér undir umræðum.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir a.m.k. vænt um að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að ekki sé mikið upp á það að klaga sem menn hafi verið að færa fram í umræðunum. Ég kannaðist nefnilega ekki við það. Ég hafði að vísu ekki tök á að sitja undir þeim öllum á fimmtudaginn en mér hefur fundist sem umræðan hafi verið óvanalega málefnaleg hver sem að henni hefur komið. Mér hafa fundist þau málefnalegu rök sem hæstv. fjmrh. og stjórnarliðið hafa lagt til umræðunnar vera góð. Mér hefur þótt gaman að fást við þau.

Mér hefur sömuleiðis þótt gaman að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal sem ég er algjörlega ósammála en mér hefur þótt hann koma með athyglisverða punkta inn í umræðuna. Þetta hefur verið málefnaleg umræða.

Auðvitað hafa þingmenn VG verið ósammála ýmsu því sem við í Samfylkingunni höfum verið að leggja til. Það er eðlilegt. Við runnum jú í þessar tvær kvíslir, herra forseti. En við erum hér í umræðu um málefnaleg atriði og auðvitað eru það þá smekksatriði hvort menn vísa til einhverra orða sem einstöku þingmenn kunna að hafa látið falla þar. Ég ætla samt að leyfa mér að segja það, herra forseti: Gæti verið að það hefði einhvern tíma komið fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, þar sem hann hefur setið að skrafli í sjónvarpsþáttum og útvarpsstofum um Samfylkinguna, að það hafi dottið upp úr þeim hv. þm. að honum þætti nokkuð skorta á að Samfylkingin hefði stefnu? Á ég að rifja upp nokkur dæmi um það? Fyrir gamallar vináttu sakir ætla ég ekki að gera það vegna þess að ég er honum sammála um að hér stilla menn auðvitað saman kanónur sínar (Gripið fram í.) á þann skotspón sem situr hér og segja má að sé öðrum skotspónum stærri í þessum þingsal.

Herra forseti. Ekki ætla ég að hafa fleiri orð um þetta en af hálfu Samfylkingarinnar hefur þetta verið ákaflega málefnaleg umræða, svo mjög að hæstv. fjmrh. tók sérstaklega til þess varðandi nefndarálit okkar í lokaræðu sinni á fimmtudaginn.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist þetta allt saman vera að falla í ljúfa löð og leysast á þann hinn eina rétta og farsæla hátt. Menn fara hinum fögrustu orðum hverjir um aðra og ég tek það svo að málið sé í raun og veru úr sögunni. Það munu engar frekari tilraunir verða gerðar til þess af hálfu samfylkingarmanna að halda því fram að við höfum ekki skýra og fullmótaða stefnu í skattamálum (Gripið fram í.) og við það er ég mjög sáttur, með það er ég mjög ánægður. Þá munum við snúa saman bökum sem aldrei fyrr í slagnum við ríkisstjórnina og mun ekki af veita.

Ég get tekið undir það að þessi skattaumræða hefur að mörgu leyti verið ágæt. Hér var ágætisumræða við 2. umr. málsins og það komu fram að mörgu leyti skýr og skörp sjónarmið. Ég leyfi mér að segja að þau hafi kannski endurspeglast hvað skýrast í þeim endaköntum sem ég ætla að leyfa mér að halda fram að hafi verið hv. þm. Pétur H. Blöndal öðrum megin og hv. þm. Ögmundur Jónasson hinum megin sem hafi talað nokkuð myndarlega í grundvallaratriðum fyrir mjög ólíkum sjónarmiðum í skattamálum. (Gripið fram í.) Það eru ekki mín orð en kannski enda menn í þessum efnum þar sem annars vegar kom fram auðvitað harðsnúinn málflutningur fyrir tekjuöflun í þágu öflugs velferðarkerfis og andstaða við einkavæðingu og gjaldtöku og annað því um líkt og hins vegar þau sjónarmið sem hv. þm. Pétur H. Blöndal stendur fyrir og er talsmaður fyrir og er í sjálfu sér gott að hafa hér innan veggja þingsins því að það skerpir umræðuna og lífgar oft upp á hana. Ég get því að mörgu leyti tekið undir að þetta hefur ekki verið lakasta lotan sem hér hefur verið háð um skattamál. Þær hafa verið hér margar og miklar og í sjálfu sér smámunir á allra síðustu árum borið saman við það þegar hinar miklu grundvallarbreytingar á skattkerfinu fóru fram á árunum fyrir 1990 en þá loguðu salir, ekki bara dögum og vikum heldur mánuðum saman, í linnulausum umræðum um skattamál allan desember og langt fram í janúar 1987–1988 svo dæmi sé tekið.

[15:27]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 185. mál, nál. allshn., þskj. 523.

Jafnréttisstofa, 275. mál, svar félmrh., þskj. 531.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 136. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 525; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 526.

Umræðu frestað.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 358. mál (afskrift af skuldum sveitarfélaga). — Þskj. 509.

[15:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. á þskj. 509, frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Í fyrravor breyttum við líka þessum lögum en þar var m.a. opnuð heimild fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs að afskrifa hluta skuldar einstaklings að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hér er verið að leggja til að hliðstæð heimild sé opnuð fyrir sveitarfélög.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórn Íbúðalánasjóðs verði heimilt að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, og með samþykki félmrh., að semja við sveitarfélag um afskrift á hluta af skuldum þess við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila og hluta skulda, enda séu fjármál viðkomandi sveitarfélags til meðferðar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

Einnig gerir frv. ráð fyrir að heimild þessari verði ekki beitt nema um sé að ræða lið í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum sveitarfélags og ljóst að hagsmunum Íbúðalánasjóðs verði betur borgið með slíkum samningi. Þetta frv. er sem sagt einfalt að efni. Það er ívilnandi fyrir sveitarfélög, mjög nauðsynlegt í einhverjum tilfellum til þess að sveitarfélög geti náð tökum á fjármálum sínum og eðlilegt að Íbúðalánasjóður hafi heimild eins og aðrar fjármálastofnanir til að ganga til samninga af þessu tagi.

Ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. til frekari athugunar en legg áherslu á að þetta mál þyrfti að ganga fram fyrir jólahlé.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég láti nægja að tjá afstöðu okkar til þessa máls í andsvari til að stytta tímann. Auðvitað mætti margt segja um stöðu sveitarfélaganna og ekki síst vegna þess vanda sem mörg þeirra eiga í varðandi húsnæðisskuldbindingar sínar, en það má vel bíða betri tíma að ræða það.

Ég held að það sé rétt að Íbúðalánasjóður hafi þessa heimild í öllu tilliti. Það má kalla óeðlilegt að hún sé ekki til staðar í raun og veru burt séð frá þeim vanda sem sérstaklega tengist umfangsmiklum húsnæðisskuldbindingum sveitarfélaga, t.d. í félagslega kerfinu, einfaldlega vegna þess að allir vita að slíkir samningar geta við ýmsar aðstæður einfaldlega verið báðum aðilum hagstæðir, komið báðum aðilum til góða, þannig að menn bjargi meiri verðmætum en minni með því að gera slíka samninga og auðvelda aðilum, eins og til að mynda sveitarfélögum í þessu tilviki, að standa við skuldbindingar sínar.

Hins vegar vakna kannski spurningar um hvort á dagskrá sé að nýta þessa heimild sem lið í almennum aðgerðum eða hvort þetta verði alfarið bundið við það að einstök sveitarfélög séu komin í gjörgæslu og þetta sé hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra. Ég held að menn ættu að forðast í lengstu lög að draga svo lengi að taka á þeim vanda sem blasir við almennt hjá tugum sveitarfélaga í landinu að að endingu fari þau öll þessa leið. Það getur varla verið ætlunin. Það getur ekki verið markmið í sjálfu sér að þurfa að taka þessi sveitarfélög hvert á fætur öðru í gjörgæslu. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort ekki kæmi til greina að hafa þessa heimild þá opnari þannig að henni mætti eftir atvikum beita sem lið í almennum aðgerðum á þessu sviði.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti mælist til þess við hv. þingmenn að þeir fari frekar á mælendaskrá til að lýsa stefnu flokka sinna. Andsvörin eru eiginlega ætluð til annars.)

[15:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir jákvæðar undirtektir við málið. Ég lít svo á að þessari heimild verði að beita frekar varlega, þ.e. frekar þröngt, að þetta verði að vera liður í samræmdum aðgerðum fleiri lánastofnana til þess að létta byrðum af sveitarfélögunum.

Ég tel að það þurfi ekki að vera svo langt gengið að sveitarfélög þurfi að vera komin í gjörgæslu heldur að málefni sveitarfélagsins séu til athugunar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og eftirlitsnefndin telji að þetta sé úrræði sem geti orðið til þess að forða því að sveitarfélagið komist í þrot og þurfi að fara í gjörgæslu.

[15:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég held að þetta skipti máli. Það er augljóslega meira svigrúm til að beita slíkum heimildum ef þær geta tekið til sveitarfélaga sem eru til athugunar eða eru að sækja sér ráðgjöf eða eru á einhvern hátt á borðum eftirlitsnefndarinnar án þess þó að beinlínis sé búið að yfirtaka fjármál þeirra eða þau komin í það sem kallað er gjörgæsla.

Það var ekki síst þetta sem ég vildi leggja áherslu á í máli mínu og ég tel að svör hæstv. ráðherra séu þannig að ríkari efni séu en ella til að styðja þetta mál af því að það geti þá komið fleirum að liði.

Síðan vil ég segja, hæstv. forseti, að ég hef litið svo á að ég hafi tvær mínútur þegar ég fer í andsvör við ræðu ráðherra eða hvers þess þingmanns sem í hlut á og að svo fremi sem andsvar mitt sé með einhverjum hætti viðbrögð við þeirri ræðu sem flutt hefur verið, hvort sem það felur í sér spurningu eða ekki, vissi ég ekki annað en að ég réði þessum ræðutíma mínum sjálfur. Ef það er eitthvað öðruvísi bið ég um leiðsögn frá hæstv. forseta um það.

(**Forseti** (GuðjG): Hv. þm. hóf fyrra andsvar sitt á því að hann ætlaði að nota andsvaratímann til að lýsa stefnu flokks síns. Forseti lítur þannig á að andsvaratími sé ekki ætlaður til þess og á það benti hann hv. þm. í fullri vinsemd.)

[15:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. sem felur í sér að verið er að veita Íbúðalánasjóði eða stjórn Íbúðalánasjóðs heimild til að afskrifa hluta af skuldum sveitarfélags við Íbúðalánasjóð, þ.e. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra. Ég verð að segja að ég tel fullkomlega eðlilegt að stjórn Íbúðalánasjóðsins fái slíka heimild.

Það er ekki skýr heimild fyrir í lögunum. Gerð var breyting á þessum lögum í fyrra þar sem sambærileg heimild var veitt gagnvart einstaklingum. En ég er þeirrar skoðunar að þótt ríkissjóður tapi á afskriftum séum við þó að ná þarna inn ákveðnum fjármunum með slíkum heimildum því verið er að tengja niðurfellingu hluta af skuldum sveitarfélags ákveðinni greiðslu frá þeim þannig að þessi leið mun minnka tap Íbúðalánasjóðsins að mínu mati. Því tek ég undir þetta frv.

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að ræða þetta frekar. Hér erum við í 1. umr. um málið og málið á eftir að fara til hv. félmn. þar sem við skoðum það nánar. En við fyrstu athugun get ég ekki séð annað en að þetta sé verulega til bóta, bæði ríkissjóði og Íbúðalánasjóði, og er hvetjandi fyrir illa stödd sveitarfélög að koma þó með einhverja greiðslu þegar þessi leið er farin.

[15:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum breytingu á lögum um húsnæðismál og þar er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði heimilt að lækka eða fella niður hluta af skuldum.

Íbúðalánakerfið var þannig uppbyggt að fólk fékk lán með lágum vöxtum, oft niður í 1%, stundum eitthvað eilítið hærri. Það var sem sagt vaxtaniðurgreiðsla í gangi en jafnframt tók fólk á sig kvaðir vegna þeirra íbúða sem það fékk, þær kvaðir að þær íbúðir væru áfram í félagslega kerfinu. Það mátti t.d. ekki selja þær nema ákveðnum aðila. Ekki mátti framleigja þær og alls konar kvaðir voru á þessum íbúðum.

Nú er það svo að þegar ríkissjóður tekur lán með 5–6% vöxtum en fær inn 1% eða 2% vexti í gegnum Íbúðalánasjóð þá er hann að tapa á hverju ári. Það liggur fyrir. Sá sem nýtur vaxtanna er að græða. Þannig verður það út lánstímann sem um er að ræða. Þetta tap er hægt að reikna út með svokallaðri núvirðingu og það er það sem mér finnst að þurfi að beita í öllum þessum lánum. Það á hreinlega að núvirða þessi lán sem oft og tíðum veldur því að þau eru ekki nema helmingsvirði miðað við það sem nafnverðið segir til um eða

eftirstöðvar, og núvirðið er hið raunverulega verðmæti fyrir ríkissjóð. Hann á ekki von á meiri tekjum af þessu láni en sem nemur kannski um helming. Þess vegna hefur myndast hjá Byggingarsjóði verkamanna hinum gamla 6 milljarða kr. halli ríkissjóðs. Mér finnst að menn eigi að horfast í augu við þetta almennt og bjóða hverjum sem hafa vill niðurfellingu á þessum lágu vöxtum með greiðslu gegn því að fella niður kvaðir af viðkomandi íbúð þannig að þetta verði bara ósköp venjuleg íbúð til sölu með venjulegum kjörum. Þetta finnst mér að eigi að bjóða bæði sveitarfélögum — og það er verið að gera í þessu frv., samt með alls konar kvöðum. Það er verið að bjóða þeim sjálfsagðan hlut ef þau uppfylla ákveðin skilyrði. Mér finnst að það eigi bara að veita þetta almennt öllum sem hafa vilja gegn því að þeir greiði upp lánið, þ.e. njóti ekki lengur vaxtaniðurgreiðslunnar, og um leið er hægt að fella niður kvaðir á viðkomandi íbúð. Þar með yrði þetta mál leyst og vandi margra sveitarfélaga um allt land, jafnt á Austfjörðum sem Vestfjörðum, yrði leystur og þyrfti ekki ævintýri eins og Orkubú Vestfjarða til að leysa vandann. Ég held að það væri miklu skynsamlegra að fara þessa leið og horfast í augu við það tap sem Byggingarsjóður verkamanna er þegar kominn í, þessar 6.000 millj. sem hallinn á honum er. Þetta finnst mér að eigi að gera almennt og koma þannig til móts við það fólk sem býr í slíkum íbúðum í Reykjavík t.d. og hefur ekki mátt selja þær.

[15:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka jákvæðar undirtektir við þetta litla frv. Ég tek fram að það geta verið augljósir hagsmunir Íbúðalánasjóðs að fá hluta af skuldum frekar en ekkert. Sveitarfélögin urðu að innleysa félagslegar eignaríbúðir samkvæmt ákvæðum í eldri lögum. Það hefur verið ákveðið að þau lán sem íbúðunum fylgdu fái að standa á óbreyttum vöxtum út lánstímann, þ.e. að lánin sem sveitarfélögin tóku við með 1% vöxtum fái að standa út upphaflegan lánstíma. Síðan á sveitarfélagið rétt á að fá viðbótarlán þannig að heildarlánstíminn hjá sveitarfélaginu verði 50 ár og ef sveitarfélagið vill hagnýta eða reka íbúðina sem leiguíbúð á það kost á láni til viðbótar þannig að heildarlánstíminn verði 50 ár, og á þeim vöxtum sem Íbúðalánasjóður getur boðið á hverjum tíma, þ.e. viðbótin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 515, brtt. 471, 524 og 528.

[15:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Á þskj. 471 er brtt. frá mér þar sem ég legg til að tekjuskattur fyrirtækja verði lækkaður í 11%.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði af hverju ég veldi 11% og af hverju ég færi ekki niður í núll. Ég rökstuddi það reyndar með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu að þar sem ríkissjóður er að selja þrjú fyrirtæki að verðmæti 60–70 milljarða, þá mundi borga sig fyrir ríkissjóð að fara niður í 0% í þessari sérstöku stöðu vegna þess að ríkissjóður græðir það mikið á öðrum endanum með hækkun þessara hlutafélaga að það borgar tap ríkissjóðs í fjögur og hálft ár fyrir utan öll þau óskaplegu áhrif sem slíkt frelsi hefði á innflutning fyrirtækja til landsins, mikla fjölgun á hátekjustörfum og tekjur ríkissjóðs í gegnum þau störf þannig að ég rökstuddi að lækkun þessa skatts gæti verið mjög skynsamleg og ég fer ekkert ofan af því, herra forseti.

Af hverju ég valdi 11% fór ég yfir í fyrri umræðunni. Ég taldi að það væri pólitískt framkvæmanlegt gagnvart Evrópusamstarfinu og öðrum erlendum löndum því að þau mundu ekki telja það nægilegt tilefni til að líta á Ísland sem skattaskjól. Auðvitað koma inn í þetta dæmi hlutir eins og skattaleg meðferð arðs á milli landa vegna erlendra fjárfesta.

Ég bað um að hv. efh.- og viðskn. færi í gegnum það milli 2. og 3. umr. að fá það á hreint frá sérfræðingum á þessu sviði, þeim aðilum sem hafa metið t.d. Landssíma Íslands, hvort þessar hugleiðingar mínar væru réttar. Það var ekki gert og þykir mér það nokkuð undarlegt þar sem ég hef haldið því fram að ríkissjóður gæti hagnast um 6 milljarða, herra forseti, með því að færa skattinn niður í 11%. Það eru 6 milljarðar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ætti að gleðjast yfir. Það væru 6 milljarðar í velferðarkerfið sem við báðir höfum mikinn áhuga á að styrkja eða til að borga niður skuldir ríkissjóðs erlendis, sem eru ekkert annað en skuldir barnanna okkar. Einhvern tíma verða þær greiddar. En þetta var ekki gert og þykir mér miður að menn skuli horfa fram hjá slíkum hagnaði ríkissjóðs.

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði einnig um öfgar og sagði mig á öðrum endanum, jaðrinum. (Gripið fram í.) Hann sagði ekki öfgar, nei, en hann talaði um að við værum hvor á sínum endanum, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson. (Gripið fram í.) Það má vel vera. En varðandi hugleiðingar mínar — ég er ekki síður baráttumaður fyrir skilvirku velferðarkerfi. Ég tel það nauðsynlegt í nútímaþjóðfélagi. En í þessari sérstöku stöðu mundi ríkissjóður hagnast samkvæmt útreikningum mínum. Það er því ekki vísindaleg ástæða fyrir þessum 11% heldur pólitísk ástæða.

Herra forseti. Þessi umræða er öll dálítið merkileg. Við erum að ræða skattalagafrv. Sérhver breyting á því þýðir breytingu á fjárlagafrv. Ég sé ekki, herra forseti, og verð að gera athugasemd við störf forsætisnefndar, hvernig hægt er að ræða skattalagafrv. eftir að fjárlagafrv. hefur verið samþykkt. Í mínum huga eru fjárlög lög og ekki hægt að breyta þeim. Það er búið að samþykkja fjárlög. Ef við ætlum að samþykkja núna breytingu, t.d. þessa tillögu mína, mundi það breyta fjárlögunum og það er varla hægt. Þá verður að taka fjárlögin upp aftur. Ég sé því ekki alveg hvernig hægt er að hafa þessa umræðu í dag. Hún er a.m.k. mjög undarleg. (Gripið fram í.)

Síðan hefur annað komið til. Tvö tilboð hafa borist í Landssíma Íslands um kaup á 25% hlut. Þau munu ekkert hækka þó að þessir skattar yrðu lækkaðir. Þeir tilboðsgjafar sem þar eru á ferðinni mundu eingöngu gleðjast ef skattarnir yrðu lækkaðir. Þessi óseldi hluti sem ég talaði um, 60–70 milljarðar, lækkar niður í 50–60 milljarða við þessi tvö tilboð. Þessi sérstaka staða sem ég var að nefna er að fjara út, herra forseti. Þess vegna er ekki lengur um það að ræða að þessi tillaga gefi velferðarkerfinu eins mikla fjármuni og hún hefði ella gert.

Auk þess geri ég ráð fyrir því að flokkssystkini mín, margir hv. þm., hefðu ekki voðalega gaman af að fella þessa

tillögu. Með tilliti til sálarheillar þeirra og þeirra atriða sem hér hafa komið fram, þ.e. tilboð í Landssímann og með tilliti til þess að fjárlög eru þegar samþykkt, kalla ég þessa tillögu aftur.

[15:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau pólitísku tíðindi hafa orðið að hv. þm. hefur kallað tillögu sína aftur, þessa merku tillögu um 11% tekjuskattshlutfall fyrirtækja. Ég þakka fyrir að fram kom í svörum hv. þm. að rökin fyrir þessari hlutfallstölu væru pólitísk, að hv. þm. hefði talið þetta pólitískt framkvæmanlegt en rökin væru ekki fagleg eða tæknileg — þetta ætti mögulega að sleppa gagnvart því að Ísland yrði ekki kært sem skattasmuga. Ég veit ekki hver er þá munurinn á 11% og 10%, hvort 10% á landsfundinum hafi þar með sagt verið óraunsæ. Það breytir hins vegar ekki öllu. Hv. þm. hefur sem sagt komist að þeirri niðurstöðu að láta tillöguna ekki koma til atkvæða.

Ég vil leiðrétta það sem ég reyndi að gera í frammíkalli, að ég tók mér aldrei í munn orðið öfgamaður eða öfgasjónarmið í umræðum um málið. Það gerði hins vegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson í strákslegum frammíköllum utan úr sal. Ég talaði um endasjónarmið og að hv. þm. væri talsmaður mjög ákveðinna sjónarmiða í þessum efnum, í þessum skattalegu málum, sem ég er að vísu iðulega algerlega ósammála. Engu að síður er oft áhugavert að hafa þau sjónarmið uppi í umræðunni.

Ég dreg ekki í efa góðan vilja hv. þm. sem ég hef setið með lengi, áður í efh.- og viðskn. og nú í félmn., hvað það varðar að nýta vel og skynsamlega og í þágu góðra málefna þá fjármuni sem ríkið hefur með höndum. Okkur greinir ugglaust á um hversu mikið umfangið eigi að vera en ekki hitt, að þá ber að nota vel og skynsamlega í þágu almennings í landinu.

Að lokum vil ég taka fram að að sjálfsögðu er ég sammála hv. þm. um að eðlilegra er, að breyttu breytanda, að ræða skattafrumvörp sem tengjast næsta fjárlagaári á undan fjárlögunum og enda svo störfin fyrir jólaleyfi á því að afgreiða fjárlagafrv.

[15:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki undarlegt þó að mig og hv. þm. Steingrím J. Sigfússon greini á um skattkerfi og hlutverk þess. Við erum fylgjendur tveggja mismunandi heimspekisjónarmiða. Hv. þm. fylgir vinstri sjónarmiðum og ég hægri sjónarmiðum. Meginmunurinn felst einmitt í því hvert við teljum hlutverk skattkerfisins. Er það eingöngu til þess að afla velferðarkerfinu tekna eða er það líka hugsað til þess að jafna tekjur?

Margir vinstri menn telja að skattkerfið eigi að jafna tekjur ekki síður en að afla tekna, jafnvel svo að þeir eru tilbúnir til að fallast á að skattkerfið skili minni tekjum til velferðarkerfisins gegn því að það jafni tekjur, þ.e. að meiri áhersla sé lögð á réttlætið en á að halda velferðarkerfinu gangandi. Þetta hefur iðulega komið fram.

Þessi tillaga sem ég lagði fram en hef dregið til baka gekk einmitt út á að auka tekjur ríkissjóðs á öllum sviðum til að geta staðið undir velferðarkerfinu eða lækka skuldir ríkissjóðs. Hún hefði að sjálfsögðu ekki jafnað tekjur, að sjálfsögðu ekki, enda tel ég að það sé meira atriði fyrir þjóðfélagið að þjóðarkakan sé stækkuð en ekki sé lögð áhersla á það að skipta henni jafnt þannig að allir fái minna en áður.

[15:53]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að renna yfir nokkur atriði í þessu ágæta frv. frá ríkisstjórninni. Þetta er eitt af þeim betri frumvörpum sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur flutt og til mikilla framfara og hagsældar fyrir landið og íbúa þess, þrátt fyrir miklar úrtölur vinstri manna sem er alveg með ólíkindum að hlusta á og sitja undir. Ég var því miður staddur erlendis þegar 2. umr. fór fram en ég get ímyndað mér út á hvað hún hefur gengið.

Ef við förum yfir helstu liði í frv. verður fyrst fyrir lækkun tekjuskatts hlutafélaga úr 30% í 18% sem gerist á árinu 2002 og kemur til framkvæmda á árinu 2003. Á sama tíma lækkar tekjuskattur samvinnufélaga og samlagsfélaga úr 38% í 26%. Það er svo merkilegt með þetta, og er hægt að leita fanga víða í því máli, að ef skattar á einstaklinga og félög eða tekjuskattar á fyrirtæki lækka þá aukast tekjurnar.

Það hefur verið talað um írska efnahagsundrið. Það vildi þannig til að við fórum nokkrir þingmenn í opinbera heimsókn með forseta Alþingis til Írlands og áttum viðræður við þarlend yfirvöld, þar á meðal forsætisráðherrann, Bertie Ahern. Þeir hafa lækkað skatta misjafnlega mikið, úr 40% niður í 20%, niður í 10% og þar undir, mismunandi eftir hvar menn eru staðsettir, hvort þeir voru á Shannon eða í kringum Cork eða hvaða erlendu félög áttu í hlut. En þegar þetta átti stað, árið 1998, fjórfölduðust skatttekjur af tekjuskatti fyrirtækja.

Ef við förum svo aftur til þess tíma er sömu kappar og hér tala sem mest réðu ríkjum, eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon, til ársins 1989, voru tekjuskattar á fyrirtæki 50%. Ef menn fletta upp í þessu skilaði þessi tekjuskattsstofn ekki mjög miklu. Fyrirtækin voru í því að reyna að auka rekstrarkostnað og fjárfestu til að auka fyrningar og minnka skattgreiðslur. Það er bara þannig með fé, hvort sem það eru peningar eða sauðfé, að það leitar skjóls og þannig var það í þessu tilfelli.

Hér er líka talað um að standa þurfi undir velferðarkerfinu. Það gerist náttúrlega ekki nema með verðmætasköpun, með skattgreiðslum og atvinnu og auknum tekjum einstaklinga. Það veldur mér því miklum vonbrigðum að fulltrúar vinstri manna, Samfylkingar og Vinstri grænna, skuli ætla að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessi frumvörp og Vinstri grænir hafa lýst sig andvíga því í nánast öllum atriðum. Það er alveg með ólíkindum.

Við erum auðvitað að reyna að laða fyrirtæki inn í landið með þessu. Það er alveg ljóst og við erum líka að hindra að fyrirtæki fari héðan í burtu. Við verðum að átta okkur á því að við búum á eyju í Norður-Atlantshafi, tiltölulega langt frá Evrópu og Bandaríkjunum. Við erum kannski ekki í rosalega góðri aðstöðu þannig að skattaleg aðstaða okkar verður að vera betri en hjá öðrum þjóðum. Það er alveg ljóst.

Ef við skoðum önnur lönd í þessu samhengi — hér var talað um að í samanburði við Norðurlöndin væri þetta þvílík skattaparadís — þá hefur orðið mikill flótti af fyrirtækjum á Norðurlöndunum til annarra landa. Þróunin hefur verið sú að lönd hafi verið að lækka skatta á fyrirtæki. Írar hafa legið undir ámæli frá Evrópusambandinu, miðstýringarvaldinu í Brussel. Því er haldið fram að þeir megi ekki vera með lægri skatta en aðrir í Evrópusambandinu. Þeir hafi ekki sinnt því enn þá og vonandi þurfum við ekki að svara fyrir svoleiðis

hluti. Ég tel að þetta eigi eftir að færa Íslendingum hagsæld til lengri tíma, það sem hér er verið að gera.

Í öðru lagi er verið að hækka fríeignamat eignarskatts og einstaklinga, sérstaks eignarskatts, um 20%. Það er reiknað með að áhrif á tekjur ríkissjóðs verði 1 milljaður kr. vegna þess arna. Eignarskattur er vondur skattur og það hefur verið talað um að hann mundi hverfa með tímanum og getur vart nokkur maður verið á móti því. Síðan er talað um afnám sérstaks eignarskatts á lögaðila og einstaklinga, að það lækki tekjur ríkissjóðs um 800 millj. kr. Það er lítill ágreiningur um þetta.

Þá er gert ráð fyrir lækkun almenns eignarskatts á lögaðila og einstaklinga, úr 1,2% í 0,6%. Það er talað um að bráttóáhrif á tekjur ríkissjóðs verði 3,1 milljarður kr. Ekki gerist þetta allt strax heldur mun hluti af þessu taka gildi á næsta ári og síðan annar hluti árið 2003.

Hækkun frítekjumarka á sérstökum tekjuskatti einstaklinga er um 15% vegna tekna á árinu 2001 og þá lækka tekjur ríkissjóðs um 600 millj. Skattskylda húsaleigubóta er afnumin á árinu 2002 og reikna má með að ríkissjóður verði af um 150 millj. Það virðist ekki vera mikið ósamkomulag um þetta atriði.

Þá er hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,77% sem kemur til framkvæmda í staðgreiðslu frá 1. jan. 2003 og menn hafa verið að gagnrýna það hér að í samningum milli ....

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú verður forseti að biðja hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á. Það stendur til að fresta þessu dagskrármáli.)

Já, herra forseti, ég á ekki mjög langt eftir þannig að ég vildi gjarnan fá að ljúka ræðu minni.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er dálítið mikið af andsvörum líka. Þau verða þá að bíða þangað til málið verður tekið fyrir síðar.)

Það er sem sagt reiknað með að þetta hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs upp á 2,5 milljarða til jákvæðs hluta. Varðandi tryggingagjaldið sem á að hækka — auðvitað gerir hækkun tryggingagjalds, sem er þó það lægsta í Evrópu, það að verkum að fyrirtækjunum er kannski heldur þrengri stakkur sniðinn í launahækkunum. En ef tryggingagjaldið verður lækkað aftur fagna ég því.

En frumvarpið sem slíkt verður auðvitað að fara í gegn. Við höfum næsta ár til að gera nauðsynlegar breytingar á þessu. Frumvarpið verður að fara núna í gegn til að fyrirtækin viti hvar þau standa, hvort sem það eru innlend fyrirtæki eða erlend. Það er algjörlega nauðsynlegt.

Herra forseti. Ég lýk þá máli mínu í bili og held svo áfram þegar umræðu um byggðamál er lokið.

Umræðu frestað.

Getraunir, 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (reikningsár). — Þskj. 390.

[16:02]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um getraunir. Með frv. þessu er lagt til að reikningsár Íslenskra getrauna verði almanaksárið í stað 1. júlí til 30. júní eins og það er skv. núgildandi lögum.

Frv. er borið fram að ósk stjórnar Íslenskra getrauna. Á aðalfundi félagsins á síðasta ári var samþykkt að færa reikningsár þess til samræmis við reikningsár þeirra aðila sem standa að félaginu og þeirra erlendu getraunafyrirtækja sem félagið er í samvinnu við. Reikningsár þessara aðila er í flestum tilvikum almanaksárið.

Þegar starfsemi félagsins hófst var enska knattspyrnan meginviðfangsefni þess. Með því að hafa reikningsárið frá 1. júlí til 30. júní náðist að halda leiktímabili ensku knattspyrnudeildarinnar innan reikningsársins. Starfsemi félagsins hefur breyst mikið síðari ár og enska knattspyrnan orðin minni þáttur í starfsemi félagsins. Því telur stjórn þess nauðsynlegt að breyta reikningsárinu til samræmis við reikningsár félaga innan íþróttahreyfingarinnar og samstarfsaðila.

Menntmrn., sem skv. 1. mgr. 4. gr. laganna fer með málefni Íslenskra getrauna, að öðru leyti en því að dómsmálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu getrauna, sbr. 5. gr. laganna, styður að lagabreyting þessi nái fram að ganga.

Ég hef nú gert grein fyrir efni frv. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:04]

Útbýting þingskjala:

Stjórn fiskveiða, 193. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 520; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 521.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 358. mál (afskrift af skuldum sveitarfélaga). — Þskj. 509.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Starfsemi Byggðastofnunar og framvinda byggðaáætlunar, munnleg skýrsla iðnaðarráðherra.

[16:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir starfsemi Byggðastofnunar fyrir árið 2000 í samræmi við 13. gr. laga um stofnunina. Jafnframt ætla ég að fjalla nokkuð um þær breytingar sem orðið hafa hjá stofnuninni það sem af er þessu kjörtímabili.

Starfsemi Byggðastofnunar var með líku sniði framan af árinu 2000 og var árið áður. Ný lög um stofnunina tóku gildi í ársbyrjun 2000. Nú er Byggðastofnun sérstök stofnun sem heyrir undir iðnrh. sem skipar stofnuninni stjórn sem situr milli ársfunda en slíka fundi skal halda fyrir 1. júlí ár hvert.

Fyrsti ársfundur stofnunarinnar í samræmi við hin nýju lög var haldinn á Akureyri 7. júní 2000. Fundurinn var vel sóttur og var fjallað um ýmsa þætti er lúta að þróun atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Á fundinum var kynnt

ákvörðun um að flytja alla stofnunina á Sauðárkrók. Starfsmönnum í Reykjavík var boðið að flytja með stofnuninni en aðeins einn starfsmaður þáði það. Í lok ársins var skipaður nýr forstjóri fyrir stofnunina og tók hann við starfi sínu þann 1. janúar sl.

Byggðastofnun fékk 202 millj. kr. framlag úr ríkissjóði árið 2000 að viðbættu sérstöku 100 millj. kr. framlagi vegna afskriftarreiknings. Byggðastofnun fékk hins vegar ekki aukafjárveitingu með tilvísun til viðauka 2 við búvörusamning frá 1992 eins og hún hefur fengið mörg undanfarin ár. Á árinu fékk stofnunin í annað sinn 300 millj. kr. ríkisframlag til að leggja fram sem hlutafé til stofnunar svæðisbundinna eignarhaldsfélaga. Er þetta í samræmi við gildandi byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti í mars 1999.

Ekki hefur enn tekist að ráðstafa öllu framlaginu til stofnunar eignarhaldsfélaga þar sem skort hefur mótframlög heimaaðila. Sérstaklega hefur reynst erfitt að afla fjár á Austurlandi og Vestfjörðum en einnig hefur einungis hluti framlagsins farið til Vesturlands.

Á árinu 2000 voru rekstrargjöld stofnunarinnar samtals rúmlega 929 millj. kr. og skiptast þau þannig að um 732 millj. kr. eru vegna lánaumsýslu, og er stærsti einstaki liðurinn þar framlög í afskriftareikning útlána eða um 621 millj. kr. Sérgreindur kostnaður vegna þróunarstarfsemi er um 197 millj. kr. og er stærsti einstaki liðurinn styrkir, 128 millj. kr., sem stofnunin veitir til ýmissa aðila. Af þeirri fjárhæð rann bróðurparturinn til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni en eitt af áhersluatriðum gildandi byggðaáætlunar er að styrkja starfsemi slíkra félaga.

Rekstrarkostnaður Byggðastofnunar árið 2000 var 177 millj. kr. og hafði lækkað um 7,8% frá fyrra ári. Kostnaðarþátttaka annarra nam 25 millj. kr. Hreinn rekstrarkostnaður stofnunarinnar var því 152 millj. kr. en nam 167 millj. kr. árið áður. Á árinu 2000 var hagnaður á rekstri Byggðastofnunar samkvæmt rekstrarreikningi 176,5 millj. kr. Hagnaðurinn skýrist af 300 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði vegna þátttöku Byggðastofnunar í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni.

Niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar var 10.466 millj. kr. um síðustu áramót og hafði hækkað um 20,3% á árinu. Lífeyrisskuldbindingar voru 382 millj. kr. í ársbyrjun en 413 millj. kr. í árslok. Eigið fé í árslok var 1.743 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og jókst um 227 millj. kr. á árinu. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir, aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, var 16,8%. Fasteignir Byggðastofnunar voru 8% af eigin fé. Hlutfall eiginfjár stofnunarinnar af heildareign var 17,4% í upphafi árs en 16,6% í árslok.

Fjárlög fyrir árið 2000 heimiluðu stofnuninni lántökur allt að 1.800 millj. kr. Stofnunin nýtti heimildina með þremur lántökum hjá Norræna fjárfestingarbankanum, samtals að fjárhæð 24,6 millj. evra eða 1.816 millj. kr. Byggðastofnun fékk 500 millj. kr. lántökuheimild til viðbótar á árinu 2000 sem ekki var nýtt á árinu og færðist hún yfir á árið 2001.

Stofnunin lánaði 2,4 milljarða á árinu 2000 sem er verulega aukning frá árinu áður en þá námu heildarútlán um 1,7 milljörðum kr. Ógreidd lánsloforð námu um 1 milljarði kr. um síðustu áramót.

Framlag í afskriftareikning útlána vegna þessara útlána nam 590 millj. kr. sem er verulega hækkun frá árinu áður en þá var það 263 millj. kr. Afskriftareikningur útlána var 1.267 millj. kr. í árslok eða 11,9% af heildarútlánum. Samsvarandi hlutfall árið áður var 13,3%. Með tilliti til hlutverks stofnunarinnar er óhjákvæmilegt að afskriftareikningur hennar sé nokkru hærri en hjá öðrum lánastofnunum.

Styrkveitingar Byggðastofnunar hafa dregist saman á undanförnum árum og er svo komið að þær eru að langstærstum hluta stuðningur við atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Stofnunin veitti 128 millj. kr. í styrki á árinu 2000 og fóru um 108 millj. kr. til atvinnuþróunarfélaga en einungis 20 millj. kr. í aðra styrki.

Þróunarsvið stofnunarinnar vann að ýmsum málum á árinu. Þar má nefna innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Þróunarsviðið vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs. Einnig vinnur sviðið að því að auka þekkingu og skilning á þáttum sem teljast vera búsetuaðlaðandi á landsbyggðinni. Þar má telja umhverfismál, samgöngur og menntun, verslun, þjónustu, menningarmál o.fl. Sviðið hefur náð víðtækri samvinnu við háskóla og rannsóknastofnanir, atvinnuþróunarfélög, menningarstofnanir og ferðamálaráðgjafa og er ráðgert að treysta þetta samstarf enn frekar. Byggðastofnun tekur eftir atvikum þátt í erlendum samstarfsverkefnum á sviði byggða- og atvinnuþróunar, m.a. innan ramma Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Stofnunin starfar m.a. með Norrænu Atlantshafsnefndinni, NORA, við úthlutun styrkumsókna og eftirfylgni verkefna sem hljóta styrki. Þá hefur stofnunin faglegt samstarf við ýmsa erlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Byggðastofnun stóð fyrir gerð nokkurra skýrslna á árinu sem ýmist voru unnar af þróunarsviði stofnunarinnar eða aðkeypt þjónusta var fengin til. Byggðastofnun fylgist með framkvæmd byggðaáætlunar þar sem lýst er markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengslum byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Framkvæmd byggðaáætlunar er á höndum margra aðila, en Byggðastofnun fylgist með framkvæmd hennar og hefur samband við aðila eftir því sem þörf krefur. Þróunarsvið gerði úttekt á framkvæmd þingsályktunar í byggðamálum 1999–2001. Vinna við úttektina hófst á haustmánuðum 2000 en henni lauk snemma árs 2001. Var skýrslan um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar lögð fram á Alþingi sl. vor.

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur framkvæmd gildandi byggðaáætlunar að mörgu leyti tekist vel. Verulega auknu fjármagni hefur verið varið til lækkunar húsnitunarkostnaðar og námskostnaðar og einnig hafa fasteignaskattar verið lækkaðir á landsbyggðinni. Þá hefur vel tekist til varðandi uppbyggingu fjarkennslu og símenntunarmiðstöðva. Vel hefur tekist til með frekari uppbyggingu þróunarfélaga víða og gegna þau síauknu hlutverki heima í héraði.

Auk starfa að atvinnuþróunarmálum vinna félögin að fjölþættum verkefnum, t.d. á sviði menningar- og menntamála. Framlög til starfsemi atvinnuþróunarfélaga hafa verið aukin úr 65 millj. kr. í um 100 millj. kr. á gildistíma núverandi byggðaáætlunar.

Um þessar mundir er Byggðastofnun að vinna að gerð nýrra samninga við atvinnuþróunarfélögin. Það er skoðun mín að við þurfum að efla starfsemi atvinnuþróunarfélaganna enn frekar og vænti ég þess að tillögur komi fram í þeim efnum í nýrri byggðaáætlun.

Á gildistíma byggðaáætlunarinnar hefur Byggðastofnun fengið um 900 millj. kr. til stofnunar eignarhaldsfélaga á

landsbyggðinni. Hlutur Byggðastofnunar getur numið allt að 40% í hverju félagi fyrir sig gegn 60% hlut heimaaðila. Eins og áður segir hefur ekki enn tekist að ráðstafa öllu framlaginu til stofnunar eignarhaldsfélaga þar sem skort hefur mótframlög heimaaðila.

Ýmsir hafa lýst yfir vonbrigðum með þann þátt byggðaáætlunarinnar sem lýtur að flutningi opinberra starfa og verkefna út á landi. Ég get að mörgu leyti verið sammála þeim sem hefðu kosið meiri árangur á þessu sviði.

Ýmislegt jákvætt hefur þó gerst á síðustu árum. Félmrn. og samgrn. hafa t.d. staðið sig vel varðandi flutning opinberra starfa út á land og flest ráðuneyti hafa athugað möguleika á að flytja starfsemi út á land. Ég get nefnt í því sambandi að iðn.- og viðskrn. hefur látið gera slíka athugun fyrir allar stofnanir sem starfa á verkefnasviði þessara ráðuneyta. Við endurnýjun samninga um árangursstjórnun sem gerðir eru við stofnanir ráðuneytanna verður sett krafa um flutning verkefna út á land.

Hæstv. forseti. Að endingu vil ég geta þess að frá því í vor hefur verið unnið að mótun nýrrar byggðaáætlunar. Undirbúningnum hefur verið hagað með nokkuð nýstárlegum hætti að þessu sinni. Skipuð var sex manna verkefnisstjórn undir forsæti Páls Skúlasonar háskólarektors, auk þriggja starfshópa er unnið hafa að tillögum í tilteknum málaflokkum en það eru alþjóðasamskipti, atvinnumál og fjarskipta- og upplýsingatækni.

Í verkefnisstjórn og starfshópunum situr breiður hópur fólks með fjölbreytilega menntun og starfsreynslu og er það fólk víðs vegar að af landinu. Með þessari tilhögun vilja stjórnvöld leggja áherslu á að byggðaþróun og byggðastefna er mál þjóðarinnar allrar. Orsakir þeirra breytinga sem orðið hafa í byggðum landsins á undanförnum árum og áratugum eru margþættar og varða nær alla þætti samfélags okkar. Sömuleiðis hafa þessar breytingar víðtækar afleiðingar, ekki aðeins fyrir íbúa landsbyggðarinnar eða einstakra byggðarlaga heldur fyrir menningu og efnahag þjóðarinnar í heild.

Byggðastefna er, ef svo má að orði komast, stærsta skipulagsmál íslensku þjóðarinnar og það er því brýnt að að mótun hennar komi breiður hópur fólks og um hana náist sem mest samstaða í þjóðfélaginu. Vinnu verkefnisstjórnarinnar er að ljúka. Ég vænti þess að geta lagt tillögur að nýrri byggðaáætlun fyrir Alþingi á allra næstu vikum.

[16:19]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekki vonum seinna sem við ræðum þá skýrslu sem lögð var fram rétt fyrir þinglok í vor en það er einnig hægt að benda á að ýmislegt annað veldur því að heldur er seint um þetta rætt, ég tala ekki um þegar boðað er að á næstu vikum verði lögð fram ný áætlun, vegna þess að það eru aðeins þrír sólarhringar síðan við samþykktum fjárlög fyrir næsta ár. Það er nauðsynlegt, herra forseti, að vekja athygli á því að í fjárlagafrv. sem var lagt fram í byrjun október segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Framangreind framlög miðast við núverandi byggðaáætlun en unnið er að nýrri byggðaáætlun fyrir árin 2002–2003, sem lögð verður fyrir Alþingi á haustþingi komanda."

Herra forseti. Í mínum huga er þessu ágæta haustþingi senn lokið. Nú segir hæstv. ráðherra að vonandi verði hægt að leggja fyrir þingið hina nýju byggðaáætlun á næstu vikum. Það er hins vegar ljóst að „á næstu vikum" er a.m.k. rúmur mánuður frá þeim degi sem nú er því þing mun ekki hefjast aftur að lokinni þessari viku fyrr en í lok janúar. Það er auðvitað nauðsynlegt að hæstv. ráðherra reyni að gefa okkur gleggri upplýsingar um hvenær við megum vænta hinnar nýju byggðaáætlunar og að við fáum gleggri skýringar á því hvað hefur dregið þá vinnu og hví henni var ekki lokið eins og áætlað var.

Herra forseti. Enn ein bein tilvitnun í fjárlagafrv. því þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að framlög breytist miðað við breyttar áherslur áætlunarinnar."

Spurning mín, herra forseti, til hæstv. iðnrh. er nú þessi: Hvernig ætlar hæstv. iðnrh. að tryggja fjármagn til framkvæmdar hinnar nýju áætlunar þar sem mistekist hefur að koma a.m.k. þeim upphæðum inn í fjárlögin sem samþykkt voru sl. laugardag?

[16:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé mjög eðlileg athugasemd hjá hv. þm. og þakka fyrir að fá tækifæri til að koma inn á þetta atriði strax í upphafi umræðunnar. Það er allt rétt sem hann las upp úr fjárlögum. Textinn um að reiknað sé með að ráðherra leggi fram nýja byggðaáætlun á haustþingi var saminn fyrir allmörgum mánuðum. Þá leit það reyndar þannig út að við töldum í ráðuneytinu að það tækist en sannleikurinn er sá að þetta starf hefur verið umfangsmeira en við gerðum okkur grein fyrir. Ég held að aðalatriðið hljóti að vera að við fáum út úr þessu góða byggðaáætlun, raunhæfa og árangursríka. Það er allt í lagi að geta þess að sú byggðaáætlun sem við vinnum nú eftir var reyndar ekki samþykkt fyrr en í mars fyrsta árið sem hún átti að gilda þannig að þetta er ekki í fyrsta skipti sem okkur hefur ekki tekist að standa nægilega vel að málum hvað þetta varðar.

Ég vil líka segja að þó að upphæðir sem varða þessa nýju byggðaáætlun séu eðli málsins samkvæmt ekki á nýsamþykktum fjárlögum vona ég samt að takast muni að fjármagna hana og vitna þá til þess texta sem hv. þm. las upp sem er dálítið ívilandi í þeim efnum að við munum að sjálfsögðu veita fjármagn í sambandi við nýja byggðaáætlun. En vegna þess að hún var ekki tilbúin var ekki hægt að setja nákvæmar upphæðir inn í fjárlög næsta árs.

[16:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að það skiptir auðvitað mestu að hin nýja áætlun verði sem allra best unnin og skili okkur meiri árangri en sú áætlun sem nú er að renna sitt skeið. Megingalli þeirrar áætlunar var að þar var allt of mikil almenn markmiðslýsing og skorti að settar væru nákvæmar framkvæmdaáætlanir og ákveðið hver ætti að gera hvað og hvenær. Við vonum svo sannarlega að við fáum betri áætlun fyrir næstu tvö ár þannig að árangur verði líklega betri.

Hins vegar er nauðsynlegt að vekja athygli á því að það var ekki bara svo að ekki er farið eftir þeim ágæta texta sem ég las áðan úr fjárlagafrv. heldur voru einnig mjög víða samviskusamlega teknar út þær upphæðir sem voru tengdar gömlu áætluninni. Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra nái árangri, ekki bara í að ná þeim upphæðum aftur inn, hvaða leiðir sem farnar verða til þess, heldur verði einnig tryggt það fjármagn sem þarf til að framvæma hina nýju áætlun.

[16:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Þann 20. nóvember árið 2000 sagði hæstv. byggðamálaráðherra m.a. á Alþingi, með leyfi forseta:

„Byggðastofnun er um þessar mundir að leggja lokahönd á skýrslu um framkvæmd byggðaáætlunar sem Alþingi samþykkti í mars 1999 í formi þingsályktunar. Ég mun leggja skýrsluna fyrir Alþingi þegar vinnu við hana er lokið, en þá gefst jafnframt tækifæri til að fjalla um það hvernig til hefur tekist."

Þann 26. apríl 2001 sagði hæstv. byggðamálaráðherra m.a., með leyfi forseta:

„Eins og ég sagði áðan vænti ég þess að geta lagt skýrslu Byggðastofnunar um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar fyrir Alþingi sem fyrst þannig að þinginu gefist kostur á því að ræða áherslur sínar í byggðamálum um það leyti sem vinna við mótun nýrrar byggðaáætlunar fer af stað."

Síðan er skýrsla lögð fram 10. maí árið 2001. Alþingi lýkur 19. maí árið 2001. Nú skýtur allt í einu upp kollinum á dagskrá Alþingis munnleg skýrsla hæstv. byggðamálaráðherra um framkvæmd byggðastefnu, 11. des. 2001. Lítill tími er áætlaður og lítil umræða. Ég vek athygli, herra forseti, á þeim dagsetningum sem ég hef farið hér með. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem dagsetningar og tímatal hæstv. ráðherra ruglast töluvert og mun ég koma að því á eftir, t.d. eins og um flutning fjarvinnsluverkefna til Ólafsfjarðar sem lofað var á árum áður og átti að gerast fyrir ákveðinn tiltekinn dag.

Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. byggðamálaráðherra hvort hún sé virkilega ánægð með framgang byggðaáætlunar og með framgang sinn í byggðamálum miðað við þær dagsetningar sem ég hef lagt hér fram. Þann 20. nóvember fyrir rúmu ári var boðað að verið sé að leggja lokahönd á skýrslu og hún verði lögð fram á Alþingi eftir nokkra daga. Þann 26. apríl átti að leggja hana fram þannig að þingið gæti farið að ræða hana til undirbúnings nýrrar byggðaáætlunar. Er hæstv. ráðherra ánægð með þessa framgöngu mála?

[16:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef þetta væri eina áhyggjuefni byggðamála, að mér hafi ekki alltaf tekist að leggja fram réttar skýrslur á réttum tíma, værum við í góðum málum verð ég að segja, hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé kannski ekki aðalatriði málsins en ég virði hv. þm. fyrir að hafa farið í þessa söguskoðun.

Sannleikurinn hvað varðar framkvæmd byggðaáætlunar er sá að hún var alllengi til umfjöllunar hjá stjórn Byggðastofnunar og þegar hún var endanlega lögð fram í maí í vor reyndum við að koma á dagskrá umræðu um framkvæmd byggðaáætlunar en það tókst ekki á síðustu dögum þingsins, og þannig fór það bara.

Þegar hv. þm. spyr mig hvort ég sé ánægð með framkvæmd byggðaáætlunar skulum við vera meðvituð um að margt hefur tekist bærilega hvað hana varðar og ég taldi upp í ræðu minni áðan. Annað hefur hins vegar ekki gengið eins vel en ég tel að í sjálfu sér, miðað við það sem lagt var upp með, hafi mjög margt náðst fram.

Svo er það nýja byggðaáætlunin sem núna er í vinnslu og því miður ekki komin fram. Ég ætlast til að þar verði tekið mjög skipulega á málum og mér sýnist það miðað við þá kynningu sem ég hef fengið. Ég vænti mjög mikils af þeirri byggðaáætlun. Ég geri mér líka grein fyrir því að hún kostar peninga og samstaða þarf að nást um að veita fjármagn í þennan málaflokk. Ég mun svo sannarlega ekki liggja á liði mínu í því sambandi.

[16:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hjá hæstv. ráðherra kom fram að hún vænti þess að samstaða næðist um að veita peningum í framkvæmd byggðaáætlunar. Ég hygg að það sé rétt. Og ég hygg að í því liggi að það á eftir að ná samstöðu við Sjálfstfl., samstarfsflokkinn í ríkisstjórn, til að gera kröftugt átak í byggðamálum ef ekki á að fara enn þá verr en þau tíu ár sem hæstv. forsrh. fór með byggðamál. Það eru einhver svörtustu ár í sögu byggðamála á Íslandi.

Hæstv. ráðherra notaði orðin „því miður" í því sambandi að ekki hefði tekist að leggja fram skýrslu að nýrri byggðaáætlun núna eða þá skýrslu sem hér er verið að ræða núna. Ég hygg, herra forseti, að þegar sagan verður skrifuð, bæði í tíð fyrrv. byggðamálaráðherra, hæstv. forsrh., og eins á fyrstu árum hæstv. byggðamálaráðherra í dag, verði hún langbest sögð með því að segja einfaldlega: Því miður.

[16:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. gaf sér það að ég væri eingöngu að tala um Sjálfstfl. þegar ég talaði um að mikilvægt væri að ná samstöðu um fjárveitingar til málaflokksins. En ég minni á að þótt hv. þm. hafi oft tekið mikið upp í sig í sambandi við byggðamál hefur ekki verið hægt að skilja umræðuna svo í þessum sal að það sé mikil samstaða innan þingflokks Samfylkingarinnar um að veita fjármagn til byggðamála. Þannig að ég bendi hv. þm. á að vinna að því máli í sínum þingflokki og þá mundi ég virða hann mikils.

[16:31]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir skýrsluna. Mig langar aðeins til að spyrja hér um eitt lítið atriði. Á bls. 2 stendur, með leyfi forseta:

„Atvinnulíf á landsbyggðinni þarf greiðan aðgang að lánsfé á sambærilegum kjörum og bjóðast á höfuðborgarsvæðinu og veita þarf fjárfestingarstyrki í samræmi við það sem tíðkast erlendis."

Mig langaði aðeins að spyrja hæstv. ráðherra hvort einhverjar hugmyndir séu í gangi um að breyta þessari skilgreiningu á höfuðborgarsvæðinu.

Fram að þessu hefur höfuðborgarsvæðið í mínum huga þýtt sveitarfélögin í kringum höfuðborgina, þ.e. Hafnarfjörður og Kópavogur í suðri og núna er það Kjalarnes í norðri og Mosfellsbær í austri. Aftur á móti hafa svæði eins og Suðurnesin, Árborgarsvæðið og Akranes verið fyrir utan þó að þau teljist næst.

Ég spyr vegna þess að í nýju byggðakorti ESA var ákveðinn hluti Suðurnesjanna felldur út af kortinu og það hefur ákveðnar afleiðingar. Því vildi ég heyra frá hæstv. ráðherra hvort einhverjar hugmyndir væru um frekari breytingar á þessari skilgreiningu um höfuðborgarsvæðið.

[16:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal viðurkenna að ég hef ekkert sérstaklega verið að velta þessu fyrir mér og tel það ekki vera neitt aðalatriði í sambandi við byggðamál hvernig við

skilgreinum höfuðborgarsvæðið. Í mínum huga er höfuðborgarsvæðið Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær, Seltjarnarnes — u.þ.b. þetta.

En af því að hv. þm. nefndi byggðakortið er það hins vegar mál sem varðar iðnrn. og þar hefur fengist niðurstaða sem menn geta verið misjafnlega sáttir við. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt á hv. Alþingi að við lögðum okkur fram um að ná því fram sem við töldum eðlilegast og vildum hafa það svæði sem stærst sem gæti notið styrkja og teldist landsbyggð. Hins vegar var það ekki samþykkt af hálfu ESA að Suðurnesin féllu innan þess svæðis. Þeir gáfu svo sem röksemdir fyrir því hvers vegna þeir litu þannig á málið og ég ætla ekki að endurtaka þær hér.

[16:34]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir það með hæstv. ráðherra að ekki þurfi að velta fyrir sér hvað „höfuðborgarsvæði" er. Auðvitað skiptir það allt máli og þær breytingar sem urðu með byggðakorti ESA geta haft veruleg áhrif. Ég skil þetta þá bara sem svo að hæstv. ráðherra geri ekki ráð fyrir því að að dregið verði úr styrkjum og framlögum, sem fram að þessu hafa komið á Suðurnes og gætu þá verið jafnsjálfsögð á næstu árum fyrir sama svæði í nýrri byggðaáætlun.

[16:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara ítreka að það er engin grundvallarbreyting sem þarna er verið að tala um, ekki síst vegna þess að sjávarútvegur fellur alls ekki innan marka EES-samningsins og kemur því ekki til með að skipta máli í sambandi við þetta nýja byggðakort. Ég held að við munum bara vinna okkur áfram í þessu og reyna að fá það besta út úr hlutunum. Það þarf hins vegar að tilkynna til ESA um styrkveitingar og þannig verður það áfram.

En ég held að þetta sé ekki stórmál. Ég hef átt fundi með sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum þar sem farið hefur verið yfir þetta og ég bara vonast til þess að þokkaleg sátt ríki um þetta mál.

[16:36]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í umræðu um byggðamál og þá skýrslu sem hæstv. byggðamálaráðherra lagði fram í vor rétt áður en þingi lauk — ég ætla svo sem ekkert mikið að fara í gegnum þá skýrslu nema að mér finnst margt mjög athyglisvert sem kemur þar fram í formála stjórnar þeirrar stofnunar. Það er kannski það sem ég mun fjalla svolítið um á eftir.

Það er ekki seinna vænna að ræða um byggðamál undir þessum lið og um framkvæmd byggðaáætlunar frá 1999–2001 rétt áður en þessu þingi lýkur og við förum heim í jólafrí, og nýtt ár tekur við þar sem ný byggðaáætlun á að taka gildi. Henni gæti þó seinkað eitthvað fram á vorið en það er þá svo sem í takt við ýmislegt annað, að nokkrir mánuðir úr byggðaáætlun detti úr. Hæstv. byggðamálaráðherra sagði áðan að það hefði gerst síðast líka og helst á henni að skilja að það eigi þá bara að vera til eftirbreytni. Mér finnst það vera skýrt dæmi um landsbyggðarvandamál í víðasta skilningi, og í þeim miklu erfiðleikum sem við Íslendingar eigum við að etja í þessu máli — flutningi fólks frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis — sýnir mér í hnotskurn að þessi málaflokkur er olnbogabarn bæði hv. Alþingis og núverandi hæstv. ríkisstjórnar.

Atvinnumálin eru auðvitað þýðingarmesti þátturinn í þessu öllu saman. Það er atvinnuöryggið sem fólk á landsbyggðinni býr ekki við. Þetta er spurning um tekjur af starfsemi manns. Tekjuskiptingin er töluvert öðruvísi á höfuðborgarsvæðinu en úti á landsbyggðinni, jafnvel innan sama geira. Þetta er spurning um fjölbreytni starfa. Þau eru ekki mörg úti á landi, því miður. Þeim er að fjölga hér. Og þetta er spurning um öryggi atvinnu. Öryggi atvinnu hjá landsbyggðafólki er ekki fyrir að fara, því miður.

Í þessari skýrslu hæstv. ráðherra kom fram að fjármagn til atvinnuuppbyggingar hefur aukist til ýmissa þátta en þó ekki nóg. Erlendis er mikið fjármagn veitt til þessa málaflokks og það er það afl sem þarf til að ná árangri. Erlendis er það vel þekkt að nota stofnstyrki til að koma á atvinnustarfsemi og skjóta rótum undir ný fyrirtæki á landsbyggð. Það er ekki gert hér. Hér er e.t.v. um lán að ræða og tekur langan tíma að ná þeim. Ríkisbankar og aðrir lána helst ekki til atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, það gerir Byggðastofnun hins vegar og því ber að fagna að Byggðastofnun hefur fengið meira úr að spila. Lánin eru dýr, loksins þegar þau koma. Þetta eru okurvaxtalán, svo notuð séu bara orð hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. um það vaxtastig sem er í landinu í dag og það vaxtastig sem atvinnurekstur á Íslandi hefur búið við undanfarin ár. Okurvextir.

Herra forseti. Á þeim stutta tíma sem við fáum til að ræða byggðamál hér er auðvitað aðalatriðið að viðurkenna vandann á Íslandi. Það þarf að skapa um það þverpólitíska sátt. Það þarf með öðrum orðum að taka upp svæðisbundna byggðastefnu. Og þegar ég segi „svæðisbundin byggðastefna" get ég tekið sem dæmi að ef Alþingi og stjórnmálaflokkar sem þar eiga fulltrúa komast að þeirri niðurstöðu að málefnum Vestfjarða verði best borgið með því að efla þar útgerð, smábátaútgerð, og það mætti segja um fleiri staði á landinu eins og t.d. norðausturhornið, sé það alveg þess virði að gera það og réttlætanlegt að fara í þá svæðisbundnu byggðastefnu. Þá er að mínu mati jafnframt sagt í leiðinni: Það eru aðgerðir sem verða ekki að ganga yfir allt Ísland. Með öðrum orðum: Við getum séð svæðisbundna byggðastefnu, t.d. á Akureyri sem er miðstöð menntunar á landsbyggðinni. Þar er háskóli, menntaskóli, verkmenntaskóli, mikið og stórt fjórðungssjúkrahús. Þetta er höfuðborg landsbyggðarinnar ef þannig má að orði komast.

Ef Alþingi kemst að þeirri niðurstöðu að á Miðausturlandi skuli byggja álver, í Reyðarfirði, með virkjun sem þar þarf er það hið besta mál að mínu mati en líka svæðisbundin byggðaaðgerð. Og þá segi ég alveg hiklaust að um leið og menn taka þá ákvörðun að byggja álver á Miðausturlandi er ekki þar með sagt að við ætlum endilega að láta það ganga yfir Austfirði líka. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að okkur beri að efla smábátaútgerð og taka e.t.v. eitthvað örlítið frá af kvótanum fyrir Vestfirðinga eða önnur smásvæði á landsbyggðinni er ekki þar með sagt að aðrir þurfi að njóta þess.

Það má sannarlega líka segja um Reykjavík að þar sé svæðisbundin byggðastefna. Hér er miðstöð menningar og lista. Hér hefur Íslensk erfðagreining skotið rótum sem betur fer, það glæsilega fyrirtæki. Hér er uppskipunarhöfn nánast fyrir allan innflutning og svo má lengi telja. Og það er ansi athyglisvert sem stendur í formála stjórnar Byggðastofnunar sem ég ætla að lesa aðeins upp, með leyfi forseta:

„Telja verður að árangur í byggðamálum ráðist af því hversu vel skilgreindar aðgerðir eru og þeim fjárhæðum sem

til þeirra er varið. Benda má á að verulegu fjármagni er varið árlega til atvinnuuppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu, m.a. af opinberum aðilum. Svo dæmi séu nefnd um fjárfestingu í nýrri atvinnuuppbyggingu sem verulega hefur styrkt höfuðborgarsvæðið lögðu ríkisbankarnir 6 milljarða króna í hlutafjárkaup í deCODE, Íslenskri erfðagreiningu, og keyptu hlut í Íslandssíma fyrir 1 milljarð króna."

Herra forseti. Ég hef ekkert á móti uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu, síður en svo, við þurfum sterka og öfluga höfuðborg alveg eins og höfuðborgin, og allt Ísland, þarf sterka og góða landsbyggð. En hér er dæmi um svæðisbundna byggðaaðgerð. Og ég vek athygli á því að Landsbanki Íslands sem hér er vitnað til, sem kaupir í þessum tveimur fyrirtækjum, er sama stofnunin og er núna að fara um landsbyggðina og loka útibúum sínum á Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafirði, Stokkseyri, Eyrarbakka o.s.frv. (**Gripið fram í:** En þeir hafa þó styrkt Íslensku óperuna.) Ja, það getur vel verið að þeir ætli að styrkja Íslensku óperuna, það er þá gott mál. En ég verð bara að segja alveg eins og er, (**Gripið fram í:** ...færa til fjármagn.) herra forseti, þetta er alveg með ólíkindum og þessi svæðisbundna byggðastefna virkar ekki nema að hluta til. Hún virkar ekki gagnvart landsbyggðinni. Og það er þessi sami banki, svo ég haldi mig við Landsbanka, eða ríkisbankar eins og hér er sagt — ég held að það hafi reyndar verið bara Landsbankinn sem keypti í Íslandssíma, hefur þá væntanlega keypt á útboðsgenginu. Nú veit ég ekki almennilega hvert gengið er í dag en ég held að gengi Íslandssíma sé ekki nema 1,30 þannig að það hefur kannski ekki verið mikill arður af þeirri fjárfestingu. Það getur vel verið að Landsbankinn geti sagt okkur að það sé ekki arður af þeirri fjárfestingu að reka útibú á Kópaskeri eða Þórshöfn eða Vopnafirði eða hvar það er en þetta er kannski talandi dæmi um þetta allt saman. Byggðastefna snýst nefnilega um, herra forseti, samkeppnishæfni svæða eða landshluta, það er það sem skiptir höfuðmáli. Það er styrkur og veikleiki byggðanna. Og það er ekki styrkur og það er ekki styrkjandi fyrir byggðarlög þegar verið er að loka bankastofnunum. Það veikir þessi byggðarlög.

Þannig verðum við að nýta það sem hægt er og styrkleiki hvers svæðis verður að fá að njóta sín. Rekstrarskilyrði fyrirtækja, svo ég komi aðeins að því, milli höfuðborgar og landsbyggðar hafa verið að versna undanfarin ár. Og nýjasta dæmið sem við höfum farið í gegnum var breytingin á tryggingagjaldinu. Það skekkir samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggð og höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara í það en vísa til þess sem ég sagði hér um skattalagabreytingarnar.

Það eru staðreyndir og um það eru opinberar tölur að þungaskattur hefur hækkað um 45% frá 1998. Hann hefur hækkað um 45% á lengstu flutningaleiðum eins og vestur á firði og austur á land. Hvers vegna skyldum við ekki geta notað aðferðir sem við notum til að greiða niður strætisvagnarekstur? Strætisvagnarekstur fær afslátt af þungaskatti. En vöruflutningar út á land — nei, þeir fá ekki afslátt. Hér má vitna í alls konar flutningskostnaðarjöfnun, sama hvort það er olíuflutningasjóður eða sementsflutningasjóður. Þetta er til.

Herra forseti. Nýlega hafa atvinnufyrirtæki á Norðurlandi séð sig knúin til að stofna hagsmunasamtök til að berjast gegn þessari óréttlátu skattheimtu og mismun milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Þetta hefði ég miklu frekar viljað heyra hæstv. byggðamálaráðherra reifa í tali sínu um framkvæmd byggðastefnu nú heldur en það sem kom fram í ræðu hennar hér áðan enda má lesa það allt út úr skýrslunni.

Herra forseti. Hér erum við ekki enn þá farin í gang með þá leið sem Norðmenn fóru þegar þeir felldu aðild að Evrópusambandinu, þegar þeir tóku upp sína eigin byggðastefnu, að nota skattkerfið og ýmsar ívilnanir í gegnum það til að rétta hlut landsbyggðar. Það er auðvitað það sem þarf.

Hvers vegna skyldu t.d. Norðmenn hafa skattamun í Finnmörku og Norður-Troms? Skattprósentan er lægri. Hátekjuskatturinn er lægri. Persónuafslátturinn er hærri. Þungaskattur í Noregi er misjafn eftir svæðum. Samkeppnisstofnun bannar þetta hér vegna þess að það skekkir samkeppnishæfni svæða, eins og sagt var, með afslætti af þungaskatti. Má ekki snúa þessu við og spyrja hvort það hafi ekki ruglað samkeppnishæfni þegar afsláttur inn var tekinn af? Ég er ansi hræddur um það. Tryggingagjaldið er meira að segja líka notað í þessu efni.

Herra forseti. Ég ætla hér aðeins í lokin að ræða um fjarvinnsluverkefnin sem voru kynnt einu sinni með nánast flugeldasýningu. Þau áttu öllu að bjarga. Hæstv. forsrh. tilkynnti um skýrslu frá Iðntæknistofnun um fjarvinnsluverkefni til landsbyggðar. Ég hef dundað mér við það að leggja fram fyrirspurnir til hæstv. byggðamálaráðherra um hvernig þetta hafi gengið undanfarin ár. Það er skemmst frá því að segja að í svari hæstv. ráðherra kemur það fram að nánast ekkert hafi verið flutt. Orð eins og „engin verkefni", „engin fjarvinnsluverkefni", „engin fjarvinnsluverkefni flutt" má lesa úr svörum hæstv. ráðherra nánast fyrir öll ráðuneyti hér á Íslandi.

Þess eru hins vegar dæmi að fjarvinnsluverkefni hafa gengið vel en það er fyrirtæki úti í bæ, ekki ríkisstofnun, sem stendur að þeim. Þá á ég auðvitað við flutning á fjarvinnsluverkefnum á vegum Kaupþings til Siglufjarðar þar sem er sennilega orðinn 15 manna vinnustaður og gengur mjög vel. Það þarf enginn að segja að þetta geti ekki gengið vel. Það er vilji sem þarf. Vilji fyrir því er ekki hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn.

Og má ég aðeins rétt í lokin, herra forseti, minna á það sem sagt var þegar menn voru að tala um að reyna að flytja fjarvinnsluverkefni til Ólafsfjarðar? Þá sögðu ráðherrar og hæstv. forseti þingsins — þá höfðu menn mörg orð um að það mundi gerast á næstu dögum — að menn mundu flytja tiltekin verkefni til Ólafsfjarðar. Úr því hefur ekkert orðið, herra forseti. Og ég held að það sem þar var sagt og það sem hefur verið gert, eða öllu heldur ekki gert, sé talandi dæmi um þessi mál.

Herra forseti. Vegna þess að ég hef oft heyrt hæstv. byggðamálaráðherra kveinka sér undan því að ég sé með sífellda gagnrýni á það sem hér hefur komið fram vil ég segja að ég vek bara athygli á þeim atriðum sem betur mættu fara. Ég bendi á þau atriði sem ekkert hefur verið gert í. Og vegna þess að hæstv. ráðherra var áðan að hæla sér af lækkun húshitunarkostnaðar — ég hef áður vitnað í hina merku nefnd, svokölluðu byggðanefnd forsrh., sem skipuð var í aðdraganda að kjördæmabreytingunni sem gulrót fyrir stjórnarþingmenn til að troða í gegn kjördæmabreytingunni — bendi ég á að ekki hefur verið staðið við þau loforð sem hæstv. forsrh. gaf þá um lækkun húshitunarkostnaðar á landinu, engan veginn.

Varðandi jöfnun námskostnaðar hefur betur verið staðið að verki. Ég hef sagt það áður og skal segja það einu sinni enn að hæstv. menntmrh. hefur staðið sig býsna vel í því þó

að töluvert mikið vanti á. Að vísu hafa reglur aðeins breyst. Loforð um húshitun hefur hins vegar ekki verið staðið við. Og mörg önnur loforð frá þeirri þverpólitísku nefnd hefur ekki verið staðið við.

Herra forseti. Rétt í lokin, vegna þess að tími minn er á þrotum í þessari umræðu, vil ég endilega gleðja hæstv. ráðherra og segja: Ríkisstjórnin hefur staðið sig ágætlega við undirbúning stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Ég hika ekki við að halda því fram. Og það verkefni sem þar er í gangi er að mínu viti í góðum gír ef svo má að orði komast. Jafnframt fannst mér í byrjun að vinna við nýja byggðaáætlun væri nokkuð góð, og held að staðið sé nokkuð faglega að henni, en verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér fannst að fulltrúar frá stjórnarandstöðuþingflokkunum hefðu átt að fá sæti í þeirri nefnd til að freista þess að mynda þverpólitíska samstöðu um næstu byggðaáætlun. Ég óttast að sú samstaða náist ekki en ég held og vona að faglega sé að verki staðið.

[16:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju með ýmislegt sem kom fram í máli hv. þm., sérstaklega það að mér heyrist að hann sé farinn að styðja stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi og það er vissulega ánægjulegt að heyra. Ég vona að svo sé um fleiri af félögum hans í þingflokki Samfylkingarinnar.

Varðandi lækkun á húshitunarkostnaði vil ég segja að bókstaflega hundruðum milljóna var varið til viðbótar í þann málaflokk frá árinu 1998 til ársins 2000, úr 480 millj. í 840 millj. kr. Og ég get sagt hv. þm. það að ef við gengjum lengra í þessum efnum værum við farin að ganga mjög á stöðu þeirra hitaveitna sem eru víða ekki sérstaklega hagkvæmar á landsbyggðinni. Ég tel að mjög vel hafi verið staðið að málum hvað varðar niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Og sama má segja um námskostnaðinn.

Hv. þm. talaði um rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni. Ég tek undir það með honum að ekki síst núna upp á síðkastið, eftir að sérstakur landsbyggðaskattur kom á flutninga, er málið mjög alvarlegt enda hefur ríkisstjórnin ákveðið að setja nefnd á laggirnar sem er sérstaklega að vinna að tillögum í sambandi við þetta málefni. Og hún ætlar að vinna hratt.

Svo vil ég segja að síðustu um orð hv. þm., þegar hann talar um og vitnar í skýrslu Byggðastofnunar, að ríkisbankarnir eru ekki opinberir aðilar. Ríkisbankarnir eru hlutafélög sem eru skráð á markaði og eru ekki opinberir aðilar. Stjórnir stjórna þessum fyrirtækjum og ríkisstjórnin kemur þar hvergi að málum þannig að ekki ætla ég að verja það hvernig þessir bankar hafa varið fjármagni sínu og keypt hlutabréf í ýmsum fyrirtækjum. Það er bara ekki á mínu borði og ég ber enga ábyrgð á því en svona liggur í málinu.

[16:54]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins fyrst um lækkun húshitunarkostnaðar vil ég bara ítreka það sem ég sagði hér áðan vegna þess að við höfum áður tekist á um það í þingsal, ég og hæstv. byggðamálaráðherra, í umræðum bæði utan dagskrár og í fyrirspurnum, að það er enn þá töluvert í land með að lækkun húshitunarkostnaðar nái þeirri lendingu sem hin þverpólitíska nefnd hæstv. forsrh. lagði til. Það vantar töluvert upp á það.

Ég vil aðeins minna hæstv. ráðherra á að niðurgreiðslur eru eingöngu fyrir rafhitun, ekki húshitun. Þrátt fyrir tilmæli iðnn. við fjárlagagerðina í fyrra þar sem bent var á að þetta stæði til bóta hefur ekkert bólað á að þessu yrði breytt. Með öðrum orðum, íbúar t.d. á Akureyri njóta ekki niðurgreiðslu á húshitun vegna þess að þeir eru með hitaveitu. En rafhitun er niðurgreidd. Ég fullyrði og segi enn og aftur að það vantar töluvert á, jafnvel þótt þetta hafi verið aukið jafnmikið og hæstv. ráðherra nefndi hér áðan. Ég hef orð á þessu vegna þess að tillögurnar voru studdar af hæstv. núv. forsrh. héðan úr ræðustól Alþingis þar sem hann lýsti því yfir að hin þverpólitíska nefnd sem náði hinni þverpólitísku niðurstöðu sem kallaðar voru bráðaaðgerðir naut stuðnings hæstv. forsrh.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra nefndi hér landsbyggðarskattinn á flutninga. Ég segi bara: Húrra, húrra. Ég hef að vísu ekki heyrt um þessa nefnd sem ríkisstjórnin hefur skipað til að fara í gegnum málin. Ég vil þá leyfa mér að spyrja hæstv. byggðamálaráðherra: Nefndinni er væntanlega ekki eingöngu ætlað að skoða sjóflutningana og hækkun hjá Eimskipum sem var ekki alls fyrir löngu. Á þá nefndin að vinna fyrir ríkisstjórnina að kanna þá miklu hækkun sem hefur orðið á þungaskatti í tíð þessara stjórnarflokka frá 1998 sem er, eins og ég sagði áðan, 45% á lengstu leiðum? Mun þetta verða skoðað líka, hæstv. ráðherra?

[16:56]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nefndin mun skoða flutningskostnað á breiðum grundvelli og þar verður ekkert undanskilið.

Svo vil ég segja að — ég tel reyndar að forseti hefði átt að gera þessa athugasemd — ég er einfaldlega ekki byggðamálaráðherra. Það er ekki til neitt sem heitir byggðamálaráðherra. Ég fer hins vegar með byggðamál. Og ekki er það vegna þess að mér leiðist hugtakið heldur vegna þess að rétt skal vera rétt.

Mér finnst að hv. þm. sé hér með óþarfa útúrsnúninga í sambandi við húshitunina vegna þess að þar hefur ágætlega verið staðið að málum. Ég get bætt því við að nú hefur nefnd sú sem hefur verið að störfum lagt það til að þeir aðilar sem hita upp með olíu og eiga ekki annarra kosta völ verði líka teknir inn í þessa útreikninga og þessar niðurgreiðslur. Í undirbúningi er lagafrv. sem ég mun leggja fram mjög fljótlega, strax eftir áramótin, sem skýtur lagastoðum undir þessar miklu greiðslur. Eins og þetta er í dag eru engin lög sem kveða á um niðurgreiðslur vegna húshitunarkostnaðar en samkvæmt ábendingum sem við höfum fengið þarf svo að vera og þess vegna erum við að færa þetta mál til betri vegar, eins og svo mörg önnur mál.

[16:57]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst meðgöngutími á ýmsum frv. og breytingum sem gera þarf í málefnum landsbyggðarinnar ansi langur hjá hæstv. ráðherra byggðamála, (**Iðnrh.:** Þetta er ekki rétt.) iðn.- og viðskrh.

Hér er t.d. boðað loksins frv. til að breyta niðurgreiðsluhlutfallinu og niðurgreiðslu á rafhitun til húshitunar. Ég benti á það við fjárlagagerð fyrir ári og þá lagði iðnn. til að þetta yrði gert. Frv. er væntanlegt eftir áramót. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra rétt áðan. Ég get ekki sagt annað en að það sé langur meðgöngutími á því hvernig þessi mál koma hér inn á hið háa Alþingi.

Rétt í lokin, herra forseti, um ríkisbankana. Það er alveg rétt að ríkisbönkunum hefur verið breytt í hlutafélög. Og

hæstv. byggðamálaráðherra, hæstv. iðn.- og viðskrh., ráðherra byggðamála, skipar þar stjórn og þessi banki sem við vorum að ræða aðeins um áðan á hinu háa Alþingi, Landsbankinn — áður hefur verið rætt um hvernig hann fer nú um og sker niður þjónustu sína vítt og breitt um landið. Ég leyfi mér að efast og vil reyndar fullyrða að þetta séu ein verstu tíðindi sem fólk í þessum litlu plássum sem berst á ýmsum öðrum vígstöðvum eins og í kvótamálum, útgerðarmálum, atvinnumálum og öðru — þetta eru hin verstu skilaboð sem verið er að senda fólkinu á þessum stöðum.

Ég segi bara í blálokin, herra forseti, í þessu sambandi og eins varðandi lækkun húshitunarkostnaðar að ég ítreka það sem ég sagði áðan og skal standa við það hvenær sem er: Þær tillögur sem lagðar voru fram og nutu stuðnings hæstv. forsrh. eru enn langt undan landi. Og það er útúrsnúningur að ætla að fara að vitna í einhverjar hitaveitur — þá er verið að rugla það dæmi enn.

[17:00]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Möller gerði lítið úr þeim fjarvinnslverkefnum sem er verið að vinna að úti á landi. Ég vil mótmæla því, því að í nýsamþykktum fjárlögum sem við vorum að samþykkja sl. laugardag erum við að bæta við fjarvinnsluverkefni sem Alþingi er t.d. með á Hvammstanga. Eins eru verkefni á Húsavík og í farvatninu er verkefni á Stöðvarfirði og þar vorum við að leggja í 15 millj. En til aukningar á verkefni sem Alþingi er með minnir mig að hafi verið 7 millj. Og þá var einnig samþykkt að skráning gamalla kirkjugarða, legstaða og söguupplýsinga yrði á Blönduósi og til þess færu 3,5 millj. Einnig hefur verið staðið mjög vel að málum varðandi húshitunina. Og þá vil ég nefna jöfnun á námskostnaði.

Ég vil fagna orðum hv. þm. Kristjáns Möllers varðandi stóriðjuframkvæmdirnar því að stærsta byggðamálið okkar er að koma þeim framkvæmdum á. Stærsta byggðamálið okkar er að efla byggðina fyrir austan, þ.e. að virkja og koma upp álveri og við eigum Íslendingar að nýta fallvötnin okkar. Og það get ég sagt hér að allar þær virkjanir sem eru á Suðurlandi hafa eflt gríðarlega mikið ferðaþjónustuna þar.

[17:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að gefa mér tækifæri til að ræða aðeins betur um fjarvinnsluverkefnin. Ég er ekkert að gera lítið úr þeim. Ég tók skýrt fram að ég held að hægt sé að nefna einn stað á Íslandi þar sem fjarvinnsluverkefni hafa gengið vel fyrir sig og það er á vegum Kaupþings á þeim ágæta stað Siglufirði. Ráðuneytin hafa algjörlega klikkað í fjarvinnsluverkefnum sínum og nægir þar að nefna og vitna til svars sem ég skal aðeins höggva hér ofan í. Það er fyrirspurn mín til hæstv. iðn.- og viðskrh. um fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins voru flutt út á land árið 2000.

Dóms- og kirkjumrn. svarar því til að ráðuneytið hafi ekki flutt nein verkefni. Forsrn. svarar því til: engin verkefni. Fjmrn. greinir frá því: engin fjarvinnsluverkefni. Landbrn. upplýsir að engin fjarvinnsluverkefni eða störf tengd þeim hafi verið flutt út á land á sl. ári. Menntmrn. tiltekur engin störf sem hafi verið flutt frá ráðuneytinu í fjarvinnsluverkefni o.s.frv.

Herra forseti. Það er rétt sem hér kom fram að það er örlítið á vegum ríkisins eða ríkisstofnana. Það hefur að mér skilst verið hálft starf á Hvammstanga og það var nú þannig að milli umræðna í fjárlögunum tókst loksins að hífa það upp í 15 milljónir, það var nú reyndar komið niður í 6 milljónir og leit út fyrir að allt mundi detta út.

Herra forseti. Í stuttu máli sagt hafa ráðuneytin staðið sig ákaflega illa og eru með allt niður um sig í flutningi fjarvinnsluverkefna út á land. Vitna ég í þá skýrslu sem Iðntæknistofnun lagði fram og hæstv. forsrh. gerði mikið úr þegar verið var að tala um að flytja fjarvinnsluverkefni út á land, að nú væri komin ný atvinnugrein fyrir landsbyggðina.

Herra forseti. Ég ætla aðeins að vitna í orð hæstv. forsrh. á Alþingi 23. febr. árið 2000 um flutning tiltekinna verkefna til Ólafsfjarðar, með leyfi forseta:

„Ég tel að þessi vinna sem einkum hinir fjórir ráðuneytisstjórar hafa komið að sé í góðum farvegi. Þó að ég vilji ekki tímasetja á þessu augnabliki nákvæmlega hvenær starfsemin geti hafist, þá er vinnan komin vel af stað og ákvörðun af því tagi hefur því verið tekin.“ — Þ.e. að flytja fjarvinnsluverkefni til Ólafsfjarðar.

Herra forseti. Það hefur ekkert verið flutt þangað af fjarvinnsluverkefnum.

[17:04]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að ráðuneytin geti gert betur. En mér finnst hv. þm. Kristján Möller gera of lítið úr því sem gert er því að það eru þó tvö störf á Hvammstanga og tvö á Húsavík og það munar um hvert eitt starfið í litlum byggðarlögum.

Þjóðminjasafnið er með þau verkefni sem eru í gegnum Sarp og mér finnst að þingmenn sem koma utan af landi megi nú tala frekar á jákvæðan hátt um landsbyggðina. Hver vill eiga heima á stað þar sem allir tala um að allt sé að fara til fjandans? Ég vara hv. þingmenn við því að tala alltaf eins og þannig sé að fara því að landsbyggðin á svo sannarlega mikil tækifæri og þar eru allir að berjast í því að efla sitt byggðarlag og það gengur töluvert vel. Svo ég nefni t.d. bara ferðaþjónustuna, þá er hún í miklum uppgangi og hefur verið. Má þá minnast á skýrslu sem kom út nýlega um menningartengda ferðaþjónustu en fólk úti á landi er allt af vilja gert til að efla og bæta við störf og það er að því.

[17:05]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því að ég sé hér í einhverju sífelldu niðurrifstali. Ég vísa því til föðurhúsanna. Ég er hins vegar að benda á það sem betur mætti gera og það sem betur mætti fara í málefnum byggðarlaga og í landsbyggðarstefnu stjórnvalda.

Ég gerði það í erindi mínu áðan og benti á fullt af atriðum þar. Það er ekki rétt sem hv. þm. segir, ég tek dæmi af fjarvinnsluverkefni sem hefur gengið mjög vel og sem er til eftirbreytni og sem sýnir að þetta er hægt. Og bara rétt til að halda áfram að vitna í orð ráðamanna, þá sagði hæstv. forseti þingsins, Halldór Blöndal, í ríkissjónvarpinu eftir borgarafund í Ólafsfirði þann 6. mars árið 2000, með leyfi forseta, í tali um flutning fjarvinnsluverkefna á vegum Hagstofunnar til Ólafsfjarðar þar sem stofnað var fyrirtæki þar um og allir biðu eftir að starfsemin kæmi til viðkomandi staðar:

„Það hefur verið tekin pólitísk ákvörðun um það að flytja fjarvinnsluverkefni hingað til Ólafsfjarðar og það verður staðið þannig að þeim að það verði traustur grunnur og hann standi til frambúðar."

Ég veit ekki, herra forseti, hvaða orð ætti að hafa um það sem þarna var sagt og það sem átti að gera og var ekki gert. Þarna var stofnað fyrirtæki, Íslensk miðlun, og eigum við að rifja aðeins upp hvernig það fór vegna þess að verkefnin komu ekki?

Ég held að langbest sé að minnast flutninga fjarvinnsluverkefna á vegum ríkisstjórnarinnar eða ríkisstofnana út á land með því að láta þær 24 sekúndur sem ég á eftir í þessu andsvari renna út.

[17:07]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það bregst ekki þegar byggðamál eru rædd á Alþingi, þá stökkva sömu þingmennirnir í ræðustól og fara að rifja það upp að fólki hafi fækkað á landsbyggðinni í ráðherratíð hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Einn þessara hv. þm. er Kristján L. Möller.

Það liggur á milli línanna yfirleitt að allt sé það áhugaleysi stjórnvalda að kenna að svona er komið. En er það virkilega svo? Auðvitað ekki. Auðvitað er það ekki svo. Staðreyndin er sú að menn eru að glíma við þetta sama vandamál nánast um allan heim. Við heyrum þetta frá Norðurlöndunum, við heyrum þetta frá Evrópulöndunum. Ég var í Bandaríkjunum í haust og þar sögðu menn mér að þeir hefðu verulegar áhyggjur af því að fólk væri að flytja í ríkari mæli frá dreifðustu svæðunum til stórborganna en nokkurn tímann áður. Þetta er því ekki sérískenskt vandamál, síður en svo.

Höfum við ekki verið að reyna að berjast gegn þessu með ýmsum ráðum? Ég veit ekki betur. Ég minni á þáltill. sem við samþykktum á Alþingi vorið 1999 og hæstv. ráðherra vitnaði hér í áðan, mjög metnaðarfulla áætlun í fjórum flokkum þar sem í fyrsta lagi var gert ráð fyrir aðgerðum í atvinnumálum, í öðru lagi á sviði menntunar og menningar, í þriðja lagi til jöfnunar lífskjara og bættrar samkeppnisstöðu og loks bættri umgengni við landið.

Byggðastofnun hefur látið gera hlutlausa úttekt á því hvernig til tókst með framkvæmd þessarar áætlunar. Þar kemur fram m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að margt af því sem samþykkt er í þingsályktuninni hefur tekist vel, svo sem uppbygging fjarkennslu og símenntunarmiðstöðva, og verulega auknu fjármagni hefur verið varið til jöfnunar námskostnaðar og húshitunarkostnaðar." — Og enn fremur: „Fjármagn til atvinnuþróunarfélaganna hefur verið aukið úr 65 milljónum króna í 103 milljónir króna á ári, og á tímabilinu hafa verið veittar 900 milljónir króna til eignarhaldsfélaga. Þar að auki hafa útlán Byggðastofnunar aukist verulega á tímibilinu."

Svo ég vitni enn í þessa úttekt sem er mjög ítarleg, þá segir, með leyfi forseta:

„Atvinnulíf á landsbyggðinni þarf greiðan aðgang að lánsfé á sambærilegum kjörum og bjóðast á höfuðborgarsvæðinu ... Greinilegt er að á síðustu missirum hefur þörf fyirtækja á landsbyggðinni fyrir lánsfé vaxið hröðum skrefum í samræmi við breyttar áherslur viðskiptabankanna og það að Fiskveiðasjóður var lagður niður."

Við þetta vil ég bæta að Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður voru einnig lagðir niður, en allir þessir sjóðir voru öflugir lánasjóðir á landsbyggðinni og þess vegna þarf auðvitað að efla þá lánastarfsemi enn.

En hvað er það sem veldur því að fólki fækkar á landsbyggðinni þrátt fyrir vilja stjórnvalda til að snúa þessari þróun við? Byggðastofnun lét gera mjög ítarlega könnun á þessu fyrir örfáum árum. Stefán Ólafsson prófessor gerði mjög vandaða könnun sem sýndi að langmesti orsakavaldurinn er einhæfni atvinnulífsins og þá sérstaklega í minni sjávarplássunum. Fólk sættir sig ekki við svona einhæft atvinnulíf lengur eins og það gerði kannski fyrir einhverjum áratugum.

Annað sem við vitum öll sem þekkjum til á landsbyggðinni og vegur mjög þungt er framhaldsskólinn. Það er auðvitað stórmál hjá fólki að senda börnin frá sér 15–16 ára, bæði tilfinningalega og fjárhagslega og veldur því náttúrlega mjög oft að fólk tekur sig upp og flytur til stærri staða með börnunum sínum. Þetta vita allir.

Sá mikli samdráttur sem orðið hefur í landbúnaðinum hefur auðvitað áhrif. Við vitum að fækkað hefur um eitt kúabú á viku í háa herrans tíð. Verulegur samdráttur er í sauðfjárbúskap og miklar breytingar í sveitunum. Auðvitað hefur þetta leitt til mikillar fækkunar í sveitunum og það hefur ekkert komið í staðinn. Og annað sem er, að eftir að kvótinn í sveitunum fór að verða verðmætari getur yngra fólkið kannski ekki tekið við. Menn selja frá sér búin og kvótann og búunum fækkar og þau stækka. Þetta veldur vissulega miklum breytingum.

Það er eitt enn líka sem ég held að skipti miklu máli og er mikil breyting frá því sem var t.d. fyrir 20 árum að langskólamenntun hefur náttúrlega stóraukist. Stærstur hluti yngra fólksins fer í langskólanám sem það gerði ekki áður og það á kannski ekki afturkvæmt vegna þess að ekki eru störf fyrir það heima í byggðarlaginu þegar það er búið að læra. Og þó svo menn detti niður á gott starf úti á landi þá er það mjög algengt að störf vanti fyrir makann vegna þess að nú er það algengt að karlar og konur sæki langskólamenntun. Ég veit fjölmörg dæmi þess að annar aðilinn í hjónabandi hefur getað fengið gott starf úti á landi en ekki þegið það vegna þess að makinn hefur ekki getað fengið starf.

Kvótanum er oft kennt um og sagt að þessi kvótatilfærsla á landsbyggðinni hafi mikil áhrif. Ég er ekki sammála því að það sé stór áhrifavaldur. Ég er ekki sammála því vegna þess að nánast um allt land er fiskvinnslan að stærstum hluta borin uppi af útlendingum og ég sé ekki annað en það þyrfti fleiri útlendinga ef menn hefðu meiri fisk til að vinna úr. Á stöðum eins og Neskaupstað, Eskifirði, Vestmannaeyjum þar sem eru mjög glæsileg útgerðarfyrirtæki sem hafa fjárfest í stórum og glæsilegum skipum og eiga mikinn kvóta, hafa byggt upp öflug fiskiðjuver og verksmiðjur, þar fækkar samt fólki og þarf erlent vinnuafl til að vinna störfin þannig að þetta er ekki alveg eins einfalt og það sýnist. Það er auðvitað, eins og kom fram í skýrslu Stefáns Ólafssonar, einhæfni atvinnulífsins sem er sennilega stærsti orsakavaldurinn.

Byggðastofnun hefur verið að reyna með fulltingi stjórnvalda að bregðast við með ýmsum ráðum. Eins og kemur fram hér í skýrslunni hefur verið lögð mikil áhersla á atvinnuþróunarstarfið. Atvinnuþróunarstarfið hefur verið eflt stórkostlega á landsbyggðinni. Áður var þetta allt á forræði Byggðastofnunar í Reykjavík og var verið að drita milljón hér og milljón þar út á landsbyggðina með engum árangri. Nú er þetta alfarið á forræði heimamanna. Þeir fá þessa peninga. Það er eitt atvinnuþróunarfélag í hverjum landshluta. Þau hafa mörg gert mjög góða hluti og ég tel að þessi stefna sé hárrétt og hafi gefist vel.

Eignarhaldsfélögin hafa kannski ekki lánast eins vel vegna þess að þar þurfa heimamenn að koma með 60% á móti framlagi Byggðastofnunar. Það hefur því miður ekki tekist í öllum landshlutum að koma með það mótframlag þannig að verulegur hluti af því fé liggur ónotaður. Þar þurfum við auðvitað að hugsa upp nýjar leiðir hvernig við ætlum að koma þeim peningum í notkun þannig að þeir nýtist sem best á landsbyggðinni.

Við á landsbyggðinni verðum að nýta tækifærin. Við eigum stórkostleg tækifæri núna í stóriðjunni. Það fer ekkert á milli mála. Við sem þekkjum til hvaða áhrif uppbyggingin á Grundartanga hafði vitum hvað þetta skipti gríðarlega miklu máli, hvernig uppbyggingin á Grundartanga lyfti svæðinu, sveitunum sunnan Skarðsheiðar, Akranesi og Borgarnesi. Það hætti að fækka í þessum sveitum. Það fjölgaði á þéttbýlisstöðunum. Fólkið vinnur þarna í hundraða tali. Þetta eru ekki einhæf störf. Þetta eru alveg jafnt störf fyrir háskólamenntaða og tæknimenntaða, eldhússtörf, ræstingarstörf, störf fyrir bílstjóra og fleira og fleira fyrir utan fjölbreytta þjónustu við þessa stóriðju. Þess vegna er það fagnaðarefni að nú hillir undir uppbyggingu stóriðju í Reyðarfirði sem mun að sjálfsögðu lyfta svæðinu þegar þar koma 1.000 ný störf á svæði sem hingað til hefur verið í lægsta kanti hvað varðar atvinnutekjur manna og slík tækifæri verðum við að nýta.

Ásókn í lánsfé frá Byggðastofnun hefur aukist mjög mikið, m.a. vegna þess sem ég nefndi áðan, að lánasjóðirnir opinberu hafa verið lagðir niður. Mér finnst lánastarfsemi Byggðastofnunar oft ómaklega gagnrýnd. Menn tala oft um hana sem hálfgerða gjafastarfsemi og eitthvað í þeim dúr sem er auðvitað alrangt. Auðvitað verða þarna afföll eins og hjá öllum öðrum lánastofnunum. Þau ættu hugsanlega að vera meiri því að eðli þessarar lánastarfsemi er kannski í sumum tilfellum áhættulán. En ég er ekki viss um að það séu neitt meiri afföll þarna en annars staðar.

Af því að hér var að talað um okurvexti áðan þá er rétt að upplýsa að vextir af lánum Byggðastofnunar eru 7,7%.

Mig langar að nefna örfá dæmi sem eru uppi á borðinu og Byggðastofnun hefur verið að koma að að undanförnu og sem skipta gríðarlegu máli á landsbyggðinni. Ég nefni fyrst þá glæsilegu uppbyggingu sem nú á sér stað í viðskiptaháskólanum í Bifröst sem ég tel að sé eitthvert allra merkilegasta mál sem er í gangi á landsbyggðinni í dag. Það er verið að þrefalda þennan skóla. Aðsóknin er gríðarleg, miklu meiri en menn ráða við og þetta skiptir svæðið gríðarlega miklu máli. Við sáum hvaða áhrif Háskólinn á Akureyri hafði á Eyjafjarðarsvæðið. Alveg eins mun verða þarna og er reyndar þegar orðið að hluta til. Byggðastofnun er að liðka til fyrir þessu. Þetta er í fyrsta sinn sem Byggðastofnun kemur að uppbyggingu í skólamálum og ég held að það sé hið besta mál.

Það má minna á að fjöldi bænda er að fara út í raforkuframleiðslu. Það má minna á það líka að gríðarleg uppbygging hefur verið í ferðaþjónustunni sem Byggðastofnun hefur komið myndarlega að. Að vísu eru erfiðleikar hjá mörgum. Það hafa verið byggð hótel, ferðaþjónustur, veitingastaðir og fleira og fleira sem er auðvitað nauðsynlegt til þess að geta eflt ferðaþjónustuna á landsbyggðinni eins og við tölum alltaf um. Og þó að þetta hafi kannski í sumum tilfellum gengið erfiðlega þá er þó aðstaðan orðin til staðar og við erum sannfærð um að þetta á eftir að skila sér.

Það er verið að byggja upp fiskeldi víða um land. Byggðastofnun hefur komið myndarlega að uppbyggingu smábátaútgerðar í þeim landshlutum þar sem hún skiptir miklu máli og líka að stórútgerðinni, aðstoðað menn við að koma t.d. fullvinnslubúnaði um borð í skip þannig að þeir geti margfaldað aflaverðmæti sitt sem er hið besta mál. Byggðastofnun hefur líka komið að mjög myndarlegum framleiðslufyrirtækjum sem eru að framleiða fiskvinnslubúnað fyrir innanlandsmarkað og í stórum stíl til útflutnings. Fyrirtæki á Akranesi og Ísafirði hafa náð feiknarlega góðum árangri á því sviði. Minna má á byggingarfyrirtæki, röraframleiðslu, húseiningar, meðferðarheimili. Einhverjum þætti kannski óeðlilegt að Byggðastofnun komi að slíku en það er atvinnustarfsemi sem skiptir máli í sinni sveit og fleira mætti telja.

Ég minni líka á að Byggðastofnun greiddi fyrir sláturleyfishöfum í haust með því að ábyrgjast afurðalán þeirra þannig að þeir fengju betri kjör í bönkunum sínum og ég held að það hafi verið hið besta mál.

Ég er með yfirlit yfir lánveitingar Byggðastofnunar á síðasta ártug, 1991–2000. Það voru lánaðir tæpir 12 milljarðar, 7 milljarðar af því í sjávarútveginn, 1,8 í ferðaþjónustuna og 1,6 í iðnaðinn. Það er athyglisvert að 30% þessara lána fóru til Vestfjarða og 20% til Austfjarða sem segir auðvitað að þessi svæði, eins og við vitum náttúrlega, hafa átt í vök að verjast og þessar lánveitingar hafa væntanlega hjálpað mönnum að koma þarna upp atvinnustarfsemi sem máli skiptir.

Byggðastofnun var flutt norður í tveimur áföngum. Þróunarsviðið var flutt fyrir þremur árum. Það var spáð mjög illa fyrir þeim flutningi og okkur var sagt að ómögulegt yrði að manna þessa starsemi á Sauðárkróki með fólki sem hefði þá menntun sem til þyrfti. Það reyndist sem betur fer misskilningur og voru þrír eða fjórir umsækjendur að meðaltali um hvert starf og tókst vel að ráða í þau. Í framhaldinu var svo ráðist í að færa restina af starfseminni í sumar. Ég held að það takist ágætlega líka. Það eru auðvitað erfiðleikar á meðan þetta gengur yfir vegna þess að starfsfólkið hætti nánast allt. Aðeins einn af fyrrverandi starfsmönnum Byggðastofnunar flutti með norður, fjármálastjórinn, sem skipti að vísu mjög miklu máli. Hann er maður með mikla reynslu og þekkingu og hefur verið ómetnalegur í að skóla nýja menn. Það er auðvitað mikið átak að flytja stofnun milli landshluta, en ég held að þetta hafi verið rétt ákvörðun. Byggðastofnun á auðvitað heima úti á landi vegna þess að starfssvæði hennar er allt landið að höfuðborgarsvæðinu undanskildu og auðvitað á slík stofnun að vera úti á landi. Eins og ég segi, ég held að starfsemin sé að komast í ágætan gír eftir þennan flutning. Það var erfitt meðan á því stóð. Stofnunin hefur fengið öflugan forstjóra og hæft starfsfólk og er að komast í ágætan gír.

Gerð var viðhorfskönnun á afstöðu manna til Byggðastofnunar, þ.e. þeirra sem hafa átt samskipti við hana, fyrir líklega tveimur árum, og kom í ljós að almennt voru menn mjög ánægðir með samskiptin við stofnunina, þótti starfsfólkið lipurt og liðlegt og öll starfsemi hin ágætasta.

Oft er rætt um byggðakjarna sem lausn á vandamálinu og það er sjónarmið. Akureyri er öflugasti byggðakjarninn til mótvægis við Reykjavík og þar er heilmikill vísir að lítilli borg. Menn hafa nefnt aðra staði, Ísafjörð og Egilsstaði og allt eru þetta sjónarmið, en ég held samt að í þeirri umræðu megi ekki gleyma öðrum stöðum. Milli þessara staða, sem er langt á milli, eru öflug svæði. Ég tek t.d. Snæfellsnesið með sína 4–5 þúsund íbúa þar sem er mjög öflugt mannlíf og atvinnulíf. Ég nefni Skagafjörð sem er með 5 þúsund íbúa líka og Hornafjarðarsvæðið með sín nokkur þúsund þannig

að auðvitað má ekki gleyma þessum stöðum þegar menn tala um að efla einhverja þrjá kjarna á landsbyggðinni.

Það er eitt varðandi lánastarfsemina sem oft hefur verið mikið rætt og var mikið rætt þegar verið var að setja ný lög um Byggðastofnun fyrir líklega tveimur árum, þ.e. að sameina lánasjóði hins opinbera. Þá var talað um Byggðastofnun eða byggðasjóð og Lánasjóð landbúnaðarins, Ferðamálasjóð og einhverja fleiri slíka og ég tel að það sé eitthvað sem eigi að skoða. Ferðamálasjóður er mjög veikur. Það var reyndar rætt um það á þeim tíma að færa hann inn í Byggðastofnun sem ég tel að hefði verið eðlilegast. Því miður varð ekkert af því en sjálfsagt væri þessi lánastarfsemi öflugri og betur skilvirk ef hún væri öll undir einum hatti og ég tel að Byggðastofnun eigi að hafa með allar þessar lánveitingar að gera.

Verið er að smíða nýja byggðaáætlun eins og hér hefur komið fram. Hv. þm. Kristján Möller var að gera athugasemd við að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna kæmu þar ekki að verki. En ég get glatt hv. þm. með því að þar situr þverpólitískur hópur að verki og þar á meðal ágætur flokksbróðir hans, tillögugóður og ágætur maður. En ég tel að það sé afskaplega mikilvægt að vel takist til með þessa nýju byggðaáætlun og vonandi takist ekki verr til en síðast.

[17:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla Byggðastofnunar, reyndar fyrir árið 2000. Engu að síður hljótum við einnig að ræða um framkvæmd á byggðaáætlun allt til þessa tíma.

Það er vert í þessari umræðu fyrst að rifja upp hvað stendur í þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1999–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010."

Þetta er eitt af höfuðmarkmiðunum sem sett eru og síðan er útlistað hvernig eigi að ná þessum markmiðum.

Það er vert að staldra hér við. Hvernig hefur þetta nú tekist? Hvar á landsbyggðinni hefur náðst það markmið að fólki fjölgi um 10% ef litið er fram hjá höfuðborgarsvæðinu og nánasta umhverfi þess sem hefur teygt áhrifasvæði sitt og áhrif sín nokkuð út fyrir það sem áður hefur verið kallað hið hefðbundna höfuðborgarsvæði. Þar, herra forseti, hefur fólki nánast undantekningarlaust fækkað. Það er í besta falli á einstaka stöðum sem það stendur í stað en ef litið er til þess tíma sem hér er um fjallað þá hefur því fækkað. Á sumum landsvæðum, í sumum byggðarlögum, hefur því fækkað alveg geigvænlega þannig að varðandi þetta markmið sem þarna var sett, a.m.k. eins og staðan er í dag þá er svo fjarri því að við höfum nálgast það að vinna okkur svo langt.

Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga þegar verið er að meta þau áhrif og þann árangur sem náðst hefur. Ég er í sjálfu sér sammála að því leyti til hv. síðasta ræðumanni, Guðjóni Guðmundssyni, um að byggðamál og búsetumál eru ekkert einstæð fyrir Ísland. Þetta er verkefni allrar heimsbyggðarinnar, alls staðar. Þess vegna er mikill vandi að reyna að reka einhverja sértæka byggðastefnu sem ekki er beinn hluti af hinni almennu stefnu Alþingis og þjóðarinnar. Einmitt í stefnu Alþingis í heild sinni ræðst hvernig við deilum út kjörum, hvernig búið er að atvinnulífi, menningu, menntun og hvers konar öðrum undirstöðuatriðum mannlífs. Á vissan hátt getur því verið hættulegt fyrir stofnun eins og Alþingi og fyrir ráðuneytin, fyrir framkvæmdarvaldið, að ætla sér að fela aðeins einu sérstöku ráðuneyti og sérstakri undirstofnun það að fara með, stýra og standa vörð um áherslur í byggðamálum. Ég tek því undir það sjónarmið sem hér kom fram.

Ég vil líka vekja athygli á öðru sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson minntist á. Hann minntist á þetta umhverfi sem hefur breyst í þjónustumálum, í peningamálum, í lánamálum. Hann benti einmitt á lánasjóði sem áður voru til og höfðu hlutverk gagnvart atvinnuvegum þjóðarinnar, frumatvinnuvegum sem voru sterkir og byggðir upp vítt og breitt um landið, t.d. Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð, og eftir því sem ég gat skilið best í máli hv. þm. þá harmaði hann hvernig komið var fyrir þessum lánasjóðum sem áður voru til og höfðu hlutverk gagnvart þessum atvinnuvegum. Þá var aftur vikið að svari við því að þarna væri búið að afhenda þessa sjóði burtu, sem hv. þm. kom reyndar ekki inn á hver hefði gert, og svarið var að styrkja Byggðastofnun sem lánastofnun. Sömuleiðis stendur líka í þessari skýrslu sem við höfum til umfjöllunar, þ.e. í inngangi ársskýrslunnar, með leyfi forseta:

„Þá er því ekki að leyna að svo virðist sem bankarnir reyni að komast hjá því að veita há lán til langs tíma til fyrirtækja á smærri stöðum. Bankarnir hafa að vísu neitað þessum ásökunum en ásókn í lán frá Byggðastofnun hefur aukist verulega og það verður ekki einvörðungu skýrt með betri vaxtakjörum."

Neðar á þessari síðu er einmitt rakið líka að það markmið stofnunarinnar að styrkja svæðisbundin eignarhaldsfélög hefur heldur ekki gengið eftir vegna þess að heimaaðilar hafa ekki getað lagt fram mótframlög. Hvert eiga þessir heimaaðilar að sækja þessi mótframlög? Þeir hafa enga aðra staði til að sækja þau en í viðkomandi viðskiptabanka, bankastofnun í heimahéraði sínu. Og ætli það sé ekki þannig að viðkomandi viðskiptabanki setji þá afarkosti varðandi veð og arðsemiskröfur að þeim sem þarna eiga hlut að máli er ómögulegt að útvega þetta mótframlag. Sú umgjörð sem við erum hér að gagnrýna með beinum hætti er því ekki tilkomin af sjálfu sér. Hún er tilkomin vegna þeirra pólitísku aðgerða sem samþykktar eru á Alþingi.

Hæstv. iðnrh. nefndi það einmitt hér í ræðu eða andsvari að þrátt fyrir að ríkisbankarnir svokölluðu væru í meirihlutaeigu ríkisins og hæstv. ráðherra væri bankamálaráðherra væri svo búið um hnútana að þó að meiri hluti eignarhaldsins væri á hendi hæstv. ráðherra gæti hún engu ráðið um þessa stefnu. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Þetta er hluti af þeirri pólitísku stefnu sem rekin er hér á Alþingi og þá þýðir lítið fyrir Byggðastofnun að fara að vinna í því umhverfi að lagaumgjörð gangi þvert á þau verkefni og þá sýn sem henni er ætlað að vinna eftir. Við getum ekki, herra forseti, fært byggðamál og byggðaáætlanir út úr Alþingi og inn í litla byggðastofnun sem hefur síðan sem sinn höfuðóvin lagasetningu af hálfu Alþingis. Þetta held ég að sé eins gott að menn geri sér fulla grein fyrir í þessari umræðu og séu ekki að tala í ótal hringi.

Við skulum líka víkja að grein sem einmitt stendur í þessari skýrslu og er einn liður í því hvernig á að reyna að komast að þessari lagasetningu. Hér stendur í 16. lið um hvernig á að ná þeim markmiðum sem ég las í upphafi, með leyfi forseta:

„Lagt verði mat á kostnað samfélagsins vegna þeirrar búsetuþróunar sem orðið hefur frá árinu 1986. Byggða-

stofnun meti reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróun í landinu."

Þarf frekar vitnanna við? Þarna er einmitt dregið skýrt fram að höfuðvandi Byggðastofnunar eða byggðaaðgerða í að ná þessu markmiði sem hún setur fram er lagasetningar frá Alþingi, stjórnvaldsaðgerðir sem ganga þvert á þá stefnu sem henni er gert að vinna eftir. Hvernig ætli Byggðastofnun hafi tekist í sínu hálfgerða umkomuleysi gagnvart þessu gríðarlega valdi og valdbeitingu lagasetningar að fylgjast með þessu? Mér er ekki kunnugt um að fjárlagafrv. hafi farið til umsagnar hjá Byggðastofnun. Mér er ekki kunnugt um það, herra forseti, að sá bandormur um aðgerðir í ríkisfjármálum sem hér var til umfjöllunar hafi farið til umfjöllunar Byggðastofnunar.

En hvað er lagt til í þessum bandormi? Kannski er gott að rifja það upp. Í þessum bandormi er einmitt lagt til að hækka innritunargjöld, skólagjöld, hjá nemendum. Hjá hvaða nemendum á sérstaklega að hækka? Hafa menn velt fyrir sér hvaða áhrif það hefur? Sérstaklega skal leggja aukið gjald á nemendur sem stunda starfsnám, verknám, iðnnám og það á að vera leiðin fyrir þessa skóla til að fjármagna sig og þurfa minna fé frá ríkinu. Hvaðan ætli þessir nemendur komi sem á að skattleggja sérstaklega? Samkvæmt könnun sem Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands, gerði og birti í fyrra koma einmitt sjö af hverjum tíu nemendum í þessu námi af landsbyggðinni, sjö af hverjum tíu nemendum í starfsnámi, verknámi og iðnnámi — sem fara í slíkt nám — koma af landsbyggðinni. Og hverja er þarna verið að skattleggja? Ætli Byggðastofnun hafi fengið þetta frv. til meðhöndlunar sérstaklega? Nei. Ekki er mér kunnugt um það. Okkur er nær að líta í okkar eigin rann á Alþingi og athuga virkilega hvers konar lagasetningar við erum að gera hér og áhrif þeirra á byggð og búsetu og velferð í landinu sem við viljum stuðla að þannig að hér sé ekki hver að toga í annan.

Í Hagvísi Þjóðhagsstofnunar nú í nóvember er fjallað um tekjuþróun á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þar kemur fram að fyrir fimm árum voru tekjur svipaðar á Reykjavíkursvæðinu og á landsbyggðinni en árið 2000 voru tekjurnar 10% hærri á Reykjavíkursvæðinu en á landsbyggðinni. Bilið milli tekna íbúa í nágrannasveitarfélögunum og á landsbyggðinni hefur einnig breikkað.

Auk þessa hefur íbúum haldið áfram að fækka á landsbyggðinni þannig að geta sveitarfélaganna til að veita íbúunum þjónustu hefur skerst. Er þetta í samræmi við markmið byggðaáætlunar sem sett var hérna fram?

Þá hefur BSRB nýlega kynnt niðurstöður könnunar sem gerð var á hlutdeild sjúklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustunnar sem sýnir að sá kostnaður sem lendir á sjúklingum í þeim dæmum sem þar voru tekin fyrir hefur margfaldast á árunum 1990–2001. Og þótt þau dæmi sem þar eru tekin sýni að þessi hækkun er langmest á fyrri hluta þessa tímabils er hún áfram verulega há. Það sem er eftirtektarvert, og væri líka til athugunar fyrir Alþingi og fyrir Byggðastofnun, er að í öllum þeim dæmum sem þarna voru tekin er lyfjakostnaður, kostnaðurinn sem lendir á viðkomandi sjúklingi, 25–50% hærri úti á landi en hér á höfuðborgarsvæðinu. Ætli þetta hafi ekki sín áhrif?

Herra forseti. Fátt hefur meiri áhrif en einmitt fiskveiðistefnan. Það verður líka að taka hana með í reikninginn. Hvað segir um hana í úttekt Byggðastofnunar? Hún segir einmitt að þessi fiskveiðistefna sé alvarlegasta ógnunin við ákveðnar byggðir í landinu.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til gjörbreytta stefnu í fiskveiðimálum frá þeirri sem fylgt er því það er grunnurinn. Við leggjum áherslu á að menntun úti um allt land, menntun í dreifbýli, sé efld og það sé gert að höfuðmarkmiði að ungt fólk geti sótt nám heiman að frá sér a.m.k. til 18 ára aldurs og þannig verði öll menntun í viðkomandi byggðum styrkt, virðulegi forseti.

[17:38]

Útbýting þingskjala:

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 529; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 530.

Ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum, 309. mál, svar menntmrh., þskj. 467.

[17:38]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem kallaði mig upp í ræðustólinn var það að hv. þm. sagðist hafa skilið mig þannig að ég harmaði það að lánasjóður hins opinbera hefði verið lagður niður. Ég sagði það ekki. Ég benti hins vegar á að það hefði breytt talsverðu fyrir lánastarfsemina á landsbyggðinni þegar Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður voru lagðir niður en ég held að ég hafi samþykkt þessa breytingu á sínum tíma. Það sem ég var einungis að benda á er að það reynir meira á lánastarfsemi Byggðastofnunar eftir að þessir sjóðir voru aflagðir.

Ég benti líka á að á þremur árum hafa lánveitingar Byggðastofnunar tvöfaldast og ég minntist líka á að ég teldi að það ætti enn að auka þær og að það mundi styrkja lánastarfsemina að setja alla þessa lánasjóði undir einn hatt, þ.e. Byggðasjóð, Lánastofnun landbúnaðarins, Ferðamálasjóð og jafnvel fleiri. Ég var hreint ekki að harma það að þessir ríkissjóðir, Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður, hefðu verið lagðir af. Ég var einungis að benda á þá breytingu sem það hefði í för með sér.

Hv. þm. nefnir fiskveiðistefnuna. Víðast hvar í sjávarplássunum er uppistaðan í atvinnulífinu erlent vinnuafl þannig að ég hef efasemdir um að fiskveiðistefnan sé stóri orsakavaldurinn í búferlaflutningum af landsbyggðinni án þess að ég vilji vera með neinar alhæfingar. Ég ítreka það sem ég sagði áðan um fiskveiðistefnuna.

Hv. þm. nefndi hækkun skólagjalda og fór hörðum orðum um hana. Honum er sjálfsagt kunnugt um það, hv. þm., að það var aðeins verið að laga þau að verðlagshækkunum, þar var engin raunhækkun á ferðinni. Ég minni á það líka að jöfnun námskostnaðar hefur náttúrlega verið alveg stórkostleg á síðustu tveim, þrem árum. Framlög til þeirra mála hafa verið tvöfölduð.

Hv. þm. nefndi það síðan að menn ættu ekki að tala í ótal hringi. Ég tek fram að ég tek það ekki til mín. Ég býst við að hann hafi átt við einhvern annan því að ég held að ég hafi talað nokkuð skýrt.

[17:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Forseti. Fyrst varðandi einhæfnina og stöðuna í sjávarbyggðunum, það er alveg hárrétt að einhæfnin í sjálfu sér getur verið alvarlegt mál. En óvissan sem fólkið býr við í sjávarbyggðunum sem ekki hefur vald á því hvort bátarnir róa frá þeirri höfn eða ekki er náttúrlega það alversta. Þegar menn ætla að fara að ráða bug á einhæfninni byrja þeir ekki

á því að eyða eða veikja þá atvinnuvegi sem fyrir hendi eru. Það er ekki fyrsta skrefið til að vinna bug á einhæfninni og það er það alvarlega sem er að gerast.

Varðandi lánasjóðina langar mig að spyrja hv. þm. Guðjón Guðmundsson þegar hann kemur upp í seinna andsvari sínu: Er hann ekkert hræddur um að þegar búið væri að sameina þessa sjóði sem hann taldi upp, Lánasjóð landbúnaðarins, Ferðamálasjóð og jafnvel lánasjóð Byggðastofnunar, í einn að þá væri komið kjörið tækifæri til að selja hann? Er hann þá ekki að búa til nákvæmlega sama feril og Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður fóru í gegnum sem var bara undirbúningur að því að selja þá?

Einnig af því að hv. þm. minnist á að Byggðastofnun eigi að vera ný lánastofnun — er ekki best að taka Búnaðarbankann og gera hann að lánastofnun byggðanna í staðinn fyrir að vera að búa til nýjan banka úr Byggðasjóði? Væri þetta ekki miklu skynsamlegra og mundi það ekki hafa miklu meiri og sterkari áhrif úti um landið? Þetta væri að minnsta kosti tillaga sem mér fyndist afar vert að skoða.

[17:43]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er, eins og ég vitnaði til í skýrslu Stefáns Ólafssonar, einhæfni atvinnulífsins sem stendur upp úr sem orsakavaldur fyrir búferlaflutningum. Ég man að þegar stjórn Byggðastofnunar heimsótti Austurland var okkur sagt að fólk væri að flytja frá fjörðunum, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði og víðar þar sem var gríðarleg atvinna, mikil uppbygging og miklar tekjur, upp á Egilsstaði í kannski miklu lægri laun. Þar var hins vegar meiri fjölbreytni í atvinnulífinu, stöðugri vinnutími, skólar, sjúkrahús og það sem fólk vill hafa við höndina þannig að það er svo margt sem skiptir máli. Ég held líka, eins og ég nefndi áðan, að sú mikla breyting sem hefur orðið við það að unga fólkið sækir sér að stærstum hluta langskólamenntun hafi mikið að segja og eins þetta með framhaldsskólann sem ég nefndi áðan, fólk fer með börnunum sínum. Það vill ekki senda þau frá sér 15–16 ára gömul. Það er margt slíkt sem spilar inn í þetta, eins náttúrlega samdrátturinn í landbúnaðinum. Ég er þess vegna ekki endilega sammála því að kvótinn sé stóri orsakavaldurinn. Ég hef miklar efasemdir um það vegna þess að hinn almenni Íslendingur virðist ekki lengur vilja vinna í fiski hvernig sem á því stendur. Við flytjum inn Pólverja í hundruða- og þúsundavís til að vinna þessi störf, mikið ágætis fólk. Svona er komið fyrir okkur.

Ég er ekkert hræddur við að sá sjóður yrði endilega seldur sem þessir lánasjóðir okkar sameinuðust hugsanlega í. Þetta hefur oft komið upp áður og ég og fleiri höfum viljað skoða það hvort ekki sé betri nýting á öllu þessu opinbera sjóðafargani okkar að hafa það allt undir einum hatti. Ég hef verið þeirrar skoðunar að Byggðastofnun ætti að hafa þetta allt undir sínu þaki. Hvort Búnaðarbankinn á að koma inn í þetta bix — eins og hæstv. ráðherra benti á áðan er hann orðinn hlutafélag sem við ráðum ekki yfir lengur þannig að ég held að það sé ekki inni í myndinni.

[17:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar bara að leiðrétta lokaatriðið í ræðu hv. þm. Búnaðarbankinn starfar samkvæmt lögum og það er minnsta mál að breyta lögum og koma þeim aftur í eðlilegri og réttlátari farveg. Alþingi getur hæglega rétt kúrsinn.

Að öðru leyti tek ég undir með hv. þm. um mikilvægi menntunar og skólagöngu. Ég held að eitt mesta átaksmálið í byggðamálum á Íslandi sé að efla og styrkja menntun á landsbyggðinni. Það ber að gera stórátak í því og þingflokkur Vinstri hreyfingar – græns framboðs hefur bent á að það sé eitt af stærstu byggðamálunum, þ.e. að byggja upp framhaldsmenntun sem allra víðast í landinu sem fólk geti sótt heiman að frá sér daglega. Það mundi jafnframt styrkja aðra menntun, endurmenntun, símenntun og gefa möguleika á háskólanámi og tæknínámi í fjarnámi. Grundvöllur þess að styrkja byggð er fólginn í að styrkja menntun. Þar má gera miklu betur heldur en hingað til hefur verið gert úti á landi í staðinn fyrir þessa miðstýrðu stefnu sem við nú höfum í menntamálum, að safna öllum skólum hingað á höfuðborgarsvæðið og að hingað eigi nemendur að sækja námið.

Það er virðingarvert að dreifbýlisstyrkir skuli vera hækkaðir, þ.e. styrkir til að sækja nám fjarri heimili sínu. En hækkanirnar sem þetta unga fólk sem kemur hingað á Reykjavíkursvæðið verður að taka á sig, hækkun á húsaleigu og öllum dvalarkostnaði, er miklu meiri en sú hækkun sem orðið hefur á dvalarstyrkjum sem þessir nemendur hafa átt aðgang að, auk þess sem slík skerðing á fjölskyldulífi er náttúrlega líka stórmál.

[17:47]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði er einmitt lóðið. Það sem mestu máli skiptir er stefna ríkisstjórnarinnar og stefna Alþingis. Stefna okkar er mjög skýr. Afar mikið hefur verið gert, unnið er að lækkun skatta á fyrirtæki sem hlýtur að koma öllum vel. Ég trúi heldur ekki öðru en að hv. þm. deili með mér að stefna okkar í stóriðjumálum sé eitt allra mesta byggðamál sem við getum farið í.

Í samgöngum hefur verið gert stórátak á síðustu árum. Unnið hefur verið að jöfnun námskostnaðar og fjarkennsla hefur verið efld verulega. Núna eru æðimargir í fjarnámi. Samkvæmt svari hæstv. menntmrh. við fyrirspurn hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar eru skráðir nemendur til náms með fjarkennslusniði í framhaldsskólum 1.051 og 1.101 í háskólann á haustönn 2001. Ég hygg að flestir þeir sem slíkt nám stunda séu utan af landi. Nemendum í fjarnámi hefur fjölgað um 694 á milli áranna eða um rúmlega 47%.

Eitt af því sem hv. þm. nefndi var að það ættu ekki að vera neinar sértækar aðgerðir í byggðamálum. Er hann þá á móti því að fé sé lagt í atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni í gegnum atvinnuþróunarfélögin og eignarhaldsfélögin?

Varðandi það að gera Búnaðarbankann að einum ríkisbanka. Hvað ætlar hv. þm. að gera við hluthafana sem eiga í bönkunum? Ætlar hann að taka yfir eignir þeirra?

[17:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði að stefna Sjálfstfl. væri skýr. (**DrH:** Stefna ríkisstjórnarinnar.) Stefna ríkisstjórnarinnar. Já, Framsfl. er nú bara hluti af þessu. (Gripið fram í.) Ég er alveg klár á því að hún er skýr. Hún er skýr og birtist m.a. í áherslunum í skattamálum og í áherslunni á að koma á innritunargjöldum og hækka skólagjöld á nemendur, sem mun bitna harðast á nemendum sem koma úr dreifbýli.

Stefnan er bráðskýr. Hún birtist í því að selja Landssímann, einkavæða og selja Landssímann sem getur verið eitt öflugasta tækið til þess að styrkja og jafna búsetuskilyrði út um land. Fyrirtækið skilaði milljörðum kr. í arð í ríkissjóð á ári hverju, fyrir utan það að hafa styrk og möguleika á að tryggja fjarskipti, gagnaflutninga og jafna aðgengi að þeim um allt land. En það þykir sjálfsagt að selja hann þannig að þetta er alveg skýrt. Sala Landssímans er kannski ein versta byggðaaðgerð sem hin skýra stefna ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. hefur leitt af sér.

Varðandi einhæfni í atvinnumálum er það alveg rétt að við höfum náttúrlega þurft að búa við vissa einhæfni. Nú þegar harðnar á dalnum í nýja hagkerfinu styðjumst við við sjávarútveginn. Ég kem í seinna andsvari mínu, herra forseti, að öðrum atriðum sem hv. þm. minntist á.

[17:51]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. svaraði ekki spurningum mínum. Hann svaraði ekki spurningum mínum um stóriðjumálin, hann svaraði ekki spurningum mínum um sértækar aðgerðir á landsbyggðinni varðandi eignarhaldsfélögin. Hann svaraði mér ekki um hvað hann ætlaði að gera við þá hluthafa sem eiga í Búnaðarbankanum. Ætlar hann að fara þar í eignaupptöku? Það væri alveg eftir þessum ríkishugsunarmanni, hv. þm. Jóni Bjarnasyni, sem vill hafa ríkiseinokun á öllum sköpuðum hlutum.

Hann ræddi líka áðan um hækkun á húsaleigu. Fólk hefur rétt á húsaleigubótum. Þær eru núna skattlausar þannig að ýmislegt hefur verið gert til að létta fólkið lífið. Ég vara hv. þm. Jón Bjarnason við því að tala svo neikvætt um landsbyggðina. Landsbyggðin þarf síst á því að halda. Við þurfum að fjalla um þau málefni af jákvæðni og vera upplitsdjörf til þess að okkur gangi vel. Okkur mundi ekki ganga vel ef hv. þm. Jón Bjarnason væri í ríkisstjórn Íslands.

[17:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir ábendinguna. Ég vona að þetta gerist sem allra fyrst, að við komumst í ríkisstjórn Íslands eins og hv. þm. er mjög eindregið að leggja til að því er mér skildist. (**HBl:** Láttu nú samt ekki þá tilhugsun spilla jólunum.) Virðulegur forseti sleppur ábyggilega við það.

En snúum okkur aðeins að þessari einhæfni. (**DrH:** Svaraðu mér nú þessum spurningum sem ég lagði fyrir þig.) Svo við snúum okkur að einhæfninni. Er gæfulegt að verja yfirgnæfandi hluta af raforku sinni í eina atvinnugrein? Er gæfulegt að verja stórum hluta af fjármagni landsins til næstu ára og áratuga í eina atvinnugrein? Gangi þau áform eftir sem mér virðist hv. þm. lofa og prísa þá yrði meginhluti, kannski 60–70% af framleiðslu landsins ál. Hugsið ykkur þær efnahagssveiflur sem við værum þá bundin. Sú atvinnustefna sem felst í þessum stóriðjudraumum gengur út á að ráðstafa orkunni til einnar atvinnugreinar, meginhluta íslenskrar raforku til einnar atvinnugreinar sem er mjög háð sveiflum á markaði. Til stendur að ráðstafa meginhluta af fjármagni þjóðarinnar, mörg hundruð millj. í eina atvinnugrein. Það er óskynsamlegt og treystir ekki byggð í landinu og er fullkomin tálsýn að ætla að treysta á það. (**DrH:** Um allt land.)

En það er einmitt nauðsynlegt að hafa jákvæða sýn en ekki blekkingasýn eins og ríkisstjórnin hefur. Hún lifir í vissri sjálfsblekkingu þegar kemur að atvinnu- og byggðamálum, sem nauðsynlegt er að rétta við.

[17:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér fer fram umræða ágæt um byggðamál á landinu, þ.e. um störf Byggðastofnunar. Ýmislegt hefur auðvitað blandast inn í þessa umræðu sem eðlilegt er. Hún snýr almennt að atvinnumálum á landsbyggðinni og búsetuþróun.

Vitanlega er hægt að velta þessu fyrir sér frá ýmsum hliðum en í meginatriðum má kannski segja að þau atvinnutækifæri sem orðið hafa til á landinu á undanförnum árum hafa flestöll gefist á suðvesturhorni landsins. Það er bara hinn kaldi veruleiki, því miður. Upplýsingar sem m.a. hafa verið unnar fyrir Byggðastofnun í ritinu Sjávarútvegur og landbúnaður, áhrif á búsetuþróun sýna mjög vel hvaða þróun hefur orðið á landinu að undanförnu, frá árunum 1996–2000 sem hér eru tekin fyrir. Störfum er að fjölga í opinberri starfsemi. Þeim hefur fjölgað um tæplega 1.400 á þessu árabili. Það er auðvitað vitað að langflest þessi störf verða til hér á suðvesturhorni landsins, einkum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Síðan hefur störfum í ferðaþjónustu fjölgað svipað og einnig þeim störfum hefur fjölgað mest á suðvesturhorninu, þó ferðaþjónustan hafi vissulega verið að sækja í sig veðrið víða um land sem betur fer og vonandi mun hún eflast í náinni framtíð.

Ýmis þjónusta hefur jafnframt verið að auka sinn hlut en hún hefur ekki aukist á landsbyggðinni. Hún hefur vaxið hér á suðvesturhorni landsins. Störfum í byggingariðnaði hefur verið að fjölga um 2.200 á þessu tímabili. Það er fyrst og fremst á suðvesturhorni landsins.

Í nýlegu svari sem sem lagt var fram á Alþingi við fyrirspurn hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar, ef ég man rétt, um lánveitingar í húsnæðiskerfinu, sýndi samantektin að yfir 90% af lánum voru til íbúðabygginga á Stór-Reykjavíkursvæðinu og suðvesturhorninu. Því miður hafa í mörgum byggðum úti á landi ekki verið byggð hús árum saman. Þar hefur sú starfsemi auðvitað dregist saman og störfum í byggingariðnaði fækkað á landsbyggðinni.

Hvar hefur iðnaður byggst upp fram að þessu? Hann hefur fyrst og fremst byggst upp á suðvesturhorni landsins. Hér hafa orðið til tæplega 2.700 störf á þessu árabili, frá 1996–2000. Í verslun hafa orðið til 2.800 störf. Þau hafa líka að langmestu leyti orðið til á suðvesturhorni landsins. Nýlegasta dæmið um það er Smáralindin.

Störfum í fiskveiðum, landbúnaði og fiskiðnaði hefur hins vegar fækkað. Það eru þau störf sem landsbyggðin hefur byggt á að stórum hluta. Það er ekkert launungarmál að sjávarbyggðirnar urðu til, þar sem þær eru, vegna þess að þaðan er hægt að sækja sjó og afla fiskjar. En störfum við fiskveiðar hefur fækkað um 900 á þessu árabili.

Það er einkum tvennt að mínu viti sem veldur því. Í fyrsta lagi er það svo að við, íslenska þjóðin, höfum ekki náð neinum árangri við að byggja upp hina almennu botnfiskstofna, engum árangri. Við erum búnir að vera með kvótastýrt fiskveiðistjórnarkerfi síðan 1984. Því var ætlað að byggja upp fiskstofnana og efla trausta atvinnu og byggð í landinu. Það er meginstoð í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Það er auðvitað ekki hægt að draga neina fjöður yfir það að þetta hefur ekki tekist. Afli okkar hefur farið minnkandi. Okkur hefur tekist að halda í horfinu varðandi uppsjávarstofnana, loðnu og síld. Við vorum að vísu lengi að byggja upp síldarstofninn eftir að hann hrundi á árunum 1960–1970 og stunduðum ekki

síldveiðar hér við land úr íslenskum síldarstofni í fjölda ára. Nú síðari árin hefur leyfð veiði á síld verið 100–120 þúsund tonn þó að reyndin hafi verið sú á undanförnum vertíðum og horfur á þessari vertíð séu þannig að litlar líkur séu til þess að við veiðum það aflamagn hverju sem þar er nú um að kenna, hvort eitthvað er að gerast í síldarstofninum eða hann sé einfaldlega ekki eins stór og menn ætluðu. Ég skal ekkert um það segja. Einnig hafa lífsskilyrði í hafinu umhverfis Ísland breyst mjög á síðustu fimm árum þar sem sjór hefur verulega hlýnað og hegðun síldarinnar við landið hefur breyst. Þar af leiðandi hefur verið erfiðara að veiða uppsjávarfiska.

En varðandi almennu botnfiskstegundirnar þá vantar okkur nokkur hundruð þúsund tonn, alla vega um 200 þúsund tonn í botnfiskveiðina svo að við séum að veiða þar eitthvað sambærilegt og við vorum að gera í hálfa öld áður en við settum á kvótakerfið. Það er auðvitað dapurlegt til þess að vita að sú verndun og uppbygging sem menn ætluðu að ná fram með stjórn fiskveiða hefur ekki tekist og það er eitt af stóru vandamálum landsbyggðarinnar þar sem sjávarbyggðirnar hafa að langmestum hluta lifað af því að veiða og vinna botnfiska, tegundir eins og þorsk, ýsu, ufsa, skarkola, karfa og fleiri. Þar hefur bæði aflinn dregist saman og síðan höfum við tekið upp fiskveiðistjórnarkerfi með framseljanlegum veiðiheimildum og það er ekkert launungarmál, það vita allir sem vilja vita að tilfærsla á aflaheimildum hefur valdið verulegri búseturöskun og verulegri tekjuminnkun á mörgum svæðum landsins. Hægt er að vitna til margra dæma þar en ég hygg að í því sambandi sé alveg nóg að vitna til Vestfjarða, þaðan sem stór hluti aflaheimilda í hinu almenna botnfiskveiðikerfi hefur farið og tilheyrandi störf á skipaflotanum og við úrvinnslu aflans hafa horfið sem því nemur. Þetta er allt til í skýrslum og búið að margvinna upp og sýna mönnum fram á og þarf ekki annað en fletta þeim og vitna í þær til þess að draga það fram.

Það er líka staðreynd sem rétt er að draga fram að meðallaun við fiskveiðar hafa heldur dregist saman. Miðað við að meðaltal launa samtals á landinu 1988 væri 100, þá voru laun við fiskveiðar 190,1% en höfðu á 10 árum fram til 1988 lækkað úr 191% niður í 160% miðað við landsmeðaltal þannig að tekjurnar hafa verið að dragast saman og það er auðvitað bein afleiðing af því að við höfum verið að veiða minna, minni botnfiskafla. Síðan bætist það við að nú um stundir er það stefna stjórnvalda að setja alla smábáta landsins inn í kvótakerfið. Það þýðir eitt og sér að störfum muni enn fækka á landsbyggðinni og mun leiða til þess að byggðirnar veikjast enn frekar. Það eru líka til skýrslur um þá þróun svo ekki þurfa menn að vera að búa til neitt í þeim efnum. Dregið hefur verið fram í skýrslu sem unnin var af Byggðastofnun vegna áhrifa kvótasetningar og aukategunda hjá krókabátum á Vestfjörðum, að miðað við samdrátt í afla til vinnslu upp á 6.200 tonn af slægðum afla vegna kvótasetningar á ýsu, steinbít og ufsa má gera ráð fyrir að ársverkum í landvinnslu á Vestfjörðum fækki um 93 störf sé miðað við upplýsingar frá samtökum fiskvinnslustöðva. Ef teknar eru upplýsingar frá Landssambandi smábátaeigenda sem þeir hafa tekið saman um hvaða áhrif þetta hefði beint á útgerðina á þessu landsvæði, þá hafa þeir gert á því könnun og komast að þeirri niðurstöðu að störfum í smábátaútgerð á Vestfjörðum muni fækka um 160–200 vegna þessara sömu atriða, kvótasetningar á ýsu, steinbít og ufsa.

Það er rétt að taka fram þegar farið er með þessar tölur að þær voru unnar upp miðað við þá stöðu að ekki hefði verið bætt inn í þá potta sem stjórnarmeirihlutinn hefur lagt fram á Alþingi og var að birtast hér í dag að bætt yrði í þá kvótapotta, þannig að sá samdráttur sem hér er lýst verður kannski ekki eins hrikalegur og hann er settur fram. En eftir sem áður er alveg ljóst að stjórnvöld í landinu standa fyrir stefnumótun gagnvart byggðum landsins sem rífur undan þeim kjölfestuna. Og maður hlýtur að spyrja á sama tíma og menn eru að baksast við að reka byggðastefnu með fögrum samþykktum Alþingis um hvernig beri að standa að því og hvað megi verða til þess að byggja upp byggðir landsins til framtíðar. Þar eru nefnd ýmis atriði eins og menntun, nýsköpun, fjarkennsla og ferðamannaiðnaður og ýmislegt fleira, allt gott um það að segja. En ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki hvers vegna ríkisstjórnin keyrir þessa stefnu fram varðandi smábátana þegar fyrirséð er hvaða áhrif það muni hafa á byggðir landsins. Mér er alveg fyrirmunað að skilja það hvers vegna menn eru að baksast við að koma einu og einu starfi út á land í hinum og þessum greinum, sem er allt út af fyrir sig alveg prýðilegt, en á sama tíma eru menn að rífa niður atvinnustarfsemi sem hefur skapað tugi og hundruð starfa í viðkomandi landshlutum.

Þessi framkoma minnir mig mjög svo, hæstv. byggðamálaráðherra, á framkomu persónu sem var í sjónvarpinu fyrir nokkrum árum og var kölluð Ragnar Reykás, sem ýmist var að koma eða fara, var ýmist með eða móti. Ég verð að viðurkenna að mér sárnar að fólk skuli vinna á byggðum landsins með þeim hætti sem verið er að gera í dag og menn eigi síðan að hamast við það næstu tíu árin að reyna hugsanlega að hífa það upp sem verið er að taka af þeim í dag.

Við getum auðvitað spurt okkur að því hvort tíðarfar t.d. hér á landi á þessu hausti hafi verið með þeim gæðum að smábátarnir hafi verið að ganga af fiskstofnunum dauðum, hvort það sé sérstök ástæða til að halda þeim í verulegu hafti umfram það sem náttúrufar býður upp á af og til. Það koma auðvitað ár þegar mönnum gengur vel en það koma líka því miður ár þegar mönnum gengur illa að fiska frá ströndinni á smærri skipum.

[18:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. ræddi mjög um sjávarútvegsmál og fiskveiðistjórnun eins og oft áður (**GAK:** Það er mitt áhugamál.) og ekkert nema gott um það að segja. En ég held að hv. þm. verði að taka það með í reikninginn að ástæður þess að farið er út í breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu núna eru þær að við fengum á okkur dóm sem við getum ekki horft fram hjá og hv. þm. hlýtur að viðurkenna og taka það með í reikninginn þegar hann hefur yfir stór orð um þær breytingar sem nú er verið að gera á stjórn fiskveiða.

Þegar hv. þm. talar á þann hátt að stjórnvöld standi fyrir aðgerðum sem veiki byggðirnar með annarri hendinni og með hinni séu stjórnvöld að reyna að flytja störf út á land, þá held ég að hv. þm. verði að taka það með í reikninginn að þessi störf eru ekki að færast af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins í sambandi við fiskveiðar. Hann taldi upp margar greinar þar sem fjölgun á sér stað í störfum á höfuðborgarsvæðinu og það er sjálfsagt allt saman rétt en þetta held ég að hv. þm. hljóti að viðurkenna og taka með í reikninginn þegar hann hefur hér stór orð.

Það er þannig með byggðamálin að í rauninni þurfum við að líta á þau tvíþætt. Við þurfum að huga að því að gera Ísland byggilegt og við þurfum líka að huga að því að gera

landið allt byggilegt. Við getum ekki horft fram hjá því að það sem ég nefndi fyrr skiptir líka máli. Þetta hljóta öll ábyrg stjórnvöld að hafa í huga og reyna að hafa víðsýni til þess að huga að hvoru tveggja vegna þess að við vorum farin að missa fólk úr landi áður en þessi ríkisstjórn virkilega tók á málum.

[18:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vitnaði óbeinum orðum að ég hygg til svokallaðs Valdimarsdóms um að það bæri að stýra fiskveiðum með kvótakerfi. Ég er algerlega ósammála ráðherranum um að Valdimarsdómurinn hafi skikkað það að stýra bæri fiskveiðum með kvótakerfi. Hann eingöngu sagði að það bæri ekki nauðsyn til þess úr því að menn væru með skömmtunarkerfi á hinum stærri skipum í gegnum kvótakerfi að meina mönnum aðgang að veiðileyfi. Þeir gætu sem sagt keypt skip en yrðu síðan að nálgast aflaheimildirnar eftir öðrum aðferðum.

Um þetta liggja einnig fyrir samantektir af löglærðum mönnum, sennilega þeim sem stjórnvöld hafa oftast leitað til um ýmsa úrskurði eða skýrslur um hvernig eigi að skilja lög hér á landi, sem var unnið fyrir Landssamband smábátaeigenda, þar sem menn komust að allt annarri niðurstöðu en hæstv. ráðherra var að tjá hér. Þar segir skýrt að það sé ekkert sem meini mönnum að stýra fiskveiðum smábátaflotans með sóknarstýrðu kerfi. Enda gátu menn hæglega fært inn í sóknarstýrt kerfi smábátanna stýringar sem hefðu orðið til þess að draga úr afla á ákveðnum fisktegundum ef það var eini tilgangurinn.

Um að störf færist ekki af landsbyggðinni til Reykjavíkur — ég fæ ekki alveg skilið þau rök ráðherrans. Ég veit ekki annað en að sífellt sé verið að loka m.a. þjónustustofnunum úti á landi vegna þess að fækkað hefur þar og minni umsetning er. Það er verið að færa störf inn á Reykjavíkursvæðið. Ég veit ekki annað en öll störf í byggingariðnað hafi orðið til á Reykjavíkursvæðinu og lánveitingar til þess. Hvaða fyrirgreiðsla er það?

[18:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hv. þm. var með útúrsnúninga að mér fannst í sambandi við orð mín um störf í sjávarútvegi. Þau hafa ekki verið að flytjast á höfuðborgarsvæði, það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Þau hafa hins vegar færst til á landsbyggðinni og ég geri mér fulla grein fyrir því að það veldur erfiðleikum, og það eru erfiðleikar sem þarf að taka á, en það er ekki þannig að stjórnvöld eigi að mínu mati að koma málum þannig fyrir að kvóti sé óhreyfanlegur frá einum stað til annars. Við getum ekki horft fram hjá því að um ákveðna markaðshugsun er að ræða og markaðskerfi í sjávarútveginum og það hefur þær afleiðingar að heimildir færast til. En þá þarf líka að hafa úrræði fyrir þá staði þar sem fiskveiðar hafa dregist mjög saman. Í tillögunum sem liggja fyrir hjá meiri hluta þeirrar nefndar sem var að störfum á vegum sjútvrh. eru svo sannarlega tillögur í þá átt að það verði gert.

Ég skal viðurkenna — og hv. þm. skildi það rétt — að ég var að tala um Valdimarsdóminn. Hann getur verið ósáttur við þann dóm en ég fullyrði að hann þýðir það sem hv. þm. sagði, að stjórna beri fiskveiðum með kvótakerfi. Það eru til álit sem segja annað en ég segi: Þau álit sem styrkja það og taka undir að þetta sé niðurstaða dómsins eru þau álit sem ég tek mark á.

[18:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg sama hvað það er sem hæstv. ráðherra vill endilega taka mark á. Það er hennar skoðun og ég ætla ekki að gera neitt lítið úr því að hún hafi þá skoðun og þá trú. Það hafa allir leyfi til þess að hafa sína trú. Ef ráðherrann trúir því að Hæstiréttur í þessu landi hafi sagt það með Valdimarsdómnum að hér á landi yrði framvegis eingöngu að stjórna fiskveiðum með kvótakerfi er það alveg ný trú fyrir mér. Ég hef ekki heyrt þessa útleggingu af Valdimarsdómnum áður. Hún kemur á óvart.

Hæstv. ráðherra sagði einnig að kvóti væri hreyfanlegur og að hann yrði að fá að vera hreyfanlegur. Þá vil ég spyrja: Í byggð á norðausturhorni landsins er fiskur sem veiddur er úti fyrir ströndinni almennt 2–2 1/2 kíló og verðleggst í samræmi við það og fiskur við suðvesturhornið er 5 kíló en ef kvótinn á að vera hreyfanlegur og framseljanlegur, hvernig ætlar ráðherrann þá að tryggja að í framtíðinni verði yfirleitt veiddur fiskur á norðausturhorni landsins þegar leigukerfið býður upp á að það kostar 150 kr. að leigja hvert einasta kíló af óveiddum fiski, sama hvort hann er 2 kíló, 3 kíló eða 6 kíló? Hvernig ætla menn að útfæra það?

Hún sagðist hafa sagt hér áðan að það yrði að finna úrræði til þess. Ég vil fá svör við því hvaða úrræði það eiga að vera. Þau svör sem hingað til hafa komið duga ekki.

[18:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar kom fram að sjávarútvegur skiptir alveg gífurlega miklu máli á landsbyggðinni og um það erum við hjartanlega sammála. Hann skiptir gífurlega miklu máli. Það sem kom mér á óvart var afstaða hans til annarra atvinnugreina og þess sem ríkisvaldið er að vinna að til að byggja upp aðrar atvinnugreinar á landsbyggðinni.

Í máli manna hefur komið fram að einhæfni atvinnulífsins er hvað mesti hvatinn að flutningum fólks af landsbyggðinni og það þýðir auðvitað að við verðum að vinna að meiri fjölbreytni. Það hefur svo sannarlega verið gert og kemur margt þar inn í sem menn hafa verið að vinna að, bæði ríkisvaldið, einstök ráðuneyti, Byggðastofnun með stefnu sinni og lánastarfsemi og svo vil ég einnig draga fram þátt atvinnuþróunarfélaganna.

Ég tel að eitt af því merkilegra sem hefur verið að gerast á undanförnum árum í byggðamálum sé uppbygging atvinnuþróunarfélaganna og ég er alveg viss um að hv. þm. þekkir frá Vestfjörðum að þau skipta gífurlega miklu máli í uppbyggingu atvinnulífs. Þar hefur safnast saman mikill þekkingarbrunnur sem er atvinnulífi á landsbyggðinni til stuðnings. Þar vinnur reyndar her sérfræðinga með háskólamenntun sem skiptir máli fyrir alla þá atvinnustarfsemi sem á sér stað og hefur sýnt sig að vera mikið afl í því að vinna að nýjum atvinnutækifærum á landsbyggðinni.

[18:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alrangt sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði áðan um að ég hefði tjáð neikvæða afstöðu til annarra atvinnugreina. Það sagði ég alls ekki. Ég sagði einfaldlega að mér fyndist það skrýtið, og einkennileg afstaða þegar stjórnvöld væru að reyna að bæta atvinnuástand úti á landsbyggðinni með því að færa þangað eitt og eitt starf á sama tíma og fimm og tíu störf töpuðust í sjávarútvegi. Ég átti við það.

Ég var búinn að segja áður að það væri allt gott að segja um þau störf sem fjölgaði um í ferðaþjónustu, og atvinnuþróun og nýsköpun væri af hinu góða. Það er hins vegar öfugsnúið að taka fyrst tíu störf og leggja svo eitt til. Það er það sem við stöndum frammi fyrir á Vestfjörðum. Það er verið að taka frá okkur tug starfa ofan á þau sem fyrr voru farin, og síðan eigum við e.t.v. að fá eitt og eitt starf í einhverju öðru.

Ég bendi á að reynt var að setja á stofn fjarvinnslustöðvar á Vestfjörðum. Það hefði mátt takast betur en gerði. En það er ekki saman að jafna einu starfi í sjávarútvegi og margfeldisáhrifunum af því og einu starfi í fjarvinnsluverkefnum. Margfeldisáhrifin í kringum fiskveiðarnar og sjávarútveginn eru svo miklu meiri en af hinu starfinu þó að gott sé.

[18:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum verið alveg hjartanlega sammála um að hvert eitt starf skiptir gífurlega miklu máli. Það er ekki þannig að einungis eitt og eitt starf hafi verið reytt til í landinu. Það er verið að vinna að öflugu þróunarstarfi.

Varðandi breytingarnar í sjávarútvegi að undanförnu hefur fækkað í atvinnugreininni í heild og auðvitað kemur það *niður bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum og hvar sem er* á landinu. Það hafa orðið gífurlega miklar tæknibreytingar í sjávarútveginum og miklar hagræðingar. Það leitar allt hagræðis í þessari grein eins og öðrum. Að sjálfsögðu fylgir með að um leið og tækniframfarir verða í sjávarútvegi fækkar þar störfum. Það kallar aftur á móti á að uppbygging verður að verða á öðrum sviðum og að því hefur verið unnið. Mér finnst skipta miklu máli að hér komi fram að vinnan er í gangi og ég dró sérstaklega fram hlut atvinnuþróunarfélaganna. Ég tel skipta gífurlega miklu máli að áfram verði haldið að vinna að því þróunarstarfi sem hefur verið unnið heima í héraði af því fólki sem þekkir til, af sérfræðingum sem eru vel menntaðir og hafa byggt upp mikinn þekkingarbrunn til þess að starfa að atvinnuþróunarmálum.

Það er það sem skiptir máli og hefur margoft komið fram í allri þeirri skýrslugerð sem við höfum unnið að í þessum málaflokki að það er fjölbreytnin í atvinnulífinu sem skiptir máli.

[18:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar gott að vinna mikið af skýrslum. Það er fínt mál að halda áfram að safna skýrslum og búa til mikið af skýrslum um mikla þekkingu og mikla framtíð. Ég vil hins vegar beina þessari spurningu til hv. þm. af því að hún getur komið hér upp og rætt málin: Hvað hefur störfum fjölgað mikið í hennar kjördæmi, á Austfjörðum, beinlínis fyrir tilstuðlan atvinnuþróunarfélaganna? Hvað eru þau störf mörg í hlutfalli við þau störf sem hafa verið að tapast í sjávarútveginum?

Það þýðir ekki að draga fjöður yfir það að við erum, Vestfirðingarnir, að missa frá okkur tæplega 100 störf í fiskvinnslu og 200 störf við fiskveiðar. Ég vil a.m.k. krefjast þess af stjórnvöldum sem þá stefnuna reka að þau sýni okkur fram á hvað á að koma í staðinn. Það er ekki hægt að setja fólk bara á guð og gaddinn og tala svo um að það sé mjög fínt að búa til skýrslu. Menn mega alveg búa til skýrslur. Þær verða bara að skila einhverju. Ég fer fram á það við hv. þm. að hún segi okkur af því úr sínu kjördæmi hve mörg störf hafa orðið til á Austfjörðum með stuðningi atvinnuþróunarfélagsins. Ég tel mig vita að það hafi verið unnin ágætisstörf þar eins og á Vestfjörðum. Það vantar bara svo mikið sem á að koma í staðinn fyrir það sem er að gerast í sjávarútvegi. Það er það sem er að. Ég skora á þingmanninn að koma upp, af því að hún getur komið aftur upp, og halda ræðu.

[18:28]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða um byggðamál og skýrslu Byggðastofnunar og heyra má að umræðan heldur áfram fjörlega víða í salnum og er ekki nema gott eitt um það að segja. Það undirstrikar auðvitað að mönnum er þetta mikið hjartans mál, mörgum hverjum, enda snertir þróun byggðar alla sem búa á viðkomandi stað. Menn vilja eðlilega gjarnan hafa áhrif á þróunina því að við búum við það að fjölgun hefur fyrst og fremst verið á einu landsvæðinu en fækkun á öðrum.

Ég vek fyrst athygli á því sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni í ágætri ræðu hans. Hann var almennt séð andvígur sértækum aðgerðum í byggðamálum. Það er út af fyrir sig ekki ný skoðun og hefur þekkst bæði hérlendis og erlendis að stjórnvöld eigi ekki að beita sértækum aðgerðum eftir landsvæðum heldur einungis miða við almennar stjórnvaldsaðgerðir. Reynslan er hins vegar sú hjá mörgum þjóðum sem hafa gert upp þróunina hjá sér í ljósi þess að beita einvörðungu almennum aðgerðum að árangur hefur ekki verið sem skyldi. Fjármagnið sem varið hefur verið til málaflokksins hefur ekki nýst eins og ætlast var til og stjórnvöld hafa tekið upp sértækar áherslur. Frægasta dæmið um þetta er Bretland þar sem sjálf járnfrúin, Margrét Thatcher, lagði niður almennt kerfi í byggðastefnu sinni og tók upp kerfi sértækra aðgerða.

Ég hef dálítið gaman af því, herra forseti, að Margrét Thatcher, hin mikla íhaldskona, skuli vera stuðningsmaður sértækra aðgerða, en hv. þm. Jón Bjarnason, hinn knái vinstri maður, skuli vera andvígur sértækum aðgerðum. Það verður gaman að heyra frá hv. þm. síðar í umræðunni útskýra muninn á þessu. Ég hefði haldið að hv. þm. gæti fallist á það sem Margrét Thatcher féllst á að lokum í ljósi reynslunnar, að sértækar aðgerðir skila meiri árangri en almennar aðgerðir.

Ég vek í öðru lagi athygli á því sem fram kemur í stefnu og þingsályktun Alþingis um stefnu í byggðamálum. Fram hefur komið gagnrýni á Byggðastofnun fyrir að biðja um skýrslur og nýverið kom fram gagnrýni á stjórnarformann stofnunarinnar fyrir að hafa beitt sér fyrir að gerð yrði úttekt á áhrifum tiltekinna laga í sjávarútvegi. Í þessari stefnu Alþingis í byggðamálum segir, með leyfi forseta, í 16. tölul.:

„Byggðastofnun meti reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróun í landinu.“

Það er einfaldlega skylda stofnunarinnar að fylgjast með eftir föngum þeim áhrifum sem einstök lög koma til með að hafa eða geta haft á byggðaþróun. Lög um breytingar á stjórn fiskveiða hafa augljóslega mikil áhrif á landsvæðum þar sem sjávarútvegurinn er þungamiðjan í atvinnuvegi. Það er ekkert óeðlilegt við að óskað hafi verið eftir athugun á því hvaða áhrif mætti ætla að umrædd lagabreyting hefði og mönnum væri ljóst hver áhrifin væru að bestu manna yfirsýn.

Ég vek einnig athygli á því sem fram kemur í skýrslunni sem hér liggur frammi til umræðu jafnhliða ársreikningi Byggðastofnunar, í formála stjórnar Byggðastofnunar, með leyfi forseta:

„Öflugra höfuðborgarsvæði leiðir til sterkari búsetu á Íslandi, en með sama hætti verður landið í heild öflugra ef byggð á landsbyggðinni styrkist frá því sem nú er og veikara ef dregur úr styrk landsbyggðarinnar".

Stjórnin leggur áherslu á að almenn stefna stjórnvalda hljóti að vera vera í þá átt að landið sem heild sé sem öflugast í samanburði við erlend lönd þannig að við getum búið fólki sem best lífksjör á Íslandi, hvort heldur það er á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar.

En almennur skilningur á orðinu „byggðastefna" er hins vegar ekki þessi. Hann er fólginn í því að menn álíta að munur sé á aðgerðum stjórnvalda eða áhrifum eftir landsvæðum og því sé rétt að reyna að draga úr þeim mun með opinberri tilstuðlan. Það held ég að sé í fullu gildi og stjórnvöld eigi á hverjum tíma að beita sér fyrir því með tilstuðlan stofnunar eins og Byggðastofnunar en jafnframt með almennum lagasetningum eins og um jöfnun á orkukostnaði sem er auðvitað almenn lagasetning en með sértækum áhrifum. Það mál var unnið algerlega innan Byggðastofnunar og að frumkvæði stjórnar stofnunarinnar á sínum tíma. Dregnar voru fram upplýsingar um mismuninn í kostnaði við rafkyndingu eftir landsvæðum og mótaðar tillögur um það efni, sem síðan skiluðu sér í þingsályktun um stefnu Alþingis í byggðamálum og var hrint í framkvæmd í gegnum fjárlög. Stofnunin getur líka haft áhrif með þessum hætti eins og dæmin sanna.

Stofnuninni er fyrst og fremst ætlað að beita sér á lánasviðinu. Þar er styrkur hennar mestur. Henni er ætlað að nota lánveitingar til að styðja við bakið á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og draga þannig úr mun sem kann að vera á að byggja upp atvinnu þar og á öðrum svæðum landsins, eins og höfuðborgarsvæðinu. Undanfarin ár hefur mjög greinilega komið fram að viðskiptabankarnir hafa haldið að sér höndum í lánveitingum til atvinnureksturs á landsbyggðinni og einkanlega til fjárfestinga. Það hefur því verið tilfinnanlegt fyrir þá sem standa í atvinnurekstri á landsbyggðinni hversu dýrt lánsfjármagnið er í fyrsta lagi og í öðru lagi af hve skornum skammti það hefur verið. Þar hafa oft og tíðum skipt sköpum lánveitingar Byggðastofnunar sem fyrst og seinast er ætlað að standa undir hluta af fjárfestingum. Með þeim hætti hefur stofnunin mest afl til að beita sér til jöfnunar aðstæðna eftir landshlutum. En af því að lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur oft legið undir mikilli gagnrýni, sérstaklega hjá aðilum sem horfa á málið af höfuðborgarsvæðinu og finnst þau mál óeðlileg, þá vil ég fara nokkrum orðum um lánastarfsemina þannig að fram komi staðreyndir í því máli í samanburði við aðra tilstuðlan opinberra aðila á sambærilegu sviði, bæði á lánasviði og fjárfestingarsviði.

Byggðastofnun lánar fé á lægstu vöxtum sem flestir eiga að kost á að fá, þ.e. 7,7% vöxtum. Fá fyrirtæki á Íslandi geta í almenna bankakerfinu fengið lægri vexti. Í þessu er fólginn mikill stuðningur fyrir fyrirtæki, að þurfa ekki að borga hærri vexti en 7,7% í umhverfi sem getur verið allt upp í 15–20%.

Hin hliðin á sama pening er að ef maður ber saman þessi lánakjör við útlönd þá eru þessir vextir hreinir okurvextir. Fyrirtækjum á Íslandi þykja þessi kjör góð en kjörin þættu með afbrigðum vond í Evrópulöndum því að þetta væru svo dýr lán. Það er önnur saga.

Stofnunin rekur lánastarfsemi sína með vaxtamun sem ekki er nema rétt um 2%. Fáar lánastofnanir á Íslandi ef nokkrar láta sér duga minni vaxtamun en þar um ræðir. Engu að síður hefur stofnuninni tekist vel flest árin að reka lánastarfsemi sína þannig að hún hafi staðið undir sér. Hagnaðurinn af þessari lánastarfsemi hefur staðið undir venjubundnum afskriftum, útlánatöpum og hlut í rekstri stofnunarinnar. Síðasta ár var að vísu afbrigðilegt eins og sjá má í ársreikningi stofnunarinnar, þar sem fram kemur að fært var í afskriftareikning um 590 millj. kr. eða 300 millj. kr. umfram það sem var árið áður. Ef við notum það sem að jafnaði hefur farið í afskriftareikning á útlánum, sem er um 11%, þá vil ég leyfa mér að segja að útlánastarfsemi stofnunarinnar hafi staðið fyllilega undir sér og ríkið hafi ekki þurft að leggja til fé. Það hlýtur að teljast mjög merkilegur árangur hjá einni útlánastofnun að hafa einna lægstu útlánavexti á landinu, einna minnstan vaxtamun og samt reka þennan þátt í starfsemi sinni að jafnaði með afgangi þannig að hann standi undir sér.

Það er ekkert voðalega mikil áhætta sem stofnunin má taka, að vera ekki með meira en 11% áhættu að meðaltali á lánveitingum sínum þegar horft er til þess að stofnunin á fyrst og fremst að beita sér í atvinnuuppbyggingu. Við skulum líta á nokkra aðra sjóði sem eru líka opinberir sjóðir og eru til þess að beita í atvinnuuppbyggingu.

Ef við tökum fyrst eignarhaldsfélögin, áður en ég fer yfir í sjóði utan Byggðastofnunar sem Byggðastofnun fer með, þá eru þau fremur félög til þess að ávaxta fé en standa undir áhættu í atvinnuuppbyggingu. Hlutafé Byggðastofnunar í eignarhaldsfélögum er metið að meðaltali á 90% af nafnverði sem þýðir að áhættan í þeim er ekki talin vera meiri en 10% að meðaltali. Það er vegna þess að krafa er gerð um mjög háa arðsemi á þeim verkefnum sem eignarfélögin leggja fé í og mikla dreifingu útlána. Byggðastofnun, bæði með lánasviði sínu og eignarhaldsfélagssviði, starfar á þeim grundvelli að um mjög litla útlánaáhættu er að ræða.

Berum þetta saman við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem fyrst og fremst beitir sér í atvinnuuppbyggingu með kaupum á hlutafé. Í nýsamþykktum fjárlögum er ætlað að hlutafjársjóðurinn kaupi hlutafé á næsta ári fyrir 700 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því í áætlunum sjóðsins að leggja inn á afskriftareiknng um 300 millj. kr. á móti þessum 700 millj. Að meðaltali mun Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfa með um 40% áhættu eða fjórum sinnum meiri áhættu en Byggðastofnun gerir á útlánasviði eða hlutafjársviðinu. Ég er ekki að gagnrýna þessa áætlun Nýsköpunarsjóðsins vegna þess að það að byggja upp atvinnulíf með nýsköpun er áhættusamt. Það er óhjákvæmilegt að það verði mikið tap á því sviði. Þess vegna eru þessar tölur svona hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. En hann starfar ekki bara á landsbyggðinni heldur líka á höfuðborgarsvæðinu. Megnið af fé hans fer í að reyna að efla atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu með þetta mikilli áhættu.

Ríkisbankarnir, bæði Búnaðarbankinn og Landsbankinn, eru með sérstök fjárfestingarfélög sem þeir nota til þess að kaupa hlutafé upp í vænlegum fyrirtækjum eða verkefnum og til að græða á því. Það hefur komið fram fyrr í umræðunni að Landsbankinn keypti hlutafé í Íslandssíma fyrir 1 milljarð kr. fyrr á þessu ári. Gengið hefur fallið um $^3/_4$ síðan það var þannig að ef bankinn ætti að færa út tap sitt á þessari fjárfestingu í dag mundi hann færa um 750 millj. á afskriftareikning.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, meðan hann var ríkisbanki, Búnaðarbankinn og Landsbankinn, keyptu í deCode fyrir 6 milljarða kr. á gengi sem er miklu hærra en gengið í dag. Ef þessir bankar ættu að færa út tap sitt núna í dag

næmi það mjög háum fjárhæðum, miklu hærri fjárhæðum en Byggðastofnun hefur úr að spila. En allt eru þetta að mörgu leyti eðlilegir hlutir vegna þess að nýsköpun í atvinnulífi er áhættuverkefni sem þýðir að menn verða að gera ráð fyrir að tapa peningum. Ég held að þrátt fyrir allt hafi Byggðastofnun tekist mjög vel til í starfsemi sinni með ótrúlega lítilli áhættu. Ég vil leyfa mér að halda því fram að í gegnum árin hafi henni tekist afbragðsvel að fara með það fé sem ríkið hefur lagt stofnuninni til.

[18:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar ræddi hann um altækar og sértækar aðgerðir. Ég held að við hljótum að vera sammála um að því færri sértækar aðgerðir sem þarf að grípa til, því árangursríkara er það. Í raun er frekar erfitt ef sértækar aðgerðir sem gripið er til stangast í öllum meginatriðum á við hina almennu stefnu ríkisstjórnarinnar eða stjórnvalda. Þá eru sértækar aðgerðir til lítils. Megináherslu ber náttúrlega að leggja á hina almennu stefnu ríkisins og Alþingis í atvinnu-, búsetu- og velferðarmálum hvar sem er í landinu og það sé undantekningaratriði ef grípa þarf til sértækra aðgerða því að sértækar aðgerðir eru yfirleitt til þess að rétta kúrs á einhverju sem miður hefur farið eða styrkja og hjálpa til.

Því miður er það stefna ríkisstjórnarinnar sjálfrar á Alþingi sem er byggðinni fjandsamlegust eins og hv. þm. kom að þegar hann fjallaði um fiskveiðistefnuna. En mig langar til að spyrja hv. þm.: Er hann þeirrar skoðunar að Byggðastofnun eigi að verða stór banki, stór lánastofnun sem reki útibú vítt um land og taki að sér hlutverkið sem viðskiptabankarnir höfðu áður, þ.e. að þjóna atvinnulífinu vítt og breitt um landið, í ljósi þess sem hv. þm. benti á að viðskiptabankarnir gerðu ekki?

[18:45]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um altækar, sértækar og almennar aðgerðir. Í Bretlandi væri t.d. almenn aðgerð að segja að fyrirtæki ætti rétt á styrk að uppfylltum einhverjum tilteknum skilyrðum. Sértækt væri það ef skilyrði fyrir því að fá styrkinn væru nákvæmari eins og á hvaða stað fyrirtækið væri eða í hvað atvinnugrein o.s.frv. Bretarnir ráku sig á það að þessi almennu skilyrði gerðu það að verkum að fyrirtækin sóttu sér styrki en án þess að hugmyndirnar skiluðu sér beinlínis í þeirri atvinnuuppbyggingu sem átti að leiða af styrkveitingunni. Því var gripið til sértækra skilmála í þessum efnum. Það er til ágætur litteratúr um þetta sem Stefán Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands hefur tekið saman og ég get útvegað þingmanninum við tækifæri ef hann óskar eftir.

Varðandi spurningu þingmannsins um bankana — ég er ekki mjög fylgjandi því að Byggðastofnun fari yfir í almenn viðskiptalán. Ég tel að aðstæður ættu almennt að vera þannig að þeirra væri ekki þörf. Byggðastofnun þarf að hafa afl til að geta beitt sér á því sviði þegar þörf krefur og þær aðstæður geta komið upp af og til. Ég held hins vegar að stofnunin eigi að vera mjög öflug, bæði á útlánasviði og hlutafjárkaupasviði og á sérfræðingasviði. Ég er mjög skotinn í þeim hugmyndum að sameina Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Ég teldi að út úr þeirri sameiningu fengist mjög sterk stofnun sem hefði mikla útlánagetu, gæti beitt sér í stofnlánsfjárveitingum og hefði möguleika bæði á lánasviði og í því að kaupa hlutafé, gæti látið það spila saman og haft yfir að ráða starfsliði sem væri mjög hæft á þessu sviði.

[18:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóður gengju í eina sæng — hv. þm. rakti það í ræðu sinni hvernig Nýsköpunarsjóður nær ekki að virka vegna þess að hann gerir svo háa arðsemiskröfu að hann situr nánast uppi með fjármagnið. (**KHG:** Nei, það var eignarsjóður.) Já, bæði eignarsjóðir og líka Nýsköpunarsjóður sem gerir ekki síður háa arðsemiskröfu. Ég vara við því.

En það sem mig langar til að spyrja hv. þm. — ég er sammála honum um að sértækar aðgerðir geta verið nauðsynlegar en þær eiga ekki að vera meginpólitíkin í byggðamálum. Það er af og frá. Hvað finnst hv. þm. um þá aðferð eins og hér er í uppsiglingu að við hækkum innritunargjöld, við hækkum skólagjöld sem bitna, eins og ég hef áður bent á, langharðast á nemendum utan af landi sem eru að sækja iðnnám og starfsnám en síðan er gripið til einhverra sértækra aðgerða með því að hækka dreifbýlisstyrk eða eitthvað slíkt? Finnst honum þetta vera rétt pólitík? Væri ekki miklu nær að ríkið ábyrgðist þetta nám með fullri reisn, bæði fyrir fólk sem býr úti á landi og hér, til að sækja það í staðinn fyrir að leggja fyrst á skattana og gjöldin og reyna síðan að klóra í bakkann fyrir einhverja með sértækum aðgerðum. Mér finnst þetta einmitt vera sláandi fyrir það hvernig byggðastefna og byggðasjónarmið togast á og standa frammi fyrir beinum stjórnvaldsaðgerðum og beinni pólitík sem er ósamræmanlegt hvað þetta varðar. Ég tel einmitt að skattarnir núna á námsmenn sem leggjast harðast á dreifbýlisnemendur séu eins konar dæmi um það hvernig ekki eigi að reka byggðapólitík.

[18:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er blandað saman sem hv. þm. talaði um, bæði almennum ákvörðunum og síðan sértækum almennum ákvörðunum um hvað menn eigi að greiða fyrir tiltekna þjónustu eða skólavist og annað slíkt. Síðan höfum við verið að leitast við að jafna lífskjör með því að finna út hver munurinn er á tilteknum kostnaðarliðum. Í gildandi stefnu í byggðamálum kemur einmitt fram mikil áhersla á jöfnun lífskjara með því að reyna að afmarka ákveðna þætti eins og námskostnað og orkukostnað.

Ég held að það sé tiltölulega góð sátt um þessa leið í þjóðfélaginu og við eigum að reyna að halda áfram á þessu sviði og jafna aðstæður manna með þessum hætti eftir því sem við höfum tök á og ástæða er til hverju sinni.

Ég er almennt ekki mikill stuðningsmaður skólagjalda eða talsmaður fyrir miklu í þeim efnum. Ég held samt að við getum ekki litið fram hjá því að hlutirnir breytast í tímans rás og á síðustu áratugum hefur orðið nokkuð mikil breyting á lífskjörum þjóðarinnar og efnahag og þeim fjárreiðum sem menn hafa handa á milli hverju sinni. Ég sé að ungt fólk í dag hefur úr miklu meiri peningum að spila heldur en þegar ég var ungur. Einkaneysla hefur aukist verulega mikið og í slíku ljósi hljótum við alltaf að skoða ákvarðanir okkar.

[18:51]

Útbýting þingskjala:

Gjald af áfengi, 320. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 538.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 132. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 539; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 540.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 522.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, 327. mál, nál. utanrmn., þskj. 533.

Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, 326. mál, nál. utanrmn., þskj. 532.

Sjúkrahótel, 364. mál, fsp. ÞBack, þskj. 535.

Starfsemi öldungadeilda framhaldsskóla, 365. mál, fsp. MF, þskj. 536.

Tollalög, 319. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 537.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 18:53.

---

49. FUNDUR

þriðjudaginn 11. des.,
að loknum 48. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 515, brtt. 471, 524 og 528. — Frh. 3. umr.
2. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, stjfrv., 150. mál, þskj. 150, nál. 493, brtt. 494. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 132. mál, þskj. 132, nál. 539, brtt. 540. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 136. mál, þskj. 136, nál. 525, brtt. 526. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 230. mál, þskj. 256, nál. 529, brtt. 530. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
6. Tollalög, stjfrv., 319. mál, þskj. 404, nál. 537. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
7. Gjald af áfengi, stjfrv., 320. mál, þskj. 405, nál. 538. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:54]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 3.–7. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 515, brtt. 471, 524 og 528.

[18:55]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni var ég þar kominn að ég taldi að þetta frv. mundi verða mikið heillaspor fyrir þjóðina.

Rætt hefur verið um nokkur atriði í því, m.a. það sem snýr að sveitarfélögum. Þrjú atriði í þessu máli hafa áhrif á sveitarfélögin, þ.e. að einkarekstur er færður undir einkahlutafélög, hækkun tryggingagjalds og síðan skattfrelsi húsaleigubóta. Ljóst er að sveitarfélögin verða af einhverjum tekjum vegna þessa, að vísu ekki mikið vegna skattfrelsis húsaleigubóta, meira vegna tryggingagjaldsins en þegar kemur að breytingu á einkarekstri í einkahlutafélög er um talsverðar upphæðir að ræða.

Það var rangt með farið hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún sagði að þetta mundi þýða 1.300 millj. kr. fyrir Reykjavíkurborg. Svo er ekki, þetta eru 1.300 millj. fyrir sveitarfélögin, þ.e. samkvæmt mati Reykjavíkurborgar. Ég er svo sem sammála því að oft eru samþykktir lagabálkar hér í þinginu án þess að mikið sé talað við sveitarfélögin en ég hef ekki áhyggju í þessu tilfelli þar sem menn hafa töluvert mikinn tíma fyrir sér á næsta ári til að semja um þetta. Ég hef haft samband við forsvarsmenn sveitarfélaganna og er rórri eftir að hafa rætt við þá. Ég treysti því vel að nást muni samkomulag við ríkisstjórnina um tekjustofna sveitarfélaga vegna þessara aðgerða. Um það er svo sem ekki meira að segja en var kannski mikið úr því gert að þetta væri alvarlegt mál. Ég held að þetta sé auðleyst mál og í raun til mikilla bóta þegar menn eru búnir að ná saman um það, að fá hér aukinn fjölda fyrirtækja inn í landi. Það mun leiða til bættar stöðu sveitarfélaganna í framhaldinu.

Hins vegar hefur það ekki verið metið og kannski lítið verið rætt, sérstaklega af vinstri mönnum hér, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að með auknum fjölda fyrirtækja til landsins aukist atvinnutækifærin um leið. Það virðist ekki skipta máli í því sambandi. Rétt er að fara hér yfir það sem stóð upp úr í ræðunum hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði þetta vanhugsaðar tillögur. Það er með ólíkindum að menn haldi slíku fram þegar jafnróttækar tillögur í skattafrumvarpi eins og hér eru, til velsældar fyrir landið, eru lagðar fram.

Hins vegar var ræða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar merkilegri. Inntakið í ræðu hans var að hækka yrði skatta á fyrirtæki. Hann vildi alls ekki að fyrirtæki kæmu frá útlöndum, það yrðu að vera íslensk fyrirtæki. Hann vildi setja á umhverfisskatta. Hann sagðist á móti skattalegum undirboðum en hins vegar er ekki verið að tala um nein undirboð í þessu sambandi. Hann ræddi einnig um að fyrirtækin greiddu ekkert til sveitarfélaganna. Ég vil leiðrétta hv. þm. í því sambandi. Fasteignaskattar af fyrirtækjum í sveitarfélögum eru talsvert hærri en fasteignaskattar íbúðarhúsnæðis og í flestöllum sveitarfélögum er þetta einhvers staðar í kringum 1,3–1,628%, meðan íbúðarhúsnæði er í 0,32–0,367% af fasteignaverðmæti, þ.e. fimmfalt á við íbúðarhúsnæði. Það er ljóst að fyrirtækin eru náttúrlega að greiða með þessu fyrir aðstöðu sína í sveitarfélaginu og ríflega það.

Að missa aðstöðugjaldið var tekjutap fyrir sveitarfélögin, það er alveg laukrétt hjá hv. þm. Á móti fengu menn í staðgreiðslu en þó ekki nærri nóg til að vega það upp, það er alveg rétt. Ég tel samt að fyrirtækin greiði mjög ríflega fyrir aðstöðu sína í sveitarfélögum. Það er ekki rétt hjá honum að fyrirtækin greiði ekki til sveitarfélaganna. Hjá flestöllum stærri sveitarfélögum er fasteignaskattur fyrirtækjanna orðinn meiri en helmingurinn af fasteignaskattstekjum sveitarfélaganna, hinna stærri, og jafnvel meira í sumum sveitarfélögum úti á landi.

Mér fannst mjög merkilegt að heyra þá eiga orðastað, þá félaga og gömlu samherja, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Steingrím Sigfússon. Þeir voru nú ekki aldeilis sammála um skattastefnuna og kvörtuðu hvor undan öðrum. Maður spyr sjálfan sig hvernig samstarf slíkra flokka gæti átt sér stað. En þeir voru þó sammála um það, hv. þingmenn, að sitja hjá við þetta frv. og helst að vera á móti því.

Mér þykir mjög alvarlegt þegar menn taka slíka afstöðu á móti framfaramáli í samfélagi okkar. Þá segja menn: Nú skulum við bara skattleggja fyrirtækin, fara aftur til 1989 þegar vinstri menn — þá var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon í ríkisstjórn — voru með 50% tekjuskatt á fyrirtækin. Það væri kannski rétt að láta þá svara fyrir það hvað það hafi skilað ríkissjóði miklu. Svo langt man ég til baka að menn höfðu miklar áhyggjur af því að þessi tekjustofn skilaði langtum minna en ætlast var til.

Það virðist hins vegar stefna Vinstri grænna og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hafa háa skatta á fyrirtæki, háa skatta á einstaklinga, mikla samneyslu og að stóri bróðir ráði öllu. Svo vilja þeir Ísland úr NATO og herinn burt í ofanálag.

Mér finnst að Vinstri grænir skuldi hinum almenna borgara í þessu landi skýringar á skattastefnu sinni, hvað það þýði sem þeir eru að segja. Þeir vilja leggja hér á skatta, helst á þéttbýlið og færa fjármagnið út til landsbyggðarinnar, skilst mér.

Það sem þetta frv. gerir ráð fyrir er að lækka skatta á fyrirtækin til að reyna að örva atvinnustarfsemi í landinu, til að reyna að fjölga atvinnutækifærum í landinu og auka tekjur samfélagsins til að geta staðið undir velferðarkerfinu í framtíðinni. Þá segja vinstri flokkarnir: Þetta er ekki nógu gott. Og ég held að Samfylkingin geri þetta á móti betri samvisku. Ég held að hún hafi einhvern veginn farið vitlaust fram úr í þessu máli, þeir hljóta samkvæmt stefnu sinni að vera fylgjandi þessu frv.

Gagnrýnt hefur verið að hér sé ekki allt á hreinu í frv., tryggingagjaldið sé á floti og allt það. Á næsta ári, árið 2002, er reiknað með skattalækkun upp á 3 milljarða kr. Það er aðallega á einstaklinga, skattalækkanir á einstaklinga upp á 3 milljarða kr. Árið 2003 kemur hins vegar skattalækkun á fyrirtækin og hækkun tryggingagjaldsins. Það kemur ekki fyrr en þá þannig að þangað til vinnst nægur tími til að leiðrétta allt í þessu máli.

Eins og ég segi enn og aftur er þetta frv. mikið framfaraspor fyrir okkur og samfélag okkar. Eðlilega styð ég það með áorðnum framkomnum breytingum frá meiri hluta efh.- og viðskn. Ég held að við getum litið bjartsýn fram á veginn þegar frv. er orðið að lögum.

[19:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðhæfði í þeim hluta ræðu hans sem fluttur var fyrir hlé að skattalækkanir á síðasta áratug hefðu leitt til hins mikla bata í efnahagslífinu og þess góðæris sem við höfum notið. Ég ætla ekki að rífast við hv. þm. um það. Ég ætla bara að benda honum á að samkvæmt þeim gögnum sem fram komu við rannsókn málsins í nefndinni frá opinberum stofnunum þá er niðurstaðan allt önnur. Það er ekkert sem bendir til að þetta hafi beinlínis átt svo stóran þátt í góðærinu sem hv. þm. talaði um.

Hv. þm. sagði líka að það væri allt í lagi að hækka tryggingagjald því það væri ákaflega lágt hér miðað við önnur lönd í Evrópu. Ég bendi hv. þm. á að skattar á hagnað fyrirtækja eru líka með því allra lægsta sem hér gerist. Eigum við þá ekki að hækka þá samkvæmt sömu röksemdafærslu? Hv. þm. verður að gæta þess að það sem hann segir reki sig ekki hvað á annars horn.

[19:07]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um það þarf vart að ræða. Það er alveg ljóst að skattalækkanir til handa fyrirtækjum, úr 50% árið 1989 og niður í 30% áttu þátt í góðærinu. Það er alveg ljóst að þessar ráðstafanir komu í veg fyrir flótta fyrirtækja af landinu. Ég held að það séu hreinar línur og um það þurfi ekki að deila.

Það er líka gömul og ný regla að því lægri sem skattar eru því betri eru skattskil og minna um undanskot. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og flokkur hans hafa gagnrýnt mjög undanskot frá skatti. Ég held að með sanngjarnri skattheimtu verði skattskilin mun betri. Það held ég að sé gömul saga og ný.

[19:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt því sem hv. þm. sagði er kannski eina leiðin til að komast hjá skattsvikum að leggja af skatta, *en hvorki ég né hv. þm. viljum það.*

Ég skildi hv. þm. svo, þegar hann var að ræða um áhrif skattalækkana á velsæld hins íslenska efnahagslífs, að hann hefði ekki einungis verið að tala um skatta á fyrirtæki heldur nefndi hann líka snemma í ræðu sinni tekjuskatta einstaklinga sem voru lækkaðir. Hann taldi að það ætti líka þátt í þessu.

Annaðhvort væri nú, herra forseti, þó að menn búi ekki lengur við 50% skatta eins og var í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem ég sat í, við lækkuðum þá niður í 30%. Ég er ekki þeirrar skoðunar, eigi að síður, að sú skattalækkun sem hv. þm. *prísar svo mjög núna leiði til þess að hingað flykkist erlend* fyrirtæki unnvörpum. Ég er þeirrar skoðunar að nægilegt sé, til þess að viðhalda samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og skattalegu forskoti þeirra, að lækka skattana úr 30% niður í 25%. Ég held að miðað við þau gögn sem við höfum sé ljóst að með 25% þá erum við samt sem áður með allra lægstu þjóðum Evrópu. Þá væri kannski aðeins ein lægri en við.

[19:09]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í grunninn sé hv. þm. sammála *þessu þótt hann vilji bara fara niður í 25%.*

Írland gerði þetta og hefur sannað að þetta gengur. Það er rétt hjá hv. þm., að auðvitað er breytingin til að skapa betri samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í landinu. Tilgangurinn er einnig að koma í veg fyrir að þau fari úr landinu, fá ný fyrirtæki inn í landið, fleiri atvinnutækifæri og velsæld.

Mér þykir það með ólíkindum, miðað við það sem á undan er gengið í flokki hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar,

að þeir skuli leggjast gegn þessu frv. eða sitja hjá og vera ósammála þessu góða máli.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[19:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það kemur ítrekað fram í máli hv. þm. og líka núna áðan að ég og minn flokkur ýmist sitjum hjá eða greiðum atkvæði gegn þeim breytingum sem hér liggja fyrir. En það er eigi að síður svo að sumar breytinganna eru þess eðlis að við höfum lýst því yfir að við styðjum þær.

[19:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á hv. þm. Gunnar Birgisson ræða um skattamál. Ég minnist þess ekki að ég hafi átt möguleika á því að ræða við hann áður um þetta mál.

Nú er hv. þm. er jafnframt formaður bæjarráðs Kópavogs, einn af fáum sveitarstjórnarmönnum sem situr hér á hinu háa Alþingi. Það hefur líka komið fram að tryggingagjaldið, hækkun á tryggingagjaldi sem á að verða 1. jan. 2003, muni íþyngja mjög sveitarfélögunum. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm., formann bæjarráðs Kópavogs, hvort hann sé ánægður með þá auknu skatta sem lagðir eru á íbúa Kópavogs í þessu frv. Það kemur fram að íbúar Kópavogs muni þurfa að greiða um 17 millj. kr. meira í tryggingajald eftir þessa breytingu en nú er, sveitarfélög í Reykjanesi tæpar 73 millj. kr. og höfuðborgin alls 180 millj. kr.

Er hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður bæjarráðs Kópavogs, ánægður með þessa skattahækkun á íbúa Kópavogs?

[19:12]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég tók fram í ræðu minni á eftir að semja um þetta mál milli sveitarfélaganna og ríkisins. Auðvitað er ég ekki ánægður með hækkun tryggingagjaldsins nema eitthvað komi í staðinn. Við höfum heilt ár til að ganga frá því máli því að þetta gengur ekki fram fyrr en árið 2003. Ég er því rólegur yfir málinu. Það hefur sýnt sig að sveitarfélögin, samtök þeirra og ríkisstjórnin geta náð saman um slík mál.

Ég hef ekki á móti því, eins og fram kom hér fyrr í dag, og gleðst yfir því að menn hafi náð saman í efnahagsmálum, ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins, að tryggingagjaldið muni lækka. En sé ætlunin að lækka skattana svona vel, bæði á einstaklinga — ég vil benda hv. þm. á að það er ekki eingöngu á fyrirtæki heldur líka einstaklinga — þá verður eitthvað að koma á móti þótt nettólækkun skattanna sé veruleg.

Varðandi tryggingagjaldið er ég rólegur og líka varðandi húsaleigubæturnar og breytingu rekstrarforms úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög. Ég held að það verði allt saman leyst milli ríkisstjórnar og sveitarfélaga.

[19:13]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta svar. Hann segist vera rólegur vegna þess að eftir eigi að semja um þær bætur sem sveitarfélögin verði að fá vegna breytinga á tryggingagjaldi. Ekki þarf eingöngu að semja um að sveitarfélögin þurfi að borga miklu meira vegna hækkunar tryggingagjalds heldur verður einnig hjá þeim tekjutap vegna húsaleigubóta, tekjutap vegna hugsalegrar breytinga úr einkarekstri yfir í einkahlutafélög o.s.frv.

Þá er spurning mín til hv. þm., vegna þess að hann er svo rólegur yfir því að hægt verði að semja um þetta á næsta ári, þ.e. verði þá ekki bara búið að semja tryggingagjaldið algjörlega út af borðinu: Var það skilyrði fyrir samþykki hv. þm. að fullar bætur kæmu til sveitarfélaganna út af því tekjutapi sem verður óneitanlega hjá sveitarfélögunum vegna þessara breytinga á tryggingagjaldinu? Voru það skilyrði hans? Ef þetta verður ekki bætt fullkomlega, ef sveitarfélögin ná ekki samningi við hæstv. fjmrh. um fullkomnar bætur út af þessu, er þá þingmaðurinn tilbúinn að breyta þessum lögum sveitarfélögunum aftur í hag?

[19:14]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef margtekið fram hef ég ekki áhyggjur af málinu. Ég treysti ríkisstjórninni fullkomlega til að semja við sveitarfélögin. Það hefur hingað til tekist hjá þessari ríkisstjórn og mun gera það áfram.

Varðandi umræðuna um lægri tekjur sveitarfélaganna vegna breytingar á rekstrarformi, úr einkarekstri í einkahlutafélög, þá eru menn ekki alveg klárir á því hvað það verði mikið. Það er nokkuð sem reynt hefur verið að áætla en er alltaf sá póstur hjá sveitarfélögunum sem mjög erfitt er að áætla fyrir. Auðvitað munu menn fara í þetta form að fara úr 38–42% skatti niður í 18%, það er alveg ljóst.

En ég treysti því hins vegar og trúi að sveitarfélögin og ríkisstjórnin nái saman um þessi atriði. Ég geng í raun að því sem vísu.

[19:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson fullyrti að inntakið í ræðu minni, eins og ég hygg að hann hafi orðað það, hafi verið það að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum hækka skatta á fyrirtæki og við værum á móti fyrirtækjum frá útlöndum. Hvorugt kom fram í mínu máli og hvort tveggja er rangt. Við höfum hins vegar ekki verið sérstakir talsmenn skattalækkunar og á þessu er munur. Ég bið hv. þm. að reyna að vera svolítið nákvæmari í endursögn á afstöðu annarra þingmanna eða stjórnmálaflokka hér inni þegar hann tekur þátt í umræðum.

Að sjálfsögðu veit ég að fyrirtæki borga fasteignagjöld og fleiri slík gjöld til sveitarfélaga. Það sem ég var að tala um var að þau borga ekki hreina fjáröflunarskatta með sambærilegum hætti og einstaklingar borga útsvar til sveitarfélaga.

Hv. þm. gerir mikið úr því því að tekjuskattur hafi verið 50% þegar vinstri menn voru hér í stjórn fyrir um 10–12 árum. Það vill svo til að sú ríkisstjórn erfði þá prósentu frá ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og þar áður frá ríkisstjórn sem Sjálfstfl. var í með Framsfl. þannig að því mætti velta fyrir sér hver fann það fyrirbæri upp, 50% tekjuskatt, sem vel að merkja var í 30% verðbólgu og þá voru frádráttarmöguleikar aðrir en þeir eru nú.

[19:17]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. geti ekki skotið sér undan því sem hann hefur verið að segja hér í þessum umræðum um skattafrumvarpið. Ég held að það séu alveg hreinar línur í ræðum hans, bæði hér í dag og áður — við vitum alveg hvernig það lítur út, það eru alveg hreinar línur. Hann er núna að reyna að skýra það að hann sé ekki á móti, reynir svona að bera af sér. (Gripið fram í.)

Varðandi fyrirtæki og sveitarfélög — ég held að það séu hreinar línur að menn vilja ekki sjá skattalækkanir á fyrirtæki. Það eru alveg hreinar línur. (Gripið fram í.) Það hefur komið fram hér að menn vilja það ekki og telja 30% vera of lága prósentu. Þeir vilja helst fara í hina áttina. Og mér finnst alvarlegt, eins og ég hef sagt áður, að stjórnmálaflokkur fari fram með þessum hætti. Mér finnst það mjög alvarlegt. Maður er að hugsa hvað vakir fyrir slíku fólki.

[19:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög alvarlegt að hafa stjórnmálaflokk eins og Sjálfstfl. sem hróflar ekki við skattleysismörkunum gagnvart fátækasta fólkinu í landinu en lækkar sérstaklega skattana á hátekjufólki. Mér finnst það mjög alvarlegt. En ég hef verið að reyna að halda umræðunni á efnislegum nótum og án einkunnagjafar í garð annarra. Og ég bað hv. þm. að reyna að fara sæmilega nákvæmlega með ef hann endursegir afstöðu annarra.

Ég sagði aldrei og hef aldrei mælt sérstaklega með því núna að hækka skatta á fyrirtæki. Það er munur á því að halda skattbyrði þeirra u.þ.b. þar sem hún er í dag og hinu að hækka hana eða lækka alveg niður í 18%, að ég tali ekki um 10% eins og landsfundur Sjálfstfl. vildi en virðist nú vera hættur við. Ég held að við eigum bara að ræða þetta á þessum nótum.

Það kann að vera að tekjuskattsprósenta fyrirtækjanna hafi lengst af verið 48% í tíð Sjálfstfl., ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, og þar áður stjórnarinnar undir forustu Steingríms Hermannssonar en það breytir ekki miklu. Við verðum þá að hafa í huga að þar var um að ræða eftirágreiddan tekjuskatt í umtalsverðri verðbólgu og frádráttarmöguleikar fyrirtækjanna aðrir en þeir eru nú því að um leið og prósentan var lækkuð á sínum tíma var frádráttarmöguleikunum fækkað. Ef menn vilja ræða þetta málefnalega og af sanngirni er málið svona vaxið.

[19:19]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða þetta málefnalega, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég vil bara að lokum þakka mönnum fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu, og ég trúi því og staðhæfi að um verulegan bata í íslensku efnahagslífi verði að ræða með tilkomu þessa frv. Það væri gaman að tala saman um þetta mál eftir einhver ár og sjá þá stöðuna og hvaða skoðanir þessir sömu hv. þm. segja þá sem hafa talað mest á móti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 2. umr.

Stjfrv., 150. mál (EES-reglur). — Þskj. 150, nál. 493, brtt. 494.

[19:20]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn. og brtt. um frv. til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál sem kemur til vegna innleiðingar tilskipunar frá Evrópuþinginu og -ráðinu nr. 98/27/EB frá 1998 til að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

Nefndin gerir tillögu til breytinga á frv. sem er í þremur liðum og raktar eru á þskj. 494. Þessar brtt. eru í flestum atriðum tæknilegar en þó er sú efnisbreyting að í 3. lið brtt., í b-lið, er tekið fram að ráðherra geti útnefnt stjórnvöld, tiltekin stjórnvöld, auk félagasamtaka til að gæta heildarhagsmuna neytenda.

Með þeim brtt. sem fram koma á þskj. 494 leggur efh.- og viðskn. til að frv. verði samþykkt.

[19:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál en í hv. efh.- og viðskn. tókst hin besta samstaða um það. Hér er enn eitt þarfamálið sem rekja má til aðildar okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hér er um að ræða upptöku okkar á tilskipun Evrópuþingsins sem leggur grunn að því að til verði úrræði til þess að stjórna háttsemi á markaði sem gæti skaðað hagsmuni neytenda. Hér er með öðrum orðum verið að lögfesta réttarúrræði sem geta stöðvað markaðsfærslur sem telja má ólögmætar eða viðskiptahætti sem eru í andstöðu við tilskipanir sem við höfum áður tekið upp og tengjast neytendavörn.

Margoft hefur komið fram í máli talsmanna Samfylkingarinnar að við teljum að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi verið íslensku samfélagi ákaflega þarfur, ekki bara vegna þess að hann hefur fært með sér margvísleg félagsleg réttindi sem íslenskt launafólk hefur notið góðs af heldur ekki síst vegna þess að íslenskir neytendur hafa í gegnum þann samning fengið í sínar hendur margvísleg vopn til þess að verja hagsmuni sína sem, eins og reynslan sýnir, eru ákaflega títt undir atlögum frá þeim sem stunda viðskipti á markaði. Hér, herra forseti, er enn verið að treysta stöðu íslenskra neytenda og við fögnum því og þess vegna skrifa fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. undir álit að þessu máli án fyrirvara, og við styðjum það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 2. umr.

Stjfrv., 132. mál (skráning bréfa erlendis). — Þskj. 132, nál. 539, brtt. 540.

[19:24]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið umsagnir um það. Hún gerir tillögu til breytinga á málinu í þremur liðum. Í fyrsta lagi er sett inn ákvæði samkvæmt tillögu nefndarinnar um það hvað gerast skuli þegar starfsleyfi aðila sem hafi gert aðildarsamning um eignarskráningu er afturkallað eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann óskar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Þá er miðað við að aðildarsamningur falli úr gildi og að verðbréfamiðstöð annist eignarskráningu frá þeim tíma sem samningur fellur úr gildi nema um annað hafi verið sérstaklega samið. Síðan þarf að flytja eignarréttindin í umsjón annarrar reiknistofnunar sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina.

Í 2. lið brtt. er fjallað um að hægt sé að skrá rafbréf í fleiri en einni verðbréfamiðstöð enda á að vera tryggt að aðeins sé hægt að skrá réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi í einni verðbréfamiðstöð.

Síðan er í 3. lið ákvæði um svokallaða samráðsnefnd þar sem gert er ráð fyrir að séu þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Seðlabanka Íslands, einn tilnefndur af verðbréfamiðstöðvum og einn tilnefndur af kauphöllum.

Virðulegi forseti. Með þessum brtt. leggur efh.- og viðskn. til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (reglugerð). — Þskj. 136, nál. 525, brtt. 526.

[19:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum. Inn í þennan bálk var á sínum tíma bætt ákvæðum til þess að uppfylla tilskipun frá Evrópska efnahagssvæðinu vegna neytendaverndar.

Það frv. sem hér liggur fyrir felst í smásnurfusi á þeim ákvæðum laganna sem að þessu snúa. Nefndin hefur fjallað um þetta mál, fengið umsagnir um það og gerir tillögur til breytinga í tveimur liðum.

Í 1. brtt. er fjallað um nýja grein þar sem bætt er við 36. gr. b. laganna að regla 2. málsliðar 1. mgr., sem fjallar um samninga milli neytenda og atvinnurekenda, gildi ekki þegar aðilar eða stofnanir sem hafa það hlutverk að vernda neytendur geta gripið til aðgerða samkvæmt landslögum til að fá úr því skorið hvort samningsskilmálar sem ætlaðir eru til almennrar notkunar séu ósanngjarnir. Hér er átt við hvernig fara skuli með þegar samningar eru ósanngjarnir.

Í 2. lið brtt. er reglugerðarheimild þar sem ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd ákvæða laga þessara um ósanngjarna samningsskilmála.

Með þessum breytingum leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

[19:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tókum þátt í afgreiðslu þessa máls í hv. efh.- og viðskn. og við erum sammála því að það beri að samþykkja þetta mál og við ritum undir það án fyrirvara.

Þetta frv. er enn í tengslum við tilskipun sem kemur að utan og er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Eins og mál sem við höfum rætt hér fyrr á þessum fundi er um að ræða þingmál sem tengist aukinni neytendavernd.

Eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir í framsögu fyrir nál. okkar leggur nefndin fram tvær brtt. Ég hef ekkert að segja um fyrri brtt. nema að ég tel að hún sé mjög til bóta og skýri betur þau úrræði sem fyrir hendi eru. Ég vil hins vegar, herra forseti, fara nokkrum orðum um 2. gr.

Hið upphaflega frv. var í reynd aðeins ein grein sem hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Viðskrh. er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð."

Þetta var hið upphaflega frv. Með því, herra forseti, var í reynd óskað eftir því að viðskrh. væri framselt ákaflega mikið vald frá hinu háa Alþingi. Við, þingmenn Samfylkingarinnar, gagnrýndum þetta mjög við 1. umr. málsins. Ég vil geta þess sérstaklega að þá sat hér á þingi varaþingmaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson, sem gerði þetta reglugerðarákvæði einmitt að umræðuefni. Það var vel við hæfi að hann gerði það að sérstöku umræðuefni hér, vegna þess að Örlygur Hnefill Jónsson lagði einmitt fram þáltill. þar sem í reynd var að finna gagnrýni á hið mikla og eftirlitslausa framsal löggjafarvalds sem oft á sér stað og í vaxandi mæli á síðustu árum.

Það er allt of títt, herra forseti, að framkvæmdarvaldið fari fram á nánast opnar reglugerðarheimildir til að geta kveðið nánar á um framkvæmd laga. Með þeim hætti er Alþingi, sé fallist á umræddar beiðnir sem allt of oft gerist, að framselja vald sitt í hendur framkvæmdarvaldsins. Ég held, herra forseti, að framsal af þessu tagi hljóti að þurfa að skoða með hliðsjón af því hvort það sé í samræmi við 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Reyndin er sú að á þessum viðhorfum okkar í Samfylkingunni var mikill skilningur í efh.- og viðskn. Nefndin gerir þess vegna tillögu um verulega umfangsmiklar breytingar á greininni sem ég las hér upp áðan. Sú breyting sem við leggjum til er að Alþingi samþykki framsal valds okkar til hæstv. viðskrh. en takmarki það við þau ákvæði þeirra laga sem hér er verið að breyta, sem tengjast ósanngjörnum samningsskilmálum.

Það skiptir öllu máli, herra forseti, að hæstv. ráðherra fái skýrt umboð á þröngu sviði til að útfæra betur lög eins og þessi fremur en að hafa opna reglugerðarheimild sem geri hæstv. ráðherra kleift að grípa til nánast allra þeirra aðgerða sem henni þykir þurfa.

Ég held, herra forseti, að þetta sé eitt af þeim atriðum sem Alþingi þurfi að hugsa betur. Alþingi þarf að staldra við og velta fyrir sér hvort ekki sé farið inn á hættulega braut með stöðugu framsali á valdi til framkvæmdarvaldsins. Við megum ekki gleyma því að stjórnarskráin kveður skýrt á um þrígreiningu valdsins. Við höfum ákveðið vald, dómsvaldið hefur sinn hluta valdsins og framkvæmdarvaldið á að fara með afmarkaðan hluta þess. Það gengur ekki, herra forseti, að Alþingi, sem á líka að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, framselji í vaxandi mæli á tilteknum sviðum vald sitt til þess.

Þetta segi ég að gefnu tilefni, herra forseti, og vil að lokum, fyrir hönd okkar fullrúa Samfylkingarinnar, þakka hv. þm. sem í nefndinni sitja fyrir þann skilning sem þeir höfðu á þessu viðhorfi okkar. Það er endurgoldið með því af okkar hálfu, herra forseti, með því að við styðjum meiri hlutann í þeim brtt. sem hér liggja fyrir og styðjum samþykkt þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:33]

Útbýting þingskjals:

Styrkir til atvinnumála kvenna, 207. mál, svar félmrh., þskj. 483.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 319. mál (tollkvótar og tollar af tóbaki). — Þskj. 404, nál. 537.

[19:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Þetta mál snýst um tvo hluti. Annars vegar er lagt til að fjmrh. verði veitt heimild til að úthluta tollfrjálsum kvótum vegna innflutnings á vörum sem falla ekki undir viðauka tollalaga um landbúnaðarvörur og hins vegar að tollar af tóbaki verði felldir niður.

Breytingin vegna tollkvótanna er komin til vegna þess að ráðherra þarf að úthluta til Norðmanna tollfrjálsum kvótum af norskum kartöfluflögum í kjölfar samnings sem gerður var milli Íslands og Noregs, annars vegar um gjaldfrelsi á hestum sem fluttir eru til Noregs og hins vegar um gjaldfrelsi á kartöfluflögum og ostum sem fluttir eru frá Noregi til Íslands.

Varðandi ostana er hefur þegar verið veitt heimild til innflutnings á þeim tollfrjálst. Það er ákvæði sem kom inn í íslenska löggjöf með GATT-samkomulaginu. Hins vegar vantaði heimildir til fjmrh. til þess að úthluta kvótum vegna tollfrjáls innflutnings á kartöfluflögum.

Málið sem slíkt er sjálfsagt. Það er hins vegar umhugsunarefni, í tengslum við þessa breytingu, hvort ekki þurfi að fara yfir tollalögin og e.t.v. fleiri lög sem um þessi mál fjalla. Ástæðan er sú að manni virðist ástæða til að skoða með hvaða hætti vald er framselt og hverjir í stjórnkerfinu taki ákvörðun um hvort yfirleitt eigi að fella niður tolla eða ekki fella niður tolla og hvernig eigi að haga þessum málum.

Í stjórnarskránni stendur að engan skatt megi leggja á né breyta né taka af nema með lögum. En eins og þetta blasti við í efh.- og viðskn., þá virtist sem undirskrift tveggja ágætra manna á erlendri grund dygði til, að þar með væri ákveðið að leggja niður þessa tolla og Alþingi kæmi hvergi nærri þeirri ákvörðun.

Ég tel að það sé ástæða til að fara í gegnum þessi ákvæði og hvet fjmrh. eindregið til að láta fara fram á þessum málum lögfræðilega skoðun innan ráðuneytisins og gera okkur í nefndinni síðan við tækifæri grein fyrir því hver skoðun ráðuneytisins er á því hvernig fjalla eigi almennt um þessi mál.

Nefndin gerir ekki athugasemd við frv. sem slíkt og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

[19:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Vihjálmur Egilsson rakti prýðilega skýrt tildrög þessa máls. Nú er það svo að við þingmenn stjórnarandstöðunnar sem sitjum í efh.- og viðskn. höfum öll þrjú fyrirvara við málið. Ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir erum sammála efnisinnihaldi frv. Við teljum að frv. sé prýðilegt. En aðrir þættir málsins, sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði reyndar að umræðuefni, teljum við tilefni til að staldra við.

Að því er frv. sjálft varðar þá er málið sett í ákveðinn farveg til þess að hægt verði að hrinda í framkvæmd ákveðnum ákvæðum milliríkjasamnings sem við höfum gert við Noreg. Þessir samningar eru jákvæðir, ekki aðeins fyrir Noreg heldur líka fyrir okkur. Þeir stuðla að því sem við höfum lengi haft á stefnuskrá okkar í Samfylkingunni, að auðvelda viðskipti með landbúnaðarvarning milli landa.

Hins vegar er athyglisvert, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson drap á í máli sínu, að þetta frv. er lagt fram til þess að hrinda í framkvæmd ákveðnum greinum milliríkjasamnings. Þegar við fjölluðum um málið í efh.- og viðskn. þá rak okkur ekki minni til þess að þessi milliríkjasamningur hefði verið lagður fyrir hið háa Alþingi í formi þingsályktunar, líkt og hefur a.m.k. verið hefðin í þinginu. Þá velta menn auðvitað fyrir sér hvort hér sé ekki um að ræða ákveðið framsal af okkar hálfu til framkvæmdarvaldsins, sem við þurfum a.m.k. að skoða.

Ég drap á það í umræðu um mál sem áður voru á dagskrá að þingið þurfi að velta fyrir sér með hvaða hætti það selur stöðugt af höndum sér vald til þeirra sem stýra ráðuneytunum. Í þessu tilviki virðist sem að hefð sé að skapast fyrir því að milliríkjasamningum af þessu tagi sé hrint í framkvæmd án þess að þingið samþykki þá í reynd. Þetta þýðir að ef tilteknar heimildir eru komnar inn í lög, eins og eru þegar í tollalögum, ýmsum viðaukum sem þar er að finna og verða í þessu tilviki með breytingunum sem hér eru gerðar, þá leiðir það til þess að staðfesting utanrrh. á samningum við erlend ríki getur í reynd leitt til þess að tekjur ríkisins, skattar, breytist hér á landi.

Við spurðumst sérstaklega fyrir um þetta í efh.- og viðskn., þ.e. hvað ylli þessum breytingum. Fram á síðustu missiri hafa allir slíkir samningar verið lagðir fyrir þingið. Á því er að vísu undantekning sem var að því er ég tel upphaf þessarar hefðar, þ.e. þegar fríverslunarsamningurinn við Mexíkó var staðfestur. Þá var litið svo á að hægt væri að hrinda honum í framkvæmd án þáltill.

Túlkun utanrrn. er sú að í tollalögunum séu lögbundnar heimildir til hæstv. fjmrh. til að hrinda tilteknum ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum í framkvæmd.

Nú hefur mér ekki gefist tóm til þess að skoða þetta til hlítar né okkur í efh.- og viðskn. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar gerðum í sjálfu sér engar sérstakar athugasemdir sökum þeirrar tímanauðar sem í málinu var við þá málsmeðferð. Mér sýnist við fljóta yfirferð að þessi heimild sé túlkuð þannig að jafnan sé um að ræða breytingar sem eru neytendum til góða, þ.e. það séu ívilnandi breytingar af þessu tagi. Um það er ég þó ekki viss, herra forseti.

En í 147. gr. tollalaga segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra skal hrinda í framkvæmd ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra.“

Í tollalögum segir jafnframt í 1. mgr. 6. gr., með leyfi forseta:

„Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.“

Það vill svo til, herra forseti, að auk hv. þm. Vilhjálms Egilssonar er hér líka staddur hæstv. fjmrh. sem fer með framkvæmd þessara laga. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur þegar lýst sinni skoðun á þessu en mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þessi túlkun á lögunum styðjist við sérstakan úrskurð eða niðurstöðu lagaspekinga sem fengnir hafi verið til þess að skoða þetta mál.

Nú er mér auðvitað mætavel kunnugt um það, herra forseti, að sjaldnast hefur það gerst á þeim 10, 11 árum sem ég hef setið hér, að milliríkjasamningar hafi verið teknir til gagngerrar umræðu hér á hinu háa Alþingi. Þeir hafa hins vegar verið skoðaðir þokkalega vel í utanrmn. og einnig verið skoðaðir af okkur sem sitjum í EES-nefndinni og þar hefur verið farið í gegnum þá. Vitaskuld er það þannig að embættismenn hafa grandskoðað þá með tilliti til hagsmuna okkar. Eigi að síður er ég ekki sannfærður um að samlestur á þessum tveimur greinum tollalaga, 6. gr. og 147. gr., heimili í reynd þetta mikla framsal sem felst í þeirri hefð sem hér er verið að skapa. Þá vísa ég að sjálfsögðu til þeirrar greinar stjórnarskrárinnar sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vitnaði í áðan, þ.e. um að skatta skuli ekki leggja á eða afnema nema með lögum.

Þetta, herra forseti, er ekki gert í krafti laga. Þetta er í reynd gert í krafti milliríkjasamninga. Þá er spurningin hvort þær heimildir sem til staðar eru séu nægilegar. Ég lít svo á að á undangengnum árum hafi menn talið að þær væru ekki nægilegar. Þess vegna hafa menn haft til siðs að koma með slík mál fyrir þingið og fá samþykki Alþingis fyrir viðkomandi fríverslunarsamningum. Spurningin sem vakir í huga mér er þá þessi: Hvað leiðir til þessarar breyttu túlkunar?

Ég tek það fram, herra forseti, að ég leggst ekki endilega gegn því að þessi háttur verði hafður á. Það getur vel verið að hann spari tíma og leiði til betri skoðunar á viðkomandi samningum, ef um er að ræða að þær nefndir sem ég nefndi hér áðan, auk utanrmn., taki þá til góðrar skoðunar. Hér er eigi að síður um þess háttar rof á vinnureglum að ræða að mér þykir við hæfi, jafnvel þó að ekki fáist svör við þessum spurningum við þessa umræðu, að farið verði að tilmælum hv. formanns efh.- og viðskn. og fjmrn. geri efh.- og viðskn., við gott tækifæri, grein fyrir þessu. Jafnframt tel ég nauðsynlegt að þetta mál verði rætt í utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:46]

Útbýting þingskjals:
Stjórn fiskveiða, 193. mál, brtt. GAK o.fl., þskj. 541.

Gjald af áfengi, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 405, nál. 538.

[19:46]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og kallaði til sín nokkra einstaklinga til skrafs og ráðagerða sem getið er á þskj. 538.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með smábreytingu sem felst einkum í að skýra betur þá reglugerðarheimild sem ráðherra hefur samkvæmt frv. Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

[19:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um frv. til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi, með síðari breytingum, frá 1995. Samhliða því er lagt fram frv. til laga um breytingu á tollalögum, eins og fram hefur komið.

Ég vil láta það koma fram að þessar lagabreytingar eru til komnar vegna tilskipunar vegna EES-samningsins. Okkur ber að fella niður tolla af tóbaki um næstu áramót. Í stað þess verður tekið upp sérstakt tóbaksgjald. Ég trúi því að þetta fyrirkomulag muni auðvelda okkur að stýra verði á tóbaki með hliðsjón af heilbrigðismarkmiðum og gera hæstv. heilbrrh. auðveldara að framfylgja stefnu okkar í heilbrigðismálum. Ég held að þessi breyting geti orðið til góðs.

[19:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. sem hér talaði áðan að þetta fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til geri mönnum auðveldara um vik að verðstýra tóbaksneyslu, það kann að vera. (**ÞBack:** Gæti gert það.) Gæti gert það, segir hv. þm. Ef svo er þá tel ég að það sé af hinu góða.

Tvennt sem vildi ég láta koma fram við þessa umræðu af hálfu okkar þingmanna Samfylkingarinnar. Við styðjum þetta mál án fyrirvara. Ég tel að við þetta tækifæri hefði verið í lagi að velta því fyrir sér, ekki síst í tengslum við þær efnahagsráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til andspænis þeirri stöðu sem er uppi í efnahagsmálum, að hækka verð á tóbaki. Það hefur margsinnis komið fram að verð á tóbaki ræður miklu um neysluna. Það hefur margsinnis komið fram að tengsl eru á milli tóbaksneyslu ungmenna og neyslu þeirra á harðari vímuefnum og erfiðari þegar vindur fram síðar á lífsleiðinni. Ég held þess vegna að eitt af því sem við hljótum að velta fyrir okkur frá sjónarhóli forvarna á heilbrigðissviði sé einmitt að verðstýra neyslunni. Ég tel að það hefði verið heillavænlegra fyrir hæstv. ríkisstjórn að velta fyrir sér hækkun á þessu en t.d. ýmsu því sem hún hefur verið að grípa til á allra síðustu dögum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur talið nauðsynlegt t.d. að hækka gjöld á námsmönnum við háskóla og við framhaldsskóla á Íslandi. Þessar hækkanir hafa áhrif á verðlag. Þannig er ekki hægt að halda því fram, herra forseti, að með því að hækka fremur tóbak en t.d. skólagjöld sé verið að kalla fram stríðari verðlagsáhrif, síður en svo. Það hefði að öllu leyti verið jákvætt, herra forseti, að fara þá leið að hækka fremur tóbaksverð en skólagjöld. Það hefði í fyrsta lagi hvatt menn fremur til þess að fjárfesta í menntun og í öðru lagi hefði það til langs tíma litið leitt til sparnaðar hjá hinu opinbera. Minni tóbaksneysla hefur sannanlega í för með sér talsvert minni kostnað fyrir heilbrigðiskerfið.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég að það komi skýrt fram að ég og flokkur minn erum andsnúin því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði einkavædd. Við gengum þess vegna sérstaklega eftir því hvort það fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til, þ.e. upptaka sérstaks tóbaksgjalds, gæti með einhverjum hætti leitt til þess að auðveldara yrði um vik að einkavæða þetta fyrirtæki ríkisins eða hvort hér væri um að ræða einhvers konar skref í átt að því. Það var fortakslaust svar þeirra sem okkur svöruðu fyrir hönd ríkisins, þar á meðal hæstv. fjmrh., að svo væri ekki. Í þeirri góðu trú þá samþykkjum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þetta nál. án nokkurs fyrirvara og styðjum að þetta mál verði samþykkt af Alþingi.

[19:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vildi bara nefna hér nokkur atriði sem fram hafa komið í máli manna út af þessu frv. til frekari skýringar. Ég fagna því að það er góð samstaða um málið í hv. efh.- og viðskn. og milli stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi.

Það er rétt að þetta mál er að hluta til EES-mál, þ.e. tengist niðurfellingu tolla á tóbaki frá EES-löndunum sem við erum skuldbundin til um næstu áramót. Til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart öðrum löndum var ákveðið að fella þá alveg niður og taka þess í stað upp annað form gjaldtöku, hið svokallaða tóbaksgjald.

Þessu tengist hins vegar líka gamalt vandamál í innheimtu tekna af tóbaki á Íslandi, sem er að fyrir utan tolla hefur tekjuöflun ríkisins af þessum varningi byggst á svokallaðri magnálagningu. Slík gjaldtaka stenst ekki lengur þær kröfur sem menn vitnuðu til áðan í öðru máli og tengdu stjórnarskránni, þ.e. ákvæðum um að Alþingi skuli leggja á og taka af skatta.

Til þessa hefur það ekki verið gert að því er varðar skatt á tóbak. Hann hefur bara verið ákveðinn, mér liggur við að segja, í samtölum milli ráðuneytisins og Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins frá degi til dags þó að þar á séu kannski ekki mjög tíðar breytingar núorðið. En þetta er ekki eðlilegt og þess vegna er verið að nota tækifærið samhliða tollabreytingunni og koma þessu í alvörubúning, ef svo mætti segja, en jafnframt að tryggja að þessu gjaldi verði ekki breytt framvegis nema Alþingi komi þar að máli. Þessu gjaldi verður ekki breytt framvegis nema með ákvörðun Alþingis, hvorki til hækkunar né lækkunar. Þar með er fyrirkomulagið svipað og er varðandi áfengisgjaldið, sem er reyndar í sömu lögum.

Hv. þm. Þuríður Backman lét þess getið að e.t.v. yrði auðveldara að stýra verðlagningu á tóbaki eftir að þessi breyting er gerð. Það má vel vera. Þá verða menn kannski að vera samstiga og hafa hraðar hendur í Alþingi til þess að hafa ekki áhrif á það sem gerist á markaðnum hverju sinni í kaupum og sölu á þessari vöru. Það verður hins vegar ekki lengur hægt að gera það bara með einu símtali í höfuðstöðvar ÁTVR. Það er nauðsynlegt að þetta liggi fyrir. En ég býst við því að ef til slíkra breytinga kemur verði góð samstaða um að afgreiða slík mál hratt og vel í gegnum þingið.

Út af ábendingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um hækkun á þessu gjaldi er nauðsynlegt að það komi fram að ákveðið var að frv. fæli eingöngu í sér þessa formbreytingu sem við erum að tala hér um, en hún væri hlutlaus að öðru leyti gagnvart tekjuöfluninni. Þannig var ákveðið að hrófla ekki við henni sérstaklega í þessu máli. Vitaskuld má segja að það hefði verið hægt en niðurstaðan varð sú að gera það ekki heldur láta þetta koma fram sem sagt á hlutlausum grundvelli gagnvart fjárhæðum sem þarna er um að tefla. Ef menn vilja breyta þessu í framtíðinni þá gerist það með því að flytja frv. til breytinga á þessum lögum, þ.e. eftir þessar breytingar.

[19:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. orðaði það svo að ákveðið hefði verið að láta þessa breytingu vera hlutlausa gagnvart þeim tekjum sem ríkissjóður hefur af sölu tóbaks. Það er ákvörðun sem hæstv. ríkisstjórn tekur. Hún hefði auðvitað, eins og hæstv. ráðherra segir, getað fallið á annan veg.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að fremur hefði átt að nota þessa ferð til að hækka verð á tóbaki, hækka tóbaksgjaldið umfram það sem lagt er til í frv. og í staðinn að falla frá ýmsum öðrum umdeildari og miklu verri ráðstöfunum sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að grípa til til að afla tekna í ríkissjóð.

Ég tiltók sérstaklega, herra forseti, að það hefði verið miklu skynsamlegra að öllu leyti að hækka tóbaksgjaldið og falla frá hækkunum á skólagjöldum á háskólanema og framhaldsskólanema. Að öllu leyti hefðu rökin fyrir því verið jákvæð í þeirri merkingu að ríkisstjórnin hefði áfram getað aflað sér sömu tekna og hún gerir með upptöku skólagjalda. Jafnframt hefði hún, herra forseti, gripið til ráðstafana sem hefðu til frambúðar dregið úr kostnaði ríkisins. Við vitum að kostnaður heilbrigðiskerfisins minnkar í réttu hlutfalli við minni á tóbaksneyslu.

Það er ákaflega sjaldgæft að hægt sé að benda á slíkt samhengi sem er á milli sjúkdóma og neyslu jafnaugljóslega og annars vegar milli tóbaksneyslu og hins vegar ýmiss konar kvilla sem hrjá okkur mannfólkið. Ég held þess vegna, herra forseti, að þetta hefði verið ákaflega heillavænleg ráðstöfun. Hún hefði líka þjónað þeim tilgangi að draga úr neyslu á harðari efnum í framtíðinni. Hvers vegna? Vegna þess að hver könnun á fætur annarri sýnir fram á að því yngri sem börn byrja að neyta tóbaks því meiri líkur séu á því að síðar á lífsleiðinni fari þau út í neyslu harðari vímuefna.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Var þessi möguleiki ekki íhugaður?

[19:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað annað mál, þ.e. þær ráðstafanir sem gripið er til í tengslum við afgreiðslu fjárlaga í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta er annað mál en það sem við fjöllum um hér núna. Við erum hér með hreina formbreytingu en það vill þannig til að hún kemur til þingsins um líkt leyti og við erum afgreiða hin málin. Við höfum getað tekið þetta fyrir fyrr í haust eða í vor. Þetta mál hefur reyndar beðið í dálítinn tíma og hefði með réttu átt að vera hér fyrr á ferðinni.

Það er ekki eðlilegt að blanda þessu svona saman með þeim hætti sem hv. þm. gerir. Auðvitað geta menn alltaf velt því fyrir sér hvort tóbaksverð eigi að vera hærra á þeim forsendum sem þingmaðurinn gerir, hvort það sé of lágt miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum o.s.frv. eða með tilliti til afleiðinganna af tóbaksneyslu. En það er auðvitað ekki eitt af því sem er hægt að stilla upp andspænis þeim aðgerðum sem um þessar mundir er gripið til í ríkisfjármálunum á grundvelli þess frv.

Auðvitað er alltaf hægt að hækka tóbaksgjaldið ef menn kæra sig um það og fyrir því er meiri hluti á Alþingi.

[19:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. segir: Auðvitað er alltaf hægt að hækka tóbaksgjaldið. Ég tek undir með honum í því efni og ég spyr hæstv. ráðherra: Af hverju hækkum við þá ekki tóbakið núna og notum þá hækkun til þess að falla frá öðrum hækkunum, fyrst og fremst á skólagjöldum?

Herra forseti. Það hefur stundum áður gerst að við höfum rætt þessi mál á hinu háa Alþingi. Þar hafa menn reifað þann möguleika að reyna að draga úr tóbaksneyslu, fyrst og fremst ungmenna, með því að hækka verð á tóbaksvörum.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum tók hæstv. fjmrh. tiltölulega vel í slíkar hugmyndir. Á þeim tíma var hins vegar ekki hægt að ráðast í slíkar breytingar vegna þess að talið var að það hefði óæskileg áhrif til hækkunar á verðlagi, þar með mundu lán allra landsmanna hækka og þar með væri líka ljóst að af því yrðu ákveðin áhrif sem ekki væru æskileg.

Við ræddum við það tækifæri, man ég, möguleikann á að taka tóbaksvarning út úr vísitölunni. Það var fallið frá því vegna þess að talið var að það drægi mjög úr tiltrú á okkur erlendis.

Nú vill svo til, herra forseti, að verið er að gera aðrar breytingar sem leiða til hækkunar á vísitölunni, sem leiða til aukinnar verðbólgu. Það vill svo til, herra forseti, að við höfum mælingar á þessu í efh.- og viðskn. Þess vegna segi ég: Nákvæmlega núna er tilefni til að hætta við að hækka skólagjöld sem hafa verðbólguhvetjandi áhrif og hækka í staðinn tóbaksgjaldið. Við höfum tækifærið núna og það rennur okkur úr greipum á morgun eða hinn. Þess vegna segi ég: Þetta er pólitísk ákvörðun og ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. tóku pólitíska ákvörðun um að nota ekki þetta tilefni til að falla frá skólagjöldum en hækka í staðinn tóbak. Það sýnir forgangsröðunina.

[20:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi, herra forseti, þá er ekki verið að hækka nein skólagjöld, það er verið að tala um innritunargjöld í háskólanum og sambærileg gjöld í framhaldsskólunum en ekki hreinræktuð skólagjöld.

Í öðru lagi, að því er varðar vísitöluáhrif, þá held ég að hv. þm. þurfi að fletta betur upp í skjölum sínum því að það er fjarri því að vísitöluáhrif af þeim ráðstöfunum sem við höfum lagt hér til og eru til meðferðar, sem hafa að hluta til verið samþykktar og eru alla vega samþykktar sem forsendur fjárlaganna, gefi tilefni til þeirra ályktana sem hann dró hér.

Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að tóbak vegur mjög þungt í vísitölu. Tóbak er, ef ég man rétt, 1,8% af vísitölugrundvellinum. Ef 10% hækkun útsöluverðs á tóbaki á sér stað þá hækkar vísitalan um 0,18. Það er miklu meira en nokkurn tíma hefur verið talað um í sambandi við þau atriði sem þingmaðurinn tiltók. Menn verða að gjöra svo vel að horfa á heildarmyndina. Það er ekki hægt að slá fram þessum fullyrðingum að óathuguðu máli. Hvað gefur þá 10% hækkun á útsöluverði tóbaks miklar tekjur? Ég man það nú ekki en auðvitað verða menn að skoða öll áhrif slíkra hluta. Það er ekki hægt að stökkva til eins og þingmaðurinn gerir hér vegna þess að allt í einu taldi hann að hér væri eitthvert sóknarfæri í allt öðrum málum en frv. fjallar um. Það er ekki hægt að stökkva svona til og draga ályktanir með þeim hætti sem hann hefur gert hérna.

[20:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að blanda mér í umræðurnar um þetta frv. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur lýst skoðun okkar á því. En mér fannst mjög áhugaverðar þær umræður sem fóru fram milli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég vil gjarnan blanda mér í þær vegna þess að ég tel mikilvægt ef hugsanlega væri hægt að fá ríkisstjórnina til að breyta ýmsum ákvæðum í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem við ræðum hér á morgun og ég geri ekki sérstaklega að umræðuefni hér.

Varðandi hækkun á tóbaki finnst mér það áhugaverður kostur að skoða í samhengi við annað sem ríkisstjórnin leggur til í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég tók eftir að hæstv. fjmrh. nefndi vísitöluáhrifin af hækkun á tóbaki. Það vill svo til að ég hef skoðað það mál, einmitt í samhengi við vísitöluáhrif af hækkun á innritunargjöldum og skráningargjöldum. Ég bað Hagstofuna að reikna út fyrir mig hvað það þýddi í tekjuauka fyrir ríkissjóð ef við hækkuðum tóbaksgjald um 10 krónur, þ.e. efh.- og viðskn. óskaði eftir þessum upplýsingum sem ég kom á framfæri. Upplýsingarnar skiluðu sér í dag frá forstjóra ÁTVR. Þar kom í ljós að heildsöluhækkun á tóbaki um 10 kr., þ.e. að smásöluverði á pakka hækkaði úr 430 í 447 kr. með álagningu í heildsölu og smásölu ásamt virðisauka, gæfi ríkissjóði í tekjur um 200 millj. kr.

Við erum að tala um að skráningar-, innritunar- og efnisgjöld gefi ríkissjóði í tekjur 100 millj. kr. Hækkun á tóbaksgjaldi um 10 kr., sem í útsölu þýddi 17 kr., gæfi ríkissjóði 200 millj. kr. í tekjur. Þegar við skoðum vísitöluáhrifin af þessu tvennu, þ.e. hækkun á innritunar- og skólagjöldum annars vegar og hækkun á tóbaki hins vegar kemur í ljós, samkvæmt upplýsingum Hagstofu, að þessi hækkun á tóbaksgjaldi þýddi í hækkun á vísitölu 0,07%. En hækkun á gjöldum í framhaldsskóla og háskóla, sem gefur 100 milljónir, þýðir vísitöluáhrif upp á 0,14% eða helmingi meiri áhrif inn í vísitöluna. Mér finnst sú ábending sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, um að þetta yrði skoðað í stað ýmislegs sem er í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, mjög raunhæf. Vísitöluáhrif af því að fara þessa leið eru minni auk þess sem þetta gefur ríkissjóði meira í tekjur. Efnislega er þar fyrir utan skynsamlegra að hækka tóbak, sem væri þá veruleg forvarnaaðgerð. Eins og fram kom í umræðunum þá er hækkun á tóbaki helsta ástæða þess að fólk reyni að hætta að reykja. Á hinn bóginn er um það að ræða að hækka gjöld á námsmenn með ýmsum afleiðingum, sem ég held að séu miður í heildina fyrir þjóðfélagið en ekki síst fyrir námsmenn.

Þetta vildi ég segja við umræðuna og bið hæstv. ráðherra að skoða hug sinn í þessu máli. Það er ekki of seint, þó að það komi ekki inn í þetta frv., að taka hækkun á tóbaksgjaldi inn í ráðstafanir í ríkisfjármálum í stað þeirra hækkana sem eiga að ganga fram varðandi innritunar- og skráningargjöld.

Af því að við erum að ræða vísitöluna í heild sinni, sem við komum örugglega inn á á morgun í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum þá eru mjög óæskileg áhrif af því frv. á vísitöluna á heildina litið. Ég ætla ekki að fara nánar út í það en með áformuðu áfengisgjaldi og með breytingum sem á að gera á ýmsum ákvæðum í heilbrigðisþjónustunni, eins og komugjöldum, lyfjakostnaði og komugjöldum til sérfræðilækna, hefur Þjóðhagsstofnun í samráði við Hagstofuna metið það svo að vísitöluáhrifin af frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem við ræðum á morgun, séu 0,35%. Það er auðvitað afar óæskilegt miðað við aðstæður og með hliðsjón af því að aðilar vinnumarkaðarins eru að reyna að koma sér saman um aðgerðir til þess að ná niður verðbólgunni. Þar eru menn að tala um að reyna að slá á verðbólguna um kannski 0,5% eða eitthvað í þeim dúr en hér munum við á morgun ræða aðgerðir í ríkisfjármálum sem hækka vísitöluna um 0,35%.

Ég bið hæstv. ráðherra því að skoða þá leið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á og er í alla staði skynsamlegri hvernig sem á málið er litið.

[20:09]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af umræðu um vísitöluáhrif af einstökum aðgerðum sem tengjast þeirri umræðu sem hér hefur verið um hækkun á tóbaksgjaldinu og þeim aðgerðum sem verið er að grípa til varðandi ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í umræðum í nefndinni í gær kom fram að það væri algjörlega af og frá að sú kostnaðarhækkun sem heimilin í landinu verða fyrir vegna hækkunar á innritunargjöldum í menntakerfinu geti komið út sem 0,26% vísitöluhækkun eins og talað var um í gær, eða 0,14% vísitöluhækkun eins og rætt hefur verið um í dag. Þetta stenst bara alls ekki.

Málið snýst um þetta: Í þessum pakka er hækkun á áfengisgjaldi sem gefur kringum 400 millj. og á að gefa vísitöluhækkun upp á 0,11%. Við erum með hækkun á heilbrigðisgjöldum, lyfjum og slíku sem á að gefa 500–600 millj. til ríkisins og hækkunin af því á að vera upp á 0,09%. Það er venjulega þannig í þessum reikningum að 0,1% vísitöluhækkun er tala sem hreyfir einhvers staðar til í kringum 440 millj. kr. Þetta eru 100 milljónir sem talað er um í menntamálapakkanum í ríkisfjármálafrumvarpinu.

Þannig að þetta er einfaldlega villa, þetta byrjaði í 0,26, er komin niður í 0,14 og endar sjálfsagt í 0,01–0,02, þar sem það á heima. Það eru ekkert meiri vísitöluáhrif af þessum hækkunum í menntakerfinu en í mesta lagi 0,02%.

[20:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst afar athyglisvert að hv. þm. treysti sér til að standa hér galvaskur og mótmæla bæði útreikningum Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar á áhrifum af tilteknum aðgerðum á verðlagið. Mér finnst það ansi djarflegt.

Það er rétt að verðlagsáhrifin af aðgerðum þeim sem á að fara í gagnvart námsmönnum og hækkun á innritunar- og efnisgjöldum komu fram hærri hjá Þjóðhagsstofnun í gær en þau gera í dag. Þjóðhagsstofnun viðurkenndi það með því að fara yfir málið aftur með Hagstofunni og þá fóru verðlagsáhrifin niður í 0,14%. En á heildina litið, með öllum þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin er að beita sér fyrir, eru hækkunaráhrifin 0,35%.

Ég held að það hljóti að verða eldur á verðbólgubálið og þá sátt sem verið er að reyna að ná fram. Með fullri virðingu fyrir hv. þm. þá treysti ég Þjóðhagsstofnun betur, ekki síst þegar hún vinnur að því með Hagstofunni að finna hver verðlagsáhrifin af þessu eru.

Ég skil auðvitað vel að hv. þm. standi hér og reyni að verja aðgerðir ríkisstjórnarinnar og mótmæla þessum verðlagsáhrifum vegna þess að hv. þm. veit vel hvaða áhrif þetta getur haft í þeim viðræðum sem nú standa yfir við aðila vinnumarkaðarins, sem eru að reyna að ná einhverri lendingu um svipaða tölu að því er varðar verðbólgumálin og við erum að fjalla um að ráðstafanir í ríkisfjármálum og hækkanir í heilbrigðisþjónustunni færi út í verðlagið.

Þess vegna bið ég, herra forseti, menn að átta sig á því sem hér er á ferðinni svo þetta setji ekki allt í loft upp í þeim samningum sem eiga sér stað þessar klukkustundirnar.

[20:13]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa alveg þokkalegt vit á því sem ég er að tala um. Einkaneyslan í landinu á næsta ári er áætluð einhvers staðar í kringum 440 milljarðar. Til þess að hækka þá tölu um 0,1% þarf 440 millj. kr. Þessar áætlanir um 0,11% hækkun á áfengisgjaldi og síðan 0,09% hækkun sem eigi í raun að flytja enn þá meiri peninga til ríkissjóðs eru nálægt lagi, en samtals eru þeir útreikningar ekkert svo fjarri lagi að þetta séu einhvers staðar í kringum 0,2% hækkun á vísitölu, þ.e. samtals af þessum tveimur liðum.

Hins vegar er það bara þannig og ég stend hér galvaskur og segi — ég tel mig hafa stundað þessa reikninga töluvert mikið sjálfur hér á árum áður — að það er einfaldlega rangt að halda því fram að tilfærsla frá heimilunum til ríkisins upp á 100 millj. kr. geti komið fram sem 0,14% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. Það getur alls ekki gengið upp. Til þess að koma slíkri hækkun í gegn þarf upphæð sem væri á milli 600 og 700 millj., líklega nær 700 millj. Ég hef haft samband bæði við Þjóðhagsstofnun og Hagstofuna út af þessu máli og ég á von á því að þessi tala endi í því að verða nokkuð rétt fyrir rest, þ.e. að hækkunin vegna menntamálapakkans, þar sem tölurnar eru eitthvað kringum 100 millj. sem verið er að færa til ríkissjóðs, endi í vísitöluhækkun upp á núll komma núll eitthvað. Það eru alla vega nokkur núll á undan en hvergi nærri þessi 0,14% heldur fremur 0,02%.

[20:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan finnst mér mjög sérkennilegt að hv. þm. standi hér og gagnrýni bæði Þjóðhagsstofnun og Hagstofuna og vefengi þeirra útreikninga. (Gripið fram í.)

Ég heyrði það í dag þegar þetta endurskoðaða álit Þjóðhagsstofnunar kom að hv. þm. var ósáttur við þá niðurstöðu, um 0,35% áhrif af þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Ég hafði því samband við Þjóðhagsstofnun aftur til að ganga úr skugga um hvort nokkrar breytingar hefðu orðið á eftir samtal Þjóðhagsstofnunar við hv. þm. Mér var tjáð að þeir mundu hafa samband við Hagstofu til að endurskoða þetta aftur og ég yrði látin vita fyrir kvöldmat ef einhverjar breytingar yrðu á, vegna þess að ég er að ganga frá nál. minni hluta efh.- og viðskn. um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og það var nauðsynlegt fyrir mig að vita það.

Ég heyrði ekkert frá Þjóðhagsstofnun um neina endurskoðun á þessu mati þeirra eða Hagstofunnar þannig að ég geng út frá því, herra forseti, að það standi, að við séum hér að tala um verðbólguáhrif um 0,35% inn í það viðkvæma ástand sem nú er þegar verið er að reyna að ná sátt á vinnumarkaðnum sem eru auðvitað mjög alvarleg tíðindi. Og mér finnst mjög sérkennilegt að ríkisstjórnin sé að vefengja álit stofnana sem eru til þess bærar. Má búast við því að hv. þm. vefengi álit Hagstofunnar á morgun þegar hún kemur með nýja framfærsluvísitölu ef sú nýja framfærsluvísitala er þingmanninum ekki að skapi?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 230. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 256, nál. 529, brtt. 530.

[20:18]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Öll efh.- og viðskn. stendur að álitinu og þessum brtt. Þó hafa tveir hv. þm. fyrirvara sem þeir munu væntanlega gera grein fyrir.

Þær brtt. sem nefndin gerir að sínum eru í fyrsta lagi að lækka það lágmarksgjald sem þeir einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun greiða.

Í öðru lagi er lækkað það gjald sem kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða þannig að það verði 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250 þúsund.

Í þriðja lagi gerir nefndin ráð fyrir að eftirlitsskyldur aðili, sem er a.m.k. að $^{9}/_{10}$ í eigu annars eftirlitsskylds aðila greiði $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjald, samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr. sem rakið er í 1. gr. frv. Þetta kemur í stað $^{2}/_{3}$ sem eru í frv.

Nefndin sendi þetta til umsagnar hagsmunaaðila og fékk allmarga aðila á sinn fund. Nefndin fór einnig í heimsókn til Fjármálaeftirlitsins og hefur rætt þetta allmjög. Það er samstaða í nefndinni um að halda áfram umfjöllun um Fjármálaeftirlitið eftir áramót og hún vill í því sambandi hafa samstarf við þá aðila sem skipa samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

Nefndin telur að þær 3,5 millj. sem þessar breytingar klípa af tekjum Fjármálaeftirlitsins á næsta ári eigi einkum að fara í að endurmeta nýráðningar og að reynt verði að spá í mannaflaþörf til næstu þriggja ára hjá Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið er afar mikilvæg stofnun og órjúfanlegur og ómissandi hluti af fjármálamarkaðnum. Eftirlitið skapar traust á markaðnum fyrir alla þá sem á hann þurfa að treysta og því skiptir afar miklu máli að eftirlitið sé virkt en einnig að það sé hagkvæmt.

Einnig skiptir miklu máli að gott samstarf sé milli eftirlitsins og þeirra sem við það þurfa að búa og að skilningur sé milli aðila fjármálamarkaðarins og eftirlitsins á því hvert stefna skuli. Því leggur efh.- og viðskn. áherslu á að reynt verði að ná samstöðu um þriggja ára sýn í þróun eftirlitsins og að umfang þess verði jafnan ákveðið til þriggja ára þannig að ekki þurfi að koma til þess að eftirlitið og samráðsnefnd eigi í einhverjum deilum eða séu ekki sammála eða samstiga um hver þróunin eigi að vera frá ári til árs. Ég tel að upptaka þriggja ára áætlunargerðar mundi skapa miklu markvissari vinnubrögð í þróun eftirlitsins og því muni slík áætlunargerð gagnast betur. Fyrir fjármálamarkaðinn mundi það hafa miklu betri áhrif að slík sameiginleg framtíðarsýn væri í gangi og eins mundi það skapa betra traust á Fjármálaeftirlitinu sem eftirlitsaðila.

Með þeim brtt. sem ég hef rakið leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

[20:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson skrifum undir þetta nál. með fyrirvara. Þeir fyrirvarar snerta m.a. þær brtt. sem efh.- og viðskn. gerir að því er varðar tekjur þær sem Fjármálaeftirlitinu eru ætlaðar til starfsemi sinnar á næsta ári en með brtt. eru tekjur Fjármálaeftirlitsins lækkaðar um 3,5 millj. kr.

Herra forseti. Það er gert eftir að eftirlitsskyldu aðilarnir komu í löngum bunum á fund efh.- og viðskn. og kveinkuðu sér mjög undan því gjaldi sem þeir þurfa að greiða til þessarar stofnunar og voru í raun og sanni, herra forseti, með nöldur og sparðatíning út af því gjaldi sem þeim er ætlað að greiða.

Ég vil í því sambandi, herra forseti, nefna að ég hygg að það sé engin opinber stofnun sem opnar bókhald sitt og starfsemi sína eins rækilega hér inni á þingi og Fjármálaeftirlitið. Þeir eftirlitsskyldu aðilar sem eru að gagnrýna það að þurfa að greiða gjald til þessarar starfsemi eru með bókhald sitt og sinn rekstur harðlokaðan m.a. fyrir Alþingi. Ef eitthvað er verið að spyrja um starfsemi þessara eftirlitsskyldu aðila þá er oft og iðulega reynt að komast hjá því að upplýsa um starf og starfsemi þeirra. Þess vegna er auðvitað bara af þeim sökum einum saman afar brýnt að vel sé búið að Fjármálaeftirlitinu á sambærilegan hátt og við eigum að búa vel að Samkeppnisstofnun sem er líka mikilvægur eftirlitsaðili í þjóðfélaginu.

Við verðum að líta til þess að þó að nokkur aukning hafi orðið á mannskap hjá Fjármálaeftirlitinu er sá markaður sem það á að hafa eftirlit með, fjármála- og verðbréfamarkaðurinn, lífeyrissjóðirnir, tryggingafélögin, sífellt að stækka. Það er því eðlilegt að umfang í starfsemi slíkrar stofnunar aukist.

Ég minni á að í ágætri skýrslu sem fylgir með frv. um starfsemi Fjármálaeftirlitsins kemur fram ábending frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þar segir að Fjármálaeftirlitið sé of lítið til að sinna öllum þeim verkefnum sem á það er lagt. Það er frekar mælt með því af þessari ágætu stofnun að þar verði aukið við mannafla frekar en hitt. Mér finnst að þetta sé ein af fáum stofnunum, herra forseti, sem sé réttlætanlegt í því ástandi sem við erum í núna, í þeirri stöðu sem við erum í núna, að auka mannskap hjá. Þó að hér sé ekki um háar fjárhæðir að ræða kom þó fram að hér gæti verið um hálft stöðugildi að ræða í einhvern tíma sem hugsanlega kæmi t.d. niður á eftirliti Fjármálaeftirlitsins með vátryggingastarfsemi eða tryggingafélögunum sem ég tel nú ekki veita af, herra forseti, að hafa meira eftirlit með, sem hafa hækkað úr öllu hófi sínar lögboðnu tryggingar t.d. á bifreiðum. Mér finnst því að þetta sé, eins og ég segi, nöldur og sparðatíningur hjá þessum eftirlitsskyldu aðilum.

Mér fannst það nú taka út yfir allan þjófabálk, herra forseti, þegar nefnd, ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, kemur með þriggja blaðsíðna athugasemdir við þetta, sem augljóslega báru þess merki að nefndin hafði ekki lesið ítarlega rökstuðning sem Fjármálaeftirlitið setur fram varðandi starfsemi sína og nauðsyn á fjármagni til þess að auka við umfangið.

Það sem mér fannst líka sérkennilegt við þá nefnd — sem ég hafði nú ekki heyrt nefnda áður, ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem var sett á stofn árið 1999, og væri fróðlegt að vita hvað það hefði kostað á þeim tíma, einnig hvað þeir sem sitja í nefndinni hafa t.d. í tekjur — og fróðlegt að sjá að formaður þessarar ágætu nefndar er ritari einkavæðingarnefndar. Við höfum heyrt þess getið á undanförnum vikum að einkavæðingarnefnd lokar öllu sínu bókhaldi hér fyrir Alþingi og neitar að afhenda upplýsingar um kostnað við rekstur á einkavæðingarnefnd um 300 millj. kr. Við þurftum að ganga í gegnum það við fjárlagaafgreiðsluna að fá enga vitneskju um það þrátt fyrir að eftir því væri

gengið. Síðan setur þessi ágæti formaður sig á háan hest gagnvart Fjármálaeftirlitinu, sami aðili, ritari nefndar sem lokar bókhaldi sínu fyrir Alþingi og neitar Alþingi um eðlilegar upplýsingar um hvernig ráðstafað er 300 milljónum í kostnað vegna starfa einkavæðingarnefndar. Þetta finnst mér afar sérkennilegt, herra forseti.

Það er öðru að heilsa hjá Fjármálaeftirlitinu sem er með allt sitt opið, nákvæmlega listað um kostnað við stjórnina, nákvæma listað um ferðir, risnu, hvað eina, það er allt opið, allt opið hér. Svo setja þessir menn sig á háan hest og eru að gagnrýna þá stofnun. Það er þetta sem ég hef við það athuga hvernig þessir eftirlitsskyldu aðilar eru með nöldur og sparðatíning vegna þeirrar starfsemi sem þeir þurfa að kosta — sem er eðlilegt að þeir kosti.

Ég vil lesa hér bréf, þannig að því sé haldið til haga, frá Páli Gunnari Pálssyni, sem ég bað um að gæfi álit sitt á þessari breytingu sem að vísu var upp á 3,5 millj. kr. þannig að við vissum um afstöðu hans til þessara breytinga en hann hafði ekki tök á að mæta á fund nefndarinnar. Ég ætla að leyfa mér að lesa það bréf, herra forseti.

Með leyfi forseta, þá hljóðar bréf til efh.- og viðskn. frá Fjármálaeftirlitinu, undirritað af Páli Gunnari Pálssyni, svona:

„Óskað hefur verið eftir áliti Fjármálaeftirlitsins á tillögum viðskrn. um breytingar á frv. til laga um greiðslu kostnaðar við fjármálaeftirlit. Tillögurnar fela í sér lækkun á eftirlitsgjaldi vegna kauphalla, meiri afslátt eftirlitsgjalds vegna dótturfyrirtækja í eigu fjármálafyrirtækja og lækkun lágmarksgjalds vegna vátryggingamiðlara. Í tillögunum er ekki gert ráð fyrir breytingum á öðrum liðum frv. og því hafa fyrrgreindar breytingar í för með sér lækkun á áætluðu rekstrarumfangi á næsta ári sem nemur 3,5 millj. kr.

Vegna lækkunar á lágmarksgjaldi vegna vátryggingamiðlara vill Fjármálaeftirlitið taka fram að það hefur áður látið í ljós það álit sitt að kostnaður vegna eftirlits með vátryggingamiðlurum og vátryggingamiðlunum sé talsvert meiri en sem nemur lágmarksgjaldi en þessir aðilar greiða allir lágmarksgjald. Það er hins vegar rétt sem fram hefur komið að aðstaða og umfang vátryggingamiðlara er mjög mismunandi. Fjármálaeftirlitið hefur skilning á því að komið verði til móts við smæstu aðilana. Fjármálaeftirlitið telur koma til greina að við undirbúning álagningar vegna ársins 2003 verði leitað leiða til að flokka vátryggingamiðlara og eftirlitsgjald vegna þeirra eftir stærð eða umfangi.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemd við tillögur ráðuneytisins um lækkun eftirlitsgjalds vegna dótturfyrirtækja og Verðbréfaþings Íslands.

Hvað lækkun áætlaðs rekstrarkostnaðar varðar vill Fjármálaeftirlitið taka fram að það byggði áætlun sína á ítarlegu mati, m.a. á starfsmannaþörf. Fjármálaeftirlitið stendur við mat það sem felst í tillögum þess að rekstraráætlun sem liggur til grundvallar upphaflegu frumvarpi.

Sé það hins vegar mat ráðuneytisins og efh.- og viðskn. að lækkun á áætluðum rekstrarkostnaði samkvæmt framkomnum tillögum sé nauðsynleg beygir Fjármálaeftirlitið sig að sjálfsögðu undir það mat."

Það er ljóst að Fjármálaeftirlitið er ekki sátt við þær breytingar sem hér er verið að gera þó það í allri sinni hógværð geri ekki mikinn ágreining um það. Auðvitað er engum betur kunnugt um það en þeim sem starfa að þessu eftirliti hve gríðarlega mikilvægt það er fyrir fjármála- og verðbréfamarkaðinn að hér sé öflugt aðhald að þeim markaði. Á því hafa þessir eftirlitsskyldu aðilar sem standa undir gjaldinu kannski ekki mikinn áhuga, að hér sé öflugt og skilvirkt aðhald með starfsemi þeirra.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég taldi ástæðu til þess af þessu tilefni að koma inn í umræðuna. Við munum sitja hjá við þær brtt. sem hér eru boðaðar með þeim rökum sem ég hef lýst. Ég hefði talið sjálfsagt og eðlilegt að styðja frv. eins og það lítur út með þeim ágætu rökum sem fram koma hjá Fjármálaeftirlitinu sjálfu.

Varðandi nál. að öðru leyti þá vil ég segja að ég fagna því eins og formaður efh.- og viðskn. að menn vilji sjá rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins varðandi starfsmannaþörf til lengri tíma. Ég tel að það væri ágætt ef hægt væri að gera það. Það væri auðvitað öðrum til eftirbreytni. Eða liggja fyrir slíkar áætlanir frá öðrum stofnunum hjá hinu opinbera, um áætlanir og mannaflaþörf til næstu ára? Þessi skilyrði á að setja Fjármálaeftirlitinu og ég býst við að þeir kveinki sér ekki undan því. Þeir geta örugglega lagt fram áætlanir sínar hvað það varðar eins og annað í rekstrinum.

Ég vil síðan segja að ég tel mjög mikilvægt, og held að um það sé góð samstaða í efh.- og viðskn. og ekkert þurfi um það að deila, að nefndin taki þegar í næsta mánuði fyrir þessa ágætu skýrslu Fjármálaeftirlitsins sem er mjög ítarleg og umfangsmikil og tekur á mörgum þáttum sem snúa að verðbréfamarkaðnum og öflugra eftirliti með honum, bankastofnunum og innlánsstofnunum og fleiri þáttum í starfsemi eftirlitsins. Efh.- og viðskn. ætlaði að gera þetta á síðasta þingi en einhverra hluta vegna varð ekki af því verki. Ég legg áherslu á það, sem góð samstaða er um í nefndinni, að efh.- og viðskn. taki strax á nýju ári þessa ágætu skýrslu til umfjöllunar.

[20:35]

Gunnar Birgisson:

Herra forseti. Hér erum við að fjalla um brtt. varðandi fjárhagsáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir næsta ár og tillögur sem miða að því að lækka rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins um 3,5 milljón kr. Nefndin er þokkalega sammála um þetta mál.

Í Fjármálaeftirlitinu starfar hæft fólk, duglegt og metnaðarmikið fyrir sína stofnun. Það er kannski eitt í þessu máli sem mig langar til að minnast á. Ég er svo sem ekkert ósammála því sem hér er verið að gera og tek undir það sem stendur hér í nál., að lögð verði fram þriggja ára áætlun á næsta ári fyrir nefndina. En málið er að hér er verið að fjölga stöðugildum úr 30 í 34. Hér er verið að taka stærra hús eða húsnæði á leigu heldur en áður var. Þrátt fyrir að þetta sé vaxandi starfsemi, fjármála- og tryggingastarfsemi hér á landi, er ekki sjálfgefið að opinberar stofnanir stækki ár frá ári. Þessi sjálfvirka stækkun og þensla sem virðist alls staðar vera í opinberri stjórnsýslu, ég er alfarið á móti því að hún gangi alltaf eftir. Eftirlitið á ekki að vera þannig — ég er algjörlega ósammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um það — að endilega þurfi að fjölga fólki til að hafa enn þá harðara eftirlit. Það á ekki að vera þannig að það sé stöðugt andað ofan í hálsmálið á þeim sem stunda fjármálastarfsemi.

Nefndin hefur raunar ákveðið að láta það kyrrt liggja í þetta skiptið en ég vil taka fram að mín skoðun er að á milli ára sé það ekki endilega nauðsynlegt að fjölga starfsfólki sýknt og heilagt eins og allt of oft hefur gerst hefur hér í opinberri stjórnsýslu í ónefndum stofnunum.

En ég er sammála brtt. og styð þær. Ég tel að þetta sé í góðu horfi og ánægjulegt að þeir leggi fram nýja ábyrga þriggja ára áætlun á næsta ári.

[20:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þá skrifa ég undir þetta álit með fyrirvara.

Mig langaði í tilefni af ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar hérna áðan að ræða örlítið um þróun í mannahaldi hjá opinberum aðilum. Hv. þm. nefnir nauðsyn þess að halda fast í taumana og nefnir nauðsyn þess að fara vel með opinbert fé. Það á að sjálfsögðu að gerast með því að ráða ekki of mikið af opinberum starfsmönnum, að hans sögn. Gaman væri nú að vita, af því að hv. þm. stýrir öflugu bæjarfélagi, hvernig þróun í starfsmannahaldi hefur verið í Kópavogi. Hefur starfsmönnum mjög verið að fækka þar á síðustu árum? Það kann vel að vera og þá hefur hv. þm. haldið betur á spöðum í því efni en margir kollegar hans í öðrum bæjarfélögum.

Í þessu tiltekna máli, herra forseti, varðandi Fjármálaeftirlitið er það hins vegar þannig að hér er um að ræða nýja og unga stofnun. Hún hefur þegar sýnt að hún er giska burðug og hefur fengið byr í segl. Ég er sammála hv. þm. um að auðvitað eigum við að fara spart með fé skattborgaranna og ekki að ráðast í mannaráðningar hjá hinu opinbera nema þær séu algjörlega nauðsynlegar.

Ég er ekki að halda því fram, herra forseti, að það svigrúm sem þessar brtt. veita Fjármálaeftirlitinu sé ekki nægilegt um sinn. Ég rifja það hins vegar upp að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem skoðaði þessa stofnun, taldi að hún þyrfti að verða snöggtum mannfleiri til að geta sinnt verkefnum sínum á næstu árum. Reynslan á síðan eftir að leiða í ljós hvort það er rétt eða rangt. Ég held hins vegar, eins og málum er háttað í dag, að þessi stofnun standi býsna vel. Ég er ákaflega ánægður með það hvernig hún og aðrar eftirlitsstofnanir sem við höfum komið á legg á síðustu árum, eins og t.d. Samkeppnisstofnun, hafa sinnt verkefnum sínum.

Ég vildi hins vegar, í þessari stuttu ræðu minni, gera ákveðnar athugasemdir við vinnubrögð ráðuneytisins í þessu máli. Þær brtt. sem við erum að leggja hér til, herra forseti, spruttu ekki fram úr hugskoti hv. formanns, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, eða annarra sem eiga sæti í efh.- og viðskn. Hvaðan komu þær? Þær komu frá viðskrn. Viðskrn. leggur fram brtt. sem við flytjum hérna. Ég geri svo sem ekki athugasemdir við það verklag í sjálfu sér. Ég geri hins vegar athugasemdir við það að brtt. eru við frv. sem kom frá viðskrn. Viðskrn. er sem sagt að gera brtt. í gegnum nefndina við sitt eigið frv. Það vil ég gera athugasemdir við.

Allar þær tillögur sem fram eru komnar og miða að gjaldtöku eru til lækkunar. Maður hlýtur auðvitað að spyrja: Hafði viðskrn. ekki nægilegt samráð við aðila á markaðnum áður en það lagði fram frv.? Nú er það svo að í umræðu í nefndinni kom fram að stöku aðilar, t.d. þeir sem tengjast kauphöllum og mörkuðum, hafi ekki gert sér grein fyrir því að tilteknar bókhaldlegar breytingar hjá þeim hefðu í för með sér, að sögn, að gjaldtakan hækkaði um 50%. Það má kannski segja að í því tilviki sé ekki við viðskrn. að sakast heldur þessa aðila.

Maður getur auðvitað sagt sem svo og slett í góm: Kannski hefðu þeir bara átt að gjalda síns eigin aðgæsluleysis. Ég er þó reiðubúinn til að skoða það þegar mál koma með þessum hætti fyrir nefndina. Ég lagðist í sjálfu sér ekki gegn þessari tilteknu breytingu en fyrirvari minn er eigi að síður vegna þessara tillagna. Þær eru allar til lækkunar og ég taldi að ráðuneytið hefði fært boðleg rök fyrir fyrri tillögum sínum. Mér fundust rökin sem komu fyrir breytingarhugmyndum þeirra á eigin tillögum ekki jafn vel rökstuddar og hinar fyrri.

Er það virkilega þannig, herra forseti, að ráðuneytið tekur skoðunarlaust eða skoðunarlítið við þeim hugmyndum sem það fær frá stofnunum sínum, í þessu tilviki Fjármálaeftirlitinu, án þess að kafa ofan í þær sjálft? Ef svo er, eins og allt bendir til hérna, þá er ég ekki sáttur við það. Svona eiga menn ekki að vinna, herra forseti.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég eins og félagi minn, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, styð þetta frv. með þeim fyrirvara sem ég hef hér gert grein fyrir.

[20:43]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson beindi til mín orðum þá vil ég taka eftirfarandi fram. Hann er trúr sannfæringu sinni um að það eigi látlaust að fjölga ríkisstarfsmönnum. Það er greinilega hans trú og hann hafði langt mál um það.

Hann spurði: Hefur starfsmönnum Kópavogsbæjar fækkað í Kópavogi? Nei, alls ekki. Ég vil benda hv. þm. á að árið 1990, þegar meiri hluti Framsfl. og Sjálfstfl. tók við stjórnartaumunum í Kópavogi, þá var íbúafjöldinn 16.300 en verður innan skamms, í febrúar, mars eða apríl 25.000. Því er ljóst að starfsmönnum bæjarins hefur ekki fækkað en það hefur verið haldið vel að rekstrinum. Komið hefur fram á undanförnum árum að rekstur án vaxta er einhvers staðar á bilinu frá 62–64% og með vöxtum upp á 67–69%, þar sem framlegð tvö er yfir 30% sem er mjög sjaldgæft meðal sveitarafélaga.

Í Kópavogi hefur verið haldið vel um reksturinn. Þar hefur starfsmönnum ekki verið fjölgað að óþörfu. Við erum með úrvals starfslið þar og við höfum gætt þess að hafa reksturinn eins hagkvæman og hægt er til að geta veitt Kópavogsbúum betri þjónustu í öllu tilliti, bæði í rekstri og aðbúnaði, þ.e. umgjörð um íþróttir, skóla, leikskóla og annað slíkt.

Ég held að sú stefna sem hefur verið rekin í Kópavogi sýni að lausn mála sé ekki, eins og virðist vera hjá öðrum með svipað form, að fjölga starfsmönnum sem mest.

[20:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson, mikill forustumaður í málefnum Kópavogsbúa, segir að í Kópavogi hafi Sjálfstfl. reynt að beita eins mikilli hagkvæmni í mannahaldi og hægt sé. Þessi orð hef ég heyrt nýlega, herra forseti. Ég heyrði þau hjá forustumönnum Fjármálaeftirlitsins. Þetta eru sömu orð og allir forustumenn, sem hafa á opinberum mannafla að skipa, hafa uppi þegar þeir eru inntir eftir því hvort starfsmönnum hafi verið að fækka eða fjölga.

Hv. þm. Gunnar Birgisson fellur í þá gryfju, sem hann liggur kylliflatur í núna, að koma hingað og átelja hið opinbera, ríkið, fyrir að fjölga starfsmönnum. Hv. þm. gerir hins vegar slíkt hið sama í Kópavogi, sem er glæsilegt bæjarfélag í örum vexti og þarf á auknum mannafla að halda.

Má ég, herra forseti, leyfa mér þann munað að draga samlíkingu við ríkisstofnunina Fjármálaeftirlitið. Það er ung stofnun í örum vexti sem reynir það sem hún getur til þess að sinna verkefnum sínum eins vel og hægt er. Forustumenn stofnunarinnar nota nákvæmlega sömu rök og hv. þm.

Gunnar Birgisson notaði ég spurði hann út í mannahald í Kópavogi.

Hv. þm. Gunnar Birgisson þarf nú ekki að kvarta undan orðum þess sem hér stendur varðandi fjármálaframmistöðu hans í Kópavogi því eins og hv. þm. vaflaust rekur minni til þá ávann núverandi formaður Samfylkingarinnar sér nokkra óhelgi í Kópavogi fyrir nokkrum árum þegar hann skrifaði einmitt blaðagrein þar sem hann fór fulllofsamlegum orðum um frammistöðu hv. þm. í þessum efnum.

[20:48]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta mál hefur svo sem verið rætt. Spurningin er um hvort það sé gefið og sjálfsagt að opinberum starfsmönnum fjölgi. Séu menn að bera það saman við bæjarfélagið Kópavog, sem er í örum vexti, þá er það náttúrlega ekki samanburðarhæft. Aukinn fjöldi íbúa kallar á aukinn fjölda starfsmanna.

Hér erum við að tala um eftirlitsiðnaðinn og auðvitað þarf mannaflinn að vera nægur til að eftirlitið sé í lagi. Það sem ég er að segja hér og halda fram er að menn megi ekki hafa það sem sjálfgefið að opinberum starfsmönnum fjölgi í svona eftirlitsstofnun.

Ég vona að þegar við sjáum þriggja ára áætlun stofnunarinnar á næsta ári þá telji forsvarsmenn Fjármálaeftirlitsins sig orðna nógu vel mannaða til að geta sinnt sínu hlutverki. Auðvitað þurfa þeir að ná ákveðinni stærð til að geta sinnt sínu hlutverki. Ég er bara að benda á þetta mál.

En svo ég komi að Kópavogi aftur þá vil ég þakka hv. þm. fyrir hlýleg skrif í minn garð í ákveðnu dagblaði á sínum tíma. En eins og ég sagði höfum við gætt okkar mjög í rekstri bæjarfélagsins og uppskorið það að geta sinnt okkar fólki, þ.e. íbúunum, með betri þjónustu í flestu tilliti.

[20:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú vonum seinna að hv. þm. Gunnar Birgisson þakkaði þeim sem hér stendur fyrir hlýleg orð í sinn garð frá því fyrir nokkrum árum varðandi fjármálarekstur Kópavogs. Það munaði ekki miklu að þau orð yrðu til þess að pólitískur ferill þess þingmanns yrði endasleppari en síðar kom í ljós.

Auðvitað er ekki sjálfgefið að opinberum starfsmönnum fjölgi hjá ríkinu eða sveitarfélögum. Það er heldur ekki sjálfgefið að opinberum starfsmönnum fjölgi hjá stofnun eins og Fjármálaeftirlitinu. Það er hins vegar þannig að hvort sem rök eru fyrir því eða ekki þá er viðkvæðið alltaf það sama: Það er þörf fyrir fleiri.

Það kann að vera hárrétt hjá hv. þm. að ekki sé fyllilega hægt að bera saman tiltekna ríkisstofnun og bæjarfélag í örum vexti. En ég notaði þetta tækifæri til þess að benda á að viðkvæðið er alltaf hið sama og rökin alltaf þau sömu. Það er ekki hægt að komast hjá þessu.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að fara eigi vel með fjármuni skattborgaranna. Menn þurfa að ganga varlega um gáttir og skoða áður en þeir taka ákvörðun um að verja fjármunum hins opinbera til að ráða nýtt fólk. Það er erfitt að stemma stigu við sífelldum vexti ríkisins en það er eitt af því sem við erum að reyna að gera. Okkur er trúað fyrir því að fara vel með fé skattborgaranna.

Það má svo nefna það hér til að sýna hve sýn okkar, sem búum hér á eyðiskeri norður undir heimsskautinu kalda, er öðruvísi en erlendra manna sem hingað koma, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem ég nefndi hér til sögunnar, komst að þeirri niðurstöðu að líklega þyrfti þessi stofnun u.þ.b. sem hún verður fullburða að hafa 50 manns í þjónustu sinni. Ég er vitaskuld allt annarrar skoðunar og fellst ekki á það mat. En það sýnir að ekki aðeins lítur sínum augum hver á silfrið heldur er mat manna mjög mismunandi miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér.

Ég efa ekki að hv. þm. hefur rétt fyrir sér þegar hann segist hafa farið vel með fjármuni þeirra í Kópavogi. Og ég dreg í efa að það sé hægt að halda öðru fram um þann ágæta mann sem stýrir Fjármálaeftirlitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:53.

---

50. FUNDUR

miðvikudaginn 12. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 515, brtt. 471, 524 og 528. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, stjfrv., 150. mál, þskj. 150, nál. 493, brtt. 494. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 132. mál, þskj. 132, nál. 539, brtt. 540. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 136. mál, þskj. 136, nál. 525, brtt. 526. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 230. mál, þskj. 256, nál. 529, brtt. 530. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Tollalög, stjfrv., 319. mál, þskj. 404, nál. 537. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Gjald af áfengi, stjfrv., 320. mál, þskj. 405, nál. 538. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 193. mál, þskj. 204, nál. 520 og 542, brtt. 521 og 541. — 2. umr.
9. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 289. mál, þskj. 352, nál. 517. — 2. umr.
10. Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, stjtill., 326. mál, þskj. 413, nál. 532. — Síðari umr.
11. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, stjtill., 327. mál, þskj. 414, nál. 533. — Síðari umr.
12. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 348. mál, þskj. 469, nál. 522. — 2. umr.
13. Innflutningur dýra, frv., 281. mál, þskj. 339. — 1. umr.
14. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, frv., 313. mál, þskj. 389. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

[10:00]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 193. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 542.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 469, nál. 522.

[10:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Þetta mál hefur með einum eða öðrum hætti verið til umræðu við afgreiðslu fjárlaga. Því má segja að helstu þættir þess séu margræddir og ítarlega í þingsölum.

Nefndin tók málið fyrir á fundum á mánudaginn. Máli þessu voru einnig gerð skil í öðrum nefndum þingsins eftir því sem við átti og efh.- og viðskn. vísaði málinu til umsagnar allshn., menntmn., heilbr.- og trn., og til sjútvn. svo tekin séu dæmi. Um málið hefur því verið fjallað í mörgum nefndum auk efh.- og viðskn., einnig til samgn.

Það er skemmst frá því að segja að efh.- og viðskn. leggur til að frv. þetta verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að fyrirsögnin breytist aðeins. Fyrst og fremst er þar lagt til að setja inn ártalið, árið 2002, þar sem frv. á við um árið 2002 en ekki önnur ár.

Umsagnir frá fagnefndunum liggja frammi sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Þar klofna nefndirnar víða eins og gera mátti ráð fyrir. Meiri hluti fagnefndanna mælir almennt með samþykkt málanna en minni hlutinn hefur efasemdir eins og gengur.

Varðandi umsögn allshn. og umfjöllun um þann þátt málsins sem sneri að sóknargjöldum og kirkjugarðsgjöldum þá var fjallað um þau mál í efh.- og viðskn. auk allshn. Umræður spunnust um samning sem gerður hefur verið milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar og það álitamál kom upp hvort íslenska ríkið væri að brjóta einhvern samning við *íslensku þjóðkirkjuna með því að fara með sóknargjöld* og kirkjugarðsgjöld eins og segir í frv. Samningurinn liggur frammi í fylgiskjölum. Það liggur algerlega fyrir samkvæmt þeim samningi að það er ekki brotið gegn honum og engin lagaleg staða er til málshöfðunar á hendur ríkinu vegna þessara breytinga. Hér er ekki á ferðinni innheimta á gjaldi sem er eins konar félagsgjald til kirkjunnar heldur hefur Alþingi og fjárveitingavaldið fulla heimild til að haga þessum málum eins og ákveðið er í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í sjálfu sér er ekki mikið um umsögn meiri hluta heilbr.- og trn. að segja. Sá þáttur er ekki nema að litlu leyti inni í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og varðandi afgreiðslu fjárlaganna er einungis gert ráð fyrir um 10 millj. kr. tekjuaukningu fyrir ríkið.

Varðandi menntamálin er fyrst og fremst miðað við að innritunargjöld hækki. Hækkun þeirra á samkvæmt frv. að skila um 100 millj. kr. í ríkissjóð. Nokkur umræða hefur skapast um vísitöluáhrifin af þeirri hækkun og ég hef gert við það miklar athugasemdir að vísitöluáhrif af 100 millj. kr. tilflutningi frá heimilunum til ríkissjóðs eigi að hafa vísitöluáhrif upp á 0,14%. Í slíkum reikningum má almennt gera ráð fyrir að því hærri sem tilflutningur er á fjármunum, þ.e. peningaleg íþynging á heimilunum, þeim mun hærri eiga áhrifin að mælast í vísitölu. Efh.- og viðskn. fékk í hendur plagg þar sem 400 millj. kr. íþynging vegna hækkunar áfengisgjaldi átti að hækka vísitölu um 0,11%. Síðan átti vel á sjötta hundrað millj. kr. íþynging vegna breytinga á gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu, þar á meðal hækkun á lyfjum, að hækka vísitölu um 0,09%. Til að kóróna allt átti 100 millj. kr. hækkun á innritunargjöldum að hækka vísitöluna um 0,26%. Það var síðan lækkað niður í 0,14 en rétta talan er einhvers staðar í kringum 0,02%. Heildarhækkunin samkvæmt þessum þremur liðum á því að vera eitthvað í kringum 0,22% í vísitölu.

Það má hafa langt mál um þau fræði sem hér liggja að baki, en að koma hér og halda því fram að 100 millj. kr. íþyngingá heimilunum í landinu hækki vísitöluna um 0,14%, meðan 500–600 millj. kr. íþyngingu hækki vísitölu um 0,09% og 400 millj. kr. íþyngingu hækki vísitölu um 0,11%, kemur náttúrlega ekki heim og saman. Réttast væri að þær stofnanir sem þarna eiga í hlut leiðrétti slíka hluti þannig að ekki komi til frekari umræðna um það.

Málið snýst um það að ef allt í einu er hægt að finna út að breyting á innritunargjöldum upp á 100 millj. kr. hækki vísitöluna um 0,14% meðan hækkun á áfengisgjaldi eða breyting á heilbrigðisgjöldum um 500–600 millj. kr. hækki vísitöluna ekki um nema 0,09% þá mundi að sjálfsögðu vera ákveðin leið, ef menn vildu fikta við vísitölu í landinu, að lækka innritunargjöldin um 100 millj. og þar með vísitöluna um 0,14% og hækka þá aðeins ríflegar í heilbrigðiskerfinu. Það hefur samkvæmt þessum útreikningum miklu minni vísitöluáhrif. Það sjá allir að þvílíkir útreiningar eru eitthvað skrýtnir og ekki hægt að byggja ríkisfjármál og álit manna á vísitöluhækkunum á slíku.

Hvernig halda menn að því yrði tekið í þingsölum ef beita ætti slíkum fiffum í vísitöluútreikningum og lækka innritunargjöld, hækka heilbrigðisþjónustuna sem mundi þýða mörg hundruð millj. kr. íþyngingu á heimilin í landinu en þrátt fyrir það væri sýnt fram á að vísitalan lækkaði? Menn verða aðeins að hugsa um stærðir og samhengi hlutanna áður en þeir halda hér langar ræður um þessi atriði.

Síðan er umsögn frá samgn. vegna frv. og þeirra atriða sem henni tengjast, um vopnaleitargjald. Einnig er hér umsögn frá sjútvn. vegna hækkunar á veiðieftirlitsgjaldi. Varðandi vopnaleitargjaldið var það metið svo að það mundi hækka vísitölu um 0,02%. Það mun vera nokkuð nærri lagi þannig að heildaráhrifin eru sem sé 0,2% vegna áfengisgjaldsins og þessara hækkana í heilbrigðiskerfinu, 0,02% vegna menntamálapakkans og síðan vopnaleitargjaldið sem á að vera svipað þannig að heildaráhrifin eiga að vera í kringum 0,25%, þ.e. af þeim atriðum sem ég hef rakið.

Virðulegi forseti. Með þessum skýringum leggur meiri hluti efh.- og viðskn. til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt að því undanskildu að hnýtt verði við að þetta gildi um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 2002.

[10:12]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þar sem ekki liggur fyrir nál. frá 1. minni hluta efh.- og viðskn. er umræðunni frestað um hríð.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Umræða um frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

[10:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því sem hér er að gerast. Hér er tekið á dagskrá mál sem talað var um, í gær á fundi með hæstv. forseta, að yrði ekki tekið til umræðu fyrr en seinna í dag vegna þess að fyrir lá að nál. minni hluta yrði ekki tilbúið fyrr en um hádegi.

Herra forseti. Hér stóð til, að minni hyggju og þeirra sem voru á fundi með hæstv. forseta í gær, að taka fyrir málefni smábáta og hugsanlega einhver fleiri smámál sem fyrir lægju. En það lá alltaf ljóst fyrir, að mínu viti og annarra sem voru á fundi með hæstv. forseta, að þetta mál yrði ekki tekið strax fyrir á dagskrá. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum, herra forseti. Ég gerði athugasemd við það í upphafi fundar þegar mér var ljóst hvað var að gerast. Ég gerði forseta ljóst að nál. 1. minni hluta lægi ekki fyrir. Ég tel fullkomlega óeðlilegt, herra forseti, að taka þetta mál fyrir þegar þannig stendur á.

Herra forseti. Það skyldi þó ekki vera ástæðan fyrir því að þessi vinnubrögð eru viðhöfð að hv. frsm. nefndarinnar er á leið til útlanda strax eftir hádegið? Ég vil mótmæla því, herra forseti, að það ráði því hvernig þingstörfum er háttað. Núna þurfum við að fara fram á það við hæstv. forseta, vegna málsmeðferðar hans, að málinu verði frestað þar til nál. minni hluta liggur fyrir, sem verður um hádegi í fyrsta lagi. Væntanlega verður þá hv. frsm. farinn til útlanda. Herra forseti. Hvers konar málsmeðferð er þetta?

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. 1. þm. Norðurl. v. er ekki til umræðu hér heldur kvaddi hv. þm. sér hljóðs um fundarstjórn forseta og skal halda sig við það.)

Ég held mig við það, herra forseti. Ég er að mótmæla því að hæstv. forseti taki fyrir mál á dagskrá þar sem stefnir í að umræða muni fara fram án þess að hv. frsm. nefndarálits meiri hluta nefndarinnar verði viðstaddur. Ég vil mótmæla því, herra forseti. Ég tel að með þessu sé verið að gera umræðuna mjög erfiða á hinu háa Alþingi.

[10:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það fram að umræðu um þetta dagskrármál er þegar frestað. Ég vil í öðru lagi taka fram að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði ekki beðið mig að taka málið fyrir fyrst. Í þriðja lagi vil ég taka fram að þingmenn eiga að vera við því búnir að ræða þau mál sem eru á dagskrá. Þann tíma sem ég hef setið á Alþingi hefur það verið svo og verður auðvitað framvegis.

[10:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Skylt er skeggið hökunni, störf þingsins og fundarstjórn forseta. Mér sýnist að þetta verði svolítið losaralegt hjá okkur, herra forseti, eigi að standa svona að málum. Auk þess er alveg ljóst að menn gengu út frá öðru í undirbúningi sínum fyrir daginn í dag. Síðdegis í gær og gærkvöldi vissum við sem vorum að leggja lokahönd á nefndarálit stjórnarandstöðunnar, minni hlutans í efh.- og viðskn., ekki annað en að til þess gæfist nægur tími þar sem reiknað var með að þetta mál kæmi fyrst á dagskrá síðdegis. Þó að menn séu að sjálfsögðu viðbúnir því að ræða einhvern tíma dagsins þau mál sem hér eru á dagskrá, ef þau komast öll að, þá þýðir það ekki að hér þurfi að ríkja fullkomin óreiða, herra forseti, skipulagsleysi varðandi það hvernig menn búa sig undir umræður.

Auðvitað veit virðulegur forseti, eða ætti að vita enda vitnar hann til þingreynslu sinnar sem er ærin, að menn þurfa að hjálpast að við að skipuleggja störf sín ef vel á að fara í önnunum á lokadögum. Þar á meðal og ekki síst þurfa nefndarmenn í nefndum sem eru störfum hlaðnar eins og efh.- og viðskn. eitthvað að vita um hvenær mál eru tekin á dagskrá. Því hefur ekki verið mótmælt hér að reiknað var með að þetta mál yrði á dagskrá síðdegis en byrjað yrði á umræðum um sjávarútvegsmál og eftir atvikum einhverjum fleiri málum. Þetta er því engan veginn eins og það ætti að vera, herra forseti, svona með tilliti til góðrar reglu og skilvirkrar skipulagningar þingstarfanna.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forseta að ergjast í þessum efnum við neinn nema sjálfan sig. Ég hafði það svona á tilfinningunni að virðulegur forseti væri að taka forskot á sæluna og væri þegar kominn í talsvert af jólaskapi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég veit nú ekki hvernig jólaskapið er á heimili hv. þm.)

Það er betra en þetta.

[10:17]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. forseta. Ég hafði ekki beðið um að mæla fyrir þessu máli núna. Ég hafði reyndar reiknað með því að einhver annar nefndarmanna mundi gera það. En fyrst hæstv. forseti ákvað að taka þetta mál á dagskrá þá skoraðist ég að sjálfsögðu ekki undan að mæla fyrir því, enda finnst mér þetta gott mál og hef mikla ánægju af því að mæla fyrir því og fylgja þessu máli í gegnum þingið.

Það er svo annað mál að því miður get ég ekki verið hér við þessa umræðu að öðru leyti, eins og hér hefur komið fram. En ég get fullvissað hv. þm. um að það er nægur stuðningur í stjórnarliðinu við málið og mikill áhugi á því hjá þeim sem skipa meiri hluta, ekki bara efh.- og viðskn. heldur allra hinna fagnefndanna sem fjölluðu um málið, að tjá sig um það og taka þátt í umræðunni. Ég vona sannarlega að umræðan beri ekki skaða af því að ég hafi fengið að koma hér upp og flytja framsöguna og að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar geti líka tekið til máls í þessu máli, fengið svör og hér geti orðið lífleg og góð umræða um þetta mál sem ég er fullviss um að leiða mun til góðrar niðurstöðu fyrir land og þjóð.

[10:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Vinnubrögðin á þessari hv. samkomu eru fyrir neðan allar hellur og vart bjóðandi þingmönnum að taka þátt í þeim með þeim hætti sem hæstv. forseti stýrir þessari virðulegu samkomu.

Ég vil minna á að þetta mál var tekið til 1. umr. á laugardaginn. Nefndin afgreiddi málið á mánudagskvöld og það er auðvitað óeðlilega hröð afgreiðsla á svo stóru og miklu máli. Í gær vorum við í efh.- og viðskn. mestallan daginn að ræða mál sem voru komin á dagskrá, m.a. stórt mál eins og skattamálin og þá var og rætt um hvernig fyrirkomulag yrði í dag á þingstörfunum. Þau voru með þeim hætti, þegar ég fór héðan í gærkvöldi, að þá var upplýst að þetta mál yrði ekki tekið fyrir fyrr en í fyrsta lagi eftir hádegi.

Ég gerði starfsmönnum þingsins grein fyrir því að ég mundi skila nefndaráliti mínu fyrir hádegi og við það verður auðvitað staðið. En hæstv. forseti skuldar þinginu skýringu

á því af hverju málið er tekið á dagskrá sem fyrsta mál þrátt fyrir að þingmenn sem ætla að taka þátt í umræðu um þetta mál hafi verið upplýstir um allt annað í gær, þ.e. að málið yrði tekið fyrir eftir hádegi.

Auðvitað er ekki boðlegt að á sama tíma og málið er tekið til 2. umr. skuli formaður og varaformaður efh.- og viðskn. vera á förum til útlanda og ekki geta tekið þátt í þessari umræðu. Ég spyr, herra forseti: Finnst hæstv. forseta það vera boðlegt í þingstörfunum að haga málum með þessum hætti? Það er fyrir neðan allt, herra forseti, að okkur í minni hlutanum sé boðið upp á það án nokkurs fyrirvara, miðað við þær upplýsingar sem við fengum í gær, að málið sé tekið fyrir sem fyrsta mál á dagskrá. Þessi umræða er slitin úr samhengi með þessum hætti og þetta er ekki boðlegt þinginu.

Herra forseti. Ég fordæmi þessi vinnubrögð sem mér finnst ekki boðleg og ég segi enn og aftur: Hæstv. forseti skuldar þinginu skýringu á því hvernig hann hefur stjórnað þinginu í dag.

[10:21]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það var rætt um það að þetta mál yrði tekið fyrir í gær. Þá var mér sagt að nefndarálit minni hluta yrði til fyrir þennan fund.

[10:22]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í gær var óskað eftir því að þetta mál yrði rætt af þeim sökum að stór hluti efh.- og viðskn. væri á förum til útlanda. Því var mótmælt af minni hálfu, herra forseti, af þeirri einföldu ástæðu að ég taldi það ekki nægan tíma, a.m.k. ekki fyrir minni hlutann í nefndinni til að undirbúa nefndarálit sitt. Ég tel það ekki bjóðandi þinginu, herra forseti, að þó ekki sé komið fram í miðjan desember séu menn að flýta sér svo mikið í burtu, herra forseti, ýmist til útlanda eða heim í jólafrí, að þeir gefi sér ekki tíma til þess að vinna hér skaplega öðruvísi en að vinna hér allar nætur til að ná að klára nefndarálit. Það var ástæðan fyrir því að ekki var fallist á að málið yrði tekið á dagskrá í gær.

Ég vil hins vegar biðja hv. þm. Vilhjálm Egilsson afsökunar á því að hafa nefnt hann sem ástæðuna fyrir því að þetta mál var tekið á dagskrá, þ.e. að hann væri að fara til útlanda. Herra forseti, ég hafði bara ekki hugmynd um annað en það væri ástæðan fyrir því að hæstv. forseta þótti henta að taka málið á dagskrá og slíta umræðuna í sundur með þessum hætti.

(**Forseti** (HBl): Þingmaður á ekki að gera fjarstadda þingmenn að umræðuefni þegar gerðar eru athugasemdir við fundarstjórn forseta né heldur taka upp samræður við aðra þingmenn.)

Hæstv. forseti. Ég tók ekki upp samræður við aðra þingmenn. Ég var að nefna sérstaklega nafn hv. þm. vegna þess að ég vildi biðja hann afsökunar á því að hafa dregið hann inn í þessa umræðu undir liðnum fundarstjórn forseta. Þetta snýst um fundarstjórn forseta eftir sem áður.

Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta: Hvað veldur því að hann ákveður að slíta umræðuna í sundur með þessum hætti ef ástæðan er ekki sú að frsm. og formaður hv. nefndar er á förum til útlanda? Mér var tjáð í gær að annar hv. þm. mundi mæla fyrir þessu nefndaráliti og gerði ekki athugasemdir við það. Ég sá enga ástæðu til þess.

En, herra forseti, ástæðan fyrir því að við sitjum löngum stundum, formenn þingflokka, á fundum með hæstv. forseta til að reyna að átta okkur á þinghaldinu síðustu dagana, þegar mikið liggur fyrir á dagskránni, er væntanlega sú að við hv. þm. getum skipulagt störf okkar. Út á það gengur þetta, herra forseti. Þegar því sem um hefur verið talað, hvort sem það felst í áætlunum forseta eða öðru, er síðan breytt án þess að talað sé við kóng eða prest, herra forseti, er það algerlega óásættanlegt. Þá er það lítils virði að reyna að koma á skipulagi um hvernig þingmál skuli tekin á dagskrá, þegar hæstv. forseti leyfir sér að breyta áætlunum án þess að láta nokkurn um það vita. Menn gengu að því sem gefnu að ekki ætti að taka málið á dagskrá fyrr en seinna í dag. Ég vil mótmæla þessu, herra forseti.

[10:25]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það fram að það mátti búast við því að hvort umræðuefnið sem væri yrði tekið fyrir, 8. dagskrármál eða 12. dagskrármál. Ég vil ítreka það sem ég sagði áður. Ég hafði enga ástæðu til að ætla annað en nefndarálit minni hluta yrði tilbúið fyrir þessa umræðu.

[10:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú er upplýst að formaður efh.- og viðskn. óskaði ekki eftir því og bað ekki um að þessi umræða yrði hafin nú. Það er þá einfaldlega ákvörðun forseta, einhvers konar duttlungaákvörðun, að gera það nú þó að staðan sé sannanlega sú að nefndarálit minni hlutans verður ekki tilbúið fyrr en undir hádegið. Forseti hefur þá bara ekki réttar upplýsingar, er ekki í sambandi við sitt fólk eða þá að einhver óskaplegur ruglingur er hér á ferðinni, ef þetta hefur ekki komist til skila. Allir aðrir í þingsalnum, stjórnarandstaðan og starfsmenn þingsins, gengu út frá öðru og um það var rætt í gær og gærkvöldi.

Þessi tilhögun virðist vegna ákvörðunar forseta um að taka þetta mál fram fyrir. Ég vek athygli á því, herra forseti, að það er þrátt fyrir allt aftar á prentaðri dagskrá fundarins en þau mál sem reiknað var með að tekin yrðu fyrir nú, þ.e. frv. um stjórn fiskveiða o.fl. Ef maður vill vinna þetta bókstaflega og horfa á dagskrá fundarins er þetta mál næstsíðasta málið þar eða eitthvað svoleiðis.

Afleiðing af þessu er óhjákvæmilega sú að umræðan slitnar í sundur, herra forseti, og á því er aldrei góður svipur. Það er aldrei góður svipur á því að slíta í sundur umræður. Þessu er hagað þannig af þeim ástæðum að framsögumenn meiri hluta og minni hluta eða einstakir framsögumenn mæla fyrir álitum sínum hver á fætur öðrum og það er ekki út í loftið. Það er til þess að fá samfellu í umræðuna og til þess að meginsjónarmiðin komist að áður en hin almenna umræða hefst. En það mætti halda, miðað við tilhögun mála upp á síðkastið, að það sé markmið í sjálfu sér að slíta umræður í sundur.

Hér var byrjað á umræðu um byggðamál í gær. Henni var síðan frestað þangað til á næsta ári þannig að næstu ræður í þeirri umræðu fara fram einhvern tíma í janúar eða febrúar á árinu 2002. Er þetta sá svipur, herra forseti, sem menn vilja hafa á stjórn fundarins? Ég hélt ekki.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég geri ekki athugasemdir við það að menn þurfi til útlanda vegna skyldustarfa á vegum þingsins erlendis. Ég veit ekki betur en þannig hátti til um þessa nefndarmenn úr efh.- og viðskn. að þeir fari vegna alþjóðlegra starfa á vegum Alþingis. Ég geri ekki athugasemdir við það. Það er að sjálfsögðu óheppilegt að svo standi á að menn þurfi burt vegna slíkra verkefna í miðjum önnum þingsins en ég geri ekki athugasemd við það. Það

sem ég geri hins vegar athugasemdir við, herra forseti, er hversu erfitt er að eiga orðaskipti við virðulegan forseta um praktísk mál sem nú ber samkvæmt þingsköpum að hafa í umræðum um fundarstjórn forseta. Það er auðvitað ekki góð nafngift því að þetta ætti að vera meira um skipulag, störf eða stjórn þingsins almennt, eins og það var áður þegar menn kvöddu sér hljóðs undir liðnum Um þingsköp.

Forseti er úfinn í skapi og það virðist erfitt að henda reiður á því hvað hefur verið rætt við hann. Slík samskipti þurfa sennilega framvegis að vera skrifleg og með tímasetningum.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þm. að gæta hófs í orðum.)

[10:28]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við upphaf þessa fundar, þ.e. að hefja fundinn á umræðum um 12. dagskrárliðinn. Á fundi formanna þingflokkanna sem var haldinn í gær voru lögð fram drög að dagskrá vikunnar eða þessarar þriggja daga. Þá voru sjávarútvegsmál, málefni smábáta, sett fyrst á dagskrá. Hv. þingflokksformaður Frjálslynda flokksins óskaði þá eftir því að sá dagskrárliður yrði eftir hádegið svo hann yrði ekki slitinn sundur með matarhléi. Undir það var ekki hægt að taka og ekki var hægt að sjá annað á dagskránni sem birtist í dag en smábátarnir yrðu fyrstir á dagskrá.

Við þetta hljóta hv. þm. að miða í störfum sínum og undirbúa sig eftir því, sérstaklega þegar svo stendur á að nefndarálit minni hlutans vegna málsins sem fyrst var tekið á dagskrá liggur ekki fyrir og er ekki tilbúið. Það að tala fyrir máli, slíta síðan umræðunni og hoppa fram og til baka í dagskránni, gefur þinginu ekki fallegan svip. Það skapar óöryggi í störfum þingmanna. Tíminn er knappur og veitir ekki af góðu skipulagi til að ná endum saman. Ég mótmæli, hæstv. forseti, því að fara í dagskrána með þessu móti.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka að það er með eðlilegum hætti sem gengið er til dagskrár hér.

[10:30]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til þess að vekja aðeins athygli á stöðu málsins. Málið var lagt fram af hæstv. ráðherra í upphafi umræðunnar fyrir helgi. Síðan hefur málið verið til umfjöllunar í efh.- og viðskn. og er borið fram inn í þingið af meiri hluta efh.- og viðskn. Það er alveg rétt að hv. 1. þm. Norðurl. v. var framsögumaður málsins. Hann þarf vegna skyldu sinnar á vegum Alþingis að vera erlendis eins og fleiri þingmenn úr nefndinni. En þannig háttar til að a.m.k. fjórir hv. þm. sem eru á þessu skjali, eru aðilar að málinu, og eru til staðar í húsinu og geta auðvitað þess vegna auðveldlega tekið þátt í umræðunni. Þess vegna er ekkert að vanbúnaði í sjálfu sér að hefja þessa umræðu.

Hér hefur verið talað um að álit (Gripið fram í.) minni hluta sé ekki tilbúið. (**LB:** Sagðir þú ekki fundarstjórn forseta?) Það liggur hins vegar fyrir, virðulegi forseti, að hvað eftir annað í umræðum hefur það gerst ... (**Gripið fram í:** Ert þú að fara á ...?) Virðulegi forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta að gæta þess að hljóð sé í salnum þannig að þingmenn sem hafa fengið orðið geti talað.

Virðulegi forseti. Ég vil minna á að það hefur gerst hvað eftir annað í umræðum að menn hafa hafið umræður án þess að álit minni hluta lægju fyrir þannig að það er ekkert nýtt í þessum efnum.

[10:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það eru 14 mál á dagskrá þessa fundar í dag. Það mál sem hér er deilt um að hafi verið tekið á dagskrá er 12. málið á dagskránni. Það eru 11 mál á undan. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Hvað breyttist eftir að þessi dagskrá var prentuð? Hvers vegna er ekki gengið á dagskrána eins og hún er sett upp? Hvers vegna er svona óvænt vikið frá því sem um var rætt í gær? Mér finnst að hæstv. forseti verði að svara þinginu því þegar svo er í pottinn búið að hæstv. forseti víkur frá dagskránni með því að taka fyrir 12. mál af 14 öllum að óvörum. Hæstv. forseti hefur ekki gefið þinginu skýringu á því af hverju hann breytti svona út frá dagskránni og út frá því sem frá var gengið í gær.

Það er alveg nauðsynlegt þegar svona mikill hraði er á öllu að skipulag sé í vinnubrögðum þingsins og þar mæðir auðvitað á forseta að hann stjórni þinginu á þann hátt að hér geti mál gengið eðlilega fram. En svo er alls ekki og ég segi að sökin á því sé hæstv. forseta. Og hann hefur ekki gefið neina skýringu á því af hverju hann breytti út frá dagskránni frá því að hún var prentuð.

Ég geri ekki athugasemdir við það frekar en aðrir að þingmenn sinni skyldustörfum sínum á erlendum vettvangi. En það verður þá að haga því þannig, herra forseti, og þar mæðir líka á hæstv. forseta, að það raski ekki þingstörfunum óeðlilega eins og hefur gerst á þessum morgni. Ég fordæmi þessi vinnubrögð. Þau eru ekki til fyrirmyndar. Þau eru þinginu til skammar. Ég bið, herra forseti, um skýringu á því af hverju vinnubrögðum er hagað svo á þessum morgni.

Ég ítreka að efh.- og viðskn. var með mál sín á dagskrá mestallan daginn í gær þar sem maður þurfti að vera viðstaddur umræðu á sama tíma og verið var að ganga frá nefndaráliti, herra forseti. Því er ekkert óeðlilegt að aðeins hafi dregist að skila inn þessu nefndaráliti eins og hæstv. forseti hafði vitneskju um í gær. Ég kalla því enn eftir skýringu frá hæstv. forseta. Hann skuldar þinginu skýringu.

[10:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vil ég taka fram að ég óskaði eftir því í samráði við nefndarmenn í efh.- og viðskn. að þessi umræða gæti farið fram í gær. En þá var mér sagt að minni hluti treysti sér ekki til þess að ljúka nefndaráliti í tíma og þess vegna átti ég von á því að það nefndarálit yrði tilbúið í dag. (**SJS:** Það er ómaklegt að saka ...)

[10:35]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst að menn láti þetta atvik fara einum of mikið í taugarnar á sér. Ég tel að það hafi ekki verið neitt óeðlilegt að forseti hafi ákveðið að skjóta þessu máli inn á þessum tíma. Það er alvanalegt að framsaga sé höfð fyrir máli og síðan sé umræðan að öðru leyti geymd þangað til síðar, sérstaklega ef óskað er eftir því að henni sé frestað og eðlilega að því staðið.

Ég kom í þingsal rétt fyrir klukkan tíu og átti þá von á því að hér yrði atkvæðagreiðsla og hér yrðu þá það margir þingmenn til staðar í salnum að hægt yrði að láta hana fara fram. En síðan virðist mér, þar sem það gat ekki orðið, að forseti notaði tækifærið til þess að koma málum áfram og

tæki þetta mál á dagskrána til þess að flýta fyrir þingstörfum þannig að allir gætu nýtt tíma sinn sem best.(Gripið fram í.)

Ég held að það sé líka rétt að hér komi fram að sá fundur sem ég ásamt fjórum öðrum nefndarmönnum í efh.- og viðskn. erum að fara á er í þingmannanefnd EFTA. Svo vill til að Alþingi hefur kosið fjóra nefndarmenn úr efh.- og viðskn. í þessa ágætu nefnd, þingmannanefnd EFTA, og þar til viðbótar er hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir. Hefðbundinn fundartími í þeirri nefnd er um miðjan desember. Það er ekki fundartími sem þingmannanefnd EFTA ræður eða hefur á nokkurn hátt umráð yfir heldur er þetta fastur tími. Venjulega hefur verið afar gott samstarf um það í efh.- og viðskn. og þinginu almennt að þeir þingmenn sem veljast í þessa þingmannanefnd geti tekið þátt í þessum fundi. Ég vil að það komi hér fram og vil þakka fyrir það samstarf. Það samstarf var alveg með ágætum í efh.- og viðskn. Nefndin skilaði af sér í tíma þannig að hægt var að taka 2. umr. í gær. Síðan kemur þetta atvik hér upp og mér virtist eins og hæstv. forseti vildi nota þetta tækifæri til þess að hraða málum. Síðan þegar komu fram óskir um að fresta umræðunni varð hann að sjálfsögðu við því þannig að mér finnst að menn séu kannski að láta þetta atvik fara of mikið í taugarnar á sér í þessari umræðu. Ég held að það væri rétt að lægja aðeins öldurnar. Ég veit að það komast nú allir í gott skap eftir því sem mínúturnar líða nær jólunum.

[10:38]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég vil biðja þingmenn að halda ró sinni. Það er einu sinni svo að forseti gegnir vandasömu starfi. Þingmenn hafa verið að kvarta undan því að þeir hefðu lítinn tíma og hlutirnir þyrftu að ganga fram hratt. En mér finnst þeir að sama skapi ekki sýna hlutverki forseta nægan skilning svo ég bið um að við höldum áfram þingstörfum með eðlilegum hætti. Forseti hefur tilkynnt að umræðunni verði frestað svo að hún geti farið fram seinna í dag. Það er auðvitað líka alveg ljóst að það þjónar svo sem engum tilgangi að halda þessari umræðu áfram í þessum gír. Ég held að við ættum að taka jólaskapið upp aftur. Við eigum eftir að hittast í dag í jólahádegisverði og ég bið um að menn taki til starfa.

[10:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þar sem hæstv. forseti hóf stjórn fundarins með því að taka 12. mál á dagskrá vil ég mælast til þess að framhaldið verði þannig að ekki verði hafin umræða núna um stjórn fiskveiða heldur tekin fyrir önnur sjávarútvegsmál, t.d. Þróunarsjóðurinn og samningurinn um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, til þess að umræðan um sjávarútvegsmál geti þá hafist á þann hátt að a.m.k. þeir sem eru með nál. eða brtt. geti lokið að mæla fyrir sínum málum. Ég fer vinsamlega fram á að stjórn fundarins verði með þeim hætti.

[10:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að gefnu þessu tilefni og þeim umræðum sem hér hafa farið fram vekja athygli hv. þingmanna á því að í því nál. sem fyrir liggur um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá meiri hluta efh.- og viðskn. er Vilhjálmur Egilsson skráður framsögumaður nefndarinnar.

Ég vil jafnframt vekja athygli þingmanna á því að reynt hefur verið að koma til móts við formenn nefnda þegar þeir hafa þurft að fara til annarra landa og gefa þeim kost á að halda framsögu fyrir nál. sínum og þá gefst líka hv. stjórnarandstæðingum tækifæri til að veita andsvör við ræðu formanns nefndarinnar. Þetta hefur verið gert hér og er í samræmi við þinghefð og gamla siði. (Gripið fram í.)

Með þessu er ég að staðfesta að hér er unnið að þingstörfum með þeirri hugsun að þau gangi eðlilega fyrir sig og að upplýsingastreymi geti verið eðlilegt og að formenn nefnda hafi tækifæri til að mæla fyrir sínum nál. Þannig hefur oft verið hliðrað til á Alþingi og ég vona að það verði eftirleiðis.

Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, síðari umr.

Stjtill., 326. mál. — Þskj. 413, nál. 532.

[10:42]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um aðild að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja að Ísland gerist aðili að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða en þessi samningur var gerður var í New York 10. júní 1958.

Meginmarkmið samningsins er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gerðardómsúrskurðum þannig að þeir öðlist réttaráhrif og verði fullnægt í samræmi við réttarfarsreglur í því aðildarríki sem fullnustu er leitað.

Aðild að samningnum kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dóms- og kirkjumálaráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma, og er með því ætlunin að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt samningnum.

Utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. skrifa Tómas Ingi Olrich, Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Árni Ragnar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Jónína Bjartmarz og Jóhann Ársælsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, síðari umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 414, nál. 533.

[10:44]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur, Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland.

Á fundi aðila í London 5.–9. nóvember sl. náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002. Heildaraflamarkið var ákveðið 850.000 lestir og er því aflamarkið óbreytt frá árinu 2001. Við ákvörðun heildaraflamarks er nú í fyrsta skipti byggt á þeirri nýtingarstefnu sem

aðilar samþykktu haustið 1999 og er það jafnframt í samræmi við tillögu ráðgjafanefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson rita undir álitið með fyrirvara.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Magnús Stefánsson, Árni Ragnar Árnason og Jónína Bjartmarz, en þau Þórunn Sveinbjarnardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson rita undir álitið með fyrirvara.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég undirrita nefndarálitið um þessa þáltill. með fyrirvara. Það gera reyndar einnig aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í utanrmn. Ég ætla að gera grein fyrir þeim fyrirvara í stuttu máli.

Fyrirvari minn á sér í fyrsta lagi þann sögulega aðdraganda að við vorum mörg hver ósátt við hlut Íslands í þessum samningum þegar þeir komust fyrst á árið 1996. Ísland fékk þá nokkuð innan við 20% veiðiheimildanna í norsk-íslenska síldarstofninum sem hafði sögulega séð fyrst og fremst verið nýttur af Íslendingum og Norðmönnum á árum áður. Íslendingar komust upp í að veiða drjúgan hluta heildaraflans á þeim árum er síldin var á Íslandsmiðum allt frá sex og upp í níu mánuði á ári og hafði hér vetursetu.

Það var ekki síst með skírskotun til þessarar sögu og auk þess nýlega tilkominnar veiðireynslu Íslendinga að við töldum þessa hlutdeild Íslendinga ansi lága. Íslensk skip höfðu sýnt fram á getu til að veiða síldina í miklu magni í nágrenni við okkar hafsvæði, þó að það væri að vísu að hluta til í færeysku lögsögunni, á grundvelli tvíhliða samninga Íslands og Færeyja á árunum 1994–1996 og svo úti í síldarsmugunni sjálfri. Ég held að sá veruleiki hafi auðvitað blasað við mönnum að íslenski flotinn var fær um, miðað við það göngumunstur sem þá var, að veiða drjúgan hluta mögulegrar veiði úr þessum stofni. Með vísan til þess og hinna sögulegu raka töldu margir að hlutdeild okkar væri ansi lítil.

Eins og venjulega þegar menn gera slíka samninga í fyrsta sinn höfðu menn uppi orð um að þetta væri ekki fordæmi, gæti komið til endurskoðunar o.s.frv. en síðan hefur að sjálfsögðu farið eins og oftast vill verða að við þessari hlutdeild okkar hefur ekki verið hróflað, nema hvað að hún lækkaði heldur en hitt þegar Evrópusambandið bættist inn í samninginn sem fimmti aðili ári eftir að upphafssamningurinn var gerður. Þetta leiðir sem sagt til þess, herra forseti, að okkar hlutur er kominn niður í 132.080 lestir. Það er talsvert minna en við veiddum eitt ef ekki tvö ár áður en samningar tókust um veiðarnar á árunum 1995–1996.

Í öðru lagi, herra forseti, er dálítill halli á þessum samningi þegar litið er á aðgang samningsaðila að fiskveiðilögsögum hvers annars. Það er að vísu tekið fram í greinargerð að íslensk skip hafi áfram ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen en þá held ég að rétt sé að hafa það í huga að í raun eiga Íslendingar slíkan aðgang sjálfkrafa á grundvelli Jan Mayen-samkomulagsins frá árinu 1976. Þar var sérstaklega tekið fram að hluti af réttindum Íslendinga á því svæði væri sérstakur aðgangur að veiðum þar. Þá standa eftir aðeins 5.900 lesta veiðiheimildir eða kvóti sem íslensk skip mega taka í lögsögunni við meginland Noregs. Það er auðvitað ákaflega bagalegt að þetta magn skuli ekki vera meira, sérstaklega ef illa gengur að ná kvótanum hérna í nágrenni við hafsvæði okkar eða á okkar hafsvæðum. Auk þess er verðmæti síldarinnar mikið þegar hún kemur feit af fjalli, ef svo má að orði komast, af beitargöngu sinni um norðanvert Norður-Noregs- og Íslandshafið og er hvað verðmætust til vinnslu einmitt á þeim hluta ársins. Norsk skip mega hins vegar veiða allt að 94.200 lestum í íslenskri lögsögu á sama tíma. Þar hallar því talsvert á, herra forseti.

Það kann vel að vera að menn telji samningsstöðu okkar ekki sterka til að fá þessu breytt og ljóst að göngur síldarinnar núna síðustu árin hafa ekki lagst með okkur. Síldin hefur lagt af stað vestur um haf norðar með ári hverju og kemur minna inn í færeyska og íslenska lögsögu og jafnvel alls ekki neitt þvert á það sem áður var og menn bundu vonir við að mundi gerast með stækkandi stofni, sérstaklega með því að stærri hluti stofnsins yrði fullorðin síld.

Sumir skipstjórar sem ég hef rætt við og hafa stundað þessar veiðar árlega óttast að innan skamms kunni ganga síldarinnar, ef svo heldur sem horfir, að verða þannig að hún verði alls ekki veiðanleg utan norskrar lögsögu, þ.e. hún verði fyrst og fremst í norskri efnahagslögsögu og síðan á Svalbarðasvæðinu. Þá vandast málin og yrðu jafnvel enn þá bagalegri en ella, hversu lítill gagnkvæmur veiðiréttur er í samningnum.

Þetta, herra forseti, er meginástæða þess að ég hef þennan fyrirvara á stuðningi mínum við málið. Ég viðurkenni hins vegar að eins og málin standa í augnablikinu er ekki annað að gera en láta sig hafa það sem í boði er í þessum efnum, þ.e. að haga veiðunum á næsta ári á grundvelli þessa samnings. Ég held að það sé alveg ljóst að það er um tvennt að ræða. Það er annaðhvort að segja samningnum upp eða láta ósamið um síldina og láta guð og lukkuna ráða því sem út úr því gæti komið. Kannski er áhættan af því að ná ekki veiðinni ekki verst heldur miklu frekar hitt, að þá er óstjórnað sókn í stofninn og hættan sú að menn ofnýti hann og gangi of nærri honum. Það er auðvitað sameiginlegt hagsmunamál allra aðilanna, þó kannski sérstaklega Noregs og Íslands sem eiga þarna stærstan hlut, að þessi stofn byggist upp. Í því er líka fólgin von okkar um að hann taki aftur upp sína gömlu hegðun og dvelji meira á Íslandsmiðum. Ég tala ekki um ef þeir tímar kæmu aftur að hann færi að hafa að einhverju leyti vetursetu. Að sjálfsögðu mundi þá styrkjast mjög staða okkar til að gera kröfur um endurskoðun hlutfalla og hærri hlut en ég er þeirrar skoðunar, það skulu verða mín lokaorð, að eðlileg hlutdeild Íslendinga til lengri tíma litið og miðað við stofninn í fullri stærð væri á bilinu 35–40%.

[10:53]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ástæðulaust að lengja mjög umræðuna um þetta mál. Ég vildi bara halda því til haga sem ég sagði þegar umræðan um þáltill. um staðfestingu á samningnum var til umræðu. Í raun kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni það sem ég lagði sérstaka áherslu á þá.

Ég tel mjög mikilvægt að við náum samningi um þennan stofn. Það væri mjög góðra gjalda vert. Ég geri mér grein fyrir því að svona samningar eru erfiðir. Það er erfitt að ná því fram sem við viljum. Það kom fram í máli mínu um þetta mál fyrir skömmu að staða Norðmanna, með 94.200 tonna heimild til veiða inn í íslenskri lögsögu, væri töluvert góð. Það eru náttúrlega mjög verðmætar heimildir ef síldin færi að ganga inn í íslenska lögsögu eins og við höfum vonast til. Það er alveg ljóst. Þess vegna viljum við að menn reyni að

styrkja stöðu sína í þessum samningum, þ.e. gagnkvæmum veiðiréttarsamningum.

Það kom fram í umræðunni um daginn að íslenskir útvegsmenn lögðu svo sem enga sérstaka áherslu á að við næðum samningum um miklar veiðiheimildir í norskri lögsögu á sínum tíma. Eins og fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þá gerir maður sér grein fyrir því hve erfitt er að hnika samningum sem búið er að setja í einhvern farveg. En rætist það, sem við vonum allir Íslendingar, að síldin fari að ganga inn í lögsöguna þá verður að viðurkenna og horfast í augu við að veiðiréttur Norðmanna, upp á rúm 90 þúsund tonn, getur orðið gríðarlega verðmætur. Að öllum líkindum, ef síldin tekur upp fyrra munstur, þá verður öllu fýsilegra að veiða hana hér innan lögsögunnar en annars staðar á hafsvæðinu því að þá er hún feitari og stærri.

Virðulegi forseti. Það eru bara þessi atriði sem ég vildi halda til haga. Það eru einkum þessir fyrirvarar sem við höfum í sambandi við þennan samning. Maður fagnar því hins vegar í sjálfu sér að náðst hafi samstaða um hvernig farið skuli með þennan stofn og náttúrlega er grundvallaratriði að allir málsaðilar komi að málinu og séu sammála um hvaða aðferðir skuli notaðar við stjórn veiða úr þessum stofni.

[10:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér kemur í ljós eins og oft áður að veiðireynslan hefur mest að segja þegar gerðir eru samningar milli ríkja um veiðar úr stofnum sem eru innan og utan lögsögu.

Þar sem veiðireynslan hefur verið langveigamesti þátturinn í því að ná samningi um veiðirétt er svo sem ekki undarlegt að Íslendingar hafi nú t.d. hert sóknina í kolmunnastofninn. Sjálfsagt mun einhvern tíma draga til þess að gerður verði samningur um þann stofn. En það er ekki umræðuefni hér.

Umræðuefnið er auðvitað að vonirnar sem við Íslendingar bundum við að norsk-íslenski síldarstofninn mundi ganga inn í íslenska lögsögu í verulegum mæli hafa a.m.k. ekki enn orðið að veruleika. Aftur á móti hefur komið fram að á þessum árum sem liðin eru frá árinu 1996 þegar þessi samningur var gerður hefur norsk-íslenska síldin svo sem veiðst innan íslensku lögsögunnar. Það hefur þó ekki enn orðið í þeim mæli sem var á árum áður og menn áttu von á með stækkandi stofni og ekki síður hlýnandi sjó. Það er auðvitað það sem menn binda mestar vonir við, að með áframhaldandi hlýnun sjávar fyrir Norður- og Austurlandi muni draga til þess að norsk-íslenski síldarstofninn taki upp sínar fyrri göngur og taki að ganga á íslenska hafsvæðið inn fyrir íslenska lögsögu. Eins og þessu hefur verið háttað að undanförnu þá hefur þróunin hins vegar verið alveg á hinn veginn. Stofninn hefur dregið úr göngum sínum vestur á bóginn og sveigt fyrr til norðurs. Þar af leiðandi höfum við Íslendingar ekki náð að veiða úr stofninum þann hluta sem okkur hefur þó verið ætlaður samkvæmt samningnum.

Ég hefði talið það eitt af brýnum verkefnum Íslendinga að reyna að semja um það við Norðmenn að við fáum að veiða stærra hlutfall en þau 5.900 tonn í efnahagslögsögu Noregs sem eru nú í þessum samningi. Ef svo heldur fram sem verið hefur síðustu tvö árin þá gæti dregið til þess að stofninn haldi sig í meira mæli innan norskrar lögsögu en verið hefur hingað til. Þá sitjum við uppi með samning um að mega nýta stofninn en vegna þess hvernig samningurinn er saman settur þá tekst okkur ekki að nýta þær heimildir sem við höfum samið um, við náum ekki að nýta okkar hlutfall af stofninum.

Það hljóta að koma upp umræður í framhaldi af því, eins og t.d. áttu sér stað þegar samið var um úthafskarfann á lögsögumörkunum fyrir vestan landið — sérstaklega var því haldið fram af Rússum man ég — um að þegar búið sé að ákveða hvað eitt ríki megi veiða úr ákveðnum stofni þá verði ríkin sameiginlega að sjá til þess að viðkomandi ríki geti veitt það magn úr stofninum, það væri líka hluti samningsins. Það þykir ekki nóg að setja bara tölur á blað og að menn séu sammála um nýtingu á stofni. Menn setja tölur á blað, semja um hvað megi veiða en síðan eru þetta stofnar sem ganga inn og út úr lögsögu og þegar stofninn bregður út af vana sínum þá mega menn ekki veiða hann. Ég man sérstaklega eftir þessum rökum Rússa varðandi veiðar úr karfastofninum. Þetta voru alla vega talin nokkuð gild rök í þeim viðræðum sem ég þá tók þátt í í London. Menn töldu að slík sjónarmið ættu fullan rétt á sér, að þegar þjóðir væru á annað borð búnar að ná samkomulagi um skiptingu veiða þá mættu önnur atriði samningsins ekki koma í veg fyrir að menn gætu sótt þann afla. Ekki veit ég hvort þau rök eiga nákvæmlega við í því máli sem við ræðum hér varðandi norsk-íslensku síldina en hins vegar er ljóst að ef síldin fer að halda sig í meiri mæli innan norsku lögsögunnar þá er útfærslan á þessum samningi okkur óvilhöll að þessu leyti. Það er búið að ákveða hvað við megum veiða en vegna breyttrar hegðunar stofnsins, ekki endilega vegna minnkunar hans heldur vegna breyttrar hegðunar hans, getum við ekki nýtt okkur þær veiðiheimildir sem samið hefur verið um.

Þetta vildi ég láta koma fram í máli mínu. Ég tel að þetta sé nokkuð sem við hljótum að þurfa að huga að ef svo fer á næstu árum að norsk-íslenski síldarstofninn kemur að mestu leyti til með að halda sig innan norsku lögsögunnar.

[11:02]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Þingmenn hafa nú gert grein fyrir þeim fyrirvara sem þeir settu við afgreiðslu þessa máls úr nefnd og þeir hafa haldið þeim fyrirvara til haga yfirleitt á ári hverju sem eðlilegt er og má rekja þann fyrirvara nánast til þess tíma þegar samningurinn var undirritaður 1996. Rétt er að halda því til haga að í undirbúningi þessara samninga sem gerðir voru um miðjan síðasta áratug var það samningsmarkmið Íslendinga að draga úr veiðum í þennan stofn. Það voru hagsmunir Íslendinga að draga úr veiðunum, koma stjórn yfir veiðarnar og draga úr þeim. Það voru sameiginlegir hagsmunir Norðmanna og Íslendinga að gera þetta. Og einn áfanginn sem náðist var að komið var stjórn yfir veiðar í þessum stofni. Auðvitað ræðst staða Íslendinga annars vegar af veiðireynslu og hins vegar af hegðunarmynstri stofnsins. Því má leiða líkur að því að veikari stöðu Íslendinga innan norsku lögsögunnar megi rekja beinlínis til hegðunarmynsturs stofnsins og ef stofninn hegðar sér þannig að hann fer að verða veiðanlegur einkum og sér í lagi í norskri lögsögu þá styrkir það ekki samningsstöðu Íslendinga í þessu máli. Það verður bara að viðurkennast.

Íslendingar hafa alltaf hagað málflutningi sínum þannig að hægt sé að tryggja það með samningnum að álag á þennan veiðistofn verði sem minnst þannig að líkur aukist á að hann leiti inn í íslenska lögsögu. Því er það svo að þarna eru að þessu leyti til sterkar forsendur fyrir því hvers vegna málum er svo komið sem þau eru í raun í samningum okkar við

Norðmenn um veiðar í lögsögu hvors ríkisins fyrir sig.

[11:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri gaman með þá fyrirvara sem við höfum sett að spyrja hv. þm. hvaða líkur hann telji á því að við getum samið þannig á næstu árum að við fáum meira aðgengi þarna inn með þá þeim rökum að þetta sé sameiginlegur stofn og umsamin veiði geti átt sér stað hvar sem er á hafsvæðinu.

Ég vil einnig spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki að þessi hlutdeild Norðmanna sé of stór — maður vill enn þá bera þá von í brjósti að innan einhverra ára gangi síldin væntanlega inn í íslenska lögsögu og þá eru þetta náttúrlega verulegar veiðiheimildir — og hvert mat hv. þm. er á því að skipta þarna yfir þannig að við getum meira farið inn á þá hugsun að hafa heimild til þess að taka það sem umsamið er til handa okkur út úr stofninum á hafsvæðinu.

[11:05]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi að viðhorf mitt til þessara mála hefði komið fram í fyrra máli mínu þar sem ég benti á að hegðunarmynstur stofnsins hefði áhrif á samningastöðu Íslendinga. Ef það gerist að stofninn fer að draga sig meira til Noregs aftur þannig að hann leitar minna inn í íslenska lögsögu þá veikir það samningsstöðu okkar. Ef stofninn fer hins vegar að leita aftur inn í íslenska lögsögu þá styrkir það samningsstöðu okkar.

Það má því leiða líkur að því án þess að ég vilji gerast spámaður í þeim efnum að ef síldin fer að leita í meiri mæli í íslenska lögsögu þá muni samningsstaða Íslendinga miðað við veiðireynslu styrkjast á ný. Því miður hefur þróunin verið þannig að þetta munstur hefur ekki skilað sér eins og íslenskir fiskifræðingar bundu vonir við.

[11:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur auðvitað valdið vonbrigðum að þessi síldarstofn skuli ekki hafa stækkað og gengið í meiri mæli inn í íslensku lögsöguna. En það eru fleiri ágreiningsatriði milli stjórnarandstöðunnar og stjórnarflokkanna í þessu máli heldur en það hvernig um þessa skiptingu var samið. Það er ekki síður ágreiningsatriði hvernig menn gengu frá skiptingu á þeim stofni milli útgerðarmanna á Íslandi. Það mál liggur þannig að þeir sem hafa úthlutun í þeim veiðirétti munu eignast allan þann síldarstofn sem syndir til landsins að óbreyttum lögum. Það er auðvitað eitt reginhneykslið ofan á annað í einkavæðingu Íslandsmiða og þeim aðferðum sem hefur verið beitt til þess að koma eignarhaldi á allt sem syndir lifandi umhverfis strendur landsins hvernig menn hafa þarna farið að. Ég vildi bara minna á þá umræðu í þessu samhengi að hún mun óhjákvæmilega koma upp og þá munu menn horfa framan í hvernig hér hefur verið farið að ef ekki verður búið að breyta þeim ólögum sem hér gilda í þessu efni.

[11:08]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í því máli sem hér er til umræðu er ekki með nokkrum hætti vikið að því hvernig Íslendingar haga kvótasetningu sinni á afla.

[11:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Það er að sönnu rétt, hæstv. forseti, sem hv. þm. sagði að hér er ekki verið að ræða um slíka skiptingu. Hins vegar hafa menn verið að tala um þá von sem menn bera í brjósti um það að þessi síldarstofn verði stærri, komi til landsins og verði þjóðinni til hagsældar á komandi árum og þá held ég að full rök séu til þess að benda á hvernig íslensk stjórnvöld hafa forsómað að sýna eitthvert réttlæti og jafnræði til nýtingar á þeim auðlindum sem hér eru við landið. Og ef vonir manna rætast í þessu efni þá mun þetta mál auðvitað koma upp með alveg sérstökum hætti hvað þetta varðar þegar örfáir aðilar með þau veiðiréttindi sem eru í gildi í síldinni fengju að veiða öll þau ósköp af síld sem hægt yrði að veiða á Íslandsmiðum miðað við óbreytt lög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 352, nál. 517.

[11:11]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 frá 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að tvenns konar gjöld sem lögð eru á eigendur fiskiskipa verði hækkuð. Annars vegar hækki gjald sem lagt er á við hver áramót og miðast við stærð skips í brúttótonnum úr 922 kr. í 1.018 kr. og að hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn hvers skips hækki úr 350.000 kr. í 387.000 kr. Hins vegar hækki gjald sem lagt er á hvert úthlutað þorskígildistonn úr 1.230 kr. í 1.358 kr.

Ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á því að hér er ekki verið að hækka heildartekjur sjóðsins. Gert er ráð fyrir að tekjurnar af fyrra gjaldinu hækki að vísu um 10 millj. kr., verði 102 millj. á næsta ári en voru 92 á þessu ári, en hins vegar vil ég líka vekja athygli á því varðandi seinni gjaldtökuna að þá er gert ráð fyrir að þær leiði til þess að þær tekjur lækki um 19 millj. kr. frá árinu 2000 og verði 519 kr. á næsta ári og þessi lækkun stafar af fækkun úthlutaðra þorskígilda.

Sjútvn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara en aðrir hv. þm. sem undirrita nál. eru Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson og Hjálmar Árnason.

[11:13]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hv. frsm. nál. hefur gert ágæta grein fyrir efnislegu innihaldi þess og í rauninni þá í leiðinni þess frv. sem hér er verið að fjalla um, þ.e. frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ég skrifa undir frv. með fyrirvara, sem og annar hv. þm. Samfylkingarinnar í sjútvn., Jóhann Ársælsson.

Fyrirvari okkar helgast af því að við teljum óeðlilegt að það gjald sem lagt er á hvert brúttótonn skips haldi áfram að hækka. Við erum í rauninni á móti því gjaldi, en teljum

að sama skapi eðlilegra að nýta þann farveg sem hér er fyrir gjaldtöku kostnaðargjalda í sjávarútvegi í gegnum gjöld á aflaheimildir.

Herra forseti. Þegar horft er til tilurðar Þróunarsjóðsins er dálítið merkilegt að bera saman það sem þá var að gerast og það sem menn hafa verið að horfa framan í á þessu hausti. Ætli það séu ekki um það bil átta ár síðan það varð niðurstaða svokallaðrar tvíhöfða nefndar að lagt yrði á gjald í sjávarútvegi sem menn á þeim tíma töldu að væri gjald sem skoðast sem endurgjald fyrir afnot af auðlindinni. Sömuleiðis var ákveðið að teknar yrðu til hliðar ákveðnar veiðiheimildir sem yrðu boðnar upp.

Ég hef stundum velt fyrir mér, herra forseti, vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram frá því að þessir hlutir voru til umfjöllunar, hver staðan væri ef menn hefðu staðið eins og menn að þeim ákvörðunum sem þar voru teknar í stað þess að eyðileggja í raun hvort tveggja, annars vegar með því að uppboðið var sniðgengið og þar með sú hugmynd eyðilögð og hins vegar með því að gera gjaldið sem átti að vera endurgjald fyrir afnot af auðlindinni að hreinu kostnaðargjaldi. Kostnaðargjaldi segi ég vegna þess að fyrst var tilgangur gjaldsins sá að greiða fyrir úreldingu. Síðan fékk sjóðurinn fleiri hlutverk. Honum var falið að sjá um þær skuldbreytingar sem höfðu farið fram á vegum Atvinnutryggingarsjóðs og síðan um málefni Hlutafjársjóðs. Auk þessa hefur sjóðurinn fengið það hlutverk að standa undir byggingu og nú afborgunum af láni vegna byggingar nýs hafrannsóknaskips.

Það var bagalegt, herra forseti, að nefndin skyldi þurfa að afgreiða þetta nefndarálit áður en svör höfðu borist við fyrirspurnum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson bar fram snemma í haust um málefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Hann spurði ýmissa grundvallarspurninga sem hefði verið mikill fengur að fyrir nefndina að hafa til hliðsjónar. Einhverra hluta vegna hefur því miður ekki enn borist svar við þessum fyrirspurnum. Það vekur í raun furðu vegna þess að þær voru lagðar fram fyrir um þremur mánuðum. Ég skal samþykkja að fyrirspurnirnar eru ítarlegar en eigi að síður hefði verið afskaplega mikill fengur og mikilvægt fyrir nefndina að fá svörin og geta fjallað um þau samhliða þeim hækkunum sem þarna eru lagðar til. Nefndin beið í raun við afgreiðslu sína á málinu eftir að svörin bærust en það varð ekki.

Í þessum fyrirspurnum er m.a. spurst fyrir um afkomu Þróunarsjóðsins á tilteknu árabili. Þar er spurt um afkomu atvinnutryggingardeildarinnar á sama árabili, þ.e. frá 1992–2000. Einnig var spurt um afkomu hlutafjárdeildar á þessu sama tímabili og síðan kemur dálítið sérkennileg spurning sem snýr að því hvaða fjárhæðir hafi verið færðar til baka af afskriftareikningum árið 1997–2000. Sömuleiðis er spurt hversu mikið hafi áður verið bakfært af afskriftareikningum sem tekjur árið 1994–1996. Einnig er spurt frá hvaða kaupstöðum eða sveitarfélögum bakfærðu tekjurnar koma og óskað eftir upplýsingum um hvernig upphæðir skiptust á hvert byggðasvæði.

Ég held, herra forseti, að það hefði verið mikill fengur í þessum svörum eins og áður hefur komið fram í máli mínu. Þetta með bakfærsluna er auðvitað sérstakt málefni sem við munum ugglaust ræða síðar þegar svörin liggja fyrir. Hins vegar virðist sem svo að vegna pólitískrar heiftar hafi menn á sínum tíma ákveðið að lítið kæmi til baka af þeim fjármunum sem annars vegar atvinnutryggingardeildin og hins vegar hlutafjárdeildin áttu að véla um og hafi afskrifað meira en þörf reyndist fyrir. Það kom í ljós, blessunarlega, að sjávarútvegurinn endurgreiddi þau lán sem hann hafði fengið vegna þeirra skuldbreytinga sem áttu sér stað fyrir um 10 árum.

Ég hef heyrt að það hafi komið mönnum nokkuð á óvart — það hefur komið fram í umræðu um sjávarútvegsmál á undanförnum árum — að sjávarútvegurinn hafi greitt þessi lán. Auðvitað kemur það þeim á óvart sem ákveða upp á sitt eindæmi að afskrifa mun hraðar en efni stóðu til.

Mér fannst nauðsynlegt, herra forseti, í umfjöllun um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að víkja að þessum málum og harma að við skyldum ekki við þessa umræðu hafa svörin við hinni ágætu fyrirspurn hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar sem hefðu gefið okkur tilefni til þess, fyrst í sjútvn. og síðan í umræðunni, að fjalla mun ítarlegar um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og það hlutverk sem honum var áður ætlað og er nú ætlað. En eins og fram hefur komið í máli mínu hefur það breyst mjög á undanförnum árum.

[11:20]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 frá 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, hefur gert grein fyrir því að undir nefndarálitið skrifi allir nefndarmenn í sjútvn., að vísu hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Jóhann Ársælsson ásamt mér með fyrirvara. Ég tek undir það með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að það hefði verið ástæða til að fá svör við þeim spurningum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson setti fram í nefndinni og þau hefðu fengið ítarlega umfjöllun. Ég held að efni standi til þess, það er þess vegna sem ég skrifaði undir með fyrirvara, að við förum betur yfir öll þessi mál. Hún er ekkert sjálfgefin, sú framsetning sem hér er gert ráð fyrir.

Ég kem hér upp aðallega til að gera sérstakan fyrirvara t.d. við að það gjald sem lagt er á hvert úthlutað þorskígildistonn hækki úr 230 í 1.358. Þarna er náttúrlega innbyggt að gjaldið hækkar nánast sjálfkrafa ef veiðiheimildirnar minnka og það er ástæða til að velta fyrir sér hvort slíkt kerfi sé heppilegt, hvort það eigi ekki að líta til miklu lengri tíma og hafa einhvers konar jöfnun í svona sjóði. Það er óheppilegra að hækka gjaldtöku á þeim sem minna mega fiska eða taka minna af auðlindinni. Einhvers konar jöfnun sem byggði á lengri tíma úthlutun gæti verið heppileg.

Í ljósi þessa, virðulegi forseti, mun ég fagna því og óska eftir að við förum betur yfir öll þessi mál í sjútvn. á grunni, eins og fram hefur komið, þeirra svara sem unnið er að því að fá vegna spurninga sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur lagt fram.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram. Það er undir öllum kringumstæðum óheppilegt að auka gjaldtöku eftir því sem minna er af að taka. Þess vegna tel ég að þessi fyrirvari sem ég hef er aðallega vegna þess að ég tel að athuga eigi möguleika á einhvers konar langtímajöfnun þannig að fyrirkomulagið geri mögru árin ekki erfiðari fyrir þá sem nýta auðlindina.

[11:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál en það hefði hins vegar verið æskilegra að við hefðum haft til hliðsjónar upplýsingar um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem ég var búinn að óska eftir með fyrirspurn. Ég óskaði eftir

skriflegu svari um stöðu hans, afskriftir og innkomu, vegna þess að Þróunarsjóðnum hefur verið breytt mikið í gegnum árin, atvinnutryggingardeildin var sett inn í Þróunarsjóðinn á sínum tíma. Það kom nefnilega í ljós í svari við spurningum sem ég beindi til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fyrir tveimur árum, þegar ég lagði fram litla tillögu um varðveislu gamalla skipa og ætlaðist til þess að ákveðnir peningar rynnu úr Þróunarsjóðnum til að styrkja varðveislu skipa sem hefðu sögulegt gildi, að miklir peningar hefðu komið til baka inn í Þróunarsjóðinn af áður afskrifuðum skuldum. Það voru ekki einhverjar fáar milljónir, heldur skipti það milljörðum. Mig grunar að þessi þróun hafi haldið áfram, að þeir peningar sem áður töldust afskrifaðir og tapaðir — sérstaklega fjármunir sem lánaðir höfðu verið gegnum atvinnutryggingardeildina. Menn héldu kannski að það fé væri afskrifað og hefði tapast en staðreyndin er hins vegar sú að stór hluti þeirra fjármuna hefur komið inn í Þróunarsjóðinn, m.a. þegar fyrirtæki hafa verið seld eða fyrirtæki í sjávarútvegi sameinuð. Þarna var um verulegar fjárhæðir að ræða.

Ég tel að gott hefði verið að við hefðum séð stöðu Þróunarsjóðsins og hvernig eignir hans hafa breyst á undanförnum árum, hvað hefur komið til baka af afskriftareikningi, af fjármunum sem áður töldust tapaðir. Við getum auðvitað tekið þessi mál upp þegar þessar upplýsingar liggja fyrir í sérstakri umræðu eða þá að þingmenn skoði í sameiningu breytingar á Þróunarsjóðnum.

Almennt hef ég það um þessa gjaldtöku að segja að hér er verið að hækka gjöld til að standa við ákveðnar skuldbindingar. Segja má að að hluta sé þetta nokkuð sjálfvirk hækkun en ég hef þennan fyrirvara. Ég hefði viljað sjá þetta mál betur upplýst áður en það er afgreitt og að því snýr fyrirvari minn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 11:27]

Innflutningur dýra, 1. umr.

Frv. landbn., 281. mál (heimild til gjaldtöku). — Þskj. 339.

[13:01]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, frá landbn. Það er algjört samkomulag í nefndinni um að leggja þetta frv. fram. 1. gr. hljóðar svo:

„Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarna- og einangrunarstöðvar standi undir útgjöldum hennar, svo sem almennum rekstrarkostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurkostnaði, lyfjakostnaði og dýralæknaþjónustu, kostnaði við sýnatökur og rannsóknir og opinberum gjöldum."

Þetta frv. er lagt fram vegna þess að við frágang á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi og afgreitt sem lög frá Alþingi í desember 2000, sbr. lög nr. 175/2000, urðu þau mistök að niður féll 2. mgr. 7. gr. laganna sem varðar heimild til gjaldtöku vegna þjónustu sem eigendur dýra og erfðaefnis greiða fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva. Til þess að tryggja rekstrargrundvöll þeirra er óhjákvæmilegt að ótvíræð heimild sé til gjaldtöku. Slíkri heimild var með sérstökum lögum bætt inn í lögin um innflutning dýra árið 1996, sbr. lög nr. 40/1996, og er með frumvarpi þessu lagt til að ákvæðum þeim sem niður féllu við lagabreytinguna 2000 verði á ný bætt inn í lögin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 1. umr.

Frv. landbn., 313. mál (EES-reglur). — Þskj. 389.

[13:03]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga frá landbn. um um breytingar á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Það er eins með þetta mál og hið fyrra að algjört samkomulag er í nefndinni um að leggja fram þetta frv.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„6. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og skuldbindingar Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið."

2. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„7. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991."

Við gildistöku laganna um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, var sett reglugerð á grundvelli þeirra, reglugerð um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 219/1995. Byggðist sú reglugerð á gerðum Evrópusambandsins um lífræna framleiðslu sem þá höfðu tekið gildi og sem Íslendingar höfðu, með samþykkt EES-samningsins, skuldbundið sig til að yfirtaka. Einnig byggðist sú reglugerð á stöðlum IFOAM, Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga, fyrir lífræna framleiðslu. Frá gildistöku þessara ákvæða hér á landi hefur orðið mikil þróun á þessum vettvangi hjá Evrópusambandinu. Með samþykkt EES-samningsins hafa Íslendingar sem fyrr segir skuldbundið sig til þess að yfirtaka gerðir ESB á þessu sviði. Í landbúnaðarráðuneytinu er unnið að því að endurútgefa og yfirtaka þessar gerðir í heild og laga þær að íslenskum aðstæðum eftir því sem svigrúm er til. Við þá vinnu hefur komið í ljós að í lögunum um lífræna landbúnaðarframleiðslu er ekki að finna ótvíræðar heimildir til yfirtöku sumra þessara ákvæða, einkum ákvæða sem snerta viðurlög. Með frumvarpi þessu er því lagt til að ótvíræð ákvæði verði lögfest hvað það varðar. Enn fremur er lagt til að heimild ráðherra til setningar reglugerðar verði aðlöguð þeirri öru þróun sem orðið hefur á þessu sviði innan ESB, samanber skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

[13:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þetta mál er þess eðlis að algjör samstaða er í hv. landbn. um að leggja það fram og standa allir nefndarmenn að því. En mig langar til við 1. umr. að láta þess getið að bak við vottun og staðla á lífrænni framleiðslu er ákveðið framleiðsluferli og fyrir þetta ferli og vottunina er verið að greiða hærra gjald. Það hefur viljað brenna við að ekki hafi allir farið alfarið eftir settum reglum, en viljað setja stimpilinn lífræna ræktun eða lífræna framleiðslu á vöru sína til þess að auka söluna og gera vöruna trúverðuga. Þetta á kannski enn frekar við í nágrannalöndum okkar en hér þar sem vitund fólks er enn ríkari um hollustu lífrænt framleiddra vara heldur en hér er. Þess vegna þarf að vera refsiákvæði ef menn eru að votta lífrænt það sem ekki fer alfarið eftir réttum stöðlum.

Einnig vil ég benda á að í landbrn. er verið að vinna að því að endurútgefa og yfirtaka í heild þessar gerðir laga og laga þær að íslenskum aðstæðum eftir því sem svigrúm er til.

Þá vil ég benda á að við höfum enn ekki sett okkur framleiðslumarkmið varðandi lífræna ræktun. Ég tel að við ættum að stuðla að því að hér sé svigrúm til þess að styrkja íslenska bændur til frekari framleiðslu og skapa svigrúm til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 515, brtt. 471, 524 og 528.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:10]

Brtt. 471 kölluð aftur.

Brtt. 524,1 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS*, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, VS.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁSJ, ÁMM, DO, EOK, GÁS, HÁs, JÁ, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, SI, SÓ, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 528 felld með 25:17 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, VS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, HÁs, JÁ, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, SI, SÓ, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til hækkun á fríeignarmarki vaxtabóta til að koma í veg fyrir að hækkun á fasteignamati skerði vaxtabætur og er það í samræmi við loforð sem gefið var þar að lútandi frá hæstv. fjmrh. og efh.- og viðskn. í sumar. Nú reynir á það í þessari atkvæðagreiðslu hvort standa eigi við það loforð.

Brtt. 524,2 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, VS.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, HÁs, JÁ, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, SI, SÓ, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, TIO, VS.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, HÁs, JÁ, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er verið að lögfesta afar mikilvægt umbótamál á sviði skattamála. Ég vil láta í ljós alveg sérstaka ánægju mína með að það frv. sem hér hefur verið til meðferðar í tvo og hálfan mánuð er nú að verða að lögum. Ég tel að það sé mikið fagnaðarefni. En ég vil einnig láta það koma fram að ríkisstjórnin hefur ekki sagt sitt síðasta orð í þessum málum og mun halda áfram að gera betrumbætur á skattkerfinu.

[13:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Samfylkingin flutti viðamikla brtt. í skattamálunum við 2. umr. um þetta frv. Þær lutu að því að koma í veg fyrir hækkun tryggingagjalds sem bitnar helst á launafólki og smærri fyrirtækjum, einnig að hækkun á fjármagnstekjuskatti í 16% með ákveðnu frítekjumarki sem leiðir til að 50–60 þús. manns með hóflegan sparnað greiða ekki fjármagnstekjuskatt.

Tillögur okkar sköpuðu líka svigrúm til að lækka meira tekjuskatt einstaklinga en leiða engu að síður til þriggja milljarða minna tekjutaps hjá ríki og sveitarfélögum en tillögur stjórnarflokkanna gera. Tillögur okkar tryggðu um leið að skattar á fyrirtæki á Íslandi yrðu þeir lægstu innan OECD-landanna. Þessar tillögur voru felldar við 2. umr. þessa máls. Þess vegna sitjum við hjá við lokaafgreiðslu þessa máls.

[13:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í skattapakka þessum er fyrst og fremst eitt atriði sem veruleg ástæða er til að fagna og það er afnám

skattlagningar húsaleigubóta. Einnig má telja eðlilega þá lækkun tekjuskatts einstaklinga sem kemur á móti hækkuðu útsvari sveitarfélaga. Að ýmsu öðru leyti eru áherslur í þessum skattapakka að okkar mati fráleitar, eins og að lækka sérstaklega skatta á tekjuhæsta fólki landsins án þess að hróflað sé við skattgreiðslum lágtekjufólks og skattleysismörkum haldið óbreyttum. Jafnvel áður en þessi skattapakki verður að lögum eru hafnar umræður úti í þjóðfélaginu um að breyta honum og að til baka gangi að einherju leyti sú hækkun tryggingagjalds sem hér er verið að ákveða.

Afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var sú að eðlilegast væri að falla frá þessum breytingum að öðru leyti en því sem snýr að húsaleigubótum og tekjuskatti einstaklinga. Við því hefur ekki verið orðið illu heilli og því verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð á afgreiðslu þessa máls.

[13:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er verið að samþykkja lagabálk sem hefur miklar breytingar í för með sér á sköttum og öðru umhverfi atvinnulífsins. Þessar lagabreytingar munu vekja bjartsýni hjá almenningi og fyrirtækjum og það mun hvetja allan almenning til dáða. Ég er sérstaklega þakklátur fyrir þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að hér verði ekki staðar numið heldur haldið áfram á þessari braut. Ég segi já.

[13:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju með að þessar breytingar á skattalöggjöfinni skuli nú vera í höfn sem bætir mjög rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu og bætir samkeppnisstöðu Íslands sem skiptir mjög miklu máli í hinu nýja alþjóðlega umhverfi sem þau nú starfa í.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 550).

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 150. mál (EES-reglur). — Þskj. 150, nál. 493, brtt. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:16]
Brtt. 494,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 494,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 494,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
4.–6. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 132. mál (skráning bréfa erlendis). — Þskj. 132, nál. 539, brtt. 540.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:18]
Brtt. 540,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 540,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 540,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (reglugerð). — Þskj. 136, nál. 525, brtt. 526.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:19]
Brtt. 526,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 526,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 230. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 256, nál. 529, brtt. 530.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:21]
Brtt. 530 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, SvH, TIO, VS, ÞBack.
13 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, DO, EOK, GAK, GÁS, HÁs, HBl, JB, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 319. mál (tollkvótar og tollar af tóbaki). — Þskj. 404, nál. 537.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:22]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Gjald af áfengi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 405, nál. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:22]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 538 samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 352, nál. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:23]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Samningur um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, frh. síðari umr.

Stjtill., 326. mál. — Þskj. 413, nál. 532.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:25]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, MF, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
16 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, GÁ, HÁs, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 556).

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, frh. síðari umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 414, nál. 533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:26]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, MF, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, TIO, VS, ÞBack.
11 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, EOK, GÁS, HÁs, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, TIO, VS, ÞBack.
13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, EOK, GAK, GÁS, HÁs, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, RG, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 557).

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 281. mál (heimild til gjaldtöku). — Þskj. 339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 313. mál (EES-reglur). — Þskj. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 204, nál. 520 og 542, brtt. 521 og 541.

[13:27]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, ásamt brtt. sem fluttar eru af meiri hluta sjútvn. á sérstöku þskj. sem hér fylgir.

Megintilgangur þess frv. sem hér um ræðir er að bregðast við þeim tekjusamdrætti vegna minni aflahlutdeildar í ýsu, steinbít og ufsa sem hefur orðið hjá útgerðum smábáta sem gert hafa út á grundvelli þorskaflahámarks og einnig að styrkja forsendur útgerðar í byggðarlögum sem eru að verulegu leyti háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Með frv. er verið að bregðast við aðstæðum sem komu upp 1. september og auka núgildandi veiðirétt krókaaflamarksbáta sem hefur verið kvótabundinn frá 1. september eins og allir vita. Enn fremur er ætlunin með brtt. að styðja við það að þessi

veiðiréttur verði fyrst og fremst í höndum þeirra útgerða sem nú eru starfandi.

Ég tel ástæðu til að leggja á það áherslu að hér er eingöngu verið að fjalla um þann þátt smábátanna að svo miklu leyti sem frv. fjallar um smábátamálin sem hafa verið að fiska í þorskaflahámarkskerfi og síðan krókaaflahámarkskerfi og þeirra breytinga sem urðu með gildistöku laganna 1. september sl. Ekki er verið að fjalla um önnur hagsmunamál smábátanna þó að öllum sé ljóst að þau eru margvísleg, m.a. málefni dagabáta sem við gerum sérstaklega að umræðuefni, umtalsefni og umfjöllunarefni í nefndarálitinu. Gert er ráð fyrir að á þeim málum verði tekið eins og öðrum hagsmunamálum smábátanna við heildarendurskoðun á fiskveiðistjórninni sem stendur yfir og ætlunin er að lögfesta síðar á þessu þingi.

Ég vil vekja á því athygli að um þetta mál er sérstaklega fjallað í nál. og vakin athygli á vanda dagabátanna sérstaklega. Gert er ráð fyrir að mál þeirra skýrist með lagasetningu síðar í vetur og bendi ég sérstaklega í því sambandi á spurninguna um lágmarksdagafjölda, hvort eðlilegt sé að sóknareiningar bátanna séu mældar í klukkustundum í staðinn fyrir sólarhringum eins og nú er gert og loks að skoða betur forsendur framsalsins eins og vikið er að.

Meiri hluti sjútvn. leggur fram allmargar brtt. við frv. allar í þeim anda sem ég gerði grein fyrir áðan. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að bátar í krókaaflamarkinu hafi heimild til að veiða vitaskuld þær tegundir sem þar eru tilteknar og aðrar tegundir. Varðandi aðrar kvótabundnar tegundir er gert ráð fyrir, og reyndar flutt um það sérstök brtt., að sett sé á laggirnar svokölluð meðaflaregla sem hæstv. sjútvrh. mun þó síðar útfæra betur í reglugerð sem gefur kost á því að bátarnir geti veitt þær tegundir sem ekki eru sérstaklega tilgreindar í krókaaflamarkinu.

Eins og lögin eru nú úr garði gerð þýðir veiði úr þessum tegundum einfaldlega það að tegundartilfærsla opnast sem segir að aflafheimildir í öðrum tegundum skerðast eða minnka. Við erum sem sagt að hverfa frá þessu og opna meðaflaleið í frv. sem ég held að sé til bóta þó að ekki sé í mjög stóru.

Við 3. gr. frv. gerum við þá brtt. að sjútvrh. er veitt heimild til að setja skilyrði um framsal aflamarks og ráðstöfun afla sem svarar til þess aflamarks sem bátar fá á grundvelli 3. gr. nýrrar mgr. 9. gr. laganna. Hérna er verið að vísa til jöfnunarpottanna, byggðapottanna sem stundum eru kallaðir svo. Verið er að opna á heimild hæstv. ráðherra til þess að setja reglur sem t.d. takmarka framsal. Hæstv. ráðherra getur þar með líka sett ákvæði sem varða löndun þessara báta. Auðvitað er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja það að þessi hluti laganna, sem snýr sérstaklega að því að styrkja betur þær byggðir sem eru háðastar krókaaflamarkinu og verða fyrir mestri skerðingu vegna gildistöku laganna, styðji betur við þann tilgang jöfnunarpottanna að þeir leiði til sem mestrar atvinnusköpunar í viðkomandi byggðarlögum. Við teljum hins vegar að það sé nokkuð erfitt að sauma þetta nákvæmlega niður í lagasetninguna hér og nú vegna þess að aðstæður eru breytilegar eins og við vitum, ekki síst í þessum útgerðarflokki. Þess vegna gripum við til þess ráðs að gera þetta með þessum hætti og leggjum á það áherslu í nál. hvernig beri að gera þetta.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég vísa í nál. þar sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Ljóst er að ekki verður unnt að úthluta þessum aflaheimildum fyrr en fyrir liggur úthlutun viðbótarkrókaaflamarks á grundvelli frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur á hinn bóginn áherslu á að úthlutun aflaheimilda á grundvelli þessarar greinar er ætlað að fara til byggðarlaga sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta og verða fyrir hlutfallslega mestri skerðingu útgerðartekna vegna gildistöku laga nr. 1/1999, 1. september sl., sbr. lög nr. 93/2000. Hér er verið að vísa til lækkunar útgerðartekna sem hlýst af kvótasetningu á ýsu, ufsa og steinbít. Er eðlilegast að borinn sé saman afli á þessum tegundum síðasta fiskveiðiárs og úthlutað krókaaflamark á ýsu, ufsa og steinbít á yfirstandandi fiskveiðiári. Ekki er gert ráð fyrir að þau byggðarlög sem verða fyrir tiltölulega lítilli tekjuskerðingu njóti þessarar úthlutunar. Miðað er við að úthlutun þessara heimilda til einstakra báta sé til þriggja til fimm ára í senn á grundvelli samnings þar sem kveðið sé á um nýtingu á þessum heimildum."

Það sem við erum hér að leggja áherslu á er að þær heimildir sem þarna er verið að opna á í tilgreindum tegundum eru settar fram til þess að bregðast við tekjubresti sem verður í byggðarlögum vegna kvótasetningarinnar sl. haust. Hér er ekki verið — og ástæða er til að leggja áherslu á það — að bregðast við þeim vanda sem upp hefur komið vegna þeirrar almennu skerðingar sem hefur orðið í þorskveiðiheimildum á síðustu tveimur árum og mundu auðvitað breyta mjög verulega myndinni ef það væri tekið inn í þetta eins og menn geta vel ímyndað sér sem þekkja til í þeim byggðarlögum.

Við erum líka, virðulegur forseti, að gera ýmsar tæknilegar breytingar í rauninni á frv. sem í sjálfu sér hafa ekki í för með sér efnisbreytingar en við gerum þó smábreytingu sem tekur til hinnar svokölluðu 5%-reglu sem frv. gerði ráð fyrir. Horfið er að því að gera þetta að bráðabirgðaákvæði vegna þess að hér er um að ræða ákvæði sem ætlunin er að hafi einungis takmarkaðan skilgreindan gildistíma, en stóra málið og stóru breytingarnar sem við gerum á þessu er það að frv. gerði ráð fyrir að verið væri að opna á þá heimild að menn gætu landað utan kvóta 5% af afla hverrar veiðiferðar og síðan væri gert ráð fyrir að útgerð og sjómenn fengju í sinn hlut 10 kr. á kg sem kæmi til skipta með eðlilegum hætti en mismunurinn af aflaverðmætinu, og aflaverðmætið yrði til við sölu á fiskmarkaði, mismunurinn rynni síðar til Hafrannsóknastofnunar. Meiri hlutinn gerir þær breytingar á þessu að í fyrsta lagi er lagt til að þessi 5% verði ekki 5% á hverri veiðiferð heldur 5% yfir fiskveiðiárið. Við leggjum jafnframt til að þetta taki gildi 1. febrúar nk. Það er ljóst að það þarf nokkuð tæknilegan undirbúning sem ekki verður hægt að ljúka fyrr en 1. febrúar nk. og við gerum sem sagt ráð fyrir því að á þessu fiskveiðiári frá og með 1. febrúar og síðan fiskveiðiárinu þar á eftir sé opnað á þessa heimild að menn geti landað 5% og í stað þess að hafa tíkall pr. kg sem rynni til útgerðar og sjómanna er gert ráð fyrir að það yrði hundraðshluti, 20% af aflaverðmætinu sem fengist á fiskmarkaðnum. Þetta teljum við einfaldlega skynsamlegra til þess að renna stoðum undir þá hugsun að menn hafi þarna dálítið svigrúm. Við þekkjum þær aðstæður sem geta komið upp. Menn fá smáfisk, menn fá tegundir sem þeir hafa ekki kvóta í o.s.frv. og geta þannig haft þarna möguleika til að landa þessum fiski og vonandi er þetta liður í því að skapa hvata sem dregur úr brottkasti, auk þess sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að þetta mun væntanlega að öllu öðru óbreyttu stuðla að auknu framboði á fiski á fiskmörkuðum. Ef við hugsuðum þetta aðeins í hlutfallstölum, þá eru 5% af heildarbotnfiskaflanum sjálfsagt nálægt 20 þúsund tonnum.

Mér dettur reyndar ekki í hug að svo mikið fari inn á fiskmarkaðina, en til samanburðar má geta þess að um 100 þús. tonn, ef ég man rétt, fóru um fiskmarkaði á sl. ári, á árinu 2000.

Ég tel að það sé þess virði að reyna slíka aðferð, enda er þetta hugmynd og tillaga sem hefur áður komið fram, m.a. hér í þingsölum. Mér hefur því heyrst að hún hafi út af fyrir sig fengið ágætis viðtökur.

Meiri hlutinn leggur einnig til að horfið verði frá því að opna á þessi jöfnu skipti milli krókaaflamarksbáta í krókaaflamarkskerfinu og báta í aflamarkskerfinu. Tvenns konar ástæður liggja þarna til grundvallar. Í fyrsta lagi, og það er aðalatriðið, er með þessu verið að reyna að tryggja betur sérstöðu fiskveiðistjórnarkerfisins. Í þessu sambandi leggjum við líka til að horfið verði frá þeim framsalsreglum sem giltu frá og með 1. september sl., um 50% framsal eins og er í aflamarkskerfinu og leggjum til að innan fiskveiðiársins sé heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu krókaaflamarki til annars krókabáts. Þarna er í raun og veru verið að leggja til breytingar sem fela í sér að það ástand sem var í þorskaflahámarkinu, um 30% leiguframsalsmöguleika, verði þannig líka í krókaaflamarkinu og gildi þá um þær tegundir sem þar eru.

Það mál sem að mínu mati var á margan hátt vandasamast í þessari lagasetningu og kostaði mikla yfirlegu og miklar umræður í nefndinni og á þeim tíma sem það hefur tekið að búa þetta mál úr garði var viðmiðunartímabilið sjálft. Við gerum okkur auðvitað grein fyrir því að þegar verið er að hverfa frá þeirri stýringu sem var við lýði og inn í eitthvað annað og færa inn í fiskveiðistjórnarkerfi smábátanna aukinn veiðirétt, þá skiptir mjög miklu máli á hvaða tímabili viðmiðunin er sett. Það sjá allir. Eins og menn muna var í frv. gert ráð fyrir að tímabilið sem viðmiðunin byggðist á væri tímabilið sem lyki í maílok sl. og stæði síðan 12 mánuði aftur í tímann.

Það kom vissulega mjög margt til álita í þessu sambandi. Það var í fyrsta lagi að frumvarpstextinn væri eins og hann var. Í öðru lagi, eins og mjög margir töldu skynsamlegast, að nota sem grundvöll síðasta fiskveiðiár sem lauk 1. september og taka þannig eingöngu tillit til þeirrar veiði sem hefði átt sér stað á 12 mánuðunum frá og með síðasta september. Aðrir töldu, og færðu fyrir því rök, að eðlilegast væri að nota fiskveiðiárstímabilið á undan. Það var alveg sama hvernig við horfðum á þetta mál. Niðurstaðan varð alltaf sú að til staðar voru gríðarlega mörg, margvísleg og margbreytileg tilvik sem gerðu það að verkum að það var nánast útilokað fyrir Alþingi að reyna að setja sig í stöðu Salomons konungs og ákveða að eitt tímabilið væri miklu betra en annað. Við gripum til þess úrræðis sem oft hefur verið gripið til við slíkar aðstæður að setja inn val, opna val í þessum efnum og valið væri þá þeirra starfandi útgerðarmanna sem væru í greininni. Þeir gætu þá út frá hagsmunum og forsendum sínum tekið afstöðu til þess hvort tímabilið væri heppilegra. Ég held að þegar við skoðum þetta af sanngirni og sjáum að þessi tvö tímabil eru til skoðunar, þ.e. síðasta fiskveiðiár og fiskveiðiárið þar á undan, þá sé það auðvitað ljóst mál að ekki sé hægt að halda því fram með neinum rétti að starfandi útgerðarmenn í þessum útgerðarflokki hafi ekki a.m.k. haft möguleika til þess að velja á grundvelli reynslu á 24 mánaða tímabili.

Gallinn við þessa aðferð er sá að við getum sagt sem svo að það þynnist dálítið það sem kemur til skiptanna vegna þess að fleiri hafa þarna möguleika heldur en ef við hefðum haft þrengra tímabil til þess að velja úr, en þrengra tímabil hefði þá í eðli sínu og af þeim ástæðum orðið til þess að útiloka einhvern hóp sem hefði viljað og væri að starfa að öllu jöfnu í þessari grein. Niðurstaðan varð því sú til að tryggja það í fyrsta lagi að aflaheimildirnar lentu hjá þeim sem eru starfandi í greininni og í öðru lagi að koma til móts við þessar margbreytilegu aðstæður sem við þekkjum að alltaf eru til staðar í sjávarútvegi, bilanir báta, skipsskaðar, veikindi o.s.frv., að hafa þessi tímabil valkvæð og hafa þau tvö.

Í öðru lagi vek ég athygli á því og það er síðasta málið sem ég kem að í þessari umfjöllun um nál., að gert er ráð fyrir að svokallaðir þakbátar — og þarf ég ekkert að útskýra það hugtak, eitt þessara fjölbreytilegu hugtaka í þessum fræðum, — fái leyfi til að velja sig inn í dagakerfið og við gerum ráð fyrir að þeir megi ekki hafa selt frá sér krókaaflamark eða krókaaflahlutdeild sína. Hafi þeir verið í þeirri aðstöðu þá verða þeir að leysa til sín þessi réttindi eða sambærileg réttindi aftur. Þeir skulu kunngera val sitt fyrir 1. febrúar nk. Meiri hlutinn telur eðlilegt að þeir fái svona mikið svigrúm m.a. í ljósi þeirrar niðurstöðu meiri hlutans að frv. sem taki á málefnum svokallaðra dagabáta líti dagsins ljós fyrir þennan tíma.

Virðulegi forseti. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins en undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson og með fyrirvara Hjálmar Árnason.

[13:42]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir framsöguna en það eru tvær spurningar sem ég vil þó bera upp. Í fyrsta lagi varðandi 3. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir byggðakvótum sem verði úthlutað til sjávarbyggða, hvort fyrir liggi hugmyndir að reglum hvernig eigi að úthluta þessum heimildum. Ég held að mikilvægt sé að það liggi fyrir við afgreiðslu málsins.

Í öðru lagi er ljóst að með frv. er verið að færa veiðiheimildir frá aflamarksbátum til smábáta. Því spyr ég hvort sjútvn. hafi skoðað hvaða áhrif þessi tilfærsla gæti haft á sjávarbyggðir þar sem verulega er byggt á útgerð aflamarksbáta sem við vitum að er víða úti um landið, hvort hv. sjútvn. hafi skoðað það mál hvaða áhrif það hefði.

Í þriðja lagi vil ég bara lýsa ánægju minni með það að meiri hlutinn gerir tillögu um að 6. gr. frv. verði felld út. Ég held að það væri óráðlegt að opna á milli smábátakerfisins og aflamarkskerfisins.

[13:44]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara þessum spurningum hv. 2. þm. Vesturl.

Við ræddum það talsvert mikið í nefndinni hvernig bæri að standa að úthlutunum á byggðakvótanum eða jöfnunarkvótanum. Við erum ekki með endanlega fullmótaðar reglur um málið en við gerðum hins vegar tilraun til þess í nál. meiri hlutans, eins og hv. þm. hefur séð, að reyna að móta meginreglur um úthlutun þessara heimilda. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir að ekki er hægt að ljúka þeirri vinnu

fyrr en við sjáum nákvæmlega hvernig staðan verður þegar búið verður að úthluta aflaheimildum. Það er ákveðinn óvissuþáttur sem verður til vegna þess að við opnum á þetta val varðandi aflaheimildirnar og viðmiðunartímann, þannig að við þurfum að sjá endanlega hvernig þau mál standa áður en við getum tekið afstöðu til þess.

Við vitum og á það vil ég leggja mikla áherslu að við erum fyrst og fremst með þessu að bregðast við þeim vanda sem hefur orðið til í byggðarlögum vegna kvótasetningarinnar 1. september og það út af fyrir sig þrengdi töluvert hópinn. Þegar þessi úthlutun liggur fyrir munum við væntanlega sjá hvernig staðan verður í einstökum byggðarlögum. Ég geri mér grein fyrir að staðan í einstökum byggðarlögum verður væntanlega sú að þeir sem verst fara út úr þessu eru að upplifa samdrátt kannski upp á $^2/_3$ í aflaheimildum í þessum tegundum. Það er því mjög mikilvægt að vel takist til með slíka jöfnun.

Varðandi áhrifin á aflamarksbátana þá var það mál svo sem rætt, en við höfðum enga aðstöðu til þess að átta okkur á því með heildstæðum hætti hvernig áhrifin yrðu. Ég vek hins vegar athygli á því að við 1. umr. málsins kom fram að hæstv. sjútvrh. hyggist auka við aflaheimildir a.m.k. í ýsu sem ættu þá um leið að styrkja sérstaklega stöðu aflamarksbátanna.

[13:46]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þessu frv. er ætlað að draga úr áhrifum þeirra laga sem Alþingi setti í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 3. desember 1998 í máli Valdimars Jóhannessonar. Ákvæðin um veiðar krókabáta komu til framkvæmda 1. september sl. en gildistökunni hafði verið frestað um eitt ár að tillögu sjútvrh. Með umræddri lagasetningu hefur í raun síðustu veiðiréttindunum á Íslandsmiðum verið skipt milli útvalinna og þeim færður réttur til að selja öðrum aðgang að þjóðarauðlindinni.

Um þessa stefnu er gríðarlegt ósætti og foringjar stjórnarflokkanna sáu sitt óvænna í aðdraganda síðustu kosninga og lofuðu alvörusáttaumleitun um málið. Eftir að það loforð lá fyrir töldu margir að farið yrði í heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða og að ekki væru rök fyrir því að festa þá nýskipan í sessi sem fólgin er í þeim lagaákvæðum sem sett voru í kjölfar fyrrnefnds dóms og lúta að krókabátum sérstaklega.

Einnig voru komin fram ný rök sem studdu það álit að sú túlkun stjórnvalda að sóknarkerfi væri brot á stjórnarskránni væri ekki endilega einhlít eða rétt. Sú nefnd sem sjútvrh. skipaði til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og gekk undir nafninu sáttanefnd hefur lokið störfum og þær sáttatilraunir eru farnar út um þúfur. Þær reyndust eingöngu vera fólgnar í því að finna sátt milli LÍÚ-forustunnar og ríkisstjórnarinnar. Aðrir áttu svo að sætta sig við niðurstöðuna.

Í þessu frv. ríkisstjórnarinnar er nær eingöngu fjallað um krókaaflamarksbáta. Aðrir flokkar smábáta bíða til síðari tíma samkvæmt upplýsingum í nefndaráliti meiri hlutans. Þar er það annars vegar boðað að tekið verði á hagsmunamálum annarra smábáta við margboðaða heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða en hins vegar að meiri hlutinn muni beita sér fyrir sérstöku frv. um málefni dagabáta fyrir 1. febrúar nk. enda telur meiri hlutinn „óhjákvæmilegt að lagfæra rekstrarumhverfi þessa bátaflokks á þessum vetri" eins og þar segir.

Það er alveg sérstök ástæða til að draga athygli að þessu orðalagi í áliti meiri hluta sjútvn. Þarna er meiri hlutinn að segja svo að ekki verður misskilið að ef sjútvrh. komi ekki fram með þetta frv. um heildarendurskoðunina þá ætli meiri hluti sjútvn. að sjá til þess að tekið verði á þessum máli með frv. Þetta verður ekki misskilið á nokkurn hátt.

Það er mjög athyglisvert að þetta skuli koma fram í meirihlutaálitinu vegna þess að það hlýtur að kalla á svör sem þurfa að koma fyrir eyru hv. alþm. um það hvort heildarendurskoðunin sé í strandi, hvort það sé álit meiri hluta sjútvn. að veruleg ástæða sé til að ætla að heildarendurskoðunin sigli í strand og þess vegna þurfi meiri hluti sjútvn. að grípa til sinna ráða og koma með frv. um þetta efni fyrir 1. febrúar. Það hefði verið ástæða til þess fyrir hæstv. sjútvrh. að vera hér til þess að leiða þann sannleika í málinu í ljós og það hvort frv. hans er á leiðinni. Í því samhengi væri kannski rétt að benda á að aðalrökin fyrir því að þetta mál er hér á ferðinni, og þessi endurskoðun á málefnum smábátanna er höfð á undan heildarendurskoðuninni, voru þau að það væri brot á stjórnarskránni að hafa þetta fyrirkomulag á smábátunum eins og það er eða var þangað til lögin tóku gildi 1. september og því yrði að vinda bráðan bug að því að breyta því vegna þessara meintu brota á stjórnarskránni.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er mættur. Ég vil þó svona til öryggis endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðherra. (**Sjútvrh.:** Ég heyrði spurningarnar.) Hæstv. ráðherra heyrði spurningarnar þannig að ég þarf ekki að endurtaka þær. Það koma því örugglega skýr svör við því á eftir hvort heildarendurskoðunin sé á leiðinni. Ég vil samt segja að sé svo þá finnst mér nokkuð undarlegt að hv. Alþingi skuli þurfa að komast að þeirri niðurstöðu að þessar tvær endurskoðanir hefðu ekki getað farið saman, þessi sem hér á að fara fram og sú sem stendur til og á að nefnast heildarendurskoðun og hæstv. ráðherra hefur boðað fyrir margt löngu að ætti að verða komin fram.

Síðbúin framlagning þess máls sem hér er til umfjöllunar kallar á svör um hvers vegna ekki mátti fjalla heildstætt um endurskoðun laganna því að ljóst er að verði þau frumvörp að lögum sem boðuð eru á þessu þingi verður ekki langt á milli afgreiðsludaga þeirra.

Þær breytingar sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir varðandi krókaaflamarkið eru fyrst og fremst aukning á aflaheimildum frá því sem er samkvæmt gildandi lögum. Bæði er um að ræða almennar breytingar sem allir njóta og sértækar breytingar sem koma einstökum útgerðum í einstökum byggðarlögum sérstaklega til góða.

Þetta er ekki hægt að orða einfaldar því svona er þetta. Verið er að velja einstakar útgerðir í einstökum byggðarlögum til þess að koma að því réttlæti sem búið er að leita uppi í meirihlutavinnunni hjá sjútvn. En svona hefur þetta reyndar verið í gegnum tíðina í umfjöllun um sjávarútvegsmálin og þau réttindi sem mönnum hefur verið úthlutað, þ.e. að það réttlæti hefur ævinlega verið fundið með einhverjum aðferðum af þessu tagi. Það var reyndar athyglisvert, og kom svo sem ekki á óvart, að hv. framsögumaður meiri hlutans lýsti því áðan að menn hefðu verið í miklum vandræðum með að ákveða hvernig ætti að velja sér viðmiðun hvað varðar þau réttindi sem nú eiga að verða að verðmætum réttindum í eigu einstaklinga eins og hér er til stofnað. Og til verður sérstakur krókaaflamarksbyggðakvóti. Það er nýtt hugtak í umræðunni. Þeim fjölgar við hverja nýja lagasetningu.

Í 3 gr. frumvarpsins er gerð tillaga um breytingu á

9. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem er um 12.000 þorskígildistonna pott sem sjávarútvegsráðherra getur ráðstafað „til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda." Gert er ráð fyrir því að við gildandi ákvæði greinarinnar bætist ný málsgrein sem eftir breytingartillögu meiri hlutans, ef samþykkt verður, orðast svo:

„Á hverju fiskveiðiári er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa miðað við óslægðan fisk til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Getur ráðherra þar á meðal ákveðið skilyrði fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á grundvelli þessa ákvæðis og um ráðstöfun afla sem svarar til þess sem úthlutað er samkvæmt því."

Það kom fram hjá sjávarútvegsráðherra við 1. umræðu að þessi kvóti yrði framseljanlegur. Breytingartillaga meiri hlutans heimilar sjávarútvegsráðherra hins vegar að setja skilyrði fyrir framsali og varðandi ráðstöfun afla sem svarar til þess aflamagns sem bátar hafa fengið úthlutað á grundvelli 3. gr. Yfirlýst markmið er að reyna að tryggja að þessar aflaheimildir nýtist sem best þeim byggðarlögum sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta og ætlunin að úthlutun aflaheimilda á grundvelli þessarar greinar fari til byggðarlaga sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta og verða fyrir hlutfallslega mestri skerðingu útgerðartekna. Ekki er gert ráð fyrir því að þau byggðarlög sem verða fyrir tiltölulega lítilli tekjuskerðingu njóti þessarar úthlutunar, sem þýðir auðvitað að útgerðarmenn í sambærilegri stöðu í tveimur byggðarlögum munu fá mismunandi úthlutanir frá hinu opinbera á grundvelli þess sem hér er verið að gera. Ekki er heldur gert ráð fyrir því að krókaaflamarksbátar sem koma frá þeim byggðarlögum fái úthlutað af þessum kvóta jafnvel þótt þeir hafi verið gerðir út frá stað sem er að verulegu leyti háður veiðum krókaaflamarksbáta.

Þá er miðað við að úthlutun þessara heimilda til einstakra báta sé til þriggja til fimm ára í senn á grundvelli samnings þar sem kveðið sé á um nýtingu á þessum heimildum.

Þetta er þriðja tilraun sem gerð er með meinta byggðatengingu kvóta. Fyrsta tilraun voru 500 þorskígildislestir sem Byggðastofnun fékk til úthlutunar árið 1995. Eftir tvö ár var stærstum hluta þess kvóta úthlutað varanlega til báta frá þeim byggðarlögum sem skilgreining laganna var látin ná til, án tillits til þess hvar þeir höfðu landað aflanum. Næsta tilraun stendur yfir enn, en Byggðastofnun fékk með breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 1/1999, úthlutað 1.500 þorskígildislestum „til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi" eins og segir í bráðabirgðaákvæði. Það segir e.t.v. allt sem segja þarf um samspil kvótastöðu byggðarlags og atvinnustigs að sá kvóti er ekki endilega vistaður á báta úr viðkomandi byggðarlagi þótt ein af forsendum úthlutunar hafi verið sú að kvótastaða byggðarlagsins hefði minnkað. Og ekki eru allir á eitt sáttir um réttlætið í úthlutun Byggðastofnunar og þá ekki síst það að kvótanum skyldi öllum úthlutað til margra ára þannig að sá sveigjanleiki sem einhverjir töldu sig vera að samþykkja er ekki til staðar.

Samfylkingin telur afar mikilvægt að þegar verið er að færa kvóta með handafli til tiltekinna aðila sé skilgreint mjög nákvæmlega hverjir eiga að fá og með hvaða skilyrðum. Það er verið að færa aðilum fjármuni í formi veiðiréttar.

3. gr. frumvarpsins er að mörgu leyti óljós. Það virðist eiga að koma til móts við byggðarlög. Samt má bara úthluta þessum afla til krókaaflamarksbáta. Það vekur líka athygli að ekki er talað um sveitarfélög í þessu sambandi heldur sjávarbyggðir og byggðarlög en skilgreiningin mun vera að fyrirmynd frá Byggðastofnun. Ekki er ljóst hvaða byggðarlög eru „að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta" í skilningi þessarar greinar, en eins og áður segir fá eingöngu bátar skráðir á slíkum stöðum úthlutun. Hvorki aðrir bátar né krókaaflamarksbátar fá úthlutun jafnvel þótt þeir hafi verið og séu gerðir út frá viðkomandi stað.

Hér skortir það gegnsæi sem þarf að vera fyrir hendi þegar opinberir aðilar úthluta verðmætum.

4. gr. frumvarpsins, nýtt bráðabirgðaákvæði samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans, gerir ráð fyrir að landa megi 5% heildarafla á tímabilinu frá 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 án þess að sá afli reiknist til aflamarks skipsins. Þessum afla skal halda aðgreindum frá öðrum afla og verður hann seldur sérstaklega á fiskmarkaði. Útgerðin fær 20% andvirðis aflans sem skiptist milli áhafnar og útgerðar samkvæmt samning um þar um.

Þessu ákvæði fagnar 1. minni hluti sérstaklega og telur að hér sé loksins tekin ákvörðun sem geti haft afgerandi áhrif til að koma í veg fyrir brottkast. Það fyrirkomulag sem hér er upp tekið á einnig að geta upplýst með nokkuð öruggum hætti hversu mikið brottkastið hefur verið. Breytingartillögur meiri hlutans eru til verulegra bóta frá frumvarpinu hvað varðar upphæð endurgjaldsins fyrir landaðan afla með þessum hætti. En þó skiptir breytingartillagan um að landa megi 5% heildaraflans yfir tímabilið í stað 5% úr hverri veiðiferð mestu máli vegna þess að gera verður ráð fyrir því að afli sem mjög óhagstætt er að koma með í land geti veiðst mjög sveiflukennt í ýmsar tegundir veiðarfæra. Þessi tillaga eða aðrar samkynja henni hafa verið fluttar á Alþingi ítrekað af fjölmörgum þingmönnum allt frá árinu 1989.

Þessi tillaga gerir tvennt í senn. Hún afléttir þeirri refsingu sem er fólgin í því að reikna til kvóta afla með lágt verðgildi og afla sem útgerðin hefur af einhverjum ástæðum ekki kvóta fyrir. Sú upphæð sem ákveðin er sem endurgjald til útgerðar og áhafnar gæti þurft endurskoðunar við. Gjaldið þarf að þróa þannig að það hafi ekki áhrif á veiðarnar eða umgengni um miðin. Þó þarf það að vera hvatning til þess að allur afli komi að landi og að lögð sé áhersla á að hann sé vel frágenginn um borð. Gjaldið er þó ekki aðalatriði málsins heldur það að með þessu eru stjórnvöld að gefa útgerðunum kost á úrræði til að koma með aflann að landi í stað þeirrar „refsingar" sem er fólgin í núgildandi fyrirkomulagi. Hafi útgerðarmenn það svigrúm sem hér er lagt til að verði gefið er engin afsökun fyrir því að afla sé kast að fyrir borð. Það er full ástæða til að ætla að gott samstarf geti myndast við alla sjómenn um betri umgengni um auðlindina á grundvelli þessarar tillögu.

Gert er ráð fyrir því að annað andvirði hins selda afla en það sem fer til útgerðar og áhafnar eða í kostnað við söluna renni til Hafrannsóknastofnunarinnar. Fulltrúum Samfylkingarinnar finnst eðlilegra að um væri að ræða sjálfstæðan rannsóknarsjóð sem bæði Hafrannsóknastofnunin og aðrir vísindamenn gætu sótt í til sérstakra verkefna á sviði hafrannsókna.

Jafnaðarmenn studdu ekki þá lagasetningu sem hér er

verið að reyna að lagfæra, hvorki upphaflega né það að gildistakan yrði í haust. Það var eðlilegra að breytingar á stöðu smábáta yrðu hluti af þeirri heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða sem gefin voru fyrirheit um. Þessi sérstaka lagasetning um krókaaflamark er því alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Samfylkingin mun hins vegar styðja setningu þess ákvæðis sem lýtur að því að tiltekinn hluti afla reiknist ekki til aflamarks og eykur líkur á að allur afli geti komið að landi, enda er það í samræmi við tillögu sem liggur fyrir frá Samfylkingunni í öðru þingskjali.

Undir þetta nál. rita ég, Jóhann Ársælsson, og Svanfríður Jónasdóttir.

Mig langar til þess að bæta við örfáum orðum. Ég tel að það hafi komið fram skýrar vísbendingar um að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða muni ekki fara fram í vetur. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hæstv. sjútvrh. upplýsi um fyrirætlanir stjórnarflokkanna hvað þetta varðar nú við þessa umræðu. Það er ekki langur tími til stefnu. Málið er viðamikið og hlýtur að þurfa mikla umfjöllun, bæði hér í sölum Alþingis og í höndum sjútvn. Margir aðilar þurfa að koma að þeirri umfjöllun.

Gert er ráð fyrir því að þingi ljúki snemma í vor vegna sveitarstjórnarkosninga sem standa fyrir dyrum en frv. um þetta mikla deilumál er ekki komið fram. Vísbendingar um að deilurnar muni halda áfram eru augljósar. Niðurstöður nefndar sem átti að leita sátta í málinu liggja fyrir, þ.e. engin sátt náðist. Umfjöllun um allt þetta mál hlýtur að verða mjög erfið og tímafrek.

Það er því full ástæða til að það verði upplýst við umræðuna að hverju er stefnt af hálfu stjórnvalda í þessu efni. Ég fer fram á það að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því við þessa umræðu.

[14:05]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara fyrirspurnum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar varðandi endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.

Ég hafði stefnt að því að koma með frv. inn í þingið fyrir jólaleyfi en eins og háttvirtir þingmenn vita afgreiddi samstarfsflokkur okkar í ríkisstjórn ekki málið frá sér fyrr en á miðstjórnarfundi um síðustu mánaðamót. Þar af leiðandi var ekki hægt að ganga frá þessu samkvæmt áætlun.

Vegna annarra anna hef ég ekki getað unnið að þessu máli eins og ég hefði helst kosið til að koma því til þingsins fyrir jólin. Ég sé hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að það geti komið fyrir a.m.k. þingflokkana fyrir upphaf þings að loknu jólahléi og vonandi inn í þingið á fyrstu dögum þingsins eftir jólahlé. Ég sé ekkert sem ætti að tálma í þeim efnum.

[14:06]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur þá fyrir að umrætt frv. kemur ekki fyrir Alþingi fyrr en á fyrstu dögum eftir að jólaleyfi lýkur. Þá gefst ekki mjög langur tími til umfjöllunar um það mál, a.m.k. ekki miðað við umfang þess og þær miklu deilur sem hafa staðið um þau mál.

Ég spyr nú hæstv. ráðherra: Telur hann í fullri alvöru að sá tími sem áætlað er að þing standi í vetur muni duga til þess að Alþingi nái að klára þá endurskoðun sem að er stefnt?

[14:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög vel mögulegt að klára afgreiðslu málsins á yfirstandandi þingi. Eins og fram kom í fyrirspurn hv. þm. er búið að vinna þetta mál mjög mikið, bæði í auðlindanefnd og endurskoðunarnefnd. Það hafa farið fram gríðarlega miklar umræður hér á þinginu um sjávarútvegsmál í vetur. Hv. þm. átti sjálfur sæti í endurskoðunarnefndinni og hann á að vita mætavel hversu mikil vinna hefur verið lögð af mörkum í þessu máli. Því tel ég að það eigi að vera mjög vel gerlegt að klára málið á þessu þingi.

Hins vegar er það Alþingis að ákveða það en ekki mitt. Ég get auðvitað ekki fullyrt að málið verði afgreitt. Hv. þm. hefur eins og aðrir hv. þm. talsvert um það að segja sjálfur, þ.e. hvernig Alþingi kýs að haga sínum störfum. Ég tel að þetta eigi að vera vel mögulegt.

[14:08]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Skoðun mín er reyndar sú að allt málið sé vanbúið. Ef það á að heita sátt sem leitað er að í þessu máli þá getur hún aldrei orðið til úr þeim niðurstöðum sem liggja fyrir frá þessari nefnd. Mönnum væri nú sæmara að reyna að leita sátta í þessu máli upp á nýtt heldur en að fara í gegnum Alþingi með málið með slíkum hætti sem í stefnir, ef nota á niðurstöðu meiri hluta svokallaðrar sáttanefndar til að byggja á hér við afgreiðslu á hv. Alþingi. Það mun ekki færa mönnum gæfu í þessu máli að ætla sér það.

Ég skora á hæstv. ráðherra að hugsa ráð sitt vel yfir jólin og áramótin og reyna að átta sig á því hvort hlutverk hans í ráðherrastóli ætti ekki að vera að leita sátta í þessu máli frekar en að efla úlfúð eins og meiri hlutinn hefur gert fram að þessu.

[14:09]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór hér nokkrum orðum um byggðakvótann og hvernig Byggðastofnun hefði staðið að úthlutun hans. Hann sagði að ekki væru nú allir sáttir við þá úthlutun, sem er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. þm. Auðvitað held ég að kvótanum verði aldrei úthlutað þannig að allir verði sáttir. Byggðastofnun gerði þetta þannig að þróunarsviði stofnunarinnar var falið að búa til reglur sem stuðst yrði við þannig að þetta yrðu ekki neinar geðþóttaákvarðanir stjórnar. Þar var tekið tillit til fjölmargra þátta, fækkunar fólks á viðkomandi stöðum, hve kvótinn hefði minnkað og hversu fiskvinnslan hefði dregist saman, hlutfall fólks sem vinnur við sjávarútveg o.s.frv.

Það er ekki hægt að miða bara við kvótastöðuna eina. Hún segir auðvitað ekki allt því það getur verið verulegur kvóti í byggðarlagi þó ekkert af þeim fiski komi til vinnslu þar. Þannig var stuðst við ýmsa þætti og þeir látnir vega misjafnlega þungt í reiknireglunni. Út frá því var kvótanum úthlutað. En auðvitað verður aldrei sátt um þetta og alltaf endalaust hægt að deila um með hvaða hætti eigi að gera þetta.

Það sem kallaði mig nú í andsvar var hins vegar að hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að Samfylkingin væri óánægð með að byggðakvótanum væri úthlutað til margra ára í einu. Það er ekki alls kostar rétt vegna þess að þetta er endurskoðað árlega. Það er úthlutað árlega. Að vísu var miðað við að að öllu óbreyttu fengju menn þetta til nokkurra ára en úthlutunin er endurskoðuð árlega. Síðast á fundi Byggðastofnunar

í morgun var úthlutað að nýju í tveimur byggðarlögum í landinu. Ég vildi láta það koma fram.

Ég hef hins vegar frá því fyrst var farið að ræða um byggðakvótann á Alþingi haft miklar efasemdir um hann og varaði við honum þegar honum var komið hér á. Ég taldi að hann yrði mjög erfiður í framkvæmd. Það hefur komið á daginn. Það er auðvitað erfitt að úthluta svona. Þetta eru verðmæti sem verða alltaf mjög umdeilanleg. Ég hafði miklar efasemdir og þær efasemdir hafa sannast tel ég í meðferð þessa máls.

[14:12]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svör mín við þessu eru einfaldlega þau að við í Samfylkingunni höfum kappkostað að setja fram reglur sem tryggi jafnræði varðandi veiðiréttindi og öll réttindi sem hið opinbera útdeilir til borgaranna með einhverjum hætti. Þessi handstýrða úthlutun sem hv. þm. var hér að lýsa er gott dæmi um það þegar stjórnmálamenn lenda í að deila og drottna og þurfa að velja fáa útvalda til að fá þau gæði sem hið opinbera hefur með höndum. Það getur auðvitað aldrei valdið öðru en deilum og erfiðleikum.

Hv. þm. Einar Guðfinnsson var hér áðan einmitt að lýsa hremmingum meiri hlutans við að reyna að finna út hvaða viðmiðun ætti nú að nota til að velja þá út sem ættu að fá þessar viðbætur í aflaheimildum sem felast í frv. sem hér er verið að ræða. Byggðastofnun hefur þurft að berjast við að reyna að finna eitthvert réttlæti, bæði gagnvart byggðarlögum og aðilum sem eiga að fá réttindin í hendurnar, til að framfylgja því sem Alþingi hefur tekið ákvörðun um í sambandi við byggðakvóta. Auðvitað verður þetta endalaus vandi.

Ég held að það muni ekki fást endanleg niðurstaða í málin þó menn taki upp almenna úthlutun. Það yrði þó allavega eitthvað sem hægt væri að búa við. Framtíðin getur aldrei orðið í neinum friði með hinum endalausu handstýrðu úthlutunum, þ.e. að Alþingi haldi áfram að velja útvalda til að fá í hendur gæði sem hið opinbera hefur til þess að úthluta.

[14:14]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Annaðhvort hef ég ekki talað nógu skýrt eða hv. þm. ekki trúað því sem ég sagði. Hann segir að stjórnmálamenn deili og drottni og þetta sé handstýrð úthlutun. Ég var einmitt að reyna að útskýra að svo væri ekki. Stjórn Byggðastofnunar er að vísu pólitískt tilnefnd. Ég var einmitt að reyna að útskýra það að stjórnin setti þróunarsvið stofnunarinnar í að búa til útfærslu á því hvernig farið yrði með þennan kvóta og til þess að þurfa ekki, eins og hv. þm. orðar það, að deila og drottna eða vera með handstýrða úthlutun. Þess vegna var þróunarsviðinu falið að búa til þessar reglur, til þess að stjórnarmenn þyrftu ekki að vera að deila og drottna eða handstýra úthlutuninni. Ég tel að að því leyti hafi þetta heppnast ágætlega.

Ég hef eftir sem áður, eins og ég nefndi í fyrra andsvari mínu, alltaf haft miklar efasemdir um þennan byggðakvóta. Hann hefur að vísu tekist ágætlega sums staðar, t.d. á Þingeyri þar sem hann hefur gert mikið gagn að mínu mati og byggt upp þar öflugt fyrirtæki. Þar hefur byggðakvótinn nýst mjög vel vegna þess að það kom fyrirtæki til liðs við heimamenn með kvóta og menn byggðu þar upp öfluga útgerð og fiskvinnslu. Þá kemur líka á móti að maður heyrir úr nágrannasveitarfélögum að menn segja: Það er ekki nokkur leið að keppa á mörkuðum við fyrirtæki sem er með byggðakvóta og opinbera aðstoð við sinn rekstur. Þannig eru tvær hliðar á þessu öllu saman.

Eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu varaði ég við þessum byggðakvóta þegar Alþingi kom honum á og efasemdir mínar hafa ekkert minnkað. Ég tel að þetta sé afskaplega erfitt í framkvæmd og að enginn sé öfundsverður af því að þurfa að úthluta kvóta með þessum hætti.

[14:16]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þarf víst enginn að efast um að byggðakvóti gerir gagn þar sem menn fá hann til sín. Þetta eru nú engir smápeningar sem í raun og veru er verið að rétta mönnum með slíkum byggðakvóta, 100 tonnin kannski á annað hundrað milljónir í virði. Eitthvað hlýtur að muna um það. Hægt er að kaupa til sín rekstur og umfang með slíka peninga í höndunum og það hafa menn auðvitað gert. Þetta er það sem hefur komið út úr þessu og auðvitað mátti við því búast að það mundi muna virkilega um það þar sem það yrði gert.

En hv. þm. hefur staðfest það mjög skýrt að efasemdir hans um byggðakvótann hafi ekki minnkað við það að hafa fylgst með og tekið þátt í að úthluta honum, þó hann vilji nú ekki kalla það að það hafi verið með því að deila og drottna, en Byggðastofnun ákvað hvernig ætti að reikna út hverjir ættu hann skilið og það var síðan gert. Þannig að höfundar reiknireglunnar hljóta nú að hafa einhverju ráðið um það hverjir fengu.

[14:17]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 547.

[14:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu um breytingar á stjórnkerfi fiskveiði smábátanna er í sjálfu sér mjög pólitískt mál. Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um það áður en ég geri grein fyrir þeim brtt. sem ég er 1. flm. að.

Málið er mjög pólitískt vegna þess að hér er verið að taka ákvörðun um að breyta því veiðikerfi sem smábátarnir hafa búið við á undanförnum árum, þar sem þeir hafa að stærstum hluta haft kvóta í einni tegund, þ.e. þorskaflahámarksbátarnir, og hinir svokölluðu 30 tonna menn, en síðan hefur þriðja afbrigðið í þessari stjórnun verið sóknardagar.

Það sem menn eru hér að gera er að taka þá ákvörðun að negla niður endanlega að jafnvel smábátarnir skuli fara í hið umdeilda kvótakerfi fiskveiðanna og þar skuli tekin upp slík stýring. Þar hefst líka verslun á þeim tegundum sem kvótasettar eru. Þeim sjónarmiðum er ég mjög andvígur, þ.e. að þetta sé gert á þennan hátt.

Og almennt má segja að þegar verið er að framkvæma slíka úthlutun, þá er verið að gjörbreyta atvinnuháttum og nýtingu á auðlindinni. Með almennum orðum má segja að það liggi í því að sjávarbyggðir, fólkið sem býr í sjávarbyggðunum, ekki bara sjómenn eða útgerðarmenn, heldur fólkið sem býr í sjávarbyggðunum eigi mikil verðmæti í því að þar sé sjósóknarréttur. Það á mikil verðmæti í því að allur hvatinn til að nýta auðlindina liggi í því að skipin rói til þess að veiða fiskinn, því með róðrarlaginu fylgir atvinna. Með kvótasetningunni fylgir minni atvinna og þar til viðbótar

fylgir því framsalsréttur. Og enginn í þessum þingsal sér fyrir hvað muni gerast í framhaldi af því að kvótasetningin á sér stað. Það sem menn vita er að afli mun minnka verulega á mörgum landsvæðum.

Tekin hefur verið saman stutt skýrsla fyrir Vestfirði þar sem áætlað var að störfum mundi fækka um a.m.k. þrjú hundruð, um tvö hundruð til sjós og tæplega hundrað í landi. Sú tala hefur eitthvað minnkað vegna þess að stjórnarmeirihlutinn hefur lagt til í frv. að bætt verði í þessa potta, það verði sem sagt meiri aflaheimildir í þeim tegundum sem á að kvótasetja settar inn í þetta veiðikerfi heldur en áður var áætlað. Þannig að sennilega má áætla að mismunurinn gæti verið að því er þetta varðar 150–180 störf á landi og á sjó.

Það segir ekki svo lítið í landshluta eins og Vestfjörðum þar sem við getum reiknað með að á bakvið hvert starf lifi 3–4 einstaklingar, fyrirvinna og börn, fjölskylda, sem hafi lífsafkomu sína af því að þessi störf séu til staðar.

Ég ætla almennt að segja um þetta að ég tel að það sé mikill ábyrgðarhluti af fara svona fram eins og verið er að gera þegar verið er að taka niður atvinnuna með þessum hætti án þess að neitt komi í staðinn. Þetta vildi ég almennt segja í upphafi áður en ég fer að kynna brtt. okkar sem ég ætla að gera nú.

Við höfum lagt fram brtt. við frv. sjútvrh. um veiðar og kvótasetningu krókabátanna og við meirihlutaálit sjútvn. Þessar brtt. eru sem hér greinir og meðflutningsmenn með mér að þeim eru hv. þm. Karl V. Matthíasson og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson.

Breytingartillögurnar, svo ég lýsi þeim í upphafi í stuttu máli, felast í því að við föllumst á sjónarmið meiri hluta sjútvn. að því er varðar 1. gr. frv. en hún kveður á um það hversu mörg veiðileyfi skuli vera í notkun á Íslandsmiðum. Og í þeirri grein segir að veiðileyfin séu þrjú: aflamarksleyfi sem er veiðileyfi báta yfir sex tonnum, almennt aflamarksleyfi, veiðileyfi krókabáta með krókaaflahlutdeild og veiðileyfi á handfærum á sóknardögum.

Við gerum ekki brtt. við aflamarksleyfið né handfæraleyfið á sóknardögum, en við gerum brtt. við krókaaflahlutdeildarleyfið og leggjum til að það orð falli út og orðið „þorskaflahámarkið" komi í staðinn. Þessi litla breyting þýðir auðvitað hvaða stefnumótun við erum að leggja upp með í brtt. okkar. Hún þýðir það að við erum almennt að leggja til að það veiðikerfi sem smábátarnir höfðu búið við að mestu leyti og menn voru orðnir sæmilega sáttir við, hafa alla vega lýst því yfir að þeir vildu búa áfram við það, yrði áfram varðandi veiðar báta undir sex tonnum. Og hins vegar föllumst við líka á að handfærakerfið verði áfram.

Það segir jafnframt að brtt. okkar ganga út á það að við leggjum til að hinir svokölluðu 30 tonna menn, þ.e. sá hópur smábátasjómanna sem voru rúmlega 90 og veiddu í 40 daga á ári, 30 tonn að hámarki í þorski, sá hópur smábátamanna fái val. Veiðikerfi þeirra verði í raun lagt niður eins og meiri hlutinn leggur til. Við höfnum því ekki, heldur tökum undir það, en þó aðeins gegn því að sá hópur fái val. Hann fái val til að velja sér annaðhvort að fara í handfæraveiðikerfið, 23 dagana sem nú eru orðnir 21, eða hann fái að velja sér að fara yfir í þorskaflakerfið. Og þar af leiðandi mun sú hlutdeild sem þeim bátum var ætluð í heildarafla krókabátanna — en heildarþorskaflaviðmiðun þessara báta sem núna eiga að fá að velja var 0,18% af þeim heildarþorskafla sem var markaður inn á krókabátana, 0,18% af heildaraflanum — eðlilega skiptast upp samkvæmt þessum tillögum og líka samkvæmt tillögum meiri hluta, sýnist mér, þangað sem menn velja sér að fara. Ef maður á trillu sem var í þessu 30 tonna kerfi velur að fara í handfærakerfið, þá er í þessum tillögum okkar gert ráð fyrir að hann taki með sér þann rétt sem honum var úthlutaður sem krókaaflamark 1. september og það bætist í hinn óskipta pott handfæramannanna. Ef hann hins vegar velur að fara í þorskaflahámarkið, þá gerist nákvæmlega það sama, það sem honum var úthlutað 1. september fer hann með með sér yfir í þorskaflahámarkskerfið og það verður þá undirstaða hans við að hefja veiðar í þorskaflahámarkskerfinu.

Við föllumst á það sjónarmið sem mikið hefur verið rætt, enda hafa sumir af þeim mönnum sem voru í því kerfi sem ég hef verið að ræða þegar tekið til við að breyta bátum sínum miðað við að fara í handfærakerfið til dæmis, og við föllumst á að það veiðileyfi verði lagt niður, en því aðeins að þeir fái það val að velja á milli handfærakerfisins eða þorskaflahámarksins, sem við leggjum til að verði tekið upp aftur.

Ég hef nú gert grein fyrir brtt. okkar við 1. gr. að í staðinn fyrir orðið „krókaaflamark" komi orðið „þorskaflahámark". Og veiðileyfi við stjórn fiskveiða á Íslandsmiðum verði þrjú.

Síðan leggjum við til að það sem meiri hlutinn leggur til að komi inn í 6. gr. laganna falli niður ásamt núverandi 6. gr. laganna og inn komi tvær nýjar greinar, 6. gr., sem tekur yfir alla útfærslu er lýtur að krókabátum á þorskaflahámarki. Og þar megi í einni grein, 6. gr., lesa allt sem að þeim veiðum snýr, 20% færsla milli ára, 30% sem þeir mega leigja frá sér og ekki síst það sem við leggjum til sem nýmæli í útfærslu þeirra, en það er að takmarka róðrarbala þeirra í hverjum róðri.

Við flutningsmenn þessarar brtt. leggjum til að heimild þorskaflahámarksbátanna miðist við að þeim sé heimilt að róa með 24 bala með 500 króka hver í hverjum róðri. Það sé sem sagt það sem þeir megi gera á sólarhring, og þannig verði komið til móts við það að hafa áhrif á að afli þeirra í þessum aukategundum vaxi ekki ár frá ári.

Reyndar held ég að rétt sé að draga það fram í þessari umræðu að þær takmarkanir sem við erum hér að leggja til — og má kannski segja að þær hefðu varla einu sinni verið sanngjarnar á því hausti sem núna hefur gengið yfir — en það á auðvitað að ræða þegar verið er að tala um útfærslu á veiðikerfi smábátanna, að smábátaflotinn er afar háður veðri og vindum.

Þó að forusta LÍÚ og margir aðrir hafi séð ofsjónum yfir því hversu gangur smábátanna var góður í fyrra og hittiðfyrra þá held ég að fáir þurfi að öfundast yfir afkomu þeirra og tekjum á þessu hausti. Því miður hefur tíðarfar verið þannig að sjósókn þeirra hefur ekki verið mikil. Og það er ekki eingöngu tíðinni að kenna. Því er líka um að kenna að settur var á þá kvóti 1. september og þeir fengu það litla úthlutun margir hverjir að margir hafa ekki getað róið vegna þess að þeir hafa ekki haft heimildir fyrir þeim tegundum sem á krókana bíta. Og þá sitja menn auðvitað uppi með þá staðreynd að þó að mönnum takist með beituvali að hafa nokkur tök á því í hvaða afla þeir eru að sækja þá fá þeir því ekki ráðið. Fiskurinn bítur á án þess að vita hvort hann megi það. Og einhver hafði, minnir mig, orðað það svo í fyrirsögn í blaðagrein: „Er ýsan orðin ódráttur?" Í sumum tilfellum hefur það reynst vera svo hjá mönnum í haust að ýsan var ódráttur vegna þess að þeir höfðu ekki heimildir til ýsuveiða.

Það er auðvitað illa komið þegar menn hætta að horfa á hið raunverulega Ísland, hið raunverulega veðurfar, hina

raunverulegu sjósókn, sem er afar misjöfn á þessum stærðum skipa milli ára eftir tíðarfari og festast í því fari sjávarútvegsráðherrans sem leggur hér upp með að allir skuli barðir til hlýðni við valdboð kvótasetningarinnar burt séð frá hagsmunum byggðarlaga, stöðu þeirra, sjósóknarmöguleikum eða afkomu fólksins. Það er eingöngu verið að úthluta til útgerðarmannanna sem eiga þessa báta. Það tryggir ekkert endilega hagsmuni fólksins.

Ég sagði í upphafi máls míns að fólkinu í sjávarbyggðunum væri verðmætur sjósóknarrétturinn. Það er vegna þess að sjósóknarrétturinn er leyfi til að fara á sjó og veiða fisk. Þegar bátur rær til fiskjar þá verður það til þess að skapa atvinnu því það þarf beita línuna og vinna við fiskinn þegar hann kemur að landi.

Kvótasetningin ein og sér hefur ekkert sérstakt með það að gera. Hún er í raun eignfærsla. Sumir gætu sagt að verið væri að bera fé á menn með því að úthluta þeim kvóta. Þegar þessari kvótasetningu verður að fullu lokið mun örugglega vera hægt að finna dæmi um að menn fara fljótlega og selja allan þennan rétt sem er verið að fá þeim, alveg burt séð frá því hvort fólkið hefur af því einhverja atvinnu eða ekki. Þeir munu hagnast á því sem rétturinn er núna. En fólkið sem eftir situr, það mun tapa.

Þetta er munurinn á því að vera með kerfi eins og við vorum með, þar sem menn höfðu bara þorskinn sem heimild en höfðu síðan hvatann í því að sækja sjóinn, og þess kerfis sem meiri hlutinn er að leggja hér til að verði tekið upp. Það er ömurlegt til þess að vita að hinar dreifðu byggðir, sjávarbyggðir í kringum Ísland sem aðeins eru staðsettar þar í hverri vík og firði sem þær eru vegna þess að þaðan var gott að sækja sjó, skuli nú eiga allt sitt undir því að menn hafa tekið það upp að setja kvóta á trillur á Íslandsmiðum. Þó trillurnar séu svo hraðskreiðar og hafi breyst og séu búnar til úr plasti með stórum vélum þá eru þær enn þá háðar sjósóknarréttinum og enn þá háðar veðri og vindum.

Ég hef oft sagt að sitt er hvað að eiga allan sinn hvata og afkomu undir því að fá að róa og sækja sjó, skapa atvinnu í kringum sig með því, eða hafa úthlutað á bátinn sinn 50 tonnum af einhverjum fiski. Róðrarlagið er allt öðruvísi hjá þeim mönnum sem eiga eitthvað undir við að sækja sjóinn, en hinum sem hafa kvóta á bátnum en engan sérstakan hvata í sjósókninni, hafa jafnvel meira út úr því að selja frá sér aflaheimildina ef þeir kæmust upp með það. Þess vegna má segja sem svo að við getum út af fyrir sig verið fegin að meiri hlutinn skuli vera með það inni að það séu þó ekki nema 30% sem menn mega leigja frá sér. og til baka því það hefur mikil áhrif á það hvar aflinn er veiddur. Bæði sjómenn og þeir sem atvinnu hafa af vinnslu fisks vilja auðvitað hafa nokrra vissu fyrir því að þær heimildir sem á bátana eru settar séu veiddar. Það atriði er því út af fyrir sig til bóta í tillögu meiri hlutans.

En hitt fer ekki á milli mála að sú tillaga sem við erum að leggja hér til um að viðhalda þorskaflahámarkskerfinu er miklu frekar til bóta en það sem hér er verið að leggja til af meiri hlutanum. Það mun viðhalda þeirri bjartsýni sem var byrjuð að rísa í mörgum minni sjávarbyggðum landsins og ekki var vanþörf á því.

Ég hygg að ég komi frá þeim landshluta sem hefur fengið hvað mesta skellina í því að þaðan hafi verið seldur kvóti. Hann hefur farið á ýmsa staði. Hann hefur farið til Akureyrar m.a. og hann hefur farið til Grindavíkur svo nokkur dæmi séu nefnd og víða annars staðar hefur hann farið. það hefur haft þau áhrif að atvinna við fiskveiðar og fiskvinnslu hefur snarminnkað á Vestfjörðum sem líka hefur orðið til þess að almennt tekjufall hefur orðið að meðaltali á Vestfjörðum og laun Vestfirðinga hafa lækkað niður fyrir landsmeðaltal en voru oftast nær langt fyrir ofan landsmeðaltal.

Eins og ég sagði áður þá væri betra ef breytingin á 6. gr. sem við leggjum hér til yrði samþykkt sem ég geri mér vissulega vonir um, þ.e. að nokkur hluti stjórnarþingmanna muni fylgja sannfæringu sinni í því að þetta sé betra en fara þá leið sem lögð er til í frv., þ.e. að kvótasetja, og þeir átti sig á því að sú vegferð sem núna hefur verið mótuð í meirihlutaáliti þeirra er slæm hvernig sem á málin er litið. Þó að menn haldi áfram að bera kvótapotta í menn og haldi áfram að bæta inn í þá er útfærslan, kvótakerfi á smábáta, slæm sem slík. Hún hefur áhrif á afkomu fólksins og traust þess á því að það sé hagur útgerðarinnar að sækja aflann í sjóinn. Svo kann nefnilega að fara þegar menn eru farnir að leigja frá sér þorskkílóið á 150 kr. að það sé orðinn hagur manna að stunda ekki sjó heldur leigja frá sér heimildirnar, þ.e. það af þeim sem þeir geta leigt.

Síðan er önnur grein í tilögum okkar sem við nefnum 6. gr. a. Þessi 6. gr. a tekur á öllum atriðum sem snúa að handfærastýrðu sóknardagakerfi. Þar af leiðandi, ef þetta yrði að lögum, þyrftu menn ekki að fletta upp í miklu öðru um smábátana en 6. gr. nýrri og 6. gr. a. Þar stæðu þær heimildir í heilu lagi í lögunum sem snúa að veiðum þessara báta, en ekki eins og nú er, þ.e. að þetta er út um allt í lögunum, í bráðabirgðaákvæðum og hingað og þangað og þau bráðabirgðaákvæði, held ég, að séu orðin þegar 27 í þessari löggjöf okkar. Og reyndar mun það 28. bætast við.

Þrátt fyrir að við vildum standa að því að lagfæra lögin og framkvæma ákveðna lagahreinsun í þeim þá tökum við undir það sama ákvæði í brtt. okkar og lagt var til hjá meiri hlutanum, þ.e. að heimila að landa 5% af afla utan aflamarks og að það sé ekki bundið við hverja sjóferð. Við erum sammála meiri hlutanum í því en gerum örlitla breytingu sem ég mun gera grein fyrir á eftir.

Varðandi hins vegar handfærakerfið á sóknardögum þá leggjum við til að settur verði botn í dagana. Við teljum nauðsynlegt að menn viti hvað þeir megi veiða í marga daga á ári. Það verður engum ofáætlað lifibrauð af því að veiða aðeins í 23 daga á ári. Við flutningsmenn þessara brtt. höfum tekið þá afstöðu að það verði það lágmark sem menn megi a.m.k. sækja sjó, að fest verði niður í löggjöf að dagar handfæramanna til að veiða fisk á einu ári séu ekki færri en 23. Það hljóta menn að geta séð að er sanngirnismál.

Það er líka sanngirnismál fyrir þá sem eiga að fá að velja, mennina sem voru áður á 40 dögunum með 30 tonnin. Það er líka sanngirnismál fyrir þá að vita inn í hvað þeir eru að fara að velja sig, að þeir viti að þeir eru að fara að velja sér, ef þeir ætla að fara inn í handfærakerfið, að fá að veiða í 23 daga á ári, að það liggi alveg kristaltært fyrir, en ekki eins og er í frumvarpinu að þeir eigi að velja án þess að vita hvernig framtíðin verður. Það er að vísu gerð fyrir því grein í nál. meiri hlutans að meiri hlutinn ætli sér að leggja fram frv. í þinginu fyrir 1. febrúar sem kveði á um hvernig málefnum handfæramanna á sóknardögum verði skipað á næstu árum.

En þá spyr ég: Hvers vegna leggja menn þá til að valið skuli fyrir 1. febrúar? Hefði ekki verið nær að menn veldu fyrir 15. febrúar þannig að menn hefðu a.m.k. 10–15 daga frá því tillögur meiri hlutans lægju fyrir til þess að velja,

þannig að þeir sæju nú a.m.k. örugglega það sem þeir ætla að gera.

Við leggjum það reyndar til í brtt. okkar að þeir fái þennan frest fram til 15. febrúar í valinu því þó við teljum að mjög margir þingmenn hafi samvisku til þess að fylgja brtt. okkar þá erum við ekkert vissir um að þeir fylgi samvisku sinni og greiði þessum tillögum atkvæði. Þar af leiðandi kann svo að fara að meirihlutaviljinn verði hér að lögum og þess vegna vildum við láta þessa dagsetningu, 15. febrúar, koma inn í tillögur okkar þannig að menn gerðu grein fyrir því hér hvers vegna við erum að leggja það til og þannig að meiri hlutinn átti sig á því af hverju við leggjum þetta til.

Við skulum ekki heldur gleyma því að við erum að ræða þessi mál hér og komið er langt fram í miðjan desember og ef að líkum lætur mun ætlunin að klára að lögfesta breytingu varðandi smábátana fyrir jól. Ég held að það sé allt í lagi þó að menn hafi tvo mánuði til þess að taka ákvörðun. Ég held að það sé ekki ofáætlað, fyrir utan það að handfæramennirnir mega hvort sem er ekkert hefja veiðar fyrr en í apríl. Það er því ekki eins og málið sé að hlaupa frá mönnum þó þessi dagsetning væri 15. febrúar.

Í 6. gr. a eru sem sagt öll þau ákvæði sem við teljum að þurfi að standa um veiðikerfi handfæramanna á sóknardögum. Við leggjum þetta til með 23 dagana, að það verði botn, þannig að menn viti að dögunum mun ekki fækka meira en það, þeir verði 23. Þeir eru orðnir 21 í ár og til eru þeir menn sem lifa eingöngu á því að stunda þessar veiðar og ég tel þeim ekki ofætlað þó þeir fái að stunda veiðar í 23 daga á ári.

Síðan leggjum við annað mjög mikilvægt atriði til sem meiri hlutinn kemur reyndar líka að í nál. sínu, um að taka á málum sóknardagamannanna. Það er sú réttlætiskrafa að veiðitími sjómanna á sóknardögum sé mældur í klukkustundum en ekki sólarhringum og að það ákvæði verði fellt burtu að mönnum sé stillt upp við vegg með að ná til hafnar eða ná að tilkynna sig til hafnar innan 24 klukkustunda svo þeir eyði ekki tveimur sóknardögum.

Þetta hefur myndað óþarfa karp og óþarfa þrýsting á það hvernig menn umgangast þessar reglur. Ef þetta væri mælt í klukkustundum þá skipti ekki máli, ef menn lentu í erfiðleikum eða brælu á landleið, hvort veiðiferðin yrði 24 tímar eða 25 eða 26. Það mundi eingöngu mælast í þeim klukkustundum sem menn væru á sjó. En menn væru ekki að tapa 24 klukkustunda veiðirétti fyrir að verða of seinir í land um einn klukkutíma, eins og reglurnar eru núna.

Fyrir utan það eru margir af þeim mönnum sem voru í 40 daga kerfinu og voru að veiða upp í 30 tonnin, og eiga núna að fá að velja um að fara í handfærakerfið eða þorskaflahámarkskerfið, orðnir mjög fullorðnir. Til eru dæmi um sjómenn í þessum flokki sem eru komnir undir áttrætt. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þessum mönnum sé gert að velja sér kerfi þar sem þeir eiga að standa stanslaust við vinnu sína í 24 tíma á sólarhring til þess að nýta þessa fáu daga sem þeir mega veiða á ári. Þess vegna er það hreint mannréttindamál að þessu verði breytt þannig að menn fái að stunda þessa fáu daga með því lagi sem þeir telja sjálfir að sé þeim hagkvæmt og að eldri sjómenn geti farið á sjó snemma á morgnana og komið af sjó á kvöldin og veiðitími þeirra hafi þá bara verið þær klukkustundir sem þeir voru á sjó, 16 eða 18. Það er meiri en nógur veiðitími fyrir eldri sjómenn.

Þetta er algjört sanngirnismál að okkar viti. Ég held að það sé mjög mikill misskilningur þegar menn eru alltaf að halda því fram að ef þetta verði gert þá aukist svo ofboðslega hin virka sókn þessa flota. Ég held að það sé þveröfugt. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það og færa rök fyrir því.

Ef við ætlum að halda því áfram að vera með 24 klukkustunda kvóð við nýtingu þessara daga þá mun það bara þýða eitt. Það þýðir að inn á þessa báta ráðast aðeins mjög kraftmiklir og duglegir menn, menn sem þola að standa stanslaust við veiðar í 24 klukkutíma á sólarhring.

Hvað þýðir það? Það þýðir að með því lagi er verið að efla sókn þessara báta, gera þá enn þá virkari. Eldri mennirnir munu ekki þola þessa sókn. Þeir munu ráða sér yngri menn á þessa báta sem munu fullnýta allar þær klukkustundir, eins og þeir hafa gert sumir sem hafa náð mestum árangri í þessu 23 daga kerfi.

Það þýðir eingöngu að sú útfærsla sem við búum við verður enn virkari en hún hefur verið þegar gömlu mennirnir hrekjast úr því og yngri mennirnir þurfa að koma inn. Þess vegna held ég að það sé að öllu leyti skynsamlegt að breyta þessu í tímamælingu og að eldri mennirnir geti fengið að hafa það róðrarlag við fiskveiðarnar sem þeir telja sér henta.

Vel kann að vera að róðrarferðir þeirra verði 30 eða 35 yfir árið. En þeir hafa þá líka siglt sem því nemur oftar að og frá landinu. Og sá tími er ekki veiðitími. Hann er siglingatími. Hann er ekki virkur veiðitími.

Þetta kemur auðvitað oft fram þegar verið er að setja svona reglur og rétt er að rifja það aðeins upp. Einu sinni voru 80 dagar heimilaðir sem veiðidagar í þessu kerfi. Þegar það var nýtti enginn dagana, nánast ekki einn einasti maður. Það var enginn í því kappi að nýta þessa daga í botn. Dögunum var fækkað niður í 43, ef ég man rétt. Þá fóru menn að keppast við að nýta dagana. Samt, hugsa ég, kláruðu ekki nema 10% af þeim þessa 43 daga, eða 10–15% mannanna.

Þegar dögunum hins vegar var fækkað niður í 23 fóru menn auðvitað að setja á fullt og hættu að fara á sjó í neinum vafasömum veðrum þar sem þeir hugsanlega yrðu að snúa við eftir sex, sjö klukkustundir, en fóru eingöngu á sjó þegar öruggt var að þeir gætu veitt stanslaust í 24 klukkustundir. Og þegar þeir voru vissir um það samkvæmt fréttum frá öðrum bátum að mokveiði væri þá fóru þeir á sjó af því þeir áttu aðeins 23 daga og tímamælingin var sólarhringur.

Þar af leiðandi hefur þessi niðurskurður daganna orðið til þess að virkur veiðitími á þessum 23 dögum hefur orðið meiri og afköstin hafa vaxið.

Ef menn ætla enn að skera þetta niður þýðir það enn þá meiri kröfur um kraftmeiri menn á þessa báta og við erum að sparka eldri sjómönnunum í land úr þessum flota. Það tel ég illa farið.

Ég tel að strax eigi að breyta þessum dögum í tímamælingu og að setja eigi botn í þessa daga. Það gengur ekki að halda svona áfram að fækka þessum dögum.

Þetta þýðir það í brtt. okkar, eins og ég hef nú gert grein fyrir, að við leggjum til tvær aðferðir við veiðar krókabátanna, veiðar í þorskaflahámarkskerfi með sama lagi og voru hér á síðasta fiskveiðiári og veiðar í sóknardagakerfi handfærabátanna. Kerfi hinna 40 daga manna með 30 tonn verði lagt niður, en réttur þeirra fylgi þeim þangað sem þeir velja sér að fara, hvort sem þeir velja að fara í handfærakerfi á 23 dögum eða þorskaflahámarkið.

Síðan í framhaldi af þessum breytingum sem við leggjum hér til þarf á nokkrum stöðum í lögunum að breyta orðum, þ.e. þar sem komið var inn orðið „krókaaflamark“

yfir í „þorskaflahámark". Síðan þarf að breyta og fella niður ákveðin lagaákvæði til samræmis við þær lagabreytingar sem við leggjum hér til sem brtt. við tillögur meiri hlutans í þessu máli um smábátana.

Ég er búinn að gera grein fyrir því að við föllumst á að þessi ákveðni hópur fái að velja í sitt hvora áttina og að það eigi sér stað fyrir 15. febrúar og að hlutir þeirra færist með þeim þangað sem þeir velja sér að fara.

Síðan höfum við tekið undir tillögu meiri hlutans um að landa megi afla utan aflamarks, 5%, þ.e. við tökum undir þá útfærslu nefndarinnar og að það verði gert þannig að það verði ekki bundið við veiðiferð og verði nánast óbreytt eins og nefndin leggur til, nema að einu leyti. Við leggjum til að þeir fjármunir sem ætlað var að renna merkt í eina átt, eingöngu til Hafrannsóknastofnunar, fari í annan kanal. Við segjum hér að aflaverðmætið renni að jöfnu til hafrannsókna annars vegar og lífeyrissjóða sjómanna hins vegar og að ráðherra setji nánari reglur þar um í samráði við hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna, að í samráði við hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna verði settar *nánari reglur um þetta atriði*.

Þetta þýðir, eins og við leggjum þetta upp, að Hafrannsóknastofnun getur auðvitað eftir sem áður mjög eðlilega sótt í þessa peninga. Eins og rannsóknir hafa verið stundaðar hér á landi þá hefur það auðvitað verið Hafrannsóknastofnun sem hefur borið hitann og þungann af rannsóknum í sjó við Ísland og eðlilega mundi Hafrannsóknastofnun því sækja í þennan sjóð. En þetta segir líka, samkvæmt okkar hugmyndum, að aðrir sem stunda sjálfstæðar rannsóknir geti einnig sótt í þennan sjóð. Ég tel að við eigum að hvetja til þess að fleiri aðilar geti tekist á við að rannsaka lífríkið í sjó við Ísland en eingöngu Hafrannsóknastofnun og að menn hafi einhvern tekjumöguleika í því sambandi.

Hafrannsóknastofnun fær fé á fjárlögum og ég tel tímabært að stofna til einhvers konar sjóðs eða vörslu fjármuna m.a. af þeim fjármunum sem hér eru ætlaðir af upptöku afla eða hluta þess aflaverðmætis sem komið er með að landi sem utanaflamarksfisk eða utanaflakvótafisk.

Hins vegar er því ekkert að leyna að samkvæmt tillögum okkar yrði þessi sjóður ekki jafndigur og gert er ráð fyrir í frv. meiri hlutans því hér mundi samkvæmt þessu, alla vega að því er varðar krókabátana, eingöngu vera um þorskafla að ræða því það væri sá afli samkvæmt tillögum okkar sem væri kvótasettur á smábátunum. Þar af leiðandi væri afli sem smábátasjómenn landa að þessu leyti, þ.e. ef hann væri tilkynntur utan aflamarks, þorskur, af því við leggjum eingöngu til að þorskaflahámark verði til notkunar fyrir smábátana.

Þessi grein laganna er hins vegar almenn. Hér er verið að leggja til ekki bara útfærslu gagnvart smábátum heldur er verið að leggja til almenna grein sem nær til alls flotans. Þar af leiðandi tekur hún til allra aflamarksskipa, stórra sem smárra, yfir 6 tonn. Og þá til allra fisktegunda sem þar eru bundnar í kvóta. Ég hygg því að ekki yrði mikil tekjurýrnun fyrir þennan sjóð þó það yrði gert sem hér er lagt til. En hún yrði örugglega einhver m.a. vegna þess að smábátasjómenn mundu ekki landa ýsu inn í þennan kanal þegar þeir gætu selt smáýsu á góðu verði.

Að öðru leyti tökum við undir að eðlilegt sé að opna þá leið að menn megi tilkynna afla utan aflamarks, að það sé ekki bundið við hvern einasta róður heldur bundið við tímabilið, sem þýðir auðvitað að menn geta verið með engan afla í einni veiðiferð en jafnvel 30% í annarri án þess að þeir fari neitt á skjön við þetta heimildarákvæði.

Við tökum því undir þetta ákvæði og breytum eingöngu hvað varðar þá hugsun að skoða það að setja í lög að sjútvrh. yrði síðan að leita samkomulags við hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna um hvernig þessu yrði varið, þ.e. annars vegar til lífeyrissjóða sjómanna sem auðvitað mundi þá renna til þeirra sjóða sem sjómenn væru í eftir því frá hvaða skipum aflanum væri landað og hins vegar í sérstakan sjóð sem yrði varið til hafrannsókna.

Þetta er meginmál brtt. sem við höfum hér lagt til. Nú stendur val hv. þingmanna um það hvort þeir fallast á röksemdir okkar í þessum brtt. um að hér skuli haldið áfram með veiðikerfi smábáta sem að vísu verður einni útfærslunni færra, því lagt verði niður veiðikerfi á 40 dögum með 30 tonnum, en eftir standi veiðikerfi smábáta undir 6 brúttótonnum sem byggist á því að þeir hafi þorskaflahámark eins og verið hefur og takmörkun á balafjölda í hverjum róðri miðað við 500 króka, 24 bala á sólarhring, og hins vegar handfærakerfið með lágmarki, 23 dögum á ári, og með tímamældri sjósókn sem er réttlætismál.

Miklar deilur hafa ríkt um veiðikerfi krókabátanna hér á landi í mörg ár. Þetta er ófriður sem hefur ríkt um veiðikerfi smábátanna og stjórnvöld hafa gengið þar erinda stórútgerðarinnar í landinu, eins og ég sagði í inngangi máls míns, um að sá floti væri stórhættulegur lífríki sjávar og hann þyrfti að takmarka alveg sérstaklega.

Ég minnti á það hér í upphafi að þó að smábátaflotinn sé orðinn hraðskreiður og skip séu orðin úr plasti en ekki úr tré eins og áður var, þá er hann samt háður veðri og vindum. Og ekki lagaði kvótasetningin á þessu hausti ástandið og tíðarfar haustsins hefur verið með afbrigðum slæmt til sjósóknar fyrir minni báta. Nú er það komið í ljós sem menn hafa auðvitað alltaf vitað sem hafa stundað fiskveiðar hér við land, að það koma ár sem smábátarnir gera ekki stóra hluti yfir vetrarmánuðina en geta hins vegar stundað sjó af nokkrum krafti yfir sumarmánuðina og á vorin og kannski fyrri hluta hausts.

Þess vegna færi miklu betur á því að þeir menn hefðu meira veiðifrelsi til þess að geta nýtt sér hinar breytilegu aðstæður sem þeir búa við í sjósókn sinni. Og þeir búa ekki bara við breytilegar aðstæður vegna veðurfars til sjósóknar, þeir búa einnig við mjög breytilegar aðstæður eftir landshlutum og landsvæðum. Sá breytileiki birtist í því að við Ísland er mjög breytilegur sjávarhiti á milli ára.

Nú um nokkurra ára skeið hefur sjór við Ísland hitnað mjög mikið og það er tiltölulega mjög hlýtt fyrir norðan og austan land, mun hlýrra síðustu þrjú, fjögur árin en verið hefur í mörg ár þar á undan og meira innstreymi af hlýjum Atlantssjó. Þetta gerir það að verkum að útbreiðslusvæði þorsksins við landið stækkar til norðurs og útbreiðslusvæði annarra fisktegunda gerir það líka. Ýsan gengur inn á norðurmiðin. Og reynsla er fyrir því sem menn hafa séð núna síðustu tvö, þrjú árin að ýsa er komin í Húnaflóann og fyrir utan Skagafjörð og einnig er komin ýsa á Grímseyjarsund. Þessara breytinga á göngum ýsunnar varð fyrst vart við Húnaflóann. Þar fór allt í einu að fiskast ýsa sem ekki hafði fiskast þar í hálfa öld. Gamlir menn á Drangsnesi hafa sagt mér að þá sjaldan menn fengu ýsu hér á árum áður, þá stungu þeir henni í plastpoka til að komast með hana heim óséða, hún þótti alveg sérstakt verðmæti í soðið.

Þetta er ekki vegna þess að við séum að setja hér einhver

lög um veiðar, þetta er eingöngu vegna þess að lífkerfið við Ísland breytist. Og þrátt fyrir það að við sjáum þessi dæmi fyrir framan okkur þá erum við samt að setja lög sem passa engan veginn inn í þennan breytileika. Það kemur auðvitað best fram þegar á að fara að kvótasetja núna t.d. ýsuna. Hvaða rétt skyldu Grímseyingar fá út úr þessari kvótaúthlutun þó þar hafi komið ýsa á sumardögum og verið ýsa á miðum þeirra þetta sumarið? Jú, vegna þess að í tillögu meiri hlutans var sett það ákvæði að menn fengju að velja eitt ár af tveimur, þá eru líkur til þess að jafnvel Grímseyingar fái örlítinn ýsuvott þegar þeim verður úthlutað. Þeir geta sem sagt valið síðasta fiskveiðiár og náð þar af leiðandi inn í veiðireynslu sína þrem, fjórum mánuðum þar sem þeir hafa fengið ýsuafla. Það gæti þýtt að bátarnir í Grímsey fengju 2–4 tonn af úthlutun í ýsu. Það gæti þýtt það í staðinn fyrir að fá ekki neitt.

Dæmin eru svipuð við Húnaflóa þó að menn hafi reyndar búið við ýsuveiði þar núna í tvö ár að einhverju leyti, þeir fá því sumir hverjir eitthvað fleiri tonn en Grímseyingarnir.

Ef þessu heldur áfram, að ýsan fari að venja göngur sínar fyrir Norðurland og færist austur eftir Norðurlandi, þá kemur auðvitað upp algjört neyðarástand víða hjá mönnum í sjósókn á smærri stöðunum við Norðurland. Menn munu standa frammi fyrir því að þeim bjóðist að gerast leiguliðar á hinum vinsæla leigumarkaði kvótagreifanna. Þeim verði boðið upp á að leigja til sín fisk, óveidda ýsu, sem allt í einu árið 2002 og 2003 færi að ganga í verulegum mæli inn á norðurmið. Þeim verður boðið upp á dýrðardaga leiguliðans, að borga nú nánast helminginn af virðinu við að veiða aflann beint til einhvers manns sem fékk ýsukvóta úthlutað.

Þess vegna segi ég: Almenna útfærslan í aflamarkskerfinu er auðvitað sú að það er verið að bera fé á menn. Það er verið að úthluta mönnum rétti.

Hin gullvæga regla í öllum veiðum var sú að menn þurftu aldrei neitt nema veiðiréttinn og nýtingarréttinn. Það var það sem útgerðarmenn á Íslandi þurftu. Allir. Þeir þurftu að vita að þeir fengju að róa til fiskjar og hefðu til þess rétt á skipum sínum. Það þurftu þeir að vita. Þeir þurftu aldrei á kvótaeignarúthlutuninni að halda. Eða leiguréttinum til að leigja þennan fisk. Þeir þurftu sem sagt aldrei sölu- og leigurétt á óveiddum fiski. Þeir þurftu eingöngu á því að halda að geta stundað fiskveiðar, vera vissir í því að þeir fengju að stunda sjó. Ef menn ætluðu að taka upp leigu- og sölurétt þá átti hann að vera hjá ríkinu, ef vilji manna var að gera það, og allir að sitja við sama borð við að nálgast þær aflaheimildir, að vísu eftir flokkastýrðri útfærslu flotans.

Ég tel það alveg einboðið, og þá er ég ekki endilega að tala um kvótakerfið, hvort sem menn eru að tala um sóknarstýrðar fiskveiðar, kvótastýrðar fiskveiðar eða menn nálgist aflaheimildir sínar í gegnum uppboð, að það verður að vera stýrt.

Það er ekkert vit í því hjá okkur að ætla flotanum að keppa um aflaheimildir á einum og sama uppboðsmarkaðnum, trillunni og togaranum, síldarbátnum og skelbátnum. Þetta hlýtur að þurfa að vera stýrt ef menn ætla að fara þá leið þannig að flotanum sé skipt upp í aðgreinda útgerðaflokka og ef menn ætla að setja það á að nálgast veiðiréttinn með leigu, þá sé það gert þar sem menn sitja við sama borð, en þó stýrt.

Og hvers vegna segi ég þetta? Ég segi þetta vegna þess að hægt er að lesa þetta út úr íslenskri útgerðarsögu. Hvað gerðum við á árunum 1950–1960? Jú, allir byggðu síldarbáta, allir fóru á síld. Nánast hver einasti útgerðarmaður rauk yfir í síld. Togaraflotinn okkar koðnaði niður á þessum árum. Einu togaraútgerðirnar sem héldu nánast velli voru á Akureyri, í Reykjavík og í Hafnarfirði. Alls staðar annars staðar fóru menn í síld.

Svo brást síldin. Hvað gerðu menn þá? Þá fóru allir í togveiðar. Allir fóru í togveiðar. Og sumir stóðu jafnvel í þeirri meiningu að hægt væri að nota kraftblökkina til þess að hjálpa til að hífa vírana, vegna þess að spilin höfðu engan kraft til að hífa hlerann sem var hengdur aftan í bátana. Þetta var svona. Enda voru síldarbátarnir byggðir með lítið vélarafl.

Þegar menn síðan sáu að þessi bátafloti dugði ekki til togveiða, þá fóru menn allir í skuttogara. Auðvitað byggðu allir skuttogara. Síðan vildu allir byggja frystitogara. Allir vildu fara í frystitogara. Það var að vísu eitthvað takmarkað á tímabili, en samt hefur þróunin orðið sú að frystitogurum á Íslandsmiðum hefur fjölgað.

Samt stóðu menn þó í þeirri meiningu þegar verið var að færa út landhelgina á sínum tíma að Ísland sem slíkt væri verksmiðjuskip. Ísland sem slíkt væri statt á miðjum Íslandsmiðum. Það væri auðvelt að bera fisk að landi á Íslandsmiðum til vinnslu, til þess að halda uppi atvinnu, gefa fólki kost á að byggja landið vítt og breitt í hinum dreifðu sjávarbyggðum. Og auðvitað var það svo. Ísland er vissulega statt á einhverjum bestu fiskimiðum heimsins. Og víðast hvar er ekki mikið lengra til jafnvel dýpstu miða en sex til átta klukkustundir á venjulegum bát. Það var því rétt hjá mönnum á síðustu öld að Ísland var statt mitt á bestu fiskimiðunum.

En auðvitað verður þróun í veiðum við Ísland. Íslendingar hafa vissulega farið að veiða margar fisktegundir af miklum krafti sem menn gerðu ekki á síðustu öld. Þegar skrapdagakerfið var t.d. tekið upp var það beinlínis tekið upp til þess að ýta mönnum af stað í að nýta karfaheimildir sem Þjóðverjar voru þá að hverfa frá eftir 1977 og grálúðu hér við land. Og frystitogarafloti okkar hefur gert þetta af miklum myndarskap að nýta þær fisktegundir. Fáir hefðu getað gert meiri verðmæti úr þeim tegundum en einmitt þessi floti hefur gert. Þar að auki höfum við tekið upp veiðar á úthafskarfa og ýmsum djúpsjávartegundum eins og gulllaxi. Það er því mörg matarholan sem frystitogaraflotinn hefur bætt við nýtingu þjóðarinnar á fiskimiðunum. Og ekki er ástæða til að amast við því að við skyldum þróa eitthvað af flota okkar yfir í frystitogara.

En það segir ekki endilega að við eigum að halda áfram að þróa öll skip sem á annað borð stunda togveiðar við Ísland smátt og smátt yfir í frystitogara. Ég hygg að við séum komnir alveg nógu langt í þeim efnum og beri að viðhalda frekar þeim flota sem við höfum en að fjölga honum. En því er ekki að leyna að frystitogararnir hafa gert mikil og góð verðmæti úr nýtingu sumra fisktegunda, einkum karfa og grálúðu.

Það er hins vegar spurning hvort við getum leyft okkur almennt að nýta fiskstofn eins og þorskstofn í vaxandi mæli með togveiðarfærum. Og ég ætla að fara nokkrum varnaðarorðum yfir það í þessari umræðu.

Ég tel mig búa yfir nokkurri reynslu af því að stunda togveiðar. Þar að auki tel ég að ég hafi lesið mér þó nokkuð mikið til um það hvernig togveiðar hafa átt sér stað á öðrum miðum hér í norðurálfu. Mér virðist að staðreyndin sé sú að þegar togveiðar fara að nýta yfir helminginn af fiskstofni

eins og þorskstofninum, þegar farið er að taka helminginn af aflanum í togveiðar, þá láti stofnarnir á sjá. Þetta held ég að sé reynsla sem menn geta mjög auðveldlega séð t.d. frá Nýfundnalandi. Þetta er reynsla sem menn geta auðveldlega séð úr Barentshafi. Og þetta er reynsla sem menn geta mjög auðveldlega séð við Norðursjó.

Ég held að almennt megi segja að varasamt sé að láta veiðarnar þróast með þeim hætti að það sé nákvæmlega sama í hvaða veiðarfæri við tökum aflann. Ég held að það sé ekki svo. Það sé alls ekki sama í hvaða veiðarfæri við tökum aflann. Ég held að við eigum að hafa fjölbreytta flóru fiskiskipa, minni fiskiskip, strandveiðiflota og togskip, netaveiðibáta, línuveiðibáta o.s.frv. til þess að nýta hin ýmsu fiskimið hér við land. Ég get a.m.k. ekki séð það fyrir mér að ef smábátaflotanum verður eytt á eftir vertíðarflotanum sem þegar er að stórum hluta búið að leggja niður, þá verði það næsta skref til að nýta fiskimiðin við Ísland að við heimilum að þúsund tonna togari veiði á Faxaflóa til þess að ná upp aflaheimildum þar. Ég sé það ekki fyrir mér að nokkurn tímann verði friður um slíka framtíð fiskveiða.

Ég held að það hnígi allt í sömu átt, hvernig svo sem við hugsum stjórn fiskveiðanna í kvótakerfi, sóknarkerfi eða uppboðskerfi aflaheimilda. Við verðum að hafa fjölbreyttan flota og við verðum að hafa útgerðarflokkaskiptingu. Það er alveg höfuðnauðsyn að mínu viti að greina þarna á milli. Ég tel að í íslenskri löggjöf sé brýn þörf einhvers konar útgerðarflokkaskiptingar þannig að það sé ekki sjálfgefið að trillunni sé stýrt með sömu aðferð og frystitogaranum, enda hygg ég að engin þjóð hér í nágrenni okkar styðjist við slíkar reglur. Ég veit ekki til þess að menn burðist við það í Noregi að stjórna bátum undir 28 metrum með sömu útfærslu og togurum. Ég veit ekki til þess að Færeyingar geri það. Ég veit ekki til þess að Bretar geri það eða aðrar þjóðir sem við þekkjum til.

Við sitjum einfaldlega uppi með það að við Íslendingar erum einir um að reyna að fara þá leið að troða hverri skóhlíf, ef hægt er að orða það svo, inn í kvótakerfið. Það virðist aðalmarkmið okkar og í því felst sú stefnumótun sem við ræðum hér, sú stefnumótun stjórnarliða að taka veiðikerfi smábáta og setja það inn í kvótakerfið, eyðileggja kerfið sem þeir voru í og setja þá inn í kvótakerfi. Það er markmiðið. Það er ljóst að sú stefnumótun vinnur gegn þróun byggðar í þessu landi. Hún vinnur gegn atvinnusköpun. Nú ætla ég að fara nokkrum orðum um það.

Í nýlegri skýrslu sem unnin var af Byggðastofnun um áhrif þeirra aðgerða sem stjórnarþingmenn leggja til varðandi kvótasetningu á krókabáta voru Vestfirðir skoðaðir sérstaklega. Ég hygg að það hafi verið rétt ákvörðun hjá Byggðastofnun að taka Vestfirði sérstaklega út í þessu tilliti vegna þess að það er alveg ljóst að enginn landshluti hefur svo ég viti til orðið fyrir öðrum eins skakkaföllum í hinu stóra aflamarkskerfi. Stærstur hluti togaraflotans er gjörsamlega horfinn af Vestfjörðum og þaðan er stór hluti af aflaheimildum í hinu almenna aflamarkskerfi líka horfinn. Nægir að nefna að það voru togarar á Patreksfirði, í Tálknafirði, á Bíldudal, á Þingeyri og togari á Flateyri og á Suðureyri. Það voru togarar í Bolungarvík og á Ísafirði og eru þar enn. Það var togari í Súðavík og á Hólmavík.

Eftir sitjum við á Vestfjörðum með togaraútgerð á Ísafirði sem veiðir fyrir Hraðfrystihúsið í Hnífsdal annars vegar og rækjuvinnslurnar í Súðavík og á Ísafirði. Annar togarafloti er ekki eftir. Eitt minna togskip er í Bolungarvík. Síðan erum við með 3–4 stærri línubáta. Almennt má segja að annar floti á Vestfjörðum sé sérveiðibátar, bátar sem stunda innfjarðaveiði í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi og stunduðu innfjarðaveiði á rækju í Húnaflóa á meðan rækjan var, þar til þorskurinn kom og át hana. Þá hvarf hún náttúrlega.

Hvorki Hólmvíkingum, Drangsnessmönnum né öðrum íbúum við Húnaflóa var þá leyft að veiða þorskinn til þess að bjarga sér, þeir fengu smá uppbót samkvæmt 9. gr. laganna sem auðvitað hefur engan veginn dugað til að bæta það stórkostlega atvinnutjón sem varð því að menn höfðu sérhæft sig í rækjuveiðum. Það merkilega var að þessum sérhæfðu rækjuveiðum hafði verið stjórnað undir vísindalegu eftirliti alla tíð. Ég minnist þess ekki að á nokkrum tíma hafi rækjuveiðimönnum við Húnaflóa verið leyft að veiða umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar. Þrátt fyrir það tókst ekki betur en svo að þessi rækjustofn hvarf algjörlega.

Það segir okkur auðvitað að það er ekki sjálfgefið að hægt sé að taka einhvern ákveðinn stofn og segja: Þessum stofni ætlum við að stjórna undir vísindalegu eftirliti og tryggja að úr honum verði aldrei veitt meira en Hafrannsóknastofnun leyfir og þá munu menn nú búa við sól og blóm í haga um alla framtíð. Þetta var auðvitað mönnum við Húnaflóa sagt. Nú stendur ekki steinn yfir steini í því.

Fleiri dæmi má rekja, t.d. þegar hér varð skyndilega hrun í veiðum á humri á Íslandsmiðum og menn vissu ekki af hverju það stafaði. Menn vissu heldur ekki af hverju það stafaði þegar veiðin rauk upp, ekki fyrr en eftir á.

En nóg um það. Ég ætla ekki að gera hafrannsóknir almennt að umræðuefni þó að vissulega væri tilefni til þess við umræðuna að ræða lengi og vel um það, jafnvel í allan dag, hvers konar munstur við höfum gengið í gegnum eftir leiðbeiningum frá Hafrannsóknastofnun, veiðistýringu sem við höfum trúað að mætti treysta. Svo er ekki. Þess í stað mun ég víkja aftur að skýrslunni sem ég minntist á, kaflanum um Vestfirði.

Þessi skýrsla er unnin í kjölfar þess að ákveðið var að kvótasetja trillurnar. Þá var talið að miðað við samdrátt í afla til vinnslu upp á 6.200 tonn af slægðum fiski vegna kvótasetningar á ýsu, steinbít og ufsa, mætti gera ráð fyrir því að ársverkum á landvinnslu á Vestfjörðum fækkaði um 93 og að störfum við fiskveiðar fækkaði um 160–200.

Við skulum gefa okkur, þó ég viti það ekki nákvæmlega, að þeir pottar sem bæta á inn í veiðar smábátanna dugi til þess að minnka þessa tölu um helming, að störfum á Vestfjörðum fækki ekki nema um 50 í landvinnslu og ekki nema um 100 í sjósókn, þ.e. að 150 störf tapist. Ef við gefum okkur að bak við hvert starf sé fjögurra manna fjölskyldu framfleytt þá erum við samt að tala um 600 manns á Vestfjörðum einum. Þó Vestfirðir séu teknir hér sem dæmi þar sem þetta hefur örugglega mest áhrif þá hefur þetta auðvitað víða áhrif annars staðar á landinu.

Mér er spurn: Hvað ætla stjórnvöld að gera í framhaldinu? Það er alltaf verið að tala um það hér í hv. Alþingi að stjórnvöld séu að vinna að því að efla byggð í landinu, færa störf út á land, tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu, eins og segir í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Hvað ætla stjórnvöld að gera til að tryggja það? Er nema von að spurt sé þegar atvinna 150 manns er í húfi? Þar fyrir utan verða auðvitað miklar breytingar á ýmsum öðrum sviðum sem tengjast þessari atvinnustarfsemi. Það er ljóst að fiskveiðarnar skapa mörg störf í þjónustu við þær, störf sem falla til

við löndun, úrvinnslu aflans og þjónustu við bátana. Þarna er fyrirsjáanlegur geysilegur vandi.

Ég verð að segja eins og er: Ég skil ekki með nokkru móti hvers vegna stjórnarliðar fara þessa leið, að vega að hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins með þessum hætti. Nema það sé þá þjónkun við sjónarmið sjútvrh. Smábátaútvegurinn er misjafn eftir landsvæðum og milli staða aðallega. Í hverjum landshluta eru hins vegar staðir þar stór hluti afkomunnar er af því að stunda fiskveiðar á smábátum.

Í nál. meiri hlutans segir:

„Megintilgangur þess frumvarps sem hér um ræðir er að bregðast við þeim tekjusamdrætti vegna minni aflahlutdeildar í ýsu, steinbít og ufsa sem hefur orðið hjá útgerðum smábáta sem gert hafa út á grundvelli þorskaflahámarks og einnig að styrkja forsendur útgerðar í byggðarlögum sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta."

Bregðast við, segja þeir. Venjulega hef ég nú skilið þau orð þannig að þegar menn þurfi að bregðast við þá sé það vegna einhvers sem menn ráða illa við. Menn þurfi að bregðast við einhverju sem þeir hafi ekki séð fyrir. Hér segir meiri hlutinn að aðaltilgangur frv. sé að bregðast við tekjusamdrætti. Hvaða tekjusamdrætti? Þeim sem lögin sem þeir vildu keyra í gegn hafa orsakað. Þeir eru að bregðast við tekjusamdrætti sem þeir hafa sjálfir valdið, samdrætti sem þeir hafa sjálfir ákveðið að bitna skyldi á þeim sem hafa haft atvinnu sína og afkomu af því að veiða fisk á smábátum. Það segir hér í meirihlutaálitinu.

Það er ekki eins og þetta sé eitthvert slys. Menn tóku þessa ákvörðun á vordögum. Við í stjórnarandstöðunni margreyndum að fá þá til að fresta þessu máli, að fresta því að lagasetningin um kvóta á smábátana tæki gildi. Við hvöttum til að menn gæfu sér tíma til að fara í gegnum þessi mál og endurskoða þau í heild sinni. Á það var ekki fallist.

Hverjir féllust ekki á það? Það var meiri hlutinn hér á hv. Alþingi sem féllst ekki á að eðlilegt væri að fresta þessari lagasetningu og virkni hennar. Síðan hafa menn í allt haust setið uppi með afar litlar aflaheimildir í ýmsum fisktegundum og hafa illa getað róið vegna þess. Þeir eru núna að leigja ýsuna úr stóra aflamarkskerfinu á 130 kr. kílóið, ef þeir fá hana leigða. Mér er sagt að það gangi illa að fá leigða ýsu.

Þetta orðalag, að menn séu að bregðast við einhverju — þeir eru bara að bregðast við því sem þeir sjálfir ákváðu. Það voru stjórnarliðar á Alþingi sem ákváðu að atvinna skyldi dragast saman í sjávarbyggðum landsins. Það voru stjórnarliðar hér á Alþingi sem ákváðu að smábátarnir skyldu kvótasettir. Þeir ákváðu að fara leið sem samtök smábátaeigenda vítt og breitt um landið höfðu mótmælt mörgum sinnum, hvað eftir annað. Það væri hægt að lesa hér mörg bréf um það.

Á þau viðvörunarorð manna var ekki hlustað. Það er ekki hlustað á neitt annað en það sem stjórnarliðum hentar. Ef það eru einhverjir innan stjórnarliðsins sem hafa efasemdir um að rétt leið hafi verið valin þá eru þeir lamdir niður og látnir fara hér upp í pontu á Alþingi, til að segja hvað? Til að segja að þeir séu sammála tillögum sem við leggjum fram en þeir munu samt fylgja leiðsögn sjútvrh. (**JB:** Eða fela sig úti í bæ.) Þeir munu samt gera það. Þeir eiga vafalaust eftir að greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni hér á Alþingi.

Ég hygg að fleiri en einn og fleiri en tveir muni neyðast til að taka þá afstöðu að greiða þessu atkvæði þó í hjarta sínu séu þeir algjörlega ósammála þessu. (**JB:** Þeir lyppast niður.) Það er ömurlegt til þess að vita að við séum í þeirri stöðu að þingmenn treysti sér ekki til að fylgja því sem þeir álíta best og réttast í þessu máli.

Ef tíðarfarið verður áfram með þeim ósköpum sem verið hefur á þessu hausti út veturinn þá mun auðvitað koma í ljós að afli smábátanna mun af sjálfsdáðum minnka og hefði þá ekki þurft kvótasetningu til. En skyldi þeim þá vera of gott að geta róið þegar gefur og fólkinu í sjávarbyggðunum að vita að ef tíðin lagist þá muni koma kraftur í veiðarnar og vinnsluna?

Ég held að það væri nú ekki of gott fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum landsins að það hefði þá vitneskju að ef það liti út um glugga að morgni og sæi sól á suðurlofti, jafnvel í skammdeginu, þá vissi það að nú hefðu menn getað róið og það mundi gefa af sér atvinnu, bæði fyrir beitningamenn, sjómennina og fiskverkafólkið og að þeir sem þjónusta útgerðina viti þá líka að á meðan að atvinnan er í drift þá sé að vænta þess að þeir muni einhvern tímann þurfa að þjónusta þá atvinnustarfsemi.

Eitt er í þessu frv. sem ég vil gera að umræðuefni. Hvergi er vikið að vanda minni aflamarksbáta, hvergi nokkurs staðar komið að því. Þeim málum var hreyft í sjútvn. m.a. af þeim sem hér stendur hvort ekki væri ástæða til þess að ræða vanda hinna minni aflamarksskipa sem hafa á undanförnum árum oft farið mjög illa út úr kvótakerfinu og þeirri þróun. Það er alveg hægt að finna dæmi um útgerðir minni aflamarksskipa sem aldrei hafa selt frá sér eitt einasta tonn en eiga samt í dag varla eðlilega afkomuvon við sína útgerð þó að svo hafi hagað til þegar þeir völdu sér að fara inn í kvótakerfið. En þeirra mál voru ekki rædd.

Að vísu er alveg hægt að upplýsa að störfin í sjútvn. gengu þannig fyrir sig að haldnir voru tveir, þrír fundir þar sem kallaðir voru fyrir menn sem voru látnir tjá sig um efni frv. Síðan held ég að hafi liðið hálfur mánuður ef ekki þrjár vikur sem stjórnarmeirihlutinn sat einn með þetta mál og fundir voru ekkert haldnir í sjútvn. Stjórnarliðar voru í vanda með að útfæra málið. Það segir mér að margir þingmenn stjórnarliðanna vildu ekkert endilega fara þá nauðungarleið sem sjútvrh. hefur lamið þá til að fara. Þeim var ekkert sérstaklega geðfellt að fara þá leið. En þeir létu lemja sig til hlýðni og ætla að fara þá leið.

Sá langi tími sem stjórnarliðar notuðu til þess að fjalla um þetta mál innan sinna raða segir okkur auðvitað að menn voru að reyna að baksast við blessaðan ráðherrann, reyna að baksa við að fá ráðherrann til að samþykkja það að e.t.v. mætti standa öðruvísi að málum en kemur þó fram hér í endanlegum tillögum þeirra. Enda kemur fram í nál. meiri hlutans að hann tekur það sérstaklega fram að það þurfi að tala um málefni svokallaðra dagabáta og að ekki hafi verið fjallað um önnur hagsmunamál smábáta, að ekki hafi unnist tími til þess.

Þau mál sem ég var m.a. að víkja hér að liggja því enn þá í bið. Ég ætla ekkert að fullyrða að menn vilji ekki lagfæra eitthvað fyrir minni aflamarksskipunum. Ég ætla ekkert að fullyrða það hér úr þessum ræðustól að stjórnarliðar vilji það ekki. Ég hygg jafnvel frekar að þeir vilji það og það sé jafnvel akkúrat bara satt sem þeir segja hér, að þeim hafi ekki unnist tími til þess vegna þess að þeir voru auðvitað að reyna að lenda þessu máli á ásættanlegan hátt. En því miður, að mínu viti, hafa þeir beygt sig undir vilja sjútvrh. í því.

Ég tel fulla ástæðu til þess að taka á vanda minni aflamarksskipa, bæði þeirra sem hafa nokkrar aflaheimildir — þó oftast nær of litlar — og þeirra sem hafa litlar og engar

aflaheimildir. Ég minni á að lögð var fram tillaga á síðasta þingi um hvernig mætti hugsanlega taka á vanda þessara skipa. Lögð var til alveg sérstök aðferð til þess, þ.e. hvernig mætti hugsanlega taka á vanda aflamarksskipa, smærri skipa flotans undir 200 tonnum sem hefðu litlar aflaheimildir og hefðu verið á leigumarkaðnum á síðustu árum. Það var skilmerkilega útfært. En það mál fór til sjútvn. og síðan lá það þar.

En ég vonast til þess ef menn fara að vinna við að skoða stöðu aflamarksbátanna að þá verði m.a. þær hugmyndir sem við lögðum fram á síðasta þingi skoðaðar að því leyti, þ.e. ef menn færu einhvern tímann í það farið.

Ég held að ekki sé hægt að ljúka þessari umræðu án þess að víkja aðeins að því hvernig þróunin hefur verið í skuldsetningu flotans. Það kom hér fram í nýlegu svari við fyrirspurn hv. þm. Gísla S. Einarssonar um hvernig skuldir sjávarútvegsins, sjávarútvegsfyrirtækjanna, hafi þróast. Í því plaggi segir að heildarskuldir sjávarútvegsins hafi vaxið frá árinu 1997 úr tæplega 125 milljörðum í 198 milljarða og þessi tala, 198 milljarðar, er byggð á framreikningi segir hér í skýringum.

Við sjáum því að á fjórum árum hafa skuldir sjávarútvegsins aukist um 73–74 milljarða. Þetta hlýtur að gera það að verkum að menn hafa áhyggjur af stöðunni. Þetta er svo sem búið að vera í umræðunni í nokkur ár. En það er ekki að sjá að neitt lát sé á þessu. Það er ekki að sjá. Skuldirnar halda áfram að vaxa en verðmætin sem íslenski flotinn og íslenski sjávarútvegurinn skilar af sér á hverju ári vex ekki í sama hlutfalli og skuldirnar.

Auðvitað mun íslenskum krónum eitthvað fjölga við þær gengisfellingar sem hafa orðið og líka við það að í sumum greinum hefur verið gott verð. En ætli það megi ekki þykja gott ef verðmæti íslensks sjávarútvegs verður um 130 milljarðar á þessu ári? Ég hygg að það mætti þykja gott. Það hefur verið í kringum 100–110 milljarðar í nokkur ár.

Að mínu viti stafar þessi skuldasöfnun m.a. af þeim orsökum að menn hafa verið að selja sig út úr sjávarútveginum og þar hafa þeir auðvitað verið að selja tvenns konar rétt: skipin, fyrirtækin og aflaheimildir, og ekki síst aflaheimildir. Þeir sem það hafa verið að gera hafa auðvitað farið með fé út úr sjávarútveginum því önnur fyrirtæki eða aðrir einstaklingar hafa verið að kaupa þessi réttindi. En því miður er það ekki svo að margir einstaklingar í sjávarútvegi reiti þessar milljónir og milljarða upp úr vösunum og þurfi hvergi að fá þá að láni.

Þess vegna halda skuldir sjávarútvegsins áfram að vaxa eftir því sem fleiri taka út gjöfina, eftir því sem fleiri taka út gjöfina sína þeim mun meira vaxa skuldir sjávarútvegsins. Og það sem ég var að koma að hér áðan er að það er ekkert sjálfgefið að hagur sé í því að setja hér á kvótakerfi þó að sumir haldi því fram að kvótakerfið hafi fært okkur sól og yl og miklar tekjur. Ég tel ekki svo vera.

Örugglega má finna rök fyrir því að í sumum greinum sjávarútvegsins hafi það orðið að einhverju leyti til hagræðingar. En það er líka hægt að setja fram rök fyrir því að ef menn hefðu veitt aflann í meiri hluta t.d. á strandveiðiflotanum, unnið hann í dýrustu afurðir, saltfisk eða ferskfisk fyrir erlenda markaði, þá hefðu þeir fengið meiri verðmæti en jafnvel núna á fyrstitogurunum fyrir afurðir eins og t.d. þorsk og ýsu. Ekki er vafi á því í mínum huga, enda hafa menn sem hafa verið í vinnslu ferskfisks verið að sýna hér tölur sem þeir hafa lagt á borðið um að 200 kr. munaði á verðmæti kílós fyrr unninn ferskan fisk annars vegar í flugi eða frystan fisk, jafnvel þó hann væri frystur úti á sjó. Ekki skortir nú ferskleika fisks sem frystur er úti á sjó þannig að svona er nú þetta. Því má lengi finna rök fyrir því að líka sé hægt að auka hagkvæmni með öðrum aðferðum en við höfum notað hér á landi með útfærslu okkar á fiskveiðistýringunni.

Þegar við erum búin að fá send hér inn í Alþingi bréf frá krókaveiðimönnum — og ég geri ráð fyrir að margir hv. þm. hafi fengið send slík bréf — frá samtökum þeirra vítt og breitt í kringum landið þar sem þeir mótmæla eindregið þeirri stefnumörkun sem hér er verið að fylgja fram af stjórnarliðinu og mæla eindregið með þeirri aðferð sem við höfum lagt til í breytingartillögum okkar þá tel ég að meiri hluti Alþingis sé að nauðga yfir atvinnugrein og fólkið sem þar starfar aðferðum sem fólkið vill ekki starfa við. Það er ekki hægt að nota neitt annað orð yfir það. Alþingi er með meirihlutavaldi sínu þvert ofan í yfirlýsingar funda smábátamanna allt í kringum land að setja lög sem þeir vilja ekki þurfa að vinna undir.

Líka hafa borist ályktanir frá sveitarstjórnum í þessa veru og nokkrir bæjarstjórar á landinu hafa líka sent aðvörun til Alþingis í þessa veru eða opinberlega sent frá sér aðvörun í þessa veru.

Á fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Reykhólum fyrr í haust vöruðu menn við því að fara þá leið sem hér er verið að fara, vöruðu við því að verið væri að taka burt landkosti Vestfjarða við það að menn fengju ekki að nýta sjávarmiðin sín, fengju ekki að nýta þann grunn sem byggð á Vestfjörðum hefur ævinlega byggst á, þ.e. að geta nýtt fiskimiðin úti fyrir ströndinni, og að þessi stefnumörkun ynni gegn hagsmunum Vestfirðinga og hún væri fjandsamleg byggðunum. Öll þessi orð heyrðust nefnd í þeirri umræðu.

Ég segi það alveg eins og er að mér finnst ömurlegt að meiri hlutinn skuli fara þá leið sem hér er verið að leggja upp með.

Ég velti því líka fyrir mér, og ætla að velta því upp í þessum ræðustól, hvort hæstv. sjútvrh. hafi farið eftir lögum um ráðherraábyrgð þegar hann ákvað að hlusta ekki á rök manna um hvaða áhrif þetta mundi hafa á atvinnu þeirra og byggðir og afkomu og ákvað að fylgja fram kvótasetningu á smábátana vitandi það að menn fengju allt of litlar aflaheimildir til að geta stundað veiðarnar í aukategundunum og vitandi að lögin þýddu að menn væru komnir í þá stöðu að annaðhvort yrðu þeir að leigja til sín fisk ef þeir þá fengju hann eða að velja um það, eins og lögin voru, að losa sig við fiskinn svo þeir misstu ekki veiðileyfið. Ef ég man rétt úr lögunum um ráðherraábyrgð þá minnir mig að þar standi í einni greininni að ráðherra megi eigi framfylgja þeim lögum sem eigi verði séð að þegnarnir geti farið eftir.

Ég nefndi þetta við ráðherrann einu sinni í haust. Hann hafði litlar áhyggjur af þessu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að teflt sé á tæpasta vaðið í túlkun á þeim heimildum sem ráðherrann hefur til að framfylgja lögum. Ég tel vafasamt að menn geti vísvitandi farið í þannig lagasetningu þegar sjá má fyrir að innan fárra vikna geti þeir ekki framkvæmd lögin svo vel sé. Þannig hefur það auðvitað verið í haust varðandi krókaveiðimennina. Þeir hafa ekki haft heimildir í sumum þeirra tegunda sem þeir hafa fengið á króka sína. Menn hafa verið að lenda í vandræðum af þeim sökum. Það var ekki á bætandi í þeirri brottkastsumræðu sem farið hefur fram í landinu.

Ég hefði talið það mikinn sóma fyrir hæstv. sjútvrh. ef hann hefði hlustað á skynsamlegar tillögur um það í vor að fresta þessum lögum, hvað þá ef hann hefði hlustað á skynsamlegar tillögur, m.a. frá Landssambandi smábátaeigenda, um að þessum lögum yrði a.m.k. frestað fram yfir áramót þannig að meiri hlutanum gæfist tóm til að vinna þessi lög án þess að valda fólki stórkostlegum skaða, sem bersýnilega hefur orðið sums staðar. En svo illa sjást menn fyrir í þessum málum að þeir hlusta ekki á nokkur einustu rök, ekki eina einustu ábendingu. Það er keyrt blint í að þjóna þeim hagsmunum að kvótasetja allar fisktegundir á alla báta á Íslandi. Það er hið harða markmið þessarar lagasetningar.

Ég hef stundum orðað það svo að þegar kvótasett væri með þeim hætti sem gert er í stóra aflamarkskerfinu þá væri verið að fórna byggðum fyrir kvótabrask. Það er ekki sama að eiga atvinnu sína undir ákafa útgerðarmanna til þess að sækja sjó til að afla tekna og að búa við að þeir geti leigt frá sér óveiddan fisk í sjónum. Það ríkir allt annað viðhorf í sjósókn og atvinnuuppbyggingu þegar menn hafa atvinnu sína af því að þurfa að sækja sjóinn til að afla tekna í stað þess að leigja frá sér aflaheimildir og aðrir þurfi þar með að leigja aflaheimildir á okurverði til að geta stundað sjó. Þá breytist auðvitað sjósóknin og menn þora litla áhættu að taka.

Í umræðum í gær kom fram mjög merkileg yfirlýsing að mínu viti. Við vorum að ræða byggðamál í gær. Þá sagði hæstv. viðskrh., Valgerður Sverrisdóttir — ég held að ég fari örugglega rétt með — að Hæstiréttur Íslands hafi fellt þann dóm að hér á landi mætti aðeins stjórna fiskveiðum með kvótakerfi. Þetta fannst mér einhver merkilegasta yfirlýsing, hæstv. forseti, sem ég hef heyrt í seinni tíð frá ráðherra, að búið væri að fella þann dóm af Hæstarétti Íslands að á Íslandi mætti aðeins stjórna fiskveiðum með kvótakerfi, þ.e. að það hefði falist í Valdimarsdómnum. Ég verð að segja eins og er að ég átti svolítið bágt með mig þegar ég heyrði þessa yfirlýsingu. Ég lýsti því reyndar yfir við hæstv. ráðherra að ég hefði aldrei heyrt þessa túlkun fyrr. (**SvH:** Þetta er komið úr miðstjórn Framsóknar.) Kann að vera, hv. þm. Það breytir hins vegar ekki því að ráðherrann stóð í þessum ræðustól og fullyrti þetta, ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Mér er spurn: Er þetta trú annarra ráðherra?

Mér þætti fróðlegt og vænt um það ef t.d. hv. formaður sjútvn. sem ég veit að er búinn að skoða þessi mál í bak og fyrir vildi annaðhvort staðfesta eða hafna þessum sérstöku ummælum viðskrh. um að hér á landi megi aðeins stjórna fiskveiðum með kvótakerfi. Ég held að þetta séu alger öfugmæli hjá ráðherranum og að best færi á því að hún lýsti því yfir að hún hefði hreinlega mismælt sig í þessu máli. Ég lít ekki svo á að Valdimarsdómurinn hafi þessar afleiðingar. Ég hygg að í Valdimarsdómnum hafi Hæstiréttur eingöngu sagt að þar sem hér væri almennum fiskveiðum stýrt með kvótakerfi og fisktegundum skipt niður á skip þá bæri ekki brýna nauðsyn til þess að viðhalda annarri takmörkun og þess vegna þyrfti ekki að takmarka veiðileyfi þar sem menn yrðu hvort sem er að nálgast aflaheimildirnar eftir sem áður, annaðhvort til þeirra sem hefðu þær fyrir á leigu, á leigumarkaði aflamarksins eða með því að kaupa aflahlutdeild. Þar af leiðandi taldist ekki brýn nauðsyn til að hafa tvenns konar stýringu á fiskveiðum, annars vegar að heimila mönnum með veiðileyfi og hins vegar að stjórna með fiskikvóta.

Í yfirliti frá lögmönnum sem unnið var fyrir Landssamband smábátaeigenda þá held ég að einmitt sá skilningur sé lagður í dóminn að það beri enga brýna nauðsyn til að stjórna fiskveiðum hér á landi eingöngu með kvótakerfi heldur megi stjórna þeim ýmist með flotastýringu, sóknarstýringu eða aflamarkskvótum, jafnvel með því að nálgast afla á uppboði eftir ákveðnum leiðum. Dómurinn staðfestir einungis að hér beri að hátta löggjöfinni þannig að leitast verði við að nýta auðlindina á sjálfbæran hátt. Ég held að þetta sé meginniðurstaða allra lagaskýringa sem ég hef heyrt á þessum dómi. Allar aðferðir sem að því marki stefna geta auðvitað mislukkast og verið misjafnlega árangursríkar, t.d. íslenska kvótakerfið sem hefur ekki byggt upp einn einasta botnfiskstofn. Við sitjum uppi með það að það vantar hundruð þúsunda tonna inn í almenna botnfiskveiði. Það er auðvitað eitt af stóru vandamálunum við fiskveiðistjórnina alla saman að við skulum ekki eftir áratugi sjá nokkurn árangur í uppbyggingu fiskstofna í íslenska kvótakerfinu, undir þeirri stjórn.

Ég hygg að áðurnefnd fullyrðing hæstv. viðskrh. sé algert öfugmæli og misskilningur á dómi Hæstaréttar. Eins og ég sagði væri fróðlegt að heyra síðar í umræðunni hvaða skilning hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur á ummælum ráðherrans um að hér á landi sé eingöngu heimilt að stýra fiskveiðum með kvótakerfinu.

Að lokum langar mig að gera að umræðuefni það mál sem oft hefur verið vikið að þegar talað er um stjórn fiskveiða, þ.e. innkomu nýliða í útgerð, með hvaða leiðum þeir komist að og hvernig þeim leiðum verði haldið opnum. Ég hef litið svo á að meðan menn byggju við sóknarstýrt kerfi að hluta, eins og verið hefur í smábátakerfinu, þá ættu menn inngönguleið í kerfið vegna þess að aflabrögðin sem byggja upp tekjur viðkomandi útgerðar ráðast af áræði þess sem kaupir skip og fer að gera út og kunnáttu hans til að nálgast þau verðmæti sem í fisknum felast. Ég tel að meðan opið er fyrir að ungir menn eða eldri sem telja sig búa að reynslu við að veiða fisk og treysta sér til að kaupa sér bát til að hefja veiðar í smábátakerfinu, þ.e. ef þeir ættu von á að verða ekki svo rígbundnir í kvóta að þeir gætu með þekkingu sinni, reynslu og dugnaði byggt sér betri framtíð og fengið betri tekjur en sá sem þeir keyptu af, þá væri séð fyrir því að endurnýjun í atvinnugreininni ætti sér stað og landsbyggðin, hinar dreifðu sjávarbyggðir, fengju inn í greinina nýja, duglega og kraftmikla menn sem vonandi stæðu áfram fyrir atvinnurekstri í viðkomandi byggðum í framtíðinni. Allar byggðir eiga framtíð sína í því að einhverjir í byggðunum hafi það mikið áræði og kjark að þeir þori að stofna til atvinnurekstrar. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að í atvinnugreinum, m.a. í fiskveiðum, sé opin leið þar sem menn geti byrjað, þar sem möguleiki er á að byrja og þeir sem eru tilbúnir til að leggja fram meiri vinnu en aðrir sem e.t.v. eru farnir að lýjast, orðnir lasburða og vildi hætta, geta unnið sig upp og með dugnaði sínum og atorku aflað sér tekna og viðhaldið atvinnu í heimabyggð sinni. Þetta er það sem allar byggðir þurfa á að halda og þetta er einnig það sem allar atvinnugreinar þurfa á að halda, breytir þá engu hvort við erum að tala um verslun, þjónustu eða ferðamannaiðnað. Allir sem sækja í ákveðnar atvinnugreinar og hefja atvinnustarfsemi gera það vegna þess að þeir telja sig hafa annaðhvort þekkingu eða starfsfólk sem til þess hefur þekkingu að afla það mikilla tekna að hagkvæmt sé að fjárfesta í viðkomandi atvinnugrein.

Ég tel að það sé gæfa Íslands að mönnum tókst að fara inn í atvinnugreinar, byrja þar jafnvel frá grunni með litla

fjármuni en mikinn dugnað. Það skyldi þó ekki vera að m.a. stærstu verslunarkeðjur okkar Íslendinga séu einmitt reistar á slíku framtaki, að menn hafi byrjað með tiltölulega lítið af peningum en mikinn dugnað og framsýni. Verslunin hefur hins vegar færst á fáar hendur og sum þessara fyrirtækja orðin stórveldi. Eftir sem áður er hægt að finna rótina í því að þar gátu menn farið frjálsir inn í verslunina, byrjað smátt og drifið sig áfram. Ég tel að það sé verið að loka þessari leið með kvótasetningunni. Það þarf geysilega mikla peninga til að kaupa sig inn í veiðikerfi þar sem kvótasetningin er svona stíf.

Menn munu örugglega segja sem andsvar við þessu: Menn þurfa líka að kaupa sig inn í sóknardagakerfið. Þar kostar sóknardagurinn líka eitthvað. Jú, vissulega eru það gild rök en eins og ég hef bent á áður þá er það svo að ef illa gengur eða ef tíðarfar er svo slæmt að tekjurnar detta niður þá heltast örugglega einhverjir úr lestinni og nýir menn geta komist að vegna þess að þeir telja sig hafa meiri kraft, meiri kunnáttu til fiskveiðanna og dugnað en þeir sem hverfa út. Þar af leiðandi gætu þeir komist inn í þessa grein og byggt sig upp á dugnaðinum.

En þegar við ætlumst til þess að menn þurfi að kaupa sér veiðiheimildir, samfara því að fara inn í smábátakerfið, fyrir á annað hundrað millj. fer að verða fátt um fína drætti eins og sagt er. Þá fer að verða ansi erfitt fyrir einstaklinga að komast inn í þá útgerð. Það er auðvitað það sem við sáum á Vestfjörðum meðan kerfið var þannig að menn gátu byrjað í smábátakerfinu, oft og tíðum dugmiklir sjómenn sem höfðu misst atvinnu sína á hinum stærri skipum í aflamarkskerfinu, að sjómennirnir komu sér fyrir í smábátakerfinu. Menn sem höfðu farið í gegnum Stýrimannaskólann og höfðu réttindi á stærstu skip flotans ákváðu að fara á trillu. Þeir höfðu enga aðra leið inn í kerfið, enga aðra aðkomu að atvinnugreininni sem þeir þekktu, að veiða fisk. Þegar búið er að loka þessu er ég hræddur um að við séum á rangri leið í stýringu fiskveiðanna.

Mér virðist að verði tillögur meiri hlutans samþykktar séum við að fórna byggðunum fyrir kvótabrask, það sé grafskriftin yfir byggðnum sem hér á að innleiða á Alþingi. Mér finnst illa farið fyrir góðu fólki ef það ætlar að samþykkja tillögur meiri hlutans, a.m.k. hafi þær ákvarðanir þær afleiðingar sem ég óttast að geti orðið.

Ég endurtek það sem lokaorð, herra forseti: Það er verið að nauðga krókaveiðimönnum, félögum í Landssambandi smábátaeigenda, inn í kvótakerfi sem þeir vilja ekki fara í, kvótakerfi sem mun hafa mikil áhrif á atvinnustig í dreifðum sjávarbyggðum Íslands.

[Fundarhlé. — 16:00]

[17:02]

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 282. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 534; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 546.

Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, 366. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 562.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 17:02.

---

51. FUNDUR

miðvikudaginn 12. des.,
að loknum 50. fundi.

Dagskrá:

1. Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, stjfrv., 366. mál, þskj. 562. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 193. mál, þskj. 204, nál. 520 og 542, brtt. 521 og 541. — Frh. 2. umr.

3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 348. mál, þskj. 469, nál. 522 og 547. — Frh. 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 562.

[17:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Frv. felur í sér að Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita, Andakílsárvirkjun og Hitaveita Borgarness verða sameinaðar og stofnað verður sameignarfyrirtæki um rekstur undir nafni Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit hafa undirritað viljayfirlýsingu um sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Þá hafa Reykjavíkurborg, Garðabær og Hafnarfjarðarkaupstaður undirritað samninga um lögn og rekstur hitaveitu í Garðabæ og Hafnarfirði. Í kjölfar þessa var ljóst að Orkuveita Reykjavíkur yrði ekki borgarstofnun og óskuðu fulltrúar Reykjavíkurborgar eftir því að lagt yrði fram frv. til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um rekstur.

Ástæður þess að nauðsyn ber til að setja sérlög um stofnum sameignarfyrirtækisins eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi eru Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita og Hitaveita Borgarness stofnanir sveitarfélaga og eru sveitarfélögin í ótakmarkaðri ábyrgð fyrir skuldbindingum þeirra. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum má eigi binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Sveitarfélögum sem verða eigendur sameignarfyrirtækisins væri að óbreyttu óheimilt að ábyrgjast skuldbindingar fyrirtækisins. Í frv. er gert ráð fyrir að hver eigandi um sig sé í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum þess.

Í öðru lagi telst starfræksla vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja meðal skylduverkefna bæjarstjórna í kaupstöðum og bæjum samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. Í frv. er gert ráð fyrir að sameignarfyrirtækið yfirtaki

skyldu Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar til starfrækslu vatnsveitna í sveitarfélögunum en það verður ekki gert nema til þess sé heimild í sérlögum.

Í þriðja lagi er í orkulögum að finna heimild til að veita sveitarfélögum og samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur, og sveitarfélag getur með samþykki ráðherra framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti slíkt einkaleyfi um ákveðið tímabil í senn. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að sameignarfyrirtækið taki við einkarétti Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Akraneskaupstaðar, Akranesveitu, Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar og Hitaveitu Borgarness til starfrækslu raf- og/eða hitaveitu á þeim svæðum sem þessir aðilar þjóna við stofnun sameignarfyrirtækisins.

Í frv. er kveðið á um að eignarhlutdeild í sameignarfyrirtækinu um Orkuveitu Reykjavíkur skiptist þannig að Reykjavíkurborg eignast 92,22%, Akraneskaupstaður 5,45%, Hafnarfjörður 0,94%, Borgarbyggð 0,75%, Garðabær 0,47% og Borgarfjarðarsveit 0,17%.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um einstakar greinar frv. og tel að frv. skýri sig sjálft. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 204, nál. 520 og 542, brtt. 521 og 541.

[17:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Miklar umræður hafa farið fram í dag en ég vil geta þess í upphafi máls míns að ég er með brtt., hef ákveðið að bregðast þannig við ásamt hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni og hv. þm. Karli V. Matthíassyni að leggja fram brtt. við tillögur hv. meiri hluta sjútvn. eins og hann leggur málið fram í dag.

Ég held að svona aðferðafræði við frv. til laga eins og þetta frv. um kvótasetningu á smábáta mundi flokkast undir það sem þeir í ameríska stjórnkerfinu kalla að menn séu að smyrja hjólin þegar tekur að ískra. Það eru alveg forkastanleg vinnubrögð, og það vita allir í þinginu, að þessi lagasetning er til þess að smyrja hjólin og reyna að leysa brýnasta vanda smábátaeigenda sem hafa gjörsamlega byggt afkomu sína á ókvótasettum tegundum eins og steinbít, ýsu og ufsa. Það hefur legið fyrir í þinginu að sá fjöldi manna sem hefur notfært sér þá möguleika sem voru í ókvótasettu tegundunum er í stórkostlegum vandræðum vegna þess að nú er komið kvótakerfi á lífsbjörg þeirra.

Virðulegi forseti. Ég vitnaði í þetta hugtak úr ameríska stjórnkerfinu vegna þess að hér eru menn að smyrja hjólin þegar farið er að ískra. Hv. þingmenn meiri hlutans halda að þeir séu með þessu máli að leysa byggðavandann og leysa vanda þeirra manna sem eru í greininni núna. En það er alveg augljóst í mínum huga að þótt þeim sem hafa verið í kerfinu séu gefnir möguleikar til að byggja á veiðireynslu og fá nokkurn kvóta mun kvótasetningin leiða til þess að menn munu í framhaldi af aðgerðunum selja kvóta sinn. Það fer ekkert hjá því að það leiði til þess. Margir þeirra sem hafa stólað á þær tegundir sem mátti veiða utan kerfisins munu ekki klára það af þrátt fyrir að þeir fái þá kvótasetningu sem meiri hlutinn leggur til. Hver er þá staða þeirra sjávarbyggða sem menn eru að líta til með þessu frv. eftir tvö, þrjú, fjögur, fimm ár? Hún gæti orðið nákvæmlega sú sama eða verri en hún er núna.

Virðulegi forseti. Við eigum ekki að leysa vandamálin sem við stöndum frammi fyrir í sjávarútvegsmálunum með þessum aðferðum. Það er boðað af meiri hluta nefndarinnar að síðar verði framhaldsfrumvörp flutt í febrúar til að fara enn frekar ofan í þessi mál og þá væntanlega út frá því hvernig staðan er í dag. Ég held að kvótaeigendur Landssambands ísl. útvegsmanna og stórútgerðin fagni þeirri formúlu sem hér er sett fram. Nú hafa þeir náð því að þetta er allt saman kvótasett og þá er þeirra meginlína uppi á borðinu.

Komið hefur fram í umræðunni, virðulegi forseti, að hér var starfandi svokölluð sáttanefnd eða nefnd um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Hún var að störfum í þrjú ár en margklofnaði eins og kunnugt er og komst ekki að niðurstöðu. Ég tel að það sé algjör nauðsyn að vinna þessi mál þannig að við fáum breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu sem hafa einhverja heildstæða sýn. Svo er ekki þegar tekið er á málum á þann hátt sem hér er gert. Ég átti sæti í þessari nefnd um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu og valdi þann kostinn að skila minnihlutaáliti vegna þess að ég sá strax í störfum nefndarinnar að það var aldrei meiningin að ná neinni lendingu.

Sú breyting sem meiri hluti hv. sjútvn. leggur hér til byggir í raun og veru á svipuðum grunni og breytingin sem ég setti fram í minnihlutaáliti mínu í endurskoðunarnefndinni. Nú eru menn farnir að viðurkenna að kvóta þurfi fyrir sjávarbyggðir. En aðferðafræðin er bara kolskökk vegna þess að allt dæmið er sett á markað. Menn eru að fara í kvóta fyrir byggðarlögin án þess að gera það með þeim hætti að það endist. Hluti af þessu verður framseljanlegur kvóti og það er himinklárt að við stöndum frammi fyrir nákvæmlega sömu vandamálum, sérstaklega þó á Vestfjörðum, eins og við höldum að við séum að leysa í dag. Þetta er algjörlega óásættanlegt. Þetta eru handarbakavinnubrögð og menn sjást ekkert fyrir í því sem þeir eru að gera.

Þær smáútgerðir sem hafa blómstrað á Vestfjörðum á undanförnum árum og í raun og veru orðið þess valdandi að það er ekki algjört byggðahrun þar hafa margar hverjar algjörlega byggt tilverurétt sinn á því að geta sótt í þessar tegundir. En jafnframt verður að geta þess að vegna ástandsins í sjónum hafa t.d. norðlenskar smábátaútgerðir ekki getað nýtt sér þessa sömu möguleika og hafa skapast fyrir vestan, t.d. einfaldlega vegna þess að það hefur ekki verið ýsugengd og mjög lítil steinbítsgengd en þetta er þó að breytast eins og við heyrum í fréttum frá Norðurlandi.

Norðlenskar smábátaútgerðir hafa á undanförnum árum lagt upp laupana hver af annarri og í byggðarlögum sem voru með blómlega smábátaútgerð sést varla trilla í dag miðað við það sem áður var. Það eru örfáar undantekningar eins og t.d. Grímsey en á stöðum eins og t.d. Ólafsfirði hefur þetta algerlega mislukkast. Hvers vegna? Smábátaútgerðin þar náði ekki í þessar fríu tegundir sem voru ekki kvótasettar

vegna þess að ýsan gekk einfaldlega ekki inn á þessi mið. Það er reyndar að breytast núna.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gerði grein fyrir brtt. okkar. Hann fór í gegnum þær og ég ætla ekki að eyða tíma í að fara í gegnum þær lið fyrir lið en þær miða í grófum dráttum að því að smábátaútgerðir geti enn um sinn haft sömu stöðu og fyrir kvótasetningu í haust. Við viljum fresta þessum aðgerðum, láta menn búa við sömu útgerðarmöguleika þangað til við getum fundið einhverja heildstæða lausn til að taka á sjávarútvegsmálunum.

Engin aðalmarkmiða okkar varðandi sjávarútvegsstefnuna hafa náðst. Verndunarkerfið sem þetta átti að leiða af sér hefur mistekist hrapallega. Við erum að veiða núna út úr okkar stofnum líklega 100 þús. tonnum færri þorskígildi en við gerðum um 50 ára skeið fyrir tíma kvótans. Eitthvað mikið er því að og það verður að skoða hlutina, söknarmynstrið, skoða alla hluti heildstætt með nýrri sýn á þessi mál.

Ég lagði til í sjútvn. að við skoðuðum þetta vegna þess að eftir hátt í tveggja áratuga fiskveiðistjórn á grundvelli kvótakerfis er ekki sýnilegt að náðst hafi megintilgangur kerfisins, að fiskstofnarnir byggðu sig upp og skiluðu hámarksafrakstri. Í mörgum tilfellum er ástand stofnanna núna svipað eða jafnvel verra en fyrir daga kvótakerfisins. Auk þess hefur réttilega verið bent á að kvótakerfið hamlar mjög allri nýliðun og kynslóðaskiptum í atvinnugreininni. Þó að því sé ekki haldið fram að öll sökin sé kvótakerfisins verður því ekki á móti mælt að árangurinn af því er að þessu leyti mjög takmarkaður.

Rétturinn til viðskipta með kvóta, bæði möguleikinn til að leigja öðrum veiðiheimildir í stað þess að nota þær sjálfir og varanleg sala þeirra, hefur haft í för með sér að ákveðnir aðilar hafa átt þess kost að hagnast gríðarlega. Slíkur gróði, ekki síst þegar hinir sömu hverfa út úr sjávarútveginum með milljónatugi, hundruð millj. eða milljarða sem rekja má til andvirðis veiðiheimilda, samrýmist vægast sagt illa ákvæðum fiskveiðistjórnarlaganna um sameign þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram ítarlega nýja sýn og tillögur um nýtt fiskveiðistjórnarkerfi þar sem grunnurinn er tekinn gjörsamlega til endurskoðunar, fyrst og fremst vegna þess að það kerfi sem við búum við í dag hefur ekki náð þeim árangri sem til var ætlast, að byggja upp fiskstofnana, og það er auðsætt að við þurfum nýtt kerfi til að koma lagi á þessa stjórn og ná hámarksafrakstri. Sú leið sem við höfum kynnt í umræðunni sem okkar leið og er sett fram í skýrslu endurskoðunarnefndarinnar um sjávarútvegsstefnuna, svokallaðrar sáttanefndar, er að hafin verði fyrning veiðiréttar eða aflahlutdeildar um 5% á ári, línuleg fyrning. Við höfum lagt fram ábyrga stefnu og til þess að auðvelda útgerðinni aðlögun að breyttum aðstæðum verði henni gert mögulegt að halda eftir 3% af þeim 5% sem árlega eru fyrnd fyrstu sex árin. Þessum 3% aflaheimilda ræður útgerðin sem eins konar biðkvóta sem greitt er fyrir með sérstökum afnotasamningi við ríkið til sex ára í senn. Að sex árum liðnum bætast þessi 3% aflaheimilda ár frá ári við þær sem fyrndar eru, þ.e. 5%. Fyrstu sex ár tímabilsins losna þannig 2% á ári til ráðstöfunar en 3% stofna til biðkvóta. Að sex árum liðnum yrði búið að fyrna 12% en 18% væru í biðhólfi núverandi útgerða ef þeim sýndist svo. Að 12 árum liðnum yrði þannig búið að fyrna 60% aflaheimilda og biðkvótinn að fullu fyrndur. Fyrning heldur áfram með 5% á ári og yrði að fullu lokið eftir 20 ár.

Síðan eru settar fram hugmyndir í þessum tillögum okkar um ráðstöfun á kvótanum sem þannig er losaður. Við höfum sett hugsun okkar klárlega fram, og hún er sú að við viljum byggðatengja kvótann þannig að sveitarfélögin hafi rétt yfir honum. Við viljum haga því þannig að þriðjungur þeirra aflaheimilda sem fyrnast á hverju ári verði boðinn upp á landsmarkaði og útgerðinni gefinn kostur á því að leigja hann til sex ára í senn. Fiskvinnslum sem stunda frumvinnslu sjávarafurða gefst einnig kostur á að bjóða í veiðiheimildir í hlutfalli við raunverulega vinnslu þeirra undangengin ár samkvæmt nánari reglum. Leigutekjum vegna þessara aflaheimilda skal skipt milli ríkis og sveitarfélaga eftir nánari reglum sem þar um verði settar.

Meginkjarninn í tillögunum sem við setjum fram er sá að annar þriðjungur þeirra aflaheimilda sem fyrnast á hverju ári verði til byggðatengdrar ráðstöfunar fyrir sjávarbyggðir umhverfis landið. Við skiptingu veiðiréttindanna milli sveitarfélaga verði byggt á vægi sjávarútvegs, veiða og/eða vinnslu í atvinnulífi viðkomandi sjávarbyggða og hlutfallslegu umfangi innan greinarinnar að meðaltali sl. 20 ár. Um þessa skiptingu verða síðan settar nánari reglur að viðhöfðu víðtæku samráði þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Hlutaðeigandi sveitarfélög ráðstafa þessum þriðjungi veiðiheimildanna fyrir hönd þeirra sjávarbyggða sem þeim tilheyra. Sveitarfélögin geta leigt út veiðiheimildir eða ráðstafað þeim með öðrum almennum hætti á grundvelli jafnræðis en þeim er einnig heimilt að verja hluta veiðiheimildanna tímabundið til að styrkja hráefnisöflun og efla fiskvinnslu innan viðkomandi byggðarlaga. Þannig öðlast þau tækifæri til að efla vistvænar veiðar, styrkja staðbundna báta og dagróðraútgerð, gæta hagsmuna sjávarjarða og auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti í sjávarútvegi. Óheimilt er að framselja byggðatengd veiðiréttindi varanlega frá sveitarfélagi. Kjósi sveitarfélögin að innheimta leigugjald fyrir aflaheimildir renna tekjurnar til viðkomandi sveitarfélags.

Síðasti þriðjungur fyrndra aflaheimilda á hverju ári er boðinn handhöfum veiðiréttarins sem fyrnt er frá til endurleigu gegn hóflegu kostnaðargjaldi á grundvelli sérstaks afnotasamnings til sex ára í senn. Samningnum fylgir sú kvöð að réttindin verði aðeins nýtt af viðkomandi aðila og ráðstöfun þess hluta aflaheimilda verði tekin til endurskoðunar áður en 20 ára fyrningartímabilinu lýkur.

Virðulegi forseti. Þær brtt. sem meiri hluti hv. sjútvn. er að gera miða að því að milda aðgerðir sérstaklega gagnvart byggðarlögum á Vestfjörðum en tillögurnar eru settar fram þannig að í fyrsta lagi dregur verulega úr möguleikum þeirra útgerða krókabáta sem hér um ræðir til að stunda veiðar en í öðru lagi er verið að kvótasetja tegundirnar og á þá eru settir kvótar, þeim er sem sagt úthlutað kvóta. Hér er með ráðherrapottum verið að gera það mögulegt að útdeila til byggðarlaga, væntanlega eftir einhverjum geðþóttaákvörðunum, einhverjum kvóta ef illa gengur á einhverjum stöðum.

Þetta er afleitt fyrirkomulag, virðulegi forseti, og það er í grunninn bara hugsað fyrir þá sem eru í útgerðinni núna. Þetta tryggir ekki nein réttindi til lengri tíma litið fyrir það fólk sem býr í þessum sjávarbyggðum. Þetta er tengt við fyrirtækin sem stunda þessi viðskipti en upp úr hverjum einasta manni stendur í dag að tengt útgerðinni verðum við náttúrlega að skoða stöðu fólksins sem býr á stöðunum hvort sem það býr í landi og vinnur fyrir útgerðirnar eða er þjónustuaðili við viðkomandi útgerðir. Fyrirkomulag sem byggir á því að það er enginn grunnur, ekkert fast fyrir varðandi byggðina sjálfa, stenst aldrei til lengdar. Þess vegna er ég að

segja það hér að grunntónninn í þessu frv. mun ekki leysa nein vandamál nema til mjög skamms tíma fyrir fáa.

Margir fullyrða að þessi aðgerð muni jafnvel leiða til þess að menn selji sig út úr kerfinu mjög fljótlega, ráðstafanirnar muni leiða til þess margir þeirra sem fá eins konar útdeilingu, allt of litla, muni selji sig út úr kerfinu. Hvar stendur þá hinn venjulegi maður í þessum sjávarbyggðum sem ekki er tengdur og ekki á hlut í viðkomandi útgerð? Hann er gjörsamlega berskjaldaður fyrir því sem er að gerast. Eina leiðin fyrir sjávarbyggðir landsins er að hafa lögbundinn rétt til nýtingar á auðlindinni og að innan þess réttar geta menn sótt um leyfi hjá viðkomandi sveitarfélögum til að nýta sér réttinn.

Það þjónar ekki neinum tilgangi að notast við markaðstengingu á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir, sem augljóslega leiðir til þess að menn standa frammi fyrir nákvæmlega sömu vandamálum eftir örfá missiri. Ég held að það sé alveg auðsætt. Þeir sem ekki gátu sótt í ókvótasettar tegundir, t.d. Norðlendingarnir, hafa unnvörpum farið út úr þessari útgerð með örfáum undantekningum. Að vísu er myndarleg smábátaútgerð í Grímsey. Þeir hafa haft kvóta o.s.frv. en margir hafa farið út úr þessu vegna þess að þeir höfðu ekki aðgang að meðafla sem hefur verið þessum smáútgerðum svo nauðsynlegur.

Eins og ég sagði áðan hafa orðið breytingar í hafinu. Þau mál horfa því allt öðruvísi við núna en fyrir tveimur árum fyrir öllu Norðurlandi þar sem nú er farin að veiðast ýsa. Ég tel að það sé mjög mikilvægt.

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma inn á ákveðið atriði í þessu frv. Ég er mjög hlynntur því að útgerðirnar fái að landa meðafla. Ég held að samstaða sé um það í nefndinni að brottkast verði að stöðva. Ég held að það sé góð tillaga sem sett er fram og við höfum tileinkað okkur þá tillögu líka sem stöndum fyrir þessum brtt. Það er góð tillaga að hafa megi 5% meðafla og menn megi dreifa þeim afla yfir lengri tíma þannig að það sé ekki dagsaflinn sem reiknað er út frá. Það held ég að sé mjög gott mál. En það er ekki sama hvernig er farið með ráðstöfunina. Ég er líka sammála því að útgerðin geti fengið 20% af því sem fæst á uppboði á þessum afla en í tillögum stjórnarmeirihlutans er gert ráð fyrir því að afrakstrinn, þeir peningar sem koma út úr þessari meðaflalöndun, fari til Hafrannsóknastofnunar.

Ég vil fara örfáum orðum um það, virðulegi forseti, að okkar tillögur byggja á að þeir peningar sem koma inn fyrir þennan meðafla renni að jöfnu til hafrannsókna og í Lífeyrissjóð sjómanna. Það er þannig að þingið verður á allra næstu missirum að taka á vandamálum sjómanna vegna lífeyrismála. Lífeyrissjóður sjómanna er mjög illa settur. Hann hefur þurft að skerða lífeyrisréttindi sjómanna og að hluta er vandamál Lífeyrissjóðs sjómanna það að miklu hærra hlutfall sjómanna lendir í alvarlegum slysum sem leiða til örorku. Það er ekki sanngjarnt, miðað við lífeyriskerfi landsins í heild, að öll sjómannastéttin taki á sig kostnað vegna mikillar slysatíðni úti á sjó og örorku þeirra sem hafa stundað sjóinn af miklu kappi, kannski um tugi ára. Þess vegna er það tillaga okkar að Lífeyrissjóður sjómanna njóti þess að fá þessar tekjur til að rétta úr kútnum. Að vísu vitum við ekki hvað kemur inn fyrr en reynslan sýnir hvað kemur inn í þennan pott. Ég held að væri mjög góð byrjun að styrkja sjóðinn með þessum framlögum og rétta stöðu hans.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir málið í grófum drátt um. Ég gat þess að brtt. sem við gerum við tillögur stjórnarmeirihlutans miða að því í meginþáttum að viðhalda eða framlengja því kerfi sem var við lýði fyrir kvótasetninguna núna í haust í von um að menn sjái að sér á hinu háa Alþingi og fari ofan í sjávarútvegsstefnuna í heild sinni og fái heildarsýn á það sem gera þarf í þessum málum. Hér er tjaldað til einnar nætur. Það mun reynslan sýna. Það líða örfá missiri þar til upp koma nákvæmlega sömu vandamálin og stjórnarmeirihlutinn heldur fram að hann leysi með þessu frv.

[17:36]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér eru í raun til umræðu tvö mál en samt af sama meiði. Annars vegar er frv. hæstv. sjútvrh. og nál. og brtt. meiri hluta hv. sjútvn. og hins vegar brtt. minni hluta sjútvh. sem ganga í þveröfuga átt.

Það er ástæða til að minna rétt einu sinni á að forsenda og útgangspunktur þessa frv. og þeirrar umræðu sem hér fer fram er sú staðreynd að þann 1. sept. sl. tóku gildi lög sem kvótasettu smábáta í tegundum sem höfðu ekki áður verið kvótasettar.

Frv. hæstv. sjútvrh. gengur út á, þar sem það er staðreynd að kvótasetningin hefur átt sér stað, að milda þær aðgerðir ef svo má að orði kveða, en brtt. minni hluta hv. sjútvn. ganga út á að fara aftur fyrir 1. sept.

Nú er það svo, herra forseti, að í raun er fátt verra fyrir atvinnurekstur en óvissa. Nú hafa smábátasjómenn og fjölskyldur þeirra beðið lengi, í rauninni síðan fyrir 1. sept., eftir því að vita hvert rekstrarumhverfi þeirra verði, hvert rekstrarumhverfi greinarinnar verði, hvenær og hvernig frv. muni verða að lögum, afgreitt á hv. Alþingi. Þeir spyrja, með öðrum orðum: Hver verða rekstrarskilyrði okkar á þeirri vertíð sem nú stendur yfir? Þetta er eðlileg spurning og skapar óþægilega óvissu fyrir þann fjölda dugmikilla sjómanna og fjölskyldna þeirra sem tengjast smábátaútgerð. Nú stefnir í, herra forseti, að þessari óvissu verði eytt enda er mjög mikilvægt að leikreglur skýrist í það minnsta, hvað sem mönnum svo finnst um þær.

Herra forseti. Ég stend að áliti meiri hluta hv. sjútvn. en þó með fyrirvara, þ.e. sama fyrirvara og ég gat um í þingflokki mínum og hér við 1. umr. Fyrirvarinn byggir í raun á því að ég er ósammála þeirri túlkun sem ýmsir lögspekingar hafa birt og hæstv. sjútvrh. hefur stuðst við á niðurstöðu Hæstaréttar í svokölluðum Valdimarsdómi, að stjórnvöldum sé skylt að kvótasetja þessar tegundir til að koma í veg fyrir óheftar veiðar. Ég er ósammála þeirri túlkun og byggi þá skoðun mína á áliti annarra lögspekinga sem telja að stjórnvöldum beri ekki skylda til að ganga þessa kvótasetningarleið.

Ég hef lýst þeirri skoðun og grunur minn er óneitanlega sá að tilgangurinn sé í raun að koma einu kerfi yfir öll fiskiskip okkar, koma öllum í svonefndan kvóta. Hins vegar er alveg ljóst, herra forseti, að stjórnvöldum ber skylda til að takmarka veiðar í takmarkaðri auðlind. Það segir sig sjálft að þar búa þjóðhagslegir hagsmunir að baki og því er það á ábyrgð stjórnvalda að takmarka veiðar í hina takmörkuðu auðlind. En kvótasetning er auðvitað ekki eina færa leiðin til þess. Þar eru aðrar leiðir færar að mínu mati.

Í þessari umræðu hefur á stundum verið talað um að ef menn vilji ekki fara þessa svonefndu kvótasetningarleið þá sé þar með stefnt að frjálsum veiðum. Ég hygg að fáir, a.m.k. hér á hv. Alþingi, séu þeirrar skoðunar að gefa eigi allar veiðar frjálsar. Til að taka af allan vafa lýsi ég

sjálfan mig andsnúinn því að veiðar verði algerlega frjálsar, a.m.k. á meðan auðlindin er jafntakmörkuð og raun ber vitni. Hitt er annað mál að það eru möguleikar á að hefta eða takmarka sóknina með öðrum leiðum en kvótasetningu. Í rauninni fjallar álit lögspekinganna Sigurðar Líndals og Sigurðar Magnússonar um það.

Af því að við erum að fjalla um smábáta er auðvitað hægt að benda á ýmsar leiðir sem færar eru til að takmarka sóknargetuna. Þar mætti fyrst nefna náttúruna sjálfa því að krókaveiðar eru þess eðlis að þær eru ekki stundaðar í hvernig veðri sem er, m.a. vegna of mikils reks þegar vindur er kominn yfir 6–7 vindstig. Náttúran sjálf sér ein og út af fyrir sig um meiri takmarkanir gagnvart smábátum heldur en gerist með stærri fiskiskip sem geta, hin stærstu, stundað veiðar sínar í nánast hvaða veðri sem er.

Í öðru lagi er hægt að ná slíkum takmörkunum fram með því að tilgreina ákveðin tímabil þar sem smábátum er beinlínis óheimilt að stunda veiðar og má þá nefna tímabil eins og þá mánuði þegar veður eru hvað vályndust, í hinu svartasta skammdegi þar sem helst er von á illviðrum. Í því sambandi mætti einnig hafa ákveðna daga, t.d. laugardaga og sunnudaga, einhverja útfærslu í þeim dúr þar sem ákveðin tímabil, ákveðnir dagar, yrðu beinlínis banndagar við veiðum. Það er alla vega viðleitni til að takmarka sóknargetu.

Þá hefur líka komið fram í umræðunni að takmarka balafjölda og óneitanlega gengur það, herra forseti, fram úr öllu hófi hvernig hinir áhugamestu og djörfustu sjósóknarar hafa róið, með hvílíkan balafjölda þeir hafa róið til fiskjar. Það nær í sumum tilfellum engri átt og þar mætti auðvitað setja inn mjög skýrar takmarkanir, sanngjarnar og eðlilegar. Það mundi ekki síður byggjast á öryggisástæðum.

Í raun er það þessi hugmyndafræði sem brtt. hv. minni hluta gengur út á og ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að þær eru mér í raun afskaplega hugnanlegar. Hins vegar met ég það svo að það sé einfaldlega ekki pólitískur vilji fyrir því á Alþingi að fara þá leið. Það er bara hin kaldi veruleiki. Það er mat mitt á stöðunni.

Ég vil líka, herra forseti, nefna í þessu sambandi, sem réttilega er á bent, að með því að bæta í smábátapottinn sé í raun verið að taka frá öðrum. Þar er sérstaklega nefndur hinn gleymdi floti, sem er má segja mikið réttnefni, en það eru bátar í aflamarki sem hafa alls ekki farið vel út úr þeirri þróun sem verið hefur í sjávarútveginum á síðustu árum. Sá floti gegnir auðvitað ekki síður mikilvægu hlutverki hvað varðar atvinnustig í sjávarplássum og þess vegna er afskaplega brýnt að hyggja að þeim flota. Auðvitað er ekki rétt að taka af honum og rétta öðrum. En í allri umræðu um sjávarútvegsmál, kvótamál og þær miklu deilur sem lengi hafa verið og munu örugglega verða enn um hríð þá er þetta kjarni málsins.

Þetta snýst um hagsmuni, hvaða veiðifloti hefur aðgang að auðlindum. Við vitum það, herra forseti, að hagsmunir eru þar ólíkir. Norðlendingar hafa annarra hagsmuna að gæta en Sunnlendingar, Suðurnesjamenn, Vestfirðingar og þar fram eftir götunum. Menn munu því áfram togast á um þetta en ég tel, og hef áður lýst þeirri skoðun, það beinlínis ranga uppsetningu að tala um að taka frá öðrum, að það þurfi að grípa til þess að taka frá öðrum þó að staða smábátanna verði lagfærð. Það er einfaldlega röng uppsetning.

Ég vil rökstyðja það með því, herra forseti, að við erum í rauninni að ræða um u.þ.b. 5–6 þús. tonn. Það er allt og sumt sem snertir smábátana til þess að þokkalegur friður geti orðið um þá og það mikilvæga hlutverk sem þeir gegna. Um það snýst málið.

Ef við skoðum þessi 5–6 þús. tonn í samanburði við þá miklu óvissu sem almennt liggur fyrir hvað varðar fiskveiðiráðgjöfina þá tel ég að 5–6 þús. tonn séu í rauninni hverfandi. Ég vil í þessu sambandi líka benda á og bæta við þær tölur sem heyrst hafa í umræðunni um brottkast af hinum ýmsu tegundum veiðiskipa og ég vil líka nefna tölur um nýtingarstuðla vinnsluskipanna þar sem menn hafa jafnvel fullyrt að nýting fullvinnsluskipa sé í rauninni ekki nema 25%. Sé þetta allt saman tekið saman er með gildum rökum hægt að halda því fram að veiðin, hin svonefnda umframveiði, sé á bilinu 50 og þeir sem kannski svartsýnastir eru og ganga lengst í spádómum nefna allt að 100 þús. tonna umframafla. Þar með erum við í raun að tala um, ef sú hæsta tala er tekin, að smábátarnir séu með u.þ.b. 5% af þessu. Það er allt og sumt. Þess vegna er, herra forseti, beinlínis rangt að segja að þessi 5–6 þús. tonn sem hér er verið að takast á um hvað varðar smábátana hleypi allri fiskveiðistjórn og öllum veiðistofnum okkar í voða. Það er beinlínis rangt.

Herra forseti. Það er líka rétt að draga fram ónákvæmni í ráðgjöfinni. Ég er sannfærður um að okkar ágætu fiskifræðingar stunda vísindastörf sín af mestu samviskusemi og að spár þeirra byggja á bestu vitneskju. Gallinn er hins vegar sá að vitneskja okkar um það flókna púsluspil sem lífríki sjávar er, er afskaplega takmörkuð. Ekki þarf annað en að veðurskilyrði breytist til lengri tíma, seltustig sjávar breytist, hitastig sjávar breytist, þá hefur það áhrif á fiskinn á fiskislóð okkar.

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi einnig nefna að ef skoðaðar eru veiðitölur frá 20. öld, frá síðustu öld, kemur í ljós það sama hér og í Færeyjum að alltaf hafa verið og örugglega munu alltaf verða sveiflur í fiskstofnunum og sveiflur í fiskigengd. Það er bara einfaldlega svo. Fyrir því eru náttúrulegar ástæður og við kunnum ekki enn þá skýringar á því sem veldur þessum náttúrulegum sveiflum. Og þá er, og á það hafa m.a. vísindamenn í náttúrufræði bent, skynsamlegt þegar þessir toppar gefa sig, eðlilegt og skynsamlegt að nýta þá. Við erum í raun að kasta verðmætum burt með því að láta þá hverfa.

Í sambandi við þessa óvissu finnst mér athyglisvert að vitna í frétt sem sagt var frá í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu af einum 100 þorskum, stórum og miklum hrygningarþorskum sem teknir voru úti af Suðurlandi og merktir með örbylgjugjafa frá hinu merkilega fyrirtæki Stjörnu-Odda og síðan var þeim sleppt í sjóinn aftur. 50 þessara þorska mun vera búið að veiða aftur og menn hafa lesið hvað varð um þá eftir að þeim var sleppt. Þar kemur í ljós að þeir virðast halda sig niðri á þúsund metra dýpi og samkvæmt ályktun sem dregin var í þessari frétt er eins og þeir skjóti sér annað slagið upp á hrygningarstöðvar til þess að gegna því hlutverki sínu að hrygna.

Ef við drögum ályktanir af þessu hljótum við að spyrja okkur: Hvað er þessi stofn stór sem heldur sig á u.þ.b. 1.000 metra dýpi? Ég hef heyrt vísindamenn leiða líkur að því að þetta kunni að vera óheyrilega stór og mikill stofn sem við erum að vannýta og að bara örlítið brot af honum komi annað eða þriðja hvert ár upp á hrygningarslóð. Sé þetta rétt, og er auðvitað mikilvægt að kanna það, má segja að skynsamlegt sé að nýta skepnurnar þegar þær gefa sig á fiskislóð.

Herra forseti. Ég hef kannski í löngu máli gert grein fyrir fyrirvara mínum á nefndarálitinu. Ég hef áður lýst því

að ég tel að komið hafi fram nægjanleg rök til að sýna fram á að kvótasetningin er óþörf hvað varðar smábátana og að fara eigi aðrar leiðir. Hins vegar styð ég nefndarálitið frá meiri hluta hv. sjútvn. einfaldlega vegna þess að ef ekkert er að gert verður sársaukinn og erfiðleikar smábáta víða um land enn verri. Ég tel með öðrum orðum að frv. sem við erum að fjalla um, frv. hæstv. sjútvrh., stuðli að mildandi aðgerðum og í ljósi þess að ætla má að ekki sé pólitískur meiri hluti fyrir því að afnema kvótasetninguna þá tel ég það beinlínis skyldu mína gagnvart smábátum að styðja þá mildandi aðgerð sem frv. gengur út á.

Herra forseti. Þar að auki eru hér nokkur afskaplega góð mál sem snerta ekki eingöngu smábátana sem vert er að gera aðeins grein fyrir og hv. nefndarmenn hafa farið yfir í ágætum ræðum í dag. Þar vil ég fyrst nefna 5% ákvæðið um að bátar mega koma, og ekki bara smábátar, með 5% afla og ekki bara í hverri veiðiferð heldur yfir veiðitímabilið eins og hv. formaður sjútvn. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni. Ég tel það mjög mikil tímamót og langþráð markmið að stíga þessi fyrstu skref. Þetta er alveg óneitanlega aðgerð til þess að draga úr brottkasti og hefur oft komið hér til umræðu og margir hafa lýst þeirri skoðun sinni að þeir styddu þessa leið. Um það má lengi deila hvort 5% séu næg, en ég get tekið undir þau rök að í lagi sé að stíga varlega til jarðar hin fyrstu skref og sjá árangurinn og stíga næstu skref í ljósi þeirrar reynslu.

Það er líka vert að draga það fram hér að þetta muni hafa jákvæð áhrif á markað. Þetta mun þýða aukið framboð á fiskmörkuðum og aukið framboð ætti að leiða til þess að markaðsverðið lækki sem hljóta að teljast jákvæð áhrif. Þar að auki eru önnur jákvæð áhrif við þetta að því meira sem kemur á land af veiddum afla, því meira sem dregur úr brottkasti, þeim mun nákvæmari upplýsingar fá vísindamenn Hafrannsóknastofnunar og hefur það beinlínis áhrif á mælingar þeirra á stærð fiskstofna. Ég styð jafnframt og tel það vera mun skynsamlegra, að í stað þess að festa 10 kr. á hvert kíló sem áhöfn og útgerð fá greitt fyrir, séu sett 20% eins og gert er ráð fyrir í áliti og breytingartillögum meiri hluta hv. sjútvn. og ég hygg að minni hluti styðji líka. En það er líka rétt að velta því fyrir sér hvaða áhrif það hafi. Menn gætu ímyndað sér að þessi 5% gætu teóretískt a.m.k. fært að landi aflaverðmæti sem nema kannski um 800 millj. kr. Samkvæmt frv. er þeim verðmætum ætlað að ganga til Hafrannsóknastofnunar og það er auðvitað mjög jákvætt mál því að ekki veitir af því að styðja rannsóknir.

Ég get hins vegar tekið undir það sjónarmið, og ég hygg að enginn sé því andsnúinn og kom það fram m.a. í umræðum innan hv. nefndar, að í framtíðinni væri líklega skynsamlegra að leggja þetta í almennan sjóð þannig að fleiri en vísindamenn Hafrannsóknastofnunar hafi aðgang að því. Hins vegar er eðlilegt að bíða og sjá hver þróunin verður. Þetta er mál sem hv. nefndarmenn sjútvn. munu örugglega fylgjast með og með vorinu eða í fyllingu tímans er eðlilegt að taka það upp á grundvelli reynslunnar og þróa það frekar. Í framtíðinni teldi ég t.d. mjög eðlilegt, ef þetta verða veruleg verðmæti, að hluti af þessu gjaldi renni til öryggismála sjómanna. Má í sambandi við það nefna nýlegt dæmi úr Morgunblaðinu í morgun þar sem greint er frá því að Landhelgisgæslan sé að hefja söfnun upp á 30 millj. kr. fyrir nætursjónauka. Svona sjálfsögð atriði sem auka öryggi sjófarenda eru mál af þeim toga sem er eðlilegt að skoða ef þessi sjóður reynist verða myndarlegur. En reynslan á auðvitað eftir að skera úr um það og hv. sjútvn. hlýtur að taka það til skoðunar.

Ég tel mjög mikilvægt eins og ráðherra hefur lýst hér að virkja þá heimild sem hann hefur — þetta er kannski vannýtt heimild — til að auka tegundir sem enginn er í rauninni að gera út á en slæðast á, einn og einn tittur. Þetta eru tegundir eins og karfi og jafnvel koli og skötuselur. Það er alveg ljóst að enginn gerir út á þær. Enginn heldur smábátaútgerð uppi gagngert til þess að gera út á þessar tegundir en menn komast ekki hjá því að fá eitt og eitt slíkt kvikindi á færi. Því er auðvitað algerlega út í hött að neyða menn til að kasta slíku og það er fagnaðarefni ef slík heimild er virkjuð eins og ráðherra hefur talað um og var rætt um í nefndinni. Það er önnur aðgerð til þess að draga úr brottkasti.

Herra forseti. Í þriðja lagi fagna ég því sem fram kemur í frv. og ítreka það að hinir svonefndu þakbátar fái að velja sig inn í dagakerfið. Ég tel að það sé skynsamleg niðurstaða, eins og kemur fram í nefndaráliti og hv. formaður samgn. gerir ráð fyrir, að breyta því ákvæði frv. að menn geti farið í skipti á milli stóra kerfisins og litla kerfisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hyggilegt og ég styð þá breytingu mjög eindregið því að þó að kannski megi í einhverjum tilvikum færa rök fyrir skynsemi þess að fara í slík skipti, eins og bent hefur verið á varðandi ýsugengdina við Grímsey núna, þá eru það varasöm skref og kunna að vera fyrstu skrefin í því að brjóta múrana á milli þessara tveggja kerfa. Það tel ég að megi ekki gerast.

Ég hygg að við útfærslu á pottunum sem eru í frv. þurfi að taka til skoðunar aflamarksbáta, ekki síst hina litlu aflamarksbáta eins og m.a. hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vék hér að, báta sem rétt slefuðu yfir það að vera í 6 tonnum og voru dæmdir í kvótasetningu en hafa í raun orðið fyrir eilífum skerðingum. Það er mjög sanngjarnt gagnvart þeim og byggðarlögum sem eru háð slíkum bátum að þeir eigi möguleika á að komast inn í slík kerfi.

Að lokum, herra forseti. Eitt mikilvægt atriði er samt ekki inni í þessu frv. Þess er þó getið í nefndaráliti og hv. formaður nefndarinnar gerði mjög rækilega grein fyrir því hér. Það er hið svonefnda gólf gagnvart dagabátum. Eftir því sem fulltrúar sjútvrn. sögðu var ekki tími til þess að útfæra þá aðferð. Kannski má með sanni segja að það sé heldur ekkert aktúelt fyrr en við upphaf næsta fiskveiðiárs. Hins vegar er alveg ljóst eins og kemur fram í nefndaráliti að sjútvn. mun taka á því máli og hún mun skila tillögum um það fyrir 1. febrúar. Það er mjög mikilvægt að gera það og ég vil enn og aftur rifja upp þá stöðu sem hér var komin upp árið 1995 með sambærilegu banndagakerfi þegar smábátum var ætlað í raun að lifa af sex til sjö dögum eða hvað það var orðið. Ef ekkert verður að gert er alveg ljóst að sú staða mun koma upp í framtíðinni og ég held að betra væri að ganga að þessum bátaflota dauðum strax frekar en láta þá engjast hægt og rólega þar til endanlega fjarar undan þeim. Þess vegna tel ég það vera eitt af brýnustu verkefnum sjútvn. núna að ljúka þessu verki og skila frv. ekki síðar en 1. febrúar eins og segir í nefndarálitinu.

Hitt er svo annað mál að ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að ýta á eftir þeirri heildarendurskoðun sem á sér stað núna á fiskveiðistjórnarkerfinu þar sem hlýtur að verða lögð áhersla á aflamarksbátana. Það hlýtur að vera meginatriði eins og ég nefndi hér áðan því að þeir eru ekki síður mikilvægir fyrir einstök byggðarlög en smábátar fyrir önnur byggðarlög.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja.

[18:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem vakti athygli mína í ágætri ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar var í fyrsta lagi það að fyrir liggja brtt. við tillögu meiri hlutans sem hann taldi sig í megindráttum vel geta stutt. En vegna þess að ekki væri meiri hluti í þinginu fyrir því að standa að þeim breytingum, þá gæti hann það ekki. Ef svo er háttað almennt um mál að hv. þm. standa ekki við sannfæringu sína og skoðun á málum sem eru hér á ferðinni, þá næst aldrei fram hinn raunverulegi vilji þingsins til breytinga. Ég verð því að spyrja hv. þm.: Finnst honum það í rauninni vera hin þingræðislega afstaða í málinu að koma þannig fram? Væri ekki miklu réttara að segja bara: „Ég styð tillöguna"? Því að í máli hans kom einmitt fram að með þeim brtt. sem liggja fyrir mundi frv. í heild sinni verða betra.

Í öðru lagi varðandi þá endurskoðun sem hv. þm. var að heita að yrði að vera búið að ljúka fyrir 1. febrúar á næsta ári. Hefur hv. þm. velt því fyrir sér hvernig aðrar dagsetningar á sl. tveim eða þrem árum hafa staðist varðandi tillöguflutning og ákvarðanatöku sem hefði átt að liggja fyrir á hinu háa Alþingi gagnvart fiskveiðum?

[18:03]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur kannski ekki lagt nógu vel við hlustir. Hér fer fram, eins og gjarnan þegar mál koma úr nefndum, pólitísk umræða um efnisleg atriði þeirra mála sem eru til umræðu. Ég lýsti áðan eins og ég gerði við 1. umr. og eins og ég hef gert í þessu máli afstöðu minni til þess. Hún er ekkert leyndarmál. Hún hefur alltaf legið ljós fyrir.

Ég vek hins vegar athygli á því að við erum ekki í atkvæðagreiðslu núna. Atkvæðagreiðsla um málið á eftir að fara fram og þá bið ég hv. þm. um að skerpa athygli sína afskaplega vel.

Hitt er annað mál, herra forseti, að ég er enn þeirrar skoðunar að þeim lögum sem tóku gildi 1. september sl. muni ekki verða breytt. Að þeirri forsendu gefinni tel ég það vera beinlínis út í hött að leggjast gegn þeim breytingum sem hér eru til umræðu, að þeirri forsendu gefinni. En ég ítreka að hér er ekki atkvæðagreiðsla heldur pólitísk umræða.

[18:04]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að nú er ekki atkvæðagreiðsla. Hér er hins vegar pólitísk umræða og þar lýsa menn yfir hvaða augum þeir líta þá pólitísku umræðu sem muni leiða til atkvæðagreiðslu og ákvörðunar. Ég vek aftur athygli á því að að mínu viti eiga að fara saman áherslusjónarmið og atkvæðagreiðsla og ég bara bíð að orðum hv. þm. eftir henni.

Hv. þm. vék að aflamarksbátunum og stöðu þeirra sem hafa lent í stöðugri skerðingu og hafa orðið svo sannarlega illa úti í þeirri þróun sem orðið hefur. Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Hvers vegna tók nefndin þá ekki sérstaklega á stöðu þeirra báta líka um leið? Ég tek alveg undir það með hv. þm. að staða þeirra er alvarleg. En ekki er um mörg tonn að ræða. Þetta er ekki eitthvað sem ríður baggamuninn hvernig stjórn fiskveiða í heild sinni gengur eða hvernig áhrif þetta hefur á heildaraflamagn úr sjó. Þar eru miklu stærri óöryggisþættir sem hafa áhrif á það heldur en að koma til móts við þann augljósa vanda og það augljósa óréttlæti sem þarna er á ferðinni gagnvart þessum bátum. Hvers vegna var ekki tekið á því líka núna? Það er brýnt.

[18:06]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að hér er í sjálfu sér ekki um mörg tonn að ræða og um það fjallaði m.a. drjúgur hluti ræðu minnar þar sem ég vitnaði til óvissunnar um fiskveiðiráðgjöf, brottkastsins, nýtingarstuðla o.s.frv. Það er mín skoðun. Ég tel að hægt sé að nálgast það með þeim hætti.

Varðandi skerðinguna á aflamarksbátum verður líka að hafa í huga annars vegar að þessi flutningur yfir á smábáta hefur óneitanlega skert þá en við megum heldur ekki gleyma þeirri staðreynd að heildarpotturinn hefur minnkað. Við búum ekki við sömu gósentíma og var þegar veiði var hvað mest.

Hvers vegna nefndin tók ekki á þessu — það hefur komið fram að það er vilji nefndarinnar að starfi um heildarendurskoðun verði hraðað. Það er í rauninni niðurstaðan. En ég tek undir það með hv. þm. að hér er ekki um þann fjölda tonna að ræða sem vegur þungt ef við skoðum alla þá óvissu sem á sér stað í náttúrunni við ráðgjöfina almennt, hinar reikningslegu forsendur, brottkast, nýtingarstuðlar o.s.frv. Að mínu mati væri hægt að leysa það.

[18:08]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason kvað mjög fast að orði áðan og sama gerir reyndar meiri hluti nefndarinnar í nál. sínu að fram komi og muni örugglega koma fram frv. til endurskoðunar á þeim atriðum hvað varðar veiðar smábáta sem hv. þm. fór yfir. Það frv. muni koma fram ef heildarendurskoðunarfrv. verði ekki lagt fyrir þingið. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann telji öruggt, úr því að hann leggur svona mikla áherslu á að sú endurskoðun fari fram á þeim atriðum sem varða veiðar smábátanna svo fljótt sem auðið er, að þó að frv. sjútvrh. um heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða komi fram á þessum tíma, þá sé öruggt að umfjöllun um það ljúki á næsta vori þannig að þessum bráðaaðgerðum fyrir smábátana muni þá örugglega ljúka fyrir vorið og hvort meiri hlutinn og hv. þm. telji þetta svo öruggt að það megi þá tengja það saman.

Ég nefni þetta vegna þess að hv. þm. lagði slíka ofuráherslu á að þessi ákvæði yrðu endurskoðuð og að þetta frv. kæmi fram fyrir 1. febrúar og það gerir meiri hluti nefndarinnar líka.

[18:09]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja að heildarendurskoðun hefur að mínu mati gengið allt of hægt eins og hv. þm. veit. Það hefur verið rætt og það er hygg ég vilji allra að hraða því.

Við erum í rauninni að tala um tvennt. Það er heildarendurskoðun og síðan þetta eina ákvæði sem ýmsir hv. þm. hefðu viljað fá inn núna strax, þetta svokallaða gólf í dagabátakerfið. Ekki vannst tími til þess eins og ég greindi frá í ræðu minni áðan. En það er alveg skýrt að hv. meiri hluti sjútvn. segir í nál. að þetta tiltekna atriði muni hann taka til skoðunar og ljúka því verki fyrir 1. febrúar. Þar erum við auðvitað bara með einn örlítinn afmarkaðan þátt sem tengist þessu máli óbeint í sjálfu sér. En hins vegar er ástæða til, af því að hér hafa aflamarksbátar verið nefndir, fullvinnsluskipin hafa komið inn í umræðuna, nýtingarstuðlar og annað,

að fara í heildarendurskoðun þar sem málin eru tekin upp út frá öllum þessum hliðum.

Af því að verið er að fjalla um verulegar breytingar á smábátahópnum sérstaklega, þá teljum við mjög mikilvægt að höggva á þann hnút sem er í sambandi við gólfið á dagabátunum þannig að við sjáum þar gólf, og 1. febrúar er ekki mjög langt undan. En málið sjálft efnislega er hins vegar ekki aktúelt fyrr en á næsta fiskveiðiári. Það er það sem mestu máli skiptir, að því verki verði lokið við upphaf næsta fiskveiðiárs.

[18:11]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég man ekki eftir því að meiri hluti sjútvn. eða annarra nefnda taki svo afdráttarlaust til orða og hóti ráðherra með svo skýrum og ákveðnum hætti, að ef ekki verði það þingmál sem hann stendur fyrir að flytja afgreitt og því komið til umfjöllunar í þinginu, þá grípi nefndin til sinna ráða. Ég velti því svolítið fyrir mér hvaða stöðu þetta hefur allt saman gagnvart ráðherranum og hvort hann muni geta þolað slíka niðurlægingu sem það væri að nefndin tæki af honum ráðin og flytti hluta af þessari endurskoðun vegna þess að hann hefði ekki tök á því að ljúka málinu.

Ekki ætla ég að kveða upp dóm í því efni en auðvitað hljóta menn að taka mjög eftir þessu hvernig þarna er að málum staðið og menn munu fylgjast mjög náið og vel með því hvort menn standa nú við stóru orðin þegar á á að herða.

[18:13]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að einkunnaspjöldin, hv. þm. dró upp tvö, annars vegar hótun og hins vegar niðurlæging, eigi ekkert erindi inn í þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Ég held einmitt að einkunnir af slíkum toga séu á engan hátt til þess að bæta nokkra umræðu.

Þetta er hvorki hótun né yfirvofandi niðurlæging fyrir hæstv. sjútvrh. Eins og hv. þm. veit er heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða afskaplega umfangsmikið mál og hefur eins og ég nefndi áðan gengið allt of hægt. Það sem við óttumst er að akkúrat þetta tiltekna mál, um gólfið á dagabátana, muni dragast ef stóra nefndin lýkur ekki störfum mjög fljótlega. Þetta er með vitund og vilja hæstv. sjútvrh. þannig að þetta er hvorki hótun né niðurlæging. Ég bið um að hv. þm. láti af því að tala með slíkum hætti að gera nefndinni eða sjútvrh. upp slíkt. Þetta er hvorki hótun né yfirvofandi niðurlæging. Það er bara verið að vinna í þessu efnislega í sátt og samlyndi, herra forseti.

[18:14]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðismál, 358. mál, nál. félmn., þskj. 558.

Kvikmyndalög, 227. mál, nál. menntmn., þskj. 559; brtt. menntmn., þskj. 560.

Loftferðir, 252. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 548; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 549.

Nauðgunarmál, 118. mál, svar dómsmrh., þskj. 545.

[18:15]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Hæstv. forseti. Í því frv. sem hér er til umræðu má margt gott finna en ég vara við því að stöðugt séu færðar meiri aflaheimildir til krókaaflamarksbáta á kostnað þeirra sem eru í aflamarkinu. Umframveiði krókabátanna hefur hingað til bitnað á aflamarksskipunum og ekki síður smábátum í aflamarki. Dæmin hafa sýnt og sannað að gengdarlaus ásókn hefur verið í stofna utan kvóta krókabátanna og veiðin margföld miðað við það sem gert hefur verið ráð fyrir. Má þar nefna sem dæmi að ýsuveiði krókabáta undanfarin ár hefur verið ríflega 21 þús. tonn umfram það sem miðað var við. Umframveiði krókabáta á þorski frá 1984 hefur numið tæpum 290 þús. tonnum. Umframveiði í steinbít síðustu fimm fiskveiðiár eru á fimmta þúsund tonn eða um það bil 110% umfram þá hlutdeild sem ráð var fyrir gert. Sé dæmi tekið af síðasta ári veiddu krókabátarnir 9.771 tonn af steinbít umfram þau 3 þús. tonn sem þeim voru ætluð og jafngildir það 225% umframveiði.

Að sjálfsögðu hefur þessi mikla umframveiði smábátanna gífurleg áhrif á aflamarksskipin. Þau hafa misst um 40% af veiðiheimildum sínum frá árinu 1984. Neikvæðu áhrifin eru eðlilega þau að umframaflinn sem sóttur er á kostnað aflamarksskipanna eykur að sjálfsögðu rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja um land allt.

Árið 1984, þegar kvótakerfið var sett á, var hlutdeild smábáta 3,3% af þorksveiðiheimildum. Hefði verið tekið mið af veiðireynslu þeirra hefðu þeir ekki fengið úthlutað nema 1,97%. En vegna þrýstings og þess að menn töldu að ekki hefði allur afli verið skráður var smábátunum úthlutað 3,3% þorskveiðiheimildanna. Undanfarin ár hafa þeir síðan fengið úthlutað um 10–20% af öllum þorskveiðiheimildum.

Á síðasta fiskveiðiári var hlutdeild krókabáta í þorskafla 17,553% samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Aukning afla krókabáta af öðrum tegundum en þorski hefur verið hlutfallslega miklu meiri á þessum tíma og aflahlutdeild aflamarksbáta hefur á sama tíma rýrnað í sama hlutfalli og nemur aukningunni hjá krókabátum. Ef steinbítskvóti hefði verið settur á krókamarksbátana á sama tíma og aflamarksbátana, þ.e. árið 1996, þá hefði úthlutunin til þeirra verið 17–18%. En þeir fengu að vera frjálsir þar til nú. Á viðmiðunarárunum er steinbítur var settur í kvóta hjá aflamarksskipunum var afli þeirra rúmlega 11 þús. tonn en steinbítsafli krókaaflamarksskipanna 2.436 tonn. Því hefðu þeir átt að fá 17,88% af steinbítskvóta í sinn hlut en fá nú 38,39%. Það er bara ein kaka til skiptanna og um leið og einum hópi hagsmunaaðila er úthlutuð stærri sneið skerðist að sjálfsögðu hlutur hinna.

Sé litið á dagabátana þá eru núna 219 dagabátar sem mega veiða 21 sólarhring á ári. Þetta voru 23 sólarhringar en hefur verið skert í 21 sólarhring. Í fyrra kom í ljós að að meðaltali veiddust 2 tonn á bát á hverjum þessara sólarhringa. 1.200 tonn voru tekin frá í reglugerðinni vegna þessara veiða en þegar upp var staðið reyndist afli þeirra vera 8.000 tonn. Aflinn jókst um 25% frá árinu áður.

Veiðireynslan hjá þeim bátum sem völdu að stunda veiðar í sóknardagakerfi, þessu 23 daga kerfi, var metin til 1.371 tonna af þorski og það áttu þeir að fá í þorskaflahámark en umframveiðin frá 1998–2001 var 11.954 tonn. Til að átta sig á þessari þróun má geta þess að á fiskveiðiárinu 1998/1999 var meðalþorskaflinn hjá þessum bátum 25,5%, á fiskveiðiárinu 1999–2000 var meðalþorskaflinn hjá þessum bátum 31% og hafði aukist um 23,5% frá árinu þar áður. Á fiskveiðiárinu 2000/2001 var meðalþorskaflinn hjá þessum bátum 36 tonn og hafði aukist um 14,28%. Inn í þetta kerfi eru að koma stærri og betur útbúnir bátar sem geta veitt

töluvert meira en þeir bátar sem byrjuðu í þessu dagakerfi 1998/1999.

Brottkast er veikleiki í kvótakerfinu en hefur ætíð tengst fiskveiðum og á sér mun lengri sögu en kvótakerfið. Tekið er á þeim vanda að hluta hér með 5% reglunni sem lögð er til í þessu frv., þ.e. að allt að 5% af heildarafla veiðiskips reiknist ekki til kvóta. Með reglunni er útgerðaraðilum gert kleift að koma með þann meðafla að landi sem e.t.v. er ekki til nægjanlegt aflamark fyrir í viðkomandi tegund og að öllu jöfnu hefði verið freistandi að henda fyrir borð.

Einnig var tekið á brottkastsmálum með öðru frv. sem nýlega var rætt á þingi þar sem útgerðum var gert skylt að koma með allan afla að landi hvort sem um væri að ræða sýktan, selbitinn eða skemmdan fisk en honum er landað sér og reiknast ekki til aflamarks.

Talað hefur verið um þá ósanngirni sem átt hefur sér stað gagnvart smábátunum að kvótasetja tegundir sem hingað til hafa verið frjálsar, en hæstv. forseti: Hvaða sanngirni er að leyfa sumum sjómönnum að veiða stöðugt meira magn á kostnað annarra sjómanna? Það er ekki með nokkurri sanngirni hægt að segja að kerfið hafi verið krókaaflamarksbátunum ósanngjarnt í samanburði við aðra. Ég vil veg smábátaútgerðar sem mestan og bestan en ekki á kostnað annarra útgerðaraðila sem tilheyra öðru kerfi. Ég vil veg sjávarútvegsins í heild sem mestan og bestan og að stærri jafnt sem smærri útgerðir megi eflast og dafna um ókomna tíð.

[18:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því sem fram kom í ræðu hv. þm. þá vil ég láta þess getið að steinbíturinn hefur orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að fara einu sinni inn í kvótakerfið. Það var árið 1984. Hann fékk að fara út úr því aftur og var utan kvóta fram til ársins 1996. Það fóru sem sagt fram frjálsar veiðar á honum frá árinu 1985/1996. Hvað skyldi hafa gerst á þessu tímabili? Gerðist eitthvað stórkostlegt? Var verið að rústa stofninum eða fóru fram óeðlilegar veiðar á þessum stofni? Nei, alls ekki. Aflinn var að meðaltali 13–16 þús. tonn, hékk á því bili. Samkvæmt nánari útreikningi var hann rúm 13 þús. tonn yfir allt tímabilið.

Þegar steinbíturinn kom inn í kvótann fiskveiðiárið 1996/1997 var það svo að fyrsta árið sem hann var í kvóta, 1996/1997, kláraði aflamarksútgerðin ekki kvótann sinn. Hún notaði 462 tonn af steinbít til að búa til aðrar fisktegundir. Hið öfluga aflamarkskerfi kláraði ekki kvótann sinn. Þá veiddust ekki 1680 tonn 1997/1998, tæplega 3.000 tonn 1998/1999 og tæplega 2 þús. tonn 1999/2000, sem er síðasta árið sem ég hef upplýsingar um. Ég held að á síðasta fiskveiðiári hafi aflamarksflotinn einnig skilið eftir óveiddar heimildir í steinbít. Aflamarksflotinn hefur alltaf staðið uppi með að hafa ekki klárað heimildir sínar í steinbít. Það er von að það sé frá einhverjum tekið sem ekki veiðist.

[18:26]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo að steinbíturinn hefur verið mjög góður í skiptum fyrir aðrar aflaheimildir. Það veldur nokkru um að sá kvóti hefur ekki klárast. Útgerðir hafa gjarnan skipt honum upp í verðmætari eða það sem þeir kalla eftirsóknarverðari tegundir. En þar með er ekki sagt að steinbíturinn verði ónýtur í sjónum þó hann sé ekki veiddur það árið.

[18:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það er aldeilis ekki svo að steinbíturinn verði ónýtur í sjónum. Hann skiptir um tennur á hverju einasta ári til að geta étið á nýjan leik, brutt skelina sína þegar hann kemur upp á grunnmiðin. Það er einfaldlega þannig að steinbíturinn fitar sig þegar hann kemur inn á grunnmiðin.

Ég dreg mjög í efa að það sé sérstaklega góð nýting á steinbítnum að veiða hann á haustin þegar hann er hálftannlaus og horaður. Sennilega þyrfti að huga að því hvers vegna veiðar togaranna t.d. út af Látragrunni hafa fengið að þróast með þeim hætti á undanförnum árum sem raun ber vitni.

Svo ég víki máli mínu að ýsunni sem hv. þm. kom að líka þá er ég með yfirlit yfir þær veiðar. Það kemst kannski ekki fyrir í þessu andsvari að greina frá því öllu. Þar er hins vegar við það að búa að ýsan er búin að vera lengi í kvótakerfi. Ef við byrjum á fiskveiðiárinu 1992/1993 þá skildi aflamarksflotinn eftir 5 þús. tonn af heimildum sínum, sem hann notaði í tegundartilfærslu. Á árinu 1993/1994 skildi hann eftir 3.300 tonn af heimildum sínum í ýsu sem hann notaði í tegundartilfærslu. Á árinu 1994/1995 sildi hann eftrir 2.200 tonn af heimildum sínum í ýsu sem hann notaði í tegundartilfærslu. Á árinu 1995/1996 skildi hann eftir tæplega 3.000 tonn af ýsu sem líka var notað í tegundartilfærslu. Á árinu 1996/1997 klárar aflamarksflotinn að veiða ýsuna sína og breytir 400 tonnum til baka.

Því miður líður svo á tíma minn að ég sé að ég kemst ekki gegnum þetta. En á fiskveiðiárinu á eftir, 1997/1998, eru tæplega 5 þús. tonn af ýsu ónotuð hjá aflamarksflotanum. Þeim er breytt í hvað? Karfa og grálúðu, hagkvæmustu tegundir togaraflotans. Maður hlýtur að spyrja: Er eðlilegt að ákveðnar tegundir séu alltaf notaðar í tegundartilfærslu í aflamarkskerfinu og svo rifist hér um afkomu byggðanna?

[18:28]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Afkoma byggðanna fer einnig eftir því hvernig aflamarksskipum gengur. Það fer ekki eingöngu eftir krókaaflamarksbátunum hvort byggð dafnar hér og þar um landið. Auðvitað hafa útgerðir þurft að hagræða. Hluti af hagræðingunni hefur verið að skipta upp í verðmeiri tegundir sem seljast vel og útgerðin hefur hagrætt gífurlega og það kemur öllum til góða.

Í sóknarkerfum felst oft gífurleg sóun verðmæta, þegar eingöngu er verið að hugsa um magnið en ekki gæðin. Útgerðin tæknivæðist í þeim tilgangi að afkasta sem mest og fá sem mestan afla á þeim dögum sem veiða má (**GAK:** Þetta er nú staðlaður texti.) og sóknarmarkið leiðir almennt til offjárfestinga í greininni.

Þá er einnig erfiðara að samhæfa veiðar og vinnslu í sóknardagakerfi. Það er alveg hægt að taka sem dæmi lúðuna í Bandaríkjunum sem var gefin frjáls að því leyti að það mátti sækja í hana með ákveðnum sóknardögum. Það fór svo að skipin tæknivæddust það mikið að nú er þetta komið niður í einn dag sem veiða má á ári. Hvaða skynsemi er í því?

[18:30]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill geta þess að hann hyggst freista þess að ljúka umræðu um 2. dagskrármálið nú í kvöld. Matarhlé verður gert kl. hálfátta en út af dagskrá verður tekið 3. dagskrármálið.

[18:31]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er svolítið sérkennileg staða að hér skuli vera ræddur lítill hluti flotans, örlög hans og möguleikar, en á sama tíma á að vera í gangi heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða þótt maður hneigist til að draga það í efa, ekki síst ef litið er til nál. meiri hluta hv. sjútvn. Eins og hér hefur komið fram virðast menn telja sig knúna til að vera með — og ég ætla bara að segja það — hótanir við ráðherra um að ef það frv. verði ekki komið fram fyrir 1. febrúar verði flutt sérstakt frv. um annan afmarkaðan hóp. Svona á líklega að taka þetta í bitum, herra forseti, og þá getum við líka haldið endalaust áfram. Það bítur hvað í skottið á öðru og þetta heldur áfram að vera hin ógeðfellda sagan endalausa. Ógeðfellda, segi ég, vegna þess að ef mönnum er annt um að þessi atvinnugrein fái að blómgast, takast með eðlilegum hætti á við þau verkefni sem bíða hennar og hún þarf að takast á við verða menn einhvern tíma að segja: Þetta er starfsumhverfið, svona er það.

Það gengur ekki, herra forseti, að gefa mönnum endalaust undir fótinn með það að ætla að breyta þessu enn og síðan er alltaf skilið eftir ráðrúm til að fara í einn dansinn enn, bjóða upp enn á ný. Það er það sem smábátaflotinn hefur mátt búa við undanfarin ár. Ætli það séu ekki að meðaltali tvær breytingar á ári sem hafa verið gerðar á starfsumhverfi þess hóps sem er að reyna að gera út á báta undir 6 tonnum. Og það verður ekkert öðruvísi í vetur. Ný löggjöf tók gildi 1. september. Nú er verið að reyna að bæta úr fyrir þeim sem telja sig fara virkilega halloka gagnvart þeirri löggjöf, þó ekki nema einum tilteknum hópi, krókaaflamarksbátunum. Hitt bíður. Heildarendurskoðunin bíður og eins og ég segi, herra forseti, mér finnst þetta fremur ógeðfelld aðferð og hún er það ekki bara vegna þess að ég vildi sjá þetta gert með öðrum hætti, þ.e. menn reyndu að hafa heildaryfirsýn, heldur er það svo að þegar við erum farin að tala um jafnfámenna hópa og hér um ræðir erum við nánast komin niður á nafn og kennitölu. Þá gleymast grundvallarskoðanir og prinsipp og menn fara því miður að tala dálítið um túnið heima hjá sér. Ég er ekki á því að það sé endilega farsælasta nálgunin fyrir okkur þegar við erum að tala um íslenskan sjávarútveg, a.m.k. finnst mér það ekki ef ég vil horfa á íslenskan sjávarútveg sem eina af burðarstoðunum í efnahagslífi okkar vegna þess að þá á nálgunin auðvitað að vera önnur.

Það eru nokkur atriði í því frv. sem hér er að koma til 2. umr. og í þeim brtt. sem og nál. okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar í sjútvn., sem ég vil gera að umtalsefni en ég vildi byrja á því, herra forseti, að fara aðeins inn í þetta vegna þess að það hefur komið hér til tals og er í nál. meiri hlutans að haldið verður áfram að flytja tillögur og frumvörp um afmörkuð mál ef ráðherrann ekki mætir með frv. sitt.

Herra forseti. Það væri gott að vita hvort hæstv. sjútvrh. er í húsinu.

(**Forseti** (GÁS): Hann er í húsinu.)

Hann er í húsinu og þá heyrir hann kannski það sem ég vildi spyrjast fyrir um. Hann talar um að vinna sé í gangi við heildarendurskoðun og ef marka má orð hv. þm. og fulltrúa í sjútvn. áðan, Hjálmars Árnasonar, er vinna við endurskoðun í gangi. Þá fýsir mig að vita hvort komin sé pólitísk niðurstaða og hvort ekki sé bara handavinna eftir og hvort menn þurfi þá að vera með þennan þrýsting eða hótanir um að þeir ætli að fara að flytja frumvörp um afmarkaða hópa eða hvort meiri hluti hv. sjútvn. hefur ekki þá aðkomu að þeirri nefnd eða er það ósáttur við þá pólitísku niðurstöðu sem verið er að vinna eftir að menn telji sig þurfa að koma fram með þeim sjálfstæða hætti sem mér virðist að gert sé í nál. þeirra.

Mér finnst, herra forseti, mjög mikilvægt að við sem erum að vinna í þessum málum fáum að vita nokkurn veginn hvernig þetta liggur fyrir, ég tala nú ekki um, herra forseti, þegar mál standa þannig að við erum alltaf þegar það passar gerð hálfábyrg fyrir þeirri niðurstöðu sem kann að verða í frv. Ég heyri það a.m.k. á hæstv. sjútvrh. í hvert skipti sem hann tekur til máls að sú nefnd sem ég sat í kjörin af hv. Alþingi á sínum tíma, auðlindanefnd, muni eiga að bera svo og svo mikla ábyrgð á niðurstöðunni. Þess vegna væri ekki ónýtt að fá að vita hvaða pólitísku niðurstöðu menn hafa náð og eru þá að vinna eftir núna. Það væri því æskilegt ef hæstv. ráðherra væri tilbúinn að taka þátt í þessari umræðu og auðga hana með þeim staðreyndum sem væri prýðilegt fyrir okkur að hafa í farteskinu, bæði áfram inn í nóttina og svo til að hugsa um í jólafríinu því að ef marka má það sem menn eru að segja ættum við að eiga það sem eitt fyrsta málið eftir jólaleyfi að takast á við nýtt frv. sem felur þá í sér næstum heildarendurskoðun. Ætla menn kannski líka að endurskoða þann kafla sem snýr að krókaaflamarksbátunum? Er þetta þá ákvæði sem er einungis til bráðabirgða og hluti af þeirri nöturlegu sögu sem smábátaútgerðin hefur mátt búa við á undanförnum árum?

Nú er ég ekki að tala um nöturlega sögu, herra forseti, í þeim skilningi að þeir hafi verið hjásettir með einhverjum hætti miðað við aðra báta í fiskveiðiflota okkar. Hreint ekki. Ég er miklu frekar að tala um það sem ég gat um áðan að það er ekki boðlegt að menn þurfi að búa við það óöryggi í sínu rekstrarumhverfi sem smábátaflotanum hefur verið boðið upp á. Ég hef oft sagt áður og get sagt það einu sinni enn að það er nóg fyrir menn að búa við það óöryggi sem fylgir því að vinna við lifandi auðlind þó að þeir eigi ekki yfir höfði sér breytingar á kerfinu frá missiri til missiris. Auðvitað er það orðið svo að menn reikna ekki með því að það standist. Það reikna allir með því að það líði kannski ár og þá verði búið að skæla það utan í einhverjum hópi þingmanna að breytingar náist fram, að bætur náist fyrir þennan hópinn og fyrir hinn hópinn og svo aftur fyrir þennan og svo þann þriðja o.s.frv. Þetta er auðvitað ekki nógu gott vegna þess að þetta hefur það eitt í för með sér að hér er enginn stöðugleiki, það eru endalausar breytingar, það er endalaus samanburður. Við fengum eina samanburðardorúna áðan hjá hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttur þar sem hún reiddi fram tölur og bar saman hvernig hin einstöku kerfi, aflamarkskerfi annars vegar og smábátar hins vegar, hefðu komið út úr þeirri þróun sem verið hefur undanfarinn áratug og ríflega það.

Nei, herra forseti, þetta er ekki nógu gott. En af því að hæstv. sjútvrh. er mættur og ég veit ekki hvort hann heyrði spurningu mína áðan er spurning hvort ég eigi ekki að endurtaka hana. (Gripið fram í.) Hann heyrði hana út undan sér, kemur fram, herra forseti. En það er kannski ekki nóg.

Herra forseti. Það er rétt að hæstv. sjútvrh. sé meðvitaður um að menn eru þeirrar skoðunar, margir hverjir, að meiri hluti hv. sjútvn. sé með jafnvel beinar hótanir gagnvart hæstv. ráðherra í nál. sínu þar sem kemur fram að ef heildarendurskoðun á lögunum liggi ekki fyrir muni verða flutt sjálfstætt frv. um dagabátana sérstaklega fyrir 1. febrúar nk. Ef marka má hins vegar það sem hæstv. ráðherra sagði hér í umræðunni og mér fannst einnig koma fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni er verið að vinna að heildarendurskoð-

uninni. Spurning mín var hvort fyrir lægi heildstæð pólitísk niðurstaða þannig að bara væri handavinna eftir. Mér finnst þá líka að hæstv. ráðherra ætti að upplýsa okkur um í hverju sú pólitíska niðurstaða felst, ekki síst okkur sem höfum það á tilfinningunni að það eigi alltaf svona a.m.k. annað veifið að snara okkur inn í ábyrgð á því sem hugsanlega kann að koma út úr þeirri málamiðlun sem stjórnarflokkarnir hafa verið í. Ég fæ alltaf á tilfinninguna þegar hæstv. ráðherra leggur lykkju á leið sína og nefnir auðlindanefndina að hann þykist vera að snara mig sem ábyrgðarmanneskju á því sem hann er að bralla úti í bæ eða menn á hans vegum þannig að mér finnst skipta verulegu máli að vita hver hin pólitíska niðurstaða er. Að minnsta kosti ætla ég ekki að taka ábyrgð á henni nema hún sé þá í samræmi við það sem ég hef áður sagt, skrifað eða lýst stuðningi við. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir þessu á eftir og þá jafnframt að við megum vera rólegri í jólahléinu gagnvart því hvað bíður okkar þegar þing kemur aftur saman.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði áðan um sanngirni, og hún spurði: Er einhver sanngirni í þessu? Er einhver sanngirni í hinu? Það er kannski fljótlegast, a.m.k. fyrir mig, að svara því neitandi. Það er engin sanngirni í þessu enda hefur það ekki staðið til. Þetta er allt í bullandi ósanngirni. Það ríkir ekkert jafnræði og það ríkir ekkert réttlæti. Menn eru að krukka reglulega í löggjöfina með handaflstilfærslu á aflaheimildum fram og til baka. Stundum er ekki alveg gott að átta sig á því hver ástæðan er og við minnkandi afla tekur þetta auðvitað á. Það eru ekki allir glaðir þegar verið er að krukka í löggjöfina um stjórn fiskveiða vegna þess að í flestum tilfellum þýða þær breytingar sem Alþingi er að gera á þessari löggjöf að verið er að flytja til mikla fjármuni. Mér finnst stundum að af því að hv. þingmenn eru að tala um aflaheimildir vilji þeir horfa fram hjá því að við erum í rauninni að færa fjármuni frá einum til annars, fjármuni í formi veiðiréttar vegna þess að veiðirétturinn á Íslandsmiðum er allur framseljanlegur. Við erum alltaf að tala um peninga og við erum að tala um mikla hagsmuni. Á meðan menn vilja hafa þetta kerfi svona, þ.e. að verið sé að færa til með handafli, held ég að erfitt verði að finna sanngirnina, a.m.k. gagnvart öllum. Það eru auðvitað alltaf einhverjir sem finnst að nú sé þetta orðið sanngjarnt gagnvart sér. Við þekkjum það auðvitað öll sem talað er við um þessi mál að það eina sem menn eru að sækjast eftir, þeir sem eru starfandi í þessari atvinnugrein, er meiri afli, það eru meiri aflaheimildir, og engum finnst nein sanngirni í því að þá sé verið að færa frá þeim og til annarra. Það má kannski segja að þeir sem eru að fá þurfi líka að upplifa það að um tímabundna sanngirni sé að ræða því að *þetta kerfi hefur tilhneigingu til að virka þannig að menn eru* aldrei neinir endanlegir sigurvegarar. Það er dálítið vont að réttlæta kerfi sem er í rauninni þannig að það tekur ekki mið af atgervi eða nálægð við mið heldur kannski miklu frekar handstýrðum ákvörðunum, ákvörðunum sem eru teknar af fólki sem situr á Alþingi, þ.e. markaðslögmálin fá ekki að vinna inni í þessu kerfi nema að litlu leyti vegna þess að það er alltaf gripið inn í og Alþingi tekur að sér að handstýra. Þetta var um sanngirnina og jafnvel réttlætið.

Herra forseti. Þá ætla ég að koma að byggðakvótanum vegna þess að í þessu frv. leggja menn upp með þriðju byggðakvótatilraunina og nú er það krókaaflamarksbyggðakvóti. Hann hefur reyndar það umfram hina tvo að honum verður úthlutað eins og öðrum veiðiheimildum af sjútvrh. Hann er hluti af 9. gr. sem er eins konar áfallagrein sem hægt er að nýta ef talið er nauðsynlegt að bregðast við vegna áfalla sem einstakar útgerðir, einstakur veiðiskapur verður fyrir. Hann hefur það fram yfir, en eigi að síður, herra forseti, verð ég að lýsa því yfir enn og aftur að mér finnast þessar aðferðir fremur ógeðfelldar. Ég lýsti því yfir strax þegar fyrsta tilraunin var gerð árið 1995 og 500 brúttólestirnar voru settar inn til Byggðastofnunar að mér fyndist þetta ógeðfellt. Ég veit að margir hugsuðu eins hér í salnum en fáir komu hér upp til að bakka mig upp ef nokkur og það sama endurtók sig í raun 1999 þegar 1.500 þorskígildistonnin voru sett inn í Byggðastofnun. Ég andmælti því. Það kom fram í umræðunni fyrr í dag að hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagðist hafa efast mjög og ég veit að þeir voru fleiri, en þeir gengu ekki fram fyrir skjöldu þó að þeir töluðu kannski þannig í sínum þingflokki og reyndu að hafa áhrif og ég virði það svo sem með stjórnarþingmenn. En alla vega rifjaði ég upp þá hver hefðu orðið örlög þessara 500 þorskígildislesta. Þau urðu, herra forseti, að eftir tveggja ára tíma var þeim úthlutað varanlega og þá til báta sem voru skráðir á tilteknum stöðum algjörlega án tillits til þess hvar þeir höfðu landað aflanum eða hvaðan þeir höfðu verið gerðir út. Bátar sem höfðu hins vegar landað á þeim stöðum sem maður hélt kannski að væri verið að reyna að rétta við fengu ekki neitt ef þeir voru skráðir annars staðar.

Herra forseti. Mér sýnist, miðað við það hvernig meiri hluti nefndarinnar leggur málið upp núna, að menn ætli svolítið að fara þessa leið aftur. Það heitir ekki varanleg úthlutun núna, herra forseti, en það er talað um að þetta verði til einhverra ára, þriggja til fimm ára, ekki ár í senn heldur þriggja til fimm ára með samningi þar um. Og þessi kvóti er framseljanlegur. Þau tonn sem Byggðastofnun úthlutaði, 1.500 þorskígildislestirnar, hafa að mínu mati ásamt og með þeirri sögu sem við höfðum úr fyrstu tilraun haft kannski eitt gott í för með sér og það er að ég held að menn séu að átta sig á því að orðið byggðakvóti leysir ekki vanda allra. Mér hefur fundist að þetta væri notað svolítið sem patent, þ.e. bara leysa það með byggðakvóta. Og ef maður segir byggðakvóti þá er maður voða góður, ægilega vænn og þykir gasalega vænt um byggðirnar og fólkið og er kannski ekkert voðamikið fyrir markaðslögmál og leiðindi, tekur jafnvel þátt í að neita að horfast í augu við veruleikann sem er auðvitað sá að við erum að tala um takmarkaða auðlind sem eins og ég sagði áðan er ein af efnahagsstoðum okkar Íslendinga og þess vegna þurfum við að vanda okkur.

Eins og ég segi, herra forseti, þá er kosturinn við þessar byggðakvótaæfingar að þær hafa kannski leitt þau sannindi fram að byggðakvóti er ekki hin endanlega björgun *byggðanna í landinu.*

Ef við veltum fyrir okkur þeim hugmyndum sem menn hafa verið að setja fram um byggðakvóta þá held ég að það sé alveg einsýnt að menn munu alltaf lenda í sömu vandræðunum, þ.e. þeim vandræðum sem menn lenda í þegar þeir eru að reyna að skipta takmarkaðri auðlind sem er þetta vandamál með réttlætið. Auðvitað hefur það bjargað einhverju einhvers staðar að inn á tiltekna staði var stefnt viðbótarafla og síðan efnt til fiskvinnslu þar sem ekki hafði verið vinnsla eða vinnsla hafði lagst af. Auðvitað bjargaði það einhverju. Það er ekki verið í sjálfu sér að gera lítið úr því að ef tiltekin svæði eða tilteknir staðir fá gjafir af þessu tagi þá hlýtur það að bjarga einhverjum. Við vorum að tala á sínum tíma þegar var verið að ræða um þessar 1.500 þorskígildislestir sem Byggðastofnun fékk að þetta væru verðmæti upp á einn

milljarð. Það væri nú annað hvort að þetta breytti einhverju.

Ég hugsa líka að forstjóri Byggðastofnunar hefði á þeim tíma allt eins viljað fá milljarðinn og hefði þá kannski viljað vinna með hann á fleiri sviðum. En á því var ekki gefinn kostur. Miklu auðveldara var að úthluta þessum þorskígildislestum en að tala um peningana.

Herra forseti. Ég lýsi fullum fyrirvara við þann byggðakvóta, þann krókaaflamarksbyggðakvóta sem hér á að fara að efna upp í og ég hef fulla samúð með hæstv. sjútvrh. fyrir að þurfa að úthluta þessum veiðiheimildum eftir þeim sérstæðu reglum sem hér er verið að reyna að búa til. Þær eru þannig að með sæmilegri illkvittni er alveg hægt að ímynda sér hvert sé verið að stefna, en af því að það eru að koma jól þá ætla ég að geyma mér hana. En þetta er áreiðanlega ekki leiðin. Þetta er örþrifaráð. Þetta er ekki sú leið sem er eðlilegt að fara og í þær reglur sem menn eru að reyna að prjóna skortir það gegnsæi og alveg örugglega það jafnræði sem við hljótum að gera kröfu til þegar stjórnvöld eru að úthluta verðmætum.

Herra forseti. Ef um væri að ræða peninga, ef við værum að tala um peningana, ef við værum að tala um þá tugi milljóna sem hér liggja undir þá er ég ansi hrædd um að gerð yrði krafa um að nákvæmlega væri sundurliðað. En það er einhvern veginn eins og menn séu ekki alveg tilbúnir enn þá til að horfast í augu við að aflaheimildir eru ávísun á peninga. Þetta eru verðmæti sem eru ávísun á peninga.

Eins og kemur fram í því nál. sem ég hef skrifað upp á hafa jafnaðarmenn ekki stutt þær breytingar sem gerðar voru á löggjöfinni í kjölfar svokallaðs Valdimarsdóms sem féll í desember 1998. Við studdum ekki þær breytingar sem meiri hlutinn á Alþingi gerði á löggjöfinni um stjórn fiskveiða í kjölfar þess. Við drógum í efa að sú túlkun sem sérfræðingasveit ríkisstjórnarinnar setti fram væri rétt. Enda kom í ljós að þar stóðst ekki allt og þar vil ég rifja upp grásleppuna sem átti að fara að setja inn í kvóta. En menn hurfu síðan frá því. Mér finnst satt að segja greinargerð Sigurðar Líndals og Skúla Magnússonar hvað varðar sóknarmarkið afar sannfærandi, þ.e. lögfræðileg úttekt þeirra. Mér finnst hún afar sannfærandi þannig að ég held að óhætt sé að taka undir með þeim sem segja að fyrst og fremst sé um að ræða pólitíska niðurstöðu þegar við erum að ræða þá löggjöf um smábáta sem þessu frv. er ætlað að milda.

Við studdum ekki þessar breytingar. Við vorum ekki á því að lögin ættu að taka gildi núna í haust heldur að eðlilegra væri að bíða eftir því að heildarúttektin kæmi af því að þá héldum við að svo stutt væri í hana. Þar af leiðandi er afskaplega erfitt að takast á við breytingar sem menn eru síðan að gera á þeirri löggjöf sem hér var sett, að mér skilst núna í ósátt við alla. Eða er ekki nokkuð víst, herra forseti, ef menn láta það renna í gegnum huga sér hvernig menn hafa brugðist við að hér muni aldrei í raun hafa verið þingmeirihluti fyrir þeirri niðurstöðu sem við stöndum nú frammi fyrir? Ég hugsa að leiða megi mjög sterk rök að því. Menn gætu jafnvel búið til nafnalista til þess að staðfesta það. Það er alltaf erfitt, herra forseti, fyrir þá sem ekki hafa verið sáttir við grundvöllinn og ekki tekið þátt í lagasetningunni nema með hjásetu sinni að eiga síðan að taka þátt í því að lagfæra. Það er mjög flókið. Þó eru til leiðir eins og þær að bjóða upp á allt aðra stefnu. En ég veit ekki hvort sú leið er kannski endilega sú sem best er að fara þegar menn eru að bíða eftir heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Þó má reyna. Hér eru einhverjir hv. þm. sem ætla að gera tilraun með þá aðferð. En sömuleiðis, ef marka má það sem fram hefur komið hjá stjórnarliðum, hv. fulltrúum í sjútvn. eins og Hjálmari Árnasyni fyrr í dag, þá mun hann ekki treysta sér til að greiða slíkum tillögum atkvæði af því að hann veit að það er ekki þingmeirihluti fyrir þeim. Og aftur getum við spurt: Hver er hinn raunverulegi þingmeirihluti?

Herra forseti. Ekki ætla ég að fara að tala um sannfæringu einstakra aðila hér. Við þekkjum öll að þetta með stjórnarskrána og sannfæringuna er auðvitað nokkuð sem hver á við sjálfan sig og það getur verið sannfæring manns að betra sé að fylgja þeim meiri hluta sem maður hefur stillt sér upp með í grófum dráttum en að fylgja fram prívatsannfæringu og það hefur einatt orðið niðurstaða okkar margra sem höfum starfað í pólitík þannig að ég tek menn ekki upp í þeim efnum.

En það er annað atriði í þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur fram, sem ég vil gjarnan lýsa ánægju minni með. Það er hin svokallaða meðaflagrein, 4. gr. frv., sem verður bráðabirgðaákvæði ef brtt. meiri hlutans ná fram að ganga sem ég tel ekki ástæðu til að efast um á þessari stundu a.m.k. Ég óskaði hæstv. sjútvrh. þegar við 1. umr. til hamingju með að vera kominn í hóp okkar sem viljum fara þessa leið og mér finnst ástæða til að hrósa meiri hluta nefndarinnar fyrir þær brtt. sem hér liggja fyrir. Ef meiri hlutinn hefði ekki komist að þessari niðurstöðu í sínum hópi þá veit ég ekki hvort það hefði þýtt fyrir okkur hina að flytja þær. Við þekkjum það af gamalli reynslu að minni hlutinn á ekki oft upp á pallborðið ef hann er í beinum tillöguflutningi hér. Ég hef samt á tilfinningunni að þarna hafi dropinn holað steininn og þó svo brtt. sé borin fram af meiri hluta sjútvn. þá þykjumst við ýmis eiga eitthvað í þessu, a.m.k. við sem erum lengi búin að flytja tillögur þess efnis að betra væri að laða menn til réttrar breytni en hóta þeim, að betra væri að umbuna mönnum fyrir rétta breytni en að refsa. Það er nákvæmlega það sem við ætlum að gera tilraun með hér, herra forseti. Við ætlum að umbuna mönnum fyrir að koma með helst allan afla að landi. Við vitum reyndar að þær tölur sem við höfum séð um brottkast eru aðeins meiri en 5%, því miður. Eigi að síður ímyndum við okkur að við getum nálgast það mjög með þessum hætti að allur afli komi að landi. Við vitum ekki hvort þessi 20% aflaverðmætis nægja eða hvort þau reynast verða hvatning. Það verður áreiðanlega misjafnt eftir tegundum. Alla vega er það trú okkar að það að fara í prósent í stað krónutölu geri það að verkum að sjómenn muni leggja sig frekar fram við að ganga vel frá þessum afla þannig að hann seljist á góðu verði á fiskmörkuðum. Mikið er unnið með því vegna þess að þetta getur hleypt meira lífi í fiskmarkaðina sem er mjög mikilvægt og þýðir að vinnslan hefur meira hráefni að moða úr sem er ekki síður mikilvægt.

Ef menn eru að tala um byggðaaðgerðir í þessu frv. þá hugsa ég að þessi aðgerð sé virkari byggðaaðgerð heldur en hitt bixið. Þarna erum við í raun að tala um miklu meiri afla en þetta skítti sem menn eru að fara í hér samkvæmt 9. gr. laganna um stjórn fiskveiða og við lítum augum í 3. gr. þessa frv., þ.e. þennan krókaaflamarksbyggðakvóta. Þetta er miklu merkilegri aðgerð í raun og veru. Og það sem er best við hana er að hún er almenn, nær til alls flotans. Hún er almenn. Fiskvinnslan um allt land getur notið þess sem þarna kann að gerast og við bindum vonir við að gerist. Það er eins og jafnan, herra forseti, að um leið og fyrir lá að í þetta yrði farið með þessum hætti og menn sáu að þarna gat verið um

umtalsverðan afla að ræða og þar með umtalsverða peninga, að menn vildu auðvitað fara að ráðstafa þeim fjármunum.

Gerð er um það tillaga í frv. að Hafrannsóknastofnun fái þessa fjármuni. Ég hef áður flutt tillögu um að Hafrannsóknastofnun fái þessa fjármuni. Ég hef reyndar líka tekið þátt í tillöguflutningi um að Lífeyrissjóður sjómanna fái þessa fjármuni, sömuleiðis björgunarsveitirnar í landinu eða að slíkir aðilar fái eitthvað af þessum fjármunum. Allt er þetta mjög gott. Allt er þetta eitthvað sem við viljum sjá. Sömuleiðis hefur þeirri tillögu verið gaukað að mér að það mundi ekki skemma fyrir ef það lægi ljóst fyrir að eitthverju af þessum peningum yrði ráðstafað heima fyrir, eins og það heitir, þannig að mönnum fyndist að þeim mun eftirsóknarverðara væri að mæta með allt á markaðinn þó að þeir fengju svo sem ekkert fyrir það af því að þeir vissu að andvirðinu yrði ráðstafað að einhverju leyti heima fyrir, kannski til kirkjunnar, íþróttafélagsins, leikfélagsins, eða guð má vita til hvers. Alla vega skortir ekki hugmyndir um hvernig eigi að ráðstafa þessum fjármunum ef okkur tekst að framkvæma þetta þannig að boðlegt sé.

Við ræddum í nefndinni að kannski væri rétt að sjá til hvernig þetta þróaðist, hvernig þetta færi af stöfnum. Fyrsta tímabilið sem við erum að tala um er tímabilið núna frá 1. febrúar væntanlega og út fiskveiðiárið. Það verður auðvitað tímabil þar sem við munum flest fylgjast grannt með hvað gerist, hvernig flotinn komi til með að vinna með þetta ákvæði, hvort okkur hafi tekist að búa til þessa hárfínu línu sem við vitum að þarf að þræða á milli þess að það sé girnilegt að koma með aflann að landi og svo þess að það sé ekki of girnilegt, að það sé ekki beinlínis hvetjandi. Alla vega get ég svo sem fallist á að í lagi sé að Hafrannsóknastofnun njóti þessa fyrsta tilraunatímabils, þ.e. þetta fiskveiðiár eins og við ræddum um í nefndinni, en að við lítum til þess þegar við sæjum reynsluna hvort ekki væri rétt að breyta þessu ákvæði síðan og mæta þá fjölbreyttari áhugamálum um hvert rétt væri að peningar eins og þessir rynnu.

Hafrannsóknir eru áhugamál, að ég held, flestra ef ekki allra á Alþingi og þeirra sem eru starfandi í þessum bransa. En við veltum því fyrir okkur hvort ekki væri skynsamlegra að stofnaður yrði sjálfstæður rannsóknasjóður sem allir gætu sótt í, Hafrannsóknastofnun fyrir tiltekin skilgreind verkefni sem og aðrir vísindamenn sem vildu hasla sér völl eða störfuðu á þessu sviði. Ég held að mjög áhugavert væri að við reyndum að gera eitthvað slíkt. Okkur finnst stundum að svolítið þröngt sé að vera með Hafrannsóknastofnun svo ráðandi sem hún er og áhugavert væri að fleiri hefðu betri aðstöðu til þess að starfa þannig að við gætum fengið marktækt „second opinion" hér heima vegna þess að þegar við fáum erlenda sérfræðinga til þess að yfirfara það sem verið er að gera þá beita menn kannski fyrst og fremst öðrum formúlum á þær tölur sem þegar liggja fyrir og búið er að reikna út með kannski tveimur formúlum hér heima. Þá er ekki verið að tala um nýjar grunnrannsóknir sem við erum kannski frekar að binda vonir við að hægt yrði að fara í ef þarna yrðu til peningar til þess að vinna í þessum málum eins og vert væri. En þetta er bara þanki, herra forseti, sem ég vildi setja hér fram og ég þykist vita að við í hv. sjútvn. munum ræða af alvöru þegar við sjáum hvernig þetta ákvæði ætlar að reynast.

Aðeins vegna þess sem hér hefur komið fram um endurskoðunina, og ég þykist vita að hæstv. ráðherra komi kannski inn hana á hér á eftir og ég bind vonir við að hann geri það, þá fannst mér hv. þm. Hjálmar Árnason áðan víkja aðeins frá nál. þar sem talin eru upp þrjú atriði sem verið er að leiðrétta gagnvart dagabátunum og hann sauð það í rauninni niður í eitt atriði sem var að botn yrði settur. Hann var næstum að segja: „Ég væri sáttur við þá lendingu." Alla vega fannst mér hann vera kominn þangað í andsvörum. Maður veltir því svolítið fyrir sér af því að aflamarksbátarnir standa út af hvort hv. þm. Hjálmar Árnason eða aðrir sem láta sér svo annt um dagabátana hafi aldrei velt fyrir sér gólfi fyrir þá. Nú er alveg ljóst að þeir bátar hafa verið skertir mjög reglulega. Reyndar hefur það þó gerst í einhver skipti að þeir hafa fengið úr jöfnunarpottum. En sannarlega hafa þeir verið skertir og við erum með tölur um hvernig það hefur gerst. Hafa menn engar áhyggjur af gólfi fyrir þá aðila fyrst þeir eru svo harðir á því að það sé algert svartalágmark fyrir dagabátana? Þessu er ég bara að stinga inn, herra forseti, fyrir þá frumvarpssmíð sem er í gangi og ég er nokkuð viss um að mér verður ekki boðin aðkoma að. Ég verð því að setja hlutina fram hér nema hæstv. ráðherra bjóði mér og öðrum sem hafa áhuga á þessum málum að taka þátt í þessu, sem hann væntanlega rekur fyrir okkur á eftir.

[19:09]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til mín var beint einni spurningu um afstöðu mína til umfjöllun í nál. um endurskoðun vegna dagabáta. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lagði þetta upp sem einhvers konar hótun nefndarinnar í minn garð.

Ég hef lýst því yfir opinberlega að ég telji rétt að endurskoða þau lagaákvæði sem um þennan bátaflokk gilda. Ég hef reyndar gert það oftar en einu sinni. Ég hef átt um það viðræður við Landssamband smábátaeigenda þó ekki hafi náðst saman um þær hugmyndir sem ég hafði og þeir hafa. Það er kannski eðlilegt þar sem stærri mál voru til umræðu á þeim tíma. Stundum er erfitt að reyna að leysa fleiri en eitt mál í einu, sérstaklega þegar mikið ber á milli. Þess vegna varð raunin sú af minni hálfu að fresta því að reyna að ná niðurstöðu um dagabátana þangað til að búið væri að afgreiða þau mál sem upp komu við upptöku krókaaflamarksins við síðustu fiskveiðiáramót. Ég sé þess vegna enga hótun í umfjöllun meiri hluta nefndarinnar. Þegar meiri hluti nefndar talar um að beita sér fyrir að flutt verði frv. þá leyfi ég mér að draga þá ályktun að þar sé um að ræða stjfrv. og ég geri ráð fyrir því að það geti séð dagsins ljós í kringum þann tímapunkt sem nefndur er í meirihlutaálitinu.

[19:11]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nál. meiri hluta hv. sjútvn. segir, með leyfi forseta:

„Því er ekki fjallað um önnur hagsmunamál smábátanna að þessu sinni" — önnur en krókaflamarksbátanna. „Gert er ráð fyrir að á þeim verði tekið í þeirri heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnuninni sem nú stendur yfir og ætlunin er að lögfesta á þessu þingi. Má í því sambandi sérstaklega nefna málefni svokallaðra dagabáta. Þótt ekki hafi unnist tími til að undirbúa það mál nú telur meiri hlutinn óhjákvæmilegt að lagfæra rekstrarumhverfi þess bátaflokks á þessum vetri og mun beita sér fyrir því að frumvarp þess efnis verði lagt fram á Alþingi fyrir 1. febrúar nk."

Herra forseti. Hér er annars vegar fjallað um að taka eigi á málefnum annarra bátahópa eða bátaflokka í þeirri

heildarendurskoðun sem nú fer fram, en síðan segir, svo ég vitni aftur, meiri hlutinn:

„... mun beita sér fyrir því að frumvarp þess efnis verði lagt fram á Alþingi fyrir 1. febrúar nk."

Herra forseti. Mér finnst að hér komi a.m.k. fram efasemdir um að heildarendurskoðuninni verði lokið þá. Hvort það kemur fram í nál. man ég ekki, en alla vega hefur það komið fram í þessari umræðu að það verði að vera komið fram hvernig menn ætla að breyta starfsumhverfi dagabátanna fyrir 1. febrúar vegna þess að það verði að gefa mönnum kost á því að eiga val um að flytja sig á milli flokka til 15. febr. Mér sýnist því, herra forseti, að þarna komi a.m.k. fram miklar efasemdir um að ráðherra verði tilbúinn með frv. sitt.

[19:13]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get bara ekki lesið þennan texta með svona tortryggnu hugarfari eins og hv. þm. gerir og sé ekki neina hótun eða vantraust í þessu og ég á ekki von á öðru en þetta gangi eftir.

Eins og hv. þingmenn vita leggja ráðherrar fram stjfrv. fyrst í ríkisstjórn og síðan í þingflokkum þannig að það er ekki alveg undir ráðherranum einum komið hver nákvæm dagsetning verður. En eins og fram kom er meiri hluti nefndarinnar samsettur af stjórnarþingmönnum þannig að þeir munu auðvitað hafa um það að segja líka hver dagsetningin verður nákvæmlega þegar frv. verður lagt fram. Ég sé engin sérstök tormerki á því að þetta geti gengið eftir á þessari stundu. Auðvitað veit enginn hvað framtíðin ber í skauti sér. En á þessu stigi sé ég ekki neina sérstaka ástæðu til tortryggni vegna þessa texta.

[19:15]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit svo sem ekki hvernig hæstv. ráðherra ætti að svara þessu öðruvísi. Að minnsta kosti mundi ég í hans stöðu kjósa að skilja málið á nákvæmlega sama hátt. En þessi texti liggur eigi að síður fyrir og ef hæstv. ráðherra kýs að skilja málið svo að hér sé einungis verið að stefna öllu að einum og sama punkti, þ.e. að hér muni stjórnarfrv. með endurkoðuðum lögum um stjórn fiskveiða liggja fyrir fyrir 1. febrúar nk., þá þurfum við bara að sjá hvort það gengur eftir. (Gripið fram í.)

Ég held að það sé kannski ekki seinna vænna, herra forseti, en það verði sakir þess að ef hér á að verða um heildarendurskoðun að ræða, þá tekur það tímann sinn í vinnslu og ef áætlun þingsins á að standast fyrir vorið, þá er það hugsun forseta þingsins, ef ég man rétt, að við hverfum frá þingstörfum í kringum sumardaginn fyrsta. Það er því eins gott að hafa hraðar hendur og þess vegna er það svo mikilvægt, herra forseti, sem ég var að spyrja hæstv. ráðherra um, að fyrir liggi klár pólitísk lína þannig að þá sé bara handavinna eftir. En ég hef mínar efasemdir um hina kláru pólitísku línu, kannski bæði af því að ég fékk ekkert svar um það og í öðru lagi að ef hún lá fyrir, af hverju voru þá dagabátarnir ekki teknir með núna? Af hverju vannst ekki tími til að ná því saman? Við höfum verið afskaplega samstarfsfús, minni hlutinn í sjútvn., og í rauninni leyft meiri hlutanum að hafa þann tíma sem hann hefur þurft til að ganga frá þessu máli en hann nægði ekki. Þess vegna hef ég auðvitað, herra forseti, mínar efasemdir um að hin pólitíska lína sé komin og þar af leiðandi verð ég því miður að vera áfram með efasemdir um að það standi sem hæstv. ráðherra er hér að boða.

[19:17]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Enn erum við að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Mörg orð hafa fallið í þessum sal og alls staðar um landið um lögin nr. 38/1990. Og það er ekki nema von vegna þess að miklar deilur eru í samfélaginu um hvernig fiskveiðistjórnarkerfi okkar eigi að vera. Það hafa verið svo miklar deilur í samfélaginu að hæstv. forsrh. lýsti því yfir í lok kosningabaráttunnar fyrir síðustu kosningar að skipuð yrði sérstök sáttanefnd og átti hún að skila nefndaráliti sem átti að verða matur í umræðunni um heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Nefndin var skipuð, en því miður verður ekki sagt að niðurstaðan hafi verið mikil sátt. Menn gátu ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu. Fulltrúar stjórnarflokkanna voru meira að segja ekki alveg á eitt sáttir um hvernig fiskveiðistjórnarkerfið ætti að vera hjá okkur.

Fyrir rúmu ári lagði hæstv. sjútvrh. fram frv. um að fresta gildistöku laga um stjórn fiskveiða smábátanna. Það frv. var samþykkt og rökin fyrir því að frv. var lagt fram voru þau að heildarendurskoðun færi að fara fram og þess vegna borgaði sig ekki að vera að hringla neitt með smábátakerfið. Ári síðar var nánast þetta sama frv. lagt fram af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni og mér á sömu forsendum að vera ekki að hræra í smábátakerfinu vegna þess að fyrir dyrum stæði heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu á Íslandi. Og núna á þessum degi lýsir hæstv. sjútvrh. því yfir að senn muni hann leggja fram frv. sem felur í sér heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu okkar. Það frv. hlýtur senn að líta dagsins ljós. Við hljótum að ætla, herra forseti, að það frv. verði lagt fram í febrúar eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi áðan ef á að samþykkja frv. og ætlast er til að það verði samþykkt á þessu þingi. Því spyr ég, herra forseti: Ef gert er ráð fyrir því að það frv. verði lagt fram, nýtt frv. sem felur í sér heildarendurskoðun á öllu fiskveiðistjórnarkerfinu okkar, ef það á að leggjast fram núna rétt eftir áramótin, þá spyr ég: Til hvers er þá verið að leggja það frv. fram sem liggur hér fyrir? Það eru svo fáir dagar þarna á milli. Það má orða það svo að í þessu sé holur hljómur. **(Gripið fram í:** Og hvellandi bjalla.) Og hvellandi bjalla, segir einn hv. þm. hér í salnum.

Herra forseti. Í nál. meiri hluta sjútvn. um það frv. sem hér er verið að leggja fram skrifar hv. þm. Hjálmar Árnason undir með fyrirvara. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Sú spurning vaknar hvort hann sé sammála nál. meiri hlutans eða hvort hann hafi skrifað undir með fyrirvara eða muni skrifa undir, og þá eru eingöngu sjálfstæðismenn eftir ef hann er með fyrirvara líka. Það er því eins og ekki sé sátt um þetta, enda vita það allir menn. Það er heldur ekki sátt um það innan Sjálfstfl. hvernig haga eigi sjávarútvegskerfinu hérna. Þar er talað um auðlindagjald. Það var samþykkt sem sáttaleið eða talað var um að hafa hóflegt auðlindagjald sem sáttaleið. Sáttaleið á móti hverju? Til móts við hverja? Til móts við þá sem berjast fyrir því kerfi og vilja verja það kerfi sem nú er við lýði eða sáttaleið við þau 20% þeirra sem tóku þátt í landsfundinum og kusu með fyrningarleiðinni?

Þeir sem aðhyllast fyrningarleiðina og eru með þær skoðanir að auðlindin, í þessu tilviki fiskurinn í hafinu, sé sam-

eign þjóðarinnar, þeir sem álíta að viðhafa eigi uppboðskerfi í tengslum við úthlutunina þar sem fjármunirnir fara í sjóði sveitarfélaga eða ríkisins eða til einhverra sérstakra verkefna sem eru landi og lýð til heilla, það er fólk sem ég tel að sé óhrætt við markaðinn, sé óhrætt við það að haft sé uppboð og að sá sem bjóði best hljóti, eftir náttúrlega einhverjum ákveðnum reglum eins og eru við slíkar aðstæður. Þetta er allt saman svolítið skondið þegar við hugsum um þá menn sem aðhyllast frjálsa verslun og viðskipti og eðlilega samkeppni að þeir skuli hneigjast inn á slíkar skömmtunarbrautir sem koma fram í núverandi sjávarútvegskerfi og líka í tillögunum um byggðakvóta. Þetta eru miklar mótsagnir og minna mikið á hugsun sem ríkti mjög í Ráðstjórnarríkjunum á sínum tíma þar sem ríkið útdeildi og þá oftast vinum og vandamönnum og hinir fengu ekki að komast að, hin venjulega alþýða. Menn eru farnir að sjá í æ ríkari mæli mótsagnirnar sem eru í þessu og þess vegna vex þeim ásmegin og þeim fjölgar með hverjum deginum sem aðhyllast það að fara eigi fram uppboð á heimildum til veiða.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Eins og áður hafði verið tilkynnt er gert ráð fyrir matarhléi frá kl. hálfátta til átta þannig að forseti biður hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á í ræðu hans, innan u.þ.b. tveggja mínútna.)

Herra forseti. Ég mun verða við þessu nú þegar. Ég var kominn að kaflaskilum í ræðu minni og þetta hentar mjög vel.

[Fundarhlé. — 19:30]

[20:00]

Karl V. Matthíasson (frh.)**:**

Herra forseti. Þegar ég gerði hlé á máli mínu var ég að tala um þá erfiðleika sem hljóta að blasa við þegar verið er að úthluta úr takmarkaðri auðlind eins og við stöndum frammi fyrir þegar við deilum út fiskveiðiheimildum. Allt kerfið sem búið hefur verið til í kringum þetta hefur skapað mikla óánægju og deilur í samfélaginu. Ég ræddi hér áðan um byggðakvóta, herra forseti, og einnig talaði ég um ráðherrakvótann sem er gert ráð fyrir samkvæmt hinu nýja frv. um veiðar smábáta.

Það hlýtur að vera erfitt fyrir ráðherra að standa í að deila út 1.000 tonnum af ýsu og 1.000 tonnum af steinbíti og 300 tonnum af óslægðum ufsa, þ.e. ufsa sem á að vera 300 tonn miðað við slægðan fisk. Já, hvaða aðferðum á að beita og hvaða reglur eiga að vera?

Þegar Byggðastofnun var að úthluta byggðakvótanum á sínum tíma og finna reglur var miðað við ýmislegt eins og t.d. hversu mörg störf hefðu tapast í fiskvinnslu og hvaða breytingar hefðu orðið í útgerð á viðkomandi stöðum. Eitt sveitarfélag óskaði eftir því að leyfa útgerðarmönnum að bjóða í kvótann gegn þeim skilyrðum að honum yrði landað á staðnum, ef ég man rétt, herra forseti. En grundvallarhugsunin var sú að sveitarfélagið fengi að hafa útboð á kvótanum sem kom í þess hlut, hér var um Vesturbyggð að ræða, og að andvirði fjárins sem hefði komið ætti að renna í sveitarsjóð til að stuðla að uppbyggingu byggðarinnar, jafnvel með nýsköpun í huga. En því miður fékkst þetta ekki samþykkt. Menn töldu að ekki væru lagaheimildir fyrir þessu. Þarna hefði einmitt verið tækifæri til að sjá hvernig svona lagað hefði gefist. Þá hefðu allir setið við sama borð og allir hefðu fengið að keppa á jafnréttisgrundvelli.

Þetta varð því miður ekki ofan á og hugsunin um eðlilega og frjálsa samkeppni var ekki uppi á borðinu þarna, herra forseti, frekar en á öðrum sviðum hjá þeim mönnum sem fara með völdin í landinu. Ég tel þetta eigi frekar við um Sjálfstfl. en þar skilst mér að þeir séu flestir sem reyna að verja það kerfi sem nú er.

Segjum að það ætti t.d. að leggja einhvers staðar veg og það yrði síðan ákveðið einhliða af ríkisvaldinu að eitthvert eitt verktakafyrirtæki fengi að leggja veginn og ekkert annað, jafnvel þó önnur væru tilbúin að bjóða í verkið. Ég geri mér þó grein fyrir því, herra forseti, að auðvitað væri ekki hægt að bjóða upp allar fiskveiðiheimildir á einum degi og hafa algjöran frumskóg hvað það varðar. Það yrði að vera undir ákveðnum lögmálum og reglum eins og alltaf er í slíku. Það mundi þó koma í veg fyrir og mundi lágmarka það sem lyti að slíkri skömmtun og að réttur annarra væri fyrir borð borinn.

Í frv. sem hér um ræðir er gefinn viðmiðunartími. Þegar við tölum um viðmiðunartíma er ekkert óeðlilegt að miðað sé við þá sem starfa í greininni, ef ég fer út á þær brautir að tala um það. Að miðað sé við þá sem eru næst í tíma og hafa síðast verið í útgerð en ekki einhverja sem veiddu fisk fyrir einhverjum árafjölda. Þeir eru hættir í útgerð. Ef menn eru að tala um það og vilja hafa viðmiðanir og ef sú úthlutun verður með þeim hætti sem um getur í lögunum, þá væri forvitnilegt að vita hversu margir viðmiðunartímar eru til í lögum um stjórn fiskveiða og reglugerðum. Ætli þeir séu ekki ótalmargir? Það væri gaman að vita og þekkja rökin fyrir þeim öllum og er athugunarinnar virði að kanna það og hversu margir útgerðarmenn sem höfðu aflagt útgerð sína fengu aflahlutdeildir af því þeir höfðu verið að róa á einhverjum ákveðnum tíma. Því lengra sem líður á tímann, herra forseti, því áleitnari munu spurningarnar verða, af hverju þessi eða hinn fær úthlutað fiski eða einhver ákveðin útgerð. Þá verða svörin: Af því hann eða þessi útgerð var að veiða fisk fyrir 20 árum.

Herra forseti. Oft hefur verið sagt síðustu daga að það ári vel í útgerð á Íslandi, gengið hafi fallið svo mikið — enda hefur það fallið mikið, um margar prósentur — og það hafi skapað mjög góð skilyrði í útgerð. Einn maður sagði við mig í dag að útgerðin væri að mala gull. Það er gleðilegt. Það verður vonandi til þess, herra forseti, að laun verkafólks muni hækka til muna á næstunni og að peningarnir fari í það. Þessar gengislækkanir hafa náttúrlega orðið til þess að rýra hlut verkafólksins sem ég tel ekki of sælt af launum sínum.

Þegar illa áraði á sínum tíma, herra forseti, hjá loðnuflotanum, þá var honum og útgerðum í þeim geira úthlutað hundruðum ef ekki þúsundum tonna af þorski og rækju, tímabundið að því er fyrst var álitið. En þegar betur fór að ára, loðnan fór að koma og hátt verð fékkst, einkum og sér í lagi upp úr árinu 1990, ef ég man rétt, þá skilaði þetta sér ekki aftur. Þá fékk flotinn ekki til baka, sá sem fiskur hafði væntanlega verið tekinn af sem loðnuflotinn hafði fengið, nema með þeim hætti að hann þurfti að kaupa hann af loðnuflotanum. Þannig er ranglætið víða, ef menn vilja nota það orð í þessu sambandi.

Nú eru menn að tala um að nái frv. fram að ganga sem lagt er fram af sjútvrh. muni það taka gífurlega mikið frá ákveðnum stöðum. Talsmenn útgerða og viðkomandi staða hafa kvartað sáran undan því. Þetta hefur t.d. verið nefnt í sambandi við Vestmannaeyjar og Grundarfjörð og fleiri staði.

Það má spyrja, þegar menn fara út í þessa umræðu og benda á ranglætið á þeim forsendum að verið sé að taka frá

stöðunum og jafnvel ákveðnum útgerðum: Er þá verið að halda því fram, herra forseti, eru þeir aðilar sem halda þessu fram, þær útgerðir sem eru að missa ýsuna vegna yfirgangs smábátanna, fyrirtæki eða útgerðir sem voru að missa þennan afla, eru þeir aðilar að segja að þeir megi þá ekki láta hann fara frá sér? Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli, ef þeim er svona umhugað um sína byggð, að þá ætli þeir sér alls ekki og líti svo á að þeir megi ekki framselja þann afla.

Það má velta því fyrir sér hvort þeim röddum fjölgi sem eru að tala um byggðakvóta. En ég hef ekki heyrt þá ljúka setningunni. Það er oft sagt: Ef maður segir A verður maður líka að segja B og horfa á þetta allt heildstætt.

Ef frv. nær fram að ganga, herra forseti, þá er endanlega verið að loka kvótakerfinu, framsalskerfinu. Ég er þeirrar skoðunar að það verði mikið slys vegna þess að ég veit að sá andi er ríkjandi hjá fjölmörgum að best sé að hafa kerfið þannig, loka því öllu og hafa það þannig að útgerðir geti leigt, selt og braskað með þetta fram og til baka eins og þeim sýnist.

Við getum hugsað okkur í sambandi við þetta mann sem stendur á bryggjunni. Hann horfir út á sjóinn. Við getum ímyndað okkur að hann standi á bryggjunni í Grímsey sem dæmi. Hann á bát og hann veit að allt í kring er sjórinn fullur af fiski. Fullur af ýsu og þorski. En hann getur ekki farið að veiða vegna þess að hann hefur ekki kvóta í ýsunni. Svo reynir hann fyrir sér þessa dagana eða síðustu daga, herra forseti, að verða sér úti um kvóta. Leigja af einhverjum ýsu vegna þess að hann á engan kvóta sjálfur, en því miður er enginn ýsukvóti til leigu. Þá getur hann einu sinni ekki veitt þann þorsk sem hann hefur heimild til að veiða. Það er mjög dapurlegt.

Hver er þá ástæðan fyrir því að ýsan er ekki til leigu? Er það vegna þess að þeir sem eiga kvótann eru búnir að veiða hana? Nei, herra forseti, ástæðan er að mörgu leyti sú að nú bíða menn eftir því að nýtt skattár hefjist því að gert er ráð fyrir að skattalöggjöfin — hún mun breytast eftir áramótin — muni gera það að verkum að hagnaðurinn verði enn meiri af leigunni eða sölunni á kvótanum. Þetta er úlfakreppa sem erfitt er að komast úr.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að fiskveiðistjórnarkerfi okkar eins og það er í dag hafi leitt ógæfu yfir marga, yfir byggðir og líka yfir fjölskyldur og ýmsa fleiri sem hafa hætt að hugsa um hvernig best væri að stunda útgerð sína og sækja sjóinn með eðlilegum hætti heldur farið að hugsa: Hvernig get ég leigt, hvernig get ég selt, hvernig get ég farið inn og út úr þessu kerfi o.s.frv.? Þannig hefur þetta verið í öllu kerfinu og í smábátakerfinu líka og það hefur ekki verið til fyrirmyndar hjá mörgum hvernig þeir hafa verið að kaupa sig inn og út vegna þess að auðvitað á útgerðin og veiðiskapurinn að vera þannig að menn njóti þess að vera í þessu og hafi hag af því og lifa í sátt við náttúruna og vera hluti af henni.

Ég tel það vera mikið glapræði, herra forseti, og ég óttast að það sé verið að loka kerfinu, það sé verið að breyta öllu fiskveiðistjórnarkerfinu okkar þannig að útgerðarmenn geti leigt og selt sín á milli og leigt til þeirra sem lítinn kvóta eiga og þurfa að leigja veiðiheimildir við afarkosti. Ég veit t.d. um bát sem veiddi fisk fyrir 60 millj. kr. og greiddi 30 millj. í leigugjald til einhvers annars aðila sem kannski hefur aldrei farið á sjó eða er með útgerð sem er ekkert í útgerð. (**KPál:** Ef hann hefði ekki fengið að leigja, hvað hefði hann gert þá?) Ef hann hefði ekki fengið að leigja hefði hann hreinlega ekki getað veitt neinn fisk og væntanlega orðið gjaldþrota. (**KPál:** Nú?) En það sem við erum að leggja til í Samfylkingunni er að þetta fólk fái að sitja við sama borð og aðrir og að þeir sem eigi báta geti boðið í heimildir og (Gripið fram í.) borgað þá mun minna fyrir þann afla sem þeir veiða og þá til samfélagsins þannig að það fari í uppbyggingu, í skóla, í sjúkrahús, í elliheimili og annað frekar en að það fari í einhverja sem eiga útgerð og nenna ekki að gera út. (**KPál:** Er ekki betra að fá leigt heldur en verða gjaldþrota?) Jú, það er betra að fá leigt en að verða gjaldþrota en það er mun betra að samfélagið njóti þess en ekki einn eða tveir einstaklingar sem hafa kannski rétt yfir þessum heimildum þó að þeir hafi aldrei nokkurn tíma á sjó komið eða lagt hart að sér eins og sjómennirnir í þessu tilviki sem höfðu áhuga á að vinna við þetta.

Ég þekki líka skipstjóra á stórum togara sem hafði verið skipstjóri til fjölda ára, herra forseti, og síðan þegar skipið var selt undan honum var hann orðinn atvinnuleysingi. Þessi maður tók þátt í því að veiða þúsundir tonna á þúsundir ofan þjóðinni til hagsældar, sínu plássi og fiskvinnslunni og öllu. En hvað mátti hann? Hann fékk ekkert. Þetta er allt réttlætið sem þetta kerfi býður upp á og þetta er það kerfi sem sjálfstæðismenn vilja viðhalda hér og það sést því að sáttaleiðin svokallaða býður upp á hóflegt auðlindagjald sem er ekkert annað en bara breyting á þeim gjöldum sem útgerðin er í dag að greiða hvort sem er. Nei, það er ömurlegt til þess að vita, herra forseti, að þeir sem eru sífellt að tala um frjálsa samkeppni á tyllidögum, frjálsa samkeppni, frjálsa verslun og eðlilega viðskiptahætti, skuli leggja fram frv. sem felur í sér algjört skömmtunarkerfi og ráðstjórnarleiðir sem eru orðnar úreltar fyrir löngu. (**KPál:** Ekki ertu á móti þeim?) Ég er á móti þeim. Ég var einu sinni hlynntur þeim, hv. þm., alveg eins og hv. þm. Kristján Pálsson var á sínum tíma.

Ástæður þess, herra forseti, að ég er hér á brtt. með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni hef ég rakið. Þær eru í grundvallaratriðum að ég er algjörlega á móti því að þessu kerfi sé lokað svona, ég tel það vera mikla hættu. Það hefur sýnt sig og það er sannað mál að fiskveiðiheimildirnar með þessu kerfi færast á æ færri hendur. Ég er á þeirri skoðun, herra forseti, að það sé affarasælast að sem flestir menn séu í útgerð og eigi útgerð sem er vel rekin. Það hefur sést á mörgum smáum útgerðum að þar er mikið af sjálfstæðu og dugmiklu fólki. Ég er hins vegar ekki með þessum orðum að segja að allt sé eins og best verði á kosið í sambandi við smábátakerfið. Ég er ekki að segja það og ég vil að tekið verði heildstætt á öllu kerfinu. Ég styð minn flokk, Samfylkinguna, heils hugar í því máli. Ég á líka þá von og hlakka reyndar til að sjá þegar sjútvrh. leggur fram frv. til laga um íslenskan sjávarútveg og hvernig hann eigi að vera. Ég vona að sú lagasetning sem komi leiði þó ekki til þess að það verði alltaf færri og færri sem hafi réttinn til að veiða og að hinum sem hafi áhuga fjölgi og fjölgi sem þurfi að leigja af einstökum mönnum eða persónum og greiða þeim fé fyrir það að fara út á sjó og sækja fisk. Það stendur í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að íslenska þjóðin eigi fiskinn í sjónum sem er í kringum landið. Það verður áhugavert að sjá hvernig 1. gr. nýs frv. verður, hvort talað verði um að efla atvinnu í landinu og treysta atvinnulíf og byggðir. Það er alveg greinilegt að þau lög sem gilda í dag hafa ekki gert það enda væri ekki sífellt, nánast á hverju ári, komið fram með ný frv. í þinginu þar sem talað er um byggðakvóta og einhverjar sérstakar aðgerðir sem þurfi að gera vegna þess að allt sé

að fara í kaldakol út af því hvernig fiskveiðistjórnarkerfið er hér.

[20:23]

Útbýting þingskjala:

Kyn- og tekjudreifing framteljenda, 367. mál, fsp. SÓ, þskj. 563.

Kærur vegna læknamistaka, 368. mál, fsp. MF, þskj. 564.

Útkallstími björgunarþyrlu og stjórn björgunaraðgerða, 369. mál, fsp. GAK, þskj. 565.

[20:23]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Starf hv. sjútvn. og yfirferð nefndarinnar á frv. hæstv. sjútvrh. sem lagt var fyrir þingið fyrir nokkru síðan liggur fyrir. Ég verð að segja að þær tillögur og breytingar sem hv. sjútvn. hefur gert á frv. eru í mínum huga mjög til bóta, flestar hverjar. Ég þakka formanni nefndarinnar og öðrum nefndarmönnum fyrir vel unnin störf sem ég held að gagnist trillukörlum og því fólki sem byggir afkomu sína á útgerð smábáta.

Það verður að segjast eins og er að það er dálítið sérstakt að hlusta á hvernig stjórnarandstaðan heldur áfram að ræða um einhver allt önnur kerfi sem eru ekkert inni í myndinni og er löngu búið að ákveða að séu ekki nothæf. Ég heyri á ýmsum sem hafa talað töluvert um sjávarútveg í gegnum árin að það eru menn sem samþykktu fyrir fjórum árum að heimila veðsetningu aflaheimilda með skipum — þeir hinir sömu gerðu eitt með því og það var að geirnegla kvótakerfið. Þeir koma svo núna í þessari umræðu og vilja fara allt aðrar leiðir í stjórn fiskveiða heldur en að nota kvótakerfið. Þeir vilja vera með dagakerfi eða fyrningarleið. Allt þetta er í raun ómögulegt vegna þess að veðsetningin geirnegldi þannig aflaheimildirnar við veðin að ekki er hægt að breyta þessu. Þessi málflutningur manna sem samþykkti þetta á sínum tíma er að mínu áliti bara lýðskrum af verstu gerð og slæmt hve mikil umræða hefur orðið um hugmyndir sem aldrei geta orðið neitt.

Það sem verið er að gera hér varðandi smábátana er að mínu áliti óhjákvæmilegt og mun tvímælalaust styrkja þetta rekstrarform og þá um leið þær byggðir og þær fjölskyldur sem byggja afkomu sína á þessum veiðum.

Ég ætla ekki að fara að telja upp það sem kom fram í frv. á sínum tíma en það sem gert hefur verið núna með tillögum frá meiri hluta sjútvn. er að mínu áliti mjög gott. Ég vil í fyrsta lagi nefna þá heimild að landa megi 5% af aflanum yfir árið sem undirmáli og selja á fiskmörkuðum samkvæmt ákveðnum reglum. Þetta ákvæði gerir ekki bara það að smáfiskadráp eða það að henda smáfiski í hafið á að heyra sögunni til heldur mun þetta efla fiskmarkaði og auka verðmæti á þeim sem mun um leið styrkja stöðu fiskvinnslufyrirtækja um allt land. Þetta ákvæði eitt og sér hefur örugglega mjög mikil áhrif í framtíðinni.

Annað sem mér fannst mjög til bóta er að heimila þeim bátum sem voru að veiðum á síðasta fiskveiðiári, reyndar var talað um frá 1. júní á síðasta ári til 31. maí, en nú er gert ráð fyrir því að miðað sé við fiskveiðiárið og velja megi annað af tveimur síðustu fiskveiðiárum, þá betra árið. Ég þekki dæmi þess að menn sem voru lítið að veiðum á síðasta ári vegna bilana eða höfðu lagt skipum sínum til að gera við þau, og höfðu náttúrlega ekki hugmynd um að þetta stæði til, munu njóta góðs af þessu. Þetta eru fyrst og fremst aðilar sem eru að vinna í þessu kerfi allt árið. Ég tel að þetta sé mjög sanngjarnt og eðlilegt.

Eflaust má finna ýmislegt að þessu eins og öllu öðru eða við getum sagt að fara hefði mátt lengra. Tíminn mun hins vegar leiða í ljós hvort það verður hægt en ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að framsal milli báta og jafnvel milli kerfa væri eðlileg viðskipti. Þessir útgerðaraðilar hvort sem þeir eru í litla eða stóra kerfinu eru að höndla með „eign" sem þeir mega veðsetja og þeir eiga um leið að fá að nýta þessa eign sína eins og markaðurinn leyfir þeim. Ef markaðurinn leyfir þeim að leigja þetta frá sér yfir í stóra eða litla kerfið — það skiptir ekki máli — selja og eiga eðlileg viðskipti með þetta gerir það ekkert annað en auka verðmæti sjávarfangsins og styrkja útgerðarformið og ég held um leið vinnsluna þannig að öll slík miðstýring eins og er þarna, að 30% krókaflamarksins megi leigja og ekki meira — það er reyndar eins og þetta var í hinu kerfinu eða í þorskaflahámarkinu. Óhætt hefði verið að fara lengra og hafa þetta a.m.k. eins og það er í stóra kerfinu.

Mér finnst það sama um tilfærslu milli kerfa. Ég sé ekki hættuna við að heimila trillukörlum og þeim sem eru í stóra kerfinu að versla sín á milli á jöfnu. Í raun væri ekki verið að leggja litla kerfið í neina hættu. Ætlunin var að skipta á jöfnu. Það átti ekki að selja úr einu kerfinu yfir í annað. Ég held að það sé ástæðulaus ótti. Hins vegar má kannski skilja þann ótta að ýmsu leyti. Ýmsir telja að ef krókabátarnir ná ekki að blómstra og þrífast í þessu kerfi muni þessi útgerð hverfa, þ.e. að þetta geti verið ein leiðin til þess. Það held ég að sé misskilningur. Það er óþarfi að hafa fleiri orð um það.

Herra forseti. Ég sé fyrir mér að í framtíðinni muni útgerðarmenn þessara krókaflamarksbáta fái heimildir til að stækka bátana. Það kom fram í sáttanefndinni að hún teldi eðlilegt að stækka þessa báta t.d. upp í 15 tonn. Ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu. Það hefur hamlað verulega veiðigetu þessara báta hve litlir þeir eru og óöruggir. Þetta kemur í veg fyrir að þeir geti verið á netum. Reyndar er það ekki heimilt samkvæmt þessum lögum en ég sé ekki hvers vegna þessir bátar ættu ekki að geta veitt upp aflaheimildir sínar í net eða í dragnót alveg eins og í hinu kerfinu. Ég tel að sú umræða muni koma aftur upp þegar lögin um breytingar á stjórn fiskveiða verða til umræðu á næsta vori.

Ýmislegt annað í þessu frv. er mjög athyglisvert og vekur spurningar. Eitt sem mig langar til að spyrja hv. formann nefndarinnar um er úthlutun á þeim aflaheimildum sem eiga að fara til, eins og það er orðað í nefndarálitinu: „... útgerðar í byggðarlögum sem eru að verulegu leyti háðar veiðum krókaaflamarksbáta." Nú þekkjum við dæmi þess að nokkuð stór byggðarlög hafi tapað nánast öllum sínum kvóta. Ég get nefnt sem dæmi eitt byggðarlag, Sandgerði á Suðurnesjum, sem er búið að tapa frá sér nánast öllum aflaheimildum eða mjög stórum hlut af aflaheimildum sínum.

Maður veltir því fyrir sér hvort sveitarfélög sem hafa tapað ákveðnu hlutfalli aflaheimilda úr byggðarlaginu ættu ekki að fá úthlutað úr þessum potti. Þetta á ekki að vera bundið við, eins og þetta hljómaði upphaflega, Grímsey og hugsanlega Súgandafjörð og Bolungarvík, ef vel er að gáð — Raufarhöfn, Bakkafjörð o.s.frv. (**JÁ:** Viltu ekki fara um allt landið?) Ég tel enga ástæðu til þess að negla þetta niður við einhverja ákveðna landshluta. Ég sé þetta fyrst og fremst sem tæki til að hjálpa byggðum hvar sem er á landinu þegar þess gerist þörf. Ég vildi gjarnan fá, ef hv. formaður Einar Kristinn Guðfinnsson gæti aðeins upplýst okkur um það, lýsingu á því hvernig þeir í nefndinni hafi hugsað sér útfærsluna á þessu.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, segja að ég held að það hafi verið skynsamlegt að reyna að átta sig betur á því hvernig ætti að landa dagabátakerfinu. Í því kerfi eru ansi margir bátar og þegar bætast við bátar sem voru með 30 tonnin á 40 dögum, sem eru að ég held 70 eða 80 bátar, og í þessum flokki verða alls 200 bátar, þá þarf að velta því vel fyrir sér hvernig þetta passi saman og hvernig gera eigi þeim lífið bærilegt. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að kerfið sem þessir bátar róa eftir hafi hærra gólf en nú. Ég vil gjarnan skoða framsal á milli báta og búta dagana niður í klukkustundir í staðinn fyrir að hafa þetta í heilum sólarhringum. Þeir hafa kvartað mjög yfir því, trillukarlar í þessu kerfi, að þurfa að vera úti í sólarhring í einu. Ég skil það mjög vel. Mér fyndist mjög eðlilegt að tekið yrði tilliti til þess.

Ég hef rætt við nokkuð marga sem stundað hafa útgerð af þessu tagi og þar er margt sem má laga. Þetta er þó fyrst og fremst spurning um tæknileg atriði. Þetta skiptir ekki miklu máli hvað varðar veiðarnar sjálfar og hve mikið berst að landi. Þetta er fyrst og fremst spurning um hagræðingu fyrir þessa karla. Mér finnst að það eigi að þjóna þeim sem allra best og gera þeim lífið sem bærilegast á þessum litlu skipum því að þeir leggja sig sannarlega hart fram við að draga fisk úr sjó.

Ég vil að endingu, herra forseti, segja að ég held að þetta frv. muni styrkja kerfi krókaaflamarksbáta. Það mun styrkjast og eflast og verður til framtíðar sem ég er nokkurn veginn viss um að mundi ekki gerast annars. Fyrir það vil ég þakka því að ég hef alltaf litið svo á að þeir báta sem stunda veiðar í krókaflakerfinu hafi í raun tekið við af vertíðarbátunum. Vertíðarbátarnir tryggðu hér áður að jafnaði hráefni til landvinnslunnar og mér sýnist að það sé ekki neitt öðruvísi í dag. Það er ekki víst að það muni breytast mikið í framtíðinni.

Þetta útgerðarform hefur líka verið það langtryggasta fyrir fiskmarkaði og haldið uppi dampi þar og mikilli vinnslu í sérvinnsluhúsum, litlu frystihúsunum sem fá afla sinn á mörkuðum.

[20:39]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er í flestu ánægður með frv. sem hér er lagt fram. Ég er ekki eins ánægður og hann. Þó er ég sammála honum og tek undir með hv. þm. um að ákvæðið um 5% er mjög gott, enda taka allir undir það. Samt er á afstöðu okkar blæbrigðamunur. Samfylkingarmenn vilja, eins og fram kemur í brtt. sem ég er meðflutningsmaður, gera ráð fyrir því að andvirði þessa fjár renni til hafrannsókna en ekki eingöngu til Hafrannsóknastofnunar. Ég tel mjög mikilvægt að fleiri aðilar en Hafrannsóknastofnun hafi aðgang að fjármagni til að stunda rannsóknir á lífríkinu í hafinu í kringum Ísland og það muni auðga það starf og efla jafnvel háskóla og fleiri til að leggja stund á slíkar rannsóknir.

Hins vegar er ég algerlega ósammála hv. þm. þegar hann talar með fremur jákvæðum hætti um framsalið. Ég tel að framsalið sé hættulegt og það hafi verið hinn stóri og mikli akkillesarhæll þessa fiskveiðistjórnarkerfis sem við búum við.

[20:41]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hættan við framsalið sé fyrst og fremst mórölsk. Það hefur verið blásið upp sem aðferð útgerðarmanna til þess að ná sér í auðfengið fé, að leigja frá sér aflaheimildir og þurfa ekki að fara sjálfir á sjó. Mér finnst hafa verið farið mjög illa með þetta í umræðunni. Þeir sem hafa leigt frá sér heimildir gera það oftast nær vegna þess að þeir hafa lent í að skip þeirra hafi dottið úr veiði um tíma ellegar að þeir eru að skipta á tegundum, tegundartilfærslur. Við gætum sagt að þetta hafi eitthvað verið misnotað fyrst í stað en ekki í seinni tíð. Ég held að smám saman hafi útgerðarmenn í raun fjarlægst þessa hugmynd, að hafa heimild til þess að leigja frá sér aflaheimildir, kaupa og selja. Ég held að það væri mjög slæmt ef fyrir þetta yrði tekið.

Í dag eiga útgerðarfyrirtækin sem eru hvað stærst, t.d. Samherji, Þorbjörninn, Grandi og fleiri, svo miklar aflaheimildir og hafa svo fjölþætt útgerðarform að þau þurfa ekkert að leigja til sín eða selja frá sér því þetta er allt innan þeirra eigin fyrirtækja. Fyrst og fremst gagnast þetta litlu útgerðunum sem eru að byrja. Það að einhverjir nýir aðilar geti komist inn í greinina byggist á því að til sé framsalsmöguleiki. Nýliðunin í greininni mun alfarið byggjast á því að menn hafi möguleika á því að bæta sér upp litlar aflaheimildir.

[20:43]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum um framsalið. Ég vil taka fram að ég vil ekki halda því fram að útgerðarmenn séu vondir eða slæmir. Ég segi frekar: Það er kerfið sem er vont og slæmt. Það er í eðli mannanna að vinna sem best í eigin þágu eftir þeim kerfum og reglum sem gilda í samfélaginu hverju sinni.

Hv. þm. nefndi áðan Sandgerði, þ.e. að Sandgerði hefði tapað kvóta. Hann nefndi fleiri staði og að taka þyrfti tillit til þess þegar ráðherrakvótanum verður úthlutað.

Ég spyr hv. þm.: Hvers vegna tapaði Sandgerði aflaheimildunum og allir þessir staðir?

[20:44]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það yrði of langt mál fyrir mig að telja upp hvers vegna staðirnir hefðu tapað aflaheimildum. Ég þekki ágætlega til í Súgandafirði svo ég nefni dæmi. Ástæðan fyrir því að aflaheimildirnar fóru þaðan var sú að fiskiðjuverið Freyja varð gjaldþrota. Það kom kvótakerfinu ekki neitt við.

Miðnes í Sandgerði sameinaðst Haraldi Böðvarssyni uppi á Akranesi. Það var eðlilegur samruni fyrirtækja. Sá samruni hefði í raun getað orðið í hvaða kerfi sem er. Þeir sem áttu Miðnes hefðu getað selt fyrirtæki sitt undir hvaða kerfi sem er, uppi á Skaga eða hvert sem var. Það er bara mjög óheppilegt að margt kom upp í Sandgerði á sama tíma. Miðnes var ákaflega stórt og öflugt fyrirtæki.

Ég ætla ekki að kenna kerfinu um þetta. Þetta voru bara viðskipti milli tveggja sjálfstæðra aðila.

[20:46]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði mig um ákvæðið varðandi jöfnunarkvótann og spurði sérstaklega hvort einhverjir landshlutar væru útilokaðir fyrir fram. Svo er auðvitað ekki. Það verða að vera efnislegar ástæður fyrir því að byggðarlög geti notið aflaheimilda úr þessum potti sem svo hefur verið kallaður.

Það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvert þessar aflaheimildir muni fara. Það mun ekki liggja fyrir fyrr en endanlegri úthlutun á grundvelli laganna að öðru leyti er lokið og þá sjá menn stöðuna í einstökum byggðarlögum. Hins vegar höfum við reynt að búa til dálitla leiðsögn í þessu máli. Það liggur

fyrir í frumvarpstextanum og honum er ekki breytt, að miðað er við byggðarlög sem eru sérstaklega háð krókaveiðum smábáta.

Í öðru lagi er líka áréttað sem er grundvallaratriði að þetta frv. er lagt fram til að bregðast við aðstæðum sem urðu þegar aukategundir voru kvótasettar 1. september. Þess vegna er þessi jöfnunaráthlutun hugsuð til að bregðast við því. Eins og ég rakti í framsöguræðu minni áðan, þá er t.d. ekki verið að bregðast við þeirri almennu skerðingu sem orðið hefur á þorskaflaheimildum heldur eingöngu að bregðast við þeim aðstæðum sem koma upp eða hafa komið upp vegna þess að aflaheimildir í ýsu, steinbít og ufsa og slíkum tegundum hafa dregist saman vegna þess að þær eru kvótasettar en voru áður frjálsar. Þetta er stórmál.

Við teljum líka eðlilegast að miða við samanburðinn frá síðasta fiskveiðiári til þess að menn átti sig þá á því hvaða breyting er að verða á þarna og menn geti á þeim grundvelli reynt að bregðast við og úthluta aflaheimildum til þeirra byggðarlaga sem verða fyrir mestu skerðingunni.

Ég tel einnig eðlilegt eins og kemur hér fram að byggðarlög hljóti að taka á sig einhverja lágmarksskerðingu og verði eiginlega að bera það bótalaust ef menn geta orðað það svo, en skerðing umfram eitthvert slíkt lágmark verði þá bætt með auknum aflaheimildum.

[20:48]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir. Ég skil það svo að það sé einmitt, eins og formaðurinn segir, verið að reyna að bæta upp það sem menn hefðu tapað í aukategundum vegna 1. september. Þessi skerðing kemur auðvitað fram með ýmsu móti. Ég get alveg séð fyrir mér að þegar þetta verður komið í kvóta fari menn ekki eins mikið á milli svæða og áður.

Sumar hafnir eins og t.d. í Sandgerði og á nokkrum stöðum á Vestfjörðum voru sérstaklega vinsælar hjá krókakörlum af því að þær lágu vel við og hægt var að ná mjög miklu á fáum dögum. Þannig nýttu menn kannski dagana sérstaklega en voru líka að sækja í aðrar tegundir. Þetta er því margslungið. Ég sé annars vegar fyrir mér bátana sjálfa sem eru að fá minna út af því að þeir geta ekki veitt þetta frjálst og svo sé ég hins vegar byggðarlög sem eru að fá minni afla í gegnum hafnirnar vegna þess að sóknarmunstrið verður hugsanlega óðruvísi.

[20:50]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þm. vera dálítið í því að tala um að sér fyndist það jákvætt sem væri í frv. og síðan fjallaði hann töluvert um að útdeila þyrfti réttlætinu helst sem víðast.

Mig langar að spyrja hv. þm.: Hvað svo? Nú eru búnar að vera í gangi hér lærðar umræður um hvernig leita eigi að réttlætinu í þessu tilfelli vegna einhvers óréttlætis sem komið hefur upp vegna þeirrar breytingar sem er núna. En umræðan hefur samt snúist um hvað eigi að gera fyrir byggðarlög sem hafa tapað kvótanum í burtu af einhverjum allt öðrum ástæðum. Ég segi þess vegna: Hvað svo? Telur hv. þm. að björgunaraðgerðir af þessu tagi eigi þess vegna að vera viðvarandi hluti af kvótakerfinu í framtíðinni? Að menn eigi að sitja yfir því á Alþingi að finna leiðir og leita að byggðarlögum og svæðum sem hafa farið illa út úr því að missa frá sér kvóta og koma með einhverju móti kvóta á þá staði í því kerfi sem hér er um að ræða? Ég hef skilið það svo að hv. þm. hafi stutt þetta framsal og þetta eignarhald á kvótanum sem veldur því að verið er að selja kvótann í burtu. Auðvitað er samhengi þar á milli. Það er ekki sama hvaða kerfi er þó að hv. þm. segði það hér áðan, þá er það ekki sama. Þegar atvinnustarfsemi í sjávarútvegi leggst af undir kvótakerfi, þá er ekki sami möguleiki að stofna til nýrra í því kerfi sem nú er og var áður fyrr.

[20:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum svo sem oft búnir að ræða það, við hv. þm. Jóhann Ársælsson, að undir stjórnkerfi þar sem menn verða að lúta einhverjum takmörkunum verða aldrei allir jafnir. Það er bara þannig. Það hefði verið nákvæmlega sama þótt við værum með dagakerfi. Það væru aldrei allir jafnir. Úthlutað væri einhverjum ákveðnum dögum og einhver ákveðinn útgerðaraðili ætti þá daga. Þeir sem ætluðu sér að komast inn þyrftu þá að kaupa sér daga. Ég held því að ekki sé hægt að kenna þessu kvótakerfi um það þó að fyrirtæki hafi færst úr byggðarlögum. Það er fyrst og fremst sú neyð sem við höfum þurft að beita eða neyðarrétti, þ.e. að stjórna veiðunum, þannig að sóknin í stofnana yrði þeim ekki um megn. Þá reynslu höfðum við fengið frá öðrum þjóðum að tiltölulega auðvelt var að veiða upp stofna þannig að þeir komu nánast aldrei aftur. Við höfum líka séð hvernig Evrópusambandið hefur stjórnað veiðum í sína stofna og þetta er allt að hruni komið.

Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, herra forseti, að björgunaraðgerðir hingað og þangað um landið í einhverjum takmörkuðum mæli gætu orðið viðvarandi í þinginu í gegnum árin því að sjávarútvegur er það ríkur þáttur í efnahagslífi þjóðarinnar og heldur uppi atvinnulífi í mörgum byggðum. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu að fiskveiðistjórnarkerfið verði notað í einhverjum mæli til þess að viðhalda byggð í landinu.

[20:54]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verða aldrei allir jafnir sagði hv. þm. Það er út af fyrir sig rétt. Hins vegar eiga allir að vera jafnir fyrir þeim ráðstöfunum sem hið opinbera gerir. Þar eiga menn að gæta jafnræðis. Það hafa menn ekki stundað á hv. Alþingi. Hér hafa menn sett upp kerfi þar sem mönnum er mismunað freklega og miklu meira en kannski dæmi eru til hvað varðar gífurlega mikil verðmæti sem eru þeir möguleikar að stunda sjó við Íslandsstrendur. Um það stendur þessi aðaldeila.

Það er vitaskuld æðimikill munur á því að stofna til nýrrar útgerðar eða atvinnurekstur í sjávarútvegi þar sem slíkt hefur horfið í burtu í dag þegar ekki er gætt jafnræðis hvað varðar endurstofnun fyrirtækja og möguleika til þess að koma að þeim atvinnurekstri. Það er hin mikla deila. Það vilja menn ekki skilja sem hafa stutt þetta kerfi og það er það sem þarf að fást niðurstaða og botn í. Annars verður aldrei sátt um stjórn fiskveiða.

[20:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg nákvæmlega á því hvað hv. þm. er að meina. En ég hef oft heyrt hann tala um þessi mál áður og þykist því vita nokkurn veginn hvað hann er að tala um.

Við getum bent á mörg dæmi þess að pláss hafa misst skipin frá sér. Menn misstu þau af því að helsta fyrirtæki staðarins fór á hausinn og þar með var allt atvinnulífið í rúst. Þá þurfti að kaupa nýjan bát sem var ekkert endilega auðvelt hérna áður fyrr meðan veiðarnar voru frjálsar. Maður er búinn að heyra margar sögur um slíkt þegar menn voru að reyna að ná sér í báta og hittu pólitíkusa sem fóru með þá til bankastjórans og svona gekk þetta til, þó að veiðarnar hafi verið frjálsar var þetta ekki auðvelt.

Auðvitað verður þetta enn erfiðara þegar aðgangur er takmarkaður og því miður þarf að takmarka hann. Ég vil bara segja það að lokum, herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað að hægt væri að veiða frjálst. En þar sem það er ekki hægt tel ég að það kerfi sem við höfum sé þó það besta sem völ er á.

[20:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér hefur staðið allnokkur umræða um frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og það er svo sem ekki nýtt á hinu háa Alþingi að þau mál verði að umræðuefni og taki nokkurn tíma í störfum þingsins. Gjarnan hafa það verið a.m.k. á seinni árum ekki síst málefni smábátanna sem hafa vafist ákaflega fyrir mönnum, framkvæmdarvaldinu við stjórn fiskveiða og löggjafanum við að móta um það reglur. Það er í raun og veru merkilegt að það skuli hafa kostað svona mikla orku að glíma við og takast á um það málefni, það viðfangsefni sem tengist sjávarútvegi eitt og sér að halda uppi fiskveiðistjórnarkerfi eða stýra með einhverjum hætti veiðum, sóknarþunga þessara minnstu skelja í flotanum, báta undir 6 tonnum. Eiginlega er það lyginni líkast þegar það er sett í samhengi við hlutina í heild sinni, víðáttu landhelginnar, afkastagetu og burði stóru skipanna og þetta skoðað út frá bæði líffræðilegum, félagslegum og byggðalegum forsendum, þá hefði maður haldið að það hefði ekki átt að kosta mesta orku og valda mestum átökum hér að búa svona um þennan hluta sjávarútvegsins, búa þannig um hann að um það gæti verið sæmilegur friður. Það stafar náttúrlega af ýmsu, herra forseti. Þetta er minnsta og staðbundnasta útgerðin í landinu, að vísu með nútímatækni og möguleikum orðin býsna tæknivædd og þróuð sem slík en það breytir auðvitað ekki hinu að hér eru ekki hafskip á ferð.

Þetta er sá hluti flotans sem notar að uppistöðu til veiðarfæri sem ég held að flestir séu sammála um að séu hvað vinsamlegust umhverfinu og geri þar minnstan usla, drepi alla vega ekki meira en það sem í þeim lendir eða á þeim lendir ef krókar eiga í hlut og jafnvel möguleikar á að sleppa einhverju af því lifandi aftur, t.d. þegar undirmál lendir á færi í grunnu vatni.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að farið hefur ótrúlegur tími og ótrúleg orka í þetta mál og í raun og veru er liðinn rúmur áratugur frá því að fyrst var tekin upp föst fiskveiðistjórn á minnstu bátana. Segja má að orðið hafi tímamót í þeim efnum 1990 þegar smábátar frá 10 og niður að 6 tonnum voru allir settir í aflamark og þegar bátum undir 6 tonnum var gert að velja á milli aflamarks eða krókaleyfis. Þau 10 eða bráðum 11 ár sem liðin eru síðan eru algerlega plöguð af linnulausum átökum um þennan þátt málsins, endurteknum tilraunum til að setja þarna nýjar og nýjar reglur og þær hafa sjaldnast enst nema árið en þá hafa menn verið farnir að taka þær upp og prófa eitthvað nýtt.

Þetta hefur leitt til þess m.a., herra forseti, að mönnum hefur tekist að gera kerfið svo flókið að það eru ekki nema allra lærðustu menn í þessum fræðum, innvígðir og allra lærðustu menn sem kunna þessa sögu og vita hvernig réttindin sem menn standa með í dag hafa orðið til og hvaða bakgrunn þau eiga sér í síendurteknum lagabreytingum og margendurteknu þvinguðu vali þeirra sem stunduðu sókn á þessum grunni. Hópurinn sem lagði af stað 1990 á svonefndum krókaleyfum í krókakerfi hefur klofnað upp í marga hópa á leiðinni þannig að nú má sjálfsagt um það deila og það er nú svo komið og hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, að sá sem hér stendur er ekki algerlega útlærður í því né með það á hreinu hvort við eigum að segja að þetta séu frekar þrír, fjórir eða fimm flokkar sem þarna eiga í hlut. En allmargir eru þeir a.m.k. eða voru þangað til þetta er að einhverju leyti einfaldað aftur með breytingunum sem nú eru að gerast eða áttu sér stað 1. september sl.

Þetta hefur líka leitt til þess, herra forseti, að fyrir utan það hve þetta er orðið flókið hefur auðvitað í gegnum það átt sér stað endurtekin mismunun verður í rauninni að segja í kerfinu. Þetta hefur leitt til þess að staða manna hefur allt í einu orðið ólík eftir því hvað þeir völdu og/eða oft líka eftir því hvernig þeir stóðu að vígi fyrir tilviljun örlaganna með aflareynslu sína eða annað slíkt. Maður þekkir auðvitað mörg dæmi um það að staða manna sem stóðu svipað að vígi, sóttu sjó frá sama stað og höfðu gert með svipuðum hætti árum saman var allt í einu orðin gjörólík þannig að aðrir höfðu mikil verðmæti í höndunum en hinir ekki neitt og löptu dauðann úr skel og urðu jafnvel að hætta sinni útgerð af því að þeir höfðu verið óheppnir, höfðu veðjað á vitlausan hest, valið þannig að þegar frá leið reyndist það þeim mjög óhagstætt o.s.frv.

Þarna má kannski sérstaklega nefna tvo hópa sem hafa dregið stystu stráin í þessu. Það eru þeir sem völdu aflamarkið 1990 í góðri trú og fengu síðan á sig hrottalegar skerðingar aftur og aftur og voru meira og minna gleymdur floti. Menn geta haldið því fram að þeir hafi ekki farið verr út úr hlutunum heldur en almennt þeir sem stunduðu sjó á grundvelli aflamarkskerfis, en það er þó ekki rétt. Vegna þess að auðvitað varð smábátaflotinn harðast úti í niðurskurði þorskveiðiheimildanna, enda hafði hann í mörgum tilvikum ekkert annað, ekki neina aflareynslu í öðru, þannig að þegar þorskurinn er skorinn niður sérstaklega verður þessi floti, smábátarnir á aflamarki undir 6 tonnum og auðvitað má segja líka upp í 10, 20–30 tonn langharðast úti. Þetta er hinn gleymdi floti sem fékk sáralitla úrlausn sinna mála, hafði mjög takmarkaða aflareynslu í öðrum tegundum og/eða möguleika til að bjarga sér með öðrum hætti þegar niðurskurðurinn skall á af fullum þunga í þorskkvótanum. Þarna fóru Íslendingar aðra leið gagnvart þeim hópi en t.d. Norðmenn sem hlífðu bátaflotanum og strandveiðiflotanum við niðurskurði á þorskveiðiheimildum langt umfram togaraflotann og stærri skipin með þeim einföldu rökum að þau hefðu miklu meiri úrræði og miklu meiri möguleika til að bæta sér upp minni veiðiheimildir í þorski með sókn í aðrar tegundir, sókn á fjarlægari mið o.s.frv. Það var afar litlum skilningi til að dreifa í því sambandi gagnvart þessum hluta flotans, enda týndi hann mjög hratt tölunni og veiðiheimildir hans færðust hratt upp á stærri skip. Það fækkaði gríðarlega í þessum hópi, sérstaklega smábátum undir 6 tonnum sem völdu aflamarkið 1990 en líka í bátaflotanum, grunnslóðarstrandveiðiflotanum þar fyrir ofan, bátum upp að 10 tonnum sem tilheyra Landssambandi smábátaeigenda og síðan áfram upp í 20–30

tonn og jafnvel stærri báta, þessa minni dagróðrabáta eða vertíðarbáta.

Hinn hópurinn sem hefur einnig farið mjög illa út úr þessu, held ég að flestir verði að viðurkenna, á síðari hluta tímans, síðari hluta 10. áratugarins voru þeir sem lentu í svokölluðu dagakerfi. Þar geta menn vissulega sagt að ástæðan hafi verið sú að þeir hafi ekki haft aflareynslu þannig að ekki hafi verið mikið frá þeim tekið en staðreyndin er engu að síður sú að þarna voru menn hundruðum saman að reyna að lifa af útgerð og voru skertir og þeim skömmtuð þannig atvinnuréttindi að þeim var leyft að stunda vinnu sína og nýta atvinnutæki sín í nokkra tugi daga á ári. Það getur hver sem er sett sig þau spor algerlega burt séð frá einhverjum sögulegum aðstæðum í þessu kerfi að vera með dýra fjárfestingu í höndunum, atvinnutækið sitt og sjálfan sig og jafnvel fleiri og mega síðan nýta sig og vinnutæki sín í 20, 30 eða 42 daga eða hvað það nú var eftir atvikum á síðustu árum.

Þetta, herra forseti, leyfi ég mér að hafa sem inngangsorð vegna þess að ég held að einhvern tíma verði menn að horfa yfir þetta eins og það er og átta sig á því hvort þeir ætla að hafa þetta svona áfram. Ætla menn að búa við þetta til frambúðar? Er þetta hið endanlega fyrirkomulag sem menn vilja sjá í framtíðinni hvað varðar fiskveiðistjórn á þennan minnsta hluta flotans, þessa minnstu báta undir 6 tonnum? Er virkilega enginn vilji til þess hjá núverandi ráðamönnum að reyna að takast á við það viðfangsefni að stokka spilin upp, einfalda og samræma þetta kerfi og koma aftur á einhverjum einföldum samræmdum leikreglum og nýtingarrétti þeirra sem stunda sjó með þessum hætti? Þetta er nú hin eina sanna einyrkjaútgerð í landinu. Hvar eru núna vinir einkaframtaksins og sjálfstæðra atvinnurekenda í þessum efnum? Því ef þeir eru einhverjir eftir í þessu, þá eru það þeir menn sem eiga atvinnutæki sín sjálfir og vinna á þeim sjálfir með sínum tveimur höndum. Ætla menn að hafa þetta þannig um ókomin ár að þessum hópi verði margskipt upp og staða hans í grundvallaratriðum gjörólík hvað það varðar að skapa sér afkomu og framfleyta fjölskyldu sinni af þessu starfi?

Ég verð að segja, herra forseti, að eitt af mörgu sem ég held að hafi verið að í umræðum um þessi mál hjá okkur, og ég segi fyrir mig persónulega að ég sé eftir að hafa ekki fyrir löngu tekið upp af meiri krafti, er spurningin um atvinnuréttindin inn í þetta samhengi. Það er spurningin um atvinnu- og framfærslurétt þeirra manna sem gera sér þetta að ævistarfi og lífsstarfi og ætla að reyna að lifa af því og framfleyta fjölskyldum sínum. Erum við algerlega að gleyma því að við erum að dæma menn til alveg himinhrópandi aðstöðumunar í þeim efnum þannig að það er leitun að öðru eins? Þetta væri svipað og að menn væru hér með leigubílakerfið þannig. Hugsum okkur það bara eitt augnablik ef þeim 500 manna hópi eða svo sem hefur af því atvinnu að keyra leigubíla á höfuðborgarsvæðinu væri þannig stjórnað að sumir mættu keyra allt árið eins og þeir mögulega lífsins gætu en aðrir mættu keyra í 30–40 daga á ári. Mundi einhverjum detta í hug að það væri einhver glóra í slíku kerfi til framtíðar litið þó svo að menn hefðu þá réttlætingu að sumir hefðu keyrt meira en aðrir einhvern tíma á hinni öldinni, eða að pabbar þeirra, afar eða ömmur hefðu haldið úti leigubílum í lengri tíma á viðmiðunarárunum 1980–1983 eða þó það væri 1990–1994? Svona er þetta ef við horfum á það frá þeirri hlið. Niðurstaða mín er sú að þetta kerfi sé gjörsamlega ónýtt og óverjandi, alla vega skoðað frá þessum sjónarhóli, og það væri öllum fyrir bestu að fara í að stokka það algerlega upp og búa til eitt samræmt kerfi með sanngjörnum möguleikum til þokkalega góðrar afkomu fyrir þennan flota og festa þá frekar fjöldann, segja sem svo að við ætlum að hafa 1.000–1.500 báta, eitthvað svoleiðis, eða við ætlum að festa þetta við u.þ.b. tiltekna hlutdeild af heildarsókn í mikilvægustu fiskstofna, botnfiskstegundirnar, þorskinn og e.t.v. einhverja fleiri, en búa síðan til einhverjar sæmilega sanngjarnar leikreglur fyrir menn innan þess kerfis. Þær þurfa ekki að vera þannig að duglegir sjómenn geti ekki notið sín og kosta sinna. Það geta þeir með ýmsum hætti, ekki bara með því að þeir nái meiri afla en aðrir heldur með því að gera úr honum meiri verðmæti, sækja í fleiri tegundir og þar fram eftir götunum. Það er hægt að nálgast þetta með ýmsum hætti, út frá einhverjum lágmarksrétti eða þökum eða dagafjölda eða guð má vita hvað. Og ég hef ekki nokkrar minnstu áhyggjur af því að ekki sé hægt að búa til sóknartakmarkandi kerfi hvort sem það byggði á aflamarksþökum eða sóknarstýringu einvörðungu eða samblandi af þessu tvennu þar sem menn til viðbótar t.d. þökum hefðu ákveðnar sóknarreglur með dagafjölda eða reglum um veiðarfæri, hámarksdagafjölda á línu o.s.frv., að þetta gæti verið í ágætu horfi. Menn yrðu að sjálfsögðu, ef menn vildu fara inn á svona braut, að rífa sig upp úr þessum inngróna kvótahugsunarhætti og hætta að hafa áhyggjur að því þannig að þeir svæfu ekki á nóttunni, hvort þessi floti væri að taka kannski 500, 1.000 eða 3.000 tonnum meira eða minna á hverju ári. Það lægi í eðli máls ef menn byggju til aðeins sveigjanlegra og opnara kerfi. En það er alveg út í hött að halda því fram að ekki sé hægt að stilla sóknarþungann af þannig að hann sé á svipuðum slóðum ár eftir ár og kostirnir ótvíræðir því að þá væru menn að fá aflann að landi og allt það sem við þekkjum.

Það eru því miður, herra forseti, kannski mestu vonbrigðin við breytingarnar sem hér er verið að fjalla um og urðu 1. september sl. og menn eru að reyna að plástra pínulítið. Þetta er eins og venjulega. Það er eins og menn séu með sárasjúkling sem verið er að plástra einu sinni á ári. Þannig hefur þetta verið. Og er það ekki ærin yfirlýsing um að hlutirnir séu ekki í lagi, að Alþingi og ráðuneyti skuli þurfa að vera með þetta í höndunum ár eftir ár eftir ár og rúlla út plástrunum til að reyna að laga þar sem mest blæðir úr hverju sinni? Svona er þetta búið að vera. Þetta þekkjum við sem höfum verið í þessu býsna lengi, jafnvel lengur en við sum viljum kannast við. Það er nú svo að mín pólitíska ævi á Alþingi er jafngömul kvótakerfinu og það má segja að eldskírn mín hafi orðið hér í nóvember og desember 1983 þegar átökin um upphaf alls þessa fóru fram og kvótakerfið var sett á á sínum tíma. (Gripið fram í.) Ég studdi þetta ekki, hv. þm., og hef aðeins einu sinni greitt kerfinu atkvæði þannig að ég beri á því sem slíku pólitíska ábyrgð. Sú ábyrgð er að vísu mikil. Það viðurkenni ég. En ég var í hópi þeirra sem ég gæti sjálfsagt sagt að hafi glapist til að styðja málamiðlunina og samkomulagið sem gert var 1990, m.a. út á það að þá stóð til að gera umtalsverðar hliðarráðstafanir meðfram kerfinu eins og að setja umtalsvert magn veiðiheimilda í pott til að úthluta til byggðarlaga sem síðan var eyðilagt á árunum þar á eftir eins og kunnugt er. En þá voru teknar inn í lögin heimildir til að úthluta umtalsverðu magni veiðiheimilda til byggðarlaga án endurgjalds, byggðarlaga sem höfðu farið illa út úr kerfinu og orðið fyrir búsifjum af þeim völdum, 12 þús. tonn og hefði nú munað um minna heldur en hafa þær heimildir til staðar. En menn komu þeim laglega fyrir

kattarnef á árunum þar á eftir í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl.

Nei, það eru, herra forseti, vonbrigðin að menn eru að reyra þetta kerfi enn fastar en nokkru sinni fyrr inn í sjálft kvótakerfið. Það er að vísu verið að búa til lítið kvótakerfi í sérstökum kassa fyrir þennan hluta flotans því að það á ekki að afnema það þak, alla vega ekki í bili, sem hindrar það að veiðiréttindin séu seljanleg upp úr kerfinu, og er á meðan er auðvitað. Að sjálfsögðu fagna ég því að það er þó ekki opnað fyrir þá hættu að þessi floti hverfi á næstu árum með sama hætti og smábátaflotinn sem valdi aflamarkið 1990 meira og minna hvarf eins og hendi væri veifað. Það er náttúrlega ein skýringin á því hve tómlegt er í mörgum höfnum á sumum helstu smábátaútgerðarstöðum landsins, að heilmikill fjöldi manna valdi þetta aflamark, taldi sig hafa lífvænlega reynslu til þess, bátar höfðu kannski eldri sjómenn á heföbundnum trillum, höfðu 30–50 tonna veiðireynslu vegna útgerðar sinnar á undangengnum árum, töldu sig komast af með það, vildu það öryggi, völdu aflamarkið og sátu uppi með kannski 10–15 tonn eftir tvö, þrjú ár og engan tilverugrundvöll og neyddust til að selja. Þannig stórfækkaði þeim bátum á stöðum þar sem þeir voru fjölmennir áður. Við getum tekið staði eins og Ólafsfjörð eða einn stærsta smáútgerðarstað landsins á sinni tíð, Húsavík, þar sem þetta er náttúrlega svipur hjá sjón, m.a. vegna þess að þar völdu margir þessa leið og fóru herfilega út úr því.

Það er í rauninni alveg hörmung, herra forseti, að engin heildaruppstokkun skuli vera í sjónmáli á þessum málum sem hluti af einhverjum frekari sáttum um kerfið. Ég hafði satt best að segja í endalausum barnaskap mínum, bjartsýni og trú á hið góða í manninum og að skynsemin muni sigra að lokum haldið að kannski sköpuðust aðstæður til þess í tengslum við allt þetta sáttatal að taka nú smábátahópinn sérstaklega fyrir og reyna þar að endurskipuleggja málin og svo fengi hann, sá hluti flotans a.m.k., að vera í friði og þá geta stóru karlarnir, hákarlarnir leikið sér í sínu kerfi. En er ekki einhvern veginn hægt að koma þessu þannig fyrir að sardínurnar fái bara að vera sér á sínum miðum í sínu lagi í sjónum? Af hverju þarf endilega að hafa þetta allt saman eins og í einu búri þar sem menn væru með gullfiskana innan um hákarlana? En þannig er kerfið. Það vita allir menn að það kann ekki góðri lukku að stýra, enda er eilífur ófriður og eilíf læti út af þessu þannig að menn geta varla setið saman til borðs, forustumenn annars vegar stórútgerðarinnar og hins vegar smábátamanna. Það sem verra er að þetta hefur síðan leitt til alls konar innbyrðis togstreitu og hagsmunaárekstra vegna þess að menn eru klofnir upp með reglubundnu millibili í nýja og nýja hópa sem hafa valið þetta eða valið hitt. Þetta er alveg ömurlegt. Ég býst við að ég sé ekki sá eini sem hafi lent í þeim aðstæðum að ætla að vera að reyna að ræða þetta á fundum í miðlungssjávarbyggð þar sem allir þessir hópar eru til staðar og það vita allir hvernig andrúmsloftið er. Er það ekki? Er það nokkurt leyndarmál? (**GAK:** Það verður allt vitlaust.) Það verður allt vitlaust. Það er ósköp eðlilegt því að þarna er um lífshagsmuni ... (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að segja að núv. hæstv. sjútvrh. beri þar einn alla sök. Það er fjarri því. Til þess hefur hann ekki verið svo lengi í embætti. En hann verður auðvitað að axla í auknum mæli vaxandi pólitíska ábyrgð á þessu kerfi eftir því sem hann setur það lengur á vetur og eftir því sem honum vinnst lítið við að laga það eða breyta því. (**KPál:** Hann hefur lagað það mikið.) Er það, hv. þm. Kristján Pálsson? Eru þetta svo stórfelldar lagfæringar sem hér er verið að gera? Er ekki nær að kalla þetta heftiplástur? Ég held það. Ég held að þetta sé miklu nær því að vera heftiplástur á opin sár heldur en ... (**KPál:** Fimm prósent hefðu verið til bóta.) Já, það er eitt atriði sem ég mun koma að á eftir og það eru þær tilraunir til meðaflareglu sem hér á að fara að gera og ég hef þegar hrósað í 1. umr. um þetta mál og ég skal nefna aðeins á eftir.

Ég ætla að segja um þetta að síðustu, þ.e. um samskipti smábátanna og stærri hluta flotans, að það sem ég held að sé algerlega ómögulegt hjá okkur Íslendingum og muni aldrei ganga og það hefur mér orðið betur og betur ljóst eftir því sem ég hef lengur fylgst með og hugsað um þessi mál, það er að skipta flotanum ekki eitthvað upp. Það er að láta sér detta þau ósköp í hug, ég segi nú eiginlega að detta það barbarí í hug að vera með þetta allt í einu kerfi, allt frá minnstu skeljum uppi í fjörum á grunnmiðum og út á ballarhaf þar sem risastórir verksmiðjutogarar með gloríur aftan í sér sem eru eins og sex Laugardalsvellir í flatarmál toga. Þannig er þetta. Ég þekki eiginlega enga þjóð í heiminum sem hefur látið sér detta þetta í hug. Færeyjamiðunum sem eru miklu minni en okkar er skipt þannig upp að það eru þrjár eða fjórar tegundir útgerðarflokka og það eru línur, tvær eða þrjár mismunandi línur sem stýra sókninni og togskipin eru meira og minna útlæg uppi á færeyska landgrunninu og net má ekki leggja fyrr en neðan við 120 faðma ef ég veit rétt. Grunnmiðin eru tekin frá fyrir króka og línu, snurvoð og dragnót bönnuð gott ef ekki er, nema þá í einhverjum afmörkuðum hólfum. Þeir fara því í þetta með miklu meiri við skulum segja nákvæmni, með miklu uppskiptari hætti. Síðan er það þannig sem er kannski af ástæðum sem ekki eiga að öllu leyti við hér hjá okkur, að verksmiðjuskipin þeirra eru alls ekki í færeyskri lögsögu. Þau verða að byggja útgerð sína alfarið á miðum á fjarlægari slóðum.

Ég held að þetta gangi ekki og í raun og veru ekki heldur að gera ekki greinarmun á nýtingu kvótans eða greinarmun á því hvaða veiðarfæri eru notuð og hvernig það er gert. Það er líka tóm vitleysa. Við eigum að taka upp einhvers konar nýtingarstuðla eins og eru í tillögum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um breytingar í sjávarútvegsmálum. Í raun og veru held ég að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hafi þróað frekari hugsun í þessum efnum þegar hann hefur verið að hreyfa hugmyndum um að nýting kvótans væri umreiknuð á grundvelli stærðarstuðla einnig. Við gætum t.d. hugsað okkur að þorskurinn væri flokkaður í þrennt eftir stærð og mönnum bæri að flokka hann á sjó og landa honum flokkuðum í stærðarflokka og nýting kvótans tæki mið af stærðarflokkuninni þannig að stærsti fiskurinn og verðmætasti vægi þyngst í nýtingu kvótans og sá minnsti lítið eða ekkert, t.d. þar sem undirmálið væri að koma að landi.

Með því gerbreyta menn á einu bretti stöðunni varðandi þennan háska núverandi ástands að menn sorteri aflann úti á sjó og freistist til að landa stærsta og verðmætasta fiskinum upp í kvótann. Með því gerbreyta menn þessari stöðu. Nú er það orðið almennt viðurkennt og því neitar enginn lengur að brottkast er stórfellt vandamál hjá okkur og að aflamarkskerfið sjálft vegna eðlis síns, ég held að mjög margir taki undir það líka þó að það sé kannski umdeildara, er þáttur í því. Það liggur í því eðli aflamarksins að sóknin er takmörkuð með mælingu á aflanum sem er kominn upp á bryggju og þar með er sá hvati þarna inni, þessi freisting skulum við kalla það. Það er bara þannig. Og ef menn þora ekki að reyna eitthvað til að takast á við þennan vanda, þá held ég að hann hljóti að fylgja mönnum inn í framtíðina svo lengi sem menn

nota þá aðferð.

Það er að vissu leyti hárrétt og ber að þakka að loksins hefur rofað til og hér er flutt frv. af hæstv. sjútvrh. sem einhvern tíma hefði þótt saga til næsta bæjar þar sem lagt er til að reynd verði svokölluð meðaflaregla sem við erum mörg búin að berjast fyrir í ein 10–15 ár að yrði tekin upp eða reynt yrði að þróa og gerðar yrðu tilraunir með. Sá sem hér talar hefur flutt um þetta endurtekið bæði frumvörp og tillögur. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur gert það og kom með þær hugmyndir fyrir margt löngu inn á þing og fleiri hafa lagt þar hönd á plóginn.

En það hefur tekið alveg ótrúlegan tíma satt best að segja þegar maður lítur til baka að fá menn til að opna fyrir þessa hugsun eins og það væri hundrað í hættunni að gera með þetta a.m.k. einhverjar takmarkaðar tilraunir og sjá hvernig það kæmi út, sjá hvernig sjómenn tækju þessu og hvort þeir yrðu ekki bara manna fegnastir að þarna opnaðist möguleiki til að skila að landi afla sem ella færi forgörðum og menn væru þar með að ganga betur um auðlindina, gætu gengið aðeins uppréttari, og leggja góðum málefnum lið. Það eina sem er öðruvísi í þessari reglu en það sem ég lagði til á sínum tíma var að ég vildi sjá slíkum ávinningi sem kæmi þarna að landi skipt kannski öðruvísi. Þó að hafrannsóknir eða starfsemi Hafrannsóknastofnunar sé góðra gjalda verð, þá held ég að mjög æskilegt hefði verið að t.d. sjómennirnir sjálfir hefðu átt þarna meiri feng í vændum, t.d. með greiðslum í lífeyrissjóð sinn, eins og er í brtt. hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og fleiri. Ég held að það sé mjög góð hugsun að t.d. skipta þessu upp í tvennt milli hafrannsókna sem á auðvitað að taka til allra hafrannsókna þannig að þær geti unnið til hvers konar verkefna, jafnvel á vegum fleiri aðila en Hafrannsóknastofnunar einnar, við tökum sem dæmi veiðarfæratilraunir sem tengjast þannig rannsóknum hjá metnaðarfullum aðilum, og svo þá til Lífeyrissjóðs sjómanna og að áhöfnin sem slík fái einhvern hluta aflans. Ég held reyndar að áhöfnin ætti að fá allt eða svo til allt sem til útgerðarinnar fer þannig að hvatinn um borð sé fyrst og fremst hjá sjómönnunum að hirða aflann og skila honum í land á grundvelli þessarar meðaflareglu en viðleitni til að forðast að lenda í smáfiski eða öðrum aðstæðum væri til staðar hjá útgerðinni og þetta væri þannig að útgerðin hefði heldur óhagræði af þessu en sjómennirnir hagræði. Þá held ég að kæmi það jafnvægi að sjómennirnir mundu sjá til þess að þetta kæmi í land en útgerðin mundi reyna að forðast að lenda í svoleiðis fiskirí. Þessi meðaflaregla er jákvæð, á því er enginn vafi og það verður auðvitað spennandi að sjá hvernig mönnum gengur að koma henni til framkvæmda og standa þannig að málum að hún nýtist og vonandi heppnist vel.

Um byggðarlögin, herra forseti, er auðvitað eðlilega rætt þegar að þessum málum kemur og það var sömuleiðis að mínu mati mikil ógæfa hversu sofandi menn voru á sínum tíma þegar kvótakerfið var tekið upp, líka þegar kvótinn var settur á smábátana og þeir teknir inn í takmarkanirnar á sínum tíma, hversu ótrúlega sofandi menn voru fyrir því hversu afdrifaríkt mál var þar á ferðinni fyrir sjávarbyggðirnar í landinu. Það var með ólíkindum hversu afskiptalitlir, svo ég segi ekki afskiptalausir forsvarsmenn þessara sjávarbyggða, Sambands sveitarfélaga og aðrir slíkir aðilar voru gagnvart þessum málum lengi vel sem er eiginlega alveg með ólíkindum þegar ljóst er að um sjálfan tilverugrundvöll þessara byggða er algerlega að ræða í stórum stíl. Auðvitað hefðu þessir aðilar þurft að blanda sér af miklu meiri þunga inn í þá umræðu strax í byrjun. Þeim er það kannski til vorkunnar mörgum hverjum að menn sáu þetta ekki fyrir, áttuðu sig ekki á því hversu afdrifaríkir hlutir voru þarna að gerast, enda voru menn með afsakanir um að þetta væri allt til bráðabirgða gert til eins árs, svo yrði þessu hent og guð má vita hvað. Allar hugmyndir um byggðatengingu réttindanna fengu þær móttökur hjá þeim sem voru að berja í gegn þetta kvótakerfi, ekki síst hjá hæstv. núv. utanrrh., páv. hæstv. sjútvrh., Halldóri Ásgrímssyni, að þá var allt í einu algerlega óverjandi, óalandi og óferjandi að setja nokkur réttindi eða nokkurt vald í þessum efnum í hendur sveitarstjórnarmanna því að þeir áttu allir að vera svo gerspilltir og svo mikill klíkuskapur að þetta færi allt á frændur og vini í plássunum. Muna menn ekki eftir þessu? Slíkar ræður voru settar á til að berja niður allar hugmyndir um að þessi veiðiréttindi yrðu með einhverjum hætti byggðatengd eða einhver hluti þeirra á forræði sjávarbyggðanna í landinu.

Það er auðvitað stórfurðulegt, herra forseti, þegar við hugsum um þá skiptingu réttindanna sem auðvitað allir þessir stóru þátttakendur eða hagsmunaaðilar í og gagnvart sjávarútvegi á Íslandi komu að, þ.e. útgerðin í fyrsta lagi og sjómennirnir og skipin því að það verður náttúrlega lítið veitt án þeirra en líka fiskvinnslan í landi. Hvað gerði mögulegt að gera þessi verðmæti úr aflanum? Það var fiskvinnslan í landi að langstærstum hluta. Það var fiskverkafólkið í sjávarbyggðunum hringinn í kringum landið og það voru byggðarlögin sjálf með tilvist sinni, sveitarfélögin sem sáu um að þarna væru hafnir, þarna væri aðstaða o.s.frv. Hvers vegna í ósköpunum var þá ekki réttindunum þegar þau voru að koma til sögunnar útdeilt einhvern veginn þannig að allir þessir þátttakendur hefðu aðgöngumiða að leiknum? En það var ekki. Ég hef stundum líkt þessu við það að menn hefðu sest niður til að spila brids, og þá veit maður að hæstv. forsrh. leggur við eyrun, og það væri gefið þannig að öll háspilin væru fyrir fram sett á eina höndina og svo fengju hinir þrír spilamennirnir bara hunda. Þannig er þetta. Þannig verkar þetta kerfi með þessum afdrifaríku réttindum sem öll eru færð til útgerðarinnar. Menn geta auðvitað sagt: Hverjir áttu að fá þetta aðrir en útgerðin? Hverjir höfðu verið að veiða árin á undan kvótakerfinu? Rétt, útgerðarmennirnir. Þannig að því leyti til var aflareynslan og viðmiðunin sem tekin var gagnvart starfandi útgerðum 1983 sú eina sem hún gat orðið í sjálfu sér. En það er ekki þar með sagt að þau réttindi þyrftu að festast öll þar og verða síðan framseljanleg milli aðila þar án nokkurra tenginga eða nokkurrar stöðu annarra aðila sem sameiginlega höfðu byggt upp og skapað þann sjávarútveg sem við vorum með í höndunum á síðari hluta ársins 1983 þegar fyrstu og örlagaríkustu sporin voru tekin í þessum efnum.

Og enn er það svo, herra forseti, að ég trúi að það langvænlegasta sem menn gerðu í þessu sambandi — og það geta menn gert m.a. með því að vinna sig í áföngum til baka og að einhverju leyti út úr þessu kerfi — væri að tengja við byggðirnar á nýjan leik að einhverju leyti þessi réttindi, sérstaklega það sem væri þá nýtt af dagróðraflotanum ef það væri nýtt uppi á grunnslóðinni hringinn í kringum landið. Það stríðir í raun og veru gegn öllum eðlislögmálum, bæði náttúrulegum og félagslegum, að ekki skuli vera einhver tenging á milli byggðanna hringinn í kringum landið við sjávarsíðuna og nýtingar auðlindarinnar við bæjardyrnar hjá þeim inni á fjörðum og flóum. Þetta aflamarkskerfi í bol-

fiskveiðunum er algjörlega blint á slíkt og gerir þar engan einasta greinarmun á.

Það er meira að segja svo ótrúlegt, herra forseti, að við höfum verið að hrekjast út úr þó þeirri byggðatengingu eða svæðatengingu og skiptingu sem var við lýði í sjávarútveginum í ríkari mæli en nú er orðið. Þannig hefur t.d. staða byggða veikst gagnvart innfjarðastofnum. Það er ekki lengur löndunarskyldan sem var við lýði, t.d. gagnvart staðbundnum stofnum í rækju og jafnvel skelfiski og fleiru sem einu sinni var. Og við erum að fara þarna algjörlega í öfuga átt við eiginlega alla aðra því það hefur yfirleitt alls staðar verið talin niðurstaðan að frá félagslegum, byggðalegum, náttúrufræðilegum og líffræðilegum sjónarmiðum væri vænlegra að velja hinn kostinn út frá m.a. umgengni og stöðugleika og öðru slíku.

Herra forseti. Ég spái því að þangað til að menn ná að byggja inn í þetta kerfi breytingar af þessu tagi, að hólfa flotann upp, að tengja að einhverju leyti réttindin við byggðirnar og þar með skapa þeim öryggi og sæmilega stöðu í þessum efnum — þó að auðvitað verði hlutirnir alltaf breytingum undirorpnir og verði að vera það — verði þróunin neikvæð. Það er ekki þar með sagt að þetta þurfi að vera í svona villimannslegu fari í raun og veru eins og er hjá okkur, að hvorki hvað varðar stöðu einstakra aðila innan sjávarútvegsins né heldur stöðu byggðarlaganna gagnvart grunnnýtingarréttinum sé yfir höfuð boðið upp á nokkurt öryggi nema þessa grátlega litlu, mér liggur við að segja hlægilegu, heftiplástra sem menn eru hér með og að hluta til í þessu frv., örlitla potta til að deyfa sárustu höggin sem menn verða fyrir ef þeir missa allar veiðiheimildir burtu frá sér eins og raun ber vitni. Ég er þar að vísa til þess byggðakvóta sem er inni í aflamarkskerfinu á grundvelli bráðabirgðaákvæðis, 1.500 tonn ef ég man rétt, og svo þessara potta sem hér á að setja til handa bátum á krókaaflamarki sem eru frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum slíkra báta.

Auðvitað er þetta hvort tveggja viðurkenning manna á því að staðan er náttúrlega svakaleg gagnvart þessum aðilum en hún er bara svo sorglega lítil, dregur svo skammt. Það má segja að þetta sé örlítil viðurkenning á því eða undansláttur frá því að horfast í augu við og láta afleiðingar hins markaðsvædda kerfis ganga alla leið á enda. Menn eru að gefa örlítið deyfilyf við því en kerfið heldur áfram og er á fullri ferð, samþjöppunin mikil og sumir spá því að þess sé ekki langt að bíða að svo til allar veiðiheimildir í aflamarkskerfinu verði komnar á hendur kannski milli fimm og tíu aðila, a.m.k. að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra verði þá búinn að safnast saman í nokkrum stórfyrirtækjum, jafnvel sumum eignalega tengdum. Sumir menn vilja ganga þessa götu hratt og alla leið og henda öllum takmörkunum sem nú eru á því að fyrirtæki geti safnað að sér veiðiheimildum endalaust og hálfur sjávarútvegurinn orðið ein samsteypa eða eitthvað því um líkt. Þar eru ákveðin mörk við eins og við þekkjum, í augnablikinu 8 eða 12% eftir atvikum.

Þá er staðan náttúrlega orðin sú að fyrst og fremst þau byggðarlög sem eru svo heppin að hafa höfuðstöðvar slíkra stórfyrirtækja verða ofan á og hin eiga allt sitt undir því hvort þau fá náðarsamlegast að vera einhver útibú, hjáleigur, frá þessum höfuðbólum eða jafnvel bara hreinlega þurrkast út. Ef til vill getur einhver hluti íbúanna þá áfram dregið fram lífið í kringum leifarnar af smábátaútgerðinni sem eftir verða á þeim stöðum.

Þannig er þetta á fullri ferð, herra forseti, sú er einfaldlega staðan. Og hvar er svo hæstv. byggðamálaráðherra sem er kannski sá ráðherra sem ætti að sitja hérna ekki síður undir allri umræðunni heldur en hæstv. sjútvrh.? Hvar er það sjónarmið, sú vídd, í þessu samhengi? Var það ekki í gær sem hér var hafin byggðaumræða? Farin var ein umferð og svo var henni frestað þangað til á næsta ári. Það er kannski lýsandi fyrir (**Gripið fram í:** Það er auðvitað lýsandi fyrir áhugann ...) lýsandi fyrir stöðu byggðamála á Íslandi í dag að ekki er fallist á tillögur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að halda sérstakt byggðaþing í janúar sem hefði ekki verið vanþörf á.

Nei, hér er hafin byggðaumræða á grundvelli einhvers sem átti að heita „munnleg skýrsla" hæstv. byggðamálaráðherra og svo er henni frestað þangað til einhvern tíma á næsta ári. Svona er þetta, herra forseti. Svo sjáum við auðvitað hvorki haus né sporð á þeim hæstv. ráðherra sem á að fara hér með byggðamál undir þessari umræðu. Hefði þó verið ærin ástæða til því að meira að segja forsvarsmenn þessa frv. viðurkenna í verki að það geti orðið ærnar búsifjar af þessum breytingum til handa þeim byggðarlögum sem hafa verið að reyna að bjarga sér á grundvelli þeirra möguleika sem þó stóðu enn þá opnir í þessu kerfi. Svo geta menn sett á mín vegna, herra forseti, alveg endalaus ræðuhöld um það að þessi hluti flotans hafi verið með einhverjum ósanngjörnum hætti að auka hlutdeild sína, ég er orðinn tiltölulega dofinn fyrir slíku.

Vita menn ekki og sjá menn ekki hvað hefur verið að gerast? Bæði einstaklingar, fjölskyldur og byggðarlög hafa verið að reyna að bjarga sér á grundvelli þeirra möguleika sem enn þá stóðu opnir í þessu kerfi. Það er alveg hárrétt að Vestfirðir hafa nokkra sérstöðu í þeim efnum enda veitir mönnum nú ekki af þar, eða hvað? Sjá menn ofsjónum yfir því þó að reynt sé að hlynna að Vestfjörðum sem eru það landsvæði sem hefur orðið fyrir langþyngstum búsifjum í byggðalegu tilliti á Íslandi undangengin ár og áratugi og farið harkalega illa út úr kvótakerfinu? Svo dapurlega er komið að þar eru sárafá útgerðarfyrirtæki eftir sem hægt er að segja að séu sæmilega öflug og ráði yfir einhverjum umtalsverðum veiðiheimildum. Þau hafa þar týnt tölunni hvert á fætur öðru og veiðiheimildir þeirra og sumpart verðmætin sem með þeim fylgdu hafa flust á brott í fjarlæg byggðarlög, norður í land eða suður með sjó. Þetta er bara staðreynd og hana verður að ræða eins og hún er. Það er ekki verið að væna einn eða neinn sem í þessu hefur verið þátttakandi um að gera eitt eða neitt sem ekki var samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma. Þetta eru viðskipti og allir eru að hugsa um sig og sinn hag og sín fyrirtæki. En leikreglurnar hafa boðið upp á svona hluti.

Alþingi og ríkisstjórn verða að horfast í augu við afleiðingarnar. Við erum ekki að sakfella neinn þó að við horfumst í augu við það sem hefur gerst. Staðreyndir málsins eru þær að Vestfjarðakjálkinn væri nánast í auðn hvað sjávarsíðuna snertir, að slepptum kannski þá Ísafirði og næsta nágrenni, ef ekki hefði komið til sú uppbygging í smábátaútgerðinni sem hefur í raun komið í staðinn og bjargað mörgum stöðum. Ég held að það sé t.d. alveg ljóst að á Suðureyri — fyrir utan auðvitað „gatið" eins og menn segja — mundu menn ekki kemba hærurnar í dag ef ekki hefði orðið sú uppbygging í báta- og smábátaútgerð sem þar hefur komið í staðinn fyrir þá drift sem þar var á fyrri tíð.

Ég er sannfærður um það, herra forseti, að menn verða að finna einhverjar leiðir til að lagfæra þetta, flokka flot-

ann upp og byggðatengja að einhverju leyti réttindin. Þá tel ég að sæmilegur friður geti vel skapast smátt og smátt um aflamarkskerfið, t.d. fyrir stærri skipin. Og það er alveg rétt, ég hef aldrei hafnað því að til frambúðar kunni eina færa leiðin til að hafa hemil á sókn stóru og öflugu skipanna að vera einhvers konar kvótakerfi — vegna þess að ég held að hvorki efnahagslega né tæknilega sé í raun og veru raunhæft að reikna með því að sókn t.d. öflugra frystitogara eða fjölveiðiskipa verði takmörkuð öðruvísi. Ég held að það sé augljóslega bara svo efnahagslega óhagkvæmt að aldrei kæmi til greina að ætla að fara að takmarka sókn skipa sem kosta — að svo miklu leyti sem þau eru og við viljum að þau verði hluti af okkar sjávarútvegi sem þau auðvitað eiga að vera — að þau verði t.d. sett á sóknardaga og látin liggja bundin í tugi eða hundruð daga á ári. Í slíku er bara engin skynsemi þannig að þá yrði a.m.k. að vera hægt að hafa það kerfi framseljanlegt eða einhvern veginn leyfa mönnum að nýta þessi dýru og afkastamiklu tæki. Og auðvitað á alveg sama við um smábátana. Það er mjög bagalegt að geta ekki leyft mönnum að nýta fjárfestingar sínar.

Ég gæti vel séð fyrir mér að svona gæti sambúðin þróast og orðið skapleg. Ef menn hefðu svo borið gæfu til þess sem auðvitað var ekkert vandamál, sérstaklega framan af — eða ef menn hefðu gert það um leið og verðmætin urðu framseljanleg, ígildi þeirra verðmæta sem fólgið var í afnotaréttinum — að gera það sérstakt skattandlag og taka út hagnað sem kynni að myndast vegna viðskipta með afnotaréttinn — sem aldrei átti neinn að verða því þetta er fiskveiðistjórnarkerfi en ekki gullgerðarvél fyrir einhverja tiltekna einstaklinga — held ég að um þetta hefði getað orðið þokkaleg sátt. En hún er ekki til staðar og það sem er kannski allra verst, herra forseti, er að hún er ekki í sjónmáli.

Þá kem ég að því sem ég ætla aðeins að nefna hér undir lokin og það er blessuð sáttanefndin og staða þeirra mála almennt. Þar bólar ekki á neinu enn þá. Að vísu var hæstv. sjútvrh. að lýsa einhverjum vonum sínum um að koma einhverju fram á þessu þingi ef ég tók rétt eftir hér fyrr í umræðunni í dag. Og ég segi nú bara: Mikil er trú þín, hæstv. sjútvrh., og það er auðvitað nauðsynlegt að trúa á það sem menn eru að reyna að gera en einhvern veginn hef ég ekki þá tilfinningu að mjög byrlega blási með þetta.

Það vekur líka athygli mína, herra forseti, þegar ég skoða nál. meiri hlutans í þessu máli að í raun og veru stendur bara helmingurinn af ríkisstjórninni á bak við það. Það er afar athyglisvert eftir allt sem á undan er gengið í þessum málum að þetta skuli í raun og veru bara vera nál. Sjálfstfl. Hv. þm. Hjálmar Árnason úr Framsfl. á Suðurnesjum — sem einu sinni ætlaði að færa mikinn kvóta yfir á bátaflotann á Suðurnesjum eins og menn muna en á því hefur orðið einhver töf — skrifar hér undir með fyrirvara. Kannski lýtur fyrirvari Hjálmars Árnasonar að því að hann á enn eftir að koma þessu skitiríi í verk sem hann lofaði fyrir kosningarnar hérna um árið — var það ekki að stórauka veiðiheimildir báta?

Enn þá athyglisverðara er að enginn annar en sjálfur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins þannig að við vöðum alveg í villu og svíma og þoku um það hvar hann kann að skjóta upp kollinum í þessu máli. Það má sem sagt segja að kannski hálfur framsóknarmaður sé á nál. með þingmönnum Sjálfstfl., þ.e. hv. þm. Hjálmar Árnason með fyrirvara. (Gripið fram í.) Það er ekki beysin útkoma finnst mér hjá hæstv. sjútvrh. að hann skuli lemjast í gegnum þingið með stjórnarfrv., og stuðningurinn er sá að þingmenn Sjálfstfl. í sjútvn. og hálfur framsóknarmaður standa að nál. meiri hlutans. Ef annað verður eftir þessu er ekki von á góðu, herra forseti, þannig að ekki blæs byrlega í þessum efnum.

Svo er það rétt eins og til að passa að rjúfa ekki hefðina — ég veit ekki nákvæmlega hvenær það varð fyrst hljóðbært — að koma eigi með málefni dagabátanna hingað inn í febrúar kannski. Ha? Herra forseti, hvers konar bútasaumur er þetta? Já, þá er skilinn eftir einn lítill hópur af smábátaflotanum og verið að vandræðast með það mál einhvers staðar. Ekki var hægt að koma því fyrir hér inni í þessu máli heldur er boðað að á því verði tekið í febrúar. Eða hvað? Eftir áramót, er það ekki? Herra forseti, þetta er í raun og veru allt eins vandræðalegt og það mögulega getur verið.

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að öll staða þessara mála, bæði hvað varðar málefni þessa hluta smábátaflotans og sjávarútvegsmálanna almennt og það hvar menn eru á vegi staddir til að ná einhverju landi í þessum efnum, er manni auðvitað mikið áhyggjuefni. Þetta eru mikil vonbrigði. Kannski má þó segja, til að reynt sé að ljúka þessu á jákvæðum nótum, að sumpart hafi starfið í svokallaðri sáttanefnd sjútvrh. verið gagnlegt og skýrt málin. Ég tel t.d. tvímælalaust feng að þeim tillögum sem þar litu dagsins ljós og ýmsu sem í almennri umfjöllun nefndarinnar er að finna, í skýrslunum þar. Oft getur verið gagn að svona göngum þó að menn lendi svo í því að draga engar skynsamlegar ályktanir af þeim og komast ekki að neinni samkomulagsniðurstöðu.

Þannig fór t.d. fyrir skýrslu hinnar frægu tvíhöfða nefndar. Hún var alveg hið merkasta plagg vegna þeirra upplýsinga sem þar voru dregnar saman um sjávarútvegsmál, bæði vegna sögulegrar upprifjunar og gagna sem var aflað erlendis frá þannig að hún var, og er enn, ágæt lesning fyrir þá sem vilja fara yfir þann bakgrunn málsins. Að hluta til má segja svipað um skýrslur auðlindanefndarinnar og síðan sáttanefndarinnar, plöggin eru í sjálfu sér ágæt en vandinn er sá að enginn botn er í málinu. Menn komast ekki að neinni skynsamlegri niðurstöðu sem byggði þá á reifuninni sem þarna er að finna. Hún er enn úti í hafsauga.

Ég tel hins vegar að í tillögum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem að uppistöðu til voru efni sérálits fulltrúa okkar í sáttanefndinni, sé auðvitað fyrst og fremst að finna mjög góðan samkomulagsgrundvöll til að gera þarna breytingar, vinna sig hægt og rólega og í áföngum út úr núverandi ástandi á þann hátt að það valdi engum kollsteypum. Ákveðinn samhljómur hefur komið fram sem gæti bent til þess að meiri hluta væri hægt að skapa hér á Alþingi fyrir ákveðinni fyrningarleið, blandaðri leið einhvers konar afnotasamninga og fyrningar, þar sem menn gerðu grundvallarbreytingar á þessu kerfi en gerðu þær yfirvegað, héldu jafnvel að einhverju leyti áfram ígildi núverandi fyrirkomulags í gegnum afnotasamninga sem útgerðinni stæði til boða að gera en síðan kæmu aðrir aðilar inn í myndina, leigumarkaður að einhverju leyti, byggðarlögin að einhverju leyti eða eitthvað í þeim dúr.

Ég er alveg viss um að slíkar leiðir er hægt að fara. Þær eru bæði tæknilega finnanlegar, þær er hægt að útfæra og þær geta prýðilega gert sig þannig að sjávarútvegurinn búi við ágætlega stöðug skilyrði. Þetta gerist án nokkurra kollsteypna en eitt náttúrlega má ekki vanta, viljann. Þetta er allt saman gjörsamlega vonlaust ef viljann vantar. Það er alveg ljóst. Meðan menn ná að berja saman meiri hluta fyrir

varðstöðu um algjörlega óbreytt kerfi í grundvallaratriðum, að ég tali ekki um að súrra það jafnvel enn þá fastar en það hefur hingað til verið með því að taka smábátaflotann að verulegu leyti inn í það, er náttúrlega ekki von á góðu.

Í raun og veru, herra forseti, er þetta eins og sagt hefur verið hér áður og stundum í frægum ræðum: Vilji er allt sem þarf. Það er þannig.

[21:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum hlýtt á athyglisverða ræðu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Út af fyrir sig eru engin tíðindi að hann haldi athyglisverðar ræður en það sem sérstaklega vekur athygli mína við þessa ræðu er að mér finnst eins og hv. þm. tali nú í fyrsta skipti sem andstæðingur kvótakerfisins. Hann hefur vissulega haft uppi gagnrýnisorð á kvótakerfið en mér finnst hann aldrei hafa talað fyrr sem andstæðingur kerfisins og ég minnist þess ekki að hafa heyrt hann úttala sig um að hann sæi eftir að hafa tekið þátt í málamiðluninni 1990 þegar kvótakerfinu var breytt, þegar sóknarmarkið var tekið út og kvótakerfið varð allsráðandi um meginhluta útvegsins. Að vísu var hann í ríkisstjórn þegar þetta var og tók auðvitað þátt í þeirri málamiðlun en mér finnst hann í fyrsta skipti lýsa því yfir að hann sjái eftir því og tala eins og hann sé andstæðingur kvótakerfisins.

[21:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé með mig, vonandi eins og mjög marga fleiri, að viðhorf mín hafa auðvitað þróast og tekið mið af því sem augu mín sjá og eyru mín heyra. Ég er ekkert statískt fyrirbæri í þessari umræðu frekar en neinn annar þannig að ég ætla ekki að halda því fram að það megi ekki alveg merkja einhverjar áherslubreytingar hjá mér eins og öðrum, sem betur fer eru augu manns opin og maður tekur eftir því sem gerist í kringum sig.

Ég held hins vegar að ég hafi ekki tekið neinar kollsteypur í þessum málum og það eru engin slík vatnaskil í mínum viðhorfum til þessara hluta einmitt núna, eins og mér fannst hæstv. sjútvrh. vera að reyna að lesa inn í orð mín. Ég hef hvorki verið einhver órofa stuðningsmaður kvótakerfis né er ég orðinn algjör andstæðingur þess. Mín afstaða til þess hefur lengi verið býsna blönduð og ég vona að hæstv. sjútvrh. hafi heyrt mig segja það hér áðan að ég væri enn þeirrar skoðunar að að mörgu leyti væri vandséð að nokkuð annað en einhvers konar kvótakerfi, aflamarkskerfi, gæti stjórnað sókninni hjá stóru og afkastamiklu skipunum. Ég hef mjög lengi áskilið mér allan rétt til að glíma við að útfæra öðruvísi kerfi fyrir t.d. smábátana og jafnvel grunnslóðarflotann sem a.m.k. væri opnara og sveigjanlegra. Ég held að niðurreyrt kvótakerfi í einstaka tegundum henti mjög illa þeirri sókn sem þar fer fram og sé í raun og veru óþarft. Ég held að það geri ekki nokkurn skapaðan hlut til þótt einhver meðafli slæðist með á einhverjum mánuðum ársins hjá trillum sem eru fyrst og fremst að sækja í þorsk og væru kannski bundnar af þaki í þeirri tegund.

Ég lít frekar á þetta svona sem spurningu um almenn viðhorf sem eiga sér langa sögu að því leyti að ég hef verið gagnrýninn á mjög margt, eins og hæstv. ráðherra benti á. Það er auðvitað alveg rétt að fyrir mig persónulega var það afdrifaríkur hlutur sem gerðist 1990 þegar ég bar pólitíska ábyrgð á því kerfi sem þá var sett á vetur. Síðan fóru menn með það með tilteknum hætti og ég get svo sem sagt, og staðið við það, að menn launuðu það illa sem þá var gert.

[21:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má enginn taka það svo að ég sé að álasa hv. þm. fyrir að hafa skipt um skoðun, hvorki í þessu máli né öðrum. Það er illa fyrir þeim komið sem ekki getur skipt um skoðun, sé til þess ástæða.

Mér fannst bara ástæða til að glöggva mig aðeins á þessu því að mér fundust orð þingmannsins vera svolítið öðruvísi en þau hafa verið fram til þessa. Það getur vel verið að það hafi ekki verið ætlun hv. þm. að haga orðum sínum þannig að þau bæri að skilja á þann hátt en þá hefur hann bara gert þeim mun betur grein fyrir skoðun sinni í andsvörum.

[21:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef bara reynt — ég held að ég verði að segja það þó að mér sé málið skylt — að gera nokkuð skilmerkilega grein fyrir viðhorfum mínum í þessum efnum í gegnum tíðina, og hafði m.a. fyrir því sem ekki margir aðrir hafa gert, held ég, að skrifa heila bók um viðhorf mín til sjávarútvegsmála, á árinu 1996 ef ég man rétt. Ég spái því að ef hæstv. sjútvrh. léti einhvern tíma svo lítið, sem mér þætti vænt um, að fletta aðeins upp í henni sæi hann að þar þegar eru auðvitað settar fram mjög miklar efasemdir um margt sem þá var í gangi eða við lýði í sjávarútveginum. Þar var prjónað upp með tillögur um að reyna að breyta kerfinu í grundvallaratriðum, ekki síst hvað varðaði t.d. fiskveiðistjórn smábáta og bátaflotans, skipta flotanum upp og hverfa frá í raun og veru þáverandi og enn þá verandi að miklu leyti kvótakerfi hvað varðaði þessa hluta flotans.

Ég er enn á svipuðum nótum að mörgu leyti hvað þetta varðar, sem sagt stöðu aflamarksins sem slíks í þessu. Ég hef ekki verið í gegnum tíðina neinn sérstakur talsmaður gjaldtökuhugmyndanna sem hér hafa tekið mikla orku, kannski skorið mig svolítið úr frá ýmsum öðrum í þeim efnum. Ég hef alltaf talið það aðalatriði málsins að menn reyndu að skoða heildarmyndina og hef margoft gert til þess tilraunir, vissulega ekki alltaf með miklum árangri, að draga inn í umræðuna sem að mínu mati hefur snúist allt of mikið um algjörlega afmarkaða þætti fiskveiðistjórnarkerfisins — það er bara kvótakerfið og þá kannski þessar hugmyndir og spurningar um gjaldtöku eða skattlagningu — að draga aðra hluti inn, þróunina sem var að verða í fiskvinnslunni, samþjöppunina, áhrifin á byggðirnar. Ég tel að einn galli þessarar umræðu hafi lengi verið að hún hefur verið allt of þröng.

Það er ótrúlegt að fyrir nokkrum vikum voru taldar fréttir á Íslandi að kannski dygði kvótakerfið eitt og sér ekki sem fiskveiðistjórnarkerfi. En það hefur aldrei verið. Fiskveiðistjórnarkerfið er og hefur allan tímann verið, eins og hæstv. sjútvrh. veit auðvitað mætavel, margsamsett. Ég vil ræða þessa hluti í því stóra samhengi sem ég hef gjarnan reynt að setja þá í.

[21:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að draga það hér inn í umræðuna vil ég vekja athygli á því að árið 1990, í janúar, sendi Farmanna- og fiskimannasambandið — en ég var þá forseti þess — frá sér mjög mikla tímamótaviðvörun varðandi framtíð kvótakerfisins að því er ég taldi þá, og tel enn.

Við bentum á það, jafnframt því sem við óskuðum eftir að betur yrði unnið og tekið á þessum vandamálum, að þetta mundi valda ósætti með þjóðinni, þetta mundi valda tekjumismun milli sjómanna innbyrðis og milli skipaflota og milli byggðarlaga. Sambandið bauðst til að koma sérstaklega að því að ræða þessi álitamál til að fjalla betur um það sem þá átti að gera en á grundvelli þess að það var ekki gert hafnaði Farmanna- og fiskimannasambandið kerfinu, m.a. með þessum rökum.

Þetta vildi ég draga hér fram og er sammála því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, að það vakti furðu mína á þeim tímapunkti að sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn skyldu ekki taka til athugunar það sem við vorum að vara við, um tekjumismun byggðarlaganna og tilflutning á aflaheimildum milli byggða.

Svo heyrði ég að hv. þm. auglýsti hér í umræðunni eftir ráðherra byggðamála. Mér finnst eiginlega ofáætlan hjá hv. þm. að ætlast til þess að byggðamálaráðherra sé hérna við. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir í umræðunni í gær að hún liti svo á að Hæstiréttur hefði dæmt hana til að stjórna fiskveiðum á Íslandsmiðum eingöngu með kvótakerfi og hún hlýtur að sitja uppi með þann dóm og trúa því.

[21:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara örstutt. Ég man eftir þessari afstöðu Farmanna- og fiskimannasambandsins á sínum tíma. Það hefur löngum verið skeleggt, og var það á meðan hv. þm. var þar í forsvari. Menn velktust ekki í vafa um hvar það stóð, og stundum heyrðist ágætlega í því ef ég man rétt.

Það er alveg hárrétt að menn hlustuðu lítið á ýmis varnaðarorð sem uppi voru árið 1990 og ég tel auðvitað eftir á að hyggja að menn hafi í raun og veru alls ekki séð nógu vel fyrir afleiðingarnar af þeim breytingum sem þá voru gerðar. Í ræðu minni áðan komu svo sem fram efasemdir og ákveðin sjálfsgagnrýni í þeim efnum. Ég minni þó á að þeir sem höfðu af þessu áhyggjur voru auðvitað að berjast fyrir því að menn væru með ákveðin viðbrögð viðbúin, tilbúin, og þarna var bæði settur þessi byggðapottur upp á 12 þús. tonn og, hvort sem hann var fyrir í lögunum eða kom þarna inn, forkaupsréttur sveitarfélaganna. Hann reyndist síðan að sjálfsögðu smátt og smátt ónýtur, eins og við vitum, en hann er þó ákveðin vísbending og yfirlýsing um að menn höfðu af þessu áhyggjur. Auðvitað var þessi umræða uppi en það var allt barið niður og menn töldu að ekkert þyrfti að gera með slík sjónarmið. Smátt og smátt varð það gagnslaust tæki í höndum fjársveltra sveitarfélaga.

Ég á bágt með að trúa að sjálfur ráðherra byggðamála hafi gefið svona dómadagsyfirlýsingu hér um að Hæstiréttur hafa bara dæmt núverandi kvótakerfi yfir okkur um aldur og ævi. Það væru nú meiri firnin og ósköpin. Það er auðvitað alveg víðs fjarri öllum sanni og ég veit að Hæstarétti sárnar að vera borinn fyrir slíku en ég held að það verði þá að leiðrétta þann misskilning einhvern veginn ef hann er hér uppi.

[22:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert hissa á að hv. þm. eigi erfitt með að trúa að byggðamálaráðherra hafi gefið þessa yfirlýsingu hér í gær. Ég bendi honum á að fá útskrift af þeim orðum. Þetta var í andsvari við ræðu minni um byggðamál og ég fer bara fram á að hann fái útskrift af því og kynni sér þessa merku yfirlýsingu. Ég tel þetta eina merkilegustu yfirlýsingu sem ráðherra hefur gefið í þessum þingsal, þ.e. að búið væri að dæma alla ráðherra ríkisstjórnarinnar til að hafa þá skoðun að hér beri að stjórna fiskveiðum með kvótakerfi um alla framtíð. Menn áttu ekki að hafa neitt annað um það að segja.

Út af byggðapottinum sem hv. þm. vék hér að, þessum 12 þús. tonnum sem ætlað var að styrkja byggðir á sínum tíma, þá er alveg rétt að menn bundu nokkrar vonir við það þegar hann var settur á. Eitt byggðarlag, þegar búið var að semja allar reglurnar í ráðuneytinu og í Fiskveiðasjóði og alls staðar og útiloka nánast alla, átti þrátt fyrir allt rétt til að fá út úr þessum sjóði eins og reglurnar voru. Það var Bíldudalur, þegar hann missti allar heimildir sínar og skip og allt.

En þá var búið að semja reglurnar þannig að ef menn áttu að fá úthlutað byggðakvóta úr þessum Byggðasjóði þurftu þeir að leigja hann á sama verði og á markaðnum. Þá spurðu menn auðvitað: Hvaða hagur er í því fyrir Bíldudal að leigja á sama verði og á markaðnum? Það fylgdi nefnilega sú kvöð að þeir máttu ekki leigja kvótann frá sér ef þeir gátu ekki nýtt hann. Þess vegna var betra hjá þeim að leigja á markaðnum. Þeir gátu þá ráðstafað honum aftur ef þeir gátu ekki nýtt hann.

Þannig er alveg rétt hjá hv. þm. að þessi Byggðasjóður var eyðilagður með þeirri útfærslu sem á eftir fylgdi með reglugerðum.

[22:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla bara að vona varðandi Hæstarétt að menn taki þá eftirleiðis svona mikið mark á öðrum dómum hans. Það var ekki gert þegar öryrkjadómurinn átti í hlut. Þá þurfti ekki að fara bókstaflega eftir dómum Hæstaréttar en nú virðist hæstv. viðskrh. og byggðamálaráðherra trúa því að hún sé dæmd til að standa hér að óbreyttu kvótakerfi um aldur og ævi, ad infinitum. Það væru mikil tíðindi. (**Gripið fram í:** Ekki ef hún er að því nauðug.) Já, svo er spurning hvort henni er þetta eins ljúft og hún lætur.

Varðandi byggðapottinn þá nefndi ég hann hér til sögunnar vegna þess að ég tel að hann hafi nánast verið svik. Það voru nánast svik við þá sem studdu málamiðlunina 1990, á grundvelli þess að þessi byggðapottur var settur þar inn. Ég get upplýst að ég tel að ég hafi átt minn þátt í að berja það inn í lögin að heimildir væru til ókeypis úthlutunar. Eins og lögin voru endanlega frágengin vorið 1990 kom inn ákvæði um að það væri hægt, ef ekki væru aðrir möguleikar, að úthluta án endurgjalds. Það hefði auðvitað átt að gera gagnvart Bíldudal á sínum tíma. Þá voru hins vegar aðrir menn farnir að véla um og sett var reglugerð sem í raun ónýtti þennan möguleika.

Eins og hv. þm. bendir á hefðu menn þá átt að fara að leigja veiðiheimildirnar út úr þessum potti á fullu markaðsverði. Þar með var þetta orðinn brandari, bara della. Því er vart hægt að draga aðra ályktun af þessu en að þetta hafi verið eyðilagt vísvitandi. Ég tel raunar að það hafi á löngum köflum verið þannig að ýmsir aðilar hafi vísvitandi reynt að spilla því sem reynt var að gera til að breyta þessu kerfi og þróa það eitthvað. Það var eins og menn hefðu tekið þá stóradómsákvörðun að kerfið skyldi varið óbreytt. Atburðir af þessu tagi í sögunni hníga í þessa átt.

[22:05]

Útbýting þingskjals:

Rafrænt upplýsingakerfi bókasafna, 331. mál, svar menntmrh., þskj. 561.

[22:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom í andsvari síðasta ræðumanns get ég tekið undir að þetta var dálítið sérstæð yfirlýsing hjá hæstv. iðn.- og viðskrh., þ.e. að Hæstiréttur hefði kveðið upp úr um að fiskveiðum við Ísland yrði ekki stjórnað á annan hátt en með kvótakerfi. Ég geri ráð fyrir að þetta hafi aðeins verið sagt í hita leiksins. Ekki er hægt að fullyrða um að þetta hafi verið sagt að vel athuguðu máli. Ég held að það sé ástæða til að leyfa hæstv. iðn.- og viðskrh. að njóta a.m.k. vafans í þeim efnum.

Hins vegar er hárrétt að þessi orð féllu hér í þessum ræðustól. Ég get tekið undir það með öðrum þeim sem rætt hafa um þessi mál að þau hefðu getað orðið drjúgt umræðuefni, ekki síst í ljósi þess að umræða um byggðamál sem hér átti að fara fram í gær hefur verið frestað fram á næsta ár. Hún hefði þá að hluta til getað farið fram hér.

Það velkist enginn í vafa um að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er stærsti einstaki áhrifaþátturinn í þeirri byggðaþróun sem hér hefur orðið undanfarin ár. Þessar byggðir urðu flestar til út af nálægðinni við sjóinn, möguleikanum á að geta sótt í auðlindina. En þegar þeir möguleikar voru ekki lengur til staðar eins og áður gat það ekki annað en haft áhrif á byggðaþróunina. Vissulega koma þar fleiri þættir til sögunnar en hins vegar er ég sannfærður — eftir að hafa skoðað þetta nokkuð vel, sat m.a. í auðlindanefnd sem tók talsvert mið af þessu, ræddi þetta frá mörgum sjónarhornum, sat fundi með ýmsum sérfræðingum á þessu sviði — um að við núverandi kvótakerfi eru byggðir sem geta ekki lengur nýtt þær aðstæður að vera nálægt auðugum fiskimiðum undir hvað mestum áhrifum af þeirri byggðaþróun sem við höfum horft upp á undanfarin ár.

Hins vegar er kannski ástæða til að nefna hér að það hefur aldrei komið fram hvað menn eiga við þegar þeir tala um byggðaþróun. Það kemur aldrei fram að hverju er stefnt. Er stefnt að óbreyttu byggðamunstri? Stefna menn að því að efla tiltekin svæði eða hvað? Hvaða markmiðum ætla menn að ná? Það verður að segjast eins og er, þó að það sé kannski ekki stórmannlegt að nefna það þar sem hæstv. iðn.- og viðskrh. er ekki á staðnum, að ekki skýrðist sú umræða mikið við þá ræðu sem sá hæstv. ráðherra flutti hér í gær. Byggðaumræðan væntanlega verður áfram í vindinum eins og hún hefur verið um nokkuð langt skeið.

Það er tímanna tákn og dæmi um hversu mikið sú umræða er úti í loftið að einn hv. þm. kom upp í andsvari í gær og taldi að þar sem búið væri að leggja einhverjar krónur í fjarvinnslu á Hvammstanga væri byggðaflóttinn að mestu leyti að baki. Það segir eiginlega meira en mörg orð um ferðalagið á þeirri umræðu oft á tíðum. Kannski er ástæðulaust að rekja það hér. En stjórn fiskveiða og fiskveiðistjórnarkerfið eru vissulega einhver stærsti áhrifaþátturinn fyrir byggðamálin.

Með frv. sem hér er til umræðu er ljóst að stigið er enn eitt skrefið í þá átt að festa í sessi kvótakerfi á öllum veiðum. Menn komast ekki lengra að þessu sinni en hér er farið. Það er alveg ljóst að sú stefnumótun hefur verið mörkuð hjá ríkisstjórnarflokkunum að einasta stjórnkerfið sem komi til álita til lengri tíma litið — auðvitað erum við að skrifa söguna frá degi til dags og þetta er liður í því — sé kvótakerfið, þ.e. núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Þó felst vissulega í þeim hugmyndum sem birtast í frv. viðurkenning á að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hafi valdið mörgum byggðum miklum búsifjum. Annars væru menn ekki að færa veiðiheimildir frá einum aðila til annars. Menn væru ekki að gera það nema til að taka á einhverjum tilteknum vanda.

Nú á að taka á vanda Vestfjarða og verður að segjast að það er kannski ekki í fyrsta skiptið sem slíkt kemur upp en þetta er vissulega fordæmi sem hvetur aðra staði til að sækja fastar á að fá fram sértækar aðgerðir. Í þessu birtist einmitt hvers konar kerfi er hér á ferðinni, í rauninni ekkert annað en miðstýrt skömmtunarkerfi sem stjórnmálamenn leyfa sér æ ofan í æ að stinga sér í og færa aflaheimildir frá einum til annars.

Með þessum hugmyndum — og eitthvað annað gerist næst og eitthvað annað gerðist áður — er t.d. að frá Vestmannaeyjum fara 500 tonn af ýsu. Auðvitað fer það til einhverra annarra. Þetta veldur mönnum líka búsifjum. Þetta er alveg dæmigert fyrir þetta kerfi. Menn hafa reynt að nálgast það frá ýmsum hliðum aftur, reynt að plástra, bæta örlítið í og stinga dúsum upp í þá sem hafa hæst og taka frá þeim sem ekki hafa verið með mikinn hávaða.

Ég held að enginn mæli því í mót að þeir aflamarksbátar sem völdu að fara í aflamarkið kannski strax 1984 og hafa fylgt í hvívetna þeim reglum sem stjórnvöld hafa sett frá þeim tíma hafa að mörgu leyti farið hvað verst út úr þessu. Enda hefur þróunin verið sú að þeir sem hafa átt til þess einhvern möguleika hafa nýtt sér smugur í kerfinu. Þar hefur vöxturinn verið. Hann hefur verið hjá stóru fyrirtækjunum og smábátaútgerðinni. Þar hafa vaxtarmöguleikarnir verið. Hinir minni, sem ekki hafa getað sótt á fjarlæg mið nema í litlum mæli, sem ekki hafa átt neinar smugur í fiskveiðistjórnarkerfinu sem við höfum meira og minna lifað við frá 1984, hafa setið eftir.

Auðvitað er það verðugt umhugsunarefni, virðulegi forseti, þegar horft er til þess að árið 1983 veiddu smábátar 13 þús. tonn en í fyrra 70 þús. tonn á sama tíma og þessir bátar hafa þurft að láta mikið af aflaheimildum frá sér vegna plástrunaraðgerða eins og þeirrar sem hér um ræðir, niðurskurðar o.s.frv. Mér finnst það, virðulegi forseti, vera virkilegt umhugsunarefni að á Íslandsmiðum, þar sem verstra veðra er von, skuli vaxtarbroddurinn í minnstu bátunum. Það er kannski fyrst og fremst út af því að þeir sýnt dugnað, þeir hafa nýtt sér þær smugur sem þeir hafa getað gengið í. Ég geri ekki lítið úr því, síður en svo. En hvers konar kerfi er það sem gerir það að verkum að þróunin og vaxtarbroddurinn er stærstur í minnstu skipunum?

Ég get sagt það sem mína skoðun að ég hef um langt skeið verið á þeirri skoðun að á því séu gallar að skipta þessu upp með kvótum, þ.e. að skipta hinni takmörkuðu auðlind upp — ég held að það neiti því enginn lengur að um takmarkaða auðlind sé að ræða og nauðsynlegt sé að skipta henni upp með einhverju móti. Ég taldi lengi að ég sæi ekki betri aðferð en þetta. Okkur eru hins vegar smám saman að verða ljósir hinir gríðarlegu gallar á þessu kerfi. Þeir gallar tengjast ekki einvörðungu því að vernda fiskstofna og nýtingu auðlindarinnar heldur líka hinu, áhrifunum á mannlífið í landinu. Við megum ekki gleyma því, þó það gleymist allt of oft í þessari umræðu, að við erum að reyna að koma á kerfi sem komi fólkinu í landinu vel. Markmiðið getur ekki verið hagræðingin ein.

Við hljótum að þurfa að byggja upp og búa til kerfi sem nýtist fólkinu í landinu. Það á að vera markmiðið, en ekki að vera hér með endalausar skýrslur einhverra hagfræðinga sem geta upplýst að þetta tiltekna kerfi skili einhverjum tilteknum arði og því sé algerlega nauðsynlegt að viðhalda því þó að

veruleikinn og sagan, held ég, hafi nánast á öllum sviðum allt að því fellt þessar kenningar hagfræðinga. Ég held að þetta sé eitthvað sem við verðum að hafa í huga í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Auðvitað er það líka umhugsunarefni að þeir sem á hátíðarstundum og í skálaræðum tala hæst um frjálst framtak, atvinnureksturinn og einstaklingsframtakið skuli í raun einir standa að þeim hugmyndum sem hér um ræðir, þ.e. að færa heimildir frá a til b með handafli, þ.e. dæmigert miðstýrt skömmtunarkerfi. Og þeir hinir sömu tala helst fyrir þessu kerfi.

Að mörgu leyti er hæstv. sjútvrh. vorkunn. Hann er einfaldlega lentur inni í þessu. Jafnvel þó að hugmyndir hans almennt í pólitík séu aðrar þá er hann lentur inni í þessu og hann er einfaldlega orðinn starfsmaður þess, hæstv. ráðherra, að keyra þessar hugmyndir áfram.

En ég vil eins og fleiri telja hæstv. ráðherra þó til tekna þessa 5% reglu sem er að finna í 4. gr. frv. Ég held satt best að segja, svo ég reyni einnig að bera blak af blessuðum stráknum, hæstv. ráðherra, að þetta sé í fyrsta skipti sem hér koma inn á þing hugmyndir frá ríkisstjórn þess efnis að það er viðurkennt að ekki sé algerlega hægt að stjórna fiskveiðum með fjarstýrðum reglum, að fjarstýrðar fiskveiðar gangi ekki alveg upp, að ekki sé alveg hægt að ganga út frá því sem vísu hvaða tegundir komi í veiðarfærin, að ekki sé hægt að gefa það út í reglugerð hvernig fiskist, hvað komi í veiðarfærin og hvað komi að landi. Ég vil þó segja að það sýnir nú ákveðna djörfung hjá blessuðum hæstv. ráðherranum að hann skuli þó koma fram með þá hugmynd sem er að finna í 4. gr.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég stend að öllu leyti að baki 1. minni hluta sjútvn., þeim hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og Jóhanni Ársælssyni sem hafa skilað minnihlutaáliti sínu. Ég held að þær hugmyndir sem hér liggja fyrir dragi fram hina stóru veikleika í þessu miðstýrða skömmtunarkerfi þegar stjórnmálamenn eru að stinga sér inn í það og færa heimildir, valda búsifjum á einum stað til þess að reyna að bjarga einhverju á öðrum stað. Þessi hugmyndafræði hefur aldrei gengið upp, hvergi nokkurs staðar. Hún var jú reynd austur frá. *Hún var reynd í kommúnistaríkjum á árum fyrr.* Sagan hefur fellt sinn dóm um þær tilraunir og auðvitað er dálítið sorglegt fyrir hæstv. sjútvrh. að þurfa að gerast sporgöngumaður þeirra og færa hér heimildir í miðstýrðu skömmtunarkerfi frá einum stað til annars. En vissulega rennur upp sú tíð að hann þarf að svara fyrir það.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki í þessari umræðu fara almennt yfir sögu þessa kerfis. Ég held að margir hafi gert það. Ég ætla mér heldur ekki að fjalla almennt um þær hugmyndir sem birtast í þessu, að öðru leyti en ég hef gert. Hæstv. ráðherra hefur boðað að hann ætli að koma hér fljótlega upp úr áramótum með nýjar hugmyndir um einhvers konar tilraun til sátta um fiskveiðistjórnarkerfið. Ég held að sú almenna umræða hljóti að fara fram þá og ég mun að sjálfsögðu taka þátt í henni.

En ég ítreka aftur mótmæli mín, virðulegi forseti, við að hæstv. sjútvrh. skuli með þessum hætti vera að færa heimildir frá einum til annars. Væntanlega lendum við fljótlega í því að reyna að bjarga okkur út úr því með því að færa þá heimildir til þeirra sem nú er tekið frá.

[22:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mjög merka ræðu að því er mér fannst. Ég er alveg sammála honum um það grundvallarviðhorf sem hann lýsti í ræðu sinni að kerfið sem slíkt á að nýtast fólkinu í landinu. Það á ekki bara að vera hugsað fyrir útgerðarmanninn. En gallinn á því að vera með þessar kvótasetningar eins og þær eru er að þá er verið að færa útgerðarmönnum sérstök réttindi í aflakvótum. Sá réttur fylgir ekki fólkinu. Hann fylgir þeim sem hann fær.

Þar af leiðandi eru hagsmunir fólksins oft og tíðum allt aðrir en hagsmunir þess sem veiðiréttinn fær jafnvel þó að veiðirétturinn sé verulega skertur frá þeim möguleikum sem menn höfðu áður, eins og er t.d. í því tilfelli sem hér er verið að leggja til, þ.e. að verið er að setja höft á þá sjósókn sem áður var og færa það yfir í kvótakerfi og færa þar af leiðandi útgerðarmanninum rétt til kvótans. En það hefur ekkert með fólkið í landinu að gera, *atvinnuhorfur þess eða öryggi. Þvert* á móti vinnur það gegn hagsmunum fólksins og veikir öryggi fólksins í byggðunum.

Það er einnig rétt sem hv. þm. sagði að það voru einkum tvær smugur og hafa lengi verið í þessu kvótakerfi okkar. Það voru smugur hinna kraftmiklu skipa sem gátu farið vítt og breitt um höf, norður í Smugu, á Flæmingjagrunn, út fyrir lögsögu og voru á sama tíma að leigja aflaheimildir sínar til annarra skipa flotans, m.a. vertíðarflotans, sem urðu þá að gerast leiguliðar að heimildum hinna sem þeir héldu meðan þeir voru að vinna sér inn ný veiðiréttindi. Þannig hefur þessi stóri og öflugi floti auðvitað haldið sínu í þessu kerfi og rúmlega það. Síðan voru smugur sem mynduðust við það að bátar voru úreltir og sjómenn af þeim urðu að fara á litlu skipin.

[22:23]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðum um hvernig ætti að úthluta aflaheimildum í auðlindanefnd var einmitt farið yfir þennan þátt málsins, þ.e. hverjum átti að úthluta þessum atvinnuréttindum. Menn spurðu vissulega þessarar spurningar: Er eðlilegt að útgerðarmönnum einum séu afhent þessi réttindi? Það kerfi hefur lengi verið við lýði að sjómenn hafa að mörgu leyti verið verktakar hjá útgerðarmönnum. Þeir hafa róið upp á hlut. Og menn spurðu þegar verið var að úthluta *þessum atvinnuréttindum: Hví skyldu þeir ekki ávinna sér* rétt í þessum atvinnuréttindum þar sem þeir hafa aldrei verið beinir launamenn heldur róið upp á ákveðinn hlut og í raun tekið þátt í útgerðarkostnaði?

Virðulegi forseti. Ég held að ágætt væri ef hægt væri að koma einhverri ró á hv. þm. Hjálmar Árnason sem stóð nú að hluta til að áliti meiri hlutans. Hann treysti sér ekki til þess að fullu. Það væri ágætt ef hægt væri að halda einhverri ró á hv. þm.

Vegna spurningar hv. þm. um af hverju þessum réttindum var einvörðungu úthlutað til útgerðarmanna þá er dálítið erfitt að svara því vegna þess að rökin að baki því eru langt frá því að vera sjálfgefin. Þegar menn hugsa þetta til baka þá held ég að miklu skynsamlegra hefði verið að reyna að úthluta þessum réttindum öðruvísi. Og sagan greinir að miklu sterkari rök voru fyrir því að úthluta þessum atvinnuréttindum til fleiri en gert var í stað þess að úthluta þeim einvörðungu til útgerðarmanna.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er liðinn. Ég reyni kannski að útskýra þetta betur í síðara andsvari.

[22:25]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að varpa örlitlu ljósi á þetta dæmi má t.d. benda á svar eða álit frá Stöðvarhreppi fyrir austan. Þar

benda þeir á að fimm smábátaútgerðir greiði 70 millj. í laun. Af því fái hreppurinn 7,8 millj. í útsvar, sem séu hvorki meira né minna en 24% af öllum útsvarstekjum hreppsins. Í bréfinu segir að það sem verið sé að gera núna muni rýra verulega búsetumöguleika fólksins í hreppnum. Í staðinn fyrir fimm báta verði e.t.v. hægt að gera út tvo. Það sjá allir hvers konar afleiðingar þetta er að hafa fyrir þessi byggðarlög.

Í þessum minni byggðarlögum skiptir alveg ofboðslega miklu máli að þessi réttur smábátanna geti haldist að einhverju leyti eða að mestu leyti óbreyttur. Það er auðvitað vegna þess að þau hafa ekki að neinu öðru að hverfa. Menn væru sjálfsagt ekki að kvarta í þessum minni sjávarbyggðum ef þeir hefðu óþrjótandi möguleika í að fara.

En sjávarbyggðirnar á Íslandi urðu aðeins til vegna þess að þær lágu vel við fiskimiðum og fólkið sem þar vill búa hlýtur að eiga einhvern rétt til þess að við stjórnmálamennirnir virðum rétt þeirra til að geta lifað þar.

[22:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þær breytingar sem hér er verið að leggja til miða að því í fyrsta lagi að verið er að festa enn frekar í sessi kvótasetningu á smábátaflotann og í öðru lagi er verið að plástra aðeins verstu ágalla þess kerfis án þess að þar sé þó um neina fullnægjandi aðgerð að ræða eða hluta af heildarsýn í fiskveiðistjórnarmálum. Það sem hér er því verið að gera er í rauninni staðfesting á kvótakerfinu en krafl í það að öðru leyti og einungis að því sem snýr að smábátunum.

Það sem ég vildi gera að umtalsefni sérstaklega er í fyrsta lagi, eins og hér hefur aðeins verið minnst á fyrr í umræðunni, forsendur kvótakerfisins varðandi fiskstofnana við landið. Forsendur kvótakerfisins ganga út frá því að við landið sé í rauninni bara einn þorskstofn, bara einn keilustofn, bara einn steinbítsstofn og bara einn ýsustofn og að nánast sama sé hvar hann er veiddur í kringum landið, þ.e. að það sé bara eitthvert ákveðið magn af fiski sem megi veiða með þeim hætti að fá kvóta til veiðiréttar þar á.

Herra forseti. Þetta held ég að sé afar röng nálgun og vonandi verður nú lögð aukin áhersla á það í rannsóknum á fiskstofnunum við landið að kanna hvort ekki sé um allmarga aðskilda fiskstofna að ræða, fiskstofna sem eru bara að takmörkuðu leyti á þessari hringferð í kringum landið, eru kannski stóran hluta ársins meira eða minna staðbundnir.

Við þekkjum þær rannsóknir sem núna er verið að gera, t.d. á laxi, þar sem rannsóknir eru komnar lengra á laxi, að þar eru stofnar eða afbrigði af laxi sem velja sér ákveðnar ár og ekki aðeins einstakar ár heldur eiga þeir líka til með að velja einstök svæði í ánum. Þegar síðan þessi lax er veiddur, ef veiddur er alveg allur lax úr einni hliðará frá annarri stórá, þá getur sú hliðará orðið laxlaus mörg, mörg ár ef ekki er eftir hrygningarfiskur sem hefur þar heimkynni sín. Þetta er þegar orðið mjög þekkt í umgengninni við laxastofnana í ánum hér, að hver á á sinn stofn og meira að segja hver hliðará getur átt sitt afbrigði sem ekki endurnýjast svo glatt ef þeim fiski er útrýmt sem þar er. Þetta er einmitt eitt stærsta vandamálið sem hefur komið upp varðandi laxárnar með sleppingum, með því að sleppa seiðum af hinum og þessum laxastofnum í þeim tilgangi að auka laxgengd í árnar. Þetta hefur einmitt skekkt hina raunverulegu heimastofna ánna. Slík aðgerð getur aukið heildarlaxagengdina um tíma en þegar til lengri tíma er litið hefur þetta skaðað heimastofninn þannig að áin sem slík er farin að framleiða miklu minna af laxi og lax sem átti heimkynni sín í hliðarám árinnar hefur tapað í þeirri samkeppni eða er orðinn útdauður. Þannig hefur heildarframleiðslugeta árinnar skerst.

Það er alveg fráleitt annað, herra forseti, en a.m.k. að ætla, þangað til rannsóknir sýni hreinlega annað, að eins sé ekki háttað um þorskstofnana og fiskstofnana hringinn í kringum landið. Það er vitað að laxinn úr ánum fer út í haf og syndir þar og er að einhverju leyti saman með stofnum frá öðrum ám, en að stórum hluta lifir hann síðan aðskildu lífi sínu.

Ég leyfi mér að vitna til persónulegrar reynslu og upplifunar þegar ég sem ungur strákur var að alast upp norður á Ströndum og faðir minn var einmitt útvegsbóndi og stundaði sjóinn. Þá man ég eftir því að fiskurinn fékk sitt nafn, hvaðan hann var að koma. Þeir þekktu meira að segja að hvert grunn eða hver mið úti á Húnaflóanum áttu sinn einkennisfisk, þannig að þeir voru ekki í neinum vafa um hvaðan fiskurinn kom eða af hvaða raunheimkynnum eða grunnheimkynni viðkomandi fiskur átti. Þetta var svo nærtækt í tali manna, þetta þótti svo sjálfsagt. Þess vegna er jafnfráleitt í fiskveiðistjórnarkerfi, heildstæðu fiskveiðistjórnarkerfi, að hreinlega útiloka þessa hlið málsins en líta á þetta sem eina heildarpúllíu sem megi veiða hvar sem er og hvernig sem er bara út á tiltekinn kvóta.

Ég held reyndar að við sem lifum og hrærumst í náttúrunni vitum að afar litlar líkur eru á því að það sé bara einn fiskstofn, einn þorskstofn við landið. Það eru afar litlar líkur til þess að svo sé og það sé sama þess vegna hvar viðkomandi tonn eru tekin sem leyft er að veiða án þess að það geti þá skaðað heildarafkastagetu þorskstofnanna eða fiskstofnanna við landið. Kvótakerfið sem slíkt, sem byggir á því að þetta sé svona, er röng hugmyndafræði, reynist þetta vera rétt sem ég hér er að ýja að, og stórhættuleg fyrir fiskveiðistefnu okkar.

Varðandi þá kvótasetningu sem hér á sér stað með þeim lögum sem hér er verið að leggja til, þá leiðir hún af sér að fisktegundir sem áður voru ekki kvótabundnar og þar af leiðandi ekki hægt að selja fiskveiðiheimildirnar verða nú framseljanlegar, að vísu innan ákveðins bátaflokks sem hér er um að ræða, en þau grundvallaratriði um framsal á aflaheimildum verða þarna orðin virk þannig að staða íbúanna á viðkomandi stöðum þar sem þessir bátar og sá floti hefur veitt og lagt upp er mun ótryggari nú en áður vegna þess að þær aflaheimildir geta gengið kaupum og sölum án þess að íbúar viðkomandi svæða hafi nokkuð um það að segja. Þetta hlýtur að vera þeim byggðum enn þá alvarlegra mál, einmitt þeim byggðum sem síst mega við auknu óöryggi á þessu sviði, ætti frekar að vera á hinn veginn.

Ég vil auk þess, herra forseti, draga hér inn þátt sem ekki hefur verið mikið ræddur en það er réttur sjávarjarða. Það eru allmargir bændur og allmargar jarðir sem geta nýtt auðlindir sínar bæði til lands og sjávar. Ég er sjálfur uppalinn við það að stundaður var sjór og rekinn búskapur jöfnum höndum og það skapaði ágæta lífsgrundvöll fyrir fjölskylduna á þann hátt. Og enn eru margar jarðir sem væri verulegur styrkur í því ef þær hefðu verndaðan ákveðinn rétt til að nýta einmitt slíkar auðlindir. Þessi réttur yrði að sjálfsögðu að vera bundinn jörðinni og bundinn því að vera nýttur af þeim sem þar býr og ekki væri hægt að framselja hann en væri bundinn á þann hátt að það gæti orðið til styrktar þeirri búsetu og einmitt líka til hagkvæmra veiða, hagkvæmrar nýtingar á

þeirri auðlind. Þetta tel ég, herra forseti, að hefði átt og ætti að koma inn í umfjöllun um þennan bátaflota sem hér er verið að fjalla um og/eða þá að þetta verði haft í huga þegar koma fram tillögur um þann hluta bátaflotans sem stendur hér út af í þessari umfjöllun, þ.e. dagabáta og reyndar líka aflamarksbátana.

Ég vil nefna vegna þeirrar umræðu sem hefur oft orðið hér, að það skipti ekki máli hvar fiskurinn sé veiddur eða hvar honum sé landað eða hvar hann sé unninn, að hann sé fluttur langa vegu eða þetta séu þá bara útlendingar sem vinni fiskinn. Það er nú svo að einmitt fiskvinnslufólk hefur búið við hvað mesta óvissu af öllum þeim sem hafa tengst sjávarútveginum, fiskvinnslufólk og það fólk sem býr í landi á viðkomandi útgerðarstöðum og hefur lítil áhrif á það hvernig með fiskinn er farið þegar í land er komið. Það hefur búið við mesta óöryggið og þess vegna ekki óeðlilegt að það sé það fólk sem fyrst hafi hugsað sér til hreyfings frá viðkomandi sjávarplássum.

En það er líka efnahagsstefnan hér á landi, efnahagsstefna undanfarinna ára sem hefur einmitt ýtt undir þá þróun, efnhagsstefna sem hefur leitt til mikils viðskiptahalla við útlönd, efnahagsstefna sem hefur leitt til þess að hér hefur byggst upp atvinnulíf, eins konar falskt atvinnulíf sem hefur byggst og nærst á viðskiptahallanum. Sá viðskiptahalli, þetta innflæði af fjármagni hefur sogað til sín vinnuafl úr þeim atvinnugreinum sem eru í raun að skapa þann gjaldeyri sem verður fyrr eða síðar að stórum hluta að greiða upp þann viðskiptahalla sem safnast hefur. Þetta er ein ástæðan fyrir því m.a. að fólk hefur flust af landsbyggðinni, flust úr sjávarbyggðum og til höfuðborgarsvæðisins, það er óöryggið í atvinnumálum og einnig sú þensla sem hefur skapast af röngum áherslum í efnahags- og atvinnumálum sem hefur lýst sér í miklum viðskiptahalla og atvinnulífi sem hefur orðið til á þeim grunni.

Herra forseti. Það er dapurlegt til þess að vita að enn skuli ekki vera komin í raun endurskoðuð heildarstefna í sjávarútvegsmálum sem hefur verið svo margboðuð, stefna sem hefði getað leitt til víðtækari sáttar um nýtingu þessarar auðlindar okkar, auðlindar sem er svo mikilvæg og stendur undir svo stórum hluta af þjóðarbúskapnum og hagvaxtarvæntingum, að enn skuli ekki vera komin fram endurskoðuð stefna sem tekur mið af hagsmununum, þeim hagsmunum sem öll þjóðin, íbúarnir meðfram ströndum landsins geta sætt sig við og búið við og sótt og stundað atvinnu sína í friði og sátt. Og enn er verið að klóra í bakkann með því frv. sem hér er lagt fram. Þetta er eitt hið brýnasta mál að taka fyrir og ljúka þar sem tekið verður mið af hagsmunum fólks vítt og breitt um landið en ekki eingöngu hagsmunum þar sem arðsemi fjármagns þeirra sem hafa lagt hlutafé sitt í útgerðina, að hagsmunir þeirra einir ráði og með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fjölda fólks.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu en vona að það takist betur til um lagasetningar varðandi stjórn fiskveiða og í raun takist að leggja fram fiskveiðistjórnarkerfi sem skapi raunverulega sátt í þjóðfélaginu.

[22:43]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Enn einu sinni ræðum við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Frumvarp um breytingar á stjórn fiskveiða er fastur gestur hér í þinginu á hverju einasta ári. Við erum að breyta þessu lögum á hverju einasta þingi og stundum oftar en einu sinni. Eins og alltaf er þegar slíkt frv. rekur á fjörur okkar verða hér miklar umræður, langar og strangar eins og hefur orðið bæði við 1. og 2. umr. um þetta frv. Það er náttúrlega ósköp eðlilegt. Við erum að ræða um stjórn fiskveiða og fiskveiðarnar eru undirstöðuatvinnuvegur okkar sem við byggjum afkomu okkar á og eðlilegt að hv. þingmenn sýni frv. um stjórn fiskveiðanna mikinn áhuga og hafi á því skoðanir. Eins og hér kemur jafnan fram, þegar slík frumvörp eru til umræðu, eru skoðanir skiptar, sitt sýnist hverjum og menn vilja standa að stjórn veiðanna með mismunandi hætti og það er ekkert nema allt gott um það að segja að menn hafi skiptar skoðanir á því.

Frumvarpið sem nú er til umræðu er sett fram til að milda afleiðingar kvótasetningar smábátanna 1. september sl. Sú kvótasetning hafði mikil áhrif á veiðar krókabátanna, einkum þorskaflahámarksbátanna og hér er þessum bátum að hluta til bætt upp það sem þeir hafa misst sem var auðvitað alveg óhjákvæmilegt því að sá floti var að missa mjög miklar veiðiheimildir. Það er nú einu sinni svo að heilu byggðarlögin byggja afkomu sína á útgerð þessara báta og þess vegna var að mínu áliti nauðsynlegt að bregðast við og gera eitthvað fyrir þennan flota.

Það sem ég finn helst að og er kannski ekki alveg sammála varðandi það hvernig staðið er að þessu er að í leiðinni er minnkað við hjá aflamarksbátunum. Með sama hætti og þorskaflahámarksbátarnir eru undirstaða atvinnulífsins í vissum byggðarlögum þá er svo einnig með aflamarksbátana og aflamarksskipin. Útgerðir þeirra bera uppi önnur byggðarlög og við höfum heyrt hörð viðbrögð frá verstöðvum eins og t.d. Vestmannaeyjum. Vestmannaeyingar telja sig munu missa verulegar heimildir við þessar breytingar og ekkert óeðlilegt að menn séu ósáttir við það. Hafa ber í huga að í aflamarkskerfinu er töluverður fjöldi af trillum, sömu gerðar og sömu stærðar og þær trillur sem eru í hinu kerfinu sem við erum að bæta upp með þessari breytingu. Útgerðarmenn á þessum litlu trillum hafa setið eftir, tapað heimildum og þurft að kaupa til sín heimildir en samt hafa þær verið jafnvel að minnka ár frá ári á sama tíma og þeir hafa horft upp á menn í hinu kerfinu veiða tvisvar, þrisvar, fjórum sinnum, tíu sinnum og jafnvel tuttugu sinnum meira en þeir.

Mér verður oft hugsað til gamals nágranna míns. Við ólumst upp á sömu torfunni við sömu fjöruna og byrjuðum sem strákar að róa til fiskjar á skektum feðra okkar. Hann lagði þetta síðan fyrir sig. Hann hafði þetta reyndar lengi sem aukabúgrein með annarri vinnu en hefur nú um langt árabil stundað þetta alfarið. Hann var svo óheppinn að velja aflamarkskerfið og þrátt fyrir að hafa keypt eitthvað í gegnum tíðina hefur hann núna leyfi til að veiða sem svarar 32 þorskígildum. Það er náttúrlega afskaplega erfitt að útskýra það fyrir mönnum í þeirri stöðu af hverju eigi að taka af þeim til að bæta upp öðrum sem orðið hafa fyrir skerðingu, öðrum sem jafnvel hafa verið að veiða margfalt meira en þeir sjálfir.

Þess vegna hef ég hallast að því og rætt það við hæstv. sjútvrh. nokkrum sinnum að ég hefði viljað gera þetta með öðrum hætti. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í blað Landssambands ísl. útvegsmanna sem heitir Útvegurinn og kom út í ágúst sl. Í því blaði er að öllu jöfnu ekki fjallað af sérstökum hlýleika um trillukarla en í þessu tölublaði er viðtal við þann ágæta útgerðarmann Ólaf Rögnvaldsson á Hellissandi sem þekkir flestum betur til þessara mála, alinn upp við útgerð, fiskverkun og fiskvinnslu og rekur þar myndarlegt fyrirtæki,

frystihús og tvo öfluga vertíðarbáta. Hann er einmitt spurður um þetta, hvernig eigi að fara með trillurnar og þetta endalausa ágreiningsmál sem þarna er á milli útgerðarkerfa.

Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki hægt að skerða okkur ár eftir ár út af smábátakerfinu. Það gengur ekki upp. Það er búið að taka gríðarlega mikið af þessum tveimur bátum sem við gerum út og í þorski eru það 350 til 400 tonn. Það verður að stoppa þetta af. Það eru margir trillukarlar hér sem eru hlynntir því að loka kerfinu og svo eru aðrir sem vilja hafa þetta opið áfram. Þeir hafa verið að kaupa báta í gríð og erg og treysta því að þetta verði frjálst og verðið á aflaheimildum og bátum hefur rokið upp. Það er ekki það sem við þurfum á að halda."

Blaðamaður spyr: „Hver er lausnin að þínu mati?" Þá svarar þessi ágæti útgerðarmaður, með leyfi forseta:

„Ég held að eina leiðin til þess að ná sáttum um þessi mál sé sú að ráðuneytið gefi út auknar aflaheimildir til handa þessum smábátum og loki síðan kerfinu. Þá er ekkert tekið af okkur, okkar heimildir verða ekki skertar.

En hvað með fiskverndarsjónarmiðin?

Ég held að nokkur þúsund tonn til eða frá skipti engu máli, sagði Ólafur."

Undir þetta tek ég. Nokkur þúsund tonn til eða frá, til þessara trilluhorna, skipta ekki grundvallarmáli. Ég tel að þau vísindi sem fiskveiðistjórn okkar byggist á séu ekki það nákvæm að einhver þúsund tonna í trillurnar til eða frá skipti öllu máli. Ég minni á þá umræðu sem hér kemur upp aftur og aftur, um að þúsundum og jafnvel tugum þúsunda tonna sé kastað í sjóinn á hverju ári. Stjórn okkar á þessu er nú ekki nákvæmari en svo. Ég hefði viljað gera þetta með þessum hætti, þá hefðu allir haldið haus og allir verið bærilega sáttir.

En hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að aflamarksbátunum verði bætt upp skerðing ársins og kannski eitthvað betur. Það tel ég afar mikilvægt þannig að menn haldi sínu. Hlutdeildin verður að vísu skert en ef það verður bætt upp með öflugri úthlutun á ýsu, eins og hæstv. ráðherra hefur boðað, þá tel ég það viðunandi niðurstöðu.

Annan hóp langaði mig aðeins að nefna í leiðinni. Það eru dagabátarnir, þessir bátar sem nú mega veiða 21 dag á ári. Þeim dögum hefur aðeins verið að fækka. Ég tel að þar þurfi að setja gólf, sem sagt að koma því á hreint að þessir bátar fari ekki neðar en orðið er. Ef þeir fara mikið neðar er grundvöllur þeirra veiða gjörsamlega brostinn. Við þessa útgerð starfar stór hópur manna sem yrði sleginn af ef þessum dögum fækkaði eitthvað að ráði.

Þess vegna er ég mjög ánægður með það sem kemur hér fram í nál. meiri hluta sjútvn. þar sem segir, með leyfi forseti:

„Má í því sambandi sérstaklega nefna málefni svokallaðra dagabáta. Þótt ekki hafi unnist tími til að undirbúa það mál nú telur meiri hlutinn óhjákvæmilegt að lagfæra rekstrarumhverfi þess bátaflokks á þessum vetri og mun beita sér fyrir því að frumvarp þess efnis verði lagt fram á Alþingi fyrir 1. febrúar nk. Einkanlega bendir meiri hlutinn á þrjú atriði í því sambandi: lágmarkssóknardagafjölda, hvort eðlilegt sé að sóknareiningar bátanna séu mældar í klukkustundum í stað daga eins og nú er gert og loks þarf að skoða betur forsendur framsalsins, t.d. er varðar nýtingu daganna."

Mér finnst þetta mjög mikilvæg yfirlýsing. Ég treysti þeim sem í nefndinni sitja til að fylgja þessu fast eftir, að það komi hér frumvarp strax eftir að þing kemur saman á nýju ári og að við ljúkum þessu máli á vorþingi. Ég held að við komumst ekkert hjá því og ég er sérlega ánægður með að þetta skuli sagt hér í nál. með svo afgerandi hætti.

Reyndar er hér tekinn fyrir annar floti — þetta eru svo mörg kerfi að maður má hafa sig allan við að fylgjast með því öllu saman — þessir 80 bátar sem á síðasta fiskveiðiári höfðu veiðileyfi sem heimiladi þeim veiðar tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki sem stundum hafa verið kallaðir „þakbátar". Í þessu frv. er þeim leyft að velja veiðileyfi með dagatakmörkunum, þ.e. þeir geta farið inn í dagapottinn ef þeir tilkynna það fyrir 1. feb. Þetta held ég að hafi verið mjög nauðsynleg breyting vegna þess að eins og málið horfði í haust voru þessir bátar nánast slegnir af. Þeir áttu að fá örfá tonn í úthlutun og voru í raun dauðadæmdir. Ég tel þetta aftur á móti ágæta niðurstöðu sem við getum bærilega sætt okkur við.

Eitt atriði í frv. hef ég örlitlar efasemdir um og það er hérna í 3. gr. þess þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á hverju fiskveiðiári er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis."

Út af fyrir sig er ég alveg sammála þessu. Ég veit að þetta mun koma sér vel en ég óttast að ráðherra geti lent í erfiðleikum með að úthluta þessu. Ég hefði viljað heyra frá honum, ef hann væri hér enn þá, hvernig hann sér fyrir sér þessa úthlutun. Ég er bara að hugsa til byggðakvótans svokallaða sem við settum á hér fyrir nokkrum árum og Byggðastofnun fékk þann kaleik, að úthluta þeim potti. Við vitum það öll að það hefur valdið miklum titringi og óánægju þegar slík úthlutun fer fram. Það eru alltaf einhverjir sem telja sig afskipta. Þess vegna held ég að orðið geti dálítið vandmeðfarið að úthluta þessu svo vel fari.

Ég held reyndar og hef sagt það áður að við séum með allt of mörg kerfi í gangi fyrir smábátana. Það er alveg út í hött að hafa haug af kerfum fyrir nokkur hundruð smábáta sem eru flestir svipaðrar gerðar. Auðvitað væri eðlilegast að allur þessi floti væri bara með eitt stjórnkerfi. Þá þyrfti ekki að vera að hræra með þetta fram og aftur og aftur og fram, taka af einum til að afhenda öðrum og endalaust að hræra í þessu. Ég held að það hljóti að vera markmiðið. Ég veit að sjálfsagt verður erfitt að koma því á. Enginn vill missa neitt og menn eru hræddir við breytingar en ég held samt að þetta hljóti að vera það sem við stefnum að.

Hv. þm. Kristján Pálsson sagði við umræðurnar í kvöld að hann teldi nauðsynlegt að hafa framsal milli báta og framsal milli kerfa. Ég er algjörlega ósammála þessu. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að kvótinn eigi ekki að vera verslunarvara. Ég tel að hann eigi að vera til hagræðis, menn eiga að geta fært hann á milli eigin báta, geta skipt á tegundum með jöfnum skiptum til að nýta og hagræða í útgerðinni en ekki að versla með þetta. Það er sannfæring mín að það sé rangt.

Hv. þm. sagði líka að sumir þingmenn létu að því liggja að framsalið væri aðferð til að ná sér í auðfengið fé. Ég segi nú bara: Það skyldi nú vera. Skyldi það nú ekki vera í einhverjum tilfellum að menn hafi notað kvótabraskið til að ná sér í auðfengið fé? Ég hygg að allir sem hér sitja þekki dæmi til þess. Ég er því ósammála mínum ágæta flokksbróður hvað þetta varðar, framsalið.

Hv. þm. Karl Matthíasson fór háðulegum orðum um afstöðu okkar sjálfstæðismanna til sjávarútvegsmála. Hann

fann okkur flest til foráttu, það væri annað hjá Samfylkingunni þar sem allt væri blúndulagt. Hv. þm. er því miður farinn. Ég hefði viljað minna hann á það að fyrir síðustu þingkosningar man ég ekki betur en Samfylkingin hafi boðað auðlindagjald. Talsmenn þess ágæta flokks töluðu um milljarðatekjur af auðlindagjaldi. Sá brattasti sem ég man eftir talaði um 20 eða 30 milljarða og það mætti leggja af tekjuskatt einstaklinganna á móti. (**EKG:** 60 milljarðar.) Já, en síðan var nú farið að benda þessum ágæta manni og fleirum á að þetta mundi þýða hrun landsbyggðarinnar og hrun útgerðarinnar í landinu sem væri nú undirstöðuatvinnuvegur okkar. Þetta smádofnaði svo fram að kosningum og endaði í einhverjum milljörðum. En nú talar Samfylkingin ekki um þetta lengur. Nú heitir það fyrningarleið og maður spyr bara: Hvað kemur næst? En þetta ræði ég við minn ágæta félaga, hv. þm. Karl V. Matthíasson, næst þegar við hittumst.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa hér lengra mál. Ég tel óhjákvæmilegt að milda afleiðingar kvótaskerðingarinnar 1. sept. Ég tel að formaður sjútvn., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, hafi unnið vel úr þessu máli og þetta sé allviðunandi niðurstaða. Þetta leit ekki vel út í haust en ég tel að málið hafi batnað mjög í meðförum þingsins.

Þess vegna mun ég styðja þetta frv. þó að ég hefði viljað gera þetta með öðrum hætti eins og ég hef nú gert grein fyrir.

[22:59]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að útskýra aðeins þetta með auðlindagjaldið fyrir síðasta háttvirta ræðumanni. Mér finnst nú jafnan að hv. þm. sé afskaplega málefnalegur og skynugur þegar hann tekur til máls. Þess vegna held ég að þetta hafi verið útúrsnúningar hjá honum.

Það hefur verið svo að við jafnaðarmenn höfum viljað að menn greiddu fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind. Það er auðlindagjald. Það á við um sjó, fallvötn og annað sem við skilgreinum sem okkar sameiginlegu auðlindir, náttúrulegar auðlindir Íslands. Hvernig það er síðan gert er annað mál. Ein aðferðin er fyrningarleið, þ.e. að láta útvegsmenn sjálfa meta það hvað þeir eru tilbúnir að borga fyrir þennan aðgang. Við aðhyllumst þá aðferð að láta þá sjálfa meta það, bjóða í aflaheimildirnar og segja þannig hvað þeir eru tilbúnir til að borga. Þeir eru þrælvanir því, hafa gert það í mörg ár. Þeir hafa boðið í heimildir hver hjá öðrum og borgað.

Hins vegar ganga þær hugmyndir sem hér liggja fyrir af hálfu meiri hluta endurskoðunarnefndar, og Sjálfstfl. virðist aðhyllast, út á að stjórnmálamenn taki ákvörðun fyrir útvegsmenn um það hvað þeir eigi að borga.

Allt er þetta auðlindagjald. Spurningin er bara um hvaða aðferðum menn vilja beita. En það er komin niðurstaða í þetta mál hvað það varðar að það virðast allir orðnir sammála um að rétt sé að menn greiði fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind.

[23:01]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var alls ekki ætlun mín að snúa út úr fyrir neinum hér. Ég hef yfirleitt ekki lagt það í vana minn. Mér fannst hins vegar að sá ágæti hv. þm. sem ég vitnaði til hér í umræðunum væri aðeins að snúa út úr stefnu okkar sjálfstæðismanna í þessu málum. Við virðumst því misskilja hvert annað dálítið milli flokkanna eins og gengur.

Ég var einungis að vitna í einn ágætan foringja eða þáverandi foringja Samfylkingarinnar, sem ég veit nú reyndar ekki hvort er enn í flokknum. Hann hefur verið svona að melda sig við aðra flokka undanfarið. Hann er vanur maður í þeim efnum. Hann talaði á þeim nótum fyrir síðustu kosningar að af útgerðinni mætti hafa tugi milljarða og að leggja mætti af tekjuskatt einstaklinganna. Ég man þetta mjög glögglega. Síðan seig vindurinn smám saman úr þessu fram að kosningum. Þannig var það nú bara.

Að fyrningarleiðin sé samslags aðferð. Ég næ því nú ekki alveg. Ég fæ kannski betri útskýringu á því. Ég held að þegar hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir segir að útgerðarmenn séu vanir því ár eftir ár að bjóða í aflaheimildirnar þá er það nú bara ekkert svo. Það eru ekkert allir útgerðarmenn að standa í þessu kvótabraski fram og aftur. Fjölmargar, og ég hygg nú bara flestar, svona alvöruútgerðir í landinu eru ekki í þessu kvótabraski og veseni fram og aftur. Það eru ákveðnir aðilar í þessari stétt sem koma kannski óorði á kerfið með alls konar braski. En ég held að því fari víðs fjarri að útgerðarmenn almennt taki þátt í slíku.

Að Sjálfstfl. vilji að stjórnmálamenn taki ákvarðanir. Það sem var ákveðið hér er þetta lítils háttar gjald og er nú kannski ekki miklu meira en sjávarútvegurinn greiðir í dag í ýmis þjónustugjöld eins og við þekkjum öll og mun heita, ja hvað eigum við að kalla það, auðlindagjald, á næstunni. En það eru náttúrlega engar upphæðir neitt líkar því sem hér var talað um fyrir síðustu kosningar af Samfylkingunni.

[23:03]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst svolítið óþægilegt þegar verið er að vitna í menn en nöfnin þeirra ekki sögð þannig að maður veit ekki um hvern verið er að tala. Eini maðurinn sem ég man eftir að hafi talað um að hægt væri að hafa — mig minnir að það hafi nú verið 36 milljarðar — af útgerðinni er Ragnar Árnason, prófessor uppi í Háskóla. Hann hefur aldrei verið bendlaður við Samfylkinguna þannig að ég er nú ekki alveg dús við hv. þm. að vera hér með dylgjur, ég tala ekki um þegar hann er svo farinn að bendla þennan þingmann, sem ég veit ekki hver er, við aðra flokka. Það er erfitt að eiga orðastað við menn þegar þeir kjósa að fara þessar leiðir.

Það er alveg laukrétt sem hv. þm. lauk máli sínu á, að sú leið sem meiri hluti endurskoðunarnefndarinnar vill fara er auðvitað bara svona fataskiptaaðgerð, þ.e. að fella niður þróunargjaldið og gjöld fyrir veiðieftirlitið upp á u.þ.b. einn milljarð og láta útgerðina síðan borga einn milljarð í staðinn. Þetta eru nú öll ósköpin. Þetta verður auðvitað aldrei kallað auðlindagjald. Þetta eru bara kostnaðargreiðslur.

Mér finnst furðulegt, herra forseti, þegar menn koma hér og barma sér fyrir hönd útgerðarinnar, ég tala nú ekki um að hlusta á þá sjálfa barma sér undan því að taka þátt í því að greiða þá þjónustu sem ríkið eða skattborgarar standa undir, að hafa bara geð í sér eftir að hafa fengið að nýta auðlindina án endurgjalds, sameiginlega auðlind okkar, að koma og barma sér yfir því að gerðar skuli kröfur um að þeir greiði eðlilegt gjald fyrir þá þjónustu sem er veitt. Það er ekki mikil reisn yfir þessum mönnum, herra forseti.

[23:05]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði aldrei að það væri þingmaður Samfylkingarinnar sem lét þessi orð falla. Ég sagði að það væri einn af forustumönnum hennar. Bara af tillitssemi við þennan mann sem hér er ekki til að svara fyrir sig þá nefndi ég ekki nafn hans. En fyrst að hv. þm. biður svo ákaflega

um það þá heitir þessi maður Ágúst Einarsson. Mér eru afskaplega minnisstæð ummæli hans fyrir síðustu kosningar. Hann komst síðan til mikilla áhrifa í Samfylkingunni og varð formaður framkvæmdastjórnar eða hvað nú apparatið heitir.

Að ég hafi verið að barma mér fyrir hönd útgerðarinnar þá fer því víðs fjarri. Ég vorkenni útgerðinni ekkert að borga þessi þjónustugjöld sem þeir hafa greitt og ég hef reyndar ekkert heyrt þá kvarta undan því sjálfa og veit ekki betur en þeir hafi bara fallist á það. Ég mundi hins vegar barma mér fyrir hönd útgerðarinnar og fyrir hönd íslenskrar þjóðar ef við ætluðum að leggja milljarða, marga milljarða, jafnvel tugi milljarða á þessa atvinnugrein, þessa undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga. Það mundi bara slá hana af í einum hvelli.

Allir vita náttúrlega að það kæmi þyngst af öllum niður á landsbyggðinni, fyrst og þyngst þar. Þessar hugmyndir Samfylkingarinnar voru því algjörlega óraunhæfar og ég óska þeim til hamingju með að hafa skipt um gír og farið yfir í eitthvað annað sem nú heitir fyrningarleið. En ég spyr aftur: Hvað kemur næst?

Ég hef ekki haldið því fram að ekki ætti að láta útgerðina greiða þessi þjónustugjöld, alls ekki. Ég veit ekki betur en að um það sé ágætissátt við útgerðina í landinu. En milljarða eða tugmilljarða skattur á útgerðina, undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, er náttúrlega algjör firra, enda hafa menn sem betur fer fallið frá þeim hugmyndum.

[23:07]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst fyrst svona í framhaldi af því sem síðast hefur verið sagt ástæða til að nefna það að hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði þegar hann var að ganga hér úr ræðustól að margir milljarðar í álögur á útgerðina væru fjarri lagi.

Þó liggur fyrir að handhafar kvótans eru að innheimta gífurlega hátt gjald fyrir aðgang að auðlindinni. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í svari frá hæstv. sjútvrh. þá innheimtu handhafar kvótans hvorki meira né minna en tæpa 12 milljarða á 33 mánuðum bara fyrir leigu á kvóta þann tíma sem Kvótaþing starfaði. (**SvanJ:** Bara innan ársins.) Það var bara leiga kvóta innan ársins, af aflamarki innan ársins. (**GuðjG:** 33 mánuðir ...) Á 33 mánuðum. (Gripið fram í.) Aflamarki er ævinlega úthlutað innan viðkomandi fiskveiðiárs. Þetta voru ekki varanlegar veiðiheimildir heldur leiga á aflamarki, þ.e. aflaheimildum innan viðkomandi kvótaárs. En á 33 mánuðum fóru veiðiheimildir fyrir 11,7 eða 11,8 milljarða á milli aðila í útgerð á Íslandi.

Mér verður á að spyrja: Hvar skyldu þau fyrirtæki vera staðsett í landinu sem hafa borgað þetta? Ætli það mundi nú ekki vera hægt að kalla þetta landsbyggðarskatt ef það auðlindagjald sem hv. þm. var að lýsa hér áðan að væri skelfilegt að sjá fyrir sér á landsbyggðina ætti skilið að vera nefnt því nafni.

Síðan langar mig til þess að gagnrýna það sem hv. þm. gerði hér. Hann tók fyrir yfirlýsingar frambjóðanda úr síðustu kosningum, gerði þær að stefnu Samfylkingarinnar og talaði um það nánast sem stefnubreytingu Samfylkingarinnar að hún skyldi ekki taka það upp sem stefnu sína sem einhver frambjóðandi í kosningum hafði látið fara frá sér. Ég spyr: Ef maður tæki upp svipuð vinnubrögð, ætti maður þá að kalla hér upp Sjálfstfl. í hvert einasta skipti um það að hann hafi skipt um stefnu þegar einhver sjálfstæðismaður hefur aðra skoðun en flokkurinn í ræðustól á Alþingi eða í fjölmiðlum? Mönnum hefur stundum orðið á að spyrja hv. þm. Pétur Blöndal þegar hann hefur verið að lýsa skoðunum sínum hér hvort hann talaði sem fulltrúi flokksins.

Samfylkingin er ekki gamall flokkur og hún tók sér það fyrir hendur að ganga í að móta stefnu sína í sjávarútvegsmálum. Sú stefna liggur fyrir. Mér finnst engin ástæða fyrir hv. þm. að tala um þá stefnumörkun með því að segja: Hvað verður næst? Það er engin ástæða til þess. Ég tel að við getum fullkomlega borið virðingu fyrir þeirri stefnumörkun sem við leggjum vinnu í hver hjá öðrum í stjórnmálaflokkunum, og sú stefnumörkun sem Samfylkingin hefur lagt fram hvað þetta varðar er a.m.k. jafngóð og sú besta sem hefur verið lögð hér fram.

Ég nefndi þetta hér sem hefur verið að gerast, þ.e. að kerfið sem er í gangi, einkaeignarfyrirkomulagið á kvótanum, virkar þannig að menn selja veiðiheimildir fyrir þetta gífurlega háa verð, aðganginn að auðlindinni. Síðan hafa menn í dag verið að ræða fram og til baka um byggðarlögin sem sitja uppi veiðiheimildalaus og fólkið í þeim sem ekki sér glóru í því eða möguleika á að stofna til nýrrar útgerðar eða styrkja útgerð á stöðum vegna þessa verðs sem er á veiðiheimildunum. Þetta veldur því síðan að á Alþingi eru menn að taka sértækar ákvarðanir til þess að reyna að bjarga byggðarlögum frá kerfinu sem þeir vilja viðhalda.

Ég segi alveg eins og er að ég skil ekki hvers vegna það rennur ekki upp fyrir mönnum að til þess að þessi byggðarlög geti barist á eðlilegum jafnræðisgrundvelli, jafnréttisgrundvelli fyrir lífi sínu í atvinnulífinu, eins og menn gera almennt í atvinnulífinu á Íslandi, þarf aðgangurinn að veiðiréttinum að vera sem nærtækastur og menn þurfa að hafa jafnrétti og sömu möguleika til þess að nálgast veiðiréttindin. Það gerist einfaldlega ekki í því kerfi sem nú er í gildi. Öllum er ljóst að ekki er möguleiki á að stofna til nýrrar útgerðar í dag. Nú kostar líklega sjöfalt að stofna til útgerðar ef tekið er tillit til kostnaðar við skip og annað sem til þarf, plús veiðiheimildir, miðað við það sem áður var þegar menn þurftu eingöngu að leggja í kostnað við skipakaup og tæki. Það er sjöfalt dýrara. Það er enginn möguleiki að reka útgerð. Jafnvel þó að menn legðu af stað með mikið eigið fé í slíkt fyrirtæki væri útilokað að láta enda ná saman. Þetta sjá allir menn. Þess vegna er útgerðin í landinu að þróast eins og gerst hefur á undanförnum árum. Breytingar verða ekki aðrar en samruni fyrirtækja í þessu fyrirkomulagi sem hér er.

Síðan velta menn því fyrir sér fram og til baka, og eru ævinlega margir tilbúnir til þess að tala um það, að veiðiheimildir sem verið er að færa til innan þessa óréttláta kerfis séu veiðiheimildir sem verið sé að taka frá einhverjum og færa til annars. Bak við þetta hlýtur að liggja sú afstaða að þessir einhverjir eigi þessi veiðiréttindi. Nú er það ekki mín skoðun að þeir eigi þessi veiðiréttindi. Ég hef hins vegar þá skoðun að til þess að breyta þessu fyrirkomulagi þurfi menn að beita samræmdum aðgerðum og að það þurfi auðvitað að gerast sem allra fyrst. Það virkar auðvitað sem óréttlæti á meðan menn viðhalda þessu fyrirkomulagi þegar verið er að færa veiðiheimildir á milli aðila. Innköllun veiðiréttindanna og það að mynda jafnræði til þess að nálgast veiðiréttindin er það sem menn verða að horfast í augu við að verður að gerast. Annars munu menn standa áfram í sölum Alþingis til þess að reyna að rétta af byggðarlög í vanda, reyna að bjarga fyrirtækjum og útgerðarflokkum eða hópum manna sem lenda á vergangi. Og ævinlega eru menn að færa til gífurlegar fjárhæðir. Skyldu menn í þessum sal t.d. hafa velt því fyrir sér, bara svona augnablik, hvaða upphæðir gætu

nú verið á ferðinni hvað það varðar að veita þeim bátum sem áður voru í dagakerfinu með 40 dögunum og 30 tonna hámarkinu, í staðinn fyrir að fara á kvótann sem þeim var úthlutað, réttindi til þess að fara inn í dagakerfið? Þetta eru um 90 bátar, eitthvað svoleiðis. Þeir eru 91 held ég þegar ... (**GuðjG:** 80.) Hv. þm. Guðjón Guðmundsson segir að þeir séu 80. Ég sá tölu sem var svolítið hærri. Síðan máttu, held ég, þrír eða fjórir bátar bæði veiða með handfærum og línu og þeir fylgja með inn í þetta þannig að þetta munu vera langleiðina í 90 bátar alla vega.

Þessir bátar fengu úthlutað að meðaltali um 8,5 tonnum held ég 1. september í haust. Nú veit ég ekki nákvæmlega hvaða verðlag maður á að reikna með að hafi verið á veiðiheimildum þeirra undanfarið en það gæti vel verið að þar hafi verið um að ræða 600 krónur, eitthvað þar um bil. Þá mundi hver bátur að meðaltali hafa verið með veiðiheimildir sem væru verðlagðar á um 5 millj.

Ef við gefum okkur hins vegar að þessir bátar mundu allir sækja um að fara inn í dagakerfið og fengju 21 dag til þess að róa, hvað skyldu þá skipasalar í dag verðleggja hvern dag í því kerfi? 800 þúsund. Veiðiréttindin eru metin á 16 millj. samkvæmt þessu. *10–11 millj. á hvern einstakan bát sem* þarna er um að ræða verða þá til með þeim hætti sem við erum að ræða hér um. Ef þetta eru hátt í 90 bátar, þá eru þetta nú ekki mikið minna en um 900 milljónir í verðmæti.

Ævinlega er verið að tala um mjög stórar tölur þegar verið er að tala um veiðiréttindi á Íslandsmiðum. Ég held að það óréttlæti sem menn hafa búið til með hinum ýmsu aðferðum hér og tilraunum sem ég býst við að allar hafi verið vel meintar til að reyna að lagfæra og koma til móts við þá sem hafa orðið undir, reyna að bjarga einhverjum byggðarlögum eða hópum útgerðaraðila, allt hefur þetta verið vel meint. En alltaf standa menn í sömu sporunum aftur, það er nóg starf áfram til að bjarga og nóg af vandamálum til að leysa og óréttlætið verður hróplegra með hverju árinu sem líður.

Endurskoðun á grunni þessa kerfis verður að fá að fara fram og hún þarf að fara fram sem allra fyrst. Ég ætla ekki að fara hér í langa ræðu, mig langaði hins vegar að taka til máls í lokin. Ég tel að það sé ekkert að gerast með þessu frv. sem breytir hinum eiginlega grunni kerfisins. Menn eru að koma til móts við vissa hópa, reyna að draga úr vanda, og ég misvirði það ekki með neinum hætti. Ég skil það vel að menn skuli vilja gera það. Ég gagnrýni það hins vegar harðlega að menn skuli ekki vilja ráðast að grunni þessa kerfis og koma á jafnræði til þess að nýta auðlindina. Það er það sem vantar og í það verða menn að fara. Stjórnarflokkarnir virðast ætla sér að fara sína leið í þessu máli. Það er boðað hér af hæstv. ráðherra að menn ætli að leggja fram frv. á grundvelli niðurstöðu þess meiri hluta sem varð til í hinni svokölluðu sáttanefnd, og það er eitt sem sú niðurstaða tryggir örugglega, hún tryggir áframhaldandi átök um stjórn fiskveiða á Íslandi og hún tryggir það að þau átök munu harðna ef eitthvað er frá því sem þau hafa verið.

Mig langar aðeins að nefna eitt vegna þess að það kom upp í umræðunni áðan í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þ.e. hvort fleiri fiskstofnar væru við Ísland. Ég vil vekja athygli á því að Hafrannsóknastofnun og forstöðumaður hennar hefur farið um landið og hefur boðað að Hafrannsóknastofnun telji að þetta geti verið mögulegt. Ég lít þannig á að ábyrgur aðili eins og forstjóri Hafrannsóknastofnunar geri ekki svona lagað nema hann telji nokkuð víst að svo sé, að fleiri en einn þorskstofn séu við Ísland. Það virðist liggja nokkuð í augum uppi, að ef þetta er rétt er stjórn fiskveiða á þeim grundvelli, þ.e. veiðireglunnar sem hefur gilt, úti í vindinum. Hún er bara della. Að veiða 25% af veiðistofninum, eins og lagt hefur verið til, hefur byggst á því að hér við land sé einn þorskstofn. Það hljóta allir menn að sjá að séu þeir margir þá er þessi regla fáránleg.

Það sem mér hefur fundist mjög athyglisvert í þessu sambandi er að það eru ekki nema um 11 ár eða svo, 10 eða 11 ár síðan Hafrannsóknastofnun hafði þá skoðun að stærð hrygningarstofnsins hefði ekkert með það að gera hvernig hrygningin tækist. Talið var að svo lítinn hóp þorska þyrfti til þess að tryggja hrygninguna að stærð hrygningarstofnsins skipti engu máli. Eftir að þorskstofninn lenti í þeim hremmingum sem við höfum fengið að sjá á síðustu árum miðað við þær upplýsingar sem Hafrannsóknastofnun hefur gefið, þá hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að þorskstofninn þurfti að vera miklu stærri til að tryggja örugga hrygningu. Og sú stefna hefur verið tekin upp að ekki megi veiða meira en 25% af veiðistofninum, allt miðað við að það sé einn þorskstofn við landið.

Fyrir tíu árum var talið, ef ég man rétt og ég er ekki að fara *nákvæmlega með tölur en til vísbendinga, að 60–80% af allri* hrygningunni hafi farið fram við suðvesturhornið eða suðvestur af landinu, við suðurströndina og suðvesturströndina. Síðan hefur þetta breyst þannig að í gögnum Hafrannsóknastofnunar hafa komið fram meiri og meiri upplýsingar um stærri og stærri hluta hrygningarinnar á ýmsum stöðum allt í kringum landið. Nú er svo komið að þessi stærsti hrygningarstofn sem er staðsettur suðvestur af landinu skilar einungis 30% eða svo af heildarhrygningunni í kringum landið. Og mér verður á að velta því fyrir mér: Ef einhver glóra væri í 25%-reglunni, hvernig stendur þá á því að hún hefur ekki orðið til þess að eyðileggja þessa litlu stofna allt í kringum landið með þessum stjórnlausu veiðum? Vegna þess að því hefur náttúrlega ekkert verið stjórnað hvar fiskurinn hefur verið veiddur hvað varðar hina einstöku litlu stofna í kringum landið. Maður kemst ekki hjá því að velta því fyrir sér hvort þessi kenning, ofveiðikenning Hafrannsóknastofnunar sé þá fallin. Hvernig stendur á því að litlu fiskstofnarnir í kringum landið eru að stækka á sama tíma og stærsti stofninn minnkar eftir að þessi regla hefur verið tekin upp? Ég hefði talið að ef reglan væri nauðsynleg hefði hún í þessu tilfelli, ef við gefum okkur að um nokkra stofna sé að ræða, eins og Hafrannsóknastofnunarmenn eru að láta sér detta í hug, þá hefði hún bara valdið því að við hefðum verið að veiða upp hina einstöku stofna, einn eða tvo þetta árið og þá næstu hitt árið. Nei, nei, í stað þess þá stækka litlu stofnarnir en sá stærsti minnkar.

Ég held því fram að fara þurfi mjög vandlega yfir þessi mál með Hafrannsóknastofnun og fá botn í hvaða skýringar eru á þessu. Þær kunna að vera einhverjar. Það getur vel verið að gögn Hafrannsóknastofnunar hafi ekki verið nægilega nákvæm eða eitthvað annað komið til sem ég hef ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug. En það er ástæða til að velta þessu fyrir sér og alveg sérstaklega vegna þess að forstjóri stofnunarinnar hefur farið um og verið að tala um þessa hluti.

Oft höfum við nú blandað saman í þeirri umræðu sem fram hefur farið um stjórn fiskveiða, bæði kerfinu sjálfu, eignarhaldinu á veiðiheimildunum, kvótakerfinu og árangrinum af því til að stjórna fiskveiðum. Við höfum oft farið yfir þá dapurlegu umræðu hversu skammt okkur hefur miðað,

standandi uppi með það að vera ekki að veiða meira úr einum einasta fiskstofni, við erum ekki að veiða meira, við erum að veiða minna úr öllum fiskstofnum öðrum en uppsjávarfiski frá því að kvótakerfið var tekið upp. Það er því ástæða til að menn velti öllum þeim hlutum fyrir sér og fari yfir þá upp á nýtt. Ég er alveg tilbúinn til þess að skoða aðrar hugmyndir annaðhvort í bland við það kerfi sem nú er eða sem hugmyndir til að að taka við af því, ef við fáum góð rök fyrir að reyna það. Ég sé enga ástæðu til þess að fylgjast ekki af gaumgæfni með tilraunum annarra, bæði Færeyinga og annarra, og mér finnst að við höfum kannski æðioft verið of góðir með okkur, Íslendingar, og talað eins og við værum að gera alla hluti betur en allir aðrir, við værum með besta kerfi í heimi og gerðum alla hluti betur en þeir sem eru að reyna sig við sömu verkefni annars staðar.

Ég vildi að þetta kæmi fram vegna þess að mér hefur fundist að menn hafi kannski ekki borið fullkomlega virðingu fyrir frændum okkar Færeyingum sem hafa ekki viljað hafa sams konar kerfi og við. Ég held hins vegar að þeir eigi nokkuð augljóslega eftir að lenda í ákveðnum vanda með sitt kerfi. Það kom fram á fundinum sem var á Ísafirði, ég var á honum, að þeir eru ekki farnir að lenda í hremmingum vegna eignarhaldsins á veiðiréttinum en augljóst er að þeir munu gera það. Sá vandi er ekkert síður fyrir hendi í sóknarstýringarkerfi en í kvótakerfi og það er ekkert vafamál að það mun kosta mikla fjármuni að fá að veiða fisk við Færeyjar. Ég held ekki neinu fram um hversu mikla fjármuni en þetta eru auðvitað verðmæti þegar farið er að stjórna veiðunum og takmarka aðganginn, þá verða þetta verðmæti og menn munu ævinlega lenda í vanda þess vegna ef menn hafa ekki komið upp almennum, sanngjörnum reglum sem leysa þau mál þannig að ekki verði til óréttlæti með sama hætti og þróast hefur hér. Það verður erfitt. En það mun auðvitað verða gert, að fara út úr því kerfi sem er á Íslandi. Ég vona bara að sem flestir fari að taka þá ákvörðun að vilja standa að alvöruendurskoðun hvað varðar eignarhaldið á veiðiréttinum.

[23:30]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi hér háar tölur um viðskipti með leigukvóta. Nú veit ég ekki hvernig þær tölur eru til komnar en þykist þó vita að stærstur hlutinn stafi af því að útgerðir eru að leigja frá sér t.d. þorsk og til sín karfa. Aðrar útgerðir leigja frá sér síld og til sín rækju o.s.frv. Þetta eru frjáls viðskipti og eiga auðvitað ekkert skylt við auðlindaskatt. Það er ósambærilegt. Ég nefndi reyndar í ræðu minni að ég teldi að kvótaviðskipti ættu ekki að vera með þessum hætti og útskýrði hvernig ég mundi vilja sjá það en ég ræð því ekki.

Aðeins enn þá einu sinni út af stefnubreytingu Samfylkingarinnar. Nú segir hv. þm. að ég eigi ekki að vera að gera það að stefnu Samfylkingarinnar þó að einn frambjóðandi hafi boðað fagnaðarerindi fyrir síðustu kosningar, þetta gríðarlega auðlindagjald. Ég man ekki betur en það hafi staðið upp úr flestum frambjóðendum Samfylkingarinnar og þar á meðal núverandi ágætum formanni flokksins, ef ég man rétt. En það skiptir auðvitað ekki máli lengur, þetta er liðin tíð og Samfylkingin búin að koma sér upp nýrri stefnu sem hv. þm. segir að sé a.m.k. jafngóð og sú besta sem komið hefur fram. Ég óska þeim bara til hamingju með það.

Ég er alveg sammála hv. þm. um það sem hann sagði um færslu veiðiheimilda frá einum til annars, menn eiga auðvitað ekki þessar heimildir, menn eiga ekki fiskinn í sjónum. En mönnum getur fundist þeir órétti beittir þegar verið er að gera tilfærslur, og ég nefni enn dæmið af trillukarlinum úr ræðu minni áðan, hann er auðvitað ekkert ánægður með það þegar verið er að taka af honum heimildir til að færa á menn sem hafa verið að fiska kannski margfaldan afla á við hann.

Aðeins út af því sem hv. þm. sagði um veiðiregluna og hrygningarstofninn og allt það. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að eitthvað vanti í þessi vísindi okkar. Ég held að oft taki menn ekki tillit til ástandsins í hafinu, það er misjafnt eins og til landsins, og við munum það báðir þegar við vorum ungir menn á Akranesi og fylgdumst með á bryggjunni að kannski kom vertíð eftir vertíð þar sem hæsti bátur var með 1.000–1.100 tonn og svo allt í einu komu tvö, þrjú ár þar sem hæsti bátur á vertíðinni var með 600–700 tonn. Sömu veiðarfæri, sömu bátar, sömu skipstjórar. Það var eitthvað að ske í hafinu. Þetta finnst mér vanta inn í vísindin.

[23:32]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Já, hæstv. forseti, okkur hv. þm. greinir afar mikið á þegar hann segir að viðskipti með leigukvóta eigi ekkert skylt við skatt.

Skoðun okkar í Samfylkingunni er sú að þessi þjóðarauðlind sé sameiginleg eign okkar, landsmanna. Þess vegna á aðgangurinn að henni að vera sameiginleg eign okkar. Ef menn vilja kalla það skatt að við innheimtum sameiginlega þessa fjármuni geta menn alveg eins kallað það skatt þegar mönnum er gefið leyfi til sköttunarinnar með þeim hætti sem þetta kerfi gerir, þegar einkaaðilum er gefið leyfi til að selja aðgang að þjóðarauðlindinni.

Það er einmitt í hnotskurn það sem við höfum verið að takast á um allan tímann. Það er auðvitað gjörsamlega óþolandi og fráleitt og það er það sem við viljum koma af. Það verður ekki gert á augabragði og auðvitað þarf að ná samkomulagi um það hvernig menn kalla þessi veiðiréttindi inn og koma þeim aftur í hendur útgerðarinnar með sanngjörnum og eðlilegum hætti en það verður að gerast.

Það hlýtur að blasa vel við hv. þingmanni að þegar útgerðin innheimtir á 33 mánuðum hátt í 12 milljarða fyrir leigu á veiðiheimildum bara í gegnum Kvótaþing séu æðistórir hlutir á ferðinni sem full ástæða er til að gefa gaum að. Þessi fénýting er fráleit.

[23:34]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, hv. þm. segir að stórir hlutir hljóti að vera á ferðinni þegar 12 milljarðar séu innheimtir með þessum hætti. En ég var að reyna að útskýra áðan að ég held að stærstur hlutinn af þessum leigukvóta sé að menn eru að leigja frá sér eina tegund og leigja til sín aðra. Og viðskiptin eru auðvitað frjáls, það er ekki hægt að bera saman skatt annars vegar og viðskipti með kvóta hins vegar. Menn eru væntanlega frjálsir að því að leigja til sín kvóta eða láta það ógert. En mönnum er það ekki frjálst ef það ætti að fara að leggja á útgerðina einhverja tugi milljarða í auðlindaskatt eins og Samfylkingin boðaði fyrir síðustu kosningar. Þá mundi það auðvitað lenda á öllum og gera út af við útgerðina í landinu, það er ekkert flóknara en það. Það er ekki hægt að bera slíkt saman við það að menn séu að leigja sér kvóta á Kvótaþingi. Ég tel að menn séu að stærstum hluta að skipta

á tegundum til hagræðis í vinnslu sinni. Mér finnst þetta alls ekki sambærilegt, herra forseti.

[23:35]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á Kvótaþingi voru menn að selja og kaupa veiðiheimildir. Það eitt veit ég og kann ekki meira í því. Ég veit hins vegar að menn hafa verið að selja eða leigja frá sér veiðiheimildir í mjög stórum stíl með öðrum hætti eftir að Kvótaþingi var lokað.

Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. sem hefði getað gefið upplýsingar um það hversu mikið væri verið að leigja frá einstökum byggðarlögum og hversu mikið einstök byggðarlög væru að leigja til sín og hve mikið 50 stærstu fyrirtæki í þessu væru að leigja frá sér og hin 50 sem væru að leigja til sín. Hæstv. sjútvrh. kaus að láta ekki svara þessu. Ég hef borið fram aðra fyrirspurn og ætla mér að komast að sannleikanum í málinu. Með þessu er kannski hægt að upplýsa menn svolítið um það hvað er verið að innheimta í auðlindagjald af útgerðinni í landinu og hvernig það leggst. Það eru engir smáaurar.

Þeir peningar sem stjórn LÍÚ var að auglýsa í sumar að væru landsbyggðarskattur þegar hún lét reikna það út á hvaða byggðarlög væri verið að leggja landsbyggðarskatt verða broslegir miðað við það auðlindagjald sem þá var í umræðunni (**Gripið fram í:** Kostnaðargjald.) eða kostnaðargjald öllu heldur.

Nei, þessar upphæðir eru langtum tröllslegri heldur en þær. Og það er eins gott að menn fari að horfast í augu við það hvernig þetta kerfi virkar og viðurkenna það í umræðunni. Það er kominn tími til þess, svo lengi höfum við staðið í þessum ræðustól og öðrum til að tala um stjórn fiskveiða að við ættum að geta farið að segja sannleikann.

[23:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Núna við lok þessarar umræðu langar mig aðeins að koma inn á efni sem menn hafa vikið að í ræðum sínum. Það sem ég ætla að koma fyrst að eru ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar á undanförnum árum, nýting á þessum fiskstofnum og veiðar úr þeim. Þótt ég hafi hér upplýsingar sem ég tók saman vorið 1999 þegar núv. sjútvrh. var nýtekinn við völdum — sem ég reyndar afhenti honum ásamt hafrannsóknamönnum — ætla ég samt ekki að lesa alla þá greinargerð. Ég ætla að fara yfir sögu ýsunnar eins og ég skráði hana í þessa skýrslu, sögu ýsuveiðanna og ráðlegginganna, og síðan steinbítinn, þær tegundir sem við höfum verið að tala um hér.

Með leyfi forseta ætla ég að vitna í þessa skýrslu mína. Titillinn er svohljóðandi:

„Ýsusaga Hafró, er þetta árangur af fiskveiðistjórnun?"

Síðan byrjaði textinn svona:

Í skýrslu í maí 1994 segir að tillaga Hafró sé sú að veiða skuli 65 þús. tonn af ýsu frá 1. sept. 1994 til 30. ágúst 1995 og þannig muni veiðistofn ýsunnar fara stækkandi. Veitt var 61 þús. tonn eða 4 þús. tonnum minna en Hafró lagði til.

Vorið 1995 var tillaga Hafrannsóknastofnunar að veiða skyldi 55 þús. tonn af ýsu, og veidd voru 54 þús. tonn, 1 þús. tonni minna en Hafrannsóknastofnun lagði til.

Vorið 1996 lagði Hafrannsóknastofnun til að veidd yrðu 40 þús. tonn. Aflinn varð 38 þús. tonn eða 2 þús. tonnum minni en Hafrannsóknastofnun lagði til.

Vorið 1998 lagði Hafrannsóknastofnun til 35 þús. tonn og þegar þetta var tekið saman sást ekki hver aflinn varð en auðvitað kom það í ljós síðar að aflinn á fiskveiðiárinu 1998–1999 varð 45.300 tonn, eða 10 þús. tonnum meiri en Hafrannsóknastofnun lagði til.

Þegar þetta var tekið saman fyrir fiskveiðiárin 1994–1998 kom í ljós að á þessum fjórum árum sem ég var með undir í samantektinni hafði ráðlagður afli Hafrannsóknastofnunar verið um 200 þús. tonn á þessum fjórum árum. En hver var veiddi aflinn? Hann var 204 þús. tonn eða aðeins 2% umfram ráðleggingu Hafrannsóknastofnunar á fiskveiðiárunum 1994–1998.

Varla verður farið mikið nær settum aflamörkum eins og sést á því að frávikið er ekki nema 2%. Og því var auðvitað spurt: Var ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar vitlaus sl. fjögur fiskveiðiár, á þessum árum, eða voru það þessi 4 þús. tonn sem ollu því að nú tvö ár í röð og alveg fram til 2002 á aðeins að veiða 35 þús. tonn af ýsu á ári?

Von var að spurt væri þegar búið var að fara eins nálægt ráðgjöfinni og ég var að lýsa. Og á þessu ári hefur Hafrannsóknastofnun upplýst, þegar verið var að tala um ráðgjöf hennar varðandi þorskstofninn, að eðlileg skekkjumörk hjá stofnuninni gætu vel legið á bilinu 20–30%. Við skulum, til að láta þá njóta vafans, segja 15–25%.

Skekkjumörkin varðandi ýsuna hafa aldrei verið fullnýtt í veiðinni þegar þau hafa verið tekin saman á nokkurra ára tímabili. Þess vegna furða menn sig auðvitað á því að nú sé svo komið að við höngum alltaf í ársafla sem er niður í 30–35 þús. tonn eða í leyfðri veiði sem er á því bilinu. Á fiskveiðiárinu 1999/2000 veiddum við hins vegar 41.200 tonn, veiddum þá 6.200 tonn umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Þetta er sem sagt allt innan þessara frægu skekkjumarka og rúmlega það, og ekki hefði framúrkeyrslan upp á 2% á árunum 1994–1998 átt að valda því að við værum á fleygiferð niður með ýsuveiðina eða réttara sagt ráðlagða ýsuveiði. Enda hefur komið í ljós að það hefur verið hægt að fiska meiri ýsu, einkum inni á grunnslóðinni við landið þar sem krókabátarnir hafa stundað veiðar sínar.

Ég leyfi mér að líta svo á að í raun og veru hafi krókabátarnir sýnt fram á að hægt var að veiða meiri ýsu og að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hafi ekki verið rétt á þessum árum. Það var aldrei nein sérstök ástæða til að keyra ýsuveiðina jafnlangt niður og tillögur Hafrannsóknastofnunar hafa verið á undanförnum árum. Það voru aldrei neinar vísbendingar eða rök fyrir því að við hefðum átt að gera það enda mun það sannast sagna að mjög fljótlega verði aukið við ýsukvótann þrátt fyrir að við höfum verið að veiða umfram ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar undanfarin tvö, þrjú ár. Þannig er það.

Í öllum deilunum um það hvort það skipti sköpum að veitt sé 5 þús. tonnum meira eða minna í þessu líffræðilega samhengi eru menn að hengja sig í hreint bull að mínu viti, gera úlfalda úr mýflugu og valda miklum erfiðleikum með því að krefjast þess nánast að á þeim sé mark takandi að því leyti að stefni beri ævinlega inn á þau þúsund tonn sem Hafrannsóknastofnun leggur til í hverju tilviki.

Síðan langar mig að víkja að þeirri frægu fisktegund, steinbítnum. Það er fisktegund sem að mestu hefur verið utan kvótakerfisins — besta fiskveiðistjórnarkerfis í heimi, eins og sumir hafa kallað kvótabraskskerfið okkar. Veiðin úr steinbítsstofninum hefur því verið að mestu frjáls og óheft, reyndar hefur ekki allur kvótinn verið veiddur síðastliðin ár eftir að þessi göfuga fisktegund var vistuð í kvótakerfinu að

nýju árið 1996. Öllum til óþurftar fór steinbíturinn í kvóta og síðan hefur hann verið notaður í tegundartilfærslu að stórum hluta innan aflamarkskerfisins.

Á síðastliðnum 50 árum, í hálfa öld, hefur meðalveiðin á steinbít verið 15 þús. tonn ár hvert, að mestu leyti í alfrjálsum veiðum. Síðastliðin tíu ár utan kvóta er meðalsteinbítsaflinn 14 þús. tonn, þ.e. meðan steinbíturinn var ekki í kvótakerfinu. Hann fór inn í það á upphafsárinu 1984, var tekinn út 1985 og var síðan utan kvóta til ársins 1996. Á því árabili veiddum við að meðaltali 14 þús. tonn.

Svo virðist sem steinbítnum hafi farnast mjög vel án kvótakerfis. Hafró leggur nú til að aflinn fari ekki yfir 13 þús. tonn. Best væri að kippa steinbítnum sem fyrst úr kvótanum aftur svo komið yrði í veg fyrir það niðurskurðarferli sem nú er hafið í tillögum Hafrannsóknastofnunar.

Þannig leit ég á málin árið 1999, í upphafi stjórnarferils hæstv. sjútvrh., Árna Mathiesens.

Síðan tók ég saman sögu karfaveiðanna, hvernig þær hefðu gengið; sögu ufsaveiðanna, hvernig þær hefðu gengið; sögu grálúðuveiðanna, hvernig þær hefðu gengið og sögu þorskveiðanna, hvernig þær hefðu gengið. Allt fer því miður á sama veginn. Veiðin hafði dregist saman á öllum þessum stofnum. Niðurstaðan af þessari samantekt var sú að að meðaltali vantaði um 240 þús. tonn upp á að við veiddum það sama af þessum fiskstofnum, þessum botnfiskstegundum, og við öfluðum í hálfa öld þar á undan. Það er árangur kvótakerfisins, að hafa skorið niður veiðina um tæplega 240 þús. tonn eftir að kvótakerfið var tekið hér upp í samanburði við 50 ár þar á undan.

Það er ómögulegt að halda því fram að þetta sé uppbyggileg aðferð við að stjórna fiskveiðum og byggja upp fiskstofna eða að kvótakerfið hafi fært okkur bata fyrir þjóðarbúið og verið hagkvæmt, aukið verðmæti aflans, eflt atvinnu eða yfirleitt uppfyllt ákvæði í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, þ.e. um að tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Það væru öfugmæli. Það eru alger öfugmæli, herra forseti, og hafa sennilega sjaldan verið færð í lög önnur eins öfugmæli miðað við það sem þau hafa leitt til í fiskveiðistýringunni á undanförnum árum.

Þá langar mig aðeins að víkja að því hvernig Landssamband smábátaeigenda, samtök þeirra manna sem nú á að fara að kvótasetja og færa úr því kerfi sem þeir hafa verið í yfir í það kerfi sem meiri hlutinn vill setja þá í varðandi fiskveiðistjórnina, lýsir afstöðu sambandsins í umsögn sem barst til sjútvn.

Með leyfi forseta, þá hljóðar upphafið svo:

„Landssamband smábátaeigenda hefur frá ársbyrjun 1999 barist gegn því að sú lagasetning sem Alþingi þá samþykkti um veiðar krókabáta kæmi til framkvæmda. Sú varð hins vegar raunin hinn 1. september sl. Löggjafarsamkoma þjóðarinnar kaus að gera ekkert til að koma í veg fyrir þann gjörning. Þessi niðurstaða er ein mestu vonbrigði sem trillukarlar hafa reynt í sinni réttindabaráttu. Eins og margsinnis hefur komið fram gerði LS samkomulag við sjávarútvegsráðherra á árinu 1996 sem lagði grunn að frekari vinnu aðila um þessi mál. Framkvæmdin rýfur í einu og öllu þá sátt sem þar skapaðist.

Mörgum kann að finnast sú staðreynd léttvæg hafi við framkvæmd laganna verið lögð sannfærandi lögfræðileg, fiskifræðileg og hagfræðileg rök. Svo er hins vegar alls ekki. Sú viðbára að stjórnkerfi krókabáta sem afnumið var 1. september sl. sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins er fráleit og stenst enga rökræðu. LS fékk þá Sigurð Líndal lagaprófessor og Skúla Magnússon lektor til að svara nokkrum grundvallarspurningum varðandi stöðu mála í ljósi fallinna dómsmála (Valdimarsdómur 1998 og Vatneyrardómur 1999). Niðurstaða þeirra félaga er skýr og hefur í engu verið hrakin. Minnisblað sjávarútvegsráðherra vegna álitsgerðar Sigurðar og Skúla er afar veikburða og hrekur í engu niðurstöður þeirra. Í minnisblaðinu er talað undir rós um hluti sem Sigurður og Skúli afgreiða skýrt og skorinort.

Vart þarf að tíunda að fiskifræðileg rök finnast engin fyrir þessari framkvæmd. Þvert á móti er hægt að sýna fram á að efling krókaveiða er aðferð sem hægt er að beita til verndunar og viðhalds fiskstofnum. Þá hlýtur eitt af meginviðfangsefnum náinnar framtíðar að vera að skoða árangur Hafró í sögulegu samhengi." — Það gerði ég hér áðan varðandi tvær fisktegundir, ýsu og steinbít.

„Áratuga reynsla liggur nú fyrir af þeirri aðferðafræði að elta tillögur stofnunarinnar um flesta hluti. Ástand fiskstofnanna er vart hughreystandi í þessu samhengi.

Hin hagfræðilegu rök er heldur ekki að finna. Framkvæmd laganna eykur atvinnuleysi og byggðavanda ásamt því að gera atvinnutæki og eignir manna verðlausar. Þá er löngu vitað að fjölmargir þættir í rekstri smábátaútgerðarinnar eru hagkvæmari en í útgerð stærri báta og skipa. Mörgum þessara þátta er hins vegar lítill gaumur gefinn, og sumir þeirra jafnvel hafðir í flimtingum, t.d. minni olíunotkun smábáta en togara. LÍÚ-forustan hefur gert grín að þessu á opinberum vettvangi. Þá hafa útreikningar, t.d. Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands, sýnt ótvírætt að afkoma smábátaútgerðarinnar er betri en annarra útgerða.

Meginmarkmið laganna um stjórn fiskveiða koma fram í 1. gr. þeirra og óþarfi að tíunda hér. LS fær ekki með nokkru móti séð hvernig framkvæmd laganna samrýmist þessum markmiðum, né markmiðum laga um umgengni um auðlindir sjávar. Þá hafa íslensk stjórnvöld undirritað alþjóðlegar yfirlýsingar á borð við Ríó-sáttmálann en í honum er kveðið á um eflingu smábátaveiða og smárra strandveiðisamfélaga.

Það væri, í ljósi þess er hér hefur verið rakið, mun auðveldara að skilja stöðu mála, ef löggjafinn styddist í gjörðum sínum við greinilegan vilja almennings í landinu. En því er ekki að heilsa. Tvær skoðanakannanir á árinu sýna mjög afdráttarlaust að almenningur styður sjónarmið og rök smábátaeigenda og vill að löggjafinn taki til þeirra sérstakt tillit.

Með því að þvinga fram þá óþolandi stöðu sem stór hluti smábátaflotans er í eftir 1. september er eingöngu verið að þjóna þeim aðilum sem vilja smábátaútveginn feigan og eru tilbúnir að fórna miklu til að sjá þann draum sinn rætast.

Eins og fyrr segir eru vonbrigði smábátaeigenda gríðarleg með framvindu mála og þá staðreynd að ekkert hefur verið aðhafst til að nálgast þá á sáttagrundvelli. Þvert á móti hafa jafnvel verið gerðar tilraunir til að koma af stað sundrungu í þeirra röðum, tilraunir sem mistókust hrapallega.

Dagana 23. og 24. október sl. hélt LS sinn 17. aðalfund. Aðalályktun fundarins lýsir hug fundarmanna betur en margt annað og er því rituð hér í heild."

Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa fjölmargar hinna minni strandbyggða hafið kröftuga sókn í uppbyggingu atvinnulífs og búsetu. Útgerð smábáta og umsýslan sem línuútgerð þeirra kallar á hefur leikið þar meginhlutverk. Þessi ánægjulegi viðsnúningur úr langvarandi hnignun og samdrætti gaf

íbúum byggðanna von og kjark og ekki síst trú á að þau markmið sem Alþingi festi í lögin um stjórn fiskveiða hefðu, þegar upp væri staðið, dýpri þýðingu en blekið sem þau voru skrifuð með.

Þúsundir íbúa með ströndum fram hafa þar af leiðandi litið svo á að framlag kvótakerfisins til hinna minni strandbyggða sé krókakerfið, kerfi sem hefur þá sérstöðu að virkja alla bestu eiginleika smábátaútgerðarinnar og drifkraft og útsjónarsemi einstaklingsframtaksins.

Í kjölfar þessarar jákvæðu þróunar hefur hugvit og handverk fjölmargra framleiðslu- og þjónustuaðila blómstrað, jafnvel svo mynduglega að orðspor þess hefur farið langt út fyrir landsteinana.

Í einu vetfangi hefur löggjafarsamkoma þjóðarinnar umturnað þessari þróun og upprætt þá bjartsýni sem einkenndi orðið líf og störf íbúanna. Í einu vetfangi hafa eignir, atvinna og sú verðmætasköpun sem þessi þróun framkallaði orðið að engu hjá fjölmörgum smábátaeigendum, með tilheyrandi margfeldisáhrifum.

Það er með ólíkindum að á tímum þegar endalaust eru kallaðir til sérfræðingar sem meta skulu áhrif alls og einskis hafi því í engu verið sinnt að rannsaka fyrir fram áhrif þeirra lagabreytinga sem yfir dundu 1. september sl. og þyddu gríðarlegar breytingar í rekstrarumhverfi útgerðarflokks með 10 milljarða króna verðmætasköpun og gífurlega atvinnuuppbyggingu. Sú sátt sem fjölmargir töldu að væri innan seilingar er því úti í hafsauga.

Ástæða alls þessa er látlaus flótti frá þeirri staðreynd að árangur kvótakerfisins við uppbyggingu fiskstofna er hörmulegur. Við upphaf kvótakerfisins var heildarveiði fiskiskipaflotans á helstu botnlægum tegundum u.þ.b. 550 þúsund tonn en eftir þrotlaust og óeigingjarnt uppbyggingarstarf síðustu 18 ára er veiðin komin niður í 400 þúsund tonn og viðkomandi stofnar flestir í sögulegu lágmarki.

Fundurinn lýsir furðu sinni og áhyggjum af því að stjórnvöld vogi sér að halda því fram að hér séu stundaðar ábyrgar fiskveiðar sem séu öðrum til eftirbreytni.

Þvert á móti ætti helsta verkefni stjórnvalda að vera að einhenda sér í að kanna hvort ekki séu aðrar leiðir vænlegri og vill fundurinn sérstaklega benda á það fiskveiðikerfi sem Færeyingar hafa nú notað um skeið með athyglisverðum árangri.

Svo fjarri er umræðan um þessi grundvallaratriði að helst er að skilja að vandinn sem leysa þurfi sé með hvaða hætti skuli skattleggja sjávarútveginn umfram það sem nú þegar er gert. Þessu mótmælir fundurinn harðlega. Að ætla það grundvöll til sátta, að núa aukinni skattlagningu í þau sár sem nýjustu lagabreytingar eru að valda þeim strandbyggðum sem hér um ræðir, er fráleitt.

Réttindabarátta trillukarla hefur frá upphafi kvótakerfisins verið brjóstvörn hinna smærri strandbyggða. Skilningur almennings hefur verið mikill á málstað og rökum trillukarla og þakkar fundurinn þann stuðning heilshugar.

Það er höfuðkrafa Landssambands smábátaeigenda að krókaveiðar hafi skýlausan forgang við stjórn fiskveiða og að strandbyggðirnar hafi aðgang að þeim miðum sem í upphafi grundvölluðu búsetuna. Þannig er von til að sátt geti skapast milli veiðimanna og náttúru, sátt sem leiðir sjálfkrafa til friðar meðal þjóðarinnar."

Þannig hljóðaði þessi aðalsamþykkt Landssambands smábátaeigenda. Hér er svo sem margt annað sem mætti minnast á en ég ætla að láta þetta nægja enda var þessi ályktun þeirra sem ég vitnaði til vel orðuð.

Það er ekki eins og þetta sé eina ályktunin sem okkur hefur borist hér á hv. Alþingi um það sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að gera. Okkur hefur borist fjöldi ályktana. Hér er ályktun frá smábátaeigendum á Austurlandi sem ég ætla ekki að vitna sérstaklega til en gengur greinilega í sömu átt og samþykkt aðalfundar þeirra.

Hér er ályktun frá Hrollaugi, félagi smábátasjómanna á Hornafirði, í sömu veru, frá Snæfelli, félagi smábátaeigenda á Snæfellsnesi, sem líka gengur í sömu veru. Aðalfundur Árborgar, félags smábátaeigenda á Suðurlandi, ályktar með sams konar eða mjög svipuðum hætti og hefur sömu áherslur. Ályktun smábátaeigenda á Norðurlandi vestra kemur með sams konar áherslur og hafa birst í almennri ályktun landssambandsins. Smábátafélag Reykjavíkur ályktar í svipaða veru og þannig mætti lengi telja.

Síðan er ályktun frá sveitarstjórn Stöðvarhrepps sem ég vitnaði örstutt til í kvöld. En mig langar til að lesa hana, herra forseti, í heilu lagi. Mér finnst hún varpa mjög skýru ljósi á það sem við erum að tala um, hvaða afleiðingar þær breytingar sem meiri hlutinn ætlar að gera á fiskveiðistjórnarkerfinu, krókaveiðikerfi smábátanna, muni hafa. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa þetta bréf frá Stöðvarhreppi til sjútvn. Alþingis. Það er sérstaklega stílað til þingmanna í Austurlandskjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra:

„Í tengslum við endurskoðun á úthlutun aflamarks smábáta í öðrum tegundum en þorski og umræður um aukinn byggðakvóta vill hreppsnefnd Stöðvarhrepps koma á framfæri við sjávarútvegsnefnd Alþingis, sjávarútvegsráðherra, þingmenn Austurlandskjördæmis og Norðurlandskjördæmis eystra eftirfarandi atriðum og sýna þannig fram á hve mikilvæg smábátaútgerðin er fyrir smærri byggðarlög við sjávarsíðuna.

Á Stöðvarfirði voru á síðasta fiskveiðiári gerðir út að meðaltali fimm þorskaflahámarksbátar sem samtals skiluðu að landi ríflega 1.200 tonna afla. Eftir breytingarnar sem gerðar voru á fiskveiðikerfinu 1. september sl. var rekstrargrundvelli þessara báta nauðgað svo að tæplega verður vit í að gera út nema tvo eða þrjá af þeim bátum sem hafa skástu kvótastöðuna.

Skattskyldar launagreiðslur hjá útgerðum þessara fimm báta voru á fiskveiðiárinu 2000/2001 um 70 millj. kr., sem þýðir útsvarsgreiðslur launamanna fyrirtækjanna upp á ríflega 7,8 millj. kr. Útsvarstekjur Stöðvarhrepps á árinu 2000 voru ríflega 32,3 millj. kr. Útsvarsgreiðslur starfsmanna þessara fimm smábáta námu því 24% af heildarútsvarstekjum Stöðvarhrepps og þá er einungis verið að tala um sjómenn og beitningarfólk. Allar útsvarstekjur landvinnslu, umsýslu- og þjónustugreina sem skapast af þessum bátum eru ótaldar, en sem dæmi um útsvarstekjur af hliðargreinum má nefna að nettóútsvarstekjur sveitarfélaga af aðgerð á þessum 1.200 tonnum eru u.þ.b. ein milljón. Þá á einnig eftir að reikna tekjur hafnarinnar af þessum bátum sem voru fiskveiðiárið 2000/2001 u.þ.b. 350 þús. kr. á bát eða samtals 1.750 þús. kr., sem dugar þó varla til að dekka starfsmannahald á höfninni, hvað þá rekstur, viðhald, framkvæmdir og fjármagnskostnað.

Nú eru höfð uppi góð orð um að auka veiðiheimildir í ýsu og steinbít fyrir þennan flokk smábáta sem fyrir 1. september féllu í flokk þorskaflahámarksbáta og nota til þess til viðmiðunar veiði umræddra báta í þessum tegundum tímabilið 2000 til loka 2001. Stöðvarhreppur vill benda á að fiskveiðiárið

2000/2001 er mun eðlilegra viðmið þar sem viðskipti með báta og þar af leiðandi aflaheimildir eru alltaf miðaðar við kvótaárið en ekki brot úr tveimur kvótaárum."

Síðan segja þeir í lok bréfsins:

„Varðandi umræðuna um aukinn byggðakvóta til að milda áhrif kvótasetningar annarra tegunda en þorsks sem gildi tók 1. september sl. vill Stöðvarhreppur koma því á framfæri að við úthlutun og mat á því hvað mikið kemur í hlut hvers sveitarfélags verði horft fram hjá veiðiheimildum togara sem „lögheimili eiga" í smáum byggðarlögum, sérstaklega þar sem svo háttar til að skip í eigu stórra útgerðarfélaga hafa heimahöfn í smáum byggðarlögum og aflaheimildirnar því lögheimili þar en skipin landa sjaldan eða aldrei í heimahöfn."

Hér með lýkur tilvitnun í þetta bréf. Það sýnir mjög glöggt við hvað er að eiga í hinum smærri byggðum þar sem í ljós kemur að í einu litlu sveitarfélagi fyrir austan koma 24% af útsvarstekjunum beint af starfsmönnum þessara fimm báta, áhöfnum skipanna og beitningarfólki. Það munar um minna en að skera það niður um helming. En sennilega þurfa margar byggðir að standa frammi fyrir því að atvinnuréttur krókabátanna minnkar um helming í heimildum miðað við það sem bátarnir hafa verið að gera að meðaltali á undanförnum árum.

Það liggur í því að þorskkvótinn er skorinn niður almennt, ekki bara í krókakerfinu heldur í öllu kerfinu. Það er verið að minnka þorskveiðarnar um 30 þús. tonn á milli ára og voru þær þar að auki minnkaðar um 30 þús. tonn árið þar á undan. Mér hefur skilist það á útgerðum stærri skipa í aflamarkskerfinu að þeim fyndist nú bara nóg um að takast á við að þola þann samdrátt sem tvö ár í röð hefur verið bara á þorskkvótanum. Þeim finnst bara nóg um að þurfa að takast á við þann niðurskurð. Mönnum virðist hins vegar ekkert blöskra það á Alþingi að skera ýsuheimildirnar, steinbítsheimildirnar og ufsaheimildirnar niður á smábátaflotanum til viðbótar þessum tveggja ára niðurskurði í þorskveiðunum og að menn sem gera út þessa smábáta geti séð fram á að tekjur þeirra lækki um helming á milli fiskveiðiára.

Ég er hræddur um að það heyrðist aldeilis hljóð úr horni ef nú væri verið að skera almennt tekjur útgerðarinnar í landinu, upp úr og niður úr, jafnt á frystitogurum, nótaveiðiskipum og öllum minni skipum og niður í smábáta, ef allir væru að taka á sig núna 50% skerðingu. Ég er hræddur um að það mundi nú hvína í einhverjum. En það er sennilega það sem smábátamennirnir mega standa frammi fyrir og það er það sem byggðirnar mega standa frammi fyrir í tekjum mannanna varðandi útsvar og umsetningu, þjónustu, löndun og aflagjöld og annað slíkt. Þau margfeldisáhrif sem fylgt hafa öflugri smábátaútgerð og eflingu hennar á undanförnum árum eru nú tekin niður allhastarlega. Því er ekkert undarlegt þó að menn séu ekki mjög hýrir yfir því sem hv. meiri hlutinn á Alþingi ætlar að gera varðandi veiðar smábátanna.

Þess vegna lögðum við fram brtt. okkar við tillögur meiri hlutans, við frv. og brtt. hans, um að Alþingi tæki afstöðu til þess þegar kosið verður um þessar tillögur — hvort sem það verður á morgun eða hvenær sem það verður gert — að þá komi það fram að menn eiga valkost í hv. Alþingi. Menn eiga þann valkost að festa niður á nýjan leik þorskaflahámarkskerfið og koma í veg fyrir þennan hörkulega niðurskurð á tekjum og aflaheimildum skipanna, fólksins sem á þeim vinnur, tekjum fólksins í sjávarbyggðunum, afkomu sjávarbyggðanna. Menn geta forðast þetta slys með því að styðja brtt. sem við höfum lagt hér fram, sá sem hér stendur, hv. þm. Karl V. Matthíasson og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, um að krókaaflahlutdeildarkerfið verði lagt niður og þorskaflahámarkið tekið upp í staðinn, og hins vegar að fest verði útfærsla á veiðikerfi handfærabátanna á sóknardögum, sem er með mjög svipuðum hætti og í tillögu meiri hlutans vegna þess að þar leggja þeir til að það kerfi haldi áfram og að karlarnir sem voru að gera út á 40 daga með 30 tonn fái valið. Undir það tökum við í brtt. okkar, þ.e. að þeir fái að velja. En við höfnum því að farið sé í kvótasetningu á smábátaflotann.

Ég tek einnig undir þau sjónarmið þess forseta sem nú situr í stól, hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, að ekki er sérstök ástæða til að hafa svo ofboðslegar áhyggjur af því hvort menn veiða 5 eða 6 þús. tonnum meira af ýsu eitt árið en annað. Hafrannsóknavísindin eru ekki þau nákvæmnisvísindi sem menn hafa viljað vera láta og engin ástæða er til þess að setja landið atvinnulega allt á hvolf og stuðla að enn meiri byggðaröskun en við höfum verið að horfa upp á á undanförnum árum. Þar eigum við akkúrat að snúa við blaðinu. Við eigum að taka áhættu. Ef það kallast áhætta að veiða 5–6 þús. tonnum meira af ýsu og veiða einhver fleiri tonn af steinbít eigum við að taka áhættu til þess að viðhalda byggðinni í landinu, alveg hiklaust að mínu mati.

Ég neita því að leiðsögnin frá Skúlagötu 4, frá Hafrannsóknastofnun, eigi að vera svo stíft ráðandi að við setjum byggðina á annan endann í landinu. Engin ástæða er til þess og ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram í ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar áðan. Það má nefnilega nota þetta kerfi áfram sem við höfum búið við og una við það þó að við veiðum eitthvað umfram ráðleggingar, enda er ég búinn að draga það fram í þessari umræðu að það stendur til að auka við ýsukvótann þrátt fyrir að við höfum verið að veiða umfram ýsuna á síðustu tveim til þremur árum. Þannig er það, hæstv. forseti.

Þingmönnum gefst kostur á því að taka afstöðu til þessara leiða í atkvæðagreiðslu. Til þess að koma til móts við þau sjónarmið að hér beri að stýra veiðum og takmarka veiðar smábátaflotans þá leggjum við flutningsmenn þessara brtt. til að settur verði hámarksbalafjöldi í hverjum róðri hjá smábátunum á hverjum sólarhring, þ.e. 24 balar með 500 krókum, ef það mætti verða til þess að draga eitthvað úr veiðinni og ef það gæti orðið einhver sáttaleið, þó að ég persónulega hafi ekki miklar áhyggjur af því sem við höfum verið að aðhafast í veiðum á ýsu og steinbít á undanförnum árum og finni engin rök fyrir því í tillögum Hafrannsóknastofnunar, hvað þá heldur þegar litið er til þess að til stendur að auka ýsuaflann og við höfum samt verið að veiða umfram ráðleggingarnar á undanförnum árum. Það sýnir nú best í hvers konar fari við erum.

Þess vegna tek ég undir að ég tel ekki ástæðu til að taka aflaheimildir af aflamarksflotanum til þess að viðhalda því kerfi sem verið hefur við veiðar smábátanna aðrar en þær sem teknar hafa verið þar frá og við leggjum til í okkar brtt. að verði áfram teknar frá, þ.e. 3.000 tonn af ýsu og steinbít og 1.000 tonn af ufsa, ef ég man rétt, að það verði áfram tekið frá en að öðru leyti verði sá afli sem krókaflotinn veiðir tekinn utan sviga, umfram það sem þessar tölur segja og að frekar verði reynt að stýra veiðinni ef menn eru smeykir um að eitthvað sé að fara úrskeiðis, þó að það verði ekki séð í þeirri fiskveiðisögu sem ég hef rakið hér varðandi ýsuna og steinbítinn. Ef það er rétt sem virðist vera almannarómur, að

til standi að auka 10.000 tonnum við ýsukvótann þrátt fyrir að við höfum veitt umfram ráðleggingar Hafró undanfarin þrjú ár, sýnir það best í hvers konar umhverfi við störfum. Ég sé enga ástæðu til að setja byggðina í það uppnám sem við erum að gera með því frv. sem hér liggur frammi, með tilliti til þess sem ég hef áður sagt um nýtingu á fiskstofnunum. Það tel ég bara óþarft.

Ég tel að það hefði átt að skapa trausta lagalega umgjörð um það takmarkaða veiðifrelsi sem smábátarnir hafa verið að vinna í og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Það væri verðugt markmið, herra forseti, að standa þannig að málum en við værum ekki að stuðla að því að tekjusamdráttur og atvinnumissir í sveitarfélögunum næmi tugum milljóna og tugum starfa úti um landsbyggðina, hundruðum starfa í sumum landshlutum.

Mér finnst algjörlega óásættanleg, herra forseti, sú leið sem við erum að fara í þessum málum, algjörlega óásættanleg. Það er alveg ljóst að frá 1. sept. sl. þegar kvótasetningin átti sér stað og það sem liðið er af þessu fiskveiðiári fram í desember, hefur róðralag smábátanna verið allt annað en undanfarin ár. Þetta róðralag sem stjórnvöld hafa komið á með byggðafjandsamlegum aðgerðum sínum hefur orðið til þess að atvinna við veiðar smábáta hefur snarminnkað í mörgum sjávarbyggðum landsins. Þar til viðbótar vantar nýjan fisk af dagróðrabátum til vinnslu fyrir ferskfiskmarkað innan lands sem utan. Leiguverð á ýsu og þorski hefur farið hækkandi og var þó talið allhátt fyrir 1. sept. sl.

Stjórnvöld hafa með verkum sínum unnið gegn markmiðum laga um að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Í stað þess að gera allt til varnar því að fólk fari af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins stefna aðgerðirnar gegn smábátaútgerðinni og fólkinu í sjávarbyggðum landsins. Ég tel að mál sé að snúa af þessari óheillabraut.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu en legg áherslu á að sennilega á morgun kjósa menn í hv. Alþingi um hvort hér eigi að standa að áframhaldandi byggðaröskun, minnkandi atvinnu úti um land, fækkandi störfum og að ýtt verði undir að fólk flytji af landsbyggðinni. Ég tel mig hafa sýnt fram á það í málflutningi mínum að ekki væri mikil áhætta tekin með ýsuveiðum krókabátanna eða steinbítsveiðum krókabátanna. Þess vegna verð ég að segja að lokum, herra forseti, að mér er algjörlega fyrirmunað að skilja hvers vegna landsbyggðarþingmenn stjórnarflokkanna fara þessa leið. Mér er algjörlega fyrirmunað að skilja það. Í framtíðinni hljóta þeir að verða krafðir sagna um það hvers vegna þeir ákveða með gjörðum sínum að vega enn einu sinni að störfum og uppbyggingu úti á landi.

[00:19]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir öll þau orð sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson lét hér falla og taka undir að tækifæri er til þess að snúa af þeirri braut sem við höfum byrjað frá og með 1. sept. sl. og opna aftur kerfið hjá smábátunum þar sem þeir mega veiða ýsu, steinbít og ufsann frjálst og fleiri tegundir, en þó með ákveðnum takmörkunum sem ég tel vera skynsamlegar og sanngjarnar.

Ég heyrði hv. þm. tala um að heyrst hefði að auka ætti ýsuna um 10.000 tonn. Mér þætti fróðlegt að heyra aðeins betur um það hjá honum. Ég verð að segja, herra forseti, að ef þetta er rétt þá skil ég enn síður af hverju verið er að drífa þetta allt saman af. Einnig vil ég nefna aftur það sem ég hef áður sagt: Af hverju er verið að koma með þetta frv. ef það á að fara að koma með heildstætt frv. um sjávarútvegsmál?

[00:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar svo árar á Íslandsmiðum að sjór er hlýr og sandsílið nær að vaxa og dafna þá stækkar ýsan ört. Og þegar svo hagar til á Íslandsmiðum að þessi hlýi sjór nær allt í kringum landið þá stækkar beitarþol Íslandsmiða mjög mikið og ýsustofninn vex sem aldrei fyrr, breiðist út um miðin allt í kringum land þó hann hafi ekki sést fyrir Norðurlandi árum saman.

Þegar reyndustu og elstu fiskimenn landsins hringja í mann til að segja manni að nú beri svo einkennilega við að sandsílið sé enn þá spikfeitt inni á fjörðum og flóum og sé búið að vera það síðan snemma vors þá er það auðvitað þannig að fiskstofnar vaxa og dafna sem aldrei fyrr. Og þegar það fer saman að við fáum inn tvo sterka árganga í ýsu, tveggja og þriggja ára ýsu, við slík vaxtarskilyrði þá verður auðvitað sprenging í stofninum. Það hefur löngum verið eitt það versta sem gerst hefur í Hafrannsóknastofnuninni að þeim hefur aldrei tekist að fylgja eftir þessari uppsveiflu. Mönnum hefur aldrei tekist að ráðleggja mönnum að veiða skart við góð skilyrði í mikilli uppsveiflu og þar af leiðandi höfum við oft misst af uppsveiflunni og síðan hafa menn líka verið of seinir að leggja til minnkun þegar úr vaxtarhraðanum hefur dregið.

Ég hef oft orðað þetta þannig að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hafi verið tveimur til þremur árum á eftir í uppsveiflu og tveimur til þremur árum á eftir í niðursveiflu.

[00:23]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra þegar svona lýsingar koma fram á miklu sandsíli, vaxandi ýsu og meiri fiski í hafinu. En það er jafndapurt hins vegar að horfa til þess að þegar allt er orðið fullt af fiski, eins og hefur gerst fyrir Norðurlandi með ýsuna, að þeir skuli ekki mega veiða hana sem hafa möguleika til þess og eru í nálægð við hana vegna þess að þeir voru ekki að veiða ýsu fyrir nokkrum árum. Þó þeir fegnir vildu fá að veiða þessa ýsu þá geta þeir það ekki vegna þess að enginn kvóti er til leigu af því að menn eru að spara hann, að því mér er sagt, til þess að geta leigt hann eftir áramót af því að þá verði skattaumhverfið orðið miklu betra hjá þessum útgerðum.

Ég hef heyrt svipaðar sögur af því að á Breiðafirðinum þar sem góðir drengir hafa verið á snurvoð árum saman og voru að fá kola í voðina hjá sér að þeim þótti verst að fá svona mikinn kola vegna þess að þeir áttu ekki kvóta fyrir honum. Samt var allt morandi í þessum fiski. Ég held að ég verði að taka undir orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar að mér er nær að ætla að Hafrannsóknastofnun sé alltaf nokkuð á eftir í sínum störfum. Það gefur líka tilefni til þess að hugsa um það að fleiri ættu að fá að koma að hafrannsóknum á Íslandi, eins og við leggjum til í tillögum okkar og einnig kemur fram í minnihlutaáliti hjá samfylkingarmönnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 00:26.

52. FUNDUR

fimmtudaginn 13. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fsp. SvanJ, 250. mál, þskj. 286.
2. Aðstoð við fatlaða vegna orlofsdvalar eða ferðalaga, fsp. MF, 256. mál, þskj. 295.
3. Biðlisti eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, fsp. JB, 300. mál, þskj. 365.
4. Málefni fatlaðra, fsp. JB, 301. mál, þskj. 366.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Alnæmi og kynsjúkdómar, fsp. MF, 295. mál, þskj. 360.

Til umhverfisráðherra:

6. Stækkun Hagavatns, fsp. MF, 311. mál, þskj. 387.
7. Mat á umhverfisáhrifum skógræktarverkefna, fsp. KolH, 323. mál, þskj. 410.

Til iðnaðarráðherra:

8. Virkjanaleyfi, fsp. SvanJ, 334. mál, þskj. 426.

Tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fsp. SvanJ, 250. mál. — Þskj. 286.

[10:01]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Hinn 21. júní sl. skilaði byggðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga tillögum sínum til stjórnar sambandsins en sú nefnd, byggðanefndin, hafði verið skipuð eftir að mikil umfjöllun hafði farið fram um byggðamál á vettvangi sambandsins, bæði hjá landshlutasamtökunum og á ýmsum samkomum sem sveitarstjórnarmenn sátu. Það var ekki að undra að Samband íslenskra sveitarfélaga skipaði byggðanefnd vegna þess að miklir flutningar hafa verið innan lands eins og menn þekkja og samkvæmt því sem Þjóðhagsstofnun gefur út í frétt sinni á þessu ári, sem kom 31. ágúst, hefur á árabilinu frá 1992–2001 fækkað á Vestfjörðum um nær 29% af íbúafjölda, um nær 18% af íbúafjölda á Norðurl. v. og tæp 17% af íbúafjölda á Austurlandi. Því var ekki að undra þó að menn færu að skoða leiðir sem mættu verða til þess að hamla gegn þessari þróun.

Sveitarfélögin í landinu eru 124, herra forseti. Þar af búa yfir 200 þús. manns í níu þeim stærstu. Hins vegar búa aðeins 13.500 manns í 75 þeim minnstu. Menn geta velt því fyrir sér hver staða hinna minnstu sveitarfélaga er og íbúa þeirra við þær aðstæður sem skapast hafa, hvílíkt misvægi þarna er á ferðinni, en það er þannig samkvæmt okkar löggjöf að sveitarfélögin í landinu búa öll við sömu lög, sömu kröfur og það er eðlilegt og rétt að íbúarnir geri sambærilegar kröfur til sinna sveitarfélaga hvort sem um er að ræða sveitarfélagið Reykjavík með tæplega 112 þúsund íbúa eða minnstu sveitarfélögin þar sem eru rétt um 50 íbúar. Það er hins vegar mat mjög margra að stækka verði þessar stjórnsýslueiningar til þess að skapa skilyrði fyrir frekari verkefni og til þess að hægt verði að mynda þannig byggðasvæði að íbúarnir geti átt kost á sambærilegri þjónustu og gerist þar sem eftirsóknarverðast virðist að búa. Þess vegna er áhugavert að heyra viðbrögð sveitarstjórnarráðherrans, félmrh., við þeim tillögum sem fram koma hjá byggðanefndinni, ekki síst þeirri tillögu sem hlýtur að hafa vakið mikla athygli, þ.e. að ef sveitarfélögin sameinist ekki sjálf með frjálsum samningum á næstu árum mundi Samband íslenskra sveitarfélaga vera tilbúið til að ganga til þess verks í samvinnu við ríkisvaldið að sameina þau með lögum.

[10:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hver séu viðbrögð ráðherra sveitarstjórnarmála við tillögum byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Viðbrögð mín eru yfirleitt góð. Mér finnst eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga taki þessi mál til umræðu og ef ég veit rétt, hyggst sambandið hafa þennan lið á dagskrá næsta fulltrúaráðsfundar sem haldinn verður í mars á komandi ári.

Þessar tillögur eru í allmörgum liðum. Ég ætla stuttlega að hlaupa á þessum liðum. Ein tillagan var um eitt ráðuneyti byggða- og sveitarstjórnarmála og skipulags- og byggingarmála eða að málefnin yrðu sameinuð í einu ráðuneyti. Ég held að það geti vel komið til greina og ég sæi það fyrir mér að það gæti farið ágætlega hjá félmrn. Mér líst hins vegar ekki á að stofna sérstakt ráðuneyti utan um þennan málaflokk.

Minnt er á að hagsmunir landsins alls eru fólgnir í samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar. Þetta er eðlilegt og réttlátt sjónarmið.

Lagt er til að byggja upp tvö eða þrjú kjarnasvæði sem valkost við höfuðborgarsvæðið. Tvær hliðar eru á þessu máli og það er fyrst og fremst við þessa tillögu sem ég velti dálítið vöngum. Ég tek undir með nefndarmanninum Björgu Ágústsdóttur, sveitarstjóra í Eyrarsveit, þegar hún setur fyrirvara um þessa tillögu og segir að önnur svæði utan kjarnasvæða kunni að eiga undir högg að sækja með nauðsynlega opinbera þjónustu. Ég er líka sammála henni um að áhrifasvæði höfuðborgarinnar nær um 100 km út frá höfuðborginni.

Að sveitarfélögin verði stækkuð og efld. Það er gott markmið að efla sveitarfélögin og unnið hefur verið að því síðari ár og verkefni hafa verið flutt til sveitarfélaganna og tekjustofnar auknir. Það verður hins vegar að viðurkennast að verkefnin verða í mörgum tilfellum dýrari hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu vegna þess að kjarasamningar sveitarfélaganna eru rýmilegri en kjarasamningar ríkisins. Mikill árangur hefur náðst í þessari sameiningu á allra síðustu árum og þegar ég kom í ráðuneytið voru 170 sveitarfélög í landinu. Mér kæmi ekki á óvart þó að þau yrðu um 110 við næstu sveitarstjórnarkosningar þannig að það er töluverð fækkun ef sveitarfélögunum fækkar um allt að 60.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri hefur unnið á þessu ári að viðamikilli könnun á áhrifum sameiningar sveitarfélaga, bæði félagslega og efnahagslega. Niðurstöður úr þeirri könnun verða kynntar eftir áramótin og það verður forvitnilegt að fá heildarmat á árangri af sameiningunni. Það getur orðið okkur leiðarvísir í framtíðinni hvernig við eigum að standa að þessu. Ég hef verið eindreginn fylgismaður frjálsrar sameiningar. Ég útiloka ekki að eftir eitthvert árabil, t.d. átta ár eins og verið hefur í umtali manna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, geti komið að því að menn ákveði að sameina með lögum. En ég hefði t.d. ekki haft trú á sam-

einingu í Þingeyjarsýslu sem nýlega voru greidd atkvæði um, þ.e. að lögþvinga þá sameiningu fram þegar svona mikil andstaða var í þetta mörgum sveitarfélögum sem hugmyndin var að sameina. Það hefði ekki orðið góður mórall í því sveitarfélagi til að byrja með.

Endurskoðun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga og færri samstarfsverkefni. Það er unnið að því og áfangaskýrsla hefur verið lögð til mín um það efni.

Að allir íbúar landsins eigi greiðan aðgang að rafrænum samskiptum með nýjustu og bestu tækni og gjaldskrá óháð búsetu. Það er eðlileg og sjálfsögð krafa. Pósturinn fann upp frímerkið eða tók frímerkið í notkun árið 1871. Síminn er þetta langt á eftir.

Að flutningskerfi raforku verði gert einfalt og ódýrt og samkeppni í raforkusölu tryggð. Þetta er gott og blessað.

Að fjárveitingar til samgöngumála verði auknar. Ég er sammála því.

Að rekstur og lánastarfsemi opinberra sjóða verði sameinuð í einn deildaskiptan sjóð með fjármagni til ráðgjafar og hlutafjárþátttöku og marki ákveðna stefnu og uppbyggingu ákveðinna atvinnuþátta. Þetta má skoða.

Athuga má hvort beita megi sköttum til að hafa áhrif á byggðaþróun. Ég er sammála því að láta þá athugun fara fram. Það er hins vegar flókið verkefni.

Síðan er spurt hvort samstarf sé milli félagsmálaráðuneytis og sambandsins um mögulega framkvæmd tillagna byggðanefndarinnar. Að sjálfsögðu er það eðlilegur framgangsmáti.

[10:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vildi bara láta koma fram það sjónarmið mitt að ég tel að fara eigi mjög varlega í að lögþvinga sameiningu sveitarfélaga. Sameining sveitarfélaga færir í sjálfu sér ekkert nýtt fjármagn inn á svæðið, síður en svo. Og eins og hæstv. ráðherra gat um verður þjónustan oft dýrari, eða a.m.k. fyrst í stað, því stór hluti þjónustu sem veitt er og stjórnsýslu er meira og minna unninn í sjálfboðavinnu í litlu sveitarfélögunum þannig að fara ber mjög varlega í sakirnar til að þetta snúist ekki upp í öndverðu sína.

Ég vil svo spyrja hæstv. félmrh. ef hann kemur upp síðar: Hvað líður samningum og uppgjöri á milli sveitarfélaganna og ríkisins varðandi færslu grunnskólans til sveitarfélaganna? Mér kunnugt um að einstök sveitarféög telja sig hafa orðið illa úti í þeim samningum og vilja fá leiðréttingu þar á.

[10:11]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf hér. Mér finnst ánægjulegt hve jákvætt hann tekur í þessar hugmyndir. Það er mjög mikilvægt að ráðherra sveitarstjórnarmála taki jákvætt í það sem sveitarfélögin leggja til vegna þess, herra forseti, eins og ég kom að í framsögu minni áðan, að verið er að bregðast við aðstæðum sem eru sveitarfélögunum mjög erfiðar, þ.e. fólksfækkuninni sem á sér stað víðast um landið.

Það kom mér þægilega á óvart, satt best að segja, að hæstv. ráðherra skuli ekki útiloka að sveitarfélög verði sameinuð með lögum. Það er sú leið sem farin hefur verið í nágrannalöndum okkar. Eftir að fullreynt hefur þótt að frjáls sameining tækist ekki hafa sveitarfélögin verið sameinuð með lögum og þá auðvitað með það að markmiði að þessar stjórnsýslueiningar yrðu það burðugar að hægt væri að færa til þeirra verkefni sem sannarlega eiga að vera á vettvangi eða verksviði sveitarfélaganna fremur en ríkisins. Þá er ég fyrst og fremst að tala um ýmiss konar nærþjónustu.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra rekur að sveitarfélögum hefur fækkað nokkuð á undanförnum árum og auðvitað væru sveitarstjórnarmenn ekki svona uppteknir af þessu verkefni ef þeir sæju ekki í því frekari möguleika fyrir íbúa þeirra svæða sem þeir hafa tekið að sér að gæta hagsmuna fyrir. Þar af leiðandi er það mitt mat að þessi þróun muni halda áfram. En það liggur hins vegar fyrir miðað við tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga að þar telja menn ekki nógu hratt farið, einfaldlega vegna þess að byggðaþróunin er svo ör að menn verði að bregðast við af kannski meiri krafti en gerist ef við bíðum eftir hinni frjálsu sameiningu.

[10:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er alveg rétt að sameining sveitarfélaganna færir þeim ekki nýtt fjármagn nema í undantekningartilfellum. En ég vil vekja athygli á því að við höfum breytt reglum jöfnunarsjóðs þannig að þær eiga ekki að standa í vegi fyrir sameiningu eins og þær gátu reyndar gert í einstökum tilfellum áður en þeim var breytt.

Spurt hefur verið um færslu grunnskólans. Ríkið stóð fyllilega við þann samning sem gerður var og sveitarfélögin höfðu betur en fyrir kostnaði við grunnskólann í fyrstu lotu. Síðan hefur námskrá verið breytt og skóladögum fjölgað. Það mál er óleyst. Sveitarfélögin hafa gert kröfu á ríkisvaldið sem það hefur ekki brugðist við enn þá a.m.k.

Ég tel að langeðlilegast sé að það sé val fólksins hvort það vill sameina sveitarfélögin í þeirri von að fá bætta þjónustu, í þeirri von að fá fleiri verkefni eða hvort það vill una við eitthvað fábreyttari þjónustu sem það býr við í minni sveitarfélögunum og leggja þá e.t.v. ekki jafnmikið undir eða kosta jafnmiklu til.

Varðandi hvaða verkefni sveitarfélögin geta tekið að sér af nærþjónustu þá er ég alveg sammála því að æskilegt er að sveitarfélögin taki við verkefnum. En ég minni á að þegar við ræddum í fyrra og á undanförnum árum um færslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna þá strandaði það á stóru sveitarfélögunum, ekki á litlu sveitarfélögunum.

Aðstoð við fatlaða vegna orlofsdvalar eða ferðalaga.

Fsp. MF, 256. mál. — Þskj. 295.

[10:15]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í október 1999 skilaði starfshópur sem hæstv. félmrh. skipaði, sem fjalla átti sérstaklega um og taka á möguleikum fatlaðra til menningar- og tómstundastarfa, skýrslu. Þessi starfshópur varð til eftir að þáltill. var samþykkt á Alþingi árið 1996, að mig minnir, þar sem skoða átti sérstaklega möguleika fatlaðra til menningar- og tómstundastarfa. Skýrslan er viðamikil og tekur á mjög mörgum þáttum sem of langt mál væri að rekja hér alla. Ég hef því kosið að einangra sérstaklega einn þátt hennar, þ.e. möguleika fatlaðra til að ferðast og dvelja í orlofshúsum. Ítarleg úttekt er gerð á því í skýrslunni og kemur fram að þar er víða pottur brotinn. Fatlaðir einstaklingar sem ekki geta ferðast einir hafa mjög takmarkaða möguleika, fyrst og fremst vegna

þess kostnaðar sem það hefur í för með sér að þurfa að hafa með sér fylgdarmann.

Hingað til hefur ekki verið tekið þátt í greiðslu fyrir fylgdarmann fatlaðs einstaklings sem þarf eða ætlar að ferðast innan lands eða utan og jafnvel ekki heldur í orlofshúsum nema í undantekningartilvikum. Möguleikar þeirra sem búa á sambýlum eða stofnunum fyrir fatlaða eru aðrir og heldur betri vegna þess að þar er starfsfólk oft í fylgdarliði og er þá á launum. Í niðurstöðu skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn bendir á nauðsyn þess að gerð verði úttekt á aðgengi orlofshúsa, orlofsíbúða og umhverfi þeirra þannig að upplýsingar liggi fyrir á hverjum tíma um stöðu mála í þeim efnum. Slíkar upplýsingar þyrftu að vera til staðar hjá Öryrkjabandalagi Íslands og Þroskahjálp.

Starfshópurinn leggur til að fólk með fötlun sem þarfnast aðstoðarmanns þegar það dvelur í orlofshúsum fái þann kostnað greiddan sem því fylgir. Sveitarfélög og ríki þyrftu að setja samræmdar reglur um fjárstuðning vegna aðstoðar af þessu tagi. Bent er á að slíkur stuðningur gæti hugsanlega flokkast undir liðveislu.

Starfshópurinn telur einnig æskilegt að komið verði á fót fræðslunámskeiðum fyrir fólk sem vill taka að sér starf aðstoðarmanns fyrir fatlaða vegna orlofsdvalar eða ferðalaga. Slík fræðslunámskeið ættu að vera samstarfsverkefni Samtaka fatlaðra og sveitarfélaga með fjárhagslegum stuðningi frá opinberum aðilum."

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja þeim ábendingum og tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps félagsmálaráðuneytis frá 1999 um möguleika fatlaðra til dvalar í orlofshúsnæði og til ferðalaga innan lands eða utan?

2. Hefur verið gerð úttekt á orlofshúsnæði og umhverfi þess með tilliti til aðgengis fatlaðra?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að kostnaður aðstoðarmanns fatlaðra sem dvelja í orlofshúsnæði eða ferðast innan lands og utan verði greiddur úr opinberum sjóðum?

4. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að komið verði á fót fræðslunámskeiðum fyrir fólk sem tekur að sér starf aðstoðarmanns fatlaðra í orlofsdvöl eða á ferðalagi? Ef svo er, hvenær má vænta þess að slík námskeið hefjist og hver mun bera kostnaðinn af þeim?

[10:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Starfshópurinn sem samdi umrædda skýrslu fékk það verkefni að kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista- og menningarlífs á sama hátt og aðrir þjóðfélagsþegnar. Hann lagði fram vandaða skýrslu sem beinist að ráðuneytum, sveitarfélögum og ýmsum stofnunum. Félmrn. sendi þessa skýrslu til allra þeirra ráðuneyta sem tillögur starfshópsins beindust að. Það eru menntmrn., dóms- og kirkjumrn., samgrn. og umhvrn. Þetta var gert til að vekja athygli hvers ráðuneytis um sig sérstaklega á því sem að því sneri.

Nokkuð er liðið frá því að skýrslan var samin og sumt af því sem bent er á að betur megi fara hefur þegar verið bætt. Meðal annars gerði menntmrn. samantekt um aðgengi fatlaðra á menningarstofnunum. Það var unnið á vegum ráðuneytisins 1999. Félmrn. hefur reyndar ekki fylgt þessu nánar eftir varðandi viðkomandi ráðuneyti.

Svæðisskrifstofunum um málefni fatlaðra var að sjálfsögðu einnig send skýrslan og tilmælum beint til þeirra að taka tillit til þess sem við ætti í störfum þeirra. Ráðuneytið kannaði hjá svæðisskrifstofunum hvernig þessum málum væri háttað hjá þeim. Það kom fram hjá svæðisskrifstofunum að þær telja sig ekki hafa yfir að ráða fjármagni til að greiða kostnað aðstoðarmanns með fötluðu fólki á ferðalagi enda er ekki kveðið á um slíka þjónustu í lögum. Nokkur dæmi eru um að slíkt hafi verið gert þegar fólk hefur ferðast eitt. Íbúar sambýla fólks með fötlun sem rekin eru í umsjón svæðisskrifstofanna hafa iðulega skipulagt ferðalög og þá fara starfsmenn með í þær ferðir. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að fólk með fötlun á sama rétt og aðrir til þjónustu og þátttöku í samfélaginu. Í lögum um málefni fatlaðra er kveðið á um að fatlaðir eigi rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga og ávallt skuli leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar-, heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Það er stefna félmrn. að leitast við að tryggja fötluðum þjónustu og aðstoð á sama vettvangi og öðrum íbúum landsins. Þetta samræmist alveg vilja hagsmunasamtaka fatlaðra svo sem Þroskahjálpar, með öðrum orðum snýst þetta um blöndun ófatlaðra og fatlaðra og samþættingu þjónustu. Þjónusta sveitarfélaganna er náttúrlega mikilvæg í þessu sambandi.

Ekki liggja fyrir skýrar upplýsingar um umfang ferðaþjónustunnar á landsvísu. Það hefur verið ákveðið í félmrn. að gera á vegum sveitarfélaga sérstaka úttekt á ferðaþjónustu og liðveislu við fólk með fötlun.

Þá er spurt hvort gerð hafi verið úttekt á orlofshúsnæði og umhverfi þess með tilliti til aðgengis fatlaðra. Í undirbúningi er stofnun vinnuhóps í félmrn. og umhvrn. sem á að vinna sameiginlega að stefnumótun og eftirliti með aðgengi fatlaðra. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum skal í byggingarreglugerð mælt fyrir um kröfur sem gera skal til hönnunar mannvirkja varðandi aðgengi fatlaðra. Segja má að umhvrn. hafi möguleika á að fylgja þessum málum eftir í samræmi við byggingarreglugerð í gegnum Skipulagsstofnun og eftirlit með byggingarnefndum.

Þá er spurt hvort ég muni beita mér fyrir því að kostnaður aðstoðarmanns fatlaðra sem dvelja í orlofshúsnæði eða ferðast innan lands eða utan verði greiddur úr opinberum sjóðum. Það er ekki lagaskylda fyrir því en dæmi eru um að þetta hafi verið gert. Þetta er hins vegar spurning um forgangsröð. Það er margt sem liggur á að gera í málefnum fatlaðra og í mörgum tifellum sér maður brýnni verkefni en þetta.

Þá er spurt hvort ráðherra hafi beitt mér fyrir því að komið verði á fót fræðslunámskeiðum fyrir fólk sem tekur að sér starf aðstoðarmanns fatlaðra í orlofsdvöl eða á ferðalagi og ef svo sé, hvenær megi vænta þess að slík námskeið hefjist og hver muni bera kostnaðinn. Starfshópurinn lagði þetta til í skýrslu sinni og þar kemur einnig fram að Sjálfsbjörg hafi staðið að fræðslunámskeiðum fyrir aðstoðarmenn og þau hafi gefið góða raun. Það kemur að mínu mati vel til greina að styðja samtökin að einhverju marki til að halda þessi námskeið áfram enda er mikilvægt að þarna sé fyrir hendi kunnátta og þekking. Ég held að þetta yrði að vera samstarfsverkefni samtaka fatlaðra, svæðisskrifstofa og sveitarfélaga ef til kæmi.

[10:24]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Tillögur starfshópsins um úrbætur í þessum efnum voru mjög skýrar. Ég veit dæmi um ungan

dreng frá Vestfjörðum sem vildi ferðast og dvelja erlendis. Kostnaður hans vegna fylgdarmanns hefði orðið um 300 þús. kr., þ.e. ferðakostnaður og laun á þeim tíma sem hann þurfti fylgdarmann til að geta notið ferðalaga, ekki til jafns á við fullfríska jafnaldra sína heldur til að fara í fyrsta skipti til útlanda. Hann þráði það mjög en hafði ekki efni á því og engir möguleikar voru á því að fá styrk.

Í Noregi virðist ríkið bregðast dálítið öðruvísi við. Miðstöð fatlaðra er rekin í Ósló og annað hvert ár býðst fötluðum börnum, foreldrum þeirra og systkinum að dvelja þar í allt að tvær vikur á kostnað ríkisins. Þar er innifalin gisting og uppihald og ýmis þjónusta veitt, t.d. sálfræðiþjónusta. Þar fá foreldrar tækifæri til að hitta foreldra sem eiga börn með sömu eða svipaða fötlun og ræðast við. Þar er það talið sjálfsagt að liðka fyrir, bæði varðandi ferðakostnað og dvalarkostnað fatlaðra, þegar um langan veg er að fara.

Það er ekki lagaskylda, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, að greiða fyrir aðstoð fylgdarmanns. En það er ekki aðeins í einni tillögu þessa starfshóps heldur í niðurstöðum flestra kafla talað um nauðsyn þess að fatlaðir fái fylgdarmann sem geri þeim auðveldara að ferðast og njóta orlofsdvalar. Mjög fá hús á vegum félagasamtaka eru byggð fyrir fatlaða. Þess vegna er mikil nauðsyn á því að ítarleg úttekt fari fram á þessum málum, ítarlegri en unnin var í þessari skýrslu þótt mikil vinna hafi verið lögð í hana, og fram komi tillögur til úrbóta.

[10:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta er auðvitað spurning um forgangsröð. Við verðum fyrst að reyna að uppfylla þær skyldur sem á okkur eru lagðar með lögum áður en við förum að ráðast í önnur verkefni, jafnvel þótt góð séu. Ég viðurkenni að það er mikilvægt að gera lífskjör fatlaðra sem best og möguleika þeirra sem líkasta möguleikum þeirra sem eru ófatlaðir.

Hitt er annað mál, því er ekki að leyna eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, að þarna getur verið um gífurlegan kostnað að ræða sem menn hika við að ráðast í. En öll þessi mál þokast þó til réttrar áttar með tímanum. Við sjáum á hverju ári töluverðar framfarir og það er vel.

Biðlisti eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra.

Fsp. JB, 300. mál. — Þskj. 365.

[10:27]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. félmrh. um hvernig hann hyggist fylgja eftir tillögum starfshóps sem skipaður var 21. apríl 1999 til að fylgja eftir tillögum í skýrslu nefndar um biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Þetta lýtur að því að útvega fötluðum húsnæði, leysa úr brýnni nauðsyn og útrýma biðlistum samkvæmt tillögum starfshópsins.

Það eru nokkrar vikur síðan þessi fyrirspurn var borin fram, þ.e. áður en fjárlög voru afgreidd á Alþingi. Atvikin hafa hagað því svo að fyrst núna er hægt að svara þessari fyrirspurn. Ég vil taka fram að það er ekki við hæstv. félmrh. að sakast í þessu efni. En fyrirspurnin og umræður um hana áttu einmitt að vera innlegg í umræðuna um ákvörðun fjárframlaga til málefna fatlaðra. Samkvæmt tillögum biðlistanefndar sem skilaði af sér í september 2000 átti á næstu fimm árum að verja 50 millj. kr. til byggingar sambýla til að eyða biðlistum, 5,2 millj. kr. til sambýla fyrir sjálfstætt búandi íbúa og 26 millj. vegna nýliðunar, þ.e. aukinnar þörf fyrir þjónustu, stöðugt koma jú nýir inn í hópinn og sem betur fer hækkar lífaldur þessa fólks. Samtals átti að verja um 80 millj. kr. á ári og væntanlega átti það að vera verðbætt.

Vert er að vekja athygli á því að með þessu væri aðeins verið að ráðast í lágmarksaðgerð en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er talið að um 180 manns í þessum þjóðfélagshópi bíði eftir úrlausn með búsetu.

Herra forseti. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig hefur verið staðið að þessari áætlun á árinu 2001 og í fjárlögum nú fyrir árið 2002? Hver verða þá loforðin um framhaldið, bæði til að standa við það lágmark sem þarna var samið um að gera ráð fyrir að standa við á næstu fimm árum? Einnig spyr ég hvort ekki séu áform um að gera enn betur en mælt er fyrir um í áætluninni sem þarna var lögð til grundvallar í þessum gríðarlega veigamikla málaflokki.

[10:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Starfshópurinn sem var skipaður 21. apríl 1999 taldi að 80 rými vantaði á sambýlum í Reykjavík og á Reykjanesi og síðan 40 rými til dagþjónustu, en síðan þyrfti að kaupa eða byggja sex sambýli til að mæta nýliðuninni. Þetta er það mat sem starfshópurinn lagði á þörfina.

Á biðlistum eftir sambýlum í Reykjavík og á Reykjanesi eru í dag 75 manns 18 ára og eldri sem búa við mikla fötlun. Af þessum 75 einstaklingum eru 19 sem fá þjónustu til búsetu en óska eftir breytingum á henni, t.d. óska eftir flutningi á milli svæða eða af stofnun. Þannig eru á biðlistum þessara svæða — og biðlistarnir eru bundnir fyrst og fremst og nær eingöngu við þessi svæði — 56 einstaklingar 18 ára og eldri sem búa við mikla fötlun og þyrftu að komast á sambýli á næstu tveimur til þremur árum að mati svæðisskrifstofanna. Á næsta ári verða samtals 25 ný sambýlapláss til á þessum svæðum. Af þessum 56 einstaklingum fá 30 dagþjónustu eða skóla a.m.k. hálfan daginn. Af þessum 56 einstaklingum fær 21 einstaklingur skammtímavistun fimm til sex sólarhringa að jafnaði í mánuði.

Ég spurði eftir því núna fyrir helgina hversu margir væru á biðlistum í Reykjavík og á Reykjanesi sem engrar þjónustu nytu í þremur efstu fötlunarflokkunum. Þeir voru tíu á Reykjanesi sem njóta engrar þjónustu og fjórtán í Reykjavík. Þar af þarfnast fimm búsetu nú þegar, fjórir innan tveggja ára og fimm eftir tvö ár eða síðar.

Þetta er sem sagt staðan. Því miður eru þarna um 20 manns sem njóta engrar þjónustu, eru eldri en 18 ára og eru í fötlunarflokki 5, 6 eða 7, þ.e. fólk sem verður að vera eða flokkast undir það að þurfa endilega að vera á sambýli.

Rétt er að taka það fram að í farvatninu er að á næsta ári verði opnuð skammtímavistun á Holtavegi sem geti þjónað í kringum 30 einstaklingum. Íbúarnir sem núna eru á Holtavegi fara í nýtt sambýli við Sólheima. Sérhannað sambýli við Hólmasund verður tekið í notkun. Sérhannað sambýli við Barðastaði verður tekið í notkun, eitt annað sambýli í Reykjavík og sambýli við Blikaás í Hafnarfirði. Síðan verður stækkað dagvistarheimili við Gylfaflöt. Á þessu ári, þ.e. 2001, var tekið í notkun sambýli í Grindavík og sambýli í Smárahvammi í Hafnarfirði. Í Reykjavík var sambýli við

Sléttuveg tekið í notkun og við Einarsnes og þó nokkuð vel miðar í því að stytta þessa biðlista.

Varðandi spurninguna um Kópavogshælið ... (**JB:** Það kemur næst.) sem kemur hér næst, já. Það er sem sagt sérmál og íbúar af Kópavogshælinu eru ekki í þessum tölum sem við komum að á eftir. En ég endurtek að það er erfitt að horfa upp á að það skuli vera milli 10 og 20 einstaklingar sem enga þjónustu fá en þurfa á henni að halda og eru yfir 18 ára aldri. Síðan eru þessu til viðbótar nokkur börn mjög illa stödd. Þannig er ástatt með þau að þau eru að verulegu leyti sjúklingar og það þyrfti að taka sérstaklega á málefnum þeirra.

[10:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talar um að það séu milli 10 og 20 manns sem fá enga þjónustu. Hversu lengi hafa þeir beðið eftir þjónustu og hversu lengi telur hæstv. ráðherra að þeir þurfi að bíða þess að fá einhverja þjónustu? Það er auðvitað afleitt að til skuli vera þessi hópur sem er ekki með neina þjónustu.

Það kom fram á fundi í Ráðhúsinu með hagsmunasamtökum fatlaðra rétt fyrir fjárlagagerðina að fólk hefur beðið lengur en 10 ár, jafnvel 11 ár eftir úrræðum, og að yfir 200 manns séu að bíða eftir búsetu. Ég vildi gjarnan fá að heyra það frá hæstv. ráðherra í þessari umræðu hversu lengi þetta fólk eigi að bíða, hversu lengi það eigi að bíða lengur eftir þessum úrræðum og hvenær þetta fólk eigi von á því að fá þá þjónustu sem verið er að bíða eftir, þ.e. yfir 200 manns eftir búsetu og síðan þessi 10–20 sem fá enga þjónustu. Hve lengi hafa þeir beðið og hvenær munu þeir líklega fá þjónustu?

[10:36]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og tek undir með ráðherranum um hversu mikilvægt það er að koma til móts við þessa þjóðfélagsþegna af fullri reisn og myndugleika og ekki hvað síst líka að standa við þær áætlanir sem gerðar eru, bæði í tíma og framkvæmd. Það er afar mikilvægt því að óvissan í úrlausnum á þessum málum er einna erfiðust.

Mér fannst mjög alvarlegt að heyra þá stöðu sem hann gat um, að enn hefði svo stór hópur einstaklinga enga ákveðna fasta þjónustu, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er ekkert verið að gera akkúrat í því?

Ég vil svo enn fremur ítreka spurningar mínar um hvað líði því að standa við þá áætlun sem þarna var lagt upp með, annars vegar um útvegun á fjármagni til næstu fimm ára frá árinu 2000 til þess að ná árangri í að útrýma biðlistum og koma með aukið húsnæði. Það er svo að fjármagnið skiptir máli og hvernig hefur verið staðið við það, bæði í fyrra og í ár og á næstu árum, til þess að áætlanir standist?

Mér finnst í sjálfu sér skynsamlegt við svo brýnar aðstæður sem hæstv. ráðherra undirstrikaði að verja þessum 25 millj. kr. til skammtímavistunar og bráðaúrlausna hvað það varðaði, en þetta er bara tekið að láni hjá Framkvæmdasjóði aldraða og verður að standa aftur skil á því þannig að hérna er fyrst og fremst um bráðaaðgerð að ræða en ekki varanlega fjármuni inn í málaflokkinn.

Herra forseti. Ég vil bara ítreka hversu mikilvægt það er að standa að þessum málum af fullri reisn og öryggi. Óvissan er það versta í uppbyggingu á þessari þjónustu.

[10:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Spurt var hve lengi einstaklingarnir hefðu beðið sem enga þjónustu hafa. Um það hef ég ekki upplýsingar en ég vona að ræst geti úr fyrir þeim á næsta ári. Mér finnst að það hljóti að hafa forgang að allir eigi kost á einhverri þjónustu. Nú kann að vera að einhverjir af þeim hafi átt kost á þjónustu sem þeir hafa ekki viljað nýta sér, og ég veit reyndar nokkur dæmi. En það er önnur saga.

Það var mat nefndarinnar að 80 ný sambýlapláss þyrfti fyrir árslok 2005 til þess að eyða biðlistunum og síðan plús væntanleg fjölgun. Þessi tala, 200 á biðlistum, er að mestu leyti eftir breytingu á húsnæði, þ.e. það fólk sem nýtur einhverrar þjónustu en óskar eftir öðrum búsetuúrræðum, t.d. óskar fólk sem býr á stofnun eftir að komast í sjálfstæða búsetu og þess háttar. Alltaf hljóta að verða uppi óskir um þess háttar. Það leiðir af sjálfu sér. Og það er eðlilegt að reyna að verða við því eftir því sem mögulegt er. Mér finnst að hitt verði þó að hafa forgang, að reyna að hjálpa öllum eitthvað þó að ekki sé unnt að veita öllum fullkomnustu þjónustu.

Varðandi húsnæðismálin vil ég nefna það hér, eins og ég hef reyndar sjálfsagt gert oft áður, að við eigum mjög gott samstarf við Öryrkjabandalag Íslands sem byggir eða kaupir húsnæði og leigir síðan ráðuneytinu undir sambýli og aðstöðu fyrir fatlaða. Það er mjög mikilvægt að mínum dómi að þetta samstarf skyldi komast á.

Málefni fatlaðra.

Fsp. JB, 301. mál. — Þskj. 366.

[10:41]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aftur bera fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um málefni fatlaðra:

Hvað líður endurnýjun samninga við félagasamtök og sveitarfélög sem veita fötluðum þjónustu samkvæmt lögum um reynslusveitarfélög og lögum um málefni fatlaðra?

Eins og við vitum hefur á undanförnum missirum og árum færst í vöxt að gerðir væru samningar við einstaka aðila, félagasamtök og sveitarfélög, um að taka að sér að veita lögboðna þjónustu í umboði ríkisins. Sem dæmi um það eru t.d. Styrktarfélag vangefinna og svæðisfélögin á Norðvestur- og Norðausturlandi og reynslusveitarfélögin á Akureyri, Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Samningar þessir renna út, held ég, flestir eða allir um næstu áramót og því ekki seinna vænna að ganga frá samningum við þessa aðila ef samstarfið á að halda áfram. Það hefði verið eðlilegt að allir þessir samningar hefðu legið fyrir eða ákvörðun um framkvæmd þessara mála á næsta ári áður en fjárlög voru afgreidd nú í haust og þar með hefði líka verið hægt að taka tillit til þess við ákvörðun á útgjöldum af ríkisins hálfu til málaflokksins. En nú hafa fjárframlögin til málaflokksins verið ákveðin þannig að samningar við þessa aðila verða að snúast um hversu mikla þjónustu þessir aðilar geta veitt og fyrir það fjármagn sem er til ráðstöfunar eða þá að ríkið taki að sér málaflokkinn til baka. Ég vil því aftur inna hæstv. félmrh. eftir hvað líði endurnýjun á þessum samningum.

Í öðru lagi leyfi ég mér að spyrja hæstv. félmrh.: Hvað líður úrlausn á brýnum húsnæðisvanda fatlaðra einstaklinga

sem enn búa á Kópavogshæli? Því hefur margítrekað verið lýst yfir á hinu háa Alþingi að leysa ætti úr vanda þeirra íbúa sem þar eru, og þeir ættu fyrir löngu síðan að vera komnir út úr því húsnæði enda hefur því lítið verið haldið við og dvöl þeirra þar ekki nein framtíðarlausn, og fjarri því. Í gangi hafa verið umræður, viðræður og samningar milli félmrn. og heilbrrn. um að félmrn. yfirtæki þessi verkefni og veitti því úrlausn. Það er ótækt að þessir einstaklingar skuli verða að bíða í svo mikilli og stöðugri óvissu um úrlausn mála sinna sem raun ber vitni. Ég leyfi mér því, herra forseti, að ítreka: Hvernig standa mál varðandi bráða úrlausn þeirra íbúa sem enn eru á Kópavogshæli og hefur löngu verið lofað að fengju aðra úrlausn en vera þar áfram?

[10:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Samningar við sveitarfélög um þjónustu við fatlaða eru annars vegar á grundvelli laga um reynslusveitarfélög og hins vegar á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Akureyrarkaupstaður og Vestmannaeyjabær tóku að sér þjónustu við fatlaða sem reynslusveitarfélög en samningar ráðuneytisins við sveitarfélagið Hornafjörð, byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og héraðsnefnd Þingeyinga eru á hinn bóginn með heimild í lögum um málefni fatlaðra.

Á fjárlögum ársins 2001 eru ætlaðar 600 millj. til þessara samninga. Sú fjárhæð er um 16% af þeirri fjárhæð sem fjárlög ársins ætla til málaflokksins. Af íbúum landsins búa rúm 15% í þeim sveitarfélögum sem samningarnir ná yfir þannig að það er aðeins betur í lagt en landsmeðaltal segir til um.

Um næstu áramót renna lögin um reynslusveitarfélög úr gildi og þau verða ekki framlengd. Áfram mun gilda heimild í lögum um málefni fatlaðra til að ganga til samninga við sveitarfélög og félagasamtök um þjónustu við fatlaða. Ég hef lýst vilja mínum til að endurnýja þessa samninga við sveitarfélögin og samtök fatlaðra á grundvelli þeirrar heimildar og samninga til allt að fimm ára. Vinna við þessa samninga hófst í haust en hefur dregist á langinn vegna mats á áhrifum kjarasamninga sem launanefnd sveitarfélaga gerði fyrir hönd sveitarfélaganna við félög innan starfsgreinasambandsins. Þess er að vænta að niðurstaða fáist í þetta mál á næstu dögum og það er mjög brýnt að fá niðurstöðu til að sjá hvar ábyrgðin liggur og hver kemur til með að sjá um þetta í náinni framtíð.

Félmrn. kemur að nokkrum samningum með svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra við sjálfseignarstofnanir og félagasamtök vegna þjónustu við fatlaða, og vinna við þá samninga er í gangi.

Þá er spurt um Kópavogshælið. Fyrir liggja drög að samkomulagi milli félmrn. og heilbrrn. um yfirtöku félmrn. á þjónustu við 20 íbúa Kópavogshælis sem búa í fjölbýlishúsi á lóð heimilisins í Kópavogi. Reyndar eru fjögur sambýli til húsa í þessari blokk. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að íbúarnir flytjist í sambýli á höfuðborgarsvæðinu og að þeim flutningi verði lokið á næsta ári fáist til þess nægilegt fjármagn. Fullkomin ástæða er til að vænta þess að fjármagn fáist til að ganga frá þeim samningi og efna hann.

Þá er því við að bæta að fyrir utan þessa 20 búa 15–17 manns á Kópavogshæli sem að mati starfsmanna þar gætu nýtt sér búsetu á sambýlum. Ekki er hægt að fallast á að sá hópur búi við brýnan húsnæðisvanda eins og e.t.v. mætti skilja á fyrirspurninni. Allur aðbúnaður þess fólks er til fyrirmyndar á Kópavogshæli. Horft til framtíðar er hins vegar eðlilegt að íbúunum verði fundin búseta utan stofnunarinnar.

[10:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að gengið verði frá samningum milli félmrn. og sveitarfélaga og félagssamtaka vegna þjónustu við fatlaða, þ.e. þar sem eru reynslusveitarfélög, sem fyrst því að ég veit að þetta hefur valdið óöryggi bæði hjá þeim sem veita þjónustuna og einnig þeim sem njóta hennar.

Varðandi íbúana á Kópavogshæli talar hæstv. ráðherra enn um að það séu drög að samningi. Er ekki orðið tímabært að ganga frá þeim samningi? Ég gat ekki skilið það betur í fjárlagaumræðunni en að búið væri að ganga frá fé til að leysa vanda þessa hóps, þessara 20 íbúa sem búa þarna í blokkinni við allsendis óviðunandi aðstæður. Er ekki kominn tími til að hæstv. ráðherrar sem sitja hér í salnum, hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh., klári þennan samning, hætti að hafa þetta í drögum og gangi frá þessu máli, því mér skilst, ef ég hef skilið það rétt, að komnir séu fjármunir til að leysa málið.

[10:49]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem eru komin en lít svo á að þau vinnubrögð séu alveg ótæk að ekki skuli enn vera búið að ganga frá samningum um svo mikilvægan málaflokk eins og hver eigi að annast þessi verkefni, þjónustu við fatlaða á vegum Styrktarfélags vangefinna, á vegum sveitarfélaganna sem eru með þessi verkefni. Og þetta er að gerast núna um næstu áramót. Bæði starfsfólk og það fólk sem nýtur þessarar þjónustu stendur áfram í fullkominni óvissu.

Mér er kunnugt um að samningar eða samningaviðræður við suma þessara aðila eru varla komnar í gang. Það eru að koma áramót þannig að ég held að hæstv. félmrh. megi heldur betur slá í Skjóna til að þetta verði komið í viðunandi horf um áramót, ekki seinna. Ég legg áherslu á það.

Hitt er líka, eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom inn á, alveg ótækt varðandi stöðu íbúa á Kópavogshæli sem þurfa á brýnni úrlausn að halda, að stöðugt er sagt að fyrir liggi samningsdrög og samningsdrög, en síðan er ekkert gert. Um hvað er ágreiningur? Snýst ágreiningurinn kannski um sölu á húsnæðinu eða hvernig eigi ráðstafa peningum fyrir sölu húsnæðis, eða um hvað er að ræða? Á meðan svo er, á meðan enn er togast á um þetta, bíður þetta fólk. Það er búið að bíða mánuðum saman eftir úrlausn. Ég skora því á hæstv. félmrh. að ganga í þetta og leysa þetta, ekkert að vera að draga þetta lengur en til dagsins í dag.

[10:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Rétt er að taka fram að þessir 20 íbúar á Kópavogshæli í blokkinni eru komnir í umsjá svæðisskrifstofunnar á Reykjanesi og njóta sömu eða hliðstæðrar þjónustu þaðan og hafa sama rétt og aðrir skjólstæðingar svæðisskrifstofunnar.

Fjármagn til rekstrar á þessum sambýlum flyst að hluta til frá heilbrrn. Söluandvirði blokkarinnar gengur að þremur fjórðu hlutum til félmrn. til að koma þeim einstaklingum í hús. Við reiknum með því að taka húsnæði á leigu frá Öryrkjabandalaginu að einhverju leyti, en það vantar enn þá nokkuð á að séð sé fyrir öllum rekstrarkostnaði og öllum

kostnaði sem af þessu hlýst. En ég vænti þess að úr því rætist innan fárra daga.

Varðandi hina samningana er rétt að þeir hafa dregist og það hefði verið þægilegra ef þeir væru allir í höfn. En komið hafa upp vandamál í sambandi við laun því að launanefnd sveitarfélaga hefur samið um miklu hærri laun en gilda hjá ríkinu. (**JB:** Tekur ríkið þá yfir ef ekki semst?) Það liggur fyrir að ef ekki er hægt að gera þjónustusamninga verður ríkið að taka við. Ég vona sem sagt að samningar takist og til þess þurfi ekki að koma.

[10:53]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðendur, 370. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 566.

Gjald af áfengi, 320. mál, þskj. 555.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál, þskj. 554.

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 124. mál, svar landbrh., þskj. 543.

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 150. mál, þskj. 551.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 132. mál, þskj. 552.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 136. mál, þskj. 553.

Alnæmi og kynsjúkdómar.

Fsp. MF, 295. mál. — Þskj. 360.

[10:54]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í aðdraganda þess að fjárlög voru afgreidd frá Alþingi í síðustu viku kom fram í erindi sóttvarnalæknis og landlæknisembættisins til fjárln. beiðni um auknar fjárveitingar vegna sérstaks átaks varðandi kynsjúkdóma og alnæmi.

Í rökstuðningi með beiðninni kom fram að fjárveiting sem ætluð er til þessara verkefna hefur lækkað verulega. 1997 var fjárveitingin 9,6 millj. kr. en hefur síðan þá aðeins numið um 5,7 millj. kr. á ári.

Þá kom einnig fram að HIV/alnæmi væri vaxandi vandamál og að fjöldi þeirra sem greinast á ári hverju fari vaxandi. Þá kom fram að tíðni kynsjúkdóma fer einnig vaxandi hér á landi eins og í nágrannalöndunum og þessi þróun segir okkur að fræðslu og forvarnastarfsemi sé að einhverju marki ábótavant eða hafi verið á undanförnum árum, við kannski sofnað örlítið á verðinum og er nauðsynlegt að bæta þar úr bæði hvað varðar almenna fræðslu en ekki síður í grunn- og framhaldsskólum. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurnum til hæstv. ráðherra:

1. Hversu margir hafa greinst með HIV-smit/alnæmi á ári síðustu fimm ár?

2. Hvernig hefur verið staðið að fræðslu og forvörnum varðandi þennan alvarlega sjúkdóm, t.d. í grunn- og framhaldsskólum?

3. Hversu margir hafa greinst með kynsjúkdóma á ári síðustu fimm ár?

4. Hvernig hefur verið staðið að fræðslu og forvörnum varðandi kynsjúkdóma, t.d. í grunn- og framhaldsskólum?

[10:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín nokkrum spurningum um alnæmi og kynsjúkdóma.

1. Hversu margir hafa greinst með HIV-smit/alnæmi á ári síðustu fimm ár?

Því er til að svara að frá ársbyrjun 1997 hafa 50 greinst með HIV-smit hér á landi samkvæmt þeim tilkynningum sem borist hafa til sóttvarnalæknis eða að meðtali um tíu manns á ári. Flestir greindust árið 1999 eða 12 manns. Það sem af er þessu ári hafa 11 manns greinst með sjúkdóminn. Á sama tímabili hefur verið tilkynnt um fimm sjúklinga með alnæmi, sem er lokastig sjúkdómsins, en það samsvarar einu tilfelli á ári. Það sem af er þessu ári hefur enginn greinst með alnæmi.

Eftir að byrjað var að nota ný og öflug lyf gegn HIV-sýkingu árið 1996 hefur þeim fækkað verulega sem látist hafa úr sjúkdómnum. Hins vegar hefur ekki dregið úr nýgengi eða tíðni HIV-smits hér á landi undanfarin ár og er því full ástæða til að hafa varann á. Fleiri gagnkynhneigðir hafa smitast en samkynhneigðir um þessar mundir en þó benda upplýsingar erlendis frá til þess að smituðum fjölgi sums staðar meðal ungra samkynhneigðra karla.

Annar áhættuhópur sem full ástæða er til að hafa áhyggjur af eru fíkniefnaneytendur en enn sem komið er höfum við sloppið við faraldur í þeirra hópi.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi spyr hv. 3. þm. Suðurl. um hvernig staðið hafi verið að fræðslu og forvörnum varðandi þennan alvarlega sjúkdóm, t.d. í grunn- og framhaldsskólum.

Landlæknir hefur á umliðnum árum gefið út upplýsingabækling um sjúkdóminn og staðið að gerð myndbandsfræðslu sem sniðin er fyrir ungt fólk. Hefur þetta verið gert í samvinnu við fagaðila og félagasamtök. Einnig er að finna á heimasíðu landlæknis upplýsingar um sjúkdóminn. Fræðsla í grunnskólum er á forræði menntmrn., en lengi hefur verið stefna að fræðsla um HIV og alnæmi sé eðlilegur þáttur í fræðslu skólanna. Hefur ráðuneytið í samvinnu við sóttvarnalækni hafið undirbúning að því að skipuleggja langtímafræðslu um HIV og alnæmi og hófst undirbúningur í haust. Því miður hefur hins vegar orðið nokkur röskun á honum á þessum tíma og kraftar sóttvarnalæknis undanfarnar vikur hafa farið í að skipuleggja, undirbúa og grípa til aðgerða vegna hættu á sýklahernaði í kjölfar þeirra alvarlegu atburða sem urðu í Bandaríkjunum í haust.

Ég vil vekja athygli á því að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti á fundi sínum í sumar að þjóðir heims lyftu grettistaki í baráttunni gegn þessum sjúkdómi sem talinn er vera ein mesta ógn sem að mannkyninu stafar. Ég lýsti því yfir á aukaallsherjarþinginu að Íslendingar hefðu ákveðið að leggja sitt af mörkum í þessari alþjóðlegu baráttu þó vandi okkar sé smávægilegur samanborið við ýmsar aðrar þjóðir, einkum Afríkuríkin sunnan Sahara.

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. spyr í þriðja lagi hve margir hafi greinst með kynsjúkdóma á ári síðustu fimm ár.

Lekandi og sárasótt eru um þessar mundir mjög sjaldgæfir sjúkdómar á Íslandi. Árlega greinast færri en tíu að meðaltali af þeim sjúkdómum. Hins vegar er stóra vandamálið klamýdía, en alls hafa greinst að meðaltali 1.600 tilfelli á ári. Hefur þeim fjölgað mjög sem smitast hafa af sjúkdómnum á síðustu fimm árum og stefnir í að fjöldi sýktra fari yfir 2.000 manns á þessu ári. Þetta er alvarlegur sjúkdómur,

einkum fyrir konur. Hann getur valdið viðvarandi bólgu og vandamálum í grindarholi með þeim afleiðingum að allt að 10% sýktra kvenna munu stríða við frjósemisvandamál síðar á ævinni. Hlutfallslega eru fleiri Íslendingar sýktir af klamýdíu en gerist með frændþjóðum okkar annars staðar á Norðurlöndum. En hafa verður í huga að greining og tilkynning um þennan sjúkdóm kann að vera nákvæmari hér á landi og kann því munurinn að skýrast af því.

Hv. þm. spyr hvernig staðið er að fræðslu og forvörnum varðandi kynsjúkdóma, t.d. í grunn- og framhaldsskólum.

Landlæknisembættið hefur beitt sér fyrir sérstöku átaki sem fólst í fræðslu sem beindist að ungu fólki og m.a. var þessu beint í gegnum útvarpsstöðvar sem ungt fólk hlustar gjarnan á, með auglýsingum í biðskýlum strætisvagna og á skemmtistöðum. Einnig hefur verið gert myndband um kynsjúkdóma. Upplýsingar um kynsjúkdóma er líka hægt að fá á heimasíðu landlæknisembættisins líkt og fræðslu um HIV og alnæmi. Þá hefur stefnan verið sú að fræðsla um kynsjúkdóma sé eðlilegur þáttur í fræðslu skólanna og er því fræðslan í grunnskólum á forræði menntmrn.

Virðulegi forseti. Ég vona að áðurgreindar upplýsingar svari spurningum hv. þm.

[11:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Fram kom hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að fjárveitingar hafa lækkað til þessa málaflokks og það tel ég mjög alvarlegt. Auðvitað þyrfti að efla forvarnir í þessum efnum. Myndbönd, upplýsingabæklingar, heimasíður, allt gerir gagn.

Aftur á móti langar mig að nefna eitt atriði sem varðar heilsugæsluna og spyrja hæstv. ráðherra: Nú hefur verið á vegum heilsugæslunnar t.d. í Hafnarfirði unglingaþjónusta í þessu markmiði sem er ekki sérstaklega styrkt af heilbrrn: Hvers vegna koma ekki fjárveitingar til slíkrar starfsemi? Þyrfti ekki að efla þær? Hæstv. ráðherra nefnir 2.000 tilfelli af klamýdíu sem hefur í för með sér alvarlegan frjósemisvanda sem mun verða heilbrigðiskerfinu mjög dýr síðar meir. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er ekki tímabært að leggja peninga í unglingaþjónustu eins og þá sem nú er í Hafnarfirði?

[11:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög alvarlegu máli sem við eigum að ræða og reyna að finna betri lausn á og ég ætla að blanda mér í umræðuna út af alnæminu. Ég held að við höfum ekki haldið rétt á málum varðandi aukið smit. Fólk telur sér trú um að það séu einhverjir aðrir sem muni smitast. Fólk telur sér trú um að sérstakir hópar séu í hættu. En það er ekki svoleiðis. Gagnkynhneigt fólk smitast. Ungt fólk fer að vera saman og annar aðilinn reynist smitaður frá fyrri kynnum og skaðinn er skeður. Enn þá alvarlegra er ef t.d. smitaður einstaklingur, ungur maður flögrar á milli ungra stúlkna og skilur eftir sig slóð sársauka og skelfingar. Þegar fólk hefur orðið fyrir smiti þá tekur við ævilöng lyfjameðferð með tilheyrandi afleiðingum og erfiðleikum, eins og hefur komið fram hjá sóttvarnalækni. Ég held að við þurfum að finna leiðir til að stöðva það að smitaðir einstaklingar geti bara látið eins og ekkert sé og dregið aðra með sér út í sorg og sársauka.

[11:04]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau svör sem hér komu fram. Það fór eins og ég hafði reyndar heyrt frá sóttvarnalækni og landlæknisembættinu að tilfellum þeirra sem smitast af kynsjúkdómum og fyrst og fremst klamýdíu hefur fjölgað gífurlega á undanförnum árum. En það hefur einnig verið um ákveðna fjölgun þeirra sem eru HIV-smitaðir að ræða. Fjárveitingin var 1997 tæpar 10 millj. kr. Það er ekki bara það að hún hafi ekki fylgt verðlagi heldur hefur hún lækkað verulega og við erum að tala um tæpar 6 millj. kr. núna til slíkrar fræðslu- og forvarnastarfsemi.

Þar gegnir heilsugæslan auðvitað mjög stóru og á að gegna mjög stóru hlutverki. Ég held að það sé vissulega nauðsynlegt fyrir okkur að taka þátt í þessari baráttu á alþjóðavettvangi en fyrst og fremst þurfum við þá að sýna gott fordæmi hér heima og auka fjárveitingar eða leggja aukna áherslu á forvarnastarfsemina og fræðsluna vegna þess að reynslan frá 1997 segir okkur að pottur er brotinn og það verður að taka mun betur á heldur en gert hefur verið. Það eru í sjálfu sér ekki stórar fjárhæðir, um 6 millj. kr. til slíkrar fræðslu. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess ef eitthvað er eftir af óráðstöfuðu fjármagni í heilbrrn. sem er þó örugglega af skornum skammti, að styrkja landlæknisembættið og sóttvarnalækni til að koma á öflugu forvarna- og fræðslustarfi í þessum efnum.

[11:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt af hv. þm. um hversu alvarleg mál eru á ferðinni. Ég tel fulla ástæðu til þess að halda vöku sinni heima fyrir varðandi þau mál sem ég hef komið inn á.

Ég tek undir það að forvarnaþáttur heilsugæslunnar er mjög mikilvægur í þessu efni og ég hef áform um að reyna að efla hann. Ég hef orðið var við mjög athyglisverð verkefni varðandi unglinga sem heilsugæslan hefur verið að þreifa sig áfram með. Það er alveg full ástæða til að gefa því gaum og sinna því og reyna að efla þann þátt því að heilsugæslan hefur aðgang að fólki. Þar á að vera greiður aðgangur þannig að ég tek undir það.

Varðandi átak, fræðslu og fjármuni til þess, þá held ég að svigrúm sé til þess að efla fræðslustarfsemina. Eins og ég sagði í svari mínu hef ég átt viðræður við sóttvarnalækni um þetta á liðnu hausti og það eru áform um að efla þá fræðslustarfsemi og skipuleggja hana og líka í samvinnu við HIV-samtökin sem hafa nýlega opnað heimasíðu og við höfum reynt að stuðla að starfsemi þeirra eins og við höfum getað af þeim fjármunum sem við höfum yfir að ráða. En ég tel eigi að síður að við getum miðað við núverandi aðstæður eflt þetta starf. Það er alveg nauðsynlegt að gera það. Það sýna þær tölur sem ég fór með í svarinu.

Stækkun Hagavatns.

Fsp. MF, 311. mál. — Þskj. 387.

[11:08]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum var tekin ákvörðun þess efnis að stækka Hagavatn í Gnúpverjahreppi. Tilgangurinn var að hefta sandfok og uppblátur. Um það segir aðallega:

„Tilgangurinn með stíflu Hagavatns er að sökkva gömlum vatnsbotni Hagavatns undir vatn og stöðva þannig stöðugt áfok sem hamlar því að Landgræðsla ríkisins nái því markmiði sínu að stöðva öfluga uppblástursgeira sem ógna gróðri í heiðum uppi af Biskupstungum og Laugardal. Ef ekkert er aðhafst mun áfoksnáman stækka því að stöðugt rofnar úr útfallshaftinu og áfokið gæti orðið illviðráðanlegt. Vatnsborð Hagavatns verður hækkað þar til vatn fer að renna um útfall sem vatnið hafði á 10 ára tímabili, þ.e. 1929–1939. Núverandi útfall er stíflað með um 15 metra hárri stíflu og vatnsborð hækkað um 10,5 metra. Vatnið stækkar úr 5 ferkílómetra svæði í 13,5 ferkílómetra. Það nær þó ekki nálægt því þeirri hæð sem það hefur mest náð líklega laust fyrir síðustu aldamót."

Á sínum tíma var framkvæmt umhverfismat varðandi þessar framkvæmdir og skipulagsstjóri úrskurðaði á jákvæðan hátt að óhætt væri að halda áfram en hins vegar kom annar úrskurður frá þáv. umhvrh. þar sem úrskurður skipulagsstjóra var felldur úr gildi. Það gerist 1996 og segir í úrskurðarorðum hæstv. ráðherra:

„Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins 25. júlí 1996 er úr gildi felldur og framkvæmdaraðilanum, Landgræðslu ríkisins, er gert að framkvæma frekara mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Rannsaka þarf fok á því svæði sem til stendur að sökkva og sýna fram á að það sé meginuppspretta sandfoks á svæðinu suður og suðvestur af Hagavatni."

Þessi úrskurður var felldur seinni hluta sama árs og skipulagsstjóri felldi úrskurðinn sinn í júlí.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason beindi fyrirspurnum til umhvrh. á síðasta ári, á vorþingi 2000, þar sem ráðherra var hvattur til þess að hægt væri að hefja framkvæmdir sl. sumar. Í máli hæstv. ráðherra þá kom fram að hann reiknaði með því að Landgræðslan hefði lokið þeim rannsóknum sem að var stefnt að þarna færu fram fyrir síðustu áramót þannig að þá lægi ný skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrir. Síðan hefur ekkert af þeirri skýrslu spurst og við ekki fengið að vita hvort henni væri lokið eða ekki. Sveitarstjórnarmenn sem þarna hafa komið að málum hafa mikinn áhuga á því að þessu verki verði lokið. Okkur finnst að það sé fullmikill seinagangur yfir framkvæmdum og þeim rannsóknum sem Landgræðslan tók að sér á sínum tíma. Þess vegna hef ég beint fyrirspurn til hæstv. umhvrh.:

Hafa farið fram viðbótarrannsóknir og verið lagt fram nýtt mat á umhverfisáhrifum af stækkun Hagavatns? Ef ekki, hver er ástæða þess, og mun ráðherra beita sér fyrir að rannsóknirnar verði gerðar?

[11:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er spurt: „Hafa farið fram viðbótarrannsóknir og verið lagt fram nýtt mat á umhverfisáhrifum af stækkun Hagavatns? Ef ekki, hver er ástæða þess, og mun ráðherra beita sér fyrir að rannsóknirnar verði gerðar?"

Því er til að svara að hinn 16. okt. 1996 felldi umhvrn. úr gildi úrskurð skipulagsstjóra ríkisins frá 29. júlí 1996, þar sem heimiluð var stækkun Hagavatns og var framkvæmdaraðilanum, Landgræðslu ríkisins, gert að láta fara fram frekara mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í samræmi við þágildandi lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Nýtt mat eða frekara mat hefur ekki farið fram og það er hlutverk framkvæmdaraðila, þ.e. Landgræðslu ríkisins, að ákveða hvort og hvenær hann heldur áfram með undirbúning framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og beita sér fyrir rannsóknum í því skyni.

Af þessu tilefni er rétt að benda á að í fyrra voru sett ný lög um mat á umhverfisáhrifum, lög nr. 106/2000. Í þeim lögum er ekki gert ráð fyrir svokölluðu frekara mati eins og í fyrri lögum. Hyggist framkvæmdaraðili halda áfram með málið getur hann lokið því samkvæmt eldri lögum samanber ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum nr. 106/2000 eða hafið ferlið upp á nýtt samkvæmt nýjum lögum.

Miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið hjá Landgræðslu ríkisins, sem er reyndar ekki undirstofnun umhvrn., þá hafa þeir ekki farið í þær rannsóknir sem krafist var í úrskurði og mér er ekki kunnugt um hvort þeir munu fara í þær á næstunni, en það hafa verið kláraðar einhverjar rannsóknir sem ég get ekki listað upp hér, einhverjum háskólaritgerðum hefur verið skilað inn o.s.frv. En það er hlutverk framkvæmdaraðila að leggja fram annaðhvort frekara mat samkvæmt bráðabirgðaákvæði eða nýtt mat en það er ekki hlutverk umhvrh. að hafa þau mál á hendi hjá framkvæmdaraðilum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hlutverk okkar er að úrskurða í kærumálum berist þau til okkar á seinni stigum þannig að þetta mál er alfarið í höndum Landgræðslu ríkisins.

[11:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Eins og kom fram er þetta mál sem ég kom með í þingið á síðasta ári og það er auðvitað mjög brýnt að flýta frágangi málsins af hálfu Landgræðslunnar þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir við stíflu þarna vegna þess að eins og kom fram í ágætri greinargerð hjá hv. 3. þm. Suðurl. Margréti Frímannsdóttur, þá er hér um verkefni að ræða sem kemur í veg fyrir gríðarlegt sandfok og hér er um jákvæða framkvæmd að ræða. Um jákvæða stíflu er að ræða þannig að ég held að næstum því félagar okkar í Vinstri grænum gætu verið með okkur í því að berjast fyrir þessu máli þó að hér sé um stíflu að ræða, en slík stífla verður til þess að hefta sandfok á umræddu svæði.

[11:15]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir rúmlega einu og hálfu ári síðan svaraði hæstv. ráðherra fyrirspurn frá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni eins og ég nefndi áðan. Þá kom fram að hæstv. ráðherra hafði leitað eftir upplýsingum hjá Landgræðslu ríkisins og í svari ráðherrans segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum Landgræðslu ríkisins er upplýsingaöflun lokið, svo og rannsóknum á gróðurfari. Rannsókn á sandfoki stendur enn yfir og verður lögð aukin áhersla á þann þátt í sumar og stefnt að því að ljúka rannsóknninni í haust þannig að Landgræðslan geti lagt inn matsskýrslu fyrir eða um áramót."

Það er að verða komið heilt ár síðan þessi ríkisstofnun ætlaði sér að ljúka þessu verkefni svo að hægt væri að fara í þær framkvæmdir sem þarna þarf að fara í og meira að segja voru flestallar umsagnir umsagnaraðila á sínum tíma jákvæðar varðandi mat á umhverfisáhrifum. Þær voru jákvæðar í garð þessara framkvæmda.

Ég vil skora á hæstv. ráðherra að reka á eftir Landgræðslunni þó hún heyri til annars ráðuneytis eða koma því til samráðherrans, hæstv. landbrh., þannig að Landgræðsla ríkisins ljúki þessu verkefni og það liggi þá fyrir, eins og komið hefur fram ítekað, en sveitarstjórnir Biskupstungnahrepps og

sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu hafa lagt ofurkapp á að þessu verkefni ljúki. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að Landgræðslan ljúki vinnunni sem hún gaf hæstv. ráðherra upplýsingar um fyrir einu og hálfu ári síðan að væri að ljúka. Þetta er ótrúlegur seinagangur og búið er að ýta á eftir þessu verkefni a.m.k. tvisvar eða þrisvar áður í sölum Alþingis. Við hv. þm. Suðurlands, bæði þeir sem þar starfa og eru að koma til starfa, skorum á ráðherra að skerpa nú á framkvæmdum Landgræðslunnar.

[11:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Umhvrh. hefur engu sérstöku hlutverki að gegna varðandi það að ýta á eftir framkvæmdaraðilum í umhverfismati. Það er ekki okkar hlutverk. Ég tel að hv. þingmanni sé það ljóst. Landgræðslan hefur samkvæmt nýjustu upplýsingum ekki lokið þessum rannsóknum og umhvrn. hefur ekkert með forgangsröðun hjá Landgræðslunni að gera og stýringu þeirra á því í hvaða verkefnum þeir eru.

Hins vegar má segja að uppblástur hefur verið eitt af meginvandamálum í umhverfismálunum á Íslandi. Þrátt fyrir það erum við ekki að sýsla með forgangsröðun hjá Landgræðslunni. Þeir stýra því sjálfir þannig að þeir verða sjálfir að taka ákvörðun hvenær og hvort þeir fara í nýtt mat á umhverfisáhrifum á þessari framkvæmd eða í frekara mat eða hvort þeir geri það ekki og með hvaða hraða þeir gera það. Það er ekki hlutverk umhvrn. að hlutast beint til um það.

Hins vegar hafa mál eins og landgræðsla og skógrækt sem við ræðum í næstu fyrirspurn verið mjög tengd umhverfismálunum. Því er ekki að neita. En það er ekki hlutverk umhvrn. að kalla eftir umhverfismati á einstökum framkvæmdum. Hlutverk okkar er að úrskurða ef kærur beinast til okkar vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar á einstökum framkvæmdum í umhverfismati. Því verður að koma í ljós hvort og hvenær Landgræðslan kemur inn með nýtt mat. Segja má að æskilegt sé að þeir geri það. En það er spurning hvenær þeir telja sig vera tilbúna til þess. Ég get ekki svarað því á þessari stundu og vil ítreka að þessi stofnun fellur ekki undir umhvrn. og ég hef engar lagaheimildir til að beita mér í því máli.

Mat á umhverfisáhrifum skógræktarverkefna.

Fsp. KolH, 323. mál. — Þskj. 410.

[11:20]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrir rétt um mánuði var lögð fram á Alþingi fyrirspurn frá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur um skógræktarmál og Bernarsamninginn. Tilefni fyrirspurnarinnar var kæra Alþjóðafuglaverndarsamtakanna sem munu hafa kært íslensk stjórnvöld til skrifstofu samningsins fyrir að ógna fuglastofnum með stefnu sinni í skógræktarmálum.

Fyrirspurnin vakti talsverð viðbrögð og rak eina átta þingmenn í ræðustól, þá sem hér stendur þar á meðal, og fóru menn mikinn í athugasemdum sínum og það var alveg ljóst að sjónarmiðin voru margvísleg og tjáningarþörfin rík. Þannig heyrðust úr þessum stóli hástemmdar yfirlýsingar um gildi skógræktar, að með henni sé verið að breyta eyðisöndum í fallega skógræktarreiti auk þess sem þingmenn lýstu því yfir hversu faglega væri að verki staðið við hin ýmsu skógræktarverkefni sem standa yfir á landinu. Talsverður ákafi einkenndi umræðuna og greinilegt var að það féll ekki alveg í kramið (Gripið fram í.) að verið væri að láta að því liggja að skógrækt ógnaði fuglalífi og í því sambandi voru látin falla orð um brenglaða umhverfisvernd.

Eftir þessi snörpu orðaskipti, herra forseti, sat eftir í huga mínum yfirlýsing frá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni sem var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á vegum landshlutabundnu verkefnanna vinna sérfræðingar að skipulagsmálum. Lagðar eru fram skógræktaráætlanir og alltaf þegar upp kemur vafi er talað við skipulagsstjóra og passað upp á að ekki sé plantað í ákveðin svæði."

Af tilefni þessara orða langar mig að fara yfir það hvernig mati á umhverfisáhrifum landshlutabundinna skógræktarverkefna er háttað. Þannig er, herra forseti, að vorið 2000 þegar afgreidd voru héðan frá Alþingi lög um mat á umhverfsáhrifum var frv. breytt í meðförum umhvn. hvað varðar matskyldu skógræktarverkefna. Þannig hafði frv. gert ráð fyrir að nýræktun skóga á 40 hektara svæði eða stærra yrði metin í hverju tilfelli með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skyldi mati á umhverfisáhrifum. En umhverfisnefnd stækkaði svæðismörkin í 200 hektara. Ég og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir vorum mótfallnar þessari rýmkun, ekki síst vegna þess að landshlutabundin skógræktarverkefni voru fyrir gildistöku þessara laga matsskyld, ekki tilkynningarskyld heldur matsskyld, og það var skv. lögum nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni. En varfærnisleg nálgun okkar náði ekki fram að ganga á Alþingi svo að núgildandi lög kveða á um að nýrækt skóga á 200 hektara svæði eða stærra sé tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Til að fá fram í dagsljósið hvernig hlutirnir hafa verið framkvæmdir ákvað ég að leggja fyrir hæstv. umhvrh. eftirfarandi spurningar:

1. Í hvaða tilfellum hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum landshlutabundinna skógræktarverkefna?

2. Í hvaða tilfellum hefur verið óskað álits Skipulagsstofnunar á skógræktarverkefnum með tilliti til matsskyldu og hvernig hefur Skipulagsstofnun afgreitt þær beiðnir?

[11:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt:

„Í hvaða tilfellum hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum landshlutabundinna skógræktarverkefna?"

Því er til að svara að mat á umhverfisáhrifum eins og fram fer skv. lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, á svokölluðum landshlutabundnum skógræktarverkefnum hefur ekki farið fram, enda gera núverandi verkefni ekki ráð fyrir slíku. Lögin gera ráð fyrir mati á umhverfisáhrifum á einstökum framkvæmdum.

Landshlutabundin skógræktarverkefni eru ekki ein einstök framkvæmd í heild sinni heldur mörg smærri verkefni. Landshlutabundna ræktunin er því ekki eitt samfellt verkefni. Hver skógarbóndi ræktar nokkra tugi hektara. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á svæði sem er 200 hektarar eða stærra sem og skógrækt á verndarsvæðum tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun metur hvort tilkynningarskyldar framkvæmdir fari í umhverfismat eða ekki í framhaldinu. Hvert einstakt skógræktarverkefni hefur ekki náð 200 hektara mörkunum. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að þessi mörk voru lægri í frv. á sínum tíma og hefðu hugsanlega náð

til þessara einstöku verkefna. En þau voru hækkuð í þinginu og það var vilji þingsins að gera það þannig.

Hins vegar hafa menn verið að líta til svæðisskipulagsmeðferðar varðandi landshlutabundin skógræktarverkefni svo sem hjá Norðurlandsskógum og umhvrn. og landbrn. munu hafa samráð um hvernig koma megi á samræmdri framkvæmd á slíku ferli. En í slíku skipulagsferli getur almenningur og aðrir komið á framfæri athugasemdum sínum eins og menn þekkja.

Í öðru lagi er spurt:

„Í hvaða tilfellum hefur verið óskað álits Skipulagsstofnunar á skógræktarverkefnum með tilliti til matsskyldu og hvernig hefur Skipulagsstofnun afgreitt þær beiðnir?"

Því er til að svara að samkvæmt upplýsingum Skipulagsstofnunar hafa engin skógræktarverkefni verið tilkynnt til stofnunarinnar og væntanlega er það vegna þess að verkefnin eru of lítil til þess samkvæmt lögunum. Í tengslum við skógræktarverkefni er rétt að benda á að sl. sumar var samþykkt tilskipun hjá Evrópusambandinu um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana sem taka til framkvæmda sem falla undir lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Aðildarríki ESB eiga að hafa lögleitt þessa tilskipun á miðju ári 2004 og gildir hið sama um Ísland í samræmi við skuldbindingar í samningi um EES-svæðið. Í tilskipuninni er gerð krafa um að allar skipulagsáætlanir sem og framkvæmdaáætlanir, þ.e. framkvæmdir sem falla undir núverandi lög um mat á umhverfisáhrifum, skuli metnar sérstaklega og að matið verði hluti af áætlanagerð. Skógræktaráætlanir munu falla hér undir þegar þar að kemur og vera má að þessi misskilningur um umhverfismatið á þeim sé til kominn vegna þess að verkefnin heita Landshlutabundin skógræktarverkefni og menn telja sig skilja það eins og þetta sé eitt verkefni. En þetta eru mörg verkefni. Þetta er eiginlega áætlun þannig að segja má að í framtíðinni verði umhverfisáhrifin skoðuð í sérstöku ferli þegar tilskipunin skilar sér hingað til okkar. En það verður þó ekki sama ferlið og á við núna um mat á einstökum framkvæmdum af því að áætlanir eru ekki þess eðlis að þær séu ein einstök framkvæmd þannig að það verður öðruvísi nálgun á því „umhverfismati" en við erum að sjá núna á einstökum framkvæmdum. Síðan þegar búið er að skoða, að mér skilst miðað við þessa tilskipun, umhverfisáhrif á áætlun, eins og á vegáætlun, hafnaáætlun, skógræktaráætlun o.s.frv., er vel hugsanlegt að einstök framkvæmd innan þeirra áætlana falli undir heimildir mat á umhverfisáhrifum eins og við förum fram með í dag á einstökum vegaspottum og einstökum brúm og einstökum framkvæmdum.

[11:28]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina og svör hæstv. ráðherra sem voru mjög góð. Mér er nokkuð vel kunnugt um hvernig þessi mál eru. Unnið hefur verið á landsvísu að sérstöku svæðisskipulagi landshlutaverkefnanna og sú bók er nánast tilbúin fyrir Norðurlandsskóga og verður síðan færð yfir til annarra verkefna.

Í Suðurlandsskógum er þetta þannig að þar hafa bein samskipti við skipulagsstjóra verið um skipulagsmál á vegum skógræktar á Suðurlandi. Skipulagsstjóri hefur komið á fundi um skipulagsmál oftar en einu sinni og kynnt sína hlið á þessum málum. Á sama hátt er líka unnið eftir sérstökum gátlista þar sem eru um 100 spurningar sem menn þurfa að svara í þessu tilfelli. Við megum ekki gera þessa hluti allt of flókna. Ef bóndi þyrfti t.d. að fara fyrir skipulagsstjóra með það ef hann breytti móa í kartöflugarð, kartöflugarði í tún, túni í kornakur o.s.frv. þá væri illa komið fyrir okkur og þá værum við komin með sovétskipulag hér sem við kærum okkur ekki um.

[11:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef hingað til talið mig skógræktarmanneskju og stuðningsmanneskju þeirra skógræktarverkefna sem hafa farið í framkvæmd, með einum fyrirvara þó. Ég hef alltaf ítrekað það þegar þessi lög hafa verið samþykkt að skógrækt á Íslandi ætti að fara í lögbundið umhverfismat. Ég tel að það hafi verið umhverfisslys í sjálfu sér þegar þessu var breytt og 40 hektarar voru gerðir að 200 í umhverfismat á sínum tíma vegna þess að það gerir það að verkum að þar sem litið er á þetta allt í smábitum þá mun aldrei neitt fara í umhverfismat. Ég get ekki séð það. Ég var að fá svar frá hæstv. landbrh. í dag um landshlutabundin skógræktarverkefni sem sýnir það gríðarlega umfang sem er í þessum málum og ég hvet hv. þingmenn til að kynna sér það.

[11:30]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Kolbrúnu Halldórsdóttur, fyrir þessa fyrirspurn. Ég þekki töluvert til þessara mála í Rangárvallahreppi þar sem verið er að vinna að skipulagi fyrir allt sveitarfélagið og þar eru öll þessi skógræktarverkefni kortlögð.

Ég vil aðeins að gamni geta þess að landeyðingin fór ekki í umhverfismat og á Rangárvöllum er verið að græða upp eyðisanda með mjög merkilegum átaksverkefnum í skógrækt, bæði einkaaðila, Landgræðslu ríkisins og t.d. Aldamótaskógar, sem er búið að planta í á eyðisöndum. Og það er einstaklega ánægjulegt að upplifa bæði hvað landið tekur miklum breytingum við þetta — við erum að endurheimta það — og hvað fuglalífið hefur blómstrað, skordýralíf einnig, og annar gróður í skjóli þessara litlu skóga sem eru að koma upp.

[11:32]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin og vil taka fram til að taka af allan vafa um sjónarmið mín í þessum málum að ég er í grundvallaratriðum afskaplega hlynnt landvernd og jarðabótum, en ég tel algjörlega nauðsynlegt að meta áhrif slíkra athafna mannsins og að gerðar verði um slík verkefni langtímaáætlanir með skilgreindum markmiðum. Ég tel að Alþingi Íslendinga, sérfræðingar á sviði skógræktarmála og landgræðslu og almenningur eigi að eiga aðgang að þeim upplýsingum sem í slíkum landgræðslu- og skógræktaráætlunum felast.

Það verður ekki gert með prívatfundum skipulagsstjóra og skógræktenda þó að ég efist ekki um að það sé gaman á þeim fundum eða vel sé að verki staðið og allir séu að gera sitt besta. Eins og tilskipunin sem hæstv. ráðherra gat um í máli sínu ber með sér hefur samfélag þjóða komið sér saman um að í skógræktaráætlunum skuli farið að ákveðnum reglum, og þær reglur hafa verið samræmdar og Íslendingar eru að undirgangast þær reglur eftir tvö og hálft ár samkvæmt því sem hæstv. umhvrh. sagði.

En þá verðum við kannski búin að binda stærstu landsvæði okkar sem verða ræktuð skógi áður en mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda getur farið fram. Og ég spyr hæstv.

umhvrh.: Hvað finnst henni um það að allar skógræktaráætlanir verði kannski bara runnar hjá þegar tilskipunin verður að veruleika fyrir okkur Íslendinga?

Ég ítreka að formlegt ferli hleypir öllum að málunum og ég er ekki að kasta neinni rýrð á þau verkefni eða það fólk sem stendur að þeim verkefnum sem nú eru til staðar, og mér þykir miður að heyra hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason kalla slíkt formlegt skipulag sovétskipulag.

[11:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í svæðisskipulagsmeðferð sem núna er verið að skoða, og Norðurlandsskógar eru komnir lengst í og umhvrn. og landbrn. ætla að hafa samráð um að koma öðrum verkefnum í sama ferli, og í aðalskipulagsferli líka geta allir komist að með athugasemdir sínar þannig að ekki er þar verið að vinna í einhverjum lokuðum, þröngum hópum á einhverjum prívatfundum, eins og hér var orðað. Þar getur almenningur komið að eins og með alla aðra svæðisskipulagsvinnu og aðalskipulagsvinnu, almenningur getur gert athugasemdir. Upplýsingar eru aðgengilegar, kynningarfundir eru haldnir og þessar áætlanir hanga uppi á vegg o.s.frv. Ferlið er mjög opið. Um þessi skógræktarverkefni mun hið sama gilda og það er það sem við viljum.

Í framtíðinni munu menn hjá Vegagerðinni, Skógræktinni, hafnamálayfirvöldum o.s.frv. skoða umhverfisáhrif þessara áætlana þegar þær verða gerðar á upphafsstigi. Varast ber samt að rugla því saman við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda, eins og mér finnst að þingmenn rugli svolítið saman. Þegar þær áætlanir verða skoðaðar andspænis umhverfisáhrifunum tel ég að komin verði mjög góð stýring á þessi mál.

Ég tel hins vegar miðað við hvernig við höfum þetta núna að ferlið sé fullnægjandi og það sé ekkert sem hægt sé að gagnrýna við það. Þetta er skoðað í skipulagsferlinu, þar getur almenningur komið að og gert athugasemdir, og ég var sátt við að hækka töluna 40 hektarar upp í 200 hektara og greiddi því atkvæði hér. Ég tel að við þurfum ekki að fara með umhverfismat á einstakri skógrækt sem er undir 200 hekturum í gegnum hefðbundið umhverfismatsferli.

Virkjanaleyfi.

Fsp. SvanJ, 334. mál. — Þskj. 426.

[11:36]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mig fýsir að spyrja hæstv. iðnrh. um efnislegt innihald þeirra virkjanaleyfa sem hún undirritaði hinn 15. júní sl. fyrir virkjanir í Súgandafirði og Ólafsfirði og einnig þá samkvæmt hvaða reglum þau leyfi voru veitt. Kannski, herra forseti, er ég að spyrja hvaða tilgang þessi leyfisveiting hafði.

Ég spurði þessa hér á fyrirspurnafundi ekki fyrir löngu síðan í tengslum við fyrirspurn sem hv. þm. Gunnar Pálsson var með á þskj. 342 þar sem hann var að spyrja um hvað liði efndum á tillögum nefndar um málefni raforkubænda en sú nefnd hafði einnig skilað áliti í júní á sl. ári. Ráðherra gerði þá í svari sínu grein fyrir að gert væri ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu vegna styrkja á næsta ári sem kæmi í stað niðurgreiðslu á rafmagni sem er eitt af því sem nefndin lagði til. Auk þess rakti hæstv. ráðherra störf ráðgjafarnefndar sem hafði verið skipuð reyndar fyrir ári og átti að fara yfir ýmsa faglega þætti þessa máls. Það kom fram að þessi ráðgjafarnefnd var u.þ.b. að skila af sér. Kannski er hún búin að skila núna og þá kemur það væntanlega fram í svari ráðherra hér á eftir. En þetta virkaði a.m.k. afskaplega faglegt og yfirvegað. Gunnar Pálsson, sá hv. þm. sem ég vitnaði til áðan, var samt á þeirri skoðun að einhver stífla væri í þessu máli og hvergi væri hægt að fá skýr svör.

Þar sem ég hef reynt, herra forseti, að lesa mér til um þessi mál og kynna mér þau finnst mér einhvern veginn að það sé ekki alveg ljóst á hvaða vegferð við erum með þessar smávirkjanir. Mér sýnist, miðað við svar hæstv. ráðherra á þessum fyrirspurnafundi 14. nóv., að hér sé verið að vinna mjög faglega eftir ákveðnum leiðum, verið að vinna úr því jafnvel líka hvernig hægt er að takast á við þessa niðurstöðu nefndarinnar sem spurt var um. Eigi að síður er búið að undirrita tvö virkjanaleyfi.

Og þar sem hæstv. ráðherra hafði ekki tækifæri til að svara þessari spurningu sem ég skaut inn í stuttri athugasemd á fyrirspurnafundinum ákvað ég að útbúa sérstaka fyrirspurn um þetta efni og reyna að kalla eftir í hverju þetta hefði falist og á hvaða reglum byggt ef það mætti verða til þess að skerpa skilning minn og annarra á því hvar málið er statt og hvers er að vænta.

[11:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þann 14. júní sl. voru gefin út leyfi til að reisa og reka virkjun í Botnsá í Súgandafirði og í Burstabrekkuá í Ólafsfirði.

Ráðuneytinu barst þann 25. mars umsókn um leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun með allt að 500 kílóvatta afli í Botnsá í Súgandafirði. Í samræmi við ákvæði 11. gr. orkulaga var óskað álits Orkustofnunar á umsókninni og gerði stofnunin athugasemdir við rennslismælingar vegna virkjunarinnar. Að fengnum frekari ábendingum umsækjanda og frekari gögnum frá Orkustofnun var talið rétt að gefa út virkjanaleyfi enda lá fyrir sú ákvörðun Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð virkjun væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Á grundvelli þessa og samkvæmt heimild í 10. gr. orkulaga veitti ég leyfi til að reisa og reka allt að 400 kílóvatta vatnsaflsvirkjun í Botnsá með þeim fyrirvara að samkomulag tækist við aðra eigendur vatnsréttinda um afnot þeirra.

Ráðuneytinu barst þann 29. mars umsókn um leyfi til að reisa og reka allt að 500 kílóvatta virkjun í Burstabrekkuá í Ólafsfirði. Í samræmi við ákvæði 11. gr. orkulaga var óskað álits Orkustofnunar á umsókninni og mælti Orkustofnun með því að leyfi yrði veitt vegna fyrsta áfanga virkjunarinnar með því skilyrði að gerður yrði samningur um orkuviðskipti við Rafmagnsveitur ríkisins. Fyrir lá sú ákvörðun Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð virkjun væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Á grundvelli þessa og samkvæmt heimild í 10. gr. orkulaga veitti ég leyfi til að reisa og reka 260 kílóvatta vatnsaflsvirkjun í Burstabrekkuá í Ólafsfirði með því skilyrði að gerður yrði samningur um orkuviðskipti við Rafmagnsveitur ríkisins.

Þetta er svarið við þeirri spurningu sem hv. þm. ber hér upp. Til viðbótar get ég sagt vegna þeirra orða sem hún lét falla — hún velti fyrir sér á hvaða leið við værum í raun með þessar virkjanir — að ég held að það sé ósköp skýrt. Það á a.m.k. að vera það. Við viljum gjarnan að þessi möguleiki sé fyrir hendi og erum að fikra okkur áfram í sambandi við það að koma málum þannig fyrir að hægt sé að fá skýr svör við beiðnum og fyrirspurnum sem berast í ráðuneytið og til ýmissa annarra aðila varðandi þessi mál.

Við verðum samt að hafa alveg á hreinu að það þýðir ekki að fara út í framkvæmd sem þessa nema það sé rekstrarlegur grundvöllur og fram hafi farið áreiðanlegar vatnsrennslismælingar, og það ekki bara einu sinni heldur í nokkur ár vegna þess að auðvitað getur veðurfarið verið mismunandi og þetta þarf að vera öruggt hvað varðar vatnsrennsli.

Síðan þarf að liggja fyrir að viðkomandi aðili geti selt þessa orku ef hann hyggst selja, ef hann hyggst ekki nýta þetta til heimilisnotkunar eða vegna síns búrekstrar. Þá þarf að liggja fyrir að orkufyrirtæki sé tilbúið að kaupa orkuna.

Af því að hv. þm. nefndi líka þann stýrihóp sem hefur verið að störfum undir forustu embættismanns ráðuneytisins er hann kannski fyrst og fremst hugsaður til að leiða þá aðila saman sem þarna hafa bæði þekkingu og ákveðnar skyldur, eins og t.d. Orkustofnun í sambandi við leyfisveitingar, og þannig eigi leiðin að verða greiðari fyrir viðkomandi leyfishafa. Eins og hv. þm. veit þarf ráðherra, samkvæmt lögum, að veita leyfi þegar um ákveðna stærð virkjunar er að ræða. Mér finnst sjálfri að við séum að fikra okkur áfram í því að koma málum þannig fyrir í ráðuneytinu að þeir aðilar sem þurfa á upplýsingum að halda fái þær. Ég geri mér fulla grein fyrir því að við höfum átt í einhverjum byrjunarörðugleikum og eflaust eru einhverjir óánægðir með gang mála hvað varðar hraða á svörum og annað slíkt en við skulum vona að úr rætist.

[11:45]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem ég tel að hafi skýrt málið nokkuð. Ég er sammála því að það þarf að vanda sig þegar farið er út í smávirkjanir. Þó að orðið „smátt" virðist í hugum sumra vísa til þess að það sé líka fagurt er ég nú ekki viss um að margar smávirkjanir hafi í för með sér minni umhverfisáhrif en ein stærri. Jafnframt tel ég mikilvægt að þeir sem ætla sér að ráðast í fjárfestingar af þessu tagi standist tilteknar kröfur bæði varðandi faglegan undirbúning og þá ekki síður hitt að fyrir verkefninu sé raunverulegur rekstrargrundvöllur.

Auðvitað er það svo, þegar gefnar eru væntingar eða ýtt undir þann hug sem ýmsir hafa í þessum efnum, að mönnum finnst ekki nógu hratt farið og ætlast kannski til þess að fyrirgreiðsla hins opinbera sé önnur og meiri en hún reynist síðan vera þegar til kastanna kemur.

Mér fannst skýrslan sem hv. þm. Gunnar Pálsson spurðist fyrir um efndir á hér á fyrirspurnafundinum 14. nóv. síðastliðinn vera dálítið hrá, lítt útfærð og í rauninni gefa undir fótinn með meira en ég gat séð fyrir að hægt yrði að standa við í fljótu bragði. Þar af leiðandi held ég að hún hafi verið svona dálítið erfitt innlegg inn í þessa umræðu af því hún var svo stutt unnin.

Hins vegar sýnist mér að ef þessi ráðgjafahópur, sem er þá líklega hinn sami og hæstv. ráðherra kallar stýrihóp, kemst í þokkalegan gang ætti að vera hægt að gera ráð fyrir því að þessi mál fari að ganga eðlilegar fyrir sig og óþreyja manna minnki í hlutfalli við það.

Fundi slitið kl. 11:47.

---

53. FUNDUR

fimmtudaginn 13. des.,
að loknum 52. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 193. mál, þskj. 204, nál. 520 og 542, brtt. 521 og 541. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, stjfrv., 150. mál, þskj. 551. — 3. umr.
3. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 132. mál, þskj. 552. — 3. umr.
4. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 136. mál, þskj. 553. — 3. umr.
5. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 230. mál, þskj. 554. — 3. umr.
6. Tollalög, stjfrv., 319. mál, þskj. 404. — 3. umr.
7. Gjald af áfengi, stjfrv., 320. mál, þskj. 555. — 3. umr.
8. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 289. mál, þskj. 352. — 3. umr.
9. Innflutningur dýra, frv., 281. mál, þskj. 339. — 2. umr.
10. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, frv., 313. mál, þskj. 389. — 2. umr.
11. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 362. mál, þskj. 519. — 1. umr.
12. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 348. mál, þskj. 469, nál. 522 og 547. — Frh. 2. umr.
13. Fjarskipti, stjfrv., 145. mál, þskj. 145, nál. 396, brtt. 397. — 2. umr.
14. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168, nál. 416, 443 og 444, brtt. 418. — 2. umr.
15. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 282. mál, þskj. 340, nál. 534, brtt. 546. — 2. umr.
16. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 288, nál. 548, brtt. 549. — 2. umr.
17. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 398. — 2. umr.
18. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192, nál. 523. — 2. umr.
19. Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, stjfrv., 169. mál, þskj. 170, nál. 511, brtt. 512. — 2. umr.
20. Kvikmyndalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 253, nál. 559, brtt. 560. — 2. umr.
21. Húsnæðismál, stjfrv., 358. mál, þskj. 509, nál. 558. — 2. umr.
22. Girðingarlög, stjfrv., 180. mál, þskj. 183, nál. 502, brtt. 503. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,

Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[Fundarhlé. — 11:48]

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 204, nál. 520 og 542, brtt. 521 og 541.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér stendur til að fara að greiða atkvæði um tillögur sem fela það í sér að setja eigi kvótakerfi yfir smábátaflotann. Ég vil vekja athygli á því að í brtt. sem er fyrsta brtt. í áliti minni hlutans, þ.e. brtt. mínum og Karls V. Matthíassonar og Árna Steinars Jóhannssonar, kemur fyrir orðið þorskaflahámark. Ef svo fer að meiri hluti þingsins hafni þeirri brtt. þá er auðvitað búið að taka þar með afstöðu til þess að það sé stefna þingsins að kvótasetja smábátana, en 6. gr. a fjallar um þá útfærslu þorskaflahámarksbátanna.

6. gr. a í brtt. okkar fjallar hins vegar eingöngu um sóknardagabátana og fellur ekki við afgreiðslu 1. og 2. brtt.

[12:21]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt í þeim tilgangi að draga úr áhrifum kvótasetningar smábáta sem gekk til laga í haust. Frv. og brtt. við það sem meiri hlutinn flytur breyta í engu þeirri grundvallarstefnu stjórnvalda að afhenda þjóðarauðlindina útgerðum, afhenda þeim aðgang að þjóðarauðlindinni sem framseljanlega séreign. Það sama má segja um aðrar brtt. sem hér liggja fyrir.

Þó er frá þessu ein undantekning. Samfylkingin styður efni 4. gr. frv. og brtt. meiri hlutans sem hann gerir við efnisatriði þeirrar greinar, en hún er flutt til og gerð að bráðabirgðaákvæði. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir mun gera grein fyrir þeirri afstöðu Samfylkingarinnar hér á eftir.

Samfylkingin vill endurheimta þjóðarauðlindina og hefur mótað stefnu um það hvernig eigi að gera það. Þess vegna getur hún ekki stutt það endalausa kukl sem fer fram í sölum Alþingis við það kerfi sem nú er í gildi. Við munum því sitja hjá við atkvæðagreiðsluna að öðru leyti en því sem ég hef gert grein hér fyrir.

[12:23]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Á þskj. 541, þar sem flm. eru Guðjón A. Kristjánsson, Karl V. Matthíasson og Árni Steinar Jóhannsson, eru gerðar brtt. við það frv. sem hér er til umfjöllunar. Við höfnum kvótasetningu smábáta og viljum forða sjávarútveginum, smábátaþætti sjávarútvegsins, frá því hervirki sem er verið að vinna hér. Þetta er engin lausn fyrir byggðir landsins, en það er stefna stjórnvalda eða hugsun stjórnvalda að verið sé að bjarga byggðarlögunum með þessari aðgerð sem hér er verið að setja í gang. Framhaldið mun sýna að verði frv. að lögum þá kallar það fram meiri vandræði fyrir sjávarbyggðir landsins en þær standa frammi fyrir eins og málum er háttað nú.

Eins og fram kom í umræðunni viljum við heilsteypta lausn á grunni þeirrar sýnar sem flokkarnir hafa hver um sig í sjávarútvegsmálum. Við viljum vinna að heilsteyptri lausn. En eins og fram hefur komið stefnir ríkisstjórnin í plástralausnir hér og þar með pottum og byggðakvótum þannig að hæstv. sjútvrh. geti slökkt elda þegar þeir koma upp reglulega í þessari merkustu og mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég vonast til þess að sem flestir þingmenn sjái sér fært að greiða brtt. brautargengi þannig að við forðum okkur frá vinnubrögðum af því tagi sem hér eru í uppsiglingu.

Brtt. 541,1 felld með 25:9 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, HjÁ, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.

nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 26:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: GAK, SvH.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 541,2 felld með 25:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.

nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

12 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 541,3 felld með 25:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.
nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
12 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 541,4 felld með 25:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.
nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
12 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 26:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: GAK, SvH.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,2 samþ. með 26:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: GAK, SvH.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 26:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: GAK, SvH.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,3 (4. gr. falli brott) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KF, KÓ, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, StB, SvanJ, VS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 541,5 felld með 25:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.
nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
12 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 541,6 felld með 24:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.
nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
12 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GuðjG, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,4 (ný 6. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, LB, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 541,7 felld með 25:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.
nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
12 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 541,8 felld með 25:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.
nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
12 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,5.a–e samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
17 þm. (ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, ÁSJ, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, LB, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,5.f samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
17 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:32]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér stendur til að gera breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða sem ekki varðar aðeins krókaaflamarksbáta heldur allan flotann og allan veiðiskap. Hér er líklega á ferðinni sú marktækasta tilraun sem gerð hefur verið til að koma í veg fyrir brottkast. Hún er mjög í anda þeirra tillagna sem þingmenn hafa flutt hér á hv. Alþingi allt frá 1989, þ.e. tillaga um að gera sjómönnum kleift að koma með allan afla að landi án þess að refsing hljótist af heldur þvert á móti, herra forseti, þannig að sjómenn og útgerðir fái nokkra umbun, en meginhluti andvirðis aflans fari til hafrannsókna sem eru mikilvægt hagsmunamál fyrir þjóðina alla.

Herra forseti. Samfylkingin er með tillögur af sama tagi í frv. sínu fyrir þinginu. Við segjum já við þeirri ágætu tillögu sem hér liggur fyrir.

[12:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er stigið skynsamlegt skref til að draga úr hvata til brottkasts á fiski. Brottkastið er mjög alvarlegt vandamál og hér er tekið á því. Þetta mun einnig stuðla að auknu framboði á fiski á fiskmörkuðum og, ef vel tekst til, treysta til lengdar vísindalegar hafrannsóknir hér við land. Ég segi því já.

[12:34]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þessi tilraun til að koma í veg fyrir brottkast, með því að gera mönnum kleift að koma með meðafla að landi, er góðra gjalda verð. Við höfum ávallt stutt viðleitni í þá átt. Ég segi já.

[12:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér stendur til að gera lagfæringu á þeim lögum sem eru í gildi um stjórn fiskveiða og opna heimild til að gera mönnum kleift að koma með afla að landi sem þeir hafa ekki aflaheimildir fyrir eða vilja ekki landa sem aflamarksafla. Hér er stuðlað að því að minnka brottkast. Með breytingunni mun auk þess sjást betur hvað við raunverulega veiðum af fiski og þess vegna segjum við þingmenn Frjálslynda flokksins já.

[12:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin hefur sett fram heildstæðar tillögur um stjórn fiskveiða. Í þeim tillögum leggur Samfylkingin höfuðáherslu á að óveiddur fiskurinn í hafinu sé sameign þjóðarinnar og að aðgangur að auðlindinni taki mið af því. Einn liður í tillögum Samfylkingarinnar, sem hafa nokkrum sinnum verið ræddar hér á Alþingi, er einmitt heimild til að koma með afla að landi til að hamla gegn brottkasti. Þess vegna styð ég þessa tillögu.

Herra forseti. Ég er sannfærð um það að smám saman munu fleiri af hugmyndum Samfylkingarinnar fá hljómgrunn, ekki aðeins meðal þjóðarinnar heldur einnig hér á hv. Alþingi.

[12:36]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það ákvæði sem allt bendir til að hér verði samþykkt sýnir að dropinn holar steininn. Með því að tala nógu oft fyrir málinu þá má sýna stjórnarherrunum fram á að alltaf sé hægt að koma inn skynsamlegum tillögum. Þetta er sennilega í fyrsta skipti sem hæstv. sjútvrh. hefur frumkvæði að ákvæði sem í raun viðurkennir að það er ekki nokkur leið að ákveða fyrir fram með fjarstýrðum ákvörðunum hvað kemur í veiðarfærin. Hér er tillaga til að hamla gegn þessum veikleika kerfisins og því styð ég það af heilindum.

[12:37]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er líklega í fyrsta sinn verið að breyta því fyrirkomulagi sem hefur ríkt um stjórn fiskveiða þannig að með kerfisbundnum hætti séu sjómenn skornir úr þeirri snöru að þurfa að neyðast til að kasta fiski fyrir borð. Hér er þetta gert með kerfisbreytingu og ég fagna því.

Um leið eru hafrannsóknir styrktar með markvissum hætti. Þetta kann að hafa jákvæð áhrif á markaðsverð á fiski. Það verður fróðlegt að sjá hver þróunin verður. Hér kunna að vera verðmæti sem nema 700–800 millj. kr. Það er mikilvægt að fylgjast með hversu mikið kemur inn og skoða síðan frekari þróun á þeim tekjum sem af þessu skapast. Ég fagna þessu og segi því já.

[12:38]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég harma reyndar að ekki sé vilji fyrir því að taka smábátakerfið út úr þessari kvótasetningu sem það var sett í 1. sept. síðastliðinn og að það sé komið inn í stóra

kerfið. Þannig er allt þetta komið í sama framsalsástandið sem hefur leitt böl yfir byggðir og bú.

Engu að síður styð ég þessa grein frv. Hún dregur úr brottkasti. Ég tel líka að um leið og þessi grein er sett í frv. að þá felist í því viðurkenning sjútvrh. á því að mikið brottkast hafi átt sér stað á Íslandsmiðum og er nú gott að það er komið í ljós.

[12:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að nú gerist það sem ekki hendir oft að Alþingi sameinast um marktæka breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða. Með því að samþykkja þessa tilraun, sem ég lít nú svo á að sé gerð með því að heimila mönnum að koma með tiltekinn meðafla að landi, eru menn um leið að viðurkenna að brottkast eða hvati til brottkasts sé og hafi verið stórfellt vandamál í núverandi kerfi.

Þetta er auðvitað ekki nema plástur á það. En þessi breyting er til bóta og ég held að við þingmenn hljótum að fagna því að geta þó sameinast um eitthvað sem við trúum öll sameiginlega að sé í rétta átt og skynsamlegt og látum þá deilur um höfundarrétt á þessum hugmyndum, sem margvíslegar hafa verið á kreiki, liggja milli hluta. En hér er greinilega að gerast það sama og með Lilju Eysteins að allir vildu nú hana kveðið hafa. (**KVM:** Þú veist að Gísli kvað hana samt.)

[12:40]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er tekið ákveðið skref til að koma í veg fyrir brottkast. Ég hefi í þrígang flutt mótaðar tillögur í þessu sambandi og ég hef ekki séð aðrar tillögur sem eru eins nákvæmlega útfærðar. Hér er stigið skref í þá átt að taka upp þær hugmyndir. Ég vona að þegar menn hafa fengið reynslu af þessum tillögum og tilraunum þá muni menn ganga enn frekar í þá átt að allur afli sem veiðist skili sér í land. Auk þess mun þetta hvetja mjög til rannsókna þar sem fjármagnið rennur til Hafró. Ég segi já.

7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MS, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:42]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Í þessu frv. felst aðferð til að styrkja grundvöll smábátaútgerðar sem er hið besta mál. En með 7. gr. er verið að færa aflaheimildir frá aflamarksbátum til smábáta. Aflamarksbátar eru í mörgum sjávarbyggðum mjög mikilvægir og skapa grundvöll atvinnu og byggðar á viðkomandi stöðum. Ég get ekki samþykkt að aflaheimildir verði eina ferðina enn teknar af þessum skipaflota, sem gjarnan er nefndur hinn gleymdi floti, og þannig sé verið að veikja stöðu ýmissa sjávarbyggða. Herra forseti. Ég greiði ekki atkvæði.

[12:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þessi grein gerir ráð fyrir því að auka mjög umtalsvert veiðirétt smábáta frá því sem nú er og mun þess vegna draga verulega úr þeim alvarlega tekjubresti sem orðið hefur með gildistöku laga um kvótasetningu aukategunda frá 1. sept. sl. Þetta ákvæði mun auka tekjur þessara útgerða og sjómanna á smábátum frá því sem nú er og bæta afkomu í þeim byggðarlögum háðust eru afla smábátanna. Ég segi því já.

Brtt. 541,9 felld með 25:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KVM, KolH, SJS, SvH, ÞBack.

nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

13 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,6 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, MS, ÓÖH, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JóhS, JónK, KHG, KLM, KPál, MS, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, 3. umr.

Stjfrv., 150. mál (EES-reglur). — Þskj. 551.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:45]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
17 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 576).

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 3. umr.

Stjfrv., 132. mál (skráning bréfa erlendis). — Þskj. 552.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:46]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KÓ, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
20 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 577).

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (reglugerð). — Þskj. 553.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:46]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JÁ, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 578).

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 230. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 554.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:46]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JÁ, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 579).

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 319. mál (tollkvótar og tollar af tóbaki). — Þskj. 404.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:47]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, MS, MF, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
21 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, ÍGP, JÁ, JónK, KHG, KLM, KPál, LB, PP, RG, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 580).

Gjald af áfengi, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 555.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:47]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JÁ, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 581).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 352.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:48]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, DO, EOK, EMS, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KLM, KPál, PP, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 582).

Innflutningur dýra, 2. umr.

Frv. landbn., 281. mál (heimild til gjaldtöku). — Þskj. 339.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:48]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 2. umr.

Frv. landbn., 313. mál (EES-reglur). — Þskj. 389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:49]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 362. mál. — Þskj. 519.

[12:49]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar frá hv. allshn. Nefndinni bárust 19 umsóknir um ríkisborgararétt, sbr. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Allshn. leggur til að 10 einstaklingum, sem taldir eru upp á þskj. 519, verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 12:51]

Út af dagskrá voru tekin 12.–22. mál.

Fundi slitið kl. 13:32.

---

54. FUNDUR

fimmtudaginn 13. des.,
að loknum 53. fundi.

Dagskrá:

1. Innflutningur dýra, frv., 281. mál, þskj. 339. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, frv., 313. mál, þskj. 389. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 362. mál, þskj. 519. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 348. mál, þskj. 469, nál. 522 og 547. — Frh. 2. umr.
5. Fjarskipti, stjfrv., 145. mál, þskj. 145, nál. 396, brtt. 397. — 2. umr.
6. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168, nál. 416, 443 og 444, brtt. 418. — 2. umr.
7. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 282. mál, þskj. 340, nál. 534, brtt. 546. — 2. umr.
8. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 288, nál. 548 og 568, brtt. 549. — 2. umr.
9. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 398. — 2. umr.
10. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192, nál. 523. — 2. umr.
11. Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, stjfrv., 169. mál, þskj. 170, nál. 511, brtt. 512. — 2. umr.
12. Kvikmyndalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 253, nál. 559, brtt. 560. — 2. umr.
13. Húsnæðismál, stjfrv., 358. mál, þskj. 509, nál. 558. — 2. umr.
14. Girðingarlög, stjfrv., 180. mál, þskj. 183, nál. 502, brtt. 503 og 569. — 2. umr.
15. Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, stjfrv., 366. mál, þskj. 562, nál. 567. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
16. Náttúruvernd, stjfrv., 159. mál, þskj. 160, nál. 570, brtt. 571. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
17. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, stjfrv., 160. mál, þskj. 161, nál. 572. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
18. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 193. mál, þskj. 204 (með áorðn. breyt. á þskj. 521). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Girðingarlög, 180. mál, brtt. GAK, þskj. 569.

Loftferðir, 252. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 568.

Náttúruvernd, 159. mál, nál. umhvn., þskj. 570; brtt. umhvn., þskj. 571.

Sameignarfélag um Orkuveitu Reykjavíkur, 366. mál, nál. iðnn., þskj. 567.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 160. mál, nál. umhvn., þskj. 572.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Of skammt var liðið frá umr. 1.–3. og 18. dagskrármáls og útbýtingu þskj. í 14.–18. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, 3. umr.

Frv. landbn., 281. mál (heimild til gjaldtöku). — Þskj. 339.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KÓ, KolH, KPál, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb.
27 þm. (ArnbS, ÁRJ, DO, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JBjart, KF, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 583).

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 3. umr.

Frv. landbn., 313. mál (EES-reglur). — Þskj. 389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KÓ, KPál, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb.
28 þm. (ArnbS, ÁRJ, DO, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 584).

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 362. mál. — Þskj. 519.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[13:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ekki verða fleiri atkvæðagreiðslur að sinni en ég vil vekja athygli á því að atkvæðagreiðslur verða í kringum klukkan sex í dag — eftir rúma fjóra tíma.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 469, nál. 522 og 547.

[13:37]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn., en minni hlutann skipa ásamt mér hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson.

Frv. þetta um ráðstafanir í ríkisfjármálum felur í sér margháttaðar álögur sem ríkisstjórnin er með áform uppi um að leggja á landsmenn, en þessar aðgerðir eiga að gefa í ríkissjóð um 1 milljarð kr.

Forgangur ríkisstjórnarinnar birtist mjög sérkennilega í fjárlögum næsta árs þar sem þeir sem verst standa þurfa helst með skertri þjónustu og verri kjörum að gjalda fyrir óstjórn ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Það sama á við um frv. sem hér er komið til 2. umr. að helst er verið að seilast í vasa sjúklinga, námsmanna og skattpíndra bifreiðaeigenda auk þess sem kirkjan fær sinn skammt einnig, og einnig er um auknar álögur á ferðamenn að ræða. Með þessum bandormi er verið að reyna að stoppa í götin í fjárlögum næsta árs, reyna að skila þar afgangi sem allir vita að er í raun ekki á borði heldur bara í orði. Með þessum ráðstöfunum er einnig gengið þvert á yfirlýst markmið um lækkun verðbólgu því að þessar aðgerðir munu skrúfa upp verðlagið og magna verðbólguna.

Minni hluti efh.- og viðskn. óskaði eftir því að Þjóðhagsstofnun legði mat á þær aðgerðir sem finna má í því frv. sem hér er til umræðu, ásamt þeim áformum sem uppi eru annars vegar um hækkun á áfengisgjaldi og hins vegar um hækkun á komugjöldum í heilsugæslunni og hjá sérfræðingum og hækkun á lyfjum. Fór minni hlutinn fram á að Þjóðhagsstofnun legði mat á þær aðgerðir vegna þess að afar mikilvægt er að ekki sé verið að ráðast á þessari stundu í aðgerðir sem hafa veruleg áhrif í þá átt að hækka hér verðlag og magna upp verðbólguna.

Niðurstaðan af þeirri skoðun sem Þjóðhagsstofnun gerði, sem hún segir í því sem hún lagði fyrir efh.- og viðskn. að hafi verið skoðað í samráði við Hagstofu, er sú að þessar aðgerðir sem ég hef hér lýst, þ.e. þær aðgerðir sem hér eru á blaði, ásamt hækkun í heilbrigðisþjónustunni og hækkun á áfengisgjaldi, muni leiða til 0,35% hækkunar á vísitölu.

Fjmrn. fellst ekki á þetta mat Þjóðhagsstofnunar jafnvel þó að það sé gert í samráði við Hagstofuna, sem hefur það verkefni á sinni könnu að mæla verðlags- og vísitöluáhrif, og lagði fram skjal sem ég fékk ekki í hendur fyrr en búið var að ganga frá þessu nál., en þar er lagt það mat á að samtals hafi gjaldskrárbreytingar sem þar eru taldar upp, sem eru ásamt því sem ég hef hér nefnt einnig hækkun á afnotagjöldum RÚV, og þá fær fjmrn. það út að áhrif samtals á gjaldskrárbreytinguna séu 0,33%.

Ég vil halda því til haga að inni í þeim áhrifum sem ég nefndi áðan, 0,35%, er ekki hækkun á afnotagjöldum RÚV, þannig að miðað við það sem Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram í samráði við Hagstofu þá er hér um heldur meiri verðlagshækkunaráhrif að ræða en þessi 0,35%.

Ég held, herra forseti, að það sé alveg ljóst að þetta er mjög óheppilegt útspil í þeim viðræðum sem nú eiga sér stað milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar þar

sem verið er að reyna að ná sátt á vinnumarkaðnum. Ég held að svona verðbólguáhrif sem koma fram, sem eru meiri en 0,35%, hljóti að hafa afar óheppileg áhrif þar inn og vera olía á verðbólguna.

Eins og skýrt hefur verið frá í blöðum í dag má lítið út af bregða til að hægt sé að ná því markmiði sem menn eru að reyna að setja sér í þeim samningaviðræðumn sem nú standa yfir og ég hef ekki haft fregnir af hvort er lokið. Vísitala neysluverðs er nú þegar, eins og hér kemur fram, aðeins þrjú vísitölustig frá rauða strikinu og því hljóta þær aðgerðir sem hér er verið að fjalla um á Alþingi í dag að vera afar óheppilegar inn í þá umræðu.

Allir vita að í gær hækkaði vísitala neysluverðs um 0,5% þannig að hún mælist á síðustu tólf mánuðum um 8,6% og það segir sig sjálft að í því ástandi sem nú er og verður á næstu vikum og fram í maí, þegar menn endurskoða stöðuna aftur, þá er afar mikilvægt að ekkert sé gert sem hreyfir mjög við verðlagsáhrifum og þeim verðbólgumarkmiðum sem menn setja sér þar.

Ég sé að í einu dagblaði í dag er einnig verið að nefna að um áramótin eigi mjólkin að hækka um 6,5% að meðaltali, sem gæti þýtt um 0,18% hækkun vísitölunnar í heild, eins og hér er nefnt. Í ljósi þess er þetta allt mjög viðkvæmt sem verið er að gera hér í þessu húsi sem áhrif hefur á vísitöluna.

Herra forseti. Ég hef bent á að skynsamlegra væri að fara aðrar leiðir og ég held því til haga hér og útiloka ekki að ég muni annaðhvort áður en þessari umræðu lýkur eða á milli 2. og 3. umr. flytja brtt. sem ég tel að sé í alla staði skynsamlegri, þ.e. í staðinn fyrir að hækka mikið gjöld á námsmenn verði verð á tóbaki hækkað lítillega. Við skiptumst aðeins á skoðunum um þetta í gær eða fyrradag, ef ég man rétt, ég og hæstv. fjmrh. Ég sýndi fram á að hægt væri að hækka lítillega verð á tóbaki sem gæfi helmingi meira í ríkissjóð en hækkunin á innritunar- og skráningargjöldum, eða nálægt 200 millj. kr., en hækkunin á gjöldum á námsmenn eru tæpar 100 millj. kr. og hafa þau áhrif í vísitölunni sem ég held til haga að um er deilt milli fjmrn. annars vegar og Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar hins vegar. Samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar eru áhrifin þau að vísitalan hækkar um 0,14%. (**Gripið fram í:** Hve mikið?) Hækka vísitöluna um 0,14%, ég bara vísa hæstv. ráðherra á að lesa þau fylgiskjöl sem hér fylgja með. Frá Þjóðhagsstofnun koma hér fram ítarlegir útreikningar um þessi áhrif.

Ef farin er sú leið að hækka tóbakið hefur hún samkvæmt upplýsingum Hagstofu þau áhrif á vísitöluna að hún hækkar um 0,07%. Við þyrftum ekki einu sinni að fara það hátt með verð á tóbaki að hækkunin gæfi ríkissjóði 200 milljónir heldur aðeins helminginn, hækka tóbakið ekki um 10% plús álagningu í heildsölu og smásölu og virðisaukaskatt heldur einungis um helminginn af því sem gæfi ríkissjóði þá 100 milljónir eða sem samsvarar því sem leggja á á námsmenn. Þá yrðu vísitöluáhrifin líka minni en þessi 0,07%. Þetta vildi ég nefna hér og halda til haga að ég útiloka ekki að flytja brtt. annaðhvort við 2. eða 3. umr. um að í staðinn fyrir að hækka gjöld námsmanna verði farin sú leið að hækka verð á tóbaki.

Ein af þeim leiðum sem farin er í frv. er að hækka bifreiðagjöld en eins og allir þekkja er fjölskyldubíllinn og rekstur hans verulegur hluti af útgjöldum velflestra venjulegra fjölskyldna. Í frv. er gert ráð fyrir því að hækkun á bifreiðagjöldum um 10% gefi ríkissjóði 260 millj. kr. í auknar tekjur.

Í máli fulltrúa FÍB kom fram sú athyglisverða staðreynd að hækkun á bifreiðagjöldum frá 1998 og fram til dagsins í dag hefði verið miklu meiri en sem nemur raunhækkun. Þessi skattur var 2 kr. á kíló á árinu 1988 sem framreiknað gefur 4,35 kr. á kíló í stað 6,60 kr. nú eftir þá hækkun sem frv. gerir ráð fyrir. Hækkun bifreiðagjalda samkvæmt útreikningi FÍB er því um 50% hækkun umfram þróun verðlags frá árinu 1988.

Þetta kemur til viðbótar álögum á bifreiðaeigendur sem fram hafa komið á sl. tveim til þremur árum í verulegri hækkun eða um 70–80% hækkun á lögboðnum bifreiðatryggingum og mikilli bensínhækkun á umliðnum missirum. Líka er rétt að halda því til haga að fulltrúar FÍB sem mættu á fund efh.- og viðskn. töldu að skattar á bifreiðar væru ekkert annað en eignarskattur sem skattlagður væri sem eign með öðrum eignum og því væri hér um tvísköttun að ræða. Einnig væri um að ræða flatan skatt sem legðist á bíla miðað við þyngd en ekki verðmæti.

FÍB hefur sýnt fram á að tekjur af bifreiðaeigendum hér á landi eru með því mesta sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við og hafa verið yfir 4,5% af landsframleiðslu þó að það hafi eitthvað minnkað nú með minni innflutningi á bílum. Í öðrum löndum í Evrópu er þetta á bilinu 2,5–3,5%.

Framkvæmdastjóri FÍB, Runólfur Ólafsson, hefur tekið saman athyglisverðar upplýsingar um þróun í tekjum ríkissjóðs vegna tekna af bifreiðum. Þær voru birtar í fjölmiðlum nýlega. Þar kemur fram að tekjur ríkisins af bifreiðum hafa hækkað geysilega á einum áratug. Árið 1990 voru þær um 13 milljarðar kr., árið 1995 18,6 milljarðar kr. og hæstar voru þær árið 2000 eða samtals 30 milljarðar kr. Kemur raunaukning tekna ríkissjóðs af bifreiðaeigendum glöggt fram í súluriti sem birt var í blöðunum.

Samkvæmt upplýsingum FÍB eru útgjöld fjölskyldu vegna reksturs bifreiðar áætluð 16% af útgjöldum heimilanna samkvæmt þeim vísitöluútreikningum sem Hagstofan gerir. Samkvæmt útreikningum FÍB er kostnaður við eign og rekstur ódýrustu fólksbílanna á þessu ári um 566 þús. kr. en var 464 þús. kr. á sl. ári þannig að menn sjá þann mun sem hér hefur orðið og hvað það kostar orðið mikið að reka einn venjulegan fólksbíl.

Við í minni hlutanum mótmælum þeim hækkunum sem verið er að leggja til viðbótar því sem lagt hefur verið á bifreiðaeigendur í formi mikilla bensínhækkana og hækkunar á tryggingagjöldum. Við teljum að þetta vegi mjög þungt í útgjöldum fjölskyldna og þess vegna sé ekki rétt að fara þessa leið.

Ég vil næst víkja að gjaldtökunni af námsmönnum. Það er ljóst að sú leið sem ríkisstjórnin er að fara kemur sérlega illa við námsmenn af landsbyggðinni og ungt fólk með börn, ekki síst einstæðar mæður. Hún kemur sér líka afar illa fyrir fólk sem er í verknámi, sem ég mun sýna hér fram á, en fulltrúar Iðnnemasambands Íslands komu á fund nefndarinnar og sýndu fram á það í ítarlegri umsögn sem þeir lögðu fram hve illa álögur á þá sem eru í verknámi koma við nemendur sem eru í slíku námi.

Ég geri ráð fyrir að fulltrúar minni hlutans í menntmn. muni gera ítarlega grein fyrir áliti sínu en menntmn. fékk þetta mál til skoðunar. Í áliti minni hlutans eru m.a. raktar margvíslegar afleiðingar þessa niðurskurðar sem er varðandi þjóðarbókhlöðuskattinn sem að hluta til á að renna í ríkissjóð. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þennan niðurskurð

en geri ráð fyrir að aðrir geri honum skil hér á eftir. Í álitinu eru raktar margvíslegar afleiðingar þessa niðurskurðar á viðhald og ýmsar endurbætur menningarbygginga og hvaða afleiðingar hann hefur fyrir áætlanir, m.a. á framlag til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Ég mun því aðeins lítillega fara inn á þessa auknu gjaldtöku á námsmenn en komið hefur í ljós við skoðun bæði efh.- og viðskn. og menntmn. vegna þessarar gjaldtöku að lítið samræmi virðist vera á milli skólanna í þessari gjaldtöku og erfitt að fá heildaryfirlit yfir hana. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort jafnræðis sé gætt milli nemenda í framhaldsskólum hvað þessa gjaldtöku varðar. Ég held að það sé full ástæða til að fara í skoðun og könnun á kostnaði og gjaldtöku nemenda eftir skólum og þá líka eftir landshlutum vegna þess að hún virðist vera mjög mismunandi.

Í áliti minni hluta menntmn. er réttilega bent á að vegna þröngrar fjárhagsstöðu framhaldsskóla hafi skólarnir verið að leita margra leiða til að auka tekjur sínar og hafa nemendur skóla fengið að kynnast ýmsum tegundum gjalda af þeim sökum þannig að ár frá ári virðist vera aukið á þessar gjaldtökur.

Það voru einmitt fulltrúar stúdentaráðs og fulltrúar Iðnnemasambandsins sem komu á fund efh.- og viðskn. og greindu frá því hvað kostnaður nemenda við nám hefði vaxið mikið á undanförnum árum. Þeir nefndu bókakaupin sem nema tugum þúsunda, og voru nefndar 30–40 þús. kr. í því sambandi. Auk þess var bent á þær vaxandi kröfur sem gerðar eru til tölvueignar. Það kom fram hjá fulltrúum í stúdentaráði, sem mér fannst mjög athyglisvert, að ef skrásetningargjöld væru í efnislegum tengslum við innritun nemenda og rekstur nemendaskrár ætti gjaldið að vera 16 þús. kr. en ekki 32.500 eins og frv. gerir ráð fyrir. Samkvæmt þessu virðist þetta vera almenn tekjuöflun til að standa undir kostnaði við kennslu og almennan rekstur skólans að verulegu leyti. Ef þetta er rétt hjá stúdentaráði, sem ég dreg ekki í efa, ættu skrásetningargjöldin að vera um 16 þús. kr. í stað 32.500, ef þau væru í einhverjum efnislegum tengslum við innritun nemenda og rekstur nemendaskrár.

Ég býst við að aðrir fari ítarlegar út í þessi atriði og ætla þá ekki að hafa fleiri orð um þau en vil þó aðeins víkja að því sem fram kom hjá þeim fulltrúum Iðnnemasambandsins sem mættu á fund efh.- og viðskn. en eftir því sem ég best veit mættu þeir ekki á fund menntmn. Þeir bentu á að með lögum um framhaldsskóla frá 1996 hafi verið samþykkt að innritunargjöld skyldu aldrei verða hærri en 6 þús. kr. Þeir benda á að ætla mætti að þessi fjárhæð hafi þá verið miðuð við þann kostnað sem innritun felur í sér. Því sé óeðlilegt að miða við verðlagshækkanir frá 1991. Það sama kemur reyndar fram hjá stúdentaráði. Jafnframt er bent á í umsögn þeirra að skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 80/1996 er heimilað að innheimta efnisgjald af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli lætur þeim í té og þeir þurfa að nota í námi. Gjaldið eigi að taka mið af efniskostnaði en má þó aldrei vera hærra en 25 þús. kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. En nú er verið að leggja til, herra forseti, 100% hækkun á þessu gjaldi. Þetta er auðvitað veruleg fjárhæð fyrir nemendur þó að mér finnist stjórnarliðar oft og einatt gera lítið úr þessari hækkun. Þeir láta eins og hér sé bara um einhverja þúsundkalla að ræða sem engu máli skipti fyrir nemendur. Það er auðvitað alrangt. Þeir skipta miklu máli þegar verið er að tvöfalda þetta gjald og þegar það bætist líka ofan á bókakostnað, fartölvur o.fl. sem nemendur þurfa að borga, ég tala nú ekki um fyrir þá nemendur sem koma af landsbyggðinni, þurfa að sækja hingað nám og taka sér á leigu dýrt húsnæði sem er kannski á verðbilinu 50–70 þús. kr. fyrir eitt herbergi eða litla tveggja herbergja íbúð. Þá vegur þessi fjárhæð auðvitað þungt í þeirra vasa þó að stjórnarflokkarnir geri ekki mikið úr þessu.

Iðnnemasambandið bendir á að aðsókn í iðnnám hafi snarminnkað með árunum og bendir á í því samhengi að nú hafi skólar á landsbyggðinni þurft að leggja niður mikið af verknámskennslu og jafnframt að stór hluti iðnnema á Íslandi komi af landsbyggðinni. Þeir benda einmitt á það sem ég var að nefna hér, að nemendur af landsbyggðinni þurfi því til viðbótar verulegum útgjöldum í innritunar- og bókakaup og fleira sem ég hef hér nefnt að leggja fram fjármagn í ferðakostnað og dýrt leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Minni hlutinn í efh.- og viðskn. tekur undir að auknar álögur á stúdenta séu afar varasamar og stríði gegn öllum hugmyndum um jafnrétti til náms. Það ber að skoða málið í ljósi vaxandi útgjalda við skólanám sem tengist því sem ég hef nefnt hér. Auðvitað gildir hið sama um nám í framhaldsskólunum, þar sem lögð er til 100% hækkun, og um háskólann.

Af hálfu framhaldsskólanna var bent á að kaup á fartölvum þyddu útgjöld á bilinu 150–250 þús. kr. Mér kæmi ekki á óvart þó að ekki líði á löngu áður en það verði skylda að nemendur hafi slíkar fartölvur. Þannig gæti þessi hækkun, t.d. hækkun á efnisgjöldum um 100% sem geta farið í 50 þús. kr., haft úrslitaáhrif á framhaldsnám nemenda. Mér finnst með ólíkindum, herra forseti, hve hart er keyrt gegn nemendum þegar allir vita að lífskjör þjóðarinnar í nútíð og framtíð munu ráðast af því hvernig hlúð er að menntun og jöfnum möguleikum allra til náms. Ég tel að þær auknu fjárhagslegu byrðar sem nú á að setja á nemendur muni örugglega leiða til þess að fjöldi nemenda hætti námi. Við vörum því við þessum auknu gjaldtökum og skorum á ríkisstjórnina að falla frá þeim. Eins og ég hef nefnt hafa þær veruleg verðlagsáhrif í för með sér þannig að ríkisstjórnin er að elta skottið á sjálfri sér með því að fara þessa leið. Ég skora á ríkisstjórnina að skoða þá leið sem ég hef nefnt, að fara frekar þá leið að hækka tóbakið en níðast á námsmönnum.

Varðandi gjaldtöku af sjúklingum þá sér þess auðvitað stað í þessu frv., eins og iðulega þegar ríkisstjórnin er að skera niður eða afla peninga, að leitað er í þá matarholu að setja auknar gjaldtökur á sjúklinga eða herða að í heilbrigðisþjónustunni. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þann þátt málsins. Hér er aðallega um 9. gr. þessa frv. að ræða, þar sem sjúkraheimili eða sjúkrahótel eru felld undan skilgreiningunni á sjúkrahúsi.

Ég vil einungis nefna að það kemur fram í áliti minni hlutans í heilbr.- og trn. að landlæknir hafi aðspurður sagst vera andvígur breytingu á skilgreiningunni og talið hana varhugaverða. Ég sé að í dag kemur hið sama fram hjá fyrrv. landlækni. Hann hefur uppi ýmis varúðarsjónarmið gagnvart þeirri leið sem ríkisstjórnin ætlar að fara í þessu efni. Þó ekki sé um miklar fjárhæðir að ræða þá geld ég varhug við því að farið verði út í að samþykkja þessa 9. gr. frv. Ég tel að hún geti falið í sér vísi að einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni, vísi að því að tekinn verði upp sérstakur matarskattur á spítölum. Þess vegna leggst minni hlutinn í efh.- og viðskn. gegn því. Hann telur þennan sparnað varasaman og geta leitt til þess að fólk í litlum efnum verði síður útskrifað af sjúkrahúsum inn á sjúkraheimili.

Ég minni á að fyrrv. landlæknir nefnir það t.d. í DV í dag að þegar landlæknisembættið sem fyrst kom með þessa hugmynd um sjúkraheimili eða sjúkrahótel fyrir 11 árum hafi hún einmitt verið sett fram til sparnaðar vegna þess að þessi leið kæmi í veg fyrir það að fólk þyrfti að dvelja lengur en ella á sjúkrahúsum og hægt væri að útskrifa það inn á þessi sjúkraheimili sem væru mun ódýrari fyrir ríkið.

Ég vil líka vekja athygli þingsins á athyglisverðu blaði sem Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara, lagði fram í efh.- og viðskn. Hann varaði sterklega við auknum gjaldtökum í heilbrigðiskerfinu. Hann sagði að það bitnaði með fullum þunga á öldruðum og sjúklingum. Þessi samantekt Benedikts er um breytingar á komugjöldum til sérfræðinga og vegna röntgenrannsókna. Þar vísar hann til hækkunar sem varð 1. júlí sl. í heilbrigðisþjónustunni. Þar minnir mig að um hafi verið að ræða gjaldtöku upp á nokkur hundruð millj. á þessu ári. Mig minnir að það hafi verið 500 eða 600 millj. Nú á að fara í viðbótargjaldtöku á næsta ári sem nemur, ef ég man rétt, með hækkun á lyfjum, um 500 millj. kr. Þannig er á skömmum tíma, tveimur árum, verið að leggja aukin gjöld á sjúklinga, aldraða og lífeyrisþega svo nemur rúmlega milljarði eða á annan milljarð kr. Benedikt Davíðsson bendir í samantekt sinni á að bara komugjöld til sérfræðinga og komugjöld í röntgenrannsókn hafi hækkað 1. júlí sl. á bilinu 20–66,7%.

Það er nauðsynlegt að halda því til haga, herra forseti, þegar fara á út í þessar sparnaðaraðgerðir núna, t.d. að taka 6 þús. kr. hámarkið af sérfræðilæknishjálpinni og ferliverkunum. Það mun hafa í för með sér að greiðsla sjúklinga fyrir þau verk hækkar um mörg hundruð prósent og einnig áform um að hækka hlut sjúklinga í lyfjum, en þar eru um 200 millj. kr.

Ásta R. Jóhannesdóttir hefur sýnt fram á hvaða afleiðingar þetta getur haft. Ég sé í DV frá því í gær að þar er fjallað um dæmi um 470% hækkun vegna þeirrar leiðar sem nú á að fara. Þá er verið að tala um hækkun á hlut sjúklinga í sjúkraaðgerðum. Þessi aukna gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu er því miklu alvarlegri en hún lítur í fyrstu út fyrir að vera sé skoðað hve mikil áhrif hún getur haft á útgjöld einstakra heimila þurfi fjölskyldumeðlimur að fara í þessar aðgerðir. Það getur skipt tugum þúsunda þegar fólk þarf að leita sér slíkrar sérfræðilæknishjálpar.

Herra forseti. Við hljótum því að vara mjög alvarlega við þessu. BSRB hefur nýlega gert athugun á kostnaði sjúklinga í heilbrigðiskerfinu á umliðnum árum. Í þeim dæmum sem BSRB hefur sett fram kemur í ljós að kostnaður heimilanna eða sjúklinga í heilbrigðiskerfinu hefur margfaldast á undanförnum árum.

Ég tel, herra forseti, að þetta sýni okkur að ríkisstjórnin er á rangri braut. Við viljum byggja þetta þjóðfélag þannig upp að hér sé jafnrétti til náms og réttur allra til heilbrigðisþjónustunnar óháður efnahag og búsetu. En mér sýnist að við séum alltaf að fjarlægjast það markmið og þá sátt sem ég hélt að allir í þjóðfélaginu væru sammála um, að allir ættu að hafa jafna möguleika til menntunar og aðgang að heilbrigðisþjónustunni.

Herra forseti. Ég ætla næst að víkja að skerðingu á söknargjöldum sem hefur verið mótmælt mjög harðlega. Á fund efh.- og viðskn. komu vegna þessarar skerðingar fulltrúar Prestafélagsins, kirkjuráð, fulltrúar Biskupsstofu og söknarnefnda Grafarvogskirkju og allir færðu þeir sterk rök fyrir sínu máli. Þeir töldu rangt að fara þessa leið. Sjónarmiðin sem þar eru sett fram eru slík að ríkisstjórnin hlýtur að hlusta á þau, rökin sem kirkjunnar menn setja fram fyrir því að ríkisstjórnin sé einnig á rangri leið í þessu efni.

Þeir benda á að söknargjöld séu ekki skattur, eins og stjórnvöld virðast álíta þegar þeim hentar að seilast í vasa trúfélaga til að stoppa í fjárlagagötin, heldur félagsgjald söknarbarna til kirkjunnar eða þeirra trúfélaga sem þau kjósa að vera í. Á því er grundvallarmunur að að skerða söknargjöldin og að sækja fé í annan skatt eða taka upp önnur gjöld sem ríkissjóður getur komið á. Í þessu tilviki er ríkissjóður að innheimta félagsgjöld fyrir kirkjuna sem honum ber auðvitað að skila. Ríkið er eins og hver annar innheimtuaðili og menn sjá hversu vafasamt það væri fyrir þann sem er að innheimta fyrir aðra að taka helminginn í sinn vasa og skila bara helmingnum. Ég held að það sé varasöm leið sem hér hefur verið valin.

Mér finnst að skoða þurfi betur hvort þessi tillaga ríkisstjórnarinnar sé ekki brot á samningi sem kirkjan gerði við íslenska ríkið, fjmrh. og dómsmrh. á sínum tíma á árinu 1998.

Söknargjöldin hafa farið til að standa straum af margvíslegum óhjákvæmilegum kostnaði innan kirkjunnar. Lán vegna viðhalds og byggingar kirkna, sem ella hefði lent á ríkissjóði, eru að stórum hluta greidd af söknargjöldum. Söfnuðir hafa gert áætlanir sínar í trausti þess að orð framkvæmdarvaldsins standi. Þeir, jafnt og trúfélög innan og utan þjóðkirkjunnar, munu lenda í miklum erfiðleikum vegna þessa niðurskurðar. Söknargjöldin hafa ekki síst staðið undir öflugu tónlistarlífi margra safnaða og í fámennum söfnuðum landsbyggðarinnar hefur það oftar en ekki verið burðarás í menningarlífi viðkomandi svæða.

Við þekkjum rómað kórstarf innan kirkjunnar á landsbyggðinni. Það er í hættu vegna þessa niðurskurðar. Það má líta á hann sem enn eitt slæmt höggið sem landsbyggðinni er veitt núna. Ég hygg að fámennu söfnuðirnir muni finna verst fyrir því.

Herra forseti. Það vekur athygli að skerðing söknargjalda er sínu verst fyrir trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Þau njóta þess ekki eins og söfnuðir þjóðkirkjunnar að laun presta séu greidd af ríkinu. Söknargjöldin standa að öllu leyti undir kostnaði við rekstur þeirra, þar með talin laun presta og forstöðumanna. Þannig virðist líka vegið að rótum trúfrelsis í landinu með því að fara þessa leið, þar sem trúfélög sæta í raun mismunun eftir því hvort þau eru innan eða utan þjóðkirkjunnar. Í þessu sambandi vekur furðu að meiri hluti allshn. sem fjallaði um málið virðist gera sér grein fyrir þessu misrétti. Hann vekur sérstaka athygli á því í áliti sínu að breytingarnar muni hafa meiri áhrif á trúfélög utan þjóðkirkjunnar en telur þó að þær séu nauðsynlegar til að áform og markmið fjárlagafrv. nái fram að ganga.

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu sem við í minni hluta efh.- og viðskn. vísum því frá að samþykkja þessa skerðingu. Við vísum þar til þeirra afleiðinga sem ég hef hér lýst og munum greiða atkvæði gegn þessu.

Þá vil ég í lokin nefna skatta á ferðamenn. Ríkisstjórnin leggur til að hækkað verði sérstakt gjald til að standa straum af vopnaleit á flugvöllum. Orsakir þess á rekja til herts eftirlits á alþjóðavísu í kjölfar voðaverkanna sem hermdarverkamenn unnu í Bandaríkjunum 11. sept. sl. Við gerum okkur auðvitað fulla grein fyrir því að efla þurfi öryggi ferðafólks og eftirlit á flugvöllum, við tökum alveg heils hugar undir það, en við áteljum vinnubrögðin við undirbúning

málsins. Við vekjum athygli á að það vantar alla sundurliðun á þeim kostnaði sem hækkuninni er ætlað að mæta. Í öðru lagi er ljóst að þessi hækkun mun leiða til hækkunar á flugfargjöldum í millilandaflugi sem við núverandi aðstæður er auðvitað fráleitt þegar við skoðum stöðu ferðaþjónustunnar og flugfélaganna almennt sem allir vita að er ekki nægilega góð um þessar mundir. Þetta kemur ofan á þann skatt sem er verið að leggja á ferðaþjónustuna í gegnum tryggingagjald en upplýst hefur verið að það leiði til útgjalda sem nema um 100 millj. á ferðaþjónustuna.

Herra forseti. Niðurstaða okkar í efh.- og viðskn. er því ljós. Við áteljum harðlega þær álögur sem í frv. birtast og koma fram í auknum sjúklingasköttum, sköttum á námsmenn og bitna þar með á jafnrétti til náms. Þetta eru vanhugsaðar aðgerðir með tilliti til þess að nú standa yfir viðkvæmar viðræður milli aðila vinnumarkaðarins.

Ég hef getið um verðlagsáhrifin af þessum aðgerðum sem eru afar slæm. Þau afar slæm. Meðan verðbólgan mælist 8,6% á 12 mánaða tímabili stendur til að fara út í aðgerðir sem hækka verðbólguna um a.m.k. 0,35% og hafa slæm verðlagsáhrif ofan á allt annað sem er að hækka um þessar mundir. Ég hef bent á aðra leið sem er skynsamlegra að fara en þessa. Við erum svo sannarlega tilbúin að setjast yfir það með ríkisstjórninni að finna aðrar leiðir sem gefi betri niðurstöðu en þá sem ríkisstjórnin fer ævinlega, þ.e. að leita sér peninga í vösum sjúklinga og námsmanna. Það er uppistaðan í þessum aðgerðum sem við erum hér að fjalla um á þessum degi.

Við teljum að þessar aðgerðir séu hinar sömu og birtast að mörgu leyti í fjárlagafrv. Þær eru handahófskenndar og minni hlutinn mótmælir þessum aðgerðum og leggst gegn þessu frv.

[14:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér leikur nokkur hugur á að vita hvar hæstv. forsrh. eða starfandi forsrh. sé, sem mun vera ábyrgðarmaður þessa máls. Ég hefði talið æskilegt að sá hæstv. ráðherra væri viðstaddur umræðuna og sýndi henni þann sóma. Ekki hefði nú spillt fyrir ef ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég skal reyna að koma áleiðis þeirri ósk sem hv. þm. ber fram.)

Takk. Ég vek allra náðarsamlegast athygli á því að hér eiga undir margir ráðherrar. Hér er um bandorm að ræða sem kemur inn á málasvið margra ráðuneyta. Það væri ákaflega æskilegt ef hæstv. ráðherrar sýndu sjálfum sér og störfum sínum og Alþingi og öllum viðkomandi þá virðingu að reyna að vera hér viðstaddir og í öllu falli ábyrgðarmaður málsins, sem er þá hæstv. forsrh. sem flytur það eins og venja er þegar um er að ræða bandorma sem varða mörg ráðuneyti.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir frsm. minni hluta hefur gert prýðilega grein fyrir öllum helstu efnisþáttum frv. og afstöðu okkar í minni hlutanum til þess þannig að ég get sparað tímann og vísað til þess. Ég er í öllum greinum sammála því sem þar kom fram. Við deilum sameiginlega afstöðu til þessa frv. og stjórnarandstaðan er sameinuð í afstöðu sinni til þess.

Það sem mér leikur nokkur hugur á að ræða eru því þættir sem tengjast efni frv. og þeim aðstæðum í ríkisfjármálum og efnahagsmálum sem því er ætlað að taka á. Þetta heitir frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og reyndar held ég nú að meiri hlutinn leggi til að nafninu verði breytt þannig að um verði að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2002. Það er sennilega til þess að undirstrika að ekki er verið að byggja hérna framtíðarhöll með þessu glæsta frv. ríkisstjórnarinnar heldur eru þetta skerðingarákvæði og hefðbundinn vandræðagangur, niðurskurður, skerðingar og breytingar til eins árs í senn. Það er auðvitað þakkarvert þó að vísu verði sum ákvæðin eðli málsins samkvæmt ótímabundin því þar er breytt upphæðum í lögum til frambúðar. En það færist inn í þau lög og þetta mundi þýða að gildistími annarra ákvæða frv. tæki þá til ársins 2002 eða að nafngiftin eigi að endurspegla það.

Herra forseti. Það væri auðvitað fróðlegt að fá fregnir af því hvar tilraunir aðila vinnumarkaðarins sem drösluðu ríkisstjórninni að viðræðuborðinu síðla hausts standa eftir að hafa lítið frá henni heyrt. Með vaxandi áhyggjum horfðu menn á það að verðbólga æddi hér áfram og forsendur kjarasamninga eins og þær höfðu verið niður lagðar voru brostnar þannig að ekkert blasti við annað en uppsögn þeirra nú í febrúar.

Hins vegar var ljóst að menn höfðu að sjálfsögðu áhyggjur af þessari þróun og því hafði verkalýðshreyfingin forustu um að berja ríkisstjórnina upp úr bælinu til þess að ræða við sig um ástandið. Þær þreifingar hafa staðið yfir og leit út sem möguleikar væru að skapast á því að fresta a.m.k. uppsögn kjarasamninganna fram í maí þannig að menn fengju þá þann tíma, útmánuðina, til að skoða stöðuna og láta á það reyna hvort menn væru að ná einhverjum tökum á efnahagsmálunum og verðlagsmálunum þannig að forsendur kjarasamninga héldu, eða væru a.m.k. ekki það langt úti í hafsauga að ekki þyrfti að koma til uppsagnar allra almennra kjarasamninga.

En nú er engin niðurstaða fengin í þetta enn þá, herra forseti, og það sýnir náttúrlega í hnotskurn sleifarlagið í þessum vinnubrögðum að menn skuli loksins vera að druslast til þess að fara að ræða þetta af einhverri alvöru og tala saman þegar kominn er miður desember og menn eru að loka hér endanlega síðustu hlutunum sem lúta að fjárlögum og ríkisfjármálum og efnahagsmálum og sköttum á næsta ári. Það er auðvitað alveg dæmalaust, alveg yfirgengilegt sleifarlag, herra forseti. Svona verkstjórn og svona tímaáætlanir hefðu nú einhvern tímann ekki fengið háa einkunn, að vera fyrst núna að reyna að koma þessum hlutum eitthvað saman.

Herra forseti. Eitt af því sem hefur heyrst frá þessum viðræðum eru hugmyndir um að reyna að hafa áhrif á verðlag og gengi krónunnar og jafnvel vexti með því að taka stórt erlent lán, með því að ríkissjóður taki stórt erlent lán og dæli hér inn í hagkerfið. Heyrst hefur jafnvel talan 20 milljarðar kr. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mig undrar ef menn eru í einhverri alvöru að ræða um slíkt, hafandi verið að loka fjárlögunum, þar með talið lánsfjáráætlun næsta árs sem nú er ekki lengur í sjálfstæðum lögum, lánsfjárlögum, heldur hluti af fjárlagagerðinni og kemur inn í fjárlagarammann. Þar er settur ramminn utan um lántökur stærstu opinberu aðilanna og auðvitað ríkissjóðs sjálfs og stærstu sjóða og stofnana. Því verður harla hjákátlegt ef menn eru síðan að ræða slíka hluti í einhverri alvöru.

Ég ætlaði að spyrja ábyrgðarmann málsins, forsrh. eða starfandi forsrh. m.a. að þessu: Hvar eru þessar hugmyndir á vegi staddar? Er kannski við því að búast eftir að þing er farið heim eftir einn, tvo, þrjá, fjóra sólarhringa, að þá allt í einu bara skreppi fjmrh. til London og taki 20 milljarða lán, komi með 20 milljarða íslenskra króna í pundum heim í vasanum og dreifi því svo hérna út í hagkerfið? Það væru svolítil tíðindi. Hvað á þetta að lækna? Jú, þetta á styrkja

gengi krónunnar. Og það er út af fyrir sig nokkuð ljóst að það mundi gera það. Menn binda síðan vonir við að þetta gæti haft jákvæð áhrif á vexti í framhaldinu. En ég hef verið að velta þessu svolítið fyrir mér, herra forseti, og verð æ meira hugsi eftir því sem ég skoða þetta betur. Hvað væri verið að gera með slíkum aðferðum? Er það virkilega svona einfalt að leysa bara efnahagsvandann, verðbólguna og bjarga genginu með því að skreppa til útlanda og taka erlend lán? Af hverju er menn ekki löngu búnir að þessu ef þetta er svona einfalt?

Skoðum þetta aðeins nánar. Hvað gerist ef ríkissjóður tekur 20 milljarða að láni erlendis og kemur þeim svo í umferð hér innan lands með þeim aðferðum sem mér virðast vera þarna í hugum manna, þ.e. að reyna að kaupa fyrir þetta krónur, greiða upp einhverjar innlendar skuldir sínar eða færa þetta inn í innlenda mynt með einhverjum slíkum hætti? Þá eru tveir möguleikar í boði eða tveir möguleikar hugsanlegir, annars vegar að féð fari strax í umferð og annars hefur það ekki áhrif, ekki á gengi krónunnar og ekki á verðlagsáhrifin, eða hins vegar að ríkissjóður leiti að aðferðum til að binda féð, t.d. með inngreiðslum í einhverja sjóði þar sem féð fer ekki í umferð strax. En þá hefur það ekki þessi áhrif sem menn eru að sækjast eftir. Mér sýnist því ljóst að til þess að þessi hugsun gangi upp, að það sé einhver brú í henni, verði að taka þessa 20 milljarða og koma þeim í umferð hér innan lands. Og hver er þá munurinn á því, herra forseti, og að reka ríkissjóð með 20 milljarða halla?

Hafa menn ekki verið að berjast fyrir því hér að það sé algjörlega úrslitaatriði að ríkissjóður sé ekki rekinn með halla og helst með einhverjum afgangi, a.m.k. svona að nafninu til bókhaldslega? En eru menn virkilega á sama tíma að hugsa um að taka 20 milljarða erlent lán og moka því hérna inn í hagkerfið? Hlýtur það þá ekki að hafa í raun algjörlega sambærileg áhrif?

Fyrir nú utan það, herra forseti, að mér er ómögulegt að sjá að hin jákvæðu áhrif af þessu hvað varðar gengi krónunnar og verðlagsforsendur og aðrar efnahagsforsendur hér, geti orðið nema mjög tímabundin vegna þess að grundvallarforsendurnar breytast ekki neitt. Ekki lagast þær undirliggjandi aðstæður sem valda vandanum og hafa veikt gengi krónunnar og valdið verðbólgunni þó að hæstv. fjmrh. skjótist til London og taki 20 milljarða að láni og komi með þá aftur heim. Það er alveg augljóst. Ég held því að það hlyti að vera nánast eins og að pissa í skóinn sinn.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ómögulegt að við séum að ræða um þessa hluti hér, ráðstafanir í ríkisfjármálum, á meðan þetta hangir í loftinu einhvers staðar hérna utan við veggina. Er einhver alvara í þessum áformum, þessum hluta pakkans sem mér skilst að sé á dagskrá í viðræðum aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar?

Ef mönnum tækist að selja Landssímann, þótt það væri ekki nema fyrir eitthvert útsöluverð — allir virðast reikna með því að hann verði meira og minna gefinn — en segjum að menn fengju eitthvað fyrir hann, skröpuðu saman upp í 10, 15, 18 milljarða fyrir þennan hlut sem á að selja, ætla menn þá að koma með það inn í landið líka í gjaldeyri og kaupa krónur? Eða ætla menn að greiða upp eldra lánið með þeim hlutanum sem kæmi svo inn fyrir Símann? Hver er hugsunin í þessu? Er hægt að fá einhverjar upplýsingar hér eða á það að vera í þessu tilviki eins og fleirum að Alþingi komi hlutirnir ekki við? Er það bara formsatriði að láta menn vita hér um hvort slíkir hlutir séu á döfinni?

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherrar skuldi okkur aðeins skýringar á því hvað þarna er á ferðinni. Ég verð að segja eins og er að þó að ég hafi auðvitað fullan skilning á því og sé eindreginn stuðningsmaður þess að menn reyni að tala saman og gera það besta úr stöðunni í sambandi við forsendur kjarasamninga, verðlagsmála og annars, þá hef ég orðið æ meira hugsi yfir þeim vangaveltum um að leysa þetta með því að taka eitt stykki erlent lán með þessum hætti og moka því inn í hagkerfið. Ég sé bara ekki skynsemina í því og hef enga trú á að það yrði mönnum til góða nema þá mjög tímabundið.

Herra forseti. Er það ekki svo að ef nú er ástæða til að hafa svakalegar áhyggjur af einhverju, að þá sé það heildarskuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis sem er orðin meiri en landsframleiðslan? Það hefur aldrei þótt góð latína, í hvaða fyrirtæki sem menn eru að reka, að skulda meira en brúttóárstekjurnar. Og það er orðin er staðreynd á Íslandi og varð það núna síðsumars, að fyrirtækið okkar litla, Ísland, skuldar meira en ársveltu efnahagslífsins erlendis. Skuldir okkar í erlendri mynt eru orðnar yfir 800 milljarðar kr., komnar fram úr landsframleiðslunni.

Herra forseti. Annað ætlaði ég að gera hér aðeins að umtalsefni og það er verðbólgan. Við heyrðum bjartsýnisræður hér frá hæstv. forsrh., m.a. þegar hann mælti fyrir þessu frv. Hann er nú ekki hér til staðar, því miður, til að halda áfram umræðum um það. Það var mikil bjartsýnisræða og þar var eins og stundum áður gripið til þess að benda á að krónan hafi styrkst í gær. Við munum hvernig þetta var í maí þegar við ræddum gengishrunið þá. Hver voru svör hæstv. forsrh. þegar hann kom þrem dögum síðar glaðhlakkalegur, ekkert þetta litla, af því að krónan hafði styrkst í maí um 1 eða 0,5% eða eitthvað svoleiðis. (Gripið fram í.) Og þetta var allt saman þar með orðið svartagallsraus og áhyggjurnar til einskis. Svo hélt hún auðvitað áfram að hrynja í allt sumar og haust. En það dugði hæstv. forsrh. til að fleyta sér áfram í gegnum þá umræðu að hún hafði mjakast þarna upp um örlítið bit í tvo, þrjá daga. Og svo kom hæstv. forsrh. hingað um daginn og var allur hinn kampakátasti því nú var bara sól í ranni, sól í sinni.

Þeir hefðu þá betur þagað yfir nýjustu verðbólgutölunum á Hagstofunni því þeir komu með mælingu og þá er verðbólgan óvart hærri núna milli mánaða, hækkunin meiri milli mánaða en nokkru sinni fyrr sl. átta eða tíu eða tólf mánuði. Hækkun milli nóvember og desember er 8,6% og er þó inni í því breyting á viðmiðun vísitölunnar í almennri vöruverslun sem tekur hana niður á móti öðrum hækkunum. Þeir hafa notað tækifærið, sem sjálfsagt má færa rök fyrir að hafi verið rétt vegna nýrra upplýsinga, og leiðrétt útreikning vísitölunnar í desember sem hafði leitt til 0,27% heildarlækkunar á vísitölunni. Það er ákaflega heppilegt fyrir þá að ná þessari leiðréttingu inn einmitt núna í desember því annars hefði auðvitað hækkunin farið upp úr öllu valdi milli mánaða. Það hefði ekki alveg passað inn í bjartsýnina, er það nokkuð?

Staðreyndin er sú að núna á fimm mánaða tímabili hefur verðbólgan milli mánaða í hverju einasta tilviki verið 8% eða meiri. Hún var 7,9% í ágúst, 8,4% í september — hækkunin milli mánaða hverju sinni er sem sagt umreiknuð á ársgrundvöll — 8% í október, 8,1% í nóvember og núna 8,6% mánaðarhækkunin umreiknuð á ársgrundvöll í desember. Þetta fimm mánaða tímabil nær sem sagt vel inn á níunda prósentið og þótt við tækjum næstu tvo mánuði á undan, þ.e. júní og júlí, var verðbólgan rétt tæp 7%, 6,8% annan mánuðinn og 7% hinn. Þó að við tökum þannig sjö

mánaða tímabil, rúmlega hálft ár, er verðbólgan rétt um 8% á þessum tíma.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég sé ekki alveg tilefni til þessarar bjartsýni. Það er athyglisvert að nú rembast allir við, jafnvel þeir hinir sömu aðilar og maður hélt að hefðu eitthvað lært, og væru varkárir í því að elta fyrirmæli stjórnvalda um góðæri og gleðitíð, rembast við að finna sér einhverjar ástæður til þess að vera bjartsýnir þrátt fyrir hreyfingar milli mánaða aftur og aftur sem eru miklu lakari en þeirra eigin spár gerðu ráð fyrir. Þetta eru verri útkomur í verðbólgumælingunum en bæði Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun gerðu ráð fyrir. Það er staðreynd, herra forseti.

Hvað ætti þá að gefa okkur tilefni til að halda að þetta lagist allt saman af sjálfu sér hérna strax í janúar, febrúar, mars?

Vera kann að menn ætli að beita töfrabrögðum eins og þeim að fara bara til London. Og svo kunna menn að halda að þeim leggist eitthvað til utan að frá sem verði mönnum að liði í þessum efnum. Og það getur auðvitað vel verið. Ef hér yrði t.d. áframhaldandi stórfelld verðlækkun á olíuvörum hjálpar það auðvitað til, þá flytjum við inn verðlækkanir. Og það hjálpar á móti verðþenslunni innan lands. En fyrir slíku höfum við enga tryggingu.

Við vitum að það eru verulegar hækkanir í farvatninu eins og jafnan um áramót. Það eru hækkanir á afnotagjöldum útvarps. Það eru hækkanir á mjólkurvörum. Og það eru hækkanir á fleiri þungum neysluvöruflokkum sem við vitum. Og við vitum líka að menn hafa, margir hverjir, tilhneigingu til að endurskoða gjaldskrár sínar og leiðrétta þær um eða upp úr áramótunum. Þá eru menn að gera upp árið, menn fara í vörutalningu og annað því um líkt þannig að af ýmsum ástæðum liggur bara í eðli hluta að oft verða þá breytingar á.

Menn koma sjálfsagt og segja: Já, en útsölurnar maður, ertu búinn að gleyma útsölunum? Nei, ég er ekki búinn að gleyma þeim. Það getur hjálpað pínulítið tímabundið þegar verslanirnar setja á útsölur, það er rétt, en það sem ég óttast í þessu efni, herra forseti, eru undirliggjandi hækkunartilefni í pípunum, eins og sagt er, og því miður erum við að komast inn í það ástand og höfum verið að gera síðastliðið eitt til eitt og hálft ár að hækkunartilefnin eru komin í pípurnar og fóðra sig sjálf. Það er fjöldi aðila sem núna situr úti í þjóðfélaginu með þá hugsun í hnakkanum að nú þurfi hann eða hún að fara að sæta færis og lagfæra gjaldskrána hjá sér af því að menn hafa fengið á sig kostnaðarhækkanir í sínum rekstri, launin hafa hækkað, innflutt vara hefur hækkað gríðarlega vegna gengisþróunarinnar og þetta er ekki nema að litlum hluta til komið fram og út í innlent verðlag. Það er því miður algjörlega borðleggjandi, herra forseti, að þannig er það.

Ég verð því bara að segja alveg eins og er: Því miður get ég ekki deilt þessari miklu bjartsýni manna með að þetta verði allt í lagi.

Ríkisstjórnin er hins vegar svo kærulaus í þessum efnum að hún er hér með frumvörp sem valda umtalsverðum vísitöluáhrifum upp á við. Menn geta rifist hér um það hver þau nákvæmlega verða en það er algjörlega borðleggjandi að þessar hækkanir sem hér eru á ferðinni koma út, þær koma við og þær hafa vísitöluáhrif. Það er alveg ljóst. Skiptir þá kannski ekki öllu máli hvort það verða 0,35% eða eitthvað minna eða þess vegna eitthvað meira, þetta mun að sjálfsögðu hafa áhrif.

Herra forseti. Góðærið margumtalaða er á bak og burt — það viðurkenna orðið allir og ég held að kannski mestu tímamótin í því hafi orðið þegar skopmyndateiknari Morgunblaðsins braut sólgleraugun á nefi hæstv. forsrh. Nú situr hann við það með hjálparkokkum sínum að reyna að líma þau saman með galdragripi eða hvað það heitir og gengur illa. Og ég held að þjóðarsálin upplifi þetta. Sólgleraugun sem hæstv. forsrh. gekk um með jafnt þótt hér væri þoka og rigning síðastliðin missiri eru nú brotin en allir sjáandi menn horfðust auðvitað í augu við hættumerkin.

Þá fer maður líka að hugsa, herra forseti, hvernig við ráðstöfum þessum hlutum sem við vorum að fá í hendur í formi aukinnar verðmætasköpunar í þjóðarbúinu á þessum tíma á meðan það var og hét. Því auðvitað var það þannig að stórfelld aukin verðmæti komu hér inn í þjóðarbúið, sérstaklega átti það við um fyrri hluta þessa tíma frá árinu 1994–1995 og fram um 1998–1999. Eftir það var þetta góðæri svokallaða að vísu að mestu leyti tekið að láni og sjálffóðrað á þenslu og viðskiptahalla.

Því miður, herra forseti, nýttum við þetta ekki sem skyldi. Þetta er eitt lengsta hagvaxtarskeið í seinni tíma sögu þjóðarbús okkar. Jú, ríkissjóður var vissulega rekinn með nokkrum afgangi og ég ætla alls ekki að mótmæla því að það var gott í sjálfu sér að staða hans er betri en ella væri. Ég tel kannski að það besta sem menn gerðu á þessum tíma hafi verið eingreiðslurnar á lífeyrisskuldbindingar opinberra starfsmanna. Ég held að það hafi verið og sé mjög skynsamlegt og mikilvægt að hugsa þannig til lengri framtíðar og búa sig undir það sem þar er í vændum. En að ýmsu öðru leyti verð ég að segja, herra forseti, að það eru mikil vonbrigði hvar við stöndum þrátt fyrir allt, núna þegar þetta skeið er sannanlega og óumdeilt á enda.

Ég nefni þar hvernig einstakir hópar samfélagsins una við sín kjör. Ég nefni þar öryrkja og aldraða. Það eru mikil vonbrigði að við skulum ekki hafa náð að rétta betur hlut þeirra sem höllum fæti standa í samfélagi okkar, að t.d. skattbyrði láglaunafólks skuli þurfa að vera svona þung, að það sé jafnmikil óánægja og raun ber vitni um þau kjör sem þeir sem þurfa að reiða sig á samfélagslaun, eins og við kjósum að kalla það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, verða að una við. Og það er ekki nema von að menn séu óánægðir. Það þarf ekki flókinn samanburð, t.d. við stöðu þessara mála á hinum Norðurlöndunum, til að sjá að þarna standa okkar hópar mun lakar að vígi. Grunnellilífeyrir og örorkubætur eru hér á Íslandi mun lægri heldur en er á hinum Norðurlöndunum nema þá kannski helst í Finnlandi.

Það segir líka sína sögu, herra forseti, það segir í raun og veru ákaflega sláandi sögu um þessa sambúð svona hópa við ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar við hverja sú stjórn hefur átt í átökum og við hverja ekki. Við hverja hefur hún verið að slást? Hverjir hafa verið andstæðingar hennar? Jú, það eru öryrkjar. Það eru aldraðir. Það eru námsmenn. Sjúklingar. Og núna síðast kirkjan. Kirkjan. Þetta eru óvinirnir sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar velur sér. En það fer engum sögum af átökunum við fjármagnseigendur, við hátekjufólk og við gróðaöflin í þjóðfélaginu. Engum. Þar er allt í ljúfri löð. Og sérstakir talsmenn slíkra aðila fagna núna á torgum skattalækkunum á gróða og hátekjur. Það eru haldnar hátíðir í bænum, svona í vissum kreðsum, vegna örlætis hæstv. fjmrh. Það eru ekki hátíðir hjá samtökum öryrkja og aldraðra eða kirkjunni, námsmönnum eða sjúklingum, því það eru þeir hópar sem þessi ríkisstjórn hefur staðið í átökum við.

Það eru þeir hópar sem una hlut sínum verst. Þarf það að vera svoleiðis? Er það vegna heimtufrekju þessara hópa? Er það vegna þess að gamla fólkið á Íslandi sé svo kröfuhart og heimtufrekt? Nei, það held ég ekki. Ég held að leitun sé að þolinmóðara og hófsamara fólki heldur en þeirri ágætu kynslóð sem nú eyðir elliárunum, útslitin eftir að hafa byggt upp þetta þjóðfélag. En auðvitað vill fólk að sæmilega sé að því búið, og lái hver sem vill t.d. öldruðum hjónum sem ekkert hafa nema tekjur úr almannatryggingakerfinu, að maður tali ekki um einstæðinga, þótt þau uni illa sínum hlut. Eða öryrki sem engar tekjur hefur aðrar en örorkubæturnar, sem býr einn og fær þar af leiðandi hámarksbætur, tæpar 80 þús. kr., en lendir í því að borga 70 þús. í skatta á ári hverju. Mánaðarframfærslu sína í skatta af þeirri smán sem þetta er.

Þetta eru hóparnir sem hæstv. ríkisstjórn treður illsakir við á sama tíma og hátekjufólk og gróðafjármagnseigendur og gróðaöflin í landinu fagna af ósköp eðlilegum og skiljanlegum ástæðum því þetta er fín ríkisstjórn fyrir þá sem betur mega sín í þessu landi. Hún hefur staðið sig mjög vel, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, í því að hygla skjólstæðingum sínum og það er algjörlega borðleggjandi og augljóst hverjir þeir eru.

Aðeins frekar um kirkjuna, herra forseti. Það verður að teljast dálítið sérkennilegt hvernig hæstv. ríkisstjórn stendur að málum í þeim efnum. Maður leyfir sér að spyrja hvað veldur þessari meinbægni ríkisstjórnarinnar í garð kirkjunnar?

Herra forseti. Ég spurði hér í upphafi ræðu minnar hvort hæstv. forsrh., ábyrgðaraðili þessa máls, væri í húsi og því var lofað að kanna það mál.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. forsrh. er í húsi.)

Já. Það er óskaplega gott að vita af því þó að maður berji hann ekki augum sem er enn betra náttúrlega.

Ég hefði áhuga á að heyra hæstv. forsrh. fara aðeins yfir það hérna með okkur hverjar röksemdirnar eru fyrir því að ganga svona að tekjum kirkjunnar og annarra trúfélaga í landinu. Og ég bið um eitthvað meira en markmið fjárlaga. Það eru ekki efnislegar röksemdir að segja að til að ná fram markmiðum fjárlaga verði að gera þetta eða hitt. Það er ekki réttlæting fyrir því að gera hvað sem er. Ríkið má t.d. ekki fara ránshendi um eignir annarra með ólögmætum eða órétt-mætum hætti bara til að ná fram markmiðum fjárlaga. Eða er það? Ríkið getur ekki farið út í ólögmætar eignaupptökur sem brytu í bága við stjórnarskrána þó að menn telji sig þurfa að ná fram markmiðum fjárlaga enda nærtækt að vísa á að það eru til margar aðferðir til að ná fram markmiðum fjárlaga. Það er t.d. hægt að hætta við að lækka hátekjuskattinn svona mikið og láta kirkjuna í friði í staðinn.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst hæstv. fjmrh. vera að skjóta sjálfan sig svoleiðis í báða fætur með því að styðja þetta frv. í ríkisstjórn og hér á þingi. Er þetta ekki maðurinn sem fer með hörðu gegn þeim sem verða uppvísir að því að taka vörslufé ríkissjóðs í sinn vasa? Það eru einhver alvarlegustu brot á almennum hegningarlögum sem menn geta lent í, að taka vörslufé ríkissjóðs sem þeir hafa í höndum tímabundið, taka af launþegum sínum og eiga að skila hæstv. fjmrh., Geir Hilmari Haarde. Það er ekki miskunnin hjá Magnúsi ef Jóni Jónssyni í rekstrarerfiðleikum verður það á að standa ekki skil á vörslufénu, hæstv. forseti. Er það? Nei. Þá er hörðu að mæta hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde. Þá er það lögreglan og sýslumaðurinn og tukthúsið bara um leið ef vörslufénu er ekki skilað í kassann.

En hvað er ríkisstjórnin að gera? Hún gengur í vörslufé því að auðvitað eru tekjur kirkjunnar, sem ríkið annast innheimtu á samkvæmt sérstöku samkomulagi, ekkert annað en vörslufé ríkisins, ekkert annað. Það er ljóst að kirkjan lítur svo á og trúfélögin líta svo á. Þetta eru þeirra sjálfstæðu tekjur, greiðslur þeirra safnaða sem menn komu þannig fyrir af praktískum ástæðum að þær væru innheimtar um leið og tekjuskattur og útsvar. Ég býst ekki við, þó að ósvífnin sé að vísu oft mikil í samskiptum ríkisins við sveitarfélögin, að menn geri það bara sisvona, af því að þeim dytti það í hug hérna í desember, að bara stela hluta af tekjum sveitarfélaganna, t.d. hlutdeild sveitarfélaganna, fara og stela hluta af útsvarinu.

Það er enn fráleitara að fara svona að kirkjunni vegna þess að þarna liggur til grundvallar samningur tveggja sjálfstæðra aðila og það voru efnislegar forsendur að baki honum, sem voru eignir kirkjunnar á sínum tíma og sem voru greiðslur félagsmanna safnaðanna og félagsmanna í trúfélögum eða þeirra sem völdu að skila Háskóla Íslands tekjum sínum. Ég spyr hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.: Hver er munurinn á því að einhverjir aðilar úti í þjóðfélaginu ákveði að skila ekki hluta af vörslufénu og hinu sem ríkisstjórnin ætlar að gera þarna gagnvart kirkjunum og trúfélögunum?

Sérstaklega er þetta auðvitað ósanngjarnt og siðferðilega óverjandi í ljósi þess að þetta kemur verst niður á sjálfstæðu trúfélögunum sem ekki hafa launaða starfsmenn frá ríkinu, sem eingöngu hafa þessar tekjur til að fjármagna starfsemi sína. Ég nefni t.d. Fríkirkjusöfnuðinn, stóran og mjög vaxandi söfnuð. Það er algjörlega ljóst að þetta bitnar harðar á slíkum aðilum. Er þetta þá ekki orðin atlaga að trúfrelsi í landinu? Jú, þetta er auðvitað ekkert annað en atlaga að trúfrelsi í landinu þar með. Ég hef gaman af því að heyra efnisleg rök og réttlætingu hæstv. ríkisstjórnar á því að þetta sé gert. Ég verð að segja eins og er að ég varð forviða þegar ég fór að skoða hvað þarna er á ferðinni, hvað þarna er á dagskrá.

Herra forseti. Auðvitað eru það mikil vonbrigði að nú hefur brugðið til annarrar áttar í efnahagsmálum okkar og þjóðarbúskap. Þar eru orðin mikil veðrabrigði. Allt þetta ár sem nú er senn að kveðja einkennist af þessum umskiptum og umræðan ber mark sitt af því. Nú er hæstv. ríkisstjórn auðvitað í bullandi vörn og liggur undir ágjöf sem eðlilegt er. Þá kemur nú ýmislegt upp úr kafinu sem var sjónum manna hulið eða menn vildu ekki viðurkenna meðan þeir reyndu enn að lifa í þeirri trú að þrátt fyrir allt væri þetta í himnalagi, bara einhverjir örlitlir regnskúrir við sjóndeildarhring sem menn sáu á himninum. Nú er því miður orðið skýjað, nokkurn veginn alskýjað og heldur þungbúið. Þá er hægt að skoða bæði hvernig við stóðum að málum, hvernig við bjuggum okkur undir það sem í vændum er og svo auðvitað framhaldið, hvernig til tekst.

Ég hef áður sagt, herra forseti, að ég er ekki sérstaklega bjartsýnn á að þetta verði auðvelt eða læknist af sjálfu sér og sisvona á nokkrum næstu mánuðum. Ég sé ekki hinar efnislegu forsendur fyrir því þó að vissulega voni maður að okkur takist vel að komast í gegnum þetta. Það sem ég óttast mest er að sagan fari að endurtaka sig. Mér finnst hún í raun þegar byrjuð á því í þessu frv. hér og ýmsum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Um leið og harðnar á dalnum þá grípa menn til sömu gamalkunnugu úrræðanna,, að

þrengja að í velferðarkerfinu, þyngja byrðarnar á þeim sem þar eiga í hlut, hækka lyfjakostnaðinn hjá sjúklingunum, hækka kostnaðargjöldin o.s.frv. Því miður bryddir á því og auðvitað rúmlega það því að hér er að hluta til verið að gera mjög tilfinnanlegar breytingar gagnvart hópum eins og námsmönnum og sjúklingum og fleirum.

Það er nánast eins og það sé lögmál, herra forseti, að þolendurnir, þegar á bjátar í þessum efnum, verði alltaf þeir sömu, þ.e. hið almenna launafólk, gjarnan þeir sem lægri hafa launin, og þeir hópar sem eiga allt sitt undir hinu samábyrga velferðarkerfi okkar. Þeir verða þolendurnir. En þegar uppsveiflan er þá vitum við hverjir ná fyrst og mestri hlutdeild til sín. Sú uppsveifla sem nú er að baki er alveg nákvæmlega eins í þessum efnum.

Allar mælitölur sýna okkur að launamunurinn hefur aukist. Hæstu laun í landinu í dag hefðu þótt gjörsamlega óhugsandi hérna fyrir tíu árum, að hér skuli vera allmikil kippa af forstjórum með, hvað eigum við að segja, um tvær milljónir á mánuði eða jafnvel vel það í laun. Er það ekki staðreynd? Það eru tuttuguföld byrjunarlaun sjúkraliða. Svoleiðis launamunur hefði þótt óhugsandi fyrir ekki nema bara tíu árum, hvað þá fyrir tuttugu árum þegar menn hér á Alþingi voru með hugmyndir um að það væri hægt að festa jafnvel með lögum mesta mögulegan launamun, setja hann innan ramma þannig að hann skyldi aldrei verða meiri en tvöfaldur eða þrefaldur. Nú hefur náttúrlega dregið þarna gríðarlega í sundur.

Að þessu leyti höfum við siglt í áttina til svona amerísks ástands þar sem þessir hlutir eru að vísu enn þá svakalegri, enda hafa menn keyrt þar grímulausan kapítalisma áratugum saman af mikilli hörku, eins og kunnugt er. Hægt er að nefna aldeilis fáránlegar tölur um svo óhóflegan launamun og aðstöðumun að engu tali tekur. Í nýlegri bandarískri könnun kom t.d. í ljós að meðallaun forstjóra í meðalstórum og stórum amerískum fyrirtækjum voru fjögur hundruð og átján-föld laun almennra starfsmanna. Það er sem betur fer enn þá langt í land með að við lendum í þeim ósköpum en við erum þó á býsna hraðri siglingu í þá átt. Mér finnst t.d. tuttugufaldur launamunur eða jafnvel vel það, eins og er til staðar innan margra íslenskra fyrirtækja, auðvitað alveg svakalegur.

Eru þá rétt viðbrögð við þessari þróun, sem hefur öll verið í þessa átt, að lækka sérstaklega hátekjuskattinn? Það er auðvitað með ólíkindum að maður skuli standa frammi fyrir slíku nú um stundir.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu. Ég hef hér innt hæstv. ráðherra sérstaklega eftir ákveðnum atriðum. Ég hef leitað eftir hugmyndum um erlendar lántökur og hvernig þær séu hugsaðar, ef á dagskrá eru. Þá er ég að tala um hugmyndir um hinar sérstöku lántökur ríkissjóðs án sérstakra tilefna, sem efnhagslegs stjórntækis. Ég hef spurt út í þetta með meðferðina á *trúfélögum og kirkjunum og einnig væri* fróðlegt að heyra mat hæstv. ráðherra á verðbólguforsendunum m.a. í ljósi nýjustu talna í þeim efnum. Þó að við lítum fram hjá þeim en skoðum bara þá staðreynd að þróunin hefur verið óhagstæðari en spár gerðu ráð fyrir, nánast samfellt í rúmlega hálft ár og það er ekkert lát á þeirri þróun núna með síðustu mælingu, hlýtur að vakna sú spurning: Hvað gefur mönnum tilefni til þeirrar miklu bjartsýni í þessum efnum sem menn eru að reyna að hafa uppi hér við áramótin? Hvað er það? Út úr hverju lesa menn efni til þess að vera svona bjartsýnir? Þó að það sé auðvitað gott í sjálfu sér og um að gera að bera sig vel gagnvart erfiðleikunum þá má það ekki leiða út í tómt óraunsæi. Það má ekki leiða til þess að menn missi fæturna frá jörðinni. Ég held að það sé miklu líklegra til árangurs í glímunni við erfið mál eins og misvægið, misgengið og erfiðleikana í efnahagsmálunum, að standa báðum fótum traust á jörðu og reyna þannig að takast á við vindinn því að annars fjúka menn bara burt.

[14:55]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er ekki fyrir að synja að hæstv. ríkisstjórn hefur lag á að koma mönnum í opna skjöldu. Það varð þegar tillögur hennar í sambandi við ríkisfjármálin voru lagðar fram að í sumum efnum varð sá sem hér stendur steini lostinn. Þar á ég sérstaklega við aðfarirnar að námsfólki, að sjúklingum og kirkju, þjóðkirkjunni og trúfélögum.

Hæstv. forsrh. gat þess í framsöguræðu sinni að stefndi í nokkurn samdrátt þjóðarútgjalda og minni hagvöxt en áður. Hann hafði uppi þau undarlegu rök að sú þróun væri að mörgu leyti jákvæð þar sem hún leiddi til aukins jafnvægis í efnahagsmálum sem m.a. birtist í minnkandi viðskiptahalla. Sem sagt meiri kreppu — meiri dáin börn, sagði Pétur þríhross — til þess að rétta þetta almennilega af.

Hann lagði áherslu á að þetta væri allt í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að viðhalda stöðugleika og styrkja undirstöður atvinnulífs og stuðla að bættum kjörum. Þess vegna væri aðhaldssamri stefnu beitt. Á öðrum stað sagði hann að það þyrfti að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Í öðru orðinu er allt í sóma og í jafnvægi en að hinu leytinu leita menn eftir nýju jafnvægi í ríkisbúskapnum.

Hæstv. ráðherrann sagði að ríkisstjórnin teldi afar mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálunum til að treysta stöðu efnahagslífsins. Til þess að treysta stöðugleika og treysta stöðu efnahagslífsins eru refarnir skornir en að vísu hafa þeir sjálfir, með tillögugerð sinni og málafærslu nú síðasta missirið, játað svo að ekki verður um villst að stöðugleikinn er rokinn út í veður og vind.

Ég hef áður margtekið hér fram og bent á að aðalráð ríkisstjórnar á hverjum tíma til þess að hamla gegn spennu og óstöðugleika er beiting ríkisfjármálanna. Hvernig hefur til tekist? Nú er boðað að menn ætli að halda fast við þriggja milljarða afgang af ríkisbúskapnum og telja þá ekki með, sem að líkum lætur, söluágóða af eignum ríkisins. En til hvers er barist, á hverju eigum við von á næsta ári? Hvert vísa staðreyndir okkur í því efni? Hvernig umgekkst hæstv. ríkisstjórn fjárlögin fyrir 2001?

Hér eiga að ganga af þrír milljarðar en þeir notuðu sér að vísu engar heimildir, en venju, til að yfirdraga um 15 milljarða. Þeir notuðu sér hefð til þess að fara umfram heimildir fjárlaga og sækja 15 milljarða aukreitis sem þeir eyddu. *Dettur einhverjum í hug, miðað við þessa stöðu,* að þeir muni ekki fara langt fram yfir þrjá milljarða? Til hvers er þá barist? Þeim væri nær að setja um það lög sem bönnuðu þeim sjálfum að fara fram yfir þær lagaheimildir í fjárútlátum sem afgreiddar eru hverju sinni. Það mundi áreiðanlega hafa miklu meiri áhrif en þessi hugmynd um að halda sig við þrjá milljarða í afgangi. Augljóslega mun það ekki takast.

Með þessum yfirdrætti, þessari umframeyðslu, tókst þeim að hækka útgjaldahlið fjárlaga um u.þ.b. 20% milli áranna 2000 og 2001. Þetta er nú öll aðhaldssemin í meðferð fjármála ríkisins. Þegar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár

eru þeir komnir yfir verðlagsþróun. Svo er eftir að bæta umframeyðslunni við. Beiting ríkisfjármálanna er því alveg öfug við það sem þurft hefði að vera, gjörsamlega öfug, og hefur leitt til stóraukinnar spennu.

Ég leyfi mér þá að víkja að þessum sérkennilegu atriðum í tillögugerð ríkisstjórnarinnar sem ég verð að segja að mér sé nær að halda að hafi verið eitthvert fát og fum. Ég á þess vegna von á að hæstv. ríkisstjórn átti sig og dragi þessi atriði til baka.

Hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda eftir af því sem hún hefur tekið að sér að innheimta fyrir þjóðkirkjuna og trúfélög. Hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, vék nógu rækilega að því. En ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna til leiðara í Morgunblaðinu í morgun. Það er blað okkar hæstv. forsrh. Eins og þar er tekið á málum tel ég að leiðarinn eigi fullt erindi inn í þingtíðindi hins háa Alþingis.

Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur lagt til við Alþingi, í tengslum við sparnaðaraðgerðir í ríkisfjármálum, að haldið verði eftir í ríkissjóði hluta af sóknar- og kirkjugarðsgjöldum, sem eiga að koma í hlut þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga annars vegar og kirkjugarða hins vegar.

Kirkjuráð hefur andmælt þessu og réttilega bent á að gjöldin sem um ræðir séu tekjur kirkjunnar og annarra trúfélaga en ekki tekjur ríkisins. Sú upphæð sem ríkið á lögum samkvæmt að standa skil á til trúfélaganna sé heldur ekki ríkisframlag. Ríkið sé einvörðungu innheimtumaður sem nú taki einhliða ákvörðun um að skila innheimtufénu ekki til rétthafa þess heldur halda hluta þess eftir til annarra þarfa.

Það er vissulega full þörf á að spara í ríkisútgjöldum. Hins vegar er fullkomið álitaefni hvort rétt er að telja skil ríkisins á sóknar- og kirkjugarðsgjöldum til ríkisútgjalda. Í lögum um sóknargjöldin segir að trúfélög skuli eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti sem ríkissjóði ber að standa skil á til þeirra mánaðarlega. Í lögunum eru jafnframt ákvæði um að upphæð gjaldsins skuli hækka til samræmis við hækkun á tekjuskattsstofni milli ára. Með sambærilegum hætti eiga t.d. sveitarfélögin hlutdeild í staðgreiðsluhlutfallinu, útsvarið, sem rennur til þeirra óskert.

Á sínum tíma var gerð sú breyting að skil ríkisins á þessum gjöldum til kirkjunnar voru gjaldfærð á ríkisreikningi, en þá með þeim rökum að eingöngu væri um bókhaldslegt atriði að ræða sem breytti engu um að sóknargjöldin rynnu ekki í ríkissjóð og fjárhagslegu sjálfstæði þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga væri í engu raskað.“ Eins og kirkjuráð segir í greinargerð sinni, sem sagt er frá í Morgunblaðinu í dag, eru tekjur kirkjunnar „frá henni sjálfri sprottnar að meginstefnu til en ekki ríkinu þótt framsetning fjárlaga beri þess ekki merki“.

Og áfram segir, herra forseti:

„Það tekjuöryggi, sem innheimta félagsgjalda í trúfélögum samhliða almennum sköttum hefur veitt þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum, hefur á undanförnum árum bætt mjög fjárhag trúfélaganna og eflt þjónustu þeirra við almenning, um það er ekki deilt. Hagræði trúfélaganna af innheimtufyrirkomulaginu er augljóst og draga má stórlega í efa að tekjur trúfélaganna innheimtust eins vel ef þau þyrftu að annast innheimtuna sjálf. Um þetta fyrirkomulag hefur hins vegar samist milli ríkis og kirkju, m.a. á þeim forsendum að þjóðkirkjan og önnur trúfélög veiti öllum almenningi þjónustu, sem greitt sé fyrir með sóknar- og kirkjugarðsgjöldunum. Í gildandi lögum er greinilega gert ráð fyrir fjárhagslegu sjálfstæði trúfélaganna, en ekki að þau séu á framfæri ríkisins. Eins og bent er á í greinargerð kirkjuráðs hefur undanfarin ár verið unnið að því að efla sjálfstæði kirkjunnar og ríkisvaldið hefur undirritað samninga um að innheimta sóknar- og kirkjugarðsgjöld án þess að gera fyrirvara um að það geti haldið hluta þeirra eftir ef þannig stendur á.

Það eru vissulega rök í málinu að trúfélögin verði að draga saman seglin eins og aðrir þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu, en á móti kemur að gert er ráð fyrir að tekjur þeirra fylgi tekjuskattsstofninum, sem tekur mið af efnahagsástandinu. Jafnframt má benda á það að trúfélögin gegna flest mikilvægu mannúðarhlutverki og rétta mörgum hjálparhönd þegar hart er í ári. Líklegt er að meiri þörf verði fyrir aðstoð þeirra þegar efnahagsástandið versnar.

Deilur stóðu fyrir u.þ.b. áratug um svipaðar aðgerðir í ríkisfjármálum og nú eru lagðar til, þ.e. skerðingu sóknar- og kirkjugarðsgjaldanna. Þær deilur leystust farsællega og þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum var heitið því að til slíks myndi ekki koma aftur, heldur myndu þau halda tekjum sínum óskertum. Meginatriði málsins er auðvitað að ríkisvaldinu ber að standa við gerða samninga og fyrirheit við kirkjuna og önnur trúfélög.“

Við þessa tillögugerð, sem birt var af hálfu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, má segja að kastað hafi tólfunum, þ.e. um að innheimtuaðilinn ætlaði sér að halda eftir af innheimtum gjöldum sem eiga að renna til þessara ákveðnu hluta. Slíkt mundi auðvitað ekki, eins og hér kom fram hjá síðasta ræðumanni, slíkt mundi engum haldast uppi og á auðvitað ekki að koma til greina af hálfu ríkisins. Þetta er eitt þeirra atriða sem ég trúi að sé fljótfærni og að hæstv. ríkisstjórn muni draga til baka.

Sama verð ég að segja um aðförina að námsfólki, eins og stendur í þeirra bæli nú um stundir. Þó að þeir sem stunda nám erlendis borgi ekki innritunargjöld hér þá kemur hið óskaplega gengishrun mjög illa við þeirra afkomu og þeirra nám erlendis. En að vega í þennan knérunn hlýtur að vera vanhugsað. Það þyrfti þá a.m.k., áður en tekin er ákvörðun um að fara ofan í vasa námsmanna, að endurskoða allan ferilinn í námi þeirra og aðbúð að öðru leyti.

Hið þriðja sem ég vona og trúi að hæstv. ríkisstjórn muni draga til baka er aðförin að sjúklingum. Til að mynda að tekin verði sú aðstaða frá sjúklingum utan af landi að geta gist á svokölluðum sjúkrahótelum fyrir viðráðanlegt verð og með því fygldarliði sem þeir þurfa nauðsynlega á að halda. Það eru fleiri atriði í þessu sambandi sem gera það að verkum að verulega er sótt að sjúklingum.

Ég endurtek að þetta getur ekki staðist, fyrir utan það að ýmsar þær ráðstafanir sem hér eru til umræðu hafa áhrif til hækkunar á verðbólgunni og maður skyldi halda að um þessar stundir væri ekki heppilegt að taka ákvörðun í efnahagsmálum sem leiðir til hækkunar á henni. Ég er sannfærður um að ef hæstv. ríkisstjórn hefði gefið sér ráðrúm til þá hefði hún fundið aðferðir til þess að mæta niðursveiflunni með auknum tekjum með öðrum hætti en með þessum fáránlega hætti.

Af hálfu Frjálslynda flokksins vil ég aðeins taka fram að við munum í fæstum atriðum fylgja nokkru af því sem hér er lagt til og við lokaafgreiðslu ekki koma nærri þeim lögum sem þá kynnu að verða samþykkt því að við viljum enga ábyrgð á þessum málatilbúnaði bera.

[15:12]

Útbýting þingskjala:

Kirkju- og manntalsbækur, 372. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 574.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 371. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 573.

[15:12]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég vil gera skrásetningargjöld við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskólann að sérstöku umtalsefni við þessa umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum en lagt er til að þau verði hækkuð um 7.500 kr., úr 25.000 í 32.500 kr..

Ég legg sérstaka áherslu á að skrásetningargjaldið er þjónustugjald. Því er ætlað að standa undir margvíslegri þjónustu við stúdenta sem verður sífellt umfangsmeiri og kostnaðarsamari, t.d. skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil, upplýsingum um námsferil sem stúdentum eru sendar þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingum og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulagi kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgangi að þjónustu nemendaskrár, skrifstofum kennslusviðs, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofum, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum skólanna.

Rétt er einnig að geta þess að hluti af skrásetningargjaldinu rennur til félagsstarfs stúdenta. Við Háskóla Íslands eru það t.d. 13% eða 3.250 kr. sem renna til Félagsstofnunar stúdenta.

Sú þjónusta sem Háskóli Íslands veitir nemendum og fjármögnuð er með skrásetningargjöldum er mun dýrari en nemur tekjum af gjöldunum í dag. Þetta legg ég áherslu á.

Í nál. meiri hluta menntmn. um frv. til laga um háskóla, 9. des. 1997, segir, með leyfi forseta:

„Nokkrar umræður urðu í nefndinni um 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um gjaldtöku af nemendum. Meiri hlutinn ítrekar að hér er um rammalöggjöf að ræða og er það skilningur hans að með gjaldtöku af nemendum í ríkisháskólum sé átt við gjaldtöku vegna þeirrar þjónustu sem nemendum er veitt."

Skrásetningargjöldin hafa hækkað mjög lítið á síðasta áratug og því hefur orðið skerðing á þeim fjármunum sem ríkisháskólar hafa haft til ráðstöfunar í samræmi við það. Hækkunin nú er eingöngu 30%. Ég endurtek: Hækkunin nú er eingöngu 30% og er þess vegna minni en verðlagsþróun gefur tilefni til.

Rétt er líka að það komi fram í þessari umræðu að skrásetningargjöld við háskólana eru ekki ný af nálinni, þau hafa verið innheimt frá upphafi.

[15:15]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að gera hér örstuttar athugasemdir við ræðu hv. þm.

Í fyrsta lagi, þar sem hv. þm. er að ræða um skráningargjöld við háskóla, er rétt að vekja athygli á því að annars vegar er verið að ræða um lög sem sett voru 1999, lög um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, og hins vegar lög frá 1997 um Kennaraháskóla Íslands. Það er alveg ljóst að þær eftiráskýringar sem hv. þm. viðhafði hér um að verðlag hefði hækkað sem þessu nemur og jafnvel meira eiga að sjálfsögðu ekki við vegna þess, eins og ég sagði, að annars vegar er verið að ræða um breytingar frá 1999 og það kannast enginn við að nokkur skapaður hlutur hafi náð þessum hækkunum sem hér er um að ræða þannig að þær skýringar eiga ekki við, enda var þær skýringar ekki að finna í fjárlagafrv. þegar þessar hugmyndir komu fyrst fram. Hér er auðvitað fyrst og fremst verið að ná sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar og það á að tala um hlutina eins og þeir eru.

Hitt vekur hins vegar atriði athygli að allt annar lagatexti snýr að þessum skrásetningargjöldum í Kennaraháskóla Íslands en í hinum háskólunum, Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Bara það að þetta nái ekki verðlagshækkunum á ekki einu sinni við varðandi Kennaraháskóla Íslands vegna þess að þar segir að þessi gjöld eigi eingöngu að taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara.

Þó er lengri textinn sem á við um háskólana og hugsanlega væri hægt að finna eftir krókaleiðum að menn séu að ná því þar. En það er algjörlega vonlaust að gera varðandi Kennaraháskóla Íslands. Því væri alveg lágmark, ef menn hefðu ætlað sér að standa við eitthvað af því sem stendur í lagatextanum, að gera tillögu um breytingar á lögunum um Kennaraháskóla Íslands þannig að það sé þó a.m.k. samræmi á milli skólanna. En því miður, herra forseti, er þetta auðvitað dæmi um hvers konar handarbakavinnubrögð eru hér á ferðinni, að ekki er einu sinni hugað að því að hafa samræmi í hlutunum á milli skóla sem reknir eru af ríkinu.

[15:17]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einmitt það sem verið er að gera. Það er verið að gæta samræmis á milli skólanna þannig að fullt jafnræði sé með nemendum sem stunda nám í þessum þremur háskólum, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskólanum. Því er verið að innheimta sömu gjöld af nemendum.

Það er rétt að ég rifji það upp að það var að sjálfsögðu litið til þess, þegar skrásetningargjaldið á nemendur í Kennaraháskólanum var ákvarðað á sínum tíma hvert gjaldið væri við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Hins vegar var lögum um Háskóla Íslands breytt árið 1996 í kjölfar álits umboðsmanns og þá var sett inn upphæðin 24 þús. kr. sem síðar var svo breytt þegar nýja löggjöfin um Háskóla Íslands var samþykkt og það var líka gert í kjölfarið á rammalöggjöf um háskóla.

[15:18]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því leytinu er það rétt hjá hv. þm. að samræmis er gætt varðandi upphæðina. En það breytir því ekki að gjaldið gagnvart Kennaraháskólanum byggir á annarri lagastoð en gagnvart Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á það var ég að benda. Því miður er það, held ég, alveg ljóst þessi upphæð stenst auðvitað ekki gagnvart kostnaði við innritun, kennsluefni og pappírsvörur sem nemendur við Kennaraháskóla Íslands fá því ef eitthvað er hefur innritunarkostnaður að sjálfsögðu lækkað verulega af þeirri einföldu ástæðu að menn hafa tekið tæknina miklu meira í þjónustu sína en áður var. Og eitt er til viðbótar varðandi Kennaraháskólann að meiri hluti nemenda í þeim skóla stundar svokallað fjarnám og fær því ekki þessa pappírsvöru eða kennsluefni á pappír heldur bara á netinu, og að sjálfsögðu bera nemendurnir kostnað af því sjálfir að prenta það út sem þeir hafa áhuga á að hafa á blaði.

Herra forseti. Einu til viðbótar er nauðsynlegt að vekja athygli á vegna þess að þetta mál snertir að sjálfsögðu fleiri

skóla á háskólastigi. Því miður er staðan þannig nú þegar þessi lagabálkur verður samþykktur hér væntanlega innan skamms tíma, að þá fá ríkisháskólarnir minna úr ríkissjóði á hvern nemanda en hinir svokölluðu einkaskólar á háskólastigi, vegna þess að þau gjöld sem hér er verið að leggja til munu dragast frá framlagi ríkisins til skólanna. En eins og hv. þm. vita eru skólagjöld við hina skólana sem ríkið rekur ekki ekki dregin frá framlögum ríkissjóðs. Hér er því vægt til orða tekið, herra forseti, komin upp afar ankannaleg staða þegar hinir svokölluðu einkaskólar eru farnir að fá meira framlag úr ríkissjóði en ríkisskólarnir sjálfir.

[15:21]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því aftur að í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að skrásetningargjöldin hækkuðu um 40%. Niðurstaðan var hins vegar sú að þau yrðu ekki hækkuð nema um 30%, þannig að þau eru ekki látin fylgja verðlagsþróun. Ég held að hægt sé að segja að menn ættu nú a.m.k. að gleðjast yfir því, þeir sem hafa verið að gagnrýna þessa hækkun, að þarna er verið að lækka eða fara niður um 2.500 kr. frá upphaflegum áformum. Ég tel því að í nokkru sé komið til móts við þá gagnrýni sem í frammi var höfð.

[15:21]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður menntmn. klifar á því að hér sé einungis verið að hækka skráningargjöldin um 30% og að það haldi ekki í við verðlagshækkanir. Miðar þá hv. þm. við árið 1991 þegar skráningargjöldin voru hækkuð verulega.

Nú liggur fyrir, herra forseti, að árið 1999 voru skráningargjöldin ákveðin 25 þús. kr. Rökstuðningur þeirrar hækkunar var að verið væri að færa gjöldin til rétts verðlags. Þau rök hv. þm. að hér megi nú í dag reikna verðlagshækkun aftur til 1991 standast engan veginn skoðun. Það er í hæsta lagi hægt að færa rök fyrir því að breyta þurfi gjöldunum miðað við verðlag frá 1999 þegar gjöldin voru síðast hækkuð með lögum.

Ég vil spyrja hv. þm. hvernig hún leyfi sér að rökstyðja þetta með verðlagshækkunum frá 1991 þegar fyrir liggur að 1999 voru gerðar verðlagshækkanir á gjöldunum.

[15:23]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar auðvelt að færa rök fyrir því. Með því að bera saman hver gjöldin voru 1991 og 1992 og hver þau eru síðan í dag, er mjög auðvelt að sjá hvernig verðlagsþróunin er á þessu tímabili og uppfæra gjöldin. Það var ég fyrst og fremst að styðja rökum og það er mjög auðvelt reikningsdæmi.

[15:24]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að upphæð skráningargjaldsins var bundin í lög árið 1996 vegna þess að verið var að bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis sem taldi að lögin frá 1991 hefðu verið byggð á ólögmætum sjónarmiðum. Upphæðin var því fest í lög 1996. 11. mars 1999 taka svo gildi ný lög þar sem skrásetningargjaldið er hækkað úr 24 þús. kr. í 25 þús. kr., og í 3. mgr. 13. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta:

„Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.“

Lengra þarf ég ekki að fara, herra forseti. En það er alveg ljóst að í upphaflegu frv. ráðherra var skráningargjaldið fastbundið við 25 þús. kr. og þar með fært til verðlags 1999. Það hafði áður verið mun lægri upphæð. Verðlagshækkanir í dag frá 1999 eru u.þ.b. 18%. Þess vegna mætti færa rök fyrir því að þetta skrásetningargjald ætti að hækka um 18%, þ.e. ef við erum að tala um að miða við verðlagshækkanir. En um 30%, herra forseti, er af og frá.

[15:25]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni líka á í þessu sambandi að umboðsmaður Alþingis skilgreindi skrásetningargjöldin sem þjónustugjöld. Stjórnarandstaðan hér á þingi hefur löngum viljað halda því fram að skrásetningargjöldin væru eitthvað allt annað. Ég ítreka að skrásetningargjöldin eru þjónustugjöld og það breytir málinu ekki þó að gjaldið hafi verið ákvarðað 24 þús. kr. árið 1996 og síðan fært upp nokkrum árum síðar í 25 þús. kr. því sú hækkun var ekki í samræmi við verðlagsþróun þess tímabils. Ef borið er saman fram til 1991 eða 1992 þá sjá menn alveg svart á hvítu að gjaldið hefur ekki fylgt verðlagi. Ég held að þetta mál snúist í raun um það að heppilegra hefði verið að endurskoða gjaldið oftar, kannski árlega eða annað hvert ár. Þá hefði sú hækkun sem verið er að leggja til nú orðið minni.

[15:27]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar við 2. umr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ég á sæti í allshn. og heilbr.- og trn. og vildi hafa nokkur orð um þá þætti frv. sem koma til umfjöllunar í þeim nefndum. Annars vegar er um að ræða kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld og hins vegar breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, um að fella sjúkrahótel úr upptalningu yfir stofnanir sem falla undir skilgreininguna sjúkrahús. Með því er lagastoð skotið undir innheimtu vægs dagsgjalds vegna dvalar á sjúkrahóteli til að standa undir fæðiskostnaði. En fyrst vildi ég aðeins fjalla um sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld.

Í frv. er lagt til að sóknargjöld á árinu 2002 hækki ekki samkvæmt hækkun á meðaltekjuskattstofni eins og kveðið er á um í lögum, en þar segir að ákveðið gjald fyrir hvern einstakling eldri en 16 ára skuli renna til sókna. Þessi upphæð er í dag 566 kr. á einstakling á mánuði eða u.þ.b. 6.800 kr. á ári sem renna til þess safnaðar eða trúfélags sem viðkomandi tilheyrir, eða til Háskóla Íslands ef viðkomandi er utan trúfélaga.

Frv. þýðir að framlag ríkisins til kirkna og kirkjugarða gegnum sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld hækka ekki milli ára um 8–9% í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattstofni á árinu heldur munu þau hækka um 1% í samræmi við fjölgun fólks í landinu.

Í greinargerð með frv. kom fram að sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld taka breytingum milli ára með viðmið í launavísitölu en ekki verðlagsvísitölu. Þar sem launavísitala hefur hækkað meira en verðlagsvísitala hafa þessi gjöld hækkað umfram almennar verðlagshækkanir til rekstrarverkefna sem fjármögnuð eru úr ríkissjóði undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið úr fjmrn. hafa sóknargjöld að raunvirði hækkað um 50% frá árinu 1990. Sú hækkun hefur að mestu komið fram frá árinu 1997. En samkvæmt þessu hefur framlag til sóknargjalda hækkað úr

um 900 millj. kr. á árinu 1997 í 1.350 millj. kr. árið 2001, sem er 450 millj. kr. hækkun á fjögurra ára tímabili.

Sóknargjöld til trúfélaga hækka um 64 millj. á árinu 2002 í staðinn fyrir 165 millj. kr. samkvæmt frv. Verði frv. að lögum, sem ég geri nú ráð fyrir, þýðir þetta lækkun um 100 millj. kr. til trúfélaga sem skiptist milli þeirra eftir fjölda skráðra yfir 16 ára aldri. Í því sambandi vil ég benda á að í fjáraukalögum fyrir árið 2001 sem samþykkt voru á laugardaginn var hækkuð sóknargjöld um 70 millj. kr. vegna hækkunar á launavísitölu sem ég geri ekki ráð fyrir að þjóðkirkjan eða önnur trúfélög hafi almennt reiknað með í áætlunum sínum. Sú jólagjöf var nú ekki ónýt.

Ég legg áherslu á að hér er um að ræða frystingu á sóknargjöldum og kirkjugarðsgjöldum í eitt ár. Það eru ekki uppi áform um að skerða þau frekar þó ég skilji vissulega ótta kirkjunnar manna í þá veru. Hins vegar verður öllum að vera ljóst að Alþingi sem ber ábyrgð á fjármálum ríkisins hefur vald til að breyta lögum til þess að sjá til að réttlætis sé gætt í samfélaginu.

Hins vegar er ljóst að þessi ráðstöfun kemur mismunandi niður á trúfélögum. Í fyrsta lagi er rekstur þjóðkirkjunnar er fjármagnaður á fjárlögum samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við þjóðkirkjuna. Samkvæmt upphaflegu frv. til fjárlaga ársins 2002 eru 1.150 millj. kr. veittar á þessum lið. Það fjármagn stendur m.a. undir launum 138 presta, vígslubiskupa, biskups, starfsmanna á biskupsstofu og reksturs biskupsstofu, embættiskostnaði presta, ýmsum sérverkefnum þjóðkirkjunnar, rekstri prestssetra, söngmálastjóra o.s.frv.

Í öðru lagi er kirkjan fjármögnuð með sóknargjaldi, sem er um 1.350 millj. kr. á fjárlagafrv. fyrir árið 2002. Sóknargjaldið dreifist á kirkjur landsins eftir fjölda þeirra sem skráðir eru í söfnuðinn og stendur undir rekstrarkostnaði, t.d. launum annarra starfsmanna kirkjunnar, kirkjustarfi, rekstri og byggingu sjálfrar söknarkirkjunnar.

Í þriðja lagi hefur þjóðkirkjan aðgang að Jöfnunarsjóði sókna, en til hans munu renna um 250 millj. kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2002. Gjald í þann sjóð er 18,5% álag ofan á sóknargjöld og er framlag ríkisins vegna þeirra sem eru í þjóðkirkjunni. Jöfnunarsjóður er notaður til að veita styrki m.a. til bygginga og viðhalds kirkna, auk þess að jafna aðstöðu milli kirkna þjóðkirkjunnar.

Rekstur trúfélaga utan þjóðkirkjunnar er hins vegar eingöngu fjármagnaður af sóknargjöldum, nema í þeim tilvikum sem safnaðarmeðlimir sjálfir leggja til fjármagn, t.d. þegar verið er að fjármagna einhverjar tilteknar framkvæmdir. Sóknargjöld trúfélaga utan þjóðkirkjunnar standa þannig undir launum presta og annarra starfsmanna trúfélagsins, annarri safnaðarstarfsemi, viðhaldi og endubyggingu kirkjunnar og aðstöðu fyrir söfnuðinn, t.d. safnaðarheimili.

Mikið fjárhagslegt ójafnræði er á milli stöðu safnaða innan þjóðkirkjunnar annars vegar og annarra trúfélaga hins vegar. Ég hef áður á hinu háa Alþingi bent á stöðu fríkirkna hér á landi. Það eru fjölmennar sóknir sem byggja á sömu trúarsetningu og þjóðkirkjan, prestar þeirra stunda nám við guðfræðideild hér á landi og eru vígðir til starfa af biskupi Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumrn. greiðir ríkið til þjóðkirkjunnar upphæð sem samsvarar rúmum 14.000 kr. á hvert sóknarbarn á ári, í samanburði við tæpar 6.800 kr. til sóknarbarns í öðrum trúfélögum. Ég tel að sérstaklega verði að athuga málefni þessara kirkjudeilda en stórir söfnuðir eins og Fríkirkjan í Reykjavík og í Hafnarfirði hafa nýverið staðið í stórum og fjárfrekum endurbótum á kirkjum sínum, en hafa ekki sömu tækifæri til að sækja um styrki til þessara verkefna og söfnuðir þjóðkirkjunnar. Því er ljóst að skerðing sóknargjalda mun bitna harðar á söfnuðum utan þjóðkirkjunnar en sjálfum söfnuðum þjóðkirkjunnar, eins og kemur fram í nál. hv. allshn. sem barst til hv. efh.- og viðskn. vegna bandormsins sem hér er til umfjöllunar.

Þau sjónarmið hafa heyrst frá prestum þjóðkirkjunnar, en margir þeirra hafa sent þingmönnum vefpóst um málið, að með þessari ráðstöfun skerði ríkið félagsgjöld kirkjunnar sem ákvörðuð eru með lögum, ríkið taki þetta fé ófrjálsri hendi. Samlíking hefur verið tekin við félagsgjöld frjálsra félaga og má í því sambandi benda á að félagsgjöld t.d. stéttarfélaga eru jafnan fast hlutfall af launum félagsmanna. Þar sem launavísitala hefur hækkað umfram verðlagsvísitölu hafa mörg stéttarfélög á undanförnum árum tekið ákvörðun um lækkun viðmiðunarprósentu því að öðrum kosti yrðu félagsgjöldin of há.

Í því sambandi má velta fyrir sér hvaða ákvörðun kirkjan hefði tekið ef hún hefði sjálfræði í að ákvarða upphæð sóknargjalda eins og stéttarfélögin hafa vald til. Mætti jafnvel hugsa sér að kirkjan fengi sams konar vald til að ákvarða sóknargjöld og sveitarfélög til að ákvarða útsvar. Með því yrðu nánari tengsl milli safnaðarmeðlima og kirkjunnar sjálfrar og kirkjan gerð meðvitaðri um ábyrgð hennar á fjármunum almennings.

Varðandi kirkjugarðsgjöld þá hækka þau að sama skapi og sóknargjöld. Þau standa undir rekstri og nýbyggingu kirkjugarða. Það má benda á að upphæð kirkjugarðsgjalds hefur hækkað eins og sóknargjald um 50% að raungildi frá 1990 að teknu tilliti til mannfjölgunar á sama tímabili. Þessi hækkun hefur að mestu verið frá árinu 1997, þannig að skerðing sem forustu menn kirkjugarða hafa haldið fram að hafi orðið á árunum 1989–1997, hefur komið til baka og vel það. Á verðlagi ársins 2001 var framlag ríkisins til kirkjugarða um 400 millj. kr. frá árinu 1990–1996, en á árinu 2001 er það um 600 millj. kr. Það verður nær óbreytt á næsta ári verði bandormurinn að lögum þannig að nú á fjórum árum er hækkun um 200 millj. kr.

Niðurstaða mín í þessu máli er að þó að óheppilegt sé að skerða fé kirkjunnar á þann hátt sem lagt er til í frv. sé ekki óeðlilegt í ljósi þróunar á upphæð sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds, þar sem gjöldin hafi hækkað umfram verðlagsbreytingar vegna viðmiðunar við launavísitölu, að gera þá kröfu til kirkjunnar að hún taki þátt í því aðhaldi sem gerðar eru kröfur til varðandi aðra þætti samfélagsins.

Ég vil þó benda á sérstöðu trúfélaga utan þjóðkirkjunnar í þessu sambandi og hvet til að það ójafnræði sem er milli þeirra og þjóðkirkjunnar verði jafnað með einum eða öðrum hætti.

Seinna atriðið sem ég vildi fjalla um í þessari umræðu varðar breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem sjúkraheimili, oft nefnd sjúkrahótel, eru felld úr upptalningu á stofnunum sem falla undir skilgreininguna sjúkrahús. Um leið er skotið lagastoðum undir innheimtu vægs daggjalds vegna dvalar á sjúkrahóteli til að standa undir fæðiskostnaði.

Þróun síðustu ára í löndunum í kringum okkur hefur verið að tengja starfsemi sjúkrahúsa í meiri mæli við sjúkrahótel. Á þeim stöðum sem ég þekki til þykir eðlilegt að viðkomandi einstaklingur greiði vægt gjald vegna vistar á sjúkrahóteli. Á sjúkrahótelum dvelur fólk sem er til meðferðar, t.d. á

göngudeildum sjúkrahúsa eða er að jafna sig eftir meðferð en hefur ekki af tilteknum ástæðum möguleika á að fara heim. Á sjúkrahóteli getur það dvalið í öruggu og rólegu umhverfi og fengið skjóta aðstoð ef þörf krefur. Þar hefur nálægðin við sjúkrahúsið skipt máli. Þetta fólk þarf ekki lengur að vera á sjúkrahúsi og því er eðlilegt að leitað sé ódýrari leiða til að koma til móts við tímabundna þörf fyrir stuðning. Á sjúkrahóteli fá viðkomandi ekki virka meðferð eða hjúkrun en njóta eftirlits og stuðnings.

Dæmi um sjúkling sem dvelur á sjúkrahóteli er t.d. kona — þetta er raunverulegt dæmi — sem er að jafna sig eftir mjaðmabrot. Hún býr ein í fjölbýlishúsi á fjórðu hæð þar sem ekki er lyfta. Vegna þessara aðstæðna getur hún ekki farið heim en er að öðru leyti sjálfbjarga og leitar því eftir að komast að á sjúkrahóteli.

Annað dæmi væri sjúklingur sem á heima úti á landi en er í lyfjameðferð á sjúkrahúsinu. Stæði þessi kostur ekki til boða þyrfti viðkomandi að búa hjá ættingjum sínum, leigja íbúð í bænum, eða einfaldlega dvelja á sjúkrahúsinu. Væri hann hjá ættingjum eða íbúð úti í bæ hjá ættingjum þyrfti hann a.m.k. að leggja út fyrir kostnaði vegna matar.

Landlæknir kom á fund nefndarinnar þar sem þetta mál var til umræðu. Þar kom fram að fólk greiddi fæðisgjald á sjúkrahóteli Rauða krossins frá 1. janúar til 1. október sl. Ljóst er að lagaheimild var ekki fyrir hendi fyrir þessari gjaldtöku og fæðisgjaldið var um 700 kr. á dag. Landlæknir lýsti því yfir að engar kvartanir hefðu komið frá fólki um þessa gjaldtöku og einnig kom fram að hann setti sig ekki upp á móti slíkri gjaldtöku. Hins vegar var að hans mati álitamál hvort undanskilja ætti sjúkrahótel skilgreiningu á sjúkrahúsi.

Herra forseti. Ég er sammála því að veita heimild til að setja á vægt gjald sem t.d. stæði undir fæðiskostnaði á sjúkrahóteli vegna eðlis starfseminnar og þess að að öðrum kosti væri fólk í flestum tilvikum heima hjá sér. Hins vegar er ekki heimilt að setja slíkt gjald á vegna dvalar á sjúkrahóteli meðan slík starfsemi fellur undir skilgreiningu sjúkrahúsa í heilbrigðisþjónustulögunum með tilvísun í 34. gr. laga um almennar tryggingar, en þar segir: „Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 32. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum."

Hægt hefði verið að fara aðrar leiðir í þessu máli og undanskilja sjúkrahótel þessari grein almannatryggingalaga. Það þykir hins vegar ekki heppilegt og opnar á hugsanlega frekari gjaldtöku á fleiri stofnunum sem falla undir skilgreiningu sjúkrahúsa. Það er önnur umræða sem væri ágætt að taka síðar.

Hins vegar væri mikilvægt að fara í gagngera endurskoðun á því hvað telst sjúkrahússþjónusta og móta stefnu um hvaða þjónustu á að veita innan og utan sjúkrahúsa og fyrir hvaða þjónustu á að taka gjald og hvaða ekki.

Ég legg áherslu á að sú breyting sem verður á stöðu sjúkrahótela í lögum um heilbrigðisþjónustu verði ekki til að standa í vegi fyrir frekari þróun þessa þjónustuforms, sem er til hagsbóta fyrir sjúklinga og fjárhagslega hagkvæmt fyrir ríkið.

[15:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um vægt daggjald á sjúkrahótelum sem er verið að leggja hér á. Það stendur til að leggja á 700 kr. gjald á dag. Gjaldið hefur verið innheimt án heimildar frá áramótum og þangað til 1. okt. þegar því var hætt er menn gerðu sér grein fyrir því að það var ekki heimild fyrir því. Hvaða fólk er á þessum sjúkrahótelum? Einn þriðji eru aldraðir hér á höfuðborgarsvæðinu sem ekki geta farið heim til sín, eins og hv. þm. nefndi dæmi af. Aðrir eru af landsbyggðinni eða tveir þriðju. Þetta er fólk sem er að reka heimili heima hjá sér annars staðar, þarf að borga þar reikninga sína, hita, rafmagn og allt það sem tilheyrir rekstri heimilis. Ég nefni það sem dæmi. Fólk er að borga hér 21.000 kr. fyrir dvölina á sjúkrahótelinu. Þetta fólk væri ella inni á dýrum rýmum sjúkrahúsanna, mun dýrari sjúklingar.

Ég minni á að þarna eru krabbameinssjúklingar, t.d. utan af landi sem sækja þurfa dagdeildir, en gjöldin hafa hækkað hjá á dagdeildunum. Fyrir fyrstu krabbameinsmeðferð, eins og ég hef nefnt við umræðuna þarf fólk að borga yfir 18.000 kr. Ef fólk fer í meðferð á hálfs mánaðar fresti, þá borgar það yfir 18.000 kr. fyrir fyrstu meðferð og síðan er það komið upp í afsláttarkortið. Þessi stúlka sem ég tók dæmi af borgar minna nú í desember en kortið fellur úr gildi um áramótin og þá þarf hún að byrja aftur að borga fullt þangað til hún nær hámarkinu á afsláttarkortinu.

Er það svona sem hv. þm. vilja forgangsraða, að láta sjúlinga sem geta ekki farið heim til sín og halda þar heimili, borga 21.000 kr. fyrir sjúkrahússdvöl? Við vitum að það er verið að veita þarna hjúkrun. Þetta eru það veikir sjúklingar að þeir geta ekki farið heim til sín og verið þar einir eða sjúklingar sem geta ekki farið heim til sín af því þeir búa fjarri Landspítalanum.

Herra forseti. Ég spyr hv. þm. hvort það að gjaldið sé vægt eða ekki vægt sé ekki alltaf matsatriði, þ.e. hvort 700 kr. á dag er vægt gjald. Ég tel að of hátt gjald sé tekið af sjúklingum á sjúkrahúsum og svo aftur á sjúkrahótelunum.

[15:42]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þekkjum að legutími á sjúkrahúsum er að styttast með hverju árinu og er kominn niður í sex eða sjö daga að meðaltali. Það voru fyrir nokkrum árum í kringum tíu daga. Fólk fer því fyrr heim af sjúkrahúsum, það er alveg rétt. En það fer heim til sín í flestum tilvikum. Ef sjúkrahótelið væri ekki til staðar þá þyrfti fólkið að fara heim til sín. Þannig væri þetta er miklu frekar valkostur, að fólk geti valið að vera heima eða á sjúkrahóteli. Ég tel ekki að það sé nema í örfáum tilvikum að fólk yrði að öðrum kosti á sjúkrahúsum.

Ég tel að þetta væga daggjald sem til stendur að setja á sé til að koma til móts við fæðiskostnað sem fólk þyrfti að öðrum kosti að standa undir heima hjá sér, eða hjá ættingjum úti í bæ eða í leiguíbúð sem það mundi annars þurfa að leigja sér. Ég tel að þarna sé boðið upp á valkost sem er mjög góður. Í þessu er mikill stuðningur og minni kostnaður hjá fólki að öðrum kosti. Jafnframt leiðir þessi ráðstöfun til aukins hagræðis fyrir þetta fólk. Ég sé ekkert á móti því að það sé vægt daggjald, fæðisgjald, sem standi undir fæðiskostnaði í þessari þjónustu.

[15:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að legutími á sjúkrahúsum er að styttast. Það er ágætt. En legutími á sjúkrahúsum er að styttast vegna þess að fram hafa komið úrræði eins og sjúkrahótel, ella væru þessir sjúklingar dýrir sjúklingar inni á sjúkrahúsinu.

Valkostirnir eru ekki það að taka þessi gjöld ella fari fólk heim til sín. Þetta er fólk sem getur ekki farið heim til sín. Valkostirnir eru þeir að meðferðarkerfið borgi daggjöld sem dekki þessa þjónustu fyrir fólkið liggjandi inni á þessum ódýru úrræðum. Það er verið að borga daggjald, það er bara ekki nógu hátt.

Það er rangt sem hv. þm. segir, að það sé verið að greiða þarna fæðiskostnað. Það kom fram og hefur ítrekað komið fram að þetta er í raun ekki fæðiskostnaður þó það sé kallað það. Þetta er greiðsla fyrir viðbótarrýmin sem þörf er fyrir. Það er verið að nota fleiri en þessi 28 rými sem eru á sjúkrahótelinu. Það er verið að nota allt upp í 50 rými og Rauði krossinn borgar mismuninn, eftir þeim upplýsingum sem við fengum. Þessar 700 kr. eru rukkaðar af þessum sjúklingum til að borga upp í það gjald. Það kom fram alveg skýrt. Það vil ég líka gagnrýna því svona gjaldtaka á auðvitað að vera gagnsæ ef hún er á annað borð. En ég er á móti svona gjaldtöku. Ég tel að velferðarkerfið eigi að standa undir og greiða þegar fólk er orðið sjúkt.

Ég nefndi lífeyrisþegana. Ef lífeyrisþegi er búinn að vera inni á sjúkrahúsi í fjóra mánuði á tveimur árum, þó það hafi ekki verið samfellt, þá er hann búinn að missa greiðslurnar sínar, hann fær ekki lífeyrisgreiðslur. Samt á hann að borga 21.000 kr. ef hann í mánuð inni á sjúkrahóteli. Hvaðan á hinn aldraði að taka þá peninga? Ég spyr hv. þm.

Jafnaðarmenn vilja standa vörð um velferðarþjónustuna, m.a. með því að láta fólk ekki greiða fyrir þegar það er svo veikt að það kemst ekki heim til sín og verður að liggja á sjúkrahóteli.

[15:45]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að valkosturinn liggur á milli þess að fá aðstoð á sjúkrahóteli, að vera á sjúkrahóteli gegn vægu gjaldi, eða vera heima hjá sér. Í því liggur þessi valkostur (**Gripið fram í:** Það var ókeypis þangað til um áramótin.) fyrst og fremst. Þetta er þjónusta sem verið er að auka núna. Það er verið að fjölga rýmum. Þau voru örfá til að byrja með. Þeim hefur fjölgað þannig að verið er að veita fólki aukinn stuðning sem það að öðrum kosti hefði ekki fengið og að öðrum kosti væri það heima hjá sér. Ég legg áherslu á það.

Þetta stendur undir fæðiskostnaði fyrst og fremst. Það var alveg rétt hjá hv. þm. að ríkið greiðir daggjöldin upp að 28 plássum. Það sem er umfram greiðir Rauði kross Íslands. Fæðisgjaldið, þessar 700 kr. sem greiddar voru á dag frá 1. janúar og 1. október, stóð því undir fæðiskostnaðinum fyrst og fremst, ekki undir þessum aukarýmum.

[15:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að gera athugasemd eða varpa fram spurningu til hv. þm. varðandi það sem hún sagði í ræðu sinni um sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld og þær vangaveltur sem hún hafði varðandi þá skerðingu sem þar á að fara fram samkvæmt þeim bandormi sem hér er til umfjöllunar.

Hv. þm. gaf yfirlýsingu í ræðu sinni um að hún væri tilbúin til að beita sér fyrir því að það ójafnræði sem frv. felur í sér varðandi óháðu trúfélögin, sjálfstæðu trúfélögin, yrði leiðrétt með einum eða öðrum hætti. Nú spyr ég hv. þm.: Hvernig? Hvað ætlar hv. þm. að gera til þess að beita sér fyrir því að það ójafnræði verði leiðrétt eða lagað í meðförum þingsins á þessu frv.? Og hvaða vonir telur hv. þm. sig hafa til þess að hún geti haft einhver áhrif?

[15:47]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég benti á í ræðu minni að ákveðið ójafnræði væri á milli þjóðkirkjunnar annars vegar og frjálsra trúfélaga hins vegar. Hins vegar þekkjum við líka ákveðnar sögulegar forsendur fyrir því. En það sviður hins vegar jafnsárt að horfa upp á það að trúfélög eins og t.d. Fríkirkjan, sem ég nefndi sérstaklega, sem byggir á sömu kennisetningu og þjóðkirkjan og er þannig tengd að meira að segja biskup vígir þar til embættis, þ.e. að slíkar kirkjur hafa ekki sama aðgang að stuðningi t.d. við framkvæmdir vegna kirkna sinna.

Varðandi hvað hægt er að gera í þessu sambandi þá hef ég kannski engar lausnir sérstakar nú og það verður ekki gert nú. En ég vildi vekja athygli á þessu ójafnræði. Helmingsmunur er á framlagi ríkisins til þjóðkirkjunnar annars vegar og trúfélaga utan þjóðkirkjunnar hins vegar. En það mætti hins vegar hugsa sér að þetta 18,5% gjald sem ríkið leggur ofan á sóknargjald, sem hefur líka ákveðnar sögulegar forsendur, yrði jafnað út til fleiri trúfélaga þannig að önnur trúfélög hefðu sama aðgang að Jöfnunarsjóði sókna sem þetta 18,5% gjald stendur undir.

Ég varpaði fyrirspurn fram til hæstv. dómsmrh. í fyrra til þess að fá upplýsingar um það hvernig Jöfnunarsjóður sókna hefði verið nýttur undanfarin tíu ár, 12 ár reyndar, og þar kom fram að söfnuðir þjóðkirkjunnar hefðu notið verulega mikils stuðnings. Framreiknað voru það um 3 milljarðar kr. á 12 ára tímabili sem fóru til jöfnunarsjóðsins til ýmissa verkefna, en þó mest til þess að styðja við endurbyggingu kirkna. Ég gæti því vel séð það fyrir mér að þetta 18,5% gjald yrði þess vegna lækkað sem því nemur þannig að sama upphæð væri en henni yrði jafnað á fleiri trúfélög.

[15:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki sannfært mig um að hún hafi á sínu valdi nokkur þau tæki sem geti jafnað þennan mismun sem hún þó hefur áhyggjur af. Ég lýsi því bara yfir, herra forseti, að ég er alveg tilbúin til þess að halda áfram að fylgjast með því sem hv. þm. gerir til þess að leiðrétta þetta misræmi. En ég vil fá svar hjá hv. þm. við þeirri spurningu sem stjórnarandstaðan hefur varpað fram í þessari umræðu þar sem ríkisstjórnin er að gera atlögu að þessum gjöldum, sóknargjöldum og kirkjugarðsgjöldum. Við höfum haldið því fram hér í ræðustóli, herra forseti, að hér sé vegið að sjálfu trúfrelsinu, að vegið sé að trúfrelsinu sem á að gilda í landinu samkvæmt stjórnarskrá. Hver eru sjónarmið hv. þm. varðandi það þegar hún er búin að viðurkenna að hér gæti misræmis og ójafnræðis milli þjóðkirkjunnar og sjálfstæðra trúfélaga?

[15:51]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir það að verið sé að vega að trúfrelsinu með þeim ráðstöfunum sem verið er að gera núna. Það er verið að horfa sérstaklega á niðurskurð á fjármagni eða öllu heldur frystingu á fjármagni til kirkjunnar, á upphæðinni til kirkjunnar á næsta ári. Því er ekki hægt að túlka það svo að verið sé að vega að trúfrelsinu.

Hins vegar er alveg ljóst að trúfélög gegna veigamiklu hlutverki í þjóðfélaginu. Söfnuðirnir, kirkjan, hvort sem hún er þjóðkirkja eða önnur kirkja, er mjög mikilvægt stuðnings-

kerfi við samfélagið í dag. Afskaplega mikilvæg starfsemi fer fram í trúfélögunum sem við megum ekki vanmeta.

Ég segi aftur að ég hef ákveðnar áhyggjur af því ójafnvægi sem er þarna á milli. Ég hef kannski ekki neinar aðrar lausnir en ég hef bent á hingað til hvernig hægt er að minnka þetta ójafnræði. En þetta er nokkuð sem þarf að ræða í framtíðinni og finna lausnir á. Kristilegt umburðarlyndi mitt nær nefnilega það langt að ég hef umburðarlyndi gagnvart öðrum trúfélögum og tel að það þurfi að styðja við þau líka.

[15:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Nú er verið að ræða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta er ekki langt frv. eða í mörgum liðum. Ég tel að hér hafi verið farið vel yfir alla liði og gerð grein fyrir áherslum stjórnarandstöðunnar varðandi þetta frv.

Herra forseti. Mig langar að taka einn lið út úr, eina grein, 9. gr., sem er þess eðlis að fella á niður í lögum um heilbrigðisþjónustu 8. tölul. 1. mgr. 24. gr. þeirra laga, þ.e. að úr skilgreiningu, löngum lista skilgreininga hvað sé sjúkrahús, eigi að fella brott sjúkraheimili sem við köllum í dag sjúkrahótel.

Tilgangur þess að fella sjúkrahótel úr skilgreiningunni er sá að hægt verði að innheimta fæðiskostnað fyrir þá sjúklinga sem dvelja á sjúkrahótelinu eða gjald fyrir dvölina.

Herra forseti. Skilgreining í lögunum á sjúkrahúsi er mjög víð og rétt er að benda á að gott væri að leggja vinnu í að fara vel í þá skilgreiningu og yfir þær stofnanir sem falla undir þá skilgreiningu þannig að samræmi sé á milli þeirra stofnana sem falla undir sjúkrahús og þeirra stofnana sem eru skilgreind þarna undir og hafa getað tekið gjald fyrir einhvern hluta þjónustunnar, t.d. fyrir fæði.

Svo það sé alveg ljóst, herra forseti, þá tel ég að sú þjónusta sem veitt er á sjúkrahóteli sé nokkuð sem við eigum að stuðla að og byggja upp. Ég trúi því að á næstu árum munum við standa að — ég vona það a.m.k. — markvissri uppbyggingu sjúkrahótela, bæði á höfuðborgarsvæðinu og eins við fjórðungssjúkrahúsið fyrir norðan, því þörfin er mjög mikil. Þetta er ódýr valkostur. Þessi þjónusta er þekkt á Norðurlöndunum en munurinn er sá að þar er þjónustan er vel skilgreind og fellur undir þjónustu ríkisspítalanna og þeir bera ábyrgð á þjónustunni þar, með mismunandi hætti þó. Ég hef verið að afla mér upplýsinga undanfarinn mánuð hvernig þetta fyrirkomulag er á hinum Norðurlöndunum og það er mismunandi rekstur en á ábyrgð ríkisspítalanna, svo það komi fram.

Ég hvet hæstv. heilbrrh. að fara í að skilgreina sjúkrahótel og marka stefnu um uppbyggingu sjúkrahótela og hafa þau sem hluta af heilbrigðisþjónustunni, en grípa ekki til þess ráðs eins og núna að kippa sjúkrahótelum undan skilgreiningunni um sjúkrahús eingöngu til þess að geta tekið þessar 700 kr. fyrir fæði á sólarhring, til þess að ná inn 10 millj. í rekstur Rauða krossins vegna þess kostnaðar sem Rauði krossinn ber af þessari þjónustu umfram það sem hann fær daggjöld fyrir og 1 millj. til íbúða sem Rauði krossinn og Krabbameinsfélag Íslands eru með við Rauðarárstíg 33.

Miklu heillavænlegra væri að falla frá þessari heimild og líta á rót vandans sem er sá að sjúkrahótelið hefur leyfi fyrir 28 daggjaldaplássum, fær greitt fyrir það, en er að nota að meðaltali allt að 40 plássum yfir vetrartímann og sl. vor hafði sjúkrahótelið 54 pláss. En þess ber að geta frá 1. maí og út september hefur Rauði krossinn ekki aðgang að fleiri herbergjum eða plássum en 28 því þá er Fosshótel að nota annan hluta hótelsins. Vorið er mikill álagstími á sjúkrahúsunum vegna fjölda aðgerða og sjúklingar hafa því verið útskrifaðir fyrr svo þetta komst upp í 54 sjúklinga þegar mest var.

Það segir sig sjálft að Rauði krossinn getur ekki borið þennan kostnað. Hann á eftir að gera upp árið við Fosshótel og standa skil af þessum umframrúmum eða herbergjum sem þeir hafa notað yfir árið. Það verður auðvitað að bregðast við þessum vanda Rauða krossins, en það verður þá að gera með úrræðum sem duga til lengri tíma því þetta er ekkert að breytast. Þörfin á plássum mun aukast frekar en hitt. Nú er það ekki bara Landspítalinn sem notar þessi pláss heldur gera einkareknar stofur það líka því þær mundu ekki getað tekið að sér eða sinnt ýmsum aðgerðum nema að hafa það í bakhöndinni að geta komið sjúklingum beint inn á sjúkrahótel þar sem þeir fá hjúkrun.

Þá ætla ég að koma að því sem skiptir máli, herra forseti, og það er skilgreiningin á sjúkrahúsunum í lögunum um heilbrigðisþjónustu. Skilgreiningin í 23. gr. laganna er svohljóðandi:

„Sjúkrahús eru í lögum þessum hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast."

Þessi skilgreining nær sannarlega yfir starfsemi sjúkrahótelsins í dag. Mér hættir til, herra forseti, að segja sjúkrahússins, því í heimsókn minni á sjúkrahótelið fannst mér ég vera komin inn á deild á sjúkrahúsi. En hafi verið mögulegt fyrir segjum bara tveimur, þremur árum að taka sjúkrahótelið undan skilgreiningu sjúkrahúss vegna þess að þar hafi ekki verið um hjúkrun eða meðferð eins og er í dag að ræða, þá var samt sem áður á þeim tíma ráðinn læknir í 20% starf. Og þó að þá hafi hjúkrunarfræðingar ekki verið ráðnir til starfa, voru starfsstúlkur sem sinntu sjúklingunum og mikið var um útköll af bæjarvaktinni og sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingum á sjúkrahóteli.

En staðan er sú að sjúklingar eru útskrifaðir miklu fyrr en áður. Þeir eru miklu veikari en þeir voru. Og það hefur komið fyrir, þó að í undantekningartilfellum sé, að þeir hafa verið það veikir að þeir hafa farið beint með sjúkrabíl inn á sjúkrahús aftur, það var ekki hægt að taka á móti þeim.

Ef umönnun sjúklinganna er það mikil að þeir hjúkrunarfræðingar sem vinna á sjúkrahótelinu geta ekki sinnt þeim, þá er kallað á sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga sem koma inn í hjúkrunina. Þetta eru mikið veikir sjúklingar, sjúklingar sem margir hverjir eru í krabbameinsmeðferð. Þarna fara fram umbúðaskipti og mjög mörgum sjúklingum er hjálpað við lyfjagjöf. Það er ekki séð um að skipta um vökva, ef sjúklingar þurfa vökva þá er kallað á þá hjúkrunarfræðinga sem eru í þjónustu Landspítalans til að gera það. Þarna eru veikir sjúklingar og þarna er umönnun og hjúkrun.

Því tel ég, herra forseti, að það sé ekki með nokkru móti eðlilegt miðað við þessar aðstæður að taka sjúkrahótel undan skilgreiningunni. Hugsanlega var það hægt í byrjun, en það er ekki lengur hægt.

Hjúkrunarfræðingar sem þarna starfa eru samkvæmt sérstöku samkomulagi ráðnir frá 1. janúar á þessu ári og þeir eru ráðnir við Landspítalann. Þetta eru þrjú og hálft stöðugildi sem Landspítalinn leggur þessari þjónustu til. Þá er ekki gerður neinn greinarmunur á því hvort sjúklingarnir koma frá Landspítalanum eða frá aðilum utan úr bæ.

Læknisþjónustan er með þeim hætti að hver sá læknir sem innritar sjúkling eða skráir á sjúkrahótelið — það er ekki um innlögn að ræða því ekki er talað um þetta sem sjúkrahús — ber ábyrgð á sjúklingi sínum, þannig að komi eitthvað upp á er hringt í viðkomandi lækni. Þarna eru líka starfsstúlkur, en álagið er orðið það mikið að hjúkrunarfræðingarnir eru alla virka dag vikunnar til klukkan 10 á kvöldin og sá hjúkrunarfræðingur sem er á kvöldvakt tekur áfram bakvakt á nóttunni til þess að hafa samfellu í þjónustunni. Þarna er bakvakt hjúkrunarfræðinga allar helgar. Þeir eru á daginn og svo taka þeir bakvaktir allar helgarnar.

Herra forseti. Það er mun ódýrara að hafa vel rekið sjúkrahótel í heilbrigðisþjónustunni. Ég sé það fyrir mér að í framtíðinni geti Landspítalinn haft umsjón með eða verið ábyrgur fyrir rekstri sjúkrahótels, þannig að samfella verði í þjónustunni og þannig er það í dag. Það er samfella í þjónustunni. Landspítalinn gæti ekki starfað eins og hann gerir núna, útskrifað sjúklinga svona hratt, svona fljótt, nema hafa sjúkrahótelið og þess vegna tel ég að það sé rétt að byggja þetta upp. Það er hreint og beint treyst á það að sjúklingarnir geti farið þarna inn.

En ég sé ekki fyrir mér, herra forseti, hvernig þessi samfella í þjónustu verður varðandi ráðningu hjúkrunarfræðinganna sem Landspítalinn leggur til, ef þetta er tekið undan skilgreiningu sjúkrahúss. Ég held að starfsemi sjúkrahótelsins sé þá skilin eftir í óvissu og það sé miklu mikilvægara að viðurkenna þörfina á daggjaldaplássunum og verða við þeirri beiðni sem liggur fyrir um að fjölga þeim um 20. Þá er verið að uppfylla þá þörf sem fyrir er og er nýtt í dag. Og fara síðan í heildstæða vinnu og skilgreiningu á sjúkrahótelum, hvernig þau eiga að vera rekin, hver eigi að bera ábyrgðina á þeim og nýta þennan valmöguleika til hliðar við sjúkrahúsin.

Í Kaupmannahöfn er sjúkrahótel á lóð ríkisspítalans. Og vaktirnar og ábyrgð læknaþjónustunnar er mjög vel skilgreind, hvernig hún er samtengd þjónustu ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og þar sem sjúkrahótelið sendur á lóð ríkisspítalans er hægt að bregðast mjög skjótt við ef sjúklingar veikjast. Þar er ekki tekið gjald af sjúklingum. Aftur á móti er tekið sem svarar fæðisgjaldi af hverjum sjúklingi í Svíþjóð. Hér hefur það gjald sem tekið var af sjúklingum verið kallað fæðisgjald. Það var skilgreint þannig, en auðvitað voru þessar 700 kr. eða 10 milljónir á þessu ári bara fjármunir til þess að fá upp í þennan mikla hallarekstur eða þann kostnað sem Rauði krossinn hefur borið af aukinni starfsemi. Þetta er því með ýmsu móti.

Ef við förum í þá vinnu að koma sjúkrahótelunum fyrir inni í heilbrigðisþjónustunni með sérstökum hætti, þá held ég megi skilgreina það og skoða hvort við viljum fara að dæmi Dana eða Svía, en fara ekki í þetta svona, að taka þetta bara út og skilja síðan starfsemina eftir í lausu lofti.

[16:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér ráðstafanir í ríkisfjármálum og ég ætla að gera að umtalsefni þann þátt sem snýr að heilbrigðismálunum og skilaði ásamt hv. þm. Þuríði Backman inn áliti til efh.- og viðskn. um þann hluta frv.

Þar er til umfjöllunar sú breyting á skilgreiningu á sjúkrahótelum, að þau falli undan sjúkrahússkilgreiningunni.

Ég er mjög andvíg því að álögur séu auknar á sjúklinga. Hér er sem sagt verið að samþykkja að greiddar séu 700 kr. á dag sem er um 21.000 kr. á mánuði hjá þeim sjúklingum sem þurfa að dvelja þar inni. Við vitum að fólk utan af landi og líka þeir öldruðu sem þurfa að dvelja á sjúkrahóteli eftir spítalavist eða aðgerð geta þurft að dvelja þarna mánuðum saman. T.d. eru krabbameinssjúklingar inni á sjúkrahótelinu þrjá til fjóra mánuði og jafnvel lengur. Sama á við um aldraða. Það eru geysilega miklir peningar fyrir aldraðan sem er bara með bætur frá Tryggingastofnun að greiða 21.000 kr. fyrir dvöl á sjúkrahóteli, sem hv. þm. Þuríður Backman lýsti vel að er ekkert annað en sjúkrahús miðað við þá þjónustu sem er verið að veita þar nú eftir að sjúklingar hafa verið fluttir þangað mun verr staddir en í upphafi. Aldraður sem er á bótum frá Tryggingastofnun og býr einn sem er nú í flestum tilvikum, er kannski með um 80.000 kr. frá Tryggingastofnun. Hann þarf að reka heimili sem stendur autt af því hann getur ekki farið heim og verið þar einn. Þar ofan á þarf hann að greiða 21.000 kr. og síðan allar aðrar álögur sem á sjúklinga hafa verið lagðar.

Sjúklingur utan af landi, við skulum segja krabbameinssjúklingur sem er hér til meðferðar og þarf kannski að dvelja hér í nokkra mánuði vegna meðferðarinnar, sumir geta farið heim til sín á milli sem betur fer, greiðir verulegar upphæðir ofan á þær upphæðir sem hafa verið lagðar á af ríkisstjórninni, nú síðast í sumar þegar gjöldin voru hækkuð á göngudeildum, vegna röntgen og annarrar þjónustu við sjúklinga sem þurfa að sækja göngudeildir.

Herra forseti. Það er von að hæstv. forsrh. gangi út, að þurfa að bera ábyrgð á því að leggja slíkar álögur á sjúklinga, því bara í þessum fjárlögum er verið að leggja til viðbótar u.þ.b. hálfan milljarð á sjúklinga ef allt er reiknað til.

Ég vil einnig minna á að með samþykkt fjárlaga í síðustu viku voru samþykktar forsendur fjárlaganna og þar er gert ráð fyrir að gjöld fyrir sérfræðilæknisþjónustu hækki verulega, hækki um nokkur hundruð prósent í sumum tilvikum.

Ég hef látið reikna út fyrir mig mjög algengar aðgerðir sem hækka um nokkur hundruð prósent hver aðgerð og get nefnt bæklunaraðgerð sem er hnéaðgerð og eru mjög algengar, bæði hjá íþróttafólki og hjá almenningi t.d. erfiðisvinnufólki. Þær munu hækka úr 6.000 kr. í dag, þær voru reyndar 5.000 kr. í sumar fyrir 1. júní, þá þótti ríkisstjórninni ástæða til að hækka slíkar aðgerðir um þúsund krónur, en nú er sem sagt þakið á þessum aðgerðum tekið af og þeir sem fara í hnéaðgerðir borga yfir 21.000 kr. fyrir aðgerðina, þó að þeir séu komnir með afsláttarkort.

Ef þeir þyrftu nú að láta gera aðgerð á báðum hnjám, sem er líka algengt, þá þyrftu þeir í dag að borga 6.000, en þegar þessi breyting sem er boðuð í fjárlögunum tekur gildi, þá greiðir sjúklingurinn yfir 28.000 kr. Ef hann síðan þarf að fara aftur borgar sjúklingurinn hærra. Þessar aðgerðir að hækka verulega hjá sjúklingum.

Ef fullorðinn einstaklingur þarf að láta taka úr sér kirtla hækkar það úr 6.000 kr. í rúmar 10.000 kr. Það má þó geta þess að slíkar aðgerðir hækka ekki hjá börnum og minna hjá öldruðum, en hámarksþakið áður en fólk fær afsláttarkort var hækkað í sumar. Hjá almenningi var það 12.000 kr. til 1. júlí, nú er það orðið 18.000 kr., þannig að fólk er að borga hærri upphæðir áður en það fær afslátt, en eftir að 18.000 kr. markinu er náð borgar sjúklingurinn einn þriðja af því gjaldi sem aðgerðin kostar, umfram 18.000 krónurnar.

Hjá ellilífeyrisþegunum var gjaldið 3.000 kr. Það þak hækkaði líka um 50% í sumar og er nú 4.500 hjá lífeyrisþegunum. Barnafólkinu var hlíft að þessu sinni og ég geri ráð fyrir að það hafi verið Framsfl. sem barðist fyrir því að hlífa

barnafólkinu því að hámarkið fyrir börnin í fjölskyldunni var látið halda sér, 6.000 kr. Ég verð að segja að það er vel þótt ég fordæmi harðlega hækkun á gjöldum til sjúklinga fyrir sérfræðiþjónustuna, þ.e. til þeirra sem ekki eru börn eða aldraðir.

Mig langar líka að nefna aðra aðgerð sem hækkar verulega og það er æðahnútaaðgerð, ein hlið, þ.e. öðrum megin. Hún kostar nú 6.000 kr. en með reglugerð frá ráðuneytinu sem ég geri ráð fyrir að taki gildi um áramótin, ef ég þekki vinnubrögðin í heilbrrn. frá gamalli tíð, mun þetta hækka úr 6.000 kr. í dag í yfir 20.000 kr., æðahútaaðgerð á öðrum fæti. Hafi menn tök á því að fara í slíkar aðgerðir nú þegar munu þeir spara sér þarna verulegar upphæðir en ég geri ekki ráð fyrir að menn hafi mikið val um það.

Rannsóknir og röntgen sem hækkuðu í sumar á milli 20 og 66% eins og kom fram í umræðunni fyrr í dag hafa líka gert það að verkum að krabbameinssjúklingarnir utan af landi sem ég nefndi áðan þurfa að dvelja á sjúkrahótelinu og borga háar upphæðir, yfir 18.000 kr. fyrir fyrstu komu, áður en þeir ná afsláttarkortinu. Síðan greiða þeir heldur lægri upphæðir í næstu komu en strax eftir áramótin fellur síðan afsláttarkortið úr gildi miðað við þær reglur sem gilda nú og þá er farið að greiða aftur fullt þangað til 18.000 kr. hámarkinu er náð.

Þetta sýnir í hnotskurn hvar ríkisstjórnin finnur breiðu bökin. Hún er að láta sjúklingana, veikt fólk sem ekki getur unnið, veikt fólk sem ekki getur farið heim til sín að lokinni aðgerð, fólk sem ekki getur farið heim til sín vegna þess að það býr fjarri og þarf að sækja læknisþjónustu hingað, greiða tekjuafgang fjárlaga. Hér er það hálfur milljarður sem á að sækja í vasa þessa fólks.

Þetta er alveg dæmigert fyrir íhaldsstefnu þessarar ríkisstjórnar. Ég þreytist aldrei á að bera saman jafnaðarstefnuna og íhaldsstefnuna því þegar harðnar í ári eru peningarnir sóttir í velferðarkerfið hjá íhaldinu en jafnaðarmenn standa vörð um velferðarþjónustuna. Við höfum sýnt fram á það í tillögum okkar með fjárlögunum og sömuleiðis í sambandi við skattamálin að með tillögum okkar í þeim efnum skilum við jafnmiklum tekjuafgangi án þess að veitast nokkurs staðar að velferðarkerfinu. Þarna kemur munurinn á íhaldsstefnunni og jafnaðarstefnunni fram í hnotskurn.

Hv. þm. Þuríður Backman lýsti því vel hér áðan hvernig ástandið er á sjúkrahótelinu núna. Hún gerði það sem e.t.v. öll heilbr.- og trn. hefði átt að gera, hún hefði átt að kynna sér aðstæður áður en hún fjallaði um eða samþykkti þetta frv. Og lýsingin hjá hv. þm. var ekki fögur. Hv. þm. sem er hjúkrunarfræðingur þekkir hvernig það er þegar fólk er inni á sjúkrahúsi og hún sagði hér í ræðustól að það hefði verið eins og að koma inn á sjúkradeild að koma inn á sjúkrahótelið. Hún nefndi dæmi um að fólk hefði komið svo veikt þarna inn að það þurfti að senda það til baka á sjúkrahús, það var ekki hægt að taka á móti því. Þarna eru þrjú og hálft stöðugildi hjúkrunarfræðings á hótelinu og bakvaktir allan sólarhringinn. Það er ljóst að þarna er verið að veita hjúkrun og þá þjónustu sem venjulega er veitt á sjúkrahúsi. Og ef við hefðum ekki þetta úrræði værum við með mun hærri kostnað inni á spítala.

Ég tek undir það með hv. þm. að slíkt sjúkrahótel þyrfti að vera á lóð spítalans. Fyrrv. landlæknir, Ólafur Ólafsson, þreyttist ekki á að kynna fyrir okkur í heilbr.- og trn. á síðasta kjörtímabili hugmyndir sínar um sjúkrahótel. Þá kynnti hann einmitt þá hugmynd að sjúkrahótel þyrfti að vera inni á lóð sjúkrahússins eða mjög nálægt þannig að hægt væri að veita samfellda þjónustu frá sjúkrahúsinu sjálfu til sjúklingsins.

Það er auðvitað aumkunarvert að þurfa að sækja 10 millj. í vasa þess fólks sem neyðist til að dvelja á sjúkrahóteli. Og alveg er með ólíkindum að menn skuli ekki hafa fundið önnur breiðari bök til að íþyngja með kostnaði upp á 10 millj. en bök aldraðra sem eru e.t.v. búnir að liggja lengi inni og reka heimili annars staðar úti í bæ eða þeirra sjúku sem reka heimili úti á landi. Það kemur mér eiginlega á óvart að hæstv. heilbrrh. sem er þingmaður landsbyggðarinnar skuli hafa tekið í mál að koma með gjöld á þennan hóp, sérstaklega í ljósi þess að hann er landsbyggðarþingmaður og um $^{2}/_{3}$ hlutar þeirra sem neyðist til að leggjast þarna inn vegna þess að þeir hafa ekki önnur úrræði koma af landsbyggðinni.

Ég get tekið undir að huga beri að því að koma á fleiri úrræðum sem þessum, eins og sjúkrahótelinu, en þá án þess að vera að rukka fyrir það. Sú staðreynd að 54 pláss skuli hafa verið nýtt á háannatímanum á sjúkrahóteli Rauða krossins segir auðvitað hve mikil þörfin er. Og það dugar alls ekki til að heilbrrn. eða hið opinbera sé að greiða fyrir aðeins 28 pláss. Það er alveg ljóst að það er sparnaður í þessu og menn verða auðvitað að horfast í augu við staðreyndir.

Af því að ég gerði hér að umtalsefni auknar álögur þessarar ríkisstjórnar á sjúklinga vil ég einnig geta kannana og úttekta sem bæði ASÍ og BSRB hafa verið að gera á auknum lyfjakostnaði almennings. Það sem kemur fram er að kostnaður hefur margfaldast á undanförnum árum. Sömuleiðis er mjög mikill munur á lyfjum eftir því hvort menn versla hjá stóru keðjunum hér á höfuðborgarsvæðinu eða hjá minni apótekunum úti á landi. Í fjárlögunum sem við samþykktum og þetta frv. er hluti af er gert ráð fyrir að spara 310 millj. á lyfjum og þar er sjúklingum ætlað að bera 200 millj. en 110 millj. á að spara með því að ná betri kjörum. Það er auðvitað gjörsamlega óþolandi og óviðunandi að stóru lyfjafyrirtækin skuli geta náð mun betri kjörum á kaupum á lyfjum heldur en ríkissjóður, heldur en heilbrigðisþjónustan. Síðan er kerfið farið að vinda upp á sig þannig að það er í rauninni verið að misnota þær reglur sem gilda og ég leyfi mér að segja að á kostnað ríkisins sé verið að veita sjúklingum afslátt í apótekunum, a.m.k. mætti túlka það á þann hátt í ákveðnum tilvikum.

Það er ekki forsvaranlegt að kalla þetta fæðisgjald, ég held því bara fram hér og fullyrði það. Það er rétt eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni að verið er að innheimta, og var verið að innheimta frá áramótum og til 1. október þessar 700 krónur af sjúklingum í leyfisleysi, í heimildarleysi, til að hafa upp í útistandandi skuldir, það er verið að greiða fyrir fleiri pláss. Ráðuneytið er að greiða fyrir 28 pláss og síðan vantar þarna upp á. Verið er að ná þessum peningum til að borga upp í það.

Því hefur verið haldið fram hér í umræðunni um ríkisfjármálin að þetta þurfi að vera gagnsætt, að öll gjöld þurfi að vera gagnsæ, það þarf að vera algjörlega ljóst fyrir hvað verið er að greiða.

Ég leyfi mér að halda því fram að ýmsir sjúklingar, m.a. krabbameinssjúklingar í mikilli meðferð, hafi ekki mikla matarlyst þannig að þeir borði ekki mikið í innlögninni, og margir mjög lystarlausir sem liggja þarna veikir, gott ef fólk var ekki með næringu í æð eða eitthvað slíkt sem var þarna inniliggjandi. Herra forseti. Ég verð að segja að ég tel ekki vera við hæfi að kalla þetta fæðisgjald fyrir utan það að ég tel gjaldið ekki við hæfi, ég er algjörlega andvíg því. Og ég

óttast að gjald fyrir legu inni á sjúkrahóteli sem veitir þessa miklu heilbrigðisþjónustu sé bara fyrsta skrefið í því að fara að rukka fólk fyrir að leggjast inn á sjúkrahús. Það óttast ég. Og miðað við hvernig þessi ríkisstjórn kemur fram við sjúklinga kæmi mér ekki á óvart að það yrði næsta skrefið hjá þessari ríkisstjórn, að sjúklingar inni á spítölum yrðu næsta matarhola. Það er nóg sem verið að rukka fólk um sem notar göngudeildarþjónustuna hjá spítölunum og síðan er þetta áreiðanlega næsta skrefið ef allt er á sömu bókina lært hjá þessari ríkisstjórn.

Herra forseti. Ég held að afstaða mín til þessa atriðis í frv. hafi komið nokkuð skýrt fram. Ég er algjörlega andvíg því að leggja þessar álögur á sjúklinga og tel að þetta muni hafa í för með sér að fólk muni ekki geta leyft sér að njóta heilbrigðisþjónustu. Fátækt fólk á Íslandi mun ekki geta veitt sér það að fara í aðgerðir eftir að þessar reglur verða orðnar að raunveruleika. Ég spyr hæstv. ráðherra fyrst hann er viðstaddur þessa umræðu: Hvað verður gert við fátækt fólk sem ekki getur greitt þessar 700 krónur á dag? Hvað verður gert við ellilífeyrisþegann eða öryrkjann sem þarf að liggja þarna inni jafnvel í langan tíma án þess að geta farið heim til sín og getur ekki greitt 700 krónurnar, 21.000 kr. á mánuði? Verður gengið að þeim sjúklingum og þeir rukkaðir? Og hvað með þá fátæku sjúklinga sem koma hingað í alvarlega meðferð, hafa kannski verið óvinnufærir í langan tíma og koma í krabbameinsmeðferð?

Ég ætla að nefna dæmið sem ég notaði í umræðunni um fjárlögin, unga stúlku utan af landi sem er að fara í krabbameinsmeðferð og borgar 18.000 kr. Síðan hafa lyfin þær afleiðingar að hún er að missa sjónina og þarf að kaupa sér gleraugu fyrir tugi þúsunda. Gert er ráð fyrir að hún þurfi að kaupa ný gleraugu þegar lengra líður á meðferðina vegna þess hvaða áhrif lyfin hafa. Það er ekki komið neitt til móts við þann kostnað hjá þessari ungu stúlku. Og ef hún þyrfti að leggjast inn á sjúkrahótel ætti að fara að rukka hana um 700 kr. á dag eftir að hún er búin að borga yfir 18.000 kr. fyrir fyrstu meðferð á göngudeild. Hvaðan ætlast hv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra til að fólk hafi slíka fjármuni?

Hér er einfaldlega verið að stíga þau skref að fólki verði mismunað eftir efnahag, meina hinum fátækari aðgang að heilbrigðisþjónustunni. Og ég fordæmi það, herra forseti. Ég tel það ekki boðlegt, er algjörlega andvíg því og mun aldrei samþykkja að mismuna fólki eftir efnahag í aðgangi að velferðarþjónustunni.

Herra forseti. Ég held að ég dvelji ekki lengur við þetta ákvæði. Ég hefði gjarnan viljað gera að umtalsefni ýmis önnur atriði í þessu frv., þessum svokallaða bandormi, en ég held að ég sé ekki að lengja umræðuna. Ég tel að það þurfi að koma á fleiri úrræðum og ég heiti á hæstv. ráðherra sem ég veit að er mikill mannúðarmaður að hann taki þetta gjald af hið fyrsta. Ég veit að hann hefur orðið að lúffa fyrir Sjálfstfl. í þessum efnum því ég veit hvernig stefnan er hjá íhaldinu, að veitast alltaf að þeim sem verst eru settir, sjúklingum og þeim sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, en ég heiti á hæstv. ráðherra að hann afnemi þessi gjöld sem hér er verið að setja á.

[16:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika að varðandi sjúkrahótelin er ekki um nýja gjaldtöku að ræða. Þeir sem eru á sjúkrahóteli eru útskrifaðir af sjúkrahúsum. Það kom reyndar fram í máli hv. ræðumanna að fólk sem er of veikt til að leggjast inn á sjúkrahótel er í einhverjum tilfellum sent til baka. Það er náttúrlega eðlilegt. Það er ekki ætlast til að þarna sé um að ræða sjúkrahúsvist.

Varðandi það að taka þetta gjald eða festa í sessi — eins og ég segi hefur það verið áður eins og hefur komið fram reyndar — þá hefur það enga stefnubreytingu í för með sér varðandi innritunargjöld á sjúkrahús. Það kom upp umræða um innritunargjöld á sjúkrahús í sumar, m.a. hugmyndir frá stjórn Ríkisspítalanna eða stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss um það. Ég hafnaði því að þar væri tekið gjald fyrir innlagnir. Sú afstaða mín er óbreytt.

Hv. þm. reiknaði hér út nokkur jaðardæmi varðandi gjaldskrárbreytingar. Með sömu hugmyndafræði mætti segja að taka eigi 86 millj. kr. í þessum hluta aðgerðarinnar, deila því upp í komufjölda til sérfræðinga og segja að þarna sé 199 kr. á komu. Mér dettur ekki í hug að halda því fram eða nota þá röksemdafærslu. Hins vegar munum við auðvitað, þegar við gefum út reglugerðina, fara yfir þessi jaðardæmi og áhrifin af þessari reglugerðarbreytingu. Ég kem nánar að því í næsta andsvari.

[16:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umræðunni hefur komið fram að gjaldtakan á sjúkrahótelunum var frá áramótum til 1. okt., en var þá ekki heimil. Þannig er verið að hefja þessa gjaldtöku á ný þó að þetta sé ekki ný gjaldtaka. Það fer náttúrlega eftir því hvernig það er túlkað.

Hæstv. ráðherra talar um að þetta eigi ekki að vera sjúkrahúsvist. Ég vitna hér í mál hv. þm. Þuríðar Backman sem fór inn á sjúkrahótelið í gær. Það var eins og að koma inn á sjúkradeild á sjúkrahúsi að koma þar inn.

Hæstv. ráðherra segir að ekki verði komið á innritunargjöldum á sjúkrahús á meðan hann sé ráðherra. Ég fagna því og ég deili þeirri skoðun með honum. Ég tel að það eigi ekki að vera innritunargjöld á sjúkrahús. En ég geri hins vegar ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra verði eilífur í starfi og óttast að þetta sé skref í áttina, þó hæstv. ráðherra muni ekki láta það yfir sig ganga.

Varðandi það að tillaga hafi borist frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi um gjöld á sjúkrahúsum þá skal mig ekkert undra þótt þeir leggi það til meðan þrengt er að fjárhag Landspítala – háskólasjúkrahúss eins og gert er núna í fjárlögum. Þeir leita allra leiða til að halda sjúkrahúsinu gangandi. En ég tek alveg undir með hæstv. ráðherra, ég mundi aldrei samþykkja innritunargjöld á sjúkrahúsum.

Varðandi þá útreikninga í dæmum sem ég var með hér þá voru það engin jaðardæmi. Þetta voru dæmi um algengar aðgerðir miðað við að fólk væri ekki komið með afsláttarkort, en það öðlaðist afsláttarkortin í öllum dæmunum. Þetta eru engin jaðardæmi. Þetta eru algengar aðgerðir sem mjög margir þurfa að fara í: æðahnútaaðgerð, hnéaðgerð, kirtlataka, þetta eru aðgerðirnar. Hvaða jaðardæmi er hæstv. ráðherra að tala um?

[16:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika að við förum yfir þetta mál og hve algengar aðgerðirnar sem hv. þm. nefnir eru. En hugmyndafræðin varðandi þessar breytingar er að þeir sem þurfa sjaldan á læknishjálp að halda greiða meira. Þeir sem þurfa oftar á henni að halda fá afsláttarkort. Öryrkjar, aldraðir og börn greiða minna. Þetta eru þær meginlínur sem lagðar eru varðandi þessa reglugerð. Afsláttarkerfið og

lægri þök fyrir börn, aldraða og öryrkja, eru þau tæki sem við höfum til þess að jafna aðganginn að heilbrigðiskerfinu. Þau sjónarmið verða höfð í heiðri þegar við göngum frá reglugerðinni, sem væntanlega verður um áramótin eins og hv. þm. kom inn á.

Varðandi það að sjúkrahótelin séu sjúkrahús, þar sé aðkoman eins og að koma á deild á sjúkrahúsi, þá er vissulega þarna fólk sem er að jafna sig eftir sjúkrahúsvist í sams konar umhverfi. En ég undirstrika að það á enginn að liggja inni á sjúkrahóteli nema sá sem hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi. Það er ekki ætlast til annars.

[16:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enginn á að liggja á sjúkrahóteli nema hafa verið útskrifaður af sjúkrahúsi. Það er hins vegar þannig að verið er að útskrifa fólk fárveikt af sjúkrahúsum. Þess vegna er verið að senda það til baka inn á sjúkrahúsin vegna þess að sjúkrahótelið getur ekki alltaf tekið á móti þessum sjúklingum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann nýlega farið inn á þetta sjúkrahótel og séð aðstæðurnar, séð við hvað fólk býr þarna og hversu veikt fólkið er inni á þessari stofnun? Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra geri það.

Hæstv. ráðherra talar um að þeir sem þurfi sjaldan læknisþjónustu greiði meira en þeir sem þurfi hana oft greiði minna. Ég er alveg sammála þessari afsláttarkortahugmyndafræði. Ég tel rétt að fólk með börn borgi minna, að hámarkið eigi að vera lágt þar og barnafólk fái fljótt afsláttarkort eins og er. Það sama á auðvitað að gilda um lífeyrisþega. En þetta, að hækka gjöldin fyrir aðgerðir eins og á æðahnútum eða hnéaðgerðum um mörg hundruð prósent þannig að gjaldið fari upp í 28.000 kr., eða yfir 20.000 kr. eins og fyrir æðahnútaaðgerð á öðrum fætinum, gerir það að verkum að fátækt fólk getur ekki leyft sér að fara í slíka aðgerð. Einstæð móðir á lágum launum, láglaunafólk, leyfir sér ekki að fara í þessar aðgerðir. Hvað hefur það í för með sér ef þetta fólk fer ekki í aðgerðirnar? Það hefur í för með sér aukin útgjöld annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Útgjöld aukast fyrir lyf, fólk er kvalið og þetta gæti jafnvel aukið greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna lyfjakaupa.

Svo vil ég minna á það, af því hæstv. ráðherra talar um afsláttarkortin, að þau falla úr gildi um áramót. Þau gilda bara almanaksárið. Þá þarf fólk að fara að borga aftur og þá að fullu. Ég vil minna á að það mætti kannski skoða aðeins þetta með afsláttarkortin og láta þau gilda í ár eftir að fólk hefur fengið slíkt kort en ekki alltaf almanaksárið.

[16:40]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að benda á að þrátt fyrir þessi miklu og gríðarlegu gjöld sem hv. þm. talar um að sjúklingar hér á landi greiði fyrir heilbrigðisþjónustu þá er staðreyndin samt sú að í samanburði tuttugu og fjögurra landa OECD greiða heimilin hér á landi fjórðu lægstu hlutdeild í rekstri heilbrigðisþjónustu, þ.e. Íslendingar eru í fjórða sæti af tuttugu og fjórum löndum OECD hvað þetta varðar. Aðeins í þremur löndum OECD er hlutdeild heimila í heilbrigðiskostnaði lægri en hjá Íslendingum. Í kringum 15% af því heildarfjármagni sem fer til heilbrigðisþjónustu er framlag heimilanna, 85% er greitt af ríkinu.

Hv. þm. sló sér á brjóst áðan og telur að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar um auknar álögur á sjúklinga, eins og hv. þm. orðar það, væru íhaldsstefna og taldi að jafnaðarstefnan brygðist öðruvísi við. Ég vil bara benda hv. þm. á að það voru jafnaðarmenn við völd í heilbrigðisráðuneytinu þegar hlutdeild almennings í heilbrigðiskostnaði reis sem hæst, það var á árinu 1993. Þá fór hún upp í 16,3%. Þá voru það jafnaðarmenn sem héldu um stjórnvölinn í heilbrrn. Ég vildi aðeins koma þessu að. (**SJóh:** Það hefur ekki verið Sjálfstfl.? Nei.)

[16:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú verð ég að minna hv. þm. á — ég veit að hún var ekki kominn á þing þegar þetta var og ég var ekki mikið hér á þinginu þá heldur — en það var ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem þá var við völd og það var Sjálfstfl. sem leiddi og verkstýrði þeirri ríkisstjórn. Það var íhaldsstefnan sem ríkti. Það var ekki jafnaðarstefna. Það var heldur ekki jafnaðarstefna sem ríkti í heilbrrn. á þeim tíma (**ÁMöl:** Nú?) og ég var mjög ósátt við þá stefnu. (Gripið fram í.) Það var verkstjóri sem heitir Davíð Oddsson sem stýrði þeirri ríkisstjórn alveg eins og þeirri ríkisstjórn sem nú er, sem veitist aftur að velferðarkerfinu þegar þrengir í ári. Þá verða ráðherrarnir sem eru með þeim í ríkisstjórn að gjöra svo vel að bera hitann og þungann af niðurskurðinum, alveg eins og hæstv. heilbrrh. nú, það þarf enginn að segja mér að það sé stefna Framsfl. að veitast að velferðarkerfinu. Ég þykist halda að svo sé ekki.

Ég verð að segja vegna ummæla hv. þm. hér, um að af 24 löndum þá séu heimilin á Íslandi í fjórða sæti varðandi útgjöld til heilbrigðiskerfisins, að það hjálpar ákaflega lítið sjúklingunum sem ekki hafa efni á að fara í aðgerðirnar núna eftir áramótin, þ.e. í hvaða sæti við erum og heimilin.

Sjúklingar á Íslandi greiða mjög há gjöld og þau hafa hækkað. Eins og ég fór yfir í ræðu minni hefur lyfjakostnaður ákveðinna sjúklinga aukist um allt að því 900% samkvæmt rannsókn BSRB. Gjöld sjúklinga vegna ákveðinna lyfja hafa aukist um 900%.

Göngudeildargjöldin hafa hækkað. Sérfræðilæknishjálpin hefur orðið þeim dýrari. Þökin á hámarksgreiðslunum hafa hækkað o.s.frv. Ég get farið yfir þetta allt saman aftur vegna þess að ég veit að hv. þm. hefur gaman af því að hlusta á mig endurtaka þetta aftur og aftur. Nú á að taka hálfan milljarð inn í tekjuafganginn af sjúklingum.

[16:43]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú sérstakur dómur sem hv. þm. felldi um eigin félaga. Það sem hún sagði bar a.m.k. merki um máttleysi jafnaðarmanna. Þeir bera sem sagt enga ábyrgð og hafa engin áhrif í ríkisstjórn með Sjálfstfl. þegar þeir halda utan um ákveðin embætti. Þetta finnst mér vera ákveðin lexía til kjósenda, að jafnaðarmenn hafa sem sagt engin áhrif.

Ég vil koma að öðru í þessu sambandi. Það er verið að deila um hvort sjúkrahótel séu sjúkrahús eða hótel. Miðað við lýsingu frá landlæknisembættinu á því hvers konar sjúkrahótel þetta eru mundi ég telja að þetta væri frekar hótel heldur en sjúkrahús. Áherslan er á „hótel" en ekki „sjúkra". Í umsögn landlæknisembættisins segir:

„Á sjúkrahótelinu eru einbýli og tvíbýli. Sími á hverju herbergi. Þar geta allir aldurshópar dvalið, einnig aðstandendur. Allir sjúklingar eru í tengslum við meðferðarstofnun í bænum. Ef eitthvað breytist varðandi heilsu, líðan eða meðferð fer sjúklingur á viðkomandi meðferðarstofnun.

Reiknað er með að sjúklingar sem dvelja á hótelinu séu að mestu sjálfbjarga. Aðstaða fyrir hjólastóla og önnur hjálpartæki er fyrir hendi. Dvalargestir borða í sameiginlegum matsal og þurfa að koma sér sjálfir þangað."

Það kemur einnig fram í umsögn landlæknis að áhersla er lögð á að þetta er ekki sjúkradeild heldur sjúkrahótel. Ég vildi koma með álit landlæknis inn í þessa umræðu og benda á hvers konar þjónustu þarna er um að ræða. Ég er ekki að gera lítið úr því að auðvitað er sú þjónusta sem þarna er veitt ákveðinn stuðningur við fólkið á sjúkrahótelinu en að öðrum kosti væri þetta fólk heima og fengi stuðning þar. Það mundi jafnframt greiða fæðiskostnað ef það væri heima.

En þetta er ákveðinn valkostur, góður valkostur. Fólk hefur ekki kvartað undan því að þurfa að greiða fyrir þjónustuna, það kom líka fram hjá landlækni. Það hefur ekki kvartað undan því og fagnar því að hafa þennan valkost, að fara á sjúkrahótel í stað þess að fara heim sem hefði verið erfiðara fyrir það, eins og ég lýsti hér áðan.

[16:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fólk hefur ekki átt neinn annan kost en að greiða því að það hefur verið rukkað.

En ég verð að segja, herra forseti, að framganga ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, þegar harðnar á dalnum með hverjum sem Sjálfstfl. er í ríkisstjórn, er auðvitað lexía til kjósenda um að kjósa ekki Sjálfstfl. ef þeir vilja standa vörð um velferðarkerfið. Það er lexían — að kjósa ekki Sjálfstfl. þegar þeir vilja standa vörð um velferðarkerfið. Og þar gildir hið fornkveðna: „Allt er betra en íhaldið."

[16:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér hafa mörg þung orð verið látin falla hjá hv. stjórnarandstöðuþingmönnum sem hafa tekið til máls í þessari umræðu. Eitt af því sem vakin hefur verið athygli á eru náttúrlega aðstæðurnar sem við erum að vinna þessi mál við. Það er ekki vitund auðvelt að halda orku í þessari umræðu sem öll er fyrir fram ákveðin. Við vitum það öll eins vel og að við stöndum hér að fjárlög voru afgreidd frá Alþingi á laugardaginn var og það vita allir sem hér eru inni, auk þjóðarinnar sem hlustar á hv. alþingismenn, að þau mál sem hér eru til umfjöllunar eru auðvitað löngu ákveðin. Þau voru ákveðin í fjárlögunum.

Svo ég spyr, herra forseti: Til hvers stöndum við hér og hellum úr skálum reiði okkar yfir hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, vitandi að til einskis af því sem við leggjum hér til málanna verður hægt að taka tillit? Það verður ekkert gert með það.

Samt bíta hv. þm. í skjaldarrendurnar og eitt af þeim málum sem ekki hefur verið fjallað um í neinum smáatriðum í umræðunni núna er niðurskurðurinn á Endurbótasjóði menningarstofnana. Í 1. gr. þessa frv., herra forseti, er kveðið á um að enn skuli ráðast á þann sjóð sem hefur fastan tekjustofn samkvæmt lögum og í greinargerð með þessu frv., þessum bandormi sem hér er til umræðu, segir að á árinu 2002 sé gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti, sem er tekjustofn sjóðsins, verði 713,4 millj. kr., en samkvæmt frv. er lagt til að af þessum tekjum renni 378 millj. kr. í ríkissjóð. Af tæpum 715 millj. kr. eru þannig eftir 335 millj. kr. sem hæstv. ríkisstjórn heimilar að renni í Endurbótasjóð menningarstofnana. Annað fer í almennan rekstur á ríkissjóði.

Og hvar kemur þessi niðurskurður niður? Ef við skoðum það, herra forseti, er það ljóst í brtt. meiri hluta fjárln. sem lagðar voru fram á þskj. 476 við 2. umr. fjárlaga. Það á að skera 15 millj. frá því sem áætlað hafði verið í fjárlagafrv. af endurbyggingu Þjóðminjasafnsins. Það á að skera 20 millj. frá því sem áætlað hafði verið í fjárlagafrv. af Þjóðleikhúsinu, þ.e. af því fé sem Þjóðleikhúsið hefur haft til endurbóta og leikhúsið gerði ráð fyrir á næsta ári. Og það á að skera 5 millj. af framkvæmdastyrkjum til byggðasafna og það á að skera niður 15 millj. kr. til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands.

Samkvæmt fjárlögum voru Þjóðminjasafninu áætlaðar 65 millj. til húsasafnsins sem er sama upphæð og safnið hafði til umráða á yfirstandandi ári. Þar var naumt skorinn stakkur og mörgum verkefnum hefur orðið að hafna en Þjóðminjasafnið hefur samt sem áður búið við þennan þrönga kost. Nú á að þrengja hann enn frekar eða um 15 millj. sem þýðir að safnið hefur einungis til umráða á næsta ári 50 millj. kr. Og gera menn sér grein fyrir, herra forseti, af hverju þetta fé verður tekið, hvaða menningarstofnanir við erum að fjalla um hérna? Við erum að tala um dýrmætustu menningarbyggingar þjóðarinnar. Við erum að tala um torfbæi þessa lands og má þar nefna torfbæinn í Glaumbæ eða á Grenjaðarstað eða í Laufási. Og sannleikurinn er sá að allir þessir torfbæir eru inni á verkáætlun Þjóðminjasafns fyrir næsta ár, hver um sig með 8 millj. kr. í endurbótafé. Sú staðreynd að 15 millj. skuli nú skornar af fénu sem húsasafnið hefur þýðir að einn af þessum þremur bæjum fær ekkert fé á næsta ári til að gera við torfhleðslur eða steinhleðslur. Þar af leiðir að þeir torfhleðslu- og steinhleðslumenn sem búa í námunda við þá bæi og hafa haft með höndum viðhald á þeim hafa ekkert að gera. Þessir menn eru verkefnalausir á næsta ári.

Og hvar er nú tal hæstv. ríkisstjórnar um menningartengda ferðaþjónustu? Hvar eru loforðin á þeim vettvangi? Og hvar eru efndirnar á loforðunum sem sveitarfélögunum hafa verið gefin varðandi það að nú skuli sem aldrei fyrr efla menningartengda ferðaþjónustu? Gera menn sér grein fyrir samhengi hlutanna hérna? Gera menn sér grein fyrir því að menningartengd ferðaþjónusta fer fram í þeim húsum sem hér er verið að skera niður fjármagn til viðhalds á? Herra forseti. Oft óttast maður að glámskyggni ráðamanna sé svo mikil að í raun og veru viti hægri höndin ekki hvað sú vinstri gjörir og öfugt.

Ég ætla að vitna hér í örfáum orðum, herra forseti, til fréttatilkynningar sem send var út frá menntmrn. í dag en sú fréttatilkynning lýtur að menningarverðmætum og verndun þeirra á heimsvísu. Sveinn Einarsson veitir sérstakar upplýsingar um þetta mál sem tengist UNESCO en eins og vitað er hefur hann nýverið tekið sæti í framkvæmdastjórn UNESCO. Fréttatilkynning þessi frá UNESCO segir frá því að árið 2002, sem er næsta ár, verði helgað varðveislu menningarminja. Þetta er árið sem ríkisstjórnin sker niður framlag til endurbyggingar Þjóðminjasafnsins, árið sem ríkisstjórnin sker niður framlag til endurbóta á okkar dýrmætustu húsum sem húsasafn Þjóðminjasafnsins hefur að geyma, árið sem Þjóðminjasafnið verður að þola það að ný stofnun, Fornleifavernd ríkisins, er stofnuð með því að skera hana innan úr Þjóðminjasafninu — ég ætla að vitna beint í þessa fréttatilkynningu en í henni segir, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er hafa Sameinuðu þjóðirnar falið UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, að sinna menningar-, mennta-, vísinda- og fjölmiðlamálum og er verndun og viðgangur menningararfleifðar heimsins eitt af

flaggskipum UNESCO og hugsanlega það starf sem stöðugt hlýtur hvað mesta eftirtekt, eins og til dæmis heimsminjalistinn. Að undanförnu hefur verið lögð æ ríkari áhersla á þann þátt menningararfleifðar sem erfiðara hefur reynst að festa hendur á, erfðir sem felast í munnlegri frásagnarhefð, þjóðsiðum, dansi o.s.frv. og er í undirbúningi sáttmáli til verndar menningarerfð af því tagi.“

Með þeirri tilkynningu sem hér er vitnað í er ljóst að áherslur Sameinuðu þjóðanna og UNESCO í þessum málum eru alveg skýrar. Og þær stangast í öllum aðalatriðum á við og eru hreinlega í hróplegu ósamræmi við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Það er ekki seinna vænna fyrir ráðamenn þessarar ríkisstjórnar og þá hæstv. menntmrh. að skýra fyrir þjóðinni hvar þessi niðurskurður eigi að koma niður. Hvort á að skera niður viðhald á Grenjaðarstað eða Laufási? Eða á kannski að taka Glaumbæ? Það eru engin rök sem fylgja, herra forseti.

Varðandi Þjóðleikhúsið er alveg ljóst að menn eru í lífshættu með því að ganga fram hjá því enda er ytra byrði þess, sem er orðið hálfrar aldar gamalt, að hrynja. Stór múrbrot hafa fallið úr klæðningu Þjóðleikhússins, sérstaklega eftir miklar snjókomur eins og nú hafa gengið yfir, þannig að þessa dagana er lífshættulegt að ganga undir veggjum musteris íslenskrar tungu. Það liggur fyrir að byggingarnefnd hefur forgangsraðað verkefnum varðandi endurbyggingu Þjóðleikhússins og við vitum svo sem í hvaða hremmingum Þjóðleikhúsið hefur lent varðandi endurbyggingarmál og endurbótamál sín. En það breytir ekki því að fást verður fjármagn til viðhalds ytra byrðis leikhússins. Með því að skera niður Endurbótasjóð menningarstofnana minnkar framlagið til Þjóðleikhússins, sem þó var gert ráð fyrir að það hefði á næsta ári, úr 30 millj. í 10 millj., og það gerir enginn við ytra byrði Þjóðleikhússins fyrir 10 millj.

Herra forseti. Hér hafa mörg orð fallið um ábyrgð ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Það hefur verið málflutningur stjórnarandstöðuþingmanna að ríkisstjórnin hafi ekki komið fram með viðhlítandi rök til að menn geti sætt sig við þennan niðurskurð eða sætt sig við að hér skuli borið niður en ekki annars staðar. Ekki eru þeir til dæmis látnir bera byrðarnar sem hafa haft efni á að borga einhvern hátekjuskatt sem hefur þó ekki verið meiri en svo að menn virðast ekki hafa blásið úr nös við að greiða hann. Nei, það er menningararfurinn okkar, sjúklingarnir okkar, lífeyrisþegar, eldra fólk og námsmenn sem bera skulu byrðarnar. Að sjálfsögðu er þessi forgangsröðun ríkisstjórnarinnar henni ekki til sóma.

Þau orð sem hér hafa fallið um hækkun á skólagjöldum og skráningargjöldum í háskólana og efnisgjöldum í framhaldsskólana eru öll afar þung, og þungur áfellisdómur yfir ríkisstjórninni. Ekki heldur varðandi þau höfum við fengið nein rök. Og ekki hafa ráðamenn svarað því hvers vegna þeir leyfa sér að rökstyðja hækkun skráningargjaldanna í háskólann núna til samræmis við verðlagshækkanir þegar það liggur fyrir að það er rökleysa. Verðlagshækkanir á skráningargjöldum Háskóla Íslands voru leiðréttar árið 1999. Og ætli menn að leiðrétta eitthvað nú með því að rökstyðja það með verðlagshækkunum almennt á að reikna þær verðlagshækkanir frá árinu 1999 en ekki frá árinu 1991 eins og gert er í þessu frv.

Stúdentar hafa að sjálfsögðu mótmælt þessu hástöfum og það hefur minni hluti menntmn. líka gert. Við höfum ekki fengið þá rökræðu við ráðamenn sem við höfum þurft varðandi þetta. Við höfum heldur ekki fengið þá rökræðu við ráðamenn sem halda því fram að borga þurfi aukinn pappírskostnað vegna innritunar og skráningar. Hverju svara ráðmenn þá Nemendasambandi Kennaraháskóla Íslands þar sem 52% nema eru í fjarnámi og það fer aldrei snefill af pappír á milli þessara nema og skólans þar sem öll samskipti nemanna og skólans fara fram í gegnum tölvur og allt sem prentað er út er á kostnað nemanna sjálfra sem nota sinn eigin pappír í sínum eigin prentara heima hjá sér?

Við fáum ekki rökræðuna við ráðamenn um þessi mál. En það er alveg ljóst að hér er verið að seilast í þá vasa sem síst skyldi. Dýpstu vasarnir eru ekki hjá námsmönnunum, sjúklingunum eða eldri borgurunum. Þeir eru annars staðar, herra forseti, og ríkisstjórnin er að seilast í ranga vasa og leggjast á röng bök í þeim ákvörðunum sem hér er verið að taka. Og það er ekki ásættanlegt, herra forseti, að við skulum ekki fá ráðamenn til þess að taka meiri þátt í þessum umræðum og standa hér betur fyrir máli sínu en raun ber vitni, og að við skulum þurfa að standa hér vitandi það að þessu verður öllu skóflað niður í kokið á okkur á morgun er ekki fyllilega boðlegt. Mér finnst, herra forseti, að Alþingi Íslendinga eigi að starfa af meiri reisn en hér er gert.

[17:00]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það háttar nú svo sérkennilega til að við hv. þm., sem stöndum hér og rífum okkur hver sem betur getur út af þessum ráðstöfunum í ríkisfjármálum, erum í rauninni að tala um hluti sem þegar er búið að taka ákvörðun um. Ég vil nota þetta tækifæri sem ég fæ hér í þessari ræðu til að mótmæla þeim vinnubrögðum. Mér finnst pínulítið eins og ég sé að bóna gólfið og þvo það á eftir, ef ég tek dæmi úr störfum mínum sem húsmóðir. Þetta er ekki rétt, þetta stenst ekki. Þar fyrir eru náttúrlega tilefnin fyrir hendi til að taka mikið upp í sig út af því sem hér er verið að gera. En það breytir því ekki að ákvarðanirnar hafa því miður verið teknar.

Hluti af því sem kemur við sögu í ráðstöfunum í ríkisfjármálum snerti hv. menntmn. og nefndin var beðin um að gefa álit til efh.- og viðskn. vegna þess bandorms sem við erum hér að afgreiða. Það fór náttúrlega svo, og var svo sem ekki óvænt, að nefndin klofnaði í afstöðu sinni til álitsins og að minnihlutaáliti sem lagt var fram stóðu hv. þm. Einar Már Sigurðarson, Sigríður Jóhannesdóttir, sem hér stendur, og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sem talaði á undan mér.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom mjög vel inn á þann þátt sem snertir Endurbótasjóð menningarstofnana og þá skerðingu sem þar er verið að gera og ég mun svo sem ekki hafa mörg orð um það. En ég vil þó aðeins segja að samkvæmt lögum átti sá sjóður að innihalda 713 millj. sem áttu að fara til viðhalds og endurbóta á menningarbyggingum sem margar eru í mjög slæmu ásigkomulagi og hefði svo sannarlega ekki veitt af.

Samkvæmt fjárlagafrv. sem lagt var fram á haustdögum var ekki gert ráð fyrir nema 385 millj. kr. sem færu í slíkt viðhald og var náttúrlega strax þar gefinn tónninn að því að bandormur kæmi með skerðingarákvæðum á Endurbótasjóðinn, enda hefur það verið árlegur viðburður frá því að ég kom á þing. En þetta hlutfall átti eftir að versna, því að þarna var þó gert ráð fyrir 385 millj. kr. en þegar ríkisstjórnin hafði hugsað sig aðeins um og leggur fram nýjar brtt. til 3. umr., þá er búið að skera þetta niður í 335 millj., búið að skera

upphæðina niður um 50 millj., og þar var nú ekki ráðist á garðinn þar sem hann er hæstur.

Það hefur dregist úr hömlu að koma Þjóðminjasafninu í notkun aftur og voru ekki áætlaðar í það nema 240 millj., en það var síðan í þessum endurskoðuðu tillögum dregið niður í 225 millj.

Í sambandi við verndun gamalla húsa, sem hafði verið áætlað að yrði óbreytt, er vísitalan og það allt ekki látið koma á af fullum þunga þegar þarf að vinna að byggingarframkvæmdum við eldri hús. Það verður ódýrara með hverju árinu sem líður, því að þarna gátu þeir fundið matarholu til að draga þetta niður um 15 millj. kr., þetta sem var þó aldrei nema 65 milljónir og sama upphæð og á sl. ári. (**Gripið fram í:** Þeir sleppa þakinu.) Já, það er nú náttúrlega alveg sértækt lag sem hefur verið haft hér af hálfu hins opinbera á byggingarframkvæmdum á síðasta ári. Gólfum var sleppt og raflögnum var sleppt og því um líku, sem frægt er orðið, og það er kannski tekið mið af því við þessar ákvarðanir.

En þó vil ég sérstaklega tiltaka að áætlaðar voru 30 millj. kr. í endurbætur á Þjóðleikhúsinu sem er nú bókstaflega að hrynja, bæði yfir gesti og starfsfólk. En þar komust þeir þó í feitt því að þar gátu þeir náð í 20 millj. og dregið niður í 10 millj. sem áttu að fara á næsta ári í endurbætur á Þjóðleikhúsinu. Og ég veit bara ekki hvað er hægt að gera, það er kannski hægt að laga svona eins og einar tröppur, ég segi það ekki, sem þarfnast mikilla viðgerða, en það verður ekki gerður stór hlutur í Þjóðleikhúsinu fyrir 10 millj. kr. Ég veit eiginlega ekki hvað er verið að meina með svona löguðu, ég segi það satt. Það hlýtur að hafa mátt finna einhverjar leiðir til að fá auknar tekjur í ríkissjóð, aðrar en þessar.

Í 2. gr. þessa makalausa bandorms eru lagðar til breytingar á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, sem varða hækkun á innritunar- og efnisgjöldum. Í meðferð nefndarinnar kom m.a. fram að þau gjöld sem hér er gerð tillaga um að hækki eru aðeins hluti þeirra gjalda sem nemendur í framhaldsskólunum þurfa að greiða. Mig langar að tiltaka nokkur gjöld sem forsjármenn framhaldsskólanna hafa af hugviti sínu fundið upp til að reyna að reka stofnanirnar þrátt fyrir framlög ríkisins. Þar eru börnin látin greiða innritunargjöld eins og við erum hér að afgreiða, svo eru þau látin greiða endurinnritunargjöld eins og við þekkjum. Síðan eru þau látin borga sérstaklega fyrir prentun og ljósritun, þau eru látin borga prófagjöld ýmiss konar, þau eru látin borga efnisgjöld, sem er nú verið að hækka um 100%, síðan eru þau látin borga námskeiðsgjöld og skápaleigu. Þau eru látin borga heimavistargjald þar sem það er hægt að heimfæra, og þau eru auðvitað látin borga fyrir mötuneyti og þvottagjald. Þetta eru bara dæmi.

Ungur nemandi í framhaldsskóla, mér nákominn, bað í gærmorgun um 1.000 kr. Mér lék nú hugur á að vita til hvers ætti að nota þessar 1.000 kr. og það átti þá að kaupa stærðfræðiprófið frá því í fyrra. Það kostar 1.000 kr. Og ég verð að segja að mig rak í rogastans. Allan þann tíma sem ég var við kennslu þá ljósritaði maður og útvegaði nemendum sínum próf frá liðnum árum sem þau gætu æft sig á eða áttað sig á hvernig þyngd prófsins yrði kannski o.s.frv., og ég man aldrei nokkurn tíma til að tekin væri króna fyrir það. En það kostar sem sagt 1.000 kr., eitt slíkt próf. Ef maður ætlar t.d. að fá prófin frá þremur undanförnum árum, þá kosta þau 3.000 kr. Þetta finnst mér nú vera svolítið langt seilst. (**LB:** Getur ekki verið að próf í dag séu skilgreind sem hugverk?) Já, þetta er náttúrlega hugverk að vísu, það er alveg rétt, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, þetta er hugverk.

Vegna þröngrar fjárhagsstöðu framhaldsskólanna hafa skólarnir leitað margra leiða til að auka tekjur sínar og hafa nemendur skólanna fengið að kynnast ýmsum tegundum gjalda af þeim sökum. Lítið samræmi virðist vera milli skólanna í þessum gjaldtökum og er erfitt að fá heildaryfirlit yfir gjaldtökuna. Sú spurning hlýtur að vakna hvort gætt sé jafnræðis milli nemenda í framhaldsskólum hvað þessar gjaldtökur varðar. Sú gjaldtaka sem hér er gerð tillaga um kemur því til viðbótar ýmsum öðrum gjöldum og þeim almennu hækkunum sem m.a. hafa átt sér stað að undanförnu á námsbókum. Þá ert ljóst að 100% hækkun efnisgjalda fer ekki saman við fögur orð um eflingu verknáms heldur mun miklu frekar gera nemendum erfiðar að stunda það nám sem hugur þeirra stendur til. Með tillögunum er því gengið gegn markmiðinu um jafnrétti til náms.

Mig langar af þessu tilefni að vitna í umsögn sem Iðnnemasamband Íslands sendi til hv. efh.- og viðskn. en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gríðarlegur kostnaður er fylgjandi því að ungt fólk flytjist landshluta á milli og ber þar að nefna leigu á frjálsum markaði sem má segja að sé að lágmarki 25.000 kr. fyrir eitt herbergi með aðgangi að klósetti og eldhúsi. Síðan má bæta ofan á það ferðakostnaði, matarkostnaði, fatakostnaði og skólakostnaði."

Þarna er verið að ræða um hverjar séu ástæðurnar fyrir því að mjög hefur dregið úr aðsókn ungs fólks utan af landi í iðnnám.

„Skólakostnaður hefur verið mikill og oft hafa nemar hrökklast úr námi vegna þess að launin eru undir lágmarkslaunum í landinu" — þ.e. iðnnemalaunin eru 42.000 til 89.000 kr. á mánuði — „og með þessum bágu kjörum þurfa nemar að kaupa" — og það er alveg fyrir utan efnisgjöld — „verkfæri, vinnuföt og annað slíkt sem getur hlaupið á tugum þúsunda. T.d. má nefna hárgreiðslu, byrjunarpakkinn þar er um 65.000 kr. og í matreiðslu er hann um 40.000–50.000 kr."

Og þetta kemur ekki inn í efnisgjöld skólans.

„Það er í öllum iðngreinum að nemendur þurfa að kaupa verkfæri eða önnur námstengd efni. Bókakostnaður við hverja önn er í kringum 30.000–50.000 kr.

Að mati INSÍ er engin réttlætanleg skýring á þeim gríðarlegu hækkunum sem nemar horfast í augu við og ljóst að hér er verið að stuðla að því að færri nemar skili sér í framhaldsskólana en nú þegar gera."

Síðan er haldið áfram hérna nokkru seinna, ef ég grip niður í þetta álit sambandsins:

„Framhaldsskólar í dag rukka fullt efnisgjald hvort sem nemendur eru að fullu að nýta það eður ei. Það er því ljóst að skólarnir munu gera það áfram og þar af leiðandi leggst gjaldið á þá mörgu sem ekki eru að nýta það. Enda er 100% hækkun á efnisgjöldum á engan hátt réttlætanleg."

Ég vil taka undir það og við í minni hluta menntmn., 100% hækkun á efnisgjöldum við þessi skilyrði er engan veginn réttlætanleg að okkar áliti. Við teljum að með þessari hækkun sé gengið gegn markmiðinu um jafnrétti til náms.

Í 3.–5. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, og um Háskóla Íslands, nr. 41/1999. Allar breytingarnar varða hækkun á innritunargjöldum úr 25.000 kr. í 32.500 kr. samkvæmt síðustu gerð fjárlagafrv. sem búið er að

samþykkja en í frumgerð fjárlagafrv., sem lagt var fram við 1. umr., var gert ráð fyrir að gjaldið væri 35 þús. kr. og var það um 40% hækkun frá því sem áður hafði verið. Var þessi hækkun rökstudd með tilliti til verðlagshækkana frá 1991 sem ekki stenst nein rök. Árið 1995 komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að upphæð gjaldsins, eins og það var ákvarðað með lögum, hafi ekki verið byggð á lögmætum sjónarmiðum þar sem upphæðin var byggð á sjónarmiðum um öflun tekna til greiðslu almenns rekstrarkostnaðar skólanna en ekki á útreikningum á þeim kostnaði sem gjaldið átti að standa undir. Til að mæta áliti umboðsmanns var lögum breytt 1996 og gjaldið þá hækkað í 24 þús. kr. Sú upphæð var þó ekki grundvölluð á nákvæmri úttekt á kostnaði heldur með því að framreikna upphæðina frá 1992–1993. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 er sagt að gjaldið eigi að standa undir 5,5% af kennsluútgjöldum samkvæmt kennslulíkani. Þá er nú komið ansi langt frá markmiði laganna. Mjög margir hafa orðið til að mótmæla þessari túlkun, einkum þar sem ný lög um háskóla á Íslandi voru sett á árunum 1997–1999 og þar er að finna heimild fyrir innritunargjöldum sem aðeins eiga að standa undir kostnaði við innritun og á ljósrituðu efni. Engin rök eru fyrir því að raunhækkun á þeim kostnaði hafi numið 40% á þessu tímabili og má raunar færa rök fyrir því að slíkur kostnaður hafi jafnvel lækkað með aukinni notkun fjarskiptatækni þar sem nemendum er vísað á slíkt efni á heimasíðum sem þeir síðan prenta eða ljósrita á eigin kostnað.

Hæstv. forseti. Þetta á ekki aðeins við um þá sem stunda fjarám heldur t.d. alla nemendur sem eru í námi í Kennaraháskóla Íslands. Þeir eru hættir að fá ljósrituð blöð frá kennurum sínum. Þeim er vísað á heimasíður til að sækja þangað glósur og annað sem þeir þurfa á að halda og eiga að fá frá kennurunum. Hvað það snertir ætti nú að vera búið að lækka þetta gjald því þessar kostnaðaráætlanir standast ekki.

Háskóli Íslands fór í miklar leikfimiæfingar í haust til að reyna að skjóta stoðum undir þessi gjöld. Mér hefur áskotnast eitt eintak af því sem út úr þeirri vinnu kom. Þar segir að nemendaskrá á skrifstofu kosti 3.500 kr. á nemanda, nemendaskrárkerfi, tölva og kerfisfræðingur, 2.000 kr. á nemanda. 20% af kostnaði deildarskrifstofa vegna nemendaskráningar eru 4.000 kr. á nemanda. Stúdentaskírteini kosta 500 kr. á nemanda, póstsendingar vegna námsferilsyfirlits 280 kr. á nemanda, auglýsingar vegna skráningar — stúdentarnir eiga að standa undir auglýsingakostnaði stofnunarinnar — 500 kr. á nemanda, kennsluskrá 1.000 kr. á nemanda, upplýsingabæklingur 500 kr. á nemanda og námsráðgjöf og námskynning 3.500 kr. á nemanda.

Þarna eru þeir komnir upp í kostnað við nemendaskráningu alls 15.780 kr. Svo fer að æsast leikurinn því að þeir fara að tala um prófgæslu 1.500 kr. á nemanda, prófdómara 450 kr. á nemanda, prófgögn 400 kr. á nemanda. Og þá geta þeir bætt þarna við vegna prófa 2.350 kr. á nemanda.

Svo koma tölvurnar. Aðgangur nemanda að tölubúnaði og tölvunetum HÍ kostar 5.000 kr. á nemanda, aðgangur að interneti 2.200 kr. á nemanda, aðgangur stúdenta að tölvuprenturum 1.000 kr. á nemanda. Þarna fá þeir út 8.200 kr.

Með því að tína allt til, ljósrituð námsgögn, alþjóðaskrifstofu og vegna þjónustu stúdentaráðs við stúdenta fá þeir kostnaðinn upp í 33.750 kr. En ég verð að segja um þetta dæmi sem sent var til hv. fjárln. til að renna stoðum undir þennan reikning sem ríkið var að senda, að mér finnst ansi langt seilst og heilmikið tiltekið sem ég lít ekki á sem kostnað við skráningu. Það er öðru nær.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 sem nú hafa verið afgreidd og í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér er fjallað um er gert ráð fyrir að innritunargjöld í háskóla hækki í 32.500 kr. Minni hlutinn mótmælir að til þessara ráðstafana sé gripið „til að mæta sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar“ eins og það er orðað í frumvarpi til fjárlaga.

Minni hlutinn ítrekar að með því að auka álögur á stúdenta á sama tíma og námsmöguleikum þeirra er ógnað með verulegum verðhækkunum, t.d. á námsbókum, húsaleigu og matvælum, er ógnað þeirri þjóðarsátt sem hingað til hefur verið um að standa vörð um jafnrétti til náms. Ákveðnir hópar stúdenta standa verr að vígi en aðrir í slíkum hamförum. Þar má nefna barnafólk og fólk af landsbyggðinni, en við höfum dæmi um að þegar lagðar hafa verið svo miklar álögur á námsfólk, hefur einmitt þetta fólk verið viðkvæmast fyrir og horfið frá námi. Við viljum ekki, minni hluti menntmn., að slíkt endurtaki sig.

[17:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði satt að segja ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu. Mér þótti hún í fyrsta lagi svo dapurleg að ekki væri á það bætandi að hryggja fólk frekar en orðið er. En ég get ekki látið það hjá líða í ljósi þeirra ummæla sem hér hafa fallið í dag og grátbroslegra tilrauna einstakra þingmanna til að mæla þessum óskapnaði bót sem hér er á borðum þingmanna. Þar hafa farið fremstar í flokki þær skjaldmeyjar, hv. þm. Ásta Möller og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður þingflokks Sjálfstfl. Ætla ég að víkja orðum að þeim á eftir.

Ég sagði að þessi umræða væri dapurleg, herra forseti. Af hverju er hún það? Jú, við erum að ræða bandorm sem hæstv. forsrh. hefur á síðari árum gumað af að hafi skroppið saman og að ríkisstjórnin hafi á tímum meints góðæris ekki haft þörf á að breyta sérstaklega lögum í landinu með þessum hætti til þess að skapa sér svigrúm annars vegar til þess að skera niður útgjöld ellegar til þess að afla nýrra tekna.

En nú bregður nýrra við. Þessi gamli skröltormur hefur fengið nýtt líf. Í mörgum greinum er nú verið að sækja, annaðhvort með því að hækka álögur ellegar með því að draga úr löggiltum framlögum, 1 milljarð kr. Ég segi og skrifa 1 milljarð kr. af fjárlögum sem telja hátt á þriðja hundrað milljarða kr. Það lá svo mikið við að sækja peninga í vasa sjúklinga, í vasa námsmanna, í vasa ferðamanna sem fer nú ört fækkandi af ástæðum sem við ráðum lítt við, að það þurfti að setja hér á langan skröltorm til þess að breyta lögum og lagfæra í samræmi við niðurstöður fjárlaga. Það er auðvitað önnur Ella sem ég hirði ekki um að fara orðum um. Menn hafa gert það hressilega og með viti bornum hætti fyrr í dag. Að búa fjárlögin í raun þannig, til að gera þau þannig úr garði að þau standist lög einhverjum dögum eftir að þau eru njörfuð hér niður er auðvitað öfugverk og ekki rétt að verki staðið. Fyrst á að skipa lögum á þann veg að tölur í fjárlagafrv. geti staðist og að þau lög standist önnur lög. Hér er því farið aftan að hlutum.

Svo veltir maður því fyrir sér, herra forseti, og að því leytinu til er þessi umræða ekki algjörlega tilgangslaus eins og hér hefur verið haldið fram, hvað verið sé að véla um utan þessa húss hér í annars vonandi ágætum viðræðum stjórnvalda við fulltrúa atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar. Það kæmi mér nefnilega ekki á óvart — ég hef það mikla trú

á okkar öflugu verkalýðshreyfingu — að hún setti hnefann í borðið núna á þessum dögum og klukkutímum í viðræðum aðila vinnumarkaðarins með atbeina ríkisstjórnarinnar og kæmi einhverju af því sem hér er á borðum þingmanna í lóg. Ég vona svo sannarlega að það verði a.m.k. þannig því að ég minnist þess frá fyrri tímum og allar götur raunar, að verkalýðshreyfingin hefur með réttu viljað vera vakandi fyrir réttindum þeirra sem minna mega sín í samfélaginu.

Það er einmitt það fólk sem við erum að ræða hér, sem hlífa skyldi, og ekki síst þegar við erum enn, eftir því sem stjórnarherrarnir segja, í myljandi góðæri og að eingöngu sé spurning um nokkrar vikur, í mesta lagi mánuði þar til íslensk þjóð og íslenskt þjóðarbú fer að rétta úr kútnum. En engu má eira. Ég undirstrika, herra forseti, að ekki er eingöngu um þær krónur og þá aura að ræða hér sem að baki þessum lagabreytingum standa. Nei, það þarf að leggja á sig þessa lykkju til þess að breyta gildandi lögum til þess að skjóta stoðum undir til að mynda 10 millj. kr., heilar 10 millj. kr. í veltu upp á sjötta tug milljarða í heilbrrn.

Af því að hæstv. ráðherra heilbrigðismála situr hér og er viðstaddur þessa umræðu, eins og hann hefur verið í allan dag og raunar liðna daga, þá vil ég spyrja hann beint: Hvenær ætlar hann að endurgreiða þeim sjúklingum sem hafa greitt 700 kr. á hverjum einasta degi frá síðustu áramótum þegar forveri hans í ráðuneytinu upphóf það án þess að leita eðlilegra heimilda frá Alþingi, án þess að spyrja kóng eða prest — hvenær ætlar hæstv. heilbrrh., eftirmaður þess ráðherra sem setti þessi gjöld á, að endurgreiða þeim sem oftekið hefur verið af? Ég sé það hvergi í fjárlögum að gert sé ráð fyrir neinni mínustölu í því. Ég sé hvergi í fjárlögum annað en þessar 10 millj. sem ná á af sjúklingum á sjúkrahóteli á næsta ári. Mér er því skapi næst að halda að allar þessar 10 millj. fari í endurgreiðslu af því sem þegar hefur verið oftekið. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari mér því hispurslaust.

Hins vegar er eftirtektarvert að í allri þessari umræðu, ekki bara núna í 2. umr. heldur mestan part í þeirri fyrst, þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu frv., hefur fjarvera Framsfl. verið afskaplega hrópandi. Heilbrrn. og heilbrigðisgeirinn eru með helminginn af þeirri upphæð sem liggur undir hér, þeim milljarði eða þar um bil sem verið er að sækjast eftir. Það var eingöngu í örstuttri ræðu að Kristinn H. Gunnarsson, formanns þingflokksins, sem lagði hér orð í belg í almennri ræðu. Við 2. umr. málsins hefur enginn, enn þá a.m.k. hvað sem síðar verður, fulltrúi Framsfl. sem á hér stóran hluta, ber mikla ábyrgð á þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til, og pólitíska ábyrgð, haldið ræðu. Rétt skal vera rétt. Hæstv. heilbrrh. hefur komið í andsvör og svarað því sem til hans hefur verið beint. En mig vantar og ég leita eftir hinni pólitísku línulögn þess flokks sem ber jafna ábyrgð á móts við Sjálfstfl. í þessum efnum.

Um hann er auðvitað hægt að fara mörgum orðum. Ég hygg satt að segja, herra forseti, að ræður þeirra skjaldmeyja, hv. þingmanna Ástu Möller og Sigríðar Önnu Þórðardóttur, hafi sagt allt sem segja þurfti. Þær stóðu hér keikar og sögðu að um eðlilegan og sjálfsagðan hlut væri að ræða þegar verið væri að sækja 700 kr. hjá fólki sem þarf að leggjast inn á sjúkrahótel og að það þurfi að fara alla þá leið að skjóta þessari mikilvægu stofnun, sem ég hafði trú á og vonaðist til að yrði enn öflugri í heilbrigðiskerfi okkar því að þar er um ódýrt, hagkvæmt og gott úrræði að ræða fyrir veikt fólk í landinu — nei, þá leggja menn það á sig að skjóta því á ská út úr heilbrigðiskerfinu og láta líta út fyrir að þarna sé um svona gistihús að ræða sem menn geti bara farið á af því að þá langar til, (**ÁRJ:** Gaman.) bara af því að þar er viðurværið svo gott og kannski svo ódýrt, sjöhundruðkallinn.

Hvers konar málflutningur er þetta? Dettur nokkrum í hug sem þangað hefur litið inn að eitthvað af því fólki sem þar er sé þar vegna þess að það vilji vera þar, af því að svo ódýrt sé að vera þar? Nei, það er auðvitað fjarri öllu lagi. Fólk er þarna vegna þess að það hefur leitað sér læknis og það þarf að vera nærri bestu og stærstu sjúkrastofnunum okkar í landinu. Halda menn að það hafi verið einhver tilviljun að menn völdu einmitt þennan stað? Það var vegna nálægðarinnar við Landspítalann, okkar stóra sjúkrahús.

Þannig að, herra forseti, 10 millj. kr. eru auðvitað smáupphæð í okkar stóra dæmi. Einmitt þess vegna spyr maður sig: Hvers vegna að leggja í þennan leiðangur fyrir þessar krónur og aura, sem er sáralítið fyrir ríkissjóð, sáralítið fyrir heilbrigðiskerfið, en verulegir peningar fyrir þá sem borga þurfa? Það er búið að fara hér mjög rækilega yfir hvað það getur þýtt fyrir hvern einstakling sem þarf að standa skil á þessum kostnaðargjöldum. Það munar um minna fyrir það fólk sem hefur kannski í sumum tilvikum engar aðrar tekjur en örorkubætur frá hinu opinbera og kannski hjálp frá fjölskyldum. Það munar auðvitað um það. Það sér hver einasti maður.

Herra forseti. Mér hitnar í hamsi við að heyra fólk tala í þá veruna að þetta úrræði í heilbrigðismálum, sem menn hafa horft til vonaraugum, sé bara einhver valkvæður kostur, að þeir öldruðu sem þar eru, krabbameinssjúklingar, velji bara þann kostinn. Það mátti skilja það hér áðan á hv. þm. Ástu Möller að sennilega væri ódýrara fyrir þá að vera þarna fyrir sjöhundruðkallinn heldur en að vera heima hjá sér og þurfa að borga ofan í sig. Að hlusta á þennan málflutning, herra forseti, er ótrúlegt. Það var kannski þetta fyrst og síðast sem kallaði mig hingað upp.

Ég hélt, trúði því, að þessir hv. þingmenn sem ég hef nefnt hér til sögu af þessum ástæðum, hugsuðu öðruvísi. Þeir hafa sýnt af sér annað. Þeir hafa á köflum talað í þá veru að þeim sé umhugað um fólkið, sem ég veit og vil trúa að okkur öllum sé umhugað um, það sem höllum fæti stendur. Að minnsta kosti hafa fulltrúar Sjálfstfl. oftar en ekki komið í þennan ræðustól og hlýtt hér ráðherrum og öðrum yfir um hag þessa fólks í smáu og stóru. En svo þegar til kastanna kemur þá eru 10 millj. léttteknar hjá þessu fólki. Þá er létt að segja það og hægt að tala um væga gjaldtöku.

Af því ég er á annað borð, herra forseti, að tala um þessa tvo hv. þm. sem fóru mikinn í umræðunni fyrr í dag þá minni ég á að þeir reyndu líka að réttlæta og færa rök fyrir því að ríkissjóður er skattlegði kirkjuna í landinu og trúarflokka. Þær reyndu að færa rök fyrir því, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir og hv. þm. Ásta Möller, að það væri bara eðlilegt og sjálfsagt að tína af kirkjunni tugi millj. króna af innheimtu sem ríkissjóður hefur undirgengist að taka að sér.

Það er ekki skrýtið þó að prestar þessa lands, sem eru nú þessa dagana verða næstu vikurnar að undirstrika fyrir alþjóð og almenningi í þessu landi gildi kristinnar trúar, gildi þess að það standi sem sagt er, gildi eignarréttarins a.m.k., að það sé ekki tekið ófrjálsri hendi sem annar á. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki skattstofn.) Þetta er einmitt ekki skattstofn.

Þar kom hv. þm. að kjarna málsins, þetta er nefnilega ekki skattstofn ríkisins. Ríkið hefur ekkert með það að gera að ráðstafa honum að eigin vild, rukka hann 100% en skila honum 80%. Ég ætla ekki að nota það orð sem sennilega

hefur oftast verið notað í kirkjum landsins um slíkt en ég held að það liggi í augum uppi hvað þetta þýðir á íslensku máli.

Herra forseti. Mér finnst þessi tvö dæmi í raun segja allt sem segja þarf um þankaganginn, þá pólitík og þá hugsun sem efst er í hugum stjórnarliða nú á aðventunni. Þetta þykir mönnum skipta mestu máli. Það er þetta sem menn teygja sig eftir þegar þörf þykir á að spara litla 2 milljarða kr., herra forseti. Litla 2 milljarða króna — stóra átakið í sparnaði, viðreisnin til að stoppa útgjaldahrinuna í ríkiskerfinu. Bara að sækja 10 millj. á sjúkrahótelið og 70 eða 100 millj. til kirkjunnar. Þarna voru pottarnir sem eðlilegt þótti að sækja í.

Herra forseti. Ég þarf ekki meira um þetta að segja. Mér finnst myndin öll afskaplega skýr þegar ljóslifandi dæmi á borð við þessi eru skoðuð í þaula.

[17:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykn. beindi til mín spurningu varðandi gjaldtökuna á sjúkrahótelunum, hvernig yrði með endurgreiðslu á því gjaldi, ef ég hef skilið hann rétt, sem var tekið fyrr á þessu ári. Ég vil láta koma fram að ég tók ákvörðun um að hætta innheimtu þessa gjalds í haust og innheimta það ekki án þess að styrkja lagagrundvöllinn undir því. Hins vegar er ekki þar með sagt að skapast hafi neinn bótaréttur. Það hefur engin kvörtun borist yfir þessu gjaldi, mér er kunnugt um það, til landlæknisembættisins eða okkar. Hins vegar var ljóst að styrkja þurfti lagagrundvöllinn fyrir þessu gjaldi. Það er gert hér með. Hins vegar var engin umræða um þetta gjald í samfélaginu og mér er kunnugt um að engar kærur eða kvartanir hafa borist vegna þess. Eigi að síður tók ég þessa ákvörðun í haust.

Varðandi sjúkrahótelin hefur framtíð þeirra í heilbrigðiskerfinu blandast mjög í þessa umræðu. Ég er sammála því að þetta sé úrræði sem eigi að efla í heilbrigðiskerfinu. Það er ljóst að þangað fer fólk útskrifað af spítala. Það er alveg ljóst að þangað fer ekki nema sá sem er útskrifaður af sjúkrahúsi. Þangað fer fólk í framhaldshvíld og til að jafna sig eftir spítalavist og ég held að svo verði áfram.

[17:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra. Ég þakka honum jafnframt fyrir að grípa í taumana í októbermánuði, ef ég skildi hann rétt. Það kemur mér hins vegar ekki á óvart að enginn greiðenda hafi kvartað og engin umræða átt sér stað í samfélaginu.

Í fyrsta lagi frétti ég ekki af þessu fyrr en núna. Ég veit ekki til þess að þingmönnum hafi verið tilkynnt um þessa ákvörðun þegar hún var tekin. Raunin er reyndar sú, herra forseti, að þeir sjúklingar sem eru rukkaðir við brottför eða innkomu eru nú tæpast í standi til þess að gera mikið þras út af slíkum hlutum. Þeir hafa litla möguleika á því yfirleitt að velta fyrir sér hver réttur þeirra er. Þarna hefur þeim auðvitað ekki verið kynnt réttarstaða þeirra.

Ég árétta, og ég vil þá gera það í þeirra orðastað: Ég óska eftir því eindregið að kannaður verði með lögformlegum hætti bótaréttur þeirra. Það er búið að oftaka greiðslur af fólki án þess að lög leyfðu. Mér þykir því einsýnt að endurgreiða beri þessu fólki útlagðan kostnað, hvað svo sem kvartanir áhrærir. Þannig er það bara.

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. heilbrrh. í þá veruna og vil trúa honum í þeim efnum, að hann vilji efla þennan kost sem sjúkrahótelin eru. En hvað erum við að gera hér? Við erum að skáskjóta þessu úrræði út úr heilbrigðiskerfinu. Það kann að hljóma dálítið ankannalega og sumpart falskt að segja í öðru orðinu að hæstv. ráðherra vilji efla þetta úrræði, þetta heilbrigðisúrræði, en hér á blöðum á borðum og í lagatexta eigi að taka það út fyrir kerfið og setja það í sviga.

Allt þetta veldur mér miklum vonbrigðum, herra forseti. Ég segi enn og aftur: Ég neita að trúa öðru en því að hæstv. heilbrrh. hafi verið píndur til þessara verka.

[17:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem ég vildi láta koma skýrt fram. Mér heyrðist á máli hv. þm. að hann hefði kveðið upp þann dóm hér í ræðustól að gjaldtakan hafi verið ólögleg fyrr á árinu. Ég er ekki sammála því (Gripið fram í.) en hins vegar vildi ég taka af allan vafa í þessu efni. Þar með er ekki sagt að ég vilji kveða upp dóm um að þessi gjaldtaka hafi verið ólögleg.

Annað vildi ég leiðrétta. Ég tel að menn fari nokkuð fram úr sjálfum sér í þeim málflutningi að það sé verið að skáskjóta sjúkrahótelunum út úr heilbrigðiskerfinu. Það er aðeins verið að taka af vafa um að hér er ekki um sjúkrahúsvist að ræða. Þar með er ekki sagt að þetta úrræði sé komið út úr heilbrigðiskerfinu. Það er víðs fjarri. Heilbrigðiskerfið er saman sett af mörgum þáttum innan og utan sjúkrahúsa. Ég vona að hv. þm. fari ekki svona fram úr sér í málflutningi sínum að tala um annað. Því færi víðs fjarri.

Hér er eingöngu verið að taka af allan vafa um að hér er ekki um sjúkrahúsvist að ræða. Þetta er úrræði fyrir fólk sem hefur verið útskrifað af sjúkrahúsum.

[17:41]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að það teljist ekki liggja fyrir hér með óyggjandi hætti. Ég hafði skilið það þannig af frumvarpstextanum og af nál., bæði minni og meiri hluta, að menn væru að breyta lögum vegna þess að fyrri gjaldtaka hafi ekki staðist lög. Nú er upplýst að mikil óvissa sé á ferðinni um það mál. Það eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mig.

Á ég að trúa því að lögfræðingar ráðuneytisins og Stjórnarráðsins þá hafi ekki gengið úr skugga um það fullkomlega? Á ég þá jafnframt að trúa því að menn hafi ekki gætt að rétti þeirra einstaklinga, tuga eða hundruða, sem hafi ofgreitt í þessu sambandi? Hver er bótaréttur þeirra? Ég óska eindregið eftir því að það verði gert hið allra fyrsta og í síðasta lagi fyrir 3. umr. þessa máls þannig að menn hafi það hér klárt og kvitt hvernig þau mál standa.

Varðandi stöðu sjúkrahótela eftir þá breytingu sem hér er verið að leggja til, verði hún að lögum, þá er ekki erfitt að skynja andann og tóninn í þessari gjörð. Í fyrsta lagi er verið að búa þannig um hnúta að hægt sé að rukka. Að því leyti er þessi beina heilbrigðisþjónusta sem við erum hér að ræða um ekki lengur inni á sjúkrahótelunum, það liggur alveg í augum uppi. Maður spyr sig þá tveggja spurninga. Í fyrsta lagi: Hvenær verður þetta hækkað? Í öðru lagi: Hvaða stofnun verður næst kippt til hliðar og út fyrir sviga þannig að hægt sé að fara að rukka?

[17:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. að hann hefði hlustað vel á ræður sem hér hefðu verið fluttar. Þegar hann

kom hér með miklum gusti var ég sannfærður um að hann væri kominn til þess að andmæla fullyrðingum hv. þingmanna hér í salnum um að hann og Sighvatur Björgvinsson hefðu verið viljalaus verkfæri í ríkisstjórninni 1991–1995. Því var haldið fram hér í salnum, að hann sem hæstv. heilbrrh. og Sighvatur Björgvinsson hefðu verið viljalaus verkfæri í ríkisstjórninni 1991–1995.

Ég upplifði hann ekki þannig, ég tek það fram. Ég upplifði hann alls ekki þannig nema síður væri.

Í annan stað sagði sami þingmaður reyndar — það hefur hv. þm. heyrt, ég veit að hann hefur fylgst með þessu — að reyndar liti sá þingmaður ekki svo á að þessir tveir menn, sem nefndir voru, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hefðu verið sannir jafnaðarmenn.

Ég gerði því ráð fyrir að hinn gustmikli þingmaður hefði komið hér upp í stólinn til að svara þessu. En mér urðu það vonbrigði að hann fór út á einhverjar allt aðrar brautir.

[17:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alkunna að hæstv. forsrh. er einkar minnugur. Sumir nota það orð um hann að hann hafi límheila og muni allt sem einhvern tíma er sagt eða gert. Ég heyri það á honum að hann hefur engu gleymt. Ég taldi því enga ástæðu til að fara orðum um slíkt smotterí sem féll af vörum einhverra þingmanna fyrr í dag.

Jafnaðarmenn í ríkisstjórn með Davíð Oddssyni voru langt í frá viljalaus verkfæri. Ég gæti farið hér yfir það í löngu máli. Það er eftirtektarvert hvenær menn byrjuðu að gefa hér, við skulum segja, ríkisstofnanir á brunaútsölum, sem var sett stopp við.

Af því að hæstv. forsrh. man svo vel þá man hann líka að það ár sem ég sat á stóli heilbrrh. voru kostnaðargjöld ekki hækkuð. Þá voru ekki tekin upp ný kostnaðargjöld í heilbrigðisþjónustu. Ég vænti þess, af því að hann gerir nú þetta sérstaklega að umtalsefni, að hann geti staðfest það sökum minnis síns.

Varðandi þessi mál almennt þá veit ég líka að hæstv. forsrh. man mætavel að á þeim tímum er hann kom að Stjórnarráðinu árið 1991 og allt til 1995 þá börðust menn hér við kreppu og mikla erfiðleika í atvinnulífi. Viðvarandi atvinnuleysi hafði tekið sér bólfestu og því var úr vöndu að ráða. Það kreppti að, ekki eingöngu hjá ríkissjóði heldur fólkinu í landinu. Ég held að okkur hafi tekist bærilega, miðað við hinar erfiðu aðstæður á þeim tíma að búa þannig um hnútana í heilbrigðiskerfinu, við jafnaðarmenn, að verja þá sem minnst máttu sín og tryggja að þeir sykkju ekki eins og djúpt og efnahagsástandið gerði ráð fyrir.

Ég held að þessi snöggsoðna lýsing á kringumstæðum áranna 1991–1995 sé hæstv. forsrh. jafnminnisstæð og mér og hann geti staðfest þessa lýsingu að flestu eða öllu leyti.

[17:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að við höfum sameiginlega, ég og hv. þm., hrakið þær ásakanir sem hann og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson urðu fyrir hér, að þeir hafi verið viljalaus verkfæri í ríkisstjórninni. Þeir voru fjarri því að vera það. Þetta voru menn sem voru fastir fyrir og gættu vel að hagsmunum þeirra sem undir þeirra embætti áttu. Og ég mat páv. hæstv. ráðherra mikils fyrir störf hans í þeirri ríkisstjórn.

[17:47]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta. Ég þakka hæstv. forsrh. hólið alveg sérstaklega. En til þess að halda heildarmyndinni hér ... (**SJS:** Eruð þið nokkuð að fara saman aftur?) Maður skyldi aldrei segja aldrei í þessu lífi en það þarf að vísu ýmislegt að breytast. En eingöngu til að halda hinni stóru mynd til haga og árétta það sem ég var að koma hér á framfæri — að ég sé mjög fasmikill eða hvaða orð notaði hæstv. forsrh.? (**Forsrh.:** ...gustaði.) Það er vegna þess að mér er heitt í hamsi. Ég var að lýsa heildarmyndinni í samfélagi okkar og leggja áherslu á að með þennan stóra pakka, þessa miklu peninga, sem menn hafa umleikis þurfi þeir að leggja sérstaklega lykkju á leið sína til að koma mikilvægum og góðum valkosti út úr heilbrigðiskerfinu til að þar megi rukka inn upp á 10 millj. kr.

Það voru þessar þverstæður sem ég var að vekja sérstaka athygli á, og nefndi það líka af því að flokkur hæstv. forsrh. hefur gjarnan í gegnum áratugina talað um mikilvægi þess að standa vörð um grundvallarstofnanir eins og kirkjuna — ég skil satt að segja ekki það ferðalag sem stjórnarmeirihlutinn undir forustu Sjálfstfl. er á í árás sinni á kirkjuna í landinu. Ég botna bara ekkert í því í ljósi sögu þessa flokks og samskipta hans við þessi grundvallargildi, ef svo mætti orða það, í þjóðfélagi okkar.

En svona er þetta í dag. Ég er ekki viss um að þetta hafi verið svona 1993. Ég vona svo sannarlega ekki.

[17:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Aldrei fór það svo að hæstv. forsrh. steypti sér ekki í þessa umræðu og birtist, að mínu mati, í gervi eins konar hrekkjusvíns þar sem hann fór yfir orðaskipti sem hér höfðu fyrr farið fram og ég heyrði reyndar líka. Ég gat ekki heyrt að nokkur héldi því fram að menn væru viljalaus verkfæri í höndunum á íhaldinu, heldur hitt að verkstjórnin hefði verið í þeirra höndum. Að öðru leyti fannst mér ekki mikið ris á innkomu hæstv. forsrh. í þessa umræðu. Enda kannski ekki nema von því að að minni hyggju er þessi umræða að mörgu leyti grátbrosleg. Hún er grátleg að því er varðar efnið en brosleg að því er varðar hvað hér er á ferðinni. Hér er frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Og maður gæti ímyndað sér að hér væri aldeilis eitthvað á ferðinni, hér væri stórfelldur uppskurður á ríkisfjármálum eða að hér væru menn virkilega að taka til hendinni. En þegar í þetta er rýnt eru allar aðgerðirnar þær, virðulegi forseti, að það á að fikta í u.þ.b. 0,4% af tekjum ríkissjóðs. Það er allt og sumt sem á að framkvæma undir þessu stóra heiti: Ráðstafanir í ríkisfjármálum. Og svo stórt er heitið að efh.- og viðskn. gat ekki á sér setið að bæta í heiti frv. og nú heitir það frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 2002. Það er því ekki lítið sem hér er á ferðinni, u.þ.b. það að bæta hag ríkissjóðs um 1 milljarð. Áætluð útgjöld fyrir árið eru 240 milljarðar þannig að það er aldeilis efni til stórra yfirlýsinga.

Og hvar er svo borið niður þegar virkilega á að taka til hendinni í ríkisfjármálum? Hvar á að bera niður? Það hefur verið farið vandlega yfir það hér í dag, sérstaklega af hálfu stjórnarandstöðunnar, hvar á að bera niður. En það er líka eftirtektarvert þegar maður les athugasemdir við þetta

lagafrv. að þar segir, með leyfi forseta, að það „taki mið af stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum".

Og hver er svo stefnan sem lagt er upp með? Jú, það eru innritunargjöld og pappírsgjöld, það er kirkjan, það eru látnir, það eru sjúklingar, það eru bifreiðaeigendur og ferðamenn. Þetta eru þeir hópar sem á að veitast að. Loksins þegar á að skera virkilega upp ríkisfjármálin, finna þennan milljarð sem líklega breytir öllu, er þetta hópurinn sem veist er að. Og það verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að manni finnst ekki að ráðist sé á garðinn þar sem hann er hæstur. Það er langur vegur frá því að manni finnist að hér sé tekist á við þá sem mest eiga undir sér.

En það er einkum tvennt, virðulegi forseti, sem ég ætlaði að nefna. Í fyrsta lagi er það það sem hér hefur verið nefnt vopnaleitargjald. Það á að bæta hag ríkissjóðs um 70 millj. með svokölluðu vopnaleitargjaldi og það gjald á að leggja á flugfarmiða, á ferðamenn, 70 millj. Þetta kom til umsagnar í samgn., og eftir því var leitað og eftir því kallað hvað væri á bak við þessa tölu, hvers vegna þyrfti að hækka þetta gjald. Eins og flest sem hefur áhrif í þessari veröld nú um stundir var það dagurinn sem breytti heiminum sem hefur gert það að verkum að það er hægt að leggja hvaða gjöld á hvenær sem er. Eftir því var gengið í samgn. að vita hvernig eigi að bæta eftirlitið, hvaða skilgreiningar væru að baki, hvernig menn hefðu farið yfir það og hvað það væri sem menn ætluðu að gera við þetta fjármagn. Það kom ekkert fram, ekki nokkur skapaður hlutur. Það þyrfti bara að ná þessum peningum inn því að eftir daginn sem heimurinn breyttist væri svo mikið af fólki á ferðinni sem yrði að hafa eftirlit með. Það kom ekkert fram um það hvers vegna þetta væru 70 milljónir, hvers vegna það ættu ekki að vera 50 eða 200 millj., ekki nokkur skapaður hlutur.

Og þetta er einfaldlega, virðulegi forseti, í samræmi við flest það sem hér er að finna. Þess vegna er þessi umræða að flestöllu leyti grátleg því að helst er borið þar niður sem menn eru veikastir fyrir. Og hverjir hafa núna kvartað yfir því að farþegum til landsins hafi fækkað? Það eru aðilar í ferðaþjónustunni. Þetta er kannski innlegg hæstv. ríkisstjórnar til að auka ferðaþjónustuna. Hver veit?

Virðulegi forseti. Þetta kom til umræðu í samgn., það var farið vandlega yfir þetta, kallað eftir skýringum en þær fundust ekki. Það var líkt og venjulega þegar einhvers konar ávísanir eða víxlar koma frá embættismönnum, þeir eru yfirleitt bara samþykktir og þeim ýtt í gegn. Skilaboð komu frá Keflavíkurflugvelli um að það vantaði 70 millj. Og þær eru hér. Það er allt og sumt.

Hitt atriðið, virðulegi forseti, sem ég tók þátt í að fjalla um og kom til umsagnar í allshn. eru sóknar- og kirkjugarðsgjöld, framlög til trúfélaga í landinu. Ég veit ekki hvort hv. þingmenn átti sig á því eða hafi farið nákvæmlega yfir það en ríkissjóður tók að sér að innheimta þessi gjöld og í lögum er kveðið á um að þau hækki í samræmi við hækkun skattstofns. Launavísitalan hefur nú hækkað um 9% og því áttu þessi gjöld að hækka um 9%. Og það eru ekki bara lög, það er líka samningur þar að baki. (**Gripið fram í:** Hefurðu séð hann?) Já, og hann fylgdi umsögn minni frá allshn. til efh.- og viðskn. Gjöldin áttu að hækka um 9%. Og hví skyldi það vera? Jú, af því að verðlag í landinu hefur hækkað um 9%. Fjárlögin, útgjöldin, ætli þau hafi ekki hækkað um u.þ.b. 9% ef marka má tölur milli ára? Þannig að það er ekki það sem skýrir þetta heldur er ríkissjóður að innheimta félagsgjöld fyrir kirkjurnar sem honum er ætlað að skila en í stað þess að skila öllu á að halda 54 millj. eftir, ef ég man þetta rétt. Því ber ekki saman sem fram kemur hér í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, eins og það er kallað, og því sem kom frá kirkjunnar mönnum sem töldu að sú fjárhæð sem hér væri nefnd væri allt of lág.

Virðulegi forseti. Sömu röksemdir eiga við um kirkjugarðana. Og það kom líka fram að það er mjög líklegt að gangi þetta eftir eins og menn hafa lagt upp hér muni útgjaldaaukanum sem fylgir greftrun verða velt út í verðlagið. Það mun einfaldlega kosta menn meira að koma fólki í gröfina. Það er ekkert öðruvísi en það.

Það kom líka fram hjá fulltrúum kirkjugarðanna að þeir munu leita leiða til að finna aðra tekjustofna. Það kom enn fremur fram að hingað til hafa Kirkjugarðar Reykjavíkur ekki innheimt gjald fyrir að geyma lík. Nú er það komið upp á borðið. (**Gripið fram í:** Upplagður tekjustofn.) Upplagður tekjustofn, hinir látnu.

Nei, virðulegi forseti, það er satt best að segja vandséð hvernig hægt hefði verið að finna fólk eða aðila þar sem garðurinn er jafnlágur. Það er alveg með ólíkindum að þetta skuli vera þeir hópar og það fólk sem veist er að þegar lagfæra á stöðu ríkissjóðs um 0,4%. Það er allt og sumt. Þá eru það nemendur, ferðamenn, kirkjan, hinir látnu og sjúklingar.

Og ég ætla að segja, virðulegi forseti, að ég ætla bara framsóknarmönnum það ekki að þetta sé stefna þeirra í þessum málaflokkum. Það hvarflar bara ekki að mér að gera þeim það upp. En hins vegar kemur það fram í plagginu, í ráðstöfunum í ríkisfjármálum, að hér birtist stefna ríkisstjórnar í efnahags- og ríkisfjármálum. Lagfæring upp á 0,4% og þetta er mannskapurinn sem á að fara gegn.

[18:01]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Heilbr.- og trn. fékk til umsagnar frá efh.- og viðskn. 9. gr. frv. sem hér hefur verið mikið rædd um að fella sjúkrahótel undan skilgreiningunni á sjúkrahúsi. Meiri hluti nefndarinnar var samþykkur þessari breytingu og lagði til að 9. gr. yrði samþykkt óbreytt og nefndin lagði vegna þeirrar afstöðu áherslu á þrjú atriði. Í fyrsta lagi að með breytingunni þá fæst lagaheimild til að innheimta hóflegan fæðiskostnað — hóflegan fæðiskostnað — sem gert er ráð fyrir að nemi 700 kr. á dag og með því yrðu tekin af öll tvímæli um að slík innheimta sé heimil, en eins og hér hefur komið fram í umræðunni þá hefur þetta gjald verið innheimt frá 1. janúar á þessu ári.

Meiri hlutinn lagði í öðru lagi áherslu á mikilvægi þeirrar þjónustu sem sjúkraheimili eða sjúkrahótel veita og að sú breyting að fella sjúkrahótelin undan skilgreiningunni muni á engan hátt draga úr eða skerða þá þjónustu sem þar er veitt.

Í þriðja lagi var lögð áhersla á það að ráðist yrði í endurskoðun á því hvað teljist sjúkrahúsþjónusta og mótuð heildarstefna til framtíðar um það hvaða þjónustu skuli veita inni á eiginlegum sjúkrahúsum og hvað sé betur komið utan þeirra.

Meiri hlutinn leit svo á að breytingin sem frv. leggur til sé skref í rétta átt enda fari inni á sjúkrahótelum ekki fram nein eiginleg sjúkrahússtarfsemi en þau séu hins vegar mjög mikilvæg þjónustuform fyrir þá sem eru að jafna sig eftir sjúkrahúsvist eða þurfa að sækja þjónustu þangað. Lögð var áhersla á að rekstur sjúkrahótela sé mjög mikilvægur liður í heilbrigðisþjónustunni.

Sjúkrahótel Rauða krossins fær greidd daggjöld fyrir sem nemur 28 rýmum, en hefur jafnframt leyfi frá heilbr.- og

trmrn. fyrir starfsemi fyrir allt að 50 rýmum. Og kostnaðinn af mismuninum, 22 plássum, hefur bæði Landspítali – háskólasjúkrahús og Rauði krossinn borið, en ekki bara Rauði krossinn eins og segir í umsögn minni hlutans um þessa grein.

Mig langar að leiðrétta það sem segir í þessari skriflegu umsögn minni hlutans, að hjá fulltrúum landlæknis á fundi heilbr.- og trn. hafi komið fram að mun meiri þörf væri fyrir fleiri pláss á sjúkrahóteli Rauða krossins en þann fjölda sem þar væri til ráðstöfunar.

Ástæðan fyrir að mér finnst vert að taka þetta fram er líka sú að hv. þm. Þuríður Backman hefur beint þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmh. hversu mörgum sjúklingum hafi verið vísað frá gistingu á sjúkrahóteli Rauða krossins. Hið rétta er að samkvæmt upplýsingum frá landlækni fullnægir þetta framboð, eða 50 pláss, allri eftirspurn nema helst yfir sumarmánuðina þegar sjúkrahótelið að frátöldum 28 daggjaldaplássum er notað undir venjulegan hótelrekstur.

Í minnisblaði frá landlækni sem sent var í kjölfar fundar hans með nefndinni kemur fram að daginn sem minnisblaðið var skrifað, sem var 10. des., dvöldu aðeins 40 sjúklingar þar og að gistinætur í nóvember voru ekki nema um 1.230, sem gefur meðaltal upp á 41 rými.

Landlæknisembættið hefur líka upplýst að það sé algengt að 45 gistirými séu nýtt en sjaldgæft að öll 50 rýmin séu í notkun og það hafi engin biðlisti verið allt síðastliðið ár fyrir utan nokkra daga í apríl þegar var nokkurra daga bið vegna þess að þá var verið að taka hótelið undir þennan venjulega sumarrekstur.

Vegna þess sem hefur komið hér fram og segir líka í umsögn minni hlutans í heilbr.- og trn. að gjaldið bætist við umtalsvert hærri kostnað sjúklinga á landsbyggðinni og auki enn ójöfnuð, finnst mér vert að taka það skýrt fram að einungis er verið að ræða um að innheimta hóflegt fæðisgjald, matarkostnað sem sjúklingar ella þyrftu að leggja út fyrir heima hjá sér og líka það að sjúkrahótelunum er fyrst og fremst ætlað að vera til hagsbóta fyrir fólk af landsbyggðinni sem þarf að sækja heilbrigðisþjónustu til höfuðborgarinnar. En á tímabilinu 1. jan. til 30. nóv. nýttu alls 1.150 einstaklingar rýmin á sjúkrahótelinu og af þeim fjölda, 1.150, voru 724 af landsbyggðinni og 409 sem þar dvöldu komu af Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í umsögn minni hluta heilbr.- og trn. varðandi þessa grein er því jafnframt slegið fram að ríkisstjórnin hafi aukið verulega álögur á krabbameinssjúklinga. Síðan er þar að finna stutta umfjöllun um sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar og slegið fram nokkrum fullyrðingum sem kalla á frekari skýringar.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur ítrekað í ræðu sinni hér og jafnframt í fjölmiðlum undanfarna daga sagt frá því að þakið, samanlagða fjárhæð lækniskostnaðar áður en kemur að afsláttarkorti, sé verið að hækka úr 6.000 í 18.000. En hún hefur haft svona heldur (**ÁRJ:** Nei. Þetta er rangt.) færri orð um sérregluna sem gildir um börn og ellilífeyrisþega.

Bæði, svo við höfum það sem rétt er, þá greiða einstaklingar úr þessum hópum, úr hópum barna og ellilífeyrisþega, aðeins um þriðjung af venjulegu gjaldi og þakið hjá elli- og örorkulífeyrisþegum er 4.500, ekki 18.000 kr. og fyrir börn, samanlagt börn í sömu fjölskyldu, 6.000, en ekki 18.000 kr.

Loks finnst mér vert að minna á það sem hv. þm. hefur ekki getið um, þ.e. endurgreiðslureglugerðina, reglur um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar, sem þeir sem eru tekjulægstir, fátæka fólkið sem þingmaðurinn vísar gjarnan í, njóta góðs af. Sú reglugerð gerir ráð fyrir allt að því 90% endurgreiðslu sjúkrakostnaðar þegar þeir hópar eiga í hlut sem falla undir ákveðin tekjumörk.

En almenna reglan er sú að þegar samanlagður lækniskostnaður nær 18.000 kr. á ári fá menn afsláttarkort og eftir það greiðir hver og einn að jafnaði þriðjunginn af því sem hann greiddi áður en afsláttarþakinu er náð. Þetta þýðir t.d. að sjúklingur sem kominn er með afsláttarkort og sækir sérfræðilækni heim, sem rukkar samkvæmt gildandi gjaldskrá 10.800 kr., svo ég taki nú eitt dæmið, fyrir unnið læknisverk, greiðir lækninum 1.960 kr., en hefði án afsláttarkortsins greitt honum 5.400 kr. Mismuninn þarna á milli fær læknirinn greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins.

Af því hér hafa verið nefndar í umræðunni, og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur oftar en einu sinni nefnt tilteknar aðgerðir eins og æðahnúta og hálskirla þá finnst mér sjálfsagt að hafa æðahnúta í huga varðandi annan sérhópinn, elli- og örorkulífeyrisþega. Ég reikna með að þeir hópar gangist oftar undir æðahnútaaðgerðir en alla vega hálskirtlatöku. Sú regla gildir varðandi þá að þeir greiða sjálfir að jafnaði mun minna fyrir læknisheimsókn en gengur og gerist eða almennt um þriðjung af venjulegu gjaldi. Þar fyrir utan er hámarksþak fyrir þennan hóp miklum mun lægra en almennt gerist. Hámarksþakið fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, eins og ég sagði, er með öðrum orðum 4.500 kr. en ekki 18.000.

Þetta þýðir þegar samanlagður lækniskostnaður elli- og örorkulífeyrisþega er kominn í 4.500 kr. á ári þá færi ellilífeyrisþeginn eða örorkulífeyrisþeginn afsláttarkort frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ef við tökum dæmi af sérfræðilæknisheimsókn sem áður var miðað við þar sem heildarkostnaðurinn er 10.800 kr. þá greiðir elli- og örorkulífeyrisþeginn 1.960 kr. áður en hámarksþakinu er náð. En hann greiðir 600 kr. eftir að samanlagður lækniskostnaður er kominn í 4.500 kr. á árinu og viðkomandi er kominn með afsláttarkort. Í þessu tilviki greiðir Tryggingastofnun ríkisins þær 10.200 kr. sem eftir standa af reikningnum.

Þá skulum við líta á börnin, þar sem við getum sagt að hálskirtlarnir séu algengari aðgerð heldur en æðahnútarnir reikna ég með. En hlutur greiðslu barna fyrir læknisheimsóknir til sérfræðilæknis er þriðjungur af almennu gjaldi, alveg eins og reglan sem gildir um elli- og örorkulífeyrisþega. Ákveðin um hámarksþökin eru hins vegar öðruvísi þar sem er miðað við samanlagðan lækniskostnað allra barna í sömu fjölskyldunni. Það er ekki verið að miða 6.000 kr. við hvert og eitt þeirra.

Þetta þýðir t.d. að þegar samanlagður lækniskostnaður tveggja barna er kominn í 6.000 kr. á árinu fær fjölskyldan afsláttarkort vegna lækniskostnaðar barnanna. Almennt gildir sem sé að þegar reikningur sérfræðilæknis vegna heimsókna barns er 10.800 kr. þá eru greiddar 1.960 kr. fyrir læknisheimsóknina. En þegar samanlagður lækniskostnaður barnanna á árinu er hins vegar kominn í 6.000 kr. og fjölskyldan hefur fengið afsláttarkort kostar sérfræðilæknisheimsóknin viðkomandi 600 kr. Hún kostar 600 kr., en Tryggingastofnun ríkisins greiðir lækninum afganginn, eða 10.200 kr.

Ég veit ekki hvort ástæða sé til að orðlengja þetta. En mig langar að ítreka það sem ég sagði áðan, að til viðbótar þessu

fyrir þá sem eru tekjulægstir í samfélaginu gildir að auki reglugerðin um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðs vegna læknisheimsóknar, lyfja og þjálfunar og þar njóta þeir sem eru tekjulægstir endurgreiðslu sem getur numið allt að 90% af þeim kostnaði sem þetta hefur haft í för með sér.

[18:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit nú ekki hverju hv. þm. er að mótmæla. Hún er að fara yfir reglurnar nákvæmlega eins og ég gerði þannig að eitthvað ruglast þetta í kollinum á hv. þm. því ég er búin að fara yfir reglurnar nákvæmlega eins og hv. þm. gerði hér áðan, en var samt að mótmæla því og segja að ég hefði farið með rangt mál. Ég var einmitt að hrósa hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa ekki hækkað gjöldin á börnin og lífeyrisþegana, þ.e. hækkað þau mun minna. Það var eitthvað á milli 20 og 60% sem þau hækkuðu á lífeyrisþegana eftir aðgerðum. Ég gat þess að hámarkið fyrir börnin væri 6.000 kr. fyrir öll börn í sömu fjölskyldu. Hún er að endurtaka nákvæmlega það sem ég sagði þannig að ég vísa því bara til föðurhúsanna að ég hafi farið hér með rangt mál.

Ég nefndi reyndar ekki reglugerðina um endurgreiðslur fyrir tekjulága vegna heilbrigðisþjónustu. Það hefur nú verið allur gangur á því hvernig fólk hefur fengið endurgreiðslur vegna þessa og ég hef fengið kvartanir vegna þeirrar afgreiðslu þannig að ég ákvað nú að vera ekkert að geta hennar sérstaklega hér, enda hefðum við þá kannski þurft að fara út í frekari umræðu. En allar þær upplýsingar sem ég hef komið með hér úr þessum stóli eru réttar.

Og ástæða þess að ég tók ekki sérstaklega fyrir hækkanirnar á ellilífeyrisþegana og öryrkjana var auðvitað sú að það er mjög lítil hækkun þar og ég gat þess í máli mínu. Aftur á móti var ég alltaf að tala um almenna sjúklinga, okkur sem erum ekki öryrkjar, ellilífeyrisþegar eða börn. Ég gat þess í mínu máli. Hámarkið var hækkað í 18.000 kr. og afsláttarkortið fellur úr gildi um áramót og þá þarf að byrja að safna upp aftur. Þess gat hv. þm. ekki í máli sínu þegar hún fór yfir reglurnar.

[18:14]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að mér fannst rétt að árétta að 18.000 kr. þakið er ekki fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja ... (Gripið fram í.) Ég var ekki að halda því fram að hv. þm. hefði farið rangt með. En hins vegar bæði hér úr ræðustól og eins í fjölmiðlum hefur þingmaðurinn farið mikinn og talað um fleiri hundruð þúsund króna hækkanir. Hún hefur oftar nefnt þetta 18.000 kr. þak og svo í sömu mund verið að tala um hvernig eitt og annað í þessum hækkunum bitnaði á þeim sem minnst mættu sín, ellilífeyrisþegum og öryrkjum.

Þess vegna finnst mér rétt að halda því til haga að þessar hækkanir bitna ekki á börnum, ellilífeyrisþegum eða öryrkjum og jafnframt að halda þessari endurgreiðslureglugerð á lofti vegna þess að hún kemur akkúrat til með að gagnast þeim fátæku sem þingmaðurinn vísar gjarnan til, gagnast þeim sem lægstu tekjurnar eru með.

[18:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit eiginlega ekki hvað þingmanninum gengur til með þessum málflutningi. Hér talaði ég um 18 þús. kr. hámark, þ.e. fyrir almenning og þó það séu ekki börn, aldraðir eða öryrkjar, þá er líka til fátækt fólk í þeim hópi, ég minni á það. Það fólk þarf líka að fara í æðahnútaaðgerðir, það fólk þarf líka að fara í bæklunaraðgerðir. Ég taldi að hætta væri á því að þetta fólk hefði ekki efni á að fara í slíkar aðgerðir þegar búið væri að hækka gjaldið það mikið.

Ég talaði um nokkur hundruð prósenta hækkun. Ef gjald fyrir þessar aðgerðir hækkar úr 6 þús. kr. upp í 28 þús. kr., eins og er með bæklunaraðgerðir á báðum hnjám, eða æðahnútaaðgerð öðrum megin sem hækkar frá 6 þús. kr. og upp í yfir 20 þús. kr. þá er það nokkur hundruð prósent hækkun. Ég er ekki að fara með neitt fleipur í þeim efnum, reiknað hefur verið út fyrir mig í Tryggingastofnun ríkisins nákvæmlega hvað þetta muni kosta. Þetta eru útgjöldin hjá sjúklingnum ef hann hefur ekki verið með afsláttarkort fyrir, en hann fær samt afslátt. Hann nær upp í afsláttarkortið því þetta fer upp í 18 þús. kr. og sá afsláttur er tekinn með inn í gjaldið sem ég er að segja hér frá.

Ég fór nákvæmlega yfir það allt saman hér í ræðum mínum og ástæðulaust að vera eitthvað að vefengja það eða dylgja, því þetta eru opinberar upplýsingar og getur hver sem er nálgast þær hjá Tryggingastofnun ríkisins. En ég er algjörlega á móti því að verið sé að hækka gjöldin fyrir þessa hópa og þess vegna hef ég andmælt því og vakið athygli á hvernig ríkisstjórnin hækkar gjöld fyrir aðgerðir, algengar aðgerðir, sem allir þurfa að fara í. Auðvitað getur ríkt fólk borgað þær aðgerðir en þeir sem eru efnalitlir geta ekki leyft sér þetta, margir hverjir.

[18:17]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spyr hvað ég sé að fara með því að draga þetta fram. (Gripið fram í.) Það sem ég er að gera með því að draga fram þennan mismun sem er á þaki fyrir ellilífeyrisþega, öryrkja og börnin, er fyrst og fremst vegna þess að sá málflutningur sem mikið hefur heyrst í fjölmiðlum um hversu geysilegar hækkanir þetta séu hefur valdið því að við þingmenn í stjórnarflokkunum höfum fengið ýmsar upphringingar frá elli- og örorkulífeyrisþegum sem hafa akkúrat misskilið það sem þingmaðurinn er að segja. Ég vil þá halda þessu til haga í þeirri von að það rói það fólk sem telur að verið sé að hækka þakið á það og auka verulega á því álögur.

Eins fannst mér full ástæða til að ítreka við þessa umræðu reglugerð um endurgreiðslurnar sem tryggir þeim sem lægstar tekjurnar hafa 90% endurgreiðslu.

[18:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Um það var rætt í samkomulagi milli stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar að þessar umræður mundu ekki standa mikið lengur en þær hafa nú gert. Þó vissulega sé það svo, herra forseti, að frv. kalli raunverulega á miklu ítarlegri og lengri umræður en hér hafa farið fram þá gefst aftur tækifæri til þess við 3. umr. að fara frekar ofan í þetta mál.

Ég skal því vera stuttorð en ég vildi gjarnan, nú í lok umræðunnar, beina einni fyrirspurn til hæstv. forsrh. Ég kom inn á það í máli mínu hér í dag að ég teldi miklu skynsamlegra og eðlilegra á allan hátt að fara þá leið að hækka frekar gjald af tóbaki en að hækka gjöld á námsmenn, skólagjöld, sem koma sér kannski sérstaklega illa fyrir barnafjölskyldur í námi og námsmenn utan af landsbyggðinni eins og hér hefur ítarlega verið farið yfir. Ég sagði að ég útilokaði ekki að ég mundi skoða slíka tillögu, ekki síst vegna þess að verðlagsáhrifin

af slíkri tillögu virðast miklu minni en verðlagsáhrifin af því að auka gjöld á námsmenn.

Ég hef því meðfram því að hlusta á umræðuna í dag látið skoða þetta mál nánar og það hefur staðfest mig í þeirri trú að miklu skynsamlegra sé og réttara að fara þá leið að hækka frekar tóbaksgjaldið.

Ég hef verið að láta skoða hve hátt þyrfti að fara með tóbaksgjaldið miðað við að fallið yrði frá aukinni gjaldtöku á námsmenn og líka þeirri gjaldtöku sem er greinilega mjög umdeild, þ.e. á sjúkrahótelum.

Til þess að fá 110 millj. í auknar tekjur, sem það kallar á að falla frá gjaldtöku á námsmenn og gjaldtöku á sjúkrahótelin, þá þyrfti að hækka tóbaksgjaldið um 5 kr. Verðlagsáhrifin af því eru ekki nema rúmlega 0,03%, meðan Hagstofan, eða Þjóðhagsstofnun í samráði við Hagstofu, hefur uppýst og það er hér til í gögnum, að verðlagsáhrifin af því að hækka gjöld á námsmenn eru 0,14%. Það segir sig sjálft, herra forseti, í því viðkvæma ástandi sem við erum í, ekki síst vegna samkomulags sem gert var á þessum degi milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um að ná tökum á verðbólgunni, að mikilvægt er að fara varlega í alla liði og allar hækkanir sem hreyfa mikið við verðbólgunni eða verðlagsáhrifum.

Nú er það svo, herra forseti, að sú brtt. sem ég og flokkur minn hefðum gjarnan viljað flytja er ekki tilbúin þegar við göngum hér til atkvæðagreiðslu við 2. umr. þessa máls.

Því vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann teldi að til greina kæmi að skoða það milli 2. og 3. umr. að fara frekar þá leið sem ég hef nefnt, að hækka tóbaksgjaldið um 5 kr., sem gefur 110 millj. kr. með verðlagsáhrifum upp á 0,03% á móti því að falla frá þá gjöldunum á námsmenn og gjaldtökuna á sjúkrahótelin. Það gæfi ríkissjóði hið sama og fæli í sér miklu minni verðlagsáhrif en sú leið sem ríkisstjórnin er að fara varðandi þá tvo þætti sem eru í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Þar sem ég get ekki flutt þessa brtt. nú og verð að bíða með hana til 3. umr. þá fýsir mig að heyra afstöðu hæstv. forsrh. til þess hvort hugsanlegt væri að ná samkomulagi um þessa leið sem ég hef hér nefnt.

[18:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú reyndar þannig, eins og hv. þm. veit, að þó þessi þáttur er snýr að skólagjöldunum sé hafður sem hluti af ráðstöfunum í ríkisfjármálunum núna þá er í raun verið að uppfylla skilyrði sem fram komu þegar fjárlögin voru lögð fram. Þá var gert ráð fyrir aðgerðum af því tagi og sú ákvörðun var tekin við gerð fjárlagafrv. en ekki við gerð bandormsins sem hér er til umræðu.

Eins og fram hefur komið við umræðuna í dag þá lítur ríkisstjórnin þannig á að í raun sé verið að færa heimildir háskólanna til gjaldtöku, því heimildarákvæði eru þetta, í átt að verðlagsþróun — ekki fyllilega til hennar en í átt að verðlagsþróuninni. Þess vegna höfum við ekki litið á það sem afleitan kost þó það hafi verið gagnrýnt.

Auðvitað er hægt að tína til marga hluti og segja: Af hverju ekki þetta í staðinn fyrir hitt o.s.frv. Ég tel því ekki að það sé fær kostur á síðustu stigum þessa máls að breyta um kúrs hvað þetta varðar.

[18:24]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna því að ekki var hægt að skilja orð hæstv. forsrh. öðruvísi en svo að honum þætti þetta a.m.k. ekki óskynsamleg tillaga. En hæstv. forsrh. bar fyrir sig einhverjum tæknilegum atriðum um að búið væri að afgreiða fjárlög og því væri erfitt á síðustu stundu að gera þær breytingar sem ég hef verið að leggja til.

Ég held, herra forseti, að miðað við þær viðtökur sem mér finnst þetta mál fá hjá hæstv. forsrh. að við ættum nú að reyna að setjast yfir það milli 2. og 3. umr. Þó að fjárlögin séu eins og hæstv. forsrh. nefndi, þá held ég að um tæknilegt atriði sé bara að ræða. Ég veit að hæstv. forsrh. er mjög mikið í mun, eins og öllum hér inni, að halda niðri verðlagsáhrifum af þeim gjaldtökum sem ríkisstjórnin er að fara í og haga þeim með þeim hætti að þau hafi sem minnst verðlagsáhrif. Ég hef sýnt fram á að lítilleg hækkun á tóbaksgjaldi hafi miklu minni verðlagsahrif en hækkun á gjöldum á námsmenn.

Því tel ég, herra forseti, líka miðað við það að hækkun tóbaksgjalds hefur verulegt forvarnagildi — það er löngu sannað að það er fyrst og fremst verð á tóbaki og hækkun á tóbaki sem getur frekar komið í veg fyrir reykingar en annað — að ástæða sé til að skoða það eftir 2. umr. og óska eftir því að það verði gert, hvort hægt sé þá við 3. umr. málsins að reyna að ná samstöðu um það mál og vona ég að það geti orðið.

[18:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég skal leitast við að haga orðum mínum þannig nú, vona að mér takist það, að þau verði ekki til þess fallin að efna til langrar viðbótarumræðu um þetta mál. Það hafa farið fram ágætisumræður um þetta mál í dag og er ljóst að um þetta eru mjög skiptar skoðanir og stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt málatilbúnað ríkisstjórnar og tillögur harðlega út frá sínum sjónarmiðum.

Í andsvörum frá ráðherrum og ýmsum hv. þm. hefur viðhorf ríkisstjórnarinnar komið fram og ég tek undir þau sjónarmið sem hafa verið á ferðinni varðandi önnur mál sérstök, svo sem þau sem lúta að skrásetningargjöldum á háskólastigi. Það fór fram mjög viðamikil umræða um það mál þegar fjárlagagerðin var uppi þar. Þau áform mátti a.m.k. lesa út úr fjárlagafrv. Aðra hluti hafa menn einnig rætt hér af miklum þunga og alvöru, svo sem tilefni er til.

Hitt er annað mál og það þekkjum við sem almenn sannindi, ekki bara hér á landi heldur víðar, að það er almennur góðvilji til þess að ríkissjóður sé rekinn með afgangi og þannig stofnað til að hann stuðli með þeim hætti að jákvæðara efnahagsástandi og skaplegu efnahagsástandi.

Hins vegar kemur á daginn þegar þarf að ná því markmiði og menn fara að rekja eða leggja fram tillögur um hvar eigi að bera niður, að sjónarmiðin vilja verða jafnmörg mönnunum sem þingsalinn sitja. Og auðvitað er það svo — það vita hv. þm. stjórnarandstöðunnar, ekki síst þeir sem hafa setið í ríkisstjórn eða fylgt ríkisstjórn — að auðvitað hafa í aðdraganda máls átt sér stað umræður og jafnvel átök innan stjórnarflokka, ekki endilega milli þeirra heldur innan þeirra, um hvar sé borið niður, þó sá ágreiningur komi ekki upp á yfirborð og eigi ekki að koma upp á yfirborð þegar menn hafa náð samkomulagi um slíka hluti.

Þannig er þetta ekkert létt og við öll a.m.k. í orði tökum

mjög undir það að stuðla eigi að því að ríkissjóður sé við núverandi aðstæður rekinn hallalaus.

Í dag hafa menn náð samkomulagi eins og vitað er milli aðila vinnumarkaðar um að taka höndum saman til að treysta undirstöður efnahagslífsins og stuðla að því að gengi krónunnar skráist með þeim hætti að svari til raunveruleikans að mati flestra og þar með að gengið hafi jákvæð áhrif á verðlagsþróunina.

Ég vil við þetta tækifæri lýsa yfir mikilli ánægju minni og ríkisstjórnarinnar með þann framgang sem þar hefur átt sér stað og sérstaklega segja að ég met mikils með hvaða hætti aðilar hafa staðið að málum og þann myndugleika sem báðir aðilar hafa sýnt í málinu.

Ríkisstjórnin hefur gefið út yfirlýsingu sem fylgir þessu samkomulagi og er því til áréttingar og er fullnægjandi að mati samningsaðilanna. Með sama hætti hefur Seðlabankinn gefið út yfirlýsingar vegna endurskoðunar á kjarasamningum á árinu 2002. Þar er vikið að þeim fyrirheitum sem ríkisstjórnin hefur gefið og einnig er ljóst að Seðlabankinn hefur talið að sú óvissa sem var um hvort samningum yrði sagt upp eða ekki, væri til þess fallin ein og sér að ýta undir óstöðugleika og veikja gengið og þar með ýta undir hækkandi verðbólgu.

Það má lesa það út úr yfirlýsingu Seðlabankans að þessir atburðir sem nú hafa orðið séu til þess fallnir að styrkja trú Seðlabankans á því að krónan muni styrkjast mjög á næstu vikum og mánuðum og því sé líklegt að þær verðbólguspár sem menn eru nú að gefa sér geti staðist.

Auðvitað er það svo að margt getur á dagana drifið, það sér enginn algjörlega fyrir og við getum ekki fullyrt að allt muni það ganga eftir. Við þekkjum það hér að atburðir verða, atburðir gerast, og menn verða þá að grípa til einhverra ráða.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi að verðlag hefði hækkað meira en verðbólguspár á síðustu mánuðum hefðu gefið tilefni til. Ég er ekki algjörlega sammála þessu mati hv. þm. Ég minni á að í septembermánuði spáði Þjóðhagsstofnun því að verðlag frá upphafi til loka ársins mundi hækka um 9%. Þá miðaði sú stofnun við það að gengisvísitalan yrði í 140. Gengisvísitalan hefur stundum rokkað upp í 150 þó hún hafi styrkst verulega á síðustu vikum eða viku sérstaklega. Hún er núna, eða síðast þegar ég vissi, 144,0-eitthvað og hefur því styrkst verulega. Þrátt fyrir það er ljóst að verðbólguþróunin frá upphafi til loka árs er innan þeirra marka sem Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir í september sl. Að því leyti til hefur verðlagsþróunin ekki gengið til hins verri vegar.

Ljóst er að það er einnig mat Seðlabankans að verðbólguspá þess banka og forsendur þeirrar spár hafa gengið bærilega eftir. Ég hygg að þeir orði það eitthvað á þá lund að það sé nú örlítið í hærri kanti en þeir hefðu spáð, en ekki þannig að það breyti neitt forsendum spár þeirra um önnur atriði.

Ég vildi nefna þetta sérstaklega vegna þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi.

Varðandi það sem hann einnig fjallaði um hér og laut að erlendum lántökum ríkissjóðs þá sést það nú einmitt á þeim þættinum hversu fljótt veður skipast í lofti efnahagsmálanna. Þegar okkur var nú sem allra mest umhugað um að draga úr þenslunni voru ráðagerðir ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. þær að þeir fjármunir sem inn kynnu að fást fyrir sölu á stórfyrirtækjum ríkisins, m.a. til erlendra aðila, yrðu jafnvel notaðir til þess að greiða niður erlendar skuldir beint og láta það fjármagn aldrei koma inn í hið íslenska efnahagslíf á því stigi máls. En nú er augljóst að viljinn stendur frekar til þess að þeir fjármunir skili sér inn í íslenskt efnahagslíf fyrr og séu notaðir til þess að greiða frekar upp innlendar skuldir en erlendar.

Höfuðáhersla stjórnvalda, og ég hygg í sæmilegri sátt við stjórnarandstöðu, var áður sú að reyna að greiða niður skuldir erlendis en ekki heima fyrir. Reyndar var það svo að margir hagfræðingar voru þeirrar skoðanir að innlendar skuldir væru annars eðlis og ekki nærri eins hættulegar og erlendar skuldir. Það munum við mjög vel eftir úr umræðum frá 1991–1993 eða 1994 og jafnvel fyrr.

Seðlabankinn er einnig á líku róli og ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins í yfirlýsingum sínum í dag. Seðlabankinn segir, með leyfi forseta:

„Til lengri tíma ráðast verðlagshorfur af aðhaldi peningastefnunnar í samspili við eftirspurn í þjóðarbúskapnum. Mikilvægt er að fjárlög voru samþykkt með sama afgangi og fjárlagafrumvarp gerði ráð fyrir þrátt fyrir verri horfur í efnahagsmálum. Afar brýnt er að framkvæmd fjárlaga gangi eftir. Seðlabankinn telur mikilvægt að lánamál ríkissjóðs á næsta ári stuðli við ríkjandi aðstæður að hærra gengi krónunnar og verðbólgumarkmiði bankans. Til að svo geti orðið þarf að gæta jafnt að langtímaáhrifum lántöku ríkissjóðs á innlenda eftirspurn og verðbólgu sem og skammtímaáhrifum hennar á gengi krónunnar."

Svo segir á seðlabankamáli.

Þetta þýðir náttúrlega á okkar mannlega máli að menn hafa horfið um hríð frá því meginmarkmiði að greiða frekar niður skuldir okkar erlendis en horfa til annarra þátta, þ.e. skammtímaþátta sem varða gengi krónunnar.

Auðvitað geta komið til aðrir þættir eins og hraðara innstreymi gjaldeyris en verið hefur sem gæti dregið úr mikilvægi þess að lántökur ríkisins í þessu skyni verði jafnháar og menn hafa hingað til kannski verið að hugsa til. Allt er þetta til skoðunar og þarf að huga að.

Ég vek sérsaklega athygli á því sem ég las hér úr texta og yfirlýsingu Seðlabankans sem taldi að það hefði afar mikla þýðingu að fjárlög væru samþykkt með sama afgangi og fjárlagafrv. gerði ráð fyrir þrátt fyrir verri horfur í efnahagsmálum.

Ég vek sérstaka athygli á þessum þáttum vegna þess að ýmsir hv. þm. hafa verið að orða það hér hvers vegna menn sé nú að leggja í leiðangur af þessu tagi og kalla það ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir ekki stærri tölur eða burðugri en þar er um að ræða. Menn hafa síðan tekið prósentur af heildartölum fjárlagafrv. og jafnvel landsframleiðslu til að sýna um hve litla hluti sé í rauninni verið að ræða.

En ég hygg að það sé hins vegar rétt mat hjá Seðlabankanum að nauðsynlegt hafi verið að ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn gengi nú undir það jarðarmen hér, sem er nú ekki það skemmtilegasta sem við þingmennirnir gerum, tveim til þrem mánuðum eftir að fjárlög eru lögð fram, að bregðast við breytingum, bregðast við tekjubreytingum og útgjaldabreytingum og tryggja að fjárlögin séu afgreidd með sama afgangi og þau voru lögð fram.

Ég hygg að það hafi afar mikla efnahagslega og tilfinningalega þýðingu — og eins og menn hafa séð í umfjöllun að undanförnu þá skipta tilfinningarnar hér máli — tilfinningalega og efnahagslega þýðingu að stjórnarmeirihlutinn hafi gengið í það verk þó það hafi ekki alltaf verið það

ánægjulegasta sem við höfum verið að gera til að tryggja þá niðurstöðu.

Ég vænti þess að þetta frv., þegar það verður að lögum, fjárlagafrumvarpið í heild sem orðið er að lögum, samningar aðilar vinnumarkaðarins, yfirlýsingar Seðlabanka Íslands og ríkisstjórnarinnar í tengslum við þessa endurskoðun, að þetta allt samanlagt muni tryggja hér að við séum að sjá fram á það að verðbólgan á næsta ári verð mjög þolanleg, viðráðanleg og að með því sé tryggt að kaupmáttur fólksins í landinu, sem okkur er mjög umhugað um, varðveitist, haldist og hægt sé í framhaldi af því að byggja nýtt kaupmáttarris á þeim grundvelli sem með þeim hætti hefur verið lagður.

Ég tel að aðilar vinnumarkaðarins hafi stuðlað að því. Þeir segja í yfirlýsingum sínum að miklu skipti hvernig ríkisvald og Seðlabanki haldi á framhaldinu og auðvitað heitum við því að gera okkar ýtrasta til að nýta vel það svigrúm og það tækifæri sem með þessu hefur gefist.

Aðilarnir segja í samningi sínum, með leyfi forseta:

„Stöðugleiki á vinnumarkaði er mikilvæg forsenda stöðugleika í verðlags- og gengismálum. Það er því mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagslífinu að draga úr óvissu um kostnaðar- og verðlagsþróun á næsta ári. Þróunin ræðst þó ekki síst af ákvörðunum stjórnvalda og Seðlabanka.

Að undanförnu hafa fulltrúar ASÍ og SA átt viðræður við fulltrúa ríkisstjórnar og Seðlabanka um leiðir til að treysta stöðugleika og minnka verðbólgu. Ræddar hafa verið hugmyndir um samstilltar aðgerðir sem stuðlað geti að hækkun gengis krónunnar, minnkandi verðbólgu og lækkun vaxta."

Hér er sem sagt lögð áhersla á að hér er um margra aðila samstarf að ræða sem hefur á endanum fallið allt í einn farveg.

[18:40]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að taka undir það með hæstv. forsrh. að það samkomulag sem náðist milli aðila vinnumarkaðarins á þessum degi er afar mikilvægt. Það er afar mikilvægt til þess að hægt sé að styrkja gengið og lækka verðbólguna. Þetta er raunverulega það sem við í Samfylkingunni hvöttum til fyrir nokkrum vikum síðan, að tekið yrði upp slíkt þríhliða samráð sem nú hefur leitt til þessarar niðurstöðu.

Það er alveg ljóst að launafólk fórnar auðvitað miklu. En það er allt gert í trausti þess að hægt verði að ná hér niður verðólgunni. Heimilin í landinu eru mjög skuldsett og hver hækkun í prósentu í verðbólgu þýðir að skuldir heimilanna aukast um 5–6 milljarða. Öll hljótum við því að taka undir það að afar brýnt er að ná þeim markmiðum sem sett eru með því samkomulagi að ná verðbólgunni niður í 3%, sem hefur nú á síðustu 12 mánuðum verið um 8,6%.

Ég verð að segja það, herra forseti, að hlutur verkalýðshreyfingarinnar er auðvitað langmestur í þessu samkomulagi. En hlutur ríkisstjórnarinnar er mjög lítill vegna þess að þrátt fyrir það samkomulag sem hefur náðst er ríkisstjórnin á þessum degi að leggja til að samþykkt verði frv. sem felur í sér 0,35% verðlagsáhrif, aukningu á verðbólgunni. Það er ekki gott innlegg frá ríkisstjórninni á þessum degi. Eina innlegg ríkisstjórnarinnar er að lækka tryggingagjaldið um einn þriðja ef verðlagsmarkmiðin nást. Ekki er hægt að skilja það öðruvísi en svo að ef verðlagsmarkmiðin nást ekki þá muni ríkisstjórnin falla frá því að lækka tryggingagjaldið um þriðjung. Það er mjög sérkennilegt af því tryggingagjaldið hefur í för með sér hækkun á verðbólgu um 0,3–0,4%. Innlegg ríkisstjórnarinnar á þessum degi er því mjög sérstakt.

[18:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara í meting um það hver eigi mestar þakkir skildar í þessum efnum. Þó vil ég taka undir með hv. þm. að hlutur forustumanna verkalýðshreyfingarinnar er mikill og það á að meta hann að verðleikum.

Að öðru leyti hlýt ég að ítreka og vekja athygli á því að það er augljóst, og það hefur komið fram af hálfu þessara aðila, að ef ekki hefði komið til atbeini ríkisvaldsins með þeim hætti sem þeir telja fullnægjandi, og yfirlýsingar Seðlabanka, þá hefði þessi niðurstaða ekki náðst fram. Við höfum, ráðherrar og embættismenn á okkar vegum, nokkrar undanfarnar vikur verið í formlegum og óformlegum viðræðum í því skyni að ná fram niðurstöðu af þessu tagi.

[18:43]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hýtur að taka undir það með mér að það er afar óheppilegt innlegg í þessa sátt sem gerð hefur verið að við skulum á sama tíma vera hér að samþykkja aðgerðir, gjaldtöku á námsmenn, sjúklinga og fleiri, sem fela í sér verðlagsáhrif upp á 0,35%, sem auka verðbólguna um 0,35%. Ég hefði viljað sjá okkur samþykkja eitthvað annað hér á þessum degi en frv. sem hefur áhrif í þveröfuga átt við það markmið sem aðilar eru að setja sér með þessu samkomulagi.

Lái mér það hver sem vill að mér finnst innlegg ríkisstjórnarinnar afar sérstakt, t.d. varðandi tryggingagjaldið, þ.e. að umrædd lækkun á því á ekki að koma til nema verðbólgumarkmiðin náist, þá væntanlega í maímánuði. Ef þau nást ekki gengur hækkunin á tryggingagjaldinu öll fram, og með hvaða afleiðingum? Með þeim afleiðingum að verðlagsáhrifin af hækkun á tryggingagjaldinu verða 0,3–0,4%. Mér finnst þetta afar sérstakt innlegg herra forseti, í þá sátt sem hér er gerð.

[18:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn bera auðvitað ein ábyrgð á hvert er innihald aðgerða okkar. En að því sögðu vil ég taka fram að það er augljóst að aðilar vinnumarkaðarins töldu brýnt að fjárlagafrv. yrði afgreitt með afgangi. Það var það sem ríkisstjórnin var að tryggja þó að hún beri auðvitað sjálf og þingmeirihlutinn ábyrgð á því hvaða leiðir voru farnar í þeim efnum.

Aðeins vegna þeirrar vísitölu sem hv. þm. leikur sér með, þá hygg ég að þær tölur séu ekki mjög nákvæmar. Sérstaklega vek ég athygli á því að menn verða að horfa til þess hvenær þessir hlutir falla til. Hvenær koma þeir til kasta? Er hv. þm. að tala um hluti á öllu þessu ári eða er hún að tala um hluti eins og áfengisgjaldahækkun sem kemur um mitt árið eða þær hækkanir sem koma í ... (Gripið fram í.) Það má lesa út úr fjárlagafrv., það má lesa út úr heildartekjunum sem af þessu gjaldi er um að ræða. Hækkunin er þeirrar gerðar að það er augljóst að hún fellur til á miðju ári. Ég hygg að það hafi alltaf legið fyrir.

Það sama má segja um skólagjöld og þess háttar sem koma til á seinni parti næsta árs þannig að þetta hefur ekki áhrif í þessari lotu sem menn eru að fjalla um.

Í annan stað er rétt að hv. þm. hafi í huga að auðvitað var í verðlagsspám búið að gera ráð fyrir af hálfu Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar öllum venjulegum hækkunum sem við má búast af hálfu hins opinbera.

[18:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna samkomulagi aðila vinnumarkaðarins með aðild ríkisstjórnarinnar sem tilkynnt var um nú undir kvöldið. Þó svo málinu sé þar aðeins skotið á frest fram í maímánuð þá er enginn vafi á því að það skapar svigrúm til þess að sjá hverju fram vindur á fyrstu mánuðum næsta árs. Það má segja að ríkisstjórninni sé þar með gefið tækifæri, og bjartsýnum væntingum og spám hvort heldur hæstv. forsrh. eða stofnana er þá gefinn kostur á að standast dóm reynslunnar.

Varðandi verðbólguna hvort menn eru 0,2, 0,3 eða 0,5 kommum utan eða innan við spár þá er það kannski ekki aðalatriði málsins þegar við höfum það í huga að verðbólgan er sannanlega því miður um þessar mundir 8–9% á ársgrundvelli. Það er auðvitað mergurinn málsins að það er allt of mikil verðbólga og hún verður að fara hratt niður ef ekki á illa að fara.

Í öðru lagi í sambandi við erlendar lántökur og orðalag Seðlabankans í þeim efnum, þá les ég alveg hiklaust út úr þeim texta sem hæstv. forsrh. fór með úr yfirlýsingu Seðlabankans mjög ákveðin skilaboð. Það er ekki tilviljun að Seðlabankinn leggur áherslu á að skoða ekki síður langtímaáhrif lántökustefnu ríkissjóðs heldur en skammtímaáhrif. Með því er Seðlabankinn að vara við því að falla í þá freistni að fara að dæla milljarðatuga erlendum lánum inn í hagkerfið til þess eins að ná tímabundnum árangri í gengismálum, til þess að fá smáyfirskot í gengið. Það þarf að horfa til langtímaáhrifanna, það er Seðlabankinn að segja.

Og að síðustu mikilvægi þess að skila afgangi á fjárlögum. Sálrænt: Já, en efnislega er hér um svo litla hluti að ræða þegar það er skoðað og sett í samhengi við óvissuforsendur fjárlaganna, 2–3 milljarða af 240–250 milljarða útgjöldum, að hin efnislegu áhrif þessa svokallaða afgangs eru ekki mikil og allra síst í ljósi þess hvernig hann er fenginn, en sálrænt get ég tekið undir að það hefur nokkurt gildi.

[18:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki ágreining við hv. þm. um hvernig hann les texta Seðlabankans sem ég las hér. Ég tel að Seðlabankinn hafi með sama hætti og ríkisstjórnin viljað huga að langtímaáhrifum lántöku, lántöku sem ríkissjóður hefur ekki efnislega þörf fyrir. Ríkissjóður sem er afgreiddur með afgangi fyrir utan þær tekjur sem væntanlega verða af sölu ríkisfyrirtækja þarf ekki á lántökum að halda nema þá til þess að „convertera" lánum o.s.frv. sem er bara hin venjulega rútína. Seðlabankinn horfir til lengri tíma hvað það varðar, að gott sé fyrir þjóðina að grynnka sem mest á erlendum skuldum. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar. En Seðlabankinn segir og það er sú breyting sem orðið hefur á viðhorfum hans, hann segir: Það er réttlætanlegt að horfa einnig til skemmri tíma. Hann segir það beinlínis. Það er réttlætanlegt að horfa til skemmri tíma við mótun á lántökustefnu ríkisins. Það er það sem við höfum verið að segja, að við getum sætt okkur við þær hugmyndir sem komið hafa fram frá aðilum vinnumarkaðarins að það megi einnig líta til skammtímaáhrifa á lántökunotkunarmöguleikum ríkisins þannig að það er samhljómur í því sem Seðlabankinn er að segja og því sem ríkisstjórnin er að segja.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. eins og ég skil hann að auðvitað eiga menn að fara mjög varlega í notkun á þeim tækjum sem þarna eru á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:50]

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisþjónusta, 229. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 588; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 589.

Innflutningur dýra, 373. mál, frv. ÞKG o.fl., þskj. 585.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, 375. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 587.

Stjórn fiskveiða, 193. mál, brtt. GAK, þskj. 592.

Störf hjá hinu opinbera, 108. mál, svar forsrh., þskj. 544.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:52]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 592. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 469, nál. 522 og 547.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:54]

1. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin er að grípa til með því frv. sem hér er greitt atkvæði um eru mjög handahófskenndar. Þær koma fram í auknum sjúklingasköttum og sköttum á námsmenn og bitna harkalega á jafnrétti til náms. Ríkisstjórnin er líka að taka ófrjálsri hendi félagsgjöld sem henni var trúað til að innheimta fyrir kirkjuna með sérstökum lögum.

Verðlagsáhrifin af frv. og þessum aðgerðum eru mjög neikvæð fyrir þá sátt sem í dag hefur verið gerð milli aðila vinnumarkaðarins eins og hér hefur komið fram. Þingmenn Samfylkingarinnar munu þess vegna greiða atkvæði gegn öllum greinum frv. nema 6. gr. um veiðieftirlitsgjald.

[18:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv. er verið að leggja til skerðingu á lögbundnum tekjustofni Endurbótasjóðs menningarstofnana og það ekki í fyrsta sinn sem slík skerðing er lögleidd. Niðurskurðurinn setur í uppnám viðhald merkilegustu bygginganna í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og sviptir torf- og steinhleðslumenn atvinnu sinni næsta sumar. Þar að auki bitnar niðurskurðurinn á löngu bráðnauðsynlegum viðgerðum á ytra byrði Þjóðleikhússins og á framkvæmdastyrkjum til byggðasafna út um allt land. Með þessum niðurskurði er ríkisstjórnin að gera að engu eigin yfirlýsingar um gildi menningartengdrar ferðamennsku.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki stutt niðurskurð af þessu tagi. Ég segi nei.

2. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:55]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin mótmælir því að innritunargjöld í framhaldsskólum hækki og vill benda á að lög um framhaldsskóla voru samþykkt árið 1996 og þá var samþykkt að innritunargjald skyldi aldrei verða hærra en 6 þús. kr. Hækkun vísitölu síðan 1996 er 17,25%. Við mótmælum 40% hækkun innritunargjalda nú undir því yfirskyni að hér sé um réttlætanlega vísitöluhækkun að ræða.

Sú 100% hækkun efnisgjalda sem hér er verið að ákveða að nemendur í verknámi greiði er engan veginn réttlætanleg. Þetta efnisgjald var ákveðið 25 þús. kr. á ári árið 1996 og engar vísitölur réttlæta 50 þús. kr. gjaldtöku fyrir efniskostnað nú. Auk þess þurfa þessir nemendur að greiða allt að 65 þús. kr. á önn í verkfærakostnað og 30–50 þús. kr. á önn í bókakostnað. Þeir sem leggja slíkar álögur á ungt fólk í verklegu námi verða þeim mun hallærislegri þegar þeir svo á hátíðum og tyllidögum harma það að þeim sem ljúka verklegu námi á Íslandi fari fækkandi.

[18:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til aukin skólagjöld, aukin innritunargjöld og aukin efnisgjöld sem einu nafni kallast skólagjöld. Hér er verið að leggja til hækkun á skólagjöldum um allt að 100% á nemendur í verknámi svo sem í matvæla- og málmiðngreinum og bitnar þetta hart á nemendum í því námi, nám sem nú þegar á undir högg að sækja þar sem þeir skólar sem veita þetta nám búa við mikla fjárhagsörðugleika og hafa safnað skuldum sem ekki hefur verið leyst úr og hefur það hlotið ámæli af hálfu Ríkisendurskoðunar.

Herra forseti. Þetta er enn þá alvarlegra fyrir þá sök að þessi gjaldtaka bitnar harðast á þeim nemendum utan af landi, af landsbyggðinni, sem verða að koma til höfuðborgarsvæðisins og sækja hingað dýrt verknám, dýrt starfsnám. Og það hefur einmitt sýnt sig, herra forseti, að stór hluti, sjö af hverjum tíu nemendum sem ljúka námi í málm- og öðrum iðngreinum koma af landsbyggðinni og það er verið að skattleggja einmitt þá nemendur til þess að rétta að nafninu til við fjárhag ríkisins.

3.–5. gr. samþ. með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

14 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Rökstuðningur ríkisstjórnarinnar fyrir hækkun skráningargjalda í háskóla er afar hæpinn ef ekki beinlínis rangur. Í tilfelli Háskóla Íslands voru þessi gjöld færð upp sem nam verðlagsbreytingum árið 1999. Þess vegna er það rangt hjá ríkisstjórninni að líta beri aftur til ársins 1991 við verðlagsútreikning nú.

Skráningargjöld í háskóla eru neyðarbrauð og hefur ríkisstjórnin ævinlega verið á hálum ís í rökstuðningi sínum fyrir þeim. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti því að stúdentar séu látnir hlaupa undir bagga hjá ríkissjóði þegar harðnar á dalnum. Ég segi nei.

[18:59]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1997 áttu innritunargjöld að standa undir samanlögðum kostnaði við skráningu kennsluefnis og pappírsvöru. Ekki er lengur um það að ræða að nemendur fái kennsluefni eða útprentanir heldur er þeim vísað á efni á heimasíðum kennara og prenta út sjálfir á eigin kostnað. Sama má segja um aðra háskóla.

Samfylkingin mótmælir þeirri aðför að nemendum ríkisháskólanna sem birtist í þeirri hækkun innritunargjalda sem hér er verið að ákveða og sem stefnir ásamt miklum hækkunum á námsbókum og framfærslu jafnrétti til náms í landinu í hættu.

6. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að veiðieftirlitsgjald hækki alls um 50 millj. kr. Eftir þessa hækkun á gjaldið að standa undir kostnaði við veiðieftirlit. Samfylkingunni finnst eðlilegt og rétt að útgerðin greiði þann kostnað sem henni fylgir

en ekki skattgreiðendur, að þar séu kostnaðargjöld hækkuð fremur en í velferðarkerfinu.

Hér er ríkisstjórnin loks á réttu róli, herra forseti. Við styðjum því þetta eina ákvæði í frv.

7. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni aldeilis dæmalaus ráðstöfun hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar, að ætla að fara ránshendi um tekjur kirkjunnar og trúfélaga í landinu. Ríkið innheimtir þetta fé fyrir kirkjuna og trúfélög og ætlar nú að taka hluta af því til sín. Í reynd er hér um vörslufé sem er tímabundið í höndum ríkisins að ræða. Það getur hver sett sig í þau spor að eiga sitt undir innheimtumanni af þessu tagi, að hann taki sér bara sjálfdæmi um það hversu miklu hann stelur af vörslufénu. Það er alveg sérstakt að hæstv. fjmrh. skuli leggja blessun sína yfir þetta því þar er ekki miskunninni að mæta ef þeir sem hafa með höndum vörslufé og eiga að standa skil á því til fjmrh. skila því ekki.

Að síðustu er það svo að þessi ráðstöfun bitnar harðast á trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Ákvörðunin er því í reynd fjandsamleg trúfrelsi í landinu. Hvernig sem á málið er litið, herra forseti, er þetta hneykslanlegt.

[19:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið á að skerða sóknar- og kirkjugarðsgjöld með þeim ákvæðum sem ætlunin er að samþykkja í 7. og 8. gr. Í stað þess að skila því sem hún gerði samning um að innheimta ætlar ríkisstjórnin að taka 850 kr. af hverjum einstaklingi á þessu ári og stinga því í eigin vasa í stað þess að skila til þeirra sem eiga að fá þessi gjöld.

8. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er ríkisstjórnarmeirihlutinn að auka enn gjaldtöku á sjúklingum. 10 millj. kr. á að ná af veiku fólki, þeim sjúklingum sem þurfa að dvelja á sjúkrahótelum þar sem þeir eru of veikir til að vera einir heima hjá sér eða eru fjarri heimilum sínum í alvarlegri og erfiðri læknismeðferð hér í Reykjavík. Þetta eru sjúklingar sem áfram reka heimili sín og bera kostnað af þeim en auk þess er þeim ætlað að greiða þennan sjúklingaskatt ríkisstjórnarinnar. Ég segi nei.

[19:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Þuríður Backman sýndi mjög vel fram á í ræðu í dag er sú starfsemi sem fer fram á sjúkrahótelunum eins og nú er háttað málum þess eðlis að óviturlegt og óráðlegt er að gera þá breytingu sem hér er lögð til. Fyrir utan þá gjaldtöku sem þarna á að leggja á sjúklinga upp á 10 millj. kr., þá sem dvelja á sjúkrahótelum, og yfirvöld neyddust til að falla frá undir haustið af því að það kom í ljós að um ólögmæta eða a.m.k. mjög hæpna gjaldtöku hafði verið að ræða framan af ári þá er þetta frá skipulagslegum sjónarhóli séð innan heilbrigðisþjónustunnar ósköp einfaldlega ekki breyting sem eru rök til að gera. Í ljósi þess hversu veikt fólk dvelur unnvörpum á þessum sjúkrahótelum og þarf á mikilli þjónustu að halda er miklu nær að líta á þetta sem hluta heilbrigðisþjónustunnar en gististað eða eitthvað sem er óviðkomandi heilbrigðisþjónustunni. Út frá báðum sjónarmiðunum fellur þetta mál, bæði vegna gjaldtökunnar og vegna kerfisbreytingarinnar. Því leggjumst við gegn þessu.

10. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er enn eina ferðina verið að leggja auknar álögur á skattpínda bifreiðaeigendur. Útgjöld vegna fjölskyldubílsins og rekstrar hans eru hvergi hærri í þeim löndum sem við berum okkur saman við en hér á landi. Þau eru orðin mjög þung í framfærslunni gjöldin vegna rekstrar heimilisbílsins. Þetta kemur ofan á 70–80% hækkun á lögboðnum bifreiðatryggingum á sl. 2–3 árum. Þetta kemur ofan á miklar hækkanir á bensíni á undanförnum missirum sem bifreiðaeigendur hafa þurft að sæta. Við segjum því nei við þessum auknu álögum á bifreiðaeigendur.

11. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb.
13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 32:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS, ÞSveinb.
nei: ÁSJ, ÁRJ, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SJS.
2 þm. (JÁ, SvH) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KolH, KHG, KLM, RG, SP, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 522 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, VS.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KolH, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, KHG, KLM, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 19:09]

Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 562, nál. 567.

[20:11]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um stofnum sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Frumvarpinu er ætlað að veita Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Borgarbyggð, Garðabæ og Borgarfjarðarsveit heimild til að stofna sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu og Andakílsárvirkjunar undir nafni Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrir liggja viljayfirlýsingar framangreindra aðila um sameiningu við Orkuveitu Reykjavíkur og sameignarsamningur milli aðilanna hefur verið undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Nefndin hefur fjallað um málið, fengið skriflegar umsagnir þeirra aðila sem að umræddum samningi standa og fékk þar að auki fulltrúa Reykjavíkurborgar á sinn fund og Orkuveitu Reykjavíkur.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 145. mál (jöfnunargjald, heimtaugar). — Þskj. 145, nál. 396, brtt. 397.

[20:12]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 396 er nál. frá samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

Markmið frumvarpsins er tvenns konar. Annars vegar að koma gjaldstofni og gjaldhlutfalli vegna jöfnunarsjóðs alþjónustu í varanlegt form þannig að ekki þurfi að leggja fram sérstakt frumvarp á Alþingi ár hvert nema fjárþörf jöfnunarsjóðsins breytist og hins vegar að tryggja aðgang að heimtaugum rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild, en Landssími Íslands hf. er eina fjarskiptafyrirtækið sem fellur undir þá skilgreiningu hér á landi.

Varðandi aðgang að heimtaugum leggur nefndin áherslu á að ákvæði frumvarpsins sem skylda rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild til að birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu verði fylgt vel eftir.

Í 26. gr. fjarskiptalaga er lögð skylda á fyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet o.fl. og njóta umtalsverðrar markaðshlutdeildar að leggja fram viðmiðunartilboð vegna samtenginga. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur gengið illa og hafa þau viðmiðunartilboð sem Landssíminn hefur lagt fram ekki talist fullnægjandi að mati Póst- og fjarskiptastofnunar. Dráttur á framlagningu viðmiðunartilboða er mjög bagalegur fyrir fyrirtæki á þessu sviði og afar mikilvægt að ástand í þessum málum verði bætt. Í 2. tölul. 1. mgr. 26. gr. fjarskiptalaga er að finna heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja reglur um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboðs. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun stendur nú yfir vinna við gerð slíkra reglna og ætla menn að með tilkomu þeirra muni komast á viðunandi ástand. Nefndin mælist til þess að þessari vinnu verði flýtt eins og kostur er.

Viðmiðunartilboð vegna aðgangs að heimtaugum samkvæmt frumvarpinu eru annars eðlis en viðmiðunartilboð skv. 26. gr. fjarskiptalaga. Ljóst má vera að ekki er síður mikilvægt að viðmiðunartilboð vegna aðgangs að heimtaugum sé birt en viðmiðunartilboð á sviði samtenginga. Til að tryggja að framkvæmd þessa ákvæðis verði eins og til er ætlast leggur nefndin til að Póst- og fjarskiptastofnun verði með sambærilegum hætti og í 26. gr. laganna gert að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboða samkvæmt greininni.

Þá leggur nefndin til að orðalagi a-liðar 1. gr., þar sem kveðið er á um að gjaldhlutfall skuli endurskoðað árlega af Póst- og fjarskiptastofnun, verði breytt. Misskilja má þetta

ákvæði frumvarpsins á þann veg að með þessu sé Póst- og fjarskiptastofnun framselt vald til að breyta gjaldhlutfallinu eftir þörfum en það er engan veginn ætlunin með frumvarpinu auk þess sem slíkt framsal skattlagningarvalds er andstætt stjórnarskrá. Þessu ákvæði var einungis ætlað að tryggja að Póst- og fjarskiptastofnun endurskoðaði gjaldhlutfallið reglulega, með hliðsjón af fjárþörf jöfnunarsjóðsins. Síðan var ætlunin að ráðherra mundi á grundvelli þeirrar endurskoðunar leggja fram frumvarp til breytingar á gjaldhlutfallinu, ef þörf væri á. Það er ljóst að gjaldhlutfallinu verður ekki breytt nema með lögum og til að ákvæðið valdi ekki misskilningi að þessu leyti leggur nefndin til að orðalagi þess verði breytt og það skýrt nánar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Kristján L. Möller og Árni Steinar Jóhannsson skrifa undir álitið með fyrirvara en aðrir sem undirrita nefndarálitið eru auk mín hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigríður Ingvarsdóttir.

Herra forseti. Að lokinni 2. umr. legg ég til að þessu máli verði vísað til 3. umr.

[20:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um fjarskipti.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sem sat fund samgn. fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þegar málið var tekið úr nefnd gerði fyrirvara um undirskrift sína á álitinu. Sá fyrirvari tekur einmitt til þess að í þessu afmarkaða frv. er í rauninni verið fjalla um að styrkja réttarstöðu annarra aðila til aðgangs að fjarskiptaneti, í þessu tilfelli Landssímans sem í flestum tilvikum er eigandi og með ráðandi markaðsstöðu hvað þetta varðar. Það er í sjálfu sér gott út af fyrir sig og er stutt út frá þeim forsendum sem við munum væntanlega standa frammi fyrir að Landssíminn verði seldur og þar með grunnnetið og að gefinni þeirri forsendu er þetta sjálfsagt jákvæð breyting sem þarna er verið að leggja til. Það er ástæðan fyrir því að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í samgn. er á álitinu en þó með fyrirvara.

Hitt er þó nauðsynlegt að draga inn í umræðuna það sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem var að afar óskynsamlegt væri að selja Landssímann í heild sinni ásamt grunnnetinu eins og keyrt var í gegnum þingið á sl. vori. Í þeirri umræðu var rakið ítarlega hve sú aðgerð væri í raun andsnúin hagsmunum a.m.k. meginþorra landsmanna að keyra þá samþykkt á sölu í gegn og við lögðum áherslu á það, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að miklu réttara væri að Landssíminn, þessi mikilvæga þjónustustofnun, grunnþjónustustofnun í eigu allra landsmanna, að styrk þeirrar stofnunar væri beitt til þess að efla, bæta og styrkja dreifikerfi fjarskipta um allt land. Við töldum og teljum enn að hagsmunum þjóðarinnar væri best borgið með þeim hætti.

Landssíminn er enn ekki seldur að meiri hluta og ekki einu sinni heldur sá hluti sem gert hafði verið ráð fyrir að hægt væri að selja á þessu ári og það sýnir, herra forseti, að mínu mati hug þjóðarinnar til þessa almannaþjónustufyrirtækis að þegar fara átti að bjóða þjóðinni hlutabréf í Landssímanum til sölu nú á haustdögum, þá hafnaði þjóðin því að kaupa þau hlutabréf af sjálfri sér. Ég tel að með því hafi hún einmitt verið að undirstrika það að hún vildi að þetta fyrirtæki, þessi þjónustustofnun yrði áfram í eigu og á ábyrgð ríkisins og axlaði ábyrgð á því að jöfnuður væri í kostnaði og aðgengi að fjarskiptum og gagnaflutningum um allt land. Ég vildi láta koma fram, herra forseti, að þennan hátt hefði átt að hafa á og er enn hægt að hafa á með því að hætta við þá fáránlegu og skaðlegu hugmynd gagnvart þjóðinni að selja Landssímann, og væri þar vitið meira að draga þær hugmyndir til baka og nýta styrk Landssímans til þess að efla fjarskiptanetið og fjarskiptin úti um allt land.

Í þessu sambandi langar mig þó til þess að spyrja, virðulegi forseti: Hvað líður samþykktum, skilmálum eða beiðnum sem fylgdu með áliti meiri hluta samgn. á sl. vori þegar sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands var til umræðu? Þá var það, að mig minnir, einmitt hluti af þeirri afgreiðslu, að því var beint til samgrh. að hann ynni í samvinnu við samgn. tillögur um að jafna kostnað við gagnaflutninga og þar með samkeppnisstöðu fyrirtækja um allt land og skyldi þeirri vinnu vera lokið fyrir árslok 2001.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að sú samþykkt, þetta nefndarálit sem ég er að vísa til kom fram líklega í maí á þessu ári sem þarna var kveðið svo á.

Það styttist í lok ársins 2001 og væri afar fróðlegt að fá upplýst á hinu háa Alþingi hvernig þeim markmiðum sem þarna voru sett og í rauninni með að því er virtist beinum eða óbeinum skilyrðum, a.m.k. afar sterkum tilmælum um að aðgerðum í fjarskiptum yrði lokið á þessu ári, þ.e. áður en sala Landssímans yrði lengra komin. Við höfum fengið og ég held allir þingmenn í samgn. og ábyggilega fleiri þingmenn hins háa Alþingis bréf og áskoranir víða að af landinu frá sveitarstjórnum, frá fyrirtækjum sem eru háð fjarskiptum og gagnaflutningum, frá einstaklingum vítt og breitt um land þar sem allir þessir aðilar kvarta undan lélegum fjarskiptum, lélegu aðgengi að gagnaflutningum, háu verði og ójöfnuði hvað það varðar. Skemmst er að minnast erinda frá norðausturhorni landsins, landshluta sem á virkilega í vök að verjast og fjarskiptin skipta einmitt miklu máli. Ég er ekki búinn að sjá það, herra forseti, að sú tillaga sem hér er uppi á borðum bæti þar neitt sérstaklega um og reyndar alls ekki og hafi lítil áhrif á það.

Við höfum líka fengið erindi, ekki svo langt héðan, bara ofan af Vesturlandi, um léleg skilyrði fyrir gagnaflutninga og móttöku á síma og símboðum.

Herra forseti. Maður hlýtur þess vegna að taka þetta upp í umræðunni þegar verið er að fjalla um fjarskipti og aðgang að fjarskiptanetinu hver staðan er í fjarskiptum og fjarskiptaneti og gagnaflutningum á landinu öllu og ég tala ekki um að bera það saman og fá upplýst hvernig staðið hefur verið við þau fyrirheit sem gefin voru og lýst yfir í hinni mjög svo umdeildu afgreiðslu á heimild til sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. og sem ég vitnaði hér til.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að ég tel að í þessari umræðu eigi að koma skýrt fram og eigi að greina frá því hver staðan er í þessu máli. Væntanlega eru einhverjir góðir hlutir þar að gerast sem gott er að komi fram. Aðrir bíða, en það er afar mikilvægt ... (**Gripið fram í:** Eigum við að selja ...?) Er búið að selja sjoppuna? Mér heyrðist nú bara, virðulegi forseti, í fréttum í dag að búið væri að afmunstra forstjórann með hefðbundnum hætti. (Gripið fram í.) En ég er ekki búinn að sjá að í þeim samningum sem verið er að gera við þann ágæta mann og greinilega fyrrv. forstjóra Landssímans hafi fylgt neitt um það hvernig ætti að leysa

úr fjarskiptamálum vítt og breitt um landið. Ég er ekki viss um að það hafi fylgt með í þeim samningum og þess vegna ítreka ég það, herra forseti, að úr því að hæstv. samgrh. er hér, þá er alveg tilvalið að hann upplýsi stöðu þessara mála, bæði hvað hefur áunnist á árinu, hver er þá hin raunverulega staða málsins, bæði nú og til næstu framtíðar þannig að við hér á Alþingi og alþjóð fái að vita það þegar við erum að fjalla um aðgengi að fjarskiptanetinu vítt og breitt um landið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (lögheimili). — Þskj. 146, nál. 398.

[20:28]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. allshn. um 146. mál, frv. til laga um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966.

Nefndin fékk vegna þessa máls á sinn fund fulltrúa frá dómsmrn. og eins bárust umsagnir frá ýmsum aðilum.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að fallið verði frá áskilnaði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna um að útlendingur þurfi að hafa átt lögheimili hér á landi í fimm ár til að geta eignast fasteign. Dómsmálaráðherra, sem hefur heimild til að veita undanþágu frá þessu skilyrði skv. 2. mgr. 1. gr., hefur aldrei hafnað undanþágu frá þessu skilyrði á undanförnum áratugum en fjölmargar beiðnir um slíkt berast á ári hverju. Er tilgangur frumvarpsins að bæta réttarstöðu þeirra útlendinga sem eiga lögheimili hér á landi og vilja fjárfesta í fasteign.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nál. standa eftirtaldir nefndarmenn í allshn.: Sú sem hér stendur framsögumaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, formaður, Ásta Möller, Kjartan Ólafsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson ritar undir álitið með fyrirvara.

[20:30]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er ekki stórt eða mikið mál á ferðinni, en þó. Það horfir til þeirra bóta að verið er að afnema það skilyrði að útlendingar geti ekki keypt fasteign nema þeir hafi átt hér lögheimili í 5 ár. Það er verið að afnema 5 ára skilyrðið og tel ég það vera til mikilla bóta.

Ég hefði á hinn bóginn talið æskilegt að taka stærra skref og afnema þetta skilyrði um lögheimili, ekki síst í því ljósi að við erum smám saman að verða meiri partur af t.d. Evrópska efnahagssvæðinu. Ég hefði haldið að í því ljósi gæti verið mikill akkur í því að fá hingað erlenda fjárfesta almennt hvort sem það væri í fasteignum eða einhverju öðru og því teldi ég að það hefði verið rétt að ganga skrefinu lengra og afnema þetta skilyrði um lögheimili. Á daginn kom að það var ekki vilji til þess í allshn. að ganga svo langt og er svo sem ekkert við því að segja.

Ég vildi að þessi fyrirvari minn kæmi fram. Ég styð þetta mál. Það er skref í rétta átt en ég tel rétt að fram komi að ég hefði viljað taka bæði skrefin í einu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 169. mál (forgangsröð verkefna o.fl.). — Þskj. 170, nál. 511, brtt. 512.

[20:32]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar, 169. máli. Vegna þessa máls hefur heilbr.- og trn. fengið á sinn fund fjölmarga aðila og eins bárust nefndinni margar umsagnir og frá þessu hvoru tveggja er greint á þskj. 511.

Í frv. eru annars vegar lagðar til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og hins vegar lögum um almannatryggingar. Meginmarkmið frv. er að færa á eina hönd samningsumboð ríkisins gagnvart sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Tilgangurinn er að gera heilbrigðisráðherra betur kleift að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og framfylgja henni. Þá er lagt til í frv. að heilbrigðisstarfsmönnum verði skylt að veita Tryggingastofnun ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar, þar með taldar upplýsingar úr sjúkraskrám, vegna ákvörðunar um greiðslu bóta, endurgreiðslur reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Upplýsingar úr sjúkraskrám er þó aðeins heimilt að veita læknum Tryggingastofnunar eða tannlæknum þegar það á við. Læknar stofnunarinnar og eftir atvikum tannlæknar hafa einnig heimild til að skoða sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á.

Nefndin er sammála um að frv. sé til þess fallið að þjóna þeim megintilgangi sem því er ætlað, þ.e. að gera heilbrigðisráðherra kleift að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og framfylgja henni.

Nefndin hefur orðið vör við ákveðna tortryggni og misskilning á tilgangi og markmiðum frv. hvað þetta varðar sem hún telur vert að reyna að leiðrétta og vill hún í því sambandi leggja áherslu á nokkur atriði.

Ekkert í ákvæðum frv. gefur tilefni til að ætla að með því sé ætlunin að gera á einn eða annan hátt upp á milli rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu. Slík ályktun sem einhvers staðar hefur gætt er tilefnislaus enda stæðist slík stefnumörkun ekki ákvæði laga. Engu að síður er brýnt að samninganefndin gæti þess í samningum annars vegar við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og hins vegar við stofnanir ríkisins að jafnræðis og óhlutdrægni sé gætt þannig að rekstrar- og samkeppnisstaða aðila sé tryggð. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að ákvæði frv. sem heimila ráðherra að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, aukna hagkvæmni og aukin gæði í heilbrigðisþjónustu koma ekki í veg fyrir beitingu samkeppnislaga í atvinnurekstri á sviði heilbrigðisþjónustu. Það leiðir af lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins að allar ákvarðanir ráðherra byggðar á þessu ákvæði verða að vera í samræmi við lög, þar með talin samkeppnislög. Ráðstafanir ráðherra geta þannig komið til skoðunar samkeppnisyfirvalda á grundvelli samkeppnislaga. Til að mynda gæti Samkeppnisstofnun kallað eftir rökstuðningi Landspítala – háskólasjúkrahúss á endurgjaldi fyrir aðstöðu innan

spítalans sem leigð er sérfræðingum til að sinna ferliverkum. Þannig verður hægt að gera kröfu um kostnaðargreiningu á þessari starfsemi inni á spítölunum. Þessar staðreyndir sem ég hef rakið taldi nefndin að væru til þess fallnar að draga úr tortryggni hvað þetta varðar á samkeppnisstöðu aðila. En til þess að eyða öllum vafa og hugsanlegum misskilningi sem enn kann að gæta einhvers staðar mun ég í samráði við hæstv. heilbrrh. og heilbr.- og trn. milli 2. og 3. umr. leggja fram brtt. við 1. gr. frv. sem yrði þá ný lokamálsgrein þar sem ótvírætt verði kveðið á um að við mat á hagkvæmni þjónustu fyrirtækja, stofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skuli taka tillit til alls þess kostnaðar sem til fellur vegna þeirra verka sem samið er um.

Á hitt er þó að líta að hlutlægar og málefnalegar ákvarðanir um það hvaða tegund þjónustu er keypt og í hvaða mæli fara almennt séð ekki gegn ákvæðum samkeppnislaga. Sama gildir um hlutlægar og málefnalegar ráðstafanir sem miða að því að takmarka eða draga úr kostnaði hins opinbera af heilbrigðisþjónustu. Þannig veitir frv. ráðherra fyllri heimildir til að stjórna því magni sem keypt er af tiltekinni heilbrigðisþjónustu með hagkvæmni og gæði hennar að leiðarljósi.

Nefndin vill árétta að heimild heilbrigðisráðherra til forgangsröðunar samkvæmt frv. er engan veginn ótakmörkuð. Allar ákvarðanir ráðherra í þessa veru þurfa að vera í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttarins, þar með talið jafnræðisreglur og meðalhófsreglur. Þá verður ráðherra að taka mið af ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og öðrum ákvæðum laga um almannatryggingar. Í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu segir t.d. að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði, og í b-lið 1. mgr. 36. gr. almannatryggingalaga segir að sjúkratryggðir einstaklingar eigi rétt á aðstoð vegna nauðsynlegra rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum eða stofnunum. Þá hefur Alþingi ályktað um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 þar sem sett er fram tiltekin stefna í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Þetta ásamt þeim meginreglum sem felast í samkeppnislögum setja ákvörðunum ráðherra í þessum málaflokki sem og öðrum þann ramma sem nauðsynlegur er og til er ætlast í hverju réttarríki.

Nefndin gerir ekki athugasemd við þá tilhögun sem frv. gerir ráð fyrir hvað varðar skipun samninganefndarinnar, sbr. 1. gr. frv. Telur nefndin nauðsynlegt að ráðherra hafi svigrúm til að skipa í nefndina eftir þörfum hverju sinni eftir því við hverja er verið að semja og um hvað.

Í b-lið 4. gr. frv. er talað um sérfræðinga sem samningar skv. 39. gr. taka til. Þetta ákvæði laganna hefur hingað til verið skýrt þannig að það eigi einungis við um sérfræðilækna. Nefndin telur að svo þröng lögskýring eigi ekki rétt á sér og leyfir heilbr.- og trn. sér að skýra ákvæðið þannig að samninganefnd skv. 39. gr. almannatryggingalaga sé á þessum grundvelli heimilt að semja við fleiri stéttir heilbrigðisstarfsmanna um greiðsluþátttöku almannatrygginga eftir því sem henta þykir til að framfylgja stefnu í heilbrigðismálum hverju sinni. Heimild ráðherra í 2. efnismgr. h-liðar 4. gr. frv. er einnig til þess fallin að gera ráðherra kleift að kaupa þá þjónustu sem ríkið vill veita og þörf er á á hverjum tíma.

Auk þessara ákvæða sem ég hef nú getið um fjallaði nefndin mjög ítarlega um ákvæði 8. gr. frv. en þar er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita Tryggingastofnun ríkisins nauðsynlegar upplýsingar, þar með taldar upplýsingar úr sjúkraskrám. Nefndin telur rétt að geta eftirtalinna atriða hvað þetta varðar:

Nefndinni þykir bæði nauðsynlegt og gagnlegt að skoða forsögu þess að ákvæði þessa efnis er lagt til. Í áratugi hefur verið litið á það sem eina af meginforsendum Tryggingastofnunar fyrir samningum við heilbrigðisstéttir um greiðsluþátttöku ríkisins að henni væri unnt að sinna eftirliti með því að sú þjónusta sem samið væri um væri innt af hendi. Hornsteinn þess eftirlits er og hefur verið að tryggingayfirlæknir geti staðreynt með skoðun á sjúkraskrá að reikningsfærð verk og þjónusta hafi farið fram. Um þennan aðgang tryggingayfirlæknis og læknislærðra fulltrúa hans að sjúkraskrám hefur verið kveðið á í samningum við sérfræðilækna og tannlækna og aðrar heilbrigðisstéttir og hefur framkvæmd þessara samningsákvæða við þessa aðila gengið vel og hnökralaust allt þar til í lok árs 1999. Hinn 4. febrúar 2000 gaf tölvunefnd (nú Persónuvernd), samkvæmt ósk Tannlæknafélags Íslands, álit sitt á því hvort tannlæknum væri heimilt eða skylt að veita tryggingayfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins afrit af sjúkraskrám sjúklinga sinna eins og samningur tannlækna við Tryggingastofnun gerði ráð fyrir. Niðurstaða tölvunefndar í þessu máli var sú að tannlæknum væri hvorki skylt né heimilt að veita tryggingayfirlækni slíkan aðgang. Í áliti tölvunefndar segir m.a. að ekki megi „veita aðgang að heilsufarsupplýsingum nema (1) með samþykki hins skráða eða einhvers sem hefur heimild til að skuldbinda hann, (2) á grundvelli sérstakrar lagaheimildar eða (3) á grundvelli sérstaks leyfis tölvunefndar" (nú Persónuverndar). Með hliðsjón af þessari niðurstöðu tölvunefndar ákvað Tryggingastofnun að fresta öllum fyrirhuguðum eftirlitsaðgerðum eftir að hnökrar komu á þessa framkvæmd og hefur virkt eftirlit af hálfu Tryggingastofnunar legið niðri allt frá þessum tíma.

Af eðli máls leiðir að Tryggingastofnun ríkisins ber ríka eftirlitsskyldu með því að verk sem hún greiðir fyrir séu unnin. Til að sinna þessu eftirliti er stofnuninni nauðsynlegt að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Til að tryggja löglegan og fullnægjandi aðgang stofnunarinnar að nauðsynlegum upplýsingum telur nefndin, með hliðsjón af áliti tölvunefndar, nauðsynlegt að skjóta lagastoð undir þessa umræddu heimild.

Hjá Persónuvernd sem var einn af þeim aðilum sem gaf umsögn um þetta ákvæði frv. kemur fram það grundvallarsjónarmið að ekki skuli hér fremur en endranær ganga lengra en nauðsynlegt er til að fullnægja þeirri þörf sem er fyrir hendi. Í þessu sambandi benti Persónuvernd í umsögn sinni á þrjár leiðir sem Tryggingastofnun ríkisins, að mati Persónuverndar, væru færar til að staðreyna reikninga. Í fyrsta lagi bendir Persónuvernd á skyldu læknis, sbr. 12. gr. læknalaga, til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er hann annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta læknisins við hið opinbera. Í öðru lagi bendir Persónuvernd á að unnt er að leita til sjúklings sjálfs og bera málið undir hann og í þriðja lagi bendir hún á þann möguleika að leita til Ríkisendurskoðunar ef einhver vafi þykir leika á um réttmæti reikninga. Þessi úrræði telur Persónuvernd nægjanleg til að Tryggingastofnun ríkisins geti sinnt eftirlitsskyldu sinni.

Nefndin getur ekki fallist á að þær leiðir sem Persónuvernd bendir á séu fullnægjandi. Í fyrsta lagi telur nefndin nauðsynlegt að Tryggingastofnun hafi aðgang að frumgögnum. Vottorð um læknisverk sem fengin eru frá sama lækni

og reikningsgerð stafar frá eru augljóslega ekki fullnægjandi til að staðfesta reikning. Í öðru lagi telur nefndin það ófullnægjandi að byggja almennt eftirlit með reikningsgerð lækna á hendur Tryggingastofnun á upplýsingum frá sjúklingum sjálfum. Það fyrirkomulag getur grafið undan trúnaði milli læknis og sjúklings og má jafnframt spyrja hver staða Tryggingastofnunar yrði ef sjúklingur neitar henni um aðgang að sjúkraskrá sinni. Að óbreyttum lögum hefði Tryggingastofnun þá aðeins eitt úrræði sem Persónuvernd bendir á, þ.e. að leita til Ríkisendurskoðunar. Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun getur hún krafist reikningsskila af aðilum sem fá fé frá ríkinu og er henni jafnframt heimilt að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi eða þjónustu sem ríkinu ber að greiða fyrir en einkaaðilar annast samkvæmt sérstökum samningi við ríkið, sbr. 7. og 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun. Hér er um að ræða úrræði sem kemur til álita ef rökstuddur grunur vaknar við reglulegt eftirlit um að ekki sé allt með felldu. Þessu úrræði verður ekki beitt, eðli málsins samkvæmt, nema sérstök ástæða sé til og aðeins í einstökum tilfellum. Þannig koma þessi úrræði Ríkisendurskoðunar, að mati nefndarinnar, ekki í staðinn fyrir hið almenna og reglulega eftirlit sem fram fer hjá ýmsum stofnunum ríkisins, þar með talið það eftirlit sem fram fer hjá Tryggingastofnun. Í dæmaskyni og til glöggvunar má nefna stofnun eins og Framkvæmdasýslu ríkisins en hún sér um greiðslu reikninga fyrir hönd þess vegna samninga sem gerðir hafa verið við verktaka vegna opinberra framkvæmda. Gerðar eru ríkar kröfur um almennt og virkt eftirlit af hálfu þeirrar stofnunar svo sem dæmin hafa sannað. Þótt Framkvæmdasýslan þurfi ekki að meðhöndla eins viðkvæmar persónuupplýsingar og Tryggingastofnun ætti þetta dæmi að auðvelda mönnum að átta sig á þeim eðlismun sem er á hinu almenna eftirliti sem einstakar stofnanir hafa með sínum málum og hinu sérstaka eftirlitshlutverki Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun er þannig mikilvægur hlekkur í eftirlitskerfi ríkisins en hún annast ekki allt eftirlit með þeim samningsbundnu greiðslum sem ríkið í sínum ýmsu myndum tekst á hendur.

Nefndin tekur engu að síður undir það grundvallarsjónarmið að ekki skuli ganga lengra en nauðsynlegt er. Nefndin minnir hins vegar á að hér er um matskennt skilyrði að ræða og mat á því, þ.e. mat á nauðsyninni er í höndum löggjafans, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum. Í hæstaréttardómi frá árinu 1989, bls. 28, taldi Hæstiréttur að 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun, sem heimilar henni aðgang að frumgögnum, næði einnig til sjúkraskráa og að slíkur aðgangur, í því tilviki sem um var fjallað, færi ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 12. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, enda væri ákvæðið skýrt og í þágu mikilvægra þjóðfélagslegra hagsmuna.

Nefndin telur nauðsynlegt, vegna þeirra gífurlegu fjármuna sem Tryggingastofnun ríkisins er falið að ráðstafa úr sameiginlegum sjóðum landsmanna, að stofnuninni sé gert kleift halda uppi virku reglulegu eftirliti með því að greiðslur bóta séu í samræmi við reglur almannatrygginga og að reikningsgerð á hendur stofnuninni sé rétt. Það er mat nefndarinnar að umrætt eftirlit verði ekki framkvæmt nema Tryggingastofnun hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum, þar með talið að þeim hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð byggist á. Á þessum grundvelli telur nefndin rétt og nauðsynlegt að veita læknum Tryggingastofnunar aðgang að sjúkraskrám að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Í þessu sambandi minnir heilbrn. á að aðgangur Tryggingastofnunar að heilsufarsupplýsingum byggist á greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Tryggingastofnun á auðvitað engan rétt til aðgangs í þeim tilvikum þegar um er að ræða læknisverk og þjónustu sem ríkið tekur ekki þátt í að greiða.

Í fyrsta lagi setur nefndin það skilyrði að upplýsingar og aðgangur að sjúkraskrám verði aðeins veittur læknum og eftir atvikum þegar það á við tannlæknum stofnunarinnar. Frumvarpsgreinin uppfyllir þegar þetta skilyrði en samkvæmt henni skal einungis veita læknum stofnunarinnar eða tannlæknum, þegar það á við, upplýsingar úr sjúkraskrám. Sama gildir um skoðun á sjúkraskrám. Með þessu er tryggt að einungis læknar sem bera ríka þagnarskyldu samkvæmt lögum, sbr. 12. gr. laga um réttindi sjúklinga og 15. gr. læknalaga, meðhöndli þessar upplýsingar.

Í öðru lagi setur nefndin það sem skilyrði að aðgangur verði aðeins veittur að þeim hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni byggist á. Ákvæðið eins og það er orðað í frumvarpinu gerir í raun ekki ráð fyrir víðtækari aðgangi, en heilbr.- og trn. telur engu síður ástæðu til að taka þetta skýrt fram og ber breytingartillaga nefndarinnar þess merki.

Í þriðja lagi setur heilbr.- og trn. það skilyrði að læknum Tryggingastofnunar verði aðeins heimilt að skoða sjúkraskrá á þeim stað þar sem hún er varðveitt, sbr. 14. gr. laga um réttindi sjúklinga. Þetta er tekið skýrt fram í breytingartillögu nefndarinnar.

Í fjórða lagi setur nefndin það sem skilyrði að við meðferð persónuupplýsinga sem Tryggingastofnun aflar með þessum hætti skuli þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt að gætt skuli ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á. Með framangreindri tilvísun til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er heimild Tryggingastofnunar settar skýrar skorður. Í áliti nefndarinnar er jafnframt bent á 7. gr. laganna sem fjallar um meginreglur sem gæta skuli við meðferð persónuupplýsinga og í nefndaráliti eru þær meginreglur tilteknar í fimm liðum.

Nefndin lítur svo á að 3. og 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eigi við um aðgang Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., enda hafi löggjafinn metið það svo að slíkur aðgangur sé nauðsynlegur vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Komi upp ágreiningur um nánari framkvæmd og útfærslu á rétti Tryggingastofnunar úrskurðar Persónuvernd þar um, sbr. 37. gr. laga um persónuvernd. Þá þykir heilbr.- og trn. ástæða til að benda á 26. gr. laganna þar sem kveðið er á um eyðingu gagna þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til varðveislu þeirra, til að mynda þegar upphaflegur tilgangur með öflun þeirra er ekki lengur fyrir hendi. Í þessu sambandi er jafnframt vert að benda sérstaklega á 15. gr. laga um réttindi sjúklinga. Þar segir að þess skuli gætt við aðgang að sjúkraskrám að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar úr þeim eru trúnaðarmál.

Ákvæði 8. gr. frumvarpsins, með þeim breytingum sem nefndin leggur til í samræmi við framangreind skilyrði, sem ég hef nú rakið, setur skýran og traustan ramma utan um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám og telur nefndin að með þeim hætti sé komið til móts við þá ólíku hagsmuni sem uppi eru. Er þetta enn fremur í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins nr.

97/5, um vernd heilsufarsupplýsinga, en þar kemur fram í grein 7.3 að heimilt sé að miðla heilsufarsupplýsingum ef gert er ráð fyrir því í lögum og það er nauðsynleg ráðstöfun í lýðræðisríki í nánar tilteknum tilgangi, m.a. vegna almannahagsmuna. Í skýringum við tilmælin kemur fram að þar geti m.a. verið um að ræða heimild til að miðla heilsufarsupplýsingum til annarra en þeirra sem koma að meðferð sjúklings, t.d. til stofnana almannatrygginga. Þá má benda á að í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, er gert ráð fyrir því í 34. lið inngangs tilskipunarinnar að heimilt sé að víkja frá banni við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þeim tilgangi að tryggja gæði og hagkvæmni málsmeðferðarreglna um uppgjör krafna um bætur og þjónustu í sjúkratryggingakerfi enda liggi fyrir brýnir almannahagsmunir. Það er mat nefndarinnar að það ákvæði sem hún gerir tillögu um sé í samræmi við framangreind sjónarmið og jafnframt í samræmi við reglur Evrópuréttarins.

Ef litið er til þess aðgangs sem Tryggingastofnun hefur haft að upplýsingum úr sjúkraskrám á umliðnum árum og gerð var grein fyrir hér að framan felur ákvæðið, með þeim breytingum sem nefndin leggur til, í raun í sér skerðingu á heimildum stofnunarinnar til aðgangs að upplýsingum um heilsuhagi manna, en ákvæðið tryggir að sama skapi betur hagsmuni og réttindi þeirra sem upplýsingarnar varða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurfellingu gerðardómsákvæðis í 1. mgr. 39. gr. almannatryggingalaga. Í umsögn frá daggjaldastofnunum kom fram nokkur óánægja með þetta. Nefndin hefur skoðað þetta ákvæði og er það mat hennar að verulegur vafi sé á því að ákvæðið taki til ákvarðana um daggjöld. Þá liggur jafnframt fyrir að gerðardómur samkvæmt ákvæðinu hefur aldrei komið saman. Nefndin telur óeðlilegt að daggjaldastofnanir geti skotið ákvörðunum ráðherra, sem teknar eru með hliðsjón af ákvörðunum löggjafans um fjárveitingar til málaflokksins, til gerðardóms sem hefði þá í raun vald til að hnekkja ákvörðunum fjárveitingavaldsins í þessu efni. Með hliðsjón af þessu gerir nefndin ekki athugasemd við niðurfellingu þessa ákvæðis.

Í 2. efnismgr. 6. gr. frumvarpsins er fjallað um með hvaða hætti daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum skuli ákveðin. Frumvarpið felur ekki í sér miklar breytingar frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að tekið er fram að daggjöld skuli ákveðin með hliðsjón af hjúkrunarþyngd. Í athugasemdum kemur fram að mat á hjúkrunarþyngd skuli byggt á svonefndu RAI-mati. Nefndin telur að hér sé um mikilvæga breytingu að ræða og leggur áherslu á að RAI-mat, þar sem það á við, verði samræmt milli stofnana þannig að fyllsta jafnræðis verði gætt. Við umfjöllun nefndarinnar um þessa grein frumvarpsins kom fram að allt frá því að daggjaldanefnd var lögð af, fyrir tæpum tíu árum, hafi öldrunarstofnanir haft lítið um daggjöld að segja. Samráð hafi verið afar takmarkað þótt um það hafi verið mælt í lögunum.

Nefndin telur nauðsynlegt að tryggja að daggjaldastofnanir hafi ávallt möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðherra áður en daggjöld eru ákveðin. Í þessu skyni leggur nefndin til að ráðherra verði gert skylt að óska eftir tillögum viðkomandi stofnana áður en ákvörðun um daggjöld er tekin. Nefndin er í raun að leggja til að ráðherra óski eftir tillögum frá þessum stofnunum með sama hætti og hann óskar eftir fjárlagatillögum frá undirstofnunum sínum sem eru á föstum fjárlögum við gerð fjárlagafrumvarpsins, samanber lög um fjárreiður ríkisins. Upphæð daggjalda ræðst að sjálfsögðu af fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Með þessu fyrirkomulagi verður ráðherra betur kleift en áður að meta raunverulega fjárþörf þessara stofnana og getur mótað fjárlagatillögur sínar til fjármálaráðuneytisins á þeim grundvelli. Þetta fyrirkomulag ætti því að stuðla að faglegri vinnubrögðum hjá báðum aðilum, en afar mikilvægt er að daggjaldastofnanir vinni sínar tillögur faglega og byggi þær á rekstrarkostnaði og mati á hjúkrunarþyngd svo sem gert er ráð fyrir í ákvæði frumvarpsins. Með þessum hætti hafa daggjaldastofnanir sömu möguleika og aðrar stofnanir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heilbr.- og trn. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Meðal þeirra breytinga eru þessar breytingar á 8. gr. frv. sem ég hef ítarlega fjallað um og jafnframt breytingin sem lýtur að daggjöldunum.

Lögð er til breyting á h-lið 4. gr. Samkvæmt frumvarpinu falla tannlækningar undir 2. mgr. 36. gr. laganna um heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu var ekki ætlunin að breyta þessu enda gildir sérákvæði um tannlækningar, sbr. 37. gr. laganna. Nefndin leggur til að þetta ákvæði verði lagfært hvað þetta varðar. Samkvæmt frumvarpinu er heimilað að ákveða gjald sem sjúklingur skal greiða vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum skv. f-lið 1. mgr. 36. gr. laganna og vegna hjúkrunar í heimahúsum skv. k-lið 1. mgr. 36. gr. laganna. Sjúkratryggðir einstaklingar hafa hingað til ekki þurft að greiða fyrir þessa þjónustu. Í starfi nefndarinnar kom fram að ekki hafi verið ætlunin að breyta því. Nefndin leggur því til að heimild til að ákveða gjaldtöku í þessum tilvikum verði felld út úr frumvarpinu. Þá telur nefndin eðlilegt að heimild sé veitt ráðherra til að ákveða hvort gjald skuli vera hlutfallsgjald og til að tiltaka hámark þess sem sjúkratryggðum einstaklingum ber að greiða og það taki til sömu þjónustu og gjaldtökuheimild er fyrir.

[20:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hv. framsögumaður hefur farið rækilega yfir nál. sem hér er til umræðu og öll nefndin stendur að. Ég vil geta þess að þetta er mjög þarft mál að mínu mati, að gera hæstv. heilbrrh. betur kleift að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og framfylgja henni. Sömuleiðis mun þetta auðvelda Tryggingastofnun ríkisins að nálgast nauðsynlegar upplýsingar til þess að geta sinnt aðhaldshlutverki sínu og eftirlitshlutverki vegna reikninga og annarra þeirra útgjalda sem stofnun greiðir. Án þess að ég ætli að rekja ítarlega efni þessa frv. þá vil ég einnig geta þess að ég tel það mjög mikilvægt að sömu reglur og sömu útreikningar gildi um útreikninga á RAI-mati — eða raunverulegum aðbúnaði íbúa eins og RAI hefur verið kallað á íslensku. Kom fram hjá gestum nefndarinnar frá þeim stofnunum sem njóta daggjalda að það er ekki svo í dag að stuðst sé við sömu útreikninga hjá öllum stofnunum. Ég teldi mjög mikilvægt að því yrði komið sem fyrst á og sambærilegar reiknireglur notaðar hjá öllum daggjaldastofnunum.

Herra forseti. Eins og sést á þingskjalinu hef ég skrifað undir þetta þingmál með fyrirvara þó að ég styðji það í einu og öllu og standi sömuleiðis að öllum brtt. nefndarinnar. Ég tel sams konar ástæðu til að geta þess í sambandi við

fyrirvara minn að það verður að vera algerlega ljóst að það er ekki verið að heimila neinar frekari gjaldtökur í heilbrigðisþjónustunni með þessu frv. Ég held að það sé skilningur okkar allra. Það er minn skilningur. Sömuleiðis er ekki verið að heimila neina mismunun gagnvart heilbrigðisþjónustunni, þ.e. milli fólks eftir efnahag eða að öðru leyti. Ég vil taka það sérstaklega fram.

Einnig tel ég mjög mikilvægt, sem ég tel reyndar búið að tryggja í brtt. frá nefndinni að lög um réttindi sjúklinga og lög um persónuvernd og önnur lög sem standa vörð um trúnað gagnvart heilsufarsupplýsingum verði haldnar varðandi það sem sem snýr að aðgangi að sjúkraskránum.

Þetta er það helsta sem ég geri athugasemd við og geri hér með grein fyrir þeim fyrirvara mínum við þetta mál.

[21:01]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvar mitt er ekki annað en það að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gat þess með réttu að öll nefndin stæði að þessu áliti. En fyrir það að mér láðist í lok orða minna að geta þess að svo væri þá vil ég árétta það hér að undir þetta nál. rita auk frsm., Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Tómas Ingi Olrich og Stefanía Óskarsdóttir, auk þess Þuríður Backman og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, síðasti ræðumaður, með fyrirvara, eins og hún gerði grein fyrir.

[21:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð eiginlega að segja að þetta var varla andsvar þó að þetta hafi komið fram í andsvari. Það er auðvitað rétt, og ég hef getið þess hér, að ég skrifaði undir þetta þingmál með fyrirvara og hef gert grein fyrirvörum mínum í ræðu minni.

[21:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Erindi mitt í þessa umræðu núna er einkum að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir þá miklu vinnu sem nefndin hefur lagt í þetta mál og lýsa stuðningi mínum við þær breytingar sem hafa verið gerðar og þann anda sem kemur fram í greinargerðinni sem ég tel að sé frekari áréttíng á þeim anda sem frv. var samið í.

Nefndin hefur einkum tekið tvö atriði sérstaklega fyrir, þ.e. jafnræði varðandi samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og stofnanir og síðan persónuverndarákvæði frv.

Ég tel rétt og það er rétt sem kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar, Jónínu Bjartmarz, að það þykir rétt að taka inn í lagatextann sjálfan ákvæði sem undirstrikar anda greinargerðarinnar varðandi samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og stofnanir um jafnræði. Ég tel nauðsynlegt að kostnaðargreiningar fari fram á stofnunum. Reyndar hefur verið unnið að þeim málum og ég veit að áform eru um að vinna að slíku af fullum krafti en það auðveldar allan slíkan samanburð.

Ég þakka líka fyrir þá miklu vinnu sem hefur verið lögð í að fara yfir persónuverndarákvæði frv. sem eru viðkvæm eins og komið hefur fram í umræðunni. Ég tel að allar þessar breytingar sem hafa verið gerðar á frv. séu til mikilla bóta.

Ég vil taka fram varðandi þá fyrirvara sem hv. 15. þm. Reykv. gerði að lögð hefur verið mikil vinna núna undanfarið í RAI-matið. Það er nauðsynlegt að það sé gott mælitæki og grundvöllur fyrir daggjöldum á öldrunarstofnunum. Þeirri vinnu verður haldið áfram. Af sjálfum lagatextanum leiðir að þetta frv. er ekki frv. um gjaldtökur heldur er þetta frv. um skipulag samninga við heilbrigðisstarfsmenn og á að vera auðveldara að hafa yfirsýn og forgangsraða í heilbrigðisþjónustu þegar þessi löggjöf hefur tekið gildi.

Ég endurtek þakkir mínar til nefndarinnar og vona að þessar breytingar eyði þeirri tortryggni sem hefur vissulega verið uppi varðandi þetta frv. Ég þykist vita að þessar breytingar séu lóð á þá vogarskál og hef nokkra vissu fyrir því að þær öldur hafi nú þegar lægt nokkuð.

[21:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram skrifa ég undir þetta frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar með fyrirvara. Fyrirvari minn er af tvennum toga. Það er vegna hugsanlegra hækkana á kostnaðarþátttöku sjúklinga. Þó að þetta frv. taki ekki beint á þeim þætti, þ.e. greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni þá eru þetta formbreytingar. Eftir það sem á undan hefur gengið varðandi álögur á sjúklinga skulum við hafa þann fyrirvara á að þessar breytingar leiði ekki til aukinna gjalda og gjaldtöku af sjúklingum, þ.e. að formbreytingin verði ekki notuð til þess.

Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir, og ég vona að það megi treysta því, að ekki standi til að nota þessar formbreytingar til þess að auka útgjöld sjúklinga. En þetta er fyrirvari minn, og svo eins varðandi þann lið sem snýr að möguleikum Tryggingastofnunar ríkisins til að fylgjast með því að reikningar frá heilbrigðisstarfsmönnum, og þá sérstaklega læknum fyrir þau læknisverk eða þá heilbrigðisþjónustu sem verið er að rukka um, séu rétt gerðir, því það er mjög vandmeðfarið fyrir Tryggingastofnun að sannreyna sjúkraskrár og upplýsingar um meðferð sjúklinga, sama hvort læknar eiga í hlut eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn. Fyrirvari minn er sá að ekki séu í neinu brotin lög um réttindi sjúklinga og persónuvernd.

Ég tel að á þeim tíma sem nefndin fjallaði um frv. og hafði það til meðferðar hafi nefndarmenn eftir bestu vitund reynt að girða fyrir möguleika á því þessi lög, lög um réttindi sjúklinga og persónuvernd, verði brotin. Þetta eru það viðkvæm mál eins og dæmin hafa sannað að ekki er víst að við höfum séð fyrir öllu. Því tel ég mikilvægt að taka strax á því ef eitthvað kemur fram sem bendir til þess að lögin séu ekki það vel úr garði gerð hvað það snertir að hægt sé að misfara með heilsufarsupplýsingar, þ.e. að strax verði tekið á því og það skoðað.

Herra forseti. Ég lýsti því strax við 1. umr. málsins að ég væri hlynnt þeirri hugmyndafræði að hafa samningsgerð heilbrigðisstarfsmanna, bæði innan og utan sjúkarhúsanna, á einni hendi, sérstaklega þegar hún snýr að samningum við lækna, sérfræðinga, sem hafa unnið eftir tveimur mismunandi kerfum, þ.e. þeim sem hafa unnið inni á heilbrigðisstofnunum og hafa orðið að sníða sér stakk eftir vexti hvað varðar fjárframlög til stofnananna og þjónustan hefur orðið að taka alfarið mið af því og svo hina sem hafa verið á samningum beint hjá Tryggingastofnun ríkisins og hafa fengið greitt samkvæmt þeim verkum sem hafa verið unnin. Við höfum með þessu móti verið að beina heilbrigðisþjónustunni í æ ríkari mæli frá heilsugæslunni og yfir til sérfræðinganna.

Við erum að færa hæstv. heilbrrh. töluvert vald, þ.e. að forgangsraða í heilbrigðisþjónustunni með þessari samningagerð og ég vil trúa því að heilbrigðisáætlun til ársins 2010

verði höfð þar að leiðarljósi og að áherslur verði byggðar á þeirri heilbrigðisáætlun.

Hvað varðar greiðslur til daggjaldastofnana þá tek ég undir það að ég held að ekkert athugavert sé við það að festa niður gerðardóm. Það verður þá að láta reyna á það ef það kemur eitthvert mál upp sem mundi taka þetta bara upp aftur, þar sem gerðardómur hefur ekkert verið notaður við úrskurð á daggjöldum. Ef einhvern tíma á þeim tíma sem gerðardómur hefur verið inni hefði þurft að grípa til hans þá hefði maður horft til þess að þarna væri stofnun sem væri hægt að skjóta máli til til þess að fá úrskurð. En aldrei hefur verið gripið til gerðardóms þrátt fyrir mjög þröngan fjárhag margra daggjaldastofnana. Maður hefur þó talið að oft og tíðum hefði verið ástæða til þess að skjóta úrskurði um daggjöld til gerðardóms. En þar sem hann hefur ekki verið nýttur tel ég að óhætt sé að fella hann út og láta á það reyna hvernig RAI-matið nýtist sem mælistuðull á daggjöld til daggjaldastofnana.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ljóst er að frv. hefur farið misjafnlega fyrir brjóstið á mönnum og þá sérstaklega læknum. Læknar á landsbyggðinni hafa lýst nokkri ánægju með frv. á meðan sérfræðingar hafa að sama skapi ekki verið jafnánægðir. Það verður bara að koma í ljós hvernig þetta reynist. Hv. formaður heilbr.- og trn. kynnti hér brtt. sem ætti að gera sérfræðingum aðeins ljúfara að taka við þessum lagabreytingum.

[21:13]

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 282. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 594.

Sameignarfélag um Orkuveitu Reykjavíkur, 366. mál, brtt. HjÁ, þskj. 595.

[21:14]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að fylgja úr hlaði þessu nál. hv. heilbr.- og trn., en að frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar hefur í raun verið unnið í nefndinni síðan á haustdögum.

Formaður nefndarinnar, hv. þm. Jónína Bjartmarz, hefur rakið nál. Það er allítarlegt og er á einum sjö síðum, enda þótti nefndinni ástæða til að gera skýra grein fyrir ýmsum eða öllum efnisatriðum þess þar sem gætt hafði, eins og fram kom í máli formanns nefndarinnar, talsverðrar tortryggni um sum efnisatriði og nokkuð margar athugasemdir borist við sumar greinar frv. Það er einkum við 1. gr., 6. gr. og 8. gr., en þær eru tíu alls.

Formaður hv. heilbr.- og trn. kynnti brtt. við 1. gr. frv. og hæstv. ráðherra Jón Kristjánsson tók undir orð hennar og styður þær breytingar.

Ég kem fyrst og fremst hér upp til að taka undir það að breytingar þessar styrkja mjög ákveðinn þátt í frv. en það er sá þáttur sem lýtur að ferliverkum innan og utan stofnana, að kappkostað skuli eða tryggt sé, svo rétt sé orðað, að tekið sé tillit til alls þess kostnaðar sem til fellur við slík verk.

Eins og margir vita eru ferliverk unnin á höfuðborgarsvæðinu, fyrst og fremst í Reykjavík en einnig á Akureyri og sjálfstætt starfandi sérfræðingar eru fyrst og fremst hér í borginni. Læknasamtökin höfðu sett sig mjög eindregið upp á móti frv. eins og það kom fram og tortryggðu ýmis atriði þess. Ég tel í fyrsta lagi að með þessu nál. og í öðru lagi þeirri brtt. sem formaður nefndarinnar kynnti og hæstv. ráðherra tók undir, sé ekki ástæða til nokkurrar tortryggni lengur þannig að ég geng út frá því að læknasamtökin muni styðja þetta mál þegar það er orðið að lögum.

Mér finnst það skipta mjög miklu máli vegna þess að frv. snýst að miklu leyti um starfsemi lækna og það vildi svo til að þegar læknasamtökin tjáðu sig eða gáfu umsögn sína um frv. þá gerðu þau það sameiginlega sem mátti nokkrum tíðindum sæta vegna þess að það hefur verið þekkt í læknahópnum að menn væru ekki alveg á einu máli, sérfræðingar og heimilislæknar t.d., spítalalæknar og læknar utan spítala sem dæmi. En öll þau samtök lækna, regnhlífarsamtök lækna, helstu samtök þeirra skiluðu saman áliti til nefndarinnar og hún tók athugasemdir til gaumgæfilegrar skoðunar og ég tel, eins og ég sagði áðan, að síðustu tortryggninni sé eytt með þeirri brtt. sem hér hefur verið kynnt og ég styð heils hugar.

Frv. er auðvitað nokkuð efnismikið. Kannski gæti maður sagt að tímabært væri að endurskoða lögin um heilbrigðisþjónustu frá grunni vegna þess að talsvert hefur verið gert af breytingum gegnum árin. Það sama má segja um lögin um almannatryggingar en það verður oft frekar flókið að lesa sig í gegnum lög um heilbrigðisþjónustu vegna þess að breytingar hafa komið inn flest árin.

Hér hafa verið raktar þær breytingar sem helstar verða á lögunum samkvæmt frv. Það er rakið í nál. og var mælt fyrir því áðan en eitt meginmarkmið frv. er þó að færa á eina hendi samningsumboð ríkisins gagnvart sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt.

Það hlýtur að vera yfirvalda að ákveða hvernig þau koma samningamálum sínum fyrir alveg eins og viðsemjendur stjórna því hvernig þeir setja upp samninganefndir sínar. Ég neita því ekki að ég hefði kannski enn þá frekar viljað sjá að hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins hefði eflst en ég get vel sætt mig við þetta fyrirkomulag.

Þá var heilmikil umræða um það í heilbr.- og trn. hvernig heimila ætti aðkomu Tryggingastofnunar ríkisins að upplýsingum úr sjúkraskrám og hefur það verið rakið hér og niðurstaðan farsæl fundin í samræmi við öll lög og það tryggt að einungis læknar Tryggingastofnunar eða tannlæknar stofnunarinnar munu eiga aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám og þeir einir eftir atvikum hafa heimild til að skoða sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur Tryggingastofnun ríkisins er byggð á.

Herra forseti. Að jafnaði og yfirleitt ríkir fullur trúnaður og traust milli lækna og heilbrigðisyfirvalda, þar með talið Tryggingastofnunar ríkisins og reikningsgerð á hendur stofnuninni, reikningsgerð í sameiginlega sjóði landsmanna er átölulaus og yfirleitt án hnökra. Það heyrir því til undantekninga þegar vandamál koma upp sem hér voru nefnd áðan, þ.e. rökstuddur grunur um að ekki sé allt með felldu með reikningsgerð. Það er til allrar hamingju ekki algengt fyrirbæri.

Ég tel, herra forseti, og vil gera það að lokaorðum mínum að með frv. sé jafnræðis gætt, að ekki sé mismunað milli sjúklinga, ekki sé mismunað milli rekstrarforma og það sé tryggt að vel sé staðið að heilbrigðisþjónustunni út frá þeim sjónarhóli og ekki síst tel ég að tortryggni lækna í garð þessa frv. hafi verið eytt. Ég fagna því eindregið og tel að það sé mjög mikilvægt og sé fram á það að samstarf lækna við heilbrrh. og heilbrrn. muni fá enn betri byr en fyrir hefur verið.

[21:22]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Bæði formaður heilbr.- og trn. og nefndarmenn hafa gert grein fyrir ágætu nál. um framtíð þessara mála og m.a. hvernig samstarfi eigi að vera háttað.

Ég verð að segja að ég velkist þó svolítið í vafa um það, þegar talað er um að mikið samráð og samstarf skuli vera viðhaft við bæði lækna og þá sem í heilbrigðisgeiranum vinna, hvernig menn ætla að fara með öldrunarstofnanir á föstum daggjöldum.

Þegar lesinn er texti frá hv. nefnd, þá rekst það sem hér er fjallað um alvarlega hvað á annars horn. Ég vil aðeins vitna, með leyfi forseta, til textans. Á bls. 6 í næstneðstu málsgrein segir:

„Í 2. efnismgr. 6. gr. frumvarpsins er fjallað um það með hvaða hætti daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum skuli ákveðin. Frumvarpið felur ekki í sér miklar breytingar frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að tekið er fram að daggjöld skuli ákveðin með hliðsjón af hjúkrunarþyngd. Nefndin telur að hér sé um mikilvæga breytingu að ræða og leggur áherslu á að RAI-mat, þar sem það á við, verði samræmt milli stofnana þannig að fyllsta jafnræðis verði gætt." — Gott. Besta mál. — „Við umfjöllun nefndarinnar um þessa grein frumvarpsins kom fram að allt frá því að daggjaldanefnd var lögð af, fyrir tæpum tíu árum, hafi öldrunarstofnanir haft lítið um daggjöld að segja. Samráð hafi verið afar takmarkað þótt um það hafi verið mælt í lögunum."

Skyldi þessi texti breyta þar eitthvað verulega um? Því að nú kemur framhaldið:

„Nefndin telur nauðsynlegt að tryggja að daggjaldastofnanir hafi ávallt möguleika á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðherra áður en daggjöld eru ákveðin. Í þessu skyni leggur nefndin til að ráðherra verði gert skylt að óska eftir tillögum viðkomandi stofnana áður en ákvörðun er tekin. Nefndin er hér í raun að leggja til að ráðherra óski eftir tillögum frá þessum stofnunum með sama hætti og hann óskar eftir fjárlagatillögum frá undirstofnunum sínum sem eru á föstum fjárlögum við gerð fjárlagafrumvarpsins, samanber lög um fjárreiður ríkisins." — Síðan kemur rúsínan í pylsuendanum: — „Upphæð daggjalda ræðst að sjálfsögðu af fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni."

Hver er það þá sem hefur síðasta orðið? Vilja hv. nefndarmenn segja mér það?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 358. mál (afskrift af skuldum sveitarfélaga). — Þskj. 509, nál. 558.

[21:26]

Frsm. félmn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, frá félmn.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið komu til nefndarinnar fulltrúar félmrn., Sambands íslenskra sveitarfélaga og frá Íbúðalánasjóði.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild í ákveðnum tilvikum til að afskrifa hluta af skuldum sveitarfélags við sjóðinn. Telur nefndin eðlilegt að Íbúðalánasjóði verði fengin slík heimild enda sé hún í samræmi við hagsmuni sjóðsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Undir nál. skrifa Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson og Pétur H. Blöndal og þau Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

[21:27]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál. Eins og hv. þm. Magnús Stefánsson hefur mælt hér fyrir lætur þessi breyting ekki svo mikið yfir sér en hún verður þó samt að teljast viss tímamótabreyting því að samkvæmt lögum um Íbúðalánasjóð hefur honum ekki verið heimilt að afskrifa eða færa niður lán. Þess vegna hefur í þeirri umræðu sem við höfum nú verið í, t.d. um stöðu félagslega íbúðakerfisins, einmitt strandað á því að því er talið hefur verið, að færa niður skuldir t.d. sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins vegna þess að til þess væri ekki lagaheimild. Þess vegna höfum við verið að fara alls konar leiðir til að jafna það út.

Við þekkjum öll rækilega málefnin á Vestfjörðum þar sem mörg sveitarfélög þar voru komin í mikinn vanda vegna skulda við félagslega íbúðakerfið. Félagslega íbúðakerfið var á sínum tíma liður í opinberri húsnæðisstefnu. Þetta var húsnæðisstefna sem var samþykkt að vilja aðila vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekenda og launþega. Lífeyrissjóðirnir komu að þessari húsnæðisstefnu og það var Alþingi sem síðan setti lögin og með lögunum var ákveðið að bakábyrgðin vegna þessa húsnæðiskerfis skyldi leggjast á sveitarfélögin og einmitt vegna félagslega eignaríbúðakerfisins hvíldi á þeim innlausnarskylda.

Húsnæðiskerfið var sett í gang á sínum tíma af mikilli bjartsýni. Þá var gert ráð fyrir því að byggðastefnan mundi ná fram að ganga, að byggð vítt og breitt um land mundi blómgast. Svo var og um tíma þannig að það var mikill hugur í mönnum víða um land og íbúðir byggðar, enda er sveitarfélögum skylt samkvæmt lögum að sjá til þess að til séu nægar íbúðir fyrir íbúana. Þeim er gert að gera reglulegar húsnæðiskannanir og sjá til þess að nóg framboð sé á íbúðum.

Eins og við þekkjum hafa sveitarfélögin hvert af öðru lent í miklum greiðsluvandræðum og erfiðleikum með að standa undir þessum skuldbindingum sínum. Þau hafa orðið að standa við sitt og neyðst til þess meðan lögin kváðu svo á um. Það hefur víða sett fjárhag þeirra í afar erfiða stöðu. Sum hafa meira að segja lent í því sem nánast mætti kalla fjárhagslegt greiðsluþrot.

Ég vil aðeins, herra forseti, vitna til erindis sem Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði flutti á fundi í haust um félagslega íbúðakerfið. Halldór Halldórsson bæjarstjóri hefur einmitt verið annar fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga í nefnd sem félmrh. skipaði um lausnir í félagslega húsnæðiskerfinu. Hann rekur þar bæði sögu húsnæðis og húsnæðiskerfis og það hvernig fór með varasjóðinn, varasjóð sem ákveðið fjármagn átti að renna í, varasjóð húsnæðislána sem átti að fjármagna mismuninn í húsnæðiskerfinu vegna munar á kostnaðarverði og innlausnarverði íbúða, þ.e. seldist

íbúð á hærra verði en því sem talist gat kostnaðarverð þá átti söluhagnaðurinn að renna inn í sjóðinn svo hægt væri að grípa til hans í þeim tilvikum er ekki var hægt að selja íbúðirnar aftur á sama verði og þær voru leystar inn á.

Hann rekur hvernig varasjóðurinn, bæði á þessu og síðasta ári virkaði ekki hvað þetta varðar vegna þess að sveitarfélögin réðu einfaldlega ekki við að leysa inn íbúðirnar og gátu þess vegna ekki nýtt sér þau framlög sem í sjóðnum voru. Þessi litli varnagli sem þó hafði verið settur í kerfið varðandi félagslegu eignaríbúðirnar var þannig í raun orðinn óvirkur því að málið var orðið miklu stærra en svo að það gæti leyst af sjálfu sér.

Í þessu ágæta erindi rekur hann stöðu þessara mála. Hann nefnir stöðuna í byrjun ársins 2001. Hann hefur á fyrirvara um nákvæmnina en þar segir hann að á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum eru 1.198 íbúðir og reiknað innlausnarverð þeirra er 8,5 milljarðar kr. og eignarhluti sveitarfélaganna þar 1,9 milljarðar. En í öðrum landshlutum, utan höfuðborgarsvæðisins, er fjöldi íbúða 1.490, innlausnarverð um 10,9 milljarðar kr. og eignarhluti sveitarfélaganna 2,9 milljarðar.

Í þeim tillögum sem þarna eru reifaðar er talið að til að þau sveitarfélög sem þarna er um að ræða ráði við skuldbindingar sínar og komi hugsanlega íbúðunum aftur í umferð, ef svo má segja, þurfi að lækka þessi lán um 2,8 milljarða kr. Þetta eru þær upphæðir sem þarna er um að ræða og er talið, í þessum drögum, nauðsynlegt að afskrifa þessar upphæðir til þess að þær komist í rekstrarhæft ástand.

Það er líka vert að gera sér grein fyrir því að einmitt þessir 2,8 milljarðar kr. skiptast ekki jafnt á sveitarfélögin heldur eru ákveðin sveitarfélög þarna í miklu meiri vandræðum en önnur og hafa lent í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Þess vegna hefðu menn farið að eins og á Vestfjörðum, að létta á skuldum m.a. vegna félagslega íbúðakerfisins með því að taka af Vestfirðingum Orkubúið. Sumir segja það hafa verið keypt á yfirverði en aðrir segja svo ekki vera. En það var ætlað til að jafna út þessar skuldir sem eru að sliga sveitarfélagið. Aðrar aðferðir eru síðan notaðar annars staðar á landinu.

Unnið hefur verið að lausn á vandamálum eins og eins sveitarfélags en engin heildarlausn verið í gangi. Þess vegna er það einmitt fagnaðarefni, herra forseti, að hér skuli þó koma fram frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál þar sem Íbúðalánasjóði verði heimilt að semja við sveitarfélögin um afskrift á hluta skulda þeirra við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila og hluta skulda. Alla vega er þar komin lagaheimild til að semja um framhald þessara mála og heimild til að afskrifa. Það er lofsvert að gefinn skuli kostur á slíku og óskandi að þetta skref sé til góðs og unnið verði að þessum málum varðandi félagslega íbúðakerfið um land allt og fjárhagsvanda í beinu framhaldi, þ.e. leysa hann með þeim hætti að sveitarfélögin standi jafnburðug eftir og helst betur með íbúðir sínar þannig að íbúðareign þeirra verði frekar styrkur fyrir þau í framtíðinni og til að styrkja búsetu á þessum svæðum, í stað þess að vera þeim sá klafi sem hún hefur verið á seinni árum. Hún er alveg ótæk sú stefna sem hefur verið keyrð, að leysa skuldavanda sveitarfélaganna með því að ná af þeim mikilsverðum þjónustueignum upp í þessar opinberu skuldir, skuldir sem m.a. eru tilkomnar vegna lagasetningar frá Alþingi sem ákvað einhliða hvar ábyrgðin á þessum skuldum skyldi liggja og taldi sig síðan meira eða minna geta verið stikkfrítt með þeirri niðurstöðu.

Herra forseti. Ég vildi láta koma fram að ég tel þetta vera jákvætt skref. En vitanlega veldur hver á heldur í framhaldinu og það er afar brýnt að þessi mál fái bæði skjóta, ákveðna afgreiðslu og farsælan endi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Girðingarlög, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 183, nál. 502, brtt. 503 og 569.

[21:39]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti um frv. til girðingarlaga á þskj. 502 ásamt brtt. á þskj. 503.

Með frumvarpinu eru gildandi girðingarlög, nr. 10/1965, endurskoðuð og er meginmarkmið þess að fjalla um girðingar og hverjir fara með forræði yfir þeim svo og kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum. Helsta breyting frá gildandi lögum felst í því að fallið er frá þeirri reglu að hálfur girðingarkostnaður skiptist eftir helmingaskiptareglu en hinn helmingur eftir því hvert gagn hver um sig hafi af girðingunni. Lengi er hægt að deila um hvor aðila hafi meira gagn af girðingu þar sem mismunandi sjónarmið rekast á. Í þess stað er kveðið á um í frumvarpinu að meginreglan sé sú að skipting girðingarkostnaðar á landamerkjum verði til helminga en þó verði hægt að semja um aðra skiptingu kostnaðar. Sú regla að hægt verði að semja um aðra skiptingu kostnaðar nái aðilar um það samkomulagi er breyting frá frumvarpi því sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi. Telur nefndin það til mikilla bóta og skapa nauðsynlegan sveigjanleika þannig að hægt sé að taka tillit til mismunandi aðstæðna. Náist hins vegar ekki samkomulag kemur til kasta úrskurðaraðila skv. 7. gr. frumvarpsins.

Frumvarpinu er ætlað að vera rammalöggjöf þar sem fjallað verði með ítarlegri hætti um ýmis atriði í reglugerð, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Leggur nefndin áherslu á að fjallað verði á ítarlegan hátt um t.d. hlið og gerð, uppsetningu, viðhald og niðurtöku rafgirðinga. Þrátt fyrir ákvæði þessa frumvarps halda gildi sínu sérákvæði um girðingar í öðrum lögum, t.d. vegalögum, sem fjalla m.a. um girðingar meðfram vegum, og lögum um náttúruvernd, þar sem m.a. er kveðið á um girðingar sem liggja yfir fornar þjóðleiðir eða skipulagða göngu-, hjólreiða- eða reiðstíga og skyldu til að hafa hlið á slíkum girðingum eða göngustiga.

Með hliðsjón af því að frumvarpinu er ætlað að vera rammalöggjöf um girðingar leggur nefndin til að ákvæði 2. gr. verði einfaldað til muna og í stað þess að fjalla á ítarlegan hátt um hvernig einstakar tegundir girðinga skuli settar upp verði látið nægja að tilgreina þær tegundir girðinga sem falla undir lögin. Með því verði meira svigrúm til að kveða á um það í reglugerð hvernig einstakar tegundir girðinga skuli úr garði gerðar með hliðsjón af aðstæðum þar sem lýst yrði t.d. þeim lágmarks- og hámarkskröfum sem gera þarf til girðinga. Í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðkomandi búnaðarsamband og sveitarfélag tilnefni hvort sinn úrskurðaraðilann ef aðilar verði ekki sáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu og aðra framkvæmd. Til að sjónarmið sem flestra komist að leggur

nefndin til að auk framangreindra aðila skuli sýslumaður tilnefna einn úrskurðaraðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 168, nál. 416, 443 og 444, brtt. 418.

[21:43]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 416 er nefndarálit frá meiri hluta samgn. um frv. til laga um leigubifreiðar.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um leigubifreiðar og felur það í sér margar breytingar frá núgildandi lögum um starfsemina.

Veigamesta breytingin felst í því að stjórnsýsla málaflokksins er færð frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar en heimilt verður að kæra ákvarðanir hennar til samgönguráðherra, sbr. 4. gr. frumvarpsins og ákvæði stjórnsýslulaga um kæru til æðra stjórnvalds.

Samkvæmt frumvarpinu skal Vegagerðin starfrækja gagnagrunn sem geyma á upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Með þessum gagnagrunni er ætlunin að tryggja að Vegagerðin hafi ávallt heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og að framkvæmd laganna sé samræmd.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að fjöldi leigubifreiða verði takmarkaður eftir svæðum svo sem verið hefur. Nefndin fjallaði um röksemdir fyrir því að viðhalda stjórnun á fjölda leigubifreiða á takmörkunarsvæðum. Í því sambandi var m.a. rædd reynsla Svía af því að gefa leigubílaakstur frjálsan. Það er mat meiri hluta nefndarinnar að líta beri á leigubílaakstur sem hluta af almenningssamgöngukerfinu og í því ljósi sé nauðsynlegt að tryggja að ávallt sé næg og góð þjónusta í boði. Telur meiri hlutinn að á þessu stigi sé ekki vænlegt að gefa leigubifreiðaakstur frjálsan til að ná því markmiði.

Í almennum athugasemdum um 11. gr. kemur fram að gert sé ráð fyrir að allt daglegt eftirlit með atvinnuleyfishöfum og forfallabílstjórum sé í höndum lögreglunnar. Orðalag og framsetning þessara athugasemda má misskilja með þeim hætti að með frumvarpinu sé lögreglunni gert að hafa sérstakt eftirlit með leigubifreiðastjórum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að lögreglunni er ekki ætlað að hafa eftirlit með leigubifreiðastjórum umfram það sem felst í almennri eftirlitsskyldu lögreglunnar enda leiðir ekkert slíkt af frumvarpstextanum sjálfum. Þess má einnig geta að samgönguráðherra gat þess í framsöguræðu sinni um málið að varast bæri að misskilja tilvitnuð orð í athugasemdum með frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að ráðherra gæti þess við setningu reglna um undanþágur, sbr. 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins, að leigubifreiðastjórar njóti sambærilegs orlofsréttar og almennt gerist og að ákvæða laga nr. 30/1987, um orlof, sé gætt í hvívetna.

Meiri hlutinn lítur svo á að við veitingu skilyrtra atvinnuleyfa skv. 7. gr. frumvarpsins, með þeirri breytingu sem meiri hlutinn leggur til, verði sömu skilyrði lögð til grundvallar og fram koma í frumvarpinu um leigubifreiðastjóra og leigubifreiðar þeirra eftir því sem við getur átt.

Herra forseti. Þegar þetta frv. var rætt kom m.a. til umræðu hugmyndin um að opna svokallaðar girðingar sem liggja á milli sveitarfélaga á Reykjanesi og Reykjavík og jafnvel víðar, bæði sveitarfélaga til austurs og vesturs. Við í meiri hlutanum teljum, herra forseti, að eðlilegt sé að viðhalda því kerfi óbreyttu að marggefnu tilefni. Eins og ég kom aðeins inn á í texta meiri hluta nefndarinnar teljum við að þar sem reynt hefur verið að gefa atvinnuleyfi frjálst fyrir leigubifreiðar eins og til að mynda í Svíþjóð hafi sú reynsla ekki gefið góða raun og hefur jafnvel heyrst að stjórnvöldum þar hafi orðið á mistök og hafi jafnvel látið svo í veðri vaka að þetta hafi verið mistök.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Nokkurs ósamræmis gætir í notkun hugtaka í frumvarpinu. Talað er samhliða um leigubifreiðar, fólksbifreiðar til leiguaksturs, leigubíla og bifreiðar, bifreiðastjórafélög og félög leigubifreiðastjóra, leigubifreiðaakstur og leiguakstur o.fl. Lagt er til að þetta verði samræmt og talað um leigubifreiðar, félög leigubifreiðastjóra, leigubifreiðaakstur og leigubifreiðastöðvar.

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins að fenginni tillögu Vegagerðarinnar. Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á þessu ákvæði. Í fyrsta lagi telur meiri hlutinn rétt að það komi fram að ráðherra sé aðeins heimilt að fela sveitarstjórn umsjá málaflokksins að ósk um það berist frá sveitarfélaginu sjálfu. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að ráðherra skuli leita umsagnar Vegagerðarinnar áður en ákvörðun er tekin. Í frumvarpinu er gengið út frá því að ráðherra sé aðeins heimilt að taka þessa ákvörðun að fenginni tillögu Vegagerðarinnar. Óeðlilegt er að ráðherra sé bundinn við það að tillaga berist frá Vegagerðinni og er því lagt til að einungis sé skylt að leita umsagnar hennar. Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til að tekið sé skýrt fram að við flutning málaflokksins yfir til sveitarfélags skuli viðkomandi sveitarstjórn taka stöðu Vegagerðarinnar samkvæmt lögunum eftir því sem við getur átt. Þetta er nauðsynlegt til að ekki sé vafi um valdheimildir sveitarfélags í þessu sambandi. Í fjórða lagi leggur meiri hlutinn til að ráðherra geti gefið sveitarfélagi undanþágu frá starfrækslu gagnagrunns enda sé eftirlit tryggt án hans. Í fimmta lagi er síðan gert ráð fyrir að gjöld skv. 12. gr. frumvarpsins renni til sveitarfélags hafi það tekið málaflokkinn yfir.

Í frv. var einnig gert ráð fyrir að gjald þetta væri 13 þús. kr. en í tillögu hér er gert ráð fyrir að þetta gjald verði lækkað niður í 10. þús. kr.

Í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er gert að skilyrði fyrir atvinnuleyfi að umsækjandi sé skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður með a.m.k. 35% eignarhlutdeild samkvæmt samningi við löggilt kaupleigufyrirtæki. Meiri hlutinn leggur til að skilyrðið um 35% eignarhlutdeild verði fellt brott.

Í 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er óflekkað mannorð, sem nánar er skilgreint í ákvæðinu, gert að skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis. Skilyrði þetta er ítarlegra og strangara en tilefni er til auk þess sem notkun hugtaksins „óflekkað

mannorð“ er óheppilegt í þessu samhengi og skilgreining þess ekki í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um kosningar til Alþingis. Af þessum sökum leggur meiri hlutinn til að skilyrði þetta verði orðað með öðrum hætti og er stuðst við orðalag 5. gr. laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi sem samþykkt voru á síðasta þingi.

Lagt er til að felld verði brott heimild til að veita leiðsögumanni tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að tiltekið verði sérstaklega í 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. að heimilt sé að veita leigubifreiðastjóra tímabundna undanþágu vegna fæðingar- og foreldraorlofs svo að það valdi ekki vafa.

Meiri hlutinn leggur til að bætt verði nýjum málslið við 3. mgr. 9. gr. er veiti ráðherra heimild til að ákveða gjald fyrir afgreiðslu veittra undanþágna. Ljóst er að kostnaður mun falla til vegna þessarar umsýslu hjá leigubifreiðastöðvum og félögum leigubifreiðastjóra og því nauðsynlegt að þeim verði gert kleift að innheimta gjald sem honum nemur.

Lagt er til að heimild dánarbús skv. 8. mgr. 9. gr. til að nýta atvinnuleyfi verði styttur í þrjá mánuði en sá tími nái þó aldrei fram yfir lok búskipta.

Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar hafa forfallabílstjórar frá 1. maí 1999 tekið námskeið til undirbúnings starfinu. Meiri hlutinn gengur út frá því að samkvæmt ákvæðinu geti Vegagerðin metið það hvort þessi námskeið teljist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum laganna. Þeir sem þegar hafa lokið námskeiði sem telst fullnægjandi af hálfu Vegagerðarinnar eru samkvæmt þessu undanþegnir skyldu til að sækja umrædd námskeið. Þá lítur meiri hlutinn svo á að þeir sem hófu akstur fyrir 1. maí 1999 hafi þegar hlotið þá starfsreynslu sem teljist ígildi námskeiðs samkvæmt lögunum og leggur því til að þessir aðilar verði undanþegnir námskeiðsskyldu.

Herra forseti. Undir þetta nefndarálit rita Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Magnús Stefánsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr.

[21:53]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tæp 50 ár hafa verið við lýði sérstakar reglur um leigubifreiðastjóra sem gera það að verkum að aðkoma að greininni er mjög takmörkuð og sú umræða fór að einhverju leyti fram í samgn. um hvort þessar takmarkanir væru nauðsynlegar.

Ekki kom mikið fram í raun og veru í þeirri umræðu annað en það að Svíar hefðu sennilega reynt eitthvað í þessum efnum, hefðu gefið þetta frjálst og að sögn þeirra sem komu fyrir nefndina hefði þar allt farið í bál og brand. Þeir hefðu upplifað það að atvinnufrelsi og samkeppni væri skelfileg í þessum geira. Því miður var þetta ekkert rökstutt. Því miður voru ekki sett fram nein dæmi. Því miður var ekkert farið yfir það í nefndinni nákvæmlega hvað það var sem misfórst í Svíaríki. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson og óska eftir því að hann gefi tiltekin dæmi um það sem misfórst í þeirri breytingu í Svíþjóð.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, formanns samgn., hvað geri það að verkum að nauðsynlegt er að innheimta 10 millj. á ári af leigubílstjórum til þess að halda utan um þetta kerfi sem ég á eftir að fjalla um og dreg stórlega í efa að standist. Hvað gerir það að verkum að innheimta þarf 10 millj. á ári bara við það að málaflokkurinn er færður yfir til Vegagerðar en það sér ekki staf í því að á nokkurn hátt sé skorið niður á móti á aðalskrifstofu samgrn.?

[21:55]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr tveggja spurninga. Í fyrsta lagi: Hvað misfórst hjá Svíum? Það vill svo til að ég reyndi þetta sjálfur og það var tvennt sem vakti athygli mína. Ég upplifði í fyrsta lagi að koma með ferju frá Finnlandi til Stokkhólms og ætlaði þar í næsta leigubíl. Svíar kölluðu á mig og vöruðu mig við að fara í þennan bíl því hann væri ekki merktur leigubílastöð. Ég var búinn að spyrja um verðið, hvað mundi kosta að keyra mig upp á hótelið. Það var sagt 300 kr. sænskar. En þegar við fórum að þeim bíl sem var merktur leigubílastöð og var undir eftirliti aðila, þá kostaði bíllinn ekki nema 80 kr. Fólk hafði lent í mjög mörgum misindismönnum sem voru að keyra leigubíla, og umræðan var því þessi.

Í annan stað var fólk hætt að þora að senda barnapíurnar sínar heim að nóttu til með slíkum leigubílum. Það voru mörg dæmi um að ofbeldisverk hefðu komið upp gagnvart því fólki. Og í umræðunni vöruðu þeir við þessu og sögðu: Við tókum líklega víxlspor með því að gefa frjálsræðið svona mikið.

Í annan stað hvað áhrærir kostnað vegna þessa máls, þá höfum við farið í gegnum það í nefndinni. Við vitum að það kostar að koma upp þessu ákveðna kerfi sem ég tel að sé mjög gott. Að halda utan um alla leigubíla á Íslandi innan þessa kerfis er mjög jákvætt. Það er líka mjög jákvætt sem hér hefur gerst í gegnum árin að nýir aðilar, sem koma að leigubílunum í afleysingum í einhvern ákveðinn tíma, öðlast þekkingu og reynslu og koma kannski um leið fram með trúverðugheit sín gagnvart þessu máli þannig að hvað svo sem snýr að ráðuneytinu þó ekki sjáist merki á að breytingar verði þar, þá sé ég þó fram á að innan tveggja, þriggja ára muni þetta tölvukerfi vera búið að borga sig upp og væntanlega mun þetta gjald sem við erum að tala um lækka.

[21:57]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að ég held að það væri vanhugsað og ekki skynsamlegt að gefa algert frelsi í þessu. En það breytir ekki hinu að auðvelt er að halda því með þeim hætti að menn setji ákveðin skilyrði til þess að menn geti keyrt. Ég veit líka að Bandaríkjamenn hafa lengi stundað það að keyra menn frá A til B með leigubifreiðum og þar hefur ekki verið neitt sérstakt kvótakerfi. Það hefur gengið ágætlega.

En ég vil spyrja hv. þm.: Er hann almennt andvígur atvinnufrelsi eða er það bara þessi tiltekni málaflokkur sem hann telur nauðsynlegt að binda niður með þessum hætti og er hann almennt andvígur samkeppni eða er það bara þessi tiltekni málaflokkur sem hann er andvígur og telur nauðsynlegt að binda niður?

[21:58]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi, kannski gagnspurt. Er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á móti því að fólksflutningabílar séu skoðaðir árlega eða gerðar séu sérstakar kröfur til leigubifreiða sem snúa að öryggismálum? Hvað áhrærir hins vegar frjálsræðið í þessu þá sé ég fram á það að ef allar girðingar væru aflagðar eins og ég kom inn á í framsöguræðu minni hvað varðar Reykjavík annars vegar og Suðurnes og síðan austur á land og í vesturátt, ef þetta væri allt gefið frjálst, hvaða öryggi væri þá í því að fólk t.d. í Keflavík gæti fengið leigubíl þar á laugardagskvöldi? Hvaða trygging væri það fyrir fólk á Selfossi eða Akranesi eða Borgarnesi? Mundu ekki þessir leigubílar leita á Reykjavíkursvæðið?

Ég er ekki á móti takmörkunum í sjálfu sér hvað áhrærir atvinnustarfsemi. Það tók mörg ár að leggja af ákveðnar takmarkanir um að verkamenn í Reykjavík mættu fara austur fyrir læk vegna þess að það kostaði stórfé. Allt hefur þetta breyst. En það sem við viljum tryggja með leigubílafrv. er það að fólk fái þjónustuna, að til sé þjónusta eins og t.d. í Keflavík, það dæmi sem ég gat um áðan. Við verðum að hafa takmarkanir á leigubílaakstri í Reykjavík vegna þess að ef við gerðum það ekki, þá mundu menn koma og fara. Það yrði stutt viðdvöl hvers og eins í leigubílaakstrinum og það mundi ekki til langtíma litið þjóna viðskipavininum.

[22:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgn., hefur fylgt úr hlaði nál. og brtt. meiri hlutans. Mig langar að spyrja hann aðeins út í þennan svo kallaða leigubílaskatt sem hér er á ferðinni.

Í upphafi voru þetta 5 þús. kr. greiddar einu sinni fyrir leyfið sem gat verið til 20 jafnvel 25 ára. Fyrsta spurning mín er varðandi þá aðila sem hafa þetta leyfi í dag og borguðu 5 þús. kr., samkvæmt gildandi lögum, og eru með útgefið skírteini sem dugar kannski 15–20 ár í viðbót. Getur hv. þm. og meiri hlutinn fullvissað okkur um að lagastoð sé fyrir því að taka þetta gjald núna árlega, 10 þús. kr.?

Í öðru lagi. Þessi 10 þús. kr. leigubílaskattur sem hér er verið að leggja á, sem ég er algerlega andvígur því ég tel að þessi grein borgi þegar nægilega mikið til ríkisins í formi virðisaukaskatts af mælanlegu stöðvargjaldi og öðru, hefur tekið töluverðum breytingum. Í fyrsta lagi, þegar maður sá þetta fyrst, var hann áætlaður 8 þús. kr. Þegar frv. kom fram í fyrra var hann kominn upp í 16 þús. kr. Þegar frv. var samþykkt var hann 13 þús. kr. (Gripið fram í.) og nú er hann, hæstv. samgrh., skattur upp á 10 þús. kr., leigubílaskattur upp á 10 þús. kr. Því vil ég spyrja hv. þm.: Telur hann núna að hann sé m.a. að uppfylla samþykkt landsfundar Sjálfstfl. sem hljóðaði svo um þessa atvinnugrein, með leyfi forseta:

„Lagt er til að endurskoðuð verði lög og reglur um leigubifreiðaakstur og rekstur bifreiðastöðva með það að markmiði að draga úr miðstýringu og opinberum afskiptum.“

Tilvitnun lýkur í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl.

[22:03]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að þó að á sínum tíma hafi verið veitt einhver starfsleyfi til eins eða tveggja tuga ára þá gildi það ekki varðandi þær greiðslur sem nú er ætlast til að inntar séu af hendi árlega, þ.e. þessar 10 þús. kr.

Í annan stað varðandi það hlaup sem hefur verið á upphæðum um nokkurt skeið. Upphæðin er nú 10 þús. kr. Í lagafrv. var gert ráð fyrir að þetta væru 13 þús., en að betur athuguðu máli sér meiri hlutinn fram á að 10 þús. kr. muni duga til þess að dekka þann kostnað sem verður núna a.m.k. í tvö til þrjú ár til þess að koma þessu kerfi á til að hafa heildarsýn yfir málið.

Varðandi það hvort þetta falli innan ramma landsfundar Sjálfstfl. þá er það nú svo að að sumu leyti, að nokkru leyti fellur það þar undir. Það er alveg rétt. Það er hins vegar mjög gott að vita til þess að samfylkingarmenn horfi svo mjög til landsfundarsamþykktar Sjálfstfl. Hún er mjög yfirgripsmikil, víðáttumikil og boðar nýjungar. Ég hef ekki séð stefnuyfirlýsingu eða landsfundarsamþykkt Samfylkingarinnar. Hvað segir hún um leigubíla? (Gripið fram í.) Það er kannski ekkert þar. En gerið þið svo vel, ef þið viljið fá fleiri eintök af landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. skal ég útvega ykkur hana. (Gripið fram í.)

[22:05]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta samgn. um frv. til laga um leigubifreiðar.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar eru lagðar til grundvallarbreytingar á stjórn leigubifreiðamála í landinu. Ráðgert er, nái þetta frv. fram að ganga, að færa stjórn leigubifreiðamála frá ráðuneyti samgöngumála til Vegagerðarinnar. Frumvarp sama efnis var lagt fram á seinasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum, reyndar til batnaðar frá því að það var lagt fram þá og meiri hluti nefndarinnar leggur fram margar breytingar á því sem að áliti 1. minni hluta eru flestar til bóta. Engu síður eru atriði í frumvarpinu sem gera það að verkum að 1. minni hluti getur ekki stutt málið óbreytt.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að þjónusta leigubifreiða og leigubifreiðaakstur séu einn af grunnþáttum almannasamgangna í landinu. Mikilvægt er því að tryggja góða, örugga og ódýra þjónustu en um leið eðlileg starfskjör leigubifreiðastjóra. Lagasetning um þessa þjónustu þarf því að taka mið af því að þjónustan verði tiltæk og í boði sem allra víðast á landinu. Nauðsynlegt er að þessi grundvallarmarkmið og tilgangur laganna séu skýrt orðuð í lögunum sjálfum.

Herra forseti. Þetta þykir mér einmitt hvað helst á skorta í þessu frv. til laga um leigubifreiðar, þ.e. að þar sé undirstrikað að markmið laganna sé í raun að skapa þá umgjörð að þau stuðli að og tryggi að þessi þjónusta sé til staðar og í boði sem allra víðast á landinu. Það er grunnur þessa starfs. Markmið laganna, að mínu mati, tekur allt of mikið mið af því hvernig á að keyra þetta inn í miðstýringu og menn gefa sér nærri því að þessi atvinnurekstur sé eitthvað sem samfélagið eigi í erfiðleikum með og þess vegna verði að beita hann eins miklum takmörkunum og hægt er. Þó að þetta sé ekki sagt berum orðum, herra forseti, er þarna grundvallarmunur frá þeirri sýn sem sá sem hér talar hefur á þessa þjónustu. Markmiðið er að þessi þjónusta sé í boði,

hún sé örugg, góð þjónusta og sem ódýrust alls staðar eða svo víða sem nokkur kostur er á landinu. Það á ekki bara að hugsa svona lagaumgjörð út frá aðstæðum á höfuðborgarsvæðinu eins og við upplifum svo oft, þ.e. að lagasetningar taki einungis mið af þeim veruleika sem er á þessu nærsvæði, höfuðborgarsvæðinu, en síður til þeirra miklu hagsmuna sem eru fólgnir í því að þessi þjónusta sé í boði og tiltæk og góð um allt land.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, að ég tel meginveikleika frv. þessa afstöðu, þessa sýn. Þó verð ég að segja mönnum það til hróss að í nál. hv. meiri hluta er þó vikið að þessu orðum og þar bætt nokkuð úr þeim kalda anda sem mér finnst að frv. í sjálfu sér sýni gagnvart þjónustunni sem slíkri.

Varðandi síðan ýmis önnur framkvæmdaratriði telur fyrsti minni hluti að ákvæði 9. gr. frumvarpsins, er lýtur m.a. að veitingu undanþágna frá akstri eigin bifreiðar vegna töku orlofs, sé ófullnægjandi. Við umfjöllun nefndarinnar um málið komu fram upplýsingar um að framkvæmd núgildandi laga og reglna settra samkvæmt þeim hefði í einhverjum tilvikum stangast á við lög nr. 30/1987, um orlof. Var gagnrýnin einkum fólgin í því að laugardagar og sunnudagar hefðu á sumum svæðum verið reiknaðir með í orlofstöku sem er andstætt ákvæðum laga um orlof. Til að tryggja að leigubifreiðastjórar njóti orlofskjara á við aðra leggur 1. minni hluti áherslu á að farið verði að ákvæðum orlofslaga við veitingu undanþágna eftir því sem við getur átt. Meiri hlutinn nefnir þetta í áliti sínu en tryggara er að þetta birtist í lögunum sjálfum þannig að menn þurfi ekki að velkjast í vafa um hver hinn raunverulegi vilji er í þessu máli.

Herra forseti. Fyrsti minni hluti dregur í efa nauðsyn þess að starfræktur verði gagnagrunnur á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Eiginlega er megininntak í mörgum af þeim frv. sem birtast nú í þinginu, bæði á þessu ári og hinu síðasta, þessi ofboðslega miðstýringarárátta, árátta að safna inn gögnum, safna inn upplýsingum um allt mögulegt og keyra inn í einhvern miðlægan grunn til að geta síðan beitt miðstýringu, til að leita að öllum þeim þáttum sem hægt er að gera að gjaldstofni. Engin takmörk eru fyrir þessari gjaldáráttu. Þessi gagnasöfnun virðist vera ein af þeim forsendum sem verið er að leggja upp fyrir gjaldtöku. Það þarf vottorð hér og vottorð þar, endurnýjun á vottorði hér og endurnýjun á vottorði þar, eftirlitsgjald hér og eftirlitsgjald þar. Þetta er rauður þráður. Þetta er gjaldheimta að hætti hússins, eins og hér hefur verið nefnt áður í þingsölum af hálfu Sjálfstfl., miðstýring og gjaldheimta, skattur hér, eftirlitsgjald þar. Og þetta á einmitt við í þessu frv. eins og öðrum frv. sem lúta að samgöngumálum.

Herra forseti. Mikill kostnaður fylgir stofnsetningu og starfsemi þessa gagnagrunns. Og hvar leggst hann á? Jú á leigubifreiðastjóra. Það er ekki ætlunin að stjórnvöld séu að liðka til eða skapa eða taka þátt í umgjörð þessarar mikilvægu þjónustustarfsemi. Nei, ætlunin er að leigubifreiðastjórar, hvort sem þeir hafa fulla atvinnu af þessu eða eru í hlutastarfi, beri þennan kostnað. Hvert eiga þeir síðan að leggja hann? Auðvitað út í verðlagið, hvert annað?

Það er mat 1. minni hluta að hægt sé að halda utan um þennan málaflokk á mun einfaldari og ódýrari hátt en frv. gerir ráð fyrir. Auk þessa telur 1. minni hluti að óeðlilegt sé að varpa öllum stjórnsýslukostnaði sem hlýst af starfsemi sem er þáttur í almannasamgöngukerfi landsmanna alfarið yfir á leigubifreiðastjóra. Ég ítreka það. Þetta er að mínu viti röng stefna. Leigubifreiðar og leigubifreiðaakstur er til fyrir fólkið í landinu. Það er til fyrir það fólk sem byggir þetta land. Það er ekki í sjálfu sér nauðsyn að vera með leigubifreiðastjóra ef ekki er til fólk. Þetta er almannaþjónusta sem ríkið á einmitt að skapa hina eðlilegu umgjörð og styrkja, búa henni þá umgjörð að hún geti verið starfrækt á sem hagkvæmastan hátt, á sem lægstu verði og á sem öruggastan hátt fyrir neytendurna óháð búsetu eins og kostur er.

Samkvæmt frv. eins og það var lagt fram — sem reyndar hefur aðeins verið dregið úr með tillögu nefndarinnar — en samkvæmt því skulu leigubifreiðastjórar greiða 13 þús. kr. árlegt gjald fyrir atvinnuleyfi sitt sem mig minnir að hafi í tillögu meiri hlutans verið lækkað niður í 10 þús. kr. sem er spor í rétta átt. Eigi að síður er þá gjaldtakan komin inn og þá er minna mál að hækka hana og hækka eftir því sem mönnum sýnist ár hvert enda rekur Sjálfstfl. markvisst gjaldtökusjónarmið, þetta endalausa miðstýrða gjaldtökusjónarmið, hér á þingi. Auk þess er gert ráð fyrir gjaldtöku vegna ýmissa umsýsluþátta í þessum málaflokki eins og rakið er í 12. gr. frv. Öll haldbær rök skortir fyrir þessum gjaldtökum og 1. minni hluti leggur því til að greinin sem lýtur að þessari gjaldtöku verði felld á brott. Hún er ekki í samræmi við þá skoðun og stefnu sem undirritaður hefur á þessum málum. Hann telur að þetta sé almannaþjónusta sem búa eigi umgjörð sem slíkri.

Ljóst er að samgrn. mun hafa nokkurn hag af því að færa þennan málaflokk til Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram sá sparnaður sem verður þá í samgrn. við að þessi málaflokkur flyst þaðan, þessi erfiði málaflokkur sem talið er að hafi verið, og svo brýnt að færa út úr ráðuneytinu og inn í undirstofnun þess. Ekki er gert ráð fyrir að þar fylgi neinn sparnaður. Var enginn að sinna þessum málum þar eða er þetta bara að öllu leyti nýr umsýsluskattur? Eru þetta bara fullkomlega nýir skattar — skattmann, skattmann, skattmann? Það verður því að gagnrýna að hvergi kemur fram hver sparnaður samgrn. verður við að þessi málaflokkur fer þaðan út. Það er reyndar fráleitt að vera að leggja það á borð með þeim hætti samtímis því sem krafist er gjaldtöku vegna þess að það kostar svo og svo mikið að færa þetta mál inn til Vegagerðarinnar. Það hefði þá a.m.k. átt að sýna einhvern lit þótt ekki væri nema 1.000 kr. — af því að við erum að tala í svona ógurlega stórmerkilegum upphæðum í þessu máli — sýna einhvern lit á því að einhver hefði verið að sinna þessu í samgrn.

Virðulegi forseti. Gjaldtaka sem þessi getur ekki farið neitt annað en út í verðlagið og því er í rauninni verið að auka skattheimtuna, það er verið að auka skattinn á þessa þjónustu, og því er 1. minni hluti andvígur. Opinber grunnumsýsla þessarar atvinnugreinar á að vera framlag ríkisins til þessarar þjónustu. Víða úti á landi er t.d. rekstrargrundvöllur leigubílaaksturs veikur en engu að síður er um mikilvæga samfélagsþjónustu að ræða. Flöt skattlagning þessarar þjónustu eins og frv. leggur til bitnar ekki síst með auknum þunga á þjónustu leigubíla á litlum stöðum þar sem gríðarlega mikilvægt er að þessi þjónusta sé til staðar. Öllum er ljóst að ekki er hægt að búast við því að hún geti verið fullt starf hjá viðkomandi en engu að síður er afar mikilvægt að þjónustan sé til staðar. Flöt skattlagning er afar ósanngjörn í þessu tilviki sem og öðrum.

Þá gerir 1. minni hluti athugasemd við síðari málslið 2. mgr. 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um að Vegagerðin geti heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bif-

reiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til að afgreiða undanþágur samkvæmt 9. gr. frv. Það liggur ekki fyrir hvaða upplýsingar eiga að fara inn í þennan gagnagrunn en hins vegar á ótilteknum aðilum að vera heimilt að hafa aðgang að honum þar sem bæði getur verið um að ræða bifreiðastöðvar og sveitarfélög, og síðan er ekki ljóst heldur hvaða aðgang hinir mörgu eftirlitsaðilar hafa að þessum gagnagrunni, eftirlitsaðilarnir sem eru settir á eftir bifreiðastjórunum. Í umsögn Persónuverndar sem barst nefndinni á síðasta þingi um frv. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með ákvæðinu gæti Vegagerðin því veitt einstökum bifreiðastöðvum og bifreiðastjórafélögum tengingu við umrædda málaskrá sína um tölvunet. Að mati Persónuverndar skortir rök fyrir slíkri samtengingu og er þeirri spurningu ósvarað hvers vegna ekki sé hægt að veita viðkomandi bifreiðastöðvum upplýsingar um atvinnuleyfishafa á viðkomandi stöð með einfaldari og viðurhlutaminni hætti.“

Skylt er að geta þess að í áliti meiri hlutans er kveðið á um eða lagt er til í umsögninni þar að þegar ráðherra setur reglugerð um þetta skuli hann hafa samráð við Persónuvernd en í lögunum er engin trygging fyrir slíku samráði. Það verður að teljast í hæsta máta óviðunandi og ófullnægjandi, og vísa ég þar einmitt til umsagnar Persónuverndar, að þetta sé bara falið í vald ráðherra í reglugerð. Ráðherrann hefur frjálst val um það í reglugerðarsetningu að hve miklu leyti hann tekur mark á ábendingum Persónuverndar sem getur ekki gert annað og meira en gefið ábendingar þegar lögin sjálf eru jafnrúm og raun ber vitni varðandi þessa gagnagrunna.

Þess vegna, virðulegi forseti, telur 1. minni hluti að sjónarmið um friðhelgi einkalífs og persónuvernd eigi að ráða ferðinni og telur því að umrædd heimild Vegagerðarinnar til þessa gagnagrunns eins og hann er lagður fram í lögunum eigi ekki rétt á sér.

Að öllu þessu samanlögðu, herra forseti, telur 1. minni hluti að þrátt fyrir ýmsar breytingar sem meiri hlutinn leggur til og eru til batnaðar í frv. þurfi að vinna frv. betur áður en það verður afgreitt sem lög frá Alþingi. Það eru þarna atriði sem lúta að orlofs- og veikindarétti bílstjóranna. Það eru atriði sem lúta að því að það grunnsjónarmið verði í lögunum að þetta sé almannaþjónusta sem beri að treysta og tryggja og umgjörðin á að hvetja til þess að hún geti verið í boði sem víðast á landinu, á sem öruggastan hátt og á sem lægstu verði. Þennan tón finnst mér vanta í frv. Síðast en ekki síst er ég á móti því, og tel að endurskoða eigi, að þarna sé verið að skapa gagnagrunn með fjölbreyttum hætti til að verða bara enn einn miðstýrður skattstofn í þessari ofboðslegu miðstýringar- og skattheimtuárátту sem við upplifum nú af hálfu ríkisstjórnarinnar þessa dagana. Þetta frv. er greinilega einn liður í því.

[22:25]

Útbýting þingskjala:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002, 348. mál, þskj. 593; brtt. JóhS, þskj. 596.

[22:25]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir ágæta ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar má ég til með að bæta við og gera nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi hefur þessi heiðursmaður, hv. þm. Jón Bjarnason, oftar en ekki talað um nauðsyn samkeppninnar milli hinnar dreifðu byggðar og þéttbýlis. Því kemur það mér afar sérkennilega fyrir sjónir að heyra hv. þm. tala um að ekki eigi að veita, eins og hér stendur, sérstakar útstöðvar frá gagnagrunni. Þarna er einmitt verið að gera Akureyri mögulegt að sjá um sig sjálf, og fleiri sveitarfélögum sem það vilja. Hv. þm. er á móti því, hann hefur talað í ræðustól í allan vetur um þetta ofbeldi og ofríki Reykjavíkurvaldsins gegn hinni dreifðu byggð. Mér þykir maðurinn heldur betur vera kominn í andstöðu við sjálfan sig í þessu máli.

Í annan stað segir hann hér að opinber grunnsýsla þessarar atvinnugreinar eigi að vera framlag ríkisins í þessari þjónustu. En hvað þá með alla hina? Hvað með alla aðra þjónustu sem ríkið veitir? Er það þá ekki sanngirnismál að það sé allt aflagt og ríkið hætti að taka þau gjöld sem þó eru eðlileg? Það er leitast við að það sé ekki skattborgarinn — sem kemur ekki þessu máli við — sem greiði einhverja þjónustu ríkisins. Það er þó eðlilegt að menn geri það sjálfir.

Í þriðja lagi er ekki um það að ræða að ótiltekinn aðgangur sé að upplýsingum gagnagrunnsins, ekki heldur hvað varðar fæðingarorlof og annað orlof.

Síðast en ekki síst er dálítið sérkennilegt að heyra þennan tón efasemdar og vafa sem menn hafa um þennan gagnagrunn, menn sem fara sjálfir kannski inn á vídeóleigu og gefa þar upp kennitölu sína og þar eru allar upplýsingar komnar fram ár eftir ár. Það er merkilegt að hér hefur engin umræða farið fram á hinu háa Alþingi um það hvernig Íslendingar eru farnir að misnota kennitölur einstaklinga. Meira að segja inni á vídeóleigu skulu menn gjöra svo vel að gefa upp kennitöluna sína svo að allir viti allt um þá. Svo er hér gagnagrunnur sem ekki verður aðgangur að og hann er gagnrýndur.

[22:27]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þennan gagnagrunn fór ég einmitt alveg sérstaklega í það í nál. mínu og ræðu að ég teldi að hægt væri að halda utan um þennan atvinnuveg án svona mikið miðstýrðs gagnagrunns. Ég lagði meira að segja áherslu á að dreifræði ætti að ríkja í þessu þannig að sveitarfélög vítt og breitt um landið ættu að fá þennan málaflokk í sínar hendur. En að það kostaði það að þau yrðu að byggja upp og hafa aðgang að einhverjum ótilteknum gagnagrunni — ég lagði einmitt áherslu á að það ætti að vera hægt að finna einfaldari stjórnsýslu en þarna er verið að leggja til. Það var í rauninni inntakið í því sem ég sagði.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þm. og formanni samgn. að ég legg áherslu á ákveðna grunnþjónustu, ákveðna grunnumgjörð þessa atvinnuvegar, eins og hefur verið. Hún hefur verið í samgrn. að vissum hluta, ákveðnir þættir hennar, og sem sést nú að hefur ekki verið talin neins virði því að ekki eru skornar neitt niður fjárveitingar hjá samgrn. vegna þessarar tilfærslu. Þar hefur þetta verið inni en við það að færa þetta út úr samgrn. og til Vegagerðarinnar reynist nauðsynlegt að innheimta verulega skatta af atvinnugreininni. Ég tel það óeðlilegt, og tel rangt að gera það með þeim hætti sem þarna er gert, ég tala nú ekki um að ekkert skuli vera fært út af samgrn. á móti því að þessi málaflokkur fer þar út.

[22:30]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærður um það og ég veit að engin önnur starfsstétt á Íslandi þarf að vera í beinu sambandi, nánast dags daglega, við ráðuneyti vegna starfa sinna. Ég

þykist vita að við báðir, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, þegar við sóttum atvinnuskírteini okkar sem slíkir, þá gerðum við það til lögreglustjóra. Við fórum ekki niður í eitthvert ákveðið tiltekið ráðuneyti til þess. Þetta þekkist ekki. Þetta er bara barn síns tíma og eðlilegt að þetta fari í Vegagerðina.

Í annan stað vildi ég vitna beint til nál. hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þ.e. 1. minni hluta samgn., þar sem hann segir orðrétt:

„Þá gerir 1. minni hluti athugasemd við síðari málslið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Vegagerðin geti heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur ...“

Undanþágurnar eru oft 200–300 um helgar og það eru afleysingamenn sem koma þarna inn. Það er eðlilegt að haldið sé utan um þetta og haft kerfi í því máli. Ef það á ekki að vera, ef ekki á að vera neitt kerfi í þessu, þá missum við málið úr höndunum á okkur og það viljum við ekki. Við viljum ekki að bílstjórarnir, sem sjálfir eru bestir og félögin til þess að halda utan um málið, missi tök á þessu mikla ábyrgðarhlutverki sem þeir gegna í þjóðfélaginu, eins og hv. þm. kom inn á, í þessu mikla samgönguneti og kerfi sem þeir bjóða borgurum eða landsmönnum. Það þarf að vera tryggt og öruggt að þú sért að ferðast með manni sem hafi tilskilin réttindi og sé ekki einhver sem setji allt aðra taxta og láti menn borga miklu meira en þeir eiga að gera. Þess vegna er eftirlitsins vegna eðlilegt að þetta fari úr ráðuneytinu yfir til Vegagerðarinnar.

[22:32]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson erum sammála um það, heyrist mér, að þetta sé afar mikilvæg þjónusta og að það beri að tryggja bæði öryggi og gæði þessarar þjónustu og það þurfi að halda utan um hana með þeim hætti að bæði þeir sem stunda þessa atvinnu og líka þeir sem njóta þjónustunnar geti verið öruggir um að njóta hennar. Það held ég að sé alveg klárt og á það legg ég líka mikla áherslu.

Ég vil einmitt í þessu samhengi árétta að leigubifreiðastjórar eru kannski oft veigamiklir hlekkir í öryggisþjónustu okkar, öryggiskerfinu. Þeir fá oft og tíðum afar vandasöm verkefni við fólksflutninga. Þeir eru líka í stöðugri áhættu og óttast um öryggi sitt. Þeir hafa einmitt bent á það sjálfir að þeir teldu að það þyrfti að stórbæta öryggi þeirra í atvinnurekstrinum. Hvað varðar samfélagið í heild þá eru þeir oft á ferðinni og kannski þeir fyrstu sem sjá þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis og þörf er á aðstoð, annaðhvort lögreglu, sjúkraaðstoð eða slökviliðs eða hvað annað sem er. Þáttur þessarar stéttar, þessara manna, þessarar þjónustu er í raun gríðarlega mikilvægur og þess vegna ber okkur að standa að þessari umgjörð á þann hátt að bæði þeir sem starfa við þjónustuna og við sem njótum hennar getum ekki bara unað við okkar hlut heldur verið svo örugg og sátt við það sem þar er í boði.

[22:34]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að leigubílstjórar og leigubifreiðar eru mikilvægur hlekkur í almenningssamgöngukerfi landsins og því mjög mikilvægt að þessum hlutum sé vel fyrir komið. Vegna umræðna sem hér fóru fram áðan í andsvörum t.d. þá held ég hins vegar að nauðsynlegt sé að taka það fram strax í upphafi að ekkert í þessu frv. sem slíku fjallar um öryggi leigubifreiðarstjóra eða öryggi farþega eða neitt sem lýtur að því þannig að þetta frv. hefur í sjálfu sér ekkert með þann þátt málsins að gera.

Virðulegi forseti. Um leið og við viðurkennum að leigubílstjórar eru mikilvægur hlekkur í almenningssamgöngukerfi landsmanna verðum við líka að velta því fyrir okkur hvernig við viljum skipuleggja þessa hluti, hvernig þessum hlutum verður best fyrir komið, hvað sé best fyrir leigubifreiðastjórana, hvað best fyrir fólkið í landinu hvað best fyrir neytendur o.s.frv. Það er einmitt hlutverk okkar sem hér erum að fjalla um þessa hluti, takast á um þá, setja fram sjónarmið og reyna að komast að einhverri niðurstöðu sem hentar öllum í þessum efnum. Ég mun nú greina frá niðurstöðu 2. minni hluta samgn. um frv. um leigubifreiðar og mun gera grein fyrir því. Síðan mun ég kannski aðeins fjalla um sögu þess kerfis sem við búum við og ýmis álit sem voru send nefndinni við meðferð málsins.

Virðulegi forseti. Þar sem við hæstv. samgrh. erum ekki alveg samstiga í þessu máli þá hefði ég viljað að hæstv. ráðherra væri í salnum á meðan ég flyt mál mitt. (Gripið fram í.) (**Samgrh.:** Ég þekki skoðanir þingmannsins allt of vel ...) Ég fagna því að hæstv. ráðherra vil hlýða á mál mitt og hefur af því sérstaka ánægju eins og hann segir sjálfur.

Virðulegi forseti. Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er lagt til að stjórnsýsla vegna málefna leigubifreiða færist frá samgönguráðuneytinu, umsjónarnefndum og bifreiðastjórafélögunum yfir til Vegagerðarinnar.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný heildarlög um leigubifreiðar til fólksflutninga hér á landi og eiga þau að leysa af hólmi lög nr. 61/1995, með síðari breytingum. Ekki er gert ráð fyrir neinum gjaldtökum í núgildandi lögum nema hvað ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð gjaldtöku fyrir veittar undanþágur. Í þessu frumvarpi er lagt til að innheimtar verði u.þ.b. 10 millj. kr. í gjaldtöku af leigubifreiðastjórum vegna atvinnuleyfisins á ári, 100 millj. kr. á tíu árum miðað við óbreytta gjaldtöku, sem rökstutt hefur verið á þann hátt að um sé að ræða kostnað sem hlýst af stjórnsýslu Vegagerðarinnar vegna málaflokksins. En í athugasemdum frumvarpsins segir m.a. að tilgangur þess sé að færa lög um leigubifreiðar að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Ekki er vikið nánar að því í hverju þessar breyttu aðstæður felast.

Um þetta segir m.a. í áliti Samkeppnisstofnunar: „Hluti af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu er aukin áhersla, m.a. Alþingis, á gildi virkrar samkeppni í viðskiptum. Þetta kristallast í 1. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, þar sem segir að markmið þeirra sé að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Í sömu lagagrein segir einnig að þessu markmiði skuli ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri. Enn fremur segir að markmiði laganna skuli ná með því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er gengið þvert gegn markmiði samkeppnislaga. Aðgangur að markaðnum fyrir leigubifreiðarekstur verður jafntakmarkaður samkvæmt frumvarpinu og verið hefur í gildandi lögum.“

Af þessari umsögn er m.a. ljóst að frumvarpið fer þvert gegn markmiðum samkeppnislaga. Þetta er reynt að réttlæta með því að um sé að ræða skiptingu takmarkaðra gæða. Af þessum orðum mætti ráða að náttúrlegar takmarkanir,

eða aðrar óviðráðanlegar orsakir, leiði til þessarar niðurstöðu. Svo er þó ekki. Í dag eru u.þ.b. 700 atvinnuleyfi gild í landinu vegna leigubifreiðaaksturs, þar af 570 á höfuðborgarsvæðinu. Eins og fyrirkomulagið er nú, en ekki er ætlunin að breyta því, er ráðherra heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða á tilteknum svæðum. Þetta hefur verið gert á fjórum stöðum, höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Árnessýslu og á Suðurnesjum. Öðrum en þeim sem hafa atvinnuleyfi á þessum svæðum er því óheimilt að aka fólki gegn gjaldi. Hin takmörkuðu gæði eru því fjöldi útgefinna leyfa sem stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að veita en ekki neinar náttúrlegar aðstæður. Auk ákvarðana um fjölda atvinnuleyfa er stjórnsýslunni ætlað að hafa afskipti af nýtingu atvinnuleyfisins — en leigubifreiðastjóra er ætlað að hafa starfið að aðalatvinnu — heimiluðu og teknu orlofi, útgerð bílsins vegna veikinda o.s.frv. Með öðrum orðum mun kostnaður við þetta útgerðarkerfi leigubifreiðastjóra því hlaupa á tugum milljóna kr. næstu árin. Hér er því verið að byggja upp enn eitt báknið í ríkiskerfinu, sem án efa á eftir að vinda frekar upp á sig. Sem dæmi um þessa stjórnsýslu má nefna að til þess að fá atvinnuleyfi þurfa leigubifreiðastjórar fyrst að ganga í gegnum meirapróf vegna leigubifreiðaaksturs hjá Umferðarráði sem kostar u.þ.b. 100 þús. kr. Auk þess þurfa þeir sem leysa af atvinnuleyfishafana, þeir sem eru að vinna sér inn tíma, að fara á afleysinganámskeið hjá bifreiðastjórafélögunum sem kostar 5.000 kr. og að lokum þurfa þeir að fara á leyfishafanámskeið, áður en atvinnuleyfi er útgefið hjá ökuskóla, sem kostar u.þ.b. 40 þús. kr.

Aðeins námskeiðahaldið eitt í undirbúningi þess að fá atvinnuleyfi kostar rétt tæplega 150 þús. kr.

Það er því mat 2. minni hluta að hugmyndafræðin að baki frumvarpinu sé í andstöðu við þá þjóðfélagsþróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Hér er verið að búa til dýra stjórnsýslu utan um atvinnustarfsemi leigubifreiðastjóra. Annar minni hluti leggur þó ríka áherslu á að leigubílar og leigubílaakstur séu mikilvægur þáttur í almannasamgöngum. Tryggja þarf góða og örugga þjónustu og um leið eðlileg starfskjör leigubifreiðastjóra. Mikilvægt er að bæði lögin og framkvæmd þeirra taki mið af því. Um leið þarf einnig að tryggja hag neytenda en hagsmunum þeirra er ekki mikill gaumur gefinn í frumvarpinu. Það hefur komið fram að þessi aukna gjaldtaka og viðamikla stjórnsýsla mun leiða af sér a.m.k., samkvæmt fullyrðingum þeirra sem komið hafa fyrir samgn., 3% hækkun á taxta leigubifreiðastjóra, eins og fram kom á fundum samgöngunefndar.

Enn fremur er það tekið fram í frumvarpinu að bifreiðastöðvar skuli í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemina. Við ríkjandi aðstæður og opinberar takmarkanir er svo komið að fákeppni ríkir í rekstri bifreiðastöðva. T.d. eru tvær stöðvar ráðandi á höfuðborgarsvæðinu. Í frumvarpinu er lagt til að allar leigubifreiðar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð. Þessi skipan mála býður heim hættu á verðsamráði og markaðsskiptingu og öðrum alvarlegum samkeppnishindrunum, þar sem hættan er sú að hagsmunir neytenda yrðu fyrir borð bornir. Til þess að geirnegla þessa hluti er svo lagt til engum skuli veitt fleiri en eitt leyfi svo ljóst má vera að fleiri bifreiðastöðvar munu vart líta dagsins ljós, verði frumvarpið að lögum.

Félag ökukennara vekur athygli á því að frumvarp þetta virðist ganga þvert á þá stefnu stjórnvalda að einkavæða starfsemi frekar en að færa hana í ríkari mæli undir opinbera stjórnsýslu.

Þá vöktu leigubifreiðastjórar athygli á því að þeir þyrftu að greiða gjald af atvinnuleyfinu á hverju ári og höfðu uppi efasemdir um að aðrar stéttir þyrftu að gera það sama. Þessum gjöldum er m.a. ætlað að fjármagna gagnagrunn um leyfishafa sem koma á upp hjá Vegagerðinni. Það hefur reyndar komið fram að kostnaður við uppsetningu gagnagrunnsins, sem m.a. er ætlað að geyma upplýsingar um leyfishafa og afleysingabílstjóra, mun hlaupa á nokkrum milljónum kr. Það er því ljóst að kostnaður leyfishafa er margfaldur miðað við kostnaðinn af hinni opinberu stjórnsýslu. Þessu má m.a. finna stoð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 en þar kemur fram að aðalskrifstofa samgönguráðuneytisins gerir ekki ráð fyrir neinum sparnaði við flutning málaflokksins yfir til Vegagerðarinnar.

Annar minni hluti dregur í efa nauðsyn þess að starfræktur verði gagnagrunnur með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sérstaklega er gerð athugasemd við síðari málslið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Vegagerðin geti heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr. frumvarpsins. Í umsögn Persónuverndar sem verður vikið betur að síðar í þessari ræðu er vakin sérstök eftirtekt á þessu.

Í samgöngunefnd var lítið sem ekkert fjallað um þá gagnrýni sem sett var fram árið 1953 þegar núverandi fyrirkomulagi í leigubifreiðaakstri var fyrst komið á með samþykkt Alþingis á lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum. Í umræðu um þau lög var því haldið fram að það að heimila stjórnvöldum að takmarka fjölda leigubifeiða með stjórnvaldsákvörðunum væri aðför að persónu- og atvinnufrelsi manna. Á þetta hefur ekki reynt fyrir dómstólum og því má draga þá ályktun að enginn hafi haft eða viljað láta reyna á þann leynda draum sinn að verða leigubifreiðastjóri. Það breytir ekki hinu að þessi skerðing á atvinnufrelsi er ekki rökstudd á annan hátt en þann að tiltekin tilraun í frelsisátt hafi ekki gefist vel í Svíþjóð. Að auki liggur sú röksemd í loftinu að öryggi farþega í fólksbifreiðum sem notaðar eru til leigubifreiðaaksturs og taka átta farþega eða færri sé betur borgið innan þessa kerfis en ella. Hér skal ekkert um þessar röksemdir fullyrt en vert er að minna á að í 75. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannahagsmunir krefjist.

Þrátt fyrir að breytingartillögur meiri hlutans séu að mestu leyti til bóta treystir 2. minni hluti sér ekki til að styðja frumvarpið, enda felur það í sér mikla opinbera umsýslu auk þess sem það fer algerlega gegn ákvæðum og markmiðum samkeppnislaga.

Undir þetta álit skrifar ásamt mér Kristján L. Möller.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir það almenna álit sem við viljum setja frá okkur vegna þessa frv. en ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að fara, eins og hægt er í ræðu, yfir einstakar greinar frv. eftir því sem ástæða þykir til.

Í fyrsta lagi er hér ekki á ferðinni nein veigamikil breyting á þeirri skipan mála sem verið hefur. Eina veigamikla breytingin sem um er að ræða kemur fram í 2. gr. frv., þ.e. stjórnsýslan er flutt frá ráðuneytinu yfir til Vegagerðarinnar. Það er í raun og veru eina verulega breytingin sem finna má í þessu frá núverandi fyrirkomulagi.

Enn fremur kemur fram í 2. gr. að Vegagerðin skuli sjá um starfrækslu sérstaks gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi, heimildir til undanþágu o.s.frv. frá akstri eigin bifreiðar. Það hlýtur að vera verðugt um-

hugsunarefni, virðulegi forseti, að setja þurfi upp sérstakan gagnagrunn um þennan hóp manna, 700 manns, að nauðsynlegt skuli vera að setja um hann sérstakan gagnagrunn. Ekki er tæmandi talning á því hvað skuli vera í þeim gagnagrunni og þess vegna getur vel verið að menn geti sett í hann hvað sem er, enda hefur Persónuvernd gert verulegar athugasemdir við þær hugmyndir sem hér koma fram og hefur gert kröfu til þess að slíkur gagnagrunnur verði skýrður miklum mun betur. Í frv. er ekki gerð önnur tilraun til að upplýsa það en að það séu „upplýsingar sem liggja verða til grundvallar útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis." Hins vegar kemur fram í greinargerð að þar skuli vera upplýsingar um forfallabílstjórann sem hugsanlega leysir atvinnuleyfishafann af. Þar skuli vera upplýsingar um læknisvottorð, heilsufar og sitt lítið af hverju og ég held, virðulegi forseti, að slíkur grunnur sé ekki til um nokkra einustu aðra atvinnustétt sem til er.

Ég held að vert sé, virðulegi forseti, einmitt í þessu að velta því upp hvers konar kerfi er í raun og veru hér á ferðinni. Gefin eru út 700 atvinnuleyfi eins og nú er, þar af 570 á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er ætlunin að gefa út fleiri atvinnuleyfi. Til að komast inn í þessa stétt þurfa menn fyrst að komast í það að fá að keyra hjá einhverjum sem hefur atvinnuleyfi og vinna sér þannig inn tíma sem einhvers konar forfallabílstjóri. En til þess að geta orðið forfallabílstjóri þarf að taka meirapróf, sem er í sjálfu sér eðlilegt, en síðan þarf að taka sérstök forfallabílanámskeið hjá bifreiðastjórafélögunum sem eru reyndar nokkur og hafa séð um þessi mál hingað til sjálf en nú er ætlunin að færa það fyrirkomulag yfir til Vegagerðarinnar. Til þess að geta orðið forfallabílstjóri þarf að fara á námskeið sem kostar 5 þús. kr. Síðan þurfa menn að vinna sér inn tíma og koma sér framar í röðinni og bíða eftir því að einhver missi atvinnuleyfið til þess að geta komist inn í röðina. Og það var dálítið sérstakt þegar við ræddum þetta í samgn. að þar kom fram gagnrýni hjá fulltrúum samgrn. að eitt það veigamesta og erfiðasta í þessu kerfi er að bifreiðastjórafélögin, sem er sjálfum ætlað að halda utan um þessa forfallatíma og það hvernig menn færast framar í röðinni til að eiga hugsanlega möguleika á því að komast að og fá atvinnuleyfi, væru misgóð í að halda utan um þetta kerfi. Og eins og það var orðað, að sum félögin væru jafnvel bara með rassvasabókhald. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að þegar fyrirkomulagið er slíkt kemur manni náttúrlega ekkert á óvart í þeim efnum. En hér er ætlunin að færa slíkt bókhald í þennan gagnagrunn þar sem ekki liggur fyrir hvað verður nákvæmlega fært inn, og það kæmi svo sem ekkert á óvart þó að göngulag yrði sett þarna inn. Svo er hægt að skrá það hvort menn séu ekki örugglega þrifalegir, hvernig þeir klæðast, hvort þeir séu kurteisir við farþegana o.s.frv. En reyndar kom fram í umræðunni í samgn. að slíkir gagnagrunnar væru til hjá stærsta bifreiðastjórafélaginu, Bifreiðastjórafélaginu Frama, og hefði jafnvel verið opnað á það að sá gagnagrunnur yrði seldur beint inn í stjórnsýsluna. Reyndar var fullyrt í samgn. að sá gagnagrunnur yrði ekki keyptur þannig að ástæðulaust er að halda þeirri umræðu eitthvað sérstaklega til haga því að fulltrúar ráðuneytisins gerðu skýra grein fyrir því á fundum nefndarinnar. Það liggur hins vegar fyrir að eina leiðin til þess að halda utan um þetta flókna kerfi virðist vera sú að koma upp sérstökum eftirlitsgagnagrunni utan um 700 manna stétt atvinnubílstjóra.

Hins vegar liggur ekkert fyrir um það af neinni nákvæmni hvað það er sem á að fara inn í þann gagnagrunn, enda kemur það fram í áliti Persónuverndar sem ég hef fyrir framan mig að þeir gera verulegar athugasemdir við þetta og segja m.a., með leyfi forseta:

„Því leyfir Persónuvernd sér að ítreka að ekki verður séð að þörf sé á setningu sérstaks lagaákvæðis fyrir starfrækslu gagnagrunns með persónuupplýsingum um leigubílstjóra, ef tilgangurinn með slíkri vinnslu upplýsinganna er eingöngu að undirbúa „útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis" eins og segir í frumvarpinu. Sérstakt ákvæði um gagnagrunn af þessu tagi, sem inniheldur ýmiss konar persónuupplýsingar um leigubifreiðastjóra, getur að ósekju gefið tilefni til að ætla að notkun upplýsinganna sé ekki bundin við undirbúning á útgáfu leyfa til bifreiðastjóra."

Það sem hér er verið að segja er að svo virðist mega ráða af þessu að það sé svo mikið af persónuupplýsingum sem þarna fara inn að það hafi ekkert með útgáfu atvinnu- eða starfsleyfis að gera. Persónuvernd gerði verulegar athugasemdir við þetta en ekki er tekið tillit til þessa í frv.

Í öðru lagi gerði Persónuvernd athugasemdir við það að heimila sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur samkvæmt 9. gr. frv. Með leyfi forseta, segir:

„Bent var á að með ákvæðinu gæti Vegagerðin því veitt einstökum bifreiðastöðvum og bifreiðastjórafélögum tengingu við umræddu málaskrá sína um tölvunet. Umræddu ákvæði hefur í engu verið breytt í hinu nýja frumvarpi." — Þetta frv. var lagt fram í fyrra og er því lagt fram á nýjan leik nú og þær athugasemdir sem gerðar voru í fyrra eiga því enn við. Persónuvernd segir, með leyfi forseta: — „Því verður að ítreka þá afstöðu Persónuverndar að rök skorti fyrir slíkri samtengingu og er þeirri spurningu enn ósvarað hvers vegna ekki sé hægt að veita viðkomandi bifreiðastöðvum upplýsingar um atvinnuleyfishafa á viðkomandi stöð með einfaldari og viðurhlutaminni hætti. Enn fremur er óljóst hvers vegna gert er ráð fyrir heimild til að tengja bifreiðastjórafélög við umræddu málaskrá, enda útgáfa leyfa samkvæmt lögunum eingöngu í höndum Vegagerðarinnar og einstakra bifreiðastöðva, auk þeirra sveitarstjórna sem samgönguráðherra felur framkvæmd mála ..." — Það ákvæði hefur reyndar aðeins breyst í meðförum samgn.

„Í þriðja lagi var í umsögn Persónuverndar fjallað um skyldu atvinnuleyfishafa skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins til að veita Vegagerðinni upplýsingar sem varðar atvinnuleyfi þeirra og nýtingu þess. Gerði Persónuvernd athugasemd við að í frumvarpinu var hvergi að finna tæmandi talningu á því hvaða upplýsingar verði skráðar í umræddan gagnagrunn." — Eins og ég kom að áðan. — „Þess í stað var að finna samsvarandi upptalningu bæði í almennum athugasemdum með frumvarpinu og í athugasemdum með 2. gr. þess, þar sem segir að skráðar verði upplýsingar um nafn bifreiðastjóra, kennitölur þeirra, heimilisföng, bifreiðastöð, kallnúmer, „nýtingu atvinnuleyfis, heimilað og tekið orlof, útgerðarheimildir vegna veikinda o.fl." Í hinu nýja frumvarpi hefur orðalagið „o.fl." verið fellt úr ... Verður því að ítreka þá athugasemd Persónuverndar að þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir heimild til víðtækra tenginga við gagnagrunninn ... væri æskilegt að kveðið væri skýrt á um hversu víðtæk vinnsla persónuupplýsinga væri heimiluð á þessu sviði."

Í fjórða lagi gerir Persónuvernd athugasemd við það að ekki skuli kveðið skýrt á um hverjum skuli heimill aðgangur að umræddum gagnagrunni. Þá gerir Persónuvernd athugasemdir við það að hvorki skuli færð rök fyrir því í frv.

né athugasemdum hvaða þörf er á að lögregla hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem gert er ráð fyrir að verði skráðar í umræddan gagnagrunn í stað þess að hafa einungis aðgang að lista yfir atvinnuleyfishafa og handhafa leyfa fyrir forfallabílstjóra.

Því er það einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að utan um þessa atvinnustétt manna þarf að byggja stóran, mikinn og dýran gagnagrunn sem lögreglan hefur beinan aðgang að. Ég hlýt að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra: Af hverju þarf lögreglan að hafa beinan aðgang að upplýsingum á, ef marka má það sem fram kemur í frv., nafni bifreiðastjóra, kennitölu þeirra, heimilisfangi, bifreiðastöð, kallnúmeri, nýtingu atvinnuleyfis, heimiluðu og teknu orlofi, útgerðarheimildum vegna veikinda o.s.frv.? (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Við hefðum viljað fá meiri tíma til þess að fara yfir þetta í nefndinni en það gafst ekki meiri tími, en ég hlýt að spyrja hæstv. samgrh. sem að sjálfsögðu hefur forræði þessa máls og frumkvæði að því að leggja það fyrir hið háa Alþingi: Hvernig stendur á því að lögreglan þarf að hafa aðgang að gagnagrunni með slíkum upplýsingum? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra útskýri þetta vandlega í ræðu sinni á eftir hvernig á því standi að lögreglan þurfi að hafa sérstök afskipti af þessu.

Það hefur líka komið fram, virðulegi forseti, að kostnaður við þennan gagnagrunn er áætlaður — við fengum um það upplýsingar — 7,5 millj., ef ég man þá tölu rétt, og afskrifist þá á einhverjum árum. Og atvinnuleyfisgjöldunum er m.a. ætlað að standa undir þessu. Hér stendur víst einfaldlega til að menn komi þessum gagnagrunni af stað í upphafi og þeirri gjörð fylgi tiltekinn kostnaður, og því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra: Hví þarf að innheimta þessi gjöld á hverju einasta ári? Hví þarf að innheimta 10 millj. á hverju einasta ári til þess eins að sjá um 700 manna starfsstétt?

Ef menn telja algerlega nauðsynlegt að skipulagið sé með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, það sé svona opinbert miðstýrt skipulag þar sem nákvæmlega er kveðið á um hversu margir bílar megi aka, hversu mörg atvinnuleyfi eru í gangi hverju sinni o.s.frv. — í raun og veru er þetta opinbert kerfi — þá hlýt ég að spyrja: Af hverju stendur ríkið ekki bara straum af þessum kostnaði? Hvers vegna stendur ríkið þá ekki að þessu á allan hátt ef menn líta svo á að hér sé um kerfi að ræða sem þarf að vera niðurnjörvað með þessum hætti? (**Gripið fram í:** Ríkisstöð.) Sú umræða kom einmitt aðeins upp í nefndinni og nú spyr ég bara úr því að menn eru komnir í þennan fasa: Af hverju er ekki rekin bara ein ríkisstöð, Bifreiðastöð hæstv. samgrh. Sturlu Böðvarssonar? (**Samgrh.:** ... Samfylkingin geri það.) Opna bara fyrir eina ríkisstöð. (**GHall:** Þýðir það ... Samfylkingarinnar?) Við erum ekki að ræða hugmyndir Samfylkingarinnar. Við erum að ræða frv. ríkisstjórnarinnar sem vill þannig til að Sjálfstfl. og Framsfl. standa að þannig að við skulum halda umræðunni í réttum farvegi. Ég spyr hæstv. samgrh.: Kom það ekkert upp þegar verið var að semja þetta frv. að hafa bara eina ríkisstöð? Það hefði mér fundist mjög eðlilegt.

Það er mjög erfitt að komast í það að verða leigubifreiðastjóri, það er langur prósess og menn þurfa að fara í gegnum mörg námskeið, menn þurfa að vinna sér inn bíltíma líkt og flugtíma og það getur tekið langan tíma og mörg ár að ná sér í þessi réttindi. Í því ljósi er atvinnufrelsi manna skert og í stjórnarskránni er sérstaklega kveðið á um það að atvinnufrelsi manna megi ekki skerða nema almannahagsmunir krefji. Því finnst mér sjálfum það vera rík kvöð á hæstv. samgrh. að útskýra fyrir okkur, sem ekki áttum okkur nákvæmlega á því, hvað veldur því að nauðsynlegt er að hafa kerfið með þessum hætti þar sem atvinnufrelsi manna er skert — hvaða miklu almannahagsmunir krefjast þess að menn fari þessa leið?

Það er rík skylda á stjórnvöldum og þeim sem bera frv. fram að skýra þetta út. En það er lítil sem engin tilraun gerð til þess nema að í nál. kemur fram að Svíar hafi reynt að opna fyrir þetta og að sögn meiri hlutans fór það víst allt saman í vaskinn. Það er í raun og veru eina röksemdin sem er sett fram fyrir því að atvinnufrelsi manna skuli skert með þeim hætti sem raun ber vitni.

Ég held að ekki sé úr vegi, virðulegi forseti, af því að við erum byrjuð að ræða um atvinnufrelsi manna að fara aðeins í sögu þessara mála. Ég held að það sé rétt að menn reyni að átta sig á því hvernig á því stóð á sínum tíma að það kerfi varð til sem við búum núna við, það kerfi sem ekki er ætlunin að breyta og hefur að mestu leyti verið við lýði frá 1953. Ég held að það sé ágætt að rifja upp og halda til haga hvernig á því stendur að þetta kerfi varð til. Það vill þannig til að ég hef í fórum mínum bréf sem er ritað á árinu 1952. (**Gripið fram í:** Var það ekki áður en þú fæddist?) Það var áður en ég fæddist jú, enda hugmyndafræðin í samræmi við það. Ég sé að íhaldssemin hefur lítið breyst á þessari hálfu öld sem liðin er frá ritun bréfsins. Ég skal ekkert fullyrða um hver staðan var þá. En þá var ritað eftirfarandi bréf, virðulegi forseti, af formanni Hreyfils og reyndar líka formanni Vörubifreiðastöðvarinnar Þróttar sem færði þau rök fyrir því að það væri nauðsynlegt að negla þetta kerfi niður þannig að ekki væru of margir bifreiðastjórar í landinu. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp þetta bréf, með leyfi forseta, en það hljóðar svo:

„Við undirritaðir höfum athugað, hvort nauðsyn bæri til þess að skipuleggja akstur leigubifreiða hér í bæ og annars staðar að því er snertir leigubifreiðar til fólksflutninga sem taka allt að 8 farþega, svo og vörubifreiðar sem leigðar eru almenningi og hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, aðallega með það fyrir augum hvort nauðsynlegt væri að setja löggjöf um takmörkun þeirra.

Við athugun höfum við sannfærst um það að atvinnumöguleikar fyrir leigubifreiðar eru mjög takmarkaðir eins og nú er miðað við þann fjölda bifreiða sem notaðar eru í þessu efni nú.

Leigubifreiðar til fólksflutninga sem taka allt að 8 farþega eru nú um 450 í Reykjavík og um 250 vörubifreiðar og virðist það vera mun fleiri bifreiðar en nokkur þörf er fyrir. Er því fyrirsjáanlegt að brýn nauðsyn er til þess að takmarka fjölda leigubifreiða eigi að vera nokkur möguleiki til þess að þeir menn sem stunda akstur leigubifreiða sem aðalatvinnu geti haft það sér og sínum til lífsframfæris enda mun nú svo komið að í flestum menningarlöndum er tala slíkra flutningatækja takmörkuð með löggjöf.

Í þessu sambandi má einnig benda á það að með því að binda við þessi störf fleiri menn en nauðsyn krefur á hverjum tíma fer geysilega mikið vinnuafl til ónýtis, auk þess sem við þessa flutninga eru bundnar miklu fleiri bifreiðar en þörf er á en það leiðir að sjálfsögðu af sér aukinn innflutning á alls konar rekstrarvörum til bifreiða.

Loks má benda á það að fjöldi manna hefur lagt mikið fé í það að kaupa sér dýrar bifreiðar í þeirri von að akstur vöru- og fólksflutningabifreiða sé mjög arðvænleg atvinnugrein en margir þessara manna hafa síðan komist í miklar fjárkröggur

vegna þessa en af því hefur oft og einatt leitt alls konar spillingu sem hægt væri að komast hjá með því að takmarka tölu bifreiðanna ...“

Ég ætla að lesa þessa klausu aftur, virðulegi forseti, með leyfi forseta.

(**Forseti** (HBl)**:** Það veitir ekki af.)

Forseti tekur undir það, heyri ég.

„Loks má benda á það að fjöldi manna hefur lagt mikið fé í það að kaupa sér dýrar bifreiðar í þeirri von að akstur vöru- og fólksflutningabifreiða sé mjög arðvænleg atvinnugrein en margir þessara manna hafa síðan komist í miklar fjárkröggur vegna þessa en af því hefur oft og einatt leitt alls konar spillingu sem hægt væri að komast hjá með því að takmarka tölu bifreiðanna við flutningaþörfina og tryggja þannig að fullu hagnýtingu vinnuafls og tækja í þessum starfsgreinum.

Í sambandi við setningu löggjafar um þessi mál teljum við brýna nauðsyn bera til þess að fyrrgreindar bifreiðar til almenningsnota hafi fasta afgreiðslu á bifreiðastöð enda mundi allt eftirlit með slíkri löggjöf verða mjög erfitt“ — sem síðan hefur reyndar komið á daginn, enda er ætlunin núna að setja um þetta gagnagrunn — „ef bifreiðarnar hefðu ekki skyldu til þess að vera í fastri afgreiðslu á bifreiðastöð.

Með tilvísun til framanritaðs erum við undirritaðir því sammála um að nauðsyn beri til þess að sett verði löggjöf um heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða til vöru- og mannflutninga í kaupstöðum landsins og það gæti orðið á Alþingi því sem nú situr.“

Undir þetta rita Bergsteinn Guðjónsson, þáv. formaður Hreyfils, og Friðleifur I. Friðriksson, þáv. formaður Vörubifreiðastöðvarinnar Þróttar.

Þá má spyrja: Af hverju er ég að lesa upp þetta bréf? Svarið er einfalt. Þetta er greinargerðin sem fylgdi upphaflega frv. um leigubifreiðar í kaupstöðum. Þetta er í raun og veru grunnurinn að því kerfi sem nú, 50 árum síðar, á enn að herða reglurnar utan um. Það er þá ekki úr vegi, virðulegi forseti, að velta upp og skoða í þessu samhengi hvernig landsfundur Sjálfstfl. fjallaði um þessar hugmyndir nú á nýafstöðnu landsþingi sem margir telja að hafi tekist alveg sérlega vel, og bera saman við þær hugmyndir sem hér voru kynntar til leiks og eru í raun og veru grunnurinn, forsendan, fyrir því kerfi sem við búum nú við. Hér var upphaflega verið að setja reglur og takmarkanir í því skyni að tryggja fjárfestingar manna í leigubifreiðum, tryggja að ekki væru of margir inni í þessu kerfi og það verður að segja alveg eins og er að á þessum árum þótti þetta bara ofur eðlilegt. Þetta er á sjötta áratugnum, fljótlega eftir stríð, og þá var almennt haftakerfi í flestu. Því voru þessar reglur alveg í samræmi við þá hugmyndafræði sem ríkti almennt í landinu. Það voru nánast höft á öllu og það fer ekki að losna um þau fyrr en á 7. áratugnum með viðreisnarstjórninni. Þess vegna er dálítið sérstakt að nú, 50 árum síðar, skuli menn ekki vera komnir upp með eina einustu nýja hugmynd um það hvernig þessum málum má koma fyrir. Í greinargerð frá bifreiðastjórafélaginu Frey í Keflavík og Ökuleiðum SF í Keflavík er m.a. vitnað til stefnu Sjálfstfl. í málinu. Hæstv. forseti sem nú situr er fyrrv. samgrh. og þar af leiðandi öllum hnútum kunnugur í þessum efnum, en með leyfi forseta segir í greinargerðinni:

„Við viljum aðeins benda á að frumvarp þetta er í algjörri andstöðu við yfirlýsta stefnu flokks þess ráðherra er leggur það fram, en á landsfundi flokks hans er haldinn var á sama tíma og verið var að leggja þetta frumvarp fram var lagt til að endurskoðuð verði lög um leigubifreiðar og rekstur bifreiðastöðva til að draga úr miðstýringu, opinberum afskiptum, minnka opinberar álögur á reksturinn og einfalda lagaumhverfið.“

Þannig var ályktun Sjálfstfl., a.m.k. þau yfirlýst markmið flokksins. Ég held að það sé mikilvægt að halda þessu til haga og bera þessar landsfundarsamþykktir saman við frv. sem við ræðum hér. Það er ekki nóg að básúna um það á tyllidögum og í skálaræðum að menn séu talsmenn frelsis, einkaframtaks o.s.frv. Hér eru verkin og hér birtast hugmyndirnar í framkvæmd.

Margir gerðu athugasemdir við þetta frv. og fleiri sem vitnuðu nánast orðrétt til þessara ályktana. Líklega hef ég skilið þær merku ályktanir einhvers staðar eftir þannig að ég get ekki vitnað til þeirra beint. Þar gengur hugmyndafræðin út á að reyna að draga úr miðstýringu og opinberri álagningu á þessa grein og leita annarra leiða.

Það er dálítið merkilegt, virðulegi forseti, ef menn vilja hugsa til þess, að nú vilja menn gera eins og fyrstu bifreiðastöðvarnar gerðu, eins og Bifreiðastöð Steindórs. Hvernig fyrirkomulag var þar? Þar var það þannig að stöðin átti bílana. Ef menn t.d. vildu opna bifreiðastöð núna þar sem einungis yrði keyrt á umhverfisvænum bílum, fátt er nú meira í tísku þessa daga en allt sem umhverfisvænt er, þá væri ekki möguleiki að opna slíka stöð. Enginn má aka nema hann hafi atvinnuleyfi og það sé skráð á tiltekinn bíl.

Ég á reyndar eftir að koma síðar að því merka ákvæði að enginn megi aka nema hann hafi leigubifreiðaakstur að aðalatvinnu. (Gripið fram í.) Svo á ég líka eftir að koma að þeim stórmerku reglum — ég sé að hæstv. samgrh. er upptekinn í mikilvægum viðræðum við hv. þm. Kristján L. Möller — sérstökum reglum sem hæstv. ráðherra setti sjálfur. Þar kemur t.d. fyrir ný skilgreining á áfengissýki sem þekkist sennilega hvergi annars staðar. Ég veit ekki hvort menn vita af því að eftir að hafa farið einu sinni í áfengismeðferð þá telst áfengissýki leigubifreiðastjóra ekki lengur sjúkdómur í skilningi reglna um orlofsrétt leigubifreiðastjóra. Það vill þannig til, virðulegi forseti, að ég er með þessar reglur. Ég sé ekki betur en hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson hafi undirritað þetta og einhver annar sem ég átta mig ekki á hver er. Ég veit ekki hvort þessi nýja skilgreining á áfengissýki hafi verið borin sérstaklega undir landlæknisembættið.

Auðvitað, virðulegi forseti, enda menn einhvers staðar úti í skurði þegar menn eru með kerfi af þessum toga. Auðvitað koma svona reglur upp. Reglurnar um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiða eru náttúrlega stórkostlegar. Ég mun fara vandlega yfir þær einhvern tíma síðar í nótt þegar að því kemur en ég er reyndar ekki kominn nema að 3. gr. frv. Það er því mikið efni eftir. Ég held að það sé nauðsynlegt í umræðu að menn þekki söguna, tilurð þess kerfis sem við nú búum við. Það varð fyrst og fremst til til að tryggja fjárfestingu tiltekinna manna og var í samræmi við þá almennu hugmyndafræði sem ríkti í samfélaginu á þeim tíma. (**Samgrh.:** Er sá tími liðinn?) En núna kemur hæstv. samgrh. alla leið frá Stykkishólmi og ber á borð hugmyndafræði sem gengur í raun mun lengra en á sjötta áratugnum. Ég held að menn hafi ekki einu sinni látið sér til hugar koma, virðulegi forseti, að setja utan um þessa starfsstétt sérstakan gagnagrunn sem fjallaði um heilsufar þeirra sem hafa atvinnuleyfi, um göngulag og sitt lítið af hverju og er ekki allt upp talið eins og ég ræddi um áðan.

Í 3. gr. frv., virðulegi forseti, kemur fram að allar leigubifreiðastöðvar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. ... — Mér þætti vænt um, virðulegi forseti, ef hæstv. samgrh. gæti setið hér í salnum á meðan ég flyt þessa ræðu vegna þess að mig langar að bera mýmargar spurningar undir hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra er í húsinu eða hvað?

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. samgrh. virðist vera í húsinu.)

Ég verð að beina því til forseta að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra verði í salnum á meðan ég flyt mál mitt.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég skal óska eftir því við þingvörð að hann láti ráðherra vita.)

Hæstv. ráðherra er kominn. Eins og fram hefur komið, þegar menn setja fram hugmyndir af þessum toga, er að sjálfsögðu heimild til að setja á menn tiltekin vistarbönd, að menn megi ekki aka nema á tilteknum svæðum. Þau rök sem helst hafa verið færð fram fyrir því eru að ef svo væri ekki þá mundu allir keyra til Reykjavíkur. Menn eru því skikkaðir til að vinna á tilteknum svæðum. Ég verð að segja alveg eins og er að ég á bágt með að trúa því að allir þeir sem nú hafa atvinnuleyfi mundu aka eins og skot til Reykjavíkur þó að þeim væri það heimilt. Þar með væri ljóst að lítill grunnur væri fyrir því að gera út leigubíla á öðrum stöðum. Ég held að það sé algerlega rangt enda væru menn ekkert í því að gera út leigubíla ef menn hefðu ekki eitthvað út úr því. Ég held að það sé eitthvað sem menn eigi að skoða.

Virðulegi forseti. Í 3. gr. frv. er kveðið á um að allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hafi viðurkenningu Vegagerðarinnar. Það er þessi nýja stjórnsýsla. Vegagerðin á að halda utan um þetta allt saman. Vegagerðinni er ætlað það hlutverk að gefa út starfsleyfi til bifreiðastöðva. Svo segir, með leyfi forseta:

„Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta.“ — Ekkert er sagt nánar um það í hverju þessi góða og örugga þjónusta felist. Ekki er kveðið á um það í þessu frv. hvernig eigi að framfylgja þessu. Hvernig á t.d. að tryggja öryggi leigubifreiðastjóra? Hvernig á að tryggja öryggi farþega? Hvaða trygging er fyrir því að þeir sem nú hafa atvinnuleyfi séu betri en aðrir til að stunda leigubifreiðaakstur? Hvaða trygging er yfir höfuð fyrir því að það kerfi sem hér á að setja upp sé besta kerfið sem hægt er að hugsa sér í þessum málum? Ekki nokkur einasta.

„Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar.“ — Þannig er bifreiðastöðinni ætlað það hlutverk að fylgjast sérstaklega með þessum mönnum sem eru þó bókfærðir og skráðir í gagnagrunn Vegagerðarinnar þar sem nákvæmt yfirlit er til um þá sem hafa náð þeim áfanga að fá atvinnuleyfi til að aka leigubílum.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Bifreiðastöð getur séð um afgreiðslu undanþágna frá akstri eigin bifreiða skv. 9. gr. Telji bifreiðastöð að þeir sem hafa afgreiðslu á stöðinni hafi brotið gegn ákvæðum þessum skal hún stöðva afgreiðslu þeirra og tilkynna það til Vegagerðarinnar.“ — Sem er þá beinlínutengd við lögregluna væntanlega, eða hvað, hæstv. samgrh.?

Það verður að segja það eins og er, virðulegi forseti, að manni virðist ekki ríkja mikil trú á þessari starfsstétt þegar hún þarf að vera undir sérstöku eftirliti lögreglunnar, Vegagerðarinnar, bifreiðastöðvanna — menn geta haldið áfram þessari upptalningu.

Í 3. gr. er kveðið á um að þeir sem fengið hafa atvinnuleyfið til þess að stunda leigubifreiðastjóraakstur sé ekki heimilt að nýta atvinnuleyfi sitt nema þeir hafi sérstaka aðstöðu á bifreiðastöð. Menn geta ekki einu sinni nýtt sér atvinnuleyfi sitt nema sérstök bifreiðastöð haldi utan um það. Jafnvel þó að einhverjir vildu stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi, sem þessir leigubifreiðastjórar að sjálfsögðu stunda, og vildu kannski sjálfir hafa sinn eigin síma á gulu síðunum í símaskránni þá er það ekki einu sinni heimilt. Ég er bara ekki viss um að þessi skerðing standist ef á hana yrði látið reyna.

Í 5. gr. er fjallað um skilyrði fyrir atvinnuleyfi. Þar eru í sjálfu sér að mörgu leyti engin óeðlileg skilyrði nema eitt, í 3. tölul.: „Stunda leiguakstur að aðalatvinnu.“ Það er af þeim sökum, virðulegi forseti, að setja þarf sérstakar reglur um tímabundna undanþágu frá akstri eigin leigubifreiðar, þ.e. ef menn ætla að fá einhvern annan til þess að aka fyrir sig, þá gilda um það reglur upp á 18 greinar á fjórum A-4 síðum. Það er ekki eins og þetta hafi verið skrifað, virðulegi forseti, árið 1930, 1940 eða á 6. áratugnum þar sem sú hugmyndafræði var ríkjandi um margt, stjórnsemi og stjórnlyndi. Við erum ekki að tala um þann tíma. Nei, virðulegi forseti. Þetta er dagsett í samgrn. 8. nóvember árið 1999, rétt rúmlega tveggja ára gamalt. Þetta eru 18 greinar sem fjalla um það að ef svo skyldi fara að þeir sem hafa atvinnuleyfi þyrftu nú að yfirgefa tímabundið sínar eigin bifreiðar vegna veikinda eða annars, þá eru fjórar heilar síður sem fjalla um það hvernig í veröldinni þeim eigi að takast það.

Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að fara vandlega yfir þetta, sérstaklega þar sem í þessu nýja frv. er einmitt kveðið á um að skilyrði fyrir atvinnuleyfi sé að einstaklingur stundi leiguakstur sem aðalatvinnu. Hér er ekki ætlunin að breyta neinu, ég geri því fastlega ráð fyrir að þessar merku reglur verði áfram í gildi. Það verður náttúrlega að tryggja það, virðulegur forseti, að þessir menn séu ekki að taka sér frí. Þeir hafi ekki sína eigin hentisemi með það hvenær þeir aka og hvenær ekki, það væri nú laglegt. Það væri nú laglegt, virðulegi forseti, ef þeir hefðu bara sína eigin hentisemi með það hvenær þeir mundu aka og hvenær ekki.

Kannski er þetta það sem koma skal, virðulegi forseti. Kannski er það næsta sem við fáum að sjoppueigendur — þá yrði fjallað væntanlega um takmörkuð gæði, því ekki er alveg öruggt að allir kaupi karamellur í tíma og ótíma — að við fáum þá næst reglur um hvenær sjoppueigendur megi taka sér frí. Og kannski fáum við aðrar 18 greinar um það. Ég held að ágætt væri að það væri þá í samgrn. (**Samgrh.:** En hjá R-listanum?)

Nei, við erum ekki að fjalla um R-listann hér, virðulegi forseti. Við erum að fjalla um hæstv. samgrh., reglur frá honum. (**Samgrh.:** Ekki um sjoppurnar.) Nei, en það var það sem ég velti fyrir mér, hvort væri þá ekki rétt að slíkir atvinnurekendur, eins og leigubifreiðastjórar, einstaklingar sem eru í litlum atvinnurekstri, fengju miklar reglur um það hvenær þeir megi taka sér frí frá vinnu sinni eins og hér er.

Ég held að það væri rétt, virðulegi forseti, fyrir umræðuna að þetta fari bara inn í þingtíðindi og ég lesi þessar reglur. Ég held að væri rétt að fara hér vandlega yfir það, því þar er m.a. að finna þessa merku reglu um áfengissýkina. Það telst ekki áfengissýki samkvæmt þessum reglum ef menn þurfa að fara tvisvar í afvötnun. Í fyrsta skiptið er um að ræða sjúkdóm, í annað skiptið er það eitthvað annað.

Kannski hæstv. samgrh. geti útskýrt það fyrir okkur sem eigum dálítið erfitt með að skilja þetta regluverk allt saman. Og smám saman fer náttúrlega að renna upp fyrir manni ljós, að allt þetta regluverk verður náttúrlega að komast í einhvern gagnagrunn. Það er náttúrlega ekki fyrir nokkurn mann einan að eiga að fylgjast með því hvaða reglur gilda og hvernig eftir þeim er farið.

En ég held, virðulegi forseti, að rétt sé fyrir málefnið og málstaðinn að mönnum séu þessar reglur almennt kunnar en ekki aðeins þessum 700 leigubifreiðastjórum sem þurfa þó að vinna eftir þeim. Hér eru reglur um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar, sem fara væntanlega inn í gagnagrunninn. En þær hljóma svo, með leyfi forseta, og þetta eru einhverjar merkustu reglur sem ég hef komist í:

„Bifreiðastjórafélögunum Andvara, Átaki og Frama er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið telst Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur.“ (**ÍGP:** Og ertu ekki sammála því?) Ég geri ekki ágreining um þetta. „Bifreiðastjórafélögin skulu leggja fram félagaskrár sínar til umsjónarnefnda fólksbifreiða“ — að sjálfsögðu til umsjónarnefnda fólksbifreiða sem síðan fjalla um þetta allt saman — „á viðkomandi svæði og skulu að lágmarki tíu bifreiðastjórar“ — hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason — „vera meðlimir í viðkomandi bifreiðastjórafélagi á höfuðborgarsvæðinu.“

Það er því alveg lágmark að tíu bifreiðastjórar skuli vera í félaginu, annars er væntanlega ekki hægt að stofna félagið.

„Bifreiðastjórafélögunum Fylki og Frey er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Reykjanesbæ, Höfnum, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi.

Bifreiðastjórafélaginu Faxa er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Árborg.

Bifreiðastjórafélagi Akureyrar er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á Akureyri.“

Þetta er mikið framsal á valdi til bifreiðastjórafélaganna, en það verða að vera tíu í hverju bifreiðastjórafélagi annars telst það ekki alvörufélag og þá verða þessi leyfi væntanlega afturkölluð.

„Bifreiðastjórafélögin skulu annast framkvæmd og eftirlit undanþágna fyrir sína félagsmenn. Bifreiðastjóra sem kýs að standa utan félaga er þrátt fyrir það skylt að leita til eins af starfandi félögum bifreiðastjóra á hans svæði varðandi undanþágur frá akstri eigin bifreiðar.“ — Með öðrum orðum, ef menn eru ekki í neinu félagi, vilja nýta sitt félagafrelsi, þá skulu þeir nú samt sækja til bifreiðastjórafélags ef þá langar að taka sér frí og fá þá leyfi til þess að taka sér frí og geta þá væntanlega valið um bifreiðastjórafélag, sem í eru a.m.k. tíu menn, því annars getur bifreiðastjórafélagið ekki veitt slíkar undanþágur. — „Hefur hann frjálst val um hvaða ofangreinds félags hann snýr sér til. Ber honum að tilkynna hlutaðeigandi umsjónarnefnd með sannanlegum hætti um val sitt.“ — Hann verður sem sagt að tilkynna umsjónarnefndinni um hvaða bifreiðastjórafélag hann velur til þess að taka ákvörðun um hvort hann geti tekið sér frí frá akstri eigin leigubifreiðar.

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki nema von að mönnum stökkvi bros. Ég spyr, virðulegi forseti: Er til vandmeðfarnari starfsgrein í landinu en að vera leigubifreiðastjóri sem ætlar að taka sér frí?

„Ef bifreiðastjóri sem er utan félaga ákveður að beina umsóknum sínum um undanþágur til annars félags ber honum að tilkynna það viðkomandi umsjónarnefnd með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.“ — Þannig að ef hann verður veikur, þá þarf hann að tilkynna það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara til viðkomandi umsjónarnefndar.

„Sætti bifreiðastjóri sig ekki við ákvörðun bifreiðastjórafélaganna er honum heimilt að áfrýja til umsjónarnefndar fólksbifreiða á viðkomandi svæði og er úrskurður hennar endanlegur á sviði stjórnsýslunnar.“

Ég segi nú bara ekki annað, virðulegi forseti, að það er meira en lítið mál að taka sér frí þegar maður er leigubílstjóri. Þetta er bara 1. greinin en þær eru 18, virðulegi forseti, sem fjallar um það hvernig menn eða hvert menn eigi að snúa sér þegar þeir ætla að taka sér frí eða fá tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar. En markmiðið er þá að annar geti tekið við akstrinum á meðan hann hefur þetta tímabundna leyfi. Fái hann ekki þetta tímabundna leyfi, þá verður bíllinn bara að standa. Þannig fara menn að.

En svo segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Bifreiðastjórafélögin skulu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar og reglum þessum og þar sem vafamál koma upp skal hafa hliðsjón af reglum sem gilda á vinnumarkaði og skulu bifreiðastjórafélögin afgreiða þau af sanngirni þannig að jafnræðis sé gætt á milli bifreiðastjóra.“

Það er sem sagt kveðið hér á um að gætt sé jafnræðis og sanngirni í þessum reglum.

„Á svæðum þar sem fleiri en eitt félag bifreiðastjóra annast útgáfu undanþágna skal hlutaðeigandi umsjónarnefnd, að höfðu samráði við hlutaðeigandi bifreiðastjórafélög, setja reglur um útgáfu á akstursheimildum, svo að eftirlit bifreiðastjórafélaga, málsmeðferð, form, útlit og efni akstursheimilda verði samræmt eins og kostur er.“

Og erum við nú ekki enn komin að því, virðulegi forseti, að sækja um frí. Við erum enn þá í málsmeðferðarreglum, því leigubílstjórar taka sér náttúrlega ekki frí bara si svona.

Síðan heldur áfram hér, með leyfi forseta. — Virðulegi forseti. Af því að nú eru orðin tvö ár síðan hæstv. samgrh. ritaði undir þessar reglur, er ég ekki viss um að hann sé með þær á takteinum og mér þætti því vænt um ef hæstv. samgrh. gæti setið hér rétt á meðan ég fer yfir þetta, því ég þarf að beina til hæstv. ráðherra ýmsum spurningum úr þeim reglum. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég skil þær kannski ekki alveg allar og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég skal verða við beiðni þingmanns um að óska eftir því að samgrh. verði látinn vita að nærveru hans sé óskað í salnum.)

Ég þakka skjót viðbrögð, virðulegi forseti.

Í 3. gr. er að sjálfsögðu tekið fram að bifreiðastjórafélögunum sé aðeins heimilt að veita þeim undanþágu sem hafa atvinnuleyfi til þess að aka leigubifreiðum því aðrir geta náttúrlega ekki fengið undanþágu og það er tekið skýrt fram í reglunum að sjálfsögðu. Þetta er því mjög vandmeðfarið.

En nú er ég kannski kominn, virðulegi forseti, að þeim kafla reglnanna þar sem ég vildi fá að beina sérstökum fyrirspurnum til hæstv. samgrh., því þar er fjallað um orlof og undanþágu vegna veikinda. Það er náttúrlega það versta sem fyrir leigubílstjóra kann að koma ef þeir þurfa að fara í orlof eða verða veikir og það er ekkert lítið mál. Það get ég sagt,

virðulegi forseti. Ég ætla því að leyfa mér þann munað að að hægja aðeins á þessu rétt á meðan við bíðum eftir að hæstv. samgrh. gangi í salinn.

Það er eins og við manninn mælt, hæstv. samgrh. kemur að bragði.

Ég var þar kominn, virðulegi forseti, og hæstv. samgrh. í 4. gr. þessara reglna ... (**Samgrh.:** Ég þarf varla að hlusta á þær, ég þekki þær.) Nei, ég þarf að beina til hæstv. samgrh. fyrirspurnum og þess vegna er mikilvægt að hæstv. ráðherra sé í salnum rétt á meðan ég fer yfir þær reglur, vegna þess að það er svo margt í þeim sem ég ekki skil. (**Samgrh.:** Þær eru ekki partur af löggjöfinni.) Reglurnar eru að sjálfsögðu — við getum farið yfir það, virðulegi forseti, að efst í píramídanum er stjórnarskráin og síðan koma lögin og svo koma reglurnar, þannig að þetta er vissulega partur af því hvernig reglunum og lögunum er framfylgt.

En hér kemur, virðulegi forseti:

„Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína" — sem hann hefur þá væntanlega leyfi fyrir — „í 5 vikur í orlofi." Í fimm vikur í orlofi. Sem sagt, leigubifreiðastjórar mega gera út bifreið sína fimm vikur í orlofi. „Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætist ein vika við útgerðarheimildina." Þannig að eftir að hafa verið leigubifreiðastjóri í fimm ár, þá mega þeir gera út — þegar menn tala um að gera út bifreiðina, þá mega þeir fá forfallabílstjóra til þess að aka þann tíma. Og eftir fimm ár mega þeir gera út bifreiðina sína í sex vikur. „Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 9 vikur á ári." Þannig að þeir sem hafa verið í 25 ár, sem nokkrir hafa verið, vinna ekki frekari réttindi eftir að hafa verið 25 ár, þar með hafa þeir unnið inn eins mikil réttindi og hægt er. „Útgerð í orlofi er bundin við heilar vikur og er lágmarksútgerðartími ein vika."

Virðulegi forseti. Verði leigubifreiðastjórar veikir í tvo daga geta þeir ekki tekið sér orlof samkvæmt þessum reglum. Bíllinn verður því að standa í þessa tvo daga. Og þeir geta ekki nýtt sér orlofsrétt sinn, því þeir verða að taka eina viku í einu.

Og nú ætla ég að beina fyrirspurn til hæstv. samgrh.: Hvað gerir það að verkum að menn geti ekki tekið sér einn til tvo eða þrjá daga í orlof, hvaða almannahagsmunir krefjast þess að menn geta ekki tekið einn, tvo eða þrjá daga í einu í orlof og til þess að gera út sinn bíl?

En svo kemur reyndar fram, virðulegi forseti:

„Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir." Og síðan, af því að hér er um að ræða sjálfstæða atvinnurekendur og þá má náttúrlega ekki vera að bruðla með orlofið og þá kemur hér skýrt fram: „Ekki er hægt að færa orlof á milli tímabila."

Þannig geta þessir sjálfstæðu atvinnurekendur sem hafa þetta atvinnuleyfi og eru í ýmsum bifreiðastjórafélögum, Fylki eða Frey, ekki fært orlofið sitt á milli ára heldur verða að taka eina viku. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra: Hvað gerir það að verkum að menn geta aðeins tekið orlofið sitt þannig að þeir séu skyldugir til að taka það í eina viku í einu?

Þá kemur að því, virðulegi forseti, að menn eru skyldugir til að gera út sinn eigin bíl. Menn hafa þetta að aðalatvinnu og það er ekkert sjálfgefið að þessir menn fari í orlof eins og hér kemur fram. Hvað þá að þeir verði veikir.

Í III. kafla þessara reglna er fjallað um undanþágur vegna veikinda:

„Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í veikindum í allt að eitt ár, sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær. Þó skal útgerð háð eftirfarandi takmörkunum:

a. Viðkomandi skal ekki stunda aðra atvinnu eða nám á því tímabili sem útgerðin stendur." — Viðkomandi má þannig hvorki fara í skóla né vinna neitt, jafnvel þó hann hafi fengið vottorð um það að hann sé veikur og geti hugsanlega ekki ekið þá má hann ekki stunda neina aðra vinnu.

„b. Viðkomandi skal ekki dvelja erlendis á því tímabili sem útgerðin stendur, nema til að leita sér lækninga samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis bifreiðastjórafélaganna."

Virðulegi forseti. Meðan á þessum veikindum stendur skal viðkomandi gjöra svo vel að halda sig á Íslandi. Ef hann er með bíl sinn í útgerð, þ.e. ef einhver forfallabílstjóri er að keyra bílinn, skal hann gjöra svo vel að vera á Íslandi.

Virðulegi forseti. Ætli þetta standist? Ætli sé hægt að kyrrsetja mann í veikindum af því hann er með atvinnuleyfi sem leigubílstjóri? Ég fór alveg rétt með, virðulegi forseti, þetta eru ekki reglur frá þarsíðustu öld. Þetta eru reglur frá samgönguráðuneytinu 8. nóvember 1999. Verði leigubifreiðastjóri með atvinnuleyfi veikur þá er honum óheimilt að dvelja erlendis. Ég vildi beina því til hæstv. samgrh. og fá skýringar á hvernig á því stendur að honum er óheimilt að dvelja erlendis.

Svo kemur c-liður 6. gr. sem ég hef minnst á áður, þ.e. ný skilgreining á áfengissýki. Þar segir, með leyfi forseta:

„Áfengismeðferð telst til veikinda í fyrsta skipti en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða."

Ég vil spyrja hæstv. samgrh.: Hver er skilgreining samgrn. á því þegar einstaklingur með atvinnuleyfi, leigubifreiðastjóri í bifreiðastjórafélagi á bifreiðastöð, þyrfti hugsanlega að fara í annað sinn í áfengismeðferð? Hver er skilgreining samgrn. á því? Hvers konar veikindi er þá um að ræða? Áfengismeðferð telst til veikinda í fyrsta skipti en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða, segir hér í reglunum um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar í kaflanum um undanþágur vegna veikinda.

Hér eru síðan, virðulegi forseti, margvíslegar reglur um hvernig bifreiðastjórar eigi að aka um helgar og hvernig þeir eigi að hegða sér um álagstíma, eins og í 11. og 12. gr. Í 13. gr. er fjallað um það ef bíllinn sem menn eru með í akstri skyldi nú bila, um viðgerðir og endurnýjun á bifreið. Hæstv. samgrh. sést ekki yfir nokkurn skapaðan hlut. Honum sést ekki yfir neitt í þessum efnum. Í 13. gr. segir, með leyfi forseta:

„Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa" — annars leyfishafa, menn mega ekki koma með bifreið sem ekki er sérstaklega bókuð inn nema atvinnuleyfi sé á þeirri bifreið — „vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að sex mánuði."

Þá þýðir það væntanlega að annar leyfishafi gerir ekki út sína bifreið á þeim tíma sem leyfishafinn sem átti bilaða bílinn gerir út þessa bifreið. Ég sé á svip hæstv. forseta að hann er alveg jafnhugsi yfir þessu og ég. Ég held að hvorugur okkar skilji nokkurn skapaðan hlut í þessu en þó vil ég kannski ekki gera hæstv. forseta upp skoðun í þeim efnum. En ef marka má svip hans þá erum við alveg samstiga í þessu.

Að sjálfsögðu, virðulegi forseti, ef það skyldi nú gerast að bíllinn bilaði, verður að tilkynna það viðkomandi félagi. Það væri nú annað hvort ef bifreiðastjórafélagið sem atvinnu-

leyfishafanum er skylt að vera í vissi nú ekki af því að það væri farin sía í bílnum.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta sjálfum vera svo dýrðlegar reglur að engu tali tekur. Af því ég á a.m.k. tvær ræður eftir í þessu máli ætla ég að geyma mér eitthvað af þessum gullkornum sem hér eru til síðari tíma. Þar er margt mjög fróðlegt. Þar er t.d. fjallað áframhaldandi um undanþágur vegna veikinda, álagstíma, viðgerðir og endurnýjun á bifreið, ég er reyndar búinn að fara yfir það og ástæðulaust að gera það aftur, ökuheimildir o.s.frv. Svo má alls ekki sleppa því að fara yfir það að náttúrlega er eftirlit með þessu og ef þeir brjóta af sér þá eru að sjálfsögðu refsingar. En ekki hvað? Ef þeir skyldu nú ekki tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Frey eða Bifreiðastjórafélaginu Fylki að þeir ætluðu að taka sér frí þá er sko hægt að ná í skottið á þeim.

Ég mun fara betur yfir þetta í síðari ræðum mínum, virðulegi forseti. Þá munum við kannski sameiginlega fá einhvern botn í þessar reglur.

Ég held, virðulegi forseti, að vart sé hægt að sleppa í þessari fyrstu ræðu minni um málið — sem kannski er komið að seinni hluta á en það eru a.m.k. tvær ræður eftir — umfjöllun um 12. gr. Þar er kveðið á um árlegt gjald fyrir atvinnuleyfi. Þar erum við komin að því að þar á að innheimta 10 millj. kr. í einhvers konar leigubílaskatt. (**Samgrh.:** Hvort er það frv. eða reglurnar?) Nú er ég kominn aftur í frv., virðulegi forseti. Ég gerði skilmerkilega grein fyrir því að gullkorn reglnanna ætlaði ég að geyma þar til kemur að síðari ræðu minni. Þar er að finna mjög margt eins og þessa merku skilgreiningu á áfengissýki þar sem fram kemur að veikindin fari eftir skilningi samgrn. á þeim en ekki landlæknis. Í skilningi samgrn. er áfengismeðferð aðeins veikindi í fyrsta sinn en eftir það væntanlega eitthvað annað. Í 12. gr. frv. er fjallað um að menn ætli að ná í 10 millj. á ári í svokallaðan leigubílaskatt því auðvitað þarf að reka þessi ósköp öll. Það ekki nokkur leið að hafa allar þessar reglur og allar þessar kvaðir nema hafa fé til að framfylgja þeim og á að ná í 10 millj. í því skyni, í sérstakan leigubílaskatt.

Þessi gjaldtaka er reyndar ekki í núgildandi lögum. Segja má sem svo að einu verulegu marktæku breytingarnar séu að samgrn. er að koma þessum málaflokki af sér yfir til Vegagerðarinnar og ætlar að láta fylgja með í pakkanum 10 millj. í leigubílaskatt. Þetta eru öll afrekin sem á að vinna, að taka upp hugmyndafræði frá 1953 og fara jafnvel lengra aftur í tímann. Reglurnar eru þrengdar til mikilla muna. Þetta eru nú öll afrek hæstv. samgrh. sem ætlar að reyna að skipuleggja þessi mál til lengri tíma.

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa kynnt ágætlega álitið sem við stöndum að, ég og hv. þm. Kristján L. Möller, í fyrstu yfirferð minni. Að sjálfsögðu mun ég fjalla nánar um ýmsa þætti þessa máls í síðari ræðum mínum. Ég mun þá sérstaklega gera grein fyrir síðari helmingi reglnanna, um tímabundnar undanþágur frá eigin akstri.

[23:57]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Frv. til laga um leigubifreiðar, sem hér hefur verið til umræðu, er kannski ekki mjög stórt mál. Það snýst um að færa málaflokkinn úr samgrn. til Vegagerðarinnar, halda utan þessi takmörkuðu gæði, eins og hér er getið um í frv., og fela Vegagerðinni að sjá um þau, búa til nýjan gagnagrunn til að halda utan um leyfisveitingar, orlof, leyfi og allt það dæmi. Ég tala um að búa eigi til nýjan gagnagrunn vegna þess að á fundi samgn. kom fram hjá viðmælendum sem þangað komu að nú þegar er til gagnagrunnur hjá Bifreiðastjórafélaginu Frama, sem heldur um hann. Þó var, að sögn ráðuneytismanna, ekki gert ráð fyrir að kaupa þann gagnagrunn eða taka hann yfir heldur búa til nýjan. Þessi gagnagrunnur er m.a. notaður sem rökstuðningur fyrir því að það þurfi að rukka þetta 10 þús. kr. gjald á ári til að standa undir þeim kostnaði sem þar til fellur.

Vonandi tekur ekki langan tíma að smíða þennan gagnagrunn. Eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, formanni samgn., verður þessi gagnagrunnur búinn til mjög fljótlega og vonandi kostar það ekki háar fjárhæðir. Það var á hv. þm. að skilja að með því gæti þessi leigubílaskattur lækkað. Það væri vissulega hið besta mál ef svo færi.

Ég gagnrýndi þennan skatt við 1. umr. þegar frv. var flutt og geri það enn. Ég gagnrýndi þá að í reglugerð er kveðið á um að ef leigubílstjóri taki sér orlof þá skuli það standa í viku og helgin skuli falla inn í það. Eins og við vitum þá er nú sennilega helgin eini tíminn sem gefur verulega af sér og gefur sæmilegar tekjur til leigubílaksturs.

Ég harma að það skuli ekki sett hér inn í lögin sem getið er um í nál. meiri hlutans. Þar er bent á orlofslög og annað, eða eins og hér segir:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að ráðherra gæti þess við setningu reglna um undanþágur, sbr. 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins, að leigubifreiðastjórar njóti sambærilegs orlofsréttar og almennt gerist og að ákvæða laga nr. 30/1987, um orlof, sé gætt í hvívetna."

Það er svo sem ágætt að það komi fram í nál. meiri hlutans. Ég hefði talið betra að þetta yrði sett inn í lögin en svo er ekki, því miður.

Annað atriði sem ég gagnrýndi mjög við 1. umr. og hefur verið fallist á og tekið út, sem betur fer, var það ákvæði sem var hér í 2. mgr. 5. gr. sem snerist um að leigubílstjórar skyldu eiga a.m.k. 35% eignarhlutdeild samkvæmt samningi við löggilt kaupleigufyrirtæki. Þetta gagnrýndi ég strax við 1. umr. og fagna því að það hefur verið tekið út og haft bara frjálst vegna þess að nú á tímum eru alls konar eignarform komin á. Menn geta verið með rekstrarleigusamning um sína bíla, menn geta gert samning við kaupleigufyrirtæki um stærri eignarhluta o.s.frv. Þess vegna fagna ég því að það skuli hafa verið fellt úr. Það er veigamikill ávinningur.

Því miður náðist ekki út það versta í þessu frv., leigubílaskatturinn. Það hefur áður komið fram hvernig þessi skattur var í byrjun 5.000 kr., og er það núna miðað við úthlutun leyfa sem gátu þess vegna verið til 25 ára. Síðan voru þarna á reiki tölur eins og 8.000, skoðaðar í byrjun, sem fóru svo í 16.000 kr. Þegar frv. var flutt var talan 13.000 og nú í meðförum nefndarinnar hefur hún lækkað ofan í 10.000. Öll er þessi lækkun hið besta mál en ég ítreka að við sem skipum 2. minni hluta samgn. erum á móti þessum skatti. Hann er kannski ekkert voðalega stór þegar horft er á hann sem 10.000 kr., ef menn vita ekki að það eru ýmsir aðrir skattar greiddir af þessari atvinnustarfsemi. Til ríkissjóðs greiðir nú hver leigubílstjóri 7.500–8.000 kr. á mánuði bara í virðisaukaskatt af því að leigja tölvu, sem er nútímatæki í nútímaleigubílum, til þess að gefa út reikning og mæla gjaldið. Leiga á þessum tölvum getur verið 9.000 kr. og þar af fær ríkissjóður 2.205 kr. þannig að þetta gjald er rúmar 11.000 kr. Leigubílstjóri greiðir stöðvargjöld sem líka bera virðisaukaskatt, og borgar líka húsaleigu sem gerir það að verkum að þetta er skattur upp á 31.000 kr., þar af er virðisaukaskattur tæpar 5.400 kr.

Með öðrum orðum, herra forseti, ég tel vera komið nóg af þessari skattheimtu og að þessi atvinnugrein greiði nú þegar nægjanlega mikið til ríkisins. Ég vil geta þess líka að á tímum samdráttar, nú þegar góðærinu er lokið, býr þessi atvinnugrein við samdrátt eins og ýmsar aðrar atvinnugreinar í landinu. Við vitum það auðvitað, og því munu öll þessi föstu gjöld tifa miklu hærra og vega þungt í heildarútkomunni.

Jafnframt sagði ég við 1. umr. að þótt ég sé ósáttur við þennan skatt á landsvísu er ég náttúrlega mjög ósammála því að hann skuli líka vera lagður á leigubílaakstur í hinum dreifðu byggðum landsins, minni sveitarfélögum, þar sem þetta er ekki grein sem rekin er með miklum hagnaði heldur miklu frekar af miklum áhuga, áhuga viðkomandi fyrir byggðarlagi sínu og að bjóða upp á þessa þjónustu þó að hún sé kannski ekki mikið notuð en þurfi engu að síður að vera til staðar.

Þessi gjaldheimta er náttúrlega allt of mikil. En það má segja líka að þetta hafi skánað af því að þessi umsýsla getur farið til viðkomandi sveitarfélaga, samkvæmt þessum lögum, og þá greiðist viðkomandi gjald til viðkomandi sveitarfélags sem getur þá í sjálfu sér hafnað því — enda er umsýslan í kringum það kannski ekki mikil — og lagt það niður.

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, frsm. 2. minni hluta, ég er hér með honum á nál. 2. minni hluta, hefur farið afar vel í gegnum þetta mál og skýrt sjónarmið okkar. Ég vildi þó hnykkja á helstu atriðum sem mér finnst vera í þessu frv. Ég held að það sé ekkert endilega á verri veg að málaflokkurinn sé færður frá ráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Ég set stórt spurningarmerki við gagnagrunninn. Leigubílaskattinum er ég algjörlega á móti og tel að við eigum ekki að ganga þá göngu núna. Ég held að það sé bara ekkert fleira sem ég vil segja um þetta litla frv. en ég ítreka andstöðu mína við frv. vegna þess að þessi skattur er þarna inni sem ég vil helst ekki sjá í þessari grein.

[00:07]

Útbýting þingskjals:

Húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, 376. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 597.

[00:07]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um leigubifreiðar. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur gert grein fyrir sínu minnihlutaáliti fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs en hann er fulltrúi okkar í samgn. Ég vildi þó fara örfáum orðum um frv.

Eins og komið hefur fram er kannski meginbreytingin sú að stjórnsýslan er færð frá ráðuneyti til Vegagerðar. Ég er í sjálfu sér ekki mótfallinn því fyrirkomulagi að Vegagerðin annist daglega umsýslu með þessum málaflokki og tel að það geti verið gott mál, eins og sagt er, en ég velti fyrst og fremst fyrir mér hvernig slík umsýsla í höndum Vegagerðarinnar verður fjármögnuð.

Komið hefur fram í ræðum fleiri þingmanna hér að menn eru afar ósáttir við þessa miklu gjaldtöku. Það er talið að gjaldtakan af leigubílstjórum, sem eru í kringum 700 í landinu, geti vegna þessarar umsýslu Vegagerðarinnar orðið um tíu milljónir. Skoðun okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er að þjónusta eins og leigubílaþjónusta sé grunnalmenningsþjónusta sem ríkið eigi í raun og veru að niðurgreiða með því að þjóna greininni eins hagkvæmt og hægt er. Í raun og veru lítum við á leigubílaþjónustu í landinu á nákvæmlega sama hátt og við lítum á aðrar almenningssamgöngur, hvort sem það er strætó, flug eða sérleyfisleiðir. Þess vegna er okkur þessi gjaldtaka sem er sett fram upp á tíu milljónir afar mikið á móti skapi, og það er mat vísustu manna að bara þessi gjaldtaka kalli á 3% hækkun leigubílaaksturs.

Við erum andvíg þessu og teljum að hið opinbera eigi að styðja við þennan almenningsrekstur með því að veita atvinnugreininni þessa umsýsluþjónustu, eins og verið hefur af hálfu ráðuneytisins, og ekki að nota það tækifæri sem gefst núna þegar menn flytja umsýsluna, hina daglegu umsýslu yfir til Vegagerðarinnar, til að taka — ja, verulegan toll af greininni því að annað verður ekki sagt. Bara þessi gagnagrunnur er talinn vera á bilinu sjö til níu milljónir króna þannig að hér er um verulegar upphæðir að ræða.

Varðandi stjórnunina, gagnagrunn og skipulag finnst manni líka mjög einkennilegt að um sé að ræða svo mikinn viðvarandi kostnað. Þetta þjónustugjald á að taka árlega. Það hefði verið skiljanlegt að ef menn vildu hafa einhvers konar miðlægan gagnagrunn til að geyma upplýsingar um þá sem veita þessa þjónustu hefði kannski fyrsta árið hlotist af því einhver kostnaður en síðan verulega minni næstu árin á eftir. En það er aldeilis ekki í sambandi við þetta frv.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum, eins og ég segi, mikla áherslu á að þetta sé almenningsþjónusta og þess vegna getum við vel sætt okkur við — það verður að viðurkenna það sem gott er í þessu frv. — sérleyfi og stöðvarskyldu, og ég skal rekja af hverju. Hv. formaður samgn., Guðmundur Hallvarðsson, skýrði reyndar frá því að menn hefðu verið með alls konar æfingar í þessari grein í útlöndum og þá í frjálsræðisátt, eins og nú er mjög í tísku, en gallarnir urðu mjög miklir. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði sögu af sjálfum sér frá Svíþjóð en ég get í raun og veru sagt aðra tilsvarandi sögu frá Brussel þar sem ég þurfti að taka bíl og hinn opinberi bíll kostaði $^1/_7$ af þeim óskráða bíl sem ég tók á götunni.

Þetta er mjög mikilvæg grunnþjónusta og það sem mér finnst nauðsynlegast við hana er að við komum ekki upp kerfi frjálsræðis sem leiði til þess að menn fari á svokallað „hark" og taki bara vinnuna þegar toppurinn er. Eins og allir vita ryðjast menn unnvörpum um helgar út á götuna með leigubílaskírteini sín, veita okkur þjónustu föstudag, laugardag og sunnudag, og síðan verður erfiðleikum háð að fá þjónustuna í framhaldi af því.

Ég vil vitna í það sem ég þekki best, Leigubílastöð BSO á Akureyri sem hefur þetta sérleyfi með nokkrum bílum. Það er verið að tala um Árborg, það er verið að tala um Reykjavík og Keflavík og það er sem sagt líka stöð á Akureyri og stöðvarnar hafa gríðarlega mikla þjónustuskyldu. Almenningur metur þessa þjónustuskyldu og hún er innbyggð í stöðvarkerfið. Þannig getur sá sem á heima á Akureyri, svo ég taki sem dæmi og allir vita að þetta er tilsvarandi á hinum stöðvunum, alltaf verið viss um að geta hringt á leigubílastöð hvenær sem er sólarhringsins og innan fárra mínútna fær viðkomandi leigubílaþjónustu. Þetta er afar mikilvæg þjónusta og hún er veitt af svona stöð sem hefur sérleyfi vegna þess að það er tekin ákvörðun um að þar skuli vera sólarhringsvakt.

Þetta er mjög mikilvægt líka upp á alla þjónustu við okkar aðra stærstu atvinnugrein sem er túrisminn því að menn verða að geta treyst því að hvenær sem er, hvað dag sem er, geti þeir fengið þessa þjónustu.

Þetta eru meginmál og þetta er meginástæðan fyrir því að menn vilja fara í svokölluð sérleyfi eða einkaleyfi til rekstrar með vissum skilyrðum. Við gagnrýnum slíkt ekki og það verður að viðurkennast að miðað við það sem menn hafa sagt í þessum dúr hér á hinu háa Alþingi, margir hv. þm., hafa menn viljað gera tilraunir í frjálsræðisátt sem að mínu mati mundu leiða til algjörrar upplausnar í þjónustunni. Við erum alls ekki bara að tala um leigubílstjórana sjálfa og þeirra réttindamál. Það er skylda okkar að búa þannig um hnútana að þessi þjónusta sé góð og örugg og það er einmitt öryggisþátturinn sem fólk leggur svo mikið upp úr. Fólk vill geta kallað á leigubíl, sent heim barnapíuna o.s.frv. Það er búið að fara í gegnum þetta allt saman og ég tel það mjög mikilvægt.

Ég tel að við Íslendingar höfum gert mistök með æfingum okkar í frjálsræðis- eða samkeppnisátt á sviðum þar sem samkeppni gat ekki þrifist og var dæmd til þess að mistakast. Ég vil bara nefna til sögunnar að við settum samkeppnina í gang á flugleiðum innan lands. Það leiddi til þess að á örfáum missirum átu bæði flugfélögin, sem stóðu í hörðustu samkeppninni, upp sitt eigið fé. Afleiðingin varð sú að annað hætti rekstri og hitt á í mjög miklum rekstrarerfiðleikum og niðurstaðan er gríðarlega hátt miðaverð hjá því flugfélagi sem eftir er. Á litlum markaði í stóru landi er vel réttlætanlegt að menn séu með sérleyfi af þessu tagi. Þess vegna styð ég það.

Það sem við gagnrýnum og getum ekki sætt okkur við er í stuttu máli, eins og ég hef rakið, allt of miklar gjaldtökur á greinina. Það verður að laga þó að ég geri mér grein fyrir því að það verði ekki lagað núna. Það er óásættanlegt að með nýju fyrirkomulagi þurfi gjaldtaka að hækka um milljónir króna, það sem áður var gert í ráðuneytinu, þó að það fari til Vegagerðar ríkisins. Við værum tilbúnir að niðurgreiða eða láta Vegagerðina hafa mótframlag til að sjá um þessa þjónustu á fjárlögum ríkisins vegna þess að við lítum á þetta sem grunnþjónustu og almenningssamgöngukerfi.

Við setjum líka, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar þegar hann mælti fyrir 1. minnihlutaáliti, spurningarmerki við nauðsynina á þessum fullkomna, miðlæga gagnagrunni enda þótt gefa eigi möguleika á því að hafa útstöðvar, sem er í mínum huga algjörlega nauðsynlegt ef það verður útfallið, að menn vilji fara þá leið. Þá tek ég sem dæmi heimabæ minn að það mundi vera til mikils hagræðis. Ef menn ætla að fara þessa leið, sem mér sýnist að verði ofan á, verður auðvitað til hagsbóta fyrir þá að geta fengið þessa þjónustu með útstöð á staðnum. Það er engum vafa undirorpið.

Virðulegi forseti. Miðað við þetta allt, sérleyfin, stöðvarskylduna, er málið mikilvægt upp á allt öryggi. Þetta er líka mikilvægt hvað ástand bíla varðar og möguleika manna til þess að veita toppþjónustu.

Ég held að ég geti í grófum dráttum verið á jákvæðu nótunum gagnvart þessu frv. þó með þessum fyrirvörum sem ég árétta einu sinni enn: Allt of há gjaldtaka og spurningarmerki varðandi þennan miðlæga gagnagrunn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kvikmyndalög, 2. umr.

Stjfrv., 227. mál (heildarlög). — Þskj. 253, nál. 559, brtt. 560.

[00:19]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. menntmn. um frv. til kvikmyndalaga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti til að ræða efni frv. Enn fremur bárust nefndinni fjölmargar umsagnir sem komu að góðu gagni við umfjöllun málsins.

Nýjum kvikmyndalögum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslulegri framkvæmd ríkisins á kvikmyndamálum. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að tvær stofnanir sinni þeim verkefnum sem nú heyra undir Kvikmyndasjóð Íslands. Lagt er til að stofnuð verði Kvikmyndamiðstöð Íslands er hafi með höndum verkefni sambærileg þeim sem Kvikmyndasjóður Íslands hefur sinnt fyrir utan rekstur Kvikmyndasafns Íslands. Nafnið Kvikmyndasjóður verður notað áfram um úthlutunarsjóð er starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar til framleiðslu eða dreifingar íslenskra kvikmynda. Kvikmyndasafn Íslands sem nú heyrir undir Kvikmyndasjóð verður sjálfstæð stofnun. Lagt er til að stofnað verði kvikmyndaráð opinberum aðilum til ráðgjafar um aðgerðir í kvikmyndamálum og breytt er ákvæðum um fyrirkomulag úthlutunar framlaga til kvikmyndagerðar. Ástæða þess er sú að nauðsynlegt þykir að skapa stjórnvöldum meira svigrúm en nú er til að setja úthlutunarreglur um framlög úr Kvikmyndasjóði og bregðast þannig við breytilegum þörfum kvikmyndagerðar án þess að komi til lagabreytinga í hvert sinn. Þá er veitt heimild fyrir markaðsnefnd sem gegni því hlutverki að auka atvinnu við kvikmyndagerð hér á landi.

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda svo sem kveðið er á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Það er því ljóst að þótt ábyrgð á úthlutunarmálum hvíli á forstöðumanninum er hann alls ekki einráður í þessum efnum, samanber einnig nákvæma útlistun í greininni á þeim atriðum sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helst þeirra er breyting á 7. gr. sem varðar uppsetningu ákvæðisins og orðalag. Orðalagsbreyting sú sem lögð er til varðandi ákvörðun um úthlutun úr Kvikmyndasjóði er gerð til að taka af allan vafa um að þótt ljóst sé að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar beri ábyrgð á úthlutunarmálum sé hann alls ekki einráður í þeim efnum. Eins og fram kemur í 7. gr. tekur forstöðumaðurinn endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda, svo sem kveðið er á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs.

Aðrar breytingar eru veigaminni og skýra sig sjálfar.

Herra forseti. Hér er um framfaramál að ræða sem fyrst og fremst er ætlað að skýra stjórnsýslulega framkvæmd opinberra aðila og efla íslenska kvikmyndamenningu. Ágæt sátt er um málið í hv. menntmn. og stendur nefndin einróma

að áliti sínu, en hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara.

[00:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. frsm., Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns menntmn., rita ég undir nál. þetta með fyrirvara og lýtur fyrirvari minn fyrst og fremst að nafnbreytingu Kvikmyndasjóðs.

Kvikmyndasjóður hefur komið nafni sínu það vel á framfæri, ekki síst á erlendum vettvangi, að segja má að nafnið og merki sjóðsins sé afskaplega vel kynnt. Þess vegna sér maður það í hendi sér að þegar sjóðurinn þarf að fara að huga að því að markaðssetja nýtt nafn og um leið eðlilega nýtt merki, mögulega nýtt „lay-out", eins og það heitir, á bréfsefnum og slíku, er sjóðurinn settur í ákveðinn vanda. Á þennan vanda hafa forustumenn Kvikmyndasjóðs Íslands bent og segja í umsögn til nefndarinnar að nafnbreytingin sé vafasöm. Það er alveg greinilegt af umsögn þeirra að þeir hafa efasemdir um að rétt sé að breyta nafninu.

Ég tek undir þær efasemdir, herra forseti, og tel ekki rétt að löggjafarvaldið taki þannig ráðin af stofnunum sem hafa mjög mikil tengsl á erlendum vettvangi og við erlenda aðila og eiga kannski allt sitt undir því að þau tengsl séu sterk og trúverðug. Þá finnst mér algjörlega einboðið að löggjafarsamkoman hlusti á röksemdafærslu viðkomandi stofnunar og breyti ekki nafni hennar þvert ofan í vilja þeirra manna sem þar ráða ríkjum og lagt hafa grunn að og byggt upp markaði okkar á erlendri grundu algerlega frá upphafspunkti. Það starf sem þar hefur verið unnið jafnast á við grettistak og mér þykir skjóta skökku við verði löggjafarsamkoman ekki við þeim óskum stofnunarinnar að nafnið verði látið í friði.

Mig langar til að vitna örstutt í umsögn frá Kvikmyndasjóði Íslands sem send var nefndinni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nafn Kvikmyndasjóðs Íslands hefur verið fest í sessi hér heima með ágætum árangri þannig að allir sem þurfa að hafa samskipti við stofnunina vita hvert þeir eiga að leita. Enda þótt starfsemin sé fjölbreytt og miðist ekki eingöngu við að veita fé úr sjóði er ekki hægt að segja að það sé rangnefni né að það valdi nokkrum misskilningi. Þvert á móti er hætt við að nafnbreyting nú gæti valdið misskilningi hjá ýmsum aðilum."

Ég tel, herra forseti, að þetta sjónarmið beri að virða og leggst því gegn þessari nafnbreytingu á sjóðnum.

Hinn fyrirvari minn lýtur að 7. gr. frv. þar sem fjallað er um forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Þar er talað um að hann taki „endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda". Þetta er orðalagið í frv., herra forseti. Nefndin hefur komið sér saman um ákveðna orðalagsbreytingu á þessari grein, skorið hana upp og gert hana til muna skýrari. Ég er afar hlynnt þeirri breytingu, herra forseti, en vil engu að síður að fram komi að ég tel mikilvægt að hér sé ákveðinni hugsun haldið til haga, þ.e. þeirri hugsun að þó að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar eigi samkvæmt þessum lögum að bera endanlega ábyrgð á veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði þá sé hann ekki endilega sá eini sem kemur að því máli. Þess vegna tel ég afar mikilvægt að halda vel til haga því orðalagi sem nefndin hefur komið sér saman um þegar fjallað er um hlutverk þessa forstöðumanns.

Ég tel mikilvægt, herra forseti, að forstöðumaður Kvikmyndasjóðs eða Kvikmyndamiðstöðvar, eins og hún kemur að öllum líkindum til með að heita, njóti víðtæks trúnaðar í greininni. Það er mikilvægt að þeir sem starfa innan greinarinnar geti litið á forstöðumann stofnunarinnar sem málsvara sinn, hvort sem þeir hafa fengið úthlutun til kvikmyndagerðar þetta árið eða ekki. Það hefur verið aðal framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs, vil ég meina, hingað til að geta verið fullkominn trúnaðarmaður allra þeirra sem í greininni starfa, kannski vegna þess að hann hefur ekki borið ábyrgð á fjárúthlutununum.

Með því að fylgja því orðalagi sem nefndin hefur lagt hér til í brtt., að málið sé hugsað þannig að forstöðumaðurinn sé einungis endanlega ábyrgur fyrir fjárúthlutununum, erum við að gefa þeim möguleika byr undir báða vængi að í reglugerð, sem væntanlega verður viðamikil í tengslum við þessi lög, verði heimilt að aðrir beri ábyrgð á fjárúthlutununum þó að forstöðumaðurinn samþykki að lokum úthlutanir og taki þannig hina endanlegu ábyrgð.

Herra forseti. Ég ítreka að það er mjög mikilvægt að fullkominn trúnaður ríki milli forstöðumannsins og þeirra sem í greininni starfa hvort sem þeir hafa hlotið styrk til kvikmyndagerðar þetta árið eða ekki.

Að öðru leyti en því sem ég hef hér gert grein fyrir þá styð ég þetta frv. og vona sannarlega að það eigi eftir að reynast kvikmyndagerðinni öflugur málsvari og bandamaður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (Náttúruverndarráð o.fl.). — Þskj. 160, nál. 570, brtt. 571.

og

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 2. umr.

Stjfrv., 160. mál (gjald til Náttúruverndarráðs). — Þskj. 161, nál. 572.

[00:31]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið fékk nefndin á sinn fund fulltrúa frá umhvrn., Náttúruvernd ríkisins og Náttúruverndarráði, auk þess sem nefndinni bárust umsagnir um málið frá ýmsum aðilum.

Með frumvarpinu er lagt til að Náttúruverndarráð verði lagt niður og að gerðar verði breytingar á ákvæðum laganna til samræmis við það. Jafnframt er lagt til að í stað náttúruverndarþings boði umhverfisráðherra reglulega til umhverfisþings sem hafi mun víðtækara hlutverk en það fyrrnefnda. Náttúruverndarþing var síðast haldið í lok janúar 2000. Samkvæmt því ætti að boða til næsta náttúruverndarþings í lok janúar 2002. Nefndin telur æskilegt að umhverfisþing verði haldið á yfirstandandi kjörtímabili.

Frá því að núverandi Náttúruverndarráð hóf störf árið 1997 hafa orðið miklar breytingar á umfjöllun og þátttöku

almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál. Starfsemi Náttúruverndar ríkisins hefur eflst á þessum tíma og hefur hún að mörgu leyti sinnt því ráðgjafarhlutverki sem Náttúruverndarráði var ætlað með lögunum. Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur einnig aukist verulega undanfarið og skarast hlutverk hennar einnig nokkuð við ráðgjafarhlutverk Náttúruverndarráðs. Þá ber þess að geta að frjáls félagasamtök hafa í vaxandi mæli tekið þátt í umfjöllun um umhverfismál og það er almenn skoðun og samrýmist hugmyndum nefndarinnar að frjáls félagasamtök um umhverfismál hafi það hlutverk að halda uppi gagnrýnni umræðu sem nýtist stjórnvöldum í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál.

Með frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að ekki verði lengur starfrækt sérstakt ráðgefandi ráð um náttúruverndarmál en í stað þess verði samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka styrkt og þeim fundinn skýr farvegur. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er þetta í raun mjög í samræmi við þróun annars staðar og nægir í því sambandi að nefna samning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum sem skrifað var undir í Árósum 1998.

Umhverfisnefnd óskaði nýverið eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneyti um stöðu mála varðandi fullgildingu Árósasamningsins sem lagður var fyrir Alþingi til fullgildingar á 126. löggjafarþingi í formi þingsályktunartillögu. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er málið nú í athugun hjá umhverfis-, utanríkis- og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Umhverfisráðuneytið leggur áherslu á að þessari vinnu verði lokið sem fyrst og stefnt er að því að leggja samninginn og þær lagabreytingar sem nauðsynlegar reynast fyrir Alþingi á vorþingi 2002.

Undanfarin ár hefur Náttúruverndarráði verið tryggð fjárveiting á fjárlögum til rekstrar ráðsins. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að sá hluti þeirra fjármuna, ásamt öðrum fjármunum sem ætlaðir eru til úthlutunar til félagasamtaka fari í safnliði í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Nefndin mun á yfirstandandi þingi gera tillögur um hvernig ákvörðun um fjárframlög til frjálsra félagasamtaka verði háttað í framtíðinni. Í þeim tillögum yrði m.a. höfð hliðsjón af eðli starfsemi viðkomandi félaga og umfangi þeirra og jafnræðis gætt við úthlutun.

Það er mat nefndarinnar að breyting sú sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins á 2. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna lúti eingöngu að orðalagi þótt ummæli í athugasemdum og greinargerð með frumvarpinu bendi til annars.

Umhverfisnefnd komst að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti ýmsar breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi sem og á lögunum sjálfum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Vísa ég í það skjal.

Undir nál. skrifa, frsm. Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir og Hjálmar Árnason og með fyrirvara þau Jóhann Ársælsson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Ég mæli einnig fyrir nál. umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum ráðstafnir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

Eftir umfjöllun um málið mælir nefndin með samþykkt frv., en með frv. er lagt til að 4. mgr. 3. gr. laganna falli brott. Samkvæmt því ákvæði ber Endurvinnslunni hf. að greiða 5% af árlegum tekjuafgangi sínum til Náttúruverndarráðs. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð verði starfrækt áfram er lagt til að ákvæðið falli brott.

Undir nál. skrifa Magnús Stefánsson frsm., Katrín Fjeldsted, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Drífa Hjartardóttir og Hjálmar Árnason.

[00:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta er eitt þeirra mála þar sem þingmaður á úr vöndu að ráða þegar taka á ákvörðun um hvort hann ætli sér að vera á nál. nefndarinnar með fyrirvara eða leggjast gegn málinu.

Í sannleika sagt, og ég vil að það komi skýrt fram, í grunninn er ég ósátt við að Náttúruverndarráð verði lagt niður. En ástæðan fyrir því að ég skrifa þó undir nál. með umhvn. er sú að ég tók þátt í að vinna málið og reyndi að vinna sjónarmiðum mínum brautargengi í nefndinni eftir fremsta megni og ég verð að viðurkenna að ákveðin sjónarmið mín mættu skilningi í nefndinni og komust í gegn og náðu inn í nál. og ég tel það allt hafa verið til mikilla bóta og er þakklát hv. umhvn. fyrir að hafa tekið þannig á málum að þar var hliðrað til með ákveðna þætti. Fyrir það vil ég þakka. En í grunninn engu að síður, herra forseti, er ég ósátt við að ráðið verði lagt niður.

Hvers vegna er ég það? Vegna þess að samkvæmt náttúruverndarlögum, sem við störfum nú eftir og höfum starfað eftir síðan 1996 ef ég man rétt, þá er Náttúruverndarráði ætlað mjög mikilvægt hlutverk. Það hlutverk er mjög vandlega útlistað í lagatextanum og ekki bara hlutverk þess, heldur einnig það hvernig ráðinu er gert að starfa, hverjir eiga aðild að því og hvernig uppbygging náttúruverndarþings er hugsuð.

Sannleikurinn er hins vegar sá, sem dylst engum, að þingin og störf náttúruverndarþings hafa eftir að lögunum var breytt og Náttúruvernd ríkisins var sett á stofn, haft afar litla þýðingu. Og ég held því fram, herra forseti, að það sé ekki síst því að kenna að hæstv. umhverfisráðherrar hafa kosið að taka lítið tillit til þeirra ályktana sem náttúruverndarþing hafa samþykkt.

Mjög skýrt dæmi um það er 10. náttúruverndarþing sem haldið var í lok janúar árið 2000. Til þess þings voru boðaðir um 200 fulltrúar. Það var að mörgu leyti mjög öflugt þing. Það hafði allt efni til að verða mjög öflugt. En það var haldið í skugga mjög mikils ósættis hæstv. umhvrh. og ráðsins sjálfs. Upp höfðu komið mjög hatrammar deilur milli ráðsins og umhvrh. og trúnaðarbrestur hafði orðið á milli þessara aðila sem gerði það að verkum að ábendingar ráðsins og störf voru nánast ómerk og höfðu engin áhrif. Og allar þær góðu ályktanir sem síðasta náttúruverndarþing samþykkti hafa í raun og veru verið samþykktar út í tómið og óma þar engum til gagns. Það eina sem hefur gerst er að stöku sinnum hafa umhverfisverndarsinnar eða náttúruverndarsinnar dregið fram þessar ályktanir, en aldrei þeir sem þeim var beint til.

Milli Náttúruverndarráðs og náttúruverndarþings annars vegar og stjórnvalda hins vegar hefur verið að myndast mjög breið gjá. Hún hefur í seinni tíð orðið óbrúanleg. Ég held að það hafi verið sú staðreynd að slík gjá er óbrúanleg, að ekki var hægt að leysa þetta mál á nokkurn hátt annan en þann að sætta sig við að ráðið yrði lagt niður. Með semingi sætti ég mig við það, en þó eingöngu trúandi því að það verði eitthvað sem taki við.

Í frv. er lagt til að umhverfisþing taki yfir hlutverk náttúruverndarþings. Ekki einungis með náttúruvernd í brennipunkti, heldur líka umhverfisvernd almennt og sjálfbæra þróun. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég tel sjálfsagt að víkka út hlutverk þessa þings.

Það er eitt sem ég vil leggja mjög mikla áherslu á, og það er eitt af því sem ég kom ekki inn í nál. en tel engu að síður að geti úr þessum stóli haft þau áhrif að hv. þm. og hæstv. umhvrh. geti í nánustu framtíð útbúið umhverfisverndarþingi slíkan ramma að sá rammi jafnist á við þá hugsun eða þann ramma sem náttúruverndarþing laut.

Ég vil því leggja það til hér, herra forseti, að umhverfisþingi verði stjórnað eða það verði skipulagt á þann hátt að umhvrh. setji um það starfshóp. Við getum ímyndað okkur að sá starfshópur væri fimm manns. Ég legg til að þó starfshópurinn starfi undir stjórn eða verndarvæng umhvrh. verði starfshópurinn engu að síður leiddur af Náttúruvernd ríkisins. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að í slíkum hópi sitji fulltrúar frá frjálsum félagasamtökum þannig að þau eigi beina aðild að uppsetningu umhverfisþings. Hlutverk hópsins væri síðan að setja þinginu reglur, undirbúa drög að ályktunum fyrir þingið, auglýsa það og setja því markmið og halda utan um störf þess og fylgja störfum þess eftir.

Þetta hlutverk hafði Náttúruverndarráð með hendi hvað varðar náttúruverndarþing. En ég tel alveg nauðsynlegt að umhverfisþing sem ætlað er að taki við af náttúruverndarþingi verði ekki bara útbúið og undirbúið í umhvrn., heldur að undirbúningur þess verði tekinn út á akurinn meðal þeirra sem starfa í þessum málaflokki og að fagfólk innan Náttúruverndar ríkisins og áhugafólk innan frjálsra félagasamtaka eigi þarna beina aðild og komi þarna að með virkum hætti.

Herra forseti. Ég hef svo sem alveg ástæðu til að ætla að hæstv. umhvrh. hafi tekið ákveðnum sinnaskiptum í þessu máli. Ég ætla ekki að fara að rifja upp hér þau orð sem látin voru falla á þeim tíma sem deilurnar stóðu sem hæst milli hæstv. umhvrh. og Náttúruverndarráðs. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og meðal þeirra atburða sem átt hafa sér stað eru þeir að hæstv. umhvrh. hefur undirritað samstarfsyfirlýsingu við frjáls félagasamtök.

Sú samstarfsyfirlýsing er afskaplega mikilvæg og skiptir sköpum í þeim breytingum sem við erum að framkvæma vegna þess að samstarfsyfirlýsing af því tagi sem þar um ræðir getur gert það að verkum að frjáls félagasamtök og samstarf þeirra við hæstv. umhvrh. getur að sönnu leyst af hólmi ákveðna þætti í starfi Náttúruverndarráðs.

Og nú er einungis okkar alþingismanna sem áhuga höfum á þessum málaflokki að hafa auga á því að samstarf frjálsu félagasamtakanna og umhvrn. gangi smurt og vel fyrir sig. Samstarfsyfirlýsingin er til þess ágætur grunnur. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að umhverfisverndarsamtök eigi aðild að og aðkomu að þeim málum sem umhvrn. fjallar um. Gert er ráð fyrir að reglulegir samráðsfundir verði með ráðuneytinu og umhverfissamtökunum. Síðan er gert ráð fyrir að umhvrn. samkvæmt þessari samstarfsyfirlýsingu boði til umhverfisþings, sem er þá það þing sem við erum í raun og veru að samþykkja hér með breytingunni á lögunum, þar sem fjalla á um stefnumörkun og framkvæmd á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar. Í þessari samstarfsyfirlýsingu er getið um aðkomu félagasamtakanna að umhverfisþingi.

Ég tel því, herra forseti, þá hugmynd sem ég lýsti hér áðan í raun og veru fólgna í þessari samstarfsyfirlýsingu og vil bara að það sé algjörlega rammað inn hér að þá er verið að breyta um vettvang. Vettvangurinn hefur annað útlit en í sjálfu sér eru markmiðin hin sömu, þ.e. að umhvrn. hafi öflugan samráðsvettvang úti á akrinum.

Nú er ekki getið um það í þessu frv., eins og getið er um í lagatexta sem við höfum starfað eftir hingað til, nákvæmlega hverjir eigi að eiga aðild að þessu umhverfisþingi. Í raun og veru er fjallað á mjög opinn hátt um það hverjir eigi þar sæti. Í 4. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Á umhverfisþingi skal fjalla um umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Fjórða hvert ár skal á umhverfisþingi fjalla um aðgerðaáætlanir um sjálfbæra þróun. Til umhverfisþings skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkisins og sveitarfélaga, fulltrúa atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni."

En í þeim lögum sem við höfum starfað eftir, herra forseti, hefur þetta verið miklu nánar útlistað og talið upp í smáatriðum hvaða aðilar eigi aðgang að náttúruverndarþingi.

Ég vil þingmönnum til fróðleiks fara yfir þá upptalningu því að ég tel mjög nauðsynlegt að þessir aðilar eigi líka opna aðkomu að væntanlegu umhverfisþingi. Þeir aðilar sem taldir eru upp í núgildandi 10. gr. náttúruverndarlaga eru eftirfarandi, með leyfi herra forseta: „fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra aðila sem vinna að náttúruvernd, svo og forstjórar stofnana á sviði náttúrufræða. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, svo og sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra síðarnefndu stofnunarinnar."

Hér er á mjög greinargóðan hátt útlistað hvaða hugmyndir eru um þátttöku og aðila að þessu náttúruverndarþingi. Og ég treysti því, herra forseti, að þessir sömu aðilar komi til með að eiga greiðan aðgang að umhverfisþingi sem verður þá vettvangur framtíðarinnar í þessum efnum.

Það er að sönnu rétt að miklar breytingar hafa orðið á umfjöllun um umhverfismál síðustu árin. Og það er auðvitað alveg sjálfsagt að þær breytingar skili sér einnig inn í stjórnsýsluna. En auðvitað skiptir verulegu máli, sérstaklega í ljósi þeirra deilna sem skapast hafa á milli almennings eða frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda, að sjónarmiðin sem getið er um í Árósasamningnum sem við ætlum að fara að lögleiða séu höfð sem leiðarljós í samskiptum þessara aðila. Þótt við deilum og þótt deilurnar séu oft og tíðum verulega hatrammar verðum við að eiga möguleika á því að ræða saman á málefnalegum grunni. Það reyna þingmenn hér í þingsal þó að þeir séu ósammála um eðli hlutanna. Hér er tekist heiftarlega á um ýmis mál. Á sama hátt er tekist heiftarlega á um ýmis mál úti á akrinum varðandi umhverfisvernd og náttúruvernd. Og það verður áfram gert. Þar eru gífurlegar deilur nýafstaðnar. Ég nefni deilurnar um Fljótsdalsvirkjun. Og það eru gífurlegar deilur fram undan. Ég nefni deilurnar um Kárahnjúkavirkjun. Og við verðum að gera okkur grein fyrir því að það er skylda stjórnvalda, og íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þess þrátt fyrir deilurnar sem alltaf rísa öðru hvoru, að eiga samstarf við umhverfissamtökin. Það má ekki gerast að hlutirnir lendi í slíkum öngstrætum sem þeir gerðu áður milli stjórnvalda og Náttúruverndarráðs, það verður að finna aðferð sem lempar hlutina þannig að til sé samstarfsvettvangur og fólk geti átt þar vettvang til að takast á um hlutina án þess að þeir fari inn í þau öngstræti sem við höfum dæmi um.

Árósasamningurinn er nefndur í nál. og ég vil einungis undirstrika að þar eru ákveðin prinsippmál útlistuð og fyrir málaflokkinn skiptir verulegu máli að þau komist til framkvæmda í íslenskri löggjöf hið allra fyrsta.

Einnig fagna ég því, herra forseti, að í nál. skuli sú yfirlýsing vera gefin að umhvn. ætli sér á yfirstandandi þingi að vinna tillögur um það hvernig ákvörðunum um fjárframlög til frjálsra félagasamtaka verði háttað í framtíðinni en þar held ég að sé mál á ferðum sem þarf að leysa farsællega. Ýmsar hugmyndir hafa verið orðaðar innan nefndarinnar og það skiptir mig miklu máli að hér skuli eiga að halda þannig á málum áfram að reynt verði að leita samstöðu um það fyrirkomulag. Ég treysti því að í þeirri vinnu verði samtökin kölluð fyrir og þeirra sjónarmið skoðuð og að vinnan geti verið í þeim dúr að hún sé í samvinnu nefndarinnar og þeirra samtaka sem í hlut eiga. Ég fagna því líka sérstaklega að við skyldum hafa getað orðið sammála um að hafa skuli hliðsjón af eðli starfsemi viðkomandi félaga og umfangi þeirra, og jafnræðis verði gætt við úthlutunina.

Innan nefndarinnar var talsverð umræða um orðalagsbreytingar sem gerðar eru með þessu frv., herra forseti. Sérstaklega varð okkur tíðrætt um þá staðreynd að orðið „landslagsgerðir" skuli tekið út úr lagatextanum og í staðinn séu sett inn orðin jarðmyndanir og vistkerfi. Herra forseti. Ég er ekki alls kostar sátt við þetta þannig að hér er hluti af mínum fyrirvara. Ég tel að við hefðum átt að skoða málið aðeins betur, hvort ekki hefði verið rétt að halda „landslagsgerðum" þarna inni, sérstaklega í ljósi þess að heill kafli laganna fjallar um landslagsvernd. Og ef landslag og landslagsgerðir eru ekki skilgreindar í lagatextanum tel ég okkur vera á hálum ís miðað við það að við erum að skilgreina önnur hugtök í honum. Ég lít þannig á þetta sem framtíðarverkefni, herra forseti, að þessi endurskoðun og skilgreining hugtaka inni í lagatexta eigi áfram eftir að vera til skoðunar, og við komum til með að geta haldið áfram þeirri vinnu og séð til þess að hugtakaskilgreiningar og orðanotkun séu eins og best verður á kosið. Ég held að við höfum í þessu tilfelli verið fullfljótfær og afgreitt málið kannski heldur hratt út úr nefndinni hvað þetta varðar.

Ég held að ekki sé þörf á að orðlengja þetta frekar. Ég vil einungis víkja í örfáum orðum að frv. sem fjallar um niðurfellingu gjalds þess sem Endurvinnslan hefur greitt hingað til og er samkvæmt frv. sem ég er ekki með hjá mér í augnablikinu — ég held að það hafi verið 17. málið á dagskrá. Ég sé að hv. nefndarformaður ætlar að aumka sig yfir mig og rétta mér þetta frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Hér er á ferðinni niðurfelling á gjaldi sem Endurvinnslan hf. hefur greitt af árlegum tekjuafgangi sínum til Náttúruverndarráðs og þar sem Náttúruverndarráð verður lagt niður er ekki lengur neitt Náttúruverndarráð til að greiða þetta gjald. Kannski hefur ekki verið um háar upphæðir að ræða en þó, hér hafa innheimst nokkur gjöld sem samkvæmt þessu frv. falla niður.

Ég geri að sjálfsögðu fyrirvara við þetta mál líka, herra forseti. Úr því að umhverfisgjaldi af þessu tagi var komið á finnst mér miður að sjá það bara falla niður og verða að engu. Auðvitað hefði ég viljað sjá þetta gjald áfram vera til og renna áfram til mála tengdum umhverfisvernd, og felli mig einasta við niðurfellinguna í ljósi þess að við eigum fram undan í umhvn., eftir því sem okkur hefur verið tjáð, umfjöllun um umhverfisgjöld á breiðum grunni. Við vitum öll að mál af því tagi eiga eftir að koma á næstunni fyrir augu okkar þingmanna í auknum mæli. Auðvitað er sjálfsagt að Alþingi taki almennilega á því máli, og mynduð sé og mótuð heildstæð stefna í þeim málaflokki, í málaflokknum umhverfisgjöld og umhverfisskattar, og þá lít ég svo á að gjald af því tagi sem hér um ræðir skipti kannski ekki sköpum þótt það sé fellt niður tímabundið ef málinu verður komið í þann farveg að heildstæð stefna verði mótuð þannig að sómi geti verið að.

Herra forseti. Ég hef þá í stórum dráttum gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég hafði við viðkomandi mál. Ég vil svo að lokum einungis lýsa því yfir að ég hefði að sjálfsögðu óskað eftir að geta fengið mun lengri umræðu. Ég tel að umræður á Alþingi geti gagnast málum úti í samfélaginu þannig að málin geti haft héðan, sem nesti eða farareyri, frjóa umræðu, frjó skoðanaskipti sem haldi áfram að lifa meðal þeirra sem þurfa síðan að starfa eftir þeim lögum sem hér eru samþykkt. En í ljósi þeirrar tímapressu sem er á okkur er því ekki að heilsa að við fáum nægilega efnismikla eða langa umræðu um málið og læt ég því þessum athugasemdum mínum lokið, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 2. umr.

Stjfrv., 282. mál (gjald fyrir rekstrarleyfi). — Þskj. 340, nál. 534 og 594, brtt. 546.

[00:57]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 534 er nál. frá meiri hluta samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Með frv. er lögð til hækkun á gjaldi fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólksflutninga. Gjaldtökuákvæðum laganna er ætlað að standa straum af kostnaði sem hlýst af útgáfu leyfa, eftirliti og námskeiðahaldi samkvæmt lögunum. Til að svo megi vera verður upphæð gjalda að taka mið af kostnaði sem hlýst af veittri þjónustu Vegagerðarinnar. Samkvæmt kostnaðarútreikningum sem nefndinni bárust frá samgrn. er sú hækkun sem lögð er til í frv. í samræmi við raunkostnað af útgáfu rekstrarleyfa til að stunda fólksflutninga.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frv. Í fyrsta lagi er lagt til að árlegt gjald fyrir rekstrarleyfi verði óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum en í stað þess hækki árlegt gjald sem greitt er þegar bifreið er færð til skoðunar úr 1.000 kr. í 1.400 kr. Með þessu er gætt jafnræðis milli þeirra sem hafa margar bifreiðar í rekstri og einyrkja og þeirra sem hafa fáar bifreiðar. Þá leggur meiri hlutinn til að Vegagerðinni verði heimilt að veita leyfi til aksturs skólabifreiða þótt bifreiðin taki færri en níu farþega en þessar bifreiðar mundu að óbreyttum lögum falla undir lög um leigubifreiðar sem er óheppilegt miðað við það hlutverk sem þær hafa.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr.

[00:59]

Frsm. minni hluta samgn. (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir minnihlutaáliti samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Auk mín eru á þessu nál. hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason.

Nefndarálitið er svohljóðandi:

Lög nr. 73/2001 voru samþykkt á síðasta þingi og var gjald fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólksflutninga þá ákveðið 3.000 kr. Í frv. er lagt til að hækka gjaldið úr 3.000 kr. í 10.000 kr. af því að um mistök hafi verið að ræða á síðasta þingi, eins og sagt var við fyrstu umræðu málsins. Gjaldið hafi með öðrum orðum átt að verða 10.000 kr. þegar frv. var samþykkt í fyrra.

Í breytingartillögum meiri hlutans er í fyrsta lagi lagt til að árlegt rekstrarleyfi verði áfram óbreytt en að skoðunargjaldið hækki úr 1.000 kr. í 1.400 kr. Með þessari breytingu verður heildarskatturinn samt sem áður sá sami, um 11 millj. kr. Skattheimtan minnkar ekki heldur er henni breytt. Í öðru lagi er í breytingartillögunum tekið á skólabifreiðamálum og eru þær breytingar til bóta að mati minni hlutans.

Minni hlutinn vekur athygli á því að innheimtukostnaður af 1.000 kr. árgjaldinu var 200 kr. í hvert skipti eða um 1,2 millj. kr. á ári og hækkar þetta heildarkostnað vegna umsýslu við málaflokkinn úr 11,3 millj. kr. í 12,5 millj. kr. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að innheimtukostnaður yrði hinn sami þótt gjaldið hækkaði.

Samkvæmt lauslegri áætlun minni hlutans hafa að frumkvæði samgrn. verið lagðir á nýir skattar upp á um 56–60 millj. kr. á ýmiss konar samgöngustarfsemi nú á síðustu missirum, svo sem: flugleiðsögugjald, stundum kallaður flugmiðaskattur, um 35–45 millj. kr., leigubifreiðagjald eða leigubifreiðaskattur, um 10 milljónir, og svo þessi skattur hér á fólks-, vöru- og sendiferðabíla sem mun skila um 11–12 millj. kr.

Mikil gagnrýni kom fram á flugmiðaskattinn á sínum tíma og hefur ríkisstjórnin nú ákveðið að hætta við þá skattheimtu. Frv. þess efnis er til meðferðar í samgn. Í frv. nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar á 126. löggjafarþingi var lagt til að fella þetta gjald niður og er það frv. endurflutt á yfirstandandi þingi. Er þar enn fremur lagt til að flugmiðaskatturinn verði endurgreiddur til þeirra flugrekenda sem hafa greitt hann.

Minni hlutinn er á móti þessari skattlagningu á tæki til fólksflutninga og önnur samgöngutæki, og telur að atvinnugreinin greiði nú þegar nóg til ríkissjóðs af starfsemi sinni. Af þessum sökum getur minni hlutinn ekki stutt frv.

Eins og áður sagði, herra forseti, undirrita nál. auk þess sem hér stendur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Jón Bjarnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8., 10. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 01:02.

---

55. FUNDUR

föstudaginn 14. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjarskipti, stjfrv., 145. mál, þskj. 145, nál. 396, brtt. 397. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 398. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, stjfrv., 169. mál, þskj. 170, nál. 511, brtt. 512. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Kvikmyndalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 253, nál. 559, brtt. 560. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Húsnæðismál, stjfrv., 358. mál, þskj. 509, nál. 558. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Girðingarlög, stjfrv., 180. mál, þskj. 183, nál. 502, brtt. 503 og 569. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, stjfrv., 366. mál, þskj. 562, nál. 567. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Náttúruvernd, stjfrv., 159. mál, þskj. 160, nál. 570, brtt. 571. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, stjfrv., 160. mál, þskj. 161, nál. 572. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168, nál. 416, 443 og 444, brtt. 418. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 282. mál, þskj. 340, nál. 534 og 594, brtt. 546. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 362. mál, þskj. 519. — 3. umr.
13. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002, stjfrv., 348. mál, þskj. 593, brtt. 596. — 3. umr.
14. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 193. mál, þskj. 575, brtt. 592. — 3. umr.
15. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 229. mál, þskj. 255, nál. 588, brtt. 589. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (Heyrnar- og talmeinastöð). — Þskj. 255, nál. 588, brtt. 589.

[10:31]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru meginákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð felld inn í lög um heilbrigðisþjónustu. Helstu efnisbreytingar sem frumvarpið hefur í för með sér eru að í stað stjórnar er gert ráð fyrir skipun fagráðs. Þá er í frumvarpinu að finna það nýmæli að ráðherra er heimilt að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöð er ætlað að veita samkvæmt lögunum.

Nefndin telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu til bóta. Nefndin álítur að sú breyting að skipa fagráð í stað stjórnar sé í samræmi við þau viðhorf sem nú eru uppi og sé til þess fallin að auka gæði og hagkvæmni þjónustunnar.

Nefndin fjallaði nokkuð um heimild ráðherra til að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem fellur undir starfssvið Heyrnar- og talmeinastöðvar. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar mun einkum vera áhugi fyrir þeim þætti starfseminnar sem lýtur að prófun heyrnar og úthlutun og sölu heyrnartækja. Engu að síður er hugsanlegt að áhugi manna til að starfa á öðrum sviðum muni aukast í framtíðinni. Nefndin telur að þetta nýmæli geti verið til þess fallið að auka og bæta heilbrigðisþjónustu á þessu sviði. Nefndin leggur vegna þessa áherslu á að gera verður kröfu um nákvæma kostnaðargreiningu af hálfu Heyrnar- og talmeinastöðvar á þeim þáttum starfseminnar sem eru á sama sviði heilbrigðisþjónustu og því sem einkaaðilar með rekstrarleyfi starfa á.

Með tilkomu einkaaðila í rekstur heilbrigðisþjónustu á þessu sviði er nauðsynlegt að greiðsluþátttaka ríkisins sé tiltekin sem ákveðin krónutala en ekki sem hlutfallsgjald. Erfitt er að hafa stjórn á útgjöldum ríkisins til málaflokksins ef greiðsluþátttaka er ákveðin sem hlutfall af kostnaði. Nefndin telur því brýnt að þessa verði gætt á þeim sviðum þar sem rekstrarleyfi verða veitt.

Nefndin vekur athygli á því að í 26. gr. laganna, sbr. 27. gr., er almenn heimild fyrir ráðherra til að veita rekstrarleyfi vegna starfsemi í lækningaskyni. Það má halda því fram að sérákvæði um starfsleyfi vegna heyrnar- og talmeinaþjónustu sé af þessum sökum óþarft. Framkvæmd þessara ákvæða hefur hins vegar verið ósamræmd og hvetur nefndin til endurskoðunar ákvæðanna með það að markmiði að samræma rekstrarleyfisveitingar innan ramma þeirra. Nefndin gerir því að svo stöddu ekki athugasemd við þá útfærslu sem lögð er til í frumvarpinu enda er um nýtt þjónustusvið að ræða sem eðlilegt er að áskilja að uppfylli tilteknar kröfur.

Nefndin vill vekja athygli á að sérstaklega þarf að huga að þjónustu við daufblinda. Samkvæmt orðalagi frumvarpsins fellur þjónusta við þá ekki innan ramma Heyrnar- og talmeinastöðvar. Daufblinda er sérstök fötlun og þarf að sjá til þess að þessi hópur njóti samsettrar þjónustu sem mæti sérstökum þörfum hans. Jafnframt þarf að gæta þess að skrá yfir daufblinda sé haldið saman eins og með aðra sem heyra undir Heyrnar- og talmeinastöðina.

Nefndin gerir ekki athugasemd við ákvæði 5. tölul. 2. efnismgr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Heyrnar- og talmeinastöð skuli safna upplýsingum um alla skjólstæðinga sína samkvæmt frumvarpinu ásamt öðrum tölfræðilegum upplýsingum enda er gerður áskilnaður um að söfnun þessara upplýsinga skuli fara fram samkvæmt lögum um persónuvernd. Heyrnar- og talmeinastöð hefur einnig þessa skyldu samkvæmt núgildandi lögum.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að Heyrnar- og talmeinastöð skuli annast þjónustu við málhalta en svo er ekki í frumvarpinu heldur er einungis talað um talmein. Nefndin vill taka af allan vafa um það að með þessu er ekki verið að þrengja það hlutverk sem stöðin hefur, enda segir í athugasemdum með frumvarpinu að orðið talmein hafi öðlast sess í íslensku máli og sé notað í stað málheltis nú. Með sama hætti vill nefndin taka það fram að þrátt fyrir að ekki sé kveðið sérstaklega á um það í frumvarpinu, eins og í núgildandi lögum, að Vesturhlíðarskóli og sérdeildir fyrir heyrnarskerta í almennum skólum og sérskólum skuli njóta þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar, ber alls ekki að skilja það svo að verið sé að draga úr þjónustu við nemendur þessara skóla. Enda ber Heyrnar- og talmeinastöð að sinna öllum sem eiga við heyrnar- og talmein að stríða.

Nefndin leggur til fáeinar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að tiltekið verði sérstaklega að það sé hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar að annast uppsetningu á hjálpartækjum en ekki bara viðhald þeirra og útvegun. Þá er lagt til að þar sem talmein er nefnt í frumvarpinu verði samhliða einnig talað um heyrnarmein. Þetta er gert til að tryggja að heyrnarmein, t.d. eyrnasuð, falli ótvírætt innan starfssviðs Heyrnar- og talmeinastöðvar. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til hafa ekki efnisbreytingu í för með sér og nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Undir álit þetta rita auk frsm. hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn., Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Ásta R. Jóhannesdóttir með fyrirvara, Þuríður Backman með fyrirvara og Margrét Frímannsdóttir með fyrirvara.

[10:36]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir fyrirvara stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Hann lýtur fyrst og fremst að kostnaðarþátttöku sjúklinga í tengslum við breytingu á þessum lögum. Þeir sem sent hafa inn umsagnir um frv. mæla langflestir með þessum breytingum og telja þær til bóta. Ég styð að Heyrnar- og talmeinastöðin sé sett undir lög um heilbrigðisþjónustu en gjaldtökuákvæði laganna munu að mínu mati leiða til aukinna útgjalda fyrir sjúklinga. Við í stjórnarandstöðunni gerum fyrirvara við það. Hins vegar fer það allt eftir fjárveitingavaldinu að lokum, þ.e. hversu miklu fjármagni verður varið til þessa málaflokks, hversu þátttaka sjúklinganna í kostnaði heyrnartækja verður mikil. Það kemur ekki fram í lögunum heldur er það á ábyrgð hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnar að sjá til að álögur á sjúklinga verði ekki auknar þrátt fyrir þessa breytingu.

Annað sem ég vil minnast á er þjónusta Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar við Vesturhlíðaskóla. Vesturhlíðaskóli er skóli heyrnarlausra. Þjónusta við skólann hefur verið með miklum ágætum og stöðin hefur sinnt heyrnarmælingum og ýmiss konar ráðgjafarþjónustu án þess að greiðsla hafi verið tekin fyrir. Það er tekið fram í nál. að við lítum svo á að þjónustan við skólann verði óbreytt. Ég treysti því að svo verði enda er mikilvægt að treysta samskiptin á milli Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og skólans.

Þetta eru þeir fyrirvarar sem ég vil helst gera fyrir utan þann sem eftir stendur. Ég hefði viljað að málið fengi lengri tíma í vinnslu þannig að fara hefði mátt yfir fleiri atriði sem fram komu á fundi heilbr.- og trn., okkur sem í nefndinni störfum til glöggvunar og fyrir úrvinnsluna áður en við afgreiddum málið. Í heildina styðjum við málið með þeim breytingum sem lagðar hafa verið til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Brtt. 589 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 145. mál (jöfnunargjald, heimtaugar). — Þskj. 145, nál. 396, brtt. 397.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Brtt. 397,1 samþ. með 46 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
18 þm. (ArnbS, ÁRJ, EOK, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, ÓÖH, SP, SJS, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í þessu frv. eru skýrð ákvæði um jöfnunargjald og rétt samkeppnisaðila til heimtauga í fjarskiptum. Í því breytta umhverfi fjarskipta sem í vændum er, verði af sölu Landssímans, er ákvæðið sem hér er til umræðu til bóta. Hins vegar skal því haldið til haga að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telja að fyrirhuguð sala Landssímans sé andstæð hagsmunum þjóðarinnar og einkum hagsmunum hinna dreifðu byggða.

Sem dæmi um vandræðaganginn við sölu Landssímans er stöðugt verið að finna sökudólga. Fyrst var það Búnaðarbankinn. Nú er það forstjórinn sem hamlar sölu. Það ætti því að hætta við sölu Landssímans og styrkja fjarskipti um allt land með styrk hans.

Brtt. 397,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (lögheimili). — Þskj. 146, nál. 398.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
17 þm. (ArnbS, EOK, GÖ, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fella brott það skilyrði að útlendingur geti ekki keypt fasteign nema hafa búið hér í fimm ár. Ég fagna því. Ég tel að það sé skref í rétta átt. Eftir sem áður eru í gildi ákvæði þess efnis að útlendingur geti ekki keypt hér fasteign nema hann eigi hér lögheimili. Ég hefði talið æskilegra að ganga alla leið og fella það brott. En þó að það sé ekki gert núna er þetta ákvæði til bóta og því styð ég málið.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 169. mál (forgangsröð verkefna o.fl.). — Þskj. 170, nál. 511, brtt. 512.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]
Brtt. 512,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 512,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 512,3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
16 þm. (ArnbS, EOK, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður meginmarkmið frv. eins og komið hefur fram í atkvæðagreiðslu okkar, þ.e. að færa á eina hendi samningsumboð ríkisins gagnvart sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og gera heilbrrh. kleift að marka stefnu um forgangsröð verkefna.

Fyrirvari okkar varðandi þetta frv. lýtur að greiðsluþátttöku bæði sjúklinga og daggjaldastofnana og annarra heilbrigðisstofnana. Við gerum þann fyrirvara á stuðningi við frv. að formbreytingin sem slík leiði ekki til útgjaldaauka hjá sjúklingum, heilbrigðisstofnunum og daggjaldastofnunum.

6. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 512,4 samþ. með 47 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Kvikmyndalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 227. mál (heildarlög). — Þskj. 253, nál. 559, brtt. 560.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack.
19 þm. (ArnbS, EOK, GÁS, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KolH*, KHG, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja markmið frv. sem er að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi. Við erum þó mótfallin því ákvæði sem kveður á um að Kvikmyndasjóður Íslands skuli þvert ofan í vilja forráðamanna sjóðsins þurfa að sæta því að breyta um nafn. Með þeim fyrirvara styðjum við frv.

2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 560,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 560,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, og 6. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 560,3–4 samþ. með 44 shlj. atkv.
7.–8. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.
9.–14. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 560,5–6 samþ. með 45 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 358. mál (afskrift af skuldum sveitarfélaga). — Þskj. 509, nál. 558.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
2 þm. (GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, JÁ, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég rita undir nál. félmn. með fyrirvara og hann lýtur að því að ég tel að orðið hafi mistök við samningu frv. Vegna tilvísana í tilteknar greinar sveitarstjórnarlaganna sé heimildin sem þarna er verið að veita Íbúðalánasjóði til að semja við sveitarfélög um uppgjör skulda of þröng. Það er einkum tilvísun í 75. gr. sveitarstjórnarlaganna sem ég tel misráðið að hafa með þessum hætti í lögunum og ég vísa í því efni til orðaskipta okkar hæstv. félmrh. við 1. umr. málsins þar sem skýrt kom fram hjá hæstv. félmrh. að ekki væri ætlunin að túlka þessa heimild þannig lagað þröngt að sveitarfélög þyrftu að vera komin í gjörgæslu hjá félmrn. til þess að henni mætti beita. En vegna tilvísunar í 75. gr. sveitarstjórnarlaganna er óhjákvæmilegt samkvæmt bókstaf laganna að túlka heimildina þannig því að 75. gr. fjallar einvörðungu um sveitarfélög í þeirri stöðu.

Ég hafði vonast til þess að þessu yrði breytt en áskil mér rétt til að flytja brtt. við 3. umr. úr því að svona tókst til.

[10:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég er sammála þeim markmiðum sem að baki liggja. Það liggur ljóst fyrir að taka þarf á vanda fjölmargra sveitarfélaga vítt og breitt um landið sem í mörgum tilfellum stafa af því að þau hafa lagt í mikla fjárfestingu vegna félagslegra íbúða. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um þessa nálgun og þá aðferðafræði sem hér er lögð til. Í seinni tíð hef ég í auknum mæli haft efasemdir um að veita ráðherrum opnar heimildir sem þingið hefur lítið eða ekkert um að segja. Í þessu tilfelli er verið að feta þá slóð og ég get ekki greitt þessu atkvæði þó að efni málsins sé mér hugleikið.

[10:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel einboðið að athuga þetta mál á milli umræðna og ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir. Það var aldrei meiningin að sveitarfélög þyrftu að vera komin í gjörgæslu til þess að þeirri heimild væri beitt eða hægt væri að beita slíkri heimild.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, EOK, HÁs, KVM, KHG, KLM, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Girðingarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 183, nál. 502, brtt. 503 og 569.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Brtt. 503,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 503,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 569 kölluð aftur.
Brtt. 503,3 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 503,4 samþ. með 48 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 503,5 samþ. með 47 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
8.–14. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 562, nál. 567.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
1. gr., 1.–4. málsl. 1. mgr., samþ. með 49 shlj. atkv.

1. gr., 5. málsl. 1. mgr., samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
2 þm. (GunnB, PHB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, PP, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í 2. gr. segir: „Tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum."

Hér er lagt til að Orkuveitan geti sameinast fyrirtækjum með þessum markmiðum, þ.e. nánast hverju einasta opinberu fyrirtæki, bönkum sem öðru, í landinu. Ég get ekki samþykkt svo mikla útþenslu á opinberu fyrirtæki og sit því hjá.

1. gr., 2.–3. mgr., samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–12. gr. og ákv. til brb. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Náttúruvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (Náttúruverndarráð o.fl.). — Þskj. 160, nál. 570, brtt. 571.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]
Brtt. 571,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
13 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, JóhS, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:01]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Í frv. þessu til breytinga á náttúruverndarlögum er lagt til að leggja niður Náttúruverndarráð. Fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. umhvn. styðja þetta frv. með þeim fyrirvara að tryggt sé í nánari umfjöllun umhvn. að nægt fé verði veitt til frjálsra félagasamtaka sem láta sig umhverfisvernd varða þannig að aðhaldið við ríkisvaldið verði engu minna en í tíð Náttúruverndarráðsins sáluga.
[11:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í þessu frv. er lagt til að Náttúruverndarráð verði lagt niður. Þar er um afar jákvæða skipulagsbreytingu að ræða og fé sem sparast, fé skattborgaranna, við þessa niðurlagningu fer áfram til náttúruverndar. Helmingurinn fer til frjálsra félagasamtaka þannig að með þeim hætti hefur upphæðin sem til þeirra getur farið tvöfaldast. Það er því ljóst að hér er um mjög jákvæða skipulagsbreytingu að ræða í náttúruverndargeiranum. Ég fagna því að stjórnarandstaðan er með á nál., þótt með fyrirvara sé, og ég segi að sjálfsögðu já við þessu frv.
[11:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður öflugan samráðsvettvang á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Þótt við séum ósammála því að nauðsynlegt hafi verið að leggja Náttúruverndarráð niður föllumst við á þau rök að öflugt umhverfisþing sem undirbúið verði í formlega skilgreindu samráði umhvrn., frjálsra félagasamtaka og fagfólks á sviði umhverfis- og náttúruverndar og náttúruvísinda geti komið í stað þess náttúruverndarþings sem lög þau sem hér eru til afgreiðslu gerðu áður ráð fyrir.

Í trausti þess að umhverfisþing verði slíkur vettvangur greiðum við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, málinu atkvæði okkar.

1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 571,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 571,3 (tvær nýjar greinar, verða 5.–6. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 571,4 (ný 5. gr., verður 7. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 571,5 (ný 6. gr., verður 8. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 571,6 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

7. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 571,7 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

8. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 571,8 samþ. með 48 shlj. atkv.

9. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

10.–12. gr. (verða 14.–16. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 160. mál (gjald til Náttúruverndarráðs). — Þskj. 161, nál. 572.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:08]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

12 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:08]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er hlynnt skilvirkum umhverfisgjöldum og er þeirrar skoðunar að löngu tímabært sé að koma á heildstæðri stefnu í þeim efnum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fagna því fram komnum yfirlýsingum hæstv. umhvrh. um að þetta þing taki fyrir slíka stefnumörkun í væntanlegri lagasetningu um úrvinnslugjald og spilliefnagjald. Eingöngu í ljósi þess styðjum við að gjaldtaka sú sem hér er til umfjöllunar verði felld niður.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 168, nál. 416, 443 og 444, brtt. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:09]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér stendur til að greiða atkvæði um ný heildarlög um leigubifreiðar. Það verður að segjast eins og er að margt hefur farið á betri veg í meðferð frv., bæði frá því að það kom fyrst fram í fyrravetur og svo eins nú í haust. Þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til við frv. eru að mínu mati allar til bóta. Engu að síður getum við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ekki stutt þetta frv. í heild sinni. Það er fyrst og fremst vegna þeirrar miklu gjaldtökuáráttu sem frv. felur í sér, þ.e. að ríkið skuli nota hvert tækifæri sem gefst og skapa sér ný tækifæri til gjaldtöku.

Í okkar huga er leigubílaakstur og leigubifreiðaþjónusta hluti af almannaþjónustu, og lagaumgjörðinni um hana ber að vera henni til styrktar en hún ekki notuð sem gjaldtökustofn.

Við munum því, herra forseti, sitja hjá við atkvæðagreiðslu á þessu frv. en leggjum áherslu á að gott sé að fá heildarlöggjöf um þessa atvinnugrein.

Brtt. 418,1 samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:11]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitt ótrúlegasta mál sem rekið hefur á fjörur þingsins. Að mínu mati er atvinnufrelsi manna skert með því svo að það fær varla staðist stjórnarskrá. Í öðru lagi á að setja utan um þessa stétt gagnagrunn og lögregluefturlit þar sem m.a. eiga að koma fram upplýsingar um heilsufar manna, göngulag og forfallabílstjóra. Í þriðja lagi á að leggja á þessa stétt sérstakan leigubílaskatt til að halda utan um alla vitleysuna.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að þeir sem hafa sett sig inn í þetta og kynnt sér málið sjá að þetta kerfi er með ólíkindum. Ég dreg stórlega í efa að þar standi steinn yfir steini ef farið er yfir það. Ég tel að þetta standist ekki stjórnarskrá. Ég tel að þær reglur sem gilda um undanþágur frá eigin rekstri standist heldur ekki lögin.

Virðulegi forseti. Ég segi nei.

[11:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum á leigubílaakstur sem grunnalmannaþjónustu. (**Gripið fram í:** Jón var búinn að segja það.) Góð vísa er aldrei of oft kveðin.

Það sem við erum ósátt við í þessu frv. er að sú kerfisbreyting að fara með yfirumsjón málaflokksins frá ráðuneytinu til Vegagerðarinnar leiðir af sér aukna gjaldtöku og við erum henni andvíg. Við getum ekki annað en setið hjá við þessa atkvæðagreiðslu en munum í framhaldinu gera tillögur um að þessari gjaldtöku verði aflétt. Þess vegna sitjum við hjá. Við erum andvíg því að u.þ.b. 10 millj. kr. gjaldtaka leiði af kerfisbreytingunni sem nú er sett í lög.

[11:14]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er verið að setja lög í fullri sátt við atvinnuleigubílstjóra. Hér er verið að setja lög sem tryggja

öryggi farþega, öryggi sem lengi hefur verið í ágætum höndum hjá leigubílstjórum. Í annan stað er ekki annað eftirlit með þessari stétt en hverri annarri sem sækir réttindi að loknu námi. Til stendur að skrá hverjir hafa réttindin eins og almennt gerist í menntakerfinu. Þetta er því allt af hinu góða og eins og ég sagði áðan í fullri sátt við stéttina sjálfa. Það er meira en segja má um mörg önnur mál.

Herra forseti. Ég greiði þessu atkvæði og segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,2 samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,3 samþ. með 28:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, LB, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 28:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,4 samþ. með 28:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 28:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, JóhS, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,5 samþ. með 27:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB.

nei: BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, LB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, EOK, GunnB, HÁs, JóhS, KHG, MF, ÓÖH, RG, SP, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 27:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,6 samþ. með 28:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 28:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SJS, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,7 samþ. með 28:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 28:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,8 samþ. með 28:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 26:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, DO, EOK, GunnB, HÁs, KHG, KPál, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,9 samþ. með 28:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SJS, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 28:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EOK, GunnB, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,10 samþ. með 29:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 29:14 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, JóhS, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 29:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, GAK, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, JB, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,11 samþ. með 29:14 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, LB, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 29:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

5 þm. (GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, EOK, HÁs, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

13.–14. gr. samþ. með 27:15 atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, GAK, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, EKG, EOK, HÁs, JB, KHG, MF, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 418,12 samþ. með 28:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

nei: GE.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, ÍGP, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 282. mál (gjald fyrir rekstrarleyfi). — Þskj. 340, nál. 534 og 594, brtt. 546.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:21]

Kristján L. Möller *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um frv. til að hækka gjald fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólksflutninga sem kalla má líka rútubílaskatt. Ég vek athygli á því að verið er að hækka hann frá síðasta ári. Það getur vel verið að hv. stjórnarþingmenn telji þetta hæfilegan rútubílaskatt. Ég tel hann of háan. Þessi atvinnugrein greiðir þegar nógu mikið til ríkissjóðs af atvinnustarfsemi sinni og miðað við þá erfiðleika sem eru í dag teljum við ekki hægt að hækka þetta meira.

Hér er jafnframt gerð breyting á svokölluðum vörubílaskatti, sendibílaskatti, þeirri gjaldtöku, en gjaldtakan verður eftir sem áður jafnhá. Þingmenn Samfylkingarinnar munu hins vegar sitja hjá við breytingu sem hér kemur varðandi skólabifreiðar, hún er í rétta átt. En eins og við segjum, við greiðum atkvæði á móti frekari skattheimtu á rútubíla.

[11:22]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Skattheimta og skattagleði ríkisstjórnarinnar á sér engin takmörk að því er virðist og víða er leitað fanga. Það frv. sem hér er og tekist hefur verið á um í samgn. er um hvernig skattleggja skuli rútubíla, hvernig skuli skattleggja flutningabíla og hvernig skuli skattleggja aðra sem eru með slíkan atvinnurekstur.

Engu að síður hafa orðið breytingar á frv. í meðförum nefndarinnar sem eru til bóta. Ég tel þannig jákvætt að það skyldu koma inn ákvæði sem tækju afdráttarlaust á lagastöðu skólabifreiða. Ég tel það líka mjög gott að gjaldheimtan var skorin niður í meðferð nefndarinnar á starfsleyfum almennt, en engu að síður er andi frv. aukin skattheimta, skattheimta sem þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. bitnar líka harðast á einyrkjum í greininni og mun áfram bitna harðast á þeim. Þess vegna, herra forseti, þó svo nokkrar breytingar hafi verið gerðar til batnaðar á frv. sem ber að fagna, þá munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við afgreiðslu frv.

[11:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þeir hv. þm. sem hafa hér talað eru ekki að fjalla um atkvæðagreiðsluna, þeir eru með atkvæðaskýringu. Atkvæðagreiðslan fjallar bara um formið og hvernig forseti ber það upp. Atkvæðaskýring á að koma síðar.

Brtt. 546,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 28:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: GE, GÁS, LB.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, DrH, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni enn eitt afrek hæstv. samgrh. í að skattleggja landsbyggðina og flutningafarartæki. Áðan tókst honum að keyra hér í gegn svokallaðan leigubílaskatt. Nú er það vörubílaskattur, rútubílaskattur en því miður tókst ekki að afnema flugfarmiðaskattinn sem líklega verður áfram. Virðulegi forseti. Allt er þetta innlegg hæstv. samgrh. til að styrkja landsbyggðina með öfugum formerkjum. Að sjálfsögðu segi ég nei.

Brtt. 546,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 29:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, MF*, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, DrH, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 27:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, DrH, EOK, HÁs, KHG, ÓÖH, PP, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb.

4 þm. (ÁSJ, GAK, JÁ, JóhS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, HÁs, KF, KHG, ÓÖH, PP, SJóh, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 362. mál. — Þskj. 519.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:27]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KLM, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (ÁRÁ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRJ, DrH, EOK, HÁs, KolH, KHG, KPál, LB, ÓÖH, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 611).

[11:28]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 377. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 599.

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, 169. mál, brtt. JBjart, þskj. 600.

Leigubifreiðar, 167. mál, brtt. GHall, þskj. 598.

Tóbaksverð og vísitala, 374. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 586.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002, 3. umr.

Stjfrv., 348. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 593, brtt. 596.

[11:29]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er tekið til 3. umr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lengi var rætt í þingsölum í gær við 2. umr. Ljóst er að þá komu fram mjög skýr rök frá stjórnarandstöðunni fyrir því að hv. stjórnarliðar eru á rangri leið með því að fara í þær ýmsu gjaldtökur og aðgerðir sem þetta frv. felur í sér. Það sem einkum var gagnrýnt var sú aukna gjaldtaka sem á að leggja á námsmenn, aukin gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu og að ríkissjóður sé að taka til sín hluta af því fé sem hann innheimtir fyrir kirkjuna auk þess sem ýmislegt fleira má finna í frv. sem var gagnrýnt eins og t.d. hækkun á bifreiðagjöldum. Kannski er ekki ástæða til að fara mikið yfir þá þætti aftur við 3. umr. þó ég vilji drepa á örfá atriði engu að síður nú við lokaafgreiðslu málsins.

Ég stend þó hér sérstaklega upp til að mæla fyrir brtt. sem ég hef flutt. Markmiðið með henni er að leggja til nýja fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð en í staðinn verði horfið frá gjaldtöku á sjúkraheimilum og því að hækka gjöld á námsmenn. Þetta tvennt á að gefa ríkissjóði 110 millj. kr. og var mjög gagnrýnt hér í gær. Ég legg til að farið verði út í smávægilega hækkun á tóbaksgjaldi í staðinn fyrir að auka gjaldtöku hjá námsmönnum og sjúklingum.

Það samkomulag sem gert var milli aðila vinnumarkaðarins í gær er afar þýðingarmikið innlegg í baráttuna gegn verðbólgu og þýðingarmikið innlegg fyrir það að við náum hér stöðugleika á ný. Verkalýðshreyfingin á þakkir skildar fyrir hvernig hún hefur haldið á málum og hvernig hún hefur fallið frá því að launaliðunum yrði sagt upp þrátt fyrir að verðbólga sé orðin 8,6% sl. tólf mánuði og hafi sprengt þau rauðu strik sem menn voru ásáttir um að yrðu skoðuð í febrúarmánuði ef þau markmið sem menn settu sér í kjarasamningunum á síðasta ári næðu ekki fram.

Mér finnst satt að segja, herra forseti, að ríkisstjórnin leggi ekki mikið á sig í því samkomulagi sem staðfest var milli aðila vinnumarkaðarins í gær. Ég lít fyrst og fremst á þetta sem svo að verkalýðshreyfingin sé hér að gefa ríkisstjórninni kost á að bæta ráð sitt, kost á því að taka til heima hjá sér, kost á því að halda betur um stjórnartaumana og hagstjórnina til að hægt sé að ná tökum á verðbólgunni.

Sú tillaga sem ég flyt hér hefur það að meginmarkmiði að verðlagsáhrifin af þeirri leið, sem ég og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar leggjum til með því að taka upp hækkun á tóbaksgjaldi í stað annarra þátta og aðgerða í þessu frv. sem hafa meiri verðlagsáhrif, verði minni en af hækkun á námsmönnum svo nemur töluvert miklu, herra forseti, vegna þess að — eins og við fórum ítrekað í gegnum í gær — verðlagsáhrifin af hækkun á gjöldum á námsmenn eru um 0,14% samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar en verðlagsáhrifin af því að hækka tóbaksgjald um 5 kr., sem gefur 113 millj. kr., eru einungis um 0,03%. Það munar því verulega.

Ég vil segja það, herra forseti, eins og ríkisstjórnin gerir sér sjálfsagt ljóst, og allir aðrir líka, að það má engu muna til að hægt sé að ná því markmiði sem menn settu sér í maímánuði sem ég tek vissulega undir að er afar metnaðarfullt og mikilvægt að takist. Svigrúmið sem menn gefa sér varðandi hækkanir fram til 1. maí er afar knappt og er það ekki nema um 1,4%. Vísitalan er nú 219,5 stig en við það er miðað að hún verði ekki hærri en 222,5 í maímánuði þegar vísitalan verður reiknuð út og það skapar svigrúm upp á 1,4% í hækkun. Það er því afar mikilvægt að vel sé haldið á málum og menn fari varlega í allar gjaldskrárhækkanir sem geti ýtt verðbólgunni upp. Tilgangurinn með tillögunum er einmitt að hafa þau áhrif að þær aðgerðir sem felast í þessu frv. hafi ekki þau verðlagsáhrif sem Þjóðhagsstofnun metur.

Nú er það að sönnu rétt sem hæstv. forsrh. sagði í gær að það skiptir máli hvenær þær gjaldskrárhækkanir sem við ræðum í frv. ganga fram, hvort það er í byrjun árs eða á miðju ári, það skiptir verulegu máli. Eins og dæmið lítur út núna hjá Þjóðhagsstofnun er um að ræða 0,35% verðlagsáhrif af þessum breytingum. Um er að ræða áhrif á vísitölu upp á 0,14% vegna hækkunar skráningar- og efnisgjalda í framhaldsskólum og háskólum, hækkun áfengisgjalds nemur 0,11%, hækkun lyfjakostnaðar nemur 0,05%, hækkun komugjalda á heilsugæslustöðvar og til sérfræðinga 0,04% og 0,01% vegna hækkunar vopnaleitargjalds þannig að þetta telur allt verulega í vísitölunni.

Varðandi hækkun áfengisgjalds skiptir auðvitað máli hvort hækkunin verður 1. janúar eða 1. júní. Ef hækkunin verður 1. janúar var það meðal annars upplýst í efh.- og viðskn. af fulltrúa fjmrn. að hækkunin þyrfti að vera um 7% en það er alveg ljóst að ef menn ætla að fresta hækkuninni fram í júní þarf hún að vera meiri til að ná þeim tekjum sem ríkisstjórnin ætlar sér með hækkun á áfengisgjaldi. Þá þyrfti hún sennilega að vera um 14% til að ná sömu tekjum.

Sama gildir um gjaldtökuna í heilbrigðiskerfinu. Ég hygg að hæstv. heilbrrh. muni fara í þá gjaldtöku fyrr en seinna til að ná settu markmiði til að gjaldtakan þurfi þá ekki að verða þeim mun hærri á miðju ári til að ná inn ætluðu fjármagni ársins.

Síðan hefur komið fram, herra forseti, að til viðbótar þessum 0,35% er verið að tala um hækkun á afnotagjaldi RÚV, um 7% ef ég skil málið rétt, sem telur töluvert í vísitölunni og er rætt þar um 0,07% hækkun. Síðan hefur verið upplýst að um áramótin eigi mjólkin að hækka um 6,5% að meðaltali sem gæti þýtt eitthvað um 0,18%.

Þá veltir maður auðvitað fyrir sér hvort eitthvað meira sé í pípunum sem skrúfar upp verðlagið sem ekki er komið fram, meðal annars vegna gengisáhrifa og gengisfellingarinnar sem hefur verið ótrúleg á síðasta einu og hálfu ári eða 25–30%, ef ég tel rétt.

Það er allra hagur að ná því markmiði sem verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins ásamt ríkisstjórninni settu sér í gær. En svigrúmið er mjög þröngt og það má lítið út af bera til að þetta markmið náist ekki í maí. Þess vegna er afar mikilvægt að það liggi raunverulega fyrir með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar að fara í þá gjaldtöku sem hér er áformuð. Það er alveg ljóst að það er ekki hagur eins eða neins ef fara á í þetta með einhverjum bellibrögðum eða töfrabrögðum, t.d. með því að setja lok á allar gjaldskrárhækkanir fram í maí til að hafa þau áhrif að vísitalan hækki ekki meira en menn hafa samið um, 222,5, en síðan verði lokinu lyft eftir að markmiðinu hefur verið náð í maí, og þá komi kannski fram verulegur hluti af þessum gjaldskrárhækkunum með auðvitað mjög óæskilegar sveiflur í efnahagslífið. Þá er auðvitað verr af stað farið en heima setið.

Þess vegna er eðlilegt, herra forseti, að við spyrjum undir þessum kringumstæðum: Er hugsanlegt að ríkisstjórnin muni taka þannig á málum að hún fresti einhverjum þessara gjaldskrárhækkana fram yfir maí til að vísitalan sýni þá það sem menn eru að stefna að, 222,5, en skelli svo verulegum hluta af þessum hækkunum á, gjaldskrárhækkunum, eftir að vísitölumælingin hefur farið fram í maí? Ég verð að segja, herra forseti, að ég óttast eilítið að þetta gæti hugsanlega skeð, og það er vitaskuld vegna þess að ég treysti ekki ríkisstjórninni betur en þetta.

Auðvitað verð ég að vona eins og allir að ríkisstjórnin hagi sér skynsamlega í þessu efni. En mér fannst t.d. hæstv. forsrh. vera að gera þessu nokkuð skóna í umræðunni í gær þegar við vorum að ræða um verðlagsáhrifin og um þau var spurt. Ja, það skiptir máli hvenær þetta tekur gildi, sagði hæstv. forsrh., og nefndi t.d. áfengisgjaldið í því sambandi.

Ef við stöndum frammi fyrir því í maímánuði, herra forseti, að við náum ekki þessu markmiði sem allir verða auðvitað að leggja sig fram um að ná — hvaða áhrif getur það þá haft, herra forseti? Þá er það á valdi hvers aðildarfélags innan verkalýðshreyfingarinnar að segja upp kjarasamningum. Ég geri ráð fyrir að það sé auðvitað skynsamlegast fyrir alla aðila að ekki komi til verulegra launahækkana miðað við þá stöðu sem efnahags- og atvinnulífið er í.

Ef þetta gengur ekki eftir og það kemur einhver slaki þannig að menn nái ekki markmiðunum gæti líka komið til þess að í febrúarmánuði árið 2003, þegar launanefndin getur komið saman á nýjan leik, verði kjarasamningunum sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, þ.e. ef verðbólgan hefur farið mikið úr böndunum. Það er því afar mikið í húfi að vel takist til í þessum efnum.

Það sem þarf auðvitað að gerast er í fyrsta lagi að gengið styrkist og falli ekki meira. Ég held að óraunhæft sé að ætla að gengið hækki eitthvað verulega fram í maí þannig að innflutningsverð lækki eitthvað verulega. Þess vegna skipta þessar gjaldskrárbreytingar sem við erum að tala um hér verulegu máli í því hvort við náum þeim markmiðum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa verið að setja sér. Það er ekki

síst þess vegna sem ég er að mæla fyrir þeirri tillögu sem ég lýsti hér í upphafi máls míns.

Og ég spyr, herra forseti, hæstv. forsrh.: Hefur ríkisstjórnin lagt það niður fyrir sér með hvaða hætti verði farið í þær gjaldskrárhækkanir sem boðaðar eru í þessu frv.? Hefur það verið kortlagt með hvaða hætti þetta hefur sem minnst áhrif á verðbólguna og þau markmið sem menn hafa sett sér?

Síðan skiptir það auðvitað máli sem um var samið, þ.e. að lækkun á grænmeti gangi fram sem hefur veruleg áhrif á vísitöluna. Ég endurtek því ábendingu mína til forsrh. um að menn séu ekki að búa til verðsveiflu með óeðlilegum gjaldskrárhækkunum sem hafi óæskileg áhrif á vísitöluna og efnahagslífið.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að lýsa þessari tillögu neitt frekar. Hún er í alla staði mjög skynsamleg, sama frá hvaða sjónarhorni er litið. Hækkun á tóbaksgjaldi hefur forvarnagildi og sparar í heilbrigðisþjónustunni. Það sparar fjarvistir vegna veikinda á vinnumarkaðnum. Þetta er sparnaður fyrir þjóðfélagið í heild. Þegar við berum saman þær tvær leiðir, annars vegar leiðina sem ríkisstjórnin vill fara með hærri gjaldtöku af námsmönnum og þá leið sem við viljum fara, þ.e. að hækka lítillega tóbaksgjaldið, þá ætti ekki að velkjast fyrir neinum að það er skynsamlegra að fara að okkar tillögum.

Með þeirri hækkun sem á að verða á gjaldtöku af námsmönnum er verið að tefla í tvísýnu námi hjá fjölda fólks. Allir vita að menntun er fjárfesting til framtíðar. Lítilleg hækkun á tóbaksgjaldi hefði aftur á móti forvarnagildi. Ég teldi þá hækkun líka skynsamlega því allir vita jú að tóbaksreykingar eru hættulegar heilsu fólks. Þess vegna ætti ekki að vera spurning um hvora leiðina væri skynsamlegra að fara.

Fimm króna hækkun á tóbaksgjaldi gefur um 7 krónur í útsöluverði. Það gefur ríkissjóði um 113 millj. í tekjur. Vísitöluáhrifin eru samkvæmt upplýsingum Hagstofu um 0,03% á móti 0,14% vísitöluáhrifum af hækkun námsgjalda. Þær forsendur sem hér er lagt upp með tel ég mun skynsamlegri en að fara þá leið sem ríkisstjórnin áformar.

Ég skil reyndar ekki af hverju ríkisstjórnin heldur svo fast í aukna gjaldtöku af námsmönnum, sem einungis á að skila um 100 millj. kr. en hefur þessi miklu verðlagsáhrif. Ég hygg að það séu fyrst og fremst sjálfstæðismenn sem vilja festa í sessi þessi skólagjöld. Ég held að það hafi verið erfiðleikum bundið að ná þessari niðurstöðu milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, af þeim sökum er erfiðleikum bundið að breyta út frá niðurstöðunni sem menn hafa náð samkomulagi um, þó öll rök mæli með því að skynsamlegra sé, herra forseti, að fara aðra leið.

Ég vil skoða aðeins betur þessar auknu gjaldtökur af námsmönnum sem Iðnnemasambandið og stúdentaráð hafa harðlega mótmælt. Þeir benda réttilega á að kostnaður við nám hefur aukist mjög á undanförnum árum. Þeir benda réttilega á að barnafólk fer sérstaklega illa út úr hækkun á þessum gjöldum, barnafólk í námi og námsmenn af landsbyggðinni sem sækja nám til höfuðborgarinnar. Þeir benda líka á, t.d. stúdentaráð, að ef skrásetningargjöld ættu að vera í efnislegum tengslum við innritun nemenda og rekstur nemendaskrár ætti gjaldið að vera 16.000 kr. en ekki 32.500 eins og nú er stefnt að. Þeir benda á að helmingur gjaldsins sé þar af leiðandi almenn tekjuöflun til að standa undir kostnaði við rekstur skólans.

Iðnnemasambandið hefur í umsögn sinni bent á að fyrir utan hækkanir á þessum gjöldum sé verulegur kostnaður hjá þeim sem eru í iðnnámi vegna verkfærakaupa. Þeir taka sem dæmi hárgreiðslunám. Kostnaður þar er um 65 þús. kr. og í námi í matreiðslu um 40–50 þús. kr. Þannig er verulegur kostnaður af iðnnámi enda fækkar nemendum í iðnnámi eins og þeir benda á í umsögn sinni.

Nemendafélögin benda á, herra forseti, að brottfall nemenda úr námi er verulegt og full ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af því. Vísað er í niðurstöður rannsóknar Jóns Torfa Jónassonar, prófessors í uppeldisfræði og menntunarfræði, og Kristjönu Stellu Blöndal sem gefin var út í apríl á þessu ári. Þar kemur fram skipting náms hjá tæplega 4.200 manns sem fædd eru á árinu 1975. Þar kemur fram að af þeim 4.200 sem tekið var mið af hafa einungis 46,2% lokið stúdentsprófi og 11% lokið verknámi, 42,8% höfðu ekki lokið neinu framhaldsnámi.

Í skýrslu Jóns Torfa um rannsóknir á námsferli þeirra sem fæddir eru árið 1975 er leitað svara við spurningunni um hve margir ljúki ekki námi. Fram kemur að yfir 40% árgangsins hafa ekki lokið neinu prófi við 24 ára aldur. Fram kemur að fleiri ljúki prófi á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og geysilegur kynjamunur sé á þeim fjölda sem lýkur stúdentsprófi.

Ég held að sé mjög varasamt að gera lítið úr hærri gjöldum, að þetta séu bara örfáir þúsundkallar sem allir eigi að geta borgað. Námsmenn eru ekkert of sælir af því sem þeir hafa milli handanna á meðan þeir eru í námi. Þeir sem ljúka hluta af námi sínu á vinnumarkaðnum hafa náttúrlega smánarlegt kaup. Mér var sagt, án þess ég hafi kynnt mér það, að nemar hafi í laun um 250–300 kr. á tímann. Þannig sjá allir hvað það telur að hækka t.d. efnisgjöldin um 100%. Erum við ekki að tala um 25.000 kr. eða eitthvað slíkt? Auðvitað skiptir þetta miklu máli. Eins ber að hafa í huga þá miklu hækkun sem hefur t.d. verið á húsaleigu á síðustu tveimur til þremur árum. Það skiptir ekki síst miklu fyrir þá sem koma frá landsbyggðinni og sækja nám til höfuðborgarsvæðisins.

Í ljósi þessa finnst mér mjög sérkennilegt að ríkisstjórnin ætli að fara þessa leið, af því þetta gefur nú ekki meiri pening í ríkiskassann en 100 millj. kr., meðan hægt væri að sækja með öðrum hætti eins og ég hef sýnt fram á hér í umræðunni. Miklu skynsamlegri hætti.

Varðandi sjúklingana hefur verið farið ítarlega yfir þá aukningu sem verður í lyfjakostnaði og gjöldum fyrir læknisþjónustu. Við erum að tala um hækkanir á komugjöldum, röntgenþjónustu, sérfræðilæknisþjónustu á þessu ári um 600–700 millj. og á næsta ári yfir 500 millj. Á tveimur árum koma í ríkiskassann kannski 1.100–1.200 millj. kr. með gjaldtöku af sjúklingum í heilbrigðiskerfinu. Þetta eru auðvitað gífurlegar upphæðir sem koma inn með gjaldtökunni í heilbrigðiskerfinu enda hefur verið sýnt fram á það, m.a. hjá BSRB, hvernig gjaldtökur í heilbrigðisþjónustunni hafa aukist á umliðnum árum. Benedikt Davíðsson sýndi fram á það með töflu sem hann lagði fyrir efh.- og viðskn. að einungis hækkunin 1. júlí sl., á komugjöldum til sérfræðinga og röntgenrannsókna, hafi í för með sér um 20–67% hækkun.

Auk þess stendur til að fara nýja leið með gjaldtöku á sjúkraheimilum eða sjúkrahótelum sem eru auðvitað til verulegs sparnaðar í heilbrigðiskerfinu, að hægt sé að bjóða upp á þá þjónustu sem þar er. Því er mjög sérstakt að þar skuli farið út í gjaldtöku sem á að gefa 10 millj. kr. Mér virðist sem þar sé verið að reyna að festa í sessi eins konar skatt, matarskatt sem þar á að borga og menn muni svo í næsta skrefi færa yfir á spítalana. Hér erum við einungis að

ræða um 10 millj. sem munar hvorki til eða frá varðandi útgjöld ríkissjóðs. Síðan er auðvitað afar sérstakt sem fram hefur komið, að þessi gjaldtaka hafi viðgengist um skeið, frá áramótum, án þess að hafa nokkra lagastoð. Maður spyr því hvort þeir sem hafa þurft að greiða þetta gjald muni ekki sækja um að fá þetta endurgreitt. Staða þeirra hlýtur að vera mjög góð til að endurheimta þetta gjald sem tekið hefur verið með ólögmætum hætti frá síðustu áramótum.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Það hefur verið rætt hér ítarlega um aðra þætti eins og hækkun á bifreiðagjöldum og sóknargjöldum. Ég tel ekki ástæðu til þess að tefja tíma þingsins með því að fara nánar út í það. Erindi mitt í ræðustól var fyrst og fremst að kynna þær brtt. sem ég hafði ekki tækifæri til að kynna við 2. umr. málsins og vekja athygli á því að skynsamlegra væri að fara þá leið en hina sem ríkisstjórnin ætlaði að fara.

Ég fagna, herra forseti, sérstaklega samkomulaginu sem gert var milli aðila vinnumarkaðarins en vil þó einnig gera grein fyrir því að ég hef ákveðnar áhyggjur af því, eins og margir fleiri, að erfitt verði að ná því markmiði. Þar skiptir öllu máli hvernig ríkisstjórnin hagar sínum gjörðum á næstu vikum og mánuðum, hvort þessi markmið náist fram. Ég geri mér alveg fulla grein fyrir því sem hæstv. forsrh. nefndi hér í gær, að innkoma og aðild ríkisstjórnarinnar að þessu samkomulagi hafi skipt máli. Ég hygg að þar hafi ekki síst skipt máli það sem aðilar vinnumarkaðarins, ekki síst kannski atvinnurekendur, hafa lagt áherslu á, þ.e. að ríkisstjórnin félli frá þriðjungi af tryggingagjöldunum. Ég vil þó ítreka að mér finnst aðkoman nokkuð sérkennileg að því leyti að það að ríkisstjórnin falli frá þriðjungi á tryggingagjaldinu sé bundið því skilyrði að markmiðin náist. Þá verður ekki annað séð en þessi hækkun á tryggingagjaldinu, 0,77%, nái fram að ganga með þeim verðlagsáhrifum sem hún þá hefur upp á 0,3–0,4% en yrði auðvitað eitthvað minni ef ríkisstjórnin félli frá þriðjungi af þessum gjöldum.

Herra forseti. Ég held að það sem stendur upp úr í samkomulaginu sem náðist milli aðila vinnumarkaðarins í gær, að hluta til með þátttöku ríkisvaldins, sé fyrst og fremst að verkalýðshreyfingin hafi gefið ríkisstjórninni kost á að bæta ráð sitt. Það skiptir miklu máli að ríkisstjórnin grípi tækifærið sem henni gefst nú. En þá þarf að fara mjög varlega í allar gjaldtökur eins og ég hef nefnt. Brtt. sem ég hef mælt fyrir er innlegg í það mál.

[11:58]

Útbýting þingskjals:

Húsnæðismál, 358. mál, brtt. SJS, þskj. 602.

[11:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nefna fáein atriði. Flest hafa verið rædd hér í fyrri umræðum um málið og um fjárlögin einnig.

Varðandi þær hækkanir sem hér er um að ræða skiptir auðvitað miklu máli hvenær til þeirra kemur. Það er ekki þannig að menn séu með eitthvert galdraverk í því sambandi. Hækkun innritunargjalda í skóla var ákveðin, eins og menn muna, í tengslum við fjárlagagerðina og framlagningu þeirra þremur mánuðum áður en til þessa samkomulags dró.

Varðandi áfengisgjaldið, sem menn gera ráð fyrir að falli til um mitt ár, vænta menn þess að gengið hafi styrkst verulega þegar að því kemur. Þá eru forsendur til þess að áfengið, sem er auðvitað að mestu leyti innflutt, nánast alfarið, hafi lækkað. Þannig verður tæpast um raunhækkun á því að ræða. Menn verða að hafa það í huga.

Varðandi innritunargjöldin lagði, eins og kunnugt er, Þjóðhagsstofnun fram rangar tölur um það í efh.- og viðskn., sem voru reyndar síðar leiðréttar. En Hagstofan hefur ekki enn þá farið endanlega yfir það mál. Fjmrn. metur áhrifin ekki á 0,14 heldur 0,05. Mér er ekki kunnugt um að Seðlabankinn sé andvígur því mati og Hagstofan telur að ýmsir þættir inni í þessari mælingu núna geti hafa skekkt mat þeirra. Það er afar ólíklegt að gjaldtaka upp á 100 millj. kr. hækkun þýði 0,14 í vísitölu. Við metum hækkunina núna, eins og málin standa, upp á 0,05 og jafnframt er spurning hvenær hún kemur fram. Ég tel því að í sjálfu sér stefni ekkert í þessum aðgerðum samkomulaginu, sem við höfum nýverið staðið að, í voða.

[12:00]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst afar sérkennilegt að hæstv. forsrh. sé að andmæla þeim vísitöluútreikningum sem lagðir voru fram í efh.- og viðskn. Ég sé ekki að nein rök hafi komið fram sem hnekkja því sem Þjóðhagsstofnun setti fram og sem upplýst var þegar þeir útreikningar voru endurskoðaðir með nokkurri lækkun, þá var það endurskoðað í samráði við Hagstofuna.

Okkur hér inni er auðvitað öllum kunnugt um hvaða hug hæstv. forsrh. ber til Þjóðhagsstofnunar. Það er auðvitað mjög sérkennilegt að forsrh. þjóðarinnar skuli vantreysta þeirri ágætu stofnun, Þjóðhagsstofnun, með þeim hætti sem hér hefur ítrekað komið fram, enda eru deilur milli stjórnarflokkanna um það — og næst ekki samstaða um, sem betur fer — sem hæstv. forsrh. vill helst sjá, þ.e. að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður. Vona ég að framsóknarmenn standi þar fast í ístaðinu að koma í veg fyrir það að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður.

En þessir útreikningar voru bornir undir Hagstofuna og Hagstofan gerði engar athugasemdir við þá. Og meðan það hefur ekki verið gert standa auðvitað þessir útreikningar. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr hefur það þessi áhrif, 0,35% á vísitöluna, auk annarra hækkana sem ég hef hér nefnt eins og á afnotagjöld RÚV og mjólkurafurðir. Það er auðvitað áhyggjuefni inn í þá stöðu sem er núna.

Auðvitað vona allir, eins og hæstv. ráðherra nefnir, að gengið styrkist verulega en í þeirri stöðu sem gengið er núna og efnahagslífið, er óraunhæft að leggja einhverja ofurtrú á að gengið styrkist svo ekki þurfi ýmislegt annað að koma til, eins og aðhald ríkisstjórnarinnar varðandi gjaldskrárhækkanir.

[12:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. með því að það hafa ekki verið einar einustu deilur um Þjóðhagsstofnun í ríkisstjórn. Ekki einar einustu. Ég hef hins vegar séð það á forsíðu Dagblaðsins. En það er eini staðurinn sem ég hef orðið var við þær deilur. Hv. þm. hefur kannski verið á ríkisstjórnarfundum og heyrt eitthvað um slíkar deilur. Það hafa engar deilur orðið þar um þetta mál. Ekki nokkrar. Ekki einar einustu.

Hitt er annað mál að við lítum svo á að þessi hækkun á skólagjöldunum þýði 0,05%, ekki 0,14%. Ég er að upplýsa það að Hagstofan telur ástæðu til að fara betur yfir hinar fyrri tölur vegna þess að það stenst naumast að aukin gjaldtaka upp á 100 milljónir skili sér í 0,14%. Þetta er bara staðreyndatal. Þetta er ekkert annað. Ég nefndi það líka þegar

Þjóðhagsstofnun varð það á að koma með vitlausar tölur í efh.- og viðskn. Það getur komið fyrir alla. Það var engin árás á stofnunina, fjarri því. Hún gerði það engu að síður og það liggur fyrir.

[12:04]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. segir að ekki séu deilur um Þjóðhagsstofnun í ríkisstjórn og þá á hann væntanlega við hvort leggja eigi hana niður eða ekki og ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. sé þá fallinn frá því að leggja niður Þjóðhagsstofnun eða gera tilraun til þess, vegna þess að ég trúi ekki að framsóknarmenn hafi fallist á það í ríkisstjórn að leggja hana niður.

Varðandi deilur um vísitöluáhrifin, þá er það svo að ekkert voðalega mikið ber á milli þess sem Þjóðhagsstofnun lagði fram í samráði við Hagstofu og þeirra áhrifa sem fjmrn. sjálft hefur lagt fram af hækkunum vegna þessa frv. og vegna komugjalda og hækkunar í heilbrigðisþjónustunni. Þar er verið að tala um 0,33% í heild sinni meðan við erum að tala um 0,35%. Það ber á milli varðandi hækkanir á innritunar- og efnisgjöldum en ég verð að segja það, herra forseti, að ég trúi Þjóðhagsstofnun sem hefur skoðað þetta mál í samráði við Hagstofu miklu betur en fjmrn.

[12:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var vitnað í álit Iðnnemasambands Íslands. Ég vil aðeins láta það koma fram að samstarf menntmrn. og Iðnnemasambandsins er mjög gott og unnið er að því núna að endurskoða þjónustusamning á milli ráðuneytisins og Iðnnemasambandsins. Það er sameiginlegt markmið ráðuneytisins og sambandsins að efla verknám og starfsnám og gera það sem unnt er til þess að fá fleiri nemendur til að stunda slíkt nám. Við erum með ráðagerðir uppi í því og gerðar hafa verið margar ráðstafanir, m.a. þær að standa þannig að málum að þeir sem innritast í starfsnám og verknám geta auk þess að fá sér starfsréttindi í sínu námi, einnig bætt við sig einingum og lokið stúdentsprófi, þannig að staðið er að því með skipulegum hætti að styrkja stöðu verknámsins í framhaldsskólunum.

Það er rangt að leggja þannig út af rannsóknum prófessors Jóns Torfa Jónassonar að þær gefi til kynna að hækkun innritunargjalds úr 6.000 kr. í 8.400 kr. eða það að hækka hámarkið á efnisgjöldunum úr 25.000 kr. í 50.000 kr. sé aðför að verknámi eða starfsnámi. Það er ekkert sem kemur fram í þeim rannsóknum sem rennir stoðum undir þá skoðun sem mér heyrðist koma fram hjá hv. þm., að þær rannsóknir bentu til þess að þessar ráðstafanir sem við erum að gera núna yrðu til þess að draga úr áhuga manna á að stunda verknám eða starfsnám. Ég held að þingmenn geri sér of miklar grillur út af þessu þegar litið er á þá þætti og búi sér til röksemdir í málflutningi sínum varðandi starfsnám og verknám. Að leggja þessar tölur til grundvallar á ekki við nokkur rök að styðjast þegar litið er á þróun og hlutdeild nemenda í starfsnámi og verknámi hér á landi.

[12:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa því auðvitað til föðurhúsanna að stjórnarandstaðan sé að búa sér til einhverjar röksemdir í þessu máli, hvaða áhrif hækkun á slíkri gjaldtöku á námsmenn hafi. Ég vitna t.d. í umsögn Iðnnemasambands Íslands sem ég skora á hæstv. menntmrh. að lesa ásamt umsögn stúdentaráðs, þar sem þeir færa mjög sterk rök fyrir máli sínu. Meðal annars koma fram verulegar áhyggjur hjá Iðnnemasambandinu hvaða áhrif slík gjaldtaka muni geta haft á verknámið. Það er ekki ég sem er að búa þetta til, herra forseti, ég gæti lesið upp úr umsögn Iðnnemasambandsins sem sýnir fram á með mjög sterkum rökum hvaða áhrif þetta getur haft á verk- og iðnnám í landinu og hvaða áhrif það hefur þegar haft, eins og fram kemur í umsögn þeirra. Þeir tefla fram þeim mikla kostnaði sem námsmenn sem leggja fyrir sig verknám hafa, ekki bara af innritunar- og efnisgjöldum, heldur einnig af verkfærakaupum og bókakostnaði.

Það eru því orðin veruleg útgjöld fyrir fólk á Íslandi að fara í nám, sem er nú ansi sérstætt að skuli vera þegar svo mikið er í húfi fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar, að fólk geti stundað hér nám með eðlilegu móti en ekki sé verið að setja upp óeðlilegar gjaldtökur sem hindri fólk í að geta farið í nám. Vegna þess að fólk sem er í iðnnámi sem hefur litlar tekjur milli handanna munar auðvitað um hækkun um 100% á efnisgjöldum, um 25.000 kr. Það er ekkert smátt fyrir þetta fólk þó það sé einhver smáaur í augum hæstv. ráðherra.

Ég var ekki að leggja út af neinum orðum eða skýrslu frá Jóni Torfa Jónassyni í þessu efni, þetta kemur fram í umsögn Iðnnemasambandsins þar sem þeir eru að vísa í umsögn hans. Ég var bara að lesa upp úr skýrslu Jóns Torfa Jónassonar, sem sýnir verulegt brottfall úr skóla og örugglega er hækkun á skráningar- og efnisgjöldum liður í því.

[12:09]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar menn eru að ræða um efnisgjöldin, þá er verið að tala um að hækka heimildina til að innheimta þau úr 25.000 kr. í 50.000 kr. Það er ekki verið að leggja þessi gjöld á nemendur. Ræða hv. þm. og æsingur hennar yfir þessu máli er alveg úr takt við það sem hér er verið að heimila. Það sem verið er að fjalla um er það m.a. að styrkja forsendur fyrir því að hér fari fram nám með þeim hætti að það sé svigrúm til þess að stunda það með hliðsjón af þeim kostnaði sem fellur til.

Þetta eru þau sjónarmið sem menn verða líka að hafa í huga þegar þeir ræða þetta mál en ekki á þeim neikvæðu forsendum sem hv. þm. gerir. Og að Iðnnemasambandið tíundi að nemendur þurfi að kaupa sér verkfæri, það er ekkert nýtt. Það er ekki verið að leggja það til í frv. Það eru heldur ekki verkfæri sem menn eru að kaupa sér vegna námsins, heldur vegna þess starfs sem þeir ætla að fara að vinna. Mér finnst því hv. þm. seilast ansi langt í röksemdum sínum.

Og það er alls ekki hægt að túlka niðurstöður prófessors Jóns Torfa Jónassonar á þann veg að það séu fjárhagslegar ástæður sem valdi því að nemendur innritist ekki í starfsnám og verknám hér á landi.

[12:11]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar verið er að telja fram þann heildarkostnað sem nemendur þurfa að standa undir, þá er verkfærakostnaður auðvitað tekinn með sem er afar mikill hjá ungu fólki sem stundar verknám. Við erum að sýna fram á að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. er að leggja til að til viðbótar þeim mikla kostnaði sem fólk þarf að bera fyrir utan háa húsaleigu og allt sem því fylgir, er verið að leggja auknar byrðar á nemendur sem skiptir verulegu máli eins og

ég hef nefnt. 25.000 kr. bara að því er varðar efnisgjöldin skiptir máli.

Og hvað er hæstv. menntmrh. að segja? Að skólarnir muni ekki nýta sér þá hækkun? Vissulega munu þeir nýta sér hana. Við skulum fara í gegnum það að ári hvernig það hefur komið út, vegna þess að framlög skólanna eru lækkuð sem þessu nemur á móti. Hvernig eiga skólarnir að fara að því að halda uppi eðlilegri kennslu sem þeim er gert samkvæmt lögum nema nýta sér þá að fullu þá heimild sem er knúin hér í gegn með mjög óeðlilegum hætti af ríkisstjórninni, og sem mun stuðla að því að hér verður ekki jafnrétti til náms eins og ég hélt þó að væri þjóðarsátt um í þjóðfélaginu.

[12:12]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kom fram sú skoðun hennar eða grunsemdir að Sjálfstæðisflokknum væri það sérstakt keppikefli að leggja skólagjöld á stúdenta og seilast þannig í vasa þeirra. Ég vil endurtaka það sem hér hefur þegar komið fram í umræðunni að hækkun innritunargjalda í ríkisháskóla er þáttur í því að koma til móts við þann kostnað sem hlýst af að innrita stúdenta. En þar að auki er það til mikils hagræðis fyrir allt skólastarf að innritunargjald sé með þeim hætti að nemendur hugsi sig tvisvar um, þ.e. við vitum öll að það eru nemendur eða fólk sem innritar sig til náms en hefur ekki í huga að stunda það. Með því að hafa innritunargjaldið það hátt eða lágt að fólk hugsi sig tvisvar um áður en það innritar sig, af því hlýst mikið hagræði. Við verðum að taka tillit til þess að þegar skólastarf er skipulagt verður að taka til stofur þar sem nemendur sitja og læra. Það þarf að skipuleggja dæmahópa, umræðuhópa o.s.frv.

Á síðustu árum hefur fjöldi þeirra sem þreytt hafa próf í Háskóla Íslands aukist mjög verulega. Og þar má bæta við að framlög til Háskóla Íslands og háskóla í landinu á síðustu árum hafa einnig aukist verulega.

Reyndar er það svo að við erum öll á því að jafnrétti til náms þarf að vera til staðar og það verður m.a. tryggt með því að hér sé til staðar öflugur lánasjóður og fjölbreytt námsúrval, og vilji stjórnvalda til þess að standa rausnarlega og vel að háskóla- og rannsóknastarfsemi. Það hefur núverandi ríkisstjórn gert.

[12:14]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst engu líkara en það sé keppikefli sjálfstæðismanna að leggja á aukin skólagjöld. Mér finnst ekkert benda til annars þegar t.d. hefur verið sýnt hér fram á aðrar leiðir sem gefa ríkissjóði sömu tekjur með því að hækka tóbaksgjaldið með minni verðlagsáhrifum en hæstv. ríkisstjórn vill ekki hlusta á það, þá er ekki skrýtið þó manni detti í hug að það sé keppikefli að leggja hér sem mest á námsmenn. En tilgangurinn með því, ég veit ekki hver hann er, herra forseti, hann er a.m.k. mjög sérstakur. Vegna þess að ég hélt að allir flokkar hefðu það að markmiði að styðja að jafnrétti til náms. En stjórnarflokkarnir hafa með gjörðum sínum sýnt fram á að það er ekki markmið þeirra að allir hafi jafnrétti til náms óháð efnahag eða búsetu.

Varðandi t.d. skrásetningargjöldin, þá kom fram hjá stúdentaráði að ef þau ættu að vera í einhverjum efnislegum tengslum við innritun nemenda og rekstur nemendaskrár, þá ætti gjaldið að vera 16.000 kr. en ekki 32.500. Það er því auðséð af þessu að slík gjaldtaka á nemendur er farin að standa undir að hluta til almennum rekstri á skólanum og það finnst mér óeðlilegt. Ég vil að nemendur og fjölskyldur sem hafa lítið milli handanna geti með sama hætti og aðrir sem meira hafa boðið börnum sínum upp á að geta stundað nám hér með eðlilegum hætti. En með stefnu stjórnarflokkanna og einkum stefnu Sjálfstfl., af því ég hef þá trú að framsóknarmenn hafi verið píndir inn í þessa gjaldtöku, er verið að hverfa frá því sem sátt hefur verið um í þjóðfélaginu að hér eigi að ríkja jafnrétti til náms.

[12:17]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist ljóst að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ber ekki mikið skynbragð á skólastarf yfir höfuð og áttar sig kannski ekki á því að við skipulagningu skólastarfs þarf að leggja margt af mörkum. Þar er innifalinn launakostnaður við það að skipuleggja skólastarf o.s.frv.

En ég ætla ekki að gera þetta að miklu umræðuefni þar sem ég hef lítinn tíma. Mig langar aðeins að benda á að í Kína þar sem kommúnistar hafa verið við völd frá 1948 þykir ekkert annað eðlilegt en að hafa skólagjöld. Og ég vil benda þeim vinstri mönnum á það hér sem halda því fram að hófleg innritunargjöld, 32.500 kr. sem lagt er til hér, koma ekki til með að torvelda nemendum að innrita sig til háskólanáms, síður en svo.

Ég bendi aftur á að fjöldi þreyttra eininga í Háskóla Íslands hefur aukist verulega á síðustu árum. Nemendum hefur þar fjölgað og framlög til háskólakennslu og rannsókna hafa einnig aukist á síðustu árum. Og ég þakka það góðri stjórn þessarar ríkisstjórnar og hæstv. menntmrh., Björns Bjarnasonar.

[12:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ágætt út af fyrir sig að hv. þm. er ánægð með stefnu Sjálfstfl. í skólamálum en ég býst við að þorri nemenda sé það ekki. 3.200 nemendur mótmæltu þessari hækkun á innritunar- og efnisgjöldum þegar þau komu fram. Það er náttúrlega verulegur hluti nemenda. Og það er athyglisvert að hv. þm. bendir á að sjálfstæðismenn eru að sækja fyrirmynd sína til Kína í skólamálum. Það er athyglisvert, og hefur kristallast í þessari umræðu að stefna sjálfstæðismanna er öll önnur en stefna okkar jafnaðarmanna að því er varðar skólamálin og álagningu í gjöldum á nemendur. Við viljum jafnrétti til náms fyrir alla óháð efnahag en það er alveg ljóst að það er ekki boðið upp á það í stefnu sjálfstæðismanna.

[12:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Síðan við vorum að ræða þetta mál hér í gær hefur það til tíðinda borið að nú liggur fyrir og er opinbert gjört samkomulag aðila vinnumarkaðarins, og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar því tengdar. Það er eðlilegt við þessa lokaumfjöllun um mál sem lúta að efnahagsmálum og ríkisfjármálum að koma aðeins inn á þetta atriði enda hafa efnisatriði frv. sem slíks verið nokkuð ítarlega rædd hér við 2. og 3. umr. og ég get að mestu leyti vísað til þess. Ég kem kannski lítillega í lokin að því sem hér hefur síðast orðið tilefni skoðanaskipta, skólagjöldum, og þeirri sérkennilegu röksemdafærslu talsmanna Sjálfstfl. að skólagjöld, há innritunargjöld og mikill efniskostnaður sem nemendur greiða í skólum, séu sérstaklega til þess fallin að efla námið.

Þá er náttúrlega eðlilegt að spyrja þessa hv. talsmenn Sjálfstfl.: Er ekki betra að hækka þetta enn þá meira? Verður þá ekki námið enn þá öflugra? Væri það ekki enn þá betra fyrir nemendur? Já, það er nefnilega það. Mér kemur ekki á óvart að sjálfstæðismenn kinki kolli í salnum. Þeir eru komnir með alveg skothelda formúlu í þessum efnum: Þeim mun hærri skólagjöld, þeim mun betra fyrir námið og þeim mun betra fyrir nemendur. Þetta er fína teorían. Ég óska sjálfstæðismönnum alveg sérstaklega til hamingju með þessa niðurstöðu sína. Það verður gaman að sjá framan í andlitið á vökustaurunum í Háskóla Íslands þegar þeir fara að bjóða fram með þessa stefnu Sjálfstfl. í veganesti.

Herra forseti. Að öðru leyti ætlaði ég að beina máli mínu sérstaklega að samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Það ber svo vel í veiði að hæstv. forsrh. er hér viðstaddur, og gjarnan mætti hæstv. fjmrh. vera það einnig enda á hann nokkurn hlut að máli.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að þegar ég fór að athuga þetta og lesa betur en ég hafði tíma til eða tækifæri til að gera síðdegis í gær eða gærkvöldi, en gerði í morgun, varð ég þeim mun langleitari sem leið á lesturinn. Út af fyrir sig er það ákaflega ánægjulegt, og aðilar vinnumarkaðarins, almenna verkalýðshreyfingin og Samtök atvinnulífsins, eiga heiður skilinn fyrir að reyna með þessum hætti að ná tökum á ástandinu, ná tökum á verðlagsþróun í landinu og ná niður verðbólgu og skapa hér aftur traustari forsendur atvinnu- og efnahagslífs.

Það er hins vegar alveg ljóst, herra forseti, að þetta byggir á ýtrustu bjartsýni um að verðlagið náist hratt niður hér á allra næstu mánuðum. Til að þessar verðlagsforsendur náist í maímánuði má verðbólgan á næstu sex mánuðum ekki vera nema um þrír og hálfur af hundraði. Hún er núna um níu, milli átta og níu. Hvern mánuðinn á fætur öðrum eru verðlagshækkanir á bilinu 8–9% miðað við heilt ár. Ef skoðaðir eru síðustu fimm mánuðir eru það um 8,4%. Ef skoðaðir eru síðustu sjö mánuðir eru það rétt tæp 8%.

Eigi það að nást að verðbólgan, mæld frá desember/janúar til maí, sé ekki nema um þrír og hálfur af hundraði verður hún að lækka strax í byrjun næsta árs, í mánuðunum janúar og febrúar milli mánaða mælt, niður í u.þ.b. 4%. Varla verður hún nefnilega núll á síðari hluta tímabilsins.

Til að meðaltalið komist svona langt niður verður mikið að gerast og það hratt. Um leið og verðbólgan mælist 6% í janúar/febrúar er markmiðið hrunið. Nema hún mælist þá núll á síðari hluta tímabilsins. Svona mikla bjartsýni þarf til að trúa á að þetta geti tekist. Nú vonum við auðvitað öll að það gerist.

Yfirlýsingin eða samkomulagið í sjálfu sér er mikilvægt innlegg í það mál því það er viljayfirlýsing þessara aðila um að þeir vilja láta þetta takast. Og ég geri ekki lítið úr henni, sérstaklega sálrænu gildi hennar.

Hitt er svo annað mál að menn eru í raun og veru fyrst og fremst að treysta á að þetta gerist af sjálfu sér vegna þess að þær aðgerðir sem fólgnar eru í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins hafa sem slíkar ekki nein verðlagsáhrif, það er ljóst. Og þá kem ég að hinu sem er auðvitað enn þá merkilegra og það er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar — í reynd er hún tóm. Í reynd er þetta ekki yfirlýsing. Í reynd er ríkisstjórnin ekki að lofa neinu nýju sem ekki hefur þegar legið fyrir og þá á ég fyrst og fremst við aðgerðir til að lækka verð á grænmeti sem voru í tilteknum farvegi. Þar voru komnar niðurstöður nefndar. Að hinu leytinu er þátttaka ríkisstjórnarinnar í þessum aðgerðum skilyrt því að verðlagsforsendurnar hafi komið inn aftur, og ekki verði sagt upp í maí. Það gildir um það fyrirheit að þá verði tryggingagjaldið e.t.v. lækkað, eða ekki hækkað eins mikið og ella stóð til. Þegar skoðaðar eru forsendur þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að hækka tryggingagjaldið var tilhlaup í því sem rúmar nokkurn veginn þennan afslátt af hækkuninni.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að höfundar þessarar yfirlýsingar eiga skilið hrós. Ég held að það sé að vísu búið að úthluta nóbelsverðlaunum fyrir bókmenntir í ár en það jaðrar við að hér væru kandídatar í þá samkeppni. Að setja saman þetta mikla yfirlýsingu í sex töluliðum um ekki neitt er auðvitað talsvert afrek.

Förum aðeins yfir þetta, herra forseti.

Í fyrsta tölulið er talað um stöðugleika í efnahagsmálum. Og hvað er sagt þar? Hver eru loforðin? Hverju er heitið?

Með leyfi forseta les ég upp úr Morgunblaðinu í dag:

„Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem meðal annars er lögð til grundvallar í fjárlögum ársins 2002“ — sem búið er að afgreiða — „miðar að því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum, styrkja undirstöður atvinnulífsins og stuðla að bættum lífskjörum.“ — Allt hljómar þetta vel. „Mikilvægt er að þessi sjónarmið séu einnig höfð að leiðarljósi við ákvarðanir í launa- og verðlagsmálum. Ríkisstjórnin lýsir stuðningi við þau markmið sem aðilar vinnumarkaðarins hafa náð samkomulagi um.“ Punktur. Endi.

Er í þessu efnislegt innlegg af hálfu ríkisstjórnar? Er ríkisstjórnin að heita einhverju sem slíku? Nei. Með góðum vilja má kannski segja að hún sé að heita því að spilla ekki fyrir.

Töluliður 2 er um aðhald í ríkisfjármálum. Er þar um eitthvað nýtt að ræða? Er ríkisstjórnin að lofa einhverju nýju eða sérstöku í því? Hefst nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin telur afar mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Í fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir sama afgangi og ákveðinn var í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir að staða efnahagsmála hafi heldur færst til verri vegar að undanförnu.“ Þetta er kannski einhver merkasta sjálfsgagnrýni sem komið hefur frá hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Það er þó viðurkennt að þetta hafi heldur færst til verri vegar að undanförnu. „Með þessari ákvörðun eru send afar skýr skilaboð til allra aðila um að meginmarkmið stjórnvalda í efnahagsmálum nái fram að ganga. Áform ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisfyrirtækja, uppbyggingu stóriðju og fyrirhugaðar breytingar á skattalegu umhverfi einstaklinga og atvinnulífs styðja þessi markmið.“

Er eitthvað nýtt í þessu? Er eitthvert efnislegt innlegg í þessu? Nei. Þetta er tómt. Þetta er bara það sama og búið var að tala um hér undanfarnar vikur og í þessu er engin efnisbreyting fólgin á einn eða neinn hátt. Það er verið að lýsa þegar afgreiddum hlutum eins og fjárlögunum eða áformum sem hafa legið fyrir.

Töluliður 3. Lánamál ríkissjóðs. Er eitthvað nýtt í því? Lesum það:

„Stefnan í lánamálum ríkissjóðs tekur einkum mið af almennri þróun efnahagsmála,“ — nema hvað — „og mun taka tillit til markmiða samkomulags aðila vinnumarkaðarins, og stöðunni á innlendum lánamarkaði.“ Svo kemur, og það er nokkur snilld: „Þetta getur falið í sér“ — ég endurtek, forseti: „Þetta getur falið í sér breytingar á lánasamsetningu ríkissjóðs án þess að um aukningu heildarskulda verði að

ræða. Ríkissjóður hefur á þessu ári aukið lántökur sínar á erlendum markaði í því skyni að styðja við gengi krónunnar og hamla gegn verðbólgu. Á innlendum lánamarkaði verður áfram stefnt að því að styrkja vaxtamyndun og auka skilvirkni markaðarins. Á árinu 2002 verður þannig horft jafnt til áhrifa lánamála ríkissjóðs á gengi krónunnar og langtímaáhrifa á innlenda eftirspurn og verðbólgu."

Ég segi aftur: Nema hvað? Þetta eru allt saman eðlileg viðmið sem menn hljóta að hafa til skoðunar þegar lánamálum ríkissjóðs er skipað. Og það eina nýja, ef menn vilja reyna að túlka það, er þá þetta orðalag: „Þetta getur falið í sér breytingar ..." o.s.frv. Þar er væntanlega verið að vísa til þess að mögulega verði að einhverju leyti breytt pólitík ríkissjóðs í sambandi við fjármögnun, lántökur, og þá eru þar á bak við væntanlega hugmyndirnar um einhverja erlenda lántöku til að setja hér inn í hagkerfið. En orðalagið er þetta.

Í reynd er þannig ekkert í þessu. Þetta er tómt. Þessi töluliður, 3. töluliðurinn, er þannig líka tómur.

4. töluliður. Lækkun á grænmetisverði og verðkannanir.

Þar kemur kannski það eina sem er efnislegt, en það lá þegar fyrir. Það var þegar komin niðurstaða í nefnd sem hæstv. landbrh. hafði að störfum. Fyrir löngu síðan lágu fyrir fyrirheit um að reyna að lækka verð á grænmeti. Því hafði þegar verið lofað eins og menn vita og vegna þrýstings sem skall á mönnum hér fyrr á þessu ári. En þar er talað um að ríkisstjórnin muni í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og bænda beita sér fyrir því að tollar á grænmeti verði felldir niður á nokkrum mikilvægum afurðum og í öðrum tilvikum lækkaðir verulega. Í staðinn verða m.a. teknar upp beingreiðslur til framleiðenda o.s.frv.

Þarna er vitnað í tillögur sem m.a. hæstv. landbrh. var þegar búinn að lýsa sig jákvæðan gagnvart að yrði farið eftir. Hann hafði þá reyndar snúið við blaðinu frá því sem hann hafði sagt nokkrum vikum, eða einum, tveimur mánuðum áður, að hann teldi alls ekki koma til greina að fara þessa beingreiðsluleið.

Ég tel hins vegar skynsamlegt af hæstv. landbrh. að skipta um skoðun í þessu tilviki. Hann er ekki maður að minni fyrir það, enda hefur hann vonandi einhverja samstöðu á bak við sig þar sem um sameiginlega niðurstöðu þessarar nefndar var að ræða. En þetta er bara sett inn vegna þess að svo heppilega stóð á að frá þessu hafði verið gengið í nefndarstarfinu skömmu áður.

5. töluliður er um eflingu starfsfræðslu í atvinnulífinu. Það má reyna að lesa eitthvað efnislegt út úr honum. Því ber að sjálfsögðu að fagna ef þar stendur til að gera átak sem munar um. En hverju er heitið þar, hverju er lofað? Er það nýtt, er það efnislegt og áþreifanlegt? Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmiðið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Samhliða því verði þessum málum komið í fastari skorður með skilvirkari samvinnu þeirra aðila sem sinna þessum verkefnum."

Ágætis markmið og hið besta mál, en er þetta efnislegt innlegg? Er þetta kvarðað með einhverjum hætti? Lofar ríkisstjórnin einhverjum tilteknum fjármunum eða öðru af þeim toga í þetta? Nei, þetta er að sjálfsögðu tómt og hefur ekki gildi nema sem jákvæð og ágæt viljayfirlýsing. Hún er vissulega góð sem slík. En það ætti í sjálfu sér ekki að þurfa neitt sérstakt til til að ríkisvald og aðilar vinnumarkaðarins hafi samstarf og taki höndum saman um þessi mál. Það er bara eðlilegasti hlutur í heimi. Í reynd er þetta eins og að taka fram sjálfsagða hluti.

Þá er eftir 6. töluliðurinn, um lækkun tryggingagjalds, og þá mundi maður halda að þar væri það stóra á ferðinni. Út af fyrir sig er það svo en þar tekur ríkisstjórnin enga áhættu. Hún bíður átekta. Það verður ekki fyrr en í maí þegar í ljós kemur hvort verðlagsforsendurnar halda, þessar afar bjartsýnu forsendur um að verðbólgan náist hér niður í 3,5% að meðaltali næstu sex mánuði og 3% innan ársins. Ríkisstjórnin slær pínulítið af fyrirhugaðri hækkun tryggingagjalds sem í reynd er ekki meiri en svo að það er svigrúm fyrir það í ákvörðuninni eins og hún lá fyrir. Miðað við þær upphæðir sem nefndar voru í forsendum málsins var þar tilhlaup m.a. vegna þess að ríkisvaldið er sjálft greiðandi tryggingagjalds sem vinnuveitandi.

Þannig, herra forseti, er þetta mikil snilld, að tölusetja þetta hér í sex liðum, þar af eru fjórir liðir í raun og veru tómir, sá fimmti inniheldur atriði sem búið var að ganga frá áður og sá sjötti hljóðar upp á að bíða átekta og sjá til og ef allt gengur upp þá skal ríkisstjórnin koma að málinu og slá örlítið af hækkun tryggingagjaldsins. Svona er þetta.

Hvað hefur þá gerst hér í reynd, herra forseti? Jú, það má segja að það sé mikil snilld hjá ríkisstjórninni að fá að vera ókeypis með í þessu máli. Hún fær að vera áhorfandi að málinu og lofar því helst að spilla ekki fyrir. Að öðru leyti er þetta einhliða ákvörðun aðila vinnumarkaðarins og henni ber að fagna. Þeir hefðu svo sem alveg getað sleppt því að hafa ríkisstjórnina með. Hún lofar ekki nokkrum sköpuðum hlut. Ekki neinu. En sjálfsagt hafa menn talið það sálrænt sterkara að leyfa ríkisstjórninni að vera með, að vera áhorfanda að þessu máli. Út af fyrir sig býst ég við að það sé heldur léttara fyrir aðila vinnumarkaðarins að selja umbjóðendum sínum niðurstöðu málsins með því að ríkisstjórnin fái að vera þar áhorfandi, standa til hliðar og horfa á hvernig málin gangi fram í maí og koma mögulega að borðinu ef vel tekst til.

Svona er þetta, herra forseti, þegar farið er yfir þetta efnislega. Eftir stendur fyrst og fremst að sem slík er þessi niðurstaða málsins jákvæð vegna hinna sálrænu áhrifa sem hún hefur. Það er að sjálfsögðu innlegg í ástandið hér á næstu mánuðum að kjarasamningar losna ekki í febrúar. Ég geri að sjálfsögðu ekki lítið úr því. Í því er í raun fólgið hið eiginlega inntak þessa máls. Ekkert annað hefur gerst en það að menn hafa ákveðið að bíða fram í maí og segja ekki samningunum upp núna í febrúar, sem borðleggjandi er að verðlagsforsendur hefðu ella mælt með.

Í öðru lagi, herra forseti, aðeins um ástandið í þjóðfélaginu á þessum tímamótum, þegar við erum að ljúka störfum Alþingis á því herrans ári 2001 og menn fara að huga að jólabakstrinum. Hvernig er það? Það var afar athyglisvert að í morgun birtir hið merka blað, Morgunblaðið, leiðara sem að hluta fjallar um þetta mál. Í tvískiptum leiðara Morgunblaðsins í dag er neðri hlutinn undir fyrirsögninni „Fátækt í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar". Reyndar er efri hluti leiðarans líka merkilegur. Þar er fjallað um áhættusama uppsögn ABM-sáttmálans. Og það merkilega gerist að þar vottar fyrir þó nokkurri gagnrýni hjá Morgunblaðinu á ákvörðun bandarískra stjórnvalda í því efni. Í neðri hluta leiðarans má auðvitað líka segja að votti fyrir ákveðinni gagnrýni á íslensk stjórnvöld, á ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Odds-

sonar. Það er ekki á hverjum degi sem sjálft Morgunblaðið gagnrýnir þessar tvær máttarstoðir Vesturlanda, Bandaríkjastjórn og Davíð Oddsson. En það gerist í dag. Þetta er auðvitað merkur dagur í sögu stjórnmálanna, að Mogginn skuli gerast svona djarfur að leyfa sér að gagnrýna báðar máttarstoðirnar.

Morgunblaðið segir ágætlega frá því að örtröðin hafi aukist hjá Mæðrastyrksnefnd. Þar er vitnað í grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær, þ.e. fimmtudag, og er unnin af einum blaðamanni Morgunblaðsins, Sunnu Ósk Logadóttur. Sú ágæta blaðakona gekk til liðs við starfsfólk Mæðrastyrksnefndar einn dag í vikunni sem leið og kynntist af eigin raun því sem sú nefnd sinnir. Þar er lýst fátækt sem Morgunblaðið telur ótrúlegt að finnist í velferðarríkinu Íslandi í uppahfi 21. aldar. Með leyfi forseta, er kannski rétt að lesa þetta upp. Það á alveg erindi hér inn í þingtíðindin:

„„Örtröðin eykst hjá Mæðrastyrksnefnd fyrir hátíðarnar þar sem konur og karlar vinna í sjálfboðavinnu starf í þágu fátækra á Íslandi.“

Þetta eru upphafsorð greinar sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Eflaust hefur mörgum brugðið í brún við að lesa lýsingar blaðamannsins, Sunnu Óskar Logadóttur, sem gekk til liðs við starfsfólk Mæðrastyrksnefndar einn dag í vikunni.

Að fátækt sem lýst er í greininni skuli finnast í velferðarríkinu Íslandi í upphafi 21. aldar er ótrúlegt og engum til sóma. Íslendingar þekkja úr sögu landsins að allt frá landnámi barðist hluti þjóðarinnar við sult og seyru fram á tuttugustu öldina. Þó svo aðstæður séu aðrar í dag er sárt til þess að hugsa að enn í dag þurfi talsverður hópur að leita á náðir hjálparsamtaka til þess að geta fætt og klætt sig og sína.

Það starf sem starfsfólk Mæðrastyrksnefndar sem og annarra hjálparsamtaka vinnur í sjálfboðavinnu er aðdáunarvert og ánægjulegt að vita af einstaklingum sem láta sig velferð annarra varða. Ósjálfrátt eykur það trú á manninn að sjá slíkt starf unnið af jafnmikilli óeigingirni og raun ber vitni.

En til þess að hjálparsamtök geti veitt þá aðstoð sem greinilega er þörf á þurfa landsmenn að leggja sitt af mörkum til að þeir sem minna megi sín geti notið jólahátíðarinnar líkt og flestum þykir sjálfsagt. Mörg fyrirtæki og einstaklingar veita hjálparsamtökum liðsinni með ýmsum hætti og er það af hinu góða en jafnframt á það að vera íslensku þjóðinni metnaðarmál að tryggja að enginn landsmaður þurfi að leita á náðir hjálparsamtaka vegna fátæktar.“ — Heyr fyrir þessu.

„Því eins og verslunareigandi í miðbænum sem hefur aðstoðað í Mæðrastyrksnefnd fyrir jólin undanfarin ár segir í Morgunblaðinu í gær: „Það eru þung skrefin fyrir þessar konur hingað inn.““

Ég tek undir þessi orð Morgunblaðsins. Það eina sem mér finnst þarna upp á vanta er að kveðið sé skýrar að orði um sameiginlega ábyrgð okkar á því að útrýma fátækt úr þjóðfélaginu. Hvernig gerum við það, herra forseti? Við gerum það með öflugu samábyrgu velferðarkerfi. Það er til þess. Ég tel auðvitað að Morgunblaðið sé óbeint, án þess að segja það, að skírskota til þess. Slíkt verður aldrei hægt að leggja eingöngu á herðar hjálparsamtaka eða einstaklinga í samfélaginu. Það fyrirkomulag er ekki gott. Það er þekkt í ákveðnum löndum og ég held að flestir séu sammála um, a.m.k. þeir sem á Norðurlöndunum búa, að við viljum ekki skipti á okkar samábyrga opinbera velferðarkerfi, öryggisnetinu okkar í samfélaginu, og hinu þar sem kirkjan eða aðrar hjálparstofnanir halda fátæklingum lifandi með súpugjöfum. Það er ekki fyrirkomulagið sem við höfum valið okkur og vonandi viljum við ekki slíkt fyrirkomulag.

Hví er ég að gera þetta að umtalsefni hér, herra forseti? Jú, vegna þess að við fjárlagaafgreiðsluna, í þessum bandormi um ríkisfjármál, erum við í og með að takast á um þessa hluti. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn ætti að líta í eigin barm og m.a. spyrja sig: Bíddu, er ekki eitthvað að? Af hverju er ástandið þannig að sívaxandi fjöldi fátæklinga leitar á náðir Mæðrastyrksnefndar eða annarra hjálparsamtaka til þess að geta haldið jólin? Eru þá ekki einhvers staðar göt í því tryggingakerfi sem við héldum að við hefðum til að fyrirbyggja slíka hluti? Staðreyndin er að þannig er það.

Við vitum hverjir það eru upp til hópa sem þurfa að stíga þessi þungu spor. Það eru einstæðar mæður. Það eru heimilislausir. Það eru húsnæðislausir öryrkjar og aðrir slíkir. Þetta liggur fyrir í könnunum. Það er til sundurgreining á því hverjir þetta eru, hverjir þurfa að leita aðstoðar félagsstofnana sveitarfélaga. Hverjir eru heimilislausir svo tugum ef ekki hundruðum skiptir hér í Reykjavík? Það eru m.a. geðfatlaðir sem eiga í engin hús að venda. Það er ljóst að $^{2}/_{3}$, jafnvel $^{3}/_{4}$ einstæðra mæðra í Reykjavík þurfa á einhvern hátt á aðstoð að halda fyrir utan það sem hið opinbera velferðarkerfi býður upp á. Þær leita til Félagsstofnunar eða hjálparsamtaka.

Þetta eigum við að láta okkur að kenningu verða. Það er dapurlegt, herra forseti, til þess að vita að á sama tíma og almenn velmegun hefur yfirleitt farið vaxandi, t.d. á Norðurlöndunum, gerist það líka á hinum endanum að fátækt vex. Þetta sýna kannanir. Það er að vísu svokölluð relatíf eða hlutfallsleg fátækt og það er erfitt að mæla þetta öðruvísi en að bera stöðu þeirra lakast settu saman við meðaltalið í samfélaginu. Þar með er hún um leið borin saman við framfærslukostnaðinn í viðkomandi landi. Það kemur í ljós, hæstv. forsrh., að sérstaklega á Íslandi og í Noregi, þessum tveimur ríkustu Norðurlandanna, er þetta að gerast. Aðstöðumunurinn vex hratt í samfélaginu. Almenn velmegun hefur vaxið, sérstaklega hafa kjör þeirra sem mest hafa batnað, en fátæktin vex líka á hinum endanum. (Gripið fram í.) Þessi hlutfallslega fátækt.

Herra forseti. Það er bara þannig að þetta er raunveruleg fátækt. Lífskjör manna og aðstæður verður að setja í samhengi við það þjóðfélag sem þeir búa í. Það er ekki hægt að fara í þetta á hinn veginn, að segja: Já, en þetta fólk er ekki fátækt ef við berum það saman við þá sem búa í Afríku eða einhvers staðar annars staðar vegna þess að þetta fólk býr á Íslandi. Það á ekki annan kost en að greiða húsnæðiskostnað og matvælaverð sem er hér en ekki einhvers staðar annars staðar. Þetta er raunveruleg fátækt, hæstv. forsrh. Það er það sem Morgunblaðið er að segja okkur með heimsókn sinni til Mæðrastyrksnefndar. (**Forsrh.:** Ekki þessa reikningsaðferð.) Og það á að vera okkur öllum, herra forseti, mikið áhyggjuefni. Það eiga að vera okkur mikil vonbrigði og við eigum að reyna að taka höndum saman um að bæta úr þessu ástandi. Það gerum við með því að ríða betur öryggisnetið sem á að vera til staðar í hinu samábyrga, opinbera velferðarkerfi fyrir þá sem verða fyrir áföllum í lífinu og þurfa á aðstoð og stuðningi að halda.

Herra forseti. Það er dapurlegt að þegar sjálf ljósahátíðin nálgast skuli einn höfuðfjölmiðill landsins — ábyggilega ekki að ástæðulausu. Morgunblaðið birtir þennan leiðara örugglega ekki í hugsunarleysi — senda okkur mjög mikilvæga aðvörun, mikilvæg skilaboð til okkar allra og auðvitað

ekki síst ráðamannanna sem fara með völdin í landinu þessa dagana.

Um þennan bandorm, herra forseti, hefur síðan eins og ég sagði í upphafi máls míns verið fjallað svo rækilega að ég sé ekki ástæðu til að fara þar ofan í einstök efnisatriði heldur vísa til þess sem áður hefur verið sagt og áður hefur komið fram. Ég vil bara að lokum aftur nefna það sem hér bar á góma í orðaskiptum fyrr í umræðunni milli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hæstv. menntmrh. og reyndar einnig hv. þm. Stefaníu Óskarsdóttur sem talaði áðan. Þar fannst mér í raun og veru, svo maður tali af fullri alvöru um það grafalvarlega mál, vera komið út á ákaflegan hálan ís í röksemdafærslu. Það var ótrúlegt að heyra hæstv. menntmrh., með stuðningi frá hv. þm. Sjálfstfl., staffírugan halda því hér fram að í raun væri þetta allt af hinu góða, að hækka innritunargjöldin og hækka efniskostnaðinn því það mundi efla skólastarfið. Við áttum eiginlega að trúa því líka, ef ég tók rétt eftir, að þetta væri gott fyrir námsmennina, þeir hefðu alveg sérstaklega gott af því að borga þarna 50 þús. kr. Þetta væri bara gott fyrir alla.

Hvar lenda menn með þessum hugsunarhætti? Hvenær verða skólagjöldin orðin nógu há? Auðvitað er algjörlega ljóst, herra forseti, hvað þarna er að gerast. Sjálfstfl. vinnur að því baki brotnu að koma á skólagjöldum og einkavæða skólakerfið. Hann tekur það í áföngum, gerir tilraunir hér og þar, í Hafnarfirði í dag, einhvers staðar annars staðar á morgun. Svona er þetta. Og dekur ríkisstjórnarinnar við einkaskólana er ljósasta dæmið um hvað er á ferðinni. Það bítur náttúrlega höfuðið af skömminni að samkvæmt reiknireglum sem hæstv. menntmrh. hefur búið sér til, sem bitnar sérstaklega harkalega á opinberu skólunum og skólunum á landsbyggðinni, refsar þessi hækkun í reynd opinberu skólunum en einkaskólarnir hafa allt sitt á þurru. Þeir fá sömu framlög og í reynd hærri en opinberu skólarnir, t.d. opinberu háskólarnir, og taka svo til viðbótar hundruð þúsunda í skólagjöld. Þetta er óþolandi, herra forseti. Engin þjóð nema Íslendingar undir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar lætur sér detta í hug að hafa þetta svona. Alls staðar annars staðar í löndunum í kringum okkur er þetta gert öðruvísi þannig að framlög til einkaskóla sem taka há skólagjöld eru þá dregin niður að sama skapi frá hinu opinbera þannig að aðstöðunni milli þeirra er ekki raskað og þetta er haft sem hlutlausast í þessum efnum. Enda er það algjörlega augljóst að ef menn gera það ekki eru þeir við smátt og smátt að leggja hið opinbera skólakerfi niður eða gera það annars flokks og ætla að veðja á einkaskólana alfarið í framtíðinni. Þessari stefnu, herra forseti, mótmæli ég mjög harðlega og það er mál til komið að þjóðin átti sig á því hvað ríkisstjórnin er að gera í þessum efnum undir forustu Björns Bjarnasonar. Svo eru menn að vorkenna framsóknarmönnum eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Það var það eina sem ég gagnrýni í annars ágætri ræðu hv. þm. Það er engin ástæða til að vorkenna framsóknarmönnum. Þeir vita vel hvað þeir eru að gera. Þeir hafa látið troða því ofan í kokið á sér að hækka skólagjöldin umfram það sem þeir þóttust vera tilbúnir til samanber yfirlýsingar þingflokksformanns þeirra og þeir eiga ekkert annað en skömm skilda fyrir það.

[12:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða bandorminn sem slíkan eða efni hans að neinu leyti við lok þessa máls vegna þess að, eins og ég hef áður sagt, er hann margræddur hér og ekkert er óljóst á milli manna þó að skoðanir séu enn þá skiptar. Ég hygg að umræður til lengri eða skemmri tíma muni ekki breyta því á hvorugan veginn, hvorki hjá stjórnarliðum né stjórnarandstöðu. Það er allt saman þekkt.

Hins vegar vil ég víkja aðeins að því sem hv. 3. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon ræddi áðan til hliðar við málið, en sjálfsagt er að ræða það undir þessum lið, þ.e. það samkomulag sem varð á milli aðila á vinnumarkaði með ákveðnum atbeina ríkisstjórnarinnar og vissri aðkomu Seðlabankans. Það má alveg staðfesta það sem fram kom í orðum hv. þm. að yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar eru ekki afgerandi loforð um stóraukin útgjöld á einhverjum sviðum. Það er svo sannarlega ekki. Það stóð aldrei til, enda í aðdraganda málsins, meðan á viðræðum stóð við aðila vinnumarkaðarins, var algjörlega ljóst að allir töldu nauðsynlegt að ríkissjóður yrði rekinn með afgangi, því markmiði mætti ekki breyta þannig að yfirlýsingar um stóraukin útgjöld ríkissjóðs sem stundum hafa komið til, eins og menn vita, við gerð kjarasamninga til að liðka til við gerð þeirra, áttu ekki við við þær aðstæður sem hérna voru á ferðinni. Þó segja megi og viðurkenna að sumt sem orðað er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé á ríkisstjórnarlegu kansellímáli vita aðilar vinnumarkaðarins sem hafa tekið þátt í þessum viðræðum hvað í því felst og vita hvaða sjónarmið búa að baki hjá ríkisstjórninni og eru sáttir við þau sjónarmið. Það er ekkert launungarmál að aðilar vinnumarkaðarins lásu þennan texta vandlega yfir áður en hann var gefinn út. Þó að auðvitað beri ríkisstjórnin á honum ábyrgð lásu þeir hann vandlega yfir áður en hann var gefinn út til að hann væri í takt við það sem verið var að gera og jafnframt að menn teldu að sú yfirlýsing stuðlaði með öðru að þeirri niðurstöðu sem þarna varð.

Ég tek undir með hv. þm. að ég tel afar þýðingarmikið í sjálfu sér, eitt og sér, að tekin var ákvörðun um að fresta mælingunni frá 1. febrúar til 1. maí vegna þess að febrúarmælingin fór fram á tíma sem var áður en til nokkurra samninga var gengið, tíma sem samkvæmt verðlagsmælingum lá fyrir að það mundi verða erfitt. Hins vegar lá þegar fyrir, til að mynda í spá Seðlabankans, að tíminn í kringum 1. maí/júní var allt annar tími og þá væru miklu meiri líkur á að staðreyndir sem við höfðum verið að spá væru þá gengnar fram, á þeim tíma, og menn sæju þá svart á hvítu að um hefði verið að ræða verðbólguskot eins og við höfðum alltaf haldið fram, þ.e. að það tæki tíma til að ganga fram.

Hv. þm. nefndi verðbólguþróunina og fór reyndar annars vegar fimm mánuði, hygg ég, og hins vegar sjö mánuði fram í tímann. Ef hann hefði farið aðeins nær okkar í tímanum væri verðbólgan ekki sú sem hann er að nefna, þ.e. ekki á bilinu 8–9%. Ef menn horfa til síðasta mánaðar og síðustu mánaða eru menn á bilinu 5–6% staddir í tímanum í verðbólgunni. Það er alltaf varasamt að framreikna einn og einn mánuð og tvo og þrjá mánuði. Ég kannast við það. Engu að síður erum við stödd þar á tímanum.

Ég vil líka taka fram að auðvitað var ekki farið á bak við neinn varðandi viss atriði sem þegar eru þekkt eins og varðandi hækkun mjólkurinnar og eins varðandi 7% hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins. Þessir þættir lágu fyrir og aðilar vinnumarkaðarins vissu að þeir mundu ganga yfir. 7% hækkun afnotagjalds Ríkisútvarpsins þýðir 0,05% hækkun á vísitölu. Ef menn skoða nákvæmlega þennan lið, hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins um 7% sem gengur nánast yfir alla þjóðina — hún vegur 0,05 — sjá menn strax í hendi

sér að talan 0,14 varðandi skólagjöldin upp á 100 millj. fær ekki staðist. Bara sá samanburður einn segir okkur það þannig að hugmyndir fjmrn. í þeim efnum, að hún muni þýða 0,05% en ekki um 0,14% eru augljóslega réttari en aðrar ágiskanir sem menn höfðu fengið um þetta fyrir fram.

Mjólkin mun auðvitað þýða töluverða hækkun þegar hún kemur sem eins skiptis hækkun um áramótin. Það hefur legið fyrir. En það var reyndar þannig að forráðamenn kúabænda gerðu sitt til að taka þátt í þessum efnum vegna þess að það hefði alveg mátt búast við því að sú hækkun gengi fyrr fram, til að mynda 1. nóvember en ekki 1. janúar. Menn eru því víðs vegar um völlinn að leitast við að stuðla að því að þessi þróun verði jákvæðari. Ég held að þessir samningar og þessi samstaða sem um þetta hefur náðst muni ein og sér hafa þau áhrif úti í þjóðfélaginu — af því að menn eru að horfa á þessa tilteknu tölu — að allir aðilar munu nú hugsa sinn gang mjög rækilega áður en þeir hleypa verðlagi glannalega fram eða kannski af meira umhyggjuleysi en þeir hefðu ella gert.

Ég tel því afar líklegt, eins og ég sagði í gær, að með þessum hætti muni þessi tala nást. Ég tel því afar líklegt. Það er ekki víst, en ég tel það afar líklegt.

Ég vil aðeins nefna annað vegna þess að hv. þm. orðaði það einhvern veginn svipað og fjölmiðlar, en þeir sögðu sem svo að augljóst væri að samningum yrði sagt upp. Þetta er örlítill misskilningur, þó að við hefðum ekki farið þá sátt að færa það til. 1. febrúar var orðið augljóst að þá yrðu forsendur til þess að menn hefðu rétt til að segja upp kjarasamningum. En það var ekki endilega ljóst að menn hefðu gert það. Það lá ekki fyrir. Það urðu menn að vega og meta, hvert félag fyrir sig og launþegahreyfingin sameiginlega, hvort það væri haldbesti kosturinn eða ekki, það væri ekki sjálfkrafa uppsögn. Reyndar er það svo að 1. maí-talan sem kemur til skoðunar þýðir ekki sjálfkrafa uppsögn. Það er misskilningur. Á hinn bóginn þýðir hún að menn hafa leyfi til þess, á þeim tíma, eins og þeir mundu ella hafa haft í febrúar, að segja samningunum upp. Þá verða þeir að vega og meta hvernig aðstaðan er, hvort nánast hafi engu munað að þetta héldist o.s.frv. hver framhaldsþróunin er líkleg til að vera o.s.frv. Ég vona að til slíkra vangaveltna þurfi alls ekki að koma af því að ég tel að mjög vaxandi líkur séu á því að vegna þróunar gengis, ekki síst, og vegna almennrar varfærni sem menn munu sýna, muni þessi tala halda.

[12:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu og fyrir þær upplýsingar sem komu fram af hans hálfu.

Í fyrsta lagi vil ég drepa á forsendur samninga. Ég held að öllum sé ljóst að verkalýðshreyfingin hefði ekki getað gert annað — ég held að einfaldast sé bara að orða það á mannamáli — en að segja upp samningnunum þegar forsendurnar voru augljóslega alveg brostnar, nema eitthvað kæmi til. Ég held að allar aðstæður hafi einfaldlega verið þannig að það hefði orðið óumflýjanlegt í febrúar nk. nema eitthvað annað kæmi til.

Hæstv. forsrh. staðfestir það sem ég sagði, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu í reynd ekki fólgin loforð um nein ný útgjöld eða hluti af því tagi. Ég var ekki endilega að gagnrýna það eða vænta þess að á ferðinni væru einhver einhliða loforð af hálfu ríkisstjórnarinnar um stóraukin ríkisútgjöld, en einhverjar tilfærslur eða aðgerðir, einhverjar breytingar sem menn hefðu talið koma málinu til góða, hafa jákvæð áhrif á verðlagsþróunina og/eða koma til móts við launamenn og bæta kaupmátt þeirra eða treysta stoð þeirra að einhverju leyti. Það hefði maður frekar átt von á að sjá í þessum tillögum. Eins og ég segi, það sem mér finnst einna athyglisverðast við þetta mál er að þessi yfirlýsing skuli vera tóm í raun og veru þangað til þá 1. maí ef vel tekst til.

Herra forseti. Ég hef eingöngu dregið athyglina að því að eins og verðbólgan er núna og hefur verið undanfarna mánuði — ég styðst þar beint við gagnagrunn Hagstofunnar og ég tel að ég hafi farið þar rétt með allar tölur. Ég er með þær hér í höndunum — þarf að ganga mjög vel strax á fyrstu mánuðum næsta árs til að þetta takist. Verðbólgan þarf að helmingast a.m.k. strax í janúar, febrúar, mars því að ekki verður hún núll. Það er óraunhæft að reikna með því að hún verði núll í apríl og maí. Við vonum auðvitað að þetta takist. Það þarf að ganga ákaflega vel og það sem ég bið fyrst og fremst um er að ríkisstjórnin fari varlega í hugmyndir um erlendar lántökur til að dæla inn í hagkerfið.

[12:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt. Ég sagði ekki eða ég vona a.m.k. að ég hafi ekki sagt að hv. þm. hafi farið vitlaust með tölur, þ.e. vitlaust með þær tölur sem hann valdi. Ég sagði eingöngu að hann hefði getað valið aðrar tölur aðeins nær í tímanum. Það var það sem ég nefndi.

Svo má vera að ég hafi líka sagt að ríkissjóður væri ekki að dæla inn neinum útgjöldum vegna þessara aðgerða en það er ekki rétt því að auðvitað mun grænmetisþátturinn kosta eitthvað á þriðja hundrað milljónir króna miðað við heilt ár. Það eru að vissu leyti miklir peningar og auðvitað þarf það að koma til kasta manna hér þegar sú ákvörðun verður endanlega tekin. Hugsunin í því dæmi er þó sú að sá samningur eða sú aðgerð, sem væntanlega yrði bundin til árabils, til að mynda tíu ára, væri þó þannig að á henni væri ákveðinn flái þannig að það væri hvatning fyrir grænmetisframleiðendur að ná fram hagræðingu meðan á því tímabili stæði.

[13:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ástæðulaust að við hæstv. forsrh. eyðum tíma þingsins í að velta vöngum yfir þessum tölum. Þær liggja allar fyrir. Ég get bara lesið upp úr gagnagrunni Hagstofunnar hvernig verðbólgan hefur mælst milli mánaða, fært yfir á ársgrundvöll, mánuðina ágúst, september, október, nóvember, desember. Þær tölur eru: Í ágúst 7,9%, í september 8,4%, í október 8,0%, í nóvember 8,1% og í desember 8,6% — (**Forsrh.:** Horft tólf mánuði aftur í tímann.) reiknað tólf mánuði aftur í tímann út frá verðlagsbreytingunum milli mánaða. Það er vissulega alveg hárrétt sem hæstv. forsrh. bendir á í því sambandi.

Í tengslum við grænmetispakkann koma til útgjöld ríkissjóðs, gott og vel. En eins og ég hef þegar bent á lá sú niðurstaða fyrir í tillögum nefndar sem starfaði í reynd óháð þessum hlutum. Þar færast til gjöld. Þar er ekki verið að leggja á nýjar álögur í raun og veru. Verð á innfluttu grænmeti á að lækka á móti og þar hverfa tollar sem áður voru teknir í ríkissjóð af því. Í staðinn fyrir að neytendur borgi í gegnum vöruverðið borga þeir það sem skattgreiðendur úr ríkissjóði í formi beingreiðslna til innlendu framleiðslunnar.

Þegar upp er staðið má í raun segja að þetta sé fremur tilfærsla í þessum skilningi en annað, auk þess sem þeir fjármunir fara að sjálfsögðu í umferð frá þeim sem þeirra njóta, skulum við vona. (**Forsrh.:** Þetta er manneldismál.) Auk þess er þetta manneldismál og hið besta mál á allan hátt og ég styð það af því að ég er eindreginn stuðningsmaður þess að við höfum hér öflugan innlendan landbúnað og eru þá vonandi allir harla sáttir.

[13:02]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mig langar að minnast örstutt á frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, svokallaðan bandorm. Enn og aftur vil ég fjalla örlítið um 9. gr. til að gera það ljóst að ástæðan fyrir því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggst gegn því að 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu falli brott er sú að við viljum styrkja sjúkrahótelin og efla þá þjónustu. Við viljum hins vegar gera það á annan hátt en að fella þau undan skilgreiningu um sjúkrahús þannig að hægt sé að taka gjald fyrir fæði af hverjum þeim sjúklingi sem er á sjúkrahótelinu. Við viljum heldur að starfsemin verði styrkt og farið verði að beiðni Rauða kross Íslands og greitt fyrir fleiri daggjaldapláss en gert er í dag. Það liggur fyrir beiðni um 20 pláss til viðbótar. Rauði kross Íslands hefur leyfi fyrir 28 plássum. Nýtingin er allt að 40 plássum að meðaltali og að sjálfsögðu þarf Rauði kross Íslands að fá greitt fyrir þann umframkostnað. Við leggjum því til að þetta verði áfram inni til þess að styrkja starfsemina.

Máli mínu til rökstuðnings vil ég vísa til laga um heilbrigðisþjónustu, 23. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sjúkrahús eru í lögum þessum hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast."

Svo vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp skilgreiningu á þeim störfum sem hjúkrunarfræðingum er ætlað að sinna á hóteli Rauða krossins. Þau eru eftirfarandi:

„Störf hjúkrunarfræðings felast einkum í eftirliti með heilsufari og líðan sjúklinga, viðbrögðum í neyðartilvikum, ráðgjöf, stuðningi, sálgæslu og tengslum við þá aðila sem veita sjúklingum meðferð. Hjúkrunarfræðingarnir sinna almennri hjúkrun þeirra sjúklinga sem á henni þurfa að halda, svo sem böðun, en áhersla er lögð á að þetta er ekki sjúkradeild, heldur sjúkrahótel. Eftir að hjúkrunarfræðingar voru ráðnir til starfa við sjúkrahótelið hafa hjúkrunarfræðingar sem sinna heimahjúkrun ekki þurft að koma þar inn með sína þjónustu. Hins vegar fá þeir sjúklingar sem þurfa sjúkrahústengda heimaþjónustu, svo sem konur eftir brjóstatöku sem þurfa mjög sérhæfða aðstoð við sáraskiptingar þá þjónustu frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi."

Herra forseti. Þau störf sem nú eru unnin inni á sjúkrahótelinu falla alfarið undir skilgreiningu á starfsemi sjúkrahúsa. Ég tel að með þessu sé verið að fórna miklu fyrir minna, þ.e. 10 millj. kr. af rekstri heilbrigðisþjónustunnar er ekki það há upphæð að hún skipti máli. Aftur á móti mun þessi breyting skilja sjúkrahótelið eftir í lausu lofti, hugsanlega skera á þá tengingu sem er á milli Landspítalans og sjúkrahótelsins. Ég veit ekki, herra forseti, hvort eða hvernig Landspítalinn getur eftir þessa breytingu réttlætt að greiða þrjú og hálft stöðugildi hjúkrunarfræðinga við sjúkrahótelið, sé það ekki lengur skilgreint sem starfsemi sjúkrahúsa. Ég held að með þessu séum við hugsanlega að setja í uppnám starfsemina sem fyrir er í stað þess að efla hana. Ég harma þessa gjörð. Það væri nær að styrkja þessa starfsemi, efla sjúkrahótelið en vitaskuld að láta ekki kostnaðinn lenda á Rauða krossinum. Þetta er heilbrigðisþjónusta sem við eigum að efla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 575, brtt. 592.

[13:07]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er auðvitað svo að um þetta mikla örlagamál hefði verið ástæða til þess að setja á langa og ítarlega tölu. Hins vegar hefur verið samið um niðurskurð umræðna í jólaönnum hins háa Alþingis. Ég verð við því að lengja ekki ræðu mína um of, einnig með tilliti til þess að gefin hefur verið út yfirlýsing um að heildarendurskoðun fiskveiðistjórnarlaganna, sem að vísu hefur margoft verið lofað áður, komi fram á hinu háa Alþingi mjög fljótlega eftir áramót. Þá gefst tími til að gera þessu máli ítarlegri skil. Enda er það svo að það lagafrv. sem hér er til umræðu er aðeins lítill angi af fiskveiðistjórninni en þó örlagaríkur að sínu leyti.

Hér er verið að reka nagla í líkkistu athafnafrelsis í aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Þeir sem negla sem ákafast er einkaframtaksflokkurinn, Sjálfstfl. og athafnafrelsisboðberinn mikli. Hann er þarna að setja smábáta inn í stóra braskkerfið og hindra þannig að menn geti bjargað sér og sótt sinn eigin sjó. Allt er þetta með miklum ólíkindum en minn gamli flokkur hefur gengið lénsherrunum á hönd. Það er rétt að menn fari að gera sér grein fyrir því að þeir hafa gengið sægreifunum á hönd og láta stjórnast af þeim. Auðvaldið á öll undirtök í mínum gamla flokki sem einu sinni fylgdi frjálslyndi og frelsi til orða og athafna. Sú skoðun er þar ekki lengur við völd.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til orða veðurstofustjóra, Magnúsar Jónssonar, sem gætu gjarnan verið mottó þessa máls. Hann segir:

„Ég tel fiskveiðistjórn síðasta áratugar mesta samfélagslega ógæfuverk sem framið hefur verið í sögu þjóðarinnar."

Sagt er að sá valdi miklu sem upphafinu veldur. Það má auðvitað rekja aðallega til þeirrar stofnunar sem hefur verið ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir Íslands nú í 25 ár eða nærri 30, Hafrannsóknastofnunar. Ásgeir Jakobsson sem var þrautkunnugur íslenskum sjávarútvegi skrifaði 19 greinar á 20 ára tímabili þar sem hann fylgdist með og gagnrýndi störf Hafrannsóknastofnunar. Þær greinar eru nýkomnar út í bók og þingmenn ættu að gera hana að skyldulesningu sinni á jólahátíðinni, sérstaklega þeir sem ættaðir kunna að vera úr Bolungarvík því að þar á þessi maður rætur sínar. Hann rífur þar jafnóðum niður allar ráðagerðir Hafrannsóknastofnunar svo ekki er eftir á þeim rífanda ræksn. Hann sýnir fram á að allt sem þeir hafa lagt til hefur endað í skötulíki.

Hann rifjar upp veiðireynslu okkar á 22 ára tímabili, frá 1950–1972. Samkvæmt þeim tölum sem hann birtir var jafnstöðuafli þorsks á þessum 22 árum árlega 438 þús. tonn, sveiflaðist aðeins yfir 500 þús. tonn og niður í 380–390 þús. tonn. Þetta var jafnstöðuafli þorsks. Af því skyldu menn geta

dregið þá ályktun að þetta væri meðalaflinn sem þorskslóðin gæti gefið af sér ef hún fengi að vera í friði. Á þessu tímabili var engin Hafró, þá var engin verndarstofnun til málamynda. Þá gengu menn til veiða eins og hverjum sýndist. Þar á meðal voru töluvert af þeim tíma erlend veiðiskip hér við veiðar.

Raunin er sú að að kerfið sem átti að vernda fiskinn hefur brugðist með öllu. Það eru hvergi til minnstu rök fyrir því að það hafi gert nokkurt gagn, mun fremur hið þveröfuga. En þetta hefur náttúrlega verndað lénsherrana. Það eina sem þetta kerfi hefur verndað eru sægreifarnir.

Hv. 5. þm. Vestf. lét taka við sig viðtal í blaðinu Bæjarins besta, á Ísafirði. Hann er samþingsmaður hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar og hann birtir hér, og það er engin smáræðisfyrirsögn:

„Ef við sættumst við fiskveiðistjórnkerfið á bolfiskinum eins og það er í dag, þá erum við dauðir."

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég minna hv. þm. á að ef um beina tilvitnun er að ræða þarf til þess leyfi forseta.)

Já, en hann hefur samt vonandi skilið þetta þó að ég hefði ekki fengið til þess leyfi hans. Að þessu mun ég gá, herra forseti. Ég vona sannarlega að hv. þm. hafi ekki tekið forskot á þá sælu þó hann sjái sér ekki fært að vera við þessa umræðu. En hann hefur vikapilt til þess arna, hv. þm. Einar Guðfinnsson, sem gengur undir þessum ósköpum en talar tungum eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Þeir segjast ekki vilja þetta, segjast vera andstæðir því og fara um það mjög mörgum orðum.

Nei, í þessari röksemdafærslu svokallaðri sem fyrirsvarsmenn núverandi fiskveiðistjórnarkerfis hafa uppi er ekkert að finna annað en rangfærslur og blekkingar. Og til að mynda í niðurstöðu meiri hluta hinnar svokölluðu endurskoðunarnefndar er margoft á hverri síðu tekið fram hver aðaltilgangur endurskoðunarinnar væri. Aðalhlutverkið er að gá að byggðum landsins, tillögur hennar ganga út á að bjarga byggðum landsins og atvinnunni þar. Þetta má heita að megi lesa tvisvar, þrisvar á hverri blaðsíðu í því makalausa plaggi sem meiri hluti þeirrar nefndar sendi frá sér. Mig langar að lesa úr því, með leyfi forseta:

„Í lögum um stjórn fiskveiða segir að markmið þeirra sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Þetta gengur hér aftur, eins og ég segi, margsinnis á hverri síðu. Það þarf meira en lítinn kjark til að halda því að mönnum að tilgangur laga um stjórn fiskveiða, eins og þau hafa verið í framkvæmd, sé sá að bjarga byggðum landsins og efla atvinnu á þeim stöðum.

Þetta kerfi á að tryggja hagkvæmni fiskveiðigreinarinnar. Hvernig hefur það gengið? Og hagræðing átti sérstaklega að vera afleiðing framkvæmdar þessarar stefnu. Í hverju birtist hagkvæmnin og hagræðingin? Kannski í því að skuldir sjávarútvegsins hafa aukist stjarnfræðilega með stjarnfræðilegum tölum. Það er ekkert leyndarmál að það gífurlega gengishrun sem hér hefur orðið er til þess gert að rétta við hag útgerðar, fiskveiðanna. Þeim hélt við stöðvun gjörsamlega af því að út úr þessari grein hefur verið hrammsað, ekki tugi milljarða heldur e.t.v. hundruð milljarða, og útvegurinn skilinn eftir með skuldir á bakinu, og útflutningsvara hans aukin um milli 30 og 40% með þessum aðferðum, þessum gömlu aðferðum sem núverandi stjórnvöld segja að þau ætli aldeilis ekki að grípa til.

Þetta átti að vera til þess að minnka flotann sem sannarlega er of stór. En hver er niðurstaðan? Stóraukinn floti og stóraukið vélarafl með auknum flota, nýjasta veiðitækni sem tekur því sem áður var langt fram í afköstum, og atgangurinn eftir því á miðunum.

Þessi fiskveiðistjórn hefur líka borið í skauti sér að brottkast er tíðkað á miðunum með ógnvænlegum hætti, hreint og beint ógnvænlegum hætti svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Hér segja menn, Hafrannsóknastofnun og aðrir sem halda uppi áróðri fyrir fiskveiðistjórnina, að þetta sé tiltölulega lítið vandamál. Ég hef það fyrir satt að inni í reiknilíkani Hafrannsóknastofnunarinnar sé reiknað með 10 þús. tonnum af brottkasti. Mér er nær að halda að þetta sé aðeins til málamynda og ég óttast að það sé margfalt meira. Ég leyfi mér reyndar ekki að fullyrða heldur hlýt að hallast að því að einn þekktasti fiskiskipstjóri landsins, Hrólfur Gunnarsson, hafi haft nokkuð til síns máls þegar hann hélt því fram um árið að brottkast aflans væri 200 þús. tonn á ári.

Verndun þessarar fiskveiðistefnu er með þeim hætti að botnfisksaflinn hefur minnkað ár frá ári, ekki eingöngu þorskaflinn, ýsuaflinn 40% minni sem þeir telja óhætt að veiða og ufsinn 60%. Svo segir auðlindanefnd á einum stað að tiltölulega vel hafi gengið um vöxt og viðgang fiskstofna, „sumra fiskstofna" segja þeir að vísu.

Þetta er niðurstaðan — að því er virðist — en ekki er kannski allt sem sýnist, og er kannski ekki nógu gott hvernig sem á málið er litið. Það skyldi þó ekki vera að þorskslóðin gæti gefið af sér þann jafnstöðuafla sem hún gerði í 22 ár, 430 þús. tonn? Hvað þýðir þetta þá ef sú er raunin? Það þýðir annað tveggja: Fiskurinn fær að synda áfram í sjónum, og það er auðvitað trúlegt að mörgu leyti eins og ráðagerðir Hafrannsóknastofnunar yfirleitt eru, eða honum er hent. Hún hefur reynst okkur dýr, Hafrannsóknastofnunin, í gegnum árin. Það verður ekki með tölum talið.

Svo bar til árið 1999, þegar í hönd fóru kosningar, að þeim leist ekki á, foringjunum, formanni Sjálfstfl. og Framsfl., af því sem skoðanakannanir bentu til að þjóðin væri að miklum meiri hluta mjög andvíg þessari stefnu í fiskveiðistjórn. Þá var brugðið á það ráð að taka upp tillögu Alþýðubandalagsins heitins og samþykkja að nefnd væri komið á fót, níu manna eða hvað það nú var, sem ætti að endurskoða löggjöfina. Það var þó skýrt tekið fram af þessum foringjum að niðurstaðan mætti ekki hrugga við grundvallarforsendum stefnunnar þannig að þetta var augljós blekking, kosningahræðsla til að skjóta skildi fyrir augu kjósenda fyrir raunveruleikanum og staðreyndunum.

Þeir ætluðu sér aldrei að breyta neinu enda er svo komið að þeim hefur tekist að láta starfsmenn sína og fleiri reyndar þræða veginn á þann leiðarenda að allt verði óbreytt. Meðal annars gáfu þrír fulltrúar Samfylkingarinnar þeim færi á því. Auðvitað var komið inn í álit auðlindanefndar því kerfi sem þeir óska eftir, og undirskrifað fyrirvaralaust af fulltrúum Samfylkingarinnar.

Batnandi mönnum er best að lifa og rétt er það að Samfylkingin hefur mjög breytt um skoðun, a.m.k. frá því sem þessir fulltrúar höfðu, og nú þegar Samfylkingin þykist hafa kveðið sjávarútvegslilju landsins eru það a.m.k. þessir þrír fulltrúar sem ekki hafa átt þátt í þeim kveðskap. Það virtist, meðan þeir störfuðu í þessari nefnd, sem kalin væru af þeim öll brageyru.

Hér hlustaði ég á hv. þm., Lúðvík Bergvinsson, gefa þá skýringu að þeir hefðu, samfylkingarmenn, skrifað undir

þetta til að allir gætu skrifað undir auðlindaskýrsluna. Það var sérkennilegt í meiri máta því að tveir fulltrúar atvinnurekenda völdu úr þá stefnu sem þeim hafði verið fyrir lagt að koma þarna fyrir inni í nefndarálitinu. Og nú gengur enda sjútvrh. hæstv. eftir því við Samfylkinguna að þau standi við undirskrift sína og standi skil á því sem þau skrifuðu undir athugasemda- og fyrirvaralaust. Það er ekki að undra. En ég ítreka að það er fagnaðarefni að Samfylkingin hefur breytt að þessu leyti um stefnu og það er enginn vafi á því að mest áhrif í því efni hafði hv. þm. Jóhann Ársælsson.

Síðan kom að því að skipuð var hin svonefnda endurskoðunarnefnd sem ég ætla að geyma mér að víkja að því að ekki er það skemmtilesning og mönnum ekki bjóðandi þegar jólahátíðin fer í hönd.

Hér segir í inngangi meiri hlutans, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu."

Þarna kemur það fram í fyrsta skipti af þúsund hvert markmiðið sé.

Svo segir áfram, með leyfi forseta:

„Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni."

Þessi síðasti hluti er fyrirmæli um að halda skuli óbreyttu kerfi enda ganga tillögur meiri hlutans allar út á það, út í hörgul.

Við skulum líta á hvað hv. þm. Jóhann Ársælsson segir um niðurstöðuna af starfi nefndarinnar. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Þverklofin sáttanefnd færir ekki þjóðinni friðsamlega lausn á miklu deilumáli. Eftir hin miklu loforð til kjósenda um sættir í þessu stórmáli eru þær fyrirætlanir stjórnvalda að festa einokunina í sessi og gefa handhöfum kvótans enn meira frelsi til að fara með auðlind þjóðarinnar sem sína eign orðnar ljósar. Þær eru ótrúlegar, jafnvel frá þeim sem nú fara með völdin, og munu enn auka þær hatrömmu deilur sem staðið hafa um þetta mál."

Þannig tókst meiri hluta nefndarinnar að fara að þeim markmiðum og tilgangi sem honum var falið, vegna þess að þetta blasir við, hér eru engar ýkjur á ferðinni. Áfram, með leyfi forseta:

„Það eru mikil vonbrigði að sjá starf þessarar nefndar bíða skipbrot vegna þess að ekki reyndust innstæður fyrir þeim loforðum um sættir sem forustumenn stjórnarflokkanna gáfu í aðdraganda síðustu kosninga. Þegar upp er staðið frá þessu starfi er ljóst að meiri hlutinn hefur leitað sátta sem forustumenn LÍÚ vildu una við en ekki þjóðin.

Formaður nefndarinnar ásamt skrifstofustjóra iðnaðarráðuneytisins og tveir þingmenn Sjálfstfl. skila meirihlutaáliti með þeirri niðurstöðu að framlengja ríkjandi ástand, og vonarpeningur í lítils háttar auðlindargjaldi er notaður sem skálkaskjól til að koma á breytingum sem stórútgerðin hefur pantað hjá ríkisstjórninni. Um þessa niðurstöðu verður enginn friður. Aðrir nefndarmenn leituðu sátta á grundvelli fyrningarleiðar en þær náðust ekki vegna þess að stjórnvöld vilja ekki hvika frá því einkaeinokunarfyrirkomulagi sem gildir um úthlutun veiðiréttar."

Af því sem þarna kemur fram sem rétt er, að auðlindagjald á nú að nota sem skálkaskjól til að festa kerfið enn þá betur í sessi, hef ég ævinlega haldið því fram að í lagagerð Íslands væru nóg ákvæði til að leggja skatta á útgerð sem aðra, eins og sanngjarnt er og útgerðin þolir. Til hvers er þá fundinn upp þessi málamyndaauðlindaskattur? Til þess auðvitað að skýla tilganginum. Þetta er allt í þykjustunni enda á að leggja niður gjöld í Þróunarsjóð nokkurn veginn jafnhá. Hvaða ástæða er til að leggja einhvern hátekjuskatt á útgerðina í landinu? Eins og þetta er útfært af meiri hluta nefndarinnar er þetta greinilega hátekjuskattur.

Allt er þetta gert til málamynda, til þess að hlæja að því, af því að þetta eru rökþrota menn sem þarna eru á ferðinni og verða að nota öll hálmstrá sem þeir ná í. En þetta er of veikt til þess að venjulegt fólk ætti að taka á því hið minnsta mark.

Herra forseti. Ég stytti mál mitt að þessu sinni. En mér sýnist sem hæstv. ríkisstjórn hafi endanlega kastað stríðshanskanum. Auðtrúa menn hafa kannski hangið í þeirri von að úr rættist en það hefur sá ekki gert sem hér stendur. Hann hefur allan tímann verið sannfærður um að þetta ætti að berja í gegn, afhenda ætti aðalauðlind Íslands örfáum útvöldum og því stjórnuðu mennirnir sem fylla flokk sem telur sig vera flokk hins frjálsa framtaks, einkaframtaksins, þó að þeir loki með þessu aðalatvinnustétt landsins fyrir allri nýliðun.

En sú von er úti með öllu að stjórnvöld hyggi á að breyta til um aðferðir sínar. Að sínu leyti markar lögfesting frv. nokkur tímamót. Allt fram undir þetta hafa menn verið að velta fyrir sér hvort endurskoðun laganna kæmi fram sem einhverju máli skiptir. Hér er aðeins verið að negla einn naglann til viðbótar í líkkistu frelsisins að sækja sinn eigin sjó.

Hitt er svo annað mál að ekki er komið að því að þeir sem sjá gallana, þeir sem sjá yfirtroðsluna, þeir sem sjá gerræðið, slaki á klónni í baráttu sinni. Það verða aldrei gefin nein grið fyrr en ólögin í stjórn fiskveiða verða brotin á bak aftur. Svívirðan og yfirgangurinn er með þeim hætti að öll meðul eru leyfileg, enda verður þeirra neytt. Og svo ég, herra forseti, fari aftur með það mottó sem menn þyrftu að læra, frá veðurstofustjóranum: „Ég tel fiskveiðistjórn síðasta áratugar mesta samfélagslega ógæfuverk sem framið hefur verið í sögu þjóðarinnar."

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Fullvirðisréttur við sölu ríkisjarða, 325. mál, svar landbrh., þskj. 610.

Rekstrarleyfi fyrir heilbrigðisþjónustu, 335. mál, svar heilbrrh., þskj. 591.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 378. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 612.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 165. mál, svar sjútvrh., þskj. 590.

[13:33]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það frv. ríkisstjórnarinnar sem við ræðum nú fjallar um lítils háttar breytingar á stöðu eins bátaflokks, krókaaflamarksbáta, þar sem aukategundir voru kvótasettar hjá í janúar 1999 með lögum. Kvótasetningin, herra forseti, er þannig löngu ákveðin, hún hefur legið fyrir í næstum þrjú ár en kom til framkvæmda, eins og ég sagði, í haust.

Það er ekki vonum seinna að fyrir jól er þingið farið að takast á við leiðréttingar og lagfæringar. Þetta er því miður allt of dæmigert fyrir það hvernig tekið er á þessum málum. Menn setja lög, lagfæra, breyta, taka upp aftur. Það er sá

vani sem hv. alþingismenn hafa orðið að temja sér hvað varðar umgengnina um starfsumhverfi þessarar mikilvægu atvinnugreinar.

Og það er ekki allt búið enn, herra forseti, því að meiri hlutinn lofar frv. um lagfæringar á stöðu svokallaðra dagabáta fyrir 1. febrúar og svo auðvitað við heildarendurskoðunina einnig, sem ef marka má orð sjútvrh. verður komin í þingmál og á borð alþingismanna eftir jólahlé. Í öllu falli verður ekkert lát á breytingunum nú frekar en endranær.

Þetta er vítahringur, herra forseti, vegna þess að í endalausri samanburðarfræðinni þarf einlægt að laga til hjá hinum þegar aðgerð hjá einum hópnum er lokið. Alltaf verða einhverjir illa úti, einstaklingar, útgerðir eða byggðarlög. Og á meðan kerfið er skömmtunarkerfi stjórnmálamanna rennur þeim sem eru í hlutverki kaupfélagsstjóranna blóðið til skyldunnar að reyna að laga til eftir sig aftur og aftur.

Þó að sjávarútvegurinn sé undirstöðuatvinnugrein vill meiri hlutinn fremur hafa það svona og halda þannig kerfinu alltaf opnu, stundum er það kallað að reyna að róa fyrir hverja vík. En ekki má leyfa markaðnum að ráða þannig að atgervi manna eða nálægð við miðin fái notið sín. Það gera tillögur okkar jafnaðarmanna í sjávarútvegsmálum, og þær munu, herra forseti, vinna á, tillögur um að fyrna veiðiréttinn á tilteknu tímabili, bjóða síðan veiðiheimildir upp eins og var meginniðurstaða auðlindanefndar. Það mun verða, herra forseti, þegar menn þola, eða á ég kannski að segja þora, að horfa framan í þá staðreynd að fiskstofnarnir eru takmörkuð auðlind. Það komast ekki allir að sem vilja, ekki er hægt að vera góður við alla, það er ekki nægur kvóti handa öllum skipum, ekki er nægur afli handa öllum fiskvinnslum. Tæknin hefur auk þess í raun útrýmt fjölda starfa í sjávarútvegi á undanförnum árum og sú þróun er ekkert að stöðvast núna. Möguleikarnir fyrir landsbyggðina felast líka í því að þessar staðreyndir séu viðurkenndar og brugðist við í takt við það og hlúð betur að því sem horfir líka til framtíðar.

Herra forseti. Versta umbunin í frv. ríkisstjórnarinnar hvað varðar krókaaflamarksbátana er í 3. gr. þar sem lagt er upp með þriðju tilraun byggðakvóta og nú er það sértækur krókaaflamarksbyggðakvóti fyrir sérstaka krókaaflamarksbáta sem koma frá sérstökum byggðum. Það er spá mín, herra forseti, að sú úthlutun sem nú bíður hæstv. sjútvrh. á grundvelli þessarar lagagreinar muni hvorki auka orðstír hans né traust á því lagaumhverfi sem greinin býr við.

Það eina sem skiptir máli til framtíðar í frv., herra forseti, og það eina sem jafnaðarmenn vilja bera ábyrgð á við þessa lagasetningu er það ákvæði sem nú er orðið bráðabirgðaákvæði um meðaflann. Þórólfur Matthíasson, dósent í hagfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir í grein í Morgunblaðinu í dag að verðmæti brottkastaðs botnfisksafla, væri hann fluttur í land, gæti numið á bilinu 1,5–4,5 milljörðum kr. Hann styðst þá við þær tölur sem koma út úr könnun Gallups meðal sjómanna á umfangi brottkasts og tölum svokallaðrar brottkastsnefndar sjútvrn. en þær tölur voru á bilinu 18–36 þús. tonn hjá Gallup en hjá brottkastsnefndinni 4.500 tonn af ýsu og 4–16 þús. tonn af þorski hjá brottkastsnefndinni. Tap þjóðarbúsins vegna brottkastaðs botnfisksafla gæti því samkvæmt þessu numið 1,5–6 milljörðum kr. á ári, eða um 0,2–0,85% af þjóðarframleiðslu.

Leiði sú breyting sem hér hefur orðið samkomulag um að gera til þess að sá afli komi að landi að stórum hluta sem ella hefði verið varpað fyrir borð, er hér á ferðinni stóraðgerð til styrkingar fiskmörkuðum og síðan fiskvinnslunni í landinu, ekki síst þeirrar vinnslu sem framsæknust hefur verið varðandi þróun og markaðsmál. Þar eiga margir vinningsmöguleika sem nýtast munu allri þjóðinni.

Herra forseti. Sjávarútvegurinn er mikilvægur atvinnuvegur og það er mikilvægt fyrir okkur að við aukum útflutning. Vonandi gerist það í kjölfar þessa, en Þórólfur Matthíasson, sem áður var vitnað til, tekur til samanburðar, og það er athyglisvert, að virkjana- og álversframkvæmdir á Austurlandi séu taldar auka þjóðarframleiðsluna um 0,4–1,3% til langframa. Ég nefni þetta nú vegna þess að þar þykjast menn sjá framkvæmdir sem eiga að bjarga býsna miklu ef marka má þá sem mestan fara, en hér erum við hins vegar að líkindum, ef vel tekst til, að samþykkja breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða sem gæti orðið hálfdrættingur á við hinar miklu framkvæmdir þar eystra. Hér er því ekkert smámál á ferðinni, herra forseti, og ekkert smámál að vel takist til. Vel heppnað átak til að koma í veg fyrir brottkast gæti því haft mikil langtímaáhrif á þjóðartekjur, jafnvel svipuð áhrif og menn eru að tala um vegna virkjana og álversframkvæmda. Við bindum vonir við að það sem verið er að gera hér með öðru því sem gert er, að um vel heppnað átak verði að ræða.

Herra forseti. Þessi lagasetning verður eitt síðustu verkanna hér á Alþingi fyrir jól. Það verður líka eitt fyrstu verkanna eftir jól að takast á við frumvörp ríkisstjórnarinnar þar sem enn verður haldið áfram, hringekjan mun ekki stöðvast, enn munu finnast víkur til að róa fyrir. Einhverjir munu segja: Það er ekki skrýtið þó svo mikilvægur atvinnuvegur eins og sjávarútvegurinn komi nokkrum sinnum við á Alþingi á þingvetri. En ég segi, herra forseti: Ef menn bæru virðingu fyrir mikilvægi atvinnuvegarins þætti þeim það eftirsóknarverðara og ynnu þá væntanlega að því að starfsumhverfið væri stöðugra og leikreglur almennari. Ef Alþingi gengi þannig frá málum væri atvinnugreininni sýndur sá sómi sem við flest teljum að hún eigi skilið. Vonandi kemur sú tíð, herra forseti, fyrr en síðar.

Aðeins rétt hér að lokum: Auðlindanefndin var kosin af Alþingi undir vor 1998 en ekki 1999 eins og fram kom hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni. Aðrar útleggingar hans á niðurstöðum nefndarinnar eða einstakra nefndarmanna eru svona álíka nákvæmar.

[13:43]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Mikið hefur verið rætt um málið, við erum komin í 3. umr. og ég vil aðeins í örfáum orðum fara yfir megináherslur.

Sá sem hér stendur átti sæti í nefndinni sem skipuð var um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, en eins og alþjóð er kunnugt klofnaði sú nefnd, komst ekki að heildarniðurstöðu. Og það er alveg ljóst á þessu frv. að meiri hlutinn á Alþingi, hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihluti hennar ætlar að fara í meginatriðum eftir því áliti sem meiri hluti nefndarinnar setti fram, þ.e. heildarkvótasetning, keyra áfram núverandi kerfi og síðan að stilla af til þess að sætta þjóðina með því sem er kallað hóflegt veiðileyfagjald. Þetta eru mikil vonbrigði, virðulegi forseti, vegna þess að nú á haustdögum sýndi þingið eða stjórnarandstaðan í þinginu vilja til þess að taka málið upp að nýju og gera enn eina tilraun til að freista þess að fara í heildstæða endurskoðun á

lögunum um stjórn fiskveiða og freista þess að finna leið í sátt og samlyndi til að rétta kúrs í þessu máli.

Ljóst er að með frv. er ríkisstjórnin að plástra saman kerfi sem hún vill notast við og viðhalda. Það er afleit staða. Eigendum krókabáta eru gefnar dúsur eða möguleiki á að halda grundvellinum fyrir starfsemi sinni, fá eitthvert smáræði. Hins vegar er alveg ljóst að hér er aðeins tjaldað til einnar nætur. Smábátaútgerðin hefur eflst vegna þess að hún átti kost á að sækja í tegundir sem ekki voru kvótasettar, eins og ýsu, steinbít og ufsa. Hún er nú sett í kvóta eftir svipuðum lögmálum og allir aðrir. Það mun á næstu missirum leiða til þess að þar verður stöðnun og síðan uppgjör og sölur miklu, miklu fyrr heldur en við gerum okkur grein fyrir. Þetta er afleit aðferð til að laga þær skekkjur sem menn telja að séu í kerfinu.

Það sem stendur upp úr í frv. eru lagfæringar sem menn halda að séu gerðar fyrir útgerðina sjálfa. En byggðirnar, fólkið sem býr í landi og hefur lifibrauð sitt óbeint af þessum útgerðum, eru eftir sem áður í lausu lofti, öryggi þeirra er á engan hátt tryggt með þessari lagasmíð. Samkvæmt þeim sem góða yfirsýn hafa yfir þessi mál mun þetta frv. leiða til að menn selji bátana, fari úr greininni og mönnum muni fækka í þessari grein á ákveðnum stöðum. Áhrifin munu koma upp fyrr en varir í kjölfarið á þessari lagasetningu.

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur lagði ásamt hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Karli V. Matthíassyni fram röð af brtt. við þetta frv. sem nú hafa allar verið felldar. Þessar brtt. miðuðu allar að því að viðhalda núverandi möguleikum smábátanna til að stunda fiskveiðar og freista þess í framhaldinu að vinna tíma til að menn gætu í staðinn fundið heildstæða lausn og náð samstöðu um hana hér í þinginu til að taka á málunum frá grunni.

Stjórnarmeirihlutinn, hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihluti hennar beittu sér náttúrlega fyrir því að fella allar þessar tillögur. Þar með er verið að festa í sessi kvótakerfi á alla línuna. Það hefur jú verið draumur og ósk stórútgerðarinnar frá upphafi að gera slíkt. Þar með hafa þeir haft sigur í þessu máli, með þessari plástraaðgerð.

Virðulegi forseti. Þeir pottar sem nota á til að aðstoða illa settar byggðir landsins sem hæstv. sjútvrh. á að útdeila úr, eru að okkar mati afleit lausn og við getum ekki sætt okkur við hana, hvort sem útdeilingin er á vegum sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. eða Byggðastofnunar. Þessi leið hefur ekki gefið góða raun og í tillögum okkar eru heildstæðar aðgerðir og tillögur um hvernig farið skuli í að fyrna kvótann og byggðatengja hann með sérstökum aðgerðum til lengri tíma litið. Það teljum við að eigi að ganga inn í þann heildstæða pakka sem við viljum vinna að og fá stuðning við.

Eins og fram kom í umræðunum, virðulegi forseti, er þó eitt gott í þessu frv. Það er sú breyting sem orðið hefur á hugsunarhættinum hér á hinu háa Alþingi. Menn hafa loks opnað augun fyrir því að ráðast þurfi að rótum vandans hvað varðar brottkast. Nú er sett upp formúla sem vonandi gefst vel. Menn mega koma með meðafla að landi, 5% er sagt í frv., og síðan selja meðafla á markaðsverði og njóta ábatans að 20%. Það verð sem fæst fyrir aflann á, að frádregnum 20% sem fara til sjómanna og útgerðar, að renna til hafrannsókna. Þessi tilraun er mjög spennandi og góðra gjalda verð. Við vonumst auðvitað öll til þess og ég held að það sé almennt álit hjá hv. þm., alla vega þeim sem ég hef heyrt í. Við vonumst öll til að þessi tilraun muni gefa góða raun og þetta muni leiða til að komið verði með allan fisk að landi eða að sem næst allur veiddur fiskur komi að landi í kjölfar breytinganna.

Í þessu sambandi vil ég þó benda á að samkvæmt brtt. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, hv. þm. Karl V. Matthíasson og sá sem hér stendur settu fram sáum við frekar fyrir okkur að hluti af því fé sem fengist fyrir meðafla færi til hafrannsókna en helmingurinn færi til að byggja upp Líf-eyrissjóð sjómanna. Eins og flestir hér vita stendur sá sjóður illa vegna skuldbindinga sem hann hefur tekið á sig, m.a. varðandi eftirlaun sem voru lækkuð fyrir nokkrum árum, og síðan vegna mikillar slysatíðni og örorku í greininni.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta við 3. umr. Mönnum er kunn afstaða okkar í þessu máli. Ég tel að þetta sé vond lausn. Þetta er plástralausn. Hér er verið að slökkva elda án þess að menn hafi nokkurt heildstætt plan um að breyta þessu fiskveiðistjórnarkerfi þannig að það gagnist landinu öllu, verði réttlátt svo koma megi í veg fyrir áframhaldandi byggðahrun. Vandi byggðanna er að stórum hluta fiskveiðistjórnarkerfinu að kenna, eins og það hefur verið rekið á undanförnum áratugum.

[13:52]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Hvað er að gerast í stærsta deilumáli íslensku þjóðarinnar? Alþingi Íslendinga er að ræða málið. Hvað er verið að ræða um? Það er verið að ræða um smábáta. Þannig hafa menn staðið í sölum Alþingis í gegnum tíðina í þessu mikla deilumáli um stjórn fiskveiða og oft á tíðum eytt mestum tíma í að ræða um smábáta og lagfæringar á fiskveiðistjórnarkerfinu vegna smábáta. Hvers vegna hafa menn verið að þessu? Það er vegna þess að menn hafa viljað draga úr áhrifum eignarhaldsfyrirkomulagsins í sjávarútvegi á byggðirnar í landinu og gefa tækifæri til þess að menn geti áfram lifað af útgerð í sjávarplássum umhverfis landið. Það er ástæðan fyrir þessum endalausu umfjöllunum um smábáta.

Alþingi Íslendinga ákvað 1990 að loka kvótakerfinu. Hefðu þau lög staðið áfram væri engin smátaútgerð á Íslandi, það segir sagan. Þeir smábátar sem fóru inn í aflamarkskerfið þá hafa langflestir horfið úr útgerð og eru ekki gerðir út lengur.

Það var nefnt hér áðan að fyrir síðustu kosningar var lofað sátt. Tveir þjóðhöfðingjar á Íslandi lofuðu þessari sátt í aðdraganda kosninganna. Hvar eru þeir staddir með þessa sátt til þjóðarinnar? Það er ástæða til þess að velta því fyrir sér. Hvar eru friðflytjendurnir með olíuviðargreinarnar? Er langt í að þeir mæti til Alþingis með eitthvað sem hægt væri að kalla sátt um stjórn fiskveiða? Mér finnast umræðurnar um þetta mál í vetur benda til að býsna langt sé í það.

Þegar stjórnvöld ákváðu að láta þá tilraun sem fólst í að stofna til þess nefndarsamstarfs, sem menn hafa kallað sáttanefnd um stjórn fiskveiða, fara út um þúfur varð auðvitað ljóst að hverju stefndi. Þar með var sannað og virtist greinilegt það sem margir töldu líklegt í upphafi, þ.e. að strax eftir kosningarnar og kannski fyrir þær — hver veit hvenær — hafi foringjarnir, Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl., og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, formaður Sjálfstfl., sest niður til að finna út hvaða sátt þeir væru að leita að og við hverja ætti að sættast.

Niðurstaðan var ekki sú að sáttin ætti að vera við íslensku þjóðina. Líklega er til einhver þjóð í þessu landi sem mætti kenna við LÍÚ eða útvegsmenn, útvegsbændur. Það er greinilegt að bændur hafa enn mikil áhrif hér á hv. Alþingi.

Áður voru það þeir sem stunduðu landbúnað. Nú eru það þeir sem stunda sjávarútveg. Þeir hafa tekið við að ráða hverju fram fer í sölum Alþingis. Sáttin, sem ráðherrarnir tveir virðast hafa stefnt að er við þá en ekki þjóðina.

Þeir hafa a.m.k. ekki verið önnum kafnir við að hlýða á þjóðina eða þá aðila sem hafa gagnrýnt kerfið sem er í gildi eða óska eftir samráði um hverju ætti að breyta. Hugmyndir þeirra um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu liggja fyrir, nákvæmlega þær að viðhalda kerfinu óbreyttu hvað varðar eignarhald á fiskinum í sjónum og setja á eitthvað sem þeir ætla sér að kalla „hóflegt veiðigjald". Á móti á síðan að taka út önnur gjöld á sjávarútveginn. Vitaskuld hefur þetta ekkert með þá sátt að gera sem þjóðinni var lofað.

Þau stjórnvöld sem nú sitja hafa talið það aðalhlutverk sitt að gæta þess gullfótar sem útgerðin telur það rekstri sínum í þessu landi að fá að eiga fiskinn í sjónum og selja aðgang að auðlindinni þeim sem vilja taka þátt í þeim atvinnurekstri. Það sem hér á að staðfesta er ekkert annað en að fleiri, þ.e. þeir sem eftir voru í smábátunum, fái sömu tækifæri til að selja aðganginn að auðlindinni eins og hinir sem eru í aflamarkskerfinu. Nú skulu menn mega selja dagana sem má fara á sjó. Það var ekki hægt áður en verður nú hægt. Allt skal verða framseljanlegt.

Með þessari aðgerð er í raun lokað síðustu smugunni og eyðibyggðastefnunni leyft að hefja innreið sína án þess að hægt sé að grípa til viðbótarráðstafana af því tagi sem hér hefur verið talað um. Ég er svo sem ekkert að mæla með þeim aðgerðum. Ég hef alltaf talið að endurskoða þyrfti þetta kerfi í heild og fyrst og fremst út frá þeirri staðreynd að aðgangurinn að þessum atvinnurekstri eigi að vera almennur og undir almennum reglum en ekki að vera úthlutanir til einhverra útvalinna (**Gripið fram í:** Jú, jú.) sem eign og arfsréttur sem menn geti síðan selt og farið með að vild sinni. Um þetta hafa verið og eru logandi illdeilur.

Mér finnst nokkuð augljóst af orðum sem hæstv. sjútvrh. hefur látið falla hér að meira að segja séu ekki einu sinni líkur á því orðið að þessi svokallaða „endurskoðun" sem er fólgin í því að þeir náðu samkomulagi, ráðherrarnir sem ég nefndi áðan og LÍÚ, um hvernig ætti að vera, kemur líklega ekki einu sinni hér til afgreiðslu á þessum þingvetri því að meiri hluti sjútvn. telur ástæðu til þess að taka það alveg sérstaklega fram að hann ætli nú að beita sér fyrir vissum aðgerðum og að frv. verði lagt fram um það fyrir byrjun febrúar ef boðað frv. ríkisstjórnarinnar verður ekki komið fram.

Hvenær tóku meiri hlutar nefnda á vegum ríkisstjórnarinnar upp á því að senda slíkar aðvaranir og hótanir? Ég hef ekki séð það fyrr. Ég tel að ástæðan fyrir því hljóti að vera sú að þeir séu meira en lítið óttaslegnir um að engin endurskoðun verði og að þeir þurfi á því að halda að flytja annað frv. í vetur til að klára það sem þeir töldu ástæðu til að gera í sambandi við smábátana. Þannig liggur það nú.

Ég tel að við höfum rætt það mál sem hér er á dagskránni svo mikið að ekki sé ástæða til þess að bæta löngu máli við það. En mér finnst ástæða til þess að draga athygli hv. þingmanna að því hvernig málum er komið og hvað ég tel a.m.k. vera líklegt í þessu. Það er mín skoðun að þeir sem vilja sameinast um að vinna gegn þeim ókjörum sem hér eru hvað varðar aðgang að auðlindinni og þá bjargföstu fyrirætlan foringja þeirra flokka sem eru við völd í landinu að gera Íslandsmið að einkaeign þeirra sem eru í útgerð núna, fari að hugsa sér til hreyfings til lengri tíma til þess að taka á málum í aðdraganda næstu kosninga því auðséð er að ekki er orð að marka það sem sagt var fyrir síðustu kosningar um að menn ætluðu að leita einhverra sátta þannig að í þjóðfélaginu væri hægt að finna betri sátt um það hvernig menn komast að því að nýta þessa auðlind og leysa sjávarútveginn úr þeim fjötrum sem hann er í.

Mér finnst bera vel í veiði þegar hæstv. ráðherra, varaformaður Framsfl., gengur í salinn. Ég ætla að vona að þegar hann hefst til meiri valda í þeim flokki hrindi hann af flokknum þeim ósköpum sem núverandi formaður hefur komið þar fyrir með því að bera ábyrgð mest af öllum á því að hafa komið á því fyrirkomulagi sem er í sjávarútvegi og þeim einkaeignarrétti sem er á því að stunda sjó á Íslandi.

Samfylkingin hefur sett fram sína stefnu í þessu máli og hún hefur verið margrædd hér. Ég ætla ekki að fara yfir hana að öðru leyti en því að í henni er fólgin leið til þess að heimta Íslandsmið úr tröllahöndum. Ég tel að það sé að myndast samstaða um hvernig eigi að standa að slíku. Auðvitað verða menn að hafa aðdraganda að því. Það er ekki gert með því að leggja í rúst þau fyrirtæki sem nú eru í sjávarútvegi. Það á að gera með aðlögun sem dugar til þess að sjávarútvegurinn lendi ekki í miklum vanda þess vegna. En það þarf ekki langan tíma til að gera þetta. Um þetta á auðvitað að ræða en það á ekki að láta sjávarútveginn eða LÍÚ segja sér hvernig á að fara að þessu. Á því eiga alþingismenn að bera ábyrgð eins og menn og standa í lappirnar en ekki, eins og hefur verið hér í gegnum alla tíð, að láta LÍÚ-forustuna og aðra áhrifamenn í sjávarútvegi senda ráðin inn á Alþingi og að svo skuli menn rétta hér upp hendur með því sem samið hefur verið um í bakherbergjum þeirra sem hafa ráðið þessari stefnu undanfarin ár.

Hæstv. forseti. Ég tel að ýmislegt í þessu smábátafrv. sé svo sem vel hugsað til þeirra sem starfa við smábáta og útgerð á smábátum til að reyna að bjarga fólki og byggðum frá þeim hremmingum sem fylgja einkaeignarhaldinu á aðganginum að fiskinum í sjónum. Það er ekkert í sjálfu sér við það að athuga að menn reyni fyrir sér með slíkt. Hin stóra gagnrýni beinist auðvitað að því að menn sem alla daga stritast við að reyna að finna út einhverjar slíkar leiðir leiði hugann að því hvernig megi leysa málin til lengri framtíðar og horfi fram í tímann. Þá hljóta þeir að sjá að með ríkjandi fyrirkomulagi muni byggðirnar og fólkið í byggðarlögunum sífellt lenda í sömu vandræðunum sem þeir eru að glíma við í dag. Þetta verður ekki leyst með öðru en því að gera heildaruppskurð á þessu fyrirkomulagi, koma aðaldeilumálinu fyrir kattarnef, þ.e. eignarhaldinu og aðganginum að auðlindinni, og snúa sér svo að því að hafa reglurnar eins og best sátt getur orðið um.

En til þess þarf grunnurinn að verða réttur og um hann sátt. Ég ætla að hafa þetta mín lokaorð, hæstv. forseti.

[14:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum nú að ljúka umfjöllun um það að taka á hluta fiskveiðistjórnar hér við land sem hefur eingöngu snúist um að ræða og framkvæma þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur viljað koma yfir smábátaveiðarnar þar sem meginstefnan er sú að færa veiðikerfi smábátanna inn í sama eða mjög svipað kvótakerfi og gilt hefur um stærri hluta flotans.

Um þetta hafa auðvitað verið mjög deildar meiningar á Alþingi. Almennt má segja að stjórnarandstaðan sé andvíg

því að fara leið kvótasetningarinnar og binda kerfið niður inn í það verslunarkerfi milli manna í útgerð sem byggt hefur verið upp með framsali kvótans, aflamarksins innan ársins annars vegar og aflahlutdeildarinnar, svokallaðrar varanlegrar sölu á aflaheimildum hins vegar.

Ekki þarf að endurtaka í löngu máli að sá sem hér stendur, ásamt hv. þm. Karli V. Matthíassyni og hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, flutti hér tillögu um að standa öðruvísi að málum. Hún var felld í atkvæðagreiðslu við 2. umr. Þá liggur fyrir hvert stefnt verður eftir þá vegferð sem stjórnarflokkarnir hafa mótað í þessu máli. Um þetta er grundvallarágreiningur. Stjórnarflokkarnir vilja fara hina svokölluðu kvótasetningarleið og stýra fiskveiðum með kvótasetningum. Það vildum við ekki heldur viðhalda þorskaflahámarkinu á krókabátunum og síðan dagakerfinu.

Dagakerfið er hins vegar í þessu frv. frá ríkisstjórninni að því er nær að handfærabátum, þ.e. þeim bátum sem veitt hafa í 23 daga með handfærum á hverju ári. Og nú fá hinir svokölluðu 40 daga menn sem höfðu veiðiheimildir með 30 þorsktonnum að velja hvort þeir fari í það kerfi eða í krókaaflahlutdeildarkerfið.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að ég er hér með litla brtt. sem ég tel að sé hreinlega praktískt atriði miðað við það sem búið er að samþykkja á hv. Alþingi. Það skýrist sennilega best með því að ég vitni í nál. meiri hlutans, en í nál. meiri hlutans segir að fyrir 1. febrúar nk. hyggist meiri hlutinn leggja fram tillögur sem taki á hinu svokallaða dagakerfi smábátanna sérstaklega og rekstrarumhverfi þess bátaflokks á þessum vetri og muni beita sér fyrir því að frv. þess efnis verði lagt fyrir Alþingi 1. febrúar.

Herra forseti. Hins vegar stendur í einni frumvarpsgreininni sem samþykkt var við 2. umr. að þeir menn sem áður voru í 30 tonna kerfinu með 40 dögum eigi að velja fyrir 1. febrúar. Þetta finnst mér stangast dálítið á og finnst hreinlega eðlilegt og praktískt atriði að þeir sem eigi að fá að velja dagakerfið eigi að fá nokkurn aðlögunartíma eftir að stjórnarmeirihlutinn hefur sýnt þær tillögur sem hann hyggst koma fram með fyrir 1. febrúar. Þess vegna hef ég lagt fram brtt. um að dagsetning sú sem segir að menn eigi að velja fyrir 1. febrúar verði færð aftur til 15. febrúar þannig að það sé alveg ljóst, hvar svo sem menn búa á landi hér, þá gefist þeim nokkurt ráðrúm til þess að velja eftir að stjórnarmeirihlutinn hefur komið fram með þær tillögur sem hann hyggst leggja fram, þ.e. að þeir hafi alla vega 15 daga, ef staðið verður við þessa dagsetningu um að leggja fram nýjar tillögur fyrir 1. febrúar þá hafi menn hvar sem þeir búa, hvort það er á Ströndum eða norðausturhorni landsins, tækifæri til að velta málunum fyrir sér í eina 14, 15 daga áður en þeir velja í hvort veiðikerfið þeir vilja fara, 23 daga veiðikerfið sem núna er 21 dagur, eða í veiðikerfi krókaaflamarksins. Ég held að menn sjái þetta þegar það er sett í það samhengi að þetta sé einfaldlega bara eðlilegt og ég vonast til þess að menn geti tekið undir það að þannig sé þessum málum betur fyrir komið, þ.e. að menn hafi smáaðlögun til að sjá það sem þeir hafa um að velja.

Ég vil hins vegar segja almennt, án þess að lengja mikið mál mitt nú við lokaumræðu þessa máls, að ég tel að að því muni koma, í síðasta lagi í næstu alþingiskosningum, að þjóðin fái að taka afstöðu í þessu máli, fái hreinlega að taka afstöðu til þess hvort það sé vilji meiri hluta þjóðarinnar að halda þessu máli, kvótastýringarmálinu og stjórn fiskveiða með kvótakerfi, almennt í þeim farvegi sem það hefur verið og hefur verið að þróast á undanförnum árum, þ.e. að þar eigi ákveðnir menn, ákveðinn hópur manna í þjóðfélaginu að eiga auðlindina syndandi í sjónum þrátt fyrir ákvæðið í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um að þjóðin eigi þessa auðlind, og að við séum að taka ákvarðanir á hv. Alþingi um það að útdeila kvótum sérstaklega á skip einstakra útgerðarmanna til þess að hafa stýringu á fiskveiðunum.

Ég vil svo segja líka að ég tel að í hvaða fiskveiðistjórnarkerfi sem við munum vinna í framtíðinni þá sé brýn nauðsyn að skipta flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka. Og þá er alveg sama hvort menn hugsa sér kvótakerfi, sóknarkerfi eða það kerfi að nálgast aflaheimildir með stýrðu uppboði. Menn verða að skipta flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka. Það er engan veginn hægt að halda því fram með skynsemi að við Íslendingar einir eigum að vera með það stýrikerfi að reyna að stjórna trillunni með svipuðum eða sams konar aðferðum og frystitogaranum eða verksmiðjunótaskipinu. Engin þjóð sem ég þekki til á norðurhveli jarðar hefur farið þessa leið. Norðmenn eru með uppskipt kerfi stýringar eftir stærðum skipa og eftir því hvort talað er um strandveiði eða veiði stærri togskipa. Færeyingar eru með slíkt kerfi. Ég tel að allar þjóðir hér í kringum okkur séu með einhvers konar flotaskipt kerfi. Ég held að þjóðin hljóti að átta sig á því að það verður eitt af því sem menn þurfa að taka afstöðu til og svo verða menn náttúrlega sérstaklega að taka afstöðu til þess, í síðasta lagi í næstu kosningum, eins og ég sagði, hvort þjóðin ætli að sætta sig við að þessi auðlind hennar verði bundin til framtíðar eignaböndum fárra og verði lokuð atvinnugrein þar sem þjóðin fær litlu um það ráðið hvort atvinna helst í hinum dreifðu byggðum landsins eða ekki.

[14:16]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf. mælti hér m.a. fyrir brtt. um að fresta dagsetningu varðandi val þeirra báta sem fara úr svokölluðu þakkerfi og vilja velja sig inn í dagakerfi eða þá eftir atvikum krókaaflamarkið. Ég styð tillögu hv. þm. Ég tel að það sé eðlilegt að gefa mönnum nægjanlegt og sem best svigrúm til að velja sig inn í það kerfi sem þeir vilja vinna eftir í framtíðinni, og eðlilegast að þá liggi fyrir þær upplýsingar sem duga mönnum til að vinna eftir. Meiri hluti sjútvn. breytti upphaflegri tillögugrein í frv. frá 1. nóvember til 1. febrúar beinlínis og fyrst og fremst til að tryggja að þetta svigrúm fengist. Ég held að það sé rétt ábending sem hv. 4. þm. Vestf. hefur komið fram með, að dagsetningin 1. febrúar er ekki alls kostar heppileg. 15. febrúar er mun betri, og þess vegna styð ég tillöguna og mun hvetja til þess að hún verði samþykkt hér á eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:17]

[14:32]

Útbýting þingskjala:

Álagning skatta, 380. mál, fsp. PHB, þskj. 614.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 379. mál, fsp. PHB, þskj. 613.

Mannréttindabrot gegn samkynhneigðum körlum í Egyptalandi, 383. mál, þáltill. GÖ o.fl., þskj. 617.

Sjóðir starfsfólks heilsugæslustöðva, 382. mál, fsp. PHB, þskj. 616.

Virðisaukaskattsskyldur reikningur, 381. mál, fsp. PHB, þskj. 615.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002, frh. 3. umr.

Stjfrv., 348. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 593, brtt. 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]

Brtt. 596 felld með 26:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, VS.

18 þm. (ArnbS, EOK, EMS, GHall, HÁs, ÍGP, KolH, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi brtt. um hækkun á tóbaksgjaldi um 5 kr. gefur ríkissjóði 110 millj. kr. og kemur í veg fyrir að hækka þurfi gjöld á námsmenn og sjúklinga um leið og verðlagsáhrifin eru verulega minni af þessari fjáröflun, eða 0,03%, meðan verðlagsáhrifin af námsmannagjöldunum er 0,14%. Það þarf varla mikla skynsemi til að sjá hvora leiðina er réttara að fara í þessu efni.

Frv. samþ. með 27:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, VS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

16 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, ÍGP, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessu frv. er nánast ekkert sem hægt er að styðja. Það er ein grein sem má segja að sé ekki óeðlileg miðað við allar aðstæður og það er sú sem heimilar hækkun á veiðieftirlitsgjaldi þannig að sá gjaldstofn standi undir þeim kostnaði sem þar fellur til. En að öllu öðru leyti er hér um að ræða íþyngjandi breytingar sem hæstv. ríkisstjórn leggur á herðar þeim sem síst mega við auknum álögum, eins og sjúklingar, námsmenn og fleiri. Þetta mál sýnir í hnotskurn og betur en margt annað hverjar áherslur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eru, hverjir eru gæludýr þessarar ríkisstjórnar, hátekjufólk og fjármagnseigendur, og hverjir eiga að bera byrðarnar, það eru aldraðir og öryrkjar, sjúklingar og námsmenn. Þetta er, herra forseti, heldur hörmuleg jólagjöf sem ríkisstjórnin er með þessum bandormi, þessu óféti, að senda þjóðinni.

[14:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni mótmælum harðlega hækkun á gjöldum á námsmenn og sjúklinga sem felast í þessu frv. og þeirri reglugerð sem heilbrrh. mun setja um stóraukna gjaldtöku á lyf og læknisþjónustu. Við vörum við gjaldtöku á sjúkraheimilum sem, ef að líkum lætur, verður upphafið að innritunar- eða matarskatti á sjúkrahúsum. Verðlagsáhrifin af þessum aðgerðum eru líka olía á eld verðbólgunnar og getur ráðið úrslitum um að verðlagsmarkmið í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins nái ekki fram. Við vísum allri ábyrgð af þessu máli á ríkisstjórnina. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 623).

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 575, brtt. 592.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]

Brtt. 592 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.

16 þm. (ArnbS, EOK, EMS, GÁS, HÁs, ÍGP, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:37]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel eðlilegt að við styðjum þessa tillögu, einfaldlega vegna þess að með henni er gert ráð fyrir því að bátum sem hafa verið að róa í svokölluðu þakkerfi gefist hálfum mánuði lengri tími til að taka ákvörðun um það hvernig þeir hyggjast haga veiðum sínum eftir því í hvaða kerfi þeir vilja róa. Það er eðlilegt að þeir hafi til þess gott svigrúm og þess vegna styð ég þessa tillögu.

Frv., svo breytt, samþ. með 28:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: GAK, SvH.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EOK, EMS, HÁs, ÍGP, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það hefur komið vel fram við umræðu um það frv. sem hér er að verða að lögum að Samfylkingin styður meðaflagreinina sem nú er bráðabirgðaákvæði. Hins vegar munum við sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins. Við

höfum ekki tekið þátt í þeim lagabreytingum sem meiri hlutinn hér á Alþingi hefur verið að gera gagnvart smábátunum. Við lýsum fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni gagnvart því hvernig farið er með það starfsumhverfi sem sjávarútvegurinn býr við með endalausum lagasetningum, breytingum og upptöku laganna. Samfylkingin situr hjá og lýsir allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni hvað varðar málefni smábátanna.

[14:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram í umræðum um þetta mál að með því frv. sem núna er að verða að lögum er dregið mikið úr þeirri tekjulækkun sem blasti við smábátum sem róa í krókaaflamarki og byggðarlögum sem eru háðar útgerðum þeirra. Þetta hafa stjórnarliðar jafnt og stjórnarandstæðingar sagt, og er höfuðatriði. Jafnframt eru lögleidd ákvæði sem draga úr brottkasti á fiski og er þannig með áhrifaríkum og ábyrgum hætti tekið á alvarlegu máli. Þess vegna segi ég já.

[14:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þó að niðurstaða þessa máls sé vissulega betri en hún leit út fyrir þegar menn lögðu af stað í þá vegferð sem hér er farin þýðir þetta samt sem áður það að mínu viti að á Vestfjörðum mun störfum í fiskvinnslu fækka um u.þ.b. 50 og sjómannsstörfum um 100. Þess vegna segi ég nei.

[14:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt megináherslu á að fundin verði heildstæð lausn varðandi stjórn fiskveiða. Hér er um plástraaðgerð að ræða, þessi viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við bráðavanda, sérstaklega á Vestfjörðum. Þetta er ekki lausn til frambúðar. Hún leiðir af sér, að okkar mati, mjög fljótlega svipuð vandamál og við stöndum frammi fyrir nú, ef ekki verri. Því sitjum við hjá við þessa atkvæðagreiðslu og lýsum fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 624).

Fundi slitið kl. 14:41.

---

56. FUNDUR

föstudaginn 14. des.,
að loknum 55. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning þriggja manna í stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 7. gr. laga nr. 83 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, sbr. nýsamþykkt lög um breytingu á þeim lögum, til 31. des. 2002.

2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. jan. 2002 til 31. des. 2004, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. des. 1980, um Grænlandssjóð.

3. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára, frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2005, skv. 2. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

4. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2003, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

5. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 18. desember 2001 til jafnlengdar 2005, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. september 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361 1977.

6. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 377. mál, þskj. 599. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

7. Fjarskipti, stjfrv., 145. mál, þskj. 145 (með áorðn. breyt. á þskj. 397). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 146. mál, þskj. 146. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, stjfrv., 169. mál, þskj. 170 (með áorðn. breyt. á þskj. 512), brtt. 600. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Kvikmyndalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 253 (með áorðn. breyt. á þskj. 560). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Húsnæðismál, stjfrv., 358. mál, þskj. 509, brtt. 602. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Girðingarlög, stjfrv., 180. mál, þskj. 183 (með áorðn. breyt. á þskj. 503), brtt. 569. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, stjfrv., 366. mál, þskj. 562, brtt. 595. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Náttúruvernd, stjfrv., 159. mál, þskj. 160 (með áorðn. breyt. á þskj. 571). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, stjfrv., 160. mál, þskj. 161. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 229. mál, þskj. 255 (með áorðn. breyt. á þskj. 589). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Leigubifreiðar, stjfrv., 167. mál, þskj. 168 (með áorðn. breyt. á þskj. 418), brtt. 598. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 282. mál, þskj. 340 (með áorðn. breyt. á þskj. 546). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6. dagskrármáls og umræðu og/eða útbýtingu þskj. í 6.–18. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Kosning þriggja manna í stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 7. gr. laga nr. 83 1989, um Þjóðarbókhlöðu og

endurbætur menningarbygginga, sbr. nýsamþykkt lög um breytingu á þeim lögum, til 31. des. 2002.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigríður A. Þórðardóttir alþingismaður (A),
Sjöfn Kristjánsdóttir handritafræðingur (B),
Jón Helgason, fyrrv. alþingismaður, (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. jan. 2002 til 31. des. 2004, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. des. 1980, um Grænlandssjóð.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður (A),
Bryndís Kristjánsdóttir blaðamaður (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Haraldur Ólafsson, fyrrv. prófessor, (A),
Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttafræðingur (B).

Varamenn:
Ellen Ingvadóttir dómtúlkur (A),
Gestur Gestsson stjórnmálafræðingur (B),
Baldur Þórhallsson lektor (A),
Anna Jensdóttir kennari (A),
Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára, frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2005, skv. 2. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (A),
Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri (B),
Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur (A),
Magnús Bjarnfreðsson skrifstofustjóri (A),
Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður (B),
Kristín B. Pétursdóttir lögfræðingur (A),
Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður (B).

Varamenn:
Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur (A),
Einar Karl Haraldsson kynningarráðgjafi (B),
Andri Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur (A),
Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri (A),
Ingimar Ingimarsson nemi (B),
Steinþór Gunnarsson viðskiptafræðingur (A),
Álfheiður Ingadóttir líffræðingur (B).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2003, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólafur Oddsson menntaskólakennari (A),
Ragnheiður Sigurjónsdóttir forstöðukona (B),
Magdalena Sigurðardóttir skólafulltrúi (A).

Varamenn:
Brynhildur Anna Ragnarsdóttir kennari (A),
Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjumaður (B),
Ólafía Ingólfsdóttir skrifstofumaður (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 18. desember 2001 til jafnlengdar 2005, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. september 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361 1977.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jónína Michaelsdóttir rithöfundur (A),
Rannveig Edda Hálfdanardóttir ritari (B),
Björn Teitsson, fyrrv. skólameistari, (A).

Varamenn:
Halldóra Rafnar blaðamaður (A),
Margrét K. Sverrisdóttir framkvæmdastjóri (B),
Vigdís Hauksdóttir garðyrkjufræðingur (A).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 377. mál. — Þskj. 599.

[14:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég ber fram till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 14. desember 2001 til 22. janúar 2002.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞBack.
5 þm. (GE, GÁS, JÁ, JóhS, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁMM, EOK, HÁs, ÍGP, KHG, KLM, MF, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 626).

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 145. mál (jöfnunargjald, heimtaugar). — Þskj. 604.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
17 þm. (ArnbS, ÁMM, EOK, GÖ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, LB, MF, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 627).

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 146. mál (lögheimili). — Þskj. 146.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
14 þm. (ArnbS, ÁMM, EOK, HÁs, ÍGP, KHG, KLM, MF, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 628).

Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 169. mál (forgangsröð verkefna o.fl.). — Þskj. 605, brtt. 600.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Brtt. 600 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, ÍGP, KHG, KLM, MF, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
16 þm. (ArnbS, EOK, HÁs, ÍGP, JÁ, KHG, KLM, LB, MF, SP, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 629).

Kvikmyndalög, 3. umr.

Stjfrv., 227. mál (heildarlög). — Þskj. 606.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
16 þm. (ArnbS, EOK, GAK, GÁS, HÁs, ÍGP, JÁ, KHG, KLM, MF, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 630).

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 358. mál (afskrift af skuldum sveitarfélaga). — Þskj. 509, brtt. 602.

[14:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er stuðningsmaður þessa máls og tel einboðið að Íbúðalánasjóður eða stjórn Íbúðalánasjóðs fái heimildir til þess að ganga til samninga við sveitarfélög sem eru að endurskipuleggja fjármál sín og vera þátttakandi í því með því að fella niður að hluta eða slá af þeim skuldum sem viðkomandi sveitarfélag er með hjá sjóðnum og taka þannig þátt í fjárhagslegri heildarendurskipulagningu viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga.

Ég og hæstv. félmrh. ræddum við 1. umr. málsins aðeins um það hversu rúmt væri ætlunin að túlka þær heimildir sem þarna eru að koma til. Hæstv. ráðherra tók fram að ekki væri ætlunin að sveitarfélög þyrftu að vera í formlegri gjörgæslu eins og það er kallað með fjármál sín hjá félmrn., þ.e. að ákvæði 76. gr. um sviptingu fjárforræða o.s.frv., 77. gr. um fjárhaldsstjórn og önnur ákvæði sem þá koma til, þyrftu að eiga við. Með öðrum orðum, það er í rauninni nóg að til staðar séu erfiðleikar hjá viðkomandi sveitarfélagi af þessum toga og að tillögur liggi fyrir um heildarendurskipulagningu á fjárhag viðkomandi sveitarfélags sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga mælir með. Segja má að í reynd sé verið að tala um einhvers konar óopinbera, óformlega nauðasamninga viðkomandi sveitarfélags, þó ekki í lögformlegum skilningi.

Þar af leiðandi, herra forseti, er ég þeirrar skoðunar að það séu mistök að vitna eins og gert er í frumvarpsgreininni í 75. gr. sveitarstjórnarlaga. Annaðhvort ætti að sleppa tilvitnun í einstakar greinar eða láta nægja að taka það fram, eins og gert er í textanum, að skilyrði fyrirgreiðslunnar sé að fjármál viðkomandi sveitarfélags sé til meðferðar hjá eftirlitsnefnd og að um sé að ræða lið í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum sveitarfélagsins.

Það er að sjálfsögðu skaðlaust að vera með tilvitnun í 74. gr. því hún fjallar um eftirlitsnefndina sem slíka. En 75. gr. fjallar eingöngu um sveitarfélög sem komin eru í fjárþröng, eins og þar segir og hefst á orðunum, með leyfi forseta:

„Komist sveitarfélag í fjárþröng þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar skv. 74. gr." Síðan segir: „Eftirlitsnefnd skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri ..." Þarnæsti málsliður: „Eftirlitsnefnd er heimilt að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. hafi sveitarstjórn ekki sinnt aðvörun ..." Og loks síðasti málsliður 75. gr.: „Komi í ljós við rannsókn að fjárhagur sveitarfélags sé slíkur ..."

Allt er þetta í framhaldi af tilkynningu sveitarfélags um fjárþröng.

Í athugasemdum við frv. er hins vegar talað um að:

„Því er gert ráð fyrir að fjármál viðkomandi sveitarfélags séu til meðferðar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, hvort heldur er vegna þess að sveitarfélagið hafi tilkynnt um fjárþröng eða eftirlitsnefndin tekið mál sveitarfélagsins til meðferðar að eigin frumkvæði ..." Og hvernig gerir hún það? Hún hlýtur að gera það á grundvelli 74. gr., þar sem hinu almenna hlutverki eftirlitsnefndarinnar er lýst. En þar segir m.a. svo:

„Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga."

Það er til þessa eftirlitshlutverks sem þarna er verið að vísa og segja: Það er nóg að eftirlitsnefndin sé að skoða fjármál viðkomandi sveitarfélags, þá stofnast möguleikinn á því í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu að Íbúðalánasjóður fái þessar heimildir.

Þar af leiðandi, herra forseti, hvernig sem ég skoða málið, kemst ég að þeirri niðurstöðu að óheppilegt sé að vera með tilvísun í 75. gr., þ.e. greinina sem eingöngu fjallar um sveitarfélög sem komin eru í fjárþröng í skilningi þeirrar greinar.

Og af því að hæstv. ráðherra hefur tekið af skarið um að ekki sé ætlunin að túlka þetta svona þröngt hefði ég talið heppilegra að fella niður tilvísun í 75. gr. og hef flutt um það svohljóðandi brtt.:

„Við 1. gr. Í stað orðanna „sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga" í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: sbr. 74. gr. sveitarstjórnarlaga."

Það tel ég efnislega réttara og í samræmi við tilgang málsins og í samræmi við þær túlkanir sem uppi hafa verið.

Menn kunna að segja að þetta sé ekki stórmál og framkvæmdin muni ganga fyrir sig hnökralaust á hvorn veginn sem er og gott og vel. En ef einhver tiltekinn hlutur af þessu tagi vakir fyrir mönnum að hafa framkvæmdina með tilteknum hætti, þá eiga menn að reyna að hafa lagaskírskotun eða tilvísun eins efnislega skýra og kostur er, og það finnst mér ekki gert með því að vísa þarna í 75. gr. sérstaklega, það er óþarfi. Það er auðvitað alveg ljóst að ef hún á við, ef sveitarfélagið er formlega búið að tilkynna um fjárþröng, eða ef ákvæði 76. og 77. gr. um sveitarfélög sem hafa beinlínis misst fjármálalegt sjálfstæði sitt eiga við, þá er að sjálfsögðu skilyrðunum hvort sem er fullnægt og málin hvort sem er komin til eftirlitsnefndar sveitarfélaga löngu áður en svipting fjárforráða fer fram. Því er óþarfi að vísa til þess. Og eðlilegast og heppilegast held ég að sleppa annaðhvort tilvísuninni með öllu eða vísa eingöngu í 74. gr.

[14:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er enginn ágreiningur hjá mér og hv. 3. þm. Norðurl. e. um hvernig þessi lög eiga að virka, þ.e. ekki þurfi að vera svo langt gengið í þrengingum sveitarfélagsins að það sé búið að úrskurða það í fjárþröng, en hins vegar þarf sá möguleiki einnig að vera opinn náttúrlega til þess að taka á málinu ef um fjárþröng er að ræða.

Lagt er til að skilyrði til afskrifta sé að beiðni hafi borist frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um niðurfellingu skuldar. Samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 374/2001, hefur eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga.

Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga samkvæmt ákveðnum viðmiðunarreglum sem nefndin hefur sett. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að fjárhagsstaða sveitarfélags sé það slæm að það hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi hjálpar er nefndinni heimilt að gera samning við sveitarfélag um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni er leitt gætu til lausnar á fjárhagsvanda þess og því er gert ráð fyrir að fjármál viðkomandi sveitarfélags séu til meðferðar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Það er ekki nauðsynlegt að sveitarfélagið hafi tilkynnt um fjárþröng. Það er nægilegt að eftirlitsnefndin hafi tekið mál sveitarfélagsins til meðferðar að eigin frumkvæði, sbr. 3. og 4. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 374/2001.

Herra forseti. Ég vitna í 14. gr. reglugerðar, með leyfi forseta. Þar segir í lokamálsgrein:

„Telji nefndin það nauðsynlegt getur hún gert samning við sveitarstjórn, sbr. 17. gr., um aðgerðir til lausnar á fjárhagsvanda sveitarfélagsins ásamt áætlun um með hvaða hætti þeim verði fylgt eftir."

Og 15. gr., með leyfi forseta:

„Beri aðgerðir sveitarstjórnar til lausnar á fjárhagsvanda sveitarfélags, sbr. 2. mgr. 14. gr., ekki tilætlaðan árangur eða fjárhagsstaða þess er það slæm að mati eftirlitsnefndar, sbr. 13. gr., að sveitarfélagið hafi ekki burði til

að leysa vandann án utanaðkomandi fjárhagslegrar aðstoðar, er nefndinni heimilt að kanna möguleika á fjölþættum fjárhags- og stjórnunarlegum aðgerðum til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélagsins með þátttöku ríkisvalds, sveitarfélags, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og annarra lánardrottna.

Leiði könnun skv. 1. mgr. til þess, að mati nefndarinnar, að möguleikar séu á raunhæfum aðgerðum til lausnar á fjárhagsvanda sveitarfélagsins skal nefndin gefa sveitarstjórn kost á samningi um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni."

Í þskj. 509, sem hér liggur fyrir til umræðu, segir í athugasemdum við lagagreinina:

„Lagt er til að skilyrði afskriftar sé að beiðni hafi borist frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um niðurfellingu skulda. Samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og reglugerðar nr. 374/2001."

Ég lít svo á að það sé alveg skýrt að það sé ekki skilyrði að sveitarfélagið hafi lýst yfir að það sé í fjárþröng. Það megi taka á málunum áður en sveitarfélagið kemst í fjárþröngina, en jafnframt verður þessi möguleiki auðvitað að vera opinn fyrir sveitarfélög sem komist hafa í fjárþröng. Þess vegna tel ég að þessi brtt. sé óþörf og það eigi ekki að þurfa að valda misskilningi eða ágreiningi.

[15:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil þetta eiginlega ekki. Mér kemur bara eitt orð í hug sem ég veit að hæstv. félmrh. kann alveg full skil á af því hann er hestamaður og það er orðið kergja. Ég held að hér hafi hlaupið einhver kergja í félmrn. eða þá embættismenn sem sömdu þetta og hún gangi hér aftur í líki ráðherrans í ræðustól.

Það er algjörlega ljóst að ef þetta hefur efnisáhrif er það til hins verra, þá er það í þá áttina að binda þetta jafnframt skilyrðum í 75. gr. sveitarstjórnarlaganna sem ekki er ætlunin, og það var einn samfelldur málflutningur fyrir því hér áfram hjá hæstv. ráðherra. Þá eru bara tvær leiðir til, þ.e. að fella tilvísun í 75. gr. eða skipta út orðinu „og" fyrir orðið „eða". Út af fyrir sig mætti gjarnan standa í textanum: „... sbr. 74. eða 75. gr. sveitarstjórnarlaga." Þá vísar það til þess að það geti verið á grundvelli hvorrar greinarinnar fyrir sig, 74. gr. um hina almennu eftirlitsskyldu nefndarinnar eða 75. gr. vegna þess að sveitarfélag eigi í hlut sem þegar hafi tilkynnt um fjárþörf. Þá er enginn misskilningur í málinu. Ég teldi heppilegra að fella þetta niður. Til vara hefði mátt hugsa sér að skipta þarna út orðinu „og" því það samkvæmt orðanna hljóðan tengir greinarnar saman, þ.e. 74. og 75. gr.

Ef hæstv. ráðherra fellst á hvorugt og heldur til streitu í anda þessarar kergju sem virðist hafa hlaupið í málið, að vilja ekki styðja breytingar á þessu mun ég frekar kalla þessa tillögu til baka en að láta fella hana, því það væru auðvitað mjög slæm skilaboð frá Alþingi að fella það að tilvísun í 75. gr. hyrfi út. Það er kannski óþarfi að gera úr þessu meira mál, herra forseti. En það er til alveg ósköp einföld lausn á því og það er að hæstv. ráðherra láti af þessari kergju.

[15:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin kergja í mér. En ég tel að við séum farnir að deila um keisarans skegg. Við erum eiginlega sammála, aldrei þessu vant, og erum þá farnir að standa hér í lítilfjörlegu karpi.

Málið er að við erum sammála um hvernig lögin eigi að virka. Út af fyrir sig fyndist mér að þetta orðalag gæti staðið, þ.e. „eða" í staðinn fyrir „og". En ég tel hins vegar að það sé ekkert nauðsynlegt að breyta þessu og það megi standa svona og þessi lagagrein verði aldrei skýrð öðruvísi en eins og ég er búinn að gera hér í ræðustól.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við gætum leyst málið með því að skipta þarna út orðinu „og" fyrir „eða" þá er ég tilbúinn til þess og flyt hér með munnlega brtt., kalla brtt. mína á þskj. nr. 602 til baka og flyt munnlega tillögu um að í staðinn fyrir orðið „og" komi orðið „eða".

(Forseti (HBl)**:** Ég hygg að brtt. verði að vera skrifleg.)

[15:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við lokaumræðu og síðan afgreiðslu málsins sé óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra geri hinu háa Alþingi grein fyrir því, í ljósi skilgreiningar hans hér á lagatextanum þannig að menn hafi það nokkurn veginn undir höndum, hversu mörg sveitarfélög falla dags dato undir þá skilgreiningu sem ráðherra fór með á þeim lagatexta sem lagt er til að verði samþykktur hér. Og hver eru þau sveitarfélög?

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um tvö sveitarfélög er að ræða, þ.e. Vesturbyggð og Reykhólahrepp.

[15:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Ég ætla ekki að lengja þann tíma sem við höfum gefið okkur til þess að funda fyrir jólin. En það er óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um það frv. sem hér er til lokaafgreiðslu og hefur fengið satt að segja allt of litla umræðu, því ef menn trúa því og halda því fram að með þessu frv. sé verið að leysa það viðvarandi og vaxandi vandamál sem er hringinn í kringum landið og varðar fjárhagsstöðu sveitarfélaga annars vegar og í bland erfiða fjárhagsstöðu vegna þess að í félagslegar íbúðir fást ekki lengur íbúar sökum búferlaflutninga er mikill misskilningur að á þeim vanda sé tekið.

Hæstv. ráðherra svaraði því rétt áðan að samkvæmt laganna hljóðan falli tvö sveitarfélög í landinu, sem eru algerlega komin upp við vegg og geta sig hvergi hrært, undir þá skilgreiningu sem texti frv. gerir ráð fyrir. Vissulega er ekki útilokað að þeim muni því miður fjölga á næstu mánuðum og missirum. En við skulum ekki gleyma því að fjárhagsvanda margra sveitarfélaga úti á landi, raunar ekki eingöngu úti á landi, má beinlínis rekja til þess að þessi sömu sveitarfélög hafa annaðhvort offjárfest í félagslegum íbúðum til þess að halda uppi atvinnustigi á tilteknum tímum, ellegar að búferlaflutningar hafa orðið slíkir, þ.e. byggðastefna ríkisstjórnarinnar orsakað það að fólk er ekki lengur til staðar til að fylla þær íbúðir sem byggðar voru. Sá fjárhagsvandi er langt í frá leystur.

Ég kalla enn þá eftir því frá hæstv. félmrh. hvenær hann ætli að koma fram með heildstæðar lausnir á því vandamáli. Þröngar afskriftir Íbúðalánasjóðs hafa ekkert með það mál að gera. Að því leytinu til hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hárrétt fyrir sér, að þessi nálgun og túlkun félmrh. leysir ekki það viðfangsefni. Það er einfaldlega svo að þessi

texti gerir ráð fyrir því að sveitarfélögin nánast lýsi sig því sem næst gjaldþrota, í fjárþröng, áður en til slíkra afskrifta geti komið.

Á hinn bóginn hef ég líka talsverðar efasemdir um þá leið sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur nefnt í þessu máli, þ.e. að á fyrri stigum verði hægt að grípa til þessara aðgerða, eingöngu vegna þess að hér er um svo sértækar og þröngar aðgerðir að ræða. Málið er langtum víðfeðmara en menn vilja hér vera láta.

Í þriðja lagi vil ég nefna það, herra forseti, sem ég gerði grein fyrir í örstuttri atkvæðaskýringu við 2. umr. þessa máls að ég ber ekki það traust til hæstv. félmrh. sem skipar síðan alfarið stjórn Íbúðalánasjóðs — og við skulum rifja upp hvernig hún er skipuð af hæstv. ráðherra. Hún er einlit, blágræn. Og þá á ég ekki við Vinstri græna. (**Gripið fram í:** Það væri nú betra ef það væri.) Hún er einlit af ríkisstjórnarflokkunum. Þetta mál leikur því hér allt í höndum hæstv. félmrh. og hann skipar oddamann í eftirlitsnefndina. Ég hef ekki góða reynslu af því, herra forseti, að veita hér opnar heimildir, því þó að skilgreiningin sé hér þröng í orði kveðnu er ekkert ... Herra forseti. Ég óska eftir að fá næði til þess að halda ræðu mína.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég óska eftir því að hv. þm. gefi hljóð.)

Ég þakka fyrir, herra forseti. Ég get lokið þessari stuttu ræðu minni á örskotstíma fái ég til þess næði. Ég var að segja að ég kalla enn þá eftir því að hér komi fram heildarlausnir gagnvart fjárhagsvanda fjölmargra sveitarfélaga í landinu. Við ræddum það vítt og breitt fyrir ári síðan, en þá var það mál skilið enn og aftur eftir hvað varðar tekjustofna sveitarfélaga. Því miður eru menn enn að horfa framan í þann veruleika að sveitarfélög í landinu geti ekki látið enda ná saman, jafnvel stór sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarinnar sem rekin eru af sama meiri hluta og er í þinginu. Sá vandi liggur því enn þá fyrir og þessi vandi sem hér er sérstaklega verið að vísa til, þ.e. sá vandi sem fylgir hinum félagslegu íbúðum sem standa auðar hringinn í kringum landið, minnisvarði um misheppnaða byggðapólitík þessarar ríkisstjórnar, og sú þrönga lausn og sú máttlausa tilraun sem hér er til staðar til að taka á þeim vanda, er langt í frá fullnægjandi. Ég tek ekki þátt í svona káki, svona fumi, svona fáti.

[15:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir með hv. þm. um að koma eigi með almenna lausn. En mér þykir undarlegt að hv. þm. sem er fulltrúi á löggjafarsamkundu þjóðarinnar sé að ákalla framkvæmdarvaldið til að fá lagasetningu. Af hverju sest ekki hv. þm. niður með öðrum þingmönnum og semur lög um þetta sjálfur og fær þau samþykkt?

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég nenni að svara þessu. Nei, ég held ekki.

[15:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú ekki mikið upplit á hv. þm. Hann sýnir mér eiginlega mikla lítilsvirðingu með þessu svari. Ég hef þá trú að Alþingi Íslendinga sé löggjafarsamkunda og hún er það samkvæmt stjórnarskránni. Alþingi Íslendinga á að semja og setja lög. Þetta er því afskaplega mikil lítilsvirðing, finnst mér, bæði við mína persónu og jafnvel við stjórnarskrána.

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þm. afsökunar á því. Ég ætlaðist ekki til að hann skildi þessi orð mín svo að ég væri að lítilsvirða hann sem einstakling. Ég hélt hins vegar að eftir setu hans á Alþingi um sex ára skeið eða svo væri hann farinn að átta sig á gangverkinu. Ef það væri nú svo, herra forseti, að við í stjórnarandstöðunni settum hér saman skynsamlegan texta og legðum hann fram sem frv. og á því væri tekið málefnalega og það samþykkt sem til framfara þætti horfa og hinu ýtt til hliðar, þá væri nú gaman að lifa. Þannig er það bara ekki. Hv. þm. veit betur. Nánast öll frv. stjórnarandstöðunnar fara í glatkistuna. Þeim er bara vísað frá og út í hafsauga nánast orðalaust á stundum. Guð láti gott á vita þannig að þetta lagist í næstu framtíð. En veruleikinn er auðvitað allt annar.

Það er hins vegar alveg hárrétt hjá hv. þm. að í allt of ríkum mæli lendir hann í því fúafeni með þingmeirihlutanum hér að láta framkvæmdarvaldið semja lagatextann fyrir sig og hoppa síðan á græna takkann þannig að margur heldur mig sig.

[15:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Stjórn Íbúðalánasjóðs er skipuð fólki úr flestöllum flokkum og Kristín Ástgeirsdóttir, fyrrv. alþingiskona, er til að mynda ekki, svo ég viti til, í Sjálfstfl. eða Framsfl.

Ég vil líka minna hv. þm. á að það var í tíð vinstri stjórnarinnar 1987–1990 sem hvað mest var byggt af þeim félagslegu íbúðum sem nú eru hvað erfiðastar fyrir sveitarfélögin. Ég tel því óþarft (Gripið fram í.) að tala um þessi mál eins og verið sé að leysa mál sem þessi ríkisstjórn hafi staðið fyrir.

Ég vil líka spyrja hv. þm. hvað hann meini þegar hann talar um heildarlausnir á þessu máli. Er hann að hugsa um að öll sveitarfélög með félagslegt húsnæði á sínum snærum sem eru í fjárhagslegum vandræðum geti beðið um niðurfellingar í Íbúðalánasjóði, þ.e. að það verði opið fyrir öll sveitarfélög? Hvað hugsar hann sér með einstaklinga í sömu sveitarfélögum sem hugsanlega eru líka í miklum fjárhagslegum vandræðum? Hvernig vildi hv. þm. leysa þau mál ef til kæmi og búið væri að gefa fordæmi á borð við þá opnun sem hann er að tala um?

[15:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur eðlilega áhyggjur af þeim einstaklingum sem búa í þessum sveitarfélögum. Hann hefur ekki eingöngu áhyggjur af sveitarsjóðunum sjálfum. Það mætti þá kannski spyrja á sama hátt: Hvað með þá einstaklinga sem búa í Reykhólasveitinni eða Vesturbyggð, hvers eiga þeir að gjalda? Eiga þeir ekki rétt á sömu afskriftum? Er hv. þm. að leggja það til?

Hv. þm. rataðist hér satt orð á munn. Hann rifjaði upp sveitarstjórnarmál á tímabili sem hann ætti að þekkja vel, ég held hann hafi verið sveitarstjóri, annaðhvort í Ólafsvík eða á Suðureyri, á uppbyggingarárum 1988–1991, þegar fólk bjó úti á landi. Þá vildi fólk búa úti á landi og vildi jafnvel flytja út á land. (**Gripið fram í:** Svo er enn þá.) En þar hefur heldur betur orðið breyting á. Ég heyri að þetta kemur

illa við suma. Staðreyndin er sú að tölurnar ljúga ekki, hv. þm. Það er því miður þannig að fólk kemur í auknum mæli á suðvesturhornið. Það er ein meginástæða þess vanda sem við okkur blasir varðandi félagslega íbúðakerfið. Það vantar fólk til að búa í þessum húsum. Það verður að horfast í augu við þann veruleika.

Eftir tíu ára samfellda stjórn Sjálfstfl. í byggðamálum er þetta niðurstaðan. Framsóknarmenn hafa nú hjálpað til heldur betur, eða hitt þó heldur, síðustu fimm árin. Það er því alveg hárrétt lýsing sem hér kom fram hjá stjórnarliðanum, hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Menn voru í sóknarhug á þessum árum og ætluðust til að Ísland allt yrði í byggð, ekki eingöngu suðvesturhornið. Þess vegna var farið í þessa uppbyggingu. Þau sveitarfélög sem voru þá í framsókn, þ.e. raunverulegri framsókn, trúðu því og treystu að þar væri framtíð að finna og reistu því hús yfir fólk sitt. Nú er þetta fólk ekki til staðar lengur. Af því stafar þessi vandi.

Það er auðvitað allt of stór spurning, að kalla eftir því hjá mér að ég leggi fram heildarlausnir og reki í stuttum andsvörum. En ég hefði svo sannarlega kosið að málið sem hér um ræðir hefði fengið lengri tíma og næði á þinginu svo að menn hefðu getað farið í gegnum það en ekki keyrt þetta stóra mál í gegn á hálfum mánuði.

[15:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að teygja lopann mikið. Ég vil bara minna hv. þm. á að þegar þessar félagslegu byggingar voru reistar á níunda áratugnum, var það frekar gert af vilja en mætti í mjög mörgum sveitarfélögum úti á landi þar sem verið var að halda uppi atvinnu fyrir byggingarverkamenn. Þá hafði þegar orðið mikil fækkun úti á landi og menn voru í miklum vandræðum með að halda uppi uppbyggingunni í þessum sveitarfélögum. Alls konar listar lágu frammi fyrir fólk sem sóttist eftir því að komast inn í þessar íbúðir. Þeir voru að sjálfsögðu notaðir.

Ég vil ítreka að ég held að þessir listar og framkvæmdirnar á þeim árum hafi gengið of langt. Sveitarfélögin réðu ekki við uppbygginguna. Fólkið var ekki til staðar þegar upp var staðið og þann vanda er verið að leysa núna. Hæstv. félmrh. er að reyna að leysa þann vanda ásamt fleirum.

[15:20]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki komið betur orðum að því en hv. þm. hvernig komið er fyrir byggðapólitík ríkisstjórnarinnar. Þetta er auðvitað minnisvarði um hana, þann vanda sem sum sveitarfélögin og fólkið í þeim sveitarfélögum er komið í eftir samfellda stjórn þessara flokka sl. sex ár. Hv. þm. lýsti því alveg bærilega að minni hyggju. Vandinn er auðvitað gríðarlegur. Ég hef sagt það hér margsinnis að á honum þarf að taka. En þetta er fumkennd leið til þess. Það er það sem ég er að gagnrýna. Ég er reiðubúinn að taka þátt í björgunarleiðangri í þessa veru. Af því ég og hv. þm. vorum báðir í sveitarstjórnarpólitík á árum áður vitum við, hygg ég og vona, eitt og annað um þessi mál.

En af því hann nefndi sérstaklega árin 1988–1990 — ég held hann hafi þá enn verið vestur á Nesi — þá er hann sennilega að tala um sjálfan sig, þegar hann ræðir um að menn hafi farið fram úr sjálfum sér og byggt hús sem enginn fékkst til að búa í. Ég veit það ekki. Ég var ekki sveitarstjóri úti á landi á þeim tíma. Ég var hins vegar hér á höfuðborgarsvæðinu og við byggðum fjöldann allan af félagslegum íbúðum af því að þörf var fyrir þær og af því við trúðum á það sem lausn í húsnæðismálum þjóðarinnar. En það hefur hins vegar breyst heldur betur, kæri herra forseti — já, hann er mér kær hæstv. forsetinn — á því hefur heldur betur orðið breyting. Nú er það orðið skammaryrði að ræða um félagslegar lausnir í húsnæðismálum þjóðarinnar. Það er enn einn minnisvarði þessarar ríkisstjórnar sem verður tekinn upp fyrir næstu kosningar.

[15:22]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðismál, 358. mál, brtt. SJS, þskj. 622.

Íslenska friðargæslan, 340. mál, svar utanrrh., þskj. 619.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 39. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 618.

Rannsókn á dreifingu barnakláms á netinu, 341. mál, svar dómsmrh., þskj. 620.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 622. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HjÁ, JÁ, JónK, KVM, KÓ, KolH, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KF, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[15:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég hvet hv. þm. til að gefa brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar gaum.

Þessi óskapnaður sem er hér á ferðinni, þar sem ætlunin er að taka á málum tveggja sveitarfélaga, er engin lausn í málinu. Hæstv. félmrh. hefur skipað nefnd sem hefur skilað áliti um vandann sem um er að ræða í húsnæðiskerfinu. Vandinn er upp á 2,8 milljarða kr. Það er að slökkva elda þegar þeir koma upp að haga sér eins og hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera núna. Ein af stærri byggðaaðgerðunum væri að fá tillögu sem miðaði að því að laga lögin þannig að hægt verði að taka á þessum málum fyrir sveitarfélögin í heild sinni.

Ætlar Alþingi í framhaldi af þessu að taka síðan hvert sveitarfélagið af öðru? Við verðum að fá heildstæða lausn á þeim stóra vanda sem við er að glíma um allt land og hefur verið reiknaður á 2,8 milljarða. Ég krefst þess að þannig verði tekið á málum. Ég sætti mig ekki við slökkvistarf af þessu tagi líkt og með fiskveiðistjórnarlögin sem voru samþykkt hér áðan. Staðbundin mál — plástralækningar.

Með því að samþykkja brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hefur hæstv. félmrh. möguleika á að gera betur. Ég held að allur þingheimur vilji innst inni taka á vandamálunum varðandi þessa 2,8 milljarða sem við eigum öll og berum öll ábyrgð á. Vandamálið er þarna. Smáskammtalækningar stoða ekkert. Þess vegna bið ég þingmenn um að styðja þessa tillögu og gera öllum sveitarfélögum landsins gott með heildstæðri lausn.

[15:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Úr því hv. þm. getur skilið þessa brtt., sem mér sýndist saklaus, með þeim hætti sem hann gerði er eins

víst að fleiri geti misskilið hana og þar með er þetta ómögu-leg brtt. Ég get því ekki stutt hana. Hugmyndin með þessu er ekki að leysa hér vanda sveitarfélaganna á landsvísu, það er ekki staður eða stund til þess. Hins vegar er reynt að hjálpa tveimur tilteknum sveitarfélögum að ná samningum við lán-ardrottna sína með því að opna þessa heimild fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs til að fella niður hluta af vanskilaskuldum. Með sama hætti og með lagabreytingu í fyrravor var undir tilteknum skilyrðum opnuð heimild handa stjórn Íbúðalána-sjóðs til að liðsinna einstaklingum í greiðsluvandræðum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er ágætlega skipuð. Kristín Ást-geirsdóttir, fyrrv. alþm., er ekki svo ég viti í öðrum hvorum stjórnarflokknum eða stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og þaðan af síður varamaður hennar, Kristján Gunnarsson í Keflavík, sem hefur gegnt störfum fyrir hana lengst af á þessu kjörtímabili því hún hefur verið úti í löndum að störf-um þar. Hann hefur ekki verið stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar svo ég viti til.

Auðu íbúðirnar voru byggðar fyrir tíð núverandi ríkis-stjórnar. Meðalaldur félagslegra íbúða á Íslandi er í kringum 15 ár. Gerður hefur verið sá biðleikur, til þess að létta á sveit-arfélögunum, að lánin fá að standa á upphaflegum vöxtum, þ.e. 2,4% vöxtum, líkt og um félagslegar eignaríbúðir væri að ræða.

Ég vil síðan taka fram, þótt ekki sé svo sem ástæða til að orðlengja það við þessa umræðu, undir þessum formerkjum, að það hefur aldrei verið nálægt því jafnmikil hjálp veitt til einstaklinga á Íslandi við að koma sér upp húsnæði.

[15:29]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti skilja á fyrri hluta ræðu hæstv. ráðherra að hann hefði nánast samviskubit yfir að hafa staðið að hinni myndarlegu uppbyggingu félagslega íbúðakerfisins á Íslandi sem átti sér stað hjá vinstri stjórninni 1988–1991. Hann talaði um að þá hefðu verið byggðar hinar auðu íbúðir. Þær voru auðvitað ekki auðar á þeim tíma en þær hafa tæmst í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra ætti þvert á móti að vera stoltur af verkum þeirrar stjórnar nema hann hafi alveg gjörsamlega tapað áttum og misst sjónar á öllu því sem félagslegt er.

Lokaorð hans hér, herra forseti, í þá veru að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafi tími hinna félagslegu úrræða runnið upp á þessum vettvangi eru slík öfugmæli að maður verður satt að segja orðlaus. Það gerist ekki oft en nú er ég orðlaus.

[15:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg með ólíkindum að hlusta á hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Annaðhvort skilur hann ekki hlutina eða vill ekki skilja þá. Ég bara bendi honum á að afla sér upplýsinga hjá Íbúðalánasjóði um hve mörg viðbót-arlán hafa verið veitt á ári síðan Íbúðalánasjóður var settur á stofn og hve mörg lán til leiguíbúða og bera það saman við fjölda lána til félagslegra eignaríbúða, kaupleiguíbúða og leiguíbúða á síðustu árum Húsnæðisstofnunar.

[15:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi samanburður er ógerlegur því hæstv. ráðherra hefur leyst það verk af hendi á valdatíma sínum að eyðileggja félagslega íbúðakerfið, hvorki meira né minna. Það er ekki lengur til. Það er ekki hægt að bera saman epli og appelsínu. Það er ekki hægt að bera saman við við-bótarlán úr Íbúðalánasjóði. Félagslega íbúðakerfinu eins og það var hefur verið rústað í tíð þessa hæstv. ráðherra. Allur samanburður, öll tölfræði er því ómarktæk.

Herra forseti. Verkin sýna merkin. Við skulum bíða og sjá. Við þekkjum það í hvaða úrræði fátækt fólk, ungt náms-fólk, getur leitað núna á síðari tímum. Það endar oftar en ekki í öngstræti. Ég segi því enn og aftur, herra forseti: Félagslegt hvað?

[15:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að nú sé að verða tímabært að fella þetta tal (Gripið fram í.) því hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er sýnilega orðinn mjög andlega þreyttur og ekki er svo þægilegt að eiga orðastað við mann þegar hann er kominn í það ástand sem hv. þm. er í.

Hann segir að ekki sé hægt að bera saman núverandi kerfi og eldra kerfi. Það er að því leyti rétt að núverandi kerfi er miklu betra og í því felst miklu meiri hjálp til einstaklinganna en í eldra kerfi. (Gripið fram í.)

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú er kominn smá jólagalsi í menn held ég og hér hefur kviknað hin líflegasta umræða um félagsleg húsnæðismál og fleira þannig að það er bersýnilega ótíma-bært að flytja tillögu um að fresta fundum Alþingis og nógur kraftur er eftir í mönnum hér til að ræða málin. En ég skal með tilliti til aðstæðna hafa þetta stutt af minni hálfu.

Það er alveg hárrétt sem hér hefur verið komið inn á að þetta mál sem slíkt gengur auðvitað allt of skammt til þess að taka á hinum almenna vanda. Þar þarf meira til en bara að stokka upp samskipti ríkis og sveitarfélaga í sambandi við húsnæðismál. Það þarf auðvitað að fara í öll þau tekjusam-skipti. Ég minni á að við höfum ítrekað flutt brtt. eða í formi sjálfstæðra tillagna eða frumvarpa um að hafist verði handa um að taka á þessum vanda. Í fyrstu umferð yrði þá t.d. tekinn frá milljarður kr. til þess að ríkið kæmi á móti sveit-arfélögunum í að gera upp þennan mikla uppsafnaða vanda sem þarna liggur. Það þarf að gera og verður að gera. Það er ömurlegt að horfa upp á að menn ýti honum bara á undan sér. Hann liggur eins og klafi um háls margra sveitarfélaga í landinu sem í raun geta sig engan veginn hreyft, komast hvorki lönd né strönd með sín mál vegna þess að þau eru fjárhagslega í bóndabeygju, m.a. og ekki síst út af þessum skuldbindingum.

Herra forseti. Ég hlýt líka að nota tækifærið til að mót-mæla þeim leiðinlega söng sem hv. þm. Kristján Pálsson fór því miður með hér eina ferðina enn um að þessi vandi væri að verulegu til kominn vegna þess að menn hefðu byggt íbúðir að þarflausu víða um land til þess að halda þar uppi atvinnu. Þetta er ómerkilegur og rangur rógur um sveitarstjórnarmenn og stjórn Húsnæðisstofnunar og aðra sem höfðu með þessi mál að gera á sínum tíma. Ég fullyrði að það er í hrein-um undantekningartilvikum ef svo hefur verið, einfaldlega vegna þess að þessi mál byggðu á úttekt á hverjum tíma, á þarfagreiningu og ekki voru veitt lán nema fyrir lægju umsóknir um íbúðir. Það var engin sýndarmennska í því. Ég gæti nefnt fjölmarga staði þar sem fólki var að fjölga, þar sem húsnæðisskortur var af því einstaklingar byggðu ekki og byggja ekki á landsbyggðinni.

Hvernig átti þá að bæta við húsnæði? Hvaða úrræði höfðu sveitarstjórnarmenn og aðrir til þess að reyna að stuðla að því að húsnæði bættist við á stöðum þar sem fólki var að fjölga? Jú, það var að fara í þetta kerfi. Ég get nefnt dæmi um staði eins og Hólmavík og Þórshöfn þar sem fólki var að fjölga jafnt og þétt, t.d. á níunda og fram á tíunda áratuginn, en nánast engin hús voru byggð á vegum einstaklinga, og við vitum af hverju það er. Vegna óvissu og vegna þess hvernig fasteignamarkaðurinn er á landsbyggðinni byggja menn auðvitað ekki hús fyrir 12–20 millj. sem þeir vita að þeir muni ekki fá nema 4 eða 6 fyrir ef þeir þurfa svo að selja þær. Hver getur ekki sett sjálfan sig í þau spor og spurt sig: Mundi maður taka lán, skuldsetja sig og ráðast í stærstu fjárfestingu lífs síns og hætta henni með þeim hætti? Enda er niðurstaðan af þessu ástandi ósköp augljós. Hún blasir við. Með undantekningunni Akureyri heyrir það til hreinna tíðinda að einstaklingar byggi hús (**Gripið fram í:** Nei.) á landsbyggðinni nema helst í sveitum af því þar er engum öðrum til að dreifa.

Sem betur fer er það fekar undantekningin en reglan enn þann dag í dag að þessar íbúðir standi tómar í stórum stíl. Það er sem betur fer ekki svo þannig að ég mótmæli þessum ómaklega málflutningi sem stundum er verið að ýta undir um að þarna hafi menn verið með einhverjar vafasamar ákvarðanir á ferðinni svona almennt talað. Auðvitað horfðu menn á það — og hvað er það annað en eðlilegt? — að þetta voru framkvæmdir eins og hverjar aðrar framkvæmdir. Þeim fylgdi atvinna að sjálfsögðu. Er eitthvað að því? Gleðjast menn ekki að breyttu breytanda yfir öllum framkvæmdum þegar þær koma til og skapa líf og störf í viðkomandi byggðum?

Herra forseti. Að lokum um frv. þetta og brtt. sem ég hef nú flutt eða öllu heldur endurflutt þar sem ég legg til að tilvísunin í tilteknar lagagreinar í sveitarstjórnarlögunum verði þannig að sagt verði sbr. 74. „eða" 75. gr. sveitarstjórnarlaga í staðinn fyrir „og". Þá held ég að því verði ekki á móti mælt að þannig úr garði gerður er texti frv. nákvæmlega eins og menn ætla sér að hafa framkvæmdina. Það er ekki hægt að mæla móti því. Það er alveg skýrt, fullkomlega skýrt, „ganz klar", að þá er þetta orðað nákvæmlega eins og hæstv. félmrh. hefur verið að segja okkur að hann vilji standa að framkvæmdinni.

Það breytir hins vegar engu um það í hvaða umfangi heimildin verður notuð. Það er sjálfstætt mál. Þó að við samþykkjum þessa brtt. erum við ekki á nokkurn hátt að ákveða eitt eða neitt fyrir fram um það í hvaða umfangi heimildin verður notuð. En þá er a.m.k. alveg ljóst að álappaleg lagatilvísun mun ekki þvælast fyrir mönnum í þeim efnum og hugsunin er orðuð inn í lagatextann, tel ég vera, með þessari brtt. alveg nákvæmlega eins og hæstv. félmrh. hefur hér hátíðlega lýst að hann vilji hafa hana.

Herra forseti. Þá er þetta mál vonandi skýrt. Eins og einn ónefndur fyrrverandi flugmálastjóri hefði kannski orðað það hérna þá er þetta morgunljóst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]

Brtt. 602 kölluð aftur.

Brtt. 622 felld með 25:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack.

nei: ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, JBjart, KF, KHG, KLM, MF, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb.

3 þm. (GE, GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, KHG, KLM, MF, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 631).

Girðingarlög, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (heildarlög). — Þskj. 607, brtt. 569. [15:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að flytja og afgreiða við 3. umr. frv. til girðingarlaga sem er hið ágætasta mál og ábyggilega til mikilla bóta eins og það hefur verið unnið.

Það er aðeins eitt atriði í því sem mér finnst orka tvímælis. Það snýr að réttarstöðu þess fólks sem lengi hefur búið í sveitum við ógirt land. Í 5. gr. frv. segir:

„Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins og er það meginreglan."

Ég vil gera að umræðuefni áður en ég skýri brtt. hvaða réttarstöðu fólk hefur sem hefur kannski búið í sveit við ógirt land áratugum saman. Svo gerist það sem iðulega gerist dagsdaglega nú á tímum að bændur bregða búi og jarðir fara á sölu og það tíðkast mjög að fólk er að kaupa sér jarðir. Sumir kaupa sér jarðir vegna þess að þeir ætla eingöngu að dvelja þar að sumarlagi án þess að stofna til neinna sérstakra framkvæmda á jörðinni. Aðrir kaupa sér jarðir og hugsa dæmið þannig: Ef ég leyfi beit, t.d. hrossa, á minni jörð fæ ég stóran hluta af verðmæti þess sem ég borga fyrir jörðina smátt og smátt til baka. Þetta á reyndar líka við ef menn kaupa sér jörð og vilja hefja þar skógrækt eða eitthvað slíkt. Samkvæmt frv. sem við erum að fjalla um á hinn nýi landeigandi rétt á að krefja bóndann um að hann skuli greiða girðingarkostnaðinn að jöfnu við hann. Hann á þann rétt samkvæmt meginreglunni. Að vísu er hægt að kalla til matsmenn og eitthvað slíkt til að meta hvernig girðingin nýtist hvoru landi eða hvernig hún liggur að hverju landi. En segjum sem svo að þetta sé jörð þar sem girða þarf milli fjalls og fjöru, langt inn á heiðalönd, til þess að aðskilja lönd ef annar vill beita hestum á jörðina en hinn telur það sér ekki hagkvæmt. Þá er komin upp sú staða að sá jarðareigandinn sem búið hefur í áratugi á þessu landsvæði við ógirt land er allt í einu krafinn um það að leggja fram helming á móti þeim sem var að kaupa.

Ég vil samkvæmt þessari brtt. bæta inn í að ábúendur sem búið hafa við ógirt land síðastliðin 20 ár eigi rétt á að krefjast annarrar kostnaðarskiptingar en þeirrar sem er meginreglan, að greitt skuli að jöfnu.

Ég tel að með þessu væri verið að auka réttarstöðu þess fólks sem búið hefur í sveitum um langan tíma og að það eigi að gera það. Ég tel réttlætismál að þeir sem kaupa sér land og koma inn í sveitir geti ekki sjálfkrafa krafist þess að eldri ábúendur taki á sig, til jafns við þann sem flytur eða kaupir, girðingarkostnað við landið sem áratugum saman hefur verið ógirt. Mér finnst að það verði að teljast ósanngjarnt að ábúendur sem búið hafa lengi við ógirt land án þess að það hafi valdið neinum skaða, eins og segir hér í örstuttri greinargerð, þurfi að búa við það ef nýr eigandi verður að næstu jörð að hann geti krafist girðingar. Jafnvel þótt áratuga hefð sé fyrir ógirtu landi getur hinn nýi eignaraðili krafið bændur sem lengi hafa búið að bera kostnað að hálfu við girðingar á landi sem aldrei hefur verið girt.

Ég tel að með brtt. sé þeim sem búið hafa á jörðum tryggð betri réttarstaða, þeir geti sem sagt krafist þess að þurfa ekki að taka þátt í girðingarkostnaði að jöfnu við þann sem girðingar hefur krafist.

[15:47]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil tala á móti þessari tillögu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar vegna þess að verið er að ganga á rétt þeirra sem eiga jarðir ef farið er eftir því að þeir sem hafa búið á jörðunum í 20 ár eða lengur þurfi ekki að greiða helming á móti í girðingarkostnaði. Í 5. gr. laganna er verið að ganga mjög langt til þess að hægt sé að semja um kostnaðarskiptingu og ég legg til að þessi brtt. verði felld. Annað er ekki sanngjarnt því að ef menn búa á jörð í 20 ár geta þeir ekki átt þennan rétt framar en aðrir sem eiga jarðir.

[15:48]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að best sé að svara þessu andsvari með því að lesa síðari hluta 5. gr. eins og hún er í frv. en hún hljóðar svo:

„Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá er samgirðingar er krafinn þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða."

Ef landamerki eru þannig að þau séu jöfn frá fjöru til fjalls, girðing jafnlöng að löndum beggja, kemur aldrei neitt annað út úr þessu en helmingsgreiðsla fyrri ábúanda þó að hann hafi búið í 40 ár við ógirt land.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þm. á að það á að biðja leyfis forseta til að mega lesa upp prentað mál.)

[15:49]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í brtt. frá hv. landbn. við 5. gr. kemur í stað orðanna „Neiti sá" í 5. málsl. „Neiti sá eða þeir". Og við lokamálslið bætist: „... enda hafi ekki verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlegt". Þetta er algjör jafnræðisregla sem hefur verið í lögum og við erum að útvíkka hana, hv. þm., með því að hægt sé að breyta kostnaðarhlutdeildinni ef þannig fer, og við erum að bæta þarna við því að sýslumaður geti útnefnt mann í gerðardóm ef á þarf að halda. Þannig að ég tel að við eigum alls ekki að samþykkja þessa brtt.

[15:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að ég og hv. þm. Drífa Hjartardóttir höfum algjörlega andstæða skoðun á þessu. Ég tel að þeir sem búið hafa lengi í sveitum eigi þar ákveðinn rétt, og hann eigi skýlaust að verja.

Þær breytingar sem smátt og smátt eru að verða á þjóðfélagi okkar munu verða þrátt fyrir að réttur þeirra sem lengi hafa búið í sveitum sé varinn. Það er greinilegt hvert stefnir á þessu landi þar sem fækkar í hinum dreifðu byggðum og þéttbýlisbúarnir koma inn og eignast stóran hluta jarðanna. Ég held að þær breytingar verði ekki stöðvaðar, því miður, vegna þess hvernig atvinnumálum í landinu er stefnt.

Og ég verð að segja að ég skil ekki alveg afstöðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur í þessu máli, að hún skuli ekki geta fallist á að það sé eðlilegt að veita þeim sem búið hafa lengi við ógirt land, án þess að það hafi valdið neinum skaða, betri réttarstöðu en þeim er fengin.

[15:51]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nokkuð var rætt um þessi mál í landbn. og yfirleitt var sá andi í nefndinni, svo ekki gæti misskilnings, að það var frekar samúð með þeim sem höfðu búið lengi á jörðum. Hins vegar eru til mjög mörg frávik og margar myndir af þeim. Við getum hugsað okkur mann sem hefur búið á jörð í 30 ár og er ekki með neinar skepnur þar eða segjum að hann sé með hross þar. Síðan kemur annar og flytur nýr inn á jörð og er með kýr en þarf og vill girða hesta nágrannans frá, á hann þá einn að standa straum af girðingarkostnaðinum?

Það er hægt að setja upp alls konar myndir af deilum og þrasi um girðingar og landamerki sem eru náttúrlega frægustu deilumál þjóðarinnar og þess vegna voru ákvæði sett í lögin, herra forseti, um nefnd sem ætti að taka á ágreiningi ef til hans kæmi. Og það er skýrt frá því í 7. gr. laganna þar sem gert er ráð fyrir þremur mönnum, einum frá búnaðarsambandi, einum frá sveitarstjórn og einum frá sýslumanni, sem eiga líka m.a. að skera úr um kostnað verði ágreiningur um hann. Þess vegna treysti ég mér ekki, kæri bróðir í mörgum málum, hv. þm., að styðja þetta mál.

[15:53]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Þessi brtt. er í rauninni alveg víðáttuvitlaus vegna þess að ef verið er að tala um 20 ára ábúð, hvað þá með þann sem tekur við af foreldrum sínum í búskap? Hann er að hefja búskap sama ár og þann sama dag og hann tekur við. Þetta mundi valda þvílíkum ruglingi, og ég held að nú sé mál að linni og við bara fellum þessa brtt. (**Gripið fram í:** Já já, við gerum það.)

[15:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Alveg gerði ég mér það ljóst að ég var hér eingöngu að marka réttarstöðu þeirra sem lengi höfðu búið í sveitum, og var ekki að marka réttarstöðu þeirra sem væru

að taka við búi eða hefja búskap. Ég var eingöngu að horfa til þess að í sveitum landsins er á jörðum mikið af eldra fólki sem hefur litlar tekjur. Og bændur hafa almennt litlar tekjur. Ég tel það algjörlega óviðunandi, herra forseti, að á þetta fólk sé lögð sjálfkrafa sú kvöð að það eigi jafnvel að borga helming af árslaunum sínum í girðingarkostnað á móti einhverjum skógræktarmanni eða nýbónda í hrossum.

[15:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér finnst það ekki hafa komið nógu skýrt fram í þessari umræðu að samkvæmt gildandi lögum á sá sem óskar girðingar á landamerkjum og hefur átt, a.m.k. svo lengi sem ég man eftir, rétt til þess að fá greiddan hálfan kostnað við uppsetningu girðingarinnar. Núna er bara verið að skýra prósessinn, hvað þurfi að gerast, og orða nákvæmar hvaða skilyrði þurfi að uppfyllast. Þessi skylda hefur líklega verið frá aldamótum eða nálægt því, sennilega er þetta hundrað ára gamalt ákvæði.

Varðandi dæmi sem hv. þm., flm. brtt., nefndi getur það sjálfsagt verið eins og hann leggur þetta upp en það getur líka verið þannig að ef kaupstaðarbúi kaupir jörð og fyllir hana af hrossum geti það verið hagur nágrannanna að geta girt hana af fremur en að þola áganginn. Og venjulega er það svo að sá sem óskar girðingar er að forða ágangi frá öðrum.

[15:57]

Útbýting þingskjals:

Launagreiðslur og tryggingagjald sveitarfélaga, 280. mál, svar félmrh., þskj. 621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]

Brtt. 569 felld með 29:2 atkv. og sögðu

já: GAK, SvH.

nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, EOK, EMS, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.

17 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KF, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 632).

Sameignarfyrirtæki um Orkuveitu Reykjavíkur, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 562, brtt. 595.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]

Brtt. 595 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 633).

Náttúruvernd, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál (Náttúruverndarráð o.fl.). — Þskj. 608.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.

16 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 634).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 3. umr.

Stjfrv., 160. mál (gjald til Náttúruverndarráðs). — Þskj. 161.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
16 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 635).

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (Heyrnar- og talmeinastöð). — Þskj. 603.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
16 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, ÓÖH, SP, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
[16:01]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður frv. með þeim skýringum sem fram komu í nál. en gerir mjög ákveðinn fyrirvara á gjaldtökuákvæðum frv. Framhaldið er í höndum hæstv. ríkisstjórnar þar sem greiðsluþátttaka fólks með heyrnar- og talmein ræðst af þeim reglugerðum sem settar verða í kjölfar nýrrar lagasetningar og af því fjármagni sem lagt verður til málaflokksins. Heyrnar- og talmeinastöðin hefur veitt góða og ódýra fagþjónustu og þá þjónustu verður að styrkja svo stofnunin geti veitt sérfræðiþjónustu út um allt land. Því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 636).

Leigubifreiðar, 3. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 609, brtt. 598.
[16:02]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):
Virðulegi forseti. Það mál sem nú er loks komið á dagskrá var rætt hér að einhverju leyti í nótt og í skjóli nætur átti að skjóta í gegn einhverju skrýtnasta máli sem hér hefur komið fram.

Því miður var það svo í umræðunni í nótt að hæstv. samgrh. svaraði ekki þeim spurningum sem til hans var beint sem ég tel mikilvægt að fá svör við áður en málið verður afgreitt af hinu háa Alþingi, því mér sýnist einbeittur brotavilji meiri hlutans til þess liggja þannig að meiri hlutinn vilji afgreiða þetta mál. Því held ég að mikilvægt sé að nokkur grundvallarsvör liggi fyrir áður en málið er afgreitt úr þinginu.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, er málið þannig vaxið að enginn getur orðið leigubifreiðastjóri fyrr en eftir langa og stranga baráttu. Menn þurfa að ávinna sér tíma. Menn þurfa að ávinna sér bíltíma. Menn þurfa að ávinna sér meirapróf. Menn þurfa að ávinna sér forfallapróf. Menn þurfa að ávinna sér leyfispróf. Og ekki verða gefin út nema u.þ.b. 700 leyfi, við þau verður ekki bætt, heldur þarf leyfi að detta út til þess að nýir komi inn. Og hugmyndafræðin er síðan sú að utan um þetta kvótakerfi verði stofnuð ný útgáfa Fiskistofu, sem nú á að gera Vegagerðina að.

En ég held að nauðsynlegt sé, virðulegi forseti, áður en lengra er haldið, að hæstv. ráðherra svari því hvað það er í stjórn þessa málaflokks sem gerir það að verkum að almannahagsmunir séu svo ríkir að ganga verði gegn atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Hvaða almannahagsmunir eru svo ríkir að þrengja þurfi atvinnuréttindi leigubílstjóra, eins og hér er ætlunin að gera?

Ég fór mjög vandlega yfir það í nótt að sú hugmyndafræði sem býr að baki þessu er fyrst og fremst til komin vegna skrifa tveggja forstjóra, annars vegar forstjóra leigubifreiðastöðvar og hins vegar forstjóra vörubifreiðastöðvar árið 1953, sem rituðu þáverandi stjórnvöldum bréf og sögðu að það væru það margir í þessari stétt að óvíst væri um viðunandi arðsemi af greininni. Í samræmi við þá hugmyndafræði sem þá ríkti í samfélaginu, þeirri haftahugmyndafræði sem þá ríkti, gripu menn til aðgerða og komu upp því kerfi sem nú ríkir. Og nú er ætlunin, árið 2001, að framlengja því og eiginlega bæta um betur því svo vandlega skal um þetta haldið að stofna á um þetta gagnagrunn. Minna má það ekki vera þegar um er að ræða 700 leigubifreiðastjóra.

Og það er ekki lítið sem á að fara inn í þann grunn. Það eru læknisvottorð, heilbrigðisvottorð, forfallabílstjórar o.s.frv. Það er þannig í þessu kerfi að enginn má aka eftir að hafa loksins fengið þetta leyfi nema hann hafi starfið að aðalatvinnu. Hann verður að hafa starfið að aðalatvinnu. Og ef honum dytti í hug að taka sér frí, þá er það ekki einfalt mál, því hér er ekki um sjálfstæða atvinnurekendur að ræða. Nei, þeir verða að tilkynna um það til bifreiðastjórafélaganna og gera það með sérstökum hætti. Það vill meira að segja þannig til, virðulegi forseti, að það eru 18 greinar í reglum um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar sem gilda um það ef þessir sjálfstæðu atvinnurekendur ætla sér að taka frí.

Ég fór dálítið yfir þessar reglur í nótt og m.a. vakti sérstaka athygli á því að þær reglur sem eru undirritaðar af hæstv. núv. samgrh., Sturlu Böðvarssyni, og eru frá 8. nóvember 1999, ekki 1899 sem þó mætti ætla við lestur þeirra, en þar kemur m.a. fram, bara sem dæmi af handahófi úr þessum merku reglum, að hægt er að fá undanþágu vegna veikinda þannig að menn geti þá fengið einhvern annan til að keyra fyrir sig. Í c-lið 6. gr. er tekið fram að áfengismeðferð telst til veikinda í fyrsta skipti, en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða. Það er því ný skilgreining á áfengismeðferð í samgrn., sem hér kemur reyndar ekkert fram hvort sé í samræmi við viðhorf landlæknisembættisins sem hefur ekkert um þetta fjallað.

En svona er þetta, virðulegi forseti, allt samansett, að loksins þegar menn eru komnir inn í greinina, þá geta þeir

ekki starfað. En inn í greinina fara þeir ekki nema með meirapróf, forfallapróf og leyfispróf og eftir að hafa unnið sér inn eitt ár eða svo í akstri, og þá eru margir um hituna. Þá bíða þeir allir í röð eftir að eitt leyfi losni, þá komast þeir loks inn.

En það er ekki eins og þeir megi starfa, setja sig á gulu síðurnar og tilkynna þar að þeir séu tilbúnir að aka fólki. Nei, það er fullmikið frelsi í þessari grein. Þeir verða að skrá sig á bifreiðastöð. Og enginn má eiga meira en einn bíl á bifreiðastöðinni. Sú aðferðafræði sem Bifreiðastöð Steindórs, sem hér var rekin á sínum tíma, að stöðin átti alla bílana, væri því ekki möguleg í dag, því enginn má eiga meira en einn bíl.

Ég nefndi í nótt þá miklu tísku sem nú ríður yfir hið vestræna samfélag, að menn mundu stofna hér umhverfisvæna bílastöð, þá er það ekki möguleiki. Það getur ekki nokkur maður gert.

Það er því alveg fyrirséð að það kerfi sem hér ríkir á sér í raun og veru enga hliðstæðu. Hvergi nokkurs staðar.

Ég segi það alveg eins og er og látum nú liggja milli hluta allt þetta blessaða kerfi sem er svo galið að þeir sem fara yfir það ná náttúrlega aldrei neinum botni í það, að við þurfum að svara þeirri grundvallarspurningu áður en þetta mál er afgreitt: Hvaða ríku almannahagsmunir eru það sem réttlæta að atvinnuréttindi manna sem hugsanlega ættu sér þann leynda draum að verða leigubílstjórar eru skert á þann hátt sem hér um ræðir?

Ég held að hæstv. samgrh. verði að svara þessari spurningu áður en þetta verður afgreitt. Í nál. meiri hlutans er reyndar vikið að því að þeir hafi reynt að byggja á atvinnufrelsi og samkeppni í Svíþjóð, en það hafi víst ekki alveg gengið. En það var reyndar ekkert útskýrt neitt frekar. (**Gripið fram í:** Jú.) Það var ekki útskýrt neitt frekar svo nokkru nemi. (Gripið fram í.) Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. sem greip hér fram í, hann gerði heiðarlega tilraun til þess að reyna að útskýra það en þær útskýringar halda náttúrlega engu vatni.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það sem réttlætir þessa undanþágu frá stjórnarskránni? Ég held að mjög mikilvægt sé að þetta liggi fyrir, því við vitum svo sem ekki hvort til þess kann að koma einhvern tímann í óskilgreindri framtíð að einhver sem á sér þann leynda draum að verða leigubílstjóri og vill gera það á eigin forsendum án þess að vera á bifreiðastöð, jafnvel að fá að setja nafnið sitt í gulu síðurnar í símaskránni, að hann geti gert það. Komi til þess að einhverjir aðrir en Alþingi þurfi að taka ákvörðun um það, er mikilvægt að þessi röksemdafærsla liggi fyrir.

[16:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það má með sanni segja í umræðu um þetta mál að allt hefur sinn tíma. Það var út af fyrir sig mjög fróðlegt fyrir okkur hv. þm. í nótt að fá upprifjun á upphafi þeirrar löggjafar sem hér er verið að gera breytingar á.

En hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að það hefði að sjálfsögðu verið mjög æskilegt ef um það hefði getað orðið samstaða í þinginu í góðu samstarfi við leigubílstjóra í landinu að hafa ekki niðurnjörvaðar reglur um hverjir megi og eigi að reka leigubíla. Ég get viðurkennt það hér í þinginu, svo sannarlega, að ég hefði vissulega getað óskað mér þess að vera laus við það að þurfa að standa fyrir takmörkunum hvað þetta varðar. Að því leyti get ég tekið undir orð hv. þm.

Hins vegar liggur það fyrir að þessu kerfi hefur verið komið upp hér þar sem eru takmörkunarsvæði og það hefur í fortíðinni náðst samkomulag um að það sé ekki ótakmarkaður aðgangur að því að gera út leigubíl á tilteknum takmörkunarsvæðum. Þetta er hinn kaldi veruleiki.

Þetta mál hefur verið í samgrn. Ýmsir hv. þm. þekkja þetta kerfi allvel. Í minni tíð í ráðuneytinu var farið yfir þetta mál vegna þess að á því hafa verið ýmsir hnökrar í framkvæmdinni og m.a. gerð breyting á reglugerð sem hv. þm. vitnaði mjög til, en hún var sett árið 1995, fyrst í þeirri meginmynd sem hún er í en var síðan breytt 1999, vegna þess að þá var talið eðlilegt að öll bílstjórafélögin kæmu að þessu skipulagi og það var í fyllsta máta eðlilegt, ekki síst eftir að tilteknir dómar höfðu gengið.

Hvað um það. Farið var yfir þetta mál. Það var kannað hvort ekki væri eðlilegt að sveitarfélögin tækju þetta að sér. Farið var í viðræður við forsvarsmenn sveitarfélaganna í landinu og þeir óskuðu ekki eftir því sérstaklega og í rauninni lögðust algerlega gegn því að sveitarfélögunum væri með lögum fært það verkefni að sjá um skipulag á leigubílamálum.

Þá var gripið til þess ráðs í nafni góðrar stjórnsýslu að koma á því skipulagi sem við erum að fjalla um að fela einni af okkar allra bestu stofnunum, Vegagerðinni, að sjá um framkvæmd málsins og um það erum við að fjalla hér í dag.

Við gerum hins vegar ráð fyrir því að ef um ágreining verði að ræða megi skjóta honum til æðra stjórnvalds og það eru góðir stjórnsýsluhættir og ættu að vera, eins og ég hef nú áður vikið orði að við hv. þm., að hann sem löglærður maður, með þau réttindi, þótt hann geri ekki mikið úr réttindum þeim sem leigubílstjórar þurfa að hafa, ætti að hafa góðan skilning á því að það er mjög góð stjórnsýsla sem við erum að efna hér til. Í það minnsta tel ég að hún ætti að geta orðið traust, sérstaklega í þágu þeirra sem sækjast eftir því að fá réttindi til þess að aka leigubílum.

Þetta er, herra forseti, í meginatriðum það sem ég vildi segja hér við þessa umræðu.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur haft afskaplega gott og í raun langvarandi tækifæri til þess að hafa góð áhrif á þetta mál. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem það kemur fyrir þingið og hv. þm. hefur setið í samgn. og haft drjúg áhrif á þær breytingar sem hafa orðið á þessu máli. Og ég á ekki von á öðru en þegar allt er samanlagt muni þingmaðurinn sjá að þær breytingar sem við erum að gera eru til bóta og ég vænti góðs stuðnings í lokin frá hv. þm. við þetta merka mál.

[16:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að staðfesta það sem hæstv. samgrh. sagði, að leigubílamál, þ.e. stjórn þess málaflokks, hafa lengi verið býsna strembin viðfangs. Mínir ágætu fyrrum starfsbræður í bílstjórastétt eru náttúrlega allir kóngar eins og við fleiri Íslendingar og það ber að hafa í huga.

Ég er þeirrar skoðunar að vænlegast sé að reyna að hafa eitthvert skipulag á þessu. Hinn kosturinn, að sleppa þessu öllu lausu, hefur stóra galla í för með sér, bæði fyrir notendur og þá sem reyna að hafa þetta að starfi. Hins vegar ber mönnum að reyna að standa þannig að málum að öll góð sjónarmið um stjórnsýslu og atvinnuréttindi og annað séu höfð í heiðri eins og kostur er.

Reynslan af því að gefa þetta laust hefur verið mjög blendin þar sem það hefur verið gert. Við getum tekið sem dæmi Svíþjóð eða Stokkhólm, eins og ég hygg að ýmsir þekki, að menn gátu þar lent í þó nokkrum hremmingum hefðu þeir ekki fyrirhyggju í að semja fyrir fram um verð og annað á því tímabili sem ástandið þar var verst.

Varðandi þá tilhögun að færa þetta til Vegagerðarinnar — ég ætla ekki að lasta þá ágætu stofnun og allt er rétt sem ráðherra sagði um það — vaknar sú spurning hjá mér hvort í reynd sé verið að breyta Vegagerðinni smátt og smátt í einhvers konar samgöngustofnun á vegum stjórnvalda. Það er verið að tína til hennar svona verkefni sem eru komin svolítið í burtu frá vegalagningu og utanumhaldi vega í landinu. Fyrir nokkrum árum varð hún að hálfgerðri siglingamálastofnun með því að þangað færðust ferjur. Það má líta á það sem framlengingu vegakerfisins. En þegar kemur að stjórnsýslulegum þáttum sem lúta að skipulagningu leigubifreiðaaksturs er það komið nær samgöngumálaflokknum sem slíkum.

Ég vil þar af leiðandi spyrja hæstv. ráðherra: Er það að einhverjum hluta þannig í huga hæstv. ráðherra að Vegagerðin þróist jafnvel yfir í einhvers konar stjórnsýslustofnun á sviði samgöngumála?

[16:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir andsvarið og þann glögga skilning sem hann hefur á þessu viðfangsefni.

Það er rétt hjá hv. þm. að með þessu frv. hefur Vegagerðinni verið falið tiltekið verkefni. Henni hafa áður verið falin verkefni, t.d. eftirlit með margs konar flutningastarfsemi, svo sem rekstri vörubíla, áætlunarbíla og hópferðabíla. Nú er henni falið viðlíka hlutverk hvað varðar leigubílana. Að því leyti má með sanni segja að verið sé að fela Vegagerðinni stjórnsýsluþætti. Það er að mínu mati alls ekki vondur kostur vegna þess að Vegagerðin er með starfsemi í öllum landshlutum og hefur á að skipa hæfum starfsmönnum, tæknimenntuðum starfsmönnum, í miklu og góðu sambandi við þessar greinar atvinnulífsins, ekki síst við þá sem hafa á hendi rekstur ökutækja. Þar er fyrir heilmikil þekking á þessu sviði. Ég tel því að þetta sé skynsamlegur kostur, einfaldi hlutina og styrki m.a. þær stofnanir sem eru úti um landið, þær einingar Vegagerðarinnar sem hafa margvísleg verkefni á sinni könnu. Ég tel að við séum hér að fara rétta leið.

[16:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég get að mörgu leyti fallist á röksemdir hans.

Það leita þó á mig efasemdir. Þær lúta m.a. að því hvort ekki geti farið svo að Vegagerðin lendi í ákveðnum vanda með hið blandaða hlutverk sem henni er falið með lögum, þ.e. samkvæmt fyrirmælum framkvæmdarvaldsins. Þá vakna líka spurningar um hvort ekki þurfi t.d. að deildaskipta þessari starfsemi með einhverjum hætti og jafnvel, ef maður þróar þessa hugsun nú eitthvað lengra, hvort þetta hnígi kannski í þá átt að í reynd væri heppilegast að til yrði einhvers konar samgöngustofnun, sjálfstæð stofnun sem færi með þetta vald sem áður var að hluta inni í ráðuneytinu, hjá Vegagerðinni og jafnvel fleiri aðilum. Þar með væri til einhvers konar stjórnsýslustofnun á vegum samgönguyfirvalda þar sem þessir hlutir kæmu saman.

Hitt er rétt að Vegagerðin er öflug stofnun með mikla starfsemi um allt land og reyndar eiga forsvarsmenn Vegagerðarinnar umfram flesta hrós skilið fyrir að hafa ekki dregið alla skapaða hluti undir höfuðstöðvar hér í Reykjavík heldur dreift starfseminni og jafnvel flutt verkefni til umdæma og eflt þau. Það kann vel að vera að m.a. þess vegna sé að mörgu leyti æskilegur kostur að færa þeim frekar aukin verkefni en hitt vegna þess að þar er greinilega skilningur á því að svona er hægt að standa að málum. Það líkar manni vissulega vel.

Þetta eru hins vegar bara hugleiðingar, herra forseti. Ég ætla ekki að taka meiri tíma í þetta mál. Ég segi bara að lokum að þótt þetta fyrirkomulag kunni að ganga bærilega upp hefði mátt athuga ýmislegt betur í þessu sambandi, samanber þá þann ágreining sem er í loftinu í kringum afgreiðslu þessa máls. Ég hygg að það hefði verið ágætt ef menn hefðu gefið sér aðeins meiri tíma í málið.

[16:23]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Við lokaafgreiðslu þessa máls vil ég halda því til haga að ég tel að þetta mál hefði átt að vinna betur í nefndinni og þá ákveðin atriði sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur einmitt gert grein fyrir. Það er óljóst hvað á að standa í gagnagrunninum, þeim upplýsingabanka sem á að vera um þessa atvinnugrein. Einnig er óljóst hverjir eigi að hafa aðgang að honum.

Ég vil líka leggja áherslu á eitt atriði til viðbótar sem bifreiðastjórar hafa einmitt nefnt, að það ætti að vera tilvísun til hins mikla öryggisþáttar sem og öryggisþjónustu sem á þessari stétt óneitanlega hvílir. Þeir verða oft fyrstir varir við margt það sem miður fer í umferðinni. Auk þess er þeirra eigið öryggi í bílunum við flutning á fólki mál sem mjög er til umræðu í nágrannalöndum okkar. Að mig minnir er ekki vikið að þessu með beinum hætti í lögunum. Þetta hefði átt að koma inn þótt ekki væri nema með beinni skírskotun. Ég vildi draga þetta fram.

Ég vil vekja athygli á því sem ég tel að hafi verið mjög jákvætt, komið mjög sterkt inn í brtt. meiri hlutans, þ.e. heimild til að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins. Í brtt. stendur, með leyfi forseta:

„Við flutning málaflokksins yfir til sveitarfélags tekur viðkomandi sveitarstjórn við stöðu Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt."

Ég tel þetta mjög jákvætt en að öðru leyti, herra forseti, tel ég að það hefði þurft að vinna þetta betur og ítreka að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs situr hjá við afgreiðslu málsins.

[16:25]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða er augljóslega komin á leiðarenda en ég held að rétt sé að halda samt til haga nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi er ekkert í þessu frv. sem fjallar um öryggi bílstjóra eða öryggi farþega, ekki nokkur skapaður hlutur.

Í öðru lagi vil ég nefna að það var á engan hátt verið að gera lítið úr leyfum leigubílstjóra. Vil ég mótmæla harðlega orðum hæstv. samgrh. í þá veruna. Ég veit svo sem ekki hvaðan hann fær þær hugmyndir. Hins vegar hef ég gert

verulegar athugasemdir við kerfið og hvernig bílstjórarnir fá þessi réttindi. Leigubílstjórar gegna mjög mikilvægu hlutverki í almannasamgöngunum.

Hins vegar vildi ég hnykkja á því í lokin, virðulegi forseti, að komi til þess að á þetta kerfi reyni fyrir dómstólum er algjörlega ljóst að ekki verður hægt að leita í nokkrar röksemdir til hæstv. samgrh. fyrir því hvers vegna atvinnuréttindi manna skuli skert með þeim hætti sem raun ber vitni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]

Brtt. 598 samþ. með 26:12 atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, EKG, EOK, EMS, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, LB, RG, SvanJ, ÞSveinb.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJóh*, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, EKG, EOK, EMS, GHall, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 637).

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 3. umr.

Stjfrv., 282. mál (gjald fyrir rekstrarleyfi). — Þskj. 610.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]

Frv. samþ. með 28:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SÓ, SJS, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, EKG, EOK, EMS, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, KLM, MF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 638).

Jólakveðjur.

[16:29]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis á þessu ári. Góður starfsandi hefur einkennt haustþingið sem hefur gert okkur kleift að ljúka þingstörfum samkvæmt starfsáætlun. Vil ég láta í ljós sérstakar þakkir mínar til þingmanna fyrir samstarfsvilja þeirra.

Jólahátíð er í nánd og gefst nú háttvirtum alþingismönnum og starfsfólki Alþingis tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðirnar og njóta með þeim friðsemdar jólanna. Ég færi alþingismönnum öllum svo og starfsfólki Alþingis bestu óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð og þakka þeim fyrir samstarfið á því ári sem nú er senn á enda. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[16:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir samstarfið á haustþingi og hlý orð í garð okkar alþingismanna. Auðvitað erum við þingmenn misjafnlega sáttir við sum þau lög sem hér hafa verið samþykkt. Vafalaust er því svo einnig farið meðal fólksins í landinu. Verum samt bjartsýn og gleðjumst öll á komandi jólahátíð. Það koma ávallt nýir tímar og ný ráð.

Ég óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þá vil ég sérstaklega færa starfsfólki Alþingis þakkir fyrir dugnað og lipurð við okkur alþingismenn og óska því gleðilegra jóla.

Ég bið hv. þingmenn að taka undir góðar óskir til hæstv. forseta og fjölskyldu hans og starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[16:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. 4. þm. Vestf. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

Þingfrestun.

[16:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands gjörir kunnugt: „Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frá 14. desember 2001 til 22. janúar 2002.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis lýsi ég því hér með yfir að fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 16:33.

57. FUNDUR

þriðjudaginn 22. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403. — 1. umr.
2. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612. — 1. umr.
3. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358. — 1. umr.
4. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437. — 1. umr.
5. Búnaðarlög, stjfrv., 350. mál, þskj. 485. — 1. umr.
6. Útflutningur hrossa, stjfrv., 357. mál, þskj. 497. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun héraðsnefndar Þingeyinga um byggðaröskun.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Handhafar valds forseta Íslands hafa gefið út svohljóðandi bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsrh., forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 22. janúar 2002 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 17. janúar 2002.

Davíð Oddsson. Halldór Blöndal.
Guðrún Erlendsdóttir.

Davíð Oddsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna og býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna Alþingis.

Ég óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Jafnframt sendi ég landsmönnum öllum mínar bestu nýársóskir.

Ég vona að hlé það sem verið hefur á reglulegum fundum Alþingis hafi nýst alþingismönnum vel til fundahalda í kjördæmum og til annarra samskipta við kjósendur. Ég á von á því að það starf skili sér í störfum Alþingis.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 21. janúar 2002.

„Þar sem ég get ekki sökum veikinda sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík, Mörður Árnason, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv."

Kjörbréf Marðar Árnasonar hefur verið samþykkt en hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um kosningu í útvarpsréttarnefnd.

[13:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil geta þess nú við upphaf þessa fundar að við kosningar í nefndir og ráð á síðasta fundi Alþingis fyrir jól, hinn 14. desember, þar sem að venju voru tilnefndir hverju sinni jafnmargir og kjósa skyldi, varð sú vangá við kjör í útvarpsréttarnefnd að einu nafni var ofaukið á listunum svo að lýst var kjöri fleiri en kjósa skyldi. Þau mistök var nauðsynlegt að leiðrétta í samræmi við þingstyrk að baki listunum hvorum um sig.

Ef enginn hreyfir andmælum lýsi ég rétt kjörin í útvarpsréttarnefnd:

Aðalmenn:
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (A),
Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri (B),
Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur (A),
Magnús Bjarnfreðsson skrifstofustjóri (A),
Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður (B),
Kristín B. Pétursdóttir lögfræðingur (A),
Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður (B).

Varamenn:
Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur (A),
Einar Karl Haraldsson kynningarráðgjafi (B),
Andri Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur (A),
Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri (A),
Ingimar Ingimarsson nemi (B),
Steinþór Gunnarsson viðskiptafræðingur (A),
Álfheiður Ingadóttir líffræðingur (B).

Ég ítreka það að ef enginn hreyfir andmælum lít ég svo á að þau sem ég hef nefnt séu rétt kjörin í útvarpsréttarnefnd.

[13:36]

Útbýting þingskjala:

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 387. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 641.

Hafnalög, 386. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 640.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 639.

Samgönguáætlun, 384. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 625.

Umræður utan dagskrár.

Horfur í efnahagsmálum.

[13:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um horfur í efnahagsmálum. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en til andsvara verður hæstv. forsrh., Davíð Oddsson. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska öllum þingmönnum gleðilegs árs og þakka þeim fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Var það ekki örugglega fyrir síðustu jól, herra forseti, sem ríkisstjórnin lýsti því hvernig verðbólgan mundi senn hníga hægt en örugglega og var það ekki fyrir jólin sem ríkisstjórnin talaði líka um svigrúmið sem var að myndast til að lækka vexti þegar krónan mundi styrkjast? Jú, herra forseti. Ef mig misminnir ekki, þá var það einmitt fyrir síðustu jól. En ríkisstjórnin eins og svo margir aðrir að því er þetta varðar fór því miður í jólaköttinn.

Verðbólgan hækkaði milli desember og janúar tvöfalt meira en ætlað var og verðbólga síðustu 12 mánaða er 9,4% á meðan hún er ekki nema 2% í samkeppnislöndunum. Munurinn er fjór- eða fimmfaldur. Þetta eru ákaflega uggvænleg tíðindi fyrir samkeppnisstöðu okkar Íslendinga og það er mjög erfitt líka, herra forseti, að við þessar aðstæður er ekkert svigrúm til þess að lækka vexti sem var þó bjargráðið sem mörg fyrirtæki biðu eftir, einkum hin smærri fyrirtæki sem ekki geta sótt sér ódýrt fjármagn á evrusvæðið.

Við slíkar aðstæður getur gamall vítahringur orðið til að nýju þar sem verðbólgan með aðstoð vaxtaokurs leggur til eldivið á sitt eigið bál. Það er hins vegar hægt að grípa inn í þessa þróun en til þess þarf agaða efnahagsstjórn, til þess þarf líka agaða stjórn á ríkisfjármálum og til þess þarf líka að geta lært af mistökum síðustu ára.

Árin 1998 og 1999 eru að verða klassísk í hagfræðinni sem dæmi um hvernig afskiptaleysi og rangur skilningur stjórnvalda á frelsi í efnahagsmálum leiddi til ófara. Frelsi þýðir nefnilega ekki að stjórnvöld eigi að láta efnahagsmálin afskiptalaus.

Í dag erum við öll sammála um að það voru slæm mistök, ákaflega slæm mistök, að grípa ekki í tíma til aðgerða gegn viðskiptahallanum. Við skulum læra af þessu. Verkalýðshreyfingin sýndi ábyrgð þegar hún kvaddi ríkisstjórnina með sér til baráttu gegn verðbólgunni og hún lagði á borð með sér frestun á uppsögn launaliða kjarasamninga. Ég segi það líka hiklaust, herra forseti, að það var ákaflega jákvætt hvernig ríkisstjórnin brást við því. Vonbrigðin voru hins vegar því meiri þegar kom í ljós að stærsti liðurinn í hækkun vísitölunnar voru verðhækkanir á opinberri þjónustu. Átti það að koma á óvart? Nei, herra forseti. Það átti ekki að koma á óvart. Fulltrúar Samfylkingarinnar höfðu lagt fram útreikninga frá Þjóðhagsstofnun þar sem sýnt var svart á hvítu að hækkanir ríkisins hefðu umtalsverð verðbólguáhrif. Því var hafnað, enda lifa menn í Stjórnarráðinu eftir því mottói að hafa beri það sem rangt reynist fremur en fylgja útreikningum Þjóðhagsstofnunar.

Það sem við þurfum núna er víðtæk samstaða um að endurheimta stöðugleikann. Hún þarf að ná til ríkis, hún þarf að ná til sveitarfélaga og hún þarf að ná til markaðarins. Ríkisstjórnin þarf að kalla aftur þær hækkanir sem ég ræddi um áðan eins og hæstv. forsrh. hefur gefið góð fyrirheit um. En sveitarfélögin verða líka að hafa hemil á hækkunum sínum. Ríkisstjórnin ætti að benda þeim sveitarfélögum á fordæmi Reykjavíkurlistans sem hefur lækkað bæði hita, rafmagn og ýmsa aðra skatta meðan önnur sveitarfélög þeim miklu skyldari hafa beitt ýtrustu hækkunum. En síðast en ekki síst þarf samstöðu markaðarins og ég vil segja það úr þessum ræðustóli að Húsasmiðjan, BYKO og Fjarðarkaup eiga hrós skilið.

Það er hins vegar Svarti-Pétur í stokknum. Stóru keðjurnar hafa í skjóli einokunar keyrt upp matarverð. Hreðjatak þeirra á markaðnum hefur kallað fáheyrða dýrtíð yfir neytendur. Ég tel að ríkisstjórninni beri skylda til þess að feta í fótspor verkalýðshreyfingarinnar og fara í viðræður við þá aðila, krefjast þess í nafni þjóðarheillar að þeir sýni ábyrgð og þeir lækki matarverð. Ég held reyndar, herra forseti, að það ættu að vera hæg heimatökin. Er ekki rétt munað hjá mér að helsti trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar, Hreinn Loftsson, formaður einkavæðingarnefndar, sé enn þá stjórnarformaður Baugs? Ef fortölur duga ekki til, herra forseti, þá er það skoðun okkar í Samfylkingunni að Samkeppnisstofnun eigi að fá í hendur þau tæki sem hún þarf til þess að skipa fyrir um breytingar, þar á meðal að skipta upp slíkum einokunarrisum ef hún telur þess þörf til þess að vernda hagsmuni neytenda.

Að lokum vil ég, herra forseti, leggja þrjár spurningar fyrir hæstv. forsrh.:

Getur hann staðfest að fyrrnefndar gjaldskrárhækkanir ríkisins verði teknar aftur?

Hvaða líkur telur hæstv. forsrh. á því að ekki komi til uppsagnar launaliðar kjarasamninga í maí?

Til hvaða ráða ætlar ríkisstjórnin að grípa til þess að styðja það?

[13:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hefja máls á þessu efni og ég skal svara honum strax varðandi þessi atriði. Ríkisstjórnin mun standa við það sem hún hefur þegar tilkynnt verkalýðshreyfingunni að hún muni gera varðandi lækkun á útgjöldum.

Í annan stað tel ég að verulegar líkur séu á því — ég vil leyfa mér að segja jafnvel yfirgnæfandi líkur — að það mark sem menn hafa sett sér gagnvart uppsögn kjarasamninga standist.

Um leið og ég þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp hér og nú verð ég þó að segja að hann fór ekki alveg rétt með í upphafi fundar á vorþinginu. Hann sagði að $^2/_3$ af hækkuninni sem varð núna um síðustu mánaðamót væri af völdum ríkisins. Þetta er rangt því $^2/_3$ er hækkun á verði matvæla. Það kom fram síðar í ræðunni. (Gripið fram í.) Jú, jú, það sagði þingmaðurinn. Það kom hins vegar síðar fram í ræðu hans að hann hafði skilning á því að hækkunin á matvælunum skipti verulegu máli.

En þingmaðurinn sagði líka í upphafi ræðu sinnar: Var ekki talað um það fyrir jól að gengið ætti að styrkjast? Jú, það var talað um það og gengið hefur heldur betur styrkst

og hefur verið að styrkjast, meira að segja í dag. Vísitalan sem fór hæst í tæplega 152 stig er núna í 139 stigum. Þetta er gríðarlegur árangur og mun hafa mjög mikla þýðingu vegna verðbólgunnar sem fram undan er. Þess vegna segi ég að miklar líkur eru á að þetta muni allt saman ganga eftir. Við erum að sjá mjög jákvæða hluti ganga fram hvarvetna. Og þegar þetta gengur eftir, þá mun það einnig ganga eftir að verðbólgan á árinu verði kringum 3,5% sem er mjög viðunandi árangur.

Hv. þm. talaði um viðskiptahallann, sagði reyndar að viku eftir kosningar ætti allt að springa í loft upp. Það er liðinn drjúgur tími frá þeirri viku eins og menn muna frá því að sú klukka átti að springa. Hvernig er með viðskiptahallann sem hv. þm. hefur talað mest um sem var 73 milljarðar þegar hann fór hæst? Nú er gert ráð fyrir að hann verði 25 milljarðar kr. á þessu ári, aðeins þriðjungur, og hann spyr um árangur. Er það ekki árangur? Auðvitað er það gríðarlegur árangur sem þarna er að gerast.

Til viðbótar þessu til að ýta undir bjartsýni sem við höfum öll fulla ástæðu til að búa yfir um þessar mundir, þá hefur sjútvrh. getað aukið aflann, skattalækkanir hafa aukið mönnum þor, menn eru að flytja heim fyrirtæki sín af þeim ástæðum o.s.frv.

Við horfum til annarra landa. Hvað værum við að tala um í þessum sal núna um efnahagsmál ef atvinnuleysi væri hér það sama og í Evrópulöndunum, innan Evrópubandalagsins þar sem það er 9–10%? Árið 2000 var atvinnuleysið á Íslandi 1,3%. Árið 2001 1,4%, hækkaði um 0,1%. Ætli við værum ekki að tala um það sem eina og agalegasta vandann í efnahagsmálum ef atvinnuleysi væri hér eins og það er í evrulöndunum, 10–12%? Og ef skoðað væri eins og gert er hér á landi, þar sem ekki er miðað við að menn hætti sextugir heldur 65–70 ára, þá væri þetta 12–14% atvinnuleysi sem væri stærsti vandinn sem við væri að glíma og væri hörmung öll og mikil.

Við sjáum líka að kaupmátturinn mun standast, við munum halda honum gangandi. Við sjáum líka, og það er gleðilegt, að úrvalsvísitalan hefur ekki verið hærri í heilt ár. Trúin á markaðanum er líka að vaxa, markaðurinn fer vaxandi og er enn eitt dæmið um það að efnahagsástandið er að komast í mjög gott horf hér og eru allar ástæður til þess að vera fullur af bjartsýni og hafa trú á því sem er að gerast. Auðvitað hefur skipt mestu máli í þessu sambandi nákvæmlega þriðja spurningin sem hv. þm. spurði um: Hvað er það sem ríkisstjórnin er að gera? Það eru nákvæmlega verk ríkisstjórnarinnar sem hafa ráðið úrslitum: Það að ríkissjóður er rekinn með afgangi í mörg herrans ár og skuldir eru greiddar niður skiptir máli. Það að skattar eru lækkaðir með þeim hætti sem við höfum verið að gera, sem styrkir atvinnu til frambúðar, skiptir máli. Ég tel að vaxtalækkanir séu ekki langt undan heldur skammt undan. Ég tel að við munum sjá fram á vaxtalækkanir þegar í næsta mánuði. Þegar eftir næstu mælingu á vísitölunni munum við sjá fram á vaxtalækkanir til viðbótar öðrum hlutum: skattalækkanir, vaxtalækkanir, styrking á gengi, lækkandi verðbólga, lítið atvinnuleysi, traustur kaupmáttur. Hver mundi ekki vera ánægður með þess háttar efnahagsástand í landi sínu?

[13:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ágætt til þess að vita að hæstv. forsrh. skuli vera glaður og ánægður. Og það er vissulega ágætt að í landinu virðist menn vera að vakna til vitundar um mikilvægi þess að koma böndum á verðbólgu. Verðhækkanir rýra kaupmátt þeirra sem búa við föst laun en verstar eru verðhækkanir sem bitna sérstaklega á þeim sem ekki geta aflað tekna vegna sjúkdóma eða örorku. Hækkanir á sjúklingagjöldum og lyfjum nú um áramótin bitna illa á þessu fólki og ef ríkisstjórnin vildi sýna í senn raunsæi og sanngirni væru þessar verðhækkanir afturkallaðar þegar í stað. Og það mætti þessi glaði og ánægði hæstv. forsrh. gera. Þessar hækkanir eru nefnilega á ábyrgð hans og ríkisstjórnar hans en verðlagsskrúfan er einnig á ábyrgð hennar þegar málin eru skoðuð í víðara samhengi.

Ef við lítum til undangengins áratugar hefur efnahagsþróun hér verið beint inn í farveg einokunar og fákeppni á markaði. Í fyrsta lagi er á það að líta að í skjóli kvótakerfis hefur orðið geysileg samþjöppun á fjármagni í sjávarútvegi og háar fjárupphæðir hafa verið teknar út úr þeirri grein og beint annaðhvort út úr landinu eða í verslun og fjárfestingarbrask eða inn á hlutabréfamarkað. Í öðru lagi kunna menn að minnast þess að hér voru til staðar ýmsir sjóðir til uppbyggingar í atvinnulífi, Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður, sem síðar voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem að lokum var einkavæddur. En áður en það var gert voru þessir fjármunir almennings notaðir til að stuðla að eignatilfærslu í atvinnurekstri í landi. Og þetta hefur leitt til meiri einokunar í allri almennri vörudreifingu en dæmi eru um áður nema þegar horft er til dönsku einokunarverslunarinnar.

Það er gott og góðra gjalda vert að reyna að koma böndum á verðbólguna en við skulum ekki aðeins fást við einkenni heldur einnig rætur vandans. Við verðum að sjá skóginn fyrir trjánum, ekki síst þegar skógurinn brennur.

[13:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er veðrið í dag sem lýsir því að við getum verið bjartsýn áfram. Það er heiður himinn og bjart fram undan.

Ég vil segja um það að tvennt er að sem verið er að taka á. Við höfum búið við tímabundna verðbólgu, og íslensk fyrirtæki og fólk býr við of hátt vaxtastig. Og ég trúi því miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar og þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í að hér muni velmegun halda áfram. Þessir stjórnarflokkar hafa á einu og hálfu kjörtímabili náð því að atvinnulausir sem voru í upphafi 3.700 einstaklingar á aldrinum 15–50 ára, eru í dag 1.500. 2.000–3.000 Íslendingar sem voru sestir að erlendis eru fluttir heim og sestir hér að og 15.000 störf hafa orðið til. Við sjáum að afkoma sjávarútvegsfyrirtækjanna er góð. Gengi krónunnar hefur á ný verið að styrkjast. Fyrirtækin í landinu eru nú að koma til liðs við stefnu ríkisstjórnarinnar um að berjast gegn verðhækkunum. Verkalýðshreyfingin og atvinnulífið eru að taka á með stefnu ríkisstjórnarinnar þannig að ég trúi því að vextir og verðlag muni lækka. Við þurfum að ná þjóðarsátt um hvernig við lækkum vaxtastigið. Við eigum að gera það með sama hætti og verðbólgan var lögð að velli fyrir tíu árum. Við þurfum ekki að tala um neina evru í því sambandi. Þetta er íslenskt efnahagsmál og við eigum að gera það þannig. Í næstu viku mun sá sem hér stendur fara fyrir ríkisstjórn með nýjar tillögur svokallaðrar grænmetisnefndar um hvernig verð á grænmeti verður lækkað um leið og atvinnugreininni verður ekki fórnað. Það eru tillögur sem munu hafa áhrif á vísitölu og lækkun verðlags um leið og holl matvara verður á lægra verði til neytenda. Ríkisstjórnin og þessir flokkar eru því að

vinna að mörgum stórum málum. Þess vegna skulum við vera bjartsýn. Norðurljós munu braga um breiðan himin í kvöld og gleðja þá svartsýnu í myrkri þeirra.

[13:52]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Á tveimur mánuðum eða svo hafa fulltrúar atvinnulífsins og alþýðustéttanna dregið hæstv. ríkisstjórn að fundarborði til að gera henni grein fyrir því sem hún virtist ekki hafa vitað, hvert stefndi í fjármálum okkar og verðþenslumálum, sem hæstv. ríkisstjórn ber fullkomna ábyrgð á.

Það er auðvitað þakkarvert að verslun í landinu virðist ætla að taka við sér með þeim hætti að lækka verð á vöru sinni. Þó stendur þar margt út af og stóru keðjurnar virðast ekki ætla að taka þátt í leiknum. En hæstv. forsrh. tilkynnti í viðtali við Morgunblaðið í dag að það yrði mjög þrýst á um þetta enda fengi enginn að vera stikkfrí. Það fær enginn að vera stikkfrí nema hæstv. ríkisstjórn í verðþenslumálunum. Hvað er undirstaða þess að draga úr verðþenslu? Hvaða ráðum beita menn? Það er auðvitað stjórn ríkisfjármálanna sem hefur úrslitaþýðingu í því efni. Hvernig hefur verið haldið á þeim síðustu missirin og árin? Tökum dæmi um hækkun útgjaldaliða fjárlaga frá árinu 2000 til 2001. Í fjárlögunum um 13,5% og síðan eyddu menn eins og óðir væru heimildalaust 14,9 milljörðum þannig að hækkunin á milli ára nam nærri 20%. Þetta er auðvitað gjörsamleg vitfirring en það er ekki von að ríkisstjórnin uggi að sér þar sem formaður hennar málar stöðugt góðærismyndir á vegginn, og mér sýndist og heyrðist að hæstv. landbrh. væri byrjaður að sveifla penslinum.

[13:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnin var ræki lega vöruð við því fyrir jólin að hækka hér ýmiss konar gjaldtökur eins og á sjúklinga og námsmenn og að verðhækkanir vegna gengisáhrifa væru ekki enn að fullu komnar fram. Hæstv. forsrh. sagði þá að þessar hækkanir mundu ekki stefna samkomulagi aðila vinnumarkaðarins í tvísýnu. Annað hefur komið á daginn því verulegan hluta af hækkun vísitölunnar nú má rekja beint til hækkana sem ríkið hefur beitt sér fyrir. Að vonum skammaði ASÍ ríkisstjórnina vegna þessa enda hefur ríkisstjórnin lofað að taka til í eigin ranni eftir þann rassskell. Það er þó full ástæða til að vara verkalýðshreyfinguna við því að opinberir aðilar og aðrir reyna að spila á vísitöluna og frysta hækkanir þar til hættan á uppsögn kjarasamninga er liðin hjá í maímánuði næstkomandi. Okurvextirnir, 26% gengisfelling og 30% verðhækkanir á matvælum á stuttum tíma ásamt því að vísitala neysluverðs hefur hækkað um 18,2% á rúmum tveimur árum á meðan almennar launahækkanir hafa einungis verið um 10% á þeim tíma, er staðfesting á skipbroti efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og hvernig hún hefur klúðrað góðærinu. Í skjóli einokunar og mikilla gengisfellinga hafa svo risarnir á matvörumarkaðnum hækkað vöruverð langt umfram það sem tilefni var til og það verður að stöðva. Það gengur ekki lengur að millilíðirnir og smásöluverslunin séu miskunnarlaust að blóðmjólka neytendur en nýleg könnun ASÍ sýnir að Íslendingar greiða mörgum tugum prósenta og stundum hundruðum prósenta hærra verð fyrir nauðþurftir en grannþjóðir okkar. Ríkisstjórnin á þegar í stað að draga til baka sjúklinga- og námsmannaskattana og setja aukið fjármagn í að láta hraða rannsókn Samkeppnisstofnunar sem nú er í gangi á fákeppni og einokun á matvörumarkaðnum sem næsta víst er að brýtur gegn samkeppnislögum.

[13:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er alveg sama hvernig hv. þm. stjórnarandstöðunnar tala um þessi mál, það teiknar allt til þess að hér sé fram undan á næstu mánuðum og missirum tímabil aukins stöðugleika í efnahagsmálum, minni verðbólgu og aukinnar framleiðslu og að tímabil niðursveiflunnar sem við höfum verið að ganga í gegnum verði mjög skammvinnt. Fyrir þessu eru auðvitað ýmsar ástæður og sumar komu fram í máli hæstv. forsrh. Eitt er það að búið er að auka aflaheimildir, annað að búið er að breyta skattalögum þannig að búast má við því að fjöldi nýrra fyrirtækja sjái hér dagsins ljós eða flytji starfsemi sína til landsins. Úrskurður umhvrh. í Kárahnjúkamálinu hefur að sjálfsögðu mikið að segja í þessu efni. En einnig, og síðast en ekki síst, samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar frá því fyrir jólin um verðbólgumarkmið og stefnuna í þeim efnum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur jafnan farið mikinn í tali sínu um viðskiptajöfnuðinn. Hann lét þess þó ekki getið í ræðu sinni áðan hversu miklu minni viðskiptahallinn á árinu 2001 varð heldur en þegar hann hafði sem hæst um það efni um mitt síðasta ár eða í upphafi þingvetrarins. Hann nefndi það ekki heldur að allar spár ganga nú út á það að viðskiptahallinn á þessu ári verði u.þ.b. 25 milljarðar eins og forsrh. sagði en ekki 60 eins og spáð var um mitt ár 2001, og að vöru- og þjónustujöfnuður verði jákvæður á þessu ári.

Hér hefur orðið mikil grundvallarbreyting að því er þetta varðar. Efnahagslífið er að rétta sig af, hagkerfið er að taka nýjan kúrs í hátt við það sem ég sagði áðan og það er ábyrgðarlaust að teikna mikinn fjanda hér upp á vegg þegar ljóst er að horfur eru mun betri en þessir hv. þm. gefa til kynna.

[13:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar sem ræður mestu um stöðu og horfur í efnahagsmálum á hverjum tíma og það er stefna ríkisstjórnarinnar sem ræður umgjörð atvinnulífsins um allt land. Það byggir á stefnu ríkisstjórnarinnar hvernig heppnast að halda þenslu í skefjum á góðæristímum og koma í veg fyrir samdrátt í niðursveiflu.

Herra forseti. Mistök ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í góðæri undanfarinna ára eru öllum landslýð ljós. Þensla og verðbólga sem við glímum við í dag var fyrirsjáanleg öllum þeim sem sjá vildu. Ólíklegt er að ríkisstjórninni takist betur að ráða við þær aðstæður þegar kreppir að í efnahagslífinu.

Skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis hefur veikt stöðuna mjög, en eftir langvarandi viðskiptahalla eru erlendar skuldir nú um 100% af árlegri landsframleiðslu. Tekin eru erlend lán til að standa undir viðskiptahalla sem að meginhluta hefur verið varið til að standa undir uppbyggingu í þjónustugreinum og neyslu sem hvorki var innstæða fyrir né að það hafi skapað grundvöll fyrir aukinn framtíðarhagvöxt. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um auknar erlendar lántökur til að framlengja gervigóðærið sem með þeim hætti er búið til eru því afar hæpnar þegar til lengri tíma er litið. Þótt vöruskiptin kæmust í jafnvægi stendur eftir langur hali af erlendum vaxtagreiðslum sem mun nema tugum milljarða kr. á komandi árum og viðhalda gjaldeyrisflæði úr landi sem veikir gengið og dregur úr hagsæld hérlendis.

Herra forseti. Það er sjálfsagt að borin sé virðing fyrir einstökum rauðum strikum í verðbólgu- og vísitölumælingum og það er svo sem gott og blessað að fákeppnisaðilar auglýsi eftir jólavertíðina lækkun á verði á vöru og þjónustu á því tímabili ársins þegar eftirspurnin er minnst. En að efnahagsstefna heillar ríkisstjórnar skuli rekin áfram með því að knýja fram á þriggja mánaða fresti yfirlýsingar frá fákeppnisaðilum í verslun og þjónustu er fullkomlega óásættanlegt.

Herra forseti. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er vandinn í efnahagsmálum þjóðarinnar.

[14:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þegar spurt er um horfurnar í efnahagsmálum þarf að huga að ýmsum þáttum. Það sem við sjáum blasa við í atvinnumálum er að atvinnustig er hátt og ekki verður annað séð en svo verði áfram. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem leggja grunninn að stóriðjuáformum á næstu árum treysta undirstöður atvinnulífsins.

Kaupmáttur er sjáanlega hár og fyrirsjáanlegt er að hann verði svo áfram, m.a. vegna aðgerða sem stjórnarflokkarnir hafa gripið til með lækkun skatta. Viðskiptahalli sem var mikill um árabil fer mjög minnkandi og horfurnar í þeim efnum eru mjög góðar eins og fram hefur komið. Horfurnar varðandi verðbólguna hníga líka í þá átt, m.a. vegna þeirrar samstöðu sem tekist hefur milli allra aðila, ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og atvinnulífs, um að lækka verðbólguna. Verður ekki annað séð en útlitið í þeim efnum sé gott á næsta eða þessu ári. Í kjölfarið á öllu þessu má búast við að vextir muni síðan lækka, sem mjög hefur verið beðið eftir. Ástæðan fyrir því að vextir hafa ekki lækkað meira en orðið er er m.a. vegna þess að snúningurinn í efnahagslífinu hefur verið það mikill að ekki hefur þótt ástæða til og rétt á þeim tímapunkti að lækka vexti.

Ég vil hins vegar taka undir sumt af því sem fram hefur komið hér hjá ræðumönnum. Ég hef m.a. áhyggjur af ýmsum einkennum í íslensku efnahagslífi sem benda til fákeppni og einokunar. Við sjáum það blasa við víða í atvinnulífi okkar, t.d. í bensín- og olíusölu, flutningum á sjó og landi og áætlunarflugi þar sem áður ríkti samkeppni en nú er farið að styrkja í ríkara mæli. Við sjáum merki um þetta í smásöluverslun, heildsöluverslun og fjarskiptaþjónustu svo að dæmi séu nefnd. Þarna er verk að vinna fyrir ríkisstjórnina.

[14:03]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Blikur eru á lofti í efnahagsmálum. Verðbólgan síðustu 12 mánuði er nú orðin rúm 9%. Hún er um 2% í samkeppnislöndum okkar. Það er hætta á að háir vextir og há verðbólga leiði til kostnaðarhækkunar sem öll fyrirtæki neyðast til þess að velta út í verðlagið. Þannig getur gamall verðbólguvítahringur orðið til að nýju.

Verkalýðshreyfingin sýndi mikla ábyrgð þegar hún hvatti ríkisstjórnina til samráðs um aðgerðir gegn verðbólgunni. Ríkisstjórnin sýndi þá í fyrsta skipti í langan tíma fyrstu teikn um að hún væri að tengjast raunveruleikanum í efnahagsmálum. Svo var hins vegar ekki þegar hér fyrir jólin voru samþykktar ýmsar hækkanir á opinberum gjöldum þrátt fyrir að varað væri við afleiðingum þeirra. Nú hefur hæstv. forsrh. hins vegar brugðist skynsamlegar við og hefur látið allar hækkanir í endurskoðun. Það er forsenda þess að ekki komi til uppsagnar kjarasamninga í maí, en slík uppsögn gæti varla þýtt annað en mikinn óróa á vinnumarkaði og mögulega verkföll.

Herra forseti. Það sem við þurfum nú er víðtæk samstaða um að ná aftur stöðugleikanum. Sú samstaða þarf að ná til ríkis, sveitarfélaga og markaðarins alls. Ríkisstjórnin þarf að kalla aftur hækkanir sínar og í framhaldinu beita miklu ábyrgari efnahagsstjórn svo við föllum ekki í sama farið þegar kemur fram á sumarið. Sveitarfélögin verða sömuleiðis að hafa hemil á hækkunum sínum, en þar á ríkisstjórnin einnig að koma að málum því að á undanförnum árum hefur mjög hallað á sveitarfélögin í fjárhagslegu tilliti í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Við í Samfylkingunni höfum bent á að stóru matvælakeðjurnar hafa náð einokun á markaðnum sem hefur kallað yfir neytendur fáheyrða dýrtíð í matvælum. Því ber að fagna að hæstv. forsrh. virðist sammála okkur því í Morgunblaðinu í dag segir hann, með leyfi forseta:

„Það er t.d. alveg ljóst að matvöruverslunin hefur verið að krækja sér í aukabónus. Það fer ekkert á milli mála."

Því er eðlilegt að spyrja: Er hæstv. forsrh. sammála okkur í Samfylkingunni um að efla þurfi Samkeppnisstofnun og fá henni þau vopn í hendur sem duga til að kljúfa í sundur stórfyrirtæki sem komin eru í fákeppnisaðstöðu á markaði þannig að tryggja megi hagsmuni neytenda?

[14:06]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Við erum að komast í gegnum þá niðursveiflu sem nú hefur verið um nokkurt skeið með því að enn þá er full atvinna og kaupmáttur launa er með því sem hann hefur best verið. Við horfum fram á að uppsveifla í efnahagslífinu geti hafist aftur síðar á þessu ári. Við sjáum að skattbreytingarnar sem gerðar voru fyrir jólin hafa fallið í mjög góðan jarðveg í atvinnulífinu. Við sjáum að gengisbreytingarnar sem hafa orðið hafa skapað uppgang í útflutningsgreinum. Skuldir hafa verið greiddar niður og komin er geta hjá fyrirtækjunum til að fjárfesta á nýjan leik og byggja upp, líka á landsbyggðinni. Við sjáum að álversframkvæmdir eru á góðum skriði. Við sjáum að aftur ríkir bjartsýni í ferðaþjónustunni og útflutningsgreinum almennt.

En hvað skyldi þá vera að og hver skyldu vera helstu ráðin sem við heyrum hjá stjórnarandstæðingum? Jú, það er fyrst að Samkeppnisstofnun eigi núna að fara að leggja í nýja herferð gegn hagræðingu og lækkun kostnaðar í atvinnulífinu. Við heyrum líka að leggja eigi til atlögu við álversframkvæmdir og virkjanaframkvæmdir á Austurlandi og helst Norðurál líka. Hvað á þetta að þýða?

[14:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil taka upp þráðinn þar sem hann féll úr hendi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Hann spyr: Hvað er að? Ég skal segja hv. þm. hvað er að. Það sem er að er verðbólga upp á hartnær 10%. Það sem er að eru vextir sem eru hér þrefalt hærri en víða annars staðar. Það sem er að voru rangar skattbreytingar vegna þess að ég tel að ef farið hefði verið að tillögum Samfylkingarinnar hefði það komið fyrirtækjum í landinu miklu betur.

Herra forseti. Ég deili því með hæstv. fjmrh. og forsrh. að það gæti verið rík ástæða til bjartsýni þegar við horfum fram á veginn. En það er blika á lofti. Hver er hún? Óróa á vinnumarkaði. Af hverju stafar hann? Hann stafar af því að í maí þarf verðbólgan að vera undir ákveðnu stigi. Þegar menn fóru af stað með samráð við verkalýðshreyfingu, ríkisstjórn

og atvinnurekendur í desembermánuði, töldu þeir að staðan væri talsvert öðruvísi. Nú hefur einfaldlega komið í ljós að þrýstingur á verðbólgu í pípunum er miklu meiri en menn töldu og hæstv. ríkisstjórn hefur engar áhyggjur af því. Hefur hæstv. ríkisstjórn áhyggjur af því að verðbólgan sem mældist um daginn var þrefalt hærri en fjármálastofnanir töldu? Hún var tvöfalt hærri en ég minnist að a.m.k. einstakir starfsmenn fjmrn. létu uppi. Auðvitað er þetta áhyggjuefni, herra forseti. Miðað við þær hækkanir sem yfirleitt verða á verðlagi á þessum tíma árs bendir ekkert til þess að við verðum undir þessum rauðu strikum. Hver segir það? Ekki bara formaður Samfylkingarinnar heldur segir forstjóri Þjóðhagsstofnunar að það sé ákaflega ólíklegt, og það er þess vegna sem við efnum til þessarar umræðu. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?

Eitt getur hún gert, tekið undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og þingmönnum stjórnarandstöðunnar og ráðist gegn einokun hvar sem er, ekki síst á matvælamarkaðnum. Við höfum séð að þar eru að koma upp risar sem í skjóli ríkisstjórnarinnar ætla greinilega að fara sínu fram. Hvers vegna fer ekki ríkisstjórnin í sömu föt og verkalýðshreyfingin og talar við þessa menn, talar niður þessa einokun, eins og hún er að berjast við að tala niður verðbólguna? Ég held að það gæti reynst ákaflega heilladrjúgt. Hún ætti líka að tala við sveitarfélögin.

[14:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta hefur verið gagnleg umræða vegna þess að þrátt fyrir orð hv. síðasta ræðumanns hefur skinið í gegnum umræðuna að menn átta sig á því að batnandi hagur er fram undan hjá okkur og þeir sem höfðu tekið vonleysiskast nú á haustmánuðum eru flestir úr því kasti komnir og sjá að fram undan eru mjög góð skilyrði fyrir íslenskan efnahag og íslenska þjóð. Það er að ganga eftir, sem kannski ekki allir höfðu trú á, að gengið mundi styrkjast. Við vitum að verðbólguskotið á liðnu ári átti mesta rót að rekja til lækkunar gengis krónunnar. Við erum innflutningsþjóð. Við lifum á innflutningi að verulegu leyti. Við komumst ekki hjá því og breyting á mati á verði krónunnar okkar hlýtur að leiða til hækkandi vöruverðs, þ.e. ef gengið lækkar. Nú þegar það hækkar á nýjan leik jafnt og þétt leiðir það með sama hætti, og a.m.k. á að leiða til þess með sama hætti, að verðlag fari lækkandi og hagur manna styrkist hvað það varðar. Auðvitað á að fylgja því eftir að stórir aðilar séu ekki að misnota aðstöðu sína. Auðvitað er 60% eignaraðild í matvælafyrirtækjum, verslunarfyrirtækjum í matvælaiðnaði, allt of há hlutdeild. Auðvitað er það uggvænlegt og sérstaklega þegar menn hafa á tilfinningunni að menn beiti ekki því mikla valdi sem þeir hafa þar af skynsemi. Auðvitað hlýtur að koma til greina af hálfu ríkisins og Alþingis að skipta upp slíkum eignum ef þær eru misnotaðar.

Barnaverndarlög, 1. umr.

Stjfrv., 318. mál (heildarlög). — Þskj. 403.

[14:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til barnaverndarlaga.

Frv. var lagt fram á síðasta þingi og hlaut þá nokkra umræðu og umfjöllun en náði ekki afgreiðslu. Það er nú lagt fram í annað sinn með smávægilegum breytingum hvað varðar gildistöku og eins nokkurri breytingu á 43. gr. um að barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar sé því aðeins heimilt að fara inn á heimili barns til könnunar á högum þess að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar.

Mikið var lagt í samningu þessa frv. Hér er um heildarendurskoðun að ræða. Forustu um endurskoðunina hafði Davíð Þór Björgvinsson prófessor og með honum unnu í þessu endurskoðunarstarfi Benedikt Bogason skrifstofustjóri, Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, Guðrún Erna Heiðarsdóttir, forstöðumaður barnaverndarráðs, Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri, Hrefna Friðriksdóttir lögfræðingur, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri. Guðrún Erna baðst lausnar frá skipun í nefndina. Í stað hennar kom Ingveldur Einarsdóttir, héraðsdómari og formaður barnaverndarráðs. Um tíma starfaði einnig hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir með nefndinni og einnig Halla Bachmann Ólafsdóttir lögfræðingur.

Herra forseti. Helstu nýmæli í frv. eru þau að dregnar eru saman meginreglur sem leggja ber til grundvallar í öllu barnaverndarstarfi. Lögð er áhersla á réttindi barna og önnur grundvallarsjónarmið sem barnaverndaryfirvöldum ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum. Lagt er til mikilvægt nýmæli um að úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flytjist frá barnaverndarnefnd til dómstóla. Gert er ráð fyrir atbeina dómstóla í fleiri tilvikum, enda sé um að ræða ráðstafanir gegn vilja foreldris. Af þessari breytingu mun enn fremur leiða aðrar breytingar svo sem sérstakir kaflar um málsmeðferð fyrir dómi og stofnun kærunefndar barnaverndarmála, en barnaverndarráð í þeirri mynd sem það er nú verður lagt niður.

Komið verður á fót kærunefnd barnaverndarmála. Sú breyting helst í hendur við að frumúrskurðarvald í forsjársviptingarmálum og öðrum málum sem fela í sér hliðstæða skerðingu réttinda verður hjá dómstólum. Til kærunefndar barnaverndarmála má skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn skuli fyrir hvert kjörtímabil gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar en með því móti er stuðlað að því að sveitarstjórn setji skýr markmið og vinni að framgangi þeirra.

Lagt er til að íbúafjöldi að baki hverri barnaverndarnefnd verði ekki undir 1.500. Gert er ráð fyrir að félmrh. verði fengnar tilteknar heimildir til að hlutast til um að barnaverndarnefndir sem fullnægi skilyrðum laganna verði settar á fót.

Lagðar eru fram róttækar breytingar á framsetningu og flokkun ákvæða um ráðstafanir barnaverndarnefnda frá því sem nú er. Er það gert í því skyni að nefndunum verði gert auðveldara fyrir í vinnu sinni.

Leitast er við að gera ákvæði um upphaf barnaverndarmála mun skýrari en nú er. Gerður er skýr greinarmunur á þeirri ákvörðun barnaverndarnefndar að hefja könnun máls annars vegar og öðrum ákvörðunum sem nefndin tekur hins vegar.

Það er nýmæli að sett er sérstakt ákvæði í barnaverndarlögum sem heimilar barnaverndarnefnd að hafa afskipti af þunguðum konum. Í fyrsta lagi er lagt til að barnaverndarnefnd geti hafið rannsókn máls vegna tilkynninga sem varða þungaðar konur. Leiði rannsókn síðar í ljós að þunguð kona kunni að stofna heilsu og lífi ófædds barns síns í hættu með

líferni sínu skuli barnaverndarnefnd beita úrræðum laganna. Það er tekið fram að í reynd hafi gildandi lög verið túlkuð svo að þau heimili afskipti nefndanna að einhverju leyti af slíkum málum. Í því efni má vísa til lögræðislaga. Nýmælið felst fyrst og fremst í því að um þetta atriði sé kveðið á með beinum hætti í barnaverndarlögum.

Það er nýmæli að gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa skuli eiga rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hafa hlotið refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga ef brotið hefur beinst gegn einstaklingi undir 18 ára, þ.e. ef um er að ræða kynferðisbrot eða önnur brot gegn börnum.

Jafnframt er gert ráð fyrir að yfirmenn stofnana þar sem börn koma saman, svo sem skóla, leikskóla, sumardvalarheimila o.fl., skuli eiga rétt á upplýsingum úr sakaskrá um hvort tiltekinn maður sem sótt hefur um störf á þeirra vegum hafi hlotið dóm á grundvelli ákvæða á þessum sviðum. Lagðar eru til ítarlegri reglur um meðferð mála fyrir barnaverndarnefnd en er að finna í gildandi lögum, einnig sérstakar reglur um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Sérstök athygli er vakin á skyldu ýmissa aðila til að láta barnaverndarnefndum upplýsingar í té.

Tveir kaflar frv. fjalla um málsmeðferð fyrir dómi. Ákvæðin eru að öllu leyti nýmæli enda hefur ekki fyrr verið gert ráð fyrir því í íslenskum lögum að barnaverndarmál væru rekin fyrir dómi. Mál sem rekin verða fyrir dómi eru ólík að eðli og er þeim því skipt í tvo flokka.

Það er lagt til að barn sem hefur náð 15 ára aldri sé aðili barnaverndarmáls. Þetta er nýmæli, mikilvægt nýmæli til að stuðla að og treysta réttarstöðu barna í barnaverndarmálum.

Lagt er til að ákvæði um fóstur verði skilgreint með öðrum hætti en er í núgildandi lögum. Með fóstri er í frv. átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði. Af því leiðir að hugtakið „varanlegt fóstur“ er ekki lengur notað í reglum um fóstur sem er að finna í XII. kafla frv.

Lagt er til sérstakt ákvæði um réttindi barna á meðferðarheimilum og stofnunum. Með því nýmæli er leitast við að setja lagaramma um beitingu þvingunarráðstafana á öllum heimilum og stofnunum sem reknar eru á grundvelli laganna.

Þá er nýmæli að kveða sérstaklega á um að skipuleggjendum og ábyrgðaraðilum fyrirsætu- og fegurðarsamkeppna og annarra keppna af því tagi, þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, sé skylt að tilkynna keppnina til Barnaverndarstofu. Þá er tekið fram að börnum yngri en 18 ára sé óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga.

Ég hef, herra forseti, rifjað upp helstu breytingarnar eða helstu nýmælin í þessu frv. Ég endurtek það sem ég hef áður sagt að í frv. var lögð geysimikil vinna af sérfróðum aðilum. Samning þess var mjög kostnaðarsöm. Ég treysti því að hér sé um mjög vandaða lagagerð að ræða.

Ég geri tillögu um að frv. verði sent hv. félmn. til athugunar þegar þessari umræðu lýkur og læt máli mínu lokið.

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. og því að í vændum sé lögfesting heildarendurskoðunar á barnaverndarlögum. Ég held að menn séu almennt sammála um að full þörf sé orðin á að uppfæra þá löggjöf einu sinni enn, sem mun fyrst hafa komið til sögunnar á fjórða áratugnum og hefur síðan að sjálfsögðu tekið miklum breytingum í tímans rás en núgildandi lög eru að stofni til frá 1992, væntanlega með einhverjum breytingum sem orðið hafa á þeim síðar, m.a. vegna hækkunar sjálfræðisaldurs og fleiri þátta.

Á því er enginn vafi að viðhorf manna til meðferðar mála af þessu tagi hafa breyst. Það eru gerðar allt aðrar og meiri kröfur um að vandað sé til verka en áður var, án þess að kastað sé rýrð á hið ágæta starf að þróun mála á þessu sviði hér hjá okkur. Til sögunnar hafa komið breytt viðhorf, alþjóðlegir sáttmálar og lögtaka mannréttindaákvæða, svo eitthvað sé nefnt, og breytt samfélagsviðhorf af ýmsu tagi þar sem mannréttindi og mannhelgi eru sett í annað samhengi en áður. Það er að sjálfsögðu vel þó líka sé hollt að minnast þess að eitt eru falleg orð á blaði og annað er veruleikinn, eins og hann blasir við okkur víða um þessar mundir því miður. Það fer ekki mikið fyrir réttindum barna í mörgum stríðshrjáðum löndum heimsins um þessar mundir. Þess er hollt að minnast þegar rætt er um þessi mál.

Hér er um mjög viðamikla löggjöf að ræða. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hún hljóti að þurfa að vera það. Þótt það sé oft gott og göfugt markmið að reyna að einfalda löggjöf og búa til sem einfaldasta og skýrasta rammalöggjöf eru hér á ferðinni málefni og reglusetning af því tagi að ég held að óhjákvæmilegt sé að löggjafinn setji tiltölulega skýr og afdráttarlaus lög um málsmeðferð og leikreglur í öllum aðalatriðum. Reglugerðarsetning eða svigrúm framkvæmdaraðila til að beita túlkunum væri í þessu tilviki mjög varasöm, eins og reynslan sýnir. Það má velta því fyrir sér hvort ekki þurfi að fara varlega í að láta dómaþróun ráða of mikið ferðinni, hafa frekar löggjöfina tiltölulega ítarlega og skilja lítið svigrúm eftir til túlkunar, handahófskenndra framkvæmda eða dóma. Þetta segi ég ekki vegna þess að mér sé ekki vel ljóst að allir reyna að gera sitt besta sem að þessum málum koma. Staðreyndin er hins vegar að aðstæður eru oft mjög erfiðar í málum sem þessu tengjast og menn misjafnlega vel í stakk búnir til að takast á við þau. Í fámennu landi vilja koma upp nálægðarvandamál og vanhæfnisaðstæður af ýmsu tagi og þannig má áfram telja. Þá er að breyttu breytanda, þó að það kosti Alþingi vinnu og þó að það kosti viðamikla lagasetningu, betra að reyna að búa sæmilega rækilega um hnútana.

Ég veit að undirbúningur þessa máls hefur verið vandaður. Það kemur fram í greinargerð hvernig að þessu hefur verið unnið. Hæstv. ráðherra kom líka inn á það. Það gefur manni ástæðu til að ætla að nokkuð góð sátt ætti að geta tekist um afgreiðslu málsins enda er það afar mikilvægt. Það er vont að útkljá í miklum ágreiningi atriði sem þessa hluti varða. Öllum er fyrir bestu að gefa sér fremur tíma til að ræða málin til þrautar og komast að samkomulagi. Ég vona að Alþingi nái því á þessu þingi, í öllu falli á þessu kjörtímabili, að klára þetta mál þannig að það þing sem nú starfar og hefur áður fengist við þetta frv., þ.e. nánast óbreytta útgáfu þess, nái að ljúka því verki.

Það eru nokkur efnisatriði sem ég ætla að tæpa hér á í fyrstu umfjöllun málsins. Ég fer þar hratt fyrir sögu. Bæði er að ef ræða ætti einstök efnisatriði frv. almennt þá tæki það langan tíma. Eins á ég sæti í hv. félmn. sem kemur til með að fjalla um málið og hef þar aðstöðu til að koma sjónarmiðum mínum á framfæri. Sú nefnd hlýtur auðvitað að þurfa að fara mjög rækilega yfir þetta mál. Hún mætti gjarnan gera það í anda gamalla siða, lesa það frá orði til orðs og ræða í samhengi við skýringar á efni þess.

Í fyrsta lagi eru í fyrstu greinum frv. dregnar saman meginreglur barnaverndarstarfs. Það er sjálfsögðu eðlilegt upphaf málsins. Hér er ekki þörf á hugtakaskýringum með sama hætti og stundum er farið út í þegar um mjög tæknileg mál er að ræða. Ég hygg að flestöll hugtök hér séu mönnum sæmilega ljós og skýr. En það er að sjálfsögðu rétt að draga fram meginreglur barnaverndarstarfs og réttindi barna, skyldur foreldra og annarra sem að þessum málum koma.

Það sem hefur hvarflað að mér er að t.d. í 4. gr. frv. gæti verið ástæða til að vitna til eða vísa með beinum hætti í mannréttindaákvæði og ákvæði sáttmála, alþjóðsáttmála eins og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Að vísu er komið inn á það í athugasemdum að að sjálfsögðu er orðalagið í frv. með hliðsjón af þessum samningum. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt. Það kemur oft til álita við aðstæður af þessu tagi hvort ekki beri að vísa beint, í sjálfum lagatextanum, til þeirra grundvallarsjónarmiða, meginsjónarmiða í mannréttindaákvæðum, t.d. í stjórnarskrá og svo í alþjóðasamningum sem hafa ber til hliðsjónar og gengið er út frá.

Sem betur fer eru barnaverndarákvæði og mannréttindaákvæði sem snúa að börnum sérstaklega tiltölulega óumdeild í heiminum. Og ég hygg að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé sá sáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem einna flestar þjóðir hafa undirritað. Það eru líklega ekki nema tvö lönd, sjálfstæð ríki, sem ekki hafa fullgilt þann samning. Annað er Afríkuríki en hitt eru Bandaríki Norður-Ameríku, svo dapurlegt sem það nú er að þannig skuli málum háttað.

Í öðru lagi, herra forseti, er í frv. fjallað um það breytta skipulag sem leiðir af tilkomu kærunefndar barnaverndarmála og þeirra breytinga sem í raun hafa fylgt breyttri málsmeðferð frá því að barnaverndarráð var við lýði og yfir í það sem nú er að verða niðurstaðan með málskotsrétti til kærunefndar og síðan með því hlutverki sem dómstólar fá þá þegar beita þarf forsjársviptingu og öðrum hliðstæðum aðgerðum sem fela í sér einhverja skerðingu á borgaralegum réttindum. Ég hygg að þetta sé eðlileg þróun og í samræmi við réttarfarsþróun okkar almennt að standa svona að málum. Í sjálfu sér er ekki meira um það að segja.

Í 9. gr. frv. eru atriði sem ég vil aðeins koma inn á. Þar er sömuleiðis um nýmæli að ræða. Það eru framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga á sviði barnaverndarmála sem að sjálfsögðu eru góðra gjalda verðar en þá ber að skoða það samhengi að mjög fámennum sveitarfélögum er gert skylt að leita eftir samstarfi við nágranna sína um barnaverndarmál og skipan barnaverndarnefnda. Þetta er að sjálfsögðu gert af þeim skiljanlegu ástæðum að reyna að koma í veg fyrir að þessi mál séu unnin í of miklu návígi og fámenni. Ég held að reynslan hafi ótvírætt sýnt að þetta er til mikilla bóta. Það er til bóta að stækka starfssvæði barnaverndarnefnda og búa til þannig einingu að minni líkur séu á að stjórnkerfið sem slíkt eða framkvæmdaraðili í málinu geti meira og minna allur orðið vanhæfur vegna tengsla við mál í mjög litlu samfélagi.

Ef ég hef lesið rétt er hins vegar ekki gert ráð fyrir að starfssvæði slíkra barnaverndarnefnda eða framkvæmdasvæðis í þessum málum falli saman þegar kemur að gerð framkvæmdaáætlunar og þá er spurningin: Er meiningin eða er skynsemi í því að mörg lítil sveitarfélög sem hafa með sér samstarf um barnaverndarmál og skipa sameiginlega í barnaverndarnefnd í heilu héraði eða sýslu skuli eftir sem áður hvert fyrir sig gera framkvæmdaáætlun. Ég held að það ætti að athuga ef ég hef skilið eða lesið þetta rétt. Ég tek fram að þetta er bara lausleg athugun en mér sýnist að þarna gæti a.m.k. verið ástæða til að athuga hvort ekki væri þá réttara að menn gætu sömuleiðis sameinast um framkvæmdaáætlun fyrir slíkt svæði. Í reynd væri kannski verkefni sveitarfélaganna sem slíkra í aðalatriðum fært upp á þetta samstarfssvæði.

Ég tel sem sagt, herra forseti, að enginn vafi sé á því að efling og stækkun barnaverndarumdæmanna er til bóta. Það má lengi deila um viðmiðunarmörk í þessum efnum og hvort íbúatalan 1.500 sé rétt má sjálfsagt færa rök fyrir á báða bóga, en ég hygg þó að miðað við aðstæður í ýmsum af fámennari héruðum landsins sé þetta ekki fjarri lagi því það er náttúrlega líka sjónarmið að ýta þessum mörkum ekki svo mikið upp á við að til verði landfræðilega óhemjustór svæði sem erfitt sé að samræma starfið á.

Þá er einnig komið að ýmsu sem lýtur að upphafi barnaverndarmála og hvernig staðið skuli að. Í V. kafla frv. eru ákvæði sem ég held að séu mjög til bóta, að alltaf liggi ljóst fyrir með hvaða hætti skuli hefja athugun á máli og hvaða greinarmun skuli gera á annars vegar upphafinu þegar tilkynning kemur eða barnaverndaryfirvöld fá ástæðu til að ætla að einhvers staðar sé pottur brotinn og svo hinu þegar kemur að beinum aðgerðum og hvernig að slíkum ákvörðunum sé þá staðið.

Að síðustu, herra forseti, vil ég nefna aðeins af efnisatriðum í frv., ákvæði í kafla XVII. Þar er fjallað um ýmis almenn verndarákvæði og þar með talið þátttöku barna í fyrirsætu- og fegurðarsamkeppnum sem er svona — það er með blendnum huga sem maður fer út í að ræða að það skuli yfirleitt vera þörf á því að setja í lög ákvæði sem taka til þátttöku barna, ósjálfráða barna í slíkum hlutum en veruleikinn er eins og hann er og höfundar frv. hafa að sjálfsögðu mikið til síns máls í því að menn verða að horfast í augu við hann og setja þá ákvæði í samræmi við hann. Þennan kafla, herra forseti, hefði ég gjarnan viljað sjá ítarlegri. Mér fyndist mega koma mjög vel til skoðunar að taka fleira undir þessi almennu verndarákvæði. Þarna er um að ræða í fyrsta lagi ákvæði um útivistartíma í 92. gr. Það er eftirlit með sýningum og skemmtunum og þar koma inn þessi ákvæði um fyrirsætustörf og fegurðarkeppnir og annað því um líkt og sérstaklega þegar þátttakendur eru yngri en 18 ára. Og svo sömuleiðis eftirlit með leiksýningum og hvers konar opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Inn í þetta er svo væntanlega ákvæðum í sérlögum, t.d. um kvikmyndaeftirlit og annað slíkt, ætlað að fylla en mér fyndist, herra forseti, mega skoða hvort ekki ættu að koma þarna sömuleiðis almenn ákvæði til að vernda börn fyrir t.d. ofbeldisefni og þvílíku. Það mætti vísa í því sambandi til laga um kvikmyndaeftirlit, það mætti vísa í lög um samkeppnismál þar sem eru sérstök ákvæði um vernd barna og ungmenna fyrir innrætandi auglýsingum og annað í þeim dúr en inn í barnaverndarlögin sjálf kæmu líka einhver almenn ákvæði sem þarna væri við að styðjast þannig að barnaverndaryfirvöld gætu líka beitt sér í slíkum málum. Ég tel fulla ástæðu til að athuga það, herra forseti, og ég leyfi mér að minna á að ég hef flutt endurtekið á Alþingi, oftast með meðflutningsmönnum úr öllum flokkum, till. til þál. um að tekið verði sérstaklega á öllu sem lýtur að gríðarlegu framboði ofbeldisefnis í öllu umhverfi okkar og þar með og ekki síst barna og ungmenna. Þar er að sjálfsögðu við ramman reip að draga en menn gera ekki mikið gagn í þeim efnum ef menn hafa ekki einhverjar tilraunir og tilburði uppi

til þess að glíma við þá ógn sem ég tel tvímælalaust að mönnum stafi af ofbeldisdýrkun og óheftu flæði ofbeldisefnis af nánast öllu tagi í okkar samtíma. Ég held að það sé ekkert síður ástæða til að reyna að hafa uppi almenn viðmið og markmið í þeim efnum eins og á við um aðra hluti eins og útivistartíma, fegurðarsamkeppnir eða annað í þeim dúr.

Herra forseti. Þetta voru þau efnisatriði sem ég ætlaði aðeins að koma inn á við 1. umr. málsins en ítreka og endurtek að ég fagna framkomu þessa frv. og vona að það muni leiða til farsællar heildarendurskoðunar á lögunum.

[14:39]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er í annað sinn til umræðu frv. til barnaverndarlaga. Mælt var fyrir því á síðasta þingi og þá var að sjálfsögðu farið yfir allt frv. og það hefur síðan verið í hv. félmn. Þar hefur farið fram gríðarlega góð vinna sem leiðir hugann að því vinnulagi sem er á hinu háa Alþingi, þ.e. að þurfa að mæla á nýjan leik fyrir málum sem eru kannski í fullri vinnslu. Ég held að ekki væri úr vegi að skoða ef það væri einbeittur vilji allra nefndarmanna að slíkt þyrfti ekki að gera aftur þegar um svo stórt og viðamikið mál er að ræða, ekki nema það sé meira og minna götótt og þurfi að vinna allt að nýju.

Ég tek undir þau orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mælti áðan að öll vinna að frv. hefur verið til mikils sóma, bæði fagvinnan í nefndinni sjálfri, hvernig þeir sem til málanna þekkja voru kallaðir til, og síðan var unnið úr því og þannig varð frv. til. Öll sú vinna hefur því verið til mikillar fyrirmyndar.

Það er líka eðlilegt um svo stóran málaflokk að á tíu ára fresti fari fram ákveðnar endurskoðanir. Það er mjög eðlilegt í ljósi bæði hugmyndafræði og breytinga að slíkt sé gert. Og það er nokkurn veginn sá tími sem síðustu og stærstu breytingar voru gerðar á þeim lögum sem eru í gildi nú. En það er afar mikilvægt að við færum ekki ásinn frá hagsmunum barna yfir í að barnaverndarlög verði of foreldramiðuð, það er hættupytturinn sem er inni. Barnaverndarlög verða alltaf að miða að því númer eitt, tvö og þrjú að hafa að leiðarljósi hagsmuni barna, það eru ekki hagsmunir foreldra. Það þarf stundum að verja börn gagnvart foreldrum sínum. Það er bara einu sinni þannig því miður. Auðvitað eru ákveðnir þættir sem ég hef efasemdir um þó að nýmælin í frv. séu afar góð.

Ég tel ástæðu til að nefna á nýjan leik breytinguna varðandi kærunefndina. Hún er í sjálfu sér góð en ég vil leggja áherslu á að eftir því sé munað að öll vinna barnaverndarráðs og allir úrskurðir þess hafa aldrei verið dregnir í efa, hvorki fyrir dómstólum né annars staðar. Þar hefur því farið fram gríðarlega góð vinna svo því sé líka haldið til haga, að ekki verði einhver misskilningur um það að vinna barnaverndarráðs hafi ekki verið nægilega góð. Þar hefur verið, eins og ég segi, aðallega fín og fagleg vinna.

Einstaka efasemdir eru vissulega uppi eða fólk vill sjá ákveðnar breytingar og fólk er mjög sammála um þær breytingar sem þarf að gera. Í öllum þeim umsögnum sem nefndinni hafa borist og búið er að fara yfir og ræða við hina og þessa sérfræðinga, þá eru ákveðnir þættir sem standa upp úr sem er greinilegt að allir vilja láta breyta.

Ég vil einnig leggja áherslu á að mikil vinna hefur þegar verið lögð í frv. en auðvitað þarf að reyna að klára þetta fyrir vorið vegna sveitarstjórnarkosninga þannig að aðkoma nýrra barnaverndarnefnda geti verið samkvæmt nýjum lögum. Það er afar mikilvægt upp á þá faglegu starfsemi sem fram fer í þeim nefndum.

Mig langar aðeins að fara yfir þær umsagnir sem hafa borist til nefndarinnar og um þá þætti sem við höfum verið sammála um.

Ég sagði hér fyrr í umræðunni að ég saknaði ákveðinna þátta. Ég sakna þess að ekki sé í greinargerðinni farið dálítið yfir hugmyndafræðina, bæði eins og hún hefur verið praktíseruð á Norðurlöndum, í Evrópu og síðan Bandaríkjunum því að mismunandi áherslur hafa verið. En það kemur kannski meira í ljós í greinargerðinni eða annars staðar og verður þá a.m.k. vísað til umræðu meðal fagfólks sem er afar brýnt líka.

Búið er að fara yfir öll nýmæli frv. og þau eru mörg mjög kærkomin og brýnt að úr þeim verði. En það er líka ákveðið sem greinilega hefði mátt standa í gamla frv. og hefði átt að vera inni. Það er bæði eftirlit með dansleikjum og um skyldur foreldra sem mætti vera meira um í þessu frv. Þó er aldrei að vita nema nefndin muni bæta slíku í frv.

Umsagnir sem bárust voru yfirleitt afar vel unnar af fagfólki sem vann fyrir sínar nefndir, fyrir sveitarfélög, barnaverndarnefndir, stofnanir og aðra sem komu að þessum málaflokki. En ein umsögn gerði mig eiginlega alveg orðlausa og hún var frá Lögmannafélagi Íslands, frá laganefnd þess félags. Það félag hefur haft skoðun á mörgu, bæði í tíma og ótíma, ég þekki það úr allshn. þar sem þeir koma oft að. En með leyfi forseta ætla ég að lesa umsögn Lögmannafélagsins:

„Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til barnaverndarlaga, 126. löggjafarþing, þskj. 884, 572. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 4. apríl 2001, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við efni þess.“

Það er náttúrlega algerlega með ólíkindum að laganefnd Lögfræðingafélagsins skuli ekki hafa skoðun á einu stærsta frv. er varðar hagsmuni barna í landinu. Ég verð að segja að mér finnst það eiginlega hálfgert hneyksli. Meira að segja er verið að tala um að færa úrskurðina til dómstólanna þar sem aðkoma lögmanna er að sjálfsögðu miklu sterkari. Það er verið að reyna að tryggja hagsmuni barna sem best og þeir hafa bara enga skoðun á málinu. Ég harma það vegna þess að þeir hafa oft verið með mjög góðar greinargerðir og athugasemdir við ýmsa lagabálka. Ég harma það að þeir skuli ekki hafa lagt vinnu í að fara yfir réttindamál barna í samfélagi okkar. Ég veit að allir taka undir þetta því að þetta getur ekki gengið svona.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki bendir einmitt á það sem hefur vantað, sem er gamla 58. gr. barnaverndarlaganna, um aðgang barna að dansleikjum. Ég held að skoða ætti einmitt það mál. Hann talar líka út frá þeirri hefðbundnu sveitaballamenningu sem er í héraði hans en það er afar gott til eftirbreytni og mig minnir líka að umboðsmaður barna hafi einnig tekið þetta fyrir. Og það er eitt af því sem við munum auðvitað skoða.

Fagaðilar, bæði Barnaverndarstofa og Barnaheill, komu með afar góðar athugasemdir sem er vert að athuga og eins komu athugasemdir frá flestöllum sveitarfélögum eins og ég sagði áðan.

En það sem stendur eiginlega upp úr öllum er 75. gr. frv. Það skal tekið fram að sú grein eins og hún er í lögunum núna

kom ekki svona frá fagnefndinni sem skrifaði frv. Þar er allt í einu búið að setja inn kostnað vegna skóla og aksturs barna í fóstri. Það kom fram hjá hverju einasta sveitarfélagi og hverjum einasta fagmanni að þetta væri skref 50 ár aftur í tímann. Allt í einu er farið að tala um börn eins og sveitarómaga, að börn í fóstri eru eins og sveitarómagar. Börn í fóstri eru ekkert öðruvísi en önnur börn í fjölskyldum, á engan hátt. Það getur vel verið að komið hafi upp vandamál varðandi börn í tímabundnu fóstri til sveita og í einstaka hreppum og þá getur komið upp ágreiningur við upprunasveitarfélagið. En að setja slíkt í barnaverndarlögin nær ekki nokkurri átt. Við getum ekki farið 50 ár aftur í tímann. Ég vil benda á umsagnir allra sveitarfélaga og fagfólks um þessa grein. Ég kemst ekki hjá því að nefna þetta. Þetta er afar brýnt. Ég held að þetta sé ákveðið slys. Ef ágreiningur kemur upp, ef peninga vantar út af skólaakstri eins fósturbarns á Snæfellsnesi, þá verður jöfnunarsjóðurinn að leysa þann hnút. Við getum ekki sett börn í slíka stöðu. Við höfum ekki leyfi til þess, alls ekki að mínu mati.

Varðandi val á fósturforeldrum sem hefur alfarið verið á hendi Barnaverndarstofu fyrst og fremst til að gera slíka leið einfalda fyrir þá fósturforeldra sem vilja taka að sér börn, þá er mjög mikil ánægja með þá framkvæmd. Það er líka eitt af því sem stendur upp úr og allir gagnrýna því að nú er allt í einu búið að setja þetta aftur yfir til barnaverndarnefndanna og það skilur enginn af hverju það gerðist. Það var heldur ekki í vinnu nefndarinnar. Við munum ræða það því að í öllum umsögnun kemur fram að mjög mikil og almenn ánægja er með þann farveg sem er, bæði hjá barnaverndarnefndum og sveitarfélögum, að hafa allar upplýsingarnar á einum stað þannig að allir fá sömu upplýsingar. Það er erfiður prósess að ganga í gegnum að verða fósturforeldri. Það eru erfiðar spurningar sem verðandi fósturforeldrar þurfa að svara. Það eru óþægilegar spurningar. Það er óþægilegt, hvað eigum við að segja, gegnsæi og annað sem þarf að gerast. Ekkert af þessu er mjög notalegt og því er afar mikilvægt að þetta sé á einum stað þannig að allir séu meðhöndlaðir eins. En málin eru alltaf viðkvæm og þau eru vandmeðfarin. Ég held að það tryggi albest hagsmuni bæði fósturforeldra og verðandi fósturbarna að upplýsingar séu á sama stað og þær hafa alltaf verið. Þetta er því eitt af því sem þarf að skoða.

Hvað varðar 21. gr. sem fjallar um inngrip á meðgöngu, þá stuðlaði sú sem hér stendur að þeirri framkvæmd fyrir 15 árum, þ.e. að vera með stuðning við ungar konur á meðgöngu og konur í erfiðleikum og mig langar til að minna á umsögn Ljósmæðrafélagsins. Auðvitað hafa margir haft efasemdir um hvort færa eigi slíka framkvæmd í lög eða ekki. Þá skiptir afskaplega miklu máli hvernig það er orðað. Ljósmæðrafélagið bendir mjög vandlega á að þetta þurfi að vera skýrt svo ekki komi upp misskilningur þannig að ekki sé farið að túlka hinar mismunandi aðstæður sem konur geta verið í. Þetta þurfi að skoða og Ljósmæðrafélagið er með mjög fínar tillögur um örlitla orðalagsbreytingu sem gerir það að verkum að það opnar ekki fyrir að farið verði að skoða konur og grípa inn í hvenær sem er. Þetta eru mjög mikil inngrip eins og Persónuvernd hefur bent á. Við erum að tala um mjög vandmeðfarinn hlut. Þó að það sé praktíserað þá er það líka alltaf í nánu samstarfi við þær stúlkur og þær konur sem eiga í slíkum erfiðleikum og það er afar brýnt að svo verði áfram.

Það er líka annað sem er gagnrýnt af öllum. Talað er um heimild Barnaverndarstofu til að taka gjald. Það er kannski ekkert óeðlilegt þó að sveitarfélögin sjái það og vilji gjarnan hafa skýrar línur varðandi kostnað og annað sem lýtur að frv. Eins er afar mikilvægt að við tryggjum öllum jafnan rétt varðandi greiðslur vegna málskostnaðar og annars. Það er afar mikilvægt að ekki sé verið að mismuna fólki sem á í erfiðleikum eftir fjárhag.

Sifjalaganefnd benti á mjög marga mikilvæga þætti sem þurfi að laga, og eins umboðsmaður barna. Talað er um lögráð í staðinn fyrir forsjá o.s.frv. Það þarf í rauninni að fara yfir frv. Þetta eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar sem geta kannski haft einhverja lagalega þýðingu í einhverjum ákveðnum málum þannig að það þarf auðvitað að skoða mjög vandlega.

Hins vegar hafa líka komið upp umræður, bæði nýjar og gamlar, um hvort barnaverndarnefndir eigi að vera skipaðar pólitískt eða ekki eða hvort sveitarstjórnir eigi bara að skipa fagfólk. Reyndin hefur verið sú í Reykjavík að reynt er að skipa hina pólitísku fulltrúa með faglegu ívafi eins og þar segir. Við erum því að reyna að fara bil beggja. Yfirleitt hefur verið litið svo á að barnaverndarnefnd sé ekki hluti af hinu pólitíska litrófi. Hún getur aldrei orðið það því að verkefni hennar eru það sértæk. En Valborg Snævarr, sem er fulltrúi í sifjalaganefnd, kom með sérhugleiðingu einmitt um þau mál. Þetta eru alltaf mjög skemmtilegar og spennandi umræður sem er mjög vert að taka og spurning um að beina þeim kannski til sveitarstjórnanna síðar, því ég er ekki viss um að þetta fari svona í gegn, enda þarf örlítið meiri ígrundun við það. En ég legg hins vegar áherslu á að sveitarfélögin skipi fagfólk í slíkar nefndir. Það er mjög brýnt til að við höfum yfirsýn, líka yfir löggjöfina og annað og jafnvel er mikilvægt að formaður barnaverndarnefndar sé alltaf lögmaður. En þetta er það sem háir þessum málum á landsbyggðinni. Við sjáum einmitt núna tillögur hér um að stækka barnaverndarumdæmi sem er mjög nauðsynlegt vegna þess að í hinum minni umdæmum vill oft skorta á þá faglegu heildarsýn og er afar brýnt að byggðasamlög komi sér saman um slíka faglega vinnu.

Tími minn er alveg að verða búinn. Ég vil að lokum segja að farið hefur fram gríðarlega fín vinna í nefndinni og við munum halda áfram að vinna okkar vinnu, ekki spurning, og ígrunda ýmis atriði því að mjög mikilvægt er í svona stóru og mikilvægu máli, eins og hér hefur verið bent á, að fólk sé eins sammála og mögulegt er með hagsmuni barna að leiðarljósi. Ég hef að vísu enn þá ýmsar efasemdir en ég mun reifa þær í nefndinni og við þá aðila sem við munum fá í heimsókn. Til dæmis er spurning hvort eigi að láta standa fóstur eða hvort eigi að taka það út, hafa bara fóstur eða hafa varanlegt fóstur og tímabundið fóstur. Ég er ansi hrædd um að það gæti valdið misskilningi því dálítið hefur verið greint um hvað er að ræða. Þegar við erum að tala um tímabundið fóstur er oft verið að ræða um markvissa meðferðarvinnu um tíma, þ.e. tímabundið fóstur til þriggja, sex eða níu mánaða og þá er önnur umgengni í slíku fóstri en í varanlegu fóstri. Ég hef því pínulitlar efasemdir um að þetta virki gagnvart þeim börnum sem í þessu lenda, því það hefur ekkert upp á sig í varanlegu fóstri að börn sem eru vistuð á vegum barnaverndarnefndar til sinna nýju foreldra til 18 ára aldurs, að umgengi sé þannig að hún geri ekki annað en trufla heimilislífið þannig að ekki sé hægt að byggja það barn upp sem um ræðir. Í því getur pytturinn legið. Það er því mjög margt að varast í þessu.

Þetta er búin að vera ánægjuleg vinna og hún verður það áfram. En það er vissulega ýmislegt sem við vildum gjarnan

sjá fara betur en ég held að það sé ekkert sem við getum ekki orðið sammála um.

[14:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til barnaverndarlaga. Eins og komið hefur fram í umræðunni er þetta mál að koma fram í annað sinn því það var lagt fram á síðasta þingi. Hæstv. ráðherra fór yfir það í framsögu sinni hvaða helstu nýmæli eru í frv. og sömuleiðis þær smávægilegu breytingar sem gerðar hafa verið á málinu frá því að það var lagt fram í fyrra.

Ég velti því fyrir mér þegar mál eru lögð fram að nýju hvers vegna ekki eru teknir fleiri þættir inn til breytinga því að borist hafa mjög ítarlegar umsagnir og athugasemdir, sérstaklega við ákveðnar lagagreinar sem þyrfti að gera verulegar breytingar á. En það bíður þá nefndarinnar í þeirri vinnu sem hún fer nú í og heldur áfram með hvað varðar þetta frv.

Ljóst er á þeim umsögnum sem komið hafa frá fagaðilum að mjög mikið og ítarlegt starf bíður félmn. í málinu þannig að ef menn ætlast til að þetta verði klárað fyrir vorið þá get ég ekki séð að félmn. geri mikið annað en að vinna að þessu máli.

Þeir hv. þm. sem töluðu á undan mér hafa farið yfir ýmsa þætti sem ég hafði hugsað mér að nefna og tel því ekki ástæðu til að gera þá mikið að umtalsefni. En ég get tekið undir það, og þær athugasemdir sem hafa komið frá ýmsum aðilum hvað varðar þetta frv., að í stað þess að vera með opnar reglugerðarheimildir þá þurfi lagasetningin að vera ítarleg. Við þurfum að fara vel yfir lagasetninguna þannig að vilji löggjafans sé skýr. Gagnrýni hefur t.d. komið fram frá umboðsmanni barna og ýmsum öðrum aðilum, t.d. barnaverndarráði, á 82. gr. sem fjallar um réttindi barna og beitingu þvingana. Menn gagnrýna að þar sé allt of opin reglugerðarheimild. Einnig hefur verið bent á að skoða í sambandi við 82. gr. nýlegt álit umboðsmanns Alþingis 2805/1999 um agaviðurlög sem hefur komið hér fram í sérriti.

Ég get nefnt það hér að þingflokkur Samfylkingarinnar fór á fund umboðsmanns Alþingis. Þar fórum við aðeins yfir þessi mál og fengum þetta rit. Ég held að nauðsynlegt sé að félmn. skoði þetta sérstaklega. Ef formaður nefndarinnar er nokkuð að hlusta á þessa umræðu þá þætti mér vænt um að hann tæki það til athugunar. En mér sýnist nú að hann sé ekki að því. Það er greinilega einhver sérstakur fundur þarna í horninu. Ég bíð bara þangað til hann er búinn.

Ég var að beina því til formanns nefndarinnar að full ástæða væri til þess að skoða nýlegt álit umboðsmanns Alþingis um agaviðurlög í sambandi við 82. gr. í frv., en þar er farið mjög ítarlega yfir þessa þætti — það álit er reyndar í sambandi við réttarstöðu afplánunarfanga í meðferð hjá fangelsisyfirvöldum — og ég tel að það væri mjög gagnlegt að við skoðuðum þetta um leið og við færum yfir frv.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir kom inn á marga mjög gagnlega þætti sem við þurfum að skoða í vinnu nefndarinnar. Hún benti á hugleiðingar Valborgar Snævarr. Ýmislegt slíkt efni tel ég að við þurfum að kynna okkur og fara yfir í sambandi við þessa vinnu og vil benda á grein sem Ragnheiður Thorlacius, varaformaður barnaverndarráðs, skrifar í nýjustu ársskýrslu barnaverndarráðs um neyðarráðstafanir, þ.e. það sem varðar 31. gr. Ég held að við ættum einmitt að skoða þessa grein hennar í sambandi við endurskoðun á 31. gr. og hvernig við getum gert hana betur úr garði.

Líka hafa verið skiptar skoðanir um atriði í II. kafla um yfirstjórn barnaverndarmála, þ.e. hlutverk Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa hefur bæði leiðbeiningarhlutverk og eftirlitshlutverk og full ástæða er til að velta því fyrir sér hvort það samræmist sjónarmiðum um góða stjórnsýsluhætti. Þetta er atriði sem við þurfum að skoða í nefndinni þegar málið kemur þangað. Ekki er fráleitt að e.t.v. þurfi eftirlit með starfi barnaverndarnefnda að vera markvissara og öflugra. Hlutverk Barnaverndarstofu er mjög stórt og mikið sem e.t.v. samræmist ekki því.

Á kærunefndinni og IX. kafla frv. hafa komið fram þær skoðanir frá þeim sem hafa starfað hjá barnaverndarráði að nauðsynlegt sé að kærunefndin hafi sjálfstæða heimild til gagnaöflunar. Bent hefur verið á ýmis atriði sem snúa að því, þ.e. sem snúa að 52. gr., og ég held að við þurfum einnig að skoða það atriði vel. Ég get fallist á ýmislegt sem kemur fram hjá þeim sem hafa starfað að þessum málum, t.d. það að mjög mikilvægt er að í kærunefndinni sitji hæfustu sérfræðingar á þessu sviði. Þeir eru auðvitað best fallnir til þess að meta gögn og upplýsingar og þá hvaða upplýsingar vantar, hvaða sérfræðinga þurfi að kalla til o.s.frv. Síðan má gera ráð fyrir að þau gögn sem kærunefndin kallar til sjálf verði frekar unnin af hlutlausum aðilum, þ.e. þeim sem ekki eru tengdir málinu, en einnig hefur komið fram í umræðunni að barnaverndarnefndir hafa ekki á að skipa sérfræðingum til að vinna þessi störf og e.t.v. ekki fjármagn heldur. Einnig mætti ætla að ef gagnaöflunin verður ekki á höndum kærunefndarinnar yrði málsmeðferðartíminn lengri.

Mig langar til að nefna fleiri atriði sem athugasemdir hafa verið gerðar við í umsögnum, þ.e. þau sem varða upplýsingar úr sakavottorðum. Persónuvernd hefur t.d. gert athugasemdir við það að þeir sem reka stofnanir eða eru með atvinnurekstur í þessa veru geti kallað eftir upplýsingum úr sakaskrá um starfsmenn. Þeir benda á ágæta leið sem er mun farsælli og það er að ef auglýst verður eftir starfsfólki í þessi störf þá verði óskað eftir því að umsókn fylgi hreint sakavottorð og að umsóknir verði ekki teknar til greina nema það fylgi. Ýmis svona atriði sem koma fram í umsögnum tel ég að við þurfum að skoða.

Einnig kom fram hvort ekki væri full ástæða til þess að hafa orðskýringar í lögunum og m.a. um — mig minnir að það hafi verið í umsögn frá Stuðlum — hvað refsing þýðir þar. Bent er á hvaða úrræðum þurfi að beita á Stuðlum þar sem ungmenni eru oft vistuð gegn vilja sínum og þarf að beita ýmsum úrræðum vegna þess. Ég held að við þurfum að taka tillit til ýmissa atriða sem koma fram í umsögn frá Stuðlum en koma ekki fram í frv.

Ég minntist í upphafi á að heimild til reglugerðar er of rúm í sambandi við 82. gr. og ég efast um að lagastoð sé fyrir í greininni eins og hún er. Alla vega hef ég efasemdir um að þau atriði sem talin eru upp að eigi að vera í reglugerð ættu að vera þar, heldur að þau ættu að vera í lögunum. Það er mun skýrara en að vísa öllu til reglugerða, sérstaklega varðandi það sem snýr að agaviðurlögum og þvingunarúrræðum.

Ég get tekið undir að við verðum að hafa að leiðarljósi að hagsmunir barnsins verða að vera í fyrirrúmi.

Ýmis önnur atriði hafði ég hugsað mér að nefna. Ég vil taka undir að við þurfum að skoða rækilega umsögnina frá Ljósmæðrafélaginu, sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir benti á í ræðu sinni á undan mér. Sömuleiðis vantar vilja löggjafans í sambandi við aðgang barna að dansleikjum og skemmtunum, t.d. dansleikjum án áfengisveitinga, því að í

58. gr. er ekkert ákvæði um aðgang barna að dansleikjum án áfengisveitinga. En í áfengislögum er kveðið á um að börnum yngri en 18 ára sé ekki heimilt að fara inn á slíka staði án fylgdar foreldra sinna. Það þarf að koma fram hver vilji löggjafans sé um aðgang barna að dansleikjum, skemmtunum, útihátíðum o.s.frv., og það þarf auðvitað að koma í 58. gr.

Ýmis atriði ættum við því að skoða og ég hef tæpt á nokkrum. Fjölmörg önnur atriði ætti að nefna hér, en ég tel ástæðulaust að hafa 1. umr. mjög langa. Ég á sæti í nefndinni og get því komið frekari athugasemdum mínum að í vinnunni þar. En ég hef bent hér á nokkur atriði og ég læt máli mínu lokið að sinni um þetta frv.

[15:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Vel fer á því að opna umræðu á vorþinginu með því að tala um börnin, hið stóra mál, börn í íslensku samfélagi. Þau eru mikilvægasti hópur samfélagsins. Börn eru fjársjóður hvers samfélags og hægt er að meta gæði samfélags út frá aðbúnaði, úrræðum fyrir og stuðningi við börn.

Samfylkingin hefur sett málefni barna í öndvegi. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt fjölmörg mál í þeim tilgangi að bæta umhverfi þeirra og uppvaxtarskilyrði. Samfylkingin hefur meira að segja fengið samþykkt mikilvæg mál á Alþingi sem ekki er algengt í stjórnarandstöðu. Vísa ég þar t.d. til heildarstefnu í málefnum barna, en samhliða þeirri stefnumörkun á að skoða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með tilliti til íslenskra laga, ef treysta má nál. við afgreiðslu þess máls sl. vor. Hvort tveggja er mikilvægt mál sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt mikla áherslu á.

Staðreyndin er sú að við búum ekki nægilega vel að þeim viðkvæma hópi sem börnin okkar eru. Á sínum tíma þegar mæður voru sóttar út á vinnumarkað með skattaívilnunum var þeirri fjölskyldu- og þjóðfélagsbreytingu ekki fylgt eftir með nauðsynlegum úrræðum. Fjölskyldan hefur farið halloka. Í stað þess að efla hana og styrkja eins og gert hefur verið á Norðurlöndunum þar sem jafnaðarmenn hafa mótað þjóðfélagsgerðina, er þörfum fjölskyldunnar ýtt til hliðar enn í dag á Íslandi. Stjórnvöld takmarka stuðning og úrræði sem annars staðar þykja sjálfsögð. Þessi staðreynd hefur reynst barnafjölskyldum erfið á tímum þegar jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði hafa rutt sér til rúms, konur menntað sig til jafns við karla og eru íslenskum vinnumarkaði mikilvægur og nauðsynlegur stólpi.

Dagvistunarmál hafa með árunum fengið aukið vægi í sveitarstjórnum. Grunnskólinn og ný þjónustuúrræði honum tengd hafa þróast í framhaldi af breyttu heimilishaldi og þeirri staðreynd að meginreglan er að pabbi og mamma eru í vinnu. Enn er þó langt í land að þau úrræði séu fullnægjandi.

Ekkert er eins mikilvægt og að tryggja umhverfi ungra barna, bæta uppeldisskilyrði barna og hafa úrræði til að bregðast við ef barnið lendir í vanda, fjölskyldan bregst eða fullorðnir í umhverfinu þeirra valda þeim miska, jafnvel skadda þau á sál og líkama. Fátt er mikilvægara en að tryggja nauðsynleg úrræði og hjálp vegna alvarlegra veikinda, hegðunarvanda eða óreglu, svo sem fíkniefnaneyslu. Þess vegna er frv. um barnaverndarlög stórmál. Þessi salur ætti því að vera fullur af fólki.

Ég fagna því að við erum hér og getum tekið þessu frv. með jákvæðum hætti eins og við gerðum öll við umræðu um þetta mál sl. vor. Ég fagna því að við erum að betrumbæta þessi lög. Það er mjög brýnt að lögð verði áhersla á að ná samstöðu um úrræði þannig að við gerum lögin sem móta umhverfi barna eins góð og unnt er. Þar á ekki að hengja sig í viðhorf meiri og minni hluta heldur sameinast um að skapa gott umhverfi fyrir æsku þessa lands.

Ég tek að sjálfsögðu undir það sem kom fram hjá fulltrúum Samfylkingarinnar í félmn., Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Við umræðu um þessi mál höfum við allar sagt að frv. sé framfaraskref og mikilvægt að gera lögin sem best úr garði.

Hér stendur til að gera grundvallarbreytingar í meðferð barnaverndarmála og breyta frá hefðum sem ríkt hafa í vinnubrögðum, t.d. að færa frumúrskurðarvald frá barnaverndarnefnd til dómstóla. Það þarf að skoða hvað fylgir því að taka svo stórt skref. Það eru umskipti að hætta með úrskurði heima í héraði í barnaverndarnefndunum og fara með málin fyrir dómstóla. Þess vegna er mikilvægt, það hef ég áður sagt, að sérfróðir meðdómendur verði kallaðir til.

Það er líka mikilvægt að við stöndum vörð um þau sértæku úrræði sem gripið hefur verið til. Ég hef t.d. hrósað félmrh. fyrir Barnahúsið. Það er mikilvægt að við tryggjum þróun þess. Það er ánægjuefni að þess skuli getið í frv. til barnaverndarlaga þó að það sé eingöngu í heimildargrein að fjallað er um Barnahúsið. Þar með er komin ákveðin skoðun á Barnahúsinu af hálfu stjórnvalda. Mér finnst að félmn. hljóti að reyna að skoða það með allshn. að ná fram breytingum sem tryggi starfsemi Barnahúss í þágu barnanna og það verði mál númer eitt, tvö og þrjú. Þessi lög snúast um að gera það besta í þágu barnanna.

Varðandi hlutverk Barnahússins, m.a. á Barnaverndarstofu, kemur fram að þar sé heimilt að reka sérhæfða þjónustu en í lögin vantar skilgreininguna á Barnahúsinu. Við höfum ýtt því á undan okkur af því að þetta varð óþægilegt mál. Hins vegar er alveg ljóst, sem er ánægjuefni, að skýrslutökum í Barnahúsi hefur fjölgað. Margir dómarar hafa áttað sig á hversu afbragðsgóð aðferð þetta er en sumir dómarar nota þetta hús hins vegar alls ekki. Þeir hafa leyfi til þess en þetta mismunar börnum. Það skiptir máli hvort barnið lendir hjá þessum dómara eða hinum. Við hljótum með einhverjum hætti að geta náð saman um að gera þær betrumbætur sem þarf vegna þessa.

Ég vil sérstaklega geta þess að í umsögn Barnaverndarstofu kemur fram að það sé álit Barnaverndarstofu að afar æskilegt sé að renna styrkari lagastoðum undir starfsemi Barnahúss en gert er í frv. en það verði tæplega gert að óbreyttum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála er varða skýrslutöku af börnum. Bent hefur verið á að mikilvægt sé að finna farsæla lausn á þeirri óvissu sem svo lengi hefur ríkt um framkvæmd rannsókna á kynferðisbrotum.

Ég tel ljóst að við í þessum sal höfum þrátt fyrir allt ýtt málinu í ákveðinn farveg með umræðu og afstýrt því sem fyrst virtist blasa við, að öll börn yrðu send í dómshús. Ég er sannfærð um að eins og dropinn holar steininn muni þetta mál þróast í þá átt að yfirheyrsla á börnum fari fram í vernduðu umhverfi Barnahúss.

Herra forseti. Á sama tíma og ég get heils hugar tekið undir margt gott í þessu frv. og tel það framfaraskref eru samt í því ákveðnir veikleikar. Að mínu mati er þeir vistunarmál og fósturmál eins og kom fram í máli fulltrúa Samfylkingarinnar í félmn. Þar eru breytingarnar ekki góðar og ég ætla aðeins að víkja að því hvað varðar fósturforeldrana, sem áður sóttu til Barnaverndarstofu en eiga nú að sækja til barnaverndarnefndar heima í héraði.

Umdæmin í landinu eru 54. Ég hef aflað mér upplýsinga um að árlega sækja fáir um að gerast fósturforeldrar. Umsækjendur eru nokkru færri en einn á hvert umdæmi. Auðvitað er ekki sótt um í öllum umdæmum, allir gera sér grein fyrir því. Hins vegar gefur augaleið að það skapast engin sérhæfing í þessu máli nema í höfuðborginni. Það er mjög stór ákvörðun að taka og mikilvægt fyrir foreldra að fara í gegnum ábyrgðina af því að taka að sér barn. Það er mikilvægt að afstýra því að það sé gert í fljótræði eða á þann hátt að fólk hafi ekki gert sér grein fyrir verkefninu. Það alvarlegasta sem getur hent barnið er að fólk gefist upp eftir einhverja hríð og barnið hafi þá enn einu sinni flækst inn í erfitt umhverfi.

Það er mikilvægt að nýta sérfræðiþekkinguna. Hún er til staðar hjá Barnaverndarstofu og ég skil ekki hvað liggur til grundvallar svona breytingu í jafnviðamiklu máli. Ég tel of seint að eingöngu leyfisveitingin komi til Barnaverndarstofu. Þar með eykst hættan á að ferlið sé langt komið þegar fólk áttar sig á að þetta henti því ekki eða það ráði ekki við að taka að sér barnið, hvað þá þegar fólk áttar sig á því eftir að barnið er komið á heimilið, eins og ég sagði hér áðan.

Guðrún Ögmundsdóttir kom einnig inn á greiðslur á skólagjöldum fyrir börn í fóstri. Þetta er auðvitað alveg fráleit staða. Hún tók stórt upp í sig um það mál. Henni fannst að með þessu ákvæði færum við 50 ár aftur í tímann og tækjum upp gömlu sveitfestarmálin. Það er rétt hjá Guðrúnu Ögmundsdóttur. Við erum að fara aftur í tímann með þessu. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á að borga fyrir börn úr Reykjavík sem sækja skóla annars staðar af því að þeim hefur verið komið fyrir í fóstur. Hafi barnið t.d. skaddast áður en því var komið fyrir á góðu heimili getur verið að barnið þurfi talsvert mikla sérkennslu fyrir utan að sækja skóla. Mörg sveitarfélög telja að þá eigi lögheimilissveitarfélagið að sjá um allan kostnað fyrir þetta barn. Slík mál hafa valdið togstreitu á milli sveitarfélagsins sem barnið er nýflutt í og þess sveitarfélags sem það kom úr. Það er óþolandi og óréttlátt.

Mörg sveitarfélög telja að lögheimili barna flytjist til fósturforeldranna. Eðlilega. En í sumum smærri sveitarfélögum hafa komið upp vandamál, þ.e. þau vilja ekki axla kostnaðinn. Þegar barn er vistað varanlega á auðvitað nýja sveitarfélagið að axla ábyrgð á nýja barninu sem er þar með íbúi í sveitarfélaginu. Ef fjölskylda ákveður að búa litlu barni heimili, barni sem á um sárt að binda, og það kemur e.t.v. tveggja ára gamalt til þessarar fjölskyldu og hún ætlar að ganga því í fjölskyldu-, foreldra- og systkinastað fram til 18 ára aldurs, er staðan hin sama og hjá fólki sem sækir um að ættleiða barn, hvort sem það er innan lands eða sækir það til annarra landa. Barnið er fjölskyldumeðlimur og íbúi í nýja sveitarfélaginu. Það getur ekki gengið að sækja þurfi um peninga til Félagsþjónustunnar í Reykjavík eða Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur út af þessu barni. Það er niðurlægjandi fyrir foreldrana og fjölskylduna og ósæmilegt gagnvart barninu, ekkert annað.

Hafi sveitarfélög ekki fjárhagslegt svigrúm til að annast íbúa sína er ekki grundvöllur fyrir því sveitarfélagi. Þá er það of fámennt og ræður ekki við að þjóna íbúum sínum. Slíkt sveitarfélag á að kanna hvort grundvöllur sé til að sameinast öðru sveitarfélagi. Þannig er nútíminn. Þannig er veruleikinn í dag. Það er fráleitt að undanskilja þá sem veikar standa í okkar samfélagi og ráða ekki við að sinna þörfum barnanna.

Við skulum bera þetta saman við höfuðborgina. Þangað flykkist fólk þegar harðnar á dalnum, þegar fólk veikist, þegar það verður aldrað og þarf á hjálp að halda, sérhæfðri læknishjálp, sjúkir og fatlaðir og langveik börn. Foreldrar með börn sem þurfa sértæka umönnun fara til höfuðborgarinnar. Margir flytja. Af hverju? Ekki af því þá langaði að heiman. Þeir fara þangað til að njóta öryggis, bestu sérfræðinga og læknisþjónustu. Á Reykjavík ekki að taka við þeim sem höllum fæti standa? Á Reykjavík að segja: Þetta er erfiður einstaklingur sem mun kosta okkur. Ég vil fá pening frá sveitarfélaginu sem hann átti heima í. Nei, segi ég, þannig á samfélag okkar ekki að vera. Þess vegna féllum við frá framfærslulögum frá 1936 í tíð jafnaðarmanna í ríkisstjórn og settum lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Nei, segjum við, svona á þetta ekki að vera og ég ætlast til þess að félmn. taki á þessu máli. Það má vel líta svo á að sé barni ráðstafað í stuttan tíma þá sé það á kostnað heimasveitarfélagsins. Það á ekki að gilda um barn í varanlegu fóstri.

Um þetta má m.a. lesa í umsögn Barnaheilla sem ég hafði hugsað mér að lesa hér, sérstaklega liði 9, 10 og 12, þar sem Barnaheill nefnir einmitt Barnahúsið. Í greinum 9 og 10 er fjallað um þennan ágreining sem myndast á milli sveitarfélaga um grunnþjónustu við börn, skyldu ríkisins og skyldu barnaverndarnefnda til að byggja upp úrræði fyrir börn, líka eldri börn og líka vistunarúrræði. Barnaheill hvetja eindregið til að leitað verði leiða til að tryggja samfellda, faglega uppbyggingu úrræða og flytja ábyrgð á uppbyggingu úrræða alfarið til ríkisins. Nú er ekki víst að það eigi endilega að vera þannig heldur þurfi að skoða samfelluna í starfinu.

Ég nefndi meðferðar- og vistheimilismál. Samkvæmt gildandi lögum á ríkið að veita sérhæfða meðferð og sveitarfélag að sjá um aðra tegund stofnana. Ef barnið sjálft er vandamál er það ríkið sem á að sjá um að veita nauðsynleg úrræði. Séu foreldrarnir, fjölskyldan eða umhverfið vandamál er það sveitarfélagið sem á að bera þungann. Þetta skapar togstreitu um úrræðin og er tilhneiging til þess að sveitarfélög ýti sérstaklega þungum kostnaði yfir til ríkisins. Þetta er því óljóst.

Það getur líka blasað við, við útskrift eldra barns af dýrri vistun, að árangur meðferðar glatist verði barnið sent heim, bíði þess vandamál á heimilinu. Þá eru engin úrræði hjá sveitarfélögunum. Léttari úrræði dygðu en eina leiðin er meðferðarheimili sem er dýr kostur. Á þetta benda Stuðlar jafnframt. Í umsögn þeirra segir að fullyrða megi að oft mætti koma í veg fyrir að unglingur þyrfti á svo kröftugu og dýru úrræði að halda væri fyrr gripið inn í mál hans og honum byðust fyrr á ferlinum vægari úrræði, svo sem göngugdeildarvitjun, athvörf og slíkt, sem ekki hefðu jafnmikla frelsissviptingu í för með sér. Samkvæmt þeim skilningi sem ríkir um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eiga slík úrræði að vera á hendi félagsþjónustu en vandinn er að fæst sveitarfélög hafa yfir slíkum vægari úrræðum að ráða.

Þannig er valið um fóstur, sambýli eða meðferð ekki eiginlegt val. Sambýlin eru ekki kostur. Þau eru ekki til staðar, sveitarfélögin velja þau ekki, hafa ekki efni á þeim eða vilja ekki fara út í þann kostnað. Ef barnið fer á sambýli eða í vistun á vegum sveitarfélags er það oft betra og ódýrara en hins vegar á kostnað sveitarfélagsins. Þarna togast menn á milli kerfa.

Við sem starfað höfum í sveitarfélögum þekkjum þetta mjög vel. Þannig var það oft varðandi aldraða og sjúka. Það var tilhneiging til að reyna að koma fólki á sjúkrahús til að

afstýra því að gamla fólkið fengi að koma heim af því að það væri dýr kostur fyrir sveitarfélögin. Sem betur fer ríkir sú hugsun ekki lengur.

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að víkja aðeins að börnum yngri en 12 ára. Ég ætla hins vegar að láta staðar numið hér en nefna í lokin að við í Samfylkingunni höfum ítrekað flutt tillögur um talsmenn í barnaverndarmálum. Það er mikilvægt og á að skoða það í nefndinni hvort í einhverjum tilfellum eigi að kveða svo fast að að skylt verði að skipa barni talsmann, þ.e. ekki bara heimilt.

[15:32]

Útbýting þingskjala:

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, 388. mál, beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, þskj. 643.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, 389. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 645.

[15:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum í annað sinn frv. til barnaverndarlaga sem hefur fengið mjög vandaða umfjöllun í hv. félmn.

Áður en ég fjalla um frv. vil ég geta þess að í flestum fjölskyldum er samband barna við foreldra sína með miklum ágætum sem og við aðra í fjölskyldunni. Þau mál sem við ræðum um hér eru sem betur fer undantekningar og eiga við hjá minni hluta fjölskyldna. Þetta eru engu að síður vandasömustu samskiptin sem ríkisvaldið á við borgara sína. Þetta eru mjög persónuleg mál, persónulegir harmleikir, sem um er að ræða. Þess vegna er mjög mikilvægt að vandað sé vel til mála þegar þetta frv. er rætt.

Frv. rekst m.a. á mannréttindi, þ.e. friðhelgi heimilisins og fjallar um lokuð mál, mál sem eðli sínu samkvæmt eru lokuð. Upplýsingar liggja ekki fyrir um þau mál og geta þar af leiðandi verið mjög hættulegar, sérstaklega ef framkvæmdin er ekki í samræmi við lög og reglur. Þess vegna er mikilvægt að vanda vel til verka.

Á undanförnum áratugum hefur fjölskyldan minnkað hratt og breyst. Fyrir einni öld samanstóð fjölskyldan iðulega af afa og ömmu, föður og móður og börnum á heimili, jafnvel vinnufólk og börn þess. Síðan minnkaði fjölskyldan niður í foreldra og börn og nú er svo komið að stór hluti þjóðarinnar eru einstæðir foreldrar. Það eru miklar sviptingar í hinum almennu fjölskyldum. Þegar fjölskylda leysist upp verður oft og tíðum mjög dapurlegur skilnaður barns og foreldris sem ekki er rætt um í þessum lögum. Það mætti kannski ræða dálítið betur. Barnið skilur að sjálfsögðu ekki að faðir þess eða móðir vilji ekki þekkja það lengur vegna þess að þeim sem í hlut á er illa við hitt foreldrið. Þetta eru því miður allt of algengt.

Ég ætla við 1. umr. að ræða lauslega um nokkur atriði frv. Ég er sammála því sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gat um, að við þurfum almennt að minnka reglugerðarheimildir í lögum og hafa lögin skýrari. Þó að það kosti meiri vinnu er hættulegt að framselja mikið af valdi til framkvæmdarvaldsins.

Ég ætla að byrja á því að ræða um agavandamál í skólum og á heimilum. Þau eru vandi kennara og foreldra en líka barna. Ég ræddi við ungling fyrir skömmu sem skipti um skóla vegna þess að hann þoldi ekki agaleysið, óreiðuna og hávaðann í skólanum sem hann var áður í. Agavandinn er því ekki bara vandi foreldra og kennara, uppalenda, heldur líka barnanna, ekki síður og kannski hvað mest. Kannski líða þau mest fyrir skort á reglum og aga. Þess vegna þykir mér undarlegt að í markmiðssetningunni sé talað um rétt barna en engar skyldur, og skyldur foreldra en engan rétt. Ég vil að hv. félmn. hugleiði hvort ekki megi koma inn í markmiðin t.d. að börn skuli hlýða foreldrum sínum, fara að þeim reglum sem gilda á heimilinu og hafa þær skyldur að hlýða foreldrum sínum og fara eftir reglum í samræmi við aldur og þroska. Það er með ólíkindum að unglingar telji sér ekki skylt að fara að reglum heimilisins og þurfa ekki að hlýða foreldrum sínum en njóta samt allrar framfærslu af þeirra hendi.

Maður heyrir æ oftar að börn vísa í lög og reglur, jafnvel umboðsmann barna, og hóta að kæra vegna þess að þau eigi bara rétt, engar skyldur. Ég vil að hv. nefnd skoði hvort ekki sé rétt að leggja einhverjar skyldur á börnin. Þetta tengist nefnilega líka agavandamálum í skólunum og agavandamálum á heimilunum. Standi eingöngu í lögunum að börn eigi rétt en engar skyldur og foreldrar eigi skyldur en engan rétt leiðir það til þess sem ég gat um.

Síðan vantar í þetta frv., sem að öðru leyti er verulega gott, ákvæði um skyldur annarra uppalenda. Það eru bara lagðar skyldur á foreldra í markmiðssetningunni. Í frv. er ekki fjallað um skyldur kennara, fóstra og ættingja sem koma að uppeldi barna. Ég vildi gjarnan að líka yrði skoðað, að slíkar skyldur yrðu teknar upp.

Síðan má ég til með að nefna 21. gr. og 30. gr. þar sem ráðist er mjög hastarlega að einstaklingnum með rökum, að sjálfsögðu eins og alltaf. Þar stendur að ef þunguð kona kunni að stofna heilsu sinni í hættu og ófædds barns síns megi grípa inn í og gera ráðstafanir, jafnvel þvinga hana gegn vilja hennar. Það er jafnvel hægt að ganga svo langt að þvinga konu, t.d. í meðferð, áfengismeðferð, til verndar barni sem hún má samkvæmt lögum eyða. (**ÞBack:** Ekki eftir ákveðið langa meðgöngu.) Undir ákveðnum tíma gilda þau lög fyrir konuna að það má þvinga hana til að vernda barn sem þó má eyða samkvæmt lögum.

Ég veit að það er góður vilji í hv. félmn. til að vinna vel að þessu máli. Ég treysti því að þær umsagnir sem komu fram verði skoðaðar mjög vel. Ég mun leggja mitt af mörkum en ég á sæti í þeirri nefnd.

[15:39]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef mjög litlu við það að bæta sem hv. þingkonur Samfylkingarinnar, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir, hafa þegar sagt við 1. umr. um frv. til laga um barnavernd enda hafa þær gert ítarlegar efnislegar athugasemdir og að sjálfsögðu mun þetta mál verða tekið til meðferðar í hv. félmn. Ég vil hins vegar nota tækifærið til að beina því til hv. þingmanna í félmn. að taka til sérstakrar skoðunar þær greinar í frv. sem lúta að því sem síðasti hv. ræðumaður kom inn á, að hægt sé að beita einhvers konar inngripi, þ.e. hlutast til um líferni kvenna sem eiga von á barni.

Vissulega viljum við ganga eins langt og hægt er til að vernda líf og heilsu barna, þ.e. þeirra barna sem fædd eru. En þótt konur séu með barni eru þær sjálfstæðir sjálfráða einstaklingar. Auðvitað er hægt að beita fortölum, nota viðtöl og alls konar stuðning og hjálp þegar konur þurfa á því að halda, æskja þess eða þær koma í mæðraskoðun og augljóst er að eitthvað er að en hér finnst mér löggjafinn feta sig út á mjög hála braut. Eins og segir í 1. mgr. 30. gr., með leyfi herra forseta:

„Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáraðila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið."

Hér er sem sagt opnað á það að hægt sé að svipta konu sjálfræði. Ég get ekki skilið þessa grein öðruvísi, herra forseti. Ég vil í þessu samhengi benda á umsögn frá Ljósmæðrafélagi Íslands. Ég les upp umsögn þess, með leyfi forseta:

„Orðalag þessarar greinar er einnig of opið þar sem mjög teygjanlegt er hvað kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns í hættu og er breytilegt frá einum tíma til annars eftir því sem viðurkennt er á hverjum tíma. Þess vegna þyrfti að breyta orðalagi greinarinnar," segja þær hér.

Ég vil ganga lengra og æskja þess að hv. félmn. kanni hvort það sé yfir höfuð einhver nauðsyn á því að hafa þessa grein í lögunum. Ég er ekki viss um að það kunni góðri lukku að stýra að veita barnaverndaryfirvöldum slík yfirráð yfir lífi og líkama kvenna.

Ég ætla líka að nota tækifærið, herra forseti, og benda á það sem hér kemur fram í umsögn Ljósmæðrafélagsins, þ.e. að í raun stangist þessi grein frv. sem hér er til umfjöllunar á við lög um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir frá 1975. Samkvæmt þeim er heimilt, allt að 16 vikna meðgöngu, að framkvæma fóstureyðingu liggi læknisfræðilegar ástæður að baki. En í þessu frv. er talað um líf eða heilsu ófædds barns og ekki tekinn til neinn tími á meðgöngunni, en hún er eins og við öll vitum 40 vikur.

Ég vildi bara nota tækifærið, hæstv. forseti, og koma þessu á framfæri við hv. þingmenn í félmn. Ég vil ítreka að ég geri að öðru leyti engar athugasemdir við það sem fram hefur komið í málflutningi hv. þingmanna Samfylkingarinnar.

[15:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. sem við ræðum hér kemur fram nánast óbreytt frá síðasta þingi. Eingöngu 43. gr. tók breytingum á milli þinga. Félmn. ákvað að taka málið til umfjöllunar í þinghléi í sumar og fékk fjölda aðila til að ræða það og átti ágæta vinnudaga þar sem farið var yfir efni frv. Hins vegar er margt órætt enn þá.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara í efnislega umræðu um málið sem stendur heldur vil ég þakka fyrir góðar umræður og ábendingar sem komið hafa fram.

Í frv. eru nokkur álitaefni sem nefndin mun fara yfir í störfum sínum. Ég vildi eingöngu óska eftir góðu samstarfi nefndarmanna, sem ég veit að verður. Því hefur verið lýst yfir í umræðunni. Samstarfið þarf að vera gott þar sem þetta er býsna viðamikið efni og við verðum að ætla okkur góðan tíma í það.

[15:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir jákvæðar umræður sem hér hafa farið fram. Það var athyglisverð hugmynd sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir varpaði fram þegar hún nefndi þann tvíverknað sem við óneitanlega gerum okkur sek um þegar mál er tekið til umræðu þing eftir þing, að endurflytja sömu ræðurnar. Það hefur akkúrat verið gert hér í dag. Ég flutti svipaða framsögu og ég flutti í fyrra og hv. þm. hafa flutt ræður sem að ýmsu leyti eru endurtekning á því sem þau sögðu í fyrra. Þetta er vinnulag okkar hérna í þinginu en vel getur verið að skynsamlegt sé að breyta því.

Það eru örfá atriði sem menn hafa lagt inn í umræðuna sem ég vil gera athugasemdir við. Fyrst með barnaverndaráætlun. Lítil sveitarfélög geta auðvitað unnið saman að barnaverndaráætlun og að gerð barnaverndaráætlana eða kópíerað eftir atvikum. Þetta er fyrst og fremst sett þarna til að minna á, til að vekja athygli sveitarstjórna á málefnum barna og fá sveitarstjórnir til að hugleiða þau.

Ég er ekki hneykslaður á laganefnd Lögmannafélagsins þó að hún sendi ekki ítarlegri umsögn, heldur aðeins þessa stuttorðu umsögn. Í mínum huga er laganefndin að segja að hún sé sammála þessu frv. og henni þyki það vera forsvaranlega unnið. Ekki að hún hafi talið ástæðu til að fara í einstök atriði og árétta þau með einhverjum hætti enda komu aldeilis lögfræðingar að samningu þessa frv. Ég nefni Davíð Þór Björgvinsson prófessor, Benedikt Bogason skrifstofustjóra, Guðrúnu Ernu Hreiðarsdóttur, forstöðumann barnaverndarráðs, Hrefnu Friðriksdóttur lögfræðing, Þorgerði Benediktsdóttur deildarstjóra, Ingveldi Einarsdóttur héraðsdómara og Höllu Bachmann Ólafsdóttur lögfræðing. Þetta er mikið lið lögmanna sem þarna hefur lagt hönd á plóg, og ég er ekkert hissa á því þó að laganefnd Lögmannafélagsins geti samþykkt verk þeirra.

Varðandi umsagnir sem borist hafa um frv. getur að vísu margt gott verið í þeim en ég hef farið nokkuð ítarlega yfir þær með mínu fólki og fengið skýringar, m.a. hjá þeim sem unnu að gerð frv., á einstökum atriðum sem þar er verið að fjalla um. Breytingarnar eru ekki fleiri en raun ber vitni vegna þess að ég er sammála höfundum frv. Ég er t.d. ekki sammála umsögn sýslumannsins á Sauðárkróki svo ég nefni eina sem hér hefur verið minnst á.

Mér finnst gæta nokkurs misskilnings þegar talað er um kostnað við skólagöngu barns. Kostnaður við skólagöngu, mikill kostnaður sem fylgir, getur komið í veg fyrir að barn komist á gott heimili. Hugsun mín í þessu efni er beinlínis að opna sem flest heimili fyrir fósturbörn. Ég sé ekkert á móti því að upprunasveitarfélagið, eða það sveitarfélag sem lögheimilið er eða var í, beri þennan kostnað. Það bæri hann ef barnið yrði kyrrt í sveitarfélaginu. Það er altítt meðal sveitarfélaga að þau endurgreiði kostnað sem á fellur vegna íbúa, t.d. barns sem nýtur leikskólavistar í öðru sveitarfélagi. Lögheimilissveitarfélagið greiðir í mörgum tilfellum leikskólavistunina, að vísu eftir samningi. Og það er alls ekki eingöngu um það að ræða að börnum úr Reykjavík sé komið fyrir á heimili úti á landi heldur getur líka verið um það að ræða að börnum sé komið fyrir í Reykjavík. Það er líka gott fólk sem vill taka börn í fóstur hér. Ég tel að menn hafi tekið þetta of alvarlega hér í umræðunni og látið í ljósi óþarflega mikla hneykslun. Það er alls ekki verið að fara hér fram með einhvern fornaldarhugsunarhátt eða sveitarstyrk.

Ég vil svo að endingu láta þess getið að ég tel að það sé einboðið að Barnahúsið starfi áfram, menn hafa verið að láta í ljósi áhyggjur af því.

[15:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um athugasemd ráðherra varðandi Lögmannafélagið. Það er nokkuð einboðið að þingmaður Samfylkingarinnar, Guðrún Ögmundsdóttir, átti við það að þetta er svo viðamikil lagasetning og mikilvæg að það hefði ekki verið óeðlilegt að þeir hefðu haft skoðun á því hvort

einhver ákvæði laganna þyrftu að vera betri eða hvort þau gengju of langt eða of skammt. Hér hefur ýmislegt verið nefnt og það hefði verið styrkur að því ef Lögmannafélagið hefði látið í ljósi skoðun sína og það er algjörlega óháð því hvort einhverjir lögfræðingar tóku þátt í samningu frv.

En ég kvaddi mér hljóðs út af viðbrögðum félmrh. varðandi skólagöngu barns. Það er enginn misskilningur í þessu máli. Hæstv. ráðherra segir að e.t.v. gæti það komið í veg fyrir að barnið kæmist á heimili. Á maður virkilega að skilja það svo að þegar fósturforeldrar hafa gengist undir það að vera fósturforeldrar barns til 18 ára aldurs mundu þeir þurfa að fara til sveitarfélagsins og spyrja: Má ég taka þetta barn? Það er hugsanlegt af því að það hefur lent í erfiðleikum að það þurfi stuðning einhvern tíma á uppvaxtarárunum.

Þetta er alveg fráleitt. Fólk er að flytja á milli sveitarfélaga, fjölskyldur með börn, eigin börn og stjúpbörn og fósturbörn, og sveitarfélagið tekur bara við þeim og axlar þær skyldur. Það er hárrétt hjá ráðherranum að það getur verið að barn flytjist utan af landi og til Reykjavíkur eins og öfugt. En það er væntanlega vegna smærri sveitarfélaga sem verið er að setja þetta ákvæði inn, og barnið er að flytja varanlega og sveitarfélagið á að taka við íbúunum. Í þessu máli er enginn misskilningur.

Ég er ánægð með yfirlýsingu ráðherrans varðandi Barnahúsið en ég tel og spyr ráðherrann hvort hann sé ekki sammála því að skjóta þurfi styrkari lagalegum stoðum undir starfsemi Barnahúss.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 378. mál (rekstrarform og arðgreiðslur). — Þskj. 612.

[15:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir litlu frv. um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Þetta frv. er samið í félmrn. og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Það hefur tvíþætt markmið. Annars vegar er lagt til að sveitarfélagi verði veitt fullt vald til að ákveða hvaða rekstrarform það hefur á vatnsveitu sem það rekur. Hins vegar er lagt til að eiganda vatnsveitu verði heimilað að áskilja sér arðgreiðslur sem numið geti allt að 7% af eigin fé vatnsveitunnar.

Ákvæði 1. gr. frv. er ætlað að tryggja samræmi við frv. til raforkulaga sem iðnrh. hyggst leggja fram og kynnt var á 126. löggjafarþingi, þar sem mælt er fyrir um að öll raforkufyrirtæki skuli vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Þess eru nokkur dæmi að sveitarfélög reki í einu fyrirtæki eða stofnun héraðsrafmagnsveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Ætla má að á næstu árum muni þessi fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga taka þátt í samkeppnisrekstri á sviði raforkuframleiðslu og verður þeim þá skylt að halda þeim hluta starfsemi sinnar aðskildum frá rekstri sem þau eiga einkarétt á, þar á meðal rekstri hitaveitu og vatnsveitu. Engu að síður kann að vera hagkvæmt að reka allar þessar veitur í einu fyrirtæki eða stofnun.

Í núgildandi 1. mgr. 2. gr. laganna er mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli fara með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi. Hefur ákvæðið verið túlkað svo að vatnsveita skuli annaðhvort vera hluti af sveitarsjóði eða rekin sem B-hluta stofnun í eigu sveitarfélags, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Er sveitarfélagi því ekki heimilt að reka vatnsveitu í formi sameignarfélags eða hlutafélags. Í 3. gr. laganna er hins vegar ákvæði sem heimilar sveitarstjórnum að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu og er sveitarstjórnum þá jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Í 1. gr. frv. er lagt til að orðalag 2. gr. laganna verði fært til samræmis við orðalag 3. gr. og þar með verði sveitarfélagi í sjálfsvald sett að ákveða rekstrarform vatnsveitu. Með því að gefa rekstrarform vatnsveitna í eigu sveitarfélaga frjálst er verið að koma í veg fyrir að skipta verði veitufyrirtækjum stofnana upp í fleiri en eitt fyrirtæki eða stofnanir.

Herra forseti. Í 2. gr. frv. er lagt til að bætt verði inn í lögin heimild fyrir sveitarfélögin til að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitu. Greinin er að mestu efnislega samhljóða 1. og 2. gr. laga nr. 78/2001, um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi. Greinin er einnig í samræmi við 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þar sem segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið sé í rekstri þeirra. Var því ákvæði ætlað að skjóta stoðum undir framkvæmd sem tíðkast hafði um árabil í rekstri sveitarfélaga þótt ótvíræða lagaheimild til þess hefði vantað í löggjöfina. Í áliti meiri hluta félmn. með frv. sem varð að lögum nr. 45/1998, þ.e. sveitarstjórnarlögunum, segir enn fremur að einnig þurfi að gera breytingar á ákvæðum ýmissa sérlaga til að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð. Í samræmi við þessi sjónarmið er lagt til í 2. gr. frv. að sett verði skýr almenn heimild um arðgreiðslur vatnsveitna, líkt og þegar hefur verið gert í orkulögum varðandi rafveitur og hitaveitur.

Herra forseti. Þetta mál er tiltölulega einfalt. Ég óska eftir því að það verði að lokinni þessari umræðu sent hv. félmn. til athugunar.

[16:01]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér liggur fyrir þinginu lítið látlaust frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga og þar er farið að tala um eigendur vatnsveitna. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sjái fyrir sér í framtíðinni að vatnsveitur sveitarfélaga verði í einkaeigu og að farið verði að hugsa um að selja þær, einkavæða þær. Mun ráðherra sjá fyrir sér t.d. að Gvendarbrunnar í Reykjavík verði seldir? Það má velta þessari spurningu upp.

Síðan vil ég spyrja hvort hann telji eðlilegt að sveitarfélög eða aðrir aðilar sem eiga vatnsveiturnar fari að gera sér íslenska vatnið, besta drykk sem til er, sem menn hafa fengið endurgjaldslaust og ódýrt, að ákveðinni tekjulind. Það getur haft ákveðna hættu í för með sér. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvenær kæmi að því augnabliki að menn færu að braska með vatnið á Íslandi. Vatn er almannaeign og allir eiga að hafa fullkominn og frjálsan aðgang að því og eins ódýran og mögulegt er. Og varðandi umræðu um að sveitarfélög eða þeir sem eiga vatnsveitur geti farið að hagnast á

þeim og búa til úr þeim einhvern bisness þá lít ég svo á, herra forseti, að það sé braut sem við ættum að forðast í lengstu lög að fara út á.

[16:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki fyrir mér að Gvendarbrunnar verði seldir eða að þetta muni leiða til einkavæðingar á vatnsveitum. Það er skylda sveitarfélaga að sjá fyrir vatni. En ég tel að ekkert óeðlilegt sé að sama gildi um heitt og kalt vatn, þ.e. að eitthvert gjald komi fyrir.

[16:03]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel nokkurn mun vera á heitu og köldu vatni en ætla reyndar ekkert, hæstv. ráðherra, að vera með neina útúrsnúninga. En þegar um heitt vatn er að ræða erum við að tala um hitaveitur, sundlaugar og svona frekar það sem lýtur að kyndingu húsa og þess háttar.

En varðandi kalda vatnið sem kemur úr lindum landsins og við drekkum þá álít ég að um annað sé að ræða þar, að vatnsveitur eigi alltaf að reka bara á núlli því þær eiga að vera sjálfsögð og eðlileg þjónusta, og að ekkert landsins barn þurfi að greiða meira en bara algjört lágmarksgjald sem hlýst af lagningu veitnanna beint. Vatnsveitur eiga ekki að vera — hvað eigum við að segja — sambærilegar við orkufyrirtæki.

[16:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum. Þetta er lítið frv. þar sem verið er að opna fyrir önnur rekstrarform á vatnsveitum, þ.e. að gefa formið á rekstrinum frjálst, eins og kemur fram í greinargerð með frv.

Hér er verið að gera breytingar í samræmi við breytingar á raforkulögum. Gerðar hafa verið breytingar á hinum ýmsu fyrirtækjum eins og Orkuveitunni í Reykjavík sem er sameignarfélag, og aðrar veitur hafa verið gerðar að hlutafélögum. Þetta er lagabreyting sem er í samræmi við aðra lagabreytingu sem hefur verið gerð í þinginu. Ég held að þetta sé eðlileg þróun þar sem verið er að laga lagaumhverfið að breytingum sem hafa orðið í samfélaginu og ég óttast ekki að við séum að gera neina vitleysu með þessu.

Hér voru ágætis vangaveltur um mikilvægi vatns og ég tek undir þær. Gott vatn er gulls ígildi og ekki eru allar þjóðir eins ríkar af vatni og við. Ég tek undir það. En ég get ekki séð annað en að þessi lagabreyting sé fullkomlega eðlileg.

Í 2. gr. er verið að heimila eiganda vatnsveitu að taka allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitunnar. Sömuleiðis tel ég það vera eðlilega lagabreytingu. Ég geri því ekki athugasemdir við frv. En við munum auðvitað skoða þetta nánar í félmn. þegar málið kemur þangað.

[16:07]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil hreyfa sjónarmiðum varðandi þetta mál sem ég tel að eigi fullt erindi inn í umræðu og umfjöllun þingsins um þetta mál. Þó það sé ekki stórt í sniðum og því ekki tilefni til að gera um það stóran ágreining er eftir sem áður lagt til að hreyfa í málinu annars vegar ákvæðum um rekstrarform og hins vegar um gjaldtöku. Sérstaklega er það síðara umfangsmikið og lýtur að þeim sem fá reikninginn sendan. Því þykir mér ástæða til að fara um það mál nokkrum orðum.

Ég vil rifja upp að í lögum um vatnsveitur eru ákvæði í 1. gr. um að sveitarfélögum sé skylt að reka vatnsveitur. Þeim er lögð sú skylda á hendur að útvega íbúum sveitarfélagsins og atvinnufyrirtækjum vatn til sinna þarfa þannig að á sveitarfélögin eru lagðar þær skyldur að hafa vatnið til staðar og reka vatnsveitur. Með öðrum orðum, hér er um að ræða félagslega skyldu sem falin er stjórnvaldi.

Í öðru lagi, á móti þeirri skyldu, til þess að auðvelda sveitarfélaginu að sinna henni, er í 5. gr. gildandi laga sveitarfélaginu veittur einkaréttur til þess að reka vatnsveitu og selja vatn þannig að sá sem fær skylduna fær líka réttinn, einkaréttinn til þess að selja vatnið og afla tekna.

Í þriðja lagi eru ákvæði í 7. gr. laganna sem kveða á um hversu mikið gjald megi innheimta af þeim sem nota vatnsveitu. Þar er mjög skýrt tekið fram að sveitarstjórninni sé heimilt að taka vatnsgjald sem skal við það miðað að það standi undir stofnkostnaði og rekstri veitunnar, eðlilega, því hér er ekki um að ræða atvinnurekstur í ábataskyni í samkeppnisumhverfi heldur þörf sem stjórnvaldi er falið að uppfylla, veittur einkaréttur til þess að starfrækja veituna og veittur réttur til að afla tekna til að standa undir kostnaðinum við að veita þessa þjónustu.

Þannig er það og auðvitað má velta fyrir sér hvort ástæða sé til að breyta þessu. Eru uppi þær aðstæður í þjóðfélaginu að rétt sé að breyta lögunum og t.d. taka af sveitarfélögunum, létta af þeim þeirri skyldu að reka vatnsveitu? Niðurstaða félmrh. er að það sé ekki rétt, að nauðsynlegt sé að sveitarfélögin séu áfram skyldug að reka vatnsveitu og að þau hafi áfram einkaréttinn á að reka vatnsveituna. Með öðrum orðum er niðurstaðan að lokinni athugun málsins sú að ekki séu uppi neinar þær breytingar í þjóðfélaginu að þessu leytinu til sem kalli á að menn geti leyst úr þessu verkefni út frá venjulegum forsendum atvinnurekstrar í samkeppnisumhverfi.

Vilji menn fara að reka veituna í ábataskyni er auðvitað forsenda þess að þá sé einhver samkeppni og að sá sem fær reikninginn eigi einhvern valkost og geti snúið sér annað og keypt þjónustuna af öðrum aðila en þeim sem rekur veituþjónustuna í dag.

Ég tel ekki að saman fari að vera með fyrirkomulag einokunar annars vegar og hins vegar fyrirkomulag hlutafjárreksturs með arðsemissjónarmið að leiðarljósi eins og verið er að opna fyrir í frv., þ.e. að veita sveitarfélögunum þann möguleika að breyta vatnsveitunum í hlutafélög og reikna sér arð af hlutabréfunum allt að 7% af eigin fé veitunnar. Ég tel ekki að það fari saman að vera með arðsemissjónarmið í einokunarumhverfi af þeirri einföldu ástæðu að sá sem á að borga reikninginn á engan valkost. Hann getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér og neitað að borga reikninginn.

Ég er út af fyrir sig tiltölulega opinn fyrir þeim viðhorfum að ýta undir það að aðrir fari að reka vatnsveitur. Það getur vel verið að það sé ekkert óvitlaust að stuðla að því að fleiri reki vatnsveitur en sveitarfélög, enda leggi þeir þá sín eigin dreifikerfi og keppi við hinn aðilann sem er fyrir. Miðað við samkeppnissjónarmiðin er ekkert úr vegi, a.m.k. fyrir fram, að ætla að það geti ekki orðið þeim til góðs sem eiga að borga reikninginn að samkeppni komist á. En ég sé engin teikn uppi um að það sé á döfinni. Og á meðan svo er finnst mér ósanngjarnt gagnvart þeim sem eiga að greiða reikninginn að opna fyrir það í lögunum að reka megi vatnsveituna eins og fyrirtæki á arðsemisgrundvelli sem er að starfa í samkeppnisumhverfi.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum að í málinu því að í raun þegar allt er dregið saman er efni frv. bara eitt, að auka möguleika sveitarfélaga til að taka meiri peninga af þeim sem eru viðskiptavinir vatnsveitunnar. Ekkert annað felst í þessu frv. Sveitarfélögunum er veittur möguleiki til að hækka gjaldskrána þannig að hún standi ekki bara undir stofnkostnaði og rekstri heldur líka 7% arðsemiskröfu af eigin fé. Ég er ekki sammála því að veita þessa heimild og ég vil láta þau sjónarmið koma hér fram með þeim rökstuðningi sem ég hef fært fram í málinu.

Hinu er ekki að neita að hæstv. félmrh. hefur sitthvað til síns máls eftir sem áður. Það hafa verið gerðar breytingar á öðrum sviðum í veitukerfi með þessi sjónarmið að leiðarljósi, og Alþingi getur ekki neitað að það hefur fallist á það að sumu leyti. En það breytir því ekki að eftir sem áður, að mínu viti, verðum við að vera alveg klár á því til hvers við ætlumst af sveitarfélögunum og hvaða möguleika þau hafa til að bera þær skyldur sem þeim eru faldar. Og ég er ósammála því að það eigi að reka sveitarfélög á arðsemisforsendum.

Ég sé engar forsendur fyrir því að sveitarfélag sé að reka veitukerfi eða einhvern annan rekstur með arðsemissjónarmið að leiðarljósi. Ef það er orðið leiðarljósið á sá rekstur að fara á almennan atvinnurekstur og ekki að vera á höndum sveitarfélaga. Eða hvernig ætla menn að fara að því að skoða annað í rekstri sveitarfélaga sem við leggjum á þeirra herðar í dag, að veita íbúum sínum þjónustu, eins og rekstur áhaldahúss? Á að veita sveitarfélögum heimild til þess að reikna sér 7% arð og hver á að borga reikninginn? Rekstur félagsþjónustu, á að gera það upp sérstaklega með arðsemissjónarmið að leiðarljósi? Rekstur félagslegra íbúða sem nú er í tísku að færa undir sérstök hlutafélög, eins og Reykjavíkurborg var frumkvöðull að — á að veita sveitarfélögunum heimild til að reikna sér arð af bundnu fé í þeim félögum?

Ég held að þegar þetta mál er flutt sé alveg fullt tilefni til að menn velti þessu fyrir sér og geri upp við sig hvaða stefnu menn ætla að taka almennt í gjaldskrárheimildum sveitarfélaga varðandi þá þjónustu sem þeim er skylt að veita.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið en ég hef þegar gert. Ég hef fært fram þau sjónarmið sem ég vildi að kæmust að í þessari umræðu og vænti þess að hv. félmn. fjalli um málið með þessum hætti, a.m.k. að einhverju leyti, horfi á það með víðtækari hætti en frv. eitt og sér gefur tilefni til því að mér finnst fyllsta ástæða til þess að stefnumörkunin verði tekin til umfjöllunar í tilefni af þessu frv.

[16:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú fór það svo að hv. síðasti ræðumaður tók að nokkru leyti af mér ómakið. Ég get tekið undir margt af því sem kom fram í hugleiðingum hans. Ég er ósammála því að hér sé um smámál að ræða, þetta er a.m.k. angi af mjög stóru máli ef menn vilja taka það svo, þar sem spurning er um hlutverk og stöðu sveitarfélaganna og þeirra félagslega rekstur eða hina félagslegu þjónustu sem þau standa fyrir. Mér finnst víglínan vera komin ansi innarlega ef t.d. vatnsveitur í eigu sveitarfélaga sem lúta, eðli málsins samkvæmt, nánast undantekningarlaust þeim aðstæðum að handhafi þeirra hefur svokallaða náttúrlega einokun á sinni starfsemi — hún er fólgin í því að um er að ræða einu pípuna inn í húsið hjá kúnnanum – ef víglínan í þessum einka-rekstrararðsemissjónarmiðum er komin svo innarlega að það vekur enga umhugsun og engar tilfinningar ef boðið er upp í þann dans að fara jafnvel að einkavæða þessa starfsemi og draga af henni arð með vísan til þeirra fjármuna sem bundnir eru í fjárfestingum.

Hver á vatnsveitu í sveitarfélagi? Fólkið í sveitarfélaginu. Til hvers er vatnsveitan í sveitarfélaginu? Hún er til þess að sjá því fyrir vatni. Og hvert eru menn eiginlega komnir ef ekki má gera greinarmun á því annars vegar og samkeppnisatvinnurekstri hins vegar? Og hvers vegna er það svo sjálfgefið að það sé skynsamlegt, að ég tali ekki um skylt, að færa þetta undir samkeppnislög eða samkeppnisleikreglur í atvinnurekstri? Ég sé bara ekki nokkra einustu ástæðu til þess. Ég veit ekki betur en að þjónusta sveitarfélaga og ríkisins sé í grunninn undanþegin, og samkeppnislög taka ekki til félagslegrar þjónustu sem slíkrar þegar hún er veitt af opinberum aðilum. Og þarf ekki aðeins að velta því fyrir sér hvar menn ætla að draga þessi landamæri?

Herra forseti. Ég vara allt ént, svo mikið er víst, mjög við öllu einkavæðingarbrölti á þessu sviði. Og ég geri þá kröfu til manna, hvaða viðhorf sem þeir hafa til félagslegs eða opinbers rekstrar annars vegar og einkarekstrar hins vegar, að þeir horfi á reynsluna þar sem menn hafa farið út í ævintýramennsku og tilraunastarfsemi af því tagi að einkavæða og færa í hendur einkaaðilum veitur sem eru með náttúrlega einokun. Ég held að það sé samdóma álit allra, allt frá æstustu frjálshyggjumönnum í Bretlandi og Nýja-Sjálandi og yfir á hinn kantinn, að um það geti menn þó orðið sammála að það hafi gefist illa, og þar hafi ofstækið leitt menn í hvað mestar ógöngur þegar þeir fóru út í það, t.d. í Bretlandi á áttunda áratugnum, að einkavæða veitur sem eru með hreina og klára náttúrlega eða hlutbundna einokun á þjónustu sinni án þess að sjá fyrir þær hrikalegu afleiðingar sem það gæti haft í för með sér.

Auðvitað fóru menn af stað og skrúfuðu upp verðið, hirtu sér myndarlegan hagnað og fóðruðu það með ýmsum hætti. Síðan sátu menn oftar en ekki uppi með það að þjónustan versnaði, það var trassað að leggja í nauðsynlega endurnýjun og menn styttu sér leið með ýmsum hætti. Til dæmis fór allt sem laut að umhverfi, þegar framkvæmdir áttu í hlut, stórversnandi af því að menn voru alls staðar að reyna að spara og græða.

Það hlýtur líka að þurfa að vara dálítið við þeirri hugmyndafræði, herra forseti, af því að eins og hv. síðasti ræðumaður í raun og veru kom inn á verðum við a.m.k. að átta okkur á því hvar sú hugsun endar að innleiða samkeppnis- og atvinnurekstrarviðhorf inn á ný svið sem áður hafa lotið skilgreiningu sem hrein þjónusta, sem skyldur eða þjónusta við íbúa sveitarfélaga, við almenning og þar af leiðandi ekki verið seld undir sömu lögmál um arðsemi í rekstri og venjulegur atvinnurekstur. Menn verða náttúrlega líka að átta sig á þessu: Á að fara svo langt með hugmyndina að sveitarfélögin geti jafnvel átt yfir höfði sér lögregluna ef þau ákveða t.d. að þau vilji gera vel við íbúa sína á einhverjum sviðum og bjóða þeim ódýra eða ókeypis þjónustu? Það er ein endastöðin í þessari hugmyndafræði að þegar einhver sveitarfélög eru farin að reikna sér arð og ef menn að einhverju leyti geta borið við samkeppni verður hinum bannað að gera það ekki. Sveitarfélög hafa verið kærð fyrir að hafa ókeypis inn á tjaldstæðin hjá sér. Það má ekki veita þá þjónustu lengur í sveitarfélagi að leyfa mönnum að tjalda ókeypis. Það er afleiðing og angi af þessu.

Ég held því að menn ættu líka að þessu leyti að staldra aðeins við. Mér finnst t.d. orka mjög tvímælis að það eigi

yfir höfuð að leyfa mönnum að fara með vatnsveitur, hreinar vatnsveitur, úr eignarformi sem lýtur lögmálum sveitarfélagarekstrar, opinbers rekstrar, og þótt það sé þá ekki hreint sveitarfyrirtæki, ekki endilega rekið af sveitarfélaginu eða sem B-hluta stofnun. Það mætti hugsa sér að draga mörkin við það að slíkt væri ekki fært lengra en yfir í sameignarfélög eða byggðasamlög, t.d. þegar fleiri en eitt sveitarfélag eru að leggja í púkk. Þetta eru lögformlegir aðilar og það er nýbúið að setja lög hér um sameignarfélög sem hægt er að skoða í því sambandi. Ég sé ekki að þetta sem hér var nefnt — það er svona draugagangur á ferðinni í orkugeiranum — sé t.d. endilega rök fyrir því að fara með vatnsveiturnar yfir í þetta form.

Herra forseti. Í öllu falli tel ég fulla ástæðu til að fara vandlega yfir þetta mál og staldra hér við, og ég lofa engu um stuðning við þetta eins og þetta er hér sett fram. Ég tel fyllilega koma til greina að draga mörkin þarna öðruvísi, og ég vil fá upp á borðið þau tæknilegu eða rekstrarlegu vandkvæði sem eru höfð hér sem viðbára í raun og veru. Ég leitaði rakanna fyrir því að nauðsynlegt væri að gera þetta, og fann ein að lokum: Ef þetta yrði ekki gert gæti það leitt til þess að menn yrðu að skipta upp einhverjum blönduðum fyrirtækjum. Og ég segi bara: Þá það. Ef menn hafa grautað vatnsveitunum sínum inn í eitthvað annað sem þeir eru í vandræðum með geta þeir væntanlega tekið þær út úr því aftur. Og ég tel að löggjafinn hafi ekki bara fullan rétt heldur sé honum skylt að líta til almennra sjónarmiða, stöðu sveitarfélaganna, lögboðins hlutverks þeirra, þeirra skyldna sem sveitarfélögin hafa og alls samhengis málsins áður en menn fara að ana lengra út á þessa braut. Nóg er samt. Þessi þakleki er alls staðar á ferðinni, að láta hlutina leka yfir í einkarekstur og samkeppni og einkavæða allt sem mögulegt er. Við sjáum afleiðingarnar fyrir okkur, um þær er víða deilt. En maður hélt kannski að einhvers staðar væru mörk sem menn gætu orðið sáttir á að verja, og það væri þá ekki síst undirstöðuþjónusta af þessu tagi, skyldur sem ég held að séu þannig að það sé eina skynsemin, eina vitið, að nálgast frá þessum sjónarhóli, og samkeppnin sé hér svo fjarlæg bara út frá heilbrigðri skynsemi. Það getur ekki verið nokkur minnsta glóra í því að fara að grafa upp allar götur í sveitarfélögum ár eftir ár til að leggja vatnsveitu númer tvö, þrjú og fjögur. Að fyrirtækið Vatnungi hf. komi næst á eftir einhverju öðru fyrirtæki sem heitir kannski Kaldavatn ehf. Og svo komi Blávatn ehf. og grafi líka. Ég meina, hvers konar vitleysa er þetta? (**Gripið fram í:** Það er nú gott, blávatnið.) Já, blávatnið er gott en það þarf kannski ekki að einkavæða það. Ég held að menn ættu að láta hringrás vatnsins í heiminum fá að hafa sinn gang þó að mannskepnan þykist víða eiga upp á dekk.

Ég sé enga skynsemi í því, herra forseti, ég sé engin rök til þess að fara að reyna að fara út í það fen að ætla að fara að innleiða hér samkeppni og slíka viðskiptahætti þegar um er að ræða starfsemi sem bara eðlisbundið er slík að það er eiginlega ómögulegt að sjá annað fyrir sér en að hún muni lúta einhvers konar náttúrlegri einokun, a.m.k. dreifikerfin. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að menn væru með samkeppni — einhverjar vatnsveitur gætu keppt um að selja inn á dreifikerfi sem yrðu þá að vera þvinguð opin með einhverjum sambærilegum hætti og menn eru að reyna að hnoða samkeppni inn í fjarskipti sem fara um þráð. Og það vantar ekki að það valdi aldeilis erfiðleikunum og allt það brölt sem því hefur fylgt að reyna að þjóna þessari lund, að alls staðar skuli vera bisness, allt skuli lúta gróðalögmálum — það hefur leitt til mikilla vandræða. Og ég bið menn bara vinsamlegast að taka sér stund og kynna sér litteratúrinn um reynsluna af einkavæðingarbrölti þegar í hlut eiga vatnsveitur, rafveitur og orkufyrirtæki bæði austan hafs og vestan. Eða eru kannski félegar fréttirnar frá Bandaríkjunum núna síðustu missirin þar sem spilling er að ríða hverju orkufyrirtækinu á slig, jafnvel í heilum fylkjum? Mikil vandræði hafa hlotist af þeim aðstæðum sem menn bjuggu sér þarna til þannig að sums staðar hafa fylki og stór sveitarfélög neyðst til að leysa til sín aftur bæði veitur og orkufyrirtæki sem búið var að einkavæða eða spruttu upp eftir að samkeppni hafði verið innleidd eða menn höfðu reynt að innleiða samkeppni á svona sviðum. Meira og minna allt orðið til bölvunar. Og ég held að það sé löng leitun að rökum fyrir því að það sé notendum eða neytendum til góðs.

Svo er þetta líka að lokum allt saman spurning um hvað er hófsamlegt og skynsamlegt þegar kemur að gjaldtökunni. Er vatn góður skattstofn? Er neysluvatn fjölskyldna góður skattstofn? Umfram þá lágmarksgrunnkostnað af því að reka dreifingarkerfið, sjá mönnum fyrir vatninu? En það er raunverulega það sem verið er að fara hér út í með vissum hætti með því að innleiða arðsemiskröfur sem auðvitað enginn borgar nema þeir sem greiða fyrir þjónustuna og þá er það ekki endilega í samræmi við efnahag þeirra eða stöðu til þess að bera byrðarnar. Menn sækja því a.m.k. ekki rök í félagslega hugsun í þessum efnum.

Herra forseti. Ég ætlaði kannski ekki að hafa um þetta fleiri orð enda held ég að ég hafi ekki mikið meira um málið að segja á þessu stigi. En ég áskil mér allan rétt til þess að skoða mjög vandlega hvort eigi að fara að veita þessu máli brautargengi, a.m.k. í þess óbreyttri mynd.

[16:32]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki þá stóru hættu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sér í þessu frv. Hver er annars munurinn á vatnsveitu og hitaveitu eða rafmagnsveitu? Það er alls staðar ein lögn inn í hús. Sveitarfélögin eiga að fá að ráða þessu sjálf. Sveitarfélög eiga að fá að ráða í hvaða formi þau vilja reka fyrirtæki sín. Þessi allt að 7% arðsemi er ekki svo stórhættuleg að menn þurfi að óttast mikla samkeppni fyrir þær sakir.

Aðstaða sveitarfélaga er mjög mismunandi. Við sjáum að það er mismunandi skattheimta milli sveitarfélaga. Þau sveitarfélög sem búa þannig að hafa miklar tekjur af fasteignaskatti geta búið íbúum sínum miklu betri kjör en önnur sveitarfélög. Það hefur alveg verið látið óáreitt.

Herra forseti. Ég sé ekki hættuna í þessu frv. En auðvitað fer hjartað í hv. þm. að slá hraðar þegar minnst er á arðsemi, að ég tali nú ekki um einkavæðingu.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt. Hjartað í mér tekur oft kipp þegar menn taka til við einkavæðingartrúboðið hér á Alþingi. Ég er að hugsa um þolendurna en ekki þá sem ætla að græða á henni og ætla sér að gera alla skapaða hluti í samfélaginu, sjúklinga jafnt sem vatnsnotendur, að féþúfu. Ég er alveg tilbúinn í orðaskipti við það fólk sem hefur tekið þá trú í stjórnmálum að lausnarorð allra hluta sé að gróðinn skuli settur í öndvegi, óháð þeim aðferðum sem menn viðhafa til að ná honum fram og hvaða áhrif sem það hefur á þá sem í hlut eiga, þolendurna í dæminu. Ég sé ekki að

það sé sérstaklega framsækinn, eða félagsleg hugsun þaðan af heldur, að gera vatnsveitur sveitarfélaganna að vígvelli í þessu sambandi. Ég bara sé það ekki.

Ég bendi á reynsluna, dóm reynslunnar. Það væri gaman að heyra fólk tjá sig, hægri menn og einkavæðingarsinna, um dóm reynslunnar þar sem menn hafa gert slíkar tilraunir, þar sem menn hafa gert íbúa sveitarfélaga eða heilla landshluta að tilraunadýrum á frjálshyggjubúunum, t.d. á Bretlandi, Nýja-Sjálandi, Bandaríkjunum og víðar. Eigum við þá ekki að ræða um veruleikann eins og hann er?

Menn koma hér og tala um sjálfstæði sveitarfélaganna, stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar, það fer vel á því. Það fer einkar vel á því að stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar ræði um sjálfstæði sveitarfélaganna. Hvað bættust mörg við á gjörgæslulistann nú um áramótin? Það er nú aldeilis sjálfstæði sveitarfélaganna sem þessi ríkisstjórn hefur að leiðarljósi, sem er að koma þeim öllum á kné. Þau sem ekki hafa nýlega selt verðmætustu eignir sínar og sloppið út af listanum þar með, kannski í tvö, þrjú, fjögur ár, eru flest öll á leiðinni inn á hann aftur.

Drjúgur hluti sveitarfélaganna í landinu er þannig að komast í gjörgæslu hvað fjárhagslega stöðu snertir. Það er kannski lausnin, að breyta öllum vatnsveitunum í hlutafélög og selja þau svo.

[16:35]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningunni sem ég bar upp við hann varðandi arðsemi hitaveitna og rafmagnsveitna, hvort ekki ætti að banna þeim að hafa arðsemiskröfu.

Sveitarfélögin hafa mörg hver sett saman í eina stofnun bæði rekstur á heitu og köldu vatni. Ég held að það sé afar gott. Það sparar ýmislegt í yfirstjórn og rekstri að hafa slíkt á einni hendi. Ég frábið mér að þannig sé talað til sveitarstjórna í þessu landi að þær hugsi ekki um hag íbúanna. Fyrst og fremst eru sveitarstjórnir að hugsa um hag sinna íbúa í öllum ráðum sínum og gerðum.

[16:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að láta stilla mér þannig upp í þessari umræðu að ég sé fylgjandi breytingum á hitaveitueða orkumálum sem ég hef aldeilis ekkert skrifað upp á og ekki endilega mælt með, t.d. því að knýja Ísland inn undir orkutilskipun Evrópusambandsins sem við áttum auðvitað ekkert erindi með. Það var algjört axarskaft og mistök af hálfu þeirra sem voru í forsvari fyrir Ísland að reyna ekki að fá Ísland undanþegið, enda erum við ekki hluti af samtengdum orkumarkaði í Evrópu. Það er síðan notað sem rök fyrir því að einnig verði að einkavæða kaldavatnsveitur, m.a. af því að e.t.v. hafi einhver sveitarfélög blandað þessu saman í rekstrinum. Ég kaupi það bara ekki.

Ég er ekki að tala hér af einhverri vandlætingu um sveitarfélögin, sveitarstjórnarmenn eða vantreysta því að þeir reyni að vinna verk sín vel. Við verðum náttúrlega að setja allt tal um sjálfstæði sveitarfélaga og sjálfsákvörðunarrétt í það samhengi að við erum löggjafi og setjum líka sveitarfélögunum lög. Það hafa gilt um þetta lög. Ég veit ekki til þess að það hafi verið til stórfelldra vandræða eða t.d. að um það hafi verið sérstakur ófriður að vatnsveitur væru skilgreindar sem skyldubundin þjónusta sveitarfélaganna við íbúa sína. Það er viss munur á þeim, þ.e. kaldavatnsveitunum og síðan aftur hitaveitunni, sem er orkudreifing, og svo aftur almennum orkufyrirtækjum sem oft hafa breiðari starfsgrundvöll undir, blandaðri starfsemi og blandaðri hagsmuni en hreinar og klárar vatnsveitur.

Ég bakka því ekki fet, herra forseti, með að það er ástæða til að fara rækilega í saumana á þessu frv. og skoða hvort skynsamlegt sé að breyta fyrirkomulaginu sem verið hefur og ef svo er, hvernig eigi þá að gera það. Það þarf að skoða í samhengi við hlutverk sveitarfélaganna og skyldur þeirra við íbúa sína.

[16:38]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég fæ mér hér vatn úr Gvendarbrunnum. Við höfum notið þess, Íslendingar, að geta drukkið ferskt og gott vatn án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Sums staðar greiðir fólk fyrir þann kostnað sem hlýst af því að vatnið rennur í húsin til þeirra. Það er í mínum huga grundvallaratriði sem við þurfum að standa vörð um, að fólk þurfi ekki að greiða sérstaklega fyrir vatnið sem það drekkur. (**Landbrh.:** Er það notað í messuvínið?) Vatn er stundum notað í messuvín til þynningar, hæstv. landbrh. Það hefur líka verið ódýrt og ég vona að svo verði áfram því sú aðgerð sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í bandorminum, þegar klipið var af sóknargjöldum til að setja í ríkissjóð, var frekar ódrengileg. Ég vona að það verði ekki lagður á vatnsskattur sem muni auka enn álögurnar sem hæstv. ríkisstjórn setti á kirkjur landsins, svo ég svari nú spurningunni.

Það sem mig langar að segja er að hvert svo sem rekstrarform vatnsveitunnar er lít ég svo á, það er skoðun mín, herra forseti, að það eigi ekki að búa til gróðafyrirtæki úr kaldavatnsveitum. Ég lít þannig á að vatnið sé nánast eins og andrúmsloftið, loftið sem við öndum að okkur. Þetta er siðferðilegt mál sem við þurfum að velta fyrir okkur, hvort sveitarfélög sem eru komin í mjög miklar kröggur eins og fram hefur komið í umræðunni hér hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni — hann talaði um gjörgæslulistann, sveitarfélög sem eru komin á gjörgæslu — standist þá freistingu að gera sér mat úr því. Menn vita hvað orðið gjörgæsla merkir. Við getum alveg séð þetta fyrir okkur. Um þetta þurfum við að hugsa og gæta þess að sala á köldu vatni, neysluvatni, verði ekki einn af nýjum tekjustofnum sveitarfélaganna. Við þurfum að hafa það í huga.

Við höfum réttinn til að anda að okkur og það verður erfitt að selja loftið, þó uppi séu ýmsar hugmyndir um það á (**SJS:** Við gætum átt eftir að reyna það.) öðrum sviðum. (Gripið fram í.) En í mínum huga á vatn og loft að vera endurgjaldslaust. Ég held ég þurfi ekki að útskýra það frekar. — [Þingmaðurinn fær sér vatnssopa.] Aaa — gott vatn!

[16:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Málið sem við ræðum hér gengur út á að hugsanlega sé hægt að færa vatnsveitur í sérstakt rekstrarform einkareksturs og að vatnsveitur sveitarfélaga sem ekki eru sjálfstæðir skattaðilar skuli reikna sér sérstakan arð. Ég verð að segja eins og er, að ég er andvígur þeirri hugsun sem birtist í þessu frv. Ég get ekki sett samasemmerki á milli þess að hafa aðgang að fersku, köldu vatni og þess að hafa hita í húsi t.d. Ég set ekki samasemmerki þarna á milli. Hvers vegna geri ég það ekki? Það er nú þannig að menn hafa fleiri ráð til að hita hús sín en bara heitt vatn. Jafnvel þó að heitt vatn fari af um stund eða bregðist þá er yfirleitt rafmagn í öllum húsum og má nú kannski viðhalda hita í húsum um einhvern tíma.

Þegar kemur hins vegar að vatninu þá lít ég svo á að þar sé um frumþörf að ræða sem eigi að vera leyst af hendi sem þjónusta sveitarfélaganna við hvert það hús sem byggt er innan marka þeirra. Þess vegna vil ég lýsa þeirri skoðun minni í stuttu máli að ég er andvígur því að opnað verði fyrir sérstök fyrirtæki um vatnsveitur, að sú hugsun verði viðtekin að hægt verði að fara að selja vatnið sérstaklega. Eða er það kannski hugsunin í þessu frv., að menn séu með því að búa til fyrirtæki sem sveitarfélögin geti selt ef þau þurfa t.d. að laga hjá sér skuldastöðuna? Er þetta svipað og þegar sveitarfélögin á Vestfjörðum þurftu að selja Orkubúið til að laga hjá sér skuldastöðuna?

Ég er bara einfaldlega andvígur því að svona sé gert. Ég tel að það sem hér er lagt upp með sé óþarft og okkur ekki til framdráttar að opna á einkarekstur um vatnsveitur. Ég álít að það eigi að vera þjónusta sem öllum íbúum sveitarfélaga sé veitt og sveitarfélögin eigi að sjá um þau mál.

[16:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta hefur verið dálítið undarleg umræða.

Þetta frv. er flutt í samráði við sveitarfélögin í landinu. Það er reyndar ekki einhlítt að vatnsveitur séu í eigu sveitarfélaga og það er ekki skylda sem öll sveitarfélög uppfylla að leggja vatnsleiðslur til notenda eða á öll heimili. Ég á t.d. hlut í vatnsveitu og ber kostnað af henni. Sveitabæir eru flestir með eigin vatnsveitu eða sameinast um vatnsveitu og þar kemur sveitarfélagið ekki að. Ég ber kostnað af viðhaldi vatnsveitunnar sem ég á hlut í og bar kostnað af því að koma henni upp.

Kalt vatn er ekki ókeypis. Það er reiknað til verðs frá sveitarfélaginu og það er í fasteignaskattinum. Hluti af fasteignaskattinum er vatnsgjald. Mér fyndist rangt að banna Reykjavík að taka arð af hitaveitu. Það fyndist mér rangt. Reykjavík hefur um langt árabil tekið arð af hitaveitunni. Sveitarfélögunum í landinu veitir ekkert af tekjustofnum. Það er svo önnur saga.

Ég vil leiðrétta það að ekkert sveitarfélag í landinu er í gjörgæslu. Því fer fjarri sem betur fer. Hins vegar hefur lögum samkvæmt eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga snúið sér til nokkurra sveitarfélaga, rúmlega 30 sveitarfélaga, til að fá útskýringar á því hvernig þau hyggist reka sig og hvernig þau hyggist greiða úr skuldamálum sínum, hvernig þau hyggist auka framlegð. Þetta eru fyrirspurnir sem sendar eru sveitarfélögunum og ekki má slá því upp, eins og mér virðist sem fréttamenn hafi gert, að þessi sveitarfélög séu komin í einhverja voðalega þröng.

Ég þekki til nokkurra sveitarfélaga sem fengu þessa fyrirspurn. Eitt lítið sveitarfélag var nýbúið að leggja í hitaveitu, stórkostlega framkvæmd, í fyrra. Það fékk fyrirspurn. Annað sveitarfélag sem ég þekki náið til í varð að kaupa hlutabréf í útgerðarfyrirtæki beinlínis til þess að missa ekki kvótann. Það skuldsetti sig stórkostlega fyrir það. En það er enginn háski í því sveitarfélagi. Enginn efnahagslegur háski steðjar að því.

Eitt sveitarfélag, sem ég þekki nú kannski allra best, fékk aðvörun. En það er líka búið að koma sínum fráveitumálum í lag eða svo til og búið að verja í fráveitumál á annað hundrað milljónir og ég hugsa að það sé næstbest statt af sveitarfélögum í landinu að því leyti til.

Svona atriði geta komið til og geta orðið þess valdandi að sveitarfélögin fái bréf. Sum hafa að vísu farið glannalega, því miður, og ráðist í fjárfestingar sem þau hafa ekki ráðið við og hafa lent í þröng þess vegna.

Ég tel að ef sveitarfélög telja sig hafa hagræði af því að reka saman vatnsveitu, hitaveitu og rafveitu þá eigi að heimila þeim það. Annað væri bara fjarstæða. Ég tel líka að það eigi að leyfa fleiri en einu sveitarfélagi, ef þeim þykir það henta, að eiga og reka saman veitur. Þessi dæmi eru fyrir hendi og ég sé enga ástæðu til að fara að banna þeim það eða leggja stein í götu þeirra við að ná fram hagræði fyrir íbúa sína og ég tel eðlilegt að veita þeim það frelsi að þau geti tekið höflegan arð af þessum framkvæmdum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flokkun og mat á gærum og ull, 1. umr.

Stjfrv., 293. mál (ullarmat). — Þskj. 358.

[16:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 358. Um er að ræða frv. til laga sem mun hafa í för með sér breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

Með frv. þessu er stefnt að því að leggja niður starf eftirlitsmanns með ullarmati sem starfar á grundvelli 6. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum. Samkvæmt þessu ákvæði ber landbrh. að ráða eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar og skal hann hafa sérþekkingu á því sviði. Þessu eftirliti hefur fylgt töluverður kostnaður sem hefur verið greiddur úr ríkissjóði á grundvelli 7. gr. laganna.

Markaðir fyrir ull hafa dregist saman hér á landi á undanförnum árum og kaupendum ullar hefur fækkað. Ullarverð hefur verið lækkandi og hefur verið í lágmarki síðustu árin. Kostnaður við ullarsöfnun hefur aftur á móti verið mikill og hefur ekki lækkað í samræmi við lækkun ullarverðs. Leitað hefur verið leiða til þess að lækka þann kostnað eins og unnt er.

Samkvæmt lögum nr. 57/1990 er gert ráð fyrir að löggiltir ullarmatsmenn annist mat á ull. Jafnframt er þar gert ráð fyrir að með reglugerð sé unnt að skylda afurðastöðvar og söluaðila, þar með taldar sútunarverksmiðjur, til að hafa á sinn kostnað í þjónustu sinni löggilta matsmenn til að framkvæma mat á ull samkvæmt lögunum og að sjá þeim fyrir aðstöðu til að framkvæma matið. Mati þeirra er heimilt að skjóta til sérstakra kærunefnda sem einnig starfa á grundvelli laganna og eru skipaðar af landbrh.

Starf eftirlitsmanns með ullarmati, eins og nafnið gefur til kynna, er fólgið í að hafa eftirlit með störfum löggiltra ullarmatsmanna sem starfa á grundvelli laganna og að leggja mat á störf þeirra og gæði þeirrar ullar sem fer á markað. Hér á landi er einungis einn kaupandi ullar af framleiðendum en ullarverðið er verð sem byggist á samningum milli Bændasamtaka Íslands og kaupandans á hverjum tíma. Þessi kaupandi hefur haft í þjónustu sinni matsmenn samkvæmt framangreindum ákvæðum vítt og breitt um landið og hefur reynslan sýnt að mat þeirra uppfyllir í meginatriðum þær kröfur sem markaðurinn gerir til vörunnar. Einnig er gert ráð fyrir að framangreind kæruheimild til kærunefnda verði áfram til staðar í lögunum ef ágreiningur rís um ullarmatið, eins og ég gat um hér áðan. Í samræmi við það er ekki

lengur talið nauðsynlegt að hafa eftirlitsmann með ullarmati starfandi með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Í frv. þessu eru því lagðar til breytingar sem hafa í för með sér að starf eftirlitsmanns með ullarmati skv. 6. gr. laganna verður lagt niður. Ef afurðastöðvar eða aðrir aðilar vilja halda uppi eftirliti með ullarmatinu er þeim að sjálfsögðu heimilt að ráða sér slíkan eftirlitsaðila á eigin kostnað.

Á fylgiskjali með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv. og athugasemda með frv.

Hæstv. forseti. Frv. þetta er lagt fram í þeim tilgangi að draga úr kostnaði við ullarsöfnun og aðlaga hann betur að því verði sem fæst fyrir ullina hér á landi svo og að draga úr útgjöldum ríkissjóðs í samræmi við breytta tíma í íslensku þjóðfélagi þar sem ekki er lengur þörf fyrir þá þjónustu sem fólgin er í starfi eftirlitsmanns með ullarmati.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[16:57]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um flokkun og mat á gærum og ull. Þetta frv. kemur í raun ekki til af góðu þar sem ullariðnaðurinn í landinu hefur náttúrlega beðið mikinn hnekki á síðustu árum og er það af ýmsum ástæðum. Þessar breytingar eru því óhjákvæmilegar. Starfssvið þessara aðila sem um getur er náttúrlega orðið miklu minna.

Hins vegar er dapurlegt hvað bændur fá lítið verð fyrir ullina. Það sem ég hugsa um í þessu sambandi er hvort það verði alveg tryggt að bændur geti haft eitthvað um það að segja eða eigi einhvern ákveðinn fulltrúa sjálfir þegar verið er að selja ullina. Alveg eins og þegar verið er að selja aðra vöru þá hafa menn ákveðna hugmynd um hversu góð varan er og hvaða gæði hún ber í sér.

Er mikil ull í landinu hreinlega ekki unnin? Fer mikið af gærum beint á haugana? Sú spurning vaknar þegar við ræðum þessi mál hvort hægt sé að hrinda af stað einhverju starfi eða átaki til að koma þessari vöru á markað.

Þegar ég var drengur í sveit fór ég með þvegna ull og lagði hana inn í Gefjun á Akureyri þar sem mikil framleiðsla var á teppum og annarri vöru sem var seld til Rússlands. Olía var keypt í staðinn og mikið var látið með íslenska ull. En mikið hefur breyst frá þeim tíma og manni rennur oft til rifja að hugsa um það af því íslenska ullin er svolítið sérstök með sín löngu hár. Því vakna þær spurningar hvort hægt sé að gera eitthvað til þess að skapa meiri verðmæti svo bændur fái meira fyrir sína ull og þær gærur sem koma af fénu sem er slátrað.

Nú er reyndar í bígerð að koma upp stofnun eða safni norður á Ströndum sem verður helgað sauðfé. Ekki er seinna vænna því mér finnst oft eins og blikur séu á lofti í sambandi við sauðfjárbúskapinn. Þessi mál hafa verið dálítið erfið, t.d. sláturhúsmálin öll og ýmislegt annað. Spurningin er náttúrlega hvað sé hægt að gera til að hressa upp á þessa atvinnugrein. Ég held að hægt sé að breyta ýmsu þannig að bændur komi meira að þessu sjálfir og ég vona að það verði þannig í framtíðinni.

Um þetta frv. er ekkert annað að segja en að það fer til landbn. og menn munu fjalla um það þar. Ég vænti þess að þar fái það góða umfjöllun.

[17:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðu hans. Það er vissulega rétt að margt hefur breyst í kringum ullariðnaðinn á síðustu árum en þó er það kannski svo að sumt hefur verið að þróast núna á betri veg. Við sjáum að bændur rýja yfir veturinn og hirða um ullina. Í búfjársamningum er lögð mikil áhersla á að hirða þessa afurð, enda er hún okkur dýrmæt og kannski sú eina af þeim mörgu afurðum sem við eigum sem á mikla möguleika á heimsmarkaði. Ég tek því undir með hv. þm. hvað þetta varðar að menn þurfa auðvitað að hugsa þetta upp á nýtt og gera það kannski á annan hátt. Fyrirtæki á landsbyggðinni eru að gera mjög góða hluti úr ullinni, dýrmætan fatnað og geta selt hann dýrt. Ullin fylgir á margan hátt sérstöðu okkar, hvort sem það er útlendingurinn sem á hestinn og klæðist lopapeysu eða ýmsir aðrir litlir möguleikar sem fyrir eru.

Ég gat þess hér af því hv. þm. taldi að bændur þyrftu að koma að málinu að þegar samið er um verð á ull og gærum eru það auðvitað Bændasamtökin sem fara með það mál fyrir hönd stéttarinnar þannig að þeir koma þar að þeim samningum. Ég hef ekki upplýsingar um hve miklu er hent, en ég hygg að í þessu eins og öðru sé töluvert af ull hent. Það er þá ull sem kannski er hirt um allt of seint og þykir ekki markaðsvara í dag. Menn sem rýja ekki eða rýja of seint gera ekki þá vöru að markaðsvöru og taka ekki þátt í því, þannig að þar þarf að gera mikið átak. Við sjáum það þegar við keyrum um þjóðvegi landsins að mjög margir taka þátt í því að hirða ull sína og gera hana að afurð og fá vissulega fyrir það töluverða peninga.

En ég tek undir með hv. þm. að auðvitað er mikilvægt að atvinnugreinin sjálf, bændurnir, stýri þessum málum til sóknar og við sem hér erum reynum að koma til hjálpar þar sem það er hægt. Ég sé víða að menn eru vissulega að gera ágæta hluti og því þarf að fylgja eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búfjárhald o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (heildarlög). — Þskj. 437.

[17:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um búfjárhald og fleira. Frv. er flutt á þskj. 437 og er 338. mál þingsins.

Í október árið 1999 skipaði ég nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl. Nefndin skilaði áliti sínu síðasta sumar og er það frv. sem hér er lagt fram að mestu samhljóða því frv. sem nefndin skilaði af sér. Með frv. eru m.a. lagðar fram eftirfarandi breytingar:

Lagt er til að kveðið verði á um búfjáreftirlitssvæði í reglugerð. Markmiðið er að þau stækki og þeim fækki, enda á það kannski við þegar við sjáum að sveitarfélögin eru að stækka. Með því að kveða nánar á um svæðin í reglugerð er auðveldara að breyta svæðaskipan, t.d. ef sveitarfélög sameinast. Í frv. eru einnig lagðar til mun strangari reglur um hæfi búfjáreftirlitsmanna en verið hafa í gildandi lögum.

Önnur meginbreyting sem lögð er til er sú að draga úr forðagæsluefirliti hjá þeim aðilum sem allt er í lagi hjá eða hefur verið í lagi hjá síðustu ár. Lagt er til að þeir aðilar skili sjálfir inn skýrslu með upplýsingum um fjölda búfjár

og heildarmagn fóðurs og farin verði ein eftirlitsferð í stað tveggja áður.

Þriðja meginbreytingin sem lögð er til er að sveitarstjórn haldi skrá yfir þá aðila sem halda búfé innan umdæmissveitarfélagsins. Með þessari breytingu verður til heildarskrá yfir aðila sem halda búfé og er Bændasamtökum Íslands falin umsjón með skráningunni.

Fjórða meginbreytingin varðar þau úrræði sem grípa má til ef í ljós kemur að fóðrun og aðbúnaði búfjár er ábótavant. Sá úrræðaferill sem gildandi lög um búfjárhald heimilar í þessu sambandi hefur reynst seinvirkur og erfiður í framkvæmd og hefur verið harkalega gagnrýndur. Nefndin sem frv. samdi leitaðist við að bæta úr þeim ágöllum. Það er m.a. gert með því að þegar upp koma mál er varða slæman aðbúnað og/eða vanfóðrun skal tilkynna það beint til héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknir skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis sér til aðstoðar við slíkar aðgerðir. Ef hins vegar þarf að grípa til harðari aðgerða stjórnar lögreglustjóri þeim, t.d. ef um er að ræða vörslusviptingu eða ef aflífa þarf dýr, en aflífun skal þó ávallt ákveðin í samráði við yfirdýralækni.

Fimmta aðalbreytingin sem lögð er til með frv. er að upplýsingaöflun um uppskeru hjá kartöflu- og gulrófnabændum verði lögð niður. Rétt er talið að viðkomandi samtök afli þessara upplýsinga sjálf.

Frv. gerir ráð fyrir að kostnaður af starfi búfjáreftirlitsmanna greiðist af sveitarfélögunum en þeim sé þó heimilt að leggja á eftirlitsgjald á móti sannanlegum kostnaði við búfjáreftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbrh. staðfestir.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef þegar rakið er markmið frv. að bæta úr þeim ágöllum sem eru á núgildandi eftirliti með fóðrun og aðbúnaði búfjár, einfalda kerfið og gera það jafnframt skilvirkara. Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er tilgangur laganna að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit, fóður og vatn og að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað *hraust og heilbrigt búfé*. Þetta eru þau atriði sem hafa verið hornsteinar íslenskrar búvöruframleiðslu og þurfa að vera það í enn ríkari mæli í framtíðinni.

Ekki verður við þessa umræðu farið ítarlega í þær breytingar sem lagðar eru til með frv. en vísað til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar sem er að finna í sjálfu þingskjalinu. En þar sem þetta mál hefur legið nokkurn tíma í þinginu og ég geri mér grein fyrir að auðvitað eru öll svona mál mjög viðkvæm og ég hef lesið frv. yfir með mínu fólki, *þá teljum við eigi að síður* að breyta þurfi ýmsum greinum frá þessu frv. til að skýra þær betur og þær valdi ekki misskilningi. Þess vegna hef ég rætt við formann landbn. um að nefndin í gegnum starfsmenn landbrn. fái drög að breytingum sem við höfum rætt um í landbrn.

Ef við skoðum t.d. 12. gr. þar sem sagt er: „Búfjáreftirlitsmaður fer á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit eða hafa gæðastjórnun ...". Ég held að orðin „eða hafa gæðastjórnun" eigi að fella þarna út, og að þeir komi alls staðar.

Eins er það með 13. gr. Ég tel að lokamálsgreinin geti valdið misskilningi þar sem segir í 13. gr.:

„Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár og ber ráðuneytið kostnað sem af því hlýst."

Þetta mætti misskilja á þann veg að það væri vilji löggjafans ef þetta væri sett svona, að menn gætu almennt átt von á lögreglurannsókn eða einhverri talningu. Ekki er átt við það því að stærstur hluti bænda vill fylgja þessum lögum og telur það mikilvægt fyrir sig. Hér er fyrst og fremst átt við, eins og stendur í fyrri lögum og er í mínum huga ívið betra orðalag þegar ég fer að skoða það, en þar stendur:

„Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant" — þá er átt við hjá einhverjum einstökum manni eða bónda — „er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár."

Þetta held ég að sé mjög mikilvægt vegna þess að búfjársamningar hafa t.d. miðað að því að kaupa upp rétt af einstökum mönnum, þeir mega kannski eiga samkvæmt því um leið og þeir fá peningana greidda, tíu vetrarfóðraðar kindur, ekki meira. Það er mjög mikilvægt að þeir sem eru áfram í stéttinni og greininni séu ekki að misnota þetta kerfi. Og síðan er hitt að þegar menn búa ekki eins og menn, fara ekki vel með skepnur, neita kannski eftirlitsmönnum um að telja þann búfénað sem er, eru kannski að fara illa með land, eru kannski að fara illa með dýr, þá er mjög mikilvægt að eiga aðgang samkvæmt lögum til að taka á slíkum vandamálum.

Ég hef því þegar rætt við formann landbn. varðandi þessar tvær greinar og einhverjar fleiri athugasemdir að við fáum að eiga samstarf við landbn. um það sem okkur sýnist í þeim efnum og leggja það þar fyrir. Ég treysti að vísu landbn. afar vel til þess að fara yfir þetta viðkvæma og vandasama mál — það hefur tekið langan tíma að semja frv. — og að hún geti skilað því hér fullbúnu til baka fyrir lok þingsins.

Hæstv. forseti. Að lokum legg ég til að eftir þessa umræðu verði málinu vísað til hæstv. landbn.

[17:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætlaði fyrst og fremst að gera eitt atriði sem tengist frv. að umræðuefni en það er spurningin um hvaða ákvæði gildi í lögum um búfjárhald um vörslu búfjár og þá einkum og sér í lagi hef ég í hyggju að ræða *um vörslu eða vörsluskyldu stórgripa*. Það er sökum þess að því miður er enn það ástand uppi í landinu að á allmörgum svæðum og þar á meðal meðfram meginþjóðvegum landsins í nokkrum sveitarfélögum eða héruðum eru ekki í gildi samþykktir sveitarfélaga um vörsluskyldu stórgripa *sem aftur leiðir til* þess að árekstrar verða milli umferðar og viðkomandi búpenings og í sumum tilvikum með alvarlegum slysum.

Ég hef verið talsmaður þess um langt árabil að tekið yrði á þessu máli og ég sé ekki aðra lausn, aðra endanlega eða varanlega aðgerð í þeim efnum sem kemur á og tryggir viðunandi ástand, en að innleidd verði vörsluskylda stórgripa enda eru það að mínu mati þeir einu nútímabúskaparhættir sem mér finnst að ganga eigi út frá sem reglu í landinu, að stórpeningur gangi ekki laus á meiri háttar umferðaræðum eða þjóðvegum landsins.

Um frv. í heild sinni hef ég ekki margt að segja. Ég hygg að hér séu ágætar lagfæringar í flestum greinum á ferðinni á gildandi lögum um búfjárhald. Þó að þau séu í sjálfu sér ágæt og framkvæmd þeirra hafi í aðalatriðum, held ég, gengið vandræðalaust fyrir sig er að sjálfsögðu eitt og annað sem getur þurft að lagfæra. Hæstv. ráðherra upplýsti að þeir hefðu legið yfir þessu í ráðuneytinu og hefðu nú þegar komist að því að ákveðnir hlutir mættu betur fara í frv. Boðaðar voru brtt. sem er frekar óvenjulegt, að boðaðar séu

umfangsmiklar brtt. á stjfrv. strax við 1. umr., þ.e. um leið og mælt er fyrir því ... (**Landbrh.:** ... vandvirkni.) Kannski má segja að það sé til marks um mikla vandvirkni — ég vil ekki segja gott til eftirbreytni því að helst ætti ekki að þurfa að hnika mikið til því sem búið er að vanda vel til. En það er enginn maður að minni þó að hann viðurkenni að eitthvað megi betur fara sem hann hefur um vélað eða látið frá sér fara og það er að sjálfsögðu rétt og skylt að skoða það.

Af því að ráðherra nefndi sérstaklega gamlan kunningja minn, ákvæði í lögum um heimild ráðherra til að láta fara fram talningu búfjár, tel ég að á því orðalagi sem ráðherra lýsti að hann vildi þarna hafa og því sem er í sjálfu frv. sé bitamunur en ekki fjár. Aðalatriðið er að ég tel að ráðherra þurfi að hafa ótvíræðar heimildir til þess, ef ástæða þykir til, að sannreyna tölur um ásetning og búfjárfjölda í landinu. Fyrir því geta legið nokkrar mismunandi ástæður, það getur tengst samningum ríkisvalds og bænda um stuðning við tilteknar búgreinar, það getur tengst ásetningi og meðferð búfjár og það geta jafnvel verið fleiri ástæður fyrir því, eins og t.d. áhyggjur af ofbeit eða ofsetningu og þar fram eftir götunum. Það hlýtur að mega orða þetta þannig að það valdi ekki stórkostlegum vandræðum.

Sem sagt, herra forseti, ég hef á nokkrum undanförnum þingum flutt frv. til laga um breytingu á lögum um búfjárhald, forðagæslu o.s.frv., og það hefur gengið út á það að gera breytingar á núgildandi 5. gr. laganna um að þar bætist við málsgrein sem feli í sér vörsluskyldu stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa. Frv. hefur allan tímann gert ráð fyrir því að slíkum breytingum yrði veittur rúmur aðlögunartími þannig að menn hefðu 2–3 ár, 2–3 sumur getum við sagt, til að bregðast við og undirbúa sig undir breytingarnar á þeim tiltölulega fáu svæðum í landinu þar sem slík vörsluskylda er ekki nú þegar við lýði í gegnum samþykktir sveitarstjórna um búfjárhald. Það gildir um, að ég hygg, velflesta ef ekki alla kaupstaði landsins og það gildir um mjög mörg sveitarfélög í dreifbýli en ekki öll, eins og kunnugt er. Og þar eru árekstrarnir, þar eru vandræðin enn uppi. Ég hef á hverju einasta ári, líklega í um tíu ár, safnað saman eða fengið frá áhugamönnum upplýsingar um fjölda árekstra milli umferðar og búpenings og það hefur því miður allt of lítið miðað, í raun og veru ekki neitt núna síðustu árin í þeim efnum. Ég sé ekki annað en að algjör stöðnun sé ríkjandi í þeim efnum nema þá í þeim mæli sem girðingar eru að lokast meðfram vegum á ákveðnum svæðum en það er enn langt í land að svo sé á nokkrum af þeim svæðum þar sem árekstrar umferðar og stórgripa eða búfjár eru tíðastir. Það verður að mínu mati, herra forseti, að koma þessu máli í einhverja viðunandi höfn.

Nú er hér í þessu frv. sérstakur kafli sem ber millifyrirsögnina Varsla búfjár, III. kafli, og þar eru óbreyttar sýnist mér, eða a.m.k. lítt breyttar, heimildir sveitarfélaga til að ákveða vörslu allt árið eða hluta þess, og síðan ákvæði sem vísa varðandi kostnað við girðingar í girðingar- og vegalög, sem eðlilegt er, þannig að með vörsluskyldu sem slíkri er ekki verið að breyta því fyrirkomulagi sem lög að öðru leyti mæla fyrir um hvað varðar skiptingu kostnaðar milli t.d. bænda og Vegagerðar. Það er þá ósköp einfaldlega vísað í þau lög sem þar gilda. Ég sé ekki, því miður, að það líti út fyrir að á þessu ástandi verði mikil breyting til bóta nema farið verði í ákveðnari aðgerðir en hingað til hafa komið til. Það var ákveðið að láta á það reyna með því að styrkja heimildir sveitarstjórna til að ákveða vörsluskyldu þegar lögum var breytt um búfjárhald. Ég hygg að það hafi verið árið 1990 frekar en 1991 sem ákveðið var að gera tilraun í þessum efnum og í kjölfarið settu allmörg sveitarfélög samþykktir og fyrirskipuðu vörsluskyldu og yfirleitt hefur sú leið verið valin að þar væri þá um að ræða vörsluskyldu á stórgripum en öðru máli gegndi um sauðfé, enda ólíku saman að jafna. Slys eða óhöpp eru sjaldnast nándar nærri jafnalvarleg þegar sauðfé á í hlut, og ég held að velflest slys og t.d. næstum öll banaslys vegna árekstra á vegum milli bifreiða og búpenings hafi orðið þegar stórgripir eiga í hlut.

Síðan hefur núna um nokkurt árabil mjög lítið gerst í þessum efnum, m.a. vegna þess að menn urðu hræddir við dómsmál sem gengu um bótaábyrgð í þeim tilvikum sem vörsluskylda var við lýði, og forsvarsmenn einhverra sveitarfélaga óttuðust að þeir gætu verið að veikja réttarstöðu umbjóðenda sinna í slíkum tilvikum. Það leiddi til þess að lítið hefur gerst í þessum efnum og jafnvel einstöku brögð að því að menn hafi fellt úr gildi á nýjan leik samþykktir sem komnar voru um vörsluskyldu. Sem betur fer hafa þó velflestar sveitarstjórnir í landinu ekki hvikað frá þeim reglum sem þær höfðu sett sér og við gætum hugleitt, herra forseti, hvernig ástandið væri ef það hefði almennt gerst og menn hefðu færst á nýjan leik ár eða áratugi aftur í tímann hvað það varðaði að stórgripir væru valsandi um á þjóðvegum landins. Það er auðvitað alveg sama hvernig á það mál er litið, þetta fer ekki saman og það verður með hverju ári, held ég, augljósara að eins og hraði í nútímaumferð er orðinn og allar aðstæður eru er algjörlega óviðunandi ástand að þetta skuli ekki komast í lag.

Ég hef verið að velta því fyrir mér, herra forseti, úr því það ber svo vel í veiði að hæstv. landbrh. er hér með frv. til endurskoðunar á lögum um búfjárhald, að gera eina tilraun enn og þá í því formi að flytja brtt. um vörsluskyldu stórgripa í landinu að undangengnum ríflegum aðlögunartíma þannig að t.d. frá 1. sept. árið 2004 eða 2005 yrði þetta reglan og menn tækju síðan sameiginlega á því, landeigendur, sveitarfélög, Vegagerð og aðrir sem í hlut eiga, að koma málum í viðunandi horf þannig að mönnum yrði ekki til nokkurra vandræða að uppfylla þessi lagaákvæði þegar þar að kæmi og helst fyrr.

Í langflestum tilvikum þýða þetta ekki nein útgjöld eða nein vandamál fyrir bændur miðað við þá búskaparhætti sem þeir stunda í dag, ekki heldur innan þeirra sveitarfélaga þar sem vörsluskylda er ekki reglan, af þeirri einföldu ástæðu að langalgengast er að stórgripir, hross og nautgripir, séu alfarið innan girðinga og þannig á það auðvitað að vera. Það má hafa svona reglu undanþæga hvað varðar hagagöngu, upprekstur hrossa eða aðra hagagöngu stórgripa þar sem aðstæður eru þannig að umferð stafar ekki af því nein hætta sökum þess að land liggur fjarri öllum alfaraleiðum. Þá er að sjálfsögðu engin ástæða til að skylda það út af fyrir sig að hagagangan skuli vera innan girðinga ef hún skapar enga hættu fyrir umferð. En alls staðar þar sem það getur gerst á þetta að vera svo.

Ég ætla ekki að gefast upp, herra forseti, í þessu máli á meðan á hverju einasta ári koma enn því miður nokkrum sinnum, oftast á haustin, dapurlegar fréttir af slysum sem verða af þessum sökum. Okkur ber að halda áfram að reyna að koma þessum málum í lag. Og mér hafa enn ekki verið sýnd rök fyrir því að það sé hægt að gera með fullnægjandi hætti á annan hátt en þennan, að lögfesta þessa almennu reglu að stórgripir skuli vera í vörslu nema með þeirri undanþágu að alveg sýnt sé að það valdi engum vandamálum

samfara umferð og gefa mönnum rúman aðlögunartíma til að mæta þeim breytingum sem þessu yrðu samfara. Þá er þessi kaleikur líka tekinn af herðum sveitarstjórnanna sem er alveg skiljanlegt, út frá þeirra aðstæðum, að er ekkert endilega þægilegt að hafa í höndunum, og ég held að við eigum þá bara að taka af skarið á hinu háa Alþingi og setja um þetta skynsamleg og sanngjörn lög.

[17:27]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir og hefur legið reyndar um nokkurn tíma, án þess að það kæmi hér til umræðu, frv. til laga um búfjárhald, hið ágætasta plagg að mínum dómi, a.m.k. við fyrstu sýn. Þó að þau lög sem í gildi eru hafi auðvitað að mörgu leyti verið ágæt hafa þau að sumu leyti ekki reynst nógu traust, sérstaklega þegar þurft hefur að grípa til aðgerða og vankantar hafa reynst vera á lögunum, og ég fagna því að komið er fram þetta frv. sem tekur á málinu á svo skynsamlegan hátt. Ég tala ekki um ef við getum enn þá bætt málið í hv. landbn., hvort sem það er að frumkvæði hæstv. ráðherra eða okkar sjálfra — það væri ekki verra.

Nokkrar meginbreytingar á þessum lögum eru lagðar hér til. Sú fyrsta er að búfjáreftirlitssvæðin verði stækkuð og þeim fækkað. Ég held að þetta sé t.d. mjög nauðsynlegt ákvæði til að minnka nándina sem hefur verið svo erfitt að eiga við þegar þurft hefur að taka á t.d. dýraverndunarmálum þar sem grunur hefur leikið á um vanrækslu dýra. Þá hefur verið mjög erfitt að segja til sinna næstu nágranna, að ég tali ekki um að gangast fyrir einhverri rannsókn á þeirra högum.

Það er líka náttúrlega sjálfsagt að reynt sé að draga úr umfangi forðagæslueftirlits hjá búhöldum sem hafa búið jafnvel um áratuga skeið og aldrei verið neitt athugavert hjá, og ég styð það fyllilega að þessi breyting verði gerð. En það er náttúrlega alveg rétt, eins og komið hefur fram hjá hæstv. landbrh., að þetta er svolítið vandasamt mál ef sumir eiga að sleppa en aðrir verða að sæta því að þangað séu sendar reglulega eftirlitsnefndir af einhverjum ástæðum. Þetta verður auðvitað svolítið viðkvæmt innan sveitarfélagsins.

Þessi skrá er auðvitað mjög mikilvæg og einnig að reglubundið eftirlit sé með henni. Jafnframt er mikilvæg breytingin sem er gerð hér á úrræðaferlinu, að mál sem varða slæman aðbúnað eða fóðrun skuli tilkynnt beint til héraðsdýralæknis og að ef grípa þurfi til harðari aðgerða komi lögreglustjóri til. Ég held að þarna sé búið að skýra þessi mál vel. Náttúrlega verður farið yfir það mjög nákvæmlega innan nefndarinnar hvort kannski er unnt að skýra það enn betur þannig að ekki þurfi aftur að koma til sá vandræðagangur sem við höfum stundum upplifað þegar þurft hefur að grípa til þess að fylgja slíkum málum eftir.

Fimmta meginbreytingin með þessa upplýsingaöflun um uppskeru hjá kartöflu- og gulrófnabændum — ég tel alveg sjálfsagt mál að það sé fellt niður.

Ég hef fyrirvara við 10. gr. þar sem kveðið er á um að kostnaður af starfi við búfjáreftirlit greiðist af sveitarfélögunum en þeim sé þó heimilt að leggja eftirlitsgjald á móti sannanlegum kostnaði við búfjáreftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbrh. staðfestir. Ef vilji er til þess innan sveitarfélags, segir svo seinna í þessari grein, að búfjáreigendur standi undir hluta eða öllum kostnaði við búfjáreftirlit á það að vera valkostur sem unnt er að nýta.

Ég verð að segja að mér finnst þetta búfjáreftirlit vera sameiginlegt mál þegnanna allra, ekki bara þeirra sem eiga búfé, og eigi að vera borgað alveg skilyrðislaust af viðkomandi yfirvöldum í sveitinni en sá möguleiki sé ekki fyrir hendi að skipta þessu niður á þá sem halda búfé. Ég tek þar undir með sérálíti sem Gunnar Sæmundsson skilaði en hann telur sérálit sitt vera í fullu samræmi við samþykkt búnaðarþings 2001. Ég vona að þetta atriði verði rætt mjög ítarlega í nefndinni og ég vona fyrir mitt leyti að þessu verði breytt. Mér finnst það ekki bara mál þeirra sem halda búfé heldur mál allra þegna að farið sé að lögum um búfjárhald. Þetta er dýraverndunarmál sem varðar okkur öll.

Að lokum vil ég minnast á mál sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur Sigfússon, kom hér með. Hann minntist á frv. sem hann ásamt nokkrum þingmönnum — ég hef verið þar á meðal — hefur flutt á nokkrum undanförnum þingum um vörsluskyldu stórgripa. Ég tel mjög athugandi að skoða það mál jafnhliða þessu frv. og hvort e.t.v. er unnt að setja ákvæði sem lögð eru til í því frv. inn í þetta frv. Ég held að það kynni að vera til bóta.

[17:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um búfjárhald o.fl. Ég vil lýsa ánægju minni með að frv. skuli vera komið til afgreiðslu því að það hefur tekið nokkurn tíma að semja það og segja má að kominn hafi verið tími til að endurskoða núgildandi lög.

Farið hefur verið yfir helstu breytingar á frv. og vil ég í því sambandi segja að ég tel að það sé af hinu góða og í rauninni nauðsynlegt að búfjáreftirlitssvæðin séu stækkuð. Það má í raun og veru líkja þessu eftirliti við frv. sem við fjölluðum um fyrr í dag, þ.e. frv. til barnaverndarlaga, því að nábýlið, návígið er mjög erfitt þegar kemur að svo viðkvæmum málum eins og dýravernd þegar lýtur að illri meðferð á dýrum, hvort sem það er vegna þess að þau eru ekki nægilega fóðruð eða af illri meðferð að öðru leyti á dýrunum. Þá er auðveldara að nálgast málið með því að hafa ekki þá miklu nálægð sem er í litlum sveitarfélögum.

Það má örugglega einfalda búfjáreftirlitið með því að taka tillit til innra eftirlits eða gæðastýringar, eins og á að fara að koma á í sauðfjárbúskap, að kerfið sé ekki margþætt og reynt sé að draga úr tvíverknaði. Og ef menn hafa sýnt að þeir eru gildir bændur og hugsa vel um dýr og bústofn, þá megi draga úr eftirliti hjá þeim bændum og beina þá sjónum að þeim bændum sem virðast ekki vera búmenn.

Þó má vara við því þegar við erum að vísa til búfjárskráningar hjá bændum í dag, að við höfum það í huga að fara hægt í sakirnar, að við gerum ekki þær kröfur að bændum bókstaflega fallist hendur hvað varðar skráningu og komi sér undan henni. Við erum að gera svipaðar kröfur á öllum sviðum, þ.e. að allt sé skráð, það er krafa tímans í dag. En við þurfum að gefa bændum tíma til að aðlaga sig þeim kröfum og eins að gæta að þeim kostnaði sem fellur á bændur vegna slíkrar skráningar.

En það sem kannski mestu máli skiptir í fljótu bragði er að til séu skýr úrræði til að grípa til ef fólk verður vart við að illa sé farið með skepnur á einhvern hátt og það þurfa ekki endilega að vera bændur sem fylgjast með nágrönnum sínum. Þetta gerist í þéttbýlinu líka þar sem fólk horfir upp á vannærðar skepnur og að illa sé farið með þær, þá verða að vera skýrar leiðir hvert á að snúa sér svo hægt sé að bregðast skjótt við. Því miður hafa mál komið upp núna á allra síðustu árum, sem maður vonaði að heyrðu sögunni til, sem hafa sýnt að við þurfum að hafa mjög skýrar leiðir og góð úrræði þegar farið er illa með dýr.

Herra forseti. Þó svo að málið hafi verið lengi í undirbúningi þá lýsti hæstv. ráðherra því yfir að við enn frekari yfirlesningu og yfirferð yfir málið, því að það er jú stórt og viðamikið, hafi menn rekist á ýmsa þætti eða einhverja þætti sem betur mættu fara. Ég tel það heiðarleg og góð vinnubrögð að gefa sér þá betri tíma og skoða málið betur, bæði hjá ráðuneyti og ekki síst hjá hv. landbn. að við förum vel yfir frv. og leitum víða fanga með athugasemdir og umsagnir um frv. og gefum okkur þann tíma sem við þurfum til þess að vinna það sem best áður en við afgreiðum það hér á þingi.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að við séum að ræða hér afar þarft mál. Mig langar til að leggja hér aðeins inn í umræðuna varðandi það að skýr úrræði þurfa að vera þegar illa er farið með dýr, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að. En mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh.: Hvernig hefur málum sem upp hafa komið um illa meðferð dýra verið lokið?

Ég minnist þess að hafa heyrt um slík mál og sérstaklega að fyrir austan fjall kom upp slíkt mál þar sem lóga þurfti þó nokkrum fjölda dýra. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt um hvernig því máli lauk og mér er spurn þegar það liggur orðið fyrir að grípa þurfi inn í, taka fram fyrir hendur á fólki sem er að sýsla með dýr vegna þess að dýrunum hefur ekki verið sinnt, að þau væru nánast komin að horfelli eða að hreinlega hafi þurft að aflífa þau eftir að loksins hefur verið tekið á slíkum málum, þó að oft hafi kannski frést af þeim um einhvern tíma: Hvernig lýkur slíkum málum? Hafa slík mál gengið til dómstóla og hafa þá sektir gengið eftir? Hvaða endaferill er í slíkum málum?

Ég minnist þess ekki að hafa heyrt um það hvernig slíkum málum ljúki og það er til lítils að hafa skýr ákvæði um að tekið skuli á slíkum málum ef — það verður með einhverjum hætti að ljúka þeim og koma í veg fyrir að það sé beinlínis farið illa með skepnur.

[17:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og undirtektir þingmanna við frv.

Ef ég kem inn á nokkur atriði sem hér voru rædd, þá var það hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem fyrstur talaði og fór ekki síst yfir eitt mesta vandamálið sem blasir við okkur í umferðinni, slys af völdum þess að ekið er á búfé, og ræddi það mál sem hann hefur barist fyrir um vörsluskyldu eigenda stórgripa.

Ég get að mörgu leyti tekið undir málflutning hv. þm., sem eitt sinn var landbrh. og samgrh., ef ég man rétt, og einn af þeim síðari sem naut þess að hafa bæði þessi störf með hendi. En auðvitað hefur hann á þeim tíma áttað sig mjög á þessum vanda sem kannski velkist á milli. Ég minnist þess að eitt af mínum fyrstu verkum hér var að gefa Alþingi skýrslu um störf nefndar sem fyrirrennari minn skipaði um þetta málefni og það voru einar 12 eða 16 tillögur til úrbóta, ef ég man rétt. Ríkisstjórn og við ráðherrar sem nú sitjum höfum rætt þetta okkar á milli, þ.e. dómsmrh., samgrh. og sá er hér stendur og fer með landbúnaðarmál, þannig að þessi umræða hefur verið uppi og hvernig beri að taka á umræddu vandamáli. Og því miður er þessi tillaga hér sem hv. þm. gagnrýnir og telur að þyrfti að vera skýrari — það liggur fyrir t.d. í girðingarlögunum sem ég flutti áður að girðingar með þjóðvegum eru alfarið mál samgrh. og Vegagerðarinnar og um þær gilda sérstakar reglur, þannig að vandamálið er auðvitað í höndum eða undir yfirstjórn samgrh. hvað þetta varðar. En ég tek undir með hv. þm. að hér er mjög stórt mál sem sannarlega þyrfti að taka á og ná samstöðu um á milli ráðuneyta og ekki síður við bændastéttina hvernig brugðist verður við. Ég á þá við ekki síst umferð um þjóðveg 1, hringveginn sjálfan, og hygg ég að hv. þm. sé að tala um hann. Hann minntist á slys sem oft verða, ekki síst þegar skammdegið skellur yfir, í kringum hross sem koma inn á vegina.

Það eru mörg vandamál sem geta kostað mikla peninga og ég tel að ríkisvaldið þyrfti að greiða. Það liggur fyrir t.d. að þjóðvegur 1, hringvegurinn, klýfur tugi bújarða þar sem menn verða að fara jafnvel yfir þessa hraðbraut með stórgripi sína, t.d. kýr, eins og ég þekki úr mínu umdæmi. Vegagerðin féllst ekki á sínum tíma á kröfur manna um rennu undir veginn eða undirgöng, eins og hefði verið auðvelt að gera þegar verið var að byggja upp vegina, þó að það sé algengara nú.

Eins er það náttúrlega, sem er kannski áhyggjuefni, að margir af reiðvegum okkar eru byggðir innan girðingarinnar með hraðbrautinni þannig að hestamenn stunda útreiðar mjög grimmt á hraðbrautinni eða meðfram henni. Að vísu eru þeir ríðandi á hestinum og teyma hina og eru með þá þannig í vörslu. En af þessu skapast hætta.

Ég get alveg tekið undir með hv. þm. að kannski verður ekki alvara úr þessum málum fyrr en menn setja sér álíka markmið og hann setti fram í ræðu sinni, t.d. að fyrir einhverja ákveðna dagsetningu, 2004 eða 2005, verði þessi mál komin í þetta horf hvað hringveginn varðar og menn setjist yfir það á þeim tíma að gera það sem gera þarf til þess að það geti tekið gildi. Sannarlega er það nú svo að fyrir þjóðina og einstaklingana eru slysin, ekki síst á mönnum, sem hljótast í þessum árekstrum við stórgripina slíkur harmleikur að þau slys verða aldrei einu sinni metin til fjár, þegar um mannslíf jafnvel týnast og stórslys verða á fólki. Ég get því alveg tekið undir það með hv. þm. að ég held að það ætti að vinna að þessu máli með þeim hætti hvað hringveginn varðar og ríkið gerir sér í dag, finnst mér, betur grein fyrir því að það á þennan veg og ber ábyrgð á honum. Það verður þá að tryggja þetta þar sem ríkið hefur tekið vegina lögtaki, klofið vegina út úr jörðum og klofið þær í tvennt, þ.e. það ber miklar skyldur á þeim stöðum sem það þarf að svara fyrir og kostar það oft ekki mikla peninga. Ég get tekið undir þá sýn hv. þm. að þetta er sennilega sú leið sem menn eiga að horfa á.

Svo hafa hér komið fram ýmis önnur atriði. Hv. þm. ræddi það líka að hér væri ráðherra að boða breytingar á meðan hann væri að flytja málið. Það er hárrétt. Það er kannski ekki algengt. Ég kaus það frekar heldur en að tefja þetta mál. Ég vildi að það kæmist sem fyrst til nefndar, annars hefði það kostað það að ég hefði ekki talað fyrir því í dag, það hefði dregist, og svo hitt að þetta hefur auðvitað líka komið upp í sambandi við frv. um gæðastýringu sem var á leiðinni. Það þarf að samræma það frv. og þetta, gæðastýringuna í sauðfjárræktinni o.s.frv.

Svo er þetta sem ég minntist á um talningu búfjár. Ég get ég tekið undir það með hv. þm. að það er bitamunur en ekki fjár á því sem kom fram í máli mínu, en það er þó skýrara að menn eru að eiga við þá sem vilja fara aðrar leiðir en lögin telja. Það er ekki verið að boða herferð gegn öllum þeim heiðarlegu, tryggu og vandvirku mönnum sem alltaf fara að

lögum og reglum og telja sjálfir mjög mikilvægt að lögin séu skýr o.s.frv.

Hv. 9. þm. Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir, kom inn á nokkur atriði og minntist á sérálit Gunnars Sæmundssonar sem ég þekki og gjaldtökuna sem gefinn er kostur á. Hv. þm. taldi að þetta væri sameiginlegt mál allra sem í sveitarfélaginu búa. Auðvitað kann það nú að vera hin sósíalíska gamla hugsun, en ekki er víst að hún gangi upp í dag við breyttar aðstæður þar sem sveitarfélögin eru mjög blönduð af þegnum og ýmsar skyldur hvíla á hverjum atvinnuvegi eða atvinnugrein þannig að út frá jafnræðisreglu gæti meira að segja verið að mismuna atvinnugreinum ef þannig væri. Svo er hitt líka hættulegt fyrir landbúnaðinn, þ.e. að mikil óánægja gæti orðið ef slík gjaldtaka yrði lögð af sveitarfélaginu á hina þegnana sem ekki eiga dýr. Við þekkjum það t.d. varðandi hundahald að sveitarfélög leggja gjöld á þá sem eiga hunda í sveitarfélaginu en ekki hina. Landbúnaðurinn er atvinnuvegur þannig að mér fannst erfitt annað en að leggja frv. þannig fram að þetta væri sérmál atvinnugreinarinnar og yrði við það að miða að gjaldtökunni væri fyrst og fremst beint til þeirra sem búa með dýrin.

Hv. þm. Þuríður Backman minntist á kröfur um að skrá allt. Það er hárrétt hjá hv. þm. Miklar kröfur eru um það. Ég hef t.d. legið núna vikur eða mánuði með reglugerð um merkingu búfjár og rekjanleika þannig að hægt verði að rekja lífstíð dýrsins frá vöggu til grafar, eins og sagt er. Þetta eru nú svona kröfur sem koma hingað vegna sjúkdóma, ekki síst í Evrópu og eru kannski í kröfugerð sem þar er sett fram til allra þjóða burt séð frá heilbrigði. Menn eiga enga leið inn á markaðinn nema að fylgja einhverjum slíkum reglum. Ég get tekið undir það með hv. þm. að þarna er mjög mikilvægt að fara varlega og ganga ekki lengra en þarf og helst að gefa mönnum aðlögunartíma.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson var hér svo síðastur og spurði um illa meðferð búfjár og hvernig þeim málum hafi lokið. Ég vil auðvitað ekki ræða hér um einstök mál sem upp hafa komið. Ég þekki mörg eða nokkur mál á síðustu árum sem hafa verið mjög erfið meðferðar, gengið seint til dóms og jafnvel aldrei lokið. Og auðvitað er hitt enn betur vitað að oft er erfitt að fá stjórnvöld, hvort sem það eru sveitarstjórnirnar, sýslumaðurinn eða dýralæknar, til þess að taka á slíkum málum sem skyldi þannig að þau eru alltaf sama vandamálið. En ég vona að svona frv. og ýmsar aðrar aðgerðir styrki það, ekki síst gæðastýring og krafa bændanna sjálfra um að slíkir einstaklingar sem eru tiltölulega fáir í bændastéttinni verði einangraðir og að auðveldara verði að einangra þá.

Ég get nefnt sem dæmi að fram kom krafa um að í þessu frv. væri ákvæði, þ.e. til þess að auðveldara yrði að eiga við þetta, um að hver einasti maður sem eignaðist skepnu — ef hv. þm. vildi t.d. kaupa sér lamb eða fengi gefins folald — þyrfti bréf frá ríkinu. Ég vildi ekki bera þá tillögu hér fram og vera sá landbrh. sem fyrstur setti svo flókið kerfi á að það þyrfti bréf upp á alla skapaða hluti, að barnið sem fengi fermingargjöf með þessum hætti yrði að fá bréf frá ríkinu um að það mætti eiga þessa skepnu. En þetta töldu menn að auðveldaði að taka af mönnum leyfi.

En ég segi: Það er ansi hart að þurfa að setja slíkar kröfur á 99% þeirra sem standa sig vel í þessu, fara vel með skepnurnar og hirða vel um þær í staðinn fyrir að einangra hið eina prósent og taka á þessu eftir landsins lögum með þeim hætti að á þeim einum verði tekið sem þannig bregðast skyldu sinni við lífið að fara illa með dýrin. Það varð því *niðurstaðan að hafa frv. frekar með þessum hætti.*

Ég ætla að láta minni ræðu lokið, hæstv. forseti, og þakka enn og aftur fyrir umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (erfðanefnd). — Þskj. 485.

[17:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998. Frv. er á þskj. 485. og er 350. mál þessa þings.

Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil vakning um gildi varðveislu þeirra verðmæta sem felast í fjölbreytileika náttúrunnar.

Hér á landi hófst skipulegt starf á þessu sviði með stofnun erfðanefndar búfjár samkvæmt lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989. Núverandi erfðanefnd er skipuð samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, og eiga sæti í henni fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun. Nefndinni er ætlað að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum og gera tillögur til landbúnaðarráðherra um verndun tegunda og stofna í útrýmingarhættu.

Sérstaða Íslands er veruleg í þessu efni þar sem stór hluti þess plöntuerfðaefnis sem hér er notað í ræktun er af útlendum uppruna. Búfjárræktin byggist hins vegar að miklu leyti á gömlum búfjárkynjum sem eru sérstæð í hópi framleiðslukynja.

Með frv. því sem hér er flutt er lagt til að gerð verði breyting á ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga um erfðanefnd búfjár og hlutverki nefndarinnar breytt þannig að hún fjalli um allar erfðalindir í landbúnaði. Samkvæmt gildandi ákvæðum hefur erfðanefndin sem fyrr segir einungis með að gera erfðalindir í búfé og vatnafiskum. Breytingin felur það í sér að nefndin fjalli einnig um erfðalindir í nytjaplöntum og trjám. Þær breytingar sem hér um ræðir eru í samræmi við alþjóðlegar og norrænar skuldbindingar Íslendinga.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðalinda í landbúnaði,

b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðalinda í landbúnaði,

c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðalindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,

d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðalinda í landbúnaði,

e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

Frv. gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um verkefni nefndarinnar.

Með skilgreiningunni nytjajurtir og tré er átt við jurtir og tré sem notuð eru í ræktun hér á landi en ekki villtar jurtir og tré. Hafa ber í huga í þessu sambandi að breytingar geta orðið á því hvaða jurtir og tré eru skilgreind sem villt. Til dæmis eru tilraunir nú hafnar með ræktun ýmissa villtra jurta, svo

sem hvannar og vallhumals, til nota í fæðubótarefni og lyf. Ef slíkar tilraunir skila góðum árangri mundu þessar jurtir flokkast undir nytjajurtir í skilningi laganna.

Í samræmi við þessar breytingar á hlutverki erfðanefndar er lagt til að fjölgað verði í erfðanefnd úr fimm í sjö og hana skipi fulltrúar tilnefndir af Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun og umhverfisráðuneyti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hæstv. forseti. Frv. sem hér er flutt er afrakstur af starfi nefndar sem ég skipaði 9. febrúar sl. til þess að gera tillögur um hvernig innlendri forsjá erfðalinda í húsdýrum, ferskvatnsfiskum, nytjaplöntum og skógrækt skuli háttað. Verði frv. að lögum mun ég fela nefndinni að vinna áfram og semja drög að reglugerð um nánari útfærslu á ákvæðum þess.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hæstv. landbn. og 2. umr.

[18:01]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er lítið frv. og fjallar að hluta til um sjálfsagða hluti. Í athugasemdum við frv. er mjög vitnað til þekktra erlendra athugana sem hafa verið gerðar á slíkum málum, og samstarfssamninga. Gert er ráð fyrir að verksvið erfðanefndar verði aukið og það taki til allra erfðalinda í landbúnaði og umfram það sem áður hefur verið ákveðið, einnig til nytjajurta og trjáa. Ég get heils hugar tekið undir þetta, enda er þetta í samræmi við alþjóðlegar og norrænar skuldbindingar Íslendinga á þessu sviði.

Síðan kemur dálítil slaufa í endann. Talað er um hlutverk nefndarinnar. Í samræmi við hlutverk nefndarinnar er lagt til að nefndarmönnum verði fjölgað úr fimm í sjö. Lagt er til að annan af þessum tveimur mönnum sem bætast þarna við tilnefni Skógrækt ríkisins, sem er eðlilegt þar sem hluti af viðaukanum á við tré. Landbrh. skipar sjöunda manninn án tilnefningar. Síðan er getið um það að maður tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands falli út úr nefndinni og í staðinn skipi umhvrn. mann í nefndina.

Mér finnst þetta alveg furðulegar hundakúnstir og ég kann engar skýringar á því hvers vegna lagt er upp með þetta á þennan hátt, nema ef vera kynni að væntanlegt muni vera frv. frá hæstv. menntmrh. þar sem hann flytur stefnumörkun í vísindum inn í ráðuneytin, hvort þetta kunni eitthvað að hanga á þeirri spýtu. Ég veit ekki hver á frekar að fjalla um þetta mál og öll þessi mál en Náttúrufræðistofnun Íslands. Og ég ætla að vona að hún sé ekki komin á dauðalistann, þannig að taka þurfi menn hennar út úr lögbundnum nefndum ríkisins. Ég bið um skýringar frá hæstv. landbrh.

Mér þykir þetta mál hið undarlegasta og auðvitað eigum við eftir að ræða þetta nánar í nefndinni, en ef að stórum hluta er lagt upp með þetta frv., þær breytingar á 16. gr. laganna sem hér er verið að leggja til, til að koma í leiðinni fulltrúa Náttúrufræðistofnunar út úr nefndinni, þá veit ég bara ekki hvaðan á mig stendur veðrið.

[18:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki í langar umræður um ræðu hv. þm. þar sem hv. þm. gagnrýndi eitt atriði, þ.e. þá breytingu að í stað þess að lögum samkvæmt skuli Náttúrufræðistofnun skipa mann í þennan hóp þá færist það til æðsta mannsins sem yfir er á því sviði, sem er umhverfisráðherra, kona í dag, kannski karl á morgun. Nefndin leggur til að þetta verði með þessum hætti. Ég ætla ekkert að segja um að það sé neitt óeðlilegt að ráðherra skipi í nefndina. Það getur þess vegna verið maður frá Náttúrufræðistofnun, ég þekki það ekki, ég hef ekki sett mig svo inn í það atriði.

En hér er verið að fjölga í nefndinni og kalla inn þekkingu og ég fullyrði að Náttúrufræðistofnun er ekki á neinum dauðalista og menn þurfa ekki að geta sér þess til við þessa umræðu. Þetta er fyrst og fremst afrakstur þess nefndarstarfs sem hér fór fram og þær tillögur sem ég hef gert að mínum og ég legg til að landbn. fari alveg sérstaklega yfir það atriði sem hv. þm. nefndi um þessa breytingu. Ég hygg að það sé ekkert dularfullt við hana og engin aðför að einum né neinum sem liggi í gegnum þessa breytingu. Ég hygg að þetta sé eitthvað sem kannski teljist eðlilegra þegar kemur maður úr þeirri átt að það sé umhvrh. sem skipi hann.

Ég bið hv. landbn. að yfirfara þetta mál með öllum þeim aðilum sem hún leitar umsagnar hjá eða kallar fyrir nefndina.

[18:07]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svar hæstv. landbrh. við spurningu minni veldur mér nokkrum vonbrigðum.

Fyrst verið var að fjölga í nefndinni úr fimm í sjö og tekið er fram að annar sé skipaður af landbrh. án tilnefningar, þá hefði kannski mátt segja það sama um hinn sem bætist við ef það er svona nauðsynlegt að umhvrn. eigi þarna hlut að máli. Ég hlýt að spyrja: Er þetta eitthvað skylt þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru um stefnumörkun í vísindum í landinu að ráðherrar komi að þeim í auknum mæli, sem hæstv. menntmrh. hefur verið að boða á þessum vetri? Er þetta vegna þeirra breytinga?

[18:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé alveg skýrt að þetta mál heyrir undir landbrh. og þær stofnanir sem koma að málinu eru allt stofnanir landbúnaðarins og Bændasamtaka Íslands. Það eru Bændasamtökin, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins og Veiðimálastofnun. Og síðan skipar landbrh. formann nefndarinnar án tilnefningar. Síðan kemur þarna einn aðili úr annarri átt sem þykir mjög eðlilegt frá þeim geira, eða umhvrh., og þetta er tillagan. Ég sé ekkert athugavert við hana. Í henni liggur ekkert samsæri. Það hefur enginn talað um þær breytingar sem menntmrh. hefur boðað við mig, hvorki sú nefnd sem hér starfaði eða að það hafi komið til tals í þessum málum. Þetta er því tillaga nefndarinnar. Þetta er tillaga mín fyrir þinginu og þingið fjallar eðlilega um það. Hv. þm. situr í landbn., ekki rétt? Þannig að hæg eru heimatökin til að fara yfir hvort vatnið sé gruggugt. En ég fullyrði að þetta þykir faglegra með þessu móti. Og auðvitað hefur umhvrh. eins og sá sem hér stendur fullt val um hvaðan hún sækir sinn mann, hvort það er frá Náttúrufræðistofnun, ráðuneytinu eða einhvers staðar annars staðar frá.

[18:09]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eðli málsins samkvæmt finnst mér, ef nauðsynlega þarf að taka einn fulltrúa út úr nefndinni eins og hún hefur verið skipuð, að síðasti aðilinn sem ætti að taka sé fulltrúi Náttúrufræðistofnunar, það væri þá frekar hægt að tala um Veiðimálastofnun, eða Bændasamtök Íslands.

Mér finnst það vera mjög vanhugsað að leggja þetta til og vona að okkur í hv. landbn., úr því að hæstv. ráðherra segist ekkert meina með þessu, reynist auðvelt að fá þessu breytt til baka.

[18:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ástæðulaust hjá þingmönnum þótt þeir hafi aðrar skoðanir en sá sem flytur málið að snúa út úr. Með frv. meina ég það að verið er að leggja til mikilvæga tillögu til breytinga sem ég hygg að flestir séu sammála um, og ég meina það fullkomlega að ég styð frv. eins og það er lagt fram. Ég bið hv. þm. um að stunda ekki útúrsnúninga. Ég styð málið eins og það er, en ég bið auðvitað eins og í öllum mínum málum þá nefnd sem ég treysti og veit að í eru hinir bestu einstaklingar hér í þinginu, sem oft á tíðum hjálpa mér sem ráðherra og laga frv. mín til og ég á gott samstarf við, um að fara yfir þessi atriði, hvers vegna þetta er svona. Ég styð það eins og það stendur og þarf ekki að búa við útúrsnúninga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 1. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 497.

[18:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um útflutning hrossa. Frv. er flutt á þskj. 497 og er 357. mál þingsins.

Frv. þessu, ef samþykkt verður, er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um útflutning hrossa nr. 161/1994, með síðari breytingum. Frv. felur í sér þá meginbreytingu að lagt er til að hætt verði innheimtu gjalds af hverju útfluttu hrossi. Gjaldið er nú 6.800 kr. af hverju hrossi og er fé það sem innheimtist notað til þess að greiða kostnað við heilbrigðisskoðun útflutningshrossa og útgáfu upprunavottorða. Því fé sem afgangs kann að verða er varið til útflutnings- og markaðsmála. Þá renna 5% af innheimtugjaldi í stofnverndarsjóð samkvæmt 15. gr. búnaðarlaga.

Frá því að útflutningsgjaldið var síðast ákveðið með lögum nr. 15/1999 hefur kostnaður við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða hækkað stórlega og er nú svo komið að lítið sem ekkert fé er eftir til ráðstöfunar vegna útflutnings- og markaðsmála. Rætt hefur verið um hækkun útflutningsgjaldsins í því skyni að fá aukið fé til sameiginlegra markaðsaðgerða, en eindregin andstaða hefur komið fram við þá hugmynd meðal hagsmunaaðila. Þegar svo er komið að útflutningsgjaldið hrekkur vart fyrir þeim kostnaði sem því er ætlað að greiða og ekki er samstaða um það meðal hagsmunaaðila að afla með þessum hætti fjár til sameiginlegra markaðsstarfa, er vandséð hvaða tilgangi það þjónar að innheimta fé í sjóð til þess að greiða kostnað við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða. Eðlilegt er að hrossaútflytjendur greiði þennan kostnað milliliðalaust samkvæmt gjaldskrá sjálfir.

Önnur meginbreytingin sem frv. kveður á um varðar heilbrigðisskoðun útflutningshrossa og felur hún í sér nokkra einföldun frá því sem nú er. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að kaupendur hrossa óski eftir ítarlegri heilbrigðisskoðun en hin opinbera eftirlitsskoðun gerir ráð fyrir. Rétt þykir að hér sé skilið á milli og hið opinbera eftirlit taki einungis til ákveðinna grunnþátta sem varða útlit og heilbrigði hrossanna, og atriða sem heilbrigðisyfirvöld í innflutningslandi krefjast. Heilbrigðisskoðun útflutningshrossa umfram það sé samkomulagsatriði milli kaupanda og seljanda.

Þriðja meginbreytingin varðar útgáfu upprunavottorða. Ákvæði frv. fela það í sér að upprunavottorðið verði mun ítarlegra en verið hefur og um verði að ræða eins konar vegabréf sem fylgi hrossinu ævilangt. Þetta er í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig sem upprunaland íslenska hestsins og kröfur sem gerðar eru til hrossa í helstu viðskiptalöndum þar sem krafist er upprunavottorðs/vegabréfs þegar hross eru flutt milli landa. Ákvæði er um að öll útflutningshross skuli örmerkt eða frostmerkt, en það er grundvallaratriði fyrir trúverðugleika upprunavottorðs.

Í þessu breytta fyrirkomulagi felst verulegt hagræði fyrir kaupendur íslenskra hrossa, sem hafa fram til þessa þurft að láta skrá hross sín sérstaklega í heimalandi sínu og fylgir því umtalsverður kostnaður. Hér er því um að ræða mikilvæga þjónustu við kaupendur hrossanna sem líkleg er til að greiða fyrir útflutningi.

Frv. gerir ráð fyrir að áfram verði innheimt gjald í stofnverndarsjóð. Samkvæmt gildandi lögum renna 5% af útflutningsgjaldi í stofnverndarsjóð, en með frv. er lagt til að gjaldið nemi 500 kr. af hverju útfluttu hrossi.

Hæstv. forseti. Frv. þetta er samið í landbrn. í náinni samvinnu við útflutnings- og markaðsnefnd þar sem sæti eiga, auk fulltrúa ráðuneytisins, yfirdýralæknir og fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Félags hrossabænda og Félags hrossaútflytjenda. Það er skoðun mín að þær breytingar sem frv. felur í sér séu jákvæðar fyrir þá miklu þróun sem nú á sér stað í hrossarækt og hestamennsku og séu til þess fallnar að greiða fyrir útflutningi hrossa.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:17.

---

58. FUNDUR

miðvikudaginn 23. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, beiðni um skýrslu, 388. mál, þskj. 643. *Hvort leyfð skuli.*

2. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Búnaðarlög, stjfrv., 350. mál, þskj. 485. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Útflutningur hrossa, stjfrv., 357. mál, þskj. 497. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[13:33]

Útbýting þingskjala:
Aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins, 400. mál, fsp. SvanJ, þskj. 657.

Ferðakostnaður foreldra barna á meðferðarstofnunum, 398. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 655.

Framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag, 391. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 647.

Innheimtulög, 394. mál, fsp. JóhS, þskj. 651.

Staða og þróun löggæslu, 392. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 649.

Starfslokasamningar hjá Landssímanum, 395. mál, fsp. JóhS, þskj. 652.

Útdráttur og endurgreiðsla húsbréfa, 393. mál, fsp. JóhS, þskj. 650.

Þátttaka almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna á meðferðarstofnunum, 399. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 656.

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975.

Beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, 388. mál. — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Beiðni leyfð með 35 shlj. atkv.

Barnaverndarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 318. mál (heildarlög). — Þskj. 403.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 378. mál (rekstrarform og arðgreiðslur). — Þskj. 612.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PP, PHB, SI, SJóh, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÁSJ) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KVM, KÓ, KPál, LMR, MF, ÓÖH, RG, SAÞ, SP, SJS, SvH, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Flokkun og mat á gærum og ull, frh. 1. umr.

Stjfrv., 293. mál (ullarmat). — Þskj. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Búfjárhald o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (heildarlög). — Þskj. 437.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Búnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (erfðanefnd). — Þskj. 485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Útflutningur hrossa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:38.

59. FUNDUR

miðvikudaginn 23. jan.,
að loknum 58. fundi.

Dagskrá:

Til viðskiptaráðherra:

1. Áhrif lækkunar tekjuskatts, fsp. PHB, 351. mál, þskj. 487.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Forvarnasjóður, fsp. PHB, 352. mál, þskj. 488.

3. Sjúkrahótel, fsp. ÞBack, 364. mál, þskj. 535.

4. Húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, fsp. ÁMöl, 376. mál, þskj. 597.

5. Sjóðir starfsfólks heilsugæslustöðva, fsp. PHB, 382. mál, þskj. 616.

Til menntamálaráðherra:

6. Könnun á vegum OECD á námsgetu skólabarna, fsp. ÞKG, 354. mál, þskj. 490.

Til dómsmálaráðherra:

7. Útkallstími björgunarþyrlu og stjórn björgunaraðgerða, fsp. GAK, 369. mál, þskj. 565.

Áhrif lækkunar tekjuskatts.

Fsp. PHB, 351. mál. — Þskj. 487.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Í umræðum fyrir jól um lækkun skatta á fyrirtæki lagði ég fram brtt. þess efnis að tekjuskattar á fyrirtæki yrðu lækkaðir úr 30% niður í 11% með þeim rökstuðningi að sú lækkun ein sér mundi valda þvílíkri hækkun á verðmæti hlutafélaga, og þar með talinna þeirra hlutafélaga sem ríkið á eftir að selja sem eru andvirði 70 milljarða, að það mundi greiða tekjutap ríkissjóðs í fjögur ár. Enn fremur sagði ég að þessa stöðu sem var einstæð á þeim tíma ætti að nota til að lækka tekjuskatta á fyrirtæki vegna þess að það mundi örva fjárfestingar og nýsköpun í landinu mikið og valda því að fyrirtæki flykkust til landsins erlendis frá. Þetta varð nú ekki. En tekjuskatturinn var lækkaður niður í 18%. Á grundvelli þessa vildi ég spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða áhrif hefur lækkun tekjuskatts á fyrirtæki úr 30% í 18%, 11% eða 0% ein sér á gengi hlutabréfa, þ.e. óháð öllum öðrum breytingum?

2. Hvert er verðmæti óselds hluta ríkissjóðs í Landsbankanum hf. og Búnaðarbankanum hf. miðað við verð á markaði daginn fyrir tilkynningu um lækkun tekjuskatts á fyrirtæki úr 30% í 18%? Hvert er verðmat á óseldum hluta Landssímans hf. miðað við 30% tekjuskatt?

3. Hvað hækkar samanlagður óseldur eignarhluti ríkisins í Landsbankanum hf., Búnaðarbankanum hf. og Landssímanum hf. við lækkun tekjuskatts úr 30% í 18%, 11% eða 0%? Hvað kostar lækkun tekjuskatts ríkissjóð árlega miðað við óbreyttan skattstofn?

Þær breytingar sem gerðar voru í haust voru margs konar. Það var í fyrsta lagi lækkun á tekjuskatti fyrirtækja sem ég gat um, enn fremur hækkun á tryggingagjaldi sem er mínus fyrir verðbréfamarkaðinn og í þriðja lagi verðbólgureikningsskil sem er líka mínus fyrir flest fyrirtæki og síðast en ekki síst bókhald í erlendri mynt sem er plús. Allar þessar breytingar ollu því að úrvalsvísitalan hækkaði um 6–7% sama morgun og þetta var tilkynnt. Í þeirri breytingu er um að ræða hækkun sem ég hefði metið til 17%, vegna lækkunar á tekjuskatti einnar sér, en ég vildi gjarnan fá svar hæstv. ráðherra við því.

[13:42]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvaða áhrif hefur lækkun tekjuskatts á fyrirtæki úr 30% í 18%, 11% eða 0% ein sér á gengi hlutabréfa, þ.e. óháð öðrum öðrum breytingum?“

Svar: Verðmæti fyrirtækja fer eftir fjölmörgum þáttum. Fjárfestar nota ólíkar aðferðir við mat á verðmæti fyrirtækja og komast að ólíkri niðurstöðu. Lækkun tekjuskatts hækkar að öðru jöfnu verðmæti fyrirtækja. Sé verðmæti fundið út frá núvirði áætlaðs hreins sjóðsstreymis fyrirtækis í einföldustu mynd hækkar verðmætið að öllu öðru óbreyttu um 17% við tekjuskattslækkun úr 30% í 18%, um 27% við tekjuskattslækkun úr 30% í 11% og um 43% við afnám tekjuskatts.

Önnur spurning hv. þm. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvert er verðmæti óselds hluta ríkissjóðs í Landsbankanum hf. og Búnaðarbankanum hf. miðað við verð á markaði daginn fyrir tilkynningu um lækkun tekjuskatts á fyrirtæki úr 30% í 18%? Hvert er verðmat á óseldum hluta Landssímans hf. miðað við 30% tekjuskatt?“

Svarið er eftirfarandi: Verðmæti óselds hluta ríkissjóðs í Landsbanka og Búnaðarbanka var um 26,2 milljarðar kr. 2. október sl. en tilkynnt var um skattalækkanir ríkisstjórnarinnar 3. október. Verðmat á óseldum hluta Landssímans miðað við 30% tekjuskatt er um 38,4 milljarðar kr.

Þriðja spurning hv. þm. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað hækkar samanlagður óseldur eignarhluti ríkisins í Landsbankanum hf., Búnaðarbankanum hf. og Landssímanum hf. við lækkun tekjuskatts úr 30% í 18%, 11% eða 0%? Hvað kostar lækkun tekjuskatts ríkissjóð árlega miðað við óbreyttan skattstofn?“

Svar: Ekki er hægt að svara því hvaða áhrif lækkun tekjuskatts hefur á verðmæti þessara þriggja fyrirtækja á markaði. Sem vísbendingu má þó nefna að verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í Landsbanka og Búnaðarbanka hækkaði um 9% eftir tilkynningu um skattalækkanir ríkisstjórnarinnar þann 3. okt. sl.

Í fjárlögum ársins 2002 er tekjuskattur á fyrirtæki áætlaður um 6,5 milljarðar kr.

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta er einhver alundarlegasta umræða sem ég hef orðið vitni að í Alþingi. Ég veit ekki hvort þetta á að heita skop eða einhvers konar tilraun til hagfræðikennslu eða hvað það er. En mig langar til að bæta einni spurningu við í þessa furðulegu umræðu.

Hvers virði eru fyrirtæki sem starfa í umhverfi þar sem ekki er að finna neina heilslugæslu, enga skóla, engar samgöngur eða neitt af því sem skattfé almennings og fyrirtækja er notað til að fjármagna? Ég vildi gjarnan fá svar við þessari spurningu líka. Þegar tekjuskattsprósentan og skattprósentan er komin niður í núll þá er þessi þjónusta væntanlega ekki lengur fyrir hendi.

[13:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta voru fróðlegar upplýsingar sem hæstv. ráðherra veitti þingheimi. En misminnir mig, herra forseti, þegar ég fiska það upp úr djúpum huga míns að hæstv. ráðherra hefur nýlega tilkynnt þjóðinni að Landsbankinn verður ekki seldur? Hvers vegna? Af því að það er enginn kaupandi. Hvers konar hugarleikfimi er það þá að tala um að þessar skattalækkanir hafi hækkað söluvirði bankans þegar enginn er kaupandinn?

Í annan stað, herra forseti. Er það þá skilningur hæstv. ráðherra, miðað við svörin, að með þessari lækkun á tekjuskatti sé verið að greiða með Landssímanum, miðað við hið upphaflega mat, ansi marga milljarða?

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég geta þess að mér finnst dálítið umhendis að ræða um þetta í tengslum við Landssímann þegar ríkisstjórnin hefur komið málum svo óhönduglega fyrir að miklu minna fæst fyrir Símann en ef hann hefði verið seldur fyrir tveimur árum eða ef hann hefði verið seldur í vor. Og það er ákaflega undarlegt, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli vera þarna með eitt verðmætasta fyrirtæki landsins og búin að koma málum svo fyrir að verið er að semja við einn kaupanda. Hvers konar samningatækni er það nú?

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að svo undrandi sem maður varð á þessari fyrirspurn, því að hv. þm. Pétur Blöndal virtist reikna með því að hægt væri að meta það jafnvel upp á tvo aukastafi hvaða áhrif á verðmæti eigna á markaði breyting á einum einasta þætti sem lýtur að rekstrarumhverfi fyrirtækjanna hefði, þá varð maður enn meira hissa á að hæstv. viðskrh. skyldi treysta sér til að svara og tala í prósentum og tölum eins og hér væri um nákvæmnisvísindi að ræða. Ég hélt að þetta væri þannig að jafnvel þó að menn reyndu að mæla þetta í núinu með öllum fyrirvörum um áhrif slíkra hluta inn í framtíðina þá gæti aldrei orðið um annað en einhvers konar ágiskanir að ræða. En látum það nú vera.

Hafi það svona umtalsverð áhrif á eignarhlut ríkisins til hækkunar að lækka skatta, hvaða gjöf var þá verið að gefa öðrum hlutafjáreigendum í landinu? Eigum við ekki að taka það með í dæmið líka?

[13:48]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Þetta er sannarlega furðuleg umræða og vekur upp minningar um það þegar hæstv. forsrh. talaði um það hér rétt fyrir áramótin að ein hagstærð, nefnilega gengið, hefði tekið að lifa sjálfstæðu lífi. Nú virðist önnur vera farin að taka sig til og kljúfa sig út úr þeim samsetta frumulíkama sem efnahagskerfið er, nefnilega úrvalsvísitalan sem hv. þm. Pétur Blöndal og hæstv. viðskrh. ræða hér um eins og hún sé búfé í haga. Það er auðvitað þannig, eins og rætt var um í viðskiptablaði Morgunblaðsins fyrir skömmu, að skammtímabreytingar á úrvalsvísitölunni á hlutabréfagengi segja ekki nokkurn skapaðan hlut. Það verður að taka fimm ár eða tíu, jafnvel 15–20 til dæmis um hvað er að gerast í þeim málum fyrir haglíkamann.

Hins vegar vekur athygli að hv. þm. Pétur Blöndal spyr hér eins og tekjuskattslækkanir séu sérstakt verkfæri til þess að auka verðmæti tiltekinna hlutabréfa í fyrirtæki sem ríkið er með. Ég spyr viðskrh.: Er það svo og teljast það góðir viðskiptahættir að beita sér þannig?

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin sem voru mjög gagnmerk og skýr og einmitt í þeim anda sem ég hélt fram fyrir jól þegar ég flutti breytingartillögu mína. Ég þakka enn fremur þá umræðu sem hér hefur átt sér stað og vil rétt aðeins koma inn á það að að sjálfsögðu er velferðarkerfið mjög nauðsynlegur þáttur í rekstri fyrirtækja. Ég hef alltaf verið hlynntur velferðarkerfinu og vil gott og skilvirkt velferðarkerfi, en líka ódýrt.

Þá er það líka rétt sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það voru fáir kaupendur. Þegar skattar eru lækkaðir vex fjöldi kaupenda ef eitthvað er. Hann vex en þeim fækkar ekki þannig að líkur á því að selja fyrirtækin aukast þegar skattar eru lækkaðir.

Síðan var rætt um að verðbréfamarkaðurinn tekur tillit til margra ára, 10–15 ára. Það gera skattalögin líka. Við erum ekki að setja lög sem eiga að gilda í eitt ár. Skattalög gilda í mörg ár og það vita fjárfestar. Þeir taka mið af því í útreikningum sínum. Eftir að þessi lög voru samþykkt hefur úrvalsvísitalan farið á skrið. Líta má á það sem gjöf til hlutafjáreigenda í landinu en það er jafnframt gjöf til þeirra Íslendinga sem vilja fá vinnu vegna þess að hækkun á hlutabréfamarkaði þýðir auknar fjárfestingar, aukna nýsköpun og miklu meira líf í atvinnulífið, miklu bjartara er fram undan, meiri bjartsýni og það er gott fyrir alla á Íslandi og alveg sérstaklega þá sem eru á lágum launum og atvinnuleysið bitnar mest á og öryrkjum sem fá þá vinnu sem þeir ella ekki fengju. (**Gripið fram í:** Hallelúja.)

[13:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það sem mér finnst furðulegast við þessa umræðu er hve margir vilja ótilknúnir taka þátt í henni fyrst hún er svona furðuleg. Ég sem ráðherra get ekkert annað en svarað þeim fyrirspurnum sem mér berast og lagði mig fram um að svara þessari fyrirspurn málefnalega eins og ávallt.

Það sem hefur komið fram í umræðunni er athyglisvert, m.a. það sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Hann talaði eins og ég hafi talað fyrir því að leggja niður skatta. Það geri ég alls ekki. Ég vil hér sterkt velferðarkerfi og geri mér fulla grein fyrir því að þeir 6,5 milljarðar sem innheimtast á ári hverju vegna tekjuskatts á fyrirtæki skipta miklu máli fyrir velferðarkerfið.

Ég vil hins vegar taka undir með hv. fyrirspyrjanda að þær aðgerðir sem ákveðnar voru af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis í desember skiptu miklu máli fyrir bæði atvinnulífið og fjármagnsmarkaðinn. Úrvalsvísitalan hefur verið að hækka og ég held að það skipti miklu máli og við hljótum öll að geta glaðst yfir því.

Við búum í gjörbreyttum heimi — mér finnst ekki mikið þó hv. þm. Vinstri grænna geri sér ekki grein fyrir því — þar sem fyrirtæki eru skráð á markaði og máli skiptir að þau séu verðmæt. Ég tala hins vegar ekki fyrir því að hætt verði að inneimta tekjuskatt í þessu landi. Það mundi ég ekki gera og ekki treysta mér til.

Að öðru leyti held ég að þessi umræða hafi verið bara ágæt þó hún hafi kannski verið svolítið furðuleg á köflum. (**ÖJ:** Undir það skal tekið.)

Forvarnasjóður.

Fsp. PHB, 352. mál. — Þskj. 488.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Í umræðum um fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar undanfarin ár eða eiginlega síðan ég kom á þing hef ég ítrekað gagnrýnt smásmugulegar og ítarlegar tillögur hv. fjárln. sem ekkert er óviðkomandi í rekstri þessa þjóðfélags. Þar er rætt um byggingu torfkofa, þýðingu bóka. Þar eru ákveðnar rannsóknir, fólk er ráðið o.s.frv. Þessir hlutir allir saman eru framkvæmdaratriði. Ég lít svo á að Alþingi eigi að setja lög en ekki standa í framkvæmdum. Vandamál sem upp koma í þessu sambandi eru hver beri ábyrgð á framkvæmd sem Alþingi hefur sett í lög en mistekst. Ekki getur það verið ráðherrann og ekki getur Alþingi sett ofan í við sjálft sig af því að það setti sjálft lögin. Enginn annar aðili hefur slíkt eftirlitshlutverk með framkvæmdum ríkisins þannig að þarna er um að ræða galla.

Ég hef lagt til að ráðuneytið fengi fjárlagaramma til að starfa eftir, t.d. ramma um söfn, ramma um alls konar framkvæmdir, heilsugæslu og annað og síðan er það ráðuneytanna að vinna innan þeirra ramma og svara til Alþingis fyrir framkvæmdina, hvort hún sé t.d. rétt skipt á kjördæmi o.s.frv.

Forvarnasjóðurinn er einn af þeim fáu römmum sem Alþingi setur ráðuneytunum. Í Forvarnasjóð eru settir ákveðnir peningar í forvarnir og síðan er hæstv. heilbrrh. að vinna úr þeim fjárveitingum eða þeim ramma. Þess vegna kem ég hér með fyrirspurn sem ég vildi gjarnan sjá fara til allra ráðuneyta eftir að þau hafa öll fengið ramma:

„1. Hvað hefur Forvarnasjóður mikið fé til ráðstöfunar árlega og hversu miklu fé er ráðstafað til verkefna? Hversu stór hluti fjárins fer til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins?"

Þarna er ég að tala um landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið.

„2. Hversu mörg verkefni styrkir Forvarnasjóður og hvernig er háttað kynjaskiptingu í stjórnum þeirra samtaka og félaga sem fengu styrki árið 2000?"

Þarna kem ég með jafnréttisumræðuna.

„3. Hvernig er háttað úthlutun úr Forvarnasjóði og:

a. hver metur þörf fyrir verkefni" — þetta er mikilvægt. Þetta er ekki gert þegar fjárln. er að fjalla um málin — „og hvaða verklag er haft við val verkefna,

b. hvernig er fylgst með framvindu verkefna og hver annast það" — þarna er líka ljóður á þegar Alþingi sjálft er að meta og ákveða framkvæmdir. Svo er það þriðji og mikilvægasti þátturinn:

„c. hvernig er háttað eftirfylgni og mati á árangri og hver annast það verk?"

Þarna er ákveðin gæðastjórnun, gæðaeftirlit með því að fjárveitingar ríkisins hafi farið til þeirra verkefna sem til var ætlast.

[13:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr: „Hvað hefur Forvarnasjóður mikið fé til ráðstöfunar árlega og hversu miklu fé er ráð stafað til verkefna? Hversu stór hluti fjárins fer til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins?"

Áfengis- og vímuvarnaráðs hefur farið með stjórn sjóðsins frá 1999 og gerði tillögur um úthlutun úr honum til heilbrrh. samkvæmt lögum um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, og lögum um gjald á áfengi, nr. 96/1995. Upphæðir úr sjóðnum á tímabilinu hafa verið eftirfarandi: Árið 1999 55 millj. kr. Þar af var 30,8 millj. varið til áfangaheimila og verkefna eða um 56%. Árið 2000 70,6 millj. kr., þar af 46,5 millj. til áfangaheimila og verkefna eða 66%. Árið 2001 80,3 millj. kr., þar af 50,9 millj. varið til áfangaheimila og verkefna eða 63%. Árið 2002 var það 79,3 millj. samkvæmt fjárlögum. Áætlað hefur verið að 47 millj. af því fari til áfangaheimila og verkefna eða 59%.

Yfirlit yfir úthlutanir styrkja úr Forvarnasjóði árin 1999, 2000 og 2001 er að finna á heimasíðu áfengis- og vímuvarnaráðs og í ársskýrslu ráðsins sem alþingismönnum hefur verið send.

Við úthlutun styrkja hefur verið hugað að jafnvægi milli landshluta, niðurstöðu nýjustu kannana og fyrirliggjandi upplýsingum um vímuefnaneyslu í samfélaginu og forvarnir. Ráðið hefur að leiðarljósi að styrkja verkefni sem lúta að grasrótarstarfi í sveitarfélögum eða foreldra og ungmenna innan heilsugæslu, skóla, leikskóla, tómstundastarfs og sem varða eftirlit og löggæslu á sviði vímuvarna. Erfitt er að meta nákvæmlega hve stór hluti sjóðsins fer til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins þar sem sum verkefnin hafa náð til alls landsins, t.d. sveitarfélaga, þ.e. verkefni SÁÁ og heilbrrn., Ísland án eiturlyfja, foreldrasamningur Heimilis og skóla og starf UMFÍ. Auk þess hefur hluta af Forvarnasjóði verið varið til rannsókna til að grundvalla frekara forvarnastarf á. Þessar rannsóknir hafa verið kynntar opinberlega jafnóðum og grunnniðurstöður liggja fyrir. Niðurstöður þessara rannsókna nýtast um allt land.

Þá er spurt hversu mörg verkefni Forvarnasjóður styrkir og hvernig kynjaskiptingu í stjórnum þeirra samtaka og félaga sem fengu styrki árið 2000 er háttað.

Frá 1999 hafa 29–45 verkefni og sex áfangaheimili verið styrkt af Forvarnasjóði árlega. Í umsögnum um sjóðinn er ekki spurt um kyn og ráðið hefur ekki upplýsingar um kynjaskiptingu í stjórnum þeirra stofnana, samtaka og félaga sem hlotið hafa styrki.

Þriðja spurning er:

„Hvernig er háttað úthlutun úr Forvarnasjóði og:

a. hver metur þörf fyrir verkefni og hvaða verklag er haft við val verkefna,

b. hvernig er fylgst með framvindu verkefna og hver annast það,

c. hvernig er háttað eftirfylgni og mati á árangri og hver annast það verk?"

Síðan áfengis- og vímuefnaráð tók við stjórn Forvarnasjóðs hefur árlega verið sótt samanlagt um nálega 150 millj. kr. til um 100 verkefna og úthlutun fer fram einu sinni á ári. Starfsfólk áfengis- og vímuvarnaráðs flokkar umsóknirnar og sendir umsækjendum tilkynningu um móttöku þegar umsóknarfrestur er liðinn. Allar umsóknir eru sendar til formanns, varaformanns og allra aðalfulltrúa ráðsins ásamt yfirlitslista yfir þær. Ráðið velur verkefni með hliðsjón af stefnu ráðsins og framkvæmdaáætlun á tveimur til þremur fundum. Endanleg tillaga er samþykkt formlega á mánaðarlegum fundi ráðsins og send heilbrrh. Að fengnum athugasemdum hans er öllum umsækjendum sent svar um hvort þeir hafa hlotið styrk eða ekki.

Styrkir undir 500 þús. eru greiddir út í einu lagi en hærri styrkir í tvennu lagi. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir kröfur um að styrkþegar skili ítarlegri skýrslu um framkvæmd verkefnisins, árangur af því, til hverra og hve margra það

nær og endurskoðuðum reikningum yfir verkið. Sé styrkur greiddur út í tvennu lagi er síðari greiðsla ekki afgreidd fyrr en viðkomandi framvinduskýrslu hefur verið skilað.

Áfengis- og vímuvarnaráð telur það skyldu sína að fylgjast með framkvæmd og árangri verkefna eftir því sem framast er unnt. Fjölþætt mat á árangri verkefna er dýrt í framkvæmd og því hefur ráðið valið að byrja á að meta fjárfrekustu verkefnin. Að öðru leyti fylgjast formaður, framkvæmdastjóri og fulltrúar áfengis- og vímuvarnaráðs með framkvæmd verkefna eftir því sem kostur er með heimsóknum, símtölum og fyrirspurnum meðal þátttakenda í verkefnunum.

Styrkur til verkefnisins skuldbindur hvorki áfengis- og vímuvarnaráð né heilbrrh. til að halda áfram styrkveitingu til verkefnis sem í ljós kemur að ekki er staðið að á viðunandi hátt.

[14:02]

Ásta Möller:

Herra forseti. Forvarnastarf þarf að byggja á sem bestum rannsóknum til að hægt sé að taka ákvörðun um áherslur og aðferðir til að ná árangri. Ég hef með áhuga fylgst með starfi áfengis- og vímuvarnaráðs, sem hóf störf sín í janúar 1999. Eins og komið hefur fram er það áfengis- og vímuvarnaráð sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutun á fé úr Forvarnasjóði. Ráðið hefur frá byrjun lagt áherslu á að starfa í þeim anda að leggja mikla vinnu í að afla sem bestra upplýsinga, m.a. um stöðu áfengis- og vímuvarna og neyslu ungmenna og meta árangur af starfi þeirra.

Ég man t.d. eftir því að ráðið lagði strax í byrjun áherslu á að útrýma áfengi úr grunnskólum og þrátt fyrir þennan stutta starfstíma hefur þegar sést árangur af því með því að gefa þessi skýru skilaboð. Með stofnun Forvarnasjóðs hefur úthlutun styrkja til hópa og einstaklinga, sem vinna að forvörnum á sviði áfengis og vímuefna verið sett í ákveðinn farveg. Ég geri ráð fyrir því að úthlutanirnar taki mið af áherslum stjórnvalda og áfengis- og vímuvarnaráðs á hverjum tíma þannig að fjármagnið nýtist sem best.

Mér finnst þetta til fyrirmyndar og tek undir það með hv. þm. Pétri Blöndal.

[14:03]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal gat þess með fyrirspurn sinni að fjárln. hefði ekki tök á að fylgja eftir framkvæmdum sem hún styrkti og flutti mál sitt þannig að ætla mátti að fjárln. væri óábyrg í störfum sínum.

Þess má geta að þegar fjárln. veitir styrki vegna ýmissa erinda sem berast nefndinni eru ekki til farvegir fyrir eftirlit með þessum fjárveitingum. Þannig hefur fjárln. oft tekið á mjög brýnum málum sem síðan hafa komist í ákveðinn farveg og orðið til mikilla framfara. Það er hægt að rekja slóð um allt land, hinna bestu verkefna sem þannig hafa verið styrkt og síðan hafa ráðuneytin tekið á því að setja þessi mál í farveg eftir því sem þau hafa haft tök á. Ég held að það sé fjarri lagi að lýsa þessu verkefni svo að það sé með öllu ábyrgðarlaust af hálfu fjárln. og hún kynni sér ekki hin faglegu sjónarmið á bak við þessar umsóknir.

Ég held að í raun og veru væri ekki hægt að lýsa íslensku samfélagi sem svo menningarlega virku, eins og það er og er svo umfram önnur þjóðfélög, nema einmitt vegna þess að þannig hafi verið komið til móts við þarfir margra einstaklinga.

[14:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Tómasar Inga Olrichs um störf fjárln. Ég er þingmanninum hjartanlega sammála enda sit ég í fjárln. Fjárln. styrkir mjög mörg brýn og góð verkefni og á sama hátt er verkefnið sem hér er til umræðu afar mikilvægt fyrir land og þjóð. Forvarnasjóður hefur unnið afar vel. Það kemur fram í ágætu svari hæstv. heilbrrh. Þar er um styrki að ræða til margra brýnna verkefna sem hafa komið sér vel.

Mér finnst hins vegar spurningin afar sérkennileg varðandi kynjaskiptingu, eins og það skipti höfuðmáli hverjir sitja í stjórnum viðkomandi verkefna, hvort það eru karlar eða konur. Gamalt máltæki segir: Það er sama hvaðan gott kemur. Ég tel að þessi verkefni séu afar brýn. Það var einmitt eitt af kosningaloforðum Framsfl. fyrir síðustu kosningar að verja 1 milljarði til forvarnastarfs. Hér erum við m.a. að því.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir ágæt svör við þeim fyrirspurnum sem ég bar fram. Þar komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar, t.d. um hlutfall verkefna af heildarfé sem hefur farið vaxandi.

Ég þakka einnig hv. þm. fyrir umræðuna sem var nokkuð góð. Hv. þm. sem sitja í hv. fjárln. komu hér og vörðu störf hennar og sögðu að hún setti mörg verkefni í gang og styrkti auk þess mörg góð verk. Þetta er að sjálfsögðu rétt. En ég lít ekki á það sem hlutverk Alþingis að standa í framkvæmdum. Ég tel hlutverk Alþingis fyrst og fremst að setja lög. Það er framkvæmdaraðila að sjá um framkvæmdir. Ef einhver verkefni eru brýn á sviði menningarmála eða annarra verkefna þá er það ráðherranna að sinna þeim verkefnum þannig að þingheimur sé ánægður með. Ef þeir ekki sinna þeim verkefnum rétt þá getur þingið bara sett þá af og fengið til þess aðra ráðherra.

Varðandi spurninguna um kynjaskiptinguna og talningu eftir kynjum þá hafa sumir lagt á það mikla áherslu. Ég hef ekki lagt mikla áherslu á það. Ég held að hausatalning í nefndum og ráðum lagi ekki neitt jafnrétti kynjanna.

Ég kom með þessa fyrirspurn vegna þess að sumir hv. þm. hafa lagt áherslu á að það skipti máli hversu margar konur eða karlar sitji í nefndum og ráðum. Ég kom líka inn á það í einni spurningunni hve mikið af styrkjum færu út á landsbyggðina. Sumir hv. þm. hafa kvartað undan því að lítið fé fari til landsbyggðarinnar og það er einmitt nokkuð sem hv. Alþingi á að spyrja hæstv. ráðherra um: Hvernig er kynjaskiptingu háttað og hve mikið fé fer til landsbyggðarinnar?

Ég þakka þessa umræðu og tel að einmitt svona eigi Alþingi að fjalla um fjárveitingar.

[14:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Það hafa ekki komið fram neinar gagnrýnisraddir hér á vinnubrögð Forvarnasjóðs. Hins vegar hefur verið rætt nokkuð um vinnubrögð fjárln. Ég vil taka fram í því sambandi að ég tel, og styðst þar við reynslu, að fjárln. framselji ráðuneytum eftirlitsvaldið þegar hún hefur ákveðið fjárveitingar til hinna ýmsu verkefna.

Mér er kunnugt um að í vinnslu eru reglur um eftirlit með styrkveitingum til félagasamtaka utan ríkiskerfisins, utan ríkisstofnana. Ég tel gott að aðferðafræði okkar í þessu sé til umræðu. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa því. Hins vegar er fjarri því að ég telji nokkurt neyðarástand ríkja í þessum efnum. Við hv. fyrirspyrjandi höfum talað um það hér áður í umræðum um fjárlög nokkrum sinnum og ég ætla ekki að endurtaka það í stuttum fyrirspurnatíma. Ég tel að hlutverk Forvarnasjóðs sé mikilvægt og áfengis- og vímuvarnaráð hefur sinnt störfum sínum af miklum áhuga þeirra sem þar starfa. Ég tel því að þetta fyrirkomulag hafi reynst vel. Við hv. fyrirspyrjandi erum sammála um það, það hefur komið fram í þessari umræðu.

Sjúkrahótel.

Fsp. ÞBack, 364. mál. — Þskj. 535.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Við afgreiðslu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem afgreitt var skömmu fyrir jól, urðu töluverðar umræður um sjúkrahótel vegna ákvæðis í lögunum um að taka sjúkrahótel undan skilgreiningu á sjúkrahúsum svo hægt væri að taka gjald af sjúklingum sem þar dveljast. Umræðan snerist því aðallega um álögur á sjúklinga en ekki um sjúkrahótel sem hluta af heilbrigðisþjónustunni.

Rekstrarvandi Rauða krossinns er aftur á móti sá að innritaðir hafa verið miklu fleiri sjúklingar en daggjöld hafa verið greidd fyrir. Rekstrarvandinn er verulegur. Hann þarf að leiðrétta en ég mun ekki fjalla um hann í þessari fyrirspurn.

Hröð þróun innan heilbrigðisþjónustunnar, hátæknibúnaður, sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa, minni inngrip við aðgerðir og flókin lyfjameðferð hefur haft áhrif á innlagningartíma sjúklinga, sérstaklega við stærri sjúkrahúsin. Þessi þróun kallar á nýjar lausnir því þó að sjúklingar þurfi ekki á sértækri þjónustu sjúkrahúsanna að halda þá eru þeir oft of veikir til þess að útskrifast og snúa heim. Þetta á bæði við um þá sjúklinga sem búa fjarri sjúkrahúsinu og Reykvíkinga sem eru of lasburða til að búa heima, of veikir til að fá heimahjúkrun frá viðkomandi heilsugæslu eða heimahlynningu.

Sjúkrahótel Rauða kross Íslands hefur verið starfrækt frá árinu 1974. Úrræðaleysi fólks af landsbyggðinni, þegar það var í sjúkrahústengdri meðferð, var hvatinn að rekstri sjúkrahótelsins og enn er þörfin fyrir hendi.

Árið 1990 var mikil umræða um hvort nýta mætti betur það þjónustuform sem sjúkrahótel býður upp á. Sú umræða tengdist leit að nýjum úrræðum til að stytta legutíma sjúklinga á sjúkrahúsum vegna minnkaðs fjármagns til heilbrigðisstofnana. Sjúkrahótel eru rekin með mismunandi hætti á Norðurlöndunum, allt frá því að vera hluti af sjúkrahúsrekstrinum eða heilbrigðisþjónustunni yfir í sjálfstætt rekstrarform.

Megintilgangur með rekstri sjúkrahótela er aukin rekstrarhagkvæmni, að þjónustuformið henti ákveðnum sjúklingahópum, þ.e. sé valkostur, að boðið sé upp á val á milli sjúkrahótels og sjúkrahúsdvalar.

Því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

1. Hefur ráðherra látið kanna hagkvæmni sjúkrahótela
a. fyrir sjúklinga,
b. fyrir heilbrigðisþjónustuna,
c. fyrir ríkissjóð,
d. fyrir Tryggingastofnun ríkisins?

2. Hve mörgum sjúklingum hefur verið vísað frá gistingu á sjúkrahóteli Rauða krossins undanfarin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

3. Hver er meðalgistitími sjúklinga á sjúkrahóteli Rauða krossins?

4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir rekstri sjúkrahótela/sjúkraheimila innan heilbrigðisþjónustunnar og, ef svo er, hvenær má búast við að framkvæmdaáætlun verði lögð fram?

[14:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman hljóðar á þessa leið:

„1. Hefur ráðherra látið kanna hagkvæmni sjúkrahótela
a. fyrir sjúklinga,
b. fyrir heilbrigðisþjónustuna,
c. fyrir ríkissjóð,
d. fyrir Tryggingastofnun ríkisins?“

Svarið við því er að Rauði kross Íslands hefur starfrækt sjúkrahótel frá árinu 1974. Sjúkrahótelið var rekið með óbreyttu sniði frá stofnun þess allt til á sl. ári en þá var þjónustan efld með samningi við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Sjúkrahótelið hefur haft rekstrarheimild fyrir 28 rýmum en greiðslur til sjúkrahótelsins hafa verið í formi daggjalda sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins. Með samningi við Landspítala – háskólasjúkrahús fjölgaði rýmum í 40 að meðaltali á ári. Kostir sjúkrahótela eru talsverðir. Á sjúkrahóteli öðlast aldraðir einstaklingar færni eftir aðgerð á sjúkrahúsi áður en þeir geta snúið heim. Sjúklingar af landsbyggðinni, sem eru í hvers konar rannsóknum og eftirliti, eiga þess kost að dvelja á sjúkrahóteli og greiða fyrir það hóflegt gjald í stað þess að dvelja í dýrara húsnæði í höfuðborginni. Aðstandendur eða fylgdarmenn sjúklinga sem þurfa nauðsynlega á aðstoð og stuðningi þeirra að halda eiga þess kost að dvelja á sjúkrahóteli. Sjúkrahótel er þjónustuform sem gefur kost á ódýrari valmöguleikum í heilbrigðisþjónustunni og betri nýtingu fjármagns sem fer til rekstrar bráðasjúkrahúsa.

Í marsmánuði árið 1995 var gerð könnun á vegum landlæknisembættisins í samvinnu við Borgarspítalann, Landspítalann, Landakotsspítala, heilbr.- og trmrn. og fjmrn. til að kanna hvort sjúklingar sem þá lágu á framangreindum sjúkrahúsum gætu mögulega nýtt sér slíkt þjónustuform. Niðurstaða þeirrar könnunar sýndi að um 20% sjúklinga á þeim deildum sem könnunin náði til gætu mögulega nýtt sér vistun á sjúkrahóteli í stað vistunar á sjúkrahúsi.

„2. Hve mörgum sjúklingum hefur verið vísað frá gistingu á sjúkrahóteli Rauða krossins undanfarin fimm ár, sundurliðað eftir árum?“

Í bókhaldi sjúkrahótels Rauða kross Íslands er ekki til listi yfir þá sem vísað hefur verið frá gistingu sl. fimm ár en samkvæmt upplýsingum frá sjúkrahóteli Rauða kross Íslands var u.þ.b. tíu einstaklingum vísað frá á sl. ári á tímabilinu maí–september þegar eingöngu 28 rými voru til umráða.

„3. Hver er meðalgistitími sjúklinga á sjúkrahóteli Rauða krossins?“

Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá sjúkrahóteli Rauða kross Íslands er meðalgistitími á sjúkrahótelinu u.þ.b. tvær til þrjár vikur að undanskildum nokkrum tilvikum þar

sem einstaklingar hafa dvalið allt að 10 mánuði. Nokkrir aldraðir voru lengur en fjórar vikur í bið eftir öldrunarrými og einn einstaklingur dvaldi í 10 mánuði á sjúkrahótelinu í bið eftir rými á stofnun fyrir aldraða. Þrír einstaklingar voru á sjúkrahótelinu á sl. ári í bið eftir félagslegu húsnæði.

„4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir rekstri sjúkrahótela/sjúkraheimila innan heilbrigðisþjónustunnar og, ef svo er, hvenær má búast við að framkvæmdaáætlun verði lögð fram?"

Á árinu 2000 gerðu Landspítali – háskólasjúkrahús og Rauði kross Íslands samning um aukið samstarf um rekstur sjúkrahótelsins við Rauðarárstíg. Í samstarfinu fólst tímabundin fjölgun gistirýma auk þess sem þjónusta sjúkrahótelsins var styrkt enn frekar. Með samningnum var samstarf göngudeildar og endurhæfingardeildar spítalans við sjúkrahótelið aukið og reglubundnum ferðum var komið á milli sjúkrahótelsins og spítalans.

Sjúkrahótelið er betur í stakk búið til að taka við veikara fólki en áður var. Samningurinn var gerður í tilraunaskyni.

Var það mat samningsaðila að halda bæri áfram á þessari braut. Samningsaðilar ásamt heilbr.- og trmrn. vinna nú að undirbúningi nýs samnings til þriggja ára og ég á von á því að sá samningur verði frágenginn alveg á næstunni.

[14:18]

Ásta Möller:

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Þuríðar Backman komu sjúkrahótel til umræðu í tengslum við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum rétt fyrir jól þar sem heimiluð var gjaldtaka vegna starfsemi þess. Þá var tekin ákvörðun um að fella sjúkrahótel út úr skilgreiningu heilbrigðisþjónustulaga um sjúkrahús í þeim tilgangi að skjóta stoðum undir heimild fyrir væga gjaldtöku fyrir gistingu og fæði. Þetta var fremur umdeild breyting og það hefði hugsanlega verið hægt að ná sama markmiði með öðru móti eins og ég kom inn á í ræðu minni þá.

Ég kem hins vegar hingað upp til að leggja áherslu á að breyting á stöðu sjúkrahótela í heilbrigðisþjónustulögunum leiði ekki til breytinga á starfsemi þeirra né að dregið verði úr mikilvægi þess að sjúkrahótel standi fólki til boða sem af tilgreindum ástæðum á bágt með að fara heim til sín að lokinni sjúkrahúsvist eða að dvelja heima meðan það nýtur meðferðar á göngudeildum sjúkrahúsa eða vegna biðar eins og kom fram í ræðu hæstv. heilbrrh.

Ég tel að mikilvægi sjúkrahótela verði aukið í framtíðinni enda er það heppilegur og ódýr kostur fyrir samfélagið og þá einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda og þess vegna tek ég undir með hv. þm. að styrkja þarf starfsemi sjúkrahótelanna.

[14:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér eru sjúkrahótelin aftur til umræðu frá því í fjárlagaumræðunni. Við erum reyndar ekki að ræða um gjaldtökuna, þó að hún hafi aðeins komið inn í umræðuna en ég hef verið mjög andvíg því að verið sé að taka gjald af fólki sem er utan af landi og fær ekki þjónustu þar og verður þess vegna að dvelja hér, eða þá aldrað fólk sem getur ekki verið heima hjá sér og rekur heimili annars staðar. Ég er því andvíg slíkri gjaldtöku.

En það er alveg greinilegt að mikil þörf er fyrir sjúkrahótelin og það sýna þær tölur sem komu hér fram um að tíu hafi verið vísað frá á síðasta ári. En ég spyr: Hefur hæstv. ráðherra upplýsingar um hversu mörgum hefur verið vísað til baka inn á sjúkrahúsin aftur vegna þess að þeir hafi verið of veikir til að vera á sjúkrahótelinu? Ég veit að það eru tilfelli í þá veru. Það væri gagnlegt að fá einmitt þær upplýsingar til viðbótar: Hversu margir og hversu oft er fólk sent til baka vegna þess að það er of veikt til að vera á sjúkrahótelunum? En því miður hefur þróunin verið sú að æ veikara fólk fer inn á sjúkrahótel.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Varðandi svarið við fyrstu spurningunni um að kanna hagkvæmni sjúkrahótela fyrir sjúklinga, fyrir heilbrigðisþjónustuna, fyrir ríkissjóð og fyrir Tryggingastofnun ríkisins, þá tel ég að svarið hafi verið almennt og það væri mjög æskilegt að hæstv. ráðherra léti fara yfir þetta lið fyrir lið og hafa tölurnar alveg á hreinu, því að sannarlega hefur það verið mikill sparnaður fyrir ríkissjóð að Rauði krossinn hafi rekið sjúkrahótelið fram til þessa.

Það er mér ánægja að heyra að framlengja eigi samninginn við Rauða krossinn, en eftir stendur að Rauði krossinn hefur borið mikinn kostnað af þeim einstaklingum sem hafa dvalið umfram það sem daggjöldin hafa greitt fyrir og ég vona svo sannarlega að það verði gert upp í nýjum samningi og kostnaðurinn ekki gjaldfærður á Rauða krossinn.

En það kom heldur ekki fram í svari hæstv. ráðherra nein ábending um að fara ætti í frekari uppbyggingu á rekstri sjúkrahótela, fjölga plássum eða með hvaða hætti ætti þá að tengja sjúkrahótelin við rekstur stóru sjúkrahúsanna eða hvernig ætti að finna sjúkrahótelinu stað innan heilbrigðiskerfisins. Það er mikil þörf á slíkum plássum. Í rekstri sjúkrahótela er mikill sparnaður. Það er mikil hagræðing fyrir einkareknu stofurnar sem eru með skurðstofuaðstöðu úti í bæ, þær verða að treysta á að hafa gistingu fyrir sjúklingana annars yrði að vera sólarhringsþjónusta hjá þeim aðilum. Þetta er mikil og góð þjónusta fyrir sjúklingana og mikið öryggi og því hefði ég óskað eftir að fá ítarlegri svör.

[14:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég tek undir með þeim sem hafa tekið til máls að sjúkrahótel eru mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustunni. Ég held að sú tilraun sem gerð hefur verið sanni það. Auðvitað er þörf á því þegar þessu tilraunaverkefni er nú lokið og þáttaskil í starfseminni að meta ítarlegra í krónum og aurum hver hagkvæmnin er. Þær tölur liggja ekki fyrir nú. En ég þakka þær ábendingar og það hefur auðvitað verið rætt í ráðuneytinu.

Varðandi það hve mörgum hefur verið vísað til baka of veikum til að fara á sjúkrahótel, þá ég hef ekki þær tölur en ég er tilbúinn til þess að afla þeirra upplýsinga.

Síðan var komið inn á frekari uppbyggingu sjúkrahótela. Ég get alveg sagt það hreinskilnislega að ég tel allt benda til þess að fara ætti í frekari uppbyggingu á slíkum úrræðum. Við höfum hins vegar einbeitt okkur að því að framlengja samninginn og fjölga rýmunum og tryggja þannig 40 rými með samningi við Landspítalann og samningi við Rauða krossinn. Ég tel að við getum náð saman. Við höfum beitt kröftum okkar að því núna en ég tel alveg fulla þörf á því að fara síðan yfir framhaldið og hvernig við getum aukið þessa starfsemi. Ekki er útlit fyrir að við getum aukið það á þessu ári nema að tryggja 40 rými, þessi 12 rými til viðbótar við

28 voru í nokkru uppnámi en ég tel að það sjái fyrir endann á því máli.

Húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Fsp. ÁMöl, 376. mál. — Þskj. 597.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur á sér langa sögu og er eitt fallegasta hús borgarinnar, teiknað af Einari Sveinssyni arkitekt. Hugmyndir um byggingu Heilsuverndarstöðvarinnar má rekja allt aftur til ársins 1934 þegar Vilmundur Jónsson landlæknir kom með tillögu um að koma á fót heilsuverndarstöð. Þá hafði hjúkrunarfélagið Líkn, sem stofnað var 1915 að frumkvæði kvenna, starfað við heimahjúkrun efnalítilla sjúklinga, eins og sagt var, og að alhliða heilsuvernd, m.a. við ungbarna- og smábarnavernd, berklavernd, smitsjúkdómavernd og heilbrigðisfræðslu.

Bæjarráð Reykjavíkur samþykkti fyrst 12 árum síðar, árið 1946, að byggja heilsuverndarstöð. Ári síðar var hafist handa en það var ekki fyrr en tíu árum seinna eða 1957, fyrir réttum 45 árum, sem Heilsuverndarstöð Reykjavíkur var vígð. Vegna skorts á sjúkrarými í Reykjavík var hún rekin að hluta til sem sjúkrahús fyrst í stað jafnhliða heilsuverndarstarfsemi þar til Borgarspítalinn tók til starfa. Margir áttu þar spor t.d. á slysadeildina sem var þar til húsa í mörg ár.

Með lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1974 var gert ráð fyrir að starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar færðist að mestu til heilsugæslustöðva og starfaði hún upp frá því með stoð í bráðabirgðalögum sem framlengd voru fyrst í nokkur ár í senn og síðan árlega.

Ákvæðið um Heilsuverndarstöðina féll úr gildi 1. maí 1997 og hefur hún því ekki verið til samkvæmt lögum sl. fimm ár. Samt sem áður fer þar fram blómleg starfsemi. Þar er miðstöð heilsuverndar barna og miðstöð mæðraverndar sem sinna verkefnum fyrir allt landið. Þá hafa ýmis lýðheilsuverkefni aðstöðu í húsinu, t.d. Árvekni, átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga, manneldisráð, áfengis- og vímuvarnaráð, verkefnið Ísland án eiturlyfja, skrifstofa skólatannlækninga og fleiri. Einnig er stjórnkerfi Heilsugæslunnar í Reykjavík og nágrenni í húsinu og fjórða hæðin er leigð Háskóla Íslands fyrir lestraraðstöðu læknanema.

Margar nefndir hafa verið settar á laggirnar sem hafa lagt fram tillögur um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar og um nýtingu húsnæðisins. Hæst hafa borið tillögur um að Heilsuverndarstöðin verði sérstök heilsuverndarstofnun fyrir allt landið sem hafi umsjón með heilsuverndarstarfi og samræmingu og þróun heilsugæslu í landinu. Hins vegar hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um slíkt.

Vegna óvissunnar um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar hafa margir rennt hýru auga til húsnæðisins. Komið hafa fram hugmyndir um að Landspítalinn nýtti það undir öldrunardeild o.fl., heilbrrn. og landlæknisembættið hafa orðað það að fara þangað inn og jafnvel hafa einkaaðilar viljað koma þangað inn með ólíka starfsemi.

En húsnæðið hefur verið hálfmunaðarlaust á undanförnum árum. Það er í eigu borgarinnar og ríkisins en eignaraðildin að því virðist vera óútkljáð og það hefur staðið í vegi fyrir framtíðarnýtingu þess og þennan ágreining verður að leysa sem allra fyrst. En mörgum er umhugað um að húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar verði notað áfram undir heilsuverndarstarfsemi og þess vegna varpa ég fram þessari fyrirspurn til hæstv. ráðherra.

[14:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller beinir til mín fyrirspurn um hverjar séu hugmyndir ráðherra um framtíðarnýtingu húsnæðis Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Heilsuverndarstöðin var, eins og komið hefur fram, byggð á árunum 1949–1955. Húsið var reist fyrir stjórnsýslu í heilbrigðisþjónustu Reykjavíkurborgar annars vegar og hins vegar fyrir ýmiss konar klíniska starfsemi. Notkun hússins hefur að mestu leyti verið í samræmi við þessar upphafshugmyndir að öðru leyti en því að ríkið rekur nú í húsinu ýmsa starfsemi og sumt af því sá borgin um áður. Byggt var af stórhug og telja margir Heilsuverndarstöðina með fegurstu byggingum borgarinnar, enda er hún talin eitt af athyglisverðustu hönnunarverkefnum Einars Sveinssonar arkitekts.

Í huga Reykvíkinga eins og svo margra annarra íbúa landsins er þessi bygging tákn fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Heilsuverndarstöðin er 4.447 m að flatarmáli og rétt er að taka fram í upphafi máls að það er Reykjavíkurborg sem á 60% hússins og ríkið 40% á móti borginni. Það leiðir því af sjálfu sér að ríkið getur ekki einhliða ráðstafað eign sem það á minni hluta í. Viðræður hafa hins vegar átt sér stað um eignarhluta milli heilbrrh. og borgarstjóra en Reykjavíkurborg hefur ítrekað óskað eftir að selja sinn hluta.

Verðgildi eignarinnar hefur verið skoðað, m.a. með því að framreikna byggingarkostnað og meta hvað sambærilegt hús kostar í byggingu nú. Enginn þeirra sem um málið hafa fjallað á vegum heilbr.- og trmrn. hefur lagt til að þessi eign yrði seld, bæði vegna sögulegs gildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún veitir.

Í húsi Heilsuverndarstöðvarinnar er nú m.a. miðstöð mæðraverndar, miðstöð ungbarnaverndar, göngudeild berkla- og lungnasjúklinga, atvinnusjúkdómadeild, miðstöð tannverndar, manneldisráð, áfengis- og vímuvarnaráð, skrifstofa héraðslæknisins í Reykjavík, bólusetningar ferðamanna, fjölskylduskrifstofa vímuefnavarna auk allrar stjórnsýslu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Allt húsnæðið er nýtt vegna heilsugæslumála nema efsta hæðin sem hefur verið opin læknastúdentum til lesturs. Sú hæð er hönnuð fyrir langlegusjúklinga en mætir ekki lengur kröfum til sjúkardeildar og hefur ekki verið haldið eins mikið við og hinum hæðunum.

Margvíslegar hugmyndir um breytingar á notkun hússins hafa komið til skoðunar á undanförnum árum eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda. Skoðað var hvort húsið gæti hentað fyrir hjúkrunarheimili aldraðra með göngudeildum og dagdeildum. Horfið var frá þeirri hugmynd þegar ljóst var að sú tillaga mundi krefjast kostnaðarsamra framkvæmda. Heilbrrn. er í húsnæðisleit, og kannað hefur verið hvort koma mætti því fyrir í Heilsuverndarstöðinni. Nú er leitað annarra leiða í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið að öll ráðuneyti séu í námunda við Arnarhvol. Landlæknisembættið hefur verið að leita eftir rýmra húsnæði en það býr nú við, og hefur verið kannað hvort Heilsuverndarstöðin hentaði því embætti. Annað húsnæði hefur þótt henta betur en ekki er enn komin niðurstaða í það mál.

Ljóst er að Landspítali – háskólasjúkrahús gæti nýtt húsnæðið á Heilsuverndarstöðinni, m.a. fyrir göngudeild-

arstarfsemi. Einkafyrirtæki kannaði möguleika á að kaupa húsið fyrir fyrirtækjarekstur fyrir nokkrum árum.

Tvær nefndir hafa fjallað sérstaklega um framtíðarnýtingu hússins án þess að komast að endanlegri niðurstöðu um framtíðarnýtingu þess. Rætt hefur verið um að nýta húsið undir hugsanlega forvarnamiðstöð en ákveðið var að skoða þær hugmyndir frekar og velta síðan fyrir sér nýtingu húsnæðisins í þágu stofnunarinnar ef hugmyndirnar yrðu að veruleika. Nú er verið að skoða hugmyndir um forvarnamiðstöð en ég undirstrika að forvarnamiðstöð snýst ekki um hús eða staðsetningu heldur þá starfsemi sem rúmaðist á vettvangi slíkrar stofnunar.

Virðulegi forseti. Samandregið teldi ég æskilegast að ríkið eignaðist hlut borgarinnar í húsi Heilsuverndarstöðvarinnar og þannig yrði tryggt að húsið nýttist áfram í þágu heilbrigðisþjónustu. Ég tel nauðsynlegt að ná sem fyrst samkomulagi við borgina um slíka ráðstöfun og taka síðan ákvarðanir í framhaldi af því.

[14:33]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Heilsuverndarstöðin er falleg bygging í hjarta Reykjavíkur og tengist órjúfanlegum böndum heilsuvernd og heilbrigðisþjónustu við borgarbúa. Ég fagna þessari fyrirspurn frá hv. þm. Ástu Möller til heilbrrh. því að umræða um framtíð þessa húsnæðis skiptir auðvitað máli. Komið hefur fram hvaða starfsemi fer fram í húsinu en ég vil minna á að menn hafa stefnt að því að reyna að gera vel við heilsugæsluna. Hæstv. heilbrrh. hefur haft það sem sérstakt áhugamál sitt. Ég tel að heilsugæslan þurfi á þessu húsi að halda og veiti ekkert af því. Það eru u.þ.b. 285 m sem eru ónýttir á 4. hæð hússins. Að öðru leyti er heilsugæslan með þetta hús.

Hitt er svo annað mál að kannski ætti heilsugæslan að fara aftur til sveitarfélaga en það er órætt mál. Úr því að borgin á 60% af húsinu veltir maður fyrir sér hvort þetta fyrirkomulag gæti ekki varað enn um sinn ef okkur tækist að koma heilsugæslunni yfir til sveitarfélaga aftur.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég þakka svör ráðherra og þá umræðu sem fram hefur farið. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að eignaskipting milli ríkis og borgar er að borgin á 60% og ríkið 40%, og að viðræður hafi verið í gangi um langt skeið og ágreiningur sé enn uppi. Ég hvet til þess að viðræðunum verði lokið sem fyrst þannig að hægt verði að finna Heilsuverndarstöðinni stað í framtíðinni. Ég fagna því jafnframt að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að stefnt væri að því að nýta þetta húsnæði undir heilbrigðisþjónustuna og þá vonandi undir heilsuvernd því að mér er mjög umhugað um þann þátt.

Komið hafa fram hugmyndir um lýðheilsustofnun eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra og hefur ýmist verið talað um lýðheilsustofnun, forvarnastofnun og eins eru uppi hugmyndir um að nota bara gamla orðið, heilsuverndarstöð, og hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur m.a. talað fyrir því. Þetta er gott og gamalt hugtak og lýsir starfseminni mjög vel. Áhugamenn um lýðheilsu og heilsuvernd hafa beðið mjög spenntir eftir boðuðu frv. hæstv. heilbrrh. um lýðheilsustofnun og það er alveg tilvalið að þetta húsnæði verði notað undir hana. Í Heilsuverndarstöðinni fer fram, eins og margoft hefur komið fram, margvísleg starfsemi á þessu sviði. Verkefni þeirra sem vinna að forvörnum skarast og segja má með nokkrum rökum að nýting á fjármagni væri betri með því að sameina þau ráð og þær nefndir sem eru nú þegar starfandi á þessu sviði á vegum ríkisins.

Ég vil samt leggja áherslu á að þetta húsnæði verði áfram nýtt í þágu heilsugæslu, heilsuverndar eða lýðheilsu og hvet því ráðherra til að leggja sem allra fyrst fram frv. um lýðheilsustofnun.

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurn hennar og umræðuna um þetta mál. Það er meginatriði eins og stendur að koma málum á hreint milli borgarinnar og ríkisins um eignarhlutinn í þessu húsnæði, og þegar því er lokið er fjöldi hugmynda uppi um nýtingu sem allar eru athyglisverðar. Ég endurtek að mér finnst meginmálið að húsið eigi að nýta í þágu heilbrigðisþjónustunnar. Ég tek undir þau sjónarmið sem hafa einmitt mjög komið fram í viðræðum við mig um þetta mál en þetta hefur verið eitt þeirra verkefna sem hafa verið uppi á borði í heilbrrn. Ég finn að aðilum í heilbrigðisþjónustu er umhugað um að nýta þetta hús í þágu heilbrigðisþjónustunnar, og ég vil starfa í þeim anda.

Ég þakka því fyrirspurnina og að þessu máli hafi verið hreyft á Alþingi. Það er okkur hvatning til þess að halda áfram að starfa að því að fá niðurstöðu þar.

Sjóðir starfsfólks heilsugæslustöðva.

Fsp. PHB, 382. mál. — Þskj. 616.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Í DV birtist smáfrétt föstudaginn 7. desember 2001 þar sem eftirfarandi kemur fram, með leyfi herra forseta:

„Athygli vekur hins vegar að í þessum komugjöldum er svokölluð tíund sem væntanlega er þá 10% af heildarkomugjöldum. Tíund þessi er síðan m.a. nýtt fyrir heilsugæslustarfsfólk til ferðalaga og skemmtanahalds."

Eftir að þessi frétt birtist hefur hæstv. heilbrrh. afnumið þessa tíund en engu að síður væri áhugavert að fá svar við þeim spurningum sem ég ætla að bera fram.

Í fyrsta lagi var spurningin um hvort þessir sjóðir væru til. Nú hefur komið fram að þeir voru til því að annars hefðu þeir ekki verið lagðir af.

Í öðru lagi er spurt hvert hlutverk þessara sjóða hafi verið. Það væri sögulega skemmtilegt að fá að vita hvert hlutverkið var.

Í þriðja lagi: Hverjar voru tekjur sjóðanna? Var um að ræða þóknun fyrir innheimtu skatta eða þjónustugjalds, og á hvaða lagagrunni byggðist hún?

Í fjórða lagi: Hversu mikið fé var til ráðstöfunar á ári?

Í fimmta lagi: Hverjir fengu úthlutað og eftir hvaða reglum?

Í sjötta lagi: Hvaða styrkir voru veittir á síðasta ári úr þessum sjóðum?

Í sjöunda lagi sem er mikilvægasta spurningin og er enn þá alveg í fullu gildi: Njóta starfsmenn heilbrrn. eða stofnana þess svipaðra eða annarra fríðinda eða styrkja? Eru slík hlunnindi skattskyld?

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að laun séu gagnsæ. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir þá sem hafa áhuga á jafnrétti kynjanna vegna þess að misrétti kynjanna í launum er

yfirleitt falið með hlunnindum, bílastyrkjum, dagpeningum o.s.frv. að ógleymdri yfirvinnu og alls konar styrkjum og sporslum sem karlar fá en konur ekki, sérstaklega hjá hinu opinbera.

Talandi um gagnsæi launa væri rétt að benda á að lífeyrisskuldbindingar ríkisins vegna starfsmanna sinna hafa hækkað um 100 milljarða kr. á síðustu fimm árum. 100 milljarða kr. Ef við miðum við 20 þús. vinnandi opinbera starfsmenn eru það 5 millj. á hvern einasta vinnandi opinberan starfsmann sem lífeyrisskuldbindingarnar hafa hækkað á síðasta ári, sem eignir þessa fólks hafa hækkað á síðustu fimm árum. Þetta er aldrei nefnt í samanburði launa opinberra starfsmanna og annarra.

Þá vil ég líka nefna dagpeninga. Ég hef orðið fyrir þeirri reynslu þegar ég er sendur til útlanda á vegum Alþingis að ég kem alltaf með heilmikið fé til baka, svona 30–70 þús. kr. Þetta hefur valdið mér angri og vandræðum og þetta finnst mér að hv. Alþingi eigi að laga.

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Borist hefur viðamikil fyrirspurn frá hv. þm. Pétri Blöndal um tíundarsjóð heilsugæslustöðva.

„1. Eru til sjóðir sem í rennur hlutur komugjalda til heilsugæslustöðva, svokölluð tíund, og eru m.a. nýttir fyrir heilsugæslustarfsfólk til ferðalaga og skemmtanahalds eins og kom fram í DV 7. des. sl.?"

Nú verð ég að segja áður en ég svara að það er nokkuð óvenjulegt að fá fyrirspurnir sem eru byggðar á einhverjum flugufregnum í blöðum, en látum gott heita. Svarið er að í 2. gr. reglugerðar nr. 582/1991, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um að af komugjöldum sem renna til reksturs heilsugæslustöðvar skal leggja 10% í sérstakan sjóð sem stjórn stöðvarinnar annast. Úr sjóðnum má stjórnin ráðstafa fé til tækjakaupa, endurbóta á aðstöðu, til viðhaldsmenntunar starfsmanna og þess háttar. Sjóðstjórn setur reglur um ráðstöfun fjárins sem ráðherra staðfestir.

Með reglugerð nr. 953/2001, um breytingu á reglugerð nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, er 5. gr. reglugerðarinnar um 10%-sjóð heilsugæslustöðva felld niður. Það fé sem áður rann í 10%-sjóð heilsugæslustöðva mun frá og með 1. janúar 2002 renna til reksturs heilsugæslustöðva almennt, þar með talið til tækjakaupa, endurbóta á aðstöðu og til viðhaldsmenntunar starfsmanna.

„2. Ef svo er, hvert er hlutverk þessara sjóða?"

Hlutverk sjóðanna var að ráðstafa fé til endurbóta á aðstöðu starfseminnar, til viðhaldsmenntunar starfsmanna og að styðja þróunar- og rannsóknarstörf. Úr sjóðnum mátti ráðstafa fé til tækjakaupa, endurbóta á aðstöðu, til viðhaldsmenntunar starfsmanna til að auka hæfni starfsmanna heilsugæslustöðva. Sérstök sjóðstjórn setti reglur um ráðstöfun fjárins sem ráðherra staðfesti. Sjóðnum var ekki ætlað að styrkja hópferðir starfsmanna innan lands eða utan. Um skemmtanasjóði starfsmanna var því ekki að ræða eins og látið er liggja að í fyrirspurninni. Eðlilegt verður að telja að einhver hluti rekstrarkostnaðar fari til endurmenntunar starfsmanna.

„3. Ef svo er, hverjar eru tekjur sjóðanna? Er um þóknun fyrir innheimtu skatta eða þjónustugjalds að ræða og á hvaða lagagrunni byggist hún?"

Tekjur sjóðanna voru 10% tekna heilsugæslustöðva af komugjöldum. Ekki var um innheimtu skatta að ræða. Framangreind reglugerð heimilar heilsugæslustöðvum að innheimta komugjöld af sjúklingum og er sett með heimild í 20. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

„4. Ef svo er, hversu mikið fé er til ráðstöfunar á ári?"

Fram kom í svörum frá heilsugæslustöðvum að ekki hafði verið lagt í tíundarsjóðinn í nokkur ár heldur hafi öllum tekjum verið varið í rekstur stöðvanna. Á sl. ári voru 20 millj. kr. lagðar í tíundarsjóði heilsugæslustöðva.

„5. Ef svo er, hverjir fá úthlutað og eftir hvaða reglum?"

Hver heilsugæslustöð setti reglur um úthlutun úr sjóðnum sem ráðherra staðfesti.

„6. Ef svo er, hvaða styrkir hafa verið veittir á þessu ári úr sjóðunum?"

Svarið við því er að notkun sjóðsins hafi verið mismunandi og sjóðirnir einnig verið missterkir vegna mismunandi stærðar stöðvanna. Alls var um 23 millj. kr. ráðstafað úr tíundarsjóðum heilsugæslustöðva á síðasta ári. Rúmum 12 millj. kr. var ráðstafað til viðhaldsmenntunar starfsmanna. Um 600 þús. kr. var ráðstafað til tækjakaupa. Á sl. ári fóru heilsugæslustöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu út í viðamikið stefnumótunarverkefni. Var þetta samstarfsverkefni heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður við verkefnið var fjármagnaður af tíundarsjóði stöðvanna, tæpar 8 millj. kr. á síðasta ári.

Við samruna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í heilbrigðisstofnanir víða um land sköpuðust ný vandamál með þessa sjóði þar sem einungis var heimilt að leggja 10% af komugjöldum heilsugæslustöðva í tíundarsjóð, en ekki var heimilt að nýta tekjur sjúkrahúsa á þennan hátt.

„7. Njóta starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins og stofnana þess svipaðra eða annarra fríðinda eða styrkja? Eru slík hlunnindi skattskyld?"

Svarið við því er að á vegum heilbrrn. og stofnana þess eru engir sjóðir sem úthluta fríðindum til starfsmanna.

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi fengið svarað helstu þáttum fyrirspurnarinnar, en ítreka þær breytingar sem urðu með setningu reglugerðar nr. 953/2001.

[14:47]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Tíundarsjóðir þeir sem hér eru til umræðu er fyrirkomulag sem verið hefur í um það bil áratug og komu til þegar farið var að innheimta komugjöld á heilsugæslustöðvum. Mér finnst ekki réttlátt eða maklegt að gefa í skyn að starfsfólk heilsugæslunnar hafi notað fé úr þeim sjóði til skemmtanahalds eða á ábyrgðarlausan hátt, eins og mátti skilja í fréttum í desember sl. í fjölmiðlum. Þessu fé hefur verið varið til ráðstefnuhalds og kynnisferða, fyrir utan tækja- og tölvukaup og endurbóta og vinnu við stefnumótun í heilsugæslunni.

Sagnfræðiáhugi fyrirspyrjanda hlýtur þetta að kallast núna þegar þessu fyrirkomulagi hefur verið breytt, en þessum peningum verður áfram haldið inni í rekstri stöðvanna eins og ráðherra hefur upplýst og verður áfram varið til afmarkaðra verkefna eins og verið hefur.

[14:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mér vitanlega var tíundarsjóðurinn ekki notaður til skemmtanahalds. Aftur á móti var hann þau tíu ár — en eins og komið hefur fram er hann nú aflagður

— mikilvægur fyrir starfsmenn og heilbrigðisstofnanir sem sérstakur afmarkaður sjóður sem hægt var að vísa í þegar starfsmenn óskuðu eftir að fara á endurmenntunarnámskeið og vegna símenntunar og eins til tækjakaupa og viðhalds. Þetta var afmarkaður tekjustofn sem var þá haldinn í ákveðnum tilgangi.

Ég hefði frekar áhyggjur af því nú, herra forseti, að þegar þessi tíund rennur inn í almennan rekstur, þá verði erfiðara að klípa þá tíund frá til endurmenntunar, símenntunar og viðhalds, tækjakaupa og til stefnumótunar á stofnunum, þar sem erfiðleikar í daglegum rekstri gætu dregið úr framlögum.

[14:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er fróðlegt að fá þessar upplýsingar þó svo búið sé að leggja af tíundarsjóðinn. Ég var í stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík um árabil og þá voru þessir tíundarsjóðspeningar notaðir mjög skynsamlega og það var tekið fyrir á stjórnarfundum í hvað þeir voru notaðir. Það var yfirleitt í endurmenntun og slíkt, jafnvel tækjakaup, tölvuvæðingu o.s.frv.

En ég sakna þess að hæstv. ráðherra skyldi ekki svara almennilega 7. liðnum. Það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvaða fríðindi og styrkir eru veittir og hvort þau fríðindi og styrkir séu skattskyldir sem starfsmenn er heyra undir heilbrigðiskerfið njóta. Það er kannski ástæða til að spyrjast fyrir um það síðar, en það hefði verið full ástæða til þess að koma með svar, þó ekki væri nema í stuttu máli yfir það hverjir það eru af þeim starfsmönnum sem njóta fríðinda og hlunninda.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin, velflest, nema kannski við 7. liðnum. Hann svaraði því til að það væru engir sjóðir hjá heilbrrn. til slíkra hlunnindaveitinga, en ég spurði miklu víðtækar. Ég spurði: „Njóta starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins og stofnana þess svipaðra eða annarra fríðinda eða styrkja? Eru slík hlunnindi skattskyld?“ Og ég ítreka þá spurningu.

Það er ljóst að endurmenntun starfsmanna er hluti af starfskjörum og það er hluti af rekstri og góðri stjórnun fyrirtækis að gera ráð fyrir peningum í þau verkefni og þarf ekki til þess markaða tekjustofna. Það er fráleitt að stjórnendur þurfi einhverja markaða tekjustofna til þess að stýra fyrirtækjunum á eðlilegan hátt. Þess vegna held ég að slíkir sjóðir eins og hér voru settir á laggirnar hafi ekkert gildi og er þar af leiðandi ánægður með að hann hafi verið lagður af eftir að þessar fréttir og fyrirspurn var samin.

En ég ítreka að allar slíkar sporslur eru til þess að gera launin ógagnsæ. Þær eru launaígildi. Það kemur fram í ályktun samkvæmt ljósvakahandriti 15. janúar sl. á Bylgjunni kl. 16, með leyfi herra forseta:

„Tíundarsjóðir heilsugæslustöðvanna komu til á sínum tíma vegna ákvörðunar þáverandi ráðherra um að umbuna starfsfólki stöðvanna með 10% hlutdeild í þá nýtilkomnum komugjöldum í heilsugæslunni. Meðal annars var sjóðurinn stofnaður til að bæta starfskjör þeirra starfsmanna heilsugæslunnar sem lægst hafa launin.“

Þetta kom frá starfsfólki heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ. Þetta var umbun. Þetta var hluti af launum og gerir launin ógagnsæ. Baráttumenn fyrir jafnrétti kynjanna sem vilja að laun séu jöfn til beggja kynja ættu að berjast gegn slíku ógagnsæi.

[14:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi varðandi notkun sjóðsins á sínum tíma, þá vísa ég því á bug að sá sjóður hafi verið notaður til skemmtanahalds og vil undirstrika það sérstaklega.

Í öðru lagi vil ég undirstrika að ætlunin er að heilsugæslustöðvarnar nýti þá fjármuni sem koma inn eftir breytinguna á svipaðan hátt og áður. Og ég vil undirstrika hlutverk stöðvanna í þágu endurmenntunar starfsfólks. Við í ráðuneytinu munum undirstrika þann þátt sérstaklega. Ekki er ætlunin að taka réttindi af starfsfólki þó að þarna sé um kerfisbreytingu að ræða.

Í sambandi við 7. liðinn, þá er mér ekki kunnugt um að sérstök fríðindi séu í gangi fyrir starfsmenn heilbrigðisstofnana. Hlunnindi starfsmanna, ef þau eru einhver, eru auðvitað skattlögð með sama hætti hjá heilbrigðisþjónustunni og öðrum sem njóta hlunninda í samfélaginu. En ef berast um það fyrirspurnir þá mun ég auðvitað fara yfir það mál. Í kjarasamningum lækna eru t.d. ákvæði varðandi endurmenntum, sterk ákvæði sem eru þar fyrir hendi, en það er bundið í kjarasamningum og hefur verið gengið frá því með venjubundnum hætti milli aðila. Og skattlagning þessi er með nákvæmlega sama hætti og skattlagning annarra hlunninda.

Ég vildi aðeins undirstrika að sú breyting sem gerð var um áramótin felur ekki í sér að taka eigi réttindi af starfsfólki. Við munum undirstrika það við yfirstjórn heilsugæslunnar að svo verði ekki.

[14:56]

Útbýting þingskjala:

Ákvæði laga um skottulækningar, 397. mál, fsp. RG, þskj. 654.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 403. mál, fsp. KLM, þskj. 660.

Loðnuveiðar, 402. mál, fsp. KLM, þskj. 659.

Starfslokasamningar, 396. mál, fsp. JóhS, þskj. 653.

Tilraunaveiðar með gildrum, 401. mál, fsp. SvanJ, þskj. 658.

Könnun á vegum OECD á námsgetu skólabarna.

Fsp. ÞKG, 354. mál. — Þskj. 490.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Í síðasta mánuði kynnti hæstv. menntmrh. afar athyglisverða könnun sem gerð var á vegum OECD. Könnunin, svonefnd PISA-könnun, er mjög umfangsmikil alþjóðleg rannsókn þar sem mældur er árangur 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Markmiðið með rannsókninni er m.a. að meta hvernig skólarnir undirbúa nemendur fyrir framtíðina. Þeir sem standa að skólakerfinu í einni eða annarri mynd eins og nemendur, foreldrar, ráðherrar, þingmenn, embættismenn, skólastjórnendur og kennarar verða að vita hvort unga fólkið okkar hafi öðlast þá þekkingu og hæfni sem á þarf að halda svo það geti tekið þátt af fullum krafti í okkar nútímasamfélagi.

PISA-könnun er gott mælitæki til þess og kærkomið tækifæri. Því tel ég rétt að þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa tekið þá ákvörðun að láta okkur Íslendinga vera þátttakendur í svo mikilsverðri könnun eða rannsókn sem

gerir okkur kleift að bera okkur saman við aðrar þjóðir á hinum alþjóðlega vettvangi.

Ég ætla, herra forseti, aðeins að stikla á því sem mér fannst hæst bera í könnuninni. Við Íslendingar tilheyrum efri hlutanum hvað lestur varðar. Þegar þetta er skoðað aðeins betur sjáum við að hlutfall íslenskra nemenda sem geta túlkað og skilið flókið ritað mál er sambærilegt meðaltali OECD-landanna allra en nokkuð lægra en hjá þeim þjóðum sem ná hvað bestum árangri.

Þegar athuguð er lágmarksgeta í lestri kemur í ljós að hér er hlutfall þeirra marktækt lægra, þ.e. við erum færri í þeim hópi en önnur OECD-ríki sem bendir því réttilega til þess að við erum að sinna hinum lökustu nemendum mjög vel.

Stelpurnar stóðu sig líka betur í lestri í öllum þátttökulöndum. Í stærðfræði stóðu íslensku nemendurnir sig vel og nokkuð betur en meðaltal OECD-landanna og var lítill munur á kynjunum hér á landi.

Mér finnst athyglisvert að í mörgum löndum OECD-kannananna stóðu strákarnir sig betur í stærðfræði, en hins vegar stóðu stelpurnar sig ekki síður ef stærðfræðiverkefnið reyndi á lestrarkunnáttu.

Í náttúrufræði virðist árangurinn ekki hafa verið nægilega góður hér á landi. Mér skilst að með breyttum áherslum í náttúrufræði í skólum landsins ásamt nýrri námskrá muni aukin áhersla verða lögð á náttúrufræði.

Einnig hefur komið í ljós að lítill munur er á milli lakasta og besta árangurs nemenda og reyndist munurinn vera á milli nemenda en ekki skóla. Þetta er að mínu mati styrkur hins íslenska skólakerfis og má taka undir þá fullyrðingu sem heyrst hefur þegar PISA-könnunin var rædd að ekki sé marktækur mismunur á námi hér á landi eftir landshlutum, hverfum eða efnahag.

Í OECD-löndunum standa nemendur með betri félagslega stöðu sig eitthvað betur en þeir sem hafa laka stöðu, en hér á landi gætir þessara áhrifa hins vegar lítið. Íslenskir nemendur hafa jafnan aðgang að námi, óháð efnahag og félagslegri stöðu.

Það er margt í PISA-könnuninni sem ég gæti tekið fram líka, en herra forseti, tími minn er á þrotum. Því spyr ég hæstv. menntmrh. hvernig hann hyggst nýta sér þessa könnun í þágu mennta- og skólakerfisins, uppbyggingu þess enn frekar, þannig að við náum enn hærra í könnuninni sem gerð verður 2003 og verður kynnt síðan árið 2004.

[15:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Það er rétt sem kemur fram í spurningu hennar að við getum tiltölulega vel unað við þá niðurstöðu sem kemur fram í þeirri könnun miðað við þá stefnu sem við höfum haft í skólamálum að skólakerfi okkar sé einsleitt og nái sem best utan um allan nemendahópinn og könnunin sýnir að það markmið hefur náðst. Hins vegar er einnig ljóst að til þess að standa okkur betur og ná betri árangri í könnuninni, ef við leggjum það mat á málið, þá þurfum við að fjölga nemendum sem eru í hæsta hópnum, og það er markmið í sjálfu sér sem við þurfum að velta fyrir okkur þegar við skoðum könnunina og metum stöðu okkar.

Við höfum ekki unnið endanlega skýrslu um íslenska þáttinn. Verið er að vinna að henni, sérstakri landsskýrslu, á vegum Námsmatsstofnunar. Það er von okkar að hún verði tilbúin síðla þessa árs og þá verður enn þá betur unnt að greina stöðu okkar samkvæmt könnuninni.

Spurt er: „Hvernig hyggst ráðherra nýta sér niðurstöður könnunar á námsgetu skólabarna, svokallaðrar PISA-könnunar, sem gerð var á vegum OECD?“

Þá vil ég segja að rannsóknin bendir til þess að hér á landi sé nemendum sem eiga í erfiðleikum með nám vel sinnt í samanburði við það sem gerist annars staðar, eins og hv. þm. nefndi. Halda þarf áfram á þeirri braut. Jafnframt þarf að vinna að því að sinna þeim sem eiga auðvelt með nám. Það er umhugsunarefni að ekki fleiri íslenskir nemendur komist í efsta flokk, þ.e. í hóp bestu nemendanna. Því þarf að vinna að því að sinna þeim betur sem eiga auðvelt með nám. Með nýrri skólastefnu og með nýjum aðalnámskrám og skipulagi skólastarfs í samræmi við þær er lögð áhersla á sveigjanleika í þágu dugmikilla nemenda. Ákveðið hefur verið að menntmrn. geri könnun á því hvað skólar eða skólaskrifstofur eru að gera fyrir afburðanemendur og er vinna við þá könnun þegar hafin.

Í þessu sambandi er mikilvægt að auka framboð námsefnis og námsgagna. Jafnframt býður upplýsingatæknin upp á fjölbreytt tækifæri í skólastarfi, t.d. aukna möguleika á sérhæfðri fjarkennslu á netinu. Hún opnar áður óþekktar leiðir til náms og kennslu, opnar skóla gagnvart umheiminum og veitir nýja möguleika í samskiptum. Þessi nýja tækni nýtist hinum almenna nemanda en getur jafnframt skapað nýjar leiðir fyrir nemendur sem eiga erfitt með nám sem og fyrir afburðanemendur.

Í þessari rannsókn eru vísbendingar um að íslenska skólakerfið hafi bætt árangur sinn í stærðfræði frá því í síðustu alþjóðlegu rannsókn. Betri og áreiðanlegri niðurstöður fást um þetta árið 2004 þegar niðurstöður úr PISA 2003 liggja fyrir þar sem megináhersla er á stærðfræði. Með breyttum áherslum í náttúrufræði í skólum landsins ásamt nýrri aðalnámskrá og nýjum námsgögnum er unnið að bættum árangri. Næsta vor verður í fyrsta sinn boðið upp á samræmt próf í náttúrufræði fyrir 10. bekk sem mun væntanlega gefa góðar vísbendingar um stöðu nemenda í þeim greinum á landsvísu og áhuga nemenda á náttúrufræðigreinum.

Í öllum löndunum sem tóku þátt í rannsókninni kemur fram verulegur kynjamunur á frammistöðu í lestri, stúlkum í hag. Minni kynjamunur kom fram í náttúrufræði og stærðfræði. Hér á landi var eins og í öðrum löndum kynjamunur í lestri mikill, piltum í óhag, sem kemur líklega niður á frammistöðu pilta í hinum greinunum.

Að frumkvæði ráðuneytisins hefur á síðustu árum farið fram umræða um stöðu pilta í skólum. Ljóst er að lestrarfærni er lykill að góðum námsárangri. Því þarf að skoða stöðu pilta sérstaklega að þessu leyti. Í þessu sambandi má nefna að æskilegt er að stuðla að samræmdu átaki heimila og skóla. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að nemendur lesi sér til fróðleiks og ánægju og í þeim efnum skiptir stuðningur foreldra miklu máli. Eins verða foreldrar hvattir til að lesa sem mest fyrir börn sín.

Það er mikils virði að við Íslendingar eigum aðild að samanburðarrannsóknum af þessu tagi. Með þeim fáum við nýjar forsendur til að meta styrk okkar og veikleika og umræður um úrbætur byggjast á traustari forsendum en ella væri. Hægt er að bera þessar niðurstöður saman við niðurstöður 2. og 3. umferðar PISA. Þannig verður hægt að móta framtíðarstefnu í skólakerfinu sem byggja á traustri vitneskju um raunverulega stöðu nemenda í þessum námsgreinum við lok grunnskóla í samanburði við aðrar þjóðir. Innan menntmrn. hefur nú verið komið á því skipulagi að námskrár eru í

stöðugri endurskoðun og aðlögun að breyttum kröfum og að sjálfsögðu verður hugað að þeim í ljósi þeirra niðurstaðna sem nú liggja fyrir og annarra kannana sem gerðar verða.

[15:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn. Það er mjög mikilvægt að fram komi að hún gefur Íslandi góða einkunn, nema varðandi bestu börnin okkar.

Það er munur á fólki, herra forseti, og við gerum mikið fyrir þá sem eru hægfara í námi, mjög mikið. Þeir fá sérkennslu o.s.frv. Hinir sem eru bráðgerir, fá ekki neitt. Þeir verða fyrir fordómum, þeir verða fyrir einelti, þeir fá lélega sjálfsmynd og þeir eru verkefnalausir og fá námsleiða. Þeir fá ekki viðspyrnu og engan metnað.

Þetta er afskaplega slæmt og er illa farið með mikla auðlind þjóðarinnar því að þetta er það fólk sem ætti að skara fram úr og það er illa farið með þá einstaklinga líka sem verða fyrir einelti og lenda oft á villigötum vegna þess að þeim er ekki sinnt. Þess vegna vil ég að umræðan leiði til þess að menn sinni þessum hóp betur.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og sérstaklega það að lögð verði áhersla á þá afburðanemendur sem eru þegar í landinu, að þeim beri að sinna betur, án þess þó að það verði gert á kostnað þess sem við erum að gera vel, þ.e. að sinna þeim sem eiga erfitt með nám. Það er mikilvægt að þetta komi fram.

Við höfum sem betur fer ekki lent í því sama og t.d. Þjóðverjar — og getum því verið nokkuð stolt af þessari könnun — sem setja á forsíðu stórtímarita þá spurningu hvort þýskir nemendur séu heimskir. Svo er ekki hér. En við verðum auðvitað að líta til þeirra landa líka sem hafa komið vel út úr þessari könnun, eins og Finnlands, Kanada, Japan og fleiri landa, en einnig til Þýskalands sem fær slíka falleinkunn. Þar eru kannski þau alvarlegu tilfelli á ferðinni að í ljós kemur að útlendingar, sem eru að verða stór hluti samfélagsins, verða eftir í skólakerfinu og greinilegt er að þar er núna verið að leggja mikla áherslu á að auka þýskukunnáttu meðal útlendinga sem búa í þýsku samfélagi. Þetta er hlutur sem ég tel að við, herra forseti, þurfum að huga að líka, að þeir útlendingar, og þeim fer fjölgandi hér, sem eru þátttakendur í samfélagi okkar öðlist góða og mikla íslenskukunnáttu þannig að þeir geti aðlagast samfélaginu á sem bestan hátt.

[15:09]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmönnum um nauðsyn þess að taka mið af slíkum könnunum. Við gerðum það þegar við fengum TIMSS-könnunina sem vakti hér mjög neikvæðar umræður um skólakerfið fyrir nokkrum árum. Tekið var tillit til þeirra ábendinga sem unnt var að lesa út úr þeirri könnun við gerð nýju skólastefnunnar og við útfærslu á námskránum sem nú er verið að hrinda í framkvæmd. Ég tel að það sem við erum að gera í skólakerfinu núna og þegar þær námskrár eru komnar til framkvæmda, þá sé mörgum þeim markmiðum náð sem við sjáum að við þurfum að ná þegar við skoðum þessa könnun sérstaklega. Í þeim námskrám er m.a. gert ráð fyrir sérstökum námsbrautum fyrir þá sem ekki hafa íslensku sem fyrsta tungumál, og að sjálfsögðu er það mikilvægt og verður mikil áskorun fyrir skólakerfið að taka á móti sífellt fleiri nemendum sem ekki hafa íslensku sem fyrsta tungumál.

Við eigum að halda áfram á þeirri braut sem hér hefur verið rædd, að við höldum vel utan um nemendahópinn, við gætum þeirra vel sem eiga undir högg að sækja, ef þannig má að orði komast, eða sýna slakan árangur. En til þess að komast upp í efsta flokkinn verðum við líka að fjölga nemendunum í þeim flokki og það tekst okkur ekki nema við leyfum þeim að njóta sín, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi. Það verður að ganga til þess með opnum huga og opnum augum að ýta undir það að afburða nemendur njóti sín í skólanum. Ég tel að nýju námskrárnar auðveldi þetta með þeirri samfellu sem sköpuð er milli skólastiga og t.d. þeim heimildum sem menn hafa núna til að útskrifast úr grunnskólanum upp úr 9. bekk og taka áfanga í grunnskólanum sem kenndir eru á framhaldsskólastigi o.s.frv. Við erum búin að skapa ný skilyrði fyrir þá nemendur til að njóta sín betur í skólakerfinu og það þarf að hrinda því markvisst í framkvæmd.

Útkallstími björgunarþyrlu og stjórn björgunaraðgerða.

Fsp. GAK, 369. mál. — Þskj. 565.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég taka fram að ég tel að björgunarmenn sem starfa á skipum og þyrlum Landhelgisgæslunnar séu afar færir og vel þjálfaðir starfsmenn sem oft hafa sýnt frábært áræði og dug við erfiðar aðstæður við björgun manna úr sjávarháska.

Af vel heppnuðum björgunaraðgerðum draga björgunarmenn Landhelgisgæslunnar lærdóm. Við, fólkið í landinu, erum glöð og stolt ef vel gengur, en sorgmædd og sár þegar sjómenn farast. Af björgunaraðgerðum sem ekki takast eins og vonir stóðu til verðum við líka að læra. Þess vegna er hér spurt:

„1. Hver er skýringin á því að viðbragðstími við útkalli á TF Líf vegna sjóslyss við Svörtuloft föstudaginn 7. des. sl. var svo langur sem raun bar vitni?“

Í framhaldi af þeirri spurningu mætti spyrja: Af hverju fá björgunarmenn í þyrluáhöfn ekki sérljós sem þeir geta sett á bifreiðar sínar svo að þeir fái öruggan forgang í umferðinni í útkalli að flugvelli? Um það hefur verið beðið. Ég tel að tryggur forgangur í umferðarþunga borgarinnar geti vissulega stytt útkallstíma áhafnar þyrlunnar.

„2. Hvers vegna var varnarliðsþyrla ekki kölluð út samtímis þar sem erfiðar aðstæður til björgunar við þessa strönd eru þekktar, m.a. úr sjóslysum þar sem aðeins var unnt að bjarga mönnum með þyrlu?“

Í framhaldi af því mætti spyrja: Er nú búið að koma þeirri skipan á að ávallt verði varnarliðsþyrlur einnig kallaðar út strax þegar veður og aðstæður eru jafnerfiðar til björgunar og var við Svörtuloft?

„3. Hverjum í stjórnkerfi slysavarna ber að kalla eftir aðstoð varnarliðsins og hvers vegna dróst það í þessu tilviki?“

Fullyrt er að nætursjónaukar hafi við þessar erfiðu aðstæður skipt sköpum. Og spyrja mætti til viðbótar: Hvenær

verða þá nætursjónaukar komnir í þyrlur Landhelgisgæslunnar eða skortir til þess fé? Ef svo er, hefur þá hæstv. dómsmrh. í hyggju að beita sér fyrir fjárveitingu til lausnar á því máli?

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar var óskað eftir upplýsingum frá Landhelgisgæslunni um útkallstíma björgunarþyrlu og svörum að öðru leyti við fyrirspurninni.

Hvað varðar fyrstu spurningu hv. þm. kemur fram í svörum Landhelgisgæslunnar að viðbragðstími TF Líf er gefinn upp ein klukkustund. Meðalútkallstími hefur þó verið um 30 mínútur í alfa-útköllum, en það ræðst nokkuð af veðri og fleiri þáttum. Einnig ræðst viðbragðstíminn af eðli útkallsins, þ.e. hversu langt er verið að fara, hvernig veðrið er á björgunarstað og á leiðinni þangað. Undirbúningur útkallsins getur verið mislangur.

Í útkallinu að Svörtuloftum var veðurhæð það mikil á Reykjavíkurflugvelli að það var á mörkum að unnt væri að setja hreyfla þyrlunnar í gang. Við það þurfti að beita sérstakri aðferð sem gerði það að verkum að lengri tíma tók að koma þyrlunni í loftið en við venjulegar aðstæður. Viðbragðstíminn var 29 mínútur þar til hreyflar þyrlunnar voru farnir að snúast og var hún komin í loftið 38 mínútum eftir útkall.

Landhelgisgæsla Íslands hefur ekki farið þess formlega á leit að bifreiðar sem aka áhöfn björgunarþyrla á flugvöll fái heimild til neyðaraksturs. Málið var hins vegar rætt fyrir nokkrum árum og mönnum þóttu verulegir annmarkar á að veita slíka heimild, m.a. samkvæmt áliti lögreglunnar.

Í gildandi reglum um neyðarakstur frá árinu 1988 er við það miðað að slík heimild sé fyrir ökutæki sem beinlínis eru notuð við löggæslu, björgun og flutning sjúkra. Þó vil ég ekki útiloka að slíkt fyrirkomulag verði skoðað frekar. Við verðum að hafa í huga að mikilvægt er að hafa takmarkaðar heimildir til neyðaraksturs. Hann getur augljóslega skapað hættu í umferðinni.

Önnur spurning hv. þm. var um hvers vegna varnarliðsþyrla hafi ekki verið kölluð út samtímis þar sem þekkt væri að erfiðar aðstæður væru til björgunar við þessa strönd.

Í svörum Landhelgisgæslunnar kemur fram að við björgunaraðgerðir við suðurströndina í mars 1997, þegar áhöfnum á Dísarfelli, Vikartindi og Þorsteini var bjargað, var talið að tæki Landhelgisgæslunnar nægðu og sú var raunin. Við Svörtuloft þótti í fyrstu nægjanlegt að TF Líf færi til björgunar en hálfri klukkustund síðar var til öryggis ákveðið að kalla þyrlu varnarliðsins til aðstoðar. Það hafði þá aldrei komið fyrir að þyrlur Landhelgisgæslunnar hefðu þurft að snúa til baka frá björgunaraðgerðum vegna bilana eins og síðar varð raunin í þessari björgunaraðgerð. Það að kalla á þyrlu varnarliðsins áður en nokkuð benti til þess að TF Líf gæti ekki lokið verkefninu var í raun frábrugðið venju.

Eftir þennan atburð hefur sú regla verið tekin upp í sjóbjörgunarstjórnstöð Landhelgisgæslunnar að kalla einnig á þyrlu varnarliðsins við svipaðar aðstæður. Það skal jafnframt tekið fram að það er einnig háð veðri að koma þyrlum varnarliðsins í loftið. Í þessu tilviki var veðrið á mörkum þess að það væri unnt.

Þriðja spurningin lýtur að því hverjum í stjórnkerfi slysavarna beri að kalla eftir aðstoð varnarliðsins og jafnframt hvers vegna það hefði dregist í þessu tilviki.

Það er sjóbjörgunarstöð Landhelgisgæslunnar sem hefur það hlutverk að kalla eftir aðstoð þyrlusveita varnarliðsins en sem svar við þessari spurningu vísa ég að öðru leyti til þess sem ég hef áður nefnt.

Að lokum er mikilvægt að undirstrika, í tilefni af fyrirspurn hv. þm., að aðstæður voru einstaklega erfiðar. Eins og fram hefur komið var veðurhæð slík að ekki mátti miklu muna að ókleift væri að senda þyrlu til aðstoðar. Landhelgisgæslan hefur farið ítarlega yfir þetta tilvik til að greina hvort betur megi gera í sambærilegum tilvikum. Sú athugun, sem ekki er lokið, hefur þegar leitt til breytinga á verklagi eins og ég nefndi áðan. Þyrlusveit varnarliðsins vann þarna einstakt björgunarafrek eins og menn vita. En bæði Landhelgisgæslan og björgunarlið í landi lögðu sitt af mörkum sem ekki má vanmeta.

Ég vil að lokum þakka hv. þm. fyrir málefnalega umræðu. Við erum vitaskuld sammála um að tryggja verði öryggi sjómanna eins og kostur er. Landhelgisgæslan hefur unnið stórvirki á sviði björgunar og það er mikilvægt að við alþingismenn sýnum þann stuðning sem hún verðskuldar.

[15:19]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er gott til þess að vita að menn hafi þegar lært af reynslunni. Nú hefur verið ákveðið að kalla einnig á þyrlu varnarliðsins þegar eins háttar til og við þessar erfiðu aðstæður við Snæfellsnes fyrir jólin.

Það er ljóst, herra forseti, að ef við alþingismenn eigum að gera eins vel við Landhelgisgæsluna og mér fannst hæstv. dómsmrh. óska eftir hér áðan þá þurfum við að horfa til þess að stofnunin býr við mikla fjárvöntun. Samkvæmt stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar hefur komið í ljós að stofnunina vantar 48 millj. kr. til að geta haldið uppi reglulegum rekstri og 80 millj. kr. á ári sé miðað við reglulegar tekjur hennar.

Herra forseti. Hér er því augljóslega við mikinn fjárhagsvanda að etja sem Alþingi hlýtur að verða að takast á við af meiri myndarskap en verið hefur. Okkur ætti að vera það ljósara en mörgum öðrum hversu mikilvægt er að Landhelgisgæslan sé undir öllum kringumstæðum það vel útbúin að hún geti tekist á við sjóslys og slys á landi. Eins og menn heyra og verða varir við er ekki síður kallað eftir björgunarþyrlum vegna slysa á landi.

[15:21]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar er hið hörmulega sjóslys sem varð við Snæfellsnes í byrjun desember sl. Í því tilfelli kom í ljós að þyrla var eina björgunartækið sem gat bjargað skipbrotsmönnum við þær aðstæður.

Eftir þessa atburði leituðu á mig spurningar sem hæstv. dómsmrh. hefur reyndar svarað: Af hverju var ekki þegar í stað kallað eftir liðsauka frá þyrlu varnarliðsins við þær aðstæður sem þarna voru? Þær voru raunar eins vondar og þær geta verið. Í því sambandi er ekki síst um að ræða öryggi þyrlu Landhelgisgæslunnar og áhafnar hennar og auðvitað hefði liðsauki varnarliðsins getað aukið möguleika á björgun þeirra sem þarna lentu í sjávarháska.

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin sem hér komu fram sem lúta að því að Landhelgisgæslan og varnarliðið hafa átt viðræður um breytt samskipti hvað þetta varðar. Við megum eiga von á að í framtíðinni muni

Landhelgisgæslan kalla eftir liðsauka varnarliðsins þegar aðstæður verða eins og hér um ræðir, sem við vonum auðvitað að verði aldrei.

Við búum í þessu landi við erfiðar aðstæður og öryggi sjómanna er auðvitað það sem skiptir okkur öll máli. Því fagna ég því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í kjölfar þessa slyss er ljóst hve þyrlur eru mikilvæg björgunartæki. Þess vegna langar mig að víkja að því ástandi sem ríkt hefur nú á annan mánuð í þyrlumálum Landhelgisgæslunnar, en aðeins tveir af þremur þyrluflugmönnum á þyrlu Landhelgisgæslunnar geta starfað vegna þeirrar dæmalausu uppákomu er eina fluglækni landsins var vikið úr starfi vegna þess að hann neitaði að skrifa vottorð eftir fyrirmælum samgrh. Því er enginn hér á landi til að staðfesta réttindi þriðja flugmannsins og því ekki hægt að nota báðar þyrlur Gæslunnar samtímis.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað hyggst hann gera í því alvarlega ástandi? Þó komið hafi fram í fréttum að ekki hafi skapast hættuástand þá getur það skapast. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað hyggst hann gera þannig að öryggismál og slysavarnir verði í viðunandi ástandi, bæði í þyrlumálum og einnig í umferðarmálum í Reykjavík, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda?

[15:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og hæstv. dómsmrh. fyrir það sem hér hefur komið fram.

Í annan stað vildi ég segja að ég kynnti mér hvernig að málum er staðið af hálfu varnarliðsins á Keflvíkurflugvelli vegna útkalls eins og hér um ræðir. Ljóst er að þeir þurfa tvo tíma frá því kall kemur þangað til þeir eru tilbúnir að fara í loftið. Kemur þar margt til, m.a. að þeir hafa ekki þá staðþekkingu sem okkar flugmenn hjá Landhelgisgæslunni hafa. Auk þessa, eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh., var veður með eindæmum á þeim tíma er þetta alvarlega slys varð við Svörtuloft. Það var á mörkum þess að hægt væri að opna dyr flugskýlisins þar sem þyrlan var geymd. Það hafðist þó. En undantekningarlaust þurfa þeir tvo tíma til að undirbúa sig. Þeir setjast niður, fara yfir leiðina sem á að fljúga, aðstæður o.s.frv. Þeir vinna mjög vel og faglega og það gerir Landhelgisgæslan líka.

Þetta er björgunarafrek og lofsvert hvernig varnarliðið stóð að því. Ég tel óskynsamlegt og ekki eðli málsins samkvæmt að draga inn í þetta mál önnur deilumál sem koma þessu máli ekki beint við. Við hljótum hins vegar að fagna því að liðsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli eru ætíð tilbúnir ef á þarf að halda.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin sem hún gaf mér og þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu.

Ég vil leggja áherslu á að ég tel að það þurfi að taka spurninguna um neyðarakstur til alvarlegrar skoðunar. Hvort þeir menn sem eru kallaðir út til þess að mæta í flug á þyrlu — sem er bæði sjúkrabíll til sjós og lands, eins og það hefur stundum verið orðað — þurfi ekki sérstakan forgang í akstri á götum borgarinnar til að komast leiðar sinnar. Ég held að það geti skipt þó nokkrum mínútum í sumum tilvikum, sérstaklega á álagstímum í umferð borgarinnar en eins og menn þekkja getur hún verið æðihægfara á stundum. Ég vildi beina því til dómsmrh. að það mál væri skoðað alveg sérstaklega.

Ég fagna því að það fyrirkomulag skuli hafa verið tekið upp að kalla strax út þyrlu varnarliðsins þegar aðstæður eru erfiðar. Það er ánægjulegt að slíkt fyrirkomulag skuli vera komið á. Það ber auðvitað að þakka varnarliðsmönnunum sérstaklega fyrir þeirra þátt í þessu máli og fyrir hið frækilega björgunarafrek.

Það er ævinlega erfitt að ræða mál sem tengjast slysum. Af þeim verðum við hins vegar að læra og ræða um þau, einnig um það alvarlega tilefni sem hér um ræðir.

[15:27]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendingar þeirra. Það er auðvitað rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að við verðum að vera í stakk búin til að ræða um þessa sorglegu atburði, þessi slys sem verða bæði á sjó og á landi. Við verðum auðvitað að halda vöku okkar og gera okkar besta með samstilltu átaki.

Hv. þm. minntist einnig í fyrirspurn sinni á nætursjónauka. Það mál er í skoðun. Reyndar hafa verið nokkuð skiptar skoðanir á því að hvaða gagni þeir komi og við hvers konar aðstæður. En þetta dæmi sýndi hins vegar greinilega að nætursjónauki getur komi að miklu gagni. Sjómannaskólinn í Reykjavík hefur þegar lagt til 13 millj. í kaupin og ég hef lofað 7 millj. þannig að við erum þá komin í 20 millj. af hugsanlegum kostnaði upp á 30 millj. Þannig er að þessir sjónaukar kosta í sjálfu sér ekki mikið heldur er þetta spurning um þjálfun á áhöfn sem þarf að sækja til útlanda. Þetta er spurning um sérstakan tækjabúnað, innréttingu í þyrluna o.s.frv. Þetta er því fremur viðamikið mál. En ég vona svo sannarlega að við sjáum það komast til framkvæmda fljótlega.

Varðandi þessar bifreiðar þá útiloka ég ekki að hægt sé að taka upp neyðarakstur. Ég vil þó benda á að það getur verið svolítið hættulegt og við verðum líka að hafa í huga að þar eru einkabílar í notkun.

Það er rétt hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að það þarf að fara yfir fjárhagsstöðu Landhelgisgæslunnar. Ég hef í hyggju að skipa sérstakan starfshóp til að fara yfir þau mál með aðild dómsmrn. og fjmrn., Landhelgisgæslunnar og jafnvel fleiri aðila. Það er ljóst að Landhelgisgæslan sér um ýmsa þjónustu, t.d. sjúkraflug. Það er spurning hvort athuga eigi með einhverjar greiðslur fyrir slíka þjónustu. Þetta er auðvitað vandmeðfarið en ég er alveg sammála því að skoða þurfi þetta sérstaklega, m.a. með hliðsjón af skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Öryggismál, slysamál og slysavarnir eru almennt í góðu horfi hér á landi en auðvitað verðum við alltaf að halda vöku okkar og athuga hvað við getum gert til að gera betur í þeim efnum.

Fundi slitið kl. 15:31.

60. FUNDUR

fimmtudaginn 24. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Staða og þróun löggæslu, beiðni um skýrslu, 392. mál, þskj. 649. *Hvort leyfð skuli.*
2. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 288, nál. 548 og 568, brtt. 549. — 2. umr.
3. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347. — Frh. 1. umr.
4. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 625. — 1. umr.
5. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 639. — 1. umr.
6. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, stjfrv., 387. mál, þskj. 641. — 1. umr.
7. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 312. mál, þskj. 388. — 1. umr.
8. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391. — 1. umr.
9. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392. — 1. umr.
10. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468. — 1. umr.
11. Endurskoðendur, stjfrv., 370. mál, þskj. 566. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Hækkun vaxta af lánum Íbúðalánasjóðs, 353. mál, svar félmrh., þskj. 642.

Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, 404. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 661.

Truflanir á fjarskiptum vegna raflína, 263. mál, svar samgrh., þskj. 644.

Umræður utan dagskrár.

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu og þjónusta Ríkisútvarpsins.

[10:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um heimsmeistaramótið í knattspyrnu og þjónustu Ríkisútvarpsins. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller. Hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Núv. hæstv. menntmrh. hefur verið æðsti yfirmaður ríkissjónvarpsins sl. 7 ár. Á þessum árum, og alveg sérstaklega þeim síðustu, hefur fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins stórversnað. Ráðherrann hefur haldið Ríkisútvarpinu í fjársvelti. Hann hefur ekki heimilað stofnuninni að hækka afnotagjöld í takt við verðlagsbreytingar á liðnum árum og ekki einu sinni í takt við hækkun afnotagjalda hjá öðrum ljósvakamiðlum. Ríkisútvarpið hefur þannig verið í nokkurs konar herkví Sjálfstfl. öll þessi ár.

Herra forseti. Ríflega helmingi heildartekna RÚV er varið til dagskrárgerðar. Um 40% af heildartekjum Ríkisútvarpsins fara því í annað en dagskrárgerð. Benda má á að áætlað er að um 105 millj. kr. fari í hlutdeild Ríkisútvarpsins upp á 25% í rekstrarkostnaði Sinfóníuhjómsveitarinnar. Hvers vegna skyldi stofnuninni vera gert að taka aftur þátt í rekstri þessarar hljómsveitar í stað þess að stofnunin og aðrir sem áhuga hafa geti samið við hana um útsendingar á hljómleikum á eðlilegum rekstrarforsendum?

Fyrir um tveimur árum var samið við Ríkisútvarpið um greiðslu á áföllnum lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna hennar og var skuldabréf gefið út af því tilefni sem nam um 2,5 milljörðum kr. Í fyrra hófust einmitt greiðslur af þessu láni og er talið að rúmar 200 millj. kr. fari úr rekstri Ríkisútvarpsins vegna þessa á árinu. Forustumenn Ríkisútvarpsins hafa lýst þeirri skoðun sinni að greiðslur vegna eldri lífeyrisskuldbindinga séu óeðlilegur baggi á starfsemi fyrirtækisins og umtalsverður þáttur í versnandi fjárhagsstöðu þess.

Ég tek undir það með forustumönnum Ríkisútvarpsins að ríkisvaldinu beri að taka á þessum þætti sérstaklega. Gengishrun krónunnar á síðasta ári lék rekstur Ríkisútvarpsins mjög illa sem og margvíslegar innlendar kostnaðarhækkanir, og vega launahækkanir þar þyngst. Reyndar sér ekki fyrir endann á þessum hækkunum enn.

Herra forseti. Mitt í þessum fjárhagsþrengingum Ríkisútvarpsins berast þau boð frá útvarpsráði að stofnuninni sé nauðugur einn kostur að fara út í stórfelldan niðurskurð á dagskrárgerð, sem og annarri þjónustu RÚV. Þannig fyrirhugar Ríkisútvarpið að fækka og fella niður beinar útsendingar frá heimsfrægum íþróttaviðburðum eins og vetrarólympíuleikunum í Salt Lake City sem hefjast í febrúar nk. þar sem sex Íslendingar keppa og frá sjálfri heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu, vinsælustu íþróttakeppni nánast um allan heim, sem haldin verður í Suður-Kóreu og Japan á sumri komandi. Eftir að þessi tíðindi spurðust út má með sanni segja að allt hafi orðið vitlaust hjá íþróttaáhugamönnum um allt land. Hinn stóri og fjölmenni áhugahópur um knattspyrnu vill fá sína heimsmeistarakeppni í knattspyrnu sýnda í ríkissjónvarpinu eins og verið hefur undanfarna áratugi.

Ég er einn af þeim sem óttast að verði sjónvarpinu ekki gert kleift að sýna frá þessum heimsviðburðum sé það alvarlegasta aðför að rekstri Ríkisútvarpsins í langan tíma og þar með vegið að réttlætingu á lögbundinni áskrift að ljósvakamiðli í eigu almennings. Sjálfstfl. með hæstv. menntmrh., sem jafnframt er ráðherra íþróttamála, í broddi fylkingar ber þá einn ábyrgð á þessari verstu aðför að íþróttamenningarlegri dagskrá ríkissjónvarpsins.

Það er mikið áhyggjuefni íþróttaáhugafólks ef þrjár vinsælustu grunnstoðir síðustu ára og áratuga í starfsemi íþróttadeildar sjónvarpsins, þ.e. Ólympíuleikarnir, heimsmeistaramótið í knattspyrnu og knattspyrnuleikir íslenska landsliðsins, og reyndar Íslandsmótið líka, hverfa alveg út úr íþróttadagskránni. Miðað við fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins

er útilokað að þessir mikilvægu þættir rúmist innan fjárhagsramma íþróttadeildar.

Herra forseti. Ég minntist í upphafi máls míns á 105 millj. kr. skyldugreiðslu Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þessi greiðsla sem er lögbundin 25% þátttaka Ríkisútvarpsins í rekstri hennar er að mínu mati óeðlileg og ósanngjörn og er arfur hins liðna og ekki í takt við nútímafjármálasamskipti og hvað þá eðlilega viðskiptahætti tveggja sjálfstæðra stofnana. Ég mun því á næstu dögum leggja fram frv. til laga um breytingu á 3. gr. laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem lagt er til að rekstrarþátttaka Ríkisútvarpsins verði felld niður en Sinfóníuhljómsveitinni verði árlega tryggðar samsvarandi tekjur á fjárlögum.

Herra forseti. Ég vil í lokin leggja eftirfarandi spurningu fyrir hæstv. menntmrh., ráðherra íþróttamála:

Ætlar menntmrh., æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins, að tryggja að fjárhagslegar forsendur verði skapaðar fyrir því að sjónvarpið geti á komandi sumri sýnt frá heimsmeistarakeppni í knattspyrnu, stærsta og vinsælasta alþjóðlega íþróttafréttaviðburði ársins?

[10:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fjármál Ríkisútvarpsins hafa verið hér til umræðu. Þau voru til umræðu við afgreiðslu fjárlaga, og á mínum vegum var unnin skýrsla um fjárhag í rekstri Ríkisútvarpsins sem var kynnt fyrir þingmönnum. Mönnum var ljóst hvernig fjárhag Ríkisútvarpsins er háttað og ekkert nýtt í því í sjálfu sér sem kom fram í máli hv. þm.

Það sem ég hef gert á undanförnu rúmu ári er að heimila Ríkisútvarpinu að hækka afnotagjöld sín um 14% í tveimur áföngum og þar með hefur fjárhagslegt svigrúm stofnunarinnar verið bætt. Á þessu ári er gert ráð fyrir að stofnunin hafi 2,8–3 milljarða kr. í tekjur og til ráðstöfunar í starfsemi sinni.

Ég hef margoft lýst því yfir í umræðum á þingi um málefni Ríkisútvarpsins á undanförnum árum að ég skipti mér ekki af einstökum dagskrárliðum Ríkisútvarpsins, hvorki íþróttum, fréttum né öðrum þáttum sem Ríkisútvarpið ákveður að sýna eða sinna sérstaklega. Það er verkefni starfsmanna Ríkisútvarpsins að forgangsraða innan þess og ákvarða hvernig ráðstöfunarfé er nýtt. Einnig veit ég að útvarpsráð hefur fjallað sérstaklega um heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu, og eftir því sem ég kemst næst hefur ráðið ekki lokið þeirri umfjöllun. Það er ekki aðeins hér á landi heldur víða um lönd sem menn standa frammi fyrir breyttum aðstæðum varðandi þá samninga sem útvarpsstöðvar þurfa að gera um kaup á þessu dagskrárefni sem hv. þm. vakti máls á. Það er fyrirtæki í Þýskalandi sem á sýningarréttinn og mönnum finnst víðar en hér að mjög hátt verð hafi verið sett upp fyrir þennan rétt og að óaðgengilegt sé fyrir sjónvarpsstöðvar að ganga að þessum samningum sem fyrirtækið vill gera. Ég lít þannig á að þessum samningum sé ekki lokið af Íslands hálfu, það hefur ekki verið bundinn endi á samningaviðræðurnar og það er svo um fleiri lönd að menn eru enn að semja við þennan aðila um sín mál og átta sig á því hvort unnt verði að ná viðunandi samkomulagi. Útvarpsstöðvarnar standa frammi fyrir erfiðu viðfangsefni víðar en hér. Það er því ekki bundið við Ísland, og þess vegna ekki hægt að lýsa því sérstaklega yfir að fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins valdi þessu hér á landi frekar en í öðrum löndum nema hv. þm. hafi vitneskju um það að almennt hafi verið illa staðið að því að heimila ríkisstöðvum víðar en hér að hækka afnotagjöld sín eða gera aðrar ráðstafanir varðandi fjármál. Þetta mál er ekki þannig vaxið að einvörðungu sé um innlent viðfangsefni að ræða heldur er þetta alþjóðlegt viðfangsefni sem stöðvar eru að glíma við.

Ég teldi skynsamlegt fyrir þær stöðvar sem standa að sjónvarpsrekstri hér á landi að þær tækju höndum saman og reyndu sameiginlega að ná samningum við söluaðila efnisins eins og gert hefur verið víða annars staðar. Það er hægt að fara yfir það og lýsa hvernig sú þróun hefur verið. Þetta er viðfangsefni sem á að leysa eins og það hefur verið sett upp, á viðskiptalegum forsendum, og um það þarf að ná samkomulagi. Ég hef þær upplýsingar að menn séu enn að leita leiða hér á landi til að ná þessum samningum. Hvort það tekst eða ekki ætla ég ekki að fullyrða neitt um.

Varðandi fjármál Ríkisútvarpsins að öðru leyti og sérstaklega sem hv. þm. nefndi, Sinfóníuhljómsveit Íslands og lífeyrisskuldbindingar, er ljóst að afnotagjöldin hafa hingað til verið miðuð við að Ríkisútvarpið stæði undir kostnaði með þessum hætti við rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar. En þetta er eitt af þeim málum sem sjálfsagt er að skoða, fara yfir og fjalla um í framhaldi af þeirri skýrslu sem var unnin. Jafnframt tel ég að líta eigi á lífeyrisskuldbindingarnar. Ég hef lagt það til, og oftar en einu sinni í þessum sal, að afnotagjaldakerfið yrði afnumið og það kerfi tekið upp að Ríkisútvarpið yrði á fjárlögum ríkisins. Þar með yrði tekin um það ákvörðun hér á þessum stað við afgreiðslu fjárlaga hvaða fjármunir rynnu til Sinfóníuhljómsveitarinnar og hvaða fjármunir til Ríkisútvarpsins og hvernig staðið yrði að þessum lífeyrisskuldbindingum sem á Ríkisútvarpinu hvíla. Ég tel að þessi tillaga, sem ég hef oftar en einu sinni hreyft hér og tel tengjast endurbótum á Ríkisútvarpinu almennt, komi til með að leysa til frambúðar þetta sem hv. þm. nefndi.

[10:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið að það sé rétt og eðlilegt að Ríkisútvarpið leitist við að tryggja útsendingar á vinsælum íþróttaviðburðum eins og Ólympíuleikum og heimsmeistarakeppni í vinsælum íþróttagreinum eins og knattspyrnu. Ég minni á að það er rætt um þessi mál í nýsettum útvarpslögum þar sem sett eru ákvæði sem eru til þess ætluð að leitast við að tryggja möguleika á útsendingu af þessu tagi. Þau ákvæði eiga uppruna sinn í samþykktum Evrópusambandsins og ég vísa mönnum á þau lög og umræður um það mál til glöggvunar í þessu efni og til áréttingar á að það þyki eðlilegt og viðurkennt viðhorf að aðgengi almennings að vinsælum atburðum eins og íþróttaatburðum sé tryggt. Meðal annars hefur komið til tals að þetta ákvæði ætti að tryggja útsendingu á landsleikjum viðkomandi þjóðar en þó er ekki víst að það gangi svo langt að tryggja slíkt.

Ég tek þó einnig undir með hæstv. menntmrh. um að menn verði líka að líta á það að hér er að hluta til um viðskiptalegt mál að ræða þar sem útsendingarréttur gengur kaupum og sölum. Það er ekki hægt að gefa út fyrir fram yfirlýsingar um að menn gangi að öllum kröfum og skilmálum þeirra aðila sem hafa þann rétt undir höndum því að setja verður skorður við því að þeir geti knúið fram verð að eigin vali.

Ég vil, herra forseti, hvetja hæstv. ráðherra til að huga áfram að þessu máli og nýta til þess ákvæði í útvarpslögum sem sett voru í fyrra að frumkvæði hæstv. menntmrh.

[10:44]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fjárhagsvandræði Ríkisútvarpsins eru enn einu sinni komin í brennidepil á Alþingi, nú vegna erfiðleika íþróttadeildar sjónvarpsins sem að öllum líkindum hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að kaupa útsendingarréttinn frá heimsmeistarakeppninni í fótbolta. Menntmrh. er kallaður til ábyrgðar og það verður að viðurkennast að hér er fullt tilefni til að sameinast um það að finna leiðir til að gera Ríkisútvarpinu kleift að standa vörð um menningarlegt hlutverk sitt og sinna því af reisn. Hluti af menningarlegu hlutverki Ríkisútvarpsins er að sjónvarpa frá þýðingarmiklum íþróttaviðburðum á borð við þann sem hér er til umfjöllunar. Það þarf að gera Ríkisútvarpinu kleift að standa undir sinni lögbundnu skyldu, að sinna menningarhlutverki, og samkvæmt því sem Alþingi hefur ákveðið er hluti þess hlutverks bundinn í því að Ríkisútvarpið taki þátt í rekstri sinfóníuhljómsveitar.

En hvað er það sem við stöndum hér frammi fyrir varðandi heimsmeistaramótið í knattspyrnu? Við skulum aðeins líta á kröfurnar og þróunina sem orðið hefur í greiðslum fyrir útsendingu á þýðingarmiklum íþróttaviðburðum upp á síðkastið. Á síðustu 10 árum hefur 35-faldast sú upphæð sem farið er fram á fyrir útsendingu af svona viðburðum. Hvernig stendur á því að tilteknir viðburðir geta bara lifað sjálfstæðu lífi og aukið verðgildi sitt umfram það sem verðþróun í innkaupum á sjónvarpsefni segir til um? Hver er það sem leggur línurnar hér og hverjir hagnast?

Ég get satt að segja ekki varist þeirri hugsun, herra forseti, að hér hafi græðginni verið hleypt svo um munar að borðinu og óprúttnum viðskiptaöflum hafi verið gert það kleift að beita þvingunaraðgerðum til að hagnast ótæpilega því að það þarf enginn að segja manni að tilkostnaður við útsendingar á íþróttakappleikjum hafi 35-faldast á 10 árum.

Nei, herra forseti. Þessi umræða gefur tilefni til þess að við skilgreinum menningarhlutverk Ríkisútvarpsins og búum í framhaldi af því svo um hnútana að stofnunin geti með reisn staðið undir því hlutverki sínu.

[10:46]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. tilkynnti að fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins hefði verið bætt með hækkun afnotagjalda. Það var að vísu gert seint og illa og nægir ekki til að halda uppi þeim rekstri sem nauðsynlegur er á þessu menningartæki.

Hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að hann skipti sér ekki af einstökum liðum í dagskrá eða rekstri Ríkisútvarpsins. Það er alkunna og vita allir sem vilja vita — sem mér dettur í hug að hv. þm. Mörður Árnason geti borið vitni um — að ríkisstjórnin, sér í lagi hæstv. menntmrh. og forsrh., hafa sérstakan kommissar á gafli inni í Ríkisútvarpinu til þess að fylgjast með rekstri þess. Það má lesa af starfsemi Ríkisútvarpsins, t.d. hvernig það kemur til skjalanna vegna framboða til borgarstjórnar í Reykjavík.

Ríkisútvarpið og sjónvarpið eru í pólitískum herfjötrum hæstv. ríkisstjórnar. En hæstv. menntmrh. er meira en aðeins æðsti yfirmaður ríkisfjölmiðlanna. Hann er nefnilega líka æðsti yfirmaður íþróttamála í landinu. Það verður fróðlegt að fylgjast með því á vordögum, ef svo fer fram um framboðsmál í Reykjavík sem lítur út fyrir, að heyra hvernig hann svarar um málið íþróttafólki í Reykjavík.

[10:48]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. menntmrh. er að öllum líkindum á förum úr embætti sínu. Hans verður ekki saknað meðal áhorfenda, hlustenda og starfsmanna Ríkisútvarpsins. Hann sagði sjálfur að Ríkisútvarpið væri í tilvistarkreppu fyrir þremur árum. Ég hygg að það sé rétt. Rótin að tilvistarkreppu þess liggur hjá hæstv. menntmrh. sjálfum. Sú kreppa er sprottin af skorti á forustu sem hann á að hafa fyrir þessari stofnun, skorti á stefnumótun sem hann á að annast og skorti á fjárhagslegum umbúnaði.

Síðustu fréttir af halla ársins 2001 eru að hann sé yfir 300 millj. kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir halla upp á 147 millj. á þessu ári og eru kurl auðvitað ekki komin til grafar. Eigið fé frá 1995, árið sem hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason tók við ráðherradómi, hefur lækkað um fjórðung, eiginfjárhlutfallið farið úr 35 í 20%.

Afnotagjöld hafa ekki hækkað til samræmis við verðlag. Ráðherra hefur heimtað hagræðingu og henni verið hrint í framkvæmd. Hann hefur enn fremur att Ríkisútvarpinu út á markað auglýsinga og kostunar. Þar hefur Ríkisútvarpið staðið sig vel en ræður ekki við það er hið fræga góðæri fellur og þess vegna lækka tekjur þess verulega án þess að annað komi á móti.

Menn eru, í sambandi við heimsmeistarakeppnina, að tala um á milli 15 og 25 millj. kr., mismunandi eftir því hvernig samningar nást og hvernig ástandið verður á vordögum hjá þýska fyrirtækinu Prisma, hjá Ríkisútvarpinu og hugsanlega Sýn. Minna má á, af því að hæstv. ráðherra slær af sér allri ábyrgð, að hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason flutti hér sjálfur frv. um niðurlagningu Menningarsjóðs útvarpsstöðva sem, samkvæmt skýrslu nefndar sem hann bjó sjálfur til og skilaði af sér í nóvember á síðasta ári, jók álögur á Ríkisútvarpið sem nemur 26 millj. kr. Ef hæstv. menntmrh. hefði í kjölfar þess frv. gert ráðstafanir til að bæta Ríkisútvarpinu þennan tekjumissi, þ.e. þennan gjaldaauka sem rennur til Sinfóníuhljómsveitarinnar, þá værum við kannski ekki að tala um þetta mál í dag.

[10:50]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir hinu háa Alþingi þá er það að mínu mati ekki vettvangurinn til að ræða hugsanlegar breytingar á dagskrá Ríkisútvarpsins. Miklu fremur hefði ég viljað taka hér þátt í umræðu um framtíðarskipan og hlutverk Ríkisútvarpsins. Á að breyta því í hlutafélag, sameignarfélag, setja það á fjárlög og afnema afnotagjöldin? Útvarpsráð á ekki, frekar en Alþingi, að hringla með dagskrána. Hlutverk þess er stefnumótun fyrirtækisins og rekstur þess.

Mín skoðun er sú að núverandi fyrirkomulag ógni tilveru stofnunarinnar og hún geti ekki, ef fram heldur sem horfir, sinnt þeim kröfum sem gerðar eru til hennar af hálfu þjóðarinnar. Líklegasta leiðin til að koma til móts við þessar kröfur er að stokka upp í stjórnkerfi stofnunarinnar og breyta því í hlutafélag svo að Ríkisútvarpið fái að blómstra áfram á nýrri öld.

Fleiri leiðir er að sjálfsögðu einnig rétt að skoða með það að markmiði að þær styrki Ríkisútvarpið. Til að breyta stöðnuðu kerfi RÚV þarf á hinn bóginn víðtækan pólitískan vilja en ekki gamla, lúna frasa um að þeir sem vilji breytingar á Ríkisútvarpinu hafi horn í síðu þess. Það er lítil birta yfir slíkum málflutningi á þessum vettvangi sem öðrum.

Vegna hins gamla úr sér gengna fyrirkomulags erum við að ræða um hvort Ríkisútvarpið eigi að senda út heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu sem fer fram í Suður-Kóreu og Japan í sumar. Flestir Íslendingar hafa skoðun á þessu þótt þær skoðanir kunni að vera mismunandi. Sjálf var ég grautfúl yfir því, herra forseti, að sá möguleiki væri fyrir hendi að við fengjum ekki að njóta þessa mikla menningarlega viðburðar sem heimsmeistarakeppnin í fótbolta er. Þetta er eitt allra skemmtilegasta sjónvarpsefni sem maður kemst í tæri við. Það er ósköp eðlilegt að menn spyrji af hverju Ríkisútvarpið sýni ekki keppnina þar sem um skylduáskrift að miðlinum er að ræða. Á hinn bóginn geta gildar ástæður verið fyrir því að sýna ekki fótboltann sem við verðum einfaldlega að kyngja, en þær eru fjárhagslegar. Þó vonast ég til að Ríkisútvarpið og ágætir starfsmenn þess nái að leysa þetta mál á sem farsælastan hátt og þá hugsanlega í samstarfi við önnur fyrirtæki. Gangi það ekki upp þá er það ósk mín og von að aðrir stórir aðilar á sjónvarpsmarkaðnum nái að sinna þessari frábæru fótboltakeppni og gerist um leið bjargvættir íslenskra íþróttaunnenda.

[10:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Sjálfstfl. hefur haft með stjórn Ríkisútvarpsins að gera sl. 12 ár. Niðurstaðan er þessi sem hv. síðasti ræðumaður lýsti svo vel, þ.e. þetta sjónvarp er í herkví. Það er merkilegt að nú þegar hæstv. menntmrh. er að kveðja og gerast forustumaður minni hluta borgarstjórnar skuli hann skilja við stofnunina eins og hér um ræðir.

Hann hefur talað um áform sín um að leggja af óvinsælt afnotakerfi. Það hefur ekki gerst. Hann hefur talað um mikilvægi þess að styrkja svæðisútvarp á landinu. Þar hefur ekkert gerst. Núna síðast datt honum í hug að gera það með því að leggja niður Rás 2. Hann hefur talað um það að efla fjármál Ríkisútvarpsins. Þar hefur ekki gerst. Niðurstaðan er sú, eins og við blasir, að Ríkisútvarpið hefur ekki bolmagn til að afla fjármuna til að sýna heimssögulega viðburði á borð við heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu.

Hæstv. ráðherra kemur hér og segist ekki skipta sér af einstökum dagskrárliðum. Það er enginn að biðja hann um það. Það er hins vegar verið að biðja hann að fara fram á það og krefjast þess að hann komi málum þannig fyrir í fjármálalegu tilliti að þessi stofnun geti sýnt 120 klst. af einu vinsælasta sjónvarpsefni sem sögur fara af sem kostar 15 millj. kr.

Ég spyr líka, hæstv. forseti: Er þess að vænta og trúa menn því hér í þessum sal að mörg lönd í Evrópu sýni ekki frá þessari keppni? Nefni menn mér eitt land. Það verður hins vegar heimsfrétt ef Ísland hefur ekki efni á að sýna þetta alvinsælasta sjónvarpsefni, þennan heimssögulega viðburð, í beinni útsendingu. Það verður merkilegur bautasteinn sem hæstv. menntmrh. tekur með sér úr þessum sal í minni hluta borgarstjórnar Reykjavíkur. Ég óska honum til hamingju með það.

[10:55]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það að í raun er sorglegt að þurfa að tala um einstök dagskrármál Ríkisútvarpsins hér á hinu háa Alþingi. Auðvitað er það afleiðing af því að ríkisstjórnin hefur staðið illa að rekstri Ríkisútvarpsins undanfarin ár. Ég held að öllum sé það ljóst. Ég held að við séum öll sammála um að það sé nauðsynlegt að allir landsmenn geti fylgst með heimsviðburðum. Það gildir um heimsmeistaramót í knattspyrnu auðvitað ásamt mörgu öðru. Það á að vera hlutverk Ríkisútvarpsins að þjóna landsmönnum með beinar útsendingar af þessu tagi og til þess þarf að standa við bakið á þessari stofnun.

Kostnaðarauki við beinar útsendingar hefur margfaldast, ekki einungis á þessu sviði. Kostnaðurinn hefur tekið stökk frá árinu 1998 og þar af leiðandi er ljóst að einkastöðvar hafa ekki bolmagn til að sjá um útsendingar af þessu tagi. Hæstv. menntmrh. kom inn á að það mætti hugsa sér samvinnu milli stöðva. Sú samvinna hefur verið reynd og hefur gefist illa, að því er ég best veit. Við ætlumst til þess að Ríkisútvarpið geti innt þessa þjónustu af hendi við alla landsmenn.

Ríkisútvarpið er í fjársvelti, afnotagjöld hafa ekki fylgt verðlagsbreytingum og mikill kostnaðarauki er við dagskrárgerð af öllu tagi.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt megináherslu á það á undanförnum árum, gert um það tillögur í tengslum við fjárlög, að auka framlög til Ríkisútvarpsins til að styrkja það. Nú er í tísku hjá hæstv. ríkisstjórn að veita ráðherrum ríkisstjórnarinnar svokallaða potta til að auka veldi þeirra. Ég vildi spyrja hæstv. menntmrh. varðandi þessa umræðu hér hvort þetta pottakerfi stjórnarliða geti ekki gagnast í þessu samhengi, til þess að leysa bráðavanda. En auðvitað þarf að leysa vanda Ríkisútvarpsins á heildstæðan hátt sem allra fyrst.

[10:57]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. menntmrh. fyrir innlegg hans í þessa umræðu og þeim þingmönnum sem hér hafa komið fram og rætt þetta mál, þ.e. annars vegar um rekstrarvanda Ríkisútvarpsins og hins vegar afleiðingar hans, m.a. að Ríkisútvarpið sjái sér ekki fært að sýna frá íþróttaviðburðum eins og Ólympíuleikum og heimsmeistaramóti í knattspyrnu.

Mér finnst að í þessari umræðu hafi hæstv. menntmrh. fengið það veganesti, áður en hann víkur úr þeim stól, að hægt sé að taka á þessum fjárhagsvanda og taka á þessum bráðavanda þannig að Ríkisútvarpið neyðist ekki til að láta þessa heimsviðburði í íþróttunum fram hjá sér fara. Það er grundvallaratriði. Hér er greinilega víðtækur stuðningur frá fulltrúum allra flokka á Alþingi.

Það var líka mjög athyglisvert að hlusta á ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar, fyrrv. menntmrh., fyrrverandi æðsta yfirmanns ríkissjónvarpsins, um hvernig menntamálaráðherrar hafi haft áhrif og beitt mönnum sínum til að hafa áhrif á hvað er sýnt og ekki sýnt. Það var mjög athyglisvert.

Aðalatriðið er, herra forseti, að það eru til leiðir til að bregðast við þessu núna. Ég hef bent á leið, þ.e. að breyta kostnaðarþátttöku Ríkisútvarpsins í Sinfóníuhljómsveitinni. Það mætti hugsa sér að gera það á tveimur til þremur árum. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann vilji beita sér fyrir því nú á lokadögum að þetta verði gert. Þannig gæti skapast svigrúm til að fjármagna sýningu slíkra heimsíþróttaviðburða.

Það má líka benda á afnotagjaldakerfið, sem hér var rætt um, t.d. hvað það kostar. Gera menn sér grein fyrir því að bara innheimtan á afnotagjöldunum kostar 60–70 millj. kr? Það eru tvær, þrjár, fjórar heimsmeistarakeppnir, ef maður notar þá samlíkingu.

Herra forseti. Ég skil það þannig að á hinu háa Alþingi, hjá fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem hér eiga sæti, sé víðtækur stuðningur við að þessir heimsíþróttaviðburðir verði

teknir á dagskrá hjá ríkissjónvarpinu. Ég hvet hæstv. menntmrh. til að beita sér og sínum mönnum fyrir því að það megi takast.

[11:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Aðeins út af því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi varðandi Evrópuréttinn. Í útvarpslögunum er heimild til þess að ákveða og gera lista hér á landi um atburði sem ætti að sýna á öllum rásum sjónvarps ef um heimsviðburði eða viðburði á landsmælikvarða væri að ræða með því að við byggjum til slíkan lista. Hann hefur ekki verið gerður og það snertir ekki þetta mál sérstaklega.

Þetta mál fellur ekki innan þess ramma því að þarna er spurningin um hvort samningur næst við söluaðila um kaup á rétti til að sýna þetta efni hér á landi og það er einmitt það sem málið snýst um: Er unnt að ná þeim samningi og gera það á þann hátt að menn telji að skaplega sé að öllu staðið miðað við efni málsins og þá fjármuni sem eru í húfi? Ég sagði í ræðu minni að ég teldi að ekki væri séð fyrir endann á slíku samningaferli og ekki er heldur séð fyrir endann á því í öðrum Evrópulöndum þannig að málið er enn á döfinni víðar.

Ég veit ekki hvort niðurstaðan verður sú að einhver Evrópulönd sýni ekki þessa keppni, ég hef ekki þekkingu til þess að meta það en samningar hafa ekki tekist. Það er ljóst að mönnum blöskrar það háa verð sem sett er upp fyrir heimsmeistarakeppnina. Hér hefur komið fram að menn telja — og tek ég undir það — að þetta sé gott sjónvarpsefni og þess vegna er þetta háa verð sett upp en spurningin er sú hvort söluaðilinn sé að sparka sjálfum sér út af markaðnum eða ekki.

Ég tók nú ekki ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar þannig að hann væri að fjalla um dagskrárlið, hann var að fjalla um allt annað í ræðu sinni og sýnir hvað umræðan getur farið út um víðan völl. En ég held að sú keppni sem ég er að fara í verði örugglega sýnd í sjónvarpinu áfram hvað sem orðum hv. þm. Sverris Hermannssonar líður.

Staða og þróun löggæslu.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 392. mál. — Þskj. 649.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]

Beiðni leyfð með 34 shlj. atkv.

Loftferðir, 2. umr.

Stjfrv., 252. mál (eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, flugvernd, gjöld o.fl.). — Þskj. 288, nál. 548 og 568, brtt. 549.

[11:04]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 548 er nál. frá meiri hluta samgn. Nefndin hefur fengið á sinn fund fjölmarga aðila og farið yfir tillögur.

Megintilgangur þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar er að styrkja eftirlitsvald Flugmálastjórnar Íslands þannig að hún fái betur sinnt því eftirlitshlutverki sem henni er ætlað með það að markmiði að auka öryggi í flugi. Í þessu skyni er m.a. lagt til að þvingunarúrræðum stofnunarinnar verði fjölgað. Þá eru ákvæði laganna um flugvernd styrkt en mikil áhersla hefur verið lögð á þann þátt flugöryggismála á alþjóðavettvangi eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september sl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað „framkvæmdastjóra" í 3. og 15. gr. frumvarpsins komi: ábyrgðarmaður. Hér er um að ræða þýðingu á orðinu „accountable manager" og er þessi orðnotkun betri í þessu tilfelli. Óeðlilegt er að gera þá kröfu að framkvæmdastjóri sem ekki er jafnframt ábyrgðarmaður standist prófraun, samkvæmt ákvæðinu.

2. Óeðlilegt er að Flugmálastjórn geti fellt viðurkenningu sína skv. 2. efnismgr. 3. gr. og 15. gr. niður hvenær sem er og án fyrirvara eða sérstakra ástæðna. Meiri hlutinn leggur því til að orðin „sem getur hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi" í þessum ákvæðum verði felld brott og í stað þeirra komi nýr málsliður er orðist svo: Komi í ljós að kunnátta eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína úr gildi.

3. Í 3. og 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Flugmálastjórn skuli svipta leyfishafa leyfi til bráðabirgða gerist hann brotlegur gagnvart lagaboði eða öðrum fyrirmælum sem um starfsemina gilda. Það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að Flugmálastjórn sé skyldug til að svipta alla leyfi til bráðabirgða sem brjóta einhverja þá reglu eða fyrirmæli sem hér um ræðir óháð því hversu alvarlegt brotið er. Hér hlýtur að koma til mat af hálfu Flugmálastjórnar um það hvort brot sé þess eðlis að bráðabirgðasvipting sé nauðsynleg. Meiri hlutinn leggur því til að í stað þess að kveða á um að Flugmálastjórn skuli svipta sé kveðið á um að Flugmálastjórn „geti svipt" aðila leyfi telji hún brot þess eðlis. Sams konar breyting er gerð í 4. efnismgr. 8. gr.

4. Meiri hlutinn leggur til að nánar sé kveðið á um efni flugverndaráætlana í 10. gr., en rétt þykir að viðbrögð við ólögmætum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna og gerð neyðaráætlana séu tiltekin meðal annarra þátta í ákvæðinu sem flugverndaráætlun eftirlitsskyldra aðila skal innihalda.

5. Lagt er til að ráðherra skuli áður en hann setur reglugerð skv. 2. efnismgr. 14. gr. frumvarpsins hafa samráð við Persónuvernd. Þessi áskilnaður er gerður til að það sé tryggt eins og kostur er að ýtrustu varfærni sé gætt þegar persónuupplýsingar eru annars vegar. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í reglugerðinni hvaða aðilar teljist vera viðkomandi í skilningi 3. efnismgr. 14. gr. frumvarpsins og leggur hann áherslu á að það verði gert.

6. Lögð er til breyting á 141. gr. laganna. Lagt er til að refsiákvæði laganna verði víkkað út þannig að brot á settum eða gefnum fyrirmælum samkvæmt lögunum verði gerð refsiverð. Með þessu verður tilvísun 5. og 6. gr. frumvarpsins til 141. gr. óþörf. Til samræmis við þetta er ákvæði 5. gr. frumvarpsins stytt og einfaldað og síðari efnismálsgrein 6. gr. frumvarpsins felld brott.

7. Þá telur meiri hlutinn að 3. málsl. 2. efnismgr. 8. gr. eigi betur heima í bráðabirgðaákvæði. Ákvæðið verður merkingarlaust eftir að frestur samkvæmt ákvæðinu er liðinn. Sams

konar ákvæði er í 3. málsl. 2. efnismgr. 9. gr. um flugstöðvar og er lagt til að því verði einnig breytt í bráðabirgðaákvæði. Meiri hlutinn leggur jafnframt til að frestur til handa flugvöllum og flugstöðvum sem starfræktar eru við gildistöku laganna verði tvö ár frá gildistöku laganna í stað eins árs eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Undir nefndarálitið rita sá er hér stendur, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Sigríður Ingvarsdóttir.

[11:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þetta mál var afgreitt úr nefnd í mikilli andstöðu við minni hlutann og það var mat okkar að það hefði alls ekki fengið þá vinnu í nefndinni sem nauðsynlegt hefði verið. Kallaðir voru til gestir og gáfu þeir skýrslu, við fengum einnig fjöldann allan af skriflegum athugasemdum og ábendingum en að mínu mati, herra forseti, vann nefndin sem slík í heild sinni ekki nægilega úr þeim ábendingum og athugasemdum sem þar komu fram. Ekki síst þar sem þetta eru lög sem hér er verið að setja sem varða mjög mikilvæg öryggisatriði og öryggismál í einum stærsta og mikilvægasta málaflokki landsins sem flugþjónustan er. Þetta lýtur að ráðgjöf og þjónustu, eftirliti og viðurlögum og öryggismálum öllum. Ég harma að málið skuli ekki hafa farið aftur til nefndarinnar áður en það kom til 2. umr. úr því að það var ekki afgreitt sem slíkt fyrir jól. Og ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem enn hefur orðið um öryggismál í flugi á síðustu mánuðum sem lýtur að heilbrigðiseftirliti og leyfum til flugstjóra til þess að fljúga. Því leyfi ég mér að spyrja hv. framsögumann og formann samgn.: Mun hann beita sér fyrir því að málið komi aftur til samgn. milli 2. og 3. umr. þannig að hægt sé að fara betur yfir málið?

[11:12]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skilur á milli okkar, meiri hluta og minni hluta, hvað áhrærir tímalengd og þá umfjöllun sem málið fékk í nefndinni. Ég tel að málið hafi fengið góða umfjöllun og þurfi ekki frekari málsmeðferðar við í nefndinni og þess vegna tel ég að það sé ekki eðlilegt að taka málið aftur upp í hv. samgn.

[11:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að harma þessi viðbrögð hv. formanns samgn. Ég ítreka að hér er verið að fjalla um mikilvæg öryggismál fyrir flugþjónustuna í landinu og það er afar mikilvægt að þau mál séu unnin á viðhlítandi hátt og vel og vandlega, sem ég tel alls ekki hafa verið gert við framlagningu frv. nú til 2. umr. Það hlýtur að vera áhyggjuefni að beita þeirri vinnuaðferð að ætla að afgreiða lög sem þessi sem svo mikill ágreiningur er um í nefndinni varðandi öryggi flugþjónustunnar í landinu.

Ég ítreka, herra forseti, að ég tel að þetta mál sé alls ekki undirbúið undir 2. umr. og þess heldur ætti það að fara aftur til nefndar á milli 2. og 3. umr. til að fá þar betri og vandaðri meðferð, ekki síst einmitt í ljósi atriða sem komið hafa fram síðan málið var til umræðu fyrir jól varðandi störf að heilsugæslu og eftirliti með heilsu flugstjóra, sem er eitt atriði til viðbótar sem kemur inn í þessi flugöryggismál. En þó það væri ekki þá er það samt skoðun mín og ég ítreka það að ég tel þetta frv. vera illa unnið og eigi að fara aftur til nefndarinnar til skoðunar áður en það kemur til lokaafgreiðslu.

[11:14]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi taka undir það að þegar þessu máli var frestað í aðdraganda jólaleyfis þingmanna þá taldi ég víst að menn hefðu tekið ákvörðun um að taka málið inn í nefndina á nýjan leik. Eins og hér hefur komið fram er verulegur ágreiningur um málið og ég held að það sé almennt viðhorf, a.m.k. hjá minni hlutanum að þetta mál hefði þurft að vinna miklu betur.

Sem dæmi má nefna að í þeirri snubbóttu röksemdafærslu fyrir nauðsyn þess að þetta mál sé lagt fram er einungis vitnað til tveggja atriða. Það er nauðsynlegt að rifja upp að frv. lýtur fyrst og fremst að því að auka valdheimildir Flugmálastjórnar til að grípa til aðgerða ef þeim þyki eitthvað óæskilegt. Frv. lýtur fyrst og fremst að því að auka valdheimildir Flugmálastjórnar. Röksemdafærslan fyrir þessu, sem sett er fram í athugasemdum við lagafrv. þetta, er tvenns konar. Í fyrsta lagi eru þetta viðbrögð við hinni miklu umræðu um flugmál í kjölfar Skerjafjarðarslyssins svokallaða. Að mínu mati eru þetta mjög krampakennd viðbrögð. Þau eru hins vegar í samræmi við viðbrögð ráðuneytisins almennt í kjölfar þessarar umræðu. Þetta eru einhvers konar skyndiviðbrögð til þess að bæta úr einhverju sem þeir vita ekki almennilega hvað er. Röksemdirnar fyrir þessu eru að Flugmálastjórn hafi í nokkrum tilvikum verið gerð afturreka fyrir dómstólum þar sem hún hefur ekki verið talin hafa þær valdheimildir sem nauðsynlegar eru að mati ráðuneytisins.

Sé málið skoðað og farið ofan í það kemur í ljós að hér er um þrjá dóma að ræða. Reyndar er það svo að aldrei hefur reynt á þessar refsiheimildir fyrir Hæstarétti. Hér er hins vegar um þrjá dóma að ræða og ég tel að ég muni það rétt að fyrsti dómurinn var þess eðlis að ríkissaksóknari lét málið niður falla sökum sönnunarskorts. Það mál laut að hleðslumálum. Það var fyrsta málið. Það tengdist ekkert valdheimildum Flugmálastjórnar á nokkurn hátt heldur einungis því að Flugmálastjórn kærði tiltekinn aðila fyrir ofhleðslu en ríkissaksóknari lét málið niður falla vegna þess að hann taldi ekki um nægar sannanir að ræða.

Seinni tvö málin lúta síðan að tilteknum atriðum þar sem flugmenn stunduðu lágflug og snertilendingar á vatni. Niðurstaða færustu sérfræðinga, m.a. eðlisfræðinga og í yfirlýsingum frá NASA, var sú að þetta væri ekki mjög hættulegt. Nú ætla ég ekki að leggja á þetta dóm en niðurstaða dómstóla var sú að þeir tóku mark á NASA og þeim skýringum sem þaðan komu. Ég er ekki sérfræðingur á þessu sviði og gef mig ekki út fyrir það. Þetta var hins vegar niðurstaðan sem dómstólar komust að.

Þessi röksemdafærsla gengur ekki, að nota þessi mál til þess að ganga hér harkalega fram og veita Flugmálastjórn valdheimildir langt umfram það sem eðlilegt má teljast, að mínu mati og minni hlutans sem stendur að þessu áliti. Ásamt þeim sem hér stendur eru aðilar að þessu minnihlutaáliti hv. þm. Kristján L. Möller og Jón Bjarnason.

Virðulegi forseti. Minni hlutinn leggst harðlega gegn afgreiðslu þessa frumvarps að svo komnu máli þar sem málið hefur lítið verið rætt og er lítt undirbúið. Meginhugmynd frumvarpsins er að auka til muna valdheimildir Flugmálastjórnar án þess að mikið liggi fyrir um hvernig þær verða framkvæmdar eða hvort stofnunin sé á nokkurn hátt í stakk búin til að taka við og fara með slíkar valdheimildir. Þá

hefur komið fram í umsögnum um málið og hjá gestum sem hafa komið á fund samgöngunefndar að eins og staðan sé í samskiptum Flugmálastjórnar og ýmissa aðila sem starfa við flug hér á landi sé traust þeirra á stofnuninni lítið sem ekkert.

Í frumvarpinu er lagt til að valdheimildir og þvingunarúrræði Flugmálastjórnar Íslands verði auknar verulega í ýmsum veigamiklum þáttum, og ætla ég að nefna hér nokkur dæmi:

1. Flugmálastjórn er veitt heimild til að áskilja að fyrirsvarsmenn framleiðenda, viðhaldsaðila og flugrekstraraðila standist sérstaka prófraun. Flugmálastjórn veitir þeim viðurkenningu sem standast prófraunina og getur hún síðan hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi.

2. Flugmálastjórn er veitt vald til að svipta leyfishafa samkvæmt lögunum leyfi til bráðabirgða hvenær sem þeir gerast brotlegir við lög, reglur eða fyrirmæli Flugmálastjórnar sem um starfsemina gilda.

3. Flugmálastjórn getur svipt eigendur eða umráðamenn flugvalla starfsleyfi ef þeir fullnægja ekki þeim skilyrðum sem sett eru.

4. Flugmálastjórn er falið að gera flugverndaráætlun fyrir landið allt og skal hún jafnframt samþykkja flugverndaráætlanir sem eftirlitsskyldir aðilar gera. Ekki er annað að sjá en að með þessu geti Flugmálastjórn lagt nokkrar kvaðir á eftirlitsskylda aðila.

5. Flugmálastjórn er veitt heimild til að leggja dagsektir á eftirlitsskylda aðila ef þeir verða ekki við kröfum stofnunarinnar eða veita ekki umbeðnar upplýsingar. Geta dagsektir numið frá 10.000 kr. upp í allt að 1 millj. kr.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ein meginrót þess að það er lagt fram sé að í kjölfar flugslyssins í Skerjafirði 7. ágúst 2000 hafi komið í ljós verulegir brestir í skipulagi flugrekstraraðila vélarinnar sem fórst og jafnframt að Flugmálastjórn teldi sig ekki hafa yfir nægum úrræðum að ráða til að eftirlit stofnunarinnar bæri tilætlaðan árangur. Komið hefur fram í umfjöllun nefndarinnar, sem ekki var mikil, að frumvarpið og hugmyndir sem þar er að finna séu krampakennd viðbrögð stjórnvalda við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á flugmálayfirvöld og frammistöðu þeirra í kjölfar umræddS slyss.

Enn fremur hefur komið skýrt fram að ef takast á að skapa traust milli Flugmálastjórnar og margra hópa sem starfa að flugmálum sé nauðsynlegt að skipta stofnuninni upp í flugöryggissvið annars vegar og flugþjónustusvið hins vegar. Það getur ekki gengið að stofnun sem m.a. hefur það hlutverk að greiða götu þeirra sem starfa að flugmálum skuli einnig hafa eftirlit með öryggismálum sömu aðila. Þá er á það bent að sami aðili fari með rekstur og viðhald flugvalla, fjalli um öryggismál þeirra og veiti þeim leyfi fyrir starfseminni. Þetta á einnig við um rekstur aðila og útgáfu leyfisskírteina. Hagsmunaárekstrarnir eru of margir. Afleiðing þessa fyrirkomulags er sú að stofnunin er rúin trausti margra sem starfa í fluginu.

Samgöngunefnd hafa borist fjölmargar umsagnir um málið. Í þeim er að finna mjög alvarlegar athugasemdir við störf og starfshætti Flugmálastjórnar Íslands. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að fá ítarlegri upplýsingar um þessar athugasemdir og kanna réttmæti þeirra til hlítar áður en Flugmálastjórn verða veittar þær stórauknu valdheimildir og þvingunarúrræði sem í frumvarpinu felast. Slíkt gæti leitt til aukinna hagsmunaárekstra, en af þeim er nóg ef marka má umræddar athugasemdir og er slíkt ekki til þess fallið að auka öryggi í flugsamgöngum hér á landi. Minni hlutinn er tilbúinn til þess að taka þátt í þeirri vinnu sem nauðsynleg er til þess að koma málum til betri vegar. Til þess að af því geti orðið er nauðsynlegt að skipta Flugmálastjórn upp. Á meðan stofnunin fer með allt vald, rannsakar, framkvæmir, dæmir og gefur út leyfi er hættan á hagsmunaárekstrum of mikil til þess að friður geti skapast í einni mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

Með hliðsjón af framangreindu leggst minni hlutinn gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir meginröksemdir minni hlutans í þessu máli. Meginástæða okkar er á að þetta mál þurfi að vinna mun betur. Það er kannski ekki ástæða til að fjalla um þá umræðu og þau skrif og að mörgu leyti fjölmiðlafár sem hefur blásið um samfélagið frá því að umræðan um flugöryggi og Flugmálastjórn hófst fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári eða svo. Ég tel hins vegar að til að tryggja að við náum því markmiði að traust ríki innan þessa geira, að yfirvöld njóti þess trausts sem nauðsynlegt er að þau hafi, sé ein meginforsenda þess sú að sátt takist um hvernig þessum málum verði fyrir komið.

Ég held að það þjóni engum tilgangi, virðulegi forseti, að keyra hér fram með offorsi og frekju málið sem hér um ræðir. Það er að mínu mati á engan hátt líklegt til að bæta úr þeim vandamálum sem nú ríkja á þessu sviði.

[11:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir. Því er fyrst og fremst ætlað að kveða nánar á um og skýra ábyrgð einstakra aðila sem koma að þeim málum, hvernig eftirliti skuli háttað. Í því eru ákvæði um rekstrarstöðvun einstakra aðila sem koma að flugmálum og annað er varðar öryggis- og rekstrarmál.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði grein fyrir nál. minni hluta samgn. í þessu máli og kom þar inn á flest þau atriði sem efnislegur ágreiningur er um. Það sem ég vil gera að umtalsefni, herra forseti, eru hins vegar vinnubrögðin í hv. samgn. varðandi þetta mál. Ég tel þau ekki hafa verið með þeim hætti að tryggja góðan framgang málsins. Ég tel að ekki hafi verið farið gegnum öll þau efnisatriði sem fara hefði þurft í gegnum og taka afstöðu til áður en þetta mál var afgreitt til 2. umr.

Þetta er veigamikið mál og snýr að meginhluta að öryggis- og eftirlitsmálum í flugi. Einmitt nú eru álíka mál til umræðu og meðferðar í flestum löndum heims. Hv. formaður samgn. minntist á að frv. væri m.a. til komið vegna hinna hörmulegu hryðjuverka í Bandaríkjunum þar sem flugvél var notuð sem stríðstól. Það er ein ástæðan en því fer fjarri að það sé eina ástæðan fyrir því sem við fjöllum hér um varðandi flugöryggismál. Flugöryggismál eru náttúrlega í stöðugri endurskoðun og menn leitast eftir að hafa þau í sem bestu horfi miðað við aðstæður og möguleika.

Við í samgn. fengum, eins og hér hefur komið fram, margar umsagnir um frv. og það verður að segjast, herra forseti, að í mörgum þeirra kom fram mikill efi gagnvart því að færa svo einhliða jafnmikið vald á hendi Flugmálastjórnar, vald til að setja kröfur, veita ráðgjöf, leiðbeiningar og þjónustu á þessu sviði og annast jafnframt eftirlit og beita bæði tímabundnum og langtíma viðurlögum og allt upp í sviptingu á rekstrarleyfum.

Í mörgum þessum umsögnum komu fram miklar efasemdir um að þetta gæti gerst með þeim hætti sem hér er lagt til þannig að trúverðugt væri. Ég tel, herra forseti, að nefndin

sem heild hafi ekki fjallað nægilega um þær ábendingar og atriði sem þarna komu fram áður en málið var afgreitt.

Fjölmargir fulltrúar þessara aðila og sérfræðingar komu líka fyrir nefndina en nefndin sem slík hélt engan sjálfstæðan fund þar sem farið var yfir þau atriði sem höfðu komið fram, bæði á fundum með gestum og þeim athugasemdum sem fram komu eftir að þeirri umfjöllun var lokið. Þetta tel ég ekki fullnægjandi vinnubrögð. Þetta hefði átt að vinnast öðruvísi. Það hef ég gagnrýnt og gagnrýni enn. Öryggismál í flugi eru svo mikilvæg mál og í sjálfu sér ekki flokkspólitísk mál sem meiri hlutinn hefur neina ástæðu til að keyra fram með þeim hætti, þ.e. ef verið er að sækja afsökun í það. Því fer fjarri. Í flestum málum vinnur samgn. sem heild þó að meiningarmunur geti verið í lokaafgreiðslu.

Þess vegna ítreka ég það sem ég hef áður sagt að ég tel að þetta mál eigi að fara aftur til samgn., að nefndin sem heild eigi að fara sameiginlega í gegnum þær ábendingar og athugasemdir sem fjölmargir aðilar hafa komið með til nefndarinnar. Þeir hafa lýst miklum efa um að þetta sem hér er verið að leggja til sé allt á hinn besta veg. Margt er til bóta að sjálfsögðu en sumt ekki og sumt hefði þurft að fara betur í og skýrast.

Herra forseti. Það er því einlæg tillaga mín og beiðni til hv. formanns samgn. að hann endurskoði afstöðu sína og taki málið aftur upp innan samgn. þar sem farið verði í gegnum þau atriði sem hérna hefur verið fundið að. Mikið er í húfi. Umræðan þessa dagana um flugöryggismál t.d. sem ég nefndi áðan, herra forseti, og lýtur að heilbrigðislögum og reglum sem lúta að heilbrigði og flughæfni flugstjóra er líka hluti af flugöryggismálum og þar einmitt virðast mál standa þannig að lög og reglur innan lands og erlendis eru ekki samhljóða. Hvenær lætur maður öryggið njóta vafans ef ekki er ástæða til að skoða einmitt í þessu tilliti að taka á þeim vanköntum sem þar eru uppi og fella það að þeirri lagavinnu sem verið er að stefna að að afgreiða frá Alþingi.

Herra forseti. Ég ítreka aftur að allt of mikið er í húfi, þ.e. öryggismál í flugi þjóðarinnar, til þess að það sé unnið og afgreitt á þennan hátt úr samgn. og lagt fyrir Alþingi eins og ætlunin er að láta það fara í gegn.

[11:34]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Hér hafa fallið nokkur orð í þá veru að betur hefði mátt að þessu máli standa en raun ber vitni að áliti minni hlutans. Þar stangast á skoðanir okkar eins og ég gat um áðan og er ekkert við því að segja í sjálfu sér. Hins vegar er athyglisvert þegar vitnað er til umsagna og talað um að margar þeirra hafi verið þannig úr garði gerðar að eðlilegt væri að taka málið aftur inn í nefndina og halda umræðunni áfram. Vil ég vitna til þess að mikið var ritað þar um samskipti við Flugmálastjórn og menn voru að vitna mjög til hins alvarlega slyss sem varð í Skerjafirði.

Í mörgum umsögnum var sá atburður meginmálið. Hins vegar var ákaflega lítið fjallað um það erindi sem við lögðum fyrir viðkomandi aðila og gekk út á að fá álit manna á því lagafrv. sem hér liggur til afgreiðslu Alþingis. Ég vil vitna til einnar umsagnar og skiptir ekki litlu máli hvaða álit sá hópur hefur á málinu, þ.e. Félag íslenskra atvinnuflugmanna. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og flugmenn almennt taka að sjálfsögðu undir sérhverja viðleitni sem miðlar að auknu flugöryggi. Það er ljóst af almennu athugasemdunum með þessu frumvarpi að tilefnið að gerð þess er flugöryggi. Almennu öryggi í flugi á að ná fram m.a. með því, eins og segir í athugasemdunum, að auka þvingunarúrræði og eftirlitsvald Flugmálastjórnar. Það er hér sem stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna vill gera alvarlegar athugasemdir við."

Og svo kemur textinn:

„Það verður að segjast eins og er að nú þegar hefur traust stjórnar FÍA og fjölda flugmanna til Flugmálastjórnar Íslands (FMS) minnkað svo mikið að ef eigi verður úr því bætt með einhverjum hætti kann það að leiða til algers trúnaðarbrests. Stofnun sem hefur þann starfa að kanna og hafa eftirlit með hæfi flugmanna og flugrekenda til síns starfa þarf sjálf að sýna og sanna hæfni sína til þess. Hún þarf að hafa yfir að ráða starfsmönnum með sérþekkingu á flugi sem sönnuð er með námi og prófum. Og starfsmönnum hennar þarf að vera ljóst að hlutverk þeirra er ekki aðeins að hafa eftirlit með höndum heldur einnig það hlutverk að greiða götu manna eftir bestu getu. Með því móti skapast traust sem aftur leiðir til aukins flugöryggis. Þá eru dæmi um að mikilvæg staða hjá FMS sem auglýst skyldi til umsóknar ... hafi ekki verið auglýst, en skipað í hana að geðþótta. Þetta er ekki til þess fallið að auka traust og þar með flugöryggi.

Vænlegasta einstaka leiðin til þess að auka almennt flugöryggi er sú að skapa eðlilegt faglegt traust milli FMS og þeirra aðila sem fást við flugrekstur.

Með vísan til framanritaðs og í trausti þess að sú staða mála sem þar er lýst verði athuguð nákvæmlega og reynt að bæta úr, sér stjórn FÍA ekki ástæðu til að fara sérstaklega út í sérhverja grein frumvarpsins með einni undantekningu."

Með einni undantekningu sér Félag íslenskra atvinnuflugmanna ekki ástæðu til að fjalla um málið, þ.e. aðeins um aldursmörk sem eru í lögunum, og við erum að fara sömu leið og aðrir. Í mörgum öðrum umsögnum sem bárust hv. samgn. er verið að fjalla um allt aðra hluti en þá sem við biðjum um, þ.e. umsögn um frv. sjálft.

Síðan koma hv. þm. minni hluta samgn. og segja að taka þurfi málið inn aftur vegna þess að það hafi ekki fengið nógu mikla umræðu og nógu góðan undirbúning. Það er skoðun út af fyrir sig og ber ekki að vanmeta það í sjálfu sér. Þegar hins vegar til þessa máls er litið og alvarleika þess þá erum við ekki að fjalla um móralska hlið eins eða annars vinnustaðar. Það er mál sem Alþingi tekur ekki á. Það er stofnunin sjálf og ráðuneytið sem fjalla um samskiptamál. Við setjum ekki í lög hvernig einstakar persónur eða stjórnendur „reagera" í sínu starfi. Þess vegna, herra forseti, endurtek ég það sem ég sagði áðan, að ég sé ekki ástæðu til að kalla þetta mál inn í nefndina aftur og legg því til að það fái eðlilega afgreiðslu í þingsal.

[11:40]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einu sinni svo að það er alveg sama hvaða lagareglur við setjum eða hvernig við afgreiðum frv. frá hinu háa Alþingi, að það kemur alltaf í hlut einhverra að framkvæma þessi lög. Ella virka þau ekki. Ella hafa þau enga vigt í samfélaginu.

Í þessu tilviki hefur komið fram tvenns konar gagnrýni á þetta frv. Í fyrsta lagi hefur stofnunin mjög verið gagnrýnd, Flugmálastjórn, fyrir að þannig hátti til í flugheiminum að hún njóti ekki lengur trúnaðartrausts. Það er nákvæmlega sú stofnun sem Alþingi ætlar, verði þetta frv. að lögum, að fela

mikið og aukið vald frá því sem nú er. Á þetta hefur verið bent.

Í öðru lagi vekja margar umsagnir eftirtekt á því að þessar víðfeðmu valdheimildir eru mjög vandmeðfarnar og þær eru oft og tíðum miklu víðfeðmari en þekkist í nokkrum lögum. Nú um nokkurt skeið hefur það verið regla og hefur verið þróun hér að menn reyna að komast hjá því sem var allsráðandi á árum fyrr að sami aðili rannsaki, framkvæmi og dæmi og kveði upp niðurstöðu í einu og sama málinu. Á þetta hefur verið bent.

Athugasemdir hafa einnig verið gerðar við margt annað. Þess vegna var það skoðun okkar í minni hlutanum að skoða þyrfti málið miklu betur, fara yfir þetta. Við þekkjum þá umræðu sem hér hefur farið fram. Við þekkjum þá gagnrýni sem hefur komið fram og í því ljósi hefði ég haldið að miklu skynsamlegra væri að menn reyndu að afgreiða þetta mál í sátt, að menn reyndu að afgreiða þetta mál samstiga, að hér á hinu háa Alþingi reyndu menn að stuðla að því að á ný ríkti traust milli aðila í þessum geira.

[11:42]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að fjalla um alvarlegt mál sem lýtur að öryggismálum flugfarþega, þeirra sem ferðast með þessum farartækjum. Það er eðlilegt að lögum sé breytt í samræmi við það sem gerðist og m.a. er vitnað til alvarlegra atburða í Skerjafirði og þess alvarlega atburðar sem varð 11. september sl. Ég sé ekki hvernig menn ætla að tengja málið og vinnslu nefndar á þann hátt að taka inn hina mórölsku hlið málsins sem snýr ekki að efnisatriðum laganna sem við erum að fjalla um, heldur um það sem mönnum hefur misþótt við Flugmálastjórn. Eðlilega hljóta að vakna deilur á milli flugrekenda og Flugmálastjórnar sem gengur hart eftir því að öryggis sé í hvívetna gætt. Ekkert er óeðlilegt við það. Og þegar menn svo setjast niður með sinn frjálsa penna til að senda samgn. álit sitt þá er í minna mæli talað um lögin sjálf en sífellt klifað á því að Flugmálastjórn sé óalandi og óferjandi. Hvaða ástæður skyldu liggja þar að baki? Ætlar þá ekki nefndin, líka minni hlutinn, að gera kröfu um að farið verði ofan í einstök mál, hvert einasta mál þar sem menn deila á Flugmálastjórn vegna þess kannski að þeir eru ósáttir við að fyllsta öryggis sé gætt og krafa gerð til þess?

[11:44]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að síðasta ræða hv. formanns samgn. finnst mér vera rökstuðningur fyrir því að málið komi á ný til nefndar því ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. hafi bara ekki mikið kynnt sér þetta mál.

Tvenns konar gagnrýni hefur komið fram. Hv. þm. á ekki að grípa fram í. Í fyrsta lagi að sú stofnun sem nú á að fela allt þetta vald hafi ekki getu til þess að sinna því. Í öðru lagi er mikil gagnrýni frá mjög mörgum aðilum sem gera miklar athugasemdir við einstakar greina. Hv. þm. ákveður að skjóta sér undan því í þessari umræðu en snýr umræðunni upp í það að hér sé um einhverjar móralíseringar að ræða, móralíseringar sem gangi út á að fjalla um einstök deilumál. Við erum ekki í því hér. Það er ekki okkar hlutverk. Hlutverk okkar er að setja hinn stóra ramma utan um þessa stofnun. Hlutverk okkar er að ákveða hver verkefni hennar eiga að vera. Hlutverk okkar er að tryggja að hægt verði að fara eftir þessum reglum. Það er okkar hlutverk. En þegar maður hlýðir á ræður eins og þær sem hv. þm. flutti hér þá er það klárlega mitt mat að rík ástæða sé til þess að málið komi að nýju til nefndarinnar því ég er ekki viss um að hv. þingmenn meiri hlutans þekki það sem skyldi.

[11:45]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson minnist þess ekki að hann hafi gert hér að meginmáli slysið sem varð í Skerjafirðinum. Hann minnist þess ekki heldur að þau atriði sem hafa komið upp varðandi athugasemdir við frv. hafi verið tekin til greina. Ég vitna aftur í lokaorð bréfs Félags íslenskra atvinnuflugmanna þar sem þeir hafa nokkuð skynsamlega haldið á sínu máli og telja að það sé stofnunarinnar sjálfrar að taka til í sínum ranni vegna samskipta við Félag íslenskra atvinnuflugmanna og fjölmarga aðra aðila.

Ég verð að segja það, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, en til hans tala ég nú, að mér finnst að menn hafi gert heldur mikið úr því sem er eiginlega neðanmáls eða mál sem ekki falla beint að óskum okkar um athugasemdir við einstakar greinar frv. Ég endurtek því, herra forseti, það sem ég sagði áðan. Ég tel að það sé ekki hlutverk okkar að fara ofan í hinar mórölsku hliðar samskiptamála þessara aðila. Það er rétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom inn á að við setjum þessari stofnun lög og reglur til að vinna eftir. Það er það sem við erum að gera núna.

[11:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. formaður samgn. segi kannski meira í máli sínu en þarf að ítreka, að af hálfu meiri hlutans hafi þessar mórölsku hliðar einmitt ráðið því að málið yrði keyrt út úr nefndinni án þess að hún fjallaði í rauninni neitt um það. Nefndin sem slík fjallaði nánast ekkert um þetta mál. Þar voru allir fundir bókaðir með gestum. Það var mjög gott að fá alla þessa gesti til að upplýsa nefndina og svara spurningum hennar en nefndin sem slík fjallaði ekkert um málið eftir þessar heimsóknir í heild sinni, og minni hlutinn vissi ekki neitt fyrr en hann stóð frammi fyrir einhverju meirihlutaáliti af hálfu meiri hluta nefndarinnar sem tilkynnti að með því væri málið komið út úr nefnd. Ágreiningurinn var því ekki af okkar hálfu, þessi móralska hlið málsins, þó að aldrei skyldi vanmeta hann, heldur voru vinnubrögð nefndarinnar ótrúverðug í svona mikilvægu máli. Við gátum sjálfsagt orðið sammála um ýmis atriði og ýmsar þær breytingar sem hér eru lagðar til eru til bóta en málið hlaut enga meðhöndlun sem slíkt í nefndinni og þetta er allt of stórt mál sem lýtur að flugöryggismálum til þess að það sé að ástæðulausu, að mínu mati, afgreitt með þessum hætti út úr nefnd.

Þetta á ekki að vera neitt pólitískt ágreiningsmál. Það á ekki að vera metnaðarmál formanns samgn. eða hæstv. samgrh. að koma þessu máli í gegn. Það á að vera metnaðarmál að Alþingi geti staðið saman og að samvinna sé um svona mál.

[11:49]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Jón Bjarnason, kom að því að það ætti ekki að vera metnaðarmál formanns samgn. að taka þetta út úr nefndinni með þeim hætti sem

gert var. Það er rétt. Þetta er ekkert metnaðarmál formanns samgn. sem slíkt en það er metnaður meiri hluta samgn. að taka á því öryggismáli og þeim öryggisatriðum sem að flugmálum falla. Þess vegna þótti okkur ekki eðlilegt að vera að draga þetta mál á langinn. Flest það sem skiptir máli var komið fram frá þeim umsagnaraðilum sem við leituðum til. Við tókum tillit til fjölmargra atriða sem þar komu fram, og okkur þótti ekki eðlilegt að láta þetta mál liggja lengur en efni stóðu til í nefndinni.

[11:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur þá bara greinilega fram að okkur greinir verulega á í ábyrgum vinnubrögðum, og hvernig þau skuli vera við lagasetningar frá Alþingi og í störfum nefndar, þegar svo veigamikið mál eins og hér er um að ræða er afgreitt út úr nefnd í einhverjum sérstökum flýti og litið svo á að það sé nóg að meiri hlutinn hafi fjallað um það og komist að þessari niðurstöðu, og minni hlutanum komi það ekkert við og ekki þurfi að fjalla um þetta mál í heild sinni á vegum nefndarinnar. Þarna greinir okkur einfaldlega á í vinnubrögðum og það má vel vera, herra forseti, að einmitt svona vinnubrögð séu kannski talandi tákn og lýsandi fyrir þann flumbrugang og vandræðagang sem er því miður í flugöryggismálum og flugumferðarmálum hér á landi.

Ég ítreka, herra forseti, og legg aftur til að hv. formaður samgn. sjái sóma nefndarinnar í því að þetta mál fari aftur í nefnd þar sem við getum þá fjallað um það aftur og tekið efnislega umræðu um þau atriði og ábendingar sem bæði minni hlutinn og gestir vildu koma á framfæri við lokaafgreiðslu frv.

[11:52]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á að meðal umsagna sem okkur bárust eru umsagnir frá flugráði. Þar er formaðurinn starfandi flugstjóri og hann var með athugasemdir sem við tókum fullt tillit til. Ég vísa því til föðurhúsanna að meiri hluti samgn. hafi verið með einhvern flumbrugang við að taka málið út. Málið er grafalvarlegt. Það var ekki efni til að láta það liggja svo lengi í nefnd sem hér hefur komið fram hjá minni hlutanum. Ég bendi í nál., og ætla ekki að lesa það upp hér, á þá fjölmörgu aðila sem komu til okkar og þær umsagnir sem við fengum sem snertu málið sjálft, þ.e. lagasetninguna. Til þeirra athugasemda var tekið tillit. Ég vísa því til föðurhúsanna að það sé einhver flumbrugangur í öryggismálum íslenskra flugmálayfirvalda.

[11:53]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við það sem fram hefur komið í því nál. sem við hv. þm. minni hluta samgn. höfum sett á blað og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fór mjög vel yfir áðan.

Hins vegar ætla ég að segja, vegna þeirrar umræðu sem nú hefur verið um málið, að það rifjaðist upp fyrir mér að í látunum rétt fyrir jól, þegar við vorum að vinna þetta mál á lokadögum þingsins, var boðað til fundar í hv. samgn. þar sem ég bókaði og gerði athugasemdir. Þær voru bæði við fundarboðið, vegna þess að það kom ekki fram í því að þetta mál væri á dagskrá og að taka ætti það út úr nefnd, og mig minnir að við höfum látið bóka að við lýstum yfir andstöðu okkar við að þetta mál yrði þá tekið út úr nefnd vegna þess að ég vildi, og taldi mig tala þar fyrir munn hv. minnihlutamanna, ræða þetta mál frekar, einmitt vegna gagna sem höfðu inn á síðustu dögum og nefni ég þar t.d. bréf frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, vegna þess að síðan gerðist það á síðustu dögum þingsins fyrir jól að þetta mál var tekið út af dagskrá og ekki klárað fyrir jól. Ég hafði reyndar sagt við 1. umr. þessa máls að það þyrfti að ræða frekar eftir heimsóknir og bréf frá ýmsum flugrekendum sem komu til fundar við okkur. Ég neita því algerlega að ég hafi með tali mínu ætlað að tefja þetta frv. Það sem er kannski aðalatriðið — og ég vildi hnykkja aðallega á og kom fram við 1. umr. um þetta mál frá mér — var að ég taldi mjög mikilvægt að bíða eftir hinni óháðu rannsókn Bretanna tveggja, sem ég kann ekki segja hvað heita, en þeir eru að vinna fyrir aðstandendur flugslyssins í Skerjafirði. Þá stóð til að sú skýrsla kæmi í lok desember. En eins og margoft hefur komið fram hefur það hörmulega slys auðvitað blandast mjög oft inn í þetta mál, og flugöryggismálin hafa verið miklu meira rædd eftir þetta sorglega slys en áður.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna, herra forseti, með því að fara yfir það atriði. Ég veit ekki almennilega hvernig staðan er varðandi þá skýrslu sem þarna á að koma en eins og ég segi, þetta eru óháðir rannsóknaraðilar, þeir færustu í Bretlandi sem hægt var að finna í þetta mál, og auðvitað hefðum við átt að bíða og sjá þá skýrslu og þær tillögur sem koma frá þeim aðilum áður en við klárum þetta frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir eins og hér er verið að ræða.

Hér hefur komið fram, herra forseti, hjá hv. nefndarmönnum í samgn. að þetta sé grafalvarlegt mál, og það er það sannarlega. Öll viljum við stuðla að því að það lagaumhverfi sem við setjum og þær breytingar sem við erum að gera séu til þess að við göngum eins langt og við teljum okkur geta og séum að fullskapa í raun og veru, þótt það verði kannski aldrei endanlegt, lagagrunn og annað til þess að fjalla um flugöryggismál.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég vildi aðeins rifja hér upp að fyrir jól var þetta gert á þennan hátt. Á þessum fundi gat ég um það að ég væri mjög ósáttur við að þetta mál væri þá tekið út úr nefnd sem hins vegar meiri hlutinn gerði.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu.

[11:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram þó að hún sé misjafnlega málefnaleg, verð ég að segja. En samgn. fjallaði um frv. og vann það að mínu mati með eðlilegum hætti eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, formanni samgn., enda kemur fram í nál. bæði minni og meiri hluta hv. samgn. að ítarlega hefur verið fjallað um þetta mál í nefndinni.

Aðeins vegna þess að mér finnst gæta allmikilla sleggjudóma, ekki síst hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni í garð Flugmálastjórnar, held ég að menn verði að átta sig á því að í frv. sem hér er til umfjöllunar, eins og hv. formaður samgn. hefur ítrekað bent á, er ekki verið að fjalla sérstaklega um innviði stofnunarinnar heldur verið að leggja á ráðin um þær reglur og það lagaumhverfi sem við ætlumst til að þeir sem sinna flugi og flugrekstri fari eftir, og flugmálayfirvöld, í þessu tilfelli Flugmálastjórn, hafi eftirlit með því. Þetta er nauðsynlegt að taka fram.

Aðeins vegna þess að reynt hefur verið að draga fram að mikil gagnrýni hafi komið á frv. verð ég að segja að auðvitað koma alltaf athugasemdir við frumvörp, ekki síst þau sem snúa að ýmsum atvinnustéttum. Þar eru að sjálfsögðu í gangi margvíslegir hagsmunir sem menn vilja fjalla um og koma á framfæri athugasemdum við. Það er því ekkert óeðlilegt að fram komi ábendingar og athugasemdir við frumvörp.

En vegna þess sem hér hefur verið rætt um og vísað til athugasemda vil ég leyfa mér að vitna í bréf frá fulltrúum Flugskóla Íslands hf. sem sent var samgn. þingsins. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að gefnu tilefni vilja undirritaðir, sem fyrir hönd Flugskóla Íslands hf. sendu til samgöngunefndar Alþingis umsögn á frumvarpi til breytinga á lögum um loftferðir, skýra nánar út einstök efnisatriði í áðurnefndri umsögn sinni. Þessum útskýringum er ætlað að gera málsaðilum skýrar grein fyrir afstöðu skólans til framkvæmdahliðar þessara fyrirhuguðu breytinga á lögum um loftferðir sem og að leiðrétta þann misskilning og/eða mistúlkun meðal málsaðila sem birst hefur að undanförnu, m.a. í fjölmiðlum.

Hvað varðar sjálfar breytingarnar á lögum um loftferðir vill Flugskóli Íslands hf. ítreka þá skoðun sína sem fram kemur í umræddri umsögn að frumvarpið „sé í heild sinni til bóta á gildandi lögum um loftferðir".

Undirrituðum þykir miður ef ákveðnir hlutar umsagnar skólans á þessu lagafrumvarpi hafa verið notaðir af einstökum aðilum til þess að þæfa afgreiðslu málsins á Alþingi. Nauðsynlegar bætur og lagfæringar á lögum um loftferðir, sem viðkoma eins alvarlegu máli og flugöryggi er, ættu að vera hafnar yfir allt dægurþras og pólitík og hljóta skjóta og vandaða málsmeðferð allra þeirra aðila sem að slíku máli koma.

Þeir sem þverskallast við að taka þátt í slíku ferli og/eða vilja nota framkomnar áhyggjur við framkvæmd laganna í annarlegum tilgangi dæma sig og sína sjálfir."

Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að m.a. hefur verið reynt að gera umsagnir tortryggilegar og reynt að koma því inn í umræðum í þinginu að nánast allir sem koma að þessu máli og hafa veitt umsagnir hafi lagst gegn því. En það hefur komið alveg skýrt fram hvernig þeir líta á það hjá Flugskóla Íslands hf.

Ég vil aðeins, herra forseti, víkja að því — ég átta mig ekki á hvers vegna rauða ljósið blikkar.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti biður hæstv. samgrh. afsökunar. Það er bilun í tímakerfinu hjá okkur.)

Frv. sem er til umfjöllunar snýst um fjölmörg atriði og ég vil aðeins rifja þau upp til að undirstrika um hversu mikilvægt mál er að ræða. Í fyrsta lagi er verið að fjalla um að skýra og styrkja stöðu Flugmálastjórnar hvað varðar eftirlitsvald og úrræði Flugmálastjórnar til þess að fylgja eftir þeim reglum sem settar eru og flugrekendur og flugmenn og allir aðrir sem að fluginu koma þurfa að sæta. Hvers vegna skyldu þingmenn leggjast gegn því? Það væri gott að fá skýringar á því. Við viljum á Íslandi að hér séu klárar og skýrar reglur og að farið sé eftir þeim. Flugmálastjórn þarf að hafa stöðu og styrk til þess að geta fylgt þeim reglum eftir. Út á það gengur einn meginkafli frv.

Í annan stað erum við að leggja á ráðin um hvernig við getum tryggt öryggiseftirlit með flugvöllum og flugstöðvum. Við erum að koma inn í nýja veröld þar sem hlutirnir hafa breyst mikið eftir 11. september. Þess vegna viljum við setja skýrar reglur, mun skýrari en hafa verið, um hvernig eigi að reka flugvelli og flugstöðvar á Íslandi þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Um það er fjallað í frv. Eru menn tilbúnir til þess að leggjast gegn því? Ég vona ekki.

Í þriðja lagi er fjallað um flugvernd. Eftir 11. september er mikil umræða í flugheiminum um hvernig við getum tryggt flugverndina, hvernig farþegar með fluginu geti verið öruggir á ferðum sínum. Við erum að undirbúa, m.a. á grundvelli þessa frv. og væntanlegra laga, flugverndaráætlun sem tekur á því hvernig við viljum standa að öryggi í fluginu. Sú flugverndaráætlun hefur fengið umfjöllun innan flugheimsins og það eru allir sem fagna framgangi þeirrar breytingar sem hún felur í sér.

Í fjórða lagi er fjallað um svokallaða flugdólga en því miður er öryggi í flugi stundum ógnað vegna þess að með flugvélum eru einstaklingar sem valda vandræðum. Til þess að skapa klárar reglur og klár skilyrði fyrir flugrekendur til að taka á slíkum málum eru sett ákvæði inn í lög samkvæmt frv.

Í fimmta lagi er í frv. fjallað um niðurfellingu flugleiðsögugjalds sem hefur verið töluvert um rætt, en vegna þess að frv. tafðist í afgreiðslu fyrir jól hefur slík heimild ekki verið til staðar. Hins vegar, eins og kom fram í umræðum áður, geri ég ekki ráð fyrir öðru en að það muni verða látið virka aftur fyrir sig. Engu að síður erum við að fjalla um að þessi ákvæði séu skýr, að fella niður hið svokallaða flugleiðsögugjald innan lands.

Þetta eru, herra forseti, þau meginatriði sem við erum að fjalla um. Ég held að þegar hv. þingmenn setja sig í stellingar löggjafans og skoða þessi mál af sanngirni sameinist þeir um að afgreiða þetta mál þannig að það verði ekki fyrir frekari töfum. En auðvitað á ekki að tala um tafir, það er eðlilegt að við ræðum mál en ég geri þá kröfu að menn séu sæmilega sanngjarnir í þeirri umfjöllun.

[12:07]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var forvitnilegt að hlýða á að hæstv. ráðherra skuli setja sig í það sæti að fjalla um hvað er málefnaleg gagnrýni og hvað ekki og flytja síðan þá ræðu sem hann flutti áðan. Það var dálítið sérstakt að hlýða á þetta og ég frábið mér það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra komi hér upp og felli um það einhverja dóma hvers konar gagnrýni er málefnaleg og hver ekki. Það finnst mér alveg fyrir neðan allar hellur.

Ég ætla ekki að fjalla mikið um það sem hæstv. ráðherra sagði, enda hefur verið um það fjallað mestan part. Ég ætla að reyna að fjalla aðeins um kjarnann í þessu, hvaða rök standa til þess að við í minni hlutanum höfum gert athugasemdir við þetta. Hvaða kjarnaatriði eru það? Þau eru einfaldlega þau að hlutverk Flugmálastjórnar eru tvenns konar sem eru ósamrýmanleg. Annars vegar á að greiða götu flugrekstraraðila, þeirra sem starfa í fluginu, og hins vegar að tryggja öryggið. Það hefur sýnt sig að það eru mýmörg mál — ég ætla ekki að rekja þau hér, við munum takast á um það síðar á þinginu í umræðum utan dagskrár — þar sem sýnt er fram á að þessi hlutverk eru ekki samrýmanleg. Þess vegna eru þær valdheimildir sem hér er verið að leggja til til þess fallnar — menn óttast að mjög erfitt verði að framkvæma það með þeim hætti að það verði ásættanlegt.

Hæstv. ráðherra kemur hér upp og leyfir sér að leggja síðan út af því að við í minni hlutanum séum allt að því

andvíg flugöryggi, ef túlka má orð hans, kemur síðan í hinni sömu ræðu í upphafi og fjallar um málefnalega gagnrýni.

Virðulegi forseti. Ég frábið mér umræðu af slíkum toga. Við í minni hlutanum höfum verið að reyna að koma réttum kúrs á þetta mál en því miður hefur það ekki tekist enn.

[12:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég kalla ómálefnalega gagnrýni er þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talar um að breytingar á lögum sem varða flugöryggismál, flugverndarmál, flugverndaráætlun og fleiri séu krampakennd viðbrögð stjórnvalda við tilvikum eins og gerðust 11. september. Það kalla ég ekki málefnalegan málflutning og það var það sem ég átti ekki síst við.

Ef hv. þm. hefði undirbúið sig undir þessa umfjöllun í þinginu eins og hann lætur í veðri vaka hefði væntanlega mátt búast við að fram kæmu brtt. í þá veru sem hann talaði um að þyrfti að gera um aðskilnað vegna framkvæmdar ýmissa mála. En hvar eru þær brtt.? Þær hafa ekki litið dagsins ljós, ekki einu sinni í ræðum, hvað þá að þær séu lagðar fram eða gerð grein fyrir þeim í nefndinni, svo ég viti til. Gagnrýni er nauðsynleg og við erum til þess á Alþingi að fjalla um mál, taka afstöðu til brtt. við stjfrv. eins og í þessu tilviki, en þá verða þær brtt. að koma fram og þær hafa ekki komið fram hjá stjórnarandstöðunni, hvorki Vinstri grænum sem eiga fulltrúa í samgn. né fulltrúa Samfylkingarinnar sem þar situr þannig að við hljótum þá að sjá frumvörp sem fjalla um þessi málefni sem hv. þm. gerir að svo miklu atriði í umræðunni.

[12:12]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Áfram heldur hæstv. ráðherra að vaða elginn án þess að vita mikið um hvað hann er að ræða. Ég eiginlega get ekki svarað öllu í þessu stutta andsvari, en ég ætla þó að vekja athygli á því að á þskj. 568, í 252. máli, er lagt til — ég ætla að lesa það upp, með leyfi forseta — í samræmi við þá megingagnrýni sem við höfum sett upp að það sé „nauðsynlegt að skipta Flugmálastjórn upp". Það kemur fram í minnihlutaálitinu að það sé algerlega nauðsynlegt að skipta henni upp í þá hluta sem ég nefndi áðan. Af hverju lætur hæstv. ráðherra eins og kjáni? Af hverju gerir hann því skóna að menn séu ekki með hugmyndir eða tillögur? Hefur hann ekkert kynnt sér málið? Hefur hann ekkert hlýtt á umræðuna? Hvað á svona málflutningur að þýða? Hverra erinda er hæstv. ráðherra að ganga?

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða hljóti að kalla á lengri umræðu en þetta.

[12:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannleikanum verður hver sárreiðastur eins og þar stendur. En hv. þm. staðfesti það sem ég sagði að það er engin brtt. frá hv. þm. um þetta mál. (Gripið fram í.) Ég hef því engu við þetta að bæta að öðru leyti en vekja athygli á því sem hann staðfesti sjálfur.

[12:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það að þær efnislegu athugasemdir sem eru í nál. minni hlutans og komu einmitt fram hjá mörgum þeirra sem gerðu athugasemdir við frv. eru einmitt við það að án frekari skoðunar sé Flugmálastjórn fengið það vald og þær skyldur að vera sá sem veitir rekstrarleyfið, veitir ráðgjöf og þjónustu, annast eftirlitið, beitir viðurlögum og dómum og tekur út.

Ég verð að segja fyrir mig að ég hefði viljað fá nánari greinargerð á því hvort Flugmálastjórn væri þannig uppbyggð að hún réði við að taka að sér svona margþætt stjórnsýsluhlutverk sem skarast við sjálft sig eða býður upp á hagsmunaárekstra, og ég tel að slíkrar greinargerðar hefði verið þörf. Það var verið að vitna í einstakar umsagnir til nefndarinnar sem mér finnst alveg á mörkunum að vera siðlegt í sjálfu sér en þó er það gert. Þá hefði átt að lesa þær allar upp. Ég get þá vitnað í eina umsögn sem kemur frá Garðaflugi ehf. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það er með ólíkindum hvaða vald er sett í hendur Flugmálastjórnar með þessum greinum." Síðan er talið upp og þar er einmitt varað við því að setja inn að sektarákvæðin verði eitt megininntakið fyrir Flugmálastjórn að beita, og óttast að í stað þess að veita ráðgjöf og leiðandi þjónustuefirlit grípi menn til þess að vera innheimtustofnun fyrir ríkið. Fleiri atriði hefði mátt skoða frekar þannig að málið átti að fá miklu meiri undirbúning og meðhöndlun en vera afgreitt úr nefnd í bakherbergi og án þess að vera á dagskrá.

[12:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvar hv. þm. kristallaði mjög rækilega þann vanda sem flugmálayfirvöld standa frammi fyrir, þ.e. þegar hann vitnaði í athugasemdir tiltekins flugfélags. Það kemur fram í þessari athugasemd að viðkomandi flugfélag kvartar undan því að Flugmálastjórn skuli vera fært í hendur vald til þess að geta framfylgt reglum sem eru settar.

Þarna þarf auðvitað að gæta hófs, fara hinn gullna meðalveg. En hv. þm. gerir kröfu til þess að Flugmálastjórn hafi aðstöðu til þess að leiðbeina og leiða væntanlega viðkomandi flugfélag inn á réttar brautir án þess að hafa neitt vald til þess að láta framfylgja regluverkinu. Við stöndum frammi fyrir þessum vanda.

Ég held að aðalatriðið sé að reglurnar sem flugrekendur þurfa að fara eftir séu mjög skýrar og klárar og að raunverulegur möguleiki sé fyrir eftirlitsaðilann að fylgja fram þeim reglum sem eru settar. Og vel að merkja, til þess að ekkert fari á milli mála, þá eru þær reglur sem framfylgt er gagnvart litlu flugfélögunum svokallaðar JAR-reglur og nokkur flugfélög þurftu að stoppa í sumar vegna þess að þau uppfylltu ekki þær kröfur sem eru settar. Hins vegar tókst þeim að koma því öllu saman í lag og í dag gilda þessar reglur og ég heyri ekki annað en að um það sé bærileg sátt. En auðvitað þarf að framfylgja þeim og tryggja að framvegis verði farið eftir þeim. Til þess er þetta frv., að styrkja þann möguleika sem Flugmálastjórn verður að hafa til þess að framfylgja reglum.

[12:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann ekki við að hæstv. ráðherra sé að gera mér upp skoðanir, þ.e. að ég vilji ekki hafa hér flugöryggi og að tök séu til að fylgja því eftir og jafnframt þjónustu og ráðgjöf.

Þessi umræða hér sýnir bara að hún átti að fara fram í samgn. Þessi umræða átti að fara fram í samgn. en fór ekki fram þar.

Ég ítreka það og tek undir með hæstv. ráðherra að öryggismál í flugi er mikið og stórt mál. Þess vegna á að vinna

það af miklu meiri vandvirkni og miklu meiri samviskusemi í samgn. en ekki taka það út svona hroðvirknislegt eins og raun bar vitni, þ.e. eins og hv. þm. Kristján Möller upplýsti hér, en það var tekið út í bakherbergi án þess að vera sett þar einu sinni á dagskrá. Full ástæða er til þess að flugöryggismál séu unnin vel og reynt að skapa um þau eins mikla sátt og kostur er. Ég hygg að fyrir hæstv. samgrh. ætti það kannski ekki síður að vera áhersluatriði þessa dagana.

[12:19]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í seinni ræðu hæstv. samgrh. þar sem rætt var um flugleiðsögugjaldið eða flugmiðaskattinn sem svo hefur verið kallaður, að hann gerði ráð fyrir — reyndar er gert ráð fyrir því í 12. gr. — heimild um að þetta verði fellt niður.

Ég sjálfur ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar flutti strax tillögu um að þetta yrði fellt niður þannig að ég fagna þessu. Hins vegar tók ég eftir því að hæstv. samgrh. sagði hér áðan að hann gerði ráð fyrir því að þetta mundi virka aftur fyrir sig.

Herra forseti. Þannig er að lögin eru í gildi og flugmiðaskatturinn er í gildi núna og flugrekendur eiga að greiða þennan flugmiðaskatt núna samkvæmt lögunum. Í þessu frv. er hins vegar ekki gert ráð fyrir því sem var í frv. sem ég og nokkrir aðrir þingmenn Samfylkingarinnar fluttum, að þetta yrði endurgreitt þeim flugrekendum sem það hafa greitt.

En ég fagna því sem hæstv. samgrh. sagði áðan, þ.e. að hann gerði ráð fyrir að þetta yrði afturvirkt. Því vil ég, herra forseti, spyrja hæstv. samgrh. út í þetta mál frekar. Það verða þá leiðbeinandi skilaboð fyrir okkur í samgn. áður en þetta mál kemur til 3. umr. vegna þess að þetta verður að koma þar sem brtt. Hvaða ákvæði eigum við að setja þarna inn? Getum við ekki sameinast um að flugrekendur hafi ekki haft efni á því að greiða þennan flugmiðaskatt? Getum við ekki sameinast um að flugrekendum verði endurgreiddur þessi skattur frá upphafi? Hvaða dagsetningar hefur hæstv. samgrh. í huga þegar hann segir að hann geri ráð fyrir að þegar flugleiðsögugjaldið verður fellt niður þá virki það aftur fyrir sig?

Hér vantar að mínu mati lagaheimild fyrir því hvaða dagsetningar eiga að vera. Út í þetta vildi ég spyrja hæstv. samgrh.

[12:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit þá liggur fyrir að samkvæmt fjárlögum er ekki gert ráð fyrir því að innheimta þetta gjald á þessu ári. Við gerðum ráð fyrir því að innheimtan félli niður um ríflega mitt síðasta ár þegar frv. var til umfjöllunar hér í þinginu. Það liggur því fyrir að ekki er gert ráð fyrir frekari endurgreiðslu en sem frv. þá miðaðist við.

Aðrar yfirlýsingar get ég ekki gefið á þessu stigi um málið en fjárlög fjölluðu alveg um þetta mál.

[12:22]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta sé komið a.m.k. aftur til 1. júní á síðasta ári, að ekki verði sem sagt gjaldtaka á þessu ári eins og getið var um, en ekki er getið um í fjárlögum.

Hins vegar vil ég geta þess að ekki er heldur heimild í fjárlögum núna til þess að endurgreiða helminginn af flugleiðsögugjaldinu, flugmiðaskattinum sem innheimtur var á síðasta ári. Ef það er því eins og hér hefur komið fram að þetta miðist við það þegar samgrh. gaf yfirlýsingu um mitt síðasta ár og var sammála okkur þingmönnum Samfylkingarinnar um að þetta væri óréttlát og vitlaus skattheimta og að leggja ætti hana af þá spyr ég hvort þess þurfi þá ekki. Ég sá þess ekki stað í fjárlögunum sem voru afgreidd fyrir jól að þar væri endurgreiðsluheimild — ég geri ráð fyrir að þetta séu einar 15 milljónir — endurgreiðsluheimild fyrir helminginn á síðasta ári.

Herra forseti. Ég tel hins vegar að endurgreiða ætti þennan skatt allan að fullu.

[12:24]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls í þessari umræðu en vegna ræðu hæstv. ráðherra og fullyrðinga sem þar komu fram sá ég mér ekki annað fært en að fjalla um nokkur atriði sökum þess að ekki gafst tími til þess í stuttu andsvari.

Ég held að það yrði nú til þess að æra óstöðugan að fjalla um þá umræðu sem fram hefur farið eftir hið hörmulega slys í Skerjafirði og ekki er ástæða til þess að gera það hér. Hins vegar held ég að öllum sé í fersku minni hvernig hæstv. samgrh. hefur tekist á við þá umræðu og hvernig honum hefur vegnað í þeirri umræðu. Af þeim sökum m.a. setti ég fram þá skoðun í ræðu minni, og hún kemur einnig fram í áliti minni hlutans, að þessi viðbrögð sem við sjáum hér séu að mörgu leyti krampakennd viðbrögð við tiltekinni stöðu.

Þegar reynt er að rýna í þau grundvallarrök, þá hugsun sem býr að baki því að þetta frv. er lagt fram þá er þau rök að finna í greinargerðinni. Þar er vitnað í tvennt. Annars vegar er vitnað í umrætt slys og hins vegar er vitnað til þess að Flugmálastjórn hafi í nokkrum tilvikum verið gerð afturreka fyrir dómstólum. Þetta eru þau grundvallarrök, þ.e. undirstaðan fyrir því að farið er af stað með þessar breytingar.

Rétt er líka að halda því til haga að ýmislegt í þessu er til bóta. Ég vil halda því skilmerkilega til haga og ætla svo sem ekkert að fjalla frekar um það. En ég hef sagt að þessi viðbrögð sem felast í auknum refsi- og viðurlagaheimildum Flugmálastjórnar séu krampakennd. Eins og ég rakti í máli mínu er einungis hægt að tala um að Flugmálastjórn hafi verið gerð afturreka í þrígang. Eitt tilvikið laut að sönnunarskorti og hin tvö lutu að því, ef marka má þær heimildir sem hægt er að líta til, að röksemdafærsla þeirra sem voru sakaðir um að haga sér eins og flugdólgar, ef svo má að orði komast og eins og hæstv. ráðherra gerði í sinni ræðu, var einfaldlega slík að héraðsdómur taldi hana duga til þess að hnekkja ákvörðun Flugmálastjórnar. Hér var einfaldlega um það að ræða að fram fór rökræða fyrir dómstólum um það hvor hefði meira til síns máls.

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með einum umsagnaraðila um að ekkert af því sem þarna gerðist hafi átt sér stað sökum þess að skort hafi refsi- eða sviptingarúrræði. Málið er því fyrst og fremst hvernig menn fara með vald sitt og sitt eftirlit.

Hæstv. ráðherra bar það síðan upp á minni hlutann að hann væri hér eiginlega, ef marka má ráðherrann, að reyna að tefja málið, þvælast fyrir, vera með málþóf o.s.frv.

Grundvallarröksemdafærsla okkar er sú að það sem hér er að og þau vandamál sem hafa verið til staðar eigi rætur sínar í því að hlutverk Flugmálastjórnar er tvenns konar, sem er ósamrýmanlegt, þ.e. annars vegar er þeim ætlað að ganga erinda og vera til leiðsagnar þeim sem stunda flug og flugrekstur og hins vegar að hafa með þeim eftirlit og tryggja

öryggi. Oft og tíðum og oftast fara þessir hlutir ekki saman. Því höfum við lagt til að skipta þessu upp og það kemur fram í áliti okkar. Hins vegar er það rétt hjá hæstv. ráðherra að við höfum ekki lagt það til í neinni tæknilegri útfærslu. En mér fannst á hæstv. ráðherra að honum hugnaðist það svo sem ekkert illa að það yrði gert. Ég get sagt það hér fyrir hönd minni hlutans að við erum tilbúnir að aðstoða ráðherra við þá vinnu, tilbúnir að leggja okkur alla fram til þess að aðstoða ráðherra til að hægt sé að koma þessum hlutum í það horf sem við höfum lagt til. Hæstv. ráðherra ræður því þá hvort hann þiggur þá aðstoð eða ekki. Við erum tilbúnir til þess.

En hæstv. ráðherra getur ekki komið hér upp og sagt að við höfum ekkert til málanna að leggja, við höfum engar hugmyndir eða nokkurn skapaðan hlut. Það er einfaldlega ekki sanngjarnt. Þó að ég telji mig kannski ekki þess umkominn líkt og ráðherra að setjast í dómarasæti og fjalla um hvað sé málefnalegt og hvað ekki í þessari umræðu þá vil ég halda því fram, virðulegi forseti, að þessi röksemdafærsla hæstv. ráðherra hafi ekki verið mjög málefnaleg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 347.

[12:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér tökum við til við að ræða að nýju frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa sem var frestað í miðju kafi nokkru fyrir jól. Ég hafði mælt fyrir frv. og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hafði talað.

Aðeins til upprifjunar þá er með frv. aflað lagaheimildar til að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé jafnframt skráð svokallaðri þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Frv. er samið af nefnd sem samgrh. skipaði í samráði við hæstv. sjútvrh. En auk fulltrúa sjútvrh. áttu sæti í nefndinni fulltrúar frá utanrrh.

Ég ætla ekki að halda aðra framsöguræðu fyrir frv. en ég ætla að fara nokkrum orðum um þær fyrirspurnir og ábendingar sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hafði sett fram í sinni ágætu ræðu þegar frv. var til meðferðar.

Í fyrsta lagi vegna spurninga hv. þm. þá fjallaði hv. þm. nokkuð um Flæmingjagrunnið. Og dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í, eins og hv. þm. sagði, eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafinu. Þingmaðurinn fjallaði nokkuð um þetta. Af því tilefni vil ég svara því að það er rétt að íslensk skip hafa með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn veitt undir fána annarra ríkja. Það er staðreynd.

Frv. það sem hér liggur fyrir er til þess fallið að hafa betri stjórn á því hvaða veiðar íslensk skip stunda undir fána annarra ríkja. Veiðarnar á Flæmingjagrunni eru gott dæmi um þetta. Þær eru dæmi um veiðar þar sem þurrleiguskráning yrði ekki heimiluð og má benda á f-lið 2. mgr. 1. gr. frv. í því sambandi.

Eins og hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni er kunnugt hefur Ísland mótmælt stjórnuninni á þeim veiðum og hefur þar af leiðandi tekið upp á sitt eindæmi þá ákvörðun að stjórna þar veiðum með einhliða kvótasetningu. Jafnframt hefur Ísland unnið að því að stjórnunin verði endurskoðuð og úthlutun fari fram á veiðirétti á Flæmingjagrunni.

Í annan stað fjallaði hv. þm. um 1. og 2. gr., g-lið, og sagði:

„Mig langar í framhaldinu að varpa fram spurningu til hæstv. samgrh.: Hvaða aðrar upplýsingar er átt við í g-lið 1. gr. sem samgrh. á að geta kveðið á um í reglugerð? Hverjar eru þær?“

Svar mitt er: Hér er um almennt heimildarákvæði að ræða. Ekki er mögulegt að sjá fyrir öll hugsanleg álitaefni sem upp kunna að koma þegar farið verður að vinna samkvæmt þessum lögum. Tilgangur g-liðanna bæði í 1. og 2. mgr. 1. gr. frv. er að mæta hugsanlegri þörf fyrir að setja frekari reglur um þurrleiguskráningu íslenskra skipa. Ef liðirnir eru lesnir í samhengi við aðra liði lagagreinarinnar er augljóst að þessum liðum verður ekki beitt til rýmkunar ákvæðinu. Þvert á móti frekar til þrengingar útgáfuleyfis samkvæmt greininni.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. og fjallar um 1. gr., 2. málslið 2. mgr.:

„Hvernig telur ráðherrann að þessi málsgrein, þ.e. þessi stafliður hennar, takmarki það nú þegar skipin verða sett undir þurrleigu?“

Svar mitt er: Hugsunin er sú að ekki á að vera hægt að nýta þurrleiguskráningu til að stunda veiðar sem hægt er að stunda undir íslenskum fána. Hér er átt við að stunda veiðar í þrengri merkingu. Þannig væri t.d. undir þurrleiguskráningu hugsanlegt að nýta rússneskan kvóta í norsk-íslenskri síld á íslenskum skipum undir rússneskum fána, þ.e. íslensk skip geta ekki veitt úr íslenska kvótanum undir öðrum fána en íslenskum. En eins og þingmaðurinn veit er ekki hægt að veiða úr rússneska kvótanum nema undir rússneskum fána. Hér er því dæmi um viðbótarverkefni fyrir íslensk skip eins og talað er um í athugasemdum með frv.

Þá spurði hv. þm. út í d-lið 2. mgr. 1. gr. Svar mitt er að um þennan lið þarf ekki að fjölyrða. Hér er verið að hnykkja á að ávallt sé tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur við útgáfuleyfi til þurrleiguskráningar.

Í fimmta lagi fjallaði þingmaðurinn um e-lið 2. mgr. 1. gr. Þar spyr hann m.a. út í það sem þar segir: „sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki“.

Svar mitt er svohljóðandi: Þessi lagaheimild, þ.e. að loka fyrir þurrleiguskráningu til einstakra ríkja sem reynslan sýnir að uppfylla ekki skyldur sínar sem fánaríki er til þess fallin að herða skilyrði fyrir þurrleiguskráningu enn frekar. Má í þessu sambandi minna á að ýmis hentifánaríki svokölluð eru vel þekkt. Framkvæmd þurrleiguskráningar gæti aftur á móti leitt í ljós að rétt væri að bæta ríkjum á þann lista og þá er hægt að bregðast við því.

Í sjötta lagi fjallaði hv. þm. um f-lið 2. mgr. 1. gr. en þar segir: „þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur ganga ekki að öðru leyti gegn hagsmunum Íslands“.

Svar mitt við þeim hugleiðingum er svohljóðandi að vísa til þess sem áður sagði um þennan lið í upphafi ræðu minnar um veiðar í Flæmingjagrunninu þegar ég mælti fyrir frv. Ég get tekið annað dæmi, kolmunnaveiðar. Eins og þingmaðurinn veit standa nú yfir samningaviðræður um skiptingu kolmunnastofnsins. Það er því ljóst að undir núverandi kringumstæðum mundi það vera mat sjútvrh. að þær gengju gegn

hagsmunum okkar og hann á grundvelli þess ákvæðis ekki heimila þurrleigu íslensks skips til þessara veiða. Þetta er að sjálfsögðu svar sem ég gef hér að höfðu samráði við hæstv. sjútvrh.

Í sjöunda lagi spyr hv. þm. hvort ekki sé eðlilegt að vísa frv. bæði til sjútv.- og samgn. Ég tel að það sé efni málsins samkvæmt eðlilegt að frv. gangi til hv. samgn. og það sé þá á valdi hennar að taka ákvörðun um hvort leitað sé umsagnar sjútvn. um einstök atriði frv.

Í áttunda og síðasta lagi fjallaði þingmaðurinn um að skilyrði fyrir þurrleigusamningi væri ekki til staðar og að skipið yrði tafarlaust afmáð af hinni erlendu skipaskrá.

Svar við þessum hugleiðingum er svohljóðandi: Með orðunum „tafarlaust afmáð" er átt við að eðlilegar ráðstafanir eigi sér stað áður en skipið er svipt þurrleigu, þ.e. útgerðin hefjist strax handa um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að flytja skráningu skips. Hér má hugsa sér að segja þurfi upp erlendum sjómönnum, ganga frá hafnargjöldum o.s.frv.

Niðurfelling þurrleiguskráningar á hafi úti. Hér hefur hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson væntanlega bent á raunverulegt praktískt vandamál sem þarf að fara yfir. Á meðan á þurrleigu stendur verður áhöfn væntanlega að miklu leyti erlend, þó ekki sé vert að fullyrða neitt um það. Ef skráningin fellur niður á hafi úti yrði þetta samstundis ólögleg áhöfn þar sem flestir hefðu væntanlega ekki atvinnuleyfi til að starfa um borð í íslensku skipi. Af þessum sökum gengur varla upp í framkvæmd að fella þurrleiguskráningu niður á hafi úti. Niðurfelling þyrfti að eiga sér stað þegar skipið kæmi næst til hafnar.

Herra forseti. Ég tel mig hafa farið ítarlega yfir þær spurningar sem hv. þm. bar fram í ræðu sinni. Ég tel eðlilegt og raunar afar mikilvægt að hv. samgn. fari yfir öll þessi atriði sem hv. þm. spurði um og ég hef nú gefið svör við. En ég tel að það sé svo mikilvægt að allir endar séu hnýttir að nefndin fari afar vandlega yfir þetta og greini þær ábendingar sem komið hafa fram við þessa umræðu.

Að öðru leyti þakka ég fyrir viðbrögðin við frv. og vænti þess að það hljóti afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

[12:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir skýr svör við þeim spurningum sem ég bar hér fram þegar við hófum þessa umræðu fyrir jól og tek undir það sem hann sagði í lokaorðum sínum að huga þurfi vel að frv. í nefnd, skoða vel atriði sem komu fram í spurningum mínum sem reyndar komu fram nánar útskýrðar í svörum hæstv. ráðherra.

Ég vék í fyrri ræðu minni ekki mikið að þeim ágreiningi sem er um frv. í þjóðfélaginu, en eins og frv. ber með sér er verulegur ágreiningur um það milli sjómannasamtakanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar, sem hafa óskað eftir að frv. væri flutt hér. Eins og kemur fram í greinargerð með frv. liggur fyrir að öll sjómannasamtökin eru andvíg efni þess og það er kannski ekki óeðlilegt vegna þess að þegar skip fer undir þurrleigu, þá eru það reglur fánaríkisins sem ráða mönnuninni. Og hversu mikill vilji sem er hjá útgerðarmönnum til að halda íslenskum áhöfnum að hluta eða öllu leyti þá fá þeir því ekki ráðið. Í hinum einstöku ríkjum gilda reglur um hvernig skip sem eru undir fána viðkomandi ríkis skuli mönnuð og stundum þegar íslenskir útgerðarmenn hafa verið að sækjast eftir veiðiheimildum annarra ríkja, t.d. á Flæmingjagrunni, hefur það auðvitað komið upp að menn hafa orðið að ráða fiskiskipstjóra en vera með skipstjóra frá erlenda ríkinu. Þannig háttar örugglega til víðar. Þó að mér sé ekki nákvæmlega kunnugt um í hvaða löndum það er sem slíkar reglur gilda þá hygg ég að það hafi gilt. Reglur í Eystrasaltslöndunum eru að breytast og þau ríki hafa verið að breyta reglum sínum og lögum á undanförnum árum eftir að þau öðluðust fullt sjálfstæði eða komust undan Sovétríkjunum gömlu.

Hins vegar er ekkert vafamál að atvinnuöryggi íslenskra sjómanna á þeim skipum sem sett verða á þurrleigu er mjög lítið. Það er nánast alls ekki hægt að ganga að því vísu að þar sé verið að auka verkefni íslenskra sjómanna eins og segir í greinargerð með frv. Ég held að það sé kannski fullyrðing sem svolítið vafasamt er að standist að þegar skip eru sett undir þurrleigu sé sjálfgefið að störfum íslenskra sjómanna geti fjölgað. Það gæti akkúrat verið á hinn veginn, að störfum íslenskra sjómanna væri að fækka, þó svo að verkefnum íslenskra útgerðarmanna fjölgi við það að koma skipum í verkefni sem þau hafa ekki getað stundað áður.

Mér er hins vegar spurn miðað við efni frv. Þó að hæstv. ráðherra hafi bent á að hugsanlega mætti nálgast viðbótarverkefni undir rússneskum fána með þeim möguleika að skrá skip á þurrleigu undir rússneskan fána þá held ég, og að því ber að hyggja mjög vel þegar þetta mál er rætt í hv. samgn., að almennt sé það svo að þegar ríki sækjast eftir því að koma skipum á þurrleigu undir fána annars ríkis þá séu slíkar reglur gagnkvæmar. Það á alla vega við um fragtskipin að víðast eru þetta gagnkvæmar reglur, þ.e. þegar við getum sett íslensk skip undir þurrleigu þá geta auðvitað erlend ríki líka sett erlend skip undir þurrleigu á Íslandi, og það er þekkt.

Þess vegna kemur það líka fram í frv. að m.a. í Danmörku er ákvæði um þurrleigu, en það nær ekki til fiskiskipa. Eina ríkið sem hér er nefnt í sambandi við að þurrleiga fiskiskipa geti virkað í báðar áttir er Færeyjar. Það kemur ekki beinlínis fram, ef ég hef lesið þetta rétt, að önnur tilvik séu nefnd í þessu frv.

Ég tel að að mörgu verði að hyggja þegar við förum að taka þetta fyrirkomulag upp, sem ég vil vara mjög við og ég vona að við kunnum fótum okkar forráð í því sem við erum að gera í þessu máli, t.d. því að mjög sjaldgæft er að fiskiskip séu leigð á þurrleigu.

Ég verð líka að segja alveg eins og er að þrátt fyrir þetta hugsanlega dæmi innan rússnesku lögsögunnar sem hæstv. ráðherra nefndi þá kemur það fram í frv. að hvorki er verið að taka til þeirra veiða sem skip hafa stundað né veiða sem hægt væri að stunda ef það gengur gegn hagsmunum Íslands. Ráðherrann hæstv. nefndi m.a. dæmið um kolmunnann, að ef hann yrði kvótasettur þá kæmi til þess að menn gætu farið að leita sér að veiðiheimildum.

Ég vil ítreka að þó að búið sé að semja um ákveðið fyrirkomulag, eins og á Flæmingjagrunninu, og þó að samið verði um ákveðið fyrirkomulag í framtíðinni um kolmunnann þá er ekki sjálfgefið að veiðar íslenskra skipa, undir fánum annarra ríkja, úr sameiginlegum stofnum eða þeim stofnum sem við erum að nýta og eigum veiðiréttindi í, þjóni íslenskum hagsmunum. Ég færði fyrir því rök í fyrri ræðu minni fyrir áramót að t.d. veiðar íslenskra skipa á Flæmingjagrunni undir fánum erlendra ríkja væru að innvinna veiðirétt fyrir önnur ríki en Ísland. Þar eru íslenskir útgerðarmenn að gera skipin út undir erlendum fánum, skrá þau undir erlenda fána í gegnum skúffufyrirtæki eða þá beint þar sem það á við. Og þó að eignarhaldið á viðkomandi skipum — ef það er rakið — sé íslenskt þá eru þau að vinna inn veiðireynslu fyrir

önnur ríki. Ég hef bent á það varðandi Flæmingjagrunnið að þar erum við Íslendingar einir með aflatakmarkanir á kvóta en allir aðrir veiða þar eftir svokölluðu dagakerfi og skip hafa sóst mjög eftir því að komast í þetta sóknardagakerfi sem hefur verið á Flæmingjagrunninu.

Þetta hefur orðið til þess á undanförnum árum að veiðireynsla annarra ríkja en Íslands hefur vaxið. Ísland hefur ekki klárað sína kvóta. Við stöndum í raun mjög illa á Flæmingjagrunninu. Ef til þess kæmi að menn settust aftur niður og færu að skoða hvernig bæri að skipta veiðirétti á Flæmingjagrunni kæmi einfaldlega í ljós að íslenska veiðireynslan hefur minnkað á sama tíma og veiðireynsla annarra ríkja hefur vaxið.

Ef gerð yrði bráðabirgðaúthlutun á kolmunnanum og menn færu í þær veiðar þá gæti það sama komið upp þar. Því er alls ekki sjálfgefið varðandi þær veiðiheimildir sem við nýtum ekki núna en færum að nýta eftir þessu þurrleigufyrirkomulagi, að menn væru sammála um hvernig bæri að túlka þetta, þ.e. hvort í því fælust hagsmunir Íslands eða hvort það ynni gegn hagsmunum Íslands. Það held ég að sé afar nauðsynlegt að menn hugleiði áður en þeir stíga þetta skref.

[12:53]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég minnist þess að líklega eru 20 ár síðan mikið var farið að tala um svokallaða þurrleigu kaupskipa þegar þau fóru fyrst að sigla til Íslands. Síðan upplifðu menn það að íslenskar kaupskipaútgerðir fóru að taka skip á svokallaðri þurrleigu og þá höfðu menn nú ekki trú á því að það mundi gerast í íslenska fiskiskipastólnum að svo mundi fara sem hér er lagt til og verið að ræða um.

Hins vegar hafa nú orðið á ekki lengri tíma svo miklar breytingar á rekstri og útgerð skipa, eignarhaldi á þeim o.s.frv. að líklega verður ekki undan því komist að skoða þau mál alvarlega sem lúta að leigu og þurrleigu og hvernig menn ráði skipaflota. Er þar gleggst dæmi að horfa á íslenska kaupskipaflotann, hvernig fyrir honum er nú komið. Líklega er eitt lítið kaupfar undir íslenskum fána en samt hefur ekki dregið úr flutningum til og frá Íslandi frá því sem áður var þegar kaupskipin hafa líklega verið flest, um nærri 50.

Miklar breytingar hafa orðið. Skipum hefur fækkað. En þau hafa stækkað og um er að ræða mikla hagræðingu í rekstri skips hvað stærð áhafnar varðar, hraða o.s.frv. Nú er þetta að breiðast út í fiskiskipaflotanum og kannski er ekki við öðru að búast.

Hitt er svo annað mál sem aðeins kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að vissulega þarf að skoða og athuga margt í þessu þannig að ekki verði svo frá málum gengið að réttarstaða okkar Íslendinga verði með neinum hætti skert hvað áhrærir kröfu til veiða annars staðar, innan lögsögu annarra ríkja, eins og hér hefur komið fram, t.d. á Flæmska hattinum o.s.frv. Þær ábendingar sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. eru því mjög athyglisverðar og mjög gott innlegg fyrir samgn. sem mun fá þetta mál til umfjöllunar.

Fram kom að stéttarfélög sjómanna hafa sett sig upp á móti þessu máli. Auðvitað þarf að skoða hvernig á því verður haldið þannig að allir geti verið nokkuð sáttir. En ég legg afar mikið upp úr því sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar og ábendingum hans sem eru mjög athyglisverðar, þ.e. hvernig á því eigi að halda ef t.d. skráning breytist fyrirvaralaust í hafi, um réttarstöðu áhafnarinnar, líka um sjóveðskröfur o.s.frv.

Ég þakka það sem hér hefur verið lagt til þessa máls. Hæstv. samgrh. hefur vísað til samgn. og bent á það sem vissulega þarfnast athugunar. Ég vænti þess að málið muni fá afar vandaða umfjöllun í samgn. eins og öll önnur sem þar hafa fengið afgreiðslu fram að þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Samgönguáætlun, 1. umr.

Stjfrv., 384. mál. — Þskj. 625.

og

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 385. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 639.

[13:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samgönguáætlun og frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun og fleira.

Strax við upphaf starfa minna sem samgrh. tók ég ákvörðun um að láta hefja vinnu við gerð samgönguáætlunar sem tæki til allra þátta samgöngukerfisins. Í stefnuræðu forsrh. sem hann flutti 4. okt. 1999 gerði hann grein fyrir áformum um samræmda samgönguáætlun sem unnin yrði á vegum samgrh.

Málefnið „gerð samræmdrar samgönguáætlunar" hefur nokkrum sinnum komið til kasta Alþingis. Á 110. löggjafarþingi árið 1987 var lögð fram þáltill. um að skipa nefnd sem vinna skyldi að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála. Flutningsmenn þeirrar tillögu voru þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Skúli Alexandersson. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar en að öðru leyti varð ekki úr frekari úrvinnslu þeirrar tillögu hér á hinu háa Alþingi.

Síðar, árið 1998, samþykkti Alþingi hins vegar till. til þál. frá þingmönnunum Magnúsi Stefánssyni, Stefáni Guðmundssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Agli Jónssyni. Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun og gera í framhaldi af því tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum.

Nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. apríl 1998."

Engin vinna fór hins vegar fram á grundvelli þessarar samþykktar og varð því að leggja línur um undirbúning slíkrar samræmdrar samgönguáætlunar í samgrn. Í framhaldi af ákvörðun minni um að láta vinna slíka áætlun þar sem tekið yrði heildstætt á samgöngumálum þjóðarinnar skipaði ég stýrihóp til að hafa umsjón með verkinu. Eftirfarandi skilyrði voru sett í skipunarbréfi stýrihópsins um gerð samgönguáætlunar:

„a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,

b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,

c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins."

Stýrihópurinn hefur nú lokið þessu verki og lagt fram skýrslu með tillögum að samgönguáætlun, rammaáætlun fyrir tímabilið 2003–2014. Skýrslu stýrihópsins hefur verið dreift í þinginu í framhaldi af því að frv. um samgönguáætlun og frv. um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun og fleira voru lögð fram.

Frv. um samgönguáætlun er fyrst og fremst ætlað að festa samgönguáætlun í sessi og setja skýran lagaramma um hana. Þessi heildstæða áætlun mun koma í stað vegáætlunar, langtímaáætlunar í vegagerð, flugmálaáætlunar, hafnaáætlunar og sjóvarnaáætlunar.

Samhliða því er lagt fram frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun og fleira. Samgönguáætlun er ætlað að vera mun víðtækari en fyrri áætlunum. Auk framkvæmdaáætlana tekur hún til stefnumótunar á sviði öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna, fjármögnunar samgöngukerfisins og reksturs stofnana, svo eitthvað sé nefnt. Áætlunin mun einnig, eins og áður sagði, taka til allra þátta samgöngukerfisins, þ.e. samgangna í lofti, á láði og legi, og innbyrðis samspils milli þeirra og við aðra mikilvæga þjóðfélagsþætti.

Ein helsta nýjungin í þessu frv. er að í framhaldi af því verður í fyrsta skipti lögð fyrir Alþingi í formi þáltill. heildstæð stefna og markmið í samgöngumálum þjóðarinnar til tólf ára í senn.

Það skal áréttað hér að með fyrri tillögu að samgönguáætlun sem komin er fram er verið að færa áætlanagerð í samgöngum inn á nýjar brautir. Í stað þess að leggja nær eingöngu áherslu á einstök verkefni eða framkvæmdir eins og verið hefur er bætt við þýðingarmiklum þætti. Nú verður lögð veruleg aukin áhersla á heildstæða stefnumótun og markmiðssetningu sem tekur mið af mörgum þáttum þvert á samgöngugreinarnar. Þannig munu leiðir að markmiðum bæði taka mið af fjárfestingum og ætlaðri fjáröflun. Grundvöllur þessa byggist á því að Alþingi setji fram skýr markmið og ákveði að lokum leiðirnar að markmiðunum út frá mismunandi möguleikum eða tillögum sem ráðherra setur fram. Þegar leiðirnar hafa verið staðfestar af Alþingi er það ráðherra og viðkomandi stofnana að bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Hugmyndafræði þessi snýst um að Alþingi eigi að leggja meiri áherslu á umfjöllun um stefnumótun og leiðir en e.t.v. minna á einstakar fjárfestingar. Þetta er málefni sem á eftir að þróast og með samgönguáætlun er aðeins stigið lítið skref í þessa átt.

Í nágrannalöndum okkar hefur áætlanagerð í samgöngum þróast mjög hratt og hefur vinna við samgönguáætlun að nokkru tekið mið af reynslu þessara þjóða og þá sérstaklega Norðmanna. Norski samgönguráðherrann lagði t.d. fram National Transport Plan 2002–2011 á sl. ári sem nú hefur verið samþykkt í norska þinginu.

Samkvæmt frv. skiptist samgönguáætlun í þrjú fjögurra ára tímabil. Fjögurra ára áætlun hennar sem er lögð fram sem þáltill. í kjölfar þáltill. um samgönguáætlun er sundurliðun fyrsta fjögurra ára tímabilsins og skiptist í kaflana Flugmálaáætlun, Siglingaáætlun og Vegáætlun. Hún nær til allra útgjalda og tekna viðkomandi stofnana sem hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun gera ekki samkvæmt núgildandi lögum. Núgildandi vegáætlun og flugmálaáætlun gera það hins vegar að flestu leyti en framsetning þeirra er ekki samræmd. Samgönguáætlun er endurskoðuð á fjögurra ára fresti, en fjögurra ára áætlun hennar á tveggja ára fresti. Við aðra hverja endurskoðun nær hún því til fyrstu tveggja ára annars tímabils samgönguáætlunar.

Í framsetningu fjögurra ára áætlunarinnar þarf að samræma gildistíma, efnistöku og uppsetningu núverandi áætlana. Fskj. frv. nr. I sýnir gildistíma þessa áætlana og áætlaða gildistöku samgönguáætlunar. Stefnt er að því að samgönguáætlunin ásamt fjögurra ára áætlun taki fyrst gildi 1. janúar árið 2003 verði þetta frv. að lögum. Það er á sama tíma og nýendurskoðuð hafnaáætlun ætti að taka gildi. Hins vegar tóku ný flugmálaáætlun og vegáætlun gildi 1. janúar árið 2002, því þarf að brúa þetta millibil með endurskoðuðum framangreindum áætlunum fyrir árið 2002 áður en samgönguáætlunin tekur við 1. janúar árið 2003. Bent skal sérstaklega á að samgönguáætlun tekur yfir langtímaáætlun í vegagerð.

Í fskj. II með frv. er fjögurra ára áætlunin einnig sýnd. Hún er sundurliðuð á fyrsta tímabili samgönguáætlunar eins og áður var sagt, bæði niðurstöðum fyrir einstök ár og einstök verkefni. Gert er ráð fyrir að í áætluninni komi fram yfirlit sem sýni bæði tekjur og gjaldtökur flokkaðar eftir sundurliðun fjárlaga og að það geti fallið beint inn í fjárlagafrv. hverju sinni. Gert er ráð fyrir að í sundurliðun stofnkostnaðar komi ætíð fram sérstaklega fjárveitingar til grunnkerfisins, en skilgreining þess sem landskerfis er eitt af þýðingarmestu atriðum samgönguáætlunar. Miðað er við að í undirbúningi samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hafi stofnanir á sviði samgangna með sér náið samstarf. Í því skyni verði komið á fót svokölluðu samgönguráði sem beri ábyrgð á samræmdri tillögugerð til samgrh. Það skal vinna sjálfstætt án formlegs lögbundins umsagnarferils fyrir utan svokallað samgönguþing sem samgrh. er skylt að kalla saman minnst einu sinni fyrir hverja endurskoðun samgönguáætlunar.

Auðvitað má slá því föstu þrátt fyrir þetta að samgönguráð leiti víða fanga í vinnu sinni. Gert er ráð fyrir að í samgönguráði sitji forstöðumenn Siglingastofnunar, Flugmálastjórnar og Vegagerðar, auk fulltrúa samgrh., sem jafnframt er formaður.

Í fyrrgreindum bandormi, ef svo má kalla frv. sem hér er til meðferðar, er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á skipan flugráðs og hafnaráðs sem skapa ætti betri faglegan grundvöll undir störf þessara ráða og jafnframt er þátttaka notenda betur tryggð. Þessum ráðum er ætlað að gefa samgrh. sjálfstæða umsögn um tillögur á sviði samgönguáætlunar eftir að þær hafa verið afgreiddar af samgönguráði til ráðherra.

Í núgildandi lögum er verklagið slíkt að umsögn þessara ráða berst stofnuninni áður en hún leggur tillögur sínar fyrir ráðherra. Hér er því um þýðingarmikla breytingu að ræða sem samgn. þingsins þarf að fara rækilega yfir því um grundvallarbreytingu er að ræða á hlutverki hafnaráðs og flugráðs sem umsagnaraðila. Tilgangur frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun og fleira er tvíþættur, annars vegar að breyta ákvæðum núgildandi laga svo þau samræmist frv. til laga um samgönguáætlun og hins vegar að breyta lagaákvæðum sem tengjast ekki gerð samgönguáætlunar.

Helstu lagabreytingar sem varða gerð samgönguáætlunar varða ákvæði núverandi laga um vinnulag og endurskoðun

vegáætlunar, flugmálaáætlunar, hafnaáætlunar og sjóvarnaáætlunar þannig að staða þeirra breytist verulega, og í reynd verða þær hluti af fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar. Nöfn vegáætlunar og flugmálaáætlunar eru látin halda sér og verða kaflar í fjögurra ára áætluninni.

Hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun ásamt áætlun fyrir rekstur annarra siglingamála og Siglingastofnunar verða einnig kafli í fjögurra ára áætlun sem fær heitið Siglingamálaáætlun. Þess utan eru lagaákvæði um langtímaáætlun í vegagerð felld út, enda er samgönguáætlun til 12 ára áætlað hlutverk hennar eins og fyrr kom fram.

Annað mikilvægt ákvæði varðar breytingar á verksviði og skipan flugráðs og hafnaráðs. Fulltrúar beggja ráða verða eftir breytingu sex í stað fimm áður. Lagt er til að ráðherra skipi þrjá fulltrúa án tilnefningar, þar af bæði formann og varaformann, og atkvæði formanns ráði úrslitum falli atkvæði jöfn.

Einnig er að finna í frv. hugmynd um að í flugráð verði alfarið skipað af ráðherra í stað tveggja fulltrúa tilnefndra af ráðherra og þriggja fulltrúa kjörinna af Alþingi. Hún fellur að því hlutverki flugráðs að vera ráðgefandi fyrir samgrh., m.a. í ýmsum málum sem síðar koma til kasta Alþingis. Ég óska eftir því við samgn. að hún taki þessar breytingar á skipan flugráðs til vandlegrar skoðunar því eins og fyrr segir er gert ráð fyrir breyttu hlutverki ráðsins.

Í frv. er lagt til að tveir fulltrúar hafnaráðs verði skipaðir samkvæmt tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga sem er óbreytt frá núgildandi lögum. Nýmæli er hins vegar að ráðherra skipar einn hafnaráðsmann samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins sem ætlað er að vera fulltrúi notenda. Það sama á við um flugráð en þar er nýmæli að tveir fulltrúar verða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins sem fulltrúar hagsmunaaðila með sérþekkingu í flugmálum og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar sem er ætlað að vera fulltrúi notenda.

Flugráði og hafnaráði er veitt nýtt og veigamikið hlutverk við gerð samgönguáætlunar. Þessum ráðum er ætlað að veita ráðherra sjálfstæða umsögn um tillögur samgönguráðs, þ.e. samgönguáætlun, og koma að henni eftir að tillaga ráðsins liggur fyrir. Hlutverk hafnaráðs er að öðru leyti aðlagað frv. til nýrra hafnalaga sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi.

Í frv. eru eins og áður sagði jafnframt breytingar á vegalögum og lögum um Siglingastofnun Íslands auk lagaákvæða tengdum síðarnefndu lögunum sem varða ekki sjálfa samgönguáætlunina. Annars vegar er vegalögum breytt til samræmis við breytta yfirstjórn skipulags- og byggingarlaga og hins vegar er starfsheitinu „forstjóri Siglingastofnunar" breytt í „siglingamálastjóri" í ýmsum lögum varðandi siglingamál. Er þetta til samræmis við önnur starfsheiti í stofnunum samgöngumála, þ.e. ferðamálastjóri, flugmálastjóri, vegamálastjóri o.s.frv.

Herra forseti. Ég hef nú mælt fyrir þessum tveimur frv. sem varða samgönguáætlun. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að byrja á að lýsa ánægju minni með að samræmd samgönguáætlun skuli nú loksins orðin að veruleika og flutt hér sem þingmál sem frv. til laga um samgönguáætlun þar sem saman koma á einum stað framkvæmda- og jafnvel stefnumótandi áætlanir fyrir alla helstu flokka samgangna.

Þetta mál á sér, eins og kom reyndar fram í ræðu hæstv. ráðherra, langan aðdraganda. Þetta hefur lengi verið á dagskrá en lítið miðað og ég er sannfærður um að það hefur orðið okkur til nokkurs tjóns í gegnum tíðina að vinnubrögð af þessu tagi skyldu ekki vera tekin upp fyrir áratugum síðan. Auðvelt er að nefna dæmin um talsverða sóun fjármuna sem hefur átt sér stað gegnum tíðina vegna þess að menn reyndu ekki að samræma áætlanir um uppbyggingu og fjárfestingu í samgöngumannvirkjum. Þetta var unnið of mikið hólfað og kannski án tilrauna til þess að móta langtímastefnu þar sem reynt væri að sjá fyrir þróun mála, þörf fyrir mannvirki og fjárfestingar og hvernig mætti með langtímaáætlunargerð og samræmingu nýta best fjármuni.

Ég kann ekki alla þá sögu. Reyndar má fara miklum mun lengra aftur en hæstv. ráðherra gerði í framsöguræðu sinni, hygg ég, til að finna fyrstu hugmyndir og jafnvel fyrstu viðleitni til að sinna þessum málum. Ég hygg að strax í árdaga Framkvæmdastofnunar hafi eitthvað verið að þessum málum hugað þar á bæ. Danskir ráðgjafar voru fengnir hingað til lands einhvern tíma fyrir mitt minni held ég til að líta á þessa hluti og talsvert þykkar skýrslur eru til, trúi ég, í ríki samgrh. einhvers staðar rykfallnar í skúffum eða hillum, m.a. afrakstur starfs danskra sérfræðinga sem hingað komu jafnvel svo snemma sem á sjöunda eða áttunda áratugnum.

Þáverandi samgrh., Ragnar Arnalds, setti á laggirnar nefnd sem vann allmikið þann stutta tíma sem hann var í samgrn. á árinu 1979. Það er umhugsunarefni að sú nefnd hafði ákaflega keimlíkt verkefni og það sem hér lítur loksins dagsins ljós en í skipunarbréfi þeirrar nefndar var einmitt kveðið á um að nefndin skyldi gera samgönguáætlanir fyrir landið í heild og einstaka landshluta þar sem samræmdir verði flutningar á landi, sjó og í lofti. Nefndin starfaði talsvert á árinu 1979 en nýr samgönguráðherra mun hafa leyst hana upp á árinu 1980 og þar með kom langt hlé í vinnu að þessum málum.

Að vísu vann Framkvæmdastofnun og samgrn. samgönguskýrslur eftir þeim línum sem voru lagðar í kringum 1980 fyrir nokkra landshluta. Það var fyrst og fremst í samstarfi við fjórðungssamböndin á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi sem slík vinna var unnin á árunum 1981–1986.

Síðan minnti hæstv. samgrh. á það — var svo vinsamlegur — að sá sem hér stendur flutti ásamt þáv. hv. þm. Skúla Alexanderssyni till. til þál. um nákvæmlega þetta sama eina ferðina enn, um samræmda áætlun á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Þeirri tillögu var vísað til ríkisstjórnar 30. apríl 1988 og var þar þegar húsbóndaskipti urðu þar einu sinni sem oftar í september 1988.

Á árinu 1989 var skipuð stór nefnd til að vinna að þessu verkefni undir forustu þáv. ráðuneytisstjóra í samgrn., Ólafs S. Valdimarssonar heitins, sem var mikill áhugamaður um þessa vinnu og hafði lengi verið og má segja talsverður hugmyndasmiður, held ég, að því að koma á skipulögðum vinnubrögðum af þessu tagi hér á Íslandi. Mér finnst ástæða til að nefna nafn hans og láta það koma hér fram í þessu sambandi.

Sú nefnd var skipuð fulltrúum frá öllum helstu sviðum samgangna og frá stórum aðilum á þessu sviði eins og Flugleiðum, kaupskipaútgerðum, sveitarfélögunum og fleirum og vann allmikið starf. Og hennar vinna kom út í mikilli bók, fallegri bók með rauðri kápu að sjálfsögðu, á útmánuðum

1991. Það er gaman að fletta í gegnum slík plögg og sjá að hvaða leyti menn hittu naglann á höfuðið og að hvaða leyti áætlanir manna reyndust óraunsæjar eða út í loftið. Þetta var að mörgu leyti svipuð vinna og sú sem hér er unnin og ég tek fram að ég tel þetta ákaflega vandað verk og gagnlegt á eiginlega allan hátt. Með því er ég ekki endilega að skrifa upp á allar hugmyndir eða áherslur sem þar koma fram en þetta er að mínu mati tvímælalaust ein merkasta tilraun til að skoða samgönguþáttinn í þjóðfélaginu samtengt með þessum hætti síðan rauða bókin ágæta sem bar það hátíðlega nafn Lífæðar lands og þjóðar kom út.

En þar voru reyndar til viðbótar hinum efnislegu samgönguþáttum fjarskiptin einnig tekin undir. Og það er kannski eitt sem ég gæti nefnt og ég tel álitamál hvort ekki eigi að reyna að hafa fjarskiptin einnig undir í þessari samtengingu þó að um þau gegni auðvitað nokkuð öðru máli og þau lúti sumpart öðrum lögmálum en hinar efnislegu samgöngur, ef ég leyfi mér að orða það svo, eða órafrænu samgöngur. (Gripið fram í.) En það er nefnilega þannig að þessi fjórða vídd í samgöngumálunum, ef við köllum hana svo, til viðbótar samgöngum á sjó, landi og í lofti, fjarskiptin, eru gríðarlega þýðingarmikill þáttur og eiga oft fullt erindi inn í þessa samræmingu. (**LB:** Er ekki búið að selja það?)

Það er síðan ýmislegt að gerast í rekstrarfyrirkomulagi á þessu sviði sem er svo önnur saga. En stjórnvöld ætla væntanlega að hafa einhverja meðvitund um málaflokkinn eftir sem áður. (**LB:** Það er ekki víst.) Ja, við skulum trúa á hið góða í manninum og mátt skynseminnar, hv. þm., og veðja á það að menn ætli að hafa einhverja stefnu uppi í þessu og einhverja meðvitund.

En í skýrslunni og tillögunum frá 1991 — sem því miður kom síðan næstum áratugarrof í að unnið yrði að þangað til hæstv. núv. samgrh. tók til hendi og það má hann svo sannarlega eiga að þar hefur verið hottað á truntuna og það hefur borið ávöxt — var talað um t.d. mikilvægi verðlagningar fjarskiptaþjónustunnar fyrir landsbyggðina. Talað var um nauðsyn þess að efla gagnaflutningakerfið um landið með uppbyggingu, og hlusti nú hv. þingmenn, með uppbyggingu fjarvinnslustofa á landsbyggðinni í huga. Svo halda menn að þeir séu alltaf að finna upp hjólið, er það ekki? En þarna fyrir tíu, tólf árum voru menn einmitt að velta fyrir sér möguleikum þessa og hefði að mínu mati mátt vinna betur og markvissar að því að gera slíka tækni aðgengilega með fullnægjandi hætti fyrir alla landsmenn. Lögð var áhersla á hringtengingu ljósleiðarans og að unnið yrði samkvæmt áætlunum um stóraukin not ljósleiðara og breiðbandskerfa, t.d. á sviði sjónvarps- og útvarpssendinga og til samtengingar tölvu- og gagnasendinga. Og það er svolítið merkilegt að þessari hringtengingu ljósleiðarans lauk en samt sem áður búa stór svæði á landinu við algjörlega óviðunandi móttökuskilyrði fyrir útvarp og sjónvarp, m.a. vegna þess að aldrei hefur náðst land í þeim efnum að nýta þessa tækni til að dreifa slíkum merkjum um landið.

Í vegamálunum var talað um hluti sem aftur eru hér á dagskrá eins og vegi yfir hálendi landsins. Talað var um jarðgangagerð sem var þá að hefjast á vorinu 1991 á Vestfjörðum, og hlusti menn nú, þarna stendur á prenti:

„Á árinu 1991 hefst jarðgangagerð á Vestfjörðum. Áætlað er að þegar þeim framkvæmdum verði lokið verði hafnar jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi."

Þetta er einn af ótal stöðum þar sem slíkt samkomulag eða áætlun um að standa svona að málum kemur fyrir í textum en því hafa ýmsir ónefndir menn neitað að fyrir þessu sé nokkur stafur.

Þarna var talað um bundið slitlag á helstu vegi fyrir aldamót, sem því miður hefur auðvitað ekki náðst fram. Og talað var um merkilegt nokk, og hlusti nú þingmenn enn, tvöföldun fjölfarinna þjóðvega, m.a. Reykjanesbrautar til Keflavíkur og annarra þjóðvega í nágrenni höfuðborgarinnar, þ.e. Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar.

Mikið var talað um almenningssamgöngur og það er kannski það svið sem orðið hefur harðast úti, finnst mér, í þróun samgöngumála og stefnumótun á því sviði þau ár sem síðan eru liðin, því að það hefur því miður heldur miðað aftur á bak en áfram í því að skipuleggja góðar og greiðar almenningssamgöngur í landinu. Helsta form almenningssamgangna var á þessum tíma flugið. Það hefur dregist mjög saman og fjölmargir staðir dottið þar út af kortinu sem búa þar af leiðandi við annaðhvort engar eða mjög ófullnægjandi almenningssamgöngur. Þessi vinna miðaði við bæði almenningssamgöngur í þéttbýli og dreifbýli — ég sé og heyri að þessi upprifjun vekur upp kátínu meðal hv. þm., en það er nú ekki þannig að menn hafi þarna ætlað að setja sig í spor Nostradamusar og sjá alla hluti fyrir. En þetta var, að ég leyfi mér að segja, heiðarleg tilraun hjá þeim ágætu mönnum sem þarna sátu og voru auðvitað fyrst og fremst forstöðumenn stofnana á sviði samgöngumála og stórfyrirtækja á þessu sviði og svo menn frá Háskóla Íslands, sem reyndar voru fengnir til skrafs og ráðagerða. Hópurinn sem stóð að þessu starfi var því mjög breiður og þannig saman settur að þarna sköpuðust dýnamískar aðstæður og menn leyfðu sér að fá ýmsar hugmyndir.

Þarna var auðvitað komið inn á öll þessi helstu mál, vöruflutninga, flugmálin, hafnamál og siglingar þar sem reynt var að sjá fyrir annars vegar þróun millilandasiglinga með stækkandi skipum og gámavæðingu og fækkun hafna. Allt hefur þetta gengið eftir en það sem hefur gerst hraðar og öðruvísi en menn vonuðust til var að strandsiglingarnar sem menn sáu enn á þessum tíma sem mjög mikilvægan samgönguþátt fyrir byggðakeðjuna við sjávarsíðuna hafa að mestu leyti lagst af eins og kunnugt er.

Að lokum voru gerðar tillögur um samgönguráð, að vísu nokkuð öðruvísi samansett en það sem ráðherra flytur hér tillögur um í 3. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, eins og reyndar í fyrra tilvikinu, að yfirmenn stærstu stofnana hins opinbera á sviði samgöngumála, þ.e. flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri sitji þarna auk fulltrúa ráðherra. En til viðbótar var í þessum hugmyndum frá 1991 gert ráð fyrir fulltrúum þingflokka og jafnvel rannsóknarstofnana og sérfræðinga eftir atvikum, ef menn vildu hafa öflugri faglega þátttöku frá slíkum aðilum. Sjálfsagt má færa rök fyrir báðum þessum útfærslum á opinberu samgönguráði en ég tek fram að ég fagna því að ætlunin er að halda utan um þetta að einhverju leyti með slíku opinberu samgönguráði, ég tel það skynsamlegt. En ég hlýt að halda til haga í nafni lýðræðis og valddreifingar og með virðingu Alþingis og þátttöku í huga að ástæða væri til að þarna sætu fulltrúar þingflokka á Alþingi. Ég held að það væri skynsamlegt og gott vegna þess að þegar búið er að safna þessu í svona stóran pakka þar sem eru öll samgöngusviðin og allar þær áætlanir sem áður hafa verið meðhöndlaðar á Alþingi á tveggja ára fresti, annars vegar á sviði vegamála, síðan hafnamála og flugmála, þá er þetta auðvitað orðið gríðarlega þungur og veigamikill pakki sem þarna er á ferðinni. Ég held að upp á samræmd og eins

þverpólitísk vinnubrögð og mögulegt er, væri gott að hafa inni í þessu samgönguráði, sem hefur auðvitað ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk til hliðar við ráðherra og ráðuneyti og kemur að samgönguáætlunum, stendur fyrir samgönguþingi og hvað það nú er, að þarna mættu mjög gjarnan vera fulltrúar þingflokka. Ég vonast því til að hæstv. ráðherra og hv. samgn. velti því a.m.k. fyrir sér í alvöru sem möguleika að þarna verði gerð e.t.v. einhver breyting á.

Það er mjög löng hefð fyrir því, þegar framkvæmdir á samgöngusviðinu eiga í hlut, að vinna að áætlanagerð og stefnumótun með þverpólitískum hætti. Þingmenn, þingmannahópar kjördæma og síðan samgöngunefnd þingsins hafa alltaf haft hlutverki að gegna við þannig ákvarðanir og ég tel að svo megi gjarnan vera áfram.

Í tillögunum frá 1991, svo ég ljúki nú þessum samanburði, var enn ein hugmynd sem ég sakna og sé eftir. Þar var lagt til að stofnaður yrði rannsókna- og vísindasjóður á sviði samgangna sem fengi sem stofnfjármagn eitthvert örlítið hlutfall, einhver prómill, af fjárfestingum í samgöngu-, fjarskipta- og ferðamálum á tilteknu árabili, þannig að hann byggðist upp og gæti veitt styrki og stutt rannsókna- og þróunarverkefni á þessu sviði með hluta af fjármagnstekjum sínum eða beinum framlögum ef þau væru veitt jafnóðum. Ég held að mikilvægi þessa þáttar í þjóðarbúskap og þjóðlífi okkar við þær aðstæður sem við búum við geri að verkum að full ástæða sé til að reyna að stuðla að því að meira sé að gert í þessum efnum. Faglegi þátturinn hvað varðar rannsóknir og menntun og fleira í þessum dúr er mjög veikur hér. Að mínu mati vantar fræðistörf sem beindust að þessu alfarið.

Það er vissulega svo að menn eru vel að sér á einstökum sviðum í flugmálum eða vegamálum. Fagmenntað fólk, t.d. landfræðingar hafa að mörgu leyti góðan grunn til að takast á við verkefni á þessu sviði enda hafa margir slíkir lagt gjörva hönd á plóginn. En betur mætti gera. Ég tel að það þyrfti að styrkja rannsóknastarf innan háskólanna og það væri mjög gott að fagið sjálft, ef svo má orða það, hefði á sínum snærum möguleikann á að gera átak í þessum efnum.

Svo ég víki aðeins að tillögum stýrihópsins, sem vissulega eru ekki til umræðu hér en er þó erfitt að slíta úr samhengi um málið því þær liggja fyrir þó mér sé ljóst að enn eigi eftir að taka afstöðu til þeirra og ákveða að hve miklu leyti fyrsta samgönguáætlunin verður á þeim reist ef ég skil stöðu málsins rétt, þá eru þar þó hlutir sem ég leyfi mér að nefna aðeins í framhjáhlaupi.

Ég fagna t.d. umfjöllun um umhverfismál. Það eru ágætar hugleiðingar, á bls. 58 og 59 í þessari skýrslu, en því miður virðist mér botninn vera svolítið vera suður í Borgarfirði, uppi í Borgarfirði á víst að segja — okkur er tamt að hafa þetta öfugt fyrir norðan. Í skýrslunni er t.d. talað um leiðir til að hamla gegn losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum, þ.e. að skattleggja umferðina í beinu hlutfalli við eldsneytisnotkun og takmarka hana þannig. Svo er sagt:

„Einnig má beina umferð á umhverfisvænni samgöngumáta, s.s. sjóflutninga þar sem eldsneytisnotkun er mun lægri á hvern tonn-km ef nægilegt flutningamagn er fyrir hendi."

Nema hvað? Auðvitað. En hvar eru þá tillögurnar og hin pólitíska stefnumótun sem felur í sér væntingar um að þetta verði gert? Einmitt á þessum tímum eru strandsiglingar í aðalatriðum að leggjast af við landið. Ég tel það stórkostlegt slys, bæði byggðapólitískt og umhverfislegt. Þarna hefði ég viljað sjá hugleiðingar um það. Ætla menn að sætta sig við þetta sem orðinn hlut og hafast ekkert vegna hins gífurlega álags á vegina sem núverandi flutningar valda, þeirrar slysahættu sem þessu fylgir og síðast en ekki síst ákaflega neikvæðri þróun í umhverfislegu tilliti?

Ég er algjörlega sannfærður um að eitt af því allra skynsamlegasta sem við Íslendingar gætum gert væri að stuðla að því að aftur kæmist á skipulagt, skilvirkt og gott strandsiglingakerfi við landið. Það væri stórkostleg framför á nýjan leik í umhverfismálum, í sambandi við vegakerfið og það ástand sem það er í, slysahættu á vegunum, fyrir byggðalögin sem búa við stórkostlega skerta þjónustu og allt of háan flutningskostnað, þau sem fjærst liggja frá höfnunum, o.s.frv.

Ég veit að við munum síðar takast á um og ræða pólitískt innihald og áherslur samgönguáætlunarinnar sem slíkrar þegar hún kemur fyrir þingið. Ég fagna því að hér er lagt upp með þessum hætti og um víðtæka áætlun að ræða, eins og hæstv. ráðherra kom inn á. Fyrir utan framkvæmdaþættina er þarna stefnumótun, umhverfismál, öryggismál og fleira og að mínu mati mætti jafnvel glíma við að hafa fjarskiptin þarna með.

Að lokum nefni ég bara tvo þætti sem ég hef fyrirvara við. Fyrra atriðið er sú hugsun sem mér finnst svífa svolítið yfir vötnunum, ofuráhersluna á að notendur borgi. Þó það sé að mörgu leyti eðlilegt viðhorf þá getur það orðið á kostnað annarra markmiða ef menn festa sig í slíkri formúlu, að notendur skuli alltaf borga. Það getur orðið á kostnað annarra markmiða, byggðapólitískra markmiða vegna verðlagningar, á kostnað umhverfismarkmiða og á kostnað öryggismarkmiða.

Varðandi síðara atriðið, herra forseti, finnst mér að á köflum hafi höfundar skýrslunnar — ég er hér að tala um skýrslu stýrihópsins — verið óþarflega veikir fyrir einkavæðingar- og einkarekstrarhugmyndum og þær svífa líka yfir vötnunum í drögum að nýjum hafnalögum. Ég hef á þessu ákveðna, pólitíska fyrirvara hvað innihald snertir en ég fagna því mjög að þessi vinna sé komin á rekspöl.

[14:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir ágætar undirtektir við þessum tillögum í frv. að lögum um samgönguáætlun sem hér er til meðferðar.

Tvennt vildi ég samt gera athugasemdir við í málflutningi hans. Annars vegar taldi hann skorta á áherslur hvað varðaði almenningssamgöngur. Eins og fram kemur í skýrslu stýrihópsins, sem er auðvitað partur af því sem hér er til umræðu þó það sé ekki þingskjal út af fyrir sig, er lögð skýr áhersla á almenningssamgöngur. Ég tel að í verkum mínum hafi ég sýnt það að ég legg áherslu á þær. Framlög, þ.e. styrkir til flugsins og til sérleyfishafa hafa aukist mjög mikið síðustu ár. Með því er auðvitað mörkuð stefna. Við höfum staðið í samningum við sérleyfishafa og fleiri til þess að tryggja framgang þessa. En í stýrihópstillögunum er fjallað um almenningssamgöngur og m.a. er meira að segja farið aðeins yfir járnbrautarmálefni sem hér hafa stundum verið til umræðu.

Hins vegar vil ég nefna það varðandi umhverfismálin að auðvitað verðum við að taka tillit til þeirra og leggja áherslu á að orkunýtingin sé sem hagstæðust fyrir okkur. Þróunin í eldsneytisnotkun bíla og skipa er okkur heldur hagstæð. Vélarnar batna stöðugt og uppbygging vegakerfisins hefur þar mjög mikil áhrif. Áform um að stytta leiðir er kannski

mikilvægasta áherslan sem við getum sett fram í samræmdri samgönguáætlun hvað umhverfismál varðar.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki stórvægilegt tilefni til en ég vil í fyrsta lagi taka skýrar til orða varðandi almenningssamgöngurnar. Ég geri engar athugasemdir við ágæta umfjöllun um þær hér á bls. 36 og 37 í skýrslu stýrihópsins. Ég var fremur að lýsa vonbrigðum með þróun undangenginna ára og stöðu mála hvað almenningssamgöngur í landinu varðar. Almenningssamgöngur hér eru auðvitað allt of veikar, óskipulagðar og litlar. Það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Einkabílaeign er að sönnu gríðarleg. Við erum þar eins og víðar nálægt því að eiga heimsmet. En við vitum samt að það er mikil þörf fyrir almenningssamgöngur. Þær gætu m.a. dregið úr þessari gríðarlegu einkabílaeign, það væri jákvætt í umhverfislegu tilliti.

Ekki eiga allir bíl. Margir þurfa að reiða sig á almenningssamgöngur og kostnaðurinn er gríðarlegur ef um er að ræða aldrað fólk sem býr fyrir norðan eða austur á landi og þarf vegna lækninga á samgöngum að halda hingað til höfuðborgarsvæðisins. Menn ættu aðeins að hugleiða hver kostnaðurinn er, kannski á milli 20 og 30 þús. kr. hver ferð bara fargjaldið.

Í frv. eru ágætar hugleiðingar um þessi mál en staðan er eins og hún er. Það þarf mikið átak ef við eigum að sjá fyrir okkur að staðan breytist í grundvallaratriðum á komandi árum. Meira að segja hér á höfuðborgarsvæðinu er að mínu mati langt frá því að almenningssamgöngur séu í fullnægjandi horfi, t.d. allt of stutt síðan menn fóru að líta á allt þetta svæði sem eina heild í því.

Varðandi umhverfismálin, orkunýtingu og strandsiglingar þá stend ég við að ég er þeirrar skoðunar að öflugt strandsiglingakerfi fyrir þungaflutningana, fyrir framleiðslustarfsemina, eigi að vera við lýði. Styttri vegalengdir og samgöngur fyrir dagvöru og þarfirnar sem krafan um vaxandi hraða kallar á tengjst vegunum eða flugi, það er mér alveg ljóst. Þar með er ekki sagt að flytja þurfi allt hráefni til framleiðslustarfsemi inn á svæði og alla framleiðslu frá þeim úr heilum landshlutum eftir drekkhlöðnum vegum sem engan veginn hafa burði til að taka við þeim flutningum.

[14:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að við þurfum að reyna að nýta þann flutningsmáta sem er hagstæðastur hverju sinni og jafnframt fyrir þjóðina sem heild. Þess vegna leggjum við, í hugmyndum okkar um samræmda samgönguáætlun, mikla áherslu á uppbyggingu hafnanna með tilliti til þess að strandflutningar, sjóflutningar, geti átt sér stað. Ég trúi því að þegar fram líða stundir og skattlagning vegna flutninga tekur t.d. meira mið af notkun vegakerfisins en er í dag, þá muni ýmislegt breytast sjóflutningum í hag.

Það vill svo til að á vegum nefndar sem skipuð er af samgrh., en jafnframt eru fulltrúar fjmrh., iðn.- og viðskrh. í þeirri nefnd, er skoðað hvernig við getum tryggt jafnræði í flutningum bæði þegar talað er um landflutninga og sjóflutninga, þ.e. hvernig þess verði gætt að með skattlagningu sé ekki gengið á rétt landflutninga eða sjóflutninga hverju sinni. Þetta þarf allt að skoða. En ég legg áherslu á að með því að leggja á ráðin um að byggja upp alla þætti samtímis, flug, hafnir og vegi, með tilliti til hagkvæmastrar niðurstöðu séum við á hinni réttu leið.

Aðeins vegna þess að hv. þm. nefndi í fyrri ræðu sinni að ofuráhersla væri lögð á að notendur borgi, þá er það ekki svo. Staðreyndin er hins vegar sú að notendur bíla greiða nánast alla uppbyggingu kerfisins í heild, flugs, hafna og vega. Engu að síður þarf að taka tillit til notkunarinnar.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að horfa til hagkvæmni. Ég geri ekki lítið úr því. Hér er hins vegar þannig viðfangsefni á ferð að menn verða að leita málamiðlunar milli margra markmiða. Þannig er það alls staðar gert. Við megum ekki láta berast af leið í einhverri blindri trú á að markaðurinn finni bestu lausnina fyrir okkur eða hagkvæmnin ein. Þar fyrir utan búum við til samkeppnisskilyrðin með skattalegum reglum og öðru slíku eins og hæstv. ráðherra kom reyndar inni á áðan.

Af sömu ástæðu vara ég við — ég tek það fram að ég var einungis að vara við — ofuráherslu á að notendur borgi vegna þess að þá getur reynst erfitt að samræma önnur gild markmið, t.d. í umhverfismálum, byggðamálum, öryggismálum, þ.e. um að draga úr slysahættu, inni í dæmið. En það er það sem við þurfum og eigum að gera og er gert alls staðar í kringum okkur. Það er t.d. hlúð að lestarsamgöngum og flutningum á sjó, ám og vötnum, alls staðar í þéttbýlum löndum. Menn vilja minnka álagið á vegina. Það er jafnvel settur kvóti á flutninga á landi eins og er gert í gegnum Alpana þar sem vissum fjölda bíla eða vissu magni er hleypt í gegn. Við Íslendingar hljótum að þurfa að horfa til þessa heildarsamhengis en það er vissulega flókið og mikið viðfangsefni.

Ég tel að áætlunargerð af þessu tagi sé gríðarstórt spor í rétta átt. Hún getur skapað vinnuumhverfið, vinnugrundvöll, rammann utan um að takast á við þetta. Það er vel. Síðan eiga menn eftir að glíma við innihaldið. Það skulum við endilega gera. Ég geri ráð fyrir því að Alþingi og aðrir taki sér góðan tíma í að reyna að fá þar sem besta og farsælasta niðurstöðu.

[14:16]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom aðeins inn á nokkuð nýtt eftir að ég bað um orðið. En málið er einmitt það sem við gerum okkur kannski ekki alveg grein fyrir, nefnilega hin mikla umferð á vegum landsins eins og hann kom réttilega inn á í seinna andsvarinu. Það eru auðvitað kröfur nútímans um ferskleika, og fólk í hinum dreifðu byggðum vill fá nánast dagmerkta vöru þannig að hún sé ekki á síðasta degi þegar fólk er að kaupa hana í verslunum. Það kallar á flutninga á landi sem eðlilegt er.

Hitt áhrærir svo sjóflutningana. Ég hugsa að ekki geri allir sér grein fyrir því að þessir þungu flutningabílar með 40 feta gám aftan í eru að slíta vegum á við 10.000–30.000 fólksbifreiðar, og fer þá eftir veðurfari og því á hvers konar vegum bílarnir eru að keyra. Vegirnir hafa ekki verið byggðir upp með þetta að leiðarljósi. Það eru ekki mörg ár síðan algengt var að kaupskip færu inn á hafnir, jafnvel til að sækja eitt og tvö vörubretti af fiski. Nú er t.d. verið að keyra allt upp í 70 gáma á viku frá Neskaupstað til Eskifjarðar. Samskip eru með reglulegar brottfarir til útlanda með sjávarafurðir sem bílar hafa verið að safna allt í kringum landið í heila viku, eru

í heila viku að keyra þessa gáma alls staðar að af landinu til Reykjavíkur. Og það hlýtur náttúrlega að vera mikið kappsmál fyrir stjórnvöld að koma sjóflutningum á aftur með tilliti til mengunar, eins og hv. þm. kom réttilega inn á. Skipin menga minnst, bílarnir mest. Það er því alveg augljóst að þetta er mál sem þarf að vinna að. Og þessi áætlun í samgöngumálum er mjög af hinu góða og nauðsynleg til þess að taka á málum. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti hér söguna og aðdragandann að þessu fögnum við auðvitað því sem hér er að gerast, þ.e. samræmd samgönguáætlun.

[14:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru auðvitað gamalkunnug rök sem menn hafa fært fram fyrir því að flutningarnir séu allir að færast upp á land, að krafa nútímans sé um meiri hraða og að vörurnar komist landshorna á milli á einum sólarhring. Það er auðvitað alveg rétt að það á við um dagvörur, neysluvörur, það á við um ýmsar léttavörur eins og varahluti og annað slíkt sem menn vilja fá hratt til sín. Og ég held að því verði auðvitað ekki mætt öðruvísi en með vel skipulögðu landflutningakerfi og/eða flugi eftir atvikum.

Ég held að grundvallarmistökin hafi verið þau að gefast upp gegn því að þungavaran þyrfti að fylgja með þessari léttavöru og dagvöru upp á land. Það er það sem hefur gerst. Og ég held að það sé alveg gríðarlega óhagstæð þróun og alvarleg í umhverfislegu tilliti hvað vegakerfið varðar, hvað varðar stöðu framleiðslustarfsemi á landsbyggðinni sem hefur fengið á sig stórhækkaðan flutningskostnað. Það er borðleggjandi, það vita allir. Og þó að þetta kerfi kunni að þjóna núverandi flutningsaðilum ágætlega sem hafa þetta allt innbyggt í einni púllíu, þessar tvær keðjur sem reka skipafélög, og landflutninga með, er ekki þar með sagt að þetta sé eina fyrirkomulagið.

Um 1990 voru þrír aðilar í strandsiglingum með líklega ein fimm, sex skip. Það var ekki skilvirkt kerfi, ekki hagkvæmt. En það var a.m.k. borðleggjandi þá og útreikningar sýndu að eitt samræmt strandsiglingakerfi hefði getað skilað ágætum arði. Staðið vel undir sér og skilað arði. Nú er líklega eitt skip eftir, eða eigum við ekki að segja að það sé í raun og veru eitt skip eftir? Og fyrir hvert skip sem hverfur af ströndinni bætast tíu, tólf svona lestir, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var að nefna áðan, upp á vegina með tilheyrandi tugþúsundföldu sliti á við fólksbíla.

Þessi þróun er því mjög alvarleg og ég vona svo sannarlega að hún komist upp á borðið í umræðunni og áframhaldandi vinnu í þessu máli.

[14:21]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo stöndum við frammi fyrir því að nú er orðinn alvarlegur brestur í rekstri hafna og að hafnasamlög hafa verið stofnuð en samt sem áður hefur höfnum ekki fækkað. Menn eru enn að gera sömu kröfu til fjármagns til að halda við höfnum sem jafnvel gætu lagst af vegna þess að vegir hafa verið byggðir upp og jú, það er verið að flytja fisk frá Norðurlandi suður, og öfugt.

En það mál sem ég held hins vegar að þurfi auðvitað að skoða — það er ekki svo einfalt að leysa þetta og segja: Jú, það er eðlilegt að öll neysluvara til neytenda hvar á landinu sem er hafi forgang og komi svo fljótt sem hægt er, og þá landleiðina — í ljósi þessa er þungaskattur af þessum miklu bílum óeðlilega lágur. Það er alveg ljóst að það verður engin breyting á nema þungaskattinum verði breytt verulega og það þýðir auðvitað hærra vöruverð til neytenda úti á landi nema að menn ætli að taka upp tvöfalt eða þrefalt kerfi í þungaskattinum en það hlýtur að vera mjög erfitt og hljóma hálfankannalega. Ég held að við séum öll sammála um að leggja þurfi áherslu á að koma þessum þungaflutningum aftur sjóleiðina umhverfis landið. Það er stóra málið af tveimur ástæðum eins og hér hafa komið fram, vegna álags á vegi sem ekki hafa verið byggðir upp fyrir þessa þungaflutninga og ekki síður vegna mengunar.

[14:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist niðurstaðan af þessum orðaskiptum okkar vera sú að við séum algjörlega sammála, ég og hv. þm. Ég get tekið undir hvert orð sem hann sagði hér í seinna andsvari sínu. Ég held að viðfangsefnið sé nákvæmlega þetta, og manni finnst það náttúrlega bara almenn heilbrigð skynsemi að langskynsamlegasta og -hagkvæmasta fyrirkomulagið sé að reyna að greina á milli eftir eðli og þörfum flutninganna, hvort um er að ræða léttavöru, dagvöru og annað slíkt sem þörfin kallar á að berist hratt á milli, eða þungaflutninga, framleiðsluiðnað, hráefni til framleiðslu og aftur afurðir frá framleiðslu sem oft er mæld í þúsundum og tugþúsundum tonna. Þungaflutningarnir fara í stórum stíl orðið eftir vegum landsins af því að það er ekkert skipulagt, skilvirkt og hagkvæmt kerfi sem getur safnað þessu á ströndinni og komið því á miðlægar hafnir. Og það er það sem hefur breyst.

Vandamálið sem menn standa þar af leiðandi frammi fyrir er að ef þeir skattlegðu umferðina í samræmi við slit á vegum, og það sem eðlilegt væri, færi þungaskatturinn upp úr öllu valdi á stóru bílunum og vöruverðið mundi hækka. Það hafa menn að sjálfsögðu ekki viljað eins og ástandið er í dag því að ekki má landsbyggðin við því að fá á sig hærri flutningskostnað. Það ber mig alltaf að sömu niðurstöðunni, það sem við þurfum er samræmt og skilvirkt strandsiglingakerfi fyrir þungaflutningana.

[14:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér hugmyndir um að í framtíðinni verði lögð fyrir þingið samgönguáætlun og þann ramma sem á að setja utan um þá áætlanagerð.

Almennt vil ég segja að ég held að hér sé stórt skref stigið fram á við. Ég er sannfærður um að það að sameina þessar áætlanir og líta á þær heildstætt muni til langs tíma spara mikið fé og leiða okkur fram á veginn. Ég er sannfærður um það og vil þess vegna lýsa því yfir hér strax að ég fagna þeirri hugmyndafræði sem býr að baki þó að vissulega geti menn alltaf haft áherslur sínar og einstaka útfærslur öðruvísi en hér er lagt upp með, og mun ég kannski nefna það sérstaklega síðar í ræðu minni. En almennt vil ég segja að ég fagna mjög þeirri hugmyndafræði sem hér er komin og ég er sannfærður um það eins og ég sagði að með því að sameina þetta munum við til lengri tíma sjá fjármögnun miklu betur varið og munum skoða þetta heildstætt og sjá hvernig best er að byggja upp samgöngukerfi landsmanna. Eins og fyrirkomulagið er núna með vega-, hafna- og flugmálaáætlun er ætíð sú hætta að menn sjái þetta ekki heildstætt, menn séu að togast á um krónur og aura eftir því hvar menn eru í hrepp settir o.s.frv., og það sé ekki alltaf til þess fallið að tryggja hagkvæmasta nýtingu og besta nýtingu fjármuna.

Það eru kannski tvö atriði, virðulegi forseti, sem mér finnst að með framlagningu þessara samgönguáætlana séu tekin til umræðu. Í fyrsta lagi finnst mér einboðið að verði þetta samþykkt og menn fari þessa leið muni þeir í framhaldinu skoða sameiningu ákveðinna stofnana. Þá munu menn skoða sameiningu Vegagerðar, Siglingamálastofnunar og einnig hluta af Flugmálastjórn, þar undanskil ég þá öryggismálin sem ég tel að eigi að vera sératriði. Mér finnst því að eftir að þetta er komið fram eigi að skoða það mjög vandlega að sameina stofnanirnar eða fá hluta þessara stofnana sem geta farið saman, og ég er sannfærður um að það mundi spara verulegt fé ef af því yrði. Það er í sjálfu sér óeðlilegt að þrjár stofnanir fjalli um samgöngumál þegar menn eru farnir að breyta vinnubrögðum á þann hátt að ein og sama áætlunin taki til allra þessara framkvæmda. Ég held að sú umræða sé óhjákvæmilega komin á dagskrá að leita leiða til að sameina ríkisstofnanir. *Ég vil lýsa því yfir að ég fagna því* ef þetta verður til þess að þau markmið náist að draga örlítið úr ríkisumsvifum.

Annað sem ég vildi nefna varðandi einstakar tæknilegar útfærslur í þessari samgönguáætlun er þetta svokallaða samgönguráð. Eins og samgönguáætlun er lögð upp liggur fyrir að samgönguráð hefur nokkuð stórt og veigamikið verkefni, m.a. það að marka til lengri tíma ákveðna stefnu eða setja á ákveðna þróun, ákveðna sýn. Og ég velti því fyrir mér hvort flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri séu endilega best til þess fallnir að leggja þessar línur. Mér finnst, ef ég á að vera alveg ærlegur, fullmikill embættismannabragur á þessu ráði. Og ég er ekki sannfærður um að þeir séu endilega best til þess fallnir eða í stakk búnir til að móta þessa framtíðarstefnu. Þarna er verið að leggja pólitískar línur, hinar pólitísku áherslur sem skipta miklu máli, t.d. að því er varðar byggðaþróun. Við fyrstu sýn og fyrstu yfirferð set ég a.m.k. stórt spurningarmerki við það hvernig samgönguráð er samansett hér, a.m.k. eins og málið liggur nú fyrir þinginu. Ég sit í hv. samgn. og fæ frekari tækifæri til að fjalla um það þar, en hér er vissulega verið að *fela ráði verkefni sem lýtur* að því að móta þessa hluti inn í framtíðina. Og ég held að mikilvægt sé að þátttakendur á hinum pólitíska vígvelli komi að því. Ef pólitík hefur eitthvert hlutverk er það a.m.k. að reyna að móta þá stefnu að horfa til framtíðar. Um það snýst jú pólitíkin, hún snýst um hugmyndafræðina um hvernig við viljum sjá framtíðina. Ég geld því mikinn varhuga við þessu.

Það er náttúrlega ekki að ástæðulausu því augljóst er að þar sem verður lögð áhersla á öflugar samgöngur, hvort sem heldur er á lofti, láði eða legi, mun það hafa mikil áhrif á hvar fólk mun setjast að, hvernig byggðaþróun verður o.s.frv. Mér finnst satt best að segja ekki við hæfi að einhverjum tilteknum embættismönnum sé falið það hlutverk að taka jafnstórar og mikilvægar ákvarðanir og móta jafnmikilvæga stefnu og í þessum málum. Ég geld varhug við því að þessu skuli vera skipað á þann hátt. En vissulega koma fleiri að því og náttúrlega kemur ráðherra einnig að þessu máli. En ég hefði viljað sjá fleiri þarna inni. Ég hefði viljað sjá breiðari fylkingu ef svo má að orði komast sem hugsanlega gæti tekið á þessum málum á annan hátt.

Ég vildi nefna þessi tvö atriði sérstaklega um leið og ég fagna þessari hugmynd. Mér finnst hugmyndafræðin að baki henni góð eins og ég tók fram í upphafi, en geri athugasemdir eða tel að með þessu sé í fyrsta lagi sett á dagskrá að sameina þessar tilteknu stofnanir og í öðru lagi tel ég að eins og samgönguráð er uppbyggt, þá hefði viljað sjá það öðruvísi uppbyggt í ljósi þeirra verkefna sem því eru fengið.

Þetta vildi ég segja um samgönguáætlunina sem slíka eða það lagafrv. sem hér liggur fyrir.

Hins vegar velti ég því fyrir mér hvort þær hugmyndir sem voru kynntar í gær, þ.e. tillaga svokallaðs stýrihóps, hvort þær tillögur séu í raun og veru á dagskrá hér. Það kom fram í umræðunni áðan, bæði hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og eins hjá hæstv. samgrh., að menn hafa dregið þá áætlun, samgönguáætlun, eða tillögu stýrihóps inn í þessa umræðu sem mér sýnist að hæstv. samgrh. hafi nú gert að sinni, enda skrifar hann aðfararorð eða einhvers konar ávarp í upphafi þessarar skýrslu. Það er svo sem ekki hægt að halda því fram með rökum að hér sé einungis á ferðinni tillaga stýrihóps, því varla væri hún komin hér inn nema hæstv. samgrh. hafi tekið undir þau sjónarmið sem þar koma fram. *Þar er eins og við mátti búast ýmislegt sem er til þess fallið* að efla og bæta umræðu, ákvarðanir og sitt lítið af hverju er varðar uppbyggingu samgöngumannvirkja.

En það eru þó tvö atriði sem mér finnst stinga örlítið í augu og kannski breyting — ég veit ekki hvort ég á að segja breyting — en það er a.m.k. skýr stefnumótun um tiltekna framtíð. Í fyrsta lagi leggur þessi áætlun upp með það að meginstefnu til að allir landsmenn, allir sem komast að grunnnetinu, eigi kost á því að komast til Reykjavíkur á þremur og hálfri klukkustund hvaðan sem er af landinu. Það er eitt af þeim grundvallaratriðum sem lagt er upp með í samgönguáætluninni. Ég hef leyft mér að draga þá ályktun út frá því að þrátt fyrir að áætlunin sé aðeins til 2014, þá byggi hún á því sjónarmiði að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram þar sem hann er. Því öll uppbygging samgöngumannvirkja mun taka mið af því, þ.e. á landsvísu, og því hljóta menn að byggja upp í því ljósi að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram þar sem hann er, því það er tekið mið af því. Eins hef ég heyrt þá umræðu frá mönnum sem tengjast þessu eða komu að málinu að með því að leggja slíka áætlun upp að landsmenn eigi þess almennt kost að komast til Reykjavíkur á þremur og hálfum tíma, þá liggi það líka í þeim kortum að samgöngur þeirra sem ekki eiga þess kost að ná þessu markmiði megi þá styrkja á einhvern hátt. Og í sjálfu sér finnst mér ekkert ólögískt við það, ef svo má að orði komast, að styrkja þær samgöngur.

En grundvallaratriðið er þá þetta: Hugmyndin og hugmyndafræðin byggir á því, þrátt fyrir að tillagan sé aðeins til 2014, að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram. Það sem er kannski eftirtektarvert í því er að sá borgarstjóri sem nú situr og vonandi situr áfram eftir næstu kosningar hefur lagt upp með það að sú stund muni renna upp að Reykjavíkurflugvöllur fari. Þetta er því eitt af því sem hlýtur að vekja verulega eftirtekt í þeirri áætlun sem hér liggur fyrir, því eins og ég sagði áðan eru allar áætlanir við það miðaðar að menn komist til Reykjavíkur á þremur og hálfum tíma en hugsanlegar styrkveitingar til annarra framkvæmda taki mið af þeim sem ekki þangað komast, því ef innanlandsflugið verður flutt til Keflavíkur, þá bætist þar klukkustund við og því yrði að taka alla þessa hugmyndafræði upp að nýju. Það er því alveg augljóst að einhver áherslumunur er í samgrn. annars vegar og á skrifstofum borgarstjóra hins vegar í þessum efnum.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna sérstaklega af því þessi skýrsla hefur aðeins verið í umræðunni og mér hefur fundist dálítið sérstakt að þegar það atriði er nefnt, þá hlaupa menn alltaf upp til handa og fóta og segja að það standi bara

ekkert í skýrslunni. Það sé bara ekkert um það að ræða. En það er það markmið sem að er stefnt í þessu að notendur muni fjármagna þau mannvirki og annað sem lýtur að samgöngum á tilteknu sviði. T.d. að bíleigendur fjármagni vegaframkvæmdir, flugrekendur og þeir sem ferðast með flugi fjármagni þá væntanlega rekstur og viðhald á flugvöllum og það sem að því snýr og sjófarendur og þeir sem sigla með ferjum fjármagni þá hafnir og viðhald og annað þess háttar. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að lesa þetta upp úr áætluninni vegna þess að á mig hefur verið borið að þetta standi bara ekkert í skýrslunni. Ég ætla því að fá að lesa þetta hér upp, virðulegi forseti, þannig að það fari ekkert á milli mála. Hér á bls. 54 stendur og er dregið út: Markmið varðandi gjaldtöku. En þar segir, með leyfi forseta:

„Á fyrsta tímabili (2003–2006) verði farið yfir flokkun, skráningu og framsetningu ytri og innri kostnaðar vegna uppbyggingar, þjónustu og reksturs samgöngumannvirkja."

Það á að fara yfir ákveðna kortlagningu, kostnaðargreiningu og fara nákvæmlega í það hvað hlutirnir kosta, þetta á að taka fjögur ár. Síðan segir:

„Stefnt skal að því að í lok annars tímabils (2007–2010) verði kostnaður af samgöngum í heildina tekið borinn af notendum."

Þetta er á bls. 54. Þetta getur ekki þýtt annað verði þetta keyrt fram á fullu, en að álögur á flug og álögur á sjófarendur verði auknar. Ég heyrði að hæstv. ráðherra sagði hér í umræðunni áðan að bifreiðaeigendur fjármagni þetta í dag að meira eða minna leyti.

Á árinu 2001 skiluðu vörugjöld og álögur á bifreiðaeigendur almennt með svokölluðum mörkuðum tekjustofnum sem lúta að vegagerð u.þ.b. 11 milljörðum, 11,3 milljörðum ef ég man þessa tölu rétt. Hins vegar var skorið af þeirri tölu 800 millj. sem fóru þá í annað en vegagerð. Og ég held að það þurfi nú svo sem ekkert að fara mikið og lengi yfir það að 800 millj. duga hvorki til þess að viðhalda flugvöllum, höfnum og öðru slíku í dag. Það er því náttúrlega algjörlega fráleitt að halda því fram að bifreiðaeigendur fjármagni öll samgöngumannvirki og rekstur þeirra í landinu. Það er bara einfaldlega ekki rétt. Ég held að rétt sé að halda þessu til haga.

Ef notendur í framtíðinni, notendur hafna, þ.e. sjófarendur, hvort sem um er að ræða farþega á ferjum, skipaeigendur o.s.frv., ef þeim er ætlað að fjármagna hafnargerð og rekstur þeirra og þjónustu, og ef flugfarþegum og flugrekendum er ætlað að fjármagna annað, þá er alveg augljóst að sú stefna sem hér er lagt upp með og stefnt er að mun leiða til þess að auknar álögur verði á þessi atriði. Þetta kemur fram í skýrslunni.

En ég held líka, virðulegi forseti, að það verði að halda því til haga að hér er náttúrlega ekki um það að ræða að þessi samgönguáætlun hafi verið lögð fram, þ.e. hér er enn um að ræða tillögu stýrihóps þó að hún njóti velvildar hæstv. ráðherra. Eftir því sem ég best veit ætlar hæstv. ráðherra að koma fram með samgönguáætlun á haustþinginu, sem ætlað er að taka gildi frá árinu 2003–2014. Og það má svo sem velta því fyrir sér hvernig það er fyrir hæstv. ráðherra að gera tólf ára áætlun og leggja hana fram fjórum mánuðum fyrir kosningar eða svo. Það gæti þess vegna komið að því að það kæmi í hlut annarra að famkvæma þá áætlun.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir það helsta sem ég vildi nefna í umræðunni. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns. Ég tel að sú hugmyndafræði sem liggur að baki þessari samgönguáætlun sé til fyrirmyndar. Ég held að hægt sé að byggja á henni og vinna hana þannig að hún muni verða landsmönnum til mikilla heilla. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þó að það sé oft þannig að áherslurnar séu kannski mismunandi á einstaka þætti. En ég ítreka að á heildina litið held ég að þetta sé til mikilla bóta.

[14:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur hér við þessa umræðu og raunar í fréttatíma Ríkisútvarpsins í morgun klukkan átta haldið því fram að verið væri að leggja á ráðin um að stórhækka þátt notenda í samgöngukerfinu. Ég veit ekki hvernig hv. þm. hefur komist að þeirri niðurstöðu eða hvaðan hann hefur það, því ekki er verið að leggja það til með frv. sem hér er til umfjöllunar og ekki er heldur nein slík tillaga til umfjöllunar í þinginu í dag. En það er rétt hjá hv. þm. sem kemur fram að í skýrslu stýrihópsins er vakin athygli á því að gera megi ráð fyrir því í framtíðinni að lögð verði meiri áhersla á að hver einstakur þáttur standi undir sér í samgöngukerfinu og í almenningssamgöngum o.s.frv. Engu að síður er gert ráð fyrir því að bjóða út flug og veita ríkisstyrki og veita styrki til ferjusiglinga.

En hv. þm. ætti að fletta upp á bls. 51 vegna þess að hann fullyrti að bíleigendur greiddu ekki verulegan part eða jafnvel meira en sem nemur öllum stofnkostnaði og rekstri vegakerfisins. Það er nú þannig að það eru 16 milljarðar umfram það sem fer til vegakerfisins sem bíleigendur greiða. Það er því nauðsynlegt að hafa það sem sannara reynist í þessu sem öðru.

[14:44]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það, ég hvet menn eindregið til þess að fletta upp á bls. 54, þar kemur þetta skýrt fram.

Ég sagði hins vegar í ræðu minni áðan að bifreiðaeigendur skiluðu rúmlega 11 milljörðum í tekjustofna sem renna sérstaklega í vegaframkvæmdir eins og kveðið er á um í vegalögum. Það getur vel verið að skattar á bifreiðaeigendur séu í heildina 16 milljarðar, en hinir sérmerktu tekjustofnar skiluðu 11,3 milljörðum. Af þeim fóru rúmlega 10 milljarðar í vegaframkvæmdir, þannig að af þeim voru teknar 800 millj. Þetta liggur alveg kristaltært fyrir. Þetta eru hinir mörkuðu tekjustofnar fyrir vegaframkvæmdir. Þó að það eigi nú kannski ekki að vera mitt hlutverk að upplýsa hæstv. vegamálaráðherra um þessa hluti, þá hef ég þetta bara frá fyrstu hendi. Það er hægt að fletta upp í fjárlögunum, það er hægt að hafa samband við undirstofnanir o.s.frv. Þetta liggur alveg fyrir. Svona er þetta. Það getur vel verið að það séu einhvers staðar meiri tekjur, en hinir mörkuðu tekjustofnar í vegaframkvæmdum skiluðu þessu og af því voru teknar 800 millj. og settar í annað, sjálfsagt í góð mál, sendiráð eða heilbrigðismál eða eitthvað. En þannig liggur þetta.

[14:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er slæmt að eyða tímanum í að þrátta um slíkar tölur. Þarna ruglar hv. þm. saman í fjárlögum, þ.e. framlögum til vegamála. En það er rétt hjá honum að miðað við vegáætlun þá þurftum við á síðasta ári t.d. að lækka framlög í fjárlögum miðað við það sem var á vegáætlun.

En af því hv. þm. er að vísa til skýrslunnar góðu þar sem eru tillögur stýrihópsins þá eru það bensíngjöld, þungaskatt-

ur, kílómetragjald og þungaskattur/árgjald sem eru megintekjur Vegasjóðs. Það liggur alveg fyrir að tekjur af umferðinni, tekjur frá bíleigendum standa undir miklu af tekjum ríkissjóðs og þar af leiðandi tekjum Vegasjóðs þannig að ég held að ekki eigi að koma neinum á óvart sem fjallar um þetta að bíleigendur leggja mjög mikið til, bæði við rekstur og uppbyggingu samgöngukerfisins og ekki þarf að deila um það.

Ég vil að það komi skýrt fram að um samgönguáætlun verður fjallað á næstu mánuðum og ef þetta frv. sem nú er til umræðu verður að lögum fyrir vorið verður í haust lögð fram ný samgönguáætlun til 12 ára sem fjallar um alla þætti, vegi, flug, hafnir og aðra þætti sem að þessu snúa. Þá verður að taka til umræðu þessa hluti, eins og hv. þm. ýjaði hér að, (Forseti hringir) þ.e. hver hlutur notenda í almenningssamgöngum t.d. yrði að vera. Það er ekki til umfjöllunar hér þó að það séu ágætar tillögur í skýrslu stýrihópsins. Þær eru ekki þingskjal.

[14:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það að þær tölur sem ég fór með fékk ég úr undirstofnun hæstv. ráðherra þannig að ég dreg þær á engan hátt í efa og vil kannski ekki rugla hæstv. ráðherra meira í ríminu með frekari umræðu.

Ég vil einnig ítreka það að þær markmiðslýsingar koma mjög skýrt fram í þeirri áætlun sem hér hefur verið vitnað til. Vel má vera að hæstv. ráðherra breyti því og vel má vera að hann sé ekki samþykkur þeim markmiðum. Hann hefur hins vegar lýst yfir mikilli velvild gagnvart þessari áætlun og það á eftir að koma í ljós. Við skulum því sjá hvað setur þegar líður að hausti.

Mér finnst samt ekki við hæfi og mér finnst það ekki lyfta umræðunni á neinn hátt að gera því skóna að menn séu hér vísvitandi að fara með rangt mál þegar það stendur einfaldlega skýrt á bls. 54 í samgönguáætluninni að þetta sé markmiðið. Það þarf því ekkert að fara mörgum orðum um það. Menn geta flett því upp.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, sýnist mér að hæstv. ráðherra hafi ekki hrakið neitt í málflutningi sínum sem ástæða er til að segja meira um.

[14:49]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, 406. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 663.

Endurheimt Drekkingarhyls í Almannagjá, 405. mál, þáltill. MÁ og KVM, þskj. 662.

Greiðslur fyrir sjúkra- og innanlandsflug, 332. mál, svar samgrh., þskj. 664.

[14:50]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um samgönguáætlun og frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Ég vil eins og reyndar fleiri hv. ræðumenn fagna því að þessi mál eru komin til umræðu á hv. Alþingi. Það er löngu tímabært að lagt verði í að líta yfir samgöngumálin sem eina heild og samræma áætlanagerð og uppbyggingu að því leyti.

Þetta mál á sína forsögu eins og flestöll mál. Á Alþingi hafa verið fluttar tillögur um samræmingu áætlana allt frá því árið 1987 og síðast var samþykkt hér þáltill. árið 1998 þar sem kveðið var á um að fela samgrh. að skipa nefnd sem kanna skyldi hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun og gera í framhaldi tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum. Sá sem hér stendur var 1. flm. þeirrar tillögu, en auk mín fluttu tillöguna hv. þm. þáv. þingflokka — reyndar hefur sú flóra breyst töluvert síðan — en þeir voru Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson og Egill Jónsson.

Þess skal getið að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti tillögu í Alþingi 1987 um svipað efni og henni hafði verið vísað til ríkisstjórnar til umfjöllunar, en eitthvað gerðist nú lítið með það í framhaldinu.

Ef ég hleyp aðeins yfir helstu atriði greinargerðar þessarar tillögu svona sem inngang, þá var þar fjallað um áætlanir sem eru gerðar og hafa verið gerðar á einstökum sviðum samgangna og bent á að þar sé gætt lítils samræmis og ekki dregin upp heildstæð mynd af hlutunum við gerð þeirra áætlana. Í greinargerðinni var einnig bent á að með samræmingu þessara hluta mætti nýta betur fjármagn með markvissari hætti út frá heildstæðri áætlun. Farið hefur verið yfir það hér í umræðunni að menn hafa fært rök fyrir því að svo megi vera og það hefur komið fram einnig í þeim gögnum sem liggja fyrir frá hæstv. samgrh.

Í greinargerð tillögunnar var einnig lögð áhersla á tengingu við ferðaþjónustuna sem er einn mikilvægasti vaxtarbroddur í atvinnuuppbyggingu víða um landið. Síðan var einnig fjallað um umhverfishlið þessara mála og lögð áhersla á að með samræmdri samgönguáætlun mætti koma til móts við þau sjónarmið sem snúa að umhverfismálum, bæði með því að byggja upp þjóðhagslega hagkvæmar samgönguleiðir og einnig er varðar eldsneytissparnað og minni mengun.

Skemmst er frá því að segja að sú tillaga naut mjög mikillar samstöðu í Alþingi og var eins og fyrr segir samþykkt sem ályktun árið 1998.

Frv. sem hér liggur fyrir um samgönguáætlun felur í sér sömu markmið og komu fram í tillögunni. Það er vissulega fagnaðarefni að svo skuli vera og sýnir kannski framsýni þeirra sem fluttu tillöguna á sínum tíma.

Ég ætla ekki í sjálfu sér að fara mjög ofan í frv. Það hefur verið gert af hæstv. samgrh. og fleirum. Eitt atriði vil ég þó fá að nefna. Það er í 3. gr. þar sem fjallað er um samgönguráð. Ég tek undir það ákvæði frv. að setja upp samgönguráð til að fjalla um og vinna að áætlanagerð. En ég vil segja að ég mun taka þátt í umræðu um það í hv. samgn. þegar þar að kemur, hvort rétt er að tengja samgönguráðið meira við þingflokka og Alþingi þannig að stjórnmálamenn og stjórnmálaöflin komi formlega að slíkri vinnu fyrr en á síðustu stigum. Ég held að það sé mjög þess virði a.m.k. að samgn. taki það sérstaklega til umfjöllunar. Ég legg sem sagt til að það verði gert þegar þar að kemur. Ég ætla ekki sérstaklega að fjalla um það hér, en ég tel að hægt sé að færa rök fyrir því að æskilegt sé að samgönguráðið tengist Alþingi á einhvern hátt og legg ég áherslu á að samgn. taki það sérstaklega til umfjöllunar.

Að öðru leyti, herra forseti, ætla ég ekki að fjalla um frv. Ég ítreka að ég fagna því að það skuli komið fram og tel að hér sé um mikið framfaraspor að ræða og hagsmunamál þjóðarinnar til framtíðar.

Hæstv. ráðherra hefur skilað inn á borð þingmanna skýrslu sem stýrihópur vann um samgönguáætlun fyrir tímabilið 2003–2014. Ég vil reyndar taka fram að hæstv. samgrh. gerði samgn. grein fyrir þessu skjali ásamt stýrihópnum á

formlegum fundi í gær. Ég vil nota tækifærið og þakka ráðherra fyrir það. Ég tel að þau vinnubrögð séu til fyrirmyndar og vil þakka fyrir það að svo hafi verið gert.

Í skýrslunni er fjallað mjög ítarlega um samgöngumál í heild sinni. Þetta er góð skýrsla sem ég hvet menn til að fara yfir. Hún er í senn fróðleg og upplýsandi og margt í henni sem væri út af fyrir sig ástæða til að ræða. En ég geri ráð fyrir að það verði gert síðar í tengslum við umfjöllun um sjálfa samgönguáætlun.

Ég vil þó nefna tvö atriði sem ég tel að sérstök ástæða sé til að leggja áherslu á í sambandi við þá skýrslu. Það er í fyrsta lagi áherslan sem er lögð á umhverfismálin. Ég tel mjög mikilvægt að taka sérstaka umfjöllun um umhverfismál í samhengi við samgöngumálin því eins og við vitum skipta samgöngur og umferð farartækja verulega miklu máli er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og ýmislegt annað er snertir umhverfismálin. Í skýrslunni er fjallað mjög mikið um það og koma þar fram mjög góðar upplýsingar.

Ég nefna eitt atriði í sambandi við umfjöllun um umhverfismálin og framtíðarorkugjafa fyrir samgöngutæki. Eins og við vitum hefur mjög mikið verið fjallað um og unnið í þróun á vetni og metangasi og öðru slíku til að knýja farartæki. Ég sakna þess að ekki skuli vera fjallað meira um það í skýrslunni því þar er um að ræða mjög mikið framtíðarhagsmunamál sem tengist okkur Íslendingum að verulegu leyti. Ísland hefur á vissan hátt tekið frumkvæðið t.d. er varðar þróun vetnis til að knýja farartæki. Stjórnvöld, ríkisstjórnin hefur lagt sérstaka áherslu á að móta stefnu um að vinna að því. Erlendir aðilar eins og bílaframleiðendur og fleiri, orkufyrirtæki, hafa komið að því starfi og telja þetta mjög athyglisvert og vilja gjarnan vinna með okkur Íslendingum að því að þróa slíka hluti. Stutt er í að um götur borgarinnar aki t.d. strætisvagnar sem verða knúnir vetni. Ég hefði því talið að um þessa hluti hefði mátt fjalla aðeins í skýrslunni. Út af fyrir sig ætla ég ekki að bera fram neina sérstaka gagnrýni. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt að menn hefðu vikið aðeins að því.

Í öðru lagi vil ég nefna tengingu við ferðaþjónustuna því ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem hefur vaxið mjög mikið hjá okkur, sérstaklega út um landsbyggðina. Við vitum að miklir framtíðarmöguleikar felast í henni. Í þessari samantekt og umfjöllun stýrihóps hæstv. samgrh. er fjallað um ferðaþjónustuna í tengslum við heildstæða samgönguáætlun og ég tel að það sé mjög jákvætt og gott.

Ég ætla í sjálfu sér ekki á þessu stigi að fjalla meira um skýrsluna. Ég fagna því að hún er komin fram og fjallað er mjög ítarlega um samgöngumálin í heild sinni.

Ég legg einnig áherslu á að öll vinna við gerð samgönguáætlunar er eftir. Það á eftir að vinna drög að þeirri áætlun og Alþingi á eftir að taka mikla umfjöllun, þykist ég vita, um samræmda samgönguáætlun, væntanlega á næsta þingi, næsta haust. Spennandi tímar eru fram undan þegar menn fara að fjalla um þau mál því auðvitað eru samgöngur mikilvægar þjóðinni og kannski ein af grundvallarforsendum byggðar í landinu.

Síðan er hér annað frv., eins konar bandormur, sem tengist þessu frv. um samgönguáætlun. Þar er verið að fjalla um breytingar á skipan flugráðs, hlutverki flugráðs og hafnaráðs. Það er hlutir sem samgn. mun fjalla um.

Í flugráði er gert ráð fyrir fjölga fulltrúum úr fimm í sex og það er athyglisvert að þar er gert ráð fyrir að aftengja afskipti Alþingis af tilnefningu í flugráð. Ég legg til að samgn. fjalli sérstaklega um það atriði líka. Með því er verið að færa í hendur ráðherra alfarið að skipa í flugráð. Þar er um grundvallarbreytingu að ræða. Á sama hátt og er um að ræða tillögu um breytt hlutverk flugráðs og einnig hafnaráðs.

Herra forseti. Ég vildi nefna þetta og halda því til haga að þessi atriði verði sérstaklega tekin til umfjöllunar í hæstv. samgn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu að sinni. Við munum fjalla um þessi mál síðar og aftur og aftur því samgöngumál eru málaflokkur sem sífellt er til umfjöllunar og skiptir okkur miklu máli. Við eigum eftir að fjalla um þessi frv. aftur í síðari umræðum á þessu vorþingi og í samgn.

Ég vil enda mál mitt á því að fagna því að þessi frv. liggi hér fyrir og ítreka þakkir til hæstv. ráðherra fyrir þá vinnu sem fram hefur farið í þessum efnum. Ég mun að sjálfsögðu taka þátt í umræðum um þessi mál í samgn. að lokinni umræðu.

[15:02]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Hér eru tvö frv. til umræðu samtímis. Annars vegar er frv. um samgönguáætlun til þess að festa í lög breytingar sem gera þarf til þess að búa til heildstæða samgönguáætlun og svo hins vegar frv. til um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Ég ætla að reyna að fara aðeins yfir þau hvort í sínu lagi, en vil samt í upphafi máls míns fagna framlögn þessara frv. sem ég held og vona að geti skapast mikil sátt um og það mikla og góða plagg Samgönguáætlun – tillaga stýrihóps, sem líka hefur verið dreift á borð okkar. Þó svo að margt megi skoða sem í því er tel ég fulla ástæðu til að þakka fyrir þetta mikla og góða gagn sem hér hefur verið unnið og lagt fram af hæstv. samgrh. Ég tel að það sé til mikilla bóta og það sé heillaspor sem Alþingi muni stíga með því að samræma allar þessar áætlanir, hvort heldur það er flugáætlun, vegáætlun, hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun eða hvað þetta allt heitir, og setja í eina áætlun.

Þó ætla ég að fjalla hér um nokkur atriði, fyrst í frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál á þskj. 639, og taka upp þráðinn þar sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Magnús Stefánsson, sleppti honum. Lagt er til að hafnaráð skuli skipað sex mönnum og fjallað er um það í 10. gr. hvernig þá skal skipa. Varðandi þessi sex manna ráð vil ég segja að yfirleitt eru formenn ráða skipaðir af samgrh. hvers tíma og atkvæði þeirra ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Ókunnugleiki minn veldur því að ekki veit ég hvort þetta tíðkist mjög víða í stjórnkerfinu, en áður var það þannig að sannanlega skapaðist meiri hluti. Einnig kemur þarna fram hvernig ráðið er skipað. Það er skipað af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Einn skal tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins að loknum alþingiskosningum. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins sem ráðherra skipar.

Ég vildi aðeins spyrja hvort það sé algengt í kerfinu að hafa þetta jafna tölu. Og áður kemur fram um flugráð að það verður jafnframt skipað sex mönnum og jafnmörgum til vara. Fjallað er um það í 2. gr. og í athugasemdum við 2. gr. Nú er ráðið skipað samkvæmt gildandi lögum og þar eru fimm fulltrúar. En hér er lagt til að þeim verði fjölgað í sex og í stað fulltrúa Alþingis skipar samgrh. þrjá fulltrúa.

Ég hef fyrirvara á þessu og get tekið undir það sem hv. þm. Magnús Stefánsson sagði áðan að ég held að þetta verði atriði sem við sem sitjum í hæstv. samgn. munum fara mjög vel í gegnum.

Það er líka spurning, þó svo það geti oft átt við, hvort fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins eigi að tilnefna menn í þessi ráð en ekki einhverjir aðrir. Ég held líka að rétt sé að fara yfir það hverjir eigi yfir höfuð að skipa í þessa nefnd fyrir hönd atvinnulífsins. Ef til vill geta Samtök atvinnulífsins spannað það svið allt saman. Þó getum við sagt eins og með flugráðið, væri ekki ástæða til að einhver samtök almennings í landinu, t.d. stéttarfélögin, tilnefndu einn fulltrúa í flugráð til að gæta hagsmuna almennra farþega og hafa þá áhrif í flugráði eins og getið er um í þessum lagagreinum gagnvart fulltrúum atvinnulífsins? Ég tek það skýrt fram að ég hef ekki á móti því að fulltrúar atvinnulífsins tilnefni í hin og þessi ráð. En ég held að það geti verið til bóta á mörgum sviðum að það sé gert meira áður en þessar áætlanir koma til Alþingis þannig að kannski verði þá aðeins minni vinna að fara í gegnum þessi atriði. Þetta segi ég bara vegna kynna minna af því að hafa farið í gegnum vegáætlun, flugáætlun, hafnaáætlun og allt það.

Hið sama gildir eiginlega um skipun hafnaráðs. Þar er því breytt að í stað þeirra fimm sem nú eru verða skipaðir sex. Þar af skipa Samtök atvinnulífsins einn fulltrúa, sem í sjálfu sér er kannski ekki óeðlilegt. Og það sama á við að atkvæði formanns hafnaráðs ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu atriði.

Í þessu lagafrv. er jafnframt verið að samræma ýmis nöfn til að koma hinni samræmdu samgönguáætlun á legg og ég vil skjóta því inn í þessa umræðu og spyrja hæstv. samgrh. út í það hvort ekki hefði verið full ástæða til þess að skoða hvort hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun ættu ekki að vera ein og sama áætlunin. Þetta er svo keimlíkt. Ég sé ekki í hendi mér í fljótheitum hvað ætti að gera annað að verkum. Ég held að full ástæða sé til að einfalda þetta kerfi þannig að hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun verði ein og sama áætlunin, að þetta verði sameinað undir hatti Siglingastofnunar Íslands eins og hér er kveðið á um. Ég vildi spyrja hæstv. samgrh. hvort ekki hafi komið til tals að sameina þetta hreinlega.

Eins og ég sagði áðan hef ég svo sem ekki meira um þetta frv. að segja. Þetta eru svona meira orðalagsbreytingar til að undirbúa það að við getum farið í gegnum þá samræmdu samgönguáætlun sem hæstv. samgrh. hefur boðað að verði lögð fram á Alþingi á hausti komanda.

Þá kem ég að frv. til laga um samgönguáætlun og því sem þar stendur. Fyrst er fjallað um samgönguráð og aftur get ég tekið undir það sem sá sem var í ræðustól næstur á undan mér, hv. þm. Magnús Stefánsson, fjallaði um, því ég er með nokkrar efasemdir um skipun samgönguráðs. Það er allt saman gott og góðra gjalda vert hverjir eiga að vera í þessu ráði, vegamálastjóri, flugmálastjóri og siglingamálastjóri, plús það að ráðherra skipar einn. Þarna hefði ég viljað leggja til, og vil skoða það mjög vel, að Alþingi tengist meira inn í þetta samgönguráð og að skoðað verði að Alþingi skipi fulltrúa í samgönguráð til þess að, við skulum segja, gefa því meiri vigt þannig að alþingimenn fái þar aðgang að, fulltrúar þingflokka á Alþingi. Ég ætla mér alls ekkert að nefna annað en að auðvitað verði það svo að sitjandi ríkisstjórn eigi að sjálfsögðu að hafa meiri hluta í slíku ráði ásamt embættismönnunum. En þetta hefði ég viljað skoða mjög vel. Mér finnst stundum að verið sé að færa allt of mikil völd frá Alþingi til embættismanna. Þó svo að embættismenn séu margir hverjir allra bestu menn og allra bestu embættismenn þá má stundum fá annan vinkil inn í vinnuna sem getur komið fá fulltrúum stjórnmálaflokka sem sitja á Alþingi.

Ég nefni umferðaröryggismál, og kem kannski betur að þeim á eftir þó svo þau séu ekki hér á dagskrá. En maður getur lesið það úr samgönguáætlun að hér er fjallað um umferðaröryggismál. Ég hef oft velt þeim fyrir mér vegna þess að mér finnst umferðaröryggismál fá allt of lítinn hljómgrunn. Um þau er allt of lítið rætt og sárasjaldan á hinu háa Alþingi, að maður tali nú ekki um það að Alþingi veitir t.d. bara enga peninga í framkvæmd umerðaröryggisáætlunar. Ætli umferðaröryggismál fengju ekki meiri vigt í þjóðfélaginu, meiri vigt hjá Alþingi og meiri vigt hjá sitjandi ríkisstjórn á hverjum tíma ef fulltrúar hinna pólitísku flokka sætu í umferðaröryggisráði? Það væri þá metnaðarmál fulltrúa sitjandi stjórnarflokka og náttúrlega minnihlutaflokkanna að láta mikið og gott starf eftir liggja þegar kjörtímabili lýkur? Fengju þá ekki umferðaröryggismál miklu meiri vigt? Ég kem aðeins betur að þessu á eftir. En þetta vildi ég segja um samgönguráð. Mér finnst að þetta mætti skoða.

Síðan er í 2. gr. fjallað um forgangsröðun o.fl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við gerð samgönguáætlunar skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgöngueframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum."

Þessu er ég að sjálfsögðu alveg sammála. Það á auðvitað að vera þannig að fjármunir ríkisins nýtist sem best. En ég spyr mig að því hvort þetta ákvæði sé e.t.v. of strangt vegna þess að við vitum að oft þurfum við að taka tillit til annars en hreinna sjónarmiða um hagnað, tap eða arðsemi þegar verið er að ræða hin ýmsu mál og ákveða hvaða lóð skuli lögð á vogarskálar til að meta hvað sé hagkvæmt og hvað arðsamt, þó svo allar þessar stofnanir hafi ákveðnar aðferðir við það, þekktar aðferðir. Í skýringu með þessari grein stendur, með leyfi forseta:

„Lagt er til að það skilyrði verði sett að fjármunum ríkissjóðs verði varið á sem hagkvæmastan hátt og skal framkvæmdum og aðgerðum forgangsraðað í samræmi við það."

Maður getur hugsað sér ýmsar framkvæmdir, hafnir og annað slíkt og spurt: Eru hafnir á hinum og þessum smástöðum arðsamar og hagkvæmar? E.t.v. er ekki hægt að leggja þær á þá stiku, en þær geta engu að síður verið mjög nauðsynlegar og algjört frumskilyrði fyrir því að viðkomandi pláss sé í byggð. Þetta er svona hlutur sem ég held að við þurfum að fara aðeins í gegnum, þ.e. hvaða lóð verða lögð á vogarskálarnar til að meta arðsemi.

Í þessa umræðu hefur blandast margt úr þessu mikla og góða plaggi sem ég vitnaði í áðan og heitir Samgönguáætlun – tillaga stýrihóps 2003–2014. Í þessari bók, þessum tillögum stýrihópsins, eru náttúrlega mjög margar góðar tillögum. Þetta er líka mjög stórt safn upplýsinga sem hér hefur verið dregið saman og vert er að þakka fyrir það. Margt kemur manni á óvart og margt af þessu þekkir maður. Ég tek sem dæmi að hér kemur fram að rekstrarstyrkir vegna ferjusiglinga eru um 210 millj. kr. á ári, 300 millj. kr. alls ef tekið er tillit til afborgana og annars slíks.

Ferjur gegna veigamiklu hlutverki á mörgum stöðum. Nægir þar að nefna t.d. Vestmannaeyjar í því sambandi. Auðvitað er það mjög alvarlegt mál, miðað við þær fréttir

sem berast, þegar þetta eina skip sem siglir milli lands og Eyja þarf að fara í slipp, viðhald og viðgerðir í þrjár vikur, að þá er þessu byggðarlagi gjörsamlega kippt úr sambandi hvað það varðar að fólk geti ferðast með bíla sína á milli. (**GHall:** Eimskip ...) Auðvitað er þetta mjög alvarlegt mál.

Það kom fram að það mundi kosta 20–25 þús. kr. að flytja bíla með flutningaskipi. Þar fyrir utan er engin almennileg aðstaða til að gera það. Ég hef heyrt það líka í fréttum, sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgn., kallaði hér fram í, að Eimskip hafi komið með tilboð til Vestmanneyinga hvað þetta varðar. Ég veit ekki hvaða tilboð það er eða upp á hvað það hljóðar. En auðvitað er þetta byggðalag sett í vonlausa stöðu hvað þetta varðar. Áður fyrr gátum við leyst þetta með Fagranesinu sem þá var vestur á fjörðum og gat sinnt þessu og Akraborgin þar á undan. En nú er svo komið að við höfum bara eina stóra ferju og þá fer þetta svona. Þetta er náttúrlega vonlaus staða og ekki hægt að una við hana. Vestmanneyingar geta náttúrlega engan veginn sætt sig við hana og það er eðlilegt að þeir hafi kvartað yfir þessu.

Varðandi flugmálin þá höfum við, að ég held, í eitt ár veitt styrki vegna flugs. Það verða tæpar 100 millj. kr. þegar styrkir til Hafnar í Hornafirði verða komnir inn. Auðvitað kom það allt of seint vegna þess að það er vel þekkt í nágrannalöndum okkar að það þarf að veita styrki til flugs á minni staði til að halda uppi áætlunarflugi þangað. Rekstrarerfiðleikar flugfélaga á Íslandi eru mjög miklir og ég óttast að þeir séu ekki að baki, þeir séu jafnvel að aukast. Ég óttast að í framtíðinni verði aðeins flogið til þriggja staða á landinu. Hér er talað um fjóra eða fimm staði. Ég óttast að flug frá Reykjavík verði eingöngu til Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða ef fram fer sem horfir.

Því miður hefur rekstrargrundvöllur flugfélaga ekki verið sterkur hér á landi. Fyrir því eru ýmsar ástæður sem vert er að fara í gegnum. Ástæða væri til að skoða hvort skattar og annað slíkt sé of hátt eða þjónustan of dýr. Í því sambandi má nefna að flugfélagið Go, sem haldið hefur uppi flugsamgöngum hingað til Íslands með lágum fargjöldum og margir hafa nýtt sér, er að gefast upp á að fljúga til landsins vegna þess að þjónustan í Keflavík er svo dýr. Auðvitað er þetta mjög alvarlegt mál og hlutur sem þarf að taka fyrir í heildstæðri samgönguáætlun í framtíðinni.

Almenningssamgöngur hafa átt í vök að verjast. Sérleyfi sem gilt hafa renna út í ágúst 2002. Öll almenningssamgöngufyrirtæki á landi hafa átt í rekstrarerfiðleikum. Þetta er styrkt um 100 millj. kr. núna. Mér finnst athyglisvert sem hér kemur fram, að í almenningssamgangnanetinu sem á að byggja upp sé full ástæða til að skoða aðra flutninga, t.d. póst- og skólaakstur. Við vitum að þjónusta Póstsins, sem flytur póst um nætur, á kvöldin út um landið, er mjög góð en hefur jafnframt kippt rekstrargrundvelli undan ýmsum öðrum samgöngufyrirtækjum sem því sinntu áður.

Í þessu samhengi mætti einnig nefna fraktflutninga á landi sem hafa aukist mikið og hefur svolítið verið rætt um hér. Ég sakna þess að ekki skuli tekið á því í þessari áætlun og að því skuli ekki lýst hvernig menn sjá fyrir sér að það muni þróast. Við vitum að það kostar sjö til níu krónur að flytja hvert kíló frá Reykjavík t.d. til Akureyrar eða austur á land. Það er mjög alvarlegt mál gagnvart vöruverði í landinu og skiptir miklu máli upp á að fyrirtæki úti á landi hafi jöfn rekstrarskilyrði á við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Þessi ofboðslegi flutningskostnaður vegur mikið og þungaskatturinn skiptir þar mjög miklu eins og við höfum áður rætt. Stórhækkun á þungaskatti frá 1998 hefur farið þráðbeint út í verðlagið. Þannig er að af verði eins hveitipoka upp á tvö kíló sem seldur er norður á Akureyri á 70–75 kr. er flutningskostnaðurinn 15 kr. Hafa menn almennt gert sér grein fyrir því hvaða áhrif þetta hefur á vöruverð fyrir utan að þetta skekkir mjög samkeppnishæfni milli atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu?

Nýlegar breytingar á sjóflutningum hjá Eimskipafélagi Íslands létta ekki undir. Þessi atriði þarf að taka hér fyrir og finna á þeim lausn. Það er hárrétt sem hér hefur komið fram, kom m.a. fram hjá hv. þm. formanni samgn., Guðmundi Hallvarðssyni, í vangaveltum hans um sjóflutninga og landflutninga. Þetta er auðvitað hlutur sem þarf að taka inn í þessa áætlun. Auk þess að þetta er dýrt er vegakerfið á Íslandi ekki gert fyrir þessa ofboðslegu þungaflutninga um landið með vöruflutningnabílum og tengivögnum. Það er rosalegt þegar fólk er farið að veigra sér við að keyra hér milli landshluta og jafnvel farið að stíla inn á að vera ekki á sama tíma og flutningabílalestirnar fara um. Þetta er bara þannig að vegirnir hafa ekki verið byggðir upp fyrir slíka umferð, þeir eru mjóir og mjög erfitt að mæta þessum tækjum.

Inn í þetta blandast síðan sú atvinnuháttabreyting sem orðið hefur á Íslandi. Inn í þetta blandast að í fjölmörgum byggðarlögum á Íslandi er fiski ekki landað lengur heldur á ákveðnum stöðum þar sem fiskmarkaðir eru. Fiskurinn er síðan keyptur í gegnum tölvur eða síma og svo er þetta flutt þvers og kruss um landið, norður eða austur á land eða vestur á firði til vinnslu og svo aftur flutt landleiðina til baka.

Fyrir nokkuð mörgum árum rak ríkið samgöngukerfi eða flutningakerfi sem hét Ríkisskip. Auðvitað voru það niðurgreiddir flutningar, auðvitað voru þeir það. Nú er ég ekki að mælast til að það verði tekinn upp ríkisrekstur í flutningum á sjó eða landi, alls ekki. Ég vildi aðeins nefna að þetta eru atriði sem vert er að hafa í huga og verður að taka inn í myndina þegar samgönguáætlun verður unnin og rædd.

Ég vil hér að lokum lýsa yfir ánægju minni með þetta framtak, þessa tillögu stýrihópsins og samgönguáætlunina og þau tvö frv. sem ég hef hér gert lítillega að umræðuefni. Þetta er að sjálfsögðu liður í að koma á samræmdri samgönguáætlun. Það er þýðingarmikið og hefði átt að gera slíka áætlun fyrir lifandis löngu.

[15:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. velti fyrir sér hvort hér hefði átt að flétta alveg saman hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun. Um það vil ég segja að um sjóvarnaáætlun gilda sérstök lög. Niðurstaðan var sú að hrófla ekki við þeim. Auk þess er um það að ræða að að landbrotavörnum, sjóvörnum, er víðar unnið en á hafnarsvæðum. Að þeim þarf m.a. að vinna fyrir löndum sem eru í einkaeign en ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis og þá með þátttöku viðkomandi landeigenda. Þar er um að ræða nokkuð flókið mál sem ekki var talið rétt að hrófla við, að svo komnu máli í það minnsta. Þar fyrir utan er unnið að því að verja landsvæði sem ekki er hafnarsvæði, t.d. hefur verið mjög sótt í að verja tiltekna golfvelli fyrir ágangi sjávar. Þannig er af mörgu að taka. Niðurstaðan var sú að halda þessu óbreyttu að sinni.

Varðandi það álit hv. þm. að Alþingi ætti að eiga sérstaka fulltrúa í samgönguráði og það væri nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir hefðu þar aðgang vil ég segja að oft ræða

menn um að framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið þurfi að passa sig á að blanda sér ekki hvort í annars verk. Ég minni hv. þm. á að samgönguráðið er að vinna fyrir ráðherrann að *undirbúningi tillögu sem ráðherrann ætlar að flytja í krafti* veru sinnar í ríkisstjórn. Ég tel það fullkomlega eðlilegan máta að tilteknir embættismenn og þá fulltrúi ráðherrans sinni þessum undirbúningi en síðan komi Alþingi að málinu þegar fjallað verður um þessa tillögu ríkisstjórnarinnar eða viðkomandi ráðherra. Þess vegna taldi ég ekki eðlilegt að Alþingi kysi fulltrúa til að vinna fyrir ráðherra að tillögugerð, sem er auðvitað pólitísk tillaga.

[15:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hið merkasta mál á ferðinni í frv. til laga um samgönguáætlun. Það er fengur að því að fá í hendur þá skýrslu sem dreift hefur verið í tengslum við frv. Í raun liggur allt undir í þessari umræðu, bæði frv. og bandormurinn sem því fylgir auk þess að þingmenn hafa tæpt hér á tillögu stýrihópsins um samgönguáætlun 2003–2014.

Í upphafi máls míns, herra forseti, vil ég geta þess, svona til gamans, að hér er um fremur karlmiðað viðfangsefni að ræða. Samgöngumál hafa tilhneigingu til að vera frekar karlamál en kvennamál. En ég hef haft gaman af því að lesa þær skýrslur sem hér hafa legið á borðum þingmanna, þ.e. samgönguáætlunina, sömuleiðis skýrslu sem dreift var til þingmanna í sumar eða í vor um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og svo aðrar skýrslur sem lagðar hafa verið á borð þingmanna um samgöngumál undanfarið. Ég hef reynt að skoða þessar skýrslur með augum kynjafræðanna og er það fróðlegt mjög.

Þetta kom sérstaklega upp í huga minn í gær, herra forseti, þegar stýrihópurinn kynnti samgönguáætlunina á fundi í Iðnó. Þjóðinni var þar gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sem liggja á borðunum. Þegar vinna stýrihópsins var kynnt sátu eingöngu karlar við boðið. Mig langar að beina þeirri ábendingu til hæstv. samgrh. í þessu efni að ef þess er ekki gætt að mál af þessu tagi séu skoðuð bæði út frá sjónarmiðum karla og kvenna þá kann að vera að ákveðnir þættir svo mikilvægs málaflokks verði út undan. Ég vil meina, herra forseti, að í frv. sem hér liggur fyrir hafi hæstv. ráðherra einmitt fallið í þá gryfju að hafa hin karlmiðuðu gildi í forgrunni, en gleymt því sem flokkað hefur verið undir kvenlegri gildi. Þá á ég t.d. við umhverfisþátt þessara mála og þátt fjölskyldunnar, þ.e. hvernig málefni fjölskyldunnar koma inn í umræðu um samgöngumál. Ég á við allar þær mýkri hliðar sem hljóta að teljast til samgöngumála. Í þessu frv. virðast mér þær víkja *fyrir málum sem tengjast fjáröflun, útgjöldum, framkvæmd*um og þess háttar gildum. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að hér er um málaflokk að ræða sem þarf að skoða frá ólíkum sjónarhornum og það er eins og hin mýkri gildi séu á undanhaldi í frv. sem hér er verið að fjalla um.

Nú langar mig til að beina sjónum mínum að þessum mýkri gildum, herra forseti. Mig langar til að leggja það til að í 2. gr. frv., sem fjallar um innihald og form samgönguáætlunarinnar, verði tyggt að við gerð samgönguáætlunar verði umhverfismarkmiðum gert hátt undir höfði, þau skilgreind nákvæmlega og stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum einatt höfð til hliðsjónar. Mér finnst það alveg þess virði, herra forseti, að sá þáttur samgöngumálanna sé tekinn sérstaklega inn í 2. gr. Ég veit að í greinargerðinni er setning sem mér finnst mjög mikils virði og ég sé ekki ástæðu til annars en að gera jafnframt grein fyrir þeim hlutum í 2. gr. Ég ætla að lesa þessa setningu sem ég held upp á í greinargerðinni, en hún er svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„*Samgönguáætluninni* er ætlað að verða mun víðtækari en fyrri áætlanir. Auk framkvæmdaáætlana tekur hún til öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna og fjármögnunar samgöngukerfisins svo að eitthvað sé nefnt."

Það er að mínu mati lykilatriði, herra forseti, að þess sé gætt að þeir þættir sem hér eru nefndir sem hliðarþættir séu alltaf með og ekki eingöngu úti á spássíunum heldur sé litið á þá sem hluta af grundvallaratriðunum.

Ég er að vissu leyti, herra forseti, að reyna að skoða samgöngumálin út frá hinum mýkri gildum og kannski á svolítið kvenlegan hátt til að svala minni eigin forvitni. Mér finnst sagan sýna okkur að málaflokkurinn sé karlmiðaður og að hugarfarsbreytingar sé þörf í málaflokknum til að allir þegnar samfélagsins átti sig á því að samgöngumál eru áhugamál fjölskyldnanna í landinu, foreldranna í landinu og allra þeirra sem þurfa að nota þessar lífæðar sem samgöngukerfið okkar er.

Mér kemur í hug saga af kunningjakonu minni í þessu sambandi. Hún bjó ein með dóttur sinni níu ára gamalli og þegar þær mæðgur voru að fara út í bíl einn morguninn spyr dóttirin: Mamma, mega giftar konur ekki keyra bíl? Barnið hafði rekið augun í að bílstjórar eru gjarnan karlkyns og finnst mér glöggskyggni þessa barns alveg eiga erindi hingað inn í umræðuna til að brýna fyrir mönnum að hér er um málaflokk að ræða sem þarf að skoða í mjög víðu samhengi.

Í þessu sambandi er mikilvægt að samgönguáætlun sé samræmd niður í gegnum allt kerfið. Þá erum við ekki bara að fjalla um einkabílinn og þátt hans í umferðinni, sem fer vaxandi ár frá ári, heldur erum við ekki síður að fjalla um almenningssamgöngurnar. Þær hefur vissulega borið hér á góma en einn þáttur samgöngukerfisins hefur þó enn ekki verið orðaður í umræðunni, þ.e. kerfi göngu- og hjólreiðabrauta. Það skiptir auðvitað verulegu máli, ekki einungis í þéttbýli heldur ekki síður á milli þéttbýliskjarna, þ.e. í dreifbýlinu, að samgönguáætlun nái til þessara þátta. Þegar kemur að göngustígum og hjólreiðabrautum er auðvitað um að ræða samgöngur sem fara vel við markmið um sjálfbæra þróun. Þetta nefni ég sérstaklega af því að við erum að beina sjónum okkar að umhverfisþætti samgangnanna. Íslensk stjórnvöld hafa verið að reyna að koma sér upp markmiðssetningu og framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Það er ekki langt síðan hæstv. umhvrh. gerði grein fyrir því *á umhverfisþingi að nú væri í vinnslu í umhvrn.* áætlun eða stefnumörkun um sjálfbæra þróun á nýrri öld.

Hluti af hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun byggir á að neikvæðir þættir samgangna séu lágmarkaðir eins og mögulegt er. Inn á það er vissulega komið í tillögum stýrihópsins þar sem umhverfisþættinum eru gerð skil í einum kafla. Hann er ágætur og ekkert út á hann að setja í sjálfu sér en ég hefði gjarnan viljað sjá samþættingu umhverfismálanna meira áberandi í meginmáli skýrslunnar. Við höfum tilhneigingu til að afgreiða umhverfismálin í sérstökum kafla en gleymum að þau eru auðvitað veigamikill þáttur í öllum hinum köflunum líka. Af því að ríkisstjórnin er að reyna að búa sér til framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun skiptir verulegu máli að í þessari samgönguáætlun verði gerð grein fyrir því hvernig stjórnvöld hyggjast hafa áhrif á hugarfar fólks í þessum efnum.

Hvernig ætla stjórnvöld að efla umræðuna um sjálfbærar samgöngur í landinu? Við gerum það ekki með því að ræða um forgangsröðun verkefna, framkvæmdahraða, forgangsröðun jarðganga eða því um líkt heldur gerum við það með því að fara í hin smærri gildi og mýkri, inn á þann vettvang þar sem við erum öll að læra, t.d. inn á vettvang menntunarinnar, og gera okkur grein fyrir því að stjórnvöld hafa þarna ákveðnu menntunarhlutverki að sinna.

Til þess að efla sjálfbærar samgöngur þurfum við að gera það eftirsóknarvert að fólk gangi og hjóli. Sá þáttur má ekki gleymast í þeirri samgönguáætlun sem hér er til umfjöllunar. Ábyrgð stjórnvalda í þeim efnum er gífurlega mikil og það sama á við um þá hugarfarsbreytingu sem þarf að eiga sér stað til að fólk fari að nota almenningssamgöngur í ríkari mæli.

Stjórnvöld þurfa að kynna fólki hvers vegna almenningssamgöngur eru lóð á vogarskálarnar þegar stefnt er að bættu lífi og sjálfbærara lífi í landi okkar. Almenningssamgöngur, göngutúrar og hjólreiðar þurfa að verða eftirsóknarverður kostur í samgöngukerfi Íslendinga og stjórnvöld eru ábyrg fyrir því að svo geti orðið. Ég sé í þessari samgönguáætlun og í því frv. sem við erum að fjalla um hér gífurlega öflugt tækifæri til að takast á við það sameiginlega verkefni okkar að auka skilning okkar allra á því hvernig samgöngur geta orðið sjálfbærar í auknum mæli.

Eitt af því sem fjallað hefur verið um hér í þessari umræðu, og lýtur að umhverfisþættinum, eru strandsiglingarnar. Ég lýsi því yfir hér, herra forseti, að ég er hjartanlega sammála þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram hvað þær varðar. Ég vil þó ítreka að það gætir ákveðins ósamræmis í umfjöllun þessarar skýrslu um strandsiglingar. Strandsiglingar eru öflugur og umhverfisvænn kostur sem ber að þróa áfram en ekki að leggja af. Mér finnst hlutirnir svolítið reka sig hver á annars horn í skýrslunni. Mér finnst hún ekki samhljóma um hvort stýrihópurinn er meðmæltur strandsiglingunum eða ekki. Ef hann er þeim meðmæltur, á hvern hátt vill hann þá sjá framkvæmdina? En þetta er kannski smáatriði sem auðvitað verður farið betur í í haust þegar hin samræmda samgönguáætlun verður lögð fyrir þingið.

Það er sannarlega tilhlökkunarefni að eiga von á að fá slíka áætlun því að langtímaáætlun um samgöngur er eitthvað sem beðið hefur verið með óþreyju ansi lengi, eins og menn hafa gert hér grein fyrir. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi t.d. skýrslu frá 1991 þar sem tekið var á ýmsum þessara mála. Hann sýndi hana hér úr pontu. Hún var rauð og svo sem falleg en ég treysti því að hæstv. samgrh. leggi fram á hausti komanda græna samgönguáætlun. Ég legg það til að liturinn verði grænn og ekki bara kápan heldur að hinn græni þáttur samgöngumálanna verði fléttaður mjög samviskusamlega inn í alla kafla skýrslunnar. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, herra forseti, að Íslendingar eru aðilar að alþjóðasáttmálum þar sem við höfum skuldbundið okkur til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það þurfum við ekki hvað síst að gera í gegnum samgöngur. Það nægir ekki að vona að losunin standi í stað árið 2020 miðað við árið 1990.

Mér finnst svolítið gæta þeirrar tilhneigingar í umfjöllun stýrihópsins um losun gróðurhúsalofttegunda að nú sé að nást í ákveðið jafnvægi af því að tækniframfarirnar í framleiðslu bílvéla hafi orðið svo miklar. Við verðum að gá að því að við erum skuldbundin til að bera byrðarnar með félögum okkar úti í heimi. Íslendingar hafa ásamt öðrum iðnvæddum ríkjum tekið á sig ábyrgð í þeim efnum. Við verðum að sjá til þess í öllum framkvæmdaáætlunum okkar að við gleymum ekki þeirri ábyrgð heldur sýnum að við séum menn til að standa undir henni. Mér hefur gjarnan fundist að mottóið í umhverfisstefnu íslensku ríkisstjórnarinnar, þeirrar sem nú situr við völd, hafi frekar verið á þeim nótum að framkvæmdirnar og framkvæmdaaðilarnir væru í fyrirrúmi en ekki umhverfissjónarmiðin og hin umhverfislægu gildi.

Í þeim efnum ætla ég núna undir lok máls míns, herra forseti, að vitna í skýrsluna um sjálfbær Norðurlönd sem kom út á síðasta ári. Þar getur að líta nýja stefnu fyrir Norðurlöndin varðandi sjálfbæra þróun og ég vil brýna hæstv. samgrh. til að sjá til þess að allir þeir sem koma að þessum málum í samgrn. læri utan að 8. kafla í þessari skýrslu. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst stýrihópurinn sem hæstv. ráðherra skipaði ekki hafa gætt nógu vel að þeim markmiðum sem áætlunin um sjálfbær Norðurlönd byggir á þannig að ég ætla að fá að vitna hérna til hennar, með leyfi forseta. Þar segir:

„Vegna eðlis og umfangs samgangna valda þær álagi á samfélagið með því að skaða umhverfi, heilsu og menningarminjar og í auknum mæli með því að valda þrengslum. Á nokkrum sviðum hefur álagið farið minnkandi og búist er við að sú þróun haldi áfram en á öðrum sviðum eykst það. Vandinn í tengslum við sjálfbæra þróun til lengri tíma litið er nánar tiltekið fólginn í því hversu miklum auðlindum er varið í samgöngutæki, grunnkerfi og jarðefnaeldsneyti. Vandinn er einkum fólginn í losun gróðurhúsalofttegunda og efna sem skaðleg eru umhverfi og heilbrigði og í auknum mæli í umfangi grunnkerfis og umferðar sem hefur áhrif á og gengur á gróður og dýralíf en það hefur aftur neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Þar að auki eiga samgöngurnar þátt í ýmsum öðrum stað- og svæðisbundnum umhverfis- og heilbrigðisvandamálum sem fylgja loftmengun, hávaða, mengandi efnum o.s.frv.

Samgöngur eru ekki markmið í sjálfu sér. Vænlegast er að líta svo á að markmiðið sé aðgangur að vörum, þjónustu og fólki. Þennan aðgang geta samgöngur veitt en hann getur einnig fengist með samskiptatækjum, einkum fjarskiptum og upplýsingatækni. Að draga úr neikvæðum afleiðingum samgangna og um leið að tryggja að þær séu góðar er mjög mikilvægur þáttur í að koma á sjálfbærri þróun í samfélaginu í heild."

Fleira mætti svo sem vitna í, herra forseti, í þessari skýrslu um sjálfbær Norðurlönd en ég læt hér við sitja og legg eingöngu til að þessi skýrsla verði ævinlega höfð til hliðsjónar í þeim áætlunum sem fram undan eru hjá hæstv. samgrh. Hér er um að ræða plagg þar sem búið er að móta þá hugmyndafræði sem íslensk stjórnvöld hafa í orði kveðnu sagt að þau ætli sér að fylgja. Þá verðum við líka, herra forseti, að vera viss um að þeim sjónarmiðum verði fundinn staður í þeirri samgönguáætlun sem ég hlakka til að sjá hér á borðum okkar á komandi hausti.

[15:42]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom inn á það sem snýr að mengunarmálum, göngustígum, reiðhjólastígum, landflutningum og sjóflutningum.

Ef við tökum fyrst það sem snýr að sjóflutningi versus landflutningi er það svo að fólk segir í hinni dreifðu byggð: Ja, það eru tímar tvennir að geta hringt um eftirmiðdag og pantað vöru og hún er komin heim í hlað daginn eftir.

Þetta er málið í hnotskurn. Þetta er nútímakrafa Íslendingsins og við segjum öll hér: Við viljum halda hinni dreifðu byggð eins lengi og hægt er og leggja jafnvel allt í sölurnar til þess.

Nú erum við að tala um hvernig við getum snúið ofan af þessu og sagt: Ja, allur þungi flutningurinn skal af vegum og á sjó. En svo er einhver önnur vara sem á að vera á vegum á sama tíma og við þurfum auðvitað að leggja áherslu á að allir greiði hlutfallslega jafnt fyrir not veganna, hvort sem það eru þungir bílar eða léttir, og þá sé það í einhverri harmoníu við það sem gerist.

Það er svo líka með matvöruna að fólk vill ekki fá vöru merkta síðasta söludegi í búðinni. Það verður náttúrlega alltaf erfitt að þjóna báðum þessum sjónarmiðum.

Í sambandi við göngustígana vil ég benda á að í Breiðholti hefur tekist mjög vel til. Allar götur frá uppbyggingu þess hverfis 1965 hefur verið lagt mikið í að leggja göngustíga, og þar eru mjög skemmtilegar gönguleiðir alveg eins og þegar komið er niður í miðbæ. Þetta er náttúrlega meira á höndum sveitarfélaganna. Í skipulagningu sem þessari ætti að kveða á um hvernig sveitarfélög skuli fara með. Ég hef stundum haft orð á því varðandi hjólreiðastíga versus reiðstíga. Einum 40 millj. á ári er eytt til að leggja reiðstíga, og síðan er sagt: Ja, eiga bifreiðaskattgreiðendur að borga þetta? Þá segja menn: Ja, þetta er svo fjölskylduvænt að það er eðlilegt.

Alls staðar er svona tog og erfitt að gera svo öllum líki í þessu máli. En ég að tel að göngustígar séu eðlilega sveitarfélaganna.

[15:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. um að hér koma mörg sjónarmið saman. Það er þess vegna sem svo miklu máli skiptir að vel takist til um stefnumótun stjórnvalda í þessum efnum. Það skiptir miklu máli að stjórnvöld tali skýrt í þessum efnum. Ef við ætlum okkur að feta brautina til sjálfbærra samgangna þá er það á ábyrgð stjórnvalda að sannfæra þjóðina um það að sjálfbærar samgöngur borgi sig. Ef það er meiri sjálfbærni fólgin í því að efla strandflutningana þá eigum við að fara ofan í þá hugmyndafræði og halda henni á lofti, án þess þó að fara að senda fólki vörur á síðasta söludegi. Við eigum þá að gera það þannig að það sem þarf að flytja með hraði geti farið um vegina en það sem ekki þarf að fara jafnhratt geti farið sjóleiðina.

Hér þarf auðvitað margs að gæta en það skiptir máli að stjórnvöld axli þá ábyrgð sem þau hafa sagt þjóðinni að þau ætli að axla, þ.e. sannfæri okkur um að sjálfbærni í samgöngum skipti máli og sé þess virði að keppa að henni.

[15:46]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki verður hægt að setja algilda reglu hér um. Þegar tæki bila hjá fyrirtækjum í dýrum rekstri úti á landi og þörf er á að fá í þau varahluti strax getum ekki við sagt: Nei, þetta vegur svo mörg kíló eða tonn og skal þess vegna sjóleiðina og þá verður fyrirtækið bara að vera stopp á meðan flutt er sjóleiðina. Þetta er hluti af málinu.

Má ætla að hv. þm. eigi við samgöngur í Reykjavík. Hér er mikið auglýst að fólk eigi að ferðast með strætisvagni. Það gerir það ekki þó það þurfi kannski að vakna aðeins fyrr á morgnana, jafnvel fólk sem er á sama vinnustað frá morgni til kvölds. Það fer þá heim aftur og fer ekki í strætisvagni. Að ríkisvaldið hafi áhrif á ferðamynstur og breyti hugarfari einstaklinga er náttúrlega ekkert smámál.

Ég get hins vegar tekið undir að það er full ástæða til að málum sé skipað þannig að fólk athugi sinn gang. Hvað kostar rekstur bílsins, tryggingar, bensínkostnaður o.s.frv. Síðast en ekki síst þarf svo að minna fólk á áhrifin, sem hv. þm. hefur mest rætt um, þ.e. mengunina.

Hér er vissulega bryddað á mörgu í málaflokki sem er mjög stór og mikill. En þrátt fyrir allt erum við öll sammála um að hér sé stigið stórt, djarflegt og þarft skref í átt til þess að bæta umhverfi Íslendinga.

[15:48]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Ég tek af heilum hug, herra forseti, undir síðustu orð hv. þm. og ítreka að ég hef haldið því fram að hugarfarsbreytingar sé þörf. Mér sýnist íslensk stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til að feta braut hinnar sjálfbæru þróunar þó svo að þau hafi kannski að hluta verið þvinguð inn á þá braut með alþjóðasamningum. En þá verða íslensk stjórnvöld að vera trúverðug í því að sannfæra þjóðina um að sjálfbær þróun skipti máli með tilliti til samgangna. Við verðum að taka það vandamál á okkar herðar hér í þessum sal að efla umræðuna og leiða alla þætti sjálfbærrar þróunar fram í dagsljósið.

Með aukinni umræðu og aukinni ábyrgð á menntun okkar allra í þessum efnum þá kemur að því að fólk skilur hvernig ábyrgð okkar er háttað í umhverfismálum. Hún byrjar heima hjá okkur sjálfum í okkar eigin hegðunarmynstri og hvergi annars staðar. Ef stjórnvöld búa til farveg fyrir þjóðina til þess að vera umhverfissinnar, til þess að hegða sér á umhverfisvænan máta þá er það hið besta mál. Nákvæmlega þannig held ég að við viljum öll sjá hlutina. Farvegurinn sem stjórnvöld mynda fyrir umhverfisvæna hegðun þjóðarinnar skiptir verulegu máli. Við erum hér til að hanna þann farveg og veita þannig umhverfismálunum brautargengi, líka í þessum málaflokki sem hér er til umfjöllunar, samgöngumálunum.

[15:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér eru til umfjöllunar ýmis mál hæstv. samgrh. Mörg þeirra fá góðan hljómgrunn hér í þinginu. Það á við um þau frumvörp sem nú eru til umræðu, gagnstætt því frv. sem var til umfjöllunar fyrr í dag og fjallaði um skráningu skipa.

Sannast sagna, herra forseti, vonast ég til að það frv. eigi ekki eftir að koma aftur til umfjöllunar hér á Alþingi eftir að 1. umr. um það lauk. Það frv. var sett fram í andstöðu við öll hagsmunasamtök sjómanna, farmanna, fiskimanna og Vélstjórafélagsins, en með blessun og samþykki Landssambands ísl. útvegsmanna og að sjálfsögðu fjármálafyrirtækja sem hugsa sér gott til glóðarinnar. Frv. fjallaði um svokallaða þurrleiguskráningu skipa, en þurrleiguskráning er tímabundin skráning skips sem leigt hefur verið án áhafnar á erlenda skipaskrá án þess að það sé afmáð af íslenskri skipaskrá.

Samtök sjómanna hafa bent á að þetta sé leið til að auðvelda útgerðarfélögum að ráða til sín ódýrt vinnuafl. Þá er vísað til þeirrar tilhneigingar sem hefur gert vart við sig í seinni tíð, að ráða ódýrt vinnuafl frá Eystrasaltslöndunum og frá Rússlandi. Menn vara við því að haldið verði áfram á þessari braut og samtök sjómanna og farmanna og fiskimanna segja að réttarstöðu íslenskra sjómanna sé teflt í tvísýnu nái það mál fram að ganga.

Eins og ég sagði, herra forseti, er 1. umr. um það frv. lokið og ég ætla að sjálfsögðu ekki að gera það að umræðuefni nú að öðru leyti en því að segja að ég vonast til að það eigi ekki eftir að koma til kasta þingsins og verði svæft svefninum langa í samgn. Ég treysti hv. formanni nefndarinnar til að sjá til þess að svo verði.

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar samgönguáætlun og lagabreytingar sem henni tengjast. Megintilgangur þessa frv. er góður en það gengur út á að samræma áætlanagerð í samgöngumálum í landinu. Samkvæmt þessari hugsun er gert ráð fyrir að vinna samgönguáætlun til tólf ára í senn og skipta henni í þrjú fjögurra ára tímabil. Þessi samgönguáætlun á að skiptast í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. En lykilhlutverki í þessari vinnu á að gegna samgönguráð sem hæstv. samgrh. kemur til með að skipa.

Í 4. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Tillögur að fjögurra ára áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir samgönguráð. Samgönguráð semur síðan endanlega tillögu og leggur fyrir samgönguráðherra."

Ég mun víkja nánar að því síðar í máli mínu hvernig ég tel að skipa eigi í þetta samgönguráð. Ég er sammála ýmsum þeim sem hér hafa gert tilnefninguna í samgönguráðið að umræðuefni. Það er nauðsyn að breyta þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

En eins og ég sagði tel ég megintilgang þessa frv. góðan. Hér er í raun verið að hefja á loft að nýju því sem rætt var um fyrir rúmum tíu árum. Í skýrslu sem þáv. hæstv. samgrh. birti, árið 1991, er að finna hugmyndir um að unnar verði samræmdar samgönguáætlanir fyrir landið í heild. Ég vísa þar í formála sem þáv. hæstv. samgrh., Steingrímur J. Sigfússon, ritar að þeirri skýrslu.

Í tengslum við þá umræðu sem fram fór um samgöngumálin á þessum tíma minnist ég þess að menn hentu gaman að starfsnefnd sem hafði það verkefni að fjalla um markmið Vegagerðarinnar. Mig minnir að þessi nefnd hafi átt að svara því hvers vegna við legðum vegi. Menn höfðu óskaplega gaman af þessu. Spurt var hvort menn vissu ekki eða gerðu sér ekki grein fyrir því hjá Vegagerðinni til hvers menn legðu vegi.

Ég held að menn hendi ekki gaman að vangaveltum af þessu tagi lengur vegna þess að eins og við vitum þá leggjum við vegi til ýmissa nota, til þess að fara frá einum stað á annan, til að flytja vörur á eins skjótan hátt og við getum eða til þess að njóta umhverfisins. Vegagerð getur haft mismunandi markmið og ber að taka tillit til þess þegar vegir eru lagðir.

Þessi umræða um samgöngumálin hefur sem betur fer verið að breytast á liðnum árum. Á fyrri hluta tíunda áratugarins urðu talsverðar breytingar í samgöngumálum eins og hér hefur verið rakið. Þá færðust vöruflutningar af sjó og upp á landið. Margir töluðu á þessum tíma um að liðinn væri sá tími að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, ætti að niðurgreiða vöruflutninga og samgöngur, að tími Ríkisskipa væri af þeim sökum liðinn.

Menn tala ekki lengur svona. Nú gera menn sér almennt grein fyrir því að í landflutningunum felst stuðningur frá hinu opinbera. Það kom fram í máli hv. formanns samgn., Guðmundar Hallvarðssonar, að það er talið að stór vöruflutningabíll slíti vegum á við 10–30 þús. litlar bifreiðar. Þetta kom fram í máli hans, 10–30 þúsund bílar, allt eftir aðstæðum, veðurfari og að sjálfsögðu þyngd vöruflutningabílanna, sem geta verið 10–40 tonn. Þetta finnst mér vera athyglisvert og mér fannst það einnig athyglisvert, sem kom fram í máli hans, að hann teldi mikilvægt að stuðla að því að flytja vöruflutninga af landi og á sjó. Það kom fram hjá hv. þm. fyrr í dag þrátt fyrir þessi orðaskipti sem síðar urðu hér.

Hann bendir hins vegar réttilega á að þetta er flókið mál sem hefur margar hliðar. Það er alveg rétt að fólk vill fá vöru á skjótan hátt. Reyndur sjómaður í salnum sagði mér að frá Reykjavík til Ísafjarðar, svo dæmi sé tekið, væru 186 mílur og það taki vöruflutningaskip á bilinu 10 til 14 tíma að fara þá leið. Það er ekki ýkja langur tími en getur verið það í rysjóttu veðri. Allt eru þetta hlutir sem þarf að skoða en ég lýsi stuðningi við það meginmarkmið sem hv. formaður samgn. lýsti sig fylgjandi, að okkur bæri að stuðla að því að færa flutninga af vegakerfinu yfir í sjóflutninga eftir því sem kostur er.

Hæstv. samgrh. kom einnig að þessu. Það gerði hann í tengslum við umræðu um skattlagningu og gjaldtöku. Sannast sagna kunni ég ekki alveg við þann tón sem er að finna í tillögu stýrihóps um samgönguáætlun en þar eru vegsamaðar mjög ýmsar markaðslausnir og beiting markaðstækja.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Stefnt skal að því að í lok annars tímabils (2007–2010) verði kostnaður af samgöngum í heildina tekið borinn af notendum."

Þetta er stefnuyfirlýsing sem ég hef ákveðnar efasemdir um. Ég lít á samgöngukerfið sem þjónustutæki við landsmenn og við byggðarlög og hef miklar efasemdir um að halda inn á þessar brautir. Einnig er talað um markaðslausnir, einkaframkvæmd í vegakerfinu, og talað um að auknar kröfur séu um að fara inn á slíkar brautir. Kröfur frá hverjum? spyr ég.

Við vitum að það eru auknar kröfur um að fara inn á þær brautir varðandi rekstur á opinberu húsnæði. Sýnt hefur verið fram á að miklu dýrara er fyrir hið opinbera að láta einkaaðila reisa og reka húsnæði. Gerð hefur verið grein fyrir því á Alþingi hvaða afleiðingar þetta hefur haft í för með sér fyrir stofnanir á borð við Íbúðalánasjóð sem áður var hýstur í eigin húsnæði.

Stjórnarformaður Spalar lýsti því yfir á sínum tíma að ef ríkið hefði sjálft tekið beinan þátt í framkvæmdum við Hvalfjarðargöngin hefði það verið ódýrara en að fara þá millileið sem farin var. Hins vegar vitum við að fjármálamenn vilja gjarnan maka krókinn á þennan hátt hvort sem um er að ræða opinbert húsnæði eða vegamál.

Fram til þessa hefur verið ágætur kokteill þar á ferðinni. Vegagerðin hefur verið á vegum hins opinbera. Síðan hafa verktakar komið að framkvæmdum. Ég hef miklar efasemdir um að fara með fjármögnun á samgöngukerfinu í ríkari mæli inn á forsendur fjármagnsins. Ég hef ákveðnar efasemdir um það. Ég velti því líka fyrir mér hvað hæstv. samgrh. átti við þegar hann talaði um að í framtíðinni yrði skattlagningu hagað þannig að hún yrði sjóflutningum í hag. Ætlum við virkilega að fara inn á þá braut að skattleggja notkun á samgöngukerfinu með þessum hætti? Er hér ekki kominn upp hugsunarháttur sem mun reynast dreifðum byggðum landsins varasamur? Ég spyr sjálfan mig spurninga í þessu efni.

Að lokum varðandi samgönguráðið, þá gegnir það mjög veigamiklu hlutverki. Eins og ég vitnaði hér áðan í 4. gr. frv. þá er gert ráð fyrir því að tillögur í samgöngumálum verði unnar á vegum stofnana samgrn. en samgönguráð semji síðan endanlega tillögu og leggi fyrir samgrh. Samgönguráð er samkvæmt frv. skipað af samgrh. Í samgönguráði er gert ráð

fyrir að sitji flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Auk þess situr þar fulltrúi samgrh. sem jafnframt er formaður.

Svo ég vitni aftur í skýrslu sem þáv. hæstv. samgrh., Steingrímur J. Sigfússon, birti fyrir rúmum tíu árum, árið 1991, þá var þar einnig gerð tillaga um samgönguráð sem hefði svipuð verkefni á hendi. En þar var gerð tillaga um að þeir sem þar sætu kæmu úr fleiri áttum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í ráðinu verði auk ráðherra og fulltrúa ráðuneytis forstöðumenn stofnana á sviði samgöngumála, fulltrúar þingflokka, rannsóknastofnana og aðrir sérfræðingar og áhugamenn sem ráðherra vill kalla til."

Ég velti því fyrir mér hvort við eigum ekki fremur að fara inn á þessa braut. Ég heyri að margir hv. þm. hafa tekið undir þetta sjónarmið.

Það kemur t.d. fram í þessari skýrslu sem stýrihópur sendi frá sér að gert sé ráð fyrir þremur byggðakjörnum utan Reykjavíkur, þ.e. á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri. Þetta er hugsun sem víða er uppi og ég er í sjálfu sér ekki að gagnrýna hana. En þetta er pólitísk stefnumótun. Ef við síðan beinum fjármagni, ef samgönguráð beinir fjármagni í anda þessarar hugsunar á þessa staði eða með þessa pólitísku stefnumörkun í huga þá er Alþingi að vissu leyti að afsala sér valdi og áhrifum ef það hefur ekki fulltrúa sína við þessa frumvinnu.

Ég styð það því að hv. samgn. taki það til umhugsunar hvort ekki væri rétt að víkka nefndina út eða ráðið öllu heldur, þ.e. að fulltrúar samgönguráðs kæmu úr fleiri áttum, tengdust Alþingi og hugsanlega fleiri aðilum. Ég nefni Byggðastofnun og háskólana. Ekki væri óeðlilegt að fulltrúar náttúruverndarsamtaka kæmu einnig að þessari stefnumótunarvinnu. Ég legg til að þetta verði skoðað með velvilja af hálfu nefndarinnar þegar þar að kemur.

[16:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég vegna ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar nefna varðandi það sem ég talaði um hér fyrr í dag, um skattlagningu á sjóflutningum annars vegar og landflutningum hins vegar, að þá var ég að leggja áherslu á þannig þyrfti að vinna að málum að ekki væri verið að mismuna flutningsmátunum og að það þyrfti a.m.k. að leggja fram alveg opnar tillögur um hvernig sú mismunun eigi sér stað og hver vilji manna sé í þeim efnum.

Það liggur fyrir að ef við ætlum að láta landflutningana greiða í meira samræmi við notkun veganna, ef við tökum þungaflutningana sem dæmi, þá þyrfti væntanlega að hækka þungaskatt verulega mikið og það kæmi mjög illa niður á þeim sem þurfa að flytja um langan veg. Hins vegar er alveg ljóst að með því fyrirkomulagi sem við höfum núna þá halda sumir því fram að aðstaðan sé mjög ójöfn. Ég taldi þess vegna nauðsynlegt að láta skoða þetta rækilega með þeirri nefnd sem er starfandi og ég nefndi.

Hitt atriðið sem hv. þm. nefndi og ég vildi taka upp var samgönguráðið. Ég er ekki sammála honum um það. Samgönguráðinu er ætlað að leita víðtæks samráðs út fyrir sínar raðir í undirbúningsferlinu. En ég tel ekki eðlilegt að Alþingi eigi sérstaka fulltrúa í hópi sem er að vinna að undirbúningi og fyrir viðkomandi ráðherra. Samráð er hins vegar eðlilegt og ég tek undir að það er nauðsynlegt.

[16:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kemur að tillögur til fjögurra ára áætlunar á hinum aðskiljanlegu sviðum samgöngumála skuli unnar í stofnun samgöngumála. Síðan tekur samgönguráð þessar tillögur til skoðunar og stefnumótunar og leggur endanlega tillögu fyrir hæstv. samgrh.

Hér er um mjög víðfeðma vinnu að ræða. Ég hefði talið, og það hefur komið fram í máli margra hv. þm. hér í dag, eðlilegt að sem flest sjónarmið og sem víðast að kæmu að þessari stefnumótunarvinnu. En þetta er að sjálfsögðu nokkuð sem hv. samgn. þarf að skoða.

Varðandi samræmi í skattlagningu er það staðreynd að skipafélögin, Samskip t.d., hafa sagt að þau séu að færa flutninga sem að mörgu leyti sé heppilegra að hafa á sjó, upp á land vegna þess að það sé ódýrara, hitt sé dýrara. Þess vegna staldra ég við þegar hæstv. samgrh. segir að nú þurfi að skattleggja sjóflutningunum í hag. Ég velti því upp hvaða afleiðingar þetta komi til með að hafa fyrir dreifðar byggðir landsins vegna þess að að sjálfsögðu mun þetta endanlega leggjast á þá sem njóta þessara flutninga.

Ég er ekki með þessu að leggja neinn endanlegan dóm á hvernig eigi að haga skattlagningu og vil einmitt huga að því hvernig við gerum það, notum skattlagningu í þágu umhverfisverndar, svo dæmi sé tekið. En ég staldraði við af þessum sökum.

[16:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi sagt að skattleggja eigi sjóflutningum í hag. Ég var að leggja áherslu að þarna yrði sanngirni í gangi þannig að ekki væri verið að mismuna atvinnugreinum og þess vegna setti ég þessa vinnu af stað til þess að skoða hvað sé þjóðhagslega skynsamlegast fyrir okkur að gera varðandi skattlagningu þessara flutningaleiða, annars vegar sjóflutninga og hins vegar flutninga á landi.

Það er alveg ljóst, við sjáum það bara á þróuninni, að þegar skipafélög eru farin að nota bíla til flutninga um landið þá bendir allt til þess að þau telji það vera hagkvæmast. Þau munu væntanlega velja þá leið sem er hagkvæmust fyrir fyrirtækin.

Ég tel hins vegar að núna í tengslum við þessa samræmdu samgönguáætlun þurfi einmitt að skoða þessa hluti og þess vegna er vinna í gangi í ráðuneytunum sem liður í því og kemur það kannski inn á það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir undirstrikaði svo skýrt, að auðvitað þurfum við að huga að umhverfismálunum. Í skýrslu stýrihópsins er fjallað mjög vandlega um umhverfisþættina og það vil ég svo sannarlega gera þó að ég vilji nú ekki lofa því að þingmenn Vinstri grænna fái græna skýrslu eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi. En ég legg áherslu á að þjóðhagsleg gildi verði í heiðri höfð. Ég mun einnig leggja áherslu á að við sýnum og sönnum í framkvæmd að við leggjum áherslu á umhverfismálin þegar við horfum til framtíðar í samgöngumálum.

[16:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara svo að eitt sé alveg skýrt. Ég er ekkert að segja að neitt sé rangt eða athugavert við að segjast vilja skattleggja sjóflutningum í hag. Ég staldraði aðeins við og vildi fá að vita hvað þarna vekti fyrir hæstv. ráðherra. Þegar hann segir að ekki megi mismuna atvinnugreinum þegar

kemur að flutningum og ferðamáta þá er ég ekki alveg viss um að ég sé sammála að þessu leyti. Hyggja þarf að ýmsum öðrum þáttum líka sem geta valdið því að rétt sé að mismuna ólíkum ferða- og flutningsmáta. Ég legg hins vegar áherslu á að skattlagningu sé hagað á þann veg að dreifðar byggðir landsins njóti góðs af og fyrst og síðast umhverfið.

[16:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða frv. til laga um samgönguáætlun, mikið mál og nauðsynlegt. Sú skýrsla sem hér liggur frammi frá stýrihópi um samgönguáætlun hefur blandast inn í þessar umræður, merkilegt plagg og að mörgu leyti mjög vel unnið. Það var nauðsynlegt að þessi vinna færi fram.

Auðvitað má benda á að það hefði mátt leggja málið svona upp fyrr og vinna skipulega út frá heildstæðri samgönguáætlun fyrir flug, siglingar og samgöngur á vegum. Það er hins vegar að mínu viti mjög góð stefnumótun sem hér er lagt upp með í frv., að gerð skuli samgönguáætlun til 12 ára annars vegar og síðan innan hennar fjögurra ára áætlun. Ég held að þetta sé sem sagt samræmd áætlanagerð yfir landið í samgöngum. Hér held ég að við séum að feta okkur í rétta átt í samgöngumálum.

Það hefur margt borið á góma í umræðunni um samgöngumál. Það er auðvitað hægt að segja sem svo að samgöngumál, sérstaklega að því er varðar vegina, séu í raun og veru sérstakt áhugamál fólks sums staðar á landinu og engan þarf að undra það því að samgöngum á landi, vegasamgöngum, er mjög misjafnlega fram komið eftir landsvæðum og kem ég að því betur síðar í ræðu minni.

Vöruflutningarnir hafa verið að færast yfir á þjóðvegina og hafa nánast orðið þar allsráðandi á seinni árum sem er náttúrlega vegna þess að á þjóðvegunum er flutningstíminn styttri en á skipaleiðunum þó að það þurfi samt ekki að þýða að ekki sé hægt að flytja vöru og koma henni að morgni inn á ákveðin landsvæði en það á ekki við alls staðar á landinu. Þróun hjá skipafélögunum yfir í landflutninga sýnir auðvitað að menn telja að rekstrarlega sé hagkvæmt að færa vöruflutningana úr siglingum yfir á vegina.

Það er auðvitað mjög margt sem kallar á hraðari flutninga, og landsbyggðin vill fá þessa þjónustu með þeim hætti sem hún hefur verið að þróast í á undanförnum árum. Hér hefur m.a. verið talað um dagmerkta vöru. Ég held að annað atriði sé líka mjög mikilvægt í að ýta undir þessa þróun, nefnilega það að tekist hefur að flytja vöru frá Reykjavík seinni part dags og á áfangastað fyrir opnunartíma næsta dag, nánast hvar sem er á landinu. Þetta hefur auðvitað gert það að verkum að hinn svokallaði lager fyrirtækjanna á landsbyggðinni, hvort sem er í verslun eða annarri þjónustu, er orðinn allt öðruvísi uppsettur og í raun og veru miklu minni og jafnvel enginn. Menn treysta á að lagerinn geti almennt verið staðsettur hér á Reykjavíkursvæðinu og í þann lager megi ná með eðlilegum hætti og fá vöruna strax daginn eftir, jafnvel fyrr ef nauðsyn krefur. Ef skip bilar t.d. og þarf að leita hafnar, eða framleiðslutæki stöðvast vegna bilunar, má með skjótum og öruggum hætti koma þeim varahlutum sem á þarf að halda á nokkrum klukkutímum til viðkomandi staða eftir vegakerfi landsins.

Þetta er sú þróun sem hefur átt sér stað og þegar þjónustuaðilar, bæði í verslun, iðnaði og verkstæðum, finna að þeir geta með batnandi samgöngum farið að treysta á að svona geti þetta gengið fyrir sig, að lagerinn sé nánast staðsettur í Reykjavík og hin minni fyrirtæki úti um landsbyggðina þurfi ekki að bera þann kostnað að liggja með mikinn lager heldur geti nálgast vöruna með snöggum og góðum flutningum, hefur þróunin auðvitað orðið sú að menn vilja færa sig yfir á þjóðvegina.

Þessari þróun held ég að verði illa snúið við, hvort sem okkur finnst það skynsamlegt eða ekki. Það er einfaldlega vegna þess að fólk á landsbyggðinni gerir auðvitað kröfu um að þessi hraði geti smátt og smátt líka átt við um alla landsbyggðina. Þó að ég taki vissulega undir að æskilegt væri að þungavaran færi meira með skipaflutningum heldur en verið hefur þróunin á undanförnum árum held ég að mjög erfitt kunni að verða að snúa þeirri þróun við.

Við getum tekið dæmi af þungaflutningum á fiski. Komið hefur fram í umræðunni að ferskur fiskur er fluttur fram og til baka um landið eftir þjóðvegunum. Það er vegna þess að menn hafa jú verið að setja upp fiskmarkaði, og fiskvinnslur hafa verið að þróast. Enn fremur hefur þróunin leitt til þess að menn eru farnir að flytja mikið af ferskum fiski úr landi. Menn eru farnir að sjá að það getur verið hagkvæmt að landa annars staðar á landinu og flytja fisk með bílum til þess staðar þar sem hann er unninn. Það er svo komið að verið er að vinna fisk vítt og breitt um landið sem landað er í höfnum landsins vítt og breitt. Svo er hann seldur. Fiskur er fluttur frá Suðurnesjum og norður í land, og fiskur er fluttur frá Norðurlandshöfnum og suður og þannig koll af kolli. Menn hafa stundum gert grín að því að tveir flutningabílar mættust á Holtavörðuheiðinni, báðir fullir af þorski eða báðir fullir af ýsu og færu hvor í sína áttina, og jafnvel hafa menn nefnt dæmi þess að fiskur hefur verið seldur á Ísafirði og fluttur suður, og þar hefur kannski hluti af honum aftur verið seldur á markaði og verið fluttur til baka, eða norðan úr landi og aftur síðan norður í land.

Þetta er þróunin sem fylgir örari flutningum og þegar menn sjá að það er auðvelt að flytja þessa vöru, hvort sem það eru vörur til verslana, iðnaðar eða fiskiðnaðar, fara menn smátt og smátt að treysta á að þannig sé hægt að byggja undir atvinnureksturinn og að þetta sé hluti af því umhverfi sem menn starfa í. Þess vegna held ég að það geti verið mjög erfitt að snúa þessari þróun við, jafnvel þó að menn hyggist gera það og jafnvel þó að það geti talist æskilegt út frá mörgum sjónarmiðum.

Það er t.d. örugglega ekki æskilegt að mjög miklir þungaflutningar séu um vegakerfi landsins eins og það er sums staðar. Það tekur a.m.k. illa við því þó að það fari vissulega batnandi vegna þess að vegakerfið er að batna mjög mikið, og bundið slitlag er jú alltaf að lengjast hér á landinu.

Á Íslandi, svo ég víki nú að því, má segja að við séum í raun og veru með þrjár eyjar, þ.e. við erum raunverulega með tvær eyjar sem eru umluktar sjó þar sem menn eru með ferjuflutninga, Vestmannaeyjar og Grímsey, en síðan erum við í raun og veru með eyju á suðurhluta Vestfjarða. Það er náttúrlega ákaflega sérstætt að vegakerfið vestur á suðurhluta Vestfjarða frá Reykjavíkursvæðinu skuli vera ófært eða lokað stóran hluta ársins og þar sé ekki á annað að treysta en ferjuflutninga. Þetta eru menn auðvitað ósáttir við og það er vissulega búið að marka áherslur um það að leggja betri vegi um Barðaströndina en þar þarf virkilega að gera átak fyrir framtíðina. Það verður illa unandi við það til langframa að ferjan sé í raun og veru eini kosturinn sem menn geti byggt á með nokkuð miklu öryggi, a.m.k. yfir vetrarmánuðina.

Þetta stendur vonandi allt til bóta. Áherslur í því að stytta vegalengdir hafa auðvitað fengið mikinn hljómgrunn og markvisst hefur verið unnið við vegagerð og vegabreytingar hér á landi á undanförnum árum. Það er auðvitað geysilega stórt markmið að það náist að stytta vegalengdir eftir þjóðvegum landsins svo sem frekast er kostur um leið og vegirnir verða öruggari og aksturstími styttist.

En þar sem við stefnum öll í þá átt að stytta vegalengdir og búa til betri vegi vinnur það auðvitað á móti þeim sjónarmiðum sem hér er lýst, að það takist að færa flutningana aftur út á sjó. Ég átta mig ekki alveg á því, þó að ég verði að viðurkenna að ég er mjög hlynntur því að þungavaran verði flutt sjóleiðis, hvernig þessari þróun verður snúið við miðað við það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum og miðað við það að við erum alltaf að bæta vegina og stytta vegalengdir sem gerir þá flutningana á þjóðvegum landsins jafnvel enn þá hagkvæmari en þeir eru í dag.

Hæstv. samgrh. lýsti hér að jafnvel þyrfti að skattleggja flutninga og þá ætti að taka tillit til þess við skattlagninguna hvort hægt væri að láta sjóflutningana yfirtaka meira en verið hefur að þróast á undanförnum árum. Þó að ég styðji það sem markmið, ef hægt er að finna því skynsamlegan farveg, kann það að vera mjög snúið því að flutningarnir eru náttúrlega ekki valdir af stjórnvöldum eða okkur alþingismönnum. Það eru einstaklingarnir sem reka fyrirtækin og það eru einstaklingarnir á landsbyggðinni sem óska eftir flutningum og það eru þeir sem velja sér flutningsleiðirnar. Það kann að vera í meira lagi snúið að útfæra skattlagningu sem hefur áhrif í þessa veru þannig að hún sé skynsamleg og réttlætanleg.

Svo er auðvitað sjálfsagt að skoða hvort núverandi skattlagningýti beinlínis þungaflutningunum á vegina hvort sem þeir þola það eða ekki. Ég held að það sé eitthvað sem menn þurfa virkilega að skoða, en vissulega stangast sjónarmiðin á. Ekki mundu landsbyggðarbúar fagna því að þungaskatturinn yrði hækkaður þannig að það er að mjög mörgu að hyggja í þessu og verður ekki auðveldlega útfært þannig að ríkisstjórn eða þingheimur stýri flutningum fyrirtækjanna úti um landið. Þar hljóta menn að velja sér hagkvæmustu leiðirnar sem í boði eru. Og eins og ég sagði getur tíminn sem tekur að flytja vöruna jafnvel ráðið meiru en kostnaðurinn. Þetta eru örugglega þau viðhorf sem hafa smátt og smátt þróast inn í þessa flutninga okkar. Hinn svokallaði lager sem áður var til úti á landi eins og við vafalaust munum eftir, mörg hver, þar sem verslanir höfðu sínar eigin geymslur fyrir lager og lágu með hann og iðnaðarfyrirtækin höfðu líka lager — nú er hann staðsettur í Reykjavík en verður fluttur á nokkrum klukkustundum þangað sem hann á að seljast eða þangað sem vöruna vantar.

Ég hef vikið að því að það væri mjög gott markmið og mikilsvert að stytta vegalengdir og gera beinni og betri vegi. Ég hef litið svo á að eitt það besta sem við gætum gert á ákveðnum svæðum á landinu væri að velja okkur það vegstæði að nota jarðgöng í staðinn fyrir að fara yfir fjöll.

Jarðgöng eru að vísu mjög dýr vegagerð en hefur samt lækkað verulega á undanförnum árum. Við sjáum í áætluninni t.d. fyrir Austfirði að þar er gert ráð fyrir, ef ég man rétt, í göngunum sem áætluð eru milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, að hver kílómetri í þeim jarðgöngum kosti rúmlega hálfan milljarð kr., sennilega 600–650 millj. kr. hver kílómetri. Ekki eru mörg ár síðan menn voru að tala um að hver kílómetri í jarðgangagerð kostaði 800–900 millj. kr. þannig að þarna hefur vissulega orðið veruleg breyting og þess vegna hlýtur áherslan í þessa veru varðandi jarðgangagerð að snúa að því að saman fari að losna við erfiða og snjóþunga fjallvegi eða fjallvegi þar sem mikil veðurhæð er og að stytta vegalengdir. Þetta á vissulega við á þó nokkrum stöðum á landinu, einkum á Austfjörðum, í ákveðnum hluta Norðurlands og á Vestfjörðum ekki síst.

Ég hef bent á það í þáltill. sem ég flutti í þinginu um vegasamgöngur og vegabætur á Vestfjörðum að með jarðgangagerð mætti stytta vegalengdina frá norðanverðum Vestfjörðum til Reykjavíkur verulega, fyrir utan það að hægt yrði að losna við alla fjallvegi sem því nafni heita á þeirri leið, þegar búið verður að leggja nýjan og betri veg um Bröttubrekku sem vonandi verður þannig úr garði gerður að hann verði snjóléttur og oftast fær en tekist hefur að leggja marga nýja vegi þannig. Ég fór nýlega vatnaleiðina á Snæfellsnesi og mér finnst þar frábær vegarlagning. Ég hygg að þegar búið verður að leggja veginn um Bröttubrekku hagi einnig svo til að t.d. aksturstími norður á Vestfirði muni styttast talsvert.

Ef maður lítur á kort af Íslandi sést að vegalengdin frá Reykjavík og norður í Þorskafjörð er nánast beint í norður með örlitlum beygjum og það segir okkur að menn eru að fara stystu leið inn á Vestfjarðasvæðið sem möguleiki er á. Ég hygg því að í framtíðinni þurfi menn að horfa til þess að þessi leið verði meira ekin til Vestfjarða en Strandaleiðin eins og hún er ekin í dag.

Ég sagði, þegar ég var að mæla fyrir tillögu minni um athugun á möguleikum á jarðgangagerð á Vestfjörðum, að þá ætlaði ég að leyfa mér að horfa 10–20 ár fram á við í því sambandi. Það þurfa menn auðvitað að gera. Menn þurfa að horfa nokkuð langt fram í tímann því að við gerum ekki mjög mörg jarðgöng á sama árinu á Íslandi, hygg ég, hæstv. ráðherra. Enda hefur stefnumótunin verið þannig að þrátt fyrir að því væri lýst hér að hafist yrði handa á Austfjörðum í kjölfar jarðgangagerðar á Vestfjörðum þá erum við enn þar stödd að við erum ekki byrjuð á þeim göngum þó að vonandi styttist í það.

Auðvitað vildi ég ræða fjölmargt fleira. Ég ætla í lokin að víkja að einu atriði sem nýlega kom í ljós, þ.e. að þá hugmynd Vestfirðinga um eða áherslu þeirra á að fá flug til Vestfjarða að næturlagi er nánast búið að blása af. Frá öryggislegu sjónarmiði verður ekki flogið af fullu öryggi á Ísafjarðarflugvöll og hið sama mun sennilega gilda um Þingeyrarflugvöll. Þar af leiðandi þurfa menn kannski að hugsa þessi mál upp á nýtt varðandi samgöngur til norðanverðra Vestfjarða, þ.e. hvernig megi bæta þann samgöngumáta í skammdeginu.

[16:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið fróðleg umræða og þó segja megi að hún sé nokkuð á enda runnin langar mig að nálgast hana frá öðru sjónarhorni en flestir sem hafa talað hér í dag. Það sem hefur gert hana fróðlega er að menn hafa verið að líta á samgöngumálin frá mismunandi sjónarhóli og það er gott. Það er ekki oft sem við í þessum sal tökum opna umræðu um þessi mál og reynum að átta okkur á hvað framtíðin beri í skauti sér og hvaða markmið við verðum setja okkur. Það er ljóst að með þessu þingmáli sem við ræðum í dag erum við að setja markmið og mér finnst það gott. Mér finnst gott að það eigi að vinna samgönguáætlun, líka að Alþingi fái árlega skýrslu um framvindu áætlunarinnar, eina skýrslu í stað framkvæmdaskýrslna stofnana. Það ætti að

auðvelda okkur yfirsýn og jafnframt leiða í ljós nýjar þarfir, t.d. vegna þróunar skipulags, og þess vegna er ekki skrýtið að menn hafi væntingar um að þetta mál geti orðið til bóta. Þingmálið sem slíkt, eins og hér hefur komið fram, er ekki mikið að vöxtum en auðvitað felast í því afar margir þættir sem opna möguleikana á umræðu.

Mér finnst umræðan að mestu leyti hafa snúist um vegamál og það er ekkert skrýtið. Þau eru mjög mikilvæg og víða þarf að taka til hendinni. Það þekkja allir sem hafa ferðast mikið um landið og það þekkja þeir auðvitað best sem eru mikið á ferðinni. Þó að við höfum gert afskaplega mikið er alveg ljóst að enn er langt í land til að vegamál megi teljast viðunandi.

Af því að ég er að tala næst á eftir Guðjóni A. Kristjánssyni verð ég að nefna að mér hefur fundist alveg skelfilegt að ferðast um Vestfirði og að við skulum ekki vera komin lengra með úrbætur þar en raun ber vitni. Þá er ég auðvitað að tala um vegi fyrir utan þá miklu samgöngubót sem jarðgöngin urðu fyrir Ísafjörð og svæðið um kring.

Það sem mig langar til að gera í stuttri ræðu minni í dag undir lok umræðunnar er að draga athyglina að þessu svæði, því svæði sem við erum stödd á í dag, höfuðborginni og höfuðborgarsvæðinu, þessari afgangsstærð sem svo oft vill verða í þessum málaflokki af því að þörfin er svo mikil annars staðar og þéttbýlið og staðurinn þar sem næstum allt fólkið er er svo oft feimnismál í umræðunni. Umræðan snýst þess vegna eiginlega um allt sem er að gerast fyrir utan höfuðborg og höfuðborgarsvæðið.

Ég þekki nokkuð vel til hvernig haldið er á málum varðandi umferðina út úr höfuðborginni vegna þess að við Reykjanesþingmenn sem fáum inn á borð til okkar öll mál sem varða samgöngubætur og úrlausnir út frá höfuðborginni. Það er eiginlega alveg sama í hvaða átt er farið, alltaf er farið í gegnum Reykjaneskjördæmið. Meira að segja þegar jarðgöngin komu undir Hvalfjörð þá kom það á borð Reykjanesþingmanna að meta og kosta vegabæturnar hérna megin fjarðar af því að það var í Reykjaneskjördæmi. Það kemst því enginn út úr Reykjavík nema að fara í gegnum Reykjaneskjördæmi og við þekkjum hve mikið hefur þurft að taka til hendinni og hve sárt hefur oft og tíðum verið að hafa ekki meira fjármagn og geta ekki gert betur vegna þess að umferðin er svo þung, bílarnir eru svo margir og svo margt fólk er að ferðast á fáum vegum en nauðsynlegum.

Hér hefur það verið nefnt oftar en einu sinni í dag að það sé markmið í áætluninni að ekki eigi að taka nema þrjár og hálfa klukkustund víðast hvar af landinu að komast til Reykjavíkur. Þá er verið að tala um allar leiðir, sem sagt flugið þar með. Ég ætla eingöngu að tala um vegamálin. Þá vaknar auðvitað spurning um hvaða áhersla verði lögð á að íbúar höfuðborgarsvæðisins komist um svæðið sem þeir búa á á viðunandi tíma. Hvernig ætlum við að halda á þeim málum? Það er svo sjaldan talað um það.

Þess vegna er mjög gott að fá t.d. þessa tillögu stýrihóps. En ég á ekki sæti í samgn. og ég hef verið önnum kafin við ýmis verkefni. Það er svo stutt síðan þessi gögn komu fram að það er næstum því ósæmilegt að taka mál á dagskrá eins og þessa samgönguáætlun, sem dreift var í hólfin að ég held í gær, vegna þess að svo mikið er undir hjá þingmönnunum. Gögnin eru svo mikil að vöxtum sem þarf að skoða til að geta tekið faglega umræðu um það mál sem hér er á dagskrá. Og það er mjög mikilvægt að við tökum breiða umræðu þrátt fyrir að þingmálið sjálft sé frekar afmarkað.

Í þessari skýrslu stýrihóps sem ég hef gripið ofan í segir um höfuðborgarsvæðið að það sé meginmiðstöð samgangna á Íslandi, 70% innflutnings og 40% útflutnings fari um hafnirnar. Og þegar rætt er um þjóðvegakerfið er sagt að við gerð aðalskipulags sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafi þjóðvegakerfinu oftast verið ætlað nægt rými fyrir vegina sjálfa og mislæg gatnamót sem þurfa mikið pláss. Þegar komi að því að framfylgja skipulaginu reynist sveitarfélögunum oft mjög erfitt að standa gegn þrýstingi hagsmunaaðila og verði niðurstaðan stundum sú að þrengt er að vegum og gatnamótum og tengingum fjölgað á stórar umferðaræðar.

Einnig segir að í vinnu við svæðaskipulagið sem fór fram á síðasta ári komi þetta fram í því að óhjákvæmilegt sé talið að gera jarðgöng á nokkrum stöðum í framtíðinni á höfuðborgarsvæðinu. Mig langar einmitt að draga skýrslu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins inn í þessa umræðu þó ég ætli líka að leyfa mér að stikla örstutt á þessum málum, enda gefur ræðutími ekki tilefni til annars.

Út frá umferðarspá í skýrslu stýrihóps segir að áætla megi umferðaraukningu til ársins 2014 og að gert sé ráð fyrir að umferð aukist um 23% frá 1998. Fram kemur að flutningsgeta verði nægileg í kringum borgina með fáum undantekningum. Þó er bent á að breikka verði Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar og breikka veginn milli Selfoss og Reykjavíkur og á Kjalarnesi. Þetta eru vegirnir þegar við komum lengra út frá borginni enda hefur verið haldið vel á málum og reynt að vera með góðar úrbætur að undanförnu.

Svo komum við að vegunum á höfuðborgarsvæðinu sjálfu. Kostnaðurinn við þær framkvæmdir hefur verið metinn og heildarkostnaður við gerð þeirra er áætlaður 30 milljarðar kr. Í tengslum við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins hefur fjárþörfin til 2024 verið metin. Niðurstaða þess mats er að fram til 2024 verði kostnaðurinn um 62 milljarðar, þ.e. nauðsynlegar framkvæmdir til að uppfylla framkvæmdamarkmið kosta 30 milljarða en u.þ.b. tvisvar sinnum hærri upphæð á tvöfalt lengri tíma en samgönguáætlunin nær yfir, um 62 milljarðar kr.

Þar er þó gert ráð fyrir að meiri hluti upphæðarinnar — og ég bið þingmenn að taka eftir því — falli til á fyrri hluta tímabilsins, þ.e. fyrir 2014. Nú er árið 2002. Í skýrslu stýrihópsins er gefið til kynna að meiri hluti fjárhæðarinnar, þessara 62 milljarða kr., muni falla til á næstu tólf árum. Þetta finnst mér afskaplega þýðingarmikið og einnig að í skýrslu stýrihópsins er bent á að gera verði jarðgöng hér, m.a. jarðgöng undir Kópavogsháls.

Margir þeirra sem skoða þessi mál í dag eru þeirrar skoðunar að það verði miklu fyrr en síðar að gera verði slík jarðgöng. Bara við þá breytingu sem varð í haust, með opnun hins risastóra verslunarhúsnæðis í Smáralindinni, hefur umferðin á svæðinu sunnan til í Kópavogi breyst gífurlega. Þrátt fyrir þær góðu úrbætur sem planfrí gatnamót á milli Breiðholts og Nýbýlavegar eru er alveg ljóst að það verður að líta á þetta svæði fyrr en seinna. Þess vegna er nauðsynlegt að við umræðu eins og þessa sé bent á það.

Ég hef verið að glugga í þessa skýrslu, sem auðvitað hefur verið mjög takmarkað og einnig skoðað svolítið að undanförnu skipulagið til 2024 sem sveitarfélögin á svæðinu komu sér saman um á sl. ári. Kosin var framkvæmdanefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu og það var stórmál að öll sveitarfélögin frá Hafnarfirði og upp í Kjós skyldu koma sér saman um það að reyna að vinna svæðisskipulag

þannig að ekki væri hver höndin upp á móti annarri. Reynt var að skoða hvernig þróun byggðar skyldi verða í hverju sveitarfélagi fyrir sig og þar með hvaða umferðarmannvirki þróun byggðar kallar á.

Það sem er athyglisvert við svæðisskipulagið og mér finnst mikilvægt að nefna við hæstv. samgrh. er að í nefndinni, sérstaklega á síðustu fundum hennar í haust, var kallað eftir því að samstaða næðist um bindandi ákvarðanir svæðisskipulagsins. Um það náðist ekki samkomulag. Sveitarfélögin vilja ekki vera með bindandi svæðisskipulag. Þau vilja ekki að framkvæmdanefndin taki um það ákvörðun fyrir allt svæðið að byggðin eigi að þróast í norður, upp á Geldinganes og Kjalarnes, eða að hún eigi að þróast í suður.

Garðabær á mikið land, sömuleiðis Hafnarfjörður, fyrir sunnan Hafnarfjörð. Margir telja það miklu vænlegri kost út af landrými, landlegu, veðurfari og öðru, að byggðin þróist í suður. Um þetta er ágreiningur. Þetta er opið mál. En það er alveg ljóst að það ræður nokkru um markmiðin sem menn setja sér með umferðarmannvirkin á höfuðborgarsvæðinu hvert byggðin þróast, það er alveg ljóst.

Ég get ekki annað, virðulegi forseti, en gripið aðeins niður í þessa góðu skýrslu um svæðisskipulagið. En fyrst vil ég geta þess að á fundum okkar þingmannanna í Reykjaneskjördæmi í haust, þegar við fórum í hefðbundna yfirferð og hittum sveitarstjórnir, var á hverjum einasta stað talað um svæðisskipulagið, þ.e. að það yrði ekki bindandi, að þróunin hér á höfuðborgarsvæðinu mundi kalla á umtalsverðar úrbætur í vegamálum, umtalsverð vegamannvirki og í miklu ríkari mæli og miklu kostnaðarsamari en hafa dugað áður og að það verði að standa vörð um þetta og gæta þess að þessi mál verði tekin föstum tökum.

Af því að ég ætla að vísa í svæðisskipulagið vil ég strax bera fram spurningu mína til ráðherra: Með hvaða hætti á að tengja framvindu svæðisskipulagsins, markmiða sem þar eru sett og markmið í vegamálunum? Á vegum svæðisskipulagsins á að stofna svæðisráð. Það er pólitískt ráð. Mér sýnist að það nægi ekki að vegamálastjóri, sem er embættismaður, eigi sæti í því ráði, samgönguráði, sem á að skipa samkvæmt þeirri tillögu sem við erum að ræða hér. Þar sæti embættismaður og reyndi að miðla þekkingunni frá pólitíska apparatinu sem svæðisráðið er til samgönguráðsins sem hæstv. samgrh. ætlar að setja á laggirnar og reyndi að túlka hvaða markmið þarf að setja miðað við hvert byggðin þróast.

Þetta er stórmál. Þetta er stórmál vegna þess að við erum að tala um svo mikið umfang. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða muni aukast úr tæpum 63 þús. íbúða árið 1998 í nærri 95 þús. íbúða árið 2024. Þetta er alveg gífurleg fjölgun, yfir 50% fjölgun á þessum tíma. Eins og sagt var hér áðan er gert ráð fyrir að vegamálin, eða krafa um stórar úrbætur í vegamálum, muni koma til á fyrri hluta tímabilsins, e.t.v. *næstu tólf árum*.

Það kemur fram í skýrslu skipulagsráðsins eða svæðisnefndarinnar að það verði þörf á mjög miklum úrbótum fram til ársins 2024 sem verði mjög kostnaðarsamar. Búist er við að aðgengi bíla að miðsvæðum, t.d. í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar, muni versna. Auðvitað vona menn að hægt verði að koma eitthvað til móts við það með fjölgun farþega í almenningsvögnum en við vitum hvernig þetta hefur verið. Við vitum að það hefur verið erfitt að fá fólk til að nota almenningsvagnana og nýta sér þau samgönguúrræði sem fyrir eru.

Það er líka sagt að til að viðhalda núverandi þjónustustigi bílaumferðar á stofnbrautum og svæðisbundnum tengibrautum þurfi að byggja eftirtalin umferðarmannvirki: Fyrsta áfanga Sundabrautar milli Sæbrautar og Geldinganess, Hlíðarfót milli Hringbrautar og Kringlumýrarbrautar, og Kópavogsgöng milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar.

Lái mér hver sem vill þó að ég freistist til að spyrja samgrh. hvort hann hafi reynt að leggja mat á hvenær nauðsynlegt verði að göng undir Kópavogsháls verði komin í gagnið. Þetta er þvílíkt stórmál hvernig við höldum á málum hér á svæðinu, ég tala nú ekki um ef farið verður í miklar byggingar hér í Kvosinni og svæðin þéttast jafnmikið og gefið er til kynna í skýrslu svæðisskipulagsins.

Eins og ég sagði áðan er lagt til að sveitarfélögin beiti sér fyrir stofnun samstarfsráðs fyrir höfuðborgarsvæðið til að skapa vettvang fyrir umræður og stefnumótun um málefni höfuðborgarsvæðisins. Þar kemur jafnframt til með að vera vettvangur skoðanaskipta milli sveitarstjórnarmanna annars vegar og fulltrúa atvinnulífs, ríkisvalds og félagasamtaka um málefni sem snerta höfuðborgarsvæðið sem heild.

Þegar maður hefur rætt þessi mál við sveitarstjórnarmenn, þ.e. vegamálin t.d. og þörfina fyrir stóru úrbæturnar í vegamálum, hefur mönnum því miður þótt skorta á að nægilegt samráð væri á milli sveitarstjórnarstigsins og ríkisvaldsins. En nú er þannig haldið á málum af hálfu sveitarfélaganna að í stað þess að þau þrýsti hvert um sig á um úrbætur, í stað þess að það sé verið að þrýsta á aðgerðir heima í hverju sveitarfélagi, er tekið á þessu máli heildstætt. Það hlýtur að vera hægt að flétta vinnuna við svæðisskipulagið inn í samgönguáætlunina með einhverjum þeim hætti að pólitísk stefnumörkun komi fram á báðum stöðum og tengist. Frá mínum bæjardyrum séð er það óhjákvæmilegt, herra forseti.

Ég hef í stórum dráttum komið þeim ábendingum til skila sem mér lágu á hjarta. Ég vil undirstrika hversu gífurlega mikilvægt er að láta þetta tvennt haldast í hendur. Ég minni á hve mikilvægt er að skoða hvaða göng þarf að gera þannig að menn lendi ekki í vandræðum af því að ekki hafi verið fyrir því hugsað. Dýr vegamannvirki eru of viðamikið verkefni fyrir sveitarfélögin. Þess vegna eru þau hjá ríkinu. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr verður áhersla að koma á höfuðborgarsvæðið í allra nánustu framtíð, a.m.k. til jafns við aðra staði. Það verður að skoða jarðgöng hér á höfuðborgarsvæðinu, a.m.k. til jafns við það sem gera á úti á landi.

[16:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar umræður og góðar undirtektir undir málin sem hér eru flutt, frv. til laga um samgönguáætlun og frv. til laga um breytingar á öðrum frv. sem því tengjast. Ég heyri ekki betur en að þrátt fyrir allt sé býsna góð samstaða um það sem hér er verið að fjalla um.

Eins og vænta mátti í tengslum við umræðu um þessi frumvörp koma auðvitað upp umræður um vegamál og annað sem tengist þessu. Auðvitað er samgönguáætlun ekki til umfjöllunar hér þó að hugmyndir um hana komi að sjálfsögðu inn í þessa umræðu. Engu að síður vil ég fara nokkrum orðum um það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vék að.

Hv. þm. nefndi að henni fyndist höfuðborgin afgangsstærð í áformum í samgöngumálum. Ég er því ekki sammála. Það fer ekkert á milli mála að uppbygging samgöngumannvirkja hér á höfuðborgarsvæðinu hefur verið mikil þó engu

síður sé það samdóma álit manna að það þurfi að mörgu að hyggja áfram og vinna að úrbótum í samgöngumálunum. Enginn efast um það, held ég. Við verðum hins vegar að vinna þetta allt eftir efnum og ástæðum. Ég held að það hljóti að hafa vakið heilmikla athygli sem fram kemur í mjög góðu viðtali við borgararkitekt í Morgunblaðinu um helgina þar sem hann vekur athygli á því að umferðarmálin hér á höfuðborgarsvæðinu séu trúlega með því sem best gerist í borgum. Það er mitt mat að óvíða sé betra ástand í umferðarmálum í borgum en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Samt sem áður leggjum við mikla áherslu á að vinna að úrbótum. Nýlega var opnað mannvirki, þ.e. mislæg gatnamót, á Breiðholtsbraut/Reykjanesbraut og þess vegna er unnið að mislægum gatnamótum, miklu umferðarmannvirki, á mótum Vesturlandsvegar og Víkurbrautar og eins er verið að undirbúa miklar framkvæmdir í Hafnarfirði, á Reykjanesbrautinni og þar af leiðandi er í undirbúningi breikkun á Reykjanesbrautinni í gegnum Kópavog fram hjá Smáralindinni. Þetta eru framkvæmdir sem verið er að undirbúa. Að þeim er unnið og er alveg nauðsynlegt að við sjáum fyrir endann á þessum framkvæmdum.

Hins vegar hefur það verið mikið í umræðunni, eins og eðlilegt er, að herða þurfi á þessum framkvæmdum og m.a. hefur verið vakin athygli á því í blöðum síðustu dagana að huga þurfi að umferðarmannvirki eða mislægum gatnamótum á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að stjórnendur höfuðborgarinnar, þeir sem nú ráða þar ríkjum, hafa ekki til þessa viljað mislæg gatnamót á þessum stað heldur ljósastýrð gatnamót. Mér skilst þó að nú sé að verða hugarfarsbreyting að þessu leyti hjá borginni og að í skipulagi sé gert ráð fyrir að breyta þessu. En ég er alveg sannfærður um að ef mislæg gatnamót á þessum mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar hefðu verið í skipulagi borgarinnar væri búið að byggja þetta mannvirki. Og ég hef margsagt að ég tel að þetta sé eitt allra mikilvægasta umferðarmannvirkið sem þarf að vinna að hér á höfuðborgarsvæðinu.

Hvað um það, ég ætla ekki að fara í umræðu um vegáætlun hér eða samgönguáætlun. Við ræðum samgönguáætlunina í haust. Hins vegar þarf væntanlega síðar á þessum vetri að ræða vegáætlunina en gert var ráð fyrir endurskoðun hennar.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði hvenær ég gerði ráð fyrir, og vitnaði þá til skýrslu stýrihópsins, að huga þyrfti að jarðgöngum á höfuðborgarsvæðinu, úr Reykjavík og yfir í Kópavog. Ég tel ekki skynsamlegt að kveða upp úr með það á þessu stigi, ég tel að við þurfum að vinna betur að undirbúningi þess máls áður en farið verður að gefa yfirlýsingar um hvar það mannvirki eigi að vera í tímaröðinni því að við þurfum að skoða svæðið í heild sinni. Ég tel hins vegar að það sé alveg augljóst að bygging Sundabrautar hljóti að vera framar í þessari forgangsröð enda er verið að undirbúa það mál í samstarfi Vegagerðarinnar og borgarinnar. Ég vil því ekki á þessu stigi gefa nein fyrirheit um jarðgöng hér á höfuðborgarsvæðinu en einmitt vegna þess að við ætlum að gera langtímaáætlun, tólf ára áætlun, þurfum við að skoða þær hugmyndir eins og allar aðrar og reyna að staðsetja þær framkvæmdir í tíma miðað við áform í skipulagsmálum, spár um mannfjöldaþróun og annað sem taka verður tillit til þegar verið er að undirbúa áætlun um mannvirkjagerð.

Hv. þm. fór yfir nokkur atriði úr svæðisskipulagsvinnu höfuðborgarsvæðisins, og það er af hinu góða og mjög mikilvægt að þingmenn, ekki síst á því svæði, setji sig vel inn í þau mál. En ég vil vekja athygli á því að í vinnu stýrihópsins, sem hér hefur verið nokkuð til umræðu, hefur einmitt verið reynt að miða mjög við þær spár og þær áætlanir sem eru í svæðisskipulaginu fyrir höfuðborgarsvæðið og ég tel að það sé afar mikilvægt að reynt sé að vinna þetta saman.

Vegna þess álits sem hér kom fram fyrr í dag, um að hugmyndir og tillögur í skýrslu stýrihópsins um uppbyggingu á Reykjavíkurflugvelli stönguðust á við áform skipulagsyfirvalda í borginni um að flugvöllurinn fari, vil ég segja að vitaskuld hljótum við að gera ráð fyrir því að sinna eðlilegri uppbyggingu við flugvöllinn. Samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir því að hann verði þar í óbreyttri mynd fram til 2016. Sú áætlun sem við munum fjalla um hér nær til 2012 þannig að það verður nokkur tími frá lokum samgönguáætlunar þar til flugvellinum verður gert að fara miðað við núverandi skipulagsáætlanir. Ég vil því bara undirstrika að það er ekki verið að ógna með nokkrum hætti áformum þeirra sem stjórna borginni með þeim hugmyndum sem eru í tillögum stýrihópsins.

Að öðru leyti vil ég bara endurtaka að ég þakka kærlega fyrir viðbrögð við þessum frv. og vona svo sannarlega að samgn. þingsins vinni hratt og vel að afgreiðslu málsins þannig að á grundvelli nýrra laga um samgönguáætlun verði hægt að hefja vinnu við gerð fyrstu samgönguáætlunarinnar þar sem allir þættir samgöngumála eru teknir með.

[17:06]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. samgrh.

Þau eru orðin æðimörg árin sem ég hef tekið þátt í að meta samgönguþörf og úrbætur og ég hlýt að minna á það út af orðum ráðherrans að Vesturlandsvegurinn er slysamesti vegurinn á þessu svæði. Suðurlandsvegurinn er gífurlega mikill slysavegur, og Reykjanesbrautin sem allir hraðast. Bæði Vesturlandsvegurinn og Suðurlandsvegurinn eru slysameiri en Reykjanesbrautin.

Það sem við gripum til var í raun og veru að taka fram fyrir hendur Vegagerðarinnar og lýsa Reykjanesbrautina í þeirri viðleitni að gera hana betri og létta undir með því fólki sem kallaði á úrbætur. Auðvitað hefði verið best að tvöfalda brautina miklu fyrr þannig að ég þekki svo sem afskaplega vel þróun mála á svæðinu, og hef þess vegna leyft mér að nota það að þetta svæði hefur verið afgangsstærð.

Ég ætla ekki að blanda mér í umræðuna um innviði Reykjavíkurborgar en tek auðvitað eftir því að samgrh. notar þetta tækifæri til að hnýta í stjórnendur Reykjavíkurborgar, og það er ekki nýtt. Ég þekki ekki hvaða áform eru uppi um Kringlumýrarbraut og Miklubraut og ætla ekki að blanda mér í þá umræðu en ég tek eftir þessari athugasemd.

Það er auðvitað mikilvægt, og ég tek undir það, að skoða í heild hvernig hlutirnir eigi að vera. Af því að ráðherrann nefnir Sundabrautina hlýt ég að nefna það líka að á einhverjum fundi sem ég var á fyrir tveimur árum, þegar verið var að ræða Sundabraut og Reykjanesbraut, var sagt að enginn vandi yrði að fjármagna Sundabrautina ef ákveðið yrði að fara í hana og menn kæmu sér saman um leguna. Ég gaf mér þá að það væri vegna þess að Sundabrautin væri þess eðlis að þar væri hægt að setja vegatoll af því að það er önnur leið sem hægt er að fara. Það er ekki hægt að setja vegatoll á nýja braut ef ekki er önnur fær leið. Það er hægt með Sundabrautina. Ég hef ekki skoðun á því en ég minni á að þetta hefur verið sagt. (Forseti hringir.)

Ég tek eftir, virðulegi forseti, að ráðherrann nefndi ekkert um tengingu ...

(**Forseti** (GuðjG): Tíminn er búinn.)

... svæðisráðs og samgönguráðs og hvet formann samgn. (Forseti hringir.) til að ræða það við sveitarfélögin.

[17:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi tengingu milli þeirra sem vinna að undirbúningi annars vegar svæðisskipulags og hins vegar samgönguáætlunar. Þetta eru náttúrlega gjörólík viðfangsefni, annars vegar er verið að vinna að heildarskipulagi borgar og byggðar hér á höfuðborgarsvæðinu og svo hins vegar að leggja á ráðin um framkvæmdir í samgöngumálum fyrir allt landið. Ég held að það sé ekki alveg hægt að setja upp sama módel fyrir þessa tvo hópa.

Frv., eins og ég legg það fyrir, gerir ráð fyrir samgönguráði þar sem embættismenn og forsvarsmenn þessara stofnana, samgöngustofnana, ásamt fulltrúa ráðherra eiga að undirbúa þær tillögur sem ráðherra leggur síðan fram og ber ábyrgð á. Áður en slíkar tillögur verða til gerum við auðvitað ráð fyrir margþættu samráði og m.a. að efna til sérstaks samgönguþings eða umræðu með svipuðum hætti og við gerðum á síðasta ári á vegum stýrihópsins. Ég óttast þannig ekki skort á samráði við þennan undirbúning.

Aðeins varðandi þetta eilífðartal Samfylkingarinnar þar sem reynt er að gera samgönguráðherra allra tíma sem starfa á vettvangi Sjálfstfl. tortryggilega gagnvart borginni — ég vísa því bara algerlega til föðurhúsanna. Þetta er pólitísk tilraun til þess að etja saman stjórnmálamönnum og það er bara eins og það er, og er vandamál þeirra sem sjá þetta í því ljósi.

[17:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að mér var ljóst að fjmrh. er mjög í mun að komast að með eitt af málunum sínum sem hér bíða var ég ákveðin í því að fara bara einu sinni í andsvar. Þess vegna fór ég yfir tímamörkin í fyrra svari mínu. En afskaplega kann ég því illa þegar ég hef farið afar efnislega og nokkuð faglega í gegnum það mál hæstv. samgrh. sem hann er að flytja, tekið undir sumt, og kem svo vissulega með mikilvægar ábendingar um höfuðborgarsvæðið og þörfina fyrir að litið sé til þess — nefni það að sjálfsögðu af því að það er hæstv. samgrh. sem byrjar að tala um að borgin hafi komið í veg fyrir að búið sé að smíða þarna planfrí gatnamót, og ég hef enga þekkingu á því, að þá skuli hæstv. ráðherra koma hér í lokin og henda til mín þeirri athugasemd að það sé eins og venjulega með Samfylkinguna, hún sé að atast í ráðherranum með það að samgönguráðherrar Sjálfstfl. séu alltaf að gera eitthvað slæmt gagnvart höfuðborginni.

Ég man ekki til þess að ég hafi nokkru sinni orðað slíkt í þessum ræðustól. Ég ætlast bara til þess þegar ég fer í faglega efnislega umræðu eins og ég hef gert hér, af nauðsyn, að mér sé mætt á jafnréttisgrundvelli. Ég skila bara þessum orðum til baka, og finnst þau ekki smekkleg.

[17:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ... (**RG:** Nei, það er ný ræða.) Virðulegi forseti. Ég hélt að ég mætti svara andsvari. (**RG:** Þú mátt það.) En ég vil bara undirstrika það að hv. þm. sagði í ræðu sinni að ég hefði notað tækifærið sérstaklega til þess að reka hornin í höfuðborgina, og ég var að mótmæla því og ég færði fyrir því rök hvers vegna ekki hefði náðst að vinna ákveðið umferðarmannvirki og það er bara staðreynd og því verður ekkert í móti mælt.

Hins vegar get ég tekið það fram að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er alveg sérstaklega málefnaleg í umfjöllun sinni, og ég þekki ekkert annað til hennar. Þess vegna kom mér þessi athugasemd hennar mjög mikið á óvart og taldi að það væri kannski bara liður í málflutningi samfylkingarmanna að halda þessu jafnan til haga.

Hvað um það, ég vil bara að lokum þakka fyrir þessa umræðu, og vona að þetta mál fái skjóta afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:14]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 2001, 390. mál, skýrsla ÍAÞ, þskj. 646.

Bann við umskurði stúlkna, 419. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 678.

Ferjusiglingar Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, 409. mál, fsp. KPál og DrH, þskj. 668.

Fiskiskip sem leigðu til sín aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2000/2001, 410. mál, fsp. KPál, þskj. 669.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga, 413. mál, fsp. SJS, þskj. 672.

Fjárveitingar til jarðgangagerðar, 408. mál, fsp. EKG, þskj. 667.

NMT-farsímakerfið, 407. mál, fsp. EKG, þskj. 666.

Ný störf hjá ríkinu, 414. mál, fsp. SI, þskj. 673.

Nýting afla af fullvinnsluskipum, 411. mál, fsp. KPál, þskj. 670.

Sjómannalög, 418. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 677.

Stjórn fiskveiða, 425. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 685.

Svæðisútvarp Ríkisútvarpsins, 412. mál, fsp. ÍGP, þskj. 671.

Vandi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, 416. mál, fsp. RG, þskj. 675.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 1. umr.

Stjfrv., 387. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 641.

[17:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Í frv. er lagt til að sett verði lög sem eru samhljóða lögum sem sett voru með bráðabirgðalögum nr. 156/2001, sem tóku gildi 27. des. 2001.

Eins og nafn frv. ber með sér er gert ráð fyrir að ríkissjóði verði áfram heimilt að takast um skamman tíma á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslensk flugfélög kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars og stafar af hernaði, hryðjuverkum eða svipuðum aðgerðum. Hér er m.a. haft í huga það tjón

sem flugvélar geta valdið ef þær lenda á byggingum eða öðrum mannvirkjum utan flugvalla.

Eins og þingheimi er kunnugt var aðdragandi nefndra bráðabirgðalaga skammur þar sem brýna nauðsyn bar til þess að ríkissjóður gæti með skömmum fyrirvara tekist á hendur áframhaldandi tryggingu eða endurtryggingu gegn þeim tjónsatburðum sem ég hef hér gert grein fyrir. Var þess farið á leit við forseta Íslands að sett yrðu bráðabirgðalög sem veittu ríkissjóði áframhaldandi heimild.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hinn 11. september sl. sögðu vátryggingafélög upp ábyrgðartryggingum flugrekenda og leiddi það til þess að ríkisstjórnir um heim allan urðu að takast á hendur slíkar tryggingar til þess að flugrekendur næðu að uppfylla þær tryggingakröfur sem gerðar eru á hendur þeim og þannig mætti forða því að alþjóðlegar flugsamgöngur stöðvuðust. Bráðabirgðalög um slíka heimild ríkissjóðs voru sett hinn 23. september sl. og lagaheimild til staðfestu var samþykkt með lögum nr. 120/2001. Samkvæmt lögunum mátti trygging sem ríkissjóður veitir ekki gilda lengur en til ársloka 2001. Á grundvelli þessarar lagaheimildar hefur ríkissjóður samið við norræna tryggingasamsteypu um að hún veiti íslenskum flugrekendum ábyrgðartryggingu, en ríkissjóður endurtryggi tryggingaráhættuna. Endurtrygging ríkissjóðs hefur, eins og sambærilegar tryggingar annarra ríkja, verið veitt til takmarkaðs tíma í einu þar sem vonir hafi verið bundnar við að vátryggjendur tækju að bjóða fullnægjandi vátryggingar á viðunandi kjörum. Til skamms tíma var talið að vátryggingamarkaðurinn mundi ekki síðar en um áramótin taka að bjóða nauðsynlegar ábyrgðartryggingar til viðbótar við þær takmörkuðu grunntryggingar sem þar bjóðast nú. Þetta hefur hins vegar ekki gengið eftir þar sem tryggingamarkaðurinn er enn í nokkru uppnámi vegna atburðanna hinn 11. september sl. Önnur Evrópuríki hafa því ákveðið að framlengja enn þá vátryggingavernd sem þau hafi veitt flugrekendum. Þótt íslenskir flugrekendur geti nú keypt á markaði hærri grunntryggingar en unnt var fyrst eftir setningu bráðabirgðalaganna í september sl. og þeim hafi einnig tekist að fá fram lækkun á þeim tryggingakröfum sem gerðar séu á hendur þeim, liggur fyrir að enn bjóðast ekki fullnægjandi markaðslausnir. Því er brýn þörf framlengingar á heimild samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess að ríkissjóður geti enn um sinn veitt flugrekendum nauðsynlega vátryggingavernd.

Herra forseti. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja bráðabirgðalög fyrir Alþingi þegar það kemur saman á ný. Því mæli ég hér fyrir frv. þessu sem, eins og áður segir, er samhljóða lögum sem sett voru með bráðabirgðalögum nr. 156/2001 27. desember sl.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. sem ég styð og vil geta þess að þegar bráðabirgðalögin voru upphaflega sett 23. september sl., þá var það gert að höfðu samráði við stjórnarandstöðuflokkana. Þau bráðabirgðalög fengu síðan staðfestingu Alþingis skömmu eftir að þingið kom saman í haust.

Sami háttur var hafður á núna þegar þessi bráðabirgðalög sem Alþingi er beðið um að staðfesta nú voru sett um áramótin að haft var samráð við stjórnarandstöðuflokkana. Nú er verið að framlengja ábyrgð ríkissjóðs fyrir flugrekendur eða í þágu flugrekenda gagnvart tryggingafélögum til 15. febrúar. nk.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hversu raunhæfa telur hann þá dagsetningu vera? Erum við ekki að tala um of skamman frest? Í sjálfu sér er það e.t.v. til of mikils mælst að hæstv. ráðherra geti veitt einhver afgerandi svör því að þetta byggir allt á líkindareikningi. En þetta eru einu efasemdirnar sem ég hef uppi eða spurningar, þ.e. hvort við séum í raun að gera þetta til nægilega langs tíma.

Mér fannst gott að þessar tryggingar skyldu látnar ná til allra flugfélaga sem sinna flugrekstri. Stjórnvöld áttu ekki og eiga ekki annarra kosta völ en að standa að málum eins og hér er gert og ítreka ég stuðning okkar við þessi lög.

[17:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af ummælum hv. þm. láta það koma fram að ástæðan fyrir því að dagsetningin 15. febrúar varð fyrir valinu var sú að þá gafst nægilegt svigrúm til þess að Alþingi gæti sjálft tekið ákvörðun um framhaldið. Að vísu var líka talið að nokkrar líkur væru á því að málið mundi leysast fyrir 15. febrúar. En ef það gerist ekki þá er ljóst að þingið verður með sama hætti og í haust að taka um það nýja ákvörðun hvort framhald verður veitt á þeirri tryggingavernd. Það er þá atriði sem þarf auðvitað að spyrjast fyrir um og kanna rækilega í efh.- og viðskn., hvort áframhaldandi þörf verður fyrir þetta óvenjulega mál.

Þetta er skýringin og ekki var talið eðlilegt að setja með bráðabirgðalögum heimild sem gilti lengur en svo að tryggt væri að Alþingi gæti sjálft ákveðið framhaldið.

[17:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa mig samþykkan þessum sjónarmiðum. Ég hafði einvörðungu áhuga á að heyra hvaða hugmyndir væru uppi af hálfu hæstv. ráðherra hvað þetta snertir en ég er honum sammála.

[17:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér til að lýsa stuðningi við þetta mál af hálfu Samfylkingarinnar. Samfylkingin hefur stutt aðgerðir ríkisstjórnarinnar alveg frá upphafi, frá því að þessir hörmulegu atburðir gerðust sem kölluðu á aðgerðir til stuðnings rekstraraðilum í flugi og ég tek undir það sem hér hefur komið fram af hálfu hæstv. fjmrh. að efh.- og viðskn. skoði þetta mál vel og hvort e.t.v. þurfi að setja fram nýjar tímasetningar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun með áfengi og tóbak, 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (skráningargjald og trygging). — Þskj. 388.

[17:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

Í frv. er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins fái heimild til að innheimta sérstakt skráningargjald, 5.000 kr.,

af þeim vörum sem áfengisbirgjar skrá í svokallaða reynslusölu. Borið hefur á því að áfengisbirgjar skrái fjölda tegunda eða jafnvel allar sölutegundir frá tilteknum framleiðanda í svokallaðan reynsluflokk án þess að ætlunin sé að koma öllum tegundum í sölu. Þegar að sölu kemur hefur borið á því að engar birgðir væru fyrir hendi og hillur stæðu þá auðar í þann tíma sem reynslusalan varir, þ.e. í sex mánuði.

Um 300 sölutegundir eru teknar til reynslusölu á ári en biðlisti yfir skráðar sölutegundir til reynslusölu hefur að geyma um 2.500 tegundir. Ljóst er að mikill kostnaður fylgir þessu fyrirkomulagi fyrir ÁTVR og óhagræði fyrir áfengisbirgja sem þurfa að bíða í lengri tíma til þess að koma sölutegundum sínum að í verslunum fyrirtækisins.

Auk þess er í frv. lagt til að áfengisbirgjar leggi fram 40.000 kr. tryggingu, sem þeir fái endurgreidda komist varan í svokallaðan kjarna í verslunum ÁTVR. Til þess að sölutegundir áfengis komist í almenna, ótímabundna sölu, þ.e. í kjarnann, þurfa þær að ná ákveðnu söluhlutfalli á þeim tíma sem reynslusalan stendur yfir. Með því að mæla fyrir um fast gjald fyrir hverja skráða sölutegund og innheimtu tryggingar þess að varan komist í ótímabundna sölu, þ.e. kjarnann, verður vöruval ÁTVR þannig skilvirkara auk þess að standa undir kostnaði stofnunarinnar við ofangreinda reynslusölu. Jafnframt verður fyrirkomulagið áfengisbirgjum hvatning til að vanda val þeirrar vöru sem þeir bjóða til reynslusölu og auðveldar með þeim hætti aðgang þeirra að verslunum fyrirtækisins.

Að svo sögðu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðendur, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur). — Þskj. 566.

[17:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

Með frv. þessu er lagt til að endurskoðendafyrirtækjum sé gert skylt að hafa nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa aðgengileg almenningi. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki geti fullnægt þessari skyldu ýmist með því að hafa aðgengilegan lista hjá félaginu eða upplýsingar á netsíðum félagsins.

Breytingin er lögð til vegna samningsskuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum og byggir á 8. tilskipun ráðherraráðsins um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast löggilta endurskoðun bókhaldsgagna. Lögfesting frv. hefur hvorki áhrif á tekjur né útgjöld ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta einfalda mál á þessu stigi og geri tillögu um að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[17:26]

Útbýting þingskjala:

Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, 417. mál, frv. MÁ og ÁRJ, þskj. 676.

Bólusetning gegn barnasjúkdómum, 420. mál, fsp. JóhS, þskj. 680.

Einhverf börn, 421. mál, fsp. JóhS, þskj. 681.

Framlög til þróunarmála, 422. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 682.

Val á skipi til að sinna áætlunarsiglingum Herjólfs tímabundið, 415. mál, fsp. ÍGP, þskj. 674.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 17:27.

---

61. FUNDUR

mánudaginn 28. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 288, nál. 548 og 568, brtt. 549. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 625. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 639. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, stjfrv., 387. mál, þskj. 641. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 312. mál, þskj. 388. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Endurskoðendur, stjfrv., 370. mál, þskj. 566. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391. — 1. umr.
10. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392. — 1. umr.
11. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468. — 1. umr.
12. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 425. mál, þskj. 685. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

Varamenn taka þingsæti.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég eftir því með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. á lista Samfylkingarinnar í Suðurl., Katrín Andrésdóttir dýralæknir, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Jóhann Ársælsson."

Katrín Andrésdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Þá hefur borist annað bréf, svohljóðandi:

„Þar sem ég get ekki, bæði af einkaástæðum og vegna opinberra erinda erlendis, sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Suðurl., Ólafur Björnsson lögmaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl."

Kjörbréf Ólafs Björnssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en þar sem hann hefur eigi tekið sæti á Alþingi fyrr ber honum að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Ólafur Björnsson, 1. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ólafur Björnsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 427. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 687.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, 242. mál, svar forsrh., þskj. 648.

Kirkjubyggingasjóður, 428. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 688.

Þriggja fasa rafmagn, 423. mál, fsp. DrH, þskj. 683.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör um sölu ríkisjarða.

[15:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Á fyrsta degi þingsins í haust lagði ég fyrir hæstv. landbrh. nokkrar spurningar um sölu ríkisjarða. Ekki svaraði hann þeim nema að hluta. En þegar í ljós kom að þær spurningar sem hann neitaði að svara voru opinberar í ríkisreikningi kynnti hæstv. ráðherra bréfaskipti sín til forsrh. um hvort honum bæri að svara fyrirspurn minni frekar. Þetta var um miðjan nóvember.

Þann 15. janúar sl. barst svar forsrh. við bréfinu. Þar kom fram að landbrh. bæri að svara a.m.k. sumu af því sem ósvarað var. Síðastliðinn föstudag, 25. jan., kynnir ráðherra m.a. svarbréfið frá forsrh. á blaðamannafundi og tilkynnir þar að hann hafi birt viðbótarsvör við spurningu minni um seldar ríkisjarðir undanfarin fimm ár á vef landbrn. Á föstudaginn höfðu þau svör hins vegar ekki borist til mín né til Alþingis. Ég kannaði það. Svo var heldur ekki í morgun þegar ég spurðist fyrir um það hér á þingi. Nú spyr ég, herra forseti:

Hafa borist viðbótarsvör frá landbrh. við fyrirspurn minni? Það eru 10 dagar liðnir frá því að svör forsrh. bárust hæstv. landbrh. og ætti því að hafa verið nægur tími til að svara á réttum vettvangi. Finnst hæstv. forseta það samboðið virðingu Alþingis að fyrirspurnum sem lagðar eru fram á Alþingi sé svarað annars staðar, þ.e. ekki í þinginu heldur að svari ráðherra þeim t.d. á vef ráðuneytisins en ekki á þeim vettvangi, á Alþingi, sem þær voru lagðar fram?

Í lokin, herra forseti, spyr ég: Hvernig eiga þingmenn að bregðast við slíkum vinnubrögðum? Það er ákaflega hvimleitt að verða aftur og aftur að kveðja sér hljóðs um störf þingsins vegna vinnubragða og framkomu ráðherra við löggjafarsamkomuna, Alþingi.

[15:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér er ekki kunnugt um að Alþingi hafi borist frekari svör frá hæstv. landbrh. en liggja fyrir í þingskjölum.

Í annan stað vil ég segja að af gamalli þingreynslu ætla ég að ráðherrar svari eftir bestu getu þeim fyrirspurnum sem fram koma frá einstökum þingmönnum, eins og lög mæla fyrir um og þeim ber að gera í krafti embættis síns. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að svara fyrirspurnum hv. þm. en ég tel mjög gott að sem gleggstar upplýsingar geti legið fyrir um störf ráðherra og ráðuneyta og þeirra stofnana sem undir þá heyra. Ég vænti þess að einstakir ráðherrar leggi sig fram um að svara skriflegum fyrirspurnum svo vel sem þeir geta og kostur er á.

[15:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspurninni sem hv. þm. spyr um svaraði ég fyrir áramót og grandskoðaði síðan. Hv. þm. minntist á bréf til hæstv. forsrh. sem fer með upplýsingamálin. Ég vildi heyra viðhorf hans því að þetta er ekkert einfalt. Það svar liggur fyrir og snýr kannski meira að hagsmunum þingsins. Ég þarf líka að verja einstaklingsréttinn o.s.frv. Ég fagna svari hæstv. forsrh. en verð eigi að síður að gæta þess að ég er sá ráðherra sem fer með þetta mál. Þetta var álit hans en ekki úrskurður af hans hálfu. Í meginatriðum erum við því sammála. Nú liggur fyrir mjög skýr stefna í þess máli, hv. þm. Upplýsingarnar verða á vef landbrn.

Blaðamannafundurinn var prýðilegur fundur með blaðamönnum landsins. Þeir hafa vilja til að segja satt og skýra rétt frá og gerðu það sannarlega þennan dag, spurðu mig auðvitað margra spurninga og yfirheyrðu, að vísu ekki sem sakamann heldur sem ráðherra. Þeir vildu kryfja til mergjar hvort ráðherra færi með satt mál eða ósatt. Þeir hafa skýrt mjög vel frá þessum fundi sem ég hélt með þeim og ég er þakklátur fyrir það.

Ég bað um að þessum gögnum yrði öllum skilað í hólf þingmanna eftir þann fund. Ég vona að það hafi verið gert. Ég skal rannsaka hvort þar er söluverðið á jörðunum. Ellega segi ég við hv. þm. sem er mjög tæknilega kunnandi að hún getur auðvitað gengið fram í eina tölvu og sótt þessar upplýsingar. Þær eru til staðar í landbrn. Til sýnis almenningi og allri þjóðinni. Þar hef ég svarað kallinu. En ég vil auðvitað svara, hæstv. forseti, samkvæmt bestu samvisku og

þeim þingsköpum sem við búum við og skal koma þessum upplýsingum til hv. þm.

[15:10]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það hefur satt að segja verið dapurlegt hvernig mál hafa gengið fram á hinu háa Alþingi þegar kemur að því að fá eðlilegar og sjálfsagðar upplýsingar úr herbúðum ríkisstjórnarinnar frá einstökum ráðherrum hennar.

Það mál sem hér er vakin athygli á varðar hæstv. landbrh. Það er sérstakt að mörgu leyti. Hægt og bítandi koma þær upplýsingar sem um var beðið á haustdögum. Nú er borið við persónuvernd. Ég vek hins vegar athygli á því í því samhengi að við verðum að gæta jafnræðis þegar kemur að vernd persóna. Ég sé í fjölmiðlum að einstakir kaupendur ríkisjarða eru tíndir til, svo sem bræður hæstv. ráðherra. Hvers eiga þeir að gjalda? Raunar hafa einstakir þingmenn verið kallaðir til sögu og ekki verið varðir í þessu samhengi. Hvers eiga þeir að gjalda? Ég hygg að það sé eðlilegt og sjálfsagt að öll nöfn séu uppi á borðum.

Í því samhengi vil ég rifja upp, herra forseti, að ég lagði fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. þann 5. desember sl. þar sem ég fór fram á það að hann upplýsti þingheim um hvernig hann hefði farið með heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001 og hvert hafi verið söluverð einstakra eigna ríkissjóðs, hverjir hefðu keypt og hvert hefði verið kaupverð einstakra eigna og hverjir seldu. Nú er sá tími liðinn sem hæstv. fjmrh. hefur haft til að svara þessari fyrirspurn. Ég leita eftir upplýsingum frá honum eða hæstv. forseta um hvenær ég fái þessar upplýsingar upp á borð. Ég vænti þess að þær berist fyrr og skilmerkilegar en raunin hefur verið í málum sem snúið hafa að hæstv. landbrh.

[15:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið óskað eftir upplýsingum frá hæstv. landbrh. varðandi sölu á ríkisjörðum. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að vísað er á heimasíðu ráðuneytisins varðandi hluta þeirra upplýsinga sem beðið var um. Ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt þá vísaði hann líka til blaðamannafundar sem haldinn var í tilefni af þessu máli þar sem hann nefnir að málinu hafi verið gerð mjög góð skil.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. landbrh. geri okkur grein fyrir því hvort hann telji að blaðamannafundir, þó góðir séu, nægi sem svar við fyrirspurnum hv. þingmanna? Telur hann það viðeigandi svar við fyrirspurnum að vísa til blaðamannafunda? Ég kannast ekki við að það sé nægilegt samkvæmt þingsköpum. Ég vona að þetta sé á misskilningi byggt og framvegis verði svörum beint í þingsal en ekki vísað til blaðamannafunda.

[15:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vísaði til þess að hann hefði leitað til hæstv. forsrh. vegna þess að hann færi með upplýsingamálin. Ég spyr hæstv. forseta: Ætlar hann að láta það viðgangast að höfuð framkvæmdarvaldsins, forsrh., ákveði hver meðferð mála er á þingi eða hvað komi hér fram?

Ráðherra nefndi í tölu sinni að hann ætlaði ekki að koma með svörin við fyrirspurn minni hingað inn á þing og vísar á að menn geti farið í næstu tölvu og fundið svörin á netinu. Þetta finnst mér vanvirðing við þingstörfin og lítilsvirðing við störf löggjafarsamkomunnar. Auðvitað á að svara fyrirspurnum sem berast á Alþingi á þinginu en ekki á blaðamannafundum eða inni á vef viðkomandi ráðuneytis.

Formsins vegna og vegna þingskapa Alþingis ber auðvitað að svara á Alþingi. Ég spyr hæstv. forseta þingsins: Mun hann fylgja því eftir að þessi viðbótarsvör við fyrirspurn minni komi inn í þingið á þingskjali eins og ber samkvæmt þeim lögum og reglum sem við höfum undirgengist við störfin á Alþingi? Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann upplýsi okkur um hvernig við eigum að bregðast við þegar ráðherrar hegða sér með þessum hætti. Ég kalla eftir svörum við þessum spurningum mínum. Ekki aðeins þeim sem eru inni á netinu heldur öllum þeim spurningum sem ég lagði fram við hæstv. landbrh. í upphafi þings.

[15:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér er ljúft að svara hv. þm. Ef hún er óánægð með svör hæstv. ráðherra er sjálfgert að ítreka fyrirspurn og hafa hana ítarlegri og leggja hana formlega fram.

Ég vil jafnframt taka fram að ráðherrar hljóta sjálfir að bera ábyrgð á ummælum sínum í sölum Alþingis eins og aðrir alþingismenn, á þeim svörum sem þeir gefa.

[15:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka þessa umræðu. Nú er það ljóst sem kom fram í áliti ríkisendurskoðanda og þingmenn hafa nú í höndum sínum að í fyrsta sinn þá eru jarðasölumál upplýst og í öruggum hlutlausum farvegi þannig að hann hefur farið yfir mín störf og í rauninni sagt að hann sé sáttur við þau vinnubrögð. Ríkisendurskoðandi er armleggur Alþingis og rannsakar mál, eins og ég hef getið fyrr, þannig að ég er þakklátur fyrir að hann telur að það samkomulag sem gert var við hann 1999 hafi staðið. Jarðasölumálin eru því í góðum farvegi eins og þau eru í dag og fyrir það er ég þakklátur.

Ég get tekið undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að mannanöfn eiga auðvitað ekki að vera leyndarmál. Það forvitnilegasta við jarðasölur er oft hver keypti jörðina í næsta nágrenni. Ég lít því svo á að það eigi líka að vera upplýst. Það er áhugamál hvers manns að vita hver kemur og ætlar að búa í nágrenni við hann eða eignast jörðina.

Blaðamannafundir eru auðvitað ekki þingstörf en þó er alveg ljóst að Vintri grænir kjafta mann ekki þar í kaf. Ég álít samt sem áður mjög mikilvægt að halda blaðamannafundi því að blaðamenn þjóna þeirri upplýsingaskyldu við samfélagið að koma upplýsingum á framfæri þannig að það er mjög mikilvægt samstarf.

Ég hef ekkert hafnað því að svara fyrirspurninni aftur. Hv. þm. vill fá svar á ný. Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda er það sjálfsagður hlutur og verður gert strax á morgun.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Út af þeim orðum sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson beindi til mín þá hefur verið unnið að því að undirbúa svar við fyrirspurn þingmannsins. Það gafst ekki tími til þess þar sem þingstörfum lauk hér 14. des. að ljúka því þá. En það liggur í hlutarins eðli að það verður gert eins fljótt og hægt er og því svari verður útbýtt hér við fyrsta tækifæri eins og hv. þm. veit náttúrlega, 1. varaforseti Alþingis.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Afstaða Bandaríkjastjórnar gagnvart Palestínu.

[15:19]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Fréttir voru að berast af því að Bandaríkjastjórn sé að hugleiða að setja heimastjórn Palestínumanna undir forsæti Yassers Arafats á lista stjórnvalda vestra yfir hryðjuverkahópa. Slík ráðstöfun mundi án efa gera friðarumleitanir fyrir botni Miðjarðarhafs að engu, en málið verður rætt á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandslandanna í dag, eins og komið hefur fram í fréttum.

Anna Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar, hefur af þessu tilefni látið eftir sér hafa að hótanir Bandaríkjastjórnar um að stimpla heimastjórnina sem hryðjuverkahóp séu bæði óviðeigandi og heimskulegar og gætu leitt til allsherjarstyrjaldar í Miðausturlöndum.

Bandaríkin hafa verið helsti bakhjarl Ísraelsríkis frá stofnun þess árið 1948. Ekkert ríki fær jafnmikla fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum og viðskipti þessara tveggja ríkja með vopn, Apache árásarþyrlur, skriðdreka og F-16 orrustuflugvélar hafa verið blómleg.

Yasser Arafat er réttkjörinn leiðtogi Palestínumanna hvort sem fólki líkar það betur eða verr. Með því að einangra heimastjórnina og setja Arafat í stofufangelsi er aðeins verið að styrkja öfgasamtök á borð við Heilagt stríð og Hamas, íslamistana í hópi Palestínumanna. Við hverja hyggst ríkisstjórn Ariels Sharons semja setjist hún einhvern tíma að friðarsamningaborðinu? Ætlar hún að semja við kvislingana í hópi Palestínumanna?

Áhrif Bandaríkjanna í Ísrael eru mikil eins og alkunna er og því verður að líta það alvarlegum augum ef helsti bakhjarl óslóarsamkomulagsins telur það ekki lengur hlutverk sitt að stuðla að friði á milli Ísraela og Palestínumanna en kyndir undir ófriðnum með þeim hætti sem nú hefur gerst.

Hér á landi hefur myndast þverpólitísk samstaða um að styðja sjálfskvörðunarrétt Palestínumanna og tilverurétt Ísraelsríkis. Siðferðileg og pólitísk ábyrgð okkar er mikil gagnvart Palestínumönnum og Ísraelsmönnum en það er ekki síður á okkar ábyrgð að spyrja fulltrúa bandarískra stjórnvalda hér á landi, vinaþjóðar okkar og bandalagsþjóðar í vestri, hvernig standi á þessum yfirlýsingum og hvort hæstv. utanrrh. ætli ekki örugglega að gera athugasemdir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Alþingis um þetta efni.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur komið skýrt fram af minni hálfu að við styðjum friðarferlið í Miðausturlöndum og við styðjum það með þeim hætti að það fari fram milli Ísraelsmanna og heimastjórnar Palestínumanna undir forustu Yassers Arafats.

Það liggur alveg ljóst fyrir að þetta sem við höfum kallað friðarferli er í algjöru uppnámi og það ríkir mikil svartsýni á þessu sviði. Ég ræddi þetta mál í síðustu viku við utanríkisráðherra Spánar sem nú fer með forustu fyrir hönd Evrópusambandsins, og Evrópusambandið hefur miklar áhyggjur af stöðu mála fyrir botni Miðjarðarhafs.

Ég tel að eina leiðin til að endurvekja friðarferlið sé tala við heimastjórnina undir forustu Yassers Arafats. Ég sé enga aðra leið. Hvort heimastjórnin hefur aftur á móti brotið einhverjar reglur hef ég ekki vitneskju um og ætla ekki að dæma um. En þar er um réttkjörna heimastjórn að ræða og það er enginn annar aðili sem hægt er að ræða við í þessu sambandi.

Ég vona svo sannarlega að friðarferlið geti hafist á nýjan leik. En það verður að segjast alveg eins og er að ekkert bendir til þess við núverandi aðstæður og ég tel að þær yfirlýsingar sem nú hafa komið frá Bandaríkjamönnum séu ekki hjálplegar í því sambandi, svo ekki sé meira sagt.

[15:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Mig langar samt að ítreka spurninguna, hvort hæstv. utanrrh. telji ekki fulla nauðsyn á því að ríkisstjórn Íslands beiti sér í þessu máli, láti rödd sína heyrast og hafi samband við stjórnvöld vestan hafs með þeim hætti sem á við.

Ég tel mjög mikilvægt að hafa í huga að ófriðurinn í Ísrael og Palestínu snýst fyrst og fremst í dag um hernámið sem hefur staðið í 35 ár á Vesturbakkanaum og í Gaza. Þó svo að ýmsum miður góðum og hyggilegum aðferðum sé beitt og ofbeldi sé beitt á báða bóga þá breytir það ekki þeirri staðreynd að enginn friður verður fyrir botni Miðjarðarhafs fyrr en hernáminu lýkur.

Skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um tekjuskiptingu á Íslandi.

[15:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Á vegum Byggðastofnunar komu út tvær skýrslur á síðasta ári sem fjölluðu um samband íbúaþróunar og kvótatilflutnings. Í fyrri skýrslunni sem heitir Sjávarútvegur og byggðaþróun, var niðurstaðan að ljóst væri að tilflutningur aflaheimilda milli landshluta og byggðarlaga hefði víðtækar afleiðingar fyrir þróun byggðar í landinu, þar með talið fyrir fólksflutninga, en áréttað var að fleira hefði áhrif.

Síðari skýrslan var um áhrif kvótasetningar aukategunda krókabáta og niðurstaðan varð svipuð, kvótasetningin mundi draga úr veiði og þar með yrði verulegur samdráttur í aflaverðmæti og störfum mundi fækka í kjölfarið.

Báðar skýrslurnar voru ræddar á opinberum vettvangi og urðu ýmsir til að daga í efa niðurstöðurnar á þann hátt að tilflutningur kvóta hefði ekki þau áhrif sem lýst var.

Nú hefur komið út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um tekjuskiptingu á Íslandi. Meðal þess sem lesa má í niðurstöðum á bls. 132 er að aukinn jöfnuður í tekjum í sumum sjávarbyggðum er talinn stafa af því að hálaunastörf tengd sjómennsku hurfu úr byggðarlaginu með kvótanum, jöfnuður hafi aukist á þeim svæðum þar sem kvótaeign minnkaði en aukning kvóta leiddi af sér aukinn ójöfnuð í tekjum í því byggðarlagi sem kvótinn jókst. Nánar er sambandið skýrt á bls. 111 í skýrslunni þar sem athugað er hvort kvótatilflutningur sé til þess fallinn að breyta svokölluðum Gini-stuðli í sjávarbyggðum þannig að um leið og fiskiskip og sjómannsstörf fara burt muni jöfnuður aukast. Er þessi niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands mjög í samræmi við skýrslu Byggðastofnunar.

Af þessu tilefni er spurt hvort ráðherra sé sammála þessari niðurstöðu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og hvort hún

muni hafa áhrif á væntanlega endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

[15:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég hef ekki lesið tilvitnaðar niðurstöður hjá hv. þm. og get þar af leiðandi ekki tjáð mig um það hvort ég sé sammála þeim eða ósammála.

Samþjöppun fyrirtækja á matvælamarkaði og hækkun vöruverðs.

[15:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Miklar umræður hafa átt sér stað um verðlagsmál og sér í lagi hækkun á matvælaverði. Morgunblaðið hefur t.d. flutt fregnir af því að einir tólf flokkar varnings hafi hækkað um 20–38%, sem er langt umfram gengislækkun og verðbólgu. Verkalýðshreyfingin hefur farið hamförmum gegn þessu, herra forseti, og hún hefur náð þeim árangri að stór fyrirtæki hafa lækkað verð sitt og við stjórnmálamenn höfum heldur ekki látið okkar eftir liggja.

Herra forseti. Spjótin beinast samt sem áður að samþjöppun á matvælamarkaði og fákeppni sem hefur hlotist af henni. Þetta hefur leitt til þess, herra forseti, að fram hafa komið upplýsingar sem benda til þess að í skjóli þessarar samþjöppunar, þessarar fákeppni, hafi stór fyrirtæki á matvælamarkaði notfært sér markaðsráðandi stöðu sína til þess að hækka álagningu úr hófi fram.

Minn stjórnmálaflokkur, Samfylkingin, hefur ákaflega skýra stefnu í þessu máli. Á landsfundi sínum sagði hún að ef ekki væru önnur úrræði þá ætti að heimila Samkeppnisstofnun að skipta slíkum fyrirtækjum upp, ef það þjónaði hagsmunum neytenda.

Ég spurði hæstv. forsrh. hvort hann væri sammála þessu og hann kvað já við.

Ég vil nú spyrja hæstv. viðskrh. sem jafnframt er ráðherra samkeppnismála og neytendamála, hvort hún sé ekki sammála hæstv. forsrh. um þetta efni og hvort hún hafi í kjölfar ummæla hans hafið vinnu í ráðuneyti sínu til þess að leggja fram lagabreytingar sem eru nauðsynlegar til þess að Samkeppnisstofnun geti gripið til þessa í þágu neytenda.

[15:29]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ef stórfyrirtæki misnota markaðsráðandi stöðu þá er það ólöglegt. Samkeppnislög kveða á um að það sé ekki heimilt. Spurningin er hins vegar sú hvort þetta sé staðreynd, hvort þessi fyrirtæki séu að misnota markaðsráðandi stöðu og það er hlutverk Samkeppnisstofnunar að fylgjast með því og bregðast við ef svo er.

Hv. þm. vitnar til umræðu sem var hér á fyrsta degi þingsins eftir jólahlé um efnahagsmál þar sem hann tjáði sig þess efnis að rétt væri að gera löglegt, sem ég tel ekki löglegt í dag, að heimila Samkeppnisstofnun að skipta upp fyrirtækjum verði þau of stór og ráðandi á markaðnum. Hæstv. forsrh. tjáði sig einnig og taldi þetta koma til greina. Ég hef sagt opinberlega í framhaldi af því að ef samstarfsflokkurinn er þeirrar skoðunar að styrkja eigi samkeppnislögin og Samkeppnisstofnun, þá er ég mjög fylgjandi því og tel að það hafi verið skynsamlega mælt af hálfu forsrh.

Hins vegar er ég ekki sannfærð um að þetta geti gengið. Mun það standast stjórnarskrá t.d. að skipta þannig upp fyrirtækjum að aðilum verði gert skylt að selja? Því það er ekki nóg að skipta þeim upp ef sömu aðilarnir eiga svo fyrirtækin bæði tvö á eftir. Ég held því að þarna séu ýmis efni sem eru óútkljáð og eins að það er ekki bara í smásöluverslun sem fyrirtæki hafa markaðsráðandi stöðu á Íslandi, það er á mörgum öðrum sviðum eins og í sambandi við flutninga, flug og fleira.

[15:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi skýru svör. Hæstv. ráðherra tók af tvímæli um að hún er þeirrar skoðunar að ef þörf krefur, þá eigi Samkeppnisstofnun að vera fært að skipta upp þessum stóru markaðskeðjum ef það þjónar hagsmunum neytenda. Mér finnst því að komin sé almenn samstaða á þinginu um að þetta er vopn sem kann að vera nauðsynlegt að grípa til og þá finnst mér auðvitað einboðið, herra forseti, að hæstv. ráðherra sem fer með samkeppnismálin undirbúi lagafrv. til þess að gera þetta.

Ég er auðvitað sammála henni um að það á ekki bara að láta þetta ná til matvælamarkaðarins heldur annarra greina líka. Ég vísa til þess, herra forseti, og spyr hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki að sú skýrsla sem Samkeppnisstofnun birti á síðasta vori þar sem gerð var úttekt á álagningu milli 1996 og ársins 2000 gefi fullt tilefni til þess að veita Samkeppnisstofnun þessar heimildir. Þar kom einfaldlega í ljós að álagning hækkaði verulega á þessu árabili og langt umfram verðbólgu.

[15:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil ekki að hér sé neinn misskilningur á ferðinni. Ég tók ekki afgerandi afstöðu til þess hvort ég teldi rétt að veita Samkeppnisstofnun heimild til þess að skipta upp fyrirtækjum vegna þess að ég er ekki viss um að það standist stjórnarskrá í dag að gera þeim aðilum sem þar ættu í hlut skylt að selja eignir sínar. Í mínum huga skiptir ekki miklu máli hversu margar einingar þetta eru ef sömu aðilarnir eiga þetta allt saman. Ég vil því hafa fyrirvara á þessu.

Það sem ég sagði hins vegar var að ég gleddist yfir því að samstarfsflokkurinn vildi styrkja samkeppnislög og Samkeppnisstofnun.

[15:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er auðvitað sammála hæstv. ráðherra um að ekki þurfi að bindast samtökum um það hér á hinu háa Alþingi að brjóta stjórnarskrána. Annaðhvort væri nú. Ég tel, herra forseti, að sá fyrirvari sem hæstv. ráðherra setur sé skiljanlegur og eðlilegur. Eftir sem áður er það alveg ljóst eftir þessa umræðu að fullur vilji er til þess að láta Samkeppnisstofnun fá slík vopn í hendur.

Hæstv. forsrh. lýsti því skörulega yfir af sinni hálfu. Samfylkingin lagði þetta fram sem stefnu sína á landsfundi sínum í haust og nú blasir það við að hæstv. viðskrh. segir hér að ef það er vilji samstarfsflokksins að gera þetta, þá sé hún til í þann dans. Auðvitað ætlum við ekki að brjóta stjórnarskrána, en ég held að þetta sé nauðsynlegt og ég held að nauðsynlegt sé að nota þetta líka sem þrýsting á hinar stóru keðjur.

Olíuleit við Ísland.

[15:35]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Í nóvember mátti sjá í blöðum viðtöl við aðila sem höfðu verið að leita að olíu við Ísland, þar segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrstu vísbendingar úr hljóðendurvarpsmælingum norska olíuleitarfyrirtækisins InSeis á suðurhluta Jan Mayen-hryggjarins í íslensku lögsögunni staðfesta að þar er að finna setlög þar sem olía gæti hafa myndast."

Dag O. Larsen leiðangursstjóri segir m.a. í viðtali, með leyfi forseta:

„Ég er aftur á móti mjög bjartsýnn á að okkur muni takast að selja olíufélögunum niðurstöður úr fyrstu mælingunum.

Ég tel að þau muni hafa áhuga á þessum gögnum og við höfum raunar þegar átt viðræður við nokkur olíufélög og það er ljóst að það er áhugi af þeirra hálfu."

Af þessu tilefni beini ég fyrirspurn minni til hæstv. iðnrh. vegna þess að það kemur líka fram í fréttinni að nú um áramót muni liggja fyrir frekari vitneskja í þessu máli. Ég beini því fyrirspurn til hæstv. iðnrh. hvort komið hafi nýjar og frekari upplýsingar varðandi vísbendingar um olíu við Ísland.

[15:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, rannsóknir hafa farið fram í norðausturhluta efnahagslögsögu Íslands af hálfu fyrirtækis sem heitir InSeis og er norskt. Fékk það leyfi til þriggja ára til þess að vinna að rannsóknum á þessu svæði samkvæmt lögum sem sett voru í mars sl. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Þetta fyrirtæki hefur ekki rétt til borana eða vinnslu á olíu heldur einungis til rannsókna. Út úr þessum rannsóknum hefur komið að ekki er a.m.k. útilokað að þarna gætu fundist verðmæti en fyrsti áfangi fór fram í sumar og leyfið er til þriggja ára. Fyrirtækið kynnti í haust niðurstöður sínar, bráðabirgðaniðurstöður. Þarna er að finna þykk setlög. Framhaldið ræðst að verulegu leyti af því hvaða áhuga olíufyrirtæki kunna að hafa á þeim gögnum sem nú liggja fyrir og fyrirtækið er tilbúið til þess að selja.

Fyrirtækið hefur ákveðnar skyldur. Það hefur þær skyldur t.d. að skila formlega til Orkustofnunar fyrir 1. apríl niðurstöðum sínum og um þetta mál er ekki mikið meira að segja á þessu stigi. Góðu fréttirnar eru þær að ekki er útilokað að þarna finnist verðmæti en hins vegar er óvissan mikil um það hvort þeim fyrirtækjum sem þarna kynnu að hafa áhuga á vinnslu þykja niðurstöður InSeis nógu álitlegar til þess að vilja kaupa þær með það í huga að halda áfram.

[15:38]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svarið en vildi um leið beina þeirri fyrirspurn til hæstv. iðnrh. hvort fleiri aðilar hafi leitað upplýsinga varðandi frekari olíuleit.

Hins vegar er mjög athyglisvert að lesa viðtal við Steinar Þór Guðlaugsson, jarðeðlisfræðing frá Orkustofnun, sem segir að rannsóknir Norðmanna staðfesti að mjög þykk setlög séu á olíuleitarsvæðinu og þau séu á þeim aldri að þau séu vel líkleg til þess að hafa getað myndað olíu og geymt hana.

Hann segir líka aðspurður að hafsvæði við Ísland þar sem olíu gæti verið að finna séu tiltölulega fá. Svæði undan Norðurlandi sem er í ákveðinni grunnkönnun sem stjórnvöld hafa fjármagnað, þ.e. svæðið frá Húsavík yfir í Eyjafjarðarál, og þá hafi menn rennt auga til svæðisins vestur af Vestfjörðum. Þetta er mjög athyglisvert og vissulega þess eðlis að gaumgæfilega sé fylgst með framvindu þessa máls.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Ég veit að hv. þm. hefur kynnt sér þessi mál og hefur mikinn áhuga á þeim. En það er rétt að þarna hafa fundist mjög þykk setlög sem gefur tilefni til bjartsýni og enginn þarf að efast um áhuga minn á þessu máli, ekki síst vegna þess að það svæði sem á í hlut er norðaustur af landinu og ekki mundi saka að fá þar aukin atvinnutækifæri og í framhaldi af því væntanlega styrkingu byggðar.

En ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu.

Fjarskiptasamband í Vestfjarðagöngunum.

[15:40]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í Ríkisútvarpinu í morgun í þættinum Hér og nú var fjallað um öryggisbúnað og fjarskiptasamband í Vestfjarðagöngunum þar sem kom fram m.a. að neyðarsímar í göngunum virka eins og sveitasímarnir í gamla daga, þ.e. að merkin dofna eftir því sem fleiri taka upp tólin en annað fjarskiptakerfi er ekki þar í göngunum. Þess vegna er ekki hægt að halda fjarskiptasambandi við björgunaraðila eða slökkvibíla í göngunum ef um slys er að ræða. Vafalaust er hliðstætt með Ólafsfjarðargöngin.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvort af hans hálfu sé fyrirhugað að gera endurbætur þarna á og koma á nægilega öruggu fjarskiptasambandi í göngunum þannig að hægt sé að halda uppi eins miklu öryggi og kostur er ef slys ber að höndum því að það er mjög brýnt að öryggi sé tryggt við slíkar aðstæður.

[15:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er kannski ekki rétt hjá hv. þm. að gera lítið úr sveitasímanum. Hann þjónaði sínu hlutverki á sínum tíma. Hins vegar er alveg ljóst að sá öryggisbúnaður sem er í jarðgöngunum, Vestfjarðagöngunum, hefur takmarkanir. Það er alveg ljóst. M.a. þess vegna var ákveðið að fara yfir alla öryggisþætti þeirra jarðganga og gæta að því hvað þyrfti að lagfæra, hvað mætti betur fara til þess að fyllsta öryggis mætti gæta. Að þessu er unnið. Búið er að halda æfingu í göngunum og þess er að vænta að tillögur berist innan tíðar um þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að hafa í frammi, m.a. hvað varðar fjarskiptabúnaðinn.

[15:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og vona að þarna verði brugðist hratt og vel við í að koma þessu í viðunandi horf.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að í reglugerðum sem munu væntanlega fylgja nýjum jarðgöngum eru skilyrði þau að fjarskipti og annar slíkur viðvörunarbúnaður sé í góðu lagi og verði hluti af hönnun slíkra mannvirkja.

En verður sú ákvörðun afturvirk þannig að sú ákvörðun nái einnig til þeirra jarðganga sem hafa verið hönnuð og unnin áður en þessi nýja tilskipun tekur gildi?

Opnun Þjóðminjasafnsins.

[15:44]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Í sjónvarpsþættinum Silfri Egils í gær var örlítið rætt um framkvæmdir við hús Þjóðminjasafnsins sem hefur verið lokað frá 1. ágúst 1998. Þar kom fram að upphaflega hafði verið stefnt að því að opna húsið aftur árið 2000 og síðan árið 2001 en þá brá svo við að hæstv. menntmrh. kannaðist ekkert við dagsetningar í þessu máli, eða, með leyfi forseta: „Hver hefur sagt það? Hver sagði það? Hver hefur nokkurn tíma sagt að það ætti að opna þetta 2001? Ég hef aldrei sagt það. Ég hef aldrei sagt það."

Þetta stangast á við blaðafréttir um framkvæmdir við Þjóðminjasafnshúsið. Í Morgunblaðinu 28. nóvember 1997 er haft eftir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta:

„Menn hafa verið með ýmsar vangaveltur um framtíðaraðstöðu fyrir safnið en nú var ákveðið að það yrði á sama stað. Stefnt er að því að búið verði að koma því í skaplegt horf árið 2000."

Á Þorláksmessu sama ár er síðan þessi frétt í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Ákveðið hefur verið að ráðast í miklar endurbætur á Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu, sem kosta munu um 700 milljónir króna. Af þessum sökum verður safninu lokað um tveggja ára skeið, frá síðsumri 1998 til 17. júní árið 2000, að áformað er að opna safnið fyrir gestum á nýjan leik."

Í sama blaði ári síðar, 7. nóvember 1998, er löng grein um Þjóðminjasafnið og rætt við Sturlu Böðvarsson, þáv. formann þjóðminjaráðs og núv. hæstv. samgrh. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sturla viðurkennir fúslega að tíminn fram til 17. júní árið 2000 sé mjög naumur og að nýta verði hvern dag. „En það er búið að gera grófar tillögur um nýtingu hússins", segir hann og að arkitektinn vinni eftir þeim. „Það mætti hugsa sér", segir formaður þjóðminjaráðs að lokum, „að húsið verði klárt og upp verði kominn veglegur hluti af heildarsýningunni."

Í Morgunblaðinu 13. febrúar 1999 er svo sagt frá þessu, með leyfi forseta:

„Björn Bjarnason menntamálaráðherra greindi í gær frá því að ákveðið hefði verið að fresta opnun Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu til 17. júní árið 2001, en þegar ákvörðun um endurbæturnar var tilkynnt í árslok 1997 var stefnt að því að ljúka framkvæmdunum fyrir 17. júní árið 2000."

Þetta er vert að rifja upp vegna þess að yfirlýsingar hæstv. ráðherra: „Hver sagði það? Ég hef aldrei sagt það", koma nokkuð spánskt fyrir sjónir í þessu ljósi og þá er að óska eftir að hæstv. menntmrh. svari í fyrsta lagi (Forseti hringir.) hvort Morgunblaðið segir ósatt um þessar dagsetningar sem ég hef hér þulið (Forseti hringir.) og í öðru lagi hvort komnar eru nýjar dagsetningar hjá hæstv. menntmrh.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hv. þm. á að fara að þingsköpum.)

[15:46]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta mál hefur oft verið til umræðu í þingsölum og ég hef aldrei gefið yfirlýsingar um að húsið verði opnað á einhverjum ákveðnum degi. Það er rétt að ég hef aldrei gefið slíkar yfirlýsingar. Þvert á móti hef ég svarað fyrirspurnum. Þetta hefur verið rætt varðandi fjárveitingar úr Endurbótasjóði menningarstofnana. Öll áform um þetta hafa verið kynnt hér. En að það sé svo að ég hafi gefið yfirlýsingar um að unnt yrði að opna þetta hús á einhverjum ákveðnum degi er ekki rétt.

Vangaveltur voru um það, eins og kom fram hjá páv. formanni þjóðminjaráðs, að hægt væri að setja í þetta dagsetningar. Ég hef aldrei staðfest það. Þvert á móti hef ég lagt höfuðáherslu á að þetta mál yrði undirbúið sem best og lagt upp með ítarlega vinnu í þessu. Það hefur verið unnið að því að skapa Þjóðminjasafninu geymsluaðstöðu í Kópavogi og að málinu hefur verið unnið skref fyrir skref og lagt á ráðin um það hvernig þessi sýning eigi að vera og ekki einu sinni núna þegar menn hafa verið að fjalla um þetta hina síðustu mánuði hef ég heldur nefnt neinar dagsetningar. Málið er því í þeirri stöðu að verið er að vinna að þessu og stefnt er að því að ljúka þessu verki samkvæmt áætlunum sem liggja fyrir. En dagsetningar hef ég ekki nefnt í þessu samhengi.

[15:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en hv. þm. tekur til máls vil ég minna á að í næstsíðustu mgr. 49. gr. þingskapa segir:

„Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum fundi getur forseti heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en þrisvar, eigi lengur en tvær mínútur í fyrsta sinn og eigi lengur en eina mínútu í annað og þriðja sinn."

[15:48]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa kennslustund. Það kemur í ljós að hæstv. ráðherra er ekki hreinskilinn í svörum sínum. Það passar ósköp einfaldlega ekki saman; það sem hann sagði í Silfri Egils í gær og þær fréttir sem ég hef lesið í Morgunblaðinu. Það er þannig. Það sem Morgunblaðið segir, þ.e. svar þess við spurningunni: „Hver sagði það? Hver hefur nokkurn tíma sagt það?" er þetta: Ríkisstjórnin sagði það. Formaður þjóðminjaráðs sagði það. Og Björn Bjarnason sagði það.

Það er rétt í framhaldi af þessu þannig að ég haldi mig innan mínútunnar að spyrja hann út það sem ég sá í gönguferð minni í morgun á skilti við Þjóðminjasafnið. Þar stendur:

„Stefnt er að því að opna húsið með nýjum sýningum þann 1. desember 2002."

Þetta er ekki eftir honum haft. En ætlar hann þá að beita sér fyrir því að þessu verði breytt? Og hvaða texti verður þá settur í staðinn? Hvað ætlar hæstv. menntmrh. að setja í staðinn?

[15:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mín stefna í þessu máli hefur legið skýr fyrir frá upphafi. Það verður að sjálfsögðu að vinna að þessum framkvæmdum í samræmi við þær áætlanir sem liggja fyrir, það fjármagn sem er til reiðu og þannig að sýningin verði þannig úr garði gerð að það sé til sóma fyrir Þjóðminjasafnið að hún verði opnuð. Þess vegna hef ég aldrei nefnt eina einustu dagsetningu varðandi þetta mál. Ég hef ekki samið þann texta sem stendur á því spjaldi sem hv. þm. minntist á. Ég vona að það takist en það er ekki víst að það takist. Það hefur verið, og svo var síðast núna við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002, gengið til þess að minnka framlög til Endurbótasjóðs menningarstofnana sem veitir fé í þessa framkvæmd og við verðum að standa að þessari framkvæmd eins og öðrum innan þeirra marka sem fjárlög heimila okkur.

Það eru þau sem setja okkur þau mörk en ekki dagsetningar á spjöldum eða yfirlýsingar sem menn geta ekki staðið við, enda hef ég ekki gefið neinar slíkar yfirlýsingar.

[15:50]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég veit ekki hvaða refsingar þingið hefur til að beita menn sem fara fram úr ræðutíma sínum, en kannski er ástæða til þess að taka upp slíkar refsingar og taka þá líka upp eins konar skammarkrók fyrir hæstv. ráðherra sem segja ekki satt, annaðhvort hér í þingsal eða þá í sjónvarpsþáttum sem þeir taka þátt í.

Staðreyndin í málinu er sú að nefndar hafa verið einmitt dagsetningar í þessu. Nefnt var sumarið 2000, 17. júní 2000, 17. júní 2001. Nefnd voru árslok 2002 og nú er málið í uppnámi.

Staðreyndin í málinu er sú að frá 1. ágúst 1998 og til þessa dags, og svo verður örugglega þetta ár allt, hefur ekki nokkur maður komið inn í Þjóðminjasafn Íslands og það er okkur og hæstv. menntmrh. til háðungar.

[15:51]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Nákvæmni þingmannsins er ekki mikil. Að sjálfsögðu hafa margir menn komið inn í safnahúsið síðan 1998, allir þeir sem hafa unnið að endurbótum á húsinu, allir þeir sem hafa verið að skipuleggja þar nýjar sýningar og búa húsið undir að geta sinnt hlutverki sínu með fullkomnum hætti. Þetta fólk hefur verið að vinna þarna og það hefur unnið í samræmi við áætlanir og þær fjárveitingar sem fyrir hendi eru. Er hv. þm. að leggja til að við förum út fyrir þær áætlanir sem þingið setur okkur varðandi nýtingu á opinberu fé? Hvers er hv. þm. að krefjast af mér? Að ég gangi fram í þessu máli án þess að ég hafi þær fjárheimildir sem eru nauðsynlegar til að ljúka verkinu?

Ræðutími í munnlegum fyrirspurnatíma.

[15:53]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár vil ég ítreka að gefnu tilefni að óundirbúnar munnlegar fyrirspurnir skulu eigi taka lengri tíma en 30 mínútur. Fyrirspyrjandi og ráðherra hafa báðir tvær mínútur hið fyrsta skipti sem þeir tala og síðan eina mínútu í hvort sinn. Ævinlega berast fleiri beiðnir um að fá heimild til að bera fram fyrirspurn til ráðherra en mögulegt er að verða við. Þess vegna hlýtur forseti að fylgja því fast eftir að þingmenn beri virðingu fyrir þeim tímamörkum sem í þingsköpum eru ákveðin.

Loftferðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 252. mál (eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, flugvernd, gjöld o.fl.). — Þskj. 288, nál. 548 og 568, brtt. 549.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]

1. gr. samþ. með 27:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:54]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Loftferðamál hafa mikið verið rædd að undanförnu og það er skoðun okkar í Samfylkingunni a.m.k. að þau vandræði sem upp hafa komið hafi fyrst og fremst orsakast af því að annars vegar er Flugmálastjórn ætlað að hafa öryggiseftirlit og hins vegar að þjónusta flugrekendur. Þetta hefur ekki farið nægilega vel saman. Þessari hugmyndafræði er ætlað að viðhalda og því greiðum við atkvæði gegn frv. vegna þess að við höfum ekki trú á þessum vinnubrögðum.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi viljum við mótmæla þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð í nefndinni. Við fengum ekki að kalla fyrir alla þá sem við vildum kalla fyrir.

Í þriðja lagi er væntanleg óháð bresk rannsókn um þetta sem ég held að hefði getað leitt okkur verulega áfram í þessu máli í stað þess að klára það nú.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, hafa minni flugrekendur á Íslandi nýverið óskað eftir því að málið verði ekki klárað fyrr en þeir hafa komið fyrir nefndina og hvet ég því hv. formann samgn. eindregið að kalla málið á nýjan leik inn í nefndina milli 2. og 3. umr. Þá getum við hugsanlega náð að breyta því þannig að við getum staðið að þessu einnig.

2. gr. samþ. með 26:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,1 samþ. með 25:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, VS, ÖJ) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 26:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 27:16 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,2 (ný 5. gr.) samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,3 samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 26:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,4 samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,5 samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,6 samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 26:16 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KÓ, ÓB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 27:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KA, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, MÁ, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:00]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um það nýtilegasta í þessu frv., þ.e. hvort fella skuli niður hinn illræmda flugmiðaskatt eða flugleiðsögugjöld. Við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, höfum flutt tillögu um þetta og erum sammála því að flugmiðaskatturinn sé lagður af. Hins vegar er sá galli á gjöf Njarðar að ekki er að finna í þessu frv. neinar heimildir til samgrh. um frá hvaða tíma skatturinn skuli felldur niður. Við teljum að slíka heimild vanti í frv. Hæstv. samgrh. hefur haft ágæt orð um að niðurfellingin verði frá og með miðju næsta ári. Við viljum hnykkja á því núna fyrir 3. umr., og boðum brtt. um að þessi flugmiðaskattur verði endurgreiddur þeim sem hann hafa greitt allt síðasta ár. Þess vegna segjum við já við að fella niður flugleiðsögugjöld að þessu sinni.

13. gr. samþ. með 28:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, KolH, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,7 samþ. með 28:16 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,8 samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 25:16 atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 549,9 samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

17.–19. gr. samþ. með 26:17 atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,10 (ný grein, verður 20. gr.) samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

20.–21. gr. (verða 21.–22. gr.) samþ. með 27:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, MÁ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 549,11 (nýtt ákvæði til brb.) samþ. með 27:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SI, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KolH, KLM, LB, MÁ, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KÓ, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Skráning skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (þurrleiguskráning fiskiskipa). — Þskj. 347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Samgönguáætlun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 384. mál. — Þskj. 625.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 385. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða ápekkra atvika, frh. 1. umr.

Stjfrv., 387. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verslun með áfengi og tóbak, frh. 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (skráningargjald og trygging). — Þskj. 388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Endurskoðendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur). — Þskj. 566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 315. mál (viðauki, niðurfelling gjalda, endurgreiðslur o.fl.). — Þskj. 391.

[16:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Eins og kemur fram í greinargerð með frv. er hér verið að leggja til nokkrar aðskildar breytingar á lögunum sem þó verða engar taldar meiri háttar að efni til. Að mestu leyti er hér um að ræða minni háttar breytingar sem varða framkvæmdaatriði laganna og byggja að hluta á ábendingum

frá embætti ríkisskattstjóra og tollstjórans í Reykjavík, auk atriða úr skýrslu nefndar um framkvæmd virðisaukaskatts sem út kom fyrir tæpum tveimur árum.

Nánar tiltekið er um eftirfarandi fimm breytingar að ræða:

Í fyrsta lagi er lagt til að viðauki við lögin samanstandi af lista yfir tollskrárnúmer þeirra vara til manneldis sem bera 14% virðisaukaskatt í stað 24,5% eins og núgildandi viðauki kveður á um. Kallar sú breyting á breytingu á orðalagi 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna. Sú nálgun að telja upp í viðauka þær vörur til manneldis sem bera 14% virðisaukaskatt er til einföldunar og er í betra samræmi við uppbyggingu laganna, auk þess sem hún auðveldar vinnu við breytingar sem leiða af breytingum á tollskrá.

Í öðru lagi er lagt til að breyting verði gerð á 35. gr. laganna þess efnis að beina skuli skýrslum um þjónustukaup frá útlöndum til skattstjóra en ekki tollyfirvalda. Þar sem skattyfirvöld eru í betri eftirlitsaðstöðu hvað þetta varðar en tollyfirvöld er lagt til að skattyfirvöldin annist framkvæmdina varðandi þessar skýrslur.

Í þriðja lagi er lagt til að afgreiðslutími beiðna um endurgreiðslur virðisaukaskatts sem eigendur íbúðarhúsnæðis hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess verði styttur og aðgengi að þessum endurgreiðslum þar með bætt. Lagt er til að beiðnir af umræddum toga verði teknar til afgreiðslu án ástæðulauss dráttar jafnóðum og þær berast og að til endurgreiðslu komi strax eftir að skattstjóri hefur tekið afstöðu til framkominnar beiðni. Tillaga þessi byggir á skýrslu nefndar um framkvæmd virðisaukaskatts frá mars árið 2000. Í umræddri skýrslu er einnig lagt til að afnumið verði ákvæði um verðtryggingu endurgreiðslu þessara, sem og vegna nýbygginga, og kveður frv. jafnframt á um það atriði.

Í fjórða lagi er um að ræða lagfæringar til samræmis við breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 104/2000, um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur. Breytingarnar miðuðu að því að niðurfelling ýmissa gjalda sem lögð eru á vörur við innflutning þeirra til landsins eða framleiðslu þeirra hér á landi verði lögákveðin í stað þess að handhöfum framkvæmdarvalds verði framseld heimild til að ákveða hvort til lækkunar eða niðurfellingar skuli koma. Breytingar í þessa átt, sem voru gerðar með lögum nr. 104/2000, náðu hins vegar aðeins til innflutnings. Af þeim sökum var eftirgjöf gjalda ekki fullkomlega sambærileg og verið hafði skv. 7. gr. fjárlaga, lið 1.1, þar sem sú heimild var ekki bundin við innflutning. Með frumvarpi þessu er eftirgjöf gjalda gerð sambærileg því sem áður var í 7. gr. fjárlaga, lið 1.1, eins og að var stefnt við gerð laga nr. 104/2000.

Í fimmta lagi, herra forseti, er lagt til að réttur aðila til sérstakra endurgreiðslna samkvæmt lögunum verði bundinn við sex ár, þ.e. einungis verði hægt að fá endurgreiðslu sex ár aftur í tímann. Með sérstökum endurgreiðslum er samkvæmt núgildandi lögum átt við endurgreiðslur samkvæmt XIII. kafla laganna og ákvæði til bráðabirgða. Í lögunum hefur til þessa ekki verið að finna neina slíka reglu og verður að telja slíkan rétt til endurgreiðslu, án tímatakmarkana, í andstöðu við almenn tómlætissjónarmið.

Rökin fyrir því að miða réttinn til endurgreiðslu við sex ára tímamark eru í fyrsta lagi þau að jafnræði ríkir þá á milli þeirra sem sækja um endurgreiðslu og hinna sem fá eða óska eftir leiðréttingu skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lokamálsgrein 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í öðru lagi er sex ára fresturinn í samræmi við rétt skattyfirvalda til endurupptöku á skattskilum skattaðila honum í óhag, sbr. 5. mgr. 26. gr. laganna og 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981. Í sumum tilvikum er rétturinn til endurgreiðslu í beinum tengslum við almenn virðisaukaskattsskil aðila. Ef um er að ræða tímabil sem er eldra en sex ára samkvæmt skilgreiningu 5. mgr. 26. gr. laganna er skattyfirvöldum óheimilt að hreyfa við skattskilum skattaðila ef það er honum í óhag en hugsanlega geta þau ekki hindrað að hann geti fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna sama tímabils. Þannig kynni skattaðili að öðlast rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts sem hann hefur sjálfur ekki staðið skil á í ríkissjóð af eigin þjónustu. Verður að telja slíkt óeðlilegt. Í þriðja lagi miðast sex ára reglan við þær reglur sem gilda um geymslu bókhalds en skv. 2. mgr. 17. gr. laganna ber skattaðila að geyma bókhald sitt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Verður það að teljast ein af grundvallarforsendum á afgreiðslu endurgreiðslubeiðni að skattyfirvöld geti skoðað bókhaldsgögn endurgreiðslubeiðanda og þeirra er hann átti viðskiptin við.

Ég hef nú í stuttu máli, herra forseti, gert grein fyrir efnisatriðum þessa litla frv. og ég legg til að því verði að umræðunni lokinni vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bindandi álit í skattamálum, 1. umr.

Stjfrv., 316. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 392.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stuttu frv. til laga um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum.

Samkvæmt gildandi lögum skal ríkisskattstjóri taka gjald fyrir útgáfu bindandi álita. Annars vegar er um að ræða grunngjald sem er 10.000 kr. og hins vegar viðbótargjald, þó að hámarki 40.000 kr.

Í frv. þessu er lagt til að grunngjaldið verði hækkað í 50.000 kr. fyrir hvert álit og ekkert þak verði á viðbótargjaldinu. Rökin fyrir umræddri hækkun eru þau að í ljós hefur komið við framkvæmd laganna að hvert álit er tímafrekara en gert var ráð fyrir í upphafi þar sem þau mál sem óskað er bindandi álits um eru almennt mun flóknari og umfangsmeiri en reiknað hafði verið með. Einnig má geta þess að þessi breyting er til samræmis við það sem ákveðið var hér í skattalagabreytingu fyrir jólin að því er varðar gjaldtöku af bindandi álitum sem fjmrn. sendir frá sér. Hér er því um að ræða að hvort tveggja verði 50.000 kr. grunngjald.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um þetta frv. frekar, herra forseti, en ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 468.

[16:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frv. þetta er 347. mál þingsins á þskj. 468.

Með frv. þessu er lagt til að félögum sem kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr. laganna um ársreikninga, sem eru einkum félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda og uppfylla tiltekin skilyrði um vægi viðkomandi gjaldmiðils í starfsemi sinni, verði heimilað að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Á síðustu árum hafa tekið gildi ný lög um bókhald og ársreikninga í ýmsum nálægum löndum, þar á meðal í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, þar sem veittar hafa verið heimildir til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum þó svo misjafnlega langt hafi verið gengið í þeim efnum í einstökum löndum.

Í ljósi vaxandi alþjóðavæðingar hafa þær raddir orðið æ háværari hér á landi sem óskað hafa eftir því að fá að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, enda íslensk fyrirtæki í sívaxandi samkeppni á alþjóðamarkaði.

Því varð úr að haustið 2000 skipaði ég nefnd til að endurskoða lög um ársreikninga og lög um bókhald, auk þess að kanna möguleika á því að heimila færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Efni þessa frv. byggir í megindráttum á tillögum nefndarinnar.

Helstu rökin fyrir því að veita félögum þessa heimild eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi verður fjárhagslegur samanburður við erlenda samkeppnisaðila auðveldari.

Í öðru lagi má gera ráð fyrir að sveiflur í afkomu félaga vegna gengisbreytinga verða minni.

Í þriðja lagi mun aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batna til muna.

Í fjórða lagi verður auðveldara fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi.

Í fimmta lagi verður auðveldara fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis.

Við undirbúning þessa frumvarps var tekið til sérstakrar skoðunar hvort heimila ætti félögum, sem fengið hafa heimild til færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, skattskil í þeim gjaldmiðli. Við könnun hjá hinum Norðurlöndunum kom í ljós að ekkert þeirra hefur heimilað skattskil í erlendum gjaldmiðli.

Þá kom og í ljós við nánari athugun að verulegur munur getur orðið á tekjuskattsstofni eftir því hvort hann byggist á reikningsskilum sem gerð eru í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðli. Gengisbreytingar erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni valda því að ýmsar fjárhæðir í rekstrarreikningi geta orðið allt aðrar í skattframtali sem byggt er á bókhaldi og reikningsskilum í erlendum gjaldmiðli en ef það væri í íslenskum krónum. Skattstofnar verða mismunandi, hvort heldur um er að ræða stofna til tekjuskatts, eignarskatts, virðisaukaskatts, tryggingagjalds eða annarra gjalda.

Af ástæðum þeim sem hér hafa verið raktar er í þessu frumvarpi lagt til að félögum sem eru með skattskylda starfsemi hér á landi verði, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, en skattstofnar verði áfram tilteknir í íslenskum krónum.

Kostnaður ríkissjóðs á ársgrundvelli vegna þessarar ráðstöfunar er talinn óverulegur þar sem búist er við að fyrirtæki sem taki upp slíkt bókhald verði ekki mörg. Þó má gera ráð fyrir einhverri vinnu við mat á umsóknum hjá ársreikningaskrá og við eftirlit með því að settum skilyrðum sé fullnægt.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mál sem mörgum þingmönnum er að góðu kunnugt og sem margir þingmenn hafa kallað eftir og hvatt til að flutt yrði. Ég tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. en geri mér grein fyrir því og vil taka það fram að í því eru nokkur álitaefni sem rétt er að efh.- og viðskn. kanni sérstaklega og leiti eftir skoðunum á hjá fagaðilum. Einnig er rétt að geta þess að í ráðuneytinu hefur verið unnið frekara starf í tengslum við þetta mál í samvinnu við ýmsa aðila sem málið er skylt, endurskoðendur og fleiri, og vænti ég þess að það starf geti einnig komið að góðum notum í starfi hv. efh.- og viðskn.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar og til 2. umr.

[16:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að ýmsir þingmenn hafa kallað eftir því að íslenskum fyrirtækjum yrði sköpuð sú aðstaða sem ætlunin er að gera með því frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. þau geti fært bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Mönnum er flestum, velflestum hér á Alþingi, afskaplega vel ljós sú staða íslenskra fyrirtækja að búa við lítinn heimamarkað með litlum gjaldmiðli og auðvitað vilja menn gjarnan taka þátt í því að leita leiða til þess að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja svo sem unnt er.

Við í Samfylkingunni höfum m.a., eða einstöku þingmenn, hvatt til þess að frv. sem þetta verði lagt fram. Við höfum verið með fyrirspurnir til þess að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort og þá hvernig sú vinna færi fram, nú síðast hv. þm. Gísli Einarsson 14. nóvember sl. Við höfum tekið þátt í umræðum um það hvað mætti verða til þess að bæta stöðu íslensks atvinnulífs.

En það er nú svo, herra forseti, að það hefur ekki allt endilega gefist vel sem reynt hefur verið og þar vil ég nefna erlendu viðskiptafélögin sem menn ætluðu hér nokkurt hlutverk en hefur minna orðið úr en efni stóðu til og væntingar voru gefnar um. Við gerum okkur einnig mætavel grein fyrir því að þær skattbreytingar sem hæstv. ríkisstjórn fór í núna fyrir jólin voru ekki hvað síst hugsaðar til þess að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og má kannski segja að menn séu hér að leita leiða til þess að bæta íslenskum fyrirtækjum upp það óhagræði sem skapast af því að Ísland stendur og mun í næstu framtíð standa utan evru-svæðisins, nema hvað það varðar að við erum skuldbundin til þess að taka yfir ýmsar af gerðum Evrópusambandsins án þess þó að fá að njóta ýmissa þeirra kosta sem kynnu að vera því samfara að vera innan sambandsins.

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að hér er auðvitað að ýmsu að hyggja og ég held að það hafi nú þegar komið fram að ýmsir þeir sem höfðu horft til þess vonaraugum að þeim yrði gert kleift að færa

bókhald og ársreikninga í erlendri mynt finnist kannski að frv. sé ekki jafnaðlaðandi og þeir höfðu gert sér vonir um, að þetta krefjist meiri vinnu en menn höfðu ímyndað sér af því að bæði þarf að færa bókhaldið í hinni erlendu mynt og sömuleiðis í íslenskum krónum vegna skattskilanna. En þetta er eitthvað sem hv. efh.- og viðskn. hlýtur að ræða við bæði endurskoðendur og fulltrúa atvinnulífsins, að menn leiti leiða til þess að finna út úr því hvernig þetta getur verið sem best, þannig að þau atvinnufyrirtæki sem telja sig þurfa að geta sýnt bókhald sitt og uppgjör í erlendri mynt sjái sér hag í því.

Herra forseti. Gefin voru ákveðin vilyrði fyrir því að frv. sem þetta kæmi fram á haustdögum og þá þegar spunnust umræður um það á ýmsum fundum atvinnulífsins og menn veltu vöngum yfir því hvernig frv. mundi líta út og hvers væri að vænta í framhaldinu.

Mjög fljótlega kom fram að áhugi var fyrir því að fá einnig að skrá hlutabréf í erlendri mynt. Sömuleiðis að fá að gera launasamninga í erlendri mynt. Og það er forvitnilegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh. hvort erindi þess efnis hafa borist fjmrn., hvort þessar óskir hafa verið ámálgaðar við hæstv. ráðherra og hver viðbrögð hans eru þá. Menn vilja auðvitað reyna að laða erlent fjármagn inn í íslenskt atvinnulíf og horfa þar með til slíkra þátta einnig.

Þetta er áhugavert vegna þess, eins og ég sagði áðan, að okkur sýnist ýmsum að ríkisstjórnin sé að leita hér leiða til þess að gera lífið bærilegt fyrir íslenskt atvinnulíf, án þess þó að Ísland gangi í Evrópusambandið og gerist þar með hluti af evru-svæðinu.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að við erum að tala um mál sem getur skipt verulegu fyrir einstök fyrirtæki. Það kom mér þess vegna svolítið á óvart þegar ég kíkti á það svar sem hæstv. ráðherra gaf hv. þm. Gísla Einarssyni við fyrirspurn hans hér í haust, að hann taldi enga sérstaka þörf á því að gera úttekt á því hvernig þessi ráðstöfun mundi virka. Hann var samt með starfshóp í gangi sem var að vinna að málinu. Mér finnst það svolítið merkilegt að hæstv. fjmrh. geti lýst því yfir hér að það sé eðlilegt að gefa fyrirtækjum á Íslandi kost á því að færa bókhald og ársreikning í erlendri mynt og engin ástæða sé til að gera úttekt á því hvaða áhrif slíkt kunni að hafa.

Við minnumst þess sem hv. formaður utanrmn. sagði í umræðu um utanríkismál að þeir sem væru að tala um evru væru bara að tala krónuna niður, það væri vantrú á krónunni sem þar færi fram. Ég man ekki betur en hann segði að vandlega yrði fylgst með slíkum aðilum. Það lá undir hálfgerð hótun í máli hans að þarna færu eins konar landráðamenn. En, herra forseti, ég sé ekki betur en þegar menn eru komnir í þá stöðu að þurfa að laga hér ýmsar reglur, skattalög og bókhaldslög og annað að þeim aðstæðum sem við búum við til þess að gera lífið bærilegra fyrir íslensk atvinnufyrirtæki vegna hins litla markaðar krónunnar, þá séu menn nú ekki langt frá því að lýsa ákveðinni vantrú á þennan gjaldmiðil.

Mér fannst líka dálítið merkilegt, herra forseti, að í svari hæstv. fjmrh. í haust kom fram að hann taldi að þetta mál sem við erum að ræða hér í dag væri hagkvæmnismál en ekki efnahagsmál. Ég velti því fyrir mér þegar við erum að vinna í þessum málum, hvort sem það eru skattamál eða annað, hvar skilin eru. Hvar hæstv. fjmrh. dregur skilin á milli þess að eitthvað sé hagkvæmnismál fyrir atvinnulífið eða efnahagslífið og hvenær það sé orðið efnahagsmál. Mér finnst þetta vera efnahagsmál. Mér finnst það vera efnahagsmál hvernig við stillum upp hlutum til þess að atvinnulíf okkar sé samkeppnisfært. Og það skiptir verulegu máli að það sé ígrundað hvaða skref er verið að stíga.

Það er alveg ljóst að ef haldið verður áfram á þessari braut, ef þetta dugar ekki og menn þurfa að stíga önnur og frekari skref, þá getur það auðvitað haft það í för með sér að krónan verði enn þá minni hér, minni krónutraffík verði á markaðnum, eins og ágætur hagfræðingur orðaði það, sem þýðir þá auðvitað enn þá meiri vantrú á krónunni og væntanlega enn þá meiri sveiflur á þeim gjaldmiðli. Það er þá klárlega efnahagsmál en ekki bara hagkvæmnismál hvernig menn bregðast við því.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að menn verða með ýmsum hætti að bregðast við Myntbandalagi Evrópu og upptöku evrunnar. Tekið var saman álit sem kom frá forsrn. árið 1998, það álit var reyndar tekið saman að beiðni jafnaðarmanna þar sem því var beint til stjórnvalda að þeir létu fara fram könnun á kostum þess og göllum að innlend fyrirtæki ættu möguleika á að færa bókhald sitt í evrum. Nú gengur þetta frv. vissulega lengra en svo. Ekki er einungis um það að ræða eins og er í Danmörku og Svíþjóð, enda eru þau lönd innan Evrópusambandsins. Hér er í rauninni leyfilegt að menn færi bókhald sitt og ársreikninga í hvaða mynt sem er ef sú mynt er einungis skráð hér á landi, eða ég fæ ekki lesið frv. öðruvísi.

Herra forseti. Ég þykist vita að hv. efh.- og viðskn. muni fara gaumgæfilega í saumana á þessu frv. og þá þannig að það verði sem haganlegast fyrir íslenskt atvinnulíf að vinna með. Eins og ég sagði hafa þingmenn Samfylkingarinnar lagt fram fyrirspurnir um hvort hæstv. ráðherra hyggist fara í þessa breytingu eða leggja hana til eins og hér er gert. Við munum auðvitað taka þátt í þessu starfi af viðeigandi áhuga á því að laga til fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ég vil hins vegar gjarnan fá svör við þeim spurningunum sem ég varpaði fram, í rauninni í framhaldi af þeim óskum sem ég heyrði frá fulltrúum atvinnulífsins í haust og ég gat um áðan. Ég spyr hvort hæstv. fjmrh. hafi léð máls á því að haldið verði áfram á þessari braut og hlutabréf verði skráð í erlendri mynt og hvort menn fái þá í framhaldinu að gera launasamninga í erlendri mynt.

Menn hljóta að hafa velt þessum spurningum fyrir sér þegar þeir voru að semja frv. Þó svo ekki hafi farið fram úttekt eins og fram kemur í máli ráðherra, í svari hans við fyrirspurn hv. þm. Gísla S. Einarssonar, hljóta menn þó að hafa gefið því gaum að hugsanlega dygði þetta ekki til að íslensk fyrirtæki teldu sig samkeppnisfær og þá þyrftu menn jafnvel að ganga skrefinu lengra. Sem sagt: Hvað eru menn tilbúnir að gera til viðbótar ef þetta dugar ekki? Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að svara slíkum spurningum? Hefur þetta verið ígrundað í ráðuneyti hans?

[16:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breyting á lögum um bókhald og ýmsum öðrum lögum sem varða það að færa megi reikninga fyrirtækja í erlendri mynt.

Þetta frv. er lagt fram í framhaldi af þeim skattalækkunarfrv. sem samþykkt voru fyrir jól og marka afskaplega merkilegt skref í þá átt að gera íslensk fyrirtæki samkeppnisfær við erlend fyrirtæki. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. fjmrh. fyrir þennan pakka allan.

Hér er um það að ræða að bæta stöðu íslenskra fyrirtækja í samskiptum þeirra við erlend fyrirtæki, hindra að þau

telji sig nauðbeygð að fara til útlanda eða sjái sér hag í að flytja starfsemi sína til útlanda og jafnframt að hvetja erlend fyrirtæki til þess að flytja starfsemi sína til Íslands.

Þegar íslensk fyrirtæki eiga samskipti við erlend fyrirtæki vakna margar spurningar hjá erlendu aðilunum og fyrst og fremst eru það náttúrlega spurningar um bókhald. Hlutafélag er jú félag með takmarkaðri ábyrgð og ábyrgðin felst í eigin fé fyrirtækisins sem menn þurfa að vita af og treysta. Traustið liggur í bókhaldinu. Þá er náttúrlega mikilvægt að erlendir menn skilji bókhaldið sem þeir hafa í höndunum.

Ég held að þetta sé því mjög gott skref þótt það sé kannski ekki alveg fullkomið því jafnframt á að færa bókhaldið í krónum og það verður meginundirstaða bókhaldsins, þ.e. bókhald í íslenskum krónum. Hitt er í rauninni bara þýðing á íslenska bókhaldinu. Það getur vel verið að menn sjái sér einhvern tímann fært að taka skrefið enn lengra og sjálfsagt að hv. efh.- og viðskn. meti það sérstaklega, hvort hægt sé að stíga það skref til fulls.

Ég ætla ekki að fjalla mikið meira um frv. Ég tel þetta mikið framfaraskref og þátt í að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs við atvinnulífið í öðrum löndum.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að þetta frv. var boðað sem hluti af þeim aðgerðum í skattamálum sem ríkisstjórnin kynnti í upphafi þings, að mig minnir 3. október, og var lagt fram fyrir jólin en náði ekki afgreiðslu í önnunum síðustu dagana fyrir jól. Eigi að síður er gert ráð fyrir að unnt verði að gera upp á grundvelli þessara laga nú þegar, þ.e. að menn geti sótt um að færa bókhald og semja ársreikning vegna yfirstandandi reikningsárs á grundvelli þessara laga. Það þýðir að brýnt er að þau fái lögfestingu sem fyrst þannig að menn viti hvar þeir standa. Í raun er verið að leggja til að lögin gildi aftur fyrir sig, til 1. janúar sl., sem almennt talað er kannski ekki góð lögfræði en er allt í lagi með ef um er að ræða ívilnandi aðgerðir, en ekki íþyngjandi. Hér er um að ræða breytingar sem verða að teljast ívilnandi.

Ég lét þess getið að frá því að þetta frv. kom fram hefur átt sér stað töluverð umræða milli ráðuneytismanna og sérfræðinga í þessari grein, endurskoðenda og annarra, um nokkur atriði í frv. Það er alveg ljóst sérstaklega eru skiptar skoðanir um eitt atriði og það má segja að það sé þá 3. mgr. 2. gr. frv., sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi reyndar, þ.e. spurningin um hvort færa skuli bókhaldsbækur jafnframt í íslenskum krónum. Um þetta hafa menn verið að skiptast á skoðunum. Ég geri ráð fyrir því að þingnefndin fái aðgang að öllum þeim upplýsingum. Þar hefur fyrst og fremst verið fjallað um tæknileg atriði, þ.e. hvort tölvubúnaðurinn sem mest er notaður til að halda utan um bókhald í fyrirtækjum í dag ráði við að gera þetta í tveimur gjaldmiðlum. Ef hann ræður við það er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að gera þetta að skyldu. Sé það hins vegar flókið mál og kostnaðarsamt er rétt að ræða nánar hvort skylda beri fyrirtæki til þess.

Ég vil ítreka það sem fram kom í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að hugmyndin með þessu er sú að auðvelda félögum og fyrirtækjum hér á landi að starfa í breyttu starfsumhverfi þar sem alþjóðavæðing hefur aukist mjög, samkeppni færist í vöxt og æ algengara verður að íslensk fyrirtæki hasli sér völl erlendis með einhverjum hætti, eða erlend fyrirtæki eignist hér hlut eða hefji hér starfsemi. Þetta er liður í því að nútímavæða starfsumhverfi fyrirtækjanna, skattkerfið, og fleiri atriði sem skipta máli í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Hins vegar er ekki verið að leggja til með þessu að hverfa frá íslensku krónunni með einum eða öðrum hætti. Það var það sem ég átti við þegar ég svaraði fyrirspurn hv. þm. Gísla S. Einarssonar fyrr í vetur. Ég taldi ekki þörf á að gera úttekt á áhrifum þessa á stöðu krónunnar sem gjaldmiðils, vegna þess að ég tel að þau áhrif séu engin. Hins vegar hefur að sjálfsögðu verið gerð úttekt á málinu í vinnu nefndarinnar sem ég gat um, starfshóps á vegum ráðuneytisins, á því með hvaða hætti þessi breyting sem slík kæmi fram gagnvart þeim félögum sem hér eiga hlut að máli. Ég sagði í framsöguræðunni að ekki væri víst að þetta væru mjög mörg félög. Ég býst við að það sé rétt, a.m.k. fyrst í stað. En fyrir þau félög sem þarna geta átt hlut að máli getur þetta skipt heilmiklu. Þetta er aukin þjónusta við þau. Þess vegna er þetta hagræðingarmál og hagkvæmnisatriði fyrir slík fyrirtæki þó ég telji ekki að þetta hafi efnahagsleg áhrif og alls ekki nein stórfelld áhrif.

Ég lít á þetta sem einn lið í viðleitni okkar, sem mér heyrist að eigi almennan hljómgrunn í þinginu, að bæta starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Þar sem fyrirtæki eru með starfsemi sem uppfylla þau skilyrði sem hér eru nefnd geta þau fengið þessa heimild. Það er ekki gert ráð fyrir því að hvaða fyrirtæki sem er geti fengið heimild af þessu tagi. Það er ekki gert ráð fyrir að menn geti vaðið úr einum gjaldmiðli yfir í annan eða hringlað með þetta fram og aftur. En menn geta auðvitað valið fleiri gjaldmiðla en t.d. bara evruna. Menn geta valið dollara, pund eða annan skráðan gjaldmiðil hér á Íslandi eins og fram kom í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur.

Ég vil líka undirstrika að með þessu er ekki verið að flytja gengisáhættu af skattgreiðslum fyrirtækja yfir til ríkisins. Skattuppgjörið sem slíkt verður áfram í íslenskum krónum. Enda hefur enginn beðið um annað. Ég kannast ekki við að fyrirtæki hafi farið fram á að fá að skila skattuppgjöri sínu í öðru en íslenskum krónum. Ég tel að þetta sé mikilvæg breyting en ég tel að við eigum ekki að mikla hana fyrir okkur, gera meira úr henni en hún í raun felur í sér. Þetta er framfaramál. Ég fagna því að það hafi stuðning en eins og ég segi má vel vera að það þurfi að gera einhverjar lagfæringar á frv. í meðförum nefndarinnar.

Að því er varðar síðan spurningar hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um útgáfu hlutabréfa í erlendri mynt er það mál sem mér er kunnugt um að er til skoðunar í viðskrn. sem fer með málefni hlutabréfamarkaðarins, en mér er ekki kunnugt um hvar það mál er nákvæmlega á vegi statt. Að því er varðar hins vegar launasamninga í erlendri mynt erum við að tala um allt aðra og miklu afdrifaríkari breytingu en hérna er lögð til. Ég sé það ekki fyrir mér í einni sjónhendingu að menn fari almennt að semja um kaup og kjör í erlendri mynt. Ég held að með slíkri breytingu væri tekið mjög stórt skref í að leggja niður krónuna sem lögeyri og gjaldmiðil á Íslandi. Það er ekki stefna þessarar ríkisstjórnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:42]

Útbýting þingskjals:
Smávirkjanir, 424. mál, fsp. DrH, þskj. 684.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 425. mál (handfæraveiðar með dagatakmörkunum). — Þskj. 685.

[16:43]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frv. er lagt fram í kjölfar og er niðurstaða fundar milli sjútvrh. og Landssambands smábátaeigenda um breytingu á lögum um veiðar dagabáta.

Meginbreytingarnar felast í að koma í veg fyrir að hægt sé að minnka dagabáta í þeim tilgangi að fjölga sóknardögum. Þá er tekið upp nýtt fyrirkomulag eftirlits með tilkomu sjálfvirka tilkynningarkerfisins til að tryggja nákvæma mælingu á því með hvaða hætti tími sóknarbáta nýtist og sóknin mæld í klukkustundum. Einnig er lagt til að dögum verði á ný fjölgað í 23 á þessu ári svo samanburður milli ára verði sem marktækastur. Að þessu samanlögðu eiga að liggja fyrir upplýsingar sem hægt er að byggja á við frekari mótun dagakerfisins.

Fyrirkomulag þetta verður endurskoðað við lok veiðitímabils dagabáta 2002 og er sérstaklega litið til þess hvort breytt fyrirkomulag tímamælinga hafi í för með sér breytta sóknargetu.

Ég mun nú, herra forseti, fjalla örlítið ítarlegar um einstakar breytingar.

1. Fallið verði frá því að sóknardögum fækki í 21 dag á fiskveiðiárinu 2001/2002 og verði sóknardagarnir 23 eins og þeir voru á fiskveiðiárinu 2000/2001. Í frumvarpinu er viðmiðunarþorskafli báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein tilgreindur sem 0,67% af heildarafla í þorski, auk þeirrar aukningar sem leiðir af endurvali báta sem rétt eiga til slíks samkvæmt lögum sem samþykkt voru í desember 2001. Þegar núgildandi ákvæði var sett var ekki unnt að tilgreina viðmiðunarafla þessara báta nákvæmar en gert var. Gert er ráð fyrir að fjöldi sóknardaga á næstu árum ráðist síðan af afla þeirra með sama hætti og gildandi ákvæði kveður á um, en orðalaginu er breytt með hliðsjón af því að fjöldi sóknardaga hvers báts geti breyst, bæði vegna flutnings sóknardaga milli báta og skerðingarákvæða laganna.

2. Reglum um nýtingu sóknardaga verði breytt þannig að sókn verði mæld í klukkustundum en ekki heilum dögum. Beiðni um slíka breytingu hefur ítrekað komið frá þeim sem stunda veiðar samkvæmt þessu kerfi og hafa þeir einkum rökstutt hana með því að slíkt fyrirkomulag leiddi til þess að sjómenn væru lengur að veiðum í vafasömu veðri þar sem hver róður teldist heill dagur. Þá hefur verið á það bent að þetta fyrirkomulag leiddi til mikils vinnuálags. Varðandi þetta atriði er lagt til í frv. að Fiskistofa hafi eftirlit með nýtingu sóknardaga um hið sjálfvirka tilkynningarkerfi en til þessa hefur eftirlit farið fram í gegnum svonefndan „símakrók“ sem Fiskistofa kom á laggirnar í þessu skyni. Með því að veita Fiskistofu aðgang að hinu sjálfvirka tilkynningarkerfi er ljóst að eftirlit með veiðum þessara báta verður mun virkara en verið hefur til þessa.

3. Í gildandi ákvæði segir að séu sóknardagar fluttir milli báta skuli þeim fjölga eða fækka í hlutfalli við stærð bátanna. Í frv. þessu er lagt til að sú breyting verði gerð að sóknardögum fjölgi ekki séu þeir fluttir á minni bát. Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að fjölgun sóknardaga með flutningi til báts sem mældur er minni í brúttótonnum en sá bátur sem flutt er af hefur vísast þær afleiðingar að við endurnýjun báta verði mjög reynt að mæla hina nýju báta sem minnsta. Þykir af ýmsum orsökum nauðsynlegt að sporna við slíkri þróun og þá sérstaklega þegar litið er til þess að skráð stærð í brúttótonnum segir ekki allt um veiðihæfni.

4. Að lokum, herra forseti, skal þeirrar breytingar getið að í 4. mgr. 1. gr. frv. er kveðið á um að ráðherra skuli setja reglur um flutning sóknardaga milli báta í eigu sömu aðila. Þykir nauðsynlegt að hafa slíka heimild. Að öðrum kosti gæti aðili sem við endurnýjun flytur daga milli báta sinna lent í því að sóknardagar hans skertust vegna ákvæða laganna sem tengja heimild til flutnings sóknardaga nýtingu sóknardaga á tilteknum fiskveiðiárum.

Að lokinni 1. umr., herra forseti, legg ég til að málið verði sent til hv. sjútvn.

[16:47]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eitt af síðustu verkum Alþingis fyrir jólahlé þingmanna var að afgreiða frv. til laga um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Það frv. tók á tiltölulega afmörkuðum þætti, þ.e. nánast eingöngu var fjallað um málefni krókaaflamarksbáta. Það var jú eitt ákvæði sem allir þingmenn gátu sameinast um sem sneri að tilraun til að takast á við brottkast en að öðru leyti sneri það frv., og síðan lagasetning, fyrst og fremst að krókaaflamarksbátum.

En í nál. meiri hluta hv. sjútvn. kom það hins vegar fram að menn í meiri hlutanum vildu og ætluðu sér að koma hér inn með frv. um dagabáta fyrir 1. febrúar. Og herra forseti, hér er það frv. komið.

Í nál. voru tilteknir ákveðnir þættir sem menn töldu mikilvægt að ættu að felast í þessu frv. Þeir eru svo sem ekki hér í textanum en verða ugglaust ræddir í hv. sjútvn. þegar hún fer yfir málið. Hér er hins vegar verið að leggja til að gerð verði ákveðin tilraun sem er góðra gjalda verð.

Það er alveg ljóst að menn hafa mjög gagnrýnt fyrirkomulagið varðandi dagana, varðandi það að menn hafi tiltekna daga og síðan sé mælt í sólarhringum. Og mjög hefur verið þrýst á um að það fyrirkomulag yrði endurskoðað. Nú ætla menn greinilega, miðað við þetta frv., að fara í tilraun með nýtt fyrirkomulag, með klukkutímafyrirkomulag, og að hið sjálfvirka tilkynningarkerfi muni þá verða virkt þannig að menn geti fylgst mjög grannt með ferðum þessara báta.

Eins og ég sagði, herra forseti, er slík tilraun góðra gjalda verð ef menn vita þá að henni lokinni hvort gerlegt er að vinna að málinu með þessum hætti og hvort hægt er að halda utan um veiði dagabáta og sókn með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég held líka, herra forseti, að það sé afskaplega brýnt að bregðast við eins og hér er gert með breytingu á lögunum þar sem fjallað er um færsludaga á milli báta eftir stærð. Í gildandi lögum er það þannig að ef dagar eru fluttir á milli báta sem eru mismunandi að stærð á það að hafa áhrif á þann dagafjölda sem sá bátur fær sem kaupir dagana eða dagarnir eru fluttir á.

Það hefur komið í ljós að hugkvæmni manna hefur leitt þá til þess að fara í að mæla báta niður, ef það má orða það þannig, eða minnka þá til að fjölga dögunum. Það er auðvitað alveg ljóst, herra forseti, að ef menn ætla að vinna hér með sóknardagakerfi þarf að vera í gangi ákveðin flotastýring og þar með stýring á því hvað flotinn getur verið stór og öflugur, og liður í því hlýtur auðvitað að vera það að reyna að hafa eitthvert kontról á því hvernig dögum fjölgar eða fækkar eftir því hvernig þeir eru fluttir til á milli báta.

Ég tel a.m.k. fulla ástæðu til að skoða þessi atriði og nefndin mun ugglaust kynna sér út í hörgul hvaða hræringar hafa átt sér stað meðal þeirra dagabátaeigenda sem nú eru komnir af stað, annaðhvort í það að stækka eða minnka bátana sína, aðallega minnka skilst mér, eða láta smíða nýja, til þess að nýta sér þá möguleika sem kunna að felast í því að færa daga á milli báta.

Að öðru leyti, herra forseti, sýnist mér að hér sé aðeins eitt atriði sem skiptir máli og það er að fallið er frá því að sóknardögunum fækki í 21 dag og látið við það sitja að þeir séu 23.

Nú er það alveg ljóst að sóknardögum var fækkað vegna þess að þessir bátar höfðu veitt upp fyrir það hámark sem þeim er reiknað samkvæmt margumtöluðu samkomulagi um það hver á að eiga hvað inni í þessu kerfi. Eigi að síður er hér lagt til að dagarnir verði áfram 23 og mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvað útreikningar hans eða ráðuneytisins segi um aukningu afla miðað við þessar forsendur. Þá er ég ekki bara að tala um að dagarnir verði áfram 23 heldur vil ég líka fá svör við því hvað klukkutímamælingin getur aukið aflann mikið að mati þeirra sem hafa skoðað málið fyrir hönd hæstv. ráðherra. Ég held nefnilega að það hljóti að leiða af að það fyrirkomulag sem hér er lagt til muni í mörgum tilfellum auka sóknina og gera mönnum kleift að veiða meira en þeir gerðu ráð fyrir. Þá er auðvitað mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því hvað er verið að bæta miklu í þennan pott og hvort það verður þá gert með formlegum hætti.

Samkvæmt þessu frv. á það ekki að vera. Hér er talað um 0,67% af heildarafla í þorski, auk þeirrar aukningar sem leiðir þá af endurvali báta. Það væri fróðlegt fyrir okkur, herra forseti, og eðlilegt að hv. sjútvn. ynni síðan með þær upplýsingar — að komast á snoðir um hvað menn telja að þær breytingar sem hér eru lagðar til, annars vegar að dagarnir verði áfram 23 og hins vegar klukkutímar í staðinn fyrir sólarhringa — hvað útreikningar hæstv. ráðherra segi okkur að það geti aukið afla þessara báta mikið.

Þegar umræður fóru fram um sjávarútvegsmálin í tengslum við það frv. sem var til afgreiðslu á hv. Alþingi fyrir jólahlé heyrðist mér a.m.k. hæstv. sjútvrh. binda við það vonir að ekki aðeins frv. um málefni dagabáta kæmi inn í þingið í upphafi vorþings heldur einnig frv. sem lyti að öllu almennari og meiri breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða. Miðað við orð ráðherra gat maður satt að segja vænst þess að slíkt frv. kæmi á borð alþingismanna strax á fyrsta eða öðrum degi. Síðan hafa þau tíðindi borist að líklega birtist slíkt frv. ekki alveg á næstunni. Og við verðum að sætta okkur við það, þingmenn, rétt eina ferðina að afgreiða breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða í þeim bitum sem hér er boðið upp á, með tilraunum til tiltekins tíma, þannig að það er alveg ljóst að ekkert lát verður á frumvörpum til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða.

Nú síðast eru fréttir af því að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, í þessu tilfelli útvegsmenn og sjómenn, hafi gert með sér ákveðið samkomulag sem þeir beina til hæstv. sjútvrh. og ætla sér með því að hafa áhrif á þá lagasmíð eða þá frumvarpssmíð sem væntanlega er í gangi í ráðuneyti hans.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, í þessari umræðu, og það fyrr en síðar, að hæstv. sjútvrh. geri okkur sæmilega grein fyrir því við hverju er að búast í þessum efnum, einkum hvort hann reiknar með því að frv. hans til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða — sem átti einhvern tímann að vera heildarendurskoðun á lögunum — er væntanlegt alveg á næstunni. Það er auðvitað svolítið hjákátlegt að tala um heildarendurskoðun á sama tíma og verið er að afgreiða eða fjalla um annað smábátafrv. á vetrinum en þetta er einfaldlega sú staða sem hæstv. sjútvrh. stendur frammi fyrir. Menn eru afskaplega tilbúnir til að taka á málefnum smábátanna en hitt er látið liggja.

Jafnframt væri auðvitað býsna áhugavert fyrir okkur sem hér störfum að átta okkur á því hvaða vægi það samkomulag sem sjómenn og útvegsmenn hafa gert hefur inn í þá frumvarpssmíð, þá vinnu sem er í gangi í ráðuneytinu. Þar er auðvitað komið fram með atriði sem keyra nokkuð þvert á það sem meiri hluti svokallaðrar endurskoðunarnefndar skilaði frá sér og manni finnst að það sé í rauninni verið að núlla það álit út ef hæstv. sjútvrh. og hans menn við frumvarpssmíðina ætla sér að taka mark á þessu samkomulagi og nýta það. Ég ætla ekki að fjalla um einstök atriði í því á þessu stigi, herra forseti, ég geri ráð fyrir að til þess gefist betri tækifæri síðar. En mig langar að vekja athygli á einu, og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hv. Alþingi átti sig á því sem kannski sem stendur upp úr þegar þetta samkomulag er skoðað, en það er sú staðreynd að þessir aðilar gátu gert samkomulag, að sjómenn og útvegsmenn gátu samið.

Við höfum hér á hinu háa Alþingi staðið frammi fyrir því, eða verið látin standa frammi fyrir því, reglulega undanfarinn áratug að setja yrði lög á deilu sjómanna og útvegsmanna vegna þess að það hefur átt að heita svo að þessir aðilar gætu ekki samið. Sjómenn hafa reyndar jafnan haldið því fram að þeir gætu það víst en einhvern veginn hefur þessi hótun um yfirvofandi lagasetningu ekki virkað nægilega á báða aðila, ekki rekið þá til samninga með þeim hætti sem vænst hefur verið, þannig að endirinn hefur jafnan orðið sá að Alþingi hefur sett lög og það fullyrt af hálfu meiri hluta og þeirra hæstv. sjútvrh. sem hlut hafa átt að máli að þetta yrði að gerast vegna þess að þessir aðilar gætu ekki samið.

Það er þess vegna, herra forseti, býsna dýrmæt lexía fyrir okkur sem höfum staðið frammi fyrir þessu nokkrum sinnum að uppgötva það núna að sjómenn og útvegsmenn gátu samið þegar þeir höfðu til þess tóm og frið. Það ætti líka að segja stjórnvöldum nokkuð um það hverju vinnubrögð þeirra hafa skilað á undanförnum árum.

Það er líka svolítið merkilegt, herra forseti, að þær tillögur sem meiri hlutinn í endurskoðunarnefndinni náði samkomulagi um virðast samanlagt hafa verið meira ógnvekjandi fyrir þessa aðila en yfirvofandi lagasetning var, a.m.k. fyrir útvegsmenn, þegar slíkt stóð til.

En það er alveg nauðsynlegt, herra forseti, að við hér, þingmenn, sem höfum þurft að taka þátt í vinnu í miklum spreng reglulega á undanförnum árum vegna þess að stjórnvöldum hefur legið svo á að setja lög á sjómenn og útvegsmenn af því að þeir gætu ekki samið — þetta er svona nokkuð merkileg niðurstaða fyrir okkur — íhugum mjög vandlega á hvaða vegferð Alþingi hefur verið við þessar lagasetningar.

Þeir gátu sem sé samið, herra forseti, og það er út af fyrir sig ágætt þó að menn séu kannski misánægðir með niðurstöðu þeirra samninga.

Herra forseti. Ég hef á þessu stigi ekkert frekara um þetta mál að segja. Ég geri ráð fyrir að sjútvn. fari yfir og vinni með þær upplýsingar sem ég vænti að hæstv. ráðherra hafi um það hvaða áhrif þessi dagafjölgun á ný og það að breyta úr sólarhring í klukkutíma hafi í för með sér, og að við förum einnig vandlega yfir þá möguleika sem hafa opnast við þá löggjöf sem tók gildi 1. sept. sl. — hvað þetta atferli, að hægt sé að færa daga af stærri bát á minni og fjölga þeim þá, hefur kallað fram hér meðal dagabátaeigenda.

Svo vænti ég þess auðvitað að hæstv. sjútvrh. svari öðrum þeim spurningum sem hér koma fram um stöðu hinnar stóru endurskoðunar almennt og þá jafnframt hvaða áhrif samkomulag sjómanna og útvegsmanna hafi í því efni.

[17:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. um veiðikerfi smábátanna, þ.e. sóknardagaútfærsluna, sem var boðað í áliti meiri hluta sjútvn. þegar við afgreiddum þessi mál fyrir jól að því leyti sem sneri að hinum svokölluðu krókaaflamarksbátum.

Rétt er að láta þess getið í upphafi máls að stór hluti þeirrar tillögu sem hér er til umræðu og hæstv. sjútvrh. kynnti í framsögu sinni er í raun útfærður á sama hátt og brtt. sem við þrír hv. þm., sá sem hér stendur, Karl V. Matthíasson og Árni Steinar Jóhannsson, fluttum við frv. sem hér var til afgreiðslu fyrir jól um útfærslu á veiðum dagabátanna. Í þetta frv. vantar þó botn í dagana en það var inni í tillögu okkar. Við lögðum til að settur yrði botn í dagana miðað við 23 daga og þannig sett ákveðin festa í þetta kerfi til einhvers tíma, þó það segi auðvitað ekkert um það að einhvern tíma þyrftu menn kannski að skoða útfærslu þessa kerfis.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort ég hef skilið það rétt sem hann sagði áðan, en mér fannst hann segja að í framhaldi af þessum breytingum á sóknardagakerfi smábátanna megi vinna að frekari þróun þess kerfis. Má skilja þessi orð svo, hæstv. ráðherra, að hér með sé verið að lýsa því yfir að ekki standi til að leggja þetta kerfi niður heldur sé ætlunin að þróa það til framtíðar og að í raun sé ekki settur botn í dagana nú vegna þess að menn í sjútvrn. og Fiskistofu vilja sjá hvernig framkvæmdin tekst á þessu kerfi miðað við bæði þann fjölda báta sem í því verða og eins vegna þess ákvæðis sem hér er inni um tímamælingu og eftirlit og framkvæmd? Megum við hv. þingmenn vænta þess að þetta sé yfirlýsing um að ekki standi til að leggja þetta kerfi niður heldur eigi þróa það frekar?

Þýðir það að ekki er botn í dögunum í þessari tillögu, sem er það eina sem vantar inn í frv. að mínu mati miðað við þá brtt. sem við þrír hv. þm. lögðum fram fyrir jól, að verið er boða að skoða þurfi útfærsluna á hvernig eftirlitið takist, en að alls ekki standi til að leggja þetta kerfi niður heldur sé komin sátt um það meðal stjórnarflokkanna að viðhalda því og menn vilji aðeins sjá hvernig það þróist? Þetta er spurningin sem ég legg fyrir ráðherrann í tilefni af orðum hans áðan.

Ég ætla ekkert að hafa mjög langt mál um þetta frv. Eins og ég sagði í upphafi er þetta að stórum hluta sett upp með sama hætti og hefur sömu áhrif og við lögðum til í brtt. okkar fyrir jól. Ég tel það gott að menn skuli hafa drifið í því að koma með þetta frv. hér inn og einnig að það komi hér inn innan þeirra tímamarka sem meiri hlutinn í sjútvn. boðaði. Ef það liggur fyrir að það sé vilji manna að viðhalda þessu kerfi til framtíðar og menn vilji aðeins staldra við eitt fiskveiðiár til að sjá svona framkvæmdina þá, ef ég má skilja þetta svo — ég vona að ráðherra svari því skýrt á eftir hvaða hugsun felst í þeim orðum sem hann viðhafði áðan.

Ég vil hins vegar aðeins gera að umræðuefni það sem komið hefur í ljós sem afleiðing kvótasetningar smábátanna frá því að síðasta fiskveiðiár hófst þann 1. september sl. Það sem menn óttuðust auðvitað og vöruðu við var að þessi kvótasetning mundi hafa veruleg áhrif á úthald og afkomu þessa útgerðarþáttar annars vegar og hins vegar í framhaldi af því að með minnkandi afla mundi þetta hafa veruleg áhrif á atvinnustigið í byggðunum þegar fram í sækti og veikja þá undirstöðu sem byggðirnar hafa verið að byggja á, sérstaklega þær sem hafa reynt að búa sér til vörn í veiðikerfi smábátanna gegn þeim mikla bresti sem orðið hefur í aflaheimildum í byggðarlögum í hinu stóra aflamarkskerfi eða almenna aflamarkskerfinu, eins og t.d. í fjölmörgum byggðum Vestfjarða þaðan sem aflamarkið hefur nánast horfið og er nánast ekkert eftir nema hið nýja krókaaflamark annars vegar og hins vegar handfærabátar á dagatakmörkunum.

Til þess að varpa aðeins ljósi á þetta held ég að rétt sé að bera örlítið saman tölur frá fyrstu fjórum mánuðum þessa fiskveiðiárs sem nú er, þ.e. frá 1. september til áramóta annars vegar og fiskveiðiársins þar á undan meðan kvótasetningin var ekki komin til framkvæmda á smábátana. Þessar tölur segja okkur ef við lítum á þær tegundir sem smábátaflotinn hafði frelsi til að veiða í að hægt var að byggja upp þó nokkrar tekjur ef vel aflaðist hjá þessum útgerðarþætti. Þeir sem gerðu út smábáta voru þá að fá tekjur sem dugðu þeim jafnvel til að tryggja sér aflaheimildir í þorski og það er ekki lítilvægt atriði þegar aflaheimildir eru jafndýrar og þær eru orðnar að þeir sem voru að hefja útgerð smábáta margir hverjir voru þá að fá tekjur af þessum aukategundum til þess að komast kannski smátt og smátt inn í veiðikerfið með því að kaupa sér þorskheimildir.

Þess vegna hefur sá samdráttur sem orðið hefur við kvótasetningu smábátanna víðtækari áhrif en bara tonnin segja til um og er þó nógur samdráttur í þeim, eins og ég mun skýra á eftir. Þær tölur sýna að krókabátarnir veiddu á fyrstu fjórum mánuðum fiskveiðiársins, þ.e. í hittiðfyrra, tæp 4.700 tonn á haustmánuðum árið 2000. Á haustmánuðum árið 2001, eftir að vera komnir í kvótakerfið, í krókaaflahlutdeildarkerfið, veiddu krókabátarnir hins vegar 2.317 tonn eða alveg um helmingi minni afla en þeir veiddu á fyrstu fjórum mánuðum fiskveiðiársins á undan. Svona kemur þetta út á landsvísu.

Við höfum varað við því að þetta kæmi verr út í sumum landshlutum sem væru háðir krókaveiðunum en öðrum og þetta mundi vega á ný að þeim byggðum sem í raun voru veikastar fyrir að þessu leyti, voru búnar að missa mest frá sér af hinu almenna aflamarki, og sjómenn hafa þar af leiðandi verið að kaupa sig inn í þetta smábátakerfi í nauðvörn og verja þannig atvinnu sína, eignir og byggðir. Þess vegna mundi þetta hafa meiri áhrif í sumum byggðarlögum en kannski á landsvísu.

Það er akkúrat þetta sem hefur komið í ljós, og ég ætla hér að vitna til þess, því að í kjördæmi mínu á Vestfjörðum hefur þetta haft þau áhrif að tæplega helmingur af samdrætti alls ýsuaflans á landsvísu hjá krókabátunum hefur komið fram hjá bátum á Vestfjörðum. Samdrátturinn í ýsuafla krókabátanna á Vestfjörðum er slíkur að það vantar eiginlega alveg

um 1.000 tonn, þ.e. helmingurinn af samdrættinum á landsvísu kemur fram bara á Vestfjörðum. Ef ég ber þessar tölur nákvæmlega saman þá voru á haustmánuðum árið 2000, frá 1. september–31. desember, veidd á Vestfjörðum rúmlega 2.022 tonn af ýsu. En á síðasta ári, á fyrstu fjórum mánuðum hins kvótasetta fiskveiðiárs, veiddu þessir sömu bátar aðeins 1.085 tonn. Það er sem sagt helmingssamdráttur á Vestfjörðum. Á Vestfjörðum einum kemur fram helmingssamdráttur af þeim afla sem dregst saman um á landsvísu, þ.e. rúmlega 2.300 tonn.

Þetta hefur alveg gríðarleg áhrif og veldur ekki bara, eins og ég sagði áðan, tekjuminnkun fyrir þessar útgerðir heldur setur menn líka í ákveðinn vanda við að reyna að komast inn í kerfið með frekari kaupum á þorskaflahámarki eða krókaaflahlutdeild í þorski því einhvers staðar þurfa menn að fá tekjurnar til að geta keypt þetta eða þá tekjur til að borga þetta til baka.

Hlutfallslega má segja að dæmið sé svipað í steinbít og ufsa. Þar eru tölurnar hins vegar miklu lægri enda þekkt að haustmánuðirnir hafa jafnan verið besti tíminn til ýsuveiða á Vestfjörðum. Þar hefur þetta þess vegna komið harðast niður. Og þetta verður auðvitað til þess að þeim sem hafa verið að koma sér þarna fyrir reynist mun það erfiðara en ella væri og jafnvel svo að vafalaust munu einhverjir gefast upp á því dæmi.

Þetta vildi ég draga fram í umræðunni þó að ýmislegt fleira megi svo sem lesa út úr þessum tölum á landsvísu. Það sést t.d. að togararnir hafa aukið ýsuafla sinn verulega á haustmánuðum, eða úr 4.700 tonnum í 6.600 tonn, á sama tíma og hann dregst saman um helming hjá krókabátunum. Ufsaaflinn hefur einnig aukist hjá togaraflotanum um tæplega 1.500 tonn. Einnig er aukning á ýsuaflanum hjá öðrum aflamarkskipum en togurum.

Ljóst er að það var ekki skortur á ýsu á miðunum sem gerði það að verkum að krókaaflinn dróst svona saman. Það sýna veiðitölur annarra skipa. Enda hefur hæstv. sjútvrh. komist að sömu niðurstöðu með því að auka kvóta í ýsu um 11.000 tonn. Einnig hefur ufsakvótinn verið aukinn og aflabrögðin benda í þá átt að aukning sé í ufsagengd á miðunum.

Hvort tveggja sýnir því að samdrátturinn í veiðum krókabátanna stafar ekki af minnkandi fiskigengd en sennilega að stórum hluta eða stærstum hluta af því að kvótasetningin á smábátana átti sér stað. Þetta er afleiðingin sem við vorum að benda á í umræðum um smábátana og hvaða áhrif kvótasetning á þá mundi hafa á byggðarlögin. Og ljóst er eins og ég hef dregið hér fram með tölum að Vestfirðir fara verst út úr þessu dæmi miðað við fyrstu fjóra mánuði fiskveiðiársins.

Þess vegna var ekki undarlegt að við, m.a. þingmenn Vestfjarða ásamt nokkrum öðrum, skyldum hafa af því verulegar áhyggjur að fara þá leið. Varla verður séð að það hefði þurft að fara þá leið miðað við það sem hefur þó verið gert í þessum málum eftir að sú ákvörðun var tekin af ráðuneytinu og hæstv. sjútvrh. að auka við aflaheimildir í þessum tegundum.

Ég er enn þá á þeirri skoðun að mun gæfulegra hefði verið að setja takmörkun á dagafjölda bátanna í þorskaflahámarkskerfinu og hafa þannig áhrif á aflann án þess að setja mönnum þessi ströngu skilyrði og þennan geysilega mikla niðurskurð í tekjumöguleikum. Ég er alveg viss um að ef svona hefði staðið í bólið gagnvart stórútgerðinni, að ekki væri bara verið að skera niður þorskinn á milli ára eins og hefur verið gert í tvígang yfir allan flotann, heldur bættist við tvöföld skerðing til viðbótar í aukategundum, tegundum sem skipta verulegu máli í aflabrögðum á Vestfjörðum, ýsu og steinbít, þá hefðu menn nú aldeilis borið sig illa.

Ég er ansi hræddur um, þó að ég voni vissulega að menn þrauki og komist í gegnum þetta, að tekjuskerðing manna um helming á milli ára, fyrst tvisvar sinnum niðurskurður í þorski og síðan kvótasetning í ýsu og kvótasetning í steinbít, þýði í mörgum tilvikum að útgerðin muni þurfa að standa frammi fyrir lækkun í tekjum svo nemur um helming. Það er einfaldlega of í lagt að fara þannig í málin, að gera það róttækar breytingar að tekjusamdráttur í útgerð breytist um helming til lækkunar á milli ára. Það á við um alla útgerð í landinu. Og þótt menn væru hér að breyta lögum almennt um stjórn fiskveiða, þá yrðu menn auðvitað að hafa það að markmiði að slíkt ætti sér ekki stað. En það átti sér stað nú á haustdögum varðandi smábátana.

[17:20]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Enn er hér verið að ræða frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Slík frv. koma oft fram til þess að reyna að laga þá agnúa sem eru á lögunum. Reyndar er það svo að hæstv. sjútvrh. hefur boðað að hann muni leggja fram frv. til laga um stjórn fiskveiða og eru ýmsir aðilar búnir að senda honum skoðanir sínar á því hvernig best væri að hafa þau lög, þ.e. samtök sjómanna og LÍÚ. En þó að þeir aðilar vinni við slík störf og komi nálægt þeim, þá hljótum við að hafa það í huga þegar við fjöllum um svo mikilvæg mál að auðlindin í kringum landið, hafið og nytjastofnarnir í hafinu eru sameign íslensku þjóðarinnar. Og það hljóta náttúrlega fleiri að koma að þeim málum en eingöngu samtök sjómanna og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Eins og við vitum eru útflutningsverðmæti sjávarútvegsins ein þau mestu og þetta er stærsta atvinnugrein þjóðarinnar.

En hér er eins og ég sagði lítið frv. sem fjallar um breytingar á lögum um krókabátana. Gert er ráð fyrir því að í stað þess að það séu dagar sem menn rói eftir — hafi leyfi til að róa 23 daga, þá er talað um klukkustundir. Má þá spyrja hvort bátunum verði þá úthlutað 552 klukkustundum hverjum. Og hvort menn geti þá í þessu kerfi framselt klukkustundir en ekki daga. Mun maður sem er í slíku kerfi geta selt eða leigt öðrum t.d. tvær, þrjár klukkustundir?

Í frv. sem samþykkt var á Alþingi fyrir jólin um smábátana kom fram að þeir sem voru á 40 dögum og fengu 30 tonn geta valið á milli dagakerfisins og krókaaflakerfisins. Vaknað hafa spurningar hjá ýmsum um það hvort einhvern tímann hafi komið inn í umræðuna að aðrir bátar, sex tonna bátar sem eru í stóra kerfinu sem kallað er, mættu þá velja sig líka inn í dagakerfið. Því að á sínum tíma voru sumir sem völdu sig inn í það kerfi, stóra kerfið, en hafa orðið fyrir mjög miklu tjóni vegna þess hversu mikil skerðingin hefur verið og þeir hafi í raun og veru vegna þessa vals orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni samanborið við hina sem t.d. núna velja dagana í staðinn fyrir að fara yfir á krókaaflahámarkið.

Mig langar til að segja það hér í umræðunni að áður fyrr voru smábátar náttúrlega miklu minni en þeir eru í dag. Og geta þeirra til þess að sækja sjóinn var einnig miklu minni en er í dag. Flestir eru komnir með miklar og öflugar vélar og geta flengst nokkuð um sjóinn, ólíkt því sem áður var. Stundum hefur hvarflað að mér að spyrja hæstv. ráðherra hvað honum fyndist um það að til væri flokkur báta sem hefði

30 hestafla vélar eða minna sem mættu vera á handfærum og frjálsum veiðum. Löngum hefur verið í allri þessari umræðu talað um frjálsar veiðar á handfæri og færð fyrir því rök að það skaði ekki mikið. En aðrir hafa mælt á móti því vegna þess að vélar báta eru orðnar svo kröftugar, bátarnir stórir og þetta séu orðin öflug fiskiskip mörg hver. En eftir situr samt sú spurning hvort hæstv. ráðherra sjái þetta fyrir sér.

Við getum hugsað okkur gamlan trébát sem fer ekki nema fjórar, fimm, sex, kannski sjö mílur og getur ekki róið nema í mestu blíðum og aðeins út fyrir bryggjuna, hvort slíkir bátar megi ekki vera á frjálsum handfæraveiðum. Og minnir það nú á þegar bændur og aðrir sem höfðu tækifæri til að róa fáeina daga á ári, þeir gátu það og aflað smátekna með slíkum veiðum.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að það eru margir sem eiga báta og hafa haffærnisskírteini en eiga engan kvóta eða enga daga. Eigendur þeirra báta mega róa á þeim og þeir mega veiða í soðið. En eigendur þessara báta þurfa að greiða öll gjöld, hafnargjöld og fleiri gjöld sem koma undir skipaskráninguna, en hafa ekki nokkurn einasta möguleika til að afla sér smátekna. Því spyr ég hæstv. ráðherra um þetta.

En auðvitað verður að segja eins og er, ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli koma með þetta frv. því það felur í sér góð ákvæði. En ég minni hann á að a.m.k. tvö þeirra voru í frv. sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson og ég lögðum fram. Þetta er nánast mjög í sama anda og væri það nú mótsagnarkennt ef við værum á móti þessu frv. og mæltum ekki með því. Því við þekkjum náttúrlega þá sögu að þeir sem voru á dögunum og reru til fiskjar og voru kannski búnir að vera úti á sjó í þrjá, fjóra, fimm klukkutíma en allt í einu skall á bræla og menn þurftu að snúa í land og vera snöggir að því, þá var sá dagur til einskis, þá voru þeir búnir að missa dag. Þetta er leiðrétting á þeim málum sem ég fagna og er glaður að sjá.

En það er spurningin um hvort menn muni þá geta framselt klukkutíma en ekki daga og hvort menn megi selja dagana og selja klukkustundirnar eða leigja þær eins og hefur stundum verið talað um.

Að lokum ítreka ég þá spurningu hvort hæstv. ráðherra gæti séð fyrir sér að bátar undir sex tonnum, sem eru í stóra kerfinu, geti fengið að velja sig inn í dagakerfið.

[17:30]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Áður en lengra er haldið vil ég taka fram að það sem stendur í þessu frv. er að mörgu leyti samhljóða breytingartillögum sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sá sem hér stendur og hv. þm. Karl V. Matthíasson lögðu fram við frv. um stjórn fiskveiða fyrir áramót. Það breytir þó ekki því, virðulegi forseti, að við hv. þingmenn hljótum að velta því fyrir okkur hvort vinnubrögðin sem hér eru viðhöfð séu við hæfi, að beita smáskammtalækningum eða eins konar slökkviliði þegar menn átta sig á að sú stefna sem við fylgjum í stjórn fiskveiða er að leiða til ófarnaðar víða um land. Þess vegna telur stjórnarmeirihlutinn sig knúinn til þess að setja plástra á hér og þar til að halda hlutunum gangandi enn um sinn. Að mínu mati eru þetta óviðunandi vinnubrögð, sérstaklega í ljósi þess að nú hefur t.d. náðst samkomulag aðila úti í bæ, LÍÚ og hagsmunaaðila, um stóreflisinngrip sem væntanlega kemur inn á borð til hv. þingmanna innan skamms. Auðvitað verðum við að krefjast þess að þessi mál séu tekin þeim tökum að við eigum möguleika á að fjalla um þau heildstætt.

Það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða litu dagsins ljós á hinu háa Alþingi. Reyndar klofnaði sú nefnd en það er meiri hluti í þeirri nefnd og síðan þrjú minnihlutaálit. Það er ljóst af niðurstöðum þeirrar nefndar að það þarf miklu meiri vinnu til að ræða um hvernig við högum stjórn fiskveiða í landinu þannig að sæmileg sátt sé um næstu ár og áratugi. Það verður ekki unnið með þessum plástralausnum þó að ég geti í sjálfu sér ekki lagst gegn þessu frv. Það mundi þó bæta ástandið, miðað við gildandi lög um stjórn fiskveiða, enda í samræmi við þær brtt. sem þrír okkar hv. þingmanna lögðum fram er lögin um stjórn fiskveiða voru til endurskoðunar fyrir áramótin. Þessum lögum er ætlað að halda utan um veiði dagabáta og sókn þeirra. Hér er komin fram dagafjöldabreyting og líka sú breyting að menn fara úr sólarhring í klukkutíma. Þetta er allt mjög í þeim anda sem við höfum lagt fram, hv. þingmenn, sem brtt. í umræðunni og við afgreiðslu lagabreytinga hér fyrir áramótin.

Virðulegi forseti. Við munum fjalla um þessi mál í hv. sjútvn. og ræða þau þar. Ég held að það sé óumflýjanlegt að fá heildstæðari mynd af því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að fara í breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða til þess að einhver haus og hali sé á þessu máli í heild sinni. Ég tel óviðunandi fyrir þingmenn, eins og ég sagði áðan, að taka þetta í plástralausnum sem auðvitað eru til komnar vegna þess að stjórnarmeirihlutinn gerir sér fyllilega grein fyrir áhrifunum af núverandi fiskveiðistjórnarkerfi á hinar dreifðu byggðir.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni gera allir sem fara um landsbyggðina sér grein fyrir því að kvótasetning á ýsu og steinbít muni hafa gríðarleg áhrif, bara það dæmi. Það er ekki útséð með að þær útgerðir sem byggt hafa á eða byggðu á þeim möguleika sem þar var hafi möguleika á því að lifa áfram, svo naumt er skammtað og svo hart er skorið að mönnum. Eftir þeim fréttum sem maður fær utan úr bæ núna varðandi samkomulag hagsmunaaðila og LÍÚ er náttúrlega ljóst að sé litið út frá hagsmunum margra hinna dreifðu byggða þá verður enn sorfið að mönnum. Menn munu hætta útgerð í stórum stíl, þeir sem eru kvótalitlir eða hafa leitað annarra möguleika til að halda útgerð sinni gangandi.

Það er einmitt þetta sem við þurfum að horfa á í þessu ljósi, virðulegi forseti. Það dugir ekki að taka bara einn enda hverju sinni, setja á plástra eða slökkva bálin sem kvikna hér og þar. Við verðum að bera gæfu til að skoða með hvaða hætti fiskveiðistjórnarkerfið verði keyrt til frambúðar þannig að við getum lifað í þessu landi, alls staðar á landinu eins og verið hefur, haldið byggðamunstrinu o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en árétta bara að við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ásamt Karli V. Matthíassyni lögðum fram brtt. við afgreiðslu á breytingu á lögum um stjórn fiskveiða fyrir áramótin. Þetta eru mjög ámóta tillögur, nánast sömu tillögur og þar komu fram. Ég mun fjalla um þetta mál í sjútvn. ásamt öðrum hv. þm. sem þar eru. Hér hafa komið fram ýmsar spurningar sem auðvitað þarf að svara, þ.e. varðandi áhrifin sem þetta hefur varðandi magn o.s.frv., hvernig menn sjá fyrir sér að þetta æxlist á grunni frv. sem hér eru sett fram. Það kemur væntanlega allt saman fram í umfjöllun nefndarinnar.

Meginmálið er að hv. stjórnarþingmönnum og hæstv. ríkisstjórn virðist ekki ætla að takast að grípa þetta mál föstum tökum, endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, *þannig að heildstæð mynd náist. Það er greinilegt af þeim* vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Hv. þm. vita allir að í framhaldi af þessu frv. eru að koma inn tillögur sem eru allstórkarlalegar. Hvort sem það verður í frumvarps- eða tillögugerð er ljóst að stjórnarmeirihlutinn ætlar sér að halda áfram með þessum hætti og taka ekki á málunum. Þó væri fullt tilefni til vegna þess að niðurstöður nefndarinnar um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða eru þrátt fyrir allt grunnur að róttækum breytingum á þessum málum. Menn þyrftu að freista þess að ná hér fram breytingum, róttækum breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu sem geti náð þeim markmiðum sem allir virðast vera sammála um þegar rætt er um fiskveiðistjórnarmál á hinu háa Alþingi.

Það stendur upp úr hverjum hv. þm. á fætur öðrum hér í umræðunni að við megum ekki drepa niður möguleika hinna dreifðu byggða til lífsbjargar. Stefnan er í raun allt önnur eins og dæmin sanna. Stefnan er að fækka fyrirtækjum og stækka þau og gera mönnum hægt og rólega ókleift að gera út, á mörgum stöðum á landinu. Þetta frv. hér er að vísu plástur á eitt sárið en gerir það ekki að verkum að við fáum heildstæða mynd sem við þyrftum að geta unnið eftir á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri. *Við munum fjalla um þetta mál í hæstv. sjútvn., fá upp*lýsingar og ræða þar málið eins og þarf.

[17:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Deilumálin í sjávarútveginum halda áfram en alþingismenn tala í annað sinn í vetur um trillur. Hér er ekki verið að takast á um stærstu deilumálin í sjávarútvegi heldur um hvernig eigi að stjórna veiðum smábáta. Það dugar ekki minna en að koma með tvö frv. á sama þingvetrinum til þess að koma þeim málum í það horf sem dugar í eitt ár því að það á að endurskoða þetta eftir árið.

Öll nema eitt, að ég hygg, af þeim atriðum sem hér er verið að leggja til að verði lögfest voru til umræðu þegar fyrra frv. um smábátana var til afgreiðslu og umfjöllunar á hv. Alþingi fyrir áramótin. Það sem bæst hefur við er að nú vilja menn koma í veg fyrir slys sem stafa af því ákvæði í lögunum að ef menn færðu daga á milli báta þá mundi dögunum fækka ef fært yrði á stærri bát en fjölga ef fært yrði á minni bát.

Ég er ekki hissa á að menn vilji breyta þessu ákvæði. Það er heldur ekki nýtt að ákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða sem menn hafa sett hér á Alþingi hafi haft áhrif á hvernig *bátar eða skip eru smíðuð á Íslandi. Í sannleika sagt held* ég að ekki séu til ömurlegri skipasmiðir en þeir sem hafa teiknað í sölum hv. Alþingis. Ég minni á þegar menn tóku upp á að smíða 9,9 tonna bátana, sem urðu allt að því 60 tonn sumir, þegar menn voru farnir að fást við að fara fram hjá reglunum, eða fara eftir reglunum öllu heldur. Sama er að segja um þetta ákvæði, um að dögum mundi fjölga ef fært yrði á bát sem mældur væri minni en sá sem veiðiréttindin voru á.

Það er ljóst að í stað báta með hefðbundnu lagi, sem mælast u.þ.b. 6 tonn samkvæmt núgildandi kerfi, er hægt að smíða a.m.k. sambærilegan bát að stærð sem væri 3 tonn. Sá væri miklu afkastameiri, hraðskreiðari og með öll tæki eins góð eða betri en hinn. Hann hefði hins vegar helmingi fleiri daga til að veiða samkvæmt þeim reglum sem eru í lögunum núna. Ég held að það hefði ekki farið fram hjá mönnum *hefði það verið borið undir þá sem hafa staðið í því í gegnum* tíðina að reyna að fylgja þeim reglum sem hafa verið settar hér. En það virðist ekki hafa verið gert þegar menn settu þessi lög, kannski hefur ekki verið tími til þess.

Ég er sammála því að þessu þurfi að breyta. Ég mun leggja það til á fundi sjútvn. í fyrramálið að menn athugi hvort við getum ekki farið og fengið að sjá afrakstur þessara reglna sem hér hafa verið í gildi með því að fá að skoða báta sem eru í smíðum núna eftir þessari reglu. Það er satt að segja ekki góð auglýsing, hvorki fyrir Alþingi né þá sem þurfa að fara eftir þessum reglum, að sjá skip sem eru smíðuð með tilliti til þeirra reglna sem eru í gildi.

Ég tel að það sé til mikilla bóta að breyta sóknarkerfinu þannig að menn geti mælt í klukkustundum þann tíma sem þeir eru á sjó og séu ekki undir þeim reglum sem hafa verið, þ.e. að ef þeir ætla að nýta daga sína verði þeir að gera það með því að vera jafnvel heilu sólarhringana á sjó eða a.m.k. sem allra lengst. Þetta hefur orðið til þess að menn hafa bæði verið í miklum vanda með að velja daga til að fara á sjó og líka gengið mjög nærri heilsu sinni og enn fremur lent í erfiðleikum og hættu vegna þess að þeir hafa verið að reyna að róa mjög langa róðra og hafa lent í brælum og vandræðum á landleiðum þess vegna. Ég held að það sé í rétta átt.

En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst vanta að hér á hv. Alþingi sé sagt skýrt og skorinort hvort menn ætli sér að gera þetta að framtíðarkerfi eða ekki. Það er mjög nauðsynlegt að menn horfist í augu við það og gangi þá þannig frá því lagafrv. sem hér er að það geti gengið upp. Það er alveg á hreinu að það sem hér er sett á blað gengur ekki upp. Ef menn mega róa 23 daga, breyta þeim í klukkustundir og eiga síðan að fiska þá litlu prósentu af veiðinni sem höfð er til viðmiðunar gengur það ekki upp. Alþingi er búið að reyna þessa aðferð býsna lengi. Hvað eftir annað hefur Alþingi sett lög þar sem mönnum hefur verið gefið leyfi til að róa ákveðið marga daga, og síðan hefur verið sett einhver viðmiðun um prósentu af fiskstofnum sem menn mættu veiða sem er gjörsamlega út í bláinn. Og þessi viðmiðun er gjörsamlega út í bláinn.

Ég hvet menn til þess að horfast í augu við að það mun halda áfram að veiðast miklu meira en þessi prósenta gefur tilefni til. Ég er ekki að kvarta undan því ef það veiðist meira. En ég er að kvarta undan því að menn setji lög á Alþingi sem þeir vita að geta ekki gengið upp.

Úr því að hér er verið að setja upp það sem menn kalla „reynslutímabil" með þessum hætti, þ.e. eitt ár — hætta við að fækka dögunum miðað við þá reglu sem var í gildi um *10% rýrnun á ári, fresta því um eitt ár og ætla að endurskoða* þetta að því loknu — lít ég svo á að verið sé að gefa það til kynna að menn séu tilbúnir að skoða hvort þessi floti megi lifa áfram. Botn verður að fást í málið því það mun ekki *ganga upp að menn fækki svo klukkutímunum í samræmi* við þá lágu prósentu sem þessi floti á að fá að veiða, eins og stendur í lögunum. Ég held að menn þyrftu ekki annað en að velta fyrir sér tölunum um það hvað þessi floti er búinn að vera að veiða á undanförnum árum og bera það saman við það prósentubrot sem þeir mega bera að landi til að sjá að þetta er auðvitað fráleit lagasetning.

Það er alveg full ástæða til að viðhalda þessum flota vegna þess að fjölmörg byggðarlög sem eru nú að lenda í

meiri vanda en áður vegna laganna sem voru sett í haust munu kannski að einhverju leyti geta bjargað sér á veiðum þeirra báta sem hér er verið að tala um.

Mig langar svo til viðbótar við þetta að beina spurningu til hæstv. ráðherra því að í frv. er gert ráð fyrir því að ráðherrann fái heimild til að setja reglur um flutning sóknardaga á milli báta í eigu sömu aðila. Mig langar að spyrja þessa: Er um það að ræða að hæstv. ráðherra ætli að setja reglur um það að eigi menn tvo eða fleiri báta geti þeir flutt veiðidagana á milli án skerðingar? Eða er eitthvað annað sem hangir á spýtunni? Ég spyr af því tilefni að ég tel að verið sé að mismuna mönnum ef þetta verður gert svona. Og ég sé enga ástæðu til að mismuna mönnum með þeim hætti. Ég tel að menn eigi að fá að flytja daga af einum bát yfir á annan ef þeir eru að skipta um bát en ekki að menn geti flutt daga á milli báta til að nýta betur dagana sem þeir hafa. Og aðrir sem eiga ekki nema einn bát hafi þá ekki sömu möguleika til að nýta sína daga. Ef mönnum verður leyft að flytja á milli báta í eigu sömu útgerðar held ég að þeir muni hlaupa til og sameina ýmsar útgerðir í snarheitum til að geta gert þetta með það fyrir augum að nýta klukkutímakerfið á allt annan hátt heldur en við höfum kannski verið að láta okkur detta í hug að yrði gert. Auðvitað fá menn ákveðin tækifæri með því að geta nýtt dagana sem klukkutíma. Menn geta þá haldið bátum býsna stíft úti og jafnvel nýtt dagana miklu betur með þessum hætti og það væri þá mismunun við þá sem eiga bara einn bát og fá þar af leiðandi ekki að flytja þá daga óskerta yfir á annan bát ef þeir geta ekki nýtt dagana á þeim fyrri. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hugsi sér að gera hvað þetta varðar svo það liggi fyrir í umfjöllun nefndarinnar um málið.

Ég vil tengja þetta umræðunni um hið nýja samkomulag milli aðila í sjávarútvegi sem var kynnt hér fyrir nokkrum dögum. Ég veit ekki betur en að í því samkomulagi hafi sjómenn a.m.k. staðið í þeirri meiningu að þeir væru að gera samkomulag um að þær aflaheimildir sem væru festar við bátana með samkomulaginu væru aflaheimildir sem ekki væri hægt að flytja á milli þeirra þótt þeir væru í eigu sömu útgerðar, þ.e. að framsalið mætti ekki verða nema 25% af öllum aflaheimildum skipsins og það ætti við hvort sem bátarnir væru í eigu sömu útgerðar eða óskyldra aðila.

Þannig skilja sjómenn þetta. Ég hef leitað mér upplýsinga um það. Og mér finnst að þá þurfi að velta fyrir sér í samhengi hvað menn eru að gera.

Af því að ég er farinn að nefna þetta samkomulag vil ég bara segja að það er náttúrlega full ástæða til að endurtaka hér spurningar og óska eftir skýrum svörum um það hvað er fram undan í umfjöllun um sjávarútvegsmálin í vetur. Hvenær eigum við von á því að fá frv. hér inn til umfjöllunar? Það eru búnar að vera býsna digrar yfirlýsingar um það alveg frá því fyrir síðustu kosningar að hér ætti að taka á málum hvað varðar stjórn fiskveiða til að þjóðin fengi breytingar á kerfinu sem menn sættu sig betur við heldur en hefur verið fram að þessu. Endurteknar yfirlýsingar um að slík mál yrðu lögð fyrir. Yfirlýsingar um að það kæmi fram á þessu þingi eða það kæmi fram fyrir áramót. Við höfum ekki séð þessi frv. enn þá. Þess vegna er full ástæða til að spyrja hvenær þetta frv. sem á að verða til að sætta þjóðina við hið umdeilda fiskveiðistjórnarkerfi muni koma.

Ég verð hreinlega að segja að þótt ég skilji sjómenn ágætlega, að þeir skuli reyna að vinna fyrir umbjóðendur sína með því samkomulagi sem ég nefndi áðan, mundi það samkomulag, ef það yrði lögfest á Alþingi, verða til þess að loka þessari atvinnugrein enn frekar fyrir þeim sem vildu byrja útgerð og hrekja þá út úr útgerð sem hafa hafið hana á Íslandi undir þeim reglum sem eru núna. Því miður. Ég er ekki að mæla með því fyrirkomulagi sem þeir leggja hér til. Ég hef fylgt tillögum um að opna þessa atvinnugrein og gefa mönnum jafnræði til að keppa um að verða atvinnurekendur í sjávarútvegi en mæli ekki með því að þessari atvinnugrein verði lokað enn frekar eins og þarna er gert.

Á meðan einkaeignarrétturinn ríkir í sjávarútvegi eins og nú er sé ég ekki að það sé til bóta að reyna að halda öllum öðrum frá þessari atvinnugrein en þeim sem þar eru fyrir. Og afleiðingarnar af því höfum við verið að sjá á undanförnum árum með endalausum samruna fyrirtækja og stækkun þeirra sem eru stærstir. Þetta mun auðvitað bara bæta í það. Það munu engir komast að þessari atvinnugrein öðruvísi en þeir séu, ja hreinlega komnir þar inn. Þeir geta bætt við sig veiðiheimildum kannski sem eru komnir inn, þeir sem ekki munu þá hrekjast út úr henni núna vegna þeirra ákvæða sem þarna er verið að óska eftir að verði lögfest.

Þetta þurfa menn auðvitað allt saman að vega og meta en ég held að affarasælast væri að menn settust yfir þetta mál með það að leiðarljósi að ná samkomulagi um þessa sameiginlegu auðlind okkar sem þjóðin getur sætt sig við. Það er ekki samkomulag sem samið er um á milli hagsmunaaðila. Hér á hv. Alþingi hafa menn verið allt of uppteknir af því að sækja ráðin til fámenns hóps sem fyrst og fremst horfir — og bara eðlilega — á sína eigin hagsmuni í þessu máli. Hér eiga menn auðvitað fyrst og fremst að horfa á sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar og hlusta á það sem hagsmunaaðilarnir hafa að segja en ekki láta þá ráða gerðum sínum eins og svo oft hefur verið hér á hv. Alþingi.

[17:57]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Við ræðum hér annað frv. af þeim þremur sem boðuð hafa verið á þessu þingi varðandi breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Við settum lög í desember sem sneru að krókaaflamarksbátunum þar sem þeim var að nokkru bætt það sem þeir höfðu misst þegar þeir hættu að geta stundað veiðar á ýsu og steinbít utan kvóta. Núna erum við að ræða hér frv. um þá báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum sem oftast eru kallaðir dagabátar. Og boðað hefur verið frv. um heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða með vorinu þar sem tekist verður náttúrlega á um hin stærri mál svo sem eins og veiðileyfagjald eða fyrningarleið. Nýgert samkomulag milli útvegsmanna og allra heildarsamtaka sjómanna hlýtur auðvitað að koma til skoðunar við þá frumvarpsgerð og fleira og fleira.

En vonandi verður þar látið staðar numið í bili með breytingar á þessum lögum. Ekki svo að skilja að ég sé svo stórhrifinn af þessu fiskveiðistjórnarkerfi okkar, síður en svo, en ég held að ekki sé búandi við það að endalaust og stöðugt sé verið að krukka í þetta á hverju einasta þingi. Þeir sem starfa í þessari grein verða náttúrlega að vita nokkuð við hvað þeir búa til aðeins lengri tíma en nokkurra mánaða í senn. Auðvitað er þetta stjórnkerfi okkar að mörgu leyti meingallað, ekki síst hvað snýr að smábátunum þar sem menn eru að veiða með ótal kerfum á svipuðum bátum. Maður getur labbað niður að höfn og séð fjórar fimm tonna trillur liggja hverja utan á annarri og þær eru að veiða í jafnmörgum fiskveiðistjórnarkerfum. Þetta er auðvitað glórulaust en þetta hefur okkur á Alþingi tekist að búa til og við það búa menn.

Það frv. sem hér er til umræðu er til komið með samkomulagi sjútvrn. og Landssambands smábátaeigenda sem er alveg nýtt, að ég held. Ég man satt að segja ekki eftir því fyrr að þar hafi orðið samkomulag á milli um nokkurt mál. Mér finnst það því vera til fyrirmyndar, og mætti vera oftar. Það er gott að þessir aðilar skuli hafa náð að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Mér líst ágætlega á það sem segir í frv. Þarna er einn hópur útgerðarmanna sem fær að veiða utan þessarar ofboðslegu stýringar þar sem menn mega veiða nákvæmlega upp á kíló þetta og þetta eins og er í öllu kvótakerfinu. Þarna eru kannski síðustu leifarnar af frjálsum veiðum. Menn mega stunda sjóinn ákveðið marga daga og veiða það sem þeim tekst að komast yfir á þeim dögum, en eru að vísu bundnir því að veiða á handfæri sem er ágætt með þeim undantekningum þó að þeir mega bregða sér á hrognkelsa- og botndýraveiðar.

Gert er ráð fyrir að menn fái að veiða 23 daga í stað 21 eins og áður hafði verið gert ráð fyrir sem er auðvitað hið besta mál. Og að þessi hópur báta fái að veiða 0,67% af heildarafla í þorski, auk þeirrar aukningar sem leiðir af því að bátar úr næsta kerfi á undan færa sig yfir í þennan hóp eins og samþykkt var á þinginu í desember, þ.e. þeir bátar sem áður voru í 40 daga kerfinu, þannig að hlutdeildin hækkar eitthvað við það. Þessi 0,67% munu vera fundin þannig að stuðst er við það hvað þessir bátar hafa verið að veiða á undanförnum árum. Kannski verður einhver breyting á því með þeirri breytingu sem gerð er núna, að hætta að telja þessa 23 daga í heilum dögum. Nú verður sóknin mæld í klukkustundum sem breytir örugglega talsvert útgerðarmunstri bátanna. Ég tel það til mjög mikilla bóta. Þetta hefur verið mikið kappsmál fjölmargra manna sem gera út í þessum útgerðarflokki. Þeir hafa frekar viljað fá klukkutímana mælda en dagana, bæði vegna þess að þegar sólarhringarnir eru mældir freistast menn til að halda sig að þó að kannski sé að koma vafasamt veður og svo hefur verið gríðarlegt vinnuálag á þessum mönnum. Ég hitti ágætan trillukarl í síðustu viku sem gerði út frá Tálknafirði í fyrrasumar og hann sagðist í tvígang hafa lent í því að sofna á landleiðinni eftir mikið puð. Sá maður var afskaplega ánægður með þessa breytingu og svo er um fleiri.

Það sem mér finnst líka mjög gott í frv. er að sóknardögum skuli ekki fjölga þótt þeir séu fluttir á minni bát. Í öllu þessu stjórnkerfi okkar eru menn alltaf að reyna að finna leiðir fram hjá því, finna leiðir til að gera eitthvað annað en Alþingi hafði ætlað. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi það að menn væru að teikna báta á Alþingi þegar verið er að bralla svona. Það er út af fyrir sig rétt að þetta hefur ekki kannski verið skýrar orðað hjá okkur en svo að menn hafa endalaust fundið leiðir fram hjá því sem Alþingi ætlar sér og með því kannski eyðilagt kerfið aftur og aftur.

Og smá dæmisaga af því: Þegar ég kom inn í bátasmiðju í síðustu viku stóð þar fimm eða sex tonna bátur sem sú stöð byggði fyrir ágætan útgerðarmann norður í landi fyrir einu ári. Búið var að saga drjúgan hluta af framendanum og var verið að gera hann þverhníptan að framan og stytta hann. Og til hvers var það gert? Jú, það var gert til að fjölga dögunum. Með því að minnka bátinn fengi hann fleiri veiðidaga en 21 eins og gert hafði verið ráð fyrir í lögunum sem nú eru að detta úr gildi. Við hliðina á bátnum stóð síðan ferkantaður kassi og ég spurði bátasmiðinn hvort hann væri farinn að smíða heita potta — ég var nú svo vitlaus að ég hélt að þetta væri heitur pottur. Þá hló hann við og sagði að þarna væri nýjasta fiskiskipið í flotanum að fæðast. Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð að ganga fjórum sinnum í kringum þetta óbermi áður en ég trúði því að þetta ætti að verða bátur; þrír og hálfur metri á lengd, tveir og hálfur metri á breidd og á þessu á svo að vera utanborðsmótor. Þessi bátur á að mælast tæplega eitt tonn. Í honum eiga að vera fiskiker fyrir þrjú tonn og þannig ætlaði útgerðarmaðurinn að fjölga dögunum sínum úr 21 í 60.

Tekið er fyrir svona rugl sem betur fer með frv. Það er náttúrlega fyllilega tímabært og auðvitað þarf að stoppa þetta. Menn reyna alltaf að snúa á kerfið meðan nokkurt tækifæri gefst til. Þess vegna tel ég að þetta sé ágætisákvæði og ég tel að frv. þurfi að fá hraða afgreiðslu á þinginu þannig að endaleysa eins og ég var að lýsa verði stoppuð.

Ég endurtek að ég er almennt mjög ánægður með frv. og tel það til mikilla bóta.

[18:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem hér er til umræðu fjallar um svokallaða dagabáta á handfærum. Þetta er eitt frv. enn af hálfu hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar til að plástra götótt og lélegt stjórnkerfi fiskveiða.

Það er þó lofsvert að hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., skuli gera sér grein fyrir því að það kerfi sem við búum við er meingallað. Það er þó viðleitni að á eins til tveggja mánaða fresti eða svo séu lögð hér fram lítil frv. til þess að bæta í þau göt sem hafa komið á fleytu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum. Eins og við sjáum eru götin með þeim hætti að það er gatasigti líka í kring þannig að þetta er heldur hæpinn plástur og dugar sennilega ekki í marga róðra.

Það er illt til þess að vita, herra forseti, að það stórmál sem er stjórn fiskveiða, og sókn og meðferð nýtingar fiskimiða okkar, skuli vera umgengið með þessum hætti. Þetta er undirstaða, ekki aðeins atvinnulífs og velferðar okkar í dag heldur líka undirstaða velferðar og búsetu og fjárhagslegs og efnahagslegs sjálfstæðis okkar á ókomnum árum. Því skiptir afar miklu máli að menn búi við vistvænt fiskveiðistjórnarkerfi sem tekur mið af og stuðlar að vistvænum veiðum og tryggir svo sem kostur er sjálfbæra nýtingu þessarar auðlindar. Jafnframt þarf að tryggja, eins og eitt af höfuðmarkmiðum *með fiskveiðistjórnarlögunum er, búsetu og jöfnuð í landinu.* Þetta frv. er enn ein viðurkenning í sjálfu sér, þótt í litlu sé, stjórnvalda á að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við geri þetta alls ekki. Þess vegna er þessi plástur lagður á — það er alltaf gott að setja plástur á skeinur og láta blása á bágtið, eins og mamma sagði.

En við verðum auðvitað að krefjast þess að fram komi heilsteypt kerfi um fiskveiðistjórn sem taki mið af þeim höfuðmarkmiðum sem standa einmitt í lögum um stjórn fiskveiða, þ.e. að það tryggi eða stuðli að sem hagkvæmastri nýtingu náttúruauðlindanna, tryggi byggð og búsetu um land allt og tryggi jafnframt til viðbótar sjálfbæra nýtingu og verndun náttúruauðlindanna. Tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fiskveiðistjórnarmálum taka einmitt mið af þessu, virðulegi forseti.

Það sem ég að öðru leyti vildi benda á er það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði um áhrif af kvótasetningunni á krókabátana sem þegar væru komin fram í þeim byggðum þar sem þær ættu stóran hluta atvinnulífs síns undir veiði þessara báta. Frv. miðar einmitt að því að tryggja enn frekar

í sessi sjálft kvótakerfið og möguleika til að leggja plástur á plástur og blása á einstaka kaun sem á því er.

Það hefur sýnt sig alveg ótvírætt, og má benda á skýrslur Byggðastofnunar ef menn vilja sjá staðfest með tölum hver áhrif stjórn fiskveiða hefur á byggð og búsetu í landinu. Enn fremur hver áhrif stjórn og ráðstöfun fiskveiða og fiskveiðiheimilda hefur á laun og tekjur í viðkomandi byggðum. Í nýútkominni skýrslu á vegum Hagfræðistofnunar eru leidd að því rök að kvótatilflutningur frá einstaka byggðum þýðir lækkun á tekjum. Það þýðir yfirleitt að þeir tekjuhærri sem eru þá sjómenn og þeir sem eru í forustu fyrir sjávarútvegsfyrirtækin hafa flutt burt um leið og kvótinn flyst burt eða fyrirtækið er sameinað og lagt undir annað fyrirtæki í fjarlægum landshluta. Þá flytur einmitt þetta fólk líka burt og tekjur sveitarfélagsins lækka. Þar af leiðandi veikist líka byggð og búseta á viðkomandi svæðum. Þetta er ljóst. Þess vegna verður fiskveiðistjórnarkerfið einmitt að taka mið af þessu og játast undir það en ekki hlaupa með einn plástur þegar gat sést og bíða svo eftir að næsta gat komi og verða þá alltaf of seint og ráða kannski ekki við að plástra nema annað eða þriðja hvert gat.

Þetta vildi ég draga hér fram, herra forseti. Fiskveiðar eru eitt stærsta mál þjóðarinnar, og meðferð og stjórn á fiskveiðum og þeirri auðlind okkar. Hún má ekki vera undirorpin slíkum plástrum þó að þessi plástur sem hér er lagður til sé í sjálfu sér góður á þá skeinu og í því umhverfi sem við búum við.

Ég vildi einnig spyrja hæstv. sjútvrh. hvort staða sjávarjarða hafi komið inn í umræðuna. Margir bændur höfðu og hafa sumir enn miklar nytjar af því að stunda sjávarútveg jafnframt öðrum atvinnuvegi frá jörðum sínum. Það að mega nýta auðlind fyrir landi sínu og fyrir jörðum sínum með þeim hætti ræður bæði byggð og búsetu á viðkomandi stöðum. Og verður í mörgum tilvikum kannski ekki betur gert þjóðhagslega. Ekki er um að ræða mikinn eða stóran hlut af heildarafla landsmanna en mundi hafa afar mikla þýðingu, og hefur, fyrir byggð og búsetu á viðkomandi svæðum og jafnframt líka nýtingu auðlindanna.

Ég óttast, herra forseti, að það fiskveiðistjórnarkerfi sem tekur hvergi heildstætt á þeim málum hvað varðar fiskveiðiheimildir og fiskveiðiréttindi, heldur stöðugt í bútum og plástrum, skilji einmitt atriði eins og þetta út undan.

Ég tel að í tengslum við afgreiðslu á lögum sem kveða á um rétt smábáta til fiskveiða væri einmitt rétt að taka inn í slíkan rétt sjávarjarðanna. Rétt bænda á sjávarjörðum til að nýta fiskveiðiheimildirnar fyrir löndum sínum, þeir hefðu forgang til þess og þyrftu ekki að kaupa til þess kvóta, en þetta væri réttur sem þeir gætu ekki framselt öðrum heldur væri háður búsetu og nýtingu á viðkomandi jörð.

Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort staða þeirra manna, þessara réttinda og jarða, hafi ekki komið upp í umræðunni eða hvað hann hyggist gera varðandi það mál. Á það bara algjörlega að hverfa út af borðinu? Það mundi ég harma því að ég tel að í þeim tilvikum sem þetta gæti komið að notum mundi það verða virkilega til þess að styrkja byggð og búsetu á einstaka jörðum, og ætti þess vegna að halda til haga.

[18:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir jákvæðar undirtektir við frv. Segja mætti að nærri undantekningarlaust hafi hv. þm. tekið jákvætt undir flutning þessa frv. og efnisatriði þess. Sumir hafa meira að segja séð í því fyrri tillögur sínar, frá því í desember. Ég held að þó að mönnum hefði kannski þótt þægilegra að klára málið í desember þá skipti það nákvæmlega engu máli fyrir þessar veiðar, hvort það er klárað nú um mánaðamótin janúar/febrúar eða í desember. Veiðar samkvæmt þeim lagagreinum sem hér um ræðir hefjast ekki fyrr en 1. apríl nk.

Hér hefur verið varpað fram ýmsum spurningum sem ég vil reyna að svara. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði hverju menn spáðu fyrir um í aukningu afla, annars vegar vegna þess að dögum væri fjölgað í 23 og hins vegar vegna þess að skipt væri yfir í klukkutímamælingu.

Ég held, varðandi 23 dagana, að það segi sig sjálft að þá megi gera ráð fyrir að aflinn verði nokkuð svipaður og á síðasta fiskveiðiári og sú breyting hafi ekki sérstakar breytingar á aflanum í för með sér.

Varðandi klukkutímamælinguna vandast málið hins vegar svolítið, í fyrsta lagi vegna þess að þær mælingar sem við höfum á því hvernig sóknardagabátar hafa nýtt dagana sína, þ.e. hve margar klukkustundir í sólarhringnum þeir hafi nýtt, gefa til kynna að rúmlega 16 tímar hafi verið nýttir að meðaltali. Sé þetta raunin og breytingin í klukkutímamælingu þýðir að fleiri tímar verði nýttir má gera ráð fyrir því að aflinn aukist umtalsvert.

Þá yrði hins vegar að taka inn í útreikninginn að ef um er að ræða fleiri veiðiferðir jafnlangar þá mundi tíminn sem færi í siglingu til og frá miðunum aukast. Hins vegar er ekki alveg öruggt að þetta eigi sér stað. Hugsanlega gæti þetta leitt til þess að sjómenn færu í styttri ferðir. Þar af leiðandi mundi ekki lengjast sá tími sem færi í siglingar vegna þess að ferðirnar væru styttri. Út frá þessari forsendu er því mjög erfitt að reikna þetta út svo eitthvert vit sé í, menn verða að hafa forsendur og menn geta nánast gefið sér hvað sem er í þessu dæmi.

Auk þessa hafa verið bornar brigður á að þessi 16 tíma mæling sé rétt og að nýtingin sé raunverulega miklu meiri en 16 tímar, jafnvel 24 tímar. Sumir hafa því miður haldið því fram að nýtingin sé miklu meiri en 24 tímar. Ég vil nú ekki hafa uppi neinar fullyrðingar um það. Síðan hafa menn haldið því fram að það gerðist að afli væri fluttur úr aflamarksbátum yfir í sóknardagabátana.

Slíkum fullyrðingum er auðvitað ekki hægt að neita með fullri vissu. Það vita þeir auðvitað einir sem hugsanlega stæðu í þessu. Sé það raunin, annars vegar að 24 tímarnir í sólarhringnum séu fullnýttir eða ofnýttir eða að brögð séu að því að menn flytji á milli úr aflamarksbát yfir í sóknardagabát má gera ráð fyrir því að mælingin í klukkutímum skili sama afla og á síðasta ári miðað við sama dagafjölda, eða jafnvel ívið minni.

Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er að verið er að gera tilraun með nýjar og væntanlega öruggari og betri mælingar. Það er gert þannig að sem minnst pressa sé á þá sjómenn sem hér stunda veiðar og sem minnstar breytingar séu gerðar til að koma í veg fyrir að þeir séu þvingaðir til að hegða sér öðruvísi en þeir mundu gera undir eðlilegum kringumstæðum. Við viljum fá góðar upplýsingar um afkastagetu þessa hluta flotans. Það er svo hægt að leggja til grundvallar þegar við reynum síðan að leggja niður fyrir nokkur hvernig við eigum að skipa þessum veiðum í framtíðinni. Við verðum auðvitað að hafa í huga að það þarf að stýra veiðum í sóknarkerfi alveg eins og veiðum í kvótakerfi og þarf að taka mið af sóknargetu flotans ef veiðarnar eiga ekki að fara úr böndunum. Menn

verða síðan auðvitað að ákveða hver þau viðmið eiga að vera sem miða á við þegar sóknargetan er ákveðin.

Vitnað var til orða minna um frekari þróun þessa kerfis. Í því sambandi hef ég ekki uppi neinar fyrirætlanir um að leggja til að þetta kerfi verði lagt af. Til þess að ég hefði uppi einhverjar slíkar fyrirætlanir þyrfti mæling næsta sumars beinlínis að sýna fram á að þetta kerfi sé algjörlega sprungið og við hefðum engin tök á að halda aftur af sóknargetunni eða þá að afstaða þeirra sem eiga að vinna innan þessa kerfis mundi breytast verulega. Í dag hef ég ekki trú á því að þetta muni gerast. Við þurfum hins vegar að skoða þessi mál upp á nýtt þegar við höfum betri upplýsingar um hver sóknargeta þessa bátaflota er.

Spurt var hvernig framsali skyldi vera háttað í þessu kerfi. Gert er ráð fyrir því að framsalið verði áfram í sóknardögum eða 24 tíma dögum og aðrar viðmiðanir sem notaðar eru í þessu eru áfram miðaðar við það. Það er í góðri sátt við þá aðila sem eiga að vinna eftir þessum lögum.

Spurt var um hvort upp hefði komið að krókaaflamarksbátar, sem áður höfðu verið í þakkerfunum og höfðu valið það kerfi áður en þetta kom til, fengju möguleika á að velja aftur og taka þetta kerfi upp. Ég neita því ekki að það kom upp á borðið en með tilliti til þess að þegar því var frestað að krókaaflamarkið tæki gildi og þorskaflamarkið héldi áfram þá vildu þessir bátar sérstaklega notast við krókaaflamarkskerfið. Gerðar voru breytingar á frv. í meðförum þingsins, ef ég man rétt, til að koma til móts við þessar óskir. Þar af leiðandi tel ég ekki rétt að láta það ganga til baka svo menn geti valið aftur.

Ég held að menn verði einfaldlega að gera sér grein fyrir því að fiskveiðistjórnarkerfið verður aldrei fullmótað í eitt skipti fyrir öll. Við munum aldrei búa til hið fullkomna kerfi eins og mér hefur virst á sumum ræðumönnum hér í dag. Alltaf verður eitthvað sem betur má fara og flytja þarf frumvörp um til að breyta því, hvort sem stór eða smá frumvörp þarf til. Það er ekki nema í undantekningartilfellum að svo verulega stórar og snöggar breytingar eru gerðar að menn fái að velja á þennan hátt vegna breyttra forsendna.

Einnig var spurt um 30 hestafla báta á handfærum. Ég sé eiginlega engan tilgang í að búa til nýjan flokk báta í þessum tilgangi. Unnið hefur verið að því á undanförnum árum að fækka hinum mismunandi flokkum sem gera út eftir mismunandi reglum. Ég sé ekki nokkurn tilgang í að búa til einn flokkinn í viðbót. Eitt af helstu vandamálunum hjá þeim bátum sem stundað hafa sjóinn í sóknarkerfum hefur verið mælikvarðinn á sóknina. Ég held að ræða hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hafi verið góð vísbending um hve illa okkur hefur tekist í þeim efnum. Það að við stöndum frammi fyrir þessu, að ræða þann bátaflokk sérstaklega sem hér um ræðir, er að vissu marki innlegg í þá umræðu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði um tilfærslu á dögum á milli báta í eigu sama aðila. Til stendur að setja reglur um þegar verið er að skipta á bátum sömu aðila. Það er ekki hugsunin að láta þá sem eiga fleiri en einn bát njóta þess sérstaklega og aðrir sitji ekki við sama borð. Þegar menn skipta um bát ætti það ekki að verða til að þeir tapi niður dögum vegna nýtingarákvæðanna eins og um væri að ræða við framsal á milli óskyldra aðila. Þess mun verða gætt að þetta muni ekki leiða til aukinna sóknarmöguleika og að mönnum verði ekki mismunað. Ég held að ekki hafi komið fleiri spurningar sem varða þetta frv. sérstaklega.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson minntist á aflabrögðin á fyrstu fjórum mánuðum þessa fiskveiðiárs í krókaaflamarkskerfinu og bar saman við fyrstu fjóra mánuði síðasta fiskveiðiárs. Ég held að þetta sé óraunhæfur samanburður. Það hefur verið það mikil óvissa um framtíð krókaaflamarksbátanna á þessu tímabili. Þeir hafa átt erfitt með að átta sig á hverjar veiðiheimildir þeirra yrðu á fiskveiðiárinu. Þess vegna hafa þeir ekki sótt sjóinn á sama hátt og þeir hefðu ella getað gert ef veiðiheimildir þeirra fyrir fiskveiðiárið hefðu legið fyrir í upphafi ársins, eins og auðvitað hefði verið æskilegt. Ég tel hins vegar ástæðulaust að rekja sérstaklega hvernig þessi mál hafa þróast síðustu mánuði, hv. þm. þekkja það alveg jafn vel og ég.

Það hefur einnig verið minnst svolítið á samkomulag útgerðarmanna og heildarsamtaka sjómanna, tillögur þeirra sem fram komu í síðustu viku og hvers vænta megi í sambandi við þær á næstu dögum og vikum. Um það vil ég segja að ég geri ráð fyrir að frv. til breytinga á lögum um fiskveiðar, þar sem verið er að vinna að þeim málum sem fram koma í skýrslu endurskoðunarnefndarinnar og skýrslu auðlindanefndarinnar, komi fram mjög fljótlega. Þessar tilögur eru auðvitað þess eðlis að það þarf að skoða þær sérstaklega í samhengi við þann frumvarpsflutning.

Mér finnst mikilvægt að þessir aðilar hafi náð saman um þessar tillögur. Eins og ég hef orðað það finnst mér þetta vera mikil tíðindi. Ég mun vega þetta og meta. Ég hef sagt það og get endurtekið að auðvitað hefur það mikið vægi þegar þessir aðilar eru sammála um slík atriði. Auðvitað þarf að skoða þetta, kosti og galla tillagnanna, líta til hagsmuna heildarinnar og réttinda einstakra aðila líka áður en hægt er að komast að niðurstöðu um hvað verður lagt til í þessum efnum. Því er alls ekki tímabært að ég tjái mig frekar efnislega um þessar tillögur. Afstaða mín kemur fram í frv. sem vonandi verður lagt fram sem fyrst en auðvitað fer það fyrst í gegnum ríkisstjórn og stjórnarflokka áður en það verður lagt fyrir hv. Alþingi.

Það var hins vegar athyglisvert sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi, að sjómenn og útvegsmenn gátu samið án hjálpar löggjafarvaldsins. Það hafa þeir ekki getað gert í talsverðan tíma. Eins og hún orðaði það nokkurn veginn gátu þeir gert það í þetta skiptið af því að löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið voru ekkert að skipta sér af framgangi mála. Ég held að við verðum samt sem áður að hafa í huga að það var sex vikna verkfall á þessu ári. Það hefur auðvitað sín áhrif til að fá menn til að ná sáttum og samkomulagi. Jafnframt verður að hafa í huga að áður en kom til lagasetningar síðasta vor og áður en kom til verkfalla höfðu samningar verið lausir á milli þessara samtaka í á annað ár.

Herra forseti. Því miður leyfir tíminn ekki að ég svari fleiri spurningum. Ég á eftir að svara spurningum hv. þm. Jóns Bjarnasonar um stöðu sjávarjarða. Ég verð að gera það í síðari ræðu minni.

[18:32]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra varðandi að veiðiferðir gætu orðið styttri undir þessari útfærslu. Ég tek undir það með honum og held að það verði svo. Ég held að það sé hreinlega til bóta. Það ætti a.m.k. að nálgast það sjónarmið sem hæstv. ráðherra setti fram nýlega um að auka gæði og verðmæti aflans. Það hlýtur að leiða til þess að sá fiskur sem kemur að landi verður þá bara betri ef veiðiferðirnar verða styttri.

Ég tók eftir því áðan að hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að sá samanburður sem ég hef verið með milli fiskveiðiára væri óraunhæfur vegna óvissu um aflaheimildir til krókabátanna. Þetta var okkur mörgum þingmönnum ljóst og við lögðum það beinlínis til við hæstv. ráðherra þegar á sl. sumri þar sem við þóttumst sjá fram á hvaða staða kæmi upp í veiðum smábátanna að fresta gildistöku laganna ef hann væri ákveðinn í að fara þá leið, t.d. fram yfir áramót. Ég held að ég muni það rétt að Landssamband smábátaeigenda lagði það líka til einmitt vegna þess að óvissa yrði um framkvæmd laganna og óvissa yrði um aflaúthlutunina og það tækist einfaldlega ekki að vinna eðlilega undir slíkri stjórn.

Ég heyri að hæstv. ráðherra tekur undir þetta nú en furða mig þá á því að hann skyldi ekki hafa áttað sig á því fyrr í haust að þetta yrði einmitt niðurstaðan, menn væru með mjög óvissa framtíð varðandi kvótaúthlutunina, mjög litlar heimildir þar sem ekki var búið að bæta í þessa potta þar að auki og þar af leiðandi mundi aflinn verulega minnka og þetta mundi hafa geysileg áhrif tekjulega og atvinnulega séð í mörgum byggðarlögum. Ég heyri að nú er hæstv. ráðherra sammála okkur um að þetta hafi verið svo. Þetta var akkúrat það sem menn voru að benda á. Ég verð að segja það, hæstv. ráðherra, að stundum má nú hlusta á leiðbeiningar stjórnarandstöðunnar. Það getur verið landinu til góða frekar en halda sig við sína fyrstu túlkun.

[18:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að hlusta á stjórnarandstöðuna. En hins vegar held ég að óvissan hefði verið alveg jafnmikil þó að gildistökunni hefði verið frestað fram eftir vetrinum meðan það var vitað að verið væri að vinna að breytingum á lögunum í þá átt sem síðan varð raunin. Þar af leiðandi sé ég ekki að það hafi verið nein bót þótt farið hefði verið eftir hugmyndum og tillögum stjórnarandstöðunnar í málinu.

[18:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara lýsa því að ég er algerlega ósammála síðustu ræðu hæstv. ráðherra og finn raunar ekki í framsetningu hans nokkur einustu rök fyrir því sem hann var að reyna að skýra út með því að ef aflaheimildir hefðu verið frjálsar þessa fyrstu fjóra mánuði ársins, þá hefðu menn ekki reynt að afla meira og sótt öðruvísi en ella.

Mig langar aðeins að koma að einu atriði í viðbót. Komið hefur fram að ráðherrann hefur fengið að sjá tillögur frá sjómannasamtökunum um aukna veiðiskyldu og útvegsmenn leggja til að það verði eingöngu leyft að leigja tonn á móti tonni. Ég vil af því að ég hef ekki séð þessar tillögur beint eins og þær hafa komið á blaði frá sjómannasamtökunum og útgerðarmönnum spyrja ráðherrann hvort hann líti svo á að þessar tillögur séu tillögur um almenna breytingu í aflamarkskerfinu og smábátakerfinu upp úr og niður úr.

[18:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef litið svo á að það sama ætti að gilda bæði í aflamarkskerfinu og í krókaaflamarkskerfinu hvað varðar framsal eða takmarkanir við það að leigja til sín. En auðvitað er hægt að líta á það á annan hátt og ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í það að þessu sinni.

[18:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. lét það koma fram í ræðu sinni að hann væri ekki með nein áform uppi um að leggja þetta kerfi af eða breyta því nema það spryngi, ef ég hef heyrt rétt það sem hæstv. ráðherra sagði. Þá vil ég spyrja: Hvað á hæstv. ráðherra við með þessu? Lítur hann þannig á að það sem þessi floti hefur verið að veiða á síðasta ári og á undanförnum árum sé ásættanleg veiði og kerfið sé ekki sprungið með þeirri veiði? Hefur hann þá í hyggju að hægt verði smám saman að horfast í augu við þá veiði og viðurkenna hana? Og að þessi undarlega tala eða prósenta sem undanfarin ár hefur verið viðmiðunarprósenta vegna þessa flota hverfi þá út og önnur komi í staðinn þar sem verði tekið mark á hinni raunverulegu veiði þessa flota? Ég spyr hvort hæstv. ráðherra ætli þá að sjá til þess að það fari saman í frv. möguleikarnir til að veiða og það sem gert er ráð fyrir að flotinn veiði. En það er býsna langt á milli á undanförnum árum.

[18:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. á ekki að leggja þennan skilning í orð mín. Það sem ég á raunverulega við með þessu er að við munum skoða hvað við gerum í framtíðinni þegar við höfum niðurstöðurnar á því hvernig veiðin hefur verið sl. sumar, eins og kom fram í fyrstu ræðu minni, og samkomuleg er um við Landssamband smábátaeigenda. Ekki er búið að setja neinar línur fyrir fram um hvað þá verði gert. Ég held að leggja eigi meira upp úr því sem ég sagði, að einhver breyting þyrfti að verða á vilja þeirra aðila sem stunda sjóinn samkvæmt þessu kerfi til að upp kæmi sá möguleiki að kerfið yrði aflagt eða nýtt tekið upp í staðinn.

[18:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðalkrafa þeirra sem hafa starfað í þessari grein og með þessa báta hefur verið sú að menn afléttu skerðingarákvæðunum sem eru núna 10% á ári. Hæstv. ráðherra hefur með frumvarpi sínu fallist á að fresta þeirri skerðingu sem átti að vera í vetur og ég held að það verði varla misskilið að það sé skref í þá átt að viðurkenna þá veiði sem hefur verið.

Ég held að engum detti í hug að það dragi úr veiði að taka upp klukkutímakerfið. Ef álíka veiði yrði áfram, þá mundi það vera út af fyrir sig eitthvað sem menn gætu sætt sig við en ég sé ástæðu til þess að menn horfist í augu við þann vanda sem er og hann er sá að menn þurfa að svara því hvort þeir vilja leyfa þessum flota að lifa eða deyja.

[18:39]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði áðan þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar og fyrir það er að þakka. Ég spurði reyndar hvort hann sæi fyrir sér að hægt væri að heimila bátum sem væru með 30 hestafla vélar og minni, sem eru án leyfis í dag, einhverjar heimildir til að veiða meira en í soðið til þess að geta staðið straum af kostnaði við hafnargjöld og annað.

Ég held að ekki sé rétt að taka svo djúpt í árinni sem hæstv. ráðherra gerði, að tala um að komið yrði á nýjum flokki báta. Þetta hljómaði mjög hátíðlega eins og verið væri að tala um einhverja stórútgerð. Allir vita að hér er um mjög litla báta að ræða, örugglega mjög fáa því langflestir bátarnir í þeim flokki sem við erum að tala um eru undir 6

tonnum, og þessir bátar eru örugglega minni en 3 tonn að stærð. Það er því ekki um mikið að ræða. Auk þess sem þetta gefur ákveðið frelsi og gefur mönnum, sem eru kannski orðnir rosknir og eru að fást við ýmislegt annað, t.d. búskap, tækifæri til að stunda sjóinn og eiga bát og gera út á fáein tonn vegna ánægju, gleði og tengsla við náttúruna.

[18:42]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ákaflega falleg ræða hjá hv. þm. Karli V. Matthíassyni. En það er eins og ég hafi heyrt hana í hvert einasta skipti sem hefur verið talað um smábátana svokölluðu sem eru ekkert svo smáir þegar allt kemur til alls. Í hvert einasta skipti sem það hefur verið réttlætt að þeir ættu að njóta einhverra sérkjara, þá hefur það alltaf verið á þeirri forsendu að þetta skipti engu máli, þeir séu svo litlir, þeir séu svo fáir og þeir veiði svo lítið. En annað hefur alltaf komið á daginn.

[18:42]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að smábátarnir hafa stækkað, enda er það mjög eðlileg þróun vegna þess hvernig fiskveiðistjórnarkerfið hefur leikið byggðirnar en það hefur líka orðið til þess að þeir allra minnstu bátar sem ég er að tala um — og hæstv. ráðherra veit að ég er ekki að tala um þessa stóru báta, stóru trillurnar sem geta farið jafnvel 20 mílur á klukkustund, ég er að tala um báta sem sigla kannski 5–7 mílur og fara rétt út fyrir bryggjuna eða aðeins út á fjörðinn og veiða nokkra þorska. Það sem ég er að leggja til er að þeir gætu kannski selt örfá tonn fyrir hinum ýmsu gjöldum sem þarf að greiða í ríkissjóð svo m.a. væri hægt að standa straum af ýmsu sem lýtur að sjávarútvegi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:44.

---

62. FUNDUR

þriðjudaginn 29. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 425. mál, þskj. 685. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Aukaþing Alþingis um byggðamál, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
6. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
7. Talsmaður útlendinga á Íslandi, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
8. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Fyrri umr.
9. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
10. Áframeldi á þorski, þáltill., 58. mál, þskj. 58. — Fyrri umr.
11. Lyfjatjónstrygging, frv., 127. mál, þskj. 127. — 1. umr.
12. Rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar, þáltill., 131. mál, þskj. 131. — Fyrri umr.
13. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 135. mál, þskj. 135. — 1. umr.
14. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260. — Fyrri umr.
15. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 266. mál, þskj. 311. — Fyrri umr.
16. Almannatryggingar, frv., 268. mál, þskj. 313. — 1. umr.
17. Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, þáltill., 276. mál, þskj. 326. — Fyrri umr.
18. Sveitarstjórnarlög, frv., 292. mál, þskj. 355. — 1. umr.
19. Skráningarskylda skipa, þáltill., 302. mál, þskj. 367. — Fyrri umr.
20. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459. — Fyrri umr.
21. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 361. mál, þskj. 518. — 1. umr.
22. Endurheimt Drekkingarhyls í Almannagjá, þáltill., 405. mál, þskj. 662. — Fyrri umr.
23. Sjómannalög, frv., 418. mál, þskj. 677. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Jarðalög, 429. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 689.
Stjórnarskipunarlög, 426. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 686.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 3 í dag fer fram umræða utan dagskrár um sölu á greiðslumarki ríkisjarða. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson verður til andsvara.

Aukaþing Alþingis um byggðamál, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

[13:34]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég tala fyrir till. til þál. um aukaþing Alþingis um byggðamál. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að haldið verði aukaþing um byggðamál. Þar verði fjallað um framtíðarþróun byggðar í landinu og í framhaldi af því mótuð markviss byggðastefna til næstu tveggja áratuga. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna með aðild sveitarstjórna, helstu stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, félagasamtaka og einstaklinga.

Þessi þáltill. eða tillaga svipaðs eðlis var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki brautargengi og er hún nú endurflutt með breyttri greinargerð. Ég minnist þess að þegar tillagan kom fyrst til umræðu var á það bent að byggðamálin væru stöðugt til umræðu á Alþingi og við gætum ekki beðið eftir ráðstefnu sem þá átti að fara fram, samkvæmt okkar tillögu, eftir 6 eða 7 mánuði þar sem það væri of langur tími.

(**Forseti** (HBl): Ég biðst hv. þm. afsökunar að grípa inn í. Þess hefur verið óskað að atkvæðagreiðsla geti farið fram kl. 14.45. Ég biðst afsökunar á þessu ónæði.)

Allt í góðu lagi. Eins og ég sagði er nú liðinn langur tími frá því að við fluttum þessa tillögu fyrst. Við vildum að þingið færi þá fram um sumarið og reyndar er það svo að þegar við settum þetta þingmál fram fyrir fáeinum mánuðum gekk tillaga okkar út á að til aukaþings af þessu tagi yrði boðað í janúar. Jólafrí þingmanna yrði stytt þannig að okkur gæfist kostur á að koma saman með því markmiði að ræða byggðamálin.

Í greinargerð með þessari þáltill. segir m.a. á þá leið að undanfarin ár hafi byggðamál og þróun byggðar í landinu verið talin með mikilvægustu úrlausnarefnum í íslensku samfélagi. Við bendum á að fólksflutningurinn hefur legið til höfuðborgarsvæðisins með þeim afleiðingum að dregið hefur úr þrótti landsbyggðarinnar til þess að viðhalda atvinnu, sjá íbúunum fyrir viðunandi þjónustu og hlúa að blómlegu mannlífi. Hugmyndir stjórnvalda um stóriðju hafa haldið einstökum landsfjórðungum í spennitreyju óvissu um langa hríð svo að dregið hefur úr þrótti þeirra byggðarlaga sem um ræðir til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi, fólk býr við öryggisleysi og vonleysi. Víðs vegar á landinu hefur dregið svo úr samfélagslegri þjónustu að sækja þarf almenna grunnþjónustu um langan veg. Þrátt fyrir að sums staðar á landinu hafi veruleg uppbygging orðið og ýmis sveitarfélög séu á margan hátt fullkomlega fær um að taka við mun meiri og fjölbreyttari atvinnu en þar er nú skortir þau mannafla til þess.

Landsmenn verða sífellt meðvitaðri um neikvæð áhrif byggðaröskunar. Það er ekki aðeins að hún komi illa við landsbyggðina og hinar dreifðu byggðir heldur hefur hún einnig slæm áhrif hér á höfuðborgarsvæðinu þangað sem fólksstraumurinn liggur. Æ fleiri gera sér ljóst hvaða möguleikar eru í því fólgnir fyrir þjóðlífið að nýta kosti dreifðra byggða landsins, svo sem fengsæl fiskimið, búsældarlegar sveitir og fjölbreytta, einstæða náttúru. Jafnframt vex skilningur á því að til þess að svo megi verða í nútíð og framtíð þarf að efla byggðirnar og auka hlutverk þeirra í sameiginlegum rekstri þjóðarbúsins. Þetta er liður í ævarandi sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Á undanförnum árum hefur mörgum aðgerðum stjórnvalda verið ætlað að efla og treysta byggð í landinu. Sumar þeirra hafa borið árangur, aðrar ekki. Helsta ástæða árangursleysis að okkar mati eru ómarkviss viðbrögð við tímabundnum vanda einstakra byggða. Oft er gripið til ráðstafana án þess að hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi af því að á það hefur skort að vandinn á landsvísu hafi verið skilgreindur. Þingmenn sem þingflokkar hafa lagt fram margar tillögur sem bera vott um metnað og framsýni en hafa ekki verið til lykta leiddar. Sveitarstjórnir, félagasamtök og einstaklingar hafa leitað nýrra leiða en ekki heldur haft erindi sem erfiði nema að takmörkuðu leyti.

Mikilvægt er að þjóðarsátt náist um leiðir til þess að leysa þann knýjandi vanda sem byggðaþróunin hefur skapað, og skapar enn, enda er um að ræða hagsmuni þjóðarinnar allrar. Af þeim sökum er fyllsta ástæða fyrir stjórnvöld til að fara skipulega yfir allar tillögur sem komið hafa fram á undanförnum þingum ásamt hugmyndum einstaklinga og sveitarfélaga um farsæla þróun byggðar í landinu, taka formlega afstöðu til þessa efnis, leita sameiginlegra lausna og setja fram markvissa áætlun um framtíðarþróun byggðar á Íslandi.

Þess vegna er lagt til að boðað verði til aukaþings þar sem eingöngu verði fjallað um byggðamál, aðgerðir hins opinbera í þeim efnum og tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið á síðustu áratugum til lausnar vanda í byggðaþróun. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna þar sem fulltrúar sveitarstjórna, stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, fulltrúar félagasamtaka og einstaklingar sem láta sig málið varða geta borið saman bækur sínar og veitt þinginu stuðning og aðhald í störfum.

Eins og ég gat um áður, herra forseti, höfum við verið með tillögur um tímasetningu fyrir slík þing um sumar eða að loknu jólahléi. Að okkar dómi er tímasetningin þó ekki meginmálið heldur að til slíkrar umræðu verði efnt, bæði innan þings og utan.

Herra forseti. Ég geri tillögu um að þessu máli verði vísað til allshn. Hér er að vísu fjallað um byggðamál sem heyra undir iðnrh. en málið er víðtækt og það er mín tillaga að því verði vísað til allshn.

[13:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. féll í þá gryfju sem maður heyrir oft, að þingmenn séu í jólafrí. Ég er dálítið óhress með það vegna þess að ég tel mig ekki hafa verið í jólafríi heldur jólahléi. En þetta er ekki það sem ég ætlaði að ræða um heldur það af hverju menn ætla að ræða um byggðamál og hafa sérstakt aukaþing um það. Af hverju ekki að hafa aukaþing um t.d. stóriðjuna, umhverfismál eða velferðarkerfið? Af hverju má ekki hafa sérstakt aukaþing um stöðu atvinnulífsins, um getu þess til að greiða skatta og há laun?

Er ekki aðalmálið varðandi byggðastefnuna að minnka ríkið því að ríkið blæs út í Reykjavík? Er ekki spurning um að fækka opinberum starfsmönnum? Það eru ýmsir þættir sem ég gjarnan vildi spyrja hv. þm. um og þá sérstaklega af hverju við höldum ekki aukaþing um öll þessi merkilegu mál sem ég tel ekkert ómerkilegri en byggðamálin.

Svo ber þetta dálítinn blæ af því að menn ætla að tala og tala. Ég vil miklu frekar gera og gera.

[13:43]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það alveg rétt hjá hv. þm. að okkur ber að tala um jólahlé en ekki jólafrí. Menn eru að sinna störfum sínum sem þingmenn þótt það sé hlé á hinum formlegu þingstörfum. Þetta er alveg rétt ábending. En ég hélt að ég hefði reyndar talað um jólahlé.

Hv. þm. spyr hvers vegna við ættum ekki að taka önnur mál til umfjöllunar á sérstökum þingum. Velferðarmál nefndi hv. þm. og aðra málaflokka einnig. Jú, allt eru þetta verðug viðfangsefni sem þurfa að fá markvissa umræðu í þinginu en við lítum svo á að það sem hafi einkennt þróunina á landsvísu á undangengnum árum sé mjög alvarleg byggðaröskun. Hún hefur valdið þjóðinni allri miklum vandræðum og við teljum mjög mikilvægt að taka á þessum vanda á heildstæðan hátt þar sem boðað verði til sérstaks þings til að fjalla um allt það sem byggðaröskuninni tengist.

Okkar tillaga gengur ekki einvörðungu út á það að tekið sé á þessum málum innan þings. Eins og ég gat um áðan gerum við jafnframt ráð fyrir því að boðað verði til sérstakrar ráðstefnu utan þings þar sem fulltrúar sveitarstjórna, stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, fulltrúar félagasamtaka og einstaklinga sem láta sig málið varða geti borið saman bækur sínar og veitt þinginu stuðning og aðhald í störfum. Við teljum að slík umfjöllun um byggðamálin geti orðið til góðs.

[13:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er dálítið undrandi á því að hv. þm. telur velferðarkerfið vera minna virði en umræða um byggðamál. Ég er nú á þeirri skoðun að það væri ekki síður ástæða til að hafa aukaþing um velferðarkerfið, allar þær gloppur sem þar eru og jafnvel oftryggingar sem eru í gangi í því kerfi. Ég mundi enn frekar vilja hafa aukaþing um velferðarkerfið og gera það skilvirkara og rökréttara. Það endar náttúrlega með því, af því að þingmenn hafa alls konar áhugamál, að við verðum með endalaus aukaþing. Og hvar er þá aðalþingið?

[13:46]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel velferðarmálin mjög mikilvæg og ekkert síður mikilvæg en byggðamálin í sjálfu sér. Reyndar tel ég þetta tvennt vera mjög samofið. Forsenda byggðar er einmitt traust velferðarþjónusta og ég hef litið svo á og við gerum það í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að velferðarmál séu byggðamál. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þau kæmu mjög við sögu á slíku byggðaþingi. Þar kæmi einkavæðingin líka við sögu. Það skiptir máli fyrir byggð í landinu að hún og byggðarlögin og fólk sem býr á landsbyggðinni búi við trausta velferðarþjónustu og gott stoðkerfi. Við lítum reyndar svo á að þetta sé forsenda heilbrigðrar og góðrar byggðaþróunar.

[13:47]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er að mínu viti afar brýnt að þessi tillaga frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem fjallar um að halda skuli sérstakt aukaþing Alþingis um byggðamál, komist til framkvæmda. Fá mál sem ríkisstjórn og Alþingi hafa ályktað um hafa farið meira á annan veg en ráð var fyrir gert en stefna og áætlun í byggðamálum. Eiginlega má segja, herra forseti, að flest þar hafi gengið á annan veg en Alþingi hefur ályktað um. Ég hygg að þessi málaflokkur einn og sér hafi verulega sérstöðu hvað varðar ályktanir og samþykktir af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis um stefnumörkun í byggðamálun. Árangurinn gengur þvert á þá stefnumörkum, þ.e. byggðin hefur haldið áfram að veikjast, atvinnulífið hefur haldið áfram að veikjast, almannaþjónustan hefur haldið áfram að veikjast þvert á gefin fyrirheit, á gefna stefnumörkun af hálfu stjórnvalda.

Alþingi og ríkisstjórn skulda í raun sjálfum sér að fara í gegnum þessi mál á sérstöku þingi þar sem um ekkert annað er fjallað til að komast að því hvers vegna svona hefur til tekist.

Við fjöllum á Alþingi um einstök mál sem snerta vissulega lífið í landinu, lífið um allt land, og það er ekki vilji höfuðborgarbúa að byggð veikist úti um land, að atvinnulífið sem stendur jú undir stórum hluta af efnahagslífi okkar og útflutningstekjum sé veikt.

Herra forseti. Ég tel því að það sé hið brýnasta mál fyrir Alþingi að horfast í augu við að ekki hefur tekist að framfylgja stefnu stjórnvalda, stefnu Alþingis í byggðamálum og því beri að halda um það sérstakt þing og fara rækilega ofan í saumana á því hvað hafi mistekist af hálfu Alþingis og hvernig það geti betur tekið á. Ég skora því á hv. Alþingi að koma þessu þingi á hið allra fyrsta.

[13:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. hvaða rök séu á bak við þá fullyrðingu sem hér er sett fram í greinargerð að hugmyndir stjórnvalda um stóriðju hafi haldið einstökum landsfjórðungum í spennitreyju óvissu um langa hríð, hvort þessi langa hríð miðist t.d. við þann tíma þegar páv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, ráðgerði stóriðju á Austurlandi og bauð stuðningsmönnum sínum sérstaklega upp á öræfin til að sýna þeim hvar stíflan mikla ætti að rísa og dásamaði sem mest fyrir Reyðfirðingum þá atvinnu sem þeir mættu hafa af stóriðjunni.

Er það sá tími sem hv. þm. miðar við þegar hann talar um langan tíma hér í greinargerð?

[13:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. ætti í sjálfu sér að geta litið rækilega í eigin barm. Ég sem hef miklu minni þingreynslu en hv. þm. veit þó að Eyfirðingum var um langan tíma eða nokkurn tíma haldið í gíslingu upp á væntanlega stóriðju inni í Eyjafirði og út með Eyjafirði o.s.frv. Til blessunar Eyfirðingum — ég vona að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi átt þar hlut að máli — voru þessir stóriðjudraumar í Eyjafirðinum loksins blásnir af og menn sneru sér að því að byggja upp Háskólann á Akureyri, styrkja innviði Akureyrar á þann hátt sem varð þessu svæði og landinu öllu til blessunar.

Virðulegi forseti. Ég vona að 1. þm. Norðurl. e. hafi átt hlut að máli við að losa Eyfirðinga úr þeirri úlfakreppu sem þeim hafði verið haldið í til að hægt væri að snúa sér að verðugri verkefnum eins og uppbyggingu Háskólans á Akureyri

[13:52]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er auðvitað ekki kunnugur skólamálum fyrir austan Tröllaskaga því þá mundi hann vita að á þeim tíma sem þeir voru iðnaðarráðherrar, Hjörleifur Guttormsson og Sverrir Hermannsson, var ekki mikið talað um stóriðju við Eyjafjörð. Þeirra augu beindust öll að Reyðarfirði. Annar þeirra lofaði meira að segja að borða gleraugun

sín ef svo færi að ekki kæmi stóriðja við Reyðarfjörð. Ég skal ekki segja hverju hinn lofaði. Nokkuð er það að Austfirðingar á góðum stundum enn rifja upp þá björtu daga þegar þessir tveir menn voru að lýsa hinni björtu stóriðjuframtíð Austfirðinga, enda þingmenn þeirra sem Austfirðingar höfðu traust á.

Ég geri ráð fyrir því ef hv. þm. reynir nú að rifja upp söguna að hann fallist á að það sé rétt hjá mér að Háskólinn á Akureyri kom síðar til og umræður um hann komust á flugstig eftir að Sverrir Hermannsson hætti sem iðnrh. en ekki áður.

[13:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum í sjálfu sér miklu frekar horfa fram á veginn og skoða hvernig takast megi á við verkefni framtíðarinnar en ekki velta okkur í mistökum einstakra þingmanna, t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu sem horfðu á stóriðjudrauma þar. Ég vona að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi átt hlut að máli í að blása af þessa stóriðjudrauma í Eyjafirði til að hægt yrði að takast á við uppbyggingu Háskólans á Akureyri í staðinn.

Herra forseti. Ég vona líka, ef hv. 1. þm. Norðurl. e. verður einnig þingmaður á Austurlandi, að hann sjái einnig — ég vona að hann hafi átt hlut að þeirri stefnubreytingu sem varð í Eyjafirði — af eigin raun að Austurlandi hefur verið haldið í vissri spennitreyju vegna stóriðjudrauma í staðinn fyrir að þar hefði fyrir löngu átt að vera búið að ráðast í jarðgöng, t.d. á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þ.e. ef tekið hefði verið á af myndarskap.

Vonandi sjáum við það líka gerast á Austurlandi með hliðstæðum hætti og í Eyjafjarðarsveit, bæði í Eyjafirði og á Akureyri, að þar byggist upp blómlegt mannlíf og miklar væntingar og vonir í kringum annað en stóriðju. Ég vona svo sannarlega að 1. þm. Norðurl. e. láti ekki sitt eftir liggja og byggi upp blómlegt atvinnulíf byggt á traustum íslenskum grunni á Austurlandi.

[13:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með tvær spurningar til hv. þm.

Í fyrsta lagi: Hvaða mál eru ekki byggðamál og mundi slíkt aukaþing sem fjallaði um byggðamál gera eitthvað annað en venjulegt þing Alþingis sem fjallar um alls konar mál í þjóðfélaginu?

Í öðru lagi: Hvar eru opinberir starfsmenn, hvar eru þeir staðsettir og hvernig telur hv. þm. að landsbyggðarmenn líti á vöxt ríkisvaldsins?

Vöxtur ríkisvaldsins hefur aðallega orðið á höfuðborgarsvæðinu og hann hefur skekkt byggðina í landinu þannig að hluti af því að halda aukaþing væri í rauninni að minnka ríkisvaldið, fækka opinberum starfsmönnum.

[13:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mjög gott er til þess að vita að hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli gera sér grein fyrir því að flest eða öll mál sem koma fyrir þingið eru byggðamál og snerta byggð og búsetu í landinu öllu hvar sem er og velferð þess. Þess vegna er afar mikilvægt að þessi mál hljómi saman við stefnu ríkisstjórnarinnar, hljómi saman við ályktanir Alþingis í byggðamálum.

Hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal gert sér grein fyrir því hvernig ályktanir í byggðamálum og markmið og stefnumörkun sem Alþingi og ríkisstjórn hafa þar sett sér, hafa gengið upp?

Hv. þm. minntist á opinbera starfsmenn. Já, ég býst við að flestallir landsmenn geri sér grein fyrir mikilvægi starfa opinberra starfsmanna og þeir sjái eftir hverju pósthúsi sem lokað er, hverjum starfsmanni á pósthúsi sem sagt er upp. Já, þeir gera sér grein fyrir mikilvægi velferðarþjónustunnar. Þeir gera sér grein fyrir mikilvægi almannaþjónustunnar í landinu sem ríkið og hið opinbera og sveitarfélögin bera ábyrgð á. Og þeir sjá eftir hverri þeirri þjónustu sem skorin er niður úti um land.

[13:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem komið hefur í ljós að velflest mál sem Alþingi fjallar um snerta byggðamál að einhverju leyti, getum við þá ekki bara kallað öll þing Alþingis byggðamálaþing? Þá þurfum við ekki að hafa neitt aukaþing sérstaklega um byggðamál þar sem öll þing eru að fjalla um byggðamál.

Ég tel að sú árátta að búa til aukaþing um ýmis mál sé ekki til annars en að drepa málinu á dreif og eiginlega að búa til fögur orð því að stefna í byggðamálum byggist ekkert á fallegum orðum. Það er ekki það sem hreyfir hlutina. Það eru gerðirnar sem hreyfa hlutina, hvernig framkvæmdin er, og það er allt annað. Ég held að svona aukaþing þjóni engum tilgangi, engum.

Síðan varðandi það hvar opinberir starfsmenn eru. Það sér hver heilvita maður og alveg sérstaklega fólk úti á landi að hinn mikli vöxtur ríkisvaldsins á síðustu 50 árum hefur allur orðið meira og minna í Reykjavík. Sá mikli vöxtur sem orðið hefur hjá ríkisvaldinu hefur sennilega skaðað landsbyggðina langmest.

[13:59]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi einmitt í lok andsvars síns mjög alvarleg atriði varðandi stöðu opinberrar þjónustu og hvernig hún væri í stórauknum mæli að skerðast úti um land. Er ekki einmitt ástæða til að ræða þetta? Er það kannski stefna ríkisstjórnarinnar að svo skuli vera? Er það?

Nei, ég lít svo á að a.m.k. á prenti sé hún allt önnur. Er það stefna Alþingis að svo skuli vera? Nei, því á prenti er hún ekki svo. Er ekki ástæða til að ræða það hvers vegna við náum ekki þeim markmiðum sem Alþingi sjálft hefur sett sér? Mér er spurn.

Megintilgangurinn með þessari tillögu okkar er að horfast í augu við það að markmiðin sem menn hafa sett sér hér hafa ekki gengið upp, og fjarri því. Menn sjá hlutina einmitt gerast úti um land en bara í þveröfuga átt við það sem Alþingi og ríkisstjórn hafa kveðið á um. Er ekki ástæða til þess að skoða hvernig snúa megi hlutunum við?

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi í andsvörum sínum einmitt rökstutt enn frekar mikilvægi þess að Alþingi taki þetta mál alveg sérstaklega fyrir, brjóti það til mergjar, bæti úr og snúi við þeirri þróun sem við nú horfum á.

[14:00]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að reyna að brjóta þessa tillögu til mergjar af því að hún er flutt öðru sinni. Ég vil gjarnan spyrja hv. síðasta ræðumann þar sem hann er vel að sér, sem fyrrverandi skólastjóri Hólaskóla, t.d. um möguleikana í sauðfjárræktinni, í hrossarækt og öðru sem við getum talið hefðbundinn búskap hér á landi. Hvaða

hugmyndir hefur hann sérstaklega í huga þegar hann og flokkur hans tala um þá auknu möguleika sem felast í að efla sauðfjárræktina?

Þegar gerður var samningur við bændur, þegar formaður Vinstri grænna var landbrh. 1991, var því slegið föstu að ríkið mundi ekki með neinum hætti styðja útflutning á dilkakjöti. Það var höggvið svo þvert á þann útflutning sem verið hafði að ekki var gert ráð fyrir því í þeim samningi að neinn umþóttunartími yrði fyrir sauðfjárbændur til að þeir gætu fótað sig á eigin spýtur á hinum erlenda markaði. Það kom síðan í minn hlut sem landbrh. að taka við þessum samningi og efna hann.

Mig langar að spyrja hv. þm., vegna þess að hann talaði mjög um þau spor sem ekki hafi verið stigin rétt, hvort hann sé sammála því að þetta ákvæði í samningi þáv. landbrh. við Bændasamtökin hafi reynst vel þegar frá hefur liðið. Telur hann að það hafi verið rétt að slá því föstu á árinu 1991 að ekki kæmi til mála í framtíðinni að bændur stefndu að útflutningi á dilkakjöti? Það er nauðsynlegt að fá þetta fram, m.a. vegna þess að hann ætlast til að grundaðar verði allar þær skoðanir sem fram hafa komið á undanförnum árum og fjallað um þær á sérstöku aukaþingi.

Hvaða skoðun hefur hv. þm. á því að rétt sé að festa sauðfjárkvótann við jarðirnar? Telur hann að það sé rétt stefna, að binda sauðfjárkvótann við einstakar jarðir? Telur hv. þm. rétt að bændur fái að selja kvótann í frjálsri sölu eða er hv. þm. þeirrar skoðunar að rétt sé að bændur leggi sauðfjárkvótann inn á sameiginlegan markað? Það væri fróðlegt að fá þetta fram því að ég veit að hv. þm. hefur verið mjög duglegur, sem er hróss vert, að ferðast um sveitir landsins og túlka skoðanir sínar og mat á sauðfjárræktinni. Gagnlegt væri ef við aðrir þingmenn mættum njóta reynslu hans í þessum efnum.

Ég er t.d. þeirrar skoðunar að sameiginlegur markaður sem bændur verða að setja sauðfjárkvótann inn á sé óheppilegur og einnig að deila slíkum markaði jafnt milli bænda. Við höfum orðið varir við það, bæði ég og hv. þm., að oft hafa aldnir bændur viljað hætta búskap sínum fyrr en ella til að standa á bak við eða styrkja búskap hjá ungum bónda á næstu jörð í sömu sveit. Slíkt er auðvitað hvatning sem er mjög gott að fá.

Enn fremur er fróðlegt í þessu samhengi að skoða reynsluna sem við höfum af Goða af því að ég veit að hv. þm. hefur farið víða um héruð til að ræða um afleiðingarnar af þeirri samsteypu, þegar Goði tók að sér stóru sláturhúsin víðs vegar um landið. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann telji heppilegt að reyna að stuðla að litlum sláturhúsum, eins og sumir vilja, fjölgað sláturhúsum á borð við það sem er í Bitrunni t.d. á Óspakseyri, eða telur hann að það eigi fremur að reyna að draga úr sláturkostnaði með því að nýta betur stóru sláturhúsin? Þarna er álitamál sem er mjög viðkvæmt í hans nýja stóra kjördæmi ef við hugsum okkur annars vegar viðhorf kaupfélagsstjórans á Sauðfjárkróki og hins vegar kaupfélagsstjórans á Óspakseyri, sem ég geri raunar ekki ráð fyrir að séu stuðningsmenn hv. þm. eftir sem áður í pólitík. Þess vegna má vera að hann sé ekki svo kunnugur skoðunum þessara kaupfélagsstjóra sem ella mundi.

Þá vil ég einnig spyrja hv. þm., af því að hann er þingmaður Norðurl. v., hvernig hann horfir t.d. til að menn geti nýtt sér náttúruna til atvinnusköpunar, fjölbreytta einstæða náttúru. Fjölbreytileiki náttúrunnar er m.a. í því fólginn að við viljum nýta vatnsaflið og gufuaflið. Hv. þm. er kunnugt um að hér fyrr á árum voru t.d. miklar draumar um það á Húsavík — eru raunar enn — um að nýta gufuna þar. Á þeim tíma var talað um trjákvoðu. Nú eru menn að tala um miklu stófelldari stóriðju. Þá kemur upp þetta mikla álitamál, hvort hv. þm. telur að það séu vondir stóriðjudraumar að nýta betur t.d. Þeystareyki.

Eða hvað eigum við að segja um virkjun Jökulsár eystri, sem er í hjarta Skagafjarðar, ef virkjun hennar mætti verða til þess að stóriðjuver risi t.d. við Kolkuós. Það var mikill verslunarstaður og merkilegur staður eins og maður sér ef maður kemur þangað. Það eru lituð gler í þessu húsi sem enginn býr í, sem var mikið augnayndi barna í Skagafirði eftir aldamótin. Þau báru mikla virðingu fyrir þeim sem þar bjuggu af þeim sökum og langaði alltaf heim á Kolkuós til að sjá lituð gler. Það væri mjög skemmtilegt ef þar gæti risið stóriðja og svo væri líka skemmtilegt fyrir okkur ýmsa þingmenn ef við gætum horft á tilveruna eins og hv. þm., í gegnum lituð gler frá Kolkuósi.

[14:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir að nefna Kolkuós og það svæði. Þetta er mikið menningarsvæði sem hefur kannski ekki verið gerð fullnægjandi skil, hvorki í tíð hans sem hæstv. landbrh. né annarra sem hafa þar farið með málin, sem eru nú í höndum hæstv. menntmrh. En þarna er hluti af lifandi menningararfleifð, hluti af hinum forna Hólastað og eins og hv. þm. kom inn á, hafa verið þar hin steindu gler í gegnum aldirnar. Þangað er gaman að koma. Ég hvet hv. þm. til að koma þangað sem oftast og við skulum ganga saman að því að finna út hvernig við getum gert þarna sem glæstast úr.

Í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. gekk hv. þm. skrefi lengra en við flm. tillögunnar þar sem hann hefur þegar hafið byggðaþingið, sem var ekki ætlun okkar frómt frá sagt, þ.e. að það hæfist strax. En gott og vel, innlegg hans í umræðuna er einmitt á þann veg. Ég leyfi mér því að spyrja hv. 1. þm. Norðurl. e. sem hefur þegar lagt atriði inn í umræðuna, sem öll skipta byggð og búsetu miklu máli, hvort hann muni þá ekki styðja þetta frv. af mikilli einlægni og eindrægni. Ég tel það eðlilegt, virðulegi forseti, í samræmi við málflutning hans. Ég vænti þess að hann veiti þessari tillögu öflugan stuðning og óska eftir svari frá hv. þm. um það.

[14:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst rétt að hv. þm. svari fyrst þeirri spurningu sem ég beindi til hans mjög skýrlega. Telur hann að landbrh. hafi verið 1991 fylgt réttri stefnu þegar hann vildi setja sauðfjárræktinni þær skorður að ekki yrði stefnt að útflutningi á dilkakjöti?

[14:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. eru mörg mál mjög hugleikin. Hann nefndi fjölmörg atriði í ræðu sinni. Ef við víkjum sérstaklega að sauðfjárræktinni er ég ekki svo mikið í fortíðinni en ég hef áhyggjur af framtíðinni. Ég vil spyrja, ef hv. 1. þm. Norðurl. e. getur komið aftur upp í ræðu, hvað hann segir um þær reglugerðir sem nú er verið að þýða og setja yfir íslenska sauðfjárbændur, reglugerðir sem hæfa sauðfjárbúskap í Brussel, Luxemborg eða Hollandi.

Ég skal nefna dæmi. Merkingar á sauðfé, svokallaðar Evrópumerkingar á sauðfé þannig að kind fær merki um leið

og hún fæðist sem maður skráir síðan í gagnabanka, væntanlega hjá Evrópusambandinu. Gott og vel. Þessu verður bóndinn að gæta mjög vel að. Hann verður að skila merkinu þegar kindinni er fargað. Það getur svo sem gengið. En týnist kindin á fjalli eða týni merkinu, þá er enginn til að gefa út dánarvottorð. Þá getur bóndinn lent í miklum vandræðum og verður kannski að leggja á sig reisu til Brussel til að sanna sakleysi sitt. Hvað finnst hv. 1. þm. Norðurl. e. og fyrrv. landbrh. um það sem núna er verið að gera, þ.e. að keyra reglugerðir fyrir sauðfjárrækt í Hollandi, í Lúxemborg og Belgíu yfir fjárbændur í hans kjördæmi?

[14:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði landbúnaðinn sérstaklega að umræðuefni þar sem það hefur komið fram bæði á fundi vinstri grænna bæði í nýja Norðausturkjördæmi og einnig í Norðvesturkjördæmi að þeir leggja mikla áherslu á þá möguleika sem felast í að efla landbúnað, ekki síst á sauðfjársvæðunum. Nú veit ég að hv. þm. er líka sérstaklega kunnugur hrossarækt. Ég gerði að sérstöku umræðuefni í ræðu minni erfiða stöðu þessara tveggja búgreina. Ég lagði mjög skýrar spurningar fyrir hv. þm. Vinstri grænna sem er sérstaklega kunnugur þessum málum. En af einhverjum undarlegum ástæðum kaus hv. þm. að sneiða fram hjá spurningunum og kom ekki að þessum kjarna málsins.

Það er að sjálfsögðu mjög einfaldur málflutningur að reyna ævinlega að finna að því sem gert er og setja upp hundshaus við öllu sem stjórnvöld og Alþingi samþykkja og beita sér fyrir en ef staðan er á hinn bóginn sú að Vinstri grænir eru sérstaklega að leggja til að efna til sérstaks málþings eða aukaþings um byggðamál og setja fram sérstakar forsendur fyrir slíku þingi þá er lágmarkskrafa, til að hægt sé að taka slíkan tillöguflutning alvarlega, að flutningsmenn að þessari tillögu, sérstaklega ef þeir hafa sérstaka þekkingu á sviðinu vegna lærdóms síns og fyrra starfs, svari einföldustu spurningum. Að öðrum kosti geta þeir ekki búist við því að málflutningur þeirra verði tekinn alvarlega.

[14:14]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þegar rætt var um hvernig ætti að taka á málum í dag varð um það samkomulag að menn ættu að reyna að miða sig við að 20 mínútur tæki að ræða hvert mál. Mörg mál hafa verið sett á dagskrána og margir þingmenn hafa beðið lengi eftir því að koma málum á dagskrá. Það er full ástæða til að kvarta alvarlega yfir því hvernig hefur gengið að koma að málum frá stjórnarandstöðunni í vetur.

Við frá Samfylkingunni eigum óafgreidd 42 mál. Við höfum ekki fengið að ræða þau. Mönnum er skammtaður þessi naumi tími. Það átti að gera tilraun til að fækka málum með þessum hætti í dag. Menn eru auðvitað ekkert ánægðir með að fá ekki nema 20 mínútur til þess að ræða sum mál. En ég sé ástæðu til að vekja athygli á því að eins og fyrsta málið fer af stað mun ekki ganga mjög hratt á málaskrána hjá okkur í dag.

Ég ætla ekki að kvarta undan því að menn taki sér tíma til að ræða þau mál sem eru fram undan. En ég fer þá fram á að þingið sjái til þess að tími gefist til að ræða mál stjórnarandstöðunnar og einstakra þingmanna í framhaldinu og mennýti því ekki sífellt á undan sér eins og gert hefur verið í vetur.

[14:16]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil að vissu marki taka undir þessi orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og staðfesta að samkomulag var um að haga málflutningi á þann veg að umræðan yrði tiltölulega stutt um hvert þingmál. Þannig hagaði ég máli mínu í upphafi, en ég er 1. flm. þessa þingmáls, og þannig hafa flestir aðrir hagað sínu máli.

Hins vegar er erfitt við því að gera þegar orðum er beint til ræðumanna og þeir krafnir svara annað en verða við slíkum áskorunum. Hitt er síðan annað mál að umræðurnar hafa verið að þróast út á mjög sérhæfðar brautir. Hér er til umræðu tillaga um að efna til byggðaþings. Færð eru sérstök rök fyrir því hvers vegna slíkt væri eðlilegt en síðan hafa menn, og er ekkert við því í rauninni að segja, nýtt sér sitt málfrelsi eins og þeir hafa rétt til, og umræðan hefur verið að þróast út á mjög sérhæfðar brautir.

Ég vil taka undir orð hv. þm. um að samkomulag var um þetta en að sjálfsögðu hafa hv. þingmenn og það gildir að sjálfsögðu um alla, einnig hæstv. forseta Alþingis, rétt til þess að nýta málfrelsi sitt í þingsal.

[14:17]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil af þessu tilefni taka fram að ég hafði búist við því að látið yrða duga að einn af flutningsmönnum þáltill. talaði fyrir málinu. En ef sú staða er uppi að hv. þm. Vinstri grænna ætla hver af öðrum að taka til máls um sama mál, sem er endurflutt af fyrra þingi, þá er komin upp sú staða að ekki er við því að búast að þeir talist einir við. Þá er komið að því að aðrir hljóta að taka þátt í þeim umræðum þó svo um það hafi verið talað að menn reyndu að stytta mál sitt.

Ég tek fram að ég hefði að sjálfsögðu ekki tekið til máls í þessari umræðu ef 1. flm. hefði einn kvatt sér hljóðs um málið.

[14:18]

Kristján Pálsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég var á mælendaskrá um mál Vinstri grænna, um aukaþing um byggðamál, og hafði reyndar ekki heyrt neitt um að eitthvert samkomulag væri um að ekki mætti tala í þessu máli. Ég var því fyrst að fá upplýsingar um það núna að mælst væri til þess að menn taki helst ekki til máls um málefni þingmannanna sem mér finnst mjög sérstakt.

Ég verð líka að viðurkenna að ég vissi ekki til þess að búið væri að velja úr ákveðin mál og að þau mál sem hér eru til umræðu væru valin af þingflokksformönnum. Það er ekki tekið eftir númerum eins og venja er til. Ég vil því leyfa mér að gera athugasemd við það að ekki skuli vera höfð lýðræðisleg regla um það hvernig mál eru tekin á dagskrá. Mér sýnist þetta vera orðið þannig í mörgum tilfellum að menn fá helst ekki að taka til máls nema um sé að ræða lagafrumvörp. Allar utandagskrárumræður eru nákvæmlega niðurnjörvaðar eins og allir þekkja.

Nú á að njörva niður hverjir mega tala í málefnum sem snúa að þingmönnum og mér finnst, hæstv. forseti, vera farið að þrengja heldur betur að frelsi þingmanna.

Ég ætla að ganga undir þetta jarðarmen að vera ekki að teygja lopann í þessu sérstaka máli sem er til umræðu og tek mig hér með af mælendaskrá, en ég vil ítreka að ég er ósáttur við þessi vinnubrögð.

[14:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram og ég verð að segja að það er verið að gera lítið úr þingmannamálum með því að þrengja svona umræðuna um þau. Þetta eru alveg jafnmerkileg mál og önnur sem koma inn til umræðu í þinginu og að ætlast til þess að þau séu rædd hér hvert um sig á 20 mínútum er auðvitað bara lítilsvirðing við þau mál. Auðvitað eiga að gilda þingsköp um þessi mál eins og önnur mál.

Ég gagnrýni það og vil að það komi fram að mér finnst þetta vera óréttlæti af hálfu þingsins að þrengja umræðu um mál sem koma frá þingmönnum.

[14:21]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þingflokkur okkar féllst á þessa málatilhögun. Ég lít ekki svo á að þetta sé óvirðing við þingið ef menn koma sér saman um að hafa þennan hátt á. Það er mikill fjöldi þingmála sem bíða afgreiðslu og mikilvægt að koma þeim til umsagnar. Hins vegar hafa menn að sjálfsögðu rétt til þess að nýta sér málfrelsi á þinginu.

Aðeins til að leiðrétta það sem fram hefur komið um meðferð okkar á þessu máli, þá ræddi ég, samkvæmt upplýsingum hæstv. forseta, sem framsögumaður í 8 mínútur og hv. þm. Jón Bjarnason, sem tók til máls og setti sig á mælendaskrá þar sem enginn var á mælendaskrá, talaði í 3 mínútur þar til hann síðan þurfti að svara andsvörum. En þetta var rætt í þingflokki okkar. Það var rætt hvaða þingmál skyldu tekin til umræðu og afgreiðslu nú og okkur finnst vel koma til greina að hafa þennan hátt á ef allir eru sammála um það. Við vorum það og ég vil að það komi fram.

[14:22]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að auðvitað er slæmt að þurfa að bjóða þingmönnum upp á þau býti að fá að ræða mál sín í 20 mínútur eða miðað sé við það. Hins vegar vissu þeir sem upp á þetta var boðið að um þetta var að ræða og það voru ýmsir í þingflokki okkar sem ekki höfðu áhuga á því að leggja sín mál inn til umræðu upp á þau býti og það skil ég vel.

Þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að taka verður á þessu frá hendi stjórnar þingsins, þ.e. að gefa mönnum fleiri tækifæri til að ræða þingmannamál.

Ég vil líka koma því að af því að það kom fram áðan í ræðu að mönnum hefði ekki verið boðið upp á að ræða þessi mál í einhverri númeraröð, þá kann ég ekki hvernig með það hefur verið farið hjá öðrum þingflokkum en það voru formenn þingflokka sem höfðu með það að gera að velja hvaða mál kæmust að og a.m.k. fórum við þannig að því hjá okkur að fara eftir númeraröðinni og því hvort menn vildu taka málin til umræðu þannig að ég sé ekki að brotið hafi verið á neinum með þeirri aðferð.

En allt um það. Ekki er um annað að ræða en reyna að sjá til hvað við komumst áfram með þetta í dag en fordæmið sem hefur náttúrlega komið með fyrsta málinu sem verið er að ræða verður auðvitað til þess að býsna erfitt verður að halda í þessi tímamörk í öðrum málum.

[14:24]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar að við eigum eftir megni að leyfa þingmönnum að hafa málfrelsi og það sem um var rætt var að menn skyldu freista þess að flytja ekki langt mál að óþörfu og þá bjuggust menn við því að greiðlega mundi ganga.

Nú er það svo að alltaf má deila um hvernig menn eigi að reyna að greiða fyrir málum en hitt held ég að sé alveg ljóst að þegar flutt er mál og frummælendur sjá ástæðu til þess að standa upp fleiri en einn, þá eru þeir auðvitað með því að efna til umræðu. Ekki er við því að búast að aðrir þingmenn sitji undir því til langframa og óhjákvæmilegt þótti mér þegar svo var komið að aðrar raddir heyrðust. Auðvitað má deila um hvort það sé rétt eða ekki, en hér er á dagskrá grafalvarleg tillaga um byggðamál sem mjög er umrædd og þar sem mér þótti farið léttilega á málum og gat ekki fundið annað en að ástæða væri þá til að reyna að skýra málin nokkru nánar þá tók ég til máls en ég er alveg sammála því sem hér hefur komið fram að mjög gagnlegt er og gott ef hægt væri að koma þingmannafrumvörpum til nefndar.

[14:26]

Kristján Pálsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er dálítið hissa á því að Vinstri grænir skuli allir hafa vitað af þessu svona gjörla, vitandi það að tala mátti í 20 mínútur um hvert mál og tala sjálfir í 11 mínútur af þessum 20 og vera mjög ánægðir með það. Er það eitthvert lýðræði?

Ég velti því líka fyrir mér, hvernig er þá úthlutað á flokkana? Hvað fær hver flokkur mörg mál til þess að flytja hérna? Er það eftir stærð flokkanna eða eftir því hvað menn tala lengi eða hvað ræður því hvernig þessum fjölda mála er raðað niður á dagskrána?

Ég veit í sjálfu sér ekkert um hvernig aðrir flokkar fóru að því að raða þessu niður. Ég veit bara hvernig þetta var gert hjá okkur. Það var a.m.k. ekki haft samráð við mig um hvernig þetta var gert. Ég vil ítreka það að mér finnst sérstakt þegar ekki er lengur hægt að tala nema mjög takmarkað um þingmannamál.

[14:28]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Eitt til leiðréttingar strax í upphafi. Gert var samkomulag um það að reynt yrði að haga umræðunni þannig að hvert þingmál tæki u.þ.b. 20 mínútur. Framsögumaður eða framsögumenn mundu nýta um helming þess tíma og þá var vísað í framsögumann. Það gerði ég. Ég talaði í 8 mínútur. Hv. þm. sem setti sig á mælendskrá þegar hún var tóm, hv. þm. Jón Bjarnason, talaði í 3 mínútur. Við höfum staðið við það samkomulag sem við gerðum. Ég vil að þetta komi skýrt fram.

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa stuttu en tilfinningaþrungnu umræðu um byggðamálin. Hún gefur okkur til kynna hve mikilvægt það er að efna til markvissrar umræðu um byggðamál. Hér hefur verið bent á að allflest mál sem þingið lætur til sín taka snerta byggðamál; skattamál, velferðarmál, samgöngur, einkavæðing. Hvernig sem á það er litið, þá snerta þessi mál byggðir landsins. Það sem við erum að leggja til er að efnt verði til sérstaks byggðaþings þar sem þessi mál eru tekin til umræðu með hliðsjón af byggðaþróun í landinu og við viljum að á sama tíma verði efnt til sérstakrar ráðstefnu þar sem sveitarstjórnarmenn og aðrir sem tengjast byggðamálum á einn eða annan hátt komi saman og verði þinginu til ráðgjafar.

Þessi umræða hefur því miður orðið nokkuð karpkennd en hún færir okkur heim sanninn um hve mikið tilfinningamál er á ferðinni. Við höfum aldrei trúað því að um þessi

mál yrði fullkomin eindrægni eða samstaða. Menn greinir á um alla þá þætti sem ég vísaði til áðan en við höldum að það geti orðið Alþingi og þjóðinni til góðs að taka þessi mál til umræðu á þeim forsendum sem við höfum lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 48. mál. — Þskj. 48.

[14:31]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem fór hér fram áðan um 5. dagskrármálið má segja að hér sé flutt eitt mál af fjölmörgum sem þyrfti að taka á í sambandi við þróun byggðar í landinu. Hér er um að ræða till. til þál. um rekstur á almenningssamgöngukerfi í Eyjafirði.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði."

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123., 125. og 126. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að ekið verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri – Hjalteyri – Hauganes – Árskógssandur – Dalvík – Ólafsfjörður.
2. Akureyri – Kristnes – Hrafnagil – Laugaland.
3. Akureyri – Svalbarðseyri – Laufás – Grenivík.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að verkefnið verði til reynslu til fimm ára. Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.

Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.

Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.

Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.

Aðgerðin er orkusparandi.

Að beiðni Ferðamálamiðstöðvar Eyjafjarðar hefur fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf, Norðurlandi, unnið skýrslu um fjárhagslegar forsendur verkefnisins. Þar kemur fram að árlegur rekstrarkostnaður slíks almenningssamgöngukerfis yrði um 34–37 millj. kr. Erfiðara er að áætla tekjurnar en talið er að þær gætu numið frá 20–35 millj. kr. Að öðru leyti er vísað til aðalatriða í skýrslunni en skýrslan er birt sem fylgiskjal með tillögunni.

Eins og getið er um í þáltill. er þessi skýrsla, með úttekt á leiðakerfi fyrir Eyjafjarðarsvæðið, unnin af fyrirtækinu Rekstur og ráðgjöf á Akureyri. Þar er farið fyllilega yfir þessi mál en í millitíðinni hefur verið unnin tilsvarandi tillaga fyrir Þingeyjarsýslur, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu. Þannig má segja að til séu hugmyndir um leiðakerfi fyrir almenningssamgöngur á nýjum grunni fyrir nútímasamfélag fyrir allt Norðurland eystra.

Nú vill svo til, virðulegi forseti, að í millitíðinni hefur hæstv. samgrh. dreift og kynnt á þinginu samgönguáætlun, þ.e. tillögu stýrihóps sem hann hefur látið vinna skýrslu fyrir samgönguáætlun frá 2003–2014. Í þessari skýrslu er auðvitað vikið að almenningssamgöngum. Þar segir að net áætlunarleiða fólksflutningabíla nái víða um land en það er þó ekki samfellt til allra þéttbýlisstaða. Þá koma gjarnan í staðinn fyrir almenningssamgöngur áætlunarbifreiðir til og frá nærliggjandi flugvöllum. Fólksflutningar á þessu neti eru reknir á grundvelli sérleyfa og í minna mæli samkvæmt sérstökum þjónustusamningum.

Í þessari samgönguáætlun kemur einnig fram að ríkið greiðir nú þegar um 100 millj. kr. með þeim almenningssamgöngum sem að miklu leyti byggjast á sérleyfum í landinu eins og það er í dag. Það kemur líka fram að ríkið greiðir verulegar upphæðir til almenningssamgangna í þéttbýli. Þar er fyrst og fremst um að ræða þéttbýli hér á suðvesturhorninu og síðan örfáir aðrir staðir, svo sem Akureyri og Ísafjörður og e.t.v. fleiri. Þar er talað um 80–90 millj. kr.

Virðulegi forseti. Í þessari skýrslu um samgönguáætlun er að mínu mati allt of lítið gert úr hlutverki og mikilvægi almenningssamgangna með rútubílum í landinu. Um það eru engar tillögur. Ég tel að þessi tillaga sem unnin hefur verið fyrir Eyjafjarðarsvæði og Þingeyjarsýslur sé innlegg í þá umræðu sem þarf að fara fram um samgönguáætlunina hvað varðar rútubíla. Það snertir flesta staði á landinu. Tilsvarandi áætlun er mjög auðveldlega hægt að vinna fyrir landið allt eins og gert hefur verið fyrir þessa tvo landshluta þó að um sama kjördæmi sé að ræða, þ.e. Norðurland eystra.

Virðulegi forseti. Þar sem þessi skýrsla, Samgönguáætlun 2003–2014, hefur verið lögð fram af hæstv. samgrh. og menn hafa kannski betur áttað sig á mikilvægi þess að koma almenningssamgöngum í samræmt horf á landinu vona ég að þessi þáltill. verði tekin alvarlegar nú en gert var þegar ég lagði hana fram á 123., 125. og 126. löggjafarþingi.

Það er ljóst að hér er um smápeninga að ræða og í raun og veru hefði skipulagning almenningssamgöngukerfis í landinu öllu átt að vera undanfari þeirra breytinga sem við höfum t.d. upplifað í flugmálum. Hefði ekki verið betra fyrir alla aðila ef almenningssamgöngukerfið hefði verið mótað til að taka á þeim flutningsvandamálum sem upp komu, t.d. þegar á mönnum skall ákvörðun um að hætta flugi á viðkomandi flugvöll? Þetta höfum við ekki gert.

Við erum ekki að finna upp hjólið. Í öllum nágrannalöndum okkar í Skandinavíu, Skotlandi og Þýskalandi hafa menn unnið svona áætlanir samfara breytingum í byggðamálum, samfara breyttum áherslum varðandi þjónustu og flutninga, hvort sem um landflutninga eða flug að ræða.

Þess vegna vona ég, virðulegi forseti, að þessari tillögu verði tekið betur en oftast áður. Ég held að við Íslendingar séum almennt séð, líka í þéttbýlinu, að átta okkur á því að almenningssamgöngur í landinu verður að styrkja.

[14:38]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu þáltill. sem er um margt merkileg. Ég veit að umræður verða ekki miklar um hana nú enda hefur hún verið rædd hér áður.

En það er einn hópur sem mundi nýta sér svona þjónustu fyrir norðan — ég þekki sjálf allvel til þarna — en það er hinn

stóri hópur fólks sem nýtir sumarbústaði á Norðurlandi. Það er gríðarlega stór hópur. Við erum þá að tala um mun meiri nýtingu á almenningssamgöngum frá því upp úr miðjum maí og alveg fram í miðjan september. Það er viðbótarhópur og hann er gríðarlega stór. Þá er fólk ekki eins bundið af því að vera á tveimur bílum og fjölskyldumeðlimir geta gert hver sinn hlutinn yfir daginn. Ég tek undir með hv. þm. og tel að svona áætlanir ættu auðvitað allir landsfjórðungar að gera. Almenningssamgöngur eru ekki bara fyrir höfuðborgarsvæðið. Þær eiga líka afar vel við á landsbyggðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áframeldi á þorski, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 58. mál. — Þskj. 58.

[14:40]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um áframeldi á þorski. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson og Magnús Stefánsson.

Herra forseti. Hér er um endurflutning á þáltill. að ræða. Málið var flutt í fyrra en ekki vannst tími til að afgreiða það og er það því endurflutt núna.

Þingsályktunin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að Hafrannsóknastofnuninni verði heimilað í tilraunaskyni að úthluta allt að 500 lesta þorskkvóta árlega næstu fimm árin til áframeldis á veiddum þorski. Þessum aflaheimildum verði skipt í sjö jafna hluta og dreift um landið til einstaklinga. Jafnframt verði Hafrannsóknastofnuninni falið að skrá og fylgjast með tilrauninni og birta niðurstöður um reynslu tímabilsins."

Herra forseti. Rök fyrir þessu eru færð í greinargerð. Einnig má vísa til þeirrar umræðu sem fram hefur farið, m.a. í fjölmiðlum, um þá miklu þróun sem á sér stað og þá miklu möguleika hérlendis sem annars staðar í þorskeldi. Þess vegna er þáltill. þessi flutt. Ég mælist því til þess að henni verði vísað til hv. sjútvn.

[14:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu hv. þm. Hjálmars Árnasonar og fleiri þingmanna Framsfl. Ég tel að hér sé ákaflega þarft mál á ferðinni. Ég er þeirrar skoðunar að þorskeldi sé framtíðaratvinnuvegur á Íslandi.

Ég er nú einn af fáum mönnum á Íslandi sem hef varið nokkrum tíma af ævi minni í að ala þorsk og náð því að ala þorsk í gegnum heila kynslóð frá hrogni og yfir kynþroska þannig að við náðum annarri kynslóð þorsks í þessu eldi. Það var ákaflega þægilegur fiskur og gott að hafa hann til framleiðslu. Það eina sem bagar þorskeldi er kannski að þorskinum finnst ekkert jafngott að borða og einmitt hæstv. utanrrh. og mér, þ.e. þorskur. Þorskurinn étur undan sjálfum sér. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem menn þurfa að reyna að vinna bug á.

Sú nálgun sem hv. þm. Hjálmar Árnason hefur í þessari tillögu sinni kann að vera ein leið að því marki. Hv. þm. leggur til að heimilar verði veiðar í tilraunaskyni til að ala áfram til fullrar slátrunarstærðar í kvíum. Það kann að vera, herra forseti, að sá fiskur sem með þeim hætti nær þokkalegri stærð, kannski hálfu kílói eða kílói, undirmálsfiskur, sé þegar orðinn vanur að taka fæðu sína með öðrum hætti þannig að við lendum ekki í þessu vandamáli.

Ég vil segja, herra forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar hafa jafnframt lagt fram tillögu um stefnumörkun í þorskeldi sem tengist þessari með vissum hætti. Þar af leiðandi tel ég að hér sé um tvö mál að ræða sem eru ákaflega skyld. Þessu tengist líka, herra forseti, sú hugmynd sem komið hefur fram hjá okkur þingmönnum Samfylkingarinnar, að þess verði freistað að veiða náttúruleg seiði og nota þau til áframeldis.

Í gömlum textum frá Árna Friðrikssyni fiskifræðingi frá 1906 og 1908 er að finna upplýsingar um það að árlega er að finna á tveimur stöðum á landinu seiðaflekk sem við sjáum verða til ár eftir ár. Sennilega hefur þessi flokkur þorskseiða safnast saman í Húnaflóa og í Ísafjarðardjúpi árhundruðum saman. Það eru seiði sem ekki eru orðin eins árs gömul, herra forseti. Afföll af þeim eru 70–90%. Með öðrum orðum, ef veidd yrðu úr þessum seiðaflekkjum, náttúruleg seiði sem ekki eru orðin eins árs, skiptir það ákaflega litlu máli fyrir framvindu kynslóðarinnar að öðru leyti.

Ég tel, herra forseti, að það sé eitt af því sem við eigum að freista í framtíðinni. Það dýrasta við þorskeldi í dag er að búa til seiðin sjálf. Hv. þm. Hjálmar Árnason leggur til að fara ákveðna leið fram hjá því. Hugmyndin sem ég reifa hér er önnur nálgun að sama marki sem gæti hins vegar skilað miklu meiri árangri.

Ég lýsi stuðningi við þetta, herra forseti, og ég held að í framtíðinni gerðu íslensk stjórnvöld margt vitlausara en að veita fjármagn til tilraunaeldis á þorski í tengslum við þessa tillögu hv. þm. Hjálmars Árnasonar en ekki síður í tengslum við það að veiða náttúruleg seiði úr þessum seiðaflekkjum sem ég gat um áðan, og ala áfram til slátrunarstærðar. Það held ég að gæti jafnvel orðið mun betra. Sérstaklega held ég að þessar aðferðir séu góðar á hinum fyrstu árum þorskeldis á Íslandi. Þessar aðferðir gera það hins vegar að verkum að það verður ekki hægt að beita þaulreyndum aðferðum varðandi kynbætur í framtíðinni en það er eitt af því sem hlýtur auðvitað að verða lokamarkmið okkar í þessari nýju atvinnugrein, að við ölum upp þorsk sem er kynbættur, þorsk sem vex hraðar en hinn náttúrulegi og þar sem við ráðum við fitumagn og lit og það sem skiptir e.t.v. mestu máli, við kynþroskann sem stöðvar vöxtinn.

Herra forseti. Ég segi það fyrir hönd Samfylkingarinnar að við styðjum þessa tillögu hv. þingmanna Framsfl. Ég undirstrika það jafnframt að hún er í anda þeirrar stefnumótunar sem við höfum lagt fram og hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson hefur einmitt fært út í prýðilegri þáltill.

[14:46]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Mér finnst þessi þáltill. afar áhugaverð og styð hana eindregið. Talið er að þorskurinn þyngist um 80% frá þriðja til fjórða árs, milli fjórða og fimmta árs þyngist hann um 40% og frá fimmta til sjötta árs sé þyngdarauknin hans um 20%. Þarna væri hægt að sannreyna þetta, og þarna sjáum við líka hversu mikilvægt það er að þorskurinn fái að komast yfir þetta aldursskeið og verða þannig mun verðmætari.

Hv. þm. Össur Skarðhéðinsson minntist áðan á að þorskurinn æti undan sjálfum sér. Rétt er það og nánar tiltekið þá er talið að þorskur éti aðra þorska sem eru allt að 60% af

hans eigin þyngd. Ég held að þarna sé afar merkilegt og gott mál á ferðinni og styð það heils hugar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 315. mál (viðauki, niðurfelling gjalda, endurgreiðslur o.fl.). — Þskj. 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bindandi álit í skattamálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 316. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 468.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 425. mál (handfæraveiðar með dagatakmörkunum). — Þskj. 685.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Aukaþing Alþingis um byggðamál, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 48. mál. — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Áframeldi á þorski, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 58. mál. — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Talsmaður útlendinga á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

[14:52]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um talsmann útlendinga á Íslandi.

Flutningsmenn með mér eru Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Karl V. Matthíasson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson og Guðjón A. Kristjánsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna embætti talsmanns útlendinga á Íslandi sem sinni hagsmuna- og réttindagæslu þeirra.“

Í greinargerðinni segir:

„Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands bjuggu 14.927 útlendingar á Íslandi um áramótin 1999 og 2000,“ — þessi tala hefur hækkað talsvert núna — „þar af 11.034 á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi, 1.231 á Vesturlandi og Vestfjörðum, 1.210 á Norðurlandi eystra og vestra, 561 á Austurlandi og 891 á Suðurlandi. Hér er um fjölda fólks að ræða sem oft á ekki auðvelt með að sinna hagsmuna- og réttindamálum sínum en mikilvægt er að þeim málum sé sinnt heildstætt svo að góð yfirsýn fáist. Ekki er síður mikilvægt að gera útlendinga meðvitaða um þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og tryggja að ekki sé gengið á lögbundinn rétt þeirra. Hlutverk embættis talsmanns útlendinga mundi auk fyrrgreinds vera að fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna útlendinga. Þá mundi hann aðstoða útlendinga við rekstur dómsmála, hvort sem um er að ræða einkamál eða opinber mál. Talsmaður útlendinga yrði samkvæmt fyrrgreindu hlutverki að vera löglærður.

Til að tryggja að talsmaður útlendinga geti gegnt starfi sínu sem best er jafnframt nauðsynlegt að kynningarefni á algengustu tungumálum, auk íslensku, um hlutverk hans

og staðsetningu sé aðgengilegt á sem flestum opinberum stöðum, svo sem á landamærastöðvum og í menntunar- og heilbrigðisstofnunum. Þá er ljóst að miklu skiptir að greiður aðgangur verði að talsmanni útlendinga og því þarf embætti hans að vera staðsett miðlægt, t.d. í fyrirhuguðu alþjóðahúsi sem er væntanlegt samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en talsmaður mundi jafnframt vinna afar náið með væntanlegum landshlutamiðstöðvum. Stofnun embættis talsmanns útlendinga yrði því ekki síður mikilvægt og gagnlegt Íslendingum."

Meiningin með þessari tillögu er auðvitað líka að leggja áherslu á að ríkið kosti eina stöðu, t.d. við alþjóðahús sem mundi auðvitað líka starfa mjög náið með stöðvum eins og setrinu fyrir vestan og á öðrum stöðum því að afar brýnt er að til staðar sé lagaþekking og sérfræðiþekking sem hægt er að leita eftir.

Ég tel enn fremur að það hafi aldrei verið brýnna en nú, og sérstaklega eftir 11. september, að vera á vaktinni gagnvart réttindamálum og mannréttindabrotum sem gætu átt sér stað. Við vitum líka, og það hefur m.a. verið gagnrýnt hér í þingsölum, að þessi málaflokkur er dreifður. Hann heyrir undir tvö ráðuneyti og alla heildarstefnumótun skortir. Það er afar mikilvægt að samhæfa og samræma þennan málaflokk og enn brýnna eftir því sem löggjöfin verður flóknari og ýmis tilmæli koma erlendis frá, bæði frá Evrópusambandi og annars staðar að, að ég tali ekki um varðandi eftirlit Sameinuðu þjóðanna, að hafa þetta allt á einni hendi.

Ég er mjög ánægð með að geta loks fengið að mæla fyrir þessari tillögu þannig að hún fari til umfjöllunar í nefnd og þar af leiðandi í umsagnir.

[14:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessari ágætu þáltill. um stofnun embættis talsmanns útlendinga. Útlendingum hefur fjölgað verulega á Íslandi á undanförnum áratugum og eru nú um 15 þús. talsins á landinu öllu. Íslendingar hafa tekið vel á móti þessum þjóðfélagsþegnum og veitt þeim stuðning til að aðlagast íslensku samfélagi. En til að tryggja að útlendingar fái notið félagslegs jafnréttis er afar mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um rétt sinn.

Eðli málsins samkvæmt eiga útlendingar oft erfitt með að sækja rétt sinn og því tel ég afar brýnt að þeir eigi sér lögskipaðan talsmann sem getur skorið úr um réttindamál þeirra. Ég minni á smáumræðu á Alþingi í tilefni þess að upplýst var að erlendir verkamenn hefðu starfað hér á landi án tilskilinna leyfa og verið hlunnfarnir í launum.

Verði embætti talsmanns útlendinga stofnað er það afar mikilvægt skref í þá átt að mótuð sé heildstæð stefna í málefnum útlendinga sem setjast að hér á landi og málefnum þeirra fundinn einn staður í kerfinu. Eins og staðan er í dag eru málefni útlendinga á mörgum stöðum í kerfinu. Æskilegast er að málefni útlendinga heyri undir eitt ráðuneyti en embætti talsmanns útlendinga mundi væntanlega tryggja að upplýsingar um réttindi og skyldur útlendinga lægju fyrir á einum stað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 361. mál (fjárfesting í sparisjóðum). — Þskj. 518.

[15:00]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frv. hefur legið frammi á þskj. 518 og er efni þess í einni efnisgrein og fjallar um það að veita lífeyrissjóðum heimild til þess að auka fjárfestingar í verðbréfum af því tagi sem eru hlutabréf í fyrirtækjum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfaþingum, en um það er aðeins eitt heimildarákvæði sem er einfalt og nær til allra þessara fyrirtækja.

Tillögugreinin felst í því að bæta við heimildargrein um að sérstaklega verði fjallað um fjárfestingar í stofnfjárbréfum sparisjóða eða verðbréfum hlutafélaga sem stofnuð eru til að taka yfir starfsemi sparisjóða, eða í verðbréfum sem falla undir 6. tölul. 1. mgr. umræddrar greinar laganna og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu a.m.k. 30% af hlutafé þeirra í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Það hefur komið í ljós, herra forseti, að eftir því sem markaðsverð hlutabréfa hefur tekið breytingum hefur á undanförnum missirum verðlag á hlutabréfum í skráðum hlutafélögum lækkað þannig að þrátt fyrir að lífeyrissjóðir sem hafa nú heimild til þess að fjárfesta allt að 10% af eigum sínum eða ráðstöfunarfé í óskráðum bréfum eða bréfum óskráðra fyrirtækja, hafi fjárfest minna en nemur 10%, hefur hlutfallið hækkað þegar hlutfall hinna hefur farið lækkandi. Þetta hefur hitt lífeyrissjóðina illa fyrir og þrengt möguleika þeirra til þess að taka þátt í uppbyggingu fyrirtækja á sínum eiginlegu starfssvæðum. Þetta frv. fjallar um að gerðar verði þær breytingar sem gefa þeim betri kosti í þessu efni.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. Alþingis og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Sala á greiðslumarki ríkisjarða.

[15:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Réttur til beingreiðslna úr ríkissjóði er mikils virði. Það er eftirspurn eftir þessum rétti sem nefndur er greiðslumark. Það er því auðvelt að breyta þessum verðmæta framleiðslurétti í peninga vilji menn það. Þess má geta að lítrinn af greiðslumarki í mjólk er seldur á almennum markaði á u.þ.b. 200–220 kr. Greiðsla á ærgildi fyrir árið 2001 var kr. 4.548.

Það er óumdeilt að þessi miklu verðmæti sem nú ganga kaupum og sölum hafa orðið til vegna aðgerða opinberra aðila við stjórn búvöruframleiðslu í landinu. Þau hafa orðið til vegna viðleitni stjórnvalda til að koma böndum á framleiðsluna eins og þau hafa á stundum kallað aðgerðir sínar í landbúnaðarmálum.

Í lagaákvæðum sem fjalla um greiðslumark er hvergi tekið fram hver sé eigandi þessara réttinda. Hins vegar er víða að finna í lögum og reglugerðum ákvæði þess efnis að greiðslumark skuli bundið við lögbýli. Undanfarin ár hefur reynt á þessa löggjöf fyrir dómstólum. Í tugum mála hefur

ríkið varið þá túlkun sína að landeigandi sé handhafi þessa réttar.

Eins og fram kemur í svari til mín frá hæstv. landbrh. hafa 49 ríkisjarðir með skráð greiðslumark verið seldar frá árinu 1997 til og með árinu 2001. Verðmæti greiðslumarks á hverri jörð hleypur jafnan á milljónum eða milljónatugum eftir því hversu framleiðsluréttirinn er mikill. Því er varlegt að áætla sem svo að verðmæti sem hafa fylgt þessum ríkisjörðum við sölu hlaupi á hundruðum milljóna, sem umboðsmaður almennings, í þessu tilviki hæstv. landbrh., krafðist ekki endurgjalds fyrir. Þessi verðmæti hafa því í reynd verið gefin án skilyrða um búsetu, án skilyrða um áframhaldandi búskap á jörðinni eða þá að sá sem kaupir sé sá sami og skóp réttinn.

Það sem gerir þessi vinnubrögð enn undarlegri er að ríkið hefur jafnan gripið til varna þegar bændur hafa sótt að þessum réttindum fyrir dómstólum. Bændur hafa viljað láta á það reyna hvort þeir sem sköpuðu framleiðsluréttinn séu eigendur þessara réttinda. Það er eðlilegt að deilt sé um hvort framleiðsluréttirinn eigi að tilheyra þeim sem skapaði hann eða hvort hann eigi að tilheyra landeiganda. Vissulega má halda því fram með rökum að það hefði verið eðlilegra að framleiðendur hefðu talist eigendur þessara réttinda en ekki landeigendur, en dómstólar hafa kveðið upp úr um það.

Niðurstaða dómstóla hefur verið sú að landeigandi eigi þennan rétt. Þetta hefur fengist staðfest í hverju málinu á fætur öðru þar sem ríkið hefur varið rétt sinn.

Það sem vekur sérstaka furðu mína og þeirra sem hafa fylgst með þessum málum er sú staðreynd að eftir að ríkið hefur varið rétt sinn með kjafti og klóm, mikilsverð fjárhagsleg réttindi, þá er þessi sami réttur afhentur kaupendum ríkisjarða án þess að vera metinn sérstaklega til fjár við sölu. Hvernig er hægt að skilja svona nokkuð?

Eftir standa spurningar líkt og þær hvort allir hafi setið við sama borð, hvort allir hafi haft rétt á að kaupa o.s.frv. Það er vægast sagt sérstætt að fyrst skuli allri þessari vinnu vera eytt í að verja þessi réttindi, berjast fyrir þeim sjónarmiðum að þau tilheyri jarðeiganda en gefa þau svo frá sér við fyrsta tækifæri.

Í áliti ríkisendurskoðanda, dags. 14. des. sl., kemur fram að Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til mats á söluverði jarðanna, hverju svo sem það sætir, svo hæstv. ráðherra getur ekki skákað í því skjóli að Ríkisendurskoðun hafi lagt blessun sína yfir þessa söluaðferð. Það sem eftir stendur er að hæstv. ráðherra hefur afhent mikil verðmæti frá ríkinu án þess að gera kröfu til endurgjalds af þeim sem keyptu.

Hér hefur aðeins verið fjallað um greiðslumarkið en ekkert verið rætt um það hvernig veiðiréttindi eru metin til fjár auk annarra hlunninda sem kunna að fylgja þessum jörðum. Þá hef ég ekki nefnt sérstaklega þá staðreynd að í nokkrum tilvika hefur ráðherra heimilað ábúendum á ríkisjörðum að selja greiðslumarkið af jörðinni, frá jörðinni sérstaklega. Það er augljóst að heimildir til þess eru vandfundnar.

Að öllu þessu samanlögðu hef ég leyft mér að leggja þrjár spurningar fyrir hæstv. landbrh. sem hann fékk sendar í gær. Þær eru:

1. Hvaða lagaheimildir heimila landbrh. að undanskilja greiðslumark verði ríkisjarða við sölu þeirra?

2. Hvert er verðmæti greiðslumarks sem fylgdi þeim 49 ríkisjörðum sem seldar voru með greiðslumarki á árunum 1997–2001, miðað við verðlag á markaði í dag?

3. Hver var tilgangur ríkisins að verja réttindi sín í svo mörgum málum, jafnvel upp í Hæstarétt, ef ekki þykir ástæða til þess að meta þau til fjár við sölu?

[15:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Í upphafi er rétt að árétta: Skilgreiningu á og tilgang með beinum greiðslum til bænda er að finna í búvörulögum. Með þessum greiðslum er ríkið að styðja við hefðbundna landbúnaðarframleiðslu, ekki íþyngja henni. Í 38. gr. jarðalaga er kauprétturleiguliða á ríkisjörðum skilgreindur. Skilyrði fyrir kaupum er að sveitarstjórn og jarðanefnd mæli með kaupunum. Jörðin er síðan metin af óháðum aðila með tilliti til þess að þar haldi áfram landbúnaðarstarfsemi.

Með vísan í ofangreint væri viðkomandi bónda lítill akkur í stuðningi ríkisins ef honum væri gert að kaupa hann, ekki síst vegna þess að búvörusamningar eru tímabundnir og breytanlegir.

Fyrir tilkomu fullvirðisréttar og síðar greiðslumarks í mjólk og sauðfjárafurðum var framleiðsla þessara afurða frjáls á Íslandi og umframframleiðsla flutt út með útflutningsuppbótum. Við að fella niður útflutningsbótarétt þessara búgreina og leggja á þær framleiðsluhömlur til að takmarka framleiðsluna við innlendan markað hefur þess í síauknum mæli verið krafist að framleiðslustjórnunin yrði gerð að verslunarvöru sem búgreinarnar þurfa að greiða fyrir og auka á framleiðslukostnað greinanna, sem hefur þótt ærið nógur fyrir.

Við ákvörðun um að taka upp framleiðslutakmarkanir sem fylgi lögbýli var jafnframt ákveðið að jarðareiganda sé ekki frjálst að selja greiðslumark af jörð sem hann á og leigir öðrum til afnota nema komi til samþykki ábúandans. Að greiðslumark sé hluti af framleiðsluaðstöðu jarðarinnar en ekki söluvara sem unnt sé að aðskilja við sölu jarða kemur fram í verðlagningu mjólkur til bænda og á sauðfjárafurðum þar sem verðlagsnefnd búvara hefur ekki fallist á að meta til kostnaðar í verði afurðanna reiknuð verðmæti greiðslumarks.

Greiðslumark verðlagsgrundvallar bús fyrir mjólk er reiknað vera í dag 188 þús. lítrar. Væri það verðlagt á sjálfstæðan hátt og lagt til grundvallar útreikningi á fjárfestingarþörf við verðlagsgrundvallarbúið og afskrifað á tíu árum þyrfti mjólkurverð að hækka til bænda um 20–25 kr. á lítrann.

Á umræddu tímabili, þ.e. árin 1997–2001, hefur ekki verið heimilt að selja greiðslumark í sauðfé af lögbýli og flytja til annars lögbýlis. Við sölu ríkisjarða sem Ríkiskaup hafa auglýst og greiðslumark hefur fylgt við sölu kemur verðgildi framleiðsluaðstöðu jarðarinnar fram í söluverði hennar. Væri greiðslumark jarðarinnar undanskilið og settur á það verðmiði við sölu jarðanna á almennum markaði mundi það að sjálfsögðu leiða til lægri tilboða og það heildarverð sem fengist fyrir jörðina verða það sama. Því er rangt að halda því fram að verðmæti greiðslumarks við sölu ríkisjarða á almennum markaði sé í reynd undanskilið í verði þeirra. Kjósi kaupandi ríkisjarðar að selja frá sér framleiðsluréttý rýrir hann um leið verðgildi jarðarinnar og skerðir nýtingarmöguleika fasteigna á jörðinni.

Allt er þetta leikur að tölum, hæstv. forseti, sem hægt er að reikna endalaust, sérstaklega ef menn skilja ekki grundvallarforsendur stuðnings ríkisins við þessa framleiðslu eða meginmarkmið jarðalaga.

Svar við 2. spurningu: Svo sem áður er fram komið hefur sala á greiðslumarki milli býla í sauðfé ekki verið heim-

il lögum samkvæmt. Markaðsverð þess greiðslumarks er því ekkert. Óraunhæft er að reikna verðgildi greiðslumarks mjólkur sem sérstök verðmæti nema gera sér grein fyrir þeim verðmætum í fjósum og öðrum mannvirkjum á jörðunum sem yrðu einskis nýt við að láta ábúendur greiða fyrir greiðslumark jarðanna markaðsverð til viðbótar jarðarverði og mannvirkjum sem ríkið á á þessum jörðum. Með því fyrirkomulagi væri áframhaldandi búskap þessara aðila sjálfhætt á jörðunum sem hefur ekki verið og verður aldrei stefna stjórnvalda. Rétt er að árétta það álit Ríkisendurskoðunar að mat á ríkisjörðum til áframhaldandi landbúnaðarstarfsemi sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga og jarðalaga.

Svar við 3. spurningu: Málflutningur ríkisins hefur fyrst og fremst verið sá að halda rétti jarða til streitu vegna þess að jarðeigendur hafa kaupskyldu að eigum ábúenda þegar ábúð lýkur. Sérstaklega vegna þessa ákvæðis hefur landbrn. ávallt haldið því fram að ekki væri hægt að skylda jarðareiganda til að kaupa byggingar ef stuðningur við framleiðsluna fylgir ekki, eins og hv. þm. leggur hér til. Nógu illa getur gengið að fá réttmæta leigu fyrir eignir ríkisins á ríkisjörðum þó að til viðbótar bætist ekki leiga fyrir stuðning ríkisins við framleiðsluna.

Lýk ég þá máli mínu, hæstv. forseti.

[15:14]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér fer fram er sannarlega af hinu góða. Við þurfum að átta okkur á því á hinu háa Alþingi hvernig við ætlum að standa að málum ef selja á eignir ríkisins. Hér kemur upp stöðugt, hver á að fá og fyrir hvaða verð þegar einkavæðingarríkisstjórnin losar um eignir dag eftir dag.

Það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur öll hér að fram fari heildstæð úttekt á stöðu ríkisjarða í landinu og að ríkisjarðir séu ekki seldar eða settur upp sölulisti eftir að kominn er þrýstingur um það að einhverjir vilja kaupa. Þetta er vond stefna og þetta er landsbyggðarfjandsamleg stefna.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ávallt sagt að við viljum halda ríkisjörðum og það er af ýmsum ástæðum. Það er vegna þess að ríkisjarðir geta verið náttúruperlur sem eiga að vera öllum aðgengilegar. Hitt er líka að sala ríkisjarða getur hreint og beint verið byggðafjandsamleg vegna þess að salan getur oft verið undanfari þess að menn bregði búi og flytji af svæðinu. Mörg dæmi eru um að menn hafa losað eignir á þennan hátt og síðan flust af svæðinu til ómælds tjóns fyrir lítið byggðarlag.

Það er krafa okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að staða þessara mála verði skoðuð heildstætt, gerð verði skrá yfir ríkisjarðir, metið verði hvaða jarðir ríkið vill halda í — við teljum að það sé obbinn af þeim jörðum sem ríkið á — og síðan verði tekið á því hvaða jarðir eru til sölu og settar heildstæðar reglur um það hvernig með skuli fara. (**Gripið fram í:** Þær eru til staðar.) Þær eru ekki til staðar. Þær reglur sem unnið er eftir eru alla vega ekki góðar. Þær leiða menn inn á þær brautir að halda að menn sitji ekki við sama borð þegar verið er að fjalla um þessi mál og þegar verið er að taka ákvörðun um sölu. Ríkiseignir eru seldar í blindni, ekki bara jarðir heldur fyrirtæki einnig eins og dæmin sanna.

[15:16]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Þegar kvótakerfið var sett á upp úr 1980 var rétturinn skilgreindur sem eign jarðareiganda, þ.e. að rétturinn fylgdi jörðinni, moldinni, rétt eins og búfé, byggingar og ræktun á viðkomandi jörðum. Þessu var öðruvísi farið en með sjávarútveginn þar sem rétturinn til fiskveiða var tengdur þeim sem útgerðina stunduðu en ekki fiskvinnslunni eða byggðarlögunum. Þetta er að sjálfsögðu mismunur, og felst ekki síst í því að þeir sem búa á einkajörðum hafa átt þennan rétt, þeir geta verslað með hann og selt hann.

Eins og fyrr segir hefur ríkið talið sig eiga þann rétt sem á ríkisjörðum er og þess vegna hafa ábúendur þeirra jarða ekki getað selt hann. Þegar þeir hafa hins vegar viljað kaupa þær jarðir sem þeir hafa byggt á og byggt upp, bæði ræktað land og byggingar, og byggt upp þann kvóta og þá eign sem er hafa þeir stundum viljað kaupa jarðir sínar, og fengið, og mér finnst eðlilegt að þeir fái að kaupa þær jarðir á eðlilegu verði og þá miðað við það að þeir búi áfram á jörðunum.

Hins vegar er alveg rétt að þess eru dæmi að menn hafi keypt jarðir, selt frá þeim kvótann og hagnast á viðskiptunum.

Ég vil benda á að í frv. sem liggur fyrir þinginu og er til umfjöllunar í allshn., 253. mál, frv. til laga um fasteignakaup, er gerð tillaga í 25. gr. um að greiðslumark bújarðar teljist ekki til fylgifjár jarðarinnar. Þá er í rauninni verið að tala um að kvótinn verði metinn sérstaklega.

[15:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Enn er sala ríkisjarða og greiðslumark þeirra til umræðu hér í sölum Alþingis. Það er ekki að furða því mörgum blöskrar hvernig farið hefur verið með þessar eigur okkar og þær nánast gefnar í stað þess að þær séu seldar eftir almennum reglum og mati.

Mér hafa borist allmörg dæmi um það hvernig menn hafa makað krókinn á þessum gjafakaupum svo sem sagan af jörðinni í Fljótsdalnum sem seld var fyrir nokkrum árum á 800.000 kr., ári síðar seldi kaupandinn smáspildu úr jörðinni og fékk fyrir hana ríflega það sem hann keypti jörðina á árið áður.

En ég vil vera sanngjörn og tek því raunverulegt dæmi af jörð þar sem söluverðið er í efri kantinum, eða 4,3 milljónir — hún er seld í tíð núv. hæstv. ráðherra. Þetta er jörðin Kaldbakur í Hrunamannahreppi í Árnessýslu, 13 km frá Flúðum, sem hæstv. landbrh. seldi ábúanda í mars árið 2000. Samkvæmt afsali er eftirfarandi selt: land jarðarinnar, 1.000 hektarar, og 28,7 hektarar ræktað land, fjós, hlaða, hesthús, fjárhús og veiðiréttur, en árlegar tekjur af veiði í Stóru-Laxá eru um 450 þús. kr. Ábúandinn eignast kvótann, 215 ærgildi, við kaupin. Mikil kostajörð samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og þau ummæli eru enn í fullu gildi. Útivistarparadís, góð hrossajörð og einstök til skógræktar samkvæmt auglýsingu frá fasteignasölu. Þetta selur hæstv. ráðherra á rúmar 4 millj. kr. Tæplega er veiðirétturinn mikils metinn þar. Ári síðar, í mars 2001, er jörðin auglýst á fasteignasölu, til sölu á 32 millj. með fullvirðisrétti. Bóndinn ákveður síðan að selja kvótann sérstaklega og fær fyrir hann 5 millj. kr. frá ríkinu, 1 millj. kr. meira en hann greiddi fyrir jörðina og kvótann, þessa kostajörð, og síðan er jörðin seld á 21 millj. Á einu ári hefur bóndinn því samkvæmt þessu hagnast um 22 millj. á þessum kaupum af ráðherranum, vel fimmfaldur hagnaður á einu ári. Það er alveg ljóst að breyta verður reglum og lögum um sölu ríkisjarða og hlunninda sem þeim fylgja, viðmið sem notað er í dag við mat á jörðum er ónothæft. Það verður að vera sambærilegt og hjá almennum fasteignasölum og

metast víðtækara en við hefðbundinn landbúnað eins og nú er.

[15:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Vert er að halda hér til haga tilgangi þeirra ákvæða sem kveðið er á um í jarðalögunum en þar stendur í 1. gr., með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda." Þetta er upphafið, herra forseti. Í 38. gr. laganna kveður svo á um ríkisjarðir og ábúendur á þeim. Og áfram er vert að hafa í huga að markmið laganna og þeirra aðgerða sem þar er gripið til er að tryggja áframhaldandi búsetu á jörðunum. Tryggja búsetu, líka á ríkisjörðunum. Og þær ráðstafanir sem ríkið gerir á þeim vettvangi eiga einmitt að taka mið af því.

Sala á jörðum til ábúenda er jú háð því að þeir hafi búið þar í a.m.k. 10 ár og búi þar með góðum hætti, og maður les í lögin að ætlast sé til þess þegar þeir fá jörðina keypta samkvæmt þessum skilmálum kaupi þeir hana til ábúðar enda stendur „til áframhaldandi ábúðar og nytja", þ.e. til búsetu á jörðinni.

Þess vegna ber valdhafanum, herra forseti, sem í þessu tilfelli er landbrn. að huga mjög vel að þegar ríkisjarðir eru seldar:

1. Er ástæða til þess að selja ríkisjörðina? Þjónar það einhverjum sérstökum tilgangi, eða er þar kannski verið að tefla í tvísýnu hagsmunum almennings til lengri tíma?

2. Er verið að selja jörðina í raun samkvæmt þessari lagagrein til ábúðar eins og skýrt er kveðið á um?

Sama gildir þá einnig um framleiðsluréttinn á viðkomandi jörð, rétt sem er forsenda þess að hægt sé að búa á henni eins og ábúðarlög kveða á um, að ráðstöfun á honum verði þá einnig að fara eftir því að ætlunin sé að búa áfram á jörðinni, virðulegi forseti.

[15:24]

Ólafur Björnsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 24. febrúar árið 2000 er ljóst að greiðslumark í mjólk, svokallaður mjólkurkvóti, er eign jarðeiganda en ekki ábúanda. Áunninn mjólkurkvóti er því eign ríkisins á ríkisjörðum. Hins vegar er ábúanda heimilt að kaupa greiðslumark til ríkisjarða sem hann býr á og þá verður það séreign hans, sbr. 3. mgr. 47. gr. núgildandi búvörulaga.

Þessi dómur Hæstaréttar markaði ákveðin tímamót að mínu mati varðandi réttarstöðu ábúenda gagnvart greiðslumarki. Fram að þeim tíma var það skoðun mjög margra bænda að kvótinn væri eign þeirra í hlutfalli við eign þeirra á jörðinni. Þessum dómi voru margir mjög ósammála, en hann er niðurstaðan. Það er því ljóst að það verður að endurskoða vinnureglur ríkisins við mat á verðmætum í ljósi þessa dóms. Hins vegar er það mín skoðun að sú verðmætaaukning sem hefur orðið á ábúðarjörð fyrir atbeina ábúandans hlýtur að koma til uppgjörs við ábúðarlok eða þegar ábúandi kaupir jörð. Hann á réttmætt tilkall til endurgjalds vinnu sinnar og hann hefur, hvað sem hver segir, auðvitað skapað þennan kvóta. Tekið hefur verið tillit til þess við sölu ríkisjarða og eins við ábúðarlok.

Ég vil líka benda á það í þessari umræðu að ríkið áskilur sér forkaupsrétt að jörðum þegar það selur ríkisjarðirnar með þeim hætti sem gert hefur verið og á því forkaupsrétt selji ábúendur þær aftur. Það þarf að fara fram mat á því í ljósi breyttra aðstæðna og í ljósi upplýsinga um það að menn eru að hætta búskap skömmu eftir að þeir kaupa ábúðarjarðir sínar að hugsanlega þarf að beita þessum forkaupsrétti oftar en gert hefur verið.

[15:26]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu sala á greiðslumarki ríkisjarða og hvaða aðferðir skuli viðhafðar þegar hún á sér stað.

Þegar ríkið er að selja eða úthluta svokölluðum gæðum verður það að gæta jafnræðisreglunnar en taka um leið tillit til þess að réttur einstaklinga sé ekki fyrir borð borinn. Þeir bændur sem hafa búið á ríkisjörðum og byggt upp gripahús og bústofn hafa skapað með því verðmæti sem ríkinu ber að taka fullt tillit til þegar þessir bændur vilja bregða búi eða standa að breytingum í búskaparháttum sínum. Öllum hlýtur að vera ljóst að þegar bóndi hefur lagt í miklar fjárfestingar í gripahúsum og stækkað þau og orðið að auka við bústofn til að standa straum að kostnaði við endurbætur og uppbyggingu hlýtur það að vera sanngirniskrafa að horft sé til þess erfiðis sem bóndinn hefur lagt í.

Þegar ríkið selur fullvirðisrétt eða aðrar eigur verður að gæta jafnræðis. Það er mjög eðlilegt að áður en sala fer fram á eigum ríkisins fái almenningur að vita um það. Við viljum líka fá að vita hve mikið ríkið fær fyrir þau fyrirtæki sem það hyggst selja nú um þessar mundir, ef því tekst að selja þau. Við viljum líka vita að þau séu til sölu. Þetta hlýtur að gilda um allar eigur ríkisins, jafnt smáar sem stórar, a.m.k. verður að haga þessum málum þannig að tortryggni skapist ekki, að reglum sé framfylgt og að þær séu gerðar sanngjarnar, þannig að deilur, úlfúð og jafnvel málaferli séu ekki á ferðinni þegar ríkið er að selja eða gefa eigur sínar eða leysa til sín verðmæti sem því ber lögum samkvæmt.

Ég ítreka það sem ég hef sagt hér, herra forseti, að ríkisvaldið beiti ávallt jafnræðisreglunni í samskiptum sínum við þegnana í smáu sem stóru.

[15:28]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og framlag þeirra til hennar. Ég held að nauðsynlegt sé að taka fram hér strax í upphafi, vegna þess sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, að í svari hans til mín kemur fram að greiðslumark sé ekki metið sérstaklega í verði jarðanna. Ég held að það þurfi því að liggja alveg fyrir í þessari umræðu, virðulegi forseti, því af orðum hans áðan mátti ráða að þetta væri með einhverjum öðrum hætti.

Ég vil líka mótmæla því, virðulegi forseti, að þetta sé einvörðungu leikur að tölum eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Það liggur fyrir á markaði hvert verðgildi þessa framleiðsluréttar er, hvað menn eru tilbúnir að greiða fyrir hann og vitaskuld verður að taka mið af því í þessari umræðu.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Kjartani Ólafssyni og hv. þm. Ólafi Björnssyni að við erum komin á leiðarenda í þeirri aðferðafræði sem hefur verið stunduð hingað til. Það verður að endurskoða mat á þessum jörðum. Og það verður að endurskoða mat á þessum réttindum. Það liggja fyrir dómar, sérstaklega sá dómur sem vitnað var til hér áðan, sem gera það að verkum að landbrn. verður að taka þetta til endurskoðunar. Þetta eru sérstök verðmæti sem er algerlega ófært að afhenda með þessum hætti. Enda hafa menn farið

í það, sérstaklega eftir þennan dóm, að kaupa jarðirnar og selja síðan kvótann af þeim.

Virðulegi forseti. Á meðan engar reglur liggja fyrir um það á hvern hátt þetta er gert og á meðan engar reglur tryggja að allir standi jafnir í þessum málum er ekki hægt að una við þetta.

Eftir þessa umræðu stendur því eftir, virðulegi forseti, því miður, að ríkisjarðir með miklum verðmætum eru afhentar fyrir mjög lítið fé. Og þetta verður ráðherra að taka til gagngerrar endurskoðunar.

[15:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Kannski er það aðeins ein ræða sem ég vil taka hér fyrir, þ.e. ræða hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Ég trúi því ekki að hún hafi viljandi verið sett hér fram með þeim ranga málflutningi og villandi upplýsingum sem gert var. Hér er verið að taka málefni einstaklings upp. Ásgeir Gestsson bjó allt sitt líf á Kaldbak, ól þar upp börn sín. Hann átti megnið af mannvirkjum, íbúðarhúsið, öll bestu útihúsin og ræktunina. Hann hafði lifað þar og starfað. Hann fékk jörðina metna af Ríkiskaupum á 4,3 milljónir. Síðan þegar hann selur eign sína og ákveður að hverfa, ekkjumaður, frá jörð sinni, þá selur hann í heildina á 26 milljónir. Lífsstarf hans er sem sé verðlagt á 21 eða 22 milljónir. Ég vil að það komi skýrt fram hér að málflutningur hv. þm. var fyrir neðan allar hellur. Það er mjög mikilvægt að þingmenn afli sér réttra upplýsinga.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum segja í lok þessarar umræðu að það liggur fyrir sem Ríkisendurskoðun hefur sagt, að þegar á heildina er litið eru þeir starfshættir sem tíðkaðir eru hjá jarðadeild landbrn. í samræmi við lög og þær reglur sem ráðuneytið hefur sett sér um sölu ríkisjarða. Þá er verið að fjalla um þann tíma sem ég hef starfað í landbrn. Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við verklag jarðadeildar við sölu ríkisjarða. Ljóst má vera að miklar breytingar hafa orðið á starfsemi deildarinnar frá því Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á jarðadeildinni 1998 og hefur hún í flestu lagað sig að tillögum um verklag sem þar eru gerðar. Síðan lýsir ríkisendurskoðandi hér fullu trausti á Ríkiskaup við að meta verðgildi ríkisins á jörðunum. Ég er því sáttur og ég held að flestir sem skilja vilja skilji þetta mál.

Vera kann að réttlæti sumra manna sé með þeim hætti sem sagt var um forðum, vont er þeirra ranglæti, en verra þeirra réttlæti.

Hæstv. forseti. Nú held ég að rétt sé að fara að horfa á handboltann.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 15. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég verð eiginlega að koma hér upp og bera af mér sakir vegna orða hæstv. ráðherra, þar sem hann telur mig fara með rangt mál. Ég er hér með afsal hæstv. landbrh. vegna sölu á þessari jörð sem ég tók sem dæmi. Í þessu afsali stendur: Hinn seldi eignarhluti er land jarðarinnar. Hjá fasteignasölunni kemur í ljós að það er um 1.000 hektarar. Það er ræktun. Það voru 28 komma eitthvað hektarar. Það er fjós. Það er hlaða. Það er hesthús. Það er fjárhús og það er veiðiréttur. Og fyrir þetta eru greiddar 4 millj. Þetta eru bara staðreyndir. Ég er með þetta allt skjalfest. Þessu fylgja 215 ærgildi. Þau eru síðan seld ríkinu fyrir mun hærri upphæð en jörðin var seld ábúandanum. Ég er ekki að leggja mat á hvað er hvað hér. Ég er bara með þetta skjalfest fyrir framan mig.

Einnig kemur í ljós að veiðirétturinn er seldur og það kemur fram þegar jörðin er seld aftur að tekjur af veiði í Stóru-Laxá sem liggur við þessa jörð hafa verið 450.000 kr. á ári. Ég nefndi það í ræðu minni. Ári eftir að hæstv. ráðherra selur jörðina alla á 4 millj. er hún síðan seld á 21 millj. eftir að búið er að selja kvótann af henni. Meti nú hver sem vill.

Það getur vel verið að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að þarna séu um að ræða frekari hús, ég þori ekki að fara með það.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir hv. þm. á að fara ekki út í efnislega umræðu um málið.)

Ég biðst afsökunar. Ég verð að fá að bera af mér sakir, herra forseti, þegar ég er sökuð um að fara með rangt mál. Ég er bara að vitna í gögn um þessa jörð, gögn sem ég hef stimpluð og skjalfest fyrir framan mig.

[15:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki bera sakir á hv. þm. í þessum efnum. Ég var fyrst og fremst að benda vissu mína, því ég hef fullvissað mig hér í salnum um að ég var að fara rétt með. Ég hringdi upp í ráðuneyti og spurði hvort það væri ekki rétt munað hjá mér að þetta væri með þessum hætti. Samt leyfir hv. þm. sér að bera á þann sem hér stendur að hann sé að ljúga, kemur hér full af hreysti aftur upp til þess að halda fram röngum sökum í garð einstaklings sem lifði heilbrigðu og góðu lífi. Þetta var ævistarf hans sem hann var að selja. Ég bið því hv. þm. um að koma með mér upp í ráðuneyti og kynna sér málið. Ég vil vera viðstaddur þegar hún kemur þar. Ég býð henni hér með í heimsókn þangað.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 15. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er nú svolítið þreytandi. Ég hef aldrei haldið því fram að hæstv. ráðherra væri að ljúga og sagði það alls ekki hér, heldur vitnaði bara í skjalfest gögn sem ég er með fyrir framan mig. Ég efast ekkert um að bóndinn á þessum bæ hafi unnið þarna alla sína ævi. En ég hef ákveðnar efasemdir um að verið sé að huga að eigum ríkisins þegar jarðir eins og þessi, sem er mikil kostajörð samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og samkvæmt fasteignasala sem seldi síðan, skuli vera seld á 4 millj. með veiðirétti og öllu því sem fylgir. Ég leyfi mér að hafa efasemdir um það. Ég tel að setja þurfi nýjar reglur. Það þarf að setja önnur viðmið og það þarf að ráða bót á sölu ríkisjarða.

Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

[15:37]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Jónína Bjartmarz, Bryndís Hlöðversdóttir og Þuríður Backman.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna gildi þess fyrir framgang heilbrigðisáætlunar og jafnframt hagkvæmni þess að koma á auknu samstarfi heilsugæslu við aðrar fagstéttir svo sem gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar."

Herra forseti. Mikilvægi heilsugæslunnar sem einnar af grunnstoðum heilbrigðisþjónustunnar í landinu er óumdeilt. Talið hefur verið að 80–85% af landsmönnum ættu að geta fengið þjónustuþörf sinni fullnægt innan heilsugæslunnar. Jafnframt því sem áhersla er lögð á að fjölga heimilislæknum þarf að huga að aðkomu skjólstæðinga að stoðþjónustu og ráðgjöf annarra fagstétta og hefur löggjafinn gert ráð fyrir að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veitt þjónusta af ýmsu tagi og er þjónustan talin upp í 19. gr. laganna. Lögin eru frá 1990 en einnig er í gildi reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar. Árið 1982 er síðasta reglugerð reyndar sett. Hún er komin nokkuð til ára sinna og brýnt að ný og endurskoðuð reglugerð verði sett hið fyrsta.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra verði falið að kanna hagkvæmni þess að heilsugæslan auki starfstengsl sín við fleiri fagstéttir en nú er. Tillögunni er ætlað að stuðla að auknu og bættu þjónustustigi innan heilsugæslunnar þannig að hún sé betur fær um að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til hennar. Aukið samstarf við aðrar fagstéttir ætti jafnframt að létta nokkuð álagi af heimilislæknum og um leið auka afköst heilsugæslunnar í heild sinni. Þannig gæti heilsugæslan m.a. samið við félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, sálfræðinga og fleiri stéttir um samstarf til stuðnings þeim skjólstæðingum sem heimilislæknar stöðvanna teldu að þyrftu á slíkri þjónustu að halda. Vert er í þessu sambandi að minnast á verkefnið „Nýja barnið". Það var verkefni Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og kom út skýrsla á vegum landlæknisembættisins árið 2000 um það þróunarverkefni. Stöðin á Akureyri lagði áherslu á að nýta fjölskylduráðgjöf til að þróa nýja vídd í heilsuverndarstarfi, sérstaklega í mæðra- og ungbarnavernd. Verkefnið var síðan tilnefnt af heilbrigðisráðuneytinu sem framlag Íslands í samkeppni þróunarverkefna sem efnt var til í tilefni 50 ára afmælis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 1998 og þar fékk það sérstaka viðurkenningu. Þá hefur samstarf um fyrirbyggjandi aðgerðir komist á milli heilsugæslunnar í Hafnarfirði við skólaskrifstofu og aðra faghópa og jafnframt á heilsugæslan í Grafarvogi aðild að Miðgarði þar sem rekin er fjölskylduþjónusta fyrir íbúa Grafarvogs.

Herra forseti. Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktun um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Í þeirri ályktun eru sett fram metnaðarfull markmið til næstu ára. Til að þessi markmið megi nást verður heilsugæslan að geta veitt þá þjónustu sem lög um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um starfsemi heilsugæslustöðva gera ráð fyrir. Af þessum sökum er lagt til að ráðherra kanni gildi aukins samstarfs fyrir framgang heilbrigðisáætlunar sérstaklega. Með því að efla samstarf við aðrar fagstéttir er unnt að renna styrkari stoðum undir starfsemi heilsugæslunnar í landinu.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á seinasta þingi en eigi var þá unnt að mæla fyrir henni. Er hún því lögð fram að nýju, óbreytt.

[15:42]

Ásta Möller:

Herra forseti. Til umfjöllunar er till. til þál. um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu. Það er ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar er að efla heilsugæsluna í landinu og ég vil segja að þessi tillaga er til þess fallin að nálgast það markmið.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu kemur fram að heilsugæslustöðvum eru falin afar umfangsmikil verkefni eins og kemur fram í 19. gr. laganna og talið er upp í greinargerð með þáltill. Ljóst er að fæstar heilsugæslustöðvar hafa möguleika á að sinna öllum þessum þáttum sem koma fram í 19. gr. heilbrigðisþjónustulaga. Mörg þessara verkefna eru ekki eingöngu á færi þeirra stétta sem nú eru starfandi innan heilsugæslunnar, lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, heldur eru þetta verkefni sem aðrar starfsstéttir bera meginábyrgð á. Mörg þessara verkefna eru ekki unnin innan heilsugæslustöðvanna í dag. Þau eru unnin hjá nefndum og ráðum og stofnunum utan heilsugæslunnar. Full ástæða er til að skoða samhengið milli þessara hluta, hvað eigi að vinna innan heilsugæslunnar og hvað utan og hverjir eigi að halda utan um hvert atriði.

Hér efst á síðu 2 er liður 5.15. Atvinnusjúkdómar en það er alveg ljóst að þó að verkefnið atvinnusjúkdómar eigi samkvæmt lögum að vera á höndum heilsugæslunnar eða sjúkrahúsa þá hafa þau ekki getað sinnt þessu hlutverki. Ef ég man rétt var í frv. um heilsuvernd starfsmanna — um vinnuvernd heitir það víst — gert ráð fyrir að m.a. aðilar utan heilbrigðiskerfisins, sjálfstætt starfandi aðilar, tækju þetta verkefni yfir.

Ég vil því lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. og að tækifærið verði notað til þess að skoða samspil ýmissa aðila varðandi þau verkefni sem talin eru upp í heilbrigðisþjónustulögunum og jafnframt skoðað hvort ástæða sé til þess að endurskoða heilbrigðisþjónustulögin í því sambandi til þess að alveg ljóst verði hver beri ábyrgð á hvaða verkefni, því öll þessi verkefni eru afar mikilvæg.

[15:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum fjalla um þáltill. um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustunni sem ég er meðflutningsmaður að eins og komið hefur fram.

Það er mín staðfasta trú að ef við ætlum að efla heilbrigði í landinu þurfi auknar forvarnir. Efla þarf heilsugæsluna og samstarf milli fagaðila. En til þess að koma öllu þessu að og vinna eftir heilbrigðisáætlun þurfa heilsugæslustöðvarnar eða heilsugæslan í landinu aukið rekstrarfé. Það er frumskilyrði. Markviss uppbygging þarf að vera húsnæðislega séð og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem mikil vandræði hafa skapast vegna fárra heilsugæslustöðva. Skilgreina þarf þá þjónustu sem á að fara fram innan heilsugæslustöðvanna, hvaða starfsemi á skilyrðislaust að vera á sjúkrahúsunum, sjúkrahústengd, og hvaða starfsemi geti verið hjá sérfræðingum og hvernig við ætlum að hafa þjónustuna sem markvissasta, ódýrasta og besta.

En hugsanlega er komið að því að við þurfum að skilgreina aftur ábyrgð heilsugæslustöðvanna og hvað eigi að fara þar fram. Ef við viljum vinna að markmiðum þeirra laga sem nú gilda, þá þurfum við að leggja þetta allt til, meira samráð, meira fjármagn og aukið húsnæði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

[15:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir stuðningi mínum við þáltill. Það er orðið mjög brýnt að við styrkjum heilsugæsluna og séð verði til þess að staðið verði við það

sem nú þegar er í lögum um starfsemi á heilsugæslustöðvum, því eins og við vitum þá er í lögum um heilsugæsluna gert ráð fyrir að í ákveðnum stöðvum sé sjúkraþjálfun og jafnvel iðjuþjálfun. Og auðvitað þarf að auka fagþjónustu innan heilsugæslunnar. Ég styð þetta því heils hugar.

En vegna þess samkomulags sem hefur orðið um tímann sem gefinn er til að ræða hér þingmannamál, þá ætla ég ekki að fara nánar út í það. En segi það hér með aftur að ég tel þetta vera mjög brýnt mál sem hér er farið fram á að unnið verði í sambandi við heilsugæsluþjónustuna og samstarf við fagstéttir.

[15:48]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Að lokum langar mig að þakka fyrir jákvæð viðbrögð við tillögunni.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er upptalningin í 19. gr. um hvaða þjónustu skuli veita á stöðvunum ansi víðtæk. En þar segir reyndar að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita þjónustu eftir því sem við eigi og þar segi. Það táknaði í huga þeirra sem settu þau lög á sínum tíma, eftir því sem ég best veit, að það mætti leysa mál með öðrum hætti en að öll starfsemin væri inni á heilsugæslustöðvum. Oft geta einkaaðilar leyst slík verkefni.

En það hefur þó sýnt sig á þeim stöðum sem ég gerði að umtalsefni áðan, m.a. á Akureyri, í Grafarvogi og í Hafnarfirði, að slíkt samstarf er mjög gagnlegt. Það er mjög gagnlegt fyrir skjólstæðingana og aukið framlag fleiri fagstétta í þeirri þjónustu ætti jafnframt að geta létt álagi af heimilislæknum og hjúkrunarfræðingum sem starfa á stöðvunum og aukið afköst, aukið gæði og víkkað þjónustusviðið. Það skiptir máli þegar reynsla er fyrir því að það gefist vel.

Það má ráða að heilsugæslunni fólk, gera má samninga við fólk úti í bæ. Ýmsar leiðir eru til. En ég hafði sérstaklega í huga félagsráðgjafa, sálfræðinga og fjölskylduráðgjafa. Það þarf að vera gott aðgengi að geðlæknum til samstarfs við þá sem vinna í heilsugæslunni. Tillagan hvetur til samvinnu milli þessara stétta.

Ég tel að slík aðferð sé líkleg til að stuðla að því að fyrirbyggja vandamál, á réttum stað í heilbrigðisþjónustunni og hún sé þess vegna fjárfesting fyrir næstu kynslóð og til lengri tíma. Það má mæla árangur af slíkri vinnu með því að meta jafnt og þétt með rannsóknum og endurmati. Ég hvet til þess að það verði gert. Það eru vissir hópar sem eru auðvitað áhættuhópar, en almennt verður maður að segja að reynslan er góð af slíku samstarfi og ég vona að tillagan fari til síðari umr. og til hv. heilbrn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á þorskeldi, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

[15:51]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði hafnar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.“

Með þáltill. er greinargerð og er komið þar víða við. Ég mun ekki lesa hana alla, en geta nokkurra atriða. Þar kemur m.a. fram að mikill vöxtur hafi orðið í öllu eldi á heimsvísu og fiskeldi sé sú grein matvælaiðnaðarins sem vex hvað hraðast. Þess má geta að fiskeldi hefur annað heildaraukningu á fiskneyslu heimsins á árunum 1990–1997. Þetta var aukning sem nam um 20 millj. tonna.

Við getum velt því fyrir okkur hvað hlutur okkar Íslendinga þyrfti ekki vera mikill í þeirri tölu til að hann skipti miklu máli fyrir okkur sem þjóð sem lifir af því að framleiða fisk.

Einnig má geta þess að sú staða sem kom upp í evrópskum landbúnaði fyrir skömmu hefur frekar aukið fiskneysluna. Ég vil einnig geta þess, herra forseti, að frændur vorir, Norðmenn, leggja mjög mikið í það að rannsaka þorskeldi. Þeir hafa mikil áform um að geta framleitt mikið af þorski og til að við séum fær um að keppa við Norðmenn, þá verðum við auðvitað líka að fara út í þessa atvinnugrein. Og svo sannarlega er það ánægjuefni, herra forseti, að margir aðilar hér á landi hafa sýnt þessu áhuga.

Þessi þáltill. hefur reyndar legið hér inni í þinginu í næstum því tvö ár og aðstæður hafa ekki verið til þess að taka hana til umfjöllunar fyrr. Hún var lögð fram í fyrra og svo aftur núna.

Einnig má benda á að laxeldi Norðmanna er upp á mörg hundruð þúsund tonn. Við getum spurt hvort það sé eina fisktegundin sem hægt er að vera með í svona miklu eldi. Við getum einnig velt því fyrir okkur að ef við hefðum farið út í að stunda þorskeldi á svipuðum tíma og menn fóru fyrst að vera með fiskeldi hér á landi, þá gætum við séð það fyrir okkur að við ættum kannski allmyndarlega atvinnugrein sem héti þorskeldi.

Með þáltill., herra forseti, er lagt til að drifið verði myndarlega í þessum málum og að litið verði á þorskeldi eins og hverja aðra atvinnugrein og lagðar verði myndarlegar fjárhæðir í þetta til að hrinda því af stað og það verði ekki í mörg ár á tilraunastigi hjá hinum og þessum fyrirtækjum, sem jafnvel eru í samkeppni og gætu jafnvel verið að fela upplýsingar hvert fyrir öðru í stað þess að veita upplýsingar. En nauðsynlegt er til að þessi grein verði sem öflugust að þeir sem vinna í henni og hafa áhuga á henni miðli upplýsingum og styrki hverjir aðra svo við getum fengið einhvern árangur og það sem fyrst.

Það eru ekki mörg tonn í raun og veru ef við t.d. hugsum um laxeldi Norðmanna. Ætli þar hafi ekki verið framleidd 500 þús. tonn af laxi í eldi á síðasta ári. Hversu mikið veiðum við af þorski? Það er aðeins á annað hundrað þúsund tonn. Getum við séð það fyrir okkur að við getum framleitt í eldi jafnmikið magn af þorski? Það er um gífurlega mikla hagsmuni að ræða. Og ef við gætum farið að hafa töluverðar tekjur af þessu, þá gætum við bætt samfélag okkar, lagt meiri *pening í skóla og sjúkrahús og mörg önnur góð málefni.*

Áðan var til umfjöllunar till. til þál. um áframeldi á þorski. Það er mjög góð tillaga sem fjallar um að menn megi veiða þorsk til áframeldis, en það er einmitt talað um áframeldi, fjarðar- og kvíaeldi á þorski í þessari þáltill. Á hinni tillögunni eru hv. þm. Framsfl., Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson og Magnús Stefánsson. Þetta *rímar því vel saman, herra forseti, og greinilegt er að* áhugi á þessari grein fer vaxandi. Ég hvet til þess að þáltill.

fái jákvæða og góða umfjöllun í sjútvn. og legg til að hún verði send þangað.

[15:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Minn flokkur, Samfylkingin, vill beita sér fyrir samfélagi þar sem velferðarþjónustan er öflug. En góð og öflug velferðarþjónusta kostar mikið fjármagn. Þess vegna verður hún að styðjast við traust og öflugt atvinnulíf. Þess vegna höfum við í Samfylkingunni lagt okkar af mörkum til að benda á nýjar leiðir í atvinnulífi landsmanna. Við höfum gert það í fjölmörgum málum, en ekki síst í sjávarútvegi. — Af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gengur nú í salinn, en hann gegnir jafnframt formennsku í sjútvn., þá veit ég að honum er mætavel kunnugt um að við höfum flutt hér fjölmargar tillögur sem að þessu lúta.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson mælti fyrir tillögu sem við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar flytjum um rannsóknir á þorskeldi. Við erum þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé ákaflega brýnt að við reynum eftir því sem föng eru á að efla þau verðmæti sem hægt er að búa til úr sjávarútvegi. Það er hægt með ýmsu móti. Það er hægt með því að nýta betur þann afla sem við erum núna að taka úr sjónum. Ég bendi t.d. á, herra forseti, að við erum að veiða 300.000 tonn af kolmunna sem öll fara í bræðslu. Við veiðum mikið af síld sem fer öll í bræðslu. Sama gildir um loðnu.

Við erum þeirra skoðunar að hægt sé með aðstoð tækninnar að nýta þennan mikla afla til að búa til hágæðaprótein sem er gull framtíðarinnanr í sjávarútvegi. Þá má spyrja sem svo: Hvaðan ætlum við þá að fá bræðslufiskinn til þess að búa til fóður fyrir þorskeldi framtíðarinnar? Við höfum bent á það með því að leggja fram sérstakar þáltill. sem benda á nýjar tegundir, nýjar aðferðir, nýjar leiðir til þess að afla þess.

Jafnframt, herra forseti, er alveg ljóst að til þess að ná þessu marki okkar þurfum við líka að fara í í það sem hér er til umræðu, þ.e. fiskeldi. Við höfum áður reynt fyrir okkur í því og ekki með góðum árangri. Hér er ég að vísa til reynslu okkar af laxeldi, herra forseti. Við höfum lært af þeirri reynslu og ég held að fram undan sé glæstur tími í eldi okkar Íslendinga.

Þorskeldi er sannarlega eitt af því sem við þurfum að huga að. Ef við horfum til nágrannaþjóðanna þá sjáum við að þær eru allar með hugann við þorskeldi. Þær eru allar að leggja fjármagn í þorskeldi. Skoðum Norðmenn, herra forseti, sem eiga glæsta sögu að því er varðar fiskeldi. Þegar þessi þáltill. okkar var rituð og lögð fram í fyrra var áformað af hálfu Norðmanna að framleiða 50.000 tonn af þorski á næstu árum. Nú eru þeir farnir að tala um 300.000 tonn. Þetta kunna að þykja óskaplega háar tölur. Ég vísa þá til þess, herra forseti, að 1990 töluðu Norðmenn um að framleiða 300.000 tonn af laxi þegar kæmi að aldamótum. Þegar upp var staðið þá framleiddu þeir 650.000 tonn. Ég held að það sé ljóst að hér sé um raunhæfar áætlanir að ræða.

Þorskur er tegund sem er auðveld í eldi. Það er fyrst og fremst einn tiltekinn skavanki á að framleiða hann í miklu magni. Það felst í því að á unga aldri finnst honum ekkert eins gott að éta og annan þorsk, yngri en hann og smærri en hann sjálfur. Þetta hefur leitt til vandkvæða í eldi og stafar af því, herra forseti, að okkur hefur ekki tekist að búa til fóður sem hentar honum nægilega vel. Nú eru í gangi hér á Íslandi tilraunir sem lofa þokkalegu. Í kjördæmi hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar eru t.d. ákaflega merkar tilraunir farnar af stað með þorskeldi, ekki bara áframeldi í kvíum á þorski sem færður er lifandi að landi og veiddur í hafi heldur eru menn líka að búa sig undir tilraunir þar með fóðurframleiðslu fyrir seiði.

Ég tel, herra forseti, að eitt af því arðvænlegasta sem Íslendingar geta fest fé í um þessar mundir séu rannsóknir á þessari undirstöðugrein sem þorskeldið á að verða í sjávarútvegi framtíðarinnar. Til þess þarf hins vegar að móta skýra stefnu. Sú stefna er ekki til eins og sakir standa. Þess vegna höfum við þingmenn Samfylkingarinnar lagt fram þessa tillögu.

Ég held að við ættum líka að horfa til þeirrar staðreyndar að við búum að ákaflega þróuðu og öflugu sölukerfi fyrir sjávarútveginn. Samlegðaráhrif þorskeldis og þessa sölukerfis hljóta því að verða ákaflega mikil og jákvæð.

Reynslan af laxeldi sýndi að það gekk ekkert mjög illa að ala laxinn en það var miklu erfiðara að selja hann, ég tala nú ekki um hve erfitt var að fá fyrir hann þokkalegt verð. Hins vegar er það svo með þorskinn að Íslendingar eiga öflugasta sölukerfið fyrir þorsk í veröldinni. Þess vegna er ég sannfærður um að þegar þorskeldi kemst á legg verði miklu auðveldara fyrir okkur að afsetja þá vöru en laxinn á sínum tíma.

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem Samfylkingin flytur og horfir mjög til framtíðar. Ég vænti þess að það fái góðar undirtektir hjá hinu háa Alþingi. Auðvitað er hér um framfaramál að ræða sem er ekki bara bundið við Samfylkinguna, þrátt fyrir frumkvæði hennar í málinu. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að í öllum öðrum stjórnmálaflokkum er að finna menn sem hafa áhuga og grundvallarþekkingu á mörgum þáttum sem lúta að þorskeldi.

Ég held þess vegna, herra forseti, að þessi tillaga og aðrar skyldar tillögur sem fram hafa komið, verðskuldi að sjútvn. fari um þær gagnrýnum, en mildum höndum og skili þeim aftur hingað til afgreiðslu í einhverju formi þegar líður fram á vorið.

[16:04]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi. Ég vil bara segja hér úr ræðustóli að þessi tillaga er góðra gjalda verð. Hún var lögð fram fyrir tveimur árum en vert er að geta þess að í millitíðinni er hafið þorskeldi í Eyjafirði. Útgerðarfélag Akureyringa hefur hafið tilraunaeldi á þorski og mér skilst að það lofi góðu. Auðvitað þarf til rannsóknir og tilraunir sem taka langan tíma. Ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þegar hann dregur það fram að kynbótaþátturinn skipti þar miklu máli. Nú þegar þetta er hafið er mjög mikilvægt að við hér á hinu háa Alþingi tökum vel undir og styðjum við bakið á þeim sem fara af stað með slíkt eldi. Það er ljóst að þessi vegferð er löng áður en hún fer að skila árangri. Sem dæmi má nefna lúðueldi sem farið var út í við Eyjafjörð. Það er talsvert á annan áratug síðan sú tilraunastarfsemi hófst sem nú á allra síðustu missirum og árum er farin að skila verulegum arði og afkomumöguleikum.

Virðulegi forseti. Það var aðeins þetta sem ég vildi árétta. Síðan þessi þáltill. var lögð fram fyrir tveimur árum hafa fyrirtækin sem ég nefndi, og að mig minnir á einum öðrum stað á landinu, tekið við sér og farið í þetta eldi upp á eigin spýtur, e.t.v. með einhverjum smávægilegum styrkjum. Það er góðra gjalda vert að við styðjum við bakið á slíkri tilraunastarfsemi.

[16:07]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að engan hefði getað órað fyrir þeirri öru þróun sem hefur orðið í þorskeldi hér á landi á allra síðustu árum. Það eru örfá ár síðan að ég held að varla nokkrum manni hefði dottið í hug að þorskeldi gæti orðið alvöruatvinnugrein hér á landi. Menn tóku samt að fikra sig áfram í þessum efnum. En þróunin hefur verið miklu hraðari en menn hugðu og það er auðvitað vel. Menn standa um þessar mundir mjög vel að þessu máli.

Það er engin vafi á að vagga þessa eldis hefur verið á Vestfjörðum, þ.e. bæði í Skutulsfirði og á norðanverðum Vestfjörðum. Á Tálknafirði og Patreksfirði hefur verið unnið að þessu í allnokkur ár þannig að þetta er ekki nýtilkomið þar. Fram undan er ráðstefna um stöðu og framtíðarsýn í þorskeldi á Vestfjörðum sem haldin verður á Ísafirði. Í gögnum sem lögð voru fram til undirbúnings þess fundar kemur m.a. fram að yfir 90% þess eldisþorsks sem hefur komið til slátrunar á Íslandi hefur verið í eldi á Vestfjörðum. Við erum sem betur fer komin dálítið áleiðis með þetta mál þó að auðvitað, eins og fram kemur hér í þessu plaggi, þurfi að hyggja miklu betur að rannsóknum í þessum efnum. Við megum ekki brenna okkur á því sem við lentum í fyrir nokkrum árum að þekkja kannski ekki nægilega vel til í þessari vandmeðförnu atvinnugrein og fara flatt á þessu.

Það eru gríðarlega miklir möguleikar í þessum efnum og gætu orðið að vaxtarbroddi í einum þætti sjávarútvegsins, fiskvinnslunni, þ.e. útflutningi á ferskum fiski. Það er forsendan fyrir því að hægt verði að tryggja öruggt, stöðugt og nægjanlegt hráefni fyrir ferskfiskútflutning, að menn geti reitt sig á að geta alltaf fengið hráefni til vinnslu. Þetta er ein forsendan fyrir því. Þau fyrirtæki, til að mynda Hraðfrystihúsið Gunnvör á Ísafirði, sem hafa verið að að vinna í þessu horfa m.a. til þessa, enda hefur það fyrirtæki haslað sér mjög völl í útflutningi á ferskum fiski.

Til gamans og kannski til upplýsingar líka get ég sagt frá því að segja má að farið hafi fram óbein tilraun á því hvað þessi þorskur þolir með því að þetta eldi fór fram í litlu keri fram undan Brjótnum í Bolungarvík í einn eða tvo vetur. Til þess að skapa þessu keri skjól varð að hafa það nokkuð nálægt Brjótnum bak við nýja hafnargarðinn. Það þurfti líka að koma snjónum af götunum og eins og vanalega var honum sturtað fram af Brjótnum og dálítið af kögglunum lenti ofan í þessu keri en þorskurinn lifði hins vegar ágætlega af þennan vetur. Einn þeirra sem fylgdist mest með þessu sagði að þorskurinn hefði verið eins og í góðu viskíglasi, innan um alla klakana og sýndi bara sæmilega afkomu eftir árið.

Ég held því að þar hafi farið fram heilmikil vísindaleg rannsókn á þessu afbrigði, sem er Íslandsþorskurinn, hvað hann þolir þrátt fyrir allt og hverjir möguleikar hans eru á að lifa af við býsna erfiðar aðstæður.

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég er mjög jákvæður gagnvart þessu máli og heiti því að það fái ágæta umfjöllun í hv. sjútvn. Ég ítreka að ég tel eðlilegt að við horfum til þeirrar reynslu sem hefur fengist, bæði í Eyjafirði og ekki síst á Vestfjörðum, þar sem menn hafa verið að stunda þetta eldi um nokkurra ára skeið.

[16:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir ákaflega jákvæðar undirtektir við þessa tillögu.

Út af fyrir sig er það rétt sem hv. þm. segir, að vagga þorskeldis hefur örugglega staðið traustum fótum á Vestfjörðum. Þó minni ég hv. þm. á að þeir Álftfirðingar eystra, hafa líka reynt nokkuð fyrir sér í þorskeldi með giska góðum árangri. Svo má ekki heldur gleyma því að þær tilraunir sem núna eru að fara í gang á Vestfjörðum með áframeldi á þorskseiðum, með aðstoð og framlagi vestfirskra stórfyrirtækja á sviði sjávarútvegs, byggja á seiðum sem koma héðan af suðausturhorninu.

Það sem mig langaði til þess að spyrja hv. þm. um er hins vegar þetta: Hann er formaður sjútvn. og einn af forustumönnum Sjálfstfl. á sviði sjávarútvegs. Ef hann hefur þá trú á þorskeldi sem speglaðist í ræðu hans, telur hann þá ekki miðað við reynsluna að nauðsynlegt sé, þegar við reynum að meta hvað fór úrskeiðis í laxeldinu, að hið opinbera komi sterkar inn í þetta? Ég er þá að velta því fyrir mér hvort ekki þurfi með einhverjum hætti að marka þessu traustan þátt á fjárlögum.

Það er mikill hugur í stórfyrirtækjum á sviði sjávarútvegs hvað þetta varðar. Þau eru reiðubúin til að leggja nokkurt framlag, fjármagn og búnað til tilraunaeldis á þorski. En ég held t.d. að seiðaeldið, sem er forsenda þess að þetta geti orðið að stóriðnaði á Íslandi, sé þess eðlis að bæði þurfi rannsóknarlegan atbeina ríkisvaldsins en líka fjárframlög frá upphafi og bernskuskeiði þessarar nýju atvinnugreinar. Er hann ekki sammála mér um að ef vel á að takast til þá þurfum við að fá fjármagn frá hinu opinbera, a.m.k. í þennan þátt þorskeldisins?

[16:13]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er út af fyrir sig engin ástæða til að karpa um hvar menn hafi staðið sig best í þessum efnum hingað til. Ég vildi eingöngu vekja athygli á þeirri staðreynd að 90% af þeim eldisþorski sem slátrað hefur verið á síðustu þremur árum hefði verið alinn á Vestfjörðum. Það var nú ekki annað en það sem ég vakti athygli á, sem mér finnst kannski hafa legið fullmikið í þagnargildi og menn hafa kannski ekki áttað sig á umfangi þess eða að menn eru þó alla vega komnir svolítið af stað þar. En svo er auðvitað víðar og það ber að þakka.

Hv. þm. spurði mig hvort ég teldi ekki að ríkisvaldið þyrfti að koma betur inn í þetta. Ég er út af fyrir sig sammála hv. þm. um að varðandi rannsóknaþáttinn eigi ríkið að koma af meiri krafti inn í þetta en verið hefur. Við höfum þó aðeins verið að feta okkur áfram á þessari braut, bæði í fjárlögunum á þessu ári og að mig minnir líka á fjárlögunum fyrir síðasta ár. Þar mátti sjá viðleitni til að koma að þessu máli.

Ég verð hins vegar að vekja athygli á því að þróunin hefur verið hraðari en okkur óraði fyrir. Oft á tíðum er það þannig að atburðarásin tekur völdin og þá er ríkisvaldið auðvitað stundum seinna að taka við sér.

En ég er sammála hv. þm. um að þarna er um að ræða mjög athyglisvert mál. Ég held hins vegar að menn verði að gæta sín á að fá ekki glýju í augun, a.m.k. að misstíga sig ekki. Lærdómurinn sem mér hefur sýnst að við ættum að draga af mistökum fyrri ára er ekki síst að við þurfum að auka rannsóknir áður en farið verður út í miklar fjárfestingar.

[16:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Reynslan af laxeldinu sýndi okkur að það var tvennt sem okkur skorti. Okkur skorti sterkari rannsóknir

á grunnsviðum fiskeldisins og hins vegar fjármagn til þess að ráðast í stríðeldið á seiðum sem búin voru til.

Það er til mikið fjármagn í sjávarútvegsfyrirtækjum í landinu. Þau sýna þessu mikinn áhuga og nálgast það með mjög skynsamlegum hætti, finnst mér. Ég tel þess vegna að það verði miklu auðveldara að afla fjármagns til að ráðast í mikið eldi og mikla framleiðslu á þorski ef búið er að ganga frá ákveðnum grunnþáttum. Ef búið er að tryggja framleiðslu á þroskseiðum held ég að eftirleikurinn verði miklu auðveldari en þegar við vorum í laxeldinu á árum áður. Það er ekki síst vegna þess að við höfum þessi sölusamtök sem geta tekið við framleiðslunni og selt hana. Þau hafa nú þegar aðgang að mörkuðum og geta afsett hana. Það er skammt í að tæknin í þorskeldi verði með þeim hætti að kleift verði að framleiða fisk sem stendur undir framleiðslukostnaði miðað við núverandi verðþróun á mörkuðum.

Ég held þess vegna að mestu máli skipti að fá fjármagn til að rannsaka grunnþætti framleiðslunnar, sér í lagi ákveðin atriði sem lúta að seiðaeldi.

Herra forseti. Hins vegar þarf hv. þm. Einar K. Guðfinnsson ekki að skammast sín fyrir framlag Vestfirðinga, eða gera lítið úr því, til fiskeldis í landinu. Vegna þess að hann stendur nú hjá einum Íslendingasagnafróðasta þingmanni okkar, hæstv. forseta, Halldóri Blöndal, getur hann spurt hann hvort ekki sé rétt að í Íslendingasögunum sé einmitt greint frá því að hið fyrsta fiskeldi á Íslandi hafi farið fram á Vestfjörðum þar sem menn í Þorskafirði tóku silung ofan af heiði og settu í læk í stíu og hét sá lækur upp frá því Alifiskalækur.

[16:17]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf svo sem ekki að bæta miklu við, ég held að við hv. þm. séum í meginatriðum sammála um þetta. En af því að hv. þm. fór að vitna til Íslendingasagna vil ég aðeins vekja athygli á því að í Landnámu er sagt frá því að konan Þuríður sundafyllir nam land í Bolungarvík og seiddi fisk á Kvíarmið. Það var að vísu ekki fiskeldi en það var svona aðferð til að draga fiskinn að sér. Og kannski ættum við þá að leita til fortíðarinnar líka, hv. þm.

[16:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi og fyrr í dag var gerð till. til þál. um áframeldi á þorski, hvort tveggja hin ágætustu mál.

Þorsk vantar inn á markað. Það liggur auðvitað í því að í fjölda ára, ef ekki áratuga, var veiddur þorskur úr Norður-Atlantshafi einhvers staðar á bilinu 1,4–1,5 milljónir tonna. Ætli heildarveiðin úr Norður-Atlantshafi sé ekki nú í kringum 700.000–800.000 þúsund tonn af þorski. Þar af leiðandi hefur orðið vöntun á þorski á mörkuðum og verðið hefur stigið. Þar fyrir utan sýna auðvitað rannsóknir sífellt betur að fiskur er holl fæða, stuðlar að heilbrigði og kemur jafnvel í veg fyrir sjúkdóma eins og hjartasjúkdóma og kransæðastíflur.

Þessar ástæður hafa auðvitað búið til þau skilyrði að núna telja menn að það sé lag til þess að koma með þorsk inn á markað, þorsk sem menn hafa þá tekið til eldis, hvort sem það hefur verið með því að veiða hann smáan og ala hann áfram eða rækta hann frá klaki í seiði og síðan áfram.

Þetta eru núverandi aðstæður og staðreyndin er að þorskur er í dag seldur á hærra verði en lax. Samt sem áður er rétt að flýta sér hægt og yfirvegað. Ég er þó alls ekki með þessum orðum mínum að draga úr því að við reynum að fara af stað með þorskeldi og auka það eins og við getum. Við vitum jú að það er mjög arðbært að veiða smáan þorsk, setja hann í kvíar og ala hann. Hann þyngist mjög hratt á þessum árum, frá tveggja til fjögurra ára, og með því að hafa nægt æti erum við að fá út vöxt sem nemur jafnvel allt að tveimur kílóum á tiltölulega stuttum tíma, eða frá vori og fram á haust eða vetur. Fái fiskurinn þannig nægt æti sem honum líkar vex hann hratt við réttar aðstæður.

Það væri hins vegar örugglega það arðbærasta sem við gætum gert, ef við næðum tökum á því, að veiða þorskinn þegar hann er nánast seiði, um það leyti sem hann er kominn í það ástand að hann fari að leita botns. Ef okkur tækist það veiddum við seiði sem væru allt að fimm sentimetrar og gætum þar af leiðandi veitt þorskinn í því ástandi að hann er að fara að leita botnsins. Þá er hann akkúrat á því stigi þegar hvað mest afföll verða af honum, þ.e. frá því að hann klekst út uppi í sjó og þar til hann leitar botns á fyrsta ári verða mjög mikil afföll af honum.

Tækist okkur að veiða seiðin á þessu fyrsta ári og koma þeim í eldi þannig að þau tækju við fæði og yxu hratt og ef ekki yrðu mikil afföll er ekki vafamál að við næðum mikilli arðsemi út úr því sem við aðhefðumst miðað við það sem náttúran getur gefið okkur og þau afföll sem verða á þorski á fyrsta ári.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram að nokkrir staðir við landið eru þekktir sem nokkuð árviss seiðasvæði fyrir þorsk. Það eru m.a. Ísafjarðardjúp og iðulega Húnaflói, ásamt auðvitað fleiri fjörðum. Það er mjög þekkt vegna þess að síðsumars eða snemma á hverju hausti fara fram rannsóknir vegna rækjuveiða á þessum svæðum og í Arnarfirði t.d. líka og á Breiðafirði og víða fyrir Norðurlandinu. Það er auðvitað þekkt að það hefur oft komið fyrir að ekki hefur verið hægt að hefja rækjuveiðar á þessum svæðum með þeim smáa möskva sem í rækjuvörpunum eru vegna þess að seiðamagn hefur verið mjög mikið. Þar af leiðandi hefði auðvitað verið hægt að veiða smáan þorsk ef menn hefðu einbeitt sér að því.

Ef við lítum á þessar staðreyndir blasir það við að ef við einbeittum okkur að því að veiða nokkurt magn af smáum þorski, fyrsta og annars flokks þorski, tækist okkur örugglega að ná slíku upp í verulegu magni. Eins og hér hefur komið fram værum við auðvitað að margfalda afraksturinn ef okkur tækist að ala þessi seiði af því að afföllin eru mest á þessum árum.

Þetta held ég að sé mjög áhugavert. Og ég veit ekki betur en að menn hafi verið að gera slíkar tilraunir norður í Ísafjarðardjúpi nú í haust, að veiða þar nokkurt magn þorskseiða og þau séu núna í eldi. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvernig mönnum tekst til við það.

Mjög merkileg tilraun í þorskeldi hefur farið fram hér við land. Einar K. Guðfinnsson gat hennar áðan, en einhver merkilegasta tilraun sem sýnir hvað þorskurinn getur lifað við erfiðar aðstæður fór fram fyrir tilviljun norður í Súgandafirði fyrir nokkrum árum og er sennilega eitthvert merkilegasta líffræðilega fyrirbæri varðandi rannsóknir á þorski sem ég hef séð.

[16:26]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa þátt í þessari umræðu. Það er greinilegt að hún höfðar til margra og menn

eru áhugasamir um að þorskeldi verði komið á fót með myndarlegum hætti á Íslandi.

Varðandi umræðurnar um það sem hefur verið gert í þorskeldi vil ég taka það fram að þessi tillaga kemur fram einmitt vegna þess að ég naut þeirrar ánægju að fara með aðilum í Tálknafirði og sjá í kvíar hjá Magnúsi Guðmundssyni í Tungu sem er stórmerkur maður og duglegur, og hann hafði reynslu af öðru fiskeldi og byrjaði með þorsk í kvíum. Þetta á þannig sínar rætur vestur á fjörðum eins og fram hefur komið hér í umræðum.

Ég vil leyfa mér að vitna í viðtal sem var á Stöð 2 fyrir nokkru. Finnbogi Jónsson, formaður stjórnar Samherja, lagði þar áherslu á að ríkið kæmi að þessu máli til að það byggðist örugglega upp og að við mundum ekki lenda í sömu mistökunum og við lentum í þegar við fórum út í laxinn.

Þróun hefur verið hröð í þorskeldi á síðustu árum eins og kom fram í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Það var hún líka í laxeldinu og þess vegna verðum við að gæta að okkur og hafa rannsóknirnar í lagi. Ég held að það sé óvitlaust að tengja rannsóknir og alla þessa vinnu við Vestfirði og Akureyri þar sem þeir í háskólanum eru að leggja þungt lóð á þessar vogarskálar.

Að lokum, herra forseti, ítreka ég þakkir mínar og ég veit að það er almennur áhugi á þessu, ekki einungis hér í þinginu, heldur úti í samfélaginu og ég vænti þess að þáltill. fái jákvæða umfjöllun í sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjatjónstrygging, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 127. mál. — Þskj. 127.

[16:29]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um lyfjatjónstryggingu. Flutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Gísli S. Einarsson.

Þetta frv. var fyrst flutt á 126. þingi og var síðan sent út til umsagnar frá heilbr.- og trn. Þessi útgáfa sem hér er af málinu og kemur fram á þessu þingi er með örlitlum breytingum sem gerðar voru í framhaldi af athugasemdum sem bárust í umsögnum.

Þetta frv. sem sækir fyrirmynd sína til Danmerkur, en þar hafa lyfjatjónstryggingalög verið í gildi frá árinu 1995. Á 125. löggjafarþingi voru samþykkt lög um sjúklingatryggingu. Tilgangur þeirra laga var að tryggja sjúklingum sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð o.fl. víðtækari rétt á bótum en þeir eiga samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera þeim auðveldara að ná rétti sínum. Lög um sjúklingatryggingu taka hins vegar ekki til tjóns af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem notuð eru við rannsóknir eða við sjúkdómum, sbr. 1. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Slíkt tjón fellur almennt undir lög um skaðsemisábyrgð. Þrátt fyrir að lög um sjúklingatryggingu taki almennt ekki til lyfjatjóns hindrar það ekki bótarétt þótt lyf sé meðorsök tjóns ef skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögunum eru á annað borð fyrir hendi. Þrátt fyrir þetta geta komið upp þau atvik þar sem lyfjatjón verður hvorki talið falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Af þessari ástæðu og þeirri að tryggja sjúklingum sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja víðtækari rétt á bótum, með sama hætti og lögin um sjúklingatryggingu gera, er þetta frumvarp lagt fram.

Þegar sjúklingatryggingafrv. var til umfjöllunar í heilbr.- og trn. á sínum tíma kom iðulega til umræðu að setja þyrfti sambærileg lög og gilda í Danmörku um lyfjatjónstryggingu.

Lagt er til að lögin nái til allra sem verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja hér á landi að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Lögin taka jafnt til líkamlegs sem geðræns tjóns. Þeir eiga einnig bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og verða fyrir tjóni þar vegna skaðlegra eiginleika lyfja. Þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum eiga rétt á bótum samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni og eins þeir sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá meðferð. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja njóti bótaréttar.

Bótaábyrgð samkvæmt frumvarpinu er í eðli sínu skaðsemisábyrgð með sama hætti og í lögum um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir víðtækari bótarétti að því leyti að tjón af völdum aukaverkana er bótaskylt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Það leiðir af því að hér er um skaðsemisábyrgð að ræða að tjón, sem rekja má til mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu eða að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á sjúkling eða lyf er tekið inn á rangan hátt, fellur ekki undir lögin, sbr. 4. gr.

Bótaskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu eru framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem tjóni valda. Þetta er í samræmi við lögin um skaðsemisábyrgð þar sem framleiðendur og dreifingaraðilar vöru sem tjóni veldur bera ábyrgðina. Til nánari skilgreiningar á því hver teljist framleiðandi og hver dreifingaraðili er vísað til 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Í frumvarpinu er lagt til að öllum sem framleiða lyf hér á landi eða dreifa þeim verði gert skylt að kaupa vátryggingu, lyfjatjónstryggingu, hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Undantekning er gerð frá þessu þegar um er að ræða framleiðendur eða dreifingaraðila sem ríkið á að fullu. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins annist lyfjatjónstryggingu þessara aðila, sbr. 20. gr.

Herra forseti. Eins og ég nefndi áðan kom mikið til tals í heilbr.- og trn. þegar sjúklingatryggingin var til umfjöllunar þar að koma þyrfti á lögum um lyfjatjónstryggingu. Þar kom fram að hæstv. heilbrrh. hafði þá áform uppi um að koma á slíkri lagasetningu, þ.e. leggja fram frv. í þessa veru. En ekkert hefur bólað á því frv. og eru liðin a.m.k. tvö þing frá því að sjúklingatryggingalögin voru samþykkt. Þar sem enginn er í salnum til að svara fyrir hvort áform séu uppi um að koma með slíkt frv. inn í þingið held ég að ég bíði með að spyrjast fyrir um það. En þetta hefur gefist mjög vel í Danmörku og er í raun nauðsynlegt. Oft hefur verið erfitt fyrir sjúklinga að leita réttar síns og sanna að þeir hafi orðið fyrir skaða vegna áhrifa lyfja. Þess vegna væri samþykkt laga eins og þetta frv. leggur til til mikilla bóta fyrir sjúklinga.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn. til umfjöllunar og síðan 2. umr. ef það kemst úr nefndinni.

[16:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég stend upp til að lýsa stuðningi við frv. til laga um lyfjatjónstryggingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Eins og fram kom í máli flutningsmanns getur svo farið, þrátt fyrir lög um sjúklingatryggingar og um skaðsemisábyrgð, að hugsanlegt sé að tjón af völdum lyfja, aukaverkana lyfja, geti fallið þarna á milli. Þetta er mjög efnismikið frv. og vandað er til þess.

Herra forseti. Komið hefur í ljós að því meira sem við, sem teljum okkur hafa vísindin á valdi okkar og þekkja til starfsemi líkamans, kynnumst starfseminni og förum niður í hinar minnstu einingar sjáum við að okkur skortir töluverða þekkingu, hvað þá þegar kemur að áhrifum flókinna lyfja og samverkan mismunandi lyfja, enda er að koma í ljós að við höfum ekki verið nægilega vakandi. Það á ekki bara við okkur Íslendinga heldur einnig hinar iðnvæddu þjóðir sem hafa ráð á því að kaupa og nota dýr og flókin lyf að aukaverkanir hafa verið að koma fram eftir lengri tíma. Að hluta til er það vegna samverkunar mismunandi lyfjaflokka. Við þurfum í framtíðinni að vera miklu betur vakandi vegna aukaverkana og gagnvart því að þær komi fram nokkrum árum eftir að lyfin eru tekin. Það er því mikil ábyrgð að framleiða lyf, enda er það ferli og eftirlit mjög nákvæmt og flókið m.a. hvað varðar rannsóknir og markaðssetningu á lyfjum. Fara þarf eftir mjög ströngum reglum og við föllum undir reglur ESB. En þó að gerðar séu vandaðar klíniskar rannsóknir og lyf séu sett á markað samkvæmt ströngustu og ýtrustu varkárni geta aukaverkanir eftir sem áður komið fram og afleiðingarnar verða oft alvarlegar.

Herra forseti. Ég lýsi ánægju með þetta frv. og vona að það fái meðferð í þinginu þannig að við náum að afgreiða það út úr nefndinni og það komi til afgreiðslu á þessu þingi.

[16:38]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um lyfjatjónstryggingu. Þetta frv. er allrar athygli vert. Fram kemur í greinargerð með frv. að fyrirmynd að því er sótt til Danmerkur. Það sama átti við um frv. sem var lagt fram fyrir réttum tveimur árum, frv. um sjúklingatryggingu. Það fór í gegn og var samþykkt vorið 2000. Þau lög fólu í sér mikla réttarbót fyrir einstaklinga sem telja sig hafa orðið fyrir heilsuskaða hvort heldur er af líkamlegum eða geðrænum toga af völdum meðferðar hjá heilbrigðisstofnun hérlendis eða erlendis á vegum íslenskra aðila.

Lög um sjúklingatryggingu taka almennt á heilsuskaða sem einstaklingur kann að hafa orðið fyrir á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Einnig tóku lögin til atvika þar sem heilsuskaði verður af völdum rangrar lyfjagjafar, t.d. vegna mistaka við ávísun, afgreiðslu eða afhendingu lyfs úr hendi heilbrigðisstarfsmanns. Hins vegar segir í lögum um sjúklingatryggingu sem voru samþykkt fyrir tveimur árum að þau eigi ekki við um tjón sem rekja má til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð eins og segir í 3. gr. laganna. Um þetta atriði sagði eftirfarandi í greinargerð með því frv. sem ég var að vísa til, með leyfi forseta:

„Hér er undanþegið tjón af skaðlegum eiginleikum lyfja eftir því sem nánar er greint í ákvæðinu. Tjón af völdum lyfja fæst yfirleitt bætt hjá þeim sem er bótaskyldur samkvæmt réttarreglum um skaðsemisábyrgð. Ef þetta væri fellt undir sjúklingatryggingu mundi kostnaður við hana aukast að mun."

Því er ljóst að lög um sjúklingatryggingu tekur til tilvika þar sem sjúklingur hefur orðið fyrir tjóni vegna þess að læknir gefur röng eða ófullnægjandi fyrirmæli um töku lyfja eða ef starfsfólki verða á mistök við lyfjagjöf, eins og segir í greinargerð með því frv.

Eins og ég sagði hér á undan eiga lög um sjúkratryggingu sér fyrirmynd á Norðurlöndum. Hún tekur að jafnaði ekki til tjóns af völdum lyfja. Á Norðurlöndum hefur verið komið á fót sérstökum lyfjatjónstryggingum sem greiða bætur fyrir líkamstjón af völdum skaðlegra eiginleika lyfjanna. Slíkar tryggingar eru hliðstæðar sjúklingatryggingu og bera framleiðendur og innflytjendur lyfja kostnað af þeim iðgjöldum til vátryggingafélaga sem annast hana.

Í greinargerð með frv. um sjúklingatryggingu segir eftirfarandi um þetta, með leyfi forseta:

„Tjón vegna eiginleika lyfs fellur því undir lög um skaðsemisábyrgð auk þess sem tjón af völdum lyfja getur undir tilgreindum kringumstæðum fallið undir ákvæði laga um sjúklingatryggingu."

Svo kemur þetta:

„Þrátt fyrir þetta munu einhver lyfjatjón hvorki falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Ýmis rök mæla með því að samhliða sjúklingatryggingu verði stofnað til lyfjatjónstrygginga hér á landi á sambærilegan hátt og í nágrannalöndunum. Með slíkri löggjöf mundu bætur fyrir hvers kyns tjón af völdum eiginleika lyfja vera tryggðar."

Í 1. umr. um frv. til laga um sjúklingatryggingu innti ég hæstv. þáv. heilbrrh. eftir því hvort áform væru um að setja slíkar lyfjatjónstryggingar á laggirnar. Af orðum ráðherra mátti ráða að ákvörðun um slíkt hefði ekki verið tekin. Nú hefur hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir tekið ómakið af ráðherra og flytur nú frv. um lyfjatjónstryggingu. Með slíku frv. er stoppað upp í gat í réttarstöðu sjúklinga sem full þörf er á og ástæða er til þess að hrósa því framtaki. Því vil ég hvetja hv. heilbrn. til að skoða frv. til hlítar og með jákvæðum huga.

[16:43]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá jákvæðu umræðu sem hefur orðið um frv. Hún er í takt við þær jákvæðu umsagnir sem komu um málið þegar það var sent út. Ég vil ítreka og taka undir með síðasta hv. ræðumanni að tímabært er að lögfesta lyfjatjónstryggingu hér á landi. Mikið var um það rætt þegar sjúklingatrygging var til umræðu að koma þyrfti slíkri lagasetningu á hér. Fulltrúar frá heilbrrn. tóku undir það og töluðu jafnvel um að verið væri að íhuga það. En ekkert í þá veru hefur komið frá ráðuneytinu. En ég geri ráð fyrir, miðað við þær undirtektir sem málið hefur fengið hér, að það fái góða umfjöllun í hv. hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 131. mál. — Þskj. 131.

[16:44]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu sem við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar flytjum og varðar rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar. Fram kom í umræðum fyrr í dag að eitt af því sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt mikla áherslu á er að benda á leiðir til þess að auka framleiðslu og verðmæti þjóðarbúsins.

Ljóst er, herra forseti, að helsta undirstaða þjóðarbúsins er enn í dag sjávarútvegur. Margt bendir til þess að svo verði enn um langa hríð. Það skiptir miklu máli að okkur takist að auka andvirði þess afla sem við drögum úr hafinu. Það getum við gert með fiskeldi, ekki síst þorskeldi eins og við höfum reifað í tillögum okkar fyrr í dag, þingmenn Samfylkingarinnar. Við getum líka gert það með því að gera okkur meiri mat úr þeim afla sem dreginn er úr villtum stofnum hafsins. Við getum gert það með því að nýta betur þær tegundir sem við veiðum en líka með því að efna til veiða á nýjum tegundum.

Ein þeirra tegunda sem við Íslendingar höfum freistað að skapa verðmæti úr á síðustu árum er kúfskel. Vestfirðingar urðu fyrstir til að reyna að nýta tegundina með skipulegum hætti. Tilraunaveiðar á kúfskel hófust á Vestfjörðum, á Flateyri við Önundarfjörð. Þær gengu þokkalega og bentu til að hægt væri að nýta tegundina með nokkuð góðum árangri. Það gekk samt sem áður ekki eftir. Þar komu til ýmsir byrjunarörðugleikar, herra forseti, skortur á góðum skipum og líka skortur á rannsóknum.

Nú má segja að frumherjastarfið í þessari grein hafi færst þvert yfir landið. Það er nú staðsett á Þórshöfn þar sem Hraðfrystistöð Þórshafnar hefur sýnt ákaflega jákvætt frumkvæði við að nýta þessa tegund. Þar hafa menn ráðist í stórfelldar fjárfestingar. Ég held ég fari ekki með rangt mál þegar ég segi, herra forseti, að HÞ hefur fjárfest hátt í 400 millj. kr. í þessari nýju grein sjávarútvegs. Segja má að reynslan frá Þórshöfn bendi sterklega til þess að með góðu skipi, réttum vinnubrögðum og farsælli markaðssetningu sé hægt að skapa ákaflega mikilvægan gjaldeyri og verulegan fjölda starfa í tengslum við kúfskelina.

Á Þórshöfn starfa fjórir sjómenn við veiðarnar, 14–18 starfsmenn starfa við vinnsluna. Þar vinna menn á einni vakt. Það er stefnt að því að taka upp aðra vakt sem þýðir að á þessum tiltölulega fámenna stað muni innan skamms allt að 35 manns geta starfað að veiðum og vinnslu á kúfskel. Þetta skiptir ákaflega miklu máli, herra forseti. Það hefur tekist með réttum vinnubrögðum og markaðssetningu að finna góða, trygga markaði fyrir tilteknar afurðar þessarar tegundar. Maður spyr auðvitað sjálfan sig: Fyrst þetta er hægt á Þórshöfn er þetta ekki hægt víðar?

Eitt af því sem vantar til að menn geti óhræddir gefið fleiri leyfi til veiða á kúfskel — í dag er staðan þannig að þetta er kvótabundin tegund og einungis handhafar leyfa geta ráðist í veiðarnar — er að ráðast í rannsóknir á veiðiþoli stofnsins. Líffræði tegundarinnar er þannig að margt bendir til þess að stofnunum geti verið hætta búin ef farið verði ótæpilega í veiðarnar. Til þess að menn geti metið það þarf auðvitað að rannsaka hve stór stofninn er og hve mikið er hægt að veiða.

Þekkingin á útbreiðslu tegundarinnar, bæði hin landfræðilega þekking og eins eftir dýpi, er hins vegar af ákaflega skornum skammti. Þessi tegund festir aðallega bú sitt á leirkenndum og fínum, sandbornum botni. Fyrir strönd Suðurlandsins er t.d. að finna gríðarlega víðfeðm botnsvæði sem eru einmitt þeirrar tegundar. Maður gæti í fljótu bragði ætlað að Sunnlendingar gætu, t.d. frá þeim ágætu útgerðarstöðum sem þar er að finna, ráðist í verulega umfangsmiklar veiðar á þessari tegund. Hins vegar hefur aldrei verið kannað með hvaða hætti kúfskel hefur breitt sig út fyrir Suðurlandi. Það er eini fjórðungurinn þar sem menn hafa ekkert reynt að kanna hvernig kúfskel hagar tilvist sinni eða hvort hana er þar að finna. Miðað við þá þekkingu sem við höfum á botnsvæðunum, a.m.k. frá því að ég var sjómaður fyrir Suðurlandinu fyrir nokkrum áratugum, ætti þar að vera kjörsvæði skeljarinnar. Mundi það ekki skipta máli fyrir t.d. Þorlákshöfn, Vestmannaeyjar og Höfn í Hornafirði ef hægt væri að ráðast í útgerð á kúfskel? Að sjálfsögðu mundi það skipta máli.

Hins vegar er ekki hægt að ætlast til að fyrirtæki, þó stöndug séu á sjávarútvegssviði, ráðist í jafngríðarlegar fjárfestingar og menn hafa gert á Þórshöfn nema þess sé að vænta að hægt sé að draga nokkurn afla að landi. Enn er þessi grein þess eðlis að það stendur glöggt hvort veiðar og vinnsla standa undir sér. Það er enn þannig að menn eru að flytja út tiltölulega lítt unnar afurðir. Ef hægt væri að auka vinnsluna í landi og þar með vinnsluvirðið þá dreg ég ekki í efa að fleiri mundu freista gæfunnar á þessu sviði.

Hér er í rauninni spurt um hvernig eigi að skipta uppbyggingu atvinnuvega og kostnaði af þeim milli hins frjálsa markaðar annars vegar og ríkisins hins vegar. Við erum held ég flest þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki að koma að rekstri. Ríkið á ekki að leggja framlag til rekstrar atvinnufyrirtækja. En við í Samfylkingunni erum hins vegar þeirrar skoðunar að samfélagið eigi að koma að uppbyggingu nýrra greina sem geta skilað umtalsverðu verðmæti í þjóðarbúið og gjaldeyri í gjaldeyrisþurfandi samfélag með því að styrkja grunnrannsóknir.

Sjáum hvernig veiðar á síld byggðust upp, herra forseti. Það gerðist með því að menn þróuðu ákveðna tækni en eftir því sem henni fleygði fram og fjárfestingarnar jukust í skipakosti þá lagði hið opinbera æ meiri fjármuni til að leita að síld. Með öðrum orðum voru grunnrannsóknir í upphafi hverrar vertíðar inntar af höndum af ríkinu, oft að sjálfsögðu með þátttöku flotans alls. Hið sama sjáum við gerast þessa dagana varðandi loðnu. Loðnan er fundin, oft með tilstyrk rannsóknaskipa á vegum ríkisins.

Það væri hægt að halda því fram, ef menn ætluðu að gæta jafnræðis, að þessi grein ætti að njóta tilstyrks hins opinbera hvað varðar rannsóknarframlag. Það er auðvitað skelfileg tilhugsun, herra forseti, að þarna kunni að vera ónýtt auðlind allt í kringum landið sem gæti fært ómæld verðmæti í þjóðarbúið. Ég bið menn að hugsa: Skiptir það ekki máli fyrir stað eins og Þórshöfn að hafa allt í einu 35 störf sem tengjast nánast nýjum veiðum? Vitaskuld skiptir það gríðarlega miklu máli.

Veiðarnar á þessari tegund hófust í Bandaríkjunum skömmu upp úr heimsstyrjöldinni. Í dag veiða menn 200 þús. tonn. En það er tekið að sneiðast um veiðar Bandaríkjamanna og reyndar líka Evrópuþjóða, eins og Frakka þar sem verið hefur hefðbundinn og sterkur markaður fyrir ferskan kúfisk. Það stafar af tvennu. Þar er sótt ótæpilega, bæði í kúfskelina og aðrar skyldar samlokur. Sömuleiðis veldur

mengun hafsvæða því að það er ekki jafnauðsæll markaður fyrir kúfskel sem veidd er á þessum svæðum og áður var. Þjóð sem býr að ómenguðu hafi býr að auðlind sem hægt er að virkja og breyta í gull. Þetta er dæmi um það, herra forseti.

Það sem skiptir langmestu máli er að ráðist verði í það hið fyrsta að kanna hve mikið magn kúfskeljar er að finna á þeim stöðum sem liggja við núverandi veiðisvæðum. Þá þarf bæði að kanna stærri radíus út frá þessum stöðum en jafnframt þarf að fara dýpra. Vísbendingar eru um að kúfskel kunni að lifa niðri á 200 m dýpi hér við Íslandsstrendur. Bandaríkjamenn veiða kúfskel aðallega á milli 50 og 100 m dýpis. Við Íslendingar veiðum einvörðungu fyrir innan 50 m og mest af okkar afla er fyrir innan 20 m.

Þannig kynni að vera, herra forseti, að þarna ættum við ákaflega mikla möguleika. Hins vegar er það svo að líffræði tegundarinnar er með þeim hætti að við þurfum að fara varlega í þetta. Kúfskelin verður 200 ára gömul, þ.e. sú kúfskel sem menn eru að veiða í dag var til, þ.e. hinar elstu, fyrir 200 árum, árið 1800. Þetta langlífi tegundarinnar leiðir auðvitað hugann að því að það kunni að vera hægt að ganga mjög nærri veiðiþolinu, veiði menn ótæpilega. Það hefur gerst erlendis.

Þess vegna, herra forseti, leggjum við þingmenn Samfylkingarinnar til að hið opinbera ráðist í þessar sjálfsögðu *rannsóknir á útbreiðslu og veiðiþoli kúfskeljar. Sé* niðurstaðan eins og mig grunar, ef í ljós kemur að kúfskel sé að finna allt í kringum landið, m.a. fyrir Suðurlandi þar sem engar rannsóknir hafa hingað til farið fram á tegundinni, er ég viss um að þar eigum við búhnykk í vændum. Það kostar hins vegar nokkurt fjármagn af hálfu hins opinbera að beisla þessa auðlind. Ég er sannfærður um að með réttum aðferðum eigi hún að geta búið til hundruð nýrra starfa. Hún á líka eftir að færa okkur mjög mikilvægan gjaldeyri inn í þjóðarbúið.

Þess vegna legg ég til, herra forseti, að þessi tillaga verði að umræðu lokinni send til hv. sjútvn. Ég er viss um það að þeir ágætu sérfræðingar þingsins í sjávarútvegsmálum sem þar véla um mál muni taka henni af skilningi. Ég skora á þá að skoða hana gagnrýnum augum en jafnframt mildilegum og vísa henni aftur hingað til samþykktar.

[16:55]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, mælti fyrir er mjög merkileg. Eins og hér kom fram er lagt til að Alþingi álykti að fela sjútvrh. að standa hið fyrsta fyrir rannsóknum á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar umhverfis Ísland. Með öðrum orðum, eins og hv. þm. sagði í lok ræðu sinnar, fjallar hún um að íslenska ríkið leggi meira fé til að kosta þessar rannsóknir.

Sé greinargerðin sem fylgir með þessari þáltill. lesin kemur í ljós að þar er mjög mikill fróðleikur um þennan fisk. Þar kemur fram að elsta kúfskel sem aldursgreind hefur verið á Íslandi er 201 árs gömul. Í Bandaríkjunum hefur verið aldursgreind kúfskel sem var 221 árs. Þetta sýnir okkur og segir að nýliðun er náttúrlega mjög hæg, í raun er það ekki vel þekkt. Auðvitað er hér töluverð hætta á ofveiði nema þeim mun betur sé fylgst með og rannsakað.

Einnig kemur fram að við Íslendingar vitum ekkert um kúfskel fyrir neðan 50 m dýpi. Með öðrum orðum: Ekkert hefur verið rannsakað á meira dýpi. Það dálítið merkilegt að aðalveiðisvæði Bandaríkjamanna, sem stunda mikið þessar veiðar, er á 50–100 m dýpi.

Herra forseti. Greinargerðin sem hér fylgir er mjög ítarleg og merkileg. Þar eru miklar heimildir um það sem formaður Samfylkingarinnar er hér 1. flm. að. Nokkur okkar fóru með hv. þm. formanni Samfylkingarinnar í fararbroddi og heimsóttum Þórshöfn í sumar og sáum þann mikla kraft sem þar var og merkilegu áform. Það sýndi okkur og sannaði og sagði okkur margt um hve lítið við Íslendingar, íslenska ríkið, leggjum í þær rannsóknir sem hér er um að ræða, þ.e. á kúfskelinni.

Herra forseti. Það er engan veginn hægt að sætta sig við að stór hluti af rannsóknarkostnaði, fórnarkostnaði við að hefja veiðar og prófa sig áfram með þetta, skuli falla til á eitt fyrirtæki. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Hún er til þess að ýta á hæstv. sjútvrh. og hrinda í framkvæmd miklu meiri rannsóknum á þessum fiski. Þó að til séu margar vísindaritgerðir, m.a. eftir Guðrúnu G. Þórarinsdóttur sjávarlíffræðing, auk skrifa frá fiskifræðingunum Sólmundi T. Einarssyni og Hrafnkeli Eiríkssyni og fleirum, þá breytir það því ekki að það er eyða í þessum rannsóknum og fjárframlög til þessara rannsókna eru mjög af skornum skammti. Eins og fram kemur í greinargerðinni er ljóst hvað við höfum í raun farið hægt í þær og hve mörg ár hafa dottið úr varðandi þessar rannsóknir.

En auðvitað er mjög mikilvægt að þetta sé líka skoðað gaumgæfilega vegna þess að Fiskistofa hefur aðeins gert heilnæmisúttekt á tveimur veiðisvæðum kúfskelja við Norðausturland. Við vitum því lítið um annað. Það gerir það náttúrlega að verkum, og hefur það komið fram í viðtölum við talsmenn Hraðfrystihúss Þórshafnar, að nauðsynlegt er að fá leyfi til veiða víðar til þess að auka veiðina og hlífa núverandi veiðisvæðum.

Herra forseti. Það er einmitt þess vegna sem þessi tillaga er flutt af 1. flm., Össuri Skarphéðinssyni. Hún er liður í vinnu Samfylkingarinnar að nýrri sókn í sjávarútvegi, ein af fjölmörgum hugmyndum Samfylkingarinnar sem kynntar hafa verið á þessum vetri. Þetta er náttúrlega liður í því að skjóta fleiri stoðum undir vinnslu og veiðar sjávarverðmæta. Þetta leiðir einnig hugann að þeirri miklu verðmætasköpun sem er úr hafinu við Ísland. Jafnframt segir tillagan okkur og greinargerð sem hér fylgir með, hve mikið við eigum eftir að rannsaka og hvað við eigum í raun og veru mikið af auðlindum í hafinu sem við þyrftum að komast í og jafnvel taka meira úr, en þá eru rannsóknir náttúrlega algert grundvallaratriði.

Herra forseti. Mér finnst þetta mál vera eitt af þeim málum sem allir þingmenn ættu að geta sameinast um og ég á von á því að hv. sjútvn. taki tillöguna til góðrar skoðunar og komi með hana aftur í þingið þannig að hún verði samþykkt áður en þing hættir í vor.

[17:02]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða till. til þál. um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar. Hversu mikið er til af kúfskel við landið, hvað er hún gömul, hvað eru elstu árgangarnir stórir og hvernig dreifist kúfskelin? Hvert er veiðiþol stofnsins? Hvað vitum við um ástand þeirrar lífveru? Þegar við veltum upp slíkum spurningum kemur í ljós að það er í sjálfu sér ekki svo mikið sem við vitum. Þess vegna er þessi þáltill. lögð fram til þess að fá

botn í það hvernig við eigum að haga okkur í umgengninni við þessa tegund, kúfskelina.

Umræða hefur farið fram, herra forseti, í þinginu í dag þar sem orðið rannsóknir hafa nokkrum sinnum komið við sögu. Hér er ég að vísa til þáltill. um þorskeldi og þessarar þáltill. hér. Hvort tveggja lýtur þetta að dýrategundum sem eru í hafinu og þá vaknar sú spurning: Hver er staða okkar, þessarar miklu sjávarútvegsþjóðar í sambandi við rannsóknir á lífríki hafsins? Hvaða stofnanir eða skólar eru með þessi mál á sinni könnu og hvaða skipulag er í öllum þessum málum? Það er til Hafrannsóknastofnun og háskóli og ýmislegt fleira, jafnvel sjávarútvegsfyrirtæki sem eru að gera hlutina hvert á sínu sviði. Því fer að vakna sú spurning hvort ástæða sé til að endurskoða þessi mál og tengja þau enn þá betur háskólunum og jafnvel rannsóknastofnunum úti í heimi því þetta er náttúrlega mál sem varðar allan heiminn, hvernig við göngum um hafið, bæði hér og annars staðar. Við eigum líka flota á fjarlægum miðum. Okkur ber að sýna ábyrgð og lotningu fyrir lífríkinu og eigum ekki að ganga á það. Þess vegna er nauðsynlegt að við reynum að afla okkur eins mikillar þekkingar og við getum á því sviði. Þess vegna er þessi tillaga m.a. komin fram og líka til stuðnings og styrks við slíkar veiðar.

Það er auðvitað stórmerkilegt sem hér kemur fram hvað kúfskelin getur orðið gömul, það kemur fram í ágætri greinargerð hjá flutningsmönnum sem hv. formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, á mestan veg og vanda af og við erum virkilega ánægð með þá vinnu og hve hún er góð.

Ekki verður hjá því komist, herra forseti, að minnast aðeins í fáum orðum á kræklingaeldi sem sumir eru farnir að þreifa fyrir sér með og hvernig betur mætti standa að því. Það eru fleiri hundruð þúsund tonn af kræklingi sem eru etin í Evrópu nálægt okkur og spurningin er hvort við gætum ekki komið betur að þeim markaði, einkum og sér í lagi með tilliti til þeirra orða sem hv. formaður Samfylkingarinnar nefndi áðan um mengun hafsins í Evrópu, t.d. við Frakkland, þar sem menn eru farnir að draga það við sig að borða skel vegna mengunar hafsins. Þetta eru mál sem þarf að huga betur að, allan þennan rannsóknarþátt sem lýtur að sjávarútveginum og ég vona að þessar ágætu þáltill. verði m.a. til að leggja lóð á þær vogarskálar.

[17:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir till. til þál. um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar. Ég vil lýsa stuðningi við þáltill. ásamt þeim tillögum sem talað hefur verið fyrir sem lúta að svipuðu efni, þ.e. þáltill. um áframeldi á þorski og þáltill. um rannsóknir á þorskeldi sem mælt hefur verið fyrir í dag og nú er verið að tala fyrir rannsóknum á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar. Allar þessar þáltill. eru að mínu mati mjög mikilvægar og ætla ég ekki að gera upp á milli þeirra.

Herra forseti. Við höfum dregist aftur úr öðrum þjóðum hvað varðar grunnrannsóknir á ýmsum sviðum og það á ekki síst við um rannsóknir í hafinu. Því er það ánægjuefni að hér skuli koma fram þáltill. til að styrkja nýjar atvinnugreinar sem byggja á rannsóknum svo við getum talið okkur geta farið út í atvinnugreinar og veiðar og vinnslu án þess að ganga á höfuðstól viðkomandi tegunda.

Einnig er mjög mikilvægt að hugsa til þess að rannsóknir, hver á sínu sviði, gætu orðið til þess að styrkja byggð í landinu, a.m.k. verða þær til þess að skjóta stoðum undir fjölbreyttara atvinnulíf og það er það sem við þurfum að gera. Við þurfum að efla rannsóknir á hinum ýmsu sviðum til þess að geta staðið að fjölbreyttara og traustara atvinnulífi. Við eigum ekki að setja öll eggin í eina körfu. Við eigum að nýta náttúru lands og sjávar og styrkja byggðirnar með atvinnulífi sem byggir á auðlindum viðkomandi svæða og frumkvæði fólksins.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að varla er ásættanlegt að ætlast til þess að einstaka fyrirtæki leggi út fyrir grunnrannsóknum og tilraunum á afmörkuðum sviðum ef við viljum að sú vitneskja sem fæst hjá einu fyrirtæki geti rennt stoðum undir rekstur annarra fyrirtækja. Þarna á hið opinbera að koma inn, þ.e. í grunnrannsóknirnar og tilraunastarfsemina og standa þannig að verki að fleiri aðilar geti þá fengið þær niðurstöður og hafið framleiðslu eftir því sem náttúran gefur tilefni til á viðkomandi svæðum.

Ég vil taka undir þá ábendingu að við gætum lengt þennan lista nú þegar með því að bæta við rannsóknum á kræklingi og vinna okkur markað með því sem við teljum hreinni vöru en við getum fengið í Evrópu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun með áfengi og tóbak, 1. umr.

Frv. VE o.fl., 135. mál (smásöluverslun með áfengi). — Þskj. 135.

[17:11]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Auk mín flytja málið hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir, Árni Ragnar Árnason, Ásta Möller og Pétur H. Blöndal.

Frv. þetta gerir ráð fyrir breytingum á áðurnefndum lögum. Þær eru í tvennu lagi. Í fyrsta lagi að Áfengis- og tóbaksverslunin skuli framselja einkaleyfi sitt til smásölu áfengis. Annars vegar til rekstraraðila verslunar sem fengið hefur leyfi sveitarstjórnar til reksturs áfengisútsölu sem ætlað er að vera sérverslun með áfengi. Og hins vegar ef rekstraraðili verslunar, sem fyrst og fremst verslar með aðrar vörur, hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs áfengisútsölu, og eru gerðar ákveðnar kröfur um takmörkun á hillurými í slíkri verslun. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að verslunum sem selja áfengi samkvæmt þessum heimildum sé óheimill aðgangur að innkaupakerfi ÁTVR.

Með frv. er lagt til að opnað verði fyrir smásöluverslun með áfenga drykki í öðrum verslunum en á vegum ÁTVR. Ástæðan er fyrst og fremst sú að við flutningsmenn teljum að núverandi fyrirkomulag sé orðin mikil tímaskekkja. Viðskiptavinir áfengisverslunarinnar gera sífellt meiri kröfur um aukna þjónustu. Verið er að opna nýjar verslanir og sífellt er verið að bæta aðgengi viðskiptavinanna að vörum. Sífellt er verið að leggja áherslu á að bæta vöruúrval, bæta þjónustu, lengja opnunartíma o.s.frv. Þau rök eru því ekki lengur til staðar að starfsemi ÁTVR sé til þess fallin að takmarka aðgengi að áfengi í einhverjum teljandi mæli. Þvert á móti er rekstur verslunarinnar farinn að miðast við það að teygja sig eins mikið að neytendum og kostur er. Segja má að ÁTVR hafi verið á þeirri leið. Það hefur því orðið alger

stefnubreyting í starfsemi ÁTVR á undanförnum árum hvað þetta varðar. ÁTVR þjónar því ekki lengur neinu hlutverki sem liður í áfengispólitík Íslendinga í dag, engu hlutverki.

Fyrir hinn venjulega neytanda er það hin almenna skoðun varðandi flestar vörur að fólk vill ekki láta neyða sig til viðskipta við einhvern ákveðinn aðila. Ég hygg að fyrir langflesta viðskiptavini ÁTVR sé staðan sú að þeir telji viðskipti sín með þessa vöru ekki vera neitt sérstakt vandamál og alls ekki slíkt vandamál að það kalli á einhverja þörf á einokun ríkisins á þeim viðskiptum. Ég hygg að það sé orðin nokkuð almenn skoðun og hefur reyndar oft komið fram í skoðanakönnunum að hinn venjulegi neytandi vill gjarnan geta fengið að umgangast þessa vöru og nálgast hana á venjulegan hátt, þ.e. að viðskipti með hana í verslunum lúti sambærilegum lögmálum og sams konar fyrirkomulagi og venjulegar vörur.

Með þeirri breytingu sem lögð er til má gera ráð fyrir að neytendur hafi eðlilegan aðgang að umræddri vöru. Það gildi sömu lögmál um framboð á vörunni eins og algengt er. Ríkið hefur enga sérstaka fjárhagslega hagsmuni af því að halda í núverandi fyrirkomulag. ÁTVR er hætt að flytja inn áfengi, innflutningurinn er í höndum heildsala, innheimta á áfengisgjaldi er innheimt í tolli eða hjá framleiðendum og þess vegna er engin peningaleg áhætta á því að breyta um fyrirkomulag. ÁTVR er farið að fúnkera hvað snertir verslun með áfengi eins og venjulegt verslunarfyrirtæki sem þarf að lifa af sinni álagningu. Þess vegna eru ekki neinir slíkir peningalegir hagsmunir í húfi.

Að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir því að neinar breytingar verði á hvað snertir aldursmörk þeirra sem mega kaupa áfengi, þau mörk yrðu óbreytt. Þeir sem selja áfengi í almennum verslunum yrðu að sjálfsögðu að uppfylla almenn skilyrði og gæta þess að ekki væri verið að afgreiða viðskiptavini sem eru undir áfengiskaupaaldri. Ég hygg að það fari ekki eftir verkalýðsfélögum eða aðild starfsfólks að verkalýðsfélögum hvort þeim er betur eða verr treystandi til þess að fylgja slíkum skilyrðum eftir. Ég tel að það starfsfólk sem er í almennum verkalýðsfélögum eða verslunarmannafélögum í kringum landið sé alveg fullfært um að fylgja slíkum skilyrðum eftir og þurfi ekki að vera í félögum opinberra starfsmanna til þess að geta greint þar á milli með fullri virðingu fyrir þeim.

Smásöluaðilum yrði sjálfum falið að ákveða vöruframboð og ef þetta frv. verður að lögum má gera ráð fyrir að reknar verði sérverslanir sem bjóði upp á gott úrval af þessum vörum og sérhæfi sig í sölu á einstökum tegundum áfengis. En ætla má að blönduðu verslanirnar yrðu fyrst og fremst matvöruverslanir þar sem meginframboðið yrði af léttu víni og bjór.

Ekki er gert ráð fyrir því í frv. að ÁTVR sem slík verði lögð niður en það má að sjálfsögðu ætla að samkeppnisstaða einokunarsölunnar verði eitthvað lakari við slíka breytingu en tíminn einn leiðir í ljós hvort starfsgrundvöllur verður fyrir fyrirtækið á eftir og hvort fyrirtækið er það vel rekið og vinsælt að neytendur muni flykkjast þangað og versla við það fyrirtæki þrátt fyrir að aðrir séu komnir til skjalanna og veiti því samkeppni.

Ég hygg að þessi breyting muni sérstaklega hafa jákvæð áhrif úti um land í litlum byggðarlögum þar sem ÁTVR hefur ekki enn þóknast að opna útsölu. Þar muni almenningur hafa betra aðgengi að vörunni og ekki þurfa að þola þá grófu mismunun sem hingað til hefur verið. Eins mun þetta að sjálfsögðu hjálpa ferðafólki, sumarbústaðafólki og öðrum sem vilja gjarnan komast að þessari vöru en geta ekki vegna þess einokunarfyrirkomulags sem fyrir hendi er.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og síðan til 2. umr. og venjulegrar meðferðar í þinginu.

[17:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að vísu andvígur þessu frv. sem hér er flutt af sjálfstæðismönnum en það sem mig langar til að fá að vita er hvaða vísindi eru á bak við það hámarkshillurými sem hugsað er að sett verði í verslanir. 5% af heildarhillurými viðkomandi verslunar má fara undir áfengi þar sem verið er að selja aðrar vörur. Það yrði pláss fyrir eina flösku í sjoppunni eða svo. Ég spyr því hvaða vísindi voru á bak við það að finna þetta út?

Ég spyr líka hvort hv. flm. hafi þá engar áhyggjur af því að setja þurfi upp fleiri áfengisverslanir en eina á hverjum stað til þess að tryggja samkeppni. Það er þó þannig með Áfengisverslun ríkisins að hún ber ábyrgð á því og sér til þess að sama verð er á áfengi í öllum útsölunum, en ég get ekki séð að með þessu frv. verði það tryggt nema því aðeins að komið verði á fót fleiri en einni áfengisverslun á hverjum stað. Ég spyr einnig hvort ekki væri skynsamlegra að taka eitthvert annað skref í þessu eins og t.d. að skoðað yrði að leyfa frekar sölu á léttvíni og bjór í matvöruverslunum frekar en fara alla þessa leið sem menn ætla hér. Ég fyrir mitt leyti lít a.m.k. þannig á að verið sé að bjóða heim einokunarfyrirtækjum á hverjum stað, annars vegar með sérverslunum og hins vegar í matvöruverslunum á þeim stöðum.

[17:23]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki eru meiri vísindi á bak við þessa 5% takmörkun á hillurými en þau að þegar ég hef verið erlendis, annaðhvort vegna þess að ég hef búið þar eða verið á ferðalögum, þá hef ég oft gert mér far um að fara í matvöruverslanir og búðir til að skoða verðlag, hvað verið er að selja og hvernig hlutum er stillt fram og slíkt. Ég tel að maður geti lært afar mikið um menningu viðkomandi þjóðar með því að gera það og þá hefur maður bara tekið eftir því hvað vín er yfirleitt stór hluti af því sem verið er að bjóða fram í venjulegum matvöruverslunum og mér hefur sýnst að það sé oft í kringum 5%, jafnvel heldur meira. Ég man t.d. eftir því þegar ég var í Portúgal, í Lissabon, þá var hillurýmið held ég um 5% undir púrtvín eingöngu.

Ég held að það muni að sjálfsögðu fleiri en einn aðili á mörgum stöðum taka að sér að selja áfengi innan þessara 5% marka eða setja upp sérverslanir. Hv. þm. nefndi að ÁTVR sé með sama verð í öllum sínum útsölum. Það er Bónus reyndar líka, er með búð vestur á Ísafirði, en ég held að ÁTVR hafi aldrei tryggt neytendum sama verð nema þeir búi á viðkomandi stað þar sem útsalan er. En hins vegar hefur einstaklingur sem hefur verið að panta áfengi í gegnum póst þurft að greiða stórfé fyrir það að nálgast vöruna, svo maður tali ekki um kostnaðinn sem menn hafa þurft að leggja í við að keyra langa leið til að ná í vöruna ef þeir hafa ekki búið á viðkomandi stað þar sem útsala er.

Hvort léttvín og bjór eigi að vera í matvörubúðum, þá tel ég sjálfsagt að svo sé. En ég tel að það sé líka alveg einboðið að það megi víkka það út og hafa allar áfengistegundir.

[17:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sannfærður um að ef svona verður farið að eins og lagt er til í frv., þá mun verða mjög mismunandi verð á áfengi á hinum einstöku stöðum vegna þess að þeir kaupmenn sem munu versla með það munu auðvitað vilja hámarka sinn hagnað og ef þeir eru í einokunaraðstöðu, þá þekkjum við alveg hvað gerist, þá er verðið hærra, það þarf ekki annað en fylgjast með verslun með aðrar vörur til þess að sjá að þannig yrði það. Menn yrðu þá bara að horfa framan í það að svo væri í pottinn búið.

Það er alveg rétt að áfengisverslunin hefur auðvitað ekki tryggt mönnum verð nema þar sem áfengisverslun er til staðar, en útsölum hefur verið að fjölga um landið á undanförnum árum og það eru orðnar miklu styttri vegalengdir til að komast í áfengisverslanir en var áður.

Ég er ekki að halda því fram að hægt sé að setja upp áfengisverslanir á öllum þéttbýlisstöðum en örugglega er hægt að veita betri þjónustu en nú er og ef menn telja að þjónustan muni aukast með því að koma þessu í hendur einkaaðila, þá held ég að menn geti líka verið sammála um að Áfengisverslun ríkisins ætti að geta veitt meiri þjónustu en hún gerir. Ég tel að það sé miklu nær að menn leggi áherslu á þá þjónustu, að hún sé til staðar, heldur en að menn fari út í það sem hér er verið að leggja til, sem ég er sannfærður um að muni ekki verða til annars en að drykkjuskapur verður miklu meiri og verð á áfengi miklu hærra en það er núna.

[17:27]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er afar athyglisverð kenning hjá hv. þm., þ.e. að verð muni hækka og drykkjuskapur aukast. Venjulega er það svo að menn álíta að hækki verð á einhverri vöru hafi það í för með sér að minna sé neytt af henni.

Það má segja sem svo og ég held að í einhverjum tilvikum mundi neyslan vaxa vegna þess að meira framboð er á fleiri stöðum og þægilegra að nálgast vöruna. En ef hv. þm. hefur svona miklar áhyggjur af því að drykkjuskapur aukist, þá hef ég trú á því að hann mundi vera ánægður með að verð hækki.

Síðan er annað sem hann þarf að hafa í huga og það er að kostnaður neytandans við að nálgast vöruna er ekki bara það sem hann borgar við búðarborðið. Kostnaðurinn felst líka í þeirri fyrirhöfn og öðrum kostnaði, t.d. að keyra langar leiðir til að greiða póstkröfukostnað og annað eða ef verslanir eru fáar, þá kostar það neytandann í tíma og útlögðum kostnaði að ná í vöruna. Þegar heildardæmið er skoðað þarf því að skoða alla þá mynd til þess að sjá hvernig þetta kemur út fyrir neytandann.

Annað sem hv. þm. veit er að verslun víða á landsbyggðinni á í vök að verjast, sérstaklega matvöruverslun. Ég hygg að það *mundi styrkja verslanir á mörgum minni* stöðum og bæta þjónustu almennt við íbúa minni staða ef þessi breyting yrði.

[17:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Um þetta frv. mætti hafa mörg orð en ég mun láta flest þeirra orða sem ég vil hafa um það bíða til 2. umr. ef svo fer að þetta frv. kemur úr efh.- og viðskn. til 2. umr.

Skipulag áfengissölu hér á landi hefur mótast af tvennu: Annars vegar heilbrigðisþættinum, heilbrigðissjónarmiðum, menn gera sér grein fyrir því að áfengisneysla er skaðvaldur fyrir marga og menn hafa viljað skipuleggja söluna með þetta í huga, halda aftur af auglýsingamennsku og grimmustu markaðsöflunum og af þeim sökum sett áfengisdreifinguna til Áfengisverslunar ríkisins.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. flm. og kemur reyndar fram í grg. með frv., að í seinni tíð hefur ÁTVR verið að bæta þjónustuna, opna fleiri staði, og gefið er í skyn að menn séu komnir æðinærri markaðshugsuninni að þessu leyti. En þó er því haldið fram að einkaaðilar mundu ganga enn lengra, enda segir í grg. með frv., með leyfi forseta: „Sjálfsagt mun neysla áfengis eitthvað aukast, ...“

Þetta er niðurstaða flutningsmanna og þá vegna þess að einkaaðilar væru ákafari að koma þessari vöru til neytenda. Þarna eru mörkin erfið og vandrataður hinn rétti vegur, þ.e. að tryggja góða þjónustu, tryggja gott aðgengi allra landsmanna að áfengisversluninni án þess að fara út í þessa grimmu markaðsvæðingu. Mér finnst ÁTVR hafa tekist það bærilega.

Það er rangt sem fram kom hjá hv. 1. flm., Vilhjálmi Egilssyni, að ÁTVR hafi staðið í vegi fyrir því að opna útibú. Löngum hafa legið fyrir beiðnir frá ÁTVR í fjmrn. um að opna útibú en þeim hefur ekki verið sinnt. Það er fjmrn. sem hefur staðið gegn því að slík leyfi væru veitt og menn hafa spurt í þessum sal, m.a. hef ég gert það hér áður, hvort það geti vakað fyrir fjmrn. að standa í vegi fyrir því að ÁTVR færði út kvíarnar að þessu leyti á landsbyggðinni til þess að auðvelda einkavæðinguna.

Þetta er sem sagt annar þátturinn, heilbrigðisþátturinn. *Hinn þátturinn sem hefur mótað* skipulag á áfengissölunni hér á landi er fjárhagslegs eðlis, peningaþáttur. Áfengi er mikilvægur skattstofn og skilar miklum fjármunum í ríkissjóð. En það er rétt sem fram kom hjá hv. 1. flm., Vilhjálmi Egilssyni, að þessa peninga má ná í með öðrum hætti, í tolli eins og reyndar er gert og þyrfti það í sjálfu sér ekki að byggja á einokun.

Hins vegar er um að ræða mjög mikla peningalega hagsmuni í áfengisversluninni. Áfengisverslunin veltir mjög háum upphæðum, mjög miklum upphæðum. Þessa peninga ásælist verslunin. Og samtök í atvinnulífinu, kaupmannasamtökin, að ekki sé nú minnst á Verslunarráðið sem hefur harðast gengið fram í því, krefjast þess að þessu skipulagi verði breytt til þess að kaupmenn geti náð í þá peninga sem núna fara í gegnum ÁTVR inn í ríkissjóð. Þarna er um mjög mikla peningalega hagsmuni að tefla og verslunin berst mjög harkalega fyrir því að ná þessum peningum inn til sín.

Þá verða menn að vega þetta og meta. Eru menn tilbúnir að láta þessa fjármuni af hendi frá ríkissjóði, fjármuni sem ella eru notaðir eða geta nýst til annarra þarflegra hluta, og eru menn tilbúnir að taka þá áhættu sem felst í því að virkja hin grimmu markaðsöfl til að koma brennivíni ofan í þjóðina?

Flutningsmenn segja að þetta frv. sé einfalt í sniðum. Það felst í því að afnema einokun ÁTVR á smásöluverslun með áfengi. Þetta mun veikja ÁTVR eitthvað, segja flutningsmenn, en framtíðin verði síðan að leiða í ljós hvert hlutskipti ÁTVR verður til frambúðar.

Ég held að þessi breyting muni torvelda ÁTVR að veita sömu þjónustu og góða þjónustu um land allt. Ég held að þetta verði til þess. ÁTVR hefur verið að stórbæta þjónustu sína í úrvali og í útsölustöðum, þ.e. fjölga útsölustöðum á liðnum árum. Ég held að þessi þróun yrði til þess að veikja

stöðu landsbyggðarinnar að þessu leyti, gagnstætt því sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson heldur fram.

Þetta eru sjónarmiðin sem menn þurfa að íhuga. Þetta er nokkuð sem menn gera sér líka rækilega grein fyrir. Flestir gera sér grein fyrir þessu.

Í greinargerð með frv. er vísað til þess að samkvæmt áfengislögum veiti sveitarstjórnir leyfi fyrir áfengisútsölum og geta þær bundið leyfin skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslunar og afgreiðslutíma. Enn fremur eru gerðar kröfur til smásöluaðilans um að hann ábyrgist öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðisins og afmörkun frá öðrum rekstri eftir því sem við á.

Þetta eru sjónarmið sem áður hafa komið fram hjá þeim sem hafa viljað gera þessar grundvallarbreytingar á áfengissölunni hér á landi. Þegar upp er staðið og þessi skilyrði eru skoðuð heildstætt þá kemst maður ekki hjá því að velta því upp hvort þeir aðilar sem muni fá þessi leyfi séu ekki hinir sömu og eru hér sterkastir á matvörumarkaðnum.

Hvernig er nú komið fyrir matvörumarkaðnum á Íslandi? Hefur hann ekki verið svolítið í umræðu í þessum þingsal að undanförnu? Er það ekki svo að hann er allur meira og minna kominn í einokunarhendur? Og verður það ekki þannig þegar upp er staðið að einokun ríkisins hefur verið færð í hendur þessara nýju einokunaraðila?

Þá spyr maður: Til hvers er verið að ganga þessa götu? Hverjum kemur þetta til með að gagnast? Ég held að það muni ekki gagnast notendum. Það mun ekki gagnast skattborgaranum. Það mun ekki gagnast landsbyggðinni.

Ég geri mér hins vegar fyllilega grein fyrir því að þessum aðilum sem eru að sölsa undir sig verslun í landinu er þetta að sjálfsögðu mjög að skapi. Þess vegna ganga Samtök verslunarinnar, kaupmannasamtökin og Verslunarráðið, eins hart fram í þessu máli og raun ber vitni.

[17:38]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera athugasemdir við málflutning hv. þm. Ögmundar Jónassonar varðandi hagnað af sölu áfengis. Það er nefnilega ekki svo langt síðan að fram komu upplýsingar frá ÁTVR um að hagnaður ÁTVR sé nú ekki umtalsverður. Hann er nánast enginn af áfengi. Hann er nánast allur af tóbakinu. Og hvar er tóbakið selt? Tóbakið er ekki selt hjá ÁTVR. Það er selt hjá versluninni.

Ég get því ekki séð að það verði svo mikið tap fyrir ríkið af þeirri breytingu að flytja þessa vöru frá ÁTVR og yfir til smásölu. Ég vildi koma þessu hérna á framfæri og gera athugasemdir við þetta.

Síðan vildi ég vekja athygli á öðru atriði. Í ræðu hv. þm. kom fram að hann teldi að þessi breyting mundi veikja stöðu landsbyggðarinnar. Ég tel einmitt að það sé öðru nær.

Í dag selur t.d. ein verslun í Stykkishólmi áfengi, þ.e. byggingarvöruverslun. Ég get alveg séð fyrir mér að barnafataverslun eins og í Ólafsvík taki líka upp sölu á áfengi þannig að þar er komin samkeppni. Það er alveg ljóst að samkeppni mun leiða til lægra vöruverðs.

Ég tek því ekki undir þær röksemdir sem komu fram í máli hv. þm.

[17:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er hugsjónabaráttan farin að rísa hátt, að koma áfengi inn í barnafataverslanir og helst sem víðast.

Ég hef ekki hér tölur um hvernig hagnaður ÁTVR skiptist. Sjálfsagt er að setjast yfir það. En ég vísa í það sem kemur fram í greinargerð flutningsmanna frv., að gert er ráð fyrir því að þessi breyting muni veikja þær stoðir sem ÁTVR er reist á. Það er staðreynd. ÁTVR og það fyrirkomulag sem við búum við er þannig sniðið að það skilar ríkissjóði umtalsverðum fjármunum. Þeir fjármunir munu að sjálfsögðu renna annað þegar veltunni verður beint annað.

[17:40]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Með þeirri tillögu sem hér er lögð fram er ekki gert ráð fyrir að neinar breytingar verði á sköttum eða tollum á áfengi þannig að það breytist ekki neitt. Hagnaður ríkisins verður hinn sami.

Annað atriði er að ríkið á náttúrlega ekki að standa í samkeppnisrekstri. Þegar verið er að færa þessa verslun út til smásölunnar, til einkaaðila, þá er alveg ljóst að fólk fer að velta fyrir sér hvar besta þjónustan sé. Í mínum huga er alveg ljóst að ÁTVR mun veikjast verulega og ég sé hreinlega ekkert því til fyrirstöðu að það gerist. Ég sé ekki í rauninni þörf fyrir ÁTVR eftir að þessi breyting verður komin á.

Þessi breyting, eins og svo margt í áfengismálum Íslendinga, er hægfara og við munum bara skoða og sjá hver framtíðin verður í þessum efnum.

[17:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú rennur allur hagnaður af verslun með áfengi til ríkisins, ekki bara ... (Gripið fram í) Allur hagnaðurinn rennur til ríkisins en í nýju fyrirkomulagi yrði aðeins hluti af honum tekinn til ríkisins í gegnum skattlagningu. Núna ber ríkinu allur arður sem er af þessari verslun.

Samkeppnisverslun á ekki heima hjá ríkinu, segir hv. þm. Ásta Möller. Ég vara við svona alhæfingum. Í sumum tilvikum og allflestum á hann ekki heima hjá ríkinu. Ég tek alveg undir það. En menn hafa litið á verslun með áfengi öðrum augum en aðra vöru og ég var að færa rök fyrir því hvers vegna menn gerðu það, þ.e. að litið hafi fyrst og fremst verið til heilbrigðisþáttarins. Það er staðreynd að innan heilbrigðisstéttanna hafa komið fram varnaðarorð að þessu leyti. Menn vilja hemja hin grimmu markaðsöfl þegar að þessu kemur.

Er það vegna þess að ég vantreysti markaðsöflunum til að gera hlutina eins vel? Nei, ég held að þau muni gera þetta miklu betur, vera miklu duglegri að koma áfengi niður í þjóðina. Um það er verið að deila.

Eins og nú er búið um hnútana, að hafa áfengissöluna hjá ÁTVR, eru menn hins vegar ekki háðir þessari gróðahugsun sem er ríkjandi í versluninni. Þá eru önnur sjónarmið lögð til grundvallar. Þess vegna hafa menn fallist á að hafa fyrirkomulagið eins og það er.

[17:43]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einhver mikill misskilningur hjá hv. þm. hvað peningastreymi í þessum viðskiptum varðar. Þegar ÁTVR er að kaupa inn vöru í dag þá er ÁTVR að kaupa hana af heildsala. Þá er búið að leggja út fyrir áfengisgjaldinu. Heildsalinn leggur virðisaukaskatt ofan á vöruna sem fer í ÁTVR. ÁTVR leggur síðan virðisaukaskatt ofan á vöruna þegar hún er seld neytendunum. Síðan dregur ÁTVR innskattinn frá útskattinum eins og venjulegt fyrirtæki og í rauninni er virðisaukinn sem verður í starfsemi ÁTVR einungis sá venjulegi munur á útskatti og innskatti eins og í venjulegri verslun.

Það er engin fjárhagsleg áhætta önnur hjá ríkinu, í þessum viðskiptum ÁTVR, en bara venjulega gildir um innheimtu á virðisaukaskatti. Nú er það svo að virðisaukaskattur er mjög almennur skattur og virðisaukaskattur er fyrst og fremst innheimtur af hinni almennu verslun í landinu og almennum atvinnurekstri. Kannski má segja að þetta séu 1–3% af heildarinnheimtu virðisaukaskattsins. En ef það er svona óskaplega erfitt fyrir verslanir að innheimta virðisaukaskatt af áfengi, á þá bara ekki það sama að gilda um allar vörur? Á ekki þá bara að stofna hér ríkisbúðir hist og her til þess að innheimta virðisaukaskatt af vörum vegna þess að einkaaðilum er ekki treystandi fyrir því?

Virðulegi forseti. Mér þykir þetta alveg dæmafár ruglingur og alveg ótrúlegt að talsmaður þessara sjónarmiða skuli bera þetta á borð.

[17:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er synd að hv. 1. flm. þessa máls skuli ekki hafa hlustað á ræðu mína. Ég tók eftir því að þegar ég fór yfir þessi mál var hann í hrókasamræðum í hliðarherbergi en ég tók einmitt fram að þessi breyting fæli það ekki í sér að ríkið yrði af þeim peningum sem það hefur af áfenginu sem skattstofni. Ég tók það sérstaklega fram. Ég sagði hins vegar að það væri að tvennu öðru að hyggja. Annars vegar er hér um að ræða mjög mikla verslun, mjög mikla veltu og mjög mikla hagsmuni af þeim sökum sem kaupmenn ásælast. Þeir vilja ná í þessa peninga. Sérstaklega eru það hinar stóru keðjur, einokunarfyrirtækin, sem vilja komast yfir þessa fjármuni. Það var þetta sem ég benti á. Hitt atriðið sem ég nefndi var að varasamt gæti verið að virkja auglýsingamennsku, að virkja markaðsöflin að fullu, þegar kemur að þessari vörudreifingu, að verslun með áfengi. Út á það gekk málflutningur minn, og hefði hv. þm. lagt eyrun við vissi hann það.

[17:47]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði nokkuð grannt á þann kafla ræðu hv. þm. sem fjallaði um þessi fjármál. Hins vegar talar hv. þm. núna um auglýsingamennsku. Það er ekki verið að tala um að breyta neitt auglýsingatakmörkunum varðandi þessa vöru. Hann talar um það sem gífurlegt áhyggjuefni að stórar verslunarkeðjur fari að selja áfengi í matvöruverslunum. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að sem neytandi sé ég ekki að það sé neitt annað en bara mikið hagsmunamál fyrir mig sem neytanda að geta fengið þessa vöru í matvöruverslunum. Ég get ekki séð að það sé neitt sérstakt heilbrigðismál þegar ég fer út á Seltjarnarnes og versla á Eiðistorgi, sem ég geri oft, að ég fari niður í kjallara til að kaupa áfengi og síðan á 1. hæðina til að kaupa matvöruna. Það væri miklu betra fyrir mig sem neytanda að verslunarkeðjurnar fengju að hafa þessa vöru á boðstólum svo að ég gæti keypt hana í sömu ferðinni. Eina heilbrigðismálið er kannski það að ég fæ smáæfingu í að labba upp stiga. Það er það eina.

Síðan er annað. Ég veit ekki til þess að búið sé að sýna fram á að þær þjóðir þar sem ríkið hefur einokun á áfengisviðskiptum búi við betri heilsu en aðrar. Ég hef ekki orðið var við það, hvorki neinn samanburð milli þjóða eða samanburð innan þjóða, t.d. í Bandaríkjunum þar sem mismunandi reglur gilda eftir fylkjum. Ég veit ekki til þess að það sé eitthvert betra heilbrigði í þeim fylkjum þar sem viðskipti með áfengi eru takmörkuð. Ég mundi gjarnan vilja fá einhverjar samanburðarrannsóknir á einstökum þjóðum.

[17:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta eiginlega alveg furðuleg yfirlýsing. Mér finnst furðulegt ef hv. 1. flm. hefur virkilega ekki kynnt sér þessi mál. Hann flytur ræðu og segist ekki hafa kynnt sér málin, sér sé ekki kunnugt um að neinn samanburður hafi verið gerður. Það hefur verið unninn fjöldi samanburðarskýrslna. Ég hef skoðað þessar skýrslur. Þar kemur líka í ljós að það er samhengi á milli vörudreifingarinnar og áfengisneyslu. Og það er samhengi á milli áfengisneyslu og heilbrigðisvanda sem tengist þessari sömu neyslu. Þetta eru bara staðreyndir. Ef hv. þm. reynir ekki að kynna sér málin áður en hann fer fram með þingmál af þessu tagi finnst mér það ekki vera mjög traustvekjandi.

Síðan er hitt, hvað tala menn um af hvað mestri fyrirlitningu þegar þeir beina spjótum sínum að ÁTVR? Það er einokunin. Hún er verst. Ég er hins vegar að sýna fram á að krafa Kaupmannasamtakanna, krafa samtaka kaupmanna, gengur út á að færa einokun sem hefur verið á hendi ríkisins, opinberra aðila, yfir á aðrar hendur, yfir í einokunarverslun í smásölunni sem mun vera komin 70% á hendur eins aðila. Sannast sagna, hæstv. forseti, finnst mér þetta ekki vera framfaraspor, og ekki síst í ljósi þeirra þátta sem ég hef áður nefnt.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fór örlítið í gegnum söguna og hvernig skipulagið væri núna á áfengissölunni. Það er alveg rétt. Menn hafa verið að gera þessar breytingar á undangengnum árum en aldrei voru þessi mál rædd heildstætt þegar hæstv. fjmrh., ekki sá sem nú situr heldur forveri hans, réðst í þessar breytingar.

[17:51]

Ásta Möller:

Herra forseti. Til umræðu er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, og ég verð að segja að ég hef lengi beðið þessarar umræðu því að þetta frv. var lagt fram fyrir ári en fór ekki inn í umræðuna þannig að það gleður mig að það sé loksins komið á borð þingmanna.

Með þessu frv. er lagt til að einkaréttur ÁTVR á smásölu á áfengi verði afnuminn og heimilt verði að selja áfengi í sérverslunum með áfengi, svo og verði öðrum smásöluverslunum heimilt að taka að hámarki ákveðið rými undir þessa vöru samhliða annarri starfsemi.

Þegar sagan er skoðuð verður að segjast að Íslendingar hafa gegnum tíðina tekið afar varfærin skref í áfengismálum. Alþingi fjallaði fyrst um áfengismál upp úr 1870 en þá var ákveðið að taka upp ákveðið gjald af áfengi sem skyldi renna í Landssjóð við mikla óánægju landans, einkum þar sem Alþingi hafði ekki fengið fjárforræði. Er frá því sagt að menn hafi þúsundum saman gengið í bindindi næstu missirin á eftir á þjóðernislegum forsendum. Baráttan fyrir sjálfstæði landsins og hugmyndafræði templara var því samtengd um nokkurra áratuga skeið og hafa fræðimenn túlkað sérstæða afstöðu Íslendinga og íhaldssama stefnu í áfengismálum á síðustu öld út frá þeirri staðreynd.

Árið 1900 tóku gildi lög sem bönnuðu gerð áfengra drykkja á Íslandi. Átta árum síðar var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um bannlög á Íslandi og þau voru samþykkt. Lögin tóku síðan gildi árið 1912 og 1915 en þá var bæði bannað að flytja inn og selja áfengi hér á landi, sem sagt algert áfengisbann. Ísland var fyrsta landið í heiminum til að samþykkja slík lög. Fljótlega og smám saman voru gerðar

undantekningar á banninu, t.d. var erlendum sendimönnum leyft að flytja inn áfengi. Einnig var heimilt að selja áfengi á millilandaskipum og til lækninga og iðnaðarþarfa. Bannlögin brustu hins vegar árið 1921 með innflutningi svokallaðra Spánarvína en Spánverjar settu Íslendingum afarkosti í viðskiptasamningi milli landanna og kröfðust þess að Íslendingar breyttu lögum um aðflutningsbann á áfengi þannig að spönsk vín væru keypt fyrir íslenskan fisk. Alþingi breytti lögunum og var Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sett á stofn 1. janúar 1921 og hóf hún innflutning á spænskum vínum í júlí 1922.

Á þessum tíma hafa mörg smáskref verið tekin til aukins frjálsræðis í áfengismálum þjóðarinnar, t.d. fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um afnám banns við innflutningi sterkra vína á árinu 1933, og var tillagan samþykkt. Hálfri öld síðar eða árið 1984 var veitingastöðum utan kaupstaða heimilt að selja áfengi allt árið en áður höfðu veitingahús í kaupstöðum þann rétt. Árið 1986 voru samþykkt lög sem heimiluðu öðrum en ÁTVR að framleiða áfengi og árið 1989 var heimilt að flytja inn og selja bjór hér á landi. Það verður því ekki annað sagt en Íslendingar hafi á síðustu öld rekið afar varfærna stefnu í áfengismálum. Einkasala ÁTVR á áfengi hefur því staðið í 80 ár og öll önnur ríkisfyrirtæki sem stofnuð voru á svipuðum tíma, Rafmagnsverslun ríkisins, Skipaútgerð ríkisins og fleiri slíkar stofnanir og fyrirtæki, hafa verið lögð niður. Aðeins eitt stendur enn, ÁTVR, frá þessum tíma hafta sem ríkti á fyrstu áratugum síðustu aldar. Það má því segja að tími sé kominn til að aflétta einkasölu ríkisins á áfengi.

Það er eitt atriði varðandi áfengisstefnu Íslendinga sem ég vildi sérstaklega nefna. Helstu röksemdir andstæðinga lögleiðingar bjórs voru að slíkt mundi leiða til verulegrar aukningar á neyslu áfengis. Raunin varð sú að það gerðist fyrsta árið en síðan minnkaði neysla á áfengi í lítrum talið, og tímabilið 1992–1995 var heildarneysla Íslendinga á áfengi álíka mikil og á árinu 1988, ári áður en heimilt var að selja bjór hér á landi. Frá 1995 hefur hins vegar neyslan aukist jafnt og þétt. Það er þekkt staðreynd að sveiflur í áfengisneyslu fylgi efnahagsástandi á hverjum tíma og þegar kaupmáttur launa hefur á síðustu árum náð að vera 25% umfram verðlagsvísitölu er ekki að sökum að spyrja: Áfengisneysla á mann hefur aukist.

Hins vegar er vert að benda á að töluverðar breytingar hafa orðið á neysluvenjum almennings við lögleiðingu bjórs. Neysla á sterkum drykkjum hefur t.d. minnkað um helming í lítrum talið frá 1988, úr 3,5 lítrum á mann í 1,7 lítra á mann. Neysla á bjór sérstaklega hefur aukist en neysla á léttum vínum nánast staðið í stað.

Neysla bjórs er nú nærri 80% af heildarmagni neytts áfengis. Lögleiðing bjórs leiddi þannig til betri umgengni við áfengi. Ofurölvun á almannafæri hefur minnkað og umgengni við áfengi hefur batnað verulega. Kófdrykkja hefur almennt vikið fyrir hófdrykkju. Ekki er lengur litið á áfengi sem vímuefni eingöngu heldur yndisefni eða eins og Einar Thoroddsen, læknir og víngúrú, lét hafa eftir sér í Morgunblaðinu, með leyfi forseta: „Það ætti í rauninni að setja yndisauka í stað virðisauka á áfengi."

Í lögum og reglugerðum eru einkum fjórar leiðir notaðar af stjórnvöldum til að stýra neyslu áfengis. Það eru aldursmörk við sölu áfengis, svokallaður áfengiskaupaaldur, reglur um auglýsingar á áfengi, lög og reglur um aðgengi að vörunni og verðlagning á áfengi. Hér á landi hefur tiltölulega ströngum reglum verið fylgt í þessum efnum. Áfengisaldur er 20 ár, bannað er að auglýsa áfengi í íslenskum fjölmiðlum, ríkið hefur einkarétt á smásölu á áfengi og útsölustaðir hafa þar til nýlega verið fremur fáir, og verð á áfengi er hátt í samanburði við önnur lönd, sérstaklega verð á léttum vínum og bjór. Rannsóknir hafa sýnt að breyting á hverjum og einum þessara þátta leiðir til aukinnar neyslu áfengis. Því er mikilvægt að þau skref sem tekin eru verði vel ígrunduð og skynsamleg, og þótt þau taki mið af tíðarandanum og breyttum viðhorfum til áfengismála verði einnig haft auga á heildarstefnu í málaflokknum.

Í því frv. sem hér er til umræðu er tekið á einum þessara þátta, þ.e. að einkasala ríkisins á smásölu á áfengi verði afnumin og öðrum verslunum heimilt að versla með áfengi. Það er gert með miklum takmörkunum. Þannig er gert ráð fyrir að rekstraraðili fái leyfi hjá viðkomandi sveitarstjórn til smásölu á áfengi og opnunartími verði takmarkaður. Þá verði einnig gerðar kröfur um að sala á áfengi verði aðgreind frá öðrum rekstri, bæði fjárhagslega og húsnæðislega, í þeim tilvikum sem ekki er um sérverslun með áfengi að ræða og er sérstaklega mælt um í frv. að einungis 5% af hilluplássi verði til ráðstöfunar undir áfengi. Þá verða að sjálfsögðu gerðar kröfur um að aldursmörk þeirra sem afgreiða og selja áfengi fylgi áfengiskaupaaldri eins og gert er varðandi tóbak í dag. Aðgengi ungmenna að áfengi á því ekki að breytast. Brot á reglum þýði áminningu og sviptingu leyfis.

Í raun má segja að þetta frv. sé í eðlilegu samhengi við stefnu ÁTVR á undanförnum árum um aukið aðgengi að áfengi. Þannig hefur útsölustöðum á áfengi fjölgað umtalsvert á undanförnum árum. Opnunartími hefur verið rýmkaður verulega, m.a. opið fram eftir degi á laugardögum, og þess vegna sunnudögum ef það hentar varðandi stórhátíðir, sérstaklega jól. Útliti og nafni verslana hefur verið breytt, verslanir gerðar aðlaðandi og vörum stillt upp á fallegan og söluhvetjandi máta. Sjálfsafgreiðsla hefur verið tekin upp, opnað fyrir verslun á áfengi í gegnum netið og kröfu um staðgreiðslu aflétt. Mikið er lagt upp úr miðlun upplýsinga um áfengi með útgáfu bæklinga og upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins. ÁTVR hefur í raun rekið harða stefnu á undanförnum árum í anda einkarekstrar og markaðsstefnu enda var haft eftir stjórnarformanni ÁTVR í Morgunblaðinu í ágúst sl. að rekstur fyrirtækisins líktist sífellt meir hefðbundnum rekstri fyrirtækis enda telja þeir að með því hafi þeir verið að svara kröfum tímans. Það er skoðun mín að kröfur tímans nú séu að ganga eigi einu skrefi lengra og aflétta einkasölu ÁTVR á áfengi.

Öllum er ljóst að áfengi er ekki eins og hver önnur neysluvara. Þetta er vara sem getur verið ávanabindandi. Hún er það. Hún er skilgreind sem vímuefni enda gilda sérstök lög í landinu um sölu og dreifingu á áfengi. Það er eðlilegt að sala á slíkum varningi sé háð sérstökum leyfum og lúti ströngum skilyrðum sem fylgst er með og fylgt eftir á sama máta og sala á léttum vínum, bjór og sterku áfengi á vínveitingastöðum er háð ströngum reglum. Brot á reglum eiga að fela í sér sviptingu á leyfi til að selja áfengi.

Í frv. er gert ráð fyrir, herra forseti, að ÁTVR hafi áfram með höndum smásölu á áfengi auk sérverslana og annarra verslana, t.d. matvöruverslana. Það er ekki miðað við að eingöngu matvöruverslanir sinni þessu heldur geti það verið, eins og í Ólafsvík, að áfengisverslunin er inni í barnafataversluninni en það var ekki mín hugmynd, hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Ég tel að það sé tímaspursmál hvenær ÁTVR sem fyrirtæki og stofnun verði lagt niður. Ég hef sagt það áður í þessum ræðustól að ég sé engin rök fyrir því að ríkisstarfsmenn selji áfengi í áfengisverslunum fremur en að að ríkisstarfsmenn afgreiði áfengi á vínveitingastöðum. Við höfum allt frá bannárunum treyst einkaaðilum til að selja áfengi á vínveitingastöðum og er engin ástæða til að vantreysta einkaaðilum frekar til að selja almenningi léttvín, bjór og sterkt áfengi í smásölu, enda yrði söluleyfi líkt og vínveitingaleyfi háð ströngum skilyrðum og eftirliti. Með þeim orðum vil ég ítreka stuðning minn við þetta frv. sem mun aflétta einkasölu ríkisins á smásölu á áfengi, virðulegi forseti.

[18:02]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið fluttar tvær framsöguræður fyrir þessu ágæta frv. Það er auðvitað fróðlegt að heyra þær báðar vegna þess að þær koma hvor úr sínum armi flutningsmanna. Að vísu kann það að virðast svolítið á skjön við samkomulagið sem mér skildist að hefði verið gert við þessa þingmannamálsumræðu alla, að flytja tvær framsöguræður og verja svo miklum tíma í þetta mál.

Hins vegar verð ég að fagna ræðu hv. þm. Ástu Möller. Það er kannski eðlilegt og telst ekki til undra að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem líka er framkvæmastjóri Verslunarráðs og hefur einkum gætt hagsmuna verslunarinnar og kaupmanna, sem eru ágætir hagsmunir svo langt sem þeir ná, flytji tillögu af þessu tagi. En fleiri kann að undra að hv. þm. Ásta Möller sé meðflm. að slíkri tillögu vegna þess að hún hefur gert sér far um að sinna heilbrigðismálum í samræmi við feril sinn.

Ég vil spyrja hana, virðulegi forseti, vegna þess að hún flutti hér fróðlega ræðu um áfengismál og sögu þeirra á Íslandi á síðustu öld, sem lýsir ákveðnum þjóðarkarakter okkar: Hvar ætlar hún að enda? Hún getur ekki sagt A, þó að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson geti það. Hún getur ekki gert það. Hvar ætlar hún að láta staðar numið? Hún vill taka þetta skref í einkaréttarmálunum. Hvar ætlar hún að enda í hinum þremur þáttunum sem hún nefndi í áfengismálum? Hún verður að gera okkur grein fyrir því.

Vill hún lækka aldursmörk? Vill hún leyfa auglýsingar, kostun eða annan markaðslegan áróður? Vill hún lækka verð á vínum yfir höfuð?

[18:04]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þetta andsvar hv. þm. Ég hef um nokkurt skeið verið ósátt við áfengisstefnuna. Mér hefur fundist hún taka fremur mið af áherslu á misnotkun áfengis í stað þess að í áfengisstefnunni í heild sinni sé litið svo á sem það sé allt í lagi að drekka áfengi en taka þurfi á þeim málum sem varða misnotkunina.

Varðandi þá þrjá eða fjóra þætti sem stjórnvöld hafa gengið út frá í reglum sínum og lögum varðandi umgengni um áfengi þá snýr þetta frv. eingöngu að einkarétti til sölu á áfengi. Varðandi aðra þætti, m.a. auglýsingar á áfengi, get ég svarað því til að ég tel að það eigi að skoða það að rýmka auglýsingarþáttinn í þá veru að hann verði í anda upplýsingar, nánast á sama veg og ÁTVR hefur gert með upplýsingum um áfengi í gegnum vefinn og gegnum bæklingagerð.

Ég sé t.d. ekkert því til fyrirstöðu að blöð og tímarit, t.d. tímarit sem fjalla um mat, veiti upplýsingar um áfengi eins og þau gera í dag. Hins vegar er ég ekki tilbúin til þess að opna það á víðari grunni, leyfa auglýsingar í dagblöðum, sjónvarpi og slíkt. Ég tel að þetta eigi að vera á upplýsingagrunni og í þeim anda að umgengni um vín geti verið á menningarlegum nótum en ekki nótum misnotkunar.

Varðandi áfengiskaupaaldurinn þá var ég þeirrar skoðunar að hann ætti að lækka niður í 18 ár. (Forseti hringir.) Síðan fór ég að skoða málið — en ég kem að því á eftir.

[18:06]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur í ákaflega stuttu máli gert grein fyrir því að hún vill lækka aldursmörk. Það er auðvitað til umræðu. Hún vill auka auglýsingar að því marki að það taki til upplýsinga. Ég skil ekki hvað hv. þm. á við með því. Er það t.d. misskilningur minn að hv. þm. hafi á sínum tíma staðið að því að skerða ritfrelsi með því að ekki megi fjalla um reykingar í blöðum og tímaritum, að ekki mætti gefa neins konar upplýsingar um þær. Þá spyr ég: Hver er þarna munurinn á?

Af því að hv. þm. hefur einbeitt sér að heilbrigðismálunum þá er lokaspurningarnar til hennar vegna þessa frv. sem hún flytur: Eykur þetta áfengisneysluna? Gerir frv. þau vandamál sem af áfengisneyslu stafa verri eða batnar kannski ástandið við að leyfa einkaaðilum að versla með áfengi?

[18:07]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held áfram að svara því sem ég var spurð að áðan og vonandi næ ég að koma að fleiri atriðum. Áfengiskaupaaldurinn er í dag 20 ár. Ég var þeirrar skoðunar að færa ætti hann niður í 18 ár þar til að ég fór í nefnd sem átti að skoða hvernig stemma ætti stigu við ölvunarakstri. Þá skoðaði ég tölur sem sýndu að sú ráðstöfun, ákvörðun um að lækka áfengiskaupaaldur úr 20 árum í 18 ár, felur í sér hættu á 20% aukningu á dauðaslysum vegna ölvunaraksturs. Það fékk mig til að staldra við. Ég er þeirrar skoðunar að áfengiskaupaaldurinn eigi að vera 20 ár og eigi ekkert að breytast.

Ég sé ekkert óeðlilegt við að unglingar fái í skrefum aukin réttindi, ökuréttindin við 17 ára aldurinn, við 18 ára aldurinn sjálfræði og um tvítugt leyfi til áfengiskaupa.

Varðandi verð á áfengi hef ég sýnt fram á það með tölum að neysla á áfengi breyttist verulega við lögleiðingu bjórsins. Sú breyting hefur orðið á að fólk neytir frekar léttra vína og bjórs en sterkra vína. Ég tel því að skoða eigi þá leið að lækka enn frekar verð á léttum vínum og bjór. Þannig er svar mitt við þessum spurningum hv. þm.

Það er ljóst að breytingar á áfengisstefnu geta leitt til aukinnar neyslu á áfengi. Við vitum alveg að þessi fjögur atriði, breyting á þeim, getur leitt til aukningar. Ég tel líka að það geti leitt til viðhorfsbreytingar í þá veru að fólk umgangist áfengi með öðrum hætti en áður, með menningarlegri hætti.

Umræðu frestað.

Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 233. mál. — Þskj. 260.

[18:10]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana. Meðflutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Ásta Möller, Hjálmar Árnason, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd er hafi það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana. Jafnframt verði gert árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til þess að tryggja sjúklingum sem mestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitinga til málaflokksins."

Eins og fram kemur í grg. er vakin athygli á að flestir ef ekki allir þekkja neikvæðar afleiðingar af neyslu áfengis og vímuefna. Hið opinbera hefur brugðist við með ýmsum hætti, með meðferðarúrræðum og þess háttar og fyrirbyggjandi aðgerðum. Það er mikilvægt að okkur takist sem best til í þessum efnum. Hér er um að ræða mikinn vágest, alvarlegt mál og mikilvægt að fjármagnið sem við verjum til þessara hluta nýtist sem best til að bægja burtu þeirri óhamingju sem vímuefnin og áfengið hafa oft í för með sér.

Einnig er um að ræða talsvert mikið fjárhagslegt atriði fyrir ríkissjóð. Við vitum um hinn óbeina kostnað sem verður af ofneyslu á þessum efnum til viðbótar þeirri óhamingju sem það kallar yfir fjölskyldur og fólk. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á að ríkissjóður ver talsvert miklu fjármagni til þessa málaflokks.

Ástæða þess að þessu máli var hreyft upphaflega var sú að við, nokkrir þingmenn, óskuðum eftir skýrslu frá hæstv. heilbrrh. um stöðu þessara mála í landinu. Þessi skýrsla var lögð fram og vakti nokkra athygli enda var brugðið ljósi á mál sem ég held að margir hafi fram að því ekki áttað sig fyllilega á. Fram kom að þetta mál er býsna umfangsmikið. Þessi starfsemi teygir sig miklu víðar en mann óraði fyrir. Reynt er að bjóða upp á meðferð af ýmsum toga, bæði fyrir yngra fólk, fyrir þá sem lengra eru leiddir og aðra.

Við sjáum hins vegar þegar við skoðum þetta að gríðarlega margar stofnanir hafa með þessi mál að gera. Við að lesa þetta vaknar því óhjákvæmilega spurningin um hvort ekki sé hægt að auka samræmingu hér á milli. Það er vandmeðfarið mál vegna þess að margar þeirra stofnana sem hér starfa eru í eðli sínu drifnar áfram af krafti sjálfboðaliðsstarfsins. Það er engin ástæða til að slá á nokkurn hátt á það, öðru nær. Þess vegna verðum við auðvitað að fara af varkárni í þetta mál vegna þess að við viljum líka, um leið og við reynum að nýta fjármagnið sem best og tryggja að menn séu ekki með tvíverknað í þessum efnum frekar en öðrum, jafnframt tryggja að við sláum ekki á það mikla sjálfboðaliðastarf sem fer fram að þessu leyti.

Engu að síður finnst mér ástæða til að vekja athygli á því að hér er um að ræða umfangsmikla starfsemi. Það kemur fram hér í grg. með þáltill. að stöðugildi þessara stofnana og heimila sem vísað er til eru 279 á alls um 30 stofnunum, heimilum og deildum. Í skýrslunni sem ég vísaði til fyrr í máli mínu, sem hæstv. heilbrrh. lagði fram, kemur fram að áfengis- og vímuefnameðferðin sé unnin eftir mismunandi áherslum. En það kemur líka fram að um verulega skörun sé að ræða.

Ef við skoðum rekstrarútgjöldin og hvernig þau hafa þróast kemur fram að ef við setjum fjárveitingar og sértekjur á árinu 1993 á 100 þá er ljóst að þau hafa aukist til ársins 2000 um 44% að raungildi. Þar er um gríðarlega mikla aukningu að ræða sem vekur ýmsar spurningar og nauðsynlegt að fara vel ofan í það.

Hitt efnisatriðið í þáltill. er áherslan á það sem kemur fram í síðasta málslið tillögunnar, þ.e. að gert verði árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til að tryggja sem bestan árangur. Það kemur fram í skýrslunni sem hæstv. heilbrrh. lagði fram að okkar beiðni, nokkurra þingmanna, að gerð hafi verið rannsókn. Í þeirri rannsókn kemur ýmislegt fram en engu að síður er ljóst, að mati heilbrrn., að áfram þurfi að vinna að þessu og gera frekari rannsóknir. Þess vegna er lögð á það töluverð áhersla í þessari þáltill. að menn átti sig á hvað skili mestum árangri, einfaldlega til að geta beint þessum miklu fjármunum, eitthvað á áttunda hundrað millj. kr. á árinu 2000, þangað sem þeir nýtast best. Ég hef ekki farið í að skoða þetta sérstaklega fyrir árið 2001 eða 2002 vegna þess að upplýsingar skýrslunnar, sem þessi þáltill. meira og minna byggir á, eru frá árinu 2000. Hvað sem því líður er aðalatriðið að við verjum verulegu fjármagni til málaflokks sem er mjög mikilvægur en við viljum líka að hann skili sem mestum árangri, ekki bara fyrir skattborgarana í landinu heldur fyrst og fremst fyrir þá sem eiga við þennan vanda að stríða og þær fjölskyldur sem verða fyrir óhamingjunni sem ofneysla áfengis og vímuefna hefur í för með sér.

Virðulegi forseti. Að máli mínu loknu legg ég til að þessu máli verði vísað til viðeigandi þingnefndar og síðari umræðu.

[18:16]

Útbýting þingskjala:

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), 321. mál, nál. utanrmn., þskj. 694.

Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, 430. mál, þáltill. ÓB, þskj. 691.

Vegaframkvæmdir á Hellisheiði og í Þrengslum, 432. mál, fsp. ÓB, þskj. 695.

[18:17]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að leggja fram gagnmerka þáltill. sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er 1. flm. að, og er hún hið besta mál. Verið er að velta þeirri nauðsyn upp að menn geri sér grein fyrir því hvar bestur árangur sé hjá meðferðarstofnunum, og það er ágætt að menn hafi einhverjar hugmyndir um það. Reyndar má búast við því að menn muni deila um það hvað er árangur og hvað er ekki árangur, og svo eru sjúklingar náttúrlega misjafnlega illa haldnir af sjúkdómi sínum og kannski fá sumar meðferðarstofnanir létta sjúklinga og aðrar þyngri, ef svo má að orði komast, eða þá sem eiga erfiðara með að sigrast á áfengisfíkninni.

Það er skondið, herra forseti, að þessi þáltill. skuli koma í kjölfar þeirrar sem hér var áðan uppi á borðum, en sú þáltill. fjallar einmitt um hversu nauðsynlegt sé að gefa aukið frelsi í áfengissölu. Kannski hefði verið vert að lesa þessar greinargerðir saman til að glöggva sig á hvaða áhrif neikvæð afleiðing af neyslu áfengis og vímuefna hefur á fólk. En mér

líst vel á þessa tillögu, herra forseti, og ég tel hana vera allra góðra gjalda verða og að hún eigi að fá jákvæða umfjöllun. Hún á einmitt að vera til þess að við tökum okkur á í þessum málum. Þetta minnir á að það var stjórnmálaflokkur hér í kosningabaráttunni fyrir fáum árum sem ætlaði að setja 1 milljarð í forvarnir. Kannski er milljarðurinn kominn, en þurfum við þá e.t.v. að bæta öðrum við? Eins og ástandið er í dag í eiturlyfjaheiminum — það sem við heyrum þaðan af ýmsu smygli á eiturlyfjatöflum alls konar og vaxandi neyslu áfengis — veitir okkur ekkert af forvörnum því að þetta mál er eitt mesta og alvarlegasta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar. Það er alveg sama hvað menn segja um það, eitt mesta böl samfélagsins er ofdrykkja og neysla eiturlyfja. Það er algjörlega ófært að vera að auka aðgengi að þessari vöru því að þeir sem eru með „fulde fem" og ekki haldnir áfengisfíkn þurfa ekki allt í einu að drífa sig út í búð og kaupa sér skyndilega eina flösku, eða þar sem þeir eru staddir í matvörubúðinni. Það er ekki þannig.

Að við höfum sérlög um áfengi kemur bara best fram í þessari þáltill. Þetta er stórhættulegt efni og ef nýbúið væri að finna það upp yrði það flokkað með efnum eins og e-töflum og öðrum lyfjum eða efnum sem skemma líkama og sál manna — barna og ungmenna og allra.

[18:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir till. til þál. um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana. Fyrsti flm., Einar K. Guðfinnsson, hefur gert vel grein fyrir þáltill. en ég er meðflm. og lýsi með því stuðningi við tillöguna sem ég tel að væri mjög mikilvægt að geta afgreitt hér á þinginu. Það er brýnt að koma þessari vinnu í gang, þ.e. að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar, og að gert verði árangursmat á hverri stofnun fyrir sig sem hefur leyfi og fær fjárframlög frá ríkinu til að reka meðferðarstofnun.

En forvarnirnar eru alltaf mikilvægastar og það að koma í veg fyrir að fólk ánetjist tóbaki, áfengi og sterkari efnum. Komið hefur fram að það er töluverð skörun á þeim meðferðarstofnunum sem eru starfræktar í dag, og það er ekki gerð nein krafa um árangursmat hjá hverri stofnun. Á hverju ári sækja þessar stofnanir um framlög úr ríkissjóði en þar sem ekki er gerð nein krafa um að þær skili einhvers konar árangursmati þá vitum við mjög lítið um hvaða árangur er af meðferð á hverjum stað.

Þarfir hvers og eins eru mismunandi og því er nauðsynlegt að boðið sé upp á mismunandi meðferðarform. Því miður þarf fólk oft að ganga í gegnum fleiri en eina meðferð þegar það hefur ánetjast einhverju þessara efna.

Eins og kom fram í máli flm. er mjög mikilvægt að hlúa að því mikla sjálfboðaliðastarfi sem er unnið á langflestum þessara stofnana og vonandi að það nái að blómstra áfram.

Herra forseti. Mig langar til að nefna hér meðferð — það er varla hægt að kalla hana stofnun en hún gæti í sjálfu sér orðið deild. Þannig er mál með vexti að hv. allshn. Alþingis fór í heimsókn að Litla-Hrauni í síðustu viku og við fengum góðar upplýsingar hjá yfirmönnum og forstöðumönnum stofnunarinnar, fangavörðum og föngum um starfsemi stofnunarinnar. Við gátum dregið saman nokkra þætti sem allir áttu sammerkt og það er alveg ljóst að á þeirri stofnun er mjög áríðandi að koma upp meðferðardeild við upphaf afplánunar þeirra fanga sem eru háðir áfengi, nikótíni eða sterkum efnum. Nær 90% fanganna reykja og langflestir þeirra eru í einhvers konar neyslu. Þeim er ekki boðið upp á meðferð fyrr en í lok afplánunartímans og ég vil koma þeirri ábendingu á framfæri hér að mjög brýnt er að veita fjárframlag til fangelsisins Litla-Hrauns til þess að koma á laggirnar slíkri stofnun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 276. mál. — Þskj. 326.

[18:26]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um gerð verndaráætlana samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson og Jóhann Ársælsson.

Tillögugreinin hljóðar svo, herra forseti:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að gera verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, fyrir þau svæði hér á landi sem falla undir samþykktina. Þau eru Mývatns- og Laxársvæðið, Þjórsárver og Grunnafjörður."

Ramsar-samþykktin um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi tók gildi hér á landi árið 1978. Þrjú svæði á Íslandi hafa verið tilkynnt á skrá Ramsar-samþykktarinnar: Við gildistöku hennar Mývatns- og Laxársvæðið, Þjórsárver árið 1990 og Grunnafjörður í Borgarfirði árið 1996, eða skömmu eftir að hann var friðlýstur. Samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar ber aðildarríkjum að semja og hrinda í framkvæmd áætlun sem stuðlar að vernd skráðra Ramsar-svæða, svo og að skynsamlegri nýtingu votlenda.

Í skýrslu umhverfisráðherra um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar, sem lögð var fram á 125. löggjafarþingi, samkvæmt beiðni þeirrar sem hér stendur og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar, segir um Ramsar-samþykktina: „Markmið samþykktarinnar er að stuðla að verndun votlendis, einkum fyrir votlendisfugla, og samkvæmt samningnum er hvert aðildarríki skuldbundið til þess að tilnefna a.m.k. eitt friðað votlendissvæði á skrá hennar yfir votlendi, sem hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglalíf."

Verndaráætlun fyrir þau þrjú svæði sem tilkynnt hafa verið hér á landi hefur ekki litið dagsins ljós. Í skýrslu umhverfisráðherra kom fram að vinna við gerð verndaráætlunar fyrir Mývatns- og Laxársvæðið væri hafin en óljóst væri hvenær henni lyki. Þá var vinna við gerð sérstakra verndaráætlana fyrir Þjórsárver og Grunnafjörð ekki hafin. Í skýrslunni segir enn fremur: „Á fimmta aðildarríkjaþingi Ramsar-samþykktarinnar árið 1993 var samþykkt ályktun um skynsamlega nýtingu votlendissvæða þar sem aðildarríkin eru hvött til þess að nýta leiðbeiningarreglur samþykktarinnar á kerfisbundnari og markvissari hátt til þess að stuðla að betri framkvæmd samþykktarinnar og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða." Í reglunum er bent á leiðir til þess að styrkja framkvæmdina, svo sem um uppbyggingu stofnana, upplýsingaöflun, vöktun, rannsóknir, þjálfun starfsfólks, menntun og kynningarstarf.

Þótt Ramsar-samþykktin kveði á um verndun votlendissvæða heimsins, sérstaklega með tilliti til fuglalífs, er

verndunin í raun mun víðtækari þar sem öll dýr og plöntur votlendis skulu vernduð gegn ofnýtingu þannig að vistkerfið raskist ekki. Skilgreining samþykktarinnar á votlendi er víðtæk og nær m.a. til mýra, flóa, fenja og vatna með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar með talinn er sjór þar sem dýpi er innan við sex metrar, t.d. leirur og sjávarfitjar. Sérstakt tillit þarf að taka til Ramsar-svæða við landnotkun og ákvarðanir um framkvæmdir eða aðgerðir sem geta haft áhrif á ástand þeirra.

Dregist hefur úr hömlu að semja verndaráætlun um nýtingu íslensku Ramsar-svæðanna. Það getur ekki talist fullnægjandi af hálfu íslenskra stjórnvalda að hafa tilnefnt þrjú votlendissvæði til Ramsar-skrárinnar, það fyrsta fyrir 23 árum, en láta gerð verndaráætlunar sitja á hakanum sem raun ber vitni. Án slíkrar áætlunar fullnægjum við ekki skyldum okkar á alþjóðlegum vettvangi og samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Ég mælist til þess, hæstv. forseti, að þessu máli verði vísað til hv. umhvn. til vandlegrar umfjöllunar.

[18:30]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingflokks míns, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, lýsa fullum stuðningi við þáltill. Við teljum mikilvægt að hún fái góða afgreiðslu og það á þessu þingi. Dregist hefur úr hömlu að semja verndaráætlun um nýtingu íslensku Ramsar-svæðanna. Það er staðreynd að eingöngu hafa verið tilnefnd þrjú svæði. Við eigum að klára þá vinnu. Við eigum að setja metnað okkar í að gera þessa áætlun og fylgja því eftir sem í áætluninni felst, þ.e. að fara í rannsóknir og skráningu. Að öllum líkindum mun slík vinna skila okkur í fyrsta lagi bættri umgengni við náttúruna og í öðru lagi aukinni vitund um verndargildi náttúrunnar og aukinni ferðaþjónustu og arðsemi henni tengdri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÞBack, 268. mál (sjúkraflug). — Þskj. 313.

[18:32]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. 1. gr. frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„6. málsl. i-liðar 36. gr. laganna orðast svo: Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir."

Þessi breyting á frv. til laga um almannatryggingar fjallar um þátttöku sjúklings og Tryggingastofnunar í sjúkraflugi. Breytingin felst í því að í dag hefur heilbrigðisstofnunin 24 klukkustundir til þess að meta hvort ástæða sé til að senda sjúkling áfram í meðferð eða á sjúkrahús og hvort ástand sjúklings sé með þeim hætti að viðkomandi heilbrigðisstofnun geti ekki sinnt sjúklingnum og nauðsynlegt sé að senda hann í sjúkraflugi. Oft og tíðum dugar sólarhringurinn ekki til þess að meta að fullu ástand sjúklingsins og úr hefur orðið nokkurs konar feluleikur eða menn hafa verið að draga það að innrita sjúklinginn. En þessi rýmkun mun gera vinnureglurnar einfaldari. Heilbrigðisstarfsmönnum gefst betri tími til að meta ástandið og ekki verður sami ruglingurinn varðandi innritun og verið hefur. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkraflug ef sjúklingur er fluttur beint að heiman frá sér en sé hann fluttur af sjúkrahúsi greiðir viðkomandi stofnun flutninginn. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla að minni sjúkrahús veigra sér við að innrita sjúklinga sem gætu þurft á sjúkraflugi að halda vegna þess að kostnaðurinn gengur nærri fjárhag lítilla stofnana. Það ýtir undir að sjúklingar séu strax sendir á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri í stað þess að gangast undir rannsókn heima fyrir til að ganga úr skugga um hvort sjúkraflug reynist nauðsynlegt. Einnig leiðir þetta til ónákvæmrar skráningar í þeim tilfellum þegar sjúklingur nýtur aðhlynningar á litlu sjúkrahúsi áður en til flutnings kemur. Sú breyting sem hér er lögð til mundi koma minni sjúkrahúsunum til góða, bæta nýtingu þeirra og draga úr sjúkraflugi."

Það er einmitt tilgangur þessara breytinga að hugsanlega sé hægt að draga úr sjúkraflugi því að það er ekki tilgangurinn að draga úr þjónustu við sjúklinginn.

Herra forseti. Tvívegis hefur þetta frv. verið lagt fram á Alþingi. Í fyrra skiptið kom það ekki til afgreiðslu, var ekki tekið á dagskrá. Á síðasta þingi var mælt fyrir því og það sent út til umsagnar til minni sjúkrahúsa vítt og breitt um landið og fékk alls staðar mjög góðar undirtektir og hvatt var til þess að slík breyting yrði gerð því að þó svo Austurland hafi nokkra sérstöðu hvað varðar þetta ákvæði og þar hefur í raun verið í gildi samkomulag á milli heilbrigðisstofnunar Austurlands og heilbrrn. um að farið sé eftir reglum sem þessum, þá er sá samningur útrunninn. Því væri eðlilegt að framlengja eða endurnýja hann en það kemur í ljós að aðrar stofnanir eru í sama vanda þó svo að landfræðilega séð sé alltaf ákveðin afmörkun á flutningi sjúklinga með sjúkraflugi og það segir sig sjálft.

Herra forseti. Ég óska eftir því að að lokinni umræðu verði frv. vísað til hv. heilbrrn. og það fái afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 266. mál. — Þskj. 311.

[18:38]

Flm. (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Auk mín eru flutningsmenn hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson og Lúðvík Bergvinsson.

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að þessi þáltill. er flutt felst í umræðunni um byggðamál þar sem það er vel þekkt að vöruverð er töluvert hærra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og einnig vegna þess að rekstrar- og samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart

höfuðborginni er að versna vegna flutningskostnaðar. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni jafnframt hvaða þættir hafi helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilji á milli.

Nefndin kanni sérstaklega og meti:

a. áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni.

b. Áhrif þungaskatts á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra.

Nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð og jafni rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja í sambandi við flutningskostnað milli landsvæða.

Nefndin skili skýrslu til Alþingis fyrir 1. október 2002.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ástæðan ærin að flytja þessa tillögu og væri mikið þarfaverk ef Alþingi féllist á að skipa nefnd til að kanna þá þætti sem ég hef hér gert að umtalsefni. Ljóst er að verðlagskannanir hafa sýnt að verðlag á landsbyggðinni er yfirleitt hærra en á höfuðborgarsvæðinu og munar oft talsverðu. Þá hafa kannanir sýnt að fólk telur óhagstætt verðlag á meðal helstu ókosta þess að búa á landsbyggðinni. En í gildandi byggðaáætlun, sem ég hef stundum sagt að er mikið og gott plagg sem geymir mikið af upplýsingum, má m.a. finna úr könnun sem prófessor Stefán Ólafsson gerði að 69% íbúa sögðust vera óánægðir með verðlag og verslunaraðstæður á landsbyggðinni. Þetta er næsthæsti stuðull sem kemur strax á eftir húshitunarkostnaði.

Herra forseti. Eitt dæmi vil ég taka sem sýnir hvernig þetta er og það er hve þungaskatturinn hefur haft mikil áhrif til hækkunar flutningskostnaðar frá árinu 1998 en í þeim hækkunum og breytingum sem á þungaskattinum hafa verið gerðar í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka hefur það leitt til þess að þungaskattur hefur hækkað um 45–50% á lengstu leiðum sem keyrðar eru, þ.e. frá Reykjavík og á Vestfirði eða austur á land. Þetta hefur auðvitað farið þráðbeint út í verðlagið og hækkað vöruverð.

Annar þáttur sem ég nefni er að kanna flutningskostnað og þá sérstaklega þungaskatt á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Í greinargerðinni er rætt um og sýnt fram á þær breytingar sem hafa orðið vegna flutninga á þjóðvegum landsins en þar að auki hefur frá því að þetta var lagt fram orðið allmikil breyting á gjaldskrá vegna sjóflutninga í strandferðum með Eimskip, en eins og menn vita er Eimskipafélag Íslands eina fyrirtækið sem heldur enn þá uppi strandsiglingum við Ísland.

Í lok síðasta árs eða í nóvember/desember ákvað Eimskip að hækka upp- og útskipunargjöld vegna vöru í for- og áframflutningi með strandferðaskipi Eimskips. Fyrir flutning í gámum í útflutningi hefur það breyst þannig að sérstakt útskipunargjald, 2.050 kr., eru pr. tonn auk þess að framvegis verði innheimt tvöfalt vörugjald sem er rúmar 333 kr. á hvert tonn í hvorri höfn. Fram að þessu hafði Eimskip greitt annað gjaldið. Slík viðbótargjaldtaka sem hér var tekin upp lendir á öllum þeim stöðum þar sem ekki er útflutningshöfn, þ.e. það lendir ekki í Reykjavík, Eskifirði og Vestmannaeyjum. Samtals er þarna um að ræða tæpar 2.400 kr. á tonn sem í raun þýðir að það verður, svo tekið sé dæmi, um milljón kr. ódýrara að landa 400 tonna farmi úr frystitogara í Reykjavík en t.d. á Mið-Norðurlandi. Til viðbótar þessu hafa ýmis þjónustugjöld hækkað um tæp 10%.

Herra forseti. Þegar munurinn á þessu getur orðið eins og hér er bent á 1 millj. kr. í flutningskostnað fyrir viðkomandi hvort farminum er landað norður á landi eða á höfuðborgarsvæðinu, þá þarf auðvitað ekki að spyrja hvaða leið útgerðarfélagið velur. Síðan hefur það gerst að meira og meira af flutningi til og frá landsbyggðinni fer um þjóðvegi landsins og þar eru skipafélögin orðið mjög öflug og þar hefur hækkun orðið, eins og ég hef áður bent á, út af þungaskatti, olíuverði og öðrum þáttum. En nánast öllum innflutningi og útflutningi er stefnt til Reykjavíkur fyrst í nafni hagræðingar og síðan eru landsbyggðarfyrirtækin látin bera kostnaðinn af því að koma vörunni til og frá Reykjavík. Þetta er það sem landsbyggðarbúum og landsbyggðarfyrirtækjum er boðið upp á. Það má viðurkenna að einhver hagræðing var að því að stefna öllum inn- og útflutningi á einn punkt en þetta hefur síðan verið látið ganga þannig á viðskiptavinina að nú eru þessar tekjur sóttar út á land.

Herra forseti. Þetta tel ég að skekki mjög samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Ég tel að þessi breyting á sjóflutningum fyrir þá sem flytja vörur til landsins og síðan út á land til framleiðslu og svo aftur hingað til höfuðborgarsvæðisins til endursölu sé að ganga af mörgum atvinnurekstrinum dauðum. Ég fullyrði að mjög margir forsvarsmenn atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni eru að gefast upp á þessum ofboðslega flutningskostnaði. Þess vegna er afar brýnt að farið sé í gegnum þessa þætti og skoðað hvað er til ráða.

Herra forseti. Það má benda á að á mjög mörgum sviðum í þjóðlífinu tíðkast jöfnunaraðgerðir. Nefna má t.d. að símkostnaður er sá sami um land allt. Það eru uppi jöfnunargreiðslur í sambandi við raforku. Til er Flutningsjöfnunarsjóður á sementi og olíu og við notum þungaskattskerfið til þess að greiða niður strætisvagnaakstur með því að 75% afsláttur er gefinn af þungaskatti. Ég tel, herra forseti, mörg dæmi styðja það að taka upp og skoða hvernig beita megi skattkerfinu í að jafna þennan aðstöðumun, jafna flutningskostnað og þar með jafna vöruverð og aðföng til atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Herra forseti. Getur nokkur trúað því og hafa menn yfir höfuð gert sér grein fyrir að það kostar um 7,50 að flytja hvert kíló af vöru frá Reykjavík til Akureyrar? Svo tekið sé eitt staðbundið dæmi má nefna tveggja kílóa hveitipoka. Hann kostar 75 kr. norður á Akureyri. Af þessum 75 kr. eru 15 kr. í flutningskostnað. Þetta sýnir í hvaða óefni þetta er komið á þessum tímapunkti og vegna þessarar þungaskattsbreytingar hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokka undanfarin ár þá hefur að sjálfsögðu komið miklu meira inn til ríkissjóðs í formi þungaskatts sem er svo að ganga af þessum atvinnurekstri á landsbyggðinni dauðum og íþyngir mjög.

Herra forseti. Því er ekki nema eðlilegt að fyrirtæki á landsbyggðinni rísi upp. Skemmst er frá því að segja að í nóvember sl. var haldinn stofnfundur Samtaka fyrirtækja á Norðurlandi sem m.a. hafa það að markmiði að berjast

gegn þessari ranglátu gjaldskrá, beita sér gegn þeim ranglátu landsbyggðarsköttum sem ég hef hér gert að umtalsefni. Þetta eru ekkert annað en landsbyggðarskattar. Þessi samtök ætla að berjast fyrir því að fá niðurfellingu og breytingar á flug-, sjó- og landflutningum til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þessi samtök ætla að berjast fyrir niðurfellingu tryggingagjalda á landsbyggðinni, hækkuðum persónuafslætti fyrir íbúa landsbyggðarinnar sem og afslætti á endurgreiðslu námslána.

Herra forseti. Evrópusambandið notar skattkerfið til að jafna lífskjör í Evrópu og jafna skil milli þeirra sem á landsbyggð búa og á viðkomandi þéttbýlis- eða höfuðborgarsvæðum. Þegar Norðmenn ákváðu að ganga ekki í Evrópusambandið þá tóku þeir upp töluverðan hluta af byggðastefnu Evrópusambandsins og gerðu að sinni. Herra forseti. Sem dæmi um jöfnunaraðgerðir Norðmanna — þar sem jafnaðarmenn hafa farið með stjórn svo lengi sem elstu menn muna fyrir utan nokkur slæm íhaldsár — þá er þungaskattskerfið notað þar til þess að jafna þennan flutningskostnað.

Herra forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði að lokinni þessari snöggu umræðu vísað til áframhaldandi vinnu í allshn.

[18:49]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér er nokkur ánægja að vera 2. flm. að þessu máli sem hv. þm. Kristján Möller flytur ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar.

Við vitum að landsbyggðin stendur að mörgu leyti hallari fæti en þegar nær dregur höfuðborgarsvæðinu og margt veldur því. Nefna má óhagstæðar rekstrareiningar. Oft er lítil samkeppni og líka hár flutningskostnaður. Við vitum líka að óréttlátt þungaskattskerfi á stóran hlut að því að gera flutningskostnaðinn jafnháan og raun ber vitni og þar með torvelda rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni.

Því má segja að þessi tillaga okkar samfylkingarþingmanna beinist með mjög einörðum hætti gegn þungaskattskerfinu. Við erum að leggja hér til að sett verði á laggir nefnd sem metur sérstaklega hvaða áhrif þungaskatturinn hefur á vöruverð og jafnframt hvaða áhrif hann hefur á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Herra forseti. Þó skiptir e.t.v. mestu máli að Samfylkingin er hér að leggja til að nefndin komi fram með tillögur sem hafi það að markmiði sínu að draga úr áhrifum þungaskattsins á vöruverð og jafna rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja hvað þetta varðar á milli landsvæða. Ég held að það megi fullyrða, herra forseti, að ástæðan fyrir hærra verðlagi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu sé að verulegu eða nokkru leyti þungaskattskerfið sem við búum við. Það er þess eðlis að það kemur harðar niður á íbúum landsbyggðarinnar en íbúum höfuðborgarsvæðisins.

Eins og hv. þm. Kristján Möller rakti áðan þá er svo komið að langstærstum hluta innfluttra vara er skipað upp í Reykjavík eða í nágrannahöfnum og síðan er vörunum dreift með bifreiðum um landið allt. Þungaskattur leggst á þessa flutninga og því lengra sem ekið er með vöruna því hærri verður skatturinn. Skatturinn kemur þannig fram í hærri flutningskostnaði sem aftur birtist í því að vöruverð til viðkomandi neytenda, neytenda landsbyggðarinnar hækkar fyrir vikið.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessu, herra forseti, og þessi tillaga okkar er um að þessi þróun verði sérstaklega könnuð, að rannsakað verði hvað áhrif breytingar á þungaskattinum hafa haft á verðlag á landsbyggðinni á undanförnum árum.

Hv. þm. Kristján L. Möller hefur verið ákafur talsmaður þess að beitt verði með einhverjum hætti aðgerðum innan skattkerfisins til þess að draga úr ójöfnuði milli landsvæða. Hv. þm. Kristján Möller hefur m.a. bent á þá leið sem Norðmenn hafa farið, en í Noregi hafa menn farið þá leið að skipta landinu niður í svæði. Þungaskattur er mishár og réttlættur út frá byggðasjónarmiðum. Ég tel, herra forseti, fyllilega réttlætanlegt og að það sé í samræmi við þau sjónarmið jöfnuðar sem Samfylkingin starfar eftir að þetta kerfi verði grandskoðað og ég held að menn ættu að íhuga að taka það upp.

Ég held að á þennan hátt væri hægt að stíga mikilvægt skref í þá átt að jafna verðlag á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins og það er eitt af því sem við í Samfylkingunni berjumst fyrir. Við höfum lagt fram fjöldamörg þingmál sem miða að því að bæta stöðu landsbyggðarinnar í samkeppninni við höfuðborgarsvæðið vegna þess að oft og tíðum veldur talsvert ranglæti því að hún stendur hallari fæti. Hér er komin fram mikilvæg tilaga sem við teljum að geti skipt miklu máli. Því legg ég til, herra forseti, að hið háa Alþingi fari mildum höndum um þessa tillögu og skyggnist grannt eftir því hvort ekki sé rétt að samþykkja hana óbreytta.

Umræðu frestað.

Skráningarskylda skipa, fyrri umr.

Þáltill. GAK, 302. mál. — Þskj. 367.

[18:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skráningarskyldu skipa. Þetta mál var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu. Málið er tiltölulega einfalt í sniðum og ég mun gera grein fyrir því í stuttu máli.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að semja reglur og leggja fyrir Alþingi að breyta lögum ef nauðsyn krefur í þá veru að skráningarskylt verði sérhvert skip sem notað er í atvinnuskyni, svo og önnur skip sem eru lengri en átta metrar að skráningarlengd.

Ráðherra setji reglur um skip sem eru undir átta metrum að stærð og kunna að vera notuð tímabundið í atvinnuskyni.“

Þessu fylgir örstutt greinargerð. Hún er svohljóðandi:

Eðlilegt verður að telja að öll skip sem haldið er úti í atvinnuskyni séu skráningar- og eftirlitsskyld, óháð stærð þeirra. Á slík skip er líklegt að ráðnir séu til starfa launþegar, fiskimenn, aðrir en eigendur. Hins vegar er einnig sjálfsagt að skilgreina í reglugerð, enda sé slíkrar heimildar aflað í lögum, hvað sé tímabundin atvinnustarfsemi þeirra manna sem róa fáa daga eða vikur á ári, t.d. við sérveiðar á ákveðnum svæðum eða til tímabundinnar tekjuöflunar við sjávarnytjar eða leiðsögu. Líklegt má telja að á næstu árum fjölgi bátum allt að átta metrum að stærð í flokkum skemmti- og tómstundabáta. Þessi þróun mun verða samhliða því að eldri bátar sem nú eru notaðir í atvinnuskyni við fiskveiðar verði seldir þegar atvinnumenn endurnýja fiskibáta sína. Telja verður eðlilegt að mæta þessari þróun sem óhjákvæmilega verður með því að setja nýjar viðmiðanir í lög og reglur um báta sem ekki eru að jafnaði notaðir í atvinnuskyni.

Flóknara er þetta nú ekki. Það er einfaldlega horft til þess að innan skamms verði örugglega til sölu þó nokkuð af bátum sem notaðir hafa verið til fiskveiða og þeir munu verða hér í höfnum. Auðvitað er dýrt að eiga svona báta ef á þá eru lagðar allar þær kvaðir sem lagðar eru á atvinnutæki. Þess vegna er þetta lagt hér til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurheimt Drekkingarhyls í Almannagjá, fyrri umr.

Þáltill. MÁ og KVM, 405. mál. — Þskj. 662.

[18:56]

Flm. (Mörður Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka þá hagræðingu af hálfu forseta og hv. þingmanna sem hefur hér farið fram í minn hag og þessa máls.

Svæði á Íslandi eru með ýmsu móti. Sum þeirra eru ósnert náttúra. Önnur eru fullkomlega manngerð, t.d. þar sem við stöndum í þessari borg. Til eru líka svæði sem einkum eru náttúruleg en þar sem mannshöndin hefur þó komið að eða látið til sín taka frá upphafi landnáms á Íslandi.

Þingvellir eru eitt þeirra svæða og þá á þann hátt að í raun væri ekki hægt að ímynda sér Þingvelli án hvors tveggja, þeirrar náttúru sem þar er og þeirra verka sem mannshöndin hefur þar skapað. Ýmis ummerki mannshandarinnar eru fyrir löngu orðin hluti af Þingvöllum. Fyrst er þá að telja Öxarárfoss sem samkvæmt hinum elstu bókum íslenskum var búinn til með því að veita Öxará í gjána, sem áar okkar hinir elstu gerðu. Flest eru þessi ummerki annað hvort ákaflega vel heppnaður landslagsarkitektúr eða orðinn hluti af sögulegri helgi staðarins.

Svo er því miður ekki um öll verk þarna. Eitt af þeim er Drekkingarhylur eða breytingarnar sem gerðar hafa verið á Drekkingarhyl. Drekkingarhylur myndast þar sem áin Öxará fellur eftir gjánni eða réttara sagt í gjána því að hann er í raun nyrst í Almannagjá. Áin fellur síðan eða féll niður í fossi af gjárbarminum, fossi sem hefur nú aldrei haft sérstakt heiti. En í heimildum hefur hann helst verið kallaður Neðrifoss og þótti glæsilegur foss á sínum tíma.

Menn þekkja sögu Drekkingarhyls, þá að eftir stofnun Stóradóms síðari hluta 16. aldar var hann notaður í þáverandi þingstörfum við það þarfa verk, sem þá var talið af konungi og kirkju, að drekkja konum sem höfðu gerst sekar við kynlífsákvæði og fleiri ákvæði Stóradóms. Rannsóknir Páls Sigurðssonar lagaprófessors benda til þess að 18 konur hafi verið settar í hærusekk og drekkt á árunum 1600–1750, að mig minnir. Árið 1760 voru drekkingar lagðar af og áratugur rúmur leið frá Stóradómi þannig að þær gætu verið fleiri en 18. En þær voru það að minnsta kosti.

Auk þess, þótt það komi þessu máli ekki við, var konum drekkt í öðrum hyljum annars staðar á landinu, þá einkum þeim sem minni voru máttar og þóttu ómerkilegar.

Til þess að drekkja fólki þarf náttúrlega svolítinn hyl jafnvel þó að fólk sé sett í hærusekk, og Drekkingarhylur bar nafn með rentu til ársins 1911. Þar var töluverður hylur með iðuköstum áður en vatnið fór í þessum fagra Neðrifossi sem þótti. Árið 1897 var lögð trébrú yfir fossbrúnina. Hylinn sakaði hins vegar ekki fyrr en á árinu 1911 að trébrúin var tekin af og ákveðið að leggja þarna steinbrú. Þá voru komnir þeir miklu framfaratímar með ungmennafélagsanda og framkvæmdagleði sem marka má af þeirri tilvitnun hæstv. forsrh. í áramótaávarpi sínu í kvæði Hannesar Hafsteins að

> þótt þjaki böl með þungum hramm
> þrátt fyrir allt þú skalt, þú skalt samt fram

og þyrfti helst að syngja þetta til að gefa því sitt pláss. (**Gripið fram í:** Gerðu það.) Ja, þetta er karlakórslag þannig að ég treysti mér ekki til þess að fara að ábendingu hv. þm. um þann flutning.

En það fylgdi líka þessari öld að hún var nokkru fyrir tíma umhverfismats og skipti litlu máli hvað fyrir varð ef menn þóttust hafa kraft til mikilla verka. Við þessa brúargerð var allmikið af gjárhaftinu sprengt í loft upp með dýnamíti og var þá burtu í senn fossbrúnin og hylbarmurinn, vatnsborð hylsins lækkaði þar með og Neðrifossinn fagri breyttist í flúð sem þar er enn. Síðan var bætt um betur og hvarf enn meira af snösinni.

Ekki er hægt að endurheimta forna tíma eða endurskapa náttúru sem hreyft hefur verið við. Hins vegar getum við bætt skaðann, og á stöðum eins og Þingvöllum á okkar kynslóð að leggja sitt af mörkum til að prýkka staðinn og viðhalda hans sögulegu helgi og hans náttúrulega unaði. Það hefur Björn Th. Björnsson listfræðingur lagt til í sinni góðu bók um Þingvelli, „Þingvellir, staðir og leiðir", frá 1984, en eftir að hafa sagt okkur það að þessi brú sé einhver hin ófegursta sem um getur leggur hann til í bók sinni þetta hér, með leyfi forseta:

„Brú þessa verður að fjarlægja, en leggja í stað yfir svipfallega göngubrú, og hækka þarf árhaftið, svo hvorttveggja, hylur og foss, heimti aftur sinn forna svip."

Það er þetta sem við flutningsmenn, ég og hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson, leggjum til að kannað verði, hvort hægt sé að fara að ábendingu Björns Th. Björnssonar, hins merka listfræðings, um þetta mál. Við teljum líka að ef af þessari framkvæmd verður sé athugandi og rétt að helga hana minningu þeirra kvenna sem örlögum sínum mættu í þessum hyl.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu gangi málið til hv. umhvn.

[19:04]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir þessi till. til þál. um endurheimt Drekkingarhyls í Almannagjá sem ég er flm. að með hv. þm. Merði Árnasyni.

Oft er nauðsyn á því fyrir okkur að líta í söguna okkar, skoða hvernig líf þjóðarinnar hefur verið í gegnum aldirnar. Segja má að nafnið Drekkingarhylur sé eitt af þeim orðum sem fólk hryllir sig við þegar það heyrir því að það fer að hugsa um söguna og þá atburði sem gerðust við og í þessum hyl. Það væri góð áminning fyrir okkur þegar við göngum um Þingvelli og Almannagjá að við fengjum að sjá þennan hyl, hvernig hann var eða sem næst því, til að minna okkur á hvernig sagan var og þann aldarhátt sem ríkti, og þá grimmd. Það er náttúrlega ekki síst til þess að við vitum hvernig saga okkar var og líf í landinu heldur einnig til að vita hvernig líf okkar á að vera í dag og hvernig líf við viljum að sé í þessu landi, að réttarfarið sé ekki grimmt og ljótt eins og er reyndar enn þá til í þessum heimi, og við sjáum dæmi um hvernig oft er farið illa með fanga. Við sjáum í fréttum illa meðferð á fólki, og jafnvel er það réttlætt með því að þeir séu glæpamenn og þá sé allt í lagi að koma illa fram við þá.

Ég tek heils hugar undir þáltill. enda er ég meðflm. að henni, og vona að hún fái góða umfjöllun í umhvn. og að brautargengi hennar verði mikið í þinginu.

[19:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta er hógvær tillaga en þó bylur undir sögulegur þungi. Ég hugsa að mörgum finnist sú hugmynd mikilúðleg sem felst í þessari tillögu að því leyti að í greinargerð hv. flutningsmanna er gert ráð fyrir því að endurheimt hylsins, Drekkingarhyls í Almannagjá, verði helguð minningu þeirra kvenna sem þar var drekkt á sínum tíma. Mér hugnast samt þessi hugmynd þó að verið geti að ýmsumói hún. Ég kem samt hér upp sem einn af þeim sem Alþingi hefur falið þann trúnað að sitja fyrir sig í Þingvallanefnd en tillögunni er í reynd beint til Þingvallanefndar sem er kosin beint af Alþingi.

Við höfum í Þingvallanefnd reynt að fylgja þeirri stefnu um allt sem varðar framkvæmdir innan þjóðgarðsins, eða hins friðaða lands, sem okkur er falin yfirstjórn yfir að þær séu í anda hins upprunalega svipmóts landsins. Þannig vísa ég til þess, herra forseti, að staðið hafa yfir umræður á síðasta ári um skógrækt á þessu svæði. Mörgum er þyrnir í auga að sjá hvernig útlendur trjágróður hefur verið gróðursettur á hinu friðaða landi. En það er stefna okkar í Þingvallanefnd að þótt við viljum ekki ráðast með sög og exi að þessum skógi ætlum við ekki að endurnýja hann þegar hann deyr drottni sínum í fyllingu tímans. Við höfum sömuleiðis ráðist í það að taka burt þessi erlendu tré á ýmsum svæðum í grennd við Þingvallastað. Þessi tillaga er í þessum sama anda.

Ég get þess líka, herra forseti, vegna þess að mér er nokkuð annt um þá lífveru sem nú á allt sitt undir Öxará sem Drekkingarhylur er í, og ég hef stundum kallað hátindinn á sköpunarverkinu hér á norðurhjaranum. Ég er að tala um urriðann. Við höfum líka lagt okkar litla lóð á vogarskál þess að hægt verði að endurheimta hann til fyrri stöðu í Þingvallavatni. Við höfum reynt að beina Landsvirkjun og ýmsum öðrum stofnunum sem koma að tilvist urriðans með einhverjum hætti til þess að ráðast í aðgerðir sem gætu treyst stöðu hans. Nú er það einmitt Öxárá sem í dag er að verða æ gildari lífæð þessa stofns.

En við höfum líka í Samfylkingunni, eða forverum hennar, lagt fram þingmál hér á Alþingi sem miða einmitt að því að endurheimta ána sem vatnið í Þingvallavatni rennur um þegar það hverfur til sjávar, þ.e. Efra-Sog. Fyrir nokkrum árum ræddum við hér í þinginu um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að menn ryfu gat í stífluna sem lokaði Efra-Sogi á sínum tíma og skar með einu snöggu hnífsbragði á lífsþráð þessa merka urriðastofns. Við höfum líka með ýmsum öðrum hætti reynt að leggja part af okkar litlu fjárveitingum í rannsóknir á þeim stofni.

Stefna okkar í Þingvallanefnd er þannig sú að reyna að varðveita upprunalegt svipfar landsins, upprunalegt lífríki landsins. Við höfum ekki heimilað neinar breytingar sem gætu lagst gegn þessu tvennu. Sú tillaga sem hér er lögð fyrir Alþingi felur í sér að Þingvallanefnd láti kanna hvernig hægt er að sjá svo til að Drekkingarhylur nái aftur sínum forna svip. Þessi tillaga gengur þess vegna ekki langt og það ætti að vera útlátalítið fyrir hið háa Alþingi að samþykkja hana. Eins og segir í niðurlagsorðum höfunda tillögunnar er t.d. hægt að gera þetta með því að kanna þá kosti sem gætu gert veruleika úr tillögunni og leggja mat á hvað það kostar. Ég held, herra forseti, að þetta sé ákaflega lítið skref en gæti auðvitað verið byrjunin á nokkuð góðri ferð og þess vegna lýsi ég sem fulltrúi þingsins í Þingvallanefnd eindregnum stuðningi við þessa sérkennilegu en góðu tillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjómannalög, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 418. mál (bótaréttur). — Þskj. 677.

[19:11]

Flm. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Flutningsmenn þessa frv. eru 1. flm. Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„3. mgr. 26. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði skiprúmssamningi slitið af þeim sökum er greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til kaups skv. 25. gr. að lágmarki í þrjá mánuði frá því að hann kemur til heimilis síns."

Í grg. með þessari tillögu kemur m.a. fram að í 26. gr. núgildandi sjómannalaga er svohljóðandi ákvæði:

„Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri en þrjá mánuði, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur er sjóferðaskýrsla er tekin og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi er slitið af þeim sökum sem segir í 1. mgr. á skipverji rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns og greiðir ríkissjóður þann kostnað.

Verði skiprúmssamningi slitið erlendis af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi."

Herra forseti. Þetta ákvæði á sér langa sögu og hefur tekið litlum breytingum við endurskoðun sjómannalaga á tuttugustu öld. Af þessu má sjá að réttur sjómanna við þær kringumstæður að skip ferst er nánast enginn. Um leið og skipverjinn er kominn til síns heima að björgun afstaðinni er hann atvinnulaus án nokkurs bótaréttar úr hendi útgerðar skipsins. Til samanburðar má geta þess að við sölu skips, nauðungarsölu eða frjálsa sölu, gjaldþrot útgerðarfélags eða við þau atvik að skipum er lagt fyrirvaralaust við bryggju vegna vöntunar á veiðiheimildum eða af öðrum ástæðum, njóta sjómenn fullra launa í þrjá mánuði miðað við aflareynslu skipsins síðustu mánuðina áður en nefnd atvik gerðust, ef um fiskiskip er að ræða, en miðað við meðalyfirvinnutíð ef um er að ræða kaupskip. Þessi sjónarmið hafa nýverið verið staðfest af Hæstarétti.

Það verður að teljast óeðlilegt og óviðunandi að sjómaður sem missir skip sitt í hafið njóti rýrari bótaréttar en sjómenn sem lenda í þeim atvikum sem að framan eru reifuð. Oftast nær eru sjómenn lengi að jafna sig eftir skipsskaða og eru

sálrænt ekki færir um að hefja störf á öðrum skipum þegar í stað. Á það sérstaklega við um þá skipsskaða þar sem einhver eða einhverjir skipverjar farast.

Ákvæði 26. gr. núgildandi sjómannalaga á í megindráttum rætur að rekja til dönsku sjómannalaganna en íslensku lögin eru byggð á þeim. Ákvæðið um réttarstöðu skipverja eftir að skip þeirra ferst hefur setið eftir við endurskoðun íslensku sjómannalaganna en tilurð ákvæðisins á rætur að rekja til nítjándu aldar.

Upphaflega þótti það sanngjarnt að útgerðarmanni bæri ekki að greiða bætur til skipverja eftir að skip fórst enda var tjón útgerðarmannsins engu minna en tjón skipverjanna. Tryggingar á skipum voru lítt þekktar og eigandi skipsins var oft og tíðum skipstjóri þess. Um þessar mundir eru mál með gjörólíkum hætti enda eru öll skip tryggð hjá stórum tryggingafélögum. Þá er afkastageta útgerðarmannsins síður bundin við tiltekin skip með tilkomu kvótakerfisins. Þannig má segja að tjón útgerðarmannsins verði í flestum tilfellum lítið sem ekkert, hann fær tryggingabætur fyrir skipið og getur leigt frá sér veiðiheimildir sínar þar til hann fær nýtt skip í sínar hendur. Þá getur hann einfaldlega selt veiðiheimildirnar til annars útgerðarmanns. Önnur sjónarmið kunna vissulega að vera fyrir hendi hvað viðkemur útgerðum kaupskipa enda um annars konar rekstrarform að ræða en fiskiskipaútgerð. Þó má telja ljóst að kaupskipaútgerðir séu vel tryggðar fyrir áföllum sem þessum.

Tjón einstakra skipverja getur hins vegar orðið tilfinnanlegt. Óeðlilegt er að einstakir skipverjar þurfi að tryggja sig fyrir áföllum sem þessum enda verður að telja að um eðlilegan rekstrarkostnað útgerðarinnar sé að ræða. Þá er með öllu óljóst hvort sjómenn geti yfir höfuð tryggt sig fyrir atvinnuleysi í kjölfar skipsskaða. Þá ber einnig til þess að líta að sjómenn skipta oft um skiprúm en framangreindar tryggingar hljóta alltaf að vera bundnar við tiltekin skip. Af þessu gæti því skapast töluvert óhagræði.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir helstu atriðum í greinargerð þessa frv. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 18. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 19:17.

---

63. FUNDUR

miðvikudaginn 30. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Talsmaður útlendinga á Íslandi, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Lyfjatjónstrygging, frv., 127. mál, þskj. 127. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar, þáltill., 131. mál, þskj. 131. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Almannatryggingar, frv., 268. mál, þskj. 313. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, þáltill., 276. mál, þskj. 326. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Skráningarskylda skipa, þáltill., 302. mál, þskj. 367. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 361. mál, þskj. 518. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Endurheimt Drekkingarhyls í Almannagjá, þáltill., 405. mál, þskj. 662. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Sjómannalög, frv., 418. mál, þskj. 677. — 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Stjórn fiskveiða, 425. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 696; nál. minni hluta sjútvn., þskj. 697.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir umræðu utan dagskrár að lokinni atkvæðagreiðslu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr verðbólgu.

[13:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Nokkrar umræður hafa orðið um verðlagsmál í samfélaginu upp á síðkastið eftir að síðasta verðbólgumæling kom fram sem sýndi talsvert meiri verðbólgu en stjórnvöld og verkalýðshreyfingin höfðu vænst. Eins og menn muna krafðist verkalýðshreyfingin í kjölfar þessa að stjórnvöld drægju til baka þær hækkanir á opinberri þjónustu sem höfðu verið samþykktar í tengslum við fjárlög.

Hæstv. forsrh. sagði þá að sett yrði nefnd þriggja ráðuneytisstjóra til þess að véla um það og hún mundi skila af sér eftir 5–10 daga. Ekki var hægt að skilja orð hæstv. forsrh. öðruvísi en svo að farið yrði í það að vinda ofan af þeim hækkunum. Í dag eru tvær vikur, herra forseti, frá því að hæstv. ráðherra lýsti þessu yfir. Í umræðu við mig í síðustu viku ítrekaði hann það að þess væri að vænta að innan skamms kæmu niðurstöður þeirrar vinnu en það bólar ekkert á yfirlýsingunum enn þá, herra forseti. Eigi að síður er það þannig að við höfum ekki mikinn tíma til stefnu því

að lögum samkvæmt á að mæla verðlagshækkanir fyrstu tvo virku dagana í hverjum mánuði og sú vinna mundi hefjast á föstudaginn. Við höfum sem sagt einn dag. Á meðan þessu hefur staðið, herra forseti, hafa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar farið á skaflajárnum yfir allt samfélagið og beitt þrýstingi sínum til að fá sveitarfélög og fyrirtæki til þess að lækka verð. Það hefur tekist ákaflega vel.

Síðast í gær tilkynnti borgarstjórinn í Reykjavík um ákveðnar lækkanir og ég vænti þess að ríkisstjórn Íslands vilji ekki ekki verða eftirbátur Reykjavíkurlistans.

Herra forseti. Margar stórar keðjur á sviði matvælaverslunar og mörg stærri sveitarfélög bíða eftir niðurstöðu ríkisstjórnarinnar áður en þau taka ákvarðanir sínar. Því spyr ég, herra forseti: Er þess að vænta að hæstv. forsrh. lýsi yfir lækkunum í dag eða hvað dvelur orminn langa? Hvað kemur í veg fyrir að hæstv. ríkisstjórn standi við þau orð að koma með tilkynningar um lækkanir innan 5–10 daga?

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var reyndar ekki svo að ríkisstjórnin þyrfti að fá kröfur verkalýðshreyfingarinnar til að fara af stað. Eins og kunnugt er þegar verkalýðshreyfingin kom á fund með okkur hafði ríkisstjórnin þegar ákveðið á fundi sínum deginum fyrr að fara ofan í þær hækkanir sem höfðu átt sér stað og síðan þegar Alþýðusambandsforustan átti fund með okkur, ágætan fund, þar sem þeir ítrekuðu að þeir væntu þess að þær hækkanir sem mætti rekja til ríkisins yrðu dregnar til baka að verulegu leyti, þá var þeim sagt að þegar hefði verið stigið skref til að undirbúa það og vilji stendur til þess.

Eins og menn vita hækkaði vísitalan um 0,9% og þar af mátti rekja hækkun til ríkisins upp á 0,16%, hækkanir sveitarfélaganna upp á 0,11%. Við mælum það svo að að koma til móts við þetta upp á 0,14–0,16% kosti ríkið milli 500–700 millj. kr. Mér sýnist því ekki að 15–20 millj. kr. hjá Reykjavíkurlistanum sem hv. þm. nefndi sérstaklega af einhverjum ástæðum vegi þungt eða skipti nokkru, nema þá kannski einhverjum áróðri því að sveitarfélögin hækkuðu um 0,11%, ríkið 0,16% þannig að á þessu er lítill munur. Tillögur okkar verða tilbúnar á morgun og verða afgreiddar þá og komast til skjala og munu virka í hvívetna gagnvart mælingu á vísitölunni.

[13:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýr svör. Jafnvel þó að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við þá tímafresti sem hún gaf út í upphafi, þá er alveg ljóst samkvæmt yfirlýsingu forsrh. nú að lækkanirnar munu koma til framkvæmda. Þær verða tilkynntar á morgun.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar að áhrifin af hækkunum á opinberri þjónustu af ríkisins hálfu hafi numið hærra hlutfalli en því sem hæstv. forsrh. sagði hérna áðan en hann nefndi til sögunnar Reykjavíkurlistann.

Herra forseti. Reykjavíkurlistinn lét reikna út hver voru áhrif hækkunar á gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Það var tekið til baka. Ég sætti mig fullkomlega við sömu vinnuaðferðir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég fagna því auðvitað ef hæstv. forsrh. ætlar að fylgja fordæmi borgarstjórans í Reykjavík.

[13:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og ég segi þá mundi það vera ódýrt fyrir ríkið að fylgja því fordæmi.

Rekja má til sveitarfélaganna hækkanir upp á 0,11% og það mundi væntanlega kosta 300–400 millj. að ná því til baka þannig að 20–30 millj. er bara eins og framlag til auglýsingastofu í auglýsingaherferð en ekki framlag sem skiptir neinu máli eða mælir.

Talsmaður útlendinga á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Rannsóknir á þorskeldi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Lyfjatjónstrygging, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 127. mál. — Þskj. 127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 131. mál. — Þskj. 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 233. mál. — Þskj. 260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÞBack, 268. mál (sjúkraflug). — Þskj. 313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 276. mál. — Þskj. 326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Skráningarskylda skipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK, 302. mál. — Þskj. 367.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 361. mál (fjárfesting í sparisjóðum). — Þskj. 518.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Endurheimt Drekkingarhyls í Almannagjá, frh. fyrri umr.

Þáltill. MÁ og KVM, 405. mál. — Þskj. 662.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Sjómannalög, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 418. mál (bótaréttur). — Þskj. 677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:43.

---

64. FUNDUR

miðvikudaginn 30. jan.,
að loknum 63. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Einkarekstur göngudeildar við Landspítala – háskólasjúkrahús, fsp. KPál, 303. mál, þskj. 373.

2. Þátttaka almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna á meðferðarstofnunum, fsp. ÁRJ, 399. mál, þskj. 656.

Til fjármálaráðherra:

3. Álagning skatta, fsp. PHB, 380. mál, þskj. 614.

4. Virðisaukaskattsskyldur reikningur, fsp. PHB, 381. mál, þskj. 615.

Tilhögun þingfundar.

[13:44]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill geta þess að af óviðráðanlegum ástæðum verður að taka öll mál út af dagskrá þessa fundar. Nýr fundur verður settur þegar að loknum þessum fundi og þá verður leitað afbrigða við dagskrármálið. Jafnframt fer fram utandagskrárumræða um sölu Landssímans.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4. mál.

Fundi slitið kl. 13:44.

---

65. FUNDUR

miðvikudaginn 30. jan.,
að loknum 64. fundi.

Dagskrá:

Stjórn fiskveiða, stjfrv., 425. mál, þskj. 685, nál. 696 og 697. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 696. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sala Landssímans.

[13:46]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þegar ríkisstjórnin fékk það samþykkt á Alþingi að selja Landssímann á vordögum 2001 ríkti um það mikill ágreiningur. Landssíminn hafði um langt árabil skilað milljörðum kr. beint í ríkissjóð. Notendur, einkum úti um hinar dreifðu byggðir, óttuðust að uppbygging fjarskiptakerfisins mundi sitja á hakanum við fyrirhugaða einkavæðingu og að öll þjónusta yrði minni og verri. Það var einfaldlega ekki búist við því að hömlulaus samkeppni mundi sjá öllum landsmönnum fyrir jafnræði í fjarskiptaþjónustu. Menn úr fjármálaheiminum töldu óráð að selja Landssímann við núverandi aðstæður á fjármagnsmörkuðum. En þrátt fyrir allar þessar viðvaranir hélt ríkisstjórnin áfram á fullri ferð í útboð á Landssímanum.

Herra forseti. Í Dagblaðinu 28. janúar sl. segir hæstv. samgrh., með leyfi forseta, að ekki hafi verið veðjað á rétta hestinn þegar Landssíminn undir hans stjórn tapar 500 millj. kr. í furðulegum fjárfestingum erlendis sem lýsir reyndar best hugsunarhætti og vinnubrögðum hans í málefnum Landssímans. Ákveðnu fyrirtæki var falið að verðmeta Landssímann til sölu. Niðurstöður þess voru gagnrýndar og haft á orði að annað fyrirtæki hefði frekar átt að sjá um verðmatið. Búnaðarbankanum var síðan falið að annast útboð hlutabréfanna. En almenningur hafði engan áhuga á að kaupa hlutabréf í Landssímanum af sjálfum sér og innlendir fjárfestir sýndu lítinn áhuga. Í stað þess að staldra við og velta málunum fyrir sér var sala Landssímans enn keyrð áfram og nú hafði ríkisstjórnin bara veðjað á rangan hest. Almenningur og lífeyrissjóðirnir voru skammaðir fyrir að kaupa ekki. Rætt var um samsæri og Búnaðarbankanum kennt um dugleysi við sölu Símans.

Eftir þetta var ákveðið að leita út fyrir landsteinana. Gefin voru út kostaboð. Ef einhver útlendingur hefði áhuga á að kaupa minni hluta í félaginu fengi hann meiri hluta í stjórn í kaupbæti. En ekki gekk þar betur til. Þá þurfti að finna nýjan sökudólg. Landssíminn seldist ekki. Forstjóra Landssímans er vikið fyrirvaralaust úr starfi. Hann hafði verið leiddur til forustu í Landssímanum af tveimur samgönguráðherrum Sjálfstfl., fyrst sem stjórnarformaður og frá 1999 sem forstjóri til næstu fimm ára. Þá hafði ríkisstjórnin þegar ákveðið að Landssíminn skyldi seldur svo ljóst var að verið var að ráða mann sem ríkisstjórnin treysti til að framkvæma stefnu sína í sölu Landssímans allt til loka. Aftur hafði verið veðjað á rangan hest. Nú stendur deilan um hvernig samningur um starfslok verði efndur, sem öllum þykir nóg um.

Þá berast fregnir um það innan úr fyrirtækinu að það hafi tapað 500 millj. kr. í áhættufjárfestingum erlendis á síðasta ári. Við að lesa fréttaskýringar um málið, m.a. í Dagblaðinu 25. og 28. janúar sl., er líkara að um reyfara sé að ræða en ábyrga fjármálaumsýslu. Þessar 500 millj. sem þarna tapast í fjárhættuspili gátu kannski flýtt lagningu breiðbandsins til Raufarhafnar eða lækkað gjaldskrá á gagnaflutningum til Vestfjarða eða runnið sem arður í ríkissjóð. En viðbrögð samgrh. eru aðeins þau að stundum er ekki veðjað á rétta hestinn.

Herra forseti. Nú standa yfir samningar við alþjóðlega stórfyrirtækið Tele Danmark. Í Ríkisútvarpinu 7. janúar sl. er greint frá því að dönsk samkeppnisyfirvöld ætli að rannsaka kvartanir sem borist hafa frá keppinautunum um að fyrirtækið misnoti markaðsráðandi aðstöðu sína á fjarskiptamarkaði og hrekji keppinauta út af markaðnum. Þessar fréttir þurfa ekki að koma á óvart. Menn geta séð fyrir sér stöðuna hér þegar eitt alþjóðlegt stórfyrirtæki hefur rutt öllum samkeppnisaðilum út af markaðnum og ríkir eitt í skjóli fákeppni eða einokunar, og sú verður raunin ef stefna ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga varðandi sölu Landssímans.

Einkavæðingarnefnd forsrh. hefur stýrt sölu Landssímans, þar á meðal samningaviðræðunum við hina erlendu aðila. Á fjáraukalögum nýverið voru henni réttar rúmlega 300 millj. kr. aukalega. Nú hafa þau stórtíðindi gerst að formaður hennar í nærri áratug telur sig ekki lengur njóta trausts forsrh. og segir af sér. Þó nokkuð seint sé telur ríkisstjórnin sig einnig þar hafa veðjað á rangan hest.

Herra forseti. Hvað þarf frekar að gerast og á hversu marga ranga hesta má veðja í öllu klúðrinu um sölu Landssímans áður en sagt er stopp og öll ákvörðun um sölu Landssímans endurskoðuð?

[13:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram í dag utan dagskrár um sölu Landssíma Íslands hf. vil ég í stuttu máli rifja upp helstu staðreyndir málsins.

Alþingi samþykkti sölu á hlut ríkisins í Símanum 19. maí á síðasta ári. Sala Símans er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að halda áfram að einkavæða ríkisfyrirtæki. Þess vegna segi ég nú, líkt og ég gerði við umræðuna um sölu Símans í þinginu í fyrravor: Það er ekki aðeins eðlilegt heldur beinlínis nauðsynlegt að ríkið gefi einstaklingum og félögum færi á að eignast hlut í Símanum og verða þátttakendur í að starfa á fjarskiptamarkaði. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur unnið að sölu hlutafjár í Símanum. Ákveðið var að salan færi fram í áföngum en þannig er auðvelt að bregðast við stöðu á markaði eins og raun hefur orðið. Öllum er ljóst að þróunin á hlutabréfamarkaði hefur orðið önnur en vænst var þegar söluferlið hófst.

Rík áhersla var lögð á að í fyrsta áfanga yrði selt í áskrift til almennings, ákveðinn hlutur boðinn starfsmönnum til kaups og ákveðinn hlutur yrði seldur í tilboðssölu. Almenn áskriftasala og tilboðssala fór fram í september sl. Tæplega 2.000 einstaklingar skráðu sig fyrir hlut í fyrirtækinu og rúmlega 600 starfsmenn. Þá bárust 19 tilboð í tilboðssölunni.

Í öðrum áfanga sem hófst sl. sumar var ákveðin sala til kjölfestufjárfestis. Alls bárust yfirlýsingar frá 17 fjárfestum sem lýstu sig tilbúna til þess að gera tilboð í 25% hlut. Tilboð bárust frá sjö bjóðendum sem voru samþykktir. Á meðal þeirra eru sum öflugustu síma- og fjarskiptafyrirtæki í Evrópu. Í desember rann út frestur til að skila inn gildandi tilboði í Símann. Frá því að tilboðin bárust hefur verið farið yfir innihald þeirra í samráði við ráðgjafa einkavæðingarnefndarinnar. Ákveðið var að ganga til viðræðna við TDC í Danmörku. Þær viðræður standa nú yfir og er ekki hægt

að greina frekar frá þeim að svo komnu máli eins og hv. þingmenn hljóta að skilja.

Varðandi þá spurningu þingmannsins að hvaða marki íslensk stjórnvöld geti gefið skuldbindingar um að gjaldskrá fyrirtækisins hækki ekki er það eitt að segja að á þessum markaði ríkir samkeppni þar sem lykillinn að árangri er að bjóða þjónustu á betra verði en samkeppnisaðilinn. Síminn hefur sýnt það í gegnum árin, m.a. í opinberum samanburði milli OECD-ríkjanna, að verðlagningu hans hefur verið stillt í hóf. Ég vil af þessu tilefni árétta að Síminn er í dag á samkeppnismarkaði og þó svo að kjölfestufjárfestir komi að fyrirtækinu verður fyrirtækið að semja sig að þeim reglum sem fjarskipta- og samkeppnislög setja okkur. Og það er hlutverk samkeppnisyfirvalda og Fjarskiptastofnunar að sjá til þess að eðlilegar samkeppnisreglur verði í heiðri haldnar.

Síminn er traust og öflugt fyrirtæki sem veitir þjónustu um allt land og mun að sjálfsögðu gera það áfram þó að hluthöfum fjölgi frá því sem nú er. Starfsleyfið er gefið út með ströngum skilyrðum um þjónustu og hin framsækna fjarskiptalöggjöf mun tryggja hagsmuni símnotenda á Íslandi. Auk þess verður að gera ráð fyrir að fyrirtæki líkt og hið umtalaða Lína.Net muni tryggja hagsmuni símnotenda í landinu með öflugri samkeppni og þjónustu. Ég geri ekki ráð fyrir að starfsemi Línu.Nets hafi farið fram hjá þingmönnum, hvað þá borgarfulltrúum Vinstri grænna sem nú standa í því að selja Perluna og hafa hlutafélagavætt félagsíbúðakerfið í borginni. (Gripið fram í.)

Þingmaðurinn gerir tilraun til þess að draga kjarkinn úr ríkisstjórninni og fullyrðir að mikil andstaða sé við sölu hlutabréfa Símans og það eigi að hætta við. Hann vill að við gefumst upp. Enda þótt um stund blási á móti, hv. þingmenn, í einkavæðingunni munum við halda okkar striki þrátt fyrir nöldur stjórnarandstöðunnar.

Ríkisstjórnin gaf almenningi færi á á kaupa hlut í Símanum á hagstæðum kjörum sem á þriðja þúsund manns notfærðu sér. Aðalástæða þess að hægt hefur gengið að selja ráðandi hlut í Símanum er fyrst og fremst og eingöngu vegna þess að einkavæðingarnefndin hefur viljað vanda það verk og tryggja hagsmuni ríkisins. Ég vænti þess að stjórnarandstaðan sé ekki á móti því.

Að lokum vil ég minna á að síma- og internetsnotkun á Íslandi er með því mesta sem þekkist í veröldinni. Ástæður eru lágt verð og mikil útbreiðsla. Það skapar okkur mjög mikilvæg tækifæri til framtíðar.

[13:55]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. í umboði ríkisstjórnarinnar tilkynnti þjóðinni í lok ársins 2000 að Landssíminn yrði seldur. Á fyrri hluta þessa árs áætlaði Búnaðarbankinn – Verðbréf að verðmæti Landssímans lægi á bilinu 42–70 milljarða kr. Þegar ríkisstjórnarflokkarnir loksins komu sér saman um söluna og tilkynntu þjóðinni það höfðu verðmæti Landssímans dottið niður í 35–40 milljarða kr. Í öllu söluferli Landssímans hefur hvert klúðrið rekið annað og verðfellt þessa miklu eign okkar Íslendinga um fleiri milljarða kr. Ráðherrar komu fram hver á fætur öðrum og kenndu einhverjum öðrum um. Samgrh. sagði t.d. að Búnaðarbankinn hefði ekki ráðið við útboðið. Þáverandi forstjóri Landssímans sagði hins vegar að sennilega hefði ekki verið hægt að finna verri tíma til að fara með fyrirtæki á markað og að dræm þátttaka hafi ekki komið sér á óvart.

Herra forseti. Ritstjórnargrein Morgunblaðsins um þetta klúður segir allt sem segja þarf. Þar sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaðan í fyrstu umferð hlutafjárútboðs í Landssíma Íslands er áfall fyrir einkavæðingarnefnd, sem hefur undirbúið útboðið og tekið lykilákvarðanir um það ...“

Herra forseti. Má ég minna á að samkvæmt svari forsrh. til mín um laun og störf einkavæðingarnefndar hefur eitt aðalstarf þessara sérfræðinga einkavæðingarnefndar einmitt verið að undirbúa sölu Landssímans. Mistök á mistök ofan einkenna söluferli Landssímans og þar ber hæstv. ríkisstjórn höfuðábyrgð á að fara blint eftir ráðleggingum þessara sérfræðinga einkavæðingarnefndar sem réttara væri framvegis að kalla einkavinanefnd ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Mikil símadrengjavandræði dynja yfir land og þjóð um þessar mundir. Ég legg til að sala Símans verði tekin úr höndum ríkisstjórnarinnar og henni frestað áður en hæstv. ríkisstjórn klúðrar fleiri atriðum og verðfellir og skaðar þetta ágæta fyrirtæki, Landssímann, enn frekar. Herra forseti. Það má með sanni segja að framkvæmd og sala Landssímans sé orðinn hreinn skrípaleikur.

[13:58]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Sala á hlutabréfum ríkisins í Landssímanum hefur ekki gengið eftir eins og áform stóðu til. Ýmsar ástæður eru fyrir því eins og hér hafa komið fram.

Ég vil rifja upp að þegar ákvörðun var tekin um það á síðasta ári að hefja sölu á hlutabréfum í fyrirtækinu gerði þingflokkur Framsfl. m.a. þann fyrirvara að mótuð yrði framtíðarstefna um uppbyggingu fjarskiptakerfisins um allt land þannig að landsmenn eigi aðgang að sem sambærilegastri þjónustu fyrir sama verð og að fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda yrði tryggt í því skyni. Einnig lagði þingflokkur framsóknarmanna áherslu á að eftirlitsstofnanir ríkisins sem koma að fjarskiptageiranum verði styrktar, m.a. til að tryggja eðlilega verðlagningu þjónustunnar og eðlilega samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Í nefndaráliti meiri hluta samgn. vegna frv. um sölu Landssímans kemur m.a. fram að í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar telji meiri hlutinn eðlilegt að nýta hluta af söluverðmæti fyrirtækisins til að ná markmiðum um að upplýsingatæknin nýtist öllum landsmönnum sem best og að fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu takmarki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Meiri hluti samgn. beindi því til hæstv. samgrh. að hann ynni í samstarfi við samgn. tillögur um að jafna kostnað við gagnaflutninga og þar með samkeppnisstöðu fyrirtækja um allt land og lagði meiri hluti nefndarinnar áherslu á að þeirri vinnu skyldi lokið fyrir árslok 2001.

Ég hef ekki uplýsingar um það frekar en fleiri hv. þm. hvernig staðan nákvæmlega er í dag um sölu á hlutabréfum Símans til kjölfestufjárfesta, en fregnir hafa borist af því að þeir séu ekki tilbúnir að greiða ásættanlegt verð fyrir eignarhlut í fyrirtækinu. Ef það er rétt hlýtur að vera fullt tilefni til að endurskoða áform um söluna og í þeim efnum hljótum við að líta til framtíðar og heildarhagsmuna í stað þess að drífa í að selja núna á verði sem við teljum ekki ásættanlegt.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að ekki verði hvikað frá þeim markmiðum og áherslum sem framsóknarmenn hafa haft um fjarskiptakerfið, þjónustuna og verðlagningu hennar á landsvísu. Einnig legg ég áherslu á að hlutabréf ríkisins

í Landssímanum verði ekki seld kjölfestufjárfestum nema fyrir ásættanlegt verð.

[14:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þjóðin á Landssímann en þegar ákvörðun var tekin um að svipta þjóðina þeirri eign sinni á sínum tíma með því að einkavæða Póst og síma, fyrst með því að hlutafélagavæða starfsemina og síðan ráðast í sölu, þá var þetta réttlætt með skírskotun til tvenns: Í fyrsta lagi ættu ríki og sveitarfélög ekki að vasast í rekstri sem einkaaðilar gætu sinnt. Þeirri kennisetningu var mótmælt á Alþingi og m.a. bent á að svo alhæfingarsamir mættu menn aldrei verða. Það gæti verið kostur að viðhalda starfsemi undir handarjaðri almannavaldsins ef um væri að ræða þjónustustarfsemi sem allir þegnar landsins þyrftu að hafa jafnan aðgang að, þar sem mestu skipti að viðhalda vandaðri þjónustu sem rekin væri á hagkvæman hátt og með lágmarkskostnaði. Þetta hefði Póstur og sími gert.

Hitt atriðið sem notað var til þess að sýna fram á nauðsyn einkavæðingar var að hlutafélag væri ekki eins svifaseint í ákvarðanatöku og opinber stofnun. Það hefði meira svigrúm til samninga við einstaka starfsmenn og gæti tekið skjótar ákvarðanir um fjárfestingar innan lands sem utan.

Nú höfum við verið að kynnast því hvernig ákvarðanir hafa verið teknar í Landssímanum hf. á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að stofnunin var gerð að hlutafélagi. Við höfum líka fengið að kynnast sölumönnum ríkisstjórnarinnar. Við sjáum hvernig hundruðum milljóna hefur verið kastað á glæ í glæfralegum áhættufjárfestingum. Við höfum séð forstjórasamninga sem nema milljónatugum. Við höfum séð kærumál á hendur erlendum fjárfestum sem erindrekar ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarnefnd hafa rennt vonaraugum til. Og nú spyr ég, herra forseti: Er ekki mál að linni? Er ekki rétt að horfa til reynslunnar af einkavæðingunni hjá erlendum þjóðum því spilling og sukk í tengslum við einkavæðingu er ekki einsdæmi hér á landi? Eigum við ekki einnig, fyrst tilefnin gefast af nýfenginni reynslu, að horfa til okkar eigin reynslu?

Það er áhyggjuefni að hlusta á hæstv. samgrh. og hans ábyrgðarlausa tal. Honum væri nær að sýna þann manndóm að viðurkenna mistökin, horfast í augu við þau og endurskoða allar fyrri ákvarðanir.

[14:02]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hv. málshefjandi, hv. þm. Jón Bjarnason, gerði mikið úr því að fyrirtækið sem við værum nú í viðræðu við vegna sölu Landssímans stæði í útistöðum vegna meintra verðskrárbrota í Danmörku. Sannleikurinn er sá og rétt er að rifja það upp að hér hafa verið sett ný lög um samkeppni og fjarskipti. Ég spyr því hv. þm. hvort hann sé virkilega þannig hugsandi að við höfum gengið of langt í því að tryggja okkur nákvæmt eftirlit með því fyrirtæki sem hér er og ætlar að hasla sér völl á sviði fjarskipta sem hér er rætt um.

Einnig er athyglisvert að heyra hv. þm. tala um að nær hefði verið að leggja til fjármagn til að flýta lagningu breiðbands á Norðausturlandi, á sama tíma og þessir aðilar tala um að eðlilegt hefði verið að tvískipta sölu Landssímans þannig að dreifikerfið væri sér og Landssíminn með öðrum hætti.

Við sjálfstæðismenn höfum talið, og stjórnarþingmenn, að eðlilegt sé að þetta sé í einum og sama pakka og ég held að það hafi verið gæfa að það spor var stigið. Allt tal um að hér sé óvarlega farið er rangt mál og því vísað til föðurhúsanna í ljósi þeirrar lagasetningar sem við höfum verið að setja til þess að tryggja betra eftirlit með því sem væntanlega mun gerast og mun verða til góðs, þ.e. sala Landssímans.

[14:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sala Símans öll er dæmalaust klúður frá upphafi til enda og það er ekkert sem ríkisstjórnin hefur gert sem henni hefur tekist að klúðra jafnskelfilega og sölu Landssímans. Mestu mistökin voru auðvitað þau, fyrst menn ákváðu að selja Símann á annað borð, að þeir skyldu ekki hafa gert það fyrir tveimur árum þegar markaðirnir stóðu í hámarki. Þeir sem tóku ákvörðun um að gera það ekki þá eru ábyrgir fyrir því að þessi eign Símans hefur fallið um 30–40 milljarða í verði. Einhvers staðar, herra forseti, hefði svona eins og eitt stykki ríkisstjórn þurft að fara frá vegna þess að misfara með eigur skattborgaranna á þennan hátt. Allir hafa gefið þessu söluferli falleinkunn. Almennir fjárfestar, stofnanafjárfestar innan lands og nú síðast í gær erlendi fjárfestirinn. Ég spyr líka, herra forseti: Hverjum dettur í hug að stofna til samninga bara við eitt fyrirtæki?

Herra forseti. Ég tek einnig eftir því að hæstv. samgrh. er í reynd að boða þjóðinni það að hið nýja fyrirtæki sem mun reka símaþjónustu á Íslandi hyggist hækka þjónustuna. Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi. Hann talaði um að þetta væri samkeppnismarkaður og það væri ekki hægt að setja nein skilyrði. Samfylkingin gerir þá kröfu úr því sem komið er og miðað við þá stöðu sem nú er uppi í verðlagsmálum á Íslandi að þetta fyrirtæki verði ekki selt, nema það sé alveg ljóst að menn fari ekki í það að hækka þjónustu eins og fyrirtækið er þekkt fyrir að gera hvar sem er.

Herra forseti. Var ekkert að marka það sem einkavæðingarnefnd sagði í fjölmiðlum 8. desember? Hún sagði þá að borist hefði bindandi kauptilboð, m.a. um verð, og hún sagðist vera mjög ánægð með það tilboð. Hún gaf markaðnum til kynna að verðið kynni þar með að vera hærra en útboðsgengið. Í kjölfarið hækkaði verðið. Þremur dögum seinna er það komið í 6,35. Ég spyr, herra forseti: Var verið að tala falskar væntingar inn í markaðinn? Ég er hræddur um að hæstv. forsrh. mundi koma eins og sleggja í hausinn á vini sínum Jóni Ólafssyni ef hann hefði leyft sér slíkar vinnuaðferðir.

[14:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í umræðunni að aðstæður hafa að mörgu leyti breyst frá því sem þær voru á þeim tíma þegar ákveðið var að selja Landssímann. Ljóst er að það verð sem stendur til boða að fá fyrir fyrirtækið er ekki í samræmi við þær væntingar sem hafðar voru uppi á þeim tíma þegar um þetta var rætt. Einnig er ljóst að einkenni einokunar og fákeppni á fjarskiptamarkaði eru miklu sterkari en ætla hefði mátt miðað við aðstæður eins og við töldum þær vera á sínum tíma.

Eðlilegt er að stjórnmálamenn endurmeti ákvarðanir sínar í ljósi breyttra aðstæðna og ég tek undir þau sjónarmið varaformanns stjórnar Símans, hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, að við þessar aðstæður er rétt að endurskoða áform um sölu hlutabréfa Landssímans. Ég tel að við þessar aðstæður eigi að leggja meiri áherslu á að uppfylla það skilyrði þingflokks framsóknarmanna að byggja upp fjarskiptakerfi um land allt

og tryggja verðlækkun á þjónustu þess þannig að hún verði sem sambærilegust um land allt.

Ég held, herra forseti, að það sem mestu máli skiptir sé að hafa slíka þjónustu til staðar í þeim mæli sem við teljum ástæðu til og að verðlagningin fyrir þá þjónustu sé sem jöfnust því það er stærsta málið sem við er að glíma og getur hjálpað okkur verulega í viðleitni okkar til að tryggja jafna stöðu þeirra aðila sem standa í atvinnurekstri um land allt.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var mikið ólánsflan þegar farið var af stað með einkavæðingu Landssímans, þessa þjónustufyrirtækis sem er vegna aðstæðna í náttúrlegri einokun að langmestu leyti með starfsemi sína. Eðli málsins samkvæmt getur slík einkavæðing aldrei orðið annað en til tjóns fyrir notendur og ekki síst þá sem búa á þeim svæðum þar sem viðskiptin eru síst ábatasöm. Með einkavæðingunni hófst sú atburðarás sem á síðustu mánuðum hefur verið að taka á sig mynd fáránleikans í æ ríkari mæli. Vendipunktur varð í málinu þegar Framsfl. lak niður á síðasta ári og kokgleypti einkavæðingarstefnu Sjálfstfl. En sé svo, sem heyra mátti í umræðum áðan, að nú séu að renna tvær grímur á þingmenn Framsfl. þá er það vel og ég fagna þeim sinnaskiptum og hæstv. samgrh. þarf að fara að hugsa sinn gang því ég get ekki betur séð en niðurstaða þessarar umræðu sé að verða sú að þingmeirihluti sé brostinn fyrir því að ana lengra áfram út í fenið. Það sé ekki lengur fyrir hendi meiri hluti á Alþingi fyrir því að halda áfram með söluna. Ef þeir tveir þingmenn Framsfl. sem hér hafa talað fyrir þann þingflokk tala þar í umboði félaga sinna, þá blasir það við að samgrh. og Sjálfstfl. eru komnir í minni hluta með sína afstöðu í málinu og þá á að sjálfsögðu að láta staðar numið.

Herra forseti. Ef farið er yfir þá sögu frá því að einkavæðingaröflin komu klóm sínum í Póst og síma, þá er hún svo ofboðsleg að leitun er að öðru eins. Pósthúsunum er lokað á landsbyggðinni, jólarjúpurnar úldnar, hálfum milljarði er hent út úr Landssímanum í áhættufjárfestingar erlendis. Þrír forstjórar eru á ofurlaunum. Einn mætir í vinnuna. Og það á að reyna að koma á danskri einokun á nýjan leik á þessu sviði viðskipta í landinu, vísi að gömlu dönsku einokunarfyrirkomulagi og með því mundi náttúrlega núv. samgrh. komast á spjöld sögunnar ef honum tækist það, en við skulum vona að svo verði ekki.

[14:11]

Gunnar Birgisson:

Herra forseti. Hv. málshefjandi, hv. þm. Jón Bjarnason, var að reyna að gera samninginn sem gerður var við fyrrverandi forstjóra Símans tortryggilegan. Rétt er að taka fram að ekkert er óeðlilegt við það að tryggja með samningum störf eða starfstíma milli aðila. Fyrirtæki sem ræður starfsmann reynir að tryggja sér starfsmanninn í ákveðinn tíma og hann reynir að hafa tímann sem lengstan til að hafa sína hluti á hreinu.

Hvers vegna var gerður samningur til fimm ára? Jú, það er þannig samkvæmt lögum um opinbera starfsmenn að forstjórar ríkisstofnana eru ráðnir til fimm ára í senn, til að upplýsa hv. þingheim um það, og auðvitað var þessi samningur við þáverandi forstjóra gerður á þeim grunni. Að gera hæstv. samgrh. og fyrrv. forstjóra Símans tortryggilega er algerlega út í hött og á ekki að vera málinu viðkomandi. (**ÖJ:** Það er meira að segja búið að afnema biðlaunarétt hjá opinberum starfsmönnum.)

Síðan er það hitt versið varðandi samkeppnina. Menn voru tortryggnir á að ekki yrði samkeppni. Ég vil benda á að það eru önnur símafyrirtæki í landinu. Það eru Íslandssími og Tal. Síðan má ekki gleyma niðurgreiddri samkeppni frá R-listanum, af því að menn voru að hrósa sér af honum áðan, niðurgreidd samkeppni með skattfé Reykvíkinga. Menn ættu þá væntanlega ekki að vera í vandamálum með að ekki væri nóg samkeppni á markaðnum eftir það. En það kemur mér ekkert á óvart í þessu varðandi flokk hv. málshefjanda. Hann er flokkur aukinnar samneyslu, aukins ríkisrekstrar, aukinnar skattheimtu, niðurgreiddrar landsbyggðarstefnu, engrar stóriðju, engra framfara en láta fólkið borða úr hendi miðstýringar ríkisins.

[14:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér hafa í sjálfu sér stórtíðindi gerst. Þingmenn Framsfl. sem hér hafa talað hafa lýst yfir því að þeir telji að staldra eigi við og endurmeta stöðuna um sölu Landssímans. Þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa talað fara út um víðan völl og forðast að ræða málið efnislega og tala helst um það sem ekki var til umræðu, enda skiljanlegt.

Herra forseti. Ég tel að um leið og hæstv. samgrh. hættir við að selja Landssímann, sem ég tel einboðið að hann standi frammi fyrir nú, beri honum að gera þjóðinni grein fyrir því hvað er að gerast þar innan veggja, að hundruð milljóna kr. tapist úr landi í glæfrafjárfestingar, forstjóranum sé sagt upp án skýringa, þrír forstjórar á launum. Þjóðin hlýtur að krefjast skýringa frá þeim sem fer með umboð á eign Símans.

Herra forseti. Reynslan erlendis í öðrum og mun þéttbýlli löndum sýnir að í flestum tilfellum hækkar verð á þjónustunni við einkavæðingu á símafyrirtækjum og fjarskiptum og mismunun eftir búsetu og efnahag verður meiri. Ég nefndi dæmi í Ástralíu í umræðunni sl. vor um sölu Landssímans. Ég er að því leyti til sammála hæstv. samgrh. að ég held að veðjað hafi verið á rangan hest í málefnum Landssímans, ekki aðeins þegar verið var að kasta 500 millj. kr. úr landi, hálfum milljarði, í glæfrafjárfestingar, heldur hafi líka í öllu ferlinu verið veðjað á rangan hest frá byrjun til enda og nú sé mál að linni.

Ég get sagt hæstv. samgrh. á hvaða hest hann á að veðja. Hann á að veðja á íslenskan almenning, hina íslensku þjóð. Hin íslenska þjóð vill eiga Landssímann og það á að veðja á hana og láta hana eiga Landssímann.

[14:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Þessi umræða hefur um margt verið athyglisverð en í sannleika sagt hefur ekkert nýtt komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar umfram það sem kom fram við umfjöllun um frv. sem var samþykkt þar sem salan var heimiluð. (**SJS:** Hann er að biðja um upplýsingar frá þér.) Það er alveg ljóst að Alþingi hefur samþykkt heimild og sett sérstök lög um sölu á Símanum.

Ég man eftir því þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem hér talaði áðan, tók til máls þá taldi eins og nú að við hefðum átt að vera búin að selja Símann fyrir löngu. Hann vildi hlaupa svo til þess verks að sleppa nánast öllum undirbúningi og aðdraganda sem við sem viljum vanda þetta verk teljum að hafi þurft að hafa. (Gripið fram í.) (**SJS:** Hef aldrei ... drepa mann og annan.) Nú er það þannig, hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, að ég hef orðið og ég er að

vekja athygli á því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem hér talaði áðan hvatti til þess að fara hraðar og selja og hefði að hans mati átt fyrir löngu að vera búið að selja Símann.

En hvað um það, við leggjum áherslu á að vanda allan þennan feril og það verður ekki hlaupið (Gripið fram í.) að neinu. Við höfum nú þegar selt hluta af Símanum. Það er búið að selja almenningi og búið að selja fjárfestum og það er engin hætta á öðru en að gengið verði til þessa verks alveg með sama hætti og við höfum gert, undirbúið þetta vel og munum gera það áfram.

Hv. þm. Jón Bjarnason taldi mikilvægt að þjóðin ætti Símann áfram. Aðalatriðið í mínum huga var auðvitað það að við gefum ekki Símann eins og sumir hv. þm. hafa viljað gera með því að hraða sölunni, ganga miklu hraðar fram en eðlilegt er. Á þeim nótum er ég ekki tilbúinn til að vinna.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 425. mál (handfæraveiðar með dagatakmörkunum). — Þskj. 685, nál. 696 og 697.

[14:18]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta sjútvn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, á þskj. 696.

Með þeim breytingum sem voru gerðar á lögunum um stjórn fiskveiða sem tóku til smábáta skömmu fyrir síðustu jól var brugðist við þeim tekjusamdrætti sem var fyrirsjáanlegur hjá bátum sem róa í svokölluðu krókaaflamarki. Þessar breytingar snerta hins vegar í meginatriðum ekki aðra hluta smábátaflotans. Það kom fram í áliti meiri hluta sjútvn. þá að við höfðum hugað nokkuð að málefnum svokallaðra dagabáta við þessar aðstæður og töldum mjög mikilvægt að betri grundvöllur fyndist fyrir rekstur þeirra báta og sögðum í nál. eitthvað á þá leið að slíkt yrði að vera komið fyrir 1. feb. nk.

Hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram frv. sem hér er til umfjöllunar þar sem einmitt er verið að taka á þessum málum. Með þessu frv. má segja að verið sé að taka á málunum með ferns konar hætti.

Í fyrsta lagi er verið að leggja til að sóknardagarnir verði á þessu fiskveiðiári 23 en ekki 21 eins og lögin höfðu gert ráð fyrir. Ástæðan er m.a. sú að verið er að taka upp nýtt kerfi, og það er kannski mál nr. tvö í þessum efnum, nýtt kerfi til þess að mæla sóknareiningarnar. Eins og við vitum er sóknareiningin í dag sólarhringur, 24 tímar, en þetta frv. gerir ráð fyrir að horfið verði frá því og sóknareiningin verði klukkustund. Til þess að menn átti sig síðan á hvaða breytingar það hefur í för með sér fyrir sóknarþungann verður að vera hægt að mæla þetta nákvæmlega og þá verða menn auðvitað að hafa til viðmiðunar jafnmarga daga og voru í fyrra. Forsendan fyrir þessu er, eins og menn vita, að tilkynningarskyldukerfið verði tekið upp sem mælitæki í þessum efnum þannig að nú á það að liggja fyrir mjög nákvæmlega hver sóknin er hjá þessum bátum. Það hefur verið nokkur ágreiningur um það hver nýtingin á sóknardögunum hefur verið. Menn hafa verið með hugmyndir um að hún sé allt upp í 100% — við skulum ekki fara hærra en það — eða talsvert minni. Raunveruleikinn í nýtingunni kemur ekki í ljós nema hún verði mæld með sjálfvirkum hætti eins og verið er að leggja til með því að taka upp þessa tengingu við tilkynningarskyldukerfið.

Í þriðja lagi er verið að leggja til breytingu sem felur það í sér að tekið er að hluta til, að hálfu leyti skulum við segja, úr sambandi það kerfi sem gat falið í sér ýmist minnkun eða aukningu á sóknardagafjölda. Ef eigandi báts kaus að leggja stærri bát og kaupa minni þýddi það það að hann fékk fleiri sóknardaga sem hlutfall af þeirri stærðarminnkun sem átti sér stað og á sama veg verkaði það þegar eigandi báts seldi lítinn bát eða tók úr notkun lítinn bát og keypti stóran bát, þá fækkaði sóknardögunum. Það var auðvitað lógík fyrir þessu ákvæði vegna þess að menn litu svo á að sóknarþunginn ykist í réttu hlutfalli við stærð bátsins og þess vegna voru sóknareiningarnar á vissan hátt metnar með tilliti til stærðar bátsins.

Það kom hins vegar á daginn að menn nýttu sér þetta lógíska ákvæði laganna til að gera hluti sem menn sáu auðvitað að höfðu skelfinguna í för með sér, þ.e. menn voru að minnka bátana niður í nánast ekki neitt, gera þá að hálfgerðum kollum sem líktust varla bátum, og fá þannig út fjölda sóknardaga. Þetta hefði að lokum auðvitað leitt til þess að kerfið hefði sprungið og það er verið að bregðast við því. Þess vegna er m.a. nauðsynlegt að málið fái þessa hröðu afgreiðslu sem það hefur fengið í góðu samkomulagi í þinginu.

Ég vil aðeins í þessu sambandi lesa og fara yfir texta nál. að þessu leytinu þar sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

Í þriðja lagi er lagt til að felld verði brott regla laganna um að flutningur sóknardaga yfir á minni báta leiði til fjölgunar daganna. Þessi breyting hefur ekki áhrif á þá aðila sem fyrir gildistöku laganna hafa flutt sóknardaga frá stærri bátum til minni, enda njóta þeir núgildandi ákvæða laganna um fjölgun sóknardaga. Skilyrði þess að dagar verði fluttir með þessum hætti milli báta er að báturinn, sem dagarnir eru fluttir til, hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir gildistöku laganna, en veiðileyfi er ekki gefið út fyrr en gefið hefur verið út haffærisskírteini fyrir viðkomandi bát. Flutningur sóknardaga eftir gildistöku laganna leiðir því ekki til fjölgunar sóknardaga.

Í fjórða og síðasta lagi er í frumvarpinu að finna það nýmæli að ráðherra er gert að setja nánari reglur um flutning sóknardaga milli báta í eigu sömu aðila.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frv. sem lýtur einmitt að þessari reglugerðarheimild, og henni er ætlað að afmarka betur heimild ráðherrans til reglugerðarsetningar vegna flutnings sóknardaga milli báta í eigu sömu aðila.

Það er enginn vafi á því að þessar breytingar almennt talað eru mjög til bóta fyrir dagabátana í heild og smábátakerfið. Áralöng barátta smábátasjómanna hefur lotið að því að fá viðurkennda sóknareininguna, klukkustundir í stað daga, og fyrir því eru auðvitað margvísleg rök, t.d. þau sem lúta að öryggi manna. Það eru líka rök sem lúta að bættri meðferð afla og síðast en ekki síst er þetta ómanneskjulegt kerfi, eins og margoft hefur komið fram og hæstv. sjútvrh. hefur stundum haft orð á, menn nánast píndir til að standa í 24 tíma, og við sjáum einfaldlega að þetta er ekki bjóðandi nokkrum manni. Menn reyna auðvitað að nýta sóknareiningarnar sínar eins og þeir geta, eru þá úti í 24 tíma og við svo búið getur ekki staðið mjög lengi. Þetta er auðvitað ekki nema fyrir allra hraustustu menn og þetta færakerfi sem við erum þarna

með, sumarkerfi getum við sagt, handfæra- og sumarkerfi sem þetta er, hefur í rauninni þess vegna hætt að þjóna þeim tilgangi sem við viljum m.a. að þetta kerfi þjóni, að það geti hentað mörgum, ekki bara allra hraustustu og yngstu mönnunum í þessum flota. Það eru þannig mjög mörg rök fyrir því að gera þetta með þessum hætti og ég held að um það sé í sjálfu sér mikil samstaða.

Menn hafa dálítið velt fyrir sér hver áhrifin af breytingunum verði á afla þessara báta. Það var athyglisvert að í umfjöllun nefndarinnar komu fram gagnstæð sjónarmið í þessum efnum. Annars vegar er það skoðun framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda að þetta mundi ekki leiða til aukins afla, m.a. vegna þess að við erum að skrúfa fyrir möguleikana á því að menn sæki sér fleiri sóknardaga með því að minnka bátana, en líka vegna þess að þetta verði til þess — og á það hafa fleiri bent, m.a. hv. 4. þm. Vestf. — að menn muni fara fleiri sjóferðir þannig að það fari auðvitað tími í að sigla úr höfn og til hafnar og þess vegna sé alls ekki víst að þetta muni leiða til aukinnar sóknar eða aukins afla. Um þetta vitum við auðvitað ekki nákvæmlega. Framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna lét í ljósi þá skoðun sína að þetta mundi leiða til mjög mikillar aukinnar sóknar. Ég hallast þó frekar á sveif með framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda og er þeirrar skoðunar að áhrifin á veiðina verði ekki mikil og geti jafnvel dregið úr henni. En þetta verður auðvitað bara tíminn að leiða í ljós. Ég held að mjög mikilvægt sé að létta af þessari pressu sem hefur verið í kerfinu, og það ætti að öllu jöfnu að leiða til heldur minni og skaplegri sóknar.

Virðulegi forseti. Hér er auðvitað um að ræða fiskveiðistjórnarkerfi sem snertir býsna marga báta. Það snertir svokallaða dagabáta og þeir eru, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk í sjútvrn. áðan, 218 talsins og síðan er gert ráð fyrir því að svokallaðir þakbátar, þ.e. bátar sem máttu veiða tiltekið magn tonna á tilteknum fjölda daga, megi velja sig þarna inn í þetta kerfi. Þeir geta allt eins valið sig inn í krókaaflamarkskerfið en mér finnst ekki ólíklegt miðað við þær upplýsingar sem ég hef að mikill meiri hluti þeirra muni fara inn í þetta dagakerfi. Með þeim breytingum sem við gerðum á lögunum fyrir áramótin var gert ráð fyrir því að þeir hefðu tíma til 15. feb. til að taka ákvörðun og þess vegna er mjög mikilvægt að við getum einmitt núna sem allra fyrst gengið frá lögunum, af þeim ástæðum líka að menn hafi þá svigrúm og átti sig á því hvaða kostir séu í boði, hvaða stöðu menn séu í og hvað þeir geti þess vegna haft um að velja.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Þetta er mál sem ég held að mörgum hafi létt við að komst til heillar hafnar. Það var kvíði í mjög mörgum yfir þessu kerfi eins og það hefur verið og áhugi mjög margra, bæði eigenda þessara báta og margra annarra, er að finna á málinu bærilega lausn. Það tókst í þessu samkomulagi sem varð á milli Landssambands smábátaeigenda og sjútvrn. og er grundvöllurinn að þessu frv. Ég fagna því og er ekki í nokkrum vafa um það raunar að þegar þetta frv. verði að lögum muni það efla og styrkja þennan þátt smábátaútgerðarinnar sem skiptir svo miklu máli fyrir okkur í landinu í heild.

[14:29]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Í nál. vegna breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða sem samþykkt var fyrr á þessu þingi kom fram sú skoðun undirritaðra að taka þyrfti málefni dagabáta til endurskoðunar.

Sú breyting sem skiptir mestu máli í þessu frv. er að útgerðarmenn þessara báta munu geta skipulagt veiðar sínar í klukkustundum í stað daga. Þetta eykur öryggi og dregur úr óhóflegu vinnuálagi sem hefur fylgt þeim sólarhringsveiðileyfum sem í gildi hafa verið. Gert er ráð fyrir að til eftirlits með róðrartíma bátanna verði stuðst við sjálfvirka tilkynningarkerfið sem eykur á öryggi og nákvæmni eftirlitsins.

Í öðru lagi er fallið frá því að beita á þessu ári þeirri 10% skerðingu á dagafjölda sem er í gildandi lögum. Lagt er til að endurskoðun á sóknarstýringarákvæðunum fari fram í lok yfirstandandi fiskveiðiárs þegar reynsla hefur fengist af því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir að verði tekið upp.

Með frumvarpinu er því frestað að taka afstöðu til mikilvægasta deiluefnis stjórnvalda við útgerðarmenn þessara báta, sem er um þá kröfu þeirra að 10% skerðingarákvæðið verði fellt úr gildi. Ekki verður komist hjá því að vekja athygli á því mikla ósamræmi sem er milli leyfilegrar sóknar í dögum og þeirri lágu viðmiðunarprósentu sem er í lögunum. Reynsla undanfarinna ára af veiði þessa flota liggur fyrir og er margföld fyrrnefnd viðmiðun. Það er ekki Alþingi til sóma að setja nú enn einu sinni lög um stjórn fiskveiða sem fyrir fram er ljóst að ekki geta staðist.

Í þriðja lagi er lagt til að felld verði brott sú regla sem er nú í lögunum að dögum fjögi hlutfallslega miðað við stærðir báta í brúttótonnum ef þeir eru fluttir yfir á minni bát. Sú breyting er nauðsynleg vegna þess að auðsæilega hefði hún annars þau áhrif að útgerð örsmárra báta stórykist vegna þess að þeir fengju fleiri daga en stærri bátarnir. Þetta mundi valda aukinni slysahættu en einnig stóraukinni sóknargetu þessa flota.

Almennt eru ákvæði þessa lagafrumvarps til bóta. Hins vegar er sá grundvöllur sem veiðikerfið byggist á, þ.e. framseljanleg einkaeignarréttindi útgerðarmannana á veiðiréttinum, algerlega andstæður stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Þetta fyrirkomulag varð til í kjölfar svokallaðs Valdimarsdóms sem stjórnvöld kusu að túlka þannig að allir sem ættu skip gætu fengið veiðileyfi, annað væri brot á stjórnarskránni. Þeir yrðu hins vegar að kaupa hinn raunverulega rétt til að veiða fisk af þeim sem voru svo heppnir að vera við útgerð tiltekin ár á síðustu öld eða hafa keypt slíkan rétt af handhöfum kvótans. Til að innleiða sambærilegt fyrirkomulag hjá þessum hópi útgerðarmanna voru framseljanlegir veiðidagar lögfestir. En sú lagasetning kom ekki til framkvæmda fyrr en sl. haust.

Af framangreindum ástæðum getum við ekki stutt frumvarpið og munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

Undir þetta ritar sá sem hér stendur og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir.

Við erum enn einu sinni að skilja við mál í óvissu hér á hv. Alþingi. Áfram ríkir óvissa um framtíð þeirra útgerðarmanna sem hér um ræðir og atvinnustarfsemi þeirra. Þó að ákvæðin sem hér eru til umræðu séu til bóta er 10% skerðingarákvæðið enn þá í lögunum og talað um að endurskoða það eftir árið. Enn er gert ráð fyrir því í lögunum að þessi floti veiði 0,67% af heildarveiðinni í þorski og einungis bætist til viðbótar lágt prósentubrot sem mun fylgja þeim bátum sem bætast í þennan flota.

Hér er því ekki verið að undirbúa örugga framtíð fyrir þennan atvinnurekstur heldur er því frestað að taka afstöðu til þess hver sú framtíð eigi að vera. Það er ekki björgulegt þegar

það liggur líka fyrir, í margítrekuðum yfirlýsingum, að það eigi að endurskoða heildarlögin um stjórn fiskveiða á þessum vetri. Þess vegna virðist svolítið undarlegt að endurskoða eigi málefni þessara báta eftir ár, eftir að þetta fiskveiðiár er liðið. Maður veit satt að segja ekki hverju maður á að trúa, hvort ekkert verði af heildarendurskoðuninni eða hvort mönnum finnist út af fyrir sig eðlilegt, fari heildarendurskoðun fram, að þessi floti verði þar fyrir utan. Mundu þá grundvallarbreytingar sem fylgt gætu heildarendurskoðuninni alls ekki eiga við um þennan flota.

Mér finnst mesti gallinn á þessu máli, fyrir utan þann galla sem ég hef þegar gert grein fyrir, að grundvöllur eignarhaldskerfisins á veiðiréttinum er gjörsamlega óásættanlegur fyrir okkur sem styðjum þá sjávarútvegsstefnu sem Samfylkingin hefur boðað og lagt fram frumvörp um hér á hv. Alþingi.

Við teljum hins vegar brýnt að þær lagfæringar sem eru fólgnar í þessu frv. komist til framkvæmda. Við teljum ekki verjanlegt að hafa áfram í lögum þetta heimskulega ákvæði, að bátar fái því fleiri daga til veiða sem þeir eru smærri. Við teljum líka að það sé þó til bóta að gefa mönnum eitt ár eins og þetta lítur út hér, fremur en að hafa lögin óbreytt eins og þau eru. Við vitum að ef ekki verður brugðist við snarlega munu margir taka upp á að nýta ákvæðin sem hér hafa verið rædd, um að fjölga dögum með því að færa dagana á minni báta. Í ljósi þess munum við standa að því að hraða þessu máli eins og kostur er í gegnum hv. Alþingi.

Eins og ég sagði áðan munum við sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[14:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða frv. sem snýr að veiðum hinna svokölluðu dagabáta, handfærabáta í 23 daga kerfinu. Í þessu frv. felst að þeir sem áður voru í 40 daga kerfinu fá að velja um að fara hér inn. Þeir fá 23 daga og ekki er minnst um vert að í þessu frv. er tekin er upp tímamæling á sjósóknninni. Þar með er hin óeðlilega spenna varðandi 24 klukkustunda sóknina, sem gat verið beinlínis hættuleg, tekin burtu og kerfið í raun og veru gert mun eðlilegra að því leyti að bæði eldri og yngri menn geta þá unnið í því, hver með sínum hætti. Það er auðvitað það sem þurfti að lagfæra í þessu kerfi.

Það var óásættanlegt að láta kerfið þróast eins og það var með 24 klukkustundum eingöngu. Það leiddi til þess að inn í kerfið réðust einungis öflugustu sjósóknarar landsins, þ.e. ungir og dugandi menn sem höfðu þrek til að standa í 24 klukkustundir við fiskveiðar samfellt. Það varð auðvitað líka til þess að sóknin í kerfinu varð enn virkari og hefði orðið enn þá virkara ef kerfið hefði verið óbreytt með þessu lagi.

Ég tel þetta til mikilla bóta, bæði frá vinnutímasjónarmiði, frá öryggissjónarmiði skipanna og sjómannanna, og einnig tel ég að þetta verði til þess að sá afli sem berst að landi muni að jafnaði verða betri. Ég hygg að sjóferðirnar muni frekar styttast og oftar verði farið með fiskinn til lands.

Það sem hins vegar vantar inn í þetta frv., og að því snýr fyrirvari minn, er að mér finnst enn vanta botn í dagana. Það er enn þá inni að skerða dagana um 10% á milli ára og enn er óljóst hvort gert er ráð fyrir einhverju lágmarki.

Í atvinnurekstri sem þessum er óásættanlegt fyrir menn að vita ekki hvernig veiðikerfinu muni reiða af til framtíðar. Sá fyrirvari sem ég geri við frv. snýr að því að það vanti botn í þetta dagakerfi. Þó að það sé auðvitað ráðgert að skoðað verði eftir þetta fiskveiðiár hvernig sóknin og aflabrögðin verða í þessu kerfi virkar það samt eins og að óbreyttu muni dagarnir keyrast niður. Mér finnst 23 dagar, eða klukkustundir samanlagðra 23 daga, til sjósóknar ekki vera of í lagt sem atvinna fyrir sjómann.

Að öðru leyti en því sem ég nú hef gert grein fyrir þá er þetta frv. sem hér er verið að ræða nánast eins og frv. sem við þrír þingmenn lögðum hér fram fyrir jól, sá sem hér stendur, hv. þm. Karl V. Matthíasson og Árni Steinar Jóhannsson. Þess vegna styð ég þetta frv. þrátt fyrir þá agnúa sem ég hef gert grein fyrir. Fyrirvari minn snýr að því.

[14:41]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 38 5. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ég hef skrifað undir þetta frv. með fyrirvara. Ég vil að það komi fram líkt og í fyrri ræðu minni um þetta mál að efnislega er frv. líkt frv. sem við þrír hv. þm. lögðum fram fyrir jól, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, hv. þm. Karl V. Matthíasson og sá sem hér stendur.

Fyrirvari minn er fyrst og fremst vegna þess að í frv. söknum við ákvæða sem voru í frv. okkar. sem lagt var fram fyrir jólin, þ.e. varðandi gólf á sóknardagana. Við vildum að sett yrði gólf þannig að tryggt væri að menn hefðu alltaf vissan grunn til að byggja á.

Það hefur verið skýrt allvel frá því sem þetta frv. inniheldur en ég vil koma því að að ég tel mikilvægt fyrir þá sem stunda sjóinn á dagabátum, sú breyting sem hér er boðuð, að farið er úr sólarhringssókn yfir í klukkutíma. Ég held að hún sé einhver merkasta breytingin hér og eftir því sem við fáum upplýst þá fagna henni allir. Sólarhringskerfið lagði grunn að því og hvatti menn til þess að þrauka í vondum veðrum. Það þurfti harða menn til sjósóknar í því kerfi ellegar að tapa kannski heilum degi ef snúið var til lands. Að vísu var í gamla kerfinu ákvæði um að menn mættu snúa aftur úr veiðiferð innan þriggja klukkutíma. Ég held hins vegar að það sé borðleggjandi að með þessu ákvæði um að breyta talningunni yfir í klukkutíma í stað sólarhringa, muni það leiða til miklu manneskjulegra umhverfis að vinna í og miklu jafnari sóknar. Ég vil lýsa ánægju minni með það.

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að þó að ég styðji þetta frv. og nál. sem lagt er fram, reyndar með fyrirvara, sakna ég þess, eins og fram kom í ræðu minni við 1. umr. frv., að við skulum ekki standa í þeim sporum að vinna að mótun nýrra tillagna um nýtt og breytt fiskveiðistjórnarkerfi í heild sinni, fremur en að stunda þær plástranir sem hér eru stundaðar í þinginu, með leiðréttingum af því tagi sem hér eru. En þrátt fyrir allt er þetta til bóta fyrir þennan flokk í útgerðinni. Við höfum marglýst því yfir, stjórnarandstaðan, að við teljum að það hefði átt að freista þess á hinu háa Alþingi að fara heildstætt í þessi mál, fiskveiðistjórnarmálin, í stað þess að taka þetta í smábitum eins og nú er boðað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það sem hefur valdið mönnum áhyggjum í sambandi við frv. er að þessi breyting muni e.t.v. leiða til aukins afla og aukinnar sóknar. Menn hafa sagt sem svo að ef klukkutímamæling fer í gang þá muni það leiða til þess að menn eigi kost á og muni að öllum líkindum veiða meira. Þetta eru hlutir sem verða að koma í ljós. Aðrir eru þeirrar skoðunar að þetta muni engu breyta. Við verðum að sjá hvernig þetta reynist, enda á að endurskoða frv. og skoða hvernig útkoman af því verður innan eins árs.

Virðulegi forseti. Þokkalegt samkomulag er um að fara þessa leið þó menn vilji undirstrika sérstöðu sína. Ég sé kannski ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv. Það hefur verið ágætlega unnið að því í hæstv. sjútvn. Þangað hafa komið nokkrir sérfræðingar sem hafa upplýst okkur um skoðanir sínar á þessum breytingum.

En að síðustu, virðulegi forseti, vil ég segja að þetta eru smáskammtalækningar af hálfu stjórnarmeirihlutans. Við förum enn fram á og viljum hefja heildstæða endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem taki til allra þátta. Hér er verið að taka út úr eitt og eitt atriði og boðað er að ein tvö eða þrjú ný frv. muni sjá dagsins ljós fyrir vorið. Þetta teljum við ótæk vinnubrögð og lýsum eftir því verklagi að fjallað verði heildstætt um fiskveiðistjórnarkerfið og breytingar á því.

[14:47]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil leggja nokkur orð inn í umræðuna um frv. sem hér er verið að ræða um stjórn fiskveiða. Gagnvart dagróðrabátunum, þeim smáu bátum sem róa og hafa hingað til verið með ákveðna daga og hafa verið skikkaðir til eftir ákveðna útiveru að telja tíma sinn niður í sólarhringum, þá tel ég að sú breyting sem hér er verið að gera með því að færa þetta yfir í klukkustundir sé jákvæð breyting á þessum þætti á annars stórgölluðu fiskveiðistjórnarkerfi sem ég ætla ekki að fara að ræða og lengja þar með umræðuna. En þetta er jákvæð breyting á þessu stórgallaða fiskveiðikerfi fyrir þá aðila sem það varðar, þ.e. þá sem eru með dagaróðrarbáta.

Ég átti þess kost, herra forseti, á síðasta sumri að vera á þeim ágæta stað Bolungarvík í smáfríi og hitti þar mjög marga efnilega og duglega sjómenn sem þar róa. Ég átti samtal við einn sem lýsti þessu kerfi fyrir mér mjög nákvæmlega. Hann lýsti því og tók sem dæmi, vegna þess að hjá honum stóð maður sem hafði verið á slíkum bát sem sokkið hafði, að mig minnir daginn fyrir sjómannadaginn það ár, e.t.v. vegna þess að menn voru að reyna að fullnýta rétt sinn. Viðkomandi bátur var búinn að vera það lengi á sjó, í klukkustundum talið, að hann gat ekki farið til baka og afskráð sig út úr þessum degi eins og margir aðrir gerðu þegar veður versnaði. Hann neyddist sem sagt til þess að vera áfram á sjó, þrátt fyrir það að veður væri að versna, halda áfram að fiska og fiskaði vel sem endaði svo með því að báturinn sökk. Sem betur fer varð mannbjörg í þessu slysi.

En það er eins og greypt inn í huga minn, herra forseti, það orð sem þessi ágæti sjómaður í Bolungarvík gaf þessu kerfi. Hann kallaði þetta einfaldlega „taugakerfið“. Hann kallaði þetta taugakerfið í íslenskri fiskveiðistjórn og gaf því þetta orð vegna þess fyrirkomulags sem þar var, að vera skyldugur til vera og draga frá allan sólarhringinn, þó hann gæti ekki verið á sjó nema fjóra, fimm tíma á sólarhring vegna þess að ef veður breyttist eða enginn afli væri þá mundi hann neyðast til að fara í land.

Þess vegna segi ég alveg hiklaust að sú breyting sem hér er lögð til er til mikilla bóta, þ.e. að breyta sólarhringum í klukkustundir og leyfa mönnum að veiða í þann klukkustundafjölda sem þeir vilja, þeir geti farið í land ef veður versnar og tími þeirra verði þá talinn í klukkustundum.

Í nál. minni hluta sjútvn., samflokksmanna minna, segir, með leyfi forseta:

„Sú breyting sem skiptir mestu máli í þessu frumvarpi er að útgerðarmenn þessara báta munu geta skipulagt veiðar sínar í klukkustundum í stað daga. Þetta eykur öryggi og dregur úr óhóflegu vinnuálagi sem hefur fylgt þeim sólarhringsveiðileyfum sem í gildi hafa verið. Gert er ráð fyrir að til eftirlits með róðrartíma bátanna verði stuðst við sjálfvirka tilkynningarkerfið sem eykur á öryggi og nákvæmni eftirlitsins.“

Herra forseti. Ég sagði áðan að það væri eins og greypt inn í huga minn orðið sem umræddur sjómaður gaf þessu gamla kerfi sem hér er verið að leggja til að verði breytt, þ.e. orðið taugakerfi. Hann reyndar gat þess hvað margir fjölskylduaðilar kölluðu þetta kerfi, en ég ætla ekki að hafa það orð uppi hér. Þetta er ástæða þess, herra forseti, að ég kem upp og ræði þetta mál og segi: Ég er hjartanlega sammála þessari breytingu sem gerð er og tel hana vera mjög jákvæða fyrir þennan flokk útgerðaraðila og fyrir þá sjómenn sem róa eftir slíku kerfi.

[14:52]

Útbýting þingskjala:

Kostnaður við niðurflutning gagna af netinu, 305. mál, svar samgrh., þskj. 665.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 379. mál, svar fjmrh., þskj. 679.

Útlendingar, 433. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 698.

[14:52]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Fram hefur komið í umræðunni að útgerðarmenn og sjómenn þeirra báta sem reru í dagakerfinu hafi oft búið við það að leggja á djúpið og hefja veiðar en síðan hafi veður skyndilega versnað og þeir þurft að snúa við eftir þrjá, fjóra tíma. Þeir sem til þekkja vita að það gengur ekki upp ef margir slíkir dagar detta út og fiskur veiðist náttúrlega ekki fyrir þær sakir. Þess vegna er þetta góð breyting sem komið hefur fram í frv. hæstv. sjútvrh. Hún er líka í samræmi við brtt. sem komu fram í þessum málum fyrir jól. Ég lýsi ánægju minni með það og sérstaklega ákvæðið í sambandi við klukkustundirnar.

Hins vegar má alltaf setja fram spurningar um sölu á dögum og að þetta kerfi skuli vera svona opið. Og að þeir sem eru að selja veiðiheimildir eða daga skuli fá það í eigin vasa í staðinn fyrir að þeir skili þeim dögum, þessum veiðistundum eða veiðiheimildum, og að þær verði settar á markað og þá fái fleiri að bjóða í heldur en þeir sem eru eingöngu í þessu.

Herra forseti. Þetta eru góðar breytingar og mér líst vel á þær. Ég vona að þær eigi eftir að koma þessum flokki smábáta til góða. En hversu lengi þær verða látnar gilda er vandi að spá um, því gert er ráð fyrir að nýtt frv. til laga um stjórn fiskveiða verði lagt fram á þessu vorþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 14:56.

66. FUNDUR

fimmtudaginn 31. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 425. mál, þskj. 685, nál. 696 og 697. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 137, nál. 428, brtt. 429. — 2. umr.
3. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 321. mál, þskj. 406, nál. 694. — Síðari umr.
4. Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, stjtill., 406. mál, þskj. 663. — Fyrri umr.
5. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 460. — 1. umr.
6. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 510. — 1. umr.
7. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 57. mál, þskj. 57. — Fyrri umr.
8. Áfallahjálp innan sveitarfélaga, þáltill., 141. mál, þskj. 141. — Fyrri umr.
9. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266. — Fyrri umr.
10. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393. — Fyrri umr.
11. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436. — Fyrri umr.
12. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 374. mál, þskj. 586. — Fyrri umr.
13. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 363. mál, þskj. 527. — 1. umr.
14. Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, þáltill., 430. mál, þskj. 691. — Fyrri umr.
15. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 135. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr.
16. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 266. mál, þskj. 311. — Frh. fyrri umr.
17. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, þáltill., 389. mál, þskj. 645. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Tilhögun þingfundar.

[10:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti áformar að lokinni atkvæðagreiðslu um fyrsta dagskrármálið að setja nýjan fund og ljúka afgreiðslu á frv. um stjórn fiskveiða.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Áhrif laga nr. 31/1999 á íslenskt efnahagslíf, 440. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 707.

Hafsbotninn við Ísland, 436. mál, fsp. KF, þskj. 703.

Lagning Sundabrautar, 435. mál, fsp. KF, þskj. 702.

Meðferð við vímuvanda fanga, 434. mál, fsp. KF, þskj. 701.

Náttúruminjar á hafsbotni, 437. mál, fsp. KF, þskj. 704.

Sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum, 438. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 705.

Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, 431. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 693.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sala Landssímans.

[10:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í gær í umræðu utan dagskrár um málefni Símans gerðust þau tíðindi að tveir forustumenn Framsfl. á hinu háa Alþingi, hv. þm. Magnús Stefánsson sem raunar er einnig varaformaður stjórnar Símans og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks Framsfl., lýstu þeim viðhorfum sínum yfir og sögðu beinlínis að fullt tilefni væri til þess að endurskoða áform um sölu Símans miðað við núverandi aðstæður og alla stöðu mála í viðræðum við Tele Danmark. Í umræðunni svaraði samgrh. litlu um þessar breyttu aðstæður og tók upp heföbundið nagg við stjórnarandstöðuna. Hann sagði þó að ríkisstjórnin mundi halda sínu striki. Ég spyr, herra forseti: Og hvað svo?

Það er algerlega óviðunandi að skilja málið eftir með þessum hætti á hinu háa Alþingi. Enda þótt rétt sé að þingið hafi þegar samþykkt heimild til ráðherrans um sölu Símans hefur þingið stjórnarskrárbundið hlutverk hvað varðar eftirlit og það er ekki einkamál hæstv. ráðherra samgöngumála né Sjálfstfl. hvernig farið er með þessa milljarðatuga þjóðareign. Því spyr ég hæstv. samgrh. hvort hann hyggist bókstaflega ganga fram hjá þessum breyttu viðhorfum samstarfsflokksins, hafa þau að engu og láta sem ekkert hafi hér verið sagt.

Enn fremur er óhjákvæmilegt beina þeim spurningum til varaformanns Framsfl. og raunar formanns flokksins sem er í húsinu, veit ég, í hliðarsal, hvernig flokkurinn ætli að halda þessum viðhorfum sínum uppi innan ríkisstjórnarsamstarfsins eða hvort þessir tveir þingmenn hafi verið að lýsa sínum prívatskoðunum, sem ég neita að trúa, þessir lykilmenn flokksins, og hvort og hvernig Framsfl. ætli að halda þessum breyttu viðhorfum sínum um endurmat á söluferli Símans til haga innan ríkisstjórnarsamstarfsins.

Herra forseti. Ég heyrði í útvarpinu í gær að viðræður við Tele Danmark, þennan kjölfestufjárfesti sem menn hafa bundið trúss sitt við, hafi legið niðri um hálfsmánaðar skeið. Það er ráðrúm og það er svigrúm til þess að taka mið af gjörbreyttum aðstæðum eins og hér hefur verið lýst. Því hljótum við að vilja skýr svör við því á hinu háa Alþingi, enga útúrdúra og ekkert undanhald í þeim efnum, hvernig ríkisstjórnin ætlar að halda á spilum í þessu stóra máli þjóðarinnar. Því kem ég nú upp í upphafi þessa fundar og vil skýr svör við þessu. Ef þau fást ekki hljótum við samfylkingarþingmenn að velta því fyrir okkur hvort Alþingi þurfi þá ekki að taka málið formlega upp í ljósi þessara gjörbreyttu pólitísku aðstæðna og hinna gjörbreyttu kringumstæðna við söluferli Símans.

[10:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að nokkuð ankannalegt er að taka þessa umræðu upp undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins. Engu að síður hef ég heyrt hvað hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur fram að

færa. Hann kallar eftir því hvort ég sem samgrh. telji tilefni til þess að gera breytingar á þeim áformum og ganga til baka í því verki sem við vinnum núna að, þ.e. sölu á hlutum í Símanum. Hann vitnaði til tveggja hv. þingmanna Framsfl. sem töluðu hér í gær.

Eins og fram kom í ræðu þeirra hv. þm. þá höfðu þeir ekki neitt í höndum efnislega sem gaf tilefni til þess að hætta bæri við áform um sölu Símans. Ég hef sagt afar skýrt að við göngum til þessara viðræðna við hugsanlega kaupendur á hlut í Símanum af fullum styrk þess sem á Símann og gefum ekki nokkurt einasta færi á því að gefa til kynna að við séum tilbúnir til þess að selja hlutina í Símanum á einhverju undirverði. Enginn þarf að hafa áhyggjur af því. Við vinnum þetta eftir vinnulagi og þeim áformum og áætlunum sem við höfum gert. Einkavæðingarnefndin hefur unnið afskaplega vel að þessu máli og engin ástæða er til þess að láta í veðri vaka að tilefni sé til þess að tilkynna að við séum hættir við. Það er ekki þannig. Við vinnum eðlilega að þessu eins og ég hef margítrekað og undirstrikað og við erum ekki að ganga fram hjá neinum breyttum viðhorfum stjórnarflokkanna. Stjórnarflokkarnir hafa lagt þær línur sem ríkisstjórnin vinnur eftir hvað varðar þessa einkavæðingu og það er ekki tilefni til þess fyrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar að gera ráð fyrir að eftir öðrum línum verði unnið.

Auðvitað þurfum við, eins og í öllum okkar verkum, að líta til allra átta, gá til veðurs hverju sinni áður en næsta skref er stigið. Ég er alveg sannfærður um að hv. þingmenn Framsfl. leggja sams konar mat á stöðuna og ég, þ.e. að við þurfum fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni eigandans og hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustunnar á Íslandi.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Sú umræða sem hv. þm. Jón Bjarnason hóf í gær utan dagskrár um sölu Landssímans fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs var að því leyti merkileg að hún leiddi í ljós að orðnar eru umtalsverðar innantökur í Framsfl. og hafa kannski lengi verið í þessu máli. Engu að síður stendur málið formlega séð þannig að sala Landssímans stendur yfir eða fer fram um þessar mundir eftir því sem við verður komið á fulla pólitíska ábyrgð Framsfl. og þannig er það auðvitað þangað til það breytist.

Orð þingmanna Framsfl. í gær gáfu vissulega vonir um að einhverra veðrabrigða kynni að vera von og Framsfl. væri að hverfa á nýjan leik frá stuðningi sínum við einkavæðingu Landssímans á forsendum Sjálfstfl. En þangað til annað kemur í ljós, því miður verður að segja, virðist samgrh. ætla að fara sínu fram þó allar aðstæður málsins kalli auðvitað á að menn endurmeti stöðuna og það hafa þær lengi gert. Um margra mánaða skeið hefur verið ljóst að þetta mál væri í upplausn og skynsamlegast væri að hætta við.

Því miður fór það svo í gær í umræðunni hvað varðar svör samgrh., herra forseti, ...

(**Forseti** (GuðjG): Samkvæmt klukkunni er tíminn búinn.)

Ég held að rauða ljósið hafi logað allan tímann, forseti. Einhver mistök hafa orðið. Ég held að ég sé varla búinn að tala nema í eina mínútu eða svo. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GuðjG): Af örlæti mínu bæti ég við einni mínútu.)

Ég hélt kannski að forseti vildi bara láta mig tala á rauðu ljósi en ...

(**Forseti** (GuðjG): Það fer nú vel á því.)

Það fór svo, herra forseti, því miður, í umræðunum í gær að samgrh. gaf engar vonir um að hann væri að bæta ráð sitt og sjá að sér. Þess vegna gripum við til þess ráðs, þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að fara fram á það við ríkisendurskoðanda að gerð verði rækileg úttekt á framgöngu einkavæðingarnefndar í tengslum við einkavæðingu Landssímans sérstaklega og samkvæmt venju verður það bréf nú væntanlega sent af hálfu forsætisnefndar þingsins til Ríkisendurskoðunar og þessi skoðun fer í gang. Öll efni standa því til þess, herra forseti, að á meðan þessi athugun Ríkisendurskoðunar stendur yfir aðhafist ríkisstjórnin ekki frekar í málinu. Það væri strax áfangi í sjálfu sér ef menn gætu orðið ásáttir um að setja málið í bið á meðan. Að sjálfsögðu er hægt að láta á það reyna á Alþingi með tillögu sem fæli í sér ákvörðun Alþingis eða ályktun um að söluáformin skyldu sett á ís. Vel má athuga það mál. En langhyggilegast væri af hæstv. ráðherra og ríkisstjórninni eins og allt er í pottinn búið að leggja það af mörkum til sátta í þessu máli að áformunum yrði slegið á frest.

[10:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Þetta var alveg stórmerkileg yfirlýsing af hálfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann hefur gert þá kröfu að Ríkisendurskoðun verði sett í það verk í gegnum forsn. og forseta þingsins að fara yfir pólitíska vinnu ríkisstjórnarinnar vegna sölu Símans. Það kemur mér afskaplega mikið á óvart ef Ríkisendurskoðun á að fara ofan í það, þ.e. að vegna þess stjórnarandstaðan og hv. þm. Vinstri grænna hafa kveinkað sér undan pólitískri vinnu á vettvangi ríkisstjórnarinnar þá eigi að fá Ríkisendurskoðun til þess að fara yfir það. Þetta er afar undarleg krafa og setur Ríkisendurskoðun í mikinn vanda.

Ég vænti þess að hv. þm. geri betri grein fyrir forsendunum sem hann er að fara fram á að unnið verði eftir þegar Ríkisendurskoðun fer ofan í vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu verki. Þetta er afar undarleg krafa svo ekki sé meira sagt.

[10:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við skulum halda okkur við kjarna máls. Það liggur ljóst fyrir að hæstv. samgrh. ætlar að hafa að engu mjög skýrar og afdráttarlausar yfirlýsingar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem er talsmaður Framsfl. á hinu háa Alþingi og hv. þm. Magnúsar Stefánssonar sem er varaformaður stjórnar Símans. Hann sagði að haldið verði áfram með óbreyttum hætti.

Mér þykir í hæsta máta undarleg sú þögn sem umlykur Framsfl. við þessar aðstæður. Herra forseti. Ætla formaður Framsfl., sem er í húsinu, og varaformaður flokksins að láta samgrh. tukta þessa tvo þingmenn til og láta í veðri vaka að það hafi verið innistæðulaust hjal af þeirra hálfu í gær, eitthvert óljóst röfl um eitthvað sem þeir vissu lítið um sem hér hafi verið á ferðinni en ekki alvarleg ábending um að betur mætti standa að verki og nú væri tími til þess að staldra við og endurmeta allt söluferlið?

Herra forseti. Verður niðurstaða þessarar umræðu hér sú eftir yfirlýsingu hæstv. samgrh. að hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson og Magnús Stefánsson hafi bara verið að tala út í himinblámann og að engin pólitísk innstæða hafi verið til staðar af þeirra hálfu? Ætla varaformaður og formaður Framsfl. að láta þessa umræðu liggja með þeim hætti?

Ég dreg það mjög í efa fyrr en ég tek á því. Það verður þá merkileg yfirlýsing og stuðningur ráðherra Framsfl. við þessa forustumenn sína á hinu háa Alþingi. (**Landbrh.:** Himinbláminn ...) Það liggur algerlega ljóst fyrir og mætti nú landbrh. og varaformaður Framsfl. koma upp og tala heila setningu í stað þess að vera að hér með eitthvert innstæðulaust gjamm.

[10:45]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem átti sér stað utan dagskrár í gær um Símann kom fram þessi merkilega yfirlýsing frá framsóknarmönnum, hv. þm. tveimur, þar á meðal varaformanni stjórnar Símans, um að full ástæða væri til að bakka, stoppa við og skoða á hvaða leið hæstv. ríkisstjórn er gagnvart sölu á Símanum.

Það má eiginlega lýsa þessu svo að þetta sé að verða hálfgerð brunaútsala. Í svari hæstv. forsrh. við fyrirspurn minni um framkvæmdanefnd um einkavæðingu kom fram að annað aðalverkefni þessarar nefndar, framkvæmdanefndar um einkavæðingu sem hefur tekið til sín 30 millj. undanfarin sex ár, var að undirbúa sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands. Jafnframt kemur þar fram að þessi nefnd, sem vinnur í umboði forsrh., kemur saman til fundar, tekur ákvörðun um að kaupa sér sérfræðivinnu og kaupir hana svo af sjálfri sér. Það er sú sérfræðivinna sem ríkisstjórnin hefur svo væntanlega verið að vinna eftir. Og er þá nokkur furða þótt málið sé allt komið í hið mesta klúður, hálfgerð brunaútsala hafin á Símanum og verið að reyna að fá Dani eða einhverja aðra til að kaupa hann á einhverju verði sem þeir vilja svo ekki kaupa á?

Þetta er auðvitað mergur þessa máls. Og það er gott og virðingarvert ef framsóknarmenn ætla aðeins að fara að skoða sinn gang og láta ekki Sjálfstfl. teyma sig áfram út í fenið í þessu máli. (**Gripið fram í:** Eru þeir hættir við?) Ja, við höfum oft áttað okkur á því að Framsfl. er eins og hálfgerð B-deild Sjálfstfl. Þess vegna er eðlilegt að spyrja núna þá sem halda á B-deildar skírteinunum:

Hver verður afstaða B-deildar manna á hluthafafundi í Landssímanum? Eigum við að halda þessari göngu áfram eða eigum við að stoppa við og fresta þessari sölu?

[10:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. kom áðan með stórmerka stjórnmálakenningu, að Ríkisendurskoðun eigi ekki að koma nálægt neinu sem lúti að pólitískri vinnu. Þá er ekkert annað eftir en að leggja Ríkisendurskoðun niður því að Ríkisendurskoðun hefur það hlutverk að fara yfir fjárhagsleg málefni hins opinbera, framkvæma þar eftirlit og veita þar aðhald. Yfirgnæfandi meiri hluti allra slíkra útgjalda heyrir undir pólitíska ráðherra og mundi því vera úr leik samkvæmt röksemdafærslu samgrh.

Einkavæðingarnefnd fer með mikla opinbera fjármuni, hefur í höndunum ákvörðunarvald um hvernig gríðarlega verðmætum eignum hins opinbera er ráðstafað. Einkavæðingarnefnd er væntanlega það sem heitir samkvæmt lögum „stjórnskipuð nefnd", eða hvað? Hvaða stöðu hefur hún í stjórnkerfinu?

Þessa þætti og allt sem störfum hennar tengist getur og á Ríkisendurskoðun að athuga eftir því sem tilefni eru til. Þetta liggur algjörlega á borðinu og hæstv. samgrh. verður að fara heim og lesa sér betur til um skipan mála í hinu opinbera kerfi og hlutverk Ríkisendurskoðunar samkvæmt lögum áður en hann tjáir sig frekar um þá hluti hér í ræðustólnum. Það er bersýnilega nauðsynlegt.

Ríkisendurskoðun getur bæði framkvæmt fjárhagslegar úttektir og stjórnsýslulegar, getur gert svokallaða „stjórnsýsluúttekt". Og skyldi ekki vera full þörf á að gera hana þegar einkavæðingarnefndin og allt hennar vafstur á í hlut?

Að lokum má spyrja að því, herra forseti: Veldur það óróleika ráðherrans að þarna sé eitthvað á ferðinni sem ekki þoli dagsins ljós, sem ráðherranum sé illa við að Ríkisendurskoðun athugi? Vill ekki ráðherrann, ef hann trúir á málstað sinn, láta Ríkisendurskoðun hreinsa sig? Hvað veldur þessu upphlaupi ráðherrans hér yfir því sem er alveg samkvæmt venju, að þingflokkur beinir erindi til Ríkisendurskoðunar í gegnum forsn.?

[10:50]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við stærsta einkavæðingarverkefni ríkisins fyrr og síðar. Við ræðum það að málið virðist vera komið í uppnám, við ræðum það að annar tveggja ríkisstjórnarflokkanna hefur lýst því yfir að hann sé efins um að rétt sé að halda áfram. Hæstv. samgrh. kemur upp og segir eitthvað sem svo: Ég er undrandi á að þið viljið ræða þetta.

Annað dálítið merkilegt hefur einnig gerst í þessari umræðu og það eru yfirlýsingar hæstv. forsrh. Hann sagði hér í umræðu fyrir nokkrum dögum að það að einhver væri með 60% markaðshlutdeild á einhverju sviði væri stórhættulegt. Síminn er með 85% veltu á fjarskiptamarkaði. Ef við höldum áfram með orð hæstv. forsrh. er algerlega nauðsynlegt að skipta þessu fyrirtæki upp ef marka má fyrri yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Þá held ég að það sé rétt, virðulegi forseti, að spóla til baka og skoða hugmyndir manna um að skipta þessu fyrirtæki upp áður en farið verður með það í sölu. Það liggur fyrir í þessu ferli öllu saman að viðsemjendurnir hafa lýst því yfir að uppsett verð Símans sé of hátt. Það liggur fyrir að seljendurnir vilja ekki fara neðar og það liggur því fyrir, virðulegi forseti, að það þarf að endurskoða þetta algjörlega. Ég held að hægt sé að taka undir þau orð hæstv. forsrh. að þegar aðstæður eru með þessum hætti sé rétt að skipta fyrirtækinu upp.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 425. mál (handfæraveiðar með dagatakmörkunum). — Þskj. 685, nál. 696 og 697.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:52]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Okkur hjá Samfylkingunni er nokkur vandi á höndum vegna þessarar atkvæðagreiðslu því að hér er verið að leggja fyrir ýmsar breytingar á 6. gr. laganna um stjórn fiskveiða en greinin er lögð fyrir í heilu lagi. Við erum samþykk sumum af þessum breytingum sem hér er verið að leggja til en við erum í grundvallaratriðum ósamþykk þessari grein vegna þess að í henni er gert ráð fyrir því að menn kaupi og selji aðgang að auðlindinni. Auk þess eru önnur atriði í henni sem ekki ganga upp, t.d. það að gert er ráð fyrir því að þessir bátar sem hafa réttindi samkvæmt þessum

lögum megi veiða 23 daga en þeir eigi síðan að hafa hlutdeild í aflaheimildum sem svarar 0,67% í þorskveiðiheimildum.

Alþingi er náttúrlega til skammar að setja lög sem allir vita að muni ekki ganga upp og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að ganga alls ekki upp. Því ætti að fella út ákvæðið um 0,67% úr því að menn eru tilbúnir að leyfa þessum bátum að veiða í 23 daga á næsta ári, svo dæmi sé tekið úr þessu.

Ég óska eftir því að 2. málsliður 2. mgr. verði borinn upp sérstaklega vegna þess að við ætlum að greiða atkvæði með því að þessi floti megi veiða í 23 daga. Og ég óska eftir því að 3. mgr. verði borin upp sérstaklega vegna þess að við ætlum að greiða atkvæði með því að þessir bátar eigi að veiða eftir klukkustundakerfi í staðinn fyrir dagakerfi.

En ég ítreka að það eru óhæf vinnubrögð af hálfu Alþingis að koma aftur og aftur með frumvörp hér inn í þingið sem menn vita að munu ekki ganga upp.

Að lokum þetta: Við samfylkingarmenn getum aldrei skrifað upp á tillögur sem ganga út á það að menn eigi aðgang að auðlindinni, geti keypt hann og selt öðrum.

1. gr., inngmgr. og 1. efnismgr., samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KVM*, KF, KÓ, KolH, KHG, LMR, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KA, KLM, LB, MÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, JB, KPál, MS, SI, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1. gr., 1. málsl. 2. mgr., samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, LMR, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KA, KLM, LB, MÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, KPál, MS, SI, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr., 2. málsl. 2. mgr., samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., 3.–5. málsl. 2. mgr., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KA, KLM, LB, MÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, KolH, KPál, MS, SI, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr., 3. mgr., samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 696 samþ. með 49 shlj. atkv.

1. gr., 4. mgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KA, KLM, LB, MÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, JB, KolH, KPál, MS, SI, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr., 5. mgr., samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, LMR, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KA, KLM, LB, MÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, KPál, MS, SI, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, LMR, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KA, KLM, LB, MÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, KPál, MS, SI, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 2.–17. mál.

Fundi slitið kl. 10:58.

---

67. FUNDUR

fimmtudaginn 31. jan.,
að loknum 66. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 425. mál, þskj. 685 (með áorðn. breyt. á þskj. 696). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 137, nál. 428, brtt. 429. — 2. umr.

3. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 321. mál, þskj. 406, nál. 694. — Síðari umr.

4. Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, stjtill., 406. mál, þskj. 663. — Fyrri umr.

5. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 460. — 1. umr.

6. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 510. — 1. umr.

7. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 57. mál, þskj. 57. — Fyrri umr.

8. Áfallahjálp innan sveitarfélaga, þáltill., 141. mál, þskj. 141. — Fyrri umr.

9. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266. — Fyrri umr.

10. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393. — Fyrri umr.

11. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436. — Fyrri umr.

12. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 374. mál, þskj. 586. — Fyrri umr.

13. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 363. mál, þskj. 527. — 1. umr.

14. Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, þáltill., 430. mál, þskj. 691. — Fyrri umr.

15. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 135. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr.

16. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 266. mál, þskj. 311. — Frh. fyrri umr.

17. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, þáltill., 389. mál, þskj. 645. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, KA, KPál, MS, SP, SvanJ, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 425. mál (handfæraveiðar með dagatakmörkunum). — Þskj. 711.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, LMR, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KVM, KA, KLM, LB, MÁ, RG, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, EMS, GHH, GunnB, HBl, JóhS, KolH, KPál, MS, SI, SP, TIO, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 712).

Iðnaðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (iðnráð). — Þskj. 137, nál. 428, brtt. 429.

[11:00]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. með brtt. hv. iðnn. við frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

Herra forseti. Tilefni frv. hæstv. iðnrh. er ákvæði í gildandi iðnaðarlögum þess efnis að í hverjum kaupstað sé skylt að kjósa svokallað iðnráð til þess að fjalla um málefni iðnaðarins, einkum og sér í lagi þó útgáfu meistarabréfa, sveinsbréfa og iðnaðarbréfa, og síðan til að fjalla um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma.

Tilefni frv. er að afskaplega illa hefur gengið að halda þessum svonefndu iðnráðum gangandi. Þau hafa í fæstum kaupstöðum landsins verið virk og er það líklega tilefni þess að frv. er lagt fram. Ákvæði frv. eru þess efnis að gert er ráð fyrir að sveitarfélögum með yfir 5 þús. íbúa sé heimilt að stofna iðnráð en sé það ekki skylt og ef sveitarfélög kjósi svo að þau vilji ekki koma sér upp iðnráði, þá geti þau vísað á næsta starfandi iðnráð. Í dag munu vera um 2–3 iðnráð starfandi, þó með nokkrum hléum á milli funda, eins og fram kom við vinnslu nefndarinnar á málinu.

Nefndin fékk til sín ýmsa ágæta gesti sem málinu tengjast og lagði nefndin töluverða vinnu í að yfirfara málið. Þar kom fram, herra forseti, að frá því að iðnráð voru upphaflega sett á laggirnar hefur margt breyst í umhverfinu. Í fyrsta lagi hefur það breyst að rekstur framhaldsskóla, þeirra sem halda uppi kennslu í iðngreinum, hefur færst í miklu fastara form og allt eftirlit og utanumhald með kennslunni hefur farið mjög batnandi má segja, þannig að utanumhald um námsferil og leiðir nemandans frá því að vera iðnnemi til þess að verða sveinn eða meistari er orðið miklu betra en var fyrir 20 árum, hvað þá lengri tíma.

Hins vegar verður að segjast eins og er að það er afskaplega flókið ferli í rauninni við upphaf 21. aldar fyrir nemann að fá gefið út hvort heldur er sveinsbréf eða meistarabréf. Leggja þarf inn umsögn til ráðuneyta, til lögreglustjóra og í sumum tilvikum þarf málið að ganga líka til umhvrn. vegna ákvæða í skipulags- og byggingarlögum.

Þegar iðnn. hafði farið rækilega yfir þetta og hlustað á hagsmunaaðila komst nefndin í rauninni að afskaplega einfaldri niðurstöðu og kemur sú niðurstaða fram í nál. og í brtt. Nefndin leggur nefnilega til að iðnráð verði einfaldlega lögð niður og má segja að nefndin taki því 180 gráðu beygju frá upphaflega frv.

Rökin fyrir því, herra forseti, að iðnn. leggur til að iðnráð verði lögð niður eru þau að nefndarmenn telja einfaldlega að þau séu óþarfa milliliður í kerfinu. Með þessu er nefndin að leggja sitt af mörkum til að einfalda það ferli að gefa út meistarabréf til handa þeim sem unnið hefur til þess. Í því sambandi má segja, eins og ég nefndi áðan, að allt utanumhald um námsferil nemandans er orðið miklu einfaldara.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla eru starfandi svonefnd starfsgreinaráð með fulltrúum meistara og sveina, fulltrúum atvinnulífsins, sem gegna því hlutverki m.a. að halda utan um hina faglegu þróun innan greinarinnar.

Þá má benda á að fræðslumiðstöðvar í einstökum iðngreinum hafa verið að rísa á síðustu árum og hafa tekið að

sér afskaplega vandað og mikilvægt hlutverk, þ.e. að fylgjast ekki síst með útfærslu á starfssamningi nemenda hvort heldur eru nemendur á leið til sveinsprófs eða nemenda á leið til meistaranáms. Benda má á að meistaraskólar hafa verið að rísa upp og nú er gerð sú krafa að nemendur skuli ganga í meistaraskóla áður en þeir geta sótt um leyfi til að fá meistarabréf.

Með öðrum orðum, herra forseti, þá teljum við hvað hið opinbera snertir að skólakerfið hafi færst í það horf að þegar skólameistari setur embættisstimpil sinn við það að nemendur hafi lokið námi hvort heldur er starfsgreinanámi eða öðru, þá eigi slíkur embættisstimpill að duga til hinna löglegu yfirvalda sem gefa út meistarabréfin eða sveinsbréfin. Með þessu móti, herra forseti, telur iðnn. að hún sé að stytta það ferli, sé að fækka í rauninni einum óþarfa millilið á þeirri löngu leið sem er frá umsókn til útgáfu meistarabréfs.

Segja má að hlutverk iðnráða hafi einkum verið tvíþætt. Annars vegar að úrskurða hvar nýir þættir sem snerta iðngrein eigi að lenda. Ef ágreiningur rís um hvar eigi að vista tiltekna þætti, nýja þætti sem snerta iðngrein, ef ágreiningur er um það milli iðngreina hefur það m.a. verið hlutverk iðnráða að úrskurða um hvorum megin hryggjar tiltekinn þáttur skuli lenda. Lítur nefndin svo á að eðlilegt sé að starfsgreinaráðin, sem byggja á lögum um framhaldsskóla, sinni þeim þætti, m.a. vegna þess að starfsgreinaráðin eiga að fylgjast með þróun í einstökum iðngreinum og eiga að laga námskrá iðngreina að þeirri þróun sem á sér stað. Því má segja að í gildandi lögum sé til það ferli fulltrúa atvinnulífsins að úrskurða varðandi þróun einstakra þátta í iðngreinum.

Hinn þátturinn hefur verið sá að ef vafi leikur á að nemandi hafi lokið námi sínu, hvort heldur er starfsnámi eða námi í skóla, þá hefur það verið hlutverk iðnráðanna að vega og meta námsferilinn og senda umsögn sína til lögreglustjóra sem gefur síðan út meistarabréfið. Það, herra forseti, telur iðnn. að sé óþarfi með skírskotun til þess sem hér hefur verið sagt að hlutverk skólakerfisins, menntakerfisins og fræðslumiðstöðva er að sinna þeim þætti. Iðnráðin eru því í rauninni óþarfa milliliður hvað þetta varðar.

Þá bendir iðnn. jafnframt á að ef einhver vafi leikur á að út sé gefið meistarabréf sem hafi ekki fullar forsendur á bak við sig, þá er auðvitað til dómstólaleið sem hver og einn getur farið til þess að taka af allan slíkan vafa.

Nefndin leggur hins vegar áherslu á að með þessu er ekki verið að slá af hinum faglegu kröfum við uppbyggingu iðnnáms og við útgáfu sveinsbréfa og meistarabréfa. Nefndarmenn eru sammála um að hinn faglegi þáttur í menntun iðnaðarmanna hefur stórlega vaxið til batnaðar á síðustu árum og er kominn í nokkuð gott horf hvað stjórnsýsluna varðar. Því er á engan hátt verið að slá af hinum faglegu kröfum en við leggjum höfuðáherslu á að fyrirkomulagið hvað varðar eftirlit er til staðar á grundvelli annarra laga.

Þá er ekkert sem mælir gegn því að fulltrúar meistara og sveina, fulltrúar atvinnulífsins, haldi uppi sínum eigin starfsvettvangi til þess að fara yfir hin faglegu mál án þess að um það sé kveðið í lögum. Það má í rauninni einnig segja, herra forseti, að það sé þá hvatning til atvinnugreinarinnar að taka þessi mál enn betur upp á sína arma og reyni á hver viljinn er með því að þetta ákvæði sé fellt burt úr lögunum. Þó ákvæðið um iðnráð sé fellt niður úr iðnaðarlögum, þá er ekkert sem bannar atvinnugreininni að halda uppi sínum vettvangi og hefur þar að auki aðra þætti eins og ég hef vikið ítrekað að, m.a. í gegnum starfsgreinaráðin. Þetta er sem sagt meginbreytingin.

Herra forseti. Það er annar þáttur sem iðnn. leggur til og kemur fram á þskj. 429, sem hljóðar svo:

„Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf. Hann getur falið öðrum að gefa bréfin út að fullnægðum skilyrðum laga."

Rétt er að vekja athygli á þessu, herra forseti. Í dag gefur iðnrn. út sveinsbréf að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ekki síst er það annars vegar embættisstimpill úr skóla og hins vegar uppáskrift frá meistara um það að nemandi hafi lokið starfsþjálfun eftir lögum og reglum þar um.

Í mörgum af stærri iðngreinunum hafa fræðslumiðstöðvarnar tekið að sér utanumhaldið um faglega þáttinn í starfsþjálfuninni. Áður fyrr var það mjög á reiki, má segja, og utanumhaldið var afskaplega veikt og var mjög hörð gagnrýni höfð uppi um það með hvaða hætti iðnnemar voru látnir sinna starfsþjálfun hjá meisturum. Nú má segja að það sé í mun betra horfi með því að fræðslumiðstöðvarnar hafa tekið þennan þátt að sér. Það sem nefndin er með þessari brtt. að leggja til er að iðnrn. geti í rauninni stytt ferlið enn ferkar með því að semja við einstaka aðila svo sem fræðslumiðstöðvarnar, þá aðila sem sannanlega hafa þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru áður en skírteini um sveinspróf eru gefin út.

Að lokum, herra forseti, hvetur nefndin mjög til þess að fram fari á vegum hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. ítarleg vinna með það í huga að einfalda útgáfuferlið um meistarabréf. Við teljum að það sé of flókið að sá sem ætli sér að ná í meistarabréf þurfi að sækja um það til iðnrn., þurfi jafnframt að koma gögnum til lögreglustjóra og í sumum tilvikum líka til umhvrn. Það ákvæði á við um byggingargreinarnar því að samkvæmt skipulags- og byggingarlögum heyra byggingargreinarnar undir umhvrn. Þetta er í nútímanum má segja of flókið og „bírókratískt" ferli og hv. iðnn. hvetur til þess að farið verði í vinnu við að einfalda það ferli enn frekar og liður í því er af hálfu iðnn. að fella niður iðnráðin án þess að draga af hinum faglegu kröfum við útgáfu sveinsprófa og meistarabréfa.

Að svo mæltu, herra forseti, mælist ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Geislavarnir, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 460.

[11:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um geislavarnir. Frv. gerir ráð fyrir að lög nr. 117/1985, um geislavarnir, falli úr gildi.

Frv. var samið í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Jafnframt var haft samráð við landlæknisembættið og félög röntgenlækna og röntgentækna hvað varðar ákvæði um geislavarnir við læknisfræðilega geislun.

Miklar breytingar hafa átt sér stað og viðhorf í geislavörnum breyst töluvert frá því að lög nr. 117/1985 tóku gildi. Alþjóðageislavarnaráðið hefur m.a. gefið út nýjar leiðbeiningar um grundvallaratriði geislavarna. Þar koma fram nýjar áherslur sem mörg lönd hafa tekið upp í löggjöf sinni.

Markmið með endurskoðun laga um geislavarnir er jafnframt að aðlaga íslenska löggjöf og framkvæmd hennar að tilskipunum Evrópusambandsins um geislavarnir og framkvæmd þeirra auk þess að taka mið af breyttum áherslum við framkvæmd geislavarna.

Virðulegi forseti. Ég mun nú rekja nánar helstu breytingar sem felast í frv.

Í 1. gr. frv. er fjallað um markmið laganna. Þeim er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar. Ákvæðið tekur til öryggisráðstafana vegna allrar geislunar, bæði jónandi og ójónandi. Notkun ójónandi geislunar hefur aukist mjög undanfarin ár í heilbrigðiskerfi, iðnaði svo og fjarskiptum og afþreyingu ýmiss konar. Vitneskja hefur aukist um skaðsemi slíkrar geislunar og að þörf sé á sérstökum öryggisráðstöfunum vegna hennar. Geislavarnir vegna ójónandi geislunar eru mikilvægur þáttur í starfsemi geislavarnastofnana í öðrum löndum Evrópu. Í frv. er gert ráð fyrir að svo verði hjá Geislavörnum ríkisins hér á landi.

Í 2. gr. frv. er gildissvið laganna tilgreint nánar og í 3. gr. eru skilgreiningar á hugtökum sem koma fyrir í ákvæðum laganna. Taka skilgreiningarnar mið af tilskipunum Evrópusambandsins á þessu sviði.

Í 4. gr. frv. er fjallað um stofnunina Geislavarnir ríkisins og hvert hlutverk hennar skuli vera. Skal hún hafa það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Þá er í ákvæðinu fjallað um skipun forstjóra en hann ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar. Skal ráðherra skipa forstjóra.

Í 5. gr. frv. er nánar tilgreint í 11 töluliðum hvaða verkefni Geislavarnir ríkisins skuli annast. Verkefni stofnunarinnar eru að mestu þau sömu og samkvæmt núgildandi lögum en þó er gert ráð fyrir nokkrum nýjum verkefnum.

Stofnunin skal hafa eftirlit með geislaálagi starfsmanna og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun fyrir hvern einstakan starfsmann. Slík skrásetning er nýmæli en er í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins. Stofnunin skal enn fremur annast reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings af starfsemi sem lögin taka til og mat á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun hérlendis. Þar er einnig um nýmæli að ræða.

Þá er það einnig nýmæli að stofnunin undirbúi, sæki um og viðhaldi faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fimm manna geislavarnaráð til fjögurra ára í senn og að það verði faglegt ráðgjafarnefnd Geislavarna ríkisins. Kemur hún í stað stjórnar samkvæmt núgildandi lögum og er í samræmi við þá stefnu að forstjóri fari með stjórn stofnunarinnar og beri ábyrgð á faglegum og fjárhagslegum rekstri hennar.

Í 7. gr. frv. er fjallað um leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar geislavirkra efna. Leyfisskylda tryggir fullnægjandi vitneskju um öll geislavirk efni sem flutt eru til landsins.

Mat á gagnsemi og áhættu við notkun geislunar, sem ákvæði 8. gr. frv. kveður á um, er nýmæli og eitt grunnatriða geislavarna. Tekur ákvæðið mið af reglum Evrópusambandsins.

Ákvæði 9.–12. gr. frv. um notkun geislavirkra efna og geislatækja eru í samræmi við reglur Evrópusambandsins. Þar er m.a. gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að notkun ákveðinna flokka geislatækja sem nýta ójónandi geislun skuli hafa leyfi. Er það talið mikilvægt til að bregðast við nýjum upplýsingum um skaðleg áhrif geislunar eða ef notkunin er á almannafæri eða skemmtistöðum. Þá er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins geti krafist förgunar eða fjarlægingar geislavirkra efna og geislatækja sem ekki eru lengur í notkun. Sé ekki orðið við kröfum stofnunarinnar um förgun eða fjarlægingu getur stofnunin annast framkvæmdina á kostnað eiganda.

Ákvæði 13. og 14. gr. frv. fjalla um geislavarnir á vinnustöðum. Það er nýmæli að Geislavarnir ríkisins skuli halda skrá yfir niðurstöðu einstaklingsbundis eftirlits með geislun og er í 14. gr. frv. sérstaklega kveðið á um hvernig með slíkar skrár skuli farið.

Ákvæði 15. og 16. gr. frv. fjalla um læknisfræðilega geislun og eru nýmæli í lögum. Slík ákvæði hafa verið í reglum Geislavarna ríkisins en talið er rétt að setja þau í lögin. Ákvæðin taka jafnframt mið af reglum Evrópusambandsins á þessu sviði.

Í 17.–19. gr. frv. er fjallað um eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum. Með eftirliti Geislavarna ríkisins er átt við eftirlit með geislaálagi starfsmanna, skoðun á geislatækjum og geislavirkum efnum sem og búnaði og aðstöðu þar sem slík tæki og efni eru notuð. Markmiðið með eftirlitinu er tvíþætt. Annars vegar að tryggja sem árangursríkasta notkun geislunar þannig að gagnsemin sé sem mest, samhliða eins lítilli geislun á fólk og unnt er að teknu tilliti til tilgangs geislunarinnar og með skynsamlegu tilliti til aðstæðna. Hins vegar að tryggja að öll starfsemi, búnaður og aðstaða sem lögin gilda um sé í samræmi við lögin.

Áfram er gert ráð fyrir innheimtu gjalds vegna reglubundins eftirlits Geislavarna ríkisins, fyrir mat á umsóknum um leyfi og fyrir eftirlit með geislaálagi starfsfólks. Er gert ráð fyrir að ráðherra setji gjaldskrá að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins og gjaldskráin taki mið af kostnaði við eftirlitið.

Í 20. gr. frv. er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins veiti leyfi til uppsetningar og breytingar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun. Þá skulu þeir einir annast viðgerðir, upplýsingar og breytingar á slíkum tækjum sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu.

Í 21. gr. frv. er almennt reglugerðarákvæði og í 22. gr. eru refsiákvæði.

Virðulegi forseti. Eftir að hafa reifað nokkuð ákvæði frv. til laga um geislavarnir leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[11:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um geislavarnir og hefur hæstv. ráðherra farið yfir helstu atriði frv. Ég get ekki séð annað en að frv. þetta sé mjög tímabært. Við búum við 15 ára gömul lög í þessum efnum og frá því að þau tóku gildi hafa orðið miklar breytingar, ýmis nýmæli og þróun sem okkur ber að taka inn í lög á Íslandi, bæði vegna tilskipana ESB og vegna samninga sem gilda í Evrópu en eru ekki inni í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég ætla ekki að fara ítarlega í þetta frv. en eftir að hafa lesið það yfir sé ég að þarna eru mörg nýmæli og greinilega þarfar breytingar. En það sem ég vil helst fagna er að setja á inn í lög ýmislegt af því sem í dag er í reglugerðum og sömuleiðis í reglum. Ég tel mikilvægt fyrir okkur að hafa

sem mest inni í lögum. Þess vegna tel ég þetta mjög jákvætt og til bóta. Þarna er verið að setja mjög marga þætti inn í lögin sem áður voru aðeins í reglugerð.

Herra forseti. Ég mun koma að vinnslu þessa máls í heilbr.- og trn. þar sem við fáum sérfróða aðila til að fara yfir ýmsa þætti. Ég er ekki sérfræðingur í geislavörnum, geislun eða slíkum málum og tel mikilvægt að við heyrum frá fagmönnum um þessa þætti. Ég get ekki séð annað en hér sé um að ræða mjög þarft og mikilvægt mál sem við hyggjumst setja í lög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.). — Þskj. 510.

[11:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Frv. var samið í heilbr.- og trmrn. í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. Það felur í sér breytingar á ákvæðum fimm lagabálka. Megintilgangur þess er að koma til móts við álit umboðsmanns Alþingis varðandi skilgreiningu á tekjuhugtaki laga um málefni aldraðra en hann beindi þeim tilmælum til heilbr.- og trmrn. að fram færi endurskoðun á þessum lögum og reglugerðum með stoð í þeim. Einnig er með frv. verið að taka tillit til athugasemda í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 1999 um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins varðandi tekjutengdar bætur almannatrygginga og greiðslu bóta.

Í frv. þessu eru ákvæði um tekjuhugtakið samkvæmt almannatryggingalögum gerð skýrari. Einnig eru ýmis ákvæði í núgildandi reglugerðum og gjaldskrám tekin upp í frv. og gerð skýrari vegna þeirra krafna sem gerðar eru til gjaldtökuákvæða í stjórnskipunarlögum en ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Engin ákvæði eru í frv. um frekari gjaldtökur.

Frv. felur í sér fáar efnisbreytingar og engar þeirra íþyngjandi fyrir viðskiptavini Tryggingastofnunar ríkisins, þvert á móti ívilnandi.

Virðulegi forseti. Ég mun nú rekja nánar helstu breytingar sem felast í frv.

Í frv. er gert ráð fyrir að tekjuhugtakið verði samræmt í öllum bótaflokkum Tryggingastofnunar ríkisins og í þeim ákvæðum laga um málefni aldraðra sem fjalla um tekjur. Stuðst er við tekjuhugtak sem notað er í núgildandi 10. gr. laga um almannatryggingar en orðalag er gert nákvæmara og kveðið á um sérreglur einstakra bótaflokka. Talið var rétt að nota áfram tekjuhugtak skattalaga en það hugtak hefur verið notað um áratuga skeið. Einnig er notkun þess hugtaks talin auðveldust í framkvæmd þar sem viðskiptavinum Tryggingastofnunar og stofnunin þekkja það af áratugalangri reyslu í almannatryggingalögum og skattalögum. Skýr ákvæði í lögum auðvelda viðskiptavinum Tryggingastofnunar að gera sér grein fyrir hvaða tekjur eru lagðar til grundvallar við útreikning á bótum frá stofnuninni. Loks verður nauðsynleg upplýsingaöflun um tekjur viðskiptavina Tryggingastofnunar hjá skattyfirvöldum auðveldari ef tekjur eru skilgreindar með sama hætti.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins er talið að stofnunin þurfi betri aðgang að upplýsingum, m.a. frá skattyfirvöldum, lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingum til að geta greitt bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í skýrslunni kemur enn fremur fram að með betri aðgangi Tryggingastofnunar að tekjuupplýsingum ætti nánast að vera hægt að koma í veg fyrir of- eða vangreiðslur tekjutengdra bóta. Tryggingastofnun hefur í dag aðgang að tekju- og eignaupplýsingum bótaþega í gegnum upplýsingakerfi ríkisskattstjóra, þ.e. úr skattframtali og staðgreiðsluskrá. Þessum aðgangi er stýrt þannig að Tryggingastofnun hefur einungis aðgang að upplýsingum varðandi viðskiptavini sína og hefur ríkisskattstjóri eftirlit með aðgangi stofnunarinnar að þessum skrám. Aðgangur þessi var heimilaður af tölvunefnd árið 1993 og gerði nefndin ekki athugasemd við samning Tryggingastofnunar og ríkisskattstjóra um samtengingu skráa.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir að bætur séu áætlaðar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um tekjur er mikilvægast að sem réttastar upplýsingar liggi fyrir. Gert er ráð fyrir að lokauppgjör fari fram einu sinni á ári með vélrænni samkeyrslu fyrirliggjandi upplýsinga um tekjur. Ekki er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun hafi aðgang að upplýsingum um aðra en þá sem sótt hafa um bætur hjá stofnuninni. Til þess að tryggja betur aðgang stofnunarinnar að upplýsingum er í 17. gr. frv. gert ráð fyrir að Tryggingastofnun hafi heimild til að afla upplýsinga frá tilteknum aðilum.

Þegar upplýsingar berast með rafrænum hætti er betur tryggt að ekki hafi aðrir aðgang að upplýsingum en þeir starfsmenn Tryggingastofnunar sem nauðsynlega þurfa á þeim að halda vegna ákvörðunar um bætur.

Vegna breytinga á skilgreiningu á tekjuhugtakinu fylgja aðrar breytingar á nokkrum ákvæðum laga um almannatryggingar, laga um félagslega aðstoð og laga um málefni aldraðra. Ýmsar nauðsynlegar lagfæringar eru jafnframt gerðar á ákvæðum sem fjalla um framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins vegna þessara breytinga.

Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögð sé inn umsókn um bætur með fáeinum undantekningum. Í sömu grein er ákvæði um fagmennsku starfsfólks Tryggingastofnunar ríkisins og umboða hennar sem er í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þótti rétt að hnykkja á reglum um þagmælsku með því að setja sérstakt ákvæði í lögin um almannatryggingar. Sambærilegt ákvæði er sett í lög um málefni aldraðra, sbr. 31. gr. frv., þegar um er að ræða starfsfólk stofnana fyrir aldraða.

Í 19. gr. frv. eru sett ákvæði um hvernig standa skuli að endurgreiðslu ofgreiddra bóta og er gert ráð fyrir því nýmæli að ekki sé heimilt að draga meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum frá almannatryggingabótum og gert er ráð fyrir sérreglu þegar um tekjutengdar bætur er að ræða. Með ákvæðinu er verið að koma í veg fyrir að bótaþegi geti lent í því að vera bótalaus í einhvern tíma vegna endurkröfu á ofgreiddum bótum. Mun það tryggja betur fjárhagslegt öryggi hans. Það er þó eitt af markmiðum frv. að ofgreiðslur hjá Tryggingastofnun ríkisins verði sjaldgæfar.

Þá er í 19. gr. frv. gert ráð fyrir því nýmæli að Tryggingastofnun ríkisins greiði vexti af vangreiddum bótum. Skulu

vextir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt. Séu bætur úrskurðaðar aftur í tímann, sem getur verið allt að tvö ár, er gert ráð fyrir að vextir verði greiddir á bæturnar fyrir það tímabil. Með vangreiðslu bóta er því jafnframt átt við bætur sem bótaþegi átti rétt á jafnvel þótt umsókn og fullnægjandi gögn liggi ekki fyrir. Eru vaxtagreiðslur í þessum tilvikum taldar sanngjarnar. Vextir skulu einnig greiddir samkvæmt frv. þegar synjun um bætur frá Tryggingastofnun ríkisins er hnekkt eða bótafjárhæð er hækkuð af úrskurðarnefnd almannatrygginga.

Nýmæli þau sem eru í 19. gr. frv. eru mjög til hagsbóta fyrir viðskiptavini Tryggingastofnunar ríkisins. Ýmis ákvæði í núgildandi slysatryggingarákvæðum laga um almannatryggingar eru færð til núverandi framkvæmdar en mörg ákvæðin eru orðin úrelt.

Í 10. gr. frv. er það nýmæli að háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgeiranum og raunvísindum eru slysatryggðir þegar þeir sinna verklegu námi. Í núgildandi lögum eru eingöngu nemendur við iðnnám slysatryggðir og þykir það sanngirnismál að láta aðra nemendur í svipaðri stöðu og iðnnemar einnig vera slysatryggða.

Þá er jafnframt í 10. gr. frv. gert ráð fyrir því að atvinnurekendur sem starfa við eigin atvinnurekstur í landbúnaði séu ætíð slysatryggðir enda hefur framkvæmdin verið á þann hátt þrátt fyrir að samkvæmt núgildandi lögum sé gert ráð fyrir að þeir séu eingöngu slysatryggðir ef þeir taka fram í skattframtali að slysatryggingar sé óskað.

Gerð er sú breyting á 43. gr. laga um almannatryggingar að lífeyrir og bætur honum tengdar falla ekki niður fyrr en eftir sex mánaða dvöl á sjúkrastofnunum undanfarna 12 mánuði í stað fjögurra mánaða dvalar undanfarna 24 mánuði. Regla þessi hefur verið lengi í lögum um almannatryggingar en ástæða er til að breyta henni í samræmi við breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustu. Hvíldarinnlögnum hefur fjölgað og geta þær varað í allt að nokkrar vikur í einu og þykir ósanngjarnt að lífeyrisþegi missi bætur vegna þess.

Þá má nefna að samkvæmt lögum um málefni aldraðra er gert ráð fyrir að aldraðir geti verið sem lengst í heimahúsum og þar sem ýmis fastur kostnaður fylgir því að halda úti heimili er talið eðlilegt að lengja tímabilið í sex mánuði undanfarna 12 mánuði. Er hér um talsverða rýmkun að ræða sem er til verulegra hagsbóta fyrir lífeyrisþega.

Enn fremur er í 16. gr. frv. verið að gera ákvæði laga um almannatryggingar skýrari að því er varðar elliheimilisuppbót sem í frv. nefnist vistunarframlag. Gert er ráð fyrir að vistunarframlagið greiðist beint til stofnunar í stað vistmanns og felst í því skattalegt hagræði fyrir vistmann og einföldun á framkvæmd hjá Tryggingastofnun. Er lögum um málefni aldraðra breytt til samræmis.

Í 28. gr. frv. eru gerðar breytingar á lögum um málefni aldraðra til samræmis við framangreindar breytingar á 43. gr. laga um almannatryggingar sem tilgreindar eru í 16. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað um helstu breytingar sem í frv. felast og tel að í því séu ákvæði sem geti stuðlað að betri stjórnsýslu. Betri stjórnsýsla ætti ætíð að vera til hagsbóta fyrir viðskiptavini Tryggingastofnunar ríkisins og tryggja betur að stofnunin geti sinnt því hlutverki að greiða bætur í samræmi við lög.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[11:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Hæstv. ráðherra hefur gert ágæta grein fyrir því hvað felst í þessum lögum. Ég verð að segja að hér er greinilega á ferðinni ágætistiltekt í þessum lagabálkum, þó aðallega í almannatryggingalögunum, og vildi ég kannski líkja þessu við einhvers konar vorhreingerningu hjá hæstv. ráðherra. Hér er verið að færa til betri vegar ýmislegt sem hefur verið gagnrýnt harðlega í þessum lögum og hefði fyrir löngu mátt fara betur eins og ýmis þau atriði sem hæstv. ráðherra taldi upp.

Í framsögunni kom fram að ekki væri um aukna gjaldtöku að ræða og fagna ég því enda er nóg komið af aukinni gjaldtöku. Við erum nýgengin í gegnum ýmsar breytingar sem hafa aukið álögur á þá sem eru veikir eða þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda þannig að ég fagna því að ekki skuli vera nein aukin gjaldtaka hér.

Ég vil nefna nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að geta um við 1. umr. Fyrst er til að taka 1. gr. þar sem verið er að tryggja að námsmaður sé áfram tryggður í almannatryggingum hér á landi ef hann er ekki tryggður í námslandinu. Þetta er orðin nokkuð tímabær breyting því að allnokkrar breytingar hafa verið gerðar á lögum, t.d. á Norðurlöndum og í fleiri Evrópulöndum, þar sem námsmenn sem flytja, og þurfa jafnvel að flytja lögheimili sitt, þurfa að bíða eftir tryggingu í dvalarlandinu. Eru nokkur dæmi um að t.d. fólk sem hefur farið utan til náms hefur jafnvel ekki átt rétt á fæðingarorlofsgreiðslum og ýmsum greiðslum vegna þessa. Ég spyr hæstv. ráðherra vegna þessara breytinga — sem ég fagna — hvort það verði skoðað eitthvað aftur í tímann. Auðvitað veit ég að lög verða ekki afturvirk en ég veit þess dæmi að fólk hefur farið illa út úr því að þessi breyting hefur ekki verið gerð fyrr, og hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra. Það eru nokkrir foreldrar sem hafa orðið af t.d. fæðingarorlofsgreiðslum vegna þessa.

Einnig hefði ég viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvort einhver áform séu uppi um breytingar á fæðingarorlofslöggjöfinni. Þó að hún heyri ekki beint undir heilbrrh. fer hún til afgreiðslu í gegnum Tryggingastofnun ríkisins og nú þegar hafa komið upp nokkur mál sem ég verð að segja að hafa lent illa á t.d. mæðrum fyrirburа, og ákveðin atriði í þeirri löggjöf þyrfti að skoða nánar og leiðrétta því að það er óréttlæti sem felst í hinni nýju löggjöf um fæðingarorlofið. E.t.v. ætti að bera þá spurningu frekar upp við hæstv. félmrh. Vegna þess að þetta gengur í gegnum Tryggingastofnun og a.m.k. tvö mál hafa komið til úrskurðar hjá úrskurðarnefnd tel ég engu að síður ástæðu til að vekja athygli ráðherrans á þessu og spyrja eftir því hvort eitthvað sé verið að skoða þau mál.

Aðrar breytingar sem þetta frv. felur í sér eru að tekjuhugtakið er skilgreint nánar og tel ég að það sé vel. Síðan segir í athugasemdum með frv.:

„Gert er ráð fyrir að tekjugrundvöllur bótaútreiknings sé endurskoðaður með vélrænni samkeyrslu og lokauppgjör fari fram einu sinni á ári.“

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Tryggingastofnun taldi mjög mikilvægt að endurnýja tölvukost sinn. Það kom fram fyrir fjárlagaumræðuna í vetur. Er Tryggingastofnun fær um að fara eftir þessum lögum þar sem ekki komu fjárveitingar til

að endurbæta tölvubúnað Tryggingastofnunar núna á síðustu fjárlögum?

Annað sem er nýmæli hér, og er mjög vel, er að lögð er skylda á Tryggingastofnun ríkisins að upplýsa umsækjendur eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa þeim kost á að koma að athugasemdum. Nú vitum við að þetta er orðið ákaflega flókið. Sérstök regla gildir um útreikning hvers bótaflokks. Þetta eru 5–6 bótaflokkar og allir með sérstaka reglu. Ég veit að mörgum starfsmanninum hefur reynst ansi snúið að reikna þetta allt saman út og hvað þá þeim sem fá greiðslurnar að skilja hvernig þetta er allt reiknað. Ég spyr hvort eitthvað verði gert í því að þjálfa fólk bæði í umboðunum úti um land og í Tryggingastofnun til að sinna þessu hlutverki og hvort uppi séu einhver áform um að einfalda þessa útreikninga þannig að fólki sé ljósara hvernig þær greiðslur sem það fær frá stofnuninni eru reiknaðar út. En vissulega fagna ég því að það eigi að upplýsa umsækjendur bótaþega betur um hvernig þetta er reiknað út.

Síðan er hér ákvæði um þagmælsku starfsfólks Tryggingastofnunar. Það er mjög gott að þetta er komið í lög, ekki það að fólk sem starfar hjá Tryggingastofnun gæti ekki þagmælsku um málefni en ákvæðið þarf auðvitað að vera í lögum, það þarf að vera ljóst að fólki ber að gæta þagmælsku um það sem það er að vinna við þar sem efni og gögn innan stofnunar eru oft um ákaflega viðkvæm mál.

Ég vil líka lýsa því yfir að það er orðið tímabært að setja ákveðnar reglur um ofgreiddar tekjutengdar bætur og hvernig þær eru síðan teknar til baka. Það var algjörlega óviðunandi hvernig staðið var að því í mörgum tilfellum. Fólk stóð mjög illa eftir þegar búið var að taka til baka fjármuni, bætur sem höfðu verið ofgreiddar, og fékk síðan kannski engar eða litlar greiðslur mánuðum saman eins og dæmi eru um. Síðan eru ákveðnar reglur um hvort menn greiða vexti eða ekki, og að Tryggingastofnun beri að greiða vexti vegna vangreiddra bóta. Þetta hefur mörgum lífeyrisþeganum sviðið og þeir hafa margsinnis kvartað við mig yfir því að Tryggingastofnun hefur ekki talið sér skylt að greiða vexti af vangreiddum bótum.

Ég tel líka jákvætt að reglugerðin um örorkustyrkinn er sett inn í lögin. Ég tel að hún eigi heima þar. Síðan verð ég að nefna eitt atriði sem ég tel vera löngu tímabært að breyta og er breyting á, þ.e. reglan um að lífeyrir og bætur honum tengdar falli ekki niður fyrr en eftir sex mánaða dvöl á undanförnum 12 mánuðum. Þessi regla, 24 mánaða reglan og fjögurra mánaða dvölin, hefur bitnað mjög illa á mörgum og er að mörgu leyti mjög óréttlát vegna þess að margir þeirra sem þurfa að vera í nokkra mánuði á tveim árum inni á sjúkrastofnun eru auðvitað að reka heimili úti í bæ og þurfa að hafa sínar tekjur til að greiða húsaleigu eða önnur gjöld sem falla til við rekstur heimilis. Oft kom þessi regla bæði öryrkjum og öldruðum mjög illa þannig að ég tel mjög til bóta að rýmka þessa reglu um sex mánaða dvöl undanfarna tólf mánuði.

Ég spyr: Eru ekki einhver undanþáguákvæði inni í þessu vegna þess að við vitum að fólk getur lent í mjög alvarlegum veikindum í lengri tíma en sex mánuði — ég og sjálfsagt við öll þekkjum dæmi um það — og þurfa að vera inni á sjúkrastofnunum bæði í læknismeðferð og endurhæfingu, og síðan veikist fólk aftur. Ég þekki dæmi um slíkt þar sem fólk hefur fengið hjartaáfall og heilablóðfall o.s.frv. og þetta hefur kannski verið margra mánaða sjúkrahúsdvöl.

Því spyr ég hvort þarna sé einhver rýmkun eða undanþáguákvæði sem hægt sé að vísa til ef staðan er sú að lífeyrisþegi sem lendir í þessu, lendir inni á sjúkrastofnun lengur en sex mánuði á tólf mánaða tímabili og er engu að síður að reka heimili, þ.e. að hann geti þá fengið undanþágu því við vitum að enginn heldur uppi heimilisrekstri af vasapeningum eins og þeir eru skammarlega lágir. Hefði ég nú kannski haldið að í þessum ágætu hreingerningum hæstv. ráðherra kæmu einhverjar breytingar á vasapeningunum og sjúkradagpeningunum þannig að menn sæju ástæðu til þess að hækka greiðslurnar og breyta tekjutengingunum sem snúa að þeim.

Ég fagna líka þeirri breytingu sem felst í því að vistunarframlagið rennur til stofnunar beint. Það hefur reynst mörgum lífeyrisþegum erfitt þegar þeir hafa verið að fá mjög háar tekjur sem þeir hafa nánast aldrei séð. Þetta á auðvitað að renna beint til þeirra stofnana sem þeir dvelja á. Er þetta bæði vistmanninum mikið hagræði og sjálfsagt einnig stofnununum sem þeir dvelja á og Tryggingastofnun.

Síðan er í þessu frv. um breyting á þessum fimm lögum gert ráð fyrir að ákvæði reglugerða komi inn í lögin. Ég hef verið fylgjandi því að sem mest af slíkum ákvæðum skuli vera í lögum þannig að vilji löggjafans sé skýr í þeim efnum. Ég tel sem sagt að þetta sé bara að öllu leyti hin þarfasta hreingerning á lögunum hjá hæstv. ráðherra.

Við munum fara rækilega yfir þetta í heilbr.- og trn. þegar málið kemur núna til kasta hennar og skoða alla þessa þætti. Eins og menn sjá þegar þeir lesa frv. yfir þá eru nú margar tilvísanir í lagagreinar og lagabálka sem þarf að skoða miklu nánar en við gerum nú við 1. umr. Ég verð eiginlega samt að segja að ég harma að ekki skuli hafa verið gerð algjör endurskoðun á almannatryggingunum því að frá 1971 þegar þessi lög voru fyrst sett, en þau eru að grunni til frá 1971 eins og við vitum, hafa verið gerðar á þeim mörg hundruð breytingar og þær oft án þess að horft sé til laganna í heild. Nú er enn verið að gera allmargar til viðbótar og það tel ég ljóð á þessu öllu saman að við skulum ekki skoða almannatryggingalögin í heild sinni og breyta þeim og koma með ný almannatryggingalög. En þessar breytingar, þó að enn sé verið að breyta, eru yfirleitt engu að síður allar til bóta og löngu tímabærar.

[11:51]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur gert þessu frv. góð skil. Það er nokkuð ítarlegt og flókið er að fara yfir það því að breytingarnar sem hér eru lagðar til samfléttast nokkrum lagabálkum. Tilvísanir í lagagreinar eru margar. Ég treysti því að hv. heilbr.- og trn. fari vel yfir frv. og að við fáum þar góða kynningu.

Við fyrstu sýn líst mér vel á þær breytingar sem hér eru lagðar til. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði áðan að frv. væri eins og vorhreingerning. Hér er ekki verið að flytja, ekki stórhreingerning og ekki verið að leggja fram nýtt frv. um almannatryggingar. Það eru ekki fardagar. En ég tel að þetta séu að langmestu leyti þarfar breytingar og til bóta.

Ég ætla ekki að fara sérstaklega yfir frv. en mig langar nú við 1. umr. að minna á frv. sem ég mælti fyrir í gær um breytingu á 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar

sem varðar sjúkraflug. Ég óska eftir því að hv. heilbr.- og trn. fjalli um það frv. samhliða yfirferð þessa frv.

[11:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. ræðumönnum sem hafa tekið til máls fyrir jákvæðar undirtektir við frv. Að sönnu er rétt að hér er tekið á nokkrum atriðum en því miður bíður heildarendurskoðun almannatryggingalaga enn þá. Oft hefur komið fram í umræðum á Alþingi að það er verkefni sem búið er að standa til mjög lengi, þ.e. oft er búið að gera atrennur að því. En þetta er nú sennilega flóknasti lagabálkur sem til er í lagasafninu þannig að ég lýsi þeirri skoðun að sú endurskoðun er ekkert áhlaupaverk. Ég tek undir það að auðvitað þyrfti að fara fram heildarendurskoðun á almannatryggingalögum og það þyrfti að einfalda þau. En ýmis önnur markmið koma í veg fyrir það. Verið er að taka tillit til vissra hópa í samfélaginu sem höllum fæti standa. Ýmis sérákvæði koma í veg fyrir einföldun. Það er alveg ljóst. Þetta er því ekkert mjög auðvelt viðfangs. En ég tek undir það að heildarendurskoðun þyrfti að fara fram.

Ég vona að framkvæmd laganna hvað þessi atriði varðar verði betri við þetta frv. Auk þess sem hugtök eru þar gerð skýrari eru reyndar í því líka nokkur atriði til bóta fyrir viðskiptavini Tryggingastofnunar.

Hv. 15. þm. Reykv. spurði nokkurra spurninga, t.d. hvort málefni námsmanna yrðu skoðuð eða tryggingar þeirra erlendis, hvort fortíðin yrði skoðuð í þeim efnum. Ég get upplýst að ráðuneytið hefur lagt nokkra vinnu í að fylgjast með þróuninni í þessum efnum og að námsmenn haldi réttindum sínum erlendis. Hins vegar er það rétt sem kom fram hjá ræðumanni að lögin eru ekki afturvirk. Ég tel eigi að síður þörf á því að fylgjast með þróuninni í þessum efnum.

Hún spyr hvort uppi séu áform um breytingar á lögum um fæðingarorlof og tók réttilega fram að það er á málasviði félmrh. Ég get því ekki svarað þeirri spurningu. Hins vegar get ég sagt það sem skoðun mína að ef upp koma einhverjir hnökrar við framkvæmd nýrra laga að þá er það mín skoðun að menn eigi að taka það til skoðunar. Ég get ekki svarað fyrir hæstv. félmrh. í þessu efni. Þetta er svona almenn skoðun mín.

Síðan kom hv. ræðumaður að stórmáli sem er tölvukostur Tryggingastofnunar og þjálfun starfsfólks. Ég hef margsinnis rætt þessi mál við forstjóra Tryggingastofnunar og yfirmenn þar og við erum að leita leiða í tölvumálum. Brýn þörf er á að endurbæta tölvukost stofnunarinnar og unnið er að því að leita heppilegustu leiða í því efni og við höfum haft náið samráð um það. Því miður sér ekki fyrir endann á því. Eigi að síður er nauðsynlegt að taka á í þeim efnum.

Varðandi þjálfun starfsfólks þá veit ég að vilji er til þess að sú þjálfun sé sem best og ef ráðuneytið getur eitthvað aðstoðað í því efni þá er það opið frá minni hálfu. Ég tel mikla þörf á því. Eins og hv. þm. þekkir er þetta ekki einföld starfsemi sem þarna fer fram. Þessi réttindamál eru mikill frumskógur þannig að auðvitað er mikil þörf á að verja fjármagni, fyrirhöfn og tíma í þjálfun starfsfólks, þess ágæta fólks sem þar vinnur, ekki síst þegar breytingar eru. Það er algengt að breytingar verða á þessari löggjöf.

Varðandi sex mánaða regluna og undanþáguákvæði þá eru þau ekki í frv. Viss vandkvæði eru í því, en ég vísa því til hv. heilbr.- og trn. að fara yfir þessa grein. Ég held að slíkt undanþáguákvæði yrði að vera vel skilgreint. Ég er auðvitað tilbúinn að hlusta á tillögur í því efni en undanþáguákvæði í slíku er vandmeðfarið og þyrfti þá að byggjast á einhverjum ákveðnum aðstæðum sem liggja utan við þessa sex mánaða reglu.

Hv. ræðumaður telur sjúkradagpeninga skammarlega lága. (**ÁRJ:** Og vasapeningarnir.) Og vasapeningarnir, já. Því miður eru ekki ákvæði um þá inni í þessu frv. Hins vegar hef ég hug á því og hef lagt drög að því að farið verði yfir það mál. Ég hef í hyggju að setja af stað vinnu varðandi vasapeningana og sjúkradagpeningana. Ég tel þörf á því að fara yfir fyrirkomulag þeirra mála og hyggst leggja vinnu í það á næstunni.

Ég tel að ég hafi farið yfir þær spurningar sem beint var til mín og svarað þeim eins og mér er unnt á þessu stigi. Að öðru leyti þakka ég fyrir góðar undirtektir við frv. og ég veit að hv. heilbr.- og trn. fer yfir það eftir föngum.

[12:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við þeim spurningum sem komu fram. Ég heyrði á honum að verið er að vinna í tækjakosti eða reyna að leysa þann vanda sem Tryggingastofnun stendur frammi fyrir hvað varðar tölvumálin. Ég spurði: Gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir að búið verði að leysa þau mál þannig að Tryggingastofnun geti farið eftir þessum lögum eins og gert er ráð fyrir í sambandi við vélræna samkeyrslu og allt það sem þessi lög fela í sér, að búið verði að leysa vanda Tryggingastofnunar í tölvumálum áður en lögin koma til framkvæmda þannig að stofnunin fari eftir þeim og geti það?

[12:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það hlýtur að vera takmark okkar að Tryggingastofnun geti farið eftir þessum lögum. Þau eiga að taka gildi um næstu áramót og við leitum auðvitað leiða til þess. Þarna er um stórt mál að ræða. Við höfum á þessu stigi ekki í höndunum þá fjármuni sem þarf til að svara ýtrustu kröfum í þessu efni en vinnan er í gangi og við munum leita leiða til þess að hægt sé að fara eftir þessum lögum. Það er auðvitað mjög slæmt, og tek ég þá vægt til orða, ef tækjakostur Tryggingastofnunar er þannig úr garði gerður að ekki verði hægt að fara að þeim lögum sem stofnunin á að starfa eftir. Það gengur náttúrlega ekki og við einbeitum okkur að því að leysa þau mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:04]

Útbýting þingskjala:

Gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða, 442. mál, þáltill. KPál og GHall, þskj. 709.

Tollalög, 441. mál, frv. MS o.fl., þskj. 708.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 57. mál. — Þskj. 57.

[12:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 57, um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja, sem hér er flutt í annað sinn. Hún var flutt í fyrsta sinn á síðasta þingi.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhann Ársælsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir og Gísli S. Einarsson.

Efni tillögunnar er að fela ríkisstjórninni í samráði við samtök aldraðra og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega svo að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín. Þá skal sérstaklega taka tillit til sérstöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Í tillögunni stendur að gert sé ráð fyrir að samningur um afkomutryggingu taki gildi frá og með 1. janúar 2002 en því hefði átt að breyta. Þetta er miðað við málið eins og það var lagt fram í fyrra. Nú hefði átt að standa 1. janúar 2003 og bið ég þá nefnd sem fær málið til meðferðar að veita því athygli en gert er ráð fyrir að frá þeim tíma verði þessi samningur undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Til að ná því markmiði sem að er stefnt og ég hef hér lýst er gert ráð fyrir að taka upp viðræður við stjórnvöld, samtök lífeyrisþega með nýjum samningi um afkomutryggingu og að þessi samningur verði þá undirstaða almannatrygginga.

Það er full ástæða, herra forseti, til að fara nokkrum orðum í tengslum við tillöguna um stöðu og aðbúnað aldraðra og öryrkja í þjóðfélaginu. Ljóst er að þó að kjör aldraðra og öryrkja séu mismunandi eins og annarra hópa í þjóðfélaginu er það allt of stór hópur aldraðra og öryrkja sem býr við bágborið ástand og í heild hafa þessir hópar ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í góðæri liðinna ára. Í þessum ræðustól og víðar, einnig hjá samtökum aldraðra og öryrkja, hafa verið dregnar fram í dagsljósið skýrar upplýsingar um að þessir hópar hafi ekki fengið með sambærilegum hætti hlut af góðærinu.

Sú staðreynd að t.d. meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu. Í skýrslu um kjör öryrkja sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsrh. og var lögð fram á Alþingi, sennilega fyrir tveimur árum, kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Það er einnig athyglisvert að 22% ellilífeyrisþega, 5.855 manns, voru með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði árið 1999 þegar þessar upplýsingar voru skoðaðar.

Það er enn fremur athyglisvert, herra forseti, og ber að draga fram í þessari umræðu að kjör aldraðra hafa ekki bara dregist aftur úr öðrum, þ.e. lífeyrisgreiðslur þessara hópa, heldur er svo komið að þessir hópar, ellilífeyrisþegar og öryrkjar sem ekki greiddu skatt á árinu 1995 af þeim litla lífeyri sem þeir höfðu frá almannatryggingum, greiða nú sem samsvarar eins mánaðar lífeyri þeirra frá almannatryggingum í skattgreiðslu til ríkissjóðs. Það sýnir glöggt hvernig ríkisstjórnin hefur í raun sett þessa hópa til hliðar og ekki veitt þeim það sem þeim ber og aðrir hafa fengið í þjóðfélaginu.

Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. heilbrrh., og vænti ég að hann heyri mál mitt þótt hann standi í hliðarsal, hvort eitthvað sé í undirbúningi, herra forseti, af hálfu heilbr.- og trmrn. og heilbr.- og trmrh. til að bæta kjör og stöðu aldraðra og lífeyrisþega í þjóðfélaginu.

(**Forseti** (ÍGP): Ég vil tryggja að hæstv. heilbrrh. heyri þessa spurningu hv. þm., ef hv. þm. vildi endurtaka spurninguna.)

Já, ég var að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra í tengslum við þessa tillögu um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja hvort eitthvað væri í undirbúningi á vegum ráðuneytis hans eða ríkisstjórnarinnar til að tryggja betur afkomu ellilífeyrisþega og öryrkja. Það er ekki nóg, herra forseti, eins og gerst hefur hér ár eftir ár, að hreyta einhverjum molum af borði ríkisstjórnarinnar til elli- og örorkulífeyrisþega sem ekki einu sinni ná því að halda í við launavísitöluna enda hafa þessir hópar dregist verulega aftur úr. Það sem vantar er að taka með heildstæðum hætti, herra forseti, á málum þessara hópa og bæta þeim það upp sem þeir hafa dregist aftur úr öðrum hópum á umliðnum árum. Samtök aldraðra settu fram fyrir 2–3 árum og kynntu ríkisstjórninni að verulega vantaði upp á að aldraðir hefðu t.d. hlutfallstekjur á við verkamannalaun miðað við árið 1991 eins og var fyrir tveimur árum. Auðvitað þarf að skoða líka miklu betur samspil lífeyrisgreiðslna almennt úr lífeyrissjóðum almannatrygginga og miða við að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín og að miðað sé við að þessir hópar geti framfleytt sér með eðlilegum hætti í þjóðfélaginu. Þess vegna spyr ég: Er eitthvað á borði hæstv. heilbr.- og trmrh. sem gefur vonir um að með heildstæðum hætti sé verið að vinna í málum þessara hópa?

Ég bendi t.d. á, herra forseti, að ef litið er á hækkun lífeyrisgreiðslna hjá einstaklingum og horft á meðaltal milli áranna 2000 og 2001 hafa tryggingagreiðslur hækkað minna en bæði neysluverðsvísitalan og launavísitalan. Og það eru lög, herra forseti — mig minnir að þau hafi verið sett 1998 — sem við, a.m.k. í stjórnarandstöðunni og samtök þessara hópa, höfum túlkað þannig að ættu að tryggja að lífeyrisgreiðslur héldu í við launavísitöluna. Hér hef ég upplýsingar undir höndum sem sýna að þó að ellilífeyrir hjóna og örorkulífeyrisgreiðslur hafi haldið nokkuð í við neysluvísitöluna þarf að skoða sérstaklega ellilífeyrisgreiðslur og örorkulífeyri einstaklinga, bara með tilliti til þess að þær greiðslur haldi í við launavísitölu, þótt ekki væri nema að halda í við neysluvísitölu vegna þess að meðaltal milli áranna 2000 og 2001 sýnir að hækkunin á ellilífeyri einstaklinga hefur verið 4,7%, hækkun neysluvísitölu 5,1% og hækkun launavísitölu 6,6%. Ég spyr, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra hafi skoðað þessa útreikninga sem ég hér nefni og hvort verið sé að vinna að einhverri heildstæðri stefnumótun *í ráðuneytinu til að tryggja betur kjör þessara hópa.* Ég hygg að það sé ekki undir 3–5 milljörðum, sennilega ekki undir 5 milljörðum, sem þarf að setja til að auka lífeyrisgreiðslur til þessara hópa til þess einungis að þeir haldi í við það sem aðrir hafa fengið á umliðnum árum. Sú tillaga sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir því að þessir fjármunir verði settir til að bæta kjör þeirra sem ég hef hér lýst.

Þegar þetta mál var lagt fram við fjárlagaafgreiðslu í fyrra settum við einmitt fram tillögu við fjárlagagerðina sem mæta átti þessum kostnaði og við erum vissulega tilbúin til að setjast yfir það með hæstv. ríkisstjórn ef hún er tilbúin til að skoða þá leið sem við leggjum hér til, hvernig eigi að afla peninga í þetta brýna verkefni. Ég held að fátt sé eins brýnt í þjóðfélaginu og að bæta stöðu þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem verst eru settir.

Nú er það ekki svo, herra forseti, að elli- og örorkulífeyrisþegar, sá fjölmenni hópur, séu eitthvað þungir á fóðrum í velferðarkerfinu. Velferðarkerfið á Íslandi er t.d. miklu veikara hér en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld ríkissjóðs hér mun minni en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum. Í samantekt sem

Kristinn Karlsson hjá Hagstofunni tók saman í október 1999 um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum árið 1997 kemur fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála aldraðra og öryrkja, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru langlægst hér á landi. Á Íslandi er hlutfallið 7,7% af landsframleiðslu en allt upp í 17,3% af landsframleiðslu í Svíþjóð, 14,6% í Danmörku, 13,9% í Finnlandi og 12,4% í Noregi.

Þessi samanburður sýnir glöggt að miklu minni hluti af landsframleiðslu fer til útgjalda bæði til félags- og heilbrigðismála fyrir aldraða og öryrkja en á hinum Norðurlöndum og munar þar allt að helmingi ef borin eru saman Danmörk og Ísland.

Herra forseti. Það mætti fara út í ýmsa aðra þætti sem sýna stöðu öryrkja, t.d. húsnæðismál. Þar er orðinn langur biðlisti hjá t.d. Öryrkjabandalaginu. Hópur öryrkja býr við neyðarástand í húsnæðismálum eins og á leigumarkaðnum. Mig minnir að um 400 manns bíði þar eftir leiguíbúðum. Síðast þegar ég skoðaði málið — ég veit ekki hvernig staðan er nákvæmlega núna — var þegar þessi þáltill. var samin. Þá biðu um 600 aldraðir eftir hjúkrunar- eða þjónustuíbúðum og stærstur hluti þessa hóps var í mjög brýnni þörf fyrir húsnæði, aðhlynningu eða þjónustu. Við þekkjum að kjör þessara hópa hafa verið að versna, t.d. vegna hækkunar á fasteignagjöldum hjá þeim sem þó eiga og búa í eigin húsnæði. Við þekkjum að kjör þeirra sem eru á leigumarkaðnum hafa einnig verið að versna vegna þess að ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir aldeilis óskiljanlegri hækkun á vöxtum á leiguíbúðum sem samstaða var um í þjóðfélaginu að hafa hér bara 1% þó að illa áraði á árum áður í þjóðfélaginu. En nú eru þessir vextir ekki undir 3,5% og komnir jafnvel upp í 4,9% í sumum tilvikum að því er varðar leiguíbúðir. Þetta hefur sagt mjög afgerandi til sín í kjörum þessara hópa.

Allir þekkja það sem hér hefur gengið á varðandi hækkun á því sviði sem heilbrrh. fer með, þ.e. hækkun á læknisþjónustu og lyfjakostnaði sem ekki síst bitnar á þeim hópum sem hér er um að ræða. Við erum að tala um að á tiltölulega stuttum tíma, kannski einu ári, hafi einn milljarður verið tekinn í aukinn lyfja- og lækniskostnað hjá sjúklingum og það hefur bitnað á þessum hópum þó að ráðherrann hafi reynt með ákveðnum hætti að reyna að halda þannig á málum að minni hluti þessara hækkana komi til þeirra sem verr hafa það.

Ég vil minna á að í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum nú fyrir jólin varaði formaður Landssambands eldri borgara, Benedikt Davíðsson, mjög sterklega við auknum gjaldtökum í heilbrigðiskerfinu sem hann sagði bitna með fullum þunga á öldruðum. Hann lagði fram athyglisverða samantekt á breytingum á komugjöldum til sérfræðinga og röntgenrannsókn þar sem kemur fram að hækkunin 1. júlí á liðnu ári var á bilinu 20%–66,7%. Síðan þekkjum við þessa nýlegu hækkun um áramótin sem er veruleg og skiptir hundruðum prósenta í sumum tilvikum og hefur veruleg áhrif á neysluvísitöluna, herra forseti. Mig minnir að hækkun lyfja- og lækniskostnaðar hafi átti að hækka vísitöluna um 0,11%.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er búinn. Ég hefði getað sagt meira um þessi mál en óska þess að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. svari þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hans.

[12:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. spyr hvort eitthvað sé á döfinni í heilbrrn. eða hjá ríkisstjórn í málefnum aldraðra og öryrkja. Ég vil minna á að stigin voru skref í málefnum þeirra á liðnu ári, fyrst í upphafi árs í tengslum við öryrkjadóminn, síðan á miðju ári þegar bætur hækkuðu og það fór inn í grunn á þessu ári. Það voru um 700 millj. á síðasta ári og síðan 1,4 milljarðar í hækkun bóta til þeirra sem höfðu lægstar tekjur.

Ég tek undir það að auðvitað þarf að halda vinnunni áfram varðandi kjör þessara hópa. Ég hef hug á því að fara yfir vísitöluna og hækkun bóta og kalla til mín fulltrúa þessara hópa til þess að fara yfir þau mál og fara þá yfir þær tölur sem m.a. hv. þm. var að nefna. Hins vegar verð ég að segja það alveg eins og er og í allri hreinskilni að ég hef ekki umráð yfir 5 milljörðum til þess að uppfylla tillögur hv. þm. Það væri mjög æskilegt ef maður hefði það en því miður hef ég þær fjárupphæðir ekki milli handanna. Eigi að síður er þörf á því þegar fjárlagagerð er undirbúin nú að fara yfir þessi málefni og ég tel að sú hækkun sem var á síðasta ári sé ekki endapunktur. Auðvitað væri æskilegt að ganga lengra en það takmarkast af þeim fjármunum sem tryggingakerfið hefur á milli handanna. En við höfum fullan hug á því í ráðuneytinu að vinna að þessu máli.

[12:22]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hæstv. ráðherra segir að hann hafi ekki 5 milljarða milli handanna til þess að skila aftur til öryrkja og aldraðra þá er þetta alltaf spurning um forgang hverrar ríkisstjórnar að því er varðar þessi mál. Þessi ríkisstjórn hefur talið sig hafa efni á því að lækka verulega skatta til stóreignamanna og stórfyrirtækja svo að skiptir nokkrum milljörðum kr. svo að dæmi sé tekið og ég hefði haldið að þessir fjármunir væru betur komnir í vösum aldraðra og öryrkja en hjá þessum aðilum.

Af ýmsu öðru má taka. Sérfræðiaðstoð hefur blásið út hjá ríkinu á undanförnum árum og munar þar 2–3 milljörðum sem hún hefur blásið út á stuttum tíma. Kostnaður og yfirbygging hjá ráðuneytunum hækkaði verulega umfram almennar verðlagshækkanir á liðnu ári þannig að allt er þetta spurning um forgang. Ég geri mér vissulega grein fyrir að hæstv. ráðherra ræður ekki einn í þessari ríkisstjórn.

Við skuldum öldruðum og öryrkjum að gert verði sérstakt átak og málefni þeirra sett í sérstakan forgang. Ég met það auðvitað að hæstv. ráðherra ætti að kalla fyrir sig aldraða og öryrkja til að fara yfir þeirra mál og þeirra stöðu og hvernig þeir hafa þá verið hlunnfarnir að því er varðar vísitöluhækkanir sem ég held að liggi alveg á borðinu. En það er ekki nema hluti af því máli sem ég er að tala um. Við þurfum að marka okkur stefnu til framtíðar í málefnum þeirra, setja fram áætlun þar sem við réttum kjör þeirra og bætum þeim það sem af þeim hefur verið tekið á umliðnum árum. Eftir því er ég að kalla, herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Megum við ekki eiga von á því að núna í tengslum við þær aðgerðir sem ríkisstjórnin er að beita sér fyrir til að lækka verðlag að farið verði a.m.k. út í það að lækka eitthvað lyfja- og lækniskostnað aldraðra og öryrkja, en um 500 millj. voru teknar af þessu fólki með þeim hækkunum sem ráðherrann og ríkisstjórnin beittu sér fyrir fyrir jólin.

[12:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. flutti stutta ræðu um forgangsmál. Ég verð að taka það fram að ég vil ekki setja það þannig upp að skattalækkun til fyrirtækja þurfi endilega að þýða tekjulækkun til ríkissjóðs. Atvinnulífið skilar tekjum til ríkissjóðs. Við viljum að það sé öflugt. Það er undirstaða alls og það er undirstaða þess að við getum aflað 5 milljarða. Síðan var nefndur sérfræðikostnaður og yfirstjórn ráðuneyta. Þetta er gömul plata í þessari forgangsumræðu. Vissulega þarf að sýna aðhald þar en þjóðfélagið er flókið og sérfræðikunnátta þarf að vera fyrir hendi. Ríkisstjórnin og ráðamenn þurfa hana, en ég get tekið þá umræðu síðar.

Hitt vil ég láta koma fram, af því að hv. þm. spurði, að það er einmitt á þessum degi verið að taka ákvarðanir um að lækka kostnað við læknisþjónustu, bæði í heilsugæslu og sérfræðikostnað þannig að komugjald á heilsugæslustöðvar og fastagjaldið í komugjaldi til sérfræðinga verður lægra en það var þegar þau voru hækkuð. Við munum lækka komugjaldið í heilsugæslunni um helming. Einnig verður komugjaldið til sérfræðinga lækkað eða fastagjaldið. Það er verið að taka ákvörðun um þetta núna og reglugerð verður gefin út um það í dag.

[12:27]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeim upplýsingum sem hér komu fram hjá hæstv. ráðherra, fagna því að á þessum degi sé verið að taka ákvarðanir um að létta nokkuð á þeim sjúklingasköttum sem voru lagðir á fyrir jólin. Þeir voru með eindæmum og íþyngja mjög mörgum heimilum í landinu, ekki síst þeim hópum sem við erum að ræða, öldruðum og öryrkjum. Ég fagna því sérstaklega ef verið er að fara með komugjöldin lægra en þau voru fyrir jólin. Þetta er mjög jákvætt og ég fagna þessu.

Þetta staðfestir auðvitað það sem við í stjórnarandstöðunni héldum fram fyrir jólin, að ríkisstjórnin hefur farið offari gagnvart sjúklingum. Hún fór ekki rétt að ráði sínu þegar hún lagði til hækkun á þessum gjöldum, þ.e. komugjöldunum í heilsugæsluna og hækkun á sérfræðikostnaði og lyfjum með þeim afleiðingum sem þessi hækkun hafði á neysluvísitöluna sem mig minnir að hafi verið 0,9% fremur en 0,11%. Því lá auðvitað beint við, ef ríkisstjórnin ætlaði sér á annað borð að taka þátt í því átaki sem nú er í gangi í þjóðfélaginu til þess að lækka verðbólguna, að lækka þessi gjöld á sjúklinga. Ég fagna því á þessum degi að ráðherrann hefur í þessum ræðustól staðfest það að sú leið hefur verið farin.

[12:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að taka þátt í þessari umræðu um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Samfylkingin vill tryggja kjör aldraðra og öryrkja. Hér liggur fyrir ákveðin tillaga um að fela ríkisstjórninni í samráði við samtök aldraðra og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega svo enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín og jafnframt taka tillit til sérstöðu ungra öryrkja.

Jafnframt því að við flytjum þessa sérstöku tillögu um afkomutryggingu er alveg ljóst að vinna verður heildarstefnumörkun í málefnum aldraðra og öryrkja því að svo mjög hefur dregið úr stuðningi við þessa hópa og aukist bilið í samfélaginu á milli þeirra sem hafa mikið og þessara hópa sem hafa mjög lítið.

Samfylkingin telur að með þessari tillögu væri hægt að koma á breytingum sem mundu skipta miklu máli. Jafnframt þarf að taka upp viðræður milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Þannig gætu þeir aðilar rætt saman sem sinna þurfa þeim sem eiga undir högg að sækja, hvort heldur eru láglaunaðir aldraðir eða öryrkjar. Þetta eru þeir aðilar sem þeir sækja til, sveitarfélagið, aðilar vinnumarkaðarins með lífeyrissjóðina og ríkið, ekki síst þegar eitthvað bjátar á af félags-, heilsufars- eða öðrum ástæðum.

Rauði þráðurinn í málflutningi Samfylkingarinnar er að enginn í okkar þjóðfélagi eigi að una fátækt eða öryggisleysi. Það er líka rauði þráðurinn í umræðunni hjá Samtökum aldraðra þar sem við þingmenn erum af og til kallaðir til. Ég hef farið á fjölmenna fundi hjá Samtökum aldraðra, sem hafa haldið sameiginlega fundi aldraðra í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Þetta hafa verið yfir 300 manna fundir. Þeir benda á að taka þurfi á varðandi þennan samfélagshóp og leggja höfuðáherslu á að rétta hlut þeirra lægst launuðu. Lagfæra hlut þeirra sem búa við greiðslur frá hinu opinbera og frá almannatryggingum, sem eru allt of lágar.

Herra forseti. Í upphafi máls míns langar mig til að nefna fund sem við fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði sátum í upphafi þessarar viku. Á þeim fundi var verið að kynna niðurstöðu skýrslu um réttindi Norðurlandabúa. Starfshópur undir forustu Ole Norrback, sem er fyrrum ráðsmaður og ráðherra, vann skýrslu um hvar væri ábótavant í réttindum Norðurlandabúa. Ég held að það hafi komið okkur öllum á óvart sem sátum þennan fund að uppgötva við lestur þessarar skýrslu og framsögur ræðumanna hversu víða pottur er brotinn, þrátt fyrir að Norðurlandasamningar séu fyrir hendi. Við höfum talið að við byggjum við sömu réttindi, óháð því hvort værum á Íslandi eða í Noregi, en svo er ekki. Hins vegar er góður vilji fyrir því í Norðurlandaráði að gera úrbætur þannig að samningar verði virkir og réttindi tryggð.

Ég ætla ekki að fara frekar í þessa skýrslu en hef hugsað mér að leita eftir því að hún verði rædd og við sem sátum þennan fund eigum möguleika á að koma því á framfæri við hv. Alþingi hversu víða þarf að taka á málum í þessum efnum.

Ég vil þó minnast á einn þátt sem skýrslan tók ekki beinlínis til, né fellur hann undir bein réttindi sem Norðurlandabúar eiga þrátt fyrir þennan góða Norðurlandasamning. Ég benti á hann við þessa umræðu. Hann varðar það fólk sem af einhverjum ástæðum ákveður að setjast að í öðru landi en þar sem það hefur skapað sér réttindi. Við getum t.d. tekið mið af ellilífeyrisþega sem, eftir að hann er kominn á eftirlaun eða tryggingagreiðslur, ákveður t.d. að setjast að í Danmörku. Það gæti verið af fjölskylduástæðum eða hvaða ástæðum sem er. Þá fær hann greiddar tryggingagreiðslurnar eins og þær eru á Íslandi. Þær yrðu millifærðar til Danmerkur. Þá kemur auðvitað upp sú staða að greiðslurnar sem ellilífeyrisþeginn frá Íslandi á að lifa af eru í engu samræmi við greiðslurnar sem ellilífeyrisþegi í næsta húsi býr við, sem fær slíka greiðslu frá Danmörku. Af hverju er þetta? Þetta er pólitík. Ástæðan er mismunandi pólitík í Danmörku og á Íslandi. Í Danmörku og annars staðar á Norðurlöndunum hafa menn lagt miklu meiri áherslu á að bæta hag þessara hópa, öryrkja, barnafólks, aldraðra.

Eins og fram kom í máli Jóhönnu Sigurðardóttur, sem er 1. flm. að þessu þingmáli Samfylkingarinnar, er velferðarkerfið á Íslandi miklu veikara en annars staðar á Norðurlöndum, útgjöld ríkissjóðs minni en annars staðar og greiðslur til

fólks sem sækir greiðslur til hins opinbera, t.d. í gegnum Tryggingastofnun ríkisins, í engu samræmi við það sem fólk í nágrannalöndunum fær. Við verðum að muna að greiðslur og aðbúnaður aldraðra snýst um pólitík. Það er óásættanlegt hve illa öldruðum er sinnt hjá okkur hvað þetta varðar og að minni hluti þeirra fái góð eftirlaun.

Ég vil líka nefna, virðulegi forseti, af því að komið var inn á það hér, að það hefur dregið í sundur í gegnum árin með greiðslur almannatrygginga og lágmarkslauna, að nú eru lágmarkslaunin um 90.000 á mánuði. Grunnlífeyrir er tæp 20.000, eða 19.990 kr., og tekjutryggingin innan við 35.000, eða 34.372 kr. Samtals 54.362. Við vitum að hjá einstaklingi getur komið til heimilisuppbót og tekjutryggingarauki. Tekjutryggingaraukinn er upp á 15.257 en fyrir manneskju í sambúð kemur bara hluti tekjutryggingaraukans.

Þetta segir okkur að við verðum að gera betur. Við verðum að taka á í málefnum þeirra sem búa við lakari kjör en þorri almennings og við eigum að gera best við aldraða. Það er þjóðfélagshópurinn sem skóp þetta samfélag. Það er í raun og veru verið að brúa skammt bil á milli aðstæðna sem gilda í dag og þess sem verður þegar fólkið sem nú er á vinnumarkaði, þar með þorri kvenna, fer á eftirlaun. Þá munu allir eiga réttindi úr lífeyrissjóði.

Herra forseti. Þetta á að vera sameiginlegt markmið okkar allra.

[12:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem upp til að lýsa stuðningi mínum og flokks míns við tillöguna sem við erum hér að ræða, um afkomutryggingu aldraða og öryrkja. Við teljum um afar nauðsynlegt mál að ræða og þarft að skipa málum í þjóðfélagi okkar á betri veg en verið hefur. Á undanförnum árum hafa verið miklar deilur um afkomu öryrkja, aldraðra og ýmissa hópa sem af einhverjum ástæðum hafa ekki unnið sér inn eðlilegan rétt til lífeyris eða trygginga. Ég tel að með því markmiði sem að er stefnt í þessari þáltill., að teknar verið upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu, sé mörkuð afar jákvæð stefna fyrir framtíðina. Ég þakka þingmönnum Samfylkingarinnar fyrir þessa tillögu.

Við í stjórnarandstöðunni höfum öll flutt eða stutt ýmsar tillögur í þá veru að bæta hag öryrkja, aldraðra og annarra sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Ég vil lýsa því yfir að við í Frjálslynda flokknum styðjum heils hugar þá tillögu sem hér er flutt.

Ég vil einnig taka undir það sem segir í greinargerð með tillögunni, með leyfi forseta:

„Þjóðfélag getur ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör."

Undir þetta vil ég taka. Það þarf vissulega að bæta úr hér á landi eins og fram kom í máli hv. 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, og einnig áðan í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Staða öryrkja og aldraðra er miklu lakari hér á landi en í nágrannalöndum okkar og þarft að taka á þessu máli þessum hópum til hagsbóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 266.

[12:40]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Þessi þáltill. hefur nokkrum sinnum verið flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar en í þetta sinn er hún flutt af þingmönnum úr öllum flokkum. Ásamt mér flytja þessa tillögu hv. þm. Katrín Fjeldsted, Ögmundur Jónasson, Magnús Stefánsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Herra forseti. Því ber að fagna við þessa umræðu að við höfum náð saman um þessa tillögu, þingmenn úr öllum flokkum. Það gefur henni vissulega gildi og meiri möguleika og vonir um að þessi tillaga nái fram að ganga. Það er til vansa hvernig þessum málum er skipað í okkar þjóðfélagi og alveg ótrúlegt þegar gerður er samanburður á veikindarétti foreldra vegna veikra barna sinna hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum hver staðan er hér.

Í þessari tillögu segir að vísu að gert sé ráð fyrir sjö veikindadögum á Íslandi. Það hefur eitthvað breyst frá því þetta var sett hér á blað, veikindadagarnir eru víðast hvar orðnir tíu hér að hámarki. Það eru sem sagt greiddir tíu dagar á ári að hámarki fyrir börn undir 13 ára aldri, án tillits til þess hver sjúkdómurinn er, fjöldi barna eða hjúskaparstaða foreldra. Þegar litið er til Svíþjóðar þá eru greidd 90% launa í 120 daga á ári fyrir hvert barn 0–16 ára, meðan við greiðum tíu daga og það bara fyrir börn undir 13 ára aldri, meðan þeir fara upp í 16 ára aldur.

Í Finnlandi eru greidd 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Í Danmörku er greidd launauppbót, 90% launa til annars foreldris á meðan meðferð stendur og síðan má greiða launauppbót í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur. Í Noregi eru greiddir allt að 780 dagar, þar af 100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn 0–16 ára.

Við sjáum að hér er mikill munur og mikið óréttlæti. Það hlýtur að vera komið að því, herra forseti, að þingið manni sig upp í það að taka afstöðu til þess máls sem hér á ferðinni. Í þessum löndum, sem ég hef hér verið að lýsa, annars staðar á Norðurlöndunum, er þessi veikindaréttur greiddur úr opinberum sjóðum en ekki t.d. af atvinnurekendum.

Í þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem tryggi betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Í nefndinni verði fulltrúar félmrn., heilbr.- og trmrn., aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna.

Ég held, herra forseti, og bið nefnd sem fær málið til meðferðar að skoða það, að fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins eigi fullt erindi í slíka nefnd. Tryggingastofnunin hefur t.d. sérstaklega verið að skoða réttindi langveikra barna og býr yfir mikilli þekkingu í þessu máli þannig að ég tel að fulltrúi þeirra ætti líka að taka sæti í þessari nefnd.

Lagt er til að niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi árið 2002.

Hér á landi hafa aukin réttindi helst beinst að því að tryggja betur réttindi langveikra barna og er það vel. Þó er það svo að réttindi langveikra barna eru langt frá því

nægjanleg hér á landi. Það er fyrst og fremst í gegnum umönnunarbætur sem langveik börn hafa meiri réttindi en þá tíu daga sem hér er getið um. Þar hefur nokkuð verið reynt að bæta úr.

Það má líka benda á, varðandi langveik börn, að þegar meðferð barns lýkur t.d. vegna krabbameins lækka umönnunarbætur verulega, án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist geti hafið störf að nýju. Börn þurfa hins vegar oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegt líf eftir meðferð, t.d. krabbameinsmeðferð. Sum búa að auki við varanlegar afleiðingar af þeim sjúkdómi.

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til að skoða þetta mál. Ég hef mælt fyrir málinu nokkrum sinnum á þingi hér áður og fært fyrir því rök að nauðsynlegt sé að gera hér úrbætur og skoða málið með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem gildir annars staðar á Norðurlöndunum. Það er ljóst að foreldrar geta lítið sinnt veikum börnum sínum hafi þeir einungis tíu daga rétt og maður veltir fyrir sér hvort skoða mætti, í því úrlausnarefni sem hér þarf að takast á við ef nefnd fær málið til meðferðar, hvort ekki mætti tvinna saman veikindadaga foreldra almennt á vinnumarkaðnum og veikindadaga barna þannig að foreldrar gætu nýtt veikindadaga sína heima vegna veikra barna sinna.

Ýmislegt mætti skoða í þessu sambandi. Ég held að það væri alveg þess virði að skoða hvort taka ætti upp gömlu sjúkratryggingariðgjöldin og veita meiri tryggingarvernd, t.d. að því er þetta varðar. Ég held að það þurfi líka að taka upp slysatryggingar á börnum þannig að alvarlegt og varanlegt heilsutjón standi ekki óbætt hvað varðar örorku barnsins og skerta framtíðarmöguleika til náms og starfa ef slys ber að höndum. Þetta mál þarf að skoða mjög vel í heild og breidd. Ég hygg að þetta sé eitt af stóru málunum til þess að aðlaga og tvinna betur saman fjölskyldulíf og vinnumarkaðinn, þ.e. að fá úrbætur í þessu máli.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu fari málið til heilbr.- og trn. og síðari umr.

Ég fagna þó sérstaklega að endingu, herra forseti, enn og aftur að þverpólitísk samstaða hefur náðst um þetta mál. Ég geri mér miklar vonir um að við getum náð samstöðu um að afgreiða þetta mál, samþykkja þessa till. til þál. sem gerir ráð fyrir gífurlegum réttarbótum fyrir barnafjölskyldur í þessu landi.

[12:48]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns er ég meðflm. að till. til þál. um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna. Það má segja að sennilega hafi það fyrst borist til eyrna okkur í heilbr.- og trn. hve slæm staðan er, sérstaklega hjá langveikum börnum, við heimsókn frá fulltrúum foreldra þessara barna til nefndarinnar fyrir tveimur árum eða svo. Manni hnykkti eiginlega við þegar maður áttaði sig á hve munurinn er mikill milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

Reyndar er okkar fyrirkomulag ekki aðeins þannig að tíu veikindadagar séu greiddir að hámarki fyrir börn undir 13 ára aldri heldur erum við með nokkuð flókið fyrirkomulag. Það er oft svoleiðis í tryggingakerfi okkar, að því er mér virðist, að það er ógegnsætt. Það er erfitt fyrir fólk að átta sig á öllum rétti sínum. Ég held að hin Norðurlöndin standi sig sennilega betur hvað það varðar að fólk veit að hverju það gengur. Við stöndum okkur ekki endilega svo illa ef menn vita hvert þeir eiga að leita eftir aðstoðinni.

Það kemur fram í grg. með þáltill. að umönnunarbætur séu nú greiddar til foreldra 2.000 barna og þar af séu um 500 langveik börn. Mér finnst að þjóðfélagið þurfi að veita stuðning þeim foreldrum sem berjast með langveikum börnum sínum og okkur ekki ofverk að standa vel við bakið á þeim. Það er fjölskyldustefna sem sérhvert þjóðfélag hlýtur að hafa að leiðarljósi, að fólk með langveik börn fái allan þann stuðning sem þeir foreldrar þurfa.

Auðvitað eru margir foreldrar vel settir og þurfa ekki mikið á aðstoðinni að halda. Samt er það svo að staða fólks með langveik börn er nægilega erfið tilfinningalega. Sá sársauki sem fólk þarf að bera í þeirri viðureign er nægur þó ekki þurfi að koma til fjárhagsleg vandræði og öll þau mál bætist við.

Síðasti ræðumaður minntist á þann möguleika að foreldrar nýti sína veikindadaga. Mér finnst það eiginlega frekar hættuleg braut að fara út á. Ég held að foreldrum veiti ekki af veikindadögum sínum enda er samið um þá í kjarasamningum og vel rökstutt eftir því sem ég best veit. Ég held að þetta hljóti að vera viðbót og fyrst og fremst þurfi að horfa á réttindi langveikra barna og setja þau í algjöran forgang.

Síðan er gert ráð fyrir að með nefndarskipaninni sem tiltekin er í þáltill. verði farið yfir og borin saman aðstaða aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum og nefndin hafi hliðsjón af því hvernig að því er staðið annars staðar.

Herra forseti. Ég er mjög hlynnt þessari tilögu. Mér finnst þarna hreyft mjög þörfu máli og vil gera mitt til að þjóðfélagið veiti foreldrum veikra barna enn frekari stuðning, ekki síst langveikra barna.

[12:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða till. til þál. sem sá sem hér stendur er flm. að ásamt öðrum þó frumkvæði málsins hafi vissulega komið frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Fyrir það ber að þakka.

Málið snýst um aukin réttindi foreldra vegna veikinda barna. Samkvæmt tillögunni er ráðgert að skipuð verði nefnd til að útfæra þau réttindi betur hér á landi. Í tilögunni er sérstakega vitnað til þess og borið saman hvernig þetta er á hinum Norðurlöndunum.

Ég er mjög hlynntur því að þetta mál verði skoðað gaumgæfilega og réttarstaða foreldra langveikra barna skoðuð sérstaklega. Eins og 1. flm. tillögunnar kom að hér áðan er m.a. hægt að skoða þetta út frá þeim veikindarétti sem fólk hefur. Sá réttur er auðvitað mismunandi vegna þess að veikindaréttur fólks miðast við áunnin réttindi miðað við starfstíma. Það kann að vera liður í að nálgast svipaða réttarstöðu og tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum að fara þetta í skrefum, t.d. með því að útfæra það nánar, þ.e. hvernig megi nota áunninn veikindarétt miðað við starfsaldur í veikindum langveikra barna.

Ég held að þetta mál þurfi að skoða mjög gaumgæfilega, þ.e. hvernig eigi að útfæra það. En markmiðið er afar skýrt. Það þarf að auka réttindi foreldra til að vera hjá veikum börnum sínum og til þess að foreldrar hafi launarétt í þeim tilvikum. Undir það sjónarmið tek ég heils hugar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfallahjálp innan sveitarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 141. mál. — Þskj. 141.

[12:55]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skipulagða áfallahjálp innan sveitarfélaga þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Magnús Stefánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Katrín Fjeldsted. Ég vek athygli á því, herra forseti, að að tillögunni standa þingmenn úr öllum flokkum hér á Alþingi.

Tillagan hljóðar svo, herra forseti:

„Alþingi ályktar að ríkisstjórn í samstarfi við sveitarfélög komi á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga til að bregðast við þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum."

Herra forseti. Ég dreg enga dul á það að tilefni þessarar þáltill. er mannskætt og sorglegt sjóslys sem varð fyrir norðan þegar Una úr Garði fórst og með henni tveir ungir sjómenn. En til allrar hamingju bjargaðist annar hluti áhafnarinnar. Tilefni þessarar þáltill. er sú reynsla sem þeir sjómenn er lifðu þetta sorglega slys af hafa orðið fyrir. Hún er í stuttu máli sú, herra forseti, að hin svokallaða, ef svo má að orði komast, fyrsta hjálp, þ.e. björgunaraðgerðir og móttaka þegar í land var komið, hafi verið til fyrirmyndar. Hins vegar virðist pottur brotinn varðandi framhaldið.

Það að upplifa sjóslys eins og hér hefur verið nefnt eða önnur sambærileg slys, að komast lífs af úr því, snertir ekki aðeins líkamlega heilsu heldur ekki síður tilfinningaleg og andleg áhrif á viðkomandi og aðstandendur hans. Þetta snertir einnig vinnustaði sem geta upplifað mikla sorg í kjölfar slysa og þetta getur snert heilu byggðarlögin, eins og þekkt er í sögu landsins.

Ég vil vekja athygli á því að flestir þeirra sem björguðust úr því sjóslysi sem ég nefndi hér eru enn undir eftirliti lækna þó að langt sé um liðið frá því að þetta hörmulega slys átti sér stað, og eru sumir ansi illa haldnir. Það segir í rauninni allt sem segja þarf. Áfallið er mikið og þess vegna er mikilvægt fyrir þjóðfélagið í heild sinni að bregðast skipulega og skynsamlega við í því sem kalla mætti aðra og þriðju aðstoð.

Segja má að reynsla þessara aðila og margra annarra sé sú að skipulag þessara mála sé alls ekki sem skyldi hér á Íslandi. Þess vegna er þessi þáltill. lögð fram. Hún gerir í raun ráð fyrir því að kerfisbundnu skipulagi í áfallahjálp verði komið á í öllum sveitarfélögum á Íslandi og/eða í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga.

Hér er ekki aðeins um að ræða að byggja menn upp tilfinningalega og andlega. Þegar mannskæð slys verða verður það mikið álag á viðkomandi fjölskyldur. Það setur fjárhaginn í vanda og hefur jafnframt mikil áhrif á þá aðila sem tengjast björgunaraðgerðum, björgunarsveitarmenn, lögreglu, presta, lækna og hjúkrunarfólk og þannig má áfram telja. Vissulega er hjá mörgum þessara starfshópa afskaplega vel unnið en virðist þó á skorta að tengja einstaka hópa saman þannig að skipulega sé brugðist við. Tillagan gengur í raun út á að í hverju sveitarfélagi verði komið upp stjórnunarnefnd áfallahjálpar sem bregðist við strax þegar óhapp ber að höndum, meti aðstæður og kalli síðan til þá aðila sem á þarf að halda, taki með öðrum orðum frumkvæðið í að skipuleggja uppbyggingu áfallahjálparinnar á vinnustöðum, í samfélaginu öllu, hjá fjölskyldum og ekki síst einstaklingunum. Tillagan gerir í raun ráð fyrir að með slíkum kerfisbundnum hætti verði tilnefndir einstaklingar í slíka stjórnunarnefnd, aðalmenn og varamenn, og ávallt sé vitað hverjir séu á vaktinni hverju sinni og þeir geti brugðist við.

Í grg. með tillögunni er m.a. bent á að í slíkri stjórnunarnefnd þurfi að sitja fulltrúar heilsugæslu, þar sem læknisþekkingin er; prestar, sem gegna afskaplega mikilvægu starfi í slíkum tilfellum; lögreglumenn og björgunarsveitarfólk; fulltrúar peningastofnana, tryggingafélaga, skóla og atvinnulífs. Einnig má nefna félagsráðgjafa sem starfa í mörgum sveitarfélögunum og hafa sérkunnáttu í þessu.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á fulltrúum peningastofnana og tryggingafélaga. Hugsunin með því að slíkir aðilar eigi sæti í stjórnunarnefnd er sú að létta þeim áhyggjum af einstaklingum sem lifa af alvarleg slys að þurfa ekki að hafa áhyggjur af fjármálum heldur geti þeir einbeitt sér að því að byggja sig upp andlega, líkamlega og tilfinningalega og þurfi ekki að eyða orku sinni í fjárhagsáhyggjur sem slys hefur leitt yfir viðkomandi.

Jafnframt er, herra forseti, gert ráð fyrir að á landsvísu verði svokölluð yfirstjórn áfallahjálpar fyrir landið allt. Sú yfirstjórn yrði einstökum stjórnunarnefndum sveitarfélaga til aðstoðar með námskeiðahaldi, sérfræðikunnáttu og þar fram eftir götunum. Með öðrum orðum gengur þáltill. út á að fagfólk úr sem ólíkustum áttum komi að skipulagðri áfallahjálp innan einstakra sveitarfélaga, í samstarfi sveitarfélaga og með yfirstjórn. Það er trú flutningsmanna að með því verði komið á afskaplega mikilvægum forvörnum fyrir samfélagið í heild sinni, þ.e. með möguleikanum á að grípa til markvissra aðgerða við sorgarviðbrögðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Greinargerðin segir í raun allt sem segja þarf. Ég mælist til þess að að umræðu lokinni verði þáltill. þessari vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn.

[13:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi okkar þingmanna Frjálslynda flokksins við þessa tillögu. Ég tel afar þarft að komið verði á slíku fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir. Þegar alvarleg slys verða vill oft gleymast að vandi syrgjenda og eftirlifenda, ef um dauðaslys er að ræða, er mikill og af ýmsum orsökum eins og hv. flm. Hjálmar Árnason hefur gert hér grein fyrir í ræðu sinni.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um málið. Ég held að þessi tillaga sé afar þörf, að komið verði á því skipulagi að til staðar sé ákveðið ferli varðandi áfallahjálp í kjölfar alvarlegra slysa. Það er sjálfsagt að þannig verði staðið að málum.

Sá sem hér stendur stundaði lengi sjó og lenti því miður í því einu sinni að verða þátttakandi í alvarlegu slysi. Það er full þörf á þeirri tillögu sem hér er lögð fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:05]

Umræður utan dagskrár.

Málefni flugfélagsins Go-fly.

[13:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það voru slæm tíðindi sem almenningi bárust þegar það fregnaðist að lággjaldaflugfélagið Go-fly væri hætt að fljúga hingað til Íslands. Það var bylting fyrir íslenskar fjölskyldur, sérstaklega þær sem lifðu af lágum tekjum, þegar félagið hóf reglulegt áætlunarflug hingað. Í því fólst verulegur kaupmáttarauki. Fyrir ferðaþjónustuna skipti þetta flugfélag líka miklu máli. Á síðustu tveimur árum hefur það flutt tugi þúsunda farþega til Íslands. Það má velta því fyrir sér, herra forseti, hvort þessir farþegar hefðu komið hingað nema fyrir tilstilli þessa flugfélags. Kannanir sýna nefnilega að 70% af farþegum lággjaldaflugfélaga af þessu tagi eru hrein viðbót, fólk sem tekur sér beinlínis far vegna mjög lágra fargjalda. Þetta þýðir í reynd að þúsundir ferðamanna hafa komið hingað til lands aukreitis beinlínis vegna þessa félags.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. samgrh. sem hér er viðstaddur umræðuna hvort hann telji þetta ekki alvarleg tíðindi fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Ástæðan fyrir því að Go-fly hætti að fljúga hingað er að sögn forráðamanna félagsins há afgreiðslu- og lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt upplýsingum þeirra eru samanlögð afgreiðslu- og lendingargjöld um fjórðungi hærri hér á landi en í þeirri borg sem er næsthæst, þeirra sem þeir skipta við, en það er Munchen. Samkvæmt reynslu þeirra er það líka svo að afgreiðslugjöld á Keflavíkurflugvelli eru t.d. ríflega tvisvar sinnum hærri en í Kaupmannahöfn og fjórum sinnum dýrari en í Munchen. Ástæðan fyrir þessu, herra forseti, er fyrst og fremst skortur á samkeppni. Það er einfaldlega bara eitt fyrirtæki, IGS, sem hefur samninga við flugstöðina um aðstöðu til að afgreiða stórar farþegaþotur. Það er í mínum huga ekkert annað en skýrt dæmi um hreina og klára einokun. Öðrum fyrirtækjum hefur ekki tekist að ná samningum á jafnræðisgrundvelli. Eina smáfyrirtækið sem náð hefur samningi við Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður að sæta því að greiða hærra innritunargjald á hvern farþega en IGS.

Í desember árið 2000 kvað Samkeppnisstofnun upp þann úrskurð að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefði brotið gegn 17. gr. samkeppnislaga og gegn markmiði laganna með því að koma í veg fyrri samkeppni. Samkeppnisstofnun gaf flugstöðinni þá frest til fimm vikna, til 15. janúar, til að semja við fyrirtækið sem kærði til stofnunarinnar. Síðan var þessi frestur framlengdur um þrjár vikur til viðbótar. Réttu ári síðar er ekki enn kominn á samningur milli flugstöðvarinnar og fyrirtækisins sem kærði. Ástæðan er einföld: Flugstöðin beitir smærri félögin ójafnræði með því að krefjast hærri greiðslna á sérhvern farþega en stóra félagið þarf að greiða, fyrir utan óréttlát fastagjöld af innritunaraðstöðu sem hamla bersýnilega líka samkeppni.

Þessu hafa smáu félögin ekki viljað una. Þau hafa eðlilega hafnað samningum á þessum grundvelli. Þess vegna er engin samkeppni um þjónustu af þessu tagi og fyrir vikið hefur ekki tekist að lækka afgreiðslugjöldin. Það blóðugasta, herra forseti, er auðvitað að það er opinbert fyrirtæki sem ber hér ábyrgðina.

Skortur á samkeppni er samt ekki eina ástæðan. Hér á landi eru líka ákaflega háir skattar á farþega eins og hv. þm. Hjálmar Árnason hefur t.d. bent á. Þetta eru flugvallarskattur, innritunargjald og síðan er nýlega komið á öryggiseftirlitsgjald. Þetta nemur samtals um 2.500 kr. á hvern farmiða. Það segir sig sjálft að það er giska há upphæð þegar menn eru að tala um farmiða á bilinu 15.000–20.000 kr., herra forseti.

Af sjálfu leiðir að þegar afgreiðslugjöld eru há, þegar lendingargjöld eru há og skattar hins opinbera eru háir, þá beina lággjaldaflugfélög á borð við Go-fly farkostum sínum annað. Það skaðar hins vegar kaupmátt alls þorra almennings. Það skaðar íslenska ferðaþjónustu og það skaðar íslenskan þjóðarhag.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að álögur hins opinbera á farmiða lækki. Mun hann beita sér fyrir því að samkeppni verði komið á í stað þeirrar einokunar sem ruddi Go-fly flugfélaginu burt frá Íslandi?

Af því að ríkisstjórnin er farin að fara að fordæmi Reykjavíkurlistans og lækka opinber gjöld, mun þá ekki hæstv. utanrrh. taka upp símann og tala við forráðamenn Go-fly og spyrja hvort þeir séu til í að koma aftur ef hann beitir sér fyrir þessu, alveg eins og borgarstjórinn í Reykjavík gerði?

[13:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það eru slæm tíðindi að viðkomandi flugfélag hafi hætt að fljúga hingað. Ég hef farið þess á leit að gerður verði samanburður á flugvallargjöldum á nokkrum flugvöllum í Evrópu. Ráðgjafarfyrirtækið Deloitte & Touche hefur gert það. Og það kemur í ljós að Keflavík er í 5. sæti, 5. lægsta sæti af 12 flugvöllum í Evrópu. Það er tiltölulega ódýrt að fljúga inn á Keflavíkurflugvöll í þeim samanburði. Sé miðað við þotu af gerðinni Boeing 737-300 þá kostar það á vél 274.334 kr., en er ódýrast í París 156.144. Það verður líka að taka tillit til þess að af þessu er tæpur helmingur flugvallarskattur sem ekki rennur til Keflavíkurflugvallar, hann rennur til uppbyggingar flugvalla í landinu samkvæmt ákvörðun Alþingis. Ef sá skattur væri ekki fyrir hendi, og ég er ekki á nokkurn hátt að leggja til að verði lagður af því að hann er mikilvægur til uppbyggingar á öðrum flugvöllum, þá væri kostnaður á Keflavíkurflugvelli lægstur.

Lendingargjöld eru 46.794 kr., farþegagjöld 57.041 kr. og öryggisgjald 33.000, eða samtals 146.834 kr. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir. Það verður að taka fram að flugfélagið Go-fly hefur eftir því sem ég best veit aldrei leitað eftir neinum viðræðum við yfirvöld hér á landi um þessi mál. Það tilkynnti eins og kunnugt er að það hefði hætt við að fljúga hingað án þess að ræða það neitt frekar.

Um það atriði að ekki sé aðstaða til samkeppni á Keflavíkurflugvelli þá er það ekki rétt. Það er búnaður til þess. Hins vegar er það rétt að samningar hafa ekki tekist. Gjald fyrir þessa aðstöðu eru 5 dollarar á hvern farþega, hver svo sem á í hlut. Hins vegar á flugstöðin hugbúnaðarkerfi fyrir samkeppnisaðilana, en Flugleiðir eða fyrirtæki þeirra eiga sinn búnað. Það er talið að kostnaðurinn vegna þessa fyrir Flugleiðir séu 60–90 sent á hvern farþega en fyrirtækjunum hefur verið boðin þessi þjónusta fyrir einn dollar á farþega og samningar hafa ekki tekist.

Nú má vel vera að það geti verið eitthvað aðeins lægra en einn dollari. En það gengur náttúrlega ekki að flugstöðin útvegi þennan búnað og fjárfesti í honum, en ekki fyrir samkeppnisaðilann, og bjóði það fyrir ekki neitt. Þá væri aðilum í flugstöðinni mismunað og það er ekki heimilt.

Þetta eru staðreyndir málsins og flugfélaginu Go-fly eða einhverjum sem vilja vinna fyrir þá er í sjálfsvald sett að koma upp slíkri aðstöðu í flugstöðinni. Þeir töldu sér hagstæðara að skipta við Flugþjónustuna, sem er það fyrirtæki sem Flugleiðir nota. En þetta er allt saman opið.

Varðandi framhald þessa máls er að sjálfsögðu rétt að skoða allar hliðar þess. Hér er vissulega um slæm tíðindi að ræða. Það er mikilvægt fyrir flugvöllinn sem slíkan að hafa sem mesta umferð þar í gegn. Það eykur tekjur hans. Það er að sjálfsögðu mikið hagsmunamál fyrir íslenska ferðaþjónustu að sem mest umferð verði um þennan flugvöll þannig að sem flestir farþegar komi til landsins. En það er mikilvægt að staðreyndir málsins séu hafðar á borðinu og það liggi ljóst fyrir af hverju viðkomandi aðili hætti að fljúga hingað. Það er a.m.k. ekki vegna þess að Keflavíkurflugvöllur sé dýrasti flugvöllur í Evrópu. Staðreyndir í þessari úttekt segja allt annað. Á því ber að byggja, en ekki einhverjum sögusögnum.

[13:41]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í byrjun þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að hefja umræðu um þetta mál. Ég held að við séum öll sammála um að það sé slæmt fyrir ferðaþjónustuna og alla landsmenn að þetta flugfélag, flugfélagið Go-fly, skuli hætta flugi til Íslands. Há afgreiðslu- og lendingargjöld eru talin ástæðan.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst ótrúlegt andvaraleysi stjórnvalda koma fram í þessu máli, ef rétt er sem sagt hefur verið, að menn hafi ekkert beitt sér fyrir öðrum möguleikum eða nálgast flugfélagið varðandi aðra þætti. Ég vildi spyrja hvort hæstv. samgrh. fyndist ekki eðlilegt að skoða t.d. möguleikana á því að flugfélag eins og Go hefði möguleika á að hefja flug inn á Akureyri eða Egilsstaði. Ég held að það væri mál sem þyrfti að skoða alvarlega. Ákveðnir aðilar fá stuðning við flug út á land, t.d. er í farvatninu samningur Grænlendinga og Flugleiða um styrkingu á flugi til Grænlands. Þetta væri e.t.v. flötur sem mætti nálgast málið frá, að koma þá fluginu inn á Akureyri. Þaðan er nú ekki nema fimm tíma keyrsla til höfuðborgarsvæðisins.

Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvort ráðuneyti hans væri tilbúið að fara í viðræður við flugfélagið á þeim nótum að þessari þjónustu yrði beint inn á landsbyggðarflugvöll, annaðhvort á Akureyri eða Egilsstaði.

[13:43]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er vissulega alvarlegt mál að flugfélagið Go-fly hafi ákveðið að hætta flugi til Íslands því að flug þessa félags til landsins var veruleg búbót fyrir íslenska ferðaþjónustu. Hins vegar er málið tekið upp á röngum forsendum. Það sem vekur athygli við þessa umræðu er að það er tekið upp eingöngu vegna erlends flugfélags en ekki vegna íslenskra flugfélaga eða flugfélaga almennt. Sú hugmynd hefur komið fram að til greina kæmi að mismuna flugrekstraraðilum með þeim hætti að þeir sem stunduðu næturflug fengju hagstæðari gjöld en aðrir. Auðvitað skiptir máli hver áhrif lendingargjöld og skattar hafa á markaðsstöðu Íslands í flugi. En það er rétt að spyrja: Hvaða breytingu á lendingargjöldum mætti gera sem nýttist íslenskri ferðaþjónustu best?

Ljóst er að eitt af alvarlegustu vandamálum íslenskrar ferðaþjónustu í dag er erfið rekstrarstaða eina flugfélagsins sem stundar reglubundið áætlunarflug daglega til landsins allan ársins hring. Þetta er eitt stærsta vandamálið sem við eigum að skoða í þessu sambandi.

Í öðru lagi er ljóst að það er nauðsynlegt að efla stöðu ferðaþjónustunnar utan háannarinnar, á svokallaðri lágönn. Þannig væri í samræmi við hagsmuni ferðaþjónustunnar að lækka eða fella niður lendingargjöld eða skatta á lágönn og þar með að styrkja stöðu allra þeirra sem stunda flugrekstur allt árið reglubundið á hverjum degi eða þá einu sinni í viku eins og Go-fly hefur gert. Þetta væri í samræmi við hagsmuni ferðaþjónustunnar og væri líka í samræmi við áherslur samtaka aðila í ferðaþjónustunni og sérstakan hóp sem settur var á laggirnar í því sambandi.

Annað vandamál er að dreifing ferðamanna um landið er ójöfn og þess vegna kæmi til greina að styrkja beint flug frá útlöndum til flugvalla á landsbyggðinni.

Ég vil einnig geta þess í lokin að vegna atburðanna 11. september hefur undir forustu samgrh. verið lagst í sérstakt átak í markaðsmálum og hefur 150 milljónum króna verið varið til þess. Af fréttum sem mér hafa borist nýlega er ljóst að þetta markaðsátak hefur heppnast mjög vel og hafa bókanir frá Evrópu, t.d. frá Þýskalandi og Frakklandi, aukist mjög.

[13:45]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Um hríð átti íslenskt launafólk þess kost að geta ferðast til London fyrir sama verð og það kostar að fljúga til Egilsstaða, svona um það bil. Það tækifæri gripu landsmenn svo sannarlega fegins hendi.

Eðli lágfargjaldaflugfélaga er að selja mikið magn sæta á ákaflega lágu verði þannig að hagnaður á hvern miða er lítill. Kostnaður við umsýslu, lendingargjöld og skatta á flugvöllum skipta þessi félög því gríðarlega miklu máli. Krafa neytenda hér á landi er skýr að mínu viti. Þeir vilja ferðast á lágum flugfargjöldum og þeir vilja aukna ferðamöguleika.

En þetta er ekki í fyrsta sinn, herra forseti, sem erlend flugfélög hætta við að fljúga hingað af þessum ástæðum. Þarf yfirmaður samgöngumála og ferðaþjónustunnar ekki að spyrja sig hvaða ástæða liggi raunverulega að baki þeirri staðreynd að erlend flugfélög hafa mest enst í viðskiptum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í tvö ár eða svo? Hvað veldur því að þau flosna öll upp?

Í morgun barst frétt af því, herra forseti, að lukkuriddarar Framsfl. væru komnir í prívatsamningaviðræður um að fella niður gjaldtöku ríkisins á næturflugi. Hvar stendur það skrifað, herra forseti, að lággjaldaflugfélög vilji öðrum fremur bjóða upp á næturflug? Gæti það ekki hugsast að forsvarsmenn flugfélagsins Go-fly væru tilbúnir til þess að fljúga hingað á öðrum tímum sólarhringsins?

Nei, auðvitað er orsakanna að leita í samkeppnisaðstöðu fyrirtækjanna við flugafgreiðslu í Leifsstöð. Samkvæmt forsögn Evrópusambandsins frá árinu 1996 sem fjallar um að koma á frelsi í flugafgreiðslu innan sambandsins og á hinu Evrópska efnahagssvæði — en tilskipunin var tekin upp í EES árið 2000 í október — ber okkur að koma á frelsi í flugafgreiðslu.

Hér hefur enn ekki verið sett reglugerð um þetta eða lög. Ég leitaði að því á heimasíðu samgrn. í morgun og fann ekki neitt, herra forseti. En sú heimasíða var síðast uppfærð 1. júlí 2000 og því nota ég hér tækifærið og spyr hæstv. samgrh.: Hvers vegna hefur ekki verið sett reglugerð um þetta mál?

[13:48]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það hlýtur að teljast alvarlegt mál ef flugfélag, hvort sem það heitir Go-fly eða annað, hættir að fljúga hingað. Það er alvarlegt mál ef 30 þús. dýrmætir lággjaldafarþegar hætta að koma, farþegar sem eru hrein viðbót og hafa ekki flogið með Flugleiðum. Þetta eru viðbótarfarþegar, farþegar sem koma til að njóta, upplifa og eyða hér á Íslandi.

Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni segja að ég hef ekki staðið í neinum samningaviðræðum heldur leitaði eftir upplýsingum hjá forsvarsmönnum Go-fly. Hv. síðasti ræðumaður hefði betur aflað sér betri upplýsinga til að koma í veg fyrir að sá ágæti þingmaður færi hér með fleipur eins og hún gerði hér áðan.

Svör forsvarsmanna Go-fly eru einföld. Ástæðan fyrir þeirri ákvörðun að hætta að fljúga til Íslands er í fyrsta lagi sú að næturflug er almennt dýrara. Önnur ástæða, sem skiptir verulega miklu máli, er sú að leggurinn til Íslands er langur með þeim afleiðingum að áhafnir nýtast verr en á styttri leggjum milli borga á meginlandi Evrópu. Síðan bætast auðvitað við gjöldin eins og hér hefur komið fram.

Hvað geta þá stjórnvöld gert? Það liggur fyrir að frá 1. jan. árið 2001 komst á samkeppni um afgreiðslu. Það getur hver sem er tekið að sér afgreiðslu flugvéla á Keflavíkurflugvelli í dag. Lendingargjöldin eru eðlileg í samanburði. Eftir stendur hins vegar sá farþegaskattur sem hér hefur verið nefndur. Í tilfelli Go-fly er hann um 13–15% af fargjaldinu, 60–70 millj. kr. á ári.

Ef enginn farþegi kemur verða engar tekjur til ríkissjóðs. Ef við náum þessum lággjaldafarþegum inn þá skila þeir farþegaskattinum á fyrsta degi í formi neysluskatta. Þess vegna tel ég eðlilegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að fella niður þennan farþegaskatt á lágagjaldaflugfélög, hvort sem þau heita Flugleiðir, Go-fly, Ryanair eða eitthvað annað, vegna þess að lággjaldafarþegar eru þeir verðmætustu fyrir ferðaþjónustu á Íslandi og ríkissjóð í heild sinni.

[13:50]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessi umræða er athyglisverð. Ég vil fyrst taka fram að það er ekki viðeigandi í umræðum sem þessum að hæstv. samgrh. sé spurður spurninga. Hv. þm. vita að hann hefur ekki svigrúm til að svara þeim þar sem sá fjöldi þingmanna sem kemst að í hálftímaumræðu er takmarkaður. Þannig er venjan að spyrja ekki undir slíkum kringumstæðum ráðherra sem ekki taka þátt í umræðunum.

Ég vil taka það fram fyrst að mér finnst athyglisvert hvernig brugðist er við nú þegar þetta erlenda flugfélag hefur af efnahagsástæðum tekið ákvörðun um að fljúga ekki til Íslands. Það er vitað að þetta flugfélag hefur verið rekið með halla og hefur ekki talið borga sig að fljúga til Íslands í samkeppni við Flugleiðir. Þá hafa komið upp hugmyndir um að reyna að jafna þessi met með því, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að fella niður farþegaskatta á lággjaldaflugfélögum.

Auðvitað verða öll flugfélög að greiða opinber gjöld með sama hætti. Það er mjög athyglisvert ef sú hugmynd er komin upp hér í þingsalnum að mismuna eigi flugfélögum með þeim hætti að það sem hefur meiri umsvif eigi að sitja við annað og lakara borð gagnvart ríkinu en hitt sem kemur hingað endrum og sinnum.

Við skulum ekki gleyma því að hjá Flugleiðum vinna 2.200 manns. Velta Flugleiða er í kringum 30 milljarðar á ári og ég man ekki til þess að þeir hv. þm. sem hér hafa tekið dýpst í árinni hafi kvatt sér hljóðs þegar hinir hörmulegu atburðir gerðust 11. september og við stóðum frammi fyrir að óvíst væri um framtíð áætlunarflugs til og frá Íslandi. Þeir virtust ekki hafa áhuga á því þeir hv. þingmenn.

[13:52]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því sem hér kom fram áðan, að umræðan væri ekki tekin upp á réttum forsendum. Við þessa umræðu hefur komið fram að fyrirkomulagið sem er á þessum málum núna er dálítið sérstætt. Hér erum við í umræðu við hæstv. utanrrh. og erum að ræða við hann afleiðingar af tilteknu ástandi sem upp er komið um ferðamál.

Ég held að það væri miklu eðlilegra, virðulegi forseti, að við ræddum við samgrh. um viðhorf og stefnu stjórnvalda í rekstri alþjóðaflugvallar og hvernig flugvöllurinn á að vera í samkeppni á alþjóðamarkaði. Ég held að það sé það sem við þurfum að ræða um í fyrsta lagi og í öðru lagi hvernig við skipum síðan innri málefnum okkar á þessum flugvelli. Spurningin sem stendur eftir eftir þessa umræðu er einfaldlega: Er verið að koma í veg fyrir eðlilega samkeppni á þessum flugvelli eða ekki? Það er stóra spurningin sem við þurfum að takast á við.

Af þeim litlu gögnum sem hafa komið fram og þeim litlu upplýsingum sem komið hafa fram í þessari umræðu er dálítið erfitt að draga ályktanir. En eina rannsóknin sem hefur farið fram var vegna kæru sem rúllaði í gegnum Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð, sem komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki sem heitir Vallarvinir hafi ekki fengið þá aðstöðu sem þeim ber á grundvelli samkeppnislaga.

Það er í raun og veru það eina sem klárt er í þessu máli og dálítið sorglegt, af því að þessi mál skipta okkur miklu máli, að stjórnvöld séu nánast rassskellt, ef svo má að orði komast, vegna þess að þau eru staðin að því að hafa í þessum málum enga heildarstefnu. Ég held að í þessu tilviki sé skynsamlegt að ræða af mikilli alvöru að þessi málefni eigi að heyra undir samgrn. en ekki utanrrn. Ég held að utanrrn. hafi yfirdrifið nóg á sinni könnu.

[13:54]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda þessarar umræðu og jafnframt félaga mínum, hv. þm. Hjálmari Árnasyni, fyrir að vekja opinberlega máls á þessu hagsmunamáli fyrir íslenskan ferðaiðnað. Ef skattar ríkisins, farþegaskatturinn sem hér er til umræðu m.a., verður felldur niður og miðað er við þann fjölda sem Go-fly flutti hingað til landsins þá missir ríkissjóður tekjur á bilinu 60 og 70 millj. kr. Þetta er vissulega dágóð fjárhæð en við verðum líka að gæta okkur á að hirða ekki aurinn en kasta krónunni.

Í fyrsta lagi ber okkur að meta þennan tekjumissi með hliðsjón af þeim hagnaði sem íslenskur ferðaiðnaður hefur haft af þeim 30–35 þús. farþegum sem Go-fly er að flytja til landsins. Lágfargjöld Go-fly byggjast m.a. á milliliðalausum viðskiptum flugfélagsins við þá farþega sem þeir flytja. Strax og til landsins er komið byrja þeir hins vegar að kaupa og greiða fyrir þjónustu og vörur af virðisaukaskattskyldum íslenskum ferðaiðnaði. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar nema árlegar gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum rúmum 30 milljörðum kr. og þar af er talið að um 25–35% renni til ríkisins, tekjur sem nema á milli 35 og 40 þús. kr. á hvern ferðamann.

Í þessu samhengi, herra forseti, vil ég einnig minna á að við lokafrágang fjárlaga var ákveðin sérstök fjárveiting sem nam 150 millj. til eflingar markaðssetningu íslensks ferðaiðnaðar til að bregðast við þeim samdrætti sem varð þegar í kjölfar hryðjuverkanna í New York í september sl. Um það var full samstaða enda var öllum ljóst að það yrði að grípa til aðgerða til að bregðast við þeim afleiðingum sem fyrirsjáanlegur langvarandi samdráttur gæti haft á ferðaiðnaðinn og íslenskt efnahagslíf. Af kynnum mínum af störfum nokkurra þeirra sem vinna við markaðssetningu íslensks ferðaiðnaðar þá efa ég ekki að þessum peningum sé vel varið og hefði eflaust mátt verja meira til þessa.

Í þessu samhengi verðum við hins vegar að gæta að því að glutra ekki niður þeim tekjum og þeim tækifærum sem við höfum í hendi. Forsvarsmönnum ferðaþjónustu ber að hafa yfirlit yfir allt sviðið við skipulagningu ferðaiðnaðar.

[13:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Fyrst tvær athugasemdir um málflutning hv. þm. Halldórs Blöndals. Í fyrsta lagi: Hæstv. samgrh. var beðinn af formanni Samfylkingarinnar að vera hér við umræðuna til að svara ákveðnum spurningum þannig að hann hafði allan fyrirvara sem hann þurfti til þess máls en hann hefur kosið að svara ekki ákveðnum spurningum sem varða m.a. reglugerð í ráðuneyti hans. Ástæðan er sú að hann hefur ekki hugmynd um hvort reglugerðin hafi verið sett. Þegur við grennsluðumst eftir því hjá ráðuneytinu áðan þá vissi enginn í ráðuneytinu það. Það er nú ástæðan.

Hv. þm. Halldór Blöndal fer líka með fleipur þegar hann heldur því fram að Samfylkingin hafi ekki stutt aðgerðir til að hjálpa Flugleiðum. Við höfum tvisvar stutt bráðabirgðalög og síðast fyrir þremur stundarfjórðungum var þessi þingmaður að samþykkja að framlengja í efh.- og viðskn. þann frest sem er á tryggingum til handa Flugleiðum.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. talar um að líta beri á staðreyndir málsins og ég ber ekki brigður á þær tölur sem hann les hér úr skýrslu. En það liggur fyrir að í fréttatilkynningu segir að Go-fly fljúgi ekki til Íslands vegna mikils kostnaðar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kostnaðurinn á Keflavíkurflugvelli er að jafnaði tvisvar sinnum hærri en á flestöllum öðrum flugvöllum sem Go flýgur til í Evrópu. ... Afgreiðslukostnaður Flugleiða, sem hefur annast Go, er sá dýrasti sem félagið greiðir í Evrópu eða fjórum sinnum hærri en í Munchen og 2,5 sinnum hærri en í Kaupmannahöfn."

Herra forseti. Það er rangt hjá hæstv. utanrrh. þegar hann heldur því fram að öll félögin þurfi að greiða fimm bandaríkjadali á hvern farþega. Dótturfélag Flugleiða þarf að gera það. Suðurflug, sem gerði samning í september, þarf að borga sex. Vallarvinir hafa hafnað því að gera samning við Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna þess að flugstöðin krefst þess að þeir borgi dollara meira en dótturfélag Flugleiða. Þannig að hæstv. utanrrh. hefur fengið rangar upplýsingar.

En ég fagna því að almenn samstaða sé um að leita leiða til þess að draga úr þessum kostnaði og fá þetta flugfélag aftur til landsins.

[13:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Svo að það sé alveg ljóst þá er þetta ekkert reglugerðarmál í samgrn. Þessi innritunaraðstaða er málefni utanrrn. og það liggur fyrir að öllum aðilum, þar á meðal Flugþjónustunni — Flugþjónustan borgar fimm dollara á farþega — hefur verið boðið það sama. Flugþjónustan er með sinn eigin hugbúnað og það kostar þá 60–90 sent á farþega. Hinum hefur verið boðin sú þjónusta fyrir einn dollara á farþega.

Nú er það ljóst og hv. þm. hlýtur að skilja að það er hlutfallslega ódýrara ef mjög margir farþegar eiga hlut að máli, eins og er hjá Fugleiðum. Skil ég hv. þm. rétt, eða ber utanrrn. að bjóða langt niður fyrir það þannig að samkeppnisaðilinn fái ódýrari aðstöðu? Þessi aðstaða er fyrir hendi. Borðin eru fyrir hendi. Henni hefur verið komið upp. Frelsið er fyrir hendi. Það er rétt að þessir aðilar hafa ekki gengið að því að borga einn dollar sem er talið kostnaðarverð, aðeins hærra en hjá Flugþjónustunni, þeirra kostnaðarverð. Við skulum tala um það. Við skulum tala um þetta mál á grundvelli staðreynda í stað þess að búa til einhverja hluti í kringum þetta stóra og viðkvæma mál.

Staðreyndin er sú að af þeim gjöldum sem inn koma á Keflavíkurflugvelli fer um helmingur, eða um 600 milljónir, til annarra hluta samkvæmt ákvörðun Alþingis. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef þessi skattur yrði afnuminn þá væri fjármögnun flugmálaáætlunar í uppnámi, upp á 600 milljónir kr. Það ættu hv. þm. að hafa í huga þegar rætt er um þessi mál.

En það er búið að skapa þessa aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Hún er fyrir hendi. Og það er ekki rétt að samkeppnisskilyrði þar standi í vegi fyrir því að aðrir geti komið þar inn.

Um fundarstjórn.

Málefni Go-fly – spurningar til samgönguráðherra.

[14:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram og vegna athugasemda hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að ég hafi ekki svarað þeim fyrirspurnum sem hann beindi til mín þá hlýt ég að beina því til hæstv. forseta að þessum hv. þm. verði gefið færi á því að beina fyrirspurnum til samgrh. Hann var hér að beina spurningum fyrst og fremst til utanrrh. sem fer með málefni Leifsstöðvar. En ég er sem samgrh. að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að svara öllum þeim fyrirspurnum sem hér voru bornar upp og varða ferðamál og flugmál og útgáfu reglugerða. Ég er tilbúinn til þess strax og við getum fundið sameiginlegan tíma þingsins, þingmannsins og samgrh. Ekki skal standa á mér. Ég er vissulega reiðubúinn til að ræða þessi mikilvægu mál sem hér hafa verið til umfjöllunar. En því miður var áhuginn á þessari umræðu svo mikill að samgrh. komst ekki á mælendaskrána.

[14:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þó að þetta mál sé kannski ekki svo flókið í eðli sínu má segja að það varði samt sem áður þrjá ráðherra, hæstv. fjmrh., utanrrh. og að sjálfsögðu líka ráðherra ferðamála, hæstv. samgrh. Við höfðum ákveðnar spurningar sem við hefðum gjarnan viljað beina til hæstv. samgrh.

Ég sem málshefjandi hafði samband við samgrh. og óskaði eftir því að hann yrði viðstaddur umræðuna vegna þess að ég hafði ákveðna hluti sem ég þurfti að koma

á framfæri við hann. Við þurftum að spyrja hæstv. samgrh. um tiltekna reglugerð sem átti að vera búið að setja samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins. Við höfum ekki fundið þessa reglugerð. Hún skiptir máli varðandi ferðafrelsi í landinu, varðandi forsendur ferðafrelsis, flugfélagafrelsi og samkeppnisfrelsi á þessu þjónustusviði sem felst í að afgreiða flugfélög. Þess vegna var fullkomlega eðlilegt að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, og síðan ég, varpaði spurningum til hæstv. samgrh.

Ég ætla ekki að segja að þetta sé fordæmalaust en þetta er í fyrsta skipti sem ég verð þess áskynja, herra forseti, að ráðherra sem vill taka til máls í svona umræðu til að svara spurningum sem beint er til hans vegna hans eigin málaflokks, fái ekki orðið. Ég er ekki að segja að það hafi ekki gerst, en ég hef aldrei vitað til þess. Ég hef sjálfur áður efnt til utandagskrárumræðna þar sem ég hef óskað eftir því að fleiri en einn ráðherra verði viðstaddir, vegna þess að málið er skylt öðrum en þeim sem fyrirspurn mín eða frummælanda hefur verið beint til. Þá hefur alltaf verið orðið við því og viðkomandi ráðherra hefur ekkert farið á flótta undan tiltölulega saklausum spurningum, eins og hæstv. samgrh. hefur gert. Það er auðvitað það sem er að gerast. Hæstv. samgrh. treysti sér ekki til að svara þessari spurningu. Og af hverju er það? Það er sennilega vegna þess að hann veit ekki svarið við spurningunni. Hann er ekki klár á því hvort búið er að setja þessa reglugerð sem átti að vera búið að setja. Um það snýst þetta, herra forseti. Maður veltir því auðvitað fyrir sér hvers konar búskapur þetta er í samgrn. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir kom hér upp og sagði: Þingmenn Samfylkingarinnar leituðu ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þingmann á að hér er verið að ræða um fundarstjórn forseta.)

Herra forseti. Mér er það alveg ljóst. Og ég er að mótmæla ákaflega harkalega þeirri fundarstjórn sem birtist í því að þegar ég varpa spurningum til hæstv. samgrh. þá fær hann ekki að svara. Þetta er auðvitað algjörlega ómöguleg fundarstjórn hjá hæstv. forseta eins og allir geta séð. Ég átel þetta harðlega. Ég vil eigi að síður friðmælast við forsetadæmið og setja ekki á lengri tölur um þetta.

Staðreyndin er bara þessi: Hæstv. samgrh. svaraði ekki spurningunni af því hann vissi ekki svarið. Hana er er ekki að finna hjá starfsmönnum samgrn. og hana er ekki heldur að finna á heimasíðu ráðuneytisins sem var uppfærð hvenær? Fyrir einu og hálfu ári. Ja, heyr á endemi.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Það hefur komið fram í þessari umræðu að þessi málaflokkur fellur undir utanrrn. Forseti vill minna á það.)

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 1. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[14:06]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er flókið undir hvaða dagskrárlið maður á að svara þegar veist er að einstökum þingmönnum og forseta Alþingis undir því yfirskyni að verið sé að ræða fundarstjórn forseta.

Fyrir lá beiðni sem var lögð fram á fundi forseta með formönnum þingflokka um að hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, óskaði eftir því að ræða málefni flugfélagsins Go og eðlilegt er að sú umræða sé við hæstv. utanrrh.

Það er rangt hjá hv. þm. að jafnframt hafi komið fram beiðni um að ræða við hæstv. samgrh. um reglugerðir eða ferðamál almennt utan dagskrár. Það er algjörlega rangt og uppspuni frá rótum. (Gripið fram í.) Á hinn bóginn veit hv. þm. einnig að þegar takmarkaður ræðutími er, hálftími, þá er samkomulag um það milli flokka að hver flokkur fái að ráða þeim þingmönnum sem fyrir hann tala, en ekki annarra stjórnmálaflokka menn. Þess vegna er það í samræmi við þingvenju að beina ekki fyrirspurnum til ráðherra sem ekki er í fyrirsvari í slíkum umræðum. Ég hygg því að sannleikurinn sé sá, og tek undir með hæstv. samgrh., að ef hv. þm. óskar eftir að taka málið upp utan dagskrár þá skal ekki standa á mér að verða við þeirri beiðni. En það ber að leggja mál rétt fyrir á Alþingi.

[14:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Enn sem komið er hefur nú ekki komið fram hvort búast megi við því af hálfu forseta að færi gefist til að ræða það mál sem hér hefur verið borið upp, þannig að ég hlýt að ítreka það í þessari umræðu, ekki síst eftir þær ódrengilegu árásir sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson stundar. Hann hefði hins vegar átt að hlusta á félaga sinn úr Samfylkingunni, Lúðvík Bergvinsson, sem var að átelja þau vinnubrögð formanns Samfylkingarinnar að beina ekki þeim fyrirspurnunum beint til samgrh. sem vörðuðu ferðamálin sérstaklega. Til að upplýsa hv. þingmenn er rétt að geta þess að ég gerði ekki ráð fyrir öðru en að vera hér viðstaddur eins og hv. þm. bað um að ég yrði. Ég gerði ráð fyrir að hann vildi að ég fylgdist með þessari umræðu, ég væri ekki hér til sérstakra andsvara til viðbótar við hæstv. utanrrh., heldur að mér gæfist færi á að fylgjast með umræðunni, vegna þess að ég bjóst við að hv. þm. mundi síðan koma hér í þingið og óska eftir sérstakri umræðu í framhaldinu við samgrh. Það er hinn eðlilegi framgangur þessa máls og venjuleg vinnubrögð í þinginu.

Ég vísa algerlega á bug ádrepum hv. þingmanna um að ekki séu til upplýsingar um reglugerðir eða reglugerðir gefnar út, hvað þá að heimasíður séu ekki uppfærðar. Heimasíður Stjórnarráðsins eru mjög vandlega uppfærðar og ýmsir ættu að taka sér þær til fyrirmyndar, þótt þær séu ekki til umræðu undir liðnum um stjórn fundarins.

[14:10]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er nú meiri hundalógíkin sem hv. 7. þm. Reykv. beitir í þessari umræðu. Nú liggur fyrir að hv. þm. var málshefjandi í þessari umræðu sem var að ljúka hérna áðan. Hann ákvað að beina orðum sínum til hæstv. utanrrh. Honum hefði verið í lófa lagið að beina orðum sínum t.d. til hæstv. fjmrh. eins og hann talaði um áðan eða hæstv. samgrh. eins og hann nefndi líka. En hann kaus að gera það ekki. Hann ákvað að beina máli sínu til hæstv. utanrrh. og ræða málið á þeim forsendum. Síðan reynir hann að koma hér með einhvern hælkrók á hæstv. samgrh. í ræðu sinni til þess að reyna að slá ryki í augu fólks og reyna að vinda málið einhvern veginn upp aftur vegna þess að honum hefur væntanlega ekki fundist hann hafa erindi sem erfiði í þessari umræðu.

Þetta er alveg furðuleg yfirlýsing, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. samgrh. kom upp í ræðustól áðan og lýsti því sérstaklega yfir að hann væri reiðubúinn til að ræða þessi mál við hv. 7. þm. Reykv. eða aðra þá sem vildu ræða þetta á forsendum ferðaþjónustunnar í landinu. Þess vegna er alveg ótrúlegt, alveg makalaust, að hlusta á hv. þm. tala eins og hæstv. samgrh. sé að reyna að koma sér undan því

að ræða málið þegar fyrir liggur að hæstv. samgrh. bauðst sérstaklega til þess að ræða þetta mál. Þar fyrir utan hefur hv. þm. auðvitað sinn þinglega rétt. Hann getur óskað eftir utandagskrárumræðu af öðru tagi. Hann getur lagt fram fyrirspurn. Hann getur lagt fram þáltill. Hann getur lagt fram frv. Það er ekki svo að verið sé að synja honum þess réttar sem hann hefur, öðru nær. Þess vegna er sú umræða sem hv. þm. hóf hérna eftir að hæstv. samgrh. hafði útskýrt málið furðuleg og málstað hans a.m.k. ekki til framdráttar.

[14:12]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér á sér stað undarleg uppákoma. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur hér utandagskrárumræðu sem hann sjálfur beinir til hæstv. utanrrh. Það upplýsist jafnframt í umræðunni að hv. málshefjandi hafði óskað eftir því við hæstv. samgrh. að ráðherrann yrði hér viðstaddur. Við því varð hæstv. samgrh. og ber að þakka það, þá virðingu sem hæstv. samgrh. sýnir þinginu og jafnframt því málefni sem hér er til umræðu. Síðan gerist það í umræðunni að hæstv. utanrrh. svarar hv. málshefjanda og í umræðunni koma fram ýmsar leiðréttingar á upplýsingum sem hv. málshefjandi hafði í framsögu sinni. Hver verða þá viðbrögðin? Þau finnast mér dálítið undarleg, þ.e. að ráðast á hæstv. samgrh. fyrir að vera hér í salnum. Mér finnst það ekki drengilegt, herra forseti.

Þá vil ég vara við því sem hv. málshefjandi dregur upp hér, þar sem hann ýjar að því að hann ætlist til þess að tveir og jafnvel fleiri ráðherrar sitji fyrir svörum í sömu umræðunni. Hvaða áhrif hefði það á störf þingsins, á þetta form þingsins sem snarpast er, þar sem margir þingmenn eiga möguleika á því að koma að umræðunni í stuttum en snörpum umræðum? Ætlast hv. málshefjandi til þess að þetta verði eingöngu einkaræður málshefjanda og síðan nokkurra ráðherra? Ég vara við því.

Hins vegar tek ég undir með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni sem mæltist til þess við formann sinn og foringja að hann hefði hugsanlega átt að beina umræðunni, ef hann vildi gera þetta að almennri umræðu um ferðamál, til hæstv. samgrh. Menn verða að gera þetta upp við sig, þ.e. vita við hvern þeir ætla að tala og um hvað.

[14:14]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þingmönnum stjórnarliðsins hlýtur að vera eitthvað órótt. Það er með ólíkindum hvernig hægt er að snúa út úr einfaldri umræðu líkt og þeir hafa gert hér. Það sem ég dró fram í þessari umræðu er að það er mjög undarlegt, þegar málefni eins og þetta kemur upp sem lýtur fyrst og fremst að ferðaþjónustu í landinu, að við þurfum að tala um það við hæstv. utanrrh. vegna þess að málaflokkurinn heyrir undir hann. Þess vegna tökum við upp umræðu við hæstv. utanrrh.

Hins vegar er það margþekkt að menn óski eftir því að ráðherra sem málið snertir — í þessu tilfelli byggjum við kannski bara á gömlu og úreltu fyrirkomulagi, úreltri stjórnsýslu. Við bara sitjum uppi með hana — það er alþekkt að fyrirspurnum sé beint til annarra ráðherra sem í þessu tilviki koma málinu mikið við. Og menn hlaupa hér upp til handa og fóta með yfirlýsingar um allt og allt eins og þetta sé algjörlega óþekkt. Það er alveg með ólíkindum hvernig menn geta látið.

Það er undarlegt að hæstv. samgrh. hafi ekki þá vigt þegar eftir því er óskað að hann komi inn í þessa umræðu, að hann taki þá stöðu að tala hér í tvær mínútur. Það er alþekkt líka.

Ég bara vona, virðulegi forseti, að menn láti af þessum bjánagangi á hinu háa Alþingi.

[14:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir með Lúðvíki Bergvinssyni. Þetta er dæmalaus umræða, ekki af hálfu Samfylkingarinnar, heldur af hálfu stjórnarliða í þessum sal Alþingis. Ég veit bara ekki hvaðan á mig stendur veðrið. Til hvers skyldi málshefjandi hafa haft samband við samgrh. og beðið hann að vera viðstaddan umræðuna? Til að hann sæti hér og hlustaði? Hvað halda menn að við þingmenn sem biðjum um utandagskrárumræðu höfum oft óskað eftir að annar ráðherra yrði viðstaddur ef málið skarast á milli ráðuneyta?

Ég hef ekki tölu á þeim skiptum sem hæstv. félmrh. hefur komið hér til að vera viðstaddur umræðu sem hefur skarast við önnur ráðuneyti, komið sér á mælendaskrá, talað seinni hlutann í umræðunni og gefið upplýsingar sem lúta að ráðuneyti hans og talið það eðlilegt og sjálfsagt. Ég hef talið það eðlilegt og sjálfsagt þá tíð sem ég hef verið þingflokksformaður að þannig væri hægt að haga umræðu á Alþingi.

Herra forseti. Þetta er auðvitað alveg fádæma klaufalegt af samgrh., þó að ég fyrirgefi honum það úr því að hann hafði ekki rænu á því að biðja tímanlega um orðið, og viðkvæmt fyrir aðra stjórnarliða, ég tala nú ekki um samflokksmenn samgrh., að hafa ekki gefið honum færi á að koma sér á mælendaskrá í þessari umræðu þegar ljóst var að málið skaraðist eins og það gerir á milli utanrrn. og samgrn. Allt málið er klaufalegt. Ekki af hálfu málshefjanda, ekki af hálfu Samfylkingarinnar heldur af hálfu stjórnarliða og e.t.v. stjórnar þingsins, dæmalaust.

[14:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Frá sjónarhóli sálfræðinnar er þessi umræða ákaflega merkileg. Hún veitir innsýn í hugarheim stjórnarliða. Ég verð að segja að ég gerði mér ekki grein fyrir því að geðbrigðin væru svona rosaleg í hugum stjórnarliða eftir þau tíðindi sem hafa orðið í stjórnarsamstarfinu síðasta sólarhringinn ef svo má að orði kveða.

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. Hjálmars Árnasonar um að það væri sérkennileg hefð sem við værum að reyna að koma hér á, að varpa spurningum til annars ráðherra en þess sem umræðunni er beint til, þá hefði hv. þm. átt að taka svolítið betur eftir því sem er að gerast í kringum hann. Þetta er alsiða hér í þinginu. Það er ekki nema tíu dagar síðan þetta gerðist í umræðu um efnahagsmál sem hér var háð úr þessum ræðustól í þessum sal, á þriðjudaginn í síðustu viku, þegar hæstv. fjmrh. fékk til sín spurningu og svaraði henni að sjálfsögðu. Svona gerist alltaf.

Herra forseti. Af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson dylgjaði um það að ég hefði farið hérna með ósæmilegum vinnubrögðum að hæstv. samgrh. og reynt að fella hann með hælkrók þá veit hv. þm. jafn vel og ég að það þarf nú ekki formann Samfylkingarinnar til þess að fella þennan hæstv. ráðherra á hælkrók. Mér sýnist hæstv. ráðherra falla jafnvel um laufblöðin sem verða á vegi hans þessa dagana.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað nýtt mér þetta kostaboð hæstv. samgrh. og efnt hérna til utandagskrárumræðu. Telur t.d. hv. þm. Halldór Blöndal föng til þess að ég þekkist þetta

góða boð hans að efna hér til utandagskrárumræðu af því að ég þarf að spyrja hæstv. samgrh. hvort hann hafi sett tiltekna reglugerð? Með fullri virðingu fyrir hv. þm. Halldóri Blöndal og fullur þakklætis fyrir hið góða boð sem hann í gervi forseta hefur gert mér ætla ég ekki að þiggja það. Ég læt mér nægja að leggja bara fram eina tiltekna fyrirspurn, skriflega eða munnlega, til þess að verða mér út um þessa vitneskju.

Herra forseti. Ég er hins vegar hér starfandi undir handarjaðri hæstv. forseta Halldórs Blöndals og tek mark á því sem hann segir og reyni að gera mitt til þess að greiða fyrir umræðum í þessu þingi. Hæstv. forseti veit að það gerist nú ekki oft að formaður Samfylkingarinnar óhlýðnist þeim boðum sem ganga af munni þess forseta sem situr hverju sinni. Ég taldi einfaldlega að með því að fara þessa leið að óska eftir því að hæstv. samgrh. yrði viðstaddur umræðuna til að væri hægt að spyrja hann þessara tveggja sakleysislegu spurninga, væri ég að greiða fyrir þingstörfum. Það þurfti þá a.m.k. ekki utandagskrárumræðu til þess.

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja meira að þessu sinni til þess að koma mönnum ekki í meira uppnám. En það skýrði sig alveg sjálft, og það þarf ekki formann Samfylkingarinnar til þess að skýra það, hvers vegna hæstv. samgrh. tók ekki þátt í þessari umræðu. Við óskuðum eftir upplýsingum. Við höfðum leitað eftir þeim áður í samgrn. og þær fengust ekki þar.

[14:21]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og hv. 7. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, er kunnugt hefur sú venja skapast að hægt sé að taka mál upp, eins og þau sem hann nefndi, í upphafi fundar undir liðnum störf Alþingis og honum hefði þess vegna verið í lófa lagið að beina þessum fyrirspurnum til hæstv. samgrh. í upphafi þessa fundar. Ekkert var við það að athuga nema síður sé og eðlilegt. Á hinn bóginn ef fram fer umræða utan dagskrár um málefni sem heyrir undir utanrrh. þá er eðlilegt að málflutningi sé hagað í þinginu í samræmi við það sem hver þingflokkur kýs sér eins og samkomulag hefur orðið um og rætt hefur verið. Ef hv. þm. hefði bráðlegið á þá hefði hann hæglega getað fyrr á þessum degi spurt hæstv. samgrh. þeirrar spurningar sem hann ber nú svo mjög fyrir brjósti. Hann getur auðvitað gert það þegar næsti fundur verður settur. Án nokkurra málalenginga getur hann tekið þetta mál upp þá. Mér finnst þessi málatilbúnaður hálfundarlegur og satt að segja ekki sannur.

[14:22]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er um gríðarlega stórt mál að ræða þannig að það er nú slæmt fyrir land og þjóð ef þetta fer í karp um form hér í þinginu. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. samgrh. fyrir að ljá máls á því að taka þetta mál til umræðu í breiðu samhengi. Það þarfnast þess. Ég tel að það sé fyrst og fremst út af því að auðvitað finnast aðrir vinklar eins og fram kom í umræðunni. Ég benti á að við erum með þrjá alþjóðaflugvelli, ekki bara í Keflavík heldur á Akureyri og Egilsstöðum líka. Ég tók eftir því að hv. þm. Tómas Ingi Olrich léði máls á því og taldi æskilegt að skoða þann möguleika í þessu ferðamannapólitíska samhengi. Ég mælist til þess að við leitum leiða til að koma að þessu máli og hafa möguleika á því að ræða það betur og ræða það frekar. Það er þá spurning hvort það yrði þáltill. um að fela samgrh. og samgrn. að hefja viðræður t.d. við þetta flugfélag og þá með möguleikann á því að taka flugið inn á Akureyri — í þeirri breidd vil ég sjá þetta — e.t.v. inn á Egilsstaði.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég minna hv. þingmann á að dagskrárliðurinn er um fundarstjórn forseta en ekki efnisleg meðferð þessa máls.)

Ég skal halda mig við umræðuefnið fundarstjórn forseta virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri. Ég held að málið sé svo stórt að það þurfi að ræða það betur og finna form á því. Ég mun leita eftir samvinnu um slíkt þannig að hægt verði að ræða þessi mál í góðu tómi.

[14:24]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Nú fer loksins að verða ljós tilgangurinn með þessari umræðu hjá hv. 7. þm. Reykv. Hann sagði frá því svona af hjartans lítillæti í lokin að hann ætlaði að flytja eina litla fyrirspurn til hæstv. samgrh. um málið. Ég verð að játa að eftir minn tíu ára þingferil sýnist mér þetta vera lengsti aðdragandi að einni fyrirspurn sem ég hef orðið vitni að í þingsölum því við höfum vanalega tvær mínútur til að flytja mál okkar í þessu sambandi. En hv. þm. er búinn að fimbulfamba um málið meira og minna eftir að þessari umræðu lauk með örlitlum hléum þar sem við hinir gátum komið að nokkrum orðum.

Allt er þetta mál að verða ljóst. Þetta var allt saman tilefnislaust. Hv. þm. var auðvitað í lófa lagið, úr því honum fannst ekki þeim spurningum sem hann beindi til hæstv. ráðherra vera svarað, að leggja fram fyrirspurn eins og ég nefndi reyndar í upphafi máls míns áðan. Nú liggur það sem sagt fyrir að hv. þm. mun hér á eftir ganga til starfsmanna þingsins, biðja þá að búa til fyrirspurn, leggja hana fyrir þingið og hæstv. samgrh. svara. Ég verð að játa að ég skil ekki þetta upphlaup allt saman. Það er vegna þess m.a., virðulegi forseti, að ég er ekki sálgreinir eins og hv. þm. Hv. þm. hóf mál sitt á því áðan að segja frá því að hann hefði verið að skyggnast inn í sálartetur okkar stjórnarliða og komist að sitt hverju. Þá varð manni enn betur ljóst en nokkru sinni áður hversu hæfileikaríkur hv. þm. er því hann er líka sálgreinir á þessu sviði. Ég verð að taka aftur orð mín sem ég sagði hér áðan því þessi umræða hafði ákveðinn tilgang. Það er greinilegt.

Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, fyrri umr.

Stjtill., 406. mál. — Þskj. 663.

[14:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. desember 1997 og alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem samþykktur var á þeim sama vettvangi 9. desember 1999.

Hryðjuverkaárásin á Bandaríkin 11. september 2001 hefur kallað á hörð viðbrögð ríkja heims og hvatt þau til að leita allra tiltækra leiða til þess að efla varnir gegn hryðjuverkum og tryggja öryggi borgara. Hryðjuverk þessi hafa vakið ríki

til vitundar um að hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi eru orðin ein mesta ógn sem steðjar að friði í heiminum og um það gífurlega manntjón og eignatjón sem hryðjuverk geta valdið. Þær aðferðir sem hryðjuverkamenn beita hafa einnig vakið sérstakan ugg þar sem þeir virðast ekki hika við að tortíma sjálfum sér til þess að ná fram markmiðum sínum. Hefðbundin sjónarmið um varnaðaráhrif þess að leggja þungar refsingar við hryðjuverkum eiga því ekki við með sama hætti og áður. Enn fremur veldur áhyggjum að skipulögð starfsemi hryðjuverkahópa nær til margra ríkja í senn og mikið fjármagn streymir til hennar. Af framansögðu leiðir að brýnt hefur verið talið að kveða í alþjóðasamningum og innlendri refsilöggjöf á um markvissari úrræði í baráttunni gegn hryðjuverkum, ekki aðeins gagnvart gerendum sjálfum heldur einnig þeim sem leggja hryðjuverkastarfsemi lið, t.d. með fjármögnun hennar. Hefur m.a. verið talin rík þörf á að kveða skýrt á um að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sé sjálfstæður refsiverður verknaður og setja reglur um skyldur fjármálastofnana þegar grunur leikur á fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman. Með ályktun öryggisráðsins nr. 1368, 12. september sl., voru hryðjuverkin fordæmd og ríki heims hvött til að vinna saman að því að leita þá uppi sem stóðu á bak við þau og koma lögum yfir þá. Einnig voru ríki hvött til að fullgilda fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd.

Í þáltill. er gefið yfirlit yfir alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum, fjölda aðildarríkja þeirra og stöðu Íslands gagnvart þessum samningum. Eins og þar kemur fram er Ísland þegar aðili að meiri hluta samninganna en stefnt er að fullgildingu þeirra samninga sem Ísland er ekki aðili að fyrir næsta vor. Með tillögu þessari er fyrsta skrefið stigið og leitað heimildar Alþingis til fullgildingar þeirra tveggja samninga sem telja verður mikilvægasta af umræddum hryðjuverkasamningum.

Markmið alþjóðasamningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar, er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkasprengingum. Samningurinn stefnir að því að refsiviðurlögum verði komið yfir þá sem fremja hryðjuverk með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum, t.d. útbreiðslu eiturefna eða smitandi sjúkdóma, geislavirkni og öðrum áþekkum aðferðum. Með því að gerast aðilar að samningnum skuldbinda ríki sig til þess að fallast á ákveðnar skilgreiningar sem kveða á um að hryðjuverk sem framin eru með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum séu refsiverður verknaður sem teljist til alvarlegustu brota samkvæmt refsilöggjöf þeirra. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 28. september 1998, en aðildarríki hans eru nú 48 talsins.

Markmið alþjóðasamningsins um koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkum og fjölga úrræðum til þess að unnt verði að koma fram refsiviðurlögum gagnvart þeim sem fjármagna hryðjuverkastarfsemi. Með aðild að samningnum gangast ríki undir skuldbindingar um að fallast á ákveðnar skilgreiningar varðandi tilflutning og öflun fjármuna með vitneskju um að þá skuli nota til hryðjuverkastarfsemi, og að slík háttsemi teljist afbrot sem þungar refsingar verði lagðar við, bæði gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Að auki leggur samningurinn þær skyldur á aðildarríki að skilgreina rúmt hlutdeild í fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 1. okt. sl., en aðildarríki hans eru nú 18 talsins.

Í báðum samningunum er að finna ákvæði um refsilögsögu, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð til að greiða fyrir því að unnt sé að koma fram refsingum gagnvart brotamönnum, án tillits til þess hvar brotið er framið, þjóðernis eða dvalarstaðar brotamanns.

Fullgilding þessara tveggja alþjóðasamninga kallar á breytingar á lögum hér á landi. Hæstv. dómsmrh. hefur lagt frv. þar að lútandi fyrir Alþingi. Í frv. eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns nr. 144/1998.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[14:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Enn á ný ræðum við mál sem tengist hörmungum haustsins og vekur upp minningar um hryðjuverkin sem við upplifðum í haust, ástæður þeirra og nauðsyn þess að gera víðtækar breytingar til að afstýra því að slíkt gerist í framtíðinni. Það er ljóst að þessi hryðjuverk hafa vakið þjóðir heims til vitundar um viðbúnað, varnir, hvers konar reglur og alþjóðasamninga sem gera þjóðum unnt að sporna gegn nýrri og mjög ógnandi vá. Þess vegna er mjög mikilvægt að við hér á Íslandi tökum þátt í og fullgildum þá alþjóðasamninga sem alþjóðasamfélagið hefur komið sér saman um til að sporna við þessum hörmungum.

Í umræðunni um samstarf þjóða í haust hefur það sjónarmið borið hátt að mikilvægt sé að allar aðgerðir séu samþykktar af eða undir forsjá Sameinuðu þjóðanna. Líka hvað varðar friðargæsluna, fyrirbyggjandi aðgerðir á viðkvæmum stöðum og enduruppbyggingu að átökum loknum, sá gæðastimpill sem felst í því að Sameinuðu þjóðirnar séu í forsvari er talinn mikilvægur til að ná árangri. Ég vil undirstrika það hér. Þetta hefur jafnframt endurspeglast í umræðu á vettvangi Norðurlandaráðs um þessi mál. En áður en atburðirnir í september urðu var Norðurlandaráð þegar byrjað að ræða samvinnu Norðurlandanna varðandi friðargæslu og samvinnu við enduruppbyggingu að átökum loknum, fyrirbyggjandi aðgerðir eða íhlutun í átök. Þess vegna finnst mér mikilvægt að við fullgildum slíkar samþykktir. Ég fæ tækifæri til þess sem fulltrúi míns flokks í utanrmn. að fara nánar í þessa samþykkt.

Það sem vekur athygli við skoðun á þessu máli er að við erum nú annars vegar að fara að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. desember 1997, fyrir fjórum og hálfu ári, og hins vegar samning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem samþykktur var 9. desember 1999. Við erum frekar sein á okkur í að vinna með og fullgilda slíka samninga.

Nú þekki ég ekki hvernig þetta hefur almennt verið. Ég sé hins vegar, þegar ég skoða yfirlit um alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum sem er að finna á bls. 2 og 3 í greinargerð með þessari tillögu, að þar er greint frá einum 13 samningum og nokkrir þeirra hafa lengi verið án samþykkis okkar, t.d. sýnist mér samningur um gæslu kjarnorkuefna vera frá 1980 og Ísland er ekki aðili að honum en stefnt er að aðild 2002. Ísland er ekki aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggissiglingum á sjó. Ísland er

ekki aðili að bókuninni um ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja. Ísland er ekki aðili að samningnum um merkingar á plastsprengiefni. Eins og ég segi eru þessir samningar misgamlir en alls staðar þar sem það er tilgreint, í 4 eða 5 tilfellum af þeim 12 eða 13 sem hér eru nefnd, er jafnframt sagt að stefnt sé að aðild fyrir vorið 2002.

Það er hið ágætasta mál. Það segir okkur að utanrmn. hafi væntanlega farið yfir alla alþjóðasamninga sem við höfum ekki þegar fullgilt og sett í gang vinnu við að fullgilda samninga sem við höfum ekki gengið frá á síðustu árum og séum með alþjóðasamfélaginu í því að taka á þar sem á þarf að halda. Ég er afskaplega ánægð að sjá þessi áform og lýsi yfir fullum stuðningi við þá vinnu en að sjálfsögðu geta komið í ljós í vinnunni í utanrmn. einhver atriði sem við viljum skoða nánar.

Hvað þennan sérstaka samning varðar — þeir eru reyndar tveir en ég ætla að leyfa mér að koma með athugasemd um þann fyrri sem varðar hryðjuverkasprengingar — bendi ég fyrst og fremst á 2. gr., sem er megingreinin, um að „sá fremur afbrot í skilningi samnings þessa sem með ólögmætum hætti og af ásetningi fer með sprengju eða með annarri lífshættulegri aðferð inn á, inn í eða gegn almenningsstað, aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda, almenningssamgöngukerfi eða almenningsmannvirki, kemur henni þar fyrir, gerir hana virka eða sprengir hana.“ Síðan er í greininni farið yfir í hvaða ásetningi þetta væri hugsanlega gert.

Í 4. gr. segir síðan að hvert aðildarríki skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunni að vera til að gera þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. samnings þessa refsiverð samkvæmt landslögum og leggja viðeigandi refsingu við þeim afbrotum þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra.

Og í 5. gr. segir:

„Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera, þar á meðal með lagasetningu þar sem við á, til að tryggja að afbrot er falla undir samning þennan, sérstaklega ef þeim er ætlað eða þau eru við það miðuð að leiða til ógnarástands meðal almennings, hópa eða einstaklinga, séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða af stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum toga, og að fyrir þau sé refsað í samræmi við alvarleika þeirra.“

Ég hef, virðulegi forseti, nefnt hér þrjár greinar sem mér sýnist að séu mjög mikilvægar. En þær segja okkur líka að það er ekki einfalt mál að koma þessum ákvæðum alþjóðasamningsins fyrir í íslenskum lögum þannig að við séum tryggð á þann hátt sem hér er um getið en jafnframt verði gætt lýðræðishefða í okkar ríki og þess að ganga ekki á rétt almennings. Allt þetta munum við skoða og ég lýsi yfir stuðningi Samfylkingarinnar við að skoða þessi mál.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að mér finnst þetta mjög mikilvægt, þ.e. að hæstv. utanrrh. takist að leggja þá alþjóðasamninga sem hér er vísað til fyrir þingið og jafnframt að ríkisstjórnin tryggi að hið allra fyrsta komi frv. sem fylgi í kjölfar þessara alþjóðasamninga þannig að við getum gert þá virka á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), síðari umr.

Stjtill., 321. mál. — Þskj. 406, nál. 694.

[14:42]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001, um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn, en sá viðauki fjallar um umhverfismál.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins um urðun úrgangs.

Fyrir utanríkismálanefnd hefur verið lögð álitsgerð Árna Páls Árnasonar hdl. sem hann vann að beiðni umhverfisráðuneytisins. Niðurstaða álitsins er m.a. sú að ákvæði tilskipunarinnar feli ekki í sér skilyrðislausa kröfu um hlutlæga ábyrgð á umhverfistjóni og var sá skilningur staðfestur af fulltrúum umhverfis- og utanríkisráðuneytis á fundi nefndarinnar. Tilskipunin gerir hins vegar ráð fyrir því að innstæða verði fyrir greiðslu kostnaðar við vöktun og lokun urðunarstaðar en gerir ekki kröfu um ábyrgðartryggingu vegna umhverfistjóns. Samkvæmt gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina er ljóst að innleiðing tilskipunarinnar mun hafa í för með sér aukinn kostnað við vöktun urðunarstaða á landinu.

Nefndin mælir með að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. skrifa: Tómas Ingi Olrich, Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar K. Guðfinnsson og Jónína Bjartmarz.

[14:43]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs rita ég undir nál. hv. utanrmn. í þessu máli. Ég er komin hingað upp í þeim tilgangi að benda á nauðsyn þess að samhliða því að tilskipun Evrópusambandsins um þetta efni verði leidd í lög á Íslandi fari fram nauðsynleg vinna í umhvrn. og samið verði frv. um einhvers konar mengunarbótalöggjöf. Þar er mikil vinna óunnin. Ég hygg að um það sé full samstaða að mjög gott væri ef sú vinna gæti haldist í hendur, að fá þessi mál hér til umfjöllunar og að umhvrn. hefji þá vinnu sem þarf að vinna vegna mengunarbótalöggjafar. Þar erum við því miður þó nokkuð á eftir og þyrftum að bretta upp ermarnar.

[14:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir ábendingu framsögumanns Samfylkingarinnar í þessu máli, Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Það er mjög mikilvægt að Alþingi geri sér grein fyrir því að þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er í raun stefnumörkun. Við ætlum að meðtaka hana en sem stefnumörkun verður að fylgja henni eftir á þann hátt sem þingmaðurinn hefur bent hér á. Ég var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls í utanrmn. en tók þátt í umfjöllun þess. Það er undirritað fyrirvaralaust af Þórunni Sveinbjarnardóttur og ég styð það jafnframt.

Mér finnst full ástæða til að nefna hvaða meginatriði verið er að festa hér í sessi með stefnumörkun og sem væntanlega verður lögfest fylgi umhvrn. þessu eftir, þ.e. að viðmiðanir og staðlar um að urðun fari fram við öruggar aðstæður og undir eftirliti, að stuðlað verði að endurvinnslu og endurnýtingu í enn ríkari mæli en áður, dregið verði úr magni og hættulegum eiginleikum úrgangs, að samræmdar aðferðir

verði við móttöku úrgangs og hvernig loka skuli urðunarstað, jafnframt að rekstraraðili geri ráðstafanir í formi fullnægjandi trygginga vegna skuldbindinga við lokun urðunarstaða og að gjald sem tekið er fyrir förgun úrgangs dugi fyrir kostnaði við uppsetningu og rekstur stöðvar.

Gróft saman tekið má segja að þetta sé meginefni tilskipunarinnar sem EES-nefndin hefur gert að sinni.

En það sem kom fram hér í máli framsögumanns, og Þórunn Sveinbjarnardóttir gerði að umtalsefni, er það álit að ákvæði tilskipunar feli ekki í sér skilyrðislausa kröfu um hlutlæga ábyrgð á umhverfistjóni og sá skilningur var staðfestur af fulltrúum umhvrn. og utanrrn. á fundi nefndarinnar.

Þetta þýðir að tilskipunin gerir ráð fyrir innstæðu vegna greiðslu lokunar og kostnaðar við vöktun en ekki kröfu um ábyrgðartryggingu vegna umhverfistjóns.

Það vekur almennt til umhugsunar um stöðu okkar ef umtalsvert umhverfistjón verður af völdum einhverra aðila. Þá er ég ekki endilega að tala um þessa tilskipun. Því hefur verið komið á framfæri hér að umhvrn. verði að fara í það mál. En hvernig erum við stödd almennt ef umhverfistjón verður af völdum einhverra sem eru með einhvern tiltekinn rekstur eða bera tiltekna ábyrgð? Teljum við að slíkan kostnað eigi samfélagið sem slíkt ávallt að bera eða eiga þeir sem eru með einhvers konar starfsemi sem gæti valdið umhverfistjóni að bera einhverja ábyrgð sjálfir? Þetta eigum við eftir að ræða hér almennt en full ástæða er til að árétta það sem hér kom fram, að þessari tilskipun verði fylgt eftir hvað umhverfistjón varðar.

[14:49]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Í tilefni af því sem fram hefur komið hér við umræður um málið og tengsl þess við mengunarbótalöggjöf vil ég að það komi fram sem raunar er getið í nál. að innleiðing þessarar tilskipunar kallar á lagabreytingar og það er ljóst að umhvrn. hyggst leggja fram lagafrv. sem snertir beinlínis efnisinnihald þessarar tilskipunar. Ég hygg að það sé einnig rétt að það er unnið að mengunarbótalöggjöf á sviði Stjórnarráðsins. Það er hins vegar afar viðamikið verkefni og ekki er við því að búast að þessi mál, þ.e. löggjöf sem þessi tilskipun kallar sérstaklega á og svo mengunarbótalöggjöfin sem slík, geti haldist í hendur. Mér fannst í raun og veru gefið í skyn af hálfu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur að þessi mál verði að haldast í hendur. Ég held að það sé borin von að það gerist. Hitt er svo annað mál að ég hygg að á vegum Stjórnarráðsins sé unnið að undirbúningi slíkrar mengunarbótalöggjafar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 317. mál. — Þskj. 393.

[14:50]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um unglingamóttöku og getnaðarvarnir. Flutningsmenn ásamt mér eru Katrín Fjeldsted, Guðmundur Árni Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Drífa Snædal, Bryndís Hlöðversdóttir, Jónína Bjartmarz og Hjálmar Árnason.

Það er mjög ánægjulegt að gera grein fyrir því að í þessu máli er algjörlega þverpólitísk samstaða og að hér eiga í hlut bæði landsbyggðarþingmenn og höfuðborgarþingmenn. Það er líka þannig að mjög mörg ungmenni af landsbyggðinni stunda nám í Reykjavík og mundu þá geta nýtt sér þá þjónustu sem hér er verið að tala um.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja viðræður við heilsugæsluna í Reykjavík um opnun unglingamóttöku, t.d. við eina af stöðvum hennar. Jafnframt feli ráðherra landlækni að koma á fót tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar með ókeypis eða ódýrar getnaðarvarnir fyrir fólk á aldrinum fimmtán ára til tvítugs."

Við þekkjum það öll að mjög miklar umræður hafa verið á undanförnum árum um stöðu ungs fólks í samfélaginu, ábyrgð þess og hlutverk. Afar mikilvægt er að bregðast við þörfinni fyrir sérstaka móttöku fyrir ungt fólk þar sem það getur rætt mál sín við fagaðila á eigin forsendum en ekki á forsendum hinna fullorðnu. Þegar hefur verið stofnað til unglingamóttöku á Akureyri og í Hafnarfirði. Slík þjónusta er mikilvæg, bæði í kynfræðslumálum og sértækum vandamálum ungmenna sem upp geta komið.

Í fréttablaði Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir, FKB, er fjallað um þær tvær stöðvar sem þegar eru starfandi. Þar segir m.a. um unglingamóttökuna á heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði að sumarið 1999 hafi verið byrjað að þróa hugmyndir um starfsemi unglingamóttöku á vegum heilsugæslustöðvarinnar. Sýnt hafi þótt strax í upphafi að stór hluti starfsemi unglingamóttöku mundi felast í ráðgjöf og meðferð sem beindist að kynlífi ungs fólks í ljósi þess að markhópurinn væri unglingar sem eru kynþroska og eru að verða eða orðnir virkir í kynlífi. Þetta eru þættir eins og getnaðarvarnaráðgjöf og fóstureyðingaráðgjöf en ótímabærar þunganir unglinga eru margar á Íslandi og mjög brýnt þótti að sinna þessum þætti enn betur en gert er nú.

Áhættuhegðun unglinga, t.d. reykingar, vímuefnaneysla og ofneysla áfengis, er málaflokkur sem þarfnast umfjöllunar og forvarna og átti unglingamóttakan að geta sinnt einhverjum hluta þessa málaflokks. Talið var að ungt fólk mundi leita til slíkrar móttöku vegna ofbeldis sem það hefði verið beitt, eins og sifjaspells og/eða nauðgunar, félagslegra vandamála, t.d. samskiptavanda á heimilum eða í skóla, og vegna húðvandamála, geðheilsu, kvíða, þunglyndis eða átraskana.

Markhópur þessarar móttöku í Hafnarfirði var skilgreindur sem ungt fólk á aldrinum 14 ára til tvítugs á upptökusvæði heilsugæslustöðvarinnar Sólvangs í Hafnarfirði.

Móttakan hefur verið skipulögð með þarfir unglinga í huga og nauðsynlegt er að leiðarljósið sé:

þægileg og vingjarnleg framkoma starfsfólks sem sýnir ungmennum virðingu og skilning,
engar tímapantanir,
ókeypis heimsóknir,
gott aðgengi, t.d. með tilliti til strætisvagna,
móttakan aðskilin frá fullorðinsmóttöku,
þægilegur opnunartími (síðdegis, t.d. eftir skóla).

Um unglingamóttökuna á heilsugæslustöðinni á Akureyri segir að hugmyndir um unglingamóttöku hafi verið komnar fram síðla árs 1999. Heilsugæsluheimsóknir níundubekkinga höfðu þá tíðkast um nokkurra ára skeið og var vel tekið af unglingum og starfsfólki heilsugæslunnar og komu þær í stað hefðbundinna fyrirlestra skólalækna.

Fjölmennasti hópurinn sem leitar þangað er stúlkur í 9. og 10. bekk og miðbekkjum í framhaldsskólum. Einstaka drengir slæðast þó inn.

Flestir búa nemendurnir á Akureyri og mun fátíðara er að utanbæjarnemar sæki móttökuna en þeir eru talsvert margir í skólum á Akureyri. Komuástæður eru fjölmargar en þyngst vega getnaðar- og kynsjúkdómaráðgjöf og geðfélagsleg vandamál. Slíkum tilfellum hefur fjölgað og hefur orðið að vísa þeim erfiðustu annað, svo sem til barna- og unglingageðlækna, sálfræðinga og geðlækna. Nauðsynlegt er að hafa öflugt stuðningsnet sem hægt er að beina þeim til sem á þurfa að halda til áframhaldandi meðferðar.

Eflaust eru afar svipuð markmið með báðum þessum stöðvum, og vitað er af undirbúningi víðar, m.a. á Seltjarnarnesi. Eins og fram kemur í upplýsingum um þessar stöðvar ber hæst ráðgjöf og fræðslu um getnaðarvarnir og kynlíf en mikilvægt er hvernig starfsemin auglýsir sig strax í upphafi.

Í febrúar árið 2000 kom út skýrsla um fóstureyðingar og aðgengi að getnaðarvörnum en Sóley Bender var formaður starfshóps sem vann skýrsluna fyrir þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörgu Pálmadóttur. Þar kemur m.a. fram að það hafi verið viðurkennd staðreynd í heiminum að fjárfesting til forvarna í formi fræðslu og ráðgjafar um kynlíf og barneignir skili sér margfalt ef borið er saman við þann kostnað sem heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta leggur af mörkum ef forvörnum er ekki komið við. Talið er að hver króna sem fari í að greiða kostnað við forvarnastarf á þessu sviði spari tíu krónur sem fari í aðstoð við fólk ef forvörnum er ekki beitt.

Eftirfarandi eru tillögur að forvörnum úr skýrslunni:

Auka þarf val kvenna/para um þjónustuform. Starfrækt verði sérhæfð móttaka til ráðgjafar um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir með sérmenntuðu starfsfólki sem geti verið annarri þjónustu á þessu sviði til ráðgjafar. Slík þjónusta hafi opið að degi til og á kvöldin.

Stuðla þarf að áframhaldandi þróun fræðslu og ráðgjafar um getnaðarvarnir fyrir konur sem fara í fóstureyðingu á kvennadeild Landspítalans. Þar hafi konur aðgang að getnaðarvörnum á kostnaðarverði.

Auka þarf aðgengi kvenna að neyðargetnaðarvörn. Ég vil líka skjóta því hér inn að slíkt aðgengi er orðið mun betra en það var og þessi neyðargetnaðarvörn er núna fáanleg í apótekunum.

Meiri umfjöllun þarf að verða um ábyrgt kynlíf og þar með ábyrga notkun getnaðarvarna, t.d. þurfa fjölmiðlar og aðrir að taka höndum saman um að ræða þessi mál.

Kynna þarf neyðargetnaðarvörnina betur eins og með auglýsingum á strætisvögnum, skjáauglýsingum og víðar.

Kynna þarf betur hormónasprautuna.

Mjög margar getnaðarvarnir eru illa kynntar en með betri kynningu mætti koma í veg fyrir ótímabærar þunganir.

Í skýrslunni sem ég nefndi, þeirri sem Sóley Bender tók saman fyrir heilbrrh., er sérstakur kafli um aðgengi að getnaðarvörnum en þar segir m.a. að hér á landi hafi fólk ekki haft nægjanlega greiðan aðgang að nokkrum getnaðarvörnum. Megi þar nefna neyðargetnaðarvörn, hormónasprautuna, hormónalykkjuna og hettuna. FKB hefur auðvitað markvisst sinnt þessum málum með sérstökum bæklingum, m.a. um neyðargetnaðarvörn. Fram koma ákveðnar mjög merkar niðurstöður í þessari skýrslu sem ég vil aðeins tæpa á hér. Þar segir:

Niðurstöður skýrslunnar eru m.a. eftirfarandi og gætu tvímælalaust verið leiðarljós til úrbóta í þessum málaflokki:

Vaxandi þörf er á ráðgjöf fyrir ungt fólk um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir í ljósi þess aukna fjölda sem leitar til ráðgjafa FKB. Jafnframt er mjög mikil aukning á kvennadeild Landspítala í getnaðarvarnarþjónustu þar.

Ráðgjöf skortir um getnaðarvarnir, svo sem neyðargetnaðarvörn og smokka, fyrir ungt fólk innan veggja skólanna. Hjúkrunarfræðingar í skólum hafa því miður ekki leyfi til að gefa neyðargetnaðarvörn en ég er að vona að kannski rætist úr þessu.

Betur verði kynntir möguleikar ungs fólks til ráðgjafar varðandi getnaðarvarnir á heilsugæslustöðvum og afgreiðslutími þjónustunnar lengdur í samræmi við óskir og þarfir unga fólksins.

Endurskoða þarf námsefni um getnaðarvarnir í framhaldsskólum landsins.

Ég vil gjarnan koma með það innskot hér að núna er í tilraunakennslu í þremur eða fjórum skólum afar gagnmerkt prógramm sem hefur verið unnið af FKB. Þar er rætt um alla þessa þætti og er það sennilega í fyrsta skipti sem notast er við mjög góð kennslugögn um þessi mál. Þessi tilraun er í samstarfi við menntmrn. og lítur mjög vel út.

Það er afar mikilvægt að neyðargetnaðarvörn sé aðgengileg á kostnaðarverði fyrir ungt fólk yngra en 20 ára. Við þekkjum það líka að FKB hefur gefið þessa getnaðarvörn í samráði við þau lyfjafyrirtæki sem hafa haft hana á sínum snærum. Jafnframt fæst hún á kvennadeildinni.

Flutningsmenn tillögunnar telja mikilvægt að gera fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir aðgengilegar fyrir ungt fólk, og er það í samræmi við nýsamþykkta heilbrigðisáætlun til ársins 2010 en í henni segir í 5. kafla að íslensk markmið til 2010 séu:

1. Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks um 25%. Og við skulum ekki gleyma því að auðvitað eru ótímabærar þunganir líka angi af þessu máli.

2. Dregið verði úr reykingum ungs fólks um 50%.

3. Dregið verði úr slysum og dauðaslysum ungs fólks um 25%.

4. Ótímabærum þungunum meðal stúlkna 19 ára og yngri fækki um 50%.

Ég tel þessi markmið alveg raunhæf og að með því að setja á fót tilraunaverkefni með getnaðarvarnir þannig að þær séu aðgengilegri — við vitum vel að ungt fólk hefur tilhneigingu til að nota þær ekki fyrr en kannski of seint því að enn ríkir sá hugsunarháttur að „slysin henda mig ekki" og ungt fólk tekur of mikla sjensa. En með aukinni og opinni umræðu ættum við að geta náð þessum árangri. Ég tel afar mikilvægt að heilsugæslan í Reykjavík verði ekki undanskilin. Þar á að vera hægt að stofna unglingamóttöku og í hana á að veita ákveðið fjármagn. Við erum ekki að tala um mikið fé í þetta heldur fyrst og fremst aðra skipulagningu á þeim stöðvum sem mundu vilja taka þetta að sér og ég veit þegar um nokkra sem vildu gjarnan gera það og vera með í slíkri tilraun.

Ég legg til að þessi þáltill. fari til hv. heilbrn. og til síðari umræðu.

[15:01]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessari till. til þál. um unglingamóttöku og getnaðarvarnir en 1. flutningsmaður hefur gert ítarlega grein fyrir tillögunni.

Ég tel að þetta sé hin merkasta tillaga. Hún skýrir sig að mestu leyti sjálf — í henni felst að opnuð verði unglingamóttaka við eina af heilsugæslustöðvunum í Reykjavík og að komið verði á fót tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar með ókeypis eða ódýrar getnaðarvarnir.

Í greinargerðinni er sagt frá starfsemi nokkurra heilsugæslustöðva á landinu þar sem opnaðar hafa verið unglingamóttökur. Þar ber helst að nefna heilsugæsluna á Sólvangi í Hafnarfirði og heilsugæsluna á Akureyri. Heilsugæslan á Seltjarnarnesi var einnig nefnd til. En það er ekki svo að heilsugæslan í Reykjavík sinni þessum málum ekki því mikil þjónusta er nú þegar fyrir hendi á heilsugæslustöðvunum í Reykjavík. Þar er mikil þekking og reynsla, bæði hjá heimilislæknum og hjúkrunarfræðingum, og víða mikill áhugi á þessu máli. Það hefur kannski togast á í umræðunni, þetta með að hafa sérstaka móttöku opna. Margir í heilsugæslunni telja ekki æskilegt að setja upp ákveðin box eða einhvern sérstakan ramma utan um verkefni af þessu tagi vegna þess að að mörgu leyti falli þau innan þjónustusviðs stöðvanna. Aðrir segja, eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, að stundum koma sérstakar þarfir í ljós, t.d. eru unglingar einn slíkur hópur og það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að unglingar þurfi að koma á sérstökum tíma eða vilji ekki koma á tíma þegar þeir sem eldri eru sitja á biðstofunni o.s.frv. Ég hugsa að þannig megi mjög vel rökstyðja að það sé viturlegt að bjóða upp á unglingamóttöku.

Mér finnst hins vegar rétt að slík móttaka sé á vegum heilsugæslunnar. Þetta er jú fyrirbyggjandi vinna og mér finnst mjög eðlilegt að fyrsti valkostur fólks og snertiflötur við heilbrigðiskerfið sé heilsugæslan. Heilsugæslunni í Reykjavík ætti þess vegna að vera gert auðvelt að sinna þessu verkefni sérstaklega og koma því áleiðis til ungs fólks í skólum eða á vinnumarkaði, fólks sem er innan þessara aldurstakmarka sem við erum að tala um, fólks upp að nítján, tuttugu ára aldri.

Tilraunaverkefni sem lagt er til að ráðherra verði falið að fela landlækni, þ.e. með ókeypis eða ódýrar getnaðarvarnir, vekur líka upp ýmsar spurningar. Auðvitað eru margir unglingar fjárhagslega sjálfstæðir eða hafa fjármuni og gott samband við foreldra sína og geta séð um getnaðarvarnirnar sjálfir en það er ekki svo hjá öllum. Því fer fjarri. Þekking ungs fólks er ekkert endilega mikil um þessi mál, í og með vegna þess að stundum er ekki gott samband við foreldra, í og með vegna þess að skólakerfið hefur í gegnum tíðina ekki sinnt þessu nægilega þannig að ástæðurnar geta verið margar.

Í greinargerð með tillögunni er vitnað í könnun sem gerð var 1996. Samkvæmt henni vissu 2/3 af ungmennahópnum ekki hvað neyðargetnaðarvörn var. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan 1996 og merkasta breytingin var án efa sú þegar farið var að heimila apótekum að afgreiða neyðargetnaðarvörn í neyðartilviki sem neyðarlyf og ég held að það hafi verið mjög jákvætt skref. Þessi umræða hefur verið í öðrum löndum. Um það bil eitt ár held ég að sé liðið síðan farið var að afhenda neyðargetnaðarvörn á þennan hátt í Bretlandi eftir mikla umræðu þar.

Þetta er allt hluti af þeirri umsinnu og kærleik sem þjóðfélagið þarf að sýna ungu fólki sem er að fóta sig á refilstigum lífsins. Þótt tilraunaverkefni af þessu tagi kosti eitthvað held ég að það muni skila sér vegna þess að verið er að draga úr óhöppum og áföllum í lífi þessa unga fólks sem hyggur ekki á barneignir og sér þær ekki fyrir þótt það hefji kynlíf, stundum án mikillar vitneskju um þunganir.

Við vitum líka að tíðni fóstureyðinga á Íslandi er með ólíkindum há. Hjá unglingsstúlkum er hún um eða yfir tvöfalt það sem gerist t.d. í Finnlandi. Í tölum sem eru að vísu ekki alveg glænýjar, frá árunum 1996, 1997 og 1998, kemur fram að samanburðurinn er einkar óhagstæður fyrir Íslendinga. Meðal stúlkna yngri en tuttugu ára var af hverjum þúsund framkvæmd fóstureyðing í 24% tilvika, í Noregi 18,7%, í Svíþjóð tæp 18%, í Danmörku 16% og í Finnlandi rúm 10%. Því er alveg ljóst í mínum huga að hér er þörf á átaki, og ekki bara átaki heldur breyttum vinnubrögðum. Það er nauðsynlegt að rétta þessum unglingum þá hjálparhönd sem ég efast ekki um að þeir vilji finna.

Herra forseti. Frumkvæði í þessu máli hefur verið mjög mikið innan heilsugæslunnar og voru nefndar nokkrar heilsugæslustöðvar á landinu og hér á höfuðborgarsvæðinu sem dæmi um það. Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir hafa líka unnið mjög merkt starf. Af þessu má sjá að þekkingin og reynslan hjá starfsfólki í heilbrigðisþjónustu liggur víða. Það þarf að ná saman þessu fólki og þeim unglingum sem þurfa á þjónustunni að halda.

Í heilbrigðisáætlun sem samþykkt var sl. vor var miðað að því að ótímabærum þungunum meðal stúlkna nítján ára og yngri yrði fækkað um helming á því tímabili sem heilbrigðisáætlunin nær til. Ég tel að það sem lagt er til í þingsályktuninni sé markvert skref í þá átt að geta náð því takmarki.

[15:10]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar þáltill. um unglingamóttöku og getnaðarvarnir og er 1. flutningsmaður hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir. Það verður að segja eins og er að það er ekki að ástæðulausu sem slík tillaga kemur fram. Það er mjög mikil þörf á því að takast á við heilbrigðisvanda sem ungt fólk stendur frammi fyrir en það einkennilega er að heilsufar ungmenna hefur gjarnan fengið litla athygli. Almennt viðhorf er að ungt fólk sé heilbrigt og þurfi ekki á sérstakri heilbrigðisþjónustu að halda. En þegar grannt er skoðað er það öðru nær, ungt fólk stendur frammi fyrir ýmsum heilbrigðisvanda sem þarf að takast á við, á þeim aldri sem við erum að tala um, þ.e. sextán til tuttugu ára. Og unga fólkið þarf stuðning til að takast á við þessi mál.

Á þessum árum fara t.d. þessir krakkar að stunda kynlíf og þá er mikil hætta á ótímabærum þungunum. Það kom fram einmitt í máli hv. þm. Katrínar Fjeldsted að tíðni ótímabærra þungana hér á landi er veruleg. Þegar ég ræddi þessi mál á sínum tíma í þinginu við hæstv. heilbrrh. taldist mér til að ein af hverjum fimm unglingsstúlkum yrði ófrísk fyrir tvítugt — 20% ungra stúlkna verða ófrískar áður en þær verða tvítugar og þar af fer helmingurinn í fóstureyðingu. Þetta eru svo gríðarlegar tölur að maður grípur þær í rauninni ekki og það er alveg ljóst að við eigum þarna mikið verk fyrir höndum.

Síðastliðið haust mælti ég fyrir þáltill. um heilsuvernd í framhaldsskólum þar sem m.a. er lagt til því að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig skipulagðri heilsuvernd fyrir ungt fólk verði háttað. Þar geri ég m.a. ráð fyrir því að sett verði á stofn heilsuvernd innan skólanna. Það er ljóst að 90% af ungmennum eru í framhaldsskólum, 10% eru þá sem sagt ekki í framhaldsskólum. Eitt þessara úrræða er að opna móttökur í skólunum.

Hin leiðin er, eins og kemur fram í tillögu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur sem við erum núna að fjalla um, að stofna unglingamóttökur við heilsugæsluna. Ýmsar athuganir hafa nefnilega sýnt að ungt fólk nýtir sér ekki heilbrigðisþjónustuna. Af einhverjum ástæðum finnst því óaðlaðandi að koma með vanda sinn á heilsugæslustöðvar. Nefndar hafa verið ýmsar ástæður í því sambandi, m.a. finnst því óþægilegt að ræða sín mál við heilbrigðisstarfsmenn sem taka á móti öllum aldurshópum. Og því finnst oft eins og að opnunartíminn henti ekki o.s.frv.

Fram hefur komið í könnunum sem m.a. Sóley Bender hjúkrunarfræðingur hefur gert að unglingar kjósa að fá lausn á vanda sínum á því svæði sem þeir þekkja, þar á meðal innan skólanna. Af þeirri ástæðu m.a. lagði ég fram þessa þáltill. sem er núna til umfjöllunar í heilbrn. og verður vonandi afgreidd fyrir vorið.

Seinni hluti þáltill. sem hér er til umfjöllunar snýr að getnaðarvörnum, að koma á fót tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar með ókeypis eða ódýrar getnaðarvarnir fyrir ungt fólk á aldrinum fimmtán ára til tvítugs. Ég sagði áðan að tíðni þungana unglingsstúlkna væri gríðarleg hér á landi. Það er tvisvar til þrisvar sinnum algengara að íslenskar unglingsstúlkur eigi börn en jafnöldrur þeirra á Norðurlöndum og fimm til sex sinnum algengara en t.d. í Hollandi. Hér er ein mesta tíðni fóstureyðinga í þessum aldurshópi á Norðurlöndum.

Í mörgum tilfellum er það meiri háttar áfall fyrir unga stúlku að verða ófrísk og að þurfa að stíga þau þungu skref að fara í fóstureyðingu. Helmingur þeirra stúlkna sem verða ófrískar fer í fóstureyðingu. 10% stelpna hafa upplifað þetta áður en þær verða tvítugar, að fara í fóstureyðingu. Þetta er skelfilegt.

Ein af færum leiðum til að taka á þessum vanda er að koma á sérstakri unglingamóttöku. Ég vil líka einmitt halda fram þeirri tillögu minni sem ég var með í haust, að koma á heilsugæslu innan skólanna. En það eru náttúrlega ýmsir aðrir þættir sem þarf líka að huga að, m.a. að auðvelda þarf almennt aðgengi ungra stúlkna að getnaðarvörnum, það þarf að gera þær ódýrari og þær eiga t.d. að geta haft aðgang að neyðarpillunni hjá skólahjúkrunarfræðingi sem yrði staðsettur í framhaldsskólum eða í slíkri móttöku. Það þarf að endurbæta kynfræðsluna, auka aðgengi ungmenna að ráðgjöf um kynlíf og barneignir og auka ábyrgð ungmenna í þessum málum þannig að þau umgangist kynferðismál með meiri aðgætni en þau gera greinilega í dag.

Það var t.d. mjög merkilegt að lesa í rannsókn Sóleyjar Bender að eingöngu í 60% tilvika nota ungmenni getnaðarvarnir við fyrstu kynmök. Þetta er í rauninni alveg með ólíkindum. Einhver hefur brugðist þar, einhver fræðsla hefur brugðist, hvort sem ábyrgðin liggur hjá foreldrunum, skólakerfinu eða annars staðar.

Ég hef skundað vítt og breitt um þessa tillögu og tel hana vera til bóta. Hún gengur skemur en sú tillaga sem ég lagði fram í haust en þær skarast og styðja hvor aðra þannig að ég legg til að hún verði tekin til jákvæðrar athugunar í heilbrn.

[15:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar gagnmerk tillaga um unglingamóttöku og getnaðarvarnir. Lagt er til að þegar verði hafnar viðræður við heilsugæsluna í Reykjavík um opnun unglingamóttöku og að koma á fót tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar með ókeypis eða ódýrar getnaðarvarnir fyrir fólk á aldrinum 15 til tvítugs. Undir þetta hvort tveggja get ég tekið heils hugar. Þó ég sé meðflutningsmaður þeirrar þáltill. sem hv. þm. Ásta Möller kynnti hér áðan um heilsugæslu í framhaldsskólunum tel ég að málin skarist í raun. Þó að við kæmum í framtíðinni — og vonandi er sú framtíð ekki langt undan — fastri heilbrigðisþjónustu, heilsugæslu á innan framhaldsskólanna, er það samt ekki nægilegt til þess að uppfylla fyllstu þarfir á þessu sviði.

Að mínu mati þurfum við að koma upp góðu sérfræðingateymi sem allir eiga aðgang að. Þegar ég segi allir þá á ég við heilbrigðisstarfsmenn vítt og breitt um landið sem sinna þessu starfi innan heilsugæslunnar á viðkomandi stað og þurfa á faglegri ráðgjöf að halda, og eins unglinga utan af landsbyggðinni sem þurfa að geta hringt til sérfræðinga á þessu sviði ef þeir treysta sér ekki til að fara til hjúkrunarfræðings eða læknis í sinni heimabyggð. Það er bara þannig að nálægðin er oft erfið. Það þarf ekki að vera slæmt samband á milli foreldra og unglinga þó að unglingarnir vilji ekkert ræða þessi mál við foreldrana og láta þá vita af því að þeir séu orðnir virkir í kynlífinu.

Því miður höfum við þrátt fyrir heilbrigðisþjónustu okkar og menntun brugðist hvað þessa þætti varðar í skólunum. Þó veit ég að á mjög mörgum stöðum er af veikum mætti verið að sinna þessu með öðrum störfum. Hjúkrunarfræðingar og læknar frá heilsugæslunni úti á landi fara í framhaldsskólana og reyna að sinna þessu þar. En það er ekki sami hluturinn og hér er verið að tala um. Við getum aldrei talað um svo sérhæfða þjónustu sem hér er nema á þéttbýlli svæðunum, hvort sem það heitir Hafnarfjörður, Reykjavík eða Akureyri. Þetta leiðir því hugann að því hvort einhver ein heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu ætti að taka að sér að vera samnefnari og veita þessa þjónustu vítt og breitt um landið, vera aðgengileg fyrir alla, nokkurs konar miðstöð, þar til komið verður á forvarnamiðstöð eða hvort eðlilegt væri — þá er ég að hugsa um landsbyggðina alla — að gerður væri sérstakur samningur t.d. við FSA á Akureyri eða við aðrar stofnanir þannig að ljóst sé hvert maður eigi að leita til að fá sérfræðiálit.

Ég tek heils hugar undir þetta og allar þær ábendingar sem koma fram í skýrslu Sóleyjar Bender og fleiri, sem kom út árið 2000, þ.e. þær niðurstöður úr skýrslunni og ábendingar sem þar koma. Við þurfum að vinda okkur í þetta og styðja börn og unglinga betur.

[15:21]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls afar málefnalegar og fínar umræður og góðar viðbætur inn í þessa umræðu.

Mig langar aðeins að gera að umtalsefni þáltill. hv. þm. Ástu Möller um heilsugæslu í framhaldsskólunum. Mig minnir að ég sé meðflutningsmaður að henni. Hún er afar nauðsynleg. Ég hef alltaf litið svo á að svona tillögur styðji hver aðra því svona móttaka nær líka til annarra hópa sem ekki eru í skólanum, þ.e. ungmenna sem ekki eru í framhaldsskóla og líka ungmenna sem treysta sér ekki í heilsugæsluna á þeim stað. Það er mjög mikilvægt að þetta haldist allt saman í hendur.

Ég vil líka minna á annað. Ef við tökum t.d. móttökuna fyrir norðan er það alveg klárlega metið svo að þeir hópar sem þangað koma mundu ekki skila sér annars. Það hefur sýnt sig að þar hafa komið inn mörg viðkvæm mál, t.d.

margt ungt þunglynt fólk sem ekki hefði sýnt sig annars. Um leið og svona miðstöðvar fá jákvætt umtal meðal unga fólksins verða þær líka til þess að ungmenni koma með önnur vandamál sem ekki er síður brýnt að leysa úr.

Samanburður okkar á þungunum unglingsstúlkna hér og á Norðurlöndunum er auðvitað afar óhagstæður okkur. En á Norðurlöndunum hefur verið skorin upp herör gegn þungunum unglingsstúlkna. Það hefur verið markviss vinna til margra ára. Þar hefur t.d. neyðargetnaðarvörnin verið lengur og hún er markvisst notuð. Hún gagnast sérstaklega vel þessum yngsta hópi. Auðvitað gagnast hún líka vel þeim sem verða fyrir slysum í kynlífi sínu, bæði í hjónaböndum, utan þeirra o.s.frv. Mjög ólíku er því saman að jafna hvernig unnið hefur verið að forvarnamálum og umræðan um kynlíf og barneignir.

Við höfum alltaf verið dálítið hrædd við þessa fræðslu hér. Við höfum talið að hún gæti aukið það að ungt fólk fari að stunda kynlíf. Ég hef alltaf mótmælt þessu þar sem ég hef unnið, t.d. á kvennadeild Landspítalans. Þetta hefur orðið til þess að ungt fólk fer ekki að nota getnaðarvarnir af því að það telur sig ekki vera orðið virkt í kynlífi þó að það sé auðvitað að prófa sig áfram. Við eigum að reyna að hlífa öllum ungum stúlkum við að þurfa að ganga í gegnum þá erfiðu ákvörðun sem fóstureyðing er og allt sem í kringum það er. Það er afar erfitt og flókið ferli. Við eigum að hlífa ungum stúlkum við þeim reynsluheim, fyrr en bara síðar á ævinni o.s.frv. Við eigum að reyna að stuðla að því að það gerist sem allra seinast.

Það er líka mjög gaman að halda því aðeins til haga sem sagt hefur verið um þessa forvarnamiðstöð sem hv. þm. Þuríður Backman nefndi. Auðvitað væri mjög gaman að sjá svona verkefni þar inni. En ég minni líka á að hér í eina tíð var heil staða við Heilsuverndarstöðina í Reykjavík sem átti að sjá um kynfræðslu og taka viðtöl. Það var heil staða, alveg óháð húð- og kynsjúkdómadeildinni. Þarna var ein staða ráðgjafa sem aldrei nýttist nema örlítið. Þá var alltaf sagt, og það er ekki gaman að því, að með því að nota hana ekki þá er eins og bannað sé að vera með þessa kynfræðslu þannig að fólk utan úr bæ geti gengið inn og fengið þá ráðgjöf sem það þarf. Þangað kom talsverður hópur. En því miður var þetta lagt af. Eflaust er þó staðan til enn þá og notuð í annað. Möguleikarnir eru mjög margir.

Ef við ætlum að stuðla að fækkun fóstureyðinga verðum við að herða aksturinn í þessu samhengi. Ég veit að hæstv. heilbrrh. lítur mjög jákvæðum augum á þessa tillögu og svona tilraun vegna þess að hún stuðlar að því að markmið heilbrigðisáætlunar um 50% fækkun þungana unglingsstúlkna árið 2010 nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:26]

Útbýting þingskjala:

Kostnaður við stjórn fiskveiða, 445. mál, fsp. GE, þskj. 714.

Lyf sem falla út af sérlyfjaskrá, 447. mál, fsp. SJS, þskj. 716.

Merking matvæla, 446. mál, fsp. KA, þskj. 715.

Niðurfelling veggjalds í Hvalfjarðargöng, 444. mál, fsp. GE, þskj. 713.

Notkun svifnökkva til fólks- og vöruflutninga milli lands og Vestmannaeyja, 443. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 710.

Samstarf við Grænlendinga í flugmálum, 448. mál, fsp. SJS, þskj. 717.

Átraskanir, fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 337. mál. — Þskj. 436.

[15:27]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um átraskanir. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að þverfagleg þjónusta þeirra sem hafa sérþekkingu á átröskunum verði sameinuð þannig að bjóða megi upp á sérhæfða meðferð fyrir átröskunarsjúklinga á öllum aldri."

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Ásta Möller, Jónína Bjartmarz, Stefanía Óskarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Tómas Ingi Olrich, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson, Sverrir Hermannsson, Drífa Hjartardóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Meginafbrigði átraskana eru lotugræðgi og lystarstol, svokölluð búlimía og anorexía, sem þau eru oft kölluð. Talið er að allt að 90% þeirra sem fá einkenni þessa sjúkdóms séu unglingsstúlkur eða ungar konur, jafnvel að í þessum heimshluta þjáist 1% stúlkna af lystarstoli og a.m.k. helmingi fleiri af lotugræðgi.

Engin heildstæð meðferðarstefna er til vegna átvandamála á Íslandi. Flutningsmenn þessarar tillögu telja nauðsynlegt að leiða saman þá fagaðila sem þekkingu hafa á meðferð við sjúklinga með lystarstol, lotugræðgi og offitu svo að heilbrigðisyfirvöld fái yfirsýn yfir umfang vandans og bæta megi þjónustu við þennan hóp sjúklinga. Nýlega hefur verið komið á fót vísi að þverfaglegu teymi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en í því eiga sæti sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, geðlæknir, geðhjúkrunarfræðingur, næringarráðgjafi og barna- og unglingageðlæknir.

Þessi hópur sem í greinargerðinni er nefndur vísir að þverfaglegu teymi hefur orðið nokkuð meira en vísir síðan þáltill. var fyrst samin sl. vor því að snemma á síðasta ári fór af stað átröskunarteymi á göngudeild geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ég fékk í hendurnar í dag ársskýrslu eða skýrslu um starfsemi þessa átröskunarteymis. Þar kemur fram lýsing á starfsemi hópsins fyrsta starfsárið. Þar segir í inngangi, með leyfi forseta:

„Átraskanir eru meðal flóknustu og erfiðustu geðsjúkdóma. Þær læknast yfirleitt ekki af sjálfu sér og geta verið erfiðar að meðhöndla. Þær hafa ákveðna sérstöðu vegna þess að þær eru langvinnar í eðli sínu og sjúklingar upplifa oft mikla innri togstreitu gagnvart meðferð. Þá geta líkamlegir fylgikvillar sveltis verið lífshættulegir auk þess sem langvinnar átraskanir eru líklegri til að valda þunglyndi, sjálfseyðingarhvöt og sjálfsvígum.

Átraskanir byrja yfirleitt á unglingsárum og valda því oft truflun á andlegum og félagslegum þroska og einstaklingar geta lengi verið fjölskyldum sínum háðir. Dánartíðni einstaklinga með lystarstol, eða anorexíu, er meiri en tólf sinnum hærri en hjá öðrum ungum konum í þjóðfélaginu.

Góðar íslenskar rannsóknir eru ekki til á faraldsfræði átraskana en ekki er ástæða til að ætla að nýgengi hér sé öðruvísi en á Vesturlöndum. Þegar tekið er mið af erlendum

rannsóknum má búast við rúmlega 20 nýjum tilfellum af lystarstoli árlega á Íslandi og um 40 tilfellum af lotugræðgi eða búlimíu. Að auki er fjöldi einstaklinga með aðrar átraskanir sem geta verið allt eins alvarlegar og þurft sérstaka meðferð. Talið er að allt að 1–1,5% ungra kvenna hafi alvarlega átröskun. Árlega má því búast við að 3–6 einstaklingar séu það veikir að nauðsyn sé á sólarhringsvistun á geðdeild hér á landi.

Mikilvægt er að greina og meðhöndla átraskanir snemma til að hindra langvinnan sjúkdómsgang. Á Íslandi hefur meðferð við átröskunum farið fram á einkastofum hjá sálfræðingum og geðlæknum, á heilsugæslu, legudeildum sjúkrahúsa og geðdeilda auk Reykjalundar og NLFÍ og fleiri staða. Víða erlendis eru reknar sérhæfðar meðferðarstofnanir með þverfaglegum meðferðarteymum. Hér á Íslandi hefur slíkt vantað og hefur engin heildstæð meðferðarstefna verið mörkuð. Af þessum sökum hafa nokkrir sjúklingar verið sendir erlendis í meðferð en það hefur vissa augljósa ókosti í för með sér bæði kostnaðarlega séð og fyrir utan tungumálaörðugleika er einstaklingurinn tekinn úr sínu félagslega samhengi og hætta er á að eftirmeðferð verði ómarkviss.

Undanfarið hefur verið talsverð fjölmiðlaumræða á Íslandi um þessa sjúkdóma og meðvitund um þá hefur aukist. Að sama skapi virðist eftirspurn eftir sérhæfðri þjónustu einnig hafa aukist."

Þetta er úr inngangi nefndrar ársskýrslu.

Í nefndaráliti heilbrigðisnefndar Alþingis um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 segir að offita og aðrar átraskanir færist í vöxt og telji nefndin mikilvægt að spornað verði við þeim með öllum ráðum. Aukin offita barna er sérstakt áhyggjuefni. Markmið 11 í heilbrigðisáætluninni, en þar er fjallað um heilbrigðari lífshætti, lýtur að þessu og lagði nefndin áherslu á að því markmiði yrði fylgt fast eftir.

Rannsóknir hafa sýnt fram á allt að 18% dánarlíkur sjúklinga með lystarstol og þrátt fyrir meðferð munu batahorfur einungis vera um 50%. Viðtalsmeðferð hefur yfirleitt verið undirstaða í meðferð við áttruflunum en þrátt fyrir ýmsar rannsóknir er ekki ljóst hvaða meðferðarform er árangursríkast eða hvaða meðferðarþættir skipta mestu máli.

Faraldsfræðileg rannsókn á átvandamálum íslenskra barna og unglinga á aldrinum 4–18 ára, en hún var gerð meðal 900 barna hvaðanæva að af landinu, sýndi að um 15% barna borðuðu of mikið en allt að 40% barna áttu við lystarleysi að stríða. Þessi rannsókn var gerð af Helgu Hannesdóttur barna- og unglingageðlækni 1994.

Hér á landi stendur nú yfir rannsókn á umfangi og meðferð áttruflana, lystarstols og lotugræðgi sem ætlað er að ná til allra þeirra sem koma til meðferðar og greinast með sjúkdóminn yfir þriggja ára tímabil. Rannsókn þessi er liður í samvinnuverkefni 18 Evrópulanda og er verkefnið stutt af ESB og nefnist COST Action B6. Í forsvari fyrir verkefninu hér á landi eru geðlæknarnir Helga Hannesdóttir og Jón G. Stefánsson.

Í grg. með þáltill. kemur fram nýjasta skilgreining á lystarstoli og lotugræðgi, sem ég ætla ekki að rekja hér. En í grein um lystarstol og lotugræðgi úr tímaritinu Heilbrigðismálum 3/1996 segir Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur m.a.:

„Þeir sem greinast með lystarstol og lotugræðgi eiga það sameiginlegt að vera gagnteknir af hugsun um mat. Líkamsmyndin er brengluð, þannig að þeim finnst ummál líkamans vera stærra en það í rauninni er, þeir eru sannfærðir um að þeir þurfi að léttast og ákveðnir í að halda líkamsþyngd innan marka sem þeir setja sér og þvinga sig til að halda.

Lystarstol er kvilli sem hrjáir aðallega konur og einkennist af verulegu þyngdartapi og næringarskorti vegna þess að fólk forðast að borða orkuríkan mat. Uppsölur og tilraunir til að hreinsa líkamann á annan hátt, t.d. með stólpípum eða hægðalyfjum, eru áberandi hjá þeim sem þjást af lystarstoli. Yfirdrifin líkamsrækt er stundum til þess að léttast. Hjartsláttur er oft óreglulegur. Hárvöxtur getur verið afbrigðilegur." — Hér er átt við aukningu á líkamshárum, húðin verður loðnari en eðlilegt getur talist.

„Bjögun á líkamsímynd er einkennandi fyrir lystarstol. Þrátt fyrir að stúlkurnar séu aðeins skinn og bein finnst þeim þær vera of feitar.

Þegar fólk léttist aðlagar líkaminn sig að breyttri líkamsþyngd, það hægir á starfsemi og efnaskiptum líkamans, hitastig hans fellur og því er konum með lystarstol oft kalt. Tíðir hætta vegna þess að svo grannur líkami getur ekki alið barn. Andúð á mat eykst í réttu hlutfalli við hve mikið konan hefur lést.

Lystarstol leiðir til þess að viðkomandi léttist meira en eðlilegt getur talist og afstaða til þess að borða og þyngjast verður neikvæð. Þegar því er haldið fram að konan sé of grönn útilokar hún þau rök og gerir sér í hugarlund að hún sé í eðlilegri þyngd eða of þung. Konur með lystarstol leyna því hve grannar þær eru með því að klæðast víðum fötum. Þá reyna þær einnig að velja sér hálfgerða spéspegla sem sýna þær breiðari en þær eru.

Þær stúlkur sem þjást af lystarstoli hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig, jafnvel þótt þær séu þreyttar og aðframkomnar. Þær sem haldnar eru lystarstoli ganga að meðaltali 12–14 kílómetra á dag en venjuleg kona gengur nær helmingi styttra.

Lystarstol ágerist hægt og rólega og getur tekið eitt til tvö ár að koma fram. Nákomnir átta sig því ekki á vandanum fyrr en um seinan. Foreldrar taka stundum fyrst eftir því að eitthvað hefur farið úrskeiðis þegar þeir skoða nokkurra mánaða gamlar myndir af barni sínu. Viðbrögð fjölskyldu verða oft mikil og einkennast af kvíða. Þegar þannig er komið er hyggilegast að leita til heimilislæknis sem vísar áfram til fagmanna sem fást við lystarstol.

Flestar eiga stúlkurnar erfitt með að viðurkenna vandamálið. Það er ekki fyrr en í lengstu lög að þær fara í meðferð, enda finnst þeim ekki vera neitt að sér. Þeim finnst þyngd sín og útlit eðlilegt og sama gildir um mikla þörf fyrir hreyfingu. Meðferðar er oftast leitað að undirlagi foreldra eða nákominna. Stúlkurnar óttast mest af öllu að fitna og að þær muni útna út ef þær borði eðlilega. Þær eru orðnar vanar svo litlu magamáli að þeim finnst óþægilegt að borða og vita ekki hve mikið er óhætt að borða.

Stúlkurnar verða matvandar og borða aðeins vissar fæðutegundir. Það felst þversögn í því að þeim er umhugað um að þeir sem þær búa með borði vel, þó að þær svelti sjálfar heilu hungri. Einnig óttast þær að vera vaktaðar á meðan þær borða. Óttinn beinist oft gegn ákveðnum mat, til dæmis feitmeti, sósum og öllu sem er orkuríkt."

Á Íslandi hefur verið unnið talsvert að því að greina og fyrirbyggja lystarstol og lotugræði. Þannig gaf Geðlæknafélag Íslands út klínískar leiðbeiningar fyrir u.þ.b. þremur árum, Leiðarvísi um lækningameðferðir við átröskunum. Þær voru þýddar upp úr leiðbeiningum frá ameríska geðlæknafélaginu.

Ég hafði ekki hugsað mér að fara nánar í þessa greinargerð, herra forseti, en ítreka að átraskanir eru oftast leyndir sjúkdómar sem greinast seint. Það skiptir þess vegna mjög miklu máli að reyna að finna þetta fólk sem fyrst áður en það festist í sjúklegu mynstri. Þetta er alþjóðlegt vandamál, sérstaklega er það áberandi í velmegunarþjóðfélögum heimsins. Ég hef viðað að mér nokkrum blaðagreinum úr erlendum blöðum því tíðni átraskana er ekki síður áhyggjuefni en þær tölur sem við erum að tala um hér. Í Bandaríkjunum er til hópur sem kallar sig „Önnurnar" og þær eru komnar með heimasíðu. Þær berjast fyrir þeim sjálfsagða rétti sem þær álíta að þær hafi, að vera í laginu eins og þeim sýnist. Þetta er því orðin valdabarátta þeirra, ekki bara við fjölskyldurnar heldur við þjóðfélagið. Þær eru að reyna að breiða út boðskap sinn og líta á það sem boðskap. Og þetta er auðvitað afar hættuleg braut að feta sig eftir og að lenda í þessu neti.

Ein grein sem ég las í bresku blaði heitir „Dying to be thin" — þær dauðlangar að vera mjóar — en orðalagið á enskunni segir einnig til um að dánartíðnin er geigvænleg í átröskunum.

Í kanadískri könnun kom fram að um fjórðungur unglingsstúlkna eigi við átröskunarerfiðleika að stríða. Það er könnun sem birt var í tímaritinu Canadian Medical Association Journal, sem er læknablað.

Allt þetta vil ég segja til að undirstrika mikilvægi þess að heilbrigðisyfirvöld sjái um að boðið sé upp á þverfaglega þjónustu í þessu efni, í og með til að styðja við þá sem fást við og greina þessar stúlkur veikar í upphafi, sem mjög oft er heilsugæslan en einnig skólahjúkrunarfræðingar og aðrir sem koma að málefnum ungs fólks. Styðja þyrfti við það starf sem farið er af stað á Landspítalanum þannig að heilbrigðisyfirvöld fái yfirsýn yfir það hvernig málum er komið hér á landi.

[15:42]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar till. til þál. um átraskanir þar sem heilbrrh. er falið að sjá til að þverfagleg þjónusta þeirra sem hafa sérþekkingu á átröskunum verði sameinuð þannig að bjóða megi upp sérhæfða meðferð fyrir átröskunarsjúklinga á öllum aldri, eins og segir í tillögunni.

Hérna er hreyft mjög mikilvægu máli sem ég held að tími sé kominn að skoða nánar. Ég vil þakka fyrir þá ítarlegu og faglegu grg. sem fylgir þáltill., sem er mjög upplýsandi. Þegar ég horfði yfir salinn sá ég að þingmenn hlustuðu af miklum áhuga og einbeitni þegar hv. þm. flutti mál sitt. Ég var þar á meðal.

Það kemur m.a. fram í grg. að engin heildstæð meðferðarstefna er til hér á landi vegna átvandamála. Ég minni á að ekki alls fyrir löngu var til umræðu í þinginu í fyrirspurnatíma offituvandi barna sérstaklega og reyndar offituvandi yfirleitt. Það kemur fram í þeim athugunum sem gerðar hafa verið hér á landi að offituvandi er að aukast verulega. Börn eru að þyngjast og 6–8% barna eru of feit þannig að þetta er stórt mál sem þarf að skoða sérstaklega. Í umræðum í fyrirspurnatíma um daginn kallaði ég einmitt eftir sértækum úrræðum vegna of feitra barna. Þau úrræði liggja ekki alveg á lausu og það þarf virkilega að styðja við þennan hóp.

Þeir sem standa frammi fyrir lystarstoli og lotugræðgi, eins og kemur fram í grg., eru líka ungt fólk, ungar stúlkur. Það tengist þeirri umræðu sem fram fór áðan um heilbrigðisvanda ungmenna. Það er alveg ljóst að þörf er á að skoða þessi mál nánar. Mataræði Íslendinga er rangt samsett samkvæmt næringarfræðilegum stöðlum. Hlutfall sykurs í mataræði er allt of hátt, mun hærra en annars staðar á Norðurlöndum og neysla grænmetis og ávaxta er of lítil. Þessi vandamál eru fyrir hendi eins og ég sagði áðan, offita er fyrir hendi hér á landi og það þarf að skoða nánar. Auk þess bendir ýmislegt til þess að lystarstol og lotugræðgi séu stærra vandamál en við höfum kannski gert okkur grein fyrir.

Ég þakka því fyrir þessa till. til þál. Ég er meðflutningsmaður og styð hana eindregið. Þessi tillaga er ein af mörgum mjög góðum þáltill. og frv. sem liggja fyrir í þinginu á sviði heilbrigðismála. Þær eru frábærlega vel unnar margar hverjar og raunar flestallar, studdar góðum og faglegum rökum. Hér hefur farið fram góð umræða og ég hvet til að þingheimur skoði þessar tillögur og afgreiði þær því að þær leiða til mikilla framfara. Þær eru margar hverjar á sviði lýðheilsu og við viljum leggja áherslu á forvarnir til að koma í veg fyrir vanlíðan, koma í veg fyrir sjúkdóma. Þetta er ein af þeim tillögum sem virkilega mundi koma að gagni í þeim efnum. Ég vonast því til að þessi tillaga verði samþykkt.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:46]

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, fyrri umr. (útvarpsumræður).

Þáltill. KolH o.fl., 389. mál. — Þskj. 645.

[16:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðan fer fram á grundvelli 77. gr. þingskapa. Samkomulag er milli þingflokka um að ræðutími verði 20 mínútur á hvern þingflokk, sbr. 80. gr. þingskapa. Meðan umræðunni er útvarpað skiptist hún í tvær umferðir, tíu mínútur í hvorri umferð. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsfl., Samfylkingin, Sjálfstfl., Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs verða í fyrri umferð Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv., en Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Fyrir Framsfl. tala Siv Friðleifsdóttir umhvrh. í fyrri umferð en Valgerður Sverisdóttir iðnrh. í síðari umferð. Fyrir Samfylkinguna tala í fyrri umferð Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv., en í síðari umferð Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv. Fyrir Sjálfstfl. tala í fyrri umferð Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl., og Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn., en í síðari umferð Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl., og Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e. Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrri umferð Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., en Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í síðari umferð.

Þegar útvarpi frá umræðunni lýkur verður henni haldið áfram samkvæmt 44. gr. þingskapa ef henni verður þá ekki lokið.

[16:02]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ég mæli fyrir till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Tillagan er flutt af öllum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og gerir ráð fyrir

því að framtíð svæðisins verði ákvörðuð af þjóðinni allri í almennri atkvæðagreiðslu. Flutningsmenn telja óeðlilegt að ríkisstjórnin geti á einu og sama kjörtímabilinu sett fram og leitt til lykta langstærstu framkvæmdaáform sem ráðgerð hafa verið á Íslandi, áform sem hafa mundu óafturkræf áhrif á náttúru landsins á afar dýrmætu og lítt röskuðu hálendinu norðan Vatnajökuls.

Harðar deilur hafa staðið í þjóðfélaginu um Kárahnjúkavirkjun og aðrar stórvirkjanahugmyndir á þessu svæði um áratuga skeið. Hinn 1. ágúst 2001 var birtur vandaður úrskurður Skipulagsstofnunar sem lagðist gegn áformaðri Kárahnjúkavirkjun. Þeim úrskurði var snúið við af umhvrh. 20. desember 2001 og var þeirri gerð mótmælt harðlega sem pólitískri valdbeitingu sem byggði á litlu öðru en stefnu ríkisstjórnarinnar um að virkjunin skyldi rísa. Við flutningsmenn tillögunnar teljum hættu á að stjórnvöld séu í þann mund að taka verulega afdrifaríka og óafturkræfa ákvörðun sem varðar framtíð þjóðarinnar allrar án þess að upplýst hafi verið um alla þætti málsins og til þess að tryggja að ekki verði flanað að ákvörðun þvert ofan í vilja meiri hluta þjóðarinnar teljum við nauðsynlegt að leiða málið til lykta í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu sem allir atkvæðisbærir landsmenn tækju þátt í. Þjóðinni hefur verið falið þetta land. Hún hefur varðveitt það og annast frá ómunatíð. Henni er það kært og hún, þjóðin sjálf, er þess vegna best til þess fallin að taka ákvörðun um framtíðarnýtingu þess. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Kjósendur geti valið milli tveggja kosta:

a. Núverandi áforma um Kárahnjúkavirkjun með virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal ásamt með tilheyrandi stíflum, vatnaflutningum, veitum og öðrum tengdum framkvæmdum.

b. Frestun ákvarðana um framtíðarnýtingu svæðisins uns tekin hefur verið afstaða til verndunar þess og stofnunar þjóðgarðs með einu stærsta ósnortna víðerni Evrópu. Einnig liggi þá fyrir endanleg rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvama með flokkun virkjanakosta, stefnumótun um framtíðarskipan orkumála og áætlun um orkunýtingu til lengri tíma.

Atkvæðagreiðslan fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um atkvæðagreiðsluna í samráði við allsherjarnefnd, umhverfisnefnd og iðnaðarnefnd Alþingis.

Heimilt er að verja allt að 20 millj. kr. til að kynna þau meginsjónarmið sem um er kosið og verði upphæðinni skipt jafnt milli málsvara fyrrgreindra meginsjónarmiða enda sé um að ræða heildarsamtök eða samstarfsvettvang aðila sem deila sjónarmiðum í málinu. Dómsmálaráðherra setur sömuleiðis nánari reglur um þetta atriði að höfðu samráði við allsherjarnefnd Alþingis."

Lýkur þar með tillögugreininni.

Saga virkjunaráforma norðan Vatnajökuls er átakasaga og spannar orðið þrjá áratugi. Það er ekki ætlunin að rekja hér þá atburðarás en atburðarás síðasta áratugar nægir alveg til að setja upp sögusviðið. Frá 1991 hafa komið fram tilkynningar frá stjórnvöldum um að reisa skuli álver af ýmsum stærðum og gerðum frá Keilisnesi að Reyðarfirði, afla skuli orku frá jökulánum norðan Vatnajökuls með tengdum veitum um heiðar og hraun og að auki með jarðvarmavirkjunum í Bjarnarflagi og á Kröflusvæðinu. Minnisstæð er þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun sem ríkisstjórnin þvingaði í gegnum Alþingi rétt fyrir jól 1999 og platmatið sem alþingismenn voru látnir framkvæma af því að utanrrh. taldi þá vera betur til þess fallna en skipulagsstjóra að meta umhverfisáhrif stórframkvæmda. Og ekki gleymir fólk auðveldlega upplitinu á ríkisstjórninni örfáum vikum síðar þegar hún mátti éta ofan í sig hástemmdar yfirlýsingar um nauðsyn þess að byggja Fljótsdalsvirkjun og varð að hætta við framhald framkvæmdanna og henda þáltill. nýsamþykktri.

NORAL-verkefnið, viðskiptahugmynd sem ríkisstjórnin hefur svarið að koma í framkvæmd og ekki hefur dugað minna en að undirrita í tvígang yfirlýsingar þar um, hefur verið fyrirferðarmikið í umræðunni síðustu ár. Svo kom umhverfismatsskýrsla Landsvirkjunar, ekki fór hún fram hjá neinum, þar sem mikil og óafturkræf áhrif virkjanaframkvæmda koma skýrt fram og eru viðurkennd en réttlætt með meintum efnahagslegum ávinningi. Svo kom úrskurður Skipulagsstofnunar 1. ágúst 2001 þar sem lagst er gegn áformum um Kárahnjúkavirkjun vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og taldi stofnunin að ekki hafi verið sýnt fram á að annar ávinningur af framkvæmdunum, meintur efnahagslegur ávinningur þar með talinn, mundi vega upp þau verulegu óafturkræfu neikvæðu umhverfisáhrif sem virkjuninni fylgdu. Einnig taldi Skipulagsstofnun skorta upplýsingar um einstaka þætti framkvæmdarinnar svo segja mætti fyrir um endanleg áhrif hennar.

Umhvrh. fékk til meðferðar 122 stjórnsýslukærur. Þeim er lýst í greinargerð með tillögunni og líka þeirri umdeildu ákvörðun ráðherrans að fjalla ekki um kærurnar á hefðbundinn hátt heldur efna til endurnýjaðs matsferlis á vegum ráðuneytis síns sem engin fordæmi eru um og ekki er gert ráð fyrir í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Matsferli ráðherrans hefur fengið nafngiftina frjálst mat hjá forstjóra Landsvirkjunnar. Það er kannski vel við hæfi eftir platmatið sem alþingismenn voru látnir framkvæma á Fljótsdalsvirkjun á sínum tíma. Með úrskurði sínum 20. desember 2001 felldi umhvrh. svo úr gildi hinn kærða úrskurð Skipulagsstofnunar og féllst á Kárahnjúkavirkjun með tilteknum skilyrðum í 20 tölusettum liðum. Ekkert þessara skilyrða hróflar við meginþáttum fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda né tryggir mótvægisaðgerðir á viðhlítandi hátt gegn neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Það eru heldur engar mótvægisaðgerðir til eða hvernig á að vega upp á móti áhrifum af því að byggja eitt stærsta jarðvegsmannvirki Evrópu, 800 metra breitt og 190 metra hátt, sökkva um 40 ferkílómetrum gróins lands, flytja eitt mesta stórfljót landsins og það aurugasta, Jökulsá á Dal, milli vatnasviða og veita því yfir í Lagarfljót, skerða friðland Kringilsárrana og breyta og skaða ótal svæði sem eru á náttúruminjaskrá og bora tæpa 80 km af jarðgöngum sem skila upp á yfirborð jarðar 15 millj. rúmmetra af jarðvegi. Álíka magn af steypu mundi duga þjóðinni til allra steypuframvæmda í 50 ár. Hvernig á að tryggja að það jarðvegsrof og fok frá 50 km langri strandlínu Hálslóns sem getur haft allt upp í 75 metra vatnsborðssveiflu eyði ekki viðkvæmum gróðri Vesturöræfa? Verkfræðilegar hugmyndir um varnargarða eða sandgildrur gegn áfoks- uppblásturshættu sem trommað er upp með á elleftu stundu hrökkva skammt og þær aðgerðir einar og sér útheimta mat á umhverfisáhrifum.

Það sama má segja um ótal einstaka þætti framkvæmdanna, svo sem vegagerð, veitur, lón og efnistökusvæði. Örfá

af þeim skilyrðum sem ráðherra setur eru þó til bóta, fyrst og fremst að falla frá ýmsum smáveitum í tengslum við 2. áfanga Kárahnjúkavirkjunar. Önnur eru helber sýndarmennska og í rauninni aðeins staðfesting á fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum Landsvirkjunar sem lesa má um í matsskýrslu og sjá í þeirri hefð sem Landsvirkjun hefur mótað í vinnubrögðum sínum. Átta umræddra skilyrða varða eingöngu vöktun og rannsóknir og fjalla ekkert um lágmörkun umhverfisáhrifa.

Eitt skilyrði er þess efnis að um það gildir sérstök grein í lögum um náttúruvernd svo ekki er þörf fyrir ráðherrann að hreykja sér af því. Loks virðist eitt byggja á misskilningi, eða um er að kenna ókunnugleika hjá ráðherra. Þess utan er úrskurður ráðherra illa rökstuddur og útlátalítill fyrir framkvæmdaraðila. Ekki er ósennilegt að Landsvirkjun hafi sett fram áætlun um umdeildar veitur fjölda bergvatnsáa til virkjunarinnar með það fyrir augum að hafa slíkt í skiptimynt í þeim deilum sem einsýnt var að mundu upp rísa í ferli matsins. Það er harla ólíklegt að Landsvirkjun hafi ætlað sér í alvöru að fara út í þann kostnað sem fylgt hefði framkvæmdum við þessar veituframkvæmdir þegar að skoðað er hversu litlu þær mundu skipta í heildarframleiðslu virkjunarinnar. Hafi Landsvirkjun hins vegar verið full alvara með að eltast við smásprænur alveg að rótum Snæfells þá lýsir það *viðhorfum til umhverfismála sem hljóta* að teljast með ólíkindum nú á tímum.

Eitt af því allra ámælisverðasta við úrskurð umhvrh. er þó að hún skuli kippa réttlætingu Landsvirkjunar út úr niðurstöðunni og heimila framkvæmdina þrátt fyrir gífurleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif sem framkvæmdaraðili viðurkennir í matsskýrslu að af muni hljótast. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum ber að leggjast gegn framkvæmd þegar um slík gífurleg áhrif er að ræða. Það gerði Skipulagsstofnun og umhvrh. teflir á afar tæpt vað í úrskurði sínum með því að snúa þeim úrskurði við.

En hvað ætlar umhvrh. svo að gera eða ríkisstjórnin með hinn efnahagslega þátt? Það er ekki eins og umræðan um hann sé til lykta leidd eða allir á eitt sáttir í þeim efnum. Úr því umhvrh. telur sig ekki þurfa að réttlæta umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar með efnahagslegum ávinningi, ber þá að skilja það svo að sá þáttur verði ekki metinn, eða kannski að einhliða mat ríkisstjórnarinnar á honum verði látið duga, eða á kannski annað platmat að fara fram í sölum Alþingis? Eða hvað þýða ummæli umhvrh. á bls. 121 í úrskurðinum?

Fyrir dyrum standa umfangsmiklar grundvallarbreytingar á lagaumhverfi raforkumála. Þær breytingar hafa vakið miklar umræður. Meðal þess sem menn hafa deilt um eru áhrif væntanlegra breytinga á Landsvirkjun sem hefur búið við ákveðna einokunaraðstöðu á markaði auk þess sem hún nýtur skattfríðinda og ríkisábyrgða af lánum. Mjög umfangsmiklar athugasemdir hafa borist við fyrirhugaðar breytingar frá ýmsum aðilum og meðal þess sem menn velta fyrir sér eru orkusölusamningar við stóriðjufyrirtæki. Í tengslum við slíkar vangaveltur er eðlilegt að spurt sé: Er ríkisstjórnin kannski í þessum blóðspreng við að gera orkusölusamninga við stóriðjufyrirtæki vegna þess að í væntanlegu samkeppnisumhverfi fer því fjarri að orkusala til stóriðju geti átt sér stað með arðbærum hætti? Er ríkisstjórn Íslands að plata óarðbæra orkusölusamninga inn á þjóðina áður en hún opnar raforkumarkaðinn og býr til nýtt viðskiptaumhverfi fyrir hann? Ætlar ríkisstjórnin að fórna einstæðum náttúruminjum á heimsvísu fyrir orkusölusamninga sem þjóðin sjálf þarf að greiða með? Hver ætlar að svara því? Og hver ætlar að svara því hvers vegna stofnkostnaður virkjunarinnar hefur lækkað um tæpa 30 milljarða frá því að áætlanir voru kynntar í maí 2001 þar til nú að síðustu tölur í því efni voru lagðar fram? Og hver ætlar að svara mjög svo áleitnum spurningum um áætlaða arðsemiskröfu eigin fjár í Kárahnjúkavirkjun?

Þegar allt kemur til alls er ljóst að óvissuþættir um efnahagslega þætti Kárahnjúkavirkjunar, að ekki sé talað um áformaða (Forseti hringir.) álverksmiðju í Reyðarfirði, eru þvílíkir að ekki er forsvaranlegt annað en að þau mál verði tekin til vandaðrar skoðunar af fagmönnum og stofnunum og kynnt rækilega fyrir þjóðinni.

Herra forseti. Mér var tjáð að ég hefði frelsi til þess að nýta mér upp í 12 mínútur og tíminn mundi þá dragast af ræðumanni Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs ...

(**Forseti** (HBl): Það var ákveðið á fundi forseta með formönnum þingflokka að bankað yrði þegar ræðumaður hefði farið 15 sekúndur fram yfir ræðutímann.)

Þá er það minn misskilningur, herra forseti. Ég biðst velvirðingar á því. Það er annað en kom til mín í upplýsingum af þingflokksformannafundinum sem hæstv. forseti talar um.

[16:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. *Ég tel ekki eðlilegt að samþykkja þá* tillögu sem hér er til umræðu. Af hverju ekki? Jú, það eru aðallega fjórir þættir sem leiða til þess. Í fyrsta lagi eru valkostirnir sem kjósa á um óskýrir. Í öðru lagi tel ég að tillagan sé óþörf því góðar líkur eru á pólitískri samstöðu um virkjanaheimild til Kárahnjúkavirkjunar þegar við alþingismenn greiðum atkvæði um hana síðar á þessu þingi. Í þriðja lagi er sú framkvæmd sem hér um ræðir og er hvati að framangreindri tillögu ekki ný af nálinni. Búið er að gera ráð fyrir henni í svæðisskipulagi miðhálendisins um nokkurra ára skeið, allt frá síðasta kjörtímabili. Stjórnvöld eru ekki að fjalla um þetta mál á yfirstandandi kjörtímabili eingöngu eins og 1. flm. sagði áðan. Menn hafa haft þessa framkvæmd uppi á borðinu í allri stefnumótun um skipulag hálendisins um árabil eða á tveimur kjörtímabilum. Í fjórða lagi hefur almenningur haft einstaklega góðan aðgang að ákvarðanatöku vegna hennar.

Almenningur hefur haft betri aðgang að ákvarðanatökunni en tíðkast hefur gagnvart öðrum stjórnvaldsákvörðunum. Hér á ég auðvitað við aðkomu almennings bæði við gerð svæðisskipulags miðhálendisins og við umhverfismatsferli vegna Kárahnjúkavirkjunar. Margir nýttu sér þessa aðkomu og tekið var tillit til fjölmargra athugasemda sem komu en þær leiddu m.a. til margra skilyrðanna 20 sem sett voru í úrskurði okkar vegna Kárahnjúkavirkjunar. Mun ég nú færa frekari rök fyrir ofangreindum fjórum atriðum.

Í *tillögunni sem hér er rædd er gert ráð fyrir* þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Herra forseti, framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls er ekki nema að hluta til tengd svokallaðri Kárahnjúkavirkjun. Hálendið norðan Vatnajökuls er margfalt stærra en hugsanleg virkjun nær til. Virkjunin hefur áhrif á þann hluta hálendisins sem liggur norðan Brúarjökuls. Tillaga sú sem hér er til umræðu er því nokkuð villandi fram sett.

Þar fyrir utan eru kostirnir óskýrir sem kjósa á um. Það er lágmark þegar lögð er til þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekin mál að kostirnir sem kjósa á milli séu skýrir og auðskiljanlegir. Möguleikarnir sem kjósa á um eru:

a. styðja núverandi áform um Kárahnjúkavirkjun,

b. fresta þeim þar til tekin hefur verið afstaða til ýmissa annarra atriða.

Það er nokkuð kúnstugt í ljósi fyrri afstöðu Vinstri grænna að í þessari tillögu þeirra skuli ekki vera gefinn kostur á að hafna Kárahnjúkavirkjun heldur eru kostirnir óskýrir. Maður á að velja milli þess gagnvart Kárahnjúkavirkjun að segja já eða kannski.

Virðulegi forseti. Hver er framtíð miðhálendisins? Stefnumótun varðandi framtíð hálendisins kemur fram í svæðisskipulagi miðhálendisins sem var samþykkt í apríl 1999 og nær til 2015. Í því skipulagi er gert ráð fyrir stórum verndarsvæðum og nokkrum minni mannvirkjabeltum. Gert er ráð fyrir Kárahnjúkavirkjun í því svæðisskipulagi. Í því er reyndar gert ráð fyrir tveimur lónum, þ.e. Hálslóni og Eyjabakkalóni, en fallið hefur verið frá því síðarnefnda með núverandi áformum um Kárahnjúkavirkjun og Hálslón stækkar nokkuð á móti. Við það dregur verulega úr umhverfisáhrifum orkunýtingar á svæðinu. Áform um nýtingu orkunnar í Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal eru því ekki ný af nálinni.

Virðulegi forseti. Í sambandi við hálendið hafa menn rætt um ósnortin víðerni. Verði af fyrirhugaðri virkjun munu ósnortin víðerni skerðast af hennar sökum um um það bil 900 ferkílómetra. Eftir standa þá 13.600 ferkílómetrar sem er margfalt stærra en það ósnortna svæði sem næststærst er í Vestur-Evrópu, en það er Hardangervidda í Noregi.

Landið norðan Vatnajökuls er dýrmætt vegna náttúrufars, mikilfengleika og andstæðna. Því er mikilvægt að við gerum okkur betri grein fyrir því hvernig við viljum samþætta verndun og nýtingu, komi til virkjanaframkvæmda. Af því tilefni kynnti ég fyrir nokkru í ríkisstjórn að ég mundi láta fara fram skoðun á öllum möguleikum í því sambandi. Á að stækka fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð til norðurs? Á að stofna sérþjóðgarð umhverfis Snæfell eða á að huga að annars konar verndun? Ljóst er að verði af virkjanaframkvæmdum er eðlilegt að samhliða þeim verði hugað að þjónustu og fræðslu fyrir ferðalanga sem njóta vilja útivistar og náttúru svæðisins.

Virðulegi forseti. Það er rétt að rifja upp fyrir hv. þm. og öðrum þeim sem á þetta hlýða hvers vegna við erum yfirleitt að huga að virkjun fallvatnanna. Jú, við viljum gjarnan nýta okkur auðlindirnar á sem eðlilegastan máta og í sem mestri sátt við náttúruna. Við búum svo vel að eiga fallvötn og jarðvarma sem unnt er að beisla til orkugjafar. Við Íslendingar höfum nýtt um 15–20% möguleika okkar á þessu sviði. Að mínum dómi verða þeir aldrei nýttir allir vegna umhverfisáhrifa sem þeim fylgja í einstökum tilfellum. En stjórnvöld hafa markað þá stefnu um langt skeið að nýta enn frekar en í dag orkulindirnar, að undangenginni nákvæmri skoðun á umhverfisáhrifunum. Fáar aðrar þjóðir hafa sambærilega möguleika á nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum við þá sem við höfum. Þær þurfa margar hverjar að notast við kjarnorku. Svíar og Finnar nota kjarnorku en finnska ríkisstjórnin lagði nýlega til við finnska þingið að nýju kjarnorkuveri verði bætt við þau sem fyrir eru.

Bandaríkjamenn, Bretar, Þjóðverjar og Frakkar nota kjarnorku og Japanir ætla að byggja 13–15 ný kjarnorkuver á næstu árum. Við hins vegar notum í dag hærra hlutfall endurnýjanlegrar orku en nokkurt annað ríki í heiminum og höfum möguleika á aukinni framleiðslu slíkrar grænnar orku.

Virðulegi forseti. Það eru kostir og ókostir við Kárahnjúkavirkjun. Það er rétt hjá andstæðingum virkjunaráforma að hún veldur umtalsverðum umhverfisáhrifum. Þar fer land undir vatn. Það verða áhrif á gróður og dýralíf. Hins vegar eru kostirnir þeir að við fáum vistvæna orku, endurnýjanlega orku, við það skapast atvinna og efnahagur landsins alls glæðist.

Eftir að hafa skoðað kosti og ókosti fyrirhugaðrar virkjunar tel ég eðlilegt, að uppfylltum 20 skilyrðum, að heimila virkjunina eða fallast á umhverfismatið en skilyrðin minnka umhverfisáhrifin verulega. Í skilyrðunum er nokkrum veitum sem valda umtalsverðum umhverfisáhrifum hafnað. Þannig má minnka umhverfisáhrifin við Snæfell, þ.e. svæðinu umhverfis Snæfell verður hlíft. Einnig er yfirfallið úr Hálslóni í Desjarárdal hafnað og gerð krafa um að yfirfallinu verði veitt um stíflustæðið við Kárahnjúka. Þannig minnka umhverfisáhrifin, bæði á Hafrahvammagljúfrið og á Desjarárdal.

Ströng skilyrði eru sett varðandi varnir gegn áfoki og rofi úr Hálslóni sem eiga að hindra gróðureyðingu utan Hálslóns. Einnig er gerð krafa um að lækka Klapparhaft við Lagarfoss til að lágmarka áhrif á vatnaflutningum á Héraði. Að öllu framansögðu tel ég eðlilegt að fallast á umhverfismat þessarar virkjunar.

Bráðlega mun hæstv. iðnrh. leggja fram á Alþingi frv. til laga um heimild fyrir Kárahnjúkavirkjun. Miðað við þær umræður sem átt hafa sér stað eftir að úrskurður féll vegna mats á umhverfisáhrifum hennar lítur út fyrir samstöðu afgerandi meiri hluta þingmanna við hana. Miklar líkur eru á að afgerandi meiri hluti þingmanna muni greiða virkjunarheimildinni atkvæði sitt á þinginu og að tiltölulega fáir muni greiða atkvæði gegn henni. Líkur eru því á nokkuð breiðum pólitískum stuðningi við málið frá þeim sem eru lýðræðislega kjörnir til að taka ákvarðanir af þessu tagi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur t.d. talað jákvætt um úrskurð umhvrh., m.a. sagt að skilyrðin 20 séu til bóta og því séu framkvæmdirnar í eðli sínu sé aðrar en þær sem talað var um í upphafi og Skipulagsstofnun úrskurðaði um. M.a. segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson í DV 28. desember 2001, með leyfi forseta:

„Þess vegna tel ég að búið sé að svara öllum veigamestu aðfinnslum skipulagsstjóra og umhverfisráðherra því stætt að snúa við úrskurðinum með málefnalegum hætti."

Virðulegi forseti. Í tillögunni sem við ræðum hér er einn af kostunum að fresta ákvörðun um framkvæmdir þar til m.a. rammaáætlunin Maður – nýting – náttúra verði endanlega tilbúin en að henni hefur verið unnið um alllangt skeið. Í þeirri áætlun eru um 100 vatnsafls- og jarðvarmavirkjunarkostir skoðaðir út frá m.a. umhverfis-, byggða- og efnahagssjónarmiðum. Í rammaáætlun eru virkjunarkostir ekki skoðaðir jafn vel og í umhverfismatsferlinu. Hins vegar eru þeir þar skoðaðir hver í samanburði við annan og flokkaðir. Sú vinna sem fram fer á vegum rammaáætlunar er mikilvæg og ef vel tekst til gæti hún nýst til aukinnar sáttar um nýtingu orkuauðlinda okkar. Veruleikinn er hins vegar sá að enn er nokkuð í land með að hún klárist og e.t.v. næst ekki endanleg niðurstaða fyrr en á næsta kjörtímabili.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef hér fært rök fyrir tel ég ekki eðlilegt að samþykkja þá tillögu sem hér er til umræðu. Helstu rökin eru þau að hún er óþörf. Stefnumörkun um framtíð hálendisins felst í því svæðisskipulagi sem samþykkt var árið 1999. Þar er m.a. gert ráð fyrir Kárahnjúkavirkjun í svipuðu formi og við sjáum hana fyrir okkur í dag. Einnig er að mínu mati óþarfi að láta þjóðina kjósa um þetta tiltekna

mál í þjóðaratkvæðagreiðslu því að töluverðar líkur eru á víðtækri samstöðu um Kárahnjúkavirkjun þegar við alþingismenn greiðum atkvæði um hana síðar á þessu þingi.

[16:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. orðaði það svo að það gæti vel farið svo að hér mundi nást breið pólitísk samstaða um virkjun við Kárahnjúka. Það er ekki útilokað að svo geti farið. Það fer algerlega eftir því hvernig hæstv. ríkisstjórn spilar úr sínum kortum.

Eins og komið hefur fram í ræðum þeirra hv. þm. sem hér hafa talað á undan er virkjun við Kárahnjúka ákaflega umdeild framkvæmd. Skoðanir eru skiptar í flestum flokkum. Það er alveg ljóst að í mínum flokki eru margir eindregnir virkjunarsinnar. En það er líka ljóst að í honum er að finna marga sem eru alfarið á móti virkjun. Kannski eru þeir flestir í Samfylkingunni sem telja að virkjun og þjóðgarður geti farið saman.

Hér er í reynd lagt til að þessu máli verði vísað frá Alþingi. Hér er lagt til að hinir pólitísku fulltrúar á löggjafarsamkundunni verði leystir undan því oki að þurfa að taka ákvörðun sjálfir og þess í stað fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla.

Herra forseti. Ég vil segja það alveg strax að ég er sammála hæstv. umhvrh. um að þeir valkostir sem hér er boðið upp á eru ákaflega óskýrir, eins og ég mun reifa í máli mínu.

Reyndar tel ég að í framtíðinni muni þjóðaratkvæðagreiðslur og beint milliliðalaust lýðræði verða snarari þáttur í lýðræði okkar góða samfélags. Við höfum t.d. lagt fram tillögur, hv. þingmenn Vinstri grænna, um þjóðaratkvæðagreiðslur. Við höfum líka lagt fram aðferð um það hvernig tiltekinn hluti þjóðarinnar eigi að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, jafnvel þótt þing sé mótfallið því og jafnvel þótt ríkisstjórn sé mótfallin því. Þetta hefur fallið í grýttan jarðveg, herra forseti. Til að mynda minnist ég þess ekki að margir ágætir þingmenn hér úr liði stjórnarandstöðunnar hafi stutt þetta. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur t.d. aldrei tekið til máls og stutt þær hugmyndir okkar.

Herra forseti. Það er einfaldlega þannig að forsendur þjóðaratkvæðagreiðslu þurfa að vera ákaflega skýrar. Það þarf að setja málin upp með þeim hætti að andstæðir skoðanastraumar eigi kost á því að brjótast fram og tjá sig með afdráttarlausum hætti í slíkri atkvæðagreiðslu. Ég verð auðvitað að segja, þegar ég horfi á þessa þáltill. sem hér er, að þá fer því víðs fjarri að valkostirnir séu skýrir í tillögunni.

Ég vil örlítið bæta um betur við það sem hæstv. umhvrh. sagði áðan. Hún fór yfir þessa kosti og þeir eru tveir. Í fyrsta lagi geta menn kosið með virkjun. Hins vegar er valkostur, sem mér finnst vera ákaflega óskýr, sem felur í sér að fresta því að taka afstöðu. Ef ég les tillöguna þá segir, með leyfi forseta:

„b. Frestun ákvarðana um framtíðarnýtingu svæðisins uns tekin hefur verið afstaða til verndunar þess og stofnunar þjóðgarðs með einu stærsta ósnortna víðerni Evrópu."

Herra forseti. Hver á að taka þá afstöðu? Ekki þjóðin í þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki samkvæmt þessari tillögu. Það er nefnilega ekki valkostur samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Auðvitað er það svo að ég veit hvað vakir fyrir hv. þm. Vinstri grænna. Þeir eru andstæðir virkjun. Það kemur hins vegar ekki fram í þessari tillögu. Maður þarf að lesa greinargerðina vel til að sjá það. Hæstv. umhvrh. orðaði það svo að valkostirnir væru tveir: Já og kannski. En það er líka hægt að lesa fleira út úr þessari tillögu, herra forseti. Ég les b-liðinn þannig að forsenda þess að hægt sé að taka endanlega ákvörðun sé að þá liggi fyrir endanleg rammaáætlun. Hvað gerist, herra forseti, ef endanleg rammaáætlun er með þeim hætti að menn telja leyfilegt að fara í Kárahnjúkavirkjun? Þýðir það þá, ef við gefum okkur að tillagan verði samþykkt og það verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þjóðin samþykki frestun, ef endanleg rammaáætlun verður með þessum hætti, að menn hafi í þjóðaratkvæðagreiðslu lýst stuðningi við virkjun? Að sjálfsögðu ekki. Ég tek þetta til marks um það að mér þykja þeir kostir sem hér eru ákaflega óskýrir. Þjóðaratkvæðagreiðsla verður að byggja á skýrum valkostum. Hún verður að byggja á þeim möguleikum sem hafa verið í umræðunni og það er alveg skýrt að þeir eru þrenns konar:

1. Virkjun.
2. Þjóðgarður.
3. Virkjun og þjóðgarður.

Ég tel að það sé ekki hægt og ekki lýðræðislegt og ekki í anda þeirrar lýðræðisstefnu sem Samfylkingin hefur fylgt varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu að ráðast í slíka atkvæðagreiðslu án þess að fólk fái að velja milli þeirra allra. En því gerir tillaga Vinstri grænna ekki ráð fyrir.

Ég vil líka segja, út af því að vitnað var í orð mín áðan, að á sínum tíma þaullas ég úrskurð Skipulagsstofnunar. Að mínu mati, eins og oft kom fram af minni hálfu, var það fyrst og fremst tvennt sem olli því að stofnunin lagðist gegn þeirri framkvæmd. Það var annars vegar skortur á upplýsingum um rofið úr jöðrum Hálslóns, afleiðingarnar og mótvægisaðgerðir. Hins vegar, sem er þó minna mál í úrskurðinum, skorti upplýsingar um áhrif litlu veitnanna í kringum Snæfell. Ég var alfarið sammála hvoru tveggja. Ég tel að það hefði ekki verið réttlætanlegt að heimila virkjun á grundvelli þeirra upplýsinga sem skipulagstillaga Landsvirkjunar fól í sér.

Í framhaldinu var, eins og menn muna, úrskurðað að heimilt væri að koma með viðbótarupplýsingar eins og í reynd fór fram nýtt umhverfismat í ráðuneytinu. Það er umdeilanlegt, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mun væntanlega reifa hér á eftir. Menn geta gagnrýnt það og hvort það hafi verið í anda þeirra laga sem menn samþykktu.

Það má vafalaust deila um úrskurð ráðuneytis í málinu. Það má vafalítið halda því fram að hann hafi byggst á pólitískum viðhorfum alveg eins og ræðan sem ég er að flytja byggist á pólitískum viðhorfum. Það gildir ekki síst um þann part sem laut að stjórnsýslukæru eða lagaþætti Landsvirkjunar.

Um hitt vil ég afdráttarlaust segja, hvað varðar þann hluta sem fjallaði um mótvægisaðgerðir við rofi úr Hálslóni, að þar er að mínu viti af og frá að hægt sé halda því fram að sá partur byggi á þröngum pólitískum forsendum. Ég er þeirrar skoðunar að þar hafi verið sýnt með faglegum hætti, sem ég tek fullkomlega gildan, að verkfræðilegar mótvægisaðgerðir dugi til að stemma stigu við rofinu. Ég vil, herra forseti, leyfa mér að vitna til álits Líffræðistofnunar Háskóla Íslands um matsskýrslu sem upphaflega lá fyrir. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að mínu mati eru raunhæfar mótvægisaðgerðir takmarkaðar við verkfræðilegar framkvæmdir."

Sá sem þarna skrifar er með öðrum orðum að segja að verkfræðilegar mótvægisaðgerðir séu raunhæfar. Ég er því sammála. Ég hef skoðað þann part ákaflega vel og leitað

ráðgjafar í því máli. Ég tel einfaldlega að þar með sé a.m.k. búið að setja undir þann ágalla.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var líka hætt við smáveiturnar í kringum Snæfell, þ.e. þær voru bannaðar. Ég tel að þar með sé hægt að halda því fram með nokkuð sterkum rökum að komið sé til móts við þær tvær meginröksemdir sem voru fyrir úrskurði Skipulagsstofnunar á sínum tíma. Andspænis þessu var það einfaldlega eðlilegt að menn útilokuðu ekki virkjun við Kárahnjúka eins og við höfum sagt. Við í Samfylkingunni höfum hins vegar sagt að til að þar verði virkjað þurfi þrennt að vera fyrir hendi: Upplýsingar um þjóðhagslegar mótvægisaðgerðir af hálfu ríkisstjórnar til þess að sporna gegn óhóflegri þenslu og skýr og ótvíræður efnahagslegur ávinningur af virkjuninni. Jafnframt þarf að okkar mati að vera ljóst að ekki verði virkjað nema skýrt sé hvernig land norðan Vatnajökuls verði nýtt. Þriðji valkosturinn, sérstaklega þegar hafðar eru í huga þær takmarkanir sem úrskurður ráðherra setur á framkvæmdirnar, hlýtur því líka að vera þjóðgarður með virkjun. Ég tel að það væri fullkomlega ólýðræðislegt að meina mönnum að kjósa um þann valkost, séu menn á annað borð að tala um þjóðaratkvæðagreiðslu með skýrum valkostum. Ég tel, herra forseti, að þetta hljóti að verða tekið til greina og tekið til skoðunar þegar menn ræða um að útkljá þetta mál með þjóðaratkvæðagreiðslu.

[16:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Tillaga sú sem hér er til umræðu er satt að segja nokkurt skemmtiefni, ekki síst fyrir þær sakir að með henni er staðfest að Vinstri grænir hafa með henni fallið frá andstöðu sinni við virkjun við Kárahnjúka.

Hæstv. forseti. Hvað hef ég við tillöguna að athuga? Jú, það er:

1. Ekki er nokkur hefð fyrir því hér á landi að halda þjóðaratkvæðagreiðslur.

2. Hér er ekki um skýra valkosti að ræða.

3. Kosningin á að fara fram samhliða sveitarstjórnarkosningum og trufla þá umræðu.

4. Einungis er gert ráð fyrir að í málinu komi fram þau sjónarmið sem eru í þessari tillögu.

5. Að peningunum á eingöngu að skipta jafnt á milli tveggja meginsjónarmiða, en þeir sem hafa önnur sjónarmið en þar koma fram eiga ekki að fá neitt. Hæstv. forseti. Vorum við þarna að tala um lýðræðislega umræðu?

Hér er enn gerð veikburða tilraun til þess að halda áfram því máli sem hefur fengið alla þá lýðræðislegu og stjórnsýslulegu umfjöllun sem hægt er að hugsa sér með umhverfismati og kæruferli. Vinstri grænir geta greinilega ekki sætt sig við þær vinnureglur sem hafa verið mótaðar á lýðræðislegan hátt. En þá á að stofna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök mál eða framkvæmdir á sér ekki nokkra hefð hér á landi og eru reyndar afar fátíðar hvert sem litið er í heiminum. Mér finnst satt að segja Vinstri grænir vera að gera heldur veikburða tilraun til þess að skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem lögð er á herðar þeim sem þingmanna og ætlast er til að þeir axli.

Ef niðurstaðan á að vera að setja í þjóðaratkvæði allar framkvæmdir og nýbreytni í atvinnumálum sem menn líta til hér á landi þá eru mál líklega komin í óefni, herra forseti. Eigum við að líta til laxeldis sem stofnað er til á Austurlandi um þessar mundir, eða þorskeldis, eða ágang ferðamanna á ósnortin víðerni, eða fjallagrasatínslu sem sumir vilja halda fram að fari gífurlega illa með gróðurþekju hálendisins? Á ekki t.d. að leggja allt samgöngukerfi landsins undir þjóðaratkvæði þar sem gífurlegir fjármunir fara árlega til stofnframkæma þar og nýtt land er brotið undir samgöngumannvirki? Er þetta stefnumörkun frá Vinstri grænum um að allar framkvæmdir sem til framfara horfa á landsbyggðinni skuli leggja undir þjóðaratkvæði og þar með eingöngu tefja og draga úr framtaki manna til atvinnusköpunar? Hefur þessi flokkur ekki verið að gera sig gildandi í umræðunni um byggðaþróun í landinu? Er það þeirra stefna að hefta skuli allt sem til framfara horfir í atvinnumálum? Er það þeirra stefna að allir skuli flytja til höfuðborgarinnar því að athafnafrelsi á landsbyggðinni eigi ekkert að vera?

Þingmenn eru lýðræðislega kosnir, herra forseti, til að taka afstöðu til ýmissa m.a. mjög erfiðra mála og eiga ekki að víkja sér undan því. Það á einnig við um Vinstri græna. Þeir geta ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð sem þeir eru kosnir til.

Herra forseti. Um hvað ætti svo að kjósa? Ekki er ljóst af tillögunni hvort um er að ræða útfærslu umhvrh. eða upphaflegar hugmyndir framkvæmdaraðila. Þó má lesa af orðalaginu að vísað sé til upphaflegra framkvæmdaáforma Landsvirkjunar.

Hver er svo hinn kosturinn sem boðið er upp á? Það er ekki að falla frá virkjunaráformum. Það er að bíða eftir að nefnd embættismanna ljúki störfum sínum um að flokka virkjunarkosti. Þegar sú nefnd er búin að raða upp, þá má væntanlega fara í framkvæmdirnar því ekki leikur nokkur vafi á því að umrædd virkjun verði fremst á forgangslista rammaáætlunar. Það er sem sagt ekki nokkur kostur fyrir þá sem alls enga virkjun vilja við Kárahnjúka. Ætli sumum kjósendum Vinstri grænna þyki þeir ekki sviknir miðað við stóru orðin sem hafa fallið frá þeim ágætu hv. þm. sem tillöguna flytja.

Ef við lítum á framkvæmdina sem þessi tillaga fjallar um þá er hér um gífurlega mikla og flókna framkvæmd að ræða. Sérfræðingar á ýmsum fræðasviðum hafa legið yfir hönnun og útfærslu framkvæmdarinnar og metið þau umhverfisáhrif sem hún muni hafa. Er hægt að ímynda sér að mögulegt sé að kynna öllum almenningi málið á skömmum tíma til þess að almenningur geti tekið afstöðu í málinu? Jafnvel má búast við að allur almenningur hafi takmarkaðan áhuga á málinu. Við getum t.d. rifjað upp áhuga almennings á flugvallarkosningunni í Reykjavík. Það voru eingöngu 37% atkvæðabærra manna sem áhuga höfðu á málinu þrátt fyrir gífurlega fjölmiðlaumfjöllun og útgáfu kynningarefnis, enda reyndist niðurstaðan ónothæf til ákvarðanatöku eins og ljóst má vera af framhaldinu. Hvað á að gera við niðurstöðurnar ef áhugi almennings verður á svipuðu róli og í flugvallarmálinu?

Tillagan gerir ráð fyrir að kosningin fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum. Það er augljóst að ríkisstyrkt umræða um svo flókið mál ofan í umræðu um sveitarstjórnarmál mun trufla þá umræðu sem nauðsynlegt er að fari fram í hverju byggðarlagi um sveitarstjórnarmálin. Ekki er ljóst hvor málaflokkurinn yrði ofan á í umræðunni en það er þó reynslan að fjölmiðlar hafa haft mun meiri áhuga á virkjunarmálunum hingað til en sveitarstjórnarmálum.

Eins og fram hefur komið, hæstv. forseti, er hér eingöngu gert ráð fyrir þeim kostum að hefja framkvæmdir eða fresta framkvæmdum. Ekki er gert ráð fyrir þeim sem vilja alls engar framkvæmdir eða þeim sem vilja ganga enn lengra í

nýtingu orkukosta á hálendinu eða þeirra sem vilja allt aðra útfærslu á virkjunarhugmyndum. Sjónarmið þessara hópa eru jafngild í umræðunni þegar kemur til þess að ræða á lýðræðislegan hátt nýtingu orkukosta til atvinnusköpunar. Þetta leiðir svo aftur hugann að því hvernig tillagan gerir ráð fyrir nýtingu þess fjármagns sem gert er ráð fyrir að ríkið leggi í auglýsingaherferðir fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna. Einungis er gert ráð fyrir því að þeir fái peninga sem fylkja sér í flokk þeirra sem vilja fresta framkvæmdum eða þeirra sem vilja framkvæma strax.

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að ótalmargar skoðanakannanir hafa verið gerðar um afstöðu þjóðarinnar til framkvæmda á hálendinu og afstaðan hefur ávallt verið á svipuðu róli, þ.e. að meiri hluti landsmanna að ahyllist nýtingu hreinna orkugjafa sem við eigum í fallvötnum okkar og að meiri hluti landsmanna aðhyllist virkjun við Kárahnjúka.

Ekki hefur verið þrautalaus ganga fram að þessu að koma á þessum virkjunaráformum og ég ætla ekki að halda því fram að brautin sé bein fram undan. Það er hins vegar svo að það heyrist úr æ fleiri áttum hversu gífurlega mikilvægar fyrir efnahagslíf landsins framkvæmdirnar eru. Þannig lýsti miðstjórn ASÍ yfir stuðningi sínum við virkjunaráform og uppbyggingu stóriðju á Austurlandi. Miðstjórnin telur að forsenda aukins hagvaxtar og bættra lífskjara á komandi árum sé stöðug og viðvarandi aukning útflutningstekna og í samræmi við það beri að nýta þá orku sem landsmenn búa að. Það hlýtur að teljast mikill styrkur þegar stærstu og mikilvægustu launþegasamtök landsins lýsa yfir svo einörðum stuðningi við framkvæmdaáformin í því mikla áróðursstríði sem á okkur hefur dunið á undanförnum árum.

Hæstv. forseti. Við eigum að halda ótrauð áfram við undirbúning að virkjun við Kárahnjúka.

Hæstv. forseti. Tillagan er ónothæf til þinglegrar meðferðar.

[16:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst það hafa verið í gær sem umræðan stóð sem hæst hér í sölum Alþingis um Eyjabakkana og Fljótsdalsvirkjun. Mikið var sagt í þeirri umræðu og ýmsir umhverfissinnar í þinginu gáfu eftir af sínum kröfum til að ná sátt og mæta augljósum þörfum Austfirðinga fyrir fleiri atvinnutækifæri og stöðugleika í íbúaþróun í fjórðungnum.

Fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu sem hér er til umræðu, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sagði þá eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það hefur komið fram hjá okkur sem höfum talað hér í dag fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við erum með útrétta sáttarhönd. Sáttarboðið felst í því að Fljótsdalsvirkjunin fari í umhverfismat samkvæmt lögum og við komum til með að beygja okkur undir þann úrskurð sem kæmi út úr því mati."

Þetta sagði þingmaðurinn í andsvari við þann sem hér stendur.

Nú er komið að öðrum kafla í þeirri umræðu, þ.e. um Kárahnjúkavirkjun. Hvað gerist nú þegar sú virkjun er sett í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum? Vinstri hreyfingin – grænt framboð fellst ekki á þann úrskurð sem felldur er samkvæmt lögunum. Nú er beðið um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir samþykktu þó lögin um mat á umhverfisáhrifum 13. maí árið 2000 án þess að krafa væri um þjóðaratkvæði. Er þetta trúverðugur málflutningur, herra forseti? Mér finnst það ekki. Hér er skákað í því skjólinu að tilgangurinn helgi meðalið.

Nú er því borið við að það vanti rammaáætlun um nýtingu allrar orku í landinu en slík rammaáætlun hefur verið í vinnslu síðan 1999. Vita hv. þm. það ekki að það tók Norðmenn 15 ár að gera slíka áætlun? Við getum ekki beðið svo lengi.

Herra forseti. Fyrir þá sem í einlægni vilja umhverfisvernd með ívafi byggðasjónarmiða er nauðsynlegt að taka leppinn frá öðru auganu en vera ekki blindur á báðum. Það verður engin frekari atvinnuuppbygging sem skiptir máli fyrir landsbyggðina ef ekki má virkja fallvötnin og reisa stóriðju. Þetta er margskoðað en flestallar þær tilraunir sem gerðar hafa verið með smáiðnað hafa mistekist. Nokkur árangur hefur náðst í ferðaþjónustu en yfir mjög takmarkaðan tíma. Stöðug vinna verður ekki tryggð undir þeim kringumstæðum og á meðan sjávarútvegurinn minnkar við sig vinnuafl verður fólk að leita annað eftir vinnu.

Herra forseti. Að mati Náttúruverndar ríkisins er sú framkvæmd sem nú er fyrirhuguð með Kárahnjúkavirkjun allt önnur framkvæmd en skipulagsstjóri ríkisins úrskurðaði óásættanlega sl. sumar. Með breytingum sem síðan hafa verið ákveðnar, þ.e. að Desjarárdalur fer ekki undir vatn, breytt er áherslum við Hraunaveitu og verndun áa við Snæfell ásamt mótvægisaðgerðum vegna foks, er framkvæmdin orðin ásættanleg að mati Árna Bragasonar, framkvæmdastjóra hjá Náttúruvernd ríkisins.

Þessi framkvæmd er risavaxin og verður langorkumesta virkjun í landinu fyrr og síðar, að stærð á við þrjár Búrfellsvirkjanir og nærri fimm Blönduvirkjanir. Það sem hefur kannski ekki komið fram áður er að Kárahnjúkavirkjun er mjög hagkvæm miðað við umhverfisáhrif á hverja orkueiningu. Ef við lítum aðeins á það þá fóru 56 ferkílómetrar gróins lands undir vatn með Blönduvirkjun sem er 150 megavött að afli og 800 gígavattstundir. 40 ferkílómetrar gróins lands fara undir vatn við Kárahnjúkavirkjun sem verður um 690 megavött með 4.670 gígavattstundir. Umhverfisáhrifin eru því sex sinnum minni á hverja afleiningu með virkjun við Kárahnjúka en við Blöndu. Ef orkueiningin er notuð er munurinn enn þá meiri eða áttfaldur.

Herra forseti. Þessar tölur tala sínu máli. Ég sé ekki ástæðu til að deila frekar um þessa virkjun. Umhverfisáhrif hennar eru ásættanleg að mati Náttúruverndar ríkisins. Atvinnulífið þarf á henni að halda. Austfirðingar þurfa á henni að halda og landsmenn allir. Þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál er því óþörf.

[16:48]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Góðir hlustendur. Að gefnu tilefni, raunar marggefnu tilefni, vill sá sem hér stendur taka fram að hann er virkjunarsinni. En fyrirvara hefur hann á um fylgi við einstaka virkjanir og eru þeir helstir arðsemi viðkomandi orkuvers og að ekki sé gengið á gæði landsins um skör fram, að ekki sé nefnt að óþörfu því orkukostir okkar eru margir, bæði vatnsafl og í iðrum jarðar. Ég gerði t.d. þann fyrirvara við orkuráðherra Sjálfstæðisflokksins fyrir hartnær 35 árum að ég mundi aldrei samþykkja að Þjórsárverum yrði sökkt vegna virkjanaframkvæmda vegna hins einstæða fuglalífs sem þar er að finna og á ekki sinn líka þótt leitað sé um veröld víða. Þær hugmyndir virðast raunar enn á döfinni þótt stjórnvöld hiki við.

Ég var fylgjandi Eyjabakkavirkjun á sínum tíma eða þar til að færð voru fram veigamikil rök fyrir því að hún ylli mikilli röskun náttúrunnar. Á útmánuðum 1999 benti ég allfjölmennum fundi á Reyðarfirði á Kárahnjúka en var tekið með hnussi og illyrðum. Þess vegna er áhugi minn vakandi fyrir Kárahnjúkavirkjun þótt mig skorti, að kalla, allar trúverðugar upplýsingar um arðsemi hennar. Landsvirkjun verður að bæta um miklu betur í þeim efnum áður en þingheimi er boðið upp á að samþykkja virkjunina. Að svo búnu er lítið sem ekkert vitað um innihald orkusölusamnings utan það að Íslendingar hafa kosið sér sem viðmælendur illvígustu og ágengustu samningamenn sem þekkjast.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð flytur hér tillögu um þjóðaratkvæði um virkjun við Kárahnjúka. Sú tillaga er óeðlileg að mati Frjálslynda flokksins. Málið er gríðarlega flókið og erfitt úrlausnar. Með fullri virðingu fyrir kjósendum er þeim engan veginn ætlandi að veita leiðsögn í þeim efnum héðan af. Alþingismenn munu eiga fullt í fangi við ákvörðunina og einnig þótt þeim gefist kostur á ráðgjöf hinna færustu sérfræðinga. Ákvörðun um virkjun við Kárahnjúka er óhjákvæmilegt að Alþingi taki, ef tekin verður, enda er þetta mál þess eðlis hvernig sem á það er litið.

Hver er hagur þjóðarinnar af virkjun við Kárahnjúka? Um það er því miður enn flest á huldu. Þess vegna er útilokað að vega þá hagsmuni á móti þeim náttúruspjöllum sem menn hafa miklu meiri upplýsingar um og Skipulagsstofnun hefur að sínu leyti úrskurðað að séu svo mikil að hverfa beri frá þessum virkjunarkosti. Það er kannski ekki óeðlileg afstaða þar sem það er ekki hennar hlutverk að meta arðsemi framkvæmdarinnar. En komi óyggjandi í ljós að arðsemi virkjunarinnar verði viðunanleg er það löggjafarsamkundunnar að ákveða hvort augljósum náttúrugæðum sé fórnandi fyrir þá arðgjöf.

Áformum um þessa risavirkjun var beint í hinn lögmæta feril umhverfismats þar sem gögnum er skipulega safnað og skipulagsstjóri kemst að þeirri eðlilegu embættislegu niðurstöðu að náttúruspjöllin sem virkjunin leiðir til séu meiri en sá ávinningur sem honum er kunnugur. Embættismaðurinn víkur sér þannig eðlilega undan því að taka á sína ábyrgð stórpólitíska ákvörðun.

Viðbrögð ráðherra, þá einkum og sér í lagi hæstv. forsrh. við þessari niðurstöðu voru furðuleg þeim, sem ekki þekkja til vinnubragða hans. Um leið og talað var af óviðeigandi lítilsvirðingu um mann á kontór úti í bæ sem væri að taka sér mikið vald var ljóst að forsrh. hafði ætlast til þess af kontóristanum að hann tæki þessa stórpólitísku ákvörðun. Hann átti að losa stjórnmálaforustuna við þann beiska bikar. Framhald ferlisins var síðan með eðlilegum hætti. Umhvrh. tók sína ákvörðun. Sú ákvörðun var að vísu ekki með umhverfisvernd að leiðarljósi heldur pólitísk niðurstaða ríkisstjórnarinnar um að virkja þetta vatnsfall. Þar og síðar á Alþingi er þessi ákvörðun í réttum höndum.

Pólitísku álitaefnin sem þetta varða eru tvö. Á að virkja þetta vatnsfall? Ef svo er, hvenær á að virkja það og þar með í hvaða tilgangi? Kostirnir sýnast vera tveir: Að virkja strax og kostur er til að byggja álver eða fresta því að nýta þennan virkjunarkost í 10 til 20 ár þegar vetnisþjóðfélagið heldur innreið sína. Síðari kosturinn útilokar væntanlega ekki þann fyrri, ef gengið er út frá að nægjanleg virkjanleg orka sé eftir þótt Kárahnjúkavirkjun yrði byggð fyrir Reyðarfjarðarálver. Vetnisknúið samfélag mun halda innreið sína fyrr eða síðar og þá mun ráðast af því hversu hátt raforkuverð vetnisframleiðsla getur greitt í samanburði við álframleiðslu og aðra stóriðju hvort stóriðja eins og við þekkjum hana leggst hér af á tiltölulega skömmum tíma eins og gerst hefur í nálægum löndum síðustu áratugi.

Eigi að virkja þarf ýmislegt að vera tryggt. Tæknilega áhættan um að mannvirkjunum verði lokið á tilsettum tíma og skili þeim afköstum sem að er stefnt þarf að vera tryggð. Hættan á vatnsþurrð í köldum árum þarf að vera vandlega metin og fyrir henni séð í samningum. Orkuverð þarf að vera nægilega rúmt til að virkjunin sjálf sé ein og sér mjög arðbær. Síðast en ekki síst þarf álverið sjálft að vera burðugur kaupandi og greiðandi orkunnar. Þar kann að liggja stærsta áhættan í þessu stóra og viðamikla reikningsdæmi. Rætt er um að orkuverið eitt, með öllum þess hliðarmannvirkjum, kosti langleiðina í 100 milljarða króna, ef ekki meira eftir gengisfellingarnar. Áföll í rekstri svo fjárfreks fyrirtækis gætu talist í mjög háum tölum á íslenskan kvarða. Því má ekkert bresta um getu orkukaupandans til að standa við skuldbindingar sínar.

Að sönnu mun spáð tvísýnni framtíð eftirspurnar eftir áli. Heimsframleiðsla mun nú vera nálægt 20 milljónum tonna. Áhættan á samdrætti í eftirspurn eftir þessum málmi er raunveruleg og slíkan samdrátt hafa menn í áranna rás átt erfitt með að sjá fyrir. Ljóst er að 10–15% samdráttur í eftirspurn skilur eftir sig 2–3 millj. tonna sem ekki seljast og afleiðingin er alþekkt. Jaðarverð á mörkuðum hefur tilhneigingu til að síga í samkeppninni um takmarkaða sölu niður undir það kostnaðarverð sem gamlar og afskrifaðar, skuldlausar verksmiðjur geta framleitt og selt fyrir og haft samt fyrir kostnaði. Þá þrengist fyrir dyrum hjá nýrri verksmiðju með þungar byrðar fjármagnskostnaðar og mikla afskriftaþörf. Meðan slík lægð varir lengur eða skemur er verksmiðjan að auki raunverulega einskis virði og verra en það. Hluthafar kunna að þurfa að hafa efni á að leggja fram enn frekara hlutafé ef þeir ætla að freista þess að halda í eignarhlut sinn í von um betri tíð. Þar reynir á eindreginn vilja og getu til að taka áhættu með mikla fjármuni.

Það er aðskilið vandamál í þessu sambandi, hvernig háttað er ráðgerðum samningum við Norsk Hydro um innkaup aðfanga og sölu afurða fyrir álverið á Reyðarfirði. Almennt má segja að góða og vandaða samninga megi gera þar sem reynt er að tryggja hagsmuni álversins. Í framkvæmd slíkra samninga reynir hins vegar iðulega á sanngirni fulltrúa hins erlenda félags, t.d. þegar upp koma aðstæður sem enginn sá fyrir í samningagerðinni. Hinn stóri er þá alltaf með yfirhöndina, ef hann kýs að nýta aðstöðu sína. Að verja rétt hins litla í þeirri stöðu getur verið harðsótt. Almennt má segja að aðstaða stórfyrirtækis gagnvart litlu dótturfyrirtæki er slík að margar leiðir má finna til að þrengja að hinu litla. Slíkt er Norðmönnum ætlandi og er þar af reynslu talað.

Þar fyrir ættum við Íslendingar að láta erlendu stórfurstana eiga og reka álverið og axla alla ábyrgð á því. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[16:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur.

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag.

Við erum gestir og hótel okkar er jörðin.

Svo kvað skáldið Tómas Guðmundsson í upphafi hins þekkta kvæðis, Hótel jörð. Síðar í kvæðinu víkur skáldið að því að umdeilt sé hvort hótelið sjálft, þ.e. jörðin, muni græða á viðskiptunum.

En við, sem ferðumst, eigum ei annars völ.
Það er ekki um fleiri gististaði að ræða.

Afrísk lífsspeki, sem hefur orðið fleyg í umræðum um umhverfismál á síðari árum í tengslum við vakningu þar að lútandi gengur út á að minna okkur á að við höfum ekki erft jörðina frá forfeðrum okkar, við eigum hana ekki, heldur höfum við hana að láni frá börnum okkar, með öðrum orðum frá framtíðinni. Og því sem maður hefur að láni, hæstv. ráðherrar, á maður að skila í jafngóðu ástandi og maður tók við því.

Eins er farið með okkur, íslenska þjóð og landið okkar, og mannkynið allt og hótel jörð. Við eigum aðeins þetta land og eigum þó ekki heldur höfum við það að láni, erum gæslumenn þess í þágu okkar sjálfra vissulega en eins framtíðarinnar, barna okkar og barnabarna, óborinna kynslóða og allrar framtíðar. Og við eigum að skila því sem höfum að láni óskemmdu.

Hér, herra forseti og góðir áheyrendur, gildir ekki aðeins hið mannhverfa viðhorf. Lífríki og náttúra er líka til í sínum eigin rétti og öll umgengni mannsins á að byggjast á virðingu og hófsemd og hafa grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.

Við Íslendingar nefnum oft á hátíðlegum stundum að skyldur okkar sem þjóðar lúti að því að varðveita þjóðararfinn. — Herra forseti. Ég get gert hlé á máli mínu meðan ráðherrar ræða hér þannig saman að það truflar mig við málflutninginn. En ég óska þá eftir því að það dragist frá ræðutíma mínum.

Skyldur okkar sem þjóðar lúta að því að varðveita þjóðararfinn, menningu og tungu, minjar og sögu. Sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar er oft nefndur í sömu andrá. En hvað með landið sjálft? Hljóta þessar skyldur ekki að lúta að varðveislu lands og náttúru, þessara fágætu gersema sem okkur hefur hlotnast að gæta á því sviði? Jú, allir réttsýnir menn hljóta að viðurkenna að svo sé. Ágreiningur getur aðeins staðið um hvað þessi gæslu- og varðveisluskylda feli í sér, hvaða takmarkanir þetta feli í sér gagnvart nýtingu landsins og umgengni við það, auðlindir þess og náttúru alla.

Tillaga okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að hin gríðarstóru umdeildu og afdrifaríku áform um stórvirkjun á hálendinu norðan Vatnajökuls verði lögð í dóm þjóðarinnar sjálfrar, að ykkur, landsmenn góðir, verði gefinn kostur á að kynna ykkur betur helstu staðreyndir málsins gegnum málflutning talsmanna meginsjónarmiða í málinu sem fái til þess nokkurn fjárstuðning að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í aðdraganda kosninga. Þannig verði lýðræðið virkjað beint og milliliðalaust og þjóðin sjálf taki af skarið um framhaldið.

Eðlilegt er að ýmsar spurningar vakni í þessu sambandi og meðal þeirra gætu verið: Er þetta mál það stórt og afdrifaríkt að það réttlæti þjóðaratkvæðagreiðslu? Svarið er hiklaust já. Um er að ræða stærstu einstaka framkvæmd með langvíðtækustu umhverfisáhrif sem nokkru sinni hefur komist á dagskrá að ráðast í hér á landi. Um 3% landsins alls yrðu fyrir áhrifum. Stærsta ósnortna víðerni landsins sem eftir er, og að talið er það stærsta í allri Evrópu, yrði raskað. Neikvæð umhverfisáhrif yrðu umtalsverð og óafturkræf og það yrði viðfangsefni kynslóðanna eftir okkar daga að glíma við vaxandi vandamál þegar uppistöðulón fyllast af seti og áfok vex. Stærsta ósnortna hálendissvæði Íslands yrði raskað. Það yrði aldrei samt. Möguleikum til stofnunar þjóðgarðs sem yrði einstakur í sinni röð á heimsmælikvarða yrði verulega spillt.

En er málið þannig vaxið að auðvelt sé að leggja það fyrir? Svarið er einnig já. Það eru tveir meginkostir í stöðunni, þ.e. annars vegar að láta nú vaða og ráðast í þessa framkvæmd eða að gera það ekki, hætta við þessa framkvæmd, setja málið í annan farveg, taka fyrst afstöðu til þess hvernig þetta svæði verði verndað og það nýtt, taka afstöðu til hugmynda um þjóðgarð o.s.frv. Þessi kostur gefur einnig færi á því að bíða þess að fyrir liggi úttekt á virkjanakostum og forangsröðun með tilliti til umhverfisáhrifa sem loksins er farin af stað en hvergi nærri lokið. Aðra hagsmuni, t.d. hagsmuni ferðaþjónustunnar, áhrif á ímynd landsins, mat á því hvers virði náttúran sjálf sé — sem nú er metin á núll krónur — og loks mjög umdeild þjóðhagsleg áhrif, allt þetta og miklu fleira til gæfist þá tóm til að skoða.

Hér hafa menn gagnrýnt það að ekki sé stillt upp með hreinum hætti kostunum með eða á móti þessari virkjun. Halda menn að andstæðingar þessara framkvæmda komi til með að eiga í vandræðum í svona kosningum? Nei, þeir leggjast að sjálfsögðu gegn því að framkvæmdir hefjist. En það gera einnig þeir sem vilja að málið verði skoðað betur og telja ekki rétt að taka nú óafturkræfa ákvörðun um að hefjast handa.

Ólundarlegar tilraunir umhvrh. til að finna þessari tillögu allt til foráttu voru harla vandræðalegar. Tal um samstöðu meðal þingmanna í máli sem klýfur þjóðina í tvennt er líka sérkennilegt. En hafi málflutningur umhvrh. verið vandræðalegur var þó framganga formanns Samfylkingarinnar sýnu verri. Fyrst byrjar hv. þm. Össur Skarphéðinsson á að lýsa því hversu eindreginn stuðningsmaður þjóðaratkvæðagreiðslna hv. þingmaður sé, en bara ekki þessarar. Formaður Samfylkingarinnar, sjálfur lýðræðishöfðinginn, horfir fram hjá því að fái þjóðin að láta álit sitt í ljós og sé það nú þannig að meiri hluti hennar sé andvígur því að ráðast í þessar framkvæmdir þá fær sá meiri hluti tækifæri til að stöðva þær. Það á ekki að láta hann gjalda þess að menn geti haft mismunandi sjónarmið um tæknilega útfærslu kosninganna. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér fannst formaður Samfylkingarinnar með málflutningi sínum hér áðan gera sig endanlega að skoffíni í umfjöllun um þetta mál eins og hann stillti hlutunum upp.

En hvað þá með byggð á Austfjörðum og áhrif á hagvöxt? Höfum við efni á því að sleppa þessu tækifæri? Ja, hvað segja landsfeðurnir? Ástandið í atvinnu- og efnahagsmálum hefur aldrei verið betra og það er auðvitað staðreynd að það verður ekki fátækt sem verður þess valdandi að íslenska þjóðin hefur ekki efni á því að varðveita hálendi sitt, ef svo fer. Það verður metnaðarleysi og virðingarleysi fyrir því landi sem okkur hefur verið falið að gæta.

Við sem að þessari tillögu stöndum, herra forseti, treystum dómgreind þjóðarinnar. Við vitum hvaða tilfinningu þjóðin ber í brjósti til lands síns. Við trúum á málstað okkar og erum óhrædd við að leggja hann í dóm þjóðarinnar. — Ég þakka áheyrnina.

[17:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Til umfjöllunar er þáltill. Vinstri grænna um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Ég lýsi andstöðu við tillöguna.

Kárahnjúkavirkjun er stór virkjun á íslenskan mælikvarða. Eftir úrskurð umhvrh. má gera ráð fyrir að uppsett

afl fullbyggðrar virkjunar verði 750 megavött og meðalorkuframleiðsla hennar 4.670 gígavattstundir á ári. Virkjunin verður því meira en tvisvar sinnum stærri en Búrfellsvirkjun. Hins vegar verður flatarmál lóna vegna Kárahnjúkavirkjunar ekki nema 66 ferkílómetrar sem getur ekki talist stór hluti af þeim 50 þús. ferkílómetrum sem miðhálendi Íslands er.

Allt tal um að verið sé að fórna hálendi Íslands er því úr lausu lofti gripið. Við munum áfram eiga stærstu ósnortnu víðerni í Vestur-Evrópu. Fyllyrðingar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að 3% landsins alls yrðu fyrir áhrifum eru út í hött.

Aðdragandi framkvæmda við vatnsaflsvirkjanir er langur og að honum koma margir aðilar, stofnanir og fyrirtæki. Alþingi hefur með lagasetningu tryggt að ákvarðanir séu teknar á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga. Lög um mat á umhverfisáhrifum, skipulags- og byggingarlög, náttúruverndarlög, orkulög, lög um Landsvirkjun o.fl. skapa grundvöll ákvarðanatöku um virkjunarframkvæmdir. Með þessu hefur aðkoma almennings verið tryggð við gerð skipulagsáætlana og mat á umhverfisáhrifum. Þá þarf Alþingi sjálft að veita heimild fyrir virkjunarframkvæmdum og ráðherra að samþykkja hana og er í þeim efnum bundin af lögákveðnum sjónarmiðum.

Ekki er langt síðan miklar deilur spunnust um svokallað lögformlegt mat á umhverfisáhrifum í tengslum við Fljótsdalsvirkjun. Þá var krafa Vinstri grænna skýr: Allar framkvæmdir áttu að fara í mat á umhverfisáhrifum. Þær deilur tilheyra fortíðinni en ný útfærsla er komin fram. Sú framkvæmd sem nú er til umræðu er í þeim farvegi sem lög kveða á um. Þegar Fljótsdalsvirkjun var til umræðu var bent á þann möguleika að nýta vatnasvið Jöulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal með myndun Hálslóns og þyrma þannig Eyjabökkum. Var m.a. bent á þetta í svæðisskipulagi miðhálendisins.

En hvað gerist svo þegar þetta gengur eftir og ákveðið er að fara í þá útfærslu sem þarna er lýst? Jú, þá eru allt í einu sprottnir upp örfáir sjálfskipaðir sérfræðingar sem efast um hagkvæmni virkjunarkostsins, lýsa því yfir að um stórkostleg spjöll sé að ræða, að frekari rannsóknir vanti og fleira í þeim dúr. Til þess að kóróna allt saman leggja Vinstri grænir til að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Orð mín má ekki skilja sem svo að ég vantreysti þjóðinni eða óttist niðurstöðu hennar. Tillaga sú sem hér er til umræðu ber þess þó hins vegar þess vitni að þeir sem að henni standa séu ekki reiðubúnir að virða þær leikreglur sem þeir hafa sjálfir átt þátt í að setja. Þeir hafa uppi háværar kröfur um að framkvæmdir fari lögformlegar leiðir en eru síðan ekki reiðubúnir að taka niðurstöðunni. Þeir hafa aldrei ætlað sér að taka niðurstöðu í þessu máli heldur reyna að bregða fæti fyrir framgöngu þess með einhverjum hætti. Þessi tillaga er aðeins nýjasta útspil í þeim efnum. Það er lítilmannlegt af þjóðkjörnum fulltrúum að ætla að skorast undan hlutverki sínu með því að velta ábyrgðinni yfir á þjóðina í atkvæðagreiðslu um einstakar framkvæmdir.

Aðkoma almennings að málinu hefur verið tryggð með því að framkvæmdin fer í mat á umhverfisáhrifum og það er Alþingis að taka ákvörðun um hvort leyfi verður veitt fyrir framkvæmdunum. Það vekur hins vegar óneitanlega athygli að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir að þjóðinni verði boðið upp á að hafna þessum virkjunarkosti alfarið heldur eingöngu að fresta framkvæmdinni eða samþykkja hana.

Á vegum iðnrn. er nú unnið að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma með það að leiðarljósi að ná sem víðtækastri sátt um val á virkjunarkostum. Tilgangur rammaáætlunar er ekki að finna leiðir til að hafna virkjunarkostum heldur að taka virkjanir allar fyrir í einu og meta út frá sömu sjónarmiðum. Iðnrn. hefur frá upphafi gert grein fyrir því að þau verkefni sem í vinnslu eru skuli ekki látin bíða niðurstöðu rammaáætlunar.

Í augnablikinu virðast skilyrði vera fyrir hendi til þess að reisa nýtt álver hér á landi. Þar eru hins vegar að verki hlutir sem við höfum enga stjórn á og hafa ber í huga að tækifærið kann að vera runnið okkur úr greipum á næsta ári eða þegar niðurstaða rammaáætlunar liggur fyrir.

Hæstv. forseti. Í mínum huga er ágreiningsmálið einfalt. Það snýst ekki um gæsir eða hreindýr, landslagsheildir eða ósnortin víðerni. Ágreiningurinn lýtur að því hvort ráðast eigi í framkvæmdir yfir höfuð. Það er stefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að auka nýtingu endurnýjanlegra orkulinda landsins í sátt við umhverfið. Sú leið sem í dag er nærtækust er virkjun vatnsfalla og jarðhitasvæða vegna stóriðjuvera eins og álverksmiðja. Af þessari ástæðu barðist ríkisstjórnin fyrir því á alþjóðavettvangi að viðurkennd yrði sérstaða Íslands þegar loftslagsmál voru til umræðu og hafði sigur. Það er einfaldlega svo að framleiðsla áls með orku frá endurnýjanlegum orkulindum landsins er í raun ekkert annað en útflutningur á grænni orku. Með því að skapa skilyrði til þess að stóriðjufyrirtæki sjái sér hag í því að setja upp starfsemi á Íslandi erum við að axla ábyrgð í þessum málum.

En við erum ekki bara í þessu af einskærri fórnarlund. Það er nefnilega svo að framkvæmdir sem þessar hafa mikil efnahagsleg og byggðaleg áhrif. Við þurfum ekki annað en að líta nokkur ár aftur í tímann til að finna dæmi um þetta.

Ef af byggingu álvers á Austurlandi verður má gera ráð fyrir að landsframleiðsla verði 2% hærri en annars yrði. Gjaldeyristekjur af fyrri áfanga álvers verða meiri en af allri ferðaþjónustu á Íslandi í dag. Álframleiðsla Reyðaráls mundi meira en tvöfalda útflutningstekjur af áliðnaði miðað við stöðuna árið 2000 og varanleg áhrif verkefnisins á þjóðarframleiðslu gætu verið allt að 1,3%. Gera má ráð fyrir að rekstur fyrsta áfanga álversins þarfnist um 450 ársverka auk 300 afleiddra starfa. Menntunarkröfur starfsmanna verða fjölbreytilegar.

Ef af byggingu Reyðaráls verður munu um 10 þús. manns búa á Miðausturlandi í lok framkvæmdatíma en 7 þús. ef ekki verður af framkvæmdum. Þetta er kjarni málsins. Ríkisstjórnin vill nýta orkulindir landsins sem næst uppruna þeirra til hagsbóta fyrir þá sem þar búa.

Hæstv. forseti. Lífsviðurværi þjóðar okkar byggist að stórum hluta á því að nýta náttúruna og þau gæði sem hún hefur upp á að bjóða. Þegar öllu er á botninn hvolft stendur eftir að ágreiningurinn í þessu máli snýst um aðgerðir eða aðgerðaleysi. Ríkisstjórnin hefur skýra stefnu í þessum efnum, stefnu framkvæmda sem mun gera okkur mögulegt að halda úti öflugri velferðarþjónustu, öflugu menntakerfi, axla byrðar vegna umhverfismála sem snerta alla heimsbyggðina og skapa hagstæðari skilyrði til byggðauppbyggingar um land allt.

Hæstv. forseti. Ráð stjórnaraðstöðunnar, ráð Vinstri grænna eru: „Bara eitthvað annað."

[17:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Á hverju ári allt frá árinu 1995, eða í sjö ár, hafa þingmenn Samfylkingarinnar barist fyrir því

að settur verði á lögbókina réttur fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ótrúlegt áhugaleysi hefur ríkt á hv. Alþingi að tryggja þennan möguleika fólksins til að hafa bein áhrif á stór og þýðingarmikil mál sem úrslitum geta ráðið um hag þjóðarinnar og almennings, t.d. eins og í þessu mikilvæga máli sem hér er til umfjöllunar. Væri rétturinn til þjóðaratkvæðagreiðslu nú fyrir hendi, sem þingmenn Vinstri grænna hafa satt að segja ekki sýnt mikinn áhuga, gæti fimmtungur kosningabærra manna í landinu krafist þess nú að bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um Kárahnjúkavirkjun og byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði. Þá væri þessi tillaga sem við ræðum hér óþörf.

Sú leið aftur á móti sem Vinstri grænir kjósa að fara í þessu efni er fyrir fram dauðadæmd því að meiri hlutinn á þingi mun nota afl sitt til að knýja í gegn framkvæmd við virkjun og álver án þjóðaratkvæðagreiðslu hvað sem líður meirihlutavilja þjóðarinnar. Þeir munu fella þessa tillögu Vinstri grænna eins og að drekka vatn komi hún yfirleitt til atkvæða í þinginu.

Stjórnarskrárbundinn réttur fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu er eina svarið við yfirgangi og valdhroka stjórnvalda þegar nauðsynlegt er að láta reyna á þjóðarvilja. Það mál sem hér er lagt til að fari í þjóðaratkvæðagreiðslu er viðamikið og skiptir gífurlega miklu fyrir þjóðarhag og náttúru landsins. Þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál á því fyllilega rétt á sér.

Stórir efnis- og formgallar eru þó á málinu eins og það er sett fram og virðist málið bera með sér einhverja innanbúðarerfiðleika og að formaður flokksins sé í reynd í nokkrum vandræðagangi og erfiðleikum með málið, enda er hann í forsæti fyrir flokkinn í því kjördæmi sem kallar mjög á þessar virkjunar- og álversframkvæmdir. Framkvæmdin og útfærslan hljóta líka að þurfa að byggja á lögum en ekki þingsályktun eins og hér er gert ráð fyrir. Í ályktuninni kemur heldur ekki fram hvort þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að vera bindandi eða ráðgefandi, hvort skilyrði séu um tilskilinn fjölda þátttakenda o.s.frv.

Það væri líka fróðlegt að heyra hvort sveitarstjórnarmenn almennt telja rétt að blanda mjög umdeildri þjóðaratkvæðagreiðslu um virkjunarframkvæmdir og álver inn í sveitarstjórnarkosningar sem mundu að öllum líkindum skyggja mjög á umræður um almenn sveitarstjórnarmálefni. Efnislega er tillagan líka gölluð því að enginn valkostur er fyrir þá sem vilja greiða atkvæði gegn framkvæmdunum, en samkvæmt skoðanakönnun voru 70% Vinstri grænna á móti eða frekar mótfallnir Kárahnjúkavirkjun en 25% fylgjenda Vinstri grænna voru hlynntir eða ferkar hlynntir virkjunarframkvæmdum. Þeir einir sem vilja virkjun fá skýrt val með þessari tillögu.

Ef fara á fram þjóðaratkvæðagreiðsla tel ég að fólk eigi líka að fá að greiða atkvæði um uppbyggingu þjóðgarðs sem samhliða yrði ráðist í ef ákveðið yrði að fara út í virkjunarframkvæmdir. Þær forsendur sem verða að vera klárar og liggja fyrir eru hvernig við viljum haga verndun og nýtingu landsins í framtíðinni og samspili náttúru og virkjana ef ráðast á í virkjunarframkvæmdir og uppbyggingu álvers á Austurlandi.

Við í Samfylkingunni höfum sagt eftir að úrskurður umhvrh. lá fyrir að þrátt fyrir prýðilegar mótvægisaðgerðir sem við teljum að hefti rof og áfok úr Hálslóni og þrátt fyrir að verulega sé dregið úr áhrifasvæði virkjunarinnar með því að hætta við smærri veitur umhverfis Snæfell þá verður samtímis að tryggja að þau ósnortnu víðerni og ómetanlegu náttúruperlur sem eftir eru norðan Vatnajökuls og yrðu reyndar víðfeðmust óspjölluð víðerni í Evrópu þrátt fyrir virkjun, verði áfram ósnert. Við teljum að verði virkjað sé farsælast að tryggja það með því að stofna þjóðgarð á því svæði. Það eru einfaldlega mörg dæmi um að til séu þjóðgarðar sem falla undir sama verndarstig og íslensku þjóðgarðarnir þar sem virkjunarlón eru í nándinni, jafnvel innan þeirra. Er hægt að ná sátt um slíka málamiðlun meðal þjóðarinnar?

Í þessu tilviki verður a.m.k. að liggja fyrir ákvörðun um hvernig við viljum haga náttúruvernd á hálendinu og landnýtingu á svæðinu norðan Vatnajökuls. Það er hægt að gera með ákvörðun um að setja svæðið norðan Vatnajökuls undir þjóðgarð og bæta því við þann þjóðgarð sem fyrirhugað er að stofna um jökulhettuna sjálfa og Skaftafell. Þetta svæði mundi ná vestan jökuls sunnan frá Tungnafellsjökli og Nýjadal norður fyrir Herðubreiðarfriðland og austur um Lónsöræfi. Þetta svæði eru 4.500 ferkílómetrar. Þar yrðu margar af helstu náttúruperlum landsins. Ég nefni bara Öskju, Herðubreið, Kverkfjöll, Snæfell og Vesturöræfi auk Lónsöræfa. Slíkur þjóðgarður mundi líka tryggja að ekki yrði ráðist á Jökulsá á Fjöllum sem er mikils virði að mínu mati og flestra annarra.

Ég tel reyndar líka að skoða eigi hvort rétt sé að teygja slíkan þjóðgarð suður fyrir Vatnajökul til Lakagíga að vestan því heimamenn á Klaustri hafa greinilega áhuga á því. Sömuleiðis þyrfti í framtíð að skoða hvort slíkur þjóðgarður gæti ekki teygt sig að austan suður um jökulinn því að á Höfn í Hornafirði er vilji fyrir slíku. Með þessu yrði stigið afar þýðingarmikið skref í stofnun verndarsvæða mikilvægra náttúruperlna sem tryggði sjálfbæra þróun og verndun sérstaks landslags og lífríkis sem verndað yrði til frambúðar fyrir komandi kynslóðir. Með þessum þjóðgarði væri verið að opna landsmönnum nýja sýn á landið með nýjum möguleikum til útivistar og bættum vegasamgöngum og ljóst líka að þjóðgarður þar sem saman fara eldfjöll, jöklar og ægifagrar náttúruperlur mun gera Ísland sérstakt á alþjóðavettvangi sem ferðamannaland.

Með slíkri ákvörðun er ekki bara verið að vernda gífurleg náttúruverðmæti og lífríki á stórum hluta landsins heldur er einnig verið að stuðla að afar jákvæðri byggðastefnu og atvinnumöguleikum tengdum ferðaþjónustu og menningarstarfsemi. Þjóðgarðurinn tæki þá til tveggja kjördæma. Alla stefnumótun og uppbyggingu þjóðgarðsins ætti að vinna í samráði við heimamenn og ferðþjónustu, en átta sveitarfélög mundu liggja að þjóðgarðinum. Nokkur hundruð störf sköpuðust við slíkan þjóðgarð sem ætla má að verði ekki síst kvennastörf. Þjóðgarður yrði því veruleg lyftistöng fyrir atvinnuuppbyggingu í mörgum sveitarfélögum sem liggja að honum.

Hvort sem farið verður í virkjun við Kárahnjúka eða ekki á að ráðast í stofnun þjóðgarðs. Mótvægisaðgerðir sem nú eru áformaðar og hæstv. umhvrh. hefur nú úrskurðað um að ráðast eigi, í verði virkjunin að veruleika, ber vissulega að fagna. Sá meinlegi galli varð þó þar á allri framkvæmd að í raun var um nýtt umhverfismat að ræða sem Skipulagsstofnun en ekki umhvrh. hefði átt að hafa lokaorð um hvort stæðist umhverfismat. Í þessu efni eru lögin um umhverfismat greinilega mjög óskýr og það er vissulega stór galli á lögum um umhverfismat og kallar á tafarlausa endurskoðun á þeim lögum.

Þrátt fyrir allviðamiklar mótvægisaðgerðir í umhverfismálum verður enn þungbær fórnarkostnaður og umhverfisspjöll vegna þessarar virkjunar. Ég er því sannfærð um að það hefði verulega jákvæð áhrif ef ríkisstjórnin lýsti yfir að ef ráðist yrði í virkjunarframkvæmdir yrði jafnhliða farið í stofnun þessa þjóðgarðs sem ég tel að að verulegu leyti eigi að kosta af Landsvirkjun á kostnað arðseminnar en ekki orkuverðs til almenningsveitna.

Þegar metinn er mikill fórnarkostnaður af Kárahnjúkavirkjun hlýtur þrennt að vega þungt við ákvarðanatöku um málið í heild sinni og sem þarf að liggja fyrir áður en málið gengi undir atkvæði eins og hér er lagt til. Í fyrsta lagi hvernig eigi að haga landnýtingu norðan Vatnajökuls ef ráðist verði í virkjun. Hægt er að færa sterk rök fyrir því að besti kosturinn yrði stofnun þjóðgarðs um það svæði sem ég nefndi áðan. Hann ætti að verulegu leyti að vera kostaður af Landsvirkjun og skipulagður í samvinnu við heimamenn og ferðþjónustuna.

Í öðru lagi verður að liggja fyrir hver eignarhlutur Norsk Hydro og annarra fjárfesta í þessari framkvæmd verði.

Í þriðja lagi þarf að liggja fyrir að af þessum framkvæmdum verði skýr og ótvíræður efnahagslegur ávinningur. Því verða m.a. mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum að liggja fyrir því aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í því efni mun auka verðbólgu og koma í veg fyrir að hægt verði að lækka vexti og vernda kaupmátt á næstu árum.

Að öllu því samanlögðu sem ég hef lýst vantar faglegar forsendur fyrir því að þjóðin geti tekið afstöðu til málsins í þjóðaratkvæðagreiðslu auk þess sem valkostirnir í þessari tillögu eru alls ekki skýrir eða fullnægjandi eins og formaður Samfylkingarinnar hefur bent á í þessari umræðu.

Það stendur upp á ríkisstjórnina að svara þar brennandi spurningum um til hvaða efnahagslegra mótvægisaðgerða hún sé tilbúin að grípa og hvort þjóðgarðshugmyndin hafi stuðning hennar. Loks hefur tillagan þá efnis- og formgalla sem ég hef hér lýst og þyrfti því að gera grundvallarbreytingar á henni í meðferð þingsins á málinu, ekki síst þyrfti að opna valkost fyrir þá sem eru á móti þessari virkjunarframkvæmd þannig að lýðræðinu yrði fullur sómi sýndur.

[17:27]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu er augljóslega fram komin til að tefja og helst koma í veg fyrir fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun. Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum að Visntri grænir eru á móti virkjunum og uppbyggingu stóriðju og kemur það glöggt fram í greinargerð með tillögunni. Ég ætla að fara örfáum orðum um samfélagsleg áhrif þessara framkvæmda. Á það hefur margoft verið bent að virkjun á Austurlandi og álver í Reyðarfirði muni gjörbreyta ástandinu í þessum landshluta til hins betra, en þar hefur fólki fækkað mjög á undanförnum árum og meðaltekjur eru þar með því lægsta sem gerist.

Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar í því að ungt fólk sækir burt til náms og í leit að áhugaverðum og vel launuðum störfum.Í ítarlegri könnun sem Stefán Ólafsson prófessor gerði fyrir Byggðastofnun á ástæðum búferlaflutninga af landsbyggðinni kom í ljós að langstærsti orsakavaldurinn er einhæfni atvinnulífsins. Á Austurlandi er atvinnulíf einhæfara en víða annars staðar á landinu. Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði mun gjörbreyta því ástandi.

Í skýrslu um efnahagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði kemur fram að af 414 störfum við fyrsta áfanga álversins verða 14 starfsmenn með akademíska háskólamenntun, 21 með tæknimenntun á háskólastigi eða sambærilega menntun, 55 með sérstaka tæknimenntun, 298 með iðnnám eða sérstakt fjölbrautanám til að vinna við álframleiðslu og 26 í störfum sem krefjast engrar sérstakrar þjálfunar. Við þetta bætast svo um 300 afleidd störf á ýmsum sviðum, svo sem við viðhald, verslun, tölvuþjónustu, afþreyingu, hótelgistingu, flutninga, ferðalög tengdum framkvæmdunum og fleira. Fjölbreytni atvinnulífsins mun því aukast mjög með tilkomu álversins og eftir að síðari áfangi hefur verið tekinn í notkun verða um 1.000 ný störf á Austurlandi við álverið og þjónustu við það.

Talið er að þriðjungur starfa í álverinu verði unninn af aðkomufólki, tæp 15% af brottfluttum Austfirðingum og liðlega helmingur af heimafólki og nýliðum á vinnumarkaði. Því er ljóst að þessi mikla uppbygging mun hafa mjög jákvæð áhrif á Austurlandi.

Einnig skiptir miklu máli í þessu sambandi að álver greiða að meðaltali hærri laun en aðrar framleiðslugreinar að fiskveiðum undanskildum. Störf við stóriðju eru mjög eftirsótt, t.d. sóttu á annað þúsund manns um störf hjá Norðuráli þegar fyrirtækið hóf starfsemi árið 1998 og meðalstarfsaldur í stóriðjufyrirtækjum er mjög hár. Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði munu því hafa gríðarlega mikil og góð áhrif á samfélagið á Austurlandi, enda áhugi íbúanna mikill. Skoðanakönnun sýndi að 75% ungra Austfirðinga á aldrinum 18–28 ára eru hlynntir álverinu og að 40% fólks á þessum aldri á Miðausturlandi hefur áhuga á að starfa í álverinu auk þess sem 17% brottfluttra Austfirðinga á aldrinum 20–49 ára telur líklegt að þeir muni flytja aftur austur þegar álverið rís í Reyðarfirði. Þá hafa forustumenn sveitarfélaga, atvinnurekendur og fulltrúar stéttarfélaga lýst miklum áhuga á þessu verkefni og vilja samstarf um að hámarka jákvæð áhrif þess. Vilji heimamanna er því ótvíræður.

Enginn vafi leikur á því að bætt afkoma fólks og fjölgun íbúa mun efla menningar- og félagslíf á svæðinu eins og dæmin sanna frá Grundartanga. Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði er því stærsta tækifærið sem við eigum til að snúa við óhagstæðri byggðaþróun og með ólíkindum er að Vinstri grænir skuli berjast svo hatrammlega gegn þessum framkvæmdum á sama tíma og þeir skamma ríkisstjórnina reglulega fyrir aðgerðarleysi í byggðamálum.

Ég hef aðallega fjallað um áhrif Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði út frá áhrifum þessara framkvæmda á byggð og mannlíf á Austurlandi. Ég vil einnig nefna mikilvægi álversins fyrir þjóðarbúið, en ætla má að útflutningsverðmæti afurða verði um 40 milljarðar við fyrri áfanga og 60 milljarðar þegar báðir áfangar hafa verið teknir í notkun. Það mun síðan leiða til aukinnar landsframleiðslu, minni viðskiptahalla og lækkunar erlendra skulda.

Herra forseti. Ég sé ekki að það þurfi frekar þjóðaratkvæðagreiðslu um atvinnuuppbyggingu á Austurlandi en í öðrum landshlutum. Ég er andvígur þessari tillögu og mun greiða atkvæði gegn henni.

[17:31]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Við þessa umræðu hefur komið í ljós svo ekki verður um villst að tillöguflutningur Vinstri grænna um þjóðaratkvæði hefur þann tilgang að leggja hindrun í veg fyrir áform ríkisstjórnarinnar um virkjun og atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Valkostir tillögunnar eru vísvitandi

hafðir óljósir. En það er ekki meginatriði heldur hitt að tillagan og allur málflutningur Vinstri grænna beinist í raun gegn þeirri pólitísku ákvörðun að ráðast í stóráfanga í atvinnuuppbyggingu, áfanga sem mun valda straumhvörfum í atvinnulífi á Austfjörðum og hafa mikil jákvæð áhrif um allt Norðausturland.

Raunar hefur öll uppbygging orkufreks iðnaðar áhrif á umhverfið. Öll nýting lands undir atvinnustarfsemi, þar með talin ferðaþjónusta, hefur áhrif á umhverfið. Að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu þótt Kárahnjúkavirkjun verði reist að hægt verði nýta þetta víðáttumikla svæði norðan Vatnajökuls fyrir ferðaþjónustuna. Í raun gera engir kröfu, engir ferðamenn gera kröfu um gjörsamlega ósnortin víðerni aðrir en þeir ferðamenn sem ekki eru að sækjast eftir þjónustu. En það eru ekki slíkir ferðamenn sem Íslendingar sækjast eftir heldur hinir sem vilja koma hingað til að kaupa þjónustu.

Stundum gleymist að hér á landi er í gildi hin strangasta löggöf um umhverfismál, ein strangasta löggjöf um mat á umhverfisáhrifum sem til er í Evrópu. Hér eru viðmiðin þrengri. Hér eru allar kröfur sterkari en annars staðar í Evrópu. Í þessu máli hefur verið farið í einu og öllu að lögum og úrskurður umhvrh. var sérdeilis vandaður og málinu til mikils fulltingis. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði skapast í raun forsendur fyrir miklum framförum og uppbyggingu á Austurlandi til hagsbóta fyrir landið allt. Við megum ekki gleyma því að Vinstri grænir hafa verið manna ötulastir við að liggja ríkisstjórninni á hálsi fyrir að hún hafi ekki staðið sig í byggðamálum.

Það mál sem hér er verið að tala um, þ.e. bygging Kárahnjúkavirkjunar og álver við Reyðarfjörð, er sambærilegt við það mikla framfaraspor í málum landsbyggðarinnar sem stigið var þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður. Hér er því um að ræða eitt stærsta mál í byggðastefnu á landinu í dag og viðurkennt er að byggðavandinn er eitt af stærri vandamálum Íslendinga.

Tillaga um þjóðaratkvæði um virkjunina er atlaga að þessum áformum. Sú tillaga er fram komin til að leggja hindrun fyrir framgang eins stærsta framfaramáls landsbyggðarinnar og í raun tilraun til þess að sníða athafnafrelsi og atvinnulífi landsbyggðarinnar annan og þrengri stakk en atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins. Engin rök mæla með því að svo sé á málum haldið. Öll rök mæla hins vegar með því að greiða götu þessa mikla framfaramáls sem virkjunin er og allt sem á því hangir.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í ágúst 2001 úrskurðaði Skipulagsstofnun að Kárahnjúkavirkjun mundi hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að ekki hefði verið sýnt fram á að annar ávinningur af framkvæmdunum, svo sem efnahagslegur ávinningur, mundi vega upp þau verulegu neikvæðu umhverfisáhrif sem virkjuninni fylgdu. Einnig taldi Skipulagsstofnun skorta upplýsingar um einstaka þætti framkvæmdarinnar svo segja mætti fyrir um endanleg áhrif hennar.

Með vísan til þessa lagðist Skipulagsstofnun í úrskurði sínum gegn framkvæmdinni og studdi niðurstöðuna ítarlegum rökum. Framgangur málsins var síðan með eðlilegum hætti. Ákvarðanir hæstv. umhvrh. varðandi framkvæmdir á hálendinu hafa hins vegar verið mjög umdeildar. Það er ámælisvert þegar yfirvöld láta pólitísk markmið ráða för í svo mikilvægu máli. Út af stendur ósvarað hver arðsemi Kárahnjúkavirkjunar verður að uppfylltum skilyrðum í úrskurði umhverfisráðherra. Við hljótum að krefjast svara við því hver arðsemin verði, áður en málsmeðferð lýkur.

Þingsályktunartillaga sú sem hér er til umræðu felur í sér að þjóðinni verði falið að velja í þjóðaratkvæðagreiðslu milli tveggja kosta er varða framtíð hálendisins. Þeir kostir sem fólki er gert að velja á milli eru hins vegar frekar óljósir því þar er raunverulega ekki um tvo kosti að ræða. Tillagan felur í sér þrjá kosti að mínu mati. Kjósendur eiga samkvæmt tillögunni að velja milli kosta sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„a. Núverandi áforma um Kárahnjúkavirkjun með virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal ásamt með tilheyrandi stíflum, vatnaflutningum, veitum og öðrum tengdum framkvæmdum.

b. Frestun ákvarðana um framtíðarnýtingu svæðisins uns tekin hefur verið afstaða til verndunar þess og stofnunar þjóðgarðs með einu stærsta ósnortna víðerni Evrópu. Einnig liggi þá fyrir endanleg rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvama með flokkun virkjanakosta, stefnumótun um framtíðarskipan orkumála og áætlun um orkunýtingu til lengri tíma."

Um hvaða kosti eru kjósendur þá að velja? Þeir eru ekki að velja milli þess að framkvæmdum á hálendinu verði fram haldið eða ekki. Valið er miklu óljósara. Færi svo að ríflega helmingur kjósenda hafnaði kosti a, en sá kostur er að halda áfram með þegar áformaðar virkjanir norðan Vatnajökuls, og veldi lið b, þá er sá liður þannig fram settur í þingsályktunartillögunni að hann felur í sér tvo möguleika, sem eru að friða hálendið eða virkja að vandlega athuguðu máli.

Eigi þjóðin að taka afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarnotkun á landsvæðinu norðan Vatnajökuls er sú skylda lögð okkur á herðar að upplýsa þjóðina um landsvæðið sem taka á undir framkvæmdir eða að öðrum kosti láta ósnert.

Það er því vandséð að þjóðaratkvæðagreiðsla sem hér er lögð til færði okkur nær endanlegri ákvarðanatöku um framtíð hálendisins. Þjóðaratkvæðagreiðsla um svo óljósa kosti gæfi í besta falli vísbendingu um vilja fólks varðandi frestun framkvæmda. Með tilliti til þess hve langt undirbúningur virkjana á svæðinu er þegar kominn er þessi tillaga nokkuð seint fram komin. Atkvæðagreiðsluna má þó framkvæma fái tillagan skjóta og jákvæða afgreiðslu á hv. Alþingi. Kárahnjúkavirkjun er risavirkjun á okkar mælikvarða. Málið hefur farið í lögmætt ferli og í úrskurði Skipulagsstofnunar segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun telur ljóst af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, málsmeðferð stofnunarinnar og framkomnum umsögnum og athugasemdum að svo víðtæk framkvæmdaáform sé erfitt að fella að málsmeðferð samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að þeir frestir sem settir eru í lögunum um kynningu og ákvörðun um matsáætlun og matsskýrslu séu ekki til þess fallnir að tryggja fullnægjandi kynningu og umfjöllun meðal stofnana, almennings og félagasamtaka í samræmi við markmið laganna um eins umfangsmikil framkvæmdaáform og hér ræðir."

Umhverfisráðuneytinu bárust 122 kærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar og umfjöllun umhverfisráðuneytis er okkur birt á 124 blaðsíðum. Margt hefur verið ákveðið í úrskurði umhverfisráðuneytis í þá veru að minnka sem

mest umhverfisspjöll vegna þeirra framkvæmda sem virkjun fylgja. Ákvörðunin er samt sem áður pólitísk og þjónar stefnu ríkisstjórnarinnar. Eftir sem áður vantar enn skýr svör um arðsemi Kárahnjúkavirkjunar. Um það segir svo, með leyfi forseta, í úrskurðinum frá umhverfisráðherra á bls. 114:

„Samkvæmt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, er það stjórn fyrirtækisins, í umboði eigenda þess, þ.e. íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem tekur ákvörðun um byggingu nýrra raforkuvera, eins og þess sem hér er fjallað um, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. grein laganna. Slík ákvörðun hlýtur að taka mið af arðsemi fyrirhugaðs orkuvers, sbr. 13. grein laganna.

Með vísun til fyrirmæla 75. gr. stjórnarskrárinnar er það álit ráðuneytisins að ekki sé unnt að skýra hugtakið samfélag í j-lið 3. gr. laga nr. 106/2000 svo rúmt að það taki til arðsemi framkvæmdar sem slíkrar. Þar af leiðandi er það atriði ekki eitt þeirra, sem líta ber til, þegar umhverfisáhrif framkvæmdar eru metin, heldur er það sem fyrr segir hlutverk eigenda og stjórnenda framkvæmdaraðila og á ábyrgð þeirra."

Það er mín skoðun að ef mögulegt er að virkja við Kárahnjúka með einni stíflu sé það betri kostur en margar smávirkjanir að því gefnu að landspjöll verði í lágmarki miðað við stærð verksins. Jafnframt er afstaða mín skilyrt því að arðsemi Kárahnjúkavirkjunar sé tryggð við sölu orkunnar. Aðeins þannig er fjármögnun verksins áhugaverður kostur.

Ef ekki verður sýnt með sannfærandi hætti fram á arðsemi Kárahnjúkavirkjunar er sjálfboðið að eignaraðilar að þeirri virkjun eða fjármögnunaraðilar verða lítt áhugasamir við að hætta fjármunum sínum í þá framkvæmd. — Góðar stundir.

[17:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú er útvarps- og sjónvarpsumræðum um dagskrármálið lokið en umræðunni verður haldið áfram skv. 44. gr. þingskapa, þ.e. þingmenn og ráðherrar mega tala allt að átta mínútum en flutningsmaður allt að fimmtán mínútum. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Við útvarpsumræðurnar komst hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, svo að orði:

„Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér fannst formaður Samfylkingarinnar með málflutningi sínum hér áðan gera sig endanlega að skoffíni í umfjöllun um þetta mál eins og hann stillti hlutunum upp."

Hér er um óviðurkvæmileg ummæli að ræða. Ég sá ekki ástæðu til þess í útvarpsumræðum að grípa fram í, eins og kannski hefði verið rétt samkvæmt 89. gr. þingskapa, en óhjákvæmilegt er að vekja athygli á því að ætlast er til að hv. þingmenn sýni háttvísi í ræðum sínum.

[17:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér þykir mjög miður ef þetta orð, sem mér var tamt að nota í uppvexti og var alls ekki talið niðrandi í þeirri merkingu sem mér finnst aðfinnsla forseta láta liggja að, hefur komið þannig við menn. Ég biðst þá velvirðingar á því, bið hv. þm. Össur Skarphéðinsson velvirðingar á að hafa notað orðalag sem kann að hafa verið særandi umfram tilefni. Ég hef mér það eitt til varnar að ég ólst upp við það að það var ekki ósjaldan sem menn töluðu t.d. um krakkaskott, að þau væru nú hálfgerð skoffín, og þótti ekki tiltakanlega niðrandi. Þessi orðanotkun mín byggði því á þeirri máltilfinningu minni að ekki væri um tiltakanlega neikvæða eða niðrandi samlíkingu að ræða. Það var að sjálfsögðu alls ekki ætlun mín að viðhafa óviðurkvæmileg orð um hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hafi svo tekist til biðst ég velvirðingar á því, dreg þessi ummæli mín til baka.

[17:44]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í hita leiksins falla oft sterk orð og auðvitað verðum við þingmenn að gæta þess þegar við erum í málefnalegri umræðu, jafnvel þó að hún sé mjög þung, að láta það ekki smita út í pólitísk köpuryrði. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur beðist afsökunar á þessum ummælum sínum. Ég tek við þeirri afsökunarbeiðni með glöðu geði. Nú er það svo að ég hefði lifað nokkuð þokkalegu lífi án þess. Þetta særði mig ekki með nokkrum hætti, jafnvel ekki þó að hv. þm. hefði kveðið sterkar að orði. Ég er vanur þessu úr baráttu og við höfum nú stundum átt orðastað saman bæði innan og utan þings. En hv. þm. er maður að meiri.

[17:45]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar rekur okkur áfram í stórfelldri orkuöflun. Núverandi álframleiðendur vilja stækka verksmiðjurnar og ríkisstjórnin leggur ofurkapp á að nýtt álver rísi á Austurlandi. Hugmyndin um rekstur stóriðju á Austurlandi er ekki ný af nálinni. Hún hefur komið upp á nokkurra ára fresti en lognast út af af ýmsum ástæðum.

Þær hugmyndir sem nú eru uppi um stærð álvers á Reyðarfirði hafa þróast samfara þeim virkjanakostum sem Landsvirkjun hefur lagt fram. Kárahnjúkavirkjun er svo risavaxin að hún krefst mjög orkufreks iðnaðar til að ganga upp. Þannig spennir hvort annað upp í stærð, virkjun og álver. Þessi áform, svokallað Noral-verkefni, hafa breyst frá því að framkvæmdin var kynnt og virkja átti Jökulsá í Fljótsdal með Fljótsdalsvirkjun en fallið var frá þeirri virkjun, m.a. vegna mikillar andstöðu almennings í landinu. Þess í stað var sett upp áætlun um enn stærri virkjun og álver á Reyðarfirði.

Þó að stóriðja væri lausnarorð í atvinnu- og byggðastefnu stjórnarflokkanna í síðustu kosningabaráttu var Kárahnjúkavirkjun aldrei nefnd enda var hún ekki á teikniborði Landsvirkjunar á þeim tíma. Þeir sem gáfu stjórnarflokkunum atkvæði sitt hafa trúlega séð fyrir sér stóriðju í líkingu við þá sem fyrir er í landinu, stóriðju sem ekki krefst svo gríðarlegra óafturkræfra náttúruspjalla sem Kárahnjúkavirkjun mun valda.

Ástæða þáltill. er úrskurður hæstv. umhvrh. frá 20. des. sl. um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar þar sem ráðherra úrskurðar þvert á niðurstöðu Skipulagsstofnunar. Úrskurður skipulagsstjóra var skýr því að þrátt fyrir að framlagðar upplýsingar hefðu ekki verið fullnægjandi taldi hann að á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lágu væru þær nægjanlegar til að telja að fyrirhugaðar framkvæmdir væru líklegar til að hafa í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif, og framkvæmdinni því hafnað. Einna þyngst vógu neikvæð umhverfisáhrif fyrri áfanga virkjunarinnar og þá sérstaklega vegna jarðvegsrofs og áfoks á víðfeðm svæði austan Jökulsár á Dal með tilkomu Hálslóns og miklar breytingar á vatnafari vegna flutnings Jökulsár á Dal yfir í Lagarfljótið. Þessir miklu vatnaflutningar munu hafa áhrif á t.d. grunnvatnsstöðu á láglendum svæðum meðfram Lagarfljótinu.

Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum eiga að vera leiðbeinandi fyrir afgreiðslu og úrskurð umhvrh. Þótt úrskurður

hæstv. ráðherra hafi verið með nokkrum skilyrðum, og þeim öllum til bóta, snerta þau á engan hátt þær framkvæmdir sem mestum skaða valda, eru óafturkræfar og voru helsta forsenda þess að Skipulagsstofnun lagðist gegn Kárahnjúkavirkjun.

Kárahnjúkavirkjun er gríðarlegt mannvirki og er ljóst að mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda þarf að fara í annan farveg en þegar um minni framkvæmd er að ræða. Slíkum stórverkefnum þarf að gefa góðan undirbúningstíma svo hægt sé að vinna að rannsóknum og mati með eðlilegum hætti.

En margra kosta er völ við nýtingu landsins gæða. Ákvarðanir um landnýtingu geta haft víðtæk og langvarandi áhrif á náttúrufar, minjar, atvinnulíf og samfélag, eins og fram hefur komið við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Vandaður undirbúningur að ákvörðun dregur úr hættu á mistökum og stuðlar að meiri sátt um niðurstöður. Því ætti ekki að ráðast í slíkar virkjunarframkvæmdir sem Kárahnjúkavirkjun er fyrr en rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma liggur fyrir en rammaáætluninni er ætlað að byggja á faglegum og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Ef Alþingi samþykkir virkjunarleyfi til Kárahnjúkavirkjunar á þessu þingi og í framkvæmdir verður ráðist fáum við aldrei að leggja mat á aðra virkjunarkosti, t.d. með tilliti til orkugetu og orkunýtingar, svo sem til vetnisframleiðslu, atvinnu- og byggðaþróunar, náttúru og nýtingar landsins sem ósnortins landsvæðis. Við kunnum ekki enn að verðleggja ósnortið land og hvað það getur þýtt fyrir okkur sem undirstaða arðvænlegrar greinar innan ferðaþjónustunnar eða fyrir afkomendur okkar til þess eins að njóta fegurðar landsins.

Við höfum nýlega gert jökulhettu Vatnajökuls að þjóðgarði. Hugmyndir eru uppi um Snæfellsþjóðgarð og til framtíðar litið ættum við nú þegar að undirbúa verndun svæðisins norðan Vatnajökuls, landsvæðis hringinn í kringum Vatnajökul og líta til þess að svæðið norðan Vatnajökuls er í dag stærsta ósnortna víðerni Evrópu. Hver er ástæða komu þeirra erlendu ferðamanna sem heimsækja okkur í dag? Er það ekki náttúra landsins og er ekki líklegt að hún verði enn eftirsóttari í framtíðinni?

Herra forseti. Ég vil mótmæla orðum hv. þm. Tómasar Inga Olrichs um að við viljum eingöngu fá þá ferðamenn sem skilja eftir arð í landinu þegar þeir nýta sér hina ýmsu þjónustu en á honum mátti skilja að þeir sem væru komnir hingað til að fara inn á hálendið og vildu njóta náttúrunnar væru ekki jafnvelkomnir. Auðvitað eru allir velkomnir til landsins og þá ekki síður þeir sem koma til að ferðast um óspillta náttúru.

Herra forseti. Úrskurður hæstv. umhvrh. er fallinn. Hann er lokaniðurstaða mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Á matsferlinu gafst almenningi og stofnunum tækifæri til að koma með athugasemdir við framkvæmdina, og Skipulagsstofnun bárust svo sannarlega fjölmargar athugasemdir. Á forsendum gagna Landsvirkjunar og þeirra athugasemda sem bárust vegna áætlunarframkvæmda lagðist Skipulagsstofnun gegn framkvæmdinni.

Minna má á að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum ber að hafa í huga þau sjónarmið að við framkvæmd laganna skuli náttúruauðlindir nýttar af varúð og skynsemi. Jafnframt byggja lögin á meginreglu sjálfbærrar þróunar, m.a. reglunni um að hver einstaklingur eigi rétt á umhverfi sem stuðlar að heilbrigði og farsæld, rétti sérhvers einstaklings varðandi ákvarðanir er snerta nánasta umhverfi hans, og mengunarbótareglunni.

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. virti ekki niðurstöðu Skipulagsstofnunar og raddir fólksins í landinu. Til að fá fram vilja þjóðarinnar um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls er hér lagt til að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla eins og gert hefur verið grein fyrir. Vilji Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er alveg skýr í þessu efni. Við viljum að stofnaður verði þjóðgarður sem nái yfir Vatnajökul, Snæfellssvæðið og hálendið norðan Vatnajökuls.

[17:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Nú hefur virkjunarmálið við Kárahnjúka gengið lögformlega leið en eins og fram hefur komið voru mikil átök um virkjun við Eyjabakka og þau átök voru rekin undir formerkinu að þær framkvæmdir ættu að fara í lögformlegt umhverfismat. Auðvitað var sú barátta rekin vegna þess að þeir sem hana ráku vildu ekki virkja norðan Vatnajökuls og það hefur komið í ljós. Sú tillaga sem hér um ræðir er sett fram til að drepa málinu á dreif, tefja það, vegna þess að flutningsmenn tillögunnar vilja ekki virkja norðan Vatnajökuls, vilja taka það landsvæði frá og ekki nýta orkuna sem fyrirfinnst í þessum landshluta.

Ég er andvígur þessari tillögu enda er hún óskýr eins og hefur verið rakið. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þá umræðu en tek undir það sem m.a. hæstv. umhvrh. sagði um það efni.

Ég hef haldið því fram varðandi virkjunarmálið við Kárahnjúka og álverksmiðjuna á Reyðarfirði að þetta sé landsmál. Það er þáttur í því hvort við getum aukið þjóðarframleiðslu okkar á næsta áratug. Það er einn þáttur í því, einn veigamesti þátturinn, hvort við getum aukið það sem er til skiptanna og hvort við getum staðið undir velferðarkerfi okkar í landinu. Þetta er einn veigamesti þátturinn í því.

Þetta er auðvitað mjög stórt byggðamál, og byggðaþátturinn í því er bónus á efnahagsþáttinn í þessu máli. Með því að nýta ekki orkuna norðan Vatnajökuls er í rauninni verið að segja að framkvæmdir við virkjanir og framkvæmdir við álver eigi allar að fara fram hér á suðvesturhorninu og í nágrenni. Ég hef ekki orðið var við viðlíka umræðu um virkjunarmál hér á þessu svæði, og þjóðaratkvæðagreiðslan snýst ekki um það. Hún snýst bara um virkjunarmál á Austurlandi.

Þetta er í rauninni ákvörðun um það að norðausturhluti landsins eigi að vera afskiptur í þessum efnum, ekki eigi að nýta orkuna þar í stærri stíl og að þau efnahagslegu umsvif sem fylgja álframleiðslu eigi að vera hér. Þetta er einkennilegur málflutningur hjá vinstri grænum sem hafa, eins og margoft hefur komið fram hér, deilt mjög á stjórnvöld fyrir að reka ekki nógu öfluga byggðastefnu. Þarna er með öllum ráðum verið að reyna að drepa á dreif og koma í veg fyrir arðsama framkvæmd í byggðum landsins og í byggð sem á í vök að verjast á ýmsum sviðum þó að þar séu miklir möguleikar. Það er einmitt þetta sem ég vil leggja áherslu á — að talað er um álver eða eitthvað annað. Það er talað um álver eins og það útiloki ferðaþjónustu. Það er talað um virkjanir og álver eins og það útiloki þjóðgarð. Þetta á ekki að útiloka hvað annað. Það á ekki að tala um þetta með þeirri nauðhyggju sem þáltill. sýnir. Það er t.d. verið að tefla atvinnuvegum á Austurlandi hverjum gegn öðrum, að álver dragi úr sjávarútvegi, það útiloki ferðaþjónustu o.s.frv. Þessi starfsemi á Austurlandi mun efla þjónustustarfsemi í landshlutanum. Hún mun efla aðrar atvinnugreinar.

Þær framkvæmdir sem verið hafa á hálendinu við virkjunarrannsóknir hafa eflt ferðaþjónustu á Austurlandi. Þær hafa eflt ferðaþjónustu á hálendinu, eru í rauninni forsenda hennar, og munu auðvitað gera það í framtíðinni. Rannsóknar- og virkjunarvegir sem lagðir hafa verið um hálendið eru forsenda þess að ferðaþjónustan eflist og dafni á Austurlandi. Hugmyndir um þjóðgarð þurfa alls ekki að rekast á við virkjunarmál.

Varðandi úrskurð umhvrh. sem hefur verið til umræðu hér — mér finnst sá úrskurður mjög góður og mér finnst hann koma mjög til móts við sjónarmið umhverfissinna. Þá á ég við það að losna við veiturnar við Snæfell. Það er rökrétt framhald af því að hætta við að virkja við Eyjabakka. Það gerir það að verkum að Snæfellssvæðið helst þá tiltölulega ósnortið. Og ég er feginn því að losna við þessar veitur. Mér finnst mjög til bóta að svo sé. Og mér finnst að fagna eigi því en ekki tala um að þetta séu einhverjir lækir sem Landsvirkjun hafi fundið upp á að teikna þarna. Mikil áhersla var lögð á það þegar Eyjabakkamálið var til umræðu að losna við veiturnar þarna. Það var eitt af aðalumræðuefnunum í þeim deilum. En nú finnst mér eins og það sé einskis virði að þessi úrskurður hafi verið felldur, þær miklu úrbætur fyrir náttúruvernd sem hann felur í sér.

Ég sé að ég er búinn með tíma minn. Ég vildi leggja örfá atriði inn í umræðuna en ég er algjörlega andvígur þessari tillögu sem hér er lögð fram.

[18:01]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir þarf ekki að koma neinum á óvart. Tilgangur hennar er auðvitað sá að drepa á dreif umræðunni um Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði og reyna að tefja málið með einhverjum hætti, auðvitað með þá veiku von í brjósti að hægt verði að koma í veg fyrir að hugmyndir um stóriðju nái fram að ganga fyrir norðan. Mér er ekki alveg ljóst hvað hér er átt við með framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, en ætli það verði ekki að reikna með því að það taki til Skjálfandafljóts ef maður horfir til upptaka þeirrar ár sem á upptök sín í Bárðarbungu. Þá liggur það alveg ljóst fyrir að í raun er verið að tala um að ekki skuli virkjað á þessu svæði, frá Eyjafirði og austur um. Það drepur auðvitað niður allar hugmyndir sem uppi hafa verið um að orkufrekur iðnaður geti risið á þessu svæði í fyrirsjáanlegri framtíð, ef slíkur dráttur yrði á málinu.

Í annan stað er athyglisvert að flutningsmenn skuli tala um að atkvæðagreiðslan skuli fara fram samhliða sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002. Eins og hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, vék að áðan er þessi dagsetning auðvitað sett í trausti þess og í vissu þess að ekki reyni á hana. Auðvitað mundu sveitarstjórnarmenn ekki una því né fallast á að þjóðaratkvæðagreiðsla af þessu tagi og umræður af þessu tagi færu fram samtímis aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Þó á hinn bóginn hafi stöku sinnum komið fyrir að menn hafi kosið um brennivín á þeim sama degi er það auðvitað allt önnur Ella og miklu viðurhlutaminna mál og skapar alls ekki fordæmi fyrir tillögu af þessu tagi. Einmitt þessi dagsetning sýnir með vissum hætti það alvöruleysi sem er bak við þessa tillögu. Ef maður tryði því að alvara væri á bak við þessa dagsetningu, sem ég raunar ekki geri, hlýt ég að segja að virðingarleysið fyrir sveitarstjórnarmönnum er ótrúlegt eins og það birtist í tillögunni.

Ýmsir alþingismenn hafa vikið að því að á Austurlandi gera menn sér vonir um að hægt verði að standa við þau áform sem nú eru uppi um það hvenær byrjað skuli á Kárahnjúkavirkjun og ráðist í álver við Reyðarfjörð. Og það sem er athyglisvert við þessa umræðu nú, ef við berum hana saman við sambærilegar umræður á níunda áratugnum, er að fyrirtæki niður á fjörðum kvíða síður en svo fyrir þeirri samkeppni sem kemur frá álverinu. Þvert á móti telja forráðamenn fyrirtækjanna að álverið muni treysta atvinnumarkaðinn niður á fjörðum og vera líklegt líka til þess að styrkja stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Þetta er alveg gagnstætt því sem áður var, en er lærdómsríkt og mjög til umhugsunar og sýnir að reynslunni ríkari horfa Íslendingar öðruvísi til stóriðjufyrirtækja nú en þeir gerðu þegar ráðist var í álverið í Straumsvík á sínum tíma, Járnblendiverksmiðjan var reist við Hvalfjörð og álver hefur risið þar síðan. Menn gera sér grein fyrir að svo öflugt fyrirtæki er mikill styrkur fyrir byggðarlagið og hefur margvísleg góð áhrif, líka inn á önnur fyrirtæki með þeim samanburði sem hlýtur að verða milli launamanna um aðbúnað og annað sem þá varðar. Líka vegna þess að í kringum slíkt álver skapast skilyrði fyrir margvíslega aðra þjónustu, lítil fyrirtæki. Fólk sem hefur farið suður eða jafnvel til annarra landa til að leita sér menntunar fær nú á nýjan leik möguleika til að setjast að í heimabyggð sinni. Þetta mun þegar fram í sækir skapa forsendur fyrir því að hægt verður að styrkja framhaldsskólanám á Austurlandi og þann vísi sem þar er nú að háskóla.

Eitt sem maður sér fyrir sér undir eins er að í tengslum við þessa virkjun og í framhaldi af henni munu skapast forsendur fyrir því að efla náttúrurannsóknir á Austurlandi og taka slíkar rannsóknir heim í hérað, ekki sækja rannsóknarmennina suður, heldur muni þeir búa á Austurlandi.

Ég hef oft lagt ríka áherslu á hversu mikilvægt það sé fyrir landsbyggðina að háskólamenntað fólk hafi tök á að setjast þar að. Ég hef t.d. tekið dæmi af því að á sínum tíma var stofnuð náttúrurannsóknastöð við Mývatn til þess einmitt að skapa skilyrði fyrir því að þar gæti náttúrufræðingur sest að og haft yfirumsjón með þeim rannsóknum sem þar yrðu. Nú var skýrt frá því á Alþingi í vor að starfsmaður náttúrurannsóknastöðvarinnar, forstöðumaður hennar, hefði flutt í Mývatnssveit og búi þar nú. Ég er auðvitað mjög glaður yfir því og má segja að það sé mér til skammar að ég skuli ekki hafa komið við í náttúrurannsóknastöðinni síðast þegar ég var þar á ferðinni og heilsað upp á hann. Þannig er sem sagt komið að þessi þrotlausa barátta hefur borið árangur eftir þeim upplýsingum sem ég hef héðan og með sama hætti þykist ég vita að hægt verður að efla rannsóknastörf, skólastarf og margvíslega aðra þjónustu eftir að álverið hefur tekið til starfa.

Herra forseti. Ég vil að síðustu aðeins taka fram að ég gerði litla tilraun til að ræða landbúnaðarmál þegar byggðamálin voru hér til umræðu að frumkvæði Vinstri grænna, en þingmenn Vinstri grænna fengust ekki til að taka þátt í því. Það virðist vera svo, ef reynt er að fá þá til að tala um atvinnumál í einstökum greinum, að þá vefjist þeim tunga um tönn því stundum er best að hafa ekki sagt neitt sem fast er í hendi.

[18:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldóri Blöndal, að við séum ekki hvenær sem er tilbúin til að ræða við hv. þm. um atvinnumál. Við fögnum því ævinlega þegar hv. þingmaður og hæstv. forseti vippar sér úr forsetastólnum og tekur lifandi þátt í umræðum hér.

Ég ætla líka að nota tækifærið og óska hv. þm. til hamingju með starfið sem hans áralanga barátta hefur nú flutt norður í Mývatnssveit og hefur þá ekki hv. þm. setið á þingi til einskis. Hann getur þó a.m.k. státað af því þegar upp verður staðið að hann hafi komið einu starfi norður í land og munar nú um minna.

Varðandi það sem hv. þm. ræddi í ræðu sinni og ég kem kannski betur inn á síðar í umræðunni, að það væri ágalli á þessari tillögu að hún gerði ráð fyrir því að kjósa samhliða sveitarstjórnarkosningum þá eru í fyrsta lagi ýmsar hefðir fyrir því að nota tækifærið og kjósa um fleira en eitt í einu. Það byggir á þeirri virðingu fyrir kjósendum að þeim sé fullkomlega treystandi til þess að halda slíku aðgreindu og merkja við á tveimur atkvæðaseðlum í einni og sömu kosningunni. Erlendis er þetta iðulega gert svona, þ.e. að tækifærið er notað og leitað eftir áliti þjóða um mikilsverð mál í tengslum við almennar kosningar. Nú síðast kusu Danir sameiginlega til sveitarstjórna og þings á einum og sama kjördeginum í haust.

Málflutningur fyrir máli af þessu tagi fer eðli málsins samkvæmt meira fram á landsvísu og síðan aftur málflutningur um sveitarstjórnarmálin staðbundið í hverju sveitarfélagi. Ef þetta er hins vegar eina ástæðan fyrir því að hv. þm. treystir sér ekki til að styðja tillöguna þá höfum við þegar boðið upp á það að ræða tilhögun kosningarinnar og hvort valin yrði sjálfstæður kjördagur fyrir hana. Það kostar að vísu meira og er meira fyrirtæki. En að sjálfsögðu er rétt og skylt að ræða það ef það er vilji manna.

[18:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Mér þykir vænt um að heyra það, herra forseti, að hv. þm. skuli fús að ræða atvinnumál hér í einstökum greinum síðar. Ég hlakka satt að segja til þeirrar umræðu.

Ég vil vegna þess sem hann sagði nú vekja athygli á því að ákvörðun eins og sú að ráðst í virkjun og álver hefur ævinlega verið tekin á Alþingi og reynst vel. Það er auðvitað rétt sem hv. þm. sagði í ræðu sinni hér fyrr, að ekki er hægt að taka þá ákvörðun aftur ef stíflað hefur verið. Ef virkjun hefur verið reist sitja menn uppi með virkjunina. Við sitjum uppi með Búrfellsvirkjun og Írafossvirkjun og við sitjum uppi með Ljósafossvirkjun. En erum við ekki bara ánægð með að sitja uppi með þessar virkjanir? Þessar virkjanir mala gull og eiga þátt í því að við Íslendingar getum látið fara vel um okkur og lifað hér því menningarlífi sem við lifum. Ég veit ekki hvernig ástandið væri hér ef sá hugsunarháttur hefði verið allsráðandi á árum áður að ráðast ekki í slík stórvirki.

Eins og ég hef áður sagt þá var Alþýðubandalagið á sínum tíma á móti Búrfellsvirkjun. Það var á móti álverinu. Ef ég man rétt var Hjörleifur Guttormsson stutta stund með álverinu meðan hann var iðnaðarráðherra. Að öðru leyti hefur Alþýðubandalagið verið á móti stórvirkjunum.

[18:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í vinsemd benda hv. þm. á að það gefst t.d. ágætt tækifæri til að ræða um fjölmörg mál á sviði atvinnu- og byggðamála þegar á dagskrá koma margar tillögur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur einmitt flutt í þeim efnum. Ég verð að vísu æ meira var við það að stjórnarliðum líður illa undir umræðum um þá tillögu okkar að Alþingi komi saman til að fjalla sérstaklega um byggðamál, ósköp einfaldlega vegna þess að það er almenn tilfinning fólks í landinu að þar sé á ferðinni viðfangsefni af því tagi sem væri einmitt tilvalið að Alþingi léti sérstaklega til sín taka.

Eitt af því undarlega við þetta stóriðjumál er náttúrlega tilraun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, með hörmulegan feril á bakinu í byggðamálum, að kaupa sér fjarvistarsönnun með einni verksmiðju, kaupa sér fjarvistarsönnum frá sínum ömurlega ferli í byggðamálum þar sem fólkið hefur streymt af landsbyggðinni þúsundum saman á hverju ári þau tíu ár sem Davíð Oddsson hefur verið við völd. Því á að ýta öllu út af borðinu og láta sem það sé allt saman gleymt og grafið af því að ríkisstjórnin ætlar að koma með eina verksmiðju á einn stað á landinu. Þannig er málflutningurinn og hann er með miklum endemum.

Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að ráðist menn í framkvæmdirnar, í virkjunina, þá er það óafturkræft. Og það eru m.a. alveg sérstök rök fyrir því að leggja málið fyrir þjóðina eins og við erum hér að leggja til þannig að hún geti ákveðið hvort eigi að ráðast í þessar óafturkræfu breytingar á náttúru landsins eða staldra við og gera það ekki, athuga aðra kosti o.s.frv. Ég þakka því hv. þm. fyrir þau rök sem hann hefur hér flutt fyrir því að þetta sé skynsamleg tillaga. Síðar meir getum við rætt um það hvort við séum stolt af öllum þeim hlutum sem við höfum gert í náttúru Íslands og þarf lengri tíma til.

[18:16]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þessi gamli frasi hjá hv. þm.: Nú líður þingmönnum stjórnarinnar illa þegar við förum að tala um byggðamál á Alþingi, við Vinstri grænir. Það er nú meira hvað þeim líður illa núna stjórnarþingmönnum þegar Vinstri grænir standa í salnum. Hv. þm. tekur út fyrir að horfa á þetta auma lið, svo sprækur sem hann er. En ég skal nú ekki segja hvor er sprækari, hann eða hv. þm. Pétur H. Blöndal. Gaman væri að sjá þá etja kappi og hlaupa nokkra hringi kringum Alþingishúsið. Við höfðum þann háttinn á, ég og fyrrverandi forseti þingsins, Salome Þorkelsdóttir, að við fórum á hestum í kringum Austurvöll. Það er ótrúlega miklu þægilegra en að rembast við að hlaupa þetta.

En ég vil minna hv. þm. á að hér voru ferðamál til umræðu í dag og var verið að tala um flugfélagið Go. Ég minnti á hinn bóginn á að Flugleiðir standa hér að miklu leyti undir ferðaþjónustu og það má vera að gjaldeyristekjur af rekstri þess fyrirtækis séu um 20 milljarðar króna. Það álver sem við erum nú að tala um mun fullbyggt skila svipuðum gjaldeyristekjum og öll ferðaþjónustan, svo það eru ekki litlir peningar.

Ef við hugsum jafnframt um að við getum ekki búist við því að lífskjör geti haldið áfram að batna hér nema gjaldeyristekjurnar aukist þá þarf auðvitað verulega ástæðu til þess að vera alltaf að amast við útflutningsatvinnuvegunum og reyna að gera þeim erfitt fyrir. Að tala um að þau spor sem verið er að stíga núna í laxeldi, t.d. á Austurlandi, sé ekki nokkur skapaður hlutur er beinlínis að snúa hlutunum við.

[18:18]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Það er óhætt að segja að umræðan sé komin nokkuð út um víðan völl. Ég vil segja að það er fagnaðarefni að tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu sé komin fram um virkjunaráform við Kárahnjúka. Mér er málið örlítið skylt vegna þess að ég var svo djarfur að leggja til þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir tæpu ári, í pistli um þetta mál á Skjá

einum, um það leyti sem fór að sjást svolítið í fyrirætlanir um þessar framkvæmdir. Það var þá skoðun mín að ef ofurvirkjunin kæmist í gegnum gallaðan feril umhverfismats og hlyti að lokum samþykki framkvæmdarvaldsins væri beinlínis skylda löggjafans að sjá svo til að þeir Íslendingar sem nú eru vörslumenn auðlinda og náttúruauðlinda í þessu landi fengju að vega rök og mótrök, meta fórnir og ávinning og ákveða í sameiningu viðunandi mörk á umhverfisspjöllum í slíkri atkvæðagreiðslu. Ég er enn þessarar skoðunar.

Þegar tillaga Vinstri grænna er lesin betur koma hins vegar í ljós alvarlegir gallar. Sá mesti er auðvitað að það er ætlun flutningsmanna að annars vegar sé hægt að greiða atkvæði með virkjun en hins vegar um eins konar frestun. Við atkvæðagreiðslu þar sem þjóðin er kölluð til verður spurningin að vera skýr og lýsa vel þeim kostum sem í boði eru. Það er vissulega skynsamlegt að bíða með ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun eftir þeim áætlunum, athugunum og stefnusamþykktum sem getið er um í frv. Hins vegar er slæm hugmynd að greiða atkvæði um slíkan frest í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í slíkri atkvæðagreiðslu er ekki annað við hæfi en að spyrja einfaldlega um hug manna til virkjunaráformanna.

Nú kann að vera að hér hafi verið gerð einföld mistök, ef svo væri mætti sjálfsagt umbera þau en því verður þó varla trúað. Þess vegna vakna því miður spurningar um raunverulegan pólitískan vilja flutningsmanna í málinu um það að þessi tillaga sé e.t.v. ekki flutt til þess einkum að hljóta stuðning hjá þingi eða þjóð heldur fremur til að bæta áróðursstöðu þeirra sem að baki standa. Eða hvað? Eru hv. flutningsmenn eftir allt saman sáttir við Kárahnjúkavirkjun bara ef hún er sett upp á réttum stað í rammaáætlun? Bara ef hún er nefnd í stefnumótun um framtíðarskipan orkumála? Er Kárahnjúkavirkjun þá í lagi? Auðvitað er auðvelt að taka undir að þessi gögn þurfi að liggja fyrir, t.d. eru fleiri kostir til að virkja, m.a. vegna þess að fleiri kostir eru til stóriðju.

Ég er ekki á móti virkjunum. Ég tel að stóriðja sé eðlilegur þáttur í íslensku atvinnulífi. En er nóg að gögnin liggi fyrir? Hver útbýr þessi gögn? Hvaða pólitísku oddvitar stjórna þessu ferli? Hvaða þingmeirihluti lagar þessa rammaáætlun að sínu höfði og mótar stefnuna um orkumál og nýtingu? Ef Íslendingar samþykktu frestun á atkvæðagreiðslunni, hvað þá? Meiri hluti Framsfl. og Sjálfstfl. í þinginu og í Stjórnarráðinu lætur skrifa rammaáætlun um mótun stefnu til lengri tíma. Á þá að hafa aðra þjóðaratkvæðagreiðslu?

Auðvitað eru hv. flutningsmenn ekki þau börn að ætla þetta. Því vakna spurningar um pólitískan hentugleika, um það hvort menn eru að reyna að sleppa billega. Kannski þannig að hægt sé að segja aðeins annað í nýja Norðausturkjördæminu en sagt verður í Reykjavík. Þessu þurfa flutningsmenn að svara skýrt hér í ræðustólnum.

Virðulegi forseti. Ég get ekki greitt þessari tillögu atkvæði mitt í núverandi formi vegna þess að í hana vantar þann sjálfsagða kost fyrir verulegan hluta þjóðarinnar, að leggjast gegn þessari jörmunvirkjun í ljósi þeirra upplýsinga sem þegar eru framreiddar í málinu, hvað sem líður ferli, mati og rysjóttum gangi í stjórnkerfinu. Og hverjar eru þær upplýsingar í ákaflega stuttu máli? Um er að ræða ofurframkvæmd sem hefur varanleg og að mestu óafturkræf áhrif á svæði sem telja verður að mestu ósnortna náttúru, „vængjaða auðn" með orðum skáldsins. Þessi virkjun yrði mesta einstök framkvæmd á Íslandi frá upphafi vega. Það er viðurkennt af hálfu Landsvirkjunar að í þetta verður ekki ráðist nema með svo miklu umhverfisraski að þvílíkt hefur aldrei áður þekkst á landinu. Mestu framkvæmd Íslandssögunnar fylgja mestu náttúruspjöll Íslandssögunnar. Virkjunin hefur í síðustu útgáfu sinni bein áhrif á um 2.600 ferkílómetra landsvæði frá jökli til stranda, rúm 2,5% af flatarmáli alls Íslands. Það á að taka mestu jökulá á Íslandi úr farvegi sínum og flytja hana austur í Lagarfljót. Slíkur flutningur er áður ókunnur hér en þekkist frá Síberíu á sovéttímanum. Í Hafrahvammagljúfri á að reisa 189 m háan vegg til að mynda virkjunarlón. Hæðin er á við tvær og hálfa Hallgrímskirkju. Virkjunarlónið verður um 60 ferkílómetrar, sem er svipað og allur Hvalfjörður. Hann lækkar og hækkar við flóð og fjöru sem nemur þremur til fjórum metrum þegar mest er en sveiflan í Hálslóni yrði hins vegar 70 m. Þetta jafngildir því að Hvalfjörðurinn tæmdist síðla vetrar á hverju ári. Jökuláin ber fram aur og annan farveg, tíu milljón tonn árlega, sem safnast nú fyrir í lóninu. Aurinn úr Jöklu fyllir reyndar Hálslón á fjórum öldum. Ekkert hefur heyrst frá Landsvirkjun, ekki heldur frá hæstv. umhvrh. um afdrif þessa lóns í framtíðinni. Það virðist ekki koma þeim við hvernig þessum landshluta á að skila í hendur næstu og þarnæstu kynslóða.

Ég spurði Sigurð Arnalds, hinn virta sérfræðing sem vann að umhverfismatinu fyrir Landsvirkjun, um þetta mál á fræðslufundi. Hann upplýsti að ekkert hefði verið fyrir þessu hugsað, þar sem líftími álvers væri ekki metinn nema 60–80 ár og umhverfismatið næði einfaldlega ekki fram yfir það líf. Það að Hálslón breytist í aurdrullu eftir að álverið er búið og frá er bara vandamál fyrir þá Íslendinga sem þá kynnu að vera á dögum.

Virðulegi forseti. Þessar staðreyndir einar og sjálfar gera að verkum að verulegur hluti landsmanna er reiðubúinn til að taka efnislega afstöðu til virkjunarinnar núna. Við bætist að um er að ræða slíka fjárfestingu að ekki er að leita í Íslandssögunni eftir fordæmi. Virkjunin á að kosta í kringum 100 milljarða króna. Það er svipuð fjárfesting og liggur í öllum öðrum virkjunum Landsvirkjunar, sem þar með eru allar settar að veði fyrir nýja láninu. Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins fer við þetta niður um 20%. Þegar er ljóst að það eru hinir opinberu eigendur Landsvirkjunar sem gangast í ábyrgð fyrir láninu, þvert á það sem lýst var yfir í upphafi þegar erlendir fjárfestar áttu að taka þátt í framkvæmdinni.

Markaðsöflin yppa öxlum, enda deila virtir hagfræðingar enn um hvort virkjunin yrði arðbær og er sú deila engan veginn útkljáð. Ég ætla ekki að rekja hana en það er merkilegt í þessu ljósi að í erindi sem Stefán Pétursson, fjármálastjóri Landsvirkjunar, flutti í haust á orkuþingi, kom fram að hlutafélagavæðing sé nær ómöguleg þegar virkja á fyrir stóriðju. Glæra nr. 15, fyrir þá sem vilja leita á netinu. Þetta þýðir að arðsemin er svo tæp að virkjunarfyrirtækið verður að hafa ríkisábyrgð á þeim lánum sem tekin eru. Einkafyrirtæki dugar ekki. Þarna sýnir Landsvirkjun lofsvert raunsæi en það nær ekki til forsvarsmanna þessa máls hér á þinginu.

Um er að ræða orkuver sem ekki er reist til almannanota heldur á að þjóna einni verksmiðju. Það er fullyrt að þessi verksmiðja verði arðbær, þó sjást engir erlendir fjárfestar í röðum með peningana sína og þess vegna á að tala við innlenda peningamenn. Að vísu ekki þá peningamenn sem eiga sjálfir peningana sína heldur þá sem fara með annarra fé, forsvarsmenn lífeyrissjóðanna. Það er sérkennilegt að meðan hinir íslensku peningamenn sem eiga peningana sína standa hjá og fjárfesta annars staðar er launafólki í Reykjavík og á Akureyri ætlað að taka á sig þrefalda ábyrgð á þessum framkvæmdum á Austurlandi, þeir ábyrgjast lán Landsvirkj-

unar sem borgarar íslenska lýðveldisins, þeir ábyrgjast það í annað sinn með aðild sinni að sveitarsjóðum í Reykjavík og á Akureyri og þeir hætta að auki lífeyrisfé sínu.

Svarti-Pétur í þessum stokki, virðulegi forseti, er svo byggðaþátturinn. *Miklir skynsemdamenn segja að hægt sé* að sættast á öll hin óafturkræfu umhverfisáhrif og alla hina miklu óvissu um arðsemina vegna þess að Austurland þurfi innspýtingu. Sú innspýting verður veruleg á framkvæmdatímanum en jafnframt er sagt að Austfirðingum fjölgi ekki nema um 2.000 manns á tíu árum. Það eru jafnmargir og þaðan hafa farið síðustu tíu ár. Víst er nokkuð unnið við þetta. En hvað svo? Önnur virkjun? Einhver önnur sprauta til að halda uppi þessari sömu tölu Austfirðinga, sem hvaða náttúrulögmál hefur sagt til um?

Þessi framkvæmd er að umfangi og mikilvægi þess eðlis, virðulegi forseti, að það er óeðlilegt að ráðast í hana nema með eindregnum þjóðarvilja. Þess vegna skil ég þá meginhugsun sem liggur á bak við frv. en get ekki stutt frv. sjálft vegna þess að flutningsmenn hafa kosið að leyfa ekki okkur, gagnrýnendum þessara framkvæmda, að láta sannfæringu okkar í ljós í atkvæðagreiðslunni.

[18:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður vísaði í máli sínu til Sovétríkjanna. Reyndar komu mér Sovétríkin í hug þegar ég hlýddi á mál hv. þm. Halldórs Blöndals. Því þegar *Sovétmenn skipulögðu efnahagslífið, þá horfðu þeir mjög* til framleiðslunnar og framleiðslugetunnar, möguleika til að flytja út vöruna og þar fram eftir götunum. Menn hirtu minna um tilkostnaðinn. Menn hugðu síðar að þeim valkostum sem í boði voru. Menn festu sig í því fari á stalínstímanum, eins og kunnugt er, þegar setja átti heilu byggðarlögin inn í stórar traktorsverksmiðjur. Þannig skyldu lausnirnar fundnar. Þetta minnir svolítið á íslensk stjórnvöld nú um stundir.

Við leggjum til að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um Kárahnjúkavirkjun. Spyrjum fyrst: Hvers vegna yfirleitt efna til þjóðaratkvæðagreiðslu? Þeirri skoðun hefur vaxið fylgi, og við erum mjög þess sinnis sem stöndum að þessari tillögu, að þegar um er að ræða mjög afdrifaríkar ákvarðanir sem eru afgerandi um langa framtíð og jafnframt mjög umdeildar þá sé í anda lýðræðis að gefa þjóðinni færi á að kjósa beint og millilíðalaust um málið.

Í þessu máli er afstaða stuðningsmanna einstakra stjórnmálaflokka, þá ekki síst stjórnarflokkanna, skipt. Þegar um þverpólitíska skörun er að ræða þykir okkur það ýta undir að fólki verði gert kleift að kjósa beint og millilíðalaust um málið. Enn ein rökin sem mæla með þjóðaratkvæðagreiðslu um mikil deilu- og álitamál eru þau að sú umræða sem slík atkvæðagreiðsla kallar fram er líkleg til að varpa ljósi á málefnið, í stað þess að valdhafar fari sínu fram, komist jafnvel upp með að hirða ekki um að svara gagnrýni og upplýsa staðreyndir málsins heldur valti yfir alla andspyrnu. Hið gagnstæða yrði uppi á teningnum í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu, þá yrðu málsaðilar, einnig ríkisstjórnin, að sannfæra þjóðina um að málstaður hennar sé trúverðugur.

Ef menn trúa á eigin málstað og óttast þar af leiðandi ekki umræðu um hann þá fæ ég ekki skilið að þeir leggist gegn því að efna til slíkrar atkvæðagreiðslu. Það dugar ekki að *bjóða íslensku þjóðinni upp á þann málflutning sem við* höfum orðið vitni að í dag, að hún hafi ekki burði, ekki andlega burði til að komast til botns í þessu máli.

Við sáum einn hv. þm. Framsfl. halda því fram í blaðaviðtali að *þjóðin ætti ekki erindi upp á dekk í þessu máli.* Er verið að kalla til alþingi götunnar, spurði hann með þjósti. Hvert eru menn eiginlega komnir í málflutningi af þessu tagi? Þetta snýst um þjóðaratkvæðagreiðslu, þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvægustu álitamál sem uppi eru. En er þetta slíkt mál?

Ég held að enginn geti borið brigður á að svo sé, ef menn á annað borð vilja vera sanngjarnir. Í fyrsta lagi er um að ræða slíka röskun á náttúrufari af mannavöldum að ekki eru dæmi um slíkt í sögu landsins. Og það sem meira er að hér er um óafturkræf náttúruspjöll að ræða.

Nú er það svo að aðrir valkostir bjóðast við að nýta svæðið sem yrði virkjuninni að bráð. Lagt hefur verið til að stofnaður verði þjóðgarður og telja málsvarar þeirrar hugmyndar sig geta sýnt fram á að heppilegra og skynsamlegra sé, ekki aðeins vegna umhverfissjónarmiða heldur einnig í *efnahagslegu tilliti bæði til skamms og langs tíma litið*, að fara þá leið fremur en að ráðast í þessar stórframkvæmdir.

Mjög margt fólk heldur þessu sjónarmiði fram. Ég spyr: Er ekki rétt að gefa því tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tefla síðan mismunandi valkostum fram um nýtingu svæðisins í lýðræðislegri umræðu? Við megum ekki gleyma því að við erum ekki að tjalda til einnar nætur. Við ætlum okkur, eða öllu heldur við ætlum afkomendum okkar að vera hér um ókomin ár. Þá má spyrja hvort við höfum rétt á því að ráðast í þessar stórfelldu breytingar á landinu og hvort það er ekki lágmarkskrafa að slíkt verði þá gert að mjög yfirveguðu máli og aðeins eftir að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hefur lýst sig samþykkan slíku.

*Jafnvel þegar minni háttar breytingar eru gerðar á stjórn*arskrá Íslands þarf til tvennar alþingiskosningar. Það er til að koma í veg fyrir að menn rasi um ráð fram og láti tilfinningar og skammtímahagsmuni hlaupa með sig í gönur.

Hér er að okkar dómi um svo mikilvægt mál að ræða að eðlilegt er að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér hefur verið sýnt fram á í umræðunni af hálfu talsmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að gagnstætt því sem talsmenn ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna hafa haldið fram, þá er um að ræða óafturkræf náttúruspjöll. Þetta á ekki að afgreiða með einfaldri atkvæðagreiðslu á Alþingi. Við erum að fara fram á það að Alþingi taki á þessu máli af yfirvegun og sanngirni.

Náttúruraskið og náttúruspjöllin eru náttúrlega meginmálið vegna þess að þau eru óafturkræf. Hvað um hinn efnahagslega þátt? Við skulum ekki gleyma því í því sam*hengi að flestir fylgismenn þessara áforma viðurkenna að hér* verði veruleg náttúruspjöll. En hinn efnahagslegi ávinningur sé hins vegar svo mikill að hann réttlæti slíkar framkvæmdir. Þetta held ég að sé alrangt.

Menn eru iðulega að stilla dæminu þannig upp að það sé sérstaklega mikilvægt fyrir Austfirðinga að fá stóriðju til sín til atvinnuuppbyggingar og reyndar er sagt að þetta sé til góðs fyrir efnahagslífið í heild sinni.

Vissulega er rétt að líta á málin frá þessum tveimur sjónarhólum, því ljóst er að þessar risnavöxnu framkvæmdir, alls vel á fjórða hundrað milljarð króna, munu hafa veruleg áhrif á alla efnahagsstarfsemi í landinu. Því er ljóst og það staðfesta allir efnahagssérfræðingar að ef ráðist verður í slíka *framkvæmd þyrfti að setja aðrar fjárfestingar til hliðar*, það þyrfti að setja þær á ís, uppbyggingu í heilbrigðisþjónustu, í skólum, í vegakerfi o.s.frv. Og til að slá á fjárfestingar á

einkamarkaði mundi Seðlabankinn án efa hækka vexti og reyna þannig að koma í veg fyrir þenslu. Allt yrði að víkja fyrir Kárahnjúkavirkjun og risaálbræðslu í Reyðarfirði.

Reyndar hafa efnahagssérfræðingar bætt einu atriði við, það verði tímabundið að opna fyrir innflutning á vinnuafli til að auðvelda uppbyggingu. Við höfum spurt: Er þetta leiðin, að ráðast í 350 milljarða fjárfestingu til að taka á atvinnumálum Austfirðinga, vinnumarkaði sem telur innan við 10.000 manns? Við höldum ekki.

[18:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vegna umræðna sem hér hafa orðið í dag um vankanta á því að bera mál undir þjóðaratkvæði, þá hef ég farið að hugsa um það að sennilega er umræða á Íslandi af afar skornum skammti. Í rauninni hefur aldrei farið fram almennileg efnisleg umræða um hvort og þá hvernig eigi að standa að málum í slíkum tilvikum. Þegar menn koma hér í ræðustól hver á fætur öðrum og lýsa sig mjög jákvæða í garð þess að leitað sé álits þjóðarinnar í meiri háttar málum, þá er það vel. En síðan hafa margir sömu ræðumenn farið út í að að finna ýmis tæknileg vandamál samfara þeirri kosningu sem hér á í hlut og tala um að kostirnir séu ekki nógu skýrir og er þá væntanlega átt við að þeir ættu að vera fleiri.

Þegar reynt er að leita álits þjóðar á málum, þá er það venjan í framkvæmd að reyna að draga fram gagnstæð meginsjónarmið. Það þýðir að sjálfsögðu ekki að sjálfgefið sé að viðkomandi mál sé þar með útkljáð um aldur og ævi, heldur eru gagnstæð meginsjónarmið gagnvart efnislegri stöðu málsins á líðandi stund dregin fram. Strax ef boðið er upp á þrjá kosti vandast málið. Þá getur útkoman orðið sú að engin skýr leiðsögn komi út úr kosningunni. Svo ekki sé talað um ef þeir eru hafðir fleiri. Þá er það bara orðið að skoðanakönnun um nokkur tiltekin viðhorf í málinu.

Að sjálfsögðu gæti komið til greina að bera málið upp á annan hátt, setja það eitthvað öðruvísi fram en hér er lagt til. Því höfum við flutningsmenn aldrei neitað. En eftir vandaða yfirlegu töldum við og fleiri aðilar sem við ráðfærðum okkur við að þetta dragi best saman í tvær fylkingar gagnstæð meginsjónarmið í málinu eins og það stendur nú. Og þá geta menn ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að annar kosturinn er þess eðlis að hann er óafturkræfur. Hinn er öðruvísi vaxinn. Þá er málið sett í tiltekinn farveg og hinum óafturkræfa hluta þess, þ.e. framkvæmdunum, er þá a.m.k. skotið á frest.

Hvernig hafa t.d. meiri háttar ákvarðanir nágrannaþjóðanna um nálgun sína við Evrópusambandið verið bornar upp? Hafa þær verið bornar þannig upp að menn segðu annaðhvort já við aðild eða já við þessum samningi, eða nei um aldur og ævi? Að sjálfsögðu ekki, enda er það ekki hægt. Það liggur í eðli máls. Það sem þjóðirnar hafa gert, eins og t.d. Danir eða Norðmenn, endurtekið í atkvæðagreiðslum er að þær hafa fellt að ganga inn í Evrópusambandið á grundvelli einhvers tiltekins samnings. Þær hafa sagt: Gerum það ekki nú. Þar á bak við geta verið margþætt og margreynd sjónarmið manna sem eru algjörlega andvígir því og mundu aldrei, hvað sem tautar og raular, samþykkja það, og annarra sem telja samninginn ekki nógu góðan eða af einhverjum öðrum ástæðum telja þetta ekki rétta tímann o.s.frv.

Var þá kosningunum þannig hagað að gefnir væru sex möguleikar á því hvort Norðmenn ættu að ganga í Evrópusambandið eða Danir ættu að samþykkja evruna? Nei, stillt var upp tveimur megingagnstæðum sjónarmiðum. Það hefur víðast hvar orðið niðurstaðan og ef menn kynna sér hvernig framkvæmd þessara mála hefur verið, þá er það svona.

Ég lít svo á að umræðan beri þess nokkur merki að fyrir þessum hlutum eru ekki hefðir hér, því miður, og við eigum eftir að ræða, þróa og móta bæði aðferðafræði og leikreglur í þessu sambandi.

En er þá ekki hægt að leita álits íslensku þjóðarinnar? Erum við sátt við það að við getum ekki þróað hér beint og milliliðalaust lýðræði og lagt stórmál í dóm þjóðarinnar? Ég segi nei. Ég sætti mig ekki við það. Ég tel að hér sé einmitt komið að máli af því tagi og það sé þannig vaxið og stærð þess sé slík að einboðið sé að þjóðin sjálf taki stefnu í málinu. Hver á að ráða örlögum hálendis Íslands ef ekki þjóðin sjálf? Getur það nokkurn tímann verið ámælisverð málsmeðferð að leita álits þjóðarinnar? Ég verð að segja alveg eins og er að sumar ræðurnar sem voru fluttar í dag í ásökunartón í okkar garð fyrir að láta það hvarfla að okkur að leita álits þjóðarinnar í þessu máli, voru með miklum ólíkindum.

Ég lít svo á að hvenær sem er og hvar sem er og hvar sem mál er á vegi statt, ef það verður niðurstaða manna að skjóta því til hins æðsta dómstóls, þá sé það óaðfinnanleg málsmeðferð. Þá sé það eitthvað sem enginn getur gangrýnt. Það er fráleitt að segja að með því séu alþingismenn að skorast undan ábyrgð sinni. Eða felst það í kosningu okkar að það eigi ekkert að gera með þjóðarviljann nema á fjögurra ára fresti?

Ef staðan í málinu er sú að skoðanakannanir gefa sterkar vísbendingar um að svo kunni að vera að í þjóðfélaginu sé meirihlutavilji andstæður þessari framkvæmd, er mönnum þá alveg sama? Eru það frambærileg rök til þess að ýta þeim möguleika bara út af borðinu eins og hann finnist ekki, að kannski er í vændum það stórslys að stjórnvöld með pólitísku valdi knýi þessa framkvæmd af stað gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar? Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að sá möguleiki er fyrir hendi. Er það þá ekki lýðræðislegt stórslys ef svo gerist? Ég spyr: Hvar væru þeir menn á vegi staddir sem héldu öðru fram?

Herra forseti. Af því að áhrif á byggð á Austurlandi hefur borið hér dálítið á góma, þá er rétt að hafa í huga í því sambandi að fyrir það fyrsta er arðsemi fjárfestinganna sem hér eiga í hlut mjög umdeild. Uppbygging orkufrekrar stóriðju er einhver dýrasta leið sem til er í heiminum til þess að skapa ný störf. Hvert og eitt kostar hundruð milljóna króna.

Reynsla annarra þjóða og allt sem við vitum sjálf um undirliggjandi orsakir byggðaröskunar bendir til þess að árangur í því sambandi náist þá aðeins að ráðist sé að rótum vandans og bætt úr þeim aðstæðum og jafnaður sá aðstöðumunur sem vandanum veldur. Ég endurtek að ríkisstjórn með hörmulegan feril að baki í byggðamálum getur ekki keypt sér fjarvistarsönnun með einni verksmiðju.

Það ber sérstaklega að vara við þeirri nauðhyggju að hér geti ekki orðið nein framþróun í atvinnulífi og bærileg hagsæld, nema til komi risafjárfestingar í stóriðju. Þær þjóðir í kringum okkur sem vegnar best leggja allt kapp á rannsóknir og þróunarstörf og nýsköpun á breiðu sviði framsækinna atvinnugreina, en hefðbundin stóriðja er þar ekkert sérstaklega á blaði. Þjóðin, herra forseti, hefur því efni á að rasa ekki um ráð fram í þessu máli.

[18:43]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margt gott kom fram í ræðu hv. þm. og ég er sammála honum um að ýmsar þær athugasemd-

ir einkum frá stjórnarþingmönnum sem komið hafa fram um þjóðaratkvæðagreiðslur almennt og þessa sérstaklega, einkennast af því nöldri sem heyrist þegar þjóðaratkvæðagreiðslur eru nefndar, og það nöldur held ég að eigi sér u.þ.b. 30–40 ára sögu, enda engin hefð fyrir hendi þar sem fulltrúarnir í fulltrúalýðræðinu hafa staðið mjög þétt gegn beinu lýðræði eða milliliðalausu lýðræði. Sumir hafa reyndar kannski aðeins betri stöðu til þess en aðrir, t.d. hv. 1. þm. Norðurl. e., sem því miður er farinn úr salnum, sem hefur átt þátt í frægum deilum við mektarmenn í samfélaginu og haldið hlut sínum gegn hinu beina lýðræði og milliliðalausu lýðræði.

Ég tel hins vegar að það sé rangt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og meðflutningsmönnum hans á þessari tillögu að setja ekki upp skýra kosti. Þegar spurt var í Danmörku eða Noregi eða Svíþjóð hvort menn vildu ganga þar í Evrópusambandið, þá var ekki sagt: Viltu ganga í Evrópusambandið eða viltu fresta því að ganga í Evrópusambandið? Það sem spurt var um var: Viltu þennan samning um aðild að Evrópusambandinu eða viltu ekki þennan samning að Evrópusambandinu? Það var spurning um já eða nei við ákveðnum kosti sem fyrir lá. Og það er líka þannig sem á að spyrja núna, já eða nei.

Það er undarlegt, og ég vakti athygli á því, að fá þetta svona frá flutningsmönnum og ég vil spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon klárlega að því: Kemur Kárahnjúkavirkjun til greina í hans huga í einhverju formi í einhverri rammaáætlun eða á einhvern átt á þeim stað sem nú er og á þann hátt sem nú er nokkurn veginn uppi? Ég vona að hann svari því hér í stólnum.

[18:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Afstaða okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, liggur algjörlega ljós fyrir í þessu máli. Eins og ég sagði í fyrstu ræðu minni í dag mun ekki vefjast fyrir mér frekar en öðrum einlægum andstæðingum þessara virkjunaráforma að greiða atkvæði í kosningum sem færu fram á þessum grundvelli. Það er einmitt alveg einboðið hvernig við mundum kjósa.

Væri hins vegar hlutunum stillt upp með öðrum hætti kynni leiðir að skilja hjá hópum sem gætu átt góða samleið um þann kost sem við leggjum upp móti því sem ekki verður aftur tekið, sem er þá sambærilegt við að ganga inn í Evrópusambandið hér og nú á grundvelli gildandi samnings, að virkja. Þannig eru auðvitað kostirnir í þessu máli.

Við getum auðvitað rökrætt lengi dags um það hvaða tveir meginkostir eru í stöðunni og hvernig fram settir ef við erum sammála um að æskilegast sé að bjóða bara upp á tvo kosti. Það hefur mikla kosti í þessu sambandi ef verið er að leita eftir meginstraumum í vilja þjóðarinnar. Við getum lengi rökrætt hvernig væri þá best að lýsa þeim eða setja þá fram. En við skulum ekki gera það á þeim grundvelli að eindregnir andstæðingar virkjunaráformanna ættu í einhverjum erfiðleikum ef málið væri borið upp með þessum hætti. Að sjálfsögðu ættu þeir það ekki. Það sem gerist með því að kalla fram kosningu á þessum grunni er að þjóðin fær tækifæri til að koma í veg fyrir að stjórnvöld sem ætla sér að knýja þessa framkvæmd af stað geri það.

Ég leyfi mér þá að spyrja á móti þá þingmenn Samfylkingarinnar sem hér hafa talað á tiltölulega samræmdum nótum, og eru í raun og veru bæði með og á móti þjóðaratkvæðagreiðslu í málinu í vissum skilningi: Telja þeir einhvern ágreining um tæknilega útfærslu þessarar tillögu svo veigamikinn að betra sé að láta ekki kjósa og ríkisstjórnina fara sínu fram?

[18:48]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Þetta, virðulegi forseti, er mjög skýrt í mínu tilviki. Ég hef lýst yfir samþykki, eða stuðningi réttara sagt, við þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem kostir væru skýrðir, þar sem kostirnir væru já eða nei, við þeim framkvæmdaáformum sem nákvæmlega nú eru uppi og ég sé ekki tilganginn í því að flytja tillögu af þessu tagi. Annaðhvort eru menn með þann grun eða þá ætlun að þessi tillaga geti fengið meiri hluta hér á þinginu — og þá eru menn hangandi auðvitað einhvers staðar í lausu lofti með þá ætlun sína ef það á að gerast vegna frestunarákvæðisins — eða menn setja fram þá skýru kosti sem eru í málinu sem þegar liggja fyrir, já eða nei við nákvæmlega þessari tillögu.

Og ég vil bara ítreka að ég fagna því að hv. þm. lýsir því yfir að hann mundi greiða atkvæði á ákveðinn veg í þessari þjóðaratkvæðagreiðslu. En yrði hann á móti Kárahnjúkavirkjun af hvaða tagi sem hún yrði?

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hv. þm. skuli ekki vita sjálfur svarið. Já, ég sé ekki fyrir mér að ég komi nokkurn tímann til með að styðja hervirki af því tagi sem ég tel vera fólgin í svona gríðarlegri röskun á náttúrufari eins og þarna er, þótt ekkert annað kæmi til en þessir gríðarlegu vatnaflutningar sem eru auðvitað mikil röskun í sjálfu sér og hafa fengið allt of litla athygli að mínu mati í umræðum um þessi mál. Ég held að ég yrði seint til þess að greiða slíku atkvæði þannig að hv. þm. getur hætt að velkjast í vafa um það.

Kostur b — sem sagt sá kostur sem allir þeir mundu velja sem ekki vilja að ráðist verði í framkvæmdirnar hér og nú og sagan þar með búin því þá verður aldrei aftur snúið — felur í sér meira en bara frestun. Hv. þm. verður að vera sanngjarn og lesa textann eins og hann kemur fyrir og rökræða út frá honum. Textinn felur í sér að málið er sett í tiltekinn farveg og hlutunum raðað upp, að fyrst verði eins og þarna stendur tekin afstaða til þess hvernig staðið verði að verndun þessa svæðis og tillagna um stofnun þjóðgarðs á einu stærsta ósnortna víðerni Evrópu. Og þá til viðbótar skuli liggja fyrir sú forgangsröðun virkjunarkosta og uppröðun þeirra út frá umhverfisáhrifum sem ég er algjörlega sannfærður um að muni setja Kárahnjúkavirkjun og þessa gríðarlegu vatnaflutninga langt niður á listann þannig að til þess kæmi ekki á næstu áratugum og mjög sennilega aldrei, að menn létu hvarfla að sér að fara í þessar framkvæmdir.

Það er langt síðan ég komst á þá skoðun, þegar ég var að nema náttúrufræði í Háskóla Íslands fyrir næstum aldarfjórðungi, að sennilega væri ekkert vit í því að reyna að fara í að virkja stóru jökulfljótin vegna framburðarins, vegna þeirra gríðarlegu vandamála sem uppistöðulón bjóða heim og röskunar á náttúrulegu rennslisferli vatna, stórfljóta sem bera með sér allt upp í 10.000 tonn af framburði á ári hverju eins og Jökulsá í Dal gerir. Það er í reynd brjálæði að mínu mati að láta sér detta þetta í hug. Við eigum að hætta við þetta. Við eigum að horfa til beinna rennslisvirkjana í bergvatnsám og jarðhitans. Þar er sem betur fer af miklu að taka þannig

að við þurfum ekki að ráðast út í glapræði af þessu tagi.

[18:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Umræðan um þessa þáltill. hefur verið um margt fróðleg. Ég vil byrja á því að segja að ég er alveg sammála því að það ætti að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um svo stóra ákvörðun sem þessa og sá möguleiki ætti að vera fyrir hendi að þær ákvarðanir yrðu teknar af áhugamönnum um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram. Og það er enginn vafi í mínum huga að það eru nógu margir sem hafa skoðun á því að það eigi ekki að virkja þarna fyrir austan til að það eru full rök fyrir slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég tel hins vegar ekkert við það að athuga að gagnrýna þá hugmynd að þjóðaratkvæðagreiðslu sem hér er lögð fram. Til þess er umræðan. Ég er á þeirri skoðun að það sem ætti að spyrja þjóðina að núna væri einfaldlega hvort hún vildi þessa virkjun eða þessar fyrirætlanir og ekki neitt annað. Ekki hvað hún vildi í staðinn því það er nóg að svara því hvort menn vilji þessar fyrirætlanir eða ekki.

Mér finnst þetta undarleg tillaga, að eiga að velja milli þess að vilja þær fyrirætlanir sem hér eru uppi og hins að fresta framkvæmdum og fara í einhvern óljósan feril sem yrði auðvitað undir handarjaðri þeirra stjórnvalda sem eru við völd og alfarið á þeirra færi að ákveða hvernig yrði staðið að. Og síðan væri ekki gert ráð fyrir því eins og hér er að sú niðurstaða yrði borin undir þjóðina. Þannig væri í raun verið að vísa framhaldi málsins til ríkisstjórnarinnar. Ég set út á það og mér finnst einhvern veginn — ég átta mig ekki alveg á því — engin ástæða til þess að gera þetta svona. Það er alveg skýr valkostur fyrir hendi sem er bara að vera með eða á móti þessum fyrirætlunum eins og þær liggja fyrir. Og þær þekkir þjóðin að mínu viti nokkuð vel.

Svo geta menn auðvitað velt fyrir sér allri þessari umræðu. Mín skoðun er sú að ef rammaáætlun lægi fyrir í dag væri virkjun beggja þessara stórfljóta hluti af henni. Það er mín sannfæring þó að ég geti auðvitað ekkert haft annað en tilfinninguna fyrir því. Og ég hef ekki trú á að Íslendingar muni neita sér um það, þó að hætt yrði við Kárahnjúkavirkjun, að virkja þessar jökulár þarna fyrir austan í framtíðinni.

Ef maður hefur þessa skoðun hlýtur maður að velta fyrir sér hvort niðurstaða stjórnvalda yrði ekki einfaldlega sú að það væru þá komin ein rökin fyrir því að þarna mætti virkja ef tillagan sem er merkt með b í þessari þáltill. yrði samþykkt. Síðan yrði búin til tillaga að þjóðgarði og hún gæti snúist um það að hafa þjóðgarð þarna ásamt virkjunum. Síðan yrði ákvörðunin bara borin undir Alþingi og þar með væri þessu ferli öllu lokið.

Það kann vel að vera að þetta mundi raska þeim hugmyndum sem menn hafa núna um þessar framkvæmdir þarna fyrir austan og hvenær þær fara af stað. Það er auðvitað bara spádómur. Það er hreint ekkert á ljósu eða víst hvenær þær hefjast þó að vitað sé til hvers menn langar í því efni. En mér finnst menn fara offari í lýsingunum á því að þetta sé mesta náttúrurask sögunnar á Íslandi. Ég bendi mönnum bara á Þjórsár/Tungnaár-svæðið þar sem menn eru búnir að virkja álíka mikla orku og ætti að virkja þarna fyrir austan. Og með hverju? Hverri virkjuninni á fætur annarri alla leið upp á hálendið. Og það síðasta sem menn ætla að gera núna er að stífla við Norðlingaöldu. Þá er þetta fullkomnað nokkurn veginn. En hvað hafa menn út úr þessu? Álíka mikla orku og þarna er að fá, í Kárahnjúkavirkjun. Að halda því fram að þetta sé mesta náttúrurask vegna virkjana á Íslandi er að mínu viti öfugmæli. Ef menn bera það saman við virkjað afl sem þarna er fyrir hendi er þetta minnsta, örugglega minnsta, rask miðað við virkjað afl á Íslandi. Slík er orkan sem þarna er að hafa. Og þær tæknilegu breytingar sem hafa orðið á virkjunum verða til þess að menn munu ekki sjá merki þessarar virkjunar nema í þessu lóni þarna upp frá, sem er reyndar gífurlega stórt, og síðan er það sem ég vildi koma að hér, sameining þessara stóru fljóta. Ég tek undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, um það hefur verið fjallað allt of lítið. Full ástæða hefði verið til að láta fara fram sérstakt umhverfismat, aukið og sérstakt umhverfismat, akkúrat á þeim ákvörðunum sem eru fólgnar í því að sameina þessi tvö stórfljót eins og til stendur að gera.

Auðvitað er þetta gífurlega stór framkvæmd og eitt af spurningarmerkjunum við hana er: Hvernig stendur á því að Íslendingar eru allt í einu búnir að snúa gjörsamlega við blaðinu hvað varðar fjármögnun á stóriðju á Íslandi? Nú er allt í einu í lagi að fjármagna hana a.m.k. að helmingi með íslenskum peningum. Þetta var slík áhætta fyrir fáeinum árum að mönnum datt það ekki í hug, töldu að það ætti aldeilis að láta einhverja aðra taka þá áhættu, á henni hefðu Íslendingar ekki efni.

En hverjir eiga að bera þá áhættu? Það eru ellilífeyrisþegarnir á Íslandi. Það er svolítið merkilegt að menn skuli bara vera komnir að þeirri niðurstöðu. Hún dregur auðvitað hugann að því hvort nota eigi lífeyrissjóðina, sem við eigum og eiga að tryggja framtíð okkar, með slíkum hætti. Ég verð að draga það í efa. Ég tel að þarna sé verið að setja svo mörg egg í eina körfu að það sé ekki verjandi.

Hæstv. forseti. Ég sé að tíma mínum er að verða lokið. Ég hefði viljað segja sitthvað fleira og tek kannski aftur til máls en læt máli mínu lokið að sinni.

Umræðu frestað.

[19:00]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 453. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 723.

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg, 451. mál, fsp. KolH, þskj. 721.

Mat á umhverfisáhrifum djúpborunar eftir jarðhita, 449. mál, fsp. KolH, þskj. 719.

Meginreglur umhverfisréttar, 450. mál, fsp. KolH, þskj. 720.

Mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áhrifa Noralverkefnisins, 455. mál, fsp. JóhS, þskj. 726.

Rafeyrisfyrirtæki, 454. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 724.

Sala ríkisjarða, 65. mál, svar landbrh., þskj. 725.

Tækniháskóli Íslands, 452. mál, fsp. SJóh og KolH, þskj. 722.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um 389. mál.

[19:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er að ljúka umræðu um þetta mikilvæga mál, umræðu sem var útvarpað og sjónvarpað framan af. Fjórir hv. þm. eru á mælendaskrá. Mér er kunnugt um að sumir þeirra eiga fá orð ósögð og sannast sagna stóð ég í þeirri trú að þessari umræðu yrðu lokið og kemur mér mjög á

óvart að henni skuli nú frestað. Ég ætla að leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hann sé reiðubúinn að endurskoða ákvörðun sína, halda þessari umræðu áfram í trausti þess að henni verði senn lokið.

[19:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Fimm eru enn á mælendaskrá. Hvorki var rætt um né óskað eftir því að kvöldfundur yrði um þetta mál. Ég man nú svo langt að fundið hefur verið að því hér í þessum sal ef ég hef talið þörf á kvöldfundi án þess að hafa minnst á það áður.

Út af dagskrá voru tekin 12.–16. mál.

Fundi slitið kl. 19:03.

68. FUNDUR

mánudaginn 4. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 137, nál. 428, brtt. 429. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 460. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 510. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 57. mál, þskj. 57. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Áfallahjálp innan sveitarfélaga, þáltill., 141. mál, þskj. 141. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 321. mál, þskj. 406, nál. 694. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, stjtill., 406. mál, þskj. 663. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Áhugamannahnefaleikar, frv., 39. mál, þskj. 39, nál. 434 og 618, brtt. 435 og 727. — 2. umr.
11. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 135. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr.
12. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 266. mál, þskj. 311. — Frh. fyrri umr.
13. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436. — Frh. fyrri umr.
14. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, þáltill., 389. mál, þskj. 645. — Frh. fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Varamenn taka þingsæti.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. á lista Samfylkingarinnar í Austurlandskjördæmi, séra Gunnlaugur Stefánsson sóknarprestur, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl."

Kjörbréf Gunnlaugs Stefánssonar hefur verið rannsakað. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem Árni Ragnar Árnason, 11. þm. Reykn., getur ekki sökum veikinda sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. á lista Sjálfstfl. í Reykn., Helga Guðrún Jónasdóttir, stjórnmálafræðingur í Kópavogi, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Sigríður Anna Þórðardóttir,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Helga Guðrún Jónasdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Áhugamannahnefaleikar, 39. mál, brtt. KF, þskj. 727.
Loftferðir, 252. mál, þskj. 690.
Stjórn fiskveiða, 425. mál, þskj. 711.
Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, 439. mál, þáltill. ÁMöl o.fl., þskj. 706.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um afnám gjalds á menn utan trúfélaga.

[15:03]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Nú fyrir helgi var mér bent á galla í frv. okkar hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um afnám gjalds á menn utan trúfélaga — þetta er 417. mál á þskj. 676 — gallar sem að óbreyttu hefðu orðið til þess að frv. hefði við samþykkt ekki náð þeim tilgangi sínum sem kemur fram í heiti þess, í greinargerð með því og í framsöguræðu og umræðum um sama frv. á Alþingi haustið 1999.

Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Ástu Möller þessa ábendingu.

Frv. hefur nú verið lagfært og prentað upp að minni ósk. Ég tel við hæfi að vekja athygli á þessu úr ræðustól þingsins til að menn geti áhyggjulausir búið sig undir efnisumræðu um þetta frv. um afnám þess gjalds á menn utan trúfélaga sem nú er innheimt með tekjuskatti samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breytingar á gjaldskrám til að ná niður verðlagi.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að inna hæstv. ríkisstjórn eftir því og þá einkum hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. hvernig ríkisstjórnin hyggist gera Alþingi grein fyrir og koma með fyrir þingið þau mál sem lúta að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ýmsar breytingar á gjaldskrám og gjaldtöku á yfirstandandi fjárlagaári í tengslum við aðgerðir til að ná niður verðlagi.

Ég spyr sérstaklega út frá fjárhag Ríkisútvarpsins, en hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar var að falla frá áður áformuðum gjaldskrárhækkunum eða hækkunum afnotagjalda á árinu sem áttu að skila Ríkisútvarpinu allnokkrum tekjum og koma eitthvað til móts við þann mikla fjárhagsvanda sem Ríkisútvarpið býr við. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að ríkisstjórnin ætlar að sjá að sér í þessum efnum og draga eitthvað úr þeim gjaldskrárhækkunum og álögum, t.d. á sjúklinga vegna komugjalda sem áður voru áformuð. En af þessu leiða fjárhagsáhrif á yfirstandandi fjárlög. Nú er staða Ríkisútvarpsins sú að það er rekið á yfirdrætti

og býr við gríðarlegan fjárhagsvanda. Ríkisútvarpið skuldar Sinfóníuhljómsveitinni lögbundin framlög eitt og hálft ár aftur í tímann eða um 140 millj. kr. sem aftur leiðir til þess að Sinfónían er líka rekin á yfirdrætti með tilheyrandi vaxtakostnaði o.s.frv.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn verður að gera Alþingi grein fyrir því hvernig hún ætlar að taka á þessum málum. Búskapurinn er ekki beysnari en þetta hjá hæstv. menntmrh. og verður tæpast sagt að hann skili af sér góðu búi ef hann skyldi nú hverfa þaðan á næstunni, a.m.k. ekki hvað varðar fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Spurning mín er því þessi: Er þess að vænta, herra forseti, að fjáraukalög þar sem tekið verður á þessum málum líti dagsins ljós á allra næstu dögum eða hvernig hefur ríkisstjórnin ætlað sér að standa að þessu þannig að ákvæði fjárreiðulaga séu uppfyllt og rétt að öllu staðið?

[15:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það mun verða rétt að öllu staðið. Svo mikið er víst. Það sem fyrir liggur að því er varðar fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins er að sú afnotagjaldahækkun sem ráðgerð var og hefur nú verið afturkölluð átti að skila Ríkisútvarpinu 140 millj. kr. Ríkisstjórnin mun tryggja stofnuninni þessa fjárhæð eða ígildi hennar á þessu ári þannig að hún þarf ekki að kvíða í því efni.

Hins vegar að því er varðar önnur atriði sem hv. þm. nefndi og varða önnur skipulagsleg mál í menningarheiminum hér á landi, t.d. samskipti og samspil Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins, þá eru þau auðvitað annar handleggur. Það þarf að fara vel yfir þau atriði. Nýlega kom fram skýrsla um þessi mál og auðvitað má velta því fyrir sér í fullri alvöru hvort sú tenging sem í dag er á milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins eigi lengur rétt á sér. En það er hins vegar ekki mál sem upp kemur endilega í tengslum við þessa gjaldskrárákvörðun og afturköllun hennar.

Svo vil ég benda á að þó gjaldskrárhækkunin hafi verið afturkölluð núna þá er ekki þar með sagt að ekki megi einhvern tíma í framtíðinni breyta gjaldskrá afnotagjalda Ríkisútvarpsins ef þau verða áfram við lýði. Það er svo enn önnur spurning hvort halda eigi áfram að innheimta afnotagjöld með þeim hætti sem gert hefur verið um árabil eða breyta fjármögnun þessarar stofnunar í grundvallaratriðum. Það er umhugsunarefni sem er vert að þingmenn íhugi gaumgæfilega.

[15:09]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Þetta eru ófullnægjandi svör hjá fjmrh. Það er tekin ákvörðun þegar nokkuð er liðið á árið, hvort sem það snýr að ríkissjóði eða Ríkisútvarpinu. Fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins var í afgreiðslu síðast þegar ég vissi til vegna þess að allt fram undir áramót var óvíst hvernig ríkisstjórnin hygðist taka á beiðni um miklu meiri hækkanir, miklu meiri tekjur fyrir Ríkisútvarpið en því voru veittar. Og nú er sagt við þingið: Það verður á þessu ári. Ríkisútvarpið á sem sagt að treysta ríkisstjórninni. Það hefur bara hreinlega ekki gengið vel, virðulegi forseti, fyrir Ríkisútvarpið að treysta ríkisstjórninni fyrir einu né neinu. Maður hlýtur að vilja vita hvaða leið menn ætla að fara. Hæstv. fjmrh. talaði um ígildi þess fjár sem hér væri um að ræða. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum rætt m.a. um tengsl Sinfóníunnar við Ríkisútvarpið og við höfum líka rætt um þær miklu lífeyrissjóðsskuldbindingar sem að ósekju voru lagðar á Ríkisútvarpið sem er ekki ríkisstofnun með venjulegum hætti sem getur bætt sér það upp á fjárlögum heldur verður að gera það með afnotagjöldum, auglýsingum og kostun.

[15:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur legið fyrir lengi að segja má um fjármál Ríkisútvarpsins að þar sé allt í grænum sjó og hefur verið. Það lá fyrir að gera átti einhverja bragarbót með því að leyfa hækkun á afnotagjöldum. Til að koma í veg fyrir enn verri kollsteypu sem útlit var fyrir í ríkisfjármálunum var sú hækkun afturkölluð enda hefur komið í ljós að hún svaraði einungis því sem Ríkisútvarpið skuldar Sinfóníunni, þ.e. 140 millj. kr. svo segja má að ekkert hafi verið gert, hvorki í þessum ráðstöfunum sem gerðar voru fyrir jólin né núna og ekkert liggur fyrir, t.d. engin svör frá hæstv. fjmrh. um það til hvaða ráðstafana eigi að grípa í fjármálum Ríkisútvarpsins. Það er mikið áhyggjuefni að fyrir skuli liggja að þar skuli vera svo slæmt ástand sem raun ber vitni og hér fáist á hinu háa Alþingi engin svör þegar spurt er hvaða ráð séu til úrbóta.

[15:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því vinnulagi sem ríkisstjórnin er að kynna úti í bæ hvað varðar fjármál ríkisins sem heyra beint undir Alþingi. Framkvæmdarvaldið auglýsir að það eigi að fara að breyta nýgerðum fjárlögum og það ætlar framkvæmdarvaldið að gera fullkomlega á eigin spýtur. Ég vil minna á að um þetta gilda lög, lög um fjárreiður ríkisins. Þó að hæstv. ríkisstjórn finnist að hún búi við mikinn meiri hluta og geti boðið þinginu hvað sem er ber henni samt að virða lög. Að mínu viti eiga þessar fyrirhuguðu breytingar að gerast með þeim hætti að ríkisstjórnin leggi fram tillögur sínar til fjárln. og síðan til Alþingis og að Alþingi fjalli um þær. Alþingi gæti vel haft aðra skoðun á því hvernig eigi að draga úr útgjöldum á vegum ríkisins eða hvar eigi að létta á. Alla veganna eru það ekki að mínu viti rétt vinnubrögð að ákveða að skerða tekjustofn Ríkisútvarpsins sem Alþingi veit að býr við verulegt fjársvelti og auk þess stefnuleysi af hálfu ríkisvaldsins, að þar skuli vera gripið til einhliða aðgerða til að skerða tekjustofn þess án þess jafnframt að leggja þá fyrir Alþingi tillögur um hvernig úr skuli bætt.

Sinfóníuhljómsveitin situr uppi með tveggja ára ógreitt framlag í sinn hlut. Er ekki mál að virðulegur forseti kanni hvort vinnubrögð ríkisstjórnarinnar samræmist þarna eðlilegri þingmeðferð mála?

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Maður hefði búist við að ríkisstjórnin hefði skýrari svör við því hvernig hún ætli að standa að málum og samskiptum við Alþingi í kjölfar þeirra ákvarðana sem hún hefur tekið um að leggja til breytingar á yfirstandandi fjárlögum og leysa vanda þeirra stofnana sem missa tekjur vegna þessara breyttu áherslna. Það er í sjálfu sér huggun harmi gegn fyrir Ríkisútvarpið að ríkisstjórnin heiti því að að þessu leyti verði það jafnsett og ella hefði orðið. En ég minni á að þrátt fyrir þessa áformuðu hækkun afnotagjalda blasti við að Ríkisútvarpið er í hengjandi vandræðum eins og fram kemur m.a. í þessum samskiptum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar því að frá því á miðju ári 2000 hefur Ríkisútvarpið ekki borgað krónu til Sinfóníunnar af

þeim framlögum sem því ber að gera samkvæmt núgildandi lögum eftir að Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður. Þessi samskipti Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins eru ekki bara skipulagsmál, herra forseti. Peningar eru peningar hvað sem skipulaginu líður. Staðreyndin er sú að báðar þessar mikilvægu menningarstofnanir, tvær af þremur fjórum stærstu og mikilvægustu menningarstofnunum landsins, eru reknar á yfirdrætti. Það virðist vera sérstök stefna ríkisstjórnarinnar og menntmrh. Björns Bjarnasonar að reka æðstu menningarstofnanir þjóðarinnar á yfirdrætti, á fitti. Maður veltir því fyrir sér hvort einhver stífla sé í pípunum á milli fjmrn. og menntmrn. því það er varla einleikið hversu erfiðlega búskapurinn hjá þessum menningarstofnunum gengur. Þessi samskipti fjmrn. og menntmrn. eru eitthvað hnökrótt að þessu leyti.

Ég ítreka svo spurningu mína: Er þess að vænta að fjáraukalagafrv. verði flutt á næstu dögum? Það er að mínu mati algjörlega óboðlegt ef ríkisstjórnin ætlar að geyma þetta allt saman til haustsins. Það eru þegar gjörbreyttar forsendur og það ber að leggja nú fram fjáraukalagafrv.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Merði Árnasyni að svör hæstv. ráðherra varðandi Ríkisútvarpið voru ófullnægjandi. Ég vil hins vegar segja, herra forseti, að ég treysti orðum hæstv. ráðherra þegar hann segir að séð verði til þess að þær gjaldskrárlækkanir sem Ríkisútvarpið sætir verði bættar upp.

Ég vil líka segja, herra forseti, að við þingmenn getum ekki bæði sleppt og haldið. Ég kom hér upp í síðustu viku til þess ganga eftir því við hæstv. ríkisstjórn að hún sýndi fram á að hún mundi taka þátt í þeirri góðu baráttu verkalýðshreyfingarinnar sem fólst í því að lækka verðlag í landinu. Hæstv. ríkisstjórn varð við því og ég vil segja að mér þótti rösklega að verki staðið þar.

Ég treysti því síðan að á næstu dögum sjáum við hvernig ríkisstjórnin ætlar að mæta þeirri fjárþörf sem við þetta skapast hjá ríkissjóði. Hitt er alveg ljóst að það sem við höfum hérna fyrir augunum, herra forseti, er ákaflega lofsvert og jákvætt, þ.e. samspil ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar, einmitt það sem við í Samfylkingunni höfum verið að kalla eftir í allan vetur, samspil sem miðar að því að ná niður verðbólgunni. Það er jákvætt í þessu. Síðan held ég, herra forseti, að við þingmenn jafnt í stjórn og stjórnarandstöðu, verkalýðshreyfingin og atvinnulífið í landinu, eigum að taka höndum saman og reyna að halda þessari þróun áfram.

[15:18]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er vissulega lofsvert að ríkisstjórnin hafi nú loks áttað sig á þeirri öfugþróun sem átt hefur sér stað í verðlagsmálum hér á landi. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu hefur stjórnarandstaðan og við í Samfylkingunni varað mjög við þessu.

Ég rifja upp í því sambandi að síðast við afgreiðslu fjárlaga í desember tók þingmeirihlutinn ákvörðun m.a. um hækkun komugjalda í heilbrigðisþjónustu, nákvæmlega sama mál og nú er verið að kippa til baka réttum mánuði síðar. Við þessu var öllu varað.

Ég rifja einnig upp að fyrir rétt rúmri viku síðan var að frumkvæði þingmanna Samfylkingarinnar varað við þeirri öfugþróun sem á sér stað á vettvangi Ríkisútvarpins og bent á Sinfóníuna, bent á lífeyrisskuldbindingar. Nú loks að lyktum hleypur ríkisstjórnin í þá einu vörn sem hún á, þ.e. að taka til baka fyrri ákvarðanir sem þegar á þeim tíma þegar þær voru teknar, var bent á að gætu ekki gengið.

Herra forseti. Þetta undirstrikar þau lausatök sem eru í efnahagsmálum þjóðarinnar. Fyrst er hækkað og svo er lækkað. Svona eiga menn auðvitað ekki að hegða sér, herra forseti. Það er rétt að undirstrika það, og einnig þá ósk og kröfu á hinu háa Alþingi að menn standi rétt að því að svara tekjutapi, breytingum á fjárlögum upp á 700 millj. kr., fyrr en síðar á þessum vettvangi, ekki eingöngu í Stjórnarráðinu.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Að mörgu leyti er þessi umræða athyglisverð. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á voru menn í síðustu viku önnum kafnir við að knýja á um að ríkisstjórnin lækkaði gjaldskrár sem nú hefur verið gert. Á hinn bóginn er undirliggjandi í þessari umræðu að Ríkisútvarpið hefði átt að fá miklu meiri gjaldskrárhækkanir en raunin varð um áramótin vegna þess að vandi þess sé svo mikill. Þannig mátti skilja hv. þm. Mörð Árnason og málshefjanda hér. Það er annað mál. Ef ekki hefði komið til hækkun á afnotagjöldum um áramótin sem síðan hafa verið lækkuð þá hefði þessi vandi verið algerlega óhreyfður gagnvart Ríkisútvarpinu.

Ég legg áherslu á að þessar 140 millj. sem hér er um að tefla verða bættar eða ígildi þeirra á þessu ári ef ekki kemur til afnotagjaldahækkana síðar á árinu. En þetta er fyrirvaralaust af minni hálfu. Eins og staðan er núna verður þetta bætt. En það verður ekki lagt fram fjáraukalagafrv. á næstu dögum, hv. þingmaður. Ég svara því alveg afdráttarlaust. Við eigum eftir að fara betur yfir það mál, hvernig skynsamlegast sé að gera þetta. Ég tel ekki eðlilegt að blanda inn í þetta einstaka mál grundvallarspurningum um fjármögnun Ríkisútvarpsins, hvorki að því er varðar Sinfóníuna, afnotagjöld, auglýsingar eða annað þess háttar. (Gripið fram í.)

Hins vegar verður að fara yfir þau mál öll. Ég er alveg sammála því. En það er annað mál og miklu stærra en þetta tiltekna atriði sem hér er verið að spyrja um í dag. Ég held að nauðsynlegt sé útvarpsins vegna og vegna ýmissa annarra þátta að gera grundvallarbreytingar. Það er ekki mitt að hafa frumkvæði eða forustu um það. Ég held að allir innan þessara veggja geri sér grein fyrir því að margt í núverandi fyrirkomulagi er úrelt orðið, enda eru þeir tímar löngu liðnir að menntmrh. geti komið, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði á sínum tíma, og hækkað afnotagjöldin með einu pennastriki um 70%, ef ég man rétt. (Gripið fram í.)

Iðnaðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (iðnráð). — Þskj. 137, nál. 428, brtt. 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:22]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Varðandi frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum sem á að fara að greiða atkvæði um hafa komið fram milli umræðna nýjar upplýsingar, sérstaklega þær að

stór hagsmunasamtök iðnaðarmanna telja sig ekki hafa átt eðlilegan aðgang að málinu. Ég átti fund með fulltrúum í morgun og mér finnst, virðulegi forseti, málið vera þess eðlis að ég geri þá kröfu að hv. iðnn. gefi þessum aðilum möguleika á því milli umræðna að koma á fund nefndarinnar áður en málið verður endanlega afgreitt. Verði sá háttur hafður á er ég ánægður með framgang mála. En gefi hv. iðnn. þessum aðilum ekki aðgang að málinu á milli umræðna tel ég mig ekki geta stutt frv. þó svo ég hafi fylgt því úr hlaði hingað til.

[15:24]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum. Ekki er allt alveg rétt sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Hv. iðnn. hélt aukafund um málið eftir að í raun búið var að taka málið út úr nefnd og bauð öllum þeim hagsmunaaðilum sem óskað höfðu eftir því að koma fyrir nefndina og gera grein fyrir máli sínu. Þar að auki eiga þeir hagsmunaaðilar sem hv. þm. nefndi beinan aðgang að málinu í gegnum iðnráð sem fékk í tvígang að koma fyrir nefndina þannig að engar nýjar upplýsingar hafa komið fram. Þetta er einfaldlega spurning um ákvörðun. Málið hefur verið fullunnið í hv. iðnn. og niðurstöður liggja alveg ljósar fyrir.

Brtt. 429,1 (ný 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KVM, KA, KF, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MÁ, ÓB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, HÁs, JóhS, JónK, KPál, ÓÖH, SF, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:25]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem áðan kom fram hjá hv. formanni iðnn., Hjálmari Árnasyni, að gefinn var kostur á því að fleiri kæmu fyrir nefndina. Málið var saltað fyrir jól. En fleiri vilja koma að þessu máli og eftir því sem ég kynni mér það betur geri ég mér grein fyrir því að við höfum kannski hraðað okkur heldur mikið. Eftir því sem mér er sagt vilja samtök iðnaðarmanna heldur fara þá leið sem upprunalega var sett fram í frv., þ.e. styrkingu iðnráða. Ég held að það sé mikilvægt fyrir allra hluta sakir að þeir sem eiga að vinna undir og eftir þessum lögum fái að koma eðlilega að málinu. Hagsmunaaðilum finnst þeir ekki hafa gert það. Sumir voru kallaðir til. Mér er kunnugt um það. Ég beitti mér fyrir því.

(**Forseti** (HBl): Ég vænti þess að hv. þm. hafi verið að gera grein fyrir atkvæði sínu.)

Brtt. 429,2 (ný 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KVM, KA, KF, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MÁ, ÓB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, GÖ, HÁs, JóhS, JónK, KPál, ÓÖH, SF, StB) fjarstaddir.

Brtt. 429,3 (ný 3. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KVM, KA, KF, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MÁ, ÓB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, GÖ, HÁs, JóhS, JónK, KPál, ÓÖH, SF, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KVM, KA, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MÁ, ÓB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, HÁs, JóhS, JónK, KPál, ÓÖH, SF, StB) fjarstaddir.

Geislavarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 460.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KA, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, MÁ, ÓB, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, HÁs, JóhS, JónK, ÓÖH, RG, SF, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.). — Þskj. 510.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 317. mál. — Þskj. 393.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 57. mál. — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Áfallahjálp innan sveitarfélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 141. mál. — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), frh. síðari umr.

Stjtill., 321. mál. — Þskj. 406, nál. 694.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KA, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, MÁ, ÓB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, HÁs, JóhS, JónK, ÓÖH, SF, StB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 735).

Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 406. mál. — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 2. umr.

Frv. GunnB o.fl., 39. mál. — Þskj. 39, nál. 434 og 618, brtt. 435 og 727.

[15:32]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta menntmn. um frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Nefndin hefur fjallað um málið. Frv. er nú lagt fram í þriðja sinn, óbreytt, og hefur í þrígang verið afgreitt úr hv. menntmn.

Frá því að bann við hnefaleikum tók gildi með lögum nr. 92/1956 hafa þeir tekið miklum breytingum og aðskildir hafa verið annars vegar atvinnuhnefaleikar og hins vegar áhugamannahnefaleikar. Með frumvarpinu er lagt til að áhugamannahnefaleikar verði heimilaðir og að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Öll keppni, svo og sýning eða kennsla, í atvinnuhnefaleikum er hins vegar áfram bönnuð, samanber framangreind lög.

Áhugamannahnefaleikar eru viðurkennd íþróttagrein af Alþjóðaólympíunefndinni og í þeirri íþrótt er keppt á Ólympíuleikum og í öllum vestrænum löndum.

Atvinnuhnefaleikar eru m.a. stundaðir í Bandaríkjunum, Bretlandi og Rússlandi en víða eru þeir bannaðir. Munurinn á atvinnuhnefaleikum og áhugamannahnefaleikum er meðal annars sá að í áhugamannahnefaleikum eru höfuðhlífar notaðar og lotur geta verið allt að fimm talsins en hver þeirra stendur aldrei lengur en tvær mínútur í senn. Í atvinnuhnefaleikum getur hver keppni hins vegar staðið í tólf lotur og hver þeirra stendur í þrjár mínútur.

Reglur um atvinnuhnefaleika eru ekki samræmdar milli landa og gilda því mismunandi reglur um ýmsa þætti íþróttarinnar. Ákveðin atriði eru þó sameiginleg hjá öllum löndum sem heimila atvinnuhnefaleika og verða nokkur þeirra því nefnd hér: Höfuðhlífar eru ekki notaðar, bannað er að vera í bol og aukastig eru gefin fyrir rothögg. Munnstykki eru almennt notuð en það er þó ekki algilt.

Reglur um áhugamannahnefaleika eru hins vegar samræmdar í öllum 190 aðildarlöndum International Amateur Boxing Association. Nokkur helstu einkenni áhugamannahnefaleika eru að í þeim er ávallt keppt með höfuðhlífar, munnstykki og í bol. Í áhugamannahnefaleikum kvenna er

hnefaleikurum skylt að nota brjósthlífar. Rothögg gefa ekki aukastig.

Nánari afmörkun milli atvinnu- og áhugamannahnefaleika hérlendis mun fara eftir þeim reglum sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur. Við samningu reglnanna leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að hugað verði sérstaklega að öryggiskröfum fyrir iðkendur íþróttarinnar. Það er mat meiri hlutans að með ströngum öryggisreglum, líkt og í Noregi og Svíþjóð, sé það nægilega tryggt.

Réttlætanlegt þykir að heimila iðkun áhugamannahnefaleika þar sem markmið þeirra er ekki það sama og í atvinnuhnefaleikum. Áhugamannahnefaleikar snúast um leikni í að fara inn fyrir varnir andstæðingsins en ekki um að slá andstæðinginn niður eða veita honum rothögg eins og í atvinnuhnefaleikum. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun PriceWaterhouse Coopers vilja rúmlega 60% landsmanna að hnefaleikar verði leyfðir hér á landi. Hér er þó eingöngu verið að leggja til lögleiðingu á áhugamannahnefaleikum. Að lokum er lögð áhersla á að það á að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á heiti frumvarpsins og hugtakanotkun þess varðandi ólympíska hnefaleika. Hugtakanotkun fyrir þessa íþrótt hefur verið á reiki og jöfnum höndum verið notuð orðin ólympískir hnefaleikar og áhugamannahnefaleikar. Ástæða þessa er að öllum líkindum sú að stór þáttur röksemdafærslu fyrir lögleiðingu íþróttarinnar hefur verið sá að sýna fram á að hún sé leyfð á Ólympíuleikum og þannig verið talað um ólympíska hnefaleika. Hið rétta er að íþróttin heitir áhugamannahnefaleikar og því er lögð til framangreind breyting. Fram hefur komið að reglur um áhugamannahnefaleika eru samræmdar í öllum 190 aðildarlöndum International Amateur Boxing Association og gilda þær jafnframt á Ólympíuleikum. Alkunna er að keppt er í margs konar íþróttum á Ólympíuleikum án þess að það breyti nafngift þeirra, samanber tennis, frjálsar íþróttir o.s.frv.

Síðan er lagt til að við 3. gr. frv. bætist nýr málsliður til að tryggja að við samningu reglna um íþróttina verði öryggi iðkenda haft í fyrirrúmi.

Undir nál. meiri hlutans skrifa Sigríður Anna Þórðardóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Sigríður Ingvarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson og Magnús Stefánsson.

[15:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru vafalítið mörg rök sem mæla með því að þetta frv. verði samþykkt. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir tíndi þó til ein rök sem ég á erfitt með að fella mig við. Hv. þm. sagði að skoðanakönnun sýndi fram á að 60% af íslensku þjóðinni væru þessu sammála. Eru það rök fyrir því að taka ákvörðun af þessu tagi? Ef svo er, herra forseti, má ég þá búast við því að hv. þm., formaður þingflokks sjálfstæðismanna, muni á næstu dögum leggja til afnám kvótakerfisins vegna þess að kannanir sýna 75% þjóðarinnar eru á móti því? Má ég jafnframt gera ráð fyrir því að hv. þm. leggi fram tillögu um að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu vegna þess að allar skoðanakannanir síðustu ára sýna að milli 55–65% af íslensku þjóðinni eru sammála því?

[15:38]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að þetta mál hefur í þrígang verið afgreitt úr menntmn. Öll þau skipti hefur meiri hlutinn mælt með samþykkt þess. Þannig var meiri hluti nefndarinnar í raun búinn að taka ákvörðun löngu áður en þessi könnun var gerð. Þessi könnun hafði því engin áhrif á það. Hins vegar er engin ástæða til að draga það ekki fram í þessari umræðu.

Ég vil bara ítreka að þessi könnun var ekki nefnd sem sérstök rök fyrir því að málið yrði samþykkt. Það er búið að fara ítarlega yfir málið í nefndinni og niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er sú að það eigi að liggja í valdi hvers einstaklings hvaða íþrótt hann stundar.

[15:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta skýra svar. Ein af ástæðunum fyrir því að ég kom hingað og undraðist að svo virtist sem hv. þm. léti einfaldar skoðanakannanir ráða afstöðu sinni er auðvitað sú staðreynd að hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., hefur margsinnis atast í öðrum flokkum fyrir það sem hann kallar að fara eftir skoðanakönnunum. Þess vegna kom það mér ákaflega spánskt, að ég ekki segi enskt, franskt og þýskt fyrir sjónir, þegar hv. þm. og formaður þingflokks Sjálfstfl. kom hér upp og tíndi þetta til sem rök. Ég hins vegar gleðst yfir því að hv. þm. hefur upplýst að hún var búin að móta sína afstöðu áður en þessar niðurstöður lágu fyrir.

[15:40]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Eins og ég kom að áðan, herra forseti, er ljóst að meiri hluti menntmn. var löngu búinn að móta afstöðu sína í þessu máli. Það er engin ástæða til þess hins vegar að ekki megi koma inn á það hér í umræðum um þetta mál að slík skoðanakönnun hafi farið fram og niðurstaðan hafi verið sú að 60% þjóðarinnar eru hlynnt því að lögleiða íþróttina. Mér þykir það ekki verra að aðrir skuli í þessu máli hafa sömu skoðun og meiri hluti nefndarinnar.

Meginrökin í málinu eru auðvitað þau að hver og einn eigi sjálfur að geta ákveðið hvaða íþróttagrein hann stundar. Það er alveg ljóst að það verða alls konar slys í öðrum íþróttagreinum en boxi. Það er alþekkt í íþróttaiðkun að slíkt geti gerst. Við sáum það síðast nú í handknattleiknum að þar þurfti að sauma einn leikmanna meðan á leik stóð.

[15:42]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Undir álit minni hluta nefndarinnar skrifa að þessu sinni aðeins tveir nefndarmenn, Sigríður Jóhannesdóttir, sú sem hér stendur, og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hv. þm. sem áður hafði skrifað undir þetta álit með okkur hafði hlaupið á fjöll svo þeir gátu náð sér í aukinn meiri hluta í nefndinni með því að kveðja til liðs við sig nýjan mann sem bættist við meiri hluta nefndarinnar í þetta sinn.

Hér er um að ræða mál sem Alþingi hafnaði í atkvæðagreiðslu fyrir einu og hálfu ári síðan. Málið var fellt í atkvæðagreiðslu sem löglega hafði verið boðað til. Það var síðan lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það er mat minni hlutans að ekkert nýtt hafi komi fram í málinu sem

réttlæti að það skuli borið undir atkvæði Alþingis að nýju. Að vísu hefur minni hlutinn ný rök í málinu, samþykkt fastanefndar evrópskra lækna, sem fylgir hér með í fylgiskjali. En meiri hlutinn afgreiddi málið út úr nefndinni án þess að sú samþykkt fengi nokkra efnislega umfjöllun.

Minni hlutinn fjallar nú um málið í þriðja sinn og kemst enn að sömu niðurstöðu, þ.e. að halda eigi fast við núgildandi bann við hnefaleikum. Þær ástæður sem minni hlutinn taldi og telur enn vega þyngst eru rökstuddar vísbendingar um að alvarlegt heilsutjón geti hlotist af iðkun hnefaleika, jafnt áhugamanna sem atvinnumanna og vísbendingar um að skaðinn, sérstaklega tengdur höfuðáverkum sem hlýst af iðkun þessara tveggja tegunda hnefaleika, sé fyllilega sambærilegur eða jafnvel alveg sá sami. Að sögn sérfræðinga sem komu á fund heilbrn. við fyrri umfjöllun um málið eru sterkar vísbendingar um að svo sé.

Er þar um að ræða alvarlega höfuðáverka, skaða á æðum sem geta rifnað, skaða vegna rifinna festinga, skaða sem hlýst af blæðingum, jafnt fyrir innan heila sem utan, heilaskaða af völdum uppsafnaðra áhrifa höfuðhögga, taugaskaða, hreyfiskaða, augnskaða og vitrænan skaða. Þá eru einnig vísbendingar um tengsl hnefaleikaiðkunar og Alzheimer-sjúkdómsins. Rannsóknir á augnskaða hafa einnig gefið tilefni til að ætla að höfuðhlífar í hnefaleikum áhugamanna veiti falskt öryggi og augnskaðar sem hljótist í áhugamannahnefaleikum séu þeir sömu og í atvinnumannahnefaleikum. Vegna skorts á langtímarannsóknum á meiðslum sem hljótast í hnefaleikum leikur á því vafi að um sömu áverka og áhrif sé að ræða og þess vegna spyr minni hlutinn: Hver á að njóta vafans?

Það vegur líka þungt í afstöðu minni hlutans gegn lögleiðingu hnefaleika að hér er um árásaríþrótt að ræða. Markmið íþróttarinnar er að meiða andstæðinginn og því ofar sem höggin falla á líkamann því hærri stig gefur hvert högg, rothögg gefur einnig stig í áhugamannahnefaleikum. Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys. Þar skilur á milli meiðsla sem hljótast af hnefaleikaiðkun og meiðsla sem hljótast af iðkun annarra íþrótta. Við umfjöllun nefndarinnar um málið á síðasta þingi kom fram að þegar leitað er á netinu að upplýsingum um skaðsemi áhugamannahnefaleika finnst nokkur fjöldi greina. Af tíu greinum sem Grétar Guðmundsson læknir, sem kom á fund heilbrigðisnefndar, fann á netinu var í sex þeirra komist að þeirri niðurstöðu að um skaðlega íþrótt væri að ræða en í fjórum var hinu gagnstæða haldið fram. Af þessum fjórum voru tvær eftir sama höfund.

Varðandi þau rök að í áhugamannahnefaleikum gildi reglur sem draga úr skaðsemi íþróttarinnar telur minni hlutinn frumvarpið sem hér er til umræðu ekki leggja neitt til málanna sem tryggt geti að reglur íþróttarinnar séu haldnar við iðkun og æfingar. Það er vitað að tæki til iðkunar hnefaleika eru notuð á Íslandi og nokkur hópur manna stundar greinina þrátt fyrir gildandi bann.

Minni hlutinn telur að verði slakað á í þessu sambandi og áhugamannahnefaleikar lögleiddir megi gera ráð fyrir að brautin fyrir atvinnumannahnefaleika sé rudd og krafist verði lögleiðingar á þeim innan fárra ára. Að mati minni hlutans væri það stórslys.

Minni hlutanum hefur borist samþykkt fastanefndar evrópskra lækna sem gerð var samhljóða 22. september 2001 og er hún birt sem fylgiskjal II með nefndaráliti þessu. Þar kemur fram að ráðið styður ályktanir alþjóðasamtaka lækna um að hnefaleikar af öllu tagi verði bannaðir en þangað til slíkt bann kemst á verði reglum í hnefaleikum breytt þannig að höfuðhögg verði bönnuð og er skorað á Alþjóðaólympíunefndina og alþjóðahnefaleikasamböndin að banna höfuðhögg bæði í hnefaleikum atvinnumanna og áhugamanna.

Í umfjöllun um málið í nefndinni á síðasta þingi kom fram að Norðmenn hafa nú til skoðunar möguleikann á að banna allar íþróttir sem leyfa högg í höfuðið, þ.m.t. áhugamannahnefaleika og þær bardagaíþróttir sem þróast hafa úr austurlenskum sjálfsvarnaríþróttum eins og taekwondo.

Minni hlutinn lýsir sig að öðru leyti fullkomlega sammála áliti meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar Alþingis sem sent var menntamálanefnd á síðasta þingi og er birt sem fylgiskjal I með nefndaráliti þessu. Minni hlutinn vekur athygli á að einungis einn af níu þáverandi nefndarmönnum heilbrigðis- og tryggingaefndar telur að lögleiða eigi áhugamannahnefaleika.

Undir nál. skrifa eins og áður var sagt tveir nefndarmenn, Sigríður Jóhannesdóttir sem hér stendur og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Varðandi það sem fram kom í orðaskiptum við frsm. meiri hluta nefndarinnar um að það eigi algerlega að vera á valdi hvers einstaklings að velja hvaða íþróttir hann stundar, þá er það vissulega sjónarmið, en þá kemur það ekki í veg fyrir að stundaðar verði íþróttir sem hér er verið að leggja til að verði bannaðar eins og atvinnumannahnefaleikar, ef það er einungis á áhugasviði einhverra sem vilja stunda íþróttina. Mér finnst það því ekki vera gild rök í málinu nema við séum þá að leggja til að hnefaleikar séu leyfðir almennt.

Varðandi þá skoðanakönnun sem hér var vitnað í um að 60% þjóðarinnar hefðu sagst vera fylgjandi hnefaleikum, þá vil ég draga þá túlkun mjög í efa. Ég fékk þá skoðanakönnun og það er gríðarlegur fjöldi, hátt í helmingur þeirra sem voru spurðir, sem vill ekki gefa svör. Það voru því 60% þeirra sem svöruðu í umræddri skoðanakönnun sem keypt var inn hjá PriceWaterhouse Coopers en ekki var hægt að fá upplýsingar um hverjir hefðu keypt hana inn. Áður hafa verið gerðar skoðanakannanir sem gefa til kynna önnur hlutföll meðal þjóðarinnar varðandi skoðun á þessu máli.

Til þess að greiða fyrir málinu og hæstv. forseti þurfi ekki að vaka fram á rauða nótt, a.m.k. ekki út af þessu máli, þá ætla ég ekki að hafa orð mín fleiri.

[15:51]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur sem mælir fyrir áliti minni hlutans hvort ekki séu til neinar samanburðarrannsóknir á meiðslum og slysum í íþróttum. Hér er sagt í álitinu: „Vegna skorts á langtímarannsóknum á meiðslum sem hljótast í hnefaleikum leikur á því vafi að um sömu áverka og áhrif sé að ræða og þess vegna spyr minni hlutinn: Hver á að njóta vafans?“

Hnefaleikaíþróttin er mjög gömul íþrótt, sennilega með eldri íþróttagreinum sem hafa verið iðkaðar reglulega og mér kemur á óvart að ekki skuli vera til neinar rannsóknir sem hægt er að styðjast við. Við sjáum í öðrum íþróttum að alls konar slys eru þar á ferðinni. Við sáum í Evrópukeppninni í handbolta að menn voru að fá boltann í brjóstið eða í ennið eða hvar það var. Boltanum er kastað það fast að menn liggja í gólfinu á eftir í lengri eða skemmri tíma. Það er því ekkert nýtt að íþróttir stuðli að einhverjum meiðslum eða að íþróttamenn geti lent í því að liggja í gólfinu eftir að hafa fengið í sig bolta eða fengið á sig högg frá andstæðingum

þótt það sé ekki viljaverk. Ef ekki eru til neinar rannsóknir sem hægt er að styðjast við í þessu tilliti til að segja sem svo: hnefaleikar eru hættulegasta íþróttagreinin sem leyfð er í heiminum, þá finnst mér í rauninni rökin fyrir því að vera á móti þessu eða hafa uppi mikil orð gegn þessari íþrótt, sem er stunduð alls staðar í heiminum nema á Íslandi, falla um sjálf sig ef þau verða ekki meiri og sterkari en þetta.

[15:54]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst slæmt að ágætur þingmaður, Kristján Pálsson, sem mér heyrist vera að leita sannleikans í þessu máli, skuli ekki hafa getað hlýtt á mál mitt því þá hefði hann ekki þurft að spyrja að því sem hann var að spyrja. Þegar menn eru í bestu meiningu að reyna að hafa það sem sannara reynist, þá langar mig að upplýsa að auðvitað eru til tölur um að svo og svo margir hafi meiðst í hnefaleikum, svo og svo margir sem hafi meiðst í handbolta og svo og svo margir sem hafi meiðst í fótbolta, en það er ekki til samanburður sem tekur með í reikninginn hversu margir stunda viðkomandi íþróttagreinar. Þess vegna er sá samanburður sem til er og tiltækur ekki marktækur.

Hins vegar tiltókum við það sérstaklega að það sem skildi meiðsl í hnefaleikum frá öðrum meiðslum í íþróttum, sem vissulega eru til og því höfum við aldrei neitað, er það sem hér kom fram og ég sé mig knúna til að endurtaka fyrir hv. þm. sem ekki virðist hafa haldið einbeitingunni þegar framsagan var flutt. Það stendur nefnilega:

„Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys. Þar skilur á milli meiðsla sem hljótast af hnefaleikaiðkun og meiðsla sem hljótast af iðkun annarra íþrótta."

[15:56]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. dálítið stór upp á sig að finnast það bara hálfgerð móðgun við sig að vera spurð að einföldustu hlutum sem mér finnst að ætti að vera auðvelt að svara. Mönnum er legið á hálsi fyrir það og sagt að þeir haldi ekki einbeitingu sinni. Það stendur í nál. að ekki séu til neinar langtímarannsóknir. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. hafi þá ekki leitað að þeim gögnum eða að þeir hafi ekki lagt þau fram. Það sem ég var að reyna að benda á áðan er einfaldlega að íþróttagreinin sem slík er mjög gömul. Aðrar íþróttagreinar sem hafa fjöldaþátttöku, eins og boltagreinarnar, eru náttúrlega mjög gamlar líka.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á því að koma hingað oftar upp (Gripið fram í.) en vil segja það, herra forseti, að miðað við þær undirtektir sem fást í andsvörum við hv. þm. og þá röksemdafærslu sem kemur frá hv. þm., þá get ég ekki sagt annað — ég hef ekki tekið þátt í umræðum um þetta mál fram að þessu og hef reyndar ekki heldur haft tækifæri til að greiða um það atkvæði — ég lýsi því yfir að ég mun styðja þetta mál.

[15:57]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er hulunni svipt af þeim leyndardómi og við vitum hvar hv. þm. stendur í þessu máli. Ég harma að hann skyldi misskilja mig þegar ég var að hrósa honum sérstaklega fyrir að hann væri að leita sannleikans í málinu en hefði ekki haft alveg erindi sem erfiði.

Ég held að það hafi komið mjög skýrt fram hér, bæði í framsögu minni og eins í svari mínu áðan að ekki eru til langtímarannsóknir í þessu máli, því miður. Ekki þannig að þær taki líka til fjöldans sem iðkar íþróttina.

Hins vegar eru til margar greinar. Eins og hér var tekið fram fann Grétar Guðmundsson læknir tíu greinar á netinu sem fjölluðu um skaðsemi hnefaleika og í sex af þessum greinum var því haldið fram að um skaðlega íþrótt væri að ræða. Í fjórum af þeim og var hins vegar hinu gagnstæða haldið fram og af þessum fjórum eru tvær eftir sama höfund. Ég mundi segja að þeir sem skrifa undir nál. séu að reyna að feta veg sannleikans í þessu máli með því að halda þessu öllu til skila. En ég vona að áður en hv. þm. tekur endanlega afstöðu í málinu og greiði atkvæði lesi hann bæði minnihlutaálit menntmn. og álit meiri hluta heilbrn.

[15:59]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Enn á ný ræðum við um áhugamannahnefaleika, ólympíska hnefaleika. Ég hef þegar í ítarlegu máli á fyrri stigum gert grein fyrir skoðunum mínum á því máli og vísa til þess. Það eru ræður fluttar 12. maí árið 2000, 12. febrúar árið 2001 og 18. október árið 2001. Ég hef ekki hugsað mér að endurtaka þær ræður hér en mig langar að undirstrika nokkur atriði.

Frv. það sem við ræðum um, um að lögleiða ólympíska hnefaleika, og brtt. meiri hluta menntmn. gera ráð fyrir því að heimiluð verði þjálfun, sýning og keppni í áhugamannahnefaleikum. Forsendur flestra flutningsmanna frv. eru þær að fólk eigi sjálft að geta valið í hvaða íþróttum það tekur þátt, annað sé forsjárhyggja. Það er ekki hægt að segja að það sé forsjárhyggja að banna áhugamannabox en það sé ekki forsjárhyggja að banna atvinnumannabox. Slík röksemdafærsla stenst ekki.

Það er göfugt markmið í sjálfu sér að fólk geti valið sér sínar eigin íþróttagreinar en það stenst ekki rökfræðilega ef áfram á að vera bannað að þjálfa og keppa í atvinnumannahnefaleikum eða svokölluðu „alvöruboxi". Flutningsmenn hafa fullyrt að ekki standi til að breyta lögunum hvað varðar atvinnumannahnefaleika. Þó er það vitað um allan heim að stór hluti þeirra sem stunda box hefur feril sinn sem áhugamenn en vendir svo sínu kvæði í kross og fer yfir í atvinnumennsku í boxi.

Því hefur ekki verið á móti mælt að það að þjálfa box í íþróttasal sé holl hreyfing, loftsækin eða eróbísk líkamsþjálfun, og hættulaus. Við slíkar æfingar er kýlt í púða en ekki í annað fólk og því ástæðulaust annað en að slíkt sé heimilt. Núverandi lög hafa verið túlkuð þannig að búnaðurinn sé óheimill og að mínu mati er sjálfsagt að breyta því.

Fólk hefur þó verið blekkt með yfirlýsingum um að áhugamannahnefaleikar séu ekki hættuleg íþrótt, ekki hættulegri en handbolti, fótbolti, karate eða júdó. Munurinn er þó sá að áverkarnir í hnefaleikum eru hluti af leiknum og ekki refsiverðir. Áverkahætta í hnefaleikum er staðreynd í keppnum og í svokölluðu „sparring" en það er þjálfun þar sem maður keppir við mann inni í íþróttasal. Þess vegna hef ég mælt með því að keppni verði ekki leyfð hérlendis.

Áverkar á höfuð geta valdið heilaskaða eins og dæmin sanna, og þeir eru gjarnan óafturkræfir. Í ljósi þess hafa alþjóðasamtök lækna og fjölmörg læknafélög víða um heim, þar á meðal Læknafélag Íslands, tekið afstöðu gegn hnefaleikum og haustið 2001 ályktaði CP eða fastanefnd evrópskra

lækna á þann veg að hvetja til þess að hætt yrði að keppa í áhugamannahnefaleikum á Ólympíuleikum. Þar til því takmarki verður náð vilja evrópskir læknar að bannað verði að slá í höfuð í slíkum keppnum.

Ástæðan fyrir því að svo margir hafa sett sig upp á móti hnefaleikum er sú að hætta á höfuðhöggum er mikil enda er leyfilegt að kýla í höfuð, bæði í áhugamanna- og atvinnumannahnefaleikum. Afleiðingarnar eru fólgnar í skemmdum á miðtaugakerfi og augnáverkum, og þekkt er fyrirbæri sem nefnt hefur verið „dementia pugilistica" en það eru minnistruflanir og merki um varanlegan heilaskaða hjá boxurum. Einnig er talið að Alzheimer-sjúkdómur og Parkinson-sjúkdómur séu algengari hjá þeim sem orðið hafa fyrir slíkum áverkum. Hinn frægi Múhameð Alí er talinn vera gott dæmi um það.

En hvað kemur málið læknum við? Jú, í reglunum segir að það sé ekki heimilt að keppa í áhugamannahnefaleikum — ekki einu sinni í áhugamannahnefaleikum — nema að viðstöddum lækni, og að mínu mati og margra lækna veitir það falskt öryggi. Það kemur líka til kasta lækna ef keppandi verður fyrir áverka. Margoft hefur verið bent á að mikill munur sé á þeim áverkum sem veittir eru vísvitandi, eins og í hnefaleikum, og þeim sem flokkast undir slys og eru ekki innbyggðir í keppnisreglur íþrótta. Sé bannað að slá í höfuð á sama hátt og bannað er að slá fyrir neðan beltisstað, ég tala nú ekki um séu viðurlög við því að slá í höfuð, mundi áverkahættan minnka verulega. Þó er reyndar talið að högg á brjóstkassa geti valdið hjartatruflunum, jafnvel hjartastoppi, og hef ég fengið nýlega grein þess efnis.

Hv. þm. Kristján Pálsson gerði að umræðuefni áðan í andsvari við hv. fyrri ræðumann, Sigríði Jóhannesdóttur, að slys væru algeng í öllum íþróttum og hann vitnaði m.a. til handboltaleikja sem við höfum verið að fylgjast með um helgina. Sama gerði frsm. meiri hluta menntmn., talaði líka um þá áverka sem þar hefðu af hlotist. En menn gleyma alltaf að skoða samhengi hlutanna þegar þetta er rætt. Sem dæmi má nefna að 1.207 tilvik eru skráð vegna hnefaleika í bandarískri slysaskráningarskýrslu frá 1998, National Electronic Injury Surveillance System. Jafnframt er sagt að 3.254 klappstýrur hafi slasast. Telja menn þá að það sé margfalt hættulegra að vera klappstýra á íþróttaleik heldur en að vera í hnefaleikum?

Auðvitað geta menn ekki nýtt tölur svona, það verður að taka svo margt annað inn í dæmið. Og það hefur m.a. breska læknafélagið gert, félag sem telur hnefaleika eina hættulegustu íþrótt sem menn geta stundað — reyndar er ekki rétt hjá mér að orða það þannig því að breska læknafélagið leggur sig í líma við að kalla box ekki íþrótt heldur iðkun eða eitthvað slíkt. Svo langt gengur það góða félag í þessu máli. Í grein sem birtist í Health Telegraph í Bretlandi í maí 2001 segir boxarinn frægi, George Foreman — sem virðist vera einn af þeim boxurum sem slapp óskaddaður frá boxferli sínum — að flestir boxarar fari milli þrítugs og fertugs að sýna einkenni um að hafa skaddast. Toppmaður í boxinu segir þetta, að milli þrítugs og fertugs fari flestir boxarar að sýna einkenni um að hafa skaddast. Þeir hafi verið slegnir og barðir svo mjög að þeir verði skyndilega gamlir fyrir aldur fram. Reyndar segir George Foreman um syni sína fimm að hann hafi skýrt þá alla George til vonar og vara ef hann skyldi missa minnið en til allrar hamingju lenti hann ekki í því. Og ein dætranna fimm heitir Georgie og önnur hefur George að nafni númer tvö.

Herra forseti. Ég held því fram að við séum lánsöm hér á landi, að hafa ekki þurft að horfa upp á alvarlega áverka af völdum hnefaleika, og ég vil hvetja til þess að svo megi verða áfram. Þó er harkan farin að færast í vöxt í þjóðfélagi okkar og sjáum við mörg merki þess. Ég tel eðlilegt að heimila búnað til að þjálfa í íþróttasal vegna þess að engin dæmi eru um að menn hafi hlotið höfuðáverka eða heilaskemmdir af því. Þess vegna hef ég samið brtt. þar að lútandi sem dreift hefur verið í salnum.

Rétt er að minna á að í mörgum löndum eru menn að endurskoða afstöðu til reglna um hnefaleika. Áðan var minnst á Noreg. Í Belgíu er á sama hátt verið að fara ofan í málin. Í Ástralíu hefur heilbrigðisráðherrann lýst því yfir að banna ætti hnefaleika. Reyndar er sá heilbrigðisráðherra læknir svo hann veit líklega hvað hann er að tala um. Við dauðsföll sem koma upp, eins og gerst hefur í Bretlandi við alvarlega áverka, fer þessi umræða af stað. Ég tel mjög líklegt að Alþjóðaólympíunefndin muni áður en langt um líður bregðast við áskorunum og ábendingum lækna hvað þetta varðar þannig að box verði ekki lengur ólympíuíþrótt. Kannski er þetta óskhyggja hjá mér en ég trúi því að þessir aðilar fari ofan í málin með læknum og álykti út frá því.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu langar mig að segja að mér finnst mjög óviðeigandi að Íþróttasamband Íslands skuli hafa veitt fjárstuðning til boxíþróttarinnar á Íslandi í trássi við lög. Mér finnst alvarlegt að blása á lög sem í gildi eru í landinu og segja þar með við ungt fólk og unglinga á Íslandi að það sé allt í lagi að landslög séu ekki virt. Mér finnst þetta ekki boðlegt, herra forseti.

Á þessu ári hefur Alþingi veitt um 85 millj. kr. til íþróttahreyfingarinnar. Hún er áreiðanlega ekki ofsæl af því og ég sé ekki eftir þeim fjármunum en mér finnst að við eigum að ætlast til þess að íþróttahreyfingin fari að lögum og styðji ekki ólöglega starfsemi í landinu, burt séð frá því hver framtíðin verður. Við eigum eftir að sjá hvort þetta frv. verður samþykkt. Fari svo getur íþróttahreyfingin tekið til meðferðar mál af þessu tagi. En það er algjörlega ólíðandi, herra forseti, að íþróttahreyfingin á Íslandi skuli ganga fram fyrir skjöldu til að styðja ólöglega starfsemi í landinu og brjóta lög.

[16:12]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að benda á og fara kannski aðeins yfir það sem kom ekki fram í ræðu hv. þm. Katrínar Fjeldsted. Áhugamannahnefaleikar eru ólympísk grein og hafa verið það alla tíð og við erum eina landið í heiminum sem bannar ólympíska grein.

Af því að hv. þm. Katrín Fjeldsted eyddi miklum tíma í að fara yfir það hvað þetta væri hættuleg íþróttagrein vil ég benda á að rannsóknir hafa farið fram á því víða, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, og niðurstaðan hefur verið sú að þessi íþróttagrein, þ.e. ólympískir hnefaleikar eða áhugamannahnefaleikar, eru síst hættumeiri en aðrar íþróttagreinar. Má þá nefna t.d. karate eða kumite og taekwondo og svo getur maður haldið áfram með margar aðrar íþróttagreinar.

Maður skyldi t.d. hugsa með meiðsl í handbolta eins og við sáum úr Evrópukeppninni og fótbolta — ef forsjárhyggjan er það mikil að ekki megi stunda neinar íþróttir þar sem meiðsl verða samkvæmt þessu sem hv. þm. var að fara hér yfir — hvað ætli þetta kosti þjóðfélag okkar á ári? Margir læknar hafa starfa af því að reyna að lækna hér slasaða íþróttamenn, bara í handbolta og fótbolta.

Svo má benda á það líka að menn nota höfuðhlífar og sérstaka hanska til að draga úr höggum og meiðslum. Það eru þrjár lotur og við erum að tala hér um áhugamannahnefaleika. Við megum ekki rugla saman áhugamannahnefaleikum og atvinnuboxi. Það er mjög ósanngjarnt að gera það í þessu tilfelli. Við erum að tala hér um íþróttagrein sem er ekki hættumikil og ekki með meiri meiðslatíðni en aðrar íþróttagreinar. Það er alveg ótrúleg forsjárhyggja að banna slíkt.

[16:14]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt, ég held að Ísland sé eina landið sem bannar ólympíska hnefaleika eða áhugamannahnefaleika. Ég var að reyna að lýsa því áðan að við værum frekar lánsöm að vera í þeirri stöðu.

Þingmaðurinn minntist á að margar íþróttagreinar væru hættulegri og ég var að reyna að draga fram tölur frá 1998 til að sýna hvernig hægt er að villa um fyrir mönnum með tölum en þar kemur fram að það eru fleiri klappstýrur sem slasast eða koma á slysadeildir og eru skráðar á slysaskrá heldur en þeir sem slasast í hnefaleikum. Heldur þá hv. þm. að það sé hættulegra að vera klappstýra en að boxa? Ég held að hver maður hljóti að sjá að þetta eru ósambærilegar tölur. (Gripið fram í.)

Ekki stunda íþróttir sem geta valdið meiðslum, segir þingmaðurinn, en munurinn er sá eins og ég kom að í örstuttu máli mínu áðan að annars vegar er um að ræða slys, hins vegar er um að ræða vísvitandi áverka. Og á þessu tvennu er mikill munur.

Þingmaðurinn minntist einnig á höfuðhlífar og hanska. Það er staðreynd eftir þeim greinum sem ég hef séð að dregið hefur úr augnáverkum í áhugamannaboxi eftir að glófunum var breytt. Og það er af hinu góða. Það hefur hins vegar ekki dregið úr heilaskaða. Og það eru heilaskaðarnir sem standa upp úr og eru aðalvandamálið.

[16:16]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst bara um það hvort við eigum að banna íþróttagrein sem er síst hættulegri en aðrar íþróttagreinar sem iðkaðar eru í þessu landi. Þetta snýst líka um það hvort við eigum að banna ólympíugrein sem er stunduð í öllum löndum heimsins nema Íslandi? Erum við Íslendingar svona sérstakir?

Ég minntist á karate eða kumite, þ.e. árásar- eða bardagaþáttinn í karate. Svo vildi til að ég horfði á eina slíka keppni um helgina. Í boxi eru keppendur með höfuðhlífar eins og ég sagði áðan og hanska sem eru þannig gerðir að högg frá þeim er ekki mjög hættulegt. Í þessu karate eru menn með þunna hanska, engar höfuðhlífar og þar eru leyfð spörk fimm sinnum aflmeiri en ef slegið er með hendi. Í öðrum bardaganum sem ég horfði á var annar keppandinn sleginn niður. En samkvæmt reglunum á ekki að snerta manninn í þessu tilfelli. Það verða því alltaf áverkar eins og við töluðum um í handbolta og fótbolta og búið er að fara hér yfir. Í hestamennsku eiga t.d. ekki að verða áverkar. Þar verða meiðsli. Á þá að banna hestamennsku samkvæmt því?

Ég held að búið sé að fara yfir þetta bæði með og á móti. Ef menn hlusta á rökin með þessu er ég sannfærður um að þingheimur mun samþykkja þetta frv. sem liggur hér fyrir á þessu þingi.

[16:18]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég rakti í máli mínu áðan þá er ekki svo að það eigi að „banna" ólympíugrein sem sé síst hættulegri en aðrar greinar. Það er bara alls ekki rétt. Sennilega er rugby hættulegra en box. Ég geri ráð fyrir því og mér hefur sýnst það á því sem ég hef lesið mér til. En boxið er langt fyrir ofan allar hinar greinarnar og ekki síst vegna þess að áverkarnir geta verið alvarlegir.

Ég hef í ræðum um þetta mál lýst því hvaða áhrif það hefur á heilann þegar högg kemur á höfuðið úr ákveðinni átt. Ég reyndi að lýsa því nokkuð ítarlega og fór meira að segja yfir í líffræðilegar útskýringar á því. Það hagar öðruvísi til um höfuðið en um aðra líkamshluta og heilinn getur ekki gert við sig sjálfur á sama hátt og margir aðrir líkamshlutar.

Þess vegna er ekki hægt að bera íþróttir, þar sem meiðsl og slys verða, saman við íþróttir þar sem vísvitandi áverkar verða sem eru hluti af leikreglunum og má beita. Það er ekki hægt að bera þetta tvennt saman því það er gjörsamlega ólíkt.

Ég trúi því að þingheimur sjái þetta og sjái hvað við Íslendingar erum lánsamir að hafa ekki þurft að sitja uppi með heilaskaddaða unglinga og ungmenni af þessum sökum. Ég hvet þess vegna til þess að menn hugsi mjög vandlega um hvernig þeir greiða atkvæði í þessu máli og láti þessi lög standa óbreytt, fyrir utan það sem ég nefndi fyrr með búnaðinn til þjálfunar í íþróttasal því um hann gegnir allt öðru máli.

[16:20]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er á mælendaskrá í þessu máli og ætla ekki að gera efnislegar athugasemdir eða fyrirspurnir við ræðu hv. þm. Katrínar Fjeldsted sem ég virði mjög í málum af þessu tagi. Hún hefur reynt að leggja til einhvers konar málamiðlun með brtt. sinni um að heimilt sé að æfa áhugamannahnefaleika, en að keppni í öllum hnefaleikum verði bönnuð.

Ég vil aðeins spyrja hvernig þetta er hugsað í tilefni þess að nú er mjög í tísku meðal þingmanna að leiðrétta frv. hverjir fyrir öðrum og þingskjöl ýmis, þ.e. hvað hún meini með æfingum annars vegar og keppni hins vegar, vegna þess að í nál. minni hluta menntmn. stendur, með leyfi forseta:

„Við þjálfun í sal eru menn að berja í púða en ekki hver annan. Höfuðáverkar þeir sem mikilvægt er að hindra verða í keppni og þegar þjálfað er í sal með andstæðingi (sparring)."

Þetta þurfum við að vita: Er þá einungis átt við það með þessari brtt. að menn geti barið í púða og þá með hönskum? Nú er það hægt með berum höndum. Það er löglegt að gera það með berum höndum. Ég gerði það t.d. í gær eftir að ég hafði séð Bubba Morthens að verki. Eða hvernig er það hugsað? Er leyfilegt að þjálfa með andstæðingi, vera sem sagt í sparring eins og stendur í þessu minnihlutaáliti?

[16:22]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ekki gott í efni ef árásargirni þingmannsins eykst við að hlusta og horfa á Bubba Morthens. En með tillögu minni á ég við þjálfun í sal og með sekk, en ekki mann á mann, þannig að það sé alveg ljóst.

[16:22]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta kemur ekki fram í brtt. Ég hlýt að óska eftir því við hv. þm. að hún breyti tillögu sinni þannig

að það komi mjög vel í ljós hvort leyfa má þjálfun í sal með andstæðingi eða ekki.

[16:22]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað gæti þetta verið spurning um lögskýringu. En ég skal taka þetta til vinsamlegrar athugunar eins og þingmaðurinn gerði hér fyrr á fundinum.

[16:23]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Enn koma hinir ólympísku hnefaleikar hér til umræðu. Vonandi er að niðurstaða fáist í þetta mál og það verði afgreitt frá þinginu.

Fyrir u.þ.b. hundrað eða tvö hundruð árum voru skylmingar mjög vinsæl íþrótt á meginlandi Evrópu meðal hins evrópska aðals. Reglulega voru sett upp mót, formleg og óformleg mót í skylmingum. Stundum voru áhorfendur fáir en í öðrum tilvikum fylgdist gífurlegur fjöldi áhorfenda með þeirri íþrótt sem þá var vinsæl meðal aðalsins í Evrópu, skylmingum. En þá voru skylmingar dálítið öðruvísi en við þekkjum þær í dag hérlendis og víðast erlendis. Þá voru skylmingar stundaðar upp á líf eða dauða. Gjarnan endaði kappleikurinn, ef svo má að orði kveða, með því að annar lá sár eða jafnvel dauður eftir. Það voru skylmingar þess tíma, vinsælar meðal aðalsmanna í Evrópu.

En tímarnir breytast og mennirnir með. Enn er verið að skylmast, bæði á meginlandi Evrópu og einnig hérlendis. Munurinn er bara sá að menn eru ekki að skylmast í dag upp á líf eða dauða, m.a. vegna þess að gildismat hefur breyst. Menn skylmast engu að síður. Nú skylmast menn undir mjög ströngum reglum sem m.a. Alþjóðaólympíusambandið setur. Menn skylmast undir ströngu eftirliti, nákvæmum reglum sem m.a. ganga út á það að keppendur veiti ekki hverjir öðrum skaða hvað þá bana.

Grundvallaratriði í þeim skylmingum sem við þekkjum í dag er agi, sjálfsagi, einbeiting og anda hinnar ólympísku hugsjónar hafa menn þar að leiðarljósi. Það er rétt, herra forseti, að vekja athygli á því að þessar skylmingar sem ég er að lýsa eru leyfðar á Íslandi í dag, enda fara þær eftir hinum ströngu reglum og þeim anda sem ólympíuhugsjónin byggir á.

Herra forseti. Þetta dreg ég fram vegna þess að hvarflað hefur að mér að ef ekki væri búið að leyfa skylmingar hér og við værum að fjalla um það á virðulegu Alþingi hvort leyfa ætti skylmingar að í röksemdum gegn því að leyfa þessa merku íþrótt drægju menn fram þau rök sem giltu um íþróttina þegar hún var stunduð á öldum áður í Evrópu þegar menn skylmdust upp á líf eða dauða. Ég nefni það vegna þess að mér finnst stundum að þeir sem leggjast hvað harðast gegn því í umræðunni að leyfa hér ólympíska hnefaleika séu að bera saman óskylda hluti og séu ekki að fjalla um ólympíska hnefaleika heldur um þungavigtarhnefaleika, enda eru menn á borð við George Foreman, Cassius Clay eða Múhameð Alí og slíkar hetjur úr þungavigtarboxinu gjarnan dregnar inn í umræðuna þó að þeir eigi í rauninni ekkert skylt við ólympíska hnefaleika. Þess vegna dreg ég fram þessa líkingu með skylmingar fyrr og nú. Mér finnst, herra forseti, eins og verið sé að bera saman nokkuð ólíka hluti, að verið sé bera saman epli og appelsínur.

Reginmunur er á því hvort verið er að keppa í þungavigtarboxi, eins og við sjáum og heyrum þá félaga Bubba Morthens og Ómar Ragnarsson lýsa mjög fjálglega þegar hinir miklu bardagamenn í þungavigt eru að berjast, eða í ólympískum hnefaleikum. Það er tvennt ólíkt. (**Gripið fram í:** Heilaskemmdir ...) Verið er að ræða um ólympíska hnefaleika þar sem farið er að lögum og reglum sem m.a. Alþjóðaólympíusamtökin setja. Það er verið að ræða um keppnisgrein sem byggir á hinum ólympíska anda.

Vissulega verður einhver skaði í óplympískum hnefaleikum. Skaðinn verður margfalt meiri í þungavigtarhnefaleikum. Skaði verður í öllum íþróttagreinum, bara eins og í lífinu sjálfu. Hér hafa verið rakin dæmi. Menn hafa skaðast illilega af því að stunda þá hollu íþrótt og skemmtilegu sem er hestamennska. Ég þekki einstaklinga sem hafa komið illa skaddaðir úr hörðum körfuboltaleik, brotnir í andliti og með áverka á höfði. Við þurftum nú ekki annað en að fylgjast með hetjum okkar frá síðustu viku, íslenska landsliðinu í handknattleik. Ég man ekki betur en að sá ágæti hornamaður Gústaf Bjarnason hafi verið saumaður á höfði eftir hörð átök í hörðum landsleik í beinni útsendingu. En hann spilaði áfram.

Ég man líka eftir því þegar fyrsta landslið í handbolta kom hingað frá Hollandi, fyrsta hollenska landsliðið í handbolta kom til þess að keppa í handbolta við íslenska landsliðið fyrir svona 20–25 árum. Man ég þá eftir því að hollenski markmaðurinn var með grímu fyrir andliti. Hvers vegna? Vegna þess að það er hlutverk markmanns í handbolta að fara í veg fyrir tuðruna til þess að ekki verði mark. Og sá sem ekki er nógu snöggur að koma sér fyrir tuðruna telst lélegur markmaður. En oft og tíðum fá þeim nú bylmingsskot eins og Bjarni Fel. segir svo réttilega. Hvað hafa menn ekki oft séð landsliðsmarkmann eða markmann í félagsliði fórna sér í hraðaupphlaupi og fá boltann beint framan í sig? Það er bylmingshögg og kann að valda miklum skaða. En við leyfum það eigi að síður.

Þannig má taka fleiri íþróttagreinar sem dæmi og nefna dramatísk dæmi um höfuðáverka, áverka á líkama, ég segi nú ekki sál, í hinum einstöku íþróttagreinum. Því fylgir ákveðin áhætta að keppa í íþróttum. Íþróttir ganga stundum út á keppni, þó ekki í öllum tilvikum. En við erum hér að ræða um ólympíska hnefaleika og rétt er að draga það fram, ég árétta það, að blanda ekki saman ólympískum hnefaleikum við þungavigt. Það finnst mér vera grundvallaratriði.

Alþjóðaólympíusambandið byggir á hinni fallegu hugsjón Ólympíuleikanna, ólympíueldsins, og þar eru settar strangar leikreglur og strangar siðareglur og það er strangt eftirlit. Við þekkjum það að Alþjóðaólympíusambandið og fulltrúar þess í einstökum löndum setur upp sitt eftirlitskerfi og hefur vísað leikmönnum úr keppni, sett þá í keppnisbann vegna þess að þeir hafa brotið þær reglur sem Alþjóðaólympíusambandið setur. Grundvallarhugsjón Ólympíusambandsins og táknið sem ólympíueldurinn er tákn fyrir er einmitt sjálfsagi, þ.e. að fylgja leikreglum, ástunda sjálfsaga og aga. Til þess eru settar ákveðnar reglur og ákveðið kerfi til að fylgja slíkum reglum eftir.

Tínd hafa verið til mikil rök gegn því að leyfa ólympíska hnefaleika hér. Einnig hafa verið dregin fram rök sem mæla með þeim. Ég fæ, herra forseti, ekki séð að þau rök dugi til þess að sannfæra mig um að rétt sé að Ísland, eitt landa, skuli banna ólympíugreinina ólympíska hnefaleika. Ég hef ekki séð þau rök og ekki séð að á Íslandi séu þær aðstæður sem kalli á þetta sérkennilega bann, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Þá finnst mér líka rétt að draga fram, og ég hygg að allir — líka þeir sem eru andstæðingar ólympíska hnefaleika —

geti verið sammála um að gildi íþrótta fyrir samfélagið í heild sinni er afskaplega mikilvægt. Það er hvergi nokkurs staðar eða á fáum stöðum sem jafnmikið forvarnastarf á sér stað eins og innan íþróttahreyfingarinnar. Þannig verða sumar íþróttagreinar vinsælli en aðrar og get ég nefnt bara sem dæmi þann eldlega áhuga sem hefur kviknað núna í kjölfar Evrópumótsins í handknattleik meðal ungs fólks sem flykkist nú inn á æfingar hjá handboltafélögum til að líkja eftir hetjum sínum. Við þekkjum það að körfuknattleikur og knattspyrna eru afskaplega vinsælar íþróttagreinar og höfða til mjög margra, stuðla að heilbrigðara líferni, stuðla að sjálfsaga og þar af leiðandi aga í samfélaginu öllu.

En hins vegar er mjög mikilvægt að hafa það líka í huga að þessar vinsælustu íþróttagreinar höfða ekki til allra. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að fjölbreytileikinn í íþróttum sé mikill. Komið hefur fram m.a. í bréfi sem ég hygg að flestir hv. þm. hafi fengið sent frá móður sonar sem tók að æfa ólympíska hnefaleika. Ég þekki sjálfur ýmsa unga menn og konur sem hafa stundað slíkar æfingar. Ég vil aðeins leyfa mér að vitna í það sem hin ágæta móðir segir í bréfi sínu og lýsir á mjög einlægan hátt hvaða áhrif æfingar í ólympískum hnefaleikum og sá félagsskapur sem þeim fylgir hafði á son hennar. Hann hafði átt í ýmsum, við skulum segja félagslegum vandamálum, hafði ekki fundið sig í lífinu, var óagaður, vandamál voru í skóla og á heimili og þannig má áfram telja. En eftir að þessi ungi maður hóf að æfa með félögum sem hafa haft frumkvæði og kraft til þess að koma upp slíkri aðstöðu þá hefur líf þessa unga manns gjörbreyst vegna þess að hann er kominn í agað umhverfi, honum er gert að æfa eftir ströngum reglum, afskaplega ströngum reglum, bæði siðareglum og leikreglum. Hann hefur komist í nokkuð agað umhverfi sem hann finnur sig vel í og hefur agað sig sem einstakling. Í framhaldinu hefur hann átt mun auðveldara með að aðlaga sig að umhverfinu í kringum sig, samfélaginu öllu, ekki síst heimilinu, og þar fram eftir götunum.

Ég þekki fleiri slík dæmi og mér finnst þau vera mikils virði og er að draga þetta fram, herra forseti, til þess að leggja áherslu á gildi íþrótta og fjölbreytileika íþrótta. Ég vil líka benda á, herra forseti, að skynsamlegra er að hafa leikinn uppi á yfirborðinu, ekki feluleik. Það kann aldrei góðri lukku að stýra þegar verið er að halda uppi óskynsamlegu banni, vitandi það hins vegar að ýmislegt gerist þá í — eigum við að segja skúmaskotum. Ætli sé ekki skynsamlegra í alla staði að hafa málin opin?

Ég læt þetta nægja, herra forseti. Ég mun styðja frv. og vonast til þess að það verði samþykkt hér á þingi með þeim rökum sem ég hef reynt að draga fram og vísa ég þar fyrst og fremst til þeirra hugsjóna sem fylgja Ólympíusambandinu, Alþjóðaólympíusambandinu, þeim hugsjónum, þeim sjálfsaga og þeim siðareglum sem þar fylgja, og ítreka, herra forseti, að ég hef ekki heyrt eða séð þau rök sem réttlæta það að við, eitt ríkja í heiminum, skulum ekki geta tekið þátt í ólympískum hnefaleikum á því stórmóti sem Ólympíuleikarnir eru.

[16:36]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúna til að svara því að sá ágæti þingmaður, sem talaði á undan mér og ég er í andsvari við, taldi sig hafa séð ljósið í þessu máli en fullyrti jafnframt að minni hluti menntmn. sem stendur að því áliti sem hér liggur frammi hefði ekki séð ljósið, þ.e. minni hluti nefndarinnar skildi ekki hvaða munur væri á ólympískum hnefaleikum og þungavigtarhnefaleikum, við héldum að samasemmerki væri þarna á milli.

Mig langar að fullvissa þennan ágæta þingmann um að ekki er um það að ræða. Ég vildi gjarnan að mér hefði verið sýnt fram á einhvers staðar í þessu ferli að meiðsli og skaðar, t.d. höfuðáverkar, væru aðrir í ólympískum hnefaleikum, að sú grind sem fólk á að hafa á höfðinu í keppninni veitti einhverja vörn. En því miður, þeir sérfræðingar sem við töluðum við og sem töluðu við hv. heilbrn. héldu því fram að þessi vörn væri ekki fyrir hendi, það væru sams konar heilaskaðar og heilaáverkar sem kæmu fram í ólympískum hnefaleikum og áhugamannahnefaleikum, því miður. Ef hægt væri að sýna fram á að þessu væri öðruvísi farið, þá mundi ég hugsa mig um, en þessi vörn er því miður ekki fyrir hendi.

[16:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð aðeins að leiðrétta hv. þm. Ég minntist ekki einu orði á hvorki meirihluta- né minnihlutaálit hv. menntmn. Ég fjallaði bara um málið almennt eins og það kæmi mér fyrir sjónir hér í umræðu nú og áður og eins í blöðum.

Ég árétta það sem ég sagði í minni stuttu ræðu að mér finnst það oft gerast hér í umræðunni að menn tali um hnefaleika, ólympíska hnefaleika, eins og aðra hnefaleika. Það gerist gjarnan þegar verið er að ræða um hugsanlega hættu. Þá eru oft tekin dæmi og nefnd nöfn eins og Múhameð Alí, eins og gerst hefur hér í dag, sem er farinn að heilsu, það nafn heyrist gjarnan. George Foreman var nefndur líka en Múhameð Alí er gjarnan nefndur í tengslum við hugsanlega skaða af ólympískum hnefaleikum. Það hefur heyrst hér í ræðustól á Alþingi, og það er það sem ég er að draga fram að menn eiga ekki að bera það saman, þetta eru ólíkar greinar.

Ég held því fram og hvað sem hv. þm. hefur heyrt um slysahættur þá má líka vísa til skýrslna sem hér hafa verið nefndar í umræðunni þar sem borin er saman slysatíðni og reynslan af hinum einstöku íþróttagreinum og þá kemur einfaldlega í ljós að ólympískir hnefaleikar eru þar langt í frá að vera í hæsta sæti, langt í frá. Það eru ýmsar viðurkenndar íþróttagreinar sem fela í sér miklu meiri slysahættu en ólympískir hnefaleikar.

Ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm, þá ættum við að spyrja: Viljum við banna þær greinar líka? Undir það hygg ég að fáir geti tekið.

[16:40]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá sem talaði á undan mér talaði um slysahættu af ólympískum hnefaleikum og að í rannsóknum hefði komið í ljós að slysahætta í ólympískum hnefaleikum væri mun minni en í mörgum öðrum greinum. Það kom fram í ræðu minni fyrr í dag að í þeim rannsóknum var ekki verið að bera saman sambærilegar tölur. Ekki var tekið tillit til fjölda iðkenda þegar þær tölur voru bornar saman. Þess vegna voru þær ekki sambærilegar vegna þess að ef við ætlum að fá einhvern marktækan samanburð verðum við að bera saman sambærilega hluti.

Það er alveg réttlætanlegt, þó að ég hafi ekki gert það hér í dag, að tala um Múhameð Alí og þá höfuðáverka sem hann fékk á keppnisferli sínum vegna þess að það kom fram í vitnaleiðslum fyrir bæði menntmn. og heilbrn. að

höfuðáverkar sem keppnismenn fengju í ólympískum hnefaleikum og þungavigtarhnefaleikum væru sambærilegir. Þessi vörn, þessi svokallaða hlíf, veitti ekki vörn gagnvart þeim höfuðáverkum sem hættulegastir eru.

Þess vegna verð ég að segja að ég harma það. Ef hægt væri að sýna fram á að þessi hlíf veitti þá vörn að slíkir höfuðáverkar yrðu ekki, þá mundi ég standa öðruvísi að málum við þá atkvæðagreiðslu sem hér er í vændum. En því miður, það hefur ekki verið hægt að sýna fram á gagnsemi þessarar hlífar.

[16:42]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa undrun yfir því ef menn halda því fram blákalt að sama slysahætta sé af hnefaleikum í þungavigt og í ólympískum hnefaleikum.

Hér eru nefndar skýrslur á skýrslur ofan og það er svolítið umhugsunarefni að þeir sem eru andsnúnir ólympískum hnefaleikum vísa í skýrslur sem eiga að sanna svo ekki verði um villst að slysahættan sé gífurleg o.s.frv. Síðan eru til aðrar opinberar skýrslur, sem m.a. Alþjóðaólympíusambandið hefur birt, þar sem það er dregið fram að slysahættan af ólympískum hnefaleikum sé langt frá því að vera sú sem hér hefur verið dregin upp og aðrar íþróttagreinar séu í raun mun hættulegri, ef við erum að tala um þetta sem hættur. Ég held að þetta snúist kannski svolítið um einstaklingsbundin viðhorf sem menn hafa til þessa.

Mér finnst bara rétt að árétta það að Alþjóðaólympíusambandið styður ólympíska hnefaleika og það skal enginn segja mér að í anda Alþjóðaólympíusambandsins styðji þau virtu samtök íþróttagrein sem felur í sér jafnmikla hættu og er verið að reyna að blása upp hér.

[16:44]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður taldi að ruglað væri saman ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum og ég held að það sé ekki rétt hjá þingmanninum. Það er auðvitað gerður skýr greinarmunur á þessum tveimur greinum — nema hvað eitt atriði varðar og það er áverki á heila. Þar er ástandið nefnilega þannig að heilinn er eins í þeim sem eru að keppa í atvinnuhnefaleikum og í áhugamannahnefaleikum. Heilinn hefur ekkert mjög margar leiðir til að bregðast við áverka af því tagi sem höfuðhögg er. Allar þær greinar sem ég hef lesið um þetta mál segja að höfuðhlífar verji ytra borð höfuðsins, verji eyrun t.d., ytri eyru, og höfuðleður og slíkt, en ekki heilann. Það skýrist af því að heilinn hreyfist á öðrum hraða heldur en höfuðkúpan. Hann er fljótandi í vökva og festur með fíngerðum vefjum sem geta mjög auðveldlega skaddast við högg. Það er mjög sérkennilegt að þetta skuli vera svona í þessari íþrótt, boxi, en ekki í sama mæli t.d. í fótbolta, þegar menn skalla bolta þá virðist ekki verða sams konar skaði á heilanum. Hvort það hefur með stefnu áverkans að gera, veit ég ekki. En a.m.k. er þetta einkennandi fyrir box. Telur þingmaðurinn að menn eigi bara að leiða slík atriði hjá sér?

[16:45]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég út í læknisfræðilegar deilur við virtan lækni. En eitt ætla ég þó að hætta mér út í: Ég hygg að ekki séu allir heilar eins til allrar hamingju. Fólk hugsar ekki eins. Hins vegar má kannski segja að starfsemi heilans sé nokkuð eins.

Það er held ég ekki rétt hjá þingmanninum, og ég treysti mér til að fullyrða það, að sambærileg högg eru ekki veitt í ólympískum hnefaleikum og þungavigtarhnefaleikum hjá mönnum eins og Mike Tyson eða Múhameð Alí þegar hann var upp á sitt besta o.s.frv., einfaldlega vegna þess að þetta er ekki sama íþróttagreinin. Aðrar reglur gilda. Þar að auki má benda á að lotur eru mun styttri, leikurinn stendur skemur yfir og leikurinn er stöðvaður af minnsta tilefni, mun oftar í ólympískum hnefaleikum. Síðan bætast við þær hlífar sem hv. þm. nefndi hér.

Ég vil taka mér það bessaleyfi og bjóða hv. þingmanni í heimsókn með mér á einhverja æfingastöð þar sem stundaðar eru æfingar í ólympískum hnefaleikum, eða alla vega aðstaða er til staðar, svo við getum nú farið í smávettvangsrannsókn og borið það síðan saman við einhvern heitan leik úr þungavigt undir ágætri lýsingu Bubba Morthens og Ómars Ragnarssonar og athugað hvort við munum ekki vera sammála um að hér sé um tvær ólíkar íþróttagreinar að ræða.

[16:47]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að þetta eru ólíkar íþróttagreinar. En höggin sem lenda á höfði hafa sambærileg áhrif. Þess vegna geta Alzheimer- og Parkinson-sjúkdómur og minnisleysi líka verið afleiðing af höfuðhöggum á boxara sem eru í áhugamannaboxi. Það bara snýst um þetta. Af hverju í ósköpunum heldur þingmaðurinn að læknasamtök víða um heim vari við þessu? Af hverju heldur þingmaðurinn að evrópskir læknar séu að skora á boxsambönd áhugamanna að breyta þessum reglum og hætta að slá í höfuð? Af hverju heldur þingmaðurinn að evrópskir læknar séu að skora á Alþjóðaólympíunefndina að taka boxið út úr Ólympíuleikunum? Það er vegna þess að þeir sjá afleiðingarnar. Það er málið. Þetta snýst um það.

Varðandi tölfræðina og tölurnar sem við vorum með hérna áðan ætla ég að segja í þriðja sinn í þessari umræðu í dag að samkvæmt þeim er hættulegra að vera klappstýra í fótboltaleik eða á íþróttaleik í Bandaríkjunum en að vera í boxi. Heldur þingmaðurinn að það séu sambærilegar tölur og réttar tölur? Ég held hann hljóti að sjá að svo sé ekki.

[16:49]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Sá er hér stendur hefur um nokkurn tíma lýst sig andvígan því frv. sem hér er til umræðu. Eitt og annað var tínt til og m.a. það sem hér kom fram hjá síðasta ræðumanni, þ.e. of mikil samtenging í mínum huga hvað áhrærir ólympíska hnefaleika og atvinnuhnefaleika.

Ég verð að segja að ég hef lagt mig í líma við að skoða þetta mál frá mörgum sjónarhornum. Nú síðast um áramót voru miklir fréttaannálar í sjónvarpi. Það var verið að gera upp innlendar fréttir og erlendar fréttir síðasta árs. Síðan kom í sjónvarpi athyglisverður fréttaannáll um íslenskar íþróttir. Það varð m.a. tilefni til þess að ég hef skipt um skoðun í þessu máli. Þegar ég sá í þessum annál hvernig menn stunduðu íþrótt sem heitir taekwondo var mér hugsað: Yfir hvað nær löggjafinn varðandi íþróttir? Til hvaða íþrótta nær löggjafinn?

Við höfum treyst ÍSÍ fyrir íslenskri æsku fram að þessu. Þeir leggja nú ofurkapp á að hér verði lát á og þessi íþróttagrein tekin upp að nýju. Í áliti heilbrigðisráðs Íþróttasambands Íslands sem undirritað er af Birgi Guðjónssyni

lækni kemur fram að þetta heilbrigðisráð styður að bann við ólympískum hnefaleikum verði afnumið.

Ég held að það komi úr herbúðum Íþróttasambands Íslands að þær raddir hafi heyrst utan ólympíuhreyfingarinnar að banna eigi þessa keppni á Ólympíuleikunum en að forustumenn alþjóðaólympíuhreyfingarinnar segi að það standi ekki til. Er það furða þó að ekki mjög íþróttamannslega vaxinn maður eða sá sem ekki hefur tekið mikinn þátt í íþróttum verði kannski um tíma tvíátta í þessu máli?

Eins og ég sagði í upphafi, að betur athuguðu máli og eftir að hafa skoðað það gaumgæfilega ofan í kjölinn, í ljósi þess sem ég hef yfirfarið og með tilliti til breyttra tillagna frá meiri hluta hæstv. menntmn., hef ég tekið þá afstöðu í máli þessu að ég mun greiða frv. til laga um að lögleiða ólympískra hnefaleika atkvæði mitt. Ég hef tekið þeim rökum sem mæla með ólympískum hnefaleikum og ég held ég hafi ekki fleiri orð um það. Ég hef talað hér, eins og ég hef sagt áður, gegn þessu máli. En eftir yfirlegu og íhugun og með tilliti til þess að leiðandi ljós íslenskrar æsku í íþróttum styður þetta mál eindregið, tel ég eðlilegt og rétt að gera það hið sama.

[16:53]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna orða síðasta hv. ræðumanns, Guðmundar Hallvarðssonar. Hann segir að við höfum treyst ÍSÍ fyrir íslenskri æsku fram að þessu. Hann sagði einnig að íþróttahreyfingin væri leiðandi ljós íslenskrar æsku í íþróttum. Finnst þingmanninum eðlilegt — og nú vitna ég í það sem ég ræddi um áðan. Ég veit ekki hvort hann var í salnum þá — finnst þingmanninum eðlilegt að ÍSÍ noti hluta af þeim fjármunum sem þeir höfðu á yfirstandandi ári, sem voru 85 milljónir, telur þingmaðurinn eðlilegt að ÍSÍ fari ekki að landslögum og styðji með fjárframlögum grein sem er enn í dag óheimil samkvæmt lögum? Er það leiðarljós íslenskrar æsku að hlíta ekki íslenskum lögum?

[16:54]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það ekki hlutverk Alþingis og alþingismanna að vera í fararbroddi þeirra laga sem þeir hafa sett? Ég veit ekki betur en fleiri en tveir og fleiri en fjórir alþingismenn hafi mætt í æfingabúðir þar sem box er stundað. Hv. þm. Hjálmar Árnason var hér að tala rétt áðan úr ræðustól og bjóða þingmanninum að mæta í svona búðir. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Katrín Fjeldsted hefði þegið boðið. Hún þekktist boðið. (**Gripið fram í:** Af hverju svaraðir þú ekki spurningunni?)

[16:55]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Þingmaðurinn svaraði ekki spurningu minni, en hún laut að stöðu ÍSÍ og því sem þingmaðurinn sagði, að við treystum ÍSÍ fyrir íslenskri æsku og hefðum gert það fram að þessu og að ÍSÍ væri leiðandi ljós íslenskrar æsku í íþróttum. Ég spurði þingmanninn hvort hægt væri að sætta sig við að íþróttahreyfingin með alla þessa ábyrgð léti hluta af þeim fjármunum sem íslenska ríkið veitir til hennar í að styðja ólöglega íþróttastarfsemi. Það var spurningin og ég óska eftir svörum frá þingmanninum.

[16:55]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir að hv. þm. líti svo á að það sé meira ígildi laga hér á landi hvað ÍSÍ segir en alþingismenn.

Ég er hér með fréttabréf frá ÍSÍ og, með leyfi forseta, vil ég aðeins vitna til þess sem þar stendur:

„Á fundi verkefnissjóðs ÍSÍ þann 17. janúar sl. var tekin sú ákvörðun um að styrkja Félag áhugafólks um lögleiðingu ólympískra hnefaleika á Íslandi um 150.000 kr.“

Þeir eru að styrkja Félag áhugafólks um lögleiðingu ólympískra hnefaleika á Íslandi um 150.000 kr. Er það brot gegn lögum sem ÍSÍ er að gera? Ég sé það ekki í þessari fréttatilkynningu frá ÍSÍ. Þar af leiðandi segi ég aftur: Það virkar miklu þyngra í þennan hóp alþingismanna hér að alþingismenn þekkist jafnvel boð um að mæta í sali þar sem box er stundað. Það er rétt sem hv. þm. Hjálmar Árnason kom hér inn á að þetta er þegar komið á fleygiferð, þó það ráði ekki þeirri afstöðu minni að leyfa eigi ólympíska hnefaleika. Það ræður ekki afstöðu minni þó menn séu byrjaðir að æfa box á þann hátt sem hér er gert. En ég hugsa samt að ég muni ekki þekkjast boð um að mæta á svona íþróttastaði fyrr en að lögum samþykktum.

[16:57]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef lengi haft grun um að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sé maður glöggskyggn, rökfastur og framsýnn. Eftir stutta en afskaplega beinskeytta ræðu hans sannfærðist ég um að sá grunur minn er á rökum reistur. Hv. þm. lýsti því hvernig hann hefði unnið málið afskaplega málefnalega, kynnt sér hliðar þess, kynnt sér skýrslur frá læknum, því í heilbrigðisnefnd Íþróttasambandsins sitja einmitt læknar, skoðað hvað er að gerast bæði hérlendis og erlendis og dregið síðan ályktun af því og lýst yfir stuðningi. Ég vil því fagna þessari afstöðu.

En svo rétt út af lokaorðum hv. þm. vil ég hvetja hann til þess að koma með mér og hv. þm. Katrínu Fjeldsted til þess að skoða búnað sem hugsanlega í framtíðinni má nota löglega, en þar er búnaður. Það eru engin brot á landslögum að einstaklingar hittist til þess að dást að slíkum búnaði og reyni hann aðeins. (**Gripið fram í:** Og lagt hefur verið til að verði lögleiddur.)

[16:59]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka síðasta hv. ræðumanni Hjálmari Árnasyni fyrir ágæt orð í minn garð. Ég segi nú ekki að ég hafi legið undir feldi ómælda mánuði eins og ónefndur ráðherra við allt annað tilefni.

En varðandi það að mæta og skoða þennan búnað þá held ég að ég láti nú þau orð standa sem ég hef sagt hér. Ég þekkist ekki boðið en þakka samt gott boð. Svo eru bara áhöld um og vonandi að það fari sem við viljum hvað áhrærir afgreiðslu þessa máls.

[16:59]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Lögin sem hér um ræðir voru sett árið 1956. Það er grundvöllur máls þegar um þetta er rætt að virða fyrir sér þá tíma sem mynda bakgrunn laganna um bann við hnefaleikum. Ég hygg að sagnfræðingar og félagsfræðingar muni túlka þau lög í því samhengi að Íslendingar höfðu þá ekki fyrir löngu tekið stórkostleg stökk inn í nútíma sem einkenndist af allt öðrum aðstæðum, félagslegum, atvinnulegum og menningarlegum en menn höfðu átt að venjast fram að því. Búháttarbreytingar, þær mestu sem í sögunni hafa orðið, höfðu gerst á áratugunum sem þarna fóru á undan. Menningarlegar breytingar sem þá voru að verða og áhrif sem þá höfðu stóraukist á svo sem 10–15 árum sem

liðin voru, voru af mörgum talin ógna framtíð íslenskrar menningar og þess mannlífs sem menn höfðu þá tamið sér að líta á sem nauðsynlega forsendu þess að vera Íslendingur. Árið 1956 hljóma úr vestri og auðvitað úr þeirri herstöð, eða herstöðvum, sem hér hafði verið reist tónar sem taldir voru æra íslenska æsku og vera hættulegir menningu okkar. Alls kyns fyrirbrigði önnur voru á ferðinni og ekki síst, eins og ég nefndi, voru aðeins liðin fimm ár frá því að hingað var tilkvaddur erlendur her, sem menn þekktu á þessum tímum, á þeim 16 árum sem liðin voru frá hersetunni í upphafi, að gjörbreytti öllum aðstæðum Íslendinga og ungs fólks.

Það var engin furða, og ekki síst miðað við hvernig hnefaleikar voru þá skipulagðir, að mönnum hér á þinginu skyldi koma til hugar að banna þessa íþrótt. Síðan hefur ósköp einfaldlega margt gerst. Sem betur fer hafa þeir sem bölsýnastir voru á þessum tíma haft rangt fyrir sér um íslenska menningu og íslenska reisn. Hnefaleikaíþróttin hefur líka breyst verulega, aðskilnaður milli áhugahnefaleika og hnefaleika atvinnumanna hefur orðið mjög skýr, þannig að þegar við tökum þetta hér til umfjöllunar að 46 árum liðnum höfum við aðra stöðu.

Við skulum ekki falla í þá gryfju að hallmæla þeim sem fyrir þessu stóðu á sínum tíma. Þeir gerðu það af ástæðum sem þeim fannst vera réttar og sannar. Við skulum hins vegar ekki halda uppi reglum sem ekki byggjast á samhengi við þann samtíma sem við nú lifum og ég er hingað kominn til að styðja það mál að rjúfa þessa íþróttalegu einangrun Íslendinga árið 2002.

Eitt af því sem auðvitað hefur breyst og framsögumenn vitna til er að við búum nú við öfluga, vel skipulagða og fullburða íþróttahreyfingu með eftirlitsnefndum og eftirlitstækjum af öllu tagi í góðri samvinnu við lækna og sjúkraþjálfara sem ég hygg að séu viðstaddir nánast hverja einustu keppni sem fram fer í íþróttum á vegum Íþrótta- og Ólympíusambandsins. Þessi íþróttahreyfing, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, starfar mjög náið í alþjóðlegum tengslum eins og á hefur verið minnst, m.a. með ólympíuhreyfingunni sjálfri, og þess vegna er ekki hætt við því eins og e.t.v. var árið 1956 þegar þeir Steini box og Jón Múli voru upp á sitt besta að þjálfa, með andstæðingum eða án, að öryggi þeirra sé hætt vegna búnaðar eða misskilnings um tækni og reglur í þessari íþróttagrein.

Má ég segja það líka meðan ég dvel við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands að mér þykir nokkuð skorta á drengskap hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted þegar hún heggur að sambandinu vegna þess að það hefur veitt áhugamönnum um að þessi íþrótt verði tekin upp styrki. Það hefur alltaf verið ljóst að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur verið andstætt þessum lögum sem hér koma fram. Það væri *furðuleg hegðun hjá löggjafanum að útiloka frá styrkveitingum* eða stuðningi þau samtök aðila eða félög sem hafa athugasemdir við einstök lög í landinu. Þá værum við komin yfir í aðra gerð af samfélagsskipan en við búum við.

Það er ekki margt nýtt sem hægt er að færa fram í þessu, og ég geri mér engar sérstakar væntingar um að færa það hér fram, en ég kemst ekki hjá því í þessari ræðu að minnast á þetta hugtak sem andstæðingar málsins nota, hugtakið árásaríþrótt. Ég óska eftir að þeir geri mér betri grein fyrir notkuninni hafi þeir einhvern fræðilegan stuðning, fræðilega uppsprettu eða forsendur, fyrir að kalla þessa íþrótt árásaríþrótt. Auðvitað er það rétt að hún lýtur ákveðnum reglum sem menn geta svo túlkað út og suður en ég kannast bara hreinlega ekki við þessa flokkun á íþróttum og vara mjög við henni.

Eins og menn væntanlega vita spretta íþróttir upp af einhvers konar mannlegu atferli eða hegðun. Langstökk er væntanlega sprottið af því að menn hafa þurft að stökkva yfir gjár og sprungur og fen og kviksyndi og þannig mætti kannski rekja hverja íþrótt fyrir sig. Sumar íþróttir eru auðvitað sprottnar af átökum manna í milli. Það er ósköp einfaldlega hegðun úr dýraríkinu sem við komumst seint hjá eins og hv. þm. þekkja, jafnvel hér í þingsal. Það þýðir auðvitað ekki að sú íþrótt sem sprottin er upp úr þessu lúti sömu lögmálum eða hafi sömu forsendur og það athæfi sem hún kann að hafa verið dregin af eða þróast af.

Ef menn færu að flokka íþróttir á annað borð eftir þessu, hvort þær eru árásaríþróttir, *sóknaríþróttir* eða *varnaríþróttir*, kynni að verða þröng fyrir dyrum þeirra búandkarla því margar þessar íþróttir eru auðvitað allt þetta í senn. Það er t.d. þannig með knattspyrnu, hún er auðvitað sóknaríþrótt að því leyti að menn þurfa að skora mörk, en hún er jafnframt varnaríþrótt því að menn reyna að koma í veg fyrir að mörk séu skoruð hjá sínu eigin liði. Stigin fást hins vegar ekki fyrir þær varnir sem veittar eru heldur fyrir þau mörk sem skoruð eru og svipað er þetta auðvitað í hnefaleikum, að stigin fást fyrir þau högg sem menn ná á andstæðinginn, en ekki fyrir þau högg sem menn verjast sjálfir. Ég skil því ekki þetta hugtak og vara við því að það sé mikið haft í frammi í þessari umræðu.

Að lokum þetta, virðulegi forseti, ég ætlaði ekki að tala hér lengi, en það gengur auðvitað ósköp einfaldlega ekki í því nútímasamfélagi sem við lifum í og í því alþjóðasamfélagi sem við verðum alltaf meiri og meiri hluti af að við bönnum hér íþrótt sem er háð á Ólympíuleikunum. Við getum tekið það til athugunar ef sú íþrótt eða aðrar eru bannaðar alþjóðlega og vikið af Ólympíuleikunum hvað við eigum að gera í því máli en það er auðvitað bara eins og hver önnur heilbrigð skynsemi að taka þátt með öðrum þjóðum í þeim íþróttum sem hafa þá hefð og þá stöðu að vera stundaðar á *þeim merku leikum*.

[17:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Þann 13. maí árið 2000 felldi Alþingi Íslendinga í atkvæðagreiðslu að aflétta banni því sem komið var í lög árið 1956, um keppni eða sýningu á hnefaleik.

Hv. flutningsmenn þeirrar tillögu sem hér er til umfjöllunar eru trúlega með þrjóskari alþingismönnum, a.m.k. meðal þeirra sem sitja nú á þingi, því þeir hafa haft fyrir því að flytja tillögu sína þrisvar sinnum á þessu kjörtímabili og taka ekki nei-i Alþingis sem fékkst í atkvæðagreiðslu þann 13. maí árið 2000 sem svari. Það er kannski kaldhæðni örlaganna að núna kemur fram brtt. frá meiri hluta menntmn. við frv. sem leiðir það í ljós að hv. flutningsmenn tillögunnar hafa ekki einu sinni vitað hvað íþróttin heitir sem þeir eru að leggja til að hér verði leidd í lög þar sem meiri hluti menntmn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að íþróttin heiti alls ekki *ólympískir hnefaleikar heldur áhugamannahnefaleikar*, og í þessum þremur setningum sem frv. telur hefur meiri hluti menntmn. þurft að gera brtt. við allar greinarnar, við allar setningarnar þrjár. Manni þykir það hálfpínlegt, herra forseti, að hv. flutningsmenn skuli í þrígang geta flutt hér frv. á Alþingi sem er svo meingallað sem meiri hluti menntmn. er nú búinn að leiða í ljós.

Frá því að Alþingi felldi í atkvæðagreiðslu þann 13. maí árið 2000 að ólympískir hnefaleikar yrðu heimilaðir á Íslandi hefur borið á því að lögin frá 27. desember 1956 séu brotin. Bæði hefur það gerst að hnefaleikafélög hafa verið stofnuð, þau hafa hafið þjálfun eða kennslu í hnefaleikum, þjálfunarbúnaður hefur verið auglýstur til sölu, æfingasalir hafa auglýst þjálfun í boxi og nú síðast hefur forusta Íþróttasambands Íslands séð ástæðu til að viðurkenna fyrir sitt leyti íþrótt sem lög frá Alþingi banna að sé stunduð.

Þetta eru út af fyrir sig alvarlegar staðreyndir, herra forseti, og gefa fullt tilefni til að ætla að eftirliti með lögum þessum hafi verið ábótavant. Það eitt og sér er áhyggjuefni sem stjórnvöld ættu að sjálfsögðu að gefa frekari gaum. Ég átel því í máli mínu að þau stjórnvöld sem fara hér með lög og reglu skuli ekki hafa brugðist við þegar þessi lög sem hafa hér verið í fullu gildi frá 1956 hafa verið þverbrotin aftur og aftur svo að öll þjóðin hefur mátt þola. Önnur lög í þessu landi fengju ekki slíka meðferð, yrðu ekki brotin þvers og kruss, aftur og aftur, ár eftir ár, átölulaust af stjórnvöldum.

Herra forseti. Af því að rætt hefur verið um það í þessum sal nú í dag að ÍSÍ, sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kallaði leiðarljós íslenskrar æsku í íþróttamálum, hafi einungis verið að veita áhugafólki um lögleiðingu ólympískra hnefaleika einhverja styrki tel ég nauðsynlegt að hér komi fram, herra forseti, það sem kom fram fyrir augu og eyru alþjóðar í sjónvarpsfréttum í gærkveldi. Ég ætla að vitna beint í fréttina en fréttaþulur sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Íslenskir áhugahnefaleikarar hafa fengið 150 þúsund króna styrk frá Íþróttasambandi Íslands til að vinna að upplýsinga- og fræðslustarfi. Stjórn félags áhugafólks um ólympíska hnefaleika lítur þannig á að með styrknum sé Íþróttasamband Íslands að viðurkenna hnefaleika formlega sem lögmæta og fullgilda keppnis- og íþróttagrein."

Herra forseti. Eftir að fréttaþulur sagði síðan eitthvað á þá leið að Íþróttasamband Íslands hefði ætíð staðið við bakið á áhugahnefaleikamönnum frá því að þeir hófu baráttu sína segir forseti ÍSÍ, Ellert B. Schram, með leyfi forseta:

„.... enda er hér um að ræða löglega og viðurkennda íþróttagrein. Og við skiljum ekki hvers vegna eigi að banna fólki að stunda þá íþrótt sem það hefur áhuga á."

Herra forseti. Ég lýsi furðu minni á þessum ummælum forseta Íþróttasambands Íslands. Þau ummæli hafa komið hér fram áður í máli hv. þm. Katrínar Fjeldsted varðandi þá gjörð og þá ákvörðun ÍSÍ að veita þennan fjárstuðning. Ég lýsi furðu minni á því að menn skuli ekki æsa sig meira yfir því, í sannleika sagt, því mér finnst Íþróttasamband Íslands hafa farið hér illa að ráði sínu, og þessi gjörð og þessi styrkur því sambandi ekki til sóma.

Herra forseti. Margt hefur verið sagt í þessu máli í þau þrjú skipti sem það hefur verið flutt hér á þinginu. Það er óþarfi fyrir mig að endurtaka mikið af því sem ég áður hef sagt í ræðum eða fara enn ofan í það minnihlutaálit menntmn. sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir hefur gert hér mjög góða grein fyrir.

Ég get þó ekki látið hjá líða, herra forseti, að vitna orðrétt í samþykkt fastanefndar evrópskra lækna frá 22. sept. árið 2001, sem birt er sem fskj. með minnihlutaáliti menntmn. Þar koma fram staðreyndir sem flytjendur þessa máls neita að horfast í augu við, neita að hlusta á og neita að taka þeim rökum sem samþykkt fastanefndarinnar hefur að geyma og rökum læknafélaga sem víða um heim hafa barist gegn þessum áhugamannahnefaleikum. Þessir flutningsmenn tillögunnar neita að hlýða á þessi rök. Því til staðfestu má náttúrlega nefna kostulega ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar hér áðan þar sem hann mætti í ræðustól, nánast með bananana í eyrunum, og hafði greinilega ekki heyrt orð þeirra þingmanna sem þó hafa talað hér mjög skýrt og skorinort gegn þessari lögleiðingu. Hv. flutningsmenn þvertaka fyrir að hér séu rök í málinu og það er þeim ekki til sóma.

En samþykkt fastanefndar evrópskra lækna frá 22. sept. 2001 segir varðandi hnefaleika og höfuðáverka eftirfarandi, með leyfi herra forseta:

„Bæði bráðir og langvarandi höfuðáverkar eru algengir fylgikvillar í ýmsum íþróttum, einkum hnefaleikum, bæði hjá áhugamönnum og atvinnumönnum. Hnefaleikar skilja sig þó frá öðrum íþróttum að því leyti að þar er leyfilegt að beina höggum að höfðinu. Af þeirri ástæðu er ekki hægt að bera höfuðáverka í hnefaleikum saman við tilfallandi höfuðáverka sem koma til án ásetnings, t.d. í knattspyrnu, ruðningi, hjólreiðum eða hestamennsku. Hnefaleikar atvinnumanna hafa verið bannaðir í mörgum löndum en hnefaleikar fyrir áhugamenn njóta vaxandi vinsælda í mörgum löndum og hafa verið keppnisgrein á Ólympíuleikum um langt skeið. Í ólympískum hnefaleikum er skylt að læknir sé viðstaddur þegar barist er. Fastanefndinni ber, sem læknisfræðilegum samtökum, að taka alvarlega rökstuddan vitnisburð um heilaskemmdir sem orsakast hafa af íþrótt þessari og hún ætti að skoða leiðir til að bægja frá, eftir því sem mögulegt er, hættunni á áverkum á taugakerfið.

Sýnt hefur verið fram á að notkun „höfuðhlífa" ver yfirborð höfuðsins og eyrun, en verndar ekki heilann. Það er á stefnuskrá margra landssamtaka lækna að banna hnefaleik. Breska læknafélagið hefur lagt til að höfuðhögg verði bönnuð. Ein rannsókn sýndi að í áhugamannahnefaleikum fengu keppendur að miðgildi átta höfuðhögg. Af þeim sem athugaðir voru fengu 65% tíu eða færri höfuðslög en 35% fengu yfir tíu. Heilahristingur, með eða án meðvitundarleysis, kom oft fyrir. Í 13% tilvika endaði keppnin með rothöggi eða dæmt var tæknilegt rothögg. Fjöldi annarra rannsókna hefur leitt til svipaðra niðurstaðna um skammtímaáhrif. Þó þarf fleiri rannsóknir á tíðni fylgikvilla þegar til lengri tíma er litið.

Um þó nokkurn tíma hefur verið viðurkennt að högg fyrir neðan beltisstað skuli ekki leyfð, vegna hættunnar á áverkum á kynfæri. Við teljum að sömu virðingu beri að sýna heilanum. Því leggjum við til að fastanefndin samþykki eftirfarandi stefnu:

Fastanefnd evrópskra lækna tekur að fullu undir þá stefnu Alþjóðlegu læknasamtakanna að banna ætti hnefaleika en meðan því hefur ekki fengist framgengt leggur hún til að reglum í hnefaleikum verði breytt þannig að höfuðhögg verði bönnuð.

Því hvetur fastanefndin Alþjóðaólympíunefndina og landssamtök og alþjóðasamtök um hnefaleika til að banna höfuðhögg, bæði í atvinnumanna- og áhugamannahnefaleikum."

Tilvitnun í þetta álit fastanefndar evrópskra lækna frá 22. sept. 2001 er hér lokið.

Herra forseti. Í framhaldi af þessum lestri spyr ég: Telja hv. þm. að Íslendingar séu hér á undan eða eftir nágrannaþjóðum sínum? Kannski erum við svo lánsöm, eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted orðaði það, að vera hér á undan

nágrannaþjóðum okkar sem núna eru að íhuga bann við höfuðhöggum í öllum íþróttum. Ég hef lýst því áður úr þessum ræðustóli, herra forseti, að ég er fylgjandi því að bann við höfuðhöggi gildi í íþróttum sem maður eiginlega fyrirverður sig fyrir að kalla íþróttir, eins og taekwondo og kumite. Ef það er bannað á Íslandi á grunni mögulegs heilaskaða í hnefaleikum að iðka hnefaleika ætti að sjálfsögðu að gilda svipað bann um aðrar íþróttir sem valda álíka skaða.

Íslendingar eiga ekki að þurfa að bera neinn kinnroða fyrir því að fara hér í broddi fylkingar nágrannaþjóðanna. Við eigum að segja með stolti að við séum svo lánsöm að þetta bann skuli hafa verið hér í gildi síðan 1956 og við eigum að bera höfuðið það hátt að geta staðið við það að halda þessu banni við enda erum við hvött til þess af læknum úti um allan heim.

Herra forseti. Það eru ekki margar ræður sem maður heyrir fluttar af jafnmikilli sannfæringu úr þessum stóli og ræður læknisins, hv. þm. Katrínar Fjeldsted, sem mælir hér af mikilli visku og þekkingu gegn því máli sem hér er til umfjöllunar. Þeir þingmenn eru með ansi þykkan skráp sem neita að láta orðræðu læknisins hafa áhrif á sig.

Herra forseti. Fari svo að hv. Alþingi lyppist niður í þessu máli, ætli þess verði þá langt að bíða að ungir Íslendingar sjáist barðir í spað í keppni í hnefaleikum á erlendri grund? Og ætli, herra forseti, íslenskir alþingismenn verði þá stoltir yfir því að hafa lyppast niður?

[17:23]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 185. mál, frhnál. allshn., þskj. 728.

Loðnuveiðar, 402. mál, svar sjútvrh., þskj. 700.

Samningsbundnir gerðardómar, 203. mál, nál. allshn., þskj. 729.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef tjáð mig áður ítarlega um þetta mál við fyrri umræður á fyrri þingum, mörgum þingum. Þetta er gamall kunningi og kannski er þess tæplega að vænta að mörg ný sjónarmið skjóti upp kollinum hvort sem það er rætt eilítið lengur eða skemur. Ég held að ég fari því þá leið að vísa til fyrri fundahalda og ræðuhalda af minni hálfu um þetta mál. Í aðalatriðum eru viðhorf mín söm og fyrr í þessu efni. Ég hef verið í þeim hópi sem hefur talið rétt að viðhalda banni á hnefaleikum. Ég viðurkenni fúslega að það eru rök bæði með og á móti í þessu máli eins og oft er og það er ekkert merkilegt við það að menn komist að mismunandi niðurstöðu. Það sem mestu máli skiptir, finnst mér, er að menn ræði hlutina efnislega og heiðarlega og virði síðan vel rökstudd og ígrunduð sjónarmið og þær niðurstöður sem menn komast að.

Ég verð að segja eins og er að ekki mundi ég treysta mér til að gera athugasemdir við eða gagnrýna það að þingmaður kæmist að jafn vel ígrundaðri og rökstuddri niðurstöðu og hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur gert, og fært fram hér í umræðum, bæði nú og fyrr, ákaflega sterk og málefnaleg rök, og vitnað til margvíslegra gagna. Menn þurfa svo ekkert endilega að verða sammála hv. þm. Þeir geta komist að þeirri niðurstöðu að eftir sem áður vilji þeir lögleyfa keppni í hnefaleikum af því að önnur sjónarmið, aðrir hlutir, vegi þar þyngra og séu rétthærri. Ég er sem sagt ekki þeirrar skoðunar og er sannfærður um, eftir að hafa kynnt mér þetta eins og ég best get, að við eigum að hafa kjark til að setja okkur reglur í þessum efnum eins og á fjölmörgum öðrum sviðum. Verði það niðurstaðan — ef við lítum svo á að það að banna í fyrsta lagi auðvitað atvinnumannahnefaleika, sem allir virðast vera sammála um, og þá í öðru lagi t.d. að banna keppni og æfingar „maður á móti manni“ í áhugamannahnefaleikum þó að við leyfðum kannski æfingar að öðru leyti — eru það ósköp einfaldlega ákveðnar reglur sem við setjum um tiltekna hluti hér í okkar landi eins og við gerum á fjölmörgum öðrum sviðum. Ég held að enginn maður geti gert lítið úr því eða ýtt til hliðar rökum sem eru færð fram og miða að því að draga úr hættu á alvarlegum slysum og heilsuskaða. Þannig reglur erum við að setja úti um allt.

Menn eru fljótir að gleyma. Í þessu sambandi væri fróðlegt að rifja upp umræður sem urðu þegar öryggisbelti voru lögleidd í bifreiðar. Þá voru uppi þau sjónarmið að þetta væri óþolandi skerðing á persónufrelsi manna. Þau heyrast ekki lengur. Það er algjörlega óumdeilt að þetta var skynsamleg ráðstöfun sem hefur forðað mörgum alvarlegum slysum. Ef ekki hefði komið til það átak sem þarna var gert hefðu margir beðið skaða af veru sinni í umferðinni sem ekki gera það í dag. Þetta liggur ljóst fyrir. Menn sem sagt lögleiða öryggi, það er skylda að spenna beltin í umferðinni.

Nú finnst mönnum þetta kannski ekki alveg sambærilegt. Ég er ekki að leggja þessa hluti að jöfnu við þá sem hér eiga í hlut. Ég er að benda á að í raun og veru erum við alltaf, hér á Alþingi, að velta fyrir okkur sambærilegum hlutum þegar við erum að móta stefnu og taka af skarið um hvað sé leyfilegt og hvað ekki, hvaða reglur gildi. Hversu gamlir eiga menn að vera þegar þeir fá bílpróf? Á að lögleiða hjálma við notkun reiðhjóla eða annað í þeim dúr? Til hvers er verið að þessu öllu saman? Er það vegna þess að menn hafa gaman af að setja reglur eða af því að menn vilja flækja líf fólks, vilja hafa vit fyrir því?

Nei. Hið siðaða samfélag mannanna hefur komist að þeirri niðurstöðu að okkur sé fyrir bestu að hafa ákveðna regluskipan í samfélagi okkar og það sé réttlætanlegt með vísan til almannahagsmuna að innleiða ákveðnar takmarkanir á ýtrasta frelsi einstaklinga til þess að gera það sem þeim sýnist. Þetta erum við alltaf að gera. Þess vegna kaupi ég ekki röksemdirnar um að þetta sé einhvers konar sjálfsákvörðunarréttur. Það liggur við að menn séu að líkja þessu við stjórnarskrárvarið frelsi einstaklinga til mannréttinda eða eitthvað því um líkt. Ég get ekki fallist á það.

Ég tel að þetta sé í raun algjörlega sambærilegt við ýmsar aðrar takmarkanir og reglur sem við setjum og landamæri sem við drögum upp þegar við ákveðum hvað sé leyfilegt og hvað ekki í samfélagi okkar. Ævinlega þarf að rökstyðja vel takmarkanir af þessu tagi gagnvart frelsi einstaklinga. Það er alveg ljóst og það á aldrei að afgreiða þá umræðu neitt billega. En það á heldur ekki á hinn bóginn að láta eins og það sé hin almenna regla í okkar samfélagi að menn geti gert það sem þeim sýnist. Hvernig yrði samfélagið þá? Ætli mundi þá ekki þurfa að endurskoða ærið margt ef við almennt féllum fyrir þessum röksemdum, að hlutir af þessu tagi ættu bara að afgreiðast ósköp einfaldlega með þeim hætti að svona löguðu ættu menn öllu saman að ráða sjálfir?

Herra forseti. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að rétt sé að viðhalda þessu banni, það sé réttlætanlegt að hafa þá takmörkun, einfaldlega vegna þess að með því sé ljóst að við munum koma í veg fyrir alvarlegan skaða sem annars verður samfara iðkun þessarar íþróttar þó áhugamannahnefaleikar séu og að sá skaði er mjög sérstaks eðlis. Höfuðáverkarnir hafa tilhneigingu til að vera miklu oftar en í öðrum tilvikum

varanlegur skaði sem aldrei fæst bættur og eru mjög sérstaks eðlis.

Það er stundum notað sem rök í þessu máli að Ísland sé eina landið sem ekki leyfi þessa svokölluðu áhugamanna- eða ólympísku hnefaleika. Það er út af fyrir sig ekkert að því að menn bendi á slíkt og hljóti að krefja um rök fyrir því en það í sjálfu sér afgreiðir málið ekki. Við gætum haft alveg rétt fyrir okkur og allir hinir í raun betur fylgt okkar fordæmi. Það hefur stundum gerst að Ísland hafi haft rétt fyrir sér. Ísland hefur riðið á vaðið í málum, brotið ísinn og þróað réttinn í heiminum. Það hefur kannski ekki verið í sambærilegum tilvikum sem ég man eftir en við getum tekið sem dæmi hafréttarmál og annað. Þar hefur Ísland þorað að hafa sérstöðu.

Það hefur oft verið litið til Íslands sem glæsilegs fordæmis og menn eru mjög stoltir af því núna að Ísland sé að brjóta í blað, t.d. í sambandi við fæðingarorlof. Þýðir það endilega að við höfum rangt fyrir okkur með að hafa rétt mæðra og feðra jafnan til fæðingarorlofs þó að engin önnur þjóð í heiminum hafi það svo vitað sé? Nei. Það getur vel verið að eftir 5–10 ár verði aðrir komnir á fulla ferð við að þróa þetta í svipaða átt. Gæti ekki vel verið að þróunin ætti eftir að verða sú að menn annaðhvort takmörkuðu eða bönnuðu einnig áhugamannahnefaleika, alla vega keppni, eða bönnuðu högg fyrir ofan axlir? Allt er þetta í umræðunni og það merkilega er að einmitt á þeim árum sem við höfum rætt um þetta mál á þingi, sem eru orðin nokkur — þó að frv. hafi verið fellt hafa menn ekki látið staðar numið — hefur orðið talsverð þróun í umræðunni um þessi mál eins og hér hefur rækilega verið vitnað til af ræðumönnum. Þar hafa samtök lækna og fleiri heilbrigðisstétta verið í fararbroddi og er svo komið að þessi mál eru komin fyrir alvöru á dagskrá í allmörgum löndum, hvort ekki beri að taka til alvarlegrar skoðunar að gera breytingar og fara út í frekari takmarkanir á ákveðnum íþróttum sem hafa í för með sér hættu á alvarlegum skaða, þ.e. liggi það að einhverju leyti í eðli íþróttarinnar.

Hér er ekki bara um íþróttamál að ræða. Hér er líka um heilbrigðis- og öryggismál að ræða sem getur varðað almannaheill. Það er ekki einkamál manna að skaða heilsu sína. Það er í reynd nokkuð sem kemur samfélaginu við og af þeim sökum reyna menn að setja reglur, skynsamlegar reglur, hófsamlegar leikreglur til að draga úr líkum á slysum og tjóni sem við viljum reyna að komast hjá.

Ég er þeirrar skoðunar að brtt. sem hv. þm. Katrín Fjeldsted leggur til sé skynsamleg. Það væri rétt að gera þessar breytingar. Ef það mætti verða til þess að menn sættist betur á það fyrirkomulag sem við héldum eftir sem áður í aðalatriðum, þ.e. að keppni væri ekki leyfð, þá væri það til góðs og til nokkurs unnið. Þau rök stuðningsmanna hnefaleika sem ég tek helst mark á, ef ég segi eins og er og ég hef reynt að hafa eyrun opin fyrir þeim líka, hlusta á öll sjónarmið í þessu máli, eru gildi þjálfunarinnar sem menn geta sótt sér í hnefaleika, þ.e. afþreyingu, byggt upp líkama sinn og haft af bæði andlegt og líkamlegt gagn og not af því. Það finnst mér sjálfsagt að hlusta á. Og ef hægt að er að komast til móts við þessi sjónarmið með því að draga mörkin þannig að æfingarnar séu lögleyfðar og að tekið sé af skarið í þeim efnum að menn séu ekki að brjóta nein lög þó að þeir æfi sig, en keppni sé áfram bönnuð og viðureignin sem slík maður á móti manni, finnst mér sjálfsagt mál að reyna að lenda málinu þannig, þó ekki væri nema um sinn og sjá svo til hver þróunin verður.

Það yrði dálítið skrýtið ef sú yrði niðurstaðan að þetta yrði bara löglegt si svona núna, eins og frv. gerir ráð fyrir, en stæðum svo kannski frammi fyrir því eftir 5–10 ár, sem vel gæti orðið niðurstaðan, að þá væri búið að innleiða takmarkanir að þessu leyti á vettvangi Ólympíusambandsins eða á evrópskum vettvangi sem við þyrftum að taka mið af. Ég er hallur undir að styðja þessa brtt. og mundi að henni samþykktri styðja þetta frv. en annars mun ég greiða atkvæði gegn því.

Menn hafa rætt hér mikið um aðrar íþróttir og meiðsl í öðrum íþróttum. Það er út af fyrir sig eðlilegt þó að allur slíkur samanburður sé náttúrlega vandasamur. Sá sem hér talar getur talað af nokkurri reynslu í þessum efnum. Ég hef stundað allmargar íþróttir um dagana og fengið ýmsar skrokkskjóður á þeim ferli, satt best að segja. Ég var um árabil keppnismaður í frjálsum íþróttum, í knattspyrnu, í blaki og fleiri greinum. Ég hef t.d., svo maður reki „afrekasöguna" í þessum efnum, um helstu meiðsli á ferlinum, tognað ákaflega illa í keppni í fimmtarþraut einu sinni og var nánast frá í hálft ár. Ég hef farið úr liði á nokkrum fingrum í blaki og gengið um gipsaður og spelkaður. Ég hef, eins og einhverjir muna, slitið hásin við knattspyrnuiðkun og gladdi félaga mína hér á þingi með því að staulast um á hækjum í nokkrar vikur fyrir tveimur árum. Ég hef fengið ýmsa fleiri pústra, verið saumaður saman á mér vinstri lófinn o.s.frv.

Þá gætu menn svo spurt: Hvað er þessi maður að tala á móti hnefaleikum, sem er allur saman meira og minna benslaður og skrúfaður saman eftir íþróttaiðkun, þó það sé kannski fulldjúpt í árinni tekið? Sá er munurinn á að í engum af þessum tilvikum var ætlunin, það var ekki beinlínis fólgið í íþróttinni sem ég var að stunda, að meiðslin hlytust af henni sem slíkri, ekkert frekar en ef menn snúa sig í fjallgöngu eða annað því um líkt. Sá er líka munurinn á að ég er nokkurn veginn jafngóður af öllum þessum meiðslum, einfaldlega vegna þess að þarna var ekki um að ræða skaða af því tagi, ég var kannski heppinn í flestum þeim tilvikum, að þetta hefur jafnað sig og ég hef náð fullri heilsu á nýjan leik. En ég veit vel að ef ég hefði einhvern tíma í þessu öllu saman, t.d. við iðkun hnefaleika, orðið fyrir varanlegum höfuðáverka þá væri ekki því til að dreifa, að það hefði bara jafnað sig, gróið aftur saman og orðið í lagi.

Þar er komið að vendipunkti og skurðpunkti þessa máls. Við verðum að líta til eðlis þeirra hluta sem þarna geta gerst. Tölfræðin ein, tíðnin, er mér ekki fullnægjandi röksemd til þess að afgreiða þetta með slysin og skaðann út frá þeim samanburði vegna þess að eðli meiðslanna skipta miklu máli. Það hlýtur að þurfa að skoðast í hverju tilviki.

Þá er kannski eftir eitt af því sem ég ætlaði að nefna í sambandi við þessa almennu röksemdafærslu með eða móti málinu, sem mér finnst standa upp úr eða vera tilefni til að staldra við, þ.e. að ýmsar aðrar hliðstæðar eða sambærilegar og mjög hættulegar íþróttagreinar séu leyfðar. Þar eru nefndar austrænar bardagaíþróttir sem hingað hafa borist á síðustu árum. Þá finnst mér menn komnir út á þá hættulegu braut í raun og veru að réttlæta eitt böl með því að benda á annað. Ef svo er að hér séu enn fremur í gangi alvarlegar og hættulegar íþróttagreinar sem hafa í för með sér miklar líkur á mjög alvarlegum varanlegum skaða, t.d. höfuðáverkum, í sparkboxi eða hvað það heitir, þá eru það ekki rök fyrir því að leyfa þetta eða hvað? Við fellum ekki umferðarlögin úr gildi vegna þess að einhverjir brjóti þau eða hættum að takmarka hámarkshraða til að reyna að halda niðri hraða og

slysum í umferðinni af því að einhverjir brjóti þá reglu eða af því að eitthvert annað hættulegt atferli er leyft. Við skulum þá líta á þessa hluti.

Hvað hafa Norðmenn ákveðið? Þeir hafa ákveðið að fara í þetta mál í heild sinni. Það er út af fyrir sig rétt að það á að vera eitthvert samræmi í hlutunum þannig að niðurstaðan verður þá væntanlega sú að annaðhvort setjum við samræmdar reglur sem taki með „sambærilegum hætti", eftir því sem hægt er og um sambærilega hluti er að ræða, á þessu öllu. Við sem sagt annaðhvort takmörkum allt með sambærilegum hætti eða leyfum allt með sambærilegum hætti. Það held ég að hljóti að verða niðurstaðan, frekar en sú að nota þessa einföldu röksemdafærslu til að afgreiða málið.

Ég er eiginlega viss um að þróunin verður í þá átt að rannsaka þessa hluti betur. Það stendur upp úr. Það þarf, af því að það er erfitt að leiða fram óyggjandi sannanir, bæði viðamiklar og langstæðar rannsóknir til. Þótt mikið hafi verið skoðað er það samt svo að þar mætti betur gera. Með allri nútímatækni og möguleikum hljóta rannsóknarniðurstöður á þessu að sjá dagsins ljós á komandi árum og svara betur spurningunum, þeim áleitnu spurningum sem uppi eru. Þá vissum við betur hvar við stæðum í þeim efnum.

Í öðru lagi er ég viss um að við munum sjá áframhaldandi þróun og aðgerðir í þá átt að draga úr líkum á alvarlegum slysum og varanlegu heilsutjóni á þessu sviði eins og öðrum. Það er eiginlega alveg öruggt því að við erum alltaf að leita eftir betra og öruggara umhverfi. Þá lendum við í þessu vali, að setja reglur og beita ákveðnum takmarkandi ákvæðum til að reyna að gera umhverfi okkar öruggara og betra og draga úr líkum á skaða og tjóni.

Vandinn við þetta er auðvitað sá, eins og í svo mörgum öðrum tilvikum, að segja má að allir þeir sem mundu annars stunda þessa íþrótt sér til ánægju og skemmtunar, án þess að verða fyrir nokkrum skaða, gjaldi þeirra ráðstafana sem við gerum til þess að hindra slysin. En er það ekki alltaf þannig með óhöppin, sem enginn ætlar sér að verða fyrir? Að sjálfsögðu ætlar enginn af þeim einstaklingum sem vill stunda hnefaleika að lenda í því að verða einn af þeim örfáu sem slasast. Er það? Nei. En við vitum að að mun gerast, það verða einhverjir óheppnir. Þá er spurningin: Getum við horft fram hjá því? Verðum við ekki bara að gera það upp við okkur hvaða reglur við ætlum að hafa í þessum efnum?

Ég tel sem sagt fullnægjandi rök standa til þess að viðhalda þessu banni eða þessum takmörkunum. Ég held að það standi síst tæpar að rökstyðja og réttlæta út frá mikilvægum almannahagsmunum, sem við séum þar með að reyna að gæta eða verja, að beita þessum takmörkunum frekar en mörgum öðrum sem við gerum í samtímanum og væri hægt að fara yfir í löngu máli.

Ég held að ég láti þetta duga að þessu sinni, herra forseti, og kannski kann að fara svo að þetta verði síðasta ræðan sem undirritaður flytur um þetta mál um nokkurt skeið.

[17:44]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon með því að hér verður honum veitt ofurlítið andsvar.

Ég hef verið að lesa þessi plögg. Það er augljóst að um það er deilt hver áhrif þessi höfuðhögg eigi að hafa. Ég tek eftir því að minni hluti heilbrn., hv. þm. Ásta Möller, sem er vel að sér í heilbrigðismálum, telur það sé umdeilt og óvíst og ekki lýgur hv. þm. Ásta Möller. Það get ég sagt ykkur.

Það sem ég vil þó segja um þetta enn frekar er: Menn verða auðvitað að hafa einhverja stjórn á sjálfum sér í umræðu af þessu tagi. Það er ekki vit í því að bera þetta saman við reiðhjólahjálma og bílbelti. Það er ekki vit í því að jafna saman því að Íslendingar banni hnefaleika við það að þeir hafa haft forustu í hafréttarmálum. (Gripið fram í.) Þetta var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að bera saman. Þetta er auðvitað ekki sambærilegt á nokkurn hátt. Það sem kannski er sambærilegt er að við höfum núna undanfarin ár og áratugi verið að afnema ýmis söguleg höft eins og að drekka ekki bjór og hafa ekki hunda í höfuðborginni. Einu sinni var það talið til kosta að hafa ekki sjónvarp á fimmtudögum og ýmis sérkenni sem íslenskt samfélag hafði og voru kannski ágæt á sínum tíma. Meginmálið er þetta og ég er viss um að hv. þm. hefur mismælt sig en hann sagði: Hvers konar samfélag er það ef það væri almenn regla að menn gætu gert það sem þeim sýnist? Ja, hvers konar samfélag væri það? Meginreglan í samfélagi okkar er sú að menn geti gert það sem þeim sýnist en við getum sett ákveðnar reglur um hvernig það fari fram þeim og öðrum til heilla og öryggis.

[17:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Enn og aftur ræðum við frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Þetta fer að verða sögulegt frv. því að þetta er í þriðja skipti á þessu kjörtímabili sem það er flutt. Fyrsta veturinn var það fellt á þinginu, í fyrravetur var það ekki afgreitt og enn er það komið til 2. umr. Menn eru nú orðnir svo öruggir með sig hvað varðar samþykkt þessa frv. að í vetur hefur markaðssetningin á boxi verið næsta ótrúleg. Það hafa verið auglýsingar, beinar og óbeinar, þar sem hvatt er til iðkunar á boxíþróttinni og ljóst að farið er að bjóða upp á slíka þjálfun í íþróttamiðstöðvum.

Í Fréttablaðinu í dag, herra forseti, birtist nokkuð vegleg auglýsing. „Box í ræktinni" — stendur hér. „Í nýjum og glæsilegum sal í Ræktinni er að hefjast boxnámskeið fyrir unglinga (10–14) og fullorðna." Síðan eru leiðbeinendurnir kynntir, að þeir séu stofnendur Hnefaleikafélags Reykjavíkur. Síðan er verið að kynna hvað box er: „Box er toppíþrótt fyrir þá sem vilja styrkja sig og stunda hámarksbrennslu. Útrás — brennsla — skemmtun." Síðan eru auglýst þau tæki sem seld eru í Ræktinni, þ.e. tæki og útbúnaður sem bannað er að selja í dag. Það er bannað að selja öll tæki og útbúnað til að iðka box.

Svona auglýsingar hafa verið að birtast í vetur og þykir greinilega fáum nokkuð athugavert við það því að það er eins og búið sé að samþykkja þetta frv.

En þá fyrst blöskraði mér þegar ÍSÍ veitti Hnefaleikafélagi Íslands fjárstuðning til að kynna starfsemi sína því að ég hef talið að íþróttahreyfingin, hvort sem það er ÍSÍ eða UMFÍ, samnefnarar fyrir íþróttahreyfinguna í landinu, hefðu lagt metnað sinn í að vera til fyrirmyndar, hvetja ungmenni til þess að virða lög og reglur og stunda íþróttir af heiðarleika. Með fjárstuðningi sínum hefur ÍSÍ í raun viðurkennt þessa íþrótt. Þó svo að stjórn ÍSÍ hafi áhuga á að fella bannið úr gildi finnst mér það allt annað mál en að veita þennan fjárstuðning og hvetja til lögbrots. Ég vil að þetta komi fram. Mér finnst mikill munur á því hvort stjórn ÍSÍ metur það svo að óhætt sé eða æskilegt að afnema þetta bann eða hvort hún á þessu stigi er að hvetja til kynningar á íþróttinni.

Það eru tvær hliðar á öllum málum. Þetta er ekki bara mál íþróttahreyfingarinnar og þeirra sem vilja stunda box. Þetta er einnig heilbrigðismál. Eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur gert ítarlega grein fyrir hafa læknafélögin, hér á landi sem og annars staðar, lagst eindregið gegn því að þessi íþrótt væri stunduð. Ég vildi óska að þeir hv. þm. sem tala fyrir samþykkt þessa frv. hlustuðu betur eftir þeim aðvörunarorðum sem þar hafa fallið.

Það er óumdeilanlegt að það er slysahætta af því að fá högg á höfuðið, hvort sem er með því hrista menn til eða fá áverka með höggum, hvort sem það er veitt með hnúum eða bareflum. Þær eru því miður ómarktækar þær tölur sem vísa til slysatíðni af völdum íþróttarinnar eða iðkunarinnar þar sem ekki er hafður til viðmiðunar samanburður á fjölda þeirra sem stundar íþróttina, box hvort sem að heitir áhugamannabox eða atvinnubox, og þess fjölda sem stundar knattspyrnu eða aðrar íþróttir.

Það er hollt og gott, ég hef sagt það áður, að lemja í þennan sérstaka púða sem er notaður til þess að æfa í boxinu, sekkinn. Það er hollt og gott að fá snerpu, úthald, þjálfun, meira að segja útrás fyrir reiði og tilfinningar, með því að lemja í slíkan sekk. En það er bara allt annað en að standa á móti manni og reyna að ná stigum með því að slá hann í höfuðið. Það er líka allt annað að leyfa þessa íþrótt eða iðkun hennar með það að markmiði að ná snerpu og úthaldi en banna að lemja fyrir ofan axlir. Bara það að banna högg á höfuðið væri strax til bóta. Þar með mætti ná snerpunni og úthaldinu en berja ekki í höfuðið. Þannig eru reglurnar ekki, því miður, en mjög margar vísbendingar eru um að það verði bannað og vonandi ekki innan mjög langs tíma. Hreyfingin af því að lemja í sekkinn og ná snerpunni með því að verjast höggum og slá til andstæðingsins eykur þol en þá verður að undanskilja höfuðið.

Það hefur verið vísað til þess að við séu orðin ósköp útúrboruleg með því að leyfa ekki að ástunda áhugamannahnefaleika. En það skyldi þó aldrei vera að litið sé til okkar sem fyrirmyndarlandsins að þessu leyti? Ef við verðum fyrir því óláni að láta þetta yfir okkur ganga núna mun vart líða langur tími þar til við þurfum að beygja okkur undir breyttar reglur. Það bendir allt til þess að það sé ýmislegt að gerast úti í hinum stóra heimi hvað varðar almenningsálit og áhuga ólympíunefnda á keppni í þessu fagi.

Varðandi frv. í heild, herra forseti, hef ég marglýst skoðun minni á því. Hér hafa komið fram brtt. frá hv. þm. Katrínu Fjeldsted. Þær eru allar til bóta en hvað varðar frekari reglur um þjálfun, maður á mann, fyrir utan þá sjálfsögðu brtt. um að banna keppni, hefði ég viljað sjá okkur brjóta ísinn og setja í okkar reglur að högg á höfuð væri bannað.

[17:56]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hver er nautn skáklistarinnar? (**ÍGP:** Engin.) Hún er mikil fyrir þá sem hugsa og hafa gaman af því að pæla út leiki og finna út fléttur. En nautnin er að sigra að lokum. Hið sama má segja um handknattleikinn. Það var virkilega ánægjulegt að sjá þegar okkar menn voru að sigra í handboltaleikjunum á Evrópumótinu um daginn. Hver er útrásin hjá þeim líka? Það var sigurinn og leikurinn. Það er sigurinn. Hver er útrás boxíþróttarinnar og nautn? Er það ekki sigurinn? Hver er nautn þeirra sem horfa á boxið, sem fara þúsundum saman og eyða milljónum til að koma á keppni á milli manna í þessari íþróttagrein? Er það ekki að sjá andstæðinginn liggja flatan, rotaðan?

Eigum við ekki tala umbúðalaust um hlutina, herra forseti? Snýst ekki málið um það í boxinu? Er ekki útrás þessarar íþróttar sú að menn fái útrásina í að sigra andstæðinginn, slá hann niður? Eða er það að koma á einhverjum tæknilegum höggum á andstæðinginn? Ég hef algerlega misskilið markmiðið af það er einhvern veginn öðruvísi.

Þetta er, herra forseti, náttúrlega mjög tilfinningalegt fyrir fólk. Það er af tilfinningalegum ástæðum hjá mörgum að þeir tala með eða móti boxi, hvaða afstöðu sem fólk hefur. Ég segi fyrir mitt leyti að þessi íþrótt höfðar ekki til mín. Ég get ekki stutt þetta mál vegna þess að í grundvallaratriðum erum við að mæla með því að lögleiða íþrótt sem byggist upp á útrásinni við að berja niður mann. Það er bara þannig. Það er sama hvað menn segja um að menn séu í þessu til þess að verða flinkir í að gefa tæknileg högg eða eitthvert vink, menn fái stig og hrópi svo húrra.

Ég hef stundum séð, og ætla ekki að fara að hræsna með það neitt, herra forseti, það var ekkert óvart, svona hnefaleika í sjónvarpinu. Mér finnst það frekar ógeðfellt. Því verða menn æstari og ánægðari eftir því sem andstæðingurinn er verr leikinn.

Margs er að spyrja þá sem mæla með því að við lögleiðum svokallaða ólympíska hnefaleika — hugtak sem ég held að sé hvergi til í veröldinni nema hér, það verður þá leiðrétt ef annað kemur í ljós. Sá sem er að greiða höggið í slíkri keppni er ekki að gera það til að fá stig. Hann er náttúrlega að því til að reyna að rota andstæðinginn. Þannig er það. Ég fæ ekki séð að þessi íþrótt snúist um neitt annað.

Ég ítreka það sem ég hef verið að segja, að útrás eða nautn íþróttarinnar felst í að fella andstæðinginn og helst rota hann. Ef hann er rotaður, þá öskra menn hærra og meira. (**ÍGP:** Sá rotaði?) Ekki sá rotaði, nei, heldur hinir, sá sem rotar og hinir sem horfa á og kannski margir sem öskra af vonbrigðum yfir að hafa tapað einhverjum peningum ef þeir hafa veðjað á hinn rotaða. En gaman þætti mér að vita, herra forseti, hversu margir þeirra sem flytja þetta mál eru í hjarta sínu hlynntir því að við lögleiðum venjulegt box, venjulega hnefaleika. Gætu flutningsmenn þessa frv. staðið hér og sagt: Við eru algerlega andvíg því að innleiða hnefaleika eins og þeir eru stundaðir, t.d. í Bandaríkjunum og víðar? Geta þau komið hér og sagt, herra forseti, sem svo: Við erum andvíg venjulegu boxi en við viljum einungis lögleiða ólympíska hnefaleika, eins og þau kalla það.

Ég á erfitt með að sjá fyrir mér, herra forseti, tvo 10 ára stráka á æfingum í hnefaleikum. Annar stendur yfir hinum, kannski búinn að rota hann. Ég á erfitt með að sjá fyrir mér, herra forseti, að slíkt sé löglegt.

Við gætum ímyndað okkur annað, herra forseti, að allt okkar ágæta handknattleikslið, hver og einn einasti þeirra, væru boxarar og hefðu farið í boxferðalag til Bandaríkjanna. Ég er viss um að handboltamennirnir væru ekki eins hressir og þeir eru í dag ef þeir hefðu farið í slíka ferð. Við vitum að það er hægt að beina unglingum og ungmennum inn á ákveðnar brautir í vali á íþróttum. Foreldrarnir eiga að hafa áhrif á börn sín, hvaða stefnu líf þeirra tekur og geta t.d. beint börnum sínum á þá braut að fara í handknattleik, knattspyrnu, sund og margt annað sem veitir mikla útrás, gleði, ánægju og nautn.

[18:05]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrðist hv. 2. þm. Vestf. varpa fram spurningunni um hver væri nautn skáldlistarinnar. Mér

fannst það vel til fundið vegna þess að sameiginleg nautn skáldlistarinnar og hnefaleikalistarinnar er sú að ná árangri í sinni grein, að fyllast þeim metnaði og láta hvetja sig með þeim hætti að maður læri meira og meira, meira í dag en í gær, svo vitnað sé í frægt kvæði, með leyfi forseta.

Það er auðvitað þannig að að svo miklu leyti sem hnefaleikalistin fer fram í keppni vinnst hún fyrst og fremst á stigum, a.m.k. þegar við erum að ræða um ólympíska hnefaleika, eða pólitíska hnefaleika sem mér heyrist menn líka hafa talað svolítið um í dag. En ég er að missa heyrn eins og hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson ætti að kannast við.

Það er auðvitað þannig að árangur næst í þessum greinum með þeim myndlíkingarhætti að menn hafa fyrir sér þessi (**Gripið fram í:** Berjast.) klassísku átök ... (**Gripið fram í:** Berja meira og meira.) Meira og meira? Já, meira og meira vegna þess að íþróttir þróast og menn ná lengra í sinni grein. Menn hafa hin erkitýpisku átök fyrir sér þegar þeir eru að keppa í íþróttum eins og við ýmislegt annað mannlegt athæfi. En það þýðir ekki að þó menn líki eftir þeirri mynd í huga sér, að þeir vilji rota menn eða drepa. Það er einmitt öfugt. Þeir sem bestar stunda íþróttirnar kunna þá list að vera í mannlegum samskiptum að öðru leyti. Sá sem vel kann hnefaleika kann líka þá kristilegu list að rétta fram hina kinnina þegar um er að ræða samskipti utan hrings. (Gripið fram í.)

[18:07]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðustu orð hv. þm. Marðar Árnasonar verð ég að segja að ég held að einhver maður sem heitir Mike Tyson hafi ekki þessar dyggðir sem um var rætt hér. Er hann ekki frægur fyrir að hafa bitið eyra eða nef eða auga af einhverjum? Ég man ekki hvernig það var. (**Gripið fram í:** Eyra.) Hann beit af eyra í einhverri keppni. Svo frétti ég um daginn að í undirbúningi var fréttamannafundur í tilefni einhvers einvígis sem hann var að taka þátt í. En ekki er víst að af því verði af því að hann beit væntanlegan andstæðing sinn í fótinn.

Hv. þm. gerði að umtalsefni spurningar mínar. Ég spurði hver væri nautn skáklistarinnar, ekki skáldlistarinnar. Nautn skáklistarinnar er náttúrlega að sigra. Það er eins í hnefaleikunum, þ.e. að sigra og sigur hnefaleikanna felst í að rota andstæðinginn. Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að þegar við erum að tala um hina svokölluðu ólympísku hnefaleika — ég held að það hugtak finnist reyndar ekki í orðabókarsafni okkar (**Gripið fram í:** Það verður þá bætt úr því.) og getur hv. þm. kannski leiðrétt mig um það. En ég vildi segja að hægt er fá bæði þessa útrás sem sífellt er verið að tala um og nautn íþróttanna í mörgum íþróttum sem eru leyfðar hér á landi. Það hefur sýnt sig margoft. Það er ekki nauðsynlegt fyrir fólk endilega að stunda box til þess að fá þessa útrás.

[18:10]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er takmark íþróttanna að sigra, innan þeirra reglna sem þeim eru sniðnar, að bera hærri hlut. En það á hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson líka að kannast við að sigrar í mannlífinu með einum eða öðrum hætti hafa víðari skírskotun en einungis til þess að einn sigri annan í einhvers konar keppni eða leik, hvar sem það fer fram.

Sigurinn felst fyrst og fremst í því að hafa brotið af sér hlekkina, að hafa tekist á við takmörk mannlegrar getu eða þá að vinna fyrir almættið, vinna fyrir mannkynið, Ísrael t.d. eins og Davíð gerði í góðri bók gegn Golíat. Þar var hann ekkert að fella Golíat vegna þess að hann vildi sigra sjálfur heldur vegna þess að hann var fullur eldmóðs fyrir hönd þjóðar sinnar, fólks og síns almættis.

[18:11]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er rétt sem hv. þm. sagði um að gott er fyrir menn að sigra. En það er ekkert endilega víst að það þurfi að vera í hnefaleikum. Menn geta sigrað og öðlast stolt við að keppa í öðru en þessari grein.

Ég skil ekki af hverju svo nauðsynlegt er að leggja af stað í þessa grein. Mér finnst þetta allt bera keim af því sem sífellt er að aukast í fréttatímum, þ.e. auglýsingum af væntanlegum boxkeppnum sem eiga sér stað úti í Ameríku og byggjast á heiftarlegu ofbeldi. Þetta er endurspeglan þess. Því verður ekkert neitað.

Hæstv. forseti. Kannski hvarflar það ekki að hv. þm. að hugsa um boxið eins og það tíðkast í þessum sýningarsölum og stóru hringjum í hinum stóra heimi þar sem menn eru hvorki með hlífar né annað til að verja höfuð sitt. Þetta er samt endurspeglun á því. Markmið þess er að rota hinn. Einnig væri gaman að fá að heyra hjá hv. flutningsmönnum hvort þeir séu ekki hlynntir því í hjarta sínu að lögleiða bara boxið eins og það er og birtist í sjónvarpinu þar sem við heyrum síðskrandi menn lýsa því. Ungir drengir eiga að fá útrás á annan hátt.

[18:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Lífið gengur út á það að velja og hafna. Þessi umræða um boxið hefur verið einstaklega sérkennileg allt frá því að þessi tillaga kom fyrst fram. Við höfum eytt ótrúlegum tíma í þetta mál. Það er alveg sama hvað þetta hefur dregist á langinn, aldrei bætist í raun neitt við. Á tímabili reyndi ég að sjá björtu hliðarnar á þessu og kannski húmorísku hliðarnar þegar mest var deilt hérna. Þetta minnti mig pínulítið á það þegar konur taka slátur að haustlagi, blóðugar upp að öxlum því að umræðurnar voru með þeim hætti. Menn gerðu svo mikið úr hættunum að þessu mátti eiginlega líkja við blóðugt stríð. Ég viðurkenni mjög vel að það hefur pirrað mig í langan tíma hve þetta hefur tekið mikinn tíma af störfum þingsins og mikinn tíma af störfum, að ég held, menntmn. Það er ótrúlegt að hlusta á þetta. Ég sat í forsetastól áðan og hlustaði á hverja einustu ræðu. Menn tala um að ótrúlega hættulegt sé að fá högg í höfuðið, að ótrúlega vont sé að fá högg í höfuðið o.s.frv. (**Gripið fram í:** Það er það.) Allt eru þetta staðreyndir sem við þekkjum.

Menn eru að tíunda hér ýmiss konar íþróttameiðsl sem þeir hafa orðið fyrir í gegnum tíðina. Við eigum öll einhverja sögu um þetta. Við höfum dottið á reiðhjólum og við höfum verið í íþróttum, (Gripið fram í.) tognað o.s.frv. En við erum að teygja umræðuna með þessu.

Ég ber afar mikla virðingu fyrir þeim ræðum sem hv. þm. Katrín Fjeldsted læknir hefur flutt. Hún hefur flutt þær af mikilli innlifun. Hún hefur líka sýnt fram á að hún vilji gjarnan ná einhverri niðurstöðu í þetta mál. Hún lagði fram brtt. þar að lútandi. Ég ber, eins og ég segi, mikla virðingu fyrir þeim ræðum hv. þm. En svo vill til að ég var í upphafi einn af flutningsmönnum tillögunnar um að lögleiða hnefaleika á Íslandi. Ég neitaði hins vegar á síðasta þingi að skrifa upp á þá tillögu fyrst og fremst vegna þess að mér fannst allt of stutt liðið frá því að við kláruðum það mál, þ.e. það fór

í gegnum alla umræðuna og við felldum það og það pirraði mig, m.a. vegna þess að mér fannst sjálfum að ég væri með býsna góð mál inni í menntmn. sem ég hefði gjarnan viljað að hefðu notið þess að fá jafnmikla umræðu og t.d. þetta mál.

Hins vegar fellst ég á rök ÍSÍ-manna og fleiri um að við eigum ekki að banna box á Íslandi, þ.e. ólympíska hnefaleika, þar sem þetta er viðurkennd íþróttagrein á ólympíuleikum. Menn hafa mikið talað um að vel geti verið að reglur muni breytast í framtíðinni og finnst mér hið minnsta mál fyrir okkur að breyta þeim reglum í takt við þær reglur sem settar verða á Ólympíuleikum í framtíðinni. Ég ætla því að greiða þessu frv. atkvæði mitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun með áfengi og tóbak, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 135. mál (smásöluverslun með áfengi). — Þskj. 135.

[18:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak sem snýr að því að heimila verslunum að selja áfengi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins — ég endurtek: ríkisins — er steingert tröll frá síðustu öld. Það helgast af þeirri trú að hægt sé að breyta og stýra hegðun fullorðins fólks. Það er trú þeirra sem héldu að þeir gætu með boðum og bönnum stýrt því hvernig annað fullorðið fólk hegðaði sér.

Hverjir eru fylgjandi boðum og bönnum, herra forseti? Jú, það er þetta forræðishyggjufólk sem heldur að það sé hægt að stýra hegðun annars fólks og þeir sem njóta þess, glæpamennirnir. Það eru smyglarar, þeir sem búa við afleiðingarnar, mjög hátt verð, bruggarar o.s.frv. Bannárin í Bandaríkjunum sýndu mönnum hvernig slíkir aðilar komast á skrið þegar gengið er of langt í boðum og bönnum.

Hver er raunveruleikinn, herra forseti, af því að reyna að takmarka sölu á áfengi með því að hafa eina verslun á höndum ríkisins sem er opin á ákveðnum tíma og er bara með útsölu á vissum stöðum? Hver er raunveruleikinn, herra forseti? Hann er sá að hér niðri í miðbæ Reykjavíkur er hægt að nálgast áfengi allan sólarhringinn, alveg sérstaklega á nóttunni. Sumt af því er meira að segja bruggað, að mér er sagt. Þannig er raunveruleikinn sem menn eru að glíma við. Svo eru menn með reglur um að banna sölu á áfengi nema í vissum verslunum. Einu sinni var það þannig að maður fékk svona dæmigerðan brúnan poka utan um flöskurnar til að undirstrika að þetta væri alveg sérstök vara.

Þá kem ég að því, herra forseti, hvað þessi takmörkun á aðgengi hefur þýtt á Íslandi. Hún hefur gert þessa vöru, sem er auðvitað ósköp venjuleg drykkjarvara, eins og kaffi o.fl., að heilagri og spennandi vöru. Þetta er einhver sérstök vara. Þetta er ekki vara eins og hver önnur, mjólk og annað slíkt, heldur sérstök vara. Íslendingar hafa mjög sérstakt viðhorf til áfengis. Það sér maður þegar maður fer með Íslendingi inn í verslun erlendis og sér svipinn á honum þegar hann sér áfengi, sterkt áfengi innan um mjólk, hveiti og sykur. Hvað hann verður hissa að svona lagað sé mögulegt og hægt.

Annað gerist með þessari takmörkun á áfengi. Menn kaupa meira áfengi í einu en ella vegna þess að þeir komast ekki alltaf í verslunina einu. Við höfum hins vegar leyft sölu á tóbaki og lyfjum hjá einkaaðilum. Þeim er treyst til þess að selja tóbak og lyf. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna sölumenn áfengis þurfa endilega að vera opinberir starfsmenn. Af hverju mega ekki aðrir landsmenn selja áfengi? Treystum við þeim ekki? Er hætta á að þeir geri mistök? Fara þeir á skjön við lögin eða eitthvað slíkt?

Ég held að við getum yfirleitt treyst venjulegu fólki, ekkert síður en opinberum starfsmönnum. Ég vil benda á það að opinberir starfsmenn eru ekkert annað en venjulegt fólk. Yfirleitt er fólk heiðarlegt og fer að lögum þannig að ég treysti afgreiðslufólki fullkomlega til að selja áfengi í venjulegum verslunum eins og opinberir starfsmenn selja áfengi í opinberum verslunum.

Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar umræðu ræddi hv. þm. Ögmundur Jónasson nokkuð um þátt hv. 1. flm. í málinu. Að hann væri jafnvel að gæta hagsmuna villtrar markaðssetningar, held ég að það hafi verið kallað, sem framkvæmdastjóri ákveðinna hagsmunasamtaka. En ég vil gjarnan spyrja: Má ekki jafnframt spyrja hvort afstaða hv. þm. Ögmundar Jónassonar í mörgum málum sé ekki einmitt að gæta þess að viðhalda fjölda opinberra starfsmanna þar sem BSRB, sem hann veitir forstöðu, fær þá meiri félagsgjöld? Opinberum starfsmönnum er gert að borga í stéttarfélög sín hvort sem þeir eru í þeim eða ekki. Þannig eru það náttúrlega hagsmunir hv. þm. Ögmundar Jónassonar að viðhalda fjölda opinberra starfsmanna til að fá meiri skatt.

[18:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að ég vil gjarnan gæta almannahagsmuna og þar á meðal hagsmuna launafólks. Það er rétt.

En mig langar til að beina spurningu til hv. þm., sem er einn af flm. þessa frv.: Láta flm. fyrst og fremst stjórnast af kennisetningum um að verslun og viðskipti eigi ekki að vera á hendi opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, og þess vegna beri að flytja áfengissöluna til einkaaðila? Er það þess vegna? Eða telur hann að þessi flutningur muni verða til þess að verð á áfengi muni lækka? Telur hann að fjölbreytni muni aukast? Ég vil biðja hann að gera okkur grein fyrir því á hvern hátt hann telur að þetta muni gagnast neytendum eins vel og hann gumar af.

[18:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. byrjaði að ræða um það að hann gætti hagsmuna launafólks. Ég sagði að hann gætti hagsmuna BSRB, að viðhalda fjölda launamanna í því félagi af því að það fær skatt frá þeim.

Varðandi kennisetningar þá er það sem fyrst og fremst vakir fyrir mér frelsi einstaklingsins til þess að kaupa áfengi þar sem hann vill. Það er frelsið, sem ég held að sé númer eitt, tvö og þrjú, að meðan það rekst ekki á aðrar takmarkanir sem eru nauðsynlegar þá eigi að gæta að frelsi einstaklingsins. Ég skil ekki af hverju ríkið þarf að vera að sinna þessari starfsemi.

Varðandi það hvort verð á áfengi lækki þá er þekkt að samkeppni lækkar yfirleitt verð á vörum. Hafi menn ekki trú á því þá ættu þeir að koma á ríkiseinkasölu á matvörum og sjá hvernig það kæmi út eða bensíni eða einhverri annarri vöru. Það er trú flestra að samkeppni lækki vöruverð, bæti þjónustuna og auki gæðin enn fremur. Það er samkeppnin

sem veldur því að menn neyðast til að gera betur en þeir sem þeir eru að keppa við.

[18:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta grunaði mig. Þetta snýst allt um trú manna. Veit hv. þm. Pétur H. Blöndal hver álagningarprósenta ÁTVR er í sölu? Gerir hann sér grein fyrir því? Veit hann það? Gefur hann ekkert fyrir stærðarhagkvæmni í verslun? Gerir hann sér grein fyrir því hver er stærsti kaupandi að áfengi í heiminum og getur af þeim sökum í krafti stærðarhagkvæmni boðið upp á lægst verð og hagstæðast? Það er sænska ríkið, System Bolaget í Svíþjóð. Eins er því farið hér. ÁTVR er mjög stór kaupandi og í krafti stærðarhagkvæmni er unnt að bjóða upp á lægra verð en gerist annars staðar, lægri álagningarprósentu.

Hitt er allt önnur saga, að verð á áfengi er mjög hátt hér vegna áfengisgjalds, vegna þess að áfengi er mikilvægur skattstofn. Það veldur því að verðlagið er hátt. En staðreyndin er sú að í gegnum ÁTVR tekst að halda álagningarprósentunni mjög lágri vegna stærðarhagkvæmninnar og einnig tryggir ÁTVR meira val á tegundum en ætla mætti að sérverslanir gætu. Stærstu verslanir ÁTVR í Reykjavík bjóða 2.300 tegundir og ég sæi aðrar verslanir, sérverslanir, gera slíkt hið sama.

Hv. þm. verður því að sýna okkur fram á eitthvað annað en einlæga trú sína. Það kemur mér ekkert á óvart að heyra trúarjátningar hv. þm. Péturs H. Blöndals en hann verður að færa einhver rök fyrir máli sínu.

[18:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afskaplega merkileg ræða. Hv. þm. setur út á að ég hafi trú. Ég er á Alþingi af því að ég hef sannfæringu og trú. (**ÖJ:** Hver er álagningarprósentan?) Ég er á Alþingi vegna þess að ég hef þá trú að við eigum að gæta að frelsi einstaklingsins og samkeppni.

Það er ekkert skrýtið þó að mig og hv. þm. greini á vegna þess að við höfum mismunandi sannfæringu. Ég ber virðingu fyrir hans sannfæringu og geri þá kröfu að hann beri virðingu fyrir minni sannfæringu þó að hún sé önnur.

Varðandi stærðarhagkvæmnina þá getum við með nákvæmlega sömu rökum komið á ríkismatvöruverslun á Íslandi. Við getum komið á verslun með alla hluti þjóðfélagsins með sömu rökum. Við mundum örugglega hafa lága álagningarprósentu.

En innkaupsverðið, þar er engin samkeppni. Ég er nefnilega sannfærður um að ef samkeppni kæmist á í sölu á áfengi þá færu menn að lækka innkaupsverðið til Íslands. Það er enginn áhugi á því neins staðar í dag vegna þess að það er allt saman fyrir fram ákveðið. Þetta er einmitt málið, samkeppnin lækkar innkaupsverð líka, ekki bara álagningu. Það er allt í lagi að hafa góða og háa álagningu ef innkaupsverðið er nógu lágt og endanlegt verð er lágt.

Svo vil ég benda hv. þm. á að hann segir mjög oft „staðreyndin er sú". Af hverju þarf hv. þm. alltaf að vera að tönnlast á því að „staðreyndin sé sú". (**ÖJ:** Af hverju kemurðu ekki með neinar staðreyndir, bara trú?)

[18:29]

Útbýting þingskjala:

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 387. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 736.

Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, 460. mál, þáltill. EOK o.fl., þskj. 740.

Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, 459. mál, þáltill. EOK o.fl., þskj. 739.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 457. mál, frv. GunnS o.fl., þskj. 737.

Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, 458. mál, þáltill. EOK o.fl., þskj. 738.

[18:30]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak sem fjallar um það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skuli framselja einkaleyfi sitt til smásölu áfengis samkvæmt áfengislögum til verslana sem uppfylla ákveðin skilyrði, og síðan koma tveir liðir sem segja annars vegar hvernig málum skuli háttað með sérverslun með áfengi og hins vegar þegar verslað er einnig með aðrar vörur.

Mig langaði í örstuttu máli að lýsa afstöðu minni til þessa frv. en hún er mjög jákvæð. Ég lít svo á að um þetta löglega vímuefni sem áfengið er — og við vitum að það er vanabindandi — gildi ýmis lögmál sem að vísu voru reifuð hér nokkuð um daginn. Þá var því t.d. haldið fram að neysla ykist við aukna velmegun en það gleymdist að segja að alkóhólismi eykst ekki endilega við aukna velmegun heldur eykst alkóhólismi fyrst og fremst við verri hag og verri líðan þannig að mér fannst nauðsynlegt að koma þessari ábendingu á framfæri. Aukin velmegun hefur leitt af sér aukna neyslu eða meiri áfengisneyslu en þegar litið er á tölfræðina kemur samt í ljós þetta breytta munstur áfengisneyslu á Íslandi sem ég held að hljóti að vera öllum fagnaðarefni. Það er rétt að undirstrika sérstaklega að heildarneysla á sterku áfengi í lítrum af vínanda á mann hefur dregist saman úr 3,5 lítrum niður í 1,7 lítra á ári. Þetta er mjög merkileg þróun og mikilvæg. Við höfum stundum sagt að siðaðar þjóðir kunni betur að fara með áfengi en Íslendingar en svo virðist sem þjóðir á norðlægum slóðum hafi annað munstur í áfengisneyslu sinni heldur en tíðkast sunnar í álfum. Þannig virðist Grænlendingum, Íslendingum og þeim sem búa í norðurhluta Skandinavíu gjarnt að drekka sterka drykki umfram þá léttari. Neysla áfengis hér á landi hefur breyst svo gríðarlega að hlutfallið milli sterkra drykkja og léttra hefur snúist við. Við erum því að semja okkur að munstri suðlægari þjóða.

Ég er ein af þeim sem studdu lögleiðingu á áfengum bjór og man eftir því að mér hnykkti frekar við þegar ég frétti að nafn mitt hefði verið lesið upp í sölum Alþingis. Það var sennilega á árinu 1989 en ég var ein af þeim læknum sem skrifuðu undir áskorun þess efnis að bjór yrði lögleiddur. Það var vegna þeirrar skoðunar minnar og þeirrar trúar að æskilegra væri að menn neyttu vægari víntegunda en þess vodka og sjenevers og sterku drykkja sem hefðbundið var að menn neyttu hér í samkvæmum og á böllum og drukku sig útúrfulla og veika.

Ofdrykkja er auðvitað böl og það er nauðsynlegt að verjast því böli. Ein leiðin var að lögleiða bjór, og ég er alveg handviss um að það skipti miklu máli. Ég er líka hlynnt því að létt vín og bjór megi selja annars staðar en í verslunum ÁTVR. Ég held að sá sem ætlar að neyta of mikils áfengis sjái til þess að hann eigi nægar birgðir. Hann neytir til þess allra bragða og ég held að það að hann þurfi ekki að senda eftir mörgum kössum í einu og fá þá senda með póstinum heldur

geti keypt áfengi eftir hendinni þýði ekki að viðkomandi aðili drekki meira.

Við umræðurnar um daginn kom fram að aðferðir ríkisins til að stýra áfengisneyslu væru auðvitað nokkrar. Þar á meðal er talað um aldursmarkið sem er bundið við 20 ár, það er talað um auglýsingabann, það eru aðgangshindranir, þ.e. sala hjá ríkinu, og síðan verðlagningin. Þessi vígi hafa verið að falla eitt af öðru og ég gerði bjórinn að umtalsefni sérstaklega. Að vísu eru auglýsingar á áfengi bannaðar en umfjöllun um áfengi hefur verið látin viðgangast og ekki verið litið á hana sem auglýsingar eða þá a.m.k. talið að hún væri undanþegin þessu banni. Verðlagningu geta stjórnvöld stýrt, þau hafa dregið úr verði á léttari víntegundum og er það vel.

Aldursmarkið er enn 20 ár. Ég var ekki hlynnt því að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 árum upp í 18 en lét í minni pokann fyrir rökum, einkum þeim að hafa aldursmörkin svipuð og í nágrannalöndum okkar. Mér fyndist mjög eðlilegt að þessu sjálfræði við 18 ára aldur fylgdi að menn gætu keypt áfengi og þyrftu ekki að leita annarra leiða til að útvega sér það, sem því miður er gert.

Með þessari tillögu er reynt að hafa áhrif á fjórða þáttinn, þ.e. aðgangshindranir, með því að hafa sölu eingöngu hjá ríkinu, og ég tel að aðgangshindranir séu ekki mikilvægt atriði hvað neyslu áfengis varðar. Ég held að menn útvegi sér áfengi ef þeir ætla að neyta þess og ég held líka að alkóhólismi fari fyrst og fremst eftir því hvernig viðkomandi líður. Versni hagur hans eykur það líkur á ofneyslu áfengis og verri líðan. Fyrir utan það er alkóhólismi af mörgum talinn vera sjúkdómur og menn bera kannski í frumum sínum gen sem gera það líklegra að þeir verði alkóhólistar hvort sem hægt er að kaupa rauðvínsflösku í matvörubúðinni eða ekki. Ég held að það hafi lítið með útsölustaðinn að gera.

Herra forseti. Ég vildi fá að styðja þetta frv. Það geta ekki allir kveðið Lilju. Ég hefði ekkert haft á móti því að vera meðflm. að þessu frv. tillögu en styð það.

[18:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted segir að áfengisneysla aukist við þetta frv. Það hafa reyndar hv. flutningsmenn sagt. Já, áfengisneysla eykst. Það kom fram hjá hv. flm. og ég sá ekki betur en að hv. þm. Katrín Fjeldsted tæki það sem forsendu í ræðu sinni vegna þess að hún var að tala um að áfengisneysla ykist ... (Gripið fram í.) Nú, þá er ég að misskilja þetta. Hún eykst ekki við þetta frv. Þá kemur Katrín Fjeldsted aftur og útskýrir sérstaklega að hún aukist ekki við þetta frv. því að hv. þm. Ásta Möller sagði í umræðunni um daginn að áfengisneysla ykist við samþykkt þessa frv. og það var auðvitað út frá þeim forsendum sem hér var verið að tala.

Ef það er rétt hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted að í raun og veru sé enginn alkóhólismi nema í genum, er þá nokkur ástæða til þess að vera með þessa fjóra þætti: Verðlagningu, aldurstakmark, auglýsingar og aðgangshindranir? Er þá ekki bara hægt að finna genið sem þegar er kunnugt og banna þeim mönnum að stunda áfengisneyslu alveg eins og hv. þm. ætlar að banna mönnum að stunda box?

[18:39]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi alveg snúið hlutunum við og ég skil ekki alveg út á hvað andsvarið gengur, a.m.k. er þetta algjör mistúlkun á orðum mínum. Ég held að ég hafi ekki sagt að áfengisneysla ykist við þetta frv. Ég minntist bara ekkert á það þannig að ég skil ekki spurninguna og treysti mér ekki til að svara henni af því að þetta lýsir ekki því sem ég var að segja hér.

Ég sagði heldur ekki að alkóhólismi væri bara í genum. Ég sagði — ég man ekki nákvæmlega orðalagið — að kannski byggðist hann meira á genum en menn hefðu áttað sig á. Það stendur. Og það er búið að staðsetja genið.

[18:40]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við verðum víst að fara í þingtíðindin til að vita hvað hv. þm. sagði en það er alveg klárt að það segir í greinargerð með þessu frv., með leyfi forseta: „Sjálfsagt mun neysla áfengis eitthvað aukast.“ Er það rangt hjá mér að hv. þm. Katrín Fjeldsted hafi verið að lýsa stuðningi við frv. til laga þar sem stendur í greinargerð að áfengisneysla muni eitthvað aukast?

[18:41]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti að vísu stuðningi við efni þessa frv. en ég lýsti engum sérstökum stuðningi við einstök atriði í þessari greinargerð enda er það frv. sem er til umræðu og til atkvæðagreiðslu en ekki greinargerð.

[18:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir sitthvað sem fram kom í máli hv. þm. Katrínar Fjeldsted. Þannig tel ég það til góðs að neysluvenjur Íslendinga hafi breyst á liðnum árum. Menn beina fremur sjónum sínum að léttum drykkjum en hinum sterku og leggja margir upp úr því að hafa mikið úrval á boðstólum.

Nú langar mig til að spyrja hv. þm. hvað hv. þm. telur að vinnist með þessari breytingu. Ef niðurstaðan verður sú að dreifingarkostnaðurinn hækkar og þar af leiðandi verðið vegna þessara breytinga, og ef niðurstaðan verður sú að vöruúrval minnkar, þar með á hinum léttu drykkjum sem við erum sammála um að séu eftirsóknarverðari en hinir brenndu, og ef fólk í dreifðum byggðum býr við minna úrval í þessum efnum — eru menn þá að fá einhvern ávinning af þessum breytingum?

Ég sakna þess að heyra ekki nánari röksemdir um þessa efnisþætti sem málið hlýtur að snúast um í huga hv. þm.

[18:43]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að með þessari tillögu sé verið að leggja til að ÁTVR verði lögð niður, og ég tel langlíklegast að samanburður á verði komi fram og að fólk muni kjósa með fótunum eins og það gerir í svo mörgum málum. Ég efast ekki um að ef úrvalið minnkar og verðið hækkar í hinum dreifðu byggðum sé það fyrirkomulag sem menn muni ekki sætta sig við. Ég bara dreg það ekki í efa.

En ég tel þvert á móti yfirgnæfandi líkur á að dreifingin geti batnað og að verðið, sem er reyndar ákveðið af stjórnvöldum fyrst og fremst, muni ekki verða hækkað í öðrum verslunum vegna þess að þá er sú verslun ekki samkeppnishæf og þá mun fólk í hinum dreifðu byggðum landsins panta sér sitt áfengi eins og það hefur gert hingað til. Ég held að þetta sé þá samkeppni við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og reynslan muni leiða í ljós hvernig fer. Sem þingmanni Reykvíkinga finnst mér eðlilegt að kjósendum mínum og þeim sem á þessu svæði búa standi til boða fleira en verslanir

ÁTVR og ég vil að það sama gildi í öðrum byggðarlögum.

[18:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í Reykjavík eru tvær áfengisverslanir sem bjóða upp á 2.300 tegundir. Ég held að ekki bjóði margar sérverslanir í heiminum betur. Ég held að það sé tómt mál um að tala að til verði samhliða ÁTVR smásöluverslun hjá einkaaðilum. Á landsbyggðinni tryggja útibúin að lágmarki 80 tegundir. Ætla menn virkilega að ÁTVR muni reka verslanir sínar við hliðina á búðum sem hafa áfengi á boðstólum og munu að sjálfsögðu fyrst og fremst bjóða upp á þær tegundir sem seljast best? Þær munu hafa 2–3 rauðvínstegundir og hvítvínstegundir, vodka, brennivín og viskí. Þetta er það sem selst mest. En það er tómt mál um það að tala að til hliðar verði haldið uppi ríkisreknu kerfi. Að sjálfsögðu mun það ekki gerast. Menn eru að velja á milli tveggja dreifingarmáta og menn verða að sýna fram á að þetta verði til hagsbóta. Það er ákveðin stærðarhagkvæmni sem fylgir því kerfi sem við búum við. Ég held að það sé augljóst mál að þegar hún er ekki lengur fyrir hendi þarf álagningarprósentan að vera hærri. Það sem ríkið gerir er að stýra verðlagi á áfengi gegnum áfengisgjaldið. Það er síðan allt annað hvað verslunin leggur á vöruna, 11% á léttvín og 6,8% á sterka drykki. Það er þessi prósenta sem mundi hækka og þar af leiðandi mundi drykkjarvaran hækka í verði þannig að það skortir á að þessir talsmenn frjálshyggjusjónarmiða á þessu sviði sýni okkur fram á ávinninginn. Við fáum engin rök, bara trúarjátningar.

[18:47]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki trú á því að þjónusta lítilla verslana í smárri byggð einhvers staðar á landsbyggðinni geti orðið sambærileg við það sem ÁTVR veitir í sínum stóru verslunum. Ég á heldur ekki von á því að fjölbreytnin í verslunum, jafnvel hér á þessu svæði, verði sambærileg við framboðið í verslunum ÁTVR. Ég sé fyrir mér sérverslanir kannski með spönsk vín eða sérverslanir með frönsk vín. Ég sé líka fyrir mér matvöruverslanir sem eru kannski með eina, tvær, þrjár, fjórar tegundir viðskiptavinunum til þæginda.

Þó að ég sé ekki frjálshyggjumanneskja og kyngi ekki þeim stimpli er ég samt þeirrar skoðunar að ríkisrekið kerfi verði að þola aðhald. Og ef þessi breyting verður ekki til hagsbóta, ef verðið verður hærra, verslar fólk bara ekki þar, og þá hefur hið ríkisrekna kerfi sigrað. En ég hef ekki trú á að svo muni fara.

[18:48]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með umræðunni hér í dag og um daginn þegar þetta mál kom fyrst til þessarar umræðu, og hún hefur verið fróðleg. Auðvitað er þetta ekki einfalt mál frekar en önnur áfengis- eða vímumál eða þau mál sem varða frelsi og höft í samfélagi okkar.

Mér hefur þótt afar fróðlegt að heyra ræður þeirra þriggja hv. framsögumanna sem nú hafa talað, og afstöðu þeirra til málsins sem mér sýnist ekki að öllu leyti vera söm. Þannig tala hv. þm. Pétur Blöndal og Vilhjálmur Egilsson, sem eru framsögumenn þessa máls, með því orðfæri að hér sé á ferð vara. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kallaði — ég held að ég fari rétt með — í ræðu sinni áfengi aldrei áfengi heldur alltaf vöruna með greini, varan, um vöruna. Sú afstaða kemur einmitt fram í greinargerðinni, a.m.k. er í sumum köflum hennar talað um að áfengi verði selt í sérverslunum eða í blönduðum verslunum ásamt öðrum vörum, t.d. matvörum, og annars staðar er talað um vöruna og „varan", þ.e. litið er á vöruna eins og hverja aðra vöru. Áfengi er sem sé samkvæmt þessu orðfæri og samkvæmt ræðum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og hv. þm. Péturs Blöndals einungis sett hér fram sem hver önnur verslunarvara. Aðrir töluðu ekki alveg í þessum dúr. Hv. þm. Ásta Möller reyndi t.d. í ræðu sinni að verja það að áfengi væri sett af tilteknum ástæðum, með tilteknum rökum, innan um aðrar vörur.

Ég held að það væri snjallt að hv. flutningsmenn kæmu sér saman um afstöðu sína til áfengis að þessu leyti, og til fíkniefna almennt, hvort þau séu að þeirra áliti eins og hverjar aðrar vörur sem eiga að ganga nokkurn veginn óheft kaupum og sölum í samfélaginu.

Það er auðvelt að taka undir allflest rök hv. flutningsmanna í þá átt að eyða höftum áfengiskaupa, að færa áfengisverslunina út til einkaaðila og það annað sem þeir hafa lagt til eða gefið í skyn í ræðum sínum, ef áfengi er tekið eins og hver önnur vara. Þess vegna þarf það að vera alveg skýrt, sérstaklega hjá hv. þm. Ástu Möller þar sem ekki hefur verið alveg skýrt hvort áfengi sé eins og hver önnur vara. Það hefur verið það hjá hv. þm. Pétri Blöndal og Vilhjálmi Egilssyni, og hjá stuðningsmanninum hv. þm. Katrínu Fjeldsted hvernig hún lítur á málið. Fróðlegt er að vita hvað þeim heilbrigðiskonum finnst um þetta vegna þess ósköp einfaldlega að erfitt er að ræða þessi mál án þess að taka tillit til þess að áfengi er ekki eins og hver önnur vara. Að því leyti er frv. nefnilega blanda, eins konar bræðingur, því fram kemur í frv. að hv. flutningsmenn vilja ekki að afnumin verði eða lækkuð aldurstakmörk til kaupa á þessari vöru sem á að vera ásamt öðrum vörum í t.d. matvöruverslunum. Það kemur líka fram að þótt verðlagning — a.m.k. í ræðu hv. þm. Ástu Möller ef ég man rétt — að ekki átti að rýmka um auglýsingar á þessari vöru sem þó á, samkvæmt því sem hv. flm. Vilhjálmur Egilsson sagði í sjónvarpinu í gær, meira að segja að vera til sölu á bensínstöðvum og vera þannig innan handar hvenær sem er og nánast hvar sem er, þess vegna allan sólarhringinn. Það á að fela sem sé nánast hverri einustu opinni búð að vera með hana.

Þetta þarf að skýrast og það er galli á greinargerðinni sem hér er sett fram að það skuli ekki vera skýrt, að áfengisstefna hv. flutningsmanna sé ekki skýr og virðist ekki vera sú sama vegna þess að það er grundvallarmál í þessu efni. Ég hygg að ástæðan sé sú að hv. þingmenn sem taldir eru hér á eftir 1. flm. hafi séð færi á að láta á sér bera í máli sem þeir telja að hafi einhvern byr. Tilgangur 1. flm. er fullkomlega ljós og var augljós í framsöguræðu hans, þ.e. meintir eða raunverulegir hagsmunir verslunarinnar í landinu.

Nú er verslunin í landinu prýðilegt fyrirbrigði og kaupmenn hinir bestu menn. En hagsmunir verslunarinnar fara þó ekki endilega saman við hagsmuni þjóðarinnar. Þess vegna eru þeim hagsmunum sett ýmis bönd og höft. Eitt þeirra hafta og banda sem sett eru, ekki aðeins hér á landi heldur alls staðar, á hagsmuni verslunarinnar er þegar um er að ræða vöruflokka sem um gegnir sérstöku máli, t.d. áfengi, lyf, skotvopn, að ekki sé rætt um önnur fíkniefni.

Eitt af því sem menn verða líka að gera sér grein fyrir í þessu er að hv. flutningsmenn hafa talið upp fjóra þætti sem varða áfengismálin. Þeir hafa talað um verðlagningu, aldurstakmark, dreifingu eða aðgangshindranir ýmsar og auglýsingar. En þetta eru ekki einangraðir þættir. Það er

ekki hægt að taka einn þessara þátta út úr og hreyfa hann í nafni einhverra hagsmuna undir gunnfána einhverrar þeirrar frelsishugsjónar sem hv. flutningsmenn telja sig vera haldna án þess að hinum sé hreyft. Og það er auðvitað aðalathugasemdin sem maður hlýtur að gera við þetta frv. Sjálfri þessari dreifingu út fyrir vébönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fylgir það auðvitað að ekki er nánast stætt á því — það er þá undarleg tilætlan hv. flutningsmanna að þeir ágætu kaupmenn sem taka við þessum vörum, einkaaðilar að sjálfsögðu, stilli sig um kynningu og auglýsingu á vörunni. Það er undarlegur kaupmaður, undarleg verslun, sem ekki kynnir vöru sína, sem ekki vill auglýsa hana, sem ekki beitir sér af krafti fyrir því að viðskiptavinurinn komi og kaupi þá vöru sem á boðstólum er.

Þess vegna hefur löggjafinn hingað til talið heppilegast að selja nákvæmlega þessa tilteknu vöru í sérstakri stofnun sem heitir ÁTVR. Svo geta menn haft ýmsar skoðanir fram og aftur á þeirri stofnun um áratugina. En þessi er ástæðan og þess vegna þurfa hv. flutningsmenn, bæði verslunarhagsmunahluti eða frjálshyggjuhluti þeirra og stjórnlyndishluti, að skýra fyrir okkur hvernig eigi að koma í veg fyrir — hvernig hægt sé að ætlast til þess að verslunarmenn í sérbúðum auglýsi ekki búð sína opna eða þær vörur sem þar er að fá.

Ég nefndi stjórnlyndishlutann. Það vekur nefnilega sérstaka athygli við þetta frv. að það er ekki bara bastarður að því leyti sem tekur til áfengisstefnunnar heldur líka bastarður að því leyti sem tekur til dreifingar áfengis. Í frv. er gert ráð fyrir tvenns konar dreifingu, annars vegar að til séu sérverslanir með áfengi en hins vegar að áfengi fáist sem sé á hvaða stað sem er, þó þannig að áfengishillurými sé að hámarki 5% af heildarhillurými viðkomandi verslunar.

Hvaðan er þessi tala? Hvernig rímar þetta við aðra hluti í frv.?

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson upplýsti að hann hefði verið á gangi í Portúgal og öðrum ríkjum og séð þar að áfengi er haft til sölu í almennum verslunum. Eins og við vitum tíðkast slíkt í Suður-Evrópu sem hefur allt aðrar hefðir en við í þessu efni. En fimm prósentin, hvernig á þetta að gerast? Hver á að líta eftir þessu? Hv. flutningsmenn þurfa að skýra mjög vel fyrir okkur hvernig þetta eftirlit eigi að fara fram.

Það stingur í stúf að einmitt hv. 1. flm. frv. hefur staðið hér í stólnum og annars staðar og flutt langar ræður um óþarfan eftirlitsiðnað á Íslandi sem ríkisvaldið og sveitarfélögin stundi. Hann hefur að ýmsu leyti rétt fyrir sér í því að slíkum stofnunum og eftirlitsmönnum hættir til að hlaða utan á sig og þarf að fylgjast með því. En hér er hann að setja af stað eftirlitsiðnað eftirlitsiðnaðarins, sérstaka hillurýmiseftirlitsstofnun þar sem menn fara með sérstaka mæla væntanlega, tommustokka, málbönd eða rúmmetramæla, til þess að vita hvort tiltekin verslun fer fram yfir 5% í áfengisgeymslurými. Ég spyr enn: Er það ætlunin að ráðherra, og þá hvaða ráðherra, setji reglugerð um hvernig eigi að mæla fimm prósentin? Er þetta flatarmál eða er þetta rúmmál? Er það þannig að áfengisflöskurnar þurfi að taka ákveðið pláss í hillurýminu og hvernig á að mæla það saman við aðrar vörur? Er það þannig að þyngd spili kannski inn í? Þessi 5%-tala er auðvitað fullkomlega úr lausu lofti og varla gerð til annars en þess að sætta sjónarmið, annars vegar stjórnlyndismanna meðal flutningsmanna og hins vegar þeirra sem frjálslyndari þykjast, og reyna með einhverjum hætti að samræma sjónarmið þeirra flutningsmanna úr Sjálfstfl. sem hér standa að baki.

Ég vil að lokum segja þetta, virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði að frv. snerist um frelsi einstaklingsins til að kaupa áfengi. Þetta heyrði ég þó að ég heyri stundum eitthvað vitlaust. Frelsi einstaklingsins til þess að kaupa áfengi. Mikið er frelsi einstaklingsins. En hvað segir þá hv. þm. Pétur Blöndal um frelsi einstaklingsins til að gera hitt og þetta annað? Hvað er öðruvísi við frelsi einstaklings til þess að kaupa áfengi eða frelsi einstaklingsins til þess að neyta þeirra fíkniefna og vímuefna sem nú eru bönnuð?

Hvar er frelsi einstaklingsins til þess að reykja hass? Er það eitthvað ómerkilegra frelsi en frelsi einstaklingsins til þess að kaupa og drekka áfengi? Þetta þarf hv. flm. Pétur Blöndal að skýra fyrir þingheimi og þjóðinni. Það varðar einmitt áfengisstefnu hans og álit hans á því frelsi sem hver einstaklingur eigi að hafa. Það er aldrei að vita nema ég sé að einhverju leyti sammála Pétri Blöndal eða ósammála honum í þessu. En hann verður að ganga skrefi lengra. Þegar hann hefur sagt A um frelsi einstaklingsins til þessa máls verður hann að segja B um frelsi einstaklingsins til annarra mála.

[19:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason vandræðist yfir því að áfengi sé kallað vara. Hann talaði samt um vöruflokka.

Nú er það þannig að hver vara hefur sinn ákveðna eiginleika. Ég nefni lyf. Þau eru mismunandi hættuleg. Sum eru stranglega bönnuð nema ákveðnum sjúklingum og undir miklu eftirliti, samt ekki afgreidd af opinberum starfsmönnum. Ég nefni bensín sem getur sprungið. Ég nefni skotfæri sem menn geta farið sér að voða með. Ég nefni skordýraeitur, tóbak, flugelda, ýmsar efnavörur, hreinsivörur, lím. Allt er með ákveðnum kvöðum en samt ekki selt í opinberum verslunum. Þess vegna þarf ekki að hafa opinbera starfsmenn til að afhenda áfengi yfir búðarborðið frekar en lyf, skordýraeitur, tóbak o.s.frv. Þetta er vara eða vöruflokkur ef hv. þm. vill endilega kalla það það.

Síðan gerði hv. þm. hv. flm. frv. upp tilgang. Ég kann ekki við svona lagað. Mér finnst að hv. þm. eigi ekki að vera að ætla þingmönnum einhvern annan tilgang heldur en er í samræmi við sannfæringu þeirra. Hann sagði meira að segja að sumir væru að láta bera á sér. Má maður ekki taka til máls um mál á Alþingi nema láta bera á sér, hafa þann tilgang? Ég forbið mér slík ummæli.

Síðan spurði hann hvort ég styddi þá ekki hass eða annað slíkt. Við erum ekkert að ræða það. Áfengi er leyft á Íslandi. Við erum að ræða áfengisverslun. Við erum ekki að ræða önnur fíkniefni.

[19:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. verður auðvitað að sæta því að rýnt sé í orð hans og texta eins og hann lítur út í grg. og í frv. Þegar hv. þm. kallar til sérstök mannréttindi og sérstakar hugsjónir um frelsi einstaklingsins til að gera eitt eða annað þá hlýtur hann að þurfa að svara því hver sé munurinn á þessu frelsi og öðru frelsi. Er það þannig að vegna þess að áfengi sé löglegt eigi að hafa eins marga útsölustaði á því og hvar sem er? Auðvitað eru þetta vörur. Það sem er selt og keypt er vara. Ólögleg fíkniefni eru líka vörur. Þær eru vörur. Þær eru að vísu ekki seldar á leyfilegum markaði en það má kalla þær það.

Það er þannig með þær vörur sem hv. þm. nefndi og ég nefndi áður að þær sæta allar sínum sérstöku skilyrðum. Það er vegna þess að við lítum ekki á þær eins og hverja aðra vöru. Þegar verið er að ræða áfengi verður að taka tillit til þess hvort áfengisneysla eykst, hvort af stafar meiri eða minni hætta á alkóhólisma og ýmsum þeim kvillum sem af áfengisneyslu leiða. Þegar menn taka einn þátt í umbúnaði áfengis út úr þá verða þeir að gera okkur hinum grein fyrir hvernig áhrif það hefur á aðra þætti og um það hef ég spurt og ekki fengið svör. Hvaða áhrif hefur þessi aukna dreifing og öðruvísi dreifing áfengis á auglýsinga- og kynningarþáttinn?

[19:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki þessa spurningu hv. þm. vegna þess að við erum að ræða um að ein ákveðin vara sem er leyfð hér á landi eigi að afgreiðast af öðrum en opinberum starfsmönnum. Nefna má lyf. Lyf hafa ýmsa eiginleika, suma hættulega og samt treystum við öðrum en opinberum starfsmönnum til að afhenda þau yfir búðarborðið. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann hafi eitthvað á móti þessari vöru sérstaklega eða hún aðgreini sig frá t.d. lyfjum.

Síðan langar mig til að spyrja hv. þm.: Styður hann frv.? Það kom ekki fram. Er hann fylgjandi frv. eða vill hann hafa áframhaldandi ríkiseinokun á smásölu á þessari vöru en t.d. ekki tóbaki?

Þá ræddi hv. þm. dálítið um 5% sem hann sá ekki alveg rök fyrir. Hv. þm. er í lófa lagið að flytja brtt. um að fella það niður, að sjálfsögðu. Ég mundi jafnvel styðja það. Ég get alveg stutt það að hafa megi alveg eins mikið og kaupmaðurinn vill, hafa hilluplássið fyrir áfengi ef honum sýnist svo. (**MÁ:** 100%.) Þá er það ekki lengur matvöruverslun, ef það eru 100%. Þá er þetta orðin sérverslun fyrir áfengi og það er kannski einmitt það sem þarf. Það er sú stefna sem ÁTVR hefur leitað inn á, að hafa mikið og gott framboð. Svo getur vel verið að ÁTVR standi sig bara ágætlega í samkeppninni og lifi þetta af.

[19:06]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal svara nokkrum af spurningum þingmannsins. Það er rétt hjá honum að lyf eru seld af einkaaðilum. En það er ekki bara hver einkaaðili sem vera skal. Það eru einkaaðilar sem sérlega eru til þess menntaðir og hafa fengið til þess sérstakt leyfi.

Nei, ég mundi ekki vilja að lyf væru seld í sérverslunum af bensínsölumönnum og sjoppurekendum, að þeim að öðru leyti fullkomlega ólöstuðum, og starfsfólki þeirra allt niður í 12 ára aldur. Ég mundi ekki vilja að slík breyting yrði sett á.

Varðandi það hvort ég styð frv. eða ekki, þá get ég upplýst hv. þm. um að ég styð ekki tillöguna um 5% heildarhillurýmiseftirlit ríkisins.

[19:07]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti ræða hv. þm. athyglisverð, sérstaklega þau rök sem hann beitir gegn því að sýna meira umburðarlyndi, getum við sagt, gagnvart því hvernig versla megi með áfenga drykki. Ef við förum yfir landið sjáum við að það er mjög tilviljanakennt hvar áfengisútsala er. Hún er á Húsavík en ekki á Raufarhöfn. Hún er á Þórshöfn, ekki á Stöðvarfirði. Hún er á Fáskrúðsfirði. Hún er ekki á Eskifirði, hún er á Neskaupstað.

Nú langar mig að spyrja hv. þm. hvernig hann getur rökstutt að Raufarhafnarbúinn þurfi að fara til Þórshafnar til að ná sér í bjórflösku ef svo skyldi vera að einhver verslun sé á Raufarhöfn sem er reiðubúin til þess að taka að sér þessa þjónustu.

Þá skulum við ekki koma með þessi gömlu rök sem komið var með fyrir rúmum áratug þegar því var haldið fram á Alþingi að það væri svo vont fyrir unglingana að drekka áfengi á milli 2,5–3,25%, enda má ekki drekka bjór sem er af þessum styrkleika því að það er svo vont fyrir unglingana. Frá 2,5–3,25%, það má ekki á Íslandi — ekki þarna, rétt þarna á milli, það er óhollt. Ekki koma með svona rök.

Spurningin er þessi: Hvernig getum við með eðlilegum hætti og án þess að spilla neinu stutt að eðlilegri dreifbýlisverslun? Nú sjáum við í blöðum að kaupfélagið á Stöðvarfirði er orðið gjaldþrota. Enginn vafi er á því að það mundi styrkja rekstur þar ef hægt væri að bjóða þar fleiri vörutegundir sem seljast. Þar á meðal eru áfengir drykkir og þá er óþarfi fyrir íbúana á Stöðvarfirði að skjótast til Fáskrúðsfjarðar eftir áfenginu. Ef menn ætla sér á annað borð að bjóða upp á rauðvín telja menn ekki eftir sér að skjótast smáspöl. Á hinn bóginn getur þessi vörutegund treyst dreifbýlisverslun almennt ef menn vilja vera svo elskulegir að líta á þetta frá sjónarmiði þeirra sem búa úti á landi.

[19:09]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki haldið ræður mínar hér sérstaklega til að gera grein fyrir því hvernig breyta mætti ÁTVR eða auka verslun um landið. Ég hygg samt að það sé fjmrn. og yfirstjórn ÁTVR sem hefur neitað Þórshafnarbúum, Raufarhafnarmönnum og þeim fleirum sem nú eru áfengislausir — ég tók ekki eftir upptalningunni um þetta. Ég hins vegar fagna því framlagi hv. þm. Halldórs Blöndals til byggðamála að selja landsbyggðinni meira brennivín.

Aðalmálið er þetta: Þegar menn leggja áherslu á að dreifa áfengi eða öðrum fíkniefnum með öðrum hætti en nú er, þá verða þeir að gera grein fyrir hinum þáttum málsins. Þeir verða að gera grein fyrir því hvort áfengisneysla eykst eða ekki, hvort meiri hætta er á alkóhólisma eða ekki og þeir verða að gera grein fyrir því hvernig þeir ætla einkaaðilum að selja vöru sem ekki má auglýsa og ekki kynna.

[19:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. reyna að snúa sig út úr málinu í erfiðri vörn. Spurningin er ekki um það. Ég þarf ekki að gera grein fyrir einu né neinu í sambandi við áfengismál. Það sem ég er að segja er að á sumum stöðum er áfengisútsala. Sums staðar er áfengi selt í verslunum sem eru jafnframt með annað vöruúrval. Það er enginn vafi á því að þetta skekkir samkeppnisstöðu verslunar úti á landi. Það er enginn vafi á því að sums staðar gæti það ráðið úrslitum um það hvort yfir höfuð er hægt að reka verslun á staðnum, hvort henni sé heimilt að hafa þessar vörur á boðstólum.

Á hinn bóginn getur viðkomandi maður farið á bar í þorpinu og þar getur hann keypt bjórinn og vínið miklu hærra verði. Við erum ekki að tala um að ekkert brennivín og enginn bjór sé á boðstólum á þessum stöðum. Það sem ég er að reyna að útskýra fyrir hv. þm., sem sagðist ekki vera nógu kunnugur þessum málum úti á landi og þá hygg ég að hann eigi heldur ekki að tala um þau, er að verið er að mismuna fólki freklega. Það er enginn vafi á því að það hefði

í för með sér margs konar hagræði fyrir þá sem búa á slíkum stöðum, eins og Raufarhöfn, ef þeir gætu sótt bjórkassann eða rauðvínsflöskuna í matvörubúðina á staðnum í staðinn fyrir að þurfa að velja á milli þess að aka til Þórshafnar eða Húsavíkur. Þetta er ekki flóknara.

[19:12]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar ég talaði um vankunnáttu mína á áfengismálum á landsbyggðinni var það aðallega í þeim byggðum sem ég hef ekki komið til, m.a. á norðausturhorninu og þar veit ég ekki hvort áfengisútsala er eða ekki. Ég held að e.t.v. væri besta ráðið sem hv. þm. getur lagt til til að auka hlut landsbyggðarmanna í áfengisneyslu og auka verslun á landsbyggðinni að taka upp sérstaka farandsölu einkaaðila með áfengi. Það reyndist vel í gamla daga. T.d. seldu bóksalar vel af bókum og má hugsa sér að selja hvort tveggja í einu. Tryggingamenn eru víða á ferðinni úti á landi og það mætti vel hugsa sér að þeir verði þar líka.

Auðvitað getur ÁTVR komið betur til móts við þarfir landsbyggðarinnar í þessu efni. Um það er ekki að deila. Það sem ég vakti hins vegar athygli á er að þar er yfirleitt ekki við starfsmenn ÁTVR að sakast eða þann ramma sem ÁTVR er búinn heldur yfirleitt tregðu í fjmrn. sem hefur þá áhrif á forustumenn ÁTVR. Þetta á hv. þm. með alla sína þingreynslu og alla sína kunnáttu í áfengismálum og öðrum málum að þekkja ágætlega.

[Fundarhlé. — 19:14]

[19:58]

Útbýting þingskjals:

Áhrif lögbindingar lágmarkslauna, 456. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 730.

[19:59]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum. Þetta frv. felur í sér að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins framselji einkaleyfi sitt til smásölu áfengis, samkvæmt áfengislögum til verslana sem uppfylla ákveðin skilyrði. Fyrsta skilyrðið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Rekstraraðili verslunar hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs á áfengisútsölu sem ætlað er að vera sérverslun með áfengi.“

Annað skilyrði er, með leyfi forseta:

„2. Rekstraraðili verslunar, sem fyrst og fremst verslar með aðrar vörur, hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs áfengisútsölu samhliða annarri starfsemi sinni, enda nemi það hillurými sem nýtt er undir áfengi að hámarki 5% af heildarhillurými viðkomandi verslunar.“

Herra forseti. Eins og ég skil þetta þá er verið að ræða um að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verði afnumið. Fram hefur komið í umræðunni og látið í það skína að lögin, eins og þau eru nú, torveldi ýmsum stöðum úti á landi að selja áfengi. En svo er ekki. Það er selt áfengi í þó nokkrum verslunum úti á landi sem selja einnig aðra vöru en áfengi. Það er því rangtúlkun að halda því fram að markmið frv. sé að skapa landsbyggðarmönnum aukna þjónustu. Ákveðnar takmarkanir felast í þessu frv., herra forseti. Því vakna ýmsar spurningar, t.d. hvaða verslanir eigi þá að fá að selja áfengið, hvort margar áfengissölur geti verið á stöðunum og hvort vera megi hamlanir á vínsölu eða hvort ekki ættu þá allar verslanir að fá leyfi til þess svo fremi að þær hafi verslunarleyfi, svo við uppfyllum skilyrði þeirra sem tala um frelsið.

Þetta frv. hefur líka gefið okkur tilefni til þess að ræða um áfengismál almennt. Menn hafa nefnt ýmsar tölur í því sambandi. Því hefur verið haldið fram að eftir að bjórinn hafi verið lögleiddur hafi áfengisneysla minnkað, alkóhólmagn á hvern neytanda hafi minnkað. En hver segir, herra forseti, að þó að bjórinn hafi verið leyfður hér á landi þá hafi hann orsakað að áfengisneysla hafi minnkað? Hver segir að það sé rétt? Má ekki alveg eins segja, herra forseti, að ástæðan fyrir því að heildarmagnið hafi minnkað sé einfaldlega sú að svo margir Íslendingar hafi farið í meðferð og hætt að drekka? Hver eru rökin fyrir því, eða getum við komið með einhverjar aðrar skýringar eins og að þeir hafi aukið kartöfluneyslu sína eða eitthvað annað?

Þegar menn færa rök fyrir sínu máli þurfa þeir að vera algjörlega vissir í sinni sök. Ég held að það sem hafi haft meiri áhrif á áfengisneyslu Íslendinga undanfarin ár, herra forseti, séu einstaklingar sem hafa verið að taka sig á í lífinu og hætt að drekka. Við vitum að í hverri viku, herra forseti, koma saman fleiri hundruð manns ef ekki þúsund sem eiga það áhugamál að lifa án áfengis, en hafa búið við böl þess. Við vitum líka að lögð hefur verið aukin áhersla á það í allri umræðu í samfélaginu að fólk sem glímir við áfengisvandamál taki á þeim og hætti. Við getum hugsað okkur drykkfelldan mann sem drekkur kannski, herra forseti, tvær flöskur af vodka í mánuði eða jafnvel fjórar og ef sá maður hættir að drekka þá náttúrlega minnkar neyslan sem því nemur. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki mikil drykkja.) Sumir segja hér, herra forseti, að það sé ekki mikil drykkja. Ég vona samt að þeir drekki minna en það sem ég nefndi hér.

Íslendingar eru mjög uppteknir af því að fylgjast með nýjungum og framförum, segir Guðbjörn Björnsson læknir hjá SÁÁ. Mig langar að vitna í það sem hann skrifar á heimasíðu SÁÁ, með leyfi forseta:

„Íslendingar eru mjög uppteknir af því, að fylgjast með nýjungum og framförum og vilja tileinka sér strax það sem þeir telja aðrar þjóðir vera að gera. Fátt óttast landinn meira en að þykja heimóttarlegur í augum umheimsins.

Áfengismálin eru engin undantekning. Gjarnan er vitnað í drykkjusiði Dana og Frakka og margir eru á því, að þá siði eigum við að taka upp til að komast í hóp þeirra þjóða sem virðingar njóta. Þegar rætt er um vínmenningu Frakka er þó ekki talið rétt að nefna að flestir Frakka yfir fimmtugt eru komnir með byrjandi skorpulifur af völdum þessa menningarfyrirbrigðis. Það vill einnig gleymast að við erum allt öðruvísi en Fransmenn og upplag okkar og bygging þess eðlis að við þolum áfengi enn verr en þeir.

Margir Íslendingar halda að það sé áfengistefna allra siðmenntaðra þjóða að létta öllum hömlum á sölu og aðgengi á áfengi en reyndin er sú að hin síðari ár hafa margar þjóðir sem við vitnum gjarnan til gert hið gagnstæða. Danir hafa lengi selt áfengi í matvörubúðum, bjór og létt vín. Þar er þó bönnuð sala áfengis á sunnudögum og er lítill stuðningur í Danmörku að breyta því fyrirkomulagi og finnst flestum nóg um þó ekki bætist sunnudagarnir við.

Í Bandaríkjunum hefur áfengisaldur verið hækkaður í sumum ríkjum á síðustu árum og aðgengi að áfengi minnkað. Þetta var gert að fenginni biturri reynslu ekki síst slysfarir og ofbeldi í kjölfar unglingadrykkju. Þar gengur líka lögreglan fram af hörku og fylgir aldurstakmörkum eftir og víða er

áfengisútsölum og börum lokað fyrirvaralaust ef reglur eru brotnar.

Norðmenn seldu sterkan bjór í matvöruverslunum fyrir áratug síðan. Þeir hafa nú bakkað aftur og aðeins er seldur millisterkur bjór í verslunum, mellanöl. Þetta af sömu ástæðum og með sömu rökum og í Bandaríkjunum.

Svíar halda fast í sínar áfengisverslanir en þó liggur nú frumvarp fyrir sænska þinginu um að hafa sumar áfengisútsölur opnar á laugardögum. Rökin eru aðallega þau að minnka sprúttsölu, áfengissmygl og heimabrugg. Í Svíþjóð er áfengisvandinn af sömu stærðargráðu og hér á Íslandi og eru Svíar ekki í minnsta vafa um að aukið aðgengi muni auka vandann.

Við þurfum ekki að óttast að þykja gamaldags. Þar sem frelsið er mest í veröldinni hugsa stjórnvöld einnig mest um velferð þegna sinna. Frelsi er ekki það að láta þegnana fara sér að voða. Við skulum heldur ekki gleyma því að við erum að ýmsu leyti ólík öðrum þjóðum og megum vera það. Við þurfum ekki að vera eins og allra síst þurfum við í einu og öllu að endurtaka þau mistök sem aðrar þjóðir hafa gert og eru nú margar að reyna að bæta fyrir."

Svo mörg voru þau orð. Eins og ég sagði, herra forseti, er höfundur þessa pistils starfsmaður SÁÁ og læknir og hefur haft til meðferðar mörg hundruð sjúklinga.

Í sambandi við áfengisneysluna hefur líka verið rætt um að lækka aldurinn. Ég er hér með smáfrétt sem var í Fréttablaðinu um daginn og langar mig að lesa það. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ofdrykkja unglinga hefur aukist verulega á Nýja-Sjálandi eftir að áfengislögum var breytt árið 1999. Helmingi fleiri átján og nítján ára unglingar voru fluttir á bráðamóttökur sjúkrahúsa á Nýja-Sjálandi vegna afleiðinga ofdrykkju eftir að áfengiskaupaaldur var lækkaður úr tuttugu ára í nítján ár. Læknir sem stjórnað hefur rannsókn á unglingadrykkju eftir breytingu laganna segir að ofdrykkja hafi aukist hjá, allt niður í, fimmtán ára gömlum börnum. Með lækkun áfengiskaupaaldurs sé mun yngra fólk útsett fyrir mikilli drykkju. Þegar komið sé með ungmennin á bráðamóttökur sjúkrahúsanna séu þau oft meðvitundarlaus og í nokkrum tilfellum svo drukkin að þau geta ekki andað hjálparlaust. Rannsóknin sýnir að átján og nítján ára unglingar stundi meiri drykkju en aðrir. Stjórnvöld á Nýja-Sjálandi hafa beðið um skýrslu vegna aukinnar unglingadrykkju og telja að til greina komi að hækka áfengiskaupaaldurinn á ný."

Herra forseti. Þannig hljóðaði þessi AP-frétt frá Nýja-Sjálandi.

Herra forseti. Það gilda lög í landinu um áfengi og það er engin tilviljun. Það er vegna þess að áfengi er þannig efni að þegar þess er neytt hefur það geðbreytandi áhrif á fólkið sem drekkur það. Það breytir fólkinu og mjög margir missa stjórn á skapi sínu, beita jafnvel ofbeldi, berja aðra og gera alls konar vitleysu. Auðvitað dettur engum í hug að segja hér að banna ætti alla áfengissölu í landinu. Reyndar var það gert og tilefnið var ærið fyrir 100 árum. Það var engin tilviljun að sett var bann við áfengisneyslu á Íslandi. Hver var ástæðan, herra forseti?

Í þessari umræðu hefur líka verið talað um að þetta sé svo mikið landsbyggðarmál, en eins og kom fram áðan geta byggðir úti á landi selt vín. Reykjavík er ekki eini staðurinn sem má selja vín. Hins vegar vil ég segja að það er gott þegar landsbyggðin eignast málsvara hér á þinginu sem búa í Reykjavík.

Herra forseti. Ég tel að taka ætti mörg önnur brýnni mál fyrir í þinginu heldur en þetta til þess að efla landsbyggð og auka áhuga fólks á því að búa þar, þ.e. ef það er markmiðið með þessu frv. Frekar ætti að leggja fram frv. um að hættulegar brekkur verði sandbornar í hálku en koma með frv. um að afnema einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi.

Líka mætti leggja fram frv. um að alltaf ætti að vera hægt að ná í þá sem aka sjúkrabílum eða slökkviliðsbílum þegar skyndilega þarf að ná í þá, þ.e. að þeir séu ekki utan þjónustusvæðis. Ég er alveg viss um að brýnna væri fyrir marga af landsbyggðinni að fá lög og tilskipanir um það en frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak. Það væri líka gott að sjá frv. um eflingu heilsugæslunnar eða þáltill. Ég held að mörg önnur mál, herra forseti, séu landsbyggðinni brýnni en þau sem nefnd voru hér og ég vona að verslun á landsbyggðinni þurfi ekki að bjarga sér á því að fara að selja brennivín af því að hún er að fara á hausinn við selja matvöru og getur ekki keppt við einokunarkerfi sem er í gangi hér.

Aukið aðgengi að áfengi eykur neysluna. Hjá þeim sem kunna fótum sínum forráð varðandi áfengisneyslu, herra forseti, kemur aldrei upp skyndileg þörf til þess að fá sér allt í einu flösku. Þeir geta átt sitt vín í ró og næði. Það eru frekar hinir sem eru þjáðir af drykkjusýki sem allt í einu þurfa vínsins við. Og þá er betra að það sé ekki selt í matvöruverslunum, þá er betra að það sé aðeins flóknara og erfiðara að komast yfir vínið og ná í það. Þá hafa menn þó tækifæri að hugsa sig tvisvar um.

Við getum hugsað okkur mann sem fer út í búð til að kaupa haframjöl eða Cheerios, svo ég nefni einhverja matvöru. Hann er í versluninni við hillu og stendur frammi fyrir því að þar er ein Gordon´s gin eða vodkaflaska eða eitthvað annað fyrir framan. Hann ætlaði ekkert að kaupa vín en af því að það er þarna þá hugsar hann kannski með sér: Ætli sé ekki best að fá sér eina fyrir helgina? Og kannski er miðvikudagur.

Áfengi er mjög oft böl, herra forseti, og það ber að reyna að stemma stigu við neyslu þess. Það hefur skaðvænleg áhrif. Áfengisneysla og eiturlyfjaneysla unglinga byrjar í bjórnum og sú stemmning og sá dýrðarljómi sem er oft skapaður í kringum bjórdrykkju er til vansa. Jafnvel fræg íþróttafélög — íþróttir eiga að efla menn og gera hrausta og sterka — eru að auglýsa þessa vöru. Hvernig samrýmist það, herra forseti, íþróttum að menn þambi bjór og gúli hann í sig? Það er mótsögn í þessu.

Ég vona heils hugar að þetta frv. verði fellt. Það líður enginn íslenskur þegn fyrir það að ekki skuli vera lög í landinu sem hljóði eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Frekar ætti að takmarka aðgengi unglinga og annarra að áfengi.

[20:19]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak. Frv. hefur nú verið nokkuð vel kynnt og fyrir hvað það stendur en með því er ætlunin að leggja niður einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og gera einkaaðilum kleift að selja áfengi, bjór og létt vín í matvöruverslunum eða verslunum með aðra vöru með leyfi sveitarstjórna, eða allar tegundir áfengis í sérverslunum, ef leyfi sveitarstjórnar fæst.

Hér hefur því verið haldið fram, herra forseti, að með frv. muni þjónusta við hinar dreifðu byggðir aukast. Ég tel aftur á móti að ef frv. verður samþykkt muni þjónustan hugsanlega verða lakari, þ.e. í vöruúrvali, og ætla ég að færa fyrir því nokkur rök.

Það er ekki að ástæðulausu að sérstök lög eru um áfengi og tóbak því að áfengi og tóbak eru ekki eins og hver önnur neysluvara og það er vegna þeirra heilsufarslegu áhrifa sem bæði áfengið og tóbakið hefur. Markmiðið með einkasölu ríkisins á áfengi er að draga úr neyslu þess með takmörkuðum aðgangi. Þetta hefur í gegnum tíðina verið mjög heillavænlegt fyrir okkur. Við höfum með þessu náð ákveðnu forvarnastarfi sem hefur gerst eingöngu í gegnum það fyrirkomulag okkar að ríkið eitt skuli sjái um söluna. En viðhorf okkar til neyslu hefur breyst og þar með viðhorf okkar til þjónustu ÁTVR og stöðugt er aukin krafa um að áfengisútsölur séu á öllum þéttbýlisstöðum og þar sem því verður við komið eða þar sem markaðurinn er nægilega stór, sérverslanir með ákveðnar tegundir vína. Þessu hefur þegar verið komið á á höfuðborgarsvæðinu en það segir sig sjálft að sérverslanir með vín verða ekki reknar og settar upp úti í hinum dreifðu byggðum. Það er hægt að gera á höfuðborgarsvæðinu, hugsanlega væri hægt að gera það á Eyjafjarðarsvæðinu eða á Akureyri, á Ísafirði hugsanlega, en á öðrum stöðum vantar markaðinn á bak við þessar sérútsölur.

Nefnt hefur verið að það muni hugsanlega styrkja matvöruverslunina úti á landi að fá söluna til sín. Í dag er heimild fyrir því að ÁTVR sé með útsölu með annarri verslun og það fyrirkomulag hefur tíðkast víða um land. Sjálf er ég ekki hrifin af því fyrirkomulagi. Ég vil að ÁTVR sé með sérverslanir, sé með sérútsölu á hverjum þéttbýlisstað og fái til þess leyfi frá fjmrn. og beiðnir ÁTVR um fleiri útsölur verði afgreiddar jákvætt og sölu áfengis verði haldið í sérhæfðum verslunum.

En þetta hefur verið að færast á hinum minni stöðum yfir í blandaða útsölustaði. Það er því ekkert sem segir að það að færa einkaaðilum þetta leyfi muni bæta þjónustuna, því að ef við ætlum einkaaðila að selja í blandaðri verslun þá mun hann ekki selja annað en létt vín og bjór. Ekki er verið að tala um það í frv. að leyfa eigi sölu allra áfengistegunda og það sterkra í matvöruverslunum, heldur eingöngu létt vín og bjór.

Hvernig stendur þá sérverslun ÁTVR eftir á staðnum þegar þær tegundir sem mest seljast eru farnar inn í matvöruverslunina? Hver verður þá rekstrargrundvöllur ÁTVR í sérversluninni á þessum sama stað til að selja hinar sterkari tegundir? Nei, herra forseti, ég er hrædd um að í staðinn fyrir aukið framboð muni að öllum líkindum þjónustan í minni kaupstöðum versna vegna þess að ef við erum að tala um frekar fámenna staði þá eru umsvifin ekki svo mikil að einkaaðila þyki hann græða nægilega mikið eða hafa nóg upp úr því að setja upp sérverslun á litlum stöðum. Gróðinn kemur í gegnum léttvínið og bjórinn sem yrði seldur í matvöruverslunum. Eftir stæðu síðan staðir sem hafa alla þjónustu ÁTVR í dag frá bjór og upp í hin sterkari vín og með skerta þjónustu ef ÁTVR lokaði útsölunni vegna þess að rekstrargrunnurinn væri brostinn. Þannig getur það nú farið.

Það gilda heilbrigðissjónarmið og vissulega gilda hér líka reglur um auglýsingar á áfengi. Ef við ætlum matvöruversluninni að hafa ákveðinn metrafjölda eða prósentu af hillurými undir bjór og létt vín þá munu söluaðilar ná söluaukningu með því að koma þessum vörutegundum að inni í versluninni þannig að það verði sem mest áberandi og aðgengilegt því að til þess er jú leikurinn gerður. Þetta mundi verða eins og með sælgætisrekkana í dag, ekki væri verið að auglýsa bjórinn sérstaklega, hann væri bara þarna beint fyrir augum kúnnanna. Hann mundi auglýsa sig sjálfur á nákvæmlega sama hátt og þegar leyfilegt var að hafa tóbakið í hillum verslana þannig að tóbakið sást. Þá voru tóbaksvörurnar alltaf í þeim hillum sem voru mest áberandi. Ég er því hrædd um að óbeinar auglýsingar verði á léttvíni og bjór í gegnum uppstillingu í versluninni.

Herra forseti. Ekki er verið að draga dul á að þessi breyting mun auka neyslu. Hún er söluhvetjandi í sjálfu sér og verið er að vísa til þess að neysluvenjur okkar hafi breyst, og sem betur fer hafa þær gert það, en breyting á aðgengi, þessu sölumunstri, mun ekki eingöngu höfða til hófdrykkjumanna þannig að þeir einir auki neysluna, heldur mun þetta auðvitað auka neyslu hjá öllum og auka aðgengi þeirra sem síst skyldi, sem væru þá unglingar og þeirra sem eiga við áfengisvanda að stríða.

Hér gilda lög um afgreiðslu á áfengi. Ef áfengið er komið inn í matvöruverslanirnar þá getum við séð fyrir okkur langar raðir við kassana á föstudögum, a.m.k. hér á höfuðborgarsvæðinu, og ef bjórinn á að renna í gegn með mjólkinni þá er ég hrædd um að það verði nú ekki alltaf gáð að passanum og erfiðara verði að fylgjast með aldri kaupendanna en er í dag, en talað er um að setja þurfi ákveðnar reglur um slíkt.

En þetta má allt leysa, herra forseti, með því að leyfa ÁTVR að sinna betur þjónustunni en hún gerir í dag, fjölga útibúum og takmarka ekki vöruflokka á landsbyggðinni heldur leyfa útibússtjórunum sjálfum að ráða vöruflokkunum. Vilji kaupandinn fá tegundir sem ekki eru á sölulista viðkomandi útibús á hann að geta pantað þær sér að kostnaðarlausu. Þetta mundi auka þjónustuna, að gefa kost á að sérpanta vöruna án aukakostnaðar fyrir kaupandann. Vissulega þarf ÁTVR að fylgja kröfum tímans. Við eigum að standa við stofnunina, styrkja hana og auka þjónustuna.

Það er talað um að við þetta frv. muni útsölustöðum fjölga. Ég sé það fyrir mér á höfuðborgarsvæðinu að það muni gerast, m.a. hvað varðar sérverslanir af ýmsum toga. Hér er markaður fyrir slíka sérþjónustu og vissulega gæti hún staðið til boða í matvöruverslununum. Ég sé hins vegar ekki að útsölustöðunum fjölgi í sjálfu sér svo mikið úti á landi, að sérverslunum fjölgi fyrir utan þá matvöruverslanirnar. Það þarf stóran markhóp fyrir slíka verslun. Ég er ekki viss um að þessi sýn sé annað en tálsýn hvað varðar sérverslanir úti á landi.

Þetta frv. er sannarlega gleðigjafi fyrir Samtök verslunarinnar og verslunareigendur, sérstaklega í matvöruverslunum, sem telja að þarna fái þeir aukna veltu og álagningu. Að sama skapi er ég alveg viss um að þetta muni veikja sérverslanir ÁTVR úti um land.

Einn af mörgum kostum við að hafa ÁTVR, að hafa sölu áfengis á hendi ríkisins, er að það er sama verð á vörunni úti um allt land að því slepptu að sérpantanir kosta aukalega, og því þarf sannarlega að breyta, herra forseti. Það verður erfitt að framfylgja banni á því að auglýsa áfengið í matvöruverslunum vegna þess að uppstillingin sjálf mun vera besta auglýsingin. Með aukinni vörudreifingu verður aukin áfengisneysla og hún hefur áhrif á heilsufar. Einokun ÁTVR færist yfir á einokun smásöluverslunarinnar. Við í þessum

sal höfum öll orðið vitni að því hvernig hún er orðin í dag. Það verður einokun stórra verslunarkeðja, og rétt eins og vöruverð hefur hækkað held ég að varasamt sé að treysta því að hið aukna framboð þýði lækkun á vöruverði léttvíns og sterkra vína.

Ég vona, herra forseti, að við höfum ráð á hinu háa Alþingi til að treysta byggð og verslun í landinu með öðrum ráðum en að stefna að því að afgreiða þetta frv.

[20:34]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það svo að til að ræða mál þurfa menn að vera á einu máli um hvað þau merkja. Mér heyrðist hv. þm. Þuríður Backman hafa mislesið eða lesið öðruvísi en ég ákveðnar greinar og kafla í greinargerð með frv. Það vill svo til, virðulegi forseti, að enginn flutningsmanna er í salnum og eru þeir þó fimm talsins úr ýmsum kjördæmum landsins. Nú er búið að ræða þetta mál í 35 mínútur eftir kvöldmat án þess að nokkur flutningsmanna sé viðstaddur.

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli hv. alþm. á því að hann kvaddi sér hljóðs til að veita andsvar við ræðu hv. 5. þm. Austurl.)

Ég þakka fyrir þá ábendingu, herra forseti, en þar var komið í máli mínu að ég taldi mig þurfa, í stað hv. flm., að vekja athygli hv. þm. á því að mér virðist ekki vera um það að ræða að í öðrum verslunum en sérverslunum verði eingöngu seldur bjór og létt vín. Í greinargerðinni kemur ekkert slíkt fram. Það er aðeins rætt um áfengi í frv. sjálfu. Í greinargerðinni stendur, með leyfi forseta:

„Ætla má að blönduðu verslanirnar sem seldu áfengi yrðu fyrst og fremst matvöruverslanir þar sem meginframboðið yrði vín og bjór." Ekki er nánar kveðið á um þetta. Það segir ekki heldur í frv. hver eigi að setja þau ýmsu skilyrði sem vakin er athygli á að hægt sé að setja. Það er ekki getið um hver eigi að setja þau, hvort það sé einhver eftirlitsstofnun á vegum ríkisins. Það er ekki ÁTVR. Hugsanlega eru það sveitarfélögin sem eiga að gefa einhvers konar leyfi fyrir þessu en frv. gefur sveitarfélögunum enga heimild til að greina á milli áfengistegunda.

[20:35]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ábendinguna en hér stendur eins og upp var lesið:

„Ætla má að blönduðu verslanirnar sem seldu áfengi yrðu fyrst og fremst matvöruverslanir þar sem meginframboðið yrði vín og bjór."

Ég vil bara að fram komi að í málflutningi flutningsmanna hefur aldrei komið fram að til stæði að selja annað en létt vín og bjór og þess vegna orðaði ég það þannig.

[20:36]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hvað hv. þm. á við en ég hlýt að vekja athygli hennar og annarra hv. þm. á því að ekkert í frv., hvorki í frumvarpstextanum sjálfum né í greinargerðinni, gæti orðið grundvöllur lögskýringar fyrir sveitarfélag eða eftirlitsaðila til að standa á móti því að matvöruverslun eða bensínstöð eða þess vegna söluturn gæti selt sterkt áfengi að þessu frv. samþykktu, og þess vegna allan sólarhringinn, helgidaga, sunnudaga, á messutímum, knattspyrnuleikjum og hvaðeina.

[20:37]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er tilfellið að hér sé verið að leggja til að inni í matvöruverslunum verði heimilt að selja í ákveðnu hillurými léttvín, bjór og sterka drykki verð ég að segja að þetta frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak er enn þá verra en það þó virtist við fyrstu sýn.

[20:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá ábendingu sem kom áðan fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni að enginn þeirra fimm flutningsmanna sem standa að þessu frv. er viðstaddur þessa umræðu nú.

Frv. það sem hér er til umfjöllunar gengur út á að breyta smásöluverslun með áfengi. Eins og mönnum er kunnugt hefur hún um langt árabil verið á hendi ÁTVR, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Nú vilja menn breyta þessu fyrirkomulagi, og gefa lítið fyrir þau rök sem ÁTVR er reist á. Þau eru tvíþætt, annars vegar peningaleg og hins vegar er um að ræða forvarnaþátt.

Áfengi hefur verið mikilvægur skattstofn og þennan skatt innheimti ÁTVR til 1995 þegar innheimtan var færð yfir til tollstjóraembættisins. Um geysilega fjármuni er að ræða. Velta ÁTVR í fyrra var 16,6 milljarðar kr. og því er ekki að undra þótt þeir sem hafa verslun með höndum vilji komast yfir þessa verslun, verslun með áfengi. Ég hygg að það ráði miklu um ákafann í að koma þessu máli fram.

Varðandi forvarnaþáttinn hefur verið bent á að samhengi er á milli áfengisneyslu í hverju landi og dreifingarmátans á áfengi. Um þetta hafa verið gerðar miklar skýrslur og rannsóknir sem hafa leitt í ljós að þarna er beint samhengi á milli. Því frjálsara og meira aðgengi að áfenginu, því meiri neysla.

En ekki er einvörðungu um að ræða aðgengi að áfenginu heldur kannski miklu fremur hvort um er að ræða samkeppnisrekstur, hvort auglýsingar eru heimilaðar og hvort söluaðilar eru að keppa sín í milli. Ástæðan fyrir því að við höfum viðhaldið ÁTVR, að fyrir því hefur verið meirihlutavilji, er að menn vilja halda hinum grimmu markaðslögmálum í skefjum.

Hvaða rök nota menn sem vilja breyta fyrirkomulaginu? Það hefur ekki farið mikið fyrir þeim röksemdum. Menn hafa býsnast yfir því að ríkið annist sölu á áfengi, það sé gamaldags, úrelt og þar fram eftir götunum, en þegar auglýst hefur verið eftir frekari rökum hefur staðið nokkuð á svarinu.

Ein röksemdin gæti verið sú að þetta væri hagkvæmara fyrir kaupandann, þ.e. samkeppnin yrði til þess að færa verðið niður. Það gætu verið ein rök. Önnur að aðgengi ykist, vöruúrvalið yrði meira, þ.e. að fleiri tegundir yrðu í boði. Ég held að ekkert af þessu standist.

Staðreyndin er sú að ÁTVR dreifir á ári hverju á milli 10 og 11 millj. lítra af áfengi. ÁTVR kemst upp með að hafa mjög lága álagningarprósentu, 11% á léttvín og 6,8% á sterka drykki, vegna þess að verslunin nýtur mikillar stærðarhagkvæmni. Þess vegna kemst ÁTVR upp með að hafa mjög lága álagningu. Verð á áfengi á Íslandi er að sönnu mjög hátt en það er ekki vegna álagningar ÁTVR heldur vegna þess að áfengisgjaldið sem leggst á áfengið er mjög hátt. Þetta er, eins og ég sagði áðan, mikilvægur skattstofn fyrir ríkissjóð. Stærðarhagkvæmnin veldur því að unnt er að hafa verð á áfengi lágt. Annað er að ÁTVR er með stærri

áfengiskaupendum sem finnast og í krafti stærðar sinnar fær ÁTVR áfengið á lágu verði hjá framleiðandanum. Þarna kemur stærðarhagkvæmnin aftur til sögunnar.

Menn tala stundum um að það sé mikilvægt að fá sérverslanir með áfengi, og einhver hv. þm. benti í dag á að breyting á áfengisvenjum Íslendinga hefði orðið til hins betra, menn væru að hverfa frá sterkum drykkjum í léttvín og margir hefðu gaman af því að hafa aðgang að fjölbreyttu úrvali. Í Reykjavík eru einhverjar stærstu sérverslanir með áfengi sem fyrirfinnast nokkurs staðar. Verslunin Heiðrún og verslunin í Kringlunni bjóða upp á 2.300 tegundir. Það er ekki víða sem menn finna sérverslanir með eins mikið úrval. Halda menn að þetta mundi lagast með því að afnema eða leggja ÁTVR til hliðar? Nei, aldeilis ekki. Með öðrum orðum, kaupandinn nýtur stærðarhagkvæmninnar varðandi verðið á áfengi og einnig varðandi úrvalið. Við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að þessar sérverslanir yrðu fyrst og fremst á þéttbýlissvæðinu þar sem markaðurinn er fyrir hendi.

Hvað þá með landsbyggðina? Menn tala um að það sé landsbyggðarvænt að afnema ÁTVR. Það held ég ekki. Ég er að vísu sammála þeim þingmönnum sem hafa bent á að þéttbýliskjarnar víða á landsbyggðinni hafi ekki áfengisverslanir. Mér finnst það slæmt. Ég er því fylgjandi að sem flestir þéttbýlisstaðir og helst allir hafi ÁTVR-verslanir.

ÁTVR-verslanirnar á landsbyggðinni hafa að lágmarki 80 tegundir á boðstólum auk þess sem þær hafa aðgang að þessum miklu sérverslunum hér á þéttbýlissvæðinu. Þær geta þannig þjónað viðskiptavinum sínum. Halda menn að fólk í mjög fámennum byggðarlögum hafi aðgang að sama fjölda tegunda þegar búið er að leggja ÁTVR af? Það held ég ekki. Ég held að verslanir í mjög fámennum byggðarlögum muni bjóða upp á tvær, þrjár rauðvínstegundir og hvítvínstegundir, vodka, brennivín og kannski viskí — það sem selst mest.

Það er mikil blekking að trúa því að ÁTVR yrði rekið til hliðar við þetta. Svo yrði ekki. Ímynda menn sér að ÁTVR verði rekið svona sem einhvers konar öryggisnet til hliðar við þennan frjálsa verslunarrekstur? Það er hrein firra. Sá sem kæmi verst út úr þessu, frá sjónarhóli notandans, er landsbyggðin og fámenn byggðarlög. Það er undarlegt að heyra menn sem telja sig tala máli landsbyggðarinnar, eins og við höfum heyrt þingmenn í umræðunni í dag, leggja stein í götu hennar með þessum hætti. Það er furðulegt.

Mér hefur líka fundist furðulegt þegar auglýst er eftir rökum frá þeim sem flytja þetta frv. að þeir láta ekki svo lítið að sýna sig hér í þingsal. Í þingsalnum eru núna sjö hv. alþingismenn, enginn flutningsmanna frv. Þegar auglýst er eftir röksemdum frá þeirra hendi stendur fólkið algjörlega á gati og segir bara: Ég trúi, ég trúi.

[20:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að taka undir það sem hér hefur komið fram hjá fyrri ræðumönnum. Mér finnst nokkuð snautlegt að hálfu aðstandenda málsins að fylgja ekki þessu barni sínu betur úr hlaði og leggja það á sig að vera viðstaddir þessa umræðu. Það er alveg á mörkunum, herra forseti, að mér finnist eiga að láta umræðuna ganga áfram við þær aðstæður er forsvarsmenn málsins sýna ekki umræðunni þann sóma að skipta a.m.k með sér verkum eða ganga vaktir hér á móti öðrum þingmönnum, að eins og eitt stykki flutningsmaður væri hverju sinni í þingsalnum. Það er til lítils að spyrja út í frv. án þess að hafa aðstandendur þess til að spyrja út úr. Ekki þætti okkur gott ef ráðherra væri að flytja hér frv., við værum við 1. umr. um stjfrv., og viðkomandi ráðherra kæmist upp með að vera algjörlega fjarri.

Það má líka segja, herra forseti, að ef geimvera kæmi frá öðrum hnetti, hefði rekið upp á Íslandsstrendur og fylgst með umræðum á löggjafarsamkundu þjóðarinnar þennan herrans dag, þennan drottins dag, 4. febrúar, anno domini 2002, færi hún sennilega heim með þá tilfinningu, sú geimvera, að ekki væri mikið að á Íslandi, því að þar hefðu þingmenn gamnað sér við og eytt heilum degi á hinni virðulegu löggjafarsamkundu í að ræða þessi stóru mál, hvort lögleiða eigi box og hvort fara eigi með brennivín í búðirnar. Þetta er sú iðja sem menn hafa stundað í dag við löggjafarstörfin.

Ég er andvígur þessu frv., herra forseti, og þyrfti í sjálfu sér ekki öllu flóknari röksemdafærslu en þá að núverandi fyrirkomulag þessara mála hefur gefist vel. Á að breyta því sem hefur gefist vel? Ef menn eru á þeim buxunum, hvað eru menn þá að gera? Eru menn að breyta breytinganna vegna? Af hverju koma ekki talsmenn þess að breyta því fyrirkomulagi sem við höfum viðhaft og færa okkur heim sanninn um að það hafi gefist illa, að það sé þörf fyrir breytingarnar sem slíkar af einhverjum rökstuddum ástæðum? Það er ekki gert heldur er farið hér út í trúarbragðakenndar eða klisjukenndar formúlur af því tagi að þetta sé tímaskekkja þegar maður reynir að leita að rökum í þessari tiltölulega, með leyfi virðulegs forseta, ræfilslegu greinargerð. Eiginlega er helsta röksemdafærslan sú, líklega hér 3. málslið, að núverandi fyrirkomulag á verslun með áfengi sé tímaskekkja. Er þetta boðlegt, herra forseti?

Þetta orð var að vísu notað líka í morgun sem rök í máli. Þá var sagt frá því að láglaunafólkinu á járnbrautunum í Bretlandi, hinum einkavæddu járnbrautum, sem hefur tekið á sig þvílíkar kjaraskerðingar og versnandi starfsaðstæður undanfarin ár, sé nú nóg boðið og hafi farið út í verkfallsaðgerðir. Þetta mælist að sjálfsögðu ekki vel fyrir hjá þeim háu herrum sem ráða í Bretlandi. Hvað notaði Tony Blair sem rök í málinu? Jú, hann sagði að þessar aðgerðir láglaunafólksins gagnvart einkavæddu járnbrautarfyrirtækjunum væri tímaskekkja. Þetta væri ekki nútímalegt.

Er það þá þannig, herra forseti, sem við nálgumst málin, að við skellum einhverjum innihaldslausum formerkjum af þessu tagi, eins og „nútímalegur“ eða „nýtískulegur“ eða með neikvæðu formerkjunum „forneskja“, „tímaskekkja“, og þá sé bara málið leyst, en hið efnislega inntak hlutanna skipti engu máli? Það er ekki á dagskrá hvort núverandi fyrirkomulag hafi gefist vel eða illa, a.m.k. ekki af hálfu aðstandenda þessa frv.

Ég held því fram, herra forseti, að aðhaldssöm áfengisstefna Norðurlandanna, að Danmörku slepptri, hafi gefist mjög vel. Það getur enginn borið á móti því að þessum löndum hafi tekist betur en flestum öðrum í heiminum að glíma við þau vandamál sem ofneyslu þessara efna fylgja. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin notar Norðurlöndin og stefnu þeirra sem fordæmi úti um allan heim og hvetur ríkisstjórnir til að fara að fordæmi Norðurlandanna, framfylgja aðhaldssamri stefnu og glíma þannig við vandamálin.

Þjónustan sem þetta fyrirtæki okkar veitir, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, er góð og fer batnandi. Sjálfsagt hefði fyrr mátt innleiða þar viðleitni til, mér liggur við að segja að leyfa fyrirtækinu að ganga lengra í því, að bæta þjónustu við viðskiptavini. Hér er nú einu sinni um að ræða löglegan varning í landinu. En þar hefur ekki alltaf verið við

fyrirtækið að sakast. Þeir tímar hafa verið að forsvarsmenn þessa fyrirtækis á ráðherrastóli, eða stjórn sem var búin til yfir þetta fyrirtæki, hafi heldur lagst gegn því að fyrirtækið bætti þjónustuna. Mann grunar náttúrlega hvers vegna. Sem betur fer er annað viðhorf núna. Ég held að almennt fari ánægja fólks með þjónustu þessa fyrirtækis vaxandi. Það hefur gjörbreytt um aðferðir í þessum efnum, opnað nýjar gerðir verslana, verið að færa út kvíarnar og auka þjónustuna við landsbyggðina. Þar er yfirleitt almenn ánægja ríkjandi með það fyrirkomulag sem komist hefur á, einkum og sér í lagi í minni byggðarlögum sem hafa fengið litlar útsölur. Þar er auðvitað um mikla framför að ræða fyrir fólk sem áður þurfti að ná sér í þessa vöru með ærnum tilkostnaði og mikilli fyrirhöfn.

Hin opinbera verslun jafnar út flutningskostnað og birgðahald þannig að þetta er ein fárra vörutegunda sem eftir er í landinu sem landsmenn fá allir á sama verði hvar sem þeir búa. Að vísu þurfa menn að taka á sig flutningskostnaðinn ef þeir láta senda sér varninginn með póstþjónustu eða öðrum slíkum hætti í þeim byggðarlögum þar sem ekki er útsala. Og þá finna menn heldur betur fyrir flutningskostnaðinum. Það er borðleggjandi, herra forseti, að ef þessu yrði sleppt lausu og einstakir verslunaraðilar og smásalar færu að dreifa þessu um landið og selja það mundi flutningskostnaðurinn bætast við vöruverðið. Varan yrði því 10–30%, eða hvað við eigum að segja, dýrari þegar komið er út í fjarlægari byggðarlög. Sérstaklega mundi þetta gilda um bjórinn sem er náttúrlega þyngstur og mestur flutningskostnaður við.

Verðlagningin fer fram í gegnum hina opinberu verðskrá. Öllu sem lýtur að áfengisstefnunni og þeim markmiðum eða ákvörðunum sem teknar hafa verið um aðgengi, aldursmörk, verðlagningu og annað, er auðvelt og handhægt að hrinda í framkvæmd í gegnum verslunina sem hið opinbera hefur sjálft með höndum. Þarna mundu menn meira og minna missa algjörlega tökin á þessum hlutum, það liggur alveg fyrir. Sporin í sambandi við tóbakið hræða náttúrlega mjög í þessum efnum. Kannanir hafa ítrekað sýnt að allt upp í 80–90% söluaðila, þegar verst hefur látið, brjóta t.d. aldursmörk og unglingar, undir tilskildum aldri, geta keypt tóbak í stórum stíl.

Hagnaðarhvatinn við söluna sjálfa er aftengdur í gegnum hina opinberu verslun. Hvað gerist ef smásöluaðili, sem að sjálfsögðu er með einhverja álagningu á vörunni, vill reyna að ná endum saman eða græða sem mest hann má? Nú, hann reynir auðvitað að selja meira, nema hvað? Hann reynir með ýmsum ráðum að auka innkomuna í gegnum aukna sölu, rekur áróður fyrir vörunni, gerir hana áberandi og auglýsir með beint eða óbeint ef reglur eða lög takmarka hitt. Hann finnur til þess ýmsar leiðir af því að hann á mikilla hagsmuna að gæta.

Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns er hér auðvitað um stóran stabba að ræða. Það munar um hann. Hvað eigum við að giska á að smásöluálagningin, frjáls smásöluálagning á áfengum drykkjum í smásölu, yrði? Það er í raun sama hvort við leikum okkur með tölur, með 20%, 30%, 50% eða 100%, sem er ekki óalgeng álagning á ýmsum vörum. Þarna yrði fljótt um miklar upphæðir að ræða. Ríkið yrði fljótt í klemmu með áfengisgjaldið, þegar 10, 20, 30, 40% álagning væri búin að síga inn yfir verðlagið. Ríkið lægi undir gagnrýni þegar það væri að stilla af upphæðir áfengisgjaldsins. Við gefum okkur væntanlega að það yrði áfram tekið og fyrst um sinn yrði kannski áfengisgjaldið uppistaðan í innkomunni og smásöluaðilarnir yrðu að gæta hófs í álagningunni því að annars færi verðið upp úr öllu valdi.

En hver segir að þau hlutföll haldist? Er ekki sú hætta borðleggjandi að smátt og smátt minnkaði hlutdeild ríkisins í álagningu eða gjaldtöku af þessari vöru og smásöluaðilarnir hirtu meira til sín? Hver sæti uppi með kostnaðinn? Hver sæti uppi með milljarðatugakostnað sem er samfara ofneyslu áfengis í landinu? Jú, fyrst og síðast ríkið, samfélagið sem fær þann bagga á herðarnar, þann reikning í hausinn. Auðvitað verður af þessu stórkostlegt tap líka úti í atvinnulífinu, svo ekki sé minnst á það sem auðvitað er sárast og alvarlegast, þær fórnir sem á hverju ári eru færðar á það altari, fjölskyldulíf og lífshamingja fólks, vegna vandamála sem af ofneyslu áfengis stafa.

Þarna er um grundvallaratriði að ræða. Það þýðir ekki fyrir menn að ætla að afgreiða þetta sem eitthvað léttvægt. Þeim rökum sem meira voru notuð í deilum um þessi mál á fyrri áratugum, aðgengisrökin sjálf, að halda ætti aftur af neyslunni með því að takmarka aðgengið sem allra mest, hafa auðvitað þokað til hliðar. Ég held ég að það sé breyting sem breyttir tímar hafa borið með sér. Ég segi fyrir mitt leyti að ég beiti þeim ekki í málflutningi mínum með sama hætti og ég hefði kannski gert fyrir 15–20 árum, ósköp einfaldlega vegna þess að þar viðurkenni ég að tíðarandinn er breyttur og að ýmsu leyti aðrar aðstæður uppi. Þau eru þó til staðar. Það hefur ekki breyst að það er áfram ákveðið samhengi á milli aðgengisins og neyslunnar, eitthvert samband þar á milli, einhver tenging.

Nú horfa menn meira á aðra þætti og ég held að menn eigi að beina sjónum að þeim, þ.e. að reyna sérstaklega að berjast gegn vaxandi áfengisneyslu ungmenna. Hún er þrátt fyrir allt langhættulegust, misnotkunin er þeim mun hættulegri sem hún byrjar neðar í aldurshópum. Þá skipta aldursmörkin og lagaákvæði um það mjög miklu máli og að þeim sé hægt að framfylgja. Allar kannanir sýna að hvert eitt ár sem meðalneyslualdurinn færist niður skapar gríðarleg viðbótarvandamál. Þetta þekkja menn af biturri reynslu í þeim löndum sem hafa sætt slíkri þróun á undanförnum áratugum. Það er því miður víða þannig og þar á meðal hér. Þar hefur auðvitað áfengur bjór haft sín áhrif, það er alveg ljóst.

Síðan til viðbótar, herra forseti, er ég andvígur þessum breytingum vegna þess að ég held að þjónustan muni beinlínis versna, vöruúrval minnka og gæði verða misjafnari gagnvart a.m.k. ýmsum landshlutum í þessu sambandi. Ef við berum það saman annars vegar að ÁTVR haldi áfram þeirri þróun sem þar er í gangi, að bæta við útsölustöðum í fleiri og fleiri byggðarlögum á landinu, og þar gætu menn að sjálfsögðu sett sér einhver viðmið sem Alþingi gæti komið inn í að móta, t.d. ef stefnt yrði að því að þar sem því yrði við komið væri yfirleitt ekki meira en klukkustundar akstur eða þar um bil til næsta útsölustaðar eða staðir yfir ákveðnum íbúamörkum hefðu yfirleitt slíka þjónustu, og í raun og veru er unnið samkvæmt slíkum viðmiðunum. Það er mér ljóst. En þetta tekur sinn tíma, auk þess sem stutt er síðan að um þetta var kosið á hverjum stað. Lengi vel voru fámennustu staðirnir útilokaðir vegna hreinlega ákvæða sem voru í lögum um lágmarksíbúafjölda. Þetta er nú breytt þannig að þróun er í gangi sem ég held að sé að sætta fólk mun betur við það fyrirkomulag sem við lýði er. Það hefur mjög mikið gildi og mikla kosti.

Við erum ekki að tala um venjulegt verslunarmál. Þetta tal um frelsi og verslunarhætti og annað slíkt byggir að því leyti til á grundvallarmisskilningi, fyrirkomulagið á Norðurlöndunum er alls ekki byggt á þeim sjónarmiðum, heldur er þetta heilbrigðismál. Þetta er samkvæmt skilgreiningu hluti af heilbrigðisstefnu ríkisstjórna Norðurlandanna fjögurra. Því var það að þegar þær sameiginlega voru í viðræðum við Evrópusambandið sem hluti af EFTA-hliðinni í árdaga viðræðna um EES-samninginn, og það stendur í þeim samningi, þá gerðu ríkisstjórnir Norðurlandanna fyrirvara um fyrirkomulag sitt á smásöludreifingu áfengis eða ríkiseinkaverslun með áfengi, bæði á heildsölu- og smásölustigi, að þetta væri hluti af heilbrigðisstefnu Norðurlandanna. Það er skýr fyrirvari í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem þetta er tekið fram. Að vísu hefur verið að þessu sótt af frelsishaukunum, bæði innan Norðurlandanna og Evrópusambandsmegin frá, því að auðvitað vilja menn koma höndunum yfir gróðann á þessu sviði viðskipta eins og öllum öðrum.

En ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti: Hefur einkaframtakið og gróðaöflin í þjóðfélaginu ekki nægilega víðan vígvöll, breiðan og stóran og langt til fjalla þó þau þurfi ekki að fara að græða á vímuefnunum líka, þó þau þurfi ekki að fara að græða á hinum lögleyfðu vímuefnum líka? Ég held að enginn skortur sé á viðskiptatækifærum og möguleikum fyrir áhugasama einkarekstrarmenn í þjóðfélaginu og það megi láta þetta svið í friði að ósekju. Ég held það. Menn geta fengið útrás fyrir löngun sína til að spreyta sig í viðskiptum og versla með, mér liggur við að segja eiginlega allt milli himins og jarðar mín vegna. En er nú ekki hægt að láta þetta í friði? Með sama hætti og maður biður stundum um það þegar ofstækið gengur fram af manni í einkavæðingarárattunni, að kjarninn í velferðarkerfinu fái nú að vera í friði, að eitthvað sé mönnum heilagt. En fátt eitt er eftir ef menn þurfa í verslunarrekstrinum endilega að fara að okra á brennivíni líka. Ef menn vilja fara aftur til þeirra tíma þegar það var, þá geta menn sjálfsagt lesið sér til um hversu mikil blessun það var þjóðinni á öldum fyrr.

Herra forseti. Danir hafa skorið sig nokkuð úr Norðurlöndunum hvað áfengispólitík snertir og þar er þessi varningur einmitt í öllum búðum. Hvort sem það er nú ein ástæðan eða fleiri koma til þá er staðreynd að langmest er drukkið í Danmörku á öllum Norðurlöndunum. Það er hægt að bera niður víðar en í Danmörku til að kynnast danskri áfengispólitík. Félagar okkar og vinir handan sundsins, Grænlendingar, voru svo ógæfusamir að innleiða ásamt ýmsu fleiru danska brennivínspólitík þegar sá varningur kom þar í land. Þar hefur frá upphafi þannig hagað til, eða a.m.k. um langt árabil, að áfengir drykkir, sterkir jafnt sem veikir, eru í öllum búðum úti um allt.

Þeir sem hafa farið um fámennar og afskekktar byggðir Grænlands hafa kannski lent í því að ganga inn í pínulítinn kofa sem gamla konunglega danska Grænlandsverslunin rak. Þetta voru litlir bárujárnsskúrar í mörgum byggðum. Sums staðar stóðu þeir aleinir úti í auðninni, eins og gerðist hér á Íslandi áður þegar verslað var úr einhverjum skemmum upp af höfnum eða legum. En inni í þessum skúrum, kannski ekki nema tíu fermetrum, háttaði oft þannig til að fyrir utan þurravöru og nýlenduvöru var brennivín í hillu við hliðina á haglabyssunni og skotunum. Og þetta gat hvert mannsbarn keypt sem það vildi.

Hafa menn farið yfir það hvílík ofboðsleg ógæfa áfengið hefur verið í Grænlandi og hvernig alkóhólismi, áfengissýki er þar hrikalegt vandamál, hefur tröllriðið þjóðfélaginu með ofboðslegri slysaöldu og fleiri hlutum sem tæpast er hægt að tala um. Ef eitthvað er eiginleg, mikil og beisk ógæfa þeirri þjóð sem þar byggir, þá er það hvernig hún hefur farið á brennivíni.

Ætli hún hefði nú ekki verið betur komin, ætli Grænlendingar hefðu nú ekki verið betur staddir með aðhaldssama áfengisstefnu sambærilega þeirri sem Íslendingar og Svíar hafa kannski fremst Norðurlandanna varið og haldið úti fram undir þetta og vonandi tekst enn um sinn þó að að þessu sé sótt eins og ýmsu fleiru um þessar mundir.

Ég segi það, herra forseti, að lokum að ekki vildi ég vera í sporum þessara fjarstöddu flutningsmanna og mér finnst metnaður þeirra lítill að skilja þetta barn sitt eftir umkomulaust á þessum kvöldfundi.

[21:07]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem liggur hér frammi til umræðu og farið er að kalla hér manna á milli í þingsalnum munaðarlausa frumvarpið, því aðstandendur þess finnast ekki í þingsölum, er með svolítið sérkennilegum blæ. Ég verð að segja (Gripið fram í.) af því að ég barðist nú í gegnum greinargerð sem lögð er fram með frv. að þá held ég að það eina góða sem flutningur frv. getur leitt af sér fyrir land og þjóð er það að kjósendum Sjálfstfl. muni fækka nokkuð þegar landsmenn fá að heyra málflutninginn í þingsal. Maður veit ekki hvernig maður á að vera þegar röksemdafærslan er lesin sem hér er færð fram og á að styðja við málið. Ég hef hingað til ekki verið mikil bindindismanneskja. Ég held þó að ég geti tekið undir það að sú stefna sem hér hefur verið rekin, að selja áfengi ekki nema í gegnum áfengiseinkasölu og síðan á veitingastöðum, sem því miður hefur farið óhóflega fjölgandi á undanförnum árum að mínu mati, hefur verið frekar til góðs og haldið aðeins í við neysluna miðað við það sem hún væri ef hér væri selt áfengi út úr hverri 10-11 búð til klukkan kannski ellefu á kvöldin.

Það er einmitt það sem mér finnst vera verið að biðja um með frv. því að í greinargerð stendur, með leyfi forseta:

„... smásöluverslun með áfenga drykki á vegum fleiri aðila en Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins ...“

Það er sem sagt ekki verið að gera ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslunin verði neitt lögð niður heldur eigi að koma þarna til fleiri aðilar jafnhliða.

„Smásöluverslun með áfengi er nú alfarið í höndum ÁTVR“ — það þykir þeim mjög miður — „sem hefur einkaleyfi á þessari starfsemi samkvæmt áfengislögum. Þróun íslensks samfélags á undanförnum árum hefur leitt til þess að núverandi fyrirkomulag á smásöluverslun með áfengi er orðið tímaskekkja.“

Ja, heyr á endemi! Á kúskinnsskóm inn í 21. öldina! Ja, laglegt er.

„Viðskiptavinirnir gera sífellt aukna kröfu um þjónustu ...“

Þessar 2.300 tegundir sem fást í Heiðrúnu og annað eins í mörgum fleiri búðum eða upp undir það fullnægja ekki þessum kröfum að mati flutningsmanna frv. Aðrar verslanir þurfa að koma til við hliðina með þá eitthvað sem hinar bjóða ekki upp á. Ég sé ekki í stöðunni að það sé neitt annað en lengdur afgreiðslutími, og að markmiðið hljóti að vera það að bjóða fram í verslunum sem eru opnar jafnvel til 10 og 11 á kvöldin, áfenga drykki. Það hlýtur að vera markmiðið.

Það stendur hér og er hálfpartinn tregað, skilst mér, að ÁTVR hafi á undanförnum árum gert stefnubreytingu þegar lögum um verslun með áfengi var breytt á vorþingi 1999 og afgreiðslutími rýmkaður og heimilt var að greiða vöruna með greiðslukortum. Ég held að samþykkt þess frv. árið 1999 hafi verið mjög til góðs og að þar hafi verið komið mjög til móts við einmitt þær kröfur og þá einu óánægju sem ég hef orðið vör við hjá almenningi í garð ÁTVR, þ.e. þegar allir voru farnir að nota greiðslukort til allra hluta en ekki var hægt að nota greiðslukort í ÁTVR. Hins vegar var hægt að borga þar með mjög vafasömum tékkum. Sem betur fer var lögum breytt í þá veru að þetta er nú hægt.

Enda segja flutningsmenn:

„Sífellt fleiri viðskiptavinir vilja ekki vera neyddir til viðskipta við ÁTVR ...“

Hvaða véfrétt er nú þetta? Gerðar hafa verið kannanir meðal viðskiptamanna ÁTVR og í ljós kemur að mjög mikil ánægja er ríkjandi með þjónustuna. Hvar hefur sú könnun verið gerð sem hér er vitnað til? Ég hef a.m.k. aldrei heyrt um hana.

Þeir segja að leitast sé við að uppfylla þarfir viðskiptavinanna án þess þó að kosta of miklu til.

Sem betur fer. Einu sinni stóð ég hér upp og hrósaði stjfrv. þangað til ég varð blá í framan. Það var tillaga um byggðaáætlun sem ríkisstjórnin flutti. Mér fannst vera svo falleg og góð áform í þeirri byggðaáætlun að ég varð alveg hrærð og snerist á sveif með ríkisstjórninni í málinu.

En því miður hafa árin liðið og ég hef orðið sífellt langleitari eftir því að þau fögru áform yrðu framkvæmd. Það hefur lítið bólað á framkvæmdum. Sérstaklega var stefnt að því í þeirri byggðaáætlun að jafna vöruverð í landinu. Og hvaða fyrirtæki er hið eina í landinu sem selur vörur á sama verði í Heiðrúnu og á Þórshöfn? Það er ÁTVR sem hefur þar með uppfyllt þarfir viðskiptavinanna án þess að kosta of miklu til. Ég er afskaplega ánægð með þetta eina fyrirtæki sem hefur þó getað staðið í ístaðinu hvað þetta snertir, boðið vörur á sama verði úti á landi og í Reykjavík. Og mættu nú fleiri taka sig á.

Þeir nefna seinna í greinargerðinni, sem lítilvægt atriði, að þegar búðir hafi verið opnaðar við hliðina á öllum ríkisútsölunum, t.d. á Þórshöfn á Langanesi — það er nú ekki nema eitt verslunarhúsnæði í bænum og það hlyti þá að vera í sama húsnæðinu, tvær búðir hlið við hlið, önnur ÁTVR og hin frjáls — þá yrði sungið og kveðið í Saurbæjarhjáleigu, mikil gleði og mikið gaman. Ég held að þetta mál sé ekki svona einfalt. Ég held að menn sækist ekkert eftir þessu. Þetta fólk er ekkert að meina að það ætli að bæta þjónustuna úti á landi eða koma á samkeppni í litlum byggðarlögum þar sem ÁTVR hefur þó reynt að koma upp útsölum. Þetta snýst auðvitað um að hægt verði að bjóða áfengi á lengri afgreiðslutíma á þéttbýlissvæðunum þar sem virkilega borgar sig að setja upp verslun, kannski við hliðina á ÁTVR af því hún er opin á öðrum tímum. Ég get ekki séð annað, sé yfirleitt einhver meining með þessu, en að það sé meiningin.

Þeir segja að þótt neysla áfengis muni sjálfsagt eitthvað aukast þá sé nú hófleg neysla áfengis hjá fullorðnu fólki almennt skaðlaus. Almennt skaðlaus. Og það getur vel verið, guði sé lof og dýrð fyrir það, að almennt sé hún skaðlaus. En hún er bara í afskaplega mörgum tilfellum og allt of mörgum tilfellum skaðleg. Ég mundi segja að það væri kannski eitt af meginvandamálunum í okkar landi hvað við eigum mörg erfitt með að ráða við áfengi og hve ógurlegur bölvaldur áfengi er á mörgum heimilum á landinu — miklu fleiri heimilum en við vitum nokkurn tímann um þar sem þetta vandamál er oft falið bak við lokaðar dyr og byrgða glugga.

Ég óttast að þetta frv., ef samþykkt verður, verði ekki til góðs, nema þá — og vildi ég nú að hæstv. forseti Alþingis og hæstv. sitjandi forseti Alþingis, hlustuðu nú á mál mitt — ef það yrði til að opna augu einhverra fyrir því eðli sem Sjálfstfl. hefur sýnt á þessum síðustu og verstu tímum.

[21:18]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði ekki búist við því fyrir fram að sjá ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu en hér hefur margt komið fram sem kannski er ástæða til að skeggræða ofurlítið og velta fyrir sér.

Í fyrsta lagi vil ég segja að ég er ekki undrandi á því, þótt hv. 2. þm. Vestf., Karl V. Matthíasson, hafi áhyggjur af því, að of margir Íslendingar kunni ekki með vín að fara. Hann þekkir það auðvitað sem prestur hvaða afleiðingar of mikil neysla áfengis, eins og annarra fíkniefna eða hvað við köllum það, getur haft á einstaklinga og heimili. Það er engin ástæða til annars en að taka undir með honum í þeim efnum. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að reyna með öllum hætti að draga úr því að menn ánetjist áfengisbölinu. Hann vék að ýmsum atriðum í því sambandi en það var eftirtektarvert í málflutningi hans að hann lagði líka áherslu á, eins og ég skildi hv. þm., að engum dytti í hug að segja að banna ætti alla áfengisdrykkju. Ég tók svo eftir að hann hefði komist svo að orði. Hann viðurkennir þar með að áfengisdrykkja, án þess að það sé skilgreint af hans hálfu, sé snar þáttur í þjóðfélagi okkar, menningararfi okkar, siðvenjum okkar og siðum, og það sé erfitt að komast hjá að viðurkenna.

Ég hygg að það sé líka eftirtektarvert sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, að með bættum samgöngum, eins og ég skildi hv. þm., sé ekki hægt að tala um það með sama hætti og áður að fjarlægð frá vínbúð sé afgerandi þáttur um neyslu áfengra drykkja. Samhengi milli aðgengis og neyslu sé annað nú en áður, hygg ég að hv. þm. hafi sagt. Ég hygg að báðir þessir hv. þm. hafi þar hitt naglann á höfuðið. Við stöndum frammi fyrir því að hvar sem við erum stödd á landinu þá er neytt áfengra drykkja. Við stöndum líka frammi fyrir því að það er mjög víða sem við getum fengið áfenga drykki, ef okkur býður svo við að horfa. Í þeim efnum er ekki nauðsynlegt að hafa áfengisútsölu ríkisins á þeim stað, eins og reynt var að gefa í skyn hér af einum hv. þm. áður. Þó ekki sé áfengisútsala á staðnum þá er í flestum tilvikum veitingahús á staðnum eða í næsta nágrenni þar sem menn geta hist, fengið sér bjór og aðra áfenga drykki og þurfa þess vegna ekki að fara um langan veg.

Einn hv. þm. sagði áðan eitthvað á þá leið að ef ekki væri áfengisútsala á staðnum gætu menn hugsað sig um á meðan þeir væru að ná í drykkinn, kannski 100 kílómetra fjarlægð. Þetta er ekki svona. Barinn er á flestum þéttbýlisstöðum. Ef menn eru ofurseldir áfenginu geta þeir skotist inn á barinn mjög víða. (Gripið fram í.) Ég hygg því að ekki sé ástæða til þess að reyna að setja málið þannig upp að sumir staðir hér á landi séu svo fjarri eðlilegu lífi þjóðarinnar að búast megi við að þar sé ekki hægt að ná í áfengi. Þannig er það ekki.

Þá skulum við koma að öðru atriði sem er mjög athyglisvert við þessa umræðu, að því nær hver einasti alþingismaður sem hefur tekið til máls hefur lagt upp úr því að Áfengisverslun ríkisins sé mjög góð verslun og veiti góða og batnandi

þjónustu. Með öðrum orðum: Auðveldara aðgengi að áfengi en áður. Þetta hefur verið sagt í jákvæðum tón og sem hrósyrði við eiganda þessarar búðar, ríkið, að það skuli sjá til þess að þjónustan fari batnandi. Jafnframt hefur verið varað við því að ef Áfengisverslun ríkisins sé ekki ein um hituna sé við því að búast að úrval af áfengistegundum verði minna á hverjum stað. Sagt var að það væru a.m.k. 80 tegundir þar sem minnst er og mér skilst, eftir þessar umræður, að óvíða á hnettinum sé meira úrval af áfengum drykkjum og í þessum áfengisverslunum Áfengisverslunar ríkisins. Gott og vel.

Þetta sýnir okkur auðvitað að hér er ekki sá andi yfir vötnum að menn séu að hvetja til að með stirðlegum verslunarháttum verði reynt að draga úr áfengisneyslu. Þvert á móti hefur verið lögð áhersla á að Áfengisverslun ríkisins veiti mjög góða þjónustu og ýmsir þingmenn hafa látið í ljós ótta um að ef þessi viðskipti fari úr höndum ríkisins, mætti við því búast að álagning mundi hækka, með öðrum orðum að áfengið yrði dýrara.

Nú er það auðvitað nýtt í þessum sölum að þingmenn séu almennt sammála um að það sé böl fyrir þjóðina að áfengi sé dýrt. Auðvitað er það svo. Þess vegna finnst mér þessi tónn í umræðunni mjög athyglisverður. Hið sama finnst mér um það sjónarmið sem fram kom að undan því sé ástæða til að kvarta að kannski verði ekki til nema tvær eða þrjár tegundir af rauðvíni í einhverju þorpinu. Þetta þótti mér líka athyglisvert.

Svo ég beini orðum mínum til hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, 9. þm. Reykn., virðist ekki vera svo mikill skoðanamunur milli okkar, þó hv. þm. hafi mjög beint orðum sínum til okkar sjálfstæðismanna og varað þjóðina við því hvað við værum vondir, í orðum hv. þm. um að hún væri samt mjög ánægð yfir því hvað Áfengisverslun ríkisins veitti góða þjónustu og hve vel hún kæmi til móts við viðskiptavini sína. Að því leyti eru sambærilegir þingmenn í Sjálfstfl. og í Samfylkingunni að þeir gera sér grein fyrir því að Áfengisverslun ríkisins leysir úr brýnni þörf í hugum margra Íslendinga.

Þá er ýmislegt fleira sem mér þykir athyglisvert í umræðunni. Það er verið að tala um að kaupmenn vilji fá gróðann af þessum miklu viðskiptum, vilji græða á verslun sinni. Auðvitað vilja kaupmenn eins og aðrir græða á viðskiptum sínum. Það er ekki nema eðlilegt. Meira að segja ríkið sjálft vill græða á viðskiptum sínum. Einn hv. ræðumaður tíundaði hve mikill hagnaður ríkisins væri af áfengissölunni vegna þeirra sérstöku skatta sem á áfengi eru lagðir. Oftar en ekki hefur Áfengisverslun ríkisins verið notuð til þess að brúa bilið til þess að fjárlög nái saman. Mig minnir að hann hafi sagt að tekjur af áfengisversluninni væru milli 16 og 17 milljarðar. (**Gripið fram í:** Veltan.) Var það veltan? Veltan á áfenginu væri milli 16 og 17 milljarðar.

Ég er ekki flutningsmaður að þessu frv. en væntanlega verð ég þá að segja að ágreiningur flutningsmanna og þeirra sem hér hafa tekið til máls sé um hvort hagkvæmara sé og ódýrara að ríkið reki verslunina eða að hún sé í höndum verslunarfyrirtækja og einstaklinga. Mér kom ekki á óvart að heyra að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telji að ríkið geti staðið þannig að verslunarrekstri að hann sé ódýrari en í höndum einstaklinga. Þetta er auðvitað sá skoðanamunur sem er milli sjálfstæðismanna og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við viljum takmarka ríkisafskipti eftir því sem við getum og viljum ekki að samkeppnisrekstur eða verslunarrekstur sé í höndum ríkisins, nema að mjög litlu leyti a.m.k. Á hinn bóginn hefur það oft komið fram að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja að ríkið gíni yfir miklu stærri hlut í samkeppninni en við sjálfstæðismenn viljum.

Þessi skoðanamunur er ekki bundinn við þetta frv. Þetta varðar Landssímann, svo ég taki mál sem nú er ofarlega á baugi. Svo ég taki gamalt mál þá er þetta sama deila og ég átti við ýmsa af þeim sem hér hafa tekið til máls um hvort rétt væri að selja Skipaútgerð ríkisins á sínum tíma og leggja hana niður. Það er gamalt mál af sama toga og ekkert skrítið að sú umræða komi upp í sambandi við það hvernig við eigum að koma áfengum drykkjum á búðarborðið.

En nú skulum við velta öðru fyrir okkur. Hvaða kaupmenn eru það sem græða á þeirri skipan sem nú er? Hvar situr Bakkus gamli við búðarborðið? Hann situr við búðarborð uppi í Kringlu. Hann er við búðarborðið í Smáralindinni. Hann er við búðarborðið í gömlu Hagkaupsbúðinni á Seltjarnarnesi. En hann er ekki við búðarborðið hjá ýmsum kaupmönnum á horninu og ýmsum smærri verslunarmönnum sem auðvitað hefur þær afleiðingar — ef við viljum hugsa málið praktískt og eins og við hugsum sjálf — að ef við þurfum á því að halda að skjótast í Ríkið verslum við auðvitað við þá matvörubúð sem er á staðnum okkur til hægðarauka þegar svo stendur á, erum kannski bara að ná í eina flösku af rauðvíni eða nokkra bjóra.

Eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er starfrækt í dag kemur hún vissum verslunum vissulega til góða. Því miður getum við ekki sagt að það sé bundið við ákveðna tegund af verslun eða verslunarsamsteypu eða verslunarmiðstöð. Berum t.d. saman Áfengisverslun ríkisins eins og hún er rekin vestur á Seltjarnarnesi og Glerártorgið á Akureyri. Á Glerártorginu á Akureyri er ekkert útibú frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem mundi annars styrkja þá starfsemi í samkeppni Glerártorgs við Bónus og Hagkaup með sama hætti og áfengisverslunin úti á Nesi styrkir þá í samkeppni við matvöruverslunina á Melunum. Þetta er auðvitað allt saman augljóst. Við erum þannig líka að tala með vissum hætti um ákveðið réttlætismál í sambandi við viðskiptahætti okkar.

Þá skulum við enn velta einu fyrir okkur — og ég heyrði að ýmsir voru að víkja óbeint að því sem ég sagði hér áður — hvort eðlilegt sé að standa að sölu á áfengi samhliða öðrum atvinnurekstri, annarri verslun. Ég man ekki betur en að það sé barnafataverslun í Ólafsvík sem hefur með sölu áfengis að gera, og presturinn í Grundarfirði sagði mér að það væri blómabúðin á þeim stað.

Nú má auðvitað spyrja sjálfan sig að því hvernig á því standi að blómabúðin á Ólafsfirði má ekki reka áfengisverslun hjá sér alveg hreint eins og í Grundarfirði. Og við hljótum líka að velta því fyrir okkur hvernig stendur á því að einhver smáverslun á Raufarhöfn má ekki vera með nokkra bjóra til sölu eins og barnafatabúðin í Ólafsvík og þar fram eftir götum. Að sumu leyti eru því þessi viðskipti í höndum verslunareigenda sem auðvitað hjálpar þeim að standa undir þeim kostnaði sem óhjákvæmilega fylgir því að hafa opna verslun og standa undir öllum þeim daglega kostnaði sem slíku fylgir. Ég held að óhjákvæmilegt sé að leggja málið upp með þessum hætti.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt fyrir okkur ef við viljum tala um þetta í jafnbreiðu samhengi og hér hefur verið gert, þar sem lögð var mjög þung og rík áhersla á það að þetta fyrirkomulag sem við höfum núna, ÁTVR, sé

sérstaklega gott fyrir dreifbýlið af því að verslanir Áfengisverslunar ríkisins — tóbakið er víst farið þarna út, ég fylgist svona illa með — taki ekki flutningskostnaðinn, þetta séu einu búðirnar á landinu þar sem menn geti keypt vöruna við sama verði. Mig minnti að bensínið væri á svipuðu verði svona hér um bil hvar sem maður er á landinu en ekki er það kannski alveg. En þetta er bara ekki rétt. Sumir þurfa að aka 100 km, jafnvel 150 km, til að ná sér í áfengi. Það er heldur en ekki flutningskostnaður. (**KVM:** Það er eins gott að þú kaupir mikið.) Það þarf ekki að kaupa mikið, hv. þm. Karl V. Matthíasson, vegna þess að menn reyna að gera sér annað til erindis í leiðinni, t.d. að eiga viðskipti, kaupa inn til heimilisins í leiðinni þar sem þeir skjótast í áfengisverslunina. Og það var þetta sem ég var að reyna að segja áðan, það getur skipt máli á sumum stöðum að hægt sé að breikka þann grundvöll sem er undir verslunarrekstri á staðnum.

Við höfum séð í sambandi við rekstur á sparisjóðum að það hefur hjálpað til að þeir hafa tekið við afgreiðslu Póstsins. Ég hygg að svo sé líka um verslanir á stöku stað, að þær hafi tekið að sér þá þjónustu sem Pósturinn hefur haft með höndum. Við höfum líka tekið eftir því að sums staðar hefur það létt undir með verslunareigendum að vera t.d. umboðsmenn fyrir tryggingafélög, selja happdrættismiða eða eitthvað þvílíkt, jafnvel vera með þessi ólukkans spil, peningaspil, sem ég veit að hv. 13. þm. Reykv. hefur andúð á, þó að hann hafi ekki vikið að því í ræðu sinni í dag. Við komum þar líka að því að menn eru með vissum hætti að reyna að styðja starfsemina.

Það sem ég leyfði mér að segja áðan var að mér varð hugsað til Ólafsvíkur og mér varð hugsað til Grundarfjarðar, um þær litlu verslanir sem þar eru og styðjast við það að geta veitt þessa þjónustu í staðinn fyrir að fá sérverslun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ég spurði sjálfan mig að því hvort ekki væri eðlilegt að slík tilhögun yrði á öðrum stöðum líka. Einnig vegna þess að ég heyrði nokkra hv. þm. hafa orð á því að áfengisútsölur yrðu helst að vera á öllum þéttbýlisstöðum á landinu. Það var ekki ég sem sagði það, það voru ekki sjálfstæðismenn sem sögðu það áðan — það voru þingmenn úr öðrum flokkum sem sögðu að áfengisútsala yrði að vera á nær öllum stöðum á landinu.

Ég tók eftir því að hv. þm. Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf., var ekki þeirrar skoðunar og gladdist í málflutningi sínum yfir því að það skyldu þó enn vera til staðir á Íslandi þar sem ekki væru áfengisútsölur. Það kom að vísu ekki fram í máli hans hvort til væru staðir þar sem hvorki væri áfengisútsala né bar. Ég hygg að það sé til og get glatt hann með því að slíkir staðir eru til, kannski guði sé lof.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, aðeins að koma þessum sjónarmiðum að að nær hver einasti maður sem hér hefur tekið til máls er þeirrar skoðunar að það megi undir engum kringumstæðum grípa til ráða sem dragi úr því að sem fjölbreyttast val af áfengi yrði á boðstólum, og margir hv. þm. vöruðu mjög við því að hætta gæti orðið á því að áfengi hækkaði í verði vegna meiri flutningskostnaðar. Ég heyri því ekki betur en að skoðanir alþingismanna séu svipaðar nema að því leyti að menn greinir á um það hver skuli vera rekstraraðilinn og bera ábyrgð á sölu áfengra drykkja.

[21:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að við erum því mörg fylgjandi, og ég er það mjög eindregið, að ÁTVR veiti sem allra besta þjónustu og hafi á boðstólum sem allra mest úrval af víni.

Ég hélt því líka fram að stærðarhagkvæmnin yrði til þess að unnt væri að hafa álagningu á áfengið lægri en hún yrði hjá einkaaðilum, og hv. þm. má ekki rugla því saman við þá verðstýringu sem opinberir aðilar hafa á áfenginu í gegnum áfengisgjaldið. Það er allt annar handleggur.

Þessi álagning sem ÁTVR setur á vínið fer til þess að bæta þjónustuna, þar á meðal við landsbyggðina. Og mér nægir ekki að verslun á Raufarhöfn hafi fáeina bjóra á boðstólum, eins og hv. þm. Halldór Blöndal komst að orði. Mér finnst að á slíkum stöðum eins og Raufarhöfn og annars staðar í þéttbýliskjörnum á landinu eigi að bjóða upp á sambærilega þjónustu og hér á þéttbýlissvæðinu.

Það sem hv. þm. ruglar saman hins vegar er ástæðan fyrir því — eða hann virðist ekki gera sér grein fyrir um hvað þetta mál snýst í meginatriðum. Það snýst í rauninni aðeins að hluta til um aðgengi að áfengi. Meginmálið er hvort virkja á auglýsingamennsku og markaðshyggju við að koma því á framfæri. Um það snýst þetta mál fyrst og fremst og það er í þessu sem forvarnaþátturinn liggur, og það er þess vegna sem við höldum og viljum mörg hver halda smásöluverslun á áfengi á hendi ÁTVR.

[21:40]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um að ekki megi virkja auglýsingamennsku og markaðshyggju í sölu áfengra drykkja. Ég hygg að þetta sé rétt með farið. Þá spyr ég á móti: Hvernig í ósköpunum stendur þá á því að útsölum Áfengisverslunar ríkisins er komið fyrir annars vegar í Kringlunni og hins vegar í Smáralind? Ætli mætti kannski ekki finna einhverja staði þar sem færra fólk fer um?

[21:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að svara þessu. Ég er búinn að reyna að skýra það út að ég tel æskilegt að kaupendur hafi gott aðgengi að áfengisverslunum. Ég er því fylgjandi og ég vil hafa þar mikið úrval á boðstólum, það er mín skoðun. Ég er hins vegar andvígur því að setja áfengi inn í matvöruverslanir, inn í sjoppur og bensínsölur, eins og sumir flutningsmenn þessa frv. hafa talað fyrir, og ég er því andvígur að virkja markaðskraftana og auglýsingamennsku til að selja áfengi. Það hefur sýnt sig í skýrslum sem gerðar hafa verið að það er samhengi á milli vörudreifingarmátans og neyslustigsins, og þótt ég sé því fylgjandi að áfengi sé á boðstólum og í góðu úrvali er ég því andvígur að virkja auglýsingamennsku til að koma því á framfæri.

Ef hv. þm. Halldór Blöndal skilur þetta ekki stend ég ráðþrota gagnvart honum. Ég hygg þó að flestir þeirra sem velta þessum málum fyrir sér skilji hvað hér er verið að fara.

[21:42]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þm. á við. Þegar engin áfengisútsala var opin á Selfossi töldu Selfyssingar það vera mikið sjálfstæðismál fyrir sig að fá slíka verslun því að að öðrum kosti ættu menn leið til Reykjavíkur og versluðu þá í Hagkaupum í leiðinni. Þeir töldu þetta fyrirkomulag, að ekki skyldi vera áfengisútsala á staðnum, veikja m.a. grundvöll fyrir rekstri matvöruverslunar þar. (**ÖJ:** Ég er því sammála.)

Ég hef ekki látið í ljósi neina skoðun á því hvort það sé eðlilegra að selja áfengi í blómabúð eða barnafataverslun eða matvöruverslun. Ég hef enga skoðun á því. Það eina sem ég hef sagt er að undir þessum umræðum fór ég að velta því fyrir mér hvernig þeir hafa þetta á Snæfellsnesinu. Eins og hv. þm. veit er ég giftur konu þaðan ættaðri þannig að ég reyni að hafa það til fyrirmyndar sem þar er gert.

[21:44]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi aðgengi og útsölustaði áfengis, eins og þeir tíðkast í dag hjá ÁTVR — þegar smásalan fer fram í verslunum öðrum en hreinum útsölustöðum ÁTVR er það þannig að inni í þeirri verslun, hvort sem það er barnafataverslun, blómabúð eða verslun með áhöld og vinnufatnað, er afmarkað svæði sem er notað undir sölu áfengis og þar er þá sérstakur afgreiðslumaður sem selur áfengið. Þetta er svolítið útibú inni í annarri verslun. Þetta er gert til hagræðingar þar sem ekki er talinn rekstrargrundvöllur fyrir algjörri sérverslun ÁTVR. Það er því mikill munur á þessu fyrirkomulagi sem er í dag og hinu sem lagt er til í frv. þar sem hver einasta matvöruverslun, fái hún leyfi til þess hjá sveitarstjórn, getur haft áfengi í hillunum.

Ég vil biðja hv. þm. að svara því hvernig hann sér fyrir sér að þjónusta til fólks sem býr úti í hinum dreifðu byggðum muni aukast ef frv. verður að lögum.

[21:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa að ég hef ekki hugsað þetta mál ofan í kjölinn eins og ýmsir aðrir þingmenn sem hér hafa talað. Það eina sem ég hef vakið athygli á er að ýmsir staðir hér á landi búa við að þar er ekki áfengisútsala. Ég varpaði því fram hvort ekki væri rétt að fara sömu leið og farin er sums staðar á Snæfellsnesi, að láta verslunareigendur sem eru í öðrum viðskiptum en þessum, taka að sér þessa þjónustu. Mér finnst ekkert að því. Ég er hins vegar ánægður yfir því hversu almennur vilji er hér fyrir því að reyna að bæta úr þessu ástandi úti á landi, þó ég verði um leið að segja að ég leggi ekki jafnmikið upp úr því og ýmsir aðrir þingmenn hér að það séu 80 vínte gundir í versluninni þar sem ég á viðskipti. Ég hef ekki næga þekkingu til að kunna að notfæra mér slíka fjölbreytni og vöruúrval í áfengum drykkjum.

[21:47]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram varðandi þessar hugleiðingar hæstv. forseta þingsins að ég tel að við eigum að leyfa ÁTVR að fjölga útsölustöðum þar sem ÁTVR telur rekstrargrundvöll fyrir sérþjónustu. Það á að bæta þjónustuna við landsbyggðina með því að treysta útsölustjórunum fyrir því hvaða tegundir þeir vilja selja og hve margar af hverri sort.

Það á að bæta þjónustu við þá sem vilja fá tegundir sem ekki eru seldar í viðkomandi útibúi með því að sérpanta og ef þeir sæki vöruna í áfengisútsölu sé engin sérstök greiðsla fyrir það, þ.e. sé það sérpantað sem fæst í öðrum verslunum.

Ég sé hins vegar ekki að þeir sem búa til sveita fái betri þjónustu þó að þetta frv. verði að lögum. Frv. yrði hugsanlega til þess að fleiri sérverslanir verði opnaðar í þéttbýli. Það verður alls staðar meira aðgengi en þá erum við ekki að líta á stjórn þessara mála út frá heilbrigðissjónarmiðum heldur út frá rekstrarlegum sjónarmiðum og hagsmunum kaupmanna en ekki neytenda.

[21:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á hálferfitt með að skilja hvað hv. þm. á við með því þegar hún heldur því fram að hún líti á viðskipti með áfenga drykki út frá heilbrigðissjónarmiði en leggur jafnframt áherslu á að nauðsynlegt sé að auka fjölbreytni og þjónustu við sölu á áfengum drykkjum, leggur áherslu á að rétt sé að hafa áfengisútsölur sem víðast. Þá get ég nú ekki séð annað en að öllu réttlæti sé fullnægt. Hvaða máli skiptir hver rekur verslanirnar ef almenningur getur fengið vínið? Hvaða máli skiptir það út frá heilbrigðislegu sjónarmiði hvort það er ríkið eða einstaklingur sem rekur verslunina? Ég á svolítið erfitt með að átta mig á þessu en það er svo margt skrýtið í henni veröld.

[21:50]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Halldórs Blöndals um að þeir sem kvænist snæfellskum konum séu vel kvæntir. Hann hefur áhuga á Snæfellsnesi og áfengissölumálum þar.

Frv. sem hér er til umræðu er lagt fram undir því yfirskyni að verið sé að auka frelsi og að fólk þurfi að vera frjálsara og óþvingað þegar það þarf að ná sér í vín. Þess vegna hljóta óhjákvæmilega að vakna upp þær spurningar hvort mönnum sem er umhugað að geta fengið keypt áfengi hjá kaupmanninum á horninu finnist ekki eðlilegt að vín sé selt í sem allra flestum verslunum.

Hugsum okkur að það séu fimm verslanir í Grundarfirði, fyrst sú góða byggð hefur verið nefnd hér, herra forseti. Spyrja mætti hvort það sé þá ekki réttlæti í því að hver einasta verslun sem þar er geti selt vín. Matvöruverslunin, barnafataverslunin, sælgætisverslunin, olíuverslunin, raftækjaverslunin og þær allar, að vín geti verið á boðstólum þar hjá þeim öllum. Það hlýtur náttúrlega að fylgja með hugsuninni um frelsið að allir sem hafa verslunarleyfi og uppfylla ákveðin skilyrði geti fengið að selja vín, hvort sem það er maðurinn í matvörubúðinni, konan sem er að selja barnafötin eða maðurinn sem selur blómin.

Hins vegar vil ég taka undir þau orð sem hér hafa fallið, að það er leitt að enginn flutningsmanna frv. sé hér við umræðuna. Af því má draga þá ályktun að þeir hafi kannski ekkert sérstakan áhuga á að þetta frv. fari í gegn. Ég tel þá ástæðulaust, herra forseti, að leggja sérstaka áherslu á það í umræðunni í þinginu að þetta mál fari í gegn. Þetta mál má greinilega bíða.

Það vekur líka athygli mína að sá stjórnmálaflokkur sem lofaði því að leggja fram 1 milljarð í forvarnir skuli ekki hafa neinn fulltrúa sinn við umræðuna um þessi mál.

Að selja vín sem víðast virðast einkunnarorð þessa frv. Þannig skil ég þetta. En að selja vín sem víðast er ekki rétt. Það er rangt. Ef við förum að selja áfengi í flestum matvöruverslunum, flestum verslunum úti á landi — hugsum okkur þetta þúsund manna byggðarlag sem við nefndum hér áðan, þar væri selt vín í fimm verslunum, þá mundi það auka líkurnar á að börn og unglingar komist í vínið og hafi aðgang að því. En það ber okkur að koma í veg fyrir af öllum mætti.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, vitnaði í orð mín og sagði réttilega eftir mér að engum dytti í hug að banna áfengisneyslu í landinu. Það er alveg rétt. Ég sagði það en ég varpaði líka fram spurningu beint í framhaldi af því. Sú var tíðin að áfengisneysla var bönnuð í landinu og ég spurði

í framhaldi af því, herra forseti: Hvers vegna var áfengisneysla bönnuð í landinu? Mér finnst hafa skort svolítið á það í umræðunni hér að fjalla um hvaða áhrif áfengisneysla hefur á samfélagið.

Lítum í dagbók lögreglunar síðasta mánudag og athugum hvar lögreglan hefur þurft að vera mest á vettvangi. Ætli það sé ekki á þeim stöðum þar sem menn hafa verið að bergja á áfengi, verið ölvaðir og jafnvel í eiturlyfjaneyslu? En læknar og þeir sem lært hafa sérstaklega í þessum fræðum setja jafnaðarmerki á milli áfengis og eiturlyfja.

Herra forseti. Ég tel að í þessu frv. komi fram ákveðin stefnumörkun í áfengismálum. Sú stefnumörkun er að auka eigi aðgengi að áfengi til muna, eins og t.d. hér í höfuðborg Íslendinga. Ég gat ekki betur skilið á einum hv. þm. hér áðan en að helst þyrfti áfengi að vera selt í öllum matvöruverslunum, kaupmaðurinn á horninu var nefndur en reyndar er það svo að sú stétt manna er að eyðast. Kaupmennirnir á horninu eru í raun orðnir nokkuð fáir og við vitum náttúrlega hvers vegna það er.

En við þurfum að hugsa um, herra forseti, hvort við viljum horfa fram á frelsi neytandans í þeirri mynd að 5% hillurýmis í blómabúðum, barnafatabúðum, matvöruverslunum, byggingavöruverslunum, olíuverslunum, sælgætisverslunum, jafnvel vídeóleigum sé uppfullt af víni. Ef það á að skapa frelsi og gleði og ánægju landsbyggðarmanna þá held ég að það sé mikill misskilningur. Ég nefndi hér fyrr, herra forseti, að landsbyggðarmönnum ríður á að fá önnur lög til bjargar í byggðamálum en þetta frv. til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Ég vona, herra forseti, að lokum að þetta frv. komist ekki úr nefnd.

[21:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að vísu er það nú ekki mitt að leiðrétta hv. þm. Karl V. Matthíasson, hv. 2. þm. Vestf., þegar hann fer rangt með efni þessa frv. Ég er sammála honum um að nær væri að einhver af flutningsmönnum væri hér staddur og gerði það.

Í frv. er hins vegar ekki talað um að það fari eftir duttlungum verslunareigenda hvort þeir megi selja vín eða ekki. Það stendur hér að það verði að uppfylla eftirtalin skilyrði, þá er gefinn kostur á tveim skilyrðum. Hið fyrra er:

„Rekstraraðili verslunar hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs á áfengisútsölu sem ætlað er að vera sérverslun með áfengi."

Í öðru lagi: „Rekstraraðili verslunar, sem fyrst og fremst verslar með aðrar vörur, hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs áfengisútsölu samhliða annarri starfsemi sinni," o.s.frv.

Þannig er skýrt tekið fram að það skuli vera í höndum sveitarstjórnarinnar að ákveða hvort áfengi verði selt í viðkomandi verslun. Hvernig getur hv. þm. sagt og verið viss um það að sveitarstjórnin í Grundarfirði muni gefa fimm verslunum leyfi til að selja þar vín? Ég geri ráð fyrir að hv. þm. viti hvað hann er að segja og hafi kynnt sér þetta. Kannski að Samfylkingin hafi meiri hluta í Grundarfirði og þetta sé þá allt saman í höfn? Ég segi nú bara að ég þakka guði fyrir að ekki skuli vera fleiri verslanir í Grundarfirði. Það yrði meiri áfengisflaumurinn sem þar rynni ef svo væri, ef sveitarstjórnin segði bara hverjum sem er að opna útsölu. En það er ekki þannig.

Í öðru lagi vil ég segja varðandi það er hv. þm. sagði, að það að selja vín virtist vera einkunnarorð þessa frv: Þeir sem til máls hafa tekið hafa flestir verið sammála um að fjölga þurfi áfengisútsölum.

[22:00]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að það þurfi ekkert að fjölga áfengisútsölum í Reykjavík. Ég er ekkert að lýsa mig andvígan því, herra forseti, að selt sé áfengi í Grundarfirði eða Ólafsvík, svo ég nefni þá staði sem hv. 1. þm. Norðurl. e. eru kærir.

Ég var að velta því upp varðandi það þegar verið er að tala um frelsi og auðveldara aðgengi fólks að áfengi, eins og nefnt var í umræðunni hér áðan, að gott væri fyrir menn sem fara til kaupmannsins á horninu að kaupa í matinn að geta tekið eina rauðvínsflösku með heim eða bjór ef henta þætti. En ég spyr: Er gætt jafnræðis milli verslana ef ein verslun í einu plássi fær að selja vín en ekki hinar? Er ekki rétt að leyfa öllum að selja? Er ekki rétt að hafa jafnræði meðal þegnanna eða eru menn hlynntir einokun áfram? Er þá bara verið að færa einokunina frá ríkinu yfir kannski á einhverja sérstaka vildarvini? Er það hugsunin í þessu?

[22:02]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað fyrir hv. þingmanni né þingmönnum vakir. Það hefur komið fram hér hjá a.m.k. sumum þingmönnum Vinstri grænna að þeim er umhugað um að fjölga vínbúðum um allt land þannig að sem mest úrval sé af áfengi í þessum vínbúðum og helst á öllum þéttbýlisstöðum, eins og ég skildi það. Nú segir þessi hv. þm. að það sé verra að sveitarstjórnirnar ákveði hvort áfengi sé selt á viðkomandi stað en ríkið.

Af hverju má það ekki vera í höndum sveitarstjórnarinnar alveg eins og fjmrh. eða forstjóra Áfengisverslunar ríkisins hvort selt er áfengi á Hellissandi eða ekki? Gamall og góður félagi okkar, fyrrverandi þingmaður, býr þar. Af hverju má ekki sveitarstjórnin þar ákveða hvort þar sé áfengisútsala alveg hreint eins og að í Ólafsvík og Grundarfirði hefur ríkið ákveðið að sé áfengisútsala? Mér finnst þetta vera svolítið skrýtin umræða.

En aðalatriðið er að þingmenn virðast sammála um að rétt sé að áfengisútsölur séu í sumum sjávarplássum, Grundarfirði og Ólafsvík, en hræddir við að leyfa t.d. sveitarstjórninni á Raufarhöfn eða sveitarstjórninni í Stöðvarfirði að ákveða að þar megi líka selja vín. Þetta finnst mér athyglisvert og þetta finnst mér órökrétt, án þess að ég hafi neitt gert það endanlega upp við mig hvaða afstöðu ég hafi til þessa sérstaka frv. sem hér liggur fyrir.

[22:03]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég er að benda á er að menn eru að tala um að fá að selja vín og hafa meira frelsi í áfengissölu. Í grundvallaratriðum er ég að segja það, herra forseti, að aukið aðgengi að áfengi eykur neysluna og aukin neysla er neikvæð. Það er mín skoðun og ég segi hana hér. Aukið framboð áfengis eykur líka aðgengi barna og unglinga að áfengi og það er neikvætt. Það er mín skoðun.

Ég er ekki að segja að ég sé sjálfur hlynntur því, herra forseti, að fimm áfengisútsölur séu í Grundarfirði. Ég er alls ekki að segja það. Ég er hins vegar að benda á að ef menn tala um frelsi í viðskiptum og frelsi með vöru og að allir eigi að hafa góðan og frjálsan aðgang að þessari vöru, af hverju

koma þá ekki flutningsmenn frv. bara með tillögu um það í þessu frv. að hver einasta verslun í landinu geti selt vín? Og hvað er þá að því? (Gripið fram í.) Þá hafa allir frjálsan aðgang og allir eru frjálsir og allir geta verið glaðir og allir komast í vín sem þurfa, af því að það er svo nauðsynlegt að drekka vín.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 266. mál. — Þskj. 311.

[22:06]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Þetta er ályktun um það að ríkisstjórnin skipi nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili.

Einnig er gert ráð fyrir í þessari till. til þál. að þessi nefnd kanni hvaða þættir hafi helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðuna. Sérstaklega á nefndin að athuga áhrif þungaskatts á vöruverðið og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafi haft á vöruverð á landsbyggðinni og einnig áhrif þungaskatts á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja.

Þá er gert ráð fyrir því að nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð og að hún verði búin að skila skýrslu til Alþingis fyrir 1. október árið 2002.

Herra forseti. Á þessari stundu eru vöruflutningabílar á ferðinni um landið þvert og endilangt. Þeir eru að flytja vöru út á land og þeir eru líka að flytja vöru af landsbyggðinni hingað suður. Hér er bent á flutningskostnaðinn, hvað hann er mikill, hvað það kostar mikið að flytja vörur út á land og hvað það kostar mikið að flytja vörur utan af landi suður, t.d. fisk í miklum mæli, jafnvel beint til útflutnings eða vinnslu hér.

Verðkannanir sýna að vöruverð á landsbyggðinni er miklu hærra en á höfuðborgarsvæðinu og erum við flutningsmenn þessarar tillögu sannfærðir um að flutningskostnaðurinn sé einn stór liðurinn í þessu. En við viljum að þetta verði skoðað og rannsakað betur til að menn sjái auðveldlega og á augljósan hátt hvað þetta er orðinn stór liður í kostnaði, eins og hv. 1. flm. þessarar þáltill., Kristján L. Möller, hefur margoft bent á.

Vert er að líta á töflur sem segja okkur hvað kostar að flytja vöru út á land. Ég er hér með verðskrá Flutningaþjónustunnar Flytjanda þar sem fram kemur t.d., með leyfi forseta, að það kosti 2.164 kr. að flytja 50–59 kg sendingu. Þetta er mikill kostnaður. Ef vara er þyngri en 300 kg kostar það 20 kr. og 31 eyri á hvert kíló. Allir hljóta að sjá í hendi sér að þetta er mjög mikill kostnaður sem verður auðvitað ekki greiddur nema af neytandanum.

Herra forseti. Stór og mikill liður í þessum kostnaði er þungaskatturinn. Ég held að það sé alveg rétt að gert sé ráð fyrir því í fjárlögum að tekjur ríkisins af þungaskatti verði um 5 milljarðar. Hverjir greiða þennan skatt? Að langmestu leyti er þetta landsbyggðarskattur. Hvernig er hægt að tala um að efla þurfi byggðir landsins og styrkja þær með ýmsum aðgerðum þegar þær eru skattlagðar á þennan hátt?

Herra forseti. Í umræðum hér áðan um áfengismál og annað barst Grundarfjörður í tal. Í Grundarfirði er myndarlegt flutningafyrirtæki sem flytur fisk á milli staða á landinu og vörur til Grundarfjarðar og á aðra staði. Þetta fyrirtæki greiðir á þessu ári, herra forseti, að lágmarki 40 millj. kr. í þungaskatt.

Rætt hefur verið um að brúa þurfi Kolgrafarfjörð og að sú aðgerð muni kosta 700–800 milljónir. Reikna má með því að Vegagerðin gæti hreinlega tekið lán fyrir þessari framkvæmd og þungaskattur þessa eina fyrirtækis gæti síðan greitt niður brúna og þessa miklu vegaframkvæmd — hvað eigum við að segja? — á 20 árum. Þetta er nöturleg staðreynd sem segir hve landsbyggðin er undir miklu álagi vegna þessara tolla.

Það er eitt brýnasta réttlætismál í byggðamálum okkar að jafna flutningskostnað. Þess finnast dæmi í löndum sem hafa raunhæfa byggðastefnu og þar sem ríkisstjórnir sýna virkilega raunverulegan áhuga á því að þær vilji að land þeirra sé í byggð en ekki að stöðugur straumur sé til höfuðborgarsvæðanna eða stóru þéttbýlisstaðanna, að þar eru ívilnandi reglur og lög fyrir þá sem búa í hinum dreifðu byggðum.

Samfylkingin hefur líka lagt fram þáltill. um stofnstyrki sem á einnmitt að verða til þess að styrkja og efla nýsköpun á landsbyggðinni, lítil og meðalstór fyrirtæki.

Herra forseti. Ég hvet til þess og vænti að þessi góða þáltill. fái jákvæða umfjöllun og góða í samgn., að hún haldi áfram og fái fína afgreiðslu í þinginu.

[22:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi við þá tillögu sem hér er flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég tel að hér sé hreyft þörfu máli úr hópi margra sem snúa að landsbyggðinni. En í þessari þáltill. er fyrst og fremst verið að tala um þungaskatt og hvaða áhrif þungaskatturinn hafi á vöruverð og hvaða áhrif breytingar á þungaskatti hafi haft á vöruverð á landsbyggðinni og hins vegar á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni.

Það er alveg ljóst að þungaskatturinn er mjög íþyngjandi fyrir landsbyggðina og sama má í rauninni segja um útfærsluna á virðisaukaskatti. Hann vegur auðvitað miklu þyngra fyrir fólk á landsbyggðinni heldur en fólk á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þar sem vöruverð er lægra og dreifingarkostnaður minni. Bæði þessi atriði, þungaskatturinn og virðisaukaskatturinn, leggjast því almennt þyngra á landsbyggðarfólk heldur en gerist hér í þessum stóra kjarna við Faxaflóann, eða þeim svæðum sem eru næst Reykjavík og njóta bestu kjara og samgangna.

Það er fjöldamargt annað sem hægt væri að ræða í sambandi við byggðamál og fjölmörg atriði koma inn í umræðuna þegar við förum að velta fyrir okkur aðstöðu fólks á landsbyggðinni samanborið við aðstöðu fólks á suðvesturhorninu. Við getum spurt okkur hvers vegna ekki hafi verið stigin þau skref hér á landi að bæta samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar í gegnum skattkerfið með stiglækkandi kostnaði eins og víða hefur verið gert í öðrum löndum, þar á meðal í Noregi.

Það fer ekkert á milli mála að fjöldamörg atriði vega hér saman. Það eru skattar og vöruverð, hár kyndingarkostnaður er á köldum svæðum landsins, samgöngur, þó þær hafi vissulega farið batnandi á undanförnum árum. En síðast en

ekki síst eru það atvinnumálin, þ.e. að fólk hafi vissu fyrir því að atvinnumálin í ákveðnum byggðarlögum séu í lagi og séu nokkuð stöðug, eitthvað sem fólk geti byggt atvinnu sína og framtíð á.

Landbúnaður og fiskveiðar hafa verið undirstaða landsbyggðarinnar í atvinnuháttum að stórum hluta. Enda sést það greinilega að þar sem samdráttur hefur orðið, bæði í landbúnaði og eins í aflabrögðum, eða réttara sagt heimild til þess að veiða fisk í gegnum aflaúthlutun í kvótakerfinu, þá hafa þeir landshlutar veikst mikið sem hafa farið halloka í sambandi við úthlutun á kvóta en þau svæði aftur styrkst þar sem aflamarkið hefur vaxið. Er nærtækast að vitna til þess, með leyfi forseta, sem komið hefur fram í upplýsingum frá Byggðastofnun og birtust í Morgunblaðinu sl. sunnudag í grein sem Haraldur Líndal Haraldsson skrifaði, þar sem hann dregur saman ýmsar upplýsingar sem m.a. hafa verið birtar í skýrslum Byggðastofnunar á undanförnum árum. Það sýnir að ef skoðuð eru svæði eins og Vestfirðir og Norðurland án Akureyrar, Austurland og Suðurland, þá hefur samdráttur orðið þar í aflaheimildum, þegar miðað er við að þetta væri sett á 100 fiskveiðiárið 1992/1993, þá er samdrátturinn á þeim svæðum sem ég nefndi áðan núna 14% af þeirri hlutfallstölu eða hefur lækkað í 86% miðað við 100 árið 1992, á sama tíma og Akureyri hefur vaxið upp í 171% og Vesturland upp í 165% og höfuðborgarsvæðið í 118%.

Það liggur alveg ljóst fyrir að aflaheimildirnar hafa verulegt vægi í atvinnuháttum á landsbyggðinni. Sama má segja um sauðfjárbúskapinn og landbúnaðinn í heild, þar sem landbúnaðurinn hefur látið á sjá, þar hefur byggðin auðvitað veikst.

Eftir því sem minna verður af framboði í kringum byggðirnar, minni búseta í landbúnaði og minni framleiðsla og sjávarútvegur veikist, þá verða þessir byggðakjarnar líka veikari.

Þó að hér hafi verið samþykkt þingsályktun um aðgerðir í byggðamálum sem var í gildi út síðasta ár og síðan eigi að koma inn ný aðgerðaáætlun í byggðamálun eða stefnumótun í byggðamálum til næstu ára, þá hefur það sem gert hefur verið ekki nægt til þess að efla byggð á landsbyggðinni og þar hefur því miður orðið áframhaldandi fækkun.

Ég hef orðað það svo að það væri ákaflega erfitt hjá okkur að vera með aðgerðir í byggðamálum til þess að viðhalda byggðinni á sama tíma og við værum að veikja aðalundirstöðu byggðanna, sjávarútveg og landbúnað hinna dreifðu byggða landsins. Það væri í raun og veru nokkuð öfugsnúið að standa þannig að málum. Og síðan værum við að reyna að færa opinber störf út á land. Allt gott um það, en ég held að við þurfum markvissari aðgerðir.

Ég held að við komumst ekkert fram hjá því að við verðum að finna strandbyggðunum rétt í fiskveiðistjórnarkerfinu og við verðum að reyna að stuðla að því að landið haldist í byggð. Það vilja og trúa margir á það að Ísland verði í framtíðinni vaxandi ferðamannaland og ég held að það verði, en þá fyrst verður það vaxandi ferðamannaland að við getum boðið upp á þjónustu og að landið verði verðmætt af því að það er í byggð.

Í stefnumótun til byggðamála sem sett var á árinu 1998 var stefnt að því að það gæti orðið sams konar fjölgun á landsbyggðinni, um 10% að meðaltali yfir ákveðið tímabil, eins og yrði á höfuðborgarsvæðinu. Allir vita að þetta hefur ekki gerst og þess vegna er sú tillaga sem hér er sett fram og við erum að ræða varðandi þungaskattinn, hvaða áhrif hann hefur á búsetu fólks á landsbyggðinni, vöruverð og afkomu fyrirtækja og rekstrargrundvöll af hinu góða. En það er auðvitað fjöldamargt annað eins og ég hef vikið að í máli mínu sem þarf að taka á í byggðamálum. Ég fagna þessari tillögu.

[22:23]

Flm. (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls um þáltill. sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég þakka fyrir þá ágætu umfjöllun sem þar hefur verið og stuðning. Jafnframt verð ég að segja alveg eins og er að það kemur mér ekki á óvart að stjórnarþingmenn skuli ekki láta sjá sig. Það finnst mér líka mjög táknrænt. Í rauninni skil ég þá mjög vel, að menn vilji ekkert ræða um hækkun þungaskatts í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka. Ég hef farið yfir það áður og gerði það í fyrri ræðu minni hvernig áhrif sú hækkun hefur á verri veg fyrir samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni og landsbyggðarfólk í hærra vöruverði.

Herra forseti. Ég greip með mér smágrein sem Ásgeir Magnússon, forstöðumaður Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri, ritaði í blað Samtaka iðnaðarins og ég ætla að vitna aðeins í það, með leyfi forseta:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja að mörg framleiðslufyrirtæki landsbyggðarinnar sérstaklega iðnfyrirtæki hafa átt í vök að verjast á undanförnum árum og hefur þar margt komið til. Einn af stóru þáttunum í rekstri margra þeirra er flutningskostnaður. Fyrir þau sem vinna á innanlandsmarkaði er flutningur á stærsta markaðssvæði landsins verulega íþyngjandi, en hefur ef til vill verið veginn upp með öðrum kostum við staðsetningu fyrirtækjanna svo sem traustu og góðu vinnuafli og ódýrari lóðum og húsnæði."

Síðan er rætt um þá breytingu sem Eimskipafélag Íslands, eina fyrirtækið sem sinnir strandflutningum enn á Íslandi, gerði á sl. hausti og síðan með áframhaldandi tilvitnun í þessa grein, segir Ásgeir Magnússon, með leyfi forseta:

„Auðvitað hefur gjald þetta mjög mismunandi áhrif í rekstri fyrirtækja allt eftir eðli starfseminnar, allt frá því að hafa lítil sem engin áhrif upp í að ráða úrslitum um það hvar fyrirtækið verður staðsett í framtíðinni, og jafnvel í einstaka tilfellum að ráða því hvort fyrirtækið verður starfrækt áfram."

Síðan eru tekin dæmi af viðbrögðum forráðamanna nokkurra fyrirtækja á Norðurlandi sem rætt var við vegna þessara breytinga:

„Iðnfyrirtæki sem flytur inn allt hráefni (þungavöru), en selur sína þjónustu að talsverðu leyti á höfuðborgarsvæðinu. Áætlaður viðbótarkostnaður 8–10 milljónir á ári. Þessi kostnaður er heldur hærri en áætlaður hagnaður fyrirtækisins á árinu 2001.

Iðnfyrirtæki sem flytur inn allt hráefni, en selur framleiðslu sína að langmestum hluta á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótarkostnaður vegna flutninga gæti haft þau áhrif að stór hluti starfsemi fyrirtækisins flyttist til Reykjavíkur.

Iðnfyrirtæki sem flytur stærstan hluta framleiðslu sinnar úr landi. Áætlaður kostnaðarauki 12–16 milljónir. Rúmlega allur hagnaður fyrirtækisins af starfsemi þess á Norðurlandi. Veruleg hætta á að framleiðslan flytjist úr landi.

Iðnfyrirtæki sem þarf á miklum flutningum að halda og flytur alla framleiðslu sína úr landi. Fyrirtækið mun ekki greiða þessa hækkun flutningsgjalda. Náist ekki viðunandi samningar við Eimskipafélagið verður fyrirtækinu lokað."

Herra forseti. Ég var að vitna í grein sem Ásgeir Magnússon, forstöðumaður Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri, skrifaði í blað Samtaka iðnaðarins. Þau dæmi sem tekin eru af fjórum iðnfyrirtækjum segja allt sem segja þarf. Með öðrum orðum, áhrif þungaskattsbreytinganna, svo og hækkun á sjóflutningum, er að ganga af fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni dauðum. Og þessi sömu áhrif hafa stórhækkað vöruverð á landsbyggðinni. Ég kem betur að því síðar.

Herra forseti. Ekki alls fyrir löngu var stofnfundur Samtaka fyrirtækja á Norðurlandi. Þau samtök ætla að halda fund á Akureyri á fimmtudaginn kemur til að ræða þessi mál. Og er ég mjög kátur með það. Rósa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Ásprents POB, sem er í forsvari fyrir þessi samtök, sagði m.a. að horfa þyrfti til annarra Evrópulanda þar sem stjórnvöld styðja við og styrkja landsbyggðina á ýmsan hátt. Menn hljóta að bera saman rekstrarumhverfi fyrirtækja og lífskjör fólks á landsbyggðinni í Evrópu við landsbyggðina á Íslandi. Þetta er alveg hárrétt. Á þessum fundi var samþykkt að vinna að því að fá endurgreiðslu á flug-, sjó- og landflutningum til og frá höfuðborgarsvæðinu, niðurfellingu tryggingagjalds á landsbyggðinni, hækkaðan persónuafslátt fyrir íbúa landsbyggðarinnar, sem og afslátt á endurgreiðslu námslána. Sumt af þessu eru hlutir sem hafa verið ræddir en ekki komist til framkvæmda.

Það er ljóst, herra forseti, að þessi gjaldtaka er mjög neikvæð og hefur mjög neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja á landsbyggðinni.

Samtök iðnaðarins telja að lausn verði að finnast á þessum málum og telja að það verði ekki gert nema í samvinnu stjórnvalda, flutningafyrirtækja, hagsmunasamtaka og fyrirtækja á landsbyggðinni. Stjórn samtakanna sendi kveðjur á fundinn, með þeirri ósk að viðunandi lausn fyndist á þeim vanda sem nýtt gjald vegna framhaldsflutninga, þ.e. sjóflutninganna, skapaði fyrir iðnfyrirtæki á landsbyggðinni. Ljóst væri að gjaldtaka mundi hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækjanna.

Herra forseti. Það berast alls staðar óp frá forsvarsmönnum fyrirtækja á landsbyggðinni, svo og almennum landsbyggðarbúum, fólkinu, yfir vöruverði og svipuðum þáttum.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson talaði áðan um flutningskostnaðinn og ég vil aðeins bæta við það. Fyrirtækið Flytjandi starfrækir flutningaþjónustu frá Reykjavík til 80 áfangastaða á landinu. Mundu menn virkilega trúa því að það kosti 1.752 kr. með virðisauka að flytja 30–39 kg pakka til Miðnorðurlands? Gera menn sér grein fyrir því að þetta eru 45–58 kr. á kíló? Gera menn sér grein fyrir því að ef flutt eru meira en 300 kg, þá eru þetta um 20 kr. á kíló sem þetta kostar?

Ég tók hér dæmi við fyrri umræðu, þegar ég fylgdi þessari þáltill. úr hlaði, af hveitipoka í Bónusverslun á Akureyri sem kostaði 75 kr. Þar er talið að flutningur á þeim 2 kg hveitipoka kosti um 15 kr. Það er auðvitað dæmi um það að stórflytjendur fái afslátt, en 7,50 til 10 kr. er mjög algengt gjald á flutningum á þessum leiðum.

Herra forseti. Ég hef hér mest fjallað um áhrif þungaskattsbreytinga ríkisstjórnarflokkanna undanfarin ár, hvernig þær íþyngja og hafa farið þráðbeint út í verðlagið. Það er ljóst að í fjárlögum fyrir árið 2000 var reiknað með 3,9 milljörðum í þungaskattstekjur. Í fjárlagafrv. þessa árs er reiknað með að þessar tekjur verði 5 milljarðar kr. Þær hafa aukist um 1,1 milljarð á þessum árum.

Svo tekið sé dæmi af akstri flutningabíls með vagn austur á land þá getur það kostað í kringum 70 þús. bara í þungaskatt. Svo tók hv. þm. Karl V. Matthíasson dæmi áðan um flutningafyrirtæki í Grundarfirði sem borgar 40 millj. kr. á ári í þungakatt. Bara sá þungaskattur sem þetta viðkomandi flutningafyrirtæki borgar í ríkissjóð getur fjármagnað framkvæmdina við Kolgrafarfjörð á 15–20 árum. Við sjáum náttúrlega að þetta er komið langt út yfir öll velsæmismörk.

Þess vegna er jöfnun flutningskostnaðar eitt brýnasta atriðið ef menn vilja ná tökum á byggðamálum. Jöfnun flutningskostnaðar snýr að vöruverði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Jöfnun flutningskostnaðar er til í dag, þ.e. jöfnun á sementi, olíu. Við vitum að mjólkin kostar svipað um land allt o.s.frv. Við höfum þessar jöfnunaraðgerðir og því skyldum við ekki nota þær í þessu.

Herra forseti. Það er nefnilega svo að í dag snýst þetta um samkeppnishæfni svæða, þ.e. samkeppnishæfni landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu sem skiptir höfuðmáli. Þetta snýst um styrkleika og veikleika. Veikleikinn gagnvart landsbyggðinni er sá sem ég er hér að gera að umtalsefni, hár og mikill flutningskostnaður sem allt er að drepa. Gera menn sér grein fyrir því? Það er best að taka dæmi sem ég heyrði ekki alls fyrir löngu um. Kona vestur á fjörðum hringdi í mig og sagði mér þetta dæmi. Hún hafði hug á að kaupa stól í IKEA sem átti að kosta 3.500 kr. Sem betur fer, að eigin sögn, athugaði hún hvað mundi kosta að flytja stólinn. Áætlunin sem hún fékk frá flutningafyrirtækinu var að það mundi kosta 3.300 kr. að flytja hlutinn vestur.

Svo halda menn að við séum að ná einhverjum tökum á byggðamálum. Byggðaáætlun sem hefur verið í gildi er ekkert annað að stærstum hluta en falleg orð á pappír. Hún er friðþægingaráætlun. Ekkert hefur verið gert í þeim málum sem ég er að gera að umtalsefni, þ.e. flutningskostnaðinum.

Dæmin sem ég hef verið að taka um kostnaðinn í þessu sambandi sýna það og sanna. Það er ljótt að segja það, herra forseti, en engu að síður verður að hafa það í huga að þegar flutningskostnaðurinn er orðinn eins og hann er í verðskrám sem liggja fyrir frá þeim ýmsu aðilum sem stunda flutninga til og frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar, og þegar gjaldskráin er skoðuð spyr maður sig hvort miklar líkur séu á því að fyrirtæki taki sig til og flytji starfsemi sína — ef miklir flutningar til og frá eru samfara þeirri starfsemi, e.t.v. til úrvinnslu úti á landi eða fullvinnslu — hvort miklar líkur séu á því að flutningskostnaðurinn gerði það að verkum að menn væru frekar áfjáðir í það að flytja starfsemi sína út á land. Ég óttast, herra forseti, að svo sé ekki.

Ég óttast að þetta séu þættir sem skipta verulega miklu máli þegar þetta er skoðað og að menn komist að því að þrátt fyrir að geta farið í ódýrara húsnæði og fengið öruggara vinnuafl þá séu þetta neikvæðu þættirnir sem stoppi margan af hvað þetta varðar.

Dæmin sem ég hef hér tekið, bæði þau sem höfð eru eftir Ásgeiri Magnússyni á Akureyri og eins þau úr fréttum af fundi þegar samtök fyrirtækja á Norðurlandi voru stofnuð, gera það að verkum að við ættum að ganga fljótt til verks og gera breytingar hér á, gera breytingar að hætti þeirra sem láta sig byggðamál varða úti í Evrópu og nota skattkerfið til að jafna lífskjörin. Það er hægt að gera hér. Jöfnun lífskjara er að mínu mati mikilvægasta byggðamálið.

Jöfnun flutningskostnaðar er afar mikilvæg fyrir atvinnureksturinn á landsbyggðinni, að maður tali nú ekki um alla

þá miklu fiskflutninga sem eiga sér stað til og frá vinnslu. Þetta er ákaflega brýnt mál.

Það er ákaflega brýnt að jafna þetta til þess að lækka vöruverð á landsbyggðinni vegna þess að það hefur komið fram að annað mesta umkvörtunarefni íbúa á landsbyggðinni er verðlag og verslunaraðstæður sem 69% þeirra íbúa sem spurðir voru í könnun Stefáns Ólafssonar lektors, voru óánægðir með, þ.e. verðlag og verslunaraðstæður.

Herra forseti. Þetta er það sem er einna brýnast í þessum málum, ásamt því að taka á og jafna lífskjör fólks í gegnum skattkerfið sem ég ætla nú ekki að ræða um hér undir þessum lið enda er tími minn búinn. En það gefst tími til þess síðar. Ég held að ef menn ætla að stöðva þá miklu flutninga sem hafa átt sér stað frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og snúa vörn í sókn þá verði þeir að fara í ýmsar jöfnunaraðgerðir í gegnum skattkerfið.

Ég ætla að enda mál mitt að þessu sinni á því að segja: Það er í raun ekkert sanngjarnt við það að íbúi á Raufarhöfn borgi sama tekjuskatt og íbúi í Reykjavík. Íbúinn á Raufarhöfn nýtur ekki ýmiss konar þjónustu sem íbúinn á höfuðborgarsvæðinu nýtur, jafnvel frá hendi opinberra aðila. Hvers vegna skyldu menn þá ekki skoða það dæmi alvarlega annaðhvort að hækka persónuafsláttinn eða hreinlega að lækka tekjuskattsprósentuna hjá íbúum á landsbyggðinni? Þetta er m.a. gert í Norður-Noregi.

[22:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa till. til þál. að öðru leyti en því að lýsa stuðningi við hana fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Við teljum að æskilegt væri að gera þá könnun sem hér er lögð til á þróun samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á þéttbýlissvæðinu hér suðvestanlands hins vegar. Ég vil taka undir það sem segir í niðurlagi greinargerðar með þáltill. að jöfnun lífskjara, svo og jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja án tillits til staðsetningar þeirra verði að vera meðal forgangsverkefna ef árangur eigi að nást í byggðamálum.

Innan okkar raða hefur talsvert verið rætt um hvaða leiðir skuli fara til að ná þessu marki. Hv. þm. Kristján L. Möller á sér marga skoðanabræður innan okkar raða um að sú leið væri æskileg að nota skattkerfið í þessu tilliti og sjálfur ætla ég alls ekki að útiloka að sú leið verði farin. Það er æskilegt að kanna hana. Hann vísar til Norður-Noregs og Norður-Svíþjóðar í því efni.

Hins vegar vil ég lýsa þeirri skoðun minni að ég hef ákveðnar efasemdir um að þetta sé endilega rétta leiðin, heldur eigi að hafa sama skattafyrirkomulag fyrir landið allt, óháð búsetu, en hins vegar eigi að koma stuðningur til að bæta upp þennan aðstöðumun. Þar er ég hjartanlega sammála hv. 1. flm. Kristjáni L. Möller að mikilvægt er að ná því meginmarkmiði. Þar er ég honum sammála og ítreka stuðning við þetta meginmarkmið þessarar þáltill.

[22:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Munurinn á flokkum stjórnarandstöðunnar og stjórnarliðsins í byggðamálum er sá að við sem erum í stjórnarandstöðunni höfum lagt hér fram á þessum vetri fjölmörg mál sem lúta að því að reyna að efla byggð í landinu. Hv. þm. Kristján L. Möller á hrós skilið fyrir það frumkvæði sem hann hefur tekið, ekki bara varðandi þessa þáltill. sem hér er til umræðu heldur mörg önnur mál sem lúta að því að bæta hag landsbyggðarinnar sem hann hefur tekið upp hvað eftir annað hér á hinu háa Alþingi.

Stjórnarliðið virðist hins vegar ekki geta komið sér saman um neina stefnu í byggðamálum. Milli stjórnarliða eru átök um Byggðastofnun. Milli stjórnarliða eru átök innan Byggðastofnunar. Milli stjórnarliða eru átök um byggðaáætlun sem gerir það að verkum að ekki er búið að leggja hana fram hér í þinginu, heldur situr hún föst í pípulögnum þingflokka stjórnarliðsins. Það eru átök milli stjórnarflokkanna um hvaða aðgerðir eigi að brúka til þess að reyna að rétta hlut landsbyggðarinnar og átök eru milli stjórnarflokkanna um hvaðeina sem lýtur að byggðamálum. Eitt er þó alveg ljóst, herra forseti, að afrekaskrá þeirra hæstv. ráðherra sem hafa undanfarið farið með byggðamál af hálfu ríkisstjórnarinnar er u.þ.b. ámóta.

Ég hygg að á engan sé hallað þegar ég held því fram að hæstv. forsrh. hafi staðið sig verr en nokkur ráðherra á síðustu áratugum hvað varðar stefnumótun og framkvæmd stefnu um jafnvægi í byggð landsins. Það er einungis hægt að nefna einn ráðherra sem kemst með tærnar þar sem hæstv. forsrh. hefur hælana og það er núv. byggðamálaráðherra.

Herra forseti. Þess vegna hafa þingmenn Samfylkingarinnar lagt fram þessa tillögu. Hún er ein af fjölmörgum málum sem þingmenn stjórnarandstöðunnar og Samfylkingarinnar hafa lagt fram um þessi mál. Sú tillaga sem hér liggur fyrir og hv. þm. Kristján Möller hefur mælt fyrir skörulega lýtur að því að kanna hvaða áhrif þungaskattur hefur haft á flutningskostnað og þar með verðlag í landinu. Það hefur komið fram, herra forseti, í þessari umræðu að á síðustu árum hefur sú fjárhæð sem hæstv. ríkisstjórn hrammsar til sín í formi þungaskatts, stórhækkað. Hv. þm. Kristján Möller sýndi fram á það með tölum hér áðan hvernig hún hefur á síðustu árum aukist úr 3,9 milljörðum í 5 milljarða á þessu ári.

Herra forseti. Er hægt að halda því fram að þingmenn Samfylkingarinnar fari með rangt mál þegar við höldum því fram að þetta sé dæmigert um það að ríkisstjórnin mergsýgur landsbyggðina?

Ef hæstv. ríkisstjórn er alvara í því efni að reyna að rétta hlut landsbyggðarinnar, hví í ósköpunum reynir hún ekki að beita sér fyrir því að draga úr þungaskattinum?

Margt veldur því að landsbyggðin stendur höllum fæti gagnvart þéttbýlinu. Við getum nefnt óhagstæðar rekstrareiningar. Við getum nefnt litla samkeppni í verslun á landsbyggðinni. En eitt er alveg ljóst, eins og hér hefur verið sýnt fram á með óhrekjandi tölum, að flutningskostnaður á snaran þátt í þeirri óheillaþróun sem orðið hefur í verðlagi á landsbyggðinni. Þetta er eitt af því sem hvetur flóttann þaðan og hingað til þéttbýlisins.

Og hver er það sem ber ábyrgðina á því, herra forseti? Það er auðvitað ekki hægt að ásaka hæstv. ríkisstjórn fyrir að hafa ekki komið upp nægilegri samkeppni í t.d. matvælaverslun á landsbyggðinni. En hægt er að ásaka hana fyrir það að hafa með handafli ýtt upp vöruverði með því að hafa hér á hinu háa Alþingi ýtt upp þungaskattinum og þar með ýtt upp flutningskostnaðinum sem hækkar verðlagið.

Ef hér væri t.d. hæstv. byggðamálaráðherra, sem auðvitað ætti að sitja eða standa eftir atvikum, undir þessari umræðu, mundi ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað í ósköpunum veldur því að ríkisstjórnin vindur ekki bráðan bug að því að lækka þungaskattinn? Hvað í ósköpunum kemur í veg fyrir að hún

reyni með þessum hætti að standa við stóru orðin um að jafna kjörin milli íbúa landsbyggðar og þéttbýlis? Mér er það óskiljanlegt, herra forseti.

Sú tillaga sem hv. þm. Kristján Möller hefur hér reifað gengur út á það m.a. að sett verði nefnd til þess að kanna hvernig þungaskatturinn hefur haft áhrif á verðlag og ýtt því upp á síðustu árum. Sömuleiðis á þessi nefnd að leita leiða til þess að draga úr flutningskostnaði. Ein leiðin, herra forseti, hlýtur að felast í því að lækka þungaskattinn.

Ég er sammála þeirri tillögu sem hv. þm. Kristján Möller hefur hér reifað. Hún felst í því að fara að dæmi frænda okkar í Noregi, sem hafa skipt landinu í svæði og þungaskatturinn er mismunandi eftir svæðum.

Ég er alveg sammála þegar því er haldið fram hér af hv. þingmönnum Samfylkingarinnar af landsbyggðinni að giska mikið óréttlæti felst í því að íbúi Raufarhafnar eigi að borga kannski tugum króna hærra verð fyrir tiltekna dagvöru heldur en sá sem býr á suðvesturhorninu, einvörðungu vegna þess að ríkisstjórnin hefur af viskuleysi sínu og fávisku lagt svona háan þungaskatt á þá sem eiga heima á Raufarhöfn. Þetta er ranglæti, herra forseti.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson reifaði hér í stuttu máli ákaflega margt af því sem hefur leitt til þess að landsbyggðin á í vök að verjast. Hann nefndi flutning og sölu aflaheimilda burt af strandlengjunni. Hann nefndi þá þróun sem við höfum séð í landbúnaði til sveita. Og hann tók undir það sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa hér reifað, að flutningskostnaðurinn er eitt af því sem hefur ýtt upp verðlagi og verðlagið er ein af þeim svipuólum sem stundum ríður á hrygglengju þeirra sem búa á landsbyggðinni og reka flóttann þaðan.

Herra forseti. Ég fagna þess vegna þeim stuðningi sem hefur komið frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Það sýnir að í þessu efni er stjórnarandstaðan einhuga. En auðvitað saknar maður þess að í þessari umræðu í kvöld og áður en henni var frestað, hefur enginn þingmanna stjórnarliðsins kvatt sér hljóðs og reifað þessa tilögu. Ég skil það vel, herra forseti. Stjórnarliðið hefur vonda samvisku í þessu máli. Stjórnarliðið hefur brugðist væntingum landsbyggðarinnar. Stjórnarliðið hefur brotið þau loforð sem það gaf. Það stendur nánast ekki steinn yfir steini í þessum efnum, herra forseti.

Ekkert er óbrotgjarnara í minnisvarða um vanefndir stjórnarliðsins en loforðin sem gefin voru t.d. um flutning starfa út á land í fjarvinnslu. Þar skutu menn sér á bak við staða embættismenn, herra forseti. Ég held að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé ákaflega heillavænleg til þess að rétta hlut landsbyggðarinnar.

[22:49]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Margt skemmtilegt og áhugavert kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Eitt væri kannski áhugavert að fá upplýsingar um hjá honum. Hann vill lækka þungaskattinn. Hvernig vill hann fjármagna vegagerð í landinu? Er hann að hugsa um vegagerð á höfuðborgarsvæðinu? Má eitthvað verða útundan sem þar er á áætlun? Margir í hans kjördæmi hafa nú talið að illa væri komið í samgöngumálum. Sér þingmaðurinn eitthvað þar sem mætti slá á frest, hætta við framkvæmdir sem eru fjármagnaðar af þessum þungaskatti? Ég hefði gaman af að heyra skoðun hans á þessu.

[22:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eina sem hv. þm. stjórnarliðsins hafa til málanna að leggja hérna er að reyna að finna einhvers konar rökfræðilegar gildrur fyrir okkur stjórnarandstæðinga að falla í.

Hv. þm. Arnbjörgu Sveinssyni sem situr í samgn. hefði ...

(**Forseti** (ÁSJ): Sveinsdóttur.)

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa í stuttri ræðu minni skipt um kyn á hv. þm. Það sem ég vildi sagt hafa er að hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur hefði verið sæmra að koma hingað og lýsa afstöðu sinni til þeirra tillagna sem koma fram í þingskjali sem hér var reifað. Hv. þm. beinir til mín nokkrum spurningum og kjarninn í þeim er eftirfarandi: Hvernig vill Samfylkingin kosta vegagerð í landinu ef hún vill lækka þungaskatt?

Herra forseti. Við erum að tala um réttlæti og ég spyr hv. þm. á móti: Er fólgið réttlæti í að íbúi á Raufarhöfn borgi tugum króna meira fyrir kíló af dagvöru en íbúi á suðvesturhorninu einvörðungu vegna þess fyrirkomulags sem hæstv. ríkisstjórn hefur í þungaskattsmálum? Ég segi nei.

Ég bendi hv. þm. á þá staðreynd að á örskömmum tíma hefur ríkisstjórnin tekið 1.100 kr. meira úr pyngju landsmanna í gegnum þungaskattinn. Það hefur lagst hlutfallslega harðast á íbúa landsbyggðarinnar. Ég sé þess ekki stað í vegagerð landsins.

Má ég síðan vísa til svars hæstv. forsrh. þegar hann var spurður hér fyrir tveimur dægrum hvernig hann ætlaði að fjármagna þær 750 milljónir sem það kostaði að lækka gjaldskrá opinberra fyrirtækja. Hvað sagði hæstv. forsrh.? Við ætlum að auka aflaheimildirnar. Kannski það væri hægt líka í þessu?

[22:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki svaraði þingmaðurinn þeirri spurningu sem ég beindi til hans.

Ég neita því ekki og hef aldrei neitað því að flutningskostnaður á landsbyggðinni er vandamál. En á þá að fella niður þungaskatt, þann tekjupóst sem staðið hefur undir vegagerð í landinu? Ég spyr enn á móti: Hv. þm. fullyrti að við værum illa stödd í vegagerð og hann sæi þess ekki merki að unnið væri að vegagerð í landinu. Hvar í ósköpunum hefur hann verið ef hann hefur ekki séð að unnið hafi verið að vegagerð? Það hefur verið gert hér í Reykjavíkurborg með mjög miklum ágætum. Ekki þarf annað en að horfa á allar göngubrýrnar yfir hraðbrautirnar í Reykjavík til að sjá það. Ef hann hefur farið út um landið og litið til kjósenda sinna þar hefur hann væntanlega séð að þar hefur mikið áunnist í vegagerð og væri full ástæða til að vekja athygli þingmannsins á því, ef hann hefur ekki tekið eftir því á ferðum sínum um landið. Ég trúi ekki öðru en að hann hafi nú annað slagið litið út úr höfuðborginni.

[22:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig ber að skilja mál hv. þm. Ég hef að vísu orðið þess áskynja að hv. þm. hefur sett sig á mælendaskrá þannig að hún getur e.t.v. skýrt stefnu Sjálfstfl. í þessum efnum. Hins vegar get ég ekki skilið mál hv. þm. öðruvísi en svo að hún leggist gegn því að þungaskattinum verði breytt þannig að íbúar landsbyggðarinnar beri hann

ekki með jafnmiklum ofurþunga og núna. Er það rétt skilið hjá mér, herra forseti?

Hitt skil ég mætavel að hv. þm. Arnbjörn Sveinsdóttir gleðjist yfir þeim þrýstingi sem Reykjavíkurlistinn hefur sett á stjórnvöld og þar með náð talsverðu fjármagni til að bæta úr samgöngukerfinu sem ríkisstjórnin á að kosta, þess hluta þess sem ríkisstjórnin á að kosta hér í bænum. Auðvitað er það þannig að undir stjórn Reykjavíkurlistans hefur borgin blómgast (Gripið fram í.) og dafnað.

Herra forseti. Gerir hv. þm. sér grein fyrir því hvað það kostar flutningabílstjóra með tengivagn að fara með bifreið sína til Seyðisfjarðar? Hvað þarf sá að greiða háan þungaskatt? Ég er viss um að hv. þm. getur svarað því og gerir það hér á eftir. En ég skal upplýsa hana um það. Það eru 70.000 kr. Hv. þm. virðist ekki vilja létta þeim kostnaði af íbúum Seyðisfjarðar. Það eru 32 kr. á kíló miðað við 300 kílóa farm.

Herra forseti. Þetta eru auðvitað hlutir sem hljóta að skipta máli fyrir íbúa dreifbýlisins og hljóta að skipta máli fyrir íbúa Seyðisfjarðar. En ætla þingmenn Sjálfstfl. virkilega að þegja í þessari umræðu og láta það sannast á sig að Sjálfstfl. styðji það ekki að draga úr þungaskatti sem leggst með þessum ofurþunga á íbúa landsbyggðarinnar? Ætlar hinn málglaði hæstv. forseti t.d. að þegja undir þessu eftir að hafa dóserað hér í allan dag um hin ólíkustu mál?

[22:56]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta hefur að mörgu leyti verið sérstök umræða og sérstaklega það hvernig menn tala um þá stefnu í byggðamálum sem hér hefur verið fylgt. Kannski væri rétt að fara aðeins yfir það hvernig sú stefna var tekin.

Menn lögðu mjög mikið í að undirbúa þá tillögu áður en hún var flutt á Alþingi. Margir voru kallaðir til þess verks, m.a. gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands viðamikla könnun um byggðavandann í heild og þá sérstaklega á afstöðu þeirra sem flutt höfðu af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og afstöðu þeirra sem enn bjuggu á þeim tíma á landsbyggðinni. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, með Stefán Ólafsson í broddi fylkingar, vann mjög viðamikla rannsókn á því hvernig því væri öllu háttað.

Upp úr þessum rannsóknum var unnin tillaga um það hvernig mætti bregðast við vanda fólksins sem býr á landsbyggðinni og snúa við þessari óheillavænlegu byggðaþróun sem við höfum svo lengi þurft að horfa upp á. Þegar niðurstaða þessara rannsókna lá fyrir var gengið frá tillögunni sem nú er í gildi. Sú tillaga tekur á mjög mörgum þáttum. Hún tekur á atvinnumálum, mennta- og menningarmálum, jöfnun lífskjara og ýmsum þáttum sem snúa að umhverfismálum og náttúruvernd.

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að allflest, eins og skýrslur benda til, sem lagt var til í þessari þáltill., sem er núgildandi byggðaáætlun, hefur verið framkvæmt. Þegar allt þetta lið góðra manna úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri og frá ýmsum vísindastofnunum kemur saman til þess að semja tillögur sem lagðar eru fyrir Alþingi og menn telja að þeir hafi komist að rótum vandans en það dugir ekki til þá, því miður, hljótum við að harma það, bæði ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Þessi stóryrði sem dynja á mönnum í þingsal um þessa tillögu, að þetta sé engin byggðastefna og að ekki sé reynt að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að snúa þessari þróun við, skilar ekki neinu fyrir fólkið í landinu, herra forseti. Við þurfum að taka upp málefnalegri umræðu um þá þróun í byggðamálum sem við búum við núna. Þess vegna er afskaplega leiðinlegt að hlusta á þessi stóryrði en ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Hvernig hefur verið staðið að þessum málum hingað til? Vissulega hefur allt verið lagt í að útbúa tillögur og framkvæma það sem að bestu manna yfirsýn hefur verið talið hafa einhver áhrif. Ég nefni m.a. að í atvinnumálum hafa verið lagðar 300 millj. kr. á ári til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Framlög til jöfnunar húshitunarkostnaðar hafa verið tvöfölduð. Framlög til jöfnunar á námskostnaði hafa verið aukin. Unnin hafa verið ýmis stórvirki í menningarmálum. Síðast en ekki verið síst hefur verið unnið að virkjunaráformum og uppbyggingu stóriðju í landinu, sem m.a. hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur átt býsna erfitt með að gera upp við sig hvort hann styðji eða standi gegn. Við höfum orðið vitni að því í fjölmiðlum. Þó að Samfylkingin virðist vera að komast til ráðs í því máli hefur sú umræða sem afstaða þeirra hefur skapað ekki verið byggðamálum sérstaklega til góðs. En ég trúi því og veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, mun á endanum fylgja því máli eins og hann hefur gefið fastlega í skyn, sem betur fer, að undanförnu í máli sínu í ræðustól í Alþingi.

Hæstv. forseti. Þetta er staðan varðandi þær byggðaáætlanir sem við höfum verið að vinna eftir. Hæstv. iðnrh. hefur boðað að hún muni leggja fram nýja áætlun nú í vetur. Ég trúi því að það ágæta og hæfa fólk sem kallað var saman til að útbúa nýjar tillögur í byggðamálum muni koma fram með góðar tillögur til þess að vinna úr þannig að byggðaþróun í landinu snúist aftur á réttan veg. Það hljótum við hv. þm. að geta orðið sammála um að þessi íbúaþróun í landinu er okkur mjög óhagfelld og fyrir efnahagslífið í landinu er mjög slæmt að hún skuli vera með þessum hætti.

[23:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. á hrós skilið fyrir að koma hingað og skýra afstöðu sína og Sjálfstfl. Mér fannst ekki mikið til þeirra skýringa koma að öllu leyti en hún satt að segja tekur þó á sig meiri rögg en aðrir þingmenn Sjálfstfl. og stjórnarliðsins. Það er athyglisvert að enginn framsóknarmaður hefur enn þá talað í þessari umræðu og á þó Framsfl. byggðamálaráðherrann.

Herra forseti. Ég tek auðvitað undir með hv. þm. að því leytinu að það er mjög óæskilegt og leiðinlegt að horfa upp á þá þróun sem nú er í byggðamálum. Hvernig er hún? Hvernig hefur hún verið síðustu tíu árin? Hún hefur verið þannig að að meðaltali hafa sex fjögurra manna fjölskyldur flutt af landsbyggðinni til Reykjavíkur í hverri einustu viku, í hverjum einasta mánuði, á hverju einasta ári síðasta áratuginn. Og hvað annað tengist þessum áratug ef maður horfir á hann frá sjónarhóli byggðamála? Jú, hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, var yfir byggðamálunum nánast allan þennan tíma. (Gripið fram í.) Ég tek þess vegna undir með hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að það er auðvitað skelfilegt að sjá þennan árangur formanns hennar flokks. (Gripið fram í.)

Og það er þannig, herra forseti, að tákngervingur efnda ríkisstjórnarinnar í þessum málum situr hérna fyrir aftan mig. Hæstv. forseti og hv. 1. þm. Norðurl. e. Muna menn eftir því þegar hv. þm. og hæstv. forseti, Halldór Blöndal, kom á Ólafsfjörð og sagði: Það er búið að taka ákvörðun um að flytja fjarvinnslustöð til Ólafsfjarðar. Var eitthvað að marka hæstv. forseta þá? Ekki neitt. Ekki orð. Allt vitleysa sem

hæstv. forseti sagði. Hvert einasta orð. Í þessu felast efndir ríkisstjórnarinnar.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil áminna hv. þm. um að halda forseta Alþingis utan við stjórnmálaumræður.)

Ég biðst afsökunar. Ég nefni þá til sögunnar hv. 1. þm. Norðurl. e. Er mér það leyfilegt? Já.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. er tákngervingur vanefnda ríkisstjórnarinnar. Það stóð ekki steinn yfir steini sem sá ágæti maður sagði á Ólafsfirði.

[23:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta ber allt saman vott um það hversu málefnaleg umræðan er nú.

En það er alveg ljóst að þegar við sáum fram á að fjarskiptakerfin og samgöngurnar á því sviði væru að eflast og aukast og nú væru að koma til alls konar möguleikar til að vinna fjarvinnslustörf með góðum hætti vaknaði mjög mikil von hjá landsbyggðarfólki. (**Gripið fram í:** ... forsætisráðherrann.) Og ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég satt að segja trúi því ekki enn þá að ekki sé hægt að efla þá starfsemi sem tengist fjarvinnslumálum af ýmsu tagi þegar fólk getur tengt saman atvinnu og búsetu með sterkari hætti en áður hefur verið. Hins vegar hafa orðið nokkur vonbrigði með hvernig ríkisvaldinu hefur tekist að flytja verkefni og starfsemi út til landsbyggðarinnar. Og hvernig skyldi standa á því?

Það væri gaman að heyra hv. þm. lýsa því hvaða störf t.d. hann hefði getað flutt úr umhvrn. þegar hann var umhvrh. Hvaða störf úr umhvrn. eða stofnunum þeirra gæti hann séð fyrir sér úti á landi og væri hann tilbúinn að styðja flutning á þeim út til landsbyggðarinnar?

[23:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. var venju fremur seinheppin með þessa spurningu. Hér stendur sá þingmaður sem flutti heila stofnun, þótt smá væri, út á land í hið nýja kjördæmi hv. þm. eins og það stendur nú, þ.e. ég flutti embætti veiðistjóra til Akureyrar. Ég var upphafsmaður að því að Landmælingar Íslands voru fluttar til Akraness. (**Gripið fram í:** Nei. Nei.) Heldur hver? Það var nákvæmlega fyrrv. umhvrh. með góðum tilstyrk þáv. hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, sem var upphafsmaðurinn að því þótt Guðmundur Bjarnason hafi síðan leitt það mál til lykta. Það getur hv. þm. Guðjón Guðmundsson auðvitað kannað bara í skjölum ríkisstjórnar sinnar. (**GuðjG:** Ekki skreyta sig með annarra fjöðrum.)

Herra forseti. Við getum bara skoðað þetta. Það er þó a.m.k. ekki hægt að halda því fram að sá þingmaður sem hér stendur hafi ekki flutt hina merku stofnun, embætti veiðistjóra, til Akureyrar. Ætlar hv. þm. að hafna því? Svo er ekki. En það gerði hann vegna þess að hann taldi að viðfang þeirrar ríkisstofnunar væri einungis að finna þar. Hvorki mink né skolla er að finna hér í Reykjavík þar sem stofnunin var nema þá í kringum Austurvöll og Tjörnina.

Herra forseti. Ég hlýt auðvitað að spyrja hv. þm., Arnbjörgu Sveinsdóttur, hvort hún telji eitthvað skrýtið að von hafi vaknað hjá landsbyggðinni þegar hæstv. forsrh. sem þjóðin eðlilega treystir kom fram í fjölmiðlum og hampaði skýrslu Iðntæknistofnunar. Hvað stóð í henni? Að 900–1.400 fjarvinnslustörf væri hægt að flytja út á land. Er eitthvað skrýtið þótt von hafi vaknað? Er eitthvað skrýtið þótt von hafi vaknað þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. kom í kjördæmi sitt og sagði bókstaflega: „Það er búið að taka ákvörðun.“ Halda menn kannski að ekki sé mark takandi á slíkum manni? Ég gerði það a.m.k. á þeim tíma.

[23:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er ekki skrýtið að von vakni. Í hvert skipti sem menn nefna góð mál og sýna fram á hægt sé að framkvæma þau vaknar auðvitað von. Að sjálfsögðu.

Þessi ágæta skýrsla var unnin af helstu embættismönnum, ráðuneytisstjórum og stofnanaforstjórum, í Reykjavík sem sögðu að þeir gætu flutt þessi störf. Og hverju eigum við að trúa, hv. þingmaður, öðru en að það sé hægt og að þeir hafi fullan vilja á bak við það sem þeir eru að segja, þessir ágætu ríkisforstjórar og embættismenn? (Gripið fram í.) Ég bara spyr. Er ekki ástæða til að trúa því? Þeir eru fengnir til að vinna svona skýrslur. Og auðvitað trúir maður því. Að sjálfsögðu.

En hv. þm. svaraði ekki hvað til viðbótar hann gæti flutt — ég ætla að hrósa hv. þm. fyrir röggsemi hans í að flytja veiðistjórann til Akureyrar. Og hafi hann átt þátt í því að flytja Landmælingar upp á Akranes er auðvitað rétt að halda því á lofti. Og minnast þess oft og gjarnan. Við skulum þá reikna með því að hv. þm. sé ekki í hópi þeirra þingmanna Samfylkingarinnar sem gjarnan hafa gagnrýnt flutning á stofnunum út á land, m.a. þeir sem hæst hafa gagnrýnt t.d. flutning Landmælinga upp á Akranes. Ég trúi því að hann sé þá ekki í þeim flokki sem er hvað gagnrýnastur á það að vera yfir höfuð að flytja til stofnanir.

[23:13]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla að hæla hv. 2. þm. Austurlands, Arnbjörgu Sveinsdóttur, fyrir eitt. Það er að koma hér í ræðustól og taka til máls um byggðamál. Að taka til máls um þá þáltill. sem við höfum verið að ræða um áhrif þungaskatts á vöruverð og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni. En ég tók eftir því í ræðunni að það var ekkert rætt um það mál, flutningskostnaðinn, bæði hvað varðar vöruverð og aðföng til atvinnurekstrar. Og ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, og spyrja hv. þm. út í skoðanir hennar á þessari þáltill. og á þeim stórhækkaða flutningskostnaði sem íþyngir landsbyggðinni um þessar mundir.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér áðan að þungaskatturinn fyrir flutningabíl með vagn er um 70.000 kr. á ferð. Ef farnar eru þrjár ferðir í viku sem ég geri ráð fyrir að séu austur á þennan ágæta stað eru það 210.000 kr. sem viðkomandi flutningabílstjóri er að greiða. Ef við höldum áfram með það hvað þetta kostar þá, flutningabílstjórana, ef með er tekinn olíukostnaður, slit á dekkjum og laun má margfalda þessa tölu með þremur. Og þá er það 630.000 kr. sem íbúar Seyðisfjarðar eru að borga fyrir þá flutninga sem eiga sér stað í þessum þremur ferðum frá höfuðborgarsvæðinu og austur. (**ArnbS:** Þetta eru bara þrjár. Heldurðu að séu ekki fleiri en þrjár ferðir á Seyðisfjörð?) Ja, við skulum þá taka fimm ferðir og þá bið ég hv. þm. að koma með þær tölur og rökstyðja fyrir mér hvernig íbúar Seyðisfjarðar fara að og hvert þessi kostnaður fer. Fer hann ekki beint út í verðlagið?

Hv. þm. var allan tímann áðan í umræðum um fjarvinnsluverkefni að reyna að snúa ábyrgðinni, hinni pólitísku ábyrgð forsrh. og stjórnarflokkanna, á embættismenn. Og það var frekar lítilmannlegt.

[23:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræðumaður fór í að ræða gildandi byggðaáætlun vegna þess að hún var aðalefnið í þeim ræðum sem voru hér á undan. Mér fannst full ástæða til að leiðrétta þann misskilning sem kom fram í ræðum hv. þingmanna Samfylkingarinnar, Kristjáns L. Möllers og Össurar Skarphéðinssonar.

Varðandi þessa tillögu sem hér liggur fyrir get ég alveg stutt það að nefnd verði stofnuð, eins og segir hér, hæstv. forseti:

„Nefndin kanni sérstaklega og meti:

a. Áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni.

b. Áhrif þungaskatts á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra."

Hæstv. forseti. Ég tel alveg fulla ástæðu til að kanna þetta, bara hið besta mál. Mér er reyndar til efs að ekki séu til einhvers staðar úttektir á þessu en ef svo er ekki er svo sannarlega full ástæða til að kanna þetta og vera með nákvæmar tölur um hvernig þessi þróun hefur orðið. Mér er reyndar sagt að að meðaltali hafi flutningskostnaður — þá er ég ekki að tala um þungaskatt heldur flutningskostnað — hlutfallslega lækkað á undanförnum árum en ég er ekki með tölur um það hér. Þess vegna get ég, hæstv. forseti, ekki rætt um hvernig sú þróun hefur verið.

Ég bara lýsi yfir stuðningi við það að þróun þungaskatts á vöruverð verði könnuð.

[23:17]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir að lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. sem við leggjum hér til. Hv. þm. er einn af fáum þingmönnum Sjálfstfl. sem koma hér upp og ræða enn þá um byggðamál. Og fyrir það þakka ég sérstaklega. Ég vænti þess að hv. þm. muni þá tala fyrir því inni í þingflokki Sjálfstfl. og við fulltrúa Sjálfstfl. í iðnn. að þessi tillaga fái brautargengi en verði ekki svæfð þar inni.

Hér var rætt um flutningskostnað. Og ég bið hv. þm. afsökunar á því að hafa bara talað um þrjár ferðir austur á Seyðisfjörð. Ef þær eru fimm, alla virka daga vikunnar, eru það 350.000 kr. í þungaskatt sem íbúar Seyðisfjarðar greiða fyrir vöruflutninga þangað austur, og ef annað er tekið með í þetta er kostnaðurinn vegna þungaskattsins, olíu, slits á dekkjum og launa rúmlega ein milljón sem fer svo beint út í verðlagið eins og ég sagði áðan. Og það er ekki lítil tala sem leggst á og fer beint út í verðlagið, sama hvort þá er verið að flytja nauðsynjavöru, matvöru eða hráefnisvöru til iðnframleiðslu, e.t.v. til að flytja hana svo aftur suður, að við tölum ekki um margfeldisáhrifin sem þetta hefur allt saman gagnvart virðisaukaskattinum.

Herra forseti. Ég fagna því, trúi því og treysti að við höfum fengið góðan baráttumann fyrir því að þessi þáltill. fái brautargengi í gegnum þingið, þetta verði kannað og sú nefnd muni vinna fljótt og vel og skila tillögum áður en þing kemur saman í haust.

Bara rétt af því að ég gleymdi því áðan og af því að hv. þm. var að tala um flutningskostnaðinn. Ég á þá flutningatöflu sem er í gildi í dag. Það hefur komið fram og það er hér í þessum töflum að það kostar samkvæmt gjaldskrá 62 kr. á kg að flytja 30 kg frá Reykjavík til Seyðisfjarðar. Ef flutningurinn er 300 kg eða meiri kemur smáafsláttur, verðið fer ofan í 32 kr. á kg. Við skulum ímynda okkur að verið sé að flytja eitt bretti af kaffi, 300 kg, og 32 kr. á hvert kg af kaffinu. Gjörið svo vel.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–14. mál.

Fundi slitið kl. 23:20.

---

69. FUNDUR

þriðjudaginn 5. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 39. mál, þskj. 39, nál. 434 og 618, brtt. 435 og 727. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 135. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698. — 1. umr.
4. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 371. mál, þskj. 573. — 1. umr.
5. Kirkju- og manntalsbækur, stjfrv., 372. mál, þskj. 574. — 1. umr.
6. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), stjfrv., 427. mál, þskj. 687. — 1. umr.
7. Kirkjubyggingasjóður, stjfrv., 428. mál, þskj. 688. — 1. umr.
8. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 333. mál, þskj. 424. — 1. umr.
9. Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, þáltill., 430. mál, þskj. 691. — Fyrri umr.
10. Barnalög, frv., 125. mál, þskj. 125. — 1. umr.
11. Áfengislög, frv., 126. mál, þskj. 126. — 1. umr.
12. Umferðarlög, frv., 140. mál, þskj. 140. — 1. umr.
13. Flutningur jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, þáltill., 232. mál, þskj. 259. — Fyrri umr.
14. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310. — 1. umr.
15. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 266. mál, þskj. 311. — Frh. fyrri umr.
16. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436. — Frh. fyrri umr.
17. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, þáltill., 389. mál, þskj. 645. — Frh. fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Getraunir, 314. mál, nál. allshn., þskj. 745.

Iðnaðarlög, 137. mál, þskj. 734.

Innheimta skuldar við LÍN, 463. mál, fsp. SJóh, þskj. 743.

Meint óeðlileg innherjaviðskipti, 464. mál, fsp. JóhS, þskj. 744.

Óhefðbundnar lækningar, 462. mál, fsp. GunnS, þskj. 742.

Undanþága frá banni við samkeppnishömlum, 461. mál, fsp. EKG, þskj. 741.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það fram að sá háttur verður hafður á við umræður í dag að gert er ráð fyrir að taka fyrst fyrir fyrstu átta dagskrármálin, síðan 15., 16. og 17. mál og síðan áfram 9. og 10. mál o.s.frv. Má gera ráð fyrir því að þingfundur kunni að dragast fram á áttunda tímann en ekki verður kvöldfundur.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sala Landssímans.

[13:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sagan af sölu Símans er að verða sagan endalausa. Það er einhver makalausasti farsi seinni tíma sem við höfum horft upp á.

Í síðustu viku, herra forseti, urðu hér umræður utan dagskrár um stöðuna í þessum málum. Hæstv. samgrh. talaði þá með þeim hætti að ekki var hægt að skilja annað en allt væri í góðum gangi. Hæstv. samgrh. sagði að hann legði áherslu á að vanda ferilinn og hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Við vinnum þetta eftir vinnulagi og þeim áformum og áætlunum sem við höfum gert."

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur talað með þeim hætti að það er ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo að allt sé í ákaflega fínu lagi í þessum viðræðum.

Nú er það svo, herra forseti, að Reuter-fréttastofan birti í gær frétt þar sem haft var eftir Henning Dyremose, sem er yfirmaður þess danska fyrirtækis sem einkavæðingarnefnd á í viðræðum við, að það væru engar viðræður í gangi. Maður hlýtur auðvitað að spyrja hæstv. samgrh.: Er vinnulagið það að hafa engar viðræður í gangi? Hæstv. samgrh. sagði líka að það kæmi að sjálfsögðu ekki til greina að hnika frá því verði sem fram hefði verið sett. Henning Dyremose svarar því með því að segja: Ef þeir lækka ekki verðið, þá verður ekki af neinum kaupum. Við höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa á þessu verði.

Ég hlýt þess vegna, herra forseti, að rifja upp að frá einkavæðingarnefnd komu skömmu upp úr 8. desember fregnir um að borist hefðu bindandi kauptilboð, m.a. um verð. Ég spyr því í fyrsta lagi: Voru það rangar upplýsingar hjá einkavæðingarnefnd? Í öðru lagi hlýt ég að spyrja hæstv. samgrh.: Er það svo að viðræðurnar um sölu Símans séu sjálfdauðar? Eru þær sigldar í strand? Eru viðræður eða eru ekki viðræður? Er verið að selja Símann eða er ekki verið að selja Símann?

[13:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. og ekki síður og aðallega vegna frétta í hádegisútvarpinu í dag, Ríkisútvarpinu, varðandi samningaviðræður við TDC skal ég taka eftirfarandi fram. Það er í samræmi við fréttatilkynningu sem einkavæðingarnefnd hefur sent út.

PriceWaterhouse Coopers fyrir hönd framkvæmdanefndar um einkavæðingu sendi TDC bréf í gær þar sem fyrirtækinu var greint frá að á næsta viðræðufundi yrði farið yfir niðurstöðu ársreikninga 2001 og endurskoðaða ársreikninga 2002, en hvort tveggja verður tilbúið fljótlega.

Jafnframt var TDC greint frá því að framkvæmdanefnd um einkavæðingu áskildi sér rétt til að eiga viðræður við aðra aðila sem sýnt hafa sölunni áhuga að undanförnu. Því er rangt að viðræðum við TDC hafi verið slitið af hálfu nefndarinnar.

Þá er það miður að TDC virðist að undanförnu kjósa að bera nefndinni skilaboð í gegnum fjölmiðla. Nefndin mun á fundi síðar í vikunni taka ákvörðun um framhald málsins.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti, vegna ræðu hv. þm.

[13:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði réttilega um að tilraunir íslenskra stjórnvalda til að selja Landssíma Íslands væru farsi. Það er réttnefni. Málið er þó alvarlegra en svo að Alþingi eigi ekki að láta sig málið skipta og krefjast þess að horfið verði frá þeim áformum sem uppi eru.

Tele Danmark mun fyrirtækið heita. Það er danskt nafn en eignarhaldið er ameríska. Þetta er amerískt fjölþjóðafyrirtæki sem íslenska ríkisstjórnin, sem á að kallast hagsmunagæsluaðili fyrir íslensku þjóðina í þessu máli, er að reyna að selja minnihlutaeign í en þó á þeirri forsendu að fyrirtækið fái full yfirráð yfir Landssímanum.

Þetta mun koma íslenskum neytendum í koll þegar til lengri tíma er litið. Menn spyrja sig hvað valdi því að menn halda áfram á þeirri braut sem þeir eru nú komnir inn á. Þetta virðist vera sem einhver skrúfa á sálinni og þegar hún hefur forskrúfast með þeim hætti sem er að koma í ljós núna í fréttum vil ég hvetja til þess að fyrri áform um sölu Landssímans verði lögð á hilluna og allt þetta mál verði endurskoðað frá grunni.

[13:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. ber hér þinginu stórtíðindi. Allt söluferli Símans er í uppnámi. Sá sem valinn hafði verið úr hópi kjölfestufjárfesta, þ.e. bjóðenda, hefur nýverið tilkynnt um að einkaviðræðum við hann sé í raun slitið og opnað hafi verið á viðræður við aðra lysthafendur í þessum efnum. Það heitir auðvitað á íslensku máli að öllu söluferlinu hefur verið snúið til baka, að bakkað hafi verið um fleiri mánuði og menn í raun komnir á byrjunarreit.

Þetta eru eilítið önnur tíðindi en hæstv. samgrh. bar þinginu fyrir örfáum dögum þegar sama mál bar á góma. Það er því alveg ljóst, herra forseti, að það er full ástæða til að þetta mál komi með einum eða öðrum hætti til kasta þingsins á nýjan leik. Ríkisstjórnin, einkavæðingarnefndin og samgrh. hafa haldið þannig á spilum, tímasett skrefin í söluferlinu með þeim hætti að nú er vandi fyrir dyrum, verðið í lágmarki, bjóðendur týna tölunni og við erum ekki að tala um neina

smáaura, herra forseti. Við erum að tala um tugmilljarða sölu af eignum almennings, grundvallarfyrirtæki á vettvangi fjarskipta.

Herra forseti. Það er vá fyrir dyrum. Það er tími til þess og ráðrúm að staldra við og gaumgæfa stöðuna. Nú er tími til að bíða, nú er tími til að kalla Alþingi Íslendinga að málinu og marka næstu skref. Það er ljóst að ríkisstjórnin klárar ekki þetta verk og hæstv. samgrh. allra síst.

[13:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það eru ákaflega mikil tíðindi sem hæstv. samgrh. færir hinu háa Alþingi. Hann er í reynd að segja að slitnað hafi upp úr viðræðum við Tele Danmark. Það er það sem er að gerast.

Hæstv. samgrh. segir að farið verði yfir málin á næsta viðræðufundi með Tele Danmark. Það kemur hins vegar fram hjá forstjóra Tele Danmark að það er ekki fyrirhugaður neinn næsti fundur. Það eru engar viðræður í gangi. Þetta er fullkomið klúður hjá hæstv. samgrh. en þó er ábyrgðin kannski fyrst og fremst hjá einkavæðingarnefnd sem hefur haft íslensku þjóðina að fífli. Hún hefur orðið sér til skammar með því að vera í viðræðum við fyrirtæki sem bersýnilega hefur fyrir löngu misst allan áhuga. Annaðhvort hefur einkavæðingarnefnd, hæstv. ríkisstjórn eða hið danska fyrirtæki farið með rangt mál þegar það kemur fram 8. desember að borist hafi bindandi kauptilboð, m.a. um verð. Hver sagði það, herra forseti? Það var einkavæðingarnefnd sem lét þær upplýsingar koma fram í blöðum. Var það bara vitleysa, herra forseti?

Það er hvað eftir annað verið að hafa íslensku þjóðina að ginningarfífli í þessu máli. Má ég spyrja, herra forseti: Hvar eru nú þingmenn Framsfl.? Hvar er hv. þm. Magnús Stefánsson, varaformaður stjórnar Landssímans, sem sagði í blaði fyrir tveimur dögum að að svo stöddu, meðan ekkert nýtt kæmi fram, væri hann ekki þeirrar skoðunar að hætta ætti við sölu Símans. Hvað segir hv. þm. Magnús Stefánsson núna? Hvað segir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson? Hvað segir varaformaður Framsfl.? Ætla þeir að láta Sjálfstfl. teyma sig á asnaeyrunum í þessu máli?

Herra forseti. Nú er komið að því að þingmenn Framsfl. komi hér upp og segi sína meiningu, sýni að þeir leki ekki niður í þessu máli, að það sé bein í bökum þeirra. Ætla þeir að standa við stóru orðin?

Herra forseti. Það er til hreinnar vanvirðu fyrir íslensku þjóðina hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á þessu máli.

[13:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta eru afskaplega undarlegar umræður svo ekki sé meira sagt. Það er vá fyrir dyrum, segja menn. Hvaða vá er fyrir dyrum? Menn selja þetta fyrirtæki ef þeir eru sáttir við verðið, ella verður ekki selt. Hvaða vá er fyrir dyrum? Ekki nokkur einasta. Hvernig hefur þjóðin verið höfð að ginningarfífli? Hugsið ykkur þessi stóru orð hér. Hver hefur gert það? Hvaða vitleysa er þetta eiginlega?

Hér er því haldið fram að lagt hafi verið fram bindandi verðtilboð. Kauptilboð með bindandi verði, sagði hv. þm. Það hefur aldrei verið gert. Þessi hv. þm. kemur aftur og aftur í ræðustól í máli eftir máli, fer með hreint fleipur í upphafsorðum sínum og byggir síðan alla ræðu sína á því fleipri eins og um staðreyndir sé að ræða. Auðvitað verður ræðan tóm vitleysa ef menn byrja á því að koma með eitthvert fleipur og leggja svo út af fleiprinu eins og hv. þm. gerði. Það var ekkert að því sem varaformaður stjórnar Símans sagði á sínum tíma í þinginu, ekki nokkur skapaður hlutur.

Auðvitað er það svo að ef við fáum ekki það verð fyrir Símann sem við viljum þá verður hann ekki seldur. Það er ekki nokkur ágreiningur um það. Viðræður hafa verið í gangi og viðræður eru í gangi — viðræður eru þessa stundina í gangi, á þessu augnabliki. Allt er í góðu lagi vegna þess að það er í fínu lagi að viðræður séu í gangi meðan menn vita hvað þeir eru að gera en ætla ekki að selja fyrirtækið nema þeir fái það verð fyrir það sem þeir vilja. Það er ekki nokkur vá fyrir dyrum þannig að þetta upphlaup hér er allt tóm endaleysa. (**ÖJ:** Bara misskilningur.) Það er mikill misskilningur. Loksins hittir framm íkallarinn á.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil taka það fram fyrst alls að ég græt það þurrum tárum og svo verður örugglega um fleiri Íslands menn þó að ekki verði af sölu Landssímans til þessa danska einokunarfyrirtækis. Samgrh. vinnur hins vegar bersýnilega orðið eftir þeirri reglu í Landssímamálinu að engar fréttir séu góðar fréttir, að engar viðræður séu góðar viðræður. Það er skiljanlegt vegna þess að ég held að hver einasta frétt af þessu einkavæðingarbrölti öllu saman hafi verið af klúðri og vandræðagangi um missira skeið þannig að hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin öll eru örugglega fegin hverjum degi sem ekki koma fréttir af einkavæðingarmálum Landssímans í fjölmiðlum.

Það er bersýnilegt að hinn danski aðili hefur ætlað sér að nota örvæntingu ríkisstjórnarinnar til að fá afslátt á Símanum. Þeir hafa ágætar fréttir af því sem fram fer á Íslandi. Þeir vita að það er útsöluandrúmsloft svífandi yfir vötnunum og Danir eru nú einu sinni Danir og hafa ætlað sér að hafa nokkuð fyrir sinn snúð og láta á það reyna hversu neðarlega þeir kæmust með Símann í krafti þess að ríkisstjórnin er í blóðspreng að einkavæða fyrirtækið einkavæðingarinnar vegna.

Eina vitið er auðvitað að hætta við öll þessi áform og fara að reka Landssímann aftur í þeim tilgangi sem á að reka hann, að halda uppi fjarskiptaþjónustu í landinu, byggja upp dreifikerfið og hætta að sóa peningum í glórulausar áhættufjárfestingar. Fyrir peningana sem fóru í starfslokasamninginn við Þórarin Viðar hefði mátt gjörbreyta fjarskiptaástandinu á norðausturhorni landsins, koma á fullnægjandi ljósleiðarasambandi fyrir Kópasker og Raufarhöfn. Fyrir 500 millj. sem töpuðust í áhættufjárfestingunni hefði mátt gjörbreyta ástandinu vítt og breitt um landið og koma fjölmörgum þéttbýlisstöðum í ljósleiðarasamband. En peningarnir voru ekki notaðir í það heldur í ævintýramennsku af þessu tagi.

Ég minnist svo, herra forseti, að lokum á tilmæli þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til Ríkisendurskoðunar, að farið verði rækilega ofan í saumana á vinnubrögðum einkavæðingarnefndar og þessu máli öllu. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

[13:46]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sala Símans er að verða einn skrípaleikur. Það eitt að ætla að byggja söluna á ráðum einkavæðingarnefndar, sem kemur saman til fundar og ákveður að ráða sér sérfræðinga og ræður sig sjálfa til þeirrar vinnu og gefur ríkisstjórninni ráð, kann ekki góðri lukku að stýra. Sú nefnd sem svo heldur á spilum við sölu stærsta fyrirtækis okkar og

stoppar ekki við áföllin sem urðu á verðbréfamörkuðum eftir 11. sept. sl. en heldur blint áfram og heldur sínu striki við að reyna að selja Símann á þeim tímum er ekki hæf til starfa. Sú nefnd er ekki einu sinni hæf til að gefa vondri ríkisstjórn ráð.

Afsögn formanns einkavæðingarnefndar, sem ég græt ekki eftir þá sérfræðivinnu og sérfræðireikninga sem hann hefur gert, er auðvitað ákveðin skilaboð til Dananna um hvað er að hér. Þetta eru skilaboð til þeirra sem ætla að kaupa.

Ef við líkjum þessari sölu við bridsspil þá er það mjög slæmt að á meðan sagnir eiga sér stað geti einn makkerinn kíkt á spilin hjá hinum aðilanum og séð hvað er um að vera. Það er einmitt það sem hefur gerst núna. Verðfall á verðbréfamörkuðum gerir það að verkum að við eigum að sjálfsögðu að fresta sölunni núna. Við eigum að bíða eftir reikningum ársins 2001 fyrir Símann og endurskoða stöðu okkar.

Ég hef verið hlynntur því að selja samkeppnishluta Símans. En ég er ekki hlynntur því að hann sé seldur á einhvers konar brunaútsölu þegar verðfall hefur orðið á mörkuðum. Ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstjórn sé svo brátt í brók að þurfa að selja fyrirtækið á næstu dögum þegar allt liggur niðri.

[13:48]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. kom hér, snerist til varnar fyrir hæstv. samgrh. og ríkisstjórnina í þessum málum og spurði: Hvert er vandamálið? Þetta fyrirtæki verður auðvitað ekki selt nema viðunandi verð fáist.

Herra forseti. Veruleikinn er þessi: Verðið á þessu stóra fyrirtæki, þessari þjóðareign okkar, hefur hrapað á síðustu vikum og mánuðum. Nú liggur fyrir að sá einasti aðili meðal bjóðenda sem eftir er, Tele Danmark, hefur slitið viðræðum. Það liggur einnig fyrir eftir yfirlýsingar hæstv. samgrh. hér áðan að þessum einasta aðila sem eftir er hafi verið tilkynnt um að seljendur, íslensk yfirvöld, hyggist taka upp viðræður við aðra sem buðu og lýstu yfir áhuga á kaupum. Málið er því allt í óefni komið.

Það kann að vera býsna mannalegt hjá forsrh. að koma hér og segja: Það er engin vá fyrir dyrum. Það er allt í prýðilegu standi. Það er svipað því og hæstv. forsrh. hefði sagt á síðustu dögum og vikum að það væri engin verðbólga á Íslandi þó að allir viti hið gagnstæða. Veruleikinn er bara þessi, herra forseti, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Einasti kjölfestukaupandin sem eftir var skilinn og valinn var úr er hættur að tala við okkur og nú á að snúa hjólinu aftur um nokkra kílómetra og sjá hvort þeir séu enn til staðar, þeir sem áður höfðu lyst meðal kjölfestufjárfesta. Verðið er í algeru lágmarki og liggur við að maður spyrji, þó maður megi auðvita ekki gera það þegar menn eru í erfiðum samningaviðræðum: Hversu lágt má verðið fara? Við erum ekki að tala um neina smáaura. Við erum að tala um milljarða kr., tugi milljarða kr.

Herra forseti. Að lyktum þetta: Þögn Framsfl. í þessu máli er hrópandi, hún er hrópandi.

[13:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að hlusta á hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ræða um þetta mál. Það er mikið lán satt að segja að ábyrgð þeirra er ekki meiri en raunin er.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi um uppbyggingu fjarskiptakerfisins í landinu. Ég held að mesti skaðinn í því máli öllu sé sá að hann skyldi ekki nota tækifærið á meðan hann var samgrh. til að taka á í þessu máli heldur hafa allt óbreytt og gera ekkert í uppbyggingu eða eflingu fjarskiptakerfisins. (Gripið fram í.) Það skiptir auðvitað mjög miklu máli. Það var ekki fyrr en hv. þm. og forseti Alþingis Halldór Blöndal tók til hendi að eitthvað fór að gerast í fjarskiptamálum á Íslandi. Það ætti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að rifja upp með sjálfum sér á kvöldstundum.

Það er hins vegar staðreynd að viðræðum hefur ekki verið slitið um þennan söluferil. Það liggur fyrir og ég held að hv. þm. ættu ekkert að hlakka sérstaklega fyrir fram yfir þeirri niðurstöðu. Eins og ég hef sagt áður vinnum við skipulega að þessu máli og af festu en látum ekki stjórnarandstöðuna, hvorki hrekja okkur af leið né telja úr okkur viljann til að vinna að þessu hagsmunamáli okkar, að tryggja eignir okkar í Símanum. Náist ekki það verð sem við sættum okkur við erum það auðvitað við sem höldum á eigninni, sem ráðum þeirri ferð en ekki aðrir.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 2. umr.

Frv. GunnB o.fl., 39. mál. — Þskj. 39, nál. 434 og 618, brtt. 435 og 727.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

Brtt. 727,1 felld með 41:15 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, GÖ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, KA, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, PP, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÖS.

4 þm. (ÓÖH, PHB, TIO, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:53]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þessi brtt. er útrétt sáttarhönd til að reyna að ná málamiðlun í erfiðu deilumáli sem þingið hefur varið mörgum klukkutímum í að ræða. Það er vitað að læknasamtök víða um heim hafa vakið athygli á því að keppni og bardagaþjálfun eða „sparring" gerir box að einni hættulegustu íþrótt í heimi.

Brtt. lýtur að því að æfingar í sal séu heimilar en hvorki bardagaþjálfun í hring né keppni í hnefaleikum. Þar með er hættu á vísvitandi höfuðhöggum og heilaáverkum bægt frá en leiddir fram kostir þess að þjálfa loftsækna íþrótt í sal. Ég segi já.

[13:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um mesta dekurmál þingsins og atkvæðagreiðslan er endurtekið efni. Það er einsdæmi að þingmál sem Alþingi hefur lokið með atkvæðagreiðslu sé aftur tekið upp á næsta þingi. Þessi tillaga var felld á hv. Alþingi í fyrra.

Herra forseti. Á sama tíma og þrýstingur eykst frá læknasamtökum um víða veröld, nú í haust frá Evrópusamtökum

lækna, á að hnefaleikar verði ekki ólympíugrein og að bönnuð verði höfuðhögg í hnefaleikum hefur þetta mál fengið forgang á dagskrá þingsins, jafnvel á mestu annatímum. Ég gagnrýni þá málsmeðferð harðlega.

Þar sem ég er fylgjandi áframhaldandi banni greiði ég atkvæði gegn lögleiðingu hnefaleika en styð tillögu Katrínar Fjeldsted.

Brtt. 435,1 samþ. með 39:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÁSJ, JÁ, JóhS, JónK, KF, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH.

11 þm. (ÁRJ, GÖ, JB, JBjart, KVM, KA, KolH, ÓÖH, PP, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Áhugamannahnefaleikar eru árásaríþrótt sem hefur það að markmiði að koma höggi á andstæðinginn, einnig höfuðhöggum. Leiddar hafa verið að því líkur að höfuðhlífar verndi ekki iðkendur gegn alvarlegum heilaskaða vegna höfuðáverka.

Við Íslendingar höfum verið í fararbroddi með því að banna þessa íþrótt frá 1956. Ég sé ekki ástæðu til að aflétta því banni nú þegar Evrópusamband lækna hefur gert einróma samþykkt og varað við alvarlegum afleiðingum af iðkun hnefaleika, einnig áhugamannahnefaleika. Ég segi nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 38:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KA, KF, KolH, PP, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (ÓÖH) greiddi ekki atkv.

3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:57]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er fráleitt að Alþingi eyði tíma sínum frekar í að ræða hvort það megi æfa, sýna eða keppa í íþróttagrein sem hlotið hefur alþjóðlega viðurkenningu og keppt er í á ólympíuleikum. Slík ákvörðun er best komin í höndum íþróttahreyfingarinnar sjálfrar og að reglur séu settar af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands. Þess vegna, herra forseti, styð ég þetta frv.

[13:58]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég tel að það sé Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands en ekki Alþingis að segja til um hvaða íþróttir eru stundaðar á Íslandi. Íþrótta- og Ólympíusambandið hefur mælt með samþykkt þessa frv. og að áhugamannahnefaleikar verði leyfðir. Ég styð álit Íþrótta- og Ólympíusambandsins og segi já.

Brtt. 435,2 (ný 2. gr.) samþ. með 37:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KA, KolH, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (GÖ, ÓÖH, PP, TIO) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HÁs, KF, LMR, SF, StB) fjarstaddir.

Brtt. 727,2 felld með 36:11 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, GunnS, JóhS, KF, PP, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (GÖ, JB, JónK, JBjart, KVM, KA, KolH, ÓÖH, PHB, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

Brtt. 435,3 samþ. með 38:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁRJ, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KA, KF, KolH, PHB, RG, SJóh, SvH, ÞBack*.

7 þm. (ÁSJ, JónK, ÓÖH, PP, SJS, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

3. gr., svo breytt, samþ. með 38:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KA, KF, KolH, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (ÓÖH, PP) greiddu ekki atkv.

3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 38:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KA, KF, KolH, PP, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (ÓÖH) greiddi ekki atkv.

3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

Brtt. 435,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 38:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, ÁRJ, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KA, KF, KolH, PP, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (ÓÖH, TIO) greiddu ekki atkv.
3 þm. (HÁs, LMR, SF) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 44:10 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, KA, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, ÓÖH, SI, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ÁSJ, ÁRJ, JÁ, JBjart, KF, PP, PHB, RG, SJóh, SvH.
3 þm. (KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (HÁs, JóhS, JB, KVM, LMR, SF) fjarstaddir.

Verslun með áfengi og tóbak, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 135. mál (smásöluverslun með áfengi). — Þskj. 135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KA, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MÁ, ÓB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÁRJ, HÁs, LMR, SF, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Útlendingar, 1. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 698.

[14:03]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um útlendinga.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, og er því ætlað að leysa þau af hólmi.

Ekki þarf að fjölyrða um að endurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum er löngu orðin tímabær. Þótt lög um eftirlit með útlendingum hafi í tímans rás tekið ýmsum breytingum svarar sú löggjöf engan veginn þörfum nútímaþjóðfélags.

Endurskoðun á lögunum um eftirlit með útlendingum á sér nokkurn aðdraganda. Frv. var samið í ráðuneytinu og hefur vinna við undirbúning og samningu þess tekið allnokkurn tíma. Drög að frumvarpi voru send ýmsum aðilum vorið 1998 og þær umsagnir, athugasemdir og ábendingar sem bárust ráðuneytinu voru síðan teknar til nánari athugunar. Í kjölfarið var svo frv. lagt fram á Alþingi til kynningar vorið 1999. Eftir það var frv. tekið til frekari athugunar í ráðuneytinu og hafa verið gerðar á því ýmsar breytingar.

Frv. var aftur lagt fram á Alþingi á 126. löggjafarþingi síðla árs 2000 en hlaut ekki afgreiðslu.

Það leikur enginn vafi á því að hið alþjóðlega umhverfi er gerbreytt frá því að frv. þetta var lagt fram fyrst. Atburðirnir í Bandaríkjunum þann 11. september sl. umbreyttu heimsmyndinni og knúðu ríki til þess að grípa til allra tiltækra úrræða í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi, sem er orðin raunveruleg ógn við heimsfriðinn.

Einn þáttur í þeirri viðleitni er endurskoðun laga og reglna um útlendingamálefni víða á Vesturlöndum. Hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna m.a. hvatt ríki til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að ganga úr skugga um að þeir sem sækja um hæli hafi ekki tekið þátt í hryðjuverkastarfsemi áður en ákvörðun er tekin um veitingu hælis auk þess sem reynt verði að koma í veg fyrir að menn misnoti stöðu sína sem pólitískir flóttamenn, t.d. þannig að neita verði um framsal á þeim af stjórnmálaástæðum.

Með þessu hefur verið reynt að sporna við því að hryðjuverkamenn úr fjarlægum heimshlutum hreiðri um sig í Evrópuríkjum og myndi jafnvel net umfangsmikillar hryðjuverkastarfsemi þar sem þeir undirbúa ódæðisverk sín óáreittir jafnvel árum saman.

Einnig er mikilvægt að benda á að í nágrannalöndum okkar er hugað að stórfelldum breytingum í útlendingalöggjöfinni. Nýlega lagði danska stjórnin fram stefnu sína í útlendingamálum sem miðar m.a. að því að herða verulega reglur um rétt útlendinga til að koma til landsins og til þess að fá þar búsetuleyfi. Var kunnugt um þessar tillögur eftir að frv. það, sem hér er til umræðu, var lagt fram fyrir ríkisstjórn og því er fullt tilefni til að skoða frv. nú í því ljósi. Við verðum að hafa í huga að allt þetta getur haft áhrif á okkar litla samfélag. Ef einar dyr lokast leiðir af sjálfu sér að ásókn eykst í þær dyr sem enn standa opnar. Strangari reglur í Danmörku eða Noregi, þar sem einnig er stefnt að endurskoðun, munu því vafalaust auka líkur á að útlendingum fjölgi hér á landi. Þetta er veruleiki sem við verðum að horfast í augu við og jafnframt að gera upp við okkur hvernig við ætlum að takast á við þessar aðstæður.

Þrátt fyrir það sem ég hef nú rakið eru engar grundvallarbreytingar á frv. nú miðað við síðustu tvö ár enda er ljóst að verði það að lögum veitir það okkur mun betri aðstöðu til þess að takast á við þessi mál þar sem ítarlegar reglur eru settar á þessu sviði sem skortir sárlega nú. Er því að mínu mati gífurlega mikilvægt að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Í nokkrum atriðum hefur frv. þó verið breytt til þess að bregðast við breyttu umhverfi og mun ég rekja það nánar hér á eftir samhliða umfjöllun um efnisákvæði.

Ég tel fulla ástæðu til að kanna, og það er einnig skoðun ríkisstjórnarinnar, hvort breytt stefna danskra stjórnvalda, sem var kynnt nýverið, eigi að hafa frekari áhrif við meðferð frv. í allshn.

Herra forseti. Ef ég vík nú nánar að efni frv. þá er markmið þess að setja heildstæðar reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi við komu þeirra, dvöl og brottför. Í þeim efnum hefur verið litið til þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda svo og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, bæði norrænu

og evrópsku, og aðildar að ýmsum mannréttindasamningum og flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna.

Þá tekur frv. mið af 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar. Í því ákvæði segir að með lögum skuli skipa rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. Þetta ákvæði leggur þá skyldu á löggjafann að setja lög um þetta efni og girða þar með fyrir að framkvæmdarvaldið hafi að þessu leyti ákvörðunarvald án skýrra lögákveðinna skilyrða.

Á hinn bóginn hefur löggjafinn frjálsar hendur um efni slíkra skilyrða innan þeirra marka sem leiðir af stjórnlögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Í frv. er ráðgert að ítarlegar reglur verði í ýmsum atriðum útfærðar nánar í reglugerð.

Í frv. þessu eru 57 efnisgreinar í stað 22 í gildandi lögum. Það er í meginatriðum sambærilegt frv. sem ég lagði fram á síðasta löggjafarþingi, með breytingum þó. Frv. fylgir ítarleg greinargerð þar sem rakin er þróun löggjafar hér á landi á þessu sviði og gerð er grein fyrir helstu þjóðréttarsamningum sem varða málefni útlendinga og réttarstöðu þeirra. Þá eru þessir þjóðréttarsamningar sem Ísland er bundið af birtir sem fylgiskjöl með frv., auk þess sem í frv. er að finna ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um málefni útlendinga hér á landi. Með þessu móti er leitast við að leggja málið fram eins aðgengilega og unnt er með ítarlegum upplýsingum. Ég mun nú rekja efni frv. í helstu atriðum miðað við kaflaskipan þess og vekja athygli á nokkrum ákvæðum þess sem ég tel sérstaklega mikilvæg. Einnig mun ég lýsa sérstaklega þeim efnisbreytingum sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var lagt fram á síðasta löggjafarþingi.

Í I. kafla frv. eru almenn ákvæði um gildissvið og tilgang laganna. Í 1. gr. segir að ákvæði laganna gildi um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Í 2. gr. segir síðan um tilgang laganna að þau veiti heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Þannig er gert ráð fyrir ákveðnu svigrúmi fyrir stjórnvöld í þessum efnum eftir breytilegum aðstæðum. Er það svigrúm nauðsynlegt til að unnt sé að taka mið af ástandi atvinnumarkaðarins hverju sinni, almennri stefnu í utanríkismálum og atriðum sem varða öryggi ríkisins.

Í II. kafla frv. eru reglur um komu til landsins og brottför. Um þessi ákvæði má almennt segja að þau taki mið af þeim reglum sem gilda í Schengen-samstarfinu sem þegar hefur tekið gildi með lögum nr. 25/2000 sem breyttu gildandi lögum vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Í III. kafla frv. er að finna ákvæði um dvöl og búsetu. Þessar reglur lúta m.a. að því hverjir megi dveljast hér án dvalarleyfis og hverjir þurfi dvalarleyfi og hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að fá slíkt leyfi. Er hér um mun ítarlegri reglur að ræða en í gildandi löggjöf.

Samkvæmt 8. gr. frv. má útlendingur sem fengið hefur dvalarleyfi ekki dvelja hér lengur en þann tíma sem áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Þeir útlendingar sem ekki þurfa vegabréfsáritun mega hins vegar dvelja hér án leyfis í þrjá mánuði frá komu til landsins. Þeir útlendingar aðrir en Norðurlandabúar sem ætla að dvelja hér lengur en heimild stendur til skv. 8. gr. eða ætla að ráða sig í vinnu eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi þurfa dvalarleyfi.

Samkvæmt 10. gr. skal dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn hafa verið gefið út áður en komið er til landsins. Það er eðlileg krafa að aflað sé slíks leyfis áður en komið er til landsins. Þó er gert ráð fyrir að frá þessu megi víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með. En hér er um algjöra undantekningarheimild að ræða til þess að ekki verði girt með öllu fyrir heimildir stjórnvalda til að veita dvalarleyfi við þessar aðstæður og verður mat á því hvort slíkar sanngirnisástæður eru til staðar í höndum Útlendingastofnunar.

Í 11. gr. frv. er mælt fyrir um þau skilyrði sem fullnægja þarf til að útlendingur geti fengið dvalarleyfi. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þrátt fyrir þessi skilyrði dvalarleyfis er að finna heimild í 2. mgr. 11. gr. til að veita útlendingi dvalarleyfi þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla við landið.

Loks vil ég vekja athygli á nýju ákvæði 3. mgr. 11. gr. frv. þar sem fjallað er um svokölluð bráðabirgðadvalarleyfi. Slík leyfi er heimilt að gefa út í tilvikum þar sem umsókn um hæli er til meðferðar eða ekki er unnt að svo stöddu að framkvæma ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið. Bráðabirgðadvalarleyfi hefur þann tilgang að gera útlendingi mögulegt að fá atvinnuleyfi svo hann geti framfleytt sér á meðan beiðni hans um hæli er til meðferðar eða þar til unnt er að framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið. Hefur leyfið þannig ekki önnur réttaráhrif en þau að unnt er að veita útlendingi atvinnuleyfi á grundvelli þess. Hv. allshn. skoðaði þetta mál einmitt sérstaklega við meðferð frv. síðasta vetur.

Í 13. gr. frv. er að finna ákvæði sem miðar að því að sameina fjölskyldur. Í þessu ákvæði er kveðið á um rétt útlendings til að fá dvalarleyfi ef hann telst til nánustu aðstandenda íslensks ríkisborgara, annars norræns ríkisborgara eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi eða búsetuleyfi. Hér er sérstaklega haft í huga að réttur manna til friðhelgis einkalífs og fjölskyldu nýtur verndar skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Tekið er fram að nánustu aðstandendur í skilningi ákvæðisins teljast maki, sambúðarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi, og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri. Ég vil hins vegar vekja sérstaka athygli á að reynslan hefur sýnt okkur að mikil hætta er á því að þetta ákvæði sé misnotað. Ég hef nýverið fengið upplýsingar frá Útlendingaeftirlitinu um að rökstuddar grunsemdir séu um að kerfisbundið sé komið á málamyndahjónaböndum, jafnvel gegn greiðslum, sem geri fólki kleift að komast inn í landið á grundvelli fjölskyldutengsla.

Ég legg til að þetta verði kannað sérstaklega í meðferð allshn. á málinu og legg til, ekki síst í ljósi strangra reglna sem verið er að setja í nágrannalöndum okkar, að ákvæðinu verði breytt þannig að ekki verði um afdráttarlausan rétt að ræða heldur heimild til að gefa út dvalarleyfi. Slík heimild ætti við í langstærstum hluta tilvika en útilokar þó ekki svigrúm stjórnvalda til að meta hvort um raunverulegt fjölskyldutengsl sé að ræða. Jafnvel kemur til álita að sleppa þessu ákvæði úr frv. og styðja heimild til útgáfu dvalarleyfa til aðstandenda við önnur ákvæði frv. sem fjalla um tengsl útlendinga við landið.

Í 15. gr. frv. er fjallað um búsetuleyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að veita útlendingi, sem dvalist hefur hér á landi í þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, rétt á að fá útgefið búsetuleyfi ef ekki liggja fyrir aðstæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi.

Hér er sú breyting gerð frá fyrra frv. að ekki er um að ræða skilyrðislausan rétt til búsetuleyfis heldur heimild til að gefa út slíkt leyfi sem ætla má að verði aðalreglan líkt og gildir í dag. Ég tel auk þess rétt, í ljósi lagabreytinga í nágrannalöndunum, að endurskoða þann tíma sem hér er lagður til grundvallar og má í því sambandi nefna að Danir hyggjast lengja þann tíma sem útlendingur þarf að hafa búið í landinu upp í sjö ár til að búsetuleyfi verði veitt. Ég tel rétt að kanna hvort lengja eigi þann tíma sem lagður er til í 15. gr. úr þremur árum í fimm ár.

Með búsetuleyfinu er útlendingum veitt nokkuð ríkari réttarvernd heldur en þegar þeir hafa tímabundið dvalarleyfi. Til dæmis eru settar frekari skorður við brottvísun úr landi skv. 21. gr. frv. ef útlendingur hefur hér búsetuleyfi. Það er að mínu mati ekki óeðlilegt að tíminn sem þarf að líða áður en búsetuleyfi er veitt verði lengdur í fimm ár. Með því helst einnig sú meginregla að búsetuleyfi geti orðið undanfari veitingar ríkisborgararéttar sem unnt er að veita eftir sjö ára búsetu hér á landi.

Í 15. gr. segir að útlendingur skuli hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga áður en heimilt er að gefa út búsetuleyfi. Markmiðið með slíku ákvæði er að veita útlendingi innsýn í tungumálið til að auðvelda honum að aðlagast íslensku þjóðfélagi. Vitanlega er óraunhæft að ætlast til þess að útlendingur hafi náð fullkomnum tökum á málinu. Hér er þó verið að leitast við að treysta stöðu einstaklinga í þjóðfélaginu með því að ákveðinni fræðslu verði komið á framfæri við alla þá sem hafa hug á því að búa hér á landi til langframa. Verða settar nánari reglur um skipulag námskeiða, einkum í samvinnu við menntmrn.

Ég tel rétt að allshn. kanni hvort rétt sé að sambærileg skilyrði gildi fyrir veitingu ríkisborgararéttar og að lagðar verði til breytingar á lögum um ríkisborgararétt af þessum ástæðum. Í nágrannalöndum okkar hefur að undanförnu verið uppi umræða um mikilvægi þess að útlendingar geti lært tungumál þess ríkis þar sem þeir dvelja. Einmitt um þessar mundir er verið að kanna á Norðurlöndum hvort rétt sé að setja lágmarksþekkingu á tungumálinu sem skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar.

Í IV. kafla frv. er fjallað um frávísun og brottvísun útlendings. Þessi ákvæði frv. eru mun ítarlegri en ákvæði gildandi laga. Við samningu þessa kafla hefur verið tekið mið af reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og Schengen-samningsins en báðir þessir samningar hafa að geyma ákvæði um rétt útlendinga til komu og dvalar í aðildarríkjunum. Löggjöf ríkjanna verður því að vera samræmd að þessu leyti innan þeirra marka sem ríkin hafa skuldbundið sig til.

Í 18. gr. frv. er að finna heimild til að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum þar á eftir. Í greininni er síðan afmarkað við hvaða aðstæður útlendingi verði vísað frá, án þess að ég ætli að rekja það hér í einstökum liðum.

Samkvæmt 22. gr. frv. tekur lögregla ákvörðun um frávísun á grundvelli 18. gr. nema í þeim tilvikum þegar útlendingi er vísað frá á grundvelli j-liðar 1. mgr. 18. gr. um frávísun vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu eða þegar útlendingur ber því við að hann sé flóttamaður. Í þeim tilvikum tekur Útlendingastofnun ákvörðun.

Þess má geta að nýlega var hópi Vítisengla synjað um landgöngu hér á landi með vísun til sambærilegra ákvæða í gildandi lögum.

Í 20. gr. frv. er fjallað um brottvísun útlendings. Skilyrði þess eru að útlendingur hafi brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna eða komið sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið. Einnig er brottvísun heimil ef útlendingur hefur á síðustu fimm árum afplánað eða verið dæmdur til refsingar erlendis fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði, eða ef hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir jafnalvarlegt brot. Þá er brottvísun og heimil ef hún þykir nauðsynleg vegna öryggis ríkisins.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að heimild til brottvísunar er takmörkuð ef það mundi, með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendings við landið, fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Er hér um að ræða ákveðinn varnagla sem ætlast er til að verði aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Samkvæmt 21. gr. frv. er lagt bann við því að útlendingi, sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan, verði vísað frá landi eða úr landi. Einnig er útlendingum með búsetuleyfi veitt rík réttarvernd að þessu leyti. Þeim verður ekki vísað úr landi nema það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða ef útlendingur hefur afplánað eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað þriggja ára fangelsi eða meira og brot átti sér stað á síðustu fimm árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi. Þá er heimild til brottvísunar útlendings með búsetuleyfi ekki heimil ef það, með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendings við landið, mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Enn er vert að vekja athygli á því að ætlast er til að slíkum heimildum verði beitt þröngt.

Í V. kafla frv. er fjallað um málsmeðferðina. Um það efni eru gildandi lög fátækleg. Eins og beinlínis kemur fram í 23. gr. frv. er gert ráð fyrir að málsmeðferðin fari í meginatriðum eftir stjórnsýslulögum. Þó er í einstökum atriðum gert ráð fyrir að sérreglur gildi um málsmeðferðina sem víkja frá stjórnsýslulögum að því marki sem nauðsynlegt er.

Má þar m.a. nefna 25. gr. frv. sem leggur ríkari leiðbeiningarskyldu á stjórnvöld en leiðir af 7. gr. stjórnsýslulaga. Í þessu ákvæði frv. segir að stjórnvald skuli leiðbeina útlendingi í máli um frávísun, brottvísun, afturköllun leyfis eða þar sem leitað er hælis, um rétt útlendings til að leita á eigin kostnað aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa um rétt hans til að fá sér skipaðan talsmann, þegar það á við, og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtaka hér á landi. Hins vegar ber að hafa í huga að ákvörðun útlendings um að neyta slíks réttar frestar ekki framkvæmd ákvörðunar um frávísun frekar en kæra á ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. frv.

Í 26.–28. gr. frv. er fjallað um miðlun upplýsinga úr landi, vanhæfi opinbers starfsmanns til að fara með mál samkvæmt lögunum við ákveðnar aðstæður og gagnaöflun fyrir dómi.

Í 29. gr. frv. er fjallað um rannsóknarúrræði vegna mála samkvæmt lögunum. Það ákvæði veitir stjórnvöldum heimildir til rannsóknaraðgerða eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Meðal annars er heimild til þess í 4. mgr. 29. gr. laganna að taka fingraför og færa í tölvufærða fingrafaraskrá.

Í 30. gr. frv. er að finna heimild til stjórnsýslukæru en lagt er til að ákvörðun lögreglu verði skotið til Útlendingastofnunar. Þegar Útlendingastofnun tekur ákvörðun á fyrsta stigi verður unnt að skjóta henni til ráðuneytisins. Þá er lagt til í þessari grein frv. að kærufrestur verði 15 dagar. Hér er vikið frá almenna kærufrestinum, sem er þrír mánuðir, en sá frestur þykir of langur í þessum málum.

Í 31. og 32. gr. er fjallað um hvenær ákvörðun í máli útlendings geti komið til framkvæmda. Sú meginregla gildir í stjórnsýslurétti að kæra til æðra stjórnvalds frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Í þessum greinum frv. er í ákveðnum tilfellum vikið frá þeirri meginreglu útlendingum til hagsbóta. Þannig verður ákvörðun ekki framkvæmd fyrr en hún er endanleg innan stjórnsýslunnar þegar um er að ræða synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða búsetuleyfis, enda hafi verið sótt um það innan tilskilins frests. Sama á við um afturköllun leyfis skv. 16. gr. og ákvörðun um brottvísun útlendings, sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi, eða norræns ríkisborgara sem dvalið hefur hér lengur en þrjá mánuði. Þá má ekki framkvæma ákvörðun fyrr en hún er endanleg ef útlendingur ber því við að hann hafi ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann teljist flóttamaður.

Um framkvæmd ákvörðunar eru svo nánari ákvæði í 33. gr. frv. Rétt er að nefna sérstakt nýmæli í 33. gr. frá því að frv. var lagt fram á síðasta löggjafarþingi. Í 1. mgr. 33. gr. segir nú að málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið fresti ekki framkvæmd hennar. Þó geti dómsmrh. tekið ákvörðun um að fresta framkvæmd hennar ef sýnt er fram á að verulega breyttar aðstæður hafi skapast frá því að ákvörðun var tekin.

Með þessu ákvæði er tekið af skarið um að dómsmrh. geti frestað framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið hafi slík ákvörðun verið borin undir dómstóla, en þessari heimild verði þó aðeins beitt í algjörum undantekningartilvikum.

Í 34. gr. er að finna það nýmæli að við ákveðnar aðstæður skuli skipa útlendingi talsmann. Þegar þess er krafist að útlendingur sæti gæslu eða þegar beitt er úrræðum 3. mgr. 33. gr. gildir sú almenna regla að skipa skal honum talsmann úr hópi lögmanna. Einnig á útlendingur almennt rétt á að stjórnvald skipi honum talsmann þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli. Í frv. er lagt til að útlendingur verði að hluta til eða öllu leyti krafinn um endurgreiðslu kostnaðar við réttaraðstoð ef hann hefur ráð á því.

Samkvæmt gildandi reglum fær útlendingur veitta lögfræðiaðstoð ef um ræðir ákvörðun um synjun dvalarleyfis og brottvísun samkvæmt samningi dómsmrn. við Rauða kross Íslands.

Í VI. kafla frv. eru reglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Í kaflanum er lagt til að lögfestar verði meginreglur fyrir þennan hóp útlendinga en þær er nú að finna í sérstakri reglugerð. Þessi ákvæði frv. taka mið af viðeigandi EES-gerðum sem gilda um borgara EES-ríkjanna, maka þeirra og fjölskyldur. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þessi ákvæði nánar hér þar sem frv. felur ekki í sér neinar breytingar á gildandi reglum að þessu leyti.

VII. kafli frv. hefur að geyma reglur sem miða að því að tryggja réttarvernd þeirra sem leita hælis hér á landi sem flóttamenn. Í gildandi lögum er nánast ekki vikið að flóttamönnum. Það er ekki síst þess vegna sem mikilvægt er að sett verði ný lög um réttarstöðu útlendinga.

Ákvæði kaflans taka mið af flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamningum á sviði mannréttinda sem Ísland á aðild að. Verði frv. að lögum getur því ekki verið málum blandið að löggjöfin er í samræmi við þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir á þessu sviði.

Í 44. gr. frv. er lögð til grundvallar skilgreining flóttamannasamningsins á því hverjir teljist flóttamenn. Réttur til hælis hér á landi ræðst því af hinu alþjóðlega flóttamannahugtaki. Í almennum athugasemdum við frv. er fjallað um flóttamannahugtakið, auk þess sem flóttamannasamningurinn er birtur sem fylgiskjal með frv. Í samræmi við það sætir rétturinn til verndar þó takmörkunum sem lýst er í lokamgr. 45. gr. frv., ef ætla má að útlendingur sé hættulegur öryggi ríkisins eða ef hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu.

Samkvæmt 46. gr. frv. gildir sú meginregla að flóttamaður, sem er hér á landi eða kemur til landsins, á rétt á hæli hér á landi. Frá þessu er síðan vikið við ákveðnar aðstæður sem raktar eru í a- til f-liðum. Ég vil láta það koma skýrt fram að þótt flóttamaður kunni í ákveðnum tilvikum ekki að eiga rétt á hæli hér á landi er stjórnvöldum vitanlega heimilt að veita viðkomandi hæli. Þessar undantekningar frá reglunni um rétt flóttamanns til hælis hér á landi eru skýrt afmarkaðar og styðjast allar við veigamikil rök. Hér er m.a. um að ræða regluna um fyrsta griðland og hliðstæðar reglur í norræna vegabréfaeftirlitssamningnum og Dyflinnarsamningnum.

Með meginreglunni um fyrsta griðland er átt við að hælisleitanda beri að sækja um hæli í því ríki sem hann kemur fyrst til þar sem hann er óhultur fyrir ofsóknum. Markmið Dyflinnarsamningsins er einmitt að maður skuli bíða úrlausnar um hæli í því ríki sem hann kemur fyrst til í stað þess að málsmeðferð um hælisbeiðni hans hefjist í mörgum löndum í senn.

Í 47.–49. gr. frv. eru nánari ákvæði um réttindi flóttamanna sem miða að því að tryggja réttarstöðu þeirra í samræmi við flóttamannasamninginn.

Í 51. gr. eru svo ákvæði um heimild til að leyfa hópum flóttamanna að koma til landsins í samræmi við stefnu stjórnvalda. Í þessum efnum hefur þeirri skipan verið komið á að ríkisstjórnin hefur að fenginni tillögu félmrh. tekið ákvörðun um að taka á móti hópi flóttamanna.

Loks eru í VIII. kafla frv. ákvæði sem lúta að öryggi ríkisins, upplýsinga- og tilkynningarskyldu útlendinga, um ábyrgð á kostnaði við að flytja útlending úr landi, svo og refsiákvæði.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja þessi ákvæði hér í einstökum atriðum en þó vil ég vekja sérstaklega athygli á 55. gr. um vinnslu persónuupplýsinga, sem er nýmæli frá því að frv. var lagt fram á síðasta löggjafarþingi. Er þar að finna ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga og gagnkvæman aðgang lögreglu og Útlendingastofnunar að skrám.

Í tengslum við meðferð útlendingamála eru haldnar skrár með ýmsum persónuupplýsingum um útlendinga svo sem um fjölda og tegundir leyfa sem eru útgefin til þeirra. Er nauðsynlegt að hafa skýrar lagaheimildir til þess að halda slíkar skrár og þess má geta að ákvæði þetta kom inn í meðferð allshn. í fyrra. Einnig er lagt til í ákvæðinu að lögregla og Útlendingastofnun hafi gagnkvæman aðgang að skrám. Slík upplýsingaskipti geta verið mjög mikilvæg fyrir

framkvæmd laganna, t.d. hvort menn eru alþjóðlega eftirlýstir vegna gruns um afbrot, áður en dvalarleyfi eru veitt eða framlengd.

Í dag er enginn ákveðinn farvegur á milli útlendingaeftirlits og lögreglu um að skiptast á upplýsingum til að sporna við því að grunaðir eða dæmdir glæpamenn fái hér dvalarleyfi, að undanskildu þó Schengen-upplýsingakerfinu, en það er takmarkað við að skráning um útlending hafi átt sér stað í einhverju Schengen-ríkjanna.

Ég vil einnig árétta það sem ég nefndi hér fyrr að í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna m.a. hvatt ríki heims til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að leita upplýsinga áður en mönnum er veitt hæli sem flóttamönnum, um að þeir sem sækja um hæli hafi ekki skipulagt, stuðlað að eða tekið þátt í hryðjuverkum. Einnig er mikilvægt að náin samvinna verði á milli lögreglu og Útlendingastofnunar á öllum sviðum ef lög þessi eiga að ná tilgangi sínum.

Herra forseti. Ég hef gert nokkuð ítarlega grein fyrir frv. um útlendinga sem hér liggur fyrir. Eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar er frv. mikið að vöxtum og varðar mikilvægt réttarsvið og því hefði verið unnt að ræða það í mun lengra máli. Ég hef líka rakið nokkuð sögu þessa frv. og þess frv. sem lagt fram á síðasta þingi og hv. allhn. fjallaði þá um, og gerði það afskaplega vel og vandlega. Ég veit raunar að hún mun taka vel á frv. sem hér er til meðferðar.

Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[14:37]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér upp í andsvar við hæstv. dómsmrh. vegna ummæla um gerbreytt alþjóðlegt umhverfi í kjölfar hryðjuverkanna 11. september. Þetta eru orð sem hafa verið endurtekin oft á hinu háa Alþingi og virðast mjög lita alla umræðu sem fer hér fram þessa dagana.

Mig langar til að spyrja hæstv. dómsmrh. nánar út í það hvernig hið alþjóðlega umhverfi hafi gerbreyst með þeim hætti sem hún lýsti hér lauslega og hvort ég hafi skilið hæstv. ráðherra rétt að þetta breytta umhverfi muni breyta afstöðu okkar til þess hvernig við tökum á móti útlendingum á Íslandi, hvort hér sé orðinn útgangspunkturinn að þeir sem hingað komi hljóti að hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

Það er, herra forseti, mjög alvarlegt ef umræðan um þetta mikilvæga mál fer af stað með svona neikvæðum hætti. Það er mjög alvarlegt þegar mælt er fyrir frv. um útlendinga, frv. um réttindi útlendinga á Íslandi, þegar hæstv. dómsmrh. hefur umræðuna með þessum hætti og vísar að auki í strangari reglur í Danmörku og, ef ég hef heyrt rétt, mælist til þess að hv. allshn. taki mjög mið af þeim. Nú er sem sagt íhaldsstjórnin í Kaupmannahöfn farin að gefa tóninn fyrir Alþingi Íslendinga.

[14:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hafði nokkrar áhyggjur af því að einhverjir hv. þm. mundu bregðast við framsögu minni á þennan hátt. Ég vil leyfa mér að undirstrika það að ég tel ekki annað fært en að við ræðum það hér opinskátt hvað hefur gerst í heiminum undanfarið. Þau hafa væntanlega ekki farið fram hjá mönnum, hin hræðilegu hermdarverk sem áttu sér stað í Bandaríkjunum þann 11. september sl. Staðreynd er að þeir atburðir hafa haft áhrif og eru að hafa áhrif og munu hafa áhrif á löggjöf ríkja, bæði hvað snertir ýmsa samninga, hegningarlög, eins og við munum ræða einmitt á eftir á hinu háa Alþingi, reglur um meðferð á málum útlendinga o.s.frv.

Það er alveg sama hvert litið er, herra forseti, alls staðar er verið að vinna að þessum málum. Við þurfum auðvitað að hafa augun opin hér á Íslandi og gera okkur grein fyrir því og taka mið af slíkum breytingum. Það þýðir þó ekki að verið sé að gefa í skyn að útlendingar almennt hafi óhreint mjöl í pokahorninu eða að hin nýja ríkisstjórn í Danmörku hafi einhver ráð um það hvernig við munum setja niður lagareglur okkar. En við verðum líka að hafa það í huga að um leið og nágrannalönd okkar þrengja reglur sínar gagnvart komu útlendinga til sín þá mun væntanlega fjölga þeim aðilum sem koma hingað.

Frumvarpið fjallar ekki bara um réttindi útlendinga, sem er auðvitað mjög mikilvægt, heldur fjallar það líka um rétt stjórnvalda, íslenskra stjórnvalda til að hafa ákveðna stjórn á þessum málum og að skýrar reglur gildi. Það þýðir ekki, þó að settar séu fram ýmsar heimildir fyrir stjórnvöld til að koma í veg fyrir komu útlendinga eða vísa þeim frá landinu, þá er ekki þar með sagt að stjórnvöld kjósi að gera það, en þau verða að hafa þessar heimildir alveg eins og öll önnur stjórnvöld í löndunum í kringum okkur.

[14:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að stjórnvöld verða að hafa ákveðnar heimildir til þess að geta brugðist við óvæntum aðstæðum og vísað fólki á brott ef þess gerist þörf.

Hins vegar hljótum við að hefja þessa umræðu á aðalatriðinu, réttindum útlendinga, þeim alþjóðasamningum sem við ætlum og þurfum að halda. Mér er til efs að það sé mjög gott fyrir umræðuna að hefja hana með þeim hætti sem hæstv. dómsmrh. gerði.

Auðvitað er það svo, og ég tek heils hugar undir það, að atburðirnir 11. september hafa haft mjög mikil áhrif. Það höfum við sagt hér oft og tíðum á hinu háa Alþingi. En nú er komið að því að ræða það hver þau áhrif séu, hver nákvæmlega, hvernig við ætlum að bregðast við þeim. Og ef viðbrögðin eru þau að setja hér upp mikla þröskulda, loka aðgengi og efla svo eftirlitskerfið með útlendingum, hvort heldur það er á landamærum eða annars staðar, þá leyfi ég mér að setja spurningarmerki við það. Við þurfum að ræða efnislega um áhrifin. Það er það sem ég vísa í, hæstv. forseti, þegar ég inni hæstv. ráðherra eftir því.

[14:42]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að vera með neikvæðan tón í umræðunni. Ég vil benda á að það er auðvitað undir hv. þm. sjálfum komið hvernig þeir ræða þetta mál og á hvað þeir kjósa að benda.

Ef litið er á frv. má sjá að þar eru birt öll fylgiskjöl, alþjóðlegir samningar, flóttamannasamningurinn o.s.frv. Öll þessi gögn sem skipta mjög miklu máli varðandi réttindi útlendinga og flóttamanna. Við skulum ekki blanda þessu saman. Frumvarpið fjallar ekki síst um komu ólöglegra innflytjenda, en staða flóttamanna er auðvitað allt önnur og við skulum ekki rugla því saman.

Ég vil líka, herra forseti, fá að rifja upp það sem ég sagði í upphafi framsögu minnar. Ég sagði að þegar rætt hefði verið um efni frv. hefði verið litið sérstaklega til þróunar á

sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda svo og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, bæði norrænu og evrópsku, og aðildar að ýmsum mannréttindasamningum og flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna, og frv. tæki mið af 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég held því að það sé alveg skýrt og ljóst að þarna er auðvitað gengið út frá ákveðnum mannréttindaákvæðum og alþjóðasamningum.

[14:44]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræðum mjög merkilegt frv., frv. til laga um útlendinga. Í því birtist stefna íslenskra stjórnvalda gagnvart útlendingum. Við höfum rætt þetta frv. áður, það er ekki mikið breytt núna, en við höfum rætt það áður og ég held að það sé ekki stórt upp í sig tekið þó maður segi sem svo að það frv. sem kom inn á þingið í fyrra hafi ekki verið mjög frjálslynt. Ég held að það sé ekki harður dómur á frv. sem kom inn í fyrra. Það dagaði reyndar uppi og því lauk ekki umræðunni hvað það frv. varðaði.

Hins vegar kom fram í framsögu hæstv. dómsmrh., að mér fannst, að hæstv. ráðherra lagði áherslu á að allshn. mundi hnykkja á tilteknum þáttum. Og allir þeir þættir sem hún lagði áherslu á lutu að því að herða reglur um möguleika útlendinga á að koma hingað.

Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort í frv. felist breytingar á stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart útlendingum frá því sem verið hefur og frá því í fyrra. Ég get tekið kannski sem dæmi að m.a. orðaði hæstv. ráðherra það á þá leið að vegna breyttra aðstæðna í heiminum væri hætta á að útlendingum fjölgaði, þar sem einar dyr hugsanlega væru að lokast gætu aðrar opnast, ef ég man þetta rétt úr ræðu hæstv. ráðherra.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er verið að kynna herta stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart þeim útlendingum sem vilja koma til landsins með frv.?

[14:46]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá að rifja það upp að eftir mjög vandaða meðferð þessa máls í hv. allshn. á síðasta vetri var það stoppað í þinginu, á síðasta degi þess síðastliðið vor. Hverjir ætli hafi nú staðið fyrir því að það mál var stoppað? Ætli það hafi ekki verið einhverjir aðilar innan stjórnarandstöðunnar? Þetta mál dagaði því ekkert uppi á annan hátt en sem oft vill gerast svona á síðustu mínútum þingsins, því miður.

Það er rétt að ég legg til að allshn. taki fyrir ákveðnar breytingar á þessu frv. Ég tel, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að rétt sé að athuga með breytingar bæði á 13. gr. frv. og líka á 15. gr.

En til þess að undirstrika það sem ég sagði hér áðan í andsvari við hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur þá tel ég ekki að þar með sagt sé verið að auka einhverja hörku í stefnu íslenskra stjórnvalda, þó það sé verið að setja harðari skilyrði og ákveðnari.

Það sem ég sagði líka var að við getum ekki lokað augunum fyrir þeim atburðum sem orðið hafa í heiminum eftir hermdarverkin í Bandaríkjunum sl. september. Þau hafa auðvitað áhrif.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gagnrýndi það orðalag mitt að hætta væri á því að útlendingum mundi fjölga. Það eru auðvitað fyrst og fremst ólöglegir innflytjendur sem við erum hér að fjalla um, hv. þm. Það er óþarfi að snúa út úr orðum mínum á þennan hátt.

[14:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ekki miklu við þetta að bæta. Ég held að hæstv. ráðherra hafi hér gefið mjög skýr svör. Það er augljóst að vegna breyttra aðstæðna í umhverfinu vilja íslensk stjórnvöld herða reglur gagnvart útlendingum. Hæstv. ráðherra hefur hvatt til þess að allshn. herði á þeim reglum sem lagt hefur verið upp með.

Aðeins vegna upphafsorða hæstv. ráðherra þá held ég að hæstv. ráðherra viti mætavel að þau mál sem ekki er lokið, þ.e. fái þau ekki afgreiðslu þingsins, daga uppi af hvaða ástæðum sem það er.

[14:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. dómsmrh. mælt fyrir frv. til laga um útlendinga. Það er eflaust í þriðja sinn sem það gerist en frv. náði ekki fram að ganga á síðasta vorþingi.

Því er kannski fyrst við það að bæta sem hæstv. dómsmrh. sagði, eftir enn eina yfirferð mína yfir þetta frv., að ég fæ ekki séð að í sjálfu sér mæti frv. endilega nokkru sem snertir 11. sept., bara svona til þess að upplýsa þingmenn um það hafi þeir ekki skimað í gegnum það. Þeim atburðum hefur fyrst og fremst verið mætt með ákveðnum sérlögum og síðan nefndinni ætlað að vinna nánar í þeim málum. Ég fæ ekki betur séð en að þannig sé í pottinn búið. Þannig að það er greinilega talsverð vinna enn eftir við frv.

Ég vil líka upplýsa að það fór fram mikil og góð vinna og umræða í allshn. á síðasta vetri varðandi þetta mál þó að við værum þar ekki sammála um allt. Við munum þá takast örlítið á um þær fyrirhugðu þrengingar sem hér hafa verið boðaðar. Við tökum á því verkefni í nefndinni. Ég hef fulla trú á að það verði afar spennandi.

Við erum öll sammála um að það þurfi ný útlendingalög, það er ekki nein spurning. Lögin sem unnið er eftir núna eru eins og gatasigti, eru í rauninni ónýt. Það er ekkert flóknara en svo. Ég er auðvitað talsmaður þess að ný lög verði sett þannig að hægt sé að fara að vinna eftir ákveðnu skikki.

Ég vil hins vegar gagnrýna að nú, þegar frv. kemur fram í annað sinn, skuli ekki vera getið í greinargerð þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á frv. Ég er ekkert að harma að ég þurfi að lesa enn frekar, það er ekki það. Ég harma það ekki að við þurfum að vinna meira að frv. í nefndinni. En mér finnst eðlilegt að þess sé getið í greinargerð þegar verið er að leggja frv. fram aftur, í rauninni í þriðja sinn, hvaða breytingar hafi verið gerðar. Málið er að gerðar hafa verið a.m.k. átta breytingar, á 2., 11., 19., 29., 33., 45., 55. og 57. gr., þ.e. það er ein ný grein um vinnslu persónuupplýsinga. Mikið af þessum breytingum er til góða, mjög til góða.

Auðvitað stendur hæst að það er búið að taka út þetta með erfðaefni úr útlendingum og DNA-rannsókn. Það er líka búið bæta inn ákvæðum varðandi vanvirðandi meðferð í 15. gr. Það er búið að setja inn ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga og gera fullt af hlutum sem eru góðir. Það á auðvitað að halda því til haga, það er afar mikilvægt. Breytingarnar sem þegar hafa verið lagðar fram eru til hins betra fyrir frv.

Ég er hins vegar ein af þeim sem finnst vinnulagið varðandi frv. ekki til fyrirmyndar, þ.e. ég hefði gjarnan kosið að sjá það vinnulag að að gerð frv. kæmi vinnuhópur. Auðvitað var unnið þannig í upphafi að gert var uppkast í dómsmrn. og síðan voru kallaðir til aðilar, þeir látnir lesa yfir og

síðan fór það aftur í vinnslu. Þau vinnubrögð mætti kalla „boltakastsvinnubrögð", sem í sumum tilfellum eru alveg ágæt. En þegar við erum að taka upp grundvallarlöggjöf, t.d. útlendingalöggjöf, barnaverndarlöggjöf, þ.e. grundvallarlöggjöf sem þarf að duga meira en fimm ár án þess að henni sé kúvent aftur, er mjög algengt og gott vinnulag að setja saman vinnuhóp sem er samhæfður hópur sérfræðinga sem er að vinna á gólfinu með þessi mál. Það er fínt að vinna grunninn og ég er sammála því. En síðan kæmi að málinu vinnuhópur sem mundi kemba dálítið í gegnum það, — hann getur líka verið með minni hluta og meiri hluta — síðan fari það í ráðuneytið. Það mundi tryggja að fagfólkið kæmi að vinnslu málsins.

Með slíku vinnulagi kæmust að nýrri hugmyndir. Við löguðum okkur frekar að þeirri löggjöf sem fyrir er í nágrannalöndum okkar. Það gerist bara í svona vinnu því að faghóparnir eru oft í norrænum tengslum. Þeir skoða í sínum ranni hvað megi betur fara, hverjir séu kostirnir og hverjir gallarnir, af hverju getum við lært o.s.frv. Það er gott vinnulag. Ég segi það enn, ég sagði það síðast, að ég harma að það skuli ekki viðhaft í þessu máli. Þegar málið fór út héðan síðasta vor átti auðvitað að reyna að leitast við að vinna einhverja svona vinnu. Ég fer ekki ofan því. Ekki hefur reglugerðunum fækkað. Þær eru núna 34, ég hef enn á ný talið þær.

Við erum enn að kljást við að þetta er ekki nógu gegnsætt. Það er afar mikilvægt að lög um útlendinga séu tiltölulega gegnsæ. Það er mikilvægt fyrir þann hóp sem þarf að vinna eftir þeim og líka útlendingana sjálfa. Þannig er það. Ég vil fyrst og fremst benda á hina stóru drætti í máli mínu núna. Við getum unnið áfram og rætt dálítið í nefndinni um hin smærri atriði síðar. Ég hefði sem sagt viljað sjá önnur vinnubrögð og þá hefðum við kannski til meðferðar frv. sem væri meiri sátt um.

Það sem stendur líka eftir núna er allur sá pakki af athugasemdum sem gerður var við fyrra frv. Hann stendur í rauninni algjörlega óhaggaður. Ég segi það þó ekki alfarið. Hér eru nokkrar breytingar sem við eigum endilega að halda til haga því að þær eru mjög góðar. Ég veit að það verður ánægja með þær. En eftir sem áður getum við í rauninni bara unnið með það plagg sem lagt hefur verið fyrir og haldið áfram að ræða um það. Það er hið besta mál.

Ég sakna þess, eins og ég sagði síðast þegar málið var tekið fyrir og ég hef sagt það í nefndinni, að sjá ekki í frv. nýja hugsun varðandi Útlendingastofnun. Ég held að það sé afar mikilvægt, úr því að við erum að stofna hana, að setja meira í hana. Það er ekki lítið búið að ræða í þessari nefnd að fyrirmyndin sé norsku lögin. Í tengslum við það rann upp ein af þessum örfáu ögurstundum sem ég hef orðið svo æst að ég hef vart mátt mæla. Norsku lögin eru t.d. alveg gríðarlega prógressíf varðandi útlendingastofuna. Ég vil bara benda þingmönnum á www.ud.no, vef útlendingastofnunar Norðmanna. Þar sést allt um það hvernig hún er uppbyggð. Mér finnst skipta gríðarlegu máli að sú útlendingastofnun sem við ætlum að hafa hér fái eitthvert vægi, sé skipuð fagmönnum og hún fái meira umráðasvæði. Ég vil það, sjá meiri samhæfingu í þessum málaflokki. Það væri okkur öllum til góðs.

Í Noregi eru t.d. öll atvinnumál útlendinga, allir hælisleitendur, öll búsetu- og dvalarleyfi samhæfð á einum stað. Þar eru þeir líka með samvinnu við sveitarfélögin sem eru með útlendinga í vinnu. Á sama hátt mætti taka hér upp afar náið samstarf með Ísafirði o.s.frv. Ég vil bara benda þingmönnum á þetta. Ég hefði viljað sjá vinnu fara í þetta og að við breyttum þessu. Ég vil sjá það enn að það sé stjórn á bak við Útlendingastofnun sem samanstandi af Rauða krossinum, Persónuvernd og einhverjum sem dómsmrh. mundi skipa. Þá værum við að tala um almennilega, faglega vinnu þannig að réttur fólks sé á engan hátt fyrir borð borinn. Þannig fengist trygging fyrir því að svona stofnun, þ.e. Útlendingastofnun, hefði gott og faglegt bakland og aðhald. Auðvitað vilja slíkar stofnanir hafa aðhald. Ég vil benda á þetta. Mér finnst að það eigi að skoða þetta, ég fer ekkert ofan af því.

Á annað mál, sem ég hef mikið rætt í nefndinni, er ekki minnst einu orði. Það var þó komið í nál. hjá nefndinni þegar málið var komið á lokasprettinn í vor, þ.e. varðandi aðstæður barna. Núna er rætt um að vera í takt við 11. september. Það vantar ekkert upp á það og við eigum að hegða okkur í takt við þá atburði. Ég ætla hins vegar að benda áfram á þennan vef útlendingastofnunarinnar í Noregi. Aðalvandamálið í allri Skandinavíu er að það er verið að senda forsjárlaus börn á milli landa. Ég er hér með tölur um hversu mörg börn um er að ræða, hvaðan þau koma og hvað þau eru gömul. Við erum að tala um 500 börn á ári á Norðurlöndunum, sem auðvitað er reynt að vinna fyrir og styðja á allan hátt. Ég er til í að láta nefndarmenn fá það plagg, mjög þykkt plagg, vinnuplagg útlendingastofnunar Norðmanna, félagsmálayfirvalda þar og Rauða krossins, um hvernig eigi að bregðast við þegar börn koma forsjárlaus á milli landa. Ef Danir herða sína löggjöf — þeir virðast ætla að gera það og hæstv. dómsmrh. nefndi það hér áðan — gætu komið upp fleiri slík vandamál á Íslands ef við stöndum ekki á vaktina. Hvað með öll börnin?

Við höfum ekki stafkrók um málefni þessara barna hérna. Mér finnst það ekki ábyrgt svo ég segi eins og er. Við eigum einmitt að baktryggja okkur. Það vita þeir hv. þm. sem vilja og hafa kynnt sér þennan málaflokk að þegar er farin af stað umræða á milli Rauða krossins, Barnaverndarstofu og sveitarfélaganna um hvernig eigi að bregðast við. Það verður að hafa lagagrundvöll í þessum málum þannig að hægt sé að taka á móti þessum börnum. Þetta heitir að vera undirbúinn. Þetta heitir ekki einu sinni að vera róttækur. Ef það væri nú það. Þetta heitir bara að vera undirbúinn með hagsmuni barna í huga.

Ef hvert Norðurlandanna fær til sín 500–600 börn, halda menn ekki að það geti gerst hérna? Af hverju megum við ekki að vera viðbúin? Mér finnst þetta mikil skammsýni. Ég vil því endurtaka og ítreka að eitthvað verður að gera í þessu. Ég hugsa að ég láti formann hv. allshn. hafa eins og eitt stykki eintak af áðurnefndri samantekt þannig að hún átti sig á allri þeirri vinnu sem liggur á bak við hvert barn sem kemur forsjárlaust til landanna, alveg niður í þriggja og fjögurra ára gömul börn, bara send með flugvélum á milli landa. Ég legg gríðarlega áherslu á það.

Við þekkjum náttúrlega hina margrómuðu umræðu um íslensku fyrir útlendinga. Hún hreyfir við öllum hér inni, held ég. Ég er ekkert á móti þeim hugmyndum. Maður veit það sjálfur eftir að hafa búið erlendis í mörg ár að maður reynir að laga sig sem best að samfélaginu sem maður býr í. Mér finnst fáránlegt að ætla að aðrir geri það ekki. Meira að segja Íslendingar í Danmörku hafa bjargað sér á sinni ensku og ekkert verið að tala neina prentsmiðjudönsku þannig að ekki er allt fengið með því. Ég hef hins vegar sagt það áður að mér finnst miklu nær að binda íslenskukennsluna og námið við ríkisborgararéttinn, það er miklu lógískara en

að tengja það búseturéttinum. Búseturétturinn á ekki við um alla útlendinga. Mér finnst það mjög skrýtið ef við ætlum alltaf að vera að draga fólk í dilka. Við erum ekki að tala um þá sem eru í Schengen, ekki í EES og ekki Norðurlandabúa. Þetta er enginn smáhópur. Þetta eru stærstu hóparnir hér. Við erum því alltaf að tala um það sem kallað er „sýnilegir útlendingar" og svo auðvitað Bandaríkjamenn, að ekki sé nú talað um alla Pólverjana sem halda hér uppi byggð í landinu.

Við eigum því ábyggilega eftir að takast áfram á örlítið um þetta. Ég veit vel að þetta hefur tekið mikinn tíma í ráðuneytinu, sennilega allan tímann, að reikna út kostnaðinn við þessi námskeið. Það líka mjög jákvætt sem kemur fram í greinargerðinni að auðvitað á ríkið þá að axla þær skyldur sem eru því samfara að skikka fólk til að fara á íslenskunámskeið.

Ég er hins vegar sömu skoðunar og stór hópur fólks sem hefur ekki viljað hafa þetta algjöra skyldu, sem vill taka þetta mýkri tökum eða tengja það hreinlega ríkisborgararéttinum.

Herra forseti. Af því að frv. hefur ekki breyst það mikið stendur auðvitað eftir obbinn af athugasemdunum. Við munum þá bara vinna áfram í því í nefndinni. Ég hef hins vegar ekki trú á að það muni mikið breytast úr því það breyttist ekki núna, nema einna helst þetta með börnin. Ég mun ekki liggja á liði mínu við að veita upplýsingar um það mál vegna þess að mér finnst það ofar öllum hagsmunum. Mér finnst að við verðum að reyna að hafa vaðið fyrir neðan okkur í þeim efnum.

Þar sem ég veit að við eigum eftir að ræða margt og mikið um frv. í okkar ágætu allshn. ætla ég ekki að fara yfir einstakar greinar. Ég sé ekki ástæðu til þess. Ég gerði það auðvitað síðast og við höfum rætt þær í nefndinni. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þær þó ég hafi komið hér fyrst á eftir hæstv. dómsmrh. Það verður afar spennandi vinna sem við tekur í hv. allshn. Ég vona að hún verði farsæl og að við sjáum einhverjar breytingar á frv. í kjölfar hennar.

[15:05]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir góða ræðu, málefnalega og umfram allt kannski faglega, þó við séum ekki á einu máli um öll atriði þessa ágæta frv. sem við ræðum hér í dag.

Eitt atriði vil ég gjarnan taka undir með hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur. Í raun er það atriði sem meiri hluti allshn. kom inn á í meirihlutaáliti sínu sl. vor, þ.e. að stjórvöld skoði þann möguleika gaumgæfilega að setja öll málefni útlendinga undir einn hatt. Ég er persónulega eindregið fylgjandi þeirri hugmynd sem hv. þm. kom með hér áðan, að efla Útlendingastofnun þannig að þessi málefni fari undir einn hatt. Það væri til hagræðis fyrir útlendinga og ekki síður til hagræðis fyrir atvinnulífið hér í landinu. Þá sæi maður innan þeirrar stofnunar bæði útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa. Ég vil að þetta atriði verði skoðað gaumgæfilega. Það er reyndar meira atriði en svo að við gætum einfaldlega tekið það fyrir við skoðun okkar í allshn. núna en ég vil ítreka að þar er þarft verk.

Varðandi börn flóttamanna sem hv. þm. kom líka inn á tel ég að að sjálfsögðu yrðu mál þeirra skoðuð meðan hælisbeiðni foreldranna væri hér til athugunar. Ég sæi þetta jafnframt fyrir mér sem samþætt hlutverk menntmrn., dómsmrn. og félmrn. Þannig yrði börnunum að sjálfsögðu komið fyrir í skóla og þeim sinnt með viðeigandi hætti.

[15:07]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er mjög ánægð með þessar undirtektir. Ég veit að í rauninni vilja flestir sjá þetta undir einum hatti. Það er ákveðið lag núna, með stofnun Útlendingastofnunar. Þannig væri í raun afar spennandi að reyna að gefa sér einhvern tíma í það og fara í smá pælingar og með hliðsjón af öðrum löndum.

En ég vil árétta að ég er ekki að tala um börn flóttamanna þegar ég er að tala um börnin. Ég er að tala um börn sem eru send alein og sér. Það er að verða stærsta vandamálið á Norðurlöndum. Börn eru send forsjárlaus á milli landa, smyglað inn í flugvélar í allt mögulegt. Þau eru alein. Við því eru allir eru að reyna að bregðast núna og Norðmenn sérstaklega. Á síðasta ári voru komu 483 börn þannig inn í landið frá öllum heimshlutum og Austur-Evrópa er að verða þar stærst. Þannig er afar brýnt að við setjum reglur varðandi þessi forsjárlausu börn. Hagsmunum barna flóttamanna finnst mér í raun ágætlega sinnt. Það eru fyrst og fremst börnin sem koma ein, forsjárlaus. Á slíku hefur því miður borið í allri Skandinavíu upp á síðkastið.

[15:08]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér skilst að enn sem komið er hafi ekki komið neitt slíkt tilfelli upp hér á landi. Að sjálfsögðu verðum við hins vegar að vera undirbúin ef svo skyldi fara. Eins og fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh. þá berst það sem gerist erlendis fyrr eða síðar hingað.

En þegar verið er að senda börn ein og sér úr landi þá er oftar en ekki um sakamál að ræða. Það skilst mér einmitt að hafi gerst í Noregi, að af þessum 480 börnum er mjög mikill hluti sem tengist á einhvern hátt sakamálum. Ekki að börnin sjálf séu sakamenn, heldur tengist það meðferð barna, hugsanlegu barnasmygli eða barnasölu. Á því verður að sjálfsögðu tekið og það eru engin undanbrögð frá því vandamáli í þessu frv. á einn eða neinn hátt. Á því getum við tekið í stjórnkerfi okkar.

[15:09]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, auðvitað tengist það því að hluta, þ.e. ef um er að ræða börn sem eru ein undir 18 ára aldri. Þau eru forsjárlaus þegar þau koma á þann hátt inn í landið. Það getur tengst glæpum, hernaði — það getur tengst hverju sem er. Við þekkjum það. Aðalatriðið er að við séum viðbúin og nýtum okkur reynslu annarra þjóða.

Þegar maður skoðar þessar fróðlegu tölur frá útlendingaeftirlitinu í Noregi þá eru börnin mjög oft frá Afríkulöndum en núna kemur stærsti hópurinn frá gömlu austantjaldsríkjunum. Það tengist auðvitað líka ákveðnum öðrum þáttum. Þess vegna er afar mikilvægt í svona löggjöf, heildarlöggjöfinni sem við erum að búa til, að við höfum vaðið fyrir neðan okkur. Ég vildi gjarnan sýna ykkur þau gögn, bæði frá Noregi og öðrum stöðum, sem ég hef fengið send og hef verið að skoða. Það er athyglisvert hvernig sú fagvinna hefur farið fram. Hún er þar afar góð.

[15:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um útlendinga. Þetta er mikill lagabálkur og um margt mjög jákvæður. Þar er þó að finna ýmis gagnrýnisverð atriði. Þar er að finna

mörg álitamál sem hollt er að menn gefi sér góðan tíma til að setjast yfir. Ég held að það hafi að mörgu leyti verið til góðs að málið var sett í salt á síðasta þingi og sé nú komið fram í breyttu formi, að vísu ekki mjög breytt en á því hafa verið gerðar ýmsar lagfæringar, ýmsir hnökrar hafa verið sniðnir af og ég tel það hafa verið til góðs.

Nokkur atriði í þessu frv. voru umdeild eins og hér hefur komið fram við umræðuna. Menn hafa nefnt sem dæmi að talsmönnum útlendinga hér á landi þótti miður að sett skyldu lög sem skylduðu aðflutt fólk til að læra íslensku og andæfðu því. Aðrir bentu á að á þessum peningi væru tvær hliðar, ekki bara skyldur heldur einnig réttindi. Og þannig ættu menn að nálgast lögin og þetta ákvæði laganna sérstaklega að það væri sett til þess að tryggja rétt fólks til að læra íslensku og eiga auðveldara með að aðlagast íslensku samfélagi. Þannig hef ég litið á málið þótt ég vilji einnig hlusta á rök frá hagsmunasamtökum aðflutts fólks sem hefur látið í sér heyra.

Hins vegar set ég spurningarmerki við það ákvæði greinarinnar sem kveður á um að heimila hæstv. dómsmrh. að taka gjald fyrir íslenskunámið. Ég vil líta á þetta algerlega sem réttindi en um leið er það að sjálfsögðu skylda, ef það er sett fram og lögfest í því formi sem hér er. Þá finnst mér skjóta skökku við að heimila gjaldtöku vegna námsins. Þetta er atriði sem ég tel að við þurfum að íhuga og heyra skoðanir fyrrnefndra aðila. Á þau rök vil ég hlusta þótt ég lýsi því yfir sjálfur að ég líti svo á að tilgangur laganna að þessu leyti sé fyrst og fremst að tryggja réttindi fólks. Ég hef nálgast það með því hugarfari.

Ég sagði að í þessu lagafrv. væru mörg álitamál sem okkur væri hollt að íhuga. Á þessum síðustu tímum þegar mönnum er tíðrætt um 11. sept. er ágætt að skoða sérstaklega þau ákvæði laganna sem eiga að verja okkur fyrir meintum hermdarverkamönnum og skemmdarverkamönnum. Ég vísa hér í 18., 19. og 20. gr. frv. Ég vísa einnig í 42. og 43. gr. frv. þar sem fjallað er um sama efni en í því tilviki um borgara á EES-svæðinu.

Hvað segir í þessum lagagreinum? Jú, þar er fjallað um heimildir ríkisvaldsins til að vísa fólki frá landinu við komu. Þar fjallar um frávísun eftir komu til landsins og einnig almennt um brottvísun.

Í 18. gr. segir á þá leið að heimilt sé að vísa útlendingi frá landinu við komu ef hann hefur hlotið refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 20. gr. eða sérstök ástæða er til af öðrum orsökum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði.

Og hvað segir í þessum b- eða c-lið 20. gr.? Þar segir, með leyfi forseta:

„b. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,

c. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar."

Með öðrum orðum, hér erum við að fjalla um einstaklinga sem hafa hlotið dóm og lögin eru sett til að forða okkur frá því að fá slíka einstaklinga í heimsókn til landsins. Það er verið að heimila yfirvöldum að vísa þeim brott.

Finnst manni þetta vera gott og æskilegt? Að sjálfsögðu finnst manni ekki eftirsóknarvert að fá hingað til landsins einstaklinga sem hafa drýgt glæpi eða gerst sekir um glæpi. En ég spyr aðeins um grundvallarreglur réttarríkisins í þessu efni. Er ekki grunnur réttarríkisins sá að einstaklingur gerist brotlegur, hann er fundinn sekur, hann er dæmdur, hann tekur út sína refsingu og þar með er málinu lokið? Þetta er grundvöllur réttarríkisins. Ég ætla ekki sjálfur að kveða upp neinn dóm í þessu efni en mér finnst þetta vera álitamál sem eigi að verða okkur öllum umhugsunarefni.

Þetta varðar þá sem hafa verið fundnir sekir og tekið út sína dóma.

Síðar í 18. gr., þar sem fjallað er um heimildir til að vísa fólki brott frá landinu, er vísað í Schengen-upplýsingakerfið. Það er heimilt að vísa einstaklingum á brott frá landinu ef þeir hafa verið skráðir í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að þeim verði synjað um komu til landsins.

Hvað segir í lögum um Schengen-upplýsingakerfið? Við fjölluðum svolítið um það þegar það var lögfest hér á sínum tíma. Í 6. gr. laga um Schengen-upplýsingakerfið er fjallað um heimildir til að vísa einstaklingum brott frá landinu. Í 2. lið b segir, með leyfi forseta:

„2. ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengensvæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi eða ..."

Þetta segir þar. Ég ætla að halda aðeins áfram. Ég sagði að um brottvísun og heimildir til brottvísunar væri fjallað í 18., 19. og 20. gr. og síðan aftur í 42. og 43. gr. í þessu frv. Í 20. gr. er kveðið á um heimild til að vísa einstaklingi brott ef það er talið nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Þetta ber að sama brunni og ákvæðin í Schengen-lögunum þar sem vísað er í þessa almannahagsmuni og öryggishagsmuni.

Hver tekur ákvörðun um að setja fólk á skrá í Schengenupplýsingakerfinu? Hver ákveður það? Eru það dómstólar? Nei. Það er lögreglustjórinn, það er ríkislögreglustjóri sem tekur ákvörðun um það að setja menn þar á skrá. Ríkislögreglustjórarnir í Schengen-löndunum taka slíkar ákvarðanir. Það er á forsendum þeirra ákvarðana sem önnur ríki munu síðan vísa þeim brott frá löndunum. Er þetta ekki umhugsunarefni?

Nú spyr ég: Getur verið að sá einstaklingur sem er skemmdarverkamaður og truflar friðinn og öryggið í augum eins, sé það ekki í augum annars? Getur verið að þeir sem stóðu að ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Seattle á sínum tíma eða í Washington eða í Prag eða í Doha, líti á þá sem trufluðu þá ráðstefnu, jafnvel brutu rúður, sem hættulega skemmdarverkamenn sem beri að vísa á brott þegar sú virðulega stofnun kemur saman til fundar? Skyldi það nú geta verið? Skyldi það nú geta verið að ríkislögreglustjórarnir í þeim ríkjum komist að þeirri niðurstöðu að heppilegt sé að setja slíka menn á svartan lista og meina þeim um komu til landsins?

Og getur það nú verið að menn hugsi sinn gang þegar NATO-foringjarnir koma hingað til fundar í vor? Gæti það nú verið að menn fari að skoða gesti til Íslands öðrum augum en hingað til hefur verið gert? Gæti það nú gerst?

Ég spyr hvort það sé ekki umhugsunarefni að hæstv. dómsmrh. skuli hafa þann formála á að vísa stöðugt í 11.

september og hvernig heimurinn hafi þá tekið breytingum þegar hún kynnir lagabálk með heimildum á borð við þessar.

Nú skal það tekið fram að þessi ákvæði í lögum eru í rauninni engin nýlunda. Þetta er ekki nýr bókstafur. Þetta er ekki nýr lagabókstafur vegna þess að í lögum er þegar að finna ákvæði í þessa veru og ég vísaði í lög um Schengen-upplýsingakerfið.

Taka má annað dæmi af Vítisenglum svokölluðum sem nýlega var vísað brott frá Íslandi. Þeim var vísað brott frá landinu á grundvelli laga um eftirlit með útlendingum. Í 10. gr. þeirra laga er kveðið á um heimildir til að vísa einstaklingum brott frá landinu. Það er í lögum sem eru nú við lýði.

Þar er svipaður tónn og í þeim bálki sem við erum nú að ræða. Þar segir á þá leið að einstaklingum megi úthýsa teljist þeir geta ógnað allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskiptum ríkis eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Síðar í þeirri grein segir, með leyfi forseta, og það á nú kannski frekar við Vítisenglana, Hell's Angels:

„Samkvæmt ákvörðun útlendingaeftirlitsins má meina útlendingi landgöngu, ef ætla má af öðrum ástæðum en um ræðir í 1. mgr., að hann sé kominn hingað til starfa eða athafna, sem eru ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum útlendingsins er að öðru leyti svo háttað, að vist hans hér á landi megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings."

Nú ætla ég ekki að gerast talsmaður Vítisengla eða Hell's Angels. Það eru samtök sem eiga sér ljótan feril því miður og þau hafa verið sökuð um að tengjast margvíslegri glæpastarfsemi. Margir þeirra sem þar hafa verið í fararbroddi hafa hlotið þunga dóma fyrir alvarlega glæpi. En ég vísa engu að síður aftur í grundvallarreglur réttarríkis. Hvar ætlum við að draga línurnar? Er ekki umhugsunarvert og er það ekki áhyggjuefni þegar atburður gerist eins og sá sem við urðum vitni að, íslenska þjóðin, að fjölda einstaklinga er vísað brott frá landinu á grundvelli þessara laga, að ekki skuli verða meiri umræða um málið en raun ber vitni?

Við erum nefnilega hér að fjalla um forsendur réttarríkis. Við erum að gera það. Auðvitað finnst manni bagalegt þegar málstaðurinn er ekki traustari en hann getur orðið með þessu tilefni, heimsókn þessa klúbbs, **(Gripið fram í:** Hvaða klúbbs?) Vítisengla, hingað til lands. En ég set engu að síður alvarleg spurningarmerki við það sem hér hefur gerst. Ég set alvarleg spurningarmerki við þau ákvæði í þessu frv. sem lúta að þessu. Mér finnst að þetta eigi að verða okkur umhugsunarefni í meðförum þingnefndar um þetta mál vegna þess að hér erum við að fjalla um sjálfar grundvallarreglur réttarríkis.

[15:25]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. hér áðan get ég fullyrt að sambærilegar reglur og koma fram í þessu frv. og eru í lögum í dag eru til staðar í öllum þeim ríkjum sem vilja vernda borgara sína gegn afbrotum og hættulegu fólki.

Hv. þm. spyr: Hvar eru grundvallarreglur réttarríkisins? Ég spyr á móti: Hvar er réttur íslenskra borgara til verndar gagnvart þessu fólki? Þurfum við ekki líka að hafa hann í huga? Og hvar ætlum við að draga línurnar? Við erum að draga línurnar á sama hátt og öll nágrannaríki okkar, Evrópuríki og vestræn ríki almennt og kannski göngum við skemur ef eitthvað er.

Varðandi þessa umræðu um Vítisengla þá hygg ég að það hafi verið almennt álit manna að rétt hafi verið staðið að málum þar. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að taka ákveðið á þessum málum. Ég get líka bent á að til eru fordæmi frá nágrannalöndum okkar, t.d. Finnlandi þar sem þessi hópur reyndi að komast inn fyrir u.þ.b. ári síðan og þeim var vísað frá landinu nákvæmlega á sama hátt og hér var gert. Þeir fengu ekki landgönguleyfi. Það er full ástæða til þess að vera á varðbergi gagnvart þessu fólki.

[15:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hæstv. dómsmrh. að full ástæða er til að vera á varðbergi gegn slíku fólki. Ég vil taka undir þetta.

Hins vegar ber okkur að vera á varðbergi gagnvart því að við virðum grundvallarreglur réttarríkisins. Mér nægir ekki að vísa í það sem er að gerast með öðrum þjóðum í þessum efnum, að það sé rétt vegna þess að allir hinir eru að gera það. Að sjálfsögðu ber okkur að hafa sjálfstætt mat og sýna fulla dómgreind á okkar eigin forsendum þegar við myndum okkur skoðun á þessu lagafrv. sem öðrum.

Ég get upplýst hæstv. dómsmrh. um að víða um lönd, víða á Schengen-svæðinu svo dæmi sé tekið, hafa menn af því þungar áhyggjur að verið sé að ganga of langt í því að efla eftirlitshlutverk lögreglu. Margir hafa af þessu þungar áhyggjur. Ég reyndi að færa rök fyrir því hvers vegna mér fyndist ástæða til þess að við stöldruðum við í þessu efni. Við erum búin að færa valdið í mjög ríkum mæli yfir á herðar ríkislögreglustjóra. Það er hann sem tekur ákvörðun um það hverjir eru skilgreindir varasamir borgarar sem geti truflað friðinn og eru settir á svartan lista Schengen og úthýst þar af leiðandi frá öðrum Schengen-ríkjum. Það eru alla vega heimildir til slíks.

Ég færði reyndar rök fyrir því á sínum tíma þegar Schengen-upplýsingakerfið var til umræðu í þinginu að við værum að ganga of langt í því efni að færa valdið til lögreglustjóra og að réttur einstaklingsins væri fyrir borð borinn.

[15:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að við séum komin út í umræðu um Schengen. Það mál er löngu frágengið hér á þinginu.

Ég get alveg tekið undir með hv. þm. um að vissulega þarf að fara varlega í að efla hlutverk lögreglu og gæta að heimildum hennar. Ég vil benda á að í því frv. sem hér er á dagskrá þingsins og fjallar um aðgerðir okkar gegn hryðjuverkum, breytingar á hegningarlögum í tengslum við alþjóðasáttmála og sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þá er einmitt ekki farin sú leið sem verður farin víða annars staðar í löndunum í kringum okkur, m.a. í Danmörku, að efla verulega rannsóknarheimildir lögreglu.

Ég tel að ekki sé þörf á því hér og nú. Ég tel hins vegar rétt að það verði skoðað sérstaklega í tengslum við endurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála.

Það er heldur ekki rétt að það sé eingöngu ríkislögreglustjóri sem fari með þessi mál, því auðvitað koma sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, útlendingaeftirlitið og fleiri aðilar að því.

Ég vil segja það hér og nú og fullyrða að við virðum grundvallarreglur réttarríkisins í þessu frv. Í þessu frv.

er vísað til mannréttindasáttmála, alþjóðasamninga, flóttamannasamningsins og íslensku stjórnarskrárinnar. Það ætti nú að duga.

[15:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki alltaf nóg að vísa í alþjóðlega samninga, það þarf að virða þá í raun og sann. Það er ekki alveg rétt hjá hæstv. dómsmrh. að ég sé hér að ósekju að hefja umræðu um Schengen-samkomulagið, nokkuð sem hér sé afgreitt. Í þessu lagafrv. er vísað í ákvæði Schengensamningsins og það var á þeirri forsendu sem ég tók það mál upp.

En ég hvet til þess að allshn. þingsins setjist yfir þetta. Eins og ég sagði áðan finnst mér hér vera að finna ýmis álitamál. Mér finnst ekki hægt að afgreiða í svart/hvítum litum þau mál sem ég hef velt hér upp, síður en svo. Ég tók það fram að þetta væru álitamál en við værum jafnframt að fjalla um viðkvæm málefni, sjálfar undirstöður réttarríkisins. Ég er að hvetja til þess að við tökum á þessum málefnum af varfærni en ég er alls ekki að nálgast málið með einhverjum sleggjudómum um þetta frv., síður en svo. Ég er að hvetja til þess að við tökum málefnalega á þessu máli og af mikilli yfirvegun.

[15:32]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið hér við 1. umr. þessa frv. til að koma á framfæri örfáum ábendingum til hv. nefndarmanna í allshn. og svo munum við að sjálfsögðu ræða þetta gagnmerka frv. mjög ítarlega við 2. umr. hér á hinu háa Alþingi.

Fyrir það fyrsta, herra forseti, vil ég vara við því að ný stefna dönsku ríkisstjórnarinnar, íhaldsríkisstjórnarinnar í Danmörku, verði notuð sem leiðarljós fyrir Alþingi Íslendinga og hv. allshn. Ég þarf ekki að hafa um það fleiri orð, herra forseti, en ég vil vara við því.

Mig langar til að minnast á tvennt annað hér. Fyrst út af greininni um námskeið í íslensku vil ég taka undir með hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur um hvort ekki væri nær að slíkt námskeið héldist í hendur við ríkisborgararéttinn. Ég tel einnig einboðið, herra forseti, að ekki sé gjaldtaka fyrir slík námskeið. Það hlýtur að vera okkur öllum til hagsbóta að gefa fólki kost á að læra íslensku og geta þá tekið þátt í samfélaginu með sæmilegum hætti. Fyrst við erum að tala um námskeið ætla ég að leyfa mér að slá því fram hér, herra forseti, hvort ekki væri gagn að því að við það að verða íslenskir ríkisborgarar yrði fólki líka gefinn kostur á því að sitja námskeið um mannréttindi og lýðréttindi, um grundvöllinn að því samfélagi sem við byggjum, um stjórnskipulegan rétt hér á landi og um réttindi fólks almennt. Ég leyfi mér að varpa þessu hér inn í umræðuna, herra forseti, m.a. vegna þeirra hörmulegu tíðinda sem borist hafa frá Svíþjóð þar sem faðir myrti dóttur sína af því að hún hugðist eiga, eða átti, annan mann en þann sem hann vildi. Í samfélagi okkar og lýðræðissamfélögum efast vonandi enginn um sjálfsákvörðunarrétt kvenna. Glæpur sem þessi hefði auðvitað aldrei verið framinn ef menn efuðust um sjálfsákvörðunarrétt kvenna. Ég leyfi mér að setja þetta hér í þetta samhengi og líka svona almennt vegna þess að það er auðvitað ákveðin ábyrgð sem fylgir því að búa í lýðræðissamfélagi, því fylgja ekki bara réttindi heldur líka skyldur, en við verðum að gera fólki kleift að taka þátt í samfélaginu og það hlýtur að standa upp á stjórnvöld að koma því þannig fyrir.

Í annan stað, hæstv. forseti, vil ég nefna flóttamannahugtakið. Það er vissulega skilgreint í hinum ágæta sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1951 en sá sáttmáli er auðvitað barn síns tíma. Í heiminum í dag eru ýmsar aðrar aðstæður uppi en voru þá og ýmislegt hefur sem betur fer farið fram á veginn í mannréttindabaráttunni og ýmislegt komist inn í umræðuna og augu fólks opnast fyrir vandamálum sem kannski voru ekki efst á baugi um miðja síðustu öld. Ég ætla að leyfa mér að nefna tvennt. Auðvitað byggjum við á þessum alþjóðasáttmálum og samningum en við getum alltaf gert betur og við getum alltaf leitt hér í lög ákveðin atriði sem við viljum hafa í hávegum. Mér finnst t.d. mjög mikilvægt að það sé alveg skýrt hér á landi að flóttamannahugtakið eigi við þær konur sem eru á flótta vegna ofbeldis sem þær eru beittar, hvort heldur er heimilisofbeldi eða t.d. umskurður. Ég vil beina því til hv. allshn. að taka það til skoðunar. Ég vil líka nota tækifærið og taka undir það sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir sagði um réttindi barna. Við erum að tala um börn sem eru vegalaus, ein síns liðs. Það gerist víða, reyndar ekki í Evrópu, en t.d. víða í Afríku að börn eru hreinlega ein síns liðs að ferðast á milli landa af ýmsum ástæðum, yfirleitt vegna örbirgðar, en því miður er það þannig hér í þessari álfu að oftast eru þau send af einhvers konar glæpaklíkum. Auðvitað eru sakamálin eitt, herra forseti, en annað er þegar börnin eru hingað komin, hvernig við tökum á móti þeim og að við séum viðbúin eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir sagði.

Rétt í lokin langar mig að víkja aftur að flóttamannahugtakinu. Það verður líka að vera tryggt að hægt sé að veita fólki vernd gegn því sem kallast á enskri tungu „none-state actors". Það eru fleiri sem ofsækja en ríki og herir og ríkisstjórnir, t.d. skæruliðahópar og mér detta í hug eiturlyfjaklíkur einhvers staðar í Suður-Ameríku. Ýmsir hafa verið á flótta undan slíkum glæpamönnum. Auðvitað er þetta ákveðinn lagalegur vandi, ég geri mér grein fyrir því, en ég held að það sé fyllilega þess virði að hv. allshn. skoði þennan flöt á verndun flóttamanna eins og aðra þá sem vafalaust verður farið ítarlega yfir í nefndinni.

[15:39]

Ólafur Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu lagafrv. og þeim umræðum sem hafa farið fram um það. Hér er auðvitað um mjög mikilvægt mál að ræða.

Mér sýnist að réttarstaða útlendinga sé ágætlega tryggð í þessu frv., og vil sérstaklega þá nefna m.a. í 34. gr. þar sem gert er ráð fyrir réttaraðstoð til útlendinga. Ég vil einnig nefna ýmiss konar aðstoð sem gert er ráð fyrir í lögunum að útlendingar eigi að fá og ég tek undir að það sé mjög eðlilegt að þeim gefist kostur á íslenskunámskeiði og öðrum slíkum námskeiðum um okkar kerfi. Ég sé samt svo sem ekki neina sérstaka ástæðu til að slíkt sé algerlega endurgjaldslaust. Ég held að slík námskeið sem boðið hefur verið upp á hafi ekki verið svo óhóflega dýr að til of mikils sé mælst að þeir taki þátt í þeim kostnaði. Þeir útlendingar sem á annað borð eru komnir hingað og ætla að setjast hér að og hafa hér atvinnu ættu að hafa efni á því.

Varðandi það sem kom fram í umræðunni áðan um að hér væri spurning um réttarstöðu í réttarríki held ég að það sé mjög mikilvægt að í lögunum séu mjög trygg og nauðsynleg ákvæði um að hingað komi ekki til lands hættulegt fólk sem hefur orðið uppvíst að afbrotum. Ég tek undir með dómsmrh. að hér er um ákvæði að ræða sem eru sambærileg og víða

annars staðar, og ég tel eðlilegt að þau séu með þessum hætti. Ég held að ekki sé ástæða til að óttast neitt sérstaklega að við séum að ganga of langt og troða á einhverjum réttindum. Þvert á móti held ég að þetta séu nauðsynleg ákvæði.

Það er mjög mikilvægt að heildstæð löggjöf sé fyrir hendi og ég tek undir það sem hér hefur komið fram um að Útlendingastofnun verði öflug og nauðsynleg. Ég held að mjög gott sé að hafa þessi mál á einum stað. Þetta þarf ekki að vera svona dreift og úti um allt. Þetta er heldur þunglamalegt í dag finnst mér fyrir þá útlendinga sem koma hingað í vinnu. Þeir þurfa að fara talsvert á milli staða og verkalýðshreyfingin hefur verið að skipta sér dálítið mikið af þessum málum, of mikið að mínu mati. Það er spurning hvort ekki sé hægt að samræma þetta betur þannig að hægt sé að sækja sér á einum stað réttindi til að fá hér atvinnu og starfa.

Ég held að miðað við þessi lög tökum við fólki hér opnum örmum sem hingað vill koma og starfa og búa í umhverfi okkar. Ég hef ekki séð annað en að við tökum því fólki vel sem hingað kemur með góðum hug og vill búa hér hjá okkur, og þessi lög tryggja því ágæta réttarstöðu.

[15:42]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðrún Ögmundsdóttir hafa skýrt ágætlega þá afstöðu sem Samfylkingin hefur í málefnum útlendinga. En þó vildi ég kannski bæta nokkrum orðum við það sem fram hefur komið.

Í fyrsta lagi vil ég segja að sú umræða sem hér fer fram er grundvallarumræða sem lýtur annars vegar að mannréttindum og hins vegar að rétti ríkisins til þess að beita valdheimildum til að tryggja hagsmuni og öryggi þeirra einstaklinga sem búa í ríkinu. Þessi umræða snýst náttúrlega um þau grundvallaratriði sem tekist hefur verið á um í margar aldir þar sem menn takast á um hvert hlutverk ríkisins er, réttur þess, hvaðan vald þess er komið o.s.frv.

Það sem við höfum gagnrýnt í þessu frv. er fyrst og fremst það hve víða huglægt mat er á því hvernig á að beita þessum valdheimildum, þ.e. valdheimildum ríkisins fyrst og fremst versus mannréttindi sem hugsanlega kann að verða brotið gegn. Þetta eru þau grundvallaratriði sem við höfum lagt áherslu á og við teljum að það að við skulum ekki hafa þessi lög skýrari en svo að hæstv. dómsmrh. hafi 34 reglugerðarheimildir til að framkvæma þetta beri það með sér að lögin séu ekki nægilega skýr. Við teljum að þau þurfi að vera skýrari því að ákvarðanir í þessum efnum eru vandmeðfarnar í einstaka tilvikum, hvar réttur ríkisins liggur, réttur til að beita honum gagnvart einstaklingum, því þar takast alltaf á, hvort sem okkur líkar betur eða verr, tilteknar hugmyndir um mannréttindi versus heimildir ríkisins.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að í þessari umræðu er vissulega eftirtektarvert að hlýða á hv. þm. Ögmund Jónasson sem fjallaði almennt um réttarríkið og setti fram ýmis sjónarmið sem báru þess merki að hann hefði efasemdir um að hann tryði því og treysti algerlega í blindni að stjórnvöld mundu fara þannig með ríkisvaldið að aldrei hallaði á einstaklingana, þótt ekki sé nema tekið til þess fyrir hvað stjórnmálaflokkar almennt vilja standa og fyrir hvað þeir telja sig standa. Hann vakti einmitt upp hér grundvallarspurningar í þeim efnum. Það vekur því dálitla eftirtekt að fulltrúi stjórnmálaflokks sem — ég held að ég taki ekki stórt upp í mig þegar ég segi að hann sé svona almennt hallur undir ríkisvaldið og almennt hallur undir það að ríkið komi að miklu í rekstri samfélagsins — þegar fulltrúi þeirra flokka sem helst hafa á köflum talað um frelsi einstaklinganna o.s.frv. skuli bera fram frv. eins og það sem við ræðum hér þar sem þetta mikla huglæga mat er falið embættismönnum og ríkisvaldinu til framkvæmda. Það má segja að þetta sé a.m.k. eftirtektarvert þótt ekki sé dýpra í árinni tekið.

Í upphafi þessarar umræðu og í máli hæstv. dómsmrh. kom líka fram að með þessu frv. og þeim hugmyndum sem hæstv. ráðherra lagði fram um að allshn. mundi hnykkja á og herða á þeim reglum sem hér um ræðir er verið að tala um að stjórnvöld séu að herða stefnu sína gagnvart útlendingum. Hæstv. ráðherra flutti þau rök fyrir því að heimurinn hefði breyst svo mjög, sérstaklega eftir tiltekinn dag, að þetta yrði að gera.

Við í Samfylkingunni leggjumst ekki gegn því að ríkisvaldið reyni að tryggja og vernda þá hagsmuni sem því ber að vernda. En við höfum hins vegar lagt á það ríka áherslu að reglurnar séu gegnsæjar, þær séu skýrar og séu settar af réttum aðilum, þ.e. löggjafanum. Þess vegna höfum við gagnrýnt það að svo miklar heimildir séu færðar hæstv. dómsmrh. til handa að honum sé samkvæmt þessu frv. heimilt að fylla það með 34 reglugerðum. Í þessu er að finna 34 reglugerðarheimildir. Og það er þannig sem við viljum ekki skilja við löggjöfina.

Við höfum ekki þessa óskaplegu trú á stjórnvöldum, óskaplegu trú á réttlæti stjórnvalda og þá óskaplegu trú sem hér birtist um það að stjórnvöldum verði aldrei á, eins og birtist í þessu frv. og eins og birtist í þeirri ræðu og þeim hugmyndum sem hæstv. dómsmrh. hefur hér sett fram.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara hér í einstök dæmi. Ég sit í hv. allshn. og kem því til með að fjalla mun meira um þetta mál og það sem hér hefur komið fram. En ég vildi þó hnykkja á þessum atriðum um leið og ég ítreka að hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir hafa gert mjög skýra grein fyrir afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Okkar stærsta gagnrýni á þetta frv. er sú að við teljum að reglurnar séu ekki eins gegnsæjar og þær þurfa að vera þegar verið er að fjalla um mannréttindi.

[15:49]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nokkuð sérstök ræða hjá hv. þm. þar sem hann var að vitna til hv. þm. Ögmundar Jónassonar, hvað hann hafði fram að færa. Nú er hann þingmaður fyrir Vinstri græna. Það er auðvitað alveg rétt að vinstri menn hafa svona í gegnum tíðina kannski ekki haft eins miklar áhyggjur og sumir aðrir af stöðu réttarríkisins, en mér fannst hv. þm. ekki vera með neina sleggjudóma í garð stjórnvalda og taldi eðlilegt að íslenska ríkið og stjórnvöld gætu gætt að réttarstöðu okkar borgara á Íslandi.

En vegna orða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um allshn. og tilmæli mín þar, þá minntist ég á það í framsögu minni varðandi 13. gr., um það ákvæði að breyta ætti þeim rétti sem þar kemur fram í heimild. Ég tel að full ástæða sé til þess. Ég minntist m.a. á að það hefði komið í ljós dæmi um ákveðna misnotkun hér á landi frá Útlendingaeftirlitinu og þess vegna tel ég að við eigum að fara varlega í þeim efnum.

Sama er um 15. gr. þar sem ég geri ráð fyrir því að þessi þriggja ára tími eigi að lengjast upp í fimm ára búsetu hér á landi. Ég bendi á að Danir munu leggja til að sá tími verði sjö ár.

En ég vil mótmæla orðum hans ef hann telur að reglur í frv. séu ekki skýrar og gegnsæjar. Ég tel að svo sé. Ég vildi láta þetta koma fram.

[15:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu að svara í þessu andsvari því ekki var beint til mín beinum spurningum. En ég vakti bara á því eftirtekt og vakti á því sérstaka athygli að fulltrúi stjórnmálaflokks sem leggur mikla áherslu á ríkið, leggur mikla áherslu á hlutverk þess, hefur ekki þá sömu trú um réttlæti og sanngirni og óbrigðugleik ríkisins eins og hæstv. dómsmrh. virðist hafa ef marka má þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Ég vil líka mótmæla harðlega þeim orðum hæstv. ráðherra að vinstri menn svokallaðir, eins og hér kom fram, hafi ekki áhyggjur af réttarríkinu. Eins og réttarríkið sé uppfinning hægri manna. Ég hef bara aldrei heyrt annað eins. Ég veit ekki betur, virðulegur forseti, að þegar sagan er skoðuð, þá hafi réttarríkið fyrst og fremst orðið til vegna baráttu alþýðu manna gegn aðlinum. Og þannig hefur það þróast í gegnum tíðina.

Síðan kemur hæstv. ráðherra hingað upp og heldur því fram sisona að vinstri menn hafi ekki látið mikið á því bera að þeir hafi áhyggjur af réttarríkinu. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst svona ummæli alveg grafalvarleg.

[15:52]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki fari á milli mála þegar litið er til sögunnar að þá var auðvitað mismunandi áhersla á réttarríkið og stöðu einstaklinga þar eftir því hvernig menn skipuðu sér eftir pólitískum skoðunum. Ég spyr hv. þm.: Telur hann að mikið hafi farið fyrir mannréttindum í Sovétríkjunum sálugu?

[15:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hafði eiginlega lokið máli mínu áðan og hafði ekki í hyggju að koma hér aftur upp um þetta mál að svo stöddu. Málið er núna á leiðinni í allshn. til umfjöllunar þar, en þar sem hæstv. dómsmrh. vék að mér, minni persónu í andsvari við annan þingmann, þá sé ég mig tilknúinn að koma hingað upp og gera í örstuttu máli grein fyrir máli mínu og kannski hrekja þær makalausu ranghugmyndir sem hæstv. ráðherra virðist hafa um vinstri menn, að þeir hafi ekki haft áhyggjur af stöðu réttarríkisins. Ég held sannast sagna að ekki sé hægt að alhæfa á þennan hátt og þessi alhæfing nær hvorki til vinstri manna né hægri manna.

Ég held að það sé sammerkt með okkur flestum að við viljum virða grundvöll réttarríkis. Í máli mínu er ég ekkert síður að höfða til þeirra sem aðhyllast hægri skoðanir í stjórnmálum en hinna sem aðhyllast vinstri skoðanir í stjórnmálum. Samkvæmt sögubókum mínum urðu vinstri hreyfingar til, aðdragandi þess að þær litu dagsins ljós og voru settar á laggirnar var að reisa skorður við fjármagni og forstjóravaldi í kapítalísku þjóðfélagi. Og stuðla að því að mannréttindi og jöfnuður væri við lýði.

Mér finnst hæstv. dómsmrh. gera talsvert lítið úr okkur öllum, hvort sem við stöndum til hægri eða vinstri í stjórnmálum, að koma fram með alhæfingar af þessu tagi.

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að við tökum á því frv. sem hér er til umræðu á málefnalegan hátt. Að við tökum alvarlega þau margvíslegu álitamál sem óneitanlega eru hér uppi. Ég vék að nokkrum. Ég lagði áherslu á að mikilvægt væri að við íhuguðum vel hvaða reglur ættu að gilda um heimildir stjórnvalda til að vísa fólki brott frá landinu.

Við höfum gagnrýnt það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að Schengen-samkomulagið svipti okkur eða drægi úr vörnum okkar að mörgu leyti, hvað einmitt þetta varðar, það opni landið um of fyrir aðkomufólki. Ég er síður en svo að gerast talsmaður þess að hleypa hverjum sem er inn í landið í hvaða tilgangi sem hann kemur. Ég hef engan áhuga á að fá til lands dópsala, eiturlyfjasala eða þá sem ætla hér að brjóta lögin. Að sjálfsögðu ekki.

En ég er að leggja áherslu á að það kunna að vera mannréttindi í húfi einnig. Og það gæti verið vafasamt að setja of mikil völd í hendur embættismanna, borgarinn þurfi að eiga sér ákveðna vörn og ég er að leggja áherslu á að við tökum þessi sjónarmið til greina þegar við afgreiðum frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál (dreifing ösku, kirkjugarðaráð o.fl.). — Þskj. 573.

[15:58]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Frumvarpið byggir á tillögu nefndar sem ég skipaði í febrúar á síðasta ári sem hafði það hlutverk að endurskoða reglur um störf skipulagsnefndar kirkjugarða og störf stjórnar Kirkjugarðasjóðs, svo og önnur atriði sem þyrftu endurskoðunar við í lögunum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Nefndin skilaði tillögum sínum í haust og voru þær lagðar fyrir kirkjuþing til umsagnar. Kirkjuþing lagði til nokkrar breytingar og var tekið tillit til þeirra við samningu frv.

Í frv. eru lagðar til ýmsar breytingar á lögunum og mun ég nú gera grein fyrir þeim helstu, en minni háttar breytingum svo sem á orðalagi og þess háttar mun ég ekki skýra sérstaklega frá.

Í fyrsta lagi er lagt til í 1. gr. frv. að dreifing ösku verði heimiluð samkvæmt nánari reglum, en samkvæmt núgildandi lögum er dreifing ösku óheimil. Í flestum vestrænum ríkjum hefur þróunin orðið sú að heimila dreifingu ösku að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Frumskilyrði er að fyrir liggi ósk hins látna um að dreifa megi ösku hans. Nánari skilyrði munu verða sett í reglum, t.d. að ekki verði heimilt að dreifa ösku í byggð, heldur aðeins yfir haf og óbyggðir. Þá verði það einnig skilyrði að dreifing fari fram með sómasamlegum hætti.

Gert er ráð fyrir að settar verði leiðbeiningareglur einkum hvað varðar staðaval og eyðublöð hönnuð. Eftir á þarf sá sem fær leyfi til að dreifa ösku að leggja fram skriflega staðfestingu á að dreifing hafi átt sér stað í samræmi við settar reglur.

Í öðru lagi er lagt til í 3. gr., sbr. einnig 10. gr. og 11. gr. frv., að breyting verði gerð á skipun skipulagsnefndar kirkjugarðanna sem einnig taki við hlutverki stjórnar Kirkjugarðasjóðs en störf þessara nefnda skarast mjög í dag og hefur samstarf þeirra verið náið. Er talið eðlilegt að sameina stjórn Kirkjugarðsjóðs og skipulagsnefnd kirkjugarðanna þannig að einni nefnd sem mótar gerð, umhverfi og hvað eina varðandi kirkjugarða landsins og hefur umsjón með þeim sé jafnframt falið að úthluta fé til brýnustu verkefna á því sviði.

Í 10. gr. frv. er kveðið á um að kirkjugarðsráð myndi stjórn Kirkjugarðasjóðs og fari með málefni hans.

Í þriðja lagi er lagt til í 4. gr. að skyldur sveitarfélaga í tengslum við gerð nýrra kirkjugarða verði skilgreindar nánar, m.a. hvað felst í skyldu sveitarfélaga til að leggja til hæfilegt kirkjugarðsstæði og efni í girðingu. Verða slíkar reglur útfærðar af kirkjugarðaráði í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í fjórða lagi er lagt til í 7. gr. að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur, en því aðeins að tryggt sé að það gangi ekki svo nærri fjárhag kirkjugarðsins að hann sé ófær um að gegna lögbundnu hlutverki sínu. Er þessi breyting lögð til í ljósi þess að dæmi eru um að kirkjugarðsstjórn hafi veitt lán eða styrki til kirkjubygginga í svo ríkum mæli að það hafi skert getu kirkjugarðsins til að annast sín lögbundnu verkefni.

Í fimmta lagi er lagt til í 14. gr. að ráðherra setji reglugerð um umgengni í kirkjugörðum sem skal vera fyrirmynd að umgengnisreglum kirkjugarðanna. Með þessu er stefnt að samræmingu á þessu sviði. Í stað þess að hver kirkjugarðsstjórn setji sérstakar reglur verða þær byggðar á ákveðnum grunnreglum sem koma fram í reglugerð. Síðan getur kirkjugarðsstjórn bætt við frekari reglum vegna sérstakra aðstæðna á hverjum stað.

Að lokum vil ég geta þess að frv. var dreift hér á þinginu fyrir jól en ekki náðist að afgreiða það.

Mælist ég því til að gildistökuákvæði frv. verði breytt í meðförum allshn. þannig að lögin öðlist þegar gildi og umboð stjórnarmanna í stjórn Kirkjugarðasjóðs falli niður við gildistöku laganna og taki kirkjugarðaráð við störfum þeirra frá þeim tíma.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:03]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Það ákvæði sem vekur mesta athygli í frv. er sú heimild sem frv. gerir ráð fyrir að leyfa dreifingu ösku hins látna um öræfi eða yfir sjó. Nú er það svo, herra forseti, að góð sátt hefur verið í landinu um útfarar- og greftrunarsiði. Það er mjög mikilvægt að um þá siði ríki sátt og festa. Og það hefur verið svo í aldanna rás.

Það ákvæði sem hér er til umræðu lætur lítið yfir sér við fyrstu sýn en þegar nánar er að gætt, þá kann að vera hér á ferðinni allróttæk breyting. Allar breytingar sem gerðar eru á útfarar- og greftrunarsiðum þarfnast vandlegrar íhugunar. Þetta frv. hefur verið undirbúið af nefnd valinkunnra manna og er mér kunnugt um að allir þeir einstaklingar sem sátu í þeirri nefnd hafa góða þekkingu á þessu málefni. Mér er einnig kunnugt um, eins og hæstv. ráðherra upplýsti, að kirkjuþing hefur afgreitt þetta mál og samþykkt það fyrir sitt leyti. En ég hef ekki orðið var við mjög mikla umræðu um málið á meðal þjóðarinnar.

Komið hefur fram, og kemur að vísu fram í grg. með frv., að einhverjar óskir um að leyfa dreifingu ösku látins manns yfir haf eða öræfi, óbyggðir, berist ráðuneytinu. Ekki hefur komið fram við umræðuna hversu margar þessar óskir kunna að vera á ári, en eins og kunnugt er hefur þetta mál ekki verið mjög mikið rætt. Ég hef starfað í kirkjunni í 20 ár og ég get sagt frá því hér að það hefur einu sinni gerst á starfsferli mínum að þetta hafi komið til umræðu við útför.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi nefna sem skipta máli í umræðunni og ég óska eftir að allshn. skoði vandlega þegar hún fer yfir málið.

Í fyrsta lagi: Hver á að hafa eftirlit með dreifingu öskunnar? Hér er kveðið á um að aðstandendur fái öskuna afhenta samkvæmt leyfi frá ráðuneytinu og síðan fullt frelsi til að dreifa öskunni á þann stað þar sem leyfið mælir fyrir um. En það kemur ekki fram að neitt eftirlit eigi að vera með að þetta sé gert með þeim hætti sem lögin kveða á um. Það er mjög mikilvægt að öllum síðum hvað útför og greftrun snertir sé sýnd hin fyllsta virðing og að eftirlit sé tryggt í lögum að svo sé. Og þannig hefur það verið í gegnum tíðina.

Í lögunum er kveðið á um að ótvíræð ósk hins látna verði að liggja fyrir um að öskunni eigi að dreifa. Þetta fjallar sem sagt um rétt einstaklings til þess að ráða hvar og hvernig hann hvílir eða réttara sagt ráða hvernig farið verður með jarðneskar leifar að honum látnum.

En það eru fleiri aðilar að slíku máli og það eru ástvinir og aðstandendur. Ég veit að aðstandendum, flestum aðstandendum og ástvinum er það mjög mikilvægt að eiga helgan stað, ákveðinn helgan stað sem helgaður er minningu látins manns. Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir þessu meðan allt leikur í lyndi í lífinu en þegar vegið er og metið og einstaklingur leggur fram ósk um hvernig með sig verður farið að sér látnum, þarf að taka tillit til fleiri sjónarmiða en einvörðungu persónulegra hagsmuna.

Það er mjög mikilvægt, og ég ítreka það, að aðstandendur geti leitað á helgan stað sem helgaður er minningu látins ástvinar. Hér er þessu ekki til að dreifa. Það verður bannað samkvæmt þessum lögum að setja upp neins konar minnisvarða á þeim stað þar sem öskunni verður dreift. Ljóst er að erfitt verður um vik að gera það ef henni verður dreift yfir haf. Það eina sem lögin kveða á um er að getið verður um í legstaðaskrá hvernig með öskuna var farið.

Herra forseti. Varast verður alla lausung og allt lauslæti í þessum efnum. Fólki er mjög ofarlega í huga þegar fjallað er um greftrunarsiði og greftrunarhætti að þar ríki festa og að það sé gert þannig að ýtrustu virðingar sé gætt.

Ég þekki það frá útlöndum, sérstaklega frá Bandaríkjunum, að sá siður hefur fest rætur að dreifa ösku yfir haf eða á óbyggðu staði og jafnvel í þéttbýli, sem ekki er gert ráð fyrir í þessu frv. Ég er ekki viss um að skynsamlegt sé að innleiða slíka erlenda siði. Það er spurt um það hér, eða réttara sagt komið fram með þau rök, að það kunni að vera trúarlegar ástæður fyrir því að rétt sé að heimila þennan sið. Ég þekki ekki þau trúarbrögð sem krefjast þess að þannig verði farið með jarðneskar leifar látins manns, en ég þekki eigi að síður til ákveðinnar útgáfu af trú sem tengd er umhverfishyggju eða ákveðinnar útgáfu af hindúisma, þar sem þetta þykir við hæfi. En það væri gott ef fyrir lægju upplýsingar um það hvort eitthvert trúfélag á Íslandi hefur óskað sérstaklega eftir því að þetta verði sett í lög, af því að vitnað er til þess í greinargerð að það kunni að vera trúarlegar ástæður sem krefjist þess að þetta verði að leyfa.

Herra forseti. Þetta er ekki bara spurning um trúfrelsi og persónufrelsi. Þetta er líka spurning um rétt aðstandenda og ástvina. Þetta er spurning um hvernig þeir mega og geta minnst látins manns. Ég tel að taka verði nokkurt tillit til þess réttar. Ég vil leggja áherslu á að auðvitað á að virða óskir látins manns eins og allar aðstæður leyfa en þær verður

alltaf að meta í ljósi aðstæðna og í ljósi þess að ástvinir geti vel við unað.

[16:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að ég er alveg sammála hv. þm. um að það beri að fara varlega í þessum efnum. Og ég held að frv. beri einmitt merki þess. Sett eru mjög stíf skilyrði fyrir því hvernig á að standa að afgreiðslu slíkra mála. Einnig er meiningin að sett verði reglugerð sem fjalli nánar um framkvæmdina.

Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið eitthvert trúfélag á Íslandi sem hafi óskað eftir þessum lagabreytingum. Hins vegar hef ég orðið vör við það í ráðuneytinu að komið hafa ábendingar, jafnvel eindregnar óskir í þá veru. Við vitum líka um dæmi þess að aska erlendra ríkisborgara hefur verið send hingað til landsins og það hefur verið svolítið erfitt að meta hvernig með ætti að fara og það hefur ekki verið hægt að virða ósk hins látna í afgreiðslu á slíkum málum.

Ég tel því rétt að opnað sé fyrir þennan möguleika, og um þetta mál var einmitt fjallað á kirkjuþingi. Eins og ég sagði áðan eru strangar reglur settar þarna fram. Það er auðvitað rétt að ástvinir vilja eiga stað sem helgaður er minningu hins látna og það er auðvitað ákveðin áhætta fyrir menn í þessu dæmi þar sem um slíkt verður ekki að ræða. Það hefur einmitt verið bent á það í sambandi við svona mál að fara verði varlega í að opna þessa heimild of mikið vegna þess að þetta geti orðið þannig að ástvinir sakni þess að geta ekki safnast saman við einhvern slíkan stað.

[16:16]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra að það séu fyrst og fremst óskir einstaklinga sem borist hafi ráðuneytinu í tímans rás um að opna fyrir þennan möguleika. Það sem ég var fyrst og fremst að leggja áherslu á og vil enn ítreka hér, og þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa tekið undir það, að farið verði mjög varlega í þessum efnum og málið skoðað gaumgæfilega áður en það verður að lögum.

Það er hætt við, við skulum vera því viðbúin ef þetta fengi nú kannski sérstaka umræðu eftir að það hefur orðið að lögum og kæmist kannski í tísku eins og svo margt á Íslandi að þetta yrði talin sérstök og athyglisverð leið, að málin gætu þróast hratt. Þótt ráðuneytið hefði mjög strangar reglur og ströng skilyrði til að styðjast við gæti orðið erfitt mál í ráðuneytinu, að svara öllum þessum beiðnum og afgreiða öll þau leyfi, hvað þá að hafa eftirlit með því hvernig að verki er staðið.

[16:18]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti, aðeins örstutt. Ég tel nú kannski ekki viðeigandi að við séum að ræða þessi mál hér á þeim grundvelli, þ.e. með það í huga að einhverjir útfararsiðir geti komist í tísku. Hitt er annað mál að sinn er siður í landi hverju. Ég hygg að við Íslendingar skerum okkur nokkuð úr miðað við önnur lönd, m.a. nágrannaríki, t.d. Danmörku, þar sem okkar siðir eru talsvert öðruvísi. Til dæmis er mun minna um bálfarir á Íslandi en í öðrum löndum og það er líka svolítið umhugsunarefni.

Ég vildi hins vegar fá að árétta að ég tel, herra forseti, að þessi heimild verði einungis nýtt í undantekningartilvikum.

[16:19]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, hæstv. ráðherra hefur ekki áhyggjur af því að það kynni að fjölga óskum um slíka dreifingu ösku ef þetta verður að lögum. Hins vegar er sá möguleiki fyrir hendi að það geti orðið. Það sem ég lagði mikla áherslu á hér í upphafi máls míns var að það verði að ríkja festa í öllum útfarar- og greftrunarsiðum og að varast beri allt lauslæti og alla lausung. Þetta held ég að eigi að vera leiðarljós okkar.

Ég gerði grein fyrir því að það kynni að vera að þetta ákvæði opnaði fyrir allróttæka breytingu, sem væri skref í þá átt að sundra þeirri góðu sátt sem verið hefur um greftrunar- og útfararsiði í landinu í aldanna rás.

[16:21]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Ég vil taka undir orð hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar í þessari umræðu. Hér er verið að opna á að hægt sé að dreifa ösku látinna um öræfi eða sjó.

Ég vil taka undir þau orð hv. þm. að þessi umræða hefur ekki farið fram í samfélaginu. Þetta mál er þannig ekki brýnt framfaramál. Oft er það nú þannig á þinginu að menn koma fram með mál sem hafa kannski ekki verið á vörum margra en geta skipt miklu máli fyrir samfélagið og haft mótandi áhrif í sambandi við nýjungar, t.d. í atvinnulífi og öðru. En þetta mál er af allt öðrum toga og tel ég ástæðulaust að Alþingi hafi frumkvæði í því.

Það hefur verið minnst á aðstandendur hinna látnu, að þeir geti haft ákveðinn stað til að koma á og minnast ástvina sinna. Ég held að það sé mjög mikilvægt, alla vega eftir því sem ég þekki til af þeim vettvangi sem ég hef starfað á, í kirkjunni.

Það má velta því fyrir sér, ef þetta verður að lögum, hvort fólk mundi t.d. óska sérstaklega eftir því að ösku þeirra yrði dreift í Hallormsstaðaskógi vegna einhverra augnablika sem áttu sér stað þar, eða í Atlavík. Af hverju ekki þar? Eða inni í Kjarnaskógi á Akureyri o.s.frv. Svona mál verða að hjartans málum og fólk getur farið að krefjast þess á grundvelli réttlætis og jafnræðisreglu að það fái að dreifa ösku látinna um víðan völl.

Síðan, ef ösku er dreift um hálendi, mun koma krafa um að það verði reistir minnisvarðar. Ef það verður ekki leyft þá er ég nokkuð viss um það að menn munu freistast til þess að fara ekki alveg eftir öllum reglum. Við vitum, varðandi þá sem vilja láta brenna sig þegar þeir eru dánir, að þegar þeir eru lagðir til hinstu hvílu þurfa aðstandendur þeirra að skrifa undir skilmála í sambandi við kirkjugarðana um að minnisvarðarnir verði ekki stærri en grafreiturinn. Það hefur borið við, herra forseti, að sumum hafi þótt vera fullmikið viðhaft á slíkum reitum í kirkjugörðum í dag.

Síðan má velta því fyrir sér að þeir sem ferðast um hálendið og eiga enga ættingja látna sem hafa verið brenndir og ösku þeirra dreift um hálendið, hvað með þá? Getur verið að einhverjum mundi finnast jafnvel óþægilegt að vera að ganga um hálendi þar sem búið er að dreifa miklu af ösku látinna manna og finnast eins og þeir væru á einhvern hátt að ganga á þeim eða troða á minningu þeirra? Ja, hvað hugsar fólk? Allt þetta snertir tilfinningar fólks og hefur í sjálfu sér ekki endilega mikið með skynsemi að gera. Auðvitað skiptir það líka miklu máli í þessu sambandi.

Ég tek heils hugar undir með bróður mínum, séra Gunnlaugi, hv. þm., það sem hann hefur lagt til og styð að allshn. íhugi þetta vel í umfjöllun sinni, hvort ekki sé rétt að taka þetta jafnvel út. Ég ítreka, herra forseti, það sem ég sagði, að þegar búið er að dreifa ösku látinna manna á ákveðna staði á hálendinu að þá hefur það ekki bara áhrif á aðstandendur hinna látnu heldur líka almenna ferðamenn.

[16:27]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér andsvar með hinum stóru stöfum en ég er þó ekki alfarið sammála prestunum hv. þm. Karli V. Matthíassyni og hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni. Auðvitað er það svo að erlendis hefur þetta verið praktíserað í mörg ár, að fólk geti látið dreifa ösku sinni. Sumir hafa meira að segja farið með krukkur á milli landa og hefur það orðið sumum fallvalt eins og ein skemmtileg saga segir. Ein slík ferð varð til þess að viðkomandi datt óvart aftur í það eftir margra ára hlé af því að hún ferðaðist með krukku móður sinnar í fanginu til Færeyja.

Þetta með að strá ösku til sjós og á hálendi og annað, ég sé ekkert voðalega athugavert við það. Ég er bara ósköp venjuleg manneskja og fæ ekki betur séð en að þetta frv. hafi verið unnið þokkalega og kirkjuþing hefur líka rætt það.

Vitanlega mun allshn. kalla til ýmsa sérfræðinga og ræða þetta. Við munum auðvitað ræða þetta af fyllstu alvöru. En þessu er náttúrlega líka ætlað að mæta þörfum fólks. Það eru engar nýmóðins þarfir heldur er þetta fyrst og fremst nokkuð sem margir vilja. Ég held að það skynji enginn það sem óþægilegt að ganga hálendið þó að þar hafi verið stráð ösku sem fenna mun yfir um leið. Mér finnst það nú kannski fullhátíðlega til orða tekið.

Það verður mjög spennandi að vinna þetta mál í allshn. og væntanlega kallaðir til sérfræðingar. En það er greinilegt að prestastéttin er ekki samstiga í þessu máli. Það er alveg augljóst mál.

[16:29]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að til þessa eru ýmis viðhorf og misjöfn sjónarmið. Við erum öll venjulegar manneskjur og menn hafa misjöfn viðhorf og sjónarmið. Þess vegna velti ég upp í umræðunni því sem ég gerði hér áðan.

Væri ekki betra að hafa það í huga við umfjöllun um frv. í hv. allshn. hvort ekki ætti þá að koma upp sérstökum grafreitum á hálendinu ef menn vilja kannski ekki láta brenna sig en mundu vilja vera jarðaðir á hálendinu? Ættu þeir þá ekki að hafa rétt á að verða jarðsettir þar? Það má spyrja að því.

Svo vil ég segja að það er þannig að mörgum finnst að duft og aska látinna sé þess eðlis að það vill ekki vera í náinni snertingu við það.

[16:31]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki séð fyrir mér grafreiti á hálendi þó að þeir séu kannski í jaðarbyggðum við hálendisslóðir. Ég á heldur ekki von á að sjá reista minnisvarða þar. Það eru náttúrlega minnisvarðar meira eða minna á mörgum heiðum um marga merka Íslendinga og auðvitað mun slíkt halda áfram. Ekki er lengur dysjað utan garðs.

Þótt þetta verði hugsanlega samþykkt og fólk geti látið dreifa ösku sinni á sjó eða hálendi er ekki þar með sagt að svona tilkynningar eigi eftir að heyrast eða sjást: Ösku dreift á Öræfajökli klukkan 15 einhvern dag. Ég held að fólk viti svo sem ekkert hvar aska er og hvar ekki, og við vitum heldur ekki hvort það hefur hreinlega verið gert eða ekki.

Auðvitað er mjög margt viðkvæmt í þessu máli og það verður afar fróðlegt og greinilega nauðsynlegt að ræða það. Það eru greinilega mjög margir fletir á þessu. Ég er líka spennt að heyra í þeim nefndarmönnum sem unnu þetta frv. og eins þeim aðilum frá kirkjunni sem komið hafa að þessu.

[16:32]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir orð hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur. Það eru nefnilega margir fletir á þessu máli og þess vegna erum við einmitt að ræða það hérna og benda á öll þessi atriði sem við vonumst til að tekin verði til umfjöllunar í allshn. og að hún taki tillit til þeirrar umræðu sem fram hefur farið í þinginu við 1. umr. málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkju- og manntalsbækur, 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (kostnaður). — Þskj. 574.

[16:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um kirkju- og manntalsbækur, nr. 3/1945.

Hér er um tiltölulega veigalitla breytingu að ræða á lögunum. Stefnt er að því að bæta nýjum málslið við 2. gr. laganna þess efnis að andvirði kirkju- og manntalsbóka greiðist af íslensku þjóðkirkjunni og öðrum skráðum trúfélögum í stað þess að það greiðist úr ríkissjóði eins og nú er kveðið á um.

Á síðasta ári lauk endurskoðun á kirkjubókum þar sem gerðar voru mjög umtalsverðar breytingar á formi og gerð kirkjubókanna. Við hönnun þeirra var uppsetning og efnisinnihald jöfnum höndum sniðið að þörfum þjóðkirkjunnar og annarra skráðra trúfélaga, eftir því sem unnt var, en bækurnar eru að grunni til almennur og afar nauðsynlegur grundvöllur að almannaskráningu. Í kjölfar endurhönnunar kirkjubókanna tók þjóðkirkjan hina nýju gerð þeirra í notkun frá 1. júlí árið 2000. Prentað var stórt upplag þannig að enginn kostnaður mun falla til á næstu árum.

Með þeim breytingum sem orðið hafa á kirkjulöggjöfinni á síðustu árum hafa nær öll verkefni sem fyrrum voru hjá dóms- og kirkjumrn. verið flutt til þjóðkirkjunnar eða stofnana á hennar vegum, svo sem prestssetrasjóðs. Með síðustu lagabreytingu skal rekstrarkostnaður þjónandi presta og prófasta vegna embætta þeirra nú greiddur frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur, sbr. lög nr. 141/1998.

Samkvæmt framansögðu þykir réttast að þjóðkirkjan og þau trúfélög sem í hlut eiga standi sjálf straum af kostnaði af manntals- og kirkjubókum.

Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:35]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Hér er lagt til að kostnaður við hönnun, útgáfu og prentun embættisbóka kirkjunnar sem hingað til hefur verið greiddur af ráðuneytinu, kirkjumrn., verði núna

greiddur af biskupsstofu og vísað í lög um rekstrarkostnað embættanna frá 1998.

Það vakna fáeinar spurningar í sambandi við þetta mál. Rétt er að spyrja fyrst: Hvers eign eru þessar bækur? Eru prestsþjónustubækurnar eign embættanna, kirkjunnar eða hins opinbera? Líklega hefur hið opinbera litið svo á, allt fram til þessa, að þessar bækur væru eign hins opinbera, a.m.k. þegar kemur að því að þær hafa verið fylltar. Þá kallar hið opinbera eftir þessum bókum til varðveislu á Þjóðskjalasafninu og þar eru þessar bækur varðveittar.

Ég vil nota þetta tækifæri til að hrósa sérstaklega starfsfólkinu á Þjóðskjalasafninu fyrir afburðafórnfúsa og -góða þjónustu við það að veita upplýsingar úr kirkjubókum og einnig við það að gefa prestum ljósrit af bókunum sem skilað er.

Ef það kemur til þess að kirkjan borgi fyrir útgáfu á þessum bókum er náttúrlega alveg ljóst að þessar bækur eru kirkjuleg eign. Og þá vaknar spurningin um skilin á bókunum til Þjóðskjalasafnsins. Þá er ekki óeðlilegt að menn velti fyrir sér þessari spurningu í markaðsþjóðfélagi nútímans þar sem allt er til sölu — og þessi ríkisstjórn hefur haft sérstaka forgöngu um að setja verðmiða á hvað sem er til að selja — hvort ekki skapist þá grundvöllur til þess að Þjóðskjalasafnið kaupi þessar bækur af kirkjunni. Þá værum við aftur komin á sama stað — hið opinbera borgar bækurnar þrátt fyrir þessi lög. Ég tel rétt að hv. nefnd sem fjallar um þetta mál, allshn., skoði það frá upphafi til enda.

Í öðru lagi má benda á að, eins og getið er um í grg. með frv., fyrir einu og hálfu ári varð breyting á útgáfu þessara bóka. Áður var þetta ein prestsþjónustubók eða embættisbók þar sem allar athafnir voru skráðar inn. Nú eru þær fjórar þar sem færðar eru inn skírnir, hjónavígslur, útfarir og fermingar.

Skírnir, hjónavígslur og útfarir, þetta eru hvort tveggja í senn trúarlegar og borgaralegar athafnir — og veraldlegar, og um þær fjalla lög. Nafngjöfin er bundin við skírnina þannig að presti og forstöðumanni trúfélags er skylt að veita hinu opinbera upplýsingar um nafngjöf barns. Um hjónavígsluna þarf ekki að fara mörgum orðum. Þar kemur glöggt í ljós að er hvort tveggja um veraldlegan og trúarlegan gjörning að ræða innan kirkjunnar og á vegum trúfélaga. Sama gildir um útfarir.

Í þessar þrjár bækur er því verið að skrá opinberar athafnir. Þá hlýtur sú spurning að vakna hvort ríkissjóður eigi ekki með beinum hætti að taka þátt í þeim kostnaði sem þessum athöfnum fylgir, m.a. þeim að skrá þessar athafnir í bók.

Þannig efast ég um að þessi kostnaður geti túlkast eða fallið undir rekstrarkostnað embættanna. Ég er ekki að segja að þetta mál sé byggt á einhverjum misskilningi. Ég hef reynt að fara í gegnum álitsgerðir og skýrslur og málefni sem lögð voru fyrir síðasta kirkjuþing og ég hef ekki séð að þetta mál hafi verið til umræðu þar. Það breytir kannski ekki öllu en þó því að mér finnst eðlilegt að a.m.k. afstaða þjóðkirkjunnar liggi fyrir í málinu, og ég veit að hv. allshn. mun leita eftir þeirri afstöðu.

Herra forseti. Ég vildi benda á þessi sjónarmið af því að að mínu mati er það ekki ljóst að þessi kostnaður eigi að færast frá kirkjumrn., eins og getið er um í lögunum, og yfir á kirkjuna. Það hefur ekki komið fram í þessari umræðu hvað þetta er mikill kostnaður. Ég trúi því að þetta sé ekki stór kostnaður á ári en þetta er grundvallarspurning. Þetta er grundvallarspurning um samskipti ríkis og kirkju.

Eins og kemur fram í grg. með frv. hefur orðið aðskilnaður á milli ríkis og kirkju, og er það vel. Ég vil þakka hæstv. kirkjumrh. fyrir þátttöku hennar í því stóra máli af því að ég veit að hæstv. kirkjumrh. átti stóran hlut í því að sá gjörningur náði fram að ganga, bæði á sínum tíma sem hv. formaður allshn. og nú sem hæstv. kirkjumrh.

Ég beini þessum ábendingum mínum til hv. allshn. af því að þetta snertir grundvallarspurningu um samband ríkis og kirkju.

[16:43]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Enn ræðum við hér málefni kirkjunnar og hluti sem að henni lúta. Kirkjubækur varðveita miklar heimildir. Þær eru geymdar á Þjóðskjalasafni, sem til eru, og eru til nokkurra alda gamlar kirkjubækur. Í okkar tölvuvædda samfélagi getum við leitt hugann að því hversu mikið verður varðveitt af því sem er að gerast í samtíma okkar og hversu mikið verður til skráð eftir svo sem tvær aldir.

Því hefur verið haldið fram að allur þessi tölvubúnaður sem geymir ýmsa grunna muni breytast og jafnframt ýmis forrit sem hafa t.d. verið notuð en eru ekki lengur í notkun. Jafnvel er ekki hægt að sækja upplýsingar sem menn voru vissir um að væri hægt að ná í. Meðal annars þess vegna erum við að skrá í kirkjubækur, upp á heimildir og náttúrlega ýmsa lagalega gerninga. Okkur prestum er gert að skrifa með bleki sem er kallað „varanlegt blek". Þetta hefur ekki einungis varðveislugildi fyrir kirkjuna heldur einnig fyrir samfélagið allt og þess vegna er gert ráð fyrir því í lögum að þessar bækur séu útfylltar og gerðar og að þær séu settar á Þjóðskjalasafnið.

Þess vegna tel ég það vera alveg út úr kú, herra forseti, eins og sagt er stundum, að koma fram með þetta frv. Það sýnir gott samstarf og góðan gagnkvæman skilning á mikilvægi þessara bóka á milli ríkis og kirkju að ríkið skuli leggja bækurnar til en þjónar kirkjunnar skuli skrá í þær. Allir þeir sem eru látnir og þeir sem ganga í heilagt hjónaband innan vébanda kirkjunnar og þeir sem eru skírðir skrást í þessar bækur, og jafnvel aðrar upplýsingar sem skipta máli þegar fram í sækir. Því tek ég undir hvatningarorð hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar um að þetta frv. verði ekki að lögum.

Vissulega er það rétt að breytingar voru gerðar á bókunum til hagræðis — ein var bókin en nú eru þær orðnar fjórar. Þrjár bækurnar eru þannig að þær hafa sama tilgang og gamla bókin, þ.e. fyrir athafnir sem eru, eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, skírnir, hjónavígslur og greftranir. Því tel ég mjög eðlilegt að kirkjan sé ekki látin greiða fyrir þessar bækur nema það verði þá þannig að kirkjan selji Þjóðskjalasafninu eða ríkinu bækurnar til baka.

Er ekki líka nóg komið? Var ekki verið að klípa umtalsvert af sóknargjöldunum rétt fyrir jólin? Höggvum ekki tvisvar í sama knérunn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), 1. umr.

Stjfrv., 427. mál. — Þskj. 687.

[16:49]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

Í frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum til þess að íslenska ríkið uppfylli skuldbindingar samkvæmt þremur alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum. Þetta eru alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997, alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999 og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 frá 28. september 2001.

Verði frv. að lögum leysa þau af hólmi að hluta til auglýsingu nr. 867 frá 14. nóvember 2001, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 frá 2001 um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka. Var auglýsingin birt á grundvelli laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem gerir kleift að koma slíkum ályktunum í framkvæmd með skjótum hætti.

Jafnframt því sem þetta frumvarp er lagt fram er borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda framangreinda tvo alþjóðasamninga.

Þeir skelfilegu atburðir sem urðu í Bandaríkjunum þann 11. september á síðasta ári eru enn þá ofarlega í hugum manna. Þau ólýsanlega umfangsmiklu hryðjuverk sem þar voru framin kölluðu á gífurleg viðbrögð allrar heimsbyggðarinnar. Meiri þörf er nú en nokkru sinni fyrr að leita allra tiltækra leiða til þess að vernda öryggi borgara og efla varnir gegn hryðjuverkum, enda eru þau orðin ein mesta vá sem steðjar að heimsfriði.

Enn á ný eru ríki vakin til vitundar um þessa miklu ógn og það gífurlega manntjón og eignatjón sem hryðjuverk geta valdið. Einnig hafa þær aðferðir sem hryðjuverkamenn beita vakið sérstakan ugg þar sem þeir hika ekki við að tortíma sjálfum sér til þess að ná fram markmiðum sínum. Af því leiðir að hefðbundin sjónarmið um varnaðaráhrif þess að leggja þungar refsingar við hryðjuverkum gagnvart þeim sem fremja þau eiga ekki við með sama hætti og áður. Einnig veldur áhyggjum að skipulögð starfsemi hryðjuverkahópa teygir sig til margra ríkja í senn, heimshorna á milli og mikið fjármagn virðist streyma til hennar. Þótt ýmsar alþjóðlegar samþykktir hafi verið gerðar og löggjöf breytt til að sporna við hryðjuverkum endurskoða nú flest ríki, einkum á Vesturlöndum, löggjöf sína í því skyni að setja þar markvissari úrræði í baráttunni gegn hryðjuverkum. Ekki er lengur nægilegt að aðgerðir beinist aðeins að gerendum sjálfum heldur einnig þeim sem leggja hryðjuverkastarfsemi lið, t.d. með fjármögnun hennar. Því er rík þörf á að setja refsilöggjöf, sem kveður skýrt á um að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sé sjálfstæður refsiverður verknaður, og reglur um skyldur fjármálastofnana þegar grunur leikur á fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Einnig hefur í sumum ríkjum verið talin ástæða til þess að endurskoða löggjöf um rannsóknarheimildir lögreglu og alþjóðlega lögreglusamvinnu, reglur um framsal og alþjóðlega réttaraðstoð svo og útlendingalöggjöf til að veita frekari úrræði í baráttunni gegn hryðjuverkum, þó með þeim fyrirvara að ekki verði farið á svig við gildandi reglur um mannréttindi.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru sambærilegar við endurskoðun laga sem nú á sér stað annars staðar á Norðurlöndum sem og flestum vestrænum ríkjum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum í september sl. til þess að fullgilda fyrrgreinda samninga. Þess má þó geta að ekki eru að svo stöddu lagðar til breytingar á lögum um meðferð opinberra mála varðandi rannsóknarheimildir lögreglu eins og sums staðar hefur verið gert til þess að bregðast við hryðjuverkastarfsemi, t.d. í Danmörku og Bretlandi, en það efni verður nánar skoðað í tengslum við heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Meginákvæði frv. er 2. gr. þess þar sem lagt er til að við almennu hegningarlögin bætist þrjár nýjar greinar, 100. gr. a til 100. gr. c. Þær efnisbreytingar sem lagðar eru til í frv. má draga saman í fimm eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi lúta tillögur frv. að því skilgreina verknaðinn hryðjuverk í almennum hegningarlögum með skýrari hætti en í gildandi lögum og að þau verði talin til alvarlegustu afbrota. Er ákvæði þessa efnis í a-lið 2. gr. frv. Hér er stuðst við ákvæði fyrrgreindra samninga Sameinuðu þjóðanna sem áður er getið.

Við uppbyggingu ákvæðisins er einkanlega tekið mið af skilgreiningu á hryðjuverkum í rammaákvörðun Evrópusambandsins um baráttu gegn hryðjuverkum sem samkomulag náðist um á fundi ráðs Evrópusambandsins þann 6. desember 2001. Þótt íslenska ríkið sé ekki skuldbundið til þess að koma rammaákvörðun Evrópusambandsins á þessu sviði í framkvæmd þykir eðlilegt og til samræmingar að byggja á sömu skilgreiningu og Norðurlönd og flest önnur Evrópuríki munu byggja á varðandi hryðjuverk í framtíðinni.

Í b-lið 2. gr. frv. er lagt til að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi verði skilgreind sem sjálfstæður refsiverður verknaður samkvæmt almennum hegningarlögum og kemur tillaga þessa efnis fram í frv.

Refsiákvæði um þessa háttsemi skortir í gildandi lög en löggjöf um refsiábyrgð í slíkum tilvikum er eitt meginskilyrðið fyrir aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Í þriðja lagi er lagt til í c-lið 2. gr. að skýrari reglur verði settar um refsiábyrgð þess sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk. Núgildandi lög eru ekki nægjanlega skýr um refsinæmi slíkrar háttsemi þótt reglur almennu hegningarlaganna um hlutdeild í broti geti hugsanlega átt við í einhverjum tilvikum. Fyrrgreindir alþjóðasamningar leggja þá skyldu á aðildarríki að gera slíka háttsemi refsiverða.

Í fjórða lagi er lagt til að unnt verði að leggja refsiábyrgð á lögaðila vegna fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi svo sem skylt er samkvæmt samningnum gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Er þetta lagt til í 3. gr. frv., en ráðgert að slík heimild verði sett í sérlög. Þegar hafa verið sett sérstök lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 147 frá 1998, sem sett voru vegna aðildar Íslands að alþjóðasamningi um baráttu gegn mútugreiðslum. Þykir eðlilegt að sama löggjöf verði látin ná nú til refsi-

ábyrgðar lögaðila vegna hryðjuverka og er lögð til breyting á heiti laganna í samræmi við það.

Um almenn skilyrði fyrir refsiábyrgð lögaðila er fjallað í II. kafla A almennu hegningarlaganna. Þar kemur fram m.a. í 19. gr. c að skilyrði refsiábyrgðar lögaðila er að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsiverðan verknað í starfsemi lögðailans. Er ásetningur viðkomandi manns skilyrði þess að lögaðila verði gerð refsing enda er ekki sérstök heimild í lögum nr. 147/1998 til að refsiábyrgð skapist vegna gáleysisbrota. Samkvæmt 19. gr. a almennu hegningarlaganna verður lögaðila refsað með fésektum.

Loks er í fimmta lagi rýmkuð refsilögsaga íslenska ríkisins með hliðsjón af ákvæðum samningsins gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og samningsins gegn hryðjuverkasprengingum. Er mælt fyrir um þessar breytingar í 1. gr. frv., en með þeim er stefnt að því að unnt verði að saksækja mann fyrir háttsemi sem greinir í samningunum tveimur, án tillits til þess hvar brot var framið og án tillits til þess hver að því er valdur.

Herra forseti. Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. Það er gífurlega mikilvægt að við tökum þátt í samstilltu átaki þjóðanna í baráttu gegn hryðjuverkum. Með því að breyta löggjöf okkar til samræmis við alþjóðaskuldbindingar á þessu sviði leggjum við lóð á þær vogaskálar.

Það er að sjálfsögðu von okkar allra að aldrei þurfi að reyna á þessi refsiákvæði hér á landi. En ef svo færi erum við í stakk búin til þess að draga þá til ábyrgðar sem fremja slíkan verknað. Ekki síður gera þær breytingar sem hér eru lagðar til okkur kleift að taka virkan þátt í alþjóðlegri baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:59]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur hér mælt fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, þ.e. um hryðjuverk.

Hér má segja að við komum til móts við alþjóðasamfélagið með breytingum sem þarf að gera eftir það sem gerðist 11. september. Þetta frv. er líka í mjög nánum tengslum við tvær þáltill. sem hæstv. utanrrh. hefur þegar mælt fyrir í þinginu þannig að eflaust verða góðar umræður í allshn. um þetta og ég efast ekki um að við munum fá umsögn utanrmn. um málið þar sem þetta hangir í rauninni allt saman. Það er náttúrlega mikilvægt að við uppfyllum skuldbindingar okkar eins og aðrar þjóðir samkvæmt alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ekki er svo miklu við þetta að bæta en við eigum eflaust eftir að sjá fram á samstarf við utanrmn. um þetta mál.

[17:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hæstv. dómsmrh. að okkur ber að taka þátt í samstilltu átaki þjóðanna í baráttu við hryðjuverk í heiminum. Það á að gera á skipulegum vettvangi alþjóðasamfélagsins, Sameinuðu þjóðanna og annarra samtaka þar sem þjóðir heims koma að borði.

Í grg. með þessu frv. er vísað í alþjóðasamninga frá 1997, frá 1999 og frá 2001. Ég tek undir þau orð hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur að allshn. mun fara vel yfir þetta mál og að sjálfsögðu leita álits utanrmn., og annarra sem að þessum málum koma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjubyggingasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 688.

[17:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um brottfall laga um kirkjubyggingasjóð, nr. 21/1981, og að sjóðurinn verði þar með lagður niður.

Kirkjubyggingasjóður var stofnaður með lögum nr. 43 frá 1954. Frumvarp þetta er samið að tilhlutan kirkjuráðs þjóðkirkjunnar og er það til komið vegna breytinga sem nýlega hafa verið gerðar á reglum um lán til sókna með stofnun ábyrgðardeildar Jöfnunarsjóðs sókna.

Hlutverk kirkjubyggingasjóðs hefur verið að veita lán til kirkjubygginga og endurbóta á eldri kirkjum. Á undanförnum árum hafa lán aðeins lítillega verið veitt úr sjóðnum enda hefur fé ekki verið veitt til hans af fjárlögum um árabil. Hefur rekstur hans því fyrst og fremst snúist um varðveislu eigna, sem eru sjóður og útistandandi kröfur hjá sóknunum sem hafa fengið lán. Tekjur sjóðsins árið 2000 voru eingöngu fjármunatekjur. Námu þær 8,7 millj. kr. af löngum lánum og 4,3 millj. kr. af skammtímakröfum og bankainnstæðum. Árið 1999 var ekkert nýtt lán veitt. Árið 2000 varð 6,2 millj. kr. tekjuafgangur af rekstri kirkjubyggingasjóðs. Eigið fé nam tæpum 129 millj. kr.

Verði frumvarp þetta að lögum er eignum kirkjubyggingasjóðs ætlað að renna til ábyrgðardeildar Jöfnunarsjóðs sókna, sem stofnuð var á grundvelli laga um sóknargjöld, nr. 91/1987, með reglugerð um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna, nr. 865/2001, sbr. og 5. gr. reglugerðar nr. 206/1991, um Jöfnunarsjóð sókna.

Ábyrgðardeildin veitir ábyrgðir á lánum til sókna samkvæmt fyrrgreindri reglugerð, nr. 865/2001, og tók hún gildi um áramótin. Með sameiningunni er stefnt að því að einfalda stjórnsýslu og bæta þjónustu með því að hafa á einum stað lánveitingar og ábyrgðir á lánum vegna kirkjubygginga og endurbóta á kirkjum. Með því að hafa styrkveitingar og ábyrgðir Jöfnunarsjóðs og kirkjubyggingasjóðs undir einni stjórn fæst nauðsynlegt yfirlit yfir lánveitingar auk þess sem umsýsla og kostnaður verður minni.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 424.

[17:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um eldi nytjastofna sjávar. Markmið þessa frv. er, eins og fram kemur í 1. gr. þess, að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna sjávar. Til þess þarf í fyrsta lagi

að tryggja gæði framleiðslunnar og í öðru lagi að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum í lífríki hafsins og í þriðja lagi að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Frumvarp þetta var upphaflega lagt fram á síðasta þingi í tengslum við frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum, sem varð að lögum á síðasta vori. Frumvarpið er nú endurflutt með þeim breytingum sem kynntar voru í sjútvn. sl. vor. Til viðbótar þeim breytingum er nú lagt til að veiting rekstrarleyfa skv. 3. gr. verði tímabundin til fimm ára í senn.

Upphaflega stóð til að frumvarpið mælti fyrir um gjaldtöku fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsókna samkvæmt gjaldskrá. Þar sem vinna við mótun gjaldskrár er ekki hafin og í ljósi þess að vandkvæðum er bundið að útfæra gjaldskrá á þann hátt, að gjaldið sé í réttu hlutfalli við raunverulegan kostnað við meðferð umsóknar og útgáfu rekstrarleyfis, er ákveðin hætta á duldri skattheimtu. Því þykir rétt að ákvörðun um gjald fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsókna bíði þeirrar allsherjarendurskoðunar sem til stendur að gera á lögum á þessu sviði.

Í 5. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að komið verði á gjaldtöku fyrir eftirlit sem miðast við raunkostnað.

Í lögunum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum, er m.a. kveðið á um að sett verði á laggirnar fiskeldisnefnd er skuli vera til ráðgjafar og stefnumótunar fyrir fiskeldi bæði á landi og í sjó. Þá skal nefndin fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt þeim lögum. Um fiskeldisnefnd er jafnframt fjallað í 4. gr. þessa lagafrv. og er þar fyllsta samræmis gætt.

Ákvæði laga um lax- og silungsveiði varðandi fiskeldi taka vitaskuld einungis til ferskvatnsfiska eins og þeir eru þar skilgreindir. Við auðlindastjórnun er mikilvægt að leitast við að samræma ólíka hagsmuni, t.d. hagsmuni af fiskveiðum, hagsmuni af eldi á ferskvatnsfiski og hagsmuni af eldi nytjastofna sjávar. Til að tryggja samræmda stefnumótun og framkvæmd reglna um fiskeldi er mikilvægt að þeir ráðherrar sem að þessum málum koma hafi aðgang að sambærilegum upplýsingum og njóti sambærilegrar ráðgjafar. Fiskeldisnefndinni er m.a. ætlað að vera sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar við þá vinnu sem fram undan er við framangreindar úrbætur.

Ég er þess fullviss, herra forseti, að fyrirliggjandi lagafrv., nái það fram að ganga, er mikilvægur áfangi í því að hið opinbera geti sett fiskeldinu farsælt skipulag og þannig gert atvinnugreininni fært að eflast og dafna, allt eftir því sem landkostir og rekstrarforsendur leyfa.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

[17:07]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um eldi nytjastofna sjávar sem hæstv. sjútvrh. leggur fram. Segja má að tími sé til kominn. Hér erum við ekki að fjalla um frv. til laga um breytingu á lögum, þetta yrðu ný lög.

Það verður að segjast eins og er að það er ágætt að slíkt frv. skuli koma fram. Áhugi manna fyrir á ýmiss konar eldi sjávardýra, fiska og annarra sjávardýra og jafnvel gróðurs, er slíkur að setja þarf reglur um þau mál. Það getur komið upp sú staða að margir vilji koma á eldi á einum og sama staðnum og alls konar árekstrar komið upp. Þá er nauðsynlegt að hafa reglur í þeim anda að jafnræðis sé gætt meðal þegnanna. Við getum hugsað okkur að tveir, þrír aðila sæki um leyfi til að vera með fiskeldi í einum og sama firðinum. Þá geta komið upp deilur um hver eigi að fá leyfið og þá er eins gott að það séu til ákveðnar reglur sem sjá svo um að jafnræðis og réttlætis sé gætt við slíka úthlutun.

Við höfum orðið vör við það, herra forseti, að mikil umræða er um þorskeldi í landinu í dag. Mig langar til að minna á, í þessu sambandi, að ég hef lagt fram þáltill. um rannsóknir á þorskeldi ásamt öðrum hv. þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég er ánægður yfir því hversu góðar og jákvæðar undirtektir sú þáltill. hefur fengið, bæði hér í þinginu og annars staðar. Allt ber þetta að sama brunni.

Ég vona heils hugar, herra forseti, að við eigum eftir að eiga góða framtíð í eldi á nytjastofnum sjávar og að það verði til að auka tekjur samfélagsins og þjóðarinnar svo að við getum eflt og styrkt skólana, sjúkrahúsin, vegakerfið og margt annað. Allt verður þetta að haldast í hendur. Atvinnulífið verður að vera gott og styrkt og gefa af sér góðar tekjur svo að við getum haldið áfram að byggja gott samfélag þar sem við hugum vel hvert að öðru og látum okkur annt um náungann með góðum sjúkrahúsum og skólum, eins og ég áður sagði.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að setja lög um þetta en samt má velta einu fyrir sér. Við getum hugsað okkur fjörð, breiðan eða ekki breiðan, þar sem væri t.d. laxeldi og þorskeldi hlið við hlið. Samkvæmt þessu frv. væri gert ráð fyrir því að laxeldið yrði undir landbrn. en þorskeldið undir sjútvrn. Hér gæti jafnvel sama fyrirtækið verið á ferðinni. Þetta er svona spurning um hvernig þetta yrði útfært og unnið, hvernig koma má í veg fyrir of mikið skrifræði í kringum þessa hluti.

Í frv. er talað um það, herra forseti, að Hafrannsóknastofnun skuli veita umsögn og Hollustuvernd ríkisins. Við hljótum náttúrlega að horfa til þeirra stofnana sem við höfum í dag en það má jafnvel hugsa sér að skólar, háskólar eða aðrar stofnanir sem farnar eru að beina sjónum sínum mjög að eldi nytjastofna sjávar, t.d. Háskólinn á Akureyri — ég held að hann búi yfir nokkurri þekkingu á þessu sviði, t.d. þorskeldi — og aðrir rannsóknaraðilar komi að.

Þá vil ég geta þess að ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að á sama stað séu til upplýsingar og gögn um þekkingu sem við höfum aflað okkur í fiskeldi. Mér er kunnugt um að í nokkrum fjörðum — ég veit ekki hversu mikið — hafa verið gerðar tilraunir með kræklingaeldi. Kræklingur er mikið etinn víða um lönd, í tugum tonna, kannski hundruðum tonna, t.d. í Belgíu. Ég held að við ættum að gefa aukinn gaum að eldi nytjastofna sjávar, t.d. þorskeldi, eins og fram hefur komið í þáltill. undirritaðs og fleiri.

Einnig hefur verið talað um kúfisk og önnur sjávardýr sem við samfylkingarmenn höfum lagt áherslu á í ýmsum þáltill. Við sjáum að við hljótum að þurfa að fara að taka til hendinni í þessum málum. Ekki einungis vegna þess að við sjáum að aðrir séu að þessu og við þurfum að fylgjast með heldur líka vegna hagsmuna samfélagsins og þjóðarinnar. Við teljum að halda þurfi töluvert vel utan þessi mál.

Herra forseti. Ég tek undir að það er náttúrlega nauðsynlegt að þessi lög komi hér fram og að þess verði gætt í öllum reglum um úthlutun leyfa að þau verði veitt á grundvelli jafnræðisreglunnar og reynt verði að hafa sem mestan og bestan frið um þær úthlutanir. Mér er kunnugt um að í útlöndum, t.d. í Noregi, er nokkur slagur á þessu sviði. Ég vona að við berum gæfu til þess, herra forseti, — ég veit

að hæstv. sjútvrh. vill örugglega hafa þann háttinn á — að friður sé í þessum málum.

[17:15]

Útbýting þingskjals:

Heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001, 345. mál, svar fjmrh., þskj. 731.

[17:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að frv. til laga um eldi nytjastofna sjávar skuli vera komið fram. Fyrir liggur að aukinn áhugi er á að hefja eldi á nytjastofnum sjávar og víða er sú vinna hafin, bæði vestur á fjörðum og norður í Eyjafirði. Það er því nauðsynlegt fyrir allra hluta sakir að hafa skýran lagaramma um slíka starfsemi því að það er trú okkar allra að þarna verði mikil aukning á og að miklir möguleikar séu ónýttir eða vannýttir varðandi áframeldi eða eldi á nytjastofnum sjávar.

Fjallað verður um frv. í hv. sjútvn. þannig að í sjálfu sér er óþarfi að hafa um þetta mörg orð. En ég fagna sérstaklega samhæfingu ráðuneytanna sem fara með eldismál hvort í sínu lagi, þ.e. sjútvrn. og landbrn. Ég held að mjög mikilvægt sé að þarna sé skýr samstarfsgrunnur á milli ráðuneytanna vegna þess að það liggur ljóst fyrir að innan landbúnaðargeirans er mjög mikil þekking á eldismálum, kannski aðallega þar sem eldi í ám og vötnum og á landi hefur fylgt landbúnaðargeiranum lengst af. Það er því nauðsynlegt að bæði ráðuneytin hafi allar upplýsingar um það sem máli skiptir í því sambandi. Ég vil koma því á framfæri, virðulegi forseti.

Við munum fjalla um frv. í hv. sjútvn. og skila því til áframhaldandi umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:18]

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 266. mál. — Þskj. 311.

[17:25]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nú er fram haldið umræðu sem hófst í gærkvöldi í hv. þingi um till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Víða hefur verið komið við í umræðunni en flestir eru á þeirri skoðun, enda því ekki í móti mælt, að landsbyggðin hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár og sérstaklega hin síðari, þannig að fólk hefur viljað og séð hag sínum best borgið í því að flytja í stríðum straumum burt af landsbyggðinni.

Eitt af því sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum talið að hafi skipt miklu máli varðandi þetta er að flutningskostnaður er orðinn gífurlega hár og að það kostar óhemju fjárhæðir að fá vörurnar fluttar út á land, venjulega matvöru og allar aðrar vörur sem menn þurfa að sækja, því að ekki sigla skipin með vöruna á strandirnar þar sem búið er að leggja niður gamla skipafélagið sem sá um það. Ég held að Eimskipafélagið sé eina félagið sem eftir er í strandsiglingum og þær, held ég, snúast að mestu leyti um að flytja fisk frá þeim stöðum þar sem hann er veiddur og unninn.

En hér erum við að tala um áhrif þungaskattsins á vöruverðið og áhrif hans á rekstrarskilyrðin og við förum fram á það við þingið að skipuð verði nefnd sem muni skoða hvaða áhrif þungaskatturinn hefur haft á þessa þætti sl. tíu ár.

En það er, herra forseti, því miður fleira en þungaskatturinn sem hefur haft áhrif á stöðu landsbyggðarinnar. Það má tala um kvótakerfið og hvernig sjávarútvegskerfið hér á landi hefur þróast með þeim hætti að margar byggðir hafa misst kvótann og komist í uppnám af þeim sökum. Við vitum um byggðir þar sem kvótinn hefur farið jafnvel í þúsunda tonnavís í burtu með tilheyrandi afleiðingum á atvinnulífið og afkomu íbúanna.

Gerð hefur verið tilraun til þess að vera með fjarvinnslustöðvar en því miður, þrátt fyrir mörg fögur og mikil orð um fjarvinnslu, þá hefur sá grunnur sem hún var byggð á verið í raun og veru eins og spilaborg (Gripið fram í.) og fjarvinnslan öll hrunið. En sem betur fer er þó til fólk sem reynir að standa í ístaðinu og halda uppi atvinnu á þessu sviði, án þess þó að þau verkefni öll séu áttu að koma frá ríkinu hafi farið þangað.

Atvinnuþróunarfélög landsbyggðarinnar sjá sum fyrir sér blikur á lofti og mætti að mínu viti styðja betur við þau.

Ég nefndi fjarvinnslu, en það er líka annað, þ.e. fjarnám. Margir tala um mikilvægi fjarnáms. En huga þarf að því, herra forseti, hvers konar fjarnám er boðið upp á og gæta verður þess að fjarnámið sé ekki svo dýrt að fólk þurfi að greiða svo há gjöld að það hreinlega treysti sér ekki til að skrá sig í hina og þessa kúrsa sem boðið er upp á, vegna þess að þeir sem bjóða upp á fjarnámið taki svo mikið fyrir. Þetta á að vera eitt af því sem kemur byggðunum til góða þar sem ekki er hægt að koma upp fullkomnum skólum en fólk geti samt verið í heimabyggð sinni með hjálp tækninnar og nýtt slíka möguleika. En þá verður að gæta þess að þetta sé ekki svo dýrt að hver nemandi þurfi að greiða tugi þúsunda króna fyrir það að vera á einu námskeiði. Mér er kunnugt um fólk, herra forseti, sem hefur ekki lagt í að skrá sig í fjarnám vegna þess að gjöldin eru svo há. Þetta er mál sem þarf að endurskoða og rannsaka vel, hvað fólk á landsbyggðinni er að greiða marga tugi þúsunda vegna þess að það er í fjarnámi.

Rætt hefur verið um að þeir sem fara frá sínum heimahögum, t.d. frá þorpum þar sem ekki eru framhaldsskólar, fái svokallaðan dreifbýlisstyrk. En ef þeir geta verið í fjarnámi er ekkert óeðlilegt að sú fjárhæð sem dreifbýlisstyrknum nemur gangi til þessa fólks svo það geti staðið straum af kostnaði í sambandi við fjarnámið, auk þess hlýtur þetta náttúrlega að minnka kostnað framhaldsskólanna, þ.e. við það að fá færri nemendur til að kenna ef þeir eru annars staðar að læra.

Varðandi byggðamál og vegagerð. Hvernig hefur vegáætlun staðist? Nú er fyrirhugaður niðurskurður og ef ég hef skilið rétt er áætlað að skera niður á vegáætlun um 1,4 milljarða og fleiri hundruð milljónir voru skornar niður á síðasta ári. Þetta er nú ekki mikið framlag sem ríkisstjórnin er að leggja til uppbyggingar byggðanna, þvert á móti. Ég held að ríkisstjórninni væri nær að huga að því að styrkja byggðirnar en að íþyngja þeim eins og t.d. kom fram þegar lögum um tryggingagjald var breytt.

Herra forseti. Að lokum langar mig til að segja að í umræðunni var verið að ræða um formann Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann var einn af þeim fyrstu sem stóðu að því að flytja Landmælingar ríkisins út á land og hann flutti veiðimálastjóraembættið og síðan var borið

mjög mikið lof á hann þegar verið var að opna þjóðgarð á Snæfellsnesi, loksins núna, fyrir að hafa verið hvatamaður að því að setja lög um það mál á sínum tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átraskanir, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 337. mál. — Þskj. 436.

[17:34]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við ljúkum nú vonandi hér umræðu um till. til þál. um átraskanir, sem hv. þm. Katrín Fjeldsted er 1. flm. að. Ég ásamt fjölda annarra þingmanna er meðflutningsmaður þessarar tillögu.

Herra forseti. Ég vil lýsa sérstökum stuðningi við tillöguna því við höfum að undanförnu heyrt af áhyggjum landlæknisembættisins og margra fagaðila af þyngdaraukningu þjóðarinnar, sérstaklega barna og unglinga. Það á ekki bara við um Ísland heldur hinn vestræna heim að offita er orðið vandamál hjá allt of mörgum. En þessi tillaga tekur enn frekar á því sem við köllum lystarstol, lotugræðgi og átraskanir sem valda því að fólk er óhóflega grannt eða horað.

Herra forseti. Því miður verða aðallega ungar stúlkur fyrir þessum átröskunum sem eru sjúklegar. Þessum sjúkdómi má líkja við óhreinu börnin hennar Evu. Þetta er falinn sjúkdómur og einna lengst oft og tíðum fyrir þeim sem eru haldnir þessum sjúkdómi. Sjálfsmyndin er brengluð og keppst er við að halda engum holdum en viðkomandi finnist hann velta um í spiki.

Orsakir átraskana eru margvíslegar og mjög flóknar, svo flóknar að sérfræðiþekkingu þarf til þess að ráðleggja þeim sem fá þennan sjúkdóm. Eins er öll meðferð erfið og flókin og oft tímafrek. Það er því ekki á valdi hvers og eins, þó læknismenntaður sé eða hafi aðra heilbrigðismenntun, að leiðbeina í þessum málum. Því væri mjög áhugavert og þarft að koma upp þverfaglegri þjónustu þeirra sem hafa sérþekkingu á átröskunum og að þessi þjónusta verði aðgengileg öllum.

Herra forseti. Mig langar til þess að nefna að tíska og tískuheimurinn er mjög mikill áhrifavaldur hvað varðar sjálfsímynd þessara ungu stúlkna og í raun er ábyrgð tískuheimsins mikil eða tískukónganna sem svo eru kallaðir, þeirra sem hafa áhrif á útlit sýningarstúlknanna, því stúlkurnar sem slíkar eru hluti af þeirri ímynd sem þeir sýna í tískuheiminum. Oftar en ekki er þessi ímynd hvati þess að stúlkur byrji að reykja til þess að halda ekki holdum. Því er ekki aðeins um að ræða lystarstolið og átraskanirnar heldur er þessi ófagra ímynd líka hvati að mjög óhollu líferni, t.d. reykingum.

[17:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða till. til þál. um átraskanir, sem hv. þm. Katrín Fjeldsted er 1. flm. að. Ég er einn af samflutningsmönnum hv. þm. að þessari þáltill. Nokkur umræða hefur þegar farið fram um málið og vildi ég svona í upphafinu taka til máls til að leggja áherslu á hversu stórt þetta mál er í raun og hversu mikilvægt það er í sambandi við heilsufar kvenna, eins og kemur fram í greinargerðinni. Ég verð að segja, herra forseti, að ég vil hrósa hv. þm. fyrir hversu ítarleg og góð greinargerð fylgir þessari þáltill.

Í fyrra komu á fund okkar nokkurra kvenna í þingflokki Samfylkingarinnar stúlkur sem áttu við þennan vanda að stríða, áttu við átraskanir að stríða, annars vegar anorexíu og hins vegar búlimíu eða lotugræðgi. Átakanlegt var að hlusta á reynslusögur þeirra um þá erfiðleika sem þær áttu í. Þær voru afburðanemendur, búnar að vera í háskóla, alla vega önnur þeirra, og þetta hafði haft mjög alvarleg áhrif á námsferil hennar. Við vorum mjög slegnar af því að heyra hvaða áhrif þessi sjúkdómur hefur.

Í ársskýrslu um starfsemi átröskunarteymis göngudeildar geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss segir að átraskanir séu með flóknustu og erfiðustu geðsjúkdómum. Þær læknast yfirleitt ekki af sjálfu sér og geta verið erfiðar að meðhöndla. Þær hafa ákveðna sérstöðu vegna þess að þær eru langvinnar í eðli sínu og sjúklingar upplifa oft mikla innri togstreitu gagnvart meðferð. Síðan geta líkamlegir fylgikvillar sveltis verið lífshættulegir auk þess sem langvinnar átraskanir eru líklegar til að valda þunglyndi, sjálfseyðingarhvöt og sjálfsvígum.

Átrsakanir byrja yfirleitt á unglingsárum og valda því oft truflunum á andlegum og félagslegum þroska og einstaklingar geta lengi verið háðir fjölskyldum sínum. Dánartíðni einstaklinga með lystarstol, þ.e. með átraskanir, er um 0,56% ári eða meiri en 12 sinnum hærri en hjá öðrum ungum konum í þjóðfélaginu.

Þetta eru mjög alvarlegar upplýsingar sem við fáum hér. Engin heildstæð meðferðarstefna er til vegna átvandamála á Íslandi og maður heyrði hjá þessum ungu stúlkum sem við hittum að þær voru í miklum vanda, þ.e. hvernig þær ættu að bregðast við, hvert þær ættu að sækja hjálp. Þó að þær fengju hjálp þá virtist það ekki koma að notum í mörgum tilfellum. Þær voru líka mjög áhyggjufullar yfir því að þær þekktu til dauðsfalla vegna þessa sjúkdóms o.s.frv. Þetta er mjög alvarlegur sjúkdómur og þess vegna er mjög mikilvægt að þessi þáltill. fái afgreiðslu þegar hún kemur til nefndar og komi aftur hingað inn í þingið.

Ég verð t.d. að segja að þetta er mun mikilvægara mál en það mál sem var afgreitt hér í dag og mikil vinna hefur verið lögð í að afgreiða, og mikill tími eins og var hér fyrr í dag. Nær væri að taka þjóðþrifamál eins og þessa tillögu og samþykkja hana. Í henni er lagt til að sjá til þess að þverfagleg þjónusta þeirra sem hafa sérþekkingu á átröskunum verði sameinuð þannig að bjóða megi upp á sérhæfða meðferð fyrir átröskunarsjúklinga á öllum aldri.

Fram komu áhyggjur í umræðu um heilbrigðisáætlun vegna þess hve börn á Íslandi eru orðin feit. Offita barna er sérstakt áhyggjuefni í heilbrigðiskerfinu. Ég þekki það. Til mín hafa komið foreldrar barna sem hafa verið of feit og þeir hafa haft verulegar áhyggjur, ekki vitað hvert þeir ættu að leita. Börnin hafa orðið fyrir einelti og hafa ekki átt alveg heima á þeim meðferðarstofnunum sem hafa staðið til boða. Ýmis slík mál hafa komið upp.

Lotugræðgi og lystarstol eru mikið áhyggjuefni. Fólk fær mjög brenglaða sjálfsmynd, upplifir líkama sinn allt öðruvísi en hann er og fer út í mjög ofsafengnar aðgerðir, mikla líkamsrækt og setur varla nokkuð ofan í sig. Svo er hitt að þegar fólk fer í lotugræðgina þá borðar það óhóflega og kastar síðan öllu saman upp. Síðan er það offituvandinn. Hann er líka stórt vandamál. Menn hafa leitað ýmissa leiða

og jafnvel farið til útlanda í mjög tvísýnar aðgerðir sem hafa oft haft alvarlegar afleiðingar.

Varðandi börnin langar mig til að nefna eitt átak sem verið hefur í gangi og var kynnt fyrir okkur í heilbr.- og trn. — þar var Gaui litli með sérstakt átak vegna barna sem er mjög virðingarvert. Hann kemur inn í tómarúm í kerfinu þar sem börnum með þennan vanda hefur ekki verið sinnt hvað varðar líkamsrækt.

Við höfum samþykkt hér manneldis- og neyslustefnu. Ég minnist þess að það var fyrsta þingmálið mitt þegar ég kom hér inn sem varaþingmaður í upphafi árs 1987 að leggja til þáltill. um manneldis- og neyslustefnu sem síðan var tekin upp af ríkisstjórninni og var samþykkt. Auðvitað er það liður í manneldis- og neyslustefnu að sinna sjúkdómum eins og átröskunum, bæði í anda heilbrigðisáætlunar og einnig opinberrar manneldis- og neyslustefnu sem við höfum samþykkt, og tryggja að við leitum allra leiða, sameinum alla krafta, alla þverfaglega þjónustu, sérþekkingu í þessum vanda, þannig að hægt sé að bjóða upp á meðferð í þessum efnum.

Eins og hefur komið fram hefur þetta verið allmikið til umræðu. Ég hefði gjarnan viljað koma inn á nokkrar greinar sem hafa verið skrifaðar um þennan vanda en þar sem tími minn er á þrotum hef ég ekki tök á því. Ég vona hins vegar, herra forseti, að þetta mál fái fljóta afgreiðslu. Það á erindi hér í gegn og ég mun leggja mitt lóð á vogarskálarnar í heilbr.- og trn.

[17:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki setja á langa ræðu um þetta mál heldur vil ég fyrst og fremst taka undir það sem þeir þingmenn hafa sagt sem hér hafa tekið til máls. Ég lýsi fullum stuðningi við þessa till. til þál. sem ég er meðflutningsmaður að og vil árétta hvað það er mikilvægt að við reynum að finna leið til að hjálpa, bæði félagslega og á heilbrigðissviði, því unga fólki sem verður þessum alvarlega og skelfilega sjúkdómi að bráð.

Það er hægt að segja að „taktu þig saman og éttu" sé fyrirsögnin á því viðhorfi sem hefur ríkt á liðnum áratugum gagnvart þeim sem hafa ánetjast átröskun af einhverjum toga. Nánasta umhverfi trúir því ekki að viðkomandi einstaklingur ráði ekki við þetta. Nánasta umhverfi telur að þetta snúist um ásetning og það vanti bara viljann til að setjast að matarborði, borða heilsusamlegan mat og komast út úr ástandi sem kemur mjög illa við umhverfi viðkomandi. En það er ekki svona.

Ég fylgdist sjálf fyrir mörgum árum með unglingi, 13 ára stúlku, og sjúkrahússvist hennar eftir að hún hafði orðið fyrir þvílíku þyngdartapi að maður var undrandi á að hún héldi sjálfri sér uppi. Meira að segja inni á sjúkrahúsi var dálítið erfitt að verða vitni að því hve takmörkuð ráð voru og hve fálmandi menn voru að reyna að takast á við þennan sjúkdóm. Og um leið og búið var að koma unglingnum upp í einhverja þyngd með því eiginlega að pína hana til að borða jógúrt þennan daginn eða eitthvert smáræði hinn daginn var viðkomandi send heim og nú átti bara allt að verða gott og „reynið þið þetta og reynið þið hitt".

Því miður óttast ég að þannig sé það í of ríkum mæli enn þá. En þetta er alvarlegur sjúkdómur eins og hér hefur komið fram sem gjörbreytir lífi fólks, og virðist vera mjög erfitt að losa sig alfarið við. Hann virðist fylgja fólki fram eftir aldri.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sem talaði á undan mér vísaði í fund okkar þingkvenna með nokkrum konum sem hafa tekið sig saman til að reyna að finna leiðir út úr þessu vandamáli. Það hefur verið til fyrirmyndar að verða vitni að því að þarna eru leikmenn að taka sig saman um að hjálpa hver annarri og að vekja athygli á þessum mikla vanda og reyna nýjar leiðir til að hjálpa ungum konum fyrst og fremst út úr þessum skelfilega vítahring. Ég tala um ungar konur vegna þess að þrátt fyrir að ungir karlmenn verði líka þessum sjúkdómi að bráð eru það stúlkurnar sem lenda í þessu í ríkari mæli.

Ein í þessum hópi var ung kona sem hefur þjáðst í nokkur ár af sjúkdómnum, flosnaði upp úr háskóla og hrundi eftir að hafa tekið sig á og með hjálp góðs fólks náð sér upp úr þessum skelfingum. Hún sagði okkur af reynslu sinni og við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta er oft og tíðum mjög vel gefið ungt fólk með mikinn metnað, ungt fólk sem er vandvirkt og heldur vel á öllum sínum málum. Því undarlegra er það að slíkt fólk lendi í þessu. En það sem var skelfilegt að heyra var að þessi unga kona sagði okkur að hún þekkti a.m.k. 30 ungar manneskjur núna sem væru að stríða við það sama og hún, á jafnerfiðu og -hættulegu stigi og hún. Það sem var enn þá skelfilegra var að sennilega væri hægt að mæla í tugum þau dauðsföll sem hafa orðið á undanförnum árum af völdum þessa sjúkdóms.

Með tilliti til þessa er afskaplega undarlegt að ekki hafi verið gert meira átak í því að reyna að finna leiðir í sambandi við sjúkdóminn sjálfan, vera með meiri upplýsingar og forvarnir til að kynna bæði foreldrum og skólum og öðrum hvaða vísbendingar geta verið um að einhver sé að falla í þessa gryfju. Þeir foreldrar sem ég hef kynnst áttuðu sig mjög seint á því hvað var að gerast hjá þeirra barni. Þeir sem verða fyrir barðinu á þessum sjúkdómi fara mjög fljótt í feluleik og finna afbragðsgóðar leiðir til að leyna því hvað er að ske.

Eitt er alveg ljóst — viðkomandi sér sig öðruvísi í speglinum en við hin sjáum hann eða hana. Þegar við sjáum unga manneskju sem er grindhoruð og eins og hún sé að koma úr fangabúðum lítur sama manneskja í spegil og sér manneskju sem henni finnst enn þá örlítið of þéttholda.

Þetta er svo alvarlegt mál og það er svo mikilvægt að taka á þessu að ég fagna því alveg sérstaklega hvað hér hefur náðst þverpólitísk samstaða um að taka á vandanum. Ég treysti því að þetta mál fái hljómgrunn í nefnd og að við berum gæfu til þess að Alþingi verði frumkvöðull að því að tekið verði á í þessum málum.

Greinargerð með tillögunni sem Katrín Fjeldsted hefur unnið er afbragðsgóð. Hún er fagleg og það eru miklar upplýsingar í henni. Af því að ég veit að henni hafa verið gerð góð skil hér ætla ég ekkert að fara í hana. Ég vildi árétta þau sjónarmið sem ég hef uppi í þessu máli og hvetja til enn frekari samstöðu en kemur fram hér með flutningsmönnum. Ég treysti því að Alþingi afgreiði þetta mál í vor.

[17:54]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Nú þegar komið er að lokum þessarar umræðu vil ég þakka þeim þingmönnum kærlega sem tekið hafa þátt í henni og þau jákvæðu viðbrögð sem þeir hafa sýnt hér.

Auðvitað getur maður sagt að víða leynist mannanna mein en lystarstol og lotugræðgi, sem hér hafa verið gerð sérstaklega að umtalsefni, eru gjarnan dulin vandamál í þjóðfélaginu. Það hefur verið rakið í allítarlegu máli hversu alvarleg þau geta verið, hversu erfið meðferðin er og dánartíðni há.

Það er mikilvægt að heilbrigðisþjónustan sé þannig skipulögð að hægt sé að skapa farveg til að vísa þeim sjúklingum í sem alvarlegast er komið fyrir og að sá farvegur sé skýr. Læknar sem hafa með fólk að gera á vægari stigum verða að hafa fagmenn til að vísa þeim sjúklingum til sem alvarlegast eru haldnir, til meðferðar á dagdeild, göngudeild eða til innlagnar.

Ég vitnaði til þess í fyrri ræðu minni um málið að átröskunarteymi hefði verið starfandi á geðdeild Landspítalans við Hringbraut í eitt ár. Þetta teymi metur það svo að endurskipuleggja þurfi starfið fyrir næsta starfsár. Hópurinn leggur til að dagdeild verði stofnuð með fimm plássum til viðbótar göngudeildarstarfsemi og legudeild, og að fjármagn verði veitt í reksturinn með auknum stöðuheimildum. Það er talið upp að tveir sjúkraliðar þyrftu að vera í fullu starfi, ein og hálf staða hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfari í 25% starfi, geðlæknir, sálfræðingur, næringarráðgjafi og félagsráðgjafi, allir í hálfu starfi. Þetta gera samtals 5,75 stöðugildi. Iðjuþjálfa mætti samnýta með öðrum sjúklingum. Hópurinn segir að flestir aðilar komi að öllum þáttum meðferðarinnar til að tryggja samfellu, þ.e. innlögn, dagdeild og göngudeild.

Ég hef ekki látið reikna út kostnaðinn við þetta og treysti mér heldur ekki til að vega og meta hvort þessar tölur eða þessi stöðuheimildafjöldi er rétt út reiknaður en efast ekki um að hópurinn sem starfað hefur saman að þessu máli í eitt ár hafi undirbyggt það allvel.

Ég tel að full þörf sé á að styðja við þetta meðferðarteymi sem fór af stað af eigin hvötum vegna þess að fólkið taldi að þarna væri þörf á að láta fólk vinna saman. Þessi hópur hefur ekki auglýst starfsemi sína en við vitum, ef við berum saman við þarfir í öðrum löndum, fjölda sjúklinga og hvernig þar er tekið á málum, að það er mjög raunhæf lausn sem þarna er boðið upp á. Ég vænti þess að hv. heilbr.- og trn. Alþingis ræði málið ofan í kjölinn og reikni jafnvel út hvað þetta muni kosta svo að menn geti tekið raunhæfar ákvarðanir.

Vandinn er dulinn og meðferðin getur bjargað mjög mörgum. Ég held að það væri mjög ánægjulegt að geta afgreitt þetta í vor frá nefndinni og þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 389. mál. — Þskj. 645.

[17:59]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fram haldið umræðu sem fram fór sl. fimmtudag um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Þessi þáltill. er borin fram af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er 1. flm. Fyrstu tveim klukkustundum umræðunnar var útvarpað og sjónvarpað en umræðunni lauk ekki og er nú fram haldið.

Í fyrri ræðu minni talaði ég einkum um gildi þjóðaratkvæðagreiðslu og færði rök fyrir því að efnt væri til þjóðaratkvæðagreiðslu um mestu álitamál sem uppi væru í samtímanum hverju sinni. Það sem hér um ræðir er óneitanlega slíkt mál. Í fyrsta lagi er um að ræða óafturkræf náttúruspjöll sem stóriðju- og virkjanaáform stjórnvalda hefðu í för með sér ef þau næðu fram að ganga. Um þetta deilir enginn. Um það deilir enginn að þessi áform hefðu í för með sér óafturkræf náttúruspjöll ef þau næðu fram að ganga. Menn reyna hins vegar að réttlæta þessi spjöll á þeirri forsendu að hinn efnahagslegi ávinningur sé svo mikill að um annað sé ekki að ræða en að ráðast í þessar framkvæmdir.

Annar þáttur í að æskilegt og nauðsynlegt væri að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál er lýðræðislegs eðlis. Staðreyndin er sú að þjóðin skiptist í flokka í þessu máli, ekki eftir þröngum flokkspólitískum línum. Þannig eru fjölmargir stuðningsmenn ríkisstjórnarflokkanna andvígir áformum um virkjun. Því væri eðlilegt að gefa því fólki kost á því að láta hug sinn í ljós í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Á hitt ber að líta að málið er flókið. Það er að mörgu leyti flókið og margslungið, einkum þegar litið er til hinna efnahagslegu þátta. Þau sjónarmið hafa heyrst við þessa umræðu að einmitt það mæli gegn því að við efnum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er ósammála þessum sjónarmiðum. Þvert á móti væri það líklegt til að varpa ljósi á flókin mál, að efna til mikillar umræðu í þjóðfélaginu. Það sem meira er, þeir sem fara með völdin, ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem hún styðst við, verða að færa rök fyrir sínu máli. Þeir verða að sannfæra þjóðina um gildi síns málstaðar. Ef menn trúa á sinn málstað sé ég ekki hvað ætti að standa í vegi fyrir því að látið yrði reyna á vilja þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Undir lok ræðu minnar vék ég að hinum efnahagslegu þáttum þessa máls. Þetta mál hefur geysilega efnahagslega þýðingu, bæði til skamms tíma og langs tíma litið. Til skamms tíma litið þá mun þessi innspýting fjármagns inn í efnahagslífið, 350 milljarðar kr. þegar á heildina er litið, skapa mikla þenslu. Það mun auka verðbólgu og án efa leiða til þess að Seðlabankinn muni hafa forgöngu um að keyra upp vexti og ýta vaxtastiginu upp.

Til skamms tíma mun það einnig gerast að við verðum að opna landið betur fyrir erlendu vinnuafli sem tæki þátt í uppbyggingunni á Austurlandi. Þar eru vissulega skammtímaáhrif og þetta er eitt af því sem Þjóðhagsstofnun hefur bent á að nauðsynlegt verði að gera. En Þjóðhagsstofnun bendir á fleira, — við skulum ekki gleyma því að þar eru miklir áhugamenn um virkjanir yfirleitt, hún hefur bent á aðra þætti þessa máls. Hún hefur bent á verðbólguna. Hún hefur bent á vaxtastigið. Hún hefur bent á að við þurfum að opna landið upp á gátt fyrir erlendu vinnuafli.

En það sem mér finnst kannski ekki hafa verið skoðað nógu rækilega eru áhrifin til langs tíma. Hér sté í pontu einn þingmaður, sérstaklega er mér það minnisstætt, það var 1. þm. Norðurl. e., hv. þm. Halldór Blöndal. Hann spurði hvers vegna menn gagnrýndu svona hina gjaldeyrisskapandi atvinnuvegi. Nú er mér fullljóst að menn borða ekki ál. Menn bera ekki heldur ál á tún. Menn flytja ál út. Fyrir það fáum við gjaldeyri. Í þeim skilningi er álframleiðsla gjaldeyrisskapandi. En hvað kostar það okkur að skapa þennan gjaldeyri? Hvaða valkostir eru þar í stöðunni? Við því legg ég hlustir. Ég hlusta á unga hagfræðinga. Ég nefni sem dæmi Þorstein Siglaugsson. Ég nefni Sigurð Jóhannesson sem færir rök fyrir því, í hefti Vísbendingar sem birtist í desembermánuði, að þetta sé mjög óskynsamleg ráðstöfun til að afla gjaldeyris. Hún sé dýr. Hún sé mjög dýr og aðrir valkostir séu miklu betri.

Hvað segir sjálfur fjármálastjóri Landsvirkjunar? Hann segir: Ef við ættum að meta virkjunina á markaðsgrundvelli og láta hana standa eina og óháða mundi þetta fyrirtæki

aldrei rísa undir sjálfu sér. Þarf ekki að hlusta á svona rök? Þarf ekki að svara svona rökum? Þeim er ekki svarað í þessum sal. En ef við efndum til þjóðaratkvæðagreiðslu ætti ríkisstjórnin og sá stjórnarmeirihluti sem hún styðst við hér á þingi ekki annarra kosta völ en að færa rök fyrir sínu máli og reyna að sannfæra þjóðina um málstað sinn.

Ég get ekki skýrt það á nokkurn annan hátt en þann að menn hafi efasemdir um eigin málstað ef þeir þora ekki að láta á það reyna í þjóðaratkvæðagreiðslu hver raunverulegur vilji íslensku þjóðarinnar er í þessu afdrifaríka máli.

[18:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði við höfum sannarlega gert upp hug okkar hvað varðar svæðið norðan Vatnajökuls. Við viljum hafna Kárahnjúkavirkjun eins og hún er sett upp í dag, þeim stórkostlegu framkvæmdum, þeim stærstu sem um getur í Íslandssögunni, sem eiga að stífla Hafrahvamma og mynda þar risauppistöðulón. Það er fyrirsjáanlegt — alla vega hefur ekki verið hægt að sýna fram á annað — að þær muni valda gróðureyðingu og leirfoki um langan tíma.

Við höfum gert upp hug okkar. Við viljum að svæðið verði gert að þjóðgarði og höfnum virkjuninni sem slíkri. Við höfum aftur á móti ekki tekið neina afstöðu til þess hvort virkja eigi Jökulsá á Dal með rennslisvirkjun. En við höfnum þessu stóra uppistöðulóni og höfnum því að vatnaflutningurinn eigi sér stað, að Jökulsá á Dal sé flutt yfir í Jökulsá í Fljótsdal. Þessi tvö stóru atriði standa upp úr. Það mætti finna aðrar leiðir til þess að nýta orkuna í Jökulsá á Dal en ekki með þessum hætti.

Aðrir hafa e.t.v. ekki gert upp hug sinn vegna þess að ekki hefur farið fram kynning eða umræða í þjóðfélaginu um hvað þjóðgarður gæti hugsanlega gefið okkur varðandi atvinnu og markaðssetningu landsins á móti því sem stóriðja og stórvirkjun mundi gera. Við teljum að þeim sem hefur ekki verið boðið upp á neitt annað en byggðastefnu sem byggist á stóriðju — annaðhvort stóriðju eða ekki neitt — hafi ekki gefist möguleiki til að skoða aðra kosti, t.d. að nota þá fjármuni sem eiga að fara í virkjanir og stóriðju til annarrar uppbyggingar.

Við viljum með þessari þáltill. gefa þeim sem vilja skoða aðra þætti möguleika á að taka þátt í atkvæðagreiðslunni með því að svara ekki annaðhvort já eða nei við Kárahnjúkavirkjun. Við höfum heyrt það hér í umræðunni að valkostirnir sem við nefnum hér til þess að kjósa um séu óljósir.

Við viljum í fyrsta lagi að kosið verði um hvort nýta eigi svæðið samkvæmt áformum um Kárahnjúkavirkjun, það er alveg ljóst. En við viljum í öðru lagi fresta ákvörðunum uns tekin verði ákvörðun um verndun svæðisins og stofnun þjóðgarðs.

Þeir sem hafa talað hafa haldið því fram að þetta sé of óljóst. Þarna ættu kostirnir að vera já eða nei. Áróðurslega séð hefði það eflaust verið heppilegra. Við vorum ekki að horfa á þetta út frá áróðursgildinu heldur málefnalega. Við vildum gefa þeim sem vildu skoða málið betur kost á að þurfa ekki að svara afdráttarlaust já eða nei.

Við erum ekki vön því að nota þjóðaratkvæðagreiðslur við ákvörðun stórra mála. Ég held, herra forseti, að það sé kominn tími til að við tökum til afgreiðslu fjölmargar þáltill. sem hér hafa verið lagðar fram. Þær eiga eftir að koma fram fleiri um þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. varðandi það hvaða mál eru svo stór eða af hvaða tilefni skuli afgreiða málið með þjóðaratkvæðagreiðslu. Mál af þessum toga geta komið upp á miðju kjörtímabili, mál sem ekki hafa verið í umræðunni eða verið hluti af kosningabaráttunni. Fólk hefur því ekki gefið stjórnmálaflokkunum eða framboði atkvæði sitt vegna þeirra mála þar sem þau hafi ekki komið upp.

Sum mál eru einfaldlega svo stór, t.d. innganga okkar í EES að að mínu mati hefðum við átt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Þá vorum við að afsala okkur hluta af sjálfstæði þjóðarinnar. Við ættum skilyrðislaust að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu ef okkur dytti það einhvern tímann í hug að leggja það til að ganga í Evrópusambandið.

Herra forseti. Ef tekin er afstaða á móti einhverju þá er það vegna þess að maður vill eitthvað annað. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum aðra sýn til byggðamála og uppbyggingar atvinnulífs og mannlífs á landsbyggðinni en núverandi ríkisstjórn. Við trúum því ekki að stóriðja sé nútímabyggðastefna. Hún hefur ekki reynst vel sem byggðastefna víða annars staðar. Við erum talin vera 10–20 árum á eftir tímanum og ættum taka upp nútímalegri stjórnunarhætti og horfa bjartari augum til framtíðarinnar en svo að horfa til stóriðjunnar sem einhvers hornsteins í byggðamálum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum nota kraftana til þess að byggja upp atvinnulíf á forsendum byggðarlaganna sjálfra. Sem betur fer býr hver fjórðungur yfir miklum verðmætum, bæði til lands og sjávar. Stóriðja mun alltaf kalla á stórvirkjanir með stórum og miklum uppistöðulónum.

Við höfum iðulega verið spurð að því hvort raunin sé sú að það megi eingöngu virkja til stóriðju á suðvesturhorninu. En það vill nú þannig til, herra forseti, að Þjórsársvæðið hefur verið mjög hagstætt til veitna, og sérstaklega með öllum þeim samtengingum sem hægt hefur verið að koma á en nú er svo komið að þeir virkjanakostir eru að verða uppurnir eins og sjá má á þeim hugmyndum sem eru uppi, áformum um að ganga frekar á Þjórsársvæðið.

[18:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Þuríður Backman nefndi að hún hefði þá sýn að það ætti að virkja Jökulsá á Dal með rennslisvirkjun, (**ÞBack:** Mætti.) eða mætti, eins og þingmaðurinn leiðréttir mig nú. Það væri áhugavert að heyra með hvaða hætti sú rennslisvirkjun ætti að vera ef þingmaðurinn hefur kynnt sér það. Þær útfærslur sem ég hef heyrt á virkjun Jökulsár á Dal mundu hafa gífurlega miklar umhverfisraskanir í för með sér á Jökuldal og þar yrði fórnað búsetu Jökuldælinga. Ég spyr hv. þm.: Er það sú sýn sem þingmaðurinn hefur á virkjun Jökulsár á Dal, að fórna megi bæði umhverfi og búsetu á Jökuldal?

Þingmaðurinn nefndi einnig rammaáætlunina. Það er alveg ljóst að þegar verkefnishópur sem vinnur að rammaáætlun hefur skilað af sér og mun væntanlega skila af sér í áföngum, þá er þar eingöngu um vinnuplögg að ræða sem síðan á eftir að taka pólitískar ákvarðanir um. Er það það sem þingmaðurinn bíður eftir, að þegar búið verður að greiða atkvæði, og ef það færi þannig að menn veldu að bíða og fresta eins og Vinstri grænir hafa nú sem sýn á lífið, þá yrði það síðan pólitísk ákvarðanataka ráðherra og ráðuneytis hvernig verður virkjað í framhaldinu?

[18:17]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má kannski segja að stærsti gallinn við þau lög sem við búum við í dag um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sé í raun og veru endahnúturinn, að endahnúturinn skuli geta verið svo hápólitískur sem raun ber vitni hvað varðar úrskurð hæstv. umhvrh. þegar kom að úrskurði um Kárahnjúkavirkjun. Niðurstöður skipulagsstjóra voru í þá átt að röskunin á umhverfinu væri óásættanleg og því bæri ekki að fara í þá virkjun. Það má kannski segja að þetta sé stærsti ljóðurinn. Og hugsanlega enda öll ferli eins og mat á umhverfisáhrifum, svo sem rammaáætlun virkjana um jarðvarma, með pólitískri ákvörðun, en ég hafði þá sýn að sú ákvörðun yrði tekin á vísindalegum grunni eins og ég bjóst við að hæstv. umhvrh. mundi gera, þ.e. sömu niðurstöðu og Skipulagsstofnun komst að með því að fara yfir þetta faglega.

Herra forseti. Ég ætla að svara því með Jökulsá á Dal. Ég er ekki svo kunnug möguleikum á virkjunarkostum að ég geti tjáð mig um rennslisvirkjunina sem slíka. En þessar hugmyndir hafa komið fram og okkur ber að skoða þær samhliða öðrum hugmyndum. Ef í ljós kemur að umhverfisáhrif rennslisvirkjunar yrðu svo mikil að það mundi fórna búsetu eða raska búsetu, þá yrði auðvitað ekki farið í slíka virkjun. Það segir sig sjálft.

[18:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að sú sýn er endalaus að það eigi að bíða og skoða og skoða og bíða og ekkert megi framkvæma. Það er auðvitað hægt að hafa lið sérfræðinga í því fram eftir öldinni að skoða og rannsaka og bíða og framkvæma ekki nokkurn skapaðan hlut.

En hv. þm. nefndi það einnig í ræðu sinni að Vinstri grænir hefðu aðra sýn á byggðamál og að það væri ekki nútímabyggðastefna að virkja stórvirkjanir og byggja álver. Ég vil því inna þingmanninn eftir því hvaða sýn það er, hvað á að gera ef ekki má fara í þessar framkvæmdir. Við höfum að vísu að mínu mati mjög góð dæmi um að vel hefur tekist til um uppbyggingu atvinnulífs við Hvalfjörð og það hefur sýnt sig að það hefur haft gífurlega mikil áhrif þar á byggðamál. t.d. á Akranesi og í Borgarfjarðarsýslu. En gaman væri að heyra hver hin sýnin er, sýn Vinstri grænna á hvað má yfir höfuð framkvæma, hvað má yfir höfuð gera á landsbyggðinni, því allt virðist vera neikvætt að þeirra mati.

[18:21]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í þessari spurningu hv. þm. felist það eitt að hún hefur ekki lesið þær fjölmörgu þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram hvað varðar stuðning við hinar dreifðu byggðir landsins og til að styrkja atvinnulíf víða um land.

Við viljum bara bíða. Ég segi: Ég vil hætta við. Ég vil hætta við Kárahnjúkavirkjun eins og hún er á teikniborðinu núna vegna þess að þetta er ekki sjálfbær virkjun. Þetta er ekki sjálfbær framkvæmd. Lónið mun fyllast og verða ónothæft. Þetta er ekki mengandi orka, það er rétt. En ber okkur ekki í dag að staldra við og horfa til framtíðar og vera ekki svo gírug á auðlindir náttúrunnar að við horfum ekki til afkomenda okkar og möguleika þeirra á að njóta landsins gæða og orkunnar sem býr í landinu? Ég spyr.

Við höfnum framkvæmdum sem geta valdið slíkum skaða eins og Kárahnjúkavirkjun, bæði á náttúruna og einnig hugsanlega, og fyrir því eru færð sterk rök, efnahagslegum. Við erum einnig að binda miklar fjárhagsskuldbindingar inn í framtíðina með lífeyrissjóðum landsmanna og það svo mikilli áhættu, fjárhagslegri áhættu, að raforkan frá Kárahnjúkavirkjun til álversins verður ekki aðgreind frá landskerfinu, eins og kynnt hefur verið.

[18:23]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er þannig vaxið að endanlega hefur ekki verið gengið frá fjármögnun og öðru sem til þarf til þess að byggja álver við Reyðarfjörð og auðvitað er Kárahnjúkavirkjun ekki risin. Núna heyrast raddir um það hér í Reykjavík að Austfirðingar séu á móti því að álverið verði við Reyðarfjörð. Og Reykvíkingar eru farnir að átta sig á því að það kunni að vera sniðugt að samþykkja virkjun Kárahnjúka og reyna svo að nýta þau sundrungaröfl sem eru á Austurlandi til þess að vekja upp andúð á því að verksmiðjan rísi á Reyðarfirði. Það er í rauninni sá tónn sem nú er kominn upp í æ ríkari mæli og farinn að heyrast að menn á þessu svæði hér, á suðvesturhorninu, eru núna byrjaðir að spila á það: við skulum ganga inn á Kárahnjúkavirkjun, en við skulum einbeita okkur að því að beita öllum ráðum til þess að reyna að gera tortryggilega álverksmiðjuna við Reyðarfjörð. Þetta eru auðvitað mjög undarlegar hræringar, en þær eru mjög lýsandi um það andrúmsloft sem nú er. Mjög lýsandi fyrir það.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm., sem er þingmaður Austfirðinga, hvort hann telji að það yrði áfall fyrir byggðirnar á Austurlandi, bæði Fjarðabyggð, íbúana þar og íbúana á Egilsstöðum, ef svo færi nú að þessi andstaða og allur þessi andróður ylli því að skyndilega yrði horfið frá hugmyndum um virkjun og verksmiðju. Finnst hv. þm. að það séu þær kringumstæður sem hann vill fá, að hætt verði við bæði Kárahnjúkavirkjun og álverið?

[18:25]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að við hættum við Kárahnjúkavirkjun á þeirri á sömu forsendu og Skipulagsstofnun úrskurðaði hana úr leik. Ekki á þeirri forsendu að verið sé að spila upp einhverja togstreitu á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins.

Auðvitað eigum við ekki að tefla saman landsfjórðungunum þegar kemur að virkjunum og nýtingu orkunnar. Við eigum að meta virkjunarkostina eftir þeim möguleikum sem felast í vatnsafli og í jarðvarmanum. Þess vegna hef ég bundið vonir við að rammaáætlunin fái að líta dagsins ljós svo hægt verði að meta þetta út frá náttúruauðlindinni sem slíkri og mögulegum virkjunarkostum, en ekki vera að tefla saman landsfjórðungum, höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Það er engum til góðs.

Hv. þm. spurði mig um hvort það yrði ekki áfall fyrir íbúa Austurlands ef fallið yrði frá þessari stóriðju. Vissulega yrði það áfall fyrir marga.

Ábyrgð stjórnvalda er því mikil að hafa ekkert annað en stóriðju í farteskinu núna um langan tíma, gefa engar vonir, gefa engan stuðning nema vísa eingöngu á stóriðjuna. Hvað svo ef hún verður ekki? Það er ekki okkur að kenna. Það hefur alltaf verið ljóst að við viljum fara varlega hvað náttúruauðlindirnar snertir. En það eru stjórnvöld sjálf sem

bregðast, það eru ekki við. Og hvað ætlar hv. þm. þá að gera?

[18:28]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að hv. 5. þm. Austurl. er sömu skoðunar og ég að það yrði áfall fyrir byggðirnar á Austurlandi ef ekki yrði úr framkvæmdum við Kárahnjúka og ef ekki yrði úr því að álver rísi við Reyðarfjörð, en vill beina þeirri ábyrgð til stjórnvalda að hafa ekki eitthvað annað uppi í erminni sem gæti komið í staðinn fyrir álverið, eins og ég skildi hv. þm. (Gripið fram í.) og talaði um ... Ég ætla nú að biðja hv. 13. þm. Reykv., Ögmund Jónasson, að leyfa mér að tala við aðra þingmenn Vinstri grænna, hann þarf nú ekki alltaf að þvælast fyrir. (Gripið fram í.) Það er svo að hv. þm. er þessarar skoðunar. Og ég er alveg sammála þingmanninum um að auðvitað yrði þetta áfall fyrir Austfirðinga. Ég geri ráð fyrir að þingmaður Austurlands viti þetta betur en þingmaður Reykvíkinga. (Gripið fram í.) Og ég held að hann ætti að leyfa okkur að tala um hlutina úti á landi í friði.

Þá skulum við koma að hinu. Við vitum að fólki hefur fækkað í Fjarðabyggð. Ef talað er þar við t.d. atvinnurekendur eða launþega, fólkið þar á stöðunum, þá trúir það því að álverið mundi breikka grundvöll atvinnulífsins og valda því að í framtíðinni gangi líka betur fá menn til fiskvinnslustarfa og á sjóinn en nú er. Það sé þessi mikla fábreytni þar í atvinnulífinu sem valdi því að fólk vilji fara í burtu, þó svo að atvinna sé nóg ef bara er horft á störfin en ekki eðli starfanna. Það er þess vegna sem íbúar á þessum slóðum leggja upp úr því að fá sterkt fyrirtæki eins og álverið, sem felur í sér mikið öryggi fyrir íbúana á staðinn, og þetta veit hv. þm.

[18:30]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega veit ég að það væri mikil trygging og öryggi fyrir fólkið í Fjarðabyggð og á Miðausturlandi að hafa sterkt og gott atvinnufyrirtæki á svæðinu. En spurningin er þessi: Er þetta risaálver ekki orðið of stórt fyrirtæki fyrir svo fámenna byggð?

Herra forseti. Ég held að það hefði verið farsælla ef ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir því að hafa undirliggjandi grunn hvað varðar umhverfi fyrirtækja fjölbreyttan. Það hefði vakið áhuga manna á að setjast að og stofna fyrirtæki úti á landsbyggðinni að hafa þau þá frekar fleiri og fjölbreyttari. Það er sá grunnur sem við þurfum að byggja á. Vissulega er akkillesarhællinn víða úti á landi einmitt fábreytni í atvinnulífinu og því verðum við að breyta.

Ég tel að ábyrgð stjórnvalda sé mikil gagnvart íbúunum. Væntingarnar eru miklar og vonbrigðin verða mikil ef þessi áform eða einhver svipuð koma ekki í fjórðunginn. Ég held að við eigum öll, stjórn sem stjórnarandstæðingar, að búa okkur undir að svo geti farið að ekkert verði af þessum framkvæmdum, þ.e. láta stóra skellinn ekki koma heldur undirbúa annað og fjölbreyttara atvinnulíf því þetta eina álver er ekkert innlegg í byggðaþróun annarra staða sem standa veikt eins og Austurland.

[18:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú er farið að líða að lokum umræðu um þáltill. Vinstri grænna um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort drífa eigi nú þegar í framkvæmdum við virkjun við Kárahnjúka eða fresta framkvæmdum. Það er ekki bara að Vinstri grænir séu á móti öllu, þegar þeir sjá að einhver framfaramál eru komin vel á veg gera þeir allt til þess að fresta málum. Þessi endalausa neikvæðni og þvergirðingsháttur í þeim er eftirtektarverður og trúlega mætti nota orðið afturhald, hæstv. forseti.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að okkur öllum sé bráðnauðsynlegt að halda áfram að nýta orkulindir okkar til að bæta lífskjör Íslendinga. Ekki er síður mikilvægt að sú framkvæmd sem hér er til umræðu verði að veruleika því hér er um geysilega stórt byggðamál að ræða. Það er það, gífurlega stórt byggðamál. Segja má að til viðbótar við þau hundruð starfa sem verða til beint við álverið sem byggt verður í Reyðarfirði verði til önnur hundruð starfa við afleiddar greinar í ýmsum atvinnugreinum.

Hvað ber öllum saman um sem fjalla um byggðamál? Það er einmitt að fjölbreytni skorti í atvinnulífinu. Afleidd störf sem koma til við framkvæmdir og starfsemi álversins munu auka mjög fjölbreytni atvinnulífsins og hleypa auknu lífi í aðra atvinnustarfsemi sem fyrir er á svæðinu. Það mun hleypa auknum krafti í atvinnulífið um allan Austfirðingafjórðung og, ég spái, til Norðurlands líka. Þar veitir einmitt ekki af því frekar en annars staðar að hleypa auknu lífi í atvinnustarfsemi. Einnig munu opnast miklir atvinnumöguleikar fyrir ungt fólk og það er bráðnauðsynlegt fyrir byggð á Austurlandi svo hún megi dafna.

Austfirðingar hafa lengi horft til þess að nýting orkuauðlinda á Austurlandi sjálfu muni verða fjórðungnum til framdráttar. Því hafa margir lagst á árar til þess að svo megi verða. Samtök sveitarfélaga á Austurlandi hafa unnið gífurlega mikið starf til fjölda ára við undirbúning virkjunar- og stóriðjuframkvæmda. Ljóst er að elja og áhugi sveitarstjórnarmanna á Austurlandi hefur skipt gífurlega miklu máli til þess að vekja áhuga á orkukostum Austurlands og halda stjórnvöldum við efnið.

Það er líka mikið ánægjuefni að fylgjast með því hvað atvinnurekendur úr öllum atvinnugreinum á Austurlandi hafa sýnt framkvæmdunum mikinn áhuga. Í samstarfi við Þróunarstofu Austurlands hafa verið haldnir samráðsfundir með þeim og stofnaðir faghópar sem vinna að undirbúningi atvinnulífs á Austurlandi fyrir þessar framkvæmdir. Ljóst er að austfirskt atvinnulíf ætlar að vera í stakk búið til þess að takast á við þessar framkvæmdir og það á einnig örugglega við um austfirskt samfélag í heild.

Ég vil vitna til orða Geirs A. Gunnlaugssonar. Geir A. Gunnlaugsson er stjórnarformaður Reyðaráls. Hann hrósar einmitt Austfirðingum fyrir gott samstarf og góð vinnubrögð við undirbúninginn að byggingu álvers í Reyðarfirði. Í viðtali við hið nýja fréttablað á Austurlandi, Austurgluggann, segir hann eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við sem erum að vinna að þessu erum mjög ánægðir með hvernig Austfirðingar hafa staðið að kynningar- og undirbúningsvinnu. Heimavinna hefur verið unnin vel. Efasemdum hefur verið eytt og sýnt fram á hvernig hægt er að takast á við það að fá svona stórt fyrirtæki á svæðið."

Geir bendir jafnframt á að sameining sveitarfélaga á svæðinu hafi skipt máli og að jákvæð viðbrögð atvinnufyrirtækja eins og Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og Hraðfrystihúss Eskifjarðar skipti einnig máli. Hann ræðir einnig í viðtalinu um að samningaviðræður við ríkið og Fjarðabyggð vegna álversins séu langt komnar og nefnir að t.d. sé búið að ganga frá samningum um höfnina og að drög að fjárfestingarsamningi liggi fyrir og þar sé m.a. kveðið á um fasteignagjöld til sveitarfélagsins og fleiri atriði. Hann nefnir einnig í umræddu

viðtali að þegar ákvörðun liggi fyrir um byggingu álversins verði efnt til samstarfs við skóla á Austurlandi um nám vegna starfa í verksmiðjunni. Stefnt verði að því að bjóða þar bæði upp á nám fyrir ungt fólk sem þegar er í námi og einnig fyrir fólk á vinnumarkaði. Það skiptir einmitt, hæstv. forseti, mjög miklu máli að þessar framkvæmdir og áform um byggingu álvers munu styrkja grunngerð samfélags á Austurlandi varðandi menntun, þjónustu og heilsugæslu og fleiri atriði. Það á einnig við um samgöngur og fleira sem hægt væri að tína til í því sambandi.

Hæstv. forseti. Umræða um að fresta ákvörðunartöku þar til rammaáætlun verður lokið er alveg fráleit, eins og kom fram í orðaskiptum okkar hv. þm. Þuríðar Backman, rétt áðan. Allar líkur eru nefnilega á því að það verði niðurstaða verkefnisstjórnarinnar að skynsamlegt sé að nýta orku Jökulsár á Dal með þeim hætti sem gert er ráð fyrir með áformum um virkjun við Kárahnjúka. Síðan veltir maður fyrir sér þeirri fullyrðingu að mjög miklar deilur hafi staðið um Kárahnjúka. Vissulega hafa menn skipst á skoðunum um Kárahnjúka. Það er alveg ljóst að umhverfissamtök hafa lýst því yfir að þau séu ekki sátt við úrskurð umhvrh. Reyndar kemur það fram hjá formanni Umhverfissamtaka Íslands, Steingrími Hermannssyni, að hann sé hættur afskiptum af málinu og þá væntanlega samtök hans.

Hæstv. forseti. Við eigum að nýta hreinar og endurnýjanlegar orkulindir og það er skylda okkar. Ég treysti því, hæstv. forseti, að svo muni fara að við náum að nýta þessar orkulindir okkar á Austurlandi.

[18:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. bendir réttilega á að þessar framkvæmdir mundu að öllum líkindum skapa mörg störf, nokkur hundruð störf. Þó hefur verið bent á að þetta væri ekki skynsamleg eða heppileg atvinnusköpun á þessu svæði, hún væri mjög dýrkeypt að auki, ekki aðeins vegna þess að hún veldur miklum náttúruspjöllum heldur einfaldlega vegna þess að þetta er mjög dýr leið til þess að skapa atvinnu. Bent hefur verið á að hvert starf muni kosta 400–500 millj. kr., upp undir hálfan milljarð. Ungir hagfræðingar hafa verið að benda okkur á og færa rök fyrir því að hægt sé að fara miklu skynsamlegri leiðir til að stuðla að atvinnusköpun á Austurlandi en þessa. Reyndar ganga þeir miklu lengra og telja að þetta sé efnahagslegt glapræði.

Ég staldra nú ögn við líka og spyr hv. þm. hvort það hafi ekki orðið henni umhugsunarefni þegar fjármálastjóri Landsvirkjunar segir að væru áform um að setja Kárahnjúkavirkjun á laggirnar af sjálfstæðu fyrirtæki á markaði mundi það aldrei láta sér detta í hug að ráðast í slíka framkvæmd. Er þetta ekki umhugsunarefni? Þarf ekki að taka tillit til röksemda af þessu tagi? Gerir hv. þm. það ekki? Hverju svarar hv. þm. fjármálastjóra Landsvirkjunar? Hverju svarar hv. þm. þessum ungu hagfræðingum sem hafa verið að vara okkur við þessu efnahagslega glapræði?

[18:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson segir störfin dýrkeypt og atvinnusköpunina dýrkeypta. Ég er ekkert endilega sammála því að svo sé. Við verðum að líta til þess þjóðhagslega hagnaðar sem er af því líka að nýta orkulindir landsins og skapa útflutningsverðmæti sem skipta gífurlega miklu máli. Er það ekki að mati þingmannsins nokkurs virði að skapa hér útflutningstekjur upp á 40–60 milljarða? Skiptir það engu máli fyrir þjóðarbúið og fyrir umbjóðendur hv. þm. Ögmundar Jónassonar í samtökum BSRB? Skiptir ekki máli að þjóðarbúið hafi þokkalega afkomu og eigi sér einhverja von í auknum hagvexti til framtíðar? Ég hlýt að spyrja hann að móti að því.

Ég veit ekki hvar fjármálastjóri Landsvirkjunar átti að hafa sagt þessi orð þannig að ég fer ekki að kljást við þingmanninn um það. Ég skal á öðrum vettvangi leita þau uppi og kanna staðhæfingar hans um þessi orð. Að þessu sinni mun ég ekki svara því sem ég hef ekki önnur orð fyrir en orð hv. þm.

[18:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég geti fullyrt að fjármálastjóri Landsvirkjunar hafi sagt þetta á orkuþingi og hugsanlega víðar einnig, en nú vil ég taka það fram að fjármálastjóri Landsvirkjunar er því fylgjandi að ráðast í þessa framkvæmd. Hann er líka fylgjandi því að Landsvirkjun sé niðurgreidd. Hann er fylgjandi því að hún sé ekki gerð að hlutafélagi. Hann var að vísa til þess hvað gerðist ef stefna ríkisstjórnarinnar sem hér hefur verið boðuð, að gera Landsvirkjun að markaðsfyrirtæki sem yrði að haga sér samkvæmt lögmálum markaðarins, hvað þá mundi gerast, að þá yrði ekki ráðist í þessa framkvæmd.

Þegar ég tala um dýrkeypta atvinnusköpun er ég að vísa í röksemdir hagfræðinga sem telja að þegar dæmið er gert upp muni þessi framkvæmd leggja á þjóðina klyfjar og þeir vísa til þeirra valkosta sem við höfum við að byggja upp atvinnu í landinu. Að þetta sé röng aðferð sem við erum að beita, við eigum að fara aðrar leiðir. Þegar vikið er að útflutningsverðmætum sem álið og stóriðjan skapar okkur þá eru þeir að leggja áherslu á að við eigum að fara aðrar leiðir og hagstæðari í slíkri verðmætasköpun. Mér þætti vænt um ef hv. þm. svaraði því hvort hann hafi kynnt sér röksemdir þessara ungu hagfræðinga. Hefur hv. þm. t.d. kynnt sér grein Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings í Vísbendingu frá því í desember? Hefur hann farið í gegnum þær röksemdir sem þar eru leiddar fram?

[18:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því er fljótsvarað. Ég hef ekki lesið grein Sigurðar Jóhannessonar í Vísbendingu. Ég hef lesið margar aðrar greinar og fyrri greinar hans um þetta mál og ég segi, eins og ég hef áður sagt úr ræðustól við hv. þm., að eftir að hafa lagt mat á þessa hagfræðinga og skrif þeirra, þá trúi betur þeim hagfræðingum sem leggja til og telja þessar framkvæmdir vera þjóðarbúinu til hagsbóta og að skynsamlegt sé að fara í þessar framkvæmdir. (**ÖJ:** Og þá þarf ekki að lesa hinar?) Ég les þær líka og ég legg þær á vogarskálarnar. Það hljótum við öll að gera, hv. þm. Það er mín sýn, af því að hv. þingmenn Vinstri grænna nefna gjarnan aðrar leiðir og þeir hafi aðra sýn. (**ÖJ:** Og aðrar tillögur.) Það væri nefnilega gaman að sjá þær tillögur. (Gripið fram í.) Þær tillögur væri gaman að sjá, hv. þm., en það er mín sýn að við eigum að nýta hreinar og endurnýjanlegar orkulindir landsins og ég tel í rauninni að það sé skylda okkar Íslendinga að nýta þær orkulindir og það sé jákvætt framlag til umhverfismála heimsins. Það er mín sýn á umhverfisþátt málsins. Og mín sýn á efnahagsmál landsins er sú að við eigum að nýta orkulindirnar. Sem betur fer fara þeir tveir jákvæðu þættir saman og það er mjög gott. Þess vegna eigum við að nýta þá.

[18:48]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Í sjálfu sér kom engum alþingismanni og raunar engum Íslendingi á óvart að sú tillaga sem hér er til umræðu skyldi fram lögð. Það hefur legið fyrir frá öndverðu að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mundi beita sér af alefli gegn hvers konar stórvirkjunum á Austurlandi og leita allra ráða og allra bragða til þess að reyna að þyrla upp sem mestu moldryki í kringum þær framkvæmdir og reyna að skapa andrúmsloft sem ylli því að menn væru hræddir við að fara út í slíkar framkvæmdir hvort sem við erum að talað þar um virkjunina eða álverið við Reyðarfjörð.

Það má kannski segja að þessir hv. þingmenn hafi e.t.v. haft í huga að á sínum tíma tókst í Eyjafirði að halda þannig á málum að andstæðingum stóriðju þar tókst að drepa allar umræður um stóriðju í Eyjafirði í áratug, en nú er aftur svo komið að mjög háværar raddir eru farnar að heyrast um það bæði við Eyjafjörð og á Húsavík að nauðsynlegt sé að styrkja atvinnulíf þar með því að ráðast út í iðnrekstur sem byggist á mikilli orkunotkun. Við getum kallað það stóriðju eða hvað sem okkur sýnist. Af þessu eru daglegar fregnir. En á hinn bóginn liggur það líka fyrir eins og einn af hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur komist að orði, þá trúa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því ekki að stóriðja sé nútímabyggðastefna. Það verður að líta svo á að málflutningur vinstri grænna í þingsölum nú endurspegli þá skoðun þeirra að þegar við erum að velta því fyrir okkur hvernig eigi að byggja upp landsvæðið utan Suðvesturlands, þá eigi menn ekki að hafa stóriðju í huga.

Á hinn bóginn hefur maður ekki orðið var við að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi lagt jafnmikið á sig til þess að reyna að standa á móti stækkun álversins við Straumsvík og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur heldur ekki lagt jafnmikið á sig til þess að reyna að standa á móti því að efla stóriðju við Hvalfjörð þó hún hafi látið svolítið í sér heyra en ekkert í samanburði við það sem við erum að tala um núna.

Auðvitað vitum við að Kárahnjúkavirkjun hefur áhrif á landslag alveg með sama hætti og Reykjavíkurbyggð hefur áhrif á landslag. Reykjavík, þessi skagi sem við stöndum nú á, verður aldrei samur og hann var áður en fólk settist hér að. Þannig er auðvitað um öll mannvirki sem reist eru, hvort sem við erum að tala um vegi, hvort sem við erum að tala um brýr eða hvað eina. Ég get tekið mjög nýlegt dæmi. Það er vegurinn milli Akureyrar og Egilsstaða, Háreksstaðaleið. Reynt var af alefli að standa gegn því að vegur yrði lagður um Háreksstaði og því borið við að það mundi bæði skemma útsýni og líka spilla mýrum og áskilið að þá yrði Vegagerðin að kaupa annað land í staðinn og reyna að búa þar til nýjar mýrar í staðinn fyrir þær mýrar sem hurfu undir veginn á Háreksstaðaleið. Það er kannski svolítið gefandi stefna í umhverfismálum að standa í slíku því að við vitum að landið breytist. Trjárækt breytir landinu. Það breytir landinu að græða sanda og þar fram eftir götunum miklu meir heldur en þó að einn vegur sé lagður eftir melum. En menn hafa mismunandi skoðanir á því.

Sumir eru þeirrar skoðunar að umhverfisvernd sé helst fólgin í því að reyna að skapa útgjöld fyrir samfélagið og standa á móti því að þjóðin geti nýtt sér auðlindir sínar til þess að framfleyta sér og fá betra líf.

Ég átti samtal við einn mikinn náttúruverndarmann og fjallamann í vikunni og kann ekki við að vitna til hans með því að nafngreina hann vegna þess að ég spurði hann ekki hvort ég mætti það. En hann hafði einmitt orð á þessu við mig, þessi fjallamaður, sem hefur lagt meira af mörkum til þess að vernda náttúru Íslands heldur en við sem hér erum inni núna það best ég veit og geri ég þó ekki lítið úr því að viljinn flytji fjöll. Hann sagði: „Ef okkur fjölgar Íslendingum og ef við viljum búa hér, þá verðum við líka að nýta þá kosti sem landið hefur." Hann var alveg ásáttur við það að fara í Kárahnjúkavirkjun af þessum sökum, hann var það, og taldi að það væru ekki mikil spjöll sem þar yrðu unnin, enda munum við að verulegu leyti hafa gljúfrin eftir sem áður og lagði meira upp úr Dettifossi.

Auðvitað er þetta allt saman álitamál. En það sem upp úr stendur með þeim tillöguflutningi sem hér er og með þeim málflutningi sem vinstri grænir hafa haft uppi er að þeir eru að reyna að spilla því að þessar miklu framkvæmdir verði á Austurlandi en hafa ekki með einum eða neinum hætti bent á neitt það sem geti orðið gjaldeyrisskapandi á móts við það eða í einhverjum mæli gjaldeyrisskapandi í svipaðri stærð og það sem við erum hér að tala um. Þó vita þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við getum ekki búist við því að okkur takist að bæta lífskjör okkar fram úr því sem nú er ef þjóðinni fjölgar nema okkur takist að auka gjaldeyristekjurnar verulega. Það vita þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þannig að þeir eru með afstöðu sinni annaðhvort gegn betri vitund eða viljandi að standa beinlínis á móti því að íslenska þjóðin geti bætt lífskjör sín, svo ég tali nú ekki um það ef við horfum sérstaklega til Austfirðinga. Hvernig ætli þeim líði þar fyrir austan að það skuli vera hópur manna hér á Alþingi sem notar hvert tækifæri sem hann getur til þess að standa á móti hagsmunum þeirra og til þess að standa á móti því að þeir geti búið vel um sig í þessum byggðarlögum eins og verið er að gera með því að standa á móti þessum framkvæmdum hér, þá er verið að standa á móti því að efla menningarlíf á Austurlandi. Það er verið að standa á móti því að efla framhaldsnám á Austurlandi. Það er verið að standa á móti því að fólk sem aflar sér menntunar annars staðar geti snúið aftur. (**SJS:** ... sæmandi málflutningur?) Ég vil biðja hv. 3. þm. Norðurl. e. að hafa lágt um sig meðan aðrir tala, ég hygg að hann tali nóg hér í þingsalnum. En það er þetta sem þessi þingmaður stendur fyrir, að standa á móti því að fólk á Austurlandi (**SJS:** Að þínu mati.) geti búið sæmilega vel um sig?

[18:56]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að manni sé óhætt að fara í andsvar í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. og hann láti ekki skapið þannig hlaupa með sig í gönur að hér verði flúin öll málefnaleg umræða en afstaða hv. þm., herra forseti, er að mörgu leyti afar ámælisverð.

Hann skammar þingmenn fyrir að taka ekki ábyrga afstöðu og ætlar okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs það að leggja stein í götu Austfirðinga til áframhaldandi mannsæmandi lífs. Það er rangt, herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur flutt hverja þáltill. á fætur annarri sem varða atvinnumál þjóðarinnar og meira að segja eina sem varðar sérstaklega atvinnumál á Austfjörðum. Í þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið talin upp ótal tækifæri til atvinnusköpunar sem eru gjaldeyrisskapandi, sem efla mannlíf, sem efla menningu,

sem efla þá atvinnuvegi sem við höfum fyrir í fjórðungnum, sem efla hugmyndaflug, sem efla kjark og hv. 1. þm. Norðurl. e. er að fara með fleipur og rangt mál og rangar ásakanir þegar hann heldur því fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð beri ekki hag Austfirðinga fyrir brjósti í þessum efnum.

Í öðru lagi má segja að hv. þm. setji stóriðjuna númer eitt í forgrunn í málflutningi sínum sem er líka ámælisvert. Hann ætti að setja náttúru landsins og auðlindina sem um er teflt í forgrunn. Það gera hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með því að þeir vilja að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar hafi þar ákveðinn forgang og það sé skoðað í hvað við ætlum að nýta þessa náttúruauðlind okkar en ekki fara að flengja sér í það að búa til milljónir tonna af áli fyrir þá orku sem við eigum í fallvötnunum okkar.

[18:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um það að hv. þm. skuli hafa vakið athygli á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi flutt tillögur um að efla atvinnulíf og mannlíf á Austurlandi með þeim hætti að hægt sé að nefna það í sömu andránni og við erum að tala um Kárahnjúka og álverið við Reyðarfjörð. Það var ágætt af því að þetta hefur farið fram hjá mér og sennilega þjóðinni líka að hv. þm. notaði tækifærið og minnti pínulítið á það hvaða leiðir þetta séu. Hvað er það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur nefnt sem eigi að koma í staðinn fyrir álver við Reyðarfjörð?

Ég tók svo eftir að tveir aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa kvatt sér hljóðs til þess að veita andsvör við ræðu minni. Þeir hafa þá líka tækifæri til þess ef svo undarlega fer að hv. 17. þm. Reykv. sjái ekki ástæðu til þess að nefna úrræðin, þá hafa þeir líka tækifæri til að minnast á þau. Hvað er það sem þeir hafa talað um sem er sambærilegt við álverið og stórvirkjunina? Af hverju er svona hljótt um þessar tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs? Getur verið að menn hafi yfirleitt ekki trú á því að þetta séu í rauninni neinar tillögur? Getur verið að fólki finnist þær svo léttvægar að því taki ekki að tala um þær? Getur verið að enginn hafi trú á því að hugur fylgi máli? Er þetta bara eitthvað sem sagt er út í bláinn og engin alvara fylgir?

[19:00]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst tónninn í hv. þm. Halldóri Blöndal fremur niðurlægjandi. Auðvitað hefur fólk trú á þeim tillögum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram en það verður að segjast eins og er, herra forseti, að stjórn þingsins virðist ekki hafa þá tiltrú á tillögunum að þær fái nokkurn tímann að koma út úr nefndum. Gæti það kannski verið að hv. þm. sé eitthvað að beita áhrifum sínum innan flokks síns, sem er vissulega í meiri hluta hér á Alþingi, til að búa svo um hnútana að þessar tillögur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs nái aldrei inn á Alþingi og ekki verði hægt að greiða atkvæði um þær? En þar kennir ýmissa grasa, öflug atvinnuuppbygging er í forgrunni og sömuleiðis virðing fyrir landinu og náttúrunni. Náttúruvernd er líka atvinnuskapandi. Við höfum beðið ríkisstjórnina um að láta meta umhverfisáhrif þjóðgarðsins og möguleg efnahagsleg áhrif af þjóðgarði á svæðinu. Ekki lítur neitt slíkt dagsins ljós. Kannski er það vegna þess að ríkisstjórnin og þingmenn stjórnarliðsins eru einlægt með banana í eyrunum og hlýða aldrei á þær tillögur sem þeir vilja ekki heyra.

[19:01]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að svar hv. þm. var á því róli sem ég hafði ímyndað mér. En ég er litlu nær um þær tillögur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram um það hvernig eigi að efla atvinnulíf og mannlíf á Austurlandi. Hv. þm. talaði um að sér þætti vænt um náttúruna og landið, og það vissi ég fyrir. En hv. þm. minntist ekkert á fólkið á Austurlandi. Hvernig væri að þessir tveir hv. þm. sem hafa kvatt sér hljóðs til þess að vera með andsvör við ræðu minni kæmu að því hvaða tillögur það eru fyrir Austfirðinga sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram sem hægt er að nefna í sömu andránni og álver við Reyðarfjörð?

[19:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla einmitt að tala um fólkið. Hv. þm. Halldór Blöndal virðist nokkuð viss í sinni sök. Það erum við líka. Við erum að fjalla um mikið álita- og deilumál. Við höfum sýnt fram á að Kárahnjúkavirkjun og stóriðjuáform og virkjunaráform stjórnvalda munu valda miklum náttúruspjöllum. Um það deilir reyndar enginn.

Við höfum bent á að það séu miklar líkur fyrir því að þetta sé efnahagslegt glapræði, og þá er einmitt komið að fólkinu. **(Gripið fram í:** Gott að heyra.) Við erum að ræða tillögu sem gengur út á það að málinu verði skotið til úrskurðar fólksins, þjóðarinnar. Og nú vil ég heyra á hvern hátt hv. þm. Halldór Blöndal réttlætir andstöðu sína við það að þjóðin fái að skera úr um þetta mikla deilumál í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[19:04]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, hefur einatt verið skýr í svörum og glöggur og minnisgóður á það sem fram hefur farið. En eins og hann talaði hér sýnist mér sem tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að efla atvinnulíf á Austurlandi hafi farið fram hjá honum. Það var ekki ég sem byrjaði að tala um þessar tillögur. Það var hv. 17. þm. Reykv., Kolbrún Halldórsdóttir, sem kom upp og spurði mig hvort ég vissi ekki (Gripið fram í.) um tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í atvinnumálum eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð vildi endilega styrkja atvinnulíf og mannlíf á Austurlandi. Nú spyr ég enn af því að hv. þm. á eftir að tala aftur: Hvaða tillögur eru það um að efla atvinnulíf á Austurlandi sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur flutt sem hægt er að nefna í sömu andránni og Kárahnjúkavirkjun og álver við Reyðarfjörð?

[19:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þær tillögur væri hægt að hafa mörg orð og um þær tillögur hef ég haft mörg orð.

Ég kom hingað upp í andsvar við hv. þm. Halldór Blöndal sem var að ræða það þingmál sem hér er til umræðu. Það er tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, og nú spyr ég hv. þm.: Hvernig skýrir hann andstöðu sína við þetta þingmál sem gengur út á að þessu mikla deilumáli og álitamáli verði skotið til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu og þjóðin fái tækifæri til að kveða upp sinn úrskurð? Ég mælist til þess að hv. þm. haldi

sig við efnið, svari þeirri spurningu sem fram er borin í þessu andsvari og reyni ekki að snúa út úr því.

[19:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er búinn að svara því í ræðu minni sem hv. þm. spurði um en ég spyr enn — verið þið bara róleg, bara róleg. Ég biðst afsökunar á að hafa ávarpað þingmanninn í annarri persónu.

Ég hlýt að vekja athygli á því að nú hafa tveir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kvatt sér hljóðs og komið með andsvör við ræðu mína. Hvorugt þeirra hefur fengist til þess að benda á úrræði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (**Gripið fram í:** ... andsvari ...) þótt fyrri þingmaðurinn, hv. 17. þm. Reykv. Kolbrún Halldórsdóttir, hafi að fyrra bragði talað um þessi miklu úrræði sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafði á Austurlandi, ekki orð um hver þau séu, ekki orð. (**ÖJ:** ... svara mér í andsvari.)

[19:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var forseti Alþingis sem stundum er að kenna okkur hinum þingsköpin sem krafðist þess í svörum við andsvörum að þeir sem höfðu beðið um orðið til að veita andsvör við ræðu hans notuðu ræðutíma sinn til að svara spurningum frá honum sem hann kom á framfæri í meintum svörum sínum við andsvörum við annan þingmann. Þetta var forseti Alþingis og hann var að leiðbeina okkur hinum um þingsköp, var það ekki?

Herra forseti. Það er auðvitað ofboðslegt að heyra þingmann á Alþingi Íslendinga, svo að ég tali ekki um forseta Alþingis, bera kjörna þingmenn á Alþingi Íslendinga, jafnvel heilan þingflokk, þeim sökum að vera annaðhvort, eins og hv. þm. Halldór Blöndal orðaði það, „gegn betri vitund eða viljandi að standa beinlínis á móti því að íslenska þjóðin geti bætt lífskjör sín“ — og vilji alveg sérstaklega bregða fæti fyrir íbúa í einum landshluta. Þetta sagði hv. þm. Halldór Blöndal hér áðan og það er auðvitað alveg ofboðslegt að heyra þingmann í lýðræðisþjóðfélagi, sem á að heita að búi við þingræði og þar sem ætlunin er að menn beri virðingu fyrir gagnkvæmum sjónarmiðum í málum, taka svona til orða. Ég veit ekki aftan úr hvaða óskaplegu forneskju hvað hugarheim snertir þessi hv. þm. er sprottinn.

Hv. þm. Halldóri Blöndal virðist fyrirmunað í þessu máli að taka það gilt að menn geti greint á um leiðir í atvinnuuppbyggingu í landinu og að fundist geti rök fyrir mismunandi sjónarmiðum. Þó liggur það fyrir að í þessu máli t.d. skiptist íslenska þjóðin sem hefur kosið okkur á þing nokkurn veginn í tvær jafnstórar fylkingar í afstöðu sinni með og á móti þessari virkjun. Það verður hv. þingmanni væntanlega ekki að neinu umhugsunarefni frekar en það að bera starfsbræður sína á Alþingi þessum sökum, og þykist hann þó stundum þess umkominn að vanda um við menn.

[19:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég vanda stundum um við þingmenn þegar þeir komast þannig að orði að ástæða er til. Ég vil jafnframt minna hv. þm. á að þegar hann á í orðaskiptum við mig frammi í sal talar hann við 1. þm. Norðurl. e. en ekki forseta Alþingis sem þá situr hér uppi, og honum bar að sjálfsögðu að minna hv. þm. á að hann komst að orði með óþinglegum hætti þegar hann var að skamma forseta Alþingis og átti að beina orðum sínum til 1. þm. Norðurl. e. En það er í sjálfu sér ekki undarlegt að slíkt komi fyrir. Við þekkjum málflutning hv. þm.

Ég vil í annan stað segja að það er alveg rétt að ég hef sagt að með tillögum sínum standi Vinstri hreyfingin – grænt framboð á móti atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Það er rétt, og með því að standa á móti atvinnuuppbyggingu á Austurlandi eru þessir þingmenn að minni hyggju að bregðast Austfirðingum í þeim mæli að varla er hægt að sætta sig við það, a.m.k. fyrir þá sem búa þar fyrir austan. Það er af þeim sökum og líka vegna þess sem hv. 17. þm. Reykv., Kolbrún Halldórsdóttir, sagði áðan sem ég hef æ ofan í æ spurt — en hv. þm. segir að ég megi ekki spyrja, ég eigi bara að hlusta: Hvað er það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur fram að leggja til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi? Ef maður hlustar á það sem hér hefur verið sagt síðustu mínúturnar er það ekki mikið. Á hinn bóginn huggar það mann nokkuð að hv. 17. þm. Reykv., Kolbrún Halldórsdóttir, hefur kvatt sér hljóðs og henni gefst þá tækifæri til að útskýra betur hvað lá á bak við þau orð sem voru sögð áðan.

[19:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir voru ekki margir sem andmæltu virkjun Gullfoss á sínum tíma og það er fyrst og fremst ein persóna sem er fræg í sögunum og virt og dáð fyrir hetjulega baráttu gegn því að Gullfossi yrði fórnað, Sigríður í Brattholti. Það er spurt að því í blaðagrein í dag hvort einhvern tíma í framtíðinni verði reistar styttur af fólki á hálendinu norðan jökla til að heiðra framlag þess til þessara mála. Hv. þm. Halldórs Blöndals, hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur eða hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar verður þó varla minnst þar með þeim hætti.

En það getur vel verið að andmælendur áformanna um að virkja Gullfoss á sínum tíma hafi fengið eitthvað svipaðar ásakanir í sinn garð eins og hér eru fluttar nú í garð okkar sem viljum fara aðrar leiðir í atvinnuuppbyggingu í landinu en þær að fórna mörgum af dýrmætustu náttúruperlunum undir vatn og malbik.

Það hroðalegasta í raun í þessari umræðu er álnauðhyggjan, þetta svartnætti þeirra þingmanna sem eru á góðri leið með að sannfæra sjálfa sig um það a.m.k., vonandi ekki aðra, að ekkert geti orðið Íslendingum til framdráttar í atvinnulífi og efnahagsmálum á komandi tímum annað en álver.

[19:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég er ekki samtímamaður Sigríðar í Brattholti. (**SJS:** Það mætti halda það.) En út af því sem hann sagði að öðru leyti er það ekki rétt að við getum ekki horft til neins annars en álvers og stóriðju. Við leggjum mikla áherslu á að hægt verði að fara í þessar framkvæmdir á Austurlandi vegna þess að þær munu auka og bæta mannlíf þar og skapa miklar gjaldeyristekjur og festu í fjórðungnum.

Við höfum líka verið miklir áhugamenn um það, sjálfstæðismenn, að hægt sé að fara í fiskeldi í stórum stíl í fjörðunum fyrir austan, bæði Mjóafirði, Berufirði og Reyðarfirði, þannig að það er síður en svo að við horfum bara til stóriðjunnar. Við teljum á hinn bóginn að þetta sé mesta og besta tækifæri sem við höfum nú til að efla landsbyggðina en það er það sem við viljum öll í orði kveðnu gera, og ég vil sýna líka í verki.

[19:14]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Það er að líða að lokum þessarar umræðu sem farið hefur fram í tvennu lagi um tillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Þó að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi gert ritstjórnartillögu áðan um það um hvað ræða mín ætti að fjalla hafði ég þegar undirbúið ræðu mína, og ætla að hefja hana á þann veg sem ég hafði áformað en ekki að verða við ritstjórnartillögu eða ósk hv. þm.

Herra forseti. Umræðan í þessari lotu um mögulegar framkvæmdir á svæðinu norðan Vatnajökuls hefur kannski ekki snúist svo ýkja mikið um tillöguna sjálfa. Þó kom ýmislegt fram í fyrri hluta umræðunnar sem ég get ekki látið hjá líða að svara í þessari ræðu minni núna en í fyrri ræðu minni sem ég flutti fyrir örfáum dögum gagnrýndi ég úrskurð hæstv. umhvrh. og færði rök fyrir því að hæstv. ráðherra hefði teflt á afar tæpt vað þegar hún sneri við úrskurði Skipulagsstofnunar og féllst á áformin um Kárahnjúkavirkjun þrátt fyrir gífurleg, óafturkræf og ófyrirséð umhverfisáhrif. Yfir öll þau áhrif fór ég í fyrri ræðu minni og ætla ekki að endurtaka þau hér.

Síðan ræddi ég nokkuð ítarlega um möguleg áhrif þess að hæstv. umhvrh. ákvað að fjalla ekkert um hinn efnahagslega þátt, þ.e. réttlætingu Landsvirkjunar á náttúruspjöllunum. Hæstv. umhvrh. ákvað að fjalla ekki um þann þátt í mati á umhverfisáhrifum. Hún féllst á umhverfisáhrifin burt séð frá réttlætingu Landsvirkjunar. Þessa þætti hef ég gagnrýnt. Ég spurði, eftir því sem mér fannst, áleitinna spurninga í fyrri ræðu minni sem ég bjóst við að hv. þingmenn stjórnarflokkanna gerðu einhverjar tilraunir til að svara í umræðunum. En því miður, herra forseti, hefur fátt verið um svör.

Spurningar sem enn þá er ósvarað lúta t.d. að verðgildi þess lands sem um ræðir. Finnst hv. stjórnarþingmönnum sæmandi að farið sé út í framkvæmdir á borð við þær sem eru á teikniborðinu án þess að það sé svo mikið sem rætt að reiknað verði einhvers konar verðgildi lands inn í þá útreikninga sem að baki liggja? Þessari spurningu hef ég varpað fram en ekki fengið svo mikið sem tilraun til svars.

Hvað segja þá hv. þm. stjórnarliða um það sem virðist liggja í orðum hæstv. umhvrh. að það eigi að fara fram í sölum Alþingis einhvers konar mat á hinum efnahagslega þætti úr því að á því er ekki tekið í umhverfismatinu? Eða hvað þýða orð hæstv. umhvrh. á bls. 121 í úrskurðinum? Ég vil fá að vitna í þann úrskurð, með leyfi hæstv. forseta. Í þeim úrskurði segir „að ekki skuli líta til þjóðhagslegra áhrifa framkvæmdar þegar tekin er afstaða til þess hvort fallist sé á hana eða lagst gegn henni. Þetta atriði mælir á móti því að lagst sé gegn framkvæmd nema mjög miklir hagsmunir séu í húfi að því er umhverfið varðar. Að öðrum kosti væri verið að skerða óeðlilega svigrúm leyfisveitanda, í þessu tilviki Alþingis skv. 10. gr. orkulaga, til þess að vega og meta kosti og galla þess að leyfa framkvæmdina, að teknu tilliti til úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum."

Hvað þýðir þessi setning? Ég spurði hæstv. umhvrh. að því í minni fyrri ræðu en hún gerði engar tilraunir til að svara.

Í þessari seinni lotu hafa verið orðaðir hlutir sem lúta að hinum efnahagslega þætti. Nefndir hafa verið til sögunnar nokkrir hagfræðingar sem hafa tjáð sig um þessi mál. Hjá þeim hafa komið fram mjög veigamiklar röksemdir í greinum og erindum sem segja okkur að teflt sé á tæpasta vað hvað varðar arðsemi þessara framkvæmda. Ætla menn ekkert að skoða þessa þætti? Ætla hv. þm. að sætta sig við að hér skuli hvorki gerð kostnaðarábatagreining né að fram fari skilyrt verðmætamat á því landi sem um ræðir?

Ég bendi hv. þm. á að kynna sér grein í nýjasta tímariti Glettings, tímariti um austfirsk málefni, þar sem fjallað er um mat á verndargildi náttúrunnar við Kárahnjúka. Það vill svo til, herra forseti, að það hefur farið fram könnun á því hvert verðmætið yrði mögulega á þessu landsvæði. Er þeirri könnun lýst í grein eftir Nele Lienhoop sem er nemi í umhverfisfræði í Aberdeen í Skotlandi. Hún hefur látið fara fram könnun á því hver greiðsluvilji fólks sé varðandi Kárahnjúkasvæðið. Það kom í ljós að með því að gera þetta skilyrta verðmætamat, sem er aðferð hagfræðinnar við að meta verðgildi landsins, að meðalgreiðsluvilji íslenskra heimila til að halda ósnertri náttúrunni sem mundi hverfa undir Hálslón er talsvert mikill, með öðrum orðum eins og segir í greininni, með leyfi forseta, 3.900 kr. á mann. Með því að margfalda þessa tölu með fjölda heimila á Íslandi fást 385 millj. kr. sem þá er áætlað heildarverðmæti náttúrunnar á lónstæðinu. Þessi upphæð endurspeglar verðmæti náttúrunnar, með öðrum orðum þann hag sem fólk telur sig hafa af því að þjóðgarður yrði stofnaður á svæðinu. Jafnframt endurspeglar hún þann fórnarkostnað sem myndun Hálslóns mundi hafa í för með sér og er mikilvægt að taka þessa tölu með sem kostnað þegar skorið er úr um hvort bygging Kárahnjúkavirkjunar sé hagkvæm eða ekki.

Ætla hv. þingmenn stjórnarflokkanna að láta þessi mál renna hér í gegn án þess að þessir þættir séu skoðaðir? Hæstv. umhvrh. hefur hafnað því að þessir þættir séu skoðaðir í mati á umhverfisáhrifum. En hvar á að skoða þá? Þetta skilyrta verðmætamat sem hefur farið fram, sem ég nú hef vitnað til, herra forseti, varðar bara Hálslón en það er ekki eina lónið í framkvæmdunum. Þau eru fleiri. Enn hefur ekki farið fram skilyrt verðmætamat varðandi svæðið allt.

Hvað segja hv. þingmenn um orð upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar þegar hann er spurður út í hvort þær komi ekki illa við framkvæmdaraðilann, fréttir sem nú berast af bráðnun Vatnajökuls, sem er afar hröð og mun skjótari en vísindamenn höfðu gert sér grein fyrir, enda hækkað hitastig á jörðinni orðin staðreynd? Þegar upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, Þorsteinn Hilmarsson, var spurður að því í Fréttablaðinu þann 21. janúar sl. hvort þetta gæti ekki sett strik í reikning vatnsbúskapar eða arðsemi þessarar virkjunar sem Landsvirkjun hyggst reisa á Kárahnjúkasvæðinu svaraði hann því til að það kæmi ekki svo illa við hann. Hann benti á að þegar lagt er í virkjunarframkvæmdir væri horft til þess að virkjanir borgi sig upp á 40 árum og þá þurfi þeir ekki að hafa áhyggjur af því sem gerist eftir 100 ár. Hvað segir fólk við svona svari? Eigum við ekki að spyrja spurninga eins og þessarar? Hvernig væri þá að reikna kostnaðinn við það að koma landinu í samt horf eftir þessi 40 ár þegar lónið stendur orðið hálffullt, aureyjarnar farnar að skaga upp úr þessu lóni? Eigum við ekki að reikna kostnaðinn við að koma landinu í samt horf aftur inn í stofnkostnað virkjunarinnar og kannski líka kostnaðinn við að rífa öll mannvirkin niður fyrst þetta þarf ekki að lifa nema til 40 ára og allt eftir það skiptir engu?

Herra forseti. Ég bendi á að íslensk stjórnvöld eru samkvæmt alþjóðasáttmálum skuldbundin til að líta til langs tíma og gera langtímaáætlanir, m.a. um nýtingu náttúruauðlinda. Eitt af því sem stjórnvöld hafa verið að reyna að gera til

þess að standa undir þeim kröfum sem alþjóðasamningar hafa lagt á herðar þeim er að láta fara fram mat á virkjunarkostum, svokallaða rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa hvað eftir annað gengið fram og mælt með því að rammaáætlunin verði gerð, henni verði lokið. Við höfum fagnað því að hún skuli þó vera á borðum ráðamanna. Við höfum fagnað þeim vinnubrögðum sem virðast viðhöfð með skipun fjölmennra vinnuhópa til að vinna rammaáætlunina. Við höfum hins vegar látið í ljósi áhyggjur af því að stjórnvöld virðast síðan ekkert ætla að gera með þá miklu vinnu sem vinnuhóparnir í rammaáætluninni inna af hendi.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir minntist á í ræðu sinni áðan, að við vitum ekkert um það hér hvaða pólitísk ákvörðun verður tekin hjá stjórnvöldum varðandi rammaáætlunina, hvaða gildi hún kemur til með að hafa. Ég hef spurt hæstv. iðnrh. að því úr ræðustól hvaða hugmyndir séu um það í ríkisstjórninni og hefur verið fátt um svör. Auðvitað er ástæða til að hafa áhyggjur af því en við treystum því, herra forseti, að ríkisstjórnin sjái, þegar vinnunni er lokið, að við höfum það öflugt plagg í höndum að við getum stýrt virkjunaráformum okkar og nýtingu þess orkuforða sem býr í þessum auðlindum á skynsamlegan hátt. Þess vegna m.a. er glapræði að hlaupa út í það að hefja framkvæmdir við virkjun á borð við Kárahnjúkavirkjun sem meira að segja öflugir hagfræðingar halda fram að komi aldrei til með að geta staðið undir sér eða skilað arði.

Ég vil koma inn á það, herra forseti, að fram undan eru afskaplega miklar breytingar á orkumarkaði á Íslandi. Hvaða hluti orkumarkaðar á Íslandi vex nú hraðast? Jú, orkusala til stóriðju. Hvaða skynsemi er í því, herra forseti, að 88% af raforkuframleiðslu Landsvirkjunar verði eftir Kárahnjúkavirkjun seld til stóriðjufyrirtækja? Að mínu mati er ekkert vit í því, herra forseti. Það hefði verið gaman að fá hér einhver skoðanaskipti um svona mál og þau eiga sennilega eftir að fara fram þegar frv. til raforkulaga verður lagt fyrir síðar á þessu þingi.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að réttlæta áfram þá leynd sem hvílir yfir orkusölusamningum Landsvirkjunar? Það er deginum ljósara, reiknað út frá upplýsingum sem Landsvirkjun sjálf hefur gefið, að orkuverð frá áformaðri Kárahnjúkavirkjun þarf að vera langt yfir 3 kr. á kílóvattstundina til að virkjunin geti staðið undir þeim kröfum sem Landsvirkjun gerir til arðsemi hennar. Hvernig verður hægt að fá það verð á meðan önnur sala Landsvirkjunar til stóriðju gefur 1,20 kr. á kílóvattstund eða kannski 1,50 kr. þegar allra hæsta verð er nefnt?

Á ekki að skýra það fyrir þjóðinni hvers vegna stofnkostnaður við áform Kárahnjúkavirkjunar hefur lækkað um heila 30 milljarða frá því að áformin voru fyrst kynnt og þangað til síðustu tölur Landsvirkjunar voru lagðar á borðið í vinnunni við kæruferlið í umhvrn? Hvaða skýringar eru gefnar á því að upphaflegar áætlanir um stofnkostnað virkjunarinnar voru 90 milljarðar áður en krónan tók að falla gagnvart dollar, meðan bandaríkjadollar var um 85 kr., og síðan þegar dollarinn fór yfir 100 kr. hækkuðu tölurnar eðlilega upp í 110 milljarða og enginn neitaði því en núna þegar málið er komið í gegnum hendurnar á umhvrh. virðist stofnkostnaður við virkjunina hafa lækkað um 30 milljarða eða í 80 milljarða kr.? Hvað er hér á seyði? Hvers vegna fáum við engin svör? Ber ekki ríkisstjórnin ábyrgð á sameiginlegum fjármunum okkar í þessum efnum og þarf hún ekki að standa eigendunum, þjóðinni, einhver reikningsskil? Meðal annarra orða, á ekkert að upplýsa eiganda Landsvirkjunar, þjóðina, um það hvers vegna arðsemiskrafa eigin fjár fyrirtækisins er alla jafna 6% en í tilfelli Kárahnjúkavirkjunar er áætlað að 14% arður fáist af eigin fé í virkjuninni? Hverju sætir?

Herra forseti. Í lok máls míns get ég ekki látið hjá líða að fara örfáum orðum um afstöðu Samfylkingarinnar í umræðunni. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir áttu í einhverjum erfiðleikum með að réttlæta hvers vegna þau töldu sig ekki geta stutt þá tillögu sem hér er til umfjöllunar eða séð hana í réttu ljósi.

Eftir því sem skilja mátti á ræðum þeirra er skýringin sú að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þá sérstaklega sú sem hér talar, hafa ekki lýst yfir stuðningi við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á nokkrum undangengnum þingum. Ég verð að játa það, herra forseti, að mér líkar ekki sú aðferð þingmannanna að ætla að stilla málum upp með þessum hætti en úr því að þau kjósa að gera svo þá má auðvitað koma hér fram að hvorki hv. þm. Össur Skarphéðinsson né hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafa nokkuð verið að ómaka sig í ræðustól þegar hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram mál um stofnun Snæfellsþjóðgarðs, um tilnefningu Eyjabakkasvæðisins inn á skrá Ramsar-samningsins, um tillögu okkar um breytingu á vatnalögum eða stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, en mér dettur hins vegar ekki í hug að erfa það við þau núna eða núa því þeim um nasir eða draga þá ályktun að þar með séu þau á móti umræddum tillögum. Ég læt mér nægja að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að það skyldi ekki fá meiri hljómgrunn í hópi þingmanna Samfylkingarinnar að hér skuli vera á borðinu tillaga um að þjóðinni gefist kostur á að greiða atkvæði um Kárahnjúkavirkjun.

[19:29]

Ólafur Björnsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn, segir í 1. gr. stjórnarskrárinnar. Hv. þm. flutti hér langa og mikla ræðu um væntanlega Kárahnjúkavirkjun en mér fannst hún ekki rökstyðja neitt sérstaklega hvers vegna þurfi þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál frekar en önnur mál. Mér finnst í þeim umræðum sem hafa farið fram ekki enn hafa verið rökstutt hvers vegna við ættum að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu í stórum og miklum málum. Við höfum ekki gert það fram að þessu. Við höfum haldið okkur við fulltrúalýðræðið og ég tel að það gefist okkur best. Við réðum varla við að þurfa að fara í þjóðaratkvæðagreiðslur í tíma og ótíma og mér finnst hv. þm. ekki hafa fært sannfærandi rök fyrir því að þess þurfi núna.

[19:30]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rökin hafa auðvitað komið fram í ræðum mínum. Þau eru að um þetta mál eru gífurlegar deilur meðal þjóðarinnar. Hér er verið að taka óafturkræfar ákvarðanir sem varða farmtíðarheill þessarar þjóðar og komandi kynslóða ekki síður en þeirrar kynslóðar sem nú er við völd.

Allar þær umræður sem farið hafa fram í samfélaginu um þessi áform sýna að hér er verið að slíta þjóðina í sundur. Það sýndi sig við umræðuna um Fljótsdalsvirkjun sem ekkert varð síðan af. Sú virkjunarframkvæmd var eingöngu látin víkja fyrir enn stærri áformum. Ef umræðan um Fljótsdalsvirkjun gaf tilefni til að spyrja þjóðina þá gefur umræðan

um Kárahnjúkavirkjun ekki síður tilefni til þess heldur miklu frekar.

[19:31]

Ólafur Björnsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta mál hafi þróast þannig að farið hafi verið að lögum í málinu. Allir hafa fengið að koma sínum sjónarmiðum að. Málið hefur farið í lögformlegt umhverfismat og verið farið eftir þeim lögum sem gilda um þessar stóru og miklu framkvæmdir. Ég tel að það hafi út af fyrir sig alveg legið fyrir í síðustu kosningum hvaða stjórnmálaflokkar voru á þeirri skoðun að nýta ætti fallvötnin og hverjir voru á móti. Sú þjóðaratkvæðagreiðsla gildir, það eru kosningar og eftir þeim lýðræðislegu leikreglum verður að fara.

[19:32]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á það að Kárahnjúkavirkjun var ekki á framkvæmdaáætlun við síðustu alþingiskosningar. Þeim mun meiri ástæða er til þegar ljóst er að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að setja þessa stórvirkjun á dagskrá og leiða hana til lykta, afgreiða það mál að hún fari í framkvæmd á einu kjörtímabili. Það er í sjálfu sér allt of stór ákvörðun til að hægt sé að sætta sig við hana. Hún lýsir ákveðnu gerræði og skilningsleysi á þingræðinu, á lýðræðinu. Auðvitað á fólk að fá að tjá sig um svona stór áform í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er sjálfsagt mál. Við fengum ekki tækifæri til þess í síðustu alþingiskosningum. Nú er tækifæri og þess vegna skora ég á hv. alþm. að veita þessari tillögu brautargengi.

[19:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og okkur er kunnugt hefur þessi tillaga vakið athygli á Austurlandi vegna þess að Austfirðingar skilja það vel að með henni er verið að reyna að slá á frest þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru við Kárahnjúka. Þess vegna er mjög athyglisvert ef niðurstaðan af umræðunum verður sú, hjá þeim sem flytja málið, að þeir hafi engar hugmyndir uppi um hvaða atvinnurekstur geti komið í staðinn fyrir Kárahnjúkavirkjun og hvaða atvinnurekstur getur komið í staðinn fyrir álver við Reyðarfjörð.

Hv. 17. þm. Reykv., Kolbrún Halldórsdóttir, stóð upp áðan í andsvari við mig og hafði að fyrra bragði orð á því að hún hefði einhverjar slíkar tillögur uppi í erminni. Ég hef beðið hv. þm. og alla þingmenn Vinstri grænna sem talað hafa að skýra frá tillögunum en þær virðast ekki vera til.

[19:34]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún er orðin fyndin, þráhyggjan í hv. 1. þm. Norðurl. e. Ég bendi honum á að það er ekki rétt hjá honum að allir Austfirðingar séu fylgjandi þeim framkvæmdaáformum sem hér liggja á borðum. Ég vil bara benda honum á að það kemur í ljós í skoðanakönnunum, í þeirri skoðanakönnun sem hefur verið hvað ítarlegust af þeim sem gerðar hafa verið og gerð var af fyrirtækinu PriceWaterhouse Coopers í sl. ágúst, að tæp 20% Austfirðinga eru mótfallin því að farið verði út í þessar aðgerðir. Það fólk er sammála því sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til, að atvinnuuppbygging á svæðinu fari fram með öðrum og umhverfisvænni hætti en ríkisstjórnin hefur haft döngun í sér til að skoða. Hv. þm. getur lesið um ótal hugmyndir sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til, nú síðast í þingmáli um sérstakt atvinnuátak á Austurlandi.

[19:36]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það vantar ekki að Vinstri grænir hafi uppi hugmyndir. Þegar vel stendur á tala þeir gjarnan um rammaáætlanir og heildarsýn og eru með því að reyna að drepa málinu á dreif. En upp úr stendur að þessi þingflokkur hefur ekki lagt neitt það til atvinnumála sem mark er á takandi þegar við erum að tala um málefni dreifbýlis og landsbyggðarinnar. Þeir hafa þvert á móti snúist gegn flestu því sem til framfara hefur horft eða er stórt í sniðum. Menn verða auðvitað að ráða því sjálfir hvort þeir horfa til fjalla eða ekki í þessum skilningi. Því miður gerir Vinstri hreyfingin – grænt framboð það ekki.

[19:36]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tali nú hver fyrir sig. En ég spyr hv. þm.: Er Vinstri hreyfingin – grænt framboð í ríkisstjórn? Hver er ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokkanna á því að það er engin hugmynd sem verið er að vinna að varðandi atvinnuuppbyggingu í fjórðungnum nema þessi stóriðjuhugmynd sem hæstv. ríkisstjórn veit ekkert hvort getur orðið af. Hér er um stærstu ríkisframkvæmd sem farið hefur á teikniborðið að ræða. Ekki eru menn að segja að þessi virkjun eigi að vera reist sem einhvers konar einkaframtak. Nei, við eigum að borga þessa virkjun með rafmagnsreikningunum okkar.

Hæstv. ríkisstjórn sér ekkert annað heldur en þessa virkjun og þetta álver og hefur engar aðrar hugmyndir varðandi atvinnuuppbyggingu í fjórðungnum og það er annað en Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur sagt. Hún hefur lagt fram ítarlegar og öflugar tillögur með miklum hugmyndum sem allar geta staðið (**ArnbS:** Hverjar eru þær?) og ætti ríkisstjórnin að taka sér Vinstri hreyfinguna – grænt framboð til fyrirmyndar hvað það varðar.

[19:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. vísar gjarnan í að bíða þurfi eftir rammaáætlun. Hvað á að gera þegar hv. þm. verður ekki sáttur við niðurstöðu rammaáætlunar? Hver verður tillaga Vinstri grænna um að tefja framkvæmdir, koma í veg fyrir nýtingu orkuauðlinda þegar að því kemur? Það væri gaman að heyra hver er næsta tillaga þeirra um að tefja mál.

Hv. þm. nefnir verðgildi lands. Ég spyr hv. þm.: Hvert er verðgildi þeirrar landeyðingarstefnu sem Vinstri grænir vilja viðhafa, landeyðingarstefnu á Austurlandi? Það væri gott að fá svör við því hvert verðgildi þeirrar landeyðingarstefnu er.

[19:39]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hirði ekki um að svara útúrsnúningum hv. þm. Mér er þó sérstök ánægja að segja frá því að það eru fleiri áætlanir en rammaáætlunin sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að séu gerðar. Við viljum líka að gerð verði orkunýtingaráætlun áður en við tökum ákvörðun um að selja allt þetta rafmagn til stóriðju. Gerir hv. þm. sér grein fyrir því hversu mikið rafmagn er hér um að ræða? Það skagar hátt í allt það rafmagn sem við framleiðum núna til allra okkar þarfa, þar með taldrar þeirrar stóriðju sem starfrækt er í landinu.

Við viljum líka stefnumótun í framtíðarskipan orkumála. Hvað erum við að tala um varðandi vetnissamfélag? Meinar ríkisstjórnin ekkert í því efni? Haldið þið að það þurfi ekkert rafmagn, hv. þingmenn, til þess að búa til vetni á Íslandi? Hvað ætla þingmenn að gera, herra forseti, þegar orkulindir okkar eru allar farnar í álbræðslur? Mér skilst að nú séu áform uppi um það að fara að bræða yfir milljón tonn af áli á ári á Íslandi. Það þarf ekki lítið rafmagn í það.

[19:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom sem sagt í ljós að þingmaðurinn lumar á fleiri tillögum til að tefja málið. Það var gott að það kom fram í umræðunni. (Gripið fram í.) Það er gott að draga það fram í dagsljósið.

Hún svaraði ekki hvað landeyðingarstefna Vinstri grænna kostaði. Það er merkilegt til þess að vita að það má ekkert gera á Austurlandi. Mér er minnisstætt er við vorum að ræða fjárlagatillögur þessa árs að hv. þm. sá sérstaka ástæðu til að koma upp í ræðustól til þess að leggjast gegn framlögum til menningarmála á landsbyggðinni. Er þetta ekki það sem hægt væri að kalla landeyðingarstefnu? Það má ekki stunda atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, ekki stunda menningarstarsemi á landsbyggðinni. Hvað má gera, hv. þm., á landsbyggðinni? Það væri gott að fá fram einhverjar tillögur frá hv. þm. um annað en að leggja landsbyggðina í auðn.

[19:41]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sumu er ekki hægt að svara. Það er ekki stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að leggja landsbyggðina í auðn. Það er ósanngjarnt af hv. þm. að beita málflutningi af þessu tagi úr ræðustól. Það er hins vegar stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að vinna þannig að málum að langtímaáætlanir séu gerðar um svo stórar ákvarðanir sem þá sem hér liggur fyrir. Þá erum við að tala um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma með flokkun virkjunarkosta, endanlega rammaáætlun, stefnumótun um framtíðarskipan orkumála og áætlun um orkunýtingu til lengri tíma. Samkvæmt skilmálum Ríó-yfirlýsingarinnar eru stjórnvöld bundin af því að gera slíkar áætlanir áður en þau taka svona stórar ákvarðanir.

Það skiptir máli að þjóðin fái að heyra ólík sjónarmið í þessu máli og það skiptir máli að þjóðin finni það að hún megi tjá sig um þessi mál og hv. þm. séu ekki með yfirlýsingar af því tagi sem hér hefur gerst og eru þeim ekki sæmandi, herra forseti.

[19:42]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá ágæti maður, Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðarbyggð, komst ágætlega að orði er hann sagði að fólki fyrir austan gremdist að sjálfsögðu þegar sumir stjórnmálamenn hefðu meiri áhyggjur af gróðri, gæsum og grjóti en af fólkinu sem býr fyrir austan. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talar mikið um verðmæti náttúrunnar, landsvæðisins, þarna fyrir austan. En hvað um mannauðinn? Finnst hv. þm. í lagi að fólk þurfi að hrökklast á brott af þessu svæði ef það mætti verða til þess að vernda ósnortna náttúru? Ég bara spyr.

[19:43]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er þess fullviss og það fólk sem starfar undir okkar merkjum, að það að stofna öflugan þjóðgarð á þessu svæði og efla ferðaþjónustu til muna komi til með að efla mannlíf á þessu svæði. Þess vegna höfum við lagt það til í ræðum okkar að þar verði stofnaður stærsti þjóðgarður Evrópu, þjóðgarður elds og ísa. Við erum sannfærð um að slíkur þjóðgarður færi ekki bara Austfirðingum heldur þjóðinni allri gæfu og auki hag hennar um langa framtíð. (**ArnbS:** Hvað lifa margir af þjóðgarðinum í Skaftafelli?) (**HBl:** Hvernig gengur hótelreksturinn í Skaftafelli?) Ég trúi því, herra forseti, að okkur lánist frekar að hafa öflugan þjóðgarð á þessu svæði ef við setjum ekki af stað þá virkjun sem hér er til umræðu fremur en við förum að búa til málamyndaþjóðgarð sem er skorinn sundur þvers og kruss af einhverjum gífurlegum virkjunarmannvirkjum, skurðum, stíflum og því um líku.

[19:44]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Miklar breytingar hafa orðið í atvinnulífi landans á undanförnum árum. Á Austurlandi hefur orðið 25% samdráttur í störfum í sjávarútvegi og 40% fækkun starfa í landbúnaði. Einhæfni í atvinnulífinu er ástæðan sem flestir nefna fyrir flutningi af landsbyggðinni. „Eitthvað annað"-atvinnustefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs virkar ekki traustvekjandi, hvorki fyrir Austfirðinga né aðra. Ég spyr: Hvað telur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir að margir geti unnið í þjóðgarði? (**SJS:** Hverjir bera ábyrgð á ástandinu eins og það er?)

[19:45]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að minna á að hv. þm. er hluti af stjórnarþingmönnum. Það eru ekki þingmenn stjórnarandstöðunnar sem eiga að standa reikningsskil vegna mislukkaðrar byggðastefnu ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. verður að spyrja rétt fólk, þ.e. ríkisstjórnina, um hvað hafi mislukkast og hætta því sem aðrir stjórnarliðar hafa lagt í vana sinn, að ætla stjórnarandstöðunni eilíflega að koma með einhverjar hugmyndir sem bæta mundu úr klúðri ríkjandi stjórnvalda. (Gripið fram í.) Kaupin gerast bara ekki þannig á eyrinni.

Sannleikurinn er sá, herra forseti, að þjóðin á þetta land og þjóðin á heimtingu á að fá að segja sína skoðun en láta ekki ríkisstjórnina í þessu gönuhlaupi sínu fórna stærsta ósnortna víðerninu sem við eigum eftir. Við erum ábyrg gagnvart heimsbyggðinni að halda utan um þetta land, ekki bara gagnvart þjóð okkar. Það er hroki af hæstv. ríkisstjórn að ætla sér að fara með það eins og í stefnir. Ég held að stjórnarliðar hér á Alþingi ættu að þakka fyrir umræður af því tagi sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð býður upp á með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:47]

Útbýting þingskjals:

Strandsiglingar, 466. mál, þáltill. JB o.fl., þskj. 747.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. HjÁ og VE, 140. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 140.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og SJóh, 232. mál. — Þskj. 259.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–11. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 19:48.

---

70. FUNDUR

miðvikudaginn 6. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 371. mál, þskj. 573. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kirkju- og manntalsbækur, stjfrv., 372. mál, þskj. 574. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), stjfrv., 427. mál, þskj. 687. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Kirkjubyggingasjóður, stjfrv., 428. mál, þskj. 688. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 333. mál, þskj. 424. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 266. mál, þskj. 311. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, þáltill., 389. mál, þskj. 645. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Umferðarlög, frv., 140. mál, þskj. 140. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Flutningur jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, þáltill., 232. mál, þskj. 259. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Afturköllun þingmáls.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Hér með kalla ég fyrirspurn mína aftur sem flutt er á þskj. 660 og fjallar um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Kristján L. Möller."

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Áhugamannahnefaleikar, 39. mál, þskj. 748.

Álver á Reyðarfirði, 471. mál, fsp. GunnS, þskj. 753.

Fjárveitingar til jarðgangagerðar, 408. mál, svar samgrh., þskj. 733.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 473. mál, fsp. KLM, þskj. 755.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 474. mál, fsp. KLM, þskj. 756.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 475. mál, fsp. KLM, þskj. 757.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 476. mál, fsp. KLM, þskj. 758.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 477. mál, fsp. KLM, þskj. 759.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 478. mál, fsp. KLM, þskj. 760.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 479. mál, fsp. KLM, þskj. 761.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 480. mál, fsp. KLM, þskj. 762.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 481. mál, fsp. KLM, þskj. 763.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 482. mál, fsp. KLM, þskj. 764.

Innra eftirlit heilbrigðisþjónustu, 465. mál, þáltill. GunnS o.fl., þskj. 746.

Réttarstaða Byrgisins í Rockville á Miðnesheiði, 472. mál, fsp. KPál, þskj. 754.

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar, 467. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 749.

Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar, 468. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 750.

Stefnumótun í öryggis- og varnarmálum, 470. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 752.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin, 469. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 751.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framhald umræðu um skýrslu um byggðamál.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hinn 11. des. sl. hófst hér á Alþingi umræða um byggðamál, um Byggðastofnun og framgang byggðaáætlunar, og flutt var munnleg skýrsla hæstv. iðn.- og viðskrh., ráðherra byggðamála. Þessi umræða fór fram samkvæmt ákvæðum 13. gr. laga um Byggðastofnun.

Þegar umræðunni var frestað fyrir jól á síðasta ári voru a.m.k. 10 manns á mælendaskrá og þar á meðal sá sem hér talar. Ég leyfi mér því, herra forseti, að inna hæstv. forseta eða hæstv. ráðherra byggðamála eftir því hvenær menn hafi hugsað sér að halda þessari umræðu um byggðamál áfram og ljúka henni. Ég leyfi mér að segja, herra forseti, að oft var þörf en nú er nauðsyn eins og ástandið er í byggðamálum.

Staðan er í hnotskurn sú að það er engin byggðaáætlun í gildi. Hún er útrunnin. Byggðastofnun er óstarfhæf samkvæmt fréttum fjölmiðla og þar er ekki hægt að funda, reglulegir fundir falla niður vegna ástands mála þar á bæ. Staðan er sú að atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni, þessir veiku sprotar sem þar eru til að reyna að byggja upp

nýsköpun í atvinnumálum, starfa án samninga og lifa frá degi til dags í fullkominni óvissu um hvað þeirra bíður, og hefur verið svo um margra mánaða skeið. Staðan er sú, herra forseti, að áfram heldur þungur straumur fólks af landsbyggðinni. Ef tekinn er meðaltalsfjöldi brottfluttra umfram aðflutta á landsbyggðinni sl. sex ár, sex ár Framsfl. í ríkisstjórn, frá 1. sept. 1995 til 1. sept. 2001, hafa 8.160 manns flutt af landsbyggðinni. Það gerir 1.360 manns á hverju ári sem Framsfl. hefur verið í ríkisstjórn þannig að það er mál að linni, herra forseti, og það veitir ekki af að Alþingi geri þó a.m.k. það að ljúka sinni lögbundnu umfjöllun um byggðamál sem átti að fara fram fyrir áramót en var þá frestað og enn bólar ekkert á. Ég spyr um þetta, herra forseti. Hvenær er þess að vænta að umræðan fari fram?

[13:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þar sem fyrirspurn var beint til mín um það hvenær framhaldsumræða yrði um byggðamál vil ég að það komi fram sem er nauðsynlegt að á fundi sem ég átti með formönnum allra þingflokka um það hvaða mál yrðu tekin fyrir í þessari viku var ákveðið að taka stjfrv. eftir því sem ynnist en reyna jafnframt að koma á dagskrá málum sem þingmenn höfðu flutt. Var um þetta algjört samkomulag á fundinum en ekki kom til álita þar sem enginn nefndi það að ræða þær skýrslur sem ekki hefur tekist að ljúka umræðum um, þ.e. skýrslu um byggðamál og skýrslu um Ríkisendurskoðun. Sjálfsagt er að taka þetta mál upp við formenn þingflokka þegar ég ræði við þá um þau mál sem tekin skulu fyrir í næstu viku.

[13:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel alveg eðlilegt að hv. þm. grennslist um þessi mál, bæði hvað varðar umræðuna um Byggðastofnun og eins byggðaáætlun þar sem það er rétt sem kom fram hjá honum að byggðaáætlun sú sem hefur verið unnið eftir hefur ekki lengur gildi. Það er mikilvægt að Alþingi samþykki nýja byggðaáætlun sem allra fyrst. Ég reikna með að alveg á næstu dögum verði málið afgreitt frá ríkisstjórn til þingflokka stjórnarflokkanna þannig að það styttist þá í að Alþingi geti tekið fyrir nýja byggðaáætlun. Ég ætla ekkert að fara efnislega út í það hvernig hún er orðuð.

En af því að hv. þm. talaði um byggðaþróun í landinu, þá var eðlilegt að hann færi nokkuð mörg ár aftur í tímann í þeirri umræðu vegna þess að byggðaþróunin hefur verið að breytast núna síðustu árin. Það er miklu færra fólk sem flytur af landsbyggðinni í dag en það hentar ágætlega fyrir hann að taka dálítið mörg ár. Það er rétt að fyrr á árum voru þetta milli 1.500 og 1.800 manns fleiri sem fluttu frá landsbyggðinni heldur en til landsbyggðarinnar. Núna er ástandið orðið miklu skárra þótt auðvitað séu svæðisbundin vandamál.

En fyrst hv. þm. var að taka þetta mörg ár finnst mér að það hefði kannski verið eðlilegt að hann liti til þess tímabils þegar hann sat sjálfur í ríkisstjórn og áttaði sig á því hvort ástandið var ekki mjög gott þá, eða hitt þó heldur.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. forseta að þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa lagt á það ríka áherslu að þingmannamál og ekki síst úr stjórnarandstöðu verði tekin hér til umfjöllunar á þingi.

Hinu hafa þeir ekki ráðið að ríkisstjórnin og stjórn þingsins hefur jafnan sett í forgang þau mál sem koma frá ríkisstjórninni og að sjálfsögðu ber ríkisstjórninni að svara fyrir stefnu sína í byggðamálum og það er samkvæmt lögum sem fjallað er um Byggðastofnun og framvindu byggðaáætlunar. Og það er ófært að þeirri umræðu sem fram fór í fyrri hluta desembermánaðar skuli hafa verið frestað fram á þennan dag og ekki fyrirséð hvenær hún verður tekin aftur á dagskrá. Eins og hér hefur verið upplýst voru 10 manns á mælendaskrá þegar umræðunni var frestað.

Hér á Alþingi hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs beitt sér fyrir umræðu um byggðamál. En það er ekki nóg að við höfum skýra stefnu í byggðamálum. Það er ríkisstjórnarinnar að sjálfsögðu að svara fyrir þá stefnu sem hér hefur verið birt og hér hefur verið rekin með þeim afleiðingum sem allir þekkja, því miður.

[13:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég sé ástæðu til þess vegna ummæla hv. alþm. að ítreka það sem ég áður sagði að ég hef haft samráð við formenn þingflokka um dagskrána og um leið og beiðni kemur fram um það að ... (**ÖJ:** Ekki um stjórnarmálin.) Ég hélt í sakleysi mínu og vegna þess að ég er ekki þingreyndur maður að hv. þingmenn væru svo háttvísir að þeir gripu ekki fram í fyrir forseta þingsins þegar hann er að tala við þá. (**ÖJ:** Það þekkir hann alla vega, háttvísina, hæstv. forseti.) (**MS:** ... víta manninn.) (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Þó fyrr hefði verið.)

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv., sagði við forseta: „Það þekkir ...“ (**ÖJ:** Hann þekkir háttvísina, hæstv. forseti.) „Hann þekkir háttvísina, hæstv. forseti.“ — Þetta er vítavert.

Ég hef svarað því sem ég sagði. Ég hef haft samráð við formenn þingflokka um það hvaða mál skuli tekin á dagskrá og ég hef þegar sagt hv. 3. þm. Norðurl. e. að sjálfsagt er að taka þetta mál fyrir, skýrslu byggðaráðherra, halda áfram umræðum um hana, sjálfsagt alveg.

[13:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir með málshefjanda með athugasemdir til þingsins og stjórnar þess og til ríkisstjórnarinnar um meðferð á málaflokknum um byggðamál. Ég minnist þess að hinn 26. apríl sl. voru byggðamál til umræðu. Þá sagði hæstv. byggðamálaráðherra, með leyfi forseta:

„Eins og ég sagði áðan vænti ég þess að geta lagt skýrslu Byggðastofnunar um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar fyrir Alþingi sem fyrst þannig að þinginu gefist kostur á því að ræða áherslur sínar í byggðamálum um það leyti sem vinna við mótun nýrrar byggðaáætlunar fer af stað. Skýrslan mun hafa verið afgreidd á stjórnarfundi Byggðastofnunar í gær [þ.e. 25. apríl sl.] og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hægt verði að dreifa henni í þinginu á næstu dögum.“

Þetta sagði hæstv. iðn.- og viðskrh. í umræðu 26. apríl sl. Síðan er ekkert rætt um byggðamál fyrr en 11. des. sl. en þá er skýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 2000 til umræðu, og þeirri umræðu er ekki einu sinni lokið þá heldur frestað. Í umræðum þá sagði hæstv. iðn.- og viðskrh. sem fer með byggðamál, með leyfi forseta:

„Byggðastefna er, ef svo má að orði komast, stærsta skipulagsmál íslensku þjóðarinnar og það er því brýnt að að mótun hennar komi breiður hópur fólks og um hana náist

sem mest samstaða í þjóðfélaginu. Vinnu verkefnisstjórnarinnar er að ljúka. Ég vænti þess að geta lagt tillögur að nýrri byggðaáætlun fyrir Alþingi á allra næstu vikum." Þetta var í desember á sl. ári.

Herra forseti. Við afgreiðslu fjárlaga í haust var og kveðið á um að ekki væri hægt að ákveða fjármagn fyrr en byggðaáætlun væri lokið.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var ekki ætlun mín með þessari saklausu fyrirspurn um tilhögun starfa hér að raska ró forseta eða valda uppnámi á þingi að óðru leyti. Ég var ósköp einfaldlega að inna eftir því sem mér finnst fullkomlega réttmætt, hvort ekki ætti sem fyrst að halda áfram þeirri umræðu sem hér var hafin fyrir áramót um byggðamál. Ég var líka að rökstyðja, herra forseti, að það væri ærin ástæða til að Alþingi léti þessi mál til sín taka. Ætli mönnum finnist það ekki hið minnsta úti í hinum dreifðu byggðum þar sem menn eiga víða í vök að verjast að þessi mál séu ekki afgangsstærð á dagskrá Alþingis, séu hornreka og víki stanslaust fyrir öðrum hlutum.

Nú hafa þingstörfin verið með þeim hætti undanfarna daga frá því að þing kom saman að það hefur ekki verið neitt sérstakt annríki. Ég leyfði mér þess vegna að vekja athygli á því af því að mig var farið að lengja eftir því að þessari umræðu yrði fram haldið.

Ég ætlaði að nota annað og betra tækifæri til að ræða við hæstv. byggðamálaráðherra um sagnfræðina í þessum efnum en ég er þess albúinn ef hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, vill rifja upp þann tíma sem Framsfl. fór með byggðamál í ráðuneyti Steingríms Hermannssonar frá 1988–1991 eins og hann hefur nú gert aftur um skeið. Það er guðvelkomið. Það er að vísu alveg hárrétt að það voru erfið ár í atvinnulífi, alveg sérstaklega landsbyggðarinnar. Sú ríkisstjórn sem tók við völdum haustið 1988 tók, eins og kunnugt er, við miklu þrotabúi og útflutningsatvinnugreinarnar voru að stöðvast þannig að það bitnaði að sjálfsögðu á landsbyggðinni, ekki síður en öðrum, en það tókst, m.a. með aðgerðum þeirrar stjórnar, að snúa því við og í hönd fóru skárri ár í byggðamálum en allt of fá. Síðan hefur sigið mjög á ógæfuhliðina og sl. 6–8 ár hafa verið með þeim ljótustu sem við höfum nokkurn tíma séð í okkar sögu. Þar ber Framsfl. mikla ábyrgð því hann fór í ríkisstjórn á miðju ári 1995 og situr þar enn, því miður.

[13:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég sé að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa farið í mikla söguskoðun. Miðað við það að ég hafi sagt í desember að byggðaáætlun kæmi á næstu vikum þá sýnist mér að ég geti enn staðið við það því hún kemur svo sannarlega á næstu dögum og því ekki eru liðnar margar vikur frá því í desember.

Ég ætla að gleðja hv. þm. með því, ef þeir hafa ekki orðið varir við það í fréttaflutningi í dag, að stærsta byggðamálið er að koma inn í þingið, sem er Kárahnjúkavirkjun, núna alveg á næstu dögum. Ég vænti þess að þeir taki vel undir það mál þar sem það mun verða til þess að fólki fjölgar mjög á Austurlandi. (**SJS:** Og Vestfjörðum?) Ég veit að það eru rök þeirra í því máli að það fjölgi ekki fólki á Vestfjörðum, en horft er fram hjá því að fólki mun fjölga um þúsundir á Austurlandi. Ég vonast til þess að ég eigi stuðning þeirra í því mikilvæga byggðamáli.

[13:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það sem hæstv. forseti sagði hér um samráð við þingflokksformenn er út af fyrir sig rétt. En ég hef litið á það sem sérstakt hlutverk forseta að sjá til þess að umræðum ljúki hér og að reyna að koma málum á dagskrá með þeim hætti að þeim ljúki. Það er ekki til fyrirmyndar sem hefur gerst hér að umræðum um ýmis mál á Alþingi hefur ekki verið lokið þegar það fer heim. Forseti ætti að hafa alveg sérstakar áhyggjur af því ef menn klára ekki þá vinnu sem hefur þó verið hafin við hvert mál fyrir sig.

Ég hef hins vegar ekki í hyggju að kvarta yfir því að hér hafi ekki verið umræður um byggðamál. Það var nú verið að ræða byggðamál í gær t.d., þáltill. um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem hv. þm. Kristján Möller flytur. Her urðu umræður um það. Hér voru töluverðar byggðamálaumræður um tillögu Vinstri grænna um sérstakt þing. Ekki er langt síðan sú tilaga var hér til umræðu. Mér sýnist á öllu að býsna miklar umræður muni verða um byggðamál í tengslum við mál sem hæstv. ráðherra var að nefna hér áðan.

Menn fá því að tala og tala eins og þeir hafa talað og talað um byggðamál á undanförnum árum. Hvort árangurinn verður mikill er ekki gott að segja. Það hefur a.m.k. ekki orðið fram að þessu, því miður.

Mér finnst ástæða til þess að nefna það til viðbótar, þó að ég hafi ekki kvatt mér hljóðs til þess að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta, að ég tel ástæðulaust að gera athugasemd við orð þingmanns í frammíkalli hér áðan, sem hann gerði.

[13:49]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það hefur verið mjög gott samstarf við þingflokksformenn af hálfu forseta um þingstörfin á undanförnum vikum. Það var auðvitað verið að leggja áherslu á það í þessari viku og þeirri síðustu að koma að sem flestum þingmannamálum og ég veit ekki annað en að þingmenn hafi verið mjög ánægðir með þá skipan.

Því hefur ekki verið hreyft á fundum með þingflokksformönnum að taka fyrir eða klára umræðuna um skýrslu Byggðastofnunar, en forseti tók að sjálfsögðu mjög jákvætt í það. Ég sé þá ekki að menn þurfi að hafa neinar áhyggjur af því, að skýrslan og umræðan um hana verði kláruð sem allra fyrst.

Útlendingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál (dreifing ösku, kirkjugarðaráð o.fl.). — Þskj. 573.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kirkju- og manntalsbækur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (kostnaður). — Þskj. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), frh. 1. umr.

Stjfrv., 427. mál. — Þskj. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kirkjubyggingasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 424.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 266. mál. — Þskj. 311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Átraskanir, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 337. mál. — Þskj. 436.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 389. mál. — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ og VE, 140. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Flutningur jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og SJóh, 232. mál. — Þskj. 259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:57.

---

71. FUNDUR

miðvikudaginn 6. febr.,
að loknum 70. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Fríverslunarsamningur við Kanada, fsp. RG, 273. mál, þskj. 323.

Til sjávarútvegsráðherra:

2. Hvalir, fsp. GunnB, 258. mál, þskj. 303.
3. Kynning á málstað Íslands í hvalveiðimálum, fsp. MS, 324. mál, þskj. 411.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Einkarekstur göngudeildar við Landspítala – háskólasjúkrahús, fsp. KPál, 303. mál, þskj. 373.

5. Þátttaka almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna á meðferðarstofnunum, fsp. ÁRJ, 399. mál, þskj. 656.

6. Bólusetning gegn barnasjúkdómum, fsp. JóhS, 420. mál, þskj. 680.

Til fjármálaráðherra:

7. Álagning skatta, fsp. PHB, 380. mál, þskj. 614.

8. Virðisaukaskattsskyldur reikningur, fsp. PHB, 381. mál, þskj. 615.

Til viðskiptaráðherra:

9. Innheimtulög, fsp. JóhS, 394. mál, þskj. 651.

Til iðnaðarráðherra:

10. Aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins, fsp. SvanJ, 400. mál, þskj. 657.

Til félagsmálaráðherra:

11. Ferðakostnaður foreldra barna á meðferðarstofnunum, fsp. ÁRJ, 398. mál, þskj. 655.

12. Fjárhagsstaða sveitarfélaga, fsp. SJS, 413. mál, þskj. 672.

Til samgönguráðherra:

13. Ferjusiglingar Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, fsp. KPál og DrH, 409. mál, þskj. 668.

14. Val á skipi til að sinna áætlunarsiglingum Herjólfs tímabundið, fsp. ÍGP, 415. mál, þskj. 674.

15. Vegaframkvæmdir á Hellisheiði og í Þrengslum, fsp. ÓB, 432. mál, þskj. 695.

Athugasemdir um störf þingsins.

Bréf Verslunarráðs til viðskiptaráðherra um rannsókn Samkeppnisstofnunar á ólöglegu verðsamráði olíufélaganna.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Einhver undarlegasta uppákoma til margra ára átti sér stað í gær þegar Verslunarráðið hélt blaðamannafund og kynnti þá skoðun sína að leggja ætti niður þá rannsókn sem í gangi er gagnvart olíufélögunum í landinu, lagði bréflega til við viðskrh. að viðskrh. beitti sér fyrir að framkvæmd yrði skoðun á þessum aðgerðum, þ.e. leit í húsnæði olíufélaganna og hins vegar að málið yrði látið niður falla og það tekið upp á nýjum löglegum forsendum ef ástæða þætti til.

Virðulegur forseti. Um langt skeið hefur sá orðrómur verið á kreiki og margt bent til að um samráð hafi verið að ræða í þessum geira. Samkeppnisstofnun fór fram á það við dómstóla að fá heimild til að leita hjá olíufélögunum og það var samþykkt. Farið var nákvæmlega eftir þeim leikreglum sem settar eru í samfélaginu. Leitin fór fram undir eftirliti og yfirstjórn lögreglu nákvæmlega eins og á að gera þegar um leit er að ræða og kveðið er á um í lögum um meðferð opinberra mála. Hér er því á ferðinni að mínu viti einhver grímulausasta hagsmunagæsla sem um getur um langt skeið og það er með ólíkindum að þessi „litlu fyrirtæki", olíufélögin, skuli nú ekki treysta sér til að standa á eigin fótum heldur senda sérstakt hagsmunagæslufélag, Verslunarráðið, til þess að setja fram kröfu af þessum toga.

Ég vil því beina því til hæstv. viðskrh. hvort hún ætli virkilega að verða við þessu erindi því það er alveg ljóst að menn hafa öll tök á því ef menn vilja gera við þetta athugasemdir að leita til dómstóla, gera þá kröfu um að haldlagning gagna og annað slíkt sé ógilt o.s.frv. Hví eru gerðar kröfur um það að hæstv. viðskrh. sé knúin til að framkvæma ólögmætar aðgerðir, að taka fram fyrir hendurnar á dómstólum, að taka fram fyrir hendurnar á lögreglu og ljúka máli sem er í eðlilegri meðferð hjá réttum yfirvöldum?

[14:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég hef látið koma fram er verið að fara yfir það í iðn.- og viðskrn. hvort erindið sem barst frá Verslunarráði sé í raun málefni sem ástæða sé til þess að fjalla um í ráðuneytinu. Við höfum ekki lokið þeirri athugun. Meðan svo er get ég ekki svarað hv. þm. um hver niðurstaðan verður en ég reikna með því að það verði á morgun eða alveg á næstu dögum sem lögfræðilegri skoðun á þessu erindi lýkur. Auðvitað er ekki ætlun neins að knýja ráðuneytið eða ráðherra til aðgerða sem ekki standast lög og reglur. Það dettur mér ekki í hug. En málið er bara þannig vaxið að það þarf að fara yfir allar hliðar þess og að því er unnið.

[14:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Menn geta að sjálfsögðu haft mismunandi skoðanir á því hvernig Samkeppnisstofnun stóð að verki í aðgerðum sínum við að afla gagna frá olíufélögunum vegna meints verðsamráðs þeirra og enn á eftir að koma í ljós hvað út úr þeirri rannsókn kemur. Enginn hefur, mér vitanlega, sýnt fram á að þarna hafi verið farið öðruvísi fram en nákvæmlega samkvæmt þeim heimildum sem Samkeppnisstofnun hefur í lögum og með tilstyrk dómstóla. Gætu menn sýnt fram á annað þá væru þeir væntanlega búnir að gera það og búnir að krefjast réttar síns og til þess hafa þeir úrræði eins og hér kom fram hjá hv. málshefjanda.

Ég vara mjög við því ef hæstv. ráðherra færi að verða við kröfum þrýstiaðila utan úr bæ og leggja stein í götu rannsóknar Samkeppnisstofnunar. Það væri afar varhugavert fordæmi hvað sem út úr þessari rannsókn sem slíkri kemur. Ég minni á að þær heimildir sem Samkeppnisstofnun að íslenskum lögum hefur til þess að heimsækja fyrirtæki, afla gagna o.s.frv. eru nákvæmlega sambærilegar við það sem aðrar sambærilegar eftirlitsstofnanir hafa í öðrum löndum og sem eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins t.d. hefur á öllu svæðinu. Þannig hlýtur það auðvitað að vera því ef þessar stofnanir hafa ekki möguleika á því að fylgja eftir rökstuddum grunsemdum um að eitthvað fari miður í viðskiptalífinu þá væru þær gagnslausar, ónýtar. Það væri afar varhugavert að skapa það fordæmi í fyrsta skipti sem Samkeppnisstofnunin á Íslandi fer út í viðamikla aðgerð af þessu tagi hvort sem þær grunsemdir sem lágu til grundvallar aðgerðunum reynast á rökum reistar eða ekki. Það á að halda því algerlega aðskildu. Það sem þetta mál snýst um er hvort Samkeppnisstofnun hafi ekki í þessu tilviki starfað samkvæmt lögum og ef svo er þá á hún að fá að ljúka rannsókn sinni í friði.

[14:04]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Mér dettur ekki í hug eitt andartak að hæstv. viðskrh. meira en íhugi að verða við hinum fráleitu tilmælum Verslunarráðs í þessum efnum. Upp er kveðinn úrskurður af hálfu dómstóla. Samkeppnisstofnun fer að lögum, framkvæmir þá húsleit sem um ræðir. Hver er vandi málsins?

Málið er í eðlilegri meðferð og auðvitað bíða menn niðurstöðu í því. Maður veltir fyrir sér hvað sé að óttast. Hvað er verið að fela? Hvað kemur Verslunarráðinu til að óska þess að öllum gögnum verði skilað tafarlaust? Hvað kemur til að Verslunarráðið krefst þess af framkvæmdarvaldinu að það grípi inn í lögformlega meðferð mála? Þetta er ótrúlegt í alla staði, herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að segja það, þó mér sé hlýtt til hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, að framkvæmdastjóri Verslunarráðsins er sami maðurinn og ég nefndi hér fyrr, formaður efh.- og viðskn. sem hefur málefni samkeppnismála um að fjalla. Þessi sama nefnd gekk frá þeim lögum sem nú er verið að starfa eftir og hv. þm. Vilhjámur Egilsson mælti fyrir því við umræðu mála þannig að maður hlýtur að líta á þetta mál undir þessum formerkjum. Það er óhjákvæmilegt. Maður spyr sig hvort hv. þm. hafi verið að tala í umboði flokksbræðra sinna og systra hér á hinu háa Alþingi, hvort hér sé Sjálfstfl. aftur mættur til leiks eins og venja er til talandi um frelsi en meinandi helsi þegar kemur að hagsmunum hinna stóru í atvinnulífinu. Þeir eru svo sannarlega hinir stóru, olíufélögin í landinu. Það má með öðrum orðum ekki hrófla við þeim þegar til kastanna kemur hvað sem hagsmunum neytenda líður að öðru leyti.

[14:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst hálfaumkunarvert að hlusta á það og lesa að Verslunarráðið skuli vera að klaga til viðskrh. vinnuaðferðir Samkeppnisstofnunar sem í einu og öllu fer að lögum eins og hér hefur komið fram. Það er orðin regla fremur en undantekning að sjálfstæðismenn séu með ónot út í Samkeppnisstofnun.

Það er alveg ljóst að ákvæði samkeppnislaga hér eru ekkert strangari en gerist og gengur í öðrum löndum þar sem heimilt er t.d. að leggja hald á gögn eins og hér hefur verið gert. Það hefur verið gert í ríkum mæli þegar ríkar ástæður eru til ef samkeppnislög hafa verið brotin eins og Samkeppnisstofnun hefur sett fram. Þetta er því ekkert annað en nöldur í Verslunarráði í framhaldi af bréfi sem t.d. Samtök atvinnulífsins lögðu fyrir efh.- og viðskn. þar sem beðið var um að fara í sjálfstæða rannsókn á því hvort framganga og vinnuaðferðir Samkeppnisstofnunar væru með öðrum hætti en gerist og gengur í öðrum löndum og nánast var ýjað að því í þessu bréfi að síðast þegar samkeppnislög voru samþykkt að viðskrh. hefði farið með rangt mál í þinginu að því er varðar samanburð á samkeppnislögum hér og annars staðar. Þetta er alveg með ólíkindum. Ég vísa til þess að t.d. í Noregi er heimilt að ganga mun lengra að því er varðar hald á gögnum, t.d. má að fara á heimili stjórnenda fyrirtækja ef samkeppnisyfirvöld telja ástæðu til. Ég skora því á hæstv. viðskrh. að vísa þessu makalausa máli og þessari kvörtun Verslunarráðs frá. Ef menn telja sig hafa yfir einhverju að klaga þá á það auðvitað að fara dómstólaleiðina. Það er alveg deginum ljósara.

[14:09]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hlusta á hvað hv. þingmenn Samfylkingarinnar segja hér, að þegar upp kemur að mörgum finnst pottur brotinn í starfsemi opinberrar stofnunar eigi viðkomandi ráðherra hvergi að koma þar nærri. Það er athyglisverð skoðun og fróðlegt væri að vita hvort þetta ætti við um starfsemi opinberra stofnana yfirleitt.

Þannig er í þessu máli að aðgerðin gegn olíufélögunum var lögregluaðgerð. Hún er mikil frelsisskerðing og innrás í einkalíf tuga starfsmanna í viðkomandi félagi. (**Gripið fram í:** Úrskurðuð af Héraðsdómi Reykjavíkur.) Úrskurðuð af Héraðsdómi Reykjavíkur, vekur hv. þm. athygli á. Þess vegna skiptir afar miklu máli að farið sé eftir þeim úrskurði sem fyrir liggur og að farið sé eftir þeim lögum sem um þetta gilda.

Þeir tugir starfsmanna sem starfa í þessum fyrirtækjum ljúka upp einum rómi í gagnrýni á þessa aðgerð og vísbendingarnar um að ekki hafi verið farið eftir þeim lögum sem um þetta gilda, lögum um meðferð opinberra mála að því er varðar leit og hald á munum, eru afar sterkar. Það er lagt hald á gögn sem skipta engu máli. Það er lagt hald á persónuleg gögn starfsmanna, tölvupóst, og athyglisvert er hvað þingmenn sem þykjast bera persónlega hagsmuni starfsmanna og persónuvernd fyrir brjósti eru allt í einu tilbúnir til þess að fórna því öllu saman í þessu tilviki.

Mér finnst að það skipti líka máli að í engu tilviki er starfsfólkinu bent á að það geti borið ágreiningsefni undir dómara. Þannig má áfram telja. Það virðist í mjög mörgum tilvikum vera þannig að lögum um meðferð opinberra mála hafi ekki verið hlýtt.

[14:11]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Ég minnist þess þegar aðgerðir Samkeppnisstofnunar áttu sér stað að í kjölfar þeirra hafi hæstv. viðskrh. lýst stuðningi við þær aðgerðir. Þessi stuðningur var mjög mikilvægur vegna þess að aðgerðirnar mörkuðu tímamót. Í orðum hæstv. ráðherra hér í þessari umræðu kom ekki fram stuðningur hæstv. ráðherra við aðgerðir Samkeppnisstofnunar. Því tel ég að hér verði að koma ljóst fram hvort þessi stuðningur sé enn fyrir hendi eða hvort það megi skilja orð hæstv. ráðherra þannig að hæstv. ráðherra sé að undirbúa skoðanaskipti í málinu til þess að þóknast Sjálfstfl. og Verslunarráðinu. Ég tel að þetta verði að vera mjög skýrt í þessari umræðu.

[14:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram í þessari umræðu að hér var farið eftir lögum í alla staði. Það er þannig, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, það er þannig og það er ástæðan fyrir því að menn þurfa að krefjast dómsúrskurðar því þegar menn gera húsleit eru þeir að brjóta friðhelgi einstaklinga. Þess vegna þarf að fá dómsúrskurð. Það er einfaldlega þannig. Annars þyrfti ekki þennan dómsúrskurð. Þessi úrskurður var kveðinn upp og leitin fór fram eftir þeim lögum sem um það gilda, lögum um meðferð opinberra mála. Það er nákvæmlega þannig í þessu máli að nákvæmlega var farið eftir þeim reglum sem um þetta gilda. Ef menn eru ósáttir þá er ekki enn búið að breyta réttarríkinu meira en svo að þeir geta þó a.m.k. borið það undir dómstóla. Menn geta borið haldlagningu á þessum gögnum undir dómstóla.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég hef aldrei vitað til þess að í húsleitum þegar verið er að leita að tilteknum gögnum viti yfirvöld nákvæmlega í hvaða skúffu þau eru. (**Gripið fram í:** Verðsamráð, hérna.) Það getur bara vel verið að það þurfi að fara yfir ýmislegt í tilviki eins og þessu að þarna liggur fyrir grunur um verðsamráð. (**Gripið fram í:** Mappa merkt: Verðsamráð.) Það er lítið annað að gera en fara í tölvugögn. Það er kannski ólíklegt að á borðum manna

sé mappa merkt: Verðsamráð. Það held ég að sé heldur ólíklegt þannig að þetta er vitaskuld algerlega fráleitt.

Virðulegi forseti. Því miður held ég að hér búi annað og meira undir því að í ljósi þess bréfs sem kom frá Samtökum atvinnulífsins og þess sem hér er á ferðinni, virðist mér að fyrirhugað sé að reyna að gera nokkurs konar aðför að samkeppnislögum. Ég held að ekkert annað liggi hér undir því allir sjá í hendi sér hversu fráleitur málflutningur þetta er í alla staði. Ekki stendur steinn yfir steini. Það eitt að ætlast til þess að viðskrh. gangi fram fyrir skjöldu, taki fram fyrir hendurnar á dómstólum, taki fram fyrir hendurnar á lögreglu og það að mér virðist eiginlega allt ... (Forseti hringir.) það meira að segja undirbúið, segir manni að menn meina ekkert með þessu. Þetta er fyrst og fremst einhvers konar áróðursaðferð.

[14:15]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er býsna sannfærður um að farið hafi verið algerlega að lögum. Samt efast tugir starfsmanna í viðkomandi fyrirtækjum um að svo hafi verið gert. Þeir efast um það. (**Gripið fram í:** Þá eiga þeir að bera það undir dómstóla.) Málið er að í lögunum stendur að starfsmönnunum skuli bent á að þeir geti gert það en í engu tilviki var það gert. Að sjálfsögðu er það þannig þegar leit fer fram að ýmislegt kemur upp sem er persónulegt og tilheyrir starfsmanni persónulega, að sjálfsögðu. En það má ekki leggja hald á það vegna þess að það tilheyrir ekki málinu, það stendur í lögunum.

Það stendur líka í lögunum að lögreglumenn eigi að stjórna leit. Lögreglumenn stjórnuðu ekki þessari leit. Í engu tilviki voru ágreiningsmál borin undir lögreglumenn þegar þau komu upp. Í öllum tilvikum voru það starfsmenn Samkeppnisstofnunar sem stjórnuðu leit þannig að það er svo margt sem allt þetta fólk segir og þær raddir verða ekkert kveðnar niður. Það er þannig og mér hefur virst það vera svo að ef starfsmenn í fyrirtækjum eða borgarar almennt verða fyrir órétti af hálfu opinberra stofnana, þá er leitað til viðkomandi ráðherra, það er leitað til þingmanna. Þingmenn taka slík mál upp hér, hvert eftir annað og svo allt í einu í þessu tilviki má það ekki. Maður spyr: Er þessi stofnun hafin yfir lög?

[14:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst þessi umræða hafa leitt það í ljós að sú tilraun sem verið er að gera felst í því að þvinga og beygja hæstv. ráðherra til að hafa afskipti af þessu máli. Það virðist liggja nokkuð í augum uppi. Það er enginn vafi á því að þeir sem hafa verið órétti beittir við þessa rannsókn ef þannig hefur verið, hafa möguleika til þess að bera hönd fyrir höfuð sér og þeir geta kært þetta mál og fengið úrskurð í þeim kærumálum. Mér finnst það með ólíkindum ef menn ætla sér að reyna á einhvern hátt að kveða niður þá starfsemi sem þarna er í gangi og er mjög mikilvægt að þingið og þjóðin standi við bakið á núna. Ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að hugsa sig afar vandlega um áður en hann lætur undan pólitískum þrýstingi til að hafa afskipti af þessu máli og lætur það verða til þess að skemma fyrir þeirri starfsemi sem þarna er á ferðinni.

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég hef látið koma fram verður þessu erindi svarað mjög fljótlega og það þarf enginn að hafa áhyggjur af því að sú sem hér stendur láti þvinga sig til eins eða neins. Þetta er bara spurning um hvert er hlutverk ráðuneytisins í þessum efnum. Yfir það verður farið og þegar við höfum fengið niðurstöðu sem að sjálfsögðu verður lögfræðileg þá verður erindi Verslunarráðsins svarað. Svo einfalt er það.

Fríverslunarsamningur við Kanada.

Fsp. RG, 273. mál. — Þskj. 323.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fríverslunarsamningar sem EFTA-löndin hafa gert hafa verið íslensku atvinnulífi mikil lyftistöng og skapað ný tækifæri. Nú eru liðin a.m.k. þrjú eða fjögur ár frá því að samningaviðræður hófust við Kanada. Fríverslunarsamningur við Kanada hefur jafnan verið talinn mikilvægastur af þeim samningum sem hafa verið á döfinni á þessum árum. Það eru skipasmíðar sem virðast helst hafa verið þröskuldur í vegi samninga við Kanada. Væntanlega eru það ríkisstyrkir sem hanga á spýtunni þar sem samkeppnisreglur og ríkisstyrkir snerta fríverslunarsamninga þó að meginefni þeirra sé fríverslun með iðnaðavörur, landbúnaðarvörur, fisk og fiskafurðir.

Um mitt ár 2000 var viðræðum við Kanada lýst sem forgangsverkefni fríverslunarsamtakanna og þá var búist við að fríverslunarsamningur milli EFTA og Kanada yrði undirritaður fljótlega. Síðan er liðið hátt á annað ár. Því spyr ég utanrrh. hvað gerst hafi í þessum málum síðan sendinefnd kom hingað frá Kanada 1998 til viðræðna og hvað veldur því að þýðingarmiklar viðræður við EFTA-ríkin hafi dregist svo óhóflega.

Mig langar í tilefni af þessari fyrirspurn minni, herra forseti, að rifja það upp að þingflokkur minn fór í heimsókn á Ísafjörð. Þar heimsóttum við mörg fyrirtæki og það var sérlega ánægjulegt að finna bjartsýni og áræði hjá mörgum þeim sem þar voru með nýsköpun að leiðarljósi. Ég vil minnast á fyrirtæki sem heitir 3X-Stál sem hefur sett upp dótturfyrirtæki í Kanada. Þeir flytja út vélbúnað til að nota í sjávarútvegi og m.a. hafa þeir sett upp að ég held þrjár rækjuverksmiðjur í Kanada. Í heimsókn þingflokksins kom fram hvað viðskiptaumhverfið væri þeim erfitt og kerfið þungt. Viðskiptavinir þeirra í Kanada sem kaupa vélbúnað frá Íslandi greiða toll 3–8% og munar um það í svona stórviðskiptum. Það getur orðið stórmál að koma íslenskum sjávarháttum inn í Kanada, kynna og verða ráðandi í slíkri starfsemi og auka slíka tegund viðskipta og þjónustu. Mörg íslensk fyrirtæki eru að fóta sig á þessum markaði og tollamál, en jafnframt breytt umhverfi þjónustuviðskipta, geta gerbreytt stöðu íslenskra fyrirtækja. Mér finnst því brýnt að heyra frá utanrrh. hvaða þættir þessa væntanlega fríverslunarsamnings skipta máli fyrir okkur, hvaða ný tækifæri skapast við niðurfellingu tolla og innflutningstakmarkana. Má reikna með að fríverslunarsamningur opni möguleika á öðrum sviðum, t.d. þjónustuviðskiptum af einhverju tagi? Hvaða viðskiptasamskipti eru þegar milli Íslands og Kanada sem fríverslunarsamningur hefur þýðingu fyrir?

[14:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Samningaviðræður við Kanada sigldu í strand fyrir um það bil einu og hálfu ári út af ósamkomulagi um skipasmíðar. Það er reyndar ekki eina óleysta málið en leysist það þá er það álit okkar að ágreiningsmálin hin geri það einnig.

Fljótlega eftir að samningar hófust kom í ljós að hér yrði á ferðinni erfitt úrlausnarefni. Kanada er með 25% toll á skipum til verndar kanadískum skipaiðnaði. Þetta gildir þó ekki um innflutning frá hinum NAFTA-löndunum. Þar er algert tollfrelsi. Viðskipti EFTA-landanna með skip við Kanada eru því vitaskuld nánast engin því að tollmúrinn er ókleifur. Hann er svo hár, 25%.

Frá upphafi eiginlegra samninga létu Kanadamenn í ljós að þeir gætu ekki aflétt tollinum á sama tíma og EFTA-þjóðin Norðmenn greiddi með skipasmíðum, enda væri innflutningstollurinn vernd sem veitt hefði verið gegn slíku á sama tíma og styrkir til greinarinnar hefðu verið afnumdir. EFTA-þjóðirnar leituðust við að finna ýmsar leiðir til að brúa bilið með tillögum sem tóku mið af því að lækkun tollsins héldist í hendur við samdrátt í ríkisstyrkjum til skipasmíðanna í EFTA-löndunum. Engin lausn fannst þó sem samningamenn Kanada gátu samþykkt og reyndar varð ekki annað séð en sérhver ný tilraun EFTA-þjóðanna til samningsniðurstöðu leiddi til viðbótarkröfu af hálfu Kanada. Endanlega sigldu svo viðræðurnar í strand eftir fund ráðherra EFTA-landanna og Kanada hinn 27. júní 2000 þar sem ráðherra Kanada lét í ljós að eina leiðin til niðurstöðu væri að skipasmíðar lægju utan samningsins með óbreyttum tolli. Þessu höfnuðu EFTA-ríkin og var ákveðið að gera hlé á samningunum.

Að afloknum kosningum í Kanada núna nýverið komu EFTA-þjóðirnar þeim skilaboðum til Kanada að EFTA mundi sýna fyllsta sveigjanleika um þetta mál nema hvað ekki yrði fallist á að skipasmíðar lægju utan samningsins og var því beint til Kanada að móta eigin tillögu á þessum grunni. Þessu fylgdi ég eftir á fundi með utanríkisráðherra Kanada, John Manley, 22. maí sl. og aðstoðaráðherra utanríkisviðskipta Robert Wright daginn eftir. Jens Stoltenberg, þáv. forsætisráðherra Noregs, ítrekaði málið hinn 21. júlí í bréfi til forsætisráðherra Kanada. Þá náðist sá áfangi að Kanadamenn hétu því að koma til viðræðna og með eigin tillögur um lausn með haustinu. Það hefur þó tognað nokkuð úr haustinu og báðust Kanadamenn á endanum undan fundi sem ætlunin var að halda í desember.

Hinn 25. janúar sl. eftir að Ísland tók við formennsku í EFTA var þráðurinn þó tekinn upp að nýju en þá kom Don Stephenson, oddviti samninganefndar Kanada, til fundar í Genf við Kjartan Jóhannsson sendiherra eftir að við tókum þar við formennsku. Á þeim fundi staðfesti Don Stephenson að stjórnvöld í Kanada væru staðráðin í því að ljúka samningaviðræðunum með farsælum hætti og væru pólitískt skuldbundin því markmiði. Málið væri hins vegar erfitt viðfangs því að skipasmíðaiðnaðurinn á austurströndinni hefur aftur hafið mikla herferð gegn samningunum og taldi Stephenson sig þurfa svigrúm til margvíslegs samráðs áður en samningaviðræður yrðu teknar upp að nýju. Ákveðið var að bera saman bækur fljótlega um framhaldsviðræður.

Vonandi næst þá sá árangur sem dugar en þess má geta að í millitíðinni hafa Norðmenn hætt að veita nýja styrki til skipasmíðaiðnaðarins en ýmsir í Kanada halda því jafnframt fram að bæði séu enn í gangi verk sem styrkt hafa verið beint og að greinin njóti enn góðs af styrkjum á árum áður. Málið er því enn nokkuð snúið. Boltinn er hjá Kanadamönnum en við munum leita allra leiða áfram til þess að koma þeim samningi í höfn sem er mjög mikilvægur í samskiptum Íslands og Kanada og EFTA-þjóðanna allra.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svarið. Þessi saga er auðvitað mjög athyglisverð. Það er afskaplega erfitt fyrir okkur EFTA-löndin ef það dugir ekki til að Norðmenn hætti að veita nýja styrki af því að ef land ætlar að binda sig við að fyrirtæki búi að fyrri styrkjum og að staða fyrirtækis sé e.t.v. sterk vegna styrkja sem hafa verið einhvern tíma áður, þá verður þetta erfitt því að varla er hægt að afnema gamla styrki. Það er ekki hægt að ganga lengra en að hætta fyrirgreiðslu af því tagi sem hér um ræðir.

Ráðherra kom ekkert inn á það hvort menn hafa séð fyrir sér einhverjar tillögur eða lausnir þar sem ekki á að halda skipasmíðunum utan við og ítarlegt svar ráðherrans gerði það að sjálfsögðu að verkum að honum gafst ekki tími til að koma inn á þær spurningar sem ég orðaði hér, hvaða þættir samningsins séu þýðingarmestir fyrir okkur.

Mér finnst staða okkar mjög alvarleg. Stutt er síðan við á Alþingi ræddum það hve erfitt það yrði fyrir Ísland ef þau lönd sem við höfum gert fríverslunarsamninga við í Evrópu verða aðilar að Evrópusambandinu og þar með breytist aðgangur okkar að mörkuðum þeirra. Ef við fáum ekki breytingar á samkomulagi við Evrópusambandið og miðað við fréttir undanfarna daga virðist það vera raunin að EES-samningurinn fæst ekki endurskoðaður og þó að ég ætli ekki að ræða þá stöðu hér og nú, þá er hún svo afdrifarík að hún undirstrikar mikilvægi þess að efla möguleika okkar á öllum vígstöðvum, leita nýrra markaða og koma vörum okkar á framfæri og greiða fyrir viðskiptasamböndum annars staðar svo sem þeim sem ég nefndi með þetta eina fyrirtæki sem ég heimsótti á Ísafirði sem er í raun í stórviðskiptum við Kanada og þar sem tollar og erfitt viðskiptaumhverfi þvælist nokkuð fyrir. Ég spyr því ráðherrann nánar út í það hverju við getum búist við fyrir Ísland ef Kanada stendur við loforð sitt um að koma með tillögur og að það reynist rétt vera að þeir séu staðráðnir í að ljúka þessum samningum. Hvernig metur ráðherrann að þetta verði fyrir okkur?

[14:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gefur okkur fullt tollfrelsi á flestum vörum. Þar eru aðeins ákveðnar sjávarafurðir undanskildar og kemur það í sjálfu sér iðnaðarvörum ekkert við. Þar ríkir tollfrelsi og ég sé enga ástæðu til að óttast að svo verði ekki áfram hvað svo sem verður um framtíðarskipan mála, bæði af okkar hálfu og annarra.

Að því er varðar samningana við Kanada liggur fyrir að samkomulag er um það milli EFTA-ríkjanna að skipasmíðar verði að vera með í samningnum. Það er ekki samstaða um neitt annað, og engin ástæða til. Niðurstaðan sem ég býst við að verði samþykkt felur í sér ákveðna aðlögun að tollfrelsi að því er varðar skipasmíðar þannig að kanadíski skipasmíðaiðnaðurinn geti haft einhverja vernd um tiltekið árabil þannig að þessi hái tollur lækki í einhverjum áföngum. Niðurstaða hlýtur að verða um einhverja slíka lausn.

Við höfum sagt að við séum tilbúin til að sýna fullan sveigjanleika, og það að sýna fullan sveigjanleika þýðir á

mæltu máli að við erum tilbúin að líta til einhverrar aðlögunar að núlltolli í þessari grein þannig að þeir sem hafa mestar áhyggjur í Kanada fái einhvern tíma til að laga sig að nýjum aðstæðum.

Hvalir.

Fsp. GunnB, 258. mál. — Þskj. 303.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Hvalastofnarnir við Ísland hafa verið alfriðaðir eins og kunnugt er síðan 1989 og hafa síðan stækkað verulega. Er talið að þeir séu orðnir allt að því af sömu stærð miðað við það sem var áður en hvalveiðar hófust hér seint á 19. öld. Þeir þurfa mikið fiskmeti til að geta þrifist. Stækkun þorskstofnsins hefur aftur á móti gengið hægt, og þrátt fyrir góð skilyrði í sjónum til uppvaxtar miðar okkur frekar aftur á bak en áfram.

Ástæða fyrirspurnarinnar er að mig fýsir að vita hvort vitneskja sé um að fjölgun hvala hafi haft áhrif á vöxt þorskstofnsins og annarra botnfiskstegunda. Fyrirspurnin er í þremur liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hversu stórir eru einstakir hvalastofnar nú miðað við stærð þeirra seint á nítjándu öld?

2. Hversu miklu af botnfiski er áætlað að tannhvalir sporðrenni á ári hverju?

Hérna láðist fyrirspyrjanda að bæta skíðishvölum við tannhvali en væntanlega hefur hæstv. sjútvrh. svör við því.

3. Hafa fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar tekið tillit til þess magns sem hvalir éta af botnfiski við ákvörðun á veiðikvótum fyrir hinar ýmsu botnfiskstegundir?

[14:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágætar fyrirspurnir. Svarið við fyrstu fyrirspurninni er eftirfarandi:

Engar beinar upplýsingar um stofnstærðir hvala liggja fyrir frá því seint á 19. öld. Það er fyrir tíma svokallaðra nútímahvalveiða. Sem hluti af vísindalegu mati á ástandi nytjategunda hvala hafa þó verið gerðir útreikningar á líklegum stofnstærðum fyrir tíma hvalveiða. Þessir útreikningar byggja á gögnum um núverandi stofnstærð út frá hvalatalningum og veiðisögu viðkomandi tegunda að gefnum forsendum um líffræðilega framleiðslugetu stofnsins. Slíkir útreikningar hafa verið gerðir fyrir stofna hrefnu og langreyðar hér við land. Þeir benda til að báðir þessir stofnar séu í góðu ástandi og yfir 70% af upprunalegri stærð en almennt er talið æskilegast hvað snertir afrakstursgetu að stofnar séu á bilinu 60–70% af upprunalegri stærð.

Þótt formlegar úttektir hafi ekki verið gerðar á fleiri tegundum benda fyrirliggjandi gögn til að stofnar sandreyðar og hnúfubaks séu einnig í góðu ástandi en steypireyður á líklega enn langt í land með að ná fyrri stofnstærð.

Önnur spurningin er: Hversu miklu af botnfiski er áætlað að tannhvalir og skíðishvalir sporðrenni á ári hverju?

Samkvæmt útreikningum sem byggja á fyrirliggjandi gögnum um stofnstærðir, viðverutíma, fæðuþörf og fæðuval éta allir hvalir árlega um 6 millj. tonna af sjávarfangi á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þar af er talið að rúmlega 2 millj. tonna séu fiskmeti en vegna gagnaskorts um fæðuval flestra tegunda er ekki unnt að flokka fiskmeti frekar. Minnsti skíðishvalurinn, hrefnan, er atkvæðamesti afræningjinn hvað varðar heildarmagn og fiskát. Heildarmagnið er 2 millj. tonna og fiskmetið 1,2 millj. tonna. Samkvæmt mjög takmörkuðum gögnum sem liggja fyrir um fæðusamsetningu hrefnunnar, um 60 magasýni á 15 ára tímabili, nemur árlegt afrán hennar um 125 þús. tonnum af þorskfiskum, um 50 þús. tonnum af síli og ríflega 600 þús. tonnum af loðnu. Þessar tölur ber þó að taka með miklum fyrirvara þar eð gögnin að baki eru mjög takmörkuð og ekki tilviljunarbundið úrtak úr stofninum.

Af tannhvölum éta grindhvalur og andarnefja mest, 700–800 þús. tonn hvor tegund. Af þessum tegundum er smokkfiskur langstærsti hluti fæðunnar en grindhvalir éta þó rúmlega 150 þús. tonn af fiskmeti. Heildarneysla höfrungategundanna hnýðings og leifturs losar 400 þús. tonn samkvæmt útreikningum en hjá þessum tegundum samanstendur matseðillinn að mestu leyti af fiskmeti. Ekki er þó unnt á þessu stigi að leggja tölulegt mat á afrán þeirra á sérstökum fisktegundum eða tegundahópum. Rétt er að geta þess að útreikningar á heildarneyslu byggja að miklu leyti á stofnstærðarmati, og af aðferðafræðilegum ástæðum má ætla að stofnmat tannhvala sé frekar van- en ofmetið.

Þriðja spurningin er hvort fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar taki tillit til þess magns sem hvalir éta af botnfiski við ákvörðun á veiðikvótum fyrir hinar ýmsu botnfiskstegundir.

Eins og fram kemur í svörum við fyrri spurningum er fyrirliggjandi þekking á sviði fæðuvistfræði hvalategunda við Ísland af skornum skammti. Jafnframt er ljóst að heildarafrán af völdum hvala er verulegt og því brýnt að auka þekkingu okkar á hlutverki þeirra í vistkerfi hafsins umhverfis Ísland.

Á Hafrannsóknastofnuninni hafa verið gerðar frumtilraunir til að kanna hugsanleg áhrif þriggja skíðishvalstegunda, hrefnu, langreyðar og hnúfubaks, í fjölstofna líkani sem auk þess innihélt þorsk, loðnu og rækju. Þessar athuganir gefa m.a. vísbendingar um að vöxtur hvalastofnanna gæti haft veruleg áhrif á langtímaafrakstursgetu þorskstofnsins, allt að 20%, og einnig veruleg áhrif á loðnustofninn. Mikil óvissa ríkir þó um þessi áhrif. Stærstu óvissuþættir útreikninganna varða hlutdeild þorsks í fæðu hrefnunnar og framtíðarþróun í stærð hvalastofnanna. Vegna þeirrar miklu óvissu sem fólgin er í mati á þessum áhrifum hefur stofnunin ekki talið tímabært að taka sérstakt tillit til afráns af völdum hvala við ákvörðun á aflamarki botnfiskstegunda og hefur því verið gert ráð fyrir að þessi afránsáhrif séu hluti náttúrulegrar dánartíðni.

[14:40]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Þetta eru merkileg svör vegna þess að þau benda aftur og aftur til þess að líffræðingar og fiskifræðingar viti ekki hvaða áhrif hér er í raun verið að ræða um. Það er mikilvægt til þess að verja þann íslenska málstað sem við höfum í frammi um rétt okkar og annarra þjóða til að nytja alla stofna í samráði við aðrar þjóðir — þegar um er að ræða hvalastofna sem ekki tilheyra einu landi, eða aðra stofna — að byggja á mjög traustum og fræðilegum rökum. Frá upphafi þessarar deilu hafa menn verið að reyna að gera það hér á Íslandi, að byggja á fræðilegum rökum gegn þeim ímyndarmálum um táknfræði sem að öðru leyti liggja fyrir.

Við spyrjum um það, og hv. fyrirspyrjandi spyr, hvað hvalir éta mikið. En það er aldrei spurt hvað sjófugl étur mikið. Það bendir til þess að raunverulegur áhugi á áti fiska í sjó nái ekki fram yfir þessa hvalabaráttu og nái í raun og veru ekki fram yfir þann popúlíska bjánahátt sem fyrirspurn af þessu tagi lýsir, og svarið við henni einnig.

[14:41]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Hafrannsóknastofnun fór í viðamikla hvalatalningu sl. sumar, líkt og gert er á fimm ára fresti, í samvinnu við Norðmenn og Færeyinga. Fróðlegt verður að sjá hvað kemur út úr þeirri talningu en niðurstöður hennar eiga að liggja fyrir á næstunni. Það verður t.d. fróðlegt að sjá hvort hvalastofnarnir hafa stækkað mikið með tilkomu alfriðunar hér við land og einnig hvort hægt sé að sjá fylgni við mikla svæðisbundna aukningu á hval og minnkun fiskgengdar.

Almennt má segja um tannhvalina að þeir éta meira af fiski en skíðishvalirnir sem lifa að miklu leyti á átu og eru því neðar í fæðukeðjunni. Það vantar tilfinnanlega meiri fæðugögn um hrefnuna en meðan ekki eru leyfðar veiðar á henni er erfitt um vik að afla þeirra gagna. Hér er um að ræða það stóran stofn að hann hefur mikil áhrif á heildarfæðukeðjuna og þrátt fyrir að hrefna sé skíðishvalur er vitað til þess að hún étur töluvert mikið af fiski.

[14:42]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Auðvitað stækka hvalastofnarnir ár frá ári. Hvalnum fjölgar náttúrlega stanslaust þegar engin veiði er ár eftir ár og áratug eftir áratug kannski. Það þarf ekki annað en heyra lýsingar sjómanna, sérstaklega á togaraflotanum, á því hversu mikil plága þessi ágangur hvalanna á miðunum er að verða, einnig sjómanna á nótaskipunum. Þessum skepnum fjölgar auðvitað ár frá ári þegar þær eru verndaðar og ekki veiddar. Friðunin á hvalnum eða hvalveiðibannið okkar var því mikið óheillaspor. Hæstv. ráðherra upplýsir að hvalir muni éta um 2 millj. tonna af fiski á ári. Þetta er reyndar sama svar og var gefið fyrir sex eða átta árum og þetta hlýtur að vaxa ár frá ári eftir því sem hvölunum fjölgar.

Hafrannsóknastofnun hefur gefið þá viðvörun ár eftir ár að við megum vænta þess að þurfa að minnka fiskveiðar okkar um allt að 10% ef ekki verður við brugðist og hvalveiðar hafnar að nýju.

Ég vil aðeins af því að tími minn er búinn segja að ummæli hv. þm. Marðar Árnasonar um fyrirspyrjanda, þ.e. að kalla fyrirspurnina popúlískan bjánahátt, eru hv. þm. Merði Árnasyni til skammar.

[14:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að auðvitað nýttu Íslendingar sér hvalastofnana fyrr á tímum ásamt Norðmönnum sem stunduðu kraftmiklar veiðar hér við land. Við nýttum alla fuglastofna, sérstaklega svartfuglinn, okkur til framfæris og við nýttum sel mjög mikið allt í kringum land og hvarvetna við ströndina.

Þegar hvalveiðibannið var sett 1915 brá svo við að fimm til sex árum síðar jókst þorskveiði hér við land gríðarlega, þ.e. upp úr 1920, og var ekki gott árferði á árunum frá 1915 og fram undir 1920. Þetta segir okkur auðvitað að lífríkið í sjónum hefur mikil áhrif á nytjar okkar af botnfiksstofnunum og við hljótum að spyrja okkur hvort orsök fyrir slökum árangri okkar við uppbyggingu stofnanna nú á tímum megi rekja til þess.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Það kemur kannski í beinu framhaldi af þeim að maður geti ályktað sem svo að það er alveg ljóst að hvalirnir hafi áhrif á afrakstur botnfiskstegundanna. Það er nokkuð augljóst. Menn eru að tala hér um sjálfbæra þróun og jafnvægi í lífríkinu. Það er mjög eðlilegt að við reynum að halda þessu jafnvægi.

Ég er einn af áhugamönnum þess að hefja hvalveiðar og hvet hæstv. sjútvrh. til að auka rannsóknir í þá þágu að menn viti meira um þetta. Er át hvalanna á botnfiskstegundum partur af náttúrlegri dánartíðni þessara tegunda o.s.frv.?

Ég veit að hæstv. ráðherra er að vinna að því hörðum höndum að undirbúa inngöngu okkar í Alþjóðahvalveiðiráðið og vil ég hvetja hann til þess svo að við getum hafið á veiðar á hvölum hér við land.

Ég var einn af þeim þingmönnum sem fóru í heimsókn til Írlands á haustmánuðum. Þar hittum við hagsmunaaðila í sjávarútvegi á Írlandi. Þar var vandamálið selir. Þeir átu mikið af sjávarfangi við Írland. En hvalirnir hafa ekki verið eins mikið rannsakaðir. Írarnir töldu að þetta væru stór og falleg dýr sem væri gott að horfa á og vildu ekkert meira með það hafa. En selirnir voru þar vandamálið og Írar unnu að því að fækka selum við Írland af því að þeir tóku sjávarfangið frá fiskimönnunum.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. enn og aftur fyrir skýr svör.

[14:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrir að mestu leyti ágætar umræður undir þessum fyrirspurnum. Ég held að öllum eigi að vera ljóst sem þessi mál skoða að hvalastofnar af þeirri stærð sem þeir eru hljóta að hafa áhrif á lífkerfið. Jafnvel má draga þá ályktun án mikilla gagna að þau hljóti að vera veruleg og að aðrir hlutar vistkerfisins eins og sjófuglar og selir geri það líka þó að sem betur fer sé ástandið þannig varðandi seli hjá okkur að áhrif þeirra eru í lágmarki.

Það hefur einmitt verið stefna íslenskra stjórnvalda um langan aldur, vil ég segja, að lyfta þeim sjónarmiðum á alþjóðavettvangi þannig að þau fái þar sinn sess, að sjálfbær nýting auðlindanna eigi við um allar auðlindir, ekki bara hluta þeirra og að þegar við tölum um vistkerfisnálgun séum við bæði að tala um þau áhrif sem fiskstofnarnir og fiskveiðar hafa á umhverfið og einnig þau áhrif sem umhverfið hefur á fiskveiðarnar og fiskstofnana. Vonandi tekst okkur það og þá munu þau markmið nást sem við höfum sett okkur varðandi hvalveiðar.

Um fundarstjórn.

Ummæli 9. þm. Reykjavíkur.

[14:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason sagði í umræðum um fyrirspurn rétt á undan að bæði fyrirspurn hv. þm. Gunnars Birgissonar og svar hæstv. ráðherra bæru vott um popúlískan bjánahátt. Ég man ekki eftir því, herra forseti, að ég hafi heyrt svona ummæli úr ræðustóli á Alþingi þó að ég verði að viðurkenna að oft hefur mér dottið eitthvað svipað í hug þegar hv. þm. Mörður Árnason og félagar hans

í Samfylkingunni hafa komið í ræðustól. Ég hefði átt von á því að hæstv. forseti hefði gert athugasemd við ummæli eins og þessi.

[14:49]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Bragð er að þá barnið finnur. En það er líka þannig að börnin hafa það sem fyrir þeim er haft. Ég var viðstaddur umræðu í gær þar sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson talaði um fleipur. Ég tel að skoðun mín um popúlískan bjánahátt séu ekki digrari ummæli en þau ummæli forsrh. sem hann tví- eða þrítók um tiltekinn hv. þm. sem þá var hér í salnum.

[14:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég verð að segja um síðustu ummæli hv. þm. að það fer lítið fyrir þráðum í íslenskufræði frá Háskóla Íslands ef fleipur er orðið samanburðarhæft við orðatiltækið popúlískur bjánaháttur.

[14:50]

Mörður Árnason:

Já, ég tel það fara mjög nærri, virðulegi forseti, að þetta sé jafngilt. Fleipur þýðir að menn mæla þvert um hug sér, eru með bjálfayrði. Popúlískur bjánaháttur þýðir að menn fara fram með popúlisma sem er skýrgreind stefna og atferli í stjórnmálum. Ég hef fullt leyfi til að kalla þá stefnu og það atferli bjánahátt.

Kynning á málstað Íslands í hvalveiðimálum.

Fsp. MS, 324. mál. — Þskj. 411.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Umræðan um hvalveiðimál er lífseig og er það eðlilegt því þetta er mál sem mikill hluti þjóðarinnar hefur mikinn áhuga á og á Alþingi hafa hvalveiðimál ítrekað komið til umræðu.

Á 123. löggjafarþingi árin 1998–1999 var samþykkt þál. um hvalveiðar á hv. Alþingi. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 standi ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er."

Herra forseti. Nú eru liðin nærri þrjú ár síðan þessi ályktun var samþykkt á Alþingi. Ég hef lagt fram fyrirspurn fyrir hæstv. sjútvrh. um kynningu á málstað okkar Íslendinga í þessum málum. Fyrirspurnin er í þremur liðum sem hljóða svo:

1. Hvernig hefur kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum verið háttað síðustu ár?

2. Hver hefur árlegur kostnaður við kynningu á málstað Íslendinga orðið sl. þrjú ár?

3. Hver eru helstu áform íslenskra stjórnvalda um að vinna málstað Íslendinga fylgi á næstu árum og hver er áætlaður kostnaður við það?

[14:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágæta fyrirspurn. Hún er í þremur liðum og ef ég byrja að svara fyrsta lið þá hefur kynning á málstað Íslands varðandi hvalveiðimál farið fram bæði gagnvart stjórnvöldum og fjölmiðlum víða um heim. Málið hefur verið tekið upp í viðræðum við stjórnvöld erlendra ríkja og við ýmis tækifæri og ýmsir þættir á afstöðu Íslands þannig kynntir fyrir bæði stjórnmálamönnum og embættismönnum. Einnig hefur málstaður Íslands verið kynntur fyrir forráðamönnum ýmissa fyrirtækja sem stunda verslun við Ísland.

Þetta hefur bæði verið gert á fundum þar sem hvalveiðimál hafa einungis verið eitt umræðuefni af mörgum og á fundum sem haldnir hafa verið sérstaklega til þess að ræða hvalveiðimál.

Varðandi fjölmiðla hef ég og aðrir hæstv. ráðherrar og ýmsir embættismenn í sjútvrn. og öðrum ráðuneytum kynnt hvalveiðimál og málefni þeim tengd fyrir blaðamönnum alls staðar að úr heiminum. Einnig hefur málstaður Íslands verið kynntur fyrir samtökum sem hafa það að markmiði að vinna fylgi við sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins eins og t.d. High North Alliance. Hefur málstað Íslands þannig verið komið á framfæri við almenning ýmissa landa, t.d. í gegnum dagblöð, netmiðla og útvarps- og sjónvarpsútsendingar. Þessir fjölmiðlar eru allt frá því að vera staðbundnir í ákveðnum borgum til þess að nást um allan heim. Þetta starf verður að teljast mikilvægt þar sem almenningur í ýmsum löndum er á móti hvalveiðum að miklu leyti vegna ranghugmynda um hvali og ástand hvalastofnanna.

Við kynningu á málstað Íslands hefur áhersla oft verið lögð á nauðsyn þess að horfa á vistkerfi hafsins sem eina heild og að hvalir séu umfram allt hluti af því vistkerfi. Upplýsingum um stöðu ólíkra hvalastofna hefur verið komið á framfæri, en einn útbreiddasti misskilningurinn í alþjóðlegri umræðu um hvalveiðimál er einmitt að allir hvalastofnar séu í útrýmingarhættu og að hvalveiðar ógni því hvalastofnum óháð því hversu stórtækar þeir séu. Við höfum reynt eftir fremsta megni að koma sannleikanum að í þessu efni.

Annar liður varðar kostnað. Árlegur kostnaður við kynningju á málstað Íslendinga hefur orðið sem hér segir sl. þrjú ár: Árið 1999 9,8 millj. kr., árið 2000 14,4 millj. kr. og árið 2001 33,9 millj. kr., samtals 58,1 millj. kr. Þess ber að geta að sérstök fjárveiting til þessara mála var fyrst veitt af Alþingi fyrir árið 2000.

Í fjárlögum ársins 2002 er ráðgert að verja 25 millj. kr. til verkefnisins og má gera ráð fyrir að óskað verði eftir svipaðri upphæð í frv. til fjárlaga fyrir árið 2003. Áfram verður haldið með kynningu á málstað íslenskra stjórnvalda, almennings og fyrirtækja víða um lönd með svipuðum hætti og undanfarin missiri. Varðandi áherslur vísast í svarið við fyrsta lið þessarar fyrirspurnar.

[14:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafa sett hvalamálið aftur á dagskrá á hinu háa Alþingi. Mig langar til að spyrja aðeins nánar í framhaldi af spurningum hv. þm. Magnúsar Stefánssonar til hæstv. sjútvrh. Hvernig hyggst hæstv. sjútvrh. mæla árangur þessa starfs? Hér erum við að tala um tæplega 60 millj. kr. sem hefur verið varið til kynningar á málstaðnum. Vissulega hefur örugglega margt gott verið gert í því. En hvernig munum við í raun og veru mæla árangur starfsins? Hvenær förum við að uppskera? Það er spurning mín til hæstv. sjútvrh.

[14:57]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég er enginn sérstakur hvalavinur. En það var ótrúlegt að fylgjast með því fólki sem fylgdi Keikó á sínum tíma til Vestmannaeyja með stórri C-17 flugvél sem þangað kom. Auðvitað vakna mjög margar spurningar þegar við veltum fyrir okkur hvalveiðimálum.

Við spyrjum okkur t.d.: Hvað á að gera við það kjöt sem fellur til við það að drepa hvali? Hefur hæstv. sjútvrh. engar áhyggjur af hinum hvíta fiski sem hann er að selja á Bandaríkjamarkað eða Evrópumarkað vegna þess að umræðan er með þeim hætti að nú orðið getur verið mjög tvíbent að fara út í slíkt? Ég held, miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið hér, að ráð væri að flýta sér hægt. Það hefur sjútvrh. reyndar gert í þessum efnum. Hann hefur flýtt sér mjög hægt. Hann hefur farið með hraða snigilsins í þessu máli og það getur kannski verið ágætt fyrir íslenska hagsmuni.

[14:58]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Vegna vangaveltna síðasta ræðumanns veit ég ekki betur en bæði Færeyingar og Norðmenn veiði hvali í stórum stíl og ekki hefur það haft nein áhrif á fisksölu þeirra til annarra landa. Ekkert bendir til þess að það sé fækkun í neinum hvalategundum á miðunum hér við land og það held ég að sé afar mikilvægt innlegg fyrir málstað okkar. En sá útbreiddi misskilningur að allir hvalastofnar séu í útrýmingarhættu er því miður algengur.

Það er t.d. áberandi hversu mjög mörgum hvalategundum hefur fjölgað hér við land, eins og t.d. hnúfubaknum. Eftir seinni heimsstyrjöldina sáust varla hnúfubakar hér við land. Nú finnst hann mjög víða og hefur fjölgað ört. En menn vita tiltölulega lítið um smáhvelin, þ.e. hnísur og höfrunga, stofnstærðir þeirra og hvaða áhrif þeir hafa á fiskstofnana við landið. Talningar Hafrannsóknastofnunar hafa ekki miðast við þær tegundir.

[14:59]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Eins og mér fannst síðasta fyrirspurn vond þykir mér þessi góð því að þetta eru mál sem við verðum að fylgjast með. Mér þóttu svörin hins vegar ekki mjög glögg eða ljós. Það er athyglisvert að í fyrra voru veittar til þessara mála 34 millj. Það er nokkuð mikið og heldur meira en sú upptalning á því að rætt hefði verið við ráðamenn og talað við fyrirtæki sem eru hér í viðskiptum og látið taka við sig viðtöl við fjölmiðla fyrir 34 millj. á árinu 2001 gefur til kynna. Það hlýtur að vera eitthvað meira í þessum pakka og það er eðlilegt að við þingmenn fáum að vita um það. Er t.d. reiknaður með starfskraftur í ráðuneytinu sem sinnir þessum málum? Hvaða kynningarstofur og auglýsingastofur erum við með á okkar snærum og hvað gera þær? Hvers konar samstarf er við önnur samtök á sviði náttúruverndar og náttúrunytja á þessu sviði?

[15:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég koma því á framfæri við hæstv. ráðherra hvort honum finnist ekki að þrjú ár í kynningu séu farin að vinna á móti því markmiði sem þál. var um, að hér skyldi hefja hvalveiðar sem fyrst? Eru það fjögur ár sem samrýmast því markmiði eða fimm ár? Hvenær á að uppfylla þessa ályktun Alþingis?

Í öðru lagi: Ætlar ráðherrann að bíða eftir samþykki einhverra þjóða um að þær séu sammála því að við hefjum veiðar og þá hverra?

[15:02]

Gunnar Birgisson:

Herra forseti. Við vorum áðan að ræða um jafnvægi í lífríkinu og sjálfbæra þróun. Núna ætla ég að koma aftur að þessari heimsókn til Írlands þar sem við ræddum við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og stjórnmálamenn úr öllum flokkum. Á Írlandi héldu menn að hvalir við Ísland væru í útrýmingarhættu. Þeim var málið ekki betur kunnugt en svo. Við reyndum að bæta úr því og koma betri þekkingu til þeirra en hafði verið.

Varðandi síðan Bandaríkin er ákveðinn tvískinnungur hjá þeim. Bandaríkjamenn veiða mikið af höfrungum og gera það kannski ekki á mjög vistvænan hátt. Svo er það líka spurningin sem við verðum að spyrja okkur: Eigum við að láta hvalina éta okkur út á gaddinn eða eigum við að reyna að nýta hvalina eins og hvern annan nytjafisk hér við land? Það er spurning. Það er enginn popúlismi eins og hv. þm. Mörður Árnason var að gefa í skyn áðan.

[15:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mín skoðun að hvort sem okkur líki það betur eða verr þurfum við að nýta hvalastofnana vegna þess að annars munu þeir hafa mikil áhrif á aðra nýtingu á lífríkinu í kringum landið.

En það sem ég ætla að spyrja um er hvort hæstv. ráðherra ætlar að klára þetta verkefni áður en hann fer af þessum ráðherrastóli sínum. Það er ekki seinna vænna. Það er búið að missa af næstu hvalavertíð. Það verður varla veiddur hvalur á þessu ári og þá er bara ein eftir. Þetta mál sem hæstv. ráðherra hefur verið að strita við öll þessi ár er þá fyrir bí. Væntanlega þarf ný ríkisstjórn að fara yfir það mál og skoða upp á nýtt hvort þessi stefna heldur áfram. Það veit enginn hvað verður um mál þegar mönnum tekst ekki að koma því í framkvæmd á heilu kjörtímabili. Þá gæti það farið í bið. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að fara að gera grein fyrir því hvað hann ætlar sér í þessu. Þál. sem liggur fyrir sagði það alveg skýrt að menn ættu að fara að veiða hvali.

[15:04]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Nú eru tæp þrjú ár síðan Alþingi samþykkti tillögu mína og fleiri þingmanna um að heimila hvalveiðar að nýju og aflétti þar með því hvalveiðibanni sem hafði staðið í 16 ár. Eins og hér hefur komið fram er ríkisstjórninni falin framganga málsins, þ.e. kynning og undirbúningur. Í svörum ráðherra kom fram að til þess hafi verið varið nú þegar hátt í 60 millj. og verði varið 25 millj. til viðbótar á þessu ári. Ég tel að tími undirbúnings sé liðinn. Við getum ekki beðið

lengur. Við eigum að hefja þessar veiðar samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar þar sem færustu vísindamenn heims á þessu sviði halda til. Við eigum að leggja áætlun okkar fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins í haust og hefja þessar veiðar.

Það er auðvitað rétt sem hér hefur komið fram, það er ekki nóg að veiða. Menn verða að geta selt afurðirnar. Ég spyr hæstv. sjútvrh. því að ég veit að hann hefur kynnt sér það: Hver eru viðbrögð Japana sem eru helstu kaupendur þessara afurða? Hann hefur kynnt sér hvernig þeir munu standa að þessum viðskiptum þegar við hefjum veiðarnar á ný. Ég segi „þegar" vegna þess að auðvitað hefjum við þær. En hver eru viðbrögð Japana varðandi kaup á afurðum okkar þegar við hefjum veiðarnar?

[15:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram um að sannarlega væri fengur að því að fá að heyra meira um árangur af því starfi sem fram hefur farið á vegum sjútvrn. og eytt hefur verið í tugum millj. undanfarin þrjú ár og er greinilegt að ekki á að linna látunum. Það á að halda áfram á sömu braut. Ég hvet hæstv. sjútvrh. til að skila skýrslum um þetta starf og árangur þessara starfa í sali Alþingis. Ég hvet einnig hv. alþingismenn til að hafa í huga að Íslendingar eru að nýta hvali við landið núna með því að gera út á hvalaskoðun. Það hefur verið vaxandi atvinnugrein víða úti á landi og skilar tugum milljóna í þjóðarbúið eftir því sem nýjustu skýrslur herma.

Svo vil ég minna á að viðskiptafulltrúar Íslendinga í t.d. Bandaríkjunum biðja þingmenn sem heimsækja þá á skrifstofur í New York þess lengstra orða að nefna aldrei hvalveiðar því svo gífurlegir hagsmunir séu í húfi, og þeir menn segjast ekki vera neinir sérstakir hvalaverndunarsinnar.

[15:07]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég held að öllum sé ljóst að það voru mjög mikil mistök þegar ákveðið var í sölum Alþingis að ganga úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Fyrir vikið hefur okkur gengið mjög illa að komast af stað að nýju. Forsenda þess að hægt verði að selja hvalaafurðir ef veiðar hefjast á ný er einfaldlega sú að við séum í Alþjóðahvalveiðiráðinu og við getum ekki gengið í það öðruvísi en hafa ákveðna fyrirvara fyrir inngöngunni.

Ég held að ekki sé hægt að segja annað en hæstv. ráðherra hafi gert mjög mikið til þess að komast af stað í þessu máli. Þetta tekur eðlilega mjög langan tíma vegna þess hversu illa var að málinu staðið í upphafi, að ganga úr ráðinu sem öllum var í rauninni ljóst að var afdrifarík ákvörðun og ekki kannski skoðuð nægilega vel.

[15:08]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Mikil er þolinmæði hv. þingmanna stjórnarliðsins sem áhuga hafa á hvalveiðum. Nú hefur hv. þm. Guðjón Guðmundsson upplýst að það eru orðin þrjú ár sem þeir hafa beðið eftir því að hæstv. sjútvrh. tæki af skarið og lýsti vilja sínum til þess að hvalveiðar hæfust. Og enn er beðið. Er ekki kominn tími til að hæstv. sjútvrh. gefi yfirlýsingu hér um það hvenær hvalveiðar muni hefjast? Tíminn er liðinn. Nú er stundin til að kveða upp úr um það hvort búast megi við því að hvalveiðar hefjist eða ekki. Það er ekki gott að gefa alltaf tvennt í skyn: Ekki veiða hval. Veiða hval. Hæstv. ríkisstjórn kemst ekki upp með slíkan skollaleik ár eftir ár. Það veit hv. þm. Guðjón Guðmundsson mætavel og aðrir hv. þingmenn sem styðja stjórnina.

[15:09]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er aðallega út af því sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði áðan. Ég hafði ímyndað mér að það væri í samræmi við kristna kenningu að menn hefðu biðlund og við sjálfstæðismenn reynum að hafa hana þess vegna.

Að hinu leytinu vil ég segja að hvalveiðar við Ísland voru stundaðar af mjög mikilli fyrirhyggju. Ég minnist þess að hafa átt viðræður við breskan vísindamann, Brown, í kringum 1970. Þá sagðist hann ekki trúa öðru en að á það yrði fallist að við Íslendingar gætum haldið hvalveiðum áfram vegna þess hvernig við stæðum að þeim og að við opnuðum vísindamönnum aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þeir báðu um. Þeir dvöldust raunar langdvölum í Hvalfirðinum á kostnað Hvals til að vinna að rannsóknum sínum. Jafnframt var þess vandlega gætt að hægt væri að nota afurðir hvalanna til manneldis. Ekki mátti koma með þá eldri en svo að landi. Þess var gætt að staðið væri við það að koma ekki með of litla hvali eða mjólkurkýr að landi þannig að öll framkvæmdin var með mikilli fyrirhyggju og framsýni. Ég trúi ekki öðru en að því verði vel tekið að við hefjum hvalveiðar að nýju.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við fyrirspurninni. Ég vil einnig þakka hinum fjölmörgu hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu. Það var ljóst þegar þessi þáltill. var unnin og samþykkt fyrir þremur árum að mikið stríð væri í vændum, mikið áróðursstríð sem mundi kosta mikið fjármagn.

Það liggur fyrir að vilji almennings er sá að hvalveiðar verði hafnar og vilji Alþingis hefur komið fram. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til dáða í málinu. Við þurfum að geta hafið þessar veiðar sem allra fyrst en það þarf auðvitað að undirbúa það og ég vonast til þess að heyra yfirlýsingu frá hæstv. sjútvrh., helst á morgun, um að hvalveiðar skuli fara af stað (**Gripið fram í:** Ekki í dag?) og ég veit að veiðimennirnir bíða. Ég geri ekki kröfu til þess að yfirlýsingin komi í dag. Við skulum gefa hæstv. ráðherra tóm til að undirbúa hana, fyrir morgundaginn þá. En veiðimennirnir bíða og þjóðin bíður. Ég hvet hæstv. ráðherra því til þess að koma hlutum þannig fyrir að menn geti farið að gera út á hvalveiðar sem allra fyrst, helst á morgun.

[15:12]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt að taka þátt í umræðum um hvalveiðar á Alþingi og finna þann ríka vilja og þann mikla stuðning sem hér er með hvalveiðum. Mér virðist hins vegar að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hafi ekki alveg áttað sig á því hvers eðlis þáltill. var. Hún var á þá leið að sjútvrh. ætti að kynna málstaðinn áður en hvalveiðar hefjast og það er einmitt það sem gert hefur verið á undanförnum árum fyrir tilstuðlan fjárveitinga Alþingis.

Áður en hvalveiðarnar geta hafist þurfum við að yfirstíga tvö vandamál, annars vegar það að vera ekki aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu, því að ef við hæfum hvalveiðar utan ráðsins væru þær ólöglegar í skilningi alþjóðalaga og við gætum ekki þar með átt viðskipti með afurðirnar. Því þurfum við að komast inn í ráðið og vera þar fullviðurkenndur aðili.

Staða Íslands er í dag umdeild þar sem við höfum freistað þess að gerast meðlimir með fyrirvara og það er verið að reyna að vinna að því að fá á því farsæla lausn. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að við fáum viðurkenndan fyrirvara upp á lagalega stöðu okkar þegar til lengri tíma er litið.

Hitt vandamálið sem þarf að yfirstíga eru alþjóðleg viðskipti. Þau ráðast af svokölluðum CITES-sáttmála. Þar eru einungis fjórar þjóðir með fyrirvara við bann um viðskiptin. Það eru Ísland, Noregur, Japan og ein af karabísku þjóðunum. Í dag eru engin viðskipti. Norðmenn veiða og vilja selja. En eini raunverlegi markaðurinn, Japan, hefur hingað til ekki keypt. Ég geri mér hins vegar góðir vonir um að það muni gerast bráðlega. Ég tek því allri hvatningu í þessu efni mjög vel og árangurinn af starfinu mælist í viðbrögðum umheimsins þegar við hefjum hvalveiðar.

Einkarekstur göngudeildar við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Fsp. KPál, 303. mál. — Þskj. 373.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Það var árið 1998 sem heilbrrn. var með til skoðunar erindi frá Jóhannesi M. Gunnarssyni, þáverandi lækningaforstjóra við Sjúkrahús Reykjavíkur, um rekstur göngudeildar í einkarekstri við sjúkrahúsið. Nokkrir læknar höfðu sýnt því verulegan áhuga að stofna félag um rekstur slíkrar göngudeildar og sinna þar ferliverkum. Skilyrði þeirra var þó það að læknarnir sjálfir væru þar verktakar og stýrðu starfseminni á eigin forsendum. Bygging sérstakrar álmu fyrir göngudeild sem væri tengd sjúkrahúsinu hefði getað komið til greina í því sambandi eða aðrar sambærilegar lausnir.

Heilbrrn. svaraði þessu erindi mjög jákvætt með bréfi frá Davíð Á. Gunnarssyni ráðuneytisstjóra fyrir hönd ráðherra. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið styður þessar hugmyndir og telur eðlilegt að læknahópurinn gangi til samninga við stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur um að hrinda málinu í framkvæmd. Ráðuneytið lítur svo á að slík framkvæmd samrýmist vel stefnu ráðuneytisins um fjölbreytilegt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu."

Miklar breytingar hafa orðið á sjúkrahússrekstri síðan þetta bréf gekk á milli manna, herra forseti. Þar ber hæst sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans í Landspítala – háskólasjúkrahús. Þar fyrir utan hafa orðið skipti á heilbrrh. í embætti. Nauðsyn þess að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd er þó alltaf jafnbrýn og tel ég að hér sé um eina slíka að ræða.

Eftir því sem ég kemst næst er enn áhugi ýmissa lækna og hjúkrunarfræðinga fyrir rekstri einkarekinnar göngudeildar við spítalann en slíkt fyrirkomulag er þekkt víða um heiminn. Slíkt fyrirkomulag hefur gengið vel, herra forseti, og að margra áliti hamlar það framförum í rekstri heilbrigðisstofnana hér hversu einhæf þessi framkvæmd er í raun. Ég tel eðlilegt, herra forseti, að spyrja nýjan heilbrrh. um afstöðu hans til þessa framfaramáls og legg því fyrir hæstv. ráðherra eftirfarandi spurningu:

„Hver er afstaða ráðherrans til þeirrar hugmyndar að reka göngudeild í einkarekstri við Landspítala – háskólasjúkrahús?"

[15:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hugmyndir um að gera læknum kleift að reka göngudeildir og gera ferliverk á eigin vegum í húsnæði sem tengist sjúkrahúsi eru ekki nýjar af nálinni. Þessar hugmyndir hafa komið fram í kjölfar m.a. þess að sérfræðingar hafa í ríkari mæli komið sér upp eigin stofum og aðstöðu til rannsókna og aðgerða utan spítala sem byggjast að mestu á samningum við Tryggingstofnun ríkisins. Þetta hefur valdið því að sjúklingar hafa átt þess kost að sækja þjónustu á einkareknar stofur og læknar hafa átt þess kost að skipta vinnutíma sínum milli sjúkrahúss og eigin stofu.

Heilbr.- og trmrh. útilokar ekki fyrir fram að til greina kæmi að reka tiltekna afmarkaða þjónustuþætti undir merkjum einkarekstrar í starfstengslum við sjúkrahús að ákveðnum ströngum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir rekstri af þessu tagi væru hinn almenni og jafni réttur allra til þjónustu, óháð efnahag og félagslegri stöðu.

Herra forseti. Miklar breytingar hafa orðið á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eftir að Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalarnir voru sameinuð. Sérgreinar hafa verið sameinaðar sem ekki er aðeins ætlað að auka gæði þjónustunnar heldur einnig að auka hagkvæmni rekstrarins og opna möguleika á betri nýtingu mannafla, tækja og húsnæðis. Stjórnendur spítalans hafa lýst yfir vilja sínum til að auka göngudeildarstarfsemi sem ég tel jákvæða þróun því að tækniframfarir og aukin þekking hafa leitt til þess að unnt er að sinna æ fleiri sjúklingum án þess að til innlagnar á sjúkrahús þurfi að koma. Aukin áhersla á þjónustu við sjúklinga á göngudeildum og dagdeildum er því í takt við nútímaheilbrigðisþjónustu. Í þessum efnum verðum við hins vegar að fara að öllu með gát og hugsa fyrst og síðast um hagsmuni og velferð sjúklinga því að þeir hagsmunir mega aldrei verða víkjandi gagnvart margþættum rekstrarlegum röksemdum og hagsmunum.

Í kjölfar nýlegrar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu hefur verið skipuð samninganefnd sem ætlað er að semja við sjúkrahús og læknastofur um ferliverk á sjúkrahúsum og læknisverk á stofum. Fram til þessa hefur samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins samið við einkastofur en heilbr.- og trmrn. við sjúkrahúsin. Með því að fela einum aðila að semja um þessa þjónustu fyrir hönd ríkisins hefur skapast meira jafnræði milli þeirra aðila sem veita þjónustuna. Rekstrarlegt umhverfi þeirra er að breytast og stjórnvöld hafa betri möguleika á að koma stefnumótun sinni og forgangsröðun í framkvæmd.

Hin nýja samninganefnd hefur hins vegar einungis umboð til að semja við sjúkrahúsin um svokölluð ferliverk en ekki almenna göngudeildarþjónustu eða aðra spítalastarfsemi. Hefðbundin spítalastarfsemi býr áfram við fjárveitingar á fjárlögum.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst þeirri skoðun minni fyrr í umræðum um sambærileg efni að ég geri greinarmun á einkarekstri og einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu. Ég geri engar athugasemdir við einkarekstur sem byggist á hefðum, reynslu og þeirri sátt sem hefur verið um stofurekstur lækna sem byggist á samningum við Tryggingastofnun ríkisins en ég hafna hins vegar almennt einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu.

[15:21]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Sjúkrahúsin bera gríðarlegar fjárfestingar í ýmsum hátæknibúnaði og aðstöðu. Mikið af þessari fjárfestingu hefur ekki verið fullnýtt eins og eðlilegt þætti í öðrum rekstrarformum þrátt fyrir að næg verkefni séu fyrir hendi. Þetta er m.a. vegna takmarkaðs ramma fjárlaga.

Ég tel eðlilegt að skoða mun betur hvort ekki sé þjóðhagslega hagkvæmt að leigja út vannýtta aðstöðu sjúkrahúsanna til tiltekins rekstrar. Sú leiga tel ég að yrði þó að vera háð því skilyrði að nema sambærilegum kostnaði af sams konar rekstri ef hann væri eða ef hann er einkarekinn, en ekki á undirverði.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um einkarekna göngudeild á sjúkrahúsi. Ég vildi leggja það til þessarar umræðu að unnin eru ferliverk á sjúkrahúsum og ég tel ekkert óeðlilegt við að t.d. skurðstofur séu nýttar utan þess tíma sem þær eru í hefðbundinni notkun. Læknar gætu þá tekið að sér ákveðin ferliverk inni á þeim stofum ef þeir halda gæðastaðla, þó undir einhverjum þjónustusamningi, t.d. til að stytta biðlista. Ég hef hins vegar ákveðnar spurningar um sérstaka göngudeild í þeim efnum en tek undir með hæstv. ráðherra, einkarekstur hefur viðgengist og gengið alveg bærilega og ég er alveg hlynnt honum. Einkavæðingu hafna ég eins og hæstv. ráðherra.

Það má aldrei mismuna fólki eftir efnahag eða stöðu hvað varðar aðgang að þjónustunni en auðvitað eigum við að nýta þá aðstöðu sem er fyrir hendi innan sjúkrastofnananna án þess að nokkur mismunun verði nokkurn tíma leyfð.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Hér er ekki verið að tala um að einkavæða eins og mér finnst hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vera að tala um eða hæstv. ráðherra. Það er verið að tala um aðferðir sem hafa nýst til þess að hagræða innan spítalanna og þjóna viðskiptavinum heilbrigðisstofnana betur.

Það er reyndar rétt eins og komið hefur fram að mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þessi bréf gengu á milli. Hæstv. ráðherra sagði að gengið hefðu í gildi samningar við lækna sem eru með einkastofur sínar úti í bæ. En það er að mati margra lækna líka orðið dálítið vandamál hvað þessar einkareknu stofur eru orðnar margar og langt frá spítalanum. Það er því orðinn aðskilnaður í fjarlægð milli spítalanna og þessara einkareknu stofa sem hamlar kannski að mörgu leyti hagræðingu. Læknar sem starfa á þessum vettvangi segja mér að þeir sæju ekki neitt athugavert við göngudeild við hliðina á spítalanum sem rekin yrði á verktakamarkaði í tengslum við Tryggingastofnun og sjúkrahúsin. Það mundi ekki endilega raska því jafnvægi sem er núna heldur mundi það eingöngu auka möguleika á að spara fjármuni spítalans, auka hagræði og við getum sagt samskipti við sjúklinga.

Ég ætla ekki að fara mikið lengra út í þetta, herra forseti. Ég heyri að hæstv. heilbrrh. er ekki eins opinn fyrir þessari leið og fyrirrennari hans var og finnst mér það miður.

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa verið. Ég held að ég láti mér ályktunarorð hv. fyrirspyrjanda um samanburð við fyrrv. heilbrrh. í þessu sambandi, að ég sé ekki eins opinn fyrir þessari leið, í léttu rúmi liggja. Mikil vinna hefur farið fram innan Landspítalans um þessi mál og ég er að fara yfir þau með þeim sem að hafa komið.

Ég hef í rauninni engu við það að bæta sem ég sagði um einkarekstur, ég hef ekkert á móti honum. Ég er sammála því að vissulega þarf að nýta þann hátæknibúnað sem er á spítölunum sem best, það hef ég alltaf sagt. Hins vegar snýst það mál um peninga. Það snýst ekkert um rekstrarform í sjálfu sér. Það mál snýst um peninga. Við erum að semja við spítalana um auknar aðgerðir af því að við fengum 80 millj. á fjárlögum til að stytta biðlista. Það mun koma til góða í starfsemi spítalanna.

Ef ég fæ fjármuni í hendurnar get ég gert þetta og ég hef alls ekki útilokað neitt rekstrarform í því efni. Þetta snýst um fjármuni. Það skulu hv. þm. athuga. Þetta snýst ekkert um rekstrarform eins og oft virðist vera þegar verið að tala um að biðlistar séu í landinu. Það snýst um peninga.

Þátttaka almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna á meðferðarstofnunum.

Fsp. ÁRJ, 399. mál. — Þskj. 656.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég spyr um þátttöku almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna á meðferðarstofnunum. Almannatryggingar greiða núna ferðakostnað sjúkra barna og foreldra þeirra eftir ákveðnum reglum ef þau þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu um langan veg eða ef foreldrar heimsækja börn sín á sjúkrastofnun um langan veg. Þessi greiðsla ferðakostnaðar er verulegur stuðningur við foreldra sjúkra barna en ég hef ekki tíma til að fara yfir þær reglur í smáatriðum hér.

Foreldrum barna í vímuefnavanda hefur verið synjað um allan stuðning frá Tryggingastofnun, bæði umönnunargreiðslur og ferðakostnað. Þó er litið á vímuefnafíkn sem sjúkdóm í velferðarþjónustu okkar, samanber meðferð á Vogi vegna áfengissýki og greiðslur fyrir hana. Börn og unglingar sem ánetjast hafa fíkniefnum eru send til meðferðar á meðferðarheimili oft fjarri heimilum sínum. Foreldrum er skylt að sækja samráðsfundi reglulega, eigi sjaldnar en 4–5 sinnum á ári. Oft hefur það verið einu sinni í mánuði auk þess sem barnið eða sjúklingurinn fer heim um helgar sem er hluti af þeirri meðferð að aðlagast heimilinu aftur.

Foreldrar þessara barna hafa ekki fengið neinn fjárhagsstuðning til að taka þátt í þessari meðferð og vegna þessa kostnaðar. Ég er hér með bréf frá móður drengs í Reykjavík sem fyrst var vistaður á Jökuldal. Það hafði í för með sér verulegan ferðakostnað, flug til Egilsstaða — það er yfir 30 þús. kr., bara flugið fyrir foreldrana. Nú er drengurinn vistaður norður í landi og þurfa foreldrar hans að aka a.m.k. 700 km og gista eina nótt auk þess sem foreldrarnir hafa þurft að taka megnið af sumarfríi sínu í þessar ferðir en drengurinn er búinn að eiga í þessu í hátt á annað ár og mun verða í meðferð fram á sumar. Kostnaðurinn hefur verið á annað hundrað þús. kr. bara í ferðirnar norður í land þó að ódýrasta leiðin hafi ávallt verið valin. Þar sem ekki er komið í neinu til móts við kostnað þessara foreldra er það lág- og millitekjufólki mjög erfitt og stundum jafnvel

ofviða að standa undir kostnaði við meðferð þessara sjúku barna sinna. Ferðakostnaðurinn er eitt og svo er mikill annar kostnaður eins og heilbrigðiskostnaður. Í tilviki móðurinnar sem skrifaði mér var tannlæknakostnaður sem er afleiðing fíkniefnanotkunarinnar hátt í 60 þús. kr. á síðasta ári en hann fæst ekki að neinu greiddur hjá Tryggingastofnun auk þess sem þau greiða andvirði eins meðlags til stofnunarinnar sem hann dvelur á. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

Hvaða rök eru fyrir því að ekki gilda sambærilegar reglur um þátttöku almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna sem dveljast á meðferðarstofnunum fjarri heimili — en foreldrum ber að taka þátt í meðferð þeirra — og ferðakostnaði foreldra barna sem dveljast á sjúkrastofnunum innan lands?

Telur hæstv. ráðherra ástæðu til að samræma ferðakostnaðarreglur almannatrygginga innan lands þannig að jafnræði ríki með þessum hópum?

[15:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hvað varðar fyrri spurningu hv. þm. er því til að svara að Alþingi ályktaði 2. júní 1998 að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna. Í því skyni skyldi skipuð nefnd með aðild ráðuneyta heilbrigðis-, félags- og menntamála og fulltrúum samtaka um málefni langsjúkra barna. Nefndinni var falið að leggja mat á hvort þörf yrði sérstakrar löggjafar um réttindi langsjúkra barna eða hvort fella ætti þennan hóp undir gildissvið laga um málefni fatlaðra. Niðurstöður og nauðsynleg lagafrv. skyldu lögð fyrir Alþingi í upphafi árs 1999.

Þáv. heilbr.- og trmrh. skipaði nefnd í samræmi við ályktun Alþingis. Skiladi nefndin skýrslu í júní 1999. Aðalniðurstaða nefndarinnar var að fremur bæri að endurbæta núverandi lög og reglugerðir en að setja sérlög um málefni langveikra barna, enda væri það í samræmi við þá stefnu að aðstoð samfélagsins eigi að miða við þarfir fólks frekar en flokkun á færni þess.

Í skýrslunni kemur fram að hugtakið langsjúk börn er hvergi skilgreint nákvæmlega en almennt talað væri átt við börn sem þurfa að vera undir læknseftirliti a.m.k. þrjá mánuði samfellt vegna sjúkdóms sem hefur veruleg áhrif á daglegt líf barnsins. Miðuðust niðurstöður nefndarinnar við þann hóp barna.

Í framhaldi af skýrslunni hefur ýmsu verið breytt varðandi heilbrigðis- og tryggingamál. Sem dæmi má nefna að lög nr. 62/2000, um breytingu á lögum um almannatryggingar, heimila Tryggingastofnun ríkisins að greiða dvalarkostnað foreldra langveikra barna við innlögn barnsins á sjúkarhús, að aldursákvæðum reglugerðar um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna var breytt úr 16 í 18 ára og heimilaðar eru umönnunargreiðslur að 20 ára aldri vegna barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun, að heimilað var að veita fjárhagslega aðstoð við framfærendur í allt að sex mánuði eftir andlát langveiks barns, að ný lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, hafa verið samþykkt.

Reglur nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands eru settar með stoð í ákvæðum um sjúkratryggingar í lögum um almannatryggingar. Reglurnar ná ekki til annarra en þeirra er nota heilbrigðisþjónustu. Meðferðarstofnanir á vegum félmrn. falla ekki undir reglurnar þar sem ekki er um að ræða þjónustu sem telst vera heilbrigðisþjónusta.

Herra forseti. Hvað síðari spurningu hv. þm. varðar þá get ég tekið undir það að ástæða væri til að hafa sambærilegar reglur og í sjúkratryggingum þegar gerð er krafa um að foreldri taki þátt í meðferð barna á meðferðarstofnunum. Ég verð þó að segja að setning slíkra reglna heyrir ekki undir heilbrrn. heldur félmrn. Ég vil eigi að síður láta í ljós þessa skoðun í tilefni af fyrirspurn hv. þm.

[15:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem ég tel afar brýna. Ég tók eftir því að hæstv. heilbrrh. notaði verulegan hluta af sínum tíma að ræða um aukinn rétt langveikra barna. Það mál hefur verið tekið oft upp á þingi og samþykkt ályktun eins og hæstv. ráðherra nefndi. Sú ályktun kvað raunar á um að langveik börn ættu að hafa sama rétt og kveðið er á um í lögum um málefni fatlaðra vegna fatlaðra barna. Ég held að við eigum töluvert langt í land með að svo sé.

Ég vil nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. ráðherra hver sé skoðun hans á því að auka réttindi foreldra veikra barna. Foreldrar hafa núna einungis tíu daga vegna veikinda barna. Þetta kemur mjög niður á langveikum börnum. Fyrir liggur þáltill. um þetta efni flutt af þingmönnum úr öllum flokkum. Hæstv. ráðherra hafði greinilega ekki tækifæri til að vera viðstaddur þá umræðu þannig að ég vil spyrja hæstv. ráðherra um afstöðu hans til að auka veikindarétt foreldra veikra barna.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og ráðherra fyrir svörin. Það er ljóst að vímuefnasjúklingar eru sjúklingar. Þeir eiga í þessum veikindum oft lengi og meðferðinni fylgir mikill kostnaður foreldra, en hvorki umönnunarkostnaður né ferðakostnaður, sem er ærinn eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, eru greiddir af velferðarkerfinu. Ég get vitnað í bréf frá foreldrum. Um er að ræða foreldra á höfuðborgarsvæðinu sem taka þátt í meðferð barna sinna úti á landi. Þeir fá ekki greiddan neinn kostnað. En þegar foreldrar barna utan af landi koma hingað suður til að fá heilbrigðisþjónustu sem þeir geta ekki fengið úti á landi, þá er greitt.

Vissulega er það af hinu góða hvernig greitt er þegar langveik börn eiga í hlut. Það þarf auðvitað að fá miklu meiri stuðning við foreldra þeirra. En þarna er hópur og þarna eru foreldrar sem geta ekki í sumum tilfellum staðið straum af kostnaðinum. Ég ætla að vitna í bréf þessarar móður sem skrifaði mér. Hún segir við mig í bréfinu, með leyfi forseta:

„Ég verð að biðja þig að koma þessum málum til þeirra sem geta komið til hjálpar foreldrum sem eru í sömu stöðu og við. Það gengur ekki að börn séu tekin of fljótt úr meðferð vegna þess að það er of dýrt að halda þeim þar.“

Foreldrar með millitekjur og fátækir foreldrar geta ekki staðið straum af kostnaði við meðferð þessara barna sinna sem eru alvarlega veik því börn í vímuvanda eru oft í lífshættu. Við vitum það. Ég hvet hæstv. ráðherra að ráða bót á þessu því að í dag er stuðningurinn ekki frá félagsmálayfirvöldum, ekki frá almannatryggingunum og ekki frá verkalýðshreyfingunni nema í einstaka undantekningartilfellum að þessir foreldrar hafa fengið styrk. Ég tel löngu tímabært að jafnræði ríki með þessum foreldrum og þessum börnum í meðferð eins og öðrum sjúkum börnum og foreldrum þeirra.

[15:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa verið hér. Ég hef lýst afstöðu minni til þessa máls. Varðandi framkvæmdina þá hef ég rætt ýmis sameiginleg mál við félmrn. og mál sem skarast milli ráðuneyta. En eins og hv. þm. þekkir þá eru þau æðimörg. Ég er fús til þess að taka þetta mál upp í þeim viðræðum sem við eigum saman. Að öðru leyti hef ég engu við mín fyrri svör að bæta.

Varðandi fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. um réttindi langveikra barna og foreldra þeirra þá þekki ég þetta mál. Þessar aðstæður hafa verið kynntar mér, bæði af embættismönnum ráðuneytisins og fulltrúum þeirra hópa sem í hlut eiga. Ég tel að við eigum að vinna að úrbótum á þessu sviði án þess að ég vilji kynna tillögur í því efni á þessari stundu. Mér er alveg ljóst að þarna er mismunur á. Aðstaða foreldra langveikra barna að þessu leyti er ekki sambærileg hér á landi og í þeim löndum sem við miðum okkur við. Mér er vel kunnugt um það.

Bólusetning gegn barnasjúkdómum.

Fsp. JóhS, 420. mál. — Þskj. 680.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um bólusetningu gegn barnasjúkdómum. Tilefni þessarar fyrirspurnar er að í langan tíma hefur verið mikil umræða í Bretlandi um að aukningu á einhverfu megi hugsanlega rekja til fyrirkomulags á bólusetningu gegn barnasjúkdómum. Um það eru þó mjög skiptar skoðanir í heilbrigðisstéttum, ekki síst meðal lækna, og yfirvöld hafa ekki viljað fallast á að fyrirkomulag bólusetningar sé varasamt. Harkalega hefur engu að síður verið tekist á um þetta í fjölmiðlum í Bretlandi á undanförnum mánuðum og missirum.

Bólusetningu er þannig háttað í Bretlandi, eins og hér á landi, að börn fá í einni og sömu sprautunni bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum. Talið er að það tíðkist meðal efnameira fólks í Bretlandi að það láti gefa börnum sínum þessi bóluefni í þrennu lagi, þ.e. í þremur mismunandi sprautum af ótta við hugsanlegar afleiðingar, en bæði rætt um einhverfu og þarmasjukdóma í því sambandi. Mikil fjölgun hefur orðið á einhverfutilvikum í Bretlandi og um það stendur deilan hvort að hluta til megi rekja þessa fjölgun til fyrirkomulags bólusetningarinnar. Tony Blair forsætisráðherra hefur t.d. ítrekað verið dreginn inn í umræðuna, en hann vill ekki svara því hvort eða þá hvernig sonur hans hafi fengið slíka bólusetningu, þ.e. hvort það hafi verið í einni sprautu eða þremur sprautum gegn þessum barnasjúkdómum.

Í ljósi þessa er m.a. fyrirspurn mín borin fram, til að reyna að varpa ljósi á það hvernig þessum málum er háttað á Íslandi. Ég hef orðið vör við nokkra umræðu og ótta meðal ungs barnafólks um það hvernig þessu sé farið hér á landi. Þessi fyrirspurn er sett fram til að taka af allan vafa um að íslenska heilbrigðiskerfið hér á landi hafi verið á varðbergi og hvort skoðað hafi verið hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi bólusetningar við þessum barnasjúkdómum.

Ég hef því beint þremur fyrirspurnum til ráðherra sem lúta að því hvort farið hafi fram umræða eða rannsókn í heilbrigðiskerfinu hér á landi með hliðsjón af þeirri umræðu sem hefur verið t.d. í Bretlandi, eins og ég hef hér greint frá, og hvort ástæða sé til þess að ætla að varasamt sé að hafa bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu og hvort slíkt fyrirkomulag bólusetningar geti verið orsök fleiri dæma um einhverfu á liðnum árum. Og ekki síst spyr ég um hvort á döfinni sé að breyta fyrirkomulagi á þessum málum, sérstaklega hvort fólk geti valið að fá bólusetningu við hverjum þessara sjúkdóma sérstaklega.

[15:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur beint til mín spurningum um bólusetningu gegn barnasjúkdómum.

Í fyrsta lagi er spurt hvort farið hafi fram umræða eða rannsókn í heilbrigðiskerfinu hér á landi með hliðsjón af umræðu sem farið hefur fram í öðrum löndum um hugsanleg tengsl bólusetningar gegn barnasjúkdómum og einhverfu.

Því er til að svara að af og til berast fréttir af skaðlegum afleiðingum bólusetninga sem eru til þess fallnar að draga úr tiltrú almennings á þeim. Þegar þeir sjúkdómar sem bólusett er gegn hverfa úr samfélaginu er hætt við að fólk gleymi þeim afleiðingum sem sjúkdómarnir höfðu. Athyglin beinist þá að hugsanlegum aukaverkunum sem bólusetningar kunna að hafa. Allar ábendingar um hugsanlegar skaðlegar afleiðingar bólusetningar eru teknar alvarlega og þær sérstaklega kannaðar. Þess vegna hafa verið kannaðar getsakir um að bólusetning með þrígildu bóluefni gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt sem gefin er við 18 mánaða aldur geti valdið einhverfu.

Finnsk langtímarannsókn sem hófst árið 1982 á börnum sem bólusett voru á aldrinum 14–18 mánaða og sex ára og tók til 3 millj. skammta miðað við árslok 1996 leiddi ekki í ljós eitt einasta tilfelli af heilkenni einhverfu sem hægt var að tengja þessu þrígilda bóluefni.

Önnur rannsókn frá Bretlandi sem tók til 498 tilfella af heilkenni einhverfu leiddi í ljós stöðuga aukningu á heilkenninu frá árinu 1979, þ.e. löngu áður en bólusetning með þrígilda bóluefninu hófst árið 1989. Ekki varð vart aukningar á heilkenni einhverfu sem rekja mátti til bólusetninganna eftir að þær hófust. Niðurstöður þessara rannsókna styðja því ekki tilgátuna um tengsl á milli bólusetninga með þrígilda bóluefninu og heilkennisins en hv. þm. spurði einnig hvort ástæða væri til að ætla að varasamt gæti verið að nota þetta bóluefni.

Þess má geta að hér á landi hafa Bjarni Þjóðleifsson læknir og fleiri rannsakað hvort bólusetning með þrígilda bóluefninu valdi garnabólgu en slík bólga er undirstaða kenningarinnar um samband bólusetningarinnar við einhverfu.

Niðurstaða þeirra rannsókna bendir ekki til að þrígilda bóluefnið valdi slíkri bólgu. Þannig benda hvorki faraldsfræðilegar rannsóknir né rannsóknir á meintri meingerð sjúkdómsins til að þrígilda bóluefnið tengist einhverfu. Þá hafa sálfræðingarnir Páll Magnússon og Edvald Sæmundsen birt íslenska rannsókn á tíðni einhverfu sem sýnir aukningu hér á landi sem annars staðar. Þessi aukning hófst að mestu áður en bólusetningarnar með þrígilda bóluefninu hófust hér á landi. Telja höfundar að bætt greiningartækni og breyting á skilgreiningu heilkennis einhverfu geti skýrt þessa aukningu að einhverju leyti.

Því er ekki ástæða til að ætla að bólusetning gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt sem gefin er í einni sprautu tengist einhverfu.

Að lokum spyr hv. þm. um fyrirkomulag á bólusetningu gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt, en því er þannig hagað hér á landi að öllum börnum sem eru 18 mánaða og 12 ára að aldri er boðin slík þrígild bólusetning í einni sprautu, í hvort skiptið forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu. Bólusetning með þessu þrígilda bóluefni hófst 1989, fyrst eingöngu meðal 18 mánaða barna en árið 1994 einnig meðal níu ára barna. Var það gert til að flýta fyrir því að rauðum hundum yrði bægt frá en faraldur af rauðum hundum gekk hér á landi á árunum 1992–1996 meðal óbólusettra.

Frá árinu 1996 hafa rauðir hundar ekki gengið hér á landi. Frá miðju síðasta ári var seinni bólusetningin færð frá níu ára aldri til 12 ára aldurs til þess að seinni rauðu hunda bólusetningin lægi nær barneignaraldrinum. Ekki er fyrirhuguð nein breyting á því fyrirkomulagi að bjóða þrígilt bóluefni gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt í einni sprautu, enda mikið hagræði að því að gefa þessi bóluefni saman.

[15:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta var mjög áhugaverð yfirferð hjá hæstv. ráðherra. En hjá mér vaknaði ein spurning til viðbótar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ef foreldrar óska eftir að fá þessa bólusetningu í þrennu lagi, er það þá mögulegt? Er eitthvað því til fyrirstöðu að þeir foreldrar sem óska eftir því fái þrjár bólusetningar, eina með hverju mótefni, í stað þess að hafa þær þrjár í einni sprautu?

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég efast ekki um, eins og hæstv. ráðherra segir, að það er hagræði í að hafa svona þrígildi í bóluefninu, að hafa í einni og sömu sprautinni mótefni gegn þremur barnasjúkdómum. Spurningin snýst hins vegar um öryggi. Það er ástæða til að þessi mál séu skoðuð sérstaklega hér og hæstv. ráðherra nefndi að það hefði verið gert.

Í íslenska heilbrigðiskerfinu óttast menn ekki það sem menn óttast mjög í Bretlandi. Nýleg skoðanakönnun segir t.d. að tæplega helmingur þeirra sem þar voru spurðir treystu ekki þeirri bólusetningu sem þar fer fram, sem er með sama hætti og hér. Þar er kominn mikill þrýstingur á heilbrigðiskerfið að skipta þessari bólusetningu í þrjár sprautur. Könnunin sýnir líka að fjórir af hverjum fimm foreldrum vilja hafa slíkt fyrirkomulag á, hafa þetta í þremur sprautum. Í bresku pressunni er í dag sagt frá því að enn frekari rannsóknir bendi til tengsla milli þreföldunar á bólusetningu og sjúkdóms í þörmum. Þess er jafnframt getið í bresku pressunni í dag að breska ríkisstjórnin sé að íhuga að bjóða foreldrum að velja hvort börn þeirra fái bólusetningu við þessum barnasjúkdómum í þremur sprautum eða ekki. Yfirvöld hafa þar með ekki fallist á að þetta sé varasamt heldur er óttinn við bólusetninguna það mikill að yfirvöld neyðast til að bjóða fólki upp á að hafa þetta í þremur sprautum, en ekki bara þannig að efnameira fólk geti fengið þetta í þremur sprautum ef það svo óskar.

Ég ítreka því spurningu mína, eina af þessum þremur sem ég lagði fram og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir ítrekaði líka: Er hægt að óska þess, ef foreldrar svo vilja, að fá þessar sprautur í þrennu lagi? Ég veit að það er dýrara en margir foreldrar óttast afleiðingar af þessu, m.a. vegna umræðunnar sem fram fer í Bretlandi. Þess vegna spyr ég hvort þessi möguleiki sé fyrir hendi og hvort ráðherrann muni beita sér fyrir því ef foreldrar svo óska.

[15:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Varðandi spurninguna um hvort hægt sé að hafa val í þessum efnum get ég sagt að þessi vandkvæði eða kröfur um það hafa ekki komið upp á mitt borð. Hins vegar er ég fús til að ræða þessi mál í samráði við landlækni og sóttvarnalækni og kanna hvaða vandkvæði er þarna um að ræða. Hins vegar hefur komið fram að þessi aðferð er talin örugg. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að öryggið verður að vera í fyrirrúmi. Það verður ætíð að fylgjast með varðandi öryggið. Ég er fús til að fylgjast með þessum málum, kanna hvaða tilfelli liggja að baki og hve margar kröfur eru um breytingar. Ég hygg að ekki sé mögulegt að skipta þessum bólusetningum núna, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef.

Vegaframkvæmdir á Hellisheiði og í Þrengslum.

Fsp. ÓB, 432. mál. — Þskj. 695.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Björnsson):

Virðulegi forseti. Lengi hafa verið uppi tillögur þess efnis að gengið verði frá veglýsingu um Suðurlandsveg, frá Reykjavík um Hellisheiði til Hveragerðis og um Þrengsli til Þorlákshafnar.

Rétt er að minna á að árið 1988 samþykkti Alþingi þáltill. um að láta gera könnun á kostnaði þess að lýsa þennan veg upp og leitað yrði leiða til þess að hrinda því verki í framkvæmd. Síðan eru liðin um 14 ár.

Það liggur fyrir að gríðarlegur umferðarþungi er um þessa þjóðleið milli Stór-Reykjavíkursvæðisins annars vegar og Suðurlandsundirlendisins hins vegar. Meðalumferð árið 2001 er samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni þannig að um Hellisheiði fara um 4.500 bílar á sólarhring og yfir 1.000 bílar um Þrengsli að meðaltali á sólarhring. Heildarumferðin um veginn við Litlu kaffistofuna er því um 5.500 bílar á dag að meðaltali. Til samanburðar má nefna að 7.500 bílar fara um Reykjanesbraut.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í skýrslu Rögnvalds Guðmundssonar ferðamálafræðings í nýrri skýrslu um stefnumótun í ferðamálum í Árborg þá koma til landsins um 300 þúsund ferðamenn á ári. Samkvæmt rannsókn sem var gerð í tengslum við þessa skýrslu kom í ljós að rúmur helmingur erlendra ferðamanna fór um Selfoss, eða 120–140 þúsund gestir. Um 60% sumargesta, erlendra ferðamanna, koma til Selfoss en um 30% vetrargesta. Nokkuð sláandi munur er á því hve miklu færri erlendir ferðamenn fara að vetrarlegi austur fyrir fjall.

Þrátt fyrir þetta er Selfoss einn helsti ferðamannabær á landinu. Reyndar má minna á að til Geysis og Gullfoss koma um 70% allra ferðamanna samkvæmt sömu upplýsingum. Því er ljóst að Hellisheiðin er einn allra fjölfarnasti ferðamannavegur landsins. Fáir efast um þægindin og aukna öryggiskennd sem er því samfara að ferðast um upplýstan veg. Þetta á ekki síst við um erfiða fjallvegi eins og Hellisheiðin er. Hver kannast ekki við að hafa paufast þar áfram

í svartabyl og þoku? Þá hafa margir óskað sér að lýsingin væri komin.

Reykjanesbrautin var lýst upp 1996, fyrir um sex árum, og allir sem hafa ekið þann veg fyrir og eftir lýsingu þekkja vel þá breytingu. Munurinn er eins og dagur og nótt.

Herra forseti. Ég tel því mikilvægt að farið verði hið fyrsta í að koma þessu mikla samgöngumáli í betra horf. Því ber ég fram fyrirspurn til hæst. samgrh.:

1. Eru áform um að setja upp veglýsingu á þjóðvegi nr. 1 frá Reykjavík um Hellisheiði til Hveragerðis og um Þrengsli til Þorlákshafnar?

2. Eru uppi önnur áform um vegabætur á framangreindum leiðum?

[15:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ólafi Björnssyni fyrir þessar fyrirspurnir og að fá tækifæri til þess að svara þeim hér.

Fyrri spurningin var: „Eru áform um að setja upp veglýsingu á þjóðvegi nr. 1 frá Reykjavík um Hellisheiði til Hveragerðis og um Þrengsli til Þorlákshafnar?"

Svar mitt er svohljóðandi: Í gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004 eru engar fjárveitingar sérstakar til að setja upp veglýsingu við þjóðveginn yfir Hellisheiði og um Þrengsli. Hins vegar er unnið að hönnun lýsingarinnar og verða kostnaðaráætlanir lagðar fram ásamt öðrum áætlunum til ákvörðunar á niðurröðun framkvæmda við endurskoðun vegáætlunar nú í vetur. Ef frv. til laga um samgönguáætlun verður að lögum á þessu þingi verður jafnframt mótuð ný heildarstefna í lýsingu þjóðvega í dreifbýli. Tillögur þar að lútandi munu koma fram í till. til þál. um samgönguáætlun 2003–2012 næsta haust ef, eins og ég sagði áður, frv. verður að lögum á þessu þingi og þannig er unnið að þessu máli.

Hins vegar er á það að benda að þingmenn Suðurl. höfðu lagt ríka áherslu á að vinna að því að koma upp lýsingu á þessum leiðum. Í vinnslu var tiltekin fjármögnun, bæði á hönnun og framkvæmdum. Í því ljósi hef ég unnið að þessu máli.

Í annan stað er spurt:

„Eru uppi önnur áform um vegabætur á framangreindum leiðum?"

Mitt svar er þetta: Unnið hefur verið að undirbúningi vegna ýmissa endurbóta á umræddum leiðum. Má þar t.d. nefna endurbætur á vegamótum Hringvegar og Þrengslavegar. Áætlanir þessar verða einnig lagðar fram við endurskoðun vegáætlunar á þessu ári, í vetur. Jafnframt vísast með sama hætti og í fyrra svarinu til samgönguáætlunar sem mun væntanlega taka á þessum mikilvægu samgöngubótum sem hv. þm. vakti réttilega athygli á að eru nauðsynlegar, ekki síst með tilliti til þess að þarna er vaxandi umferð, bæði þungaflutningar í þágu atvinnulífsins og einnig vaxandi umferð vegna ferðamannaþjónustu og þeirra fjölmörgu sem nýta sér þá uppbyggingu sem farið hefur fram á Suðurlandi til að sinna þeirri vaxandi atvinnugrein sem ferðaþjónustan er. Ég bind því vonir við að í endurskoðaðri vegáætlun, ekki síður í hinni samræmdu samgönguáætlun sem ég geri ráð fyrir að verði afgreidd innan tíðar, verði tekið með öflugum og afgerandi hætti á þessum mikilvægu verkefnum.

[16:00]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Björnssyni fyrir þessa fyrirspurn og að vekja athygli á þessu máli sem mörgum er mjög hjartfólgið.

Ég hef ásamt fleirum lagt fram tillögu um að lýsa Hellisheiðina og breikka klifreinar þannig að þær verði tvöfaldar alla leið. Sú tillaga var lögð fram á þinginu í fyrra. Við höfum eftir bestu getu reynt að fylgja þessu eftir. Það verður að segjast eins og er að nokkuð hefur verið við ramman reip að draga vegna þess að Vegagerð ríkisins hefur lagst gegn lýsingu yfir heiðar eða talið að þær væru ekki sú trygging sem menn héldu og sköpuðu ekki það bætta öryggi sem menn hefðu haldið fram.

Ég hef haldið hinu gagnstæða á lofti og er á því að lýsing Hellisheiðar yrði mikið framfaraspor og mundi auka öryggi vegfarenda gríðarlega. Ég hvet hæstv. ráðherra til að fylgja þessu máli eftir.

[16:01]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Björnssyni fyrir að vekja máls á þessu því að hér er um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir Suðurland. Yfir Hellisheiði er gríðarleg umferð. Þar ökum við margir hverjir þingmenn kjördæmisins um nær daglega getum við sagt og vitum vel hve mikil umferð er á þessari leið.

Þetta er auðvitað líka spurning um peninga og fjármögnun og ég er ekki inni á því að við eigum að nota til þessa fjármagn úr svokölluðum ferðamannaleiðum og jaðarbyggðum sem eru 35 millj. kr. á ári. (Gripið fram í.) Ég er ekki inni á því en um það var rætt um tíma í þingmannahópnum. Engu að síður verðum við að finna lausn á þessu máli. Ég tel afar brýnt að lýsa upp t.d. við Þrengslaafleggjarann. Það kostar ekki mikla peninga og við getum drifið það áfram. Við þurfum að þoka þessu máli áfram og koma því í höfn en ég ítreka að ég er ekki inni á því að nýta í þetta fjármagn úr ferðamannaleiðum og jaðarbyggðum.

[16:02]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa tekið þetta mál hér fyrir. Jafnframt þakka ég samgrh. fyrir þær upplýsingar sem hann veitti okkur áðan. Ljóst er að umferð á Hellisheiði hefur aukist stórlega seinni ár. Kemur þar t.d. til mikil umferð ferðafólks og fólks sem sækir sumarhús sín. Það má segja að umferð um Hellisheiði eða íbúatala Árnessýslu tvöfaldist á tímum yfir sumartímann. Auk þess eru gríðarlegir þungaflutningar inn á Suðurland sem ná allt að Austfjörðum.

Þegar við ræðum um lýsingu á Hellisheiði annars vegar og lýsingu í dreifbýli hins vegar held ég að við megum ekki blanda þeim málum saman vegna þess að Hellisheiðin er orðin hluti af Stór-Reykjavíkursvæðinu og heyrir ekki að öllu leyti undir dreifbýli Íslands. Við þurfum því að vinna málinu brautargengi með tilliti til þessa.

[16:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu við það að bæta sem hér hefur komið fram. Það er engin launung á því að þingmenn Suðurlands hafa stefnt að því um nokkuð langt skeið að Hellisheiðin verði lýst. Hins vegar liggur líka fyrir að það fjármagn sem hefur verið til skiptanna hefur ekki verið nægilegt til þess að hægt sé að ráðast í þetta verkefni.

Menn hafa verið að leita leiða til þess að fjármagna þetta verkefni. Það hefur ekki gengið sem skyldi.

Þess ber að geta líka í þessu samhengi að ekki hefur alveg verið einhugur og samstaða hjá sveitarstjórnarmönnum á Suðurlandi um hvort taka ætti þetta verkefni fram yfir annað. En það breytir ekki hinu og kjarninn er einfaldlega sá að til þess að hægt verði að ráðast í þetta verkefni þarf að fá í það fjármagn. Við verðum að setja allt okkar traust á þá ríkisstjórn sem nú situr, að hún leggi í þetta fjármagn. Ekki er í önnur hús að venda svo það er svo sem lítið annað að gera en að brýna hæstv. samgrh. til góðra verka.

[16:05]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka samgrh. fyrir skýr og greinargóð svör við fyrirspurninni og þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það er ljóst að það þarf að vinna því brautargengi í endurskoðaðri vegáætlun að fjármunir komi í þessa framkvæmd. Það þarf að koma þeim líka inn í hina samræmdu samgönguáætlun sem talað er um. Mér líst mjög vel á þær hugmyndir, að þar komi fram ákveðin stefna í sambandi við lýsingu þjóðvega. En ég tek undir með hv. þm. Kjartani Ólafssyni að það ber að horfa til þess að Árborgarsvæðið, Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn, má telja sem hluta af suðvesturhorninu. Gríðarlega margir keyra þar um til vinnu daglega, fleiri hundruð manns. Fjöldinn fer vaxandi og búseta er í auknum mæli þannig að menn búa fyrir austan og vinna hér eða öfugt.

Hinn mikli fjöldi ferðaþjónustuhúsa á Suðurlandi kallar líka á mjög mikla umferð svo sem bent er á. Þess vegna er eðlilegt að í fjármögnun þessara framkvæmda verði ekki eingöngu litið til fjár frá Suðurlandskjördæmi heldur að horft verði heildstæðar á myndina. Ég á von á því að horft verði til þess í samgönguáætlun. Það eru auðvitað ekki síður hagsmunir íbúa Stór-Reykjavíkursvæðisins að þessar samgöngur austur yfir fjall verði traustari og betri, auðveldari, og það er mikið hagsmunamál fyrir okkur Sunnlendinga að þetta komist í ákveðinn forgang og hafi ákveðinn forgang. Þetta mál hefur dregist of lengi. Það er vaxandi þungi fyrir austan fjall sem lýsir sér best í því að í fyrra söfnuðust yfir 5.000 undirskriftir sem samgrh. fékk. Vinir Hellisheiðar stóðu fyrir þeim og það segir mér vel að mikill hugur er á bak við það og vilji að þessar vegaframkvæmdir og þessi vegabót megi eiga sér stað.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill benda þingmönnum á að ráðherrar eru ávarpaðir hæstv. ráðherrar.)

[16:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem hér hafa talað fyrir umfjöllun um þetta mál sem snýr að framkvæmdum á veginum yfir Hellisheiði og Þrengsli. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm., fyrirspyrjandanum Ólafi Björnssyni, að þessi vegur austur fyrir fjall er mikilvægur partur af þessu þéttbýla svæði, höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandsundirlendinu öllu, þannig að þetta er afar mikilvæg tengileið.

Hér kom fram að Vegagerðin hefði í frammi einhverja andstöðu eða það væri við ramman reip að draga þar sem væri andstaða Vegagerðarinnar við lýsingu. Ég held að það sé ofsögum sagt. Vegagerðin kemur náttúrlega með tillögur sínar sem byggjast á forgangsröðun og á því fjármagni sem Alþingi ákveður að leggja í vegina. Á Alþingi eru svo endanlega teknar ákvarðanir um það í hvað fjármunir eigi að fara þannig að við getum ekki skýlt okkur á bak við vilja Vegagerðarinnar út af fyrir sig þó að afar mikilvægt sé fyrir okkur að taka tillit til tillagna þeirra sem best þekkja og hafa yfirsýn yfir sviðið allt.

Ánægjulegt var að heyra hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að hann setur allt sitt traust á ríkisstjórnina og væntanlega samgrh. Það er mikilvæg traustsyfirlýsing úr þeirri átt. Hins vegar er á það að benda að þingmenn hvers kjördæmis ráða mjög miklu og í raun öllu um það hvernig fjármunir skiptast í hvern landshluta, í hvert kjördæmi. Þingmennirnir ráða í raun forgangsröðuninni og það gildir einnig um áform um lýsingu þjóðveganna.

Um fundarstjórn.

Fyrirspurnafundir og utandagskrármál.

[16:10]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég er dálítið hissa á því að hér eru 15 fyrirspurnir á dagskrá. Fyrirspurnir eru alltaf á miðvikudögum og það er ákveðin hefð fyrir því að fyrirspurnir hafi ákveðinn tíma fram að þingflokksfundum. Ég sé að hér er búið að taka út af dagskránni átta fyrirspurnir af þeim 15 sem voru á dagskrá. Maður gerði sér kannski grein fyrir því að þetta gæti gerst því að tvö mál sem tóku 20–25 mínútur hvort voru í upphafi fundar sem er hugsaður fyrir fyrirspurnir.

Ég velti því fyrir mér þar sem margir eru búnir að undirbúa þessar fyrirspurnir sínar og gera ráð fyrir því að geta borið þær fram á þessum tíma hvort hægt sé að hleypa málum svona fram fyrir nánast algjörlega óundirbúið. Mér finnst þetta raska dagskrá og vinnubrögðum þingmanna yfirleitt og spyr forseta hvort það sé í rauninni einhver ástæða til að vera að vinna þetta með þessum hætti.

[16:11]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill vekja athygli þingmannsins á að á hverjum degi er heimilt að kveðja sér hljóðs og tala um störf þingsins og það er ákaflega erfitt að tímasetja slíkar umræður. Hv. þingmönnum er fullkunnugt um að þingflokksfundir hefjast kl. 4 þannig að það er alvanalegt að umræðum um fyrirspurnir sé frestað. Óvenjumargar fyrirspurnir komast að vísu ekki að núna vegna þess að sumar þeirra tóku mjög langan tíma.

[16:12]

Útbýting þingskjala:

Áhugamannahnefaleikar, 39. mál, brtt. KolH o.fl., þskj. 772.

Framlög til þróunarmála, 422. mál, svar utanrrh., þskj. 765.

Út af dagskrá voru tekin 7.–14. mál.

Fundi slitið kl. 16:13.

72. FUNDUR

fimmtudaginn 7. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 734. — 3. umr.
2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192, nál. 523, frhnál. 728. — 2. umr.
3. Samningsbundnir gerðardómar, stjfrv., 203. mál, þskj. 228, nál. 729. — 2. umr.
4. Getraunir, stjfrv., 314. mál, þskj. 390, nál. 745. — 2. umr.
5. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða ápekkra atvika, stjfrv., 387. mál, þskj. 641, nál. 736. — 2. umr.
6. Hafnalög, stjfrv., 386. mál, þskj. 640. — 1. umr.
7. Áhugamannahnefaleikar, frv., 39. mál, þskj. 748, brtt. 772. — 3. umr.
8. Þingsköp Alþingis, frv., 119. mál, þskj. 119. — 1. umr.
9. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 120. mál, þskj. 120. — Fyrri umr.
10. Barnalög, frv., 125. mál, þskj. 125. — 1. umr.
11. Áfengislög, frv., 126. mál, þskj. 126. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frv., 156. mál, þskj. 156. — 1. umr.
13. Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, þáltill., 161. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
14. Gjaldþrotaskipti, frv., 177. mál, þskj. 178. — 1. umr.
15. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
16. Ferðaþjónusta á norðausturhorni Íslands, þáltill., 199. mál, þskj. 213. — Fyrri umr.
17. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 202. mál, þskj. 227. — 1. umr.
18. Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, frv., 417. mál, þskj. 676. — 1. umr.
19. Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, þáltill., 430. mál, þskj. 691. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Jarðgöng undir Almannaskarð, 485. mál, fsp. GunnS, þskj. 769.

Lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, 484. mál, fsp. ÖS, þskj. 768.

Norræna ráðherranefndin 2001, 490. mál, skýrsla samstrh., þskj. 775.

Norrænt samstarf 2001, 483. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 767.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, 489. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 774.

Sjóflutningar fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi, 487. mál, fsp. GHall, þskj. 771.

Útræðisréttur strandjarða, 486. mál, fsp. ÁSJ og JB, þskj. 770.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um stjórnsýslu samgrh. í máli læknis Flugmálastjórnar. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Umræður utan dagskrár.

Stjórnsýsla samgönguráðherra í máli læknis Flugmálastjórnar.

[10:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem er hvatinn að því að þessi umræða fer hér fram er í sjálfu sér ekki stórt í sniðum og undir öllum eðlilegum kringumstæðum hefðu stjórnvöld átt að fara létt með að afgreiða þetta mál. En af einhverjum óútskýranlegum ástæðum hefur hæstv. samgrh. steypt sér inn í þetta mál með þeim hætti að það er allt komið í hnút og að mörgu leyti búið að stefna hagsmunum Íslendinga í flugöryggismálum í uppnám.

Ég held að málsins vegna sé nauðsynlegt að rifja upp örstutta lýsingu á málavöxtum en það er nokkurn veginn á þá leið að heilbrigðisvottorð flugmanns var dregið til baka þann 10. ágúst árið 2001 sökum þess að hann var ekki talinn uppfylla heilbrigðisskilyrði. Sú ákvörðun var kærð 24. ágúst til áfrýjunarnefndar sem er endanlegur úrskurðaraðili á því sviði. Hæstv. samgrh. skipaði þá nefnd eins og lög gera ráð fyrir og hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn flugmaður uppfyllti skilyrði íslensku heilbrigðisreglugerðarinnar en sagði í raun og veru ekkert meira. Læknir Flugmálastjórnar komst að þeirri niðurstöðu að hann treysti sér ekki til að gefa út hreint heilbrigðisvottorð og gerði það með skilyrðum en þá eiginlega byrjar þessi saga, því hæstv. ráðherra, sem hefur ekki valdsvið yfir þessari áfrýjunarnefnd því það er endanlegt á sviði stjórnsýslu, tekur það upp hjá sjálfum sér að segja lækninum fyrir verkum, þ.e. hvað hann nákvæmlega eigi að gera, hvers konar vottorð hann eigi að gefa út þrátt fyrir að hann hafi ekkert vald til þess að fjalla um það mál. Það er, að mínu viti, klár valdníðsla því hann tekur sér vald sem hann ekki hefur. Læknirinn fellst ekki á þetta en þrátt fyrir það er þetta ítrekað og læknirinn gengur frá málinu.

Í þessum tveimur tilvikum, tveimur úrskurðum ráðuneytisins, vil ég leyfa mér að fullyrða að hæstv. samgrh. hafi beitt valdníðslu, tekið sér vald sem hann ekki hefur og lagt fyrir lækninn að gefa út vottorð sem hann hefur ekkert með að gera.

Þetta mál er miklu alvarlegra en svo að það lúti bara að þessu litla máli vegna þess að Íslendingar eru aðilar að svokölluðum flugöryggissamtökum Evrópu. Það er samstarf 36 ríkja. Þau ríki hafa með sér sameiginlegar reglur, reglur sem hlaupa á þúsundum síðna. Við höfum þýtt og gefið út 150 síður af þessum þúsundum síðna, það er allt og sumt sem við höfum gert. Hæstv. ráðherra gaf nefndinni á sínum tíma fyrirmæli um að hún skyldi einungis virða þessar 150 síður sem hafa verið þýddar, sem þýðir í rauninni að við ætlum ekki að fullu að fara eftir þessum reglum, sem þýðir í

rauninni að skírteini sem gefin eru út á Íslandi uppfylla ekki lágmarkskröfur sem þessi JAA-ríki setja sem gerir það að verkum að menn sem hafa íslensk skírteini geta flogið í lofthelgi þessara ríkja og þeir geta unnið í þeim ríkjum. Þetta er hæstv. ráðherra búinn að setja í uppnám með vinnubrögðum sínum.

Þegar allt var komið í óefni skipar hæstv. ráðherra nefnd, að hætti forsrh. þegar þarf að þrífa til í einhverjum málum. Hver er formaður nefndarinnar? Jú, það er lögmaður Símans til langs tíma. Og hverjir sitja í nefndinni? Jú, það er starfsmaður ráðuneytisins sem hafði fjallað um og séð m.a. um alla þessa stjórnsýslu, þessir tveir. Reyndar sá nú starfsmaður ráðuneytisins sæng sína upp reidda og sagði sig úr nefndinni eftir 20 daga því að nefndin starfaði í 25 daga, en eftir 20 daga sagði starfsmaðurinn sig frá nefndinni. Þannig að það segir sitt um það hvernig á því stendur að niðurstaða nefndarinnar er eins og hún er. Hún er reyndar þess eðlis að hún segir nánast ekki neitt. Nefndin segir nánast ekki nokkurn skapaðan hlut.

Til að kóróna alla þessa vitleysu, þá leyfir hæstv. ráðherra sér að leka í fjölmiðla niðurstöðu úr þessari nefnd áður en læknirinn sem um ræðir fær að sjá hana. Með öðrum orðum, hann lekur í fjölmiðla niðurstöðu nefndar sem reyndar er ekki fullkomlega rétt. Ég segi: Hvers eiga borgarar landsins að gjalda í tilvikum eins og þessum? Hvað eru yfirvöld að fara þegar þau leka í fjölmiðla upplýsingum sem hugsanlega koma borgurunum illa, til þess að reyna að líta þokkalega út pólitískt? Ég segi nú bara ekki annað: Hvers konar yfirvöld höfum við í þessu máli?

[10:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Af mörgu er að taka þegar fjallað er um ræður hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar en þessi tók öllum öðrum fram um ómerkilegan málflutning og ósannan.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að fá tækifæri til þess að skýra Alþingi frá þessu flókna máli sem svo mjög hefur verið til umfjöllunar. Nýverið lauk störfum úttektarnefnd tveggja virtra lögmanna og landlæknis sem ég skipaði að beiðni flugmálastjóra. Nefndinni var falið að fara yfir stjórnsýslu trúnaðarlæknis Flugmálastjórnar vegna útgáfu flugskírteinis flugmanns. Í nefndinni sátu Andri Árnason og Gestur Jónsson hæstaréttarlögmenn og Sigurður Guðmundsson landlæknir.

Við skoðun á þessu vandasama máli hefur verið hafður til hliðsjónar hæstaréttardómur frá árinu 1996 er þá var kveðinn upp í svipuðu máli. Meginniðurstaða úttektarnefndarinnar er í fullu samræmi við þann dóm og staðfestir að rétt var að málum staðið af hálfu samgrn. Ég er mjög sáttur við niðurstöðu nefndarinnar fyrir hönd ráðuneytis míns en þykir miður niðurstaðan hvað varðar stjórnsýslu trúnaðarlæknisins sem er hinn merkasti maður og er embættismaður Flugmálastjórnar. Meginniðurstöður úttektarnefndarinnar eru eftirfarandi:

Útgáfa heilbrigðisvottorða og flugskírteina flugmanna lýtur stjórnsýslulögum. Trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar fer því með stjórnsýsluvald þegar hann tekur ákvarðanir um útgáfu heilbrigðisvottorða. Ríkar kröfur ber að gera til vandaðrar málsmeðferðar þegar fjallað er um stjórnarskrárvarin atvinnuréttindi manna líkt og í þessu tilviki og um leið verður að tryggja alla þætti öryggismála sem varða útgáfu flugskírteina og það hefur verið gert hvað sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson segir.

Þegar trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar tilkynnti flugmanninum að endanlega væri dregið til baka heilbrigðisvottorð hans var sérstaklega tekið fram að flugmaðurinn ætti rétt á málskoti á ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar og niðurstaða hennar væri endanleg á sviði stjórnsýslu. Í samræmi við reglu skipaði ég áfrýjunarnefnd sem var skipuð þremur læknum, m.a. sérfræðingum á þessu sviði. Áfrýjunarnefndin kvað upp úrskurð um flughæfni flugmannsins og taldi nefndin flughæfni hans óskerta. Af niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar og að teknu tilliti til undirbúnings hennar verður ekki annað ráðið en að nefndin hafi undir höndum og tekið viðeigandi tillit til reglna og viðmiðunarsjónarmiða við endanlegt fluglæknisfræðilegt mat sitt á hæfni flugmannsins, þar með varðandi svokallaða 1%-reglu sem er innan JAR-regluverksins sem við viljum hafa í heiðri að öllu leyti, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Allt annað er rangt.

Það er álit úttektarnefndarinnar að almennar lagalegar upplýsingar sem samgrn. veitti áfrýjunarnefndinni, að hennar ósk, hafi hvorki verið óeðlilegar né aðfinnsluverðar. Er talið að leiðbeiningarnar hafi gert áfrýjunarnefndinni kleift að taka sjálfstæða ákvörðun í málinu sem byggðist á reglum og þeim viðmiðunarsjónarmiðum sem leggja átti til grundvallar við mat á heilbrigði flugmannsins, þar með talið með tilliti til JAR-viðmiða.

Niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar var afdráttarlaus. Hún fól ekki í sér neinar vísbendingar um að viðkomandi flugmaður fullnægði ekki kröfum sem gerðar voru. Sú leið sem farin var af hálfu trúnaðarlæknis Flugmálastjórnar að skilyrða heilbrigðisvottorð flugmannsins einhliða, þrátt fyrir skýlausa niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar, var óheimil og fór gegn góðum stjórnsýsluháttum að mati úttektarnefndarinnar.

Samgrn. kvað upp stjórnsýsluúrskurð vegna kæru flugmannsins en tilefni kærunnar var sú ákvörðun Flugmálastjórnar að takmarka heilbrigðisvottorð hans þrátt fyrir niðurstöður áfrýjunarnefndarinnar. Það er niðurstaða úttektarnefndarinnar að stjórnsýsluúrskurður ráðuneytisins sé í samræmi við stjórnsýslureglur og hafi ekki falið í sér neins konar afskipti af efni heilbrigðisvottorðs eða af læknisfræðilegum atriðum.

Nefndin vék að fyrirspurnum þeim sem trúnaðarlæknir beindi til erlendra flugmálastjórna. Svör við fyrirspurnum þessum gátu ekki að mati landlæknis og hæstaréttarlögmannanna talist þess eðlis að þau hefðu ein og sér getað verið grundvöllur synjunar á útgáfu heilbrigðisvottorðs, né heldur gátu þau skotið stoðum undir staðhæfingar trúnaðarlæknisins um að flugöryggi á Íslandi væri ekki gert jafnhátt undir höfði og í öðrum ríkjum. Niðurstaða nefndarinnar varð ótvírætt sú að ráðuneytið fór að öllum reglum og gekk fram með fullkomlega eðlilegum og löglegum hætti.

[10:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að svo sé staðið að flugöryggismálum hér á landi að þau njóti trúnaðar, bæði hjá farþegum og neytendum og einnig þeirra sem best þekkja hvað varðar tæknilega og mannlega þætti í flugi. Um þetta þurfa að vera skýr lög og skýrar reglur sem eru í samræmi við það sem aðrar þjóðir, sem við erum í flugsamstarfi við, fara eftir. Þar þarf líka að vera gagnkvæmt traust og vissulega er það alvörumál fyrir einstakling sem fær vinnuvottorð með kvöðum, og eðlilegt að viðkomandi sæki rétt sinn svo sem

lög kveða á um. Að sjálfsögðu ber að haga allri málsmeðferð stjórnsýslulega á réttan hátt.

Hitt, herra forseti, verður að setja spurningarmerki við að þegar ráðuneyti skipar rannsóknarnefnd til þess að rannsaka gerðir sem ráðuneytið ber beina eða óbeina ábyrgð á sjálft þá eru það að mínu mati ekki að fullu trúverðug vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins eins og samgrn. hefur staðið að málum. Mér virðist stjórnsýsla þessa máls öll hin furðulegasta og maður áttar sig ekki lengur á hvort mál þetta snýst um tæknileg atriði í stjórnsýslu eða öryggismál í flugi og hvort við störfum þar eftir sömu reglum í öryggismálum og nágrannaþjóðir okkar gera.

Herra forseti. Mér virðist samgrn. bera alla ábyrgð á því klúðri sem hér birtist og ég vona svo sannarlega að það hafi ekki, áður en þarna verður réttur kúrs á, afdrifaríkar afleiðingar fyrir samstarf okkar í öryggismálum í flugi við aðrar þjóðir.

[10:46]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta mál er allt hið sérkennilegasta þegar haft er í huga að hér hefur verið staðið að stjórnsýslu með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir. Það er dálítið sérkennilegt að sá læknir sem fellir úrskurð sinn um flugmann og telur hann ekki hæfan til að fljúga nema innan íslenska flugstjórnarsvæðisins (**Gripið fram í:** Með öðrum.) — nema innan íslenska flugstjórnarsvæðisins.

Það er líka dálítið merkilegt að þegar úrskurðarnefnd hefur fellt úrskurð sinn skuli þessi sami aðili, embættismaður Flugmálastjórnar, senda út til kollega sinna póst til að fá staðfestingu á því sem hann hefur gert eftir að úrskurður hefur fallið af hálfu þriggja sérfræðinga kollega hans sem hafa meiri menntun en hann sjálfur. Þessi ágæti maður er um leið að grafa undan íslensku flugöryggi með þeim hætti sem hér er unnið og staðið að.

Það segir: „Stjórnsýsluúrskurður samgönguráðuneytisins um málsmeðferðina var í samræmi við stjórnsýslureglur og fól eingöngu í sér fyrirmæli til Flugmálastjórnar um framkvæmd stjórnsýsluathafnar. Ráðuneytið hafði engin afskipti af efni heilbrigðisvottorðs eða læknisfræðilegum álitamálum."

Síðan koma menn hér upp og segja að hér hafi verið brotin stjórnsýslulög, ráðuneytið sé að blanda sér í málið með óeðlilegri íhlutun. Og hv. frummælandi byrjar á því að undrast það mjög að ráðuneytið skuli koma að þessu máli. Var það ekki eðlilegt í úrskurði þar sem einstaklingur á í hlut að tekið væri á málinu? Það gerði samgrn., eins og því ber að gera hvað stjórnsýslulög áhrærir, þannig að málið er allt mjög sérkennilegt. Það er búið að gera einstakling að blóraböggli í þessu máli vegna þess að það hefur verið mjög óeðlilega að því staðið af embættismanni Flugmálastjórnar, lækninum.

[10:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þátttaka í flugöryggissamtökum Evrópu, JAA, hefur gjörbreytt flugöryggi á Íslandi var fullyrt af yfirmanni flugöryggismála á flugþingi í fyrra og heimasíðu Flugmálastjórnar. En í júní 1999 auglýsir samgrh. að kröfur Evrópusamtakanna um skírteini og heilbrigðiskröfur þeirra fyrir flugskírteini skuli gilda um útgáfu flugskírteina hérlendis.

Sami samgrh. fer nú mikinn þegar yfir- og trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar og fulltrúi Íslands í læknanefnd JAA gefur út heilbrigðisvottorð samkvæmt þessum sömu reglum. Vottorð sem landlæknir staðfestir að sé óumdeild rétt niðurstaða í sérálíti úrskurðarnefndar. Hvaða vinnubrögð eru það að ætlast til að lögfræðingar eða fagfélög gefi fyrirmæli um það hver fái heilbrigðisvottorð og hvað í þeim stendur? Á hvaða plani eru stjórnarathafnir ráðherrans? Hvaða hagsmunir eru svo ríkir að ráðherrann er tilbúinn að hætta flugöryggi og rekstrargrundvelli millilandaflugs á Íslandi með pólitískum íhlutunum í fagleg vinnubrögð eftir reglum og að kröfu Evrópusamtaka JAA? Með þeim trúnaðarbresti sem kominn er upp milli íslenskra stjórnvalda og flugöryggissamtaka Evrópu í kjölfar þessa máls eigum við á hættu að verða ekki samþykkt áfram innan þeirra raða. Án gæðastimpils Evrópusamtakanna JAA dettum við út úr samfélagi þjóða í flugrekstri og flugöryggi er ógnað. Flugrekendur hérlendis verða þá að leita til annarra landa með rekstur sinn. Það hef ég staðfest frá þeim sem gjörþekkja til.

Ég trúi því ekki að náin frændsemi umrædds flugstjóra við framkvæmdastjóra Sjálfstfl. ráði hér ferð eins og hvíslað hefur verið. Ég trúi því ekki að slíkt Nígeríustjórnarfar ríki hér. (Gripið fram í.) En hvað ræður ferðinni? (Gripið fram í.) Ég trúi því ekki.

Þetta mál ofan á aðrar embættisfærslur ráðherrans staðfesta efasemdir um að hann sé starfi sínu vaxinn. Æðsti yfirmaður flugstarfsemi á Íslandi er að koma framtíð flugs hér á landi í grafalvarlega stöðu. (**GHall:** Á þá Gróa á Leiti að taka sér bólfestu í ræðustól Alþingis?)

[10:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Sé mál þetta flókið og undarlega vaxið á ýmsan hátt, þá fannst mér ræða formanns samgn. Alþingis ekki bæta þar úr skák. Ég hefði haldið að samgn. Alþingis gerði þarfara í því að setja sig faglega ofan í þessi mál en að ætla að afgreiða þau með jafneinföldum hætti og formaðurinn að finna einfaldan blóraböggul í formi trúnaðarlæknis Flugmálastjórnar. Flugöryggismál eru vandasöm og flókin og um þau gildir mjög viðamikið alþjóðasamstarf. Eðli málsins samkvæmt vegna hins alþjóðlega eðlis flugsins og millilandaflugs þarf að ríkja traust og trúnaður milli landa þannig að flugmenn, flugfélög og flugrekendur geti starfað óhindrað á hinum alþjóðlega vettvangi. Fáar þjóðir eiga meira undir því en einmitt Íslendingar sem eru mjög háðir flugi og eru einhverjir stærstu flugrekendur í heiminum miðað við fólksfjölda.

Ég verð að segja, herra forseti, að málsmeðferð samgrh. í þessu máli vekur margar spurningar, ekki síst þær að ráðherra virðist ætla að reyna að koma málinu út úr heiminum með því að skipa sjálfur nefnd sem rannsakar m.a. og ekki síst stjórnsýslu ráðherra sjálfs. Síðan er niðurstöðum nefndarinnar lekið til fjölmiðla sólarhringum áður en málsaðilar fá aðstæður til að kynna sér þær.

Það er að sjálfsögðu ekki nema eðlilegt að menn reyni að sækja atvinnurétt sinn til hins ýtrasta og hann á ekki að skerða umfram þarfir. En flugöryggið er mjög mikilvægt og það liggur fyrir að trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar hefur ekkert annað gert í málinu en að standa fast á sínu faglega áliti og framfylgja þeim alþjóðlegu viðmiðunarreglum sem Ísland á að starfa eftir til þess að íslenskir flugmenn og íslensk flugfélög geti flogið óhindrað og notið trausts. Þetta staðfestir landlæknir með áliti sínu að læknisfræðilega hefur ekkert annað verið gert í þessu tilviki. Það að reyna síðan að hanka á stjórnsýslulegum hnökrum sem eru þá auðvitað

á ábyrgð yfirmanna samgöngumála í landinu er nokkuð sérkennileg aðferð til þess að reyna að hengja bakara fyrir smið í þessu máli.

[10:53]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Of stuttur tími gefst til þess að fara yfir málið, enda hefur hæstv. samgrh. gert grein fyrir því í ræðu sinni. Úttektarnefndin sem skilað hefur áliti einróma kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnsýslulög hafi verið brotin þrátt fyrir fyrirmæli ráðuneytisins um að mál flugmannsins yrði afgreitt í samræmi við niðurstöður áfrýjunarnefndar og gildandi lög og reglur.

Úttektin leiðir í ljós að samgrh. hafi hreinan skjöld og hafi í einu og öllu farið með málið í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Ég legg sérstaka áherslu á það.

Í viðbótarumsögn landlæknis segir, með leyfi forseta:

„Í samantekt er því ljóst að niðurstaða trúnaðarlæknis Flugmálastjórnar um að skilyrða útgáfu flughæfnisvottorðs byggðist á gildum læknisfræðilegum rökum.“ — Áfram segir: „Stjórnsýslulega hefði verið ástæða til að standa öðruvísi að málum í þá veru að leita hefði átt álits úrskurðarnefndar á því að setja skilyrði fyrir flughæfnisvottorði.“

Ég þekki trúnaðarlækni Flugmálastjórnar að góðu einu, tel hann reyndar vera valinkunnan sæmdarmann, en það er ráðherra samgöngumála einnig. Báðir eru vandir að virðingu sinni en þó verða menn að varast að setja þetta mál upp sem misklíð þeirra á milli því um það snýst þetta ekki. Eftir því sem skilja má af fréttum vefengja samtök flugmanna einnig störf fluglæknis á Akureyri. Sé svo þykir mér rétt að undirstrika mikilvægi þess að Flugmálastjórn láti ekki undan þrýstingi hagsmunaaðila. Hér er um að ræða atvinnuöryggi flugmanns en einnig öryggi flugfarþega í framtíðinni sem almenningur gerir kröfu um að sé fyllilega tryggt. Lögmenn úti í bæ hafa hvorki þekkingu né vald til að stýra því hvernig læknir starfar og heldur ekki hvaða læknar starfa hjá opinberri stofnun sem þeir hafa samskipti við. Læknir verður einnig að geta starfað í sátt við yfirmenn sína.

Ég hvet til þess að reynt verði að leita sátta í málinu og lausna til framtíðar. Umræður af þessu tagi, herra forseti, geta valdið ómældum skaða og þær verða Gróu á Leiti og púkanum á fjósbitanum til einskærrar ánægju en engum til gagns.

[10:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Flugöryggismál eru grafalvarleg mál og sá málaflokkur verður að vera yfir allan vafa hafinn. Sá ófriður sem ríkt hefur um þann málaflokk á síðustu vikum, mánuðum og raunar missirum og við ræðum nú hefur ekki orðið til í þessum sölum. Hann hefur ekki til orðið af flokkspólitískum ástæðum heldur hafa þar tekist á fagaðilar og því miður hefur hæstv. samgrh. lent í þeim stormi miðjum. Það er afar óheppilegt og er rétt að undirstrika það enn og aftur vegna orða hv. síðasta ræðumanns að þetta mál hefur ekki orðið til í flokkspólitískum þrætum eins og stundum vill verða. Málið er alvarlegra en svo að menn skiptist í flokka eftir því hvernig á flugöryggismálum er tekið. Það vil ég undirstrika klárlega.

Ég vil einnig hafa það á hreinu að hæstv. samgrh., sem ég þekki af áralöngu samstarfi sem heiðarlegan og traustan í alla staði, hefur af einhverjum ástæðum lent í þeirri stöðu að lenda í miðjum storminum, lenda í málinu miðju í stað þess að vera sá mannasættir sem þörf er á í því faglega máli sem hér um ræðir. Ég ætla ekki að leita að ástæðum fyrir því. Mér dettur þó í hug að leita megi í hans vondu ráðgjöfum.

Ég held hins vegar að þessi langvarandi umræða, eins mikilvæg og hún er en jafnframt óheppileg því að umfram allt erum við að ræða um öryggi flugfarþega, ekki um einstaklinga sem hafa einhverra þröngra hagsmuna að gæta, ég tel að mál sé að linni og telji ráðherra þörf á að leita liðsinnis Alþingis til þess að breyta lögum til að gera stjórnsýsluna skýrari, gleggri og með þeim hætti að fólk hafi trú og traust á, þá hygg ég að hið háa Alþingi sé reiðubúið að koma að því máli þegar kallið kemur.

[10:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er orðin dálítil lenska í sölum Alþingis að þegar ráðherrar eiga í einhverjum vandræðum með málflutning sinn, þá saka þeir andmælandann um að vera ómerkilegan, fara með ósatt mál o.s.frv. en aldrei skal koma dæmi um slíkt, aldrei skulu menn neitt rökstyðja slíkar fullyrðingar. Þetta hafa fleiri hæstv. ráðherrar gert. Þetta gerði hæstv. landbrh. ekki fyrir löngu. Hæstv. forsrh. hefur leikið það jafnan að snúa út úr umræðum manna og bera þá hinum ýmsu sökum um að þeir séu ekki að flytja mál sitt sem skyldi. Ég held að það sé allt í lagi að menn setji fram fullyrðingar af þessu tagi en menn skulu þá færa rök fyrir máli sínu, annars er verið að snúa þessu upp á sjálfa sig.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé dálítið erfitt fyrir hæstv. ráðherra að bera þá nefnd sem hann skipaði fyrir sig. Í fyrsta lagi vegna þess hvernig hún er skipuð. Hún er skipuð vönduðu fólki, um það er ekki deilt. Hins vegar liggja þarna ákveðnir hagsmunir sem gera það að verkum að nefndin er ekki nægjanlega trúverðug, því miður. Þarna er um það að ræða að formaður nefndarinnar er lögmaður Símans til langs tíma og hefur af því mikinn hag að handhafi eina hlutabréfsins í Símanum sé ekki þannig stemmdur að það fari gegn prívathagsmunum hans. (**Gripið fram í:** ... óheiðarlega.) Ég segi ekki að hann hafi unnið óheiðarlega. (Gripið fram í.) Ég segi hins vegar að nefndin sé ótrúverðug sökum þessa án þess að ég sé án nokkurn hátt að gera mennina þar ... (Gripið fram í.) að draga nokkuð úr þeirra ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þingmenn um að gefa hljóð í salnum.)

Ég vil halda þessu ... (**SJS:** ... sjálfstæðismenn, þeir mega tala.) — Ég held að hæstv. forseti verði að gefa mér einhvern viðbótartíma. (**SvH:** ... nýta ...) Ég held að það verði að halda þessu til haga og þetta er sú sama nefnd sem er skipuð af samgrh. sjálfum til að fjalla um hans eigin verk. Ég held að vinnubrögð af þessu tagi séu ekki til neins sóma fyrir neinn. Ég held að hæstv. ráðherra geti ekki skákað í því skjólinu að hans eigin nefnd hafi gert það að verkum og hreinsað hann af því sem menn hafa sett fram, rökstutt að fullu, og ég skora á hæstv. ráðherra að rökstyðja fullyrðingar sínar um ómerkilegan og ósannan málflutning.

[11:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem er afar mikilvæg, eins og ég vék að, til þess að upplýsa þetta mál og ekki síst fyrir þá sem hafa tekið þátt í umræðunni af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Hv. málshefjandi Lúðvík Bergvinsson kvartaði undan því að ég gerði athugasemd við málflutning hans. Hann hélt því fram að ég, samgrh., hefði lekið upplýsingum úr skýrslunni til fjölmiðla. Hvaðan hefur þingmaðurinn þetta?

Það mun vera þannig að blaðamaður Dagblaðsins, svo ég upplýsi það, talaði við landlækni og landlæknir gerði að einhverju leyti grein fyrir því sem varð niðurstaða skýrslunnar. Ef hv. þm. hefur þetta innan úr Dagblaðinu þá ætti hann að fá nánari upplýsingar um það.

Í öðru lagi segir hv. þm. að samgrh. hafi tekið þetta *mál upp hjá sjálfum sér. Þvílíkur málflutningur!* Hvað tók samgrh. upp hjá sjálfum sér? Bjó hann til þessa deilu á milli Flugmálastjórnar og Félags ísl. atvinnuflugmanna? Bjó samgrh. til þá deilu? Tók samgrh. það upp hjá sjálfum sér? Hvers konar málflutningur er þetta? En hann er algerlega í samræmi við þann málflutning sem tíðkast hjá hv. þm.

Ég vil leggja á það áherslu að það er afar mikilvægt að við náum sátt og sönsum í þessum máli. En það verður ekki gert með aðstoð stjórnarandstöðunnar, í það minnsta ekki þess sem hóf þessa umræðu hér. Nefndin var skipuð traustum og trúverðugum mönnum. Það að hv. málshefjandi Lúðvík Bergvinsson skuli veitast að fjarstöddum sómamönnum eins og landlækni og tveimur hæstaréttarlögmönnum sem störfuðu í þessari nefnd er (Forseti hringir.) algerlega óviðurkvæmilegt og utan allrar venju hér í þinginu, hæstv. forseti.

Að lokum, ef hv. þm. vill taka þátt í því að bæta þessi mál þá á hann að hætta að stimpast við og (Forseti hringir.) reyna að koma í veg fyrir að við breytum loftferðalögunum til þess að styrkja þessi mál.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil minna hæstv. ráðherra og hv. þingmenn á að virða tímamörk.)

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 6. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir.

[11:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé að ég óski eftir því að fá að bera af mér sakir. Í fyrsta lagi sagði ég í ræðu minni um aðkomu ráðherra að ákvörðun nefndar sem er endanleg á sviði stjórnsýslu, að hann hafi steypt sér inn í þá ákvörðun að eigin frumkvæði. Í því fólst ákveðin valdníðsla sökum þess að hann hafði ekki valdheimildir til þess að fara þar inn.

Í öðru lagi, að ég hafi veist að landlækni og öðrum slíkum er náttúrlega slík firra að engu tali tekur. Það sem ég nefndi í ræðu minni var einfaldlega að skipun nefndarinnar gerir það að verkum að niðurstaða hennar er ekki nægilega trúverðug. Það var það sem ég sagði í mínu máli og stend við það. Ég vil því halda þessu nákvæmlega til haga og bera þær sakir af mér sem á mig voru bornar í þessari umræðu.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hæstv. samgönguráðherra óskar að bera af sér sakir.

[11:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er mjög alvarlegt mál þegar þingmenn bera ráðherra þeim sökum að þeir beiti valdníðslu. Það er mjög alvarlegt mál í mínum huga. Hv. þm. hefur ekki fært fyrir því nokkur einustu rök. Það eina sem stendur upp úr þessari umræðu og þessum fullyrðingum og þessum stóryrðum af hans hálfu er að hann virðist gjörsamlega sem lögfræðingur vera búinn að gleyma lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins. Ég hvet hv. þm. til þess að fara betur yfir þau fræði áður en hann tekur þátt í þessari umræðu næst.

Lögmætisreglan gengur fyrst og fremst út á það að stjórnvöld, há sem lág, verða að fara að lögum. Ég fór að lögum þegar ég tók þetta mál til meðferðar og það eru vinnubrögð sem eðlilegt er, að sjálfsögðu, að ráðherra ástundi. Ég vænti þess ekki að hv. þm. sem er að tala um valdníðslu ætlist til þess að ráðherrar fari ekki að lögum.

Hafnalög, 1. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 640.

[11:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra hafnalaga. Frv. til nýrra hafnalaga tekur í öllum aðalatriðum mið af niðurstöðu nefndar samgrh. um ný hafnalög frá því í nóvember árið 2000. Nefndin stóð einhuga að áliti sínu að undanskildum fyrirvara fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna, Landssambands smábátaeigenda og Sambands ísl. kaupskipaútgerða við framangreint nál. Gerð verður grein fyrir honum síðar.

Í frumvarpi þessu eru mörg nýmæli sé tekið mið af núgildandi hafnalögum. Þau helstu eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra eða reglur um þjónustugjöld opinberra aðila eftir því sem við á.

2. Ein af forsendum frv. er að rekstur hafna verði virðisaukaskattsskyldur. Þetta málefni heyrir undir fjmrn. og er á verksviði þess að koma slíkri breytingu í kring.

3. Gert er ráð fyrir minni ríkisstyrkjum til hafnaframkvæmda og jafnframt eru ríkisafskipti almennt minnkuð. Áfram er þó gert ráð fyrir að endurbyggingar og viðhald á skjólgörðum sé greitt að hluta úr ríkissjóði og heimildir eru til stofndýpkana þegar fram líða stundir.

4. Sérstakt vörugjald verður fellt niður frá árslokum 2002 samkvæmt frv.

5. Framtíð minnstu hafna á landsbyggðinni eru betur tryggð en í núgildandi lögum.

6. Heimiluð eru fleiri rekstrarform hafna en áður, m.a. hlutafélög að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

7. Gildissvið frv. tekur til allra hafna sem reknar eru í atvinnuskyni.

8. Önnur stjórnvaldsafskipti af höfnum eru betur skilgreind.

9. Breytt hlutverk Hafnabótasjóðs.

10. Aukin áhersla á rannsóknarstarf Siglingastofnunar sem er afar mikilvægur þáttur í stofnanarekstri okkar.

Fyrstu fimm atriðin hér að ofan sem ég hef talið upp fela í sér eftirfarandi: Breytt fjárstreymi hafna. Kemur nú fé til uppbyggingar hafna í auknum mæli eftir öðrum leiðum en af fjárlögum eins og verið hefur hingað til. Virðisaukaskattsskylda gæti þýtt allt að 15% lægri framkvæmdakostnað vegna þess að uppsöfnunaráhrif hverfa úr rekstrinum. Einnig batnar fjárstreymi rekstrar vegna virðisaukaskattsskyldunnar. Hækkun gjaldskrár mun auka tekjur og loks mun ríkið styrkja áfram tilteknar framkvæmdir. Í heildina tekið gerir frv. ráð fyrir að fjármagn sem fer til uppbyggingar hafna miðað við núverandi hafnaáætlun verði eitthvað minna þar sem gert er ráð fyrir að hagræðing muni eiga sér stað. Hins vegar er fjármagn til hafnargerðar nú í hámarki miðað við það sem áður hefur verið.

Miðað við þessar forsendur verður fjárstreymi hafna í heildina tekið betra og jafnara en meðaltal áranna 1986–2000 og svipað fjármagn til uppbyggingar og þá að öðru óbreyttu.

Í frv. er gert ráð fyrir að gjaldskrá hafna verði gefin frjáls. Þetta er breyting frá ákvæðum núgildandi hafnalaga um að samgrh. gefi út reglugerð sem ákveði gjöld fyrir afnot hafna. Í dag taka allir hafnarsjóðir sem undir lögin falla sömu gjöld fyrir hafnarþjónustu á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur. Ekki eru mörg tilvik eftir um slíka skipan á Íslandi og heita má að það heyri nær sögunni til að ráðherrar ákveði gjaldskrár. Frv. gerir ráð fyrir að gjaldskrárákvarðanir færist til hafnarsjóðanna sjálfra. Þó mun samgrn. gefa út gjaldskrá til eins árs frá gildistöku laganna þar sem miðað verður við að tekjur hafnarsjóðs verði færðar nær kostnaði við hafnarreksturinn.

Í úrtaksúttekt sem fyrirtækið Deloitte & Touche gerði fyrir skemmstu fyrir Hafnabótasjóð kom í ljós að gjaldtökuþörf í einstökum höfnum er mjög mismunandi undir núverandi fyrirkomulagi. Tekjur náðu allt frá því að duga vel fyrir köllum kostnaði í að töluvert skorti á að endar næðu saman miðað við fyrirhugaðar framkvæmdir. Þannig byggir samræmd gjaldskrá inn varanlegan ójöfnuð hafna eins og nú er skipað.

Önnur ástæða fyrir breyttri gjaldtöku eru athugasemdir nefndar forsrn. um að gjaldtökuákvæði núgildandi hafnalaga uppfylli hvorki formkröfur skatta né þjónustugjalda og að sjálfsögðu þarf að ráða bót á því. Það var bent á að það samrýmdist ekki eðli þjónustugjalda að taka eitt gjald fyrir allar hafnir þar sem kostnaður að baki þjónustunni hlyti að vera ólíkur frá einni höfn til annarrar. Hafnalaganefndin hafnaði því í áliti sínu að fara skattaleiðina, enda var hún nær óframkvæmanleg og því er í frv. að finna heimildir til þess að taka þjónustugjöld. Þessi leið er rökrétt í ljósi þess að kostnaður í höfnum er mismunandi samanber framangreinda úttekt Hafnabótasjóðs. Hún er einnig rökrétt í ljósi þess að frv. gefur höfnum meiri sveigjanleika, t.d. við að velja rekstrarform og laða að sér viðskipti. Þessi leið er einnig í takt við þróunina erlendis, þar á meðal í Danmörku, og sækir frv. um margar hugmyndir í nýju dönsku hafnalögin sem samþykkt voru árið 1999. Við að gjaldskrárákvarðanir flytjast til hafna verður það á þeirra hendi að uppfylla skilyrði sem gerð eru til gjaldtöku opinberra fyrirtækja. Þetta þýðir að hafnir verða að fara ofan í saumana á uppbyggingu gjaldskráa sinna og verðlagningu svo að þær uppfylli kröfur um gjaldskrá opinberra fyrirtækja á aðlögunartímabilinu, þ.e. þær sem kjósa að halda núverandi rekstrarformi.

Innbyggt er í meginforsendu fjármálahliðar frv. að ákvæði reglugerðar um virðisaukaskattsskyldu opinberra aðila verði breytt eða með öðrum orðum þannig að hafnir í opinberri eigu verði gerðar virðisaukaskattsskyldar. Við það fara hafnir að innheimta innskatt og fá útskatt frádreginn. Áhrif þess eru að fjárstreymi hafnanna batnar þar sem nú fá þær endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum og ýmsum rekstrarliðum úr ríkissjóði. Framkvæmdakostnaður að tækniþjónustu frádreginni lækkar um 19,7% og sömuleiðis aðkeypt aðföng til rekstrar. Á móti þessu koma minni ríkisstyrkir samanber næsta lið. Ekki verður séð að undan þessu verði vikist þar sem frv. gerir að öðru leyti ráð fyrir að hafnir geti verið reknar sem hlutafélög á samkeppnismarkaði og þá jafnvel í einkaeigu. Við það verða þær sjálfkrafa virðisaukaskattsskyldar. Mikil mismunun og óhagræði fælist í því fyrir viðskiptavini hafna ef sumar hafnir væru virðisaukaskattsskyldar en aðrar ekki. Lagt hefur verið lauslegt mat á hversu mikið þetta bæti fjárstreymi hafnarsjóða landsins en það fer eðli málsins samkvæmt mjög eftir fjárhæð sem lögð er í framkvæmdir. Miðað við núverandi veltu og framkvæmdir fyrir 1.600 millj. kr. gæti fjárstreymið í höfnum batnað um 450 millj. kr. Þetta eru tekjur sem ríkissjóður verður af en sitja eftir í höfnum verði svipuðu fjármagni varið til framkvæmda og nú er.

Frv. gerir ráð fyrir minni greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnaframkvæmdum. Gert er ráð fyrir að innheimta hafnargjalda komi á móti og verði færð nær kostnaði, m.a. með reglugerð á aðlögunartímabili. Einnig kemur á móti að uppsöfnunaráhrif vegna virðisaukaskatts hverfa sem bætir fjárstreymi í höfnum eins og áður var vikið að. Stærri hafnir eru í reynd látnar alfarið sjá um fjármögnun innri mannvirkja. Hækkun notendagjalda gæti m.a. falið í sér t.d. tvöföldun aflagjalda ásamt öðrum breytingum. Aflagjaldið í dag er 1,03% og má hækka eða lækka um 0,03% hér á landi. Í Danmörku, svo að dæmi sé tekið, er aflagjaldið um það bil 2,4–3%. Ýmsir möguleikar koma til greina um hækkun notendagjalda. Hvort það yrði endanlega tvöföldun aflagjalds skal ekkert um sagt. Tekjuöflun samkvæmt fyrirliggjandi forsendum yrði þó að ná 400 millj. kr.

Ljóst er þó að hækkun aflagjalda mundi minnka ríkisaðstoð við sjávarútveginn sem fellur vel saman við þá almennu stefnu stjórnvalda, sem m.a. hefur komið fram á erlendum vettvangi, að ríkisstyrkir í sjávarútvegi eigi að vera sem minnstir. Niðurfelling sérstaka vörugjaldsins eftir 2002 kemur hér á móti til lækkunar gjalda hjá notendum hafna.

Frv. heimilar greiðsluþátttöku ríkisins allt að 90% í minnstu höfnum í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni þar sem árlegt meðalverðmæti heildarafla sl. þrjú ár er undir 400 millj. kr. og skatttekjur sveitarfélaga eru undir 150 millj. kr. Það heimilar 75% greiðsluþátttöku í viðhaldsdýpkun og endurbyggingu og lagfæringum á skjólgörðum í öðrum höfnum.

Loksins heimilar frv. allt að 17% greiðsluþátttöku í stofndýpkunum í höfnum sem hafa undir 100 þús. tonna veltu. Þessi heimild getur ekki komið til fyrr en eftir 2007 og síðar miðað við ramma sem tillaga að samgönguáætlun geymir. Gert er ráð fyrir að stuðningur ríkisins geti að hámarki numið 200–210 millj. kr. með 17% heimildinni þegar ákvæði frv. hafa tekið gildi að fullu. Miðað er við núverandi hafnaáætlun 2001–2004, en samkvæmt henni eru ríkisstyrkir að meðaltali 1.310 millj. kr. að frádregnum frestunum frá fyrra tímabili. Gera verður sérstakan fyrirvara um svo háa styrki ríkissjóðs til lengri tíma, en þetta er hærri upphæð en nokkurn tíma fyrr í hafnaáætlun og var t.d. meðaltal áranna 1986–2000 um 800 millj. kr.

Inni í núverandi hafnaáætlun eru að vísu, og ber að taka mið af því, framkvæmdir við stóriðjuhöfn í Reyðarfirði, upptökumannvirki í Vestmannaeyjum og hluti kostnaðar við ferjuaðstöðu í Seyðisfirði. Þessar framkvæmdir gefa viðkomandi höfnum auknar tekjur. Það er ólíkt öðrum nýframkvæmdum sem samkvæmt framangreindu áliti, sem unnið var af endurskoðunarfyrirtækinu fyrir Hafnabótasjóð, gefa íslenskum höfnum í heild tekið engar viðbótartekjur. Öll nýfjárfesting mun lækka arðsemi þeirra fjárfestinga sem fyrir eru í höfnum.

Það er mjög umhugsunarvert að fjárfesting í hafnarmannvirkjum umfram það sem er í dag skuli ekki gefa arð, en hún er hins vegar í öllum tilvikum afar mikilvæg fyrir atvinnulíf viðkomandi svæða. Því verður að teljast ólíklegt að styrkir til

hafna geti við óbreyttar aðstæður numið til lengdar svo háum fjárhæðum sem í núgildandi hafnaáælun. Má telja nokkuð öruggt að núgildandi samræmd gjaldskrá gefi alls ekki nægar tekjur til þess að standa undir heimahluta svo mikilla framkvæmda. Margir hafnarsjóðir munu því lenda í erfiðleikum komi ekki til styrkir sveitarsjóða eða að framkvæmdum verði frestað, og þá miða ég við að öllu óbreyttu. Reynslan sýnir einnig að miklar sveiflur eru í ríkisframlagi til hafna og fer það eftir stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma eins og eðlilegt er. Það út af fyrir sig mælir með að breyta fjárstreymi hafnanna, eins og frv. gerir ráð fyrir, því það verður jafnara og skapar eðlilegra viðskiptaumhverfi. Einnig má nefna að núverandi kerfi hvetur til fjárfestinga þar sem hafnir greiða ekki nema hluta kostnaðar. Ætla má að í nýju kerfi muni hafnir fjárfesta öðruvísi og e.t.v. minna þegar þær þurfa að greiða megnið af kostnaði við fjárfestinguna. Einnig má búast við að þær muni skoða kosti samvinnu og jafnvel samruna í nýju kerfi og það er æskilegt.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að bætt vegakerfi, bætt vetrarþjónusta og framfarir í flutningum á landi gefa hafnarsjóðum víðtækari möguleika á að hagræða og nýta fjárfestingar betur með samvinnu sín á milli. Samkvæmt þessu er staðreynd að núverandi lagarammi og fjárstreymi mun ekki leiða hafnir til þeirrar velsældar sem margir halda, heldur þvert á móti. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að að sjálfsögðu þurfum við og verðum að taka tillit til samræmdrar samgönguáætlunar þegar fjallað er um framkvæmdir í höfnum og huga að því um leið og byggt er upp í þágu atvinnulífs hvers svæðis að við þurfum að nýta fjárfestinguna sem allra best og til þess er leikurinn gerður að samræma framkvæmdir á sviði samgöngumála.

Frv. gerir ráð fyrir að sérstaka vörugjaldið sem hefur verið lagt á og rennur í ríkissjóð verði fellt niður í árslok 2002. Í fjárlögum 2002 er gjaldið áætlað ríflega 200 millj. kr. Sérstaka vörugjaldið hefur verið gagnrýnt fyrir að gjaldstofn þess sé óeðlilegur og mismuni notendum hafna. Þessi skattur er eingöngu innheimtur af vöruflutningum en ekki afla. Forsenda fyrir núverandi gjaldtöku er útgáfa samræmdrar gjaldskrár sem verður lögð niður verði frv. þetta samþykkt. Önnur ástæða fyrir niðurfellingu sérstaka vörugjaldsins er að það hefur neikvæð áhrif á stöðu sjóflutninga sem eiga í vök að verjast samanborið við landflutningana, auk þess sem sérstaka vörugjaldið hefur hækkað verðlag og er þess vegna eðlilegt að taka það til endurskoðunar inni í þessu kerfi, fyrir utan það að það að fella það niður einfaldar allt heila kerfið.

Í núgildandi hafnalögum getur greiðsluþátttaka ríkisins orðið 90% í ytri mannvirkjum og 60% í innri mannvirkjum. Samkvæmt frv. getur greiðsluþátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum við ytri sem innri mannvirki numið allt að 90% hjá litlum hafnarsjóðum þar sem meðalverðmæti landaðs afla er undir 400 millj. kr. og skatttekjur sveitarsjóðs eru undir 150 milljónum. Hafnarsjóðir sem njóta góðs af þessu ákvæði eru allir litlir hafnarsjóðir á landsbyggðinni og er framtíð þeirra betur tryggð með frv. en samkvæmt núgildandi hafnalögum.

Frv. gerir ráð fyrir þremur meginrekstrarformum hafna, þ.e. höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags, höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags og svo önnur almenn rekstrarform, t.d. hlutafélagsform, sameignarfélög o.s.frv.

Frv. skilgreinir einnig hvaða starfsheimildir falla undir hvert rekstrarform, en það er nauðsynlegt vegna sjónarmiða um þátttöku sveitarfélaga í almennum atvinnurekstri í samkeppni. Höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags er einkum hugsuð fyrir litlar hafnir sem sveitarfélög vilja reka sem hluta af samstæðureikningi sveitarfélags, eins og t.d. á við um íþróttahús staðarins. Starfsemi í slíkum höfnum takmarkast við rekstur hafnarinnar, samanber skilgreiningu frv. í 3. gr. Ef um höfnina fara meira en 0,2 millj. tonna af vörum eða verðmæti landaðs afla fer yfir 1 milljarð kr. getur sveitarfélagið valið samkvæmt frv. annað rekstrarform fyrir höfnina. Hér er komið til móts við þarfir sem skapast þegar starfsemi hafnar eykst og að sama skapi þörf fyrir aukinn sveigjanleika rekstrarformsins. Þetta ákvæði laganna er þó ekki gagnvirkt og getur því höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags, eins og við köllum það, haldið því rekstrarformi þó svo að umsvif í höfninni séu undir þessum mörkum. Hægt er jafnframt að fá heimild ráðherra til þess að breyta lítilli höfn í hlutafélag að því tilskildu að samkeppni ríki á svæðinu.

Höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags er sama rekstrarformið og er einnig heimilt samkvæmt núgildandi hafnalögum. Starfsemi í slíkum höfnum takamarkast við rekstur hafnarinnar, hafnartengda atvinnuaðstöðu og hafnartengda þjónustu eins og skilgreint er í 3. gr. frv. Í frv. er að finna gjaldtökuheimildir til þess að standa straum af þeirri þjónustu sem höfnin getur veitt. Í frv. er ákvæði sem segir að hafi höfn neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta en fyrir afskriftir, skuli henni breytt í höfn án sjálfsstjórnar. Við þetta er stjórn hafnarinnar lögð niður og ábyrgðin færist til sveitarstjórnarinnar. Einnig skerðast starfsheimildir hennar og getur hún ekki lengur rekið hafnartengda þjónustu, samanber skilgreiningar frv. Rökin á bak við þetta eru að sveitarfélög séu ekki að greiða með höfnum í samkeppni.

Loks heimilar frv. önnur rekstrarform sem ekki teljast til opinbers reksturs. Þessi möguleiki gefur sveitarfélögum víðtækari möguleika á að laða fleiri aðila til samstarfs um rekstur hafnarinnar, t.d. í gegnum eignarhald af einhverju tagi. Fleiri möguleikar opnast við að fjármagna þær og þau geta jafnvel ákveðið að selja þær ef svo ber undir. Um þessar hafnir gilda almenn skattalög og þær geta ekki notið ríkisstyrks. Þó eru þær takmarkanir settar að ekki megi greiða arð til eigenda fyrr en fé hefur verið lagt til hliðar fyrir fullnægjandi viðhaldi og endurnýjun hafnarinnar. Ekki verður hér lagt mat á hvort einhverjar hafnir nýti sér hlutafélagsformið í framtíðinni. Það hefur þó marga kosti, eins og t.d. fleiri fjármögnunarleiðir, möguleika á arðgreiðslum til eigenda innan þeirra marka sem sett eru, sveigjanleika og fjölbreytni í rekstri og samkvæmt áðurnefndri skýrslu Deloitte & Touche sem unnin var fyrir Hafnabótasjóð er þetta rekstrarform í raun heppilegast þegar um samruna eða sameiningu hafna er að ræða. Kostir þess í stað núverandi hafnasamlaga eru í það minnsta talsverðir.

Með því að leggja til fleiri möguleika í rekstrarformum fyrir hafnir er sett fram sú skoðun að öflugar hafnir séu gríðarlega mikilvægar fyrir viðkomandi byggðarlög. Hafnir eru hnútpunktar samgangna og í raun ein af meginuppsprettum auðs og möguleika hverrar þjóðar sem og byggðarlaga. Því verða stjórnvöld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að takmarka ekki hina miklu möguleika sem hafnir alla jafna standa fyrir. Með því að gefa þeim aukið svigrúm er engin ástæða til annars en að ætla að starfsemi margra þeirra eflist. Þetta er a.m.k. reynsla annarra þjóða.

Gildissvið frv. er allar hafnir sem reknar eru í atvinnuskyni, óháð rekstrarformi. Núgildandi hafnalög taka einungis til hafna í eigu sveitarfélaga. Dæmi eru um hafnir í eigu

einkaaðila sem reknar eru í atvinnuskyni. Dregið hefur verið í efa að núverandi hafnalög nái til slíkra hafna og skapar það óvissu í framkvæmd þeirra. Markmiðið er að kröfur til hafna, og þar með taldar öryggiskröfur, nái til allra hafna og ég tel mjög mikilvægt að hafnir þurfi og verði að falla undir allar öryggiskröfur sem gerðar eru. Þess vegna er mjög mikilvægt að það fari ekkert á milli mála að lögin nái til allra hafna á landinu, hvert sem rekstrarformið er.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir að einkaaðilar geti átt og rekið höfn er hlutverk stjórnvalda betur afmarkað og minna en í núgildandi hafnalögum. Betri samræming er á milli ákvæða frv. og löggjafar um skipulagsmál. Þá er í frv. meiri áhersla lögð á það hlutverk stjórnvalda að tryggja öryggi í höfnum og öryggi hafnarmannvirkja, en í núgildandi lögum er stjórnvöldum heimilt að gefa út reglugerð er kveður á um lágmarkskröfur til hafnarmannvirkja.

Frv. gerir ráð fyrir að hlutverk Hafnabótasjóðs breytist og hann hætti að veita lán og styrki á móti fjárveitingum ríkissjóðs. Sjóðurinn skiptist nú upp í tvær deildir, A- og B-deild. B-deild tekur við tryggingarhlutverki sjóðsins samkvæmt frv. Haldið verður áfram að bæta tjón á mannvirkjum sem geta notið ríkisstyrks og viðlagatrygging bætir ekki. Þetta á við ytri mannvirki í mörgum höfnum landsins. A-deild sjóðsins tekur við framlagi fjárlaga til hafnaáætlunar og heldur utan um greiðslur til hafnarsjóða.

Hafnaráð myndar stjórn Hafnabótasjóðs og heldur með hliðsjón af hlutverki sjóðsins utan um ríkisstyrktar framkvæmdir. Það er einnig ráðgefandi um framkvæmd samgönguáætlunar og gefur samgrh. sjálfstætt álit við gerð hennar samkvæmt frv. til laga um samgönguáætlun sem ég hef mælt fyrir hér í þinginu.

Aðrar breytingar í nýju frv. eru að ekki er lengur leyft að taka lögveð fyrir hafnargjöldum og er rekstur hafna að þessu leyti færður til samræmis við annan rekstur í landinu. Þá er heimilt að krefjast tryggingа fyrir förgunarkostnaði skipa ef taldar eru verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar. Loks er ákvæði um móttökuskyldu hafna og hvenær hægt er að synja skipi um að koma til hafnar. Þessi ákvæði skýra sig sjálf.

Siglingastofnun Íslands hefur sérhæft sig í tæknilegum og hagrænum störfum til undirbúnings við uppbyggingu hafna og sjóvarna. Þar er einkum átt við rannsóknir í tengslum við hafnargerð og sjóvarnir og öflun úrvinnslu og miðlun upplýsinga um sjólag og strauma er varða öryggismál sjófarenda. Þá vinnur stofnunin að áætlanagerð, greiningu hafnarþarfa og forgangsröðun framkvæmda ásamt sérhæfðri hönnun og framkvæmdaeftirliti. Í frv. er við það miðað að Siglingastofnun haldi áfram að sinna þessum mikilvægu rannsóknarverkefnum og eftirlitsverkefnum og viðhaldi og efli sérþekkingu sem þar er nú til staðar og nýti hana til að veita samgrn., stjórnvöldum og hafnarsjóðum, sveitarfélögum o.fl. þjónustu. Að auki mun stofnunin hafa eftirlit með því að fylgt sé stöðlum og reglum við hönnun og smíði hafnarmannvirkja og öryggismálum í höfnum.

Styrkleiki Siglingastofnunar felst m.a. í því að þar er saman komin á einn stað sérþekking á hafnarmálum á sviði rannsókna, áætlanagerðar og þjónustu við hafnir og því leita bæði innlendir og erlendir aðilar eftir þjónustu stofnunarinnar eins og nýleg dæmi bera vitni um og er fagnaðarefni að okkar ágætu sérfræðingar Siglingastofnunar skuli hafa náð svo langt sem raun ber vitni á sínum vísindasviðum.

Fulltrúi Landssambands útvegsmanna og Landssambands smábátaeigenda og Sambands íslenskra kaupskipaútgerða skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara um að hann gæti ekki fallist á að gjaldskrá hafna yrði hækkuð áður en hún yrði gefin út. Einnig vildi hann að sett yrði inn í lögin ákvæði um að þau mannvirki sem fáir notuðu yrðu boðin viðkomandi til kaups og í lögin yrðu settar reglur um verðlagningu fyrir afnot þeirra. Að öðru leyti stóð hafnalaganefndin heil að nefndarálitinu.

Eins og oft vill verða þegar unnið er að svo viðamikilli frumvarpssmíð eins og um lög um hafnir landsins þarf að leita margra málamiðlana. Ég tel að hafnalaganefndin hafi unnið afskaplega gott starf undir formennsku Einars Kristins Guðfinnssonar alþingismanns, en með honum í nefndinni voru þeir Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, eins og fyrr kom fram, Árni Þór Sigurðsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga, Hörður Blöndal, hafnarstjóri Akureyrar, Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, og Guðmundur Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, en með nefndinni unnu jafnframt Hermann Guðjónsson, forstjóri Siglingastofnunar, Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, og Sigurbergur Björnsson, verkefnisstjóri í samgrn.

Ég tel að þegar hv. samgn. tekur frv. til meðferðar þurfi hún að sjálfsögðu að fara vandlega yfir þennan fyrirvara fulltrúa útgerðar og skipafélaga. Auk þess er alveg ljóst að samkvæmt frv. er stærri höfnum að nokkru sniðinn þröngur stakkur með hækkun gjaldskrár umfram það sem nauðsynlegt er til tekjuöflunar gagnvart rekstri hafnanna. Þetta atriði er að sjálfsögðu umdeilt og ég vil vekja sérstaka athygli á því og vænti þess að hv. samgn. taki það til skoðunar, en um þetta ákvæði, eins og ég segi, var nokkuð mikið rætt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um frv. Ég tel að hér sé afar mikilvæg löggjöf á ferðinni sem á til lengri tíma að tryggja hagsmuni sjávarbyggðanna ekki síst en einnig að ýta undir samkeppni og eðlilega viðskiptahætti í mesta þéttbýlinu þar sem margar hafnir eru og geta verið í samkeppni. En um leið tryggjum við hagsmuni litlu hafnanna og þar með sveitarfélaganna og atvinnulífsins á þeim svæðum með því að áfram verði veittur ríkisstyrkur til þess að við getum haldið áfram að nýta auðlindir sjávar allt í kringum landið. Það er afar mikilvægt fyrir okkur að geta blandað saman í löggjöfinni þessum þáttum öllum því að við Íslendingar þurfum á því að halda og eigum mikið undir því að menn geti sótt sjóinn, nýtt auðlindir sjávar frá vel uppbyggðum og vel búnum höfnum sem hafa tekjur til þess að þróa starfsemi sína í takt við þróun íslenska flotans.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[11:34]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir mjög góða og yfirgripsmikla framsöguræðu með þessu, að mínu mati, merkilega frv. Með því eru mörkuð ákveðin tímamót varðandi stefnumótun hafna hér á landi í samræmi við nútímastjórnunarhætti. Það er eðlilegt að við hvetjum til aukinnar samkeppni á milli hafna. Það hefur komið fram áður í máli mínu á fyrri þingum að mér hefur ekki þótt fyllsta samræmi milli þess hvernig ríkisstyrkum hefur verið dreift á hafnir, m.a. hafnir sem staðið hafa í samkeppni við hafnir á suðvesturhorninu. En það stendur allt til bóta í þessu frv. Með því er reynt að ýta undir samkeppni án þess að það komi niður á hinum dreifðu sjávarbyggðum.

Ég vil þó hvetja til að farið verði vandlega yfir hvar beri að veita og hvernig beri að haga ríkisstyrkjum áfram varðandi uppbyggingu hafna. Það er afar mikilvægt, eins og fram kom í máli hæstv. samgrh. áðan, að styrkja sjávarbyggðir en það má ekki vera þannig að við förum að byggja upp hafnir líkt og gert var með flugvelli, sem er hægt að benda á víðs vegar um landið, sem síðan var hætt að nota. Þetta verður allt að gera á markvissan hátt.

Mín spurning til hæstv. samgrh. lýtur að virðisaukaskattsskyldunni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hafnirnar verði virðisaukaskattsskyldar en á hinn bóginn hafa vaknað spurningar varðandi það hvort innheimta eigi virðisaukaskatt af erlendum skipum og þjónustu. Er það einnig ætlunin með þessu frv.?

[11:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar athugasemdir og spurninguna. Fyrst vil ég segja að ég tek að sjálfsögðu undir það sem hv. þm. sagði, að frv. felur í sér miklar breytingar og nýjungar hvað varðar rekstur hafnanna og skapar, að ég tel þó að ég vildi ekki gefa neitt heilbrigðisvottorð um það út af fyrir sig, heilbrigðari viðskiptahætti og rekstrarumhverfi á þessu sviði. Það fer ekki á milli mála.

Í því felst m.a. það sem hv. þm. spurði um, sem ég tel mjög eðlilegt að vakin sé athygli á, að auðvitað verða allir viðskiptaaðilar, jafnt innlendir sem erlendir, að greiða virðisaukaskatt af þjónustu nema sérstaklega sé um það fjallað í löggjöf um virðisaukaskatt. Þetta þarf að sjálfsögðu að taka til meðferðar þegar þau mál verða sérstaklega meðhöndluð. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni er það á forræði fjmrh. En við gerum ráð fyrir því í þessu stjfrv., sem hér er til umfjöllunar, að hafnirnar verði virðisaukaskattsskyldar. Þá þarf að taka þetta alveg sérstaklega til skoðunar.

Ég tel mikilvægt að allir sitji við sama borð hvað þetta varðar en ábending hv. þm. er athyglisverð og við þurfum að taka hana upp þegar við fjöllum um breytingar á lögum um virðisaukaskatt hvað varðar virðisaukaskatt af höfnum.

[11:39]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka enn að ég tel mjög mikilvægt að hafnirnar verði reknar í virðisaukaskattsskyldu umhverfi. Það gefur möguleika á ýmiss konar hagræðingu fyrir hafnirnar þar sem virðisaukaskattsleysið, ef svo má að orði komast, hefur oft og tíðum hamlað. Ég þekki ákveðin dæmi um að sumar hafnir hafi m.a. guggnað á því að fela öðrum, t.d. fiskmörkuðum, að sjá um daglega vinnu við hafnirnar vegna þess að hafnirnar þurfa þá að greiða virðisaukaskatt sem þær síðan fá ekki endurgreiddan. Það er mikilvægt atriði.

Ég á reyndar eftir að kanna þetta enn frekar en mér skilst að almennt tíðkist ekki í höfnum heimsins að innheimta virðisaukaskatt af erlendum skipum og þjónustu og ýmsum varningi sem erlend skip kaupa í viðkomandi landi. Þetta er atriði sem við verðum að skoða vel eins og hæstv. ráðherra benti á, einnig með tilliti til þess hvort önnur þjónusta erlend þurfi þá líka að greiða virðisaukaskatt af þessari þjónustu.

Ég ítreka enn og aftur að ég tel þetta mikilsvert mál. Það verður áhugavert að fjalla um það í samgn. og ég hlakka til að takast á við þá vinnu sem fram undan er.

[11:40]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu ræðu sem hæstv. samgrh. flutti hér til að útskýra þetta frv. Að mörgu leyti tel ég að frv. móti nýja framtíð. Hins vegar er því ekki að leyna að maður hefur af því ákveðnar áhyggjur. Ég hef t.d. áhyggjur af því hvernig stærri hafnir muni eflast og þá jafnvel á kostnað minni hafna. Þessu held ég að þurfi að huga sérstaklega að þó að vissulega sé víða komið inn á það í frv.

Ég vil líka velta því upp og beina til hæstv. ráðherra hvort ekki þurfi að huga sérstaklega að rekstri og möguleikum hafna sem á undanförnum 10 árum eða svo hafa orðið fyrir verulegum tekjusamdrætti. Ég veit ekki nákvæmlega við hvaða tölu ætti að miða en þetta þyrfti að skoða sérstaklega. Ég læt mér detta í hug að höfnum sem hafa misst einn þriðja af tekjum sínum eða meira á undanförnum 10 árum byðist sérstakur ríkisstyrkur. Það félli undir greinina um ríkisstyrki, undir ákvæði til bráðabirgða, og sá rekstrarstyrkur yrði t.d. til fimm ára og næmi helmingi af þeim samdrætti sem orðið hefði í höfnunum og mundi síðan eyðast út, lækka kannski um 10% á næstu fimm árum og falla síðan niður að fimm árum liðnum.

Ég held að nauðsynlegt sé að skoða að það hefur ábyggilega víða orðið verulegur tekjusamdráttur á undanförnum árum, sérstaklega hjá höfnum með mikla vöruflutninga — sem hafa nú verið fluttir yfir á þjóðvegi landsins — og þar sem aflasamdráttur hefur orðið verulegur af einhverjum orsökum. Þess vegna vil ég hvetja til þess við umræðuna að skoðað verði hvort ekki væri eðlilegt að svona ákvæði kæmi inn.

[11:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir þessar ábendingar. Ég tel að það eigi ekki að þurfa að skapast hætta á að stærri hafnir eflist á kostnað minni hafna vegna þessa frv. sérstaklega. Það er ljóst að nú þegar er mjög mikil samkeppni um viðskiptin, aðallega samkeppni um viðskiptin við fiskiskipaflotann. Um þau viðskipti keppa hafnirnar nú þegar og nota til þess þjónustugjaldsskrána þó að gjaldskrá sé samræmd hvað varðar aflagjald og lestar- og bryggjugjöld eins og við þekkjum.

Ég held að með því skipulagi sem við erum að koma á hér tryggjum við áfram hagsmuni litlu fiskihafnanna með því að þeim verði áfram veittir ríkisstyrkir. Hinar hafnirnar verða þá að keppa sín á milli eins og eðlilegt er, eins og þær gera í dag á grundvelli þjónustunnar.

En ýmsar hafnir hafa ratað í raunir og rekstrarlega erfiðleika. Það hefur verið tekið tillit til þess í framlögum til Hafnabótasjóðs. Þær hafnir hafa af efnahagslegum ástæðum fremur fengið styrki í gegnum tíðina vegna framkvæmda. Þannig hefur verið tekið tillit til þeirra að nokkru en ég held að það þurfi þá að skoða sérstaklega í samgn. hvort ástæða sé til að koma upp einhverjum viðbótarviðlagasjóði vegna slæmrar afkomu hafna. En auðvitað verður að líta til þess að hafnirnar eru reknar á ábyrgð sveitarfélaga eins og er og ég á ekki gott með að sjá að við getum greitt rekstrartap hafnanna aftur í tímann.

[11:45]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi eindregið beina því til ráðherra og einnig til hv. samgn. að þetta mál verði skoðað mjög

gaumgæfilega. Eins og ég benti á áðan geta verið ákveðnar forsendur til staðar, t.d. verulegur tekjusamdráttur sem næmi einum þriðja eða meira af tekjum hafna á einhverju árabili.

Ég hef ekki mótað þessar tillögur nákvæmlega niður í texta enda finnst mér að skoða þurfi málið í samgn. og velta upp hvort svona ástand hafi skapast á undanförnum árum í einhverjum höfnum og hvort þá sé ekki eðlilegt að búa til einhvers konar aðlögunarferli að því umhverfi sem þessi lög koma a.m.k. til með að skapa. Ég held að rétt væri að fara mjög gaumgæfilega í gegnum það og reyna þá að útfæra það með skynsamlegum hætti. Ég er auðvitað ekki að tala um framtíðarstyrk til fjölda ára heldur aðlögun til fimm ára þar sem helmingur af tekjusamdrætti eða svo yrði bættur en lækkaði síðan um 10% og hyrfi síðan út eftir fimm ár.

[11:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heilmiklar sveiflur hafa orðið hjá höfnum landsins í tekjum frá einum tíma til annars. Til eru sjávarbyggðir sem hafa misst frá sér flota og hafa ekki þar af leiðandi tekjur af aflagjöldum, sem er stærsti tekjustofninn hjá höfnunum, aflagjaldið. Sem betur fer er þó ekki um mörg tilvik að ræða af því tagi sem hv. þm. vekur athygli á. Ég held engu að síður að samgn. þurfi að líta yfir það mál. Hafnasamband sveitarfélaga hefur í gegnum tíðina fylgst afar vel með afkomu hafnanna og árlega gefið út skýrslu um það. Þar er hægt að skoða afkomu hverrar einustu hafnar í landinu.

Hafnabótasjóður hefur tekið mið af þessu, eins og ég sagði áður, við veitingu framlaga því að hafnir sem hafa haft nægar tekjur hafa fengið lán úr Hafnabótasjóði en hafnir sem orðið hafa fyrir mikilli tekjuskerðingu eða verið reknar með verulegum halla hafa fengið styrki.

Þetta er ábending sem ég tel að hv. samgn. muni skoða. Aðalatriðið er að við komum á góðu rekstrarumhverfi og tryggjum áframhaldandi góða uppbyggingu í höfnum landsins og vaxandi þjónustu. Það má ekki gleyma að huga að breyttri þjónustu á mörgum sviðum. Það kann vel að vera að í framtíðinni verði aukin umferð skemmtiferðaskipa og margs konar þjónusta við ferðamenn í höfnum landsins. Það þarf að leggja á ráðin um hvernig best yrði að slíkri þjónustuppbyggingu staðið.

[11:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við fyrstu sýn og yfirferð yfir þetta frv., eftir því sem við höfum haft tækifæri til að skoða það, virðist mér sem frv. sem hér liggur fyrir sé í takt við þá umræðu og þær hugmyndir sem þróast hafa á ýmsum sviðum samfélagsins undanfarin ár. Mér sýnast þau nýmæli sem hér er lagt upp með þess eðlis, verði þetta frv. að lögum, að frv. geti verið spor fram á við.

Hér er í nokkrum atriðum gerð grein fyrir helstu nýmælum sem ætlunin er að ná fram með þessum lögum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra. Í því felst að höfnunum er ætlað að keppa sín á milli um þjónustu, verð o.s.frv. Ég held að þegar til lengri tíma er litið muni það verða samfélaginu í heild sinni til góðs og ég fagna að menn leggi þetta upp með þessum hætti. Í öðru lagi eru hér ýmis ákvæði um að heimilt verði að breyta rekstrarformi hafna, m.a. breyta þeim í hlutafélög. Í sjálfu sér er ekkert í fljótu bragði sem gæfi ástæðu til að leggjast gegn því. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að frv. taki til allra hafna sem reknar eru í atvinnuskyni. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að móttökuskylda hafna sé skilgreind. Í fimmta lagi eru ríkisafskipti af höfnum minnkuð en áfram gert ráð fyrir að lagfæringar og viðhald á skjólgörðum verði greitt að hluta úr ríkissjóði. Í sjötta lagi er ætlunin að framtíð smærri hafna verði betur tryggð en í núgildandi lögum. Í því felst að tilteknar hafnir, sem skilgreindar eru nákvæmlega í þessum lögum, geti fengið styrk úr ríkissjóði þrátt fyrir að meginhugsunin sé sú að hafnirnar keppi sín á milli.

Mér sýnist að um leið og reynt er að etja höfnum saman svo þær fái færi á að sýna hver þeirra er hæfust, veitir besta þjónustu og býður besta verðið, sé reynt að tryggja framtíð minni hafna sem að sjálfsögðu eru ekki samkeppnisfærar við hinar stóru. Í sjöunda lagi, eins og fram kemur í athugasemdum, eru önnur stjórnvaldsafskipti af höfnum betur skilgreind en nú er.

Mér sýnist, virðulegur forseti, við fyrstu yfirferð og fyrstu sýn að ýmislegt í þessu frv. geri það að verkum að ástæða sé til að fagna því og taka jákvætt í efni þess. Þar sem ég sit í hv. samgn. mun mér gefast tækifæri til að fara betur yfir þetta. Við 1. umr., virðulegi forseti, vil ég lýsa því yfir að frv. leggst vel í mig og ég held að eftir að samgn. hefur farið vandlega yfir það geti breytingin orðið höfnum og þeim sem við þær skipta til framdráttar.

[11:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til nýrra hafnalaga sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir felur í sér töluvert miklar breytingar á því sem nú gildir varðandi eignar- og rekstrarform hafna vítt og breitt um landið og eins möguleika þeirra. Að sjálfsögðu er ýmislegt í þessu frv. jákvætt og nauðsynlegt, t.d. að í reglugerð skuli kveða nánar á um einstakar hafnir, um öryggismál, mengunarmál og aðbúnað. Hafnir búa við staðbundnar aðstæður og er mikilvægt að þau mál séu sem best og öruggust.

Að öðru leyti, eins og hæstv. ráðherra gerði rækilega grein fyrir, er meginmálið að veita heimild til breytinga á rekstrarformi. Nú er það svo að á Alþingi hafa einnig verið kynntar hugmyndir og áætlanir um að vinna að samræmdri samgönguáætlun fyrir landið allt þar sem saman fari ítarleg skoðun og samtenging á samgöngumannvirkjum og nýtingu þeirra, hvort sem eru þjóðvegir eða vegir um land allt, flug, flugvellir eða hafnir og hafnarmannvirki og flutningar meðfram ströndum landsins.

Mér finnst það verklag gott og rétt að skoða og reyna að gera stefnumörkun hvað þetta varðar í heild sinni til framtíðar. En sú stefnumörkun liggur ekki fyrir. Enn liggur ekkert fyrir um samræmd samgöngumál í heild, á sjó, landi og í lofti. Þess vegna er þetta frv. til laga um hafnalög dinglandi í lausu lofti. Áður en maður fer að breyta lögum verður að byrja á að reyna að skilgreina hvert maður ætlar að sé framtíðarhlutverk viðkomandi mannvirkja og viðkomandi þjónustu, eins og hafna landsins, en ekki gera grundvallarbreytingar þar á, bæði á stöðu, rekstri og þátttöku ríkis og almennings í að bera ábyrgð á hlutverki þeirra. Það á fyrst að skilgreina framtíðarhlutverk og stöðu hafnanna innan þeirrar samræmdu samgönguáætlunar sem hefur verið boðið og fara því næst í breytingar á hafnalögum en ekki öfugt. Þess vegna, herra forseti, finnst mér að þarna sé farið að öfugum enda og ekki í samræmi við það sem boðað hefur verið, þ.e. fyrst í vinnu við samræmda samgönguáætlun og svo aðlögun

samgöngumannvirkja að henni, og eignarforms, rekstrar og hlutverks samkvæmt því.

Rauði þráðurinn í gegnum þetta frv. hæstv. ráðherra samgöngumála er breyting á rekstrarformi hafnanna og eignarformi. Hingað til hefur höfnin verið hluti af þeirri almannaþjónustu, almenningsmannvirkjum, sem ætlað hefur verið að standa undir mannlífi, atvinnulífi og þjónustu á viðkomandi svæðum. Menn hafa í sjálfu sér ekki verið að velta því fyrir sér hvort betra væri að koma því í eignarform sem hægt væri að markaðssetja og selja. Hér er lagt til að heimila höfnum — reyndar að búa undir það að í mörgum tilvikum verði óhjákvæmilegt annað — að þær verði að hlutafélögum. Hlutafélög stofnar maður til að geta selt hluti í þeim. Annars er maður ekki að stofna hlutafélag nema til þess að geta selt. (Gripið fram í.) Ja, málið er þess eðlis að hlutafélög eru til að selja þau, selja hlutina í þeim eða verðleggja þau með þeim hætti.

Þetta kemur kannski ekkert á óvart í miðað við þá stefnu sem birtist hjá hæstv. ríkisstjórn. Nú um daginn var lagt fram frv. til laga um að hlutafélagavæða vatnsveitur sveitarfélaga þannig að kaldavatnsveiturnar ættu að verða hlutafélög sem líka væri þess vegna hægt að setja á markað og reikna sér arð af. Kalda vatnið höfum við hingað til talið eina af frumþörfunum, samfélagsþörf og samfélagslega skyldu að sjá okkur fyrir sem ekki ætti að verða að markaðsvöru. Þetta frv. barst hér inn um daginn.

Nú kemur frv. um að einkavæða og gera mögulegt að selja hafnir án þess að í rauninni sé búið að skilgreina hver staða þeirra eigi að vera í væntanlegri samræmdri samgönguáætlun. Mér finnst að einkavæðingaráhugi ríkisstjórnarinnar fari þarna töluvert fram úr sjálfum sér, það verð ég að segja, herra forseti. Ég held að rétt sé að doka þarna við og búa sem fyrst til stefnuna, skilgreina markmiðin og þörfina, áður en menn fara að einkavæða samgöngumannvirkin eins og hér er lagt til. Það hefur ekki held ég hrjáð hafnir á Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austurlandi að geta ekki verið í samkeppni hver við aðra um að ná í landanir úr fiskiskipum. Miklu frekar hefur vandi þessara sveitarfélaga og slíkra aðila verið sá að fá fiskiskip til að landa. Og hagur þeirra að fara að ná þeim af næstu höfn í næsta firði, það er í sjálfu sér ekkert markmið finnst mér, eins og hér var látið að liggja, að það opnaði möguleikana með að koma á virkri samkeppni þannig að hægt væri með þeim hætti að etja saman nágrannahöfnum. Mér finnst slík nálgun og slíkur hugsunarháttur gagnvart höfnum vítt og breitt um landið ekki vera fýsilegur og ég er honum andvígur.

Ríkið er líka, eins og hér er lagt til, að draga sig út úr ábyrgð á rekstri á höfnunum vítt og breitt um landið. Hingað til hefur verið viss trygging í samræmdri gjaldskrá gagnvart rekstri þessara hafna þannig að hafnirnar þyrftu ekki að hugsa um það fyrst og fremst hvernig þær geti náð bátnum af höfninni í næsta firði, heldur að einbeita sér að því að byggja upp eigin styrk (**Gripið fram í:** Til að ná bátnum.) Já, núna. Þetta lagafrv. kveður á um það einmitt, að opna það. Það á að beita eigin styrk til þess að ná bátnum úr næstu höfn til að landa.

Vissulega höfum við upplifað það að fiskiskipin eru farin að landa í stórum stíl, þó að þau séu gerð út frá Akureyri eða höfn norðan lands, á suðvesturhorninu og það er vandamál sem þyrfti að taka á. Það er hæstv. ráðherra að koma fram með tillögur um það en ég tel að þær tillögur sem hér eru séu ekki til þess fallnar. Jú, það má vel vera að þær stuðli að því að hægt verði að koma á samkeppni á milli Reykjavíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar, það má svo sem vel vera. En hvorug þeirra hafna stendur í neinum sérstökum vandræðum, hvorki í rekstri né umsvifum. En hvort hafnirnar á Vestfjörðum geta farið að keppa þar hver við aðra eftir fjörðum finnst mér ekki vera markmið, eins og hér er verið að leggja upp með.

Þá er gert ráð fyrir, einmitt í krafti þessara stefnumarkana, að ríkið dragi sig út úr ábyrgð og þátttöku á fjármögnun og stofnkostnaði hafna vítt og breitt um landið í áföngum án þess að búið sé að skilgreina hlutverk þeirra í samræmdri samgönguáætlun sem hæstv. ráðherra hefur boðað. Og það finnst mér vera mjög öfugt að farið.

Af því að hæstv. ráðherra vitnaði hér til að þegar hefðu borist umsagnir um nefndina eða ákveðin nefndarstörf um undirbúning þessara nýju hafnalaga, bæði frá Samkeppnisstofnun og fleiri aðilum, þá langar mig til að spyrja hvort hæstv. ráðherra hafi leitað álits byggðamálaráðuneytisins og Byggðastofnunar, en samkvæmt viljayfirlýsingu og tilmælum í lögum og reglugerðum um Byggðastofnun er leitað umsagna um frv. að lögum, sem munu væntanlega hafa veruleg áhrif eða geta haft veruleg áhrif á byggð og búsetu vítt um landið, áður en þau eru lögð fram.

Í yfirlýsingu sem liggur fyrir á milli ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga er gert ráð fyrir að lög og reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga, séu kostnaðarmetin og metin hvað varðar framtíðaráhrif á stöðu og rekstur sveitarfélaga áður en þau eru lögð fram með hliðstæðum hætti og fjmrn. kostnaðarmetur frumvörp fyrir ríkissjóð. Þessar hugmyndir hafa verið sendar Sambandi ísl. sveitarfélaga til skoðunar samanber samstarfsyfirlýsingu sem þessir aðilar hafa gert sín á milli. Ég vil, með leyfi forseta, vitna til yfirlýsingar sem gerð var í Reykjavík 28. des. á milli félmrh. og fjmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Í 8. lið kemur fram:

„... að hafin verði vinna að undirbúningi reglna um kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga, samanber skýrslu nefndar um kostnaðarmat dags. í október 2001."

Í því samkomulagi er gert ráð fyrir að fram fari kostnaðarmat á slíkum frv. áður en þau eru lögð fram, svona veigamiklum frv. eins og hér er um að ræða.

Ég vil vekja athygli á því að sá sem hér stendur hefur ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram till. til þál. um strandsiglingar, þar sem lagt er til að könnuð verði þróun, staða og æskileg framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Strandsiglingar hafa á undanförnum árum dregist saman og eru nánast orðnar hverfandi þáttur í flutningakerfi landsmanna, þ.e. reglulegar strandferðir og flutningar meðfram ströndum landsins. Þó er ljóst að bæði út frá umhverfislegu og mengunarlegu sjónarmiði er þetta óheppileg þróun. Einnig er óhagkvæmt að færa svona mikla þungaflutninga eins og raun ber vitni yfir á þjóðvegi landsins, þjóðvegi sem alls ekki eru í rauninni gerðir til þess að bera þá miklu þungaflutninga sem núna fara um svæðin. Við upplifum það að flutningabílar í akstri við slæm skilyrði á vegum sem alls ekki bera slíka flutninga, hvorki öryggisins vegna né burðarlega, lenda í vandræðum auk þess sem slíkir flutningar geta verið hættulegir eða truflað aðra umferð eftir vegunum, vegum sem alls ekki eru til þess hæfir.

Ég tel, herra forseti, að það ætti einmitt að kanna miklu frekar hvernig á að efla strandsiglingar og efla notkun hafnanna í kringum landið og það eigi að gerast fyrst áður en lög eru sett um það hvernig megi í rauninni opna á frjálsa samkeppni varðandi rekstur á einstökum höfnum og fara út í þessa gallhörðu einkavæðingu og einkavæðingaráform sem þetta frv. ber með sér gagnvart rekstri á höfnum í landinu. Ég tel vera byrjað á röngum enda. Fyrst á að skilgreina þarfirnar, skilgreina stöðu hafnanna í almenningssamgöngukerfinu, í flutningakerfi landsins, það eigi að gera fyrst en ekki að ráðast í það núna að breyta lögunum með þeim hætti að hægt sé að fara að einkavæða þær, gera þær að hlutafélögum, þannig að hægt sé að selja þær eða kaupa þær út úr rekstri. Það er ekki það sem sjávarbyggðir og verslunarstaðir vítt og breitt um landið hafa þörf fyrir. Miklu frekar hina sýnina, herra forseti, hvernig megi efla hafnirnar á eigin forsendum og þá starfsemi sem þar er, heldur en að þær fari að keppa við nágranna sína og reyna að troða af þeim skóinn, eins og þessi lög opna fyrir.

Herra forseti. Frumvarpið kemur til meðferðar í hv. samgn. og ég sit í þeirri nefnd. Þar verður þá hægt að fara í gegnum þetta nánar. En ég ítreka að ég vara við þeim tóni og þeirri meiningu sem hér er verið að leggja til, þ.e. að opna fyrir aukna einkavæðingu í rekstri samgöngumannvirkja vítt og breitt um landið.

[12:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur flutt eina af ræðum sínum þar sem hvergi sér ljós. En ég má til með að gera athugasemdir við ræðu hv. þm. vegna þess að hann talar um að allar skilgreiningar vanti á hlutverki hafnanna. Þetta er náttúrlega algjör grundvallarmisskilningur og ég vek alveg sérstaka athygli á því og þakka hv. þm. fyrir að margtala um samræmda samgönguáætlun.

Að þessum málum hefur verið unnið afar skipulega. Við höfum unnið breytingar á hafnalögum og við höfum unnið að frv. um samgönguáætlun. Stór og öflugur hópur fulltrúa sveitarfélaganna og fulltrúa útgerðanna hefur unnið að gerð hafnalagafrv. Auðvitað var þessi hópur að skilgreina þarfir hafnanna. Ef hv. þm. fer ofan í frv. og les greinargerðina með því, þá mun hann komast að raun um að svo er.

Skýrsla stýrihópsins um samræmda samgönguáætlun felur í sér að þar eru hafnir landsins skilgreindar, grunnnetið í sjóflutningum er skilgreint, þannig að þær tillögur og hugmyndir ættu að uppfylla algerlega óskir þingmannsins. Og ég fagna því að hann skuli tala fyrir hugmyndum og tillögum sem flísfalla bæði að grundvellinum fyrir hafnalagafrv. og grundvellinum fyrir samræmdri samgönguáætlun.

En að til standi að selja hafnir og tilgangurinn með því að gera þær að hlutafélagi sé að selja, er misskilningur. Samgrh. mun aldrei standa frammi fyrir því að selja hlut í höfnum. Hafnirnar eru í eigu sveitarfélaga, hlutafélaga eða sameignarfélaga. Þó að stofnað sé hlutafélag þá er það engin ávísun á að þar sé um sölu að ræða. Það er misskilningur.

[12:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að þær hugmyndir um samræmda samgönguáætlun eru ekkert orðnar að lögum. Fyrir liggur tillaga vinnuhóps í þeim efnum og fyrir liggur frv. til laga um að á þessum málum sé tekið og það fer í vinnslu. Þetta á allt eftir að skoða og á eftir að vinna af Alþingi. Þar eru einmitt atriði sem ég benti á í ræðu minni sem ég tel að Alþingi eigi að skoða nánar, t.d. aukið hlutverk hafna vítt og breitt um landið, aukið hlutverk frá því sem gerðar eru tillögur um í þessum starfshópi, sem ekki eru orðnar að lögum. Það er því ekki hægt að ganga út frá því að tillögur starfshópsins séu orðnar lög og þær eigi að fara að ráða síðan lagasetningu um hafnir. Þar er maður að fara fram úr sjálfum sér.

Hins vegar er ég sammála því að taka eigi á samgöngumálum á samræmdan hátt og það var það sem ég ítrekaði einmitt hér og tel að samgrh. sé að því leyti til vinnulega á réttri braut. En hann má ekki fara fram úr sér í þeim efnum, það var það sem ég vildi vekja athygli ráðherrans á. En þegar maður er að breyta rekstrarformi, þegar stofnuð eru hlutafélög, þá er ætlunin að nýta sér, nota og beita þeim möguleikum sem hlutafélögin hafa, þ.e. að selja þau og selja hlut í þeim að hluta eða öllu leyti. Við þekkjum yfirlýsingar fyrri ára um Landssímann þegar honum var breytt í hlutafélag en stóð alls ekki til að selja hann. Síðan þekkjum við þann farsa. Hlutafélagsformið passar ekki að mínu viti á almenningsþjónustufyrirtæki.

[12:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fjarri öllu lagi sem hv. þm. segir, að hér séu menn að fara fram úr sjálfum sér. Fyrir þinginu liggur frv. um gerð samræmdrar samgönguáætlunar. Hér er frv. til nýrra hafnalaga sem tekur tillit til þess og gerir ráð fyrir að það frv. verði að lögum. Stefnan er því skýr hvað þetta varðar. Ég fór sérstaklega yfir það þegar ég mælti fyrir frv. um samgönguáætlunina að tillögur stýrihópsins væru grundvöllur þessara breytinga.

Varðandi það að hættulegt sé að stofna hlutafélög um hafnir vegna þess að þar með sé hægt að selja þær þá snýst málið ekkert um það. Það er verið að skapa hér eðlilegra rekstrarumhverfi og skapa þeim sem eiga hafnir möguleika á vali. Vinstri grænir í borgarstjórn Reykjavíkur hafa t.d. verið að gera slíkt, m.a. með því að kaupa sig inn í og stofna sameignarfélag með öðrum sveitarfélögum um rafveitur, vatnsveitur, um hlutafélög o.s.frv. Þannig að hv. þm. Jón Bjarnason er ekki í nútímanum.

[12:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég í hvaða tíma hæstv. ráðherra er þegar hann dregur borgarstjórnarmál Reykjavíkur inn á borðið, án þess að vera betur að sér í sögunni en svo, en Vinstri grænir eiga enga aðild að þeirri borgarstjórn sem nú situr. (**Gripið fram í:** Jú, reyndar Árna.) (**Samgrh.:** Árni Þór Sigurðsson er einn höfunda að þessu frv.) Já, Árni Þór er ábyggilega hinn besti maður og vinnur verk sín vel. Ég vona það. En ég sé ekki hvað það hjálpar hæstv. ráðherra að draga bæjarstjórnarmál hér inn með þessum hætti. Hann víkur sér undan því að svara því sem málið fjallar um, sem er ekkert sérstaklega mannalegt af hæstv. ráðherra.

Málið snýst um að það er verið að opna fyrir einkavæðingu á höfnum vítt og breitt um landið. Vandi hafnanna vítt og breitt um landið snýst ekki um möguleika til að keppa við höfnina í næsta firði. Vandinn snýst ekki um það, herra forseti. Því miður virðist eina leiðin sem hæstv. ríkisstjórn sér vera einkavæðing og aftur einkavæðing. Hún bítur þannig í skottið á sjálfri sér.

[12:18]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum hlýtt hér á enn eina undarlega ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fulltrúa Vinstri grænna á Alþingi. Málflutningur hv. þm. í þeirri ræðu var eins og oft áður mjög sérkennilegur. Hér er verið að þyrla upp moldviðri og gera mönnum upp skoðanir. Ég trúi því að annaðhvort sé þetta gert vísvitandi í miklum blekkingarleik eða að menn viti ekki betur.

Röksemdafærslan í öllu þessu moldviðri byggir á tvennu eins og fram kom í ræðu hv. þm. Annars vegar bendir hv. þm. á að skoða þurfi málin í heild sinni. Síðan kemur hæstv. samgrh. og bendir hv. þm. réttilega á að það liggja þegar fyrir hv. Alþingi tillögur stýrihóps um samræmda samgönguáætlun þar sem til stendur að tengja saman einstaka þætti samgangna, hið mikilsverðasta plagg og eitt af merkari plöggum sem hér hefur komið fyrir Alþingi. Þetta virðist hv. þm. ekki hafa séð eða kynnt sér nægilega vel og ég spyr hann hvort svo sé.

Í öðru lagi er talað um að nú eigi að fara að selja hafnirnar. Ekki var eitt orð í ágætri framsöguræðu hæstv. samgrh. um það. Ég spyr hv. þm. hvort hann þekki það vel til í rekstri að hann kannist við að hlutafélagaformið geti verið þægilegra rekstrarform, ekki síst ef sveitarfélög hyggjast vinna saman, búa til hafnasamlög. Menn á þessu sviði, í sveitarstjórnum og hafnargeiranum hafa bent á að hlutafélagaformið sé þægilegra í allan stað við slíkan samruna.

Í þriðja lagi spyr ég hv. þm., af því að hann talar um að hér eigi að fara að setja á óeðlilega samkeppni milli hafna: Telur hv. þm. að ekki sé samkeppni á milli hafna í dag?

[12:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason og fulltrúi framsóknarmanna er eðlilega viðkvæmur þegar rætt er um hvernig Framsfl. er dreginn út í einkavæðingu á almannaþjónustu vítt og breitt um landið. Að sjálfsögðu vitum við það. Ég er ekki að gera neinum upp skoðanir. Hins vegar er, eins og stendur í þessu frv., eitt af markmiðum þess að efla möguleika hjá höfnum til að stunda samkeppni hver gagnvart annarri. Það stendur í frv. og ég er ekki að gera neinum upp skoðanir í því sambandi.

Ég held að hlutafélagaformið geti passað í ýmsum rekstri sem á að vera hreinn samkeppnisrekstur en í almannaþjónustu, þjónustu sem ég lít svo á að allmargar og flestar hafnir gegni, tel ég að það passi ekki vegna þess að það býður eðlilega upp á að hægt verði að selja hlutina eða kaupa jafnvel viðkomandi úr notkun. Þetta ætti hv. þm. að skilja sem ætti líka að hafa nokkurt vit á rekstri.

Varðandi samgönguáætlunina er það alveg rétt að það er hið besta plagg og búið að leggja heilmikla vinnu í það þó að ég sé ekki sammála öllu sem þar stendur. Það er hins vegar vinnuplagg en ekki lög. Fyrir mér, virðulegi forseti, er það þannig að Alþingi setur lög en lítur ekki svo á að vinnuplagg eða skýrsla einstakra nefnda sem hefur gert ákveðinn hlut sé orðin lög sem síðan séu notuð til að smíða önnur lög eftir. Það er ekki háttalag sem ég tel að eigi að hafa hér á.

[12:22]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað vekur það mann til umhugsunar þegar hv. þm. koma hér upp og fara í raun með staðlausa stafi. Ég tel að hv. þm. Jón Bjarnason hafi sannað það í andsvari sínu. Röksemdin hjá hv. þm. var sú að það væri ekki búið að skilgreina hlutverk hafna í framtíðinni. Þegar því er svarað og hv. þm. er bent á tillögur stýrihópsins þá segir hann: Það er ekki orðið að lögum. Gott og vel. Hér erum við einnig að fjalla um frv. sem ekki er heldur orðið að lögum. Það er verið er að vinna málin í samhengi. Hins vegar kýs hv. þm. ítrekað að líta fram hjá þeirri staðreynd til þess að þyrla upp vantrú og minna trausti gagnvart því sem hér er verið að gera.

Í öðru lagi fjallar hv. þm. um rekstrarformið hlutafélag án þess að gera grein fyrir og svara því sem ég beindi til hans áðan, hvort hann vildi ekki virða þann sjálfsákvörðunarrétt þeirra sveitarfélaga sem kjósa að fara í samstarf og leggja saman hafnir í hafnasamlag með þessu bætta rekstrarformi. Það hefur enginn talað hér um sölu nema hv. þm. Jón Bjarnason.

[12:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. sem hér er til umræðu er ekki orðið að lögum og ræða mín samanstóð af þeim athugasemdum sem ég vildi koma á framfæri við það frv. áður en það fer í nefnd og verður unnið áfram. Ég lagði áherslu á að ég væri andvígur þeirri stefnu sem frv. lagði upp með að meginhluta, þ.e. einkavæðingu á höfnum og að það þyrfti til, að veita höfnum rétt til að fara í samkeppni hver við aðra.

Ég sagði að hafnir vítt og breitt um landið stæðu frammi fyrir öðrum og stærri vandamálum og viðfangsefnum, þær þyrftu fremur stuðning en að fá heimild til að keppa við nágrannahöfnina um löndunina. Ég held að það sé fyllilega ástæða til, virðulegi forseti, að hv. fulltrúi framsóknarmanna, Hjálmar Árnason, átti sig á hvers konar einkavæðingarferil hér er verið að fara út í.

[12:25]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. Jón Bjarnason höfum oft rætt um samgöngumál og ekki er langt síðan tekist var á um þau mál í þingsölum. Komumst við þá að þeirri niðurstöðu að rétt væri að auka samkeppnishæfni sjóflutninganna vegna landflutninganna þar sem $^{2}/_{3}$ þeirra sjóflutninga sem áður voru stundaðir eru nú komnir á þjóðvegina. Við töluðum líka um nauðsyn þess að fólk í hinum dreifðu byggðum fengi matvöru sína fljótt og vel og ekki á síðasta merkta söludegi vörunnar. Þetta liggur allt ljóst fyrir.

Hvernig á þá að bregðast við í samkeppni sjóflutninga við landflutninga? Verður það gert með því að gera fleiri hafnir? Dettur þingmanninum í hug að menn muni standa í löngum biðröðum eftir því að fá keyptar hafnir? Nei. Sannleikurinn er nefnilega sá að rekstur fiskihafna hefur um langt árabil verið með þeim hætti að útgerðin hefur ekki borgað raunverulegt þjónustugjald fyrir fiskiskip, það sem það kostar að reka höfnina en það er önnur saga.

Ár eftir ár hafa ársfundir Hafnasambands sveitarfélaga lagt til í samþykktum sínum að lögum um hafnir verði breytt í þá veru sem hér er nú komið fram í lagafrv. Eins og fram kemur hafa verið skipaðir aðilar í nefnd sem hafa setið á hafnarsambandsþingum og samþykkt tillögur sem hér eru komnar á blað.

Ég óttast ekki að þetta verði á kostnað borgarans eða leiði til lélegri þjónustu í höfnum. Þvert á móti erum við að byggja upp, eins og hæstv. samgrh. kom inn á og meira að segja

þingmaðurinn hefur tekið undir og fagnað, samræmda samgönguáætlun í flugi, á vegum og í siglingum. Nú erum við að stíga enn eitt skrefið til þess að auka enn betur samkeppni við landflutninga með þeim hætti að flutningahafnirnar verði í samræmi við vegakerfið.

[12:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm., formanni samgn., Guðmundi Hallvarðssyni, að mikilvægt sé að finna leiðir til að styrkja samkeppnishæfni sjóflutninga. Ég tel að það eigi einmitt að hafa að markmiði þegar verið er að vinna slík lög sem við erum hér að fjalla um. Ég sé ekki að það sé gert á raunhæfan hátt með þessu frv. sem hér er lagt fram.

Ég tel ekki að vandi hafnanna vítt og breitt um landið sé vegna þess að þær séu ekki samkeppni hver við aðra. Þar er annar kerfislægur vandi. Það kann að vera hluti af stefnunni í sjávarútvegsmálum sem hefur það í för með sér að flotinn, rétturinn til þess að veiða, er keyptur frá heilum byggðarlögum og fluttur annað. Þar með er rekstrargrunninum einnig kippt undan höfninni á viðkomandi svæði. Það að heimila henni að hækka síðan gjaldskrá enn þá meira á skipum sem ekki lengur koma er ekki mikill rekstrarstyrkur. Þetta frv. gerir ráð fyrir því. Það gerir ráð fyrir því og mun vafalaust leiða til hækkunar á gjöldum á þeim sem leggja upp á höfnunum, a.m.k. á mörgum stöðum, til þess að þær geti staðið undir rekstrinum. Þetta form er því í sjálfu sér ekki tilkomið til að styrkja þær enda er það ekki sett fram sem markmið í sjálfu sér, þ.e. að styrkja samkeppnisstöðu sjóflutninga vítt og breitt um landið.

Frv. gerir líka ráð fyrir því að ríkið dragi sig út úr þátttöku í stofnkostnaði og ábyrgð á hafnarmannvirkjum vítt og breitt um landið. Þar með er ríkið líka að víkja sér undan ábyrgð sem það hefur hingað til borið.

[12:29]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandinn í gegnum árin hefur kannski verið óheppilegar fjárfestingar í of mörgum höfnum. Nú eru breyttir tímar. Þetta var eðlilegt þegar fiskibátar og útgerðir röðuðu sér niður sem næst miðunum. Nú er þetta orðið gjörbreytt umhverfi.

Varðandi það sem hv. þm. kom inn á, um vanda fiskiskipa og kvótann. Jú, eitt af þeim skrefum sem hér voru stigin — menn voru allir sammála um að smærri bátarnir tryggðu byggðarlögin hér og þar — var að Alþingi gekk svo langt að heimila framsal á aflaheimild eða kvóta hinna minni fiskibáta. Þess vegna er eðlilegt að þetta fari í þennan farveg.

Ég er sannfærður um að þetta frv. til hafnalaga sem hér liggur fyrir muni enda með að verða samþykkt, muni hljóta samþykki okkar beggja þegar við höfum farið yfir málið í hv. samgn. þar sem við eigum sæti.

[12:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir orð hv. þm. Hann tekur vel undir það að breyta þessu í það form sem ég hef hér verið að tala um. Við sjáum bara hvernig það gengur.

Ég ítreka varðandi einkavæðingu á höfnum vítt og breitt um landið og að það eigi að fara að gera beinar arðsemiskröfur til samgöngumannvirkja, að ef þjónustuhlutverkið á ekki að vera númer eitt heldur arðsemiskrafan til eigendanna sem geta verið hvar sem er þá finnst mér það ekki vera það sem eigi að stefna að. Ég tel að á þessu frv. séu verulegir ágallar. Ég er andvígur þeirri stefnu að einkavæðingin, hlutafélagavæðingin, sé lausnarorðið varðandi almannaþjónustu vítt og breitt um landið og tel að hér þurfi endurskoðunar við.

[12:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umræðu á rót sína að rekja til allmargra samþykkta Hafnasambands sveitarfélaga. Ef við lesum þessar samþykktir nokkur ár aftur í tímann þá kemur ævinlega hið sama fram, að Hafnasamband sveitarfélaga, fulltrúar þeirra aðila sem sjá um að reka hafnirnar og eru í rauninni eigendur hafnanna á landsbyggðinni og í kringum landið, hafa séð að ríkjandi fyrirkomulag er óskaplega þungt í vöfum og erfitt. Eins og menn vita samþykkjum við hér hafnaáætlanir til fjögurra ára. Alþingi staðfestir síðan fjárveitingar til þessara hafna með fjárlögum sínum á hverju ári og þeim ákvörðunum sem Alþingi tekur getur enginn annar breytt.

Nú þekkjum við það að í mannheimum breytast hlutirnir oftar en einu sinni á ári og aðstæður breytast stundum hratt, ekki síst í sjávarútvegi. Þá þurfa menn að bregðast við. Og þá byrjar þessi einkennilega þrautaganga milli manna, frá samgrn., Siglingastofnun, samgn. Alþingis og Alþingi og samþykki þessara aðila allra þarf að liggja fyrir áður en menn geta breytt stafkrók í ákvörðunum sem eru staðfestar á Alþingi a.m.k. einu sinni á ári og innsiglaðar síðan í hafnaáætlun eftir að okkur tókst að setja þær niður á blað.

Því var ekki að furða þó að Hafnasamband sveitarfélaga segði: Þetta getur ekki gengið svona. Þetta verður að breytast. Við verðum að fá meira sjálfræði í okkar málum. Þess vegna óskaði Hafnasamband sveitarfélaga á fundi eftir fund eftir því að ríkið drægi sig meira út úr þessum ákvörðunum og að ákvarðanirnar yrðu meira á sviði sveitarstjórnarmannanna sem þekkja best til og eru þeir aðilar sem reka hafnirnar og eru í raun fulltrúar eigenda hafnanna, sem eru sveitarfélögin. Þess vegna er mjög eðlilegt að menn séu að stíga skrefið í þá átt að hverfa frá þessari gríðarlega miklu miðstýringu sem hefur átt sér stað og hefur leitt í ýmsum tilvikum til ýmissa mistaka eins og við þekkjum, til þess að eigendur hafnanna, þeir sem raunverulega eiga við að búa, hafi meira um málið að segja. Það er sú grundvallarhugmynd sem er á bak við þetta frv.

Síðan hefur það gerst til viðbótar að leitað hefur verið eftir áliti Samkeppnisstofnunar á því hvort meginmarkmið gildandi hafnalaga séu í samræmi við þann anda sem svífur yfir vötnum í samkeppnislögunum sjálfum. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar er mjög eindregin. Hún er einfaldlega sú að augljóst sé að gildandi hafnalög séu ekki í samræmi við gildandi samkeppnislög og ekki í samræmi við þann anda sem er í gildandi samkeppnislögum. Að vísu er það þannig, eins og við alþingismenn þekkjum, að sérlög á borð við hafnalög taka samkeppnislögunum fram í þeim skilningi að það er ekki verið að brjóta samkeppnislög með hafnalögunum. Það geta menn auðvitað ekki sagt, heldur eru menn einfaldlega að benda á að það sem býr að baki hugsun okkar í sambandi við samkeppnislögin sé ekki sú hugsun sem við erum með í hafnalögunum, þar á meðal sú ákvörðun að vera með eina gjaldskrá fyrir hafnirnar í landinu. Þetta sjáum við að er að gerast alls staðar í okkar þjóðfélagi, þ.e. að menn eru að hverfa frá því að hafa eina gjaldskrá og fyrir því eru skiljanleg rök, augljós rök.

Það sem einfaldlega hefur verið að gerast vegna þess að

hafnirnar hafa verið svona njörvaðar niður, annars vegar með ákvörðunum ríkisvaldsins í gegnum samþykktir Alþingis og vegna þess veruleika að Alþingi, við hér tökum allar stórar og smáar ákvarðanir í þessum efnum um fjárfestingar hafnanna, og síðan vegna þeirrar staðreyndar að hafnirnar eru bundnar af einni gjaldskrá, er að til hefur orðið annars konar samkeppni, samkeppni sem hefur verið að leika þessar hafnir grátt m.a. vegna þess að lögin, gildandi lög, ramminn utan um hafnirnar í landinu hefur ekkert verið að endurspegla þennan veruleika. Hafnirnar hafa því staðið þarna eins og berstrípaðar í þessari baráttu og ekki getað rönd við reist. Það er engin löggjöf í kringum þessar hafnir sem gerir þeim kleift að bregðast við breytingunum.

Menn hafa verið að velta fyrir sér samkeppni milli hafna. Við skulum ekki gleyma því að samkeppnin er ekki síður við aðrar flutningaleiðir og annan flutningsmáta, og þar hefur samkeppnin verið að birtast okkur. Vöruflutningarnir hafa færst frá höfnunum upp á vegina, eins og við þekkjum, og það hefur því miður orðið þannig að vöruhöfnum í landinu fækkar ár frá ári með þeim afleiðingum sem við öll þekkjum fyrir tekjustofna þessara hafna.

Virðulegi forseti. Þess vegna held ég að þær breytingar sem menn eru núna að sjá í þessu og munu hafa áhrif á hafnirnar séu kannski breytingar sem að langmestu leyti eru komnar fram. Þær breytingar hafa verið kallaðar fram vegna t.d. taxtaákvarðana skipafélaganna. Sú ákvörðun skipafélaganna t.d. að hætta að greiða framhaldsflutninginn hefur haft þau áhrif að menn eru í stórum stíl að hætta að landa í sínum gömlu heimahöfnum og eru farnir að landa á höfuðborgarsvæðinu. Það er mikill hvati hjá þessum skipafélögum að fá menn til þess að landa í útflutningshöfnunum og við þekkjum það að þessi samkeppni er brostin á. Hafnirnar hafa líka ýmsar leiðir til þess að draga að sér viðskipti og gera það án þess að í sjálfu sér sé kominn sá samkeppnislegi rammi sem þarf að vera til staðar svo að samkeppnin sé sanngjörn.

Menn geta gert það með því að bjóða fram annars konar þjónustu og það er mál númer tvö sem líka er verið að taka á í þessu frv. hérna, þ.e. að auðvitað verða að gilda einhver lög um það, einhverjar reglur um það hvernig menn geta beitt styrk sínum í samkeppninni. Er t.d. eðlilegt að höfn sem fær ríkisstyrki til framkvæmda geti síðan farið að bjóða fram þjónustu sem einkaaðilar geta sinnt, lyftaraþjónustu, afgreiðslu á vatni og rafmagni eða eitthvað annað sem kostar vinnuafl og einstaklingar gætu kannski viljað sinna, ungir dugmiklir menn sem vilja t.d. hasla sér völl vegna þess að þeir vilja finna viðspyrnu sinna krafta? Eiga þeir þá að fara að etja kappi við sveitarfélög sem eru ríkistyrkt til framkvæmda sinna? Auðvitað gengur það ekki. Þess vegna er það nákvæmlega niðurnjörvað, skrifað inn í lagatextann, frumvarpstextann, hvernig menn mega beita afli sínu í þessari samkeppni.

Virðulegi forseti. Við skulum átta okkur á því að tekjur hafnanna eru í dag líkt og takmörkuð auðlind, því tekjur hafnanna eru frekar að dragast saman. Það er ekki þannig að við sjáum í hendi okkar á þessari stundu mikla möguleika á því að auka tekjur hafnanna. Ég hef svo sem ekki á hraðbergi en ég veit að heildartekjur íslenskra hafna hafa verið að dragast saman núna ár frá ári. Á sama tíma erum við að taka ákvarðanir um það á hverju einasta ári núna, og höfum verið að gera það árum saman, að fjármagna eða leggja í fjárfestingar í þessum höfnum upp á 800 millj. kr. að jafnaði á síðasta áratug og erum núna held ég, ef ég man það rétt, á þessu fjárlagaári með fjárfestingar upp á 1,2 milljarða kr., á sama tíma og tekjurnar eru að dragast saman. Við sjáum í hendi okkar að þetta er ekki það viturlegasta sem við getum gert. Þetta er ekki það viturlegasta sem við getum gert með fjármagn sem við viljum kannski veita til uppbyggingar innviða þjóðfélags okkar, t.d. til vega, annarra samgöngubóta, til framkvæmda á landsbyggðinni, til aðgerða á landsbyggðinni. Þetta er ekki það sem mesta þörfin er á.

Það sem er að gerast er bara eðlilegt, þ.e. að þegar menn eiga þess kost að fá fjármagn af þessu taginu þá sækja þeir í þetta. Eins og staðan er í dag og veruleikinn er í dag þá er það bara staðreynd að viðbótarfjárfesting í höfnunum skilar þjóðfélagi okkar ekki viðbótartekjum. Hún leiðir væntanlega hins vegar til þess að það verður einhver styrkleikabreyting milli hafna. Ein höfn getur farið að bjóða aðeins betri þjónustu og dregið þá að sér aðeins meiri afla, kannski aðeins meiri tekjur, á sama tíma og önnur missa hann út úr höndunum á sér. Þetta er það sem við erum að sjá.

Í þriðja lagi vil ég nefna að það sem liggur líka til grundvallar þessu frv. er hugsun sem fyrir löngu er komin inn í okkar þjóðfélagi. Hún er sú að ekkert óeðlilegt sé að þeir notendur, þeir neytendur, það fólk, þau fyrirtæki sem nýta sér þjónustu greiði eitthvað fyrir hana. Það er einmitt það sem við gerum t.d. að öðru leyti í samgöngunum.

Hver borgar fjárfestinguna í vegunum? Umferðin. Hver borgar fjárfestinguna í flugvöllunum? Farþegarnir. Það eru flugvallargjöldin, bensíngjöldin, þungaskatturinn o.s.frv. Og við teljum eðlilegt að við stöndum undir þessum fjárfestingum. Við borgum sérstök gjöld sem við nýtum til þess að fjármagna flugvellina okkar, vegina okkar. En við höfum hins vegar talið að ekki væru efni til þess að láta hafnirnar standa að fullu undir þessum fjárfestingum og þess vegna höfum við gripið til þessa úrræðis.

Ég tel ekkert óeðlilegt í sjálfu sér að við stígum skref í þá átt, eins og hérna er verið að leggja til, að atvinnulífið og þeir sem nýti hafnirnar greiði það í meiri mæli en núna. Ég tel það ekkert óeðlilega hugsun nema síður sé. Ég vil hins vegar segja að ég tel nauðsynlegt, og vil beina því til hv. samgn., að hún skoði aðeins þróunina sem orðið hefur frá því að nál. sem liggur til grundvallar þessu frv. var skilað — það var í lok árs 1999, að mig minnir — að menn skoði aðeins betur þá þróun sem hefur orðið síðan.

Mér er mætavel ljóst að sú þróun hefur orðið örari en mann óraði fyrir. Það er ljóst t.d. að stórar hafnir sem á þeim tíma, á árinu 1999, voru í sæmilegum færum hafa verið að missa tekjur. Ástæðan er ekki sú að lögum hafi verið breytt. Ástæðan er ekki sú að menn hafi haft einhverja hugmynd um að lögum yrði breytt. Ástæðan er bara veruleikinn, samkeppnin, sú staða að vöruinnflutningurinn og útflutningurinn hefur safnast á færri hafnir og síðan auðvitað sú staðreynd að þarfir fólks á landsbyggðinni hafa verið þær að fólk hefur viljað fá örari flutning á vörum og þjónustu. Sá veruleiki er horfinn sem við bjuggum við og vorum tiltölulega sátt við fyrir svona fimm, tíu, fimmtán árum, að skipið kæmi einu sinni í viku og stundum ekki einu sinni það og að síðan reyndu menn að bjarga sér eftir föngum með það sem á þyrfti að halda með bílunum sem kæmu þá tvisvar, þrisvar í viku. Núna fara inn á öll helstu svæði bílar nokkrum sinnum á dag og menn telja það lágmarkið sem hægt sé að búa við.

Þetta hefur orðið til þess að hafnir hafa verið að missa tekjurnar og það er þess vegna sem við þurfum að bregðast

við. Það er þess vegna sem við þurfum að búa hafnirnar þeim vopnum sem þær þurfa til að þær geti brugðist við nógu hratt, til þess að þær verði hreinlega ekki undir í samkeppni, ekki samkeppni endilega á milli hafna heldur við annan flutningsmáta.

[12:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson var formaður þeirrar nefndar sem endurskoðaði þessi drög, þau hafnalög sem hér eru til umræðu, langar mig að gefnu tilefni til að spyrja hvort í nefndinni hafi orðið umræður um breytt eftirlitsform og upphaf framkvæmda sem nú miðast við að Siglingastofnun komi þar alfarið að málum þar til framkvæmdir hefjast.

Mér skilst að í meginatriðum sjái Siglingastofnunin um alla undirbúningsvinnu og hanni jafnvel mannvirki, en síðan er spurning þegar kemur að framkvæmdinni sjálfri. Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að hér erum við að gera miklar breytingar á höfnum, eigendaformi, rekstrarformi, virðisaukaskatti og fleiru og fleiru í frjálsræðisátt. Þegar ríkið veitir fjármagn til hafnar þá er Siglingastofnun milliliður. Ég spyr þess vegna: Er ekki eðlilegt að treysta hafnarstjórnunum eða sveitarstjórnunum sjálfum ef þær leggja fram fjárbeiðni um uppbyggingu hafna, breytingar eða lagfæringar, að þá sé eðlilegt að sveitarstjórnirnar sjálfar versus hafnarstjórnir innan sveitarstjórnanna beri ábyrgð á því verki sem verið er að ráðast í, leiti leiða, útboða eða geri það jafnvel með þeim hætti að fjármagnið geti í heimabyggð nýst miklu betur en ef Siglingastofnun er milliliður, án þess að ég sé nokkuð að deila á hana?

[12:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Starfssvið Siglingastofnunar hefur tekið mjög miklum breytingum. Fyrir fáeinum árum voru, eins og við munum sem búum úti á landi, starfandi stórir vinnuflokkar á vegum Siglingastofnunar sem komu og önnuðust hreinlega hafnargerð og voru langtímum, vikum og mánuðum saman, við hafnargerð þegar þannig stóð á. Það var lagt niður og þetta er komið inn á útboðsmarkaðinn eins og flest annað. Eftir því sem ég best veit er undirbúningur að hönnun hafnarmannvirkja nú þegar í höndum sveitarfélaganna. Það eru því sveitarfélögin sem út af fyrir sig sjá um þessa þætti. Hins vegar vitum við að þekkingin, grundvallarþekkingin á hafnarmálunum sjálfum er auðvitað mest hjá Siglingastofnun og það er eðlilegt.

Hins vegar sjáum við almennt að talsverð breyting verður á hlutverki Siglingastofnunar. Það verður afmarkaðra en áður. Engu að síður er gert ráð fyrir að Siglingastofnun hafi hlutverk, menn mega ekki gleyma því að þrátt fyrir að við séum að stíga þau skref sem hérna er verið að gera er engu að síður gert ráð fyrir talsvert miklum afskiptum ríkisins af höfnum, t.d. er séð mjög vel fyrir þörfum minnstu hafnanna í landinu. Einnig er gert ráð fyrir, eins og við vitum, að ríkið komi að því að fjármagna bæði endurbætur og uppbyggingu skjólveggja og taka þátt í dýpkun o.s.frv. þannig að hlutverki ríkisins er engan veginn lokið. Það er ekki óeðlilegt að mínu mati að stofnanir ríkisvaldsins hafi aðkomu að málinu.

Hins vegar er það rétt sem hv. þm. sagði áðan að frv. gerir það að verkum að þessi mál ættu að geta orðið skýrari, og línurnar skarpari þarna á milli. Að mínu mati er enn fremur ljóst að hlutverk Siglingastofnunar verður miklu afmarkaðra.

[12:47]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi fyrirspurn mín er að gefnu tilefni. Við erum að ræða um hagræðingu í rekstri hafna, jafnvel fækkun hafna og samkeppni hafna. Á sama tíma er nýbyggð höfn í Kópavogi sem ætlar sér í beina samkeppni við Reykjavík og Hafnarfjörð og aðrar hafnir og ekkert óeðlilegt við það í sjálfu sér. En ég held að ég fari með rétt mál að allar þær framkvæmdir eru utan ríkisstyrkja og án afskipta Siglingamálastofnunar, ef ég man rétt. Hér er því um algjört nýmæli að ræða, nýjar framkvæmdir með öðrum hætti en þekkst hefur. Eftir því sem ég best veit hefur Kópavogshöfn ekki þegið neitt ríkisfjárframlag, enda er hún ... (Gripið fram í.) ekki fengið réttara sagt. En þarna er sem sagt einkaframtakið, og líklega mun þetta frv. til hafnalaga sem við erum að ræða veita fleiri sveitarfélögum heimild og möguleika á að ráðast í slíkar framkvæmdir án afskipta ríkisvaldsins ef mönnum sýnist, samanber Kópavogshöfn.

[12:49]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Ég vil í upphafi þakka hæstv. samgrh. fyrir mjög skýra og greinargóða framsögu með þessu ágæta máli.

Hér er vissulega um stórt mál að ræða eins og fram hefur komið í ræðum sem hafa verið fluttar. Um róttæka breytingu á hafnaáætlun og hafnalögum er að ræða. Ég freistast til þess að skoða frv. í tengslum við samræmda samgönguáætlun sem reyndar hefur komið til umræðu, það mæta verk sem kynnt hefur verið fyrir Alþingi frá stýrihópi þar um á vegum samgrn. Má segja að mjög tímabært hafi verið að fjalla um vegamál, hafnamál og flugsamgöngur í einu heildarsamhengi og það er væntanlega engin tilviljun að nýjar áherslur varðandi hafnalög skuli koma skömmu eftir að tillögur stýrihópsins um samræmda samgönguáætlun eru kynntar.

Segja má að það séu einkum þrír þættir sem breytingarnar snerta. Í fyrsta lagi er aðkoma ríkisins. Með frv. er verið að marka þá stefnu að ríkið dragi verulega í aðkomu sinni að uppbyggingu hafna.

Í öðru lagi er verið að breyta rekstrarformi hafna og skapa þar meiri sveigjanleika þannig að einstakar hafnir og hafnasamlög geti valið sér það rekstrarform sem best hentar þó að, eins og fram hefur komið, hv. þm. Vinstri grænna eigi erfitt með að átta sig á þeirri hugsun.

Í þriðja lagi er verið að skapa almennar og sveigjanlegri leikreglur til að hafnir landsins geti tekið þátt í þeirri hörðu samkeppni sem þegar á sér stað, ekki einungis samkeppni milli einstakra hafna heldur líka samkeppni hafnanna við flutninga á vegum sem hafa verið að aukast verulega eins og margsinnis hefur komið fram.

Eins og öllum er ljóst, herra forseti, hefur á síðustu árum og áratugum milljörðum króna verið varið til uppbyggingar á hafnarmannvirkjum um land allt. Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í samgönguháttum landsmanna má segja að sumpart, svo kalt sem það hljómar, sé um offjárfestingu að ræða eins og staðan er í dag, þ.e. að nýtingin á þeim hafnarmannvirkjum sem til eru sé ekki í samræmi við þau verðmæti sem þar liggja.

Því má segja, herra forseti, að frv. þetta feli í sér afskaplega merkilega stefnumörkun, að með því sé verið að segja að heildaruppbyggingu hafna, þ.e. stærri hafnarmannvirkja, sé lokið hvað ríkisvaldið varðar en innihald frv. lúti meira að

rekstrinum þar sem horft er til framtíðar á þeim grundvelli sem liggur fyrir hvað varðar þau mannvirki sem þegar hafa verið byggð.

Mjög mikilvægt er að skoða ákveðna þætti þegar leikreglur eru settar í nýju samkeppnisumhverfi. Eins og frv. gerir ráð fyrir þarf að taka ýmsa þætti til athugunar og verður það gert í hv. samgn. Ég vil þar fyrst nefna atriði sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi í ræðu sinni, skuldastöðu einstakra hafna. Hún er afskaplega misjöfn og sorglega mörg dæmi eru um hafnir sem standa afskaplega illa og valda meira að segja miklum deilum innan sveitarfélaga og milli sveitarfélaga þar sem um hafnasamlög er að ræða, hin gífurlega erfiða skuldastaða. Það er mál sem hlýtur að verða tekið til skoðunar í hv. samgn. og athugað hvort einhver langtímaáætlun verði gerð í gegnum Hafnabótasjóð eða með öðrum hætti til að leysa þann vanda með það í huga að samkeppnisstaða einstakra hafna um land allt verði sem jöfnust. Sjálft segir sig að með breyttu umhverfi standa þær hafnir sem verst eru settar, skuldsettastar, auðvitað verr að vígi en þær hafnir sem betur eru í stakk búnar til að hefja leik.

Í öðru lagi, herra forseti, hljótum við að taka til umhugsunar án þess að það endilega tengist beint frv. — það er bara sú þróun sem á sér stað og ítrekað hefur verið gerð að umtalsefni í þessari umræðu og annarri — hvernig flutningar hafa mjög ört verið að færast af sjó á land þar sem stórir og miklir vöruflutningabílar aka landið þvers og kruss, slíta vegum með tilheyrandi kostnaði en notkun hafnanna og flutningar sjóleiðis farið minnkandi.

Spyrja má í þessu sambandi hvernig verður í samkeppninni og í ljósi þess hvað landflutningarnir eru orðnir ráðandi þáttur í þessu, hvort hinar stóru hafnir muni beinlínis kæfa hinar minni í ljósi styrkleika síns þar sem þær njóta ýmissa samlegðaráhrifa þar sem þær geta vegna stærðarinnar hugsanlega boðið upp á hærra þjónustustig og hvort það þjónustustig muni laða að sér enn frekari skipaflutninga.

Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna eitt. Af því að fiskur, bæði hráefni og unnin vara, er fluttur landshorna á milli og við höfum séð gerast, m.a. hjá fullvinnsluskipum sem í vaxandi mæli eru farin að leggja afla sinn upp í Reykjavík þar sem flutningaskipin eru, þá má velta því upp, ég er ekki að segja að það muni gerast en það má velta því upp, ef það verður almenn þróun í ljósi betri þjónustu, lægri gjalda og þar fram eftir götunum að fiskiskip sjái hag sinn í því að landa t.d. í Reykjavík þar sem flutningaskipin eru, þar sem hinir öflugu flutningabílar eiga flestir endastöð eða upphafsstöð. Hvaða áhrif hefði slík þróun á hafnir í sjávarplássum landsins sem byggja tekjur sínar fyrst og fremst á löndunum afla?

Þetta er þróun sem hefur verið að eiga sér stað og ég nefni þetta bara í tengslum við umræðu þessa frv. þó að ég sjái ekki að frv. stuðli frekar að því en gildandi hafnalög.

Ég vil velta einu upp, herra forseti. Ég kann ekki í sjálfu sér svar við því en hlakka til að skoða það í vinnu samgn., og það er hvaða áhrif virðisaukaskattur á hafnir kann að hafa, bara efnahagsleg áhrif. Ég vil beina því til hæstv. samgrh. hvort virðisaukaskattur á hafnir muni leiða til þess að sá skattur muni beinlínis renna út í verðlag og hafa þá efnahagsleg áhrif. Ég velti þessu upp út frá því að hafnaþjónusta er jú meðal grunnþjónustunnar í landinu og grunnþjónusta hefur gjarnan verið undanþegin virðisaukaskatti. Maður hlýtur að taka til umhugsunar hvort virðisaukaskattur á hafnir hafi bein efnahagsleg áhrif og kunni að hafa óheppileg áhrif á vísitölu. Ég kann ekki svar við því, beini því til hæstv. ráðherra og að sjálfsögðu mun það verða skoðað í samgn.

Rétt að lokum, herra forseti, þykir mér vanta einn þátt í frv. sem verður skoðað í samgn. og það eru skyldur eigenda hafna, umhverfislegar skyldur. Minnst er á það í kafla um móttöku hafna þar sem eigendum hafnanna er gert skylt að sjá til þess að skipsflök og bílhræ og annað sem er á sjó, á yfirborði sjávar eða landi við hafnirnar, skuli fjarlægt en það er hins vegar allur sá óþverri sem er á hafsbotni, þ.e. á botni hafnanna. Kunnugt er að fólk freistast til að henda þangað alls konar drasli og er í rauninni mikill umhverfislegur smánarblettur fyrir okkur og væri mjög æskilegt að hefja þar átak eins og reyndar einstaklingar hafa verið að bisa við að undanförnu. Ég tel eðlilegt að í hafnalögum sé þessi umhverfisskylda sett á eigendur hafnanna, að annast umhverfisþáttinn, ekki bara það sýnilega heldur ekki síður það sem er á hafsbotni innan hafnarmannvirkjanna.

Ég læt þessu lokið, herra forseti. Ég tel að vinnan við að fara yfir þetta í hv. samgn. verði skemmtileg, og margir þættir sem þarf að skoða, en ítreka ánægju mína með að frv. skuli vera fram komið.

[12:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða sem háð er í þinginu er um hafnaáætlun. Hv. þm. drap á mál sem er skylt því hvernig menn nýta þá fjárfestingu sem er í höfnum og ég ætla að fjalla örlítið um það.

Hv. þm. gerði að umræðuefni þá þróun sem birtist í því að í vaxandi mæli er afli sem landað er úti á landi fluttur hingað til höfuðborgarinnar til vinnslu eða útflutnings eftir atvikum með bílum. Þetta setur gríðarlegt álag á samgöngukerfið á landi, eykur slysahættu eins og menn vita og það hefur reyndar komið til umræðu hérna.

Ég tel að mjög æskilegt væri ef hægt væri að sporna gegn þeirri þróun og reyna að nýta sjóleiðirnar betur. Mig langaði þess vegna til að spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason, sem vakti með þörfum hætti máls á þessu, hvort hann sjái einhverjar leiðir til þess. Telur hann t.d. að til greina komi að beita einhvers konar hvata í gegnum skattkerfið eða beita skattkerfinu á annan hátt til að ýta þeim flutningum aftur á hafið sem mundi bæði spara fyrir okkur skattborgarana í samgöngum á landi, mundi draga úr slysahættu og mundi auðvitað bæta miklu betur fjárfestinguna sem er gríðarleg í hafnarmannvirkjum?

[13:01]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað ekki einfalt mál en samt er afskaplega einkennilegt að bílar, jafnvel þungir vöruflutningabílar, skuli mætast á Holtavörðuheiði, annar með þorsk að norðan á leið suður og hinn að sunnan með þorsk á leiðinni norður. Þetta er hins vegar þróun sem atvinnulífið hefur staðið að, og stendur að.

Eins og þingmðurinn benti réttilega á kostar þetta mikið slit á vegum sem við sjáum síðan í aukinni þörf í vegáætlun. Að auki skapar þetta slysahættu og því miður hafa orðið sorgleg slys vegna þessarar miklu umferðar.

Þingmaðurinn spyr hvort búa megi til einhvern innbyggðan hvata í lög sem leiði til þess að flutningar færist út á sjó aftur. Ég hygg að við hv. þm. séum mjög sammála um að Skipaútgerð ríkisins verði ekki endurvakin. En ég hygg að þetta sé eitt af stærri verkefnunum sem um verður fjallað

í samræmdri samgönguáætlun sem hér hefur ítrekað komið til umræðu, og það er verkefni sem við sem þjóð stöndum frammi fyrir eins og aðrar þjóðir, að nota skattkerfið á eldsneyti. Nú blasir við að vistvænir orkugjafar munu verða teknir í notkun hérlendis og erlendis á næstu árum. Þá þurfum við m.a. að svara því hvernig við ætlum að fjármagna vegakerfið þegar bensín og olía verða ekki aðaleldsneytisgjafarnir. Þá þurfum við að finna aðrar leiðir til þess. En það er ein leiðin sem hægt er að fara, þ.e. að beita sérstökum sköttum eða skattaívilnunum til að „þvinga" fyrirtæki til að fara sjóleiðina.

Þetta er alveg dæmigert verkefni sem verður spennandi að vinna að í samræmdri samgönguáætlun og sýnir enn einu sinni hversu mikilvægt plagg hún er.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:04]

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 2. umr.

Stjfrv., 387. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 641, nál. 736.

[13:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og tillögu til breytingar frá efh.- og viðskn. á frv. til laga um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Virðulegi forseti. Þetta er býsna langt heiti á frv. En það lýsir því líka um hvað málið snýst. Þetta mál hefur komið hér inn áður. Frv. er lagt fram í framhaldi af bráðabirgðalagasetningu fyrir síðustu áramót þar sem þessi heimild var framlengd til 15. febr.

Nefndin hefur rætt þetta mál, fengið fulltrúa fjmrn. á fund. Nefndin leggur í brtt. sinni til að þessi heimild verði framlengd, ekki til 15. febr. 2002 heldur til 10. apríl 2002.

Fram hefur komið að á alþjóðlegum vettvangi er stefnt að því að fyrir marslok liggi fyrir einhvers konar niðurstaða í því hvernig hægt verði að haga þessum tryggingarmálum til frambúðar. Því er dagsetningin 10. apríl valin. Til umræðu kom í nefndinni að framlengja þessa heimild fram á haust og gefa þá ríkisstjórninni jafnframt heimild til að draga þessa ábyrgð til baka ef aðstæður breyttust. En niðurstaðan varð, eins og fram kemur í nál. og tillögu til breytingar, að miða við 10. apríl og gefst þá tími til þess, ef ástæða er til, að framlengja þessa heimild enn frekar.

[13:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti, örstutt. Ég hef rætt um þetta áður.

Þarna er íslenska ríkið að taka á sig gífurlega ábyrgð fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Þó að líkurnar séu sáralitlar er þarna verið að leika sér með fjöregg þjóðarinnar vegna þess að við erum að tala um þvílíkar upphæðir, ef til skyldi koma, að þjóðin biði þess varla bætur.

Ég hef lagt til að hæstv. ríkisstjórn hafi samráð við aðrar ríkisstjórnir um að dreifa þessari áhættu. Það hefur ekki orðið. Sem betur fer höfum við ekki glutrað niður fjöregginu enn sem komið er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Brtt. í nál. 736 (ný 1. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, ÓB, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (JÁ, MÁ, PHB) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DO, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HÁs, HBl, JóhS, KA, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, MÁ, ÓB, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JÁ, PHB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DO, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HÁs, HBl, JóhS, KA, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, RG, SP, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4. og 7.–19. mál.

Fundi slitið kl. 13:36.

---

73. FUNDUR

fimmtudaginn 7. febr.,
að loknum 72. fundi.

Dagskrá:

1. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, stjfrv., 387. mál, þskj. 641 (með áorðn. breyt. á þskj. 736). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Hafnalög, stjfrv., 386. mál, þskj. 640. — Frh. 1. umr.
3. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 734. — 3. umr.
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192, nál. 523, frhnál. 728. — 2. umr.
5. Samningsbundnir gerðardómar, stjfrv., 203. mál, þskj. 228, nál. 729. — 2. umr.
6. Getraunir, stjfrv., 314. mál, þskj. 390, nál. 745. — 2. umr.
7. Áhugamannahnefaleikar, frv., 39. mál, þskj. 748, brtt. 772. — 3. umr.

8. Þingsköp Alþingis, frv., 119. mál, þskj. 119. — 1. umr.
9. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 120. mál, þskj. 120. — Fyrri umr.
10. Barnalög, frv., 125. mál, þskj. 125. — 1. umr.
11. Áfengislög, frv., 126. mál, þskj. 126. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frv., 156. mál, þskj. 156. — 1. umr.
13. Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, þáltill., 161. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
14. Gjaldþrotaskipti, frv., 177. mál, þskj. 178. — 1. umr.
15. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
16. Ferðaþjónusta á norðausturhorni Íslands, þáltill., 199. mál, þskj. 213. — Fyrri umr.
17. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 202. mál, þskj. 227. — 1. umr.
18. Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, frv., 417. mál, þskj. 676. — 1. umr.
19. Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, þáltill., 430. mál, þskj. 691. — Fyrri umr.

[13:38]

Útbýting þingskjals:

Flutningur verkefna frá stjórnsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, 488. mál, þáltill. GunnS o.fl., þskj. 773.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, ÓB, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (MÁ, PHB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DO, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, KA, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, RG, SP, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Bótaábyrgð vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 3. umr.

Stjfrv., 387. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 776.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, ÓB, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (MÁ, PHB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DO, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, KA, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, RG, SP, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 777).

Hafnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 640.

[13:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég orðaði í morgun í andsvari við hæstvirtan ráðherra ákveðna hugmynd og vil gera hér betur grein fyrir því hverju ég var þar að varpa fram. Ég vil leggja það til að við bráðabirgðaákvæði II um ríkisstyrki verði hugað að því að setja inn svofellda reglu:

Hafnir sem á undanförnum tíu árum hafa orðið fyrir meiri tekjusamdrætti en sem nemur einhverju x, sem gæti verið einn fimmti eða einn þriðji af meðaltekjum viðkomandi hafnar á liðnum tíu árum, skulu eiga rétt á rekstrarstyrk næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara sem nemi hálfum tekjusamdrætti hafnarinnar á fyrsta ári en lækki síðan um 10% árlega uns styrkurinn fellur niður að fimm árum liðnum.

Þetta legg ég til hér í þessari umræðu og vona að þetta verði skoðað vel í hv. samgn. Hér er eingöngu verið að taka á hugsanlegum vandamálum sem hafa fylgt verulegum tekjusamdrætti ákveðinna hafna á landi hér á undanförnum árum. Ég tel rétt að leggja það til að slík heimild sé inni í þessum lögum.

[13:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Komið er að lokum þessarar umræðu um frv. til hafnalaga. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni fyrir málefnalega og góða yfirferð.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi, eins og kom fram hjá honum í andsvari, að afkoma sumra hafna væri erfið. Ég efast ekki um að slíkar hafnir fyrirfinnist. Staða þeirra er hins vegar afskaplega misjöfn. Það er gömul saga og ný. Ég tel, eins og ég sagði hér fyrr, eðlilegt að hv. samgn. fari yfir þetta mál og meti það.

Það er alveg ljóst að tekjur hafnanna hafa verið að aukast vegna sjávarútvegsins, bæði hækkaði aflagjaldið og hitt líka að fiskverð hefur hækkað verulega. Það sem snýr að hafnargjöldunum er tengt því verðmæti þannig að þar hefur orðið tekjuauki. Hins vegar hafa tekjurnar færst á milli hafna. Sumar hafnir hafa misst tekjur en aðrar aukið tekjur sínar. Þannig er staðan. Í því ljósi þarf að fjalla um þetta mál.

Hæstv. forseti. Annað sem ég vildi nefna örstutt er að hér var aðeins farið yfir áhrif virðisaukaskatts á rekstur hafnanna og áhrif virðisaukaskatts á verðlag í landinu. Hafnalaganefndin fór yfir þetta og það var mat hennar að þau áhrif væru óveruleg. Hins vegar er alveg ljóst að það að leggja niður hið sérstaka vörugjald, 200 millj., hefur áhrif á verðlag. Kostnaður lækkar, flutningskostnaður þar með, og það hefur að sjálfsögðu áhrif á allt verðlag því að allar vörur sem koma inn í landið ættu að geta orðið þeim mun ódýrari sem nemur þessari breytingu.

Að öðru leyti, herra forseti, sé ég ekki ástæðu til þess að bæta neinu við. Samgn. mun fá málið til meðferðar og ég er sannfærður um að þar verður vel að öllu hugað sem hér hefur komið fram. Ég vænti þess að samgn. geti unnið þetta á þeim tíma sem við höfum til vors.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 137. mál (iðnráð). — Þskj. 734.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 192, nál. 523, frhnál. 728.

[13:45]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. í máli 185, frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum.

Við fjölluðum nokkuð vel um þetta mál. Fyrir liggja tvö nál. Ég ætla að gera í stuttu máli grein fyrir af hverju.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem miða að því að veita börnum ríkari refsivernd vegna kynferðisbrota gegn þeim. Er í fyrsta lagi lagt til að mælt verði fyrir um refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu af börnum og ungmennum þar sem lögin taka ekki beinlínis á slíkri háttsemi. Samkvæmt frumvarpinu er refsinæmi brotsins bundið við að barni eða ungmenni yngra en 18 ára hafi verið greitt endurgjald, sem getur verið fé eða önnur verðmæti, gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Þá á ekki að skipta máli hvort endurgjaldið er greitt af geranda eða þriðja manni.

Nefndin taldi rétt að skýrt kæmi fram í lagatextanum að háttsemi þriðja manns teldist brot á lögunum og lagði til í áliti sínu breytingu á frumvarpinu í þá átt. Slík breyting á lagatextanum er hins vegar ekki í samræmi við aðrar greinar almennra hegningarlaga. Nefndin leggur því til að fallið verði frá breytingunni þar sem almennar reglur í III. kafla laganna um tilraun og hlutdeild taka til þeirra tilvika. Ef greiðandinn er þriðji maður telst brot hans hlutdeild skv. III. kafla hegningarlaganna — mig minnir að það sé 22. gr. laganna — og ef broti gerandans lýkur með greiðslunni — bara greiðslunni einni sér — felur það í sér tilraun til brots samkvæmt ákvæðum kaflans.

Því mælir nefndin með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Að öðru leyti vil ég rétt aðeins koma inn á það, herra forseti, að ég vil þakka nefndarmönnum öllum fyrir góða og samhenta vinnu í þessu máli.

Auðvitað vekur kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga mann til umhugsunar núna þegar við fjöllum um hann. Þetta er þarft mál sem við erum að ræða hér, en ég tel orðið brýnt að taka upp kynferðisbrotakafla almennu hegningarlaganna í heild og gera heildstæða úttekt á þeim kafla almennra hegningarlaga þannig að við á hinu háa Alþingi getum farið að taka á þeim málum miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu. Sum ákvæði kaflans — ja, þau eru kannski ekki ýkja gömul en margt hefur breyst á tíu árum frá því að síðustu breytingar á kaflanum voru gerðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsbundnir gerðardómar, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (fullnusta erlendra gerðardóma). — Þskj. 228, nál. 729.

[13:48]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 729 í 203. máli, þ.e. nál. um frv. til laga um breyting á lögum um samningsbundna gerðardóma.

Lögin um samningsbundna gerðardóma geyma heildstæðar reglur um þá dóma, skipun þeirra, kröfur til gerðardómsmanna, reglur um málsmeðferð og aðfararhæfi þeirra.

Í lögunum segir að skilyrði aðfarar, frestir og framkvæmd þeirra fari eftir aðfararlögum. Að mörgu leyti má segja að þessi tilvísun sé ekki nægilega nákvæm þar sem ferli aðfararbeiðnar getur verið tvenns konar, annars vegar að beina kröfu beint til sýslumanns og hins vegar að leita fyrst til héraðsdómara eftir áritun.

Með þeirri breytingu sem frv. leggur til í 2. gr. eru í stað tilvísunar til aðfararlaga tekin af öll tvímæli og kveðið beint á um að um aðför gerðardóma gildi sömu reglur og um fullnustudóma uppkveðnum af íslenskum dómstólum og sáttir sem komist hafa á fyrir þeim.

Í 3. gr. frv. er á sama hátt tekinn af allur vafi um erlenda gerðardóma sem kveðnir eru upp í samræmi við þjóðréttarsamninga sem við erum aðilar að, þ.e. um að um aðför samkvæmt þeim gildi sömu reglur og um fullnustu erlendra dómsúrlausna.

Loks er í frv. kveðið á um heimildir dómara, ef mál er höfðað í héraði til ógildingar gerðardóms, til að ákveða samkvæmt kröfu að fresta réttaráhrifum og jafnframt að binda frestunina því að trygging sé lögð fram fyrir efndum kröfu.

Eftir að hafa farið yfir þetta mál mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Getraunir, 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (reikningsár). — Þskj. 390, nál. 745.

[13:50]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Þetta er ósköp skýrt og einfalt mál. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um getraunir.

Við í nefndinni fjölluðum um málið og fengum á fund okkar Dís Sigurgeirsdóttur.

Það er lagt til að reikningsár Íslenskra getrauna verði almanaksárið og þannig fært til samræmis við reikningsár

þeirra aðila sem að félaginu standa og þeirra erlendu getraunafyrirtækja sem félagið er í samvinnu við. Við mælum því með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhugamannahnefaleikar, 3. umr.

Frv. GunnB o.fl., 39. mál. — Þskj. 748, brtt. 772.

[13:52]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Illu heilli fóru nú leikar svo við 2. umr. málsins að samþykkt var að það gengi til 3. umr. og efnislega samþykkt af miklum meiri hluta þingmanna. Var greinilegt að margir höfðu haft ótrúleg sinnaskipti í málinu og hlýtur það að valda svolitlum heilabrotum hvernig hafi verið staðið að málum í ákveðnum flokkum. Það var sem sagt alveg skýr og greinileg niðurstaða í því máli.

Við nokkrir alþingismenn höfum mjög alvarlegar áhyggjur af þessu máli. Við teljum að það hafi verið í góðum farvegi á Íslandi að hnefaleikar voru bannaðir 1956, að vísu fyrir tilstilli sjálfstæðismanna. En það er ekki verra fyrir það. Þetta bann hefur verið haldið alveg núna fram á síðustu ár að nokkuð hefur, því miður, farið að gliðna á framkvæmdinni. Maður hefur heyrt að þeir sem reka hér áhugamannaklúbba um box og hafa farið mikinn, ekki síst í fjölmiðlum, hafi í rauninni haft stuðning yfirvalda til að fara sínu fram þó að bann gilti í landinu við iðkun íþróttarinnar.

En nú hníga öll rök til þess að þetta verði samþykkt við 3. umr. og verður erfitt að koma í veg fyrir það. Hins vegar situr eftir að slysatíðni í hnefaleikum og þá ekki síður áhugamannahnefaleikum er há miðað við aðrar íþróttir og eru hnefaleikar ein hættulegasta íþróttagreinin að mati breska læknafélagsins og það hefur komið mjög greinilega fram í umsögn læknafélaga að höfuðhlífar sem mikið hefur verið gert úr að verji keppendur í áhugamannahnefaleikum, séu engin vörn gagnvart þeim áverkum sem hættulegastir eru.

Ég minnist þess að fyrir tveim árum var viðtal í Morgunblaðinu við mann sem er reyndar látinn núna. Hann stundaði hnefaleika á Íslandi fram til 1956 og reyndar seinna hafði hann líka keppt á Keflavíkurflugvelli. Fyrir nokkrum árum fór hann að kenna sér alvarlegra veikinda og eftir að þau veikindi höfðu verið rannsökuð kom í ljós að hann var haldinn boxaraveiki vegna mjög mikilla höfuðhögga sem hann hafði fengið. Hann hafði þó nokkrum sinnum verið rotaður, eins og víst allir sem stunda keppni í hnefaleik, og þessi alvarlegu veikindi af völdum þessara höfuðáverka, sem núna munu hafa leitt til dauða, fóru að gera vart við sig meira en 20 árum síðar.

Þessi maður bað okkur alþingismenn að láta það ekki gerast að á Íslandi yrðu leyfðir atvinnumannahnefaleikar vegna þess að hann taldi sig hafa sannanir fyrir því, sem við höfum líka reyndar talið okkur hafa sem gerst höfum farið ofan í þessi mál bæði í hv. heilbr.- og trn. og menntmn., að ekki er síður hættulegt hvað varðar höfuðhögg — það eru minni útvortis meiðsli á eyrum og höfuðleðri — en það er ekki síður hættulegt að stunda áhugamannahnefaleika en aðra hnefaleika hvað varðar höfuðáverka.

Nú liggur fyrir þinginu brtt. frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, hv. þm. Katrínu Fjeldsted og þeirri sem hér stendur, þar sem lagt er til að þó það sem ég kalla ólukkuskref verði nú stigið, að leyfa keppni og æfingar í áhugamannahnefaleikum, þá förum við að tilmælum alþjóðasamtaka lækna og Evrópusamtaka lækna um að banna höfuðhögg í keppni og sýningu.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þó skulu þær reglur aldrei heimila högg í höfuð andstæðings. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands skal einnig setja reglur um bann við höfuðhöggum í öðrum sambærilegum bardagaíþróttum."

Hér hefur mjög verið vísað til þess í umræðunni að ósanngjarnt væri að banna áhugamannahnefaleika þegar aðrar íþróttagreinar sem leyfðu höfuðhögg væru leyfðar.

Það er líka smábreyting lögð til á fyrirsögn frv.:

„Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um áhugamannahnefaleika og aðrar sambærilegar bardagaíþróttir."

Ég verð að vona, þar til alla vega annað sannast, að hv. þm. séu tilbúnir til að hafa þó þennan vara á samkvæmt tilmælum Evrópusambands lækna og alþjóðasambands lækna og fjöldamargra læknasamtaka og banna höfuðhögg jafnvel þó að átökin eða bardaginn verði leyfður.

[13:59]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. hóf mál sitt á því að segja að ótrúleg sinnaskipti hefðu orðið hjá þingmönnum og að það hefði komið upp í huga hennar hvernig staðið hafi verið að málum í flokkunum.

Ég spyr þess vegna hv. þm. hvort það viðgangist í hennar flokki að þar yrðu höfð alvarleg áhrif á mál með þeim hætti sem hún nefndi. Hér hafa menn skoðað málin á milli þess sem frv. hefur verið flutt. Það eru líklega tvör ár síðan það var flutt síðast. Margt hefur komið fram í þessu máli sem hefur t.d. breytt minni afstöðu. Það var ekki ákveðið í þingflokksherbergi mínu á þingflokksfundi hvernig ég ætti að greiða atkvæði. En kannski gerist það í þingflokki hv. þm. Gott væri að fá svar við því.

[14:00]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki neitt leyndarmál að það tíðkast hér í öllum flokkum á Alþingi, og ekki síst hef ég fregnir af því innan úr Sjálfstfl., að reynt er að samræma afstöðu þingmanna til mála.

Það eru engin tvö ár síðan við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gengum hér saman yfir Austurvöll og ræddum þetta frv., það var núna rétt fyrir jólin. Þá höfðu umræddsinnaskipti hv. þm. ekki enn orðið. Og ég tel að það hafi komið fleirum en mér á óvart hver afstaða hans reyndist svo vera í þessu máli þegar það var tekið til atkvæða.

Auðvitað verða þingmenn að greiða atkvæði eftir bestu samvisku, og eiga að gera það. Og þangað til annað sannast verðum við að vona að það hafi einmitt verið það sem hv. þm. gerði.

[14:02]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, hvar tveggja manna tal fer fram er í sjálfu sér ekki í frásögur færandi. Það var hins vegar mjög athyglisvert að hlusta á hv. þm. tala um að þetta gerðist

í öllum flokkum og ekki síst í Sjálfstfl. Ég bara næ engu samhengi í þetta. Kemur mér þá til hugar konan sem átti tvíburana, Stebba og Jón, og þeir voru svo rosalega líkir, sérstaklega Jón.

[14:02]

Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér kemur nú satt að segja á óvart sakleysi þessa hv. þm. sem hér hefur nýlokið máli sínu. Ég heyrði haft eftir formanni flokks hans að það sem væri erfiðast í pólitík væri þegar búið væri að kynna mál á þingflokksfundum og allir væru sammála en svo hlypu þingmenn út og suður eftir á. Einhvern tíma virðist því a.m.k. vera reynt að samræma sjónarmiðin í Sjálfstfl.

[14:03]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Komið er að lokaafgreiðslu frv. til laga sem tillaga er um og búið að samþykkja að heiti frv. til laga um áhugamannahnefaleika. Við höfum kallað þetta „boxfrumvarpið" og hefur það verið mjög rætt. Ég ætla ekki að bæta við þær löngu og miklu ræður. En þegar málið var afgreitt hér eftir 2. umr. komu fram nokkrar brtt., m.a. frá hv. þm. Katrínu Fjeldsted, sem miðuðu að því að draga úr áhættu af íþróttinni, þ.e. að banna keppni. Tillögur hennar voru felldar en samkvæmt samþykktum tillögum frv. eru keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum heimiluð. Þar af leiðandi er heimilt að selja öll þau áhöld sem notuð eru til hnefaleika. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands á að setja reglur um áhugamannahnefaleikana og reglurnar skulu taka mið af ýtrustu öryggisreglum í nágrannalöndunum. Í þeim reglum er ekkert dregið úr því að íþróttin sé árásaríþrótt — tilgangur íþróttarinnar er m.a. að lemja og slá í höfuð og þau högg gefa stig. Þau högg eru alvarlegust í þessari íþrótt, geta haft langvarandi skaða, skaða sem kemur oft og tíðum ekki fram fyrr en að nokkrum árum liðnum og geta verið ævarandi.

Ég tel að við ættum að reyna að stuðla þannig að iðkun íþróttarinnar að hún valdi ekki óbætanlegum skaða og hafa þá reglurnar á Íslandi með öðrum hætti en tíðkast erlendis og hreinlega banna að slá í höfuðið. Þetta sagði ég í fyrri ræðu minni við 2. umr. fyrr í vikunni og hér eru komnar fram brtt. þess eðlis. Ég hvet því þingmenn eindregið til að styðja þær tillögur og að við látum ekki undan þeim þrýstingi að við verðum að leyfa þessa íþrótt með nákvæmlega sömu reglum og aðrir æfa eftir svo að við getum keppt á erlendri grundu.

[14:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og þingmenn hafa bent á er komið að lokaafgreiðslu þessa máls um áhugamannahnefaleika hér á Alþingi Íslendinga. Ég hef lýst afstöðu minni til þessa máls í ræðum í fyrri lotum.

Nú höfum við þrír hv. þm. lagt fram brtt. á þessu lokastigi umræðunnar, tillögu sem við teljum að gefi hv. þingmönnum á Alþingi Íslendinga kærkomið tækifæri til að staðfesta hversu lánsöm við höfum verið hingað til að hafa ekki þessa íþrótt inni á gafli hjá okkur. Nú leggjum við hér til að reglur þær sem Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands verði falið að setja varðandi þessa íþrótt heimili ekki högg í höfuð andstæðings.

Við sem talað höfum gegn þessu máli höfum setið undir ámæli fyrir að hafa ekki gera neitt í því að koma í veg fyrir höfuðhögg í íþróttum á borð við taekwondo, sparkbox og kumite. Við höfum tekið áskorun þeirra þingmanna sem svo hafa talað og fellt inn í þessa brtt. þá skyldu fyrir Íþrótta- og Ólympíusambandið að það setji ekki bara reglur um áhugamannahnefaleika heldur einnig um aðrar sambærilegar bardagaíþróttir. Þar vísum við þá til taekwondo, kumite og sparkbox sem eru þær íþróttir sem hafa verið nefndar í ræðustólnum í þessari umræðu og sagt er að heimili högg eða spörk í höfuð.

Með þessum brtt. yrði komið í veg fyrir að þessar íþróttir heimiluðu slík högg og þar með teljum við, þeir hv. þm. sem standa á bak við þessa brtt., að málið sé að því leytinu til ásættanlegt. Þá sé heimilt að æfa í íþróttasal þær loftsæknu hreyfingar sem sagt er að hnefaleikar eða áhugamannahnefaleikar byggi á en fólki verði ekki stefnt í voða á þann hátt sem hér hefur verið lýst á mjög sannfærandi hátt og læknasamtök um allan heim hafa varað við.

Við höfum vakið athygli á því að í nágrannalöndum okkar, t.d. í Noregi og Belgíu, eru uppi háværar raddir um að farin verði þessi leið sem við leggjum hér til, þ.e. að höfuðhögg verði bönnuð í þessum íþróttum. Sama virðist vera uppi á teningnum í Ástralíu, þar hafa áströlsku læknasamtökin beitt sér í málinu, heilbrigðisráðherra Ástralíu hefur lýst áhyggjum vegna málsins, og læknasamtök víða um heim hafa lagt þetta til, eins og við höfum áður sagt.

Það verður aldrei of oft sagt að sú sem hér stendur telur Íslendinga hafa verið lánsama þjóð að hafa ekki heimilað áhugamannahnefaleika hingað til. Ég tel að Íslendingar geti haldið áfram að bera höfuðið hátt í þessum efnum verði brtt. sú sem hér liggur fyrir samþykkt. Við teljum því að hér séum við að leggja kærkomið tækifæri í hendur þingmanna til að gera þetta þá þannig úr garði að sæmilega verði við unað.

Varðandi sinnaskipti þingmanna sem voru til umræðu rétt áðan vil ég einungis segja að þegar greidd voru atkvæði um málið 13. maí árið 2000 féllu atkvæði þannig að 27 þingmenn voru andsnúnir þessu frv. og greiddu atkvæði gegn því, 26 þingmenn greiddu atkvæði með því og féll því frv. á einu atkvæði. Í þeirri atkvæðagreiðslu sat einn þingmaður hjá og greiddi ekki atkvæði.

Í atkvæðagreiðslunni fyrir tveimur dögum féllu atkvæði þannig að 38 þingmenn greiddu atkvæði með frv. en 20 þingmenn greiddu atkvæði gegn því. Það er því alveg deginum ljósara að ákveðin sinnaskipti hafa átt sér stað í röðum þingmanna hvað svo sem veldur. Ég vil fyrir mitt leyti einungis segja að mér þóttu rök hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar sem gerði grein fyrir því hvers vegna hann hefði snúist í málinu kannski ekki sérstaklega sannfærandi. En það er í öllu falli staðfest að þingmenn hafa á þessu eina og hálfa ári skipt um skoðun í umtalsverðum mæli og ég lýsi í sjálfu sér vonbrigðum með það. Ég hvet hins vegar til þess að þingmenn hugleiði þessa brtt. í fyllstu einlægni og hugsi í því sambandi til þeirra ungu Íslendinga sem í framhaldi af þjálfun í áhugamannahnefaleikum gætu átt það fyrir dyrum að halda til útlanda þar sem atvinnumannahnefaleikar eru heimilaðir. Þetta unga fólk gæti átt það á hættu eftir þjálfun hér heima að fara inn í boxhring í atvinnumannahnefaleikum, og ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég verð ekki stolt af Alþingi Íslendinga ef ungir íslenskir boxmenn verða barðir í spað í útlöndum. Það mundi hryggja mig mjög ef við ættum slíka framtíð fyrir höndum og ég óska íslenskri æsku ekki slíkrar framtíðar.

[14:12]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég tek þátt í að flytja þær brtt. við frv. til laga um áhugamannahnefaleika sem gerð var grein fyrir áðan, ásamt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur. Þar er sett inn merkilegt ákvæði handa þingmönnum að greiða atkvæði um, þ.e. reglur um bann við höfuðhöggum.

Ég tel að breska læknafélagið hafi fyrst komið fram með þessa ábendingu, það hefur a.m.k. haft þessa stefnu um nokkurt skeið. Evrópskir læknar tóku hana upp síðasta haust eins og ég hef skýrt frá við fyrri umræðu um málið. Það má segja að með því að bæta öðrum sambærilegum bardagaíþróttum við sé verið að gæta viss jafnræðis sem menn hafa kvartað undan að vantaði, og þess vegna tel ég mjög eðlilegt að þetta sé þarna með.

Dýralæknirinn, sessunautur minn hér í þinginu, skaut því að mér að hrútar sem stangast í sveitinni geti fengið ævarandi heilaskaða og gagnist ekki eftir það þannig að það er hjá fleiri dýrategundum en manninum sem höfuðáverkar og heilaskaðar geta haft afleiðingar.

Það er eitt atriði sem mig langar að minnast á í viðbót um heilaskaðana, það eru viðbrögð bresku boxaranna við tillögum breska læknafélagsins um að hætta höfuðhöggum. Þeir segja: Já, en þá er þetta ekki box. Og það minnir á ummæli hér við fyrri umræðu þegar hv. þm. Gunnar Birgisson sagði að þetta væru gladíatorar nútímans, þ.e. skylmingaþrælar nútímans, og líkti boxinu við það. Í augum breskra boxara er a.m.k. ekki um að ræða box ef ekki má kýla í höfuð.

Annað atriði sem mér finnst líka rétt að minnast á er að samkvæmt reglum í áhugamannahnefaleikum mega börn taka þátt í keppni í heimalandi frá átta ára aldri sem þýðir að börn mega fara að þjálfa hnefaleika fyrr. Þau þurfa að öðlast vissa þjálfun til að vera reiðubúin að fara í keppni. Ég veit ekki til þess að umboðsmaður barna hafi verið beðinn álits. Mér þætti vænt um að það yrði upplýst ef það hefur verið gert, eða Barnaverndarstofa spurð. Ég veit að einhverjir sálfræðingar hafa verið spurðir en þessi þáttur málsins, að börn megi taka þátt í keppni frá átta ára aldri, finnst mér mjög neikvæð hlið, enn ein neikvæð hlið áhugamannahnefaleika.

Við fyrstu umræður um áhugamannahnefaleika, svokallað ólympískt box eins og það var kallað þá, var því haldið fram úr þessum ræðustól að það væri engin saga um alvarleg slys eða áverka úr barna- og unglingakeppnum, m.a. Silver Gloves eða silfurhanskakeppninni svokölluðu. En þegar farið var að skoða nánar upplýsingar um þessar keppnir, silfurglófakeppnir, kom auðvitað í ljós að þar er talsvert um slíka áverka. Þeir eru auðvitað skráðir og sagt frá þeim þannig að því var ranglega haldið fram að ekki væri um neitt slíkt að ræða.

Ég held að þótt felldar hafi verið þær brtt. sem ég lagði til á fyrri stigum sé enn möguleiki að laga þetta frv. og með því að bannað væri að slá í höfuð eru fallin þau rök sem ég hef helst haft uppi í þessu máli. Ég hef aðallega talað fyrir því að hlífa höfði við höggi í boxi. Með þeirri breytingu sem hér kemur fram sé ég fyrir mér að hægt væri að styðja þetta frv. og ná um það víðtækri samstöðu, ég leyfi mér að fullyrða það. Ég teldi það talsverðan ávinning. Komið væri til móts við þá sem vilja iðka box í áhugamannaskyni, banni á atvinnuhnefaleikum væri viðhaldið og höfði hlíft ef mönnum er ekki leyft að slá í höfuð andstæðingsins. Aðrar sambærilegar bardagaíþróttir eru teknar þarna með.

Ég skora á þingmenn að lesa þessa tillögu vandlega og sjá fyrir sér hversu miklu betra yfirbragð er á afgreiðslu frv. af þessu tagi, að samstaða sé um það, rökum sé tekið og menn varist að falla í þá pytti sem bent hefur verið á í stað þess að falla beint í þá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 119. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 119.

[14:19]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni og Lúðvíki Bergvinssyni.

Frv. er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr. þingskapalaga og 39. gr. stjórnarskrárinnar. Frv. um þetta efni hef ég flutt á nokkrum þingum áður, fyrst á 121. þingi. Einnig var flutt frv. svipaðs efnis fyrir rúmum tveimur áratugum af Vilmundi Gylfasyni sem frumkvæði hafði að því að leggja fram mál svipaðs efnis hér á Alþingi. En það náði þá ekki fram að ganga.

Frumvarpsgreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar."

Herra forseti. Þannig hljóðar frumvarpsgreinin sjálf. Ég held að í flestum þjóðþingum sem við berum okkur saman við séu til slíkar rannsóknarnefndir. Veikleiki löggjafarþings okkar kemur einmitt berlega fram í því að við höfum ekki þetta úrræði, rannsóknarnefndir, og þau úrræði sem eru þó til staðar í þessu efni, og er að finna í 39. gr. stjórnarskrárinnar og 26. gr. þingskapa, eru nánast óvirk eins og reynslan sýnir.

Ég nefni t.d. að í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Mjög oft á undanförnum áratugum hefur verið látið á þetta reyna af einstökum þingmönnum sem hafa talið ástæðu til að beita þessu ákvæði stjórnarskrárinnar um að skipaðar verði sérstakar nefndir til að rannsaka tiltekin mál. En með einni undantekningu hafa tillögur um rannsóknarnefndir skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar sem þingmenn hafa óskað eftir að yrðu skipaðar ýmist verið felldar hér í þinginu eða þær hafa sofnað í nefnd. Mér telst til að á síðustu

áratugum hafi 50–60 sinnum verið látið reyna á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. En það þarf þingmeirihluta til að slíkar rannsóknarnefndir verði samþykktar hér í þinginu og það er stjórnarmeirihlutinn sem yfirleitt fellir slíkar tillögur eða sér til þess að þær sofni í nefnd.

Ef þetta frv. nær fram að ganga er það nefndanna sjálfra að ákveða hvort stofnað verði til rannsókna í einstaka málum. Þetta frv. er að nokkru leyti öðruvísi en 26. gr. þingskapa sem nokkrum sinnum hefur verið beitt, en hún kveður á um að heimilt sé að nefnd geti haft frumkvæði að því að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, og gefur hún Alþingi skýrslu um þau. Frv. er að því leyti til frábrugðið að þessi nefnd mundi hafa miklu víðtækari rannsóknarheimildir en venjuleg hefðbundin þingnefnd hefur hér. Hún fær vald og heimild til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta munnlegar og skriflegar skýrslur af embættismönnum, einstökum mönnum og lögaðilum, sem þeir geta ekki neitað að afhenda og nefndin getur krafist þess að þeir mæti á fund nefndarinnar til að svara fyrirspurnum og standa fyrir máli sínu.

Við þekkjum líka að þó að reynt hafi á 26. gr. þingskapa hefur æðioft lítið komið út úr þeim málum. Man ég eftir því að allshn. hefur a.m.k. tvisvar tekið upp mál að eigin frumkvæði en lítið kom út úr þeim málum. Sjaldnast er einhver endir bundinn eða niðurstaða fengin í nefndum að því er varðar einstök mál sem tekin eru upp á grundvelli 26. gr. þingskapa.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslunni. Að mati flutningsmanna ber þinginu skylda til að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Því er það mikilvægt tæki sem við erum hér að tala um, að festa í sessi slíkar rannsóknarnefndir. Það er alveg ljóst að ef eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frv. byggist því á því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, bæði um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi.

Herra forseti. Ég held að einmitt nú á síðustu árum hafi það sýnt sig að það er enn nauðsynlegra en var kannski á árum áður að hafa slík ákvæði í þingsköpum vegna þess að framkvæmdarvaldið er sí og æ að herða að og reyna að koma í veg fyrir að þingmenn geti sinnt eftirlitshlutverki sínu eðlilega. Þingmenn þekkja það. Á hverju þingi kemur iðulega fyrir að ráðherrar svari ekki með eðlilegum hætti fyrirspurnum sem til þeirra er beint. Þeir beita fyrir sig hlutafélagalögunum og eftir því sem ríkisstofnanir hafa verið hlutafélagavæddar meira og meira lokast meira og meira fyrir það eðlilega upplýsingaflæði sem á að vera frá framkvæmdarvaldinu til þingsins. Ráðherrar beita þessum lögum og upplýsingalögunum óspart fyrir sig sem þó er ljóst að eiga ekki við um þingmenn. Þingmenn eiga að hafa rétt til þess að krefja framkvæmdarvaldið og ráðherra um upplýsingar án þess að ráðherra geti beitt fyrir sig ákvæðum upplýsingalaga. Þess vegna verður æ brýnna, og reynslan sýnir það, að samþykkja slíkt ákvæði sem hér er nefnt.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunar. Auðvitað ber Alþingi skylda til að standa vörð um þennan meginþátt stjórnskipunar landsins. En veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu hafa æ berlegar verið að koma í ljós og þetta er orðið meira framkvæmdarvaldsþing en löggjafarvaldsþing.

Við höfum farið í gegnum það hér hvernig stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneyta eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefnda sem fjalla um málin sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefnd meðan á meðferð málsins stendur. Frumkvæði að lagasetningu hefur því í æ meira mæli verið að færast til framkvæmdarvaldsins og þessir sömu aðilar sem semja lögin og sitja yfir nefndunum meðan verið er að vinna málið í þinginu eru svo þeir hinir sömu og eiga að framkvæma löggjöfina eða sjá um eftirlit með henni á vegum framkvæmdarvaldsins.

Þetta mál, herra forseti, er liður í því sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum verið að boða með frumvörpum og ýmsum málum sem við höfum lagt fyrir þingið og snerta lýðræði, eftirlit og aðhald með framkvæmdarvaldinu.

Ég nefndi áðan að sennilega væru íslensku þingskapalögin einsdæmi úr því að svona ákvæði er ekki að finna í þeim eins og er hjá öðrum þjóðum, þ.e. um rannsóknarvald þingnefnda. Ég vitna til þess að á vegum Evrópubandalagsins hefur verið tekið saman hvernig þessu er háttað í ýmsum löndum og ég hef hér yfirlit yfir tólf Evrópuríki þar sem fram kemur að í öllum þessum löndum fyrirfinnast slíkar rannsóknarnefndir og valdsvið þeirra er mjög víðtækt og rúmt og nær raunverulega miklu lengra en sú tillaga sem hér er lögð til þótt ýmsir telji að þessi tillaga gangi nokkuð langt. Í því plaggi sem ég hef undir höndum varðandi þessi ríki er dregin upp mynd af hverju einasta landi fyrir sig og síðan er dregin saman helsta niðurstaða um valdsvið rannsóknarnefnda þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum sem tiltekin voru. Þar er niðurstaðan þessi, með leyfi forseta:

„Rannsóknarnefndir þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum hafa mjög víðtækt starfssvið. Þær eiga rétt á að rannsaka málefni eða atriði er varða almenna hagsmuni eða málefni sem skipta almennt miklu máli.“

Eins og er mundi þetta orðalag heimila rannsóknarnefndum að stunda rannsóknir á nær öllum sviðum. Um völd þessara rannsóknarnefnda kemur fram, með leyfi forseta:

Í nær öllum aðildarríkjum eru völd rannsóknarnefnda hin sömu og völd rannsóknardómara — herra forseti, það er ekkert minna en það — í sakamáli. Í sumum tilvikum er ákvæðum sem gilda um rannsókn sakamála beitt með lögjöfnun. Rannsóknarnefndum er í öllum löndum Evrópubandalagsins heimilað að stefna vitnum og yfirheyra þau og hlýða á sérfræðinga. Í Frakklandi og Benelux-löndunum er beinlínis kveðið á um yfirheyrslu eiðsvarinna vitna. Ríkisstarfsmenn og opinberir starfsmenn eru einnig að meginstefnu til skyldugir til að mæta fyrir nefndina og bera vitni.

Rangur framburður fyrir rannsóknarnefnd er almennt tilefni til saksóknar af hálfu dómstóla. Að auki hafa rannsóknarnefndir í nær öllum aðildarríkjunum rétt til að leggja hald á skjöl eða krefjast aðgangs að skrám sem gætu komið að notum við rannsókn þeirra. Neitun er hér einungis möguleg ef um leyndarmál er að ræða, eins og það er orðað.

Í flestum aðildarríkjanna er það enn á ábyrgð dómstólanna að framfylgja því valdi sem nefndunum er veitt. Nefndin getur þannig farið fram á að vitnum sé stefnt, hald sé lagt á skjöl eða húsleit framkvæmd en slíkt er þó háð samþykki dómara. Í sumum tilfellum hafa nefndirnar þó heimild til að beita þvingunum til þess að fást við vitni sem vanrækja að mæta eða neita að bera vitni. Einungis í Frakklandi er rannsóknarnefndum heimilað að stefna vitnum eða framkvæma rannsókn á vettvangi á eigin ábyrgð. Í Belgíu er enn fremur sá möguleiki fyrir hendi að senda lokaskýrslu nefndarinnar beint til dómstólanna þannig að unnt verði að höfða mál.

Þegar öllu er á botninn hvolft tryggir þessi tegund málsmeðferðar að yfirleitt er gripið til ráðstafana á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar. Þó að smáatriði varðandi málsmeðferð kunni að vera breytileg er verkefni rannsóknarnefnda þjóðþinga í öllum aðildarríkjum, að Bretlandi undanskildu, að framkvæma allar rannsóknir sem fylgja eftirliti með starfsemi ríkisvaldsins eða framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Raunverulega er það svo í mörgum þessara landa að rannsóknarnefndir geta tekið til umfjöllunar og rannsakað mál, jafnvel þó að þau séu fyrir dómstólum á sama tíma. En það er einmitt tekið fram í grg. með því frv. sem ég er hér að mæla fyrir að þingnefnd muni ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum. Það sýnir að þó að verið sé að breyta verulega og auðvelda þingmönnum störf sín og eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu er samt ekki verið að ganga eins langt og í mörgum öðrum löndum, eins og ég hef hér sýnt fram á.

Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta mál. Helsta nýmæli frv. er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga um meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri mgr. 1. gr. frv. og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni mgr. og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari mgr. og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mun þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum, eins og ég nefndi.

Herra forseti. Eins og ég vitnaði til í upphafi máls míns er þetta í sjötta sinn sem þetta frv. er flutt. Til þess hefur stundum verið vísað þegar þetta mál hefur verið til umræðu og eins þegar það hefur verið tekið til umræðu í allshn. sem fengið hefur málið til umfjöllunar að þetta eigi að skoðast í eðlilegu samhengi við endurskoðun á þingsköpum Alþingis. Gott og vel, frá því að þetta mál var lagt fram, eins og ég segi fyrir fimm, sex árum síðan, hefur farið fram víðtæk endurskoðun á þingskapalögum. Þó að heildarendurskoðunin sem menn fóru í gegnum hafi ekki orðið að lögum heldur verið sett fram í frumvarpsbúningi var hvergi í því frv. að sjá að verið væri að skerpa nokkuð á þeim ákvæðum þingskapalaga sem kveða á um að nefndir geti að eigin frumkvæði tekið sérstaklega upp mál. Það er því alveg ljóst að það er mikil tregða á því eða hefur verið hér á hv. Alþingi að auka möguleika þingmanna til að sinna eftirlitshlutverki sínu með þeirri leið sem hér er valin.

Reyndar er það svo, herra forseti, að þegar ég fer í gegnum umfjöllun allshn. á þessu fimm eða sex ára tímabili er þetta mál varla einu sinni tekið upp til umfjöllunar eða skoðunar af nefndinni. Það hefur einu sinni farið út til tveggja aðila til umsagnar, að ég best veit. Herra forseti. Það er ótækt að þingmannamál eins og þetta fái ekki eðlilega umfjöllun í þingnefnd, og það í skjóli þess að verið sé að endurskoða þingskapalögin. Þegar heildarendurskoðun á þeim liggur fyrir, þó að hún hafi ekki verið gerð hér að lögum, er svo hvergi að sjá slík ákvæði.

Ég treysti því og vona, herra forseti, að þetta mál fái nú aðra og betri umfjöllun í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar og ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að lýsa yfir ánægju minni með þetta frv. Ég hef ekki tekið til máls um þetta mál áður á þeim þingum sem það hefur þó verið flutt og ég hef setið, á 125. og 126. löggjafarþingi. Mér þykir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafa fylgt því úr hlaði með afar sannfærandi rökum og sú sem hér stendur, sem hefur ekki langa þingreynslu að baki, hefur þó þá reynslu sem hv. þm. lýsir, að eftirlitshlutverk þingmanna með framkvæmdarvaldinu er skert. Það helgast af ýmsu og m.a. því að nefndir Alþingis hafa tilhneigingu til að starfa samkvæmt forskrift stjórnarmeirihlutans.

Það sem hefur valdið mér vonbrigðum varðandi störf nefnda hér í þinginu er t.d. það að núna skuli vera unnið eftir þeirri reglu að formenn þingnefnda skuli eingöngu koma úr flokkum ríkisstjórnarinnar. Ég hefði í sakleysi mínu talið svo sjálfsagt að hluti af formönnum þingnefnda kæmi úr stjórnarandstöðuflokkum og hefði talið það vera til merkis um það að hér standi þingmenn og þingflokkar saman um það að halda þannig á málum að möguleiki samkomulags sé alltaf til staðar. Mér hefur fundist af þeirri skömmu reynslu sem ég hef, herra forseti, pottur brotinn í þessum efnum, og ég sé ekki betur en að í þessu frv. sem við erum að ræða séu tæki sem ættu að efla möguleika þingmanna til að sinna þessari eftirlitsskyldu sinni.

Það eru líka orð að sönnu sem hv. þm. kom inn á í ræðu sinni að það skiptir verulegu máli að alþingismenn fái tækifæri til að eiga í skoðanaskiptum um störf Alþingis og um það hvernig við getum sinnt eftirlitshlutverki okkar. Það eflir lýðræðið í landinu. Ég tek líka undir orð hv. þm. varðandi lýðræðið. Það skiptir okkur máli að skiptast á skoðunum um lýðræðið og það hvernig við framfylgjum því héðan úr þessum sal.

Eitt af því sem hefur vakið athygli mína og valdið mér ákveðnum áhyggjum í starfi mínu sem þingmaður er það hversu litla möguleika þingmenn hafa á að fylgjast með reglugerðasmíð. Þar hittir þetta frv. algerlega naglann á höfuðið. Ég lýsi því hér yfir, herra forseti, að að mínu mati er aðkomu þingmanna að reglugerðasmíð afar ábótavant. Í risastórum lagabálkum sem þingnefndir hafa lagt sig fram um að vinna og þingmenn hafa sett sig vel inn í — ég nefni t.d. lagabálk sem við afgreiddum á síðasta þingi frá menntmn., lög um minjavörslu í landinu. Þau lög kalla á fjöldann allan af reglugerðum. Og ég hefði haft fullan hug á, t.d. í því tiltekna máli og gæti eflaust nefnt fleiri mál til sögunnar, að þingnefndin fengi einhvern umsagnarrétt um reglugerð með svona viðamiklu máli, máli sem þingnefnd hefur lagt sig í líma við að vinna vel og skilgreina vel. Ég lýsi því yfir að það er ansi sárt til þess að vita að þingnefnd skuli ekki fá

tækifæri til að fylgja sínum málum þá eftir af meira afli en raun ber vitni. Auðvitað vita það allir sem í þessum sal eru staddir að hluti af framfylgni laga eru reglugerðirnar. Og ef þær eru einasta á valdi framkvæmdarvaldsins án nokkurrar aðkomu eða umsagnar frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar er auðvitað tilhneiging til og hætta á að ólík sjónarmið eða kannski að pólitískur ágreiningur verði ekki lempaður eða skoðaður málefnalega heldur sniðgenginn.

Í þessu máli er vikið að hlutverki Ríkisendurskoðunar og ég fagna því að í frv. eða í grg. með því sé tekið fram að því sé ekki ætlað að breyta á nokkurn hátt stöðu Ríkisendurskoðunar. Ég lýsi því yfir að mér finnst aðkoma þingmanna að málum í gegnum Ríkisendurskoðun vera farvegur sem virkar og ég hef á mínum stutta ferli sem þingmaður fagnað því og haft góða tilfinningu fyrir því að þingmenn skuli eiga þann aðgang sem þeir þó eiga að Ríkisendurskoðun. Ég lít svo á að þar sé farvegur sem þingmenn hafa notað af visku og alls ekki ótæpilega og tel að þann farveg beri að varðveita.

Ég vil taka undir tvennt sérstaklega sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi í ræðu sinni áðan. Annað er þessi tilhneiging ríkisstjórnarinnar sem nú situr til að hlutafélagavæða stofnanir í opinberri eigu og ég tek undir að það er hætta samfara því að breyta opinberum stofnunum í hlutafélög. Við þurfum ekki annað en að nefna dæmi um samning forstjóra Símans sem margoft hefur borið á góma í þingsölum. Í hlutafélögum er hægt að fara fram með meiri leynd heldur en í opinberum stofnunum og mér þykir full ástæða til að þingmenn láti nú af alvöru til sín taka í þeim efnum. Frv. af þessu tagi er lóð á þá vogarskál. Hitt varðar upplýsingalögin en þetta sama má segja um þau og ákvæði þeirra sem ráðherrar hafa í auknum mæli haft tilhneigingu til að bera fyrir sig á þann hátt að þingmönnum er ekki hleypt inn í ákveðin mál. Í slíku er að sjálfsögðu ákveðin hætta fólgin sem okkur í þessum sal ber að sporna gegn.

Ég lýsi því þess vegna yfir, herra forseti, að ég tel að hér sé á ferðinni hið öflugasta mál sem ég vona að hv. allshn. taki til umfjöllunar og Alþingi fái þá tækifæri til að segja álit sitt á þessu máli við 2. og 3. umr.

[14:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að flest rök hafi komið fram sem mæla með samþykkt þessa máls þannig að ég kem hingað fyrst og fremst til að lýsa yfir stuðningi við þetta þingmál. Það gengur út á að styrkja Alþingi og efla það í eftirlitshlutverki sínu og þá til að efna til rannsókna, hvort sem um er að ræða á framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna eða öðrum mikilvægum málum sem varða almenning.

Reyndar hef ég lengi verið þeirrar skoðunar að okkur skorti farveg til að sinna rannsóknarstarfi af þessu tagi. Hér hefur réttilega verið vísað til Ríkisendurskoðunar og annarra sem hafa slíkt hlutverk með höndum en í mínum huga er í megindráttum um tvær mögulegar leiðir að ræða.

Annars vegar er það sem ég mundi vilja kalla „bresku leiðina". Í Bretlandi var lengi rík hefð fyrir því að setja á fót nefndir, rannsóknarnefndir, sem skipaðar voru fulltrúum víðs vegar að úr þjóðfélaginu, frá menntastofnunum, úr atvinnulífi, frá atvinnurekendum og verkalýðshreyfingu. Þar settust menn og reyndu að brjóta erfið og viðkvæm álitamál til mergjar. Þessi hefð hefur eitthvað daprast í Bretlandi í seinni tíð. Margrét Thatcher, sem lengi hélt þar um stjórnartauma, var ekki gefin fyrir að kalla til alla málsaðila, hún var meira gefin fyrir að skipa einsleita hjörð til að gaumgæfa málin. Þetta er engu að síður rík hefð sem Bretar hafa búið við.

Við höfum þurft að treysta á Alþingi, okkur sjálf og stofnanir sem undir Alþingi heyra. Ég held að það sé mjög mikilvægt að styrkja þetta hlutverk þingsins. Sem dæmi um mál sem hefði þurft að fá slíka skoðun vil ég nefna breytingar sem gerðar voru í landinu á rafmagnseftirliti í tengslum við kerfisbreytingar sem gerðar voru þegar eftirlitið var einkavætt á sínum tíma, með afleiðingum sem hafa valdið mörgum miklum áhyggjum og verið gagnrýndar. Niðurstaðan varð sú eftir umræðu hér á Alþingi, aftur og ítrekað, að sett var á laggirnar nefnd sem átti að fara í saumana á þessum málum en reyndin varð sú að hæstv. ráðherra, sem hafði yfirumsjón þessa málaflokks, andaði niður í hálsmálið á nefndarmönnum frá því að hún hóf störf og þar til hún lauk starfi sínu. Hygg ég að störf hennar og niðurstöður beri þess nokkurn vott.

Ég tek því undir að við eigum að efla sjálfstætt rannsóknarhlutverk Alþingis og mæli eindregið með því að þetta mál hljóti samþykki hið allra fyrsta.

[14:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sem einn af flutningsmönnum þessa frv. vil ég byrja á að þakka hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir þær góðu undirtektir við þetta mál sem komið hafa fram í ræðum þeirra hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

Málið sem flutt er hér að frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hefur beitt sér mjög fyrir því að vald þingsins til þess að veita framkvæmdarvaldinu aðhald verði aukið, gengur í reynd út á tvennt, herra forseti.

Í fyrsta lagi er lagt til að þingnefnd geti að eigin frumkvæði tekið upp og rannsakað önnur mál en þau sem beinlínis er vísað til hennar sem fagnefndar. Þar er sérstaklega tilgreind framkvæmd laga, ýmis mikilvæg mál sem varða almenning en ekki síst meðferð opinberra fjármuna.

Í öðru lagi er lögð til sú nýbreytni að nefndin geti, ef hún telur ríka ástæðu til, efnt til sérstakrar rannsóknar sem fari fram fyrir opnum tjöldum. Herra forseti. Þetta seinna er ákaflega mikilvægt. Eins og við vitum hefur það verið einkenni hins íslenska Alþingis að það er háð í heyranda hljóði. Þess vegna höfum við hér, herra forseti, þessi opnu gallerí sem stundum fyllast af fólki til að fylgjast með umræðum hér, fylgjast með framvindu mála.

En lýðræðið er hugtak sem stöðugt er undirorpið breytingum, skilningur samtíðarinnar á lýðræðinu breytist með framvindu tímans. Eins og mál hafa þróast eru margir þeirrar skoðunar, þeirra á meðal við þingmenn Samfylkingarinnar, að ekki sé nóg að uppfylla skylduna um að heyja þing í heyranda hljóði með því einungis að opna almenningi aðgang að þingfundum. Það verður að ganga lengra. Í vaxandi mæli hafa störf þingsins þróast með þeim hætti að verulegur hluti þeirra, kannski sá athyglisverðasti og fróðlegasti, fer fram að baki luktum dyrum í þingnefndum. Þangað á hinn almenni Íslendingur, almenningur, ekki kost á að koma og fylgjast með störfum þingsins.

Herra forseti. Alþingi var í upphafi háð í heyranda hljóði og allir Íslendingar gátu komið til þings og haft áhrif á gang mála. Allir Íslendingar höfðu áhrif vegna þess að þeir gátu veitt Alþingi aðhald og tekið þátt í því. Ég tel nauðsynlegt að fylgja eftir þeirri framvindu sem hefur orðið á skilningi okkar á lýðræðishugtakinu með því að opna við sérstakar

aðstæður nefndir þingsins fyrir almenningi. Fyrst og fremst, herra forseti, held ég að það verði að gerast þegar um er að ræða mál eins og þessi sem tekin yrðu, að þessu frv. samþykktu, til sérstakrar rannsóknar. Það er nauðsynlegt vegna þess að stærsta valdið í samfélaginu er skoðun fólksins og vilji þess. Hann á að geta mótast, m.a. með því að fólkið sjálft eigi þess kost að fylgjast með rannsókn mála af þessu tagi.

Herra forseti. Ég vísa til þess sem hv. flm., Jóhanna Sigurðardóttir sagði, um að þessi tillaga hvíldi á 39. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er að finna ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál. Herra forseti. 60 sinnum hafa þingmenn látið á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar reyna. Einu sinni, einungis einu sinni, hefur þingheimur eða starfandi meiri hluti orðið við því að skipa slíka nefnd. Sú nefnd var sett til þess að rannsaka okur. 59 sinnum hefur tillaga um slíkt verið felld. Það finnst mér sýna, herra forseti, að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er ekki virkt.

Ég og flokkur minn erum þeirrar skoðunar að það eigi að auka lýðræðið, efla vald Alþingis og ganga á það vald sem framkvæmdarvaldið hefur tekið til sín, í sumum tilvikum sölsað undir sig, með því að styrkja Alþingi. Ég held þess vegna að hugsanlega þurfi að ganga lengra en við flutningsmenn gerum í þessu frv. Hugsanlega þarf að breyta stjórnarskránni þannig að ótvírætt sé kveðið á um skyldu Alþingis til að hafa virkt eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Um leið og það yrði gert að skyldu Alþingis þýddi það einfaldlega að það yrði að vera kleift að fara þessa leið eða einhverja svipaða til að veita því aðhald. Raunar, herra forseti, er ég þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt fyrir lýðræðið í þessu flókna samfélagi sem stöðugt er að vinda upp á sig, nauðsynlegt fyrir meiri hlutann hverju sinni að honum sé sýnt virkt aðhald. Það felst m.a. í því að minni hluti nefndar geti krafist þess að slík rannsókn verði sett á laggir fyrir opnum tjöldum. Minni hlutinn hverju sinni á að geta krafist þess gagnvart meiri hlutanum.

Hví segi ég þetta, herra forseti? Þetta orkar að sjálfsögðu tvímælis í fljótu bragði. Hví í ósköpunum ætti minni hlutinn að geta krafist þess að ráðist yrði í slíka rannsókn fyrir opnum tjöldum? Ástæðan er sú, herra forseti, að yfirleitt — nánast í öllum tilvikum miðað við þær tillögur sem fram hafa komið í fortíðinni — mun slík rannsókn beinast að gerðum framkvæmdarvaldsins sem styðst við meiri hlutann á þingi hverju sinni. Ef við ætlum að ganga veg lýðræðisins og aðhaldsins á enda er nauðsynlegt að tryggja það með því að minni hlutinn hafi möguleika til að krefjast slíkrar rannsóknar.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að með því er ekki verið að taka valdið af meiri hlutanum. Hann mundi áfram stýra slíkri rannsókn. En hann yrði að gera það með málefnalegum hætti. Hann gæti ekki bara skotið þessum málum undir teppið. Það, herra forseti, er það sem gerst hefur þegar þingnefndir, eins og fjárln. Alþingis sem ég hef átt sæti í, hafa tekið slík mál til rannsóknar.

Ég vil sérstaklega nefna tvö mál í þessu sambandi, herra forseti, vegna þess að ég hef tekið þátt í þeim báðum. Í fyrsta lagi umfjöllun um skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna frammúrkeyrslu úr fjárlögum við byggingu Þjóðmenningarhússins. Eins og menn muna fór forsrn. 100 milljónir fram úr fjárlögum. Forsrn. braut lög, braut fjárlög. Við sem þekkjum setningu fjárreiðulaganna árið 1997 erum auðvitað klár á því að þetta átti að gera með allt öðrum hætti. Hvað olli því að menn fóru svona fram úr sjálfum sér? Það var ekki einbeittur vilji hæstv. forsrh. til þess að brjóta fjárlög, það liggur alveg ljóst fyrir.

Samkvæmt þeirri skýrslu sem fyrir liggur af hálfu Ríkisendurskoðunar er ljóst að potturinn brotnaði á mörgum stöðum. Það voru ýmsir eftirlitsaðilar, bæði innan stjórnsýslunnar en líka sem sérstaklega höfðu verið keyptir til eftirlits, sem brugðust.

Getum við lært af þessu, herra forseti? Nei, við getum ekki lært af þessu. Hvers vegna? Vegna þess að málið fékkst hvergi skoðað af hálfu þingsins.

Þingið sjálft er undir sömu sök. Herra forseti. Ég vísa til þess að þingið fór sjálft fram úr fjárlögum og á svig, a.m.k. að því er ég tel, við fjárreiðulögin varðandi kostnað við endurbætur á skrifstofuhúsnæði hér handan Austurvallar. Að frumkvæði þingmanna stjórnarandstöðunnar, mín og hv. þm. Jóns Bjarnasonar og þingmanna Samfylkingarinnar, var málið tekið upp í fjárln. Hvað kom út úr því? Ekki neitt. Þar var auðvitað alveg ljóst, herra forseti, að kastljósið gat beinst að ýmsum sem þinginu tengdust, til að mynda hæstv. forseta Alþingis. Það lá ljóst fyrir að hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, hafði sjálfur tekið ákvarðanir sem orkuðu tvímælis. Ég er ekki að varpa neinni sök á hann persónulega í því efni. Ég segi það hins vegar að þingið þarf auðvitað að geta lært af þessu. Við þurfum að vera klár á því sem fór úrskeiðis til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig.

Herra forseti. Úr þessari rannsókn varð auðvitað ekkert í fjárln. Mér er ekki kunnugt um að henni hafi nokkru sinni verið lokið. Með öðrum orðum: Þingið sjálft ákveður að fara í rannsókn vegna þess að það eru uppi gagnrýnisraddir innan þings og utan. Hvað gerist? Þingið sjálft sópar rannsókninni undir teppið. Herra forseti. Þetta eru ekki nógu góð vinnubrögð.

Því segi ég að þessi reynsla sannfærir mig um að í fyrsta lagi er nauðsynlegt að hafa það tvímælalaust í lögum að mál sem varða meðferð opinberra fjármuna sérstaklega og framkvæmd laga séu tekin upp í nefndum þingsins ef þau eru þess eðlis. Í öðru lagi verður það að gerast fyrir opnum tjöldum. Í þriðja lagi ítreka ég þá skoðun mína, sem að vísu kemur ekki fram í þessu frv., að í framtíðinni kann að vera nauðsynlegt að við veitum minni hlutanum hverju sinni heimild til að gera þetta. Ég er t.d. viss um að hv. þingmenn Sjálfstfl. munu grípa þetta tækifæri fegins hendi, að slíkri tillögu samþykktri, þegar þeir verða í minni hluta á næsta kjörtímabili. Þeir mundu væntanlega reyna að svíða hárin á feldi okkar sem þá munum fara með landsstjórnina. Ég er viss um það og sé á svip hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að hann hugsar sér gott til glóðarinnar í því efni.

Herra forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir frá þingmönnum Samfylkingarinnar er hluti af þeirri umræðu sem farið hefur fram innan Samfylkingarinnar um þróun lýðræðis og hvernig megi bæta lýðræðið. Við erum þeirrar skoðunar að eins og tímarnir hafa breyst þá þurfi í vaxandi mæli að leita nýrra leiða til að vilji fólksins nái fram að ganga.

Eitt af því sem þarf að gera er að skerpa mörkin á milli stjórnþáttanna, milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins og líka milli dómstóla og fyrrnefndu þáttanna tveggja. Við höfum þess vegna lagt fram frv. sem lýtur að skipan hæstaréttardómara, þar sem lögð er til af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar sérstök aðferð sem hefur það yfir vafa að flokkapólitík hafi nokkur áhrif þar á. Það er algjörlega nauð-

synlegt, herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að vísa til atburða síðasta árs sem undirstrika það skýrar en allt annað.

Sömuleiðis er ég þeirrar skoðunar, herra forseti, að eitt skref sem þyrfti að stíga til þess að skýra mörkin milli framkvæmdarvaldasins og löggjafans, til að gera það alveg skýrt að þar eru skörp skil á milli, sé að ráðherrar, sem fara með framkvæmdarvaldið sem Alþingi framselur, ættu tímabundið að segja af sér þingmennsku og gera þessi skil algjörlega ljós.

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi sérstaklega eitt atriði sem hefur verið mér þyrnir í augum frá því að ég hóf hér störf, þ.e. hvernig embættismenn, hinir ágætustu menn sem allir vilja láta gott af sér leiða, eru í vaxandi mæli komnir með framkvæmdarvaldið í sínar hendur. Embættismenn eru ekki kjörnir fulltrúar. Við, löggjafinn, framseljum vald okkar í ríkum mæli til framkvæmdarvaldsins, til ráðherranna. Í vaxandi mæli er það þannig. Ég tala hér sem gamall ráðherra sem veit hvernig þetta gerist. Í vaxandi mæli er það þannig að embættismennirnir búa til frumvörpin og leggja rammann að löggjöfinni. Það er út af fyrir sig í ágætu lagi að þeir geri það. Þeir hafa sérfræðikunnáttuna til þess. Síðan kemur málið til kasta þingsins og þá er það auðvitað þingið sem á að fara gagnrýnum augum yfir frumvörpin sem frá framkvæmdarvaldinu koma, frá þessum ágætu embættismönnum. En þá gerist það aftur og aftur að þeir sem þingnefndirnar kalla til eru þessir sömu embættismenn.

Það vakti ekki mikla gleði, minnist ég, þegar ég var formaður heilbr.- og trn. og hafnaði því í krafti þeirrar tignarstöðu (**Gripið fram í:** Þú varst góður.) að fulltrúar heilbr.- og trmrn. sætu inni á fundum til að fjalla um mál á meðan fulltrúar hagsmunasamtaka, fulltrúar utan úr bæ sem kallaðir voru til ráðslags, komu fyrir nefndina. Herra forseti. Ég tel að með þeim hætti, eins og tíðkast í mörgum nefndum, séu í reynd sömu mennirnir og semja frumvörpin að fjalla um þau hinum megin við borðið. Með öðrum orðum: Við erum ekki bara að framselja vald okkar út fyrir þingið heldur erum við líka að láta það frá okkur innan þingsins. Þetta, herra forseti, er eitt af því sem við þurfum að vinda bráðan bug að því að bæta.

Í stuttu máli: Hér er lagt fram frv. sem brýtur í blað. Það hefur að vísu verið flutt mörgum sinnum en ég held að það sé þarfara nú en nokkru sinni fyrr. Ég hef í ræðu minni nefnt tvö dæmi, þar af eitt sem snertir þingið með sárum hætti og gerir það að verkum að þetta frv. kallar beinlínis á að þingið samþykki það nú á vorþinginu.

[15:03]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að spá mér langlífi í pólitík og áframhaldandi þingsetu á næsta kjörtímabili. Ég veit að þetta er mælt af fullum heilindum og drengskap og þakka honum fyrir það.

Hv. þm. fór hér enn einu sinni inn á framkvæmdir Alþingis og meinta óstjórn þeirra sem hér halda um stjórnvölinn. Hann talaði um endurbætur í Austurstræti, sem að vísu eru kannski ekki endurbætur heldur innrétting á nýju húsi, sem vissulega fóru langt fram úr áætlun. Ekki ætla ég að þræta fyrir það.

Það er rétt sem hv. þm. segir, að fjárln. tók það upp hjá sér að rannsaka þetta mál. Ég held að það hafi nú aldrei komið neitt út úr því. En síðan sér hv. þm. ástæðu til að vega hér að forseta Alþingis, sem er því miður fjarstaddur, og velta ábyrgðinni af þessum framkvæmdum á hann og því sem þarna fór úrskeiðis. Ég vil mótmæla því. Ég tel að eins og um hnútana er búið þegar Alþingi og aðrar ríkisstofnanir eru að byggja þá verði menn að láta Framkvæmdasýslu ríkisins um þær framkvæmdir.

Forseti Alþingis brást þannig við að hann bað Ríkisendurskoðun um að gera úttekt á hvað þarna hefði farið úrskeiðis. Ég ætla að biðja hv. þm., áður en hann tjáir sig oftar um þetta mál, að lesa þá skýrslu því að ábyrgðinni er þar ekki að stærstum hluta velt á forseta Alþingis heldur á þá stofnun sem hefur með framkvæmdir ríkisins að gera.

Ég tel líka að það hafi verið hárrétt viðbrögð hjá forseta Alþingis þegar Alþingi fór út í nýbyggingu — við erum að byggja hér Skálann svokallaða, fyrstu nýbyggingu Alþingis í tæpa öld. Þá réð Alþingi sér verkfræðing sem er þekktur að mikilli nákvæmni og skipulagshæfileikum sem fulltrúa sinn gagnvart þessu ágæta apparati, Framkvæmdasýslu ríkisins. Sá maður hefur staðið sig afskaplega vel og framkvæmdin er öll á áætlun og gengur mjög vel. Ég hlakka til að sýna hv. þm. og öðrum þingmönnum uppgjörið á því verki þegar því verður skilað, sem verður væntanlega á réttum tíma. Ég tel að viðbrögð forseta Alþingis hafi verið mjög markviss í þessum hremmingum í fyrra.

[15:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek ábendingum hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um fjarvist hæstv. forseta vel og ætla ekki að fjalla frekar efnislega um það tiltekna mál. Ég hygg hins vegar að þessi umræða sem á sér hér stað milli okkar tveggja sýni fram á nauðsyn þess að þingið ræði þessi mál með einhverjum hætti.

Nú er það einfaldlega svo að í þessu tiltekna máli var, eins og hv. þm. staðfestir, farið langt fram úr fjárlögum af hálfu þingsins. Hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir að þingið braut lög. Það er svo einfalt.

Hvernig gerðist það? Það liggur ekki ljóst fyrir. Ég hef aðra skoðun á því en ýmsir aðrir þingmenn, m.a. hv. þm. Guðjón Guðmundsson, og við því er ekkert að gera. En hvernig mundum við reyna að útkljá það hvor okkar hefur rétt fyrir sér? Væntanlega með því að rannsaka þetta mál.

Hvað gerðum við þingmenn stjórnarandstöðunnar í því máli þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar lá fyrir, með heldur þungum áfellisdómum í einstökum tilvikum? Við óskuðum eftir því að málið yrði tekið upp í fjárln. Meiri hluti fjárln. samþykkti það. Hvað varð um þá rannsókn? Herra forseti. Meiri hlutinn hér í þinginu sópaði því máli undir teppi. Þeirri rannsókn var aldrei lokið, eins og þeir hv. þm. í fjárln. sem hér eru staddir geta staðfest.

Að því er varðar framtíð hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar er það einfaldlega þannig, eins og hann veit af samskiptum okkar í gegnum 11 ár, að ég hef ævinlega verið talsvert framsýnni en hann sjálfur hvað varðar hans pólitísku framtíð. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég hef spáð honum langlífi í pólitík langt umfram þær væntingar sem stundum hafa birst hjá honum sjálfum.

[15:07]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verða létt spor út úr þinghúsinu í dag eftir þessa glæsilegu spádóma hv. þm. sem við vonum að sjálfsögðu báðir að rætist.

En varðandi það að hv. þm. hafi aðra skoðun en ég og við sem höfum fjallað um þetta mál fyrir hönd forsn. þingsins

þá finnst mér það svo sem ekki snúast um að hafa aðra skoðun. Mér finnst að þetta mál hafi verið rannsakað alveg í botn af Ríkisendurskoðun, sem er auðvitað sú stofnun sem við komum okkur upp til þess að taka á slíkum málum og finna út hinn eina stóra sannleika. Ríkisendurskoðun skilaði afskaplega vandaðri skýrslu um þetta mál, um framgang þess og hvað fór úrskeiðis. Af því eiga menn auðvitað að læra. Þarna fór margt úrskeiðis og það er sjálfsagt ýmsum að kenna.

Hv. þm. segir að Alþingi hafi brotið lög með því að fara fram úr áætlunum en það er svolítið erfitt við það að eiga þegar Alþingi er gert að fela öðrum framkvæmd verksins, eins og núna er í Skálanum. Alþingi fékk ekki sjálft að sjá um þá byggingu, sem ég tel að hefði verið besti kosturinn, að Alþingi réði sér einfaldlega byggingarstjóra og sæi um þetta sjálft. Alþingi hafði ekki heimild til þess. Alþingi verður að leita til Framkvæmdasýslu ríkisins og ef eitthvað fer úrskeiðis þar þá er, eins og hv. þm. segir, Alþingi að brjóta lög og þá er það Alþingi að kenna. En er það sanngjörn gagnrýni? Ég segi nei.

Ég ítreka að mér finnst viðbrögð hæstv. forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, hafa verið hárétt í þessum hremmingum öllum. Það hvernig staðið er að framkvæmdum núna sýnir að menn lærðu af því sem úrskeiðis fór í fyrra. Menn standa öðruvísi að verki núna og ég er sannfærður, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu, um að forseti Alþingis mun geta borið höfuðið hátt þegar Skálinn verður gerður upp.

[15:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra aðstæðna sem við höfum nú báðir nefnt, þ.e. fjarvistar hæstv. forseta, ætla ég ekki að ræða frekar þann þátt sem að Alþingi snýr. En skýrsla Ríkisendurskoðunar um þetta tiltekna mál tók hins vegar á fleiri stofnunum en Alþingi. Ég tel t.d. að skýrslan hafi verið áfellisdómur yfir Framkvæmdasýslu ríkisins. Ég er reyndar á því að fram hafi komið þrjár skýrslur frá Ríkisendurskoðun á þeim tveimur árum sem ég sat í fjárln. sem höfðu að geyma ákaflega þunga dóma yfir þeirri stofnun.

Ég tók það upp í fjárln. að við þyrftum með einhverjum hætti að kanna uppbyggingu þeirrar stofnunar, valdabygginguna innan hennar og boðleiðir, m.a. til að komast til botns í því hvað ylli þessum vandkvæðum. Það var auðvitað þannig að stofnunin mótmælti þessu harðlega sjálf eins og eðlilegt var. Við þessar kringumstæður hefði verið fullkomlega eðlilegt að nefnd á vegum þingsins hefði kannað þessi mál rækilega, komist að því hvað fór úrskeiðis og skilað því með einhverjum hætti frá sér. Það var t.d. ekki gert í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar var bent á brotalamir en hún gekk alls ekki nógu langt í að skýra málið.

Þingmenn hefðu sjálfir þurft að geta kannað þetta mál, rannsakað það og komist að niðurstöðu sem þeir hefðu sæst á. Ég var ákaflega ósáttur við það hvernig fjárln. og þar með þingið lauk afskiptum sínum af þessum skýrslum. Ég tel, alveg burt séð frá þeim þætti sem varðar húsnæði á vegum Alþingis, að það staðfesti það sem við höfum verið að segja við þessa umræðu. Það er nauðsynlegt að þingið fái tæki til þess að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Það hefur ekki þau tæki í dag.

[15:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kýs að leggja orð í belg varðandi þetta þýðingarmikla mál þó að félagar mínir í Samfylkingunni, Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson, hafi gert því mjög góð skil í ræðum sínum.

Í þeim orðaskiptum sem hér áttu sér stað fyrir stundu kom fram að hv. þm. Guðjón Guðmundsson var nokkuð viðkvæmur fyrir því sem honum fannst vera yfirlýsing um óstjórn í þinginu. Ég ætla ekki að blanda mér í þau orðaskipti. Ég ætla hins vegar að leyfa mér að hafa skoðun á því sem ég vil kalla óvilja stjórnarmeirihlutans til að nýta sér þau tæki sem þegar eru til staðar í þingsköpum Alþingis. Ég vil undirstrika hversu gífurlega mikilvægt er, á þeim tíma sem við erum að ræða mál sem snúast um að virkja lýðræðið og standa vörð um það, að það er þörf á því, virðulegi forseti, að hafa ákvæði í þingsköpum sem gefur þingmönnum rétt til að taka upp mál við tilteknar aðstæður eða að heimila nefnd að taka mál fyrir. Þau ákvæði eru til staðar en þó er ekki hægt að fá slíkt í gegn. Það eru dæmi um það og þau eru mörg.

Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, fór yfir það að Samfylkingin hefur haldið opna fundi um lýðræðið þar sem fjallað hefur verið um ólíka þætti sem þurfa að vera í lagi til að við, með hönd á hjarta, getum sagt: „Hér er virkt lýðræði, Alþingi Íslendinga veitir framkvæmdarvaldinu gott aðhald og Alþingi Íslendinga hefur þau tæki sem þarf til þess að þrýsta á um að mál séu tekin með tilteknum hætti."

Herra forseti. Af því að ég er að tala um óviljann til að nýta þau tæki sem til staðar eru þá ætla ég að vísa til greina sem eru í þingsköpum í dag. Þar ber fyrst og fremst að nefna 26. gr. en hún orðast svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr."

Önnur grein sem ég vil nefna er 19. gr., sem orðast svo:

„Fundir nefnda skulu lokaðir öðrum en nefndarmönnum og starfsmönnum þeirra nema nefnd ákveði annað."

Og það sem ég ætla hér að ræða byggist á þessum tveimur greinum í þingsköpunum. Hvað er það sem ég ætla að ræða? Eitt stærsta mál okkar samtíma, fíkniefnamálin, fíkniefnavandann. Ég var nýkomin á þing þegar jafnaðarmenn hófu að flytja tillögur í mörgum liðum um öll þau atriði sem taka þyrfti á til að geta hugsanlega afstýrt vandanum, um hvað þurfi að vera í lagi til að bjarga því sem bjargað yrði hjá þeim sem yrðu fíkniefnum að bráð.

Fyrstu ár mín á þingi fóru fram miklar umræður á Alþingi um þessa hluti. Seinna reyndum við að efna til umræðu þar sem nokkrir ráðherrar væru viðstaddir og ræðutíma væri skipt á milli flokkanna. Við reyndum að höfða til þess að Alþingi ræddi sameiginlega, óháð flokkum, óháð stjórn og stjórnarandstöðu, þennan gífurlega unglinga- og æskulýðsvanda sem við er að stríða og það fjölskylduböl sem fíkniefnavandinn er.

Við eina slíka umræðu lagði ég til, úr þessum ræðustól, að nefndir þingsins sem um þetta mál fjölluðu héldu sameiginlega opinn fund með því fólki sem vinnur að þessum málum á mismunandi stöðum og skiluðu skýrslu eða áliti til þingsins. Heimildirnar eru til staðar í þingsköpum. Þetta fékk góðar undirtektir í umræðu í þingsal enda hljómaði það vel og var gott mál. Hins vegar varð ekkert af þessu. Ég tók það upp í félmn. sem ég á þeim tíma átti sæti í og fékk ekki góðar undirtektir.

Sem þingflokksformaður reyndi ég fyrir tveimur árum þá leið að skrifa bréf til þriggja formanna nefnda og óska eftir að þetta yrði gert, með skírskotun til þess að Alþingi ætti að

vinna saman þvert á stjórn og stjórnarandstöðu, ekki síst þar sem sett hafði verið fram framkvæmdaáætlun um að Ísland yrði fíkniefnalaust árið 2002. Ég vek athygli á ártalinu, sem ég er að halda þessa ræðu núna.

Ég fékk svarbréf frá formönnum allra nefndanna þar sem þessu var synjað án þess að málið væri tekið fyrir í viðkomandi nefndum. Ég sættist ekki á það svar. Sem þingflokksformaður stærsta stjórnarandstöðuflokks á Alþingi skrifaði ég á ný bréf til þriggja nefndarformanna og óskaði eftir að málið yrði tekið upp í nefnd með skírskotun til þess hversu þýðingarmikið mál þetta væri og mikilvægt að við þingmenn ynnum að því og áttuðum okkur á því með því að kalla til þá sem vinna í forvarnastarfinu og kljást við vandann eftir á til að leita svara við spurningunum: Hvar eigum við e.t.v. að setja meiri peninga? Hvar er pottur brotinn? Hvað getum við gert betur?

Herra forseti. Enn í dag hefur ekki borist svar frá formönnum þessara þriggja nefnda við síðara bréfi þingflokksformanns í stærsta stjórnarandstöðuflokki á Alþingi. Þetta er óviljinn, herra forseti. Í þessu birtist tregðan til að Alþingi nýti þau tæki sem það hefur, greinar sem í eru þingsköpum Alþingis, til að verða virkt afl í þýðingarmiklum málum, ekki bara fyrir okkur heldur fyrir fjölskyldurnar í landinu. Tregða til að reyna saman að leiða til lykta mál, fara ofan í saumana á þeim, finna út hvar þurfi að gera betur, í hvað peningarnir fara og hvar þeir nýtast eða nýtast ekki.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri. Þetta var innlegg mitt til að undirstrika þýðingu þess að þingsköpin séu nýtt þannig að Alþingi verði virkt afl. En það verður að vera þannig að þingmenn, líka þingmenn í stjórnarandstöðu, eigi möguleika á að gera þau ákvæði þingskapa virk í raun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Yfirlýsing frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[15:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vegna samskipta þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og einstakra þingmanna hans við hæstv. forseta Alþingis, Halldór Blöndal, les ég eftirfarandi yfirlýsingu:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir miklum vonbrigðum með hvernig samskipti þingflokksins og einstakra þingmanna hans við forseta Alþingis Halldór Blöndal hafa þróast um skeið. Þrjá eftirtalda atburði ber hæst í þeim efnum frá undanförnum dögum:

Fimmtudaginn 31. janúar sl. fór forseti Halldór Blöndal í forsetastól kl. 19.00 og frestaði fyrirvaralaust og án nokkura undangenginna tilrauna til að leita samkomulags, umræðum um þingsályktunartillögu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Þetta gerði forseti þó rétt hefði verið um að ljúka umræðunni á þeim degi og allt útlit fyrir að það tækist án þess að efna til kvöldfundar. Forseti hafði að engu óskir formanns þingflokksins um að æskilegt væri að ljúka umræðunni.

Þriðjudaginn 5. febrúar þegar loks var fram haldið umræðum um fyrrnefnda þingsályktunartillögu gerðist það að 1. þingmaður Norðurlandskjördæmis eystra, Halldór Blöndal, sem jafnframt er forseti Alþingis veittist með ómaklegum og að mati þingflokksins ósæmilegum hætti að þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Voru þeir bornir þeim sökum að vinna „annaðhvort gegn betri vitund eða viljandi“, eins og þingmaðurinn kaus að orða það, gegn því að íslenska þjóðin gæti bætt sín lífskjör og að þingmennirnir og formaður flokksins sérstaklega stæðu á móti hagsmunum Austfirðinga.

Miðvikudaginn 6. febrúar gerðist svo sá fáheyrði atburður að forseti Halldór Blöndal kaus að víta Ögmund Jónasson, formann þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fyrir þær sakir að hafa reynt að koma málefnalegri leiðréttingu að í frammíkalli og síðan kallað fram í og sagt að forseti Alþingis þekkti vel til háttvísi. Getur hver dæmt fyrir sig hvort vítur hafi verið við hæfi af þessu tilefni borið saman við allar þær hörðu orrahríðir sem fram hafa farið og öll þau stóru orð sem fallið hafa á Alþingi undanfarna áratugi án þess að gripið hafi verið til þess að víta þingmenn.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telur mikilvægt að forseti Alþingis kappkosti jafnan að halda aðgreindum persónulegum stjórnmálaskoðunum sínum og ágreiningi við aðra þingmenn þeirra vegna og fundarstjórn sinni sem forseti Alþingis. Þingflokkurinn telur að forseti hafi farið offari í fundarstjórn sinni sl. miðvikudag og að ummæli formanns þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ögmundar Jónassonar, hafi fráleitt gefið tilefni til þess að vera vítt.“

[15:22]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlýtt á ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Sem kunnugt er er hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, með fjarvistarleyfi í dag og getur þar af leiðandi ekki svarað þeim álitamálum sem hér eru vakin til umræðu og athugunar. Forseti, sem stýrir hér fundi, mun koma þessari ályktun rétta leið og mun hún verða tekin til umræðu á forsætisnefndarfundi eftir helgina.

[15:23]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég lýsi vanþóknun á viðbrögðum Vinstri grænna í dag. Mér finnst það mjög mikið umhugsunarefni að störf hæstv. forseta Halldórs Blöndals skuli rædd að honum fjarstöddum. Hann er með fjarvistarleyfi í dag. Mér hefði þótt það stórmannlegra, ef þingflokkur Vinstri grænna vildi ræða þessi mál, að þau væru þá rædd að forseta viðstöddum.

Ég verð að segja að þingmaðurinn sem í hlut átti hafði unnið til þess með frammíköllum að vera víttur skv. 89. gr. þingskapa. Mér finnst það vera að bíta höfuðið af skömminni að flytja yfirlýsingu af því tagi sem hér hefur verið gert í dag.

Ég verð líka að viðurkenna að mig undraði að hér skyldu vera rakin önnur efni, bæði frá því í síðustu viku og eins í þessari, þar sem annars vegar var fundið að því að fundi hefði verið frestað um mál á fimmtudegi þegar ekki hafði verið um það rætt að þá yrði kvöldfundur. Það er alvanalegt í þinginu að svo sé staðið að málum og alls ekkert athugavert við það. Hins vegar verða þingflokkur og þingmenn Vinstri grænna, eins og við öll í þinginu, að sæta því að ekki sé víst að allir séu sammála málflutningi þeirra. Það er málfrelsi í þinginu og við höfum öll fullan rétt til að hafa skoðanir á

málflutningi þeirra, jafnt hæstv. forseti Halldór Blöndal sem aðrir þingmenn í þessum sal.

Ég lýsi fullkominni vanþóknun á því að þetta skuli tekið upp með þessum hætti í þinginu í dag.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning að þessi yfirlýsing hafi verið lesin af okkar hálfu, þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, í því skyni sérstaklega að ræða hana. Þar sem yfirlýsingin og efni hennar varðar hins vegar störf þingsins og samskipti okkar við forseta Alþingis töldum við rétt að hún yrði lesin hér áður en hún yrði send fjölmiðlum. Að öðru leyti er þetta yfirlýsing, samþykkt sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hefur gengið frá á fundi, og hún er hér eingöngu til kynningar þingmönnum af okkar hálfu.

[15:26]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tek undir það að það er í hæsta máta óeðlilegt af hv. þingmönnum Vinstri grænna að koma með þetta mál inn á þingið vitandi að forseti þingsins hefur fjarvistarleyfi. Ég er alveg sannfærður um að hefði þingmaður komið upp í ræðustól til að gera athugasemdir við störf einstakra þingmanna Vinstri grænna að þeim fjarstöddum þá hefðu þeir eitthvað látið heyra frá sér. Ég lýsi megnustu andúð minni á þessum vinnubrögðum. Það er ekki drengilegt að haga sér svona.

[15:27]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt. Mér finnst óeðlilegt og ódrengilegt í alla staði að taka þetta mál upp þegar hæstv. forseti er fjarverandi og getur ekki brugðist við.

Ég vil í öðru lagi líkja þessu við það þegar íþróttamenn eru reknir af leikvangi fyrir að hafa brotið leikreglur að mati dómara. Eins og oft má sjá og heyra bregðast þeir þá ókvæða við. Ég tel að svo hafi einmitt farið í því tilfelli sem hér er til umræðu. Það er mat dómara, þ.e. hæstv. forseta, að í þessum leik hafi viðkomandi þingmaður brotið reglur og til þess hefur forseti fullt vald.

Að sumu leyti tek ég undir það sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir nefndi, að hv. þm. hefur e.t.v. unnið til þess að nokkru leyti því að það þekkja hv. þingmenn að fremstur allra er hv. þingmaður í því að trufla ræðumenn, þar sem hv. þm. situr á fremsta bekk, með óþarfa og á stundum óþægilegum framíköllum.

Það sem hæstv. forseti nefndi var að forsetastólnum var sýnd vanvirða þar sem forseti þingsins fékk ekki einu sinni tækifæri til að skýra mál sitt, skýra störf sín, fyrir ítrekuðum framíköllum. Að því leyti tek ég undir með hæstv. forseta þingsins en tek undir það jafnframt að það er óviðeigandi að taka málið upp núna að fjarstöddum forseta. Dómur hans féll í þessu máli og ég vil lýsa því yfir að ég ber fullt traust til forseta þingsins, Halldórs Blöndals.

[15:29]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í efnislega umræðu um þetta tiltekna mál en vil þó benda á að um það bil hálf öld er liðin síðan þetta átti sér stað síðast, að einhver tiltekinn þingmaður hafi verið víttur, þannig að kannski er vandmeðfarið að halda utan um þetta. Ég skil því hv. þingmenn Vinstri grænna mjög vel, að þeir vilji senda frá sér yfirlýsingu í kjölfarið.

Nú vill bara svo til að hæstv. forseti þingsins er fjarverandi og því er kannski erfitt við þetta að eiga. En ég skil ósköp vel að þeir vilji bregðast við eins og skot. Eins og kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar voru hv. þm. ekki að leggja til að þessi yfirlýsing yrði rædd heldur er þetta yfirlýsing af þeirra hálfu vegna máls sem kom upp.

Ég segi alveg eins og er að ég skil þá vel að vilja setja þetta fram. Það er að mörgu leyti óheppilegt að hæstv. forseti þingsins sé ekki viðstaddur en hins vegar er í sjálfu sér voðalega erfitt að vega og meta hvað ber að gera. Það er hálf öld síðan þetta gerðist síðast og það er ekki eftir neinu fordæmi að fara. Ég verð því að segja að það er ekki alveg viðeigandi, þegar hér er aðeins um yfirlýsingu að ræða, að menn komi upp og tjái sig líkt og ýmsir stjórnarliðar hafa gert í þessari umræðu.

[15:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil segja það að marggefnu tilefni að ég tel að það sé ærin ástæða til að ræða það í þessum sölum með hvaða hætti hæstv. forseti Halldór Blöndal sinnir sínum störfum sem forseti og samskiptum hans við þingmenn. Ég ætla ekki að ræða það frekar nú vegna þess, eins og bent hefur verið á, að hann er ekki viðstaddur. En til er ég í þá umræðu og ég tel að hennar sé þörf.

Ég vil hins vegar segja af þeim ummælum sem hæstv. forseti lét falla hér vegna framíkalls hv. þm. Ögmundar Jónassonar að ég er þeirrar skoðunar að það hafi fráleitt gefið tilefni til þess að í fyrsta skipti í hálfa öld sé gripið til þingvítis. Ég vil líka segja það, herra forseti, að ég tel að sá háttur sem fylgdi þeim ummælum sem hæstv. forseti lét falla í aðdraganda framíkalls hv. þm. hafi nú átt nokkra sök á því í hvaða tóni og með hvaða galsafengna hætti framíkall hv. þm. Ögmundar Jónassonar var. Síðan vil ég líka segja það sem starfandi þingmaður hér að forsetadæmið er nú í nokkrum vanda statt því að það hlýtur auðvitað að eiga að láta gæta jafnræðis í þessum sölum. Og með hvaða hætti ætla menn hér að fara gagnvart framíköllum, sem frekar hefur nú verið ýtt undir, að ég tel, af hæstv. forseta Halldóri Blöndal, eftir þetta? Við hverju eiga þingmenn að geta búist? Þetta er eitt af því sem hæstv. forseti verður í kjölfar þessa atburðar að skýra með einhverjum hætti fyrir þinginu. Þangað til eru menn hreinlega ekki vissir um hvað þeir geta leyft sér hér án þess að eiga þetta á hættu. Ég get sagt það alveg hreinskilnislega, herra forseti, að miðað það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fékk hér yfir sig í kjölfar síns framíkalls þá er ég ansi hræddur um það að ég og margir aðrir þingmenn höfum verðskuldað eitthvað slíkt en ekki fengið.

[15:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í efnislega umræðu um tilefni þessa máls en vil segja að ég get tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns. Ég vil hins vegar segja varðandi yfirlýsingu Vinstri grænna að ég tel alls ekki við þá að sakast að hæstv. forseti Halldór Blöndal er ekki staddur hér í dag. Þeir hafa fullan rétt til þess að koma með yfirlýsingu af sinni hálfu.

[15:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill að gefnu tilefni árétta að þessi umræða um fundarstjórn forseta, þar sem raunar er verið að fjalla um fundarstjórn forseta frá í gær en ekki í dag eins og venja er til, hefði strangt til tekið átt að heyra undir málaflokkinn athugasemdir um störf þingsins. Forseti heimilaði hins vegar að þessi yfirlýsing yrði lesin.

Forseti vill minna á að það var ekki ætlan þeirra sem yfirlýsinguna fluttu að hér færi fram almenn umræða og biður því hv. þingmenn að stilla nú umræðu frekar í hóf en hitt í ljósi þess sem allir þingmenn hafa áréttað, að hæstv. forseti Halldór Blöndal sem stjórnaði fundi í gær og er hér til umræðu, er ekki hér í salnum og getur þar af leiðandi ekki tekið þátt í þessari umræðu.

[15:34]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum að stilla þessum umræðum í hóf og það er rétt ábending hjá hæstv. forseta að auðvitað eiga þessar umræður í sjálfu sér ekki heima undir liðnum um fundarstjórn forseta. Ég vil aðeins taka undir það sem hér hefur komið fram að mér hefði fundist eðlilegra að Vinstri grænir flyttu þessa yfirlýsingu á næsta þingdegi, þ.e. þegar hæstv. forseti verður viðstaddur. Það hefði verið betri svipur á því.

Það sem rak mig í ræðustólinn var að útskýra það af hverju hæstv. forseti sleit fundi við umræðuna um Kárahnjúkavirkjun. Það var gagnrýnt í þessari yfirlýsingu að hann hefði slitið fundi klukkan sjö þegar enn voru nokkrir á mælendaskrá. Það hefur komið fram að ekki var gert ráð fyrir kvöldfundi þetta kvöld. Ég held að það hafi kannski verið annað sem vó þyngra. Klukkan sjö þetta kvöld hófst mikilvægur leikur í Evrópukeppninni í handbolta, leikur sem skar úr um það hvort Íslendingar kæmust í undanúrslit eða ekki. Og þó að einhverjum þyki það sjálfsagt léttvæg rök að stjórna fundum þingsins eftir því þá var það einfaldlega svo að þjóðin stóð öll á öndinni og fyrir þessu var gríðarlegur áhugi. Þótti einfaldlega rétt að gefa starfsmönnum Alþingis tækifæri á því eins og öðrum landsmönnum að eyða einni klukkustund í að horfa á þennan mikilvæga leik.

[15:36]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég tek undir þau orð sem hér hafa verið sögð að það er auðvitað eðlilegra að ræða þessi mál þegar hæstv. forseti, Halldór Blöndal, er viðstaddur. Þetta form, þ.e. að veita vítur á þingmenn hefur lítið verið notað hér í þinginu og það er eðlilegt að það valdi því að menn ræði þessi mál. Það er óþægilegt og það er auðvitað mikil ókurteisi að kalla fram í þegar verið er að stjórna fundi. Það getur verið býsna óþægilegt bæði fyrir forseta og líka þingmenn. Eins og einn ágætur þingmaður segir hér gjarnan þá er meiri bragur á því að gera þetta með einhverjum öðrum hætti. En það vekur líka athygli mína að það er samhljómur núna með þingmönnum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Þetta er í rauninni í fyrsta skipti í langan tíma sem þessi samhljómur heyrist. Ég vildi vekja athygli á þessu (Gripið fram í.) af því að (**Gripið fram í:** ... mikilvægt innlegg.) menn eru alvarlegir yfir þessu. Ég gleðst líka yfir því að hv. 6. þm. Suðurl. segir að þetta sé mikilvægt innlegg í þessa umræðu.

[15:37]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta. Forseti áréttar það sem hann hefur áður sagt, að nefnd yfirlýsing sem og þær umræður sem hér hafa farið fram um þau mál sem hér hefur hæst borið í umræðu um fundarstjórn forseta, verða flutt inn á fund forsn., væntanlega næstkomandi mánudag, og munu verða gaumgæfð þar.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 120. mál. — Þskj. 120.

[15:38]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Í annað sinn flyt ég till. til þál. um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis. Auk mín eru flutningsmenn hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Árni R. Árnason, Gísli S. Einarsson, Karl V. Matthíasson, Kristján Pálsson og Katrín Fjeldsted.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga."

Herra forseti. Það má með sanni segja að það veki nokkra furðu þegar til þess er litið að síðan 1944 hefur þjóðfáni Íslendinga verið staðfestur sem slíkur en aldrei fengið innangengt inn í sjálft Alþingishúsið. Hér koma þúsundir manna á hverju ári, innlendir sem erlendir gestir, og hér ber ekki fyrir augu í þingsal eða í þinghúsinu þjóðfána Íslendinga. Ekki eru mörg ár síðan ég flutti þáltill. um endurskoðun um þjóðfána Íslendinga. Var það gert vegna þess m.a. að þjóðfáninn var orðinn ofverndaður og fólk var hætt að nota þjóðfánann með nokkrum hætti. Svo föst og skipulögð voru lög og reglur um fánann að fólk var nánast hrætt við að nota hann.

Ég sendi hv. forsn. fyrir líklega tveimur árum svohljóðandi bréf sem ég vil vitna til, með leyfi forseta:

„Það hefur vakið athygli mína þá í sjónvarpi birtast fréttamyndir af störfum erlendra þjóðþinga hve bakgrunnur þeirra er í forsetastól sitja er litríkur og áberandi. Að öllu jöfnu er þar áberandi þjóðfáni þess þings er mynd á skjánum birtist frá í bakgrunni eða til hliðar við forsetastól.

Horfandi á hinn fastastillta, litlausa myndramma sjónvarps frá Alþingi væru mikil blæbrigði og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar."

Ég setti undir að ég vænti þess að hv. forsn. tæki vel á þessu máli.

Langur tími leið og engin svör bárust svo að af því tilefni flutti ég þessa þáltill., eins og ég gat um áðan, sem nú er flutt í annað sinn, en fékkst ekki útrædd á síðasta þingi.

Herra forseti. Ég hef rætt við við forsn. um þetta mál, þ.e. þann hæstv. forseta er hér situr og aðra en hæstv. forseta Halldór Blöndal. Ég held ég sé ekki að segja neitt sem ég má ekki segja, en þeir eru mjög hlynntir þessu máli. (**Gripið fram í:** Það eru mikil meðmæli.) Eins og ég sagði áðan tel ég með ólíkindum og mjög sérstakt að allar götur frá 1944, þegar þjóðfáni vor var ákveðinn, skuli aldrei hafa verið léð máls á því eða að ekki skuli hafa verið tekin ákvörðun um að þjóðfáninn væri innan dyra í Alþingishúsinu.

Enn fremur hefur verið deilt mjög um það hvort skjaldarmerki Íslendinga ætti að vera utan á húsinu og þekkjum við alla þá sögu sem spannst af því þegar talað var um að það merki sem tilheyrði þá Danakonungi ætti að takast niður og setja ætti í staðinn upp skjaldarmerkið. En ekki hefur orðið af því og er það ekki heldur til umræðu hér.

Það sem varð til þess að ég flutti þessa þáltill. er, eins og ég sagði áðan, að ég fékk ekki svör við þessu bréfi mínu. Þess vegna lagði ég fram þáltill.

Í greinargerð sem fylgir þáltill. er m.a. vitnað í ræðu Sigurðar Eggerz fjmrh. sem gegndi störfum forsrh. 1. desember 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans, hvort sem það er unnið á höfunum, í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á svæði framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er því göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar."

Ég segi aftur: Hvernig má það vera að innan veggja Alþingis þar sem rætt er um eflingu og vegsemd og gildi þingsins sjálfs skuli þjóðfáninn ekki hafinn til vegs og virðingar?

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmenn telja það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál og vísa til þess að þingmenn hljóta að fylgja þessu máli eftir og taka á svo þetta megi verða að veruleika. Segja má að yfir höfuð sé dálítið merkilegt að þurfa að flytja þáltill. um þetta sjálfsagða mál. Ég spyr aftur: Hvernig í ósköpunum má það gerast að á þjóðþingi Íslendinga skuli þjóðfáninn ekki vera innan dyra? Margir spyrja þessarar spurningar. Er þetta frá dögum ofverndunar þjóðfánans? Við sjáum nú að þjóðfáninn er kominn í flestar opinberar byggingar, í skóla o.s.frv. Nokkur ríkisfyrirtæki leggja sig fram um að flagga íslenska tjúgufánanum og meira að segja gekk fram af nokkrum blaðamönnum þegar fyrrverandi útvarpsstjóri gerði það til blæbrigða að flagga þjóðfánanum fyrir framan útvarpshúsið þegar útvarpsráð hélt fundi sína. Fjölmiðlar sáu fulla ástæðu til að gera grín að þessu. Það er með ólíkindum.

Herra forseti. Með tilvísun til 23. gr. þingskapa Alþingis vil ég leggja til að þessari þáltil. verði vísað til síðari umræðu án þess að málið fari til þingnefndar. Í 23. gr. þingskapa Alþingis segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi."

Þetta mál var lagt fyrir allshn. er ég flutti það síðast og þar var leitað margra umsagna. Herra forseti. Ég tel að engir séu betur fallnir til að veita þessu máli umsögn en alþingismenn sjálfir og það gera þeir með atkvæðagreiðslu. Því óska ég eftir, virðulegi forseti, að málið fái þá meðferð að því sé vísað til síðari umræðu án þess að ganga til nefndar.

[15:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mál sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson flytur með tilstyrk nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar, ef ég man rétt, er prýðilegt mál og ég held að það sé ágætt að með þessum hætti sé þjóðfáninn hafinn til vegs í þinghúsinu. Ég er þeirrar skoðunar að eftir því sem tímanum vindur fram muni tengsl Íslands við útlönd aukast. Við verðum á næstu árum og áratugum í æ ríkari mæli þátttakendur í alþjóðlegum samtökum og jafnvel í Evrópusambandinu. Ég tel að við þær aðstæður sé heppilegt að mennýti líka undir það sem þjóðlegt er og einkennir okkar litla land.

Herra forseti. Ég kem hingað vegna þess að hv. þm. sagði að hann ætlaði ekki að leggja til að málinu yrði vísað til þingnefndar. Þá velti ég fyrir mér að hér fyrir aftan mig situr þingmaður sem gegnir embætti hæstv. forseta. Það er forsn. í þessu húsi sem ræður fyrir störfum þingsins. Ég spyr hv. þm. Guðmund Hallvarðsson: Er þetta mál þannig vaxið að það sé algjörlega nauðsynlegt að flytja um það þingmál? Mundi ekki hv. þm. nægja að skrifa bréf til forsn. og fara þessa á leit við hana?

[15:49]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem hér kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar vil ég vísa til þess sem ég sagði, og kemur fram í texta þáltill., þ.e. í greinargerðinni, að ég hef sent bréf þar sem ég lagði þetta til. Ég byrjaði á því að senda bréf til hv. forsn. og óskaði eftir því að þetta yrði gert. Það varð ekki og ég fékk heldur ekki svör við bréfinu. Var ég ekki að deila á neinn vegna þess enda ber þeim engin skylda til þess. En af þeim sökum, þ.e. að bréfinu var ekki svarað, fór ég með þetta hér inn í þingsal sem þáltill.

[15:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þm. mikillega afsökunar á því að hafa ekki hlustað nægilega vel á mál hans. Nú er það þannig að ég hlusta alltaf vel og hef alltaf gert þegar þessi hv. þm. talar, allar götur frá því við komum saman á þing og hv. þm. háði miklar höggorrustur við einn af kollegum okkar sem nú er ekki lengur hér í þessum sölum, hv. páv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, m.a. um málefni sjómanna og annað slíkt.

Ég þakka hv. þm. fyrir svörin. Það má virða það við hann að hann sýnir mikið jafnaðargeð yfir því að hv. forsn. hefur ekki fyrir því að svara bréfi þingmanns. Aldrei mundi mér koma til hugar, herra forseti, að svara ekki bréfum sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sendi mér. (Gripið fram í.) Ég var að segja það, herra forseti, að mér finnst með ólíkindum að hv. forsn. svari ekki erindum sem henni berast. (**Gripið fram í:** Frá þingmönnum.) Ég tel að henni bæri skylda til að svara öllum erindum sem henni berast utan húss, hvað þá þegar þau hrjóta úr penna manna sem starfa innan húss, hvað þá þegar þau varða jafnmerkilegt mál og mikilvægt og sjálfan þjóðfánann.

Herra forseti. Ég lýsi undrun minni á þessu og tek undir það með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að hér er mikil nauðsyn á að menn stilli saman byssur sínar til að komast

yfir þá sem í vegi hafa staðið til þessa. En ég vil ekki leggja þá sök við neins manns dyr eða neinnar nefndar og allra síst forsn. fyrst hv. flutningsmaður er fullur af þessu jafnaðargeði og í þessum mikla sáttahug, enda sýnist mér að allt bendi til þess að hann muni hafa hér mikinn sigur.

[15:52]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þessi tillaga er stutt og gagnorð:

„Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga."

Þetta er með allra stystu þáltill. sem maður sér og í stíl við tillöguna skal ég vera stuttorður. Ég vil aðeins lýsa stuðningi við hana. Ég hef oft rætt þetta við hv. þm. sem hefur sýnt þessu mikinn áhuga og fylgt þessu eftir af mikilli þrautseigju árum saman og ég hef jafnan verið honum sammála. Hann hefur talað fyrir þessu við þingmenn og hann hefur talað fyrir þessu við forsn. eins og hér kom fram og skrifað forsn. bréf sem hann hefur ekki fengið svar við. Þó að hann hafi kannski ekki fengið formlegt svar vissi hann um afgreiðsluna að það hefur ekki verið einhugur í forsn. um þetta mál. Ég hef verið hv. þm. mjög sammála og finnst þetta hið besta mál.

Við erum auðvitað stolt af þinginu okkar. Hingað kemur mjög mikið af gestum á hverju einasta ári. Það er nefnt í greinargerð með tillögunni að hér komi margir erlendir þjóðhöfðingjar. Því má bæta við að hingað kemur urmull af öðru fólki, bæði erlendum stjórnmálamönnum, ferðamönnum og mjög mikið af Íslendingum. Hingað koma mörg þúsund manns á hverju einasta ári og fá góða leiðsögn um þetta hús. Við erum stolt af húsinu og höfum hér fólk sem er sérhæft í því að leiða fólk um sali og sýna það sem fyrir augun ber.

Ég er sammála hv. þm. um að okkar fallegi þjóðfáni mundi prýða þingið. Alþingismenn hafa í gegnum tíðina verið afskaplega íhaldssamir á þingsalinn. Þeir sem hér hafa stjórnað ferðinni, forsetar þingsins, hafa ekki verið mikið fyrir að vera hér með eitthvert punt eða glans sem er ágætt. Ef við litumst hér um gefur að líta fallega mynd af Jóni Sigurðssyni. Hvað er svo annað sem prýðir salinn fyrir utan málninguna? Það eru þessar tvær atkvæðatöflur hérna hvor á sinni hlið (**ÖS:** Og forsetinn.) og svo það sem snýr að sjónvarpinu og síðan gluggatjöldin á bak við okkur. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir á að forsetarnir prýði þingsalinn líka sem er út af fyrir sig rétt. En það er ekki nema þegar þingfundur stendur. Yfirleitt koma gestir á öðrum tíma. En ég er sammála hv. þm. um að mikil prýði er að þeim sem hér sitja á forsetastóli (**Gripið fram í:** Sumum.) — sumum.

Ég tel að afskaplega vel færi á því, eins og segir í greinargerð þessarar tillögu, að hafa þjóðfánann hér og ég mundi vilja hafa hann að baki forseta. Héðan er öllum þingfundum sjónvarpað. Forsetapúltið blasir við og þessi ljóta gráa gardína bak við forsetann. Ég tel að þar ætti fáninn að vera. Hann mundi prýða þingsalinn og hann mundi gera okkur enn stoltari en við erum af þessum þingsal og þessu þinghúsi. Ég styð því eindregið þessa ágætu tillögu hv. þm.

[15:55]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill þakka það hrós sem forsn. hefur fengið og mun koma því á framfæri. Það er óvenjulegt að forsn. skuli fá hrós í þingsalnum en að þessu sinni ætla ég að koma því á framfæri. (**ÖS:** Forseti. Það var aðeins verið að hrósa útliti forseta.) (**Gripið fram í:** Ekki innrætinu.)

[15:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar stuttu og markvissu þáltill. Ég tel að það væri Alþingi til sóma ef þjóðfáni Íslendinga skipaði veglegan sess í þessum sal, og þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um efni tillögunnar. Hún er afar stutt og hnitmiðuð. Ég vil bara þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að hafa komið með þessa tillögu inn í salinn og flutt hana hér. Ég vona að hún fái jákvæða meðferð og að meiri hluti þingmanna greiði henni atkvæði sitt. Ég tek undir þá málsmeðferð sem 1. flm. lagði til, þ.e. að tillagan gangi ekki til neinnar nefndar heldur gangi eingöngu til atkvæða hér.

[15:56]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Það var sjálfsagt á sínum tíma hjá hv. flutningsmanni að leggja til að slakað yrði á of ströngum kröfum um meðferð fánans, sem þegar hefur verið gert. Það má auðvitað ekki ganga í öfgar út og e.t.v. er engin þörf á að apa eftir það atferli í kringum þjóðfána sem við sjáum t.d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku og í Frakklandi og sjálfsagt í fleiri ríkjum þar sem engin nýlunda er að fánanum og hann er svo sem eins og hvurt annað götuskraut sem ekki vekur athygli þegar honum er flaggað.

Hins vegar er þessi tillaga alveg prýðileg og ber þar til það sem hér hefur verið nefnt að farið er í kjölfar forseta Íslands og að óskum hans um aukna virðingu og rækt við þjóðfánann. Alþingismönnum og Alþingi ber hlusta á forsetann þegar hann tekur til máls um slíka hluti enda er hann eins konar handhafi fánans. Ein af fáum stjórnarathöfnum forsetans er raunar að setja um fánann tilteknar reglur. Síðan hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson bent á hin auknu alþjóðlegu tengsl og hver veit nema svo færi að greina þyrfti myndir í sjónvarpi frá íslenska þinginu, sem sendar væru út um víða veröld, frá öðrum þingum svo sem eins og Bandaríkjaþingi eða franska þinginu eða öðrum merkilegum þingum, með því að menn sæju það í svip og sjónhending að hér er um hið merka ríki íslenska lýðveldið að ræða. Vera kann að hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni verði líka að þeirri ósk sinni að Evrópusambandsfáninn verði við hliðina á okkur, réttu megin við þennan pall samkvæmt fánalögum og mundi þá verða enn meiri prýði í þinghúsinu.

Ef menn vilja vera fljótir að afgreiða málið er sjálfsagður endir á þessu sá að við sættum okkur núna við að forseti geri ofurlítið fundarhlé og nái í fánann, setji hann hér til hliðar við þingpallinn og ljúki þar með þessu máli farsællega. Mætti þá um það hafa þann orðskvið að þegar kötturinn er fjarri leiki mýsnar sér.

[15:59]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég fagna fram kominni þáltill. og mun ég styðja hana. Ég tel að með því að þjóðfáni okkar verði í þingsal verði umgjörð um ræðustólinn hátíðlegri og mundi það verða til að auka virðingu þingsins.

Síðari ár höfum við Íslendingar verið að tengjast í auknum mæli alþjóðaviðskiptum, bæði með vöru og þjónustu. Í því sambandi er jafnframt afar mikilvægt að hafa íslenska fánann ávallt með í för.

Mig langar að vitna í ræðu hv. flm. þáltill., Guðmundar Hallvarðssonar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Danir hafa t.d. tekið mjög upp þann sið að nota fánann til þess að auðkenna útflutningsvöru sína."

Þessu hef ég einmitt veitt athygli á ferðum mínum erlendis, að Danir hafa notað fána sinn hvarvetna þar sem þeir flytja út vörur, hvort sem um er að ræða matvöru, tæknibúnað eða tæki, að ég tali ekki um þegar þeir koma á alþjóðlegan vettvang í íþróttastarfi. Þetta hefur orðið til þess að danski fáninn er þekktur víða um heim og vörur þeirra. Ég tel að með því að við tökum þann sið upp að hafa þjóðfánann í þingsal kennum við okkar ágætu þjóð að meta fánann okkar og kennum þeim sem hafa með útflutning og sölu á vörum og þjónustu að gera að fáninn þarf að vera með í för, ekki síður hér en í Danmörku. Ég vona að þetta verði góð áminning einmitt til þessara aðila þegar þeir sjá fánann okkar í sjónvarpi við hliðina á þessum ræðustól.

[16:02]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls með svo jákvæðu hugarfari sem raun ber vitni. Ég þakka fyrir það.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns og hv. þm. Kjartan Ólafsson kom líka inn á þekkjum við öll danskar vörur af danska fánanum sem varan er jafnvel vafin í. Með þeim breytingum sem gerðar voru á þjóðfánalögunum, sem ég talaði um áðan, bregður svo við að íslenskum framleiðendum er heimilt að nota þjóðfánann sem merki á vöru sína. Ég spurði hæstv. forsrh. á síðasta ári hve margir íslenskir framleiðendur hefðu leitað til forsrn. eftir heimild til að nota fánann sem merkingu á framleiðsluvörur sínar. Í ljós kom að það var enginn.

Það er líka dálítið merkilegt að þegar ég flutti þáltill. um rýmkun laga til notkunar þjóðfánans, einkum vegna framleiðsluvara okkar Íslendinga, lagði hæstv. forsrh. fram tillögu um að jafnframt yrðu skjaldarmerkinu sett lög sem ekki voru til áður. Eitt fyrirtæki hér á landi sem selur vatn hafði notað íslenska skjaldarmerkið á umbúðir sínar og hafði fengið til þess leyfi frá fyrrv. forsrh. Leyfið gildir enn því að ekki er hægt að afturkalla það þó að nú séu komin lög um skjaldarmerki Íslands. Því kemur mér ákaflega spánskt fyrir sjónir — ég hef reyndar ekki gert athugasemdir við það — að íslenska Landhelgisgæslan er komin með nýtt skjaldarmerki sem mér persónulega finnst afbökun á því íslenska þrátt fyrir að lög um skjaldarmerki Íslendinga séu frágengin og klár. En það er önnur saga.

Við erum stolt þegar við sjáum Íslendinga hampa íslenska fánanum á Ólympíuleikunum eins og kom fram í umræðunni áðan varðandi handknattleik Íslendinga á erlendri grund þar sem þjóðin öll fylgdist með. Ég held að enginn hafi verið ósáttur við að horfa á fjöldann allan veifa íslenska fánanum þegar myndavélinni var beint upp í áhorendastúkuna. Ég held að það hafi ekki verið til lasts, það var mjög ánægjuleg sjón.

Það er rétt eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, og í ræðu minni á sínum tíma, að þetta vakti athygli. Það vekur líka eflaust athygli ykkar ef þið hugsið um það. Ef þið farið inn í verslun og kaupið vöru sem merkt er þjóðfána munið þið kannski eftir þjóðfánanum frekar en umbúðunum eða öðru um vöruna ef hún hefur reynst vel. Þetta var nú aðeins útúrdúr.

Ég endurtek þakkir mínar til þingmanna sem svo jákvætt hafa tekið undir þessa þáltill. Ég trúi ekki öðru en að hv. forsn. taki málið til afgreiðslu og samþykki afgreiðslu málsins með þeim hætti sem ég óska hér eftir, að málið fari ekki til nefndar heldur beint til síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 125. mál (faðernismál). — Þskj. 125.

[16:06]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992.

Tilgangur þessa máls er að bæta úr þeim ágalla á barnalögum að einungis móðir og barn geti átt aðild að barnsfaðernismáli. Mál þetta var áður flutt á 125. þingi og þá var 1. flm. hv. þm. Össur Skarphéðinsson en hann er flm. þessa frv. ásamt þeirri sem hér stendur og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Einari Má Sigurðarsyni.

Frá því að þetta mál var fyrst flutt hafa verið gerðar á því lítillegar breytingar í kjölfar þess að haldið var málþing um efni frv. á Kornhlöðuloftinu í fyrra og einnig að út kom rannsóknarverkefni sem unnið var af mannréttindahópi samtaka evrópskra laganema á Íslandi og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skýrsla um það verkefni er fylgiskjal með frv. í þeirri mynd sem það er í dag en rannsóknarverkefnið nefndist „Pater est – aðild þriðja manns að véfengingarmáli". Þeir sem unnu það verkefni voru laganemarnir Bergþóra Ingólfsdóttir, Dýrleif Kristjánsdóttir, Edda Björk Andradóttir, Guðríður A. Kristjánsdóttir, Gunnhildur Pétursdóttir, Marín Ólafsdóttir og Sigríður Anna Ellerup.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er tilgangur þessa máls að bæta úr þeim ágalla á barnalögum að einungis móðir og barn geti átt aðild að barnfaðernismáli. Hæstiréttur Íslands kvað upp þann dóm 18. des. árið 2000 að þessi ágalli í barnalögum bryti í bága við 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna er orðið mjög brýnt að þær lagabreytingar sem lagðar eru til í þessu frv. verði að lögum.

Faðerni barna er ákvarðað með fernum hætti samkvæmt núgildandi lögum. Í fyrsta lagi verða börn sem fæðast í hjúskap foreldra sjálfkrafa börn eiginmanns. Hér gildir svokölluð faðernisregla eða „pater est"-reglan sem byggist á því að svo sterkar líkur séu fyrir því að barnið sé getið við samfarir konunnar við eiginmann sinn að gengið er út frá því sem reglu. Reglan er því öðrum þræði hagkvæmnisregla en hún miðar einnig að því að vernda barnið og fjölskylduna í heild meðan þau sjálf vilja una við niðurstöðu reglunnar. Í öðru lagi nær reglan einnig til barna sambýlisfólks þegar foreldrar búa saman við fæðingu barnsins en er þó bundin því skilyrði að móðir hafi lýst mann föður. Í þriðja lagi verður barn sem fæðist utan hjónabands eða sambúðar feðrað með faðernisviðurkenningu þess manns sem móðir kennir föður þess. Í fjórða lagi verður barn fætt utan hjónabands eða sambúðar feðrað með dómi í faðernismáli gangist maður sem móðirin hefur lýst föður barns ekki við faðerninu.

Mikilvægustu réttarheimildina á sviði feðrunar barna er að finna í barnalögunum, nr. 20/1992, en þau eru jafnframt mikilvægasti lagabálkurinn á sviði barnaréttar. Barnalögin frá 1992 leystu af hólmi barnalög, nr. 9/1981, sem voru fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Fyrir árið 1981 giltu lög

nr. 57/1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og lög nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Með barnalögum frá 1981 varð mikil breyting á réttarstöðu barna á Íslandi. Stigið var stórt skref í þá átt að afnema mismuninn á milli skilgetinna og óskilgetinna barna og var jafnframt leitast við að jafna félagslega stöðu barna með ákvæðum um framfærslu þeirra. Fyrir gildistöku laganna frá 1981 áttu börn ekki sjálfstæðan rétt til umgengni við feður sína né áttu feður rétt til umgengni við börn sín. Það var því fyrst árið 1981 sem börn á Íslandi öðluðust sjálfstæða réttarstöðu gagnvart foreldrum sínum án tillits til stöðu þeirra. Með lögunum frá 1992 var sjálfstæð réttarstaða barns gagnvart foreldrum sínum styrkt, réttarstaða barna varð hin sama án tillits til hjúskaparstöðu foreldra og gengið enn lengra í þá átt að jafna stöðu foreldra með því að styrkja réttarstöðu föður.

Árið 1989 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samning um réttindi barnsins. Hann var staðfestur fyrir Íslands hönd árið 1990. Markmið hans er að vernda börn í heiminum og byggist hann á því að börn hafi hvorki þroska til að skilgreina þarfir sínar né fylgja eftir réttindum sínum og þess vegna verði aðrir að gera það fyrir þau. Samkvæmt samningnum skulu börn hafa sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra eða annarra forráðamanna.

Í íslenskum rétti er ekki að finna ákvæði sem skyldar móður til að feðra barn sitt og karlmaður sem telur sig vera föður að barni hefur engin bein lagaúrræði til að fá skorið úr um hugsanlegt faðerni barns ef móðirin lýsir hann ekki föður. Þó má lesa úr barnalöggjöfinni þau grundvallarsjónarmið að ekki sé einungis æskilegt að börn verði feðruð heldur einnig að þau verði réttilega feðruð. Það birtist m.a. í því að ákveði móðirin að feðra ekki barn sitt öðlast hún ekki rétt á barnalífeyri samkvæmt almannatryggingalögum. Öðru máli gegnir ef móður tekst ekki að feðra barn sitt þrátt fyrir tilraunir til þess. Þá öðlast hún rétt til greiðslu barnalífeyris frá hinu opinbera en hún þarf að leggja fram gögn um að sér hafi ekki tekist að feðra barnið. Þá miða mörg ákvæða barnalaganna að því að niðurstaðan í faðernismálum leiði til réttrar faðernis, þ.e. að sá maður sem lagði til sæði sem náði að frjóvga egg móðurinnar verði ákvarðaður faðir barnsins. Þannig eru gerðar strangar form- og hæfiskröfur til faðernisviðurkenningar svo sem í reglum um lögræði sem varða aldur og andlegt hæfi. Komi í ljós að fleiri en hinn lýsti faðir hafi haft samfarir við móður á líklegum getnaðartíma barnsins er ekki tekið mark á viðurkenningu heldur verður að höfða mál. Reglur um málsmeðferð barnsfaðernismála mótast einnig af því að faðir og barn hafi hagsmuni af því að niðurstaðan leiði til þess að kynfaðir verði jafnframt faðir að lögum. Hið opinbera hefur og hagsmuni af feðrun barns.

Barnalöggjöfin byggist á því meginsjónarmiði að barn hafi sjálfstæða réttarstöðu gagnvart foreldum og öðrum og sama gildir um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi réttindi barnsins geta verið lagaleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg. Reglurnar miða að því að koma til móts við þarfir barnanna og þjóna hagsmunum þeirra. Þegar hagsmunir barns rekast á hagsmuni annarra, t.d. foreldra, skulu hagsmunir annarra víkja en hagur og þarfir barnsins ávallt sitja í fyrirrúmi.

R. Jóhannesdóttir):

Samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum eiga börn rétt til verndar og umönnunar foreldra sinna. Um leið og slík réttindi eru virt er sú skylda lögð á herðar foreldrum að þau gegni þessum uppeldisskyldum. Í skyldunni felst að tryggja barni öryggi, sjá fyrir líkamleg um þörfum þess, sýna barni umhyggju og nærfærni og sjá til þess að barnið fái menntun í samræmi við hæfileika og áhugamál. Því má segja að réttur barnsins til umönnunar kynföður síns sem vill taka þátt í uppeldinu sé sjálfstæður réttur þess. Lagarök þessa sjálfstæða réttar eru byggð á sálfræðilegum og félagslegum viðhorfum, svo sem þörfinni til að þekkja réttan uppruna sinn og nauðsyn persónulegra tengsla við sína nánustu sem er mikilvægt fyrir mótun sjálfsímyndar og almennan þroska barnsins. Í 1. mgr. 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að börn eigi rétt á að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Ljóst er að börn hafa og fjárhagslega hagsmuni af réttri feðrun. Fyrir utan framfærslu föður njóta þau erfðaréttar eftir föður og föðurfrændur og þau geta öðlast skaðabótarétt fyrir missi framfæranda og lífeyrisréttindi við lát foreldris.

Í réttarvitund almennings er krafan um jafnan rétt einstaklinga orðin sjálfsögð og hefur náð að lita innviði samfélagsins. Þetta hefur speglast í löggjöf Vesturlanda. Þannig hefur réttarþróun miðað að því að jafna stöðu íslenskra barna án tillits til ytri aðstæðna, svo sem hjúskaparstöðu foreldra. Þróunin hefur einnig mætt kröfunni um að jafna beri stöðu foreldra gagnvart börnum sín með því að styrkja réttarstöðu föður, t.d. þegar óvígðri sambúð var jafnað við hjúskap við feðrun. Það gerðist einnig með lögfestingu réttar föður til umgengni við óskilgetið barn sitt. Þá hefur löggjafinn leitast við að jafna stöðu foreldra í ágreiningsmálum um forsjá og lögfest reglu um sameiginlega forsjá. Því er réttarstaða feðra í faðernismálum í hrópandi andstöðu við almenna réttarvitund og eðlilega þróun í jafnréttismálum á Íslandi. Hagsmunum föður af því að hafa samskipti við barn sitt verður að öllu leyti jafnað við hagsmuni móður. Því er það andstætt lögum nr. 97/1995 sem kveða á um að allir skuli jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis. Það er einnig í andstöðu við 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, og alþjóðasamninga á sviði jafnréttismála, sbr. 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, þar sem kveðið er á um rétt manna til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, og í 14. gr. sömu laga er mælt fyrir um að þessi réttindi skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis.

Í 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, er kveðið á um að menn skuli almennt eiga rétt á að bera mál sín undir dómstóla. Takmörkun á aðgangi þeirra sem telja sig vera feður barna að dómstólum landsins gæti því verið í andstöðu við regluna sem tryggir aðgang manna að dómstólum. Þetta er einmitt í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar 18. des. árið 2000, þ.e. að sá ágalli væri á barnalögunum og að því leyti stæðust þau ekki 70. gr. stjórnarskrárinnar. En feður eiga rétt á að fá úrlausn mála um hagsmuni sína, hvort sem er í einkamálum eða sakamálum. Rétturinn er einnig tryggður í mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér í heild og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Fjölskyldumynstrið hefur breyst ört á síðustu árum og í sífellt fleiri fjölskyldum er aðeins eitt foreldri ásamt barni eða börnum. Nú eru einstæðir foreldrar orðnir 8.665 og fara þeir með forsjá 12.479 barna. Árið 1996 fæddist 2.181 barn í sambúð foreldra en 445 börn utan sambúðar eða hjúskapar. Feðrun 2.626 barna ákvarðaðist því við faðernisviðurkenningu, dóm eða á grundvelli faðernisreglunnar eftir að móðir

hafði lýst tiltekinn mann föður að barni. Kjósi móðirin að feðra ekki barn sitt er maður sem telur sig vera hinn rétta kynföður varnarlaus, hann getur ekki aðhafst og verður að una algjöru forræði móður.

Hér hefur verið bent á að reglur barnalaga miða að mörgu leyti að því að kynfaðir verði jafnframt faðir að lögum, en það er einnig stefna laganna að það gerist með sem minnstri röskun fyrir móðurina. Í seinni tíð hefur faðernismálum fækkað mjög og koma þar til örar framfarir í vísindum og tækni við rannsóknir í mannerfðafræði. Niðurstaða slíkra rannsókna kemst svo nálægt því að staðreyna rétt faðerni að nær öruggt er að dómari legði hana til grundvallar í dómi sínum. Þegar niðurstaða er fengin kemur viðurkenning oftast í kjölfarið og er dómsmál því óþarft eða fellur niður ef það hefur þegar verið höfðað. Því er vart um að ræða verulega röskun og óþægindi fyrir móður af málarekstrinum. Þá er og ólíklegt að kostnaður ríkisins af rekstri faðernismála verði mikill þótt lögbundin gjafsókn haldist hjá sóknaraðilum án tillits til þess hver höfðar málið. Hið opinbera hefur og fjárhagslega hagsmuni af því að barn verði feðrað. Reglu sem felur í sér slíka mismunun kynjanna og stríðir gegn almennri réttarvitund ætti að leiðrétta til samræmis við breyttan tíðaranda. Þótt mál af þessu tagi hafi í raun ekki verið mörg felur fjöldi þeirra barna sem feðruð eru að undangenginni yfirlýsingu móður í sér hættu á að slík mál komi upp og vert er að koma í veg fyrir það. Þá er fjöldi ágreiningmála ekki mælikvarði á tíðni tilvika því að búast má við því að einhverjir gefist upp og leiti ekki réttar síns þegar í ljós kemur að þeir eiga ekki aðgang að dómstólum til að fá skorið úr réttindum sínum og skyldum.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns fylgir í fylgiskjali skýrsla um rannsóknarverkefni sem mannréttindahópur samtaka evrópskra laganema vann í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í þessari skýrslu koma fram mun ítarlegri rök fyrir því að þessi lagabreyting verði gerð. Þar eru tekin ýmis dæmi og samanburður við löggjöf í nágrannalöndum okkar.

Í niðurstöðum þessa rannsóknarverkefnis kemur fram að mikilvægt sé að gera þá lagabreytingu sem lögð er til í þessu frv. Fyrsta frv. sem gerði ráð fyrir slíkri breytingu og lagt var fram hér á 125. þingi einmitt eitt af þeim skjölum sem þessi hópur hafði til hliðsjónar við vinnu sína. Einnig kemur fram að með því að veita þriðja manni ekki aðild að vefengingarmáli sé verið að brjóta gegn þeim grundvallarmannréttinum barns sem getið er um í 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðann, þ.e. að börn eigi rétt á að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Með því er jafnframt komið í veg fyrir að barnið fái að kynnast fjölskyldu föður síns og á þann hátt er einnig hægt að loka fyrir öll samskipti föður og barns.

Eins og kom fram í máli mínu áðan geta börn haft fjárhagslega hagsmuni af feðrun en þau geta einnig haft aðra hagsmuni, t.d. þá að koma í veg fyrir skyldleikagiftingar og sömuleiðis nauðsynlega þekkingu sem hægt er að ná fram á sviði læknavísinda, en í læknismeðferð ýmiss konar er nauðsynlegt að börn viti hverjir þeirra kynforeldrar eru til að auka möguleika á lækningu við alvarlegum sjúkdómum sem byggja á skyldleika, svo sem við merg- og líffæraflutning. Sömuleiðis tengjast margir sjúkdómar erfðum og getur vitneskja um þær mögulega verið fyrirbyggjandi eða stuðlað að fyrirbyggjandi aðgerðum. Það er því verið að kasta hagsmunum barna fyrir róða þegar aðild þriðja manns er útilokuð að vefengingarmáli.

Ég ætla ekki að fara í gegnum alla þessa skýrslu, herra forseti. Hún er fylgiskjal með þessu frv. og er mjög fróðleg lesning fyrir þá sem hafa áhuga á réttindum þriðja aðila, þ.e. föður til að sækja rétt sinn í málum sem þessum. En það verður að líta á það sem eðlilega þróun í jafnréttismálum að faðir hafi sömu aðkomu að slíkum málum og móðir.

Í niðurstöðum segja laganemarnir sem unnu þessa skýrslu í samráði við Mannréttindaskrifstofuna, með leyfi forseta, um þýðingu þess að taka upp löggjöfina:

„Við teljum að það þýði að einstök lönd verði að taka fyrsta skrefið þegar kemur að því að breyta réttarstöðu þriðja manns og karlmanna yfirleitt í feðrunarmálum. Ef til vill má segja að Hæstiréttur Íslands hafi tekið afdrifaríkt skref í þessa átt, með dómi sínum frá 18. desember árið 2000. Engu að síður er niðurstaðan, sem þar birtist, eðlilegt framhald af réttarþróun síðastliðinna áratuga og í samræmi við ríkjandi viðhorf.

Við teljum ekki ósennilegt að breyting verði á lagaumhverfinu hér á landi, í tengslum við réttarstöðu þriðja manns. Segja má að hlutverk föður í uppeldi og umönnun barna sinna hafi hlotið viðurkenningu samfélagsins í æ ríkari mæli. Endurspeglast þetta m.a. í löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof.“ — Þar má auðvitað nefna feðraorlofið til sögunnar, herra forseti.

„Við teljum að faðernisreglan verði áfram góð og gild meginregla, fái þriðji maður, sem leiðir að því líkur að hann sé faðir barns sem fætt er í hjónabandi annarra, möguleika á aðild. Þetta teljum við vera mannréttindi þriðja manns og barnsins. Við teljum þessa hagsmuni vega þyngra en þá hagsmuni sem búa að baki reglunni eins og hún er í dag.“

Þetta er niðurstaða hópsins sem vann skýrsluna sem er hér fylgiskjal.

Herra forseti. Ég hef lagt áherslu á það hversu mikilvægt er að þær lagabreytingar, sem við leggjum til hér í þessu frv., verði að lögum. Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að barnalögin í dag brjóti í bága við stjórnarskrána og því er mikilvægt að þetta mál komist í gegnum þingið og verði að lögum.

Ég legg til að málið fari til hv. allshn. þingsins að lokinni 1. umr.

[16:27]

Útbýting þingskjala:

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 387. mál, þskj. 776.

Persónuskrár, 346. mál, svar dómsmrh., þskj. 699.

[16:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á barnalögum sem á að taka mið af rétti karlmanna sem telja sig feður en eiga ekki aðild að máli þar sem þeir eru ekki giftir móðurinni eða í sambúð með henni.

Þetta frv. og allur rökstuðningur með því gengur út frá því að þjóðfélagið sé tiltölulega slétt og fellt. Það gengur líka út frá því að kynsamband sé barninu afskaplega nauðsynlegt, að það sé á einhvern hátt lífsspursmál fyrir barn að þekkja kynföður sinn og alla þá ætt sem að honum stendur. Þá forsendu, herra forseti, set ég spurningarmerki við.

Í fyrsta lagi getur maður hugsað sér að kona eignist barn með manni, skilji við hann stuttu seinna eftir getnaðinn og taki upp sambúð við annan mann og byggi upp heilbrigða fjölskyldu og að sá maður sem giftist henni eða býr með

henni taki við því barni sem hún ber undir belti sem sínu eigin. Þetta er góð og gegn fjölskylda, barnið elst upp í rólegu umhverfi og það er ekkert sem raskar þessari fjölskyldu. En þetta frv. gæti raskað þeirri fjölskyldu og er ekki til hagsbóta fyrir barnið, ekki að mínu mati.

Þá getur maður hugsað sér að kona eignist barn með manni sem er ofbeldismaður — þeir eru til — sem beiti hana líkamlegu ofbeldi. Það er því miður allt of algengt. Hún segir skilið við hann af þeirri ástæðu og óttast þann mann alla tíð. Sá maður hefur núna tæki, verði þetta frv. að lögum, til að nálgast þessa konu og vera í sambandi við hana alla tíð, sem faðir þessa barns. En hún mun aldrei treysta honum til að sjá um barnið vegna fyrri reynslu sinnar af manninum.

Segja má að það ákvæði í lögum að ef barn er ekki feðrað þá fái móðirin ekki barnsmeðlag sé ákveðin þvingun ríkisvaldsins til að ná fram sömu áhrifum. Það getur því oft verið mjög hastarlegt fyrir viðkomandi konu.

Síðan getur maður sett upp önnur dæmi sem eru öllu verri. Nú ætla ég að koma með þau. Gefum okkur að kona sé gift manni og henni verði nauðgað. Hvort sem hún kærir nauðgunina eða ekki þá eignast hún níu mánuðum seinna barn og það liggur ekki fyrir hver er faðir að því barni. Þá getur nauðgarinn, hvenær sem honum dettur í hug, mörgum árum seinna, komið fram og krafist barnsfaðernismáls, rifjað upp gömul mál. Ég er ekki viss um að það sé neinum til hagsbóta.

Síðan getum við hugsað upp enn eitt dæmi. Segjum að faðirinn sé þessi nauðgari eða einhver ofbeldismaður, hvernig sem það nú er, eða maður sem konan sleit samvistum við og er hugsanlega ekki af bestu sort. Segjum svo að konan eignist góðan og gegnan mann og þau verði af vinnu sinni rík og velmegandi og falli síðan bæði frá í slysi. Þá getur faðirinn, þessi kynfaðir, farið í barnsfaðernismál til að ná til sín erfðum eftir barnið, því að barnið erfði foreldra sína og hann sem forráðamaður, á grundvelli þessara lagabreytinga, gæti þá komið höndum yfir þetta fé.

[16:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frv. og styð það algjörlega. Hv. þm. Pétur H. Blöndal mælti gegn hinni almennu reglu sem lögð er til í þessu frv., nefndi nokkur dæmi og ég get tekið undir með hv. þm. að hægt er að hugsa sér nokkuð öfgakennt dæmi sem gæti leitt til þess að það mundi raska ró allra sem hlut eiga að máli. En þau tvö dæmi önnur sem hann nefndi tel ég að falli ekki undir það.

Ég er t.d. þeirrar skoðunar að kynfaðirinn eigi nánast í öllum tilvikum rétt á að fá að þekkja barnið sitt og rétt á, ef hann er sæmilegur maður, að umgangast það. Við höfum aðrar reglur og önnur lög sem gilda um umgengni. Þau lög vernda móðurina og koma í veg fyrir að ofbeldismenn geti í gegnum barnið náð til konunnar. Hv. þm. nefndi sem dæmi konu sem verður þunguð af völdum manns í sambúð, síðan slíta þau henni, hún giftist öðrum manni og saman ala þau upp barnið sem hinn fyrri maður er faðir að. Hv. þm. telur að í því tilviki gætu aðstæður orðið móðurinni mjög til tjóns. Ég dreg það í efa því að ég held að þær reglur sem að öðru leyti gilda um þessi mál verndi móðurina.

Ég held að í ákaflega mörgum tilvikum sé rík þörf, bæði hjá föður og barni, að hafa einhvers konar tengsl, vita hvort af öðru. Ég veit átakanleg dæmi, herra forseti, þar sem faðir slítur sambúð við þungaða sambýliskonu sína. Hann fær að umgangast eldra barnið eftir sambúðarslitin en ekki það sem var í móðurkviði þótt hann feðraði það. Þetta þekki ég persónulega og veit að veldur miklu hugarangri. Þetta frv. er m.a. sett fram til þess að skjóta undir leka af þessu tagi í lögunum.

[16:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði „ef faðirinn er sæmilegur maður". Því er ég alveg sammála. Þá sé ég heldur ekkert á móti því að móðirin bendi á þann mann, þennan sæmilega mann, sem föður. Ég hugsa að í flestum tilfellum sé það þannig.

Það er annað mál sem mætti gjarnan koma inn á og ekki er leyst með þessu máli. Það er þegar feður skilja við börn sín jafnframt því sem þeir skilja við mæður þeirra. Það eru oft mjög erfið mál, sérstaklega fyrir börnin sem þurfa að þola þá höfnun sem felst í því að faðirinn þekkir þau allt í einu ekki lengur. En á því er ekki tekið hérna og menn hafa sagt að það sé engum til hagsbóta að þvinga fram samskipti föður við barn í slíku tilfelli.

Þau dæmi sem ég nefndi eru að sjálfsögðu þegar þjóðfélagið er ekki slétt og fellt, þegar einstaklingarnir sem um er að ræða hafa einhverja persónugalla, t.d. ofbeldishneigð, þar sem það að vekja upp kynsamband getur valdið mjög mikilli röskun í þeirri fjölskyldu sem tekist hefur að byggja upp seinna. Það getur verið barninu mjög skaðlegt. Öll sú röskun sem af því leiðir getur skaðað barnið mjög mikið. Og ég hélt að menn væru fyrst og fremst að hugsa um barnið í barnalögunum. Það er kannski spurning um að bæta inn í þetta frv. því ákvæði að slíkt skuli leyft, aðild föður að máli, ef það er barninu til hagsbóta.

[16:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi í ræðu sinni það tilvik þegar barn er getið við nauðgun og ég fellst á með hv. þm. að það er auðvitað atriði sem þarf að skoða og um það gegnir öðru máli. Við erum að leggja hérna til almenna reglu.

Ég notaði í andsvari mínu áðan orðin „ef faðirinn er sæmilegur maður". Það sem ég á við er auðvitað það að háttsemi hans sé slík að ekki þurfi að beita þeim verndunarákvæðum sem er að finna í lögum og reglum um samskipti móður og barns eða föður og barns, þegar sambúð foreldranna er ekki fyrir hendi. Ég held sem sagt að við höfum þegar ákvæði sem komi í veg fyrir að faðir geti með þessum hætti notfært sér kynsamband við barn til að áreita móðurina. Það er það sem vakir fyrir hv. þingmanni.

Ég held líka að margvíslegir atburðir geti valdið því að móðir kýs að leggjast gegn því að faðir fái að hafa samband við barn sem til er orðið með þessum hætti. Ég nefni sem dæmi þrýsting seinni sambúðarmannsins. Dæmi eru um að slíkur þrýstingur hafi orðið til þess að hinn raunverulegi kynfaðir fái ekki að umgangast barnið, fái ekki einu sinni að gera tilkall til faðernis.

Það sem skiptir líka máli, herra forseti, er að dómur Hæstaréttar um mál af þessu tagi liggur fyrir. Auðvitað ætti hæstv. dómsmrh. að vera stödd hér í dag til að skýra fyrir okkur hvernig í ósköpunum stendur á því að hún hefur ekki lagt fram frv. til að breyta lögunum og fullnusta þannig hæstaréttardóminn.

[16:38]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi nokkur jaðardæmi sem gætu átt við og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur svarað því ágætlega.

Ég minni hv. þm. á að glæpamenn og ofbeldismenn í hjónaböndum geta líka verið feður barna. Það er allt til í þeim efnum. Við höfum aðra löggjöf í landinu sem tekur á slíkum ofbeldismönnum og glæpamönnum.

Verði konur þungaðar af völdum nauðgara grípa margar þeirra til fóstureyðinga en að auki eru úrræði í lögum til að koma í veg fyrir að í slíku tilfelli umgangist faðir barnið. Ég nefni þetta vegna þess að hv. þm. talaði um að það kynni að raska ró bæði móður og barns ef kynfaðir barns kæmi inn í rólegheitahjónaband móður með öðrum manni. Þá vil ég líka nefna að þetta barn gæti veikst af alvarlegum sjúkdómi sem ekki er hægt að lækna nema vitað sé hver kynfaðirinn er. Það er m.a. réttur barnsins. Þetta er eitt þeirra dæma sem ég nefndi sem rökstuðning í máli mínu áðan.

Auðvitað mætti taka hvert af þessum dæmum sem hv. þm. nefndi og benda á að þar sem þetta eru nánast jaðardæmi geti önnur löggjöf varið barnið í þeim efnum.

Eins og ég hef sagt tel ég það jafnréttismál og mannréttindamál að kynfaðir geti umgengist barn sitt og að barn geti fengið að vita hver kynfaðir þess er. Það eru stórir hagsmunir beggja aðila.

[16:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski einmitt sú forsenda um kynsamband og mikilvægi þess fyrir einstaklinginn sem skilur á milli mín og hv. þm. Við erum með löggjöf um ættleiðingar sem gengur út frá því að hægt sé að mynda samband við barn án þess að það sé kynsamband og það virðist ganga ágætlega. Ég set því stórt spurningarmerki við þá forsendu fyrir öllu frv. að það sé hverjum einstaklingi einhver meðfædd þörf að vita um kynföður sinn eða kynmóður. Það er náttúrlega fjöldi barna sem rofnar úr þeim tengslum.

Síðan er það spurningin með þessa ættgengu sjúkdóma. Ég vil benda á að móðurinni er yfirleitt í lófa lagið að fara fram á barnsfaðernismál. Það gleymist í þessu sambandi að ef kynfaðirinn er góður maður — og við erum að tala um slétt og fellt þjóðfélag — hefur móðirin enga ástæðu til að vera á móti því að fara í barnsfaðernismál og finna hinn rétta kynföður. Það er eingöngu í þeim tilfellum þegar hún ekki vill sem þvinga á fram vilja kynföðurins til að eiga aðild að málinu. Ég bendi á þessi jaðarmál vegna þess að ég er að benda á hvar þetta frv. getur valdið skaða. Svo getur vel verið að það sé á margan hátt jákvætt í sambandi við jafnrétti að faðir eigi aðild að málinu en það er ekki alltaf.

[16:43]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lögin valda skaða eins og þau eru í dag. Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau brjóti í bága við stjórnarskrána og telur að breyta eigi lögunum í þá veru sem við leggjum til hér.

Móðir getur farið fram á barnsfaðernismál. Auðvitað á faðir að hafa sama rétt. Foreldrar eiga að hafa sama rétt til þess að koma að slíku máli. Það eru sjálfsögð mannréttindi og sjálfsagt jafnrétti.

Auðvitað gildir annað um ættleiðingar. Það er ekki alltaf hægt að finna kynforeldra barna. Það hefur oftast og yfirleitt verið ágætlega farsælt fyrir börn að vera hjá foreldrum sem hafa ættleitt þau. Þar gildir það sama og um það dæmi sem ég nefndi áðan, þegar móðir getur ekki fóðrað barn. Það nær þá ekki lengra. En sé hægt að fóðra barn og finna kynföður á barnið auðvitað rétt á að vita það og kynnast honum. Auðvitað eiga að vera leiðir í löggjöfinni fyrir feður til að leita þessa réttar síns, og einnig er það réttur barnsins.

[16:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mælti aldrei gegn frv. í heild sinni. Og ég legg til að hv. nefnd sem fær þetta mál til umsagnar skoði hvort hægt sé að bæta inn ákvæðum um að ef það er barninu til framdráttar og til bóta skuli þetta leyft en annars ekki, og það nefndi ég í ræðu minni. Ég tel mjög varasamt að koma með slíka löggjöf þar sem horft er eingöngu á rétt föðurins til að eiga aðild að máli, alveg sama hvernig það kemur niður á móður og barni og hugsanlega nýrri fjölskyldu.

Ég hugsa því að ef frv. verður samþykkt óbreytt geti það í mörgum tilfellum valdið miklu tjóni og raskað þeirri fjölskyldu sem búið er að byggja upp og rústað henni jafnvel. Ég mundi vilja að hv. nefnd skoðaði nákvæmlega hvort hægt væri að bæta inn í ákvæði um að þetta skuli heimilað þegar það er barninu til góða, til hagsbóta, annars ekki. Ég tel nefnilega mjög mikilvægt að barnalög fjalli um og verndi börn en ekki fullorðna.

[16:45]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á barnalögum sem 1. flm., hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hefur mælt fyrir.

Herra forseti. Ég vil bara geta þess að ég tek undir og styð það meginsjónarmið sem flutningsmenn leggja til með frv., þ.e. að réttur föður til þess bæði að umgangast barn sitt og krefjast föðurréttar verði jafn við rétt móður. Ég tel að þetta sé í sjálfu sér eins konar frumburðarréttur og eigi að staðfestast. Við leggjum áherslu í allri umræðu um þetta mál, í allri framkvæmd og í þjóðfélaginu, á að skapa þær aðstæður og skapa þá vitund í raun að réttur föður og móður sé jafn til þess að eiga föður- og móðurrétt til barnsins, til þess að umgangast það, til þess að koma að uppeldi þess, að þar sé gengið út frá jafnri ábyrgð.

Upp geta komið atriði sem gera nauðsynlegt að breytt verði út af, en það eiga að vera undantekningarákvæði en ekki hin almennu ákvæði sem við vinnum eftir. Hin almennu ákvæði eiga að vera að þarna sé fullkomlega jafn réttur.

Sömuleiðis tel ég að barn eigi líka sjálfstæðan rétt, að barn eigi sjálfstæðan rétt sem einstaklingur til þess að eiga föður og móður. Og ef það er ekki ljóst þá eigi það þann rétt að sækja hann.

Eins og hér hefur komið fram í umræðum geta að sjálfsögðu komið upp einstök atvik, sem eru þá meira í tengslum við formlegan umgengnisvanda eða jafnvel sakamál, og haft áhrif á þetta. En þau eiga ekki að hafa áhrif á hina almennu lagasetningu og umgjörð þessa máls.

Virðulegi forseti. Þetta vil ég undirstrika og legg áherslu á að við eigum nefnilega enn ýmislegt óunnið í þessu þjóðfélagi, ekki bara lagalega heldur líka í vitund. Í reynd eigum við margt óunnið við að tryggja jafnrétti föður og móður og einstaklingsbundinn rétt barnsins. Öll lög og allar lagasetningar sem styðja að því tel ég vera til bóta og vonast til þess að tíminn vinni áfram þannig að þetta verði svo í reynd.

[16:49]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hefur skapast um þetta mál og þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í henni.

Vegna ummæla hér áðan í ræðu vil ég geta þess að ég sé ekki ástæðu til þess að réttur föður sé skilyrtur frekar en að réttur móður sé skilyrtur í þessum efnum. Þau eiga auðvitað að standa jafnfætis.

Varðandi hagsmunina hvað varðar heilsufar og lækningu á alvarlegum sjúkdómum, sem er stórmál í lífi hvers einstaklings, þá er það ekki aðeins réttur barnsins að vita hverjir eru ættingjar þess þannig að hægt sé að leita lækninga við alvarlegum sjúkdómum, heldur geta það auðvitað líka verið heilsufarshagsmunir föður í ákveðnum tilvikum að vita að hann eigi barn sem e.t.v. gæti gefið honum merg eða líffæri eða komið til hjálpar á annan hátt. Ég vildi bara nefna það í framhaldi af þessari umræðu.

Auðvitað hefði hæstv. dómsmrh. átt að vera löngu komin með frv. inn í þingið og breyta lögum í kjölfar þess hæstaréttardóms sem hefur verið hér til umfjöllunar í umræðu um þetta mál. En við höfum nú tekið ómakið af hæstv. ráðherra. Hér er komið frv. í þingið. Hv. allshn. mun skoða þetta mál og athuga hvort gera þurfi frekari breytingar á því. Ég treysti hv. nefnd til að gera það og vonast til þess að hún komi málinu farsællega frá sér og hingað inn í þingið aftur því þetta er stórt hagsmunamál allra karla í landinu og mikið jafnréttismál og mannréttindamál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. RG o.fl., 126. mál (viðvörunarmerki á umbúðir). — Þskj. 126.

[16:51]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér næst á undan mér mælti hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir fyrir frv. um breytingu á barnalögum og fór þar yfir mál sem hún hefur ásamt fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar flutt á Alþingi og varðar réttindi barns. Réttindi barna og umhverfi barna eru mál sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa látið sig mjög varða. Þeir hafa flutt mörg slík mál hér á Alþingi og jafnvel fengið samþykkt mál þó að í stjórnarandstöðu séu. Það segir okkur hve mikilvægt er að taka á í þessum málum og hve víða þarf enn að taka á í málefnum barna.

Umhverfi barnanna er þýðingarmesta samfélagsverkefni okkar. Uppeldi, aðbúnaður, félagsleg umgjörð, menntun og ekki síst ástríkt heimili eru þeir þættir sem eru til þess fallnir að efla með barni þroska og heilbrigðan hugsunarhátt svo það verði nýtur þjóðfélagsþegn. Þetta ræðum við oft hér.

Við ræðum ekki oft um ófædda barnið eða þá þætti eða atburði sem ráðið geta miklu um hvernig líf þess verður og um hæfileika barns og þroska í fyllingu tímans. Foreldri hefur að sjálfsögðu sjálfsforræði um lífsstíl sinn og líferni, en ég fullyrði að vandfundin er sú verðandi móðir sem viljandi tekur þá áhættu að skaða ófætt barn sem hún ber undir belti. En það getur gerst óviljandi. Þess vegna er svo mikilvægt að gera það sem unnt er til að afstýra því.

Sú tillaga sem ég mæli fyrir hér er af þeim toga. Hún snýst um það að neysla móður á áfengi getur haft varanleg áhrif á ófædda barnið. Ég flutti þessa tillögu fyrir mörgum árum. Þá voru viðbrögðin þau að fræðsla um skaðsemi áfengisneyslu á meðgöngu ætti að leysa þetta mál, fræðslan ætti að vera þar sem konur kæmu í skoðun, fræðsla ætti að vera í skólunum, fræðsla og aftur fræðsla var lykilorðið. Ég hef fylgst með. Ætli sé ekki svona áratugur síðan ég flutti þetta mál og satt best að segja finnst, held ég, einn lítill bæklingur sem fannst líka þá. Ég hef spurt ótal ungar konur hvaða upplýsingar þeim hafi verið veittar um þetta mál og ég fæ alltaf sama svarið. Nokkrar ungar fréttakonur höfðu samband við mig og ræddu við mig í tilefni af framlagningu þessa máls núna og ég spurði þær líka, þær voru mæður: Hvað var sagt við þig? Vissir þú að þetta væri skaðlegt? Og það var í hæsta máta að svarið væri: Ég gaf mér að það væri ekki gott fyrir fóstrið.

Nú er þetta mál flutt á ný. Þverpólitísk samstaða er um málið að þessu sinni og ég mæli fyrir þessari tillögu. Með mér flytja málið Katrín Fjeldsted, Steingrímur J. Sigfússon, Magnús Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir, Ásta Möller, Þuríður Backman og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Frumvarpsgreinin, sem er bara ein, orðast svo, með leyfi forseta:

„Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal, að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð, sjá til þess að allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, séu merktar á áberandi stað með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman. Texti viðvörunarinnar skal vera á íslensku og vera vel læsilegur."

Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi tóbaks væru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti athygli víða um lönd og enda þótt erfitt sé að mæla bein áhrif slíkra viðvarana eru flutningsmenn sannfærðir um að slík varnaðarorð hafa bæði bein og óbein áhrif.

Með frumvarpi þessu er lagt til að allar umbúðir undir áfengi séu merktar á áberandi stað þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

Á fylgiskjali I er að finna yfirlit yfir ölvunarakstur og umferðarslys á síðustu árum, þ.e. aldursskiptingu ölvaðra ökumanna í umferðarslysum 1995–1999, kynjaskiptingu ökumanna í slysum með meiðslum og banaslysum þar sem orsök slyssins var ölvunarakstur árin 1993–1999, hlutfall ölvunaraksturs í banaslysum og slysum með meiðslum sömu ár og fjölda ölvaðra ökumanna sem áttu aðild að slysunum. Fram kemur að ölvaður ökumaður veldur að jafnaði umferðarslysi í hverri viku á þessum árum.

Herra forseti. Ástæða þess að við flutningsmenn leggjum til að bæði verði varað við áfengisneyslu kvenna með barni og jafnframt bent á að akstur og áfengi fari ekki saman, er að við notum fyrirmynd frá Bandaríkjunum, en þar var fyrir rúmum áratug lögleitt að viðvaranir um skaðsemi áfengis skyldu vera á öllum áfengisumbúðum og er þar ekkert undanskilið, hvorki létt vín né áfengur bjór. Viðvörunin á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum er svohljóðandi:

„Opinber viðvörun:

1. Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis sökum hættu á fósturskaða.

2. Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni."

Lögð er höfuðáhersla á fósturskaðann í greinargerð minni, enda er minni þekking á þeim skaða en hvað varðar áfengi og aksturinn og vísa ég til töflu sem fylgir með um aksturinn en vík nánar að fósturskaðanum.

Mikið hefur verið fjallað um fósturskaða af völdum áfengis frá því að heilkennið var greint árið 1973. Með rannsóknum hafa fengist óyggjandi sannanir fyrir skaðsemi áfengis fyrir fóstur. Heilkenni fósturskaða af völdum áfengis ásamt áfengistengdri röskun á taugaþroska kann að vera fyrir hendi hjá allt að 9,1 barni af hverjum 1.000, samkvæmt rannsókn frá Seattle í Bandaríkjunum. Reyndar liggja fyrir fleiri rannsóknir af þessum toga. Erlendar tíðnitölur sýna að eitt af hverjum 750–1.000 fæddum börnum sé alvarlega skemmt af þessum sökum. Tölur um tíðni heilkennis fósturskaða af völdum áfengis eru mjög breytilegar eftir því hvaða skilmerki eru notuð og hvers konar þýði er skoðað. Í ritum um efnið er algengast að tíðni þess sé talin vera eitt til þrjú af hverjum 1.000 lifandi fæddum börnum meðal vestrænna þjóða. Meiri hluti þeirra barna sem verða fyrir áhrifum áfengis í móðurkviði eru ekki með útlitseinkenni og vaxtarskerðingu sem þurfa að vera fyrir hendi til að uppfylla greiningaskilmerki fyrir heilkenni fósturskaða af völdum áfengis. Börnin geta samt verið með alvarlegar vitsmuna- og hegðunartruflanir sem koma fram hjá áfengissköðuðum börnum og stafa af breytingum sem verða á starfsemi heilans og/eða byggingu hans. Oft eru þessi börn hvorki greind né fá við eigandi meðferð. Lýsingar á börnum sem orðið hafa fyrir áfengisáhrifum í móðurkviði fela í sér m.a. greindarskerðingu, ofvirkni, athyglisbrest, námserfiðleika, minnistruflanir, málhömlun, skertar fínhreyfingar og skerta rúmskynjun. Fósturskaða af völdum áfengis hefur verið lýst sem helstu þekktu orsök greindarskerðingar en rannsóknir hafa sýnt að aðeins hluti áfengisskaðaðra einstaklinga er strangt til tekið þroskaheftur og margir þeirra fara því á mis við ýmsa opinbera þjónustu á sviði menntunar og starfa sem ætluð er fötluðum.

Herra forseti. Við áfengisneyslu móður verður alkóhólmagnið í fóstrinu innan fárra mínútna það sama og í blóði móður. Lifur fóstursins hefur aðeins 10% afkastagetu miðað við lifur móður og eftir að alkóhól er horfið úr blóði fóstursins eru enn þá leifar í legvatninu. Þess vegna er fóstrið lengur en móðirin undir áhrifum áfengis. Áfengistengdur skaði á börnum er líklega algengari en fólk gerir sér almennt grein fyrir vegna þess að tíðnitölur eru ekki þekktar hérlendis.

Virðulegi forseti. Á árinu 1999 birtist mjög athyglisverð yfirlitsgrein í Læknablaðinu um fósturskaða af völdum áfengis og það er Sólveig Jónsdóttir, sálfræðingur hjá barna- og unglingageðdeild Landspítalans, sem ritaði þessa grein. Hún er mjög fagleg og þar er að finna gott yfirlit yfir það sem þarna er um að ræða. Þessi grein er birt sem fylgiskjal með frv. og ég hvet þingmenn til að kynna sér hana.

Ég ætla aðeins að litlu leyti að grípa niður í þessa grein á nokkrum stöðum, fyrst og fremst til að beina athyglinni að því sem einkennir þau börn sem hafa orðið fyrir skaða án þess að heilkennið sem slíkt greinist. Eins og fram hefur komið er mikil útlitsbreyting sem fylgir heilkenninu.

Lýsingar á börnum sem orðið hafa fyrir áfengisáhrifum í móðurkviði fela í sér m.a. greindarskerðingu, ofvirkni, athyglisbrest, námserfiðleika, minnistruflanir, málhömlun, skertar fínhreyfingar og skerta rúmskynjun. Rannsóknir á dýrum hafa einnig leitt í ljós ýmsar starfrænar afleiðingar áfengisneyslu á meðgöngu eins og ofvirkni, skerta hæfni til að bæla viðbrögð og skerta náms- og minnishæfni.

Taugasálfræðilegar rannsóknir á börnum hafa leitt í ljós að tegund og umfang þroskaröskunar tengist beint magni og tímasetningu áfengisneyslu á meðgöngu. Rannsókn sem gerð var í Seattle hefur beinst að langtímaafleiðingum hóflegrar áfengisneyslu á meðgöngu. Sú rannsókn leiddi í ljós skammtatengd áhrif alkóhóls á ýmsa taugasálfræðilega þætti frá fæðingu til 14 ára aldurs. Mestu áhrifin voru á athygli, hraða við úrvinnslu áreita og námsgetu. Nákvæmlega þetta er að verða mjög alvarlegur þáttur varðandi þau börn sem eiga í erfiðleikum við skólagöngu.

Vandamál tengd athygli og hvatastjórnun eru mjög algeng hjá áfengissköðuðum börnum. Rannsóknir, sem fylgt hafa eftir börnum með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis, sýna að ofvirkni og athyglibrestur virðist einna helst standa í vegi fyrir því að þessi börn eigi áfallalausan skólaferil. Vegna þess hversu algengt vandamál þetta er meðal áfengisskaðaðra barna hefur því jafnvel verið haldið fram að áfengi gæti verið orsakavaldur athyglibrests með ofvirkni. Þessi röskun á taugaþroska er ekki aðeins vandamál í æsku heldur einnig ævilöng fötlun.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í stuttu yfirliti mínu yfir það sem ítarlega er fjallað um í fylgiriti með frv. er þetta ekki spurning um hvort skaðinn er til staðar heldur hversu mikill hann er. Með hvaða hætti á að beina upplýsingunum til viðkomandi? Við höfum lagt til að það sé gert með þessari aðvörun sem getur skipt miklu máli. Þetta er ekki bara spurning um vitneskjuna heldur áminninguna sem getur skipt sköpum á viðkvæmri stund.

Rannsóknir sýna að áfengisneysla barnshafandi kvenna getur skaðað fóstrið varanlega. Því er ósvarað hvers vegna áfengi skaðar sum fóstur en ekki önnur. Hitt er staðreynd, þ.e. að meira að segja á þeim áratug frá því ég flutti þetta frv. fyrst hafa neysluvenjur Íslendinga breyst. Fleiri neyta áfengis og oftar, e.t.v. þó í minna mæli. Það er eðlilegt að eiga bjór og vín í ísskápnum. Kynslóðir sem komnar eru af barneignaraldri í dag bjuggu við öðruvísi áfengissiði. Nú er þetta að verða líkara því sem tíðkast í þeim löndum sem rannóknir hafa farið fram í og við erum e.t.v. að sigla hraðbyri inn í munstur aukinnar tíðni þessara vandamála. Gera má ráð fyrir að alvarlegar afleiðingar geti fylgt breyttu munstri og aukinni neyslu.

Það er staðreynd að fóstrið er í beinu blóðsambandi við móður, að það er sama áfengismagn í litla fóstrinu og móðurinni. Það er margfalt minna magn af áfengi sem barn á brjósti fær í gegnum móðurmjólk og samt vitum við hvaða augum það er litið ef móðir með barn á brjósti neytir áfengis. Þó fær barnið aðeins brot af áfenginu gegnum brjóstið miðað við það þegar móðir neytir áfengis á meðgöngu.

Herra forseti. Almennt hefur þessi tillaga fengið jákvæðar viðtökur. Ég hef orðið vör við það frá því að hún var fyrst lögð fram. Þeir sem leggjast gegn henni eru fyrst og fremst fulltrúar birgjanna. Þeir hafa áhyggjur af því að merkingarnar verði kostnaðarsamar. Þeir hafa áhyggjur af því að þetta verði viðskiptaþvingandi. Um það hef ég átt viðræður við fulltrúa birgjanna. Ég er því ósammála að kostnaður eigi að stöðva okkur í að fara þessa leið með áminninguna. Einhver af þeim sem komu fram í viðræðuþætti talaði um að þetta

gæti kostað 5–10 kr. á einingu. Þegar við lítum til þess hve opinber gjöld og skattar eru hár hluti af áfengisverði má líka spyrja þeirrar spurningar hvorum megin veggjar þessar 5 eða 10 kr. eigi að falla? Ég geri því ekki mikið úr þeirri gagnrýni.

Önnur gagnrýni sem heyrst hefur og höfð hefur verið uppi er að það sé fráleitt að vera með merkingu sem segi að áfengi og akstur fari ekki saman af því allir viti það. Aftur bendi ég á að þetta mál snýst ekki um vitneskjuna heldur áminninguna. Bandaríkjamenn, sem eru þúsund sinnum fleiri en við, létu sig ekki muna um að láta þá aðvörun fylgja með og þess vegna höfum við, flutningsmenn að þessu frv., valið að fara sömu leið.

Mér er þó ofarlega í huga ófædda barnið og sá skaði sem það verður óviljandi fyrir vegna þekkingarskorts. Skaði sem, þó vægur sé, getur mótað öll uppvaxtarár og skólagöngu. Mér finnst það skipta mestu máli. En ef það næst fram að hæstv. Alþingi fallist á að fara sömu leið með áfengið og við höfum farsællega farið með tóbakið og verið fyrirmynd annarra þjóða í þá fyndist mér ágætt að hafa merkingar af tvennum toga.

Herra forseti. Ég læt framsögu minni lokið um þetta mál um leið og ég legg höfuðáherslu á að vernda ófædd börn fyrir þeim skaða sem þau geta orðið fyrir. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni umræðu vísað til allshn.

[17:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er einn af meðflutningsmönnum að þessu frv. og vil í upphafi máls þakka frumkvæði hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að því að leggja það fyrir þingið.

Ljóst virðist að ungt fólk er ekki upplýst um þær hættur sem t.d. fóstri getur stafað af áfengisneyslu. Ég held að það að merkja áfengi með viðvörunum, annars vegar því að hættulegt sé fyrir ungar mæður gagnvart fóstrinu að neyta áfengis og hins vegar viðvörun til ökumanna, hljóti hvort tveggja að vera til bóta.

Því hefur verið borið við, eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að kostnaður sé þessu samfara. Ég vil í því sambandi minna á að þegar hér fóru fram umræður fyrir mörgum árum um að merkja tóbak sem vöru sem gæti valdið sjúkdómum og skaða, sem gæti jafnvel verið mönnum banvæn með langri neyslu, gerðu innflutningsaðilar og umboðsaðilar tóbaks hér á landi miklar athugasemdir við að taka upp slíkar merkingar og töldu það algjörlega ónauðsynlegt og jafnvel óframkvæmanlegt. Þeir töldu það dýrt og annað eftir því. Ekkert af þessum fullyrðingum finnst mér hafa átt við rök að styðjast. Það er alla vega svo í dag að allir sem neyta tóbaks vita af því, það er beinlínis á umbúðum tóbaksins sem þeir neyta, að það geti verið heilsuspillandi. Auðvitað tekur hver og einn ákvörðun um það hvort hann neytir slíkrar vöru en merkingin hefur örugglega áhrif til viðvörunar og vonandi til upplýsingar.

Ég tel að almennt sé betra að reyna að upplýsa fólk um hætturnar og hvað megi betur fara í lífi þess en að setja mjög strangar reglur með boðum og bönnum, þótt það geti verið nauðsynlegt í sumum tilvikum. Vissulega er ekki heimilt að aka bifreið þegar menn hafa drukkið mikið magn af áfengi en því miður er það samt gert, eins og greinilega kemur fram í töflum sem hér eru birtar.

Ég vil draga það fram við þessa umræðu að samkvæmt töflum sem birtar eru í fskj. I á bls. 3, eru að meðaltali 26,6% ölvaðra ökumanna sem valdir eru að slysum á aldrinum 17–20 ára, yfir allt þetta tímabil frá árinu 1995–1999.

Maður gæti litið á það sem svo að þarna skorti á kynningu og þekkingu og þess vegna yrði það sem lagt er til í þessu frv. verulega til bóta að því er varðar yngri ökumennina. Hins vegar er það athyglisvert, ef skoðaður er aldur ökumanna 25–40 ára, að hlutur þeirra er talsvert hærri í slíkum slysum, eða 32,3% að meðaltali yfir þetta fimm ára tímabil. Það segir okkur að þörf sé á því að efla upplýsingar um að áfengi og akstur fari ekki saman og að áfengisneysla geti verið hættuleg bæði þeim sem ekur og öðrum vegfarendum þegar menn aka undir áhrifum áfengis.

Það er einnig athyglisvert að í þessari samantekt kemur í ljós að karlar eru rúmlega helmingi fleiri en konur, sé skoðuð kynjaskipting ökumanna í slysum með meiðslum og banaslysum þar sem orsökin er ölvunarakstur. Ég get ekki annað en dregið þær ályktanir af þessum upplýsingum en að full þörf sé á að veita upplýsingar um skaðsemi áfengis, annars vegar fyrir verðandi mæður og hins vegar fyrir ökumenn, með viðvörunarmiða á umbúðum sem gefi til kynna að neysla vímugjafans sé varasöm þegar svo stendur á að kona er barnshafandi eða þegar menn hyggjast nota ökutæki.

Það er líka rétt að ítreka sem kemur fram í greinargerðinni að slíkar merkingar sem hér um ræðir hafa verið teknar upp í Bandaríkjunum. Ég tel að við getum eins farið þá leið hér á landi varðandi áfengið líkt og þegar við tókum upp þá reglu að merkja tóbakið.

Ég vona að þetta mál fái jákvæða umfjöllun hér í þinginu og að við stígum skrefið sem hér er lagt til. Það getur að öllu samanlögðu eingöngu orðið þjóðfélagi okkar til góðs.

[17:17]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. um breytingu á áfengislögum sem felur í sér að óheimilt verður að selja áfengi í vínbúðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins án þess að á umbúðunum sé viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

Herra forseti. Ég gerði það að gamni mínu þegar þetta frv. kom fram að spyrja fimm ára gamla dóttur mína og vin hennar á sama aldri hvort ólétt kona mætti drekka vín. Þau svöruðu hneykslað á svip að auðvitað mætti hún það ekki, hissa á þessari fáránlegu spurningu minni. Sömu viðbrögð fékk ég þegar ég spurði hvort fullur karl mætti keyra bíl. Fimm ára börn eru með það á hreinu að slík hegðan er ekki í lagi. Eigum við þá að ætla að konur og þeir sem aldur hafa til að aka bifreiðum séu það ekki?

Að mínu mati er þetta með öllu óþarft og mun ekki skila sér á nokkurn hátt ef undan er skilið hækkandi vöruverð og minna úrval léttra vína og bjórs, en neysla á þessum vörum hefur verið að aukast á undanförnum árum á kostnað sterkra vína. Framleiðendur erlendis eru margir hverjir svo litlir og vanbúnir hvað tæknileg atriði varðar að þeir geta ekki án vandkvæða strikamerkt flöskur og fyrir hverja flösku sem kemur óstrikamerkt hingað til lands þurfa innflytjendur að greiða ákveðna upphæð, þ.e. fyrir hverja flösku sem strikamerkt er fyrir þá á frísvæði. Reikna má með svipuðum kostnaði á hverja flösku fyrir ásetningu varnaðarmerkja og auðvitað bætist síðan álagning og annar kostnaður við þá upphæð og því hækkar hver flaska væntanlega verulega til neytenda.

Það tekur suma af stóru erlendu bjórframleiðendunum innan við klukkustund að framleiða allt það magn sem selst á Íslandi á einu ári. Þeir geta auðvitað ekki klárað Ísland á einu bretti vegna endingartíma bjórsins og þess vegna verða allar merkingar á flöskum og dósum að vera litlar og henta þeirra hefðbundnu umbúðum. Langur texti með varnaðarorðum, bæði til ófrískra kvenna og til ökumanna, kæmist einfaldlega ekki fyrir og þar af leiðandi gætu þessir framleiðendur ekki framleitt bjór fyrir Ísland með merkingum, og afleiðingin af þessu yrði sú að innlendir framleiðendur hagnast því að þeir geta haft varúðarmerkingar á sínum hefðbundnu umbúðum. Innflytjendur verða því í verri stöðu en innlendir framleiðendur sem geta gert ráð fyrir merkingum við framleiðslu umbúða sinna og þurfa þar af leiðandi ekki að setja merkimiða á umbúðir sínar.

Hvergi í Evrópu er gert ráð fyrir merkingum sem þessum. Því hafa vaknað spurningar um hvort merkingarnar stangist á við EES-samninginn. Hægt er að velta því fyrir sér hvort hér sé um að ræða tæknilega viðskiptahindrun sem er andstæð samningnum þar sem um auknar kröfur er að ræða.

Samkvæmt upplýsingum ÁTVR seldust tæplega 25 millj. eininga áfengis á ári í verslun fyrirtækisins. Það að þurfa að líma varúðarmerki á hverja einustu einingu mun óhjákvæmilega hafa í för með sér mikinn kostnað sem leiða mun til hækkunar á útsöluverði áfengis. Sökum þess hve íslenski markaðurinn er lítill er ljóst að merkingarnar verða framkvæmdar hér á landi. Erlendir framleiðendur munu ekki standa í því. Frekar munu þeir láta íslenska neytendur sigla sinn sjó.

Í greinargerð með frv. er fullyrt að kostnaður til framtíðar verði hverfandi lítill þar sem eingöngu þurfi að prenta miða í upphafi. En, herra forseti, miðarnir líma sig ekki sjálfir á flöskur og dósir og einhverjum þarf því að greiða fyrir að annast þann starfa.

Í greinargerð með frv. er þess getið að merkingar sem þessar séu á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum og er það rétt. Þetta verður þó að skoða í ljósi þeirrar ríku skaðabótahefðar sem viðgengst þar í landi. Það eru framleiðendur sem vilja slíkar merkingar á öllu mögulegu og ómögulegu til að firra sig skaðabótaábyrgð. Slíkt á ekki við hér á landi. Í Bandaríkjunum eru varúðarmerkingar á hinum ýmsu hlutum, svo sem á kaffibollum um að kaffið geti verið heitt, á vélsögum um að hættulegt sé að stöðva sagirnar með höndunum og á hárþurrkum er greint frá því að varasamt sé að reyna að nota þær í sturtu. Svo mætti lengi telja.

Samkvæmt upplýsingum frá miðstöð Mæðraverndar þá er þar á bæ verið að endurskoða námsefni fyrir verðandi mæður og án efa verður þar enn frekar hnykkt á skaðsemi áfengis fyrir fóstur. Þá gefst verðandi foreldrum kostur á námskeiðum þar sem ítarleg fræðsla fer fram og þá sinna einnig ljósmæður fræðslu í hefðbundinni mæðraskoðun. Mæðraeftirlitið á Íslandi er eitt það besta í heiminum og eftir fyrstu heimsókn í mæðraskoðun er varla til sú kona sem ekki veit að hún á ekki að neyta áfengis á meðan á meðgöngu stendur, hafi svo ólíklega viljað til að henni hafi ekki verið kunnugt um það áður, sem ég reyndar stórefa. Ég vil taka svo djúpt í árinni að segja þetta frv. móðgun við allar íslenskar konur.

Um verðandi ökumenn gildir það sama og um verðandi mæður. Þeir fá fræðslu um að áfengisneysla og akstur fari ekki saman.

Við alþingismenn eigum að forðast að leggja óþarfa álögur á fólkið og fyrirtækin í landinu, álögur sem munu að líkindum engu skila og eru með öllu óþarfar og sennilegast hækka vísitöluna, því að sá kostnaður sem þetta hefur í för með sér fyrir innflytjendur mun fara beint út í verðlagið.

Á Íslandi er eitt hæsta áfengisverð í heimi og falin neysla — þá á ég við heimabrugg og smygl — er mikil. Ég dreg að sjálfsögðu enga fjöður yfir skaðsemi óhóflegrar áfengisneyslu. En sú ófríska kona sem ætlar sér að drekka vín gerir það hvort sem á flöskunni er varnaðarmiði eða ekki, líkt og reykingarmaðurinn kveikir sér í sinni sígarettu þó að landlæknir segi honum á pakkanum að það valdi honum skaða.

Allir vita að ofneysla áfengis er skaðleg. En það má einnig segja um ofneyslu sælgætis, gosdrykkja, feitmetis og fleiri fæðutegunda. Eigum við t.d. næst að setja varnaðarorð á allan reyktan mat og segja að ofneysla hans geti e.t.v. valdið krabbameini eða að skikka skyndibitastaði til að vara við ofneyslu á feitmeti vegna þess að það geti valdið offitu sem síðar geti e.t.v. leitt til hjartasjúkdóma? Það held ég tæpast.

Ég veit að flutningsmönnum tillögunnar gengur gott eitt til. Þarna er verið að fjalla um alvarleg heilbrigðisvandamál sem eru fósturskaðar og ölvunarakstur. Í greinargerð með frv. birtast sláandi tölur um þann fjölda ölvaðra ökumanna sem aðild hafa átt að alvarlegum slysum. En sú leið sem flutningsmenn leggja hér til, þ.e. að setja varúðarmerki á áfengisumbúðir, er að mínu mati ekki rétta leiðin til að taka á þessum málum. Ég met það svo að þeim fjármunum sem þessu fylgja væri mun betur varið í öflugri forvarnir t.d. meðal ungs fólks.

[17:26]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það kom mér ekkert á óvart að slík ræða kæmi fram hér. Ég hef heyrt hana áður. Ég hef heyrt þessa sömu ræðu í meginatriðum hjá öllum fulltrúum birgjanna sem hafa fundið sig knúna til að storma fram þegar tillagan kom fram.

Ekkert er við þessu að segja. Ólík sjónarmið eru í öllum málum. Sjónarmið hv. þm. Sigríðar Ingvarsdóttur er þetta. Mér fannst hins vegar verra að hún skyldi fara í útúrsnúning og spyrja hvort við ættum að merkja feitmeti eða kjöt. Við erum ekkert að tala um almenn varúðarorð. Við erum að tala um varnaðarorð um nokkuð sem getur haft gífurlegar afleiðingar fyrir ófætt barn, gífurlegar afleiðingar sem hvorki reykt kjöt né feitmeti hafa, svo vitað sé með nokkrum rannsóknum. Ég hefði nú vonast til þess að hún hefði ekki tekið þann þátt fyrir í ræðu sinni.

Áfengi er dýrt, sagði þingmaðurinn. Það er ekki vegna umbúðanna. Það er ekki vegna framleiðslunnar. Það er vegna þess að íslenska ríkið hefur ákveðið að áfengi skuli vera dýrt og það hefur ekkert með það að gera hvort einhver kostnaður upp á e.t.v. fimm eða tíu krónur á hverja einingu, eða hvað það mundi vera, sé innifalinn eða ekki. Áfengi er dýrt af allt öðrum orsökum.

Á sínum tíma þegar þetta mál var flutt ákvað Víking bjór að hafa slíkar merkingar á umbúðum frá sér og svo var um árabil. Þeir sögðu mér að kostnaðurinn við það hefði verið hverfandi. Ýmsar leiðir eru til að merkja. Hér var það nefnt að merkja miðann. Ég held að þingmenn ættu að gera sér það til gamans að fara í áfengisútsölur og skoða miðana. Þar er jafnvel hægt að finna vínflöskur með miðum á íslensku. Ýmsar leiðir eru því færar.

Varðandi mæður, þá fara mæður misfljótt í skoðun. Stundum er skaðinn skeður. Þetta snýst ekki um vitneskjuna sem slíka. Þetta snýst um áminninguna, eins og ég sagði áðan. Ungar konur sem hafa haft slíkar áfengisumbúðir í höndum hafa séð aðvörum mörgum sinnum og það hefur stimplast inn áður en þær verða ófrískar. Þær vita hvar þær standa og þá er áminningin virk á ögurstund ef þær eru með slíkt í höndunum og eru með barni.

Fagfólk sem hefur borið þessi mál fyrir brjósti, bæði læknar og hjúkrunarfólk, hefur talað um að umræðan um að jafnvel geti verið hollt að fá sér rauðvínsglas geti einmitt haft áhrif á viðhorfið til þessa. Verðandi mæður hafa jafnvel nefnt að það hljóti að vera í lagi þá líka fyrir þær að fá sér rauðvín vegna þess að rauðvínið sé hollt, það sé búið að rannsaka það að það sé gott fyrir hjartað, og að einmitt sú umræða hafi líka vakið þær til vitundar um hve áfengisneysla sé varasöm.

Við höfum ólíka skoðun í þessum málum. Það er sannfæring mín og sem betur fer er það sannfæring mjög margra þingmanna úr öðrum flokkum að rétt sé að leggja það til að merkja áfengisumbúðir. Það verður látið á það reyna í hæstv. allshn. hvort málið nái fram að ganga og ég ætla að vona að nægilegur stuðningur sé við þetta mál til þess.

[17:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu nema þann hluta að hún hefði heyrt áður þennan málflutning sem hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir var með. Hún sagðist hafa heyrt hann hjá hv. þingmanni en jafnframt frá fulltrúum birgjanna. Hún spyrti þarna saman skoðanir og sannfæringu hv. þm. eins og hún væri fulltrúi birgjanna.

Ég kann ekki alveg að meta það þegar mönnum eru gerðar svona upp skoðanir og meiningar. Ég hefði viljað að þessi orð hefðu ekki fallið þar sem hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir flutti alveg ágæta ræðu. Ég get að öllu leyti tekið undir hana enda sömu skoðunar og þó tel ég mig ekki vera fulltrúa birgjanna. Mér finnst miður að þessi orð hafi fallið og sannfæring hennar sett á það plan að hún sé hérna sem fulltrúi birgja.

[17:31]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það sérstaklega fram að það var ekki ætlunin að í máli mínu fælist eitthvað um það að hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir væri að tala fyrir hönd birgjanna. Það hvarflaði bara ekki að mér og ekki heldur að ég væri að gera henni það upp að hún væri talsmaður þeirra. En það var kannski eðlilegt að ég segði að ég hefði heyrt þennan málflutning áður, einmitt frá fulltrúum birgjanna, vegna þess að ég lenti í viðræðum við nokkra þeirra þegar málið var lagt fram. Þeim var mjög í mun að andmæla þessu frv., og það var með nákvæmlega sömu rökum og ég var að vitna til í seinni ræðu minni að þingmaðurinn hefði farið yfir, með kostnaðinn og óþarfann og að allir ættu að vita þetta.

Herra forseti. Bara til að undirstrika það vil ég árétta að ég er í engu að setja niður við þingmanninn. Ég tek undir það, þetta var afbragðsgóð ræða hjá þingmanninum miðað við þann málflutning og þá sannfæringu sem hún hefur uppi. Mín sannfæring er önnur. Ég er mjög ósammála henni og hef fært fyrir því rök. Mér finnst ábending hv. þm. Péturs H. Blöndals mjög góð vegna þess að ég hefði á engan hátt viljað að það lægi eftir í máli mínu að ég væri að áfellast þingmanninn eða gera henni það upp að hún væri hér sem talsmaður birgjanna. Ég vildi bara hafa þetta alveg á hreinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, fyrri umr.

Þáltill. ÓB, 430. mál. — Þskj. 691.

[17:34]

Flm. (Ólafur Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um að endurskoðaðar verði reglur um innheimtu á virðisaukaskatti. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela fjmrh. að skipa nefnd sem geri tillögur um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, sem miði að því að styrkja framkvæmd innheimtuskattsins og draga úr möguleikum aðila til að skila ekki virðisaukaskatti.

Nefndin verði skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, einum af ríkisskattstjóra og einum frá Samtökum atvinnulífsins.

Virðulegi forseti. Lög um virðisaukaskatt tóku gildi hér á landi 1. jan. 1990 að undangenginni verulegri umræðu, bæði í þjóðfélaginu og á Alþingi, en fyrsta frv. um virðisaukaskatt var lagt fram á Alþingi 1984. Skatturinn er eins og kunnugt er langstærsta tekjulind ríkissjóðs og skilar ríkissjóði um þessar mundir u.þ.b. 76 milljörðum kr. í tekjur eða sem svarar um þriðjungi af tekjum ríkissjóðs. Því miður skila hins vegar verulegar fjárhæðir sér ekki í ríkissjóð vegna vangoldins virðisaukaskatts, og tapast allnokkrir fjármunir á hverju ári í kringum gjaldþrot rekstraraðila. Þannig voru afskrifaðir um 6 milljarðar kr. á árunum 1996–2000 á núgildandi verðlagi samkvæmt upplýsingum úr ríkisreikningi, eða rúmur milljarður á ári. Að vísu er þetta kannski ekki há prósenta af heildinni eða sem svarar um 2% á ári en engu að síður eru þetta verulegir fjármunir.

Jafnframt þessu liggur fyrir að árlega er fjöldi einstaklinga ákærður fyrir fjárdrátt þar sem þeir eða þau fyrirtæki sem þeir eru í forsvari fyrir hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti. Eru þetta í kringum 25–30 aðilar á ári miðað við upplýsingar um fjölda ákæra á árunum 1999 og 2000 samkvæmt upplýsingum frá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Núgildandi lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, gera ráð fyrir að innheimtuaðili þurfi ekki að halda innheimtuvirðisaukaskatti aðgreindum frá fjármunum sínum heldur virðist fullkomlega heimilt og jafnvel til þess ætlast að þetta fé sé notað sem rekstrarfé á meðan það er í vörslu innheimtuaðilans. Sú staðreynd að rekstraraðilar eru með virðisaukaskattinn í veltunni leiðir því miður stundum til þess að þegar kemur að skuldadögum, sem almennt eru á tveggja mánaða fresti, er ekki til fyrir virðisaukaskattinum. Ástæðu þess að aðilar standa ekki í skilum með skattinn segja þeir gjarnan vera þá, ef þeir eru krafðir um skýringar, t.d. þegar mál eru rannsökuð, að allt féð hafi runnið til reksturs fyrirtækisins. Engin sérstök ákvörðun hafi verið tekin um að skila ekki fénu heldur hafi það verið sjálfgert þar sem allir peningar sem inn hafi komið hafi verið notaðir til reksturs fyrirtækisins. Menn halda því gjarnan fram fyrir dómi að þeir hafi borgað allar greiðslur og ætíð þegar fé hafi verið til reiðu.

Í annan stað benda menn gjarnan á það að þeir hafi ekki fengið umkrafinn skatt greiddan fyrr en allt var kannski um seinan og lent í rekstrarörðugleikum vegna þess. Núverandi kerfi gerir hins vegar ráð fyrir að rekstraraðilar eigi að standa skil á virðisaukaskatti, hvort sem þeir hafa fengið hann greiddan eða ekki. Það er útgáfa reikningsins sem ræður.

Verði greiðsluerfiðleikar innheimtuaðilans varanlegir og niðurstaðan sú að rekstraraðilinn verði gjaldþrota er það algengt, eins og fram hefur komið, að forsvarsmenn fyrirtækjanna eru ákærðir og dæmdir fyrir fjárdrátt, þ.e. fyrir að draga sér virðisaukaskatt. Í þessu sambandi má nefna að viðurlögin við þessu eru mjög hörð því að samkvæmt núgildandi refsilögum skal sektargreiðsla vegna vangoldins virðisaukaskatts ekki nema lægri fjárhæð en tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ekki skilar sér í ríkissjóð.

Jafnframt er þeim sem fá slíka sektardóma ákvörðuð vararefsing ef þeir geta ekki greitt umræddar sektir. Nýlega var dæmt í Hæstarétti að ef sekt sem var að fjárhæð 3,5 millj. yrði eigi greidd innan fjögurra vikna skyldi koma sjö mánaða fangelsi í stað sektarinnar.

Þessa tilhögun, að ríkisvaldið skuli hafa refsivernd fyrir kröfum sínum, hafa margir gagnrýnt og talið að um mismunun væri að ræða milli kröfuhafa þannig að ríkissjóður stæði í raun framar öðrum kröfuhöfum þrátt fyrir að þessi krafa sé almenn krafa samkvæmt gjaldþrotalögum og eigi að falla í þann flokk. Eitt af grundvallarmarkmiðum gjaldþrotaskiptalaga er hins vegar að tryggja jafnræði þeirra.

Ég tel því sjálfsagt að skoðað verði hvort ekki sé eðlilegra að líta svo á að innheimtur virðisaukaskattur sé frá upphafi eign ríkissjóðs sem þegar í stað skuli halda aðgreindum frá öðru fé innheimtuaðilans og að misbrestur á því valdi refsingu. Þetta mundi í raun þýða að innheimtuaðilinn yrði jafnan að halda virðisaukaskattinum aðgreindum frá öðru fé. Við gjaldþrotaskipti mundi þetta vörslufé standa utan skuldaraðar óháð skiptunum. Krafa ríkisins til virðisaukaskatts yrði þannig aldrei ein af almennum kröfum í búið heldur stæði utan skuldaraðar.

Ég vil einnig nefna að rétt sé að sú nefnd sem ég legg til að verði sett á laggirnar kanni möguleika á því að eðlilegra sé að færa innheimtuna niður á greiðslugrunn þannig að litið verði svo á að krafa ríkisins gjaldfalli ekki fyrr en virðisaukaskatturinn hefur verið greiddur til innheimtuaðila.

Ég geri mér grein fyrir að það kann að reynast erfitt að leita leiða til að allt þetta geti gengið upp og skil skattsins verði einföld. En það er auðvitað mikilvægt. Þó sé ég fyrir mér að til greina kæmi að skila mætti fénu strax með rafrænum hætti til ríkisins ef koma mætti því við eða þá að sérstakur vörslureikningur, sem innheimtuaðilar væru skyldugir til að hafa, yrði gerður upp mánaðarlega. Ætíð mætti að sjálfsögðu draga greiddan innskatt frá. Slíkt ætti ekki að vera mjög flókið í hinum fullkomnu tölvukerfum nútímans. Og staðreyndin er sú að fjöldi fyrirtækja heldur daglega utan um bókhald með þeim hætti að staða á inn- og útskatti liggur fyrir daglega, a.m.k. vikulega.

Jafnframt má hugsa sér að það yrði til hvatningar og öruggari skattskila ef allir þeir sem innheimta virðisaukaskatt fengju einhvers konar þóknun frá ríkinu fyrir skattskil.

Verkefni nefndarinnar sem ég legg til í þessari þáltill. að yrði komið á fót yrði að kanna og skoða möguleika og leiðir í þessu efni.

Frá því að núgildandi lög um virðisaukaskatt voru sett fyrir meira en tólf árum hefur tækni í greiðslumiðlun fleygt fram og rafrænar fjármagnstilfærslur eru nú orðnar hinn venjulegi greiðslumáti. Bókhaldskerfi hafa einnig þróast verulega og eru alltaf að verða öflugri. Því tel ég að það sé eðlilegt að endurskoða lögin með þessi markmið í huga.

Ég vil einnig nefna að í nál. sérstakrar nefndar um framkvæmd virðisaukaskatts er fjmrh. skipaði með bréfi 22. jan. 1999 og kom út í mars árið 2000 kemur fram að frændur vorir Danir hafa þann háttinn á að það er farið yfir það á eindaga hvaða rekstraraðilar hafa ekki skilað virðisaukaskattsskýrslum eða skilað skýrslum án greiðslu. Slík fyrirtæki í Danmörku fá heimsókn frá skatteftirlitinu fljótlega eftir eindaga, kannaðar eru ástæður þess að skattskil eru í ólagi og í framhaldinu er leitað leiða til að tryggja innheimtuna, m.a. með því að aðilar eru skyldaðir til að leggja fram tryggingar fyrir greiðslu. Komist hlutirnir þá ekki í lag er viðkomandi aðili felldur út af skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila. Sú nefnd sem ég nefndi starfaði á árinu 1999 og lagði til að tekið yrði til gaumgæfilegrar athugunar hvort rétt væri að lögfesta sambærilegar reglur hér á landi. Ég tel mjög eðlilegt að sú nefnd sem ég legg til að hér verði skipuð kanni þessi mál áfram en mér er ekki kunnugt um að neinar breytingar hafi orðið á innheimtunni eftir að þessi nefnd lauk störfum.

Ég legg áherslu á að það er auðvitað mikilvægt að ríkisvaldið hafi gott samstarf við atvinnulífið um innheimtu og fyrirkomulag á greiðslu virðisaukaskattsins. Það eru jú fyrirtækin og rekstraraðilinn sem innheimta skattinn og standa skil á honum. Því er ljóst að breytingar á þessu virðisaukaskattskerfi verði ekki gerðar nema í góðri sátt við atvinnulífið. Því legg ég til að maður frá atvinnulífinu verði í nefndinni.

Ég legg til að þessi tillaga verði sett í venjubundna meðferð á þinginu.

[17:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum till. til þál. um endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts.

Ég tel orðið mjög brýnt í ljósi þeirrar reynslu sem komin er af þessu kerfi að endurskoða reglurnar og tek undir með hv. þm. Ólafi Björnssyni um það atriði.

En það er fleira. Hann sagði að það ætti að greiða útskatt jafnóðum inn á reikning en þá ættu menn væntanlega rétt á því að fá innskattinn greiddan til sín frá ríkinu. Í sjálfu sér er það ekki órökrétt og þetta mætti jafnvel gera vikulega eða eitthvað slíkt en ég tel mjög brýnt að forða mönnum frá þeirri freistingu að nota útskattinn í rekstur.

Það er annað atriði sem hv. þm. kom lítillega inn á sem er miklu alvarlegra og það er það að greiðsla virðisaukaskatts miðar við útgáfu reiknings en ekki við greiðslu reiknings. Segjum að einhver aðili gefi út 5 millj. kr. reikning, þar af er um 1 millj. í virðisaukaskatt, og hefur ekki innskatt á móti. Þessi reikningur er stílaður á fyrirtæki sem síðar verður gjaldþrota þannig að þessi reikningur er aldrei greiddur. Fyrirtækið eða einstaklingurinn þarf tveimur mánuðum seinna að standa skil á 1 millj. kr. skattinum. Það er sýslumaður en ekki fyrirtækið sem ákveður hvenær hann hættir að innheimta reikninginn og afskrifar hann. Hann þarf að beita ýtrustu aðferðum til að ná í þessa peninga þó að allir viti fyrir fram að það er vonlaust. Í reynd þarf hann að bíða eftir skiptalokum í viðkomandi skiptabúi sem hann stílaði reikninginn á áður en hann getur afskrifað kröfuna og þarf

fyrir löngu að vera búinn að greiða 1 millj. í ríkissjóð. Ef hann ekki gerir það vegna þess að hann á ekki peningana — segjum að þetta sé eini reikningurinn sem hann hefur gefið út — getur hann átt á hættu að fá álögur, þ.e. þá er hann kominn í 2 milljónir, og samkvæmt orðanna hljóðan sem við hv. þm. höfum sett lendir hann í fangelsi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, 1. umr.

Frv. MÁ og ÁRJ, 417. mál. — Þskj. 676.

[17:47]

Flm. (Mörður Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um afnám gjalds á menn utan trúfélaga.

Í 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar er boðið að maður sem stendur utan trúfélaga greiði til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Í þessari grein er einnig kveðið á um að þessu megi breyta með lögum. Þetta er einmitt frv. til slíkra laga og gerir ráð fyrir afnámi gjaldtökunnar. Að auki væri með samþykkt frv. breytt þeim ákvæðum laga um sóknargjöld og fleira, nr. 91/1987, með síðari breytingum, sem tengjast fyrrnefndum ákvæðum í stjórnarskrárgreininni.

Þetta frv. var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi haustið 1999 og ég leyfi mér til þæginda að vísa hér til framsöguræðu sem þá var flutt og umræðunnar í kjölfar hennar. Ég rakti þá rök um trúfelsi og félagafrelsi sem tryggt er í stjórnarskrá og þau almennu mannréttindasjónarmið sem liggja að baki því að þessi gjaldheimta verði stöðvuð. Ég rakti einnig hvernig þessu er háttað í grannlöndum okkar, en í engu þeirra tíðkast skattheimta af þessu tagi svo spurnir fari af. Um þessi mál er m.a. fjallað í efnismikili skýrslu á vegum Eystrasaltsráðsins frá 1999, sem heitir á ensku „The Right to Freedom of Religion and Religious Associations" eftir Ole Espersen, mannréttindafulltrúa hjá þessu ráði og fyrrverandi dómsmálaráðherra Dana, en þar er gerð grein fyrir stöðu mála á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum, Þýskalandi, Póllandi og Rússlandi. Skýrslan er í vörslu alþjóðasviðs og má einnig finna hana á vef Eystrasaltsráðsins á netinu.

Virðulegi forseti. Sumir þeirra sem hafa rætt þetta frv. efnislega telja að því sé stefnt gegn þjóðkirkjunni. Það er ekki rétt. Eins og fram kemur í greinargerð er ekki ætlunin með þessu frv. að hreyfa við þeirri skipan sem lengi hefur tíðkast, að ríkið innheimti með sköttum sóknargjöld þjóðkirkjumanna og fólks í skráðum trúfélögum. Þá skipan má í sjálfu sér ræða og spyrja hvaða rök standi til þess að ríkið innheimti gjöld fyrir þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, en ekki fyrir t.d. líknarfélög, íþróttafélög, stjórnmálaflokka eða þann félagsskap annan sem flestir eru sammála um að sé sjálfsagður hluti af samfélagi okkar.

Þessi skipan, hvort sem hún fer fram með innheimtu sérstaks nefskatts sem áður var eða samhliða tekjuskattsinnheimtu með sérstökum jöfnuði í þeirra þágu sem ekki borga tekjuskatt, á sér auðvitað fyrst og fremst sögulegar ástæður. Það má líta svo á að hún sé í samræmi við hina sérstöku stöðu þjóðkirkjunnar gagnvart ríkinu, sem ekki er ætlunin að hrófla við með þessu frv.

Raunar má vel líta svo á að þótt ríki og kirkja yrðu skilin fullkomlega að væri samt sem áður eðlilegt að ríkisvaldið héldi áfram að veita núverandi þjóðkirkju og öðrum skráðum söfnuðum þessa mikilvægu aðstoð, trúarbrögðunum til sérstaks heiðurs og virðingar.

En um leið og menn virða trúarbrögðin verður að virða rétt þeirra sem annaðhvort hafa önnur trúarbrögð en tíðkuð eru í þeim trúfélögum sem hafa verið skráð í kirkjumrn. eða kjósa að standa með öllu utan trúarsafnaða. Rétturinn til að aðhyllast þau trúarbrögð sem hver vill án sérstakra afskipta ríkisvaldsins tekur líka til þess að stunda ekki hin skráðu trúarbrögð.

Sú sérstaða trúfélaga meðal frjálsra félagasamtaka sem hér leiðir beint af þjóðkirkjufyrirkomulaginu getur ekki gefið ríkinu rétt til að leggja á umrætt gjald. Það er athyglisvert að stjórnarskrárgjafinn sem svo er kallaður virðist sjálfur hafa haft slíkar efasemdir um þessa skipan að hann heimilar breytingu á stjórnarskránni með almennum lögum hvað þetta varðar í 64. gr., en slík ákvæði eru afar sjaldgæf í stjórnarskrá okkar, enda er í sömu grein stjórnarskrárinnar kveðið á um þann grundvallarrétt að öllum sé heimilt að standa utan trúfélaga og að enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Enn segir í sömu grein að enginn megi neins í missa af borgaralegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, sem er einboðið að leggja út á þann veg að enginn megi heldur neins í missa vegna þess að hann hafi engin trúarbrögð eða trúarbrögð óskráð í ráðuneytum.

Virðulegi forseti. Hér er ekki um verulega fjármuni að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi var sóknargjald fyrir árið 2001 — sóknargjald ársins 2002 er enn ótútreiknað og munar nokkrum dögum — 566,05 kr. á mann á mánuði eða 6.792,60 kr. á árinu. Í fjárlögum fyrir 2002 er gert ráð fyrir að gjaldið frá mönnum utan skráðra trúfélaga nemi á þessu ári í heild 72 milljónum kr. og rennur eins og lög gera ráð fyrir um ríkissjóðinn til Háskólasjóðs. Hér er ekki um mikið fé að ræða fyrir hvern einstakling enda eru þungar fjárálögur ekki undirrót þessa frv. heldur mannréttindi. Þetta er aftur talsvert fé fyrir þann sem nú nýtur gjaldheimtunnar, þ.e. Háskólasjóð.

Ég spurðist fyrir um Háskólasjóð á 121. löggjafarþingi fyrir fimm árum, 1996–1997, og á þskj. 711 frá því þingi má sjá úthlutanir úr sjóðnum átta ár næstliðin. Tilgangur hans er að efla menningarstarfsemi innan háskólans, útgáfustarfsemi, fyrirlestra, tónleikahald og annað verðugt að mati háskólaráðs, auk þess að leysa óvænta fjárþörf sem upp kann að koma í skólasamfélaginu. Menn geta skoðað það sjálfir hvernig sjóðnum gengur þetta ætlunarverk. Ég hef ekki við það stórfelldar athugasemdir miðað við að hér er um að ræða sjóð sem þessi skólastofnun geymir fyrir sjálfa sig þannig að fé úr sjóðnum er auðvitað ekki veitt fólki í öðrum háskólum eða sambærilegum menntastofnunum og ekki sjálfstæðum fræðimönnum, fyrirtækjum eða almennum félagasamtökum á sviði vísinda og fræða. Það er ljóst að háskólinn nýtir þetta fé til ýmissra þarfra verkefna og góðra málefna og þyrfti að þessu frv. samþykktu að sjálfsögðu að tryggja skólanum einhvern annan tekjustofn til að koma a.m.k. til móts við missi þessara gjalda úr Háskólasjóði sem nú hefur engar aðrar tekjur að frátöldum vöxtum og verðbótum.

Verkefni Háskólasjóðs geta hins vegar ómögulega talist slík þjóðarnauðsyn að fjár til þeirra sé aflað með einstæðri skattheimtu á hóp manna sem ekki hefur nein sérstök tengsl

við stofnunina Háskóla Íslands í Reykjavík eða þau innanskólaverkefni sem njóta stuðnings úr sjóðnum.

Virðulegi forseti. Kemur þá að þolendum í málinu, þeim sem látnir eru greiða þetta sóknargjaldsígildi án þess að teljast til nokkurrar skráðrar sóknar. Hagstofan flokkar þessa menn í tvennt og heldur annars vegar skrá um fólk í óskráðum trúfélögum, eða ótilgreindum, hins vegar um menn utan trúfélaga.

Hinn 1. desember sl. voru menn utan trúfélaga 6.571 eða 2,3% allra landsmanna. Að börnum undir 16 ára aldri frádregnum voru þeir 5.509 eða 2,6% landsmanna 16 ára og eldri. Samsvarandi tölur fyrir menn í óskráðum og ótilgreindum er 7.344 eða 2,6%, þar af 16 ára og eldri 5.943 eða 2,8%. Samtals voru þetta 13.915 Íslendingar eða 4,9% landsmanna, þar af 16 ára og eldri 11.452 eða 5,3% Íslendinga á fullorðinsaldri og þætti ágætt í stjórnmálaflokk sem ætti fulltrúa hér á þinginu.

Veruleg fjölgun hefur orðið í þessum hópum tveimur síðasta áratuginn eða svo, sennilega þó af ólíkum ástæðum. Á árinu 1989, fyrir tólf árum, töldust menn utan safnaða 3.364 og var hlutfallstalan þá 1,3%, en nú nær 6.000, 2,3%, sem er næstum helmings fjölgun. Fleiri og fleiri kjósa að standa utan trúfélaga, sjálfsagt af margvíslegum ástæðum. Guðfræðingar og félagsfræðingar tala um afhelgun samfélagsins, eða „sekúlariseringu", og það fyrirbæri veldur hér að sjálfsögðu nokkru en hefur þó átt sér stað alla síðastliðna öld og getur ekki skýrt vel þróunina á síðasta áratug.

Að mínu viti er hér einnig á ferð aukin vitund um mannréttindi og réttarstöðu einstaklinganna í samfélaginu, sem kemur fram í því að menn láta ekki tregðulögmálið ráða því í sama mæli og áður hvernig fer um skráningu þeirra og félagsaðild af ýmsu tagi. Þá kann hér að valda nokkru umrót innan þjóðkirkjunnar á síðasta áratug og e.t.v. á borgvæðing samfélagsins sinn þátt með annars konar félagslegu samneyti og viðmiðunum en einkum tíðkast í dreifbýli.

Fjölgunin í hópi manna utan trúfélaga samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar hefur verið veruleg, en þó tiltölulega jöfn. Hópur manna í óskráðum söfnuðum og ótilgreindum hefur hins vegar stækkað nánast með sprengihraða á rúmum áratug. Árið 1989 töldust hér 955 menn af þessu tagi, en nú, tólf árum síðar, 7.344 eins og áður sagði. Hópurinn hefur vaxið úr tæplega 1.000 í rúmlega 7.000 á tólf árum. Á þessu kunna að vera tæknilegar skýringar að hluta. En sennilegt er þó að annars vegar innflutningur fólks af erlendum uppruna, nýbúa, og hins vegar flutningar íslenskra frumbyggja milli landa eigi hér mestan þátt, að hér sé fyrst og fremst á ferð alþjóðavæðingin og þær margmenningarlegu breytingar sem nú eru að verða á íslensku samfélagi. Í heild eru Íslendingar utan skráðra trúfélaga nú um 14.000, en voru fyrir tólf árum rúmlega 4.300.

Virðulegi forseti. Haustið 1999 var rakin forsaga þessa máls úr þessum ræðustól. Þokkalegt trúfrelsi landnámsaldar og í upphafi þjóðveldisaldar vék fyrir trúarnauðung eins og lögfræðin kallar það með kristnitökunni árið 999. Þá hófst einveldi einnar kirkjudeildar í trúarlífi Íslendinga, fyrst rómversk-kaþólsku kirkjunnar sem laut páfanum í Róm og síðan lútersk-evangelísku kirkjunnar sem laut kónginum í Kaupmannahöfn. Ég lýsti á þessum tíma trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar frá 1874 sem reist var á grundvallarlögum Dana 1849 og raunar umfram allt frelsisarfi borgarabyltinganna miklu í Bandaríkjunum og Frakklandi í lok 18. aldar.

Ég lýsti líka þeirri skipan frá 1874 að nýfengið frelsi í trúarefnum náði aðeins til þess að menn réðu með hvaða félagsskipan guði var þjónað, en þeir höfðu að formi til ekki rétt til að standa utan trúfélaga, ekki rétt til að trúa ekki á guð. Þar var því einnig lýst hvernig frjálslyndir menn á þingunum 1913 og 1914, þar á meðal Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen og Benedikt Sveinsson, rýmkuðu trúfrelsi á Íslandi með því að samþykkja að menn hefðu heimild til að standa utan trúfélaga, hafa ekki trú eða aðra en þá sem lögskráð væri. Í tillögu þessara þriggja þingmanna að stjórnarskipunarlögum var líka gert ráð fyrir því eins og hverjum öðrum sjálfsögðum hlut að sá greiddi ekkert félagsgjald sem ekki væri í trúfélagi. Þá komu fram þær mótbárur að Íslendingar mundu hlaupast undan merkjum kirkjunnar ef þeir sæju sér peningalegan hag í því. Því væri rétt að fara varlega að þessu sinni, af praktískum ástæðum, eins og það er orðað á einum stað í umræðunum og að lokum var samþykkt með 15 atkvæðum gegn 10 í neðri deild að taka upp núverandi skipan. Menn kepptust síðan við að ná samstöðu um frv. í efri deild og í meðförum þingsins árið eftir, enda þurftu þingmenn að sýna einhug til að konungur samþykkti þetta frjálsræðisfrumvarp um bætta stöðu landsins í Danaveldi, sem var undanfari fullveldisins 1918, um afnám konungkjörinna þingmanna, um kosningarrétt vinnumanna og ekki síst um kosningarrétt kvenna. Kristján X. sem reyndist síðasti konungur Íslendinga, ritaði að lokum nafn sitt undir frv., eins og frægt er orðið, 19. júní 1915.

Sömu mótbárurnar voru hafðar uppi þegar þetta mál kom í annað skipti til umræðu á Alþingi. Þá kom fram tillaga samefnis því frv. sem nú er til umræðu frá þeim Haraldi Guðmundssyni, þingmanni Ísfirðinga, sem síðar varð ráðherra í stjórn hinna vinnandi stétta og formaður Alþýðuflokksins, Magnúsi Torfasyni, sýslumanni og þingmanni Árnesinga úr Framsóknarflokki, og Bjarna Ásgeirssyni, þingmanni Mýramanna úr Framsóknarflokki, en svo vill til að Bjarni Ásgeirsson er afi hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur sem er meðflutningsmaður minn að þessu frv. Mér er mikill heiður að því að flytja það með henni þannig að hér tengjast kynslóðir frjálslyndra þingmanna og baráttumanna fyrir mannréttindum í þessu máli.

Í grg. með frv. 1930 segir afar skýrlega þetta hér, með leyfi forseta:

„Með þessu ákvæði" — þ.e. stjórnarskrárákvæðinu um gjaldið til háskólans — „er lagður aukanefskattur, eins konar sektargjald, á þá menn og konur, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né öðru viðurkenndu trúfélagi. Fer þetta alveg í bága við anda og fyrirmæli greinarinnar ..."

Héðinn Valdimarsson var framsögumaður meiri hlutans sem studdi tillöguna en frv. féll að lokum í neðri deildinni. Helsti andstæðingur í umræðum var Magnús Jónsson guðfræðidósent og voru sem fyrr helstu mótrökin þau að menn segðu sig úr þjóðkirkjunni þúsundum saman ef þeir fengju að ráða sjálfir þessu fé sínu.

Réttlætis- og mannréttindarökin fyrir því að fella niður þetta sektargjald, eins og Haraldur og félagar orðuðu það, hafa því verið flutt alla síðustu öld, 1913, 1930, 1999. Á móti hafa komið þær praktísku ástæður, eins og það var orðað í upphafi aldarinnar, að það kynni að „veikja þjóðkirkjuna að menn nytu fulls trúfrelsis og félagafrelsis með því að losna við sérstakt sektargjald fyrir að vera ekki í trúfélagi eða aðhyllast önnur trúarbrögð en hin ráðuneytisskráðu".

Einu sinni voru þeir tímar að menn töldu slíkar praktískar ástæður sjálfsagða afsökun fyrir því að þrengja að einstaklingsrétti. Það var á tímum forsjárhyggjusamfélagsins sem hér hefur reynst lífseigt. Það var t.d. ekki fyrr en undir blálok 19. aldar að vistarbandið var afnumið með afli atkvæða í þessum sal, raunar eftir að það var upptrosnað í samfélaginu sjálfu. Þar réðu líka praktískar ástæður. Það þótti sjálfsagt að leggja þessa áþján á almenning í landinu til að verja merkilega stofnun sem var gamla bændasamfélagið með forsjá bóndans, eins og guðs í himnaríki, yfir börnum og vinnufólki sem vegna ungs aldurs eða fátæktar gat ekki stofnað bú og mátti þar af leiðandi ekki ganga í hjónaband. Þessum lögum var stefnt gegn lausung og hyskni sem taldar voru óhjákvæmilegar afleiðingar búsetu í þurrabúðum, búsetu á mölinni við sjávarútveg og verslun.

Á svipaðan hátt taldi meiri hluti neðri deildar sér skylt árin 1913 og 1930 að verja merkilega samfélagsstofnun, kirkjuna, og menn töldu þá ekki eftir sér að ganga á mannréttindi.

Nú eiga þessir tímar að vera liðnir, virðulegi forseti. Við höfum á undanförnum áratugum endurbætt stórlega lög og reglur um mannréttindi í landinu, m.a. með merkum stjórnarskipunarlögum 1994. Skilningur hérlendis á gildi þessara réttinda hefur aukist og kröfur frá alþjóðasamfélaginu til okkar hafa aukist á þessu sviði. Með samþykkt þessa frv. væri úr vegi rutt enn einni hindrun á leið til fullra mannréttinda hér á Íslandi. Það mætti líka orða það þannig að þá hefði loksins flust upp á hólminn með bakkaskipi aldanna byltingin mikla í Frakklandi 1789.

Eins og áður sagði var sams konar frv. flutt hér haustið 1999 og vísað til allshn. sem óskaði um það ýmissa umsagna. Ég vek athygli þingheims á þessum umsögnum sem allar voru afar jákvæðar nema umsögn deildarfundar guðfræðideildar. Þær fylgja grg. með frv. og ég bendi sérstaklega á umsögn Siðfræðistofnunar háskólans þar sem rök fyrir frv. eru svo vel sett fram að flutningsmenn geta ekki um bætt. Lokaniðurstaða hennar er, með leyfi forseta:

„Með því að innheimta umrætt gjald af þeim sem standa utan trúfélaga og láta það renna til háskólans er ríkisvaldið í raun og veru að leggja sérskatt á þennan tiltekna hóp — á þeirri forsendu einni að hann stendur utan trúfélaga. Réttlátara og eðlilegra er að afleggja þennan skatt."

Glöggir menn kunna að koma auga á það að í fylgiskjali með grg. eru felldar út nokkrar setningar í lok umsagnarinnar frá guðfræðideild. Ástæðan er sú að okkur, og mér sem 1. flm., þótti ekki við hæfi að standa í neins konar textafræðilegum deilum við deildarfund guðfræðideildar í þingskjali en hins vegar er sjálfsögð háttvísi að geta þessa hér. Umsögninni lauk með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Í nýlegri skýrslu er tekin var saman á vegum Eystrasaltsráðsins og fjallar um trúfrelsi og stöðu trúfélaga í aðildarríkjum þess er bent á gjald það sem hér um ræðir án þess að það sé gagnrýnt."

Hér er átt við þá skýrslu Espersens sem ég nefndi fyrr í þessari tölu en ég les hana hins vegar öðrum augum en umsegjandinn. Í skýrslunni er einmitt bent á þetta gjald sem aðfinnsluvert atriði í skipan trúmála á Íslandi í sérstakri upptalningu. Það er svo rétt hjá guðfræðideild að höfundur setur það ekki fram meðal helstu ábendinga sinna enda er megintilgangur skýrslunnar að aðstoða uppbyggingarmenn í Eystrasaltsríkjunum við að koma á almennilegu réttarsamfélagi að þessu leyti. Má vissulega segja að þótt Espersen krefjist þess ekki beinlínis að Íslendingar breyti þessari skipun hafi hann bent á þetta sérstaklega Eistum, Lettum og Litháum til viðvörunar.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég geta þess að þegar þetta frv. var flutt fyrst vakti það talsverða athygli. Því var fagnað meðal áhugamanna um mannréttindi og að sjálfsögðu meðal einstaklinga utan skráðra trúfélaga og í samtökum sem láta sig þetta varða. Forustumenn þjóðkirkju og annarra skráðra trúfélaga voru hins vegar þegjandalegir og hafa e.t.v. haft til þess gildar ástæður. En í persónulegum samtölum við ýmsa þjóðkirkjumenn, lærða og leika, kvað þó við þann tón að til lengdar væri ekki skynsamlegt fyrir þjóðkirkjuna að standa á móti þessari breytingu á innheimtuskipaninni þar sem það bætti ekki málstað hennar að berjast gegn jafnsjálfsögðum mannréttindaatriðum.

Þetta rifjaðist upp fyrir mér í gær þegar Morgunblaðið birti athyglisverða grein eftir Karl Sigurbjörnsson biskup um trúfrelsi, þjóð og kirkju, grein sem fremur málstað þjóðkirkjunnar með rökfestu og þunga í þeim umræðum sem uppi hafa verið undanfarin ár um tengsl ríkis við kirkjuna. Þar fjallar biskup einmitt um innheimtuskipanina sem hann leggur áherslu á að halda í svipuðu horfi og nú er, og það er athyglisvert að biskup gerir enga athugasemd við efnisatriði þessa frv. í vörn sinni fyrir þjóðkirkjuskipanina á Íslandi.

Hann segir um sóknargjöldin og sektargjaldið, með leyfi forseta:

„Þeir sem utan trúfélaga standa gjalda tilsvarandi til Háskóla Íslands. Þar með hefur löggjafinn viljað koma í veg fyrir að fólk skrái sig utan trúfélaga í ábataskyni. Þetta hefur verið gagnrýnt," skrifar biskup og bætir við: „Ég skal ekki dæma um það."

Biskup vill ekki leggja dóm á þetta. Ég held að það sé vegna þess að upplýstir þjóðkirkjumenn skilja að því aðeins verður þjóðkirkjufyrirkomulagið varið að það gangi ekki á stjórnarskrárbundið frelsi borgaranna, að almannavaldið styðji við kirkju og trúarstarf í landinu án þess að ganga á almenn mannréttindi.

Virðulegi forseti. Ég hef forðast upphrópanir og stóryrði sem algeng eru í umræðum um réttindamál af þessum toga og skiljanleg en reynt þess í stað að sýna fram á að nú sé kominn tími til að stíga næsta skref eftir það sem fyrirrennarar okkar stigu á þingunum 1913 og 1914, skref sem menn reyndu að stíga 1930, skref sem færir okkur þann veg fram á við að Íslendingar yrðu nokkurn veginn jafnfætis öðrum norrænum þjóðum í þessu efni. Ég vona að allshn. ljúki umfjöllun sinni um málið verði því vísað til hennar. Það væri leitt að Alþingi trassaði þær lagfæringar sem hér um ræðir, að hérlendir menn þyrftu að sækja rétt sinn til mannréttindastofnana erlendis, og Alþingi þyrfti síðan að laumast í humáttina með skottið á milli lappanna.

Við skulum ganga hreint til verks eftir allan þennan tíma frá 1913, eða 1874, og leiðrétta þetta réttindabrot sem hefur þvælst inn í stjórnarskrána nánast fyrir tilviljun.

Stór orð? Ég ætla að lokum að leyfa mér stór orð, þau sem eru múruð inn í hornstein þess húss þar sem vér stöndum, úr Jóhannesarguðspjalli, 8. kafla, 32. versi, og eiga ágætlega við í þessu fyrirferðarlitla en mikilvæga máli, nefnilega að „sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa".

Virðulegi forseti. Ég tel skynsamlegt að umrætt frv. gangi að lokinni þessari umræðu til allshn.

[18:10]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sóknargjald er ekki lengur innheimt sem nefskattur. Það var aflagt 1988. Sóknargjaldið var fellt inn í tekjuskattinn þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp og er því sóknargjaldið nú sérstakt framlag ríkissjóðs til þjóðkirkjunnar og skráðra trúfélaga, ákveðin upphæð á mánuði vegna hvers sóknarbarns, 16 ára og eldra, en samsvarandi upphæð til Háskólasjóðs vegna þeirra sem eru utan trúfélaga. Því til áréttingar má benda á að meðan hið eldra form var í gildi innheimti ríkissjóður ákveðið innheimtugjald vegna milligöngu sinnar við að koma sóknargjaldinu frá sóknarbörnum til kirkjunnar en það er ekki gert í dag.

Skattgreiðendur greiða skatta sína, mismunandi háar upphæðir eftir tekjum og hvernig neyslu er háttað, og einstaklingar leggja því mismunandi mikið inn til samneyslunnar. Sumir greiða t.d. enga tekjuskatta og leggja því ekki inn, t.d. fyrir sóknargjaldinu.

Með hliðsjón af þessu langar mig til að fá útskýringu á því hvernig hv. þm. Mörður Árnason hefur hugsað sér að útfæra það sem kemur fram í 4. tölulið 2. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður skal endurgreiða einstaklingi sem hvorki er í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi, samkvæmt lögum um skráð trúfélög, fjárhæð sem nemur gjaldinu."

Hvaða upphæð ætlaði þingmaðurinn að miða við og hvaða viðmið ætlar hann að nota? Mundi hann t.d. endurgreiða þær 7 þús. kr. sem er sú upphæð sem ríkissjóður leggur til með hverju sóknarbarni til viðkomandi safnaðar eða ætlar hann að miða við 14 þús. kr. sem er heildarupphæð sem ríkið leggur til með hverju sóknarbarni til þjóðkirkjunnar þegar allt er talið, þ.e. Jöfnunarsjóður sókna, laun presta o.s.frv.? Og hvað ætti síðan að greiða til baka til þess sem greiðir engan tekjuskatt? Hvað hefur hann lagt inn fyrir sóknargjaldi sem gefur honum rétt til að fá endurgreitt? Ég vildi gjarnan fá svar við þessum spurningum.

[18:12]

Flm. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Já, ég hef kosið að útfæra það ekki mjög nákvæmlega í þessu frv. Það er ríkisbókhalds eða ríkisskattstjóra að annast það. Þetta má gera í álagningarskrá, t.d. þegar ríkisskattstjóri ber hana skv. lögum um tekjuskatt saman við skrá um staðgreiðslu og býr til innheimtuskrá.

Það er auðvitað gefið að sá sem ekki greiðir tekjuskatt greiðir heldur ekki þetta gjald og á ekki að fá það endurgreitt. En sá sem greiðir tekjuskatt greiðir þetta gjald og á síðan að fá það endurgreitt. Það kann að vera um að ræða menn sem greiða hluta tekjuskatts og þá treysti ég ríkisbókara og ríkisskattstjóra til að leysa úr því máli.

Þetta frv. hér fjallar ekki um Jöfnunarsjóð sókna eða um laun presta. Laun presta koma þessu máli nákvæmlega ekkert við því að um þau fer samkvæmt sérstökum lögum sem samþykkt voru á þinginu fyrir, að ég hygg, tveimur árum eða þremur og byggðu á sérstöku samkomulagi ríkis og þjóðkirkju, samkomulagi sem ég reyndar gagnrýndi á sínum tíma. En það var samþykkt á þinginu og ekki eru gerandi athugasemdir við það í bili en það snertir þetta mál ekki nokkurn skapaðan hlut.

[18:13]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að Jöfnunarsjóður sókna kemur ekki þessu máli við enda nefndi ég hann sem ákveðið dæmi.

Mig langar að vita af hverju hv. þm. tekur sóknargjöldin sérstaklega út úr samneyslunni. Ef hann hefur þessa afstöðu til sóknargjaldsins, eins og hann lýsti í ræðu sinni, getur hann þá ekki sagt með sömu rökum að að einstaklingurinn sem þarf ekki á heilbrigðisþjónustu að halda geti gert kröfu um endurgreiðslu meðalupphæðar sem fer til heilbrigðisþjónustu? Getur t.d. unglingur sem er ekki í framhaldsskóla gert kröfu á ríkið um að fá greidda þá upphæð sem nemur *ársframlagi ríkisins vegna hvers nemanda í framhaldsskóla*? Í enn einfaldara formi, afnotagjöld útvarpsins eru nokkurs konar nefskattur sem leggst á þau heimili sem eiga útvarp. Yrði hann aflagður eins og sóknargjaldið, og útvarpið yrði óbreytt en fjármagnað með skatttekjum ríkissjóðs eins og sóknargjaldið í dag, ætti þá einstaklingur sem ekki hlustar á útvarpið að fá endurgreidda upphæð sem samsvarar afnotagjöldum? Mig langar að fá svar við þessu.

[18:14]

Flm. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Ég held að hv. þm. misskilji það í lagaskoðun sinni að þegar samþykkt voru lög um staðgreiðslu opinberra gjalda og lög um sóknargjöld í framhaldi af því var ekki verið að breyta 64. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo og er ágætt að rifja það upp fyrir hv. þm. vegna þess að hún hefur unnið eið að þessari stjórnarskrá og ætti þess vegna kannski að kunna hana. Ég les 3. mgr. 64. gr., með leyfi forseta:

„Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum."

Ef hv. þm. telur að þessu hafi verið breytt með lögunum um staðgreiðslu skatta hefur hún meira hugarflug en mig grunaði. Menn hafa tæknilega ákveðið að innheimta þessi gjöld með tekjuskattinum og þar með hafa menn tekið upp lofsverða jöfnunarstefnu þannig að fyrir fátækt fólk sem ekki greiðir tekjuskatt er greitt sóknargjald í þann söfnuð sem það vill. Það þýðir hins vegar ekki það að tekjuskattsgreiðendur borgi ekki almennt sóknargjald. Það er hinn mikli misskilningur hv. þm. sem ég þakka að öðru leyti fyrir vinsamlegar ábendingar um tækniefni í þessu máli.

[18:16]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég er ávallt reiðubúin til ráðgjafar.

Hér er til umfjöllunar frv. til laga um afnám gjalds á menn utan trúfélaga. Ég hef orðið vör við ákveðinn misskilning um hvernig sóknargjald verður til og ratar leið sína til þjóðkirkjunnar, annarra trúfélaga og Háskólasjóðs. Þessi misskilningur er viðvarandi og nokkuð útbreiddur. Því vil ég rifja upp nokkur atriði þessu tengd og langar til þess að fara í söguna eins og hv. þm. Mörður Árnason, sem hann gerði á mjög skemmtilegan máta hér áðan eins og hann hefur reyndar gert fyrr.

Lögum um sóknargjöld var breytt á árinu 1987 eins og hefur komið fram og tóku gildi í ársbyrjun 1988. Fram til þess tíma voru sóknargjöld innheimt af hverjum einstaklingi yfir 16 ára aldri sem nefskattur sem ríkið stóð skil á gagnvart þjóðkirkjunni, trúfélögum og Háskólasjóði og fékk þóknun

fyrir með innheimtugjaldi. Sóknargjald hafði viðmiðun í útsvari og var 0,2–0,4%, en söknir máttu hækka viðmiðunina í allt að 0,8% af útsvari með samþykki dóms- og kirkjumrh. við sérstakar aðstæður, t.d. þegar söknir stóðu í miklum og fjárfrekum framkvæmdum.

En þessi skipan breyttist, eins og ég sagði áðan, á árinu 1987 og tók sú breyting gildi á árinu 1988 þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp. Með þeirri breytingu var sóknargjald fellt inn í tekjuskattinn ásamt ýmsum öðrum sköttum eins og t.d. sjúkratryggingagjaldi, kirkjugarðsgjaldi og fleiri álíka sköttum.

Á síðasta þingi skoðaði ég sérstaklega Jöfnunarsjóð sókna og varpaði fram fyrirspurn til dómsmrh. vegna þess. Þegar ég var að undirbúa þá fyrirspurn athugaði ég sérstaklega þá breytingu sem varð á lögum um sóknargjöld með lögum 1987. Þar á meðal las ég yfir umræður við framlagningu frv. Í framsöguræðu þáv. dómsmrh., Jóns Sigurðssonar, er sagt frá þeirri breytingu sem frv. lagði til um innheimtu sóknargjalds. Hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Meginbreytingin frá gildandi lögum, ... er sú að gjaldendur greiða nú ekki skatt sinn beint til sóknanna. Þjóðkirkjusöfnuðir, trúfélög og Háskóli Íslands, vegna þeirra manna er standa utan trúfélaga, fá hins vegar hlutdeild í hinum nýja sameinaða tekjuskatti. Þessi hlutdeild í tekjuskattinum er ákveðin í frv. í samræmi við álögð sóknargjöld á árinu 1987, en samtals nema þessi álögðu sóknargjöld rúmlega 312 millj. kr., en þau eru 299,7 millj. ef eingöngu er miðað við hinar venjulegu álagningarheimildir skv. 2. gr. gildandi laga um sóknargjöld, þ.e. þegar búið er að draga frá þá fjárhæð sem byggist á því að nýta sérstaka álagningarheimild skv. 3. gr. gildandi laga um sóknargjöld, sem er háð sérstöku leyfi dóms- og kirkjumálaráðherra."

Hér er átt við þá heimild til hækkunar sóknargjalds í allt að 0,8% af útsvari og var sú heimild nýtt í einhverjum tilvikum. Ég held þá áfram með tilvitnun í fyrrv. dómsmrh., með leyfi forseta:

„Við útreikning á hlutdeild sóknar og trúfélaga og Háskólasjóðs í hinum nýja tekjuskatti er miðað við töluna 299,7 millj. Í þá tölu er svo deilt fjölda þeirra manna sem eru 16 ára og eldri í árslok 1986. Með því er fundin ákveðin grunntala sem notuð er til þess að ákveða hlutdeild einstakra sókna, trúfélaga og Háskólasjóðsins í tekjuskattinum framvegis. Þannig mun gjaldið fylgja sjálfkrafa breytingum sem kunna að verða á fjölda þeirra manna sem náð hafa 16 ára aldri og tilheyra hverjum slíkum söfnuði. Auk þess er gert ráð fyrir því að gjaldið fylgi þeim breytingum sem verða kunna síðar á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga tveggja síðustu ára á undan gjaldári. Fjárhæðinni, sem þannig fæst, er skipt milli þjóðkirkjusafnaðanna, trúfélaganna og Háskólasjóðsins í hlutfalli við fjölda manna sem eldri eru en 16 ára í hverjum söfnuði. Þetta er einföld regla og leiðir til jöfnunar milli safnaða í landinu. Þetta mun hafa í för með sér að þeir söfnuðir þar sem tekjur eru lægri á hvern mann fá úr þessu heldur meiri tekjur. Jafnframt auðveldar þetta að sjálfsögðu söfnuðunum að áætla tekjur sínar."

Herra forseti. Á þessu má sjá að sóknargjöld voru samkvæmt eldra kerfi innheimt af sóknunum og var hlutfallið af útsvari ákvarðað af hverri sókn fyrir sig og hafði ríkið milligöngu um að innheimta þetta gjald af hverju sóknarbarni 16 ára og eldri. En þetta er sem sagt sú tilhögum sem var fyrir 1988 og ég hefði þess vegna verið tilbúin á þeim tíma og ef þetta hefði verið þannig í dag að afnema það.

Þetta þýddi að hver og einn einstaklingur greiddi til safnaðar síns í þjóðkirkju eða utan hennar ákveðinn nefskatt, sem var t.d. mörgu ungmenninu minnisstætt, því þetta voru í sumum tilvikum einu opinberu gjöldin sem viðkomandi þurfti að standa skil á. Upphæðin var mismunandi milli manna og tekjur sóknarinnar tóku því mið af tekjum sóknarbarna, en meðaltekjur gátu vissulega verið mismunandi milli sókna. Hálaunafólk greiddi hærri upphæð til sókna sinna en láglaunafólk og þeir sem voru utan trúfélaga greiddu til Háskólasjóðs.

Þegar staðgreiðslan var tekin upp hafði sóknargjaldið verið jafnað út samkvæmt þeirri reikniregla sem kom fram í framsöguræðu Jóns Sigurðssonar, þáv. dómsmrh., og sóknargjaldið greitt úr ríkissjóði í samræmi við fjölda þeirra sem voru skráðir í viðkomandi sókn eða trúfélag. Sóknargjaldið kemur því úr ríkissjóði og þótt upphæðin taki breytingum eftir meðaltekjuskattstofni, þ.e. tekur mið af launavísitölu, þá er það í raun fjármagnað af almennum skatttekjum. Til áréttingar má benda á, eins og ég sagði áðan, að ríkissjóður tekur ekki lengur gjald vegna innheimtu sóknargjalda eins og gert var ráð fyrir í fyrra fyrirkomulagi. Upphæðin í dag er um 566 kr. á fjárlögum þessa árs á mánuði á hvert sóknarbarn sem ríkissjóður skilar til viðkomandi sóknar eða trúfélags.

Þeir sem voru utan trúfélaga greiddu áður ákveðna hlutdeild af útsvari til Háskólasjóðs. Eftir breytinguna fær Háskólasjóður áfram framlög úr ríkissjóði sem byggist á sögulegum grunni, eins og ég hef sagt hér á undan. Yrði það lagt af breytti það í raun engu nema fyrir Háskólasjóð sem fengi um 70 millj. kr. lægri tekjur og ríkissjóð sem hefði 70 millj. kr. hærri tekjur til ráðstöfunar.

Þar sem sóknargjöld eru ekki lengur innheimt beint af fólki og fólk utan trúfélaga greiðir ekki lengur nein sérstök gjöld vegna þess eins að það er utan trúfélaga — það er því ekki hægt að tala um refsiskatta eða persónuleg gjöld eins og kom fram í ræðu hv. þm. áðan — þá sé ég ekki alveg hver tilgangurinn er með því frv. sem hér er lagt fram því ég lít svo á að sú breyting sem frv. er að kalla eftir hafi komið fram við breytinguna á innheimtu sóknargjalda á sínum tíma.

Ég hef því bara þetta ímyndunarafl, hv. þm., og tel mig hafa fengið staðfestingu á því, m.a. með viðræðum mínum við fjmrn. að innheimta sóknargjalds fari inn í gegnum almenna skattheimtu eins og önnur samneysla. Sú breyting á lögum sem kveðið er á um að heimilt sé að gera í 64. gr. stjórnarskrárinnar, sem ég hef vissulega undirritað eið að eins og hv. þm., hefur þegar verið gerð. Einstaklingur utan trúfélaga innir því ekki af hendi nein sérstök gjöld, persónuleg gjöld, eða refsiskatt til trúfélaganna, frekar en að hann greiðir sérstök gjöld til sjúkratrygginga eða kirkjugarðanna eða slíks. Þetta fer beint úr ríkissjóði.

Einnig má ljóst vera að einstaklingur sem greiðir ekki tekjuskatt leggur ekki inn fyrir sóknargjaldi, hins vegar greiðir hann að sjálfsögðu skatta gegnum t.d. virðisaukann og leggur þannig fram fé í ríkissjóð til þess að standa undir samneyslunni og samneyslan er m.a. rekstur trúfélaga og Háskólasjóðsins.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum mínum fram, hugleiðingum mínum um þetta þannig að skoðun mín sé þá skráð hér. Ég tel mig hafa lagt hana fram á mjög faglegan og efnislegan máta.

[18:25]

Flm. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Ég þakka fyrir þennan langa fyrirlestur. En misskilningur hv. þm. verður ekkert skárri þótt hann sé fluttur í löngu máli en hann var þegar hann var fluttur í stuttu máli. Það er misskilningur að þó að sóknargjaldið hafi hvað innheimtu varðar verið fellt inn í tekjuskattinn þá hefur það ekki þar með verið lagt niður.

Ég ætla nú að hlífa þingheimi við því að lesa enn úr 64. gr. stjórnarskrárinnar það sem ég las úr henni. En það er fróðlegt að virða fyrir sér lög um sóknargjöld o. fl., sem sé um það sem greinilega ekki er til samkvæmt orðum hv. þm. Í þeim segir, eins og ég held að hv. þm. hafi sjálf nefnt:

„Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:“

Síðan eru töluliðir um þá ákvörðun, 400,24 kr. á árinu 1997 er ég með hér í minni útprentun, sem nú er 566,05 kr., að ég held. Þetta gjald hverfur ekkert. Frv. gerir einmitt ráð fyrir því að þetta gjald sem tekið er af þeim sem borga fullan tekjuskatt, og síðan minna væntanlega af þeim sem borga einhvern hluta tekjuskatts, sé endurgreitt einstaklingunum sem greiða, í staðinn fyrir að renna til sjóðs upp í Háskóla Íslands. Þessu er hægt að breyta með lögum eins og segir í stjórnarskránni og það eru þau lög sem hér um ræðir.

[18:26]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú viðmiðun sem kemur fram í lögunum og breytist árlega með hliðsjón af launavísitölu er ákveðin viðmiðun sem ríkið hefur til þess að uppfæra þessa upphæð. Þetta er, eins og hv. þm. las upp úr lögum um sóknargjöld, ákveðin hluteild í tekjuskatti og tekjuskatturinn er eingöngu notaður sem ákveðin viðmiðun til þess að finna meðaltekjuskattsstofn.

Við getum svo sem þráttað um þetta fram og til baka og kannski væri ágætt að fá lögfræðilegt álit um þetta. Sjálfsagt munum við þegar frv. kemur til allshn. fá álit lögfræðinga á því hvor skilningurinn sé réttur.

Ég árétta það að einstaklingur sem borgar ekki tekjuskatt leggur náttúrlega ekki inn fyrir sóknargjaldinu. Ég segi því aftur eins og ég sagði áðan að ég átta mig þá ekki á hvað eigi að endurgreiða. Þetta er eins og með afnotagjaldið. Ef afnotagjald útvarps yrði lagt niður, og útvarpið fjármagnað með skatttekjum, þá getur enginn gert endurkröfu á afnotagjald sem var hugtak einu sinni — þess vegna gæti afnotagjaldið verið sett inn í til þess að hækka tekjuskattinn á sama máta — þá mundi enginn geta gert kröfu um það að fá afnotagjaldið endurgreitt bara vegna þess að hann á ekki útvarp. (Gripið fram í.) Þetta er hluti af samneyslunni. Skatttekjur eru notaðar til þess að borga heilsugæsluna, menntunina o.s.frv. (Gripið fram í.) og sóknargjöldin.

[18:28]

Flm. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Satt að segja nenni ég ekki að standa í þessari umræðu við hv. þm. um tæknilega hluti. Það er auðvitað ekki þannig að sóknargjöldin séu hluti af samneyslunni. Það kveður á í stjórnarskránni um að þau eru sérstakur virðingarvottur og aðstoð ríkisvaldsins til þjóðkirkjunnar og annarra skráðra trúfélaga. Hinar tæknilegu breytingar sem gerðar voru á staðgreiðsluskattinum á sínum tíma og voru ekki fluttar til þess að breyta 64. gr. stjórnarskrárinnar og þær jöfnunaraðgerðir sem teknar voru upp í leiðinni sem þýddu það, eins og hv. þm. hefur skilið, að fyrir þá sem ekki borga tekjuskatt borga aðrir tekjuskattinn til viðkomandi sóknar, þýða auðvitað ekki að sóknargjöldin séu með sama hætti orðin almenn skattheimta eins og annar tekjuskattur. Það yrði nú upplit á ýmsum ef Ásatrúarsöfnuðurinn, Moskvu-patríarkafélagið og önnur slík félög teldust til samneyslu á Íslandi. Það er auðvitað gjörsamlega fráleitt, ágæti og virðulegi forseti.

[18:30]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur kallað eftir efnislegri umræðu um þetta mál. (**MÁ:** Til hennar hefur ekki komið.) Henni hefur verið haldið á lofti. Efnislegri umræðu hefur verið haldið á lofti.

Hv. þm. sakaði mig um orðhengilshátt í útvarpsviðtali fyrir tæpri viku. Nú er ég í efnislegri umræðu og þá segir þingmaðurinn: Ég nenni ekki að taka þátt í þessu. Ég segi þá bara: Segjum tvö. Ég nenni því ekki heldur.

[18:30]

Flm. (Mörður Árnason):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ástu Möller að ég óskaði í útvarpssamtali og örlítilli blaðagrein eftir því að hafin yrði efnisleg umræða um málið. Ég hlakkaði líka til þeirrar umræðu á mánudaginn þegar ég kynnti breytingu sem ég og við flutningsmenn gerðum að ábendingu Ástu Möller sem við höfum þegar þakkað henni fyrir.

Sú efnislega umræða er ekki hafin. Hv. þm. virðist halda sig við misskilning sem virðist sprottinn af þrálestri hennar, ógagnrýnum, á þeim plöggum sem hér er um að ræða. Ég harma það vegna þess að þetta mál er þess eðlis að það verðskuldar efnislega umræðu.

Þær breytingar sem hér er verið að leggja til eru þess eðlis að þær varða mannréttindi og grundvöll lýðræðisskipunar okkar, þó litlar séu, og eiga ekki að enda undir fjöðrum sem þyrlað er upp í einhvers konar foki, af ástæðum sem mér eru fullkomlega óskiljanlegar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–17. mál.

Fundi slitið kl. 18:33.

74. FUNDUR

mánudaginn 11. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Iðnaðarlög, stjfrv., 137. mál, þskj. 734. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192, nál. 523, frhnál. 728. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Samningsbundnir gerðardómar, stjfrv., 203. mál, þskj. 228, nál. 729. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Getraunir, stjfrv., 314. mál, þskj. 390, nál. 745. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Hafnalög, stjfrv., 386. mál, þskj. 640. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Áhugamannahnefaleikar, frv., 39. mál, þskj. 748, brtt. 772. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Þingsköp Alþingis, frv., 119. mál, þskj. 119. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Barnalög, frv., 125. mál, þskj. 125. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Áfengislög, frv., 126. mál, þskj. 126. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, frv., 417. mál, þskj. 676. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 120. mál, þskj. 120. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, þáltill., 430. mál, þskj. 691. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2000. — Frh. einnar umr.
15. Starfsemi Byggðastofnunar og framvinda byggðaáætlunar, munnleg skýrsla iðnaðarráðherra. — Frh. einnar umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Fangastoð, hagsmunafélagi aðstandenda fanga á Íslandi.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir á sjúkrahúsum og utan þeirra, 329. mál, svar heilbrrh., þskj. 718.

Almenn hegningarlög, 491. mál, frv. EKG og ÖS, þskj. 778.

Almenn hegningarlög og lögreglulög, 494. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 784.

Flutningur veiðiheimilda fiskveiðiárin 1996/1997 til 2000/2001, 360. mál, svar sjútvrh., þskj. 692.

Kyn- og tekjudreifing framteljenda, 367. mál, svar fjmrh., þskj. 766.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 493. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 783.

Verndun hafs og stranda, 492. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 782.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingsályktunartillaga um stefnu í byggðamálum 2002–2005.

[15:03]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til að kveðja mér hljóðs um störf þingsins í upphafi þingfundar til að ræða um till. til þál. í byggðamálum fyrir árin 2002–2005, sem ekki hefur verið lögð fram á Alþingi en var kynnt á blaðamannafundi sl. föstudag af hæstv. iðnrh., sem jafnframt er ráðherra byggðamála, í Ráðherrabústaðnum í Reykjavík. Það var út af fyrir sig ákaflega táknrænt að halda blaðamannafundinn á þeim stað vegna þess að það hús var flutt frá Sólbakka við Önundarfjörð og hingað til Reykjavíkur.

Sú tillaga sem hæstv. iðnrh. kynnti þar er komin á vefsíðu iðnrn. á netinu. Þar getum við þingmenn fengið að sjá þessi gögn eftir að okkur hefur verið bent á þau af mönnum úti í bæ. Sem dæmi um það hvernig þarna er að verki staðið má nefna að þar kemur fram að þetta sé „Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005." — Síðan segir í sviga þar undir: „Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2001–2002". Nú er því löggjafarþingi lokið og við erum á 127. löggjafarþingi. Þetta er eitt dæmið um hvernig að þessu máli er staðið.

Jafnframt vil ég, hæstv. forseti, spyrjast fyrir um það, vegna þess að síðast á dagskrá í dag er umræða um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar út af munnlegri skýrslu iðnrh., sem hófst fyrir jól og var þá frestað. Tíu hv. þm. eru þar á mælendaskrá og óneitanlega mun sú áætlun sem hér hefur verið kynnt á netinu koma þar til umræðu.

Ég vildi spyrja hæstv. forseta þingsins um hvernig í ósköpunum við eigum að geta rætt þetta og hvort við alþingismenn verðum að búa okkur undir það núna að fylgjast með störfum ráðuneyta á netinu.

[15:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég á svolítið erfitt með að átta mig á vandamálinu. Ég tel það ekki gagnrýnisvert þó að alþjóð fái að sjá þær tillögur sem ríkisstjórnin vill leggja fram í byggðamálum. Það að þær voru kynntar í Ráðherrabústaðnum finnst mér ekki vera ástæða til umræðu utan dagskrár á Alþingi. Ég undrast það ef hv. þm. ætlar að gera þetta að aðalatriðinu ... (**SJS:** Hvað er það?) Hæstv. forseti. Er það orðið regla að kallað sé fram í af fremsta bekk?

(**Forseti** (HBl)**:** Það hefur færst í vöxt.)

Það sem ég tel aðalatriðið — ég held að við séum alveg sammála um það, ég og hv. þm. — er að hér fari fram málefnaleg umræða á Alþingi um byggðamál þegar þessi þáltill. kemur fram og verður sett á dagskrá. En hún er ekki á dagskrá í dag. Þó að hér verði rædd skýrsla Byggðastofnunar í dag vil ég vara hv. þm. strax við og segja: Það verður ekki umræða um hina nýju till. til þál. um byggðamál vegna þess að hún er ekki á dagskrá.

[15:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Kristjáns Möllers í athugasemdum hans til stjórnar þingsins varðandi vinnulag við kynningu og meðferð á byggðaáætlun.

Samkvæmt lögum, að því er ég best veit, ber iðnrh. að leggja fram þáltill. um byggðaáætlun til næstu fjögurra ára fyrir Alþingi. Það er Alþingi sem fer í gegnum þá áætlun. Nú upplýsist það að hæstv. iðnrh. hefur lagt fram byggðaáætlun fyrir fjölmiðla. Hún telur það hinn rétta vettvang til að leggja fram byggðaáætlun og kynna það síðan á netinu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að spyrja: Í hvaða stöðu er þessi þáltill. um stefnu í byggðamálum? Er þetta bara kynningarplagg, sem finna má á netinu? Er búið að kynna þetta fyrir þingflokkum stjórnarflokkanna og eru þeir búnir að fjalla um hana og samþykkja hana? Megum við kannski vænta þess að þegar þessi tillaga um byggðamál kemur fyrir Alþingi þá verði enn búið að breyta henni? Hver er staða þessa máls núna?

Eða er þetta sá háttur sem á að vera á, að þingmál séu fyrst kynnt í fjölmiðlum og síðan borin inn í þingið? (**Gripið fram í:** Með netið á milli.) Já, með netið á milli.

Hitt er svo líka athyglisvert að skýrsla Byggðastofnunar, sem var til umræðu á síðasta ári, var skýrsla fyrir árið 2000, virðulegi forseti. Hvenær verður þá gefið svigrúm fyrir hæstv. iðnrh. til að flytja skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar fyrir árið 2001, virðulegi forseti?

[15:09]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hvert er vandamálið, spyr hæstv. iðnrh. Ég get svarað því. Vandamálið er að hæstv. ríkisstjórn hirðir ekki um að gera hlutina eins og á að gera þá. Það er t.d. þannig að sú byggðaáætlun sem menn ætla e.t.v. að ljúka umræðu um í dag gilti einungis út árið 2000. Það hefur ekki legið meira á að vinna þessi mál áfram en svo að sú áætlun sem hefði með réttu átt að gilda frá árinu 2001 og áfram er ekki enn komin fram. Sú heitir nú reyndar Byggðaáætlun fyrir árið 2002 og áfram til 2005.

Þetta er auðvitað vandamálið, herra forseti, og sýnir kannski í hnotskurn hverrar virðingar byggðamálin njóta hjá hæstv. ríkisstjórn. Ef það má ekki lesa það út úr þessu þá veit ég ekki hvað mundi sýna það betur.

Það er athyglisvert að skoða, í ljósi þess hvernig þetta mál hefur borið að, þ.e. tillagan er kynnt fyrst í fjölmiðlum og síðan á neti iðnrn., hvaða stöðu þetta mál hefur. Ég átti satt að segja von á að þingskjal lægi á mínu borði og hefði gert það frá því á fimmtudaginn en svo er ekki. Hvaða stöðu hefur þetta mál? Er þetta mál enn þá í ákvarðanaferli innan þingflokkanna eða má treysta því að sá texti, sem einhverjir þingmenn eru búnir að sækja sér inn á netið, sé sá sem endanlega verður? Má kannski ætla að þær tillögur sem ráðherra kynnti í fjölmiðlum hafi bara verið tillögur ríkisstjórnar en geti hugsanlega breyst í meðförum þingflokka? Eða við hverju megum við búast á hinu háa Alþingi þegar kemur að byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar?

[15:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Byggðaumræðan sem er á dagskrá dagsins í dag gæti orðið svolítið vandræðaleg ef þeir þingmenn sem hafa verið svo óheppnir að lesa það sem er á netinu eiga að gleyma því sem þeir sáu þar, því að ekki má ræða hana samkvæmt því sem hæstv. ráðherra sagði áðan. Þetta er býsna vandræðalegt allt saman. Það sem sjá mátti á netinu undir vitlausu ártali, til hvers bendir það? Bendir það ekki til þess að hæstv. ráðherra hafi býsna lengi verið að hnoðast með það sem stendur í þessu plaggi og hafi ekki komið því fram? Af hverju hleypur ráðherra með málið í fjölmiðla áður en hún fær það samþykkt í ríkisstjórninni? Eru það enn nýjar aðferðir? (**Iðnrh.:** Hún er búin að fá það samþykkt þar.) Hæstv. ráðherra er búin að fá þetta samþykkt í ríkisstjórninni en hélt hún ekki blaðamannafundinn áður? Það voru fréttir af því alla vega. Þær eru kannski rangar, kannski hefur eitthvað lekið út.

Ég segi bara, hæstv. forseti, að mér finnst þetta hið vandræðalegasta mál. Ég tel að umræðan sem verður á eftir muni auðvitað snúast um það sem menn hafa verið að lesa á netinu þó ekki sé búið að dreifa þessu plaggi í þinginu. Um það er svo sem ekkert nema gott að segja. Þannig verður það þá að vera. En ég spyr, hæstv. forseti: Hvenær er gert ráð fyrir því að hin eiginlega tillaga verði rædd í þinginu? Er eitthvað farið að velta því fyrir sér, þannig að þingmenn geti áttað sig á því hvernig þeir vilja skipta ræðutíma sínum og kröftum í það sem er fram undan í þessum málum? Ég held að það væri ágætt að fá upplýsingar um það.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. á að vera kunnugt um að mál eru ekki rædd í þinginu fyrr en þau hafa verið fyrir það lögð.)

[15:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst yfirlýsing hæstv. iðn.- og viðskrh. hér áðan nokkuð einkennileg. Í dag þegar við tökum byggðamál til umræðu megum við þingmenn ekki ræða það sem verið hefur í fréttum um helgina. Ég verð bara að lýsa því yfir að ég ætla ekki að una neinum afarkostum ráðherrans um hvað ég ræði í ræðustól á hv. Alþingi.

Stefnuna í byggðamálum á að kynna á Alþingi og það er auðvitað vandi þessarar ríkisstjórnar og ráðherrans að hann skuli alltaf vera á eftir tímanum og við séum alltaf að ræða stöðu mála tveimur og þremur árum á eftir því sem ætti að vera.

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að það séu full tilefni til þess að ræða þessa sérkennilegu stöðu og þetta óvenjulega verklag sem hæstv. ráðherra hefur haft í þessu máli. Kynningin á hinni nýju byggðaáætlun hefur verið afar skrautleg. Hæstv. ráðherra hefur miðlað í fjölmiðla smáskömmtum, svona einum og einkum konfektmola innan úr. Síðan er kakan í heild sinni komin á netið áður en, að sögn, þetta hefur fengið formlega afgreiðslu í báðum þingflokkum stjórnarliðsins. Ég spyr: Er ekki staða málsins enn þá sú að þetta sé ekki afgreitt, a.m.k. úr öðrum þingflokki stjórnarinnar?

Hér stendur yfir umræða um skýrslu iðnrh. um málefni Byggðastofnunar og framgang byggðaáætlunar fyrir árið 2000. Hún komst aldrei að á árinu 2001. Ráðherra hafði sig lokst í það í nóvember eða í desember að flytja framsöguræðu. Þá komust nokkrir menn að og svo var því máli frestað. Nú er komið árið 2002. Þá er enn verið að ræða skýrsluna fyrir árið 2000, en hvenær á að ræða 2001? Svo er nýju byggðaáætluninni lekið í fjölmiðla og komin í netið, áætlunin sem átti að ganga í gildi 1. janúar 2002. Hún er

núna í uppnámi eða a.m.k. kynningin á henni, með þessum hætti.

Það hlýtur að vera eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða stöðu hafa þessar tillögur nú? Auðvitað er óhjákvæmilegt að þetta blandist saman í almennri umræðu um byggðamál sem skýrslur af þessu tagi hljóta eðli málsins samkvæmt að hafa áhrif á. Það er afar erfitt að aðgreina það sem liðið er, það sem er í núinu og það sem fram undan er í þessum efnum.

Herra forseti. Mergurinn málsins er þó sá að það veitir sannarlega ekki af að Alþingi láti þessi mál til sín taka. Þvílíkt sleifarlag í verklagi sem við höfum fyrir okkur gefur sjálfu sér falleinkunn ef svo má segja, að allir hlutir skuli vera hér langt á eftir ætlun og birtast mönnum í skötulíki.

[15:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Þetta er býsna sérkennileg umræða vegna þess að við höfum hlustað á stjórnarandstöðuna sinn eftir sinn þar sem hún eru að auglýsa eftir því hvort þessi tiltekna þáltill. eigi ekki að fara að líta dagsins ljós. Enn halda menn áfram.

Ég skildi ekki til fullnustu ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristjáns Möllers. Ég skildi hann svo að hann væri að mótmæla því að hér í fyrndinni hafi verið flutt hús frá Flateyri og gert að ráðherrabústað þar sem þetta hafi verið kynnt. Síðan gat ég líka lesið það út úr ræðu hans að honum þætti heldur miður að ráðherrar og þingmenn skyldu nota netið til að upplýsa um hvað væri á döfinni.

Ég held að þetta sé nútímalegur háttur að nýta sér þá tækni. Ég held að við ættum frekar að fagna því að nú er þessi umrædda þáltill. brátt að líta dagsins ljós. Ef við eyðum tímanum mjög lengi í að ræða það hvort hún sé að koma eða hvenær verði rætt um hana þá gerist nú lítið hér í þinghúsinu.

[15:18]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Enn hef ég ekki fengið svar við þeirri fyrirspurn minni hvort þetta teljist eðlileg vinnubrögð og vil ítreka spurningu mína til hæstv. forseta Alþingis um hvaða leið eigi að nota — ég er ekki mjög þingreyndur maður — til að koma þingskjölum hér inn. Er sem sagt nútíminn kominn það vel hér inn — það væri út af fyrir sig ágætt en ég held að þá þurfi að breyta þingsköpum — að við getum hér á Alþingi rætt um netútgáfu byggðaáætlunar (Gripið fram í.) frá ráðuneytinu sem lögð var fram á 126. löggjafarþingi, eins og segir á titilsíðu, forsíðunni? Ég spyr hvort svo sé.

Af því að hér var tekist dálítið á um þingsköp í síðustu viku og ég tók eftir því að ef menn fara út fyrir sviðið og ræða mál sem eru ekki á dagskrá þá megi víta þingmenn, þá spyr ég nú í öðru lagi: Ef ég vogaði mér að ræða þessa netútgáfu byggðaáætlunar í umræðu sem verður hér síðar í dag, t.d. um að ég tel að ekki sé tekið á málefnum Vestfjarða í henni, gæti ég þá átt á hættu að vera skammaður hér af þeim forseta sem þá stjórnar fundi fyrir að ræða mál sem ekki er á dagskrá þó það sé komið á netútgáfu iðnrn.?

Og bara rétt í lokin, herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði áðan að þessi byggðaáætlun væri ekki á dagskrá í dag, eins og tilkynnt var. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst alveg með ólíkindum hvernig ráðherrar ætla hér að umgangast Alþingi og okkur þingmenn varðandi þessi mál. Svo ítreka ég spurningu mína sem ég lagði hér fram áðan: Eru þetta eðlileg vinnubrögð og leyfist okkur að ræða þessa netútgáfu í dag eða ekki?

[15:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að þessu gefna tilefni vil ég taka fram að um framlagningu og meðferð þingmála fer að þingsköpum.

[15:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég átta mig eiginlega ekki á vandamálinu. Mér finnst þetta vera þras um aukaatriði. Er ekki aðalatriðið það sem stendur í þessari byggðaáætlun? (Gripið fram í.) Þetta er nú allnokkuð lesefni. Ef svo skyldi vera að hv. þm. hefðu aðgang að netinu þá gætu þeir kannski notað næstu daga þar til plagginu verður dreift hér — ég býst við að allir vilji setja sig vel inn í þetta mál — og kynnt sér þessa tillögu.

Hins vegar mun tillagan koma hér á dagskrá þegar hún hefur verið afgreidd frá þingflokkum stjórnarflokkanna og þá vonast ég svo sannarlega til þess að hér verði málefnaleg umræða um þessi mikilvægu mál í stað þess að þrasa hér um einhver aukaatriði. Ef hv. þm. hafa svona gaman af því að rangt ártal skyldi hafa slæðst inn á netið þá verði þeim bara að góðu. Mér finnst þetta vera einkennileg umræða og óþörf. Aðalatriðið er að við erum u.þ.b. að leggja hér fram byggðaáætlun sem mikið hefur verið kallað eftir en í staðinn fyrir að gleðjast yfir því að hún er komin fram, þá er ekkert nema þras.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sala Landssímans.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Framhaldssagan um einkavæðingu Landssímans heldur áfram, farsinn, mundu nú sjálfsagt einhverjir orða það. Manni dettur stundum í hug af því að hæstv. forsrh., sem ég beini máli mínu til, er nú skáld og rithöfundur, að þetta sé á góðri leið með að verða einhvers konar bastarður af gríska harmleik og ærslaverki eftir Dario Fo, þessi einkavæðingarsorgarsaga Landssímans. Ég veit svo sem ekki hvernig slíkt afkvæmi mundi beinlínis líta út ef það holdgerðist einhvern tíma.

En þessi ósköp halda áfram og síðast spilaði hæstv. forsrh. því út allt í einu og óvænt í viðtölum við fjölmiðla í morgun — eða það var vitnað til þess í fréttum Ríkisútvarpsins í morgun — að ólíklegt sé jafnvel að af sölunni verði „í þessum áfanga“, eins og það er orðað.

Með leyfi forseta, er haft eftir forsrh. í fréttum:

„Það eru nú ekki að mínu viti miklar líkur á því að seljum Símann í þessum áfanga. Við viljum ekki selja hann nema fá gott verð. Ég er ekkert bjartsýnn á það að það gerist í þessum áfanga en það er allt saman opið áfram og menn halda utan um það. En ég mundi frekar telja það ólíklegt að það dæmi gengi fram.“

Síðan er talað um að ef ekki verði af sölunni þá séu nú önnur ráð til.

„Nú ef að salan gengur ekki fram þá fara menn bara í að styrkja fyrirtækið og láta það ganga í gegnum nauðsynlega endurskoðun.“

Herra forseti. Hér virðist örla á því að málin gætu jafnvel verið að taka meiri háttar kúvendingu. Í staðinn fyrir einkavæðinguna sem hefur verið algjört trúaratriði stjórnarflokkanna gefur hæstv. forsrh. núna upp boltann með þann möguleika að e.t.v verði þessu öllu slegið á frest, farið í endurskipulagningu fyrirtækisins, það styrkt og rekið áfram. Væri nú betur að ríkisstjórnin rambaði inn á það spor og væri þá frekar hægt að hafa einhvern pólitískan frið um þetta fyrirtæki.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann geti talað eilítið skýrar í þessu máli.

[15:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér fannst nú þau orð sem hv. þm. vitnaði til vera nokkuð skýr og vera í samræmi við það sem ég sagði hér í umræðum á dögunum, að það væri viðhorf stjórnarflokkanna að við teldum æskilegt að selja Símann, en þó einungis ef gott og sanngjarnt verð fengist fyrir hann. Við höfum ekki enn þá fengið þannig tilboð. Þess vegna finnst mér vera meiri líkur á því en minni að sala á Símanum gangi ekki fram í þessum áfanga. Mér finnst þetta vera afskaplega skýrt og í samræmi við það sem ég sagði hér í umræðum á dögunum þegar málefni Símans voru til umfjöllunar.

Ef það dregst þá halda menn eingöngu áfram við að vinna að málefnum þess fyrirtækis. Það má út af fyrir sig velta fyrir sér öðrum hlutum sem hafa komið fram í söluferlinu, hvort skynsamlegt sé að taka meiri fjármuni út úr Símanum til ríkisins áður en hann verður seldur. Þau sjónarmið hafa verið uppi í tengslum við söluferlið og margt annað þess háttar kemur auðvitað til athugunar og skoðunar, en það verður stjórnar Símans og forráðamanna Símans í samráði við samgrh. að huga að þeim málum en ekki einkavæðingarnefndar. Engu að síður er þannig á málum haldið að Síminn út af fyrir sig getur verið áfram til sölu ef haldgóð, hagfelld og hagstæð tilboð berast.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin en þau bættu kannski ekki miklu við það sem hann hafði þegar látið frá sér fara. Maður gefur sér þegar hæstv. forsrh. hefur uppi ummæli af því tagi að ríkisstjórnin hafi setið á rökstólum um þessi mál, að eitthvað sé á bak við það mat hæstv. forsrh. að nú séu líkur mjög minnkandi á því að Síminn seljist í þessum áfanga, eins og það er orðað.

Það getur ekki verið æskilegt að endalaus óvissa ríki um framtíð þessa fyrirtækis. Ég leyfði mér því að lesa milli línanna eða vonaðist til þess að lesa mætti milli línanna, þar sem forsrh. talar um að snúa sér að því að styrkja fyrirtækið og láta það ganga í gegnum nauðsynlega endurskoðun, að ríkisstjórnin væri að endurmeta málið og þá með það í huga að eyða óvissu um framtíð þessa fyrirtækis e.t.v. til næstu tveggja ára eða svo. Það er algjörlega augljóst að það er ekki gott fyrir starfsemi fyrirtækis eða stjórnun þess að menn séu í hengjandi óvissu dag frá degi um framtíð sína.

Ég hvet hæstv. ríkisstjórn eindregið til þess að endurmeta þetta mál frá grunni og móta stefnu til einhvers tíma í senn um framtíð og eignarhald þessa fyrirtækis þannig að það hangi ekki endalaust í lausu lofti.

[15:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að nauðsynlegt er að ríkisstjórnin fylgist með málinu frá degi og dags og það hefur hún gert. Þetta er sameiginleg skoðun stjórnarflokkanna og margoft hefur komið fram að fyrirtækið verði ekki selt nema viðunandi verð fáist fyrir það. Eins og staðan er í dag horfir ekki til þess að viðunandi verð fáist í þessum áfanga. Það er ekki endanlega útséð en til þess horfir ekki. Það eru þær upplýsingar sem ég gaf og eru sannleikanum samkvæmar og er ríkisstjórninni fullkunnugt um það.

[15:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem ég vildi fá að heyra í viðbót er þá að verði niðurstaðan sú, sem væntanlega skýrist á allra næstu dögum eða vikum í ljósi þess að þessum þreifingum við tvo aðila hefur ekki verið formlega slitið enn þá, þó að maður skilji þetta þannig að ekki séu bundnar miklar vonir við að þær skili niðurstöðu og að af sölu verði, má þá vænta þess að þessi áform verði lögð á ís til einhvers tíma þannig að fyrirtækið fái örlítinn frið, örlítið andrými til að endurskipuleggja sig og núverandi stjórnendur þess hafi þá fast land undir fótum, t.d. næstu eitt til tvö árin? Ærin eru verkefnin við að halda áfram að byggja upp fjarskiptakerfið í landinu og sinna þeim skyldum sem þetta fyrirtæki þarf og á að gera.

Ég vek líka athygli á og spyr um þau orð hæstv. forsrh. að það sé mat ríkisstjórnarinnar að Síminn eigi fremur eftir að hækka í verði, að hann sé sem sagt í raun og veru á undirverði eins og málin standa. Eru það þá ekki líka rök fyrir því að ákveða bara hér og nú eða í kjölfar þess að niðurstaða liggur fyrir í núverandi þreifingum og hún verður neikvæð eins og allt bendir til, að þá verði þetta mál lagt til hliðar um eins til tveggja ára skeið?

[15:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þau orð sem hv. þm. vitnaði til síðast af minni hálfu þýða að við teljum að Síminn hafi verið mældur á sanngjörnu verði. Þó að slík tilboð hafi ekki komið vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í veröldinni teljum við að Síminn hafi ekki verið of hátt metinn. Við teljum þvert á móti að hann hafi verið metinn af sanngirni. Þess vegna höfum við ekki viljað fallast á neinn afslátt af þeim tölum. Við höfum verið algjörlega fastir í því að veita ekki neinn afslátt af þeim tölum, af því að við teljum að Síminn hafi í upphafi verið rétt metinn.

Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það að fresta varanlega sölumeðferð á Símanum í eitt eða tvö ár eða þess háttar. Engin slík ákvörðun hefur verið tekin og áður en hún verður tekin verður hún rædd af einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar og samgrh.

Samkeppnisstofnun.

[15:30]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Í yfirlýsingu frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna segir að leggja beri Samkeppnisstofnun niður, að völd embættismanna hennar séu óhófleg og styðjist ekki við efnahagsleg rök.

Það hefur vakið athygli mína að jafnan þegar hæstv. forsrh. ræðir verðlags- og samkeppnismálefni lætur hann hjá líða að taka afstöðu til aðgerða Samkeppnisstofnunar sem markað hafa tímamót í því skyni að sporna gegn fákeppni og einokun. Mikilvægt er að afstaða hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórnar til Samkeppnisstofnunar sé skýr. Því spyr ég:

Er hæstv. forsrh. sammála yfirlýsingu Sambands ungra sjálfstæðismanna um að leggja beri Samkeppnisstofnun niður og sammála þeim röddum efasemda úr þingflokki Sjálfstfl. sem borist hafa hingað inn í þingsali?

Ég spyr einnig: Er hæstv. forsrh. hlynntur því að Samkeppnisstofnun fái rýmri heimildir til verka eins og að skipta upp markaðsráðandi fyrirtækjum?

[15:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta voru margar spurningar. Ég er ekki viss um að ég hafi numið þær allar. Samkeppnisstofnun var komið á laggirnar af Alþingi fyrir tilstuðlan ríkisstjórnar sem ég veitti forstöðu. Ég stóð að því og stend að því máli enn þann dag í dag. Ég er ósammála þeim ályktunum sem var vitnað til, af hálfu ungra sjálfstæðismanna. Það var fyrsta spurningin.

Varðandi hitt, hvort Samkeppnisstofnun sé hafin yfir gagnrýni, þá er ég ekki þeirrar skoðunar. Það er afar þýðingarmikið að hún í sínu mikla og mikilvæga verkefni hafist jafnan að þannig að það sé hafið yfir tortryggni. Það tel ég vera rétt og skynsamlegt.

Ég var fylgjandi því að völd Samkeppnisstofnunar yrðu aukin. Það var gert. Ég var fylgjandi því og það var samþykkt hér á þinginu. Ég hef sagt opinberlega að ég telji að ef aðili er kominn með markaðsráðandi stöðu, til að mynda 60% á matvælamarkaði í einhverju landi, og það komi fram að slík yfirburðaaðstaða hafi verið misnotuð þá hljóti ríkisstjórn og þing að velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að tryggja að hægt sé að breyta slíkri stöðu.

Því hefur verið til svarað að það kynni að brjóta í bága við stjórnarskrána. Ég hef efasemdir um þá túlkun vegna þess að slíkar heimildir eru víða til í lögum í kapítalískum þjóðfélögum, sem svo eru kölluð, sem búa við stjórnarskrá sem mjög er svipuð íslensku stjórnarskránni. Þess vegna tel ég að það væri undarlegt ef það mundi brjóta í bága við íslenska stjórnarskrá. Þá er ég auðvitað ekki að tala um að slík lög mundu beinast að einstöku fyrirtæki heldur yrðu þau að vera með almennum hætti sett en þó hægt að brúka þau í tilfellum eins og þessum.

[15:33]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Það liggur ljóst fyrir af svörum hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin styður Samkeppnisstofnun. Eigi að síður liggur ljóst fyrir að það er ágreiningur í Sjálfstfl. um Samkeppnisstofnun. Samband ungra sjálfstæðismanna hefur markað sér sérstöðu og það hafa ýmsir þingmenn Sjálfstfl. líka gert, t.d. hv. þm. Vilhjálmur Egilsson.

Af svari hæstv. forsrh. skil ég að búast megi við því að hæstv. ríkisstjórn muni gefa Samkeppnisstofnun heimild til að grípa inn í þróun mála ef markaðsráðandi staða fyrirtækja er orðin slík að þeim þurfi að skipta upp. Ég skildi svar hæstv. ráðherra með þeim hætti.

[15:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. hafði ekki leyfi til að skilja svarið með neinum öðrum hætti en þeim sem það var sagt. Ég lýsti persónulegri skoðun minni á þessu efni og hef lýst henni áður. Það mál hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn og engin ríkisstjórnarsamþykkt verið gerð um það efni.

Ég met störf Samkeppnisstofnunar mikils. Ég tel hana mjög mikilvæga stofnun. Hún þarf engu að síður að fara að lögum eins og aðrar stofnanir og sumir segja jafnvel að stofna ætti aðra Samkeppnisstofnun til að veita hinni fyrri heilbrigða samkeppni.

Endurskoðun EES-samningsins.

[15:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Í Fréttablaðinu í morgun mátti lesa að hæstv. utanrrh. leggur áherslu á að gera úrslitatilraun til að ná fram breytingum á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þrátt fyrir tregðu innan Evrópusambandsins, óblíðar viðtökur sem málið fékk, samanber fréttir í síðustu viku, og litlar undirtektir Norðmanna sem standa eins og við utan Evrópusambandsins en þora ekki að leita eftir því að taka upp samninginn.

Utanrrh. hefur á Alþingi lýst veikleikum EES-samningsins í breyttu samkeppnisumhverfi eftir stækkun Evrópusambandsins og þýðingu þess fyrir okkur Íslendinga að fá samninginn uppfærðan. Við í Samfylkingunni höfum stutt þessi áform hæstv. utanrrh. En að gefnu tilefni spyr ég hæstv. utanrrh.: Var samstaða í ríkisstjórninni um að leita eftir endurskoðun eða uppfærslu á EES-samningnum? Hvaða forsendur lágu að baki þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að óska endurskoðunar á EES-samningnum?

Herra forseti. Hver voru þau markmið sem ríkisstjórnin hugðist ná með hugsanlegum lagfæringum á EES-samningnum?

[15:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hvorki íslenska ríkisstjórnin né sú norska hefur óskað eftir formlegri endurskoðun á EES-samningnum. Það sem gerst hefur er að úttekt um samninginn liggur fyrir af hálfu EFTA-þjóðanna þar sem fram kemur að samningurinn sé að sjálfsögðu miðaður við það ástand sem var hjá Evrópusambandinu þegar hann var gerður, fyrir um 10 árum, en ekki við aðstæður í dag.

Síðan hefur margt breyst. Evrópusambandið hefur t.d. tekið upp ný samstarfssvið sem samningurinn nær ekki til. Evrópusambandið hefur líka ákveðið að setja á fót nýjar stofnanir sem taka yfir hluta af þeim viðfangsefnum sem samningurinn tekur til og voru í höndum framkvæmdastjórnarinnar. Auk þess liggur fyrir að ýmsar breytingar hafa orðið á Evrópusambandinu og yfir þetta er allt saman verið að fara. Síðan verður tekin sameiginleg ákvörðun af ríkjunum þremur, þ.e. Íslandi, Noregi og Liechtenstein, um hvaða atriði verði einkum óskað eftir uppfærslu á.

Síðan er einnig verið að fara yfir annað mál sem varðar tollamál okkar sem er mjög mikilvægt en snertir ekki EES-samninginn beint heldur bókun 9.

Ég get ekki, hv. þm., farið ítarlegar yfir yfir þetta mál á Alþingi en lýsi mig reiðubúinn til þess við fyrsta tækifæri að

gera það í hv. utanrmn. sem ég tel eðlilegan vettvang til að fara yfir þetta flókna mál.

[15:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þetta svar. Ég þekki þessi svör: Margt hefur breyst. Samstarfssvið Evrópska efnahagssvæðisins nær ekki til stofnana. Breytingar hafa orðið á Evrópusambandinu. Bókun 9 er orðin vanbúin. Þetta höfum við rætt hér.

Herra forseti. Í ljósi ummæla forsrh. í Kastljósi í gærkvöld, þar sem hann kallaði eftir því að fá að vita hvað hafi breyst með EES-samninginn og telur að enginn hafi enn þá getað upplýst hann um hvað sé að EES-samningnum sem væri í fullkomnu lagi, hlýt ég að spyrja hvort eitthvert sambandsleysi sé í ríkisstjórninni þrátt fyrir að það séu EFTA-löndin þrjú sem kalla eftir lagfæringu á samningnum.

Er það virkilega svo að *þetta sé ekki rætt innan ríkisstjórnarinnar*? Er kominn tími til að hæstv. utanrrh. setjist niður með hæstv. forsrh. og upplýsi hann um það sem hann hefur svo oft í svörum, m.a. við spurningum mínum, lagt fyrir Alþingi um þessi mál?

[15:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

(**RG:** Forseti. Má ég bregðast aftur við þó utanrrh. svari mér ekki, eina mínútu?)

Ég verð út af fyrirspurn hv. þm. að segja eins og er að ég var andartak að átta mig. Það er talað um skoðanaskipti þingmanns og ráðherra og ekki ætlast til þess að þingmaður tali ef ráðherra telur að hann hafi lokið svari sínu að fullu.

Fullgilding Árósasamningsins.

[15:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Á vorþingi 2001 lagði hæstv. utanrrh. fram till. til þál. um fullgildingu Árósasamningsins um aðgang að *upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku* og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Var það í samræmi við samstarfsyfirlýsingu umhvrn. og frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndar sem undirrituð hafði verið 20. mars 2001 en í henni er skýrt kveðið á um að aðilar séu sammála um þýðingu frjálsra félagasamtaka, þau gegni mikilvægu lýðræðislegu hlutverki í umræðunni um umhverfismál og í því skyni að tryggja og efla það hlutverk þeirra verði leitað heimildar Alþingis á árinu 2001 til að staðfesta Árósasamninginn frá 1998.

Tillagan sem hæstv. utanrrh. lagði fyrir Alþingi hlaut ekki afgreiðslu en á fundi sem umhvn. Alþingis átti í haust með starfsmönnum umhvrn. kom fram að unnið væri að lagatæknilegum lagfæringum á tillögunni. Fram kom að sú vinna stæði yfir og þess væri síðan að vænta að hún kæmi fyrir Alþingi á þessu þingi.

Enn bólar ekkert á tillögunni og það vekur raunar athygli að hún er ekki á málalista ríkisstjórnarinnar sem lagður var fram með stefnuræðu hæstv. forsrh. í upphafi þessa þings. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé um ætlun ríkisstjórnarinnar varðandi tillöguna um fullgildingu Árósasamningsins. Er þess að vænta að þáltill. um slíka fullgildingu verði lögð fram og afgreidd á þessu þingi?

[15:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það kom í ljós að Árósasamningurinn er umfangsmeira og flóknara mál en margir höfðu gert sér grein fyrir. Ýmsar athugasemdir hafa borist borist við hann. Hann er enn til athugunar í utanrrn. og höfum við í því sambandi samráð við aðrar Norðurlandaþjóðir um hvort og hvenær við leggjum hann fyrir að nýju. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það þannig að ég get ekki sagt meira um það á þessu stigi. Málið er til athugunar í utanrrn. og mun koma í ljós á næstu vikum hver afdrif þess verða.

[15:44]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að Árósasamningurinn markar ákveðin tímamót í stjórnsýslu varðandi umhverfismál. Hann leggur stjórnvöldum þá skyldu á herðar að tengja saman umhverfisrétt og mannréttindi. Hæstv utanrrh. hefur gefið þjóðinni fyrirheit um það í ræðum sínum, þegar hann flutti tillöguna á Alþingi á síðasta ári, að hann eigi að taka fullt gildi hér á landi.

Nú segir hæstv. utanrrh. að ekki sé búið að taka afstöðu til hvort og þá hvenær samningurinn verði tekinn til umfjöllunar eða taki gildi á Íslandi.

Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Kemur það virkilega til greina eða eru þær blikur á lofti að það kunni að vera að samningurinn taki ekki gildi?

[15:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort samningurinn verði lagður fram á þessu þingi. Hann er til athugunar í utanrrn. Hann hefur meiri afleiðingar en við höfðum gert okkur grein fyrir í utanrrn. að því er varðar margvíslega aðkomu almennings og félagasamtaka í þessum viðkvæmu og stóru málum. Við viljum, áður en hann er lagður fram, geta lagt það skýrt fram hvaða ákvörðun er verið að taka að því er varðar meðhöndlun þessara mála.

Þessu er öðruvísi farið á sumum hinna Norðurlandanna, t.d. í Danmörku, þar sem sambærileg mál og á Íslandi eru ekki til umfjöllunar, t.d. á sviði orkumála.

[15:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér eru greinilega flókin mál á ferðinni. Hv. umhvn. Alþingis hefur lýst miklum áhuga á að fá að taka þátt í umræðunni um Árósasamninginn vegna þess að umhvn. er áfram um að sá samningur nái að taka gildi.

Í ljósi þess að hæstv. utanrrh. bauðst áðan til að eiga fund með hv. utanrmn. varðandi ákveðin mál á sviði utanríkismála óska ég eftir því að hið sama verði látið gilda um hv. umhvn., að hún fái að ræða við fulltrúa stjórnvalda um það sem er í farvatninu hvað varðar mögulega gildistöku *Árósasamningsins*.

[15:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Utanrmn. hefur mikla sérstöðu á Alþingi en hins vegar liggur ljóst fyrir að embættismenn utanrrn. geta hvenær sem er komið á fund hv. umhvn. og gert grein fyrir þessu máli. Hvort rétt er að kalla utanrrh. þar til skal ég ekki segja til um. Það er eðlilegra að kalla til viðkomandi ráðherra. En ég býst við að embættismenn ráðuneytisins

geti alveg gert grein fyrir málinu og þeir eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að gera það hvenær sem er.

Undirbúningur heimsóknar Yassers Arafats.

[15:47]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir tveimur vikum eða svo leyfði ég mér að spyrja hæstv. utanrrh. út í ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Síðan hafa borist betri fréttir en oft áður af þeim málum, t.d. þess efnis að ríkisstjórn Bandaríkjanna hyggist ekki slíta tengslin við heimastjórn Palestínumanna og að Evrópusambandið sé sameinað í afstöðu sinni til að stuðnings við Palestínumenn og sjálfstæði þeirra.

Fyrir helgi bárust fréttir af því að það hefði lengi verið í athugun að Yasser Arafat, forseti Palestínu, kæmi í opinbera heimsókn til Íslands. Það var haft eftir hæstv. utanrrh. Af því tilefni langar mig til að inna ráðherrann eftir því hvort undirbúningur að slíkri heimsókn sé hafinn og hvort búið sé að dagsetja slíka heimsókn í ráðuneytinu, ef af henni getur orðið.

[15:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er rétt að það hefur lengi verið til tals að Yasser Arafat komi til Íslands. Það hefur einkum komið til tals í tengslum við heimsóknir hans til annarra Norðurlanda. Þetta hefur oft komið upp í viðræðum við fulltrúa Palestínumanna sem komið hafa hingað til lands og einnig þá sem átt hafa samtöl við okkur í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Hins vegar hefur aldrei verið tekin endanleg ákvörðun um hvort hann sjái sér það fært eða hvort aðstæður séu til að hann komi hingað til lands. Það stendur hins vegar opið að hann geti það þegar báðum aðilum hentar.

Einnig hefur verið lögð áhersla á það af fulltrúum Palestínumanna að ég sem utanrrh. heimsæki þetta svæði. Einnig hafa Ísraelsmenn lagt á það mikla áherslu. Af því hefur ekki getað orðið enn sem komið er en það er fullur áhugi fyrir því af okkar hálfu að sá dagur komi að lýðræðislega kjörinn leiðtogi Palestínumanna komi hingað til lands. Við höfum líka áhuga á að finna aðstæður til þess að heimsækja fulltrúa þessarar þjóðar og þessa þjóð fyrir botni Miðjarðarhafs.

[15:50]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin og leyfi mér að fullyrða að það hefði mikið að segja ef íslensk stjórnvöld byðu Yasser Arafat til opinberrar heimsóknar til Íslands.

Það hefur oft verið sagt að „litla Ísland" hafi lítið fram að færa í alþjóðamálunum en einmitt í þessu efni mundi slíkur gjörningur senda mjög skýr skilaboð til heimsbyggðarinnar allrar. Auk þess yrði það auðvitað til þess að leysa Yasser Arafat úr stofufangelsi í Ramallah. Ég leyfi mér að brýna hæstv. utanrrh. til verka í þessum efnum og skora á hann að bjóða honum heim ekki seinna en í dag.

Sala á útflutningskindakjöti innan lands.

[15:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Er hæstv. landbrh. kunnugt um að fyrirtækið Goði sé að selja á innanlandsmarkaði kindakjöt sem átti að fara í útflutning samkvæmt reglum um útflutning kindakjöts? Hafi slíkt útflutningskjöt verið selt á innanlandsmarkaði, getur sú sala þá síðar haft þau áhrif að bændur þurfi að taka á sig frekari útflutningsskyldu á næsta ári vegna þessarar sölu eins aðila á kjöti innan lands?

[15:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort kjöt frá Goða hafi ekki fullnægt útflutningsskyldu (Gripið fram í.) eða verið flutt á erlendan markað samkvæmt reglum um útflutningsskyldu. Þetta hefur heyrst. Ég vil í rauninni ekki ræða þetta viðkvæma mál hér. Menn verða auðvitað að fara að lögum þessa lands og þetta mál er í rannsókn, segja mér þeir hjá Bændasamtökunum. Ég mun fylgjast með því þar. Ég vil ekki hafa neinar grófar fullyrðingar um auknar álögur í framtíðinni heldur mæta hverjum tíma eins og hann er og reyna eftir bestu getu að leysa málin þá og þegar og ef að þeim kemur. Við skulum láta talið niður falla, hv. þm.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ekki skal ég þvinga hæstv. ráðherra til að ræða þetta mál út frá þessum forsendum. Ég spyr því almennt: Til hvaða ráða gæti hæstv. landbrh. gripið ef um slíkt hefur verið að ræða sem hér er spurt um?

[15:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég held að mjög varhugavert sé fyrir mig að ræða mál sem þess vegna getur orðið dómsmál og sakamál í óundirbúinni fyrirspurn, að segja til um hvaða aðgerða kunni að koma til. Lögum ber að framfylgja. Þetta gæti auðvitað orðið dómsmál og sakamál. Mönnum ber að fara að lögum þessa lands og þannig að mun verða farið yfir það. Ég mun eiga samráð við sláturleyfishafa og Bændasamtökin um þetta mál og auðvitað verður að fylgja því eftir.

[15:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum reyndar að ræða þessi mál í eins konar „ef-hugsun". En mér er spurn: Ef hæstv. ráðherra telur að skoða þurfi þessi mál, er það þá hlutverk Bændasamtakanna að rannsaka mál sem e.t.v. gæti verið lögbrot? Er rétt að fela þeim það frekar en þeim aðilum sem til þess eru bærir í landinu?

[15:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Bændasamtökin hafa í þessu efni ákveðna eftirlitsskyldu og halda utan um þessi mál. Vissulega er það svo að þetta mál er rætt í mínu ráðuneyti. Við fylgjumst með því og tökum þátt í að reyna að fylgja því eftir að menn fari að lögum. Það er grannt fylgst með því, hv. þm., og reynt að knýja fram úrslit sem fyrst og sem besta niðurstöðu.

Hitt er mér kannski ofarlega í huga, það harmsefni með hið stóra og mikla fyrirtæki Goða, hvernig það fór. Það er nokkuð sem menn verða að horfa á og bændurnir verða að reyna að vinna sér sóknarstöðu til að eignast öfluga afurðastöð og öryggi hvað sín fjármál varðar. Það er stórt verkefni sem ég hef í huga um leið og við reynum að knýja á um að þetta mál komist til lykta og helst með farsælum hætti. Þannig má segja að málið sé tvíþætt: Lokauppgjör í þessu

máli og niðurstaða. Síðan er hitt auðvitað stærst, þ.e. framtíðin og betra skipulag hvað þessa atvinnugrein varðar.

Iðnaðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 137. mál (iðnráð). — Þskj. 734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GuðjG, GÁS, JóhS, KVM, KolH, MF, SP, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 792).

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 192, nál. 523, frhnál. 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 523 kölluð aftur.
2.–3. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Samningsbundnir gerðardómar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (fullnusta erlendra gerðardóma). — Þskj. 228, nál. 729.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Getraunir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (reikningsár). — Þskj. 390, nál. 745.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Hafnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 640.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Áhugamannahnefaleikar, frh. 3. umr.

Frv. GunnB o.fl., 39. mál. — Þskj. 748, brtt. 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Brtt. 772,1 felld með 35:16 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JB, JónK, KVM, KF, KolH, LMR, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, SI, SAÞ, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.
7 þm. (HÁs, ÓÖH, PP, PHB, SF, SvH, TIO) greiddu ekki atkv.
5 þm. (GÁS, JóhS, MF, SP, StB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Brtt. sú sem hér liggur fyrir á sér rætur í þeim hvatningum sem borist hafa frá samtökum lækna víða um heim, m.a. frá læknasamtökum á Íslandi. Hún gengur út á það að höfuðhögg í áhugamannahnefaleikum verði ekki heimiluð og hún leggur þá ábyrgð á herðar Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands að það setji reglur sem sjái til þess að höfuðhögg í öðrum sambærilegum bardagaíþróttum, sem valdi þá væntanlega ámóta skaða og höfuðhögg í áhugamannahnefaleikum geta valdið, verði sömuleiðis bönnuð.

Ég tel þessa tillögu vera tækifæri fyrir alþingismenn á Íslandi til að láta virkilega gott af sér leiða í þessu erfiða máli sem við höfum tekist á um nánast þrjú ár í röð. Ég segi já.

[16:03]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Talsmenn hnefaleika hafa úr þessum ræðustól haldið því fram að jafnalvarlegir höfuðáverkar hljótist af því að stunda aðrar bardagaíþróttir og nefnt til karate, júdó, taekwondo og fleira. Ég held að þeir hafi rangt fyrir sér. Mér er ekki kunnugt um rannsóknir sem styðja álit þeirra.

Brtt. sú sem hér eru greidd atkvæði um gerir ráð fyrir að séu hér á landi stundaðar bardagaíþróttir sem svo háttar til skuli Íþrótta- og Ólympíusambandinu falið að hlutast til um þær. Sé svo ekki standa reglur þeirra að sjálfsögðu óbreyttar. Ég segi já.

Brtt. 772,2 kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 34:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, GunnS, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, SI, SAÞ, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, HÁs, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, PP, PHB, RG, SJóh, SF, SJS, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (LMR, ÓÖH) greiddu ekki atkv.
5 þm. (GÁS, JóhS, MF, SP, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 793).

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 119. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]

Sigríður Jóhannesdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég harma þá niðurstöðu sem hér hefur orðið. Þingmenn hafa því miður margir hverjir leitt hjá sér að kynna sér staðreyndir málsins.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að það er 8. dagskrármálið sem nú er á dagskrá en ekki það mál sem orðið er að lögum.)

Ég kvaddi mér hljóðs um atkvæðagreiðsluna, herra forseti, meðan hún fór fram.

(**Forseti** (HBl)**:** Það gera menn áður en atkvæðagreiðsla hefst og nú stendur yfir atkvæðagreiðsla um 8. dagskrármálið, þingsköp Alþingis. Hv. þm. getur gert athugasemd við fundarstjórn að lokinni þessari atkvæðagreiðslu.)

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 125. mál (faðernismál). — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. RG o.fl., 126. mál (viðvörunarmerki á umbúðir). — Þskj. 126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, frh. 1. umr.

Frv. MÁ og ÁRJ, 417. mál. — Þskj. 676.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 120. mál. — Þskj. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv.

[16:08]

Guðmundur Hallvarðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því þá umræðan fór fram um þetta mál að því yrði vísað til síðari umræðu án þess að það færi til nefndar. Ég óska eindregið eftir því, herra forseti, í ljósi þess að það eru alþingismenn sjálfir sem geta lagt best mat á þetta mál. Ég sendi hæstv. forseta bréf líklega í október 2001 um þetta mál, fékk engin svör og brá þá á það eina ráð sem mér var fært, að flytja þáltill. Í umræðunni á fimmtudag óskaði ég eftir því að þetta mál færi beint til síðari umræðu og ég óska eftir því, herra forseti, að svo verði með þetta mál farið.

Till. vísað til allshn. með 42:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÁ, GÖ, GunnB, GunnS, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: GE, GHall, KVM, LB, ÓÖH, PHB, ÖS.
4 þm. (GAK, KÓ, SJóh, VE) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GuðjG, GÁS, HGJ, JóhS, KF, KHG, MF, SP, StB, TIO) fjarstaddir.

Endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓB, 430. mál. — Þskj. 691.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2000, frh. einnar umr.

[16:12]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2000. Með þessu er verið að uppfylla lög um Ríkisendurskoðun og starfsreglur hennar þar sem kveðið er á um að hún skuli leggja starfsskýrslu fram á Alþingi. Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis, heyrir beint undir það og hv. forsn. sem fer með málefni Alþingis í viðskiptum þess við Ríkisendurskoðun.

Það hlutverk sem Ríkisendurskoðun hefur er afar mikilvægt og að bæði af hálfu þingmanna og þingflokka skuli vera hægt að beina til hennar erindum um að skoða nánar og gera

úttekt á bæði stjórnsýslulegum og fjármálalegum atriðum í rekstri og viðfangsefnum ríkisstofnana og heilla ráðuneyta ef svo ber undir. Jafnframt er hægt að beina til Ríkisendurskoðunar að kanna með hvaða hætti ríkisvaldið ef því er að skipta eða framkvæmdarvaldið fylgir eftir þeim samþykktum sem Alþingi gerir og færir framkvæmdarvaldinu til úrlausnar.

Jafnframt hefur Ríkisendurskoðun rétt til þess að eigin frumkvæði að taka upp mál stjórnsýslulegs eðlis, mál sem lúta að meðferð fjármála á vegum hins opinbera, og önnur sem Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að gera til að veita aðhald og sinna bæði aðhalds- og upplýsingaskyldu sinni.

Herra forseti. Gallinn er sá hve þessi umræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar er seint á ferð. Nú er umræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2000, en árið 2002 er nýbyrjað. Umræða þessi hófst í haust en varð þá ekki lokið. Ég vil hér með beina því til hæstv. forseta að forsn. kanni hvernig verði hægt að taka upp betri og skilvirkari vinnubrögð hvað varðar svo mikilvæg atriði að fylgja eftir lögboðnum verkefnum eins og t.d. kynningu á starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar þannig að hún verði ekki svo seint á ferð. Núna ættum við þess vegna, að mínu mati, að vera að ræða starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2001. Í stað þess ræðum við skýrslu ársins 2000.

Í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar er drepið á þau verkefni sem Ríkisendurskoðun hefur fengið á árinu eða tekist á við og birt m.a. sérstakar skýrslur um. Nú er það svo að Ríkisendurskoðun sinnir fleiri verkefnum, eftirlitsverkefnum og hefur víðara hlutverk án þess að formlegar skýrslur séu birtar þar um. En þær skýrslur sem Ríkisendurskoðun birtir og sendir frá sér formlega má ætla að séu til frekari skoðunar og til þess að verða meðhöndlaðar frekar af Alþingi eða þá þeim sem Alþingi kveður til til þess að fara yfir þær skýrslur. Þessar skýrslur yrðu þá unnar og sendar Alþingi til þess að ákveða nánar hvernig á skuli tekið.

Hér er rakið hvaða skýrslur Ríkisendurskoðun hefur gefið út á árinu 2000. Þær eru, með leyfi forseta: Áform – átaksverkefni, Sérfræðiþjónusta, kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu, Rammasamningar Ríkiskaupa, mat á árangri við innkaup ríkisstofnana, Reynslusveitarfélög, samningar við Akureyrarbæ, Framkvæmd fjárlaga frá janúar – maí 2000, Framkvæmdir við Þjóðmenningarhús, Endurskoðun ríkisreiknings 1999, Rafræn viðskipti, og Greinargerð um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 2000.

Virðulegi forseti. Ég les þetta upp til þess að við áttum okkur á hvers konar skýrslur Ríkisendurskoðun sendir frá sér. Þetta á við árið 2000. Hins vegar hefur Ríkisendurskoðun einnig sent frá sér formlegar skýrslur á árinu 2001. Ég get nefnt t.d. skýrslu um úttekt á tölvukerfi í framhaldsskólum. Það var átaksverkefni sem var sett í gang af stjórnvöldum og Ríkisendurskoðun þótti ástæða til þess að gera úttekt á og skoða hvort þar hefðu þau markmið náðst sem sett voru. Sömuleiðis hefur Ríkisendurskoðun gefið út skýrslu um framkvæmd fjárlaga í janúar til september 2001. Hún var afar athyglisverð. Þar voru m.a. margar ábendingar um hvernig betur mætti standa að framkvæmd fjárlaga, einnig beinar ábendingar og aðfinnslur við það hvernig einstök ráðuneyti og einstakar stofnanir fóru með.

Herra forseti. Ég minnist sérstaklega í skýrslunni um framkvæmd fjárlaga kaflans um fjárráðstafanir af hálfu menntmrn. til framhaldsskólanna þar sem greint var frá því að allmargir framhaldsskólar væru árum saman með mikinn rekstrarhalla sem safnaðist upp án þess að á þeim málum væri tekið þó skýlaus krafa væri að gera það. Þar var því mjög alvarleg ábending um brýna þörf á bættri stjórnsýslu.

Einnig kom út á árinu 2001 Endurskoðun ríkisreiknings 2000, skýrsla um Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins og skýrsla um tollaframkvæmd.

Herra forseti. Ég les upp þessi atriði til að við getum glöggvað okkur betur á hvert sé hlutverk og verkefni Ríkisendurskoðunar.

Það er mjög gott og blessað að gera úttektir og vinna skýrslur, vinna skýrslur um stjórnsýslumál, skýrslur stjórnsýslulegs eðlis og benda á hvað þar mætti betur fara, skýrslur um fjármál og umsýslu ríkisstofnana og einstakra ráðuneyta og verkefni á vegum þeirra. Þetta er mjög gott. En mér finnst vanta á, herra forseti, að það sé meira skýrt og skilvirkt hvernig síðan með þessar skýrslur er farið. Þessar skýrslur eru sendar Alþingi og Ríkisendurskoðun hefur í sjálfu sér ekkert framkvæmdarvald. En hún sendir þessar upplýsingar frá sér formlega og því finnst mér, herra forseti, að til staðar eigi vera formlegt ferli, formlegt, fast, skipulagt ferli sem þessar skýrslur og þessi vinna fari í. Það er náttúrlega eðlilegt að þessar skýrslur komi beint til forsn. sem fer með hin formlegu samskipti á milli Alþingis og Ríkisendurskoðunar, en einnig koma skýrslurnar til einstakra nefnda þar sem málefni þeirra eru talin eiga heima, þ.e. hjá sérstökum eða ákveðnum þingnefndum. Þessar skýrslur eru ætlaðar til þess að varpa ljósi á ákveðin atriði, vera til ábendingar og einnig til þess að læra af. Sumar upplýsingar geta hreinlega verið þess eðlis að beinlínis þurfi að taka á málum og að þær feli í sér bein skilaboð til Alþingis um að svo skuli gert.

Því miður er ekki formlegur vettvangur, ekkert formlegt vinnuferli til á Alþingi eða af hálfu einstakra þingnefnda þannig að hægt sé að taka þessar skýrslur formlega fyrir, fara yfir þær efnislega og þau skilaboð sem þær flytja inni í nefndir og inn í þingið. Ég tel að þær eigi formlegan rétt á því og reyndar er líka eðlilegt að þessar skýrslur frá Ríkisendurskoðun aðrar en bara starfsskýrslan, komi inn í þingið til umfjöllunar.

Mér er kunnugt um þar sem ég sit í fjárln. að þangað hafa komið inn skýrslur frá Ríkisendurskoðun, nokkrar af þessum skýrslum sem ég var að minnast hér á. Vissulega hefur fjárln. fjallað nokkuð um þær og fengið ríkisendurskoðanda eða starfsmenn Ríkisendurskoðunar til þess að koma á fund nefndarinnar og gera grein fyrir því sem þar var verið að leggja fram og það er mjög gott. Þrátt fyrir ákveðinn meintan vilja innan fjárln. um að fjárln. afgreiddi eða ályktaði um viðkomandi skýrslur eða tæki ákvörðun um hvernig með þær og boðskap þeirra skyldi farið, hefur sú ekki orðið raunin. Ég minnist þess ekki að fjárln. hafi afgreitt, sent frá sér formlega umsögn eða gert tillögur um frekari meðferð á neinni skýrslu sem til hennar hefur komið. Ég hef þó heyrt um einstaka skýrslur sem hafa komið til annarra nefnda — efh.- og viðskn. hef ég heyrt nefnda í því sambandi — að þangað hafi komið skýrslur sem hafi verið (Forseti hringir.) ...

(**Forseti** (GuðjG): Það er of mikill hávaði í salnum.)

Herra forseti. En allt er það meira háð stjórn og verklagi einstakra nefnda hvernig með er farið. Mér finnst skorta þarna á formlega samstjórn og ábyrga verkstjórn af hálfu Alþingis um hvernig með skýrslur Ríkisendurskoðunar skuli farið. Mitt mat er að þær skuli fara á formlegan hátt til þeirra nefnda sem starfa á vegum Alþingis og eru á því málefna-

sviði sem skýrslurnar fjalla um, komi síðan fyrir Alþingi til umræðu og þannig ljúki málsmeðferð þessara einstöku skýrslna.

Þetta vildi ég segja, herra forseti. Efnislega hefur ekki mikla þýðingu að ræða árið 2002 starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2000. Ég tel að eitt af því brýnasta fyrir okkur hér á Alþingi sé að taka upp miklu formfastari og skipulagðari vinnubrögð í meðferð á þessum skýrslum og þessum skilaboðum, þessum ábendingum sem Ríkisendurskoðun vinnur á vegum Alþingis. Ég hvet hv. forsn. þingsins til þess að taka formlega og ákveðið á þessum málum .

Starfsemi Byggðastofnunar og framvinda byggðaáætlunar, munnleg skýrsla iðnaðarráðherra, frh. einnar umr.

[16:25]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nú er fram haldið umræðu um skýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 2000. Ber nú að sama brunni varðandi þetta mál og málið sem var til umræðu áðan. Það var önnur ársskýrsla og líka fyrir árið 2000. Nú erum við að fjalla um skýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 2000 á sama tíma og við heyrum í fréttum að það eigi að fara að leggja fram tillögur um aðgerðir í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Það skýtur skökku við, herra forseti, að þetta starfslag skuli viðhaft hér, þ.e. að ekki skuli vera búið að ræða þessa skýrslu fyrr.

Í þessari skýrslu fyrir árið 2000 kemur fram að stofnunin hefði þurft að fá meira fjármagn til að geta sinnt lánsumsóknum frá landsbyggðinni. Í þessari skýrslu er einnig látið að því liggja að æ meiri krafa sé gerð til þessarar stofnunar og æ meiri þrýstingur á hana vegna þess að bankarnir eru ekki fúsir til þess að lána fé í starfsemi úti á landi vegna þess að þeir óttast að tryggingar séu ekki nægjanlega góðar. Þetta sýnir glöggt að staðan er ekki nógu góð hvað varðar álit á mörgum fyrirtækjum á landsbyggðinni sem sýna mörg hver góðan árangur.

Hér segir að eitt aðalverkefni Byggðastofnunar eigi að markast af gildandi byggðaáætlun á hverjum tíma. Byggðastofnun leggur fram í þessari ársskýrslu nokkurs konar mat á því hvernig ályktun Alþingis um stefnu í byggðamálum hefur gengið eftir, þ.e. sú byggðaáætlun sem var í gildi frá árinu 1999–2001 og er útrunnin.

Háleit eru markmiðin í ályktuninni fyrir árin 1999–2001. Höfuðmarkmiðið er að treysta búsetu á landsbyggðinni og þar stóð að stefnt væri að því að fólksfjölgun ætti að vera þar ekki undir landsmeðaltali og nema 10% til ársins 2010. Ljóst er að þetta hefur ekki getað gengið eftir því frekar hefur fækkað á landsbyggðinni en hitt.

Talað er um atvinnuþróunarfélög sem Byggðastofnun hefur gert samninga við og að þau eigi að verða til þess að styrkja landsbyggðina. Í þessu sambandi langar mig að vita, herra forseti, hvort einhver sé til svara hér í sambandi við þessa skýrslu. (**Gripið fram í:** Nei.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. ráðherra er í húsinu. Ef hv. þm. óskar eftir skal ég senda henni boð um að hennar sé óskað.)

Það er ágætt. Það koma fram spurningar um skýrsluna.

Í byggðaáætlun frá árinu 1999–2001 segir, eins og ég sagði áðan, að treysta eigi búsetuna í landinu og að séð verði til þess að fólksfjölgun verði um 10%.

Þá má spyrja: Hvernig hefur þetta gengið eftir? Hvernig hefur gengið eftir með starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og hvernig er útlitið í þeim efnum? Hvað sjá starfsmenn atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni fyrir sér? Kannski er útlitið mjög gott og kannski er það ekki gott. Það væri ágætt að það yrði upplýst hér, sérstaklega af því að nú er árið 2001 liðið og síðasta ályktun Alþingis í byggðamálum náði til þess árs.

Einnig er rætt um lánastarfsemi Byggðastofnunar, að hún eigi að vera rekin á arðsemisgrundvelli. Auðvitað er æskilegast, herra forseti, að öll lánastarfsemi sé rekin þannig að ekki sé tap á henni. En þegar við erum að tala um landsbyggðina í dag snýst málið um svæði sem eiga undir högg að sækja. Það liggur í hlutarins eðli að þegar menn reyna að stofna til einhverrar starfsemi þá hlýtur að vera tekið tillit til þess af hinu opinbera, eins og við sjáum hvarvetna í nágrannalöndum okkar og víðar þar sem eru lagðar gífurlega fjárhæðir til uppbyggingar í byggðamálum.

Talað hefur verið um koma upp byggðasjóði sem hafi það sérstaklega að markmiði að auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni. Þessi byggðasjóður á að vera sjóður Byggðastofnunar. Ég spyr: Hvernig er útlitið hjá Byggðastofnun með fjármagn og aðstöðu til að lána peninga til nýframkvæmda úti á landi?

Ég vék áðan að atvinnuþróunarfélögunum og eignarhaldsfélögunum. Ég spurði um þessi félög — ég sé að hæstv. iðnrh. er komin í þingsalinn: Hvert er útlitið með þau félög og hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér framtíð þeirra? Í þessari ársskýrslu Byggðastofnunar er fjallað um eignarhaldsfélögin. Ríkisstjórnin samþykkti í byggðaáætlun fyrir árin 1999–2001 að leggja 900 millj. kr. til stofnunar eignarhaldsfélaga sem áttu að vera landsvæðabundin. Hér vakna aftur spurningar: Hvernig hefur þetta gengið eftir? Hugmyndin var, herra forseti, að að þessu kæmu sveitarfélög og aðilar í atvinnulífinu með jafnhátt framlag á móti. Á þessum tíma ættum við, samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 1999–2001, að hafa séð uppbyggingu á þessum meiði fyrir 1.800 millj. kr., þ.e. tæpa tvo milljarða. Hefur þetta gengið eftir? Hver er staða eignarhaldsfélaganna á landinu?

Það kemur að nokkru leyti í ljós með framkvæmdina á þessu að sum félögin eru vart tekin til starfa. Hvað á að gera í sambandi við það í framtíðinni?

Í þessari ársskýrslu er rætt um öruggar samgöngur, hvernig samgönguþættinum hefði verið sinnt í samræmi við þessa ályktun í byggðamálunum. Á þessu ári er talað um niðurskurð um 1,4 milljarða í vegamálum. Ekki er það nú gæfulegt. Ef það voru 700 millj. á síðasta ári þá er vitnisburðurinn heldur ekki góður um þann tíma. Byggðaáætlunin virðist því ekki hafa gengið upp.

Það má bæta við einum lið enn. Það átti að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Hefur það gengið eftir? Ekki verður það nú séð.

Allt ber þetta að sama brunni, herra forseti. Fleiri atriðum mætti víkja að þar sem talað er um menntun og menningu sem átti að stórauka á landsbyggðinni. Um leið koma okkur í hug menningarhúsin frægu sem átti að byggja og gera byggðirnar fýsilegri til búsetu. Hver er staða mála í sambandi við það?

Í raun má segja að sú till. til þál. sem verður lögð fram um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 sé viðurkenning á því að þær tillögur sem lagðar voru fram fyrir árin

1999–2001 hafi alls ekki gengið eftir. Þar er talað um, eins og segir í fréttatilkynningu sem ég fékk í hendur frá iðn.- og viðskrn., að draga eigi úr mismun á lífskjörum fólks milli byggðarlaga. Þar er fjallað um að aðstoða þurfi byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun. Þar er og talað um — sem er reyndar nýtt — að byggja upp sterka byggðakjarna. Þar er talað um að efla menningu og skapa fjölbreytta kosti fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Flest er þetta í gömlu áætluninni.

Að er lokum rúsínan í pylsuendanum, með leyfi forseta:

„Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og jöfnun starfsskilyrða.“

Allt er þetta í raun og veru endurtekning á hinni gömlu byggðaáætlun. Reyndar vekur það ugg hjá mörgum þegar talað er um að byggja upp sterka byggðakjarna. Mér dettur í hug að spyrja: Hvernig sjá menn fyrir sér byggð t.d. á suðurfjörðum Vestfjarða og slíkum svæðum sem eru afmörkuð byggðasvæði? Eða hvað með Húnavatnssýslu? Hvað eru menn að hugsa í þeim efnum? Ekki hefur nú verið beysið ástandið. Það þarf að styrkja þessi svæði og efla líka nema menn ætli sér hreinlega bara að láta þau leggjast af. Þá væri nær að koma með þær hugmyndir sem einu sinni voru uppi á borðinu að greiða fólkinu fyrir að flytja burt af stöðunum, segja hlutina bara eins og þeir eru: Við skulum greiða ykkur fyrir að flytja í burtu.

Þessi umræða kom upp áður en jarðgöngin voru komin fyrir vestan. Þá komu jafnvel ábyrgir stjórnmálamenn með þær hugmyndir að greiða fólki sem bjó í þorpunum þar peninga í staðinn fyrir að tryggja almennilegar samgöngur þangað.

Það er nauðsynlegt að efla menntun á landsbyggðinni. Það er eitt af því sem talað er um í þessari nýju byggðaáætlun sem við hljótum að nefna hér, herra forseti, þegar við ræðum um þá gömlu sem runnin er úr gildi. Nú er í raun og veru engin byggðaáætlun í gildi á vegum ríkisstjórnarinnar því að sú síðasta náði til ársins 2001 og nú er árið 2002 hafið. Í millitíðinni hefur ekkert gerst. Ég held að það þurfi að fara að drífa í þessum málum og tala um þau á þann hátt að eitthvað komist í verk.

Það er líka forvitnilegt, og væri gaman að leggja fram fyrirspurn um það, hversu miklar fjárhæðir allar skýrslurnar sem gerðar hafa verið hafa kostað, og öll bréfin — þau eru nú orðin mörg — sem búið er að skrifa um byggðamál og hvað ætti að gera. Hver er afraksturinn þegar við horfum yfir landsbyggðina, herra forseti? Þar er ekki beysið ástand enda eru jafnvel þeir sem töluðu hart á móti byggðakvóta á sínum tíma farnir að ræða í alvöru um að það þurfi að auka byggðakvótann. Ég held að það þurfi að taka undir þá umræðu.

[16:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Kannski er réttast að byrja á síðustu orðum hv. þm. Karls V. Matthíassonar og þessari áráttu þeirra hjá Samfylkingunni nú síðustu daga, að tala um hvað allar skýrslurnar kosti mikið, hve þungar þær séu og hverju þær hafi skilað.

Þetta er svolítið sérstök umræða þegar litið er til þess að þessi þróun í byggðamálum hefur staðið yfir mjög lengi. Við gætum skoðað alla síðustu öld og séð að þróunin hefur ekki verið með þeim hætti sem við hefðum viljað, við sem höfum áhuga á byggðamálum. Íbúaþróunin á landsbyggðinni hefur ekki verið með þeim hætti sem við teljum ásættanlegt.

Af hverju er nú verið að skrifa þessar skýrslur og af hverju er verið að gera athugun á þessu? Það er verið að reyna að greina þennan vanda. Ef við hefðum brugðist þannig við að skoða ekki þessi mál, hver skyldi þá afstaða Samfylkingarinnar vera?

Ég átti því láni að fagna að sitja í stjórn Byggðastofnunar með Karli V. Matthíassyni. Ég minnist þess ekki að hann hafi þá verið sérstaklega andvígur því að stofnunin ynni að ýmsum skýrslum og ýmsum athugunum. Mig minnir þvert á móti að Karl V. Matthíasson hafi beðið um úttektir á málum og skýrslur um ýmis mál, af hverju þau þróuðust á ákveðinn hátt. Það fannst mér mjög skynsamlegt hjá hv. þm. Auðvitað verðum við að gera okkur grein fyrir og reyna að komast að því hvernig stendur á því að þróunin hefur hefur verið eins og raun ber vitni.

Nákvæmlega það var gert þegar sú byggðaáætlun var unnin sem var í gildi árin 1999–2001. Þá voru kallaðar til rannsóknastofnanir og háskólastofnanir til að greina þennan vanda og gera rannsóknir. Ekki nóg með það heldur var Háskólinn á Akureyri fenginn til að aðstoða Byggðastofnun við að skrifa og gera þá áætlun sem nú er í gildi, út frá þeim rannsóknum og skýrslum sem sem gerðar höfðu verið vegna vandans.

Það er alveg ljóst, af þeirri úttekt sem hér er í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 2000, að langflest af því sem lagt var til í byggðaáætlun hefur gengið eftir og verið gert. En þrátt fyrir góðan vilja og háleit markmið hefur ekki náðst með nægilega öflugum hætti að snúa íbúaþróuninni við. Það hefur hins vegar verulega dregið úr fólksflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á síðasta ári og jafnvel á síðustu tveimur árum. Ég held að það sé mjög gott að við getum bent á það en það er auðvitað ekki nægjanlegt þar sem við höfum ekki náð þeim árangri sem stefnt var að í byggðaáætlun, að það skyldi fjölga á landsbyggðinni í hlutfalli við það sem landsmönnum fjölgar. Þrátt fyrir góðan vilja og framkvæmdir í byggðamálum á mjög mörgum sviðum hefur það ekki náðst.

Byggðamálin eru þess eðlis að þar hefur ekkert eitt úrslitaáhrif. Vandinn er mjög fjölþættur eins og fram hefur komið í öllum þeim skýrslum og rannsóknum sem gerðar hafa verið, þar sem fólk hefur verið spurt um ástæðurnar. Þess vegna er auðvitað ástæða til að bregðast við með margvíslegum hætti og það höfum við gert.

En það er líka alveg ljóst að þegar lögð er til mikil aðgerð í byggðamálum, nýting orkulinda á Austurlandi og uppbygging stóriðju, hafa þeir sem tala hvað hæst og mest um byggðamál og framkvæmdaleysi í þeim á Alþingi sett sér það meginmarkmið að berjast gegn því ágæta byggðamáli. Það hlýtur maður að harma því það er alveg ljóst að ef menn vilja líta til einstakra framkvæmda eru áformin um nýtingu orkulinda á Austurlandi og uppbyggingu álvers þar þær aðgerðir sem munu hafa hvað mest og best áhrif á íbúaþróun á Austurlandi, og ekki eingöngu á Austurlandi heldur á landsbyggðinni allri held ég fram.

Þess vegna hlýtur manni að sárna þegar einstakir flokkar leggjast í miklar herferir gegn því að við getum unnið að þessu ágæta verkefni sem mun skila hagfelldari íbúaþróun heldur en við höfum orðið vitni að hingað til og gerir samkvæmt spám, skýrslum og rannsóknum ráð fyrir mikilli fólksfjölgun á Austurlandi. Ekki veitir af því við höfum því miður misst fjölda fólks frá Austurlandi á undanförnum árum. Tími er kominn til að snúa þeirri þróun við til þess

að nýta megi þá grunngerð samfélagsins sem þar er búið að byggja upp í heilbrigðisþjónustu, skólum, félagsþjónustu, samgöngum og öllum þeim þáttum sem hvert samfélag kemur sér upp til að geta búið við gott mannlíf sem er til hagsbóta fyrir alla íbúana.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins líka í þessari umræðu að minnast á atvinnuþróunarfélögin. Þau hafa verið byggð upp á undanförnum árum með mjög öflugum hætti og það hefur sýnt sig að þau hafa verið mjög mikill stuðningur við allt atvinnuþróunar- og nýsköpunarstarf á landsbyggðinni. Kannski hefur það ekki farið mjög hátt en ég held að full ástæða sé til að nefna að hjá þeim félögum sem starfa á landsbyggðinni og koma að mjög mörgum nýsköpunarmálum starfa 30 sérfræðingar með háskólamenntun og þeir eru á 12 mismunandi fagsviðum. Ég held að full ástæða sé til að vekja athygli á því að það rannsóknarstarf og uppbyggingarstarf sem unnið er í atvinnulífinu er líka til á landsbyggðinni og kemur þar atvinnulífinu til aðstoðar með mjög öflugum hætti. Það form sem nú er á því starfi má segja að hafi farið af stað á árinu 1997. Það hefur sífellt verið að eflast síðan. Ég held að þarna sé einmitt dæmi um að hægt er að flytja sérhæft þekkingarstarf út á landsbyggðina. Það starf þarf ekki endilega að vera í lokuðum kjarna í höfuðborginni. Það er hægt að dreifa því út um landið þannig að það skili árangri þar en jafnframt safnist saman mikill þekkingargrunnur á atvinnuþróunarstarfsemi og mörgum ólíkum þáttum sem koma að uppbyggingu atvinnulífsins.

Þetta verður líka til þess að forræðishyggja á landsbyggðinni varðandi uppbyggingu í atvinnulífinu er ekki eins ríkjandi og ef þessi starfsemi væri öll á einum og sama staðnum. Það sýnir sig að í starfsemi sem þessari sem er í nánum tengslum við heimamenn er mjög sterkur stuðningur. Kraftar og áhugi heimamanna á uppbyggingu atvinnulífsins magnast upp og þeir axla þá ábyrgð að huga að nýsköpunarverkefnum.

Ég held að við eigum að efla þessa starfsemi í framtíðinni. Ég get nefnt að á Austurlandi hefur starfsemi Þróunarstofu Austurlands verið með miklum ágætum. Þróunarstofan hefur komið að mjög mörgum málum og víðtækum málaflokkum sem snúa að atvinnulífi á Austurlandi. Þróunarstofan hefur t.d. leitt það starf sem hefur verið í atvinnulífinu á Austurlandi við að undirbúa fyrirhugaðar framkvæmdir varðandi virkjun og stóriðju. Atvinnuþróunarfélagið hefur unnið að því sem nú er orðið að veruleika að beint flug verður hafið til Egilsstaða frá Þýskalandi sem er náttúrlega gífurlega mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna á Austurlandi og þar hefur Þróunarstofa Austurlands komið inn með mjög afgerandi hætti.

Þróunarstofan hefur unnið að því með sveitarfélögum á Austurlandi að þróa og gera samning við menntmrn. um menningarstarf á Austurlandi. Það hefur komið mjög rækilega í ljós að þar gerði það útslagið hvernig Þróunarstofa Austurlands vann að málinu með sveitarfélögunum.

Síðan vil ég nefna að Fræðslunet Austurlands var stofnað fyrir frumkvæði Þróunarstofunnar sem hefur ávallt sýnt því starfi mikinn stuðning.

Ég vildi svo að síðustu segja, hæstv. forseti, að ég tel það mjög mikilvægt að atvinnuþróunarfélögin fái að starfa áfram af miklum krafti úti um byggðirnar í landshlutunum. — Hæstv. forseti, það væri þakkarvert ef ég fengi rétt að ljúka ræðu minni fyrir þingmönnum í salnum. — Ég held að þar sé mjög öflugt tæki til að vinna að þessu atvinnuþróunarstarfi. Við eigum að stuðla að því að það verði til staðar áfram. Það veitir ekki af því að allir leggist á eitt og að við getum með öflugum hætti skilað inn því starfi og þeirri umræðu sem þarf auðvitað til að snúa við þeirri byggðaþróun sem við höfum orðið vitni að undanfarið.

[16:55]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, 1. þm. Austurl., fyrir góð orð í minn garð. Ég nefndi að þær væru orðnar margar skýrslurnar, og bréfin mörg sem búið væri að semja í sambandi við byggðamál. Og ég var svo sem ekki að segja það á neikvæðan hátt. Það sem ég var að tala um er að það er eins og uppástungurnar í þessum skýrslum gangi ekki eftir. Reyndar kom fram í ræðu hv. þm. að hún harmaði það, sem við gerum náttúrlega öll, að fólkið streymir af landsbyggðinni og suður. Við getum alveg velt fyrir okkur hvers vegna það er. Það eru alls konar álit uppi um það. Hin ágæta stofnun, Byggðastofnun, lét gera eina skýrslu um það efni. Hún fjallaði um hvaða áhrif það hefur þegar kvóti er fluttur af landsvæðum. Og það er skýrsla sem ég vonast til að hæstv. ríkisstjórn hafi til hliðsjónar þegar henni dettur í hug að koma fram með áætlun í byggðamálum, frá árinu 2002–2005, því nú er í raun og veru engin byggðaáætlun í gildi.

Það sem ég vildi sagt hafa, herra forseti, var að það vantar einmitt að farið sé eftir þessum skýrslum. Svo vil ég minna á að það voru tímar þegar fólk flutti út á land og mikil uppbygging var á landsbyggðinni, eins og t.d. á áttunda áratugnum, í kringum 1974 og 1975. Þá var hvert húsið á fætur öðru byggt úti á landi en núna tæmast þessi hús.

[16:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg nauðsynlegt að það komi fram að ég sagði í ræðu minni að allar þær aðgerðir sem lagt er til í byggðaáætlun að verði framkvæmdar hafa verið framkvæmdar. Það sem hefur hins vegar ekki náðst er markmiðið sem var sett. Af hverju erum við að þessu? Við setjum okkur markmið og ætlum að ná því. Við töldum okkur geta náð því með ákveðnum aðgerðum í byggðamálum sem við höfum framkvæmt. En markmiðið var, eins og stendur hér, hæstv. forseti:

„Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010."

Kannski náum við þessu fyrir árið 2010 en á þessum árum sem byggðaáætlunin gildir um virðist það ekki muni nást. Það hefur að vísu eins og ég sagði dregið úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins en þetta markmið hefur ekki náðst.

Hins vegar hafa þær framkvæmdir og þau áform gengið eftir sem menn ætluðu að ná fram til þess að þetta markmið næðist. Framkvæmdaáform voru sett eftir rannsóknir á því hvað mætti til gagns verða til þess að ná þessum markmiðum. Þau hafa bara ekki náðst. Nú verður því að huga að öðrum málum. Eitthvað sem okkur tókst ekki með þeirri byggðaáætlun sem var í gildi til áramóta. Vonandi sjáum við fram á að við náum þessum markmiðum á næsta tímabili næstu byggðaáætlunar.

[16:59]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. erum sammála. Einn helsti vandinn, svo ég leggi mitt lóð á vogarskálarnar í sambandi við þetta, er fiskveiðistjórnarkerfið sem við búum við. Við höfum séð hvernig sum byggðarlög hafa nánast dregist upp

og jafnvel hefur landauðn blasað við undir vissum kringumstæðum á sumum stöðum vegna þess að ekki voru heimildir til að veiða fisk örfáa metra úti í firðinum. Það mátti ekki veiða hann. Við sjáum þetta glögglega ef við horfum t.d. á Drangsnes og Hólmavík og suðurfirði Vestfjarða og fleiri staði. Þar var allt í uppnámi og miklum erfiðleikum vegna þess hvernig fiskveiðistjórnarkerfið er.

Þessu þarf náttúrlega að breyta. Allur þessi kvótatilflutningur frá einu byggðarlagi til annars, og ekkert kemur í staðinn, ógnar byggðunum einna helst í dag. Ég vona að fjallað verði um það í nýrri byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005 sem ekki hefur litið dagsins ljós enn þá, að tekið verði á þeim málum og að menn taki mark á skýrslum sem hafa verið samdar í sambandi við þetta. Ég nefni aftur skýrslu Haraldar Líndals Haraldssonar sem er mjög góð og sýnir glögglega fram á þetta. Það var tilgangur með þeirri skýrslu og hún var mjög góð. En ég er að segja að það verður að fara eftir þessu.

[17:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það skili okkur ekki neinu hér að efna í nýja umræðu um fiskveiðistjórnarmál. Hins vegar er alveg ljóst og hefur verið lengi að með hagræðingu í sjávarútvegi og tæknivæðingu mundi störfum þar fækka.

Hvert er þá ráðið? Það er væntanlega að finna önnur störf, önnur atvinnutækifæri, nýsköpun með ýmsum hætti til þess að fólkið geti snúið sér að öðrum atvinnugreinum. Til þess töldum við að væru ýmis tæki í þeirri byggðaáætlun sem verið hefur í gildi núna undanfarin ár. Þar eru auðvitað ýmis tæki til þess og ýmislegt hefur verið gert í nýsköpunarstörfum. En við þurfum að gera betur. Það er augljóst. Við snúum þeirri þróun ekki við að störfum fækkar sjávarútvegi. Þess vegna er nauðsynlegt að vinna með öflugri hætti að nýsköpunar- og þróunarstörfum.

[17:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vandinn við byggðamál á Íslandi er ekki sá að menn hafi ekki haft byggðaáætlanir í höndunum með ágæt og göfug markmið. Vandinn er ekki sá að þeir sem að þessu hafa verið að vinna séu ekki að gera það af góðum hug og reyna sitt besta. Vandinn er bara ósköp einfaldlega sá að þetta hefur ekki dugað. Ekki hefur náðst sá árangur sem ætlunin er að ná, þ.e. stöðva byggðaröskun og koma byggðaþróun, búsetuþróun í landinu í sæmilegt jafnvægi. Það hlýtur að vera markmiðið.

Það má velta því fyrir sér hvað það hafi upp á sig að skakast á eða deila um hverju þar sé um að kenna og hverjir hafi staðið sig verr en aðrir. Það er aukaatriði í sjálfu sér í málinu borið saman við hitt, að reyna að greina þennan vanda og átta sig á því af hverju þeir tilburðir sem á að heita að uppi séu í landinu af hálfu stjórnvalda dugi ekki til þess að jafna eitthvað búsetuskilyrði og koma þeim nær því að vera í jafnvægi, þróuninni að því leyti. Af hverju dugar þetta ekki? Af hverju gengur svona illa? Það er væntanlega vegna þess að eitthvað af þessu á við: Vandinn er miklu meiri en menn átta sig á og það er erfiðara að breyta þessu. Menn gera ekki nóg. Aðgerðirnar eru bara ósköp einfaldlega ónógar. Þær eru of máttlausar. Þær duga ekki til að vega upp á móti undirliggjandi þáttum, orsökum. Eða þá í þriðja lagi að menn eru að gera þetta vitlaust, menn eru ekki að beita réttum tækjum. Fjórði möguleikinn er náttúrlega í stöðunni, herra forseti. Hann er sá að þetta sé ekki hægt, að enginn mannlegur máttur, a.m.k. ekkert í valdi Íslendinga, geti breytt þessu, að við stöndum frammi fyrir einhverjum þvílíkum öflum, þvílíkum náttúrukröftum eða mannlegum og náttúrulegum kröftum að ekkert sé hægt að gera til þess að breyta þessu. Þá væri nú illa komið og þessu viljum við ekki trúa fyrr en í lengstu lög.

Í reynd held ég að hægt sé að afgreiða þann möguleika út úr myndinni með því að vísa til reynslunnar, bæði hér hjá okkur og hjá öðrum. Það hafa komið tímabil þar sem tekist hefur að gjörbreyta þessu andrúmslofti. Það hafa komið löng tímabil, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi hér aðeins, á áttunda áratugnum t.d. þegar langt tímabil var þar sem byggðaþróun á Íslandi var í mjög góðu jafnvægi. Reyndar má segja að hún hafi frekar verið í ójafnvægi í þá áttina að talsvert meiri flutningur fólks var út á land (**Gripið fram í:** Var ekki vinstri stjórn þá?) en á suðvesturhornið. Árið 1973 var það fyrsta þegar fjölgaði á landsbyggðinni vegna aðflutnings. Þá fluttu fleiri út á land en þaðan. Síðan varð að vísu aftur neikvæð þróun 1974. En svo öll árin 1975, 1976, 1977 og 1978 eru nettóflutningar út á land. Segja má að það sé þó nokkuð, það sé marktæk og umtalsverð þróun, t.d. á árinu 1977 þegar á þriðja hundrað manns flytja á landsbyggðina umfram þá sem þaðan flytja. Og hvað gerist þá? Á því ári fjölgar á landsbyggðinni um alla náttúrulega viðkomu svæðisins plús rúmlega tvö hundruð sem þangað flytja í viðbót. Þannig að fjölgunin náði því að vera umtalsverð.

Síðan er þetta í sjálfu sér í þokkalegu jafnvægi fram undir lok áratugarins. Árin 1979 og 1980 eru nokkurn veginn á núlli. Svo sígur nokkuð á ógæfuhliðina en þó tekur þetta stórt stökk upp á við 1984. Það var nú einhver að spyrja hver var í ríkisstjórnum. Menn geta bara lesið sér til um það sjálfir. En það er nokkuð ljóst að ljótustu tímabilin í þessu eru árin frá 1983/1984 og fram yfir 1990 og svo aftur frá 1993/1994 og fram á daginn í dag. Þeir sem kunna stjórnmálasöguna sæmilega vita hverjir hafa borið ábyrgð á byggðamálum á þessum löngu tímabilum og hverjir hafa gert það aftur á hinum tímabilunum, þarna upp úr 1990, og eins mestallan áttunda áratuginn.

Herra forseti. Markmiðin eru góð og göfug. Það er veruleikinn, það er reyndin sem veldur okkur vonbrigðum. Tökum tvær síðustu byggðaáætlanir, síðastgildandi og næstsíðastgildandi. Sú eldri átti víst að taka til áranna 1997–1999, ef ég veit rétt. Hvað stóð í henni alveg sérstaklega? Hvert var stóra markmiðið sem menn hömpuðu á þeim tíma? Það man ég vel í umræðu um hana. Jú, það var að fjölga ætti opinberum störfum á landsbyggðinni sérstaklega, í reynd held ég að gengið hafi verið svo langt, herra forseti, að segja að fjölgunin sem slík ætti fyrst og fremst að koma fram þar. Hver var niðurstaðan? Hún var sú nokkurn veginn að öll fjölgunin varð á suðvesturhorninu. Með örfáum undantekningum þar sem opinber störf héldust u.þ.b. svipuð og þau höfðu verið, þá fækkað opinberum störfum á landsbyggðinni og fjölgunin kom öll fram í Reykjavík. Með öðrum orðum: Í gildi var byggðaáætlun, stjórnarstefna, samþykkt og uppáskrifuð í bak og fyrir með stuðningi Alþingis um að fara í sérstakar aðgerðir til þess að dreifa uppbyggingu opinberrar þjónustu öðruvísi en verið hafði, og framkvæmdin, veruleikinn, var algjör andstæða. Hið gagnstæða gerðist algjörlega. Í byggðaáætlunin sem rann sitt skeið á enda núna um áramótin síðustu — var það ekki? — sú sem tók til áranna frá 1999–2001, sagði, með leyfi forseta, að markmiðið

væri það að fólksfjölgun á landsbyggðinni yrði ekki undir landsmeðaltali og að hún næmi 10% til ársins 2010.

Um þetta segir í þeirri skýrslu sem ráðherra lagði hér sjálf fram á síðasta þingi að ljóst sé að þetta markmið sé fjarlægara nú en það var í upphafi áætlunartímabilsins. Auðvitað, vegna þess að allan tímann var fólki að stórfækka á landsbyggðinni. Á fyrsta ári áætlunarinnar fjölgaði landsmönnum um 3.453 eða um 1,25%. Íbúum utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði á sama tíma um 103. Síðan er rætt þarna um að upplýsingar um búferlaflutninga fyrstu níu mánuði ársins 2000 bendi til þess að aðeins hafi dregið úr aðflutningi til höfuðborgarinnar. Það er rétt. Sú reyndist raunin. En hann er samt umtalsverður. Það er lítil huggun harmi gegn, finnst mér, sem ég hef heyrt hæstv. ráðherra nota mikið í umræðum undanfarna daga í fjölmiðlum, að það hafi heldur dregið úr þessum straumi. Hann er samt af stærðargráðunni 700–1.000 manns á ári. Það er auðvitað allt of mikið.

Herra forseti. Ég held að menn verði að átta sig á því og horfast í augu við það að þetta gengur ekki neitt. Menn eru ekki að ná neinum árangri í þessu. Og þó svo að með því sé ekki sagt að margt af því sem reynt er að gera sé ekki til bóta — það hvarflar ekki að mér að halda því fram — þá held ég menn eigi að horfast í augu við það og ræða það hreinskilnislega að við erum ekki að ná þeim árangri sem ætlunin er. Það má velta því fyrir sér hvort þessi tök á málum séu ekki kannski versta tegundin af hálfvelgju eða ónógum aðgerðum, sem þýðir að verið er að reyna ýmislegt án þess að það skili tilætluðum árangri.

Ég held að rétt væri að gera miklu öflugra átak og öflugri og markvissari tilraun til þess að láta á það reyna hvort hægt er að ná þarna árangri, hvort hægt er að skapa aftur tímabil, andrúmsloft þar sem þessir hlutir snúast við. Menn væru þá búnir að reyna af öllum kröftum og það sem þeir teldu helst geta komið að gagni og þá væri ekki við það að sakast.

Herra forseti. Við vitum að í verulegum mæli stangast á orð og gjörðir. Í verulegum mæli er annars vegar verið að reyna að grípa til aðgerða til að styrkja byggðaþróun, atvinnuuppbyggingu o.s.frv. á landsbyggðinni, en á hina hliðina eru margs konar aðgerðir í gangi, jafnvel lagasetning á hinu sama háa Alþingi og er að fjalla um byggðamálin sem virkar í öfuga átt. Það er t.d. alveg ljóst að ákveðnir þættir í málefnum undirstöðuatvinnugreinanna, stefnumótun og lagasetning hér hefur verkað mjög neikvætt á fjölmörg byggðarlög.

Það er alveg ljóst að breytingar sem menn hafa tekið ákvarðanir um og sem Alþingi er vel meðvitað um, annaðhvort stendur beinlínis sjálft fyrir eða horfir aðgerðarlaust á gerast, t.d. í samgöngumálum, eru landsbyggðinni gríðarlega mótdrægar. Það á við um það að strandsiglingar hafa lagst af. Það er mikið áfall fyrir atvinnustarfsemi og framleiðslustarfsemi í sjávarútvegsbyggðunum hringinn í kringum landið og sérstaklega þeim sem fjærst liggja frá meginhöfnum. Það á við um það t.d. að áætlunarflug hefur lagst af á mörgum stöðum. Auðvitað er það áfall fyrir slíka staði að missa í mörgum tilvikum sínar einustu almenningssamgöngur. Vegabótunum miðar allt of hægt. Vegaframkvæmdunum miðar allt of hægt.

Breytingar í almannaþjónustu, einkavæðing almannaþjónustunnar og stórfelldur niðurskurður hennar á fjölmörgum svæðum á landinu, er auðvitað gríðarlega mikið áfall fyrir þau byggðarlög sem fyrir því verða. Það þýðir ekki að horfa fram hjá því. Hægt er að taka dæmi um staði, 300–500 manna byggðarlög sem hafa kannski misst á milli tíu og tuttugu opinber störf á allra síðustu árum. Það munar um minna en að kannski 5% vinnumarkaðarins, einmitt það sem skapaði þó örlitla fjölbreytni, hefur horfið í burtu og það eru að stórum hluta til opinber störf.

Ætli það væri ekki nær, ef menn vildu styðja við t.d. byggðina í Borgarfirði eystra, að láta þá hafa prestinn aftur, prestsembættið? Við erum stundum að tala um hluti sem eru komnir niður í eitt einasta starf en geta skipt mjög miklu máli fyrir viðkomandi lítið byggðarlag.

Hlutir af þessu tagi eru að reytast í burtu úr þeim byggðarlögum sem eiga mest undir högg að sækja og eiga í mestri vök að verjast, hægt og hljótt í gegnum ákvarðanir sem ýmist eru teknar hér eða vegna hluta sem Alþingi horfir aðgerðalaust á gerast. Þetta svíður fólki þegar það er að heyja þarna baráttu sína.

Launaþróunin í landinu er landsbyggðinni svo mótdræg að það er hroðalegt að horfa á það. Á síðustu fimm til átta árum hefur dregið í sundur um 10% í meðallaunum milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Þessi munur var alveg fram um 1995 óverulegur, hann var 2–3% á nokkurra ára bili en er núna kominn vel á annan tug prósentustiga, og það dregur hratt í sundur nákvæmlega núna þessi missirin sem við upplifum.

Viðhorf lánastofnana, viðhorf ýmissa stórra opinberra aðila hafa gjörbreyst til hins verra gagnvart landsbyggðinni. Bankarnir ómaka sig ekki á því að líta á lánsumsóknir frá fyrirtækjum eða einstaklingum ef þeir sjá að lögheimilið er úti á landi, þeir hafa ekki áhuga á því, nenna því ekki. Það er miklu meira spennandi að vera hérna að spila matador um hlutabréfakaup og sölu í stórfyrirtækjum — og þá eru milljarðarnir á lausu, hvort sem þarf að sletta þeim í Íslandssíma eða eitthvað annað. En ef það er lánafyrirgreiðsla til veikburða tilrauna manna til að koma löppum undir atvinnustarfsemi á landsbyggðinni er það þvílíkur barningur að það hálfa væri nóg.

Þarna hafa líka pólitískar ákvarðanir skipt sköpum því að atvinnugreinarnar hafa misst fjárfestingarlánasjóði sína og þeim er núna beint á bankakerfið, sem hefur lítinn áhuga á því að taka áhættu eða teygja sig eitthvað ef um atvinnustarfsemi á landsbyggðinni er að ræða, þar sem fasteignaveð eru ekki tekin gild o.s.frv.

Fleira mætti nefna í þessum dúr, herra forseti, sem er þarna raunverulega undirliggjandi og verður ekki leyst með áætlanagerð eða skýrslum þó að þær séu alls góðs maklegar sem slíkar.

Að lokum er þetta spurning um afl þeirra hluta sem gera skal. Að lokum snýst þetta um pólitískan vilja til að verja til þessa fjármunum og að vega upp og jafna í sem allra flestum tilvikum þann aðstöðumun sem við er að glíma. Öðruvísi verður þetta ekki gert. Þá erum við komin að spurningunni um það, herra forseti, hvort ein þjóð eigi að búa í landinu eða tvær eða fleiri í þeim skilningi málsins. Það mun reynast nákvæmlega eins hér og annars staðar að tiltekinn undirstöðuaðstöðumun verður að jafna með opinberum stjórnvaldsaðgerðum. Það er gert alls staðar, bæði á smærri og stærri skala. Það er gert innan annarra landa, eins og í Noregi, Skotlandi og víðar, og það er meira að segja gert innan sjálfs Evrópusambandsins, sem margir trúa nú á. Þar eru viðamikil prógrömm í gangi til þess að vega upp mun í lífskjörum og atvinnustigi innan einstakra landa, milli landa og svæða. Af hverju? Jú, það er vegna þess að menn átta sig á því að ef einhver eining af þessu tagi á að fá staðist

og hún ætlar að vera til sem slík, þá verður að vinna gegn þeim hlutum sem annars búa til óþolandi gjá í lífskjörum og aðstöðu milli manna eftir því hvar þeir búsetja sig og það er hlutur sem við viljum ekki þola, herra forseti.

[17:19]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að það hefur ekki mikið upp á sig að menn séu að æpa hver á annan á milli flokka hverjum þetta sé að kenna. Staðreyndin er að sú þróun hefur átt sér stað óslitið í yfir 20, 21 ár ef ég man rétt, að fækkað hefur á landsbyggðinni um frá 500 og upp í 2.000 manns ári. Allir flokkar hafa komið að stjórn landsmálanna á þessum árum og allir auðvitað viljað að þessi mál þróuðust öðruvísi en því miður ekki haft tök á því.

Hv. þm. nefndi áttunda áratuginn og það er rétt hjá honum að á seinni hluta þess áratugar var þróunin með nokkuð öðru móti. Hér var kallað fram í hver þá hefði verið í stjórn. Ég held að það hafi verið sömu flokkar og núna eru í stjórn þannig að þetta hefur svo sem ekkert endilega að gera með hægri eða vinstri eða hvað við eigum að kalla það. Þetta er einfaldlega svona. Menn hafa verið að glíma við þetta og því miður ekki náð meiri árangri en þetta.

Hv. þm. nefndi það hvort aðgerðir væru máttlausar, hvort þetta væru vitlausar aðgerðir eða hvort þetta væri yfirleitt ekki hægt og við vildum ekki trúa því. Og auðvitað viljum við ekki trúa því, en staðreyndin er bara sú að þetta er að gerast nánast um allan heim. Við heyrum þetta frá Norðurlöndunum og við heyrum þetta frá Evrópulöndunum. Ég var í Bandaríkjunum í haust. Þar var mér sagt að þróunin hefði aldrei verið hraðari í þá átt að fólk flytti frá dreifbýlinu til stórborganna og menn hefðu af þessu miklar áhyggjur í Bandaríkjunum. Þetta er því ekki sérískenskt vandamál.

Hv. þm. nefndi einnig að við hefðum ekki staðið við það sem sagt var í byggðaáætlun um flutning opinberra starfa út á land, og er vissulega rétt að ekki hefur mikill árangur náðst þar. En þá verður líka að minna á hvernig menn hafa brugðist við þegar opinber störf hafa verið flutt út á land. Ég minni á þegar Landmælingar voru fluttar ekki lengra en upp á Akranes að allt ætlaði af göflunum að ganga. Ef ég man rétt, það verður leiðrétt ef ég fer rangt með, þá barðist nú formaður þingflokks hv. þm. á móti því eins og margir fleiri. Sama gerðist þegar Byggðastofnun var flutt til Sauðárkróks að starfsmennirnir vildu ekki setjast þar að. Að vísu komu nýir ágætir menn í staðinn. Það er því meira en að segja það að flytja í opinber störf út á land.

En það skal hins vegar viðurkennt að ekki hefur náðst nægur árangur í því.

[17:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því, ég held það sé miklu merkilegra og gagnlegra að reyna að átta sig á því hvers vegna byggðaþróunin snerist við á áttunda áratugnum heldur en nákvæmlega hverjir sátu í ríkisstjórn. En ég held að efnislega liggi það alveg fyrir og það velkist enginn í vafa um það t.d. sem þekkir til á landsbyggðinni og bjó þar eða var að alast þar upp á þessum árum af hverju það var. Það gjörbreytti um andrúmsloft með þeim stóru ákvörðunum sem teknar voru: útfærsla landhelginnar, skuttogarakaupin, uppbygging frystiiðnaðarins, uppbygging skólakerfisins, uppbygging heilsugæslustöðvanna og stórauknar framkvæmdir í samgöngumálum. Allt þetta kom til sögunnar í upphafi áttunda áratugarins og upp á þessu geta menn flett.

Og það var eins og við manninn mælt að það voraði í andrúmsloftinu, menn öðluðust tiltrú á framtíð þessara svæða, húsbyggingar ruku í gang á vegum einkaaðila og mörg sjávarplássin og byggðarlögin hringinn í kringum landið eiga núna í raun og veru tilvist sína að þakka m.a. og ekki síst því íbúðarhúsnæði sem bættist við á þeim tíma. Og ef keyrt er um Vestfirðina, Norðausturland, Austfirði, Miðnorðurland, þá sést hvað ótrúlega hátt hlutfall húsnæðisins er akkúrat frá þessum árum, og er á milli 20 og 30 ára gamalt í dag.

Hvers vegna gerðist þetta? Skoðum það og þá held ég að við séum kannski að einhverju leyti nær því að vera með lykilinn í höndunum sem þarf að hafa og snúa til þess að gera þetta aftur. Það sem þarf að gera er að koma með svo kraftmiklar aðgerðir og svo sterkar yfirlýsingar um að menn ætli ekki að sætta sig við það að byggðin á Íslandi dragist saman í einn eða þó að það væru tveir eða þrír blettir — og þar fyrir utan verði eyðimörk — að fólk geti treyst því að það hafi bakstuðning, pólitískan bakstuðning allra flokka sem hér eru, ekki bara þeirra sem tilfallandi eru í ríkisstjórn á hverjum tíma til að taka áhættuna, veðja á framtíð byggðanna, binda þar fjárfestingar sínar í formi húsnæðis o.s.frv. Öðruvísi verður þetta ekki gert.

[17:23]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem tíminn var útrunninn í fyrra andsvari mínu þá kom ég því ekki að að það mistókst ekki allt í síðustu byggðaáætlun, þvert á móti gekk mjög margt eftir sem þar var sett fram, svo sem eins og stóraukin jöfnun námskostnaðar, stóraukin jöfnun húshitunarkostnaðar, fjarkennsla, stórátak í samgöngumálum og fleira og fleira. En því miður tókst ekki allt sem við ætluðum okkur en mjög margt af því.

En ég tek eindregið undir það með hv. þm. að það sem þarf á landsbyggðinni er auðvitað eitthvað nýtt og sterkt inn í atvinnumálin, og það er rétt hjá honum að togaravæðingin og útfærsla landhelginnar og allt sem því fylgdi á áttunda áratugnum lyfti landsbyggðinni. Ég tek alveg undir það með hv. þm. að við þurfum kraftmiklar aðgerðir og það er einmitt það sem við ætlum okkur núna. Nú ætlum við ekki að fara endilega að fjölga togurum, nú eigum við stór tækifæri í stóriðjunni, við ætlum að reiska virkjun á Austurlandi og álver í Reyðarfirði, við ætlum að búa til eitt þúsund ný störf á Austurlandi. Ég tek undir með hv. þm. að við eigum að nýta tækifærin og við þurfum pólitískan bakstuðning, eins og hann nefndi, og ég treysti því að þessi ágæti hv. þm. sem er landsbyggðarmaður af guðs náð eins og við fleiri veiti okkur þennan mikla pólitíska bakstuðning sem við þurfum til þess að ráðast í slíkar aðgerðir sem munu lyfta Austurlandi með eitt þúsund nýjum störfum á næstu árum.

[17:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósköp er það nú alltaf leiðinlegt að sjá menn fara flata á skeiðinu. Það er vissulega leiðinlegt að sjá hross hlaupa upp en það er þó sýnu skárra en að sjá þau fara flöt. Það gerist stundum hjá skeiðlægum hestum. Og það gerðist hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni og það sama gerðist í ræðu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur. Það var álverið sem kom, ha, þar er lausnin.

Bíðum við, af hverju ... (Gripið fram í.) Ef þetta er svona einfalt, hv. þingmenn, af hverju er þá ekki bara byggt eitt álver í hverjum firði, ef það er lausnin? (**ArnbS:** Stefnum að því.) Hvað er verið að gera með þessa þykku skýrslu hérna,

þetta nýja pródúkt frá ráðherra? Hér er talað um alla skapaða hluti, samgöngur, menntun, rannsóknir, þróun, líftækni, ferðaþjónustu. Það er fínt, það er þannig sem við eigum að gera þetta. Það er einn kafli um álver. En af hverju er þetta svona ef álverið er lausnarorðið og ekkert annað þarf að gera?

Þessi málflutningur, herra forseti, er svo ofboðslegur þegar fólk kemur hér og ætlar að einfalda út úr myndinni umfjöllun, efnislega umfjöllun um flókin, djúprætt samfélagsleg mein eins og byggðaröskun er í einu landi, og koma svo með þennan botn í málið: Álver! Það kostar 100–120 milljarða stykkið. Eigum við að leysa byggðavandann á Íslandi með álveri í hvern fjörð? Er hægt að gera það? Nei, ætli það? Vita menn ekki sem er að ekki þarf að fara lengra út frá Fjarðabyggð, ef hún er til umræðu, en suður á Djúpavog eða norður á Vopnafjörð og þá yppa menn öxlum því að þeir vita vel að það breytir sáralitlu fyrir þá, hver sem hin umdeildu áhrif verða fyrir Reyðarfjörð og nágrenni, hvað þá aðra landshluta.

Það er svo morgunljóst, herra forseti, að eitt stykki álver sem e.t.v. kemur og e.t.v. ekki á einum stað á landinu getur aldrei orðið innlegg í hinn almenna atvinnu- og byggðavanda á Íslandi. Það þarf ekki fleiri orð um það. Og það er óskaplega dapurlegt að heyra menn leggja sjálfa sig á kviðinn, verandi á sæmilegu skeiði, eins og þingmenn gera hér þegar þeir taka svoleiðis upp í sig. (Gripið fram í.)

[17:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða byggðamál í almennri umræðu. Ég hef verið að dunda mér við það í sæti mínu í klukkutíma að skoða merkilegt svar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson fékk við fyrirspurn sinni um tilfærslu á veiðiheimildum. Ég hef iðulega haldið því fram í umræðu um byggðamál að tilfærsla veiðiheimildanna hefði afar mikil áhrif á atvinnustig á landinu og viðhorf þess fólks sem þar býr til þess hversu það mætti treysta því að byggðin héldi velli og hvernig atvinnuhorfur þess og tekjumöguleikar yrðu til framtíðar.

Þetta hefur sést mjög vel á Vestfjörðum þar sem hlutfallslegar tekjur Vestfirðinga hafa lækkað verulega frá því sem áður var þegar Vestfirðingar voru iðulega yfir landsmeðaltali.

Ég er að tala hér í annað sinn í þessu máli. Það var reyndar í fyrra sem ég talaði síðast í því því máli sem hér er til umræðu. Ef maður kíkir aðeins á þetta merkilega svar sem kom inn á borð til okkar í dag, þá kemur í ljós á 3. síðu svarsins, með leyfi hæstv. forseta, að í þremur sveitarfélögum á Vestfjörðum sem ég rúllaði hér í gegnum, þ.e. Bolungarvík, Ísafirði og Patreksfirði, hefur orðið aflahlutdeildarflutningur upp á 5.600 þorskígildi frá þessum stöðum. Skyldu menn ekki ætla að það hefði einhver áhrif á atvinnustigið í viðkomandi byggðarlögum? Jú, ég er ansi hræddur um að það geri það því miður, enda hefur það komið í ljós.

Á næstu síðu er talað um ýsu og þar kemur í ljós að þetta eru um 350 tonn.

Á 5. síðu er talað um ufsa. Þar kemur í ljós að það er um 380 tonn sem hafa farið frá þessum sömu stöðum.

Á 6. síðu er talað um karfa og þar kemur í ljós að um 1.200 tonn, 1.100–1.200 tonn af karfa hafa farið frá þessum sömu stöðum.

Á 7. síðu er grálúðan og þar kemur í ljós að um 860 tonn hafa farið frá þessum stöðum.

Á 8. síðu er loðna. Þar hafa Vestfirðingar aldrei átt neina hlutdeild svo þaðan fór ekki neitt í þeirri hlutdeild.

Á 9. síðu er síld og þaðan fóru u.þ.b. 2.400 tonn af síldarkvóta af þessum sömu stöðum frá Vestfjörðum.

Síðan var ég nú ekki búinn að reikna út eða skoða úthafsrækjuna en ég sé það þó, ef ég skoða þessa þrjá staði, að Ísafjörður hefur tapað 7,05%, Bolungarvík 0,04% og Patreksfjörður 0,01%, þetta eru 7,10%. Af hve miklum kvóta sem núna er í úthafsrækjunni, man einhver það? Var ekki verið að auka við hann um helming? Ég held það. Ætli það sé ekki verið að tala þarna um þrisvar sinnum sjö, eitthvað svoleiðis, 2.000 tonn.

Samkvæmt þeim tölum sem ég hef verið að nefna hér upp úr svari til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, sem er mjög merkilegt, um tilfærslu á aflaheimildum, þá kemur í ljós að við erum að tala um þúsundir tonna frá þessum byggðarlögum. Það er því ekkert undarlegt þegar atvinnuréttirinn fer frá fólkinu og fólkið horfir á að fyrirtækjunum er lokað og skipin sigla í burtu að það fækki í slíkum byggðarlögum.

Það er auðvitað fjöldamargt annað, eins og menn hafa iðulega komið inn á í umræðunni, en bara fiskveiðistjórnarmálin sem hafa áhrif á byggðirnar. Það er vissulega gott sem menn hafa verið að gera byggðunum til hagsældar, bæði í þróunarstarfi og með atvinnuþróunarfélögum, eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir kom inn á í ræðu sinni. Slík atvinnuþróunarfélög hafa vissulega verið að vinna góða hluti og undirbúa ýmislegt sem gæti kannski hjálpað okkur í framtíðinni. Það breytir hins vegar ekki því að atvinnuþróunarfélögin hafa ekki búið til 200–300 störf á Vestfjörðum til þess að koma í staðinn fyrir það sem þar hefur gerst bara núna við það sem gerðist í smábátamálinu, og þar til viðbótar er þá það sem ég hef talið hér upp í tilfærslu á kvóta í hinu stóra aflamarkskerfi.

Það sjá því allir sem vilja sjá að sjávarútvegsmálin og tilfærslan á aflaheimildunum er það vandamál sem mest þarf að taka á hvað varðar að tryggja búsetu fólks í hinum dreifðu sjávarbyggðum allt í kringum landið. Meðan fólk finnur ekki öryggi í því að geta búið í sjávarbyggð og treyst því að atvinnuréttirinn sé ekki seldur í burtu daginn eftir, þá er ekki von að okkur gangi vel í öðrum málum sem við viljum nota til að tryggja byggðina þó að þau séu góð og stefni til góðra verka. Það kemur bara fátt í staðinn fyrir jafnmikinn undirstöðuatvinnuveg og sjávarútvegurinn er í sjávarbyggðum Íslands.

[17:34]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Margar spurningar koma upp í hugann þegar málefni byggðanna eru til umræðu. Við þessa umræðu langar mig að rifja upp skýrslu sem gefin var út árið 1993. Hana vann sérstök nefnd sem skipuð var af hæstv. ríkisstjórn á þeim tíma, árið 1992, og var falið að kanna hvaða opinberar stofnanir mætti flytja út á land. Í nefndinni sátu fulltrúar allra stjórnmálaflokka: Kristín Ástgeirsdóttir, þáv. alþingismaður, Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður og núverandi hæstv. byggðamálaráðherra, Margrét Frímannsdóttir alþingismaður, Gunnlaugur Stefánsson, þáv. alþingismaður, Tómas Ingi Olrich alþingismaður og Hrafnkell A. Jónsson, þáv. formaður Verkalýðsfélagsins Árvakurs.

Þessi nefnd skilaði mjög ítarlegri skýrslu árið 1993 um flutning átta ríkisstofnana út á land. Um skýrsluna urðu allmiklar umræður, og mismunandi sjónarmið komu fram eins og eðlilegt er en það sem lá að baki niðurstöðu nefndarinnar

sem var samhljóða var að þær stofnanir sem lagt var til að fluttar yrðu út á land voru landsbyggðastofnanir með aðsetur í Reykjavík. Með öðrum orðum var meiningin að flytja opinberar stofnanir heim til sín.

Þessar stofnanir voru Byggðastofnun sem nefndin gerði tillögu um að flutt yrði til Akureyrar, Landhelgisgæsla Íslands til Keflavíkur, Landmælingar Íslands á Selfoss, Rafmagnsveitur ríkisins á Egilsstaði, Skipulag ríkisins á Sauðárkrók, Skráningarstofa ríkisins á Ísafjörð, Vegagerð ríkisins í Borgarnes og Veiðimálastofnun til Akureyrar. Að auki lagði nefndin í mjög ítarlegu áliti til flutning stofnana að hluta út á land með því að þar yrðu sett á fót útibú. Síðan er fjallað ítarlega um almennar umboðsstofnanir, sérstakur kafli í skýrslunni er um fjarvinnslu og síðan sérstakur kafli um það hvernig opinberar stofnanir gætu skilað tilteknum verkefnum til stofnana sem þá þegar voru staðsettar á landsbyggðinni.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sem mest hafi raskað byggð í landinu undanfarna áratugi sé útþensla ríkisins á höfuðborgarsvæðinu sem hefur verið gífurleg samanborið við að þessi þróun hefur verið neikvæð á landsbyggðinni. Ríkisvaldið sem er stærsti vinnuveitandi í landinu hefur eðlilega mikil áhrif á alla atvinnuþróun.

Fjárfestingarstefna ríkisins hefur líka verið gífurleg á höfuðborgarsvæðinu og áhrif hennar hafa raskað byggðajafnvæginu í landinu. Þetta þrennt, þjónustustefna ríkisins, atvinnustefna ríkisins og fjárfestingarstefna ríkisins, hefur haft úrslitaáhrif á það hvernig byggðin í landinu hefur þróast á undanförnum áratugum. Það sem þessi hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa náð tökum á er að snúa öfugþróuninni við því enn er verið að stofna nýjar ríkisstofnanir sem ættu og gætu átt heima á landsbyggðinni en eru samkvæmt sjálfvirku lögmáli staðsettar í Reykjavík.

Þegar ný stofnun er sett á fót og henni valinn staður er gengið að því sem vísu, sem náttúrulögmáli, að stofnunin eigi að vera í Reykjavík, burt séð frá því hvaða hlutverki hún á að gegna, hvaða þjónustu stofnunin á að veita og hvaða starfsemi á að fara þar fram. Ef um það yrði að ræða að slík stofnun ætti að vera einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík þarf jafnan að ræða það mjög ítarlega, og þá eru skiptar skoðanir. Það virðist vera samofið inn í vitund embættiskerfisins í landinu, inn í vitund ríkisstarfseminnar, að starfsemin eigi fyrst og síðast að fara fram á höfuðborgarsvæðinu og síðan mæti landsbyggðin afgangi.

Segja má að hvert einasta nýtt opinbert starf sem verður til og vistað er á landsbyggðinni krefjist mikillar baráttu. Það þarf að breyta þessari hugsun og það þarf að breyta þessari stefnu. Það má með gildum rökum segja að sú byggðastefna sem í gildi hefur verið í landinu marga undanfarna áratugi hafi verið sú að byggja höfuðborgarsvæðið upp, og það er stefna út af fyrir sig. Hvort sem hún er óafvitandi eða gerð af ráðnum hug er það stefna. Auðvitað á að búa vel að allri stjórnsýslu í Reykjavík og auðvitað á að búa vel að höfuðborginni og æðstu ríkisstofnunum. En það má ekki gleymast að við búum í stóru landi og íbúarnir verða að hafa jafnan aðgang að hinni opinberu þjónustu, og hinni opinberu þjónustu verður að dreifa á réttlátan hátt. Það er hægt að rekja mörg dæmi um það hver aðstöðumunur fólks er í þessum efnum þótt ég geri það ekki að sinni.

Þess vegna legg ég mikla áherslu á, og ég tel að það sé réttlætismál, að sú landsbyggðarþjónusta sem fram fer af hálfu ríkisins sé vistuð heima hjá sér þar sem þjónustan er veitt. Þær stofnanir sem ég vitnaði til fyrr, herra forseti, sem viðkomandi nefnd gerði tillögur um að yrðu fluttar frá Reykjavík eiga það nefnilega allar sammerkt að vera landsbyggðarstofnanir sem veita fyrst og fremst landinu og dreifbýlinu þjónustu. Tvær af þessum átta stofnunum hafa verið færðar frá Reykjavík og út á land. Byggðastofnun var flutt á Sauðárkrók með góðum árangri. Árangur af þeim flutningi hefur orðið mjög góður og mér segir svo hugur að stofnunin eigi eftir að eflast þar sem hún er staðsett núna til að veita víðtæka þjónustu í landinu öllu.

Þá hafa Landmælingar Íslands verið fluttar á Akranes og þetta er afraksturinn, herra forseti. Nú er ég nokkuð viss um að hæstv. byggðamálaráðherra man vel eftir þessum nefndarstörfum. Hún lagði sig fram og lagði þar mikið af mörkum en það hlýtur að valda vonbrigðum að ekki skyldi hafa verið gengið lengra í þessum efnum en raun ber vitni. Níu ár eru liðin síðan þessi skýrsla leit dagsins ljós.

Einn þáttur í þessari skýrslu fjallar um fjarvinnslu. Nú er það kunnugt að nokkrar fjarvinnslustöðvar hafa verið settar á fót á landsbyggðinni. Það hefur ekki gengið eins vel og vonir stóðu til. Nokkrar berjast áfram. Það sem fyrst og fremst hefur valdið erfiðleikum og dregið verulega úr vonum um að þessar mikilvægu stöðvar festi rætur og eignist bjarta framtíð er að hið opinbera hefur brugðist í því að flytja verkefni til þessara stöðva eins og greinilega var gefið í skyn þegar farið var af stað með þessa starfsemi.

Ég var áheyrandi að ræðum þegar slík stöð var opnuð á Stöðvarfirði á sínum tíma og ég var áheyrandi að fögrum fyrirheitum um að hið opinbera mundi leggja sitt af mörkum til að flytja verkefni frá stjórnsýslustöðvum í Reykjavík til þessara stöðva. Eftirtekjan hefur verið afar rýr, það verður að segjast eins og er. Ég ætla ekki að kenna hæstv. ráðherrum einum um hvernig komið er. Það virðist vera afar mikil tregða í embættismannakerfinu, í stjórnsýslukerfinu, um að sjá af nokkru af verkefnum til starfsstöðvanna úti á landi. Þessi tregða er alvarlegt vandamál. Ég trúi því ekki að hún stafi af því að embættismenn treysti ekki þessum frjálsu stöðvum til að annast mikilvæg verkefni. Ég held fremur að hér sé á ferðinni hið alkunna tregðulögmál. Þess vegna þarf sterk pólitísk bein til að brjóta þennan múr, til að brjótast í gegnum þetta lögmál.

Hæstv. byggðamálaráðherra. Ég vitnaði í upphafi máls míns til skýrslu sem gefin var út 1993, um flutning opinberra stofnana út á land, og sem við áttum aðild að. Hún var afrakstur nefndarstarfs þar sem við störfuðum saman og urðum sammála, og öll nefndin var sammála og einhuga. Þetta var stórhuga verk og við bundum vonir við að þetta verk mundi skila árangri. Ég tel að ekki sé nægilega að gert að gefa fagrar yfirlýsingar um góðan vilja eins og þessi skýrsla vitnar um. Það þarf að láta verkin tala. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur nú einstakt tækifæri til að láta verkin tala og mér er kunnugt um að margir bíða eftir því að sjá árangur koma í ljós.

[17:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu um byggðamál hefur ýmislegt borið á góma og mig langar til að bæta við hana fáeinum orðum. Hún á það sammerkt með öðrum umræðum um byggðamál yfirleitt að þar eru menn sem sjálfir búa yfirleitt annars staðar en á landsbyggðinni að tala um að það væri æskilegt að aðrir byggju úti á landi. Ég er svo sem einn af þeim. Ég held að stundum sé þessi umræða dálítið skrýtin og ankannaleg og sérstaklega þegar menn tala um starfsemi

og verkefni sem reynslan hefur kennt okkur að hefur miklu betri aðstæður til að dafna í þéttbýlinu. Ég held að því fyrr sem menn horfist í augu við að á landsbyggðinni eiga menn að snúa sér fyrst og fremst að verkefnum sem eru tengd gæðum landsbyggðarinnar og þeim aðstæðum sem þar eru, það sem landsbyggðin hefur fram yfir þéttbýlið, muni menn ná meiri árangri. Því miður hefur mönnum orðið afar alvarlega á hvað þetta varðar á undanförnum árum þar sem undirstaða fjölmargra byggðarlaga hefur verið brotin í raun og veru með því að eignarhaldið á réttinum til að stunda sjó hefur verið flutt til einnar atvinnustéttar í landinu og hún hefur selt það og keypt að sinni vild án þess að aðrar atvinnustéttir eða þeir sem búa í byggðarlögunum hafi nokkuð um það að segja. Þetta tel ég vera stærstu ástæðuna fyrir vandanum í smærri sjávarútvegsbyggðunum allt í kringum landið.

Mig langar í upphafi að nefna eitt sem mér finnst dálítið undarlegt. Ég var að lesa svolítið í þessari skýrslu sem var til umræðu fyrr í dag eða réttara sagt till. til þál. um stefnu í byggðamálum sem er væntanleg til umræðu og mig langar til að fara fram á það að hæstv. ráðherra byggðamála útskýri fyrir mér og hv. þm. sem hér hlusta ákveðinn mismun sem mér finnst koma fram í þessari tillögu. Mér finnst ýmislegt stangast á í henni. Í fréttatilkynningu hæstv. ráðherra stendur í 1. tölulið á eftir áherslupunktunum: Traust og fjölbreytt atvinnulíf. Og undir þeim lið segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikilvægt er að byggðarlögum og fyrirtækjum á landsbyggðinni sé sköpuð aðstaða til að nýta atvinnukosti sína sem best, að starfsskilyrði fyrirtækja séu sem jöfnust" o.s.frv. — Síðan segir neðar í þessari klásúlu: „Þá er nauðsynlegt að stefna stjórnvalda í atvinnugreinum sem eru þýðingarmiklar á landsbyggðinni, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, dragi ekki úr nýliðun, frumkvæði og fjárfestingum í fámennum byggðarlögum, þar sem fárra annarra atvinnukosta er völ."

Þetta er mjög skýrt. Þarna segir alveg gjörsamlega umbúðalaust að stefna stjórnvalda megi ekki valda þessum skaða sem svo sannarlega hefur verið uppi í smærri byggðarlögunum, í öllum smærri sjávarútvegsbyggðum á undanförnum árum. Þar hefur stefna stjórnvalda komið afar hart niður vegna þess að menn hafa ekki getað fjárfest í undirstöðuatvinnugreininni, sjávarútvegi, af því að það hefur verið gjörsamlega glórulaust að stofna ný atvinnufyrirtæki í útgerð. Verðið á veiðiheimildum er svo hátt. Þetta stendur þarna.

Ef maður fer síðan aftar í þetta plagg sem lesa mátti á netinu hjá hæstv. ráðherra og flettir upp á þar sem stendur „Sjávarútvegur" má lesa eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Huga þarf að stöðu nokkurra fámennra byggðarlaga sem eru háð útgerð smábáta og viðkvæm eru fyrir áhrifum af flutningi aflamarks milli byggðarlaga." — Af flutningi aflamarks milli byggðarlaga, ekki aflahlutdeilda, ekki réttarins til að stunda sjó, heldur flutningi aflamarks milli byggðarlaga. — „Við endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða er mikilvægt að tryggja þessum byggðarlögum áfram aðgang að aflamarki sem hefur verið til ráðstöfunar fyrir staðbundna útgerð og fiskvinnslu. Slíkt aflamark á að vera tímabundið, óframseljanlegt og endurnýjun þess þarf að tengjast frammistöðu. Auk þess er mikilvægt að reglur um takmarkanir á stærð smábáta verði rýmkaðar" o.s.frv.

Þarna kveður við svolítið annan tón en þann sem ég las á undan þar sem talað var um almenna möguleika manna í þessum byggðarlögum til að hasla sér völl í atvinnugreininni. Hér er aftur talað um að það eigi að tryggja mönnum eitthvert lítilræði til leigu og ef þeir standa sig vel fá þeir kannski aftur einhvern byggðakvóta. Ég bið hæstv. ráðherra að útskýra hvað sé eiginlega verið að fara með þessu. Úr því að svo nákvæmlega er að orði komist held ég að hæstv. ráðherra hljóti að geta útskýrt fyrir okkur hvað þarna er á ferðinni.

Ég ætla annars ekki að ræða mjög mikið um þessa tillögu. Við fáum tækifæri til að gera það síðar og ég ætla ekki að mæla á móti því sem virðist vera aðaltrompið í henni, að Akureyrarsvæðið verði styrkt. Ég held því hins vegar fram að þó að okkur tækist að búa til aðra höfuðborg fyrir norðan land mundi það ekki bjarga öðrum byggðarlögum. Ef það verður bara til þess að fleiri búa á því svæði sem annars væru hér á höfuðborgarsvæðinu held ég að við höfum ekki náð þeim árangri sem menn vilja ná.

Hvar er svo ákjósanlegast að fólki búi? Ég tel að þeir sem kjósa að starfa í viðkomandi atvinnugreinum eigi fyrst og fremst að ráða því sjálfir og að ákjósanlegast sé að menn búi þar sem styst er til þeirra fyrirtækja sem þeir vinna hjá, þar sem styst er til markaðarins sem þeir eru að vinna fyrir, þar sem menn geta með hagkvæmum hætti rekið fyrirtæki sín og starfsemi. Það er það sem fólkið í landinu er að gera þegar það velur sér búsetu. Stjórnvöld eiga fyrst og fremst að hafa áhrif á þessa hluti með því að sjá til þess að hér ríki ekki óréttlæti og ójafnvægi eins og hefur í raun og veru gerst á undanförnum árum og ég var að lýsa í sambandi við undirstöðuatvinnuveg okkar. Þá þarf hið opinbera auðvitað að hlutast til um að fólk hafi sambærilega möguleika á að fá opinbera þjónustu. Ég fagna því sem stendur í þessari þáltill. — sem ekki má ræða en maður ræðir samt — þar sem nefnt er að til greina komi að taka á stærð sveitarfélaganna, jafnvel með lagasetningu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er þá ekki ljóst að það sé samstaða innan ríkisstjórnarinnar um að vinna tillögur af því tagi?

Þá kem ég kannski að því sem mig langar fyrst og fremst til að leggja inn í umræðuna. Ég held því nefnilega fram að ef menn snúa sér að þessu með þeim hætti að endurskipuleggja sveitarfélögin í landinu upp á nýtt og gera þau öll fær um að taka við þeim verkefnum sem þau eiga að hafa til þess að geta veitt fulla þjónustu, verið með framhaldsskóla og séð sínu fólki fyrir öllum þörfum, heilsugæslu og öðru sem til þarf, þá muni sveitarfélög verða sterkar atvinnueiningar og þannig held ég að hægt sé að nálgast þetta verkefni miklu betur en verið hefur fram að þessu. Ég held að það sé nokkuð ljóst, bara af því að sjá þróun síðustu ára, að byggðarlögunum sem hafa náð því að vera eitthvað í kringum kannski 4.000–5.000 manns hefur tekist að halda í horfinu eða stækka. Það má kannski velta því fyrir sér hvað það er sem ræður þessu en ég held að það sé fyrst og fremst sameiginlegt afl þeirra sem búa í byggðarlaginu sem veldur því að stærri byggðarlögin halda velli.

Bændum heldur áfram að fækka. Tveir bændur á viku leggja af búskap í landinu núna og það kemur ofan á þróun síðustu ára. Hér ræða menn lítið um þetta. Mér finnst að hér á hv. Alþingi séu menn farnir að horfast í augu við að þeir muni ekki tala upp landbúnað á Íslandi, menn verði að horfast í augu við að einungis þeir sem vinna í þeirri atvinnugrein geti bjargað henni með nýjum framleiðslugreinum, ef það er þá hægt. Stjórnvöld þurfa auðvitað að veita þeim aðilum þau tækifæri sem möguleg eru. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst hafa verið nægur vilji á hv. Alþingi til þess

að ganga til móts við landbúnaðinn. Við höfum hins vegar verið að uppskera afleiðingar stefnu undanfarinna ára þar sem stjórnvöld báru fyrst og fremst ábyrgð á, þar sem menn önuðu út í framleiðslu sem var á skjön við alla skynsemi og það hefur verið sársaukafullt að ganga þá götu til baka.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór yfir það áðan með stjörnur í augunum hvernig vinstri stjórnin 1972 eða frá 1970 hefði spýtt í lófana og komið byggðarlögunum í landinu til að blómstra. Ég verð því miður að segja að ég tel að sú þróun sem þá fór í gang á Íslandi, þó að hún hafi haft margt jákvætt í för með sér, sé að hluta til skýringin á óförum okkar. Það sem gerðist var að verkalýðsfélögin og stjórnvöld og þeir sem stjórnuðu sveitarfélögunum urðu sammála um að það sem ætti að bjarga byggðarlögunum í landinu væri að breyta útgerðinni úr vertíðarskipum yfir í togskip. Keypt voru togskip á hvern einasta fjörð allt í kringum landið. Þau togskip fóru að veiða fisk með miklu meiri tilkostnaði en áður, með miklu meiri olíueyðslu en áður. Einmitt í framhaldi af því fara svörtu skýrslurnar um auðlindina að koma hér og tillögurnar um að skera niður. Þegar afleiðingarnar af þessu fóru síðan að skella yfir byggðarlögin og kvótinn var settur á þá var hann settur á þessi skip og þau eru flutt í burtu og þar með allar aflaheimildir byggðarlaganna sem um er að ræða. Þannig varð þessi togaravæðing sem má kalla svo bókstaflega að hefndargjöf fyrir mörg byggðarlög í kringum landið. Auðvitað er ýmislegt sem við höfum lært af þessu en ég tel að það hafi þurft að horfa á þessi mál í samhengi við þær ákvarðanir sem menn hafa verið að taka um nýtingu á auðlindinni eða stjórn á henni sem kom í framhaldi af þessum atburðum öllum saman.

Hæstv. forseti. Ég hef því miður lokið tíma mínum.

[18:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar starfsemi Byggðastofnunar og framvinda byggðaáætlunar, en eins fram hefur komið er sú skýrsla sem við fjöllum nú um fyrir árið 2000 en komið er fram á árið 2002. (**Gripið fram í:** Það týndist eitt ár.) Týndist eitt ár, segir hv. þm. Það má einnig benda á og hefur reyndar verið gert hér í umræðunni að ný byggðaáætlun sem átti að taka gildi í byrjun þessa árs hefur enn ekki komið fyrir Alþingi. Hún mun hafa verið samþykkt í ríkisstjórn, hún hefur ekki verið rædd í báðum stjórnarflokkunum en okkur er sagt að við getum náðarsamlegast nálgast hana á netinu. Þetta eru vinnubrögð sem ber að mótmæla harðlega.

Í skýrslu Byggðastofnunar er margt fróðlegt að finna. Hér er t.d. fjallað um möguleika landsbyggðarinnar og fyrirtækja á landsbyggðinni til að afla lánsfjár. Hér segir, með leyfi forseta, í skýrslunni:

„Ásókn í lánsfé hefur ekki verið meiri en nú og kemur þar m.a. til að stærri fyrirtæki á landsbyggðinni eru aftur farin að snúa sér til Byggðastofnunar enda vaxtakjör hagstæðari en hjá öðrum lánastofnunum í mörgum tilvikum. Þá er því ekki að leyna að svo virðist sem bankarnir reyni að komast hjá því að veita há lán til langs tíma til fyrirtækja á smærri stöðum. Bankarnir hafa neitað þessum ásökunum en ásókn í lán frá Byggðastofnun hefur aukist verulega og það verður ekki einvörðungu skýrt með vaxtakjörum."

Þetta var tilvitnun í skýrslu Byggðastofnunar.

Þetta leiðir hugann að þeim kerfisbreytingum sem innleiddar hafa verið í landinu á liðnum árum að frumkvæði ríkisstjórnar, m.a. á sviði bankamála. Fyrir nokkrum árum eða nokkrum missirum var ríkisbönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, breytt í hlutafélög og áttu þeir að starfa á þröngan markaðshátt. Það bæri að úthýsa öllum félagslegum sjónarmiðum, jafnvel var talað um það af mestu fyrirlitningu að sú tíð væri liðin og eigi að vera liðin að bankar séu einhvers konar félagsmála- eða þjónustustofnanir við landsbyggðina. Þannig var talað.

Og þetta er árangurinn. Bankarnir neita fyrirtækjum, samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar, um lán, há lán til langs tíma *ef þau er að finna í fámennum byggðarlögum.* Þetta er stefna sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum varað við. Við höfum bent á að bankar séu fjármálastofnanir sem hafi margþættu hlutverki að gegna, þar á meðal mikilvægu þjónustuhlutverki. Og það er þetta þjónustuhlutverk sem er víkjandi fyrir arðsemishugsuninni og birtist með þessum hætti.

En þetta leiðir hugann að öðrum kerfisbreytingum sem hafa litið dagsins ljós og tengjast einkavæðingunni. Við höfum margoft vakið máls á því hvernig einakvæðingin hefur komið við landsbyggðina og verið mjög í óhag fámennum byggðarlögum. Sérstaklega hefur þetta komið skýrt í ljós varðandi hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Sú var tíðin að *Póstur og sími, sem störfuðu undir einu þaki, rak þjónustuútibú víðs vegar um landið.* Þetta voru hagstæðar rekstrareiningar sem hentuðu afar vel íslenskum aðstæðum. Síðan gerist það að stofnunin er klofin upp, gerð að hlutafélagi og síðan hafa menn verið að keppast við að loka þessum útibúum og þykjast góðir ef þeir geta sameinað þessa starfsemi einhverri annarri atvinnustarfsemi í fámennum byggðarlögum.

Auðvitað hefði verið miklu betra og heppilegra að viðhalda því formi sem við bjuggum við og eins og ég segi hentuðu mjög vel íslenskum aðstæðum. En skipun kom frá Brussel um að við ættum að breyta því fyrirkomulagi en ríkisstjórnin gekk lengra. Hún ákvað að gera þær stofnanir að hlutafélagi með þessum árangri.

Herra forseti. Þetta leiðir hugann að hlutverki hins opinbera gagnvart byggðum landsins. Hvert á hlutverk ríkis og sveitarfélaga að vera í atvinnu og atvinnuuppbyggingu? Að okkar dómi er meginhlutverk ríkis og sveitarfélaga varðandi byggðaþróun að sjá fyrir traustu, öflugu stoðkerfi, að sjá fyrir samgöngum, að sjá fyrir skólum, að sjá fyrir heilbrigðisþjónustu, fjarskiptum og þar fram eftir götunum. Þetta er fyrst og fremst hlutverk hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga.

Það er þetta hlutverk sem hefur verið að veikjast á undanförnum árum. Auðvitað á maður ekki að orða það svo að það hafi verið að veikjast. Það hefur verið veikt með lagabreytingum sem hafa verið ákveðnar hér í þessum sal. Þetta er nokkuð sem menn vilja oft gleyma þegar verið er að *tala um byggðaþróunina. Annað er að hlutverk ríkisins er að* sjálfsögðu að búa atvinnustarfseminni heppilegan ramma. Við setjum hér lögin sem atvinnulífið og efnahagslífið í heild sinni starfar samkvæmt. Þar skiptir máli hvernig við höldum á fiskveiðistjórnarmálum, hvort við ætlum að búa við kerfi eins og við gerum nú sem heimilar framsal á kvóta og óheftan flutning á milli byggðarlaga eða hvort við ætlum að treysta hlut einstakra byggðarlaga í þeim efnum.

Annað sem hefur verið til umræðu hér á Alþingi undanfarna daga er hvernig tekið skuli á skattamálum. Tillögur hafa verið uppi um að hafa eigi mismunandi skatta á höfuðborgarsvæðinu eða þéttbýlissvæðinu suðvestanlands annars vegar og byggðum sem eru fjarlægari og fámennari hins vegar. *Um þetta eru skiptar skoðanir. Ég er sjálfur þeirrar*

skoðunar að við eigum ekki að fara þá leið, við eigum að hafa sama skattastigið í landinu öllu en jafna síðan aðstöðu fólks og fyrirtækja í landinu öllu í ráðstöfun þessa skattfjár. Það er mín skoðun, en um þetta eru mismunandi sjónarhorn og sjálfsagt að skoða málin frá ýmsum hliðum.

Enn eitt sem hið opinbera, hvort sem er ríki eða sveitarfélög, getur gert til að styðja atvinnulíf á landsbyggðinni er að auðvelda aðgang að fjármagni, nýsköpunarfjármagni, bæði í formi styrkja og í lánsfjármagni. Út á það gekk sú tillaga sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram fyrr í vetur þar sem við vorum með beina tillögu um nýsköpunarfjármagn sem við vildum beina fyrst til Austurlands, 400 millj. á ári í sex ár, og fara síðan til annarra byggðarlaga, meta árangurinn að þremur árum liðnum og fara síðan í ljósi reynslunnar til annarra hluta landsins. Þetta er enn eitt dæmi um hvernig hið opinbera getur haft afskipti af atvinnu- og byggðaþróun í landinu.

Við búum hins vegar við þá ógæfu að hafa yfir okkur ríkisstjórn sem sér bara eitt og aðeins eitt og það er álver. Álver á að leysa allan vanda. Þetta er úrræði í anda stalínismans að leysa atvinnumál heilla byggðarlaga með því að setja alla sem þar búa inn í eina verksmiðju. Það er grunnhugmyndin sem þarna býr að baki í stað þess að reyna að stuðla að fjölbreytni. Svo öfugsnúið er þetta orðið að þeir sem standa lengst til vinstri í stjórnmálum eru með lausnir sem einhvern tíma hefðu verið nær miðjunni, jafnvel til hægri, á sama tíma og hægri mennirnir eru talsmenn þessara gömlu stalínisku úrræða. Við segjum: Það er hlutverk hins opinbera að sjá um grunninn, um grunnþjónustuna að tryggja aðgang að fjármagni og auðvelda brautina fyrir frumkvöðlum. Síðan mun fólkið og fyrirtækin sjá um hitt. Það er okkar nálgun.

En hægri mennirnir spyrja alltaf: En hvað ætlið þið þá að gera ef þið viljið ekki álver? Hvað ætlið þið þá að gera? Þeir trúa ekki á frumkvæði einstaklinga eða fyrirtækja, þeir gera það ekki. Þeir ætla að troða sinni heildarlausn niður í kokið á heilum landshluta. Það er þeirra nálgun. Ég hefði haldið að hér hafi verið höfð endaskipti á hlutunum.

[18:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Enn einu sinni ræðum við Byggðastofnun og áætlanir um byggðamál. Ég hef áður tekið þátt í þessari umræðu og bent á að allar aðgerðirnar byggja á ónáttúrulegum og óskynsamlegum aðgerðum, styrkjum og lánum til verkefna sem enginn annar vill taka þátt í eða lána til. Þessi styrktu verkefni drepa svo niður önnur heilbrigðari verkefni og skaða þannig landsbyggðina. Öll þessi umræða byggir á aumingjagæsku og yfirskyggir það sem vel er gert. Þróttmikil fyrirtæki í sjávarútvegi gleymast. Margs konar nýsköpun og margt fleira gleymist.

Þess vegna hef ég lagt til að Byggðastofnun yrði lokað og það eigi að fara að tala landsbyggðina upp í staðinn fyrir að tala hana stöðugt niður og venja hana við vælutón og betlistaf.

Þau eru mörg úrræðin sem mönnum dettur í hug. Eitt er t.d. mismunandi skattar og mismunandi greiðslur námslána. Þá mundi ég nú leigja mér herbergi á Siglufirði ef sú yrði staðan. Og hver ætlaði að tékka það af hvort ég byggi þar eða ekki? Og hvernig ætla menn að fara að því að hafa eftirlit með því hvar fólk býr yfirleitt? Ætla þeir að kíkja á hvar það sefur á nóttinni? Það skyldi nú ekki vera. Að láta sér detta annað eins í hug!

Herra forseti. Ástæða þess að ég steig hér í pontu til að taka enn einu sinni þátt í þessari umræðu og þessu væli er sú að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði að aðalbyggðavandinn væri vöxtur ríkisins, að hans lausn væri dreifstýrt ríkisvald um allt land. Nú er það svo að ríkið er í eðli sínu miðstýrt kerfi. Það er ekki hægt að dreifstýra því. Þess vegna væri rétt ályktun að minnka ríkisbáknið eins og ég hef margoft bent á. (Gripið fram í.) 20 þúsund ríkisstarfsmenn eru aðallega staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Þetta veit landsbyggðarfólk þannig að einkavæðing er lausnin og liður í því að leysa byggðavandann og ekkert annað.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson er að sjálfsögðu á öndverðri skoðun og bendir á örfáar uppsagnir sem átt hafa sér stað í kjölfar hlutafjárvæðingar, ekki einkavæðingar, hjá Íslandspósti. En hvað skyldu margir starfsmenn Íslandspósts vera staðsettir á höfuðborgarsvæðinu og hve margir úti á landi? Það væri gaman að fá þá tölfræði? (**Gripið fram í:** 800.) Eða hvað eru margir starfsmenn ríkisfyrirtækjanna Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands staðsettir á Reykjavíkursvæðinu?

Það er nefnilega þannig að öll þessi ríkisfyrirtæki eru meira og minna á Reykjavíkursvæðinu vegna þeirrar miðstýringar sem ríkið er. Ríkið er miðstýrt kerfi og allar samgöngur í landinu miðast við Reykjavík og ráðuneytin að sjálfsögðu. Menn komast ekki frá Akureyri til Egilsstaða nema fara fyrst til Reykjavíkur, ekki með flugi alla vega.

Svo gat hv. þm. þess að virkjanir og álver væru ríkisvæðing og ég er honum hjartanlega sammála. Landsvirkun á ekki að vera í ríkiseigu. Við eigum að selja Landsvirkjun og við eigum að bjóða út virkjunarleyfin. Það er nefnilega svo í dag, herra forseti, að einstaklingum er bannað að virkja, hreinlega bannað að virkja nema eitthvert smáræði, bæjarlæk eða svoleiðis. Svo vil ég benda á að Reyðarál er nú ekki á vegum ríkisins. Það er einkafyrirtæki sem er að leita að fjárfestum út um allan heim og hv. þm. Ögmundur Jónasson getur tekið þátt í því hlutafjárútboði væntanlega eins og aðrir.

[18:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf afar fróðlegt að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal fræða okkur um efnahagsmálin. Ekki er langt síðan hann lagði til að fækkað yrði á sjúkrahúsunum um helming, held ég að það hafi verið, og vísaði þar í sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og lækna. Nú sér hann það sem alvarlegustu efnahagsmeinsemdina að opinber þjónusta hafi verið bætt á einhverjum sviðum.

En ég vildi beina spurningu til hv. þm. í ljósi þess að hann telur það vera almennt af hinu illa að veita styrki eins og Byggðastofnun byggir á og leggur til að ýmsu leyti: Hvert er þá hans álit á Kárahnjúkavirkjun? Nú hefur fjármálastjóri Landsvirkjunar lýst því yfir að ef hún væri reist á vegum sjálfstæðs fyrirtækis á einkamarkaði, hlutafélags- og einkamarkaði, þá mundi hann ekki geta mælt með þessari ráðstöfun því að hún mundi aldrei bera sig. Ætlar hv. þm. þá (Forseti hringir.) að vera sjálfum sér samkvæmur og greiða atkvæði gegn því að ráðist verði í þessa virkjun með íslensku þjóðina að bakhjarli?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þingmenn að virða tímamörk.)

[18:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess að ég hefði viljað fækka á sjúkrahúsunum um helming. Þar vil ég gera nákvæmlega sömu kröfu og gerð er til atvinnulífsins þar sem mönnum hefur tekist í frystihúsum að fækka um allt að helming á síðustu fimm til tíu árum. Og þar sem ríkisstarfsmenn eru orðnir svona dýrir og laun þeirra hafa hækkað þvílíkt eins og undanfarin ár þá verður maður að fara að gera þá kröfu að líka sé betur stjórnað hjá ríkisfyrirtækjum og fólki fækkað þar, með sömu afköstum að sjálfsögðu eða vonandi meiri afköstum.

Varðandi Kárahnjúkavirkjun, þá byggi ég þetta á þeim vöxtum sem viðkomandi fyrirtæki fær. Ef Kárahnjúkavirkjun væri á vegum einkaaðila þá tel ég að þetta sé svo örugg og trygg framkvæmd að hún fengi örugglega vexti, ekki mikið hærri en þá sem ríkið er að greiða.

[18:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eiga frekari orðastað við hv. þm. um skipulag á sjúkrahúsum og elliheimilum. En ég held að það hljóti alltaf að vera afskaplega uppörvandi fyrir starfsfólk sem starfar við þessa þjónustu að heyra þessar yfirlýsingar hv. þm.

Ég spurði hv. þm. um hvaða afstöðu hann mundi taka til Kárahnjúkavirkjunar sem er eða stendur til samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar að reisa á vegum Landsvirkjunar. Hver er hans afstaða, vegna þess að hann er að taka ákvörðun fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, í ljósi yfirlýsinga ýmissa hagfræðinga sem til þekkja og fjármálastjóra Landsvirkjunar sem segir að yrði þetta gert á vegum einkafyrirtækis á markaði mundi það ekki bera sig og hann gæti ekki ráðlagt það? Hvernig ætlar hv. þm. að greiða atkvæði fyrir hönd íslensku þjóðarinnar?

[18:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi stjórnun hjá opinberum stofnunum þá held ég að hún megi mikið batna og að borga megi bæði hærri laun og fækka fólki.

Varðandi afstöðu mína til Kárahnjúkavirkjunar, þá hef ég margoft sagt að Íslendingar hafi ekki efni á því að láta árnar renna óbeislaðar til sjávar og ónýttar þannig að það á að beita öllum ráðum að virkja þessa auðlind okkar þjóðinni til hagsbóta. Ég mun því greiða því atkvæði að farið verði út í Kárahnjúkavirkjun og ég treysti því að þeir aðilar sem þar koma að, Landsvirkjun sem er kosin af Alþingi, standi vörð um ávöxtunarkröfuna og arðsemina. Ef Landsvirkjun kæmi ekki inn í þetta, þá tel ég, eins og ég sagði áðan, að þeir vextir sem þessi virkjun þyrfti að greiða yrðu lítið hærri en það sem ríkið þarf að greiða. Það kom nefnilega í ljós þegar Fiskveiðasjóður var einkavæddur.

[18:26]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Pétur H. Blöndal skilji ekki alveg til hlítar hvernig Byggðastofnun starfar. Þetta er fyrst og fremst lánastofnun sem lánar á grundvelli almennra skilmála í viðskiptalífinu. En þegar hann talar um aumingjagæsku betlistafsins, er mér spurn hvort hann eigi þar sérstaklega við sérstakan skattafslátt vegna hlutafjárkaupa, hvort hann eigi þar sérstaklega við afslátt erlendra fjárfesta í kvikmyndaiðnaði á Íslandi og hvort hv. þm. eigi þá við sérstakan lágan skatt, 10%, á fjármagnstekjur? Er þetta aumingjagæska betlistafsins í íslensku viðskiptalífi?

[18:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef Byggðastofnun lánar með eðlilegum kjörum eins og aðrir þá er hún óþörf, þá er hún hreinlega óþörf. Þá geta bara aðrir lánað í nákvæmlega sömu verkefnin, þ.e. ef svo er. En það er ekki svo.

Varðandi það hvort skattfsláttur og afsláttur til kvikmyndagerðar og 10% skattur af fjármagnstekjum sé aumingjaskattur eða aumingjastyrkur, þá er ekki svo. Það er hvati til að gera vel. Það er hvati til fyrirtækja til að koma til Íslands. Reyndar var ég á móti því að veita sérstakan afslátt til kvikmyndaiðnaðar. Ég mundi vilja veita öllum íslenskum fyrirtækjum slíkan hvata til þess að starfa vel og skila góðum hagnaði sem sýnir sig að skilar ríkissjóði meiri tekjum en sú ofurskattlagning sem verið hefur.

[18:28]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú talar hv. þm. Pétur H. Blöndal um að það sé hvati sem hann áður líkti við aumingjagæsku betlistafsins vegna þess að þessi hvati felst í sérstökum kjörum sem þessir aðilar njóta í viðskiptalífinu.

En það er annað í þessum efnum. Hv. þm. talar um að ríkið sé miðstýrt og stórt. Enginn flokkur í landinu hefur gengið harðar fram í því að efla miðstýringu og þenja báknið meira út í Reykjavík en Sjálfstfl. Mér er spurn: Á hv. þm. Pétur H. Blöndal samleið með þeim flokki miðað við þær skilgreiningar er hann leggur hér fram varðandi dreifingu ríkisins?

Ég er sammála hv. þm. um að efla eigi opinbera þjónustu, en hún á að vera valddreifð.

[18:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill munur á því hvort deilt er út styrkjum og gjöfum til útvalinna einstaklinga sem verða að búa úti á landi eða eitthvað því um líkt og vera í verkefnum sem eru viðkomandi ákvörðunaraðila þóknanleg, það er mikill munur á því eða þegar gefin er almenn heimild til skattalækkunar.

Þegar menn tala um skatta á fjármagnstekjur, þá voru þær ýmist ekkert skattaðar, tvískattaðar eða margskattaðar eða háskattaðar þannig að fjármagnsmarkaðurinn var allur í rúst áður en fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp og tekinn upp samræmdur skattur á allar fjármagnstekjur. Það var mikið gæfuspor og hefur orðið íslensku atvinnulífi mikil lyftistöng eins og við sjáum t.d. á nánast engu atvinnuleysi hér á landi.

[18:30]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal hvort hann sé ekki sammála mér um að ástæðan fyrir aukinni ásókn í lánafyrirgreiðslu Byggðastofnunar sé tregða stóru bankanna til að lána fyrirtækjum, sérstaklega fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Svo vil ég spyrja hv. þm. hvort hann telji óeðlilegt að lánastofnanir vinni eins og t.d. sparisjóðir og einbeiti sér að útlánum staðbundið. Hefur hv. þm. eitthvað á móti bönkum eins og t.d. Norræna fjárfestingarbankanum, sem uppálagt er að stuðla að þróun og framförum á Norðurlöndum með því að lána til fyrirtækja á því svæði?

[18:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Aukin eftirspurn eftir lánum frá Byggðastofnun sýnir í rauninni hvert umræðan hefur leitt aðra fjárfesta, aðra lánveitendur. Á Íslandi er öllum sagt að það gangi illa úti á landsbyggðinni. Hverjum dettur í hug að lána fé þangað? Það er einmitt afleiðing umræðunnar, afleiðingin af þessum byggðaskýrslum og byggðastofnunarstarfsemi sem við höfum rætt um hér í áratugi. Þetta er afleiðing af því. Það er endalaust og stöðugt verið að segja fólki að það gangi illa úti á landi, sem er bara ekki rétt. Það er því ekki skrýtið þó að enginn vilji lána þangað.

Ég tel að sparisjóðirnir gegni mjög mikilvægu hlutverki og ég er sannfærður um að betur gengi ef fjármálakerfið væri ekki eins miðstýrt og það er í gegnum ríkið. Ríkið er mjög hægt og mjög rólega að losa krumlurnar af fjármálamarkaðnum og ef það gerist er ég sannfærður um að peningarnir streyma út á land, nákvæmlega eins og þeir hafa gert í gegnum hlutabréfamarkaðinn, til Neskaupstaðar, Akureyrar o.s.frv.

[18:31]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú vil ég spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal aftur. Það liggur fyrir að stóru bankarnir hafa tapað gríðarlegum upphæðum í fjárfestingum á höfuðborgarsvæðinu, milljónum, milljónatugum, milljörðum. Telur hv. þm. Pétur H. Blöndal að það geti verið að menn í bankakerfinu hafi eitthvað undarlega sýn á landið í heild sinni og séu því bara tilbúnir að lána til höfuðborgarsvæðisins og jafnvel til útlanda en sinni ekki landinu í heild? Hvar erum við þá stödd ef slíkur heimóttarskapur ríkir í fjármálakerfi landsins?

[18:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Bankarnir stóru hafa nú ekki tapað stærri upphæðum en það að þeir skila umtalsverðum og safaríkum hagnaði ár eftir ár. Ég tek það því ekki alveg gilt að þeir hafi tapað stórfé á Reykjavíkursvæðinu þó að þeir hafi eflaust tapað einhverju. En þeir hafa líka hagnast vel af starfsemi sinni á svæðinu.

Ég held, herra forseti, að ástæðan fyrir því að þeir sinna ekki landsbyggðinni, og þeir gera það ekki, sé sú umræða um landsbyggðina sem á sér stað, t.d. hér í þessum sölum. Hér er endalaust talað um að landsbyggðinni gangi illa. Henni gengur ekkert illa. Það gengur ekkert illa alls staðar úti á landi. Það er bábilja sem bankarnir að sjálfsögðu hlusta á eins og aðrir.

[18:33]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hóf ræðu sína á því að tala um skattamál, mismunandi skattprósentu. Nú vil ég spyrja hv. þm. hvort hann líti svo á að það mundi auka atvinnustarfsemi og uppbyggingu á landsbyggðinni ef skattprósenta fyrirtækja yrði þar önnur en á höfuðborgarsvæðinu.

Ég spyr að þessu vegna þess að hv. þm. flutti tillögu fyrir ekki löngu síðan um að tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi skyldi vera 10% til að efla samkeppnisstöðu þeirra gagnvart fyrirtækjum og skattaumhverfi í öðrum löndum. Á ekki hið sama við varðandi fyrirtæki á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, þegar tekið er tillit til annarra álagna eins og þungaskatts, virðisaukaskatts og annars sem bitnar meira á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu?

[18:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat um það í þeirri umræðu að fáir skattstofnar væru eins kvikir og hagnaður fyrirtækja. Það er afskaplega auðvelt að flytja hann á milli landa og landshluta með því að stofna dótturfyrirtæki erlendis, selja þeim afurðir á lágu verði og láta svo dótturfyrirtækin selja þær á háu verði. Það er ein leiðin en þær eru margar.

Nákvæmlega þetta mundi gerast ef menn hefðu mismunandi skattprósentu á fyrirtæki úti á landi og hér í Reykjavík, þá yrði afskaplega mikið um svona skattaþvottavélar eða myllur.

[18:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Álítur þingmaðurinn að skattbreytingin sem við gerðum hér fyrir jól hafi verið til að búa til sérstaka fjármagnsþvottavél á Íslandi, samanborið við önnur lönd?

[18:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég held að sú breyting, skattalækkunin, hafi einmitt komið í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flyttu hagnaðinn til útlanda eða flyttu starfsemi sína til útlanda og þar með fólkið og fjármagnið og allt með. Hún kom í veg fyrir það. Ef hún hefði verið enn betri þá hefðum við hugsanlega fengið enn fleiri fyrirtæki til landsins. Það hefði aukið hagsæld hér á landi, hækkað atvinnustig og væntanlega flutt inn til landsins mörg hálaunastörf.

Ég lagði til að skattprósentan yrði sett í 11% en það var reyndar fellt á hinu háa Alþingi með miklum meiri hluta. Ég tel að með skattalækkuninni hafi menn komið í veg fyrir að íslensk fyrirtæki færu til útlanda og nýttu sér lægri skatta þar.

[18:36]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar, munnlega skýrslu frá hæstv. iðn.- og viðskrh. sem er jafnframt byggðamálaráðherra.

Ég vil byrja á að geta þess sem staðið hefur upp úr stjórnarliðum hér í umræðunni. Þeir telja að einkum tvennt hafi áunnist á þessu tímabili, þ.e. áfangi í jöfnun húshitunarkostnaðar með niðurgreiðslu á rafmagni á köldum svæðum og síðan jöfnun námskostnaðar.

Auðvitað fögnum við öllum slíkum áföngum en staðan er eigi að síður uggvænleg í byggðamálum eins og hér hefur komið fram. Við höfum staðið frammi fyrir fólksflótta til höfuðborgarsvæðisins síðustu árin og í mínum huga er fiskveiðistjórnarkerfið grunnástæða hans að stórum hluta. Við höfum notað drjúgan tíma hér á hinu háa Alþingi til að ræða þau mál og hvernig fiskveiðistjórnarkerfið hefur leikið hinar dreifðu byggðir. En þrátt fyrir fiskveiðistjórnarkerfið og þau mistök sem þar eru í gangi þá stuðlar fleira að þessari óheillavænlegu þróun.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á það áðan að einkavæðingarstefnan eða hlutafélagavæðing ríkisstjórnarinnar ætti þarna stóran hlut að máli. Í kjölfar einkavæðingar- og hlutafélagavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar í opinberri þjónustu lenda fyrirtækin í einkavæðingar- og hagræðingarbylgju sem hefur orðið til að veikja stöðu hinna dreifðu byggða svo um munar. Víða um land er staðan orðin slík að

öll fyrirtæki sem eitthvað kveður að hafa farið í gegnum svokallaðan hagræðingarfasa og aðeins útibú þeirra fyrirtækja standa eftir á landsbyggðinni. Þetta er óheillavænleg þróun sem við höfum barist á móti, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, eins og við höfum haft afl til á undanförnum árum.

Hér hefur verið komið inn á bankakerfið þar sem nú er svo komið að hlutafélagavæðing ríkisbankanna hefur orðið til þess að æ erfiðara er fyrir fyrirtæki úti á landi að fá fyrirgreiðslu í bankakerfinu til starfsemi, hvað þá að fá fyrirgreiðslu til nýrrar uppbyggingar. Bankarnir hafa meira eða minna beitt sér hér á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel beitt afli sínu til þess að fá fyrirtæki sem sækjast eftir uppbyggingarfyrirgreiðslu til að flytja sig um set og til höfuðborgarsvæðisins með starfsemi sína. Þessar staðreyndir eru landsbyggðinni auðvitað mjög mótdrægar og við höfum alltaf bent á það í málflutningi okkar, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að við viljum að hið opinbera eigi öflugan og góðan banka sem hafi það að markmiði að byggja landið allt og veita lánafyrirgreiðslu um allt land.

Reyndin er hins vegar önnur. Bara með formbreytingunni, með hlutafélagavæðingunni, er eins og andrúmsloftið og innstilling þeirra sem stjórna bönkunum hafi orðið til þess að þeir dragi við sig að veita þjónustu annars staðar en á hinum svokölluðu vaxtarsvæðum. Þetta er að mínu mati röng stefna vegna þess að bankar þurfa ekki að að veita ölmusur eða gjafir þó að þeim sé uppálagt, samkvæmt stefnu eigandans, að lána út um allt land.

Við höfum mjög skýr dæmi um að fyrirtæki á peningamarkaði, t.d. sparisjóðirnir, eru nánast alls staðar með þá stefnu að lána og styrkja heimabyggð sína. Sparisjóðunum hefur gengið dável á undanförnum árum og skilað álitlegum hagnaði þannig að það að gefa bönkum eða peningastofnunum pólitíska línu þarf ekki að skaða starfsemina að nokkru leyti. Einnig má benda á peningafyrirtæki eins og Norræna fjárfestingarbankann sem hefur klára stefnu um að stuðla að þróun og uppbyggingu á Norðurlöndunum. Það er sú lína sem bankinn vinnur eftir þó að hann vinni auðvitað eftir lögmálum peningastofnunar og reyni að gæta hagsmuna sinna og tapa ekki fé. Þetta er gríðarlega stórt mál hvað varðar möguleika og þróun landsbyggðarinnar.

Á sama hátt höfum við farið í gegnum einkavæðingarfasa eða hlutafélagavæðingu, t.d. í samgöngukerfinu, sem hefur haft gríðarleg áhrif á landsbyggðina. Ríkisstjórnin hefur t.d. lagt niður Ríkisskip sem menn eru nú farnir að sakna. Núna eru flutningarnir komnir á land að meira eða minna leyti, miklu minni þjónusta við ströndina með skipum. Menn í atvinnulífinu í hinum dreifðu byggðum eru jafnvel farnir að kalla eftir þeim möguleika að sett verði upp fyrirtæki sem veitti þjónustu í líkingu við þá sem Skipaútgerð ríkisins veitti. Þetta eru hlutir sem tala sínu máli.

Ríkisstjórnin beitti sér líka fyrir því á sínum tíma að gefa allt frjálst í flugsamgöngum og etja flugfélögunum til að keppa hvert við annað. Við þekkjum afleiðingarnar. Hver maður gat sagt sér að hömlulaus samkeppni þar sem menn sáust ekki fyrir um verð og fóru kannski niður í 7, 8 þús. kr. á leggnum milli Akureyrar og Reykjavíkur, mundi aldrei ganga til lengdar. Afleiðingin varð sú að við það að taka af sérleyfismöguleikana varð óheft samkeppni í nokkur missiri sem leiddi til þess að bæði fyrirtækin sem harðast kepptu urðu nánast gjaldþrota. Við sjáum til hvers þessi stefna leiddi. Hún leiddi til þess að viðkomustöðum í fluginu fækkaði stórlega og það sem verra er, þjónustan er seld á verði sem enginn venjulegur maður ræður við að notfæra sér nema endrum og eins. Ég held að fyrir venjulegan mann sem kaupir flugmiða til Akureyrar sé verðið í kringum 22 þús. kr. á meðan við sjáum auglýsingar um að ferð til London sé á 19.800 kr.

Í svo strjálbýlu landi eigum við ekki að reyna að nota svona lausnir, sem mola undan okkur og gera landsbyggðinni erfitt fyrir. Verra er að þegar menn hafa þessa stefnu, hæstv. ríkisstjórn hefur þá stefnu að einkamarkaðurinn eigi að keppa og hafa sinn gang eftir lögmálum peninganna, án þess að sjá fyrir þróunina og fara í hliðarráðstafanir á grunni þess sem þeir hafa ákveðið. Af hverju fara menn t.d. ekki, í kjölfar þess að hleypa öllu frjálsu og sjá fyrir sér þá þróun að flogið verði á fjóra eða fimm staði á landinu, í massífa uppbyggingu á almenningssamgöngukerfi á landi?

Hér hafa verið fluttar tillögur um að efla almenningssamgöngukerfið. Það byggist á gömlu sérleyfiskerfi sem þjónar engan veginn nútímasamfélagi. Menn skella hins vegar skollaeyrum við öllum tillögum og segjast ætla að láta þróunina hafa sinn gang, eins og sagt er. Þetta er þróunin, segja hv. þm. stjórnarinnar, og við getum ekkert að gert.

Í öllum öðrum löndum taka menn ákvarðanir í framhaldi af slíku sem þeir vita fullvel til hvers leiðir, t.d. í flugmálum og hvað varðar strandsiglingarnar. Það er himinljóst að menn verða að vita, þegar þeir taka ákvarðanir af þessu tagi, til hvers þær muni leiða.

Í nýrri samgönguáætlun eru t.d. engin áform um að bæta almenningssamgöngukerfið á grunni þess sem átt hefur sér stað í fluginu. Það er alger forsenda þess að þeir staðir sem þó er flogið til núna geti þjónað hinum dreifðu byggðum. Þegar við tölum um byggðamál verðum við að taka öll þessi atriði með í reikninginn, grunnþjónustuatriðin. Það er meginmálið í möguleikum landsbyggðarinnar til þess að vaxa og öðlast viðgang í framtíðinni. Án stoðkerfis, án grunnþjónustu er tómt mál að tala um þetta.

Hvað orkumálin varðar höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði marglagt til að auka framlög til Rafmagnsveitna ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins veita grunnþjónustu í orkudreifingu um nánast allar hinar dreifðu byggðir og eru núna meira að segja með Orkubú Vestfjarða innan borðs.

Allir vita að landsbyggðin býr við hærra orkuverð vegna þess að Rarik er gert að dreifa inn á langóhagstæðustu markaðina, þ.e. í dreifbýlinu. Samt afgreiðum við fjárlög á hverju ári þar sem framlög ríkisins á móti til Rariks eru í engu samræmi við það sem fyrirtækið þarf á að halda. Hér á hinu háa Alþingi hefur þetta fyrirtæki verið að fá framlög úr ríkissjóði vegna dreifbýlisveitna upp á kannski 100–130 millj. En af öllum gögnum má sjá að fyrirtækið þarf lágmark 700–800 millj. á ári til að geta þjónað grunnþörfum hinna dreifðu byggða. Þarna eru stóru póstarnir. Fyrirtæki í framleiðslu úti á landi borga 5–8 kr. fyrir kílóvattstundina. Ef við getum ekki staðið myndarlega að grunnþjónustunni hvað þetta varðar fer illa fyrir hinum dreifðu byggðum.

Hið sama gildir um fjarskiptin. Nú er sala Símans á dagskrá. Eftir hlutafélagavæðingu Símans höfum við ekki enn getað komið á grunnþjónustu við hinar dreifðu byggðir, sem eru forsenda þess að menn geti stundað nútímaatvinnurekstur, t.d. með ljósleiðurum eða viðunandi örbylgjuþjónustu til að hægt sé að stunda tölvutengdan rekstur. Þetta eru grundvallaratriði sem verða að vera í lagi. Þau komast ekki í lag í dreifbýlu samfélagi eins og Íslandi ef einkareksturinn á að ráða ferðinni á alla lund. Núverandi ríkisstjórn bætir ekki

ástandið með hlutafélagavæðingunni, sölu á stoðkerfinu sem er grunnþátturinn, grundvallaratriði til að við getum byggt á einhverju til frambúðar og stofnað til fyrirtækja sem byggja á nýjungum.

Virðulegi forseti. Hvað varðar skóla og menntamál er í raun hið sama uppi á teningnum. Við höfum marglagt fram, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, tillögur um að unglingar og börn geti stundað nám í heimabyggð eins lengi og kostur er. Það er líka ástæða þess að því að fólk flytur. Menn þora ekki og vilja ekki senda ung börn sín ein um langan veg. Hver vill það í samfélagi sem sér ekki fyrir almenningssamgöngum þar sem það er háð samvinnu og útsjónarsemi hvort börnin komast heim t.d. um helgar, langan veg? Þau þurfa kannski að fara 150–200 km til að stunda nám. Stór landsvæði búa við það slaka þjónustu, sérstaklega seinni ár, eftir að flugið lagðist af til hinna minni staða. Það var þannig, ef við lítum fimm til sjö ár aftur í tímann, að á næsta flugvöll var ekki nema hálftíma til þriggja stundarfjórðunga akstur frá langflestum stöðum á landinu.

Virðulegi forseti. Þegar rætt er um möguleika landsbyggðarinnar er það í mínum huga engin spurning að við erum að slást um grundvallarviðhorf til reksturs og uppbyggingar samfélagsins. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að allir þessir grunnpóstar, heilbrigðismál, menntamál, bankamál, orkumál og fjarskiptamál séu stoðkerfismál sem reka eigi á sameiginlegum grunni. Við eigum öll að taka þátt í þessum rekstri. Við eigum að bera ábyrgð á honum og haga því þannig að þessi þjónusta sé á boðstólum fyrir alla Íslendinga hvar sem þeir búa í landinu. Það er meginmálið.

Að vera með garðkönnu og slökkva elda hér og þar í samfélagi sem keyrir hröðum byri inn í einkavæðingu og kapítalisma getur ekki gengið til lengdar. Við viljum vinna að því að leiðrétta kúrsinn sem allra fyrst þannig að þessir samfélagsþættir, grunnþjónustu- og stoðkerfisþættir, verði hafnir til vegs og virðingar á ný í formi þess að þjóðin reki þjónustuna sameiginlega á eigin forsendum fyrir okkur öll, ekki bara fyrir fáa sem borgar sig að þjóna eins og einkamarkaðurinn gerir.

[18:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála mörgu því sem hv. þm. talaði um. Undir lokin í ræðu sinni talaði hann um skólamál og nám í heimabyggð. Ég er svo sannarlega sammála því sem hann sagði um það en ég tel að til þess að hægt sé að koma slíkum hlutum á sé stækkun sveitarfélaganna algert grundvallaratriði. Mér hefur ekki fundist á hv. þm. Vinstri grænna að þeir væru tilbúnir að taka alvarlega á hvað það mál varðar. Augljóst er að það verður að gerast með mjög skilvirkum og ákveðnum hætti af hálfu hins opinbera, að koma á sveitarfélögum sem ráða við alla þessa þjónustu. Auðvitað mundu atvinnumálin líka koma þar inn. Yfirleitt er staðið myndarlegar að atvinnumálum eftir því sem byggðarlögin eru stærri, ef á þarf að halda. Það höfum við séð þegar að hefur kreppt.

En mig langaði til að tala um annað, hæstv. forseti, þ.e. það sem hv. þm. sagði í upphafi ræðu sinnar. Þá fór hann að tala um að hann vildi hafa einn banka fyrir landið sem ríkið ætti og ætti að veita þjónustu. Við erum með slíkt fjármálafyrirtæki á vegum Byggðastofnunar. Ég tel fráleitt, í því samkeppnisumhverfi sem búið er að skapa á fjármálamarkaði, að ríkið geti rekið fjármálafyrirtæki af þessu tagi öðruvísi en að eiga á hættu að brjóta í bága við samkeppnisumhverfið sem menn vilja hafa. Ég tel að núorðið sé þetta fráleitur möguleiki.

[18:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef margoft lýst því hér úr ræðustóli að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum á því að ríkið eigi að eiga einn banka. Við höfum verið andvíg sölu ríkisbanka. En við höfum þó sagt úr ræðustóli að við mundum gangast inn á að annar ríkisbankanna væri alfarið í eigu ríkisins og hefði markmið. Það er ekkert gamaldags hugsun í sjálfu sér. Slík fyrirtæki geta haft markmið og eru rekin víða um lönd.

Ég hef nefnt Norræna fjárfestingarbankann í því sambandi. Ég hef einnig nefnt sparisjóðina sem langflestir hafa að leiðarljósi að efla og treysta heimabyggð sína með fyrirgreiðslu þar. Auðvitað vinna allar slíkar stofnanir á grunni peningalegrar fyrirgreiðslu og lánastarfsemi og meta mál sín út frá því. Það sýnir bara rekstur sparisjóðanna víðast hvar.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði um sýn okkar varðandi stöðu sveitarfélaganna. Við höfum margoft lýst því yfir, hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að það þjóni ekki neinum tilgangi að véla um sameiningu sveitarfélaga sem eru komin mjög illa fjárhagslega. Þess vegna höfum við lagt fram tillögur, lögðum t.d. fram tillögu núna við gerð fjárlaganna, um að stíga fyrsta skrefið til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaga sem eru í vandræðum vegna félagslega íbúðakerfisins. Ef menn ætla að sameina sveitarfélög er grundvallaratriðið að verið sé að sameina tvö sjálfstæð sveitarfélög en ekki tvo aðila sem komnir eru á hnén. Reynslan af slíkri sameiningu er vond en tvær einingar með fjármálin í lagi geta sameinast á þeim grunni sem það býður upp á og það er grundvallaratriði. Sameining með valdi leysir engan vanda.

[18:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki á móti því að ríkið eigi banka eða hlut í banka. Ég er hins vegar á móti því að ríkið reki starfsemi sem ruglar það samkeppnisumhverfi sem fyrir er. Vandamálið er ekki eignarhaldið hvað þetta varðar heldur að ef menn ætla ríkisbanka að sjá um þjónustu sem á að vera á einhverju allt öðru verði en aðrir geta boðið þá lenda menn í vanda sem er óleysanlegur í samkeppnisumhverfi. Það er ekki hægt frá hendi ríkisins. Ríkið er búið að eiga þessa banka á undanförnum árum. Það eru ár og dagur síðan ríkisbankarnir hættu að gera það sem hv. þm. vill að þeir geri. Það var ekki vegna þess að búið væri að selja þá. Það var vegna þess að menn töldu ekki fært að rugla samkeppnisumhverfið með þeim hætti. Auk þess er ekki er þörf á því. Við höfum sjóði sem geta sinnt því sem hv. þm. talar um og við eigum að beita þeim en ekki fara út í rekstur allsherjarbanka á vegum ríkisins.

Þegar hv. þm. ræddi um illa stödd sveitarfélög fannst mér það eiginlega vera flóttaviðbára hjá hv. þm. Sannleikurinn er sá að þeir hafa ekki viljað líta við því að teikna sveitarfélögin upp á nýtt, sem þarf að gera. Litlu sveitarfélögin geta ekki boðið upp á þá þjónustu sem þarf að veita. Þau geta ekki gert það sem á þarf að halda þegar kreppir hvað varðar atvinnu, þá geta þau ekki skaffað þjónustuna. Það verður ekki leyst með því að taka ákvarðanir einhvern tímann í framtíðinni, einfaldlega vegna þess að tíminn er runninn út. Menn þurfa á því að halda að gera þetta núna.

[18:57]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talar mikið um samkeppni og samkeppni í bankakerfinu og hvort hitt og annað rugli ekki samkeppni.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki orðið var við að þessi svokallaða samkeppni hafi leitt til mismunandi verðs á þjónustu eða fyrirgreiðslu hjá svokölluðum einkafyrirtækjum eða ríkisbönkunum sem enn er ekki búið að selja nema að hluta. Ég hef t.d. ekki orðið var við annað en að sparisjóðirnir, sem langflestir eru reknir á félagslegum grunni, bjóði þjónustu sína á svipuðu verði. Þannig er ekki hægt að tala um að samkeppnisumhverfið sem við búum við girði fyrir að menn geti áfram verið með banka í eigu ríkisins sem hafi sérstökum skyldum að gegna. Það er enginn að tala um að slík bankastofnun eigi að gefa peninga. Hún á að hafa það að markmiði að byggja upp landið. Víða um lönd eru til bankar sem hafa slíkar skyldur en auðvitað er slíkum bankastofnunum uppálagt að gæta að því fé sem þær fara með. Það liggur í augum uppi.

Varðandi sveitarfélögin höfum við ekkert verið á móti því að teikna upp nýtt umhverfi fyrir sveitarfélögin. Eins og ég sagði áðan höfum við margoft lagt fram tillögur um að rétta stöðu sveitarfélaganna þannig að þau geti á jafnréttisgrundvelli tekið ákvörðun um hvort þau vilji sameinast á eigin forsendum eða ekki. En í mörgum tilfellum hefur sameining sveitarfélaga strandað á því að fjárhagsstaða þeirra hefur ekki verið rétt af. Að okkar mati á að gera það með opinberu fé til þess að út úr sameiningunni komi rekstrarhæft sveitarfélag. Í framhaldinu eru sveitarfélög knúin til að selja eignir o.s.frv., sem við erum gjörsamlega andvíg, stoðkerfiseignir eins og rafveitur og þess háttar, jafnvel hitaveitur í framtíðinni.

[18:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að halda svolítið áfram með þessa bankaumræðu. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum það í hug að banki með allt aðrar skyldur en aðrir bankar og lánar út á landsbyggðina á betri kjörum ... (**ÖJ:** Nei.) Nei, til hvers er hann þá? (**Gripið fram í:** Með sömu kjör.) Nú er ég hissa. Hvað hafa menn að gera við lánsfé á sömu kjörum úti á landsbyggðinni? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð.)

Hæstv. forseti. Þetta er í góðu lagi. En ég segi aftur: Hvað á þessi banki sem á að þjóna öllu landinu að gera með að lána mönnum á sömu kjörum og eru boðin núna? Ég sé ekki hvaða tilgangur er með því. Ég hef alltaf skilið þetta þannig að þessi banki ætti að hafa skyldur og sjá til þess að þjónustan væri til staðar um allt land og geta boðið hagstæðara lánsfé en hinir sem starfa á svæðinu. Ef hann getur það ekki tel ég ástæðulaust að reka slíka stofnun. Þá er engin forsenda fyrir því að halda slíku fram.

Síðan um sveitarfélögin. Það hefur lengi verið bjargföst trú mín að ef stjórnvöld taki á hvað varðar sveitarfélögin þá muni það verða öflugasta byggðaaðgerð sem hægt er að fara í. Ég held því fram að það þurfi að setja mikla peninga í það. Menn geta þurft að koma til móts við skuldug sveitarfélög, sannarlega. Þar tek ég undir orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar áðan. Menn geta sannarlega þurft að taka á með sveitarfélögunum til koma fjármálunum í lag um leið og sveitarfélög eru stækkuð og gerð öflugri.

En ég er ekkert að tala um að sameina einhverja fámenna hreppa. Ég er að tala um að búa til sveitarfélög sem eru öflug, sveitarfélög sem geta séð til þess að framhaldsmenntun sé í boði á sínu svæði, sem geta séð til þess að heilbrigðisþjónusta sé á svæðinu og geta tekið á þegar á þarf að halda, geta veitt alla bestu þjónustu, alla þjónustu sem sveitarfélög eiga að veita. Við vitum að lítil sveitarfélög — það kom meira að segja fram fyrir nokkrum dögum — hafa ekki einu sinni reglur, hafa ekki einu sinni sett sér reglur um hvernig eigi að koma til móts við fólk sem þarf á aðstoð þeirra að halda. Þau veita ekki neina fjármuni í samræmi við stóru sveitarfélögin til að þjónusta íbúa sína. Menn hafa því hrakist úr þessum byggðarlögum annað ef þeir hafa þurft á einhverri slíkri þjónustu að halda.

Það hefur kannski farið minna fyrir því í þessari umræðu í dag hvað menn vilja gera, þó svo að fyrir liggi þessi nýja tillaga á netinu hjá hæstv. ráðherra. Ég verð að segja eins og er að mér finnst koma til greina að skoða alla þá möguleika sem hafa verið nefndir og ætla ekki að útiloka neinn þeirra. Ég held að hægt sé að velta því fyrir sér hvort það eru einhverjar leiðir í skattamálum. Sérstaklega finnst mér að hægt sé að velta því fyrir sér hvort það séu ekki leiðir í sambandi við kostnað vegna flutninga út á landsbyggðina.

Ástæða er til að minna á það hér aftur og aftur að við höfum slíkt kerfi í gangi, t.d. hvað varðar sementsflutninga. Sementið kostar hið sama, líkt og olían, hvar sem menn kaupa. Hví skyldu menn ekki geta gengið lengra í því að koma til móts við fólkið sem býr á landsbyggðinni hvað varðar þá hluti, hvað varðar flutning á einhverjum öðrum vörum líka?

Ég sé í sjálfu sér ekki að menn séu betur settir þó sementsflutningar séu greiddir niður. Fólk er yfirleitt ekki að byggja alla ævi. Það er a.m.k. ekki að gerast á landsbyggðinni núna. Olíu nýta menn og orku þannig að það kemur sjálfsagt öllum til góða eða flestum að flutningsjöfnun skuli vera á því. En því skyldi ekki mega skoða það með einhverjum hætti að koma til móts við menn varðandi flutningskostnað á matvörum og öðrum vörum út á landsbyggðina? Þetta hefur verið vaxandi kostnaðarliður og ríkið hefur verið að taka meira og meira til sín í formi virðisaukaskatts af flutningi vara út á landsbyggðina.

Svo langar mig að bæta við þá umræðu sem hefur orðið hér um álver og sífellt skýtur upp kollinum í þessari umræðu um byggðamál. Ég hef reyndar ekki talað mikið um álver í tengslum við hana. Við höfum álver uppi við Hvalfjörð og við höfum líka járnblendiverksmiðju þar. Við sem búum á því svæði höfum séð hvaða áhrif þessi iðnaður hefur á byggðina og byggðarlögin í kringum eða í nágrenni við þessi tvö fyrirtæki. Ég verð að segja að ekki er hægt að neita því að þau áhrif eru afar mikil og birtast í öllu atvinnulífinu. Það er fráleitt að halda því fram að þessi starfsemi sé starfsemi fyrir fáa sem vinna í álverinu því að áhrifin eru gífurlega mikil á allt atvinnulífið. Það er mikið um þjónustu við þessi fyrirtæki sem fyrirtæki í nágrenninu veita. Fjölmargir menntaðir menn, menntafólk, vinnur fyrir þessi fyrirtæki á ýmsum sviðum. Ég get ekki tekið undir það að þessi framleiðsla sé að því leyti neikvæð á neinn hátt fyrir samsetningu atvinnulífsins.

Svo geta menn haft allar skoðanir á því hvort of mikil mengun sé frá svona fyrirtækjum og hvort við eigum að virkja fyrir austan til þess að byggja þetta stóra álver. Reynsla okkar af þessum verksmiðjum í Hvalfirði er sú að

rekstur þessara tveggja fyrirtækja er kjölfesta í atvinnulífinu. Kannski ekki er ástæða til þess að fara nánar yfir það. Ég ætla samt að gera það með örfáum orðum.

Ég er einn af þeim sem voru ekki hrifnir af því þegar járnblendiverksmiðjan var byggð á sínum tíma, einfaldlega vegna þess að ég taldi að þetta fyrirtæki yrði mjög mikill mengunarvaldur og líka vegna þess að menn höfðu ímugust á fyrirtæki sem hét Union Carbide og ætlaði að byggja verksmiðjuna í upphafi. Ýmsar sögur voru sagðar af því fyrirtæki og framkomu þess víða um heiminn. Það var andstaða við þetta fyrirtæki og það er ekki nýtt undir sólinni að menn séu á móti stóriðjufyrirtækjum á Íslandi. Farnar voru mótmælagöngur og ýmsar uppákomur urðu í kringum þetta fyrirtæki. Ég tók þátt í þeim.

Eftir að þetta fyrirtæki tók til starfa kom í ljós að frá því er töluvert mikil mengun og það er ekki góður vinnustaður fyrir starfsfólkið sem vinnur í sjálfu fyrirtækinu, þ.e. vinnur nálægt sjálfri bræðslunni, alls ekki. Það hefur samt verið eftirsóttur vinnustaður og áhrifin af því eru svipuð og ég var að lýsa áðan í sambandi við álverið og járnblendiverksmiðjuna hvað varðar önnur störf.

Þetta fyrirtæki er búið að reka með miklum halla gegnumsneitt. Ríkið er búið að leggja þessu fyrirtæki til stórfé, ætli það séu ekki 4 milljarðar í mínus hjá ríkinu hvað þetta varðar í dag. (Gripið fram í.)

Mér finnst að segja þurfi alla söguna. Það að þetta fyrirtæki var byggt þarna varð til þess að álverið var byggt þar líka. Vegna þess að allt var til staðar, höfnin og raflínurnar, var álverið byggt. Ekki er vafamál að þetta réði úrslitum um að álverið kom. Það hefði aldrei komið hingað ef þessi aðstaða hefði ekki verið fyrir hendi og alls ekki í Hvalfjörð. Það er alveg klárt. Sennilega hefði það ekki komið til Íslands. Ég tel það nokkuð víst.

Hvað gerðist síðan? Þegar þetta fyrirtæki er komið í uppbyggingu koma fram hugmyndir um að grafa göng undir Hvalfjörð og þær hugmyndir komu upp einmitt hjá þeim sem unnu hjá þessum fyrirtækjum, járnblendiverksmiðjunni sérstaklega. Það er ekkert vafamál að þessi starfsemi í Hvalfirði var ein af aðalforsendunum fyrir því að menn náðu saman um að grafa göng undir Hvalfjörðinn, sem hefur gert allt atvinnusvæðið norðan Hvalfjarðar miklu sterkara en það var áður. Svona hanga þessir hlutir saman. Mér finnst full ástæða til að minna á þetta í tengslum við umræðuna um álverið fyrir austan. Menn þurfa að hafa í huga hvaða áhrif þetta hefur á þróunina inn í framtíðina.

Ég held að fyrirtæki af þessu tagi fyrir austan muni verða mikil undirstaða byggðar. Mér óar við stærð þess. En ég efast ekki um að það mun verða mikil undirstaða undir byggð og það muni verða mikil kjölfesta í atvinnulífi í framtíðinni ef það verður byggt. Það atvinnulíf sem tengist því mun vera fjölbreytt. Það er ekki rétt að halda öðru fram. Við höfum reynslu af þessu af svæðinu norðan Hvalfjarðar og mér finnst engin ástæða til að sækja hana mikið lengra.

Ég vildi að þetta kæmi fram vegna þess að þessi umræða er dálítið einlit oft og tíðum, um það hvort það sé byggðavæn aðgerð að byggja þetta álver fyrir austan. Í mínum huga er ekki vafi á því að hún mun styrkja byggðarlögin fyrir austan og hún mun styrkja mjög stórt svæði svona í kringum þetta.

Við höfum séð hvað er að gerast núna á Vesturlandi eftir að göngin komu og eftir að þessi fyrirtæki sem ég hef verið að lýsa urðu þarna rótgróin. Ég fullyrði að áhrif höfuðborgarsvæðisins núna ná norður á norðanvert Snæfellsnes. Fólk er farið að finna til öryggis vegna góðra samgangna frá höfuðborgarsvæðinu og a.m.k. alveg á norðanvert Snæfellsnes. Þessir hlutir munu því allir lita út frá sér og það hefur auðvitað Akureyrarsvæðið líka gert og mun gera enn frekar ef það verður sterkara en það er núna. Svona atvinnulíf styrkir byggð.

Ég hef hins vegar miklar áhyggjur af því ef menn ætla sér ekki að finna byggðakjarna til þess að styrkja — þ.e. ef menn ætla að taka þannig á þessu — á milli, við skulum segja, Akraness og Ísafjarðar. Þá fer nú ekki vel um sunnanverða Vestfirði og svæðin báðum megin við þá. Ég held að ekki verði heldur bjart yfir Norðurlandi vestra ef menn ætla ekki að taka þar á. Ég vara því við að menn verði of uppteknir af því að styrkja einstök svæði. En sannarlega hafa sterk svæði áhrif býsna langt út frá sér ef samgöngur eru góðar.

[19:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson flutti ágæta og mjög málefnalega ræðu. Ef allir ræddu stóriðjumál á þennan hátt þá væri það til góðs. En ég er ósammála honum engu að síður um nokkur veigamikil atriði.

Ég tel t.d. mjög varasamt að bera saman Grundartanga annars vegar og framkvæmdir á Austurlandi hins vegar, einvörðungu sé litið á stærðarhlutföll. Á Austurlandi erum við að tala um virkjun á stærð við allar aðrar virkjanir í landinu sem mundi framleiða eins mikla raforku og við notum til landsins alls núna. Stærðarhlutföll í verksmiðjunni eru hin sömu á atvinnusvæði sem er miklu minna. Hagfræðingar og einnig fjármálasérfræðingar Landsvirkjunar hafa bent á að þegar þessar fjárfestingar eru skoðaðar út frá arðsemissjónarmiðum séu þær ekki ráðlegar. Við erum að tala um tilkostnað við hvert starf upp á 400 millj. kr. Menn benda einfaldlega á að hægt sé að verja þessum fjármunum miklu skynsamlegar til atvinnuuppbyggingar.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna lýtur að banka- og viðskiptalífinu. Við talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum bent á það við þessa umræðu að í skýrslu um byggðaáætlun sé bent á að því sé ekki að leyna að bankarnir reyni að komast hjá því að veita há lán til langs tíma til fyrirtækja á smáum stöðum. Við höfum vakið athygli á því að bankarnir sem á sínum tíma voru ríkisbankar og litu á sig sem þjónustustofnanir við landið allt hafa ekki trú á smáum byggðarlögum og vegna þeirra fordóma neita þeir þessum byggðarlögum um eðlilega lánafyrirgreiðslu.

[19:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir það, og sagði það í ræðu minni áðan, að mér óar við stærðinni á þessu fyrirtæki fyrir austan. Það er umhugsunarefni hve langt er hægt að ganga í því. Ég get líka tekið undir það að það þarf að vera mjög skýrt að góður arður sé af fyrirtæki eins og þarna er verið að tala um að setja á stofn og ekki síst virkjuninni. Það er auðvitað okkar mál því að meiningin er að við eigum hana. Þar mega menn nú ekki tefla á tæpt vað enda er þar um gífurlega fjármuni að ræða.

En í sambandi við bankaumræðuna vil ég bara endurtaka það að mér finnst ekki hægt að reka sér bankastofnun við hliðina á öðrum fyrirtækjum í landinu og ætlast til af því fyrirtæki að það veiti þjónustu fram yfir önnur fyrirtæki, einfaldlega vegna þess að þá mun það fyrirtæki ekki geta

borgað sömu innlánsvexti og önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein. Það er mikil samkeppni um þá sem geyma peninga í bönkum á Íslandi, miklu meiri en almenningur gerir sér grein fyrir. Fyrirtæki sem ávaxta peninga og lána þá út slást um þá sem eiga fjármuni. Fyrirtæki sem ætti að veita þjónustu og hefði slíkar kvaðir á sér sem hér hefur verið um rætt mundi örugglega tapa í þeirri samkeppni.

[19:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ekki einvörðungu að tala um vaxtakjörin og lánskjörin eða einhverja mismunun í þeim efnum. Í skýrslu Byggðastofnunar kemur fram að fyrirtæki á landsbyggðinni eigi ekki kost á að fá sams konar lánafyrirgreiðslu og fyrirtæki á þéttbýlissvæðinu, óháð rekstrarstöðu fyrirtækjanna. Þau líða fyrir það eitt að vera í smáum byggðarlögum, samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslu Byggðastofnunar. Þess vegna hafa menn af því áhyggjur að grafið hafi verið undan bönkunum sem þjónustustofnunum við fólk og fyrirtæki á landinu öllu. Þess vegna er bent á það í skýrslu Byggðastofnunar að kröfur eru reistar um að hún sinni því hlutverki sem margir í þessum sal, ríkisstjórnin og meiri hlutinn sem hún styðst við, höfðu svo mikla fyrirlitningu á.

[19:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að yfirleitt sé það þannig að bankarnir geri kröfur um tryggingar. Þeir gera kröfur um tryggingar og þegar á á að herða eru eignirnar sem til boða standa á þessum stöðum svo lágt metnar að bankarnir treysta sér ekki til að lána út á viðkomandi eignir. Það er vandinn. Þessar eignir eru ekki söluvara með sama hætti og væri hér í þéttbýlinu.

Þetta verður að mínu viti ekki leyst með einhverjum öðrum hætti en við erum hér að tala um. Ég vil meina að Byggðastofnun geti þá allt eins leyst þetta. Menn yrðu þá að styrkja hana til að lána meira til svæða þar sem svo háttar til sem lýst hefur verið.

[19:20]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi byrja á að þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir það hve vel hann fór yfir þá þróun sem átt hefur sér stað við Hvalfjörðinn, á Akranesi og í Borgarfirði, og hversu gífurlega mikil og góð áhrif uppbygging, bæði járnblendisins og álversins, hefur haft á byggðaþróun á því svæði. Það kom fram með svolítið einkennilegum hætti hér í andsvörum að Vinstri grænir geta stutt uppbyggingu á álverum, bara ef það er ekki á Austurlandi. (Gripið fram í.) Það þótti mér merkilegt í umræðunni.

Hins vegar kom skýrt fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni hve gífurlega gott byggðamál það er að nýta orkulindir landsins og byggja upp stóriðju. Það er alveg augljóst og af því getum við dregið mikinn lærdóm. (Gripið fram í.)

En af því að lánastarfsemi á landsbyggðinni kom hér aðeins til umræðu þá vildi ég vekja athygli á því að það er ætlast til að lánastarfsemi Byggðastofnunar sé rekin á arðsemisgrundvelli. Svo hefur verið og hún hefur sinnt því hlutverki að lána nánast á öllu landinu. Ég get tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að komið hefur í ljós að mikil þörf er fyrir þessa lánastarfsemi.

[19:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við þessa lánastarfsemi vil ég bara endurtaka að ég tel að menn verði að halda þessum hlutum aðskildum. Hin almenna bankastarfsemi og starfsemi sparisjóðanna hlýtur að þurfa umhverfi þar sem allir standa jafnir. Ef ríkið telur sig hins vegar þurfa að rétta af stöðu landsbyggðarinnar þá finnst mér skást að gera það í gegnum sérstakan sjóð, eins og Byggðastofnun er með. Það verður þá að hafa sinn gang.

En varðandi það sem hv. þm. sagði um ræðu mína, hvað uppbygginguna í Hvalfirði varðar og áhrifin á Vesturland, þá tel ég að í raun sé ekkert um þessa hluti að þræta. Ég held að menn séu allir sammála um áhrifin af þessu. Það sem menn eru kannski ekki sammála um eru hversu mikil áhrifin eru af mengun og hvernig við eigum að taka á þeim málum í framtíðinni. Ég held að það sé út af fyrir sig nokkuð sem menn þurfi að ræða miklu betur. Mér finnst að það vanti verulega upp á að menn sjái hvaða ráðum eigi að beita til að hafa áhrif á mengunina. Það verður að vera hægt að nota hagræna hvata til þess. Það verður að vera á ábyrgð þeirra sem reka framleiðsluna að borga fyrir mengunina. Þannig þurfa menn að taka á þessum málum í framtíðinni.

[19:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þurfum svo sem ekki að fara ítarlegar yfir þetta. Það er ljóst af orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að með uppbyggingu á stóriðju eru menn náttúrlega að stuðla að jákvæðri byggðaþróun. Það er kannski líka rétt að minna á, í ljósi þess sem hann var að tala um í tengslum við áhrif á umhverfið, að frá því að stóriðju var komið á, járnblendverksmiðjan var byggð uppi í Hvalfirði, hafa orðið gífurlegar tækniframfarir. Auðvitað verður tekið á mengunarmálum með allt öðrum hætti en hægt var á þeim tíma sem menn byggðu stóriðju í Hvalfirði. Tæknin hefur breyst svo mikið og er orðin betri og getur mun betur tekist á við mengun en var á sínum tíma í Hvalfirði.

[19:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þannig er að fyrirtækið sem verið er að tala um að byggja fyrir austan er svo stórt að það er mjög erfitt fyrir menn að átta sig á hvers konar starfsemi er þar fram undan. Ég held t.d. að skipaumferðin í kringum þetta verði gífurleg.

Nú þegar er Grundartangahöfn ein af allra mestu flutningahöfnum landsins. Menn geta því séð að álverið fyrir austan mun kalla á gífurlega skipaflutninga. Hvort menn hafa skoðað þau mál nægilega vel, sem fylgja því að hafa þetta fyrirtæki svona gífurlega stórt, skal ég ekki segja um. Þetta hefur samt allt saman fengið stimplana og við verðum að vona að mönnum hafi lánast að fara það skynsamlega yfir þessa hluti að mark sé takandi á þeim stimplum.

[19:27]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom hér upp í andsvar við mig áðan og flutti síðan ræðu um ríkisbanka og fyrirgreiðslu bankanna. Ég vil spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson hvort hann hafi ekki áttað sig á því að það sem stendur í skýrslunni er jafnframt skoðun allflestra í viðskiptalífinu úti um allt land.

Það er enginn að tala um, og ég gat þess sérstaklega í minni ræðu, að niðurgreiða vexti. Spurningin er einungis um hvort menn að sitja við sama borð. Áttar þingmaðurinn sig ekki á því og veit hann ekki að t.d. eftir að sjóðirnir voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og síðan í Íslandsbanka, hafa verið lánaðir milljarðar á höfuðborgarsvæðið á grunni viðskiptavildar? Það liggja kannski engin veð á bak við þau lán en bjartsýni á að þau geti borið sig.

Ég vil ekki nefna fyrirtækin hér en til eru dæmi um milljarðalán sem síðan hefur þurft að afskrifa eða hafa rýrnað á grunni miklu lægra virði hlutabréfa.

Um þetta erum við að tala, að menn hafi öðruvísi sýn. Það kvarta allir undan því að í bankakerfinu virðist það viðtekið að ekki beri að lána eða fjárfesta úti á landi. Það er bara pólitík viðkomandi bankastofnunar. Það er sorglegt til þess að vita ef við höfum orðið til þess að búa til fyrirtæki úr ríkisbönkunum sem er komið inn á þessar brautir. Þetta stendur himinklárt í skýrslunni. Þetta segja allir.

Hins vegar erum við með sjóð eins og Lánasjóð landbúnaðarins sem byggir á samvinnu. Sú samvinna byggist á því að menn greiða inn í sjóðinn þannig að menn eru með niðurgreidda vexti, það kemur þá frá öðrum notendum sjóðsins á öðrum tíma. Það er annað kerfi en ég var aldrei að tala um annað en venjulegan banka.

[19:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér afar mikið á óvart ef bankarnir eru farnir að lána með þeim hætti sem hv. þm. lýsti áðan. Ég veit að menn lána út á viðskiptavild ekkert síður út á land en til annarra. Það er ekki nein ástæða til að tortryggja starfsfólk í þessum lánastofnunum sem hér er verið að tala um á þeim grundvelli.

Menn getur hins vegar greint á um hvort of langt er gengið í að meta lágt veðhæfi fyrirtækja og bygginga og annarra veða sem menn út á landi vilja nýta sér til að fá lánafyrirgreiðslu frá bönkum, en að menn láni ekki fyrirtækjum af því að þau eru úti á landi tel ég ekki rétt. Í þeim tilfellum sem ég hef spurt eftir slíkum atriðum hef ég a.m.k. fengið svör af öðru tagi. Því hefur þá ævinlega verið borið við að þau veð sem menn hafi átt kost á hafi ekki verið nægilega góð, en ekki að menn hafi neitað fyrirgreiðslunni vegna þess að fyrirtækið væri úti á landi.

Auðvitað meta menn fyrirtæki út frá því hvort þeir treysta þeim. Bankarnir eru með prýðilega menntað fólk sem fer um og fylgist með, sérstaka fulltrúa sem fylgjast með, atvinnulífinu um allt land. Ég efast ekkert um að það er tekið málefnalega á þeim málum öllum saman.

Mönnum svíður það auðvitað úti um land, og ég skil það vel, þegar þeir geta ekki fengið lánafyrirgreiðslu út á sambærilegar húseignir eða önnur veð af því tagi sem þeir hafa til þess að bjóða þegar þá vantar lánsfé. Ég sammála því að það er mjög vont og það þarf að vera hægt að koma til móts við það.

[19:31]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara árétta gagnvart hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að ég geri mér fulla grein fyrir því að bankar lána út á viðskiptavild ekki síður en á veðhæfi fasteigna. Ég var að tala fyrir því að slíkt fyrirkomulag, þ.e. mat á viðskiptavild, ætti að gilda fyrir landið allt.

Skýrslan segir einmitt það sem maður hefur heyrt á ferðum sínum, að mat á viðskiptavild er ekki eins hagstætt af hálfu bankanna þegar menn eru komnir út fyrir höfuðborgarsvæðið, þ.e. þann hring sem umlykur höfuðborgina. Menn kvarta undan þessu og þetta stendur upp úr í mati skýrsluhöfunda.

[19:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að efast um að þetta sé svona. Ég hef fylgst með hvernig svona mál eru unnin. Satt að segja bæði efast ég um að þetta sé rétt og vona líka að þetta sé rangt, einfaldlega vegna þess að núna vinnur betur menntað fólk við þessa hluti en áður. Ég veit um þann metnað sem þessir bankar, a.m.k. stærri lánastofnanir, hafa á undanförnum árum sýnt til að hafa á að skipa fólki sem hefur þekkinguna til að fylgjast með í atvinnulífinu.

Bankarnir lentu í miklu tapi áður vegna þess að því hafði ekki verið sinnt nógu vel að fara yfir þessa hluti, athuga framtíðarmöguleika fyrirtækja og hvort of miklir peningar væru lánaðir í þessi fyrirtæki. Menn ætla ekki að lenda í þessu aftur og þess vegna hefur verið lögð mikil áhersla á að til þess menntað fólk fylgist með atvinnulífinu.

[19:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs að nýju eru ummæli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur sem í andsvari við hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að málflutningi þriðja aðila, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hún vildi láta í veðri vaka að við hefðum mismunandi afstöðu til virkjana og stóriðju eftir því hvaða landshluti ætti í hlut.

Þetta er mikill misskilningur. Ég brást við málflutningi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, sem fór mjög málefnalega yfir stöðuna á Grundartanga og á hvern hátt hann teldi stóriðju þar hafa styrkt atvinnulífið og leiddi getum að því að hið sama mundi gerast á Austurlandi. Hann tók fram að þessu væri ekki saman að jafna þegar litið væri til stærðargráðunnar en ég taldi hann ekki hafa kveðið nógu fast þar að orði og sagði að afar erfitt væri að bera þessa hluti saman.

Á Austurlandi erum við að tala um mestu fjárfestingu á vegum opinberra aðila nokkru sinni, vel á fjórða hundrað milljarða kr. þegar litið er til virkjunarinnar og álframkvæmdanna. Einnig er um að ræða atvinnusvæði sem er miklu fámennara en hér vestan lands. En það sem meginmáli skiptir að mínum dómi eru þau áhrif sem þessar framkvæmdir mundu hafa á efnahagslífið í heild sinni. Ég tel að þessum fjármunum sé mjög illa varið. Það hefur verið sýnt fram að hvert starf mundi kosta um 400 millj. kr., næstum hálfan milljarð.

Ég hef hlustað á hagfræðinga, vinstri sinnaða og hægri sinnaða ekki síður, sem hafa varað við þessum framkvæmdum og talið ráðlegra að við beindum fjármagni aðrar leiðir til að stuðla að atvinnuuppbyggingu á Austurlandi og Íslandi almennt.

Ég hef hlustað á röksemdir þeirra, ég hef hlustað á raddir innan Landsvirkjunar og tek þau sjónarmið alvarlega. Þess vegna er ég þessarar skoðunar fyrir utan þá ástæðu sem vegur að sjálfsögðu þyngst, sem lýtur að náttúru landsins og þeim óafturkræfu náttúruspjöllum sem þessar framkvæmdir mundu hafa í för með sér.

[19:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég viðurkenni að það var ekki góður svipur á þessu hjá mér, að víkja að máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar í andsvari við annan þingmann og biðst ég afsökunar á því.

Hitt er annað mál að hv. þm. tók undir að uppbygging í Hvalfirði hefði haft jákvæð áhrif á byggðaþróun á því svæði. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi. Þess vegna sló það mig dálítið, miðað við málflutning hans hér varðandi áhrifin sem álver á Austurlandi hefði á byggðaþróun þar, að hann gæti ekki litið þessa hluti sömu augum hvort sem um væri að ræða uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi eða uppbyggingu atvinnulífs í Hvalfirði og á Vesturlandi. Ég furða mig enn á að hv. þm. skuli líta það svo ólíkum augum hvort fólki fjölgar á Austurlandi eða á Vesturlandi.

[19:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Ég var fyrst og fremst að vísa í ummæli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar.

Ljóst er að stóriðja á Grundartanga hefur skapað mörg atvinnutækifæri og haft mikil áhrif á atvinnulífið. Það er líka deginum ljósara að virkjun og stóriðja á Austurlandi mun skapa fjöldann allan af störfum og skapa gjaldeyristekjur.

Ég mæli hins vegar gegn því að þessi leið verði farin til að ná því markmiði. Ég tel að henni fylgi alvarlegar hliðarverkanir, auk þess sem ég hlusta á röksemdir hagfræðinga sem vara við því að við setjum svo mikla fjármuni í þessar fjárfestingar. Þær munu koma í bakið á okkur.

Ég frábið mér að við séum að snúa út úr hvert fyrir öðru að þessu leyti. Ég hef aldrei farið í grafgötur um þetta. Að sjálfsögðu verða til störf en við teljum þessa leið til að skapa þau óhagkvæma, þjóðhagslega óhagkvæma, auk þess sem hún felur í sér stórfelld óafturkræf náttúruspjöll.

[19:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að það er ekki sama hvort er Austurlandið eða Vesturlandið. Það kom skýrt fram hér hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Við höfum áður farið yfir hvaða þjóðhagslegu áhrif þessar framkvæmdir muni hafa og hvaða hagfræðingar eru trúverðugir í þeirri umræðu. Ég tek mark á þeim sem mæla mjög með þessum framkvæmdum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson tekur mark á hinum sem mæla gegn þessu. Við verðum væntanlega ekki sammála um það.

En getum við ekki alla vega orðið sammála um það, hv. þm., að uppbygging stóriðju á Vesturlandi hafi haft mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf og byggðaþróun þar um slóðir? Hefði hv. þm. viljað að ekki hefði verið ráðist í þessar framkvæmdir? Það væri gott að fá svör við því. Heldur hann að þessar framkvæmdir hafi haft neikvæð áhrif á hag þjóðarinnar og byggðaþróun á Vesturlandi? Það væri gott að fá þetta skýrt fram hjá þingmanninum: Er hann algjörlega á móti þessum framkvæmdum og fyrirhuguðum viðbótarframkvæmdum á Vesturlandi?

[19:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er andvígur því að við látum 80% af þeirri orku sem við framleiðum fara til stóriðju. Ég er andvígur því. Að öðru leyti vil ég segja að við eigum ekki að ræða þessi mál í viðtengingarhætti eða páskildagatíð. Við stöndum frammi fyrir mjög afdrifaríkum ákvörðunum varðandi virkjanir og stóriðju á Austurlandi. Það er ekki rétt sem fram kom í máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, þ.e. að við höfum farið rækilega yfir hinar þjóðhagslegu forsendur. Við höfum ekki gert það. Við höfum margoft óskað eftir því, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að það verði gert, að málin verði brotin til mergjar.

Ég vísaði í röksemdir hagfræðinga sem birst hafa í blöðum og tímaritum að undaförnu. Ég innti hv. þingmenn, þar á meðal hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, eftir því hvort þeir hefðu kynnt sér tilteknar greinar, (**ArnbS:** Búin að því.) t.d. í Vísbendingu fyrir fáeinum vikum. Þá kom fram að hún hafði ekki gert það. Að sjálfsögðu er það grundvallaratriði að alþingismenn kynni sér rök með og á móti í hverju máli, ekki síst í eins afdrifaríku máli og hér um ræðir.

Fundi slitið kl. 19:44.

---

75. FUNDUR

þriðjudaginn 12. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Einkaleyfi, stjfrv., 453. mál, þskj. 723. — 1. umr.
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 363. mál, þskj. 527. — 1. umr.
3. Rafeyrisfyrirtæki, stjfrv., 454. mál, þskj. 724. — 1. umr.
4. Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, stjfrv., 489. mál, þskj. 774. — 1. umr.
5. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.
6. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
7. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 112. mál, þskj. 112. — 1. umr.
8. Gjaldþrotaskipti, frv., 177. mál, þskj. 178. — 1. umr.
9. Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, þáltill., 306. mál, þskj. 380. — Fyrri umr.
10. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459. — Fyrri umr.
11. Flutningur verkefna frá stjórnsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, þáltill., 488. mál, þskj. 773. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjárveitingar til háskóla, 219. mál, svar menntmrh., þskj. 781.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 477. mál, svar dómsmrh., þskj. 779.

Grænmeti og kjöt, 497. mál, fsp. ÞBack, þskj. 787.

Húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein, 500. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 790.

Kostnaður við verðmerkingu á tóbaki, 496. mál, fsp. RG, þskj. 786.

Nýting afla af fullvinnsluskipum, 411. mál, svar sjútvrh., þskj. 732.

Úrbætur í fjarskiptamálum á Norðausturlandi, 498. mál, fsp. SJS, þskj. 788.

Útibú Matra á Ísafirði, 499. mál, fsp. JB, þskj. 789.

Varnir gegn landbroti, 504. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 796.

Verðmyndun á kindakjöti, 495. mál, fsp. SJóh, þskj. 785.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, 503. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 795.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér þykir rétt að geta þess að gert er ráð fyrir því að frv. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal verði á dagskrá á fimmtudag og þá má búast við kvöldfundi.

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (frestir, umboðsmaður o.fl.). — Þskj. 723.

[13:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Með frv. er stefnt að minni háttar breytingum á lögum um einkaleyfi vegna þróunar á alþjóðavettvangi. Breytingarnar stafa fyrst og fremst af því að á þingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar, WIPO, í september til október 2001 voru samþykktar tillögur um breytingar á samstarfsáttmálanum um einkaleyfi frá árinu 1984 sem Ísland gerðist aðili að árið 1995 í kjölfar aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Breytingarnar er að finna í 2.–4. gr. frv. og þurfa að vera komnar í landslög aðildarríkja sáttmálans fyrir 1. apríl 2002. Breytingarnar felast aðallega í því að frestur til að yfirfæra alþjóðlega umsókn til Íslands lengist úr 20 í 30 mánuði. Töldu aðildarríkin að samræming á frestákvæðum mundi leiða til færri óska um alþjóðlega forathugun en beiðnum þar að lútandi hafði fjölgað mjög á undanförnum árum.

Í 1. og 5. gr. frv. eru ákvæði sem snerta annan alþjóðasamning, þ.e. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Verður einkaleyfishafa sem búsettur er erlendis ekki lengur skylt að hafa umboðsmann eins og er í lögum nú. Hins vegar er Einkaleyfastofunni heimilt að fara fram á að umboðsmaður verði tilnefndur en búist er við að á slíkt geti reynt ef flókin tilvik koma upp.

Í gildandi lögum er kveðið á um að umsækjanda eða einkaleyfishafa sé skylt að hafa umboðsmann sem sé búsettur hér á landi. Búsetuskilyrðin þykja stríða gegn meginmarkmiðum EES-samningsins um frjálsa þjónustu milli ríkja. Því hafa ríkin á þessu svæði, m.a. hin Norðurlöndin, breytt löggjöf sinni á þann hátt að einungis sé heimilt að krefjast þess að umsækjandi eða einkaleyfishafi hafi umboðsmann búsettan á EES-svæðinu. Þessar breytingar eru í samræmi við ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á íslenskri löggjöf vegna EES-samningsins.

Í 5. gr. er lagaskilaákvæði sem snertir meðferð nánar tiltekinna einkaleyfisumsókna. Í 6. gr. er síðan ákvæði um gildistöku laganna, 1. apríl nk. Þess er því vænst að frv. hljóti skjóta meðferð. Verði það óbreytt að lögum er ekki talið að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (innherjaviðskipti). — Þskj. 527.

[13:36]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, 363. máli á þskj. 527. Í frv. eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti að því er varðar innherjaviðskipti til þess að taka af tvímæli um að þeim sem búa yfir trúnaðarupplýsingum sé óheimilt að afla eða ráðstafa þeim verðbréfum sem trúnaðarupplýsingar tengjast, óháð því hvort um ásetnings- eða gáleysisbrot er að ræða. Ákvæði núgildandi laga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Innherjum er óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa, ...“

Ákvæði þetta styðst við orðalag 2. gr. tilskipunar EB nr. 89/592, um innhverjaviðskipti.

Hinn 29. október sl. var hins vegar kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í sakamáli nr. 601/2001. Málið fjallaði um meint brot gegn umræddri grein. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að fyrir hendi væri það refsiskilyrði í gildandi ákvæði að trúnaðarupplýsingar yrðu að vera ákvörðunarástæða fyrir viðskiptunum, samanber orðasambandið „nýta ... til öflunar“. Yrði ákvæðið ekki skilið öðruvísi en svo að í því væri áskilinn beinn og eindreginn ásetningur. Þegar borin væru saman umrædd ákvæði í lögum um verðbréfaviðskipti og hliðstæð ákvæði í danskri, norskri, sænskri og bandarískri löggjöf vekti það athygli að ótvíræður munur væri að þessu leyti á hinu íslenska ákvæði og erlendu lagaákvæðunum þar sem huglæg afstaða þess sem í hlut á virtist ekki skipta máli að þessu leyti eða a.m.k. væri þar ekki krafist meira en gáleysis. Ríkissaksóknari hefur tekið ákvörðun um að máli þessu verði ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Ég tel að skoðun á forsögu gildandi ákvæðis leiði í ljós að löggjafinn hafi aldrei ætlað að mæla fyrir um að ásetningur væri skilyrði refsinæmis í þessu tilliti. Þvert á móti tel ég að ætlun löggjafans hafi verið að fylgja norrænum rétti í þessu efni. Þar sem komist hefur verið að þeirri niðurstöðu í héraðsdómi að beinn og eindreginn ásetningur sé skilyrði refsinæmis fyrir brot gegn 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um verðbréfaviðskipti og þar sem ákveðið hefur verið að áfrýja

ekki þeim dómi tel ég að löggjafinn verði að taka af tvímæli um að gáleysi sé nægileg forsenda refsinæmis í þessu sambandi. Því er frv. þetta lagt fram.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af erlendum ákvæðum laga um innherjaviðskipti. Telja verður að vafa um hliðstæðu þeirra við íslensk ákvæði um sama efni hafi verið eytt með frv. þessu.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og hv. efh.- og viðskn.

[13:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær skýringar sem hún flytur með þessu frv. en mig langar að spyrja hana að einu: Er það rétt skilið af greinargerð frv. og því sem hæstv. ráðherra segir, að ástæðuna fyrir því að dómur féll með þeim hætti sem hæstv. ráðherra lýsti megi rekja til þeirrar staðreyndar að frv., sem hæstv. viðskrh. lagði upphaflega fram, hafi verið breytt af meiri hluta efh.- og viðskn. og síðar þinginu? Er það rétt skilið hjá mér að hefði sú breyting ekki komið til og frv. hæstv. ráðherra staðið óbreytt þá hefði dómurinn aldrei fallið á þennan veg?

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi spurningu hv. þm. held ég að ekki sé hægt að draga þær ályktanir sem hann gerði í máli sínu. Efh.- og viðskn. breytti ákvæðinu nokkuð þó að ég hafi ekki alveg orðalagið hérna. Hins vegar gerði sú breyting sem varð á frv. í nefndinni og var endanlega samþykkt á hv. Alþingi ekki það að verkum að hægt sé að draga þær ályktanir að sú breyting skapi þá réttaróvissu, ef réttaróvissu skal kalla, sem upp kom og hafi ráðið því hvernig dómur féll í héraðsdómi. Við vitum hvernig hann féll og getum verið mismunandi sátt við hann en engu að síður liggur sá dómur fyrir og þar sem honum er ekki áfrýjað varð það niðurstaða okkar í ráðuneytinu að flytja frv. til þess að taka af allan vafa.

Svarið við spurningu hv. þm. er: Nei.

[13:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að vera annarrar skoðunar en hæstv. ráðherra. Þegar ég ber saman hið upphaflega frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram á sínum tíma og frv. með breytingunum sem gerðar voru af hv. þm. stjórnarmeirihlutans í efh.- og viðskn., klárlega til að draga úr þunga ákvæðisins, dreg ég þá ályktun að einmitt breytingin sem varð í meðförum þingsins hafi valdið því að dómurinn féll með þessum hætti.

Ég er sammála hæstv. viðskrh. um að út frá þeim skjölum sem liggja fyrir af þingsins hálfu megi draga þá ályktun að ekki hafi verið ætlun löggjafans að leggja til undantekningu frá þeirri meginreglu að gáleysi nægi til refsinæmis vegna brota á þessum lögum. Mér finnst hins vegar tilefni til að vekja eftirtekt á þessu, herra forseti. Ástæðan er sú að t.d. hv. þm. Ögmundur Jónasson sem hér er staddur og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. bentu á þetta í nefndaráliti sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar, að ég held hv. þm. Ögmundur Jónasson, Margrét Frímannsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir, skrifuðu undir á sínum tíma. Þar kemur fram athugasemd við þetta.

Mér þykir vert að vekja eftirtekt á þessu, herra forseti, vegna þess að í vaxandi mæli finnst mér ákveðin viðleitni af hálfu stjórnarþingmanna til þess að draga úr þeim hörðu ákvæðum sem oft koma frá hæstv. viðskrh. í þessum efnum. Ég tel að við eigum að standa fast í ístaðinu hvað þetta varðar, herra forseti.

[13:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar athugasemdir sem komu fram hjá minni hlutanum þegar þetta mál var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. lutu þær ekki að því ákvæði, að því er ég best veit, sem þetta mál varðar fyrst og fremst, að það þurfi að hafa verið um ásetning að ræða af hálfu einstaklings sem á viðskipti og býr yfir trúnaðarupplýsingum. En það er mál sem þeir hv. þm. sem þarna áttu í hlut geta áreiðanlega skýrt nákvæmar. Að því er mér virðist er það ekki. Auðvitað er alltaf erfitt fyrir okkur á hv. Alþingi að fullyrða nákvæmlega hvað veldur því að dómur fellur sem raun ber vitni. Niðurstaða dómsins virðist vera að þarna hafi verið um gáleysi að ræða, að viðkomandi aðili hafi búið yfir trúnaðarupplýsingum en hafi ekki ætlað sér að hagnast á viðskiptunum þó að raunin hafi svo orðið sú að hann hagnaðist.

En frv. þetta er flutt til að taka af allan vafa hvað það varðar um að nægilegt sé að búa yfir þessum trúnaðarupplýsingum og eiga viðskipti, og þá séu menn að ganga gegn lögunum. Sem sagt, gáleysi getur hvorki verið afsökun né skýring.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil aftur þakka hæstv. iðn.- og viðskrh. skýr svör. Hæstv. ráðherra má alls ekki taka það þannig að ég sé með einhverjum hætti að reyna að hnýta í störf hennar. Þvert á móti. Ég tel að það frv. sem hæstv. ráðherra lagði fyrir á sínum tíma hefði tryggt að ekki þyrfti að vera um ásetningssynd að ræða. Það gæti verið gáleysi en háttsemin væri eigi að síður refsinæm. Ég tel að það hafi verið hinn upphaflegi andi frv. sem hæstv. ráðherra lagði fyrir.

Síðan er frv. breytt í meðförum efh.- og viðskn. gegn mótmælum hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar. Í nál. sem þeir lögðu fram á sínum tíma með þessu frv. er einmitt bent á þá staðreynd að reglur Fjármálaeftirlitsins gengu talsvert lengra en frv. og jafnframt gekk frv. talsvert lengra en brtt. meiri hlutans. Það kemur skýrt fram í hinu upphaflega frv. hjá hæstv. ráðherra að þar er innherjum óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar beint eða óbeint sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Þegar maður skoðar hins vegar brtt. meiri hlutans er búið að taka út ákveðinn kafla úr setningunni. Sú breyting gerir það að verkum að dómurinn sem féll sem raun bar vitni. Ef frv. hæstv. viðskrh. hefði gengið fram óbreytt, farið hefði verið að ábendingum stjórnarandstöðunnar í þessu máli, hefði þetta ekki gerst.

Herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Ég bið hv. þm. afsökunar. Ég er ekki góður í tölvum.)

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við tölvulæsi eða tölvukunnáttu hæstv. forseta. Ef ég fæ að segja örfá orð til viðbótar mundi ég geta lokið þessu nokkurn veginn skammlaust.

Mér finnst vera ákveðin tilhneiging hjá þeim sem fara með efnahags- og viðskiptamál í þinginu að létta þau ákvæði sem koma af hálfu hæstv. iðn.- og viðskrh. ef um er að ræða

reglur sem varða verðbréfaviðskipti og annað slíkt, ef um er að ræða reglur sem eru frekar til hagsbóta fyrir okkur neytendurna, okkur sem getum litið á okkur sem litla manninn á þessum hákarlamarkaði sem verðbréfamarkaðurinn oft er.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að hér urðu umræður utan dagskrár í síðustu viku þar sem einmitt var verið að vara við slíkri þróun. Þá var Verslunarráðið að beina því til hæstv. iðn.- og viðskrh. að hún tæki sérstaklega á Samkeppnisstofnun vegna þess að stofnunin hafði verið að fylgja bókstaf laganna og skaka skellum að stórum aðilum á markaði. Mér finnst, herra forseti, að það sé hlutverk okkar í þinginu að setja strangar reglur um það hvernig viðskipti eiga að ganga fyrir sig á markaðnum, reglur sem vernda einmitt litla manninn, vernda þann sem situr úti í bæ og kaupir kannski hlutabréf, kaupir verðbréf í gegnum tölvuna sína, í gegnum einhverja miðlara, er ekki að eyða miklum upphæðum, er ekki inni í þessu máli og hefur engan kost á því að hafa upplýsingar sem hægt er að túlka sem innherjaupplýsingar. Ef eitthvað hefur verið slæmt fyrir hlutabréfamarkaðinn á síðustu árum er það það að horfa upp á þann algjöra frumskóg sem markaðurinn minnir oft á. Oft er engu líkara en að frumskógarlögmálin ráði miklu meiru en reglur sem hafa verið settar af Alþingi eða Fjármálaeftirlitinu eða hæstv. iðn.- og viðskrh.

Þess vegna finnst mér rétt, herra forseti, að vekja eftirtekt á þessu dæmi. Það er alveg ljóst að hér hefur meiri hlutinn í þinginu breytt frv. til þess beinlínis að liðka aðeins fyrir viðskiptum á markaði, draga úr helsi reglnanna. Það hefur aftur á móti leitt til þess að það hefur skapast réttaróvissa og hér er hæstv. iðn.- og viðskrh. í reynd komin með frv. til að breyta lögunum nánast í það horf sem hún lagði upphaflega til með fyrsta frv. sínu.

Hæstv. iðn.- og viðskrh. er með öðrum orðum að vanda um við meiri hluta efh.- og viðskn. og auðvitað er slæmt að hv. formaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri Verslunarráðs skuli ekki geta verið við þessa umræðu til að ræða þetta með mér, herra forseti. Ég tel að hæstv. iðn.- og viðskrh. hafi skýrt þetta ákaflega vel og ég styð þetta frv. Ég tel að það sé nauðsynlegt miðað við þá stöðu sem upp er komin. Ég vek líka eftirtekt á því að eftir því sem hægt er að lesa í áliti minni hlutans frá því að hið fyrra frv. fór í gegn virðast reglur af hálfu Fjármálaeftirlitsins ganga jafnvel í sumum tilvikum enn lengra en bundið er í lög. Ég tel þess vegna að í efh.- og viðskn. eigi að kanna sterklega hvort ekki eigi að hnýta þessa hnúta jafnvel enn tryggara en hér er gert.

[13:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir stuðninginn við málið. Ég held að ástæða sé til að lesa aðeins upp úr nál. meiri hluta efh.- og viðskn. þegar þetta mál var til umfjöllunar í desember árið 2000. Þar segir, með leyfi forseta:

„Önnur tillaga meiri hlutans lýtur að 1. tölul. 1. mgr. b-liðar 7. gr. og miðar að því að ákvæðið verði skýrara og markvissara í framkvæmd. Þar er tekið út það skilyrði að innherjaviðskipti verði að vera innherjanum sjálfum eða öðrum til hagsbóta.“

Skilyrðið að um innherjaviðskipti sé að ræða er sem sagt tekið út þótt viðskiptin séu hvorki honum né öðrum til hagsbóta. Ég tel þess vegna að það sem hv. þm. heldur fram í sambandi við meiri hluta efh.- og viðskn. á þessum tíma sé ekki alveg rétt, hugsunin hafi a.m.k. ekki verið sú hjá hv. þm. að þetta ákvæði skyldi vera þess efnis að viðskiptin þyrftu að vera viðkomandi til hagsbóta til að teljast ólögleg.

[13:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Örstutt um innherjaviðskipti. Fyrir nokkrum dögum var upplýst að Landssíminn hefði tapað umtalsverðum fjárhæðum í einu fyrirtæki, 200 millj. var talað um, þar sem stjórnarmenn tóku ákvörðun en höfðu enga hagsmuni af því sjálfir. Þetta er eitthvað sem fólk vill ekki. Það vill helst að stjórnarmenn séu ábyrgir og tapi með þeim ákvörðunum sem þeir taka. Það þýðir að menn vilja helst að í stjórn séu menn sem eiga hluti í fyrirtækinu. Ef um leið á að fara að gera kröfu til þess að menn sem eru í stjórn megi ekki selja sinn hlut þýðir það að í stjórn getur enginn verið sem á hlut í fyrirtækinu nema hann frysti eigur sínar um leið. Við þurfum því að vera mjög varkárir í því sem hér er verið að gera.

Síðan getur komið upp önnur staða sem er öllu verri. Segjum að ég eigi hlut í fyrirtæki, sé í stjórn og hafi hagsmuni af því að stór hluthafi selji ekki. Þá boða ég hann á fund eða í kaffi með vitnum, læt honum í té trúnaðarupplýsingar og þá má hann ekki selja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafeyrisfyrirtæki, 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (EES-reglur). — Þskj. 724.

[13:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um rafeyrisfyrirtæki sem er 454. mál á þskj. 724.

Með rafeyrisfyrirtækjum er átt við tilteknar lögpersónur sem hafa með höndum útgáfu og umsýslu með rafeyri. En hvað er rafeyrir? Samkvæmt frv. er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda, sem eru geymd á rafrænum miðli og gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en hin útgefnu peningalegu verðmæti og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda. Því falla einungis undir gildissvið frv. þau fyrirtæki sem gefa út rafeyri í svokölluðu opnu kerfi.

Í frv. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki skuli vera hlutafélag og það verði ekki stofnað með lægra hlutafé en 90 millj. kr. Þó má hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð en jafngildi einnar millj. evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Þá er kveðið á um sömu takmarkanir að því er eigið fé rafeyrisfyrirtækja varðar. Þá er í frv. tryggður réttur handhafa rafeyris til innlausnar hans. Settar eru takmarkanir á starfsemi rafeyrisfyrirtækja fyrir utan útgáfu rafeyris og takmörkun á leyfilegri fjárfestingarstefnu þeirra. Er það gert til að tryggja að rafeyrisfyrirtæki geti ávallt staðið við skuldbindingar sínar um innlausn. Einnig er kveðið á um eftirlit með rafeyrisfyrirtækjum. Loks gilda um rafeyrisfyrirtæki að nokkru leyti svipaðar reglur og um viðskiptabanka og sparisjóði og er því vísað til þeirra laga í frv.

Frv. byggir á tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2000/46/EB og nr. 2000/28/EB frá 18. sept. 2000 og gerir

tillögu að innleiðingu þeirra í íslenskan rétt. Nauðsynlegt er að innleiða tilskipanirnar fyrir 27. apríl nk.

Í janúar 2001 fól ég svokallaðri bankalaganefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög á sviði fjármagnsmarkaðar að gera tillögu að innleiðingu tilskipananna. Umrætt frv. var unnið í ráðuneytinu í samráði við hana. Nefndin mun hins vegar leggja til að ákvæði um rafeyrisfyrirtæki verði hluti af frv. til laga um fjármálafyrirtæki sem fyrirhugað er að leggja fram á næsta löggjafarþingi. Nauðsynlegt er hins vegar að leggja fram umrætt frv. fyrir þetta þing svo að tilskipanir verði innleiddar í íslenskan rétt á réttum tíma.

Hæstv. forseti. Ég mæli með því að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 774.

[13:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu sem er 489. mál á þskj. 774.

Frv. er ætlað að skýra réttarstöðu þeirra sem veita svokallaða rafræna þjónustu, en innan hennar getur t.d. fallið upplýsingaþjónusta og sala á netinu.

Meginstoðir frv. eru fjórar. Í fyrsta lagi er kveðið á um að íslensk stjórnvöld skuli hafa eftirlit með þeim veitendum rafrænnar þjónustu sem hafa staðfestu hér á landi, þ.e. stunda hér virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð.

Í öðru lagi er kveðið á um þær upplýsingar sem þjónustuveitendum ber að veita, t.d. á heimasíðum sínum. Bæði er kveðið á um almenna upplýsingagjöf og upplýsingagjöf í tengslum við pöntun.

Í þriðja lagi er kveðið á um þá meginreglu að rafrænir samningar séu jafngildir skriflegum.

Í fjórða lagi er kveðið á um takmörkun ábyrgðar þeirra þjónustuveitanda sem veita aðgang t.d. að netinu og hýsa gögn sem þar er dreift.

Með rafrænni þjónustu er átt við þá þjónustu sem almennt er veitt gegn greiðslu úr fjarlægð með rafrænum búnaði að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Frv. byggir á tilskipun Evrópusambandsins frá 8. júní 2000, um rafræn viðskipti og gerir tillögu að innleiðingu hennar í íslenskan rétt. Kjarni frv. felst í upprunalandsreglunni sem kemur fram í 3. gr. frv. Hún felur í sér að íslensk stjórnvöld skuli hafa eftirlit með að stofnun og starfræksla þjónustuveitanda með staðfestu hér á landi sé í samræmi við íslensk lög. Þannig skulu þeir sem stunda virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð hér á landi hlíta íslenskum lögum um stofnun og starfrækslu þjónustunnar þó svo þeir beini þjónustunni að öðrum löndum með því t.d. að hafa heimasíðu sína á ensku.

Samkvæmt 4. gr. frv. eru nokkrar almennar undantekningar gerðar frá reglu upprunalands. Ástæða þeirra felst m.a. í því að á nokkrum sviðum er gildandi Evrópuréttur ekki í samræmi við upprunalandsreglu. Í þeim tilvikum þurfa þjónustuveitendur jafnvel að hlíta þeim reglum sem gerðar eru í þeim löndum sem þeir beina þjónustu sinni til.

Frv. kveður einnig á um að í sérstökum undantekningartilfellum geti aðildarríki sett takmarkanir á veitingu rafrænnar þjónustu frá öðru aðildarríki sé það nauðsynlegt til að vernda mikilvæga almannahagsmuni. Þannig má t.d. ætla að íslensk stjórnvöld geti hindrað útbreiðslu barnakláms þó svo það eigi uppruna sinn í öðru landi en Íslandi.

Til að styrkja réttaröryggi og traust manna til rafrænnar þjónustu er í frv. kveðið á um lágmarksupplýsingar sem þjónustuveitendum ber að veita. Er þar t.d. kveðið á um að þjónustuveitendum beri að veita upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang og aðrar þær upplýsingar sem gera mönnum kleift að komast í samband við þá. Tilskipun um rafræn viðskipti leggur þær skyldur á herðar aðildarríkjunum að þau tryggi að heimilt verði að lögum að samningar séu gerðir með rafrænum hætti. Aðildarríki skulu þannig tryggja að gildandi lög tálmi ekki fyrir gildi rafrænna samninga.

Talið hefur verið að nokkur vafi leiki á því hvort rafrænir samningar fullnægi skilyrðum réttarreglna um að samningar skuli vera skriflegir. Því er í frv. lagt til að lögfest verði almenn fyrirmæli um að ákvæði um skriflega samninga komi ekki í veg fyrir að unnt sé að gera þá með rafrænum hætti.

Ákvæði frv. kveða á um hvaða upplýsingar þjónustuveitanda ber að veita áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun. Honum ber t.d. skylda til að upplýsa um hvaða skref menn verða að taka til að ljúka pöntun, hvernig unnt sé að leiðrétta innsláttarvillur o.s.frv.

Í frv. er loks ákvæði um takmörkun ábyrgðar þjónustuveitenda sem veita tiltekna þjónustu, þ.e. eru svokallaðir milligönguaðilar. Í 12. gr. er fjallað um takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda sem miðlar gögnum um fjarskiptanet eða veitir aðgang að fjarskiptaneti. Í 13. gr. er kveðið á um takmörkun ábyrgðar sambærilegs þjónustuveitanda vegna sjálfvirkrar millistigs- og skammtímaeymslu gagna. Í 14. gr. er loks kveðið á um takmörkun ábyrgðar þeirra þjónustuveitenda sem hýsa gögn. Í umræddum tilvikum eru gögn látin í té af þjónustuþega. Þjónustuveitandi hefur því hvorki vitneskju um né yfirráð yfir þeim gögnum sem eru send, geymd eða hýst.

Í 15.–18. gr. frv. er kveðið nánar á um hvernig þjónustuveitanda ber að bregðast við ef hann fær vitneskju um ólögmæt gögn. Í greinunum hefur verið tekið tillit til þeirra hagsmuna sem vegast á í þessu sambandi, annars vegar tjáningarfrelsis og frekari þróun rafrænnar þjónustu og hins vegar mikilvægi þess að koma á skilvirkan hátt í veg fyrir útbreiðslu ólögmæts efnis.

Hæstv. forseti Ég mæli með því að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sá bálkur sem hér liggur fyrir er æðimikill að vöxtum og tekur til fjölmargra þátta. Ég er ekki viss um að allur þingheimur geri sér grein fyrir því að í reynd er þetta líka bandormur vegna þess að fyrir utan þann part frv. sem lýtur að rafrænum viðskiptum og annarri rafrænni þjónustu þar sem er um frumlög að ræða, er líka lagt til að breytt verði lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, læknalögum og lögum um tannlækningar.

Herra forseti. Auðvitað munum við fara vel yfir frv. þegar það kemur til efh.- og viðskn. og væntanlega verður málinu líka vísað til þeirra nefnda sem kunna eiga að fjalla um þessar einstöku breytingar á þeim þrennu lögum sem ég nefndi hérna.

Það sem skiptir máli við frv. af þessu tagi er að neytendavernd sé gætt í hvívetna. Þess vegna má spyrja um hvort Neytendasamtökin hafi verið höfð með í ráðum þegar þetta var samið. Sömuleiðis hljóta menn að velta fyrir sér þeim öryggisskilmálum sem þarna hljóta að vera settir, einnig hvers konar eftirlit verður haft með framkvæmd rafrænna viðskipta og rafrænnar þjónustu.

Herra forseti. Ég tek eftir því að hæstv. ráðherra gat þess t.d. að frv. tæki til sölu á netinu. Þar af leiðir að menn hljóta að setja sterka skilmála um vernd persónulegra upplýsinga og mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig sú vernd verði tryggð.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra: Hvað veldur þessum sérkennilegu greinum þar sem breytingar eru lagðar til á lögum um persónuvernd, læknalögum og lögum um tannlækningar? A.m.k. að því er varðar þau lög sem lúta að læknum og tannlækningum þá skildi ég ekki alveg hvað veldur því að þessi breyting er lögð til. Sömuleiðis langar mig að koma á framfæri léttvægri athugasemd sem varðar 23. gr. þar sem lögð er til breyting á lögum um persónuvernd. Þar er verið að leggja þá skyldu á herðar þeim sem sendir markpóst með rafrænum hætti að fram komi með ótvíræðum hætti þegar hann er móttekinn að um slíkan póst sé að ræða.

Herra forseti. Mér finnst að líka eigi að vernda okkur sem erum móttakendur tuga eintaka af svokölluðum ruslpósti á hverjum degi, þ.e. varðandi það hvaðan viðkomandi hefur fengið netfangið okkar. Ég fæ á hverjum einasta degi hátt á annan tug bréfa í tölvupósti sem ekki er hægt að flokka undir annað en ruslpóst — hann er nefndur því virðulega nafni markpóstur hér — og mér er ekkert um það gefið. Ég veit ekki hvaðan þetta fólk hefur fengið netfang mitt og ég veit ekkert hver heimilar því að senda mér þetta. Ég veit það eitt að þetta er mér til mikils ama.

Herra forseti. Af því að svo margir íslenskumenn eru í þessum sal þá langar mig til þess að spyrja, þ.e. ef hæstv. viðskrh. gæti svarað því, en ég lifi nú án þess að fá svar við því: Hvað nákvæmlega er átt við í 4. gr. þegar talað er um óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti? Er það markpóstur? Er það þessi ruslpóstur? Er ruslpóstur sem er okkur öllum til ama á kansellímáli hæstv. viðskrh. orðinn „óumbeðin viðskiptaorðsending"? Má ég þá frábiðja mér að með nokkru móti verði sett í lög heimild til þess að senda mér óumbeðnar viðskiptaorðsendingar.

[14:09]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Ég hygg að við stöndum núna á árdögum mikilla breytinga og við erum rétt aðeins farin að kynnast því hvað framtíðin muni bera í skauti sér. Hv. síðasti ræðumaður kvartaði undan ruslpósti. Sá póstur á eftir að vaxa mjög verulega nema á því verði tekið og verða mönnum til mikils ama.

Við sjáum nú þegar áhrif þessara breytinga í fjármálastarfsemi þar sem menn geta átt öll sín viðskipti á netinu nema ef menn skyldu slysast til að fá ávísun senda í pósti, þá þarf maður að fara í banka. Fjölmiðlar eru orðnir mjög fyrirferðarmiklir á netinu og ég sé þar í framtíðinni koma menntakerfið o.fl. Ég hygg að verði þetta frv. að lögum þá muni það ekki standa lengi óbreytt vegna þess að menn munu þurfa að taka mjög fljótlega á því síbreytilega umhverfi sem netið er og öll rafræn þjónusta. Ég hygg því að þetta sé fyrsta skref, mjög nauðsynlegt skref til að taka á þessum málum. Ég skora á hv. nefnd sem fær þetta til skoðunar að leggjast mjög ítarlega yfir þessi atriði og sjá hvort ekki megi jafnvel bæta um betur.

[14:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur giska gott vit á netinu og þróun þess. Það hefur margsinnis komið fram af hans hálfu í þessum sölum hversu vel hann fylgist með því.

Mig hryllir við þeirri framtíðarsýn sem hv. þm. dregur upp. Hann spáir því að við munum í miklu ríkari mæli verða, eða ég vil orða það svo, fórnarlömb óumbeðinna viðskiptaorðsendinga, þ.e. ruslpósts, þar sem einhverjir menn og einhver fyrirtæki eru að auglýsa hvers konar þjónustu utan úr heimi. Ég hef ekki hugmynd um hvaðan viðkomandi hafa fengið mitt netfang. Mér er ekkert um það gefið. Ég fæ á hverjum einsta degi tvær eða þrjár orðsendingar frá erlendum fyrirtækjum þar sem mér er boðið upp á að minnka skuldir mínar. Ég fæ á hverjum einasta degi orðsendingar þar sem mér er boðið að kaupa einhvers konar bætiefni til þess að bæta heilsu mína. Ég hef engan áhuga á þessu og oft og tíðum eru þessir póstar orðnir mjög flóknir þannig að þeir eru þungir á netinu. Það tekur tíma að hlaða þeim niður, það er erfitt að losna við þá og það er verið að ræna mig dýrmætum tíma.

Sigurður Nordal sagði í einhverri góðri bók að sá sem eyðir tíma einhvers manns að nauðsynjalausu sé líka að drepa hann pínulítið. Ég vil ekki vera drepinn með þessum hætti af einhverju fólki sem ég hef engin tengsl við, hef bara ama af. Ég spyr: Hver ver mig fyrir þessu? Það er ekki gert í þessu frv.

[14:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka undir með hv. þm. og kalla það sem hér heitir óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, bara ruslpóst, sem það er. Síðan er það verkefni framtíðarinnar að verja notendur fyrir slíkri tímaeyðslu. Ég skora á hv. nefnd að fara mjög ítarlega í það hvort ekki sé einhver þróun í gangi úti í heimi sem tekur fyrir þennan ófögnuð, því ég vil kalla það því nafni, og leggur áherslu á þá kosti sem netið hefur því það hefur óumdeilanlega mikla kosti. Ég ætla ekki að lýsa því hve miklu þægilegra er að vinna í dag með netið við hendina en var fyrir 10–15 árum. Við eigum að huga að þessu í frv. þannig að það skeri á þá ókosti sem netinu fylgja en hefji upp kostina.

[14:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Út af þeim atriðum sem komu fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni vil ég segja í fyrsta lagi í sambandi við lögverndaðar starfsgreinar eins og tannlækningar, að með þessu ákvæði er verið að gera tannlæknum mögulegt að nota netið, en í lögum er kveðið á um að þeir geti aðeins samkvæmt ákveðnum skilyrðum auglýst í dagblöðum. Þetta er í sjálfu sér ekki merkilegra en það.

Um Neytendasamtökin er það að segja að haft var samráð við þau við samningu þessa frv. Samkeppnisstofnun hefur almennt eftirlit með höndum og síðan má geta þess að eftirlit getur verið á höndum þeirra stjórnvalda sem eiga við hverju sinni, t.d. Fjármálaeftirlits. Lög um persónuvernd eiga við og dómsmrn. átti fulltrúa í nefndinni sem samdi frv. og það var sent Persónuvernd til umsagnar.

Um ruslpóst er það að segja að þetta ákvæði sem hv. þm. nefndi á við um ruslpóst. Samkvæmt lögum um húsgöngu-

og fjarsölusamninga á að geta verið möguleiki að mótmæla ruslpósti og ef viðtakandi samþykkir ekki þá má hinn aðilinn ekki senda fleiri bréf. Ég held að það sé ljóst að þetta er ekki sérstaklega þægilegt í framkvæmd. Engu að síður er kveðið á um þetta í þessum lögum. Í tilfellum sem þessum er hægt að hafa samband við Samkeppnisstofnun sem hefur eftirlit með þessum lögum. Síðan er náttúrlega sá möguleiki fyrir hendi að láta skrá sig hjá Hagstofunni sem aðila sem ekki kærir sig um að fá ruslpóst. Það á kannski fyrst og fremst við um póstflutninga og upphringingar, en ákvæðið á einnig að ná yfir tölvupóst.

[14:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að upplýsa það að Persónuvernd ríkisins hefur farið yfir þetta frv. og haft hefur verið samband við Neytendasamtökin. Að því er ég skildi hæstv. ráðherra hefur Samkeppnisstofnun sömuleiðis litið yfir þetta.

Mér þóttu að þessu sinni markverðust í máli hæstv. ráðherra þau atriði sem hún nefndi um ruslpóstinn. Ég gerði mér ekki grein fyrir því, herra forseti, að í gildi væru lög um húsgöngu og fjarsölu sem veita mér vernd gegn þessu. Þarf ég virkilega, herra forseti, að skrá mig hjá Hagstofu Íslands til að geta öðlast vernd gegn því að verða fórnarlamb ruslpósts af þessu tagi? Af hverju Hagstofu Íslands? Ekki er það hún sem útdeilir netpósti.

Herra forseti, ég spyr hæstv. viðskrh.: Eru lög í landinu sem meina t.d. fyrirtækjum að selja slöttung af netföngum, þar á meðal mitt? Úti í hinum stóra heimi verður maður var við að þar er verið að selja netföng í milljónatali.

Ég er þeirrar skoðunar að hér á landi ætti að setja lög sem meina mönnum að selja netföng. Eitt er það að útdeila netföngum ókeypis í einhverjum tilteknum tilgangi en annað er að gera þau að verslunarvöru. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Eru lög gegn því eða mun hún ella beita sér fyrir því að setja slík lög til að vernda mig og aðra neytendur?

Að því er varðar svo þær starfsstéttir sem nefndar voru finnst mér fráleitt að við skulum enn þá setja einhver takmörk á auglýsingar af þeirra hálfu. Ég spyr sérstaklega varðandi 25. gr. — þar er tannlæknum bannað að birta ummæli eða samtöl í auglýsingaskyni í blöðum eða tímaritum — hvers vegna er það ekki bannað á netinu líka?

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel hugleiðingar og athugasemdir hv. þm. eiga mjög vel heima í nefndarstarfi. Ég treysti mér ekki til að svara öllu alveg út í hörgul enda ná ekki öll þessi mál sem hann nefnir til míns yfirráðasviðs. Lögin um persónuvernd heyra t.d. undir dómsmrh. Samkvæmt þeim lögum er ekki heimilt að selja netföng af því að hann spurði sérstaklega um það.

Að öðru leyti held ég að ég vísi til nefndarinnar þeim spurningum sem hann bar fram. Hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða, nýstárlegt á margan hátt og mikilvægt að mínu mati. Í þessu frv. er tekið á mörgum mikilvægum málum sem varða þennan nýja heim sem við lifum í, hinn rafræna heim, og þar að auki er hér um tilskipun að ræða sem þarf að hljóta innleiðingu mjög fljótlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

[14:21]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það mál sem ég mæli fyrir í dag og heitir Tillaga til þingsályktunar um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, er mál nr. 43 á þskj. 43. Af því að við erum að ræða stjórnarmál sem hafa töluna 400 og eitthvað sjá menn glöggt hvert misgengi er á málum. Loksins er þetta mál þó komið á dagskrá og hægt að mæla fyrir því. Tillagan er eftirfarandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilegra þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess.

Að lokinni slíkri athugun verði skýrsla og tillögur lagðar fyrir Alþingi, eigi síðar en í mars 2002.

Herra forseti. Hér sést aftur að í bláeygri bjartsýni var þessi tillaga sett saman eða lögð inn snemma hausts og gert ráð fyrir að hún yrði afgreidd fyrir jól. En nú er sem sé að koma miður febrúar þannig að eitthvað þarf að laga ef tillagan verður samþykkt.

Íslensk stjórnvöld hafa lýst því yfir að ekki sé áhugi fyrir því að Ísland gangi í Evrópusambandið en sú krafa stendur þó á stjórnvöld að búa íslensku atvinnulífi sambærileg kjör þeim sem atvinnulífinu eru búin annars staðar í Evrópu. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum aðallega verið upptekin af skattaumhverfi atvinnulífsins, og breytingar á því gjarnan útskýrðar eða réttlættar með samkeppnisstöðu gagnvart öðrum löndum. Þetta heyrðum við og urðum vör við fyrir jólin þegar verið var að breyta skattalögum. Þá var lækkun tekjuskatts fyrirtækja niður í 18% einmitt réttlætt með samkeppnisskírskotun.

En fleiri þættir hafa áhrif á samkeppnisstöðuna, einkum ef við viljum skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið og ná nýjum atvinnufyrirtækjum og tæknikunnáttu inn í landið. Evrópusambandið er með mjög öfluga uppbyggingarsjóði og það er eðlilegt að líta til þess, herra forseti, vegna þess að það hafa Norðmenn gert og eru búnir að laga byggðastefnu sína, má segja, að reglum Evrópusambandsins. Á framkvæmdatímabili núgildandi áætlunar Evrópusambandsins sem nær frá 2000–2006 mun sambandið verja 213 milljörðum evra til svæðaþróunar og er þar um að ræða um 30% af heildarútgjöldum sambandsins.

Hugmyndafræðin á bak við þessa byggðastefnu er að efla verði svæði sem standa höllum fæti með það að markmiði að örva efnahagsþróun þeirra. Við höfum ekki farið þessa leið með sama markvissa hættinum, herra forseti, en ég er að vísa til þess sem gert er hjá Evrópusambandinu og í Noregi vegna þess að ég lít svo á að það séu í rauninni þau viðmið sem við þurfum að hafa. Við erum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði og erum í samkeppni við fyrirtæki á þessu svæði. Norðmenn hafa, eins og ég sagði, einnig byggt upp öflugan sjóð sem veitir stofnstyrki til uppbyggingar atvinnulífinu á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að Evrópusambandinu. Fyrirmynd þess sjóðs er byggðaþróunarsjóðurinn þannig að það er eðlilegt að líta bæði til þess sem þar er gert og í Noregi.

Í dag eru einhverjir peningar veittir til styrktar atvinnulífi og það kom fram, herra forseti, á þskj. 248 sem er svar við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um styrkveitingar úr opinberum sjóðum til atvinnuuppbyggingar að á árinu 1998 eru alls 230 millj. veittar til slíkra styrkja til atvinnusköpunar úr sjóðnum Átak til atvinnusköpunar og í gegnum Byggðastofnun. Kísilgúrsjóður er reyndar líka nefndur til en hann er smár eins og menn þekkja. Árið 1999 var þessi upphæð komin upp í 298,5 millj. og árið 2000 var hún í 198 millj. Þetta eru nokkrar sveiflur.

Það er líka athyglisvert að skoða hvert þessir styrkir fara. Ég hygg að ýmsum þætti það til skoðunar að af þeim fjölda styrkja sem veittir eru fer nokkuð stór hluti til Reykjavíkur og Reykjaness. Þetta eru styrkveitingar Byggðastofnunar. Til Reykjavíkur fóru tæplega 40 millj. á þessu árabili sem ég var að fara yfir áðan og til Reykjaness um 27 millj. eða samtals til Reykjavíkur og Reykjaness ríflega 66 millj. kr. Við getum svo sem velt fyrir okkur hvernig standi á þessu eða hvernig þetta gerist en a.m.k. liggur það fyrir að styrkir Byggðastofnunar fara ekki síður til Reykjavíkur og Reykjaness heldur en annarra svæða landsins miðað við þessar upplýsingar.

Vegna þeirra miklu breytinga sem hafa orðið á atvinnuháttum er auðvitað mikilvægt að stjórnvöld geti mótað og fylgt eftir skilvirkri stefnu um það hvernig við skuli brugðist á hverjum tíma. Iðnrn. hefur skilgreint landið með tilliti til möguleika hvers svæðis og ESA samþykkti nýverið nýtt byggðakort fyrir Ísland. Það er ástæða til að taka það fram vegna þeirra upplýsinga sem ég var með áðan um styrkveitingar Byggðastofnunar til Reykjavíkur og Reykjaness vegna þess að þau svæði eru ekki inni á byggðakortinu. Þetta byggðakort gildir frá ágúst sl. til ársloka 2006. Slíkt kort er talið grundvöllur byggðaaðgerða, bæði við núverandi aðstæður og einnig ef niðurstaðan yrði að stofna til uppbyggingarsjóða á Íslandi.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið fékkst undanþága frá því ákvæði að atvinnuleysi þyrfti að vera af tiltekinni stærð til að beita mætti byggðaaðgerðum. Hér á landi eru hins vegar stór og strjálbýl svæði með einhæft atvinnulíf sem uppfylla mundu styrkjaákvæðin. Það eru þau ákvæði sem afmarka í rauninni það byggðakort sem ESA samþykkti gagnvart Íslandi. Það fer eftir því hversu þéttbýlt eða öllu heldur strjálbýlt landið er, og þá hversu strjálbýlt það er á einstökum svæðum.

Það er mikilvægt, herra forseti, að gagnsæjar reglur gildi og að fagleg vinnubrögð verði viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti. Evrópusambandið gerir strangar kröfur og það gerir norski sjóðurinn SND líka. Sú stefna að veita stofnstyrki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og á jafnréttisgrundvelli þannig að allir sem eins er ástatt um á sama svæði eigi rétt til þeirra er sú leið sem stjórnvöld í helstu samkeppnislöndum okkar hafa valið til að geta markað og rekið árangursríka byggðastefnu og til að einstök svæði geti tekist á við breytingar eða þróun sem á sér stað í tilteknum atvinnugreinum. Með þessum hætti hafa Evrópusambandsríkin t.d. líka tekist á við endurnýjun atvinnulífsins á svæðum sem dregist hafa aftur úr í tækniþróun.

Herra forseti. Dæmi eru um fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu hér á landi en hafa endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi þó að við höfum ekki tekið þær upp sjálf. Við, flutningsmenn þessarar tillögu, teljum rétt að upptaka uppbyggingarsjóða stofnstyrkja verði könnuð með tilliti til þess að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verði sem best.

Í nýrri byggðaáætlun, herra forseti, sem við þingmenn getum nálgast á netinu, er fjallað lítillega um hvernig menn vilji beita opinberum sjóðum sem vinna að eflingu atvinnulífsins. Í því sem þar er að finna kemur mest á óvart hve óljós sú umfjöllun er og lítt markviss og virðist ekki hugsuð til enda. Heiti tillögunnar er Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífsins. — „Aukin samvinna," herra forseti. Hér er ekki um mjög beinskeytt heiti að ræða. Meginhugmyndin er að auka samvinnu ákveðinna sjóða, þ.e. Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og lánastarfsemi Byggðastofnunar og átak til atvinnusköpunar, þ.e. annar sjóðurinn sem ég fjallaði um hér áðan. Markmiðið á að vera að samþætta krafta þessara opinberu sjóða og Byggðastofnun á að bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Þessi tillaga gengur út frá tímaáætlun frá 2002–2005. Út af fyrir sig er hún góðra gjalda verð en, herra forseti, ég hafði gert mér vonir um að þetta mál kæmi betur unnið inn í byggðaáætlun. E.t.v. verður það hlutverk hv. iðnn. að setja málið í þann búning að við færumst nær því að vinna eins og þeir grannar okkar sem við berum okkur saman við. En mér sýnist það sem hér kemur fram ekki vera þess eðlis að það auki bjartsýni á að við séum á leiðinni til markvissrar beitingar þessara sjóða.

Það er út af fyrir sig gott að samþætta krafta þessara sjóða en mér finnst að menn ættu að ganga örlítið djarfar að þessu en að auka samvinnu. Af hverju segja menn ekki hreint út að þeir vilji sameina þessa sjóði til að gera þá eitthvað úr þeim og reyna síðan að vinna út frá því? Er hér er enn á ferðinni einhvers konar hrepparígur innan kerfisins og því þori menn ekki að ganga þannig til verks að um muni? Það þekkja allir sem kannast við þessa sjóði að hver um sig er kannski ekki mikils megnugur en saman gætu þeir hins vegar komið að mun meira gagni, væri þeim beitt markvisst. Þá væri líka möguleiki á því að sú forgangsröðun sem menn vilja að öðru leyti sjá í byggðaáætlun gæti notið þeirra fjármuna sem þar væru til reiðu.

Menn sjá af nöfnum þessara sjóða að sumir þeirra tilheyra landbúnaði en við erum ekki síst að hugsa um, þegar við veltum fyrir okkur byggðaáætlun fyrir næstu ár, hvernig við getum stutt fyrirtæki og einstök landsvæði til að takast á við framtíð sem felst ekki síður í annars konar atvinnulífi en hefur verið. Við viljum að möguleikar landsvæðanna séu jafnaðir og þau geti tekist á við það sem menn kalla stundum nýtingu hins nýja hagkerfis.

Ég vildi nefna þetta við þessa umræðu, herra forseti, vegna þess að mér virðist ómögulegt annað en að hlutirnir séu teknir fastari tökum. Miðað við það sem ég hef kynnt mér og miðað við þá umræðu sem orðið hefur, þær tillögur sem hafa komið og hugmyndir frá ýmsum þeim sem vinna að atvinnumálum, finnst mér þessi hugmynd eins og hún er reifuð í byggðaáætlun alls ófullnægjandi.

Herra forseti. Tillaga sama efnis var flutt á 126. þingi en varð ekki útrædd og er því endurflutt nú. Ég legg til að þegar að þessari umræðu lokinni verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. iðnn.

[14:35]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, sem felur í sér að

komið verði á stofn uppbyggingarsjóði sem er sambærilegur sjóðum sem eru til í Evrópusambandsríkjum og í Noregi. Greinilegt er að það hefur borið mikinn árangur og góðan ávöxt að þessir sjóðir í Evrópusambandsríkjunum og í Noregi hafa verið settir á laggirnar. Það hefur sýnt sig hjá fyrirtækjum sem hafa verið að byrja starfsemi og reyna að komst á legg og fengið fjármagn úr þessum sjóðum að það hefur riðið baggamuninn. Þau hafa fyrir vikið komist á fætur, ef svo má að orði komast, og verið með myndarlega starfsemi. Í Norður-Noregi, nálægt Bodø, er stór verksmiðja sem hefur það verkefni að framleiða kísilflögur í tölvur, sem eru seldar út um allan heim. Þessi mikla verksmiðja framleiðir líka kísilklumpa, stóra kristalla, og selur út um alla veröld. Þetta fyrirtæki komst á laggirnar einmitt fyrir tilstuðlan þess að SND í Noregi lagði fram töluvert fjármagn í þetta. Ef það hefði ekki verið gert hefði þetta merka og góða fyrirtæki aldrei komist á legg.

Hjá okkur Íslendingum vantar að mörgu leyti slíka jákvæðni í garð frumkvöðla og líka þeirra sem vilja koma á stofn fyrirtækjum út um land. Í raun skortir það sem kallað er startkapítal, sem er mjög gott að hafa til að byggja upp fyrirtæki.

Í dag sækja menn mjög mikið í lánasjóði við stofnun fyrirtækja. Þessi fyrirtæki eru kannski rétt komin í gang þegar rukkanir fara að hrannast inn og vísitöluþungi lánanna leggst á, eins og við sjáum gerast í ferðaþjónustunni núna sem skuldar mikinn pening vegna gífurlegrar gengisfellingar undanfarið. Það hefur komið ferðaþjónustunni afar illa, fyrirtækjum hérna innan lands sem eru kannski ekki að fá tekjur beint í dollurum eða erlendri mynt. Þetta hefur jafnvel skapað hættuástand sums staðar. Þó að gengisþróunin hafi komið sjávarútveginum vel getur maður velt fyrir sér hvort verið sé að flytja fjármagn frá einni atvinnugrein til annarrar á þennan hátt. En um það má ræða á öðrum vettvangi og af öðru tilefni.

Hér er sem sagt verið að ræða um það að koma af stað sjóði sem á að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulífið á landsbyggðinni, eins og segir í greinargerð. Þetta vekur okkur til umhugsunar um stöðu ýmissa byggða sem hafa misst kvótann til að veiða þegar hann hefur verið seldur annað, leigður eða eitthvað. Þá hefur fólk misst atvinnuna og væri aldeilis gott ef til væru önnur fyrirtæki sem fólk gæti fengið vinnu við.

Ég minnist þess að í kosningabaráttunni síðast á Vestfjörðum hörmuðu ýmsir ekkert svakalega mikið, þ.e. þeir litu ekki á það sem aðalvanda byggðanna, að kvótinn væri að fara því ný fyrirtæki mundu spretta upp. Í því sambandi varð mönnum tíðrætt um fjarvinnslu. En því miður varð minna úr styrk þeirra fyrirtækja en til stóð. Kannski hefði verið betra ef slíkur sjóður sem við erum að leggja til í þessari þáltill. og 1. flm. hennar, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, mælti hér fyrir áðan, hefði verið orðinn að veruleika. Þá má leiða líkur að því að meiri bjartsýni ríkti á landsbyggðinni.

Töluvert hefur verið rætt um byggðamál undanfarna daga, sérstaklega þessa nýju byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem á að gilda frá árinu 2002–2005. Nú er liðið á annan mánuð ársins 2002, senn kemur mars og svo kemur apríl, þannig að það er eins gott að menn fari að taka þessa byggðaáætlun til umfjöllunar í þinginu. Ég tek undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að þar vantar þá framsæknu hugsun sem sífellt er verið að tala um að á þurfi að halda til að koma fyrirtækjum á stofn, þ.e. að það sé gert það myndarlega að þau séu ekki komin á kné nánast um leið og þau taka til starfa.

Herra forseti. Ég held að þetta sé mjög gott innlegg í umræðuna um byggðamál. Ég teldi það vera mjög gott og jákvætt ef þess þáltill. yrði samþykkt eins og hún kemur fyrir, eða þá hreinlega að hún yrði tekin inn í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar 2002–2005, þar sem tekið væri myndarlega á ýmsum fyrirtækjum. Við getum hugsað okkur t.d. kræklingaeldi sem menn eru að hefja, ég leyfi mér að nefna í Arnarfirði. Það væri nauðsynlegt og gott að slík starfsemi fengi fjármagn, að styrkir fengjust til þess nýja atvinnuvegar til að geta hafið starfsemi áhyggjulaust, fremur en að verkefnið búi við vanefni og áhyggur. Það mundi skipta gífurlega miklu máli fyrir þjóðarhag og þjóðarbú ef slík fyrirtæki og starfsemi fengi styrki eins og hér um ræðir.

[14:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Þar sem það er mér mjög hugleikið að íslenskt atvinnulíf hafi góða samkeppnisstöðu þá gladdist ég mjög yfir þessari tillögu þar til ég las hana til enda.

Það er svo sem allt í lagi að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingasjóða í samræmi við það sem er hjá Evrópusambandinu og í Noregi. En ég tel að hvorki Evrópusambandið né Noregur séu þau fyrirheitnu lönd sem við eigum að sækja fyrirmyndir til. Þar er viðvarandi 10% atvinnuleysi. Svo hefur verið í áratugi og þykir allt að því náttúrulögmál. Ég tel að það sé mikill harmleikur fyrir íbúa þessara landa og held að við ættum ekki að sækjast eftir fyrirmyndum þaðan til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Herra forseti. Menn geta bætt samkeppnisstöðu lands með almennum og sértækum aðgerðum. Almennar aðgerðir eru skattaumhverfi; menntakerfi, sérstaklega kannski verkmenntun sem við höfum vanrækt að nokkru leyti; fjármálakerfi, lipurt og gott fjármálakerfi; flutningsstarfsemi eða flutningur, vegaframkvæmdir og annað slíkt. Svo er það regluverkið sem fyrirtækin þurfa að starfa undir, flækjustig þess, hversu flókið það er eða hversu einfalt. Síðast en ekki síst er það velferðarkerfið, skilvirkt, ódýrt og gott velferðarkerfi sem skiptir atvinnulífið miklu máli.

Sértækar aðgerðir ganga hins vegar þvert á þetta. Þar er um að ræða stofnsjóði, svæðissjóði, rekstrarsjóði, sjóði hins og þessa þar sem embættismenn sitja og ákveða: Þetta fyrirtæki á að setja á og hitt á að slá af. Við setjum peninga í þessa starfsemi o.s.frv. Jafnvel þó að menn vilji hafa jafnræði milli manna verða alltaf einhverjir embættismenn, sem eru ábyrgðarlausir í ákvörðunum sínum vegna þess að þeir bera enga fjárhagslega ábyrgð sjálfir, til að deila út annarra manna fé, fé skattgreiðenda.

Þetta ábyrgðarleysi leiðir svo til þess að fyrirtækin sem fá styrki eru með yfirburðastöðu í samkeppni við önnur fyrirtæki á svæðinu sem ekki fá styrki, þ.e. heilbrigðu fyrirtækin. Og heilbrigðu fyrirtækin þurfa oft að lúta í gras fyrir fyrirtækjunum sem fá styrki. Við þekkjum þetta víða um landsbyggðina á Íslandi þar sem heilbrigður atvinnurekstur er drepinn niður með styrkjum til annarra.

Byggðaumræðan í gær og fyrir áramót er einmitt lýsandi dæmi um það hvernig menn sjá fyrir sér styrki og hvernig styrkirnir virka því að eftir að Byggðastofnun var sett á lagg-

irnar hefur fólksflóttinn aldrei verið meiri. (**Gripið fram í:** Eins og skattkerfið í viðskiptalífinu.)

Bændur munu væntanlega á næstunni sjá afleiðingar af nýjasta búvörusamningnum þar sem einhverjir stráklingar úr Reykjavík fara að segja þeim hvar best er að beita. Það heitir gæðaeftirlit og gæðastjórnun. Þeir munu margir verða hissa þegar þeir eiga að fara að beita hinum megin við ána en ekki uppi í hlíðinni eins og þeir eru vanir að gera og vita að best er að gera.

Herra forseti. Það er mikill munur á rekstri fyrirtækja eftir því hvort þau eru að gera út á það að framleiða vöru og selja hana fyrir gott verð eða fá styrki. Það er nefnilega eðlismunur á þessu. Ef menn ætla að framleiða vöru og selja hana hugsa þeir um að græða. Þeir ætla sér að sýna væntanlegum fjárfestum fram á gróða. Ef menn sækja um styrki mega þeir ekki sýna fram á gróða vegna þess að þá þyrftu þeir ekki styrki. Það er heilmikil vinna fólgin í því að sækja um styrki. Það er svo mikil vinna að við liggur að þau fyrirtæki geti ekki stundað framleiðslu. Mér skilst að núna sé komin á fót skrifstofa í Reykjavík sem sér um að útvega styrki frá Evrópusambandinu. Þessi vinna er orðin að iðnaði, styrkjaiðnaði.

Ég vil benda á það í þessu sambandi að allt þetta fé er borgað af atvinnulífinu. Annaðhvort eru það starfsmennirnir sem borga of háan virðisaukaskatt eða óbeina skatta, eða beina skatta af tekjum sínum og gætu þar af leiðandi sætt sig við lægri laun ef þeir þyrftu ekki að borga of háa skatta, eða þá að fyrirtækin borga þetta beint. Einhvern veginn er þetta allt greitt af atvinnulífinu. Þannig er þetta bara spurningin um formið: Ætlum við að láta opinbera embættismenn útdeila þessu fé til fyrirtækjanna eða ætlum við að láta áhættufé, áhættusjóði sem starfa á því sviði, sjá um að koma peningunum út til þeirra fyrirtækja sem græða mest og þá í formi hlutafjár?

[14:48]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að við ættum ekki að sækja fyrirmyndir til Noregs eða annarra Evrópulanda af því að atvinnuleysi væri þar svo mikið. En það er ekki endilega samasemmerki þar á milli. Alveg eins má varpa því upp að miklu meira atvinnuleysi væri í Evrópu, þar með talið í Noregi, ef slíkir styrkir hefðu ekki verið veittir. Ég leyfi mér að vitna aftur í það dæmi sem ég nefndi áðan um kísilverksmiðjuna sem er í Norður-Noregi. Það er eiginlega þúsund manna byggð í kringum hana. Og hún varð einmitt til vegna þess að ákveðnir stofnstyrkir voru lagðir í hana.

Ég held að það mundi skipta miklu máli fyrir t.d. Arnarfjörð og byggðina þar ef einhver opinber aðili legði fram fé, þótt ekki væri nema 3 millj. kr. stofnstyrk, í kræklingaeldi þar. Þar er fólk sem hefur þekkingu á hlutunum, þekkir landslagið, býr þarna og hefur alla möguleika til að gera þetta.

Er samasemmerki á milli þess að vinna hjá opinberum aðilum og að vera óheiðarlegur? Hvernig ber mér að skilja orð hv. þm.? Ef fólk vinnur hjá opinberum stofnunum, bönkum og víðar, er þá víst að það sé óheiðarlegt fólk sem hugsi ekki með ráðdeild um það sem því er trúað fyrir? Þyrfti að einkavæða hvert einasta prestakall á landinu til að tryggja það að presturinn segði sannleikann? Eða heilsugæslustöð til að læknirinn gæti verið einlægur í því þegar hann er að lækna fólk, eða kennarinn í grunnskólanum? (**Gripið fram í:** Heyr.) Ég átta mig bara ekki á þessu.

[14:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Umrædd kísilverksmiðja í Norður-Noregi, sem ég þekki ekki til en hv. þm. nefndi, fékk fé, mikið fé væntanlega. Það fé var tekið af einhverjum sem hefði hugsanlega sett þessa peninga í nákvæmlega sama verkefni. Ég sé ekki af hverju það er betra að einhverjir opinberir starfsmenn útdeili þessu fé eftir einhverjum annarlegum sjónarmiðum, þ.e. ekki endilega arðsemi, og þá kalla ég annarleg sjónarmið t.d. byggðasjónarmið, að menn ætli sér að búa til störf á ákveðnum stað.

Varðandi það að opinberir starfsmenn séu óheiðarlegir — það sagði ég aldrei. Ég sagði að þeir væru óábyrgir í gerðum sínum. Þeir taka ekki áhættuna með fjármagninu. Og gott dæmi er ákvörðun stjórnar Landssímans um að setja 200 milljónir í eitthvert áhættuverðbréf. Ég veit ekki til þess að þeir menn sem tóku ákvörðun um þetta hafi tapað krónu og sumir fóru jafnvel út með nokkuð góðan sjóð.

Það sem ég er að segja er því að ef menn eru settir í þá stöðu að taka ákvörðun um fjárfestingu í atvinnulífi eigi þeir sjálfir að bera ábyrgð á því sem þeir eru að gera. Þeir eiga að tapa á því ef fé tapast og þeir eiga að græða ef það gengur vel. Þá verður ákvörðunin nefnilega markviss og varkár.

Opinber starfsmaður sem ákveður að setja peninga í einthvert fyrirtæki, hvort sem það er kræklingaeldi í Arnarfirði — ef það væri svo arðbært sem um er talað fengi það örugglega fé í Reykjavík eins og þarf... (**Gripið fram í:** Þú fékkst ...) þannig að ef einhver tekur ákvörðun um að setja peninga í slíkt sem ekki ber arð ber hann enga ábyrgð á því sjálfur. En hann er ekki óheiðarlegur. Hann starfar eftir þeim reglum sem honum eru settar.

[14:52]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að þeir sem er trúað fyrir að deila út fé geri það eftir bestu vitund og að þeir reyni að vera heiðarlegir í störfum sínum. Í þessari till. til þál. um stofnstyrkina er gert ráð fyrir ákveðnum reglum, það eru stífar og ákveðnar reglur sem gilda um þetta, en ekki bara að fénu sé ausið út í hitt og þetta af því að einhver kemur og segir: Nú ætla ég að gera þetta eða nú ætla ég að gera hitt. Menn leggja fram ákveðnar áætlanir og ákveðnar hugmyndir og skírskota til annars sem er að gerast í veruleikanum. Það er það sem verið er að ræða um.

Um daginn var verið að breyta skattaumhverfinu hér fyrir fyrirtæki þannig að tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður. Til að vega upp á móti þeirri lækkun var tryggingagjaldið hækkað. Og hver greiðir tryggingagjaldið? Eru það ekki fyrirtæki líka? Með breytingunum var einfaldlega verið að flytja fjármagn úr fyrirtækjum úti á landsbyggðinni yfir í fyrirtæki hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er hugsjónin og draumurinn.

Við samfylkingarmenn erum hér með þáltill. sem vinnur á móti þessu. Við erum margbúin að benda á þetta með tryggingagjaldið og munum halda því áfram.

Það er svolítið skondið að hæstv. ríkisstjórn nefnir í væntanlegri byggðaáætlun sinni sem verður lögð hérna fram, að athuga þurfi með tryggingagjaldið sem nýbúið er að breyta, nýbúið er að hækka á lítil fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Hefði ekki verið betra að afnema það til að gera fyrirtækjunum kleift að starfa í eðlilegu umhverfi?

[14:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt mjög gott að taka sem dæmi kræklingaeldið í Arnarfirði sem ég þekki ekki neitt. Það á væntanlega að skila hagnaði, þ.e. tekjum umfram gjöld, á næstu árum og áratugum. (**Gripið fram í:** Ef tryggingagjöldin ...) Þegar skatturinn er lækkaður á hagnaðinn fá væntanlegir fjárfestar meira í sinn hlut, mig minnir að það sé 17% meira, þ.e. ríkið lætur þá frekar í friði með þessa fjárfestingu í Arnarfirði. Ég reikna með að miklu auðveldara sé að fá fjármagn núna, áhættufjármagn, til slíks verkefnis þegar væntanlegir fjárfestar sjá meira eftir af hagnaðinum. Skattalækkunin sem er almenns eðlis nýtist nýsköpun og fjárfestingu alls staðar, líka úti á landi, alveg sérstaklega úti á landi enda skilst mér að þar séu mörg góð tækifæri.

Varðandi þá sem er trúað fyrir að deila út fé. Ég held að sagan ætti að hafa upplýst okkur nægilega vel um þau gífurlegu fjárfestingarmistök sem hafa átt sér stað víða, sérstaklega úti á landi en líka í Reykjavík, þar sem menn voru að deila út fé. Þeir gerðu það ekki óheiðarlega, ég er ekki að gefa það í skyn, þeir gerðu það samkvæmt þeim reglum og þeim markmiðum sem þeim voru sett. En markmiðin voru bara ekki að skila hagnaði eða að peningarnir skiluðu sér. Markmiðin voru allt önnur. Byggðasjónarmið réði ríkjum eða verið var að auka atvinnu eða eitthvað allt annað og það leiddi til þess að þessar fjárfestingar voru oft mjög lakar, kostuðu þjóðarbúið mikið og fyrirtækin fóru á hausinn. Og fyrirtækin sem kepptu við þessi fyrirtæki fóru líka á hausinn, þau standast ekki samkeppnina þegar einhver fær gefnar 10 milljónir.

[14:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu og vil bæta við fáeinum orðum.

Mér finnst að við þurfum að horfast í augu við að við þurfum að koma til móts við atvinnulífið í landinu til að reyna að gefa því sömu tækifæri og atvinnulífið í nágrannalöndunum hefur. Við sem búum við mjög háa vexti, veikt gengi og sveiflukennt þurfum örugglega að horfast í augu við þetta. Þetta verður ekki gert nema með miklu átaki. Það er ekki æskilegt að þurfa að setja einhvers konar hjálparstarfsemi inn í bankakerfið. En á meðan íslenskt atvinnulíf býr við þá samkeppnisaðstöðu sem er núna verða menn að horfast í augu við það að ný fyrirtæki geta ekki risið upp, orðið til, með sama hætti á Íslandi og í löndunum í kringum okkur þar sem menn hafa aðgang að styrkjum og fjármögnun sem er miklu hagstæðari en hér. Mér finnst að íslensk stjórnvöld hafi alls ekki sinnt því að horfa á þessa hluti. Menn hafa verið býsna iðnir við að reyna að laða hingað einhvers konar fyrirtæki sem gætu séð sér hag í að koma hingað vegna lægri skatta og af öðrum þvílíkum ástæðum. En það eru ekki fyrir hendi sambærilegar aðstæður til að setja á stofn hér ný fyrirtæki eins og í löndunum í kringum okkur.

Maður sér það í títtnefndri netútgáfu byggðaáætlunar að stjórnvöld eru einmitt upptekin af því sem er hér. Þau hafa ekki þá sýn á samanburð atvinnuveganna hér við samkeppnisatvinnuvegi í kringum okkur. Í klásúlunni um starfsskilyrði atvinnuveganna í netútgáfunni sem ég nefndi áðan er eingöngu vísað til mismunar á aðstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni og í þéttbýlinu á Íslandi. Það virðist eingöngu vera í huga þeirra sem hafa samið skýrsluna að reyna að koma til móts við fyrirtæki á landsbyggðinni og sjá til þess að þau geti sprottið upp. Það er allt gott um það að segja en þetta er ekki sett í samhengi við samkeppni atvinnuveganna okkar við fyrirtækin í löndunum í kringum okkur. Það er þó nauðsynlegt. Og ég tel það vera, eins og ég sagði í upphafi, enn þá nauðsynlegra fyrir okkur að reyna að skapa sambærilegt umhverfi við það sem er í löndunum í kringum okkur vegna stöðu krónunnar og þeirra háu vaxta sem við búum við.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. Frsm., hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, fór mjög vandlega yfir málið og hafði hér góða framsögu þannig að ég þarf ekki að bæta öðru við. Mér fannst hins vegar ástæða til að draga athyglina að því sem mér finnst vanta mjög alvarlega í yfirsýn íslenskra stjórnvalda. Ég hef ekki séð að menn væru að gera neinar aðrar ráðstafanir en í skattamálum fyrirtækja sem hugsanlega væri hægt að laða hingað með því að hér væru lægri skattar og að hægt væri að komast af með eitthvað lægri skattgreiðslur en í löndunum í kring. Hitt er ekki uppi að hér sé auðvelt að koma fyrirtækjum á laggirnar og við höfum — það hefur borið á góma — séð það að fyrirtæki sem menn höfðu þó sannarlega áhuga á að setja upp á Íslandi hafa farið annað og verið sett upp í Noregi og í fleiri löndum. Þá hafa menn verið búnir að fara mjög vandlega yfir það hvaða möguleikar væru á að koma á slíkum rekstri á Íslandi.

Það má auðvitað ekki vera þannig. Hér þurfum við að geta staðið í samkeppni um fyrirtæki og við þurfum að geta flutt hingað fyrirtæki annars staðar frá. Það mun ekki gerast öðruvísi en að hér séu fullkomlega sambærilegar aðstæður við löndin í kring.

[15:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að leggja fáein orð í belg um þessa tillögu um athugun á möguleikum til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og þá einkum með það í huga að kannaður verði möguleikinn á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilegra við þá sem fyrirfinnast á svæði Evrópusambandsríkja og Noregi, eins og segir í tillögutextanum.

Þetta er ein af allmörgum tillögum sem fjalla um aðgerðir á sviði atvinnu- og byggðamála, byggða- og atvinnulífstengdar aðgerðir gætum við sjálfsagt kallað þær. Þær eiga það flestar sameiginlegt að nauðsynlegt þykir að grípa til aðgerða eða bæta eins og kostur er skilyrði til atvinnuuppbyggingar, nýsköpunar og þróunar hér á landi. Þar eru auðvitað margir með landsbyggðina sérstaklega í huga vegna þeirra erfiðleika í atvinnu- og byggðamálum sem við sem þjóð stöndum frammi fyrir.

Ég tel þessa tillögu ágætt innlegg í þau mál, hún á fullt erindi í þá umræðu. Í úttekt á þessum þætti yrði borið saman hvaða áhrif fjárfestingarstyrkir, stofnstyrkir hafa í atvinnuuppbyggingu í samkeppnislöndunum og svo aftur þær aðstæður sem menn standa frammi fyrir hér á landi við að reyna að koma sambærilegri atvinnustarfsemi á fót, eða jafnvel í einstökum tilvikum beinlínis keppa um mögulega staðsetningu fyrirtækja sem geta lent hvorum megin hryggjar sem er, hér á landi eða í einhverju af nágrannalöndunum.

Þessi tillaga á ýmislegt sameiginlegt með tillögu sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs höfum flutt og snýr að svæðisbundnu átaki í atvinnulífi í landinu. Þar er gert ráð fyrir að vinna hlutina meira á grundvelli svæðisáætlana sem er reyndar yfirleitt hluti af áætlanagerð og skipulagi þessara mála að því er ég best þekki hjá þeim sem vísað til í þessari tillögu, þ.e. á vettvangi Evrópusambandsins og hjá Norðmönnum.

Hvað varðar stöðu Noregs í þessu sambandi tel ég mig vita að þeir völdu þá leið að gerast með beinum hætti aðilar að byggðaþróunaráætlunum Evrópusambandsins. Þeir eru aðilar að svonefndu Interreg-samstarfi en Íslendingar hins vegar ekki. Af aðild Norðmanna má ráða að Íslendingum hafi staðið slík aðild til boða ef við hefðum svo kosið. Þannig er að Norðmenn greiða einfaldlega sjálfir þann hluta styrkjanna sem ella hefði komið úr sjóðum Evrópusambandsins væru þeir aðilar. Það er þessi þróunarsjóður sem nefndur er í tillögunni. Hann greiðir yfirleitt helming af stofnstyrkjum á móti mótframlögum heimaaðila í þeim tilvikum sem hér um ræðir.

Það er alveg ljóst að þessir styrkir hafa áhrif á samkeppnisstöðuna. Þeir hafa auðvitað áhrif á samkeppnisstöðuna í rekstri því að það skiptir máli um samkeppnishæfni atvinnulífs ef það fær stuðning við að ráðast í fjárfestingar og koma þeim á fót. Það skiptir auðvitað miklu máli þegar reiknuð er út fjárfestingin sem slík, tiltekin uppbygging í fyrirtæki eða staðsetning þess.

Ég hef starfað í nefnd á vegum Norðurlandaráðs sem vann við að bera saman byggðaaðgerðir og stuðning við atvinnuuppbyggingu og þróun á Norðurlöndunum. Þessi nefnd skilaði skýrslu fyrir nokkru og sú skýrsla er nú til umfjöllunar í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og þeirri nefnd sem nú fer með þessi mál samkvæmt nýju skipulagi, svonefndri atvinnumálanefnd. Þar er einmitt fram undan að taka ákvarðanir um hvernig þessari skýrslu verði fylgt eftir, þá í samstarfi við Byggðastofnun Norðurlanda, Nordregio, sem er ung stofnun sem nýlega hefur verið komið á fót. Ég held að viðfangsefni af því tagi sem fjallað er um í tillögunni gæti átt bærilega heima í þessu samhengi. Eitt af því sem menn gætu nýtt þetta norræna samstarf til að gera er að leggja grunn að raunhæfum samanburði að þessu leyti, þar sem Ísland hefur nokkra sérstöðu. Við erum ekki með neina umtalsverða beina stofnstyrki eða uppbyggingarstyrki til okkar atvinnulífs, ekki einu sinni á landsbyggðinni, ekki einu sinni í þeim landshlutum þar sem menn hafa helst átt í vök að verjast í byggðamálum. Þar skerum við okkur þó nokkuð úr.

Ég held að það sé ekki of djúpt í árinni tekið að orða þetta svo. Auðvitað eru til lítils háttar styrkveitingar. Nefna má styrki Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til búháttabreytinga í sveitum. Endrum og sinnum hrjóta e.t.v. einhverjir smámolar af borði Byggðastofnunar, sem flokka má sem styrki. En séu þeir styrkir settir í stærra samhengi þá eru þeir hverfandi hér á Íslandi, borið saman við þá umtalsverðu fjárfestingarstyrki upp á allt að 30–40% af stofnkostnaði, í ákveðnum tilvikum, sem atvinnulíf sums staðar á byggðaþróunarsvæðum í Evrópu hefur aðgang að. Þarna skerum við okkur verulega úr og væri ástæða til að fara yfir þá hluti.

Ég nefni sem dæmi stöðu skipaiðnaðarins í þessu sambandi, af því að það vill svo til, herra forseti, að síðar á dagskrá þessa fundar er tillaga um skipaiðnaðinn. Skipaiðnaðurinn, hvernig hann hefur hrunið á Íslandi á sama tíma og nágrannaþjóðirnar og sérstaklega auðvitað Norðmenn hafa varið skipaiðnað sinn þannig að hann hefur jafnvel blómstrað á nýjan leik, er klassískt dæmi um að atvinnugrein hafi verið studd í gegnum erfiðleikatímabil með opinberum stuðningi. Skipaiðnaðurinn hefur auðvitað eins og aðrar greinar notið góðs af stofnstyrkjum en hann hefur fengið viðbótarstuðning í formi vaxtaniðurgreiðslna og fleiri þátta. Munurinn, þegar upp er staðið, er sá að Norðmenn hafa áfram skipaiðnað og hann er undir fullum seglum núna. Þó að hann nýti sér í einhverjum mæli stálvinnu eða annað í Póllandi þá fara samsetningar, bygging og niðursetning búnaðar fram í Noregi, á sama tíma og nýsmíðar stærri fiskiskipa eru aflagðar á Íslandi. Atvinnugrein sem áður var blómleg og veitti þúsundum manna störf er nánast að engu orðin hér á landi. Það er borðleggjandi að munur á samkeppnisskilyrðum hefur þarna gert gæfumuninn. Hvað sem ræðuhöldum manna um skaðsemi opinberra afskipta eða styrkja af þessu tagi líður — ég heyrði að hv. þm. Pétur Blöndal var á gamalkunnugum slóðum í málflutningi sínum í þeim efnum — blasa þessar staðreyndir við okkur. Það gerir það að verkum að það er fullkomin ástæða til að skoða þetta.

Ég vil því segja, herra forseti, bæði um þessa tillögu og aðrar byggða- og atvinnulífstengdar tilögur sem þingmenn hafa verið að flytja hér og ekki að tilefnislausu, að ég tel að þær eigi allar að fara í skoðun með þeirri byggðaáætlun sem hingað er væntanleg. Þetta er auðvitað nátengt því máli. Alþingi ætti að reyna að sjá sóma sinn í og leggja metnað í að afgreiða þessa hluti myndarlega með samræmdum hætti. Ég tel auðvitað að skynsamlegast væri að samþykkja líka tillögu okkar þingmanna Vinstri grænna um byggðaþing og þetta væri viðfangsefni af því tagi sem menn ættu að fjalla um á sérstöku byggðaþingi og hafa þá allt málið undir.

[15:10]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Í umræðunni áðan kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að lægri tekjuskattur hefði áhrif á fyrirtæki eins og kræklingaeldi við Arnarfjörð, svo það dæmi sé nefnt aftur. Vissulega skiptir máli að tekjuskattur slíkra fyrirtækja sé ekki hár, það hefur náttúrlega áhrif á reksturinn, en tryggingagjaldið hefur líka áhrif á reksturinn. Eins og lögin virka í dag, að því er ég best veit, byrja menn strax að greiða tryggingagjald. Það kemur strax inn í rekstur fyrirtækisins en tekjuskatturinn virkar ekki fyrr en fyrirtækið hefur starfað í nokkurn tíma og er farið að sýna hagnað. Það er hið neikvæða í sambandi við tryggingagjaldið.

Fyrst verið var að færa svona á milli fyrirtækja, lækka tekjuskattinn og til að vinna upp á móti því að hækka tryggingagjaldið, spyr ég: Til hvers er leikurinn gerður ef hvort tveggja eru álögur á atvinnufyrirtækin? Er þá ekki augljóslega verið að færa úr einum vasanum yfir í annan? Úr hvaða vasa og yfir í hvern? Úr vasa landsbyggðarinnar yfir í vasa höfuðborgarsvæðisins? Sú spurning vaknar.

Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni, Steingrími J. Sigfússyni, með að til eru ótal dæmi um það erlendis, víða um heim, að styrkir og stuðningur sé veittur fyrirtækjum sem eiga undir högg að sækja, jafnvel til að bjarga heilu atvinnugreinunum.

Setjum upp þá mynd að aðeins yrðu eftir fjögur stór sjávarútvegsfyrirtæki í landinu eftir um tíu ár. Segjum að fjórir aðilar í landinu stæðu í útgerð og ekki væru til fleiri útgerðarfyrirtæki vegna þess að það hefði orðið svo mikil samþjöppun. Hvað ætti að gera ef tvö þessara fyrirtækja færu á hausinn vegna ábyrgðarleysis í fjárfestingum? Við getum t.d. hugsað okkur að þau hefðu keypt hlutabréf í einhverju fyrirtæki sem þau veðjuðu á, eins og gerðist með ýmsa sem keyptu í deCode á sínum tíma. Fólki var jafnvel ráðlagt að kaupa þar hlutabréf og tapaði á því óheyrilegum fjárhæðum. Hver á þá að koma inn í og bjarga málunum ef ekki opinberir aðilar?

Auðvitað hlýtur hið opinbera að skipta sér af atvinnulífinu í landinu, styðja við það og styrkja þar vaxtarsprota. Þess vegna nefndi ég þetta dæmi áðan og möguleikana sem við höfum í því. Þarna eru brautryðjendur á ferð. Það er ekki eins og þeir séu að keppa við marga aðra í þessu tilviki.

Þegar við erum að tala um lækkun tekjuskatts á fyrirtæki í landinu þá á það að fá svo mörg útlend fyrirtæki inn í landið til að reka hér starfsemi sína. Margir hafa komið með þau rök að fyrir vikið muni fyrirtæki koma til landsins. Nú eru liðnar nokkrar vikur síðan þessi lög tóku gildi og ég spyr: Eru einhver fyrirtæki komin og hver eru þau? (**Gripið fram í:** Hversu mörg væru annars farin?) Já, þau væru annars farin. Það er gott að íslenskt fyrirtæki flytur til Íslands, ef það er það sem átt er við.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Þegar tillagan — ég segi ekki ef heldur þegar — um aðgerðir í byggðamálum kemur frá ríkisstjórninni og verður lögð fyrir þingið, Alþingi Íslendinga, þá vona ég að þessi þáltill. verði tekin þar til alvarlegrar athugunar og að hún verði annaðhvort bara samþykkt óbreytt í þinginu eða að hún verði felld inn í till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Bent hefur verið á að þetta muni rýra samkeppnisstöðu gagnvart innlendum fyrirtækjum en það getur líka styrkt samkeppnisstöðu gagnvart erlendum fyrirtækjum. Ef fyrirtæki á Íslandi fær svokallaðan stofnstyrk — það er líka gert ráð fyrir því að aðilar í atvinnulífinu komi þarna að — þá skiptir þetta máli í samkeppni við önnur fyrirtæki á erlendum vettvangi, alveg eins og við erum að gera með skattalögunum eins og nefnt hefur verið hér fyrr í umræðunni. Það ber náttúrlega allt að sama brunni, þetta er hin ágætasta þáltill. sem hér hefur verið lögð fram um að stofnaðir verði sjóðir til þess að efla atvinnulífið sambærilegir þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa.

Þetta er skilyrt. Fjárútlát úr þessum sjóðum eru líka skilyrt, herra forseti, þannig að menn eiga ekki að reikna með því að þetta beri feigðina í sér. Bæjarútgerðir hafa verið stofnaðar og þegar þær voru farnar að hagnast þá hafa þær verið seldar. Svo hafa þær farið á hausinn og þá hefur ríkið þurft að kom inn í. Við þurfum að átta okkur á því að atvinnulífið á Íslandi snertir alla í samfélaginu, allar stofnanir og alla einstaklinga. Þannig verðum við að líta á hlutina, á landið okkar sem eina heild, atvinnulífið og fólkið í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

[15:19]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði í Árneshreppi á Ströndum:

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera nauðsynlegar forathuganir til þess að hægt sé að meta hagkvæmni mögulegrar virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði. Stefnt verði að því að nauðsynlegum rannsóknum í þágu verkefnisins verði lokið fyrir haustið 2003.“

Meðflutningsmenn mínir að þessari þáltill. eru hv. þm. Kristján L. Möller, Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson og Einar Már Sigurðarson.

Í greinargerð segir m.a.:

Ávallt er þörf fyrir orku í samfélaginu og nauðsynlegt að hafa þekkingu á því hvar hægt sé að fá hana með góðu móti. Orkuöflun í sem flestum hlutum landsins tryggir aukinheldur öryggi í orkuöflun landsmanna. Fjöldi ónýttra möguleika bíður okkar til notkunar og rannsókna. Einn þeirra möguleika sem við eigum til orkuöflunar er Hvalá í Ófeigsfirði á Ströndum.

Ekki er óeðlilegt að afmarka fyrst virkjunarsvæðið og kanna hvort líkur séu á því að virkjun þarna sé hagkvæm því ef svo reynist ekki liggur ekki á að gera miklar umhverfisrannsóknir vegna virkjunarframkvæmda. Það liggur í hlutarins eðli, herra forseti. Ekki er óvarlegt að áætla að þær rannsóknir sem hér um ræðir gætu kostað um 20 millj. kr., en eins og segir hér á eftir mundu þær fela í sér samanburðarrennslismælingar við láglendi, myndkort, gróðurkort og jarðfræðikort og yfirlitsathuganir á vötnum, stöðuvötnum og straumvötnum á Ófeigsfjarðarheiðinni.

Nú þegar hafa farið fram forathuganir á virkjunarmöguleikum á þessum stöðum og taka þær mið af því að miðlunarlón verði í Vatnalautavötnum í um 340–350 m hæð yfir sjávarmáli. Athuganir þessar byggjast á rennslismælingum í Hvalá niður við sjó, en slíkt gefur aðeins hugmynd um meðalrennsli af öllu vatnasvæði árinnar. Því er nauðsynlegt að fram fari frekari rannsóknir á vatnsmagni og afrennsli svæðisins.

Engar náttúrufarsrannsóknir hafa farið fram, hvorki varðandi tæknilega útfærslu né umhverfismál. Að vísu hefur Orkubú Vestfjarða verið með smáathuganir í sambandi við línur, styrk og annað. Slíkar rannsóknir eru nú um stundir unnar á grunni myndkorta í tölvu. Því er nauðsynlegt að láta gera myndkort af öllu virkjunarsvæðinu sem nær yfir um 500 km . Þegar þau gögn liggja fyrir er hægt að hefjast handa um gerð jarðfræðikorta og síðan gróðurkorta og vistgerðarkorta ef líkur eru taldar á að virkjun Hvalár geti orðið hagkvæm.

Öllum má ljóst vera hversu jákvæð áhrif það hefði á atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum ef virkjun Hvalár yrði að raunveruleika. Það yrði Vestfirðingum mikil fengur ef koma mætti upp orkufrekri og arðvænlegri atvinnustarfsemi sem samrýmdist landsháttum og náttúru Vestfjarða. Í þessu sambandi mætti jafnvel hugsa sér vetnisframleiðslu sem menn beina sjónum sínum að í æ ríkari mæli. Þá er fiskeldi einnig vaxandi atvinnugrein og ekki er vafi á því að mikið fiskeldi þarfnast mikillar raforku, einkum ef framtíðin krefst þess að það verði eingöngu stundað í kerum á landi en ekki sjókvíum. Verði sjó dælt í miklu magni í fiskeldisker í landi þá mun náttúrlega verða mikil þörf fyrir mun meira rafmagn.

Þetta í sambandi við raforkuna gæti haft sín áhrif á ákveðin öryggismál. Við þekkjum nú söguna, t.d. hversu lengi var rafmagnslaust í óveðrinu um daginn. Góðar og betri línur hefðu tryggt að menn hefðu ekki orðið rafmagnslausir svo lengi sem raun varð á.

Það er í raun merkilegt með Hvalárvirkjun, ef svo má að orði komast, eða rannsóknir á því hvort hægt er að koma upp virkjun við Hvalá og jafnvel á Glámuhálendinu, eru svolítið skammt á veg komnar. Hvað vitum við um möguleikana þar? Menn vita náttúrlega ekki hversu mikil orka kæmi frá þessum virkjunum tveimur, Glámu og Hvalárvirkjun, en menn giska á — við leggjum nú fram þessa þáltill. af því að

við vitum það ekki — að hér gæti verið um 150 megavatta virkjun að ræða. Það er mikil orka og samsvarar eins og allri Blönduvirkjun. Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um eina 15 virkjunarkosti. Í Skagafirði hefur t.d. verið rannsakað, einnig hafa Skjálfandafljót og Jökulsárnar verið rannsökuð eins og við þekkjum, Hverfisfljót og Skaftá. Þarna eru alls staðar virkjunarmöguleikar sem hafa verið kannaðir. En á Vestfjörðum hefur það ekki verið gert svona ítarlega.

Svo ég víki að því sem fyrr var rætt á þessum þingfundi, herra forseti, þá tel ég að þetta gæti skipt miklu máli sem byggðamál. Ég sé fyrir mér að Náttúrustofa Vestfjarða mundi gegna miklu hlutverki líka í rannsóknum þarna. Það mundi skipta gífurlega miklu máli ef aukin verkefni kæmu þangað, bæði til að afla vitneskju og fróðleiks og líka til þess að hjálpa til við að ákveða hvort hægt væri að reisa þær virkjanir sem ég nefndi hér áðan, einkum og sér í lagi Hvalá í Ófeigsfirði. Reyndar hefur verið talað um að stöðvarhús gæti jafnvel verið í Reykjarfirði á Ströndum.

Herra forseti. Ég tel mjög brýnt að farið verði að vinna að þessu máli. Það væri mjög gott ef við hefðum þessar niðurstöður allar fyrir haustið 2003, þ.e. eftir rúmt eitt ár, og að við reyndum að skapa þær aðstæður að Glámuvirkjun og Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði fengju sem fyrst sambærilega stöðu á við marga aðra virkjunarmöguleika. Getur verið t.d. að menn séu að beina sjónum sínum að því að koma upp virkjunum sem eru ekki eins hagkvæmar og Gláma og Hvalá? Gæti verið að mun minni umhverfisröskun yrði samfara þessum virkjunum en einhverra annarra sem menn beina sjónum sínum að? Þetta vitum við ekki og auðvitað þarf að rannsaka þessa hluti og komast að niðurstöðu. Því fyrr sem það er gert, herra forseti, því betra.

[15:29]

Útbýting þingskjala:

Eldi og heilbrigði sláturdýra, 505. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 797.

Varnir gegn mengun sjávar, 501. mál, frv. EKG og KPál, þskj. 791.

[15:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef einungis eina spurningu til hv. flm. þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu um undirbúningsvinnu við virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Hún lýtur að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma.

Þar sem sú vinna er nú í fullum gangi og verið er að reyna í þeirri vinnu að raða virkjunarkostum og meta þá með tilliti til hagkvæmni annars vegar og verndarsjónarmiða hins vegar, langar mig að spyrja: Er hv. þm. kunnugt um hvar virkjun Hvalár er á vegi stödd stödd í þeirri rammaáætlun, hvort sá virkjunarkostur sé í hópi þeirra 25 virkjunarkosta sem verið er að skoða í fyrstu atrennu rammaáætlunar, og þá kannski jafnframt, herra forseti, hvort hv. þm. líst svo á að þessi hugmynd ætti að vinnast innan rammaáætlunar verkefnisins eða hvort hér sé um að ræða tillögu um að athugun á virkjun Hvalár verði tekin undan rammaáætluninni?

[15:30]

Flm. (Karl V. Matthíasson) *(andsvar)*:

Að því er ég best veit, herra forseti og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, er þessi virkjunarkostur ekki inni í rammaáætluninni vegna þess að rannsóknirnar eru svo skammt á veg komnar. Reyndar hafa farið fram lítils háttar athuganir. Að því er ég best veit er aðeins farið að vinna í þessu. Einn starfsmaður hjá Orkustofnun, held ég, hefur eitthvert takmarkað starf með höndum í sambandi við þessa virkjun.

Því er þessi tillaga nú lögð fram að það komist sem fyrst á koppinn að menn geti séð hvort hagkvæmt sé og rétt að fara út í þessa virkjun allra hluta vegna. Kannski gæti þetta verið einn vænlegasti kostur okkar, t.d. vegna umhverfisþáttanna, svo ég nefni það eitt.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við að bæta öðru en því að mér þykir afar mikilvægt þegar virkjunarkostir eru skoðaðir í landinu að þeir séu skoðaðir heildstætt og í samhengi hverjir við aðra. Þess vegna hef ég talað fyrir því að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir fái ákveðinn forgang umfram virkjunarframkvæmdir til þess að ekki sé verið að plokka í stórum stíl stóra virkjunarkosti kannski á miðhálendinu á jafnvel mjög umdeildu svæði, undan rammaáætluninni og hrinda þeim í framkvæmd áður en nokkur drög að þessari rammaáætlun eru farin að líta dagsins ljós.

Varðandi hins vegar þá tillögu sem hér er til umfjöllunar og hv. þm. hefur gert grein fyrir afar skýrt, lýsi ég stuðningi við þau sjónarmið sem að baki liggja í máli hv. þm. Auðvitað þarf að skoða alla möguleika til öflugs og jákvæðs atvinnulífs og mannlífs á Vestfjörðum eins og annars staðar á landinu. Ég tel að hér þurfi að gæta samræmis og skoða hlutina í stóru samhengi, þ.e. að virkjunarkostir séu skoðaðir með tilliti til heildarinnar.

[15:33]

Flm. (Karl V. Matthíasson) *(andsvar)*:

Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og ítreka það sem ég hef sagt, að þessi þáltill. kemur einmitt fram vegna þess að það er nauðsynlegt að vita hvaða kostir eru þarna fyrir hendi, bæði varðandi þessa virkjun og Glámuvirkjun. Þetta er gert til að ýta á málin, bæði varðandi virkjanamálin og einnig í sambandi við byggðamál. Ef þetta teldust góðir kostir þá held ég að þetta mundi skipta gífurlega miklu máli fyrir Vestfirði. Alveg eins og menn tala um að virkjanir fyrir austan skipti máli fyrir Austfirðinga þá hljóta virkjanir fyrir vestan að skipta máli fyrir Vestfirðinga.

[15:34]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér er til umræðu um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði er góðra gjalda verð. Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir framtíðarvinnu við rammaáætlun að allir virkjunarkostir séu kortlagðir og að menn viti hvar þeir standa hvað varðar möguleika hvar sem er á landinu. Mér er kunnugt um að varðandi Hvalá hefur tiltölulega lítið verið unnið.

Á undanförnum árum hefur verið unnið við að mæla dýpi vatna á svæðinu. Um er að ræða um 500 km landsvæði. Síðan hefur verið unnið við það á vegum Orkubús Vestfjarða að gera úttekt á möguleikum hvað varðar línulögn. Samkvæmt því sem menn eru að tala um í sambandi við Hvalá og möguleika hennar í dag þá er það 150 megavatta stöð. Á hitt ber að líta að vinnan við Glámu er komin miklu lengra. Undirbúningsvinna hefur verið í gangi í allmörg ár og þar væri í sjálfu sér hægt að hleypa af stað meiri vinnu sem leiddi til framkvæmda á mun styttri tíma og það er minni virkjunarkostur eða um 70–80 megavött.

Þegar við ræðum þessi mál sem eru komin á framkvæmdastig er mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hver staða svæðisins er. Orkubú Vestfjarða framleiðir af sinni forgangsorku u.þ.b. 40%. Þetta eru um 13 megavött sem koma að stofni til frá Mjólkárvirkjun. Auðvitað væri mjög æskilegt að á þessu svæði væri hægt að framleiða það rafmagn sem upp á vantar og e.t.v. meira til, ef við tölum um Glámu upp á 70–80 megavött, sem gæti þá farið út af svæðinu.

Undir öllum kringumstæðum tel ég mjög til góðs að brýna ráðherra þannig að Orkustofnun gefist möguleikar á því að rannsaka þetta svæði betur þannig að það komist á kortið.

Nú verðum við að átta okkur á því í þessu samhengi að í raun er á vegum opinberra aðila kominn upp listi yfir virkjanir sem munu fara í framkvæmdir á næstu tíu árum. Lagður hefur verið fram listi m.a. sem fylgiplagg við frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kárahnjúkavirkjunar. Þar er kominn forgangslisti sem hæstv. ríkisstjórn — það kemur nú örugglega betur fram í umræðunum um Kárahnjúkavirkjun — hefur e.t.v. sett á blað. Þar eru náttúrlega inni virkjunarkostir sem búið er að rannsaka eða eru komnir lengra í rannsóknum. Þess vegna tel ég ákaflega mikilvægt að fara yfir sviðið og m.a. að Hvalá sé tekin inn í þessar grunnrannsóknir þannig að hún geti verið með.

Reyndar eru á þessum lista virkjunarkostir sem ég hélt að e.t.v. væru ekkert komnir lengra en á blað. Hér er talað um stækkun á Laxá, þriðja áfanga Kröfluvirkjunar, Búðarháls sem nú er í gangi, Norðlingaölduveitu, Bjarnarflag, Reykjanes, fyrsta áfanga, Fljótsdalsvirkjun, Villinganes, Skaftárveitu, Urriðafossvirkjun, Núps- og Búðarfossvirkjun, Hellisheiði, fyrsta áfanga, þar sem er nýbyrjað að bora, Grændal, fyrsta áfanga; Kröflu, fjórða áfanga; Kárahnjúkavirkjun, fyrsta áfanga og Kárahnjúkavirkjun, annan áfanga; Þeistareyki, fyrsta áfanga, þar sem er ekki einu sinni byrjað að bora. Það er talað um Reykjanes, annan áfanga; Hólmsá í Skaftártungu, Skjálfandafljót, væntanlega Aldeyjarfoss, Hellisheiði, annan áfanga; Skaftárveitu í Austur-Jökulsá, Markarfljót, Grændal, annan áfanga; Kröflu, fimmta áfanga; Þeistareyki, annan áfanga og Hellisheiði, þriðja áfanga.

Hér er búið að rannsaka og setja á blað 27 nýjar virkjanir eða stækkun á þeim virkjunum sem eru í gangi. Ég held að þessi þáltill. gefi tilefni til þess að hún sé studd með þeim orðum þó að farið verði yfir sviðið og menn rannsaki og kortleggi þá möguleika sem eru fyrir hendi í landinu þannig að hægt sé á vitrænum nótum að ræða þessi mál og taka ákvörðun um hvað eigi að nota og hvað eigi að láta kyrrt liggja. Það er meginmál. Varðandi þá virkjunarkosti sem ég taldi hér upp þá eru þar margir áfangar sem ég vildi e.t.v. sjá út og kannski Glámu inn. Ég veit það ekki. En niðurstöður rannsókna gætu leitt til þess. Þess vegna styð ég þessa þáltill.

[15:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu. Ég vil byrja á að segja að mér finnst mjög eðlilegt að tillögur af þessu tagi séu fluttar á meðan rammaáætlun hefur ekki komið fram. Það er gamalkunnug umræða hér að fjargviðrast yfir því að hún skuli ekki liggja fyrir. Ég tel að sú vinna sem þar hefur verið unnin á undanförnum árum hafi verið nauðsynleg. Ég býst við því að full rök séu fyrir því að þennan tíma hafi þurft í að undirbúa rammaáætlun. En það er auðvitað ekki hægt að búa við það lengur að þessi áætlun komi ekki fram.

Hæstv. iðnrh. er að leggja hér fram, eins og nefnt var áðan, frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar og þar er verið að telja upp virkjunarkosti án þess að nokkurt mat liggi fyrir á bak við það. Hvort röðin á þessum virkjunarkostum er einhver tilviljun skal ég ekkert um segja, en ég verð að draga mjög í efa að á bak við það séu einhver sérstök vísindi, þ.e. hvernig þessu er raðað í þessari upptalningu.

Mér finnst ástæða til þess að nefna þá virkjunarkosti sem eru í þessari þáltill. í þessu samhengi einfaldlega vegna þess að við vitum að nú vantar orku til stækkunar álversins í Hvalfirði. Það sem helst hefur verið haft uppi hvað það varðar er að það eigi að grípa til þess að reisa svokallaða Norðlingaölduveitu. Hún er í þriðja sæti í þessari upptalningu sem ég nefndi áðan. Það er mín skoðun að Norðlingaölduveita verði einhver umdeildasta virkjun sem farið verður í á næstunni a.m.k., ef af verður. Mér finnst alveg með eindæmum að hæstv. iðnrh., úr því að hún kom með upptalningu af þessu tagi, skuli ekki láta það vera þannig að einhverjar tillögur lægju fyrir um það hvernig ætti að taka á þessu máli.

Mér finnst undirbúningur stækkunar álversins í Hvalfirði hafa verið látinn fara afar hljóðlega og að menn séu núna og hafi með yfirveguðum hætti látið að því liggja að þeir stæðu þar frammi fyrir einum kosti þegar til loka drægi, þ.e. Norðlingaölduveitu. En eins og ég sagði áðan þá tel ég að það verði einhver umdeildasta virkjun sem í verður farið á Íslandi.

Það hefði verið, og er í raun enn, tími til stefnu til þess að undirbúa það að geta skaffað Norðuráli rafmagn óðruvísi en með Norðlingaölduveitu, m.a. væri hægt að virkja á Vestfjörðum. Forráðamenn Norðuráls hafa meira að segja sjálfir bent á þennan möguleika. Þess vegna er full ástæða til þess að draga athygli að þessu máli í samhengi við þessa umræðu.

Mér finnst afar dapurlegt að þurfa að segja að ég tel að það stefni í mikil átök um þessa virkjun sem ég nefndi áðan, eða öllu heldur veitu, Norðlingaölduveitu, því að með henni er verið að brjóta gegn samningum, alþjóðasamningum um verndun svæðisins þarna í kring. Mér finnst eiginlega alveg ótrúlegt hversu lítil umræða hefur orðið um þetta mál.

Það er búið að fara prýðilega yfir frv. sem hér er til umræðu. Ég ætla ekkert að teygja lopann yfir því. Ég tel að þetta sé afar áhugaverð virkjun. Og hún er býsna stór. Sameiginlega eru þessar tvær virkjanir, Glámuvirkjun og virkjun Hvalár, mjög álitlegur virkjunarkostur, jafnvel til þess að mæta þörfum stóriðju ef á þarf að halda.

Þess vegna hefði verið full ástæða til þess að stjórnvöld brygðust við svolítið fyrr. En sú tillaga sem hér liggur fyrir er þá komin fram. Menn ættu því að grípa gæsina og fara í þær rannsóknir sem á þarf að halda sem allra fyrst því vel kann að vera að menn hrekist frá þeim hugmyndum sem nú eru uppi um að fara í þessa Norðlingaölduveitu til þess að uppfylla þarfir Norðuráls.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla í upphafi máls að lýsa yfir stuðningi við þá till. til þál. sem hér um ræðir, um rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Hvalá í Ófeigsfirði. Ég tel að mjög þarft sé að stuðla að því að þeir verði rannsakaðir fyrr en seinna og þeir möguleikar skoðaðir sem þar bjóðast.

Ég vil líka láta það koma fram að á síðastliðnu vori fór ég upp í Norðurál í Hvalfirði til að ræða þar við forustumenn fyrirtækisins, m.a. um hvort þeir sæju eitthvað því til fyrirstöðu að skoða það, við stækkun síðasta áfanga Norðuráls, að inn í það dæmi gæti komið virkjun á Vestfjörðum. Ástæða þess að ég ræddi þetta á þessum nótum er sú að á Vestfjörðum er verið að kaupa verulegt magn orku inn á svæðið. En orkan getur farið í báðar áttir, er það ekki? Bæði norður og suður.

Á Vestfjörðum er Orkubú Vestfjarða. Í ársskýrslu fyrirtækisins fyrir árið 2000 kemur fram að Orkubú Vestfjarða sinnir orkuöflun og sölu upp á 220–230 gígavattstundir. Eigin orkuvinnsla fyrirtækisins af því er aðeins 38,6%. Það þýðir að 61,4% af orkunni er keypt af Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum aðilum, t.d. Funa, sem bæta upp þá orkuþörf sem ekki er til taks við framleiðslu eigin virkjana Orkubús Vestfjarða.

Kostirnir í þessari stöðu að því er varðar Norðurál og þörf þeirra fyrir orku á árinu 2006, ef áætlanir ganga eftir, eru að með öflugri virkjun eins og Hvalárvirkjun væri hægt að fullnægja þeirri orkuþörf. Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að orkubúið kaupir um 141 gígavattstund af öðrum inn á svæðið en virkjun Hvalár mundi fullnægja því. Þar með væri sú orka sem keypt er frá Landsvirkjun annars vegar og frá Rarik hins vegar á lausu, eða hvað? Þá orku væri þá m.a. hægt að nýta til þess að sjá Norðuráli fyrir aukinni orkuþörf og koma inn í það dæmi.

Ég held að hér sé hreyft ákaflega þörfu máli og gera þurfi gangskör að því að þær forathuganir sem hér eru nefndar í greinargerð eigi sér stað. Það hefur verið kortlagt þannig að menn gætu búið til vatnsmiðlun í svokölluðum Vatnalautavötnum uppi á Ófeigsfjarðarhálendinu, í 340–350 m hæð. Mælingarnar hafa farið fram á rennsli Hvalár, á því vatnsmagni sem stendur þar til boða að jafnaði.

Ekki er vanþörf á að efla nýsköpun og framkvæmdir á Vestfjörðum eins og mál hafa þróast þar á undanförnum árum. Það gæti vissulega verið þáttur í að snúa við þeirri atvinnuþróun sem þar hefur verið á undanförnum árum að efla þar framkvæmdir. Ég sé það líka fyrir mér, ef farið væri í þessa virkjun í Ófeigsfirði, að þá mundi samhliða koma hringvegur af Ströndum yfir í Djúp. Þar með yrði til ný ferðamannaleið um Vestfirði sem ég tel mjög áhugavert. Það yrði ekki síst til hjálpar því svæði sem stendur nú mjög höllum fæti, Árneshreppi á Ströndum, en við þingmenn Vestfjarða höfum einmitt lagt fram ályktun um hvernig mætti standa að því að efla þar búsetu og afkomumöguleika íbúanna.

Allt mundi þetta geta farið saman í þeirri hugsun sem birtist í þessari tillögu, um að hægt væri að virkja Hvalá í Ófeigsfirði á Ströndum. Þess vegna eru ýmsir kostir sem fylgja því að stefna að þessu máli sem allra fyrst og fá fram hina raunverulegu möguleika við virkjun þessa vatnasvæðis. Svo hagar til að Drangajökull er þarna norður af og getur verið vatnsmiðlun fyrir svæðið yfir sumartímann og margt sem mælir með því að þessi virkjun geti verið mjög hagkvæm og að vatnsrennsli á þessi svæði sé stöðugt og jafnt.

Ég vil svo taka undir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi áðan um deilurnar sem mundu koma upp varðandi Norðlingaölduveitu yrðu mögulega lagðar til hliðar ef þessi kostur yrði skoðaður í alvöru. Eins og nú hagar til, þegar fyrir liggur að menn ætla að virkja við Kárahnjúka og efla með uppbyggingu álvers atvinnulíf á Austurlandi og með hliðsjón af nýkunngerðri byggðaáætlun, sem reyndar var kynnt úti í bæ af hæstv. iðn.- og viðskrh., þar sem gert er ráð fyrir að efla Miðnorðurland, er vissulega þörf á að huga að Vestfjörðum varðandi atvinnumál og uppbyggingu. Ég held að hér sé tækifæri til þess með því nýta virkjunarmöguleika sem virðast við fyrstu skoðun vera hagkvæmir. Með því yrði farið í uppbyggingu svæðis sem á undir högg að sækja eins og nú standa sakir þótt ég hafi fulla trú á að Vestfirðir muni síðar ná vopnum sínum, hvort sem ríkisstjórnin hyggst setja um það hugmyndir inn í texta byggðaáætlunar eða ekki. Ég trúi því að Vestfirðir muni ná vopnum sínum í atvinnuuppbyggingu þegar fram í sækir.

[15:54]

Flm. (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég vil þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni um þessa þáltill. vegna undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Margt hefur komið fram og áhersla verið lögð á að við fáum að vita hverjir möguleikarnir eru fyrir virkjun Hvalár og hvort þessi virkjun, ásamt Mjólká, sé með vænlegri virkjunarkostum. En við vitum ekkert um það af því það hefur ekki verið skoðað. Það er á margan hátt í þeim anda sem við er að búast af núverandi stjórnvöldum varðandi það hvernig þau hafa sinnt þessu landsvæði, eins og fram kemur í byggðaáætlun sem á að fara að leggja fram en náttúrlega hlýtur ýmsu að verða breytt sem þar stendur til batnaðar fyrir byggðir og bú á þessu landsvæði sem Vestfirðr eru.

Herra forseti. Ég ítreka þakkir mínar og vona að þessi þáltill., sem ég legg til að verði vísað til iðnn., fái góða og skjóta afgreiðslu, þar sem gert er ráð fyrir því í tillögunni að rannsóknum verði lokið árið 2003. Það er næsta ár. Þess vegna þarf að drífa í þessu og hafa þessa kosti klára, einkum og sér í lagi með tilliti til þess sem sagt hefur verið, að það eru áhöld um ýmsa virkjunarkosti, hvort hreinlega megi fara í þá eða hvort það er hægt vegna ósamkomulags. Má vera að þetta séu bestu kostirnir, Vestfjarðavirkjanir?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 112. mál (fiskiðnaður). — Þskj. 112.

[15:56]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég ræddi hér fyrr í dag um þáltill. um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Það má kannski segja að frv. sem ég mæli hér fyrir lúti að því sama, þ.e. að við lögum löggjöf okkar þannig að íslenskt atvinnulíf verði samkeppnishæfara um fjármagn og þar með betur í stakk búið til að takast á við verkefni sín, greiða hærri laun og þá væntanlega hærri skatta til samfélagsins.

Þetta frv. er um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Og efni þeirra breytinga sem við viljum láta gera á þessu frv., flutningsmenn frv. sem eru auk mín eru hv. þm. Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir, er að um fiskiðnað gildi ein og sama regla og þá sama regla og gildir um iðnað almennt, þ.e. að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í þessum greinum.

Í dag, herra forseti, er erlendum aðilum heimilt að fjárfesta í sumum geymsluaðferðum fisks en ekki öðrum. Þeim

er t.d. heimilt að fjárfesta í reykingu á fiski eða niðursuðu, niðurlagningu, en þeim er ekki heimilt að fjárfesta í söltun eða bræðslu og ekki í herslu. Það kann vel að vera að á sínum tíma þegar fiskiðnaði var skipt upp með þessum hætti, að hluti af honum var flokkaður sem iðnaður en annað skilið eftir undir sömu reglu og útgerðin, hafi menn haft til þess frambærileg rök. Þau rök þekki ég hins vegar ekki og þau hafa ekki komið fram þegar þetta frv. eða sambærileg frv. hafa verið rædd hér áður, utan það að menn óttast að ef þetta frv. verði að lögum, þannig að ein og sama regla gildi um allan fiskiðnað, þá gæti það orðið til þess að menn færu að skipta sundur veiðum og vinnslu. Það verður nú að segja eins og er, herra forseti, að jafnvel í hópi þingmanna eru einstaklingar sem telja það hina mestu goðgá. Menn vilja sjá veiðar og vinnslu í einu og sama fyrirtækinu og allt sem gæti ruggað þeim báti er af hinu illa. Þetta eru þau rök sem helst hafa komið fram gegn því að ein og sama regla gilti um fiskiðnað og þá sama regla og um annan iðnað.

Þegar við erum að tala um fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi er ágætt að skoða hvernig veruleikinn er. Menn virðast stundum halda að það sé undantekning að útlendingar megi fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Svo er þó ekki. Það er meginreglan. Gallinn er hins vegar sá, að mati margra, að útlendingar hafa ekki haft mikinn áhuga á að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Við horfum upp á það, þegar við skoðum hagtölur, að íslenskir aðilar fjárfesta mun meira í atvinnulífi erlendis en nokkurn tímann erlendir aðilar í atvinnulífi hér. Erlendar fjárfestingar, ef svo má kalla það, áhrif erlendra peninga, sjást fyrst og fremst í skuldabókum íslenskra fyrirtækja en ekki í hlutafé þeirra.

Ríkisstjórnin reyndi að bregðast við þessu með sínum hætti nú fyrir jólin með því að lækka tekjuskatta fyrirtækjanna niður í 18%. Ekki veit ég hvort það dugir til að laða erlenda fjárfesta til að setja peningana sína í íslensk fyrirtæki öðruvísi en sem lánsfé. Alla vega er þessi viðleitni í gangi. Á sama tíma eru menn með þá hortitti í löggjöf um erlendar fjárfestingar sem við viljum að verði leiðréttur, þ.e. að ein og sama regla gildi um allan fiskiðnað.

Eins og lögin eru í dag mætti auðveldlega kalla þetta tæknilega viðskiptahindrun. Það er ljóst að þegar erlendir aðilar skoða hvaða möguleika þeir eigi á að taka hér þátt í fiskvinnslu, setja pening í hana, þá hrökkva þeir frá þegar þeim verður ljóst hversu flókið það er. En eins og ég sagði áðan er það regla frekar en hitt að erlendir aðilar megi fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Mest hefur sú fjárfesting verið, eins og við þekkjum, í stóriðju. Þar er stóra erlenda fjárfestingin. Erlendir aðilar mega fjárfesta í sjávarútvegi en þá bara óbeint. Ef þeir hafa áhuga á slíku verður að búa til ýmiss konar milliliði og dótturfélög. Með því að búa til nógu mikið af slíku og hafa keðjurnar nógu flæktar geta erlendir aðilar með óbeinum hætti eignast 49,9% í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, ef marka má orð hæstv. sjútvrh. Það telur hann að sé fullnægjandi.

Við segjum aftur á móti, herra forseti: Þegar um það er að ræða að löggjöfin er svo flókin að menn þurfa að hafa sérstaklega fyrir því, umfram það að gerast þátttakendur í íslensku atvinnulífi með kaupum á hlutabréfum, að stofna fyrirtæki eða fara krókaleiðir, er það nú ekki beinlínis vænlegt, þ.e. vonist menn eftir hinu erlenda fjármagni.

Eins og ég sagði, herra forseti, gerir þetta frv. ráð fyrir því að um fiskiðnað gildi almennt sömu reglur og um annan iðnað hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila. Við gerum ekki ráð fyrir breytingum á gildandi lögum um útgerð. Við gerum ráð fyrir því að þar sé og verði fortakslaust bann. Við í Samfylkingunni gerum þann fyrirvara hvað varðar fjárfestingar í útgerð að áður en að af henni getur orðið þurfi að ganga tryggilega frá eignarhaldi þjóðarinnar á auðlindinni. Við teljum að þar sé ekki nægjanlega að gert í dag. En þegar það hefur verið gert er kominn tími til að skoða hvort sjálfsagt er að erlendir aðilar fái að kaupa hlut í útgerð og þá beint en ekki óbeint eins og nú viðgengst.

Mig langar að upplýsa það, herra forseti, þó það liggi hér fyrir í þingskjali, en kannski er rétt að það sé líka sagt héðan úr ræðustól, að með hinni óbeinu fjárfestingu sem menn virðast hafa nokkurt dálæti á og telja til fyrirmyndar í sjávarútvegi — sjútvrh. nánast hrósar sér af því að hér sé með óbeinum hætti hægt að fjárfesta upp á 49,9% — hefur enginn eftirlit. Ég hef reglulega sett fram fyrirspurnir til hæstv. viðskrh. um hvernig fjárfestingum erlendra aðila sé háttað í íslensku atvinnulífi. Ég hef beðið um sundurliðun á beinum og óbeinum fjárfestingum. Þar kemur fram að enginn veit neitt um þessar óbeinu fjárfestingar. Enginn heldur utan um þær og enginn veit í raun í hvaða mæli þær eru. Samkvæmt lögunum á viðkomandi aðili að tilkynna um fjárfestingar sínar. En hver veit hvort það er gert? Það er ekkert eftirlit með slíku og þar af leiðandi engar upplýsingar.

Eins og ég gat um áðan þá er það þannig samkvæmt gildandi lögum um fjárfestingar erlendra aðila að þeim er bara heimilt að eiga þennan óbeina hlut í íslenskri útgerð og hluta vinnslunnar. Þessi möguleiki til óbeinnar eignaraðildar var lögfestur fyrir nokkrum árum þegar ljóst var að erlend fyrirtæki áttu hér óbeint hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þá treystu menn sér ekki til þess að standa við það fortakslausa bann, sem var í þágildandi löggjöf, en löguðu löggjöfina að veruleika þess tíma. Það er ljóst að sá veruleiki er ekki endilega veruleiki dagsins í dag. Þess vegna tímabært að skoða málið, enda voru flestir á því máli fyrir u.þ.b. ári síðan, þegar erlend fjárfesting var rædd á Alþingi, að rétt og eðlilegt væri að endurskoða þessa löggjöf í ljósi þess að auðvitað breytast aðstæður. Menn þurfa að skoða hvort löggjöfin sem er í gildi hentar í raun þeim aðstæðum sem menn telja að þurfi að vera eða að ókjósanlegastar þykja.

Ljóst er að erlendir aðilar geta keypt fisk á innlendum fiskmörkuðum. Það er e.t.v. þverstæða að á sama tíma og erlendir aðilar mega ekki eiga hlut í nema tilteknum greinum vinnslu þá mega þeir kaupa fisk á innlendum fiskmörkuðum og flytja hann til útlanda. Þeir mættu líka fá verktaka í að verka hann fyrir sig hér heima ef um væri að ræða verkunaraðferð sem er á bannlista. En þeir mættu ekki setja peninga í þann rekstur. Það er bannað. Menn sjá að kannski er ekki alltaf auðvelt að útskýra af hverju þetta er svona.

Ég held að reynsla okkar sýni að breyting í þá veru að heimilt yrði að fjárfesta beint þýddi ekki að útflutningur hráefnis ykist heldur kannski alveg öfugt. Ýmis rök eru fyrir því að gera þessa breytingu á lögunum, auk þeirra sem ég hef þegar rakið. Það er óeðlilegt að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða grein þau eru. Það er gert í dag. Erlendir aðilar geta fjárfest í matvælaiðnaði á Íslandi, öllum greinum nema örfáum tilteknum greinum fiskiðnaðar.

Mörg dæmi eru um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri þó þau séu ekki nógu mörg og kannski ekki nógu afgerandi. Menn eru hins vegar þeirrar skoðunar að slík eignaraðild hafi styrkt íslenskt atvinnulíf og geti gert það áfram. Ég fór yfir það áðan hversu mikill munur er á

því hve lítil erlend fjárfesting kemur til Íslands og hve mikið hins vegar streymir út af íslensku áhættufé til fjárfestinga erlendis.

Það hefur lengi verið stefna stjórnvalda að fá erlenda aðila til að fjárfesta meira í íslensku atvinnulífi. En eins og áður segir hefur það helst gengið í stóriðju en lítið verið fjárfest í öðrum greinum. Við gætum svo sem velt því fyrir okkur hvar væri girnilegt fyrir erlenda aðila að fjárfesta. Ég veit ekki hvaða áhrif skattbreytingarnar hafa, en það er alveg ljóst að menn þurfa að gera býsna mikið til að upphefja áhrif gjaldmiðilsins, krónunnar, sem auðvitað hefur ákveðnar takmarkanir sakir þess hve lítill heimamarkaður hennar er.

Það er mat margra að eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum gætu örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar. Það er sömuleiðis mat margra að fiskiðnaðurinn ætti að geta sótt sér áhættufé í stað þess að nýta fyrst og fremst lánsfé frá útlöndum. Jafnframt færi samstarf við erlendra aðila með þátttöku þeirra í uppbyggingu fiskiðnaðar fram fyrir opnum tjöldum og samkvæmt því sem við gætum kallað eðlilegar leikreglur.

Það er viðurkennt að erlendir aðilar eiga hlut í fiskvinnslu á bannlista. Það gerist þá ekki þannig að þeir séu opinberir eignaraðilar heldur eiga þeir hugsanlega vélar, hafa lánað fyrir fjárfestingum, jafnvel fyrir hráefniskaupum og eru með þeim hætti beinir aðilar að viðkomandi vinnslu. Þeir hafa í raun það vald sem hæfir því fjármagni sem þeir eru búnir að setja þar inn, en hafa ekki gert það í gegnum hlutafé heldur með öðrum hætti.

Sumum kann að finnast þetta bara ágætt og þá þurfi ekki að gera meira. En ég spyr: Af hverju ekki að hafa löggjöfina þannig að hún sé lipur og einföld, að jafnræði sé á milli aðila og ef menn kjósa að efna til samstarfs við erlenda aðila um tilteknar vinnslugreinar þá sé það heimilt og menn geti gert það fyrir opnum tjöldum en þurfi ekki að fara þessar krókaleiðir?

Menn hafa bent á að ef útlendingar þekki Ísland fyrir eitthvað fyrir utan Björk og menninguna þá sé það líklega íslenskur sjávarútvegur og fiskiðnaður. Menn verða þá helst varir við hann. Þess vegna má ætla að þátttaka í fiskiðnaði gæti verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum. Þá gætu orðið til hliðarfyrirtæki með nýjum umsvifum sem gætu skipt máli. Síðast en ekki síst, eins og ég gat um í upphafi máls míns, herra forseti, gæti lagabreyting eins og þessi styrkt samkeppnisstöðu Íslands.

Það er ekki um það að ræða að aðilar verði skyldaðir til þess að taka í sundur veiðar og vinnslu, hreint ekki, heldur er hægt að bjóða upp á þann valkost, að ef fyrirtækin vilja efna til samstarfs við erlenda aðila um fiskvinnslu sem er á bannlista núna sé það heimilt og menn búi þá til í kringum það sérstakt fyrirtæki. Í dag þurfa menn hvort eð er að gera það í ýmsum tilfellum þegar farið er út í óbeinu eignaraðildina með dótturfyrirtækjafyrirkomulaginu.

Ég ætla að fara yfir, herra forseti, hvaða greinar eru á bannlista núna. Það eru frysting, söltun, hersla, bræðsla og mjölvinnsla. Þær sem eru leyfilegar eru hins vegar reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og síðan umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla til að gera vöruna hæfari til dreifingar, þ.e. sá þáttur sem hingað til hefur verið talinn hvað mest virðisaukandi.

Eins og ég sagði áðan er ekki gott að átta sig á því hver rökin eru í dag og jafnvel hvað lá að baki upphaflega. Þó er ljóst, eins og ég sagði áðan, að einhverjir töldu það nægjanleg rök að þeir voru á móti aðskilnaði veiða og vinnslu og töldu að allt ætti þetta að vera súrrað og bundið saman.

Íslendingar hafa á undanförnum árum afnumið sérstakar hömlur fyrir erlenda fjárfesta hérlendis á flestum sviðum. Þá er eðlilegt að skoða þetta svið, ekki síst vegna þess að við erum að tala um tiltekið jafnræði milli aðila. Þar af leiðandi, herra forseti, gerum við okkur vonir um dropinn holi steininn og menn sjái að til lítils er að hafa löggjöf sem þessa ef hún kemur í veg fyrir að menn nái þeim markmiðum sem þeir vilja að öðru leyti ná í íslensku atvinnulífi.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég lýsi stuðningi við það frv. sem hér er komið fram, um að heimila fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. í fiskvinnslunni almennt og að sú takmörkun sem þar er í gildi núna verði afnumin.

Frv. eins og það er uppbyggt gerir ráð fyrir að ef til kemur að slík heimild verður veitt, að erlendir aðilar komi til samstarfs við innlenda aðila um fiskvinnslu, skuli fyrirtækjarekstrinum, ef fyrirtækið er jafnframt í útgerð, skipt upp, þ.e. verði þá tvö sjálfstæð fyrirtæki. Annars vegar sé fyrirtæki með útgerðarreksturinn og þar væru áfram takmarkanir eins og verið hefur, erlendir aðilar kæmust ekki inn í fjárfestingu í útgerð, en ef fyrirtækið væri með þannig rekstrarform að það væri bæði með útgerð og vinnslu, þá hefðu erlendu aðilarnir opna heimild til þess að fjárfesta í vinnsluþætti hráefnisins.

Ég tel að þetta væri eðlileg breyting á lögunum eins og komið er í dag. Eins og hv. þm., 1. flm. Svanfríður Jónasdóttir gat um eru erlendir aðilar hér í fiskvinnslu og ekki endilega í þeirri fiskvinnslu sem þeim er heimilt í dag, þ.e. reykingu, súrsun, niðursuðu og niðurlagningu eða umpökkun afurða í neytendaumbúðir. Þeir eru með óbeina fjármögnun í fiskvinnslu og svo hefur verið um nokkurn tíma.

Ég held að rétt sé að stíga þetta skref. Það er í samræmi við tillögu sem stjórnarandstaðan lagði hér sameiginlega fram. Ég var 1. flm. því að í upphafi þessa þings, þ.e. 4. mál þessa þings, um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Sú tillaga er að vísu víðtækari. Hún gerði ráð fyrir að samið yrði frv. sem stefna mundi að því almennt — hún er mun víðtækari heldur en hér er lagt til — að aðskilja veiðar og vinnslu í rekstrarlegu formi. Þar verði sem sagt um tvö algerlega aðskilin fyrirtæki að ræða. Flutningsmenn þeirrar þáltill. með mér voru einmitt hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hv. þm. Jóhann Ársælsson. Hugsunin í því gengur að vísu í sömu átt að þessu leyti, að því er varðar fjárfestinguna. Að öðru leyti gengur sú tillaga líka út á að hér skapist eðlileg skilyrði í verslun með fisk á fiskmörkuðum og ýmislegt annað sem lýtur að verslun með fiskafurðir og hvernig menn nota sér m.a. aflaheimildir í því sambandi. Hún er eðlilega einnig gerð með tilliti til samkeppnislaga, EES-samninga og annarra krafna.

Frv. sem við ræðum hér gengur hins vegar út á að heimila fjárfestingu í fiskvinnslunni eins og áður sagði. Útgerðarþátturinn yrði þá skilinn frá ef svo hagar til í fyrirtækjum. Ég tel að þetta yrði eðlileg breyting og framfaraspor á þeirri leið sem ég hefði auðvitað viljað fara líkt og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn, að hér yrði stefnt að því, eins og víða er hjá öðrum þjóðum, að fiskvinnslan væri sér um rekstur og útgerðarþáttinn einnig sér.

Ég tel að það yrði til mikilla bóta og að samþykkja þetta frv. væri að mínu viti vissulega til bóta eins og málum er háttað. Ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál.

[16:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er búið að fara mjög vel yfir þetta mál og kannski er ekki mörgu við það að bæta. Mig langar þó að segja fáein orð.

Ég verð að segja eins og er að það eru mér sífelld vonbrigði að stjórnarflokkarnir skuli ekki hafa endurskoðað stefnu sína í þessum málum sem verið er að flytja inn á þingið. Það er mikið umhugsunarefni að frjálsræði í viðskiptum skuli ekki vera á stefnuskrá þeirra og að bókstaflega engar breytingar hafi orðið á þeim hlutum sem við erum að tala um. Við erum að tala um fjárfestingu erlendra aðila í fiskvinnslu. Við erum að tala um að skipta upp fyrirtækjum milli veiða og vinnslu. Slík skipting yrði mikið framfaramál — við erum að tala um hluti eins og þá að allur fiskur fari á markað. Allt þetta er eins og eitur í beinum þeirra sem stjórna málum á stjórnarheimilinu. Hvers vegna í ósköpunum skyldi það vera?

Skýringarinnar er auðvitað að leita á einum stað. Hún er fólgin í því að hjá flokkunum, hæstv. forseti, sem fara með völdin í þessu landi eru inni á gafli menn sem hafa eigin hagsmuna að gæta hvað þessa hluti varðar og koma sífellt í veg fyrir að umræða um það að koma á eðlilegu viðskiptaumhverfi, af því tagi sem við erum að tala hér um, verði nokkurn tíma að veruleika. Auðvitað vantar pólitísk bein í þá sem stjórna málum á stjórnarheimilinu. Ég veit að forseti líður önn fyrir það hvernig komið er og að engar breytingar skuli vera væntanlegar hvað þessa hluti varðar. Hæstv. forseti hefur marglátið það koma fram í ræðum sínum að hann er talsmaður frjálsra viðskipta.

Ég vona sannarlega að menn skoði þessa hógværu tillögu. Það er eingöngu verið að fara fram á að þau fyrirtæki sem hugsi sér að fá erlent fjármagn til sín þurfi að hlíta því að verða skipt upp ef um er að ræða fyrirtæki með blandaðan rekstur, veiði og vinnslu, en önnur geti haldið áfram þrátt fyrir það sem í frv. stendur. Ég ítreka þá skoðun mína og minni á að við höfum staðið að flutningi mála sem ganga út á að skilja þarna skýrt á milli.

Menn geta auðvitað velt því fyrir sér og haft á því mismunandi skoðanir hversu æskilegt er að fá erlent fjármagn inn í atvinnurekstur á Íslandi. Ég sé engan mun á því að fá erlent fjármagn inn í fiskvinnslu eða einhvern annan atvinnurekstur. Það er undarlegt að hlusta á ræður manna um að lækka skatta til að fá hingað fyrirtæki þar sem menn fá glampa í augun yfir því að fá hingað erlent fjármagn en svo koma sömu menn í veg fyrir að hægt sé að nýta sér áhuga erlendra fjárfesta á að koma inn í fiskvinnslu á Íslandi. Þeir horfa svo aftur á móti fram hjá því sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lýsti áðan, að hér hafa verið rekin fyrirtæki árum saman, jafnvel áratugum saman, sem hafa ævinlega flutt allan þann fisk sem þau hafa verkað til sama aðilans erlendis og hann hefur fjármagnað að stórum hluta og kannski alveg þann rekstur. Þetta er ekkert leyndarmál. Þetta vita menn. Svona er þetta. Fyrirtæki af þessu tagi hafa skaffað allar vélar inn í þetta, keypt allan fisk sem fluttur er frá þessum fyrirtækjum og eru í daglegu sambandi við þá sem stjórna fyrirtækjunum upp á hvort kaupa eigi fisk á mörkuðum á því verði sem uppi er þann daginn.

Auðvitað eiga menn að stíga skrefið alla leið og gefa þeim erlendu aðilum sem vilja reka hér fyrirtæki með þessum hætti sömu möguleika í þessari atvinnugrein, rétt eins og menn sækjast eftir að fá erlenda aðila inn í öðrum atvinnugreinum.

Ég endurtek bara að ég vona að menn komist til ráðs með að koma yfir þetta eðlilegum reglum en tek undir það að við eigum auðvitað enn langt í land með að koma lagi á útgerðina hjá okkur. Erlend fjárfesting í útgerð á Íslandi er að mínu viti óhugsandi við þessar aðstæður. Menn verða að horfast í augu við að eignarhaldið á veiðiheimildunum kemur í veg fyrir að hægt sé að hleypa erlendum aðilum inn í útgerð á Íslandi. Það verður ekki hægt að tala um þá hluti í alvöru fyrr en búið verður að aflétta núverandi ástandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 306. mál. — Þskj. 380.

[16:25]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Drífa Snædal og Jón Bjarnason.

Ég vil fyrst segja um fyrirsögn tillögunnar að þótt einhverjum þyki djúpt í árinni tekið með því að tala um endurreisn íslensks skipaiðnaðar held ég að það sé ekki ofmælt. Það sem þyrfti að gera væri að fara í hreinar og klárar endurreisnaraðgerðir, svo neðarlega er þessi atvinnugrein í raun komin miðað við það sem var og hét þegar best lét, ekki síst miðað við það sem ætti að geta verið í landinu með ærin verkefni á heimamarkaði á sviði þjónustu við skip og við byggingu eða nýsmíði skipa.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa sem tilnefndir verði af öllum þingflokkum, Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands auk formanns sem iðnrh. skipar til að gera tillögur um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði. Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, efla menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum."

Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að hér er notað orðið skipaiðnaður. Hér áður hefði gjarnan verið sagt skipasmíðaiðnaður en þetta er orðnotkun sem atvinnugreinin eða samtök hennar notast við nú um stundir. Hún er því notuð hér og á kannski að leggja áherslu á það í leiðinni að um er að ræða þessa breiðu grein, ekki bara nýsmíðar eða viðgerðir á fiskiskipum eða þjónustu við þau þröngt heldur allt sem þessari atvinnustarfsemi tengist.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að skipasmíðar og margs konar þjónusta við skip eiga sér langa sögu á Íslandi. Jafnvel á hinum dimmu miðöldum böksuðu Íslendingar við að smíða sér einhver horn til að komast á sjó. Timburleysi háði mönnum stórlega á þeim tímum eins og sögurnar útskýra. Þó komust menn upp í það á Ströndum, Langanesi og Sléttu þar sem aðgangur að rekavið var nokkur að byggja nokkur sæmilega haffær skip úr rekaviði þegar best lét. En oftast voru þetta lítil horn. Síðan tóku auðvitað við stórstígar framfarir í þessari grein eftir því sem aðgengi manna að góðu efni batnaði. Útgerð blómgaðist í landinu og á köflum urðu

skipasmíðar, -iðnaður og -þjónusta að kraftmikilli og blómlegri atvinnugrein í fjölmörgum byggðarlögum landsins.

Þegar best lét, á tímum tréskipanna, voru því smíðaðir minni bátar og stærri, trillur og dekkbátar, á fjölmörgum stöðum á landinu. Eftir að stálskip tóku við voru allmargir staðir þátttakendur í þróuninni á smíði minni stálskipa. Á nokkrum stöðum á landinu, t.d. á Akureyri, Akranesi, í Reykjavík og Hafnarfirði, voru smíðuð allstór skip.

Því má bæta við, herra forseti, þótt ástæðulaust sé að þylja upp gamlar tölur, að þegar best lét störfuðu í þessari grein a.m.k. þúsund manns árum saman, þ.e. í skipasmíðunum sjálfum, skipaiðnaðinum sjálfum, hjá fyrirtækjum sem beinlínis stunduðu þá grein. Fleiri hundruð höfðu að auki óbeint atvinnu sína af skipasmíðum og þjónustu við skip í gegnum undirverktöku og margs konar þjónustu og samskipti við greinina.

Hins vegar hefur þessi atvinnugrein átt í miklum erfiðleikum um langt árabil og samdráttur nánast verið viðvarandi. Fyrirtækjum hefur fækkað til mikilla muna og rekstrarerfiðleikar hrjá mörg þeirra sem eftir eru. Sérstaklega hefur staða nýsmíðanna verið erfið og það má heita að nýsmíðar stærri fiskiskipa séu aflagðar í landinu. Þær eru það í reynd.

Staðan er því miður litlu skárri hvað varðar meiri háttar viðhaldsverkefni, endurbyggingar og endurbætur, því að slík verkefni fara unnvörpum úr landi. Meira að segja getur ríkið ekki lengur beint verkefnum frá sjálfu sér til innlendra aðila. Útboðsskilmálar þvælast fyrir mönnum eða jafnvel kaþólska, í þeim skilningi að menn vilja vera kaþólskari en páfinn hvað varðar útboðsskyldur og samkeppnisviðmiðanir. Um það er jafnvel deilt hvort menn séu alltaf að taka hagstæðustu tilboðunum þegar flutningskostnaður og frátafir vegna siglinga til og frá landinu o.s.frv. eru reiknuð inn í dæmið.

Það er auðvitað margt, herra forseti, sem veldur því að svo er komið sem raun ber vitni en það er enginn vafi á því að meginástæðan er sú að um langt árabil hefur íslenskur skipaiðnaður, óstuddur af stjórnvöldum, mátt sæta mjög erfiðri samkeppni við ríkisstyrkta og niðurgreidda starfsemi í nágrannalöndunum. Það blasir við og liggur fyrir, herra forseti, að þetta er ein meginástæðan, bæði fyrir því að nýsmíðar hafa að mestu leyti lagst hér af og líka að mörg stór verkefni, viðhalds- og endurbyggingarverkefni, fara úr landi.

Samkeppni við nýsmíðar frá löndum þar sem vinnulaun eru til muna lægri en hér hefur einnig verið greininni erfið. Það er auðvitað ljóst að sá þáttur spilar talsvert inn í. Í stað þess að taka mið af þeim veruleika og bregðast við honum, t.d. með sambærilegum hætti og norskur skipaiðnaður hefur gert, að láta vinna tiltekna hluta verksins þar sem vinnulaun eru lægri, þar sem stálvinna er ódýr, og ljúka þeim síðan heima fyrir, hafa Íslendingar yfirleitt brugðist öðruvísi við. Þau eru reyndar ófá, íslensku skipin, þar sem skrokkarnir hafa verið smíðaðir í Póllandi, skipin síðan dregin til Noregs og kláruð þar áður en þau koma fullbúin til Íslands. Það er ansi hart til þess að vita að Íslendingar sem eiga sjálfir nokkuð frambærilegan iðnað, t.d. hvað varðar vinnslulínur og annan búnað sem fer niður í fiskiskipin, séu meira og minna settir út úr samkeppninni vegna þess að verkin eru alfarið unnin erlendis.

Sem betur fer, herra forseti, er samt verið að gera ágæta hluti á köflum. Það má segja að í gangi séu lítil kraftaverk sem sanna að þetta er hægt og að Íslendingar gætu gert stóra hluti í þessum efnum ef öðruvísi væri að málum staðið. Ég nefni sem dæmi nýsmíðar fyrirtækisins Óseyjar í Hafnarfirði á minni fiskiskipum, stálskipum, bæði fyrir innlendan markað og nú til útflutnings. Það er umhugsunarefni að þetta fyrirtæki skuli vera með allmarga smíðasamninga, suma á borðinu og aðra frágengna, og hafa þannig sýnt fram á að það er möguleiki á að vinna þessa vinnu hér á landi, stálsmíðina sjálfa þar með talda, og selja slík verkefni úr landi á samkeppnisfæru verði. Marga og erfiða þröskulda þurfa menn þó að yfirstíga og stuðningur hins opinbera er vart fyrir hendi. Jafnframt má nefna hluti eins og eðlilega fjármögnun á byggingartíma, útflutningslán eða útflutningsábyrgðir þar sem samkeppnisaðilar í nágrannalöndunum ganga að alls konar útflutningskreditlánum vísum en menn eiga í hinum mesta barningi með að fá sambærilega fyrirgreiðslu hér heima.

Einnig má nefna talsverða grósku í nýsmíði plastbáta, smábáta og hraðfiskibáta af ýmsu tagi hjá allmörgum fyrirtækjum þó að sú starfsemi hafi haft tilhneigingu til að sveiflast dálítið upp og niður eftir því hvernig árar í lagasetningum um fiskveiðistjórn smábáta.

Einstök stór verkefni sýna líka hvað hægt er í þessum efnum. Ég gæti þar nefnt sem dæmi að nýlega náði Slippstöðin á Akureyri samningum um stórt endurbóta- og viðhaldsverkefni á einum af eldri frystitogurum landsins. Bara eitt slíkt verkefni breytir miklu fyrir starfsemi þess fyrirtækis á vetrarmánuðunum. Það má nefna að þó að Íslendingar geti ekki látið vinna verkefni við sín eigin varðskip hér á Íslandi heldur sigli þeim til útlanda getur danski herinn nýtt sér þjónustu íslenskra skipasmíðastöðva. Þannig mun Vélsmiðja Orms og Víglundar í Hafnarfirði hafa sinnt verkefnum fyrir danska herinn með herskip eða varðskip af Grænlandsmiðum. Hið fræga skip Vædderen hefur þar verið tekið upp í flotkví og því veitt þjónusta. Skyldum við ætla að þeir menn væru kröfuharðir og vandir að virðingu sinni og versluðu ekki við hvern sem er. Það er dálítið nöturlegt, herra forseti, að standa frammi fyrir því að íslensku varðskipunum sé siglt til útlanda en danski herinn komi hingað með varðskip til að fá þjónustu í íslenskum skipasmíðastöðvum.

Það sem við okkur blasir, herra forseti, er að engin stór nýsmíðaverkefni eru í gangi né fram undan svo vitað sé. Ekkert af því tagi er í sjónmáli. Það er alltaf heldur að fjara undan hinum stærri verkefnum sem nást inn í landið. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál vegna þess að smátt og smátt dregur úr þrótti þessarar atvinnugreinar, verkþekkingin tapast, afköstin minnka og menn verða þar af leiðandi síður samkeppnisfærir. Það sem íslenskur skipaiðnaður hafði þó lengi vel upp á að bjóða meðan hann var rekinn með fullri drift var að fjarlægðarverndin kom mönnum til góða. Menn gátu reiknað sér til tekna tapaðan tíma sem fór í að sigla skipunum til og frá landinu svo fremi að afköstin í íslensku stöðvunum væru a.m.k. sambærileg. Verði því ekki einu sinni til að dreifa, þegar í hlut eiga meiri háttar viðhaldsverkefni, er auðvitað orðið úr vöndu að ráða.

Engu að síður, herra forseti, ætlast allir til þess að ef á bjátar sé þjónustan til staðar. Menn treysta því. Ef skip laskast á miðri vetrarvertíð — segjum öflugt uppsjávarveiðiskip sem er að veiða fyrir tugi milljóna í viku hverri á hávertíðinni — finnst öllum sjálfsagt að hér standi klárar skipasmíðastöðvar með upptökumannvirkjum til að gera við það með miklum hraði þannig að það komist aftur til veiða. Það er auðvitað mikið hagsmunamál allra aðila að svo sé, bæði viðkomandi útgerðar eða sjávarútvegsfyrirtækis og þjóðarbúsins.

Herra forseti. Að lokum mun koma að því að menn geta ekki bæði sleppt og haldið. Það er ekki bæði hægt að vera með allar nýsmíðar og meiri háttar viðhalds- og endurbótaverkefni erlendis en ætlast jafnframt til að heima standi klárar skipasmíðastöðvar þegar á þarf að halda og þegar ekki gefst tími til að sækja þjónustuna til útlanda.

Ég held, herra forseti, að menn ættu að huga alvarlega að því að fara yfir stöðu þessara mála. Út á það gengur þessi tillaga, að farið verði í rækilega úttekt á samkeppnisstöðu íslensks skipaiðnaðar, komið með tillögur um að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, efla menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum. Það er einn áhyggjuþátturinn enn, herra forseti, hvernig göt hafa myndast í þær stéttir iðnaðarmanna sem þarna starfa. Ár líða og jafnvel árabil þannig að enginn nemi, svo vitað sé, er skráður í sumar faggreinar eða iðngreinar sem þarna eiga hlut að máli.

Það er ljóst, herra forseti, að á meðan skipaiðnaðurinn var sem blómlegastur — sem dæmi má taka Akureyri þar sem um 300 manns störfuðu í Slippstöðinni einni — var hann mikill mótor á bak við aðra iðnaðaruppbyggingu. Tugir fyrirtækja og hundruð starfsmanna höfðu beint og óbeint atvinnu og tekjur af því að þjónusta sjálf skipasmíðafyrirtækin. Allt tengdist þetta og myndaði kraftmikið umhverfi fyrir fjölþættar iðnaðargreinar. Eins og kunnugt er koma saman í skipaiðnaðinum margar greinar aðrar en járnsmíði eða stálsmíði, þar koma að rafiðnaðarmenn, trésmiðir og fjölmargir fleiri, fyrir utan auðvitað fagmenn á sviði hönnunar, skipaverkfræðinga, tæknifræðinga og aðra slíka.

Hér er, herra forseti, mjög mikið í húfi. Ég vona að þessi tillaga fái góðar undirtektir. Það má segja að hún sé til stuðnings og viðbótar því sem í gangi er á vegum ráðuneytis, Samtaka iðnaðarins og Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, þar sem unnið er að því að skoða starfsskilyrði iðnaðarins. Þá vinnu má nýta sér í starfinu sem tillagan felur í sér en til viðbótar yrði verkefni nefndarinnar að gera tillögur um aðgerðir af hálfu stjórnvalda sem snúið gætu að samkeppnisskilyrðum, starfsskilyrðum, menntunarmálum og öðru slíku sem hlúa þarf að í þessari grein ef ekki á illa að fara.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. iðnn.

[16:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga til þál. er að mörgu leyti þörf. Hún dregur auðvitað athyglina að þeirri sorgarsögu sem hlutur hins opinbera í skipaiðnaði á Íslandi er. Segja má að íslenskir ráðamenn hafi vaknað upp með andfælum einu sinni á síðasta áratug út af stöðu skipaiðnaðarins en þá fóru allar stöðvarnar á hausinn nema ein sem hafði farið á hausinn einhverjum árum þar á undan. Þannig er ástandið.

Hvers vegna skyldi þetta hafa verið svona? Að mínu viti er svarið að mönnum hefur verið fjarstýrt af þeim sem hafa ekki viljað að íslenskur skipaiðnaður hefði neinn forgang til vinnu við skipaiðnað á Íslandi. Margra ára barátta, t.d. forustu LÍÚ, gegn því að hér væru einhverjar reglur eða einhver stuðningur við skipaiðnaðinn sem ylli þeim einhverjum hindrunum er held ég alkunn öllum sem hafa fylgst með. Mér er minnisstætt þegar eitt skip sem smíðað var erlendis kom til Vestfjarða fyrir átta eða tíu árum — ég man að það hét Bessi — þá var tekið viðtal við formann LÍÚ og hann sagði: Ja, svona skip gætum við aldrei smíðað á Íslandi. Þessi orð segja allt sem segja þarf um afstöðu forráðamanna LÍÚ til skipaiðnaðar á Íslandi. Og þeir hafa ævinlega fengið að ráða ferð.

Við erum ekki bundin af einhverjum viðskiptasamningum við önnur lönd vegna skipaiðnaðar og höfum ekki þess vegna neyðst til að láta af stuðningi við skipaiðnaðinn. Hreint ekki. Síðasta dæmið um þetta er þegar íslensk stjórnvöld ákváðu að bjóða út verkefni á Evrópska efnahagssvæðinu. Hvernig endaði sá leikur? Hann endaði með því að Pólland fékk verkefnið. Ekki er Pólland á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar fékkst svolítið skringileg niðurstaða. Íslensk stjórnvöld buðu út á Evrópska efnahagssvæðinu og Pólland fékk verkefnið.

Síðan fóru menn að sigla til Suður-Ameríku og núna til Kína. Það eru nokkur ár síðan menn í skipaiðnaði sögðu fullum fetum að það væri mjög stutt í að iðnaðurinn færi sömu leið og upp úr 1990. Þegar öll stærstu verkefnin fara úr landi í þessum iðnaði getur ekki öðruvísi farið en að honum hnigni, og það hratt. Og þá hnignar öllu sem viðkemur þessum iðnaði, bæði verkþekkingunni og stöðu fyrirtækjanna. Nýtt fólk kemur ekki inn í þessa grein til að læra hana. Það hefur enginn áhuga á að starfa við atvinnugrein, að hasla sér þar völl til framtíðar, sem ekki er borin meiri virðing fyrir en þessari iðngrein á undanförnum árum.

Ég held að kannski megi velta ábyrgð stjórnvalda fyrir sér. Það var full ástæða til að halda að menn væru að snúa að einhverju leyti við blaðinu þegar átakið var gert í kringum endurreisn skipasmíðastöðvanna, líklega 1993 eða 1994, ég man ekki alveg ártalið. En menn hafa ekkert passað framhaldið heldur látið fjara undan þessu öllu í framhaldi af því.

Sú óvinveitta afstaða forráðamanna útgerðarinnar á Íslandi sem ég nefndi áðan er að mínu viti mjög dapurlegur kafli. Enn þá dapurlegra finnst mér að stjórnvöld skuli hafa látið þessa óvinveittu afstöðu hafa áhrif á sig. Þar hefðu menn þurft að standa í fæturna og styðja við skipaiðnaðinn sem er einhver mannfrekasti iðnaður sem hægt er að hafa í einu landi. Það skilja aðrar þjóðir. Þetta er óskaplega atvinnuskapandi starfsemi. Ætli nokkur iðnaður skapi fleiri afleidd störf en skipaiðnaður? Skilningurinn á þessu hefur ekki verið nægilegur hér. Auðvitað er ekki allt tapað en það mun kosta mikið átak að vinna til baka þann skaða sem hefur orðið.

Hér er jú verið að smíða einhverja smábáta, og það er gott. Það er eiginlega líka undravert að svo skuli vera. Ég kannast ekki við að stjórnvöld hafi stutt við bakið á þeim iðnaði. Reglur og annað sem þar að lýtur hefur síður en svo verið vinveitt því að menn væru að gera þessa hluti hér innan lands. Ástæðan fyrir því að það er hægt er sú að íslenskir fiskimenn gera gífurlegar kröfur til þessara litlu báta sem þeir nota. Þar af leiðandi er verið að nota smábáta á Íslandi til að gera hluti sem engum dettur í hug að gera annars staðar á jarðkúlunni. Það er verið að nota smáskeljar til að afkasta á við stór skip. Auðvitað gera menn það ekki nema þá með því að hafa þessa báta a.m.k. eins góða og tiltæk tækniþekking gefur möguleika á. Sú er ástæða þess að menn hafa verið að smíða þessa litlu báta á Íslandi. Þeir eru ekki ódýrari en framleiðslan hér í kring heldur passa þeir fyrst og fremst fyrir þær aðstæður sem hér eru.

Ég ætla ekki að tala lengi. Mig langaði samt til að taka undir það að hér þurfa menn að fara yfir málin. Það þarf að fara yfir margt í tengslum við skipasmíðar. Ég tel t.d. að full ástæða sé til að velta starfsemi Siglingastofnunar fyrir

sér í því sambandi og þeim reglum sem þar eru til staðar. Það er saga sem ég segi oft og víða. Líklega munu ekki vera önnur dæmi hjá íslenska ríkinu um að stofnun rekin af því hafi þann hátt á sem sú stofnun hefur, þ.e. það þarf enga tækniþekkingu, engin próf og engin réttindi til að teikna skip eða smíða á Íslandi.

[16:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það er auðvitað mikil þörf á því að gera tillögur um aðgerðir til þess að bæta samkeppnisskilyrði skipaiðnaðarins hér á landi og í raun eins og segir í greinargerð, að bjarga því sem bjargað verður og snúa vörn í sókn. Það er ekki seinna vænna ef ætlunin er yfirleitt að hér sé til fólk sem hefur þekkingu til þess að vinna þau verk sem þarf til að viðhalda hér á landi skipum af öllum stærðum.

Það er sorgarsaga hvernig skipasmíðaiðnaður okkar hefur þróast á undanförnum árum og í raun nánast lagst niður. Þar er, held ég, að stærstum hluta um að kenna stefnu íslenskra stjórnvalda. Ég held að þá þróun atvinnugreinarinnar megi að stærstum hluta skrifa á stefnu eða réttara sagt stefnu- og aðgerðaleysi sem stjórnvöld hafa sýnt þessum iðnaði.

Illa er komið fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendingum þegar þeir eru þannig í stakk búnir að þar er hvorki mannskapur né þekking til þess að takast á við endurnýjun og viðhald stærri verkefna hér á landi. Svo er ekki komið enn. Þó að umsvif undanfarinna ára gætu bent til þess að svo væri er þó enn ekki svo komið. Þessi þekking er enn til staðar og enn finnst hæft fólk. En ef svo heldur fram sem horfir og verið hefur á undanförnum árum endar það náttúrlega með því að fólk starfar ekki í þessari grein og það sem verra er, ungt fólk mun ekki mennta sig í þessi störf og ekki hafa á þeim mikla trú.

Það er auðvitað rétt sem fram hefur komið að harðnandi samkeppni frá láglaunalöndunum, bæði í nýsmíðum og viðhaldi skipa, má mæta með ýmsum hætti. Henni hefur verið mætt af öðrum þjóðum með því að kaupa skipsskrokkana, kaupa stálvinnuna, frá láglaunalöndum þar sem hægt er að vinna þau verk fyrir minni fjármuni en kannski hér á landi. Þó er ég ekki viss um að þetta sé í öllum tilfellum svona, þ.e. að stálsmíðavinna við smíði skipsskrokka hér sé mörgum sinnum dýrari fyrir útgerðarmann ef hann á annað borð ætlar sér að kaupa nýtt skip. Þar er auðvitað að mörgu að hyggja, t.d. flutningi á aðföngum til þess staðar þar sem skipið er smíðað, ferðum aðila til og frá og ýmsu öðru, löngum siglingartíma til Íslands, eins og núna síðast frá Kína.

Ég held ég muni það rétt að forsvarsmenn þess fyrirtækis sem hefur verið að smíða minni stálfiskiskip hér á landi, Óseyjar í Hafnarfirði, hafi haldið því fram og sýnt fram á með dæmum að þeir gætu vissulega verið samkeppnisfærir, m.a. við fjöldatilboð frá Kína í smíði minni fiskiskipa eins og þeirra seríuskipa sem flutt voru inn hér með einu flutningaskipi frá Kína, níu stykki í einu að ég held, og talið að þeir væru fullkomlega samkeppnisfærir í verði að teknu tilliti til flutningskostnaðar og heimsiglingartíma. Ég hygg að það sé rétt þegar upp er staðið með þetta Kínadæmi í minni skipunum. Ef allt er þar talið, allur kostnaður, hallar ekki mikið á í samanburði milli þess sem bestu fyrirtæki hér á landi geta gert í smíði minni stálfiskiskipa og þess sem varð niðurstaðan af kostnaðardæminu við hin minni Kínaskip.

Kröfur sem við gerum til smíði fiskiskipa eru miklar. Íslendingar gera miklar kröfur til hönnunar, smíði og afkastagetu svona skipa. Það er örugglega þannig varðandi það sem við höfum verið að semja um austur í Kína, t.d. eftirlit sem þar hefur verið haft með skipasmíðastöðvunum, að það hefur kennt Kínverjum margt um hvernig þjóðir á norðurhveli jarðar vilja hafa fiskiskip. Kínverjar hafa örugglega lært mikið af þeim kröfum sem Íslendingar hafa gert til smíði fiskiskipa. Það gerir þá auðvitað samkeppnisfærari. Við getum því líka litið svo á að með því að hafa farið þessa leið séum við í raun að veikja samkeppnisstöðu okkar til framtíðar með því að ýta undir þekkingaröflun í öðrum löndum. Ég veit ekki hvort það eigi að kalla þetta þróunaraðstoð eða eitthvað slíkt. Vel getur verið að einhverjir kalli það það.

Við eigum sem þjóð að þora að hafa þann metnað að vernda atvinnutækifæri okkar og þurfum ekki að vera neitt niðurlút yfir því að nota sömu tækifæri og sömu möguleika og aðrar þjóðir hafa notað. Norðmenn hafa m.a. flutt inn skrokka til skipasmíðastöðva sinna, jafnvel í skip sem við Íslendingar höfum svo keypt, frá þjóðum sem smíða þá með lægri kostnaði en við treystum okkur til hér, eða þeir í sínu landi.

Vissulega er því ýmislegt hægt að gera, en til þess þurfa stjórnvöld að vera jákvæð í þessu máli. Ég held að sú till. til þál. sem hér er til umræðu, um að endurreisa skipaiðnaðinn á Íslandi, eins og það er orðað, sé afar þörf. Þó að hér komi fram í greinargerð að nefnd sé að störfum eða starfshópur að skoða þessi mál þá tel ég að tillagan sem hér er lagt upp með geti eingöngu orðið til góðs. Ég styð hana heils hugar.

Ég held að við séum hér að tala um mál sem ekki er seinna vænna að taka á ef við ætlum á annað borð að tryggja það að eiga möguleika á að þjónusta skipaflota okkar. Það væri illa komið fyrir þjóð eins og Íslendingum sem byggir á sjósókn og fiskveiðum ef við værum þess ekki umkomnir að viðhalda okkar eigin skipum. Vissulega væri betra ef við treystum okkur í framtíðinni til að smíða okkar eigin skip, þó ekki væri nema að hluta til.

[16:56]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. umræðurnar og undirtektir við þessa tillögu og vil taka undir eða nefna nokkur atriði í því sambandi.

Í fyrsta lagi er ég sammála hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að það varð afdrifarík kollsteypa í íslenskum skipaiðnaði um og upp úr 1990. Enginn vafi er á því í mínum huga að þá hefði mátt bjarga miklum hagsmunum, íslenskum hagsmunum, ef stjórnvöld hefðu tekið öðruvísi á málum. Þá voru við lýði enn meiri niðurgreiðslur og styrkir til iðnaðarins í nálægum löndum en eru, það ég best veit, í dag. Þá voru til að mynda miklar vaxtaniðurgreiðslur á byggingartíma í norskum skipasmíðastöðvum þannig að það munaði þó nokkrum prósentum í verði skipanna þegar þau voru tilbúin til afhendingar. Þá voru sömuleiðis fjárfestingarstyrkir og fleira við lýði.

Á þessum tíma, um og upp úr 1990, hófst síðan talsverð endurnýjun í íslenska fiskiskipaflotanum. Þá fóru að koma fyrstu nýju stóru frystitogararnir. Þá var reyndar látið á þetta reyna og útreikningar birtir sem sýndu verðmuninn, að bilið var einhvers staðar á milli 10 og 20% sem bar í milli þess sem íslenskar skipasmíðastöðvar gátu boðið og þess verðs sem Norðmenn buðu og hirtu á flesta nýsmíðasamningana.

Þessi verðmunur var hins vegar langt innan við það sem ríkið tapaði í töpuðum skatttekjum og virðisauka af því að fá verkefnin inn í landið. Með öðrum orðum, það hefði verið góður bisness, ef svo má að orði komast, að jafna þennan

mun og ná verkefnunum inn í landið. Engu að síður var það ekki gert. Af hverju var það ekki gert? Það var ekki vilji til þess og ekki áhugi á því, m.a. hjá þeim sem fóru með iðnaðarmál á þeim tíma. Mig hefur lengi undrað tómlæti íslenskra hæstv. iðnaðarráðherra, bæði þeirra sem nú sitja og fyrr hafa setið, í þessum efnum. Ég leyfi mér að segja það, herra forseti, að ef margir þessir iðnaðarráðherrar hefðu haft aðeins meiri áhuga á íslenskum skipasmíðaiðnaði og almennum innlendum iðnaði en minni áhuga á álverum þá gætu þessir hlutir verið öðruvísi í dag.

Í framhaldinu fór í gang mikil endurnýjun á stóru uppsjávarveiðiskipunum sem hafa komið í röðum og eru að koma heim núna þessi missirin í röðum frá Kína og Chile fyrst og fremst, eitt og eitt frá Noregi. Þau eru nú engin smásmíði. Þetta eru skip upp á 1,2–1,5 milljarða kr. stykkið, allt upp undir 2 milljarða kr. Um gríðarlega stór verkefni er því að ræða og miklir hagsmunir eru þar í húfi. Bara það að ná einni slíkri nýsmíði, t.d. inn í málmiðnaðinn og skipaiðnaðinn og tengdar greinar á höfuðborgarsvæðinu og annarri á Akureyri mundi gjörbreyta stöðunni á þessum tveimur markaðssvæðum, gjörbreyta atvinnuaðstæðum fyrir málmiðnaðarmenn og aðra iðnaðarmenn.

Síðast en ekki síst, herra forseti, hefur hafist nokkur endurnýjun á bátaflotanum og tekur steininn úr, herra forseti, þegar þessi fiskveiðiþjóð fer að sækja sér báta, bátpunga, ekki nema 30, 50 eða þó að þeir séu 100 tonn að stærð, til Kína. Við getum ekki einu sinni byggt bátana okkar sjálf, hvað þá stærri fiskiskip eða flutningaskip.

Samt eru menn greinilega að sækja vatnið yfir lækinn í mörgum tilvikum. Þegar upp var staðið reyndust t.d. Kínabátarnir ekki ódýrir. Þeim fylgdu ýmsir kvillar og ýmis vandamál við að koma þeim af stað. Mikill kostnaður lagðist ofan á þessi viðskipti. Á sama tíma var smíðaður bátur af sambærilegri stærð í íslenskri skipasmíðastöð, tipp-topp verk á allan hátt, og þegar upp var staðið varð hann ívið ódýrari en kínversku bátarnir, af nokkurn veginn sambærilegri stærð. Ég vitna t.d. til bátsins Geirs ÞH á Þórshöfn og veit að ég má örugglega gera það með góðfúslegu leyfi eigendanna. Þar eru menn stoltir af því að hafa valið íslenska framleiðslu og sjá svo sannarlega ekki eftir því þar sem öll vinna er fyrsta flokks og engin vandamál hafa skapast. Menn gátu látið hanna smíðina og haga eftir sínu höfði og þurftu ekki að standa í því að kenna Kínverjum eða öðrum að Íslendingar skríða ekki um vélarrúm o.s.frv.

Herra forseti. Ég held að þetta sé oft og tíðum dapurlegt, ekki bara út frá þjóðhagslegu og atvinnulegu sjónarmiði, heldur hreinlega út frá því að menn eru oft að sækja vatnið yfir lækinn. Menn gætu fengið þjónustu eða framleiðslu á sambærilegu eða svipuðu verði hér innan lands af svipuðum eða meiri gæðum og sparað sér margt í þeim efnum. Auðvitað er það rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, Guðjóni A. Kristjánssyni, að sjálfsagt græðir erlendur skipasmíðaiðnaður í jafnfjarlægum löndum og Kína og Chile talsvert á því að þurfa að uppfylla þær ströngu kröfur sem kröfuharðir íslenskir kaupendur gera. Smátt og smátt ná menn betri tökum á því og það verður þeim til góðs. Það er svo sem allt í góðu lagi en það er dapurlegt að það skuli þurfa að vera á okkar kostnað.

Eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi líka koma skrýtnir hlutir út úr málunum eins og þegar íslensk stjórnvöld lyppast niður og þora ekki að beina verkefnum við viðhald eða endurbætur á sínum eigin skipaflota, eins og varðskipunum, inn í landið, telja sig verða að bjóða það út á hinu Evrópska efnahagssvæði og svo eru þau verk unnin í Póllandi. Það er náttúrlega með ólíkindum að menn skuli bera slíkt á borð. Það er ekki gefið eftir jafnvel þó að útreikningar séu lagðir á borðið sem benda til þess að menn hafi ekki beinlínis grætt á þeim viðskiptum.

Eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á held ég að Íslendingar, sem þjóð sem á mjög mikið undir sjávarútvegi og siglingum og samgöngum á sjó því að við erum einu sinni eyja úti í miðju Atlantshafi, ættu í alvöru að fara að velta upp spurningunni: Viljum við hafa í landinu skipaiðnað sem stendur undir nafni eða ætlum við að una því og sætta okkur við að svo fari kannski innan fárra ára að hér verði í besta falli hægt að skrapa og botnmála ef á þarf að halda og dytta að því allra nauðsynlegasta, skipta um olíusíur og eitthvað því um líkt? Það er auðvitað það sem mestu skiptir í þessari grein að afköstin, burðirnir, þekkingin og þjálfunin er að tapast. Það kostar mikið og ómælt erfiði að vinna það upp aftur ef það einu sinni glatast. Þó að við værum kannski ekki að hugsa um að smíða hér stór skip, flutningaskip, hefði maður haldið að í lengstu lög vildu menn halda í landinu verkþekkingu og getu til að byggja og a.m.k. þjóna þessum venjulegu fiskiskipum sem héðan eru gerð út. Þá er það akkúrat eins og þar segir, að það er ekki seinna vænna ef á að bjarga því sem bjargað verður.

Ég held, herra forseti, að vænlegast væri að í fyrstu umferð beindust tillögur til úrbóta um aðgerðir til að endurreisa á nýjan leik íslenskan skipaiðnað sérstaklega að því að auka hlut innlendra fyrirtækja í viðhalds- og endurbótaverkefnum. Um nokkurt árabil fleyttu menn sér býsna oft áfram á því að ná að halda inni í landinu velflestum eða verulegum hluta af stærri viðhalds- og endurbótaverkefnum sem í gangi voru. Það skipti miklu máli fyrir skipasmíðastöðvarnar á löngum tímabilum eftir að nýsmíðum á stærri skipum lauk. Nú hefur einnig þar sigið á ógæfuhliðina sem og að þessum endurbótaverkefnum hefur kannski farið fækkandi. Það er almennt búið að byggja yfir fiskiskipaflotann sem áður var ekki yfirbyggður. Það er búið að lengja og breikka mörg af eldri skipunum sem í gangi eru þannig að öllu meira verður ekki að gert. Fram undan er þá miklu frekar endurnýjun í formi nýsmíði á komandi árum. Kannski verðum við að sætta okkur við að ekki verði nema að litlu leyti ráðið við það, fyrr en þá að undangengnu miklu starfi, að ná þeim verkefnum inn í landið. En það er fullkomlega raunhæft að halda í viðhalds- og endurbótaverkefni og nýsmíði eða samsetningu á minni og meðalstórum skipum. Dæmin sem við höfum í höndunum sýna það. Fyrst og fremst vantar viljann, stefnumótun og vilja, til að drífa þetta í gegn. Ég held því fram að menn hafi því miður ekki óskaplega langan tíma til þess.

Það er alveg ljóst að á svæðum eins og í Póllandi og Kaliningrad, þar sem menn hafa byggt á ódýru vinnuafli og talsvert þjálfuðum mannskap í stálsmíðum, er veiki hlekkurinn í samkeppninni sá að gæði háþróaðrar vinnu hafa ekki þótt eins mikil. Niðursetning á háþróuðum tæknibúnaði og frágangur hefur ekki talist samkeppnisfær. Það hefur leitt til þess að menn hafa oft valið þann kost að kaupa skrokkana frá þessum svæðum en láta ljúka samsetningunni, setja saman og niður, t.d. í Noregi. Nú eru menn á þessum stöðum að sjálfsögðu að sækja fram og ætla sér að ná tökum á þessum þáttum líka. Gleymum því ekki að Pólland verður aðili að Evrópusambandinu eftir eitt eða tvö ár. Ég spái því að það

sé ekki seinna vænna að reyna að átta sig eitthvað á þessum samkeppnisaðstæðum ef menn ætla ekki að horfa á eftir, mér liggur við að segja, leifunum af íslenskum skipaiðnaði þangað út líka. Þá er ég að tala um þessi viðameiri verkefni sem eru það stór í sniðum að það borgar sig að sækja þau yfir hafið.

Forsvarsmenn skipasmíðastöðvanna og þeir sem eru starfandi í greininni nefna gjarnan við mann að vænleg byrjun væri að einbeita sér að því að auka markaðshlutdeild innlendu fyrirtækjanna í viðhalds- og endurbótaverkefnum og horfa til nýsmíða eða samsetningar á minni og meðalstórum skipum. Færu menn í þetta á þeim forsendum væri hægt að leggja grunn sem síðar meir gæti orðið til staðar til að sækja fram til frekari afreka. Auðvitað eigum við ekki að ætla okkur neitt annað en að vera jafnokar t.d. þjóðar eins og Norðmanna í skipaiðnaði.

Hvers vegna í ósköpunum ættu Íslendingar að sætta sig við minna en að eiga nokkur öflug fyrirtæki á þessu sviði sem stæðu fullkomlega uppi í hárinu á þeim sem best gera í Noregi? Við erum eiginlega að öllu leyti með sambærilegar aðstæður. Ekki er vinnuaflið ódýrara í Noregi. Þeir eru tengdir inn í Evrópusambandið með sama hætti og við í gegnum EES-samninginn. Við höfum að öllu leyti sömu möguleika og sömu stöðu og þeir. Við getum beitt öllum sömu styrkjum og Norðmenn sem hafa allt sitt prógramm úttekið af Evrópusambandinu. Það sem þeir geta, það getum við. Það liggur algjörlega fyrir. Hvað varðar alþjóðasamninga og skuldbindingar höfum við að þessu leyti nákvæmlega sömu stöðu. Við höfum þennan tiltölulega stóra heimamarkað sem er íslenski fiskiskipaflotinn. Það er því ansi hart, herra forseti, að þurfa að horfa á hversu dapurlega þessum hlutum er komið hjá okkur.

Herra forseti. Þó að þessi tillaga valdi kannski ekki straumhvörfum í málinu er hún tilraun til að vekja athygli á ástandinu og ýta aðeins við mönnum. Ég leyfi mér að segja að forráðamönnum væri hollt að hyggja stundum að því smáa. Það er fleira atvinna en stóriðja og sá er munurinn að hér er um gamalgróna, rótgróna og dreifða atvinnugrein að ræða, fjölbreytta, sem hefur mikil margfeldisáhrif. Hún er einhver sú mannaflafrekasta sem þekkist eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á, og má hann gerst vita sem fagmaður í greininni. Þannig hníga mörg rök að því að vilji stjórnvöld á annað borð gera eitthvað, leggja eitthvað af mörkum til að hlúa að atvinnugrein af þessu tagi, sé kjörið tækifæri í íslenskum skipaiðnaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vistvænt eldsneyti á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og GuðjG, 343. mál. — Þskj. 459.

[17:10]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi felur iðnaðarráðherra að skipa nefnd sem móti stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi. Nefndin taki m.a. afstöðu til álagningar á eldsneyti og fjalli um uppbyggingu innviða, framtíðarskipulag eldsneytismála, stuðning við tilraunir og áhrif vistvæns eldsneytis á íslenskt efnahagslíf. Nefndin verði skipuð fimm fulltrúum, frá iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og fyrirtækinu Íslenskri nýorku ehf. Tillögur nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. nóvember 2002."

Þannig hljóðar þáltill., herra forseti.

Í raun er hér um að ræða umhverfismál, samgöngumál, orkumál, iðnaðarmál, menntamál og efnahagsmál, eftir því hvernig á er litið.

Það er alveg ljóst að samgöngur í nútímasamfélagi gegna stöðugt mikilvægara og stærra hlutverki, og hafa bæði kosti og galla. Einn af göllunum er sá að samgöngur eru afskaplega dýrar. Þær kosta mikil samgöngumannvirki eins og við þekkjum vel í þeim öra vexti sem verið hefur á höfuðborgarsvæðinu. Við vitum hversu miklu fé hefur þurft að verja til að halda uppi því sem kallað er eðlilegar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu, og gildir í raun hið sama um hinar dreifðu byggðir.

Annar galli er á gjöf Njarðar, þ.e. sú gífurlega loftmengun sem fylgir hinni stöðugt vaxandi bílaumferð. Segja má að hún sé orðin alþjóðlegt vandamál í ljósi þess að umhverfismeðvitund hefur vaxið mjög um heim allan á hinum síðari árum, ekki síst í stórborgum þar sem hin staðbundna mengun frá bílum er orðin svo alvarlegt vandamál að stjórnvöld í einstökum borgum hafa þurft að grípa til harðra aðgerða, jafnvel á tímum að banna bílaumferð vegna þess að mengunin frá henni er lífshættuleg. Í skýrslu sem samin var fyrir bresku ríkisstjórnina og birt var, ef ég man rétt, í ársbyrjun 1997 var m.a. fullyrt að árlega létu milljónir Breta lífið vegna mengunar frá umferð á Bretlandi og eru þó ekki taldir þeir sem veiktust af þessu.

Hvað veldur svo þessari mengun? Svarið er ósköp einfalt og augljóst. Jarðefnaeldsneyti, bensín og dísilolía, hefur verið ráðandi orkugjafi, og er ráðandi í samgöngum nánast alla síðustu öld sem kalla mætti bílaöldina. Reyndar hafa verið og eru enn sums staðar í heiminum notuð kol í samgöngum, t.d. til að knýja járnbrautarlestir.

Ef við lítum bara til Íslands brenna bílar okkar árlega um 250 þús. tonnum af olíu til að knýja þá áfram. Enn merkilegra er að þessi rúmlega 250 þús. tonn leiða af sér u.þ.b. 600 þús. tonna útblástur af koldíoxíði hér á Íslandi eða u.þ.b. $^1/_3$ af heildarkoldíoxíðlosun á Íslandi. Það er í raun með því hæsta sem þekkist í heiminum hlutfallslega og á sér þá einföldu skýringu að aðrir orkugjafar okkar, svo sem vegna húshitunar og lýsingar, byggja á vistvænum orkugjöfum, þ.e. á jarðvarma og vatnsorku, sem aðrar þjóðir ráða ekki yfir. Eins og margoft hefur komið fram erum við heimsmethafar hvað það varðar að af heildarorkunotkun okkar eru u.þ.b. 67% orkunnar vistvæn. Staðreyndin er sú að $^1/_3$ af heildarlosun okkar eða um 600 þús. tonn af koltvísýringi er sá útblástur sem bílar í samgöngum á Íslandi spýja árlega frá sér.

Ef við lítum aðeins til framtíðar og til hvaða aðgerða muni verða gripið eða hægt að grípa — þetta eru þjóðir heims að skoða — þá er í greinargerðinni bent á nokkur atriði.

Fyrsta atriðið er auðvitað að auka meðvitund almennings, hina umhverfisvænu hugsun, með fræðslu og öðru slíku. Þannig væri hægt að draga úr bílaumferð, auka hjólreiðar, göngu, að fleiri en einn noti sama farartæki og þar fram eftir götunum.

Í öðru lagi er hægt að auka notkun almenningsvagna. Þarf ekki annað en líta til umferðarinnar á höfuðborgarsvæðinu á háannatíma þar sem einn er í hverjum bíl í flestum tilvikum en almenningsvagnar jafnvel afskaplega lítið notaðir.

Þriðja leiðin er síðan að finna einhverja nýja tækni. Öll þessi þrjú atriði komu m.a. fram í umræðum um Kyotosamkomulagið. Áherslan sem Bandaríkjamenn hafa lagt mikinn þunga á er m.a. að kalla eftir nýrri tækni.

Ef við lítum aðeins á tæknina, miðað við þá þróun sem á sér stað víða í heiminum í dag, þá eru menn almennt sammála því að rafhreyfillinn, sem er grundvöllurinn fyrir þessari hefðbundnu sprengivél í bílum, sé um það bil að ganga sér til húðar og muni gera það á næstu árum. Ekki vegna þess að tæknin sé úrelt í sjálfu sér, heldur vegna þeirrar umhverfismeðvitundar sem ég nefndi í upphafi máls míns, þ.e. hinnar pólitísku kröfu frá almenningi um að dregið verði úr staðbundinni mengun sem óhjákvæmilega fylgir sprengihreyflinum, rafhreyflingum og sprengivélinni. Þannig er almennt er talið að hann muni ganga sér til húðar. Sumir halda því jafnvel fram að ef horft er til lengri tíma, 20–30 ár fram í tímann, kunni að renna upp sú stund að olíuþirgðir heimsins fari þverrandi sem aftur leiði til verulega hækkaðs orkuverðs.

Í þessu samhengi er mikilvægt að draga fram, vegna þess að þetta er mikilvægur punktur, að hér er verið að tala um að skipta alveg um tækni í samgöngum. Það sjónarmið heyrist í vaxandi mæli, ekki síst í kjölfar atburðanna hræðilegu 11. sept. í New York. Það er spurningin um sjálfstæði þjóða. Þær þjóðir sem þurfa að flytja inn olíu eða jarðefnaeldsneyti eru að sjálfsögðu ekki fullkomlega sjálfstæðar. Þær eru háðar orkuverðinu, háðar bensínverðinu og þar fram eftir götunum. Þannig er vaxandi pólitískur þrýstingur á að finna nýja tækni sem geri hverja þjóð sjálfbærari í orkuöflun og þar af leiðandi sjálfstæðari.

Ég vil í öðru lagi nefna rafgeyminn. Eins og kunnugt er hafa rafbílar verið þekktir í nokkuð mörg ár en ekki náð mikilli útbreiðslu. Það stafar m.a. af því að rafgeymarnir í þeim voru lengi vel heldur óhagkvæmir, það mynduðust í þeim eyður, var erfitt að fylla þá og þeir voru níðþungir. En nokkuð hröð þróun hefur verið hvað varðar rafgeymana nú á síðustu árum. Einhverra hluta vegna hafa þessir bílar þó ekki náð miklum vinsældum þó að þess séu dæmi, t.d. í sumum borgum Evrópu, að gerðar hafi verið tilraunir með þetta og rafmagnsbílar taldir þjóna afskaplega vel sem innanbæjarbílar.

Þess má geta að hingað til lands hafa á síðustu árum verið fluttir um það bil 10 rafmagnsbílar sem m.a. fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og í Keflavík keyptu. Þeir hafa dugað nokkuð vel.

Þá má nefna, herra forseti, að etanól er notað víða í heiminum, t.d. í Brasilíu. Það er gjarnan unnið úr trjákvoðu þar sem skógarhögg er mikið. Hér hafa verið umræður um það að vinna etanól úr lúpínu. Ég vil nefna lífrænt gas og mjög ánægjulegar tilraunir hafa verið gerðar hér fyrir afskaplega kraftmikið frumkvöðlastarf Ögmundar Einarssonar, forstjóra Sorpu. Þar eru hinar rotnandi lífverur á öskuhaugum eru virkjaðar og í tengslum við starf Ögmundar Einarssonar eru núna akandi á götum höfuðborgarinnar um það bil 20 metangasbílar og mun þeim líklega fara fjölgandi.

Ég bendi jafnframt á tilraunir á Suðurlandi að nota kjötmjöl til að framleiða svokallað biodiesel, þ.e. nota kraft- og efnahvörf úr kjötmjöli til að knýja bíla áfram. Sums staðar er jarðgas notað, m.a. á almenningsfarartæki, en það er varla til umræðu hér því að ekkert jarðgas hefur enn fundist á Íslandi. Ég nefni svokallaða tvinnbíla sem eru í raun með blöndu af vistvænni aðferðum og hinum hefðbundnum sprengiaðferðum og geta skipt á milli eftir því hvernig á stendur og þannig mætti áfram telja.

Ég hygg að tækni á þessu sviði muni verða notuð á Íslandi á næstunni. Samt sem áður er það trú mín að það sem muni verða ráðandi sé vetni og efnarafalar. Ég byggi það einfaldlega á því að flestir stærstu bílaframleiðendur heimsins hafa lýst því yfir og verja milljörðum kr. árlega í þróunarstarf á því sviði. Vetnistæknin hefur verið þekkt í aldaraðir en fór ekki að verða hagkvæm fyrr en geimferðastofnun Bandaríkjanna fór að nota hana til geimferða. Þegar hafa verið búnir til nokkrir vetnisbílar í tilraunaskyni og hef ég orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að keyra tvo eða þrjá slíka. Því er almennt spáð að fjöldaframleiðsla á vetnisbílum muni hefjast í heiminum 2004–2005.

Íslendingar hafa verið svo lánsamir að bílaframleiðendur og ýmsir erlendir aðilar hafa veðjað á Ísland sem tilraunavettvang hvað varðar þessa vetnistækni. Ísland er talið heppilegt vegna smæðar sinnar og þess að það er opið fyrir alþjóðlegu samstarfi, vegna aðgangs að vistvænum orkugjöfum jafnframt því sem við höfum reynslu af því að skipta úr einum orkugjafa yfir í annan, þegar við fórum úr kolum og olíu yfir í vatnsorku og jarðvarmaorku. Það er reynsla sem fáar þjóðir hafa. Þetta eru taldar draumaaðstæður til að tilraunakeyra tækni sem er í mjög örri þróun. Þar hefur sannarlega mikið verið að gerast á allra síðustu missirum og er mjög margt í gangi eins og rakið er í greinargerðinni.

Aðeins um orkunotkunina. Samkvæmt úttekt sem félagið Íslensk nýorka lét gera, en það er í eigu Íslendinga og hinna erlendu aðila og hefur það að markmiði að koma efnarafölum og vetnistækninni í notkun hérlendis í samráði við Orkustofnun, er áætlað það þurfi um það bil 4,8 teravattstundir til að framleiða það vetni sem þarf til samgangna, þ.e. í bíla og skip hérlendis, 2,1 teravött í bílana og 2,7 teravött í skipin. Það eru aðeins tæplega 10% af þeirri orku sem talin er virkjanleg hér og er þá búið að taka ýmsar náttúruperlur burt. Inni í þeirri tölu eru auðvitað ekki aðrir orkugjafar eins og vindurinn. Ég bendi á að um þessar mundir eru hér erlendir aðilar að skoða Ísland sem heppilegan kost til þess að framleiða vistvæna og ódýra orku úr vindi þannig að orkan virðist vera nægjanleg.

Þá má jafnframt benda á að í vetnisvæðingunni er m.a. yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að skoða möguleikana á því að stefna að því að Ísland verði vetnissamfélag fyrir árið 2030. Það gerist ekki í einu vetfangi. Bílar og skip sem nú þegar eru í notkun þurfa að víkja. Sú fjárfesting þarf auðvitað að ganga sér til húðar og þessi breyting mun auðvitað verða smám saman eins og sýnt er á línuriti á bls. 8 í greinargerðinni.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum en ég vek athygli á að fjölmörg verkefni eru í gangi núna í tilraunasamfélaginu Íslandi og fer stöðugt fjölgandi. Þau hafa vakið verðskuldaða athygli erlendis og fengið mikla umfjöllun í erlendum fjölmiðlum og eru góð landkynning. Markmið þessarar tillögu, herra forseti, er að nefnd fjalli um málið og geri tillögur um þær nauðsynlegu lagaráðstafanir sem þarf til að búa Ísland undir það að nota nýja orkugjafa í samgöngum.

Að lokinni þessari umræðu mælist ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. iðnn.

[17:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að blanda mér í umræðu um þessa till. til þál. Ég er sammála því að móta eigi stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi og þó fyrr hefði verið. Á nefndinni og samsetningu hennar hef ég ekki beinlínis skoðun. Það verður að vera breið aðkoma að þessari nefnd en hvort þar eigi að vera fulltrúar allra ráðuneyta og fyrirtækis sem er saman sett af innlendum aðilum og útlendingum, ég er ekki viss um að það sé rétta leiðin. En að móta stefnu um vistvænt eldsneyti, ég er sammála því.

Þessi tillaga er athyglisverð fyrir margra hluta sakir, ekki bara vegna hugmyndarinnar um að móta stefnu um vistvænt eldsneyti. Hugmyndin sem slík er löngu komin fram og í nokkur ár höfum við fjallað um möguleika Íslands á að nýta vistvænt eldsneyti og hvað þurfi að gera til að svo verði. Þessar hugmyndir eru heldur ekki nýjar hvað varðar álagningu á eldsneyti.

Herra forseti. Uppbygging innviða, framtíðarskipulag eldsneytismála og rannsóknir á vistvænu eldsneyti eru þýðingarmikið verkefni, en það er samt ekki tillaga um stefnumörkun sem vekur athygli. Heldur hvað? Heldur frá hverjum þessi tillaga kemur. Þessi tillaga, jafnágæt og hún er og sérstaklega vil ég geta þess að það er mjög ítarleg og yfirgripsmikil greinargerð sem fylgir þessari tillögu, er flutt af Hjálmari Árnasyni og Guðjóni Guðmundssyni sem eru þingmenn stjórnarliðsins.

Samflokksmaður flm., iðn.- og viðskrh., hefði fyrir löngu átt að setja þetta mál forgang miðað við það sem fram hefur komið á liðnum árum, miðað við umræðuna um vetnið og umræðuna um möguleika Íslands, sem er heppilegt, eins og hér kom fram, vegna smæðar sinnar til að verða vetnissamfélag. Það er ekki nóg, herra forseti, að vera með góða fjölmiðlaímynd af vetnisreknum strætó og styðja tilraunaakstur ef allt sem máli skiptir vantar.

Það sem er athyglisvert við þessa tillögu er nákvæmlega það sem ég hygg að flutningsmaður hefði ekki kosið að vekti athygli, nefnilega að hún beinir sjónum að aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Hvað hefur ríkisstjórnin gert? Hefur hún lokið við rammaáætlun um virkjanaröð? Nei. Hefur hún gert heildstæða úttekt á orkumálum samgangna hérlendis? Nei. Hefur hún búið til áætlun um þróun orku og samgangna, t.d. með tilliti til vetnisvæðingar? Nei. Hefur hún sett fjármagn í rannsóknir á lághitasvæðum sem skipta máli í orkuvæðingarstefnu okkar? Nei, en það hafa hins vegar þingmenn flutt tillögur um.

Er ríkisstjórnin yfirleitt að gera eitthvað sem máli skiptir hvað varðar hugsanlega vetnisvæðingu bíla- og bátaflotans? Nei. Þvert á móti. Allt snýst um að reisa risavirkjanir á viðkvæmustu náttúrusvæðum fyrir álver, ekki til að fá orku til þess að framleiða vetni fyrir framtíðina, með nýrri hugsun og möguleikanum á að verða í fararbroddi.

Herra forseti. Satt best að segja hefur umræðan hér um orkulindir og nýtingu orkulindanna verið afskaplega svart/hvít. Af því að þingmaðurinn beindi sjónum að Bandaríkjunum og því sem þar er verið að gera, sem er hárrétt, ætla ég að nefna annan þátt. Fyrirhugað var að byggja u.þ.b. 13 gamalkunnar virkjanir á viku í Bandaríkjunum, þessar hefðbundnu með gasi, olíu og kolum, mengandi orkugjöfum. Hörð umræða um þetta varð í Bandaríkjunum sem Bush tapaði. Snertir það okkur nokkuð á Íslandi? Já, vegna þess að menn sneru þessari umræðu við og fóru í framtíðarperspektífið um vetni sem hinn spennandi kost.

Í apríl í fyrra var haldinn fundur á sjálfri Capitol Hill og það var einn boðskapur á þessum fundi: Vetni, hinn spennandi kostur framtíðarinnar. Um það voru stærstu væntingarnar. En hvað haldið þið að hafi líka verið þar í fyrirrúmi? Uppi á vegg var stórt kort af Íslandi og sagt frá því að á Íslandi væri tilraunaverkefni komið í gang, að á Íslandi væru framsýn stjórnvöld sem ætluðu að gera Ísland að fyrsta hreina hagkerfinu, the First Hydrogenic Economy, að rosalega framsýn stjórnvöld væru að gera þar spennandi og merkilega hluti. Sagt var að áður hafi verið talið að u.þ.b. 30 ár væru þar til hægt yrði að vetnisvæða en nú væri því haldið fram að tæknilausnir fyndust innan tíu ára vegna nýrra efnarafala, vegna þess sem þingmaðurinn gerði hér ágætlega grein fyrir. Einnig var sagt að Ísland væri geysilegur brautryðjandi í orkumálum miðað við það sem væri verið að setja í gang á Íslandi. Ætli þessa menn hafi órað fyrir því að fyrirtæki samansett af erlendum fyrirtækjum og með lítilli en mikilvægri aðild Háskóla Íslands hefði verið fengið það verkefni að sjá um þessa hluti? Ætli þetta fólk sem þarna var saman komið á fundi og allir þeir sem beina sjónum hingað til Íslands vegna hugsanlegrar vetnisvæðingar — ég þarf ekki að segja þingmanninum að hingað koma sjónvarpsstöðvar í gríð og erg. Hér eru haldnir fundir. Hingað komu þingmenn frá Evrópusambandinu og fulltrúar héðan eru kallaðir til útlanda til að mæta á mikilvæga fundi til að fjalla um þessi mál — ætli þá óraði fyrir því sem ég hef talið upp hér, að það er hreinlega ekkert verið að gera af hálfu ríkisstjórnar Íslands í þessum málum. Það er athyglisvert við þessa tillögu að á meðan þessir aðilar mundu vísast telja að markvissara sé unnið að því en raun ber vitni að Ísland verði fyrsta orkuhreina hagkerfið í heiminum þá er það svo að það eru þingmannatillögur sem hafa verið fluttar um þessi mál, ekki bara núna heldur líka áður. Þetta er það sem vekur athygli, herra forseti.

Ég er alveg sammála þingmanninum að það eigi að móta stefnu um orkuframleiðslu og orkunotkun, um hvar, hvenær og hvernig eigi að virkja og hvernig eigi að nýta orkuna og forgangsraða þessu, hvernig stjórnvöld styðji við þróun orkuvinnslu og nýtingar og hver staða nýrrar tækni verði, svo sem vetnisbílanna og rafmagnsbílanna sem þingmaðurinn nefndi hér. Það verður að móta stefnu um það hvernig stuðla megi að því að nýta innlenda orkugjafa til að knýja bifreiða- og skipaflota landsins og efla rannsóknir í þessu skyni og gera heildstæða úttekt á orkuþörf í samgöngum og á fiskiskipum og draga saman alla kosti um það hvernig nýta megi innlendar orkulindir í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég hefði kosið að halda mína ræðu og fara nánar yfir það sem stjórnvöld væru að gera ef hér hefði komið fram þáltill. stjórnvalda frá hæstv. iðn.- og viðskrh. um hvernig ætti að fara í þessi mál. Þetta er allt sýndarveruleiki, herra forseti, því miður. Því miður, vegna þess að ég er sammála þingmanninum í því hvert stefna skuli.

[17:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég get nánast tekið undir hvert orð sem hv. síðasti ræðumaður, Rannveig Guðmundsdóttir, sagði í ræðu sinni og ætla að reyna að forðast að endurtaka nokkuð af því sem hún sagði.

Till. til þál. um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi er náskyld till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu sem

hefur í þrígang verið flutt á Alþingi en aldrei hlotið náð fyrir augum stjórnar Alþingis þannig að hún hefur aldrei ratað úr nefnd og Alþingi þar af leiðandi aldrei fengið að tjá sig um hana nema við fyrri umr. í þrígang. Sú tillaga gerði ráð fyrir því að Ísland tæki forustu í vetnisvæðingunni, mundi ganga fram fyrir skjöldu með gott fordæmi og að mótuð yrði hér á landi sjálfbær orkustefna til framtíðar.

Þann þátt í þeirri tillögu sem við hér nú ræðum tek ég hjartanlega undir. Ég lýsi því þó yfir að sorglegt er til þess að vita að það skuli þurfa að flytja þingmál af þessu tagi aftur og aftur án þess að þau hljóti í alvöru náð fyrir augum ríkisstjórnarinnar. Það er í raun kaldhæðnislegt að hv. þingmenn stjórnarflokkanna, Hjálmar Árnason og Guðjón Guðmundsson, skuli þurfa að ganga þessa leið á þeim nótum sem þeir eru að ganga nú.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að nýtingu orkulindanna í landinu fylgja óhjákvæmilega umtalsverðar fórnir náttúruverðmæta. Af því að hér var til umfjöllunar fyrr í dag rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma og af því að hér var dreift á borð þingmanna í dag frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar þá er rétt að geta þess að sú tillaga sem hér er til umfjöllunar snertir öll þessi svið. Ríkisstjórnin ætlar að hunsa sína eigin rammaáætlun með því að taka ótal virkjunarkosti undan rammaáætluninni eins og sýnt er á þskj. 795 í máli 503 sem ég nefndi áðan og var dreift á borð þingmanna í dag.

Skelfilegt er til þess að vita að þar skuli komin fram áætlun um virkjunarkosti sem virðast vera nokkuð bindandi og eiga að framleiða raforku upp á einar 13 teravattstundir umfram það sem nú er framleitt. Nú skulum við aðeins skoða þá orku sem við erum að framleiða, orkuna sem við erum að nota í dag og orkuna sem hv. þm. Hjálmar Árnason og Guðjón Guðmundsson ætla að nýta í vetnissamfélagið.

Við notum í dag 8 teravattstundir, 8,4 eða 8,6. Það er ekki alveg samræmi í tölunum sem við fáum, en við erum að framleiða í dag u.þ.b. 8,5 teravattstundir. Hv. þingmenn gera ráð fyrir að vetnissamfélagið þurfi 4,6 teravattstundir, þ.e. forsenda þeirrar vetnisvæðingar sem getið er í tillögunni er sú að virkjað verði og framleitt rafmagn upp á 4,6 teravattstundir. Hvar ætla hv. þm. að taka þetta rafmagn þegar ríkisstjórnin er á sama tíma og þeir leggja fram þessa tillögu búin að leggja fram röð virkjana sem útheimta 13 teravattstundir til viðbótar við þær 8,5 sem við framleiðum í dag og til viðbótar við þær 0,6 teravattstundir sem við þurfum í stækkun raforkumarkaðsins til 2012? Samhengi hlutanna, herra forseti, verður að skoðast. Ég spyr: Hvar er orkusparnaðaráætlunin sem fyrrv. hæstv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason talaði fyrir á sínum tíma þegar hann kynnti langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar til sjálfbærrar þróunar? Sú orkusparnaðaráætlun hefur ekki litið dagsins ljós enn þann dag í dag. Ríkisstjórnarflokkarnir eru ábyrgir fyrir því. Nú tefla ríkisstjórnarflokkarnir tveimur af sínum þingmönnum fram fyrir skjöldu til þess að flytja tillögu af því tagi sem hér er. Hún er allra góðra gjalda verð en það er ekki hægt að skoða hana af alvöru nema í samhengi við allt hitt sem ríkisstjórnin þykist ætla að gera í orkumálum.

Skoðum aðeins hversu umhverfisvæn þessi ríkisstjórn er og stjórnarflokkarnir, af því að þess var getið í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að þessari tillögu fylgi ansi greinargóð og fín greinargerð. Það eru orð að sönnu og heilmargt athyglisvert kemur fram þar. Eitt og annað mætti þar gagnrýna og ég hefði því í góðu tómi mjög gaman af að leggja margar spurningar fyrir hv. þm. Hjálmar Árnason. Eitt af því sem getið er um í þessari greinargerð er allur sá áhugi sem erlendir aðilar hafa sýnt Íslandi sem vetnissamfélagi. Það eru orð að sönnu að hv. þm. hefur verið ötull að koma hugmyndum sínum og fyrirtækisins Íslenskrar nýorku á framfæri í útlöndum. Hann hefur algjörlega náð í gegn með það. Þetta hefur vakið mikla athygli, eins og segir í greinargerðinni, og fjöldi sjónvarpsstöðva hefur komið hingað til Íslands og sérstök athygli er vakin á því í greinargerðinni að ríkisstjórn Íslands hefur verið afhent viðurkenning fyrir framsýnina, svokölluð „Green Globe Award" sem forsrh. veitti viðtöku á sínum tíma. Skoðum það nú aðeins, herra forseti, af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði af hverju ríkisstjórnin hefði ekki lagt þetta frv. fram. Og hver er stefna ríkisstjórnarinnar í vetnisvæðingarmálunum?

Ég er með úrklippu úr Morgunblaðinu frá 27. apríl 2001 þar sem fjallað er um Green Globe Award, þessi verðlaun sem hæstv. forsrh. tók við úr höndum Mikhails Gorbatsjovs í New York fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og þar kemur fram, í grein sem Morgunblaðið skrifar um umhverfissamtökin sem standa að baki þessum verðlaunum, að samtökin Green Cross International eða Alþjóða græni krossinn séu umhverfissamtök sem stofnuð hafi verið árið 1993 í framhaldi af umhverfisráðstefnunni í Ríó sem var haldin 1992. Gott og vel. Við vitum öll hvernig ríkisstjórnin hefur staðið sig í því að framfylgja ákvæðum Ríó-yfirlýsingarinnar. Við vitum öll hvernig ríkisstjórn Íslands hefur staðið sig í því að berjast fyrir undanþágum frá losunarkvótum. Það hefur verið gagnrýnt í þessum sal og þarf ekki að fara fleiri orðum um það. En þess má geta að í þessari grein Morgunblaðins er sagt frá markmiði þessara samtaka, Green Cross International. Nú ætla ég að fá að vitna beint í þessa grein, með leyfi hæstv. forseta.

„Markmið GCI er einkum að hvetja til sjálfbærrar framtíðar með því að maður og náttúra rækti samband sitt í samhljómi. Vilja samtökin beita sér fyrir hugarfarsbreytingu og vinna þau sérstaklega að því að fá svonefndan jarðarsáttmála, Earth Charter, samþykktan innan Sameinuðu þjóðanna. Hann felur í sér leiðbeiningar fyrir einstaklinga og þjóðir til sjálfbærrar framtíðar."

Allt er þetta gott og gilt. En það er kaldhæðnislegt, herra forseti, að Davíð Oddsson skyldi hafa tekið verið verðlaunum úr hendi þeirra manna sem hafa ritað undir þessa sáttmála, sérstaklega í ljósi þeirrar virkjunarstefnu sem hæstv. ríkisstjórn keyrir hér áfram.

[17:42]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Ýmislegt athyglisvert kom þar fram. Einn hv. þm. nefndi að nú tefldi ríkisstjórnin fram þeim hv. þingmönnum sem flytja þessa þáltill. meðan annar hv. þm. sagði að nú sæki þeir fram. Hér talaði einnig hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir um sýndarveruleika. Ég vara við svona talsmáta einfaldlega vegna þess að það er réttur og skylda hvers þingmanns að flytja hér þingmál ef einstakir þingmenn hafa áhuga á því til þess að fá umræðu á hv. Alþingi, í þingnefndum og vonandi til að koma málinu áfram ef þeir telja það þess virði. Þess vegna flytja menn hér þingmál m.a., þ.e. til þess að reyna að fá umræðu og til þess að hafa áhrif. Þess vegna vil ég vara við því að hv. þingmenn skuli tala eins og þeir gerðu um það hvers vegna væri verið að flytja þessa þáltill.

Ég vil jafnframt svara því að það var gert nokkuð tortryggilegt, fannst mér, að nefndin ætti að vera skipuð fulltrúum svo margra ráðuneyta, hvers vegna ekki aðeins eins ráðuneytis og þar fram eftir götunum. Það er bara þannig, eins og ég reyndi að rekja í framsöguræðu minni, að málið snertir svo óskaplega mörg svið. Það snertir álögur á bensín eins og er í dag. Það snertir fjármögnun vegakerfis okkar. Það snertir rannsóknir. Það snertir menntun. Það snertir efnahag. Það snertir umhverfi og þannig má áfram telja. Það er einmitt þess vegna, af því að málið snertir nánast flest ráðuneyti sem eru hér starfandi, að við leggjum þessa þáltill. fram til þess að hvert og eitt þessara ráðuneyta tilnefni sinn fulltrúa í málið og taki heildstætt á því.

Herra forseti. Það er nú bara svo að Ísland hefur tekið ákveðna forustu í vetnisvæðingu. Við eigum að vera stolt af því en ekki tala eins og hér hefur verið af tveimur síðustu hv. þm., gera málið tortryggilegt og reyna að þyrla upp einhverju gruggi, segjandi svo hinum þræðinum að við séum sammála málinu efnislega.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að gert sé ráð fyrri að útlendingur sitji í nefndinni. Það er líka misskilningur hjá hv. þm. að einungis Háskóli Íslands sé fulltrúi Íslendinga í Íslenskri nýorku. Íslensk nýorka er í 51% eigu íslenskra aðila og byggir á sameignarfyrirtæki, Vistorku, sem er „holding company" íslenskra fyrirtækja og stofnana sem eiga 51% í Íslenskri nýorku. Hin 49% skiptast svo jafnt á milli Daimler-Chrysler, Shell International og Norsk Hydro, en ekkert þeirra telst smáfyrirtæki. Inn í það kemur Háskóli Íslands. Inn í það kemur Iðntæknistofnun. Þannig má áfram telja.

Það fyrirtæki varð til á grundvelli nefndar sem hæstv. iðnrh. skipaði og sú nefnd lagði til að slíkt alþjóðlegt félag, þó í meirihlutaeigu Íslendinga, yrði stofnað til þess að taka við þeim erlendu aðilum sem þá höfðu þegar sýnt áhuga á Íslandi hvað varðar vetnisvæðingu. Ég stýrði þeirri nefnd. Við töldum það einfaldlega mjög skynsmlega leið að færa málið í það horf. Ég endurtek að það var hæstv. iðnrh. sem skipaði þá nefnd og skapaði henni öll þau starfsskilyrði sem þurfti og hún skilaði árangri.

Það er rangt hjá hv. þm. að allt vanti hvað varðar þessa framtíðarsýn. Fyrir liggur, og ég tel að það hafi verið meginatriði þegar við stóðum í samningaviðræðum við hina erlendu aðila sem er ætlað að flytja tæknina hingað til landsins, yfirlýsing frá ríkisstjórn Íslands, undirrituð af hæstv. forsrh., hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. þar sem segir að ríkisstjórn Íslands styðji það og að það sé framtíðarsýn hennar að breyta íslensku efnahagslífi í vetnissamfélag á næstu 30 árum. Slík pólitísk yfirlýsing frá ríkisstjórn hefur gífurlega mikið að segja og það get ég fullyrt hér að skipti sköpum hvað varðaði áhuga, ekki bara þessara aðila, heldur fjölmargra annarra sem hafa komið að þessu máli, erlendra sem innlendra.

Það er einmitt á þeim grundvelli sem samtökin, sem hér voru gerð að umtalsefni og reynt var að gera nokkuð tortryggileg, veittu ríkisstjórn Íslands verðlaun fyrir skynsamlega stefnu í nýtingu vistvænna orkugjafa, í fortíð, nútíð og framtíð.

Ég vil líka vekja athygli á því, til að svara því að allt vanti, að ríkisstjórn Íslands hefur lagt fjármagn bæði í samningaviðræður og í þau verkefni sem er verið að undirbúa núna. Eitt þeirra verkefna sem er langt komið og mun verða líklega hleypt af stokkunum í lok þessa árs kostar allt í allt u.þ.b. hálfan milljarð króna. Ég held ég muni það rétt. Þar af kemur inn í stærsti styrkur sem Evrópusambandið hefur veitt Íslendingum. Svo skulu menn spyrja hvers vegna það er.

Það snýst aðeins um þrjá strætisvagna sem eiga að keyra hér. (**Gripið fram í:** Hvað var hann hár?) Ég hygg að íslensk stjórnvöld hafi veitt fyrir utan óbeina aðild frá öllum ríkisstofnunum, með hvatningu frá ríkisstofnunum, styrk sem skiptir tugum milljóna króna. Styrkurinn frá Evrópusambandinu er á milli 300 og 400 millj. kr. í þetta eina verkefni.

Þar að auki hefur Evrópusambandið styrkt önnur verkefni sem unnin eru af Íslenskri nýorku með fulltingi íslenskra stjórnvalda, þ.e. frekari rannsóknir á framleiðslu vetnis, m.a. úr jarðvarma og rannsóknir á hagkvæmni þess að flytja út vetni og þar fram eftir götunum. Það sem er merkilegt við það er að Evróusambandið hefur hvatt til þess að sótt verði um slíka styrki.

Hingað hefur komið iðnaðar- og orkunefnd Evrópuþingsins en það er ekki á hverjum degi sem fagnefndir Evrópuþingsins koma til Íslands. Hvers vegna skyldi hún hafa komið hingað? Það veit hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Hún kom hingað vegna þeirra vetnisvæðingaráforma sem hér eru í gangi og vegna þeirrar stefnuyfirlýsingar sem er til staðar frá ríkisstjórn Íslands. Ef hv. þm. efast um þessi orð vísa ég hv. þm. á heimasíðu orkunefndar Evrópuþingsins þar sem fjallað er um heimsókn þeirrar nefndar hingað.

Þingmaðurinn vísaði til yfirlýsingar á Capitol Hill. Það er hárrétt. Hvers vegna skyldu nú m.a. Bandaríkjamenn fjalla mikið um það sem við erum að gera hér? Það er ekki einungis vegna þess að fjölmiðlafólk hefur komið hingað heldur hafa þeir boðið okkur Íslendingum að senda fulltrúa á aðalfund bandarísku vetnissamtakanna síðustu tvö skipti sem þar hefur verið haldinn aðalfundur. Þar hafa Íslendingar verið beðnir að kynna sína framtíðarsýn í vetnismálum. Þeir eru síðan í stöðugu sambandi með nútímasamskiptatækni þannig að þeir vita nákvæmlega hvað er að gerast hér. Þeir vita nákvæmlega hver stefna stjórnvalda er. Þeir vita nákvæmlega hver vilji stjórnvalda er.

Það er kannski vegna þessa að í leiðara Wall Street Journal þann 7. janúar sl., frekar en 11. janúar, er fjallað einmitt um þessi mál í Bandaríkjunum. Ég vek athygli á því að Wall Street Journal er líklega eitt af virtari ritum í veröldinni. Tugir manna lesa það. Þar er verið að fjalla um orkumál almennt, í Bandaríkjunum þó ekki síst, og er komið inn á vetnistæknina. Eftir ágætar hugleiðingar m.a. um sjálfbæra orkuöflun og sjálfstæði þjóðar endar sá leiðari á mjög skemmtilegum orðum:

„Við höfum ráð handa þér, herra Bush. Farðu til Íslands með ráðgjafa þína og tæknimenn og sjáðu hvernig stefna hefur verið mótuð þar á þessari litlu eyju."

Þá varðandi orkuöflunina í tillögu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um sjálfbæra orkunýtingu. Þar er mjög ítarlega fjallað um orkuöflun hér. Rétt er að taka það fram að þær tölur um orkuþörf til vetnisframleiðslu í vetnisdraumum okkar eru þó ekki neinar draumatölur sem ég eða starfsmenn Íslenskrar nýorku gefa sér. Þetta er unnið í nánu samstarfi við starfsmenn Orkustofnunar. Í greinargerð með tillögu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um sjálfbæra nýtingu, er m.a. fjallað um vetnisvæðinguna. Þar er ein skekkja beinlínis vil ég segja sem eðlilegt er að leiðrétta. Þar er fjallað um vetnið fyrst og fremst eins og að nota eigi það á sprengihreyfla.

Ég vil vekja athygli á því að bílaframleiðendur, með einni undantekningu þó, eru langsamlega flestir að veðja á

svokallaða efnarafala eða „fuel"-sellur þar sem vetnið er leitt á þessa efnarafala, en sprengihreyfillinn er lagður til hliðar. Vetnisbílar á efnarafölum eru bara eins og rafmagnsbílar. Í stað þess að taka rafmagnið inn á rafgeymi framleiða þeir sitt eigið rafmagn með því að leiða vetni á efnarafala. Orkunýting á vetni með þeim hætti er rúmlega helmingi meiri en ef vetni er sett á sprengihreyfil. Það er tæknilega hægt — það voru m.a. gerðar tilraunir með slíkt hér uppi í Gufunesi af okkar ágæta frumkvöðli á þessu sviði, Braga Árnasyni prófessor — það er hægt að nota vetni á sprengihreyfil en það er einfaldlega ekki talið hagkvæmt vegna þess að orkunýtingin verður svo lítil þar. Sama má segja í rauninni um bensín á sprengihreyflum. Orkunýtingin er að meðaltali þar svona í kringum 25–26% og bílaframleiðendur telja að hún verði aldrei miklu meiri. Þessi 75% fara út m.a. sem mengun. En orkunýting vetnis á efnarafölum er talin vera á bilinu 50–80%. Á þessu er reginmunur og kann að skýra þann talnamun varðandi orkunýtingu vetnis á efnarafölum eða vetnis sem notað er á sprengihreyfla. En bílaiðnaðurinn í heiminum veðjar á og ver milljörðum kr., tugum milljarða kr., í þróun og rannsóknir á efnarafölum því „fuel"-sellur eru framtíðin samkvæmt yfirlýsingum flestra forstjóra og stjórnendra slíkra fyrirtækja.

Herra forseti. Tíminn er að renna út. Ég vil bara segja að lokum að ef þeir tveir hv. þm. sem töluðu í þessari umræðu — og ég vil þakka fyrir þá umræðu — eru sammála þeirri meginstefnu sem hér er verið að kynna, eins og mér heyrðist á máli beggja hv. þm., þá vil ég hvetja þær til þess að styðja málið frekar en að fara fram með þeim hætti sem var gert að mörgu leyti, að gera málefnið tortryggilegt, saka íslensk stjórnvöld um ýmislegt sem ekki stenst og jafnvel að fara með rangar tölur.

[17:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við þessa síðari ræðu þingmannsins er sú tillaga sem hér er mælt fyrir fullkomlega óþörf vegna þess að þetta er allt í fullum gangi sem við erum að gagnrýna stjórnvöld fyrir.

Herra forseti. Ég ætla að draga það til baka að ríkisstjórnin hafi ekkert gert. Hún hefur gert tvennt. Hún hefur sett fram pólitíska yfirlýsingu sem hefur vakið athygli út um lönd og gerir það að verkum að hingað koma í stríðum straumum erlendir þáttagerðarmenn og ýmsir aðilar, m.a. þingmennirnir frá Evrópusambandinu sem ég hitti í sumar. Og hún hefur sótt um styrki og fengið þá. Það þýðir ekkert fyrir þingmann að bregðast við með þessum hætti þegar við bendum á að tillaga hans, sem við styðjum af því við viljum stefnu í málinu, af því við viljum að það verði skoðað hvernig unnt er að virkja til þess að vetnisvæða — tillagan fram komin með þessum hætti frá tveimur stjórnarliðum dregur athyglina að aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar. Þingmaðurinn verður að gera sér grein fyrir því að hann er að flytja tillögu um að móta stefnu af því stefnan er ekki til. Þetta eru staðreyndir málsins sem við erum að benda á.

Herra forseti. Bara eitt atriði. Komið hefur fram hjá þeim sem vinna við þessi mál að unnt er að nota afgas frá stóriðju á Íslandi til að framleiða metanól. Hefur ríkisstjórnin stigið eitt skref í því að semja við stóriðjufyrirtæki, t.d. þessi nýju sem nú eru að koma til landsins, um að ef þau komi og fái raforku þá verði þau veskú að láta afgas af hendi til þess að þar fáum við gífurlega auðlind? Nei. Það er ekki verið að gera neitt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það eru aðrir að framkvæma og þingmaðurinn vill að ríkisstjórnin setji fram stefnu af því að stefnan er ekki til.

[17:59]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er enn við sama heygarðshornið og segir að ríkisstjórnin hæstv. geri ekkert í málinu. Það er rangt og það veit hv. þm. og það hefur verið rakið hér.

Það er alveg ástæðulaust að gera lítið úr pólitískri yfirlýsingu ríkisstjórnar. Það er sú pólitíska yfirlýsing sem hefur dregið að, ekki bara fjölmiðlafólk þó vissulega skipti það máli, heldur fjárfesta, tæknifólk og vísindamenn. Hún hefur dregið að það fólk sem er í þessum hugleiðingum eða er úr þessum vetnisgeira. Það er vegna þess að íslenska ríkisstjórnin er að bjóða Ísland sem tilraunavettvang á þessu sviði. Hæstv. ríkisstjórn hefur stutt þetta með ráðum og dáð. Hún hefur veitt fjárframlög til þess. Hún hefur hvatt til þess með þeim ágæta árangri sem raun ber vitni. Það segir í raun allt sem þarf að segja.

En af því að hv. þm., sem er mjög annt um umhverfið eins og okkur öllum, nefndi metanól þá er það ein leið sem hefur verið skoðuð. Hún hefur komið fram í viðræðum margra aðila sem hingað hafa komið, m.a. við hæstv. iðnrh. Það er mér ljóst. Ég veit af því. Ég hef setið á slíkum fundi. En ég vil vekja athygli á því að metanólframleiðslan er ekki 100% vistvæn því að til þess að framleiða metanól þarf að hafa annars vegar hreint vetni og síðan þarf kolmónoxíð sem er sullað út í vetnið. Það er hægt að keyra efnarafala bíla á slíku en þá kemur útblástur. Þetta er því ekki 100% vistvænt. Þessa leið er hins vegar m.a. er verið að skoða á vegum Íslenskrar nýorku, ekki síst fyrir tilstuðlan hæstv. ríkisstjórnar.

[18:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að metanólnotkun hefur þann kost að þá er hægt að nota kerfið sem er til staðar í landinu í dag og dæla metanóli á bíla sem verða með slíka rafala, og þann ókost að það er ekki algjörlega útblástursfrítt. Á móti kemur að erfitt er að finna leið til að vetnisvæða bifreiðarnar eða aðrar vélar svo sem í skipaiðnaði með hreinu útblástursfríu vetni vegna þess að geymslumöguleikann vantar. Þetta vitum við bæði.

Herra forseti. Það sem þingmaðurinn er sjálfur að draga fram styður nákvæmlega þau atriði sem ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir erum að gagnrýna á sama tíma og við tökum undir með þingmanninum. Hann á sannarlega að gleðjast yfir því. Hér hafa tveir þingmenn talað og stutt hann í því sem hann er að setja fram. Við bendum á að um leið dregur hann athygli að því að það er ekki stefna hér. Svo segir hann í síðari ræðu sinni að íslenska ríkisstjórnin bjóði landið fram sem tilraunavettvang fyrir fjárfesta.

Hann er að segja það sama og við. Íslensk stjórnvöld hafa ekki gert vetnisvæðinguna að sinni. Þau hafa verið með pólitískar yfirlýsingar, þau hafa sagt að það væri svo flott ef Ísland vetnisvæddist og yrði fyrsta hreina orkuhagkerfið í heiminum. En þeir ætla ekki að setja krónu í það — jú, eina millj. frá Háskóla Íslands í nýorkuverkefnið, þ.e. fyrirtækið. Peningar eru ekki settir í verkefnið, ekkert gert sem máli skiptir. Öðrum er leyft að þróa eitthvað og verið er að bjóða hingað heim.

Það er ekki ástæða fyrir stjórnmálamenn á Capitol Hill til að horfa hingað og segja: Framsýn stjórnvöld, þarna á að vetnisvæða heilt land.

[18:03]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ástæðulaust fyrir hv. þm., Rannveigu Guðmundsdóttur, að tala um kollega okkar, m.a. frá Evrópuþinginu, vísindamenn, umhverfissinna í Bandaríkjunum, fjárfesta frá Bandaríkjunum, eins og idjóta. (Gripið fram í.) Hv. þm. kemur hér og talar eins og þessir þingmenn viti ekkert um Ísland.

Þessir einstaklingar eru í fyrsta lagi afskaplega vel upplýstir á upplýsingaöld. Í öðru lagi hafa fulltrúar flestra þessara samtaka komið til Íslands. Þeir hafa rætt um það sem er að gerast í orkumálum á Íslandi. Þeir hafa rætt um Kárahnjúkavirkjun. Þeir hafa rætt um þær pólitísku deilur sem eiga sér stað hérlendis. Þeir hafa fjallað um vetnisvæðinguna.

Þess vegna er það eiginlega alveg út í hött fyrir hv. þm. og eiginlega finnst mér alveg til vansa að hv. þm. skuli tala um þetta fólk eins og idjóta. (**RG:** Þetta er rangt.) Ég vil jafnframt ítreka að þessi málflutningur hv. þm., að ríkisstjórn Íslands hafi ekkert gert, er rangur. Það er vísvitandi gert því að ég trúi ekki að hv. þm. tali af slíkri vanþekkingu sem kom fram í lokaræðunni, m.a. að Háskóli Íslands hafi sett eina millj. í verkefnið og það sé eini stuðningur hæstv. ríkisstjórnar. Hv. þm. veit að það er rangt, það er röng fullyrðing. Ég hef reynt að rekja það sem hefur komið fram og hef ég þó ekki talið allt. Mér finnst ástæðulaust af hv. þm. að gera lítið úr hinni pólitísku yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og jafnframt viljanum til að fylgja henni eftir.

Menn eiga stundum til að gleyma því að stjórnarandstaða á ekki bara að þyrla upp ryki, hún þarf að fara rétt með og hún á að vera jákvæðari.

[18:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að lýsa því yfir úr þessum ræðustóli að ég er tilbúin til að vaða eld og brennistein með hv. þm. Hjálmari Árnasyni til að Ísland geti orðið vetnissamfélag innan 30 ára. En sú yfirlýsing mín er skilyrt. Hún er bundin því skilyrði að ríkisstjórnin hæstv. snúi frá villu síns vegar í stóriðjumálunum.

Ég spyr hv. þm.: Hvernig getur hann kinnroðalaust sem formaður iðnn. haldið því fram að hér eigi að fara að virkja, eins og kemur í ljós í því þingmáli sem ég nefndi áðan og var dreift á borðin okkar, 13 teravattstundir í stóriðju, og svo ætlar hann að búa til með hinni hendinni vetnissamfélag fyrir u.þ.b. 4,8 teravattstundir? Hvernig getur þingmaðurinn haldið þessu fram?

Ég segi líka, herra forseti: Ég ætla ekki að gera lítið úr pólitískri yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar um að Ísland verði mögulega vetnisvætt eftir 30 ár. En ég leyfi mér að gagnrýna þann tvískinnung sem mér finnst vera í stefnu ríkisstjórnarinnar.

Vetnisvæðingin gæti orðið hér á Íslandi það sem hæstv. ríkisstjórn ætlar stóriðjunni að vera núna. Hvers vegna snýr hv. þm. ekki bara bökum saman með þeim sem hafa haft uppi varnaðarorð gegn þeim gífurlegu virkjanaframkvæmdum sem eru á teikniborðinu varðandi stóriðjuna? Förum í vetnisvæðinguna og gerum hlutina skynsamlega, gerum rammaáætlun og ákveðum fyrir fram í hvað við ætlum að eyða orkulindunum okkar. Munum bara að við getum aldrei virkjað án náttúruspjalla.

[18:07]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið vildi ég að við gætum gengið hönd í hönd, vaðið eld og brennistein, til að koma vetnisvæðingunni á. En hræddur er ég um að það handtak kunni að slitna ef hv. þm. er hörð á þeim skilyrðum sem hún setti.

Ekki er tími í stuttu andsvari til að fara í umræðu um stóriðju enda hún ekki á dagskránni. Ég segi þó það að að lokinni ítarlegri vinnu ágætra starfsmanna Íslenskrar nýorku og starfsmanna Orkustofnunar, sem horfa afskaplega hlutlægt á málið, er niðurstaðan einfaldlega sú að þau stóriðjuáform sem uppi eru núna og vetnisvæðingin fara vel saman.

Ég væri til í að fara í langar og miklar stóriðjuumræður um hin miklu glóbaláhrif sem snúa að því hver munurinn er á að reka stóriðju sem byggir á kolum og olíu, eins og í Mósambík, eða að nota stóriðju, álver hér sem notar vistvænu orkugjafana okkar. Þar greinir okkur á.

Hins vegar hafa umhverfissamtök, m.a. Green Globe, Pew Center on Global Climate Change og önnur slík virt alþjóðleg samtök, lofað og prísað það að Íslendingar skuli leggja sitt af mörkun til að draga úr alþjóðamengun, alheimsmengun, með því að bjóða sína vistvænu orkugjafa. En ég ítreka það að stóriðjustefnan og vetnisvæðingin fara saman.

[18:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki mörgu hægt að koma að í stuttum andsvörum og okkur liggur mikið á hjarta í þessu máli. Varðandi tölurnar sem hv. þm. talaði um í ræðu sinni ætlaði ég að vera búin að hafa um nokkur orð en lét ákafann bera mig í einhverja aðra átt í fyrra andsvari. Hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi tölur um orkuþörf vetnisframleiðslu sem koma fram í till. minni til þál. um sjálfbæra orkustefnu. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir u.þ.b. 20 teravattstundum í það að vetnisvæða Ísland, þ.e. að afskaffa með öllu jarðefnaeldsneytið. Í tillögu hv. þm. skilst mér hins vegar að gert sé ráð fyrir tæpum 5 teravattstundum í hið sama en þó er það ekki alveg ljóst því að hann nefnir eingöngu bíla og skip. Auðvitað notum við jarðefnaeldsneyti til annarra þarfa þannig að mér sýnist við ekki vera að tala um alveg sömu stærðirnar.

Þetta þarf auðvitað að skoða og ég vænti þess að það verði gert í hv. iðnn. Það verður þá reiknað út á sem bestan hátt en Orkustofnun kom að útreikningi þeirra talna sem eru í minni þáltill. þannig að það hefur þá kannski eitthvað breyst í forsendum stofnunarinnar. Eitt vil ég segja um tölur. Hv. þm. fer með fleipur þegar hann segir að við eigum óvirkjaðar 50 teravattstundir í vatnsafli og jarðvarma á Íslandi þegar búið er að draga frá einhverja virkjanakosti vegna náttúruspjalla eða vegna þess að vernda þurfi einhverjar náttúruperlur.

Sú tala er röng hjá hv. þm. og ég gæti haft hér langt mál um það hvers vegna hún er röng því að ég hef kynnt mér þessi mál afar vel og hef heyrt sjálfan orkumálastjóra, Þorkel Helgason, lýsa því yfir að í vatnsaflinu geti verið ásættanlegt að virkja 25 teravattstundir. Þá getur hv. þm. varla gert ráð fyrir því að við eigum 25 teravattstundir eftir í jarðvarmanum.

Hafi ég farið með rangar tölur í máli mínu hefur hv. þm. einnig gert það í sínu.

[18:12]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir heldur því fram og byggir á útreikningum sínum að um 20 teravattstundir þurfi til að vetnisvæða Íslendinga.

Í vinnu Íslenskrar nýorku sem byggir á samstarfi þeirra aðila sem ráða yfir vetnistækninni og eru sérfræðingar á því sviði og sérfræðinga Orkustofnunar fá menn út töluna 4,8, þ.e. 2,1 teravattstund á bílana og 2,7 teravattstundir á skipin. Samtals eru það 4,8 teravattstundir, og er langur vegur frá þeim og upp í þær 20 teravattstundir sem hv. þm. telur að þurfi til vetnisvæðingarinnar.

Ég held að forsendurnar séu einmitt þær sem ég nefndi áðan, að hv. þm. gefur sér að vetnið eigi að fara í sprengihreyfla. Vetnisvæðingin gengur ekki út á það. Hér verða ekki bílar með sprengihreyfla og nota vetni heldur verða bílar með efnarafala og vetni og þar af leiðandi er nýtingin tvisvar til þrisvar sinnum betri.

Ég held hins vegar að það sé engin tilviljun að talan 20 teravattstundir er fengin heldur sé hún reiknuð út með gleraugum vinstri grænna sem vilja fá slíka tölu upp einmitt í því skyni að sýna fram á að vetnisvæðing og stóriðjustefna fari ekki saman. Þar erum ég og hv. þm. einfaldlega ósammála en ég stend við töluna 4,8 teravattstundir sem byggir á aðferðum sérfræðinga, bæði í orkumálum og efnarafalatækni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur verkefna frá stjórnsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 488. mál. — Þskj. 773.

[18:14]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum ríkisins til sýslumannsembættanna á landsbyggðinni. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Gísli S. Einarsson, Kristján L. Möller og Svanfríður Jónasdóttir.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvaða verkefni er unnt að flytja frá stjórnsýslustofnunum ríkisins til sýslumannsembættanna á landsbyggðinni. Nefndin undirbúi einnig flutning verkefna og stefni þannig að því að gera embættin að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði.

Allmiklar umræður hafa farið fram um byggðamál nú síðustu daga. Byggðamál hafa verið með stærstu verkefnum ríkisstjórna á undanförnum áratugum. Hins vegar hefur margt verið sagt um þau málefni en á það bent að minna hafi verið gert. Það væri betra ef verkin opinberuðust í réttu hlutfalli við öll fögru fyrirheitin og orðin sem fallið hafa um málefni byggðanna á undanförnum áratugum. Þessi tillaga mælir fyrir um að kanna til hlítar og undirbúa hvort ekki sé raunhæfur grundvöllur fyrir því að stórefla embætti sýslumanna á landsbyggðinni. Það hefur vakað fyrir að ríkisstjórnir hafi viljað fækka sýslumannsembættunum, leggja nokkur sýslumannsembætti niður, og það hefur verið gert undanfarin ár. Það er ekki aðferð til þess að styrkja byggðina. Þessi tillaga gæti orðið mótvægi gegn slíkum hugmyndum með því að styrkja og efla sýslumannsembættin og flytja til þeirra fleiri verkefni.

Eins og kunnugt er greinast verkefni sýslumanna annars vegar í lögreglustjórn, ásamt öðrum störfum við að halda uppi lögum og rétti, og hins vegar almenn umboðsstörf. Þannig hafa sýslumenn með höndum innheimtu á tekjum ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki falin sameiginlegum gjaldheimtum. Sýslumenn fara og með tollstjórn hver í sínu umdæmi utan Reykjavíkur, umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og umsjón sjúkratrygginga.

Á sama hátt mælir ekkert gegn því að sýslumenn geti haft umboð fyrir aðrar ríkisstofnanir eftir því sem nauðsyn krefur til að koma á betri þjónustu og nánari samskiptum en verið hefur við fólkið úti á landi. Þetta er einföld leið til þess að styrkja byggð, efla búsetu og bæta lífskjör á landsbyggðina. Hér opnast miklir möguleikar, einnig til að flytja ákveðin stjórnsýsluverkefni af höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina og bæta þar með þjónustuna við fólkið heima í héraði.

Hér koma margvísleg verkefni til greina. Verkefni hinna almennu umboðsstofnana sýslumanna yrðu ekki síst fólgin í að miðla upplýsingum, veita fyrirgreiðslu, hafa á hendi afgreiðslu tiltekinna málaflokka og sinna svæðisbundnum viðfangsefnum fyrir einstakar ríkisstofnanir. Þá koma til greina leyfisveitingar ýmiss konar, úrskurðarvald í vissum málum, margháttuð eftirlitsstörf og annað sem varðar eiginlega stjórnsýslu og á betur heima hjá svæðisbundnu umboðsvaldi í héraði en miðstýringu Stjórnarráðsins. Þetta mál fjallar því um leið til að efla valddreifingu. Þetta mál fjallar einnig um þjónustudreifingu, að flytja vald og þjónustu frá stjórnsýslustofnunum á höfuðborgarsvæðinu, eins og við á, heim í hérað.

Við getum hugsað okkur að stór hluti af víðtækri eftirlitsstarfsemi með atvinnulífinu gæti vistast hjá embættum sýslumanna, hjá umboðsdeildum embætta sýslumanna. Eins og kunnugt er fer fram mjög víðtæk eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera sem nær eðlilega til atvinnulífsins um allt land. Það er kunnara en frá þurfi að segja að opinberir eftirlitsmenn eru víðförlir um landsbyggðina og hafa eftirlit með margs háttar starfsemi. Það má kanna hvort ekki sé grundvöllur til að þessa starfsemi megi að stórum hluta vista hjá sýslumannsembættunum og spara þar með mikinn kostnaði í leiðinni. Þessi tillaga er því ekki einvörðungu flutt hér til að auka valddreifingu heldur líka í sparnaðarskyni. Það bendir allt til þess að ef þessi tilhögun yrði tekin upp í ríkari mæli mundi hún spara útgjöld fyrir ríkissjóð.

Það er brýnt að gripið verði til aðgerða í byggðamálum. Það er búið að tala, lofa og gefa fyrirheitin. Fólkið á landsbyggðinni bíður eftir því að fyrirheitin breytist í verk, að verkin verði látin tala. Þessi tillaga sem ég mæli hér fyrir er einmitt grundvöllur til að láta verkin tala. Þetta er bein tillaga um aðgerðir, um að stíga einfaldlega stutt skref sem þó gæti orðið til að lyfta grettistaki og haft veruleg áhrif hvort tveggja í senn, eflt atvinnulíf, bætt þjónustu og ekki síst aukið valddreifingu.

Herra forseti. Þessi tillaga var fyrst flutt á 117. löggjafarþingi. Það eru sjö ár síðan hún var fyrst flutt. Heita má að á þessum sjö árum hafi byggðaþróunin verið hin sama og verið hefur um nokkurra áratuga skeið. Ef nokkuð er hafa búferlaflutningarnir aukist á sl. sjö árum, í mesta góðæri Íslandssögunnar. Það er brýn þörf á að gripið verði til aðgerða og í þeirri von er þessi tillaga flutt.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. allshn.

[18:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni, þingmanni Samfylkingarinnar, fyrir flutning þessarar tillögu og hvernig hann mælti fyrir henni. Hér er óskað eftir því að ríkisstjórnin skipi nefnd sem kanni hvaða verkefni sé hægt að flytja frá stjórnsýslunni að sunnan til sýslumannsembættanna, sem verði þá stjórnsýslumiðstöðvar í dreifbýlinu á hverjum stað.

Ég hef alla tíð talið að farsælt væri að fara slíka leið við umræður um þessi mál sem oft hafa tekið svo, hvað á maður að segja, skrýtna snúninga, þ.e. þegar rætt er um tilflutning verkefna frá þéttbýli til dreifbýlis. Í þessum sal höfum við margsinnis farið í gegnum umræðuna um að flytja stofnanir. Við þekkjum allar hliðar þeirrar viðkvæmu umræðu. Það hvarflar ekki að mér að fjalla um þau mál í umræðum um þessa tillögu. Í þessari tillögu eru engir viðkvæmir þættir. Þessi tillaga er eðlileg og það að flytja verkefni frá einni stofnun til annarrar er góð lausn.

Á síðustu árum hafa orðið til ný verkefni og ný þjónusta sem mikilvægt er að allir hafi aðgang að. Þessi verkefni eru kannski eingöngu unnin hér fyrir sunnan og þjónustan eingöngu veitt á þessu svæði. Það er með ólíkindum hve ríkisvaldið hefur verið svifaseint og hugmyndasnautt varðandi það að flytja eða réttara sagt, staðsetja ný verkefni annars staðar en hér í þéttbýlinu. Það er ótrúlega svifaseint og hugmyndasnautt. Segja má að viðbrögð ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar í þessum málum undanfarin ár séu nákvæmlega jafnlítil og í því máli sem ég var að ræða hér við hv. þm. Hjálmar Árnason fyrir stundu. Hann taldi að mikið hefði verið að gert af hálfu ríkisstjórnarinnar með því að ríkisstjórnin gæfi yfirlýsingu og hefði áform. Minna máli skipti hvort þeim áformum var fylgt eftir með fjármögnun eða aðgerðum. Við höfum á liðnum árum búið við yfirlýsingar og áform, aftur og aftur, en framkvæmdin situr eftir.

Í gær var rætt á Alþingi um tveggja ára gamla skýrslu um áform í byggðamálum. Umræðan varð ekki mjög löng vegna þess að skýrslan sem var til umræðu var úrelt, ekki bara vegna þess að hún átti að vera fyrir árin 2000 og 2001 eða hvort það var skýrsla sem átti að ræðast 2000 fyrir árið 2001 og 2002, hvort tveggja er jafnarfavitlaust. Seinagangurinn hefði átt að nægja til að Alþingi hefði lagt skýrsluna til hliðar en það var ekki eingöngu þess vegna sem hún var úrelt heldur vegna þess að önnur nýrri skýrsla, með nýjum áætlunum, var komin á vef byggðamálaráðherra. Það er sorgleg staðreynd að þrátt fyrir skýrslur og ýmis góð áform hefur ekki verið unnt að snúa við íbúaþróun á landsbyggðinni. Flutningurinn suður hefur aukist og úrræðum til að þjóna fólki í heimabyggð hefur fækkað.

Ljóst er að miklar þjóðháttabreytingar hafa orðið, ekki aðeins í atvinnuháttum — og ég undirstrika að ég dreg á engan hátt úr þeim mikla vanda sem orðið hefur vegna breytinga á atvinnuháttum — heldur beinlínis aðrar samfélagsbreytingar. Fjölskyldur og einstaklingar hvar sem er á landinu gera aðrar kröfur í dag en fyrir 30 eða 20 árum. Viðhorf manna hafa breyst á síðastliðnum 10 árum. Fólk vill hafa aðgang að sömu lífsgæðum hvar sem það býr á landinu. Fólk vill hafa aðgang að sérfræðiþjónustu og allri þeirri þjónustu sem við í þéttbýlinu lítum á sem sjálfsagðan hlut og getum gengið að í næsta húsi en sem fólk sem býr í dreifbýli á yfirleitt ekki aðgang að nema sækja hana suður.

Þessir þættir, breytingarnar og kröfurnar, hafa gert það að verkum að fólk sem gjarnan vill búa í húsinu sínu áfram, í byggðinni sinni og umhverfi sínu, kýs samt að flytja, oft vegna þess að eitthvað bjátar á, stundum eitthvað stórt sem erfitt er að sinna heima fyrir. Oft eru það þó smávægileg atriði ef við settum það undir mælistiku okkar. Þau verða risastór í umhverfi þess fólks sem þarf að sjá á eftir börnunum sínum vegna menntunar, þarf að fara á milli með börn sín vegna veikinda eða fylgja á eftir öldruðum foreldrum. Fjölskyldan flyst því jafnvel öll vegna vandamála sem ekki er sinnt þar sem hún er búsett.

Þess vegna, herra forseti, er mikilvægt að þjónusta sem fólk þarf að sækja suður í dag, sem unnt væri að veita á heimaslóð, verði veitt í héraði. Þess vegna er þessi tillaga um flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum, eða eins og hér segir, ekki eingöngu bara frá stofnunum heldur líka frá ráðuneytum. Lagt er til að þau verkefni sem unnt er að veita þar verði flutt til umboðsvaldsins í héraði og þar með mundi þjónustan heima fyrir batna. Það skiptir máli fyrir fólk á landsbyggðinni.

Þess vegna, herra forseti, styð ég þessa tillögu eindregið og óska þess að hún fái brautargengi í hv. allshn. Ég hefði viljað óska þess að við hefðum rætt hana fyrir fullum sal við þá sem hafa svo oft á liðnum árum komið í ræðustól Alþingis til að lýsa áformum og áætlunum sem ekkert hefur orðið úr.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, 1. flm. þessarar tillögu, lýsti því að sjö ár væru síðan hann flutti tillöguna fyrst og hún hefði verið flutt mörgum sinnum án þess að nokkuð gerðist. Ég ætla að minna hv. þm. á, ekki síst vegna þess hver Gunnlaugur Stefánsson er, að það verða kosningar að ári og hver veit nema í kjölfar sjö vondra ára komi sjö góð ár.

[18:32]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Sú páltill. sem hér er til umræðu er mjög góð eins og fram hefur komið. Hún er ein af fjölmörgum tillögum sem gefið hafa tilefni til að ræða um stöðu landsbyggðarinnar og þá þróun sem átt hefur sér stað, að æ fleiri flytjast á suðvesturhornið með þeim afleiðingum að erfiðara verður fyrir þá sem búa úti á landi að halda uppi þeim lífskjörum sem þar hafa verið.

Það er við hæfi, herra forseti, að vitna í þál. um stefnu í byggðamálum sem samþykkt var fyrir árin 1999–2001. Þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Þannig hljóða þessi orð úr þál. um stefnu í byggðamálum, sem átti að gilda fyrir síðustu þrjú ár.

Í ársskýrslu Byggðastofnunar er þetta allt tekið út. Þar er rætt um framkvæmdina og þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Hafið er átak í því að flytja verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja út á landsbyggðina til fjarvinnslu."

En þessi skýrsla var gerð fyrir árið 2000 og þá var ekki hafin sú martröð sem varð reyndin í sambandi við þau mál.

„Einnig eru fyrirtæki hvött til að nýta sér þennan möguleika. Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og forsætisráðuneytið gáfu sl. haust út skýrsluna „Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni", þar sem settar eru fram hugmyndir um hvaða verkefni er hægt að flytja á þennan hátt. Byggðastofnun hefur látið setja upp vefsíðu, sem er eins konar markaðstorg fyrir aðila sem vilja nýta sér þennan möguleika."

Síðar í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Viðbrögð við þessu starfi eru nánast engin. Hafið er samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar, iðnaðarráðuneytisins og Byggðastofnunar um gerð viðskiptaáætlana fyrir nokkur fjarvinnsluverkefni.

Það er mat Byggðastofnunar að markmið áætlunarinnar á þessu sviði hafi engan veginn náðst og að töluvert skorti á að unnið hafi verið nægjanlega skipulega að því að skilgreina verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni."

Í svörum ráðuneyta við fyrirspurn kemur fram að það eru einkum félmrn., umhvrn., iðnrn. og samgrn. sem hafa flutt störf út á landsbyggðina. Ég held að segja megi, herra forseti, án þess að halla á nokkurn, að samgrn. hafi staðið sig einna best í þessu. Það ber að þakka, skilning samgrh. hæstv. á þessum málum og fyrir það sem hann hefur lagt til málanna í þessu efni. En því miður verður það sama ekki sagt um sum önnur ráðuneyti, t.d. dóms- og kirkjumrn. sem helst mundi koma að því máli sem hér um ræðir, að sýslumenn fái aukin verkefni. Því legg ég til að þegar fjallað verður um næstu byggðaáætlun, 2002–2005, verði þessi þáltill. höfð með í þeirri umræðu.

Um opinbera þjónustu segir í nýrri byggðaáætlun, sem ekki hefur verið lögð fyrir þing en vonir standa til að gert verði innan skamms, með leyfi forseta:

„Í mörgum nágrannalöndum hefur verið tekið tillit til byggðasjónarmiða við uppbyggingu opinberrar þjónustu. Þannig hefur stofnunum sem þjóna öllu landinu verið valinn staður annars staðar en í höfuðborginni. Þessari aðferð þarf að beita í meiri mæli en gert hefur verið hér á landi. Í því sambandi er mikilvægt að horfa fyrst og fremst á helstu byggðakjarna á landsbyggðinni. Þetta má gera t.d. með eflingu þeirra stofnana sem fyrir eru og í tengslum við endurskipulagningu stofnana, við stofnun nýrra stofnana, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja og hugsanlega með flutningi stofnana. Lögð er áhersla á að störfum og verkefnum í opinberri þjónustu verði fjölgað utan höfuðborgarsvæðisins með markvissu átaki næstu árin og að við hagræðingaraðgerðir í opinberum rekstri, sem m.a. leiða til fækkunar starfa í útibúum og svæðisskrifstofum, verði þess gætt að byggja þar í staðinn upp starfsemi sem þjónar öllu landinu."

Þannig hljóðar það, herra forseti. Þetta er nú ósköp keimlíkt því sem var í síðustu þingsályktun um stefnu í byggðamálum. Það vakna náttúrlega upp spurningar um hvort sú stefna sem áður var sé bara prentuð upp að miklu leyti og svo sett inn í þessa nýju.

En orðunum hafa ekki fylgt efndir. Því viljum við, þingmenn Samfylkingarinnar, leggja fram þáltill. um byggðamál og hvetjum til að þær fái góða meðferð í þinginu og jákvæða, sérstaklega þessi þáltill. sem einmitt er til þess gerð að styrkja sýslumannsembættin. Í henni er lagt til að þeim verði fengin aukin verkefni, sem örugglega er hægt, til þess að þau eflist og lifið í kringum sýslumannsembættin verði fjörugra en verið hefur síðari ár.

[18:40]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir stuðning þeirra við tillöguna sem hér er til umræðu. Ég tek undir orð þeirra. Það er mjög mikilvægt að gripið verði til aðgerða í byggðamálum sem skapi raunhæfar væntingar, að landsbyggðarfólk skynji að stjórnvöld ætli að treysta byggðina í landinu með aðgerðum sínum. Hér er ekki verið að tala um byggðastefnu á grundvelli ölmusu, hér er einvörðungu verið að tala um byggðastefnu á grundvelli jafnréttis.

Kjarni málsins er að fólkið í landinu, hvar sem það býr, sitji við sama borð. Þetta er því ekki einvörðungu varnarbarátta byggðanna. Þetta er jafnréttisbarátta. Þessi jafnréttisbarátta gengur m.a. út á að hið opinbera, eins og frekast er unnt, veiti þjónustu á jafnréttisgrundvelli heima í héraði. Til lengri tíma litið er það ekki einvörðungu spurning um réttlæti heldur líka spurning um sparnað í ríkisrekstrinum og mannréttindi.

Að sitja við sama borð, í því felst að verkefni, opinber verkefni sem unnin eru í stjórnsýslunni og ráðuneytunum hér á höfuðborgarsvæðinu en eiga í raun að vistast heima í héraði, verði flutt þangað. Mikilvægur þáttur í slíkum flutningi eru einmitt sýslumannsembættin, umboðsskrifstofur stjórnsýslukerfisins. Ég held að engum detti í hug að hætta við þá góðu skipan að sýslumenn fari með umboð almannatrygginga í landinu, sjái um skattheimtuna og ýmiss konar fleiri verkefni sem sýslumenn hafa haft með höndum með ágætum árangri í gegnum tíðina. Enginn vill breyta þeirri skipan. En spurningin er þessi: Getum við ekki flutt til þeirra fleiri verkefni og jafnvel stærri og eflt þannig sýslumannsembættin og umboðsdeildir þeirra?

Það er hárrétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að það er erfitt fyrir margar fjölskyldur að neyðast til að flytja af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið vegna ytri aðstæðna. Um þetta þekkjum við mjög mörg dæmi, því miður. Við gerum okkur grein fyrir því að fjölskyldur eru að yfirgefa heimili sitt, eigið húsnæði, þar sem falinn er sjálfur ævisparnaðurinn. Stundum er ekki hægt að selja þessi hús og ef það er hægt þá fyrir mjög lágt verð sem á engan hátt stendur undir kostnaðarverði eignanna. Þessi fjölskylda þarf síðan að takast á við að byrja upp á nýtt við að koma undir sig fótunum hér á höfuðborgarsvæðinu.

Við skulum átta okkur á því að víða á landsbyggðinni er atvinnulífið fábreytt. Þar eru víða láglaunasvæði og því ekki efnað fólk sem er að flytja á höfuðborgarsvæðið. Sérstaklega það fólk sem neyðist til að flytja vegna aðstæðna og að byrja með jafnvel tvær hendur tómar upp á nýtt, á miðjum aldri og eftir miðjan aldur. Það er hlutskipti sem ég held að margur geri sér ekki grein fyrir að fjölmargir þurfa að reyna.

Ég veit að þetta fólk vorkennir sér ekki. Það er að takast á við nýjar aðstæður en þetta er samt spurning um jafnrétti, að fólk fái að sitja við sama borð. Þetta er brýnn vandi sem blasir við og þess vegna þarf að taka hraustlega á í byggðamálunum og reyna að feta þær leiðir sem geta falið í

sér aðgerðir sem skapa væntingar, byggðar á trausti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:48.

---

76. FUNDUR

miðvikudaginn 13. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Einkaleyfi, stjfrv., 453. mál, þskj. 723. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 363. mál, þskj. 527. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Rafeyrisfyrirtæki, stjfrv., 454. mál, þskj. 724. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, stjfrv., 489. mál, þskj. 774. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 112. mál, þskj. 112. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, þáltill., 306. mál, þskj. 380. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Flutningur verkefna frá stjórnsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, þáltill., 488. mál, þskj. 773. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.
[13:32]

Útbýting þingskjals:

Samningar við lággjaldaflugfélög, 506. mál, þáltill. ÁSJ o.fl., þskj. 798.

Einkaleyfi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (frestir, umboðsmaður o.fl.). — Þskj. 723.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (innherjaviðskipti). — Þskj. 527.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rafeyrisfyrirtæki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (EES-reglur). — Þskj. 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 774.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 112. mál (fiskiðnaður). — Þskj. 112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Endurreisn íslensks skipaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 306. mál. — Þskj. 380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vistvænt eldsneyti á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og GuðjG, 343. mál. — Þskj. 459.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Flutningur verkefna frá stjórnsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 488. mál. — Þskj. 773.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:37.

---

77. FUNDUR

miðvikudaginn 13. febr.,
að loknum 76. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Varnarsamningurinn við Bandaríkin, fsp. ÞSveinb, 469. mál, þskj. 751.
2. Stefnumótun í öryggis- og varnarmálum, fsp. ÞSveinb, 470. mál, þskj. 752.
3. Réttarstaða Byrgisins í Rockville á Miðnesheiði, fsp. KPál, 472. mál, þskj. 754.

Til menntamálaráðherra:

4. Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni, fsp. MF, 278. mál, þskj. 335.
5. Starfsemi öldungadeilda framhaldsskóla, fsp. MF, 365. mál, þskj. 536.
6. Svæðisútvarp Ríkisútvarpsins, fsp. ÍGP, 412. mál, þskj. 671.
7. Tækniháskóli Íslands, fsp. SJóh og KolH, 452. mál, þskj. 722.
8. Innheimta skuldar við LÍN, fsp. SJóh, 463. mál, þskj. 743.

Til fjármálaráðherra:

9. Álagning skatta, fsp. PHB, 380. mál, þskj. 614.
10. Virðisaukaskattsskyldur reikningur, fsp. PHB, 381. mál, þskj. 615.

Til viðskiptaráðherra:

11. Innheimtulög, fsp. JóhS, 394. mál, þskj. 651.
12. Undanþága frá banni við samkeppnishömlum, fsp. EKG, 461. mál, þskj. 741.

Til iðnaðarráðherra:

13. Aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins, fsp. SvanJ, 400. mál, þskj. 657.
14. Álver á Reyðarfirði, fsp. GunnS, 471. mál, þskj. 753.

Til samgönguráðherra:

15. NMT-farsímakerfið, fsp. EKG, 407. mál, þskj. 666.
16. Ferjusiglingar Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, fsp. KPál og DrH, 409. mál, þskj. 668.
17. Val á skipi til að sinna áætlunarsiglingum Herjólfs tímabundið, fsp. ÍGP, 415. mál, þskj. 674.
18. Lagning Sundabrautar, fsp. KF, 435. mál, þskj. 702.
19. Niðurfelling veggjalds í Hvalfjarðargöng, fsp. GE, 444. mál, þskj. 713.
20. Jarðgöng undir Almannaskarð, fsp. GunnS, 485. mál, þskj. 769.

Til heilbrigðisráðherra:

21. Bann við umskurði stúlkna, fsp. ÁRJ, 419. mál, þskj. 678.
22. Óhefðbundnar lækningar, fsp. GunnS, 462. mál, þskj. 742.

Til umhverfisráðherra:

23. Náttúruminjar á hafsbotni, fsp. KF, 437. mál, þskj. 704.
24. Merking matvæla, fsp. KA, 446. mál, þskj. 715.
25. Meginreglur umhverfisréttar, fsp. KolH, 450. mál, þskj. 720.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin.

Fsp. ÞSveinb, 469. mál. — Þskj. 751.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Í desembermánuði árið 2000 var sagt frá því í fréttum að háttsettir embættismenn íslenskra og bandarískra stjórnvalda hefðu ákveðið að hefja viðræður um bókunina við varnarsamning þjóðanna tveggja í febrúar 2001 eða fyrir réttu ári. Sem kunnugt er rann bókunin sem staðfest var árið 1996 út í apríl 2001 eða fyrir um 10 mánuðum.

Að sjálfsögðu geri ég mér ljóst, herra forseti, að stjórnarskipti urðu í Bandaríkjunum fyrir rúmu ári og að hryðjuverkin 11. september sl. hafa haft mikil áhrif á gangverk hins bandaríska stjórnkerfis. Ég ætla þó, herra forseti, að leyfa mér að inna hæstv. utanrrh. eftir því hvað líði samningaviðræðum við bandarísk stjórnvöld vegna bókunarinnar við varnarsamninginn.

Því hefur löngum verið haldið á lofti að samningar um bókunina væru auðleyst mál. Það kom m.a. fram í máli fyrrv. utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Madeleine Albright, þegar hún var stödd hér á landi haustið 2000. Í sama streng tók Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sl. sumar.

Einnig þykir mér eðlilegt, herra forseti, að fram komi hver samningsmarkmið íslenskra stjórnvalda eru í þessu máli, hvort þau samrýmist samningsmarkmiðum bandarískra stjórnvalda eða hvort mikið beri í milli, t.d. er varðar

kostnaðarskiptingu, viðbúnað Bandaríkjahers hér á landi og framkvæmd tiltekinna þátta í samstarfinu.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ekki hefur verið ákveðið hvenær viðræður hefjast við bandarísk stjórnvöld vegna bókunarinnar við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna. Ástæðurnar komu fram í máli hv. fyrirspyrjanda, stjórnarskipti hafa orðið í Bandaríkjunum sem hafa orðið þess valdandi að miklar breytingar urðu á skipan embættismanna í stjórnsýslunni, og þeir sem koma nýir að málum taka sér góðan tíma til að kynna sér þau og móta afstöðu til þeirra.

Einnig er ljóst eins og kom jafnframt fram í máli hv. þm. að 11. september setti mikið strik í reikninginn ef svo má segja. Fjölmörg mál hafa fengið allt annan forgang en þau höfðu áður í bandaríska stjórnkerfinu. Íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til að ganga til viðræðna um nýja bókun með skömmum fyrirvara. Hvað varðar skoðanir íslenskra stjórnvalda á þessum málum hefur það komið fram áður að við teljum að um sé að ræða lágmarksviðbúnað á Keflavíkurflugvelli og við teljum ekki rétt að sá viðbúnaður sé skertur miðað við núverandi ástand heimsmála.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Það liggur sem sagt fyrir að viðræður hafa ekki hafist, og bókunin rann náttúrlega út fyrir 10 mánuðum eins og fram kom í máli mínu. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvaða áhrif það hafi í raun á stöðu samskipta þessara tveggja þjóða og hvort hæstv. utanrrh. telji ekki brýnt að gengið verði til þessara viðræðna sem fyrst. Ef ekki ber sérlega mikið í milli ríkisstjórnanna tveggja hygg ég að samningur um útfærsluna á bókuninni ætti ekki að taka mjög langan tíma.

Einnig þætti mér vænt um að fá að heyra frá hæstv. utanrrh. hvenær hann telji að viðræður geti hafist eða muni hefjast.

[13:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef nánast engu við þetta að bæta. Ég get ekkert um það sagt hvenær viðræðurnar hefjast. Það er hins vegar ljóst að samskiptin ganga vel og ekkert hefur komið upp á í sambandi við Keflavíkurflugvöll sem hefur valdið einhverjum vandræðum. Við létum það koma fram í viðræðum sem ég átti við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Colin Powell, á síðasta ári að við teldum ekki nauðsynlegt að vera með bókanir í þessu sambandi til tiltekinna ára. Að okkar mati væri betra að aðeins gilti samningur milli þjóðanna eins og oftast hefur verið og ef menn teldu ástæðu til einhverra breytinga á fyrirkomulagi yrði það tekið upp sérstaklega. Þessi skipan mála hefur orðið til þess að margir hafa álitið að það mundi valda straumhvörfum þegar viðkomandi bókun rynni út. Svo er alls ekki. Ég tel að sú reynsla sem hefur fengist nú í næstum því ár frá því að bókunin rann úr gildi styðji þá skoðun sem við höfum sett fram að ekki sé ástæða til að vera með tímasettar bókanir eins og verið hefur á undanförnum árum.

Stefnumótun í öryggis- og varnarmálum.

Fsp. ÞSveinb, 470. mál. — Þskj. 752.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Hálft ár er nú liðið frá hryðjuverkunum í New York og Washingtonborg og umræðan hér á Alþingi hefur að sjálfsögðu litast af þessum atburðum, bæði beint og óbeint. Sjálfur sagði hæstv. utanrrh. í umræðum um utanríkismál 29. nóvember sl. að áhrif hryðjuverkanna hefðu þegar verið gríðarleg og mundu verða langvarandi. Ég hef reyndar ekki tölu á þeim skiptum, herra forseti, sem hv. þingmenn hafa stigið á stokk og haft uppi yfirlýsingar um geigvænleg áhrif voðaatburðanna í Bandaríkjunum. Hins vegar hefur farið minna fyrir efnislegri umræðu í þessum sal um það hver þau áhrif séu til lengri og skemmri tíma litið. Kannski er ekki við öðru að búast því að hér er um margslungið og erfitt verkefni að ræða en það skiptir okkur öll miklu máli.

Samfylkingin hefur frá upphafi haft það á stefnuskrá sinni að endurskoðun öryggis- og varnarmála landsins sé sameiginlegt verkefni ríkisstjórnar og þings, með öðrum orðum sameiginlegt verkefni allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á hinu háa Alþingi. Með þetta í huga hef ég beint þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir þverpólitískri vinnu um langtímastefnumótun í öryggis- og varnarmálum landsins. Að mörgu er að huga, herra forseti. Öryggi þjóðar snýst ekki einvörðungu um varnir í hefðbundnum skilningi heldur einnig um stöðugleika í efnahagslífi og vernd umhverfisins. Í þessu efni er Ísland engin undantekning og má færa gild rök fyrir því að stærstu öryggismál okkar varði umhverfið, t.d. mengun sjávar. Einnig er ljóst að aukinn vilji er fyrir því innan Evrópusambandsins að lúta ekki í einu og öllu leiðsögn Bandaríkjanna um þessi efni.

Skemmst er að minnast ummæla Chris Pattens, framkvæmdastjóra alþjóðamála hjá ESB, sem gagnrýndi harðlega ræðu Bandaríkjaforseta þar sem Írak, Íran og Norður-Kórea voru útnefnd möndulveldi hins illa. Þá má gera því skóna að varnarstoð Evrópusambandsins og ráðgerð stækkun NATO muni hafa mikil áhrif á öryggismálaumræðuna hér í álfunni og víðar.

[13:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum byggir í höfuðatriðum á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu, varnarsamningnum við Bandaríkin og aukinni samvinnu við Evrópuríkin á sviði varnar- og öryggismála. Þetta er vel þekkt staðreynd sem ekki þarf að orðlengja um frekar að öðru leyti en því að undirstrika að þetta fyrirkomulag hefur dugað Íslendingum vel í meira en hálfa öld og við sjáum ekki fram á neinar grundvallarbreytingar í þeim efnum.

Við tökum einnig fullan þátt í öðrum alþjóðastofnunum sem beina athyglinni að alþjóðlegum öryggismálum. Nefni ég þar einkum Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Sameinuðu þjóðirnar.

Breyttar aðstæður í öryggis- og varnarmálum á undanförnum áratug hafa kallað á aðlögun á starfsemi þeirra stofnana sem við eigum aðild að. Við höfum tekið þátt í þeirri vinnu eins og aðrir og átt viðræður við Bandaríkin um aðlögun varnarsamstarfsins að nýjum aðstæðum í tvígang á síðasta áratug. Við höfum einnig fylgst grannt með þróun sameiginlegrar öryggis- og varnarstefnu Evrópusambands-

ins. Íslensk stjórnvöld eru hlynnt þeirri þróun en við leggjum höfuðáherslu á að ekki dragi úr gildi Atlantshafstengslanna og að Atlantshafsbandalagið leiki eftir sem áður aðalhlutverkið í öryggismálum álfunnar. Það hefur sýnt það og sannað að þrátt fyrir gífurlegar breytingar hefur engin önnur stofnun getað tekið að sér að leika það hlutverk á trúverðugan hátt.

Ég hef talið nauðsynlegt að vega og meta aðstæður í íslenskum öryggis- og varnarmálum reglulega og huga að því með hvaða hætti bregðast skuli við á hverjum tíma. Starfshópur sem ég setti á stofn skilaði af sér greinargerðinni „Öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót" í febrúarmánuði 1999. Þeim tillögum sem þar voru settar fram hefur verið fylgt eftir, m.a. með stofnun starfshóps sem setti fram tillögur um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu í október árið 2000. Íslenska friðargæslan var stofnuð í kjölfarið og hefur starf hennar gengið með ágætum.

Ég hef ekki orðið var við annað en að víðtæk samstaða sé í íslenskum stjórnmálum um þá öryggis- og varnarmálastefnu sem við höfum mótað og þá aðlögun sem fram hefur farið til að koma til móts við breyttar aðstæður. Vegna þessa hef ég ekki séð ástæðu til að standa fyrir þverpólitísku samstarfi um langtímastefnumótun í öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar.

[13:51]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég velti fyrir mér þeirri fyrirspurn sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir ber fram til hæstv. utanrrh. Mér finnst einhvern veginn eins og hv. þm. sé að gefa sér að ekki sé til nein langtímastefnumörkun í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar. Ég veit ekki annað en að sá samningur sem við höfum gert við NATO og Bandaríkin um tvíhliða varnir og öryggismál þessa lands hafi virkað í yfir 50 ár. Það að gera ráð fyrir því að núna fari fram þverpólitísk vinna um langtímastefnumótun í öryggis- og varnarmálum — það hlýtur eitthvað annað að vera á bak við þetta, herra forseti, heldur en einhver svona bollalegging. 50 ára reynsla af þeim samningi sem við höfum er það góð að við höfðum enga ástæðu til að ætla annað en sá samningur geti dugað 50 ár í viðbót. Er hv. þm. að gera ráð fyrir því að við þurfum ekkert varnarsamband við Bandaríkin af því að flokkur hv. þm. vill ganga í Evrópusambandið?

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin en þau ollu mér vonbrigðum. Ég hefði haldið í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið á liðnum mánuðum og þeirra yfirlýsinga sem fallið hafa í þessum sal um gjörbreytta heimsmynd og algjörlega nýja stöðu í alþjóðamálunum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. væri full ástæða til að beita sér fyrir þverpólitískri vinnu um þessi mál. Ef ekki nú, þá hvenær, herra forseti?

Þetta er mikið og vandasamt verkefni og ég held að mjög mikilvægt sé að að því verkefni komi allir stjórnmálaflokkar á Alþingi Íslendinga. Það er þannig vaxið og varðar okkur það mikið. Með fullri virðingu fyrir embættismönnum utanrrn. og starfi þeirra í aðskiljanlegum starfshópum er verkefnið pólitískt, mörkun öryggis- og varnarstefnu til framtíðar er pólitískt verkefni og þótt um hana ríki töluverð samstaða í samfélaginu, sem sérstaklega kom fram í viðbrögðum við 11. september, er það ekki svo að hana þurfi ekki að vinna á pólitískum vettvangi.

Vegna orða hv. þm. Kristjáns Pálssonar er okkur alveg ljóst að það er til stefnumörkun og það kom skýrt fram í fyrirspurn minni. Ég er ekki á neinni fjallabaksleið inn í Evrópusambandið, herra forseti. Ég er að reyna að stuðla að málefnalegri og upplýstri umræðu um öryggismál í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa, og það er fjarri mér að fara hér upp með eitthvað sem gæti kallast „falin dagskrá" á íslensku. Ég segi það sem ég meina, herra forseti.

[13:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að utanrrn. er pólitískur vettvangur. Utanrrn. vinnur í umboði utanrrh. Öll önnur ráðuneyti eru að sjálfsögðu pólitískur vettvangur vegna þess að þau vinna í umboði viðkomandi ráðherra og allt sem þar gerist er á ábyrgð hans.

Ég tek hins vegar undir það að ef deilur væru miklar og skoðanir skiptar um utanríkisstefnuna væri ástæða til að koma slíku starfi á. Ég hef orðið þess áskynja að einmitt eftir 11. september hafi skapast meiri samstaða um þessar grundvallarstoðir íslenskrar utanríkisstefnu, þ.e. aðildina að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn við Bandaríkin. Oft og tíðum hafa verið mjög deildar meiningar, bæði um aðildina og samninginn. Vegna þess að hér er um slík grundvallaratriði að ræða tel ég nauðsynlegt að treysta utanríkisstefnu okkar á þessum mikilvæga grunni og ég hef skynjað Samfylkinguna þannig upp á síðkastið að hún vilji byggja á honum. Hér áður fyrr mátti heyra að það væri stefna Samfylkingarinnar að við segðum okkur úr Atlantshafsbandalaginu í framtíðinni, orðað svo að við ættum ekki aðild að hernaðarbandalagi til frambúðar. Ég hef skynjað breytingu á þessu og mikla samstöðu um að byggja á þessum grundvelli, og það er vel.

Réttarstaða Byrgisins í Rockville á Miðnesheiði.

Fsp. KPál, 472. mál. — Þskj. 754.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Í starfsemi Byrgisins undir stjórn Guðmundar Jónssonar hefur verið unnið kraftaverk á undanförnum árum í meðferð og umhirðu heimilislauss fólks sem hvergi annars staðar hefur átt höfði sínu að halla. Byrgið hefur starfað óslitið í 10 ár og hafa verið um 100 manns í vistun þar þegar mest hefur verið. Ekki hefur verið spurt um fjárráð einstaklinganna sem þarna hafa dvalið heldur verið náð í þá þar sem þeir eru. Mikil ásókn hefur því verið í vistunina og starfsemin margoft sprengt utan af sér húsnæðið.

Það var því góð hugsun á bak við það þegar hæstv. utanrrh. ákvað árið 1999 að leyfa Byrginu að nýta hús varnarliðsins í Rockville á Miðnesheiði undir starfsemi sína. Þeir sem eiga heima suður frá voru að vísu undrandi á að Byrginu skyldu afhent öll þessi hús í því ásigkomulagi sem þau voru þá, meira og minna í niðurníðslu. Ástæða þessa slæma ástands var sú að varnarliðið var að leggja starfsemi þarna niður og hafði hugsað sér að afhenda ríkinu svæðið.

Þetta slæma ásigkomulag húsanna virðist einnig hafa komið forsvarsmönnum Byrgisins á óvart því að við undirritun samnings um starfsemina var ekki gert ráð fyrir útgjöldum af hálfu Byrgisins í Rockville við lagfæringar. Strax eftir undirritunina komu þó fram miklar kröfur frá stofnununum

á vellinum um teikningar og endurbætur á húsum svo að þarna mætti reka meðferðarstofnun en engir peningar fylgdu þeirri kröfugerð. Byrgismenn hafa síðan rekið starfsemina á hálfum afköstum jafnframt því sem stöðugar lagfæringar hafa staðið yfir með aðstoð góðra manna og fyrirtækja og hafa þessar lagfæringar verið alfarið á kostnað Byrgisins.

Nú er svo komið að um 75 millj. kr. hafa farið í endurbætur og annan kostnað vegna húsa í Rockville, og eftir er að leggja í kostnað upp á 60 millj. Eftir öll þessi útlát og skerðingu á starfsemi er svo komið að Byrgismenn eru að þrotum komnir. Þeir geta ekki veðsett húsin fyrir lánum né sýnt eignir. Jafnframt því er framtíðin mjög óljós og í síðustu samningum sem gerðir voru milli utanrrn. og varnarliðsins um starfsemi Byrgisins í Rockville var ekki gert ráð fyrir því að Byrgismenn undirrituðu þá eða kæmu að samningagerðinni. Staða þeirra gagnvart Sandgerðisbæ er einnig mjög óljós enda lítið hægt að gera meðan þessi óvissa varir. Aðalsteinn Sigfússon tók út starfsemi Byrgisins í haust fyrir utanrrn. og skilaði skýrslu nú í janúar. Þar kemur fram að starfsemi Byrgisins sem meðferðarstofnun sé í góðu lagi og ekki gerðar veigamiklar athugasemdir við hana. Það sem helst hamlar framþróun starfsins er óvissan um framtíðina á þessum stað og hvernig leysist úr fjármálum en þetta tvennt helst í hendur. Þess vegna kem ég með eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. utanrrh.:

1. Hver er núverandi réttarstaða Byrgisins í Rockville á Miðnesheiði?

2. Hvernig mun réttarstaða Byrgisins í Rockville breytast þegar Rockville verður afhent utanríkisráðuneytinu og hvenær verður það?

3. Hver ber ábyrgð á skuldbindingum sem gerðar hafa verið af hálfu Byrgisins vegna bygginga í Rockville?

4. Hefur verið rætt við Sandgerðisbæ um framtíðarstarfsemi Byrgisins í Rockville í Sandgerðisbæ?

[13:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mun fyrst og fremst leitast við að svara þeim spurningum sem til mín er beint á því þingskjali sem hér er til umræðu og hv. þm. hefur lagt fram.

1. Rockville er varnarsvæði og er sem slíkt á forræði varnarliðsins. Rockville er ekki lengur í notkun sem ratsjárstöð og varnarliðið heimilaði íslenska ríkinu afnot af svæðinu varnarliðinu að skaðlausu í mars 1999. Utanrrn. heimilaði Byrginu afnot af mannvirkinu í Rockville með samningi, dags. 22. mars 1999, og markar hann réttarstöðu Byrgisins í Rockville.

Samkvæmt samningnum er öll starfsemi Byrgisins í Rockville á kostnað og ábyrgð Byrgisins sjálfs en háð samþykki utanrrn. Samningurinn er runninn út og hefur ekki verið formlega endurnýjaður. Vinnuhópur þriggja ráðuneyta vinnur hins vegar að tillögum varðandi framtíð Rockville og veru Byrgisins og stefnt er að því að hann ljúki störfum á næstu vikum. Byrginu var tilkynnt að þar til vinnuhópurinn hefði lokið störfum mundu engar ákvarðanir verða teknar um endurnýjun eða framlengingu samningsins frá 22. mars 1999 en að utanrrn. liti svo á að efnislega væri samningurinn í gildi þar til annað yrði tilkynnt.

2. Engin ákvörðun hefur verið tekin um áframhaldandi veru Byrgisins í Rockville eftir að varnarliðið hefur afhent íslenska ríkinu landið. Varnarliðið áætlar að skila landinu í árslok 2002 og eftir það gilda sömu lög og reglur um svæðið og önnur samsvarandi landsvæði á Íslandi.

3. Byrgið ber alfarið ábyrgð á öllum skuldbindingum sem það gengst undir vegna veru þess í Rockville, bæði á grundvelli almennra laga og Rockville-samningsins við utanrrn.

4. Í haust fór fram úttekt á starfsemi og rekstri Byrgisins og í tengslum við hana var rætt við forsvarsmenn Sandgerðisbæjar um afstöðu þeirra til Byrgisins og veru þess í Rockville. Engin ákvörðun hefur hins vegar verið tekin um framtíð Rockville og þar af leiðandi hafa engar formlegar viðræður farið fram við Sandgerðisbæ um áframhaldandi veru Byrgisins þar.

Eins og hv. þm. kom inn á hefur verið verulegt gagn að þessari starfsemi. Þar hafa margir dvalið og haft mikið gagn af. Það er líka ljóst að kostnaður vegna vistunar þessara aðila hefur verið minni en víðast annars staðar. Ég geri mér hins vegar ljóst að þessi starfsemi á í erfiðleikum og það hefur verið til umfjöllunar. Í sjálfu sér er það ekki málefni utanrrn. sem slíks en utanrrn. ákvað á sínum tíma að heimila afnot af þessum mannvirkjum og gekkst fyrir því að það yrði heimilað vegna þess málefnis sem í hlut á. Það má vel vera að kostnaður hafi orðið meiri en gert var ráð fyrir en það er rétt að geta þess að stuðningur við þessa starfsemi hefur líka verið allnokkur en upphaflega var gert ráð fyrir því að viðkomandi starfsemi þyrfti ekki á stuðningi frá hinu opinbera að halda. Ég held að það megi augljóst vera að það sé nánast útilokað að reka slíka starfsemi án verulegrar opinberrar fyrirgreiðslu og það er sjálfsagt að standa fyrir henni, ég tala nú ekki um þegar um er að ræða að starfsemin gengur vel og kostnaður er hóflegur, eins og fram hefur komið.

[14:04]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn og ágætt svar utanrrh. Í Byrginu fer í raun og veru fram mjög merkilegt starf. Það var áður í Hlíðardalsskóla, þar á undan í Hafnarfirði og núna í Rockville. Þar hafa margir lagt hönd á plóginn. Forstöðumaðurinn hefur verið afar ötull í þessari starfsemi og ég veit að hæstv. utanrrh. hefur lagt sitt af mörkum eins og heilbrrh. Einn þingmaður, sem reyndar er erlendis í dag, hv. þm. Hjálmar Árnason, hefur verið ötull stuðningsmaður þessarar starfsemi og barist mjög fyrir þessu.

Byrgið hefur sem betur fer fengið styrki til starfsemi sinnar og á eins og margar aðrar stofnanir á þessu sviði allt gott skilið. Vonandi má tryggja áframhaldandi starfsemi í Byrginu til heilla því fólki sem þar starfar og þeim sem þar hafa fengið aðstoð vegna áfengis- og vímuefnanotkunar.

[14:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp þó að það veki mér furðu að ekki skuli hafa verið öflugri umræða um þessi mál við afgreiðslu fjárlaga. Rekstrarerfiðleikar Byrgisins lágu fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár.

Hins vegar er það alveg rétt sem hæstv. utanrrh. sagði, að upphaflega var ekki reiknað með því að þessi starfsemi fengið mikla opinbera fyrirgreiðslu. Reyndin varð önnur eins og margan grunaði. Það er hins vegar alveg ljóst, af máli þeirra tveggja hv. þm. sem hér hafa talað, að málið hlýtur að

verða tekið upp í fjárln. fljótlega þar sem báðir eiga sæti.

[14:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef frá upphafi fylgst með og kynnt mér þá starfsemi sem fram fer í Byrginu. Það er ljóst að þeir hafa hjálpað mörgum sem ekki hefðu getað fengið hjálp annars staðar. Þar hef ég hitt marga einstaklinga sem höfðu farið í gegnum ótal meðferðir og jafnmargar niðurlægingar að þeim loknum en gátu, eftir að þeir komu þarna, haldið sér í góðu lagi.

Ég vona að fundnir verði möguleikar á að aðstoða Byrgið með einhverjum hætti því að það liggur fyrir að þó að einhver fjárhagsstuðningur hafi verið veittur þá er hann ekki mikill miðað við það sem veita þarf öðrum slíkum heimilum. Ég held að ráðstöfun fjár þarna hafi verið ríkinu mjög hagstæð.

Hins vegar er mjög erfitt fyrir slíkt heimili að hafa ekki öryggi til áframhaldandi starfsemi.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin, hv. þm. fyrir þátttöku í umræðunni og áhuga þeirra á starfinu sem fram fer í Byrginu.

Það vantar að sönnu peninga. Það er alltaf spurningin um hvaðan frumkvæðið að því að fá þá peninga á að koma. Þetta starf hefur þróast á síðustu árum án þess að hafa fengið þá viðurkenningu sem opinberar stofnanir hafa fyrir starfi sínu. Aðrar stofnanir hafa getað byggt upp fjölþættara og öflugra starf enda hafa opinberir aðilar greitt nánast allan kostnaðinn eða stóran hluta. Það kemur fram í rekstrarkostnaði. Vistgjöldin hjá þeim í Byrginu eru 92 þús. kr. en við þekkjum að þau skipta hundruðum þúsunda hjá stofnunum sem fá greitt frá ríkinu.

Það getur vel verið að það hamli eitthvað fjárstreymi til Byrgisins að þetta kemur í gegnum utanrrn. en ekki í félmrn., sem ætti í raun að fara alfarið með þessa stofnun. Ég vona að það leiðréttist en ég vil hins vegar upplýsa að í gegnum fjárln. hefur verið bætt við rekstrarfé Byrgisins árlega síðustu þrjú árin. Það hefur farið vaxandi þannig að hið aukna fé sem hefur komið er vegna ákvarðana sem hafa verið teknar í fjárln. Ég vísa því til föðurhúsanna þegar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir segir að það hafi verið auðveldur leikur hjá okkur í fjárln. Hv. þm. situr sjálf í fjárln. og þekkir það mætavel.

Ég þakka þá umræðu og þau svör sem hæstv. utanrrh. hefur veitt við við spurningum mínum og vona að vandamál þeirra hjá Byrginu verði leyst sem fyrst.

Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni.

Fsp. MF, 278. mál. — Þskj. 335.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. menntmrh. fyrirspurn um Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni. Segja má að forsaga málsins sé það að unnið hefur verið að björgun og endurbyggingu gamla héraðsskólahússins á Laugarvatni. Hæstv. menntmrh. á hrós skilið fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt því máli.

Í september árið 2000 skipaði hæstv. menntmrh. starfshóp til að meta forsendur fyrir eflingu Íþróttamiðstöðvar Íslands á Laugarvatni, skilgreina hlutverk íþróttamiðstöðvarinnar, gera tillögur um starfsemina, fjármögnun, rekstraráætlun og rekstraraðila. Þá var starfshópnum falið að fjalla sérstaklega um tengsl þessarar starfsemi við íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands og nýtingu gamla héraðsskólahússins á Laugarvatni. Þá átti starfshópurinn einnig að leggja fram áætlun um framkvæmdir vegna endurbóta á húsnæði, kostnað við þær og áfangaskiptingu. Áður hafði háskólaráð að beiðni menntmrh. látið fara fram athugun á þörf fyrir uppbyggingu á Laugarvatni í tengslum við starf íþróttaskorar og m.a. var gerð framkvæmdaráætlun með nýtingu héraðsskólahússins í huga.

Starfshópurinn sem skipaður var af hæstv. menntmrh. í september 2000 var undir forustu þáv. þingmanns Árna Johnsens og skilaði lokaskýrslu sinni um mánaðamótin maí/júní 2001. Þar eru lagðar fram ítarlegar tillögur um endurbætur og uppbyggingu skóla og íþróttamannvirkja í tengslum við rekstur Íþróttamiðstöðvar Íslands á Laugarvatni. Í kostnaðaráætlun sem fylgir tillögunum kemur fram að áætlaður kostnaður vegna þessara endurbóta sé um 325 millj. kr., þar af um 250 millj. vegna brýnna endurbóta.

Í lokaskýrslu starfshópsins og einnig í skýrslu Kennaraháskólans kemur fram hversu mikilvæg lyftistöng það væri fyrir Laugarvatn, þá starfsemi og nám sem þar er stundað, að þessum tillögum yrði hrint í framkvæmd. Tillögurnar fela í sér öflug sóknarfæri fyrir staðinn og alla starfsemi þar. Ákvörðun um framhaldið var ekki tekin við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár og lítið verið framkvæmt af þeim tillögum sem fram komu nema niðurrif gamalla húsa. Það er afar mikilvægt að fylgja þeirri góðu vinnu eftir sem starfshópurinn skilaði undir forustu Árna Johnsens á síðasta vori. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir þeim niðurstöðum og tillögum sem koma fram í lokaskýrslu starfshóps um eflingu Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni?

[14:13]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að ég fékk um mánaðamótin maí/júní á síðasta ári lokaskýrslu frá starfshópi sem fjallaði um þetta mál. Hann komst að þeirri niðurstöðu að best væri að nýta héraðsskólahúsið á Laugarvatni í tengslum við íþróttamiðstöð sem yrði komið á fót. Eftir að þessi tillaga lá fyrir beindi ég því til íþróttanefndar ríkisins, sem er menntmrh. til ráðgjafar um íþróttamálefni, að hún færi yfir þessa skýrslu. Nefndin gerði það á sl. ári og lagði fram umsögn sína.

Nefndin telur þær hugmyndir sem settar eru fram í lokaskýrslu starfshópsins mjög jákvæðar með hliðsjón af eflingu íþrótta í landinu og nauðsynlegum endurbótum á sögufrægum byggingum eins og hinu glæsilega héraðsskólahúsi sem hannað var af Guðjóni Samúelssyni, páv. húsameistara ríkisins, eins og það er orðað. Síðan er þar lagt til að farið verði ofan í tillögurnar. Eins og fram kom hjá hv. þm. taldi nefndin að það mundi kosta um 325 millj. kr. að vinna að þessu verkefni en íþróttanefnd ríkisins telur að þarna sé kannski um tvískiptan kostnað að ræða. Sumt falli beint að þessu verkefni, annað sé annars eðlis. Tillögur nefndarinnar ganga út á að ráðist verði í framkvæmdir sem að hennar mati muni kosta um 250 millj. kr.

Þetta starf var unnið á síðasta ári. Menn fóru yfir þetta og skoðuðu það. Það er ljóst að það er mikil samstaða um málið. Ég ákvað síðan í framhaldinu að fela sérstökum hópi undir formennsku Erlings Jóhannssonar sem er skorarformaður og skorarstjóri íþróttaskorar Kennaraháskóla Íslands í samvinnu við fulltrúa Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, Kennaraháskólans og menntmrn. að vinna frekar úr þessu og gera tillögur um forgangsröðun framkvæmda, rekstrarfyrirkomulag íþróttamiðstöðvarinnar og tengsl hennar við aðra aðila. Það eru uppi hugmyndir um hvernig þessu yrði best háttað þegar menn ganga til verksins en komið hefur fram, eins og hv. þm. nefndi, að það er víðtæk samstaða um að fara í þetta með þessum hætti. Nú er sem sagt beðið eftir því að að þessi hópur taki til starfa undir formennsku Erlings Jóhannssonar og þá verði málinu ýtt áfram, forgangsverkefni skilgreind og áfram staðið að því að ná þessu máli fram.

[14:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina og þau svör sem hér hafa komið fram. Laugarvatnsstaður á sér langa og merka skólasögu og það hefur verið ánægjulegt að fygjast með skólastarfi þar í gegnum tíðina. Ég gleðst mjög yfir því að í raun er háskóli á Laugarvatni því þar er íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands. Reyndar er líka mikil og góð starfsemi í Menntaskólanum á Laugarvatni.

Segja má að gamla héraðsskólahúsið sé tákn fyrir Laugarvatnsstað og það er í raun skammarlegt að við skulum ekki hafa borið gæfu til að nýta það hús betur og viðhalda því betur því að það á sér líka mjög merkilega byggingarsögu. Guðjón Samúelsson arkitekt teiknaði húsið og athafnasamir menn sáu til þess að það var byggt. Það er mjög brýnt að efla alla skólastarfsemi þarna á staðnum.

[14:17]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að heyra frá hæstv. ráðherra menntamála Birni Bjarnasyni að áfram skuli haldið að vinna með þessa skýrslu og að við sjáum fram á að það komi endanlegar niðurstöður í þetta mál. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði forgangsraðað og unnið skipulega að málum. Það þarf að vinna vel í þessum mikla og merkilega málaflokki, þ.e. varðandi Laugarvatn og svo sannarlega er staðurinn til þess fallinn að að honum verði hlúð. Þarna er mikil skólastarfsemi og mikil íþróttastarfsemi og mjög ánægjulegt er að heyra hverjir koma að þessari nefnd sem hæstv. ráðherra hefur skipað. Ég er sannfærð um að þar koma fram góðar tillögur.

[14:18]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég varð var við það þegar ég var á ferð með fjárln. um Suðurland í haust og við hittum forsvarsmenn sveitarfélaga í Biskupstungum og uppsveitum Árnessýslu ásamt staðarhöldurum á Laugarvatni, að mikill áhugi var á þeirri skýrslu sem gefin hefur verið gefin út og hv. fyrirspyrjandi minntist hér á og þeirri uppbyggingu sem þeirri skýrslu átti að fylgja. Að mati flestra sem þarna voru á fundi með fjárln. yrði það mikið heillaspor ef hægt yrði að fara af stað með svipuðum aðferðum og þar voru hugsaðar.

Ég fagna því að búið skuli vera að skipa starfshóp undir stjórn Erlings Jóhannssonar og ég vona að það líti dagsins ljós við fjárlagagerðina í haust hvernig úr málinu verði unnið.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér kom fram að mikill áhugi var fyrir því hvað yrði um þessa lokaskýrslu starfshóps sem hæstv. menntmrh. skipaði. Þetta er býsna góð skýrsla og ef hún er lesin saman við þá skýrslu sem unnin var í Kennaraháskólanum þá fer mjög vel saman það samstarf sem lagt er til í þeim báðum. Í þessum starfshópi voru menn sem þekktu og þekkja mjög vel til þeirrar starfsemi sem átt hefur sér stað á Laugarvatni og Laugarvatn á sér langa sögu.

Eins og hér hefur komið fram er héraðsskólinn eins konar tákn fyrir staðinn. Þess vegna var mjög ánægjulegt þegar tekin var ákvörðun um endurbyggingu hans og að fá honum sérstakt hlutverk. Í þessari lokaskýrslu starfshóps sem hv. fyrrv. þm. Árni Johnsen stýrði er héraðsskólinn á Laugarvatni kallaður íþrótta- og ólympíumiðstöð Íslands og þar er gert ráð fyrir að þessi gamla bygging fái verðugt verkefni. Ég tel að þarna hafi verið staðið mjög vel að verki. Þess vegna er ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra ætlar að fylgja þessu eftir. Hann hefur þegar skipað nefnd til þess að vinna úr tillögunum og áfangaskipta þeim vegna þess að þarna er um mjög dýra framkvæmd að ræða upp á um 325 millj. þó að kannski megi segja að brýnar framkvæmdir kosti um 250. Ekki síst er ánægjulegt að heyra að formaður þess starfshóps er Erlingur Jóhannsson sem átti sæti í fyrri nefndinni þannig að hann þekkir mjög vel til þeirrar vinnu sem þarna fór fram. Ég fagna þessu alveg sérstaklega vegna þess að íþróttamiðstöðin hefur gegnt mikilvægu hlutverki. Þarna koma um 5.000 börn á hverju ári ásamt öllum þeim hópum íþróttamanna sem stunda þar æfingar og þjálfun.

Starfsemi öldungadeilda framhaldsskóla.

Fsp. MF, 365. mál. — Þskj. 536.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1972 tók öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð til starfa. Hún varð upphaf að öflugu starfi öldungadeilda við nokkra framhaldsskóla á landinu. Við það tækifæri sagði þáverandi rektor MH, Guðmundur Arnlaugsson, að hann vildi að inngangan í námið væri víð en útgangan þröng, þ.e. að sem flestir fengju að reyna sig við þetta nám en um leið að standast þær kröfur sem gerðar væru til nemenda dagskólans, enda var það á þeim forsendum sem skólarnir ráku öldungadeildirnar og jákvæð hvatning varð til þess að aðsóknin að náminu var miklu meiri en nokkurn hafði órað fyrir. Þróunin varð sú að ekki komu allir í skólann til að ljúka prófum en engu að síður til að auka við þekkingu sína á ýmsum sviðum.

Fyrir nokkrum árum síðan ákvað hæstv. menntmrh. að greiða framhaldsskólunum ekki fyrir þann fjölda nemenda sem innrita sig í skóla heldur þann fjölda sem fer í próf. Þessi sama regla virðist gilda gagnvart námi í öldungadeildum auk þess sem framlög til þessarar kennslu hafa verið skert undanfarin ár, a.m.k. ef horft er til þeirra framlaga sem Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur fengið.

Ákveðinn fjöldi nemenda öldungadeilda innritar sig ekki í nám með það að markmiði að ljúka prófum. Auk þess er hér um fullorðið fólk að ræða, oft fjölskyldufólk, þar sem

aðstæður á námstíma geta breyst skyndilega þannig að ekki er hægt að ljúka prófum. Þessar ástæður ásamt naumum fjárframlögum hafa gert það að verkum að nokkrir skólar hafa hætt að bjóða upp á nám í öldungadeildum, aðrir dregið saman eða íhuga að hætta starfsemi að óbreyttu.

Heimilt er samkvæmt reglugerð að innheimta $^1/_3$ kennslukostnaðar af nemendum. Þar er þó ekki innifalin t.d. stjórnun, fagstjórnun eða skrifstofuhald. Starfsemi öldungadeildanna, sem er sniðinn þröngur stakkur, er því frekar þungur baggi á framhaldsskólunum ef ekki koma til auknar fjárveitingar frá ríkisvaldinu. Starfsemi öldungadeilda hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og er afar mikilvæg, ekki síst í þjóðfélagi þar sem kröfur um menntun og sérþekkingu eru sem betur fer að aukast fyrir utan það verðmæti sem felst í auknum möguleikum hvers einstaklings til að afla sér sérþekkingar án þess að lokatakmarkið sé að ljúka prófum. Starfsemi öldungadeildanna er því afar mikilvæg og erfitt er að samþykkja neitt sem dregur úr möguleikum framhaldsskólanna til þess að reka þessa starfsemi. Ég hef því, virðulegi forseti, leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. á þskj. 536 til hæstv. menntmrh.:

1. Gilda reglur um greiðslur á hvern nemanda framhaldsskóla um rekstur öldungadeilda, þ.e. að aðeins er greitt fyrir þá nemendur sem þreyta próf?

2. Hversu hátt hlutfall innritaðra nemenda í öldungadeild fer í próf og hversu hátt hlutfall allra nemenda í framhaldsskólum?

3. Hverjum er ætlað að bera kostnaðinn af þeim nemendum sem þreyta ekki próf? Og hver er kostnaður vegna þeirra á síðasta ári og áætlaður kostnaður á þessu ári, sundurgreint eftir skólum?

4. Er það ætlun ráðherra að beita sér fyrir því að herða reglur um innritun nemenda í öldungadeild í samræmi við áætlaðar fjárveitingar til þessarar kennslu á árinu 2002?

[14:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er:

„Gilda reglur um greiðslur á hvern nemanda framhaldsskóla um rekstur öldungadeilda, þ.e. að aðeins er greitt fyrir þá nemendur sem þreyta próf?"

Svarið er nei, svo er ekki. Öldungadeildir hafa ekki verið gerðar upp með sama hætti og dagskólinn en áfangalistar þeirra hafa verið hafðir til hliðsjónar við ákvörðun framlaga og áætlun nemendatalna. Gert er ráð fyrir að þetta breytist með endurskoðun reiknilíkans fyrir framhaldsskólann. Skrár öldungadeildarnema verða þá meðhöndlaðar eins og fyrir dagskólann að öðru leyti en því að þeir nemar greiða þriðjung kennslukostnaðar samkvæmt lögum eins og fram hefur komið og skrár þurfa þannig að bera með sér hverjir stunda slíkt nám.

Í öðru lagi er spurt:

„Hversu hátt hlutfall innritaðra nemenda í öldungadeild fer í próf og hversu hátt hlutfall allra nemenda í framhaldsskólum?"

Ég hef hér tölur frá skólaárinu 2000. Á vorönn 2000 var brottfallið úr dagskóla 11% en úr öldungadeildum 23% og á haustönn 2000 var brottfall úr dagskóla 14% en úr öldungadeildum 32%. Þess ber að geta að þessi haustönn, 2000, er nokkuð sérstök því til verkfalls framhaldsskólakennara kom á þeirri önn eins og menn muna.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hverjum er ætlað að bera kostnaðinn af þeim nemendum sem þreyta ekki próf? Og hver er kostnaður vegna þeirra á síðasta ári og áætlaður kostnaður á þessu ári, sundurgreint eftir skólum?"

Fjárveitingar til framhaldsskóla miðast við að nýting framboðinnar kennslu og prófþátttaka sé a.m.k. 77,46% þannig að inni í reglunum er töluvert svigrúm eins og þarna kemur fram. Þá er miðað við margra ára reynslutölur og njóta skólar hagnaðar af betri nýtingu en bera halla ella. Skólum er í sjálfsvald sett hvaða nám þeir bjóða og hvaða áfangar eru settir af stað hverju sinni. Gert er ráð fyrir að skólarnir skipi málum í ljósi reynslu fyrri ára og komist þannig hjá því að halda úti í kennslu sem leiðir til hallarekstrar. Kostnaður af þeim nemendum sem ekki fara í próf rúmast þannig innan þeirra fjárheimilda sem skólar hafa ef skipulagning þeirra er með felldu. Engin leið er til þess að greina kostnað vegna nemenda sem ekki fara í próf frá öðrum kostnaði eða framlögum til rekstrar kvöldskóla. Þaðan af síður áætlar ráðuneytið fyrir nemendur sem fara ekki í próf öðruvísi en með því að gera tiltekna áðurnefnda nýtingarkröfu. Af þessu leiðir að ekki er unnt að greina kostnað af nemendum sem ekki fara í próf eftir skólum.

Í fjórða lagi er spurt:

„Er það ætlun ráðherra að beita sér fyrir því að herða reglur um innritun nemenda í öldungadeild í samræmi við áætlaðar fjárveitingar til þessarar kennslu á árinu 2002?"

Svarið er eftirfarandi: Ráðherra setur ekki reglur um innritun nemenda í öldungadeildir. Við undirbúning fjárlaga 2002 var unnið samkvæmt því að nauðsynlegt aðhald og skerðing samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar bitnaði síður á dagskóla en annarri starfsemi skóla. Í samræmi við það var gert ráð fyrir minni aukningu fjárframlaga til kennslu í öldungadeildum en dagskólans, eða úr 108 millj. kr. árið 2001 í 137 millj. kr. 2002. Þá hefur verið tekið tillit til sértekna en þessar upphæðir tóku síðan venjulegri verðlagsuppfærslu í meðförum fjárlagaskrifstofu og í lokaafgreiðslu þingsins.

Hér hefur þessum spurningum verið svarað um þennan þátt í skólastarfinu. Ég er ekki endilega þeirrar skoðunar að samdráttur í öldungadeildum, fækkun nemenda þar, eigi rætur að rekja til þess að fjárhagsumhverfi skólanna hafi breyst. Ég held miklu frekar að fækkun nemenda í öldungadeildum eigi rætur að rekja til þess að námsframboð af öðrum toga hefur stóraukist og þá sérstaklega fjarnámsframboð. Við sjáum þær tölur sem hafa verið til umræðu á Alþingi á undanförnum mánuðum þegar við höfum rætt um fjarnámið. Sú gífurlega aukning fjarnámsnema sem fram hefur komið hlýtur að sjálfsögðu að hafa áhrif á það hvort fólk innriti sig í öldungadeildir eða ekki. Það er sú breyting sem veldur því að svigrúmið, þ.e. að vegna þess að nemendunum fækkar koma minni fjármunir en áður ef miðað er við fjölda nemenda. Þetta verða menn að hafa í huga og draga ályktanir af því frekar en að reikna það út að breyttar fjárhagsforsendur eða breytt samskipti ráðuneytisins við skólana ráði því hvort nemendur eru margir eða fáir í öldungadeildum.

[14:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á stöðu öldungadeilda framhaldsskólanna. Í þessu samhengi vil ég vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur till. til þál. frá þremur hv. þm., Drífu Snædal, Gunnari Pálssyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur, þar sem lagt er til að menntmrh. verði falið að gera könnun á stöðu kvöldnáms

í öldungadeildum framhaldsskóla, meta þörfina fyrir slíkt nám og gera tillögur um hvernig nauðsynlegt námsframboð af þessu tagi verði tryggt til frambúðar um allt land.

Ég er þeirrar skoðunar að með öldungadeildunum hafi verið stigið stórt framfaraspor og að fólki sem ella hefði ekki átt kost á því að sækja nám hafi verið auðvelduð leiðin til menntunar. Það er mikilvægt að þessi könnun fari fram og ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á því að þetta þingmál liggur fyrir þinginu og bíður afgreiðslu.

[14:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að öldungadeildarnám er kannski með merkustu og best heppnuðu nýjungum sem komið hafa fram á liðnum áratugum í íslensku skólakerfi. Fjölmargir, ótrúlega margir þeirra sem núna eru helstu menntamenn þjóðarinnar, hafa komist til náms í gegnum öldungadeildirnar. Öldungadeildirnar gefa nefnilega fólki, sem hefur af einhverjum ástæðum á námstíma sínum orðið að hverfa frá námi, nýtt tækifæri til náms. Ég held að nú sé ekki síður en áður ástæða til að bjóða upp á öldungadeildarnám, jafnvel þó að aðstæður hafi breyst og boðið sé upp á aukið fjarnám sem er auðvitað af því góða. Það eru ekki allir sem treysta sér eða eru til þess fallnir að stunda fjarnám þó að hörðustu námsmenn geri það með miklum ágætum. Ég held að við þurfum líka að bjóða upp á öldungadeildirnar og við eigum ekki að hefta aðgang að þeim með of háum skólagjöldum.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Vissulega getur hluti af ástæðunni fyrir því að dregið hefur úr aðsókninni verið að hægt er að bjóða upp á þetta nám í einhverjum skólum með fjarnámi, og fjölbreyttara námsframboð en áður er til staðar.

Engu að síður er það staðreynd að t.d. við Menntaskólann við Hamrahlíð er gífurleg aðsókn að öldungadeildinni. Hún heldur áfram að vera til staðar, ekki bara aðsókn fólks úr höfuðborginni heldur þjónar Menntaskólinn við Hamrahlíð líka fólki af landsbyggðinni. Ég tel að öldungadeildirnar séu svo mikilvægur þáttur í menntakerfi okkar að það verði með öllum tiltækum ráðum að stuðla að því að þær geti starfað áfram.

Ég ætlaði, virðulegi forseti, áðan að fara yfir þessar till. til þál., sem ég geri mér eindregnar vonir um að Alþingi samþykki, tillögur sem fluttar eru af varaþm. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Þetta er svolítið óþjált nafn eins og flokkurinn en 1. flm. er varaþm. þessa ágæta flokks, hv. þm. Drífa Snædal, og ég tel að Alþingi þurfi endilega að samþykkja innihald þessarar tillögu. Koma þarf á athugun og endurskoðun á námi í öldungadeildum til að við getum tryggt að öldungadeildirnar starfi áfram, ekki bara í Reykjavík heldur einnig úti á landi.

Æðimargir þurfa líka að sækja fyrst nám í öldungadeildum áður en þeir verða í raun færir um að nýta sér þá kosti sem fjarkennslan býður upp á.

[14:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég er alveg sammála þeim sem halda fram málstað öldungadeildanna. Ég tel að það hafi ekkert verið gert sem rýri í sjálfu sér stöðu þeirra innan skólakerfisins. Ef menn líta sérstaklega á fjárhagsstöðu Menntaskólans við Hamrahlíð, sem nefndur var til sögunnar en hann hefur starfað síðan 1966 og verið í fararbroddi varðandi þetta og er enn, er ekki hægt að segja annað en að hann standi fjárhagslega vel og hafi mikla burði til að bjóða góða þjónustu. Öll stjórn hans er með miklum ágætum, ekki síður en þegar fyrsti rektor hans kom til starfa. Ég veit að þar er mikill metnaður fyrir því að halda þessu starfi áfram, og full ástæða er til að taka undir með hv. þm. um nauðsyn þess að þessi kostur sé í boði.

Við megum hins vegar ekki líta fram hjá því að frá því að öldungadeildirnar komu til sögunnar árið 1966, eftir að Menntaskólinn við Hamrahlíð var stofnaður, hafa orðið miklar breytingar og ekki síst núna á síðustu missirum. Menntmrn. mun einmitt halda ráðstefnu í Menntaskólanum við Hamrahlíð 1. mars næstkomandi, UT2002, þar sem yfirskriftin er: Dreifmenntun fyrir alla – alls staðar. Menn geta í raun og veru stundað nám alls staðar núna. Við erum að vinna út frá nýju hugtaki, dreifnáms- og dreifmenntunarhugtakinu, sem vísar til þess að menn þurfi ekki endilega að fara í skóla til að stunda nám en tengslin við skólana eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg og þannig mun þetta þróast áfram.

[14:36]

Útbýting þingskjals:

Fiskiskip sem leigðu til sín aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2000/2001, 410. mál, svar sjútvrh., þskj. 780.

Svæðisútvarp Ríkisútvarpsins.

Fsp. ÍGP, 412. mál. — Þskj. 671.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Málefni Ríkisútvarpsins eru landsmönnum hugleikin, ekki síður þeim er í dreifbýli búa en hinum sem búa í þéttbýli. Ríkisútvarpið hefur byggt upp myndarleg svæðisútvörp á Vestfjörðum, Vesturlandi og Austurlandi, og það með miklum ágætum. Samt má alltaf gera betur. Hins vegar hafa ekki verið byggð upp svæðisútvörp á Vesturlandi og Suðurlandi og þess vegna eru þau landsvæði afskekkt hvað þessa þjónustu Ríkisútvarpsins varðar.

Að vísu hefur Ríkisútvarpið gert samning við Útvarp Suðurlands hvað þetta varðar þótt sú þjónusta sé ekki sambærileg við önnur svæðisútvörp landshlutasamtakanna þar sem m.a. Útvarp Suðurlands er fjárvana fyrirtæki, til þess að gera illa tækjum búið og sendingar þess ná alls ekki um allt Suðurland. Það fyrirtæki er líka byggt upp af áhugafólki sem stendur sig vel, eftir því sem hægt er, en það eru verulegar takmarkanir á starfseminni.

Nú hefur verið ákveðið að flytja starfsstöð eða stjórnstöð Rásar 2 frá Reykjavík til Akureyrar. Í framhaldi af þeim flutningum er ekki úr vegi að spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hver eru í raun og veru áform menntmrh. og stjórnenda Ríkisútvarpsins um svæðisútvarp í framhaldi af flutningi Rásar 2 til Akureyrar?

2. Verður byggt upp svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins í þeim landshlutum þar sem það er ekki núna, svo sem á Suðurlandi og Vesturlandi?

3. Verður tekið tillit til breytinga á kjördæmaskipan við fyrirhugaða styrkingu svæðisútvarps?

Komið hefur fram í umræðunni að til standi að styrkja starfsemi Ríkisútvarpsins, þ.e. í kringum svæðisútvörpin, og þá er kannski ekki úr vegi að skoða þessi nýju kjördæmi sem

við tölum gjarnan um úr þessum ræðustól. Þess vegna leikur mér forvitni á að vita hvað er í bígerð í þessum efnum hjá hæstv. menntmrh. og stjórnendum Ríkisútvarpsins.

[14:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þær spurningar sem hér eru lagðar fram eru allar þess eðlis að þær falla undir verksvið útvarpsstjóra og stjórnenda Ríkisútvarpsins. Þess vegna byggi ég svar mitt á þeim svörum sem ég fékk frá útvarpsstjóra í framhaldi af fyrirspurn hv. þm.

Í fyrsta lagi er spurt:

„Hver eru áform menntamálaráðherra og stjórnenda Ríkisútvarpsins um svæðisútvarp í framhaldi af flutningi Rásar 2 til Akureyrar?"

Ég vil árétta að hér er um svör útvarpsstjóra að ræða enda stjórnar hann öllu því sem þessar spurningar lúta að. Svarið er eftirfarandi:

Í framhaldi af álitsgerð vinnuhóps útvarpsstjóra og ályktun meiri hluta útvarpsráðs er fyrirhuguð sú skipulagsbreyting hjá Ríkisútvarpinu að dagskrárstjóri Rásar 2 hafi aðsetur á Akureyri. Þar verður jafnframt miðstöð landshlutaútvarps á vegum Ríkisútvarpsins. Breytingin getur að fullu komið til framkvæmda með næstu vetrardagskrá. Dagskrárstjóri mun m.a. hafa það hlutverk með höndum að tryggja aukna hlutdeild svæðisstöðvanna á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum í dagskrá Rásar 2, t.d. með virku framlagi þeirra til dægurmálaþátta í beinum útsendingum í morgun- og síðdegisútvarpi.

Útvarp Suðurland á Selfossi hefur annast svæðisútvarpssendingar á dreifikerfi Rásar 2 um Suðurland samkvæmt þjónustusamningi við Ríkisútvarpið frá 1999. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við Útvarp Suðurland og verður það nánar lagað að hinu nýja skipulagi Rásar 2. Önnur dagskrárgerð verður efld í landshlutastöðvunum eftir því sem fjárhagur Ríkisútvarpsins leyfir.

Önnur spurningin er:

„Verður byggt upp svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins í þeim landshlutum þar sem það er ekki, svo sem á Suðurlandi og Vesturlandi?"

Svarið er: Samvinna við Útvarp Suðurland hefur tekist vel og hefur Ríkisútvarpið því ekki talið það forgangsverkefni að koma upp aðstöðu til svæðisútsendinga á eigin vegum á Suðurlandi. Á Vesturlandi hefur verið efnt til samstarfs við fjölmiðlafyrirtækið Tíðindamenn ehf. sem veitir útvarpi og sjónvarpi Ríkisútvarpsins fréttaþjónustu. Mögulegt er að þróa þá samvinnu áfram og fjölga viðfangsefnunum ef fjárhagslegar forsendur eru fyrir hendi. Því er ekki talin ástæða til að Ríkisútvarpið hefji starfsemi á eigin vegum á Vesturlandi.

Loks er spurt:

„Verður tillit tekið til breytinga á kjördæmaskipan við fyrirhugaða styrkingu svæðisútvarps?"

Hér segir í svari útvarpsstjóra: Þetta atriði er að sjálfsögðu háð afstöðu Alþingis og bíður setningar nýrra og endurskoðaðra laga um Ríkisútvarpið. Útvarpsstjóri telur að umrædd skírskotun til kjördæmaskiptingar sé ekki alls kostar rétt eða hún eigi ekki alls kostar við. Af margvíslegum ástæðum verður ekki í fljótu bragði séð að svæðisútvarpsstarfsemi leggist af á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum þrátt fyrir breytingar á kjördæmaskipan. Hvort gert verður enn betur í öðrum landshlutum er háð stefnumörkun stjórnvalda og þeim fjárhagslegu skilyrðum sem Ríkisútvarpinu verða sköpuð. — Þetta var svar útvarpsstjóra.

[14:42]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að Rás 2 hafi runnið sitt skeið sem tónlistarútvarp. Hún skapaði nýja vídd í útvarpsmálum þegar hún var sett á laggirnar en núna hafa einkareknar útvarpsstöðvar tekið þetta hlutverk að sér og því er óþarft að Ríkisútvarpið sé á þeim markaði.

Þess vegna er hugmynd hæstv. menntmrh. um flutning Rásar 2 til Akureyrar athyglisverð. Nú hefur útvarpsráð tekið undir hugmyndirnar og útfært þær. Með því að breyta Rás 2 í miðstöð svæðisútvarpa skapast nýir möguleikar á að kynna þjóðina innbyrðis sem við höfum ekki haft möguleika á áður vegna þess að svæðisútvörpin hafa eingöngu verið send send út á viðkomandi svæði. Þannig skapast möguleikar á auknum skilningi milli landshluta, aukinni nálægð fólks, sem ég tel mikla þörf á, herra forseti, á báða bóga.

[14:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er fyllsta ástæða til að fagna því frumkvæði hæstv. menntmrh. á sínum tíma sem hefur leitt til þess að teknar hafa verið ákvarðanir um að efla svæðisútvarpsstöðvarnar á landsbyggðinni eins og kunnugt er og hér hefur komið fram í dag.

Það eru allar forsendur til að efla þessa starfsemi úti á landi og þetta mun auðvitað verða til að tryggja og treysta og bæta stöðu Ríkisútvarpsins gagnstætt því sem sumir hafa látið í veðri vaka sem þó hafa þóst vera í varðstöðu fyrir Ríkisútvarpið. Auðvitað mun Ríkisútvarpið eflast og verða betri útvarpsstöð við það að njóta starfskrafta fólks utan af landsbyggðinni í auknum mæli og að auka útsendingar og efni af landsbyggðinni. Það er mikil þörf á því.

Samhliða þessu þarf jafnframt að hyggja að því að bæta aðstöðu Ríkisútvarpsins þar sem það á við, t.d. á Ísafirði þar sem skortur á aðstöðu stendur bókstaflega í vegi fyrir því að hægt sé að vinna nauðsynlegt og nægjanlegt efni. Þess vegna vil ég héðan úr þessum ræðustól hvetja forráðamenn Ríkisútvarpsins, útvarpsstjóra og útvarpsráð, til að fara í að bæta aðstöðu Ríkisútvarpsins á Ísafirði þannig að það geti staðið undir því mikla verkefni sem því er ætlað.

[14:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að bera þessar spurningar fram og vekja athygli á því að það er langt frá því að Sunnlendingar njóti sömu þjónustu og þeir sem búa við svæðisútvarp sem rekið er frá Ríkisútvarpinu þó að komið hafi fram hjá hæstv. menntmrh. að samstarf Ríkisútvarps og Útvarps Suðurlands hafi verið gott. Það væri mjög fróðlegt að skoða hlutfall þeirra þátta sem fluttir eru í Ríkisútvarpinu frá svæðisstöðvum þess og frá útvarpinu á Suðurlandi í gegn um þetta samstarf, sem út af fyrir sig er ágætt og ég er ekkert að lasta það. Það er betra en ekkert.

Það var hins vegar hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem átti stærstan þátt í því að koma þessu samstarfi á á sínum tíma. Ég vil endilega að það komi hér fram því það var meðal þess síðasta sem hún gerði á meðan hún vann hjá Ríkisútvarpinu.

[14:46]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það kom ýmsum á óvart þegar áform komu fram um að flytja Rás 2 norður á Akureyri. Ljóst er að mikið er á sig lagt til að styrkja allt sem heyrir undir starfsemi á Akureyri. Það er augljóst samkvæmt þeirri byggðaáætlun sem nú er verið að kynna að það er ekki reynt að gera jafnmikið fyrir önnur svæði landsins.

Ég held að meðan við rekum Ríkisútvarpið sem ríkisstofnun sé alls ekki fráleitt að dreifa starfseminni víðar um landið og jafnvel nauðsynlegt að styrkja sum svæði hvað þetta varðar.

Ég get t.d. alveg séð fyrir mér að Rás 1 geti flutt út á land eins og Rás 2. Hvers vegna skyldi ekki Rás 1 fara á Selfoss og vera með Útvarpi Suðurlands alveg eins og að vera í Reykjavík? Mér fyndist jafneðlilegt að athuga það eins og hvað annað.

[14:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller sagði að Rás 2 hefði runnið sitt skeið á enda sem tónlistarútvarp. Ég er ekki sammála þessari skoðun. Ég hef orðið var við það hjá ungum tónlistarmönnum að þeir líta á Rás 2 sem mikilvæga lífæð fyrir tónlistina. Rás 2 er jafnframt gullæð fyrir Ríkisútvarpið vegna þess að í gegnum Rás 2 er aflað mikilvægra auglýsingatekna sem eru notaðar til að standa straum af kostnaði við rekstur Rásar 2 og Rásar 1.

Auðvitað á að leita hagkvæmra leiða við rekstur Ríkisútvarpsins. Það sem vakti furðu er að nánast allir þeir ráðgjafar sem kallaðir voru til og spurðir um hagkvæmasta rekstrarmátann á Rás 2 lögðust gegn þeim sjónarmiðum að flytja stjórnsýslu stöðvarinnar til Akureyrar. Það vakti því furðu að hæstv. menntmrh. skyldi ganga gegn öllum þeim ábendingum.

[14:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli þingheims á því að svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins hafa þurft að þola niðurskurð í útsendingartíma og dagskrárgerðarfé undanfarin missiri. Þegar niðurskurðurinn var orðinn slíkur að svæðisstöðvarnar voru farnar að kveinka sér mjög kom hæstv. menntmrh. með þessa snilldarhugmynd, að taka bara Rás 2 og breyta henni í miðstöð svæðisútvarpsstöðvanna, flytja hana norður á Akureyri og efla til muna svæðisstöðvarnar. Svona hefur hæstv. menntmrh. það, hann sker niður með annarri höndinni um leið og hann byggir upp með hinni.

Ég lýsti því yfir, herra forseti, að vinnubrögð af þessu tagi eru ekki til fyrirmyndar. Þegar hæstv. ráðherra gefur í svari sínu, sem hann þó eignar útvarpsstjóra, fyrirheit um að efla skuli svæðisstöðvarnar sem aldrei fyrr, eftir því sem fjármunir leyfa, vil ég spyrja: Hvaðan eiga fjármunir að koma í eflingu svæðisstöðvanna? Ég vil fá að vita það. Þingheimur á rétt á því að fá að heyra svör við því.

[14:49]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að fagna því að Rás 2 verði flutt norður á Akureyri, þ.e. sé í þann mund að flytja þangað. Ég tek undir með hv. þm. Ástu Möller. Við viljum fá fréttir alls staðar að af landinu og ég held að það sé einmitt það góða við breytinguna. Það verður landsbyggðavinkill á Rás 2 og við fáum fréttir hvert af öðru hvar sem við búum á landinu. Svo er ekki nú meðan svæðisútvörpin eru jafneinangruð og þau eru, meira að segja Útvarp Suðurlands næst ekki alls staðar á Suðurlandi. Ég næ því t.d. ekki í mínu útvarpstæki heima hjá mér. Ég get ekki fylgst með svæðisútvarpi Suðurlands. Ég get hins vegar alltaf náð Rás 2. Ég hlusta mikið á hana en aðallega samt á gömlu Gufuna.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka þau svör sem fram hafa komið og þær umræður sem spunnist hafa í framhaldi af fyrirspurn minni.

Menntmrh. þarf í raun ekki að vera hissa á því þó að við spyrjum hann út í þetta. Við eigum ekki möguleika á að ræða við ágætan útvarpsstjóra á svona opinberum vettvangi um þessi mál.

Mig langar að spyrja hæstv. menntmrh., í beinu framhaldi af því að hann tók það skýrt fram að hér væri um svör útvarpsstjóra og stjórnenda útvarpsins að ræða: Er menntmrh. sammála þessum svörum?

Ég varð fyrir miklum vonbrigðum. Við erum að tala um landshlutabundið útvarp, þ.e. að breyta Rás 2 í landshlutabundið útvarp. Það eru ákveðin svæði sem verða út undan. Það er alveg ljóst. Það hefur komið hér fram að Útvarp Suðurland nær ekki yfir allt Suðurland. Það hefur líka komið í ljós í umræðunni að menn telji að Rás 2 hafi runnið sitt skeið sem tónlistarútvarp.

Ef við ferðumst um landið kemur í ljós að þessar einkareknu útvarpsstöðvar nást því miður ekki vítt og breitt um landið. Þegar við ökum um verðum við að gæta þess að Ríkisútvarpið þarf að vera með slíkar sendistöðvar að það náist beinlínis alls staðar. Það er í raun og veru skylda Ríkisútvarpsins, m.a. vegna þess að við borgum afnotagjöld af því sem er auðvitað umdeilt mál sem menn hafa oft og tíðum rætt um. Við greiðum þau hins vegar og þess vegna er það auðvitað skylda Ríkisútvarpsins að við náum því í öllum landshlutum.

Það kann vel að vera að við getum rekið einkareknar útvarpsstöðvar í mestu þéttbýliskjörnum landsins en mér leikur forvitni á að vita það, vegna þess að mér finnst í raun verið að gera upp á milli landshluta, hvort hæstv. menntmrh. sé sammála svörum útvarpsstjóra.

[14:52]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi afstöðu mína til þessa máls liggur hún skýr fyrir. Ég vil að Ríkisútvarpið þjóni öllu landinu. Það kom fram í haust þegar ég áréttaði það með því að leggja til að kannað yrði hvort ekki ætti að styrkja landshlutahlutverk þess með því að færa hluta starfsemi Ríkisútvarpsins til Akureyrar. Það hefur gengið eftir.

Ég er líka talsmaður þess, og hef verið alla mína tíð sem menntmrh., að Ríkisútvarpið eigi sem best samskipti við einkaaðila og semji við þá sé tryggt að þeir geti veitt góða þjónustu og komið að málum með þeim hætti að góð sátt sé um þau.

Ef það er rétt, sem fram kemur hjá hv. þm., að útvarpið sem samið er við á Suðurlandi standi ekki undir þeim kröfum sem eðlilegt er að gera til þess sem samstarfsaðila Ríkisútvarpsins hlýtur það að vera sérstakt álitaefni fyrir Ríkisútvarpið hvort efni séu til að vera í samstarfi við slíkan aðila. Það hljóta að vera ákveðnar grunnforsendur í þeim samningi sem liggja því til grundvallar að þetta samstarf

er fyrir hendi. Að sjálfsögðu á ekki að gera minni kröfur til einkaaðila þegar þeir taka að sér að sinna verkefni fyrir Ríkisútvarpið en til Ríkisútvarpsins sjálfs.

Þessi afstaða mín er alveg skýr. Ég hef aldrei verið talsmaður þess að Ríkisútvarpið tæki upp samstarf við einkaaðila til að draga úr grunnþjónustu sinni. Þvert á móti hef ég litið þannig á að með nánu samstarfi Ríkisútvarpsins við einkaaðila ættu báðir aðilar að styrkjast og þjónusta við hlustendur að aukast.

Ef það er rétt hjá hv. þm. sem hér kemur fram, að þessi samstarfsaðili Ríkisútvarpsins standist ekki þær kröfur sem gerðar eru til hans hlýtur það að vera sérstakt álitamál og úrlausnarefni.

Tækniháskóli Íslands.

Fsp. SJóh og KolH, 452. mál. — Þskj. 722.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Sá skóli sem hefur verið og á að vera nokkurs konar flaggskip tæknimenntunar í landinu og hefur vakið athygli fyrir fagleg vinnubrögð og hátt gæðastig í námi og kennslu, Tækniskóli Íslands, hefur á undanförnum mánuðum átt í vök að verjast. Það er að vísu ekki ný bóla að fjárveitingar til skólans hafi verið naumt skammtaðar, oftar en ekki litið fram hjá mjög góðum greinargerðum sem borist hafa til fjárln. og menntmn. um fjárþörf skólans og honum skammtað eitthvað á allt öðrum nótum.

Skólinn rataði hins vegar í óvænta erfiðleika þegar átti að fara að breyta honum í tækniháskóla en á því stigi er hann óumdeilt rekinn að stærstum hluta þó einnig hafi þar verið reknir aðfaraáfangar á framhaldsskólastigi sem hafa gefið mjög góða raun. Þá fóru að koma fram hugmyndir um að einkavæða skólann með einhverju móti. Fyrst fóru fram umfangsmiklar viðræður um framtíð skólans við Samtök iðnaðarins um að þau ræku skólann. Þær viðræður sigldu í strand þar sem viðkomandi fannst heimanmundur sá er fylgja átti frá ríkinu of naumur.

Í kjölfar þeirra viðræðuslita töldu forsvarsmenn skólans að málið væri í höfn. Þeim höfðu meira að segja borist drög að frv. að tækniháskóla sem þeir voru nokkuð sáttir við. En þá bárust aftur fréttir um að viðræður stæðu yfir um að sameina Tækniskólann Margmiðlunarskólanum. Að því viðræðuborði var engum af stjórnendum skólans boðið, ekki heldur fulltrúa ráðherrans í skólanefnd. Nú hefur slitnað upp úr þeim viðræðum og þær fréttir hafa nýlega borist frá hæstv. ráðherra að á næstu dögum muni þetta ágæta frv. verða lagt fyrir þingið og er það vel.

Ég ætla því að gefa hæstv. ráðherra færi á að fá það skjalfest á Alþingi að frv. verði lagt fyrir alveg á næstunni, og spyr hann því þeirrar spurningar sem ég lagði fyrir í síðustu viku, en hún hljóðar svo:

Hvenær er von á að frv. til laga um Tækniháskóla Íslands verði lagt fram á Alþingi?

[14:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það hefur verið mikill áhugi hjá atvinnulífinu á að koma að rekstri Tækniskóla Íslands. Þegar hafist var handa, eftir að samþykkt höfðu verið almenn lög um háskólastigið, við að færa Tækniskóla Íslands upp á háskólastig þótti mér sjálfsagt að leita allra leiða til að koma til móts við Samtök iðnaðarins fyrst og síðan aðra aðila sem standa að skólastarfi varðandi þennan þátt. Þessar viðræður hafa tekið langan tíma, ég viðurkenni það, sérstaklega við Samtök iðnaðarins. Þær tóku að mínu mati of langan tíma eins og ég lét koma fram oftar en einu sinni í því ferli öllu saman. Ég er þeirrar skoðunar að ekki hafi slitnað upp úr þeim viðræðum vegna þess að ágreiningur væri um fjárveitingar heldur bjuggu þar aðrar ástæður að baki og get ég fært góð rök fyrir því ef hv. þm. óska eftir þeim skýringum.

Lengi hefur verið leitað úrræða í þeim tilgangi að sameina tækninám og verkfræðinám. Ég hef einnig skipað nefndir til að vinna að því verkefni. Ég man eftir mjög fjölmennum fundi sem ég efndi til með tæknifræðingum og verkfræðingum um þetta mál. Þá var Listaháskóli Íslands að komast á laggirnar. Menn gengu til þess verks með mjög skipulegum hætti. Ég sagði á þeim fundi: Hvernig í ósköpunum stendur á því að verkfræðingar og tæknifræðingar sem virðast hafa áhuga á því að eiga samstarf innan vébanda Tækniháskóla Íslands geta ekki komið sér saman um hvernig að því verki verði staðið meðan listamönnum vex ekki í augum að stofna einkarekinn listaháskóla á landinu? Þá fékk ég þau svör sem mér eru minnisstæð: Jú, það er þannig að við komum okkur yfirleitt saman um 95% en það eru þessi síðustu 5% sem valda okkur erfiðleikum af því að við erum svo nákvæmir og við viljum geta farið ofan í alla sauma og séð hvernig málin líta út til loka. Það voru kannski alltaf þessi 5% sem menn stöldruðu við þegar atvinnulífið átti að koma að því að taka að sér rekstur þessa skóla þannig að aldrei var hægt að ljúka málinu.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um viðræður menntmrn. og fulltrúa Margmiðlunarskólans vil ég segja að það voru viðræður um það hvort yfirleitt væru forsendur fyrir því að fara í viðræður um að þessir aðilar tækju að sér að reka Tækniháskóla Íslands. Þess vegna sagði ég alltaf, meðan þær viðræður fóru fram: Þetta eru viðræður milli ráðuneytisins og þessa aðila um ákveðnar frumforsendur og ástæðulaust að blanda skólanum inn í það ef ekki næðist samkomulag.

Samkomulag náðist ekki, menn urðu sammála um að gera hlé á viðræðunum og skoða málið hver fyrir sig. En í öllu þessu ferli hefur alveg frá upphafi legið fyrir á vegum menntmrn. vinna um hvernig færa megi Tækniskóla Íslands upp á háskólastig sem Tækniháskóla Íslands á vegum ríkisins. Þessi vinna hefur verið unnin í samstarfi við aðila innan skólans og sl. sumar höfðu stjórnendur skólans og aðrir þeir sem að málinu komu frv. á vegum ráðuneytisins til skoðunar, og hugmyndir þeirra um efni þess frv. komu síðan til ráðuneytisins í haust. Það tók síðan lengri tíma en ég reiknaði með að komast að niðurstöðu um það.

Ég hef varið mjög miklum tíma í málefni Tækniskóla Íslands og leiðir til að breyta honum í Tækniháskóla Íslands vegna þess að mér er annt um þetta nám. Mér er annt um þennan skóla og mér er annt um að það verði ekkert gert sem grafi undan því að þetta nám fari fram. Ég geri mér grein fyrir því að innan Tækniskólans fer fram mjög mikilvægt starf sem ekki má hrófla svo við að það eyðileggist.

Þess vegna hef ég gefið þennan tíma og þess vegna hef ég lagt svona mikla vinnu í þetta. Nú er frv. tilbúið og ég mun fara með það fyrir næsta ríkisstjórnarfund. Ef ríkisstjórnin heimilar mér að fara með það inn í þingflokka stjórnarflokkanna mun það væntanlega gerast í næstu viku.

Þetta mál er því alveg komið á lokastig af minni hálfu. Menntmrn. samdi einnig á síðasta ári um fjárveitingar við Tækniskólann á nýjum forsendum. Þar inni er gert ráð fyrir því að frumgreinadeild skólans starfi áfram. Við getum hins vegar ekki tekið á því máli beint í lögum um háskóla því að frumgreinadeildin er ekki háskóladeild en í þessu frv. gerum við ráð fyrir því að frumgreinadeildin starfi áfram á grundvelli þeirra fjárveitinga sem koma samkvæmt þeim samningi sem við höfum þegar gert við skólann og mótar honum svipaðan starfsramma og háskólum er mótaður.

[15:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að frv. um tækninám á háskólastigi sé loksins að líta dagsins ljós og sé þá að öllum líkindum væntanlegt inn í þingsali innan skamms.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir að honum sé annt um þetta nám og þennan umrædda skóla. Mér hefur hins vegar ekki fundist gæta þeirrar væntumþykju í þeim fréttum sem við höfum verið að fá af málefnum skólans upp á síðkastið um það að skólinn sé afskiptur í umræðum um málefni hans og þar fram eftir götum. Ég fer ekki nánar út í þá sálma hér en ég vil aðeins segja að Tækniskólinn á sér mjög öfluga framtíðardrauma sem lýst hefur verið í skýrslu um stöðumat skólans og framtíðarsýn. Það er alveg ljóst að lífsnauðsynlegt er að Tækniháskóli Íslands verði stofnaður fljótlega og hann verði virtur fagháskóli á sviði tækni og rekstrar og ég bryni hæstv. menntmrh. til þess að ganga þar í fararbroddi þannig að þeirri óvissu sem um málefni skólans hefur ríkt verði eytt hið snarasta.

[15:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að væntanlegt sé alveg á næstu dögum frv. til laga um Tækniháskóla Íslands, og þó fyrr hefði verið.

Hæstv. menntmrh. lýsti því yfir sem ég dreg ekki í efa að hann bæri hag og velgengni Tækniskólans mjög fyrir brjósti. Því vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður fjárhag skólans? Mig minnir að skólinn hafi skuldað í lok ársins 2000 90–100 millj. kr. og mér skilst að heldur hafi skuldirnar aukist fram á þennan dag. Áfram býr hann við þannig útreikninga að rekstrargrunnur hans er mjög ótryggur og umhverfi allt hið erfiðasta. Ef hæstv. ráðherra ann honum eins og hann gat um, hvenær er þess þá að vænta að Tækniskólinn fái eðlilega fjárhagslega og rekstrarlega umgjörð og úrbætur á því sviði?

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör um framtíð þessa skóla og ég hlakka ákaflega til að fá frv. og líta það augum. Ef það er eins gott og ég vonast til mun ég auðvitað berjast fyrir því að það fái mjög skjótan framgang í gegnum þingið.

Ég hef ekki skilið í vetur hvers vegna allur þessi vandræðagangur hefur verið í sambandi við Tækniskóla Íslands frekar en ég hef svo sem skilið það áður. Samtök atvinnulífsins sýndu áhuga, sagði hæstv. ráðherrann. Það er náttúrlega eðlilegt því að ég held að ekki nokkur skóli á landinu hafi jafnnáið samstarf við atvinnulífið í landinu eins og Tækniskóli Íslands.

Sú óvissa sem hefur verið í málefnum skólans hefur hamlað framþróun í honum, t.d. í vetur. Kennurum hefur fundist þeir vera eins og í lausu lofti með starfið og ég held að það sé mjög brýnt að við fáum þetta frv. núna til samþykktar til að eyða óvissunni og það megi þá vinna samkvæmt lögum.

Starfsumhverfi Tækniskólans þarf auðvitað að vera a.m.k. sambærilegt við það sem tíðkast í öðrum sambærilegum stofnunum. Þar verð ég að segja að nú skortir nokkuð á og þyrfti hæstv. menntmrh. og ráðuneyti hans að láta verkin tala, eins og þar stendur. Það er okkur Íslendingum mjög mikilvægt að sem flestir góðir námsmenn velji tækninám og rekstrarnám og því á ríkið að reka slíkan skóla með myndarbrag. Það á að leggja honum til glæsilegt húsnæði og það á líka að leggja honum til nægilegt fjármagn til kynningar á náminu svo að slíkur skóli geti keppt við einkareknu háskólana í landinu.

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður. Það er ljóst að við erum sammála um að nauðsynlegt sé að setja skólanum þessi lög. Ég vona svo sannarlega að frv. komi sem fyrst fram á þingi þannig að þingmenn geti sannað í verki áhuga sinn á málinu með því að samþykkja lagafrv. sem fyrst og láta líka verkin tala.

Ég vil aðeins segja það að fjárhagslegar forsendur skólans munu náttúrlega fara eftir þeim almennu reglum sem gilda hér um háskólastigið og fjárveitingar til háskóla. Skólinn verður að sjálfsögðu að laga sig að því umhverfi sem hann er að fara inn í og verður að taka mið af því og haga skipulagi sínu í samræmi við það, það er alveg ljóst. Það verða engar sérreglur um þennan skóla og hann verður að laga starfsemi sína að þeim fjárhagslegu kröfum sem við gerum. Ég efast ekki um að fullur vilji sé til þess innan skólans og þar er metnaður í þá átt að þetta lagafrv. verði samþykkt, ekki síður en hér á þingi, með skjótum og markvissum hætti. Aðlögun skólans að háskólastiginu verður ekki auðveld en ef menn setja sér metnaðarfull markmið innan skólans eins og gert hefur verið í öðrum skólum sem hafa verið fluttir af framhaldsskólastigi upp á háskólastig er ég viss um að hægt verður að ná því markmiði á skömmum tíma.

Ég ítreka það sem ég sagði, mér er annt um að þessi skóli dafni áfram. Ég tel að hann geti það jafnt sem ríkisháskóli eða einkarekinn háskóli. Ég hefði gjarnan viljað sjá hann í nánara samstarfi við atvinnulífið en unnt er að gera þegar hann er ríkisrekinn en ég tel að tækifæri til þess að færa hann úr umsjá ríkisins yfir til einkaaðila gefist síðar ef áhugi er hjá þeim aðilum fyrir að taka að sér rekstur skólans.

Innheimta skuldar við LÍN.

Fsp. SJóh, 463. mál. — Þskj. 743.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Sá sem mál þetta varðar er ungur maður sem hefur fengið staðfesta greiningu á MS-sjúkdómi. Hann kvartaði yfir úrskurði málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna þar sem synjun stjórnar Lánasjóðsins á beiðni hans um undanþágu frá endurgreiðslu námslána var staðfest á grundvelli þeirrar hlutlægu og fortakslausu vinnureglu stjórnarinnar að ekki væri veitt undanþága frá endurgreiðslu

námslána ef líklegt yrði talið að lánþega mundi reiknast tekjutengd afborgun á næsta ári eftir að sú breyting átti sér stað sem var ástæða beiðni hans. Þessi vinnuregla er viðhöfð þó að í lögum standi að LÍN hafi heimild til að veita undanþágu frá endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum eftir atvikum.

Þetta mál var lagt fyrir umboðsmann Alþingis sem gerði alvarlegar athugasemdir um málsmeðferð stjórnar LÍN og síðar málskotsnefndarinnar og taldi þá ekki hafa kannað með fullnægjandi hætti fjárhagslegar aðstæður mannsins á því tímabili sem beiðni hans var til meðferðar, t.d. ekki leitað eftir fullnægjandi gögnum um hvort aðstæður hans og einkum það að hann hafði í kjölfarið greinst með alvarlegan sjúkdóm hefðu leitt til alvarlegrar skerðingar á ráðstöfunarfé eða möguleikum til að afla tekna eða hvort aðstæður hans hefðu valdið honum eða fjölskyldu hans verulegum fjárhagsörðugleikum.

Umboðsmaður telur að þótt stjórnin setji sér ákveðnar verklagsreglur sé hún eftir sem áður skuldbundin til að framkvæma einstaklingsbundið mat á beiðnum um undanþágu. Því mælist umboðsmaður Alþingis til að málskotsnefnd sjóðsins taki málið til skoðunar á ný. Áður en sú skoðun hafði farið fram gaf stjórn lánasjóðsins viðkomandi manni og fjölskyldu hans úrslitafrest til að greiða viðkomandi skuld. Framkvæmdastjóri LÍN gaf þá yfirlýsingu um málið í Fréttablaðinu að hann þekkti þess engin dæmi að mál hefði verið tekið úr innheimtu þrátt fyrir meðferð til úrskurðar.

Því spyr ég hæstv. menntmrh.: Telur ráðherra samræmast góðum stjórnsýsluháttum að innheimta skuld MS-sjúklings við Lánasjóð íslenskra námsmanna hjá sjúklingnum og aðstandendum hans sem hafa gengið í ábyrgðir, þegar mál hans hefur að nýju verið sent málskotsnefnd LÍN í kjölfar úrskurðar umboðsmanns Alþingis?

[15:12]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mál þetta er einstakt, bæði að efni, eins og fram mun koma í svari mínu, og einnig að því leyti að mál einstaklings skuli vera tekið upp á Alþingi með þessum hætti. Loks er fyrirspurnin líka þess eðlis að hún gefur í raun og veru tilefni til að velta fyrir sér með hvaða hætti orðalag á slíkum fyrirspurnum eigi að vera svo að vel sé að verki staðið og hvort það sé í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að leggja fram spurningar af þessum toga.

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna í tilefni af þessari fyrirspurn er mál það sem hér um ræðir án fordæmis hjá sjóðnum. Þótt deila megi um það hvort fjalla eigi um einstök mál sem snerta tiltekna einstaklinga, t.d. hér í fyrirspurnatíma á Alþingi, og þannig með opinberum hætti gefur fyrirspurnin tilefni til þess, auk þess sem um þetta mál hefur verið fjallað á síðum dagblaða að undanförnu.

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna er um að ræða vanskil allt frá árinu 1997 sem enn hafa ekki verið innheimt. Þegar lánþeginn sótti um undanþágu frá greiðslum á árinu 1999 voru vanskil hans komin til innheimtu hjá lögmönnum. Þótt umsókn hans hafi borist seint var hún tekin til efnislegrar meðferðar en synjað. Stjórn LÍN hefur haldið því fram að þegar vanskilin hófust hafi engar þær aðstæður verið fyrir hendi hjá lánþeganum sem gáfu tilefni til undanþágu frá afborgun af námsláni hans. Stjórnin hefur jafnframt hafnað því að aðstæður lánþegans, eftir að vanskil voru komin í lögmannsinnheimtu, geti gefið tilefni til undanþágu. Stjórnin hafi á hinn bóginn, árið 1999, vegna aðstæðna lánþegans gefið honum kost á að skuldbreyta vanskilum á hagstæðum kjörum sem hann hafi ekki þegið.

Synjun stjórnar LÍN var kærð til málskotsnefndar sem er sjálfstætt stjórnvald og óháð stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í nefndinni eiga sæti þrír lögfræðingar, þar af einn héraðsdómari. Úrskurðir málskotsnefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og þeim verður því ekki skotið til menntmrn. Nefndin staðfesti afgreiðslu stjórnar LÍN í janúar árið 2000. Lánþeginn leitaði til umboðsmanns Alþingis sem lét álit sitt í ljósi í maí 2001. Tilmæli hans voru að málskotsnefndin tæki málið fyrir að nýju. Það gerði málskotsnefndin og hefur málið verið til meðferðar hjá henni síðan.

Mál þetta er því í þeim lögformlega farvegi sem því ber samkvæmt þeim lögum sem samþykkt hafa verið hér á Alþingi og það er til meðferðar hjá þar til bærum stjórnvöldum, lögum samkvæmt. Með hliðsjón af því tel ég mér ekki skylt að svara því hvort hér sé um góða stjórnsýsluhætti að ræða eða ekki. Hér er verið að vinna að máli í samræmi við lög af sjálfstæðum stjórnvöldum sem ber að taka afstöðu til málsins. Ég held að hver og einn geti sett sig í þá stöðu að komast að niðurstöðu um það hvort eitthvað í þessu sé ámælisvert frá stjórnsýslulegum sjónarhóli.

[15:15]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Rétt til að skýra fyrir hv. fyrirspyrjanda Sigríði Jóhannesdóttur hvernig þetta gengur til þá er þetta þannig að til eru tvær undirnefndir stjórnar lánasjóðsins, þ.e. endurgreiðslunefnd annars vegar og hins vegar vafamálanefnd, þar sem vafamálin eru tekin fyrir. Í endurgreiðslunefndinni eru tekin fyrir mál sem eru af líkum toga og eru hér til umræðu, þ.e. um frestanir á greiðslum og annað slíkt. Þetta er undirnefnd stjórnarinnar og það er skipaður einn frá meiri hluta og einn frá minni hluta. Í þessu tilfelli var náttúrlega farið eftir reglum sjóðsins, þ.e. samþykkt í stjórninni. Þetta var samþykkt samhljóða og farið var eftir þeim reglum sem gilda, bæði varðandi tekjuviðmið og tíma.

En ég vil taka undir það með hæstv. menntmrh. að mjög óeðlilegt er að fjalla um eitt og eitt mál af þessum toga hér á þinginu. Málin eru mörg. Fyrir þessa nefnd koma mál sem bergmála vandamál margra einstaklinga í þjóðfélaginu og hefur nefndin reynt að taka á þeim af mikilli mildi.

[15:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið fram með þessa fyrirspurn og átel það að menn skuli vera að amast við því. Hér er mál á ferðinni sem umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um og komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að taka til endurskoðunar. Menn hafa samt sem áður haldið áfram innheimtuaðgerðum. Mér finnst full ástæða til þess að slík mál komi hér. Hér hafa engin nöfn verið nefnd. Málið er af því tagi að það er gott að Alþingi hafi af því fulla vitneskju að slík mál séu á ferðinni. Ég sé enga ástæðu fyrir menn að bera sig upp undan því að hér komi slík mál til umræðu, síst þeir sem eiga þar um að fjalla. Þeir verða auðvitað að bera þá krossa sem á þá er lagðir í því starfi sem þeir hafa tekið að sér. Hæstv. ráðherra kemst ekkert undan því. Þess vegna er gott að þetta mál skuli hafa komið hér til umræðu.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Auðvitað er þetta mál einstaklings. En þetta er sorglegt dæmi um þau tréhestaviðbrögð sem margir fá sem þurfa að leita leiðréttingar hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þó málið sé mál einstaklings hefur það þá sérstöðu að umboðsmaður Alþingis úrskurðaði í því að taka ætti það til endurskoðunar, eða benti á að taka ætti það til endurskoðunar. Hann benti á það í maí 2001 og málskotsnefndin, sagði hv. þm. Gunnar Birgisson, hefur síðan haft málið til umfjöllunar. En hún hefur ekki enn úrskurðað í því. Þess vegna verð ég að segja að frá mínum sjónarhóli séð var í hæsta máta óeðlilegt að beita aðför að lögum gegn þessum einstaklingi og fjölskyldu hans út af þessu máli, þ.e. meðan ekki hafði verið úrskurðað vegna ábendingar umboðsmanns Alþingis.

Fólk með þennan erfiða sjúkdóm MS er oft búið að ganga með sjúkdóminn og hann er búinn að valda því miklum erfiðleikum áður en hann er endanlega greindur. Í Fréttablaðinu vitnaði framkvæmdastjóri LÍN mjög ósmekklega, að mér finnst, í mál þessa manns. Ég verð að segja að mér fyndist gott að heyra, ef hæstv. ráðherra vill láta svo lítið, afstöðu hans til þessara ummæla embættismannsins sem voru birt í Fréttablaðinu í síðustu viku.

[15:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef ekkert við þetta mál að bæta umfram það sem ég sagði. Ég veit ekki einu sinni hvaða ummæli það eru sem hv. þm. tekur nærri sér og höfð eru eftir framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna í Fréttablaðinu. Mér finnst það í samræmi við annað í málflutningi hv. þm. að draga það inn í þetta mál. Það er alveg ljóst að verið er að vinna að þessu máli lögum samkvæmt. Ég vil halda mig við efni málsins og þær leiðir sem einstaklingurinn hefur. Þær eru mjög skýrar og hann hefur nýtt sér þær. Og málið er núna til umræðu á hinu háa Alþingi. Við höfum ekkert um þetta mál að segja. Við getum kvartað yfir því og sagt að menn hefðu átt að flýta sér meira hjá málskotsnefnd og annað slíkt. En þetta mál er alveg í lögformlega réttum farvegi og það er rangt hjá hv. þm. að umboðsmaður Alþingis hafi úrskurðað í þessu máli. Umboðsmaður Alþingis úrskurðar ekki. Það er mjög mikilvægt þegar þingmenn eru að fjalla um svona mál að þeir noti rétt hugtök og athugi um hvað þessi mál snúast. Umboðsmaður Alþingis hann gefur álit. Hann gefur ábendingar. Hann segir hvað megi betur fara. En stjórnvöldum er ekki skylt að fara eftir áliti hans eða ábendingum. Það hefur oft komið fram og hefur verið hér til umræðu þegar hv. þingmenn hafa rætt skýrslu umboðsmanns Alþingis að öll tilbrigði eru til við það hvernig menn bregðast við þeim álitum. Í þessu tilviki hefur málskotsnefndin ákveðið að fara að áliti umboðsmanns og er að vinna að málinu. Ég sé því ekki að nokkur ástæða sé til þess að vera með ámæli í garð þeirra sem eru að vinna að þessu máli eins og þeir séu ekki að sinna skyldum sínum. Þeir ganga eins langt eins og þeim er skylt að gera og munu komast að niðurstöðu og við hana verða allir að una því málskotsnefndin hefur lokaorðið um þetta mál á þessum vettvangi. Menn geta að sjálfsögðu kært hana fyrir dómstólum eins og annað og leitað réttar síns fyrir dómstólunum. En á þessum vettvangi hefur málskotsnefndin síðasta orðið og ég sé ekki betur en það hafi komið fram í þessum umræðum að nákvæmlega hafi verið staðið að þessu máli eins og gert er ráð fyrir lögum samkvæmt.

Álagning skatta.

Fsp. PHB, 380. mál. — Þskj. 614.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Á þskj. 614 hefi ég beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um álagningu skatta:

1. Hefur komið fyrir að skattgreiðendur, sem skattstjóri hefur lagt á skatta á grundvelli tekjuáætlunar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, hafi misst íbúðir eða eignir sínar á uppboði, orðið gjaldþrota eða farið í fangelsi vegna skattskulda jafnvel þó að mál þeirra séu enn í kærumeðferð?

2. Hefur komið fyrir að eftir að fyrrnefndir skattgreiðendur hafa misst eignir sínar, orðið gjaldþrota eða farið í fangelsi hafi kæra þeirra verið tekin til greina og álagning skattstjóra verið lækkuð eða felld niður? Ef svo er, hver er þá staða skattgreiðendanna?

3. Hefur komið fyrir að skattstjórinn í Reykjavík hafi lækkað eða fellt niður álagningu skatta en tollstjórinn í Reykjavík, sem innheimtuaðili skuldarinnar, haldi áfram óbreyttri innheimtu?

Herra forseti. Komið hefur í ljós að nokkrir nemendur detta út úr grunnskólum án þess að ljúka grunnskólanámi. Enn fremur hefur komið í ljós að fjöldi nemenda í grunnskóla hefur aldrei lesið heila bók. Einhver hluti þjóðarinnar kann sem sagt ekki að lesa og hefur ekki lestrarskilning. Þá vitum við líka um fólk sem þjáist af þunglyndi — það er nokkuð algengt — er í óreiðu eða í fíkn. Þessi hópur fólks, sem ég hygg að sé ekkert voða lítill, lifir í mjög flóknu þjóðfélagi þar sem hann þarf að kynna sér lífeyrissjóði, stéttarfélög, virðisaukaskatt, atvinnuleysistryggingar, húsaleigubætur og síðast en ekki síst, skattalög. Þessi hópur fólks á að telja fram. Hann bara kann það ekki.

Á móti þessum hópi fólks standa sérfræðingar á skattstofunum, sem leika sér að því í kaffitímunum að rökræða mjög flókin skattaleg vandamál. Þessi hópur fólks, sérfræðingarnir, hafa smíðað inn í skattalögin, sem við hv. þm. höfum samþykkt, afskaplega þung viðurlög til þess að eiga við hinn hópinn. Þar stendur m.a. að hafi maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að gegna skyldu sinni samkvæmt ákvæðunum skuli hann sæta sektum eða fangelsi, allt að tveimur árum, vegna hirðuleysis, vegna þunglyndis eða vegna lestrarvankunnáttu.

Síðan gerist það að áætlanir fara í gang. Skattstjóri og yfirskattanefnd vinna afskaplega hægt en dómskerfið er farið að vinna hraðar og hraðar. Það er ágætt, nema að það getur farið að úrskurða löngu áður en skattrannsóknin er lokið. Þess vegna lenda fleiri og fleiri í þeirri stöðu sem fyrirspurnin ber með sér, og þess vegna óska ég eftir svari hæstv. fjmrh. við þessum fyrirspurnum.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Að því er varðar fyrstu spurningu hv. þm. er rétt að taka fram að samkvæmt 111. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, þá frestar áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við

vangreiðslu hans. Jafnframt kemur fram í sömu grein að fjmrh. geti vikið frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á. Þeirri heimild hefur verið mjög sparlega beitt og þá einvörðungu í þeim tilvikum þar sem um er að ræða stefnumarkandi mál þar sem vafi var talinn leika á túlkun skattalaga og þá til að firra ríkissjóð skaðabótaábyrgð ef málið skyldi tapast.

Í framkvæmd hafa innheimtumenn haft meðalhófsregluna að leiðarljósi við túlkun ákvæðisins ef þeir hafa haft upplýsingar um að gjaldandinn hafi sent inn kæru vegna viðkomandi álagningar eða áætlunar. Kæra gjaldenda á áætlun skattstjóra er í formi framtals. Gjaldandi lætur innheimtumanni að jafnaði í té afrit af framtali sem hann hefur skilað til skattstjóra. Þá hefur þeirri vinnureglu verið beitt, sé framtalið frá löggiltum endurskoðanda eða sérfræðingi, að innheimtumaður hafi samband við skattstjóra og innheimtumaður innheimti á grundvelli þess framtals, en ekki álagningar, þar til kæran hefur verið úrskurðuð.

Í þeim tilfellum þar sem gjaldendur hafa talið fram og komið með staðfestingu frá skattstjóra um að þeir hafi skilað inn framtali, hafa innheimtumenn haft samband við viðkomandi skattstjóra og óskað eftir að hann áætlaði hver fjárhæð álagningar yrði eftir afgreiðslu viðkomandi kæru. Sú fjárhæð hefur síðan verið lögð til grundvallar greiðsluáætlun og launaafdrætti hjá viðkomandi gjaldanda og/eða maka hans.

Í þeim tilfellum þar sem farið hefur fram fjárnám, hefur því verið þinglýst og síðan beðið með frekari aðgerðir, svo sem nauðungarsölu, þar til niðurstaða kæru liggur fyrir. Verði niðurstaða fjárnáms að eignir einstaklings hrökkvi ekki fyrir skuldum þannig að það sé árangurslaust og gjaldandinn skilar síðan inn framtali sem leiðir til lækkunar á álagningu og gerir samning um eftirstöðvar við innheimtumann, getur hann fengið yfirlýsingu um það efni sem hann skilar síðan inn til aðila eins og Lánstrausts.

Almenna reglan í dag er að einstaklingar eru ekki settir í gjaldþrotaskipti nema ef innheimtumaður telur að viðkomandi gjaldandi hafi reynt að skjóta undan eignum. Þó skal tekið fram að ekki er heimildarákvæði í lögum um tekjuskatt og eignarskatt til að dæma gjaldendur í fangelsi vegna vanskila á þeim gjöldum.

Að því er varðar aðra spurningu þingmannsins er rétt að taka eftirfarandi fram:

Eins og kom fram í svari við fyrstu spurningu vita innheimtumenn oft ekki hvort skattgreiðendur hafa lagt inn kærur fyrr en skattbreyting kemur inn í tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs. Eins og fyrirkomulagið var gat komið fyrir að gjaldendur misstu eigur sínar og yrðu gjaldþrota á grundvelli áætlana skattstjóra. Hins vegar hafa vinnureglur innheimtumanna nú verið bættar þannig að í dag á slíkt ekki að koma til nema þegar gjaldandi hefur sýnt af sér algjört áhugaleysi við að telja fram og í engu sinnt ábendingum frá innheimtumanni. Gjaldendur sem hafa fengið á sig árangurslaust fjárnám, en sem skila síðar framtali sem leiðir til lækkunar á álagningu og gera samning um eftirstöðvar við innheimtumenn, geta fengið yfirlýsingu um það sem þeir síðan skila til aðila eins og Lánstraust eins og áður sagði.

Að því er varðar þriðju spurningu þingmannsins þá er gjaldanda tilkynnt um skattbreytingar einum degi áður en breytingin er færð inn í tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs. Skattbreytingar sem byggja á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt og tryggingagjald eru hins vegar færðar inn einu sinni í viku. Aðrar skattbreytingar eru færðar inn daglega. Með þessu fyrirkomulagi eiga gjaldandinn og innheimtumaður að fá upplýsingar um skattbreytingar nánast samtímis. Þar með á það ekki að koma fyrir að innheimtumaður sé að innheimta hærri álagningu en skatturinn hefur ákvarðað.

Herra forseti. Þetta eru hin efnislegu svör við spurningum þingmannsins um þessi atriði, um það hvernig framkvæmd þessara mála er fyrir komið hjá innheimtumönnum ríkissjóðs og hvernig samspilið er milli skattstjóra og innheimtumanna.

Ég vil taka það fram að á undanförnum missirum og nokkrum árum hefur fyrirkomulagi þessara mála í verulegum mæli verið breytt til hagsbóta fyrir og í págu gjaldenda. Hugtakið þjónusta hefur hafið innreið sína inn í þetta kerfi. Mönnum er vísað í þjónustuver, t.d. hjá tollstjóranum í Reykjavík, og þar eru fulltrúar sem reyna að leysa úr vanda viðkomandi aðila í stað þess að auka á hann, reyna að greiða fyrir því að viðkomandi geti staðið í skilum með sín gjöld og bent á leiðir til þess hvernig það megi vera og í einhverjum tilfellum er samið um slíka hluti, þó að sjálfsögðu á jafnræðisgrundvelli.

Ég tel að sú ábending sem fram kom í máli þingmannsins að því er varðar þá sem eiga erfitt um vik með að ganga frá sínum málum eigi auðvitað fyllilega rétt á sér. Og ég bendi á að sérstök þjónusta er veitt á skattstofunum fyrir almenning til þess að ganga frá framtölum sínum og eðlilegt hlýtur að teljast að þeir sem eru í vandræðum með framtöl sín leiti þangað, ef þeir á annað borð vilja standa í skilum eins og flestir auðvitað vilja gera.

[15:31]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að meðferð skattstjóra við svona álagningar hefur víðtækari áhrif. Þetta snertir líka allar tekjutengdar greiðslur. Við vorum t.d. áðan, virðulegi forseti, að fjalla um reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna og afborgunarhlutfall námslána. Það reiknast eftir innsendum gögnum frá skattstjóra um tekjur viðkomandi. Sú aðferð að aftengja eftir á virðist vera mjög seinvirk þannig að Lánasjóður íslenskra námsmanna t.d. getur verið með innheimtuaðgerðir hjá innheimtufyrirtækjum sínum þó að skatturinn hafi síðan verið leiðréttur. Það er því oft meiri háttar mál að fá slíkt leiðrétt.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra: Eru engar meðalhófsreglur fyrir skattstjóra þegar þeir eru að áætla á einstaklinga eða að ætla þeim tekjur umfram það sem þeir hafa talið fram?

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Reyndar er ég ekki alls kostar ánægður með þau þar sem hann svaraði ekki beint hvort þetta hefði komið fyrir sem um er spurt.

Það er gott að menn ætli að tileinka sér meiri þjónustulund, ekki veitir af. En ég vildi gjarnan sjá að í staðinn fyrir einhverjar tilviljanakenndar tekjuáætlanir væru þessir viðkomandi einstaklingar heimsóttir eða kallaðir fyrir, ef hægt er, og þeim leiðbeint við að telja fram því það mundi leysa vandann áður en hann verður til. Áætlanirnar sem maður hefur séð eru oft alveg út úr kortinu enda er lagaheimildin þannig að skattstjóri getur nánast áætlað það sem honum dettur í hug.

Þá er vinnsla skattstjóra og yfirskattanefndar allt of hæg. Gera þarf stórátak í því að flýta vinnslu á þessum málum þannig að menn fái úrlausn mjög fljótt. Jafnvel kæmi til greina að hv. efh.- og viðskn. eða einstakir þingmenn settu

inn í lögin ákvæði um að afgreiðsla þeirra skattframtala sem menn telja fram skuli kláruð innan t.d. þriggja eða fjögurra mánaða.

Kerfið er afskaplega flókið. Það verður sífellt flóknara og ég skora á hv. efh.- og viðskn., sem þetta mál heyrir undir, að skoða skattkerfið, reyna að einfalda það og líta sérstaklega á refsiákvæðin, sem eru mjög hörð, og jafnvel að fá til sín þessa hópa sem eru út undan í þjóðfélaginu, sem kunna ekki að lesa, sem eru í þunglyndi, sem eru í fíkn, og sjá hvernig þetta kemur út.

Svo vil ég benda á að yfirlitin frá skattinum hafa verið svo óskiljanleg að ég persónulega, sem kannski er ekki nægilega greindur, hef yfirleitt alltaf gefist upp á að skilja þau. Ég hef spurt um þetta og ekki fengið svör og síðan á endanum borga ég og veit ekkert hvað ég er að borga.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hygg að við hv. þm. getum verið sammála um að auðvitað er æskilegt og nauðsynlegt að einfalda þetta kerfi sem hér er til umræðu, skattkerfið, og þjónustu þess. Ég tel reyndar að þjónustan hafi batnað mikið á undanförnum árum, bæði að því er varðar skattstofurnar og innheimtumennina, en auðvitað má gera þar betur og á því er full nauðsyn.

Að því er varðar síðan málsmeðferðartíma þegar málum er t.d. skotið til yfirskattanefndar hefur líka verið gerð ákveðin bragarbót í því efni. Hlutir ganga nú greiðar fyrir sig á þessu kærustigi en áður var þó að það geti gerst, eins og ýmis dæmi eru um, að afgreiðsla þar dragist úr hófi fram. Við í fjmrn. munum leggja okkur fram við að reyna að bæta þjónustuna sem verið er að tala um og stytta málsmeðferðartímann þannig að hann verði fólki ekki óbærilegur, hann verði eðlilegur og viðráðanlegur, bæði fyrir kerfið og fyrir almenning.

Ég ítreka síðan það sem ég sagði í upphafi að í framkvæmd styðjast innheimtumenn við meðalhófsreglu þegar þeir ganga að fólki. Sama á auðvitað við um áætlanir skattstofanna þegar svo ber undir að þær neyðast til að áætla tekjur á gjaldendur.

Virðisaukaskattsskyldur reikningur.

Fsp. PHB, 381. mál. — Þskj. 615.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Á þskj. 615 er ég með fsp. í tveim liðum til hæstv. fjmrh. um virðisaukaskattsskyldan reikning:

1. Hver ber innheimtukostnað ríkissjóðs, dráttarvexti og álag samkvæmt lögum um virðisaukaskatt sem leggst á virðisaukaskatt í vanskilum í þeim tilvikum er virðisaukaskattsskyldur reikningur fæst ekki greiddur á tilskildum tíma eða aldrei?

2. Hver ber sambærilegan kostnað vegna tekjuskatts af tekjum unninnar eða bókfærðrar þjónustu þegar innheimta þeirra dregst í mörg ár?

Herra forseti. Í skattkerfinu er það grunnatriði að tekjur eru skattskyldar þegar þeirra er aflað en ekki þegar þær eru greiddar. Þannig getur orðið mikill mismunur á og skattgreiðandinn þarf að leggja út fyrir virðisaukaskatti af tekjum sem hann er ekki búinn að fá greiddar. Sem dæmi um þetta má taka lítinn verktaka sem fær verk og skrifar út 5 millj. kr. reikning eftir árið. Af því er 1 millj. virðisaukaskattur. Hann fær þennan reikning ekki greiddan. Innan tveggja mánaða ber honum engu að síður að greiða virðisaukaskattinn, þessa 1 millj., þó að hann eigi ekki til þess fé.

Nú skulum við gefa okkur að þessi reikningur fáist aldrei greiddur, hann sé reikningur á gjaldþrota fyrirtæki. Þá má maðurinn ekki afskrifa hann nema með heimild innheimtuaðila, sýslumanns eða tollstjóra. Og tollstjóri krefst þess yfirleitt að skiptaloka í málinu sé beðið. Á meðan er málið hangandi yfir manninum í kerfinu með innheimtum og slíku og hann getur ekki rönd við reist, hann hefur aldrei fengið þessa peninga en honum ber að greiða þá. Þegar hann telur svo fram fyrir árið er hann með tekjur sem hann á líka að borga tekjuskatt af. Það sama gerist þar, hann á ekki peninga til að greiða tekjuskattinn af því að hann hefur ekki fengið tekjurnar greiddar enn þá. Þetta hleður utan á sig álagi, refsikostnaði og lögfræðikostnaði. Ef reikningurinn skyldi svo fást greiddur getur hann eingöngu fengið dráttarvexti á reikninginn. Hann fær ekki innheimtukostnað eða lögfræðikostnað eða álagið sem ríkissjóður hefur tekið. Spurning mín er af þessu tilefni.

Ég er líka með annað dæmi sem því miður er of flókið, ég get ekki lýst því en það kemur svipað út. Maður vinnur, hann fær ekki greitt en fær áætlun frá tollstjóra. Þar sem hann getur ekki greitt getur hann heldur ekki skilað inn skýrslu. Áætlunin heldur áfram að malla í kerfinu, beðið er um uppboð á íbúðinni hans, hann getur ekki losnað undan því meðan málið er í vinnslu og það er núna hjá yfirskattanefnd.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Að því er varðar fyrri spurningu hv. þm. er það svo samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga telst til skattskyldrar veltu á hverju uppgjörstímabili heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu.

Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á útgáfudegi reiknings enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Skattskyldir aðilar skulu greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts hvers uppgjörstímabils en sé innskattur hærri en útskattur skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn. Greiði gjaldandi ekki á tilskildum tíma sætir hann álagi og ber jafnframt að greiða dráttarvexti ef skatturinn er ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga. Afhendingartími vörunnar eða hvenær vinna eða þjónusta er innt af hendi ákvarðar þannig hvað telst til skattskyldrar veltu á hverju uppgjörstímabili og þar með til útskatts en ekki það tímamark þegar reikningur er greiddur enda ber seljanda sem veitir gjaldfrest að gefa út reikning við sérhverja sölu eða afhendingu.

Sé virðisaukaskattur sem til er kominn vegna viðskipta sem síðar lenda í vanskilum greiddur á gjalddaga er því ekki um það að ræða að lagt sé álag eða dráttarvextir á gjaldanda vegna þess að hann getur ekki, samanber framansagt, beðið með að greiða virðisaukaskattinn þar til reikningurinn fæst greiddur.

Við uppgjör skattskyldrar veltu er seljanda heimilt að draga frá 80,32% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til skattskyldrar veltu, ellegar 87,72% þegar um er að ræða sölu í lægra skattþrepi. Fáist fjárhæðin síðar greidd skal hún í sömu hlutföllum talin til skattskyldrar veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd.

Í 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er fjallað um hvenær krafa telst töpuð og fellur þar t.d. undir ef sýnt þykir að krafan fáist ekki greidd vegna t.d. gjaldþrots skuldara, eða ítrekaðar innheimtutilraunir, þar með talið annarra kröfuhafa, hafa ekki borið árangur.

Að því er varðar síðari spurningu hv. þm. um sambærilegan kostnað vegna tekjuskatts er eftirfarandi að segja:

Samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal að jafnaði telja tekjur til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa vegna þeirra á hendur einhverjum nema um óvissar tekjur sé að ræða. Framangreind regla þýðir að gjaldanda ber að færa sem tekjur unna þjónustu sem hann hefur gefið út reikning fyrir þrátt fyrir að reikningurinn sé enn ógreiddur af hálfu þjónustukaupa. Skattstjóri leggur á tekjuskatt í samræmi við þær tekjur sem gjaldandi gerir grein fyrir í framtali sínu. Meðal þeirra tekna geta verið tekjur sem ekki eru orðnar tekjur í hendi gjaldanda, samanber regluna í 2. mgr. 60. gr., þ.e. reikningur sem ekki hefur enn verið geiddur. Gjaldandinn getur orðið fyrir tilteknum kostnaði ef þjónustukaupandi greiðir ekki reikninginn. Gjaldandinn þarf hugsanlega að fara í kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir, svo sem að ráða sér lögmann, og lendir jafnvel í að greiða dráttarvexti ef hann getur ekki greitt tekjuskattinn á réttum tíma. Gjaldandanum er heimilt að gjaldfæra lögmannsþóknun og annan innheimtukostnað á því ári sem hann fellur til, sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um að frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi megi draga rekstrarkostnað sem eru þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær eða halda þeim við. Jafnframt er heimilað í 2. mgr. 3. tölul. 31. gr. að færa útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í árslok niður um 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

Að síðustu má nefna að á því tekjuári þegar ljóst er að krafa gjaldandans í hendi þjónustukaupa muni aldrei fást greidd er honum heimilt að gjaldfæra kröfuna í rekstrinum, sbr. 13. og 14. gr. umræddrar reglugerðar, sem frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

[15:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hreyfir hér máli sem erfitt er mörgum í atvinnurekstri. Það er full ástæða til að velta því fyrir sér hvort ríkið eigi að ganga svo hart fram sem gert er. Ég tel að það mætti vel skoða hugmyndir t.d. um frestun á skilum virðisaukaskatts af þessum ástæðum. Menn mundu síðan skila sérstökum skilagreinum vegna frestunarinnar og sanna þannig greiðslur eða að viðkomandi krafa hafi ekki fengist greidd.

Alla vega finnst mér full ástæða til að menn fari yfir þessar reglur með það fyrir augum að reyna að koma á sanngjarnara umhverfi fyrir þá sem þurfa að skila virðisaukaskatti. Sannarlega eru þeir margir sem þurfa að þola mjög erfið mál hvað þetta varðar.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Þar kemur fram að það er skattgreiðandans að greiða álögur til ríkissjóðs og lögfræðikostnað sem fellur á kröfu ríkissjóðs hafi hann ekki fé til að greiða virðisaukaskattinn úr eigin vasa, ekki af þeim tekjum sem viðkomandi reikningur eða virðisaukaskatturinn sjálfur hefði átt að gefa honum. Hann verður sem sagt að taka fé úr eigin vasa til að greiða virðisaukaskattinn fyrir skuldarann, ella lendir hann í kostnaði sem hann náðarsamlegast má reyndar draga frá skatti næst.

Sama gerist með áætlunina á tekjur, tekjumatið, að af tekjum sem aldrei voru greiddar ber honum að borga tekjuskatt.

Þetta held ég, herra forseti, að gefi tilefni til þess að hv. efh.- og viðskn., sem um þetta mál vélar hér á Alþingi, skoði hvort ekki eigi að gera breytingar á skattkerfinu þannig að greiðsla fjármuna ákvarði skattskyldu en ekki hvenær teknanna er aflað. Það er miklu eðlilegra að ríkissjóður þurfi að bíða með að fá greiddan virðisaukaskattinn nákvæmlega eins og maðurinn sem er að vinna vinnuna og ekki síður. Mér finnst að maðurinn ætti nú að fá greiðsluna fyrst, það er hann sem lagt hefur fram vinnuna en ekki ríkissjóður. En að hann þurfi að leggja út fyrir virðisaukaskatti og jafnvel borga tekjuskatt af reikningi sem ekki hefur fengist greiddur er í mínum huga ekki viðunandi framkvæmd.

Innheimtulög.

Fsp. JóhS, 394. mál. — Þskj. 651.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. viðskrh. um hvort ráðherrann hæstv. telji þörf á sérstakri löggjöf um innheimtuaðgerðir til hagsbóta fyrir neytendur til að tryggja hag skuldara líkt og er í gildi annars staðar á Norðurlöndum.

Frv. til laga um innheimtustarfsemi hefur verið lagt fram hér á Alþingi þrívegis að mig minnir. Markmiðið með slíkum lögum er að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um.

Ákvæðið sem ég nefni hér er afar mikilvægt. Ég vil rifja upp í tengslum við þessa fyrirspurn að fyrir þremur árum kom slíkt frv. viðskrh. m.a. hér fyrir þingið ásamt frv. þáv. dómsmrh. um lögmenn. Nokkrar deilur urðu m.a. í nefnd sem fjallaði um þetta mál, allshn., um ákvæði í frv. um lögmenn, sem fjallaði um að dómsmrh. gæti að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt væri lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

Vegna þessa ákvæðis var m.a. frv. um innheimtulög frestað en í því er miklu markvissara ákvæði sem felur í sér vernd gagnvart neytendum. Samkvæmt því var gert ráð fyrir

að viðskrh. gæti í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt væri að krefja skuldara um samkvæmt lögum þeim. Skyldi fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi yrði fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur gæti talist.

Samkeppnisstofnun hafði einmitt gert athugasemdir við það fyrirkomulag sem gilti um innheimtu lögmanna. Hún taldi að setja þyrfti slíkt ákvæði sem gert var ráð fyrir í frv. um innheimtulög. Niðurstaðan varð sú að á þingi 1998 var lögfest ákvæði sem var til bráðabirgða í frv. um lögmenn en þegar lögin um innheimtulög hefðu verið samþykkt átti það ákvæði að gilda sem ég hef lesið hér.

Nú er þetta ákvæði í lögum um lögmenn enn í gildi og ekki hafa verið settar neinar leiðbeinandi reglur varðandi innheimtu lögmanna. Því spyr ég hæstv. ráðherra um þessi lög. Hér er um að ræða afar mikilvæga neytendalöggjöf. Ég hef því lagt fyrir hæstv. ráðherra fsp. í þremur töluliðum sem ég vænti að ráðherra svari við þessa umræðu.

[15:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggur fsp. fyrir mig á þskj. 651, um innheimtulög. Varpar hún þar fram þremur spurningum. Fyrsta spurningin er svona, með leyfi forseta:

„Telur ráðherra þörf á sérstakri löggjöf um innheimtuaðgerðir til hagsbóta fyrir neytendur og til að tryggja hag skuldara, líkt og er í gildi annars staðar á Norðurlöndunum?"

Svarið er eftirfarandi: Fyrst vil ég segja að svarið er já. Ég tel þörf á slíkri löggöf enda ýmis dæmi sem sýna að þörf er á að taka á þessum málum með föstum hætti. Málið snertir einnig stóran hóp fólks sem hefur erfiða eða jafnvel enga samningsstöðu gagnvart lánardrottnum eða umboðsmönnum þeirra.

Ég vil minna á að á 122. og 123. löggjafarþingi lagði þáv. viðskrh. fram frv. til innheimtulaga. Var þá einnig talið að þörf gæti verið fyrir sérstaka löggjöf um þetta efni. Lagafrv. var einkum byggt á norskum lögum en einnig tekið mið af lögum í Svíþjóð og lagafrumvarpi í Danmörku. Ýmsar athugasemdir voru gerðar við frv. við meðferð málsins á Alþingi, m.a. af hálfu Lögmannafélags Íslands, sem lýsti andstöðu við heimild til handa viðskrh. til að setja reglugerð um hámark innheimtukostnaðar. Það atriði var lykilatriði í lagafrv. en einnig má nefna að gert var ráð fyrir sérstakri viðvörun til skuldara áður en gripið væri til kostnaðarsamra innheimtuaðgerða. Vegna viðbragða þingnefndar náði frv. ekki fram að ganga.

Næsta spurning er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvaða fyrirkomulag gildir um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um, og hvaða reglur telur ráðherra að eigi að gilda í því efni?"

Svarið er: Almennt ríkir frjálsræði um verðlagningu að því er varðar innheimtukostnað og því gilda ekki ákvæði um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Varðandi það hvaða reglur eigi að gilda skal ítrekað að í frumvörpum viðskrh. á sínum tíma var gert ráð fyrir viðvörunum við upphaf innheimtu og heimild viðskrh. til að ákveða hámark margs konar innheimtukostnaðar í reglugerð.

Hvað snertir takamarkanir á hámarki innheimtukostnaðar eru ýmsir kostir fyrir hendi og tveir valkostir nú sérstaklega til athugunar í viðskrn. Annars vegar er um að ræða sama valkost og í frumvörpunum, þ.e. heimild viðskrh. til að ákveða hámark innheimtukostnaðar í reglugerð. Sá kostur varð fyrir valinu á hinum Norðurlöndunum, eins og ég hef vikið að, og tel ég hann skynsamlegan. Einnig er annar valkostur til athugunar, þ.e. að sleppa reglugerðarheimildinni en hafa í staðinn ákvæði um sérstaka úrskurðarnefnd um kvartanir. Þá er sá hængur á að nefndin hefði ekki við neinar ákveðnar fjárhæðir að styðjast til að komast að niðurstöðu. Úr því kynni að mega bæta með heimild viðskrh. til að gefa út leiðbeiningar um innheimtukostnað.

Þriðja spurningin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hver er skýringin á því að frumvarp til innheimtulaga sem lagt var fram á 122. og 123. löggjafarþingi hefur ekki verið lagt fram aftur og mun ráðherra beita sér fyrir því að það verði lagt fram á yfirstandandi þingi?"

Svarið við spurningunni hefur þegar komið fram. Það er: Verið er að huga að endurskoðun frv. í viðskrn. Ekki er ljóst á þessari stundu hvenær slíkri endurskoðun lýkur en málið verður metið í ljósi þeirra athugasemda sem komið hafa fram og enn geta borist.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég fagna því vitaskuld að hæstv. ráðherra telur brýnt að slíka löggjöf þurfi að setja en maður spyr: Hvað dvelur orminn langa? Það eru tvö ár síðan frv. var síðast lagt fram. Það var fullbúið fyrir þremur árum síðan og það komu fram nokkrar athugasemdir um það frv. Maður hefði haldið að hæstv. viðskrh. hafi haft nægan tíma til að endurskoða frv. með hliðsjón af þeim athugasemdum sem þá komu fram. Manni býður í grun að um sé að ræða ágreining á milli stjórnarflokkanna um þetta mál, eins og var reyndar fyrir þremur árum síðan, sem varð til þess að frv. náði ekki fram að ganga. Það var fyst og fremst vegna þessa ákvæðis sem ég nefndi varðandi lögmennina, þ.e. að setja hámarksfjárhæð að því er varðar þóknun til þeirra.

Ég nefni að Samkeppnisstofnun hefur gert athugasemdir við fyrirkomulagið eins og það er núna. Ég spyr ráðherrann hvort staðan sé ekki eins núna og var þegar Samkeppnisstofnun gerði þessa athugasemd. Athugasemdin lýtur að því að skuldari ræður engu um hvaða lögmaður kemur fram gagnvart honum við innheimtu kröfu. Þess vegna taldi Samkeppnisstofnun að þar þyrfti að bæta úr og að hið opinbera þyrfti að setja löggjöf um hámarksgjöld fyrir innheimtu.

Slík löggjöf er vel þekkt hjá öllum okkar nágrannaþjóðum, m.a. á Norðurlöndum. Ég vil nefna það að Neytendasamtökin hafa ítrekað kallað eftir slíkri löggjöf, þau telja m.a. að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtumenn geti hagað sér eins og þeir vilja við gjaldtöku af þeim sem lenda í kröggum með greiðslubyrði sína.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Telur hæstv. ráðherra ekki málið vera í hinu mesta klúðri eins og staðan er í dag? Er ekki eðlilegt, herra forseti, að hún flýti afgreiðslu þessara mála og reyni að koma frv. í gegn á yfirstandandi þingi? Ég tel að staðan eins og hún er núna sé ekki boðleg fyrir neytendur og að lögmenn geti hagað sér nákvæmlega eins og þeir vilja meðan málið er í því klúðri sem það er nú.

[15:58]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. talar um klúður. Það er nú kannski ekki alveg rétta orðið. Hins vegar skal ég viðurkenna að þessi mál eru ekki í nægilega góðum farvegi. Eins og fram kom

í máli mínu snertir þetta stóran hóp fólks sem hefur mjög erfiða samningsstöðu gagnvart lánardrottnum sínum.

Það kom fram í máli mínu að við hyggjumst bæta úr og leggja fram frv. þar sem tekið verði á þessu vandamáli. Það er ekki alveg fullmótað hvernig það frv. verður nákvæmlega útfært. Hins vegar tel ég mestar líkur á að það verði svipað þeim frumvörpum sem lögð hafa verið fram áður. Ég tel að besti kosturinn sé að leysa málið þannig. En ég opnaði einnig á annan möguleika, sem gæti komið til greina ef um það skapaðist meira samkomulag, að um úrskurðarnefnd væri að ræða þar sem viðkomandi neytendur sem hefðu lent í erfiðri aðstöðu gætu komið fram kvörtunum (**JóhS:** Í klóm lögfræðinga.) gagnvart lánardrottnum — í klóm lögfræðinga, *kallar hv. þm. hér fram í.*

Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn því að hún ýtir á að úr þessu máli verði bætt sem ég hef fullan hug á að gera sem allra fyrst.

[Fundarhlé. — 16:00]

Undanþága frá banni við samkeppnishömlum.

Fsp. EKG, 461. mál. — Þskj. 741.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Eins og menn vita hefur víða út um landið hallað töluvert á varðandi þjónustu vegna fólksfækkunar sem hefur orðið. Þetta hangir hvort með öðru. Fólksfækkunin gerir það að verkum að erfitt er að halda úti almennri þjónustu og síðan öfugt og það hefur gert það að verkum að víða hafa menn staðið í nokkrum vandræðum.

Sums staðar hafa olíufélögin kosið að hafa þjónustu sína með þeim hætti að kannski eitt þeirra hefur verið á einum stað, annað á öðrum stað. Sums staðar hafa þau kosið að vera með samrekstur á olíustöðvum sínum. Þetta hefur í rauninni verið forsenda fyrir því að hægt hefur verið að halda úti starfseminni á minnstu stöðunum. Ég held, virðulegi forseti, að það sé afar brýnt að þetta geti haldið svona áfram til þess að *við getum varið þessa þjónustu, við getum sagt á* vissan hátt grunnþjónustu í nútímasamfélagi sem er rekstur bensínstöðva og olíustöðva út um landið.

Nú vaknar sú spurning hvort menn telji það á einhvern átt ógnun við samkeppnina að lítil byggðarlög búi við það að aðeins eitt olíufélag starfi þar eða búi við samrekstur tveggja eða þriggja olíufélaga. Ég er a.m.k. ekki í nokkrum vafa um að þetta sé ekki mjög alvarleg ógnun við samkeppnina í landinu og held þvert á móti að mjög mikilvægt sé að þetta fyrirkomulag geti haldið áfram til þess að tryggja að þessi mikilvæga þjónusta haldi áfram úti á landsbyggðinni.

Ég vek í þessu sambandi athygli á 16. gr. samkeppnislaganna sem raunar er vitnað til í fyrirspurn minni þar sem eru til staðar býsna rúmar undanþáguheimildir fyrir samkeppnisráð að veita. Láti einhver sér detta í hug að finna að því að olíufélag starfi eitt á tilteknum stað eða að olíufélögin komi sér saman um samrekstur einhverra olíustöðva þá er að mínu mati mjög mikilvægt að samkeppnisráð bregðist þannig við þessu máli að það veiti undanþágu, sé eftir því leitað, frá þessum almennu reglum samkeppnislaganna, eins og 16. gr. heimilar.

Virðulegi forseti. Þetta er í rauninni aðdragandi eða tildrög þess að ég kaus að leggja þessar tvær fyrirspurnir á þskj. 741 fyrir hæstv. ráðherra, þ.e. að ég tel mjög mikilvægt að fram komi sem sjónarmið yfirmanns samkeppnismála í landinu að hér sé um að ræða nauðsynlega starfsemi og eðli málsins sé þannig oft og tíðum að ekki sé hægt að búast við því að virk samkeppni verði milli margra aðila á mjög litlu markaðssvæði. Þess vegna hef ég lagt þessar tvær fyrirspurnir fyrir hæstv. ráðherra sem eru á fyrrnefndu þingskjali.

[18:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 741 hefur hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, *beint til mín svohljóðandi fyrirspurn*, með leyfi forseta:

„Hefur olíufélögunum verið veitt undanþága skv. 16. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, til að standa saman að rekstri bensínstöðva í litlum bæjarfélögum á landsbyggðinni? Ef ekki, hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun?"

Samkvæmt upplýsingum frá Samkeppnisstofnun hafa olíufélögin ekki óskað eftir undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga frá ákvæðum 10. gr. laganna sem bannar m.a. samninga og samstarf fyrirtækja sem hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að samkeppni er raskað eða hún takmörkuð. Þar sem félögin hafa ekki óskað eftir undanþágu um sameiginlegan rekstur á bensínstöðvum hefur slík undanþága eðli málsins samkvæmt ekki verið veitt.

Önnur spurning er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Getur slíkur samrekstur ekki verið forsenda þess að unnt sé að halda uppi eðlilegri þjónustu á þessu sviði í fámennari byggðarlögum?"

Svarið er eftirfarandi: Þar sem ekki hefur verið óskað undanþágu til sameiginlegs rekstrar á bensínstöðvum hefur aldrei á það reynt fyrir samkeppnisyfirvöldum hvort slíkur samrekstur er forsenda eðlilegs þjónustustigs í fámennum byggðarlögum. Þar af leiðandi er ekki unnt að gefa efnislegt svar við spurningunni.

[18:08]

Ásta Möller:

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum mínum er samrekstur olíufélaga á bensínstöðvum á landsbyggðinni á undanhaldi og í dag eru u.þ.b. 12 slíkar stöðvar starfandi. Það er ljóst að lítil bæjarfélög með um 1.000 íbúa eða þar um kring standa ekki undir rekstri fleiri en einnar stöðvar þótt slíkt sé óheppilegt út frá samkeppnissjónarmiði. Samrekstur bensínstöðva er því augljós kostur fyrir íbúa þótt markaðslega sé hann úrelt fyrirbrigði.

Við höfum einnig séð að bensínstöðvar með þjónustu eru á undanhaldi jafnt í strjálbýli sem þéttbýli og aukin áhersla hefur verið lögð á sjálfsafgreiðslu og kortasjálfsala. Því má velta fyrir sér í því sambandi hvort tæknin og þróunin muni ekki leysa þetta mál sem hér er verið að ræða og að sjálfssalar, þess vegna fleiri en eins olíufélags, taki við af kostnaðarsamri þjónustu á sama hátt og hraðbankar hafa leyst bankagjaldkera af hólmi varðandi lausafé og greiðslu reikninga.

[18:09]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari Guðfinnssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli í fyrirspurn og benda

á að í einu bæjarfélagi, t.d. Þorlákshöfn, er samrekin bensínstöð sem olíufélögin öll reka saman. Sú þjónusta hefur gefist mjög vel. Þetta fyrirkomulag hefur gert þau færari um að þjónusta bæði til sjós og lands þau fyrirtæki sem hafa þurft á þjónustu þeirra að halda og þau hafa fengið mun betri þjónustu fyrir bragðið vegna þeirrar samreknu bensínstöðvar sem þar er.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir þátt þeirra í umræðunni. Ég held að ástæða þess að olíufélögin hafa út af fyrir sig ekki sóst beint eftir þessari undanþágu helgist væntanlega að nokkru leyti af hefðinni. Það hefur bara verið þannig að í ýmsum byggðarlögum hafa menn gert sér grein fyrir að ekki væru rekstrarlegar forsendur fyrir því að halda úti mjög mörgum bensínstöðvum. Reynslan hefur kennt mönnum það og mönnum er þetta einfaldlega ljóst.

Víða hafa bæjarfélögin eða íbúar sveitarfélaganna verið að sækja á um það gagnvart olíufélögunum að þau lokuðu ekki þeirri þjónustu sem er til staðar vegna þess að þjónustan er svo mikilvæg. Sums staðar er þetta líka forsenda fyrir því að hægt sé að halda úti almennum verslunarrekstri. Þar sem verslanir hafa verið að leggja upp laupana hafa menn horfið til þess að auka vöruúrval í þessum bensínsjoppum og þannig tryggt a.m.k. dagvöruverslun þar sem hún hefði ella verið í hættu.

Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, mjög mikilvægt að sjónarmið hæstv. ráðherra komi skýrt fram í þessari umræðu og ég kalla eftir því umfram það sem hæstv. ráðherra sagði áðan. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að sú skoðun sé fyrir hendi hjá hæstv. ráðherra, sem bæði er ráðherra byggðamála og ráðherra samkeppnismála, að slíkur samrekstur bensínstöðva eða að sú staða að ein bensínstöð sé í byggðarlagi, sé á engan hátt í ósamræmi, að mati hæstv. ráðherra, gagnvart samkeppnislögunum og að þessi almenna undanþáguheimild í 16. gr. sé nægjanleg trygging fyrir því að hægt sé að standa þannig að málum vegna þess einfaldlega að hér er býsna mikið í húfi. Þessi þjónusta er mjög mikilvæg og stundum forsenda fyrir því að hægt sé að halda úti, eins og ég sagði áðan, öðrum almennum verslunarrekstri.

[18:12]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum að þessi þjónusta er mjög mikilvæg. Eitt af því sem hefur sett sinn svip á marga minni staði á landsbyggðinni núna á síðustu árum er að þessi þjónusta hefur minnkað. Vissulega hefur komið upp tækni sem hjálpar til og ýmsir geta notfært sér. En ég neita því ekki að mér hefur fundist sjónarsviptir að því að ekki hafa verið opnar bensínstöðvar á minni stöðum. Ég legg því áherslu á að þetta er mikilvæg þjónusta.

Það sem ég lét koma fram í svari mínu áðan var fyrst og fremst það að ekki hefur verið óskað eftir undanþágu til samkeppnisyfirvalda hvað varðar samrekstur og því er í sjálfu sér engu við það að bæta. Aðalatriðið í mínum huga er að þessi þjónusta sé fyrir hendi hvort sem um samrekstur er að ræða eða rekstur fyrirtækis sem slíks, eins þeirra sem eru hér á markaðnum. En komi til kasta samkeppnisyfirvalda að svara þessari spurningu þá efast ég ekki um að það verði gert málefnalega. Möguleikinn er fyrir hendi í lögunum eins og menn vita. Það er því mál þeirrar stofnunar sem fer með þennan málaflokk, þ.e. Samkeppnisstofnunar, að svara til um það. Ráðuneytið kemur ekki beint að því.

Aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins.

Fsp. SvanJ, 400. mál. — Þskj. 657.

[18:15]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í ört breytilegum heimi er mikilvægt fyrir sveitarfélögin á Íslandi, ekki síður en aðra aðila, að fylgjast með því sem sambærilegar stofnanir erlendis eru að fást við. Samningurinn um EES nær þó ekki til byggðamála. Eigi að síður hafa t.d. Norðmenn og Svisslendingar tekið þátt í INTERREG-frumkvæðisverkefnum Evrópusambandsins en þar sem þessi ríki eru ekki aðilar að sambandinu greiða þau sjálf allan kostnað við þátttöku og skiptist hann á milli ríkisvalds, sveitarstjórna og fyrirtækja.

Það er mat byggðafulltrúa Norðmanna í Brussel að þessi þátttaka hafi komið af stað afar jákvæðum breytingum í hugarfari og starfsháttum norskra sveitarfélaga, hafi opnað þeim ný tækifæri og gert þau alþjóðlegri í vinnubrögðum.

Herra forseti. Sumir hugsa erlend samskipti ekki bara í debet og kredit heldur horfa líka til gildis þeirrar samvinnu sem gefst kostur á. Fjölþjóðleg samvinna og sameiginlegar lausnir veita fólki nefnilega oft og einatt nýja sýn á eigin vandamál enda oft við svipuð vandamál að glíma um allan heim. Hjörtunum svipar jú saman í Súdan og Grímsnesinu, eins og skáldið sagði.

Mér hefur skilist, herra forseti, að Íslendingum hafi verið boðin þátttaka í svokölluðum Northern Periphery verkefnum innan INTERREG-áætlunarinnar. Í þeim verkefnum hafa Skotar, Finnar, Svíar, Norðmenn, Grænlendingar og Færeyingar fullan þátttökurétt. Um er að ræða sérstök norðurslóðaverkefni eins og nafnið ber með sér og er þeim ætlað að glíma við þann vanda á norðlægum slóðum sem tengist atvinnu- og byggðaþróun, samgöngum o.fl. Markmiðið er m.a. að laða að fjárfestingu í vaxandi og nútímalegum atvinnugreinum. Þetta hlýtur að vera áhugavert fyrir stjórnvöld, hvort sem er ríkis eða sveitarfélaga.

Ég hef því sett fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. iðnrh. á þskj. 657:

1. Hvernig er aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins, Northern Periphery, háttað?

2. Hvaða íslensk samtök, stofnanir eða sveitarfélög tengjast eða hafa sýnt því áhuga að taka þátt í áætluninni?

3. Hver er aðkoma Byggðastofnunar að áætluninni og þeim verkefnum sem eru fyrirsjáanleg eða í gangi?

Síðasta spurningin, herra forseti, er til komin vegna þess að flogið hefur fyrir að þátttaka í þessum verkefnum hafi ekki fengið byr í stjórn Byggðastofnunar. Hver hefur því úrslitaáhrif í þessu efni, hver er staða Íslands gagnvart þessum mikilvægu verkefnum?

[18:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun leitast við að svara hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur en hún hefur lagt fram nokkrar spurningar um INTERREG-áætlunina.

Fyrsta spurningin er, með leyfi forseta:

„Hvernig er aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins, Northern Periphery, háttað?"

Ísland á ekki beina aðild að Northern Periphery áætlun ESB. Samkvæmt till. til þál. um stefnu í byggðamálum, sem nú er til umfjöllunar hjá þingflokkum stjórnarflokkanna, er gert ráð fyrir að Ísland gerist aðili að áætluninni. Gert er ráð fyrir að það mundi kosta ríkissjóð um 100 millj. kr. að taka þátt í NPP á tímabilinu 2002–2006.

Spurning nr. 2:

„Hvaða íslensk samtök, stofnanir eða sveitarfélög tengjast áætluninni eða hafa sýnt því áhuga að taka þátt í henni?"

Samstarfsaðilar í verkefnum geta verið félagasamtök, sveitarfélög, ríkisstofnanir, háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Þátttaka í einstökum verkefnum getur verið blönduð milli þessara hópa, og fleiri en einn þátttakandi getur komið frá hverju landi. Í hverju verkefni þurfa að vera samstarfsaðilar frá a.m.k. þremur löndum, þar af þarf eitt land að koma frá ESB.

Innan NPP rúmast ótiltekinn fjöldi samstarfsverkefna. Áherslur verkefna geta verið af þrennum toga, í fyrsta lagi verkefni tengd samgöngum og fjarskiptamálum, í öðru lagi verkefni tengd fyrirtækjaþróun og í þriðja lagi verkefni tengd eflingu samfélaga.

Aðilar sem hafa tekið þátt í umsóknum eru Þróunarstofa Austurlands, Fjarðabyggð, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun og Háskólinn á Akureyri. Aðilar sem hafa sýnt áhuga eru Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar, Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Bændasamtök Íslands, Ferðamálasetur Íslands, Byggðarannsóknastofnun, jarð- og landfræðiskor HÍ, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, Markaðsstofa Austurlands, Óperustúdíó Austurlands og Austur-Hérað.

Þriðja spurning:

„Hvernig tengist Byggðastofnun áætluninni og þeim verkefnum sem eru fyrirsjáanleg eða í gangi?"

Starfsfólk Byggðastofnunar fylgist náið með undirbúningi NPP og forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, Bjarki Jóhannesson, tók þátt í vinnuhópi samstarfslandanna sem vann að mótun áætlunarinnar. Starfsfólk stofnunarinnar hefur einnig fylgst með þróun verkefna innan áætlunarinnar og sótt svokölluð verkefnastefnumót.

Starfsmaður stofnunarinnar, Ingunn H. Bjarnadóttir, sat sem áheyrnarfulltrúi stjórnarfund NPP 17.–18. janúar sl. á vegum iðnrn. Óskað hefur verið eftir þátttöku Byggðastofnunar í tveimur verkefnum. Aðrir þátttakendur frá Íslandi eru Þróunarstofa Austurlands, Fjarðabyggð, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í fyrra verkefninu, Small Town Networks, verður sett af stað tilraunaverkefni í byggðaþróun sem tekur til þéttbýlisstaða á Austurlandi. Þessi tilraun hefur þegar staðið yfir í Skotlandi í þrjú ár og hefur tekist mjög vel. Því er áhugi á að reyna það í fleiri löndum, svo sem Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Íslandi. Verkefnið stendur í þrjú ár og er stjórnað frá The Highland Council í Skotlandi. Hugmyndin er að þyrping bæjarfélaga í hverju landi deili reynslu sinni og sérfræðiþekkingu og nýti jákvæð áhrif sem þessi þekking veitir til að vinna að sameiginlegri verkefnaáætlun. Ávinningur verkefnisins verður að þróa aðferðafræði eða verkfræði til að blása nýju lífi í þyrpingu bæja í öllum þátttökulöndunum.

Ef vel tekst til hér á landi er hugmyndin að hægt verði að nota aðferðafræðina í öðrum landshlutum og nýta þar með þá reynslu sem sveitarfélög á Austurlandi munu hafa öðlast.

Seinna verkefnið, Counsellor Seminar, miðar að því að leiða saman sveitarstjórnarmenn frá Västerbotten í Svíþjóð, Highlands í Skotlandi, Norður-Noregi og frá Aust- og Vestfjörðum Íslands. Á sameiginlegum fundum og námskeiðum munu þessir lykilaðilar skiptast á reynslu við ákvarðanatöku varðandi málefni sveitarfélaga í tengslum við byggðamál. Markmiðið er að sveitarstjórnarmenn ræði saman og skiptist á reynslu af sameiginlegum vandamálum sveitarfélaga á norðurslóðum auk þess að fá innsýn í gildi alþjóðasamvinnu á þessum vettvangi. Verkefninu verður stjórnað af Kommunförbundet í Västerbotten í Svíþjóð og mun verkefnið standa í þrjú ár.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og fagna því að gert skuli vera ráð fyrir því í væntanlegri byggðaáætlun að Ísland gerist aðili að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins. Ég held að upptalning hæstv. ráðherra sýni mætavel áhugann á Íslandi fyrir þátttöku af þessu tagi og að velflestir átti sig á að mikilvægt er að læra af reynslu annarra. Það á við um sveitarfélögin í landinu ekki síður en aðrar stofnanir eða fyrirtæki.

Herra forseti. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að sveitarfélögin í landinu eru farin að opna gluggann til Evrópu, ef það má orða svo. Það er býsna margt sem Evrópusambandið er búið að vinna á vettvangi byggðamála, og við gætum ýmislegt af þeim lært. Ég var í gær með þingmál um stofnstyrki. Einhver vísir að þeim er líka inni í byggðaáætlun þó að okkur, flutningsmönnum þess máls, finnist að þar mætti taka fastar á. Auðvitað má búa betur um hnúta í nefndinni sem fjallar um byggðaáætlun.

Herra forseti. Ég ítreka bara að ég er ánægð með að verkefnunum skuli sýndur þessi áhugi þó að Ísland þurfi að greiða fyrir þátttöku. Ég held að samstarf á þessum vettvangi sem og ýmsum öðrum skili sér margfalt í nýjum vinnubrögðum, nýrri sýn og nýjum möguleikum til að þróa mál áfram.

Álver á Reyðarfirði.

Fsp. GunnS, 471. mál. — Þskj. 753.

[18:25]

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég er einn á meðal fjölmargra Austfirðinga sem binda miklar vonir við að álver rísi á Reyðarfirði. Biðin eftir álverinu er orðin ævilöng og því miður hafa margir gefist upp á biðinni og flust á brott.

Við Íslendingar eigum langvarandi reynslu af árangurslausum viðræðum um stóriðjuframkvæmdir. Jafnan hafa slíkar viðræður skapað miklar væntingar hjá fólki á grundvelli fyrirheita sem stjórnmálamenn gefa. Af þessu hafa Austfirðingar sérstaklega mjög dýrkeypta reynslu varðandi væntingar um stóriðjuframkvæmdir á Reyðarfirði sem aldrei varð úr, fyrst og fremst vegna þess að treyst var á einn erlendan fjárfesti sem brást er á reyndi. Það veldur vonbrigðum og hefur mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér eins og reynslan kennir.

Nú liggur fyrir að þeir aðilar sem standa í viðræðum um álver á Reyðarfirði hafa ákveðið að segja af eða á þann 1. sept. nk. hvort af framkvæmdum verði eða ekki. Mjög mikilvægt er að fyrir 1. sept. verði undirbúið með borði fyrir báru þannig að verkefnið um álverið renni ekki beina leið út í sandinn ef viðræðurnar reynast árangurslausar. Á þetta legg ég sérstaka áherslu og í því sambandi spyr ég hæstv. iðnrh.:

Hefur ríkisstjórnin undirbúið aðra valkosti varðandi fjárfesta sem stuðlað gætu að því að álver rísi á Reyðarfirði ef samningaviðræður við Norsk Hydro um byggingu álvers verða árangurslausar?

[18:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sem svar við fsp. hv. þm. á þskj. 753 vil ég segja eftirfarandi:

Að þessu verkefni er unnið í samræmi við yfirlýsingu sem hlutaðeigandi aðilar undirrituðu þann 24. maí árið 2000. Miðað við yfirlýsinguna var gert ráð fyrir að ákvörðun um hvort ráðist yrði í framkvæmdirnar yrði tekin fyrir 1. febrúar sl.

Á fundi samráðsnefndar verkefnisins þann 11. sept. 2001 var tekin ákvörðun um að fresta endanlegri ákvörðun til 1. sept. nk. eða um sjö mánuði. Þeim tímaáætlunum sem unnið var eftir á grundvelli yfirlýsingarinnar frá því í maí 2000 var breytt til samræmis.

Fram til þessa hafa viðræður verið í fullu samræmi við tímaáætlunina sem aðilar settu sér og ekki er vitað til annars en að hún standi.

Ríkisstjórnin hefur ekki undirbúið aðra valkosti hvað varðar fjárfesta til að byggja álver á Reyðarfirði ef samningaviðræður á grundvelli framangreindrar yfirlýsingar verða árangurslausar. Það liggur hins vegar fyrir að áhugi erlendra fjárfesta á byggingu álvers hér á landi hefur verið að aukast á síðustu árum. Viðræður standa yfir við Norðurál um frekari stækkun og Ísal vinnur að undirbúningi þess að hægt verði að taka ákvarðanir um það hvort fyrirtækið óski eftir viðræðum um frekari stækkun. Jafnframt má geta þess að nýlega var hér á ferð sendinefnd frá rússneskum aðilum til að kanna aðstæður til súráls- og álframleiðslu á Íslandi. Þessir aðilar hafa nú stofnað fyrirtæki á Íslandi og er unnið að gerð samkomulags milli þeirra og Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs fyrir hönd iðnrn. og fyrirtækisins og þeirra sem að því standa um fyrirkomulag þessa samstarfs.

Þá er rétt að geta þess að stöðugt er unnið að markaðssetningu Íslands sem vænlegs fjárfestingarkosts hvað orkusækinn iðnað varðar og má geta þess að Ísland er gjarnan nefnt á alþjóðlegum ráðstefnum álfyrirtækja sem vænlegur kostur í uppbyggingu álfyrirtækja í framtíðinni.

[18:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. gaf hér merka yfirlýsingu í þá veru að ef samningar næst ekki við Norsk Hydro sé í engin hús að venda. Þá hefst þessi gangur mála algerlega upp á nýtt.

Það er óhjákvæmilegt að bera þetta að sumu leyti saman við þær misheppnuðu tilraunir sem átt hafa sér stað varðandi sölu á kjölfestuhlut í Símanum. Þar eru menn í nákvæmlega sömu stöðu.

Ég hvet hæstv. iðnrh. eindregið í ljósi reynslunnar — því að málið er ekki að hefjast á þessu ári, ekki á síðasta ári, ekki á þarsíðasta ári — til þess að huga nú að því að kynna þá valkosti sem til staðar eru fyrir fleiri aðilum. Ég minni á í þessu sambandi að tímafrestir hafa runnið út. Það er mjög hlaupandi hversu stór hlutdeild Norsk Hydro ætti að vera í verkefninu, svo ég tali nú ekki um það verð sem undir liggur.

Herra forseti. Ég hvet svo sannarlega hæstv. ráðherra til dáða ... (Forseti hringir.)

[18:31]

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Þau valda að vísu nokkrum vonbrigðum og þeim helst að ef þessar viðræður reynast árangurslausar má heita að allt verkefnið sé í uppnámi, sem mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir byggð á Austurlandi því svo margir binda vonir og væntingar sínar við að þetta megi ganga eftir. Því miður er reynsla síðastliðinna ára ekki góð. Því var lofað fyrst 1995 að framkvæmdir vegna álvers gætu hafist 1996. Síðan eru liðin sex ár og gengið hefur á ýmsu í viðræðum við Norsk Hydro.

Ég vona svo sannarlega að þær viðræður sem nú eru í gangi og lýkur 1. sept. leiði til jákvæðrar niðurstöðu. Það vona ég svo sannarlega. En ef einvörðungu er verið að ræða við einn meginfjárfesti, Norsk Hydro, eins og hæstv. ráðherra hefur lýst hér yfir, þá er ljóst að samningsstaða þess fyrirtækis er afar sterk, þ.e. ef þeir hafa upplýsingar og vitneskju um að ef þeir verði ekki með þá verði tæpast nokkuð úr verkefninu. Það verður að teljast afar sterk samningsstaða.

Því vil ég hvetja hæstv. ráðherra og ríkisstjórnina alla til að huga vel að stöðunni ef til þess kynni að koma að ekki verði úr samningum sem ég vona svo sannarlega að verði ekki.

[18:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er eiginlega dálítið hissa á þeim úrtölum sem hér koma fram hjá hv. þingmönnum sem ég hefði álitið og trúi að séu stuðningsmenn þessa verkefnis, þ.e. að vera með þennan tón að haldið sé rangt á málum. Auðvitað er haldið vel á þessu máli af hálfu iðnrn. Við erum að vinna í samræmi við yfirlýsingu frá 24. maí árið 2000. Sú yfirlýsing gengur einfaldlega út á það að við erum að vinna með Norsk Hydro. Á meðan við erum að vinna með þeim í þessu mikilvæga verkefni þá vinnum við með þeim af fullum heilindum. Við erum ekki að vinna með öðrum á meðan. Þess vegna finnst mér tónn eins og hér heyrist hjá þessum stuðningsmönnum Noral-verkefnisins, ef ég skil þá rétt, ekki eiga rétt á sér. Mér finnst eins og verið sé að gefa í skyn að við séum ekki að vinna að þessu í fullri alvöru í iðnrn. og það er svo sannarlega ekki ástæða til þess að koma með slíkar ásakanir á okkur, (Gripið fram í.) því að svo er ekki.

En vegna þess hins vegar að álheimurinn er nú ekkert óskaplega stór þá vita allir af því að þessi áform eru hér uppi og ég er ekki í nokkrum vafa um að ef svo ólíklega færi að ekki yrði af þessu sem kallað hefur verið Noral-verkefni og ekki verði af því að Norsk Hydro fari í þessa fjárfestingu þá eru aðrir tilbúnir að koma og taka þátt í þessu. Það er ég sannfærð um. Ég vinn hins vegar ekki með öðrum aðilum meðan Norsk Hydro sýnir fullan áhuga og er að vinna samkvæmt yfirlýsingu frá 24. maí árið 2000.

Ferjusiglingar Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Fsp. KPál og DrH, 409. mál. — Þskj. 668.

[18:36]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Samgöngur milli lands og Eyja hafa verið mjög til umræðu á undanförnum vikum og mánuðum. Meðan sú umræða stóð yfir lagði ég fram fyrirspurn sem hefur ekki verið hægt að svara vegna anna hér í þinginu í tvær til þrjár vikur.

Á þeim tíma sem liðið hefur frá því að fyrirspurnin var lögð fram hefur verið gert ákveðið samkomulag milli samgrn., hæstv. samgrh. og bæjarstjórnar Vestmannaeyja sem hefur falið í sér ýmsar leiðréttingar sem ég verð var við að bæjarstjórnin og fólk í Vestmannaeyjum er tiltölulega ánægt með. Auðvitað hlýtur það samt alltaf að vera markmiðið þegar um svo stóran og öflugan bæ eins og Vestmannaeyjabæ er að ræða, að efla þær samgöngur sem nýtast bæði atvinnulífi og fólkinu sem mest. Þar hlýtur maður að horfa fyrst og fremst á samgöngur með Herjólfi sem tryggir aðgang fólks að vörum og þjónustu með öruggasta hætti sem hægt er að ímynda sér og er eitthvað sem allir sjá að tryggir einnig það öryggi sem fólk sækist eftir.

Ég fagna því samkomulagi sem hæstv. samgrh. hefur gert í þessu máli og efast ekki um að þær breytingar eigi eftir að gagnast Vestmanneyingum. Ég vil samt leggja áherslu á það að mér fyndist að það ætti að skoða það hvernig hægt væri að nýta Herjólf betur en gert er í dag. Ljóst er að hann getur farið mun fleiri ferðir þó svo að ýmsar tölulegar upplýsingar segi okkur að nýtingin á skipinu sem slíku sé ekki það mikil að það geti talist hagkvæmt. Ég vil nú samt minna á að margt hefur gerst í rekstri skipsins sem hefur lækkað kostnað ríkisins, t.d. það að útboðið sem gert var á rekstri Herjólfs sparaði ríkissjóði, miðað við það tilboð sem kom á móti, 64 millj. kr. á ári. Mér finnst eðlilegt að sá sparnaður verði notaður til þess að bæta samgöngur til Eyja og tryggja að þessi ferðamáti verði eins kostnaðarlega hagkvæmur fyrir fólk og fyrirtæki á staðnum og kostur er.

Vegna þessa alls hef ég lagt fram þær fyrirspurnir sem hér liggja fyrir, herra forseti:

„1. Hver er kostnaður við ferjusiglingar Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar miðað við núverandi áætlun og hve margar ferðir eru á viku?

2. Verður ferðum fjölgað í tvær á sólarhring alla daga vikunnar?

3. Hvaða kostnaðarauki mun fylgja því að fjölga ferðum í tvær á dag allt árið?

4. Hvernig verða ferjusiglingar á meðan Herjólfur er í slipp?"

[18:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. hefur gert grein fyrir fyrirspurnum sínum. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þann áhuga sem hann sýnir þessu mikilvæga samgöngutæki sem Herjólfur er fyrir Vestmannaeyjar.

Svar mitt við fyrstu spurningu hv. þm. er: Samningur við Samskip hljóðar upp á um 65 millj. kr. á ári fyrir fastar ferðir. Vegagerðin hefur greitt um 70 millj. fyrir árið 2001 og eru 5 millj. kr. vegna fjölgunar ferða umfram áætlun, miðað við útboðið, að stærstum hluta vegna mánudagsferða í sumar sem leið. Vegagerðin greiðir til viðbótar tryggingar fyrir skipið o.fl. þannig að styrkur vegna reksturs ferjunnar er um 75 millj. kr. og afborganir og vextir um 190 millj. kr. á ári.

Í sumaráætlun eru tvær ferðir á fimmtudögum, föstudögum og sunnudögum. Frá 11. júní til 3. sept. eru einnig tvær ferðir á mánudögum og er það nýjung sem kom til fyrst á árinu 2001. Aðra daga er ein ferð eins og samningar hafa verið til þessa.

Í vetraráætlun eru tvær ferðir á föstudögum og sunnudögum en ein aðra daga. Tímabilið 16. desember til 1. mars eru ekki farnar tvær ferðir á föstudögum eins og verið hefur.

Í annan stað er spurt:

„Verður ferðum fjölgað í tvær á sólarhring alla daga vikunnar?"

Svar mitt er: Samkvæmt útboðslýsingu verður áætlun ekki breytt nema í samkomulagi aðila, þ.e. Vegagerðar, Samskipa og bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Það var samkvæmt útboðslýsingunni. Þegar hefur verið bætt við aukaferð á mánudögum yfir sumartímann í samkomulagi milli aðila.

Þegar ákvarðanir um slíkt eru teknar verður að liggja fyrir mat á þeirri þörf sem fyrir hendi er að sjálfsögðu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað hefur verið er nýting á skipinu nú þannig að telja verður eftirspurn fullnægt. Hins vegar þarf að sjálfsögðu að bregðast við þegar mikið álag verður umfram það sem venja er.

Benda má á að fengist hefur heimild til þess að fækka í áhöfn að vetrarlagi og byggir sú heimild fyrst og fremst á að nýting skipsins er með þeim hætti að slíkt væri hægt að heimila. Auðvitað er það samt þannig að nú sem fyrr verður brugðist við sérstökum aðstæðum sem skapast, t.d. um verslunarmannahelgi eða á íþróttamótum, og bætt við ferðum eftir þörfum.

Nokkrar viðræður hafa átt sér stað að undanförnu milli Vegagerðarinnar og bæjarstjórnar Vestmannaeyja um mögulega fjölgun ferða. Þær viðræður hafa verið jákvæðar og hefur náðst samkomulag sem verið er að ganga frá, en á þessu stigi er ekki hægt að greina nánar frá því í smáatriðum þar sem enn er unnið að lokafrágangi þess samkomulags. En það gerir ráð fyrir verulega mikilli fjölgun ferða í samræmi við þær óskir sem hafa komið upp af hálfu Eyjamanna.

„Hvaða kostnaðarauki mun fylgja því að fjölga ferðum í tvær á dag allt árið?"

Svarið mitt er er:

Líkt og þingheimur veit mætavel sjá Samskip um rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs á grundvelli útboðs. Í útboðsgögnum sem unnin voru í nánu samkomulagi við Vestmannaeyjabæ og tóku að flestu leyti mið af þáverandi rekstri var ferðafjöldi á dag nákvæmlega skilgreindur. Að fjölga ferðum í tvær á dag alla daga vikunnar þýðir óhjákvæmilega verulegar breytingar á forsendum þannig að það þarf að semja um það á grundvelli útboðsgagna og þeirra lýsinga sem þar er um að ræða. Það hefur verið gert og er verið að vinna að núna þannig að á þessu stigi get ég ekki gefið nánari upplýsingar um þessar fjárhæðir. En vætanlega áður en langt um líður gæti ég svarað slíkri fyrirspurn nánar þegar búið verður að ganga frá samningnum við verktakann.

Í fjórða lagi:

„Hvernig verða ferjusiglingar á meðan Herjólfur er í slipp?"

Svarið mitt er:

Flokkunarfélag skipsins, Norske Veritas, hefur nú staðfest að heimilt sé að fresta slippstöku Herjólfs fram á næsta

haust en einnig þarf leyfi Siglingastofnunar og eru þær viðræður í gangi. Það kemur sér vel ef allar heimildir fást þar sem þá er minni hætta á að brotthvarf skipsins hafi áhrif á komu ferðamanna til Vestmannaeyja. Þessi ákvörðun liggur nánast fyrir þannig að við gerum ráð fyrir að Breiðafjarðarferjan Baldur leysi Herjólf af þegar Herjólfur fer í slipp og það er talið fullnægjandi. Þess ber að geta að djúpbáturinn Fagranes leysti Herjólf af á sínum tíma. En Baldur er stærri og fullkomnari ferja en Fagranesið var þannig að ég tel að með þessu sé hægt að leysa af hendi þá mikilvægu þjónustu sem siglingar Herjólfs til Eyja eru á fullkomlega viðunandi hátt.

[18:44]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgrh. hve hratt og örugglega hann gekk í Herjólfsmálið. Að mínu mati hefur þar fengist mjög farsæl lausn.

Samgöngumál skipta Vestmanneyinga afar miklu máli og ferðaþjónusta í Vestmannaeyjum á sér mikla möguleika í framtíðinni. Í nýju íþróttahúsi, byggðu af miklum myndarskap, nýteknu í notkun í Vestmannaeyjum, felast miklir möguleikar í framtíðinni til að halda stórmót. Allt kallar þetta á fleiri ferðir með Herjólfi. Hér er um varanlega fjölgun á ferðum að ræða sem skiptir öllu máli. Ég er sannfærð um það að Vestmanneyingar eru ánægðir með lausn þessara mála.

[18:45]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil fagna þeirri umræðu sem hér á sér stað um samgöngumál Vestmanneyinga.

Ég átti þess kost að vera á fjölsóttum fundi með hæstv. samgrh. sem haldinn var í Vestmannaeyjum föstudaginn 1. febrúar sl. Fundurinn var fjölsóttur. Þar voru um 350 manns. Þar fór hæstv. samgrh. ítarlega yfir stöðu mála og kynnti hvernig ferðum Herjólfs hefur verið háttað og að þeim yrði fjölgað. Þá kom vel fram á fundinum hversu mikla áherslu Vestmanneyingar leggja á ferðir Herjólfs og samgöngumálin almennt gagnvart atvinnulífinu svo og ferðaþjónustunni sem skiptir auðvitað mjög miklu máli.

Þá var komið inn á samgöngur frá Bakkafjöru eða Bakkaflugvelli og einnig þær athuganir sem gera á á Bakkafjöru. Einnig var á þessum fundi komið inn á vegagerð að Bakkaflugvelli sem er afskaplega brýnt að verði kláruð sem fyrst.

[18:46]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið nokkuð fróðlegt að hlusta á þrjá hv. þm. Sjálfstfl. koma hér til að þakka hæstv. ráðherra og flokksbróður sínum fyrir hversu hratt og örugglega hann hefur brugðist við þeim beiðnum sem hafa komið frá Vestmannaeyjum um að lagfæra samgöngur eða tryggja enn frekari samgöngur en þeir hafa með Herjólfi og fagna því samkomulagi sem gert hefur verið, sem þó er ekki hægt að upplýsa vegna þess að það er ekki fullfrágengið. Engu að síður voru á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja á föstudaginn, 8. febrúar sl., gerðar athugasemdir af hálfu minni hlutans, sem er rétt að komi fram, m.a. um að samkomulagið felur í sér að fargjöldin hækka um 13% á sama tíma og Alþýðusamband Íslands hefur hvatt sveitarfélögin og ríkisstjórnina til að draga úr hækkunum. Þarna er heldur ekki sú tímaáætlun sem ferðamálasamtökin í Vestmannaeyjum hafa farið fram á.

Vissulega er gott að það eru tryggðar samgöngur til Vestmannaeyja. En það er pínulítið hjákátlegt, verð ég að segja, að þrír hv. þm. Sjálfstfl. fari fram með þessum hætti.

[18:48]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og svar hæstv. samgrh. Ég á einnig fyrirspurn hér, næstu fyrirspurn, sem tengist þessu efni. Það er mjög nauðsynlegt að taka þessi mál upp á Alþingi vegna þess að samgöngur milli lands og Eyja eru afar viðkvæmt mál. Einungis Grímseyingar, hygg ég, búa við svipaðar aðstæður og Vestmanneyingar hvað þetta varðar. Greiðar samgöngur milli Vestmannaeyja og lands skipta höfuðmáli. Miklu máli skiptir fyrir Eyjabúa að búa við öryggi í þessum efnum. Þjónusta Herjólfs er mjög mikilvæg og gott er til þess að vita að ferðum fjölgi á milli lands og Eyja með Herjólfi. Við víkjum nánar og betur að þessu máli á eftir þegar kemur að fyrirspurn minni.

[18:49]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin sem mér fundust vera skýr. Þó vantar að sjálfsögðu eitthvað upp á að það komi fram sem beðið var um. Mér skilst að mér sé óhætt að spyrja um það síðar og að þá muni koma svar við því.

Ég get vel skilið að taka þurfi skrefin í þessu máli í áföngum og að ekki verði hægt að fjölga ferðum Herjólfs í einum áfanga upp í tvær ferðir á dag. Þess vegna held ég að þetta samkomulag við bæjarstjórnina hafi verið mjög skynsamlegt og farsælt og á ég ekki von á öðru en að fólk almennt verði ánægt með það.

Ég lít svo á að í framtíðinni hljóti samt að þurfa að fjölga þessum ferðum enn meira og að að því verði unnið í þinginu í samvinnu við bæjarstjórn og ferðafulltrúa og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í Vestmannaeyjum. Ég held að allir hljóti að líta svo á að rekstur Herjólfs milli lands og Eyja sé álíka mikilvægt mál og að reka þjóðveg 1 fyrir landsmenn. Það er því ekki hægt að hugsa þetta allt út frá arðsemi og farþegafjölda í þessu tilliti heldur því að þarna er um eyju að ræða og því engir aðrir möguleikar en siglingar sem við getum treyst að séu öruggir allt árið um kring.

Samkvæmt samningi sem er í gildi við Samskip kosta aukaferðir í dag um 355 þús. kr. Ef tvær ferðir yrðu á dag allt árið um kring þá mundi það kosta 100 millj. samkvæmt þeim samningi. En auðvitað er rétt að hugsanlega þyrfti að fjölga í áhöfn og við það mundi kostnaður aukast. Allt þetta mun skýrast síðar. Ég ítreka þakkir til ráðherra.

Val á skipi til að sinna áætlunarsiglingum Herjólfs tímabundið.

Fsp. ÍGP, 415. mál. — Þskj. 674.

[18:51]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgrh. Nokkuð er síðan ég lagði hana fram þannig að ég hef fengið svar við hluta af fyrirspurninni. Ég gleðst mjög yfir því að samgöngumál til og frá Vestmannaeyjum séu hér til umræðu

í dag, bæði í tilefni fyrirspurnar minnar og fyrirspurnar hv. þm. hér áðan.

Sérstaða Vestmanneyinga í samgöngumálum er einstök á landsvísu. Þessi mál eru að vonum viðkvæm í Vestmannaeyjum og í raun víðar. Sumir taka svo djúpt í árinni að segja að ónógar samgöngur hafi leitt til þess að verulegir búferlaflutningar hafi átt sér stað frá Vestmannaeyjum á undanförnum árum og að samgöngumálin séu í raun og veru meginástæða þess.

Herjólfur er þjóðvegur Vestmanneyinga. Með jöfnu millibili þarf Herjólfur að fara í slipp og þegar að því kemur hefur skipið yfirleitt verið lengur en reiknað hefur verið með og jafnvel hafa fallið niður ferðir með skipum sem tekin hafa verið á leigu í ákveðinn tíma. Síðast leysti Fagranesið Herjólf af hólmi en það skip hefur verið selt og heimamenn töldu reyndar að það skip hentaði illa.

Í raun má segja að ekkert íslenskt skip geti leyst Herjólf af í þessum tilfellum eftir að gengið var þannig frá Akraborginni, sem heitir nú björgunarskipið Sæbjörg, að bíladekki hennar var lokað. Ekki var tekið tillit til ábendinga Vestmanneyinga um að halda þessum möguleika opnum á Sæbjörginni.

Það kemur sér mjög illa fyrir allt atvinnulíf í Vestmannaeyjum þegar svona stendur á. Það kemur sér illa fyrir ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein og viðkvæm. Það kemur sér afar illa fyrir fyrirtæki í Vestmannaeyjum, t.d. starfar nú í Vestmannaeyjum nýtt fyrirtæki sem heitir Íslensk matvæli og þarf mjög á þessari þjónustu að halda. Það kemur sér illa fyrir vöru- og fiskflutninga og það kemur sér einnig illa fyrir íbúa svæðisins og aðra þá sem þurfa að heimsækja eyjarnar.

Vorið er sá tími sem kemur sér hvað allra verst að setja Herjólf í slipp. Nú höfum við reyndar fengið þær upplýsingar að búið sé að fresta því til haustsins að Herjólfur fari í slipp vegna þess að í Vestmannaeyjum er mikil ferðamannaþjónusta og ferðamannastraumurinn er mestur að sumrinu og vorinu.

Ég gleðst einnig yfir því að fallið hefur verið frá því, eins og kom fram í bæjarblaðinu Fréttum, að hvalaskoðunarskipið Brimrún úr Stykkishólmi verði notað til þess að leysa Herjólf af. Þessar upplýsingar höfum við þegar fengið. Ég beini hins vegar tveimur öðrum spurningum til hæstv. samgrh.

„Hefur komið til greina að kanna möguleika á að nota stærra og öflugra skip með bíladekki til að hægt sé að ferja bíla um leið og farþega og vörur á meðan Herjólfur er í slipp?

Hefur verið athugað hvort möguleiki sé að leigja t.d. loftpúðaskip eða svifnökkva til þessara flutninga í tilraunaskyni?"

[18:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Skemmst er frá því að segja, vegna fyrirspurnar hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, að af minni hálfu hefur aldrei komið til að greina að skemmtibátur yrði látinn leysa Herjólf af, hversu vel sem hann kann að nýtast í siglingum innfjarða. Þarna er um að ræða miklu stærra verkefni en svo að hægt sé að tefla fram hvalaskoðunarbát þannig að það hefur af minni hálfu aldrei komið til greina þó að vel geti verið að einhverjum hafi dottið það í hug, enda liggur fyrir, og ég gerði grein fyrir því hér í svari við fyrirspurn áðan, að við gerum ráð fyrir því að fresta slipptökunni í fullu samráði við flokkunarfélögin og Siglingastofnun og að Breiðafjarðarferjan Baldur sinni þessu verkefni.

Spurt er í öðru lagi hvort komi til greina að kanna möguleika á að nota stærra og öflugra skip með bíla dekki til að hægt sé að ferja bíla um leið og farþega á meðan Herjólfur er í slipp.

Svarið er: Fyrir liggur að mjög erfitt er að fá sambærilegt skip og Herjólf til leigu í svo stuttan tíma sem hér um ræðir. Frumathuganir sem gerðar hafa verið í Norður-Evrópu benda til að fáist slíkt skip á annað borð, sem ekki liggur fyrir, geti kostnaður numið meira en 40 millj. kr. í umræddar tvær vikur. Þetta er tala sem svarar til um sjö mánaða rekstrarframlags Vegagerðarinnar til Samskipa og að mínu mati væri slíkt ekki forsvaranlegt nema annarra kosta væri ekki völ.

Í þriðja lagi er spurt: Hefur verið athugað hvort möguleiki sé að leigja t.d. loftpúðaskip til þessara flutninga í tilraunaskyni?

Svar mitt er: Siglingaleiðin milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar er svonefnd b-siglingaleið í ljósi umtalsverðrar hárrar kenniöldu og eru því meiri kröfur um smíði og öryggi farþegaskipa gerðar á slíkum siglingaleiðum en á öðrum hafsvæðum. Svifnökkvar hafa verið í notkun í áætlunarferðum við Bretland og víðar frá því í byrjun sjöunda áratugarins. Í fyrstu voru þeir notaðir til farþegaflutninga en síðar til flutninga á farþegum og bílum. Stærstu svifnökkvar geta flutt á fjórða hundrað farþega og um 30–50 bíla. Ölduhæðar- og veðurmörk fyrir svifnökkva í áætlunarflutningum liggja milli 2 og 3,5 metra í kenniöldu á rúmsjó og 17–25 metra vindhraða, háð stærð og búnaði nökkvanna.

Í upplýsingum frá Siglingastofnun kemur fram að ölduhæðarmælingar á þessu hafsvæði, þ.e. í Surtseyjardufli, sýna að kennitala öldunnar er 2,5 metrar eða lægri í 72–80% tilvika mánuðina maí–ágúst. Í öðrum mánuðum væru frátafir miklar miðað við fyrrnefndar forsendur. Hér skal tekið fram að ekki liggja fyrir öldufarsreikningar frá Surtseyjardufli að Bakkafjöru, en þær eiga að liggja fyrir inna tveggja mánaða. Enn fremur er æskilegt að mæla ölduhæð með dufli undir Bakkafjöru til að fá gleggri upplýsingar um öldufar og til þess að gætt sé fyllsta öryggis við mat á lendingu svifnökkva.

Eins og fyrr sagði er siglingaleiðin milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar svonefnd b-siglingaleið. Ekki er vitað til að til séu loftpúðaskip til farþegaflutninga, samkvæmt þeim uplýsingum sem ég hef, sem uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til skipa er sigla á b-siglingaleiðum. Svarar þetta væntanlega fyllilega fyrirspurn hv. þm.

Að gefnu tilefni vil ég upplýsa að ég hef ákveðið að skipa starfshóp sem hafi það verkefni að hafa umsjón með rannsóknum á Bakkafjöru með tilliti til lendingaraðstöðu og jafnframt að skoða þá kosti sem til greina koma við val á skipi til að þjóna á siglingaleiðinni milli lands og Eyja. Ég tel afar mikilvægt að hugsa til framtíðar hvað varðar siglingar milli lands og Eyja og að á hverjum tíma verði það skoðað vandlega og rækilega hvaða leiðir séu bestar við val á skipum. Það er óhjákvæmilegt að standa þannig að þjónustu við Vestmannaeyjar hvað varðar siglingar og flutninga á fólki og vörum að ekki fari á milli mála að þar sé staðið eins vel að verki og nokkur kostur er og ég tel að það sé gert í dag.

[18:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er í raun um samtvinnaðar fyrirspurnir að ræða, þ.e. sú sem flutt var áðan og sú sem nú er lögð fram, og miða þær að því að tryggja sem best öryggi þeirra sem búa í Vestmannaeyjum, bæði hvað varðar daglegar samgöngur og ekki síður á meðan Herjólfur þarf að fara í slipp.

En ég vil beina spurningu til hæstv. ráðherra: Hefur verið skoðað hvort til greina komi t.d. að niðurgreiða flug með einhverjum hætti á meðan Herjólfur er í slipp? Þó að Baldur leysi Herjólf af er samt sem áður um að ræða skip sem tekur mun færri farþega en Herjólfur gerir.

[19:00]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessi svör. Það gleður mig er hann segir að hann ætli að mynda starfshóp um að skoða kosti þess að auka fjölbreytni í samgöngum milli lands og Eyja. Hann talaði líka um að hann hugsaði til framtíðar. Við megum ekki geyma því að það hlýtur að vera framtíð í að skoða alla þá möguleika sem hugsast getur í þessum efnum. Tíminn er dýrmætur. Það eru ekki allir sem gefa sér tíma til að sigla í þrjá klukkutíma milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Þá stóla menn á flugið sem getur verið stopult þegar veður eru válynd.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnuvegur í Vestmannaeyjum. Þar er heilmikill vaxtarbroddur í ferðaþjónustunni og þess vegna skiptir mjög miklu máli fyrir ferðaþjónustuna, íbúa og atvinnulíf í Vestmannaeyjum að sem öruggastar samgöngur séu þarna á milli.

Við megum ekki geyma því að Herjólfur er í raun þjóðvegur milli lands og Eyja. Ef við hugsum til þeirra þjóðvega sem við höfum uppi á landi þá notum við líka heilmikið af peningum í viðhald þessara vega. Sums staðar lýsum við upp brautir og það kostar mikla peninga. Við eigum því ekki að horfa í að gera þessa tilraun. Auk þess gefst tækifæri til þess, þegar Herjólfur fer í slipp, að prófa sig áfram í þessum efnum. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi 1967, sem ungur maður í sveit í Landeyjunum, að fá að fara með svifnökkva sem gerðar voru tilraunir með þá. Það hefur orðið gríðarleg þróun í þeim efnum síðan. Mér finnst full ástæða til að kanna þessa möguleika, hvort mögulegt sé að nýta svifnökkva þarna á milli. Mér er sagt að ferðin tæki með því á að giska tíu mínútur á milli lands og Eyja.

[19:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur ber þess að geta að lögð verður áhersla á að sinna þjónustunni með því skipi sem leysir Herjólf af þannig að uppfyllt verði sú þörf sem verður til staðar á þeim tíma þegar skipið fer í slipp. Aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar.

Niðurfelling veggjalds í Hvalfjarðargöng.

Fsp. GE, 444. mál. — Þskj. 713.

[19:04]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég ræði um að fella niður gjaldtöku vegna aksturs um göng undir Hvalfjörð og beini máli mínu til hæstv. samgrh.

Ég geng út frá því sem vísu að skoðanir mínar og hæstv. ráðherra fari að mestu saman í þessu máli. Við viljum örugglega báðir, eins og allir aðrir sem hlut eiga að máli, greiða sem mest fyrir samgöngum við Norðvesturland. Einnig ætti að vera jafnauðvelt fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins að velja hvort helgarferðin liggur norður í Borgarnes, á Snæfellsnes eða Akranes, eða þá austur fyrir fjall. Auðveldara val yrði um hvar búseta er best, fyrir sumarhús eða heimili.

Í dag er það þannig að helgarferð hefur í för með sér kostnaðarauka sem nemur a.m.k. 2.000 kr. sé farið til norðurs um Hvalfjarðargöng. Allir sem eiga sumarbústaði, stunda vinnu eða skóla og þurfa frá Reykjavík til Norðvesturlands eða af Norðvesturlandi til Reykjavíkur, búa við gífurlegan kostnaðarauka vegna veggjaldsins um göngin. Þess vegna eru lagðar fram spurningar um þetta mál. Það er ástæða til að velta því fyrir sér hvert jafnræði íbúa landsins er vegna vegagerðar og hvort réttlætanlegt er að vegfarendur um Hvalfjarðargöng hafi greitt á núverandi verðlagi allt að 3 milljarða í virðisaukaskatt á fyrirhuguðum starfstíma Spalar hf., auk 20 milljarða vegna fjárfestinga og reksturs. Þess vegna eru þessar spurningar lagðar fram, virðulegur forseti, sem hér liggja fyrir:

1. Hefur samgönguráðuneytið kannað hvort Vegagerðin gæti yfirtekið að fullu og öllu skuldbindingar Spalar hf. og þar með rekstur Hvalfjarðarganganna, eins og annarra samgöngumannvirkja á Íslandi, og að umferð um Hvalfjarðargöng verði gjaldfrjáls?
2. Til hvaða aðgerða þarf að grípa til að svo geti orðið, lagalegra eða annarra?
3. Hversu miklum tekjum hefur virðisaukaskattur af umferð um Hvalfjarðargöng skilað ríkissjóði síðan þau voru tekin í notkun?
4. Hver er kostnaður ríkissjóðs af göngunum á sama tíma?
5. Telur ráðherra eðlilegt að Snæfellingar, Borgfirðingar og Akurnesingar standi undir meira en helmingsfjármögnun þessa hluta hringvegarins um Ísland?

[19:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem er afar athyglisverð.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. spurði hann í fyrsta lagi: „Hefur samgönguráðuneytið kannað hvort Vegagerðin gæti yfirtekið að fullu og öllu skuldbindingar Spalar hf. og þar með rekstur Hvalfjarðarganganna, eins og annarra samgöngumannvirkja á Íslandi, og að umferð um Hvalfjarðargöng verði gjaldfrjáls?"

Svar mitt er: Samgrn. hefur ekki látið kanna það sem spurt er um og þar af leiðandi liggur ekkert nánar fyrir um það.

Í öðru lagi er spurt: „Til hvaða aðgerða þarf að grípa til að svo geti orðið, lagalegra eða annarra?"

Svar mitt er: Það er mat samgrn. að ef ákvörðun yrði tekin um að Vegagerðin yfirtæki að fullu eða öllu skuldbindingar Spalar hf. fæli það í sér mjög flóknar og umfangsmiklar samningaviðræður við lánardrottna, því á bak við liggur fjöldinn allur af samningum við innlenda og erlenda aðila sem stóðu að fjármögnum framkvæmdanna.

Ekki kemur fram í mál fyrirspyrjanda hvort reiknað sé með að Vegagerðin greiddi þessar skuldir strax upp að fullu. Ef til stæði að greiða lánin upp er mjög líklegt að slíkt mundi kosta nokkur hundruð milljónir til þess að vega upp

tapaðar vaxtatekjur lánardrottna. Uppgreiðslukostnaður að mati Íslandsbanka frá júlí 2001 eru 517 millj. kr. Langtímaskuldir samkvæmt síðasta ársreikningi nema 6,5 milljörðum og skammtímaskuldir 400 millj., eða samtals 6,9 milljarðar. Afborganir og vextir sennilega um 800 millj. kr. á ári þegar þær koma inn af fullum þunga, en endurgreiðslur til fjármögnunar- og tryggingafélagsins John Hancock eru ekki byrjaðar enn. Ekki er þó með vissu hægt að segja til um lyktir viðræðna um uppgreiðslu.

Ef fyrirspyrjandi á við það tilvik að lánin yrðu færð frá Speli á Vegasjóð yrði þetta einfaldara, ef lánardrottnar samþykktu slíka tilfærslu, en væntanlega mundi vegafé til annarra verka skerðast sem því næmi næstu 16 árin eða svo, þ.e. um það sem nemur afborgunum og vöxtum, um 800 millj., sem áður var getið um.

Í þriðja lagi var spurt: „Hversu miklum tekjum hefur virðisaukaskattur af umferð um Hvalfjarðargöng skilað ríkissjóði síðan þau voru tekin í notkun?“

Svarið er: Áætlað er að innheimta ríkissjóðs á virðisaukaskatti hafi numið 363 millj. kr. tímabilið frá opnun ganga til 31. desember 2001. Þetta gerir um 100 millj. á ári að meðaltali.

Í fjórða lagi er spurt: „Hver er kostnaður ríkissjóðs af göngunum á sama tíma?“

Svar: Kostnaður ríkissjóðs af göngunum á sama tíma felst í endurgreiðslu láns vegna vegtengingar að þeim í Hvalfirði. Frá opnun ganga greiðir ríkissjóður því samkvæmt vegáætlun 40 millj. á ári í tíu ár, sem nemur þá um 400 millj. kr.

Í fimmta lagi er spurt: „Telur ráðherra eðlilegt að Snæfellingar, Borgfirðingar og Akurnesingar standi undir meira en helmingsfjármögnun þessa hluta hringvegarins um Ísland?“

Svar mitt er að það er mjög erfitt að gefa sér út af fyrir sig hverjir fari aðallega um göngin. Hins vegar er alveg ljóst að þeir sem næst göngunum búa nota þau langmest. Það liggur í augum uppi að íbúar þeirra svæða sem hv. þm. nefnir greiða stóran hluta af þessu án þess að hægt sé að fullyrða um það. Ekki hefur verið gerð nein greining á umferðinni um göngin eftir búsetu. En þetta liggur nokkuð ljóst fyrir.

Að lokum vil ég segja að ég tel eðlilegt að þetta verði skoðað og mun láta gera það. Ég tel rétt að það gerist í tengslum við afgreiðslu samgönguáætlunar sem vonandi verður lögð fram á næsta hausti. Þar verður m.a. fjallað almennt um gjaldtöku vegna umferðarmannvirkja. Þá verður mótuð stefna og tekin endanleg ákvörðun um hvernig á þessu máli verður tekið og hvernig gjaldtöku vegna annarra umferðarmannvirkja verður háttað.

[19:11]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mig langaði að spyrja hv. fyrirspyrjanda að því hvort honum finnist eðlilegt að tala nú um að fella niður vegatoll af göngunum undir Hvalfjörð, þegar þau voru á sínum tíma lögð í fullu samkomulagi við Vestlendinga og út frá þeirri forsendu að þar yrði lagður á skattur. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort það sé eðlileg leið, að biðja um slíkar framkvæmdir með vegatolli og koma svo tveimur, þremur árum seinna og vilja fá vegatollinn felldan niður.

Hvað með aðrar framkvæmdir sem nú er verið að hugsa um að koma á með vegatolli? Er engu að treysta í þessu efni, hv. þm.? (Gripið fram í.) Gerir hv. þm. þá ráð fyrir því að ef göngin yrðu tekin inn á vegáætlun, það sem eftir á að greiða af þeim, að leggja samhliða niður vegaframkvæmdir á Vesturlandi eða vegabætur næstu 16 árin?

[19:12]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Vegna spurningarinnar um hvort ég sé tilbúinn að leggja niður vegaframkvæmdir á Vesturlandi næstu 16 árin ef gjaldið verði fellt út þá segi ég nei við því. Ég minni hv. þm. Kristján Pálsson á að eitt sinn var sett hér á veginnheimta eða tollur á Reykjanesbraut. Það var lagt niður eftir tvö ár þótt gert hefði verið ráð fyrir því til margra ára.

Mér finnst að að svo komnu máli sé rétt að kanna hvort ekki sé eðlilegt að þeir sem nota þessi jarðgöng mest sitji við sama borð og aðrir sem njóta vegaframkvæmda hér á landi án þess að greiða fyrir það sértakt gjald, burt séð frá því hvernig stofnað var til framkvæmdarinnar í upphafi.

Ég vil, virðulegur forseti, þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör sem hann gaf og þá sérstaklega fyrir fyrirheit hans um að taka þetta mál upp vegna næstu samgönguáætlunar. Þetta er mjög mikilsvert mál. Þarna eiga fleiri þúsund manns í hlut og einstaklingar eru að greiða allt upp í 300 til 400 þús. kr. á ári vegna ferða, vinnu og skóla sem þeir stunda á Reykjavíkursvæðinu. (Gripið fram í.) Þess vegna er eðlilegt (Gripið fram í.) að taka þetta mál fyrir á þennan máta sem ég er að leggja hér upp. Að öðrum kosti verður það þannig að þeir sem nota þessi göng hafa greitt, að liðnum starfstíma Spalar, yfir 20 milljarða og röska 3 milljarða bara í virðisaukaskatt.

Virðulegur forseti. Að öðru leyti læt ég þessu lokið í bili. Það er alltaf betra fyrir þann sem stendur í stól, þegar verið er að kalla fram í, að fá eina spurningu úr salnum fremur en langar ræður.

Bann við umskurði stúlkna.

Fsp. ÁRJ, 419. mál. — Þskj. 678.

[19:15]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Eitt stærsta heilbrigðisvandamál kvenna í heiminum eru afleiðingar þess mannréttindabrots og þeirra misþyrminga sem umskurður kvenna er. Afleiðingarnar eru margvíslegar og alvarlegar: bráðalost, sýkingar í þvagrás og leggöngum, stífkrampi, blóðeitrun, HIV-smit, lifrarbólga B, ófrjósemi, æxla- og kýlamyndun og oft dauði, svo fátt eitt sé nefnt.

Þessi glæpur, eða skurðaðgerð við afar frumstæðar aðstæður, viðgengst í 28 Afríkulöndum og víða í löndum múslíma, í Indónesíu, Sri Lanka, Malasíu og Indlandi, í Miðausturlöndum, Egyptalandi, Óman, Jemen og Arabísku furstadæmunum og einnig hjá frumstæðum ættbálkum í Suður-Ameríku.

Amnesty International áætlar að 135 milljónir kvenna og stúlkna í heiminum í dag hafi þolað þessar misþyrmingar á kynfærum sínum og að um 2 milljónir stúlkubarna séu umskornar á hverju ári. Það eru 6 þúsund telpur á dag, telpur 4–12 ára. Þetta eru hroðalegar staðreyndir.

Þó að við höfum sem betur fer ekki reynslu af þessum voðaverkum tel ég að okkur beri að leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn þeim. Í fjölþjóðlegum samfélögum í okkar vestræna heimi er þetta orðið nokkuð stórt vandamál. Vitað er að umskurður á stúlkubörnum hefur viðgengist í Danmörku, Bretlandi, Svíþjóð, Frakklandi, Ítalíu, Hollandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu. Þar eru þessar aðgerðir

framkvæmdar í trássi við lög viðkomandi landa. Þetta eru alvarleg mannréttindabrot, brot á sáttmálum sem við erum aðilar að.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO hefur á undanförnum árum hvatt aðildarríki sín til þess að taka skýra afstöðu gegn þessum aðgerðum sem ógna heilsu kvenna víða um heim. Þó að við þekkjum ekki umskurð kvenna hér á landi erum við að verða fjölmenningarlegt samfélag og e.t.v. tímaspursmál hvenær þetta berst hingað í ljósi reynslu nágrannalanda okkar. Í ljósi þess hve stórt heilsufarsvandamál kvenna þetta er og í ljósi ályktana WHO þá spyr ég hæstv. heilbrrh. hvort hann telji tímabært að setja í lög hér á landi bann við umskurði stúlkna eða kvenna og viðurlög við slíkum verknaði og þá sem fyrirbyggjandi aðgerð og skýra stuðningsyfirlýsingu Íslendinga við baráttuna gegn þessum hroðalegu misþyrmingum á konum í heiminum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru áform um að ákvæði í þessa veru verði lögfest hér á landi?

[19:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur beint til spurningu um hvort ég telji tímabært að setja í íslensk lög bann við umskurði stúlkna og viðurlög við slíkum verknaði. Með fyrirspurninni vekur þingmaðurinn máls á mjög mikilvægu vandamáli sem hefur verið talsvert í umræðu hér á landi síðustu vikur, m.a. vegna nýlegrar útgáfu bókar þar sem fórnarlamb umskurðar frá einu Afríkuríki greinir frá hörmulegri lífsreynslu sinni vegna umskurðar.

Umskurður mun vera aldagömul hefð án þess að menn viti í raun uppruna hennar. Eftir því sem næst verður komist tala engin trúarbrögð fyrir umskurði og mun hann hvorki nefndur í Biblíunni, Kóraninum né öðrum trúarritum en á sér þrátt fyrir það stað jafnt meðal kaþólskra, mótmælenda, múslíma sem og annarra trúflokka. Hins vegar er ekki óalgengt að umskurður sé réttlættur á trúarlegum forsendum og á þessi hefð sér þannig djúpar rætur. Mikill samfélagslegur þrýstingur er á að umskurður stúlkna sé framkvæmdur þar sem slíkt hefur tíðkast. Talið er að um 130 milljónir kvenna og stúlkna hafi verið umskornar í um 30 löndum, einkum Afríkulöndum, en í sumum þeirra er nánast hver einasta kona umskorin.

Ég sé ekki ástæðu til að lýsa verknaði þessum sem framkvæmdur er á ýmsa vegu. Hins vegar er ljóst og vel þekkt að alvarlegir fylgikvillar geta fylgt í kjölfarið, sumir lífshættulegir. Algengt er að aðgerðin sé framkvæmd án sóttvarna og deyfingar við frumstæðar aðstæður. Geta konur borið alvarleg mein eftir aðgerðina alla ævi og dánartíðni er veruleg. Þetta líkamlega ofbeldi á ungum stúlkum, sem í senn niðurlægir þær og limlestir, hljóta allir að fordæma harkalega.

Svo vikið sé að málum hér á Íslandi eru engar tiltækar upplýsingar um að þessar aðgerðir séu eða hafi verið framkvæmdar hér. Ljóst er, herra forseti, að þessi aðgerð getur ekki talist til heilbrigðisþjónustu heldur hlýtur hún að falla undir líkamlegt ofbeldi. Um það gilda refsilög líkt og um annað líkamlegt ofbeldi. Réttur stúlknanna gegn þessu ofbeldi er varinn í stjórnarskrá, í lögum um réttindi sjúklinga, barnaverndarlögum, mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og víðar.

Umskurður á stúlkum telst ekki vera læknisverk og því er læknum óheimilt að framkvæma hann samkvæmt læknalögum. Ef læknir framkvæmir slíka aðgerð gæti hann þurft að sæta viðurlögum samkvæmt læknalögum og samkvæmt refsilöggjöfinni. Ef annar aðili en læknir mundi framkvæma umskurð á stúlku hér á landi teldist það líkamsmeiðing í skilningi refsilöggjafarinnar. Ekki er vitað um slík tilvik hér.

Af ofansögðu tel ég ljóst að umskurður á stúlkum er algjörlega óheimill hér á landi. Í löndum innan Evrópu er það talið refsivert samkvæmt almennri refsilöggjöf að umskera stúlkubörn. Sérlög um bann við umskurði stúlkna og viðurlög við slíkum verknaði eru sjaldgæf. Þó er þau að finna í Svíþjóð og í Bretlandi.

Þar sem ekki er vitað um slík tilvik hér á landi er spurning hvort tímabært sé að setja bann við umskurði í íslenska refsilöggjöf. Þó mætti segja að það felist ákveðin yfirlýsing í slíku fortakslausu banni og viðurlögum ef slíkt er gert. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu og í raun væri það í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland lögfesti árið 1992. Þar er m.a. kveðið á um að aðildarríki skuli gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna. Enn fremur er kveðið á um að aðildaríki skuli gæta þess að ekkert barn sé látið sæta pyntingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Vil ég í þessu sambandi aftur geta laganna um réttindi sjúklinga, barnaverndarlaga og læknalaga.

Jafnframt er það skoðun mín að breyting á refsilöggjöfinni þar sem kveðið væri sérstaklega á um þetta heyri, eðli málsins samkvæmt, undir dómsmrn. En ég vona að hv. þm. hafi fengið svar við fyrirspurn sinni og sé þar með kunnugt um skoðanir mínar í þessum efnum.

[19:23]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir fyrirspurnina og jafnframt afdráttarlaus svör heilbrrh. í þessum efnum.

Ljóst er að umskurður kvenna er gróft ofbeldi gagnvart konum. Það er framið og réttlætt með tilvísun í hefðir, venjur og trúarsetningar. Umskurður skaðar varanlega kynfæri kvenna. Það er ómanneskuleg meðferð sem hefur skaðleg áhrif á líkamlega og andlega líðan þeirra kvenna sem eru umskornar. Þótt umskurður sé ekki hluti af okkar veruleika hér á landi þá er hann sannarlega hluti af veruleika margra kvenna í heiminum.

Það er hlutverk stjórnvalda að uppræta öll form ofbeldis gagnvart konum og e.t.v. er tímabært, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, í ljósi aukins fjölda útlendinga hér á landi, að skoða sérstaklega réttarstöðu kvenna sem hafa verið umskornar og velta fyrir sér lagasetningu í því sambandi.

[19:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp. Þetta málefni hefur m.a. verið mikið rætt í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins þar sem fram hefur komið óbein hvatning til ríkja til að taka af öll tvímæli hvað þetta varðar í löggjöf. Ég hef hlustað á ræður fulltrúa þjóða þar sem vitað er um að umskurður hafi átt sér stað, í þeim aðildarríkjum Evrópuráðsins, og þar er þessu ofbeldi oft á tíðum haldið leyndu. Í fjölmenningarlegum samfélögum er því ekki alltaf ljóst hvort umskurður hafi átt sér stað á stúlkubörnum eða ekki. Til þess að taka af öll

tvímæli þá vildi ég hvetja hæstv. ráðherra til að setja um þetta mjög skýrar reglur.

[19:25]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að vekja máls á þessu mjög svo alvarlega máli, hroðalegum misþyrmingum á stúlkubörnum. Það að 6 þúsund telpur verði á hverjum einasta degi fyrir svona misþyrmingu hlýtur að skipta okkur máli. Við hljótum að verða að bregðast við og að sjálfsögðu þarf að taka af öll tvímæli um að þetta ofbeldi geti ekki viðgengist.

Spurningin er líka um hvernig við getum lagt lóð okkar á vogarskálarnar til þess að fræða konur og karla í heiminum um að það sé ekki rétt að fara svona með stúlkubörn. Hvernig getum við í sjálfu sér vitað hvort stúlkur eru umskornar hér á landi eða ekki ef þær koma ekki til læknisskoðunar fyrr en þær verða fullorðnar?

[19:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég fagna umræðunni sem hér á sér stað og langar að segja að ég tel að hér sé svo alvarlegt mál á ferðinni að það væri ástæða til að ræða það með öðrum hætti síðar hér á Alþingi. Ég las bók um jólin sem heitir Eyðimerkurblómið og er eftir Waris Dirie sem lenti í því að vera umskorin sjálf. Það kemur fram í þessari bók að um 80% kvenna í Sómalíu eru umskornar. Lýsingarnar á þessum verknaði fylltu mig mjög djúpri sorg og ég tel að hér sé um algjöra kúgun á konum að ræða og að þessar stúlkur eigi sér enga vörn. Þeirra eigin fjölskylda tekur þátt í þessu og skipuleggur þennan verknað og það ber að fordæma þetta á allan hátt.

Menn reyna auðvitað alltaf að sýna öðrum menningarheimum skilning og fordæma ekki menningu annarra þjóða. Menn reyna að fara varlega í því en ég tel að þetta mál sé þess eðlis að ekki sé annað hægt en að fordæma það. Ég fagna því hve hæstv. heilbrrh. var harðorður í garð þessa í svari sínu.

[19:28]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég tek undir þakkir til hv. fyrirspyrjanda fyrir að að vekja máls á því hræðilega máli sem fólk hefur rætt hér. Það er sorglegt að svo mikil grimmd skuli vera í heiminum að slíkt sé lagt á lítil stúlkubörn og þau kvalin með þeim aðferðum sem hér hefur verið tæpt á. Það er sannarlega ljótt til þess að vita að ekki skuli hægt að taka fyrir slíkt, banna það algjörlega og hegna þeim sem gera slíkt.

Við höfum séð annars konar hryðjuverk framin á konum líkt og gerðist í Svíþjóð þar sem ung stúlka var drepin vegna þess að hún vildi giftast manni sem ekki var þóknanlegur ættinni. Þá var það einfaldlega ákveðið af karlmönnum ættarinnar hvernig ætti að meðhöndla mótstöðu hennar. Þetta er náttúrlega umræða sem þarf að fá miklu betri tíma en ég lýsi yfir ánægju minni með að hún skuli fara fram hér.

[19:29]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þakka ráðherranum kærlega fyrir svör hans. Við berum auðvitað ábyrgð hvert á öðru í þessum heimi og þetta mál varðar okkur öll. Við eigum auðvitað að beita öllum þeim ráðum sem við getum til að koma þessum stúlkum til hjálpar og þessum konum. Hér er um að ræða gróft ofbeldi sem fer leynt og er, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, óheimilt samkvæmt ýmsum lögum sem nú þegar gilda á Íslandi.

En ég tel fulla ástæðu til þess, og mér heyrðist það á þeim sem tóku hér til máls, að tekið verði sérstaklega á þessu. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki tilbúinn að beita sér fyrir því í ríkisstjórn að þeir ráðherrar sem þetta mál varðar taki málið upp sérstaklega þannig að það verði ákveðin yfirlýsing frá Íslendingum um að við munum aldrei líða þetta. Við lítum á þetta sem refsivert athæfi. Þetta er stórt heilbrigðisvandamál kvenna sem við mundum mótmæla með lagasetningu um að slíkt verði aldrei liðið hérna.

Eins og ég kom inn á í ræðu minni erum við að verða fjölmenningarlegt samfélag. Það eiga auðvitað að vera skilaboð til allra sem koma hingað að þetta verði aldrei liðið á Íslandi og við munum berjast fyrir því að það verði ekki liðið í heiminum.

Ég vonast til þess, herra forseti, að hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því í ríkisstjórninni og ræða um það við aðra ráðherra sem málið varðar að þetta verði tekið sérstaklega fyrir.

[19:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og ég þakka þá umræðu sem orðið hefur um þetta alvarlega mál. Ég endurtek það eitt í þessu sambandi að ég undirstrika að þarna er um ofbeldi að ræða. Ef sá skilningur er ekki fyrir hendi, ef skýra þarf einhver lagaákvæði í þessu sambandi, skal ekki standa á mér í því efni. Ég er tilbúinn að eiga viðræður um það við þá sem hlut eiga að máli.

Ég endurtek að ofbeldi er refsiverður verknaður og ég er reiðubúinn að leggja mitt lóð á vogarskálarnar í þessu efni því að hér er, eins og komið hefur fram, um viðurstyggilegan verknað að ræða.

Óhefðbundnar lækningar.

Fsp. GunnS, 462. mál. — Þskj. 742.

[19:35]

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um óhefðbundnar lækningar. Margir eru þeirrar skoðunar að óhefðbundnar lækningar séu vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Mér skilst að þessar lækningar skiptist í 26 flokka og séu stundum nefndar hjálækningar og jafnvel andalækningar og sum svið þessara lækninga teljist vera á mörkum lækninga og hreinlega trúarbragða.

Mér skilst að engar reglur gildi um þessa starfsemi hér á landi en mér er kunnugt um að svo sé í Bandaríkjunum og á Bretlandi. Í Bandaríkjunum er fullyrt að þessi starfsemi velti um 46 milljörðum dollara á ári og að veltan hafi aukist úr 20 milljörðum á fimm árum. Það er mikilvægt að öðlast yfirsýn yfir þessa starfsemi hér á landi af því að þeim virðist fjölga sem sækjast eftir þessari þjónustu og því hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrrh.:

1. Hefur ráðherra upplýsingar um umfang óhefðbundinna lækninga og árangur þeirra?

2. Hvað áætlar ráðherra að þessi starfsemi velti miklum fjármunum á ári?

3. Hvert er mat ráðherra á slíkum lækningum?

4. Hafa stjórnvöld eitthvert eftirlit með fyrrgreindri starfsemi?

5. Er fyrirhugað að sett verði sérstök löggjöf um óhefðbundnar lækningar?

[19:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur beint til mín fyrirspurn um óhefðbundnar lækningar þar sem hann óskar m.a. upplýsinga um umfang og árangur þeirra, einnig áætlun um hve miklum fjármunum starfsemi þessi veltir á ári og um mat mitt á lækningunum, um eftirlit með þeim og hugsanlega löggjöf.

Vegna þessarar fyrirspurnar leyfi ég mér að geta þess að fyrir þinginu liggur till. til þál. um stöðu óhefðbundinna lækninga sem borin er fram af þingmönnum úr öllum flokkum. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að heilbrrh. verði falið að skipa nefnd til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og bera saman við stöðu mála annars staðar í nágrannalöndunum auk þess sem nefndin ætlaði að kanna sérstaklega ýmsa afmarkaða þætti þessa máls. Heilbr.- og trn. hefur nú þessa tillögu til umfjöllunar.

Ég tel jákvætt að þessi mál verði skoðuð frekar. Þau hafa verið hér til umræðu af og til undanfarin ár og ýmsir þættir þeirra hlotið viðurkenningu að hluta til, svo sem hnykklækningar og nálastunguaðferðir að vissu marki. Mín skoðun er sú að gera verði þær kröfur til óhefðbundinna lækninga að þær séu sannanlega ekki skaðlegar, að ekki sé haldið fram ósönnuðum áhrifum þeirra til lækningar eða líknunar, að fólk sem leitar þessara lækninga sé ekki haft að féþúfu og að þeir sem þetta bjóða villi ekki á sér heimildir.

Mér er vel kunnugt um að landlæknisembættið hefur þurft að vera vel á verði gagnvart ýmsum þáttum sem tengjast óhefðbundnum lækningum og landlæknir hefur jafnvel þurft að beita krafti embættis síns til að stemma stigu við og stöðva sumt sem boðið hefur verið fram undir merkjum óhefðbundinna lækninga. En í ljósi þess að fram undan er nefndarvinna og úttekt á stöðu þessara mála, sem ég mæli með, tel ég ekki forsendur til að svara að svo komnu máli nákvæmar ýmsum spurningum sem hv. þm. beinir til mín en vænti þess að staða þessara mála skýrist enn frekar að lokinni þeirri nefndarvinnu sem ég hef áður getið um að er í uppsiglingu ef tillögur þær sem eru um málið í þinginu verða samþykktar og þá hef ég hug á því að skipa nefnd í þá vinnu sem áður er getið um þetta mál.

[19:40]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gat um þáltill. sem liggur fyrir þinginu. 1. flm. er hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og erum við fleiri þingmenn meðflutningsmenn ásamt henni á þessari þáltill.

Það er mjög nauðsynlegt að gerð verði úttekt á þessum málum. Ég heyrði ekki annað en að hæstv. ráðherra væri því samþykkur. Það er mjög óraunhæft að ætla sér að hindra tilkomu nýrra meðferðarúrræða og í framtíðinni ættu að sjálfsögðu mismunandi form lækninga að geta farið saman. Læknar sem stunda hefðbundnar lækningar ættu að geta stundað það sem hér er kallað óhefðbundnar lækningar samhliða hefðbundnum lækningum.

[19:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeim jákvæða tóni sem var í ræðu hæstv. heilbrrh. í garð þeirrar till. til þál. um stöðu óhefðbundinna lækninga sem liggur fyrir þinginu og er einmitt til afgreiðslu í hv. heilbrn. um þessar mundir.

Það er alveg ljóst að hér eru stundaðar óhefðbundnar lækningar. Í sjálfu sér má segja að þær séu sjálfsagður þáttur í heilsuvernd nútímamannsins. Verulegu máli skiptir að vitað sé hvaða greinar er verið að stunda og að möguleiki sé fyrir heilbrigðiskerfið að eiga þar einhverja aðkomu. Við getum einungis tekið á málum af alvöru þegar við erum búin að kortleggja stöðuna og gera okkur grein fyrir hvað við viljum að verði skoðað í þessum efnum.

Þess vegna tel ég mjög brýnt að tillagan verði afgreidd úr heilbrn. hið fyrsta þannig að Alþingi geti á þessu vori gengið svo frá málum að sú könnun sem tillagan lýtur að verði framkvæmd.

[19:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra í ræðu sinni að hann væri samþykkur því að setja á laggirnar nefnd til að vinna að úttekt í þessum málum eins og lagt er til í þáltill. sem liggur í heilbr.- og trn. og ég er meðal flutningsmanna að.

Við höfum verið að fjalla um málið í heilbr.- og trn. og það er alveg ljóst að það er orðið mjög brýnt að gerð verði úttekt á þessum málum. Fólk hefur verið að fara í nám í óhefðbundnum lækningum, það fær námslán en það fær ekki starfsleyfi. Við vitum að í ýmsum nágrannalöndum okkar er verið að kenna ýmsa þætti óhefðbundinna lækninga í viðurkenndum skólum og þess vegna er mjög brýnt að við gerum úttekt á þessum málum, samræmum réttindi og nám og sem sagt förum í þá vinnu sem lagt er til í þáltill. Ég býst við í framhaldi af þessu að málið verði afgreitt úr nefndinni á næstunni.

[19:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að koma með þessa fyrirspurn hér inn, ekki síst í ljósi þess að mér sýnist að nú liggi orðið fyrir að sú þáltill. sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir er 1. flm. að og jafnframt formaður félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsins verði samþykkt. Hún hefur unnið sérstaka skýrslu á vegum Evrópuráðsins um þessi mál. Skýrslan var samþykkt. Skýrslan er flutt hér í annað sinn en tiltölulega lítill áhugi hefur verið í forustu nefndarinnar fyrir því að afgreiða tillöguna. Miðað við þá umræðu sem hér er hins vegar í dag, og þökk sé hv. þm. sem kom með fyrirspurn, sýnist mér að hún hljóti að verða afgreidd á næstu dögum.

[19:45]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Kannski var hv. þm., varaþingmanni sem nú situr sem þingmaður, ekki kunnugt um þáltill. þessa efnis sem liggur fyrir þinginu. Hún hefur verið til umfjöllunar í heilbrn. um nokkurt skeið og um hana var fjallað mjög ítarlega á síðasta fundi nefndarinnar. Var gerður góður rómur að henni.

Þó að Íslendingar séu móttækilegir fyrir óhefðbundnum meðferðarformum erum við samt sem áður komin býsna skammt á veg með að viðurkenna þau sem eðlilegan hluta af heilbrigðisþjónustu, heilbrigði mannsins eða vellíðan í

dagsins önn. Ég tel því að yfirlýsingin sem kom fram hér hjá hæstv. ráðherra um að hann styðji þáltill. sem núna liggur fyrir sé mjög mikilvæg. Ég held að það séu ekki bara þingmenn sem kalla eftir þessu heldur einnig þjóðin, sem kallar á að einhverju lagi verði komið á þessi mál.

[19:46]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa fyrirspurn og vekja athygli á þáltill. sama efnis. Vitað er að fólk leitar sér hjálpar þar sem það telur hjálp að fá. Ótrúlega margir sjúklingar hafa leitað aðstoðar mjög víða og segja lækninum sínum ekkert endilega frá því.

Ég veit ekki hvort óhefðbundin meðferð eigi endilega að vera hluti af heilbrigðisþjónustunni. Kannski ætti þetta að heita óhefðbundin meðferð en ekki óhefðbundnar lækningar. Það mundi alla vega gera málið skýrara og taka ábyrgðina af heilbrigðisþjónustunni. Í Bretlandi og fleiri löndum — ég bjó nú í Bretlandi um margra ára skeið — er þetta mjög algengt og vinsælt meðal almennings. Þannig er það orðið hér á landi líka og það er staðreynd.

[19:47]

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og sérstaklega þakka ég hæstv. ráðherra fyrir góðan hug til þessa máls. Ég þakka einnig hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu.

Ég er sammála því almenna viðhorfi sem hér hefur komið fram, að gera þurfi úttekt á stöðu þessara mála og reyna að ná utan um málið. Þegar við ræðum óhefðbundnar lækningar þá hugsum við jafnan um þá starfsemi með þeim hætti að hún fari fram utan heilbrigðiskerfisins. En mér segir svo hugur að óhefðbundnum lækningum sé jafnvel líka beitt innan heilbrigðiskerfisins. Í hve miklu mæli veit ég ekki en mér er kunnugt um að slíkum aðferðum sé beitt þar í einhverjum mæli. Þetta þarf líka að skoða.

Óhefðbundna læknastarfsemin sem fer fram utan heilbrigðiskerfisins er mörgum mjög dýr. Alvarlega sjúkt fólk leitar eðlilega eftir allri þeirri hjálp sem býðst, reynir allt. Það leitar líka á þessi svið óhefðbundinna lækninga. En þessi þjónusta er mörgum mjög dýr og alvarlega veiku fólki hreinlega ofviða. Ég hvet því til þess að afgreiðslu þessa máls verði hraðað í þinginu og ég veit að hæstv. ráðherra liggur ekki á liði sínu þegar til hans kasta kemur við að skipa þessa nefnd og segja henni að vinna hratt, örugglega og vel.

[19:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er kannski óvenjulegt að ráðherrar eða fagráðherrar mæli með samþykkt tillagna sem liggja fyrir nefndum hér í Alþingi. Hins vegar er það svo í þessu tilfelli að ég tel, í ljósi vaxandi umræðu um þessi mál, að nauðsynlegt sé að vinna skipulega að skoðun á því málefni sem hér um ræðir. Ég gæti auðvitað skipað nefnd til þess án atbeina Alþingis en mér finnst, af því að málið er hér fyrir þinginu, að það mundi styrkja málið að þingviljinn komi í ljós hvað þetta varðar. Þess vegna nefndi ég þessa þáltill. í máli mínu.

Ég hef í sjálfu sér ekkert lagt neinn dóm á réttmæti eða óréttmæti óhefðbundinna lækninga. Ég hef ekki forsendur til þess. Ég tel að þeirrar nefndar, ef hún verður skipuð, sem ég hef lýst mig fylgjandi, bíði mikið verk. Þetta er ekki einfalt mál. Það er langt frá því.

Ég verð var við það, bæði í fyrirspurnum hér á Alþingi og víðar, að þessa umræða fer mjög vaxandi í samfélaginu. Þess vegna held ég að rétt sé að setja af stað vinnu hinna færustu manna í að fara yfir þetta mál og er nausynlegt að þau skilyrði sem ég nefndi í svari mínu verði uppfyllt í þessu efni.

Náttúruminjar á hafsbotni.

Fsp. KF, 437. mál. — Þskj. 704.

[19:51]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Á síðustu 50 árum hefur maðurinn valdið miklum spjöllum sem stefnt hafa í hættu lífinu í sjónum og skaðað hafið. Má nefna ofveiði, mengun frá landi, breytingar á skipulagi þar sem strandlengjum hefur verið breytt í byggð eða iðnaðarsvæði. Margt af þessu er talið hafa breytt lífsskilyrðum í sjónum. Víða um heim eru stjórnvöld að átta sig á þessu og grípa til ráðstafana til að draga úr spjöllum af mannavöldum. Svo er einnig hér á landi og er það vel. Um slíkar aðgerðir hljóta menn að sameinast.

Í fréttum hér á landi sl. haust kom fram að Rannsóknarsetrið í Eyjum hefur í félagi við Líffræðistofnun Háskóla Íslands fest kaup á svonefndum dvergkafbát sem farið getur niður á 2 km dýpi. Í viðtali við Pál Marvin Jónsson, forstöðumann Rannsóknarsetursins, í Fréttablaðinu 1. okt. 2001, segir hann að þeir reyni að gefa sér ekki niðurstöður fyrir fram en hafi sérstakan áhuga á að skoða ástand kóralrifjanna úti fyrir landi, vitandi að þau eru einkar mikilvægur hlekkur í öllu vistkerfi sjávar.

Í útvarpsþætti í Ríkisútvarpinu í Auðlindinni 7. sept. 2001, sagði, með leyfi forseta:

„Nýlega var gert opinbert myndband með myndum af öldruðum djúpsjávarkóröllum sem vaxa undan strönd Nova Scotia í Kanada. Vísindamenn vilja að þessir kórallar verði friðaðir sem uppeldisstöðvar fyrir fisk en einnig vegna þess að þeir geymi í sér verðmætar upplýsingar um veðurfarsbreytingar. Leiðangur sem tók myndirnar fór um svæðið sem liggur á milli Browns Bank og Georges Bank og vísindamennirnir vilja að sundið þar í milli, Norðaustursund, verði friðlýst svæði.

Það voru tólf vísindamenn frá fimm kanadískum háskólum sem fóru leiðangurinn í samstarfi við hafrannsóknastofnunina kanadísku og var leiðangurinn styrktur af opinberu fé. Umhverfissamtök nota nú myndbandið, samtals 22 klukkustundir, til að styðja baráttu sína gegn togveiðum. Á myndunum sést að þorsk- og karfaseiði halda sig í skjóli kórallanna."

Ég legg því eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. umhvrh.:

Er merkar náttúruminjar að finna á hafsbotni umhverfis Ísland sem ef til vill bæri að friða?

Þar hef ég í huga t.d. svæði þar sem djúpsjávarkóralla kynni að vera að finna.

Eru fleiri staðir á hafsbotni umhverfis landið friðaðir en sá hluti botns Eyjafjarðar sem hæstv. ráðherra lagði sig fram um að friða á síðasta ári?

[19:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur beint til mín fsp. í tveimur liðum, í fyrsta lagi:

„Er merkar náttúruminjar að finna á hafsbotni umhverfis Ísland sem ef til vill bæri að friða?“

Því er til að svara að með nýjum lögum um náttúruvernd, sbr. lög nr. 44/1999, var gildissviði náttúruverndarlaga breytt. Ná þau nú yfir landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Þau voru ekki svo víðfeðm áður. Enn sem komið er hefur Náttúruvernd ríkisins ekki skráð sérstaklega minjar á hafsbotni á náttúruminjaskrá, en þar er þó að finna eyjar ásamt aðliggjandi hafsvæði. Einnig ber að nefna að strandsvæði, t.d. við Eyrarbakka og Stokkseyri, eru skráð en þau hafa mikið verndargildi. Vitað er að umhverfis Ísland eru nokkur þekkt kóralsvæði og einnig eru til upplýsingar um jarðhitasvæði í sjó.

Samkvæmt áðurnefndum lögum skal umhvrh. eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt. Unnið er að fyrstu náttúruverndaráætluninni og verður henni lokið á yfirstandandi ári og hún lögð fyrir Alþingi í haust. Þótt hún muni væntanlega ekki taka til þeirra mála sem hér eru til umræðu svo heitið geti er ljóst að á komandi árum verður það hlutverk náttúruverndaráætlana að taka á náttúruminjum á hafsbotni. Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem ástæða þykir til að friðlýsa.

Nú þegar er búið að friðlýsa, á grundvelli nýju laganna, fyrsta svæðið í sjó. Það eru þessar hverastrýtur sem getið var um. Það var gert 12. mars á síðasta ári. Þær eru á botni Eyjafjarðar og umhvrh. friðaði þær í samráði við hæstv. sjútvrh. Þar er m.a. bannað að vera með netalagnir, togveiði, að kasta akkerum o.s.frv. Vegna þessa sem hér kom fram áðan er hins vegar rétt að taka fram að Hafrannsóknastofnun hefur á sínum snærum rannsóknir á áhrifum veiðarfæra, t.d. á botn og lífríki botnsins.

Annar liður spurningarinnar er svohljóðandi:

„Eru fleiri staðir á hafsbotni umhverfis landið friðaðir en hluti botns Eyjafjarðar?

Því er til að svara að svo er ekki. Í þessu sambandi má þó benda á Ramsar-svæðið Grunnafjörð, sem var verndað fyrir nokkrum árum, þar sem leirurnar koma upp þegar fjara er. Svæðið nýtur þar af leiðandi ákveðinnar verndunar. Einnig má benda á Breiðafjarðarsvæðið sem hefur verið verndað með lögum frá 1995 en þar er ekki tekið sérstaklega fram að verndunin nái til botnsins.

[19:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir þessa fyrirspurn og ráðherranum fyrir svörin. Þetta er mjög merkileg fyrirspurn og umræða.

Það að kanna náttúruminjar á hafsbotni getur haft mjög mikið aðdráttarafl, t.d. fyrir ferðaþjónustuna. Ég þekki að það hefur verið mjög vinsælt að fara í köfunarleiðangra og skoða ýmislegt á hafsbotni, bæði rústir við Grikkland og sömuleiðis skipsflök víða í Karíbahafinu. Ég þekki það sjálf, en ég fór með stóra hópa þegar ég var á árum áður leiðsögumaður á annan áratug bæði að stóra kóralrifinu í Ástralíu, þar sem við fórum í litlum kafbáti með fjöldann allan af íslenskum ferðamönnum að skoða þetta. Þetta er mjög merkilegt. Við Kenýa, í Indlandshafinu, eru síðan stór svæði friðuð þar sem eru kórallar og sjávarlíf sem er engu líkt og dregur að þúsundir ferðamanna á hverju ári. Ég tel að við gætum lært af því og boðið hér upp á mjög merkilega ferðaþjónustu.

[19:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir um tveimur árum lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um stöðu kóralrifja og hvort rannsökuð hefðu verið sérstaklega kóralsvæði við Ísland. Í svari við henni kom fram að það hefði verið skoðað aðeins en ekki nærri nógu mikið og að rannsóknirnar væru afar bágbornar.

Ég þakka því hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál á dagskrá. Það er afar mikilvægt að fjalla um hvernig við stöndum að því að vernda svæði umhverfis landið. Í upptalningu hæstv. ráðherra vantaði hins vegar eitt verkefni sem umhvrn. hefur lagt í og skiptir miklu máli. Það eru botndýrarannsóknirnar í Sandgerði þar sem uppgötvast hafa lífverur sem ekki hafa áður fundist hér við landið áður og jafnvel ekki í heiminum. Það skiptir mjög miklu máli að styrkja slíkar rannsóknir. Ég held að samstarf sem gæti orðið milli Sandgerðis og Vestmannaeyja í þessum efnum sé mjög mikilvægt.

[19:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þakkir þær sem hér hafa verið látnar í ljós og fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. umhvrh. um að náttúruverndaráætlun verði lögð fyrir Alþingi í haust.

Það er kannski ekki sanngjarnt í stuttri athugasemd að varpa fram spurningu en ég leyfi mér samt að varpa henni hér fram, svona yfir salinn. Það kom fram í máli hæstv. umhvrh. að það væri ekki tekið fram í friðun Breiðafjarðar að friðunin næði til hafsbotnsins. Væri kannski verkefni fyrir Alþingi að sjá til þess að svo verði? Ég tel einsýnt að hafsbotninn í kringum eyjarnar sé jafnmikils virði og eyjarnar sjálfar. Ég held að það sé sjálfsagt mál og kannski skylda alþingismanna að sjá til að friðunin nái alveg niður á botn.

[20:00]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræður um þessa fyrirspurn og sérstaklega þakka ég hæstv. umhvrh. fyrir svörin.

Fyrir nokkrum árum munu Norðmenn hafa komist að því að veiðarfæri fiskiskipa þeirra hafi unnið óbætanlegar skemmdir á kóralrifjum úti fyrir ströndum landsins. Þar hafa verið friðuð stór svæði til að vernda fiskstofna sem tengjast kóralnum með ýmsum hætti. Líklegt er að slíkar skemmdir hafi einnig orðið hér við land. Leiði rannsóknir í ljós að slíkar kóralbreiður sé enn að finna í sjónum umhverfis Ísland ættum við e.t.v. að friða þær líka.

Hér hefur verið minnst á ýmsa aðra þætti þessa máls eins og ferðaþjónustu og rannsóknarstarfsemina í Sandgerði sem er mjög merkileg. Ráðherra sagði síðan að unnið væri að fyrstu náttúruverndaráætluninni og hún kæmi til þingsins á þessu ári en mundi ekki að neinu ráði fjalla um þetta. Ég hvet til þess að reynt verði að bæta úr því og sjá hvort ekki er hægt að útvíkka þá vinnu þannig að ekki þurfi að bíða í fimm ár í viðbót af því að slík áætlun verður jú ekki gerð nema á fimm ára fresti. Þá er ég með það í huga að reyna að fyrirbyggja frekari skemmd á hafsbotni og jafnvel að velja þá staði sem rétt er að friða.

Ég hef lagt fram á Alþingi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um þá hlið málsins sem lýtur að fiskstofnum og uppvaxtarskilyrðum í sjónum, og umræða um hana mun fara fram á næstunni. En ég þakka fyrir þessa umræðu.

[20:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um kóralsvæði á hafsbotni tel ég eðlilegt að hæstv. sjútvrh. svari meiru um það vegna þess að Hafrannsóknastofnun fellur undir ráðuneyti hans og þar er unnið að þessum rannsóknum. Það er líka gert í einhvers konar norrænu samstarfsverkefni en ég tel þessar rannsóknir vera mjög mikilvægar vegna þess að við vitum ekki nógu mikið um hafsbotninn.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted kom inn á þetta og hvatti ráðherrann til að athuga hvort náttúruverndaráætlunin gæti tekið til þessa strax í upphafi. Ég efast um að hægt sé að gera kröfur um það vegna þess að við vitum bara ekki nóg um hafsbotninn til að geta sett einhver svæði inn á að mati þeirra sem vel til þekkja á þessum tímapunkti. Við hljótum að þurfa að vita meira um botninn áður en við getum farið að taka út einhver svæði.

Náttúruverndaráætlunin mun bráðlega líta dagsins ljós í fyrsta sinn, á yfirstandandi ári, og hún mun ekki verða fullkomin þegar hún kemur fram, alls ekki. Hún verður í sífelldri mótun og endurskoðun í framtíðinni þannig að ég held að kannski sé hæpið að gera kröfur til þess að heildstætt verði tekið á þessum atriðum í þessari yfirvofandi náttúruverndaráætlun.

Varðandi það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði um Breiðafjörðinn er ekki sérstaklega skilgreint hvernig friðun á botninum er en ég býst við að ansi mikið þyrfti að skoða ef friðunin ætti að ná til botnsins, a.m.k. með mjög ströngum hætti, því að auðvitað er veitt í Breiðafirðinum. Það er hins vegar alveg bannað að vera með línulagnir, netaveiðar eða togveiðar á svæðinu í Eyjafirði sem við friðuðum út af strýtunum þar.

Merking matvæla.

Fsp. KA, 446. mál. — Þskj. 715.

[20:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á þskj. 715 er fsp. frá Katrínu Andrésdóttur, hv. varaþm. Samfylkingarinnar á Suðurlandi, til umhvrh. um merkingu matvæla. Rökstuðningur hennar fyrir fsp. er þessi:

Erfðabreyttar lífverur hafa verið umdeildar frá upphafi. Hér skal hvorki lagður dómur á nytsemi þeirra né skaðsemi þó að minnt sé á að skaðleysi þeirra hafi ekki verið sannað.

Hinn 1. sept. 1998 gekk í gildi ný reglugerð Evrópusambandsins um merkingar á erfðabreyttum sojabaunum, erfðabreyttum maís og afurðum. Í grundvallaratriðum á að merkja allar vörur sem nýtt erfðaefni eða nýtt prótein úr erfðabreyttum sojabaunum eða maís mælist í. Þarna er um að ræða fjölmargar tegundir unninna matvæla svo sem kex, alls kyns snakk, barnamat, sósur, súpur, kökuduft, sojakjöt, sælgæti og margt fleira. Einnig má nefna hnetur, jarðarber, sólblómaolíu, kúrbít, kartöflur, kartöflumjöl og þar með fleiri unnar vörur, ekki síst tómata og unnar vörur úr þeim. Ekki þarf að merkja maís- eða sojaolíu eða aðrar vörutegundir úr erfðabreyttum maís- eða sojaafurðum sem ekki innihalda prótein.

Íslenskir neytendur sjá því merkingar núna um erfðabreytt hráefni í ýmsum innfluttum matvælum frá Evrópusambandsríkjum. Ekki er gerð krafa um merkingar erfðabreyttra matvæla í Bandaríkjunum og þess vegna eru engar slíkar merkingar á bandarískum vörum.

Á ráðstefnu um erfðabreytt matvæli sem haldin var 9. mars 2000 sagði Jón Gíslason, þáv. forstöðumaður matvælasviðs Hollustuverndar, með leyfi herra forseta:

„Hér á landi hefur ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur lýst sig fylgjandi merkingum á erfðabreyttum matvælum og af hálfu Neytendasamtakanna hefur komið fram að neytendur eigi að fá upplýsingar um hvort vara er erfðabreytt í samræmi við þetta. Reglugerðir Evrópusambandsins eru í drögum. Í reglugerð um nýfæði eru gerðar kröfur um merkingar á umbúðum fyrir erfðabreytt matvæli og eru drög þessi nú til umfjöllunar í umhverfisráðuneytinu." — Þetta var sem sagt 9. mars 2000.

Herra forseti. Ég vil því spyrja hæstv. umhvrh. hvað líði umræddri reglugerð um merkingar matvæla sem eru eða innihalda afurðir erfðabreyttra lífvera.

Ég vil einnig spyrja hæstv. umhvrh. hvort hún vilji beita sér fyrir því að sett verði reglugerð um upprunamerkingar grænmetis og kjötvara.

Neytandi sem vill velja sér hollmeti úr grænmetisborði verslunar hefur í dag sjaldnast upplýsingar um uppruna grænmetis. Margir vilja vita hvort varan er innlend eða erlend, sumir vilja fá vöru af ákveðnum svæðum landsins eða frá ákveðnum framleiðanda. Mér þykir því sem neytanda sjálfsögð réttlætiskrafa að geta valið grænmeti eftir uppruna og framleiðsluaðferðum. Í dag eru allar kjúklingaafurðir samkvæmt reglugerð merktar með sérstöku rekjanleikanúmeri og hægt er að rekja vænginn aftur í útungunarvél. Þetta er matvælaeftirlitinu mikilvægt hjálpartæki.

Herra forseti. Upprunamerkingar grænmetis og kjötvara hafa í raun þríþættan tilgang, að tryggja rétt neytanda um upplýst val, auka gegnsæi í framleiðslu og auka þannig eftirlit, og veita framleiðendum jákvætt aðhald.

[20:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er: „Hvað líður setningu reglugerðar um merkingu matvæla sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða afurðir þeirra?"

Því er til að svara að í umhvrn. hafa verið unnin drög að reglugerð um nýfæði, „novel foods", en erfðabreytt matvæli eru ein tegund nýfæðis. Drögin taka mið af tveimur reglugerðum Evrópusambandsins á þessu sviði en þær hafa ekki verið teknar inn í EES-samninginn enn sem komið er.

Þegar málið kom fyrst til umræðu í umhvrn. á vordögum 1999 var reiknað með því að reglugerðir Evrópusambandsins yrðu teknar inn í EES-samninginn eigi síðar en árið 2000. Það gekk ekki eftir vegna þess að Norðmenn voru ekki sammála þeim viðmiðunarmörkum sem eru í reglugerðunum, þ.e. svokölluðu 1%-þröskuldsgildi. Í reglugerð sem sett var í Noregi 1997 var miðað við 2%-gildi, þ.e. gerðar voru vægari kröfur.

Nú hafa Norðmenn uppi önnur sjónarmið en áður var lýst og hafa jafnframt óskað eftir því að þessar reglugerðir verði ekki teknar inn í EES-samninginn en í staðinn beðið eftir að ný reglugerð Evrópusambandsins um sama efni öðlist gildi. Hún er núna í smíðum.

Í drögum að nýrri reglugerð Evrópusambandsins er gerð krafa um að allar erfðabreyttar matvörur og fóður og afurðir þeirra verði merktar undantekningarlaust en ekki ákveðnar vörur eins og nú er. Áfram munu þó 1%-mörkin gilda.

Vegna þessa hefur ráðuneytið haldið að sér höndum og beðið eftir nýjum reglum sem sátt gæti náðst um og teknar yrðu upp í EES-samninginn. Ég taldi fyrir nokkru að við gætum hafa sett þessar merkingar á, fyrir rúmlega ári síðan, og það kom t.d. fram í sambandi við þessa ráðstefnu. En þetta er sem sagt ástæðan fyrir því að við höfum haldið að okkur höndum.

Nú hillir undir lausn á þessu máli eins og áður segir. Við höfum verið að bíða eftir henni til að sjá hverju vindur fram með nýjar reglur Evrópusambandsins. Ráðuneytið væntir þess að niðurstöður liggi fyrir á vordögum og í framhaldi af því verði hægt að setja reglugerð sem gæti tekið gildi um næstu áramót. Það er þó ljóst að gefa verður aðlögunarfrest, þ.e. frest til að hlutaðeigendur geti lagað sig að breyttum merkingarkröfum. Á þetta ekki síst við um matvörur frá Bandaríkjunum en þar eru engar slíkar kröfur gerðar um merkingar.

Seinni liður fsp. hljóðar svo: „Er fyrirhugað að setja reglugerð um upprunamerkingar grænmetis og kjötvara?"

Því er til að svara að upprunamerkingar á grænmeti tíðkast ekki í nágrannalöndunum samkvæmt upplýsingum okkar og ekki stendur til að taka þær upp hér á landi að svo komnu máli. Í framhaldi af svokölluðu kúariðufári í Evrópu fyrir stuttu gengu í gildi í Evrópusambandslöndunum 1. jan. sl. reglur um upprunamerkingar svo að hægt sé að rekja kjöt og kjötafurðir til hlutaðeigandi bús og gripa. Við gerð EES-samningsins ákváðu íslensk stjórnvöld að gerast ekki aðilar að viðauka 1 í samningnum sem fjallar um heilbrigði dýra og plantna, og vegna þess eru íslensk stjórnvöld ekki bundin af þeim ákvæðum.

Mál er varða búfjárhald heyra undir landbrn. sbr. 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þessi mál eru nú til skoðunar í landbrn. en ljóst er að eigi verður hægt að selja íslenskar kjötafurðir í löndum Evrópusambandsins í framtíðinni nema þær hafi upprunamerkingar. Í tengslum við þær breytingar sem nú er verið að skoða í landbrn. verður umhvrn. í framhaldinu að breyta reglugerð nr. 588/1999, um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, þannig að krafist verði rekjanleikamerkingar á kjöti og kjötafurðum sem framleiddar eru hér á landi og sem fluttar eru inn og seldar neytendum.

Í tilefni af þessari fyrirspurn vil ég benda á að í framhaldi af útbreiðslu kampýlóbaktersýkinga sem náðu hámarki 1999 og raktar voru til kjúklinga var ákveðið í góðu samráði við framleiðendur að taka upp rekjanleikanúmer, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, og það kerfi virðist ganga mjög vel upp. Með þessum númerum er hægt að rekja uppruna kjúklings í eldishús framleiðanda. Að sjálfsögðu er það veigamikill þáttur í að tryggja öryggi matvæla þar sem menn geta rakið sig til baka og séð hvar pottur er brotinn.

[20:12]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég ætla að gera að umtalsefni annan lið spurningarinnar um upprunamerkingu á grænmeti og kjöti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að landbúnaðurinn væri ekki inni í EES-samningnum sem er alveg hárrétt. En ég veit að það eru drög að reglugerð um upprunamerkingu eða einstaklingsmerkingu í landbrn. sem mun ekki gilda nema að sláturhússvegg sem hefur þá ekkert að segja vegna þess að hún þjónar ekki neytendum. Ef upprunamerking á að vera þarf hún að þjóna neytendum þannig að þeir viti t.d. hvort þeir eru að kaupa kjöt frá Argentínu eða hvort þeir eru að kaupa kjöt af góðbónda af Suðurlandi.

Ég held líka að í rauninni sé alveg vitavonlaust að upprunamerkja. Í dag er kjötið merkt alveg út úr sláturhúsinu en það er ekki merkt í kjötborðinu og það verður í rauninni vonlaust að upprunamerkja gúllasið í kjötborðinu.

[20:13]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur spunnist vegna þessarar fsp. En það er ljóst að með auknu frelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum vilja neytendur, og munu gera þá kröfu, að merkingar í verslunum verði fyrir hendi þannig að fólk viti hvaðan varan í búðarborðinu kemur.

Við þekkjum það að upprunavottorð þarf að fylgja öllum innfluttum landbúnaðarvörum, og það gera þær. Það sem hins vegar skilar sér ekki til neytenda, t.d. ef við tölum um grænmeti, er að mjög algengt er að verslanir noti íslenskar umbúðir utan um innflutt grænmeti í verslunum. Það er afar algengt og eiginlega meginreglan. Og það er vegna þess að þessar umbúðir henta vel, hugsanlega er verið að villa um fyrir neytendum gagnvart t.d. vöruverði þar sem íslenska varan er oft og tíðum dýrari en sú innflutta á þeim tíma þegar tollar eru ekki.

[20:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og vekja athygli á því að hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Þessi fyrirspurn er tvíþætt og bæði málin verðskulda mikla og ítarlega umræðu á Alþingi og ég hvet til þess að hún geti farið fram sem allra fyrst.

Vitað er að eitt stærsta deilumálið í samskiptum Bandaríkjanna og Evrópusambandsins hefur verið um merkingar á erfðabreyttum afurðum. Ég ætla bara að lýsa því hér yfir að ég brýni hæstv. umhvrh. til að veita fullkomið viðnám í þessum efnum og standa með þeim sem vilja strängustu reglurnar. Það kostar auðvitað baráttu. En ég held að það skipti verulegu máli fyrir íslenska neytendur að allar vörur verði kirfilega merktar sem innihalda erfðabreyttar afurðir eða vörur unnar úr erfðabreyttum lífverum. Ég held að það sé algjört grundvallaratriði. Ég tel að það sé þarft að áminna og brýna hæstv. ráðherra í þessum efnum.

[20:16]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu, ekki síst varaþingmani Samfylkingarinnar á Suðurlandi, Katrínu Andrésdóttur, sem lagði hana hér fram og hefði örugglega verið þess miklu færari að rökstyðja hana en ég. Ég vil eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hvetja hæstv. ráðherra til þess að setja þessa reglugerð sem allra fyrst. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá fyrirspyrjanda, hv. varaþingmanni Katrínu Andrésdóttur, er þessi reglugerð, sem liggur á borði landbrh. og hefur beðið þar einhvern tíma, reglugerð um einstaklingsmerkingar búfjár. Hún mun hafa það í för með sér ef hún kemst í gagnið að neytandinn getur valið sér, eins og Katrín Andrésdóttir orðar það, lambalæri af Ströndum eða þaðan sem honum finnst besta varan koma.

Varðandi upprunamerkingar t.d. á grænmeti þá er það ekki bara hagsmunamál neytenda að við vitum hvaðan varan kemur sem við kaupum. Það er líka hagsmunamál framleiðenda því menn skulu ekki gleyma að íslenskir grænmetisframleiðendur bera þá rýrnun á grænmetinu sem verður í versluninni. Það gerist ekki með erlenda grænmetið. Aðrir bera þá rýrnun. Það er afar mikilvægt fyrir neytandann og fyrir matvælaeftirlitið að upprunamerkingar séu til staðar. Það hefur gefist vel hvað varðar kjúklingaframleiðsluna og við eigum að taka þetta upp í auknum mæli. Evrópusambandið hefur neytendavæna stefnu í þessum efnum. Það er sú stefna sem við eigum að fylgja. Við flytjum inn gífurlega mikið magn af vörum frá Bandaríkjunum. Þar kemur ekkert fram hvort um erfðabreytta matvöru sé að ræða. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að taka á því.

[20:18]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Við höfum ekkert val í þessum efnum. Það munu koma hér merkingar á matvæli. Evrópureglur segja til um það. Við töldum hins vegar að við gætum verið búin að koma þeim á núna. En vegna þessarar stöðu varðandi Norðmenn og EES-samninginn þá höfum við ákveðið að bíða þangað til ljóst er hvernig þessar nýju reglur verða. Vonandi komast þær í gagnið bráðlega þannig að við getum farið að merkja í framhaldinu.

Hins vegar vil ég halda því til haga hérna að lítið bendir til þess að erfðabreytt matvæli séu hættuleg. Stundum vill það brenna við í umræðunni að svo sé talið. Það er alveg ljóst að á miðri öldinni, þ.e. árið 2050, fer íbúatala jarðarinnar úr sex milljörðum upp í tólf milljarða, þ.e. okkur fjölgar um helming og það þarf að metta þessa munna. Hingað til hafa menn talið að það sé ekki hægt nema með miklum framförum í erfðabreyttum matvælum. Það er líka ljóst að það getur haft góð umhverfisáhrif að vera með erfðabreytta framleiðslu vegna þess að þá er hægt að nota minna af skordýraeitri og minna af lyfjum í framleiðslunni. Hins vegar er alveg ljóst að það þarf að vera val. Neytandinn þarf að hafa val og hann hefur ekkert val nema hann hafi merkingar á vörunum. En þær munu koma.

Ég átta mig hins vegar ekki alveg á því sem kom fram hér í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur sem taldi að ekki væri hægt að láta rekja kjötið inn í kjötborðið í kjötgúllasið. En þetta er alla vega hægt varðandi kjúklinginn og ég sé ekki stóran mun á því og varðandi annað kjöt. Ég tel því að það hljóti að vera hægt að koma þessu við. Varðandi kjúklinginn hefur þetta tekist mjög vel. Á sínum tíma áttum við met í kjúklingamengun, kampýlóbaktermengun í kjúklingi. Ég býst við því að núna setjum við met — alla vega erum við mjög nálægt því — í hreinleika kjúklinga og það er allt gert í mjög góðu samráði við framleiðandann. Það er auðvitað hagsmunamál hans, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Það er líka hagsmunamál framleiðandans að þetta sé í góðu lagi því þá er hægt að taka þá úr umferð sem ekki standa sig.

Meginreglur umhverfisréttar.

Fsp. KolH, 450. mál. — Þskj. 720.

[20:20]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Við hæstv. umhvrh. höfum rætt hér áður úr þessum stóli um meginreglur umhverfisréttar. Á 125. löggjafarþingi ræddum við um varúðarregluna í fyrirspurnatíma og hafa mér verið afar hugleiknar þessar meginreglur umhverfisréttar æ síðan og jafnvel fyrir þann tíma. Þannig er mál með vexti að á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992, var samþykkt yfirlýsing, svokölluð Ríó-yfirlýsing, sem hefur að geyma ákveðnar reglur sem hafa verið að mótast á seinni árum og áratugum og hafa verið að ná fótfestu á alþjóðavettvangi. Þessar reglur eru svokölluð varúðarregla, mengunarbótaregla, regla um verndarsjónarmið og regla um að mengun sé upprætt við upptök. Hv. umhvn. Alþingis hefur gert þessum reglum hátt undir höfði og hefur tekið fram í vinnu sinni við frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum sem samþykkt var á Alþingi árið 2000, að þessar reglur skuli vera í fullu gildi þegar umhverfisáhrif framkvæmda eru metin.

Þegar maður fer að kynna sér þessi mál, herra forseti, kemur í ljós að í tvígang hefur verið lagt fram frv. hér á hinu háa Alþingi þess efnis að það beri að lögfesta formlega þessar meginreglur umhverfisréttar. Í fyrra skiptið var slíkt mál lagt fram á 117. löggjafarþingi. Það var í tíð hæstv. fyrrv. umhvrh., Össurar Skarphéðinssonar. Síðara málið var lagt fram á 122. löggjafarþingi og þá af hæstv. fyrrv. umhvrh., Guðmundi Bjarnasyni. Það mál er að mínu mati afar vel unnið enda samið eftir að nefnd eða starfshópur hafði fjallað um málið. Málið er að finna á þskj. 1339 og er nr. 704 frá árinu 1998. Hæstv. fyrrv. umhvrh. talaði reyndar aldrei fyrir þessu máli þannig að ekki er hægt að fara í röksemdafærslu hans fyrir því að öðru leyti en því sem hægt er að lesa út úr greinargerð með frv. sem er afar góð.

Ég er mjög hrifin af þessu máli. Ég held að það væri þarft verk að lögfesta meginreglur umhverfisréttar á þeim nótum sem lagt var til í þessu þingskjali sem ég hef hér fjallað um. Ég spyr þess vegna hæstv. umhvrh., Siv Friðleifsdóttur:

Hvers vegna hefur frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar, sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi af þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, ekki verið endurflutt?

[20:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér er fram komin er því til að svara að í almennum athugasemdum með frv. til laga um meginreglur umhverfisréttar sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi og hlaut ekki afgreiðslu og var ekki mælt fyrir heldur eins og hér kom fram, kemur fram að með frv. sé lagt til að lögfestar verði helstu meginreglur í umhverfisrétti, þ.e. reglan um réttindi og skyldur einstaklinga, varúðarreglan, mengunarbótareglan og reglan um mat á umhverfisáhrifum. Tilgangur með lögfestingu þessara meginreglna sé einkum að tryggja að við framkvæmd og skýringu laga verði þær ávallt hafðar að leiðarljósi. Þannig stuðli þær að því að þegar teknar eru ákvarðanir um hvers konar framkvæmdir, er áhrif geta haft á umhverfið, verði gætt að hag umhverfisins og þar með staðinn vörður um rétt almennings til heilnæms og farsæls umhverfis.

Í stað þess að festa meginreglurnar í sérlög höfum við haft þær að leiðarljósi við samningu laga og reglna á sviði umhverfisréttar í tengslum við þau viðfangsefni sem eru til skoðunar hverju sinni. Ég tel að markmiði frv. til laga um meginreglur sem áður er lýst sé ágætlega náð með þessum hætti þar sem meginreglurnar eru þannig mótaðar að því laga- og reglugerðarumhverfi sem fyrir er, sem aftur tryggir að þær eru viðhafðar í framkvæmd.

Á þessu sjónarmiði hefur verið byggt við setningu laga og reglna á sviði umhvrn. Má þar nefna m.a. lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21/1993, og lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í þessum lögum felast meginreglurnar um réttindi og skyldur einstaklinga og mat á umhverfisáhrifum, eins og þeim er lýst í frv. til laga um meginreglur umhverfisréttar.

Einnig vil ég benda á lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, en í 1. gr. þeirra laga eru undirstrikuð réttindi einstaklings til heilnæms og ómengaðs umhverfis.

Í frv. til laga um verndun hafs og stranda sem var lagt fram á Alþingi nýlega er að finna ákvæði um að mengunarvaldur sé ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans, sé um að ræða mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali með frv. og getur valdið mengun hafs og stranda. Hér er um að ræða hlutlæga bótaábyrgð eins og mengunarbótareglan gerir ráð fyrir.

Ég vil einnig nefna frv. sem unnið er að í umhvrn. um meðhöndlun úrgangs sem byggir á tilskipun Evrópusambandsins 1999/31/EB, um urðun úrgangs, en þar er mælt fyrir um gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs, þar sem mengunarbótareglan er höfð til hliðsjónar.

Virðulegur forseti. Það er hægt að lögfesta meginreglurnar í sérlögum. Það er líka hægt að lögfesta þær með því að samþætta þær inn í aðra löggjöf. Seinni kosturinn hefur orðið fyrir valinu enn sem komið er.

[20:27]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin, en lýsi því jafnframt yfir að ég er ekki alls kostar sammála henni um að þessi aðferð sem hæstv. umhvrh. lýsir að ríkisstjórnin sé að beita, þ.e. að lögfesta meginreglur umhverfisréttar með því að samþætta þær inn í hina ýmsu löggjöf sem við búum við, sé farsælli en hin leiðin, að lögfesta þær í sérlögum. Þvert á móti þá held ég að lögfesting þessara reglna í sérlögum geri það að verkum að þær nái auðveldlega yfir þá löggjöf sem við búum við í dag. Ég tel að leiðin sem hæstv. ríkisstjórn er að fara sé bæði seinvirk og jafnvel ómarkviss. Það væri forvitnilegt að vita í framhaldi af því sem hæstv. umhvrh. sagði hér áðan: Hversu langt telur hún sig eða ríkisstjórnina vera komna með það að samþætta meginreglur umhverfisréttar inn í þá löggjöf sem eðlilegt má telja að taki mið af slíkum reglum?

Herra forseti. Ég vil líka lýsa því yfir hér að í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur verið að reyna að koma sér upp stefnu til framtíðar um sjálfbæra þróun þá hafa ákveðin markmið verið sett. Ég sé ekki að neitt sé því til fyrirstöðu að meginreglur umhverfisréttar séu hátt skrifaðar í íslenskri löggjöf. Mér virðast yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar ganga út á að það sé vilji ríkisstjórnarinnar þannig ég skil ekki hvers vegna ekki er farin hin einfalda leið að lögfesta meginreglurnar í sérlögum þar sem þær mundu dekka alla undirlöggjöf meira eða minna, frekar en að fara hina seinvirku og vandrötuðu leið.

[20:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé mjög umdeilanlegt hvor leiðin sé einfaldari og hraðvirkari. Lagaumhverfi okkar og reglugerðarumhverfi er þannig að það er bara frekar ólíklegt að mínu mati að það sé eitthvað hraðvirkara að lögfesta hér þessar meginreglur. Mér skilst, alla vega samkvæmt þeim upplýsingum sem við leituðum að á þarsíðasta ári úr ráðuneytinu, að ekki sé að finna slíka löggjöf í nágrannalöndum okkar eins og hér er lagt til, þ.e. að meginreglurnar eru ekki skráðar í sérstök lög. En þar fór reyndar ekki fram tæmandi upplýsingaöflun.

Við höfum valið þá leið að samþætta meginreglurnar inn í okkar lög og þegar við erum að endurskoða lög þá höfum við þær til hliðsjónar. Ég las upp áðan fjölmargar sannanir þess að við höfum gert það í ýmsum lögum sem hér hafa verið sett á sviði umhverfismála. Við höfum því ekki valið þá leið að setja þessar reglur í sérlagabálk, en síðan ekki inn í hver einstök lög. Ég tel að þetta sé ágætisaðferð sem við höfum notað.

Varðandi það hvað við erum komin langt þá er nú kannski erfitt að svara því beint í einhverjum mælieiningum. Þó er hægt að benda á þau lög sem voru talin upp í fyrra svari mínu. Ég lýsi því hér yfir að við munum auðvitað hafa þessar meginreglur til hliðsjónar við aðra lagasetningu, enda eru þær sjálfsagðar. Allir eru sammála um þessar reglur. Allir vilja viðhalda varúðarreglunni og vilja viðhalda reglunni um réttindi og skyldur einstaklinga, mengunarbótareglunni og reglunni um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekkert umdeilt, tel ég, í dag og það sýnir hvað við erum komin langt í umhverfismálunum í heiminum almennt.

Út af dagskrá voru tekin 15., 18. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 20:31.

---

78. FUNDUR

fimmtudaginn 14. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795. — 1. umr.

2. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 492. mál, þskj. 782. — 1. umr.

3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 457. mál, þskj. 737. — 1. umr.

4. Innra eftirlit heilbrigðisþjónustu, þáltill., 465. mál, þskj. 746. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,

Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Póstþjónusta, 168. mál, nál. menntmn., þskj. 805; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 806.

Umferð á Reykjanesbraut, 511. mál, fsp. HjÁ, þskj. 804.

Útdráttur og endurgreiðsla húsbréfa, 393. mál, svar félmrh., þskj. 802.

Umræður utan dagskrár.

Uppsagnir á Múlalundi.

[10:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um uppsagnir á Múlalundi. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir en hæstv. félmrh. Páll Pétursson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í rúm 40 ár hefur Múlalundur verið vinnustaður öryrkja og hafa 40–50 manns unnið þar að jafnaði. Þær fréttir hafa nú borist að svo geti farið að öllum starfsmönnum Múlalundar verði að óbreyttu sagt upp frá og með 1. mars nk.

Í samræmi við 7. gr. laga um hópuppsagnir var vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins tilkynnt í lok síðasta mánaðar um fyrirhugaða uppsögn allra 52 starfsmanna Múlalundar. Eins og fram hefur komið hefur rekstur þessa verndaða vinnustaðar alla tíð verið mjög erfiður, og flest árin hefur verið tap sem SÍBS hefur greitt úr sjóðum sínum og af tekjum happdrættis SÍBS. Þannig hefur tap á rekstrinum verið yfir 50 millj. kr. sl. þrjú ár, þar af 30 millj. á síðasta ári, en rekstrarvandinn er sagður vera vegna mjög harðnandi samkeppni við lágvörumarkaði sem selja sambærilega vöru og Múlalundur framleiðir.

Allt frá síðasta hausti hefur hæstv. félmrh. verið kunnugt um að það stefndi í algert óefni ef stjórnvöld brygðust ekki við. Ráðherra fór því með ósannindi í fjölmiðlum nýverið þegar hann sagði að hann vissi ekki að þarna hefði verið um 30 millj. kr. rekstrarvanda að ræða á einu ári. Í bréfi sem Múlalundur sendi ráðherra 22. ágúst sl. eða fyrir tæpu hálfu ári kemur fram að búist er við að tap á rekstrinum muni nema um 30 millj. á árinu og stjórnvöld eru í bréfinu vöruð við því að Múlalundur geti ekki haldið rekstrinum áfram að óbreyttu. Ráðherranum hefur því í sex mánuði verið kunnugt um þennan alvarlega vanda og ekki enn endurnýjað við Múlalund ráðningarsamning sem rann út í árslok 1999. Það er því full ástæða til að átelja hæstv. ráðherra fyrir sinnuleysi í málefnum Múlalundar og skora á hann að bregðast strax við svo að ekki þurfi að loka þessum vinnustað fatlaðra. Með lokun er verið að brjóta lög á fötluðum.

Hæstv. félmrh. hefur skyldur samkvæmt lögum um málefni fatlaðra en þar er kveðið á um að á hverju starfssvæði skuli fötluðum standa til boða vernduð vinna á almennum vinnumarkaði. Ríkið er ekki að spara með því að skammta svo naumt í rekstur Múlalundar að hann verði knúinn til að loka. Tekjur sem ríkissjóður hefur nú af virðisaukaskatti af framleiðslu Múlalundar eru 30 millj. kr. og skatttekjur af lúsarlaunum einstaklinga sem ríkið hirðir eru um 5 millj. kr. Það er því lítil skynsemi í því að loka þessum vinnustað, ekki bara út frá vellíðan og virðingu þeirra einstaklinga sem þarna vinna heldur einnig út frá skattatapi ríkissjóðs og viðbótarbótagreiðslum úr Tryggingastofnun til þessara einstaklinga ef vinnustaðnum verður lokað.

Ég trúi því ekki, herra forseti, fyrr en á reynir að ráðherrann ætli að bera ábyrgð á því að 40 fatlaðir einstaklingar verði atvinnulausir verði vinnustaðnum lokað. Um 50 fatlaðir einstaklingar eru nú á biðlista eftir vinnu á Múlalundi og því verða um 100 fatlaðir án vinnu fari svo að loka þurfi Múlalundi. Það er líka afar sérstakt að ríkið skuli nú einungis greiða um 10 millj. kr. með sem svarar 15 fötluðum einstaklingum en stöðugildi fatlaðra á Múlalundi eru 27 og ætti Múlalundur því að fá um 18 millj. kr. með þessum einstaklingum. Rekstrarafkoman væri gjörólík ef greitt væri með öllum þessum einstaklingum.

Ég spyr ráðherra: Hver er skýringin á því að ekki er greitt í samræmi við fjölda fatlaðra einstaklinga sem vinnu hafa á Múlalundi?

Það er því alls ekki ólíklegt að Múlalundur hafi verið hlunnfarinn af ríkinu gegnum árin vegna þessa, og full ástæða er til að bera saman greiðslur til Múlalundar og annarra verndaðra vinnustaða. Ég spyr ráðherrann um það: Er einhver annar verndaður vinnustaður sem ekki fær greitt með öllum þeim fötluðu einstaklingum sem vinna þar?

Sömuleiðis er ástæða til að ætla að ekki sé gætt jafnræðis í launa- og starfskjörum á vinnu- og starfsþjálfunarstöðvum fatlaðra og er ástæða til að kanna það sérstaklega. Ég mun bera fram sérstaka fyrirspurn um það til hæstv. ráðherra.

Það er líka ástæða til að skoða hvort ekki sé rétt að ríkið yfirtaki rekstur Múlalundar og SÍBS leggi til húsnæði því það er ótækt að rekstrartapið lendi ár eftir ár á annarri starfsemi og endurhæfingu sem SÍBS hefur með höndum.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, að beina fjórum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra:

1. Hvenær var félmrh. kunnugt um að það stefndi í 30 millj. kr. rekstrarvanda hjá Múlalundi vegna síðasta árs?

2. Geta starfsmenn Múlalundar verið öruggir um að ekki þurfi að koma til þeirra uppsagna sem nú blasa við?

3. Telur ráðherra að það komi til greina að ríkið yfirtaki rekstur Múlalundar?

4. Hvernig ætlar ráðherra að leysa vanda þeirra fötluðu einstaklinga sem nú eru á biðlista eftir verndaðri vinnu?

[10:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Múlalundur er elsti og stærsti vinnustaður landsins fyrir fólk með skerta starfsgetu. Starfsemi Múlalundar hófst 1959. Í fyrstu störfuðu þar berklasjúklingar sem komu af sjúkrastofnunum á vinnustaðnum en í dag starfar þar fólk sem vegna sjúkdóma, slysa eða fötlunar hefur skerta starfsgetu. Stofnkostnaður Múlalundar, húsnæði og vélakostur, er fjármagnaður með framlögum úr happdrætti SÍBS. Á Múlalundi starfa 55 öryrkjar í 27–30 heilsdagsstörfum.

Á árinu 1997 sótti stjórn SÍBS um leyfi félmrn. fyrir Múlalund til að starfa sem verndaður vinnustaður samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Jafnframt fór SÍBS fram á gerð þjónustusamnings um starfsemina. Fram til ársins 1998 var Múlalundur rekinn án rekstrarframlaga frá ríkinu.

Árið 1998 gerðu ráðuneytið og svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra í Reykjavík samning við SÍBS um störf fyrir 15 fatlaða í skilningi laga um málefni fatlaðra, þ.e. gerðu samning um að 15 skjólstæðingar svæðisskrifstofu málefna fatlaðra fengju vinnu á vinnustaðnum. Þessi samningur gilti árin 1998 og 1999 og voru greiddar vegna samningsins 8,3 millj. á ári. Það skal tekið fram að samningurinn leiddi ekki til fjölgunar starfa fatlaðra á Múlalundi. Hann fól á hinn bóginn í sér að ríkið greiddi Múlalundi sama framlag á starf fatlaðs starfsmanns og aðrir verndaðir vinnustaðir í eigu samtaka fatlaðra fengu greitt, t.d. vinnustaðir Öryrkjabandalagsins.

Á árinu 2000 fór ráðuneytið fram á að samningurinn yrði framlengdur út árið 2001. Forsvarsmenn Múlalundar féllust ekki á það heldur gerðu kröfu til þess að ríkið greiddi fyrir fleiri en þau 15 störf sem samningurinn gerði ráð fyrir. Þrátt fyrir að enginn samningur hafi verið í gildi á árunum 2000 og 2001 greiddu ráðuneytið og svæðisskrifstofan framlög til staðarins vegna þessara 15 starfa samkvæmt eldri samningi. Á árinu 2000 voru greiddar 8,5 millj. og 8,9 millj. árið 2001 eða tæpar 600 þús. kr. með hverju þessara 15 starfa.

Milli ráðuneytis og svæðisskrifstofu Reykjavíkur annars vegar og Múlalundar hins vegar hefur verið ágreiningur um hve mörg störf ríkinu beri að greiða. Þó að allir starfsmenn Múlalundar sem eru í verndaðri vinnu eða starfshæfingu búi við skerta starfsgetu er sú skerðing starfsgetu ekki eingöngu til komin vegna fötlunar í skilningi laganna um málefni fatlaðra. Aðrar ástæður koma einnig til. Starfsmenn Múlalundar hafa því ekki allir sótt um þjónustu hjá svæðisskrifstofu Reykjavíkur eða Reykjaness en það er sannarlega greitt vegna þeirra sem óskað hafa eftir þjónustu svæðisskrifstofanna.

Í fjárlögum árins 2002 eru ætlaðar 10,2 millj. vegna starfa fatlaðra á Múlalundi. Það er á hinn bóginn áhyggjuefni, herra forseti, að þó að ríkið greiddi með öllum störfum öryrkja á Múlalundi er ljóst að rekstur staðarins er kominn í ógöngur. Kostnaður við hvert starf var á síðasta ári 1,1 – 1,3 millj. sem er 100% hærri fjárhæð en greidd var með störfum á sambærilegum vinnustöðum. Af þessari ástæðu var talið nauðsynlegt að láta fara fram úttekt á rekstri og starfsháttum Múlalundar. Sú úttekt stendur yfir og er niðurstaðna að vænta síðar í þessum mánuði. Vonandi tekst að tryggja áframhaldandi rekstur þessa vinnustaðar. Það skal ekki standa neitt upp á félmrn. í þeim efnum ef skynsamlegar forsendur fyrir rekstri hans finnast. Fleiri þurfa þó að koma að málinu og má nefna Tryggingastofnun ríkisins sem hefur ákveðnar skyldur varðandi starfsendurhæfingu öryrkja og e.t.v. gætu einnig komið að því máli Reykjavíkurborg, sem stundum hefur styrkt þennan vinnustað, og Vinnumálastofnun.

Ég sé að tími minn er útrunninn svo ég verð að láta það bíða seinni ræðu að svara formlega þeim beinu spurningum sem hv. þm. beindi til mín.

[10:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hóf SÍBS rekstur Múlalundar árið 1959 og er því elsta og jafnframt stærsta vinnustofa öryrkja á Íslandi. Í fyrstu var vinnustaðurinn ætlaður til endurhæfingar berklasjúklingum en með fækkun þeirra þróaðist Múlalundur í almenna vinnustofu öryrkja með blandaða fötlun. Vinnustaðurinn hentar því fólki með skerta starfsorku þar sem um léttan iðnað er að ræða og vinnutími getur verið sveigjanlegur.

SÍBS hefur orðið fyrir verulegum útgjöldum vegna reksturs Múlalundar undanfarin þrjú ár. Á þessum árum hefur SÍBS reynt að fá leiðréttingu á samningi við félmrn. en hið opinbera greiðir nú fyrir 15 stöðugildi öryrkja og SÍBS hefur tekið á sig þær launagreiðslur sem út af standa, þ.e. fyrir 12 stöðugildum. Beiðni um að samningnum verði breytt til samræmis við raunveruleg stöðugildi öryrkja á Múlalundi, þ.e. að fjölga þeim úr 15 í 27, hefur ekki verið sinnt og nú er svo komið að SÍBS treystir sér ekki lengur til að taka frekari hallarekstur á sig og hefur sagt upp fólki.

Félmrn. greiddi á síðasta ári sem svarar 9,8 millj. kr. í launagreiðslur en leiða má líkur að því að sparnaður ríkissjóðs yrði ekki mikill ef til þess kæmi að þeim starfsmönnum sem eru öryrkjar yrði sagt upp í stað þess að greiða fyrir 12 stöðugildi til viðbótar. Ríkissjóður hefur um 4 millj. kr. skatttekjur af launum öryrkjanna, sparar greiðslur vegna tekjutryggingar þessara starfsmanna auk þess sem hann fær greiddan virðisaukaskatt af starfseminni. Vinnustaðurinn er meira en launagreiðandi, félagslegi þátturinn er jafnvel enn þá mikilvægari og hvaða áhrif hefðu uppsagnir á aðra þætti félags- og heilbrigðisþjónustunnar?

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að leiðrétta stöðu SÍBS vegna öryrkjavinnustofunnar rétt eins og rekstur Rauða krossins vegna sjúkrahótelsins. Við getum ekki komið rekstrarlegri ábyrgð velferðarkerfisins yfir á félagasamtök. Tryggja verður áframhaldandi rekstur Múlalundar og því til viðbótar þarf að vinna að úrbótum fyrir þá öryrkja sem eru atvinnulausir.

[10:45]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér eru til umræðu nýlegar uppsagnir á Múlalundi. Eins og fram hefur komið er Múlalundur einn elsti og stærsti vinnustaður landsins fyrir fólk með skerta starfsgetu. Í upphafi störfuðu þar berklasjúklingar sem komu af sjúkrastofnunum á vinnustaðinn en í dag starfar þar fólk sem vegna sjúkdóma, slysa eða fötlunar hefur skerta starfsgetu.

Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra gerðu félmrn. og svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík samning árið 1998 við SÍBS um 15 störf fyrir fatlaða, samkvæmt skilningi laga um málefni fatlaðra, í starfshæfingu og verndaðri vinnu á Múlalundi.

Herra forseti. Í fjárlögum ársins 2002 eru ætlaðar 10,2 millj. vegna fatlaðra á Múlalundi. Það er að sjálfsögðu áhyggjuefni að þó að ríkið greiddi með öllum störfum öryrkja á Múlalundi er ljóst að rekstur staðarins er kominn í ógöngur. Kostnaðurinn á hvert starf þar síðasta ár var um 100% hærri á hvert starf en greitt var með störfum á sambærilegum vinnustöðum. Af þessari ástæðu er nauðsynlegt að láta fara fram úttekt á rekstri og starfsháttum Múlalundar. Ég vona að það takist að tryggja áframhaldandi rekstur vinnustaðarins.

Á síðasta þingi var lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir í tengslum við frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt því áttu atvinnumál fatlaðra að færast til Vinnumálastofnunar en iðja og hæfing skyldi færast til félagsþjónustu sveitarfélaga. Að sjálfsögðu eiga atvinnumál fatlaðra heima hjá Vinnumálastofnun og svæðismiðlunum með sama hætti og atvinnumál annarra manna. Þeir eiga að sjálfsögðu að hafa sama rétt og aðrir í atvinnuleit og í vinnumiðlun.

[10:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þann 22. ágúst í fyrra var hæstv. félmrh. varaður við og upplýstur um grafalvarlega stöðu Múlalundar, öryrkjavinnustofu SÍBS. Óskað var eftir viðræðum við ráðherra vegna þessa sem hann varð ekki við. Það er ótrúlegt sinnuleysi gagnvart alvarlegri stöðu Múlalundar.

SÍBS hefur greitt með rekstrinum en tap á honum er um 40–50 millj. kr. síðastliðin fimm ár og nú stefnir í 30 millj. kr. rekstrarvanda vegna síðasta árs — 30 millj. kr. sem SÍBS hefði ella greitt til uppbyggingar á endurhæfingaraðstöðu á Reykjalundi.

Á Múlalundi eru 47 öryrkjar í 50% starfi og 7 í fullu starfi. 50 öryrkjar eru á biðlista eftir starfi þar. Í bréfi til ráðherrans í ágúst segir að SÍBS muni ekki geta haldið rekstrinum áfram mikið lengur. Málefni Múlalundar eru því í algeru uppnámi. Ljóst er að fjárhagsóvissa yfir 52 öryrkja og fjölskyldna þeirra er mikil nú þegar uppsagnir vofa yfir. Sömuleiðis félagsleg einangrun. Hálfsdagsfólkið eru örykjar sem vinna upp í frítekjumarkið, fyrir rúmar 30 þús. kr. á mánuði — fólk sem fær lítið eða ekkert úr lífeyrissjóði. Fyrir öryrkja á strípuðum bótum munar tilfinnanlega um þessa upphæð á mánuði. Þeir fá lítið og jafnvel ekkert frá Tryggingastofnun ef þeir missa vinnuna og þurfa þá að framfleyta sér og jafnvel fjölskyldum sínum á 60–70 þús. kr. á mánuði.

Hvað hyggst ráðherra gera? Hér koma engin svör. Mun koma til uppsagna? Við þeirri spurningu koma engin svör. Mun ríkið koma að rekstrinum, en ríkið greiðir aðeins fyrir 15 stöðugildi af þeim 27 sem um er að ræða? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að leysa þennan vanda? Vegna orða ráðherrans vil ég segja að það er fötlun að geta ekki starfað eins og fullfrískt fólk, hvort sem menn hafa leitað eftir þjónustu frá svæðisskrifstofu eða ekki. Annað er útúrsnúningur.

[10:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Múlalundur er stærsti vinnustaður öryrkja á Íslandi. Á launaskrá í janúar voru 53 einstaklingar. Ef ég tók rétt eftir hjá hæstv. félmrh. eru starfsmenn þar að jafnaði heldur fleiri og einnig hefur komið fram að tugir einstaklinga eru á biðlista.

Á Múlalundi er unnið að margvíslegri mjög nytsamri framleiðslu en ég held að óhætt sé að fullyrða að óvissa um afdrif þessa vinnustaðar hefur mjög óheppileg áhrif á líðan þeirra sem þar starfa. Það er fullfrísku fólki nógu erfitt að horfast í augu við atvinnuleysi, hvað þá fólki sem ekki á í nein önnur hús að venda um atvinnu eins og hér eru dæmi um.

Spyrja má hvort í þessu máli leynist hagstærðir sem menn ekki sjá við fyrstu sýn. Þannig má fullyrða að starfsemi Múlalundar hefur í för með sér sparnað fyrir heilbrigðiskerfið, en ein algengasta fötlunin á Múlalundi er geðræn vandamál og tilvist vinnustaðarins gerir mörgum kleift að lifa lífinu með atvinnuþátttöku utan sjúkrastofnana. Þetta má fullyrða.

Meginmáli skipta þó mannréttindin. Það er stór þáttur í lífsgæðum hvers einstaklings að njóta réttarins til þátttöku í atvinnulífinu. Ég vil leggja áherslu á að það er meginmálið.

Ég tek undir með hv. þm. málshefjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, að það er mikilvægt að starfsemi Múlalundar komist í örugga höfn þannig að þessi vinnustaður geti starfað undir því kjörorði sem hann hefur gert frá öndverðu, kjörorði SÍBS, að styðja sjúka til sjálfsbjargar.

Ég tók eftir því að hæstv. félmrh. sagði að ekki mundi standa á sér að standa við bakið á Múlalundi að lokinni úttekt á starfsemi staðarins. Ekki leggst ég gegn því að slík úttekt fari fram en meginmáli skiptir að þetta mál sé leitt hið allra fyrsta til farsælla lykta.

[10:52]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Uppsagnir á Múlalundi eru hér til umræðu. Ljóst er að það starf sem unnið hefur verið á Múlalundi er afskaplega mikilvægt. Þau störf sem SÍBS hefur innt af hendi á undanförnum áratugum eru náttúrlega mikilsverð og þjóðin stendur í þakkarskuld við þau samtök.

Hins vegar er ekki gott að átta sig á því sem er að gerast í rekstri Múlalundar. Ég sé á upplýsingum til fjárln. að rekstur Múlalundar hefur verið í þokkalegu jafnvægi síðustu tvö ár þó að eitthvert tap hafi verið á starfi Múlalundar. Aftur á móti virðist mun meiri sveifla í rekstri plastiðjunnar hjá Reykjalundi og til að mynda hafa tölur sýnt að reksturinn þar snýst úr 15 millj. kr. hagnaði 1999 í 78 millj. kr. tap á árinu 2000. Ég velti því fyrir mér hvernig starfsemi þessara tveggja stofnana blandast saman. Ég átta mig ekki á því. En ég tek undir það með hæstv. félmrh. að það er nauðsynlegt að átta sig á rekstri þessarar stofnunar eins og annarra fyrirtækja. Að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að starfsemi sem rekin er fyrir fatlaða, undir þessum formerkjum, sé viðhaldið eins og kostur er. Ég styð þær hugmyndir ráðherrans að láta taka út þennan rekstur.

Ég minni á að í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var tekinn upp þessi stuðningur við Múlalund, árið 1998. Sá stuðningur var ekki til staðar áður þannig að með sanni má segja að þessi ríkisstjórn hefur stutt dyggilega við bakið á Múlalundi. Ég hef ekki heyrt annað en að til standi að gera það áfram.

[10:54]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Múlalundur er mjög merkilegur vinnustaður og einn anginn af merkilegu starfi og starfsemi SÍBS. Um leið er Múlalundur og starfsemin þar afar viðkvæm. Einhvers staðar stendur að vinnan göfgi manninn og hinn félagslegi þáttur vinnunnar er ómetanlegur, bæði fyrir heilbrigða og einnig fyrir fatlaða. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að tryggja starfsöryggi þess fatlaða fólks sem þarna vinnur.

Við megum ekki gleyma því að við leysum ekki mál eins og vandamál Múlalundar með utandagskrárumræðu sem þessari. Hins vegar treysti ég hæstv. félmrh. og stjórnendum Múlalundar til að tryggja starfsöryggi þeirra sem þar vinna. Eins og reyndar kom fram í orðum hæstv. félmrh. ætlar hann sér, í framhaldi af úttekt á starfsemi Múlalundar, eins og hann orðaði það, ekki að liggja á liði sínu við að tryggja þessa starfsemi. Eins og margoft hefur komið hér fram er það mjög brýnt og nauðsynlegt og ég treysti hæstv. félmrh. afar vel til þess.

[10:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Vinnustaðurinn fyrir fatlaða á Múlalundi er stærsti vinnustaður landsins fyrir fólk með skerta starfsgetu en þar vinna allt að 100 starfsmenn yfir árið, flestir í 50% starfi. Stærsti hluti þessara starfsmanna eru geðfatlaðir og þroskaheftir og vegna orða hæstv. ráðherra áðan vil ég taka fram að geðfatlaðir leita yfirleitt ekki til svæðisskrifstofa.

Þetta fólk á yfirleitt ekki kost á vinnu á almennum vinnumarkaði og er þetta úrræði því ákaflega mikilvægt fyrir

viðkomandi einstaklinga. Auk þess hefur fyrirtækið framleitt mjög frambærilegar vörur. Vegna harðnandi samkeppni á undanförnum árum er nú kominn upp alvarlegur rekstrarvandi og ákveðið hefur verið, eftir ítarlega skoðun, að segja upp öllu starfsfólkinu. Hæstv. félmrh. mun hafa verið gerð grein fyrir þessari alvarlegu stöðu fyrir sjö mánuðum. Ekki er ljóst af hverju ráðuneytið hefur ekki brugðist við þeim upplýsingum.

Í gildi er gamall samningur en mjög ófullnægjandi upp á 8,3 millj. kr. árlegan styrk til vinnustofunnar. Það verður að teljast ámælisvert að hæstv. ráðherra hafi látið þessi mál reka á reiðanum allan þennan tíma og skuli nú bera því við að sér hafi ekki verið ljóst umfang vandans. Ég held að það sé óumdeilanlegt að þótt fyrrnefndur styrkur væri margfaldaður þá væri samt sem áður þjóðfélagslegur ávinningur af rekstri þessa vinnustaðar.

Ég skora á hæstv. ráðherra að leita allra leiða til að finna rekstrargrundvöll svo reka megi vinnustofuna áfram landi og þjóð til heilla og þó einkum þeim til farsældar sem eiga allt sitt undir því að þessi starfsemi verði ekki aflögð. Ég verð að segja að ég heyrði ekki betur á máli hæstv. ráðherra, og það gladdi mig mjög, en að hann ætlaði að tryggja rekstur þessa vinnustaðar til frambúðar.

[10:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er óviðunandi og ótækt, þegar ég flyt hér síðari ræðu mína, að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa svarað einni einustu af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Ég hef því engin tök á, þegar ráðherra loksins svarar fyrirspurnum mínum, að bregðast við þeim. Á þessu vil ég vekja athygli.

Kjarni málsins er sá að á Múlalundi eru 40 fatlaðir einstaklingar í 27 stöðugildum og einungis greitt fyrir 15 þeirra. Allir þessir 40 einstaklingar hafa skerta starfsgetu. Þess vegna eru þeir á vernduðum vinnustað. Það er ótækt að þessir fötluðu einstaklingar verði bitbein á milli ráðuneytisins og Múlalundar, að deilt sé um hvort þeir séu fatlaðir eða ekki. Það er víst þess vegna sem staðið hefur á því í tvö ár að gerður hafi verið þjónustusamningur.

Þessir einstaklingar hafa allir fengið störf sín í gegnum atvinnuleit fatlaðra og umsóknir um þessa vernduðu vinnu sem þeir hafa fengið, vegna skertrar starfsgetu, hafa verið sendar til vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins, sem svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík hefur falið atvinnuleit fatlaðra. Þetta eru því óumdeilanlega einstaklingar með skerta starfsgetu og nú þarf Múlalundur að líða fyrir að ráðuneytið geti ekki fallist á að hér sé um fatlaða einstaklinga að ræða.

Herra forseti. Þetta er algerlega ótækt. Ég verð að segja, herra forseti, að þeir fötluðu einstaklingar sem bíða eftir svari frá ráðherra um hvort þeir geti verið öruggir um vinnu sína í framtíðinni eru engu nær eftir það sem fram hefur komið við þessa umræðu. Ég skora því á hæstv. ráðherra að nota þær mínútur sem hann hefur í lok þessarar umræðu til að svara þeim fötluðu einstaklingum sem bíða eftir því að ráðherrann, sem valdið hefur, leysi þann vanda sem blasir við Múlalundi. Annað er ótækt. Það er ávinningur fyrir samfélagið að þessir fötluðu einstaklingar hafi vinnu. Það er tap fyrir samfélagið að þeir hafi hana ekki. Auðvitað á að leysa þetta mál með farsælum hætti. Það kostar ekki mikið. Vilji er allt sem þarf í þessu efni.

[11:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er greitt með skjólstæðingum félmrn., þ.e. skjólstæðingum svæðisskrifstofanna sem þarna eru í vinnu. Mér er ekki kunnugt um að annars staðar sé greitt með öðrum en skjólstæðingum svæðisskrifstofa.

Rekstrarafkoma Múlalundar er þannig að árið 1997 var 42 þús. kr. tap, 1998 var 743 þús. kr. hagnaður, 1999 var 8,2 millj. kr. tap, 2000 var 13,2 millj. kr. tap og 2001 nærri þrefaldaðist hallinn og varð 30 millj. kr.

Mér var kunnugt um það, annað er misskilningur sem að einhverju leyti má skýra af ónákvæmu orðalagi mínu, en mér var greint frá því að það stefndi í mikinn halla, 20. ágúst minnir mig að það hafi verið. Þeim fundi lauk þannig að ákveðið var, eins og segir í bréfi Múlalundar:

„Við munum kynna yður hugmyndir SÍBS til lausnar málsins þegar þær liggja fyrir en óskum nú, eins og fyrr sagði, eftir viðræðum við yður um málið eins fljótt og verða má.“

Þeir hafa ekki kynnt þessar hugmyndir. Hins vegar létum við gera úttekt á starfsemi Múlalundar. Þar er eitthvað að og það þarf að koma þessu fyrirtæki á eðlilegan rekstrargrunn og koma böndum á þennan hallarekstur.

Ég get ekki lofað því að allir starfsmenn Múlalundar haldi allir vinnu sinni en ég vona að þeir geri það flestir. Ég mundi harma það mjög ef þessari starfsemi yrði hætt og fyrir mín orð var þeim ekki sent uppsagnarbréf fyrir síðustu áramót. Ég tel ekki koma til greina að ríkið taki yfir rekstur Múlalundar. Ég bendi á frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir sem ég lagði fram í fyrra og hyggst leggja fram aftur.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, 1. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795.

[11:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, á þskj. 795.

Frumvarp þetta er flutt til þess að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar vegna stóriðjuframkvæmda sem áformað er að ráðast í á næstu árum á Austurlandi. Frv. er lagt fram nú til að gera Landsvirkjun kleift að halda áfram nauðsynlegum undirbúningi þessara virkjanaframkvæmda.

Í frv. er annars vegar lagt til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun með allt að 750 megavatta afli og virkja til þess í tveimur áföngum vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal. Hins vegar er lagt til að iðnrh. verði veitt heimild til að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 megavött.

Viðræður um byggingu álverksmiðju á Austurlandi hafa staðið yfir um nokkurt skeið. Þeir aðilar er hafa komið að því verkefni eru íslensk stjórnvöld, Landsvirkjun, Hydro Aluminium Metal Production, Reyðarál hf. og Hæfi hf. Er nú svo komið að aðilar stefna að því að taka 1. sept. nk. endanlega ákvörðun um hvort af framkvæmdum verði eða ekki.

Gert er ráð fyrir að álverksmiðjan verði byggð í tveimur áföngum og er miðað við að fyrri áfangi hennar verði kominn

í rekstur fyrir lok ársins 2006. Síðari áfangi verksmiðjunnar er ótímasettur en gert er ráð fyrir að hann geti komist í rekstur árið 2012. Raforkuþörf fyrir fyrri áfanga verksmiðjunnar er rúmlega 3.800 gígavattstundir á ári en rekstur síðari áfanga krefst tæplega 2.000 gígavattstunda á ári. Alls gera þetta um 5.800 gígavattstundir á ári.

Raforkuþörf og tímasetningar ráða mestu um hvaða virkjunarkostir koma til greina vegna álverksmiðjunnar. Þá verður einnig að horfa til þess að verulegar takmarkanir eru á getu byggðalínu til að flytja raforku frá Suðvesturlandi til Austurlands og að ekki eru uppi áform um að reisa flutningslínu frá virkjunarsvæðinu við Þjórsá norður Sprengisand og austur á land.

Í umsögn Orkustofnunar, sem er fylgiskjal með frv., er fjallað um helstu leiðir við öflun orku fyrir álver á Austurlandi. Þar kemur fram það mat stofnunarinnar að miðað við það samningsumhverfi sem verkefninu hefur verið skapað komi ekki önnur virkjunarleið til greina en að Kárahnjúkavirkjun verði meginuppistaðan í virkjunarframkvæmdum vegna raforkuþarfar álverksmiðjunnar. Orkustofnun telur að vandað hafi verið til útfærslu Kárahnjúkavirkjunar og í þeim efnum hafi víða verið gengið svo langt til móts við umhverfissjónarmið sem ætlast megi til án þess að stofna hagkvæmni verkefnisins í hættu. Mælir stofnunin með því að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun.

Í umsögn Orkustofnunar kemur jafnframt fram að ljóst sé að Kárahnjúkavirkjun ein dugi ekki fyrir báðum áföngum álverksmiðjunnar. Þar skorti um 1.000 gígavattstundir á ári sem vart geti komið annars staðar að en frá jarðgufuvirkjunum á Norðausturlandi. Þetta svarar til þess að auka þurfi afl þessara virkjana um 120 megavött.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að ekki sé unnt að fullyrða að bæði virkjun í Bjarnarflagi, sem lagaheimild er fyrir, og á Þeistareykjum verði þær hentugustu í þessu tilviki og því geti allt eins verið þörf á enn frekari áföngum virkjunar við Kröflu. Telur stofnunin rétt að Alþingi heimili iðnrh. að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 megavött en upphaflega var ráðgert að stækka virkjunina um 40 megavött.

Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um virkjanir jökulánna norðaustan Vatnajökuls á undanförnum árum. Á árunum 1970–1980 voru settar fram fyrstu markvissu áætlanir um hugsanlega virkjunarkosti á þessu svæði. Eftir að bygging Fljótsdalsvirkjunar frestaðist var að nýju farið að huga að virkjunarmöguleikum í jökulsánum á Brú og Fjöllum á árunum 1991–1994. Fyrsti áfangi þeirrar vinnu var lagður fram í skýrslu samstarfsnefndar iðnrn. og Náttúruverndarráðs um orkumál er fjallaði um samanburð á umhverfisáhrifum nokkurra virkjunartillagna á Austurlandi og kom hún út árið 1993.

Á grundvelli þeirrar vinnu var gerð tillaga að virkjunarleiðum á þessu svæði í yfirliti iðnrn. frá 1994, Virkjanir norðan Vatnajökuls, upplýsingar til undirbúnings stefnumótunar. Þar var lögð sú meginlína, í ljósi fyrri rannsókna, að virkjun Jökulsár á Brú með miðlun í Hálslón væri sú tilhögun sem líklegast væri að hefði minnst umhverfisáhrif þeirra hugmynda er þá voru til athugunar auk þess sem hún væri einna hagkvæmust. Þess má geta að í þessu yfirliti iðnrn. var fyrst minnst á þann möguleika að sameina virkjun í Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir. Þar var kynnt sú hugmynd að virkjun Jökulsár í Fljótsdal mundi nýta miðlunarlón Jökulsár á Brú, Hálslón, sem yrði það stórt að það nýttist til miðlunar beggja vatnsfallanna og árnar yrðu síðan virkjaðar saman í einni virkjun.

Þá er í greinargerð með svæðisskipulagi miðhálendisins bent á þetta fyrirkomulag og gert ráð fyrir að þessi möguleiki verði skoðaður til hlítar sem raunin hefur orðið á.

Á árunum 1995–2000 var unnið að verulegum rannsóknum vegna Kárahnjúkavirkjunar sem beindust mest að hugsanlegum stíflustæðum og jarðgangagerð auk mikilvægra grunnrannsókna eins og kortagerð og vatnafarsrannsókna. Umfang þessara rannsókna var stóraukið á árinu 2000 í ljósi breyttra áforma um virkjunartilhögun. Þessar rannsóknir voru bæði vegna tæknilegs undirbúnings og vinnu við mat á umhverfisáhrifum.

Vinna við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hófst formlega í apríl 2001 og lyktaði með úrskurði umhvrh. 20. des. sl. Í úrskurðinum var fallist á framkvæmdina með 20 skilyrðum. Meðal skilyrðanna er að Landsvirkjun er gert að falla frá framkvæmdum við Hafursárveitu, Laugarfellsveitu, Bessastaðaárveitu og Gilsárvötn auk framkvæmda við Sultarranaveitu og Fellsárveitu. Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að þessi skilyrði munu skerða orkugetu Kárahnjúkavirkjunar um rúmlega 200 gígavattstundir á ári.

Þá hafnaði umhvrh. fyrirkomulagi á yfirfalli úr Hálslóni eins og það var staðsett og hannað við stíflu í Desjárdal. Segir í úrskurðinum að hönnun aðalstíflu við Hálslón skuli breyta þannig að yfirfallsvatn úr lóninu verði leitt í Hafrahvammagljúfur. Í frv. er lagt til að yfirfall Hálslóns verði með þeim hætti að yfirfallsrennu verði komið fyrir við vesturenda Kárahnjúkastíflu. Frá yfirfallinu verði vatnið leitt eftir göngum undir stífluendann sem opnast í steyptan stokk nálægt gljúfurbarminum nokkur hundruðum metrum neðan við stífluna. Þaðan mun vatnið falla í 60–80 m háum fossi niður í Hafrahvammagljúfur.

Vegna þessa og ótraustra efstu berglaga á áður fyrirhuguðu stíflustæði fyrir gangagerð er nauðsynlegt að hliðra stíflustæðinu um 200 m niður með árfarveginum frá því sem áður var miðað við. Í athugasemdum frv. og greinargerð Landsvirkjunar er að finna nánari lýsingu á framkvæmdinni. Að öðru leyti er fyrirkomulag fyrri áfanga virkjunarinnar þannig að Jökulsá á Brú er stífluð við fremri Kárahnjúk með Kárahnjúkastíflu sem er 190 m há grjótstífla við syðri enda Hafrahvammagljúfra. Beggja vegna Kárahnjúkastíflu eru hliðarstíflur, Sauðárdalsstífla um 25 m há og Desjarárstífla um 60 m há. Með stíflunum er myndað miðlunarlón Jökulsár á Brú og að hluta Jökulsár í Fljótsdal, svokallað Hálslón. Vatnsborð við fullt lón verður í 625 m hæð yfir sjávarmáli og verður flatarmál þess 57 km . Nýtanlegt miðlunarrými er áætlað um 2.100 gígalítrar miðað við lægstu vatnsstöðu, 550 m yfir sjávarmáli.

Úr Hálslóni verður vatninu veitt um 40 km löng aðrennslisgöng undir Fljótsdalsheiði að innsta hluta Fljótsdals þar sem stöðvarhús verður neðan jarðar. Í stöðinni verða í fyrri áfanga fimm vélasamstæður með tilheyrandi búnaði og verður uppsett afl þeirra allt að 625 megavött. Frá stöðinni verður vatninu veitt um frárennslisgöng út í Fljótsdal um 1 km innan við Valþjófsdal, en frá gangamunnanum verður grafinn frárennslisskurður út í farveg Jökulsár í Fljótsdal. Virkjað rennsli í fyrri áfanga er um 120 m á sekúndu. Uppsett afl verður allt að 625 megavött og meðalorkugeta 3.760 gígavattstundir á ári.

Í síðari áfanga virkjunarinnar er Jökulsá í Fljótsdal stífluð um 2 km neðan við Eyjabakkafoss. Þessi stífla verður

rúmlega 30 m há og ofan hennar myndast um 1 km lón, svokallað Ufsarlón. Vatnsborð verður hið sama og í Hálslóni eða í 625 m hæð yfir sjávarmáli þegar það er fullt. Við þá vatnshæð mun lónið ná upp í Eyjabakkafoss. Frá Ufsarlóni verður vatninu veitt um 13,5 km löng göng að aðrennslisgöngum frá Hálslóni og með þessu fyrirkomulagi verður unnt að miðla að mestu rennsli beggja jökulánna í Hálslóni.

Þá verður svokölluð Hraunaveita gerð í síðari áfanga virkjunarinnar. Hún felst í því að fjórum þverám Jökulsár í Fljótsdal, þ.e. Kelduá, Grjótá, Innri-Sauðá og útrennsli úr Sauðárvatni, verður veitt í Ufsarlón skammt ofan Ufsarstíflu. Verulegur hluti vatnsvega Hraunaveitu verða jarðgöng. Stíflan í Kelduá verður langstærsta stífla í Hraunaveitu, um 25 m há, en aðrar stíflur verða mun minni.

Meðalrennsli til Kárahnjúkavirkjunar eykst um tæpa 25 m á sekúndu með síðari áfanga virkjunarinnar. Þá verður jafnframt sjöttu vélarsamstæðunni bætt við í stöðvarhúsinu og afl ið aukið í allt að 750 megavött. Með síðari áfanga virkjunarinnar vex orkugeta hennar um 910 gígavattstundir á ári, þ.e. í samtals 4.670 gígavattstundir á ári.

Í frv. er eins og áður segir lagt til að iðnrh. verði heimilað að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 megavött enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna lögum samkvæmt. Landsvirkjun hefur að mestu lokið undirbúningi að stækkun Kröfluvirkjunar um 40 megavött og hefur Skipulagsstofnun fallist á mat á umhverfisáhrifum stækkunarinnar. Í úrskurðinum kemur fram að fyrirhuguð stækkun muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Í athugasemdum við frv. er gerð grein fyrir stækkun virkjunarinnar.

Í frv. er gerð grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum álverksmiðju í Reyðarfirði og tengdra virkjanaframkvæmda. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar kemur fram að horfur eru á að landsframleiðsla verði að meðaltali rúmlega 2% hærri og þjóðarframleiðsla 1,5% hærri á framkvæmdatíma en ef ekki yrði af álverksmiðju og virkjunum. Til lengdar gæti landsframleiðsla orðið rúmu prósenti hærri og þjóðarframleiðsla tæpu prósenti hærri. Að jafnaði verður fjárfesting um 12% hærri á árunum 2002–2013 en annars yrði. En þegar framkvæmdir standa sem hæst á árunum 2004–2006 verður fjárfesting um 40% hærri. Vinnuaflsnotkun vegna framkvæmdanna verður að jafnaði rétt innan við 0,5% af heildarframboði vinnuafls en mest verður eftirspurnin árið 2005 og gæti hún þá numið rúmlega 1% af vinnuaflsframboðinu. Eftir að framkvæmdum lýkur og álverksmiðjan hefur náð fullum afköstum má búast við að áhrif á viðskiptajöfnuð verði jákvæð. Miðað við óbreytt raungengi gæti útflutningur orðið um 14% meiri en annars fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Erlend skuldastaða sem hlutfall af landsframleiðslu verður þá svipuð og í grunndæmi skömmu eftir árið 2020.

Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar kemur fram að mikið umfang framkvæmda á árunum 2004–2006 og snöggur samdráttur þeirra á árunum 2007 og 2008 gerir töluverðar kröfur til hagstjórnar svo að halda megi niðri verðbólgu og sporna gegn umskiptum í þjóðarbúskapnum vegna samdráttar framkvæmda árin 2007 og 2008.

Ljóst er að bygging og rekstur álverksmiðju og tengdra virkjana munu hafa veruleg samfélagsleg áhrif á Austurlandi. Frá árinu 1990 hefur íbúum á Austurlandi fækkað um nálega 1% á ári eða samtals um rúmlega 10%. Í þessu sambandi skiptir miklu að fólksfækkunin á Austurlandi hefur ekki orðið jöfn í öllum aldurshópum. Sé aldursskipting íbúa á Austurlandi borin saman við aldursskiptingu Íslendinga allra vantar nokkuð upp á að hlutfall fólks á aldrinum 20–34 ára sé það sama á Austurlandi og meðal þjóðarinnar í heild. Skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun hefur framkvæmt sýnir að 40% 18–20 ára fólks á Miðausturlandi hafa örugglega eða líklega áhuga á að starfa í álverksmiðjunni og að 17% brottfluttra Austfirðinga á aldrinum 25–49 ára telja líklegt að þeir muni flytja aftur til Austurlands ef af framkvæmdum verður. Ef af byggingu Reyðaráls verður munu um 10 þús. manns búa á Miðausturlandi í lok framkvæmdatíma en 7 þús. ef ekki verður af framkvæmdum.

Til lengri tíma litið skiptir miklu að strax í kjölfar virkjanaframkvæmda verði til varanleg störf í álveri á svæðinu. Þessi störf verða fleiri en sem nemur þeim fjölda starfa við framkvæmdir sem sennilegt er að unnin verði af fólki sem nú er búsett á Austurlandi. Mest fjölgun starfa verður að öllum líkindum í Fjarðabyggð og á Austur-Héraði og þar er því að vænta mestra áhrifa á íbúafjölda. Meðan á framkvæmdum stendur má vænta mikilla áhrifa á efnahag fólks og fyrirtækja á Austurlandi en umsvifin munu leiða til tímabundinnar spennu á vinnumarkaði. Aukin eftirspurn eftir vinnuafli mun nær örugglega leiða til almennrar hækkunar launa.

Á framkvæmdatímanum má búast við miklum áhrifum á afkomu fyrirtækja í verktakageiranum og fyrirtækja á sviði verslunar, þjónustu og samgangna. Veigamestu efnahagsáhrifin koma hins vegar fram á rekstrartíma virkjunar og álvers þegar skapast munu yfir 1.000 ný störf á Miðausturlandi. Varanleg fjölgun starfa á Austurlandi verður því að langstærstum hluta vegna álverksmiðjunnar þar sem rúmlega 600 bein störf verða til og um 400 afleidd störf með fjölbreytilegum menntunarkröfum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Austurlandi munu leiða til mikillar atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta á Miðausturlandi. Með verkefninu verður til ný atvinnugrein á svæðinu sem mun hafa jákvæð áhrif á margar aðrar atvinnugreinar er átt geta viðskipti við álverksmiðjuna. Verkefnið mun hjálpa ungu, menntuðu fólki sem á rætur á Miðausturlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Auk þessa mun verkefnið leiða til samgöngubóta, bættrar grunngerðar og aukinnar þjónustu til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[11:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú skortir mjög alla sundurgreiningu á þjóðhagslegum útreikningum með þessu frv. Ég vil spyrja: Er að vænta viðbótarskýrslu um þetta efni, t.d. um hvaða áhrif þetta muni hafa á skuldastöðu þjóðarbúsins? Þetta skortir í fylgigögnum frv. og er mjög ófullkomið.

Þá er ekki fjallað um arðsemisútreikninga fyrir virkjunarframkvæmdirnar sem hljóta að skipta höfuðmáli. Ekki er greint frá raforkusamningum við hugsanlega kaupendur eða á hvaða forsendum þeir yrðu reistir. Ég vil fá að vita hvort Alþingi muni ekki fá upplýsingar um þetta og á hvaða forsendum þessir samningar koma til með að hvíla áður en ætlast er til að gengið verði til atkvæðagreiðslu um frv.

Þá kom fram að eftir að umhvrh. hafði kveðið upp úrskurð sinn í desember sl. lýsti forstjóri Landsvirkjunar því

yfir að kostnaður við svokallaðar mótvægisaðgerðir yrði ekki borinn af hugsanlegum orkukaupanda. Ég spyr: Verður það skattborgarinn, verður það ríkissjóður eða verður það hinn almenni raforkukaupandi sem kemur til með að bera þennan kostnað?

[11:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má vera að það sé rétt hjá hv. þm. að ekki komi allar upplýsingar fram í frv. sem viðkomandi þingmaður óskar eftir að hafa þegar hann fjallar um málið enda hefur það tíðkast að senda mál út til umsagnar og kalla fólk fyrir þingnefnd þegar mál eru þar til umfjöllunar. Ég efast því ekki um að frekari upplýsingar berist eftir umfjöllun í nefnd.

Um arðsemisútreikninga er það að segja að Orkustofnun segir í umsögn sinni að hún fallist á þá aðferðafræði sem Landsvirkjun beitir. Raforkusamningar eru þannig mál að ekki er hægt að greina nákvæmlega frá stöðu þeirra á þessu stigi eins og hv. þm. hlýtur að gera sér grein fyrir. Hvað varðar þau skilyrði sem hæstv. umhvrh. setti í úrskurði sínum er það að sjálfsögðu framkvæmdaraðilinn sem þarf að taka tillit til þeirra.

[11:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er undarlegt svar. Það er vitnað í Orkustofnun. Orkustofnun segir að það sé ekki sitt hlutverk að meta arðsemi þessa verkefnis og það er ekki að finna neinar upplýsingar um arðsemi þessara mestu framkvæmda sem Íslendingar hafa ráðist í nokkru sinni, engar upplýsingar um slíkt. Og þegar auglýst er eftir sundurgreiningu á þjóðhagslegum stærðum, sjálfum efnahagslegum forsendum þessara framkvæmda, eru engin svör. Ætlar ríkisstjórnin að bjóða Alþingi og þjóðinni upp á svona vinnubrögð?

[11:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Mér þykir mjög leitt, hæstv. forseti, ef hv. þm. er strax búinn að missa stjórn á sér og umræðan er rétt að hefjast. Eins og hv. þm. gerir sér áreiðanlega grein fyrir, ef hann hugsar þetta mál til hlítar, er í þessu frv. ekki hægt að fara nákvæmlega yfir arðsemi Landsvirkjunar. Hins vegar er Landsvirkjun sérstakt fyrirtæki. Það er ekki ríkisfyrirtæki. Landsvirkjun gerir samninga við fyrirtækið Reyðarál um orkukaup og að sjálfsögðu gerir Landsvirkjun ekki þá samninga nema hún fái fullnægjandi niðurstöðu, að þeir samningar greiði þann kostnað sem nú þegar liggur fyrir og farið verður í og að framkvæmdin sé arðbær til frambúðar.

Það er í sjálfu sér ekki hlutverk mitt sem ráðherra að svara fyrir Landsvirkjun í þessu sambandi. Hins vegar hef ég þær skyldur sem ráðherra að sjá til þess að raforkuverð kalli ekki á hækkun raforkuverðs til almennings.

[11:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli í úrskurði hæstv. umhvrh. um Kárahnjúkavirkjun að þar er tekið undir með einu kæruatriði í kæru Náttúruverndarsamtaka Austurlands sem fóru fram á að ekki yrði tekið tillit til þjóðhagslegs ávinnings þegar verið væri að vega og meta náttúruspjöll sem hlytust af framkvæmd sem þessari. Ég er algjörlega ósammála þessu.

Þar var líka sagt að það væri leyfisveitanda að fjalla um þetta og gera þennan samanburð. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnrh., ef hún hefur tóm til að hlýða á mál mitt, hvers vegna þessi samanburður er ekki í þingskjalinu sem hér liggur fyrir.

[11:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við þetta mál held ég að það sé dæmigert mál sem fjallað verður um í hv. nefnd. Ég treysti mér ekki til að fara út í svör við spurningunni sem hv. þm. bar hér upp.

[11:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það veldur mér nokkrum vonbrigðum vegna þess að ég taldi að það væri hlutverk hæstv. ráðherra, fyrst þetta er afstaða framkvæmdarvaldsins, að leggja fram grunngögnin sem við gætum notað til þess að meta þetta með þessum hætti. Ég er alfarið þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að taka ákvörðun um framkvæmdir sem hafa í för með sér spjöll eða röskun á náttúrunni nema maður hafi næsta góða mynd af því hvaða ávinningur hlýst af því á móti.

Gott og vel. Ef hæstv. ráðherra telur að þingnefndir eigi að fjalla um þetta, er þá hæstv. ráðherra að leggja til að um þetta mál verði fjallað í iðnn., umhvn. og efh.- og viðskn. eða að haldnir verði sameiginlegir fundir þessara nefnda um málið? Ég tel a.m.k. óhjákvæmilegt að efh.- og viðskn. fái þetta til umfjöllunar út af þessum þætti málsins.

[11:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta hljóti alltaf að verða mjög huglægt mat. Eftir því sem ég best veit eru aðrar þjóðir ekki langt komnar í sambandi við mat af þeirri gerð sem hv. þm. talar um. Ég tel því að það sé nánast útúrsnúningur hjá hv. þm. að gera þetta að aðalatriði í upphafi umræðunnar.

[11:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri ástæða til þess að fara nánar ofan í þau andsvör sem þegar eru búin en ég ætla að geyma mér það til ræðu minnar.

Athugasemd mín við ræðu hæstv. ráðherra varðar skipulagsmálin. Það kemur fram í greinargerð með frv. að samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendisins til 2015 sé gert ráð fyrir því að svæðið sé orkuvinnslusvæði og gert er ráð fyrir að orkuvinnslugeta þeirrar virkjunar sem þar er tilgreind sé um 3.200 gígavattstundir, flatarmál lónsins geti verið 38 km en jafnframt tekið fram að tilhögun virkjunarinnar yrði að vera háð skilyrðum sem sett eru í reglugerð um friðlýsingu Kringilsárrana.

Hvernig hyggst hæstv. ráðherra koma þessu máli í gegn þar sem þetta er í hróplegri andstöðu við svæðisskipulag miðhálendisins? Ætlar hæstv. ráðherra bara að beita pólitískum þrýstingi og valdi til þess að breyta skipulagi miðhálendisins eða hvernig hyggst hún gera það?

[11:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna fer hv. þm. ekki með rétt mál. Þetta er í samræmi við svæðisskipulag miðhálendisins. Gert er ráð fyrir því í svæðisskipulagi að til þessara úrræða geti komið í sambandi við virkjunarmál norðan Vatnajökuls. Þetta eru bara staðreyndir sem liggja fyrir.

[11:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Afsakið, herra forseti. Ég fullyrði að hæstv. ráðherra þekkir ekki þetta mál. Það stendur í greinargerðinni nákvæmlega hvað felst í svæðisskipulagi miðhálendisins. Þar hefur verið skrifað upp á virkjun sem gæti haft orkugetu upp á 3.200 gígavattstundir og lón sem væri 38 km . Við erum að tala um 57 km lón. Hvernig ætlar ráðherrann að breyta svæðisskipulagi miðhálendisins? Hvernig?

[11:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held mig við það sem ég sagði áður. Ég tel að það rúmist innan svæðisskipulags miðhálendisins að fara í þessar framkvæmdir eins og lagt er til í frv. og það tel ég að sé mjög mikilvægt.

[11:34]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Loksins er þetta frv. komið fram. Það er mjög mikilvægt að staðreyndir máls eins og þær geta legið fyrir séu skýrar. Í frv. segir að áætlað sé að fyrri áfangi álvers fari í rekstur árið 2006. En í umsögn Orkustofnunar segir á bls. 22 í frv. að áætlað sé að fyrri áfangi álvers fari í rekstur árið 2008. Það er mjög mikilvægt í upphafi umræðunnar að dagsetningar og ártöl sem eru þekkt og hægt að styðjast við séu rétt og ekki misvísandi.

[11:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög gott að hv. þm. skyldi nefna þetta í upphafi umræðunnar vegna þess að ég hafði tekið eftir þessu. Þetta er villa sem kemur fram í umsögn Orkustofnunar. Hið rétta er að áform eru uppi um að álverið taki til starfa á árinu 2006. Ég biðst velvirðingar á þessari villu.

[11:35]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög alvarleg villa og getur komið af stað misvísandi skilaboðum. Það væri rétt að hæstv. ráðherra upplýsti okkur í upphafi umræðunnar um hvort fleiri villur sé að finna í texta frv. svo hægt sé að taka tillit til þeirra þegar umræðunni vindur fram.

[11:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta geti ekki verið stóralvarlegt mál. Aðalatriðið hlýtur að vera það sem stendur í greinargerð með frv. sem slíku. Þar er þetta alveg skýrt og skorinort.

Hvað varðar aðrar villur þá ætla ekki að fullyrða það við upphaf umræðunnar að þær geti ekki leynst einhvers staðar víðar eins og oft kemur fyrir. En þessa villu sá ég strax og ég las frv. og þótti mér hún slæm vegna þess að hún getur vakið upp efasemdir um að þarna sé full alvara á ferð, þ.e. að verið sé að tala um árið 2006, en ég bara ítreka að þannig er það.

[11:37]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. las upp úr greinargerð og vitnaði í könnun um viðhorf ungs fólks og væntingar ungs fólks á Austurlandi til vinnu í álverinu og möguleika á menntun. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um atvinnutækifæri og menntunarmöguleika ungs fólks ef ekki verður af álveri á Austurlandi? Þá er ég að tala um ungt fólk sem býr, hefur búið og vill búa á Austurlandi.

[11:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera dæmigerð spurning frá Vinstri grænum, „hvað ef ekki", því auðvitað vona þeir að ekki verði af þessum mikilvægu áformum sem eru uppi um stóriðjuframkvæmdir. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt að ég hef fulla trú á því að af þessu verði og er þess vegna ekkert að útbúa aðrar tillögur í tengslum við þetta verkefni. Allt bendir til þess að þetta gangi upp og það er aðalatriðið.

Auðvitað eru ýmsar aðrar hugmyndir uppi um atvinnusköpun á landsbyggðinni almennt og við munum ræða þær betur þegar við fjöllum um byggðaáætlun sem er um það bil að koma inn í þingið. Eins og ég segi þá er dæmigert að þetta skuli koma frá Vinstri grænum vegna þess að þeir hafa nefnilega alls engar hugmyndir um hvað landsbyggðin á að taka sér fyrir hendur ef ekki verður af þessu verkefni.

[11:38]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa þessu til föðurhúsanna. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfðum komið með þáltill. um að byggja upp háskólamenntun á Austurlandi. Við höfum lagt fram tillögu um sérstakan stuðning við atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Ég vísa þessu til föðurhúsanna.

Mér finnst óábyrgt hjá ríkisstjórninni að ætla sér að undirbúa slíkar stórkostlegar framkvæmdir með öllum þeim óvissuþáttum sem felast í vinnuferlinu þó ekki sé nema um orkusöluna. Við ætlum vonandi ekki í þetta nema að fá viðhlítandi verð fyrir orkuna. Mörg spurningarmerki eru varðandi framkvæmdina en engin áætlun B. Hvar er varaáætlun B? Hvað ef ekki verður af þessu? Hver er ábyrgð ríkisstjórnarinnar þá? Nú vil ég að iðnrh. svari og kenni ekki Vinstri grænum um.

[11:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, hvað ef? Hvað ef, er ágætisspurning, og að það sé vafi. Jú, ekki er hægt að neita því að ekki er endanlega búið að taka þessa ákvörðun. En mín tilfinning er sú að ef stjórnmálaflokkur eins og Vinstri grænir réði ríkjum yrði aldrei neitt gert vegna þess að það væri hugsanlega vafi.

Það er talað um að byggja upp háskólamenntun. Auðvitað er það mikilvægt og það hefur verið gert á Austurlandi og verður styrkt enn frekar með nýrri byggðaáætlun. En skyldi ekki þurfa fjármagn til þess að byggja upp háskólamenntun? Hvar ætlar þessi stjórnmálaflokkur að taka fjármagnið til þess þegar hann er á móti öllum hugmyndum sem hafa komið upp hjá ríkisstjórninni um atvinnuuppbyggingu og auknar tekjur og auknar útflutningstekjur? (**Gripið fram í:** ... ráðherra svari fyrir sig?)

[11:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að byrja ræðu mína á þeirri spurningu sem ég varpaði fram áðan til hæstv. iðnrh. Ég vísaði til þess að í úrskurði hæstv. umhvrh. um Kárahnjúkavirkjun kemur fram að hæstv. umhvrh. fyrir hönd framkvæmdarvaldsins er sammála því sjónarmiði sem kom fram í kæru Náttúruverndarsamtaka Austurlands um að við mat á umhverfisáhrifum beri ekki að vega saman neikvæð áhrif á umhverfið annars vegar og efnahagslegan ávinning hins vegar.

Skelfing þætti mér gott, herra forseti, ef hæstv. iðnrh. vildi hlusta á mig. Þá yrði kannski ekki hinn sami misskilningur og þegar hún hlustaði ekki á spurningu mína áðan.

Herra forseti. Ég vísa til þess að í greinargerð með úrskurði hæstv. umhvrh. kemur fram að það eigi að vera tiltekin verkaskipting á milli skipulags- og umhverfisyfirvalda annars vegar og leyfisveitanda hins vegar og þar er talið eðlilegt að mat á þjóðhagslegum áhrifum framkvæmdar sé í höndum leyfisveitanda en ekki skipulags- og umhverfisyfirvalda.

Herra forseti. Eins og ég skil frv. sem hér liggur fyrir og við erum að ræða þá er leyfisveitandi skv. 2. gr. hæstv. iðnrh. Það er þess vegna samkvæmt úrskurði framkvæmdarvaldsins hlutverk hæstv. iðnrh. að reyna að greina og leggja fram mat á þjóðhagslegum áhrifum framkvæmdar og vega það á vogarskálum andspænis þeirri röskun sem verður á náttúrufari. Ég er þeirrar skoðunar að ef þetta er ekki regla þá sé aldrei hægt að taka neina afstöðu til slíkra framkvæmda. Allar framkvæmdir af mannsins höndum hafa einhver áhrif á náttúruna og við þurfum að vega og meta hvaða ávinningur er af þeim. Ef þau rök eru ekki fyrir hendi er ákaflega erfitt að heimila slíka röskun. Þetta finnst mér vanta, herra forseti, og ég vildi gjarnan fá að vita hvernig hæstv. ráðherra telur að þingið eigi að meta þetta og hvort hæstv. ráðherra sé þá annarrar skoðunar en kemur fram af hálfu framkvæmdarvaldsins í úrskurði hæstv. umhvrh.

Herra forseti. Sú umræða sem við fer fram hérna er um ákaflega umdeilt mál. Hún er um Kárahnjúkavirkjun. Aðdragandi þeirrar umræðu var deilan mikla sem stóð um Eyjabakka á sínum tíma. Það er alveg ljóst að það voru miklar umræður og mikil andstaða gegn Eyjabakkavirkjun. Ég held að það sé ekki ofmælt að það er líka mikil andstaða við Kárahnjúkavirkjun. Í mínum flokki, Samfylkingunni, er t.d. alveg ljóst að þar er fólk sem er mjög sterklega með því að virkjað verði við Kárahnjúka. Þar er líka fólk sem er mjög sterklega á móti því og vill frekar að þar verði settur þjóðgarður. En það eru líka ákaflega margir í þingflokki Samfylkingarinnar og innan Samfylkingarinnar sem eru þeirrar skoðunar að þetta tvennt geti farið saman.

Herra forseti. Ég rifja upp að í umræðunni um Eyjabakka var það m.a. sá sem hér stendur, formaður Samfylkingarinnar, sem benti á að hægt væri að þyrma Eyjabökkum með því að ráðast í virkjun við Kárahnjúka. Ég vil rifja það upp, herra forseti, að ég taldi þá að sameiginleg virkjun Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Brú um Kárahnjúkalón fæli í sér mun minni fórnarkostnað en fælist í missi Eyjabakka. Ég orðaði það svo þá, herra forseti, að hún væri illskásti kosturinn ef á annað borð yrði virkjað norðan Vatnajökuls. Ég er enn þeirrar skoðunar, herra forseti. Ég tel að af þessu tvennu sé alveg ljóst að fórnarkostnaðurinn er minni við Kárahnjúkavirkjun en við Eyjabakkavirkjun.

Þegar þetta mál kom til kasta skipulagsyfirvalda endaði það með, eins og menn muna, að Skipulagsstofnun felldi úrskurð 1. ágúst árið 2001. Sá úrskurður var neikvæður. Stofnunin taldi að allt of mikill vafi léki á afleiðingum þessarar virkjunar, gögn væru of óljós til þess að hún gæti tekið jákvætt í málið. Ég var algjörlega sammála því mati, herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að fara örlítið yfir það sem mér þótti vera meginniðurstaða í úrskurði Skipulagsstofnunar á þeim tíma vegna þess að sá úrskurður og framvindan í kjölfar hans ræður miklu um afstöðu manna eins og mín og margra þingmanna, m.a. innan Samfylkingarinnar.

Átta atriði þóttu mér merkilegust við úrskurð Skipulagsstofnunar. Í fyrsta lagi að þar kom fram að stofnunin taldi að framlagðar upplýsingar um framkvæmdina væru ekki nægjanlegar til þess að unnt væri að segja fyrir um umfang þeirra. Í öðru lagi taldi stofnunin ljósa annmarka vera á þeim upplýsingum sem þó voru lagðar fram. Í þriðja lagi taldi stofnunin að þessi skortur á upplýsingum og annmarkar á þeim gerðu það að verkum að matið sem sérfræðingar legðu á framkvæmdina á grundvelli þessara upplýsinga kynni að vanáætla afleiðingarnar.

Í fjórða lagi sagði í úrskurði stofnunarinnar að líklegt væri að framkvæmdirnar hefðu, og ég vitna beint, með leyfi forseta:

„... í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Sérstaklega varðar það fyrri áfanga virkjunarinnar og þá sérstaklega Hálslón og veitu Jökulsár á Dal til Jökulsár í Fljótsdal/Lagarfljóts.“

Í fimmta lagi segir að þessi neikvæðu umhverfisáhrif birtist í því að það sé líklegt að þessar framkvæmdir hafi varanleg neikvæð áhrif vegna jarðvegsrofs og áfoks á víðfeðm svæði austan Jökulsár á Dal.

Í sjötta lagi segir að matsskýrsla Landsvirkjunar hefði átt að gefa skýrari og ítarlegri mynd af líklegum áhrifum Hálslóns á jarðvegsrof og áfok.

Í sjöunda lagi segir að mat á áhrifum Hálslóns á jarðvegsrof og áfok sé lykilþáttur sem vegi þungt í mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Og í áttunda lagi segir Skipulagsstofnun að hún telji, og ég vitna beint, með leyfi forseta:

„... að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um mótvægisaðgerðir ... til þess að hægt sé að leggja dóm á hvort þær séu raunhæfar, æskilegar eða líklegar til að bera tilætlaðan árangur.“

Það kemur sem sagt fram í úrskurði Skipulagsstofnunar að lykilþáttur í úrskurði hennar sé skortur á upplýsingum um umfang og áhrif foks af Hálslóni. Það er alveg ljóst, herra forseti.

Á þessum tímapunkti taldi stofnunin að mat hennar gæti ekki orðið annað en neikvætt vegna þess að hún var að láta náttúruna njóta vafans og ég tel að það hafi verið hárrétt af stofnuninni. Mat stofnunarinnar hvíldi á nýsamþykktum lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Lítil reynsla var á því. Ég tók lítillega þátt í því að fjalla um það í umhvn. og það er alveg ljóst, herra forseti, eins og ég skildi þá umfjöllun, að þá voru menn ekki þeirrar skoðunar að þegar mati Skipulagsstofnunar væri lokið væri hægt að koma með nýjar upplýsingar og í reynd fara í nýtt mat.

Í kjölfar þessa úrskurðar gerðist það hins vegar að prófessor við Háskóla Íslands lagði fram þá skoðun sína að leyfilegt væri að bæta við nýjum upplýsingum. Hann skírskotaði til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaganna og hann var þeirrar skoðunar og gaf umhvrh. þau ráð að henni bæri að taka til skoðunar ný gögn um fyrirhugaða framkvæmd og áhrif framkvæmdarinnar. Það fylgdi þessu að ef þessi gögn fjölluðu einungis um áhrif, fælu einungis í sér minni háttar breytingar á áformum framkvæmdaraðila eða tillögur um nýjar mótvægisaðgerðir, þá teldi hann að ekki þyrfti að senda málið til nýrrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Þetta er lykilatriði, herra forseti. Á þessu stigi var sem sagt heimilað að koma með nýjar upplýsingar inn í málið.

Nú er það umdeilanlegt eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur reifað hér í umræðum um þingmál sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram og rætt var í

útvarpsumræðum á dögunum. Hún telur og ýmsir þingmenn, m.a. innan Samfylkingarinnar, að það sé umdeilanlegt hvort þetta samrýmist lögunum. Ég ætla ekki að hætta mér út í umræður um það, herra forseti. Vel kann að vera að látið verði á það reyna fyrir dómstólum. En í öllu falli er alveg ljóst að á grundvelli þessa heimilaði umhvrh. framlagningu nýrra gagna, lét það jafnframt í eins konar kæruferli, þ.e. almenningi og stofnunum gafst kostur á að segja álit sitt á því og ýmsum stofnunum, þar á meðal Skipulagsstofnun, voru send þau gögn sem fram komu til þess að gefa álit sitt á þeim.

Ráðuneytisstjóri í umhvrn. túlkaði þetta svo í fjölmiðlum aftur og aftur sem hér væri í reynd um eins konar framhaldsmat að ræða, notaði jafnvel orðin „nýtt mat á umhverfisáhrifum". Nú er það auðvitað svo að það þarf að taka af allan vafa um hvort þetta samrýmist lögunum. Það kann vel að vera að breyta þurfi lögunum til þess að skýra þetta betur.

Hins vegar er alveg ljóst, herra forseti, að þau gögn sem þarna komu fram sýndu svo að ekki verður um villst í fyrsta lagi hvert yrði umfang þessa foks og afleiðingar þess á þann hátt að ég a.m.k. tel að það sé þokkalega upplýst.

Í öðru lagi komu líka fram upplýsingar um mótvægisaðgerðir. Þær voru þrenns konar, herra forseti. Þær sem mestu máli skipti mætti kalla verkfræðilegar mótvægisaðgerðir. Þá ber í fyrsta lagi að velta því fyrir sér hvort hægt sé að líta svo á að slíkar aðgerðir séu raunhæfar. Ekki er ég sérfræðingur í því, herra forseti, en ég vísa til þess að í áliti Líffræðistofnunar um þessi nýju gögn kemur fram í texta sem Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor ritar fyrir hönd stofnunarinnar að einu raunhæfu aðgerðirnar gegn foki af þessu tagi séu verkfræðilegar. Niðurstaða mín er því sú að sérfræðingur á þessu sviði telji að verkfræðilegar mótvægisaðgerðir séu raunhæfar.

Herra forseti. Þessum aðgerðum er síðan lýst í hinum nýju gögnum þannig að þar er um að ræða átta mismunandi útfærslur. Í fyrsta lagi að reistur verður varnargarður. Þar er gerð tillaga um meðhöndlun rofabarða, gerð tillaga um sandgildrur, um dælingu jarðvegs og þar er t.d. tekið sérstaklega fram og reifað að af hálfu ráðuneytisins sé hér um raunhæfa mótvægisaðgerð að ræða og vísað á gögn sem benda til þess að óvissa um virkni þessarar aðgerðar sé lítil. Sömuleiðis eru til sand- og siltgirðingar og bent á að þetta séu þekktar mótvægisaðgerðir sem mikið er beitt til þess að stöðva sandfok. Vökvun og rykbinding er annað. Þó bendir ráðuneytið í úrskurði sínum á, og það er mikilvægt, að ekki sé hægt að beita því nema að tilteknu marki og vakin er sérstök eftirtekt á því af hálfu ráðuneytisins að þrátt fyrir það sé hætta á að töluvert mistur myndist frá lónstæðinu við ákveðin veðurskilyrði.

Ýmislegt fleira er þarna nefnt og eitt vil ég sérstaklega vekja eftirtekt á, þ.e. aðferð við að forgangsraða fyllingu lóna, vegna þess að þegar ég fór yfir þau gögn sem þessu tengdust þá varð það niðurstaða mín að þetta mundi leiða til þess að rof og fok mundi geta minnkað um kannski fjórðung og allt upp í þriðjung og það skiptir verulega miklu máli, herra forseti.

Þegar upp er staðið blasir við að niðurstaða umhvrh. var að heimila þessa framkvæmd með 20 skilyrðum. Flest þeirra eru tiltölulega léttvæg að mínu viti, en þrjú skilyrði skipta langmestu máli.

Í fyrsta lagi eru það þær mótvægisaðgerðir sem ég hef farið hér yfir. Ég vil að það sé algjörlega skýrt af minni hálfu að ég tel að þær séu raunhæfar og ég tel að sú vinna sé vönduð af ráðuneytisins hálfu. Ég tek það líka fram að ég er ekki einn um þá skoðun heldur hef ég eftir föngum reynt að leita mér sérfræðilegrar ráðgjafar um það.

Herra forseti. Í öðru lagi er yfirfalli Desjarárstíflu breytt þannig að hún er tekin niður í Hafrahvammagljúfur. Þetta er framkvæmd sem skiptir töluverðu máli fyrir Desjarárdalinn og það sérkennilega lífríki sem þar er að finna.

Í þriðja lagi sem skiptir kannski mestu máli er að sú takmörkun kom fram í úrskurði umhvrh. að ekki verður ráðist í nokkrar af smærri veitunum sem búið var að sáldra umhverfis Snæfell.

Það kom glöggt fram í úrskurði Skipulagsstofnunar að það var einmitt skortur á upplýsingum um umfang og afleiðingar þessara virkjana sem áttu nokkurn þátt í afstöðu skipulagsyfirvalda. Ég tel þess vegna, herra forseti, að allar þessar aðgerðir séu þess eðlis að þær dragi stórlega úr þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem eru af virkjuninni. Eftir sem áður er alveg ljóst að lónið er til staðar. Ég ímynda mér að það sé það sem menn taka afstöðu til.

Ég er þeirrar skoðunar og við í Samfylkingunni, obbi Samfylkingarinnar, að ekki sé hægt að útiloka að menn ráðist í virkjun við Kárahnjúka á grundvelli þeirrar skipulagstillögu sem nú liggur fyrir í þessu frv.

Hins vegar þarf þrennt að liggja fyrir, herra forseti. Það þarf að vera alveg skýrt að gripið verði til þjóðhagslegra mótvægisaðgerða sem duga til þess að koma í veg fyrir að hagkerfið fari úr böndum. Bent er á það í fylgiskjali sem fylgir frv. og gert er af Þjóðhagsstofnun að það kunni að vera að verðbólgumarkmið náist ekki ef ekki verður gripið til ákveðinna þjóðhagslegra mótvægisaðgerða og bent er á að þensla gæti aukist og ýmsir varnaglar eru slegnir þar. Þetta er mál sem verður að skoða ákaflega vel, herra forseti.

Í öðru lagi þarf að vera alveg ljóst að sú framkvæmd sem hér er verið að ráðast í skili skýrum og ótvíræðum efnahagslegum ávinningi. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni í andsvari hans hérna áðan að ekki er hægt að lesa þetta með ótvíræðum hætti út úr skjalinu. Ég velti fyrir mér af hverju það stafi, herra forseti. Nú er það svo að leynd hvílir yfir raforkuverðinu með einhverjum hætti. Við í þessum sölum fáum alla vega ekki að lesa það. Mér finnst alls ekki hægt að Alþingi afgreiði þetta með neinu móti frá sér án þess að raforkuverðið verði kynnt á einhverjum vettvangi þingsins. Ég vísa til þess að iðnn. fær frv. til umfjöllunar. Nú veit ég ekki hvernig framkvæmdarvaldið treystir nefndum þingsins en ég er þeirrar skoðunar að það sé af og frá að hægt verði að afgreiða þetta mál nema a.m.k. iðnn. og eftir atvikum efh.- og viðskn. líka séu kynntir þeir útreikningar sem liggja þarna að baki. Ég spyr hæstv. iðnrh.: Mun það ekki verða gert á einhverju stigi málsins?

Herra forseti. Í þriðja lagi þarf að liggja fyrir hvernig land norðan Vatnajökuls verður nýtt í framtíðinni. Það sem ég á við, herra forseti, er auðvitað sú staðreynd að það er alveg ljóst þegar maður les þetta þingskjal sem hér liggur fyrir — þá er ég kannski að vísa sérstaklega til fylgiskjals sem kemur frá Orkustofnun — að enn eru uppi stórfelldar hugmyndir um virkjunaráform norðan Vatnajökuls. Í fylgiskjalinu sem kemur frá Orkustofnun er rætt fimm sinnum um virkjun Jökulsár á Fjöllum. Ég þori ekki að fullyrða hvernig landið liggur í þeim efnum hér í þinginu en eitt er alveg ljóst að Samfylkingin mun aldrei fallast á að Dettifoss verði með

beinum eða óbeinum hætti virkjaður. Við höfum þess vegna verið að skoða hugmyndir um þjóðgarð norðan Vatnajökuls sem yrði í reynd viðbót við Vatnajökulsþjóðgarðinn sem búið er að samþykkja, þar sem tekið yrði inn flæmi upp á 4.500 km . Þar innan er að finna sjö til átta staði sem eru nefndir sem virkjunarkostir í fylgiskjali Orkustofnunar. Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að það er alveg ljóst að menn munu ekki láta af áformum um að ganga frekar á þær mikilvægu perlur sem þarna er að finna. Þess vegna tel ég að það væri lágmark af hálfu framkvæmdarvaldsins að fallast á með einhverju móti að þessi miklu flæmi, þessar miklu perlur, undur íslenskrar náttúru, yrðu teknar undir þjóðgarð og þar með verndaðar um aldur og ævi.

Herra forseti. Ég vil segja það hér að ég fagna því að í ræðu hæstv. umhvrh. í umræðu um daginn komu fram ýmsir kostir sem hún hafði kynnt ríkisstjórninni, m.a. sá kostur að framlengja Vatnajökulsþjóðgarðinn á þann veg sem ég er að ræða og ég tel það nauðsynlegt. Ég tel að menn verði að ræða þá hugmynd ítarlega og af yfirvegun. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé ákaflega mikilvægt á þessum tímamótum sem við stöndum á núna þegar við blasir hver niðurstaðan verður, m.a. vegna þess að framkvæmdarvaldið hefur lýst afstöðu sinni og hefur meiri hluta í þinginu, hvaða afstöðu það hefur til landnýtingar þarna að öðru leyti. Ég ítreka það aftur að fjölmargir virkjunarkostir eru nefndir af hálfu Orkustofnunar. Þjóðgarður sem næði t.d. norður fyrir Herðubreiðarfriðland mundi tryggja að ekki væri hægt að ráðast í Kreppu og Jökulsá á Fjöllum með þeim hætti sem fyrirhugað er til þess að búa til Arnardalslón og þar með yrði í reynd vatnasvið Jökulsár á Fjöllum friðað.

[12:01]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti sérstaka athygli mína að Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, gerði ágreining innan Samfylkingarinnar að umtalsefni í ræðu sinni, að sitt sýndist hverjum um þessi áform. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji að flokkurinn verði einhuga í að samþykkja þessar framkvæmdir með þeim skilyrðum sem hann talaði um í ræðu sinni eða hvort hv. þm. telji að Samfylkingin muni klofna í málinu og sumir greiða atkvæði með en aðrir á móti.

Allir gera sér grein fyrir að hér er um gígantíska fjárfestingu að ræða, fjárfestingu Íslandssögunnar. Hv. þm. talaði um aðhaldsaðgerðir og hefur á undanförnum árum gert sig gildandi í efnahagsumræðunni á hinu háa Alþingi. Þá langar mig að spyrja hv. þm.: Hefur hv. þm. gert sér einhverjar hugmyndir um hvers konar aðhaldsaðgerðir og af hvaða stærðargráðu þær þyrftu að vera til að koma að einhverju gagni miðað við þessa stóru fjárfestingu? Yrðum við t.d. að hætta allri annarri uppbyggingu í landinu, vegagerð, uppbyggingu skóla og þess háttar, á þeim tíma sem þetta stendur yfir?

[12:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar síðari spurningu hv. þm. er því til að svara að félagi hans í þinginu, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur lagt fram fyrirspurnir af hálfu Samfylkingarinnar þar sem einmitt er spurt eftir þessum efnum. Ástæðan fyrir því að við spyrjum eftir þeim er að við höfum ekki getað gert okkur grein fyrir því sjálf og þetta kemur ekki fram í fyrirliggjandi þingskjali.

Að því er varðar fyrri spurninguna skulda ég hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni engar skýringar á afstöðu Samfylkingarinnar. Samfylkingin er sjálfstæður stjórnmálaflokkur sem tekur ekki leiðarhnoða frá hv. þingmanni eða Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að öðru leyti. Það kemur bara í ljós við atkvæðagreiðslu og þá mun hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson verða þess vís hver afstaða Samfylkingarinnar er í þessu máli.

Að öðru leyti frábið ég mér spurningar frá félaga mínum í stjórnarandstöðunni um hvort Samfylkingin muni klofna í hinu eða þessu máli. Ég gæti ef því væri að skipta farið út í að ræða afstöðu hv. þm. og ummæli hans, m.a. um reykspúandi málmbræðslur sem hv. þm. viðhafði af öðru tilefni í fyrra. En ég ætla að spara mér það núna.

[12:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki alveg af hverju hv. þm. Össur Skarphéðinsson fyrtist við vegna þess að ég tæpti aðeins á því sem kom fram í ræðu hans. Hann lýsti því að skoðanir væru skiptar og sumir væru með og sumir á móti. Þess vegna er ekki óeðlilegt að kallað sé eftir áliti formannsins á því hvernig landið liggi í þessum málum.

Varðandi reykspúandi málmbræðslur hefur afstaða mín til stóriðjumálmbræðslna í stórum stíl alltaf legið ljós fyrir. Í 20 ára pólitísku starfi mínu norður í Eyjafirði hef ég ævinlega verið andvígur uppbyggingu á stórri málmbræðslu eins og þar var um rætt. Það er ekki ný bóla.

[12:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ættu að láta vera að fiska í gruggugu vatni í þessu máli eða öðrum. Ég gæti auðvitað, ef út í það væri farið, spurt hvers vegna hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er ekki við þessa umræðu. Hvar er hann? Af hverju er hann ekki á mælendaskrá? Af hverju er hann ekki fyrsti ræðumaður umræddsstjórnmálaflokks?

Það má auðvitað spyrja hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson: Hvernig ætlar hann að greiða atkvæði gagnvart þessu frv.? Er hann ekki flm. að frv. sem er til afgreiðslu í þinginu sem segir einmitt að þjóðin eigi að taka afstöðu í þessu máli? Ætlar hann þá að sitja hjá ef þjóðin á að ráða?

[12:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að leggja spurningu fyrir hv. 7. þm. Reykv. í tilefni af ræðu hans og ummælum sem hann hafði um úrskurð umhvrh. þegar hann kom fram. Þá mátti skilja á máli hv. þm. að hann væri sáttur við úrskurðinn og teldi hann faglegan. Nú kemur fram í máli hans að hann telur flest skilyrðin sem lögð hafa verið fram í úrskurðinum léttvæg. Er hv. þm. enn jafnsáttur við úrskurð umhvrh. og hann virtist vera í fjölmiðlum dagana eftir að hann kom fram?

Hin spurningin sem mig langar til að leggja fyrir hv. þm. varðar traust hans á hæstv. ríkisstjórn. Í máli hv. þm. kemur fram að hann sé þeirrar skoðunar að hægt sé að búa til einhvers konar þjóðgarð inni á milli virkjanamannvirkjanna. Að vísu kæmi til með að sjást til risahárra stíflna, skurða og háspennulína og mannvirkja af ýmsu tagi í þeim þjóðgarði sem væri þá kannski ekki alveg ósnortinn þjóðgarður. Í máli hans kemur fram að ríkisstjórnin virðist hafa á pappírunum einhver áform um virkjanir á því svæði sem hv. þm. vill að verði friðað. Það kemur fram í skjalinu sem við erum að fjalla um að ríkisstjórnin er með fleiri virkjanaáform norðan

Vatnajökuls. Ætlar hv. þm. að treysta hæstv. ríkisstjórn fyrir því að ekki verði skaðaðar fleiri náttúruperlur á svæðinu en þær sem verða eyðilagðar með Kárahnjúkavirkjun?

[12:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa til þess að flokkur hv. þm. hefur a.m.k. umrætt traust á hæstv. ríkisstjórn vegna þess að flokkur hv. þm. lagði fram tillögu um að menn ættu að bíða með ákvörðun um nýtingu og virkjanir þangað til fyrir lægi rammaáætlun um landnýtingu sem er unnin af hálfu framkvæmdarvaldsins og í umboði hæstv. ríkisstjórnar. Ef sú rammaáætlun hefði t.d. heimilað umræddar virkjanir ætlaði flokkur hv. þm. að samþykkja þær. Það var ekki hægt að skýra þá tillögu öðruvísi.

Ég hef ekki jafnmikið traust á ríkisstjórninni í þessum efnum og fólst í tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég er þeirrar skoðunar að henni sé ekki að treysta og þess vegna hef ég verið talsmaður þess að menn notuðu tækifærið þar sem eru ógróin sár á þjóðarlíkamanum út af þessu, reyna að græða þau, reyna að ná lágmarkssátt með því að ná þessum þjóðgarði sem mundi þá útiloka t.d. virkjun vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum. Ég tel það skipta miklu máli.

Að því er varðar síðan traust mitt á þeim úrskurði sem kom frá umhvrh. skil ég ekki alveg andann eða tóninn í spurningu hv. þm. Það liggur alveg ljóst fyrir í ummælum mínum frá upphafi að ég taldi einungis fjögur þeirra 20 skilyrða sem þarna eru lögð fram skipta einhverju verulegu máli. Ég hef endurskoðað hug minn. Ég tel einungis þrjú þeirra skipta verulegu máli.

Spurt er: Tel ég að þarna hafi verið faglega að verki staðið? Ja, allt orkar tvímælis þá gert er. Mín afstaða er pólitísk alveg eins og afstaða hv. þm. er rammpólitísk í þessu máli. Ég ímynda mér að stór hluti af því sem hæstv. umhvrh. lagði fram sé af pólitískum rótum runninn. En ég fullyrði sem gamall verkamaður í þeim víngarði sem líffræðingar erja að sá hluti sem tekur til líffræðilegra og verkfræðilegra mótvægisaðgerða er faglega unninn. Og ég vísa til ýmissa sérfræðinga um það.

[12:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist sem hv. þm. ætli að láta sér nægja það sem kemur fram í úrskurði hæstv. umhvrh., að þessar verkfræðilegu mótvægisaðgerðir séu nægilegar til að hefta fok frá lóninu.

Nú er það alveg ljóst — hv. þm. og bakgrunnur hans gerir honum auðvitað kleift að skoða þessi mál þannig að hann veit að ég fer með rétt mál — að stærsti skaðinn á miðhálendi Íslands verður í forátttuveðrum. Það liggur líka ljóst fyrir, og það má lesa út úr úrskurði umhvrh., að það er engin staðfest vitneskja um að forátttuveður þau sem geta orðið á hálendi Íslands muni ekki valda þeim skaða sem þau eru líkleg til að valda ef þessi 15 km varnargarður verður reistur. Ég lýsi því, herra forseti, vonbrigðum mínum með að hv. þm. skuli láta sér nægja þá einhliða skoðun umhvrn. að þessi varnargarður komi til með að nægja. Mér finnst líka miður að hv. þm. skuli ekki sjá ljósið í þessum efnum, ekki sjá að framkvæmd á borð við þann gífurlega varnargarð, sandgryfjur og rykbindingu og allt hvað heiti hefur í þessum verkfræðilegu aðgerðum, er svo gífurleg framkvæmd að hún ein og sér hefði auðvitað átt að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Hvernig getur hv. þm. sætt sig við að landshlutaáætlun sem þessi framkvæmd er skuli ekki metin heildstætt? Af hverju sættir hv. þm. sig við það að framhaldsmat umhvrh. skuli vera látið nægja en við fáum ekki tækifæri til að tjá okkur um málið heildstætt? Okkur hefur aldrei verið heimilað að tjá okkur um álverið, línulagnirnar og öll þessi samtengdu áhrif framkvæmdanna. Ég lýsi vonbrigðum með að hv. þm. skuli sætta sig við þetta.

[12:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram, kannski ekki af minni hálfu en a.m.k. af hálfu Samfylkingarinnar, að við erum þeirrar skoðunar að það hefði verið langbest að meta þetta allt saman. Ég þekki kannski ekki lögin um mat á umhverfisáhrifum nægilega vel en mig minnir a.m.k. að ég og hv. þm. höfum slegið saman fyrir því að slík heimild kæmi inn í lögin.

Að því er varðar síðan þessar mótvægisaðgerðir eru þær af ýmsum toga. Sú sem ég nefndi í ræðu minni hefur alveg fallið á milli en hún er að breyta forgangsröðun við fyllingu lóna sem þýðir í reynd að nota Hálslón sem varalón. Það eitt dregur úr 30% af þessu foki. Það er allnokkuð. Það er ekki bara þessi eini varnargarður, sem vafalaust orkar tvímælis eins og hv. þm. segir, heldur átta aðrar mismunandi mótvægisaðgerðir. Síðan eru líka ákveðnar líffræðilegar mótvægisaðgerðir og það er allt saman tilraunastarfsemi. Ég er alveg klár á því. Það er ekkert sem hefur verið reynt áður. Ýmislegt af því er frekar jákvætt en ég tek það alveg út fyrir sviga. Ég segi að það eru verkfræðilegu mótvægisaðgerðirnar sem skipta máli.

Hv. þm. gæti síðan komið og spurt mig: Hvað þá með lónið? Það eru auðvitað afdrif þess sem skipta máli. Ég gæti þá sagt á móti: Þarna var lón, ekki svona stórt, en þarna var lón. Þess vegna urðu gljúfrin til, sérðu til, af því að það voru lón. Síðan voru það vatnsföllin sem grófu sig í gegnum setin og sköpuðu þetta mikla gljúfur.

Hvað varðar hinn mikla foráttustorm á miðhálendinu er það þannig að ég er bara armur líffræðingur. Ég ber ekki mikið skyn á veðurfar. En ég hef lesið hvert einasta álit sem hefur komið og ég hef lesið spjaldanna á milli álit Veðurstofunnar og þar er það sagt, undirritað af veðurfræðingi sem ég ber traust til, að fyrirliggjandi veðurmælingagögn séu nægileg til að hægt sé að draga þær ályktanir sem þar eru dregnar. Það er kannski teknókratismi en ég trúi þessum sérfræðingum. Hvaða ástæðu hafa þeir til að leggja fram skoðanir sem þeir trúa ekki sjálfir?

[12:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega synd að vera að blanda sér inn í þessa umræðu þar sem stjórnarandstaðan tekst á um málið. En það voru nokkur atriði sem komu fram hjá hv. þm. sem ég vildi bregðast við.

Hann dvelur dálítið við hinn efnahagslega ávinning, hvort hann sé nægilegur o.s.frv., og kallar eftir upplýsingum. Það sem ég get a.m.k. sagt nú þegar er að reiknuð arðsemi yfir 50 ára líftíma mannvirkisins er um einu prósentustigi hærri en reiknaður fjárfestingarkostnaður Landsvirkjunar. Það segir eitthvað þó að ég ætli ekki að fara alveg út í tölur hvað það varðar. Mér finnst full ástæða til þess að iðnn. fái a.m.k. upplýsingar um hvernig farið er í þessa útreikninga þó að kannski verði erfitt að greina frá því í smáatriðum þegar nefndin verður með málið til umfjöllunar vegna þess að, eins

og menn vita, endanleg ákvörðun um það hvort farið verður í framkvæmdina verður ekki tekin fyrr en síðar á árinu.

Svo er það í sambandi við þjóðgarð sem hv. þm. talar um og þessa spurningu hvernig landið verði nýtt norðan Vatnajökuls. Hann vitnaði til greinargerðar Orkustofnunar sem gengur út á að fara yfir nánast alla möguleika. Það er það sem Orkustofnun lítur á sem skyldur sínar í störfum sínum, að draga ekkert undan, og þess vegna er Jökulsá á Fjöllum að sjálfsögðu með. Hún er með í rammaáætlun eins og við vitum þannig að það segir ekkert um hvaða pólitíska ákvörðun verður tekin. Það eru alltaf stjórnmálamennirnir sem hafa það vald, hverjir sem verða við stjórnvölinn þegar að því hugsanlega kemur að fara að fikta eitthvað við þá fögru á.

Þetta var sem sagt það sem ég vildi láta koma fram á þessu stigi. Annars þakka ég hv. þm. fyrir ræðuna.

[12:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða þess að ég dvel við nauðsyn þess að vega saman hinn efnahagslega ávinning og skemmdir sem verða á náttúrunni er að ég tel að það sé grundvallaratriði. Ég tel að ekki sé hægt að taka ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum nema gera það. Við ráðumst í framkvæmdir til þess að beisla verðmætin sem liggja í náttúrunni og við vegum ávinninginn af því á móti þeim skaða sem við völdum. Það finnst mér að sé grundvöllur þessa og er algjörlega ósammála þeim sem eru annarrar skoðunar, þar á meðal hæstv. umhvrh.

Að því er þjóðgarðinn varðar sem við hæstv. iðnrh. höfum verið að ræða þá fæ ég hnút í magann þegar ég sé þá virkjanagleði sem birtist í pappírum frá Orkustofnun og fylgja þessu þskj. Ég taldi ýmsa kosti sem þar eru taldir upp löngu aflagða. Ég rifja það upp að ég og hæstv. forseti Halldór Blöndal höfum báðir lýst yfir úr þessum stóli að það komi aldrei til greina með beinum eða óbeinum hætti að virkja Dettifoss.

Hæstv. iðnrh. var spurð í upphafi umræðunnar hvernig hún ætlaði að skapa störf fyrir ungt fólk og konur á landsbyggðinni. Þjóðgarður sem yrði byggður upp á tíu árum og tæki til átta sveitarfélaga sem yrði ráðið af heimamönnum og kostaði 2,5–3,5 milljarða mundi skapa hundruð starfa í ferðaþjónustu og 80% þeirra starfa yrðu kvennastörf. Það er því eftir nokkru að slægjast þannig að ég hvet hæstv. iðnrh. til að skoða þetta afskaplega vel þegar hún hallar sér á koddann í kvöld.

[12:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei útilokað neitt í sambandi við þjóðgarð. Ég er bara dálítið upptekin af þessari virkjun. Svo framarlega sem hún getur orðið að veruleika ætla ég ekki að útiloka að hægt verði að koma fyrir þjóðgörðum. Svæðið er alldrjúgt og stórt svæði verður ósnortið þrátt fyrir að farið verði út í þessa virkjun. Við verðum áfram með stærsta ósnortna víðernið í Vestur-Evrópu þrátt fyrir virkjunina. Það vil ég ítreka hér og ekki að ástæðulausu þó að það hafi ekki komið fram hjá hv. þm.

Hann talar um mikla atvinnusköpun í tengslum við þjóðgarða. Ekki ætla ég að bera á móti því. Ég vil samt að það komi fram að miðað við veðurfar á Íslandi geta ferðamenn notið hinnar fögru náttúru á þessu svæði ákaflega stuttan tíma. Þetta er svo stuttur tími. Það er vandamálið. Þjóðgarður er í sjálfu sér ágætis mál, en miðað við að um sé að ræða tvo mánuði, kannski þrjá, sem virkilega er hægt að fara um svæðið og skapa störf í tengslum við ferðamannaþjónustu þá erum við ekki að tala þar um sama hlutinn og í sambandi við atvinnusköpun í tengslum við Noral-verkefnið. Ég veit að hv. þm. er ekki endilega að bera þetta saman en sumir gera það.

[12:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Jafnan þegar stjórnmálamenn hætta starfa sínum og hverfa til annars hljóta þeir að horfa til baka og velta fyrir sér dagsverkinu.

Hæstv. iðnrh. hefur verið harður og skeleggur málflytjandi fyrir Kárahnjúkavirkjun. Það er mikil andstaða við hana í samfélaginu. Hún hefur ýft upp sár. Ég er hér að leggja fram hugmynd sem ég held að hæstv. iðnrh. ætti að skoða því að hún gæti orðið til þess að lægja öldurnar, græða sárin. Þegar upp er staðið gæti hæstv. iðnrh. þegar hún horfir til baka skoðað feril sinn og verið stolt af því í hjarta sínu að hafa ekki bara átt þátt í því að reisa þessa miklu virkjun sem er henni svo kær heldur líka að búa til stærsta þjóðgarð í Evrópu, sem tæki yfir mestu ósnortnu flæmin sem hægt er að finna í Evrópu. Það er þó allténd nokkuð, herra forseti.

Þegar hæstv. iðnrh. segir að tíminn sem hægt væri að nýta slíkan þjóðgarð árlega sé svo skammur ætti hún að tala við hina ágætu félaga sína í herberginu fyrir handan sem báðir þekkja nokkuð til Landsvirkjunar og Orkustofnunar. Hún ætti að fá þá til að fara með sér á snjósleða um Eyjabakkasvæðið á miðjum vetri. Það skyldi þó ekki að vera, herra forseti, að í því væri fólgin ósnortin auðlind sem við eigum eftir að beisla?

Herra forseti. Að öðru leyti er ég þakklátur hæstv. iðnrh. fyrir að hún tekur ágætlega í þessa hugmynd. Mér finnst að núna sé tækifæri til að taka ákvörðun af þessu tagi. Ef menn ætla að ráðast í virkjun, hvers vegna segja þeir þá ekki um leið: Við ætlum að vernda það sem eftir er. Við ætlum að vernda vatnasvið Jökulsár á Fjöllum en ekki láta virkjanaglaða menn ráðast í hana líka og þar með skerða Dettifoss. Það væri dagsverk sem hægt er að vera stoltur af.

[12:22]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu stærsta mál sem Alþingi fær til afgreiðslu á þessu þingi ef að líkum lætur. Frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar lýtur að nýtingu náttúruauðlinda til að byggja upp öflugt atvinnulíf á Austurlandi og snúa byggðaþróun í þeim landshluta til betri vegar, en þar hefur fólki fækkað stanslaust á undanförnum árum.

Raforkuþörf vegna væntanlegs álvers í Reyðarfirði er áætluð 3.850 gígavattstundir á ári vegna fyrri áfanga og 2.000 gígavattstundir á ári vegna síðari áfanga. Þessari raforkuþörf verður mætt þannig að vegna fyrri áfanga álversins verður reistur fyrri áfangi Kárahnjúkavirkjunar, þ.e. virkjun Jökulsár á Brú með gerð Hálslóns og einnig Fljótsdalslínum 3 og 4. Síðari áfanga álversins verður mætt með síðari áfanga Kárahnjúkavirkjunar, þ.e. virkjun Jökulsár í Fljótsdal ásamt Hraunaveitu, byggingu Bjarnarflagsvirkjunar, stækkun Kröfluvirkjunar og Kröflulínu 3.

Í framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun verður ráðist á grundvelli úrskurðar umhvrh. frá 20. des. sl. þar sem fallist er á framkvæmdina með 20 skilyrðum. Þessi skilyrði þýða að orkugeta virkjunarinnar minnkar um 210 gígavattstundir

á ári frá því sem fyrirhugað var og því er nauðsynlegt að rýmka heimildir til stækkunar Kröfluvirkjunar.

Um fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á Austurlandi hafa verið nokkrar deilur og er skemmst að minnast umræðna um Fljótsdalsvirkjun á Alþingi. Ýmsir virðast þeirrar skoðunar að yfir höfuð eigi ekki að ráðast í virkjunarframkvæmdir í þessum landshluta og gildir þá einu hvort talað er um Fljótsdalsvirkjun eða Kárahnjúkavirkjun. Ég er ósammála þessu og tel að við eigum að nýta auðlindir okkar, hvort heldur er til lands eða sjávar, innan skynsamlegra marka. Það er ein meginforsenda fyrir því að efla atvinnulífið á Austurlandi og auka fjölbreytni þess, en eins og fram hefur komið í könnunum er einhæfni atvinnulífsins meginástæða þess að fólk flytur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði mun hafa gríðarlega mikil og jákvæð samfélagsleg áhrif og skapa allt að eitt þúsund ný störf á Austurlandi við virkjunina, álverið og margháttaða þjónustu sem fylgja mun þessari starfsemi.

Fróðlegt er að kynna sér umsagnir ýmissa aðila um þessar fyrirhuguðu framkvæmdir og áhrif þeirra og eðlilegt að vitna í þessar umsagnir við þessa umræðu. Í umsögn Orkustofnunar frá því fyrr í þessum mánuði segir um kostnaðar- og rekstraráætlun Kárahnjúkavirkjunar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga um Landsvirkjun mega [samningar um orkusölu til stóriðju] ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið. Með hliðsjón af þessu og í samræmi við ákvæði 11. gr. orkulaga hefur Orkustofnun kynnt sér útreikninga Landsvirkjunar á kostnaði við ráðgerða Kárahnjúkavirkjun og rekstraráætlun hennar.

Kárahnjúkavirkjun er sérstök virkjun hérlendis að því leytinu að hún er alfarið reist til að afla orku til eins stórkaupanda. Í samræmi við framgreint lagaákvæði verður því markmiðið með orkusölunni að vera það eitt að viðhalda og helst bæta hag fyrirtækisins.

Öllum slíkum verkefnum fylgir áhætta. Því er mikilvægt að aðferðafræði við hagkvæmnismatið taki tillit til áhættuþátta og hugsanlegra breytinga á forsendum um leið og mat sé lagt á líkindi allra breytinga. Af þessum sökum hefur Orkustofnun kynnt sér sérstaklega hvernig Landsvirkjun stendur að verki í þeim efnum. Stofnunin telur aðferðafræðina vandaða og ítarlega og því séu allar forsendur fyrir hendi til þess að niðurstaða Landsvirkjunar um það hvort í verkefnið skuli ráðist byggi á traustum grunni og þar með að sú ákvörðun verði í fullu samræmi við tilvitnað lagákvæði."

Þjóðhagsstofnun sendi í síðasta mánuði frá sér umsögn um þjóðhagsleg áhrif Noral-verkefnisins miðað við að fyrri áfangi Reyðaráls með 260 þús. tonna framleiðslugetu komist í gagnið árið 2002 og hinn síðari, 130 þús. tonn, árið 2012. Miðað er við að álvers- og virkjunarframkvæmdir standi yfir á tímabilinu 2002–2013, framkvæmdir standi sem hæst á árunum 2004–2006 en 60–65% af heildarfjárfestingu verkefnisins eigi sér stað á því tímabili. Annar framkvæmdaþáttur verði á árunum 2010 og 2011 eða sem nemur ríflega 20% af heildarfjárfestingu.

Meðal helstu niðurstaðna Þjóðhagsstofnunar má nefna að vinnuaflsnotkun í framkvæmdum verði að jafnaði rétt innan við $^1/_2$% af heildarframboði vinnuafls. Mest verði vinnuaflseftirspurnin árið 2005 og gæti hún þá numið um $1\,^1/_4$% af vinnuaflsframboði. Eftir að framkvæmdum lýkur og álverið hefur náð fullum afköstum megi búast við að áhrif á viðskiptajöfnuð verði jákvæð. Miðað við óbreytt raungengi gæti útflutningur orðið um 14% meiri en annars fyrstu áratugina eftir lok framkvæmda.

Þá segir Þjóðhagsstofnun m.a. um áhrif Noral-verkefnisins á helstu hagstærðir, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun áætlar að árlegur hagvöxtur verði um $1\,^1/_2$ prósentustigi meiri á árunum 2004–2005 en í grunndæmi og lands- og þjóðarframleiðsla verði hátt í 4% hærri en í grunndæmi þegar munurinn er mestur árið 2005. Vinnuaflsnotkun í framkvæmdum á sama ári er áætluð um $1\,^1/_4$% af heildarvinnuaflsframboði. Ekki er óvarlegt að ætla að áhrif framkvæmda til minnkunar atvinnuleysis verði $^3/_4$ prósentustig þegar þær standa sem hæst en í þessari athugun er gert ráð fyrir að um 20% af vinnuafli í framkvæmdum komi til landsins gagngert í þeim tilgangi að vinna við þær.

Þegar litið er yfir framkvæmdatímabilið í heild sinni, þ.e. árin 2002–2013, má reikna með að árlegur hagvöxtur verði um 0.3 prósentustigum meiri að jafnaði en í grunndæmi. Áætlað er að þjóðarframleiðsla verði að meðaltali rúmlega $1\,^1/_2$% hærri og landsframleiðsla ríflega 2% hærri á framkvæmdatíma en í grunndæmi. Áhrif verkefnisins á hagvöxt, framleiðslustig og aðrar hagstærðir eru nokkuð mismunandi eftir árum ..."

Nýsir og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri sendu nýlega frá sér yfirlit um áhrif Noral-verkefnisins á samfélag á Miðausturlandi. Þetta yfirlit er mjög fróðlegt og sýnir glögglega hversu gífurlega þýðingu þetta verkefni hefur fyrir svæðið. Í þessu yfirliti kemur margt athyglisvert fram. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Veigamestu langtímaáhrifin verða á svæði sem í daglegu tali er nefnt Miðausturland en innan þess svæðis getur fólk með góðu móti sótt vinnu í væntanlegt álver eftir að rekstur þess hefst. Á meðan á framkvæmdum stendur mun áhrifa hins vegar gæta að nokkru um allt Austurland og Norðurland eystra.

Áhrifa Noral-verkefnisins mun gæta mjög víða í samfélaginu en þó er ljóst að tiltekin svið samfélagsins munu verða fyrir áhrifum umfram önnur. Þessi áhrif eru háð nálægð við verkefnið í tvennum skilningi: Annars vegar eru áhrifin merkjanleg vegna landfræðilegrar nálægðar. Þessi áhrif skapast til dæmis vegna umsvifa á framkvæmdasvæðum/vinnustöðum, vegna flutnings á varningi og ferða starfsfólks til og frá vinnu. Hins vegar er um að ræða félagslega nálægð þar sem tilteknir aðilar eru í miklum samskiptum við framkvæmdaaðilana/fyrirtækin eða jafnvel beinir þátttakendur í verkefninu. Einkum verður unnt að merkja áhrif á eftirfarandi svið samfélagsins: Mannfjölda, efnahag, vinnumarkað, sveitarfélög, húsnæðismál, almenna þjónustu, opinbera þjónustu, ferðaþjónustu og á samfélag og lífsstíl fólks almennt."

Það kemur enn fremur fram í þessu yfirliti Nýsis og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri að 1. desember 2001 voru um 11.800 íbúar skráðir til heimilis á Austurlandi öllu og hafði þá aðeins fjölgað um 3.300 alla 20. öld. Á sama tíma þrefaldaðist hins vegar íbúafjöldi á landinu öllu. Sé litið til síðustu þriggja áratuga hefur orðið hægfara fólksfækkun á Austurlandi. Tímabilið 1971–1979 var vaxtarskeið og íbúum fjölgaði um 10%. Áratuginn þar á eftir, 1979–1990, tók við tímabil stöðnunar og íbúum fjölgaði mjög hægt eða aðeins um 1,5%. Frá 1990 hefur íbúum á Austurlandi hins vegar fækkað um nálega 1% á ári eða samtals um rúmlega 10%.

Það kemur líka fram í þessari skýrslu Nýsis og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri að engin verkefni séu í sjónmáli á Austurlandi sem jafnist á við Noral-verkefnið hvað stærð eða áhrif varðar. Verði ekkert af verkefninu bendir margt til þess að fólki fækki áfram á Austurlandi og enn frekari stöðnunar/samdráttar gæti í atvinnulífinu þar. Sé tekið mið af íbúaþróun undangenginna ára, segir í þessari skýrslu, má búast við að íbúum á Austurlandi fækki um ríflega 2 þús. frá því sem nú er og til ársins 2010.

Þá segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi reynslu undanfarinna ára verður þó að telja ólíklegt að íbúaþróun á Austurlandi snúist við á komandi árum nema fjölbreytni náms og starfsmöguleika aukist og þjónustuþættir samfélagsins styrkist. Atvinnulíf á Austurlandi byggist enn að langstærstum hluta á landbúnaði og sjávarútvegi. Störfum í þessum atvinnugreinum hefur fækkað mikið undanfarna áratugi og fyrirsjáanlegt er að þeim muni fækka enn frekar á komandi árum."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Vegna framkvæmdanna en þó fyrst og fremst vegna reksturs álversins er gert ráð fyrir nokkurri íbúafjölgun á Austurlandi. Þar verður um að ræða allt í senn fólk sem fætt er á Austurlandi, Austfirðinga sem flytja aftur á heimaslóðir og svo fólk sem fætt er annars staðar en á Austurlandi. Fjölgunin verður fyrirsjáanlega á tveimur vaxtarsvæðum, það er að segja á Héraði og í Fjarðabyggð. Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði er talin nema allt að 1.300 íbúðum á tímabili sem nær frá árinu 2002 til og með ársins 2013 eða rúmlega 100 íbúðum á ári. Til að byggja þessar íbúðir þarf að vinna rúmlega 1.800 ársverk eða um 150 að meðaltali á ári."

Í þessari skýrslu er talað um þau störf sem til verða með þessu verkefni ef af verður, að um 610 ársverk verði í álverinu þegar það er fullbyggt og að fyrir hvert starf í álverinu muni skapast um 0,65 afleidd störf á Austurlandi eða um 400 störf. Eins og ég nefndi fyrr þá verður þarna um að ræða um 1.000 ný störf á Austurlandi þegar þessar framkvæmdir hafa átt sér stað.

Það kemur fram að ef miðað er við íbúaþróun síðustu ára megi búast við að íbúum á Miðausturlandi fækki um 300 á fimm til sex ára tímabili. Sé hins vegar litið til áhrifa Noral-verkefnisins megi búast við að íbúum svæðisins fjölgi og að þeir verði um 2.400–2.500 fleiri en ef ekkert verður að gert.

Einnig er bent á að álver á Íslandi greiði hærri laun en aðrar sambærilegar starfsstéttir fá að sjómönnum undanskildum. Hér er líka listi yfir þá menntun sem væntanlegir starfsmenn álversins þurfa að búa yfir. Um 6% væntanlegra starfsmanna verða í störfum sem ekki krefjast neinnar sérþekkingar, þ.e. ófaglært verkafólk. 72% starfa krefjast sérstaks iðn- eða fjölbrautanáms og störf sem krefjast tæknimenntunar eru 13%, störf sem krefjast tæknimenntunar á háskólastigi 5% og 4% starfanna verða störf sem krefjast akademískrar háskólamenntunar.

Margt kemur fram í þessari skýrslu, m.a. áhrif á samgöngur, ferðamennsku og slíkt og bent er á að að virkjunin muni breyta aðgengi ferðamanna að tilteknum svæðum, vegir muni batna og svæði sem áður voru aðskilin tengjast saman. Þessi áhrif koma að hluta til fram á framkvæmdatímanum en eru að sjálfsögðu til frambúðar.

Úttekt Nýsis og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri lýkur á samantekt um áhrif Noral-verkefnisins í hnotskurn. Það er athyglisverð lesning og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þann kafla:

„Fyrirhugaðar virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi munu með beinum, óbeinum og afleiddum hætti leiða til mikillar atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta á Miðausturlandi. Með Noral-verkefninu verður til ný atvinnugrein á svæðinu sem hafa mun jákvæð áhrif á margar aðrar atvinnugreinar er átt geta viðskipti við álverið og starfsfólk þess. Noral-verkefnið mun hafa áhrif á ferðamannaþjónustu og landbúnað. Í fyrra tilvikinu mun aukinn íbúafjöldi, viðskipti tengd framkvæmdum, bættar samgöngur og bættur hagur fólks auka eftirspurn eftir margvíslegri hótel- og veitingaþjónustu, útivist og afþreyingu sem aðilar í ferðaþjónustu njóta góðs af. Atvinna tengd álverinu mun einnig auka möguleika fólks sem starfar í ferðaþjónustu og landbúnaði á viðbótartekjum en atvinna í þessum tveimur greinum gefur almennt lágar tekjur og er árstíðabundin.

Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar að rekja til þess að ungt fólk sækir burt til náms og í leit að áhugaverðum og vel launuðum störfum. Bein, óbein og afleidd áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki sem á rætur á Miðausturlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Skoðanakönnunin sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir Reyðarál hf. sýnir að 40% 18–28 ára fólks á Miðausturlandi hefur örugglega eða líklega áhuga á að starfa í álverinu og að 17% brottfluttra Austfirðinga 25–49 ára telur líklegt að þeir muni flytja aftur til Austurlands ef álver rís á Reyðarfirði.

Fyrirhugað álver og tengd starfsemi mun leiða til samgöngubóta, bættrar grunngerðar og aukinnar þjónustu, til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins. Bætt afkoma fólks og fjölgun íbúa mun leiða til öflugra menningar- og félagslífs á svæðinu og styrkja starfsemi stofnana, samtaka, félaga og hópa sem starfa á þessu sviði.

Ef verkefnið verður framkvæmt eins og áformað er mun verða til samfélag á Miðausturlandi sem byggir afkomu sína á tveimur meginstoðum, það er álframleiðslu og sjávarútvegi. Mikilvægast er hins vegar að verkefnið mun leiða til þess að samfélag sem nú einkennist af stöðnun og samdrætti í atvinnulífi mun eiga þess kost að breytast í samfélag uppgangs og athafnasemi."

Það er líka ástæða til að minna á skýrslu sem bæjarstjórinn á Akranesi hefur sent frá sér um áhrif stóriðju á Akranes, hvernig hin mikla uppbygging á Grundartanga hefur haft áhrif á nágrenni sitt. Það er athyglisverð lesning og sýnir að sú starfsemi hefur haft afskaplega jákvæð áhrif á mörgum sviðum, ekki síst hvað varðar íbúaþróun sem var snúið úr fækkun í fjölgun. Umhverfismál eru þar til mikillar fyrirmyndar. Þessi fyrirtæki eru í mikilli sátt við umhverfi sitt og eru til fyrirmyndar í öllum samskiptum við nágrenni sitt. Þetta er mjög fróðleg skýrsla og athyglisverð. Þótt hún kannski tengist ekki beint virkjuninni fyrir austan er ég að ræða um þau áhrif sem þessi virkjun mun hafa á samfélagið á Austurlandi því mér finnst það skipta meginmáli í sambandi við umræður um þessa fyrirhuguðu virkjun hvernig hún mun virka á umhverfi sitt. Kannanir sem hafa verið gerðar eru mjög athyglisverðar og sýna eindreginn stuðning á Austurlandi við þessar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir og álverið. Það skiptir auðvitað miklu máli að heimamenn séu bærilega sáttir við þær framkvæmdir.

Ég held að þessar umsagnir sem ég vitnaði í sýni glöggt

hversu gífurlega þýðingu Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði munu hafa á samfélagið á Austurlandi. Ég tel því fulla ástæðu til að fagna þessu frv. og vona að af þeim framkvæmdum sem hér er lagt til að verði farið í verði sem allra fyrst.

[12:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnaði í upphafi máls síns í umsögn Orkustofnunar sérstaklega þar sem fram kemur að Kárahnjúkavirkjun sé sérstök að því leyti að hún er alfarið reist til að afla raforku til eins fyrirtækis.

Einnig kemur fram í þessari umsögn að um er að ræða áhættufjárfestingu, en Orkustofnun er sannfærð um að vinnubrögð Landsvirkjunar séu mjög fagleg. Allt þetta tíundaði hv. þm. En hann sleppti einni setningu þar sem fram kemur að Orkustofnun líti ekki á það sem sitt hlutverk að meta arðsemina, en um hana snýst heila málið. Hv. þm. benti okkur réttilega á að við værum að fjalla um stærstu fjárfestingu Íslandssögunnar. Ef við getum ekki fjallað um þessa grundvallarforsendu, arðsemina sem hagfræðingar eru að deila um — margir telja að sú forsenda sé ekki fyrir hendi — er þá hægt að ætlast til þess að Alþingi taki afstöðu til málsins áður en þeir grunnþættir liggja fyrir? Er hægt að ræða þessi mál af nokkru viti hér nema þessar grundvallarforsendur um arðsemi þessara framkvæmda liggi fyrir?

[12:42]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því hefur verið marglýst yfir bæði af ríkisstjórn og eigendum Landsvirkjunar að í þessar framkvæmdir verði ekki farið nema arðsemi sé fyrir hendi. Það hefur verið margítrekað á Alþingi. Að sjálfsögðu verður farið yfir þessa þætti í vinnu iðnn. þegar hún fer að vinna að þessu frv., vonandi í næstu viku. Þá verður það auðvitað eitt af því sem menn munu fara yfir, þ.e. arðsemin.

Ég ítreka að því hefur verið marglýst yfir af öllum sem um þetta mál fjalla, ríkisstjórn, eigendum Landsvirkjunar og öllum aðilum að í þessar framkvæmdir verði ekki ráðist nema arðsemi sé fyrir hendi. Ég taldi ástæðu til að benda á það sem Orkustofnun sagði í umsögn sinni, að hún telur að allar forsendur séu fyrir hendi til að niðurstaða Landsvirkjunar um hvort í verkefnið skuli ráðist byggist á traustum grunni og þar með að sú ákvörðun verði í fullu samræmi við lagaákvæðið. Auðvitað verður ekki ráðist í þessar framkvæmdir nema við séum sannfærð um að arðsemi sé fyrir hendi. Því getur hv. þm. treyst.

[12:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt hv. þm. sem með atkvæði sínu á að taka afstöðu til þessa máls. Ég er að auglýsa eftir þessum grunnforsendum til að ég geti m.a. mótað afstöðu mína. Okkur er sagt að við fáum ekki um þetta upplýsingar. Í minnisblaði sem kom frá Landsvirkjun á sínum tíma og hefur ítrekað komið frá þeirri stofnun er sagt að helstu forsendur samninga séu viðskiptaleyndarmál og við höfum ekki aðgang að slíkum viðskiptaleyndarmálum. En á sama tíma er ætlast til þess að Alþingi Íslendinga taki afstöðu í þessu mikla máli án þess að við fáum að vita um grundvallarforsendur þess.

Hér koma hv. þingmenn meiri hlutans upp hver á fætur öðrum og lesa úr og vitna í álitsgerðir aðskiljanlegra fyrirtækja sem ekki hafa skoðað þessar forsendur. Ég spyr: Hvað vegur hér þyngra, pólitísk afstaða manna eða fagleg skoðun á þessu máli? Ég er síður en svo að efast um heiðarleika hv. þingmanns og vilja hans til að brjóta þetta mál til mergjar. En ég er að segja að við höfum ekki forsendur til að ræða hinn efnahagslega þátt af nokkru viti án þess að þessar grundvallarstærðir séu lagðar á borðið. Það hefur ekki verið gert. Það hefur ekki verið gert í þessu frv., í álitsgerðum eða neinum þeim gögnum sem við höfum fengið í hendur.

[12:45]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. segir að við séum að taka afstöðu til málsins vek ég athygli á því að þetta mál er hér til 1. umr. og hv. þm. veit auðvitað hvernig mál ganga fyrir sig í þinginu. Þau eru tekin til 1. umr. Síðan fara þau til nefnda. Þar er málið krufið til mergjar og farið yfir allar forsendur. Auðvitað verður það gert í þessu máli eins og öllum öðrum. Ég held að það sé ekki vaninn hér við 1. umr. að þylja allar slíkar forsendur í smáatriðum. Það er gert í starfi nefndarinnar. Síðan kemur málið inn í þingið aftur til 2. umr. og þá taka menn afstöðu.

Ég er hins vegar alveg sannfærður af því sem ég hef kynnt mér þetta mál — ég ætla ekki að vitna í slík samtöl hér — ég er alveg sannfærður um að þetta er hið besta mál og á eftir að verða að veruleika.

Málið fer sem sagt til iðnn. Iðnn. bíður mikið verkefni við að skoða þetta mál og mun gera það að sjálfsögðu af mikilli samviskusemi eins og önnur mál.

Af því að hv. þm. nefndi að ég væri að lesa upp úr álitsgerðum þá er það alveg rétt að ég tek mark á áliti Orkustofnunar, áliti Þjóðhagsstofnunar og áliti Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og Nýsis. Þetta er mjög gott innlegg í málið og í þessum álitsgerðum kemur fram hversu gríðarlega miklu þessi framkvæmd skiptir fyrir samfélagið á Austurlandi.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að við höfum pólitíska afstöðu til stóriðjumála. Við erum ekki sammála þar, ég og hv. þm. Hann hefur allt aðrar skoðanir en ég á þeim málum. Ég virði skoðanir hans og hann vonandi mínar. Við höfum á undanförnum mánuðum og árum verið ósammála um þessi mál og ég býst við að það verði ekki mikil breyting á því.

[12:47]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Hjá hv. þm. kom fram að frv. væri ætlað að treysta byggð á Austurlandi og að málið í heild fengi víðfeðman stuðning frá heimamönnum. Ég get bætt því við að það fær mikinn stuðning frá mörgum sveitarstjórnarmönnum og sérstaklega í Fjarðabyggð.

Ég spyr á móti: Hvað eiga heimamenn og sveitarstjórnarmenn að gera í þeirri stöðu sem þeir búa við í dag? Hvert er valið? Hver er byggðastefna núverandi ríkisstjórnar? Hvernig á að treysta hinar dreifðu byggðir? Hvernig á að treysta byggð á Vestfjörðum, á Austurlandi? Við höfum fengið kynningu í gegnum netið á fyrirhugaðri tillögu að byggðaáætlun. Ég sé ekki í fljótu bragði að í þeirri byggðaáætlun sé stórhuga uppbygging á Austurlandi. Það vísar allt til þessara stórframkvæmda sem eiga að vera mesta innlegg allra tíma í styrkingu byggðar. Ég spyr: Hvernig má búast við því að íbúar svæðis eins og Austurlands þar sem íbúafækkunin hefur verið gífurleg á undanförnum árum, og á Vestfjörðum, bregðist öðruvísi við en að taka undir það eina sem á að gera? Er nokkuð annað í boði? Ég lýsi eftir byggðastefnu hæstv. ríkisstjórnar.

[12:49]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er ekki byggðastefna að búa til 1.000 ný störf í einum landsfjórðungi veit ég ekki hvað byggðastefna er. Hv. þingmenn Vinstri grænna koma hér aftur og aftur og segja: Hvað á að gera fyrir Vestfirði? Hvað á að gera fyrir þennan stað og hinn? Það er auðvitað alveg rétt að þetta verkefni leysir ekki mál allrar landsbyggðarinnar, en það skiptir auðvitað gríðarlegu máli að fá þessi fjölmörgu nýju og fjölbreyttu störf inn í landshlutann. Er það ekki byggðastefna?

Ég þekki það vel frá Vesturlandi hvernig stóriðjan þar hefur lyft svæðinu, suðurhluta Vesturlandskjördæmis, lyft þessu svæði, bæði Akranesi, sveitunum í kring og Borgarnesi. Ástandið þar er allt annað en það var áður. Þetta er byggðastefna þó að hún taki ekki til alls landsins, þetta eina verkefni. Byggðamálin ræðum við svo væntanlega í næstu viku.

Af því að hv. þm. talaði um vilja Austfirðinga vil ég, með leyfi forseta, vitna í skoðanakönnun sem gerð var og sýndi að 75% ungra Austfirðinga á aldrinum 18–28 ára eru hlynntir álverinu og að 40% fólks á þessum aldri á Miðausturlandi hafa áhuga á að starfa í álverinu auk þess sem 17% brottfluttra Austfirðinga á aldrinum 20–49 ára telja líklegt að þau muni flytja aftur austur þegar álverið rís í Reyðarfirði. Forustumenn sveitarfélaga, atvinnurekendur og fulltrúar stéttarfélaga hafa lýst miklum áhuga á þessu verkefni og vilja samstarf um að hámarka jákvæð áhrif þess. Vilji heimamanna er ótvíræður þannig að ég spyr hv. þm.: Hvað annað en þetta verkefni er hún með í sigtinu? Hún hefur að vísu lagt fram tillögu um að setja 400 millj. í atvinnulífið á Austurlandi og ekki getað útskýrt hvernig eigi að fara með þá peninga. Hér er alvörudæmi á ferðinni og auðvitað eigum við að fagna því að með þessum öfluga hætti skuli eiga að lyfta atvinnulífinu á Austurlandi og fjölga þar fólki.

[12:51]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki kom byggðastefna ríkisstjórnarinnar fram í þessu svari og ekki mun álver á Austurlandi styrkja byggð á Vestfjörðum. Á þá að koma önnur stóriðja á Vestfjörðum? Hvernig styrkir álver á Reyðarfirði jaðarbyggðina á Austurlandi? Hvernig styrkir hún byggð á Vopnafirði þegar ekki eru jarðgöng undir Hellisheiði á milli Vopnafjarðar og Héraðs og þessa atvinnusvæðis sem tengist álverinu? Þegar við komum svo sunnar, hvernig treystir þetta byggð á Djúpavogi?

Það er þarna ákveðinn kjarni sem vonir standa til að byggð treystist á. Það skapast störf í þessu álveri ef það verður reist og það er byggðastefnan. Ég er ekki að gera lítið úr þeim störfum sem skapast í álverinu, síður en svo. En mér finnst þetta ekki vera sú framtíðarsýn sem ætti að stefna að, hvorki fyrir Austfirðinga né aðra, þ.e. álver eða dauða. Það er ekkert annað. Fólk hefur ekki val. Það stendur frammi fyrir þessum eina valkosti og engu öðru. Engar breytingar eru fyrirsjáanlegar í sjávarútvegsstefnunni. Engar breytingar eru sjáanlegar í landbúnaðarstefnunni. Lítill hugur kemur fram varðandi stuðning við aukningu á frekari úrvinnslu í matvælaiðnaði o.s.frv. Hvað á fólk að gera? Það er ekkert val hjá Austfirðingum og því eru svörin eins og þau eru.

[12:53]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Engin breyting á sjávarútvegsstefnunni, engin breyting á landbúnaðarstefnunni, segir hv. þm. Í þessum greinum hefur fólki fækkað mjög mikið. Gríðarleg hagræðing hefur orðið í fiskvinnslunni eins og við þekkjum öll og hún hefur leitt til stórfækkunar starfa þar. Það er ekki fyrirsjáanlegt að við munum á næstu árum veiða meira en við gerum í dag. Þó að við breyttum sjávarútvegsstefnunni eða kvótakerfinu eru ekki líkur á að fiskveiðiráðgjöfin verði hækkuð, þ.e. að okkur verði heimilað að veiða meira. Það eru ekki líkur á því, því miður, að mikið af störfum sé að fæðast í þeim greinum. Það er frekar að þeim haldi áfram að fækka með aukinni hagræðingu. Fyrirtækin í þeim greinum verða að hagræða til þess að lifa af.

Hv. þm. spyr hvort ég vilji aðra stóriðju á Vestfjörðum. Ég mundi mjög gjarnan vilja það og vona að að því komi að við finnum eitthvert slíkt verkefni fyrir Vestfirðinga.

Svo spyr hv. þm. hvernig þetta álver eigi að styrkja byggð á Djúpavogi og einhverjum fleiri stöðum þarna í kring. Þá ætla ég að segja hv. þm. að álverið á Grundartanga og járnblendiverksmiðjan styrkja byggð um allt Vesturland, alveg vestur í Stykkishólm sem er ekki í neinu skotfæri við þessa starfsemi. Þar eru fyrirtæki sem þjónusta álverið í stórum stíl. Ég veit ekki betur en Skipavík í Stykkishólmi hafi verið að vinna að 100 millj. kr. verkefni nýlega, og munar um minna fyrir slíkt fyrirtæki.

Staðreyndin er líka sú að stóriðjan borgar hærri laun en aðrar greinar að fiskveiðum undanskildum og störf við þessi fyrirtæki eru gríðarlega eftirsótt. Á annað þúsund manns sóttu um störf þegar Norðurál á Grundartanga hóf starfsemi. Meðalstarfsaldur í þessum fyrirtækjum er miklu hærri en gerist og gengur í öðrum atvinnurekstri á Íslandi þannig að ég verð að segja, hæstv. forseti, að þessi endalausa andstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við stóriðju lyktar svolítið af trúarbrögðum en ekki því að menn vilji líta á staðreyndir.

[Fundarhlé. — 12:56]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, 512. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 807.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 502. mál, frv. PHB, þskj. 794.

Leiðir til að jafna lífskjör fólks og rekstrar- og samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni, 507. mál, þáltill. KLM o.fl., þskj. 799.

NATO-þingið 2001, 510. mál, skýrsla ÍÞNAA, þskj. 803.

VES-þingið 2001, 509. mál, skýrsla VES, þskj. 801.

[13:31]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fjótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Þetta frv. miðar að því að leggja grunn að stærstu framkvæmdum Íslandssögunnar. Hér er um að ræða að virkja Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal upp á 750 megavött til þess að standa straum af raforkuframleiðslu fyrir álver í Reyðarfirði.

En það er alveg ljóst, virðulegi forseti, og ég vil hefja mál mitt á því, að þessi virkjun er ekki nægjanleg fyrir þetta

verkefni. Fyrir heildarverkefnið vantar um 100 megavött sem þarf að sækja annað og þess vegna er hnýtt aftan í þetta frv. til laga heimild til að stækka Kröfluvirkjun um allt að 220 megavött. Við erum að tala um stærstu fjárfestingu Íslandssögunnar og inn í þetta frv. vantar í raun og veru allt sem þetta verkefni þarf að byggja á. Hér er frv. lagt þannig upp að verkefnið er tekið sem einstök eining án þess að menn fari í heildstætt mat á því hvert við erum að stefna í raforkuframleiðslu í landinu, hvaða möguleikar eru o.s.frv. Það er t.d. alveg ljóst að í Þingeyjarsýslum hafa menn litið vonaraugum til möguleika á orkuframleiðslu á því svæði, t.d. í Bjarnarflagi, á Kröflusvæðinu, á Þeistareykjasvæðinu og jafnvel í Kelduhverfi til að framleiða orku sem yrði grunnur að atvinnuuppbyggingu á því svæði, að vísu í miklu minni mæli en hér er talað um.

Núna er lagt upp með það að orku verði aflað á þessu svæði með tilheyrandi línulögnum austur á land því að enn vantar, eins og ég sagði áðan, um 100 megavött til að dæmið geti gengið upp með Kárahnjúkavirkjun einni til að mata álverið í Reyðarfirði. Þetta er umhugsunarefni vegna þess, eins og ég sagði, að menn töldu á hinum svæðunum að þeir ættu gríðarlega möguleika til einhvers konar atvinnuuppbyggingar sem þyrfti á mikilli orku að halda, heima og nær sér. Á þessum svæðum, t.d. í Blöndudal og Húnavatnssýslum, hafa menn slæma reynslu af slíku eins og þegar Blönduvirkjun var virkjuð upp á 150 megavött. Hún gagnast héraðinu sáralítið vegna þess að orkan er send til þess að bræða ál annars staðar, suður á land, og verður til sáralítillar atvinnusköpunar í Húnavatnssýslum eins og menn höfðu þó bundið vonir við. Þess vegna vil ég draga þetta fram, það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur. Við megum ekki taka eitt dæmi út fyrir sviga og vaða áfram í áformum okkar um uppbyggingu á álbræðslum án þess að hafa heildarmynd af því hvert við ætlum að stefna.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt allt kapp á að sett verði upp rammaáætlun fyrir hugsanlega raforkuframleiðslu í landinu með vatnsafli og jarðvarma þannig að við gætum tekið á þessum málum heildstætt en ekki eins og lagt er til í frv. Það er í raun og veru lagt upp eins og hvert annað einkafyrirtæki óháð því sem við erum kjörin til að standa vörð um, óháð samfélagslegum áhrifum. Ég held að þar standi hnífurinn í kúnni, menn hafi ekki sést fyrir í þessu máli.

Það sem vantar í frv. er öll undirbygging varðandi hagfræðileg áhrif. Þau hafa hvergi verið sett fram og menn vita ekkert hvar þeir standa varðandi hagfræðileg áhrif þessara framkvæmda. Við höfum ekkert fengið í hendurnar sem sýnir hvernig virkjunin á að renta sig og við höfum ekkert fengið í hendurnar um heildaráhrif á samfélagið hvað varðar t.d. þenslu, verðbólgu og þess háttar. Aðeins er lagt upp með áætlanir eða spár um hvað þetta geti aukið hagvöxt og þjóðarframleiðslu. Hagfræðileg áhrif eins og t.d. að standa að mótaðgerðum vegna þessarar innspýtingar á fjármagni liggja ekki fyrir þó að margsinnis hafi verið beðið um þau gögn í þinginu. Engin áætlun liggur fyrir um hvar þurfi að draga úr opinberum framkvæmdum í landinu á þessu sjö ára tímabili á móti ef við eigum ekki að missa allt efnahagslega úr böndunum. Það hlýtur að verða grundvöllur að ákvarðanatöku um svona verkefni að menn viti hvar þeir standa í því efni.

Staða Rariks og staða orkuöflunar, framleiðslu og dreifingar í landinu er á sama hátt engan veginn sett í samhengi við þetta verkefni. Nú vitum við að Rarik kaupir raforku af Landsvirkjun, u.þ.b. 93% af því sem Rafmagnsveitur ríkisins þurfa til að standa straum af orkudreifingu um hinar dreifðu byggðir, og við höfum ekki fengið nokkurt yfirlit yfir væntanlega stöðu Rariks í framhaldi af svona ákvarðanatöku. Menn höfðu bundið vonir við og til eru skýrslur þar að lútandi að ef Landsvirkjun byggði upp miðað við aukningu og þörf í landinu, miðað við venjulega iðnaðaruppbyggingu o.s.frv., gæti Landsvirkjun orðið skuldlaus á næstu 16 árum. Það leiðir hugann að því að ef ekki er farið út í svona stórkostlegar framkvæmdir, stórkostlega uppbyggingu, hvar liggur ávinningurinn t.d. úti í samfélaginu af lækkun á raforkuverði vegna afskrifta á skuldum Landsvirkjunar sem þá gæti farið að selja rafmagnið á lægra verði inn á allan okkar iðnað og allt okkar heimilishald? Við höfum ekkert fengið um svona þrátt fyrir að um það hafi verið beðið.

Auðvitað væri það stórkostlegur hagvaxtarauki ef Landsvirkjun gæti á næstu 16 árum afskrifað skuldir sínar og lækkað raforkuverðið verulega til allra neytenda í þessu landi og þar með alls iðnaðar landsmanna. Þetta er uppgjör sem verður að fara fram og þetta verður að skoða í heildarsamhengi við það. Þetta frv. byggir á því að Landsvirkjun geri þetta. Þetta eru því opinberar framkvæmdir þó að stjórn yfir fyrirtækinu sé sjálfstæð. Það liggur alveg fyrir að ríkið á 50% í Landsvirkjun og Akureyrarbær og Reykjavík eiga restina þannig að það eru opinberir aðilar sem hér eru að fara í framkvæmdir. Fyrir bara þremur árum var ævinlega talað um að Kárahnjúkavirkjun eða virkjanir fyrir austan yrðu sjálfstæð fyrirtæki utan við þá orkuframleiðslu sem er í landinu þannig að stofnað yrði hlutafélag um orkuöflun fyrir hugsanlegt álver á Reyðarfirði og það hefði á engan hátt áhrif á það sem gerðist í raforkukerfinu annars staðar í landinu. Með því fyrirkomulagi eygðu menn möguleikana á að afskrift af skuldum Landsvirkjunar mundi í framtíðinni leiða til þess að orkuverð yrði lægra til notenda hér innan lands, bæði til iðnaðarins og heimilisnota.

Miðað við núverandi upplegg, að Landsvirkjun fari í framkvæmdirnar á eigin forsendum, á eigin spýtur, sýnist mér við 1. umr. að girt sé fyrir möguleikana á því að lækka orkuverð stórkostlega til okkar fólks. Það er dapurleg staðreynd vegna þess að við þyrftum ekki einvörðungu að lækka orkuverðið til iðnaðarins og eygja möguleikana á því heldur þyrftum við einnig að skapa möguleika fyrir því að þau fyrirtæki sem nú þegar reka sig á jarðefnaeldsneyti og orkuframleiðslu á grunni jarðefnaeldsneytis færu yfir í innlenda orkugjafa. Jafnvel bara á höfuðborgarsvæðinu eru dæmi um að stór fyrirtæki séu með allt að tveggja megavatta afl til að reka sig í næsta nágrenni allra háspennulínanna sem koma inn á höfuðborgarsvæðið. Það er þessi heildarsýn sem við höfum talað fyrir hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og þess vegna teljum við svo mikilvægt að allir virkjunarmöguleikar séu kortlagðir og síðan förum við í þá vinnu að takast á um það hvernig við viljum nýta þessa orku. Í mínum huga er það engum vafa undirorpið að svona stór högg, svona stór verkefni, eru ekki sú leið sem hentar landinu okkar. Ég held að ég eigi mörg skoðanasystkini í því að þegar við tölum um hinar dreifðu byggðir horfir fólkið þar auðvitað til þess að í minna mæli og smærri verkefnum geti orkan sem er til í iðrum jarðar eða í fallvötnunum heima fyrir nýst til smærri verkefna sem eru tengd svæðunum í staðinn fyrir að fara landsvæðanna á milli, vatnasviðanna á milli, til að framleiða orku til að fóðra stóriðjuver sem er staðsett á einum stað á landinu.

Þetta er grafalvarlegur hlutur. Við erum ekki aðeins að sækja auðlindirnar landshornanna á milli heldur erum við að breyta vatnasviðum. Það er alls staðar í heiminum talin mjög alvarleg og afdrifarík ákvörðun ef menn fara að seilast yfir vatnasvið og færa eina á yfir í aðra. Af því hafa margar hörmulegar afleiðingar orðið víða um heiminn þar sem menn hafa gert slíkt.

Rammaáætlunin er grundvallaratriði en það sem maður hnýtur um í fylgiskjölum með þessu frv. er að óhuggulegt sé til þess að vita að í raun og veru er með þessu frv. búið að setja upp eins konar rammaáætlun að virkjunarmöguleikum í landinu til næstu 12 ára.

Á bls. 24 í frv. eru taldar upp 27 virkjanir eða stækkunaráfangar virkjana. Auðvitað verður að líta á þetta frá opinberum aðilum sem eins konar rammaáætlun en þetta er ekki nálægt því útrætt. Þarna inni eru hlutir sem ég hélt að væru löngu komnir út af borðinu. Þarna eru virkjunarkostir eins og stækkun á Laxá, stækkun á Kröflu sem ekki hefur komið á óvart, Búðarháls sem er í gangi, Norðlingaölduveita sem er mjög umdeild, Bjarnarflag, Reykjanes, 1. áfangi, Villinganes, Fljótsdalsvirkjun, Skaftárveita sem er mjög umdeilt mál út frá náttúruverndarsjónarmiðum, Urriðafossvirkjun, Núps- og Búðafossvirkjun, Hellisheiði, 1. áfangi, Grændalur, Krafla, Kárahnjúkavirkjun, Þeistareykir, Hólmsá, Reykjanes, 2. áfangi, Skjálfandafljót, Hellisheiði, 2. áfangi, Markarfljót, Þeistareykir, 2. áfangi og Hellisheiði, 3. áfangi.

Þarna eru komnar upp eins og ég segi, ég held að ég hafi tíundað það, 27 virkjanir og stækkunaráfangar virkjana. Auðvitað er þetta gert á grunni þess sem ríkisstjórnin stefnir að vegna þess að við gerum okkur öll grein fyrir því að það er mikil ásókn frá stóriðjufyrirtækjum í þann mengunarkvóta sem Íslendingar hafa samið um — undanþágurnar vegna mengunar. Þess vegna er keyrt áfram bara á grunni stóriðjuáforma. Það er alveg augljóst í þessu plaggi hvernig þetta er sett upp.

Virðulegi forseti. Við erum andvíg þessum vinnubrögðum. Við viljum sjá að hér sé byggður upp iðnaður sem er í minni skala og hentar okkar samfélagi. Stórkostleg uppbygging af þessu tagi, fjárfesting Íslandssögunnar með öllum þeim hliðarafleiðingum sem hún framkallar, hentar ekki Íslandi að okkar mati í dag. Við munum kalla eftir því í nefndinni — ég sit í hv. iðnn. — ég mun leggja mig fram um að kalla fram nauðsynlegar upplýsingar: Hvaða afleiðingar hefur þetta fyrir raforkuframleiðsluna og dreifinguna eins og hún er í dag? Hvaða afleiðingar hefur þetta t.d. hvað varðar nýja tilskipun Evrópusambandsins um orkuöflun, orkudreifingu og ný orkulög? Hvaða afleiðingar hefur þetta á móti núverandi möguleika, að við afskrifum Landsvirkjun á 16 árum og lækkum orkuverðið til fyrirtækjanna okkar? Það er grundvallaratriði. Sú staðreynd að afskriftirnir gætu átt sér stað á 16 árum og veruleg lækkun gæti orðið á raforkuverði til þess iðnaðar sem nú þegar er starfræktur í landinu, ég tala ekki um til heimilanna, gæti aldeilis framkallað hagvöxt og bætt kjör allra, ekki bara í einum landsfjórðungi.

Það er ekkert launungarmál að allur okkar iðnaður, sérstaklega hann, biður um lækkað orkuverð. Loðnubræðsla úti á landi þarf að greiða 5–8 kr. á kílóvattstundina vegna iðnaðar síns. Hversu mikla innspýtingu í efnahagskerfið á hinum ýmsu póstum gætum við ekki séð ef þessi afskrift Landsvirkjunar og lækkað orkuverð stæðu landsmönnum til boða? Það er svo augljóst að þetta er valkostur sem verður að skoða mjög alvarlega í stöðunni.

Kárahnjúkavirkjun með álbræðsluverkefninu á Reyðarfirði byggir, eins og þetta er sett upp, á hefðbundinni áframhaldandi uppbyggingu sem leiðir ekki til lækkunar á orkuverði til almennings í næstu framtíð. Það gefur augaleið gagnstætt því sem Jóhann Hafstein forsrh. sagði á sínum tíma þegar áform voru um að byggja fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar og álbræðsluna í Straumsvík. Þá sáu menn fram á að með því að byggja þarna upp og fara í þessa stóriðju gætu landsmenn á allra næstu árum vænst þess að fá jafnvel ókeypis rafmagn inn á heimilin og í iðnað landsmanna þegar afskrift virkjunarinnar hefði átt sér stað. Þannig hugsuðu menn þá. En augljóslega ætla menn að halda áfram að samtengja framleiðslu Landsvirkjunar, Landsvirkjun sem fyrirtæki og Íslendinga alla inn á þetta kerfi þannig að hægt verði að selja orkuna ódýrt inn í þetta stóra fyrirtæki. Engin gögn hafa komið fram um að þetta sé hagkvæmasta leiðin fyrir okkur Íslendinga hvað varðar uppbyggingu og stuðning við iðnaðinn. Engin gögn. Það hefur nefnilega ekki verið farið ofan í þetta á þeim nótum.

Virðulegi forseti. Við krefjumst þess að þessi vinna verði framkvæmd. Við krefjumst þess að farið verði í rammaáætlunina, taldir upp virkjunarkostir, tekin ákvörðun um hvað við viljum friða núna. Það gengur ekki að menn séu hvað eftir annað að fara í plöggum inn í og gera áætlanir um eitthvað sem ekki er búið að taka ákvörðun um, eins og listinn yfir virkjunarkostina og stækkunarmöguleikana sýnir augljóslega. Enn hefur ekkert verið tekist á um hvaða möguleika menn vilja setja algerlega út af borðinu.

Menn eru svo kokhraustir hér að það er farið að tala um virkjun Dettifoss sem ég hélt að væri algjör samstaða um að virkja ekki. Hvað er þá langt í að farið verði að tala um að virkja Gullfoss? Ég hélt að menn stæðu algjörlega saman, og held enn, um að hann yrði ekki virkjaður. En hvað með Skaftá? Það er mjög umdeilt mál. Skaftá er á listanum.

Hvernig ætla menn að vinna þetta? Ætla áhugasamir menn um uppbyggingu á álbræðslu, sem sagt stjórnarmeirihlutinn, að segja þegar næsti möguleiki á slíkri bræðslu birtist: Skítt með allt mat, umhverfismálin skipta engu máli? Þeir vilja koma, þeir vilja orku og við verðum að sinna þeim. — Svona finnst manni vinnubrögðin vera.

Virðulegi forseti. Svona vinnubrögð ganga ekki. Það eru aðrir möguleikar í stöðunni og útreikningar sem byggja á þessum grunni, um þetta fyrirtæki, um hagvöxt, útflutningstekjur o.s.frv., byggja á mati á þessu eina dæmi en enginn þarf að ímynda sér að landsmenn leggi árar í bát. Ef þetta verður ekki gera þeir væntanlega eitthvað annað. Það sýnir sagan og þá verður hagvöxtur þar líka.

[13:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. talaði gegn þessu verkefni en mér er efst í huga á þessari stundu hvar við værum stödd ef við hefðum aldrei farið út í stóriðjuframkvæmdir á Íslandi. Þá hefði ekki verið farið út í að tengja raforkukerfi okkar með byggðalínu og þar fram eftir götunum. Grundvöllur að hagsæld okkar í landinu á síðustu áratugum stafar náttúrlega af því að teknar voru afdrifaríkar ákvarðanir um uppbyggingu Ísals og virkjanaframkvæmdir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu í því sambandi. Ég held að hv. þm. ætti að taka undir það með mér þó að hann gerði ekki meira en það.

Hann talar mikið um raforkukerfið sem slíkt og telur að þetta hafi áhrif á stöðu Rariks sem er ótengt mál. Hann hefði óskað þess, heyrist mér, að stofnað yrði sérstakt fyrirtæki til að selja álverksmiðjunni á Reyðarfirði raforku en það er ekki raunhæft. Það hefði verið mjög óhagstætt fjárhagslega og þess vegna er niðurstaðan sú að Landsvirkjun tekur að sér verkefnið. Það er lögbundið og það er hlutverk iðnrh. að heimila ekki virkjunina nema að ljóst sé að það hafi ekki áhrif á rafmagnsverð til almennings. Ég held því fram að umframarður Landsvirkjunar vegna þessa verkefnis auki líkurnar á að hægt verði að lækka raforkuverð til almenningsnotkunar. Þetta sem hv. þm. er að segja stenst því ekki og hann gefur sér rangar forsendur í öllum útreikningnum og allri röksemdafærslunni.

Svo talar hann um atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum sem er að sjálfsögðu mikilvægt mál en það er stefna ríkisstjórnarinnar að nýta orkuna sem næst upptökum sínum og þess vegna er allt verkefnið sem við erum að tala um núna bundið við Austurland og ég skal tala um hitt meira á eftir.

[13:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á stefnu ríkisstjórnarinnar að nýta orkulindirnar sem næst upptökum sínum. Ég held að því sé þveröfugt farið. Á ekki að fara milli landsvæða til að ná í orkuna og er ekki farið milli landshluta? Blönduvirkjun fóðrar Hvalfjörð.

Nokkur orð um að gefa sér vitlausar forsendur. Ég er t.d. með tölur um Rarik sem eru í öllum gögnum. Rarik framleiðir ekki nema 7% af orku sinni, kaupir yfir 90% af Landsvirkjun tiltölulega háu verði, 3,20 kr. Það gefur augaleið að ef Landsvirkjun væri í stakk búin og stefndi að því að afskrifa skuldir sínar og lækka orkuverðið verulega mundi það nýtast öllum. Það er svo augljóst.

Rarik selur allri landsbyggðinni rafmagnið mjög dýrt vegna þess í hvernig stöðu Rarik er. Ég er ansi hræddur um að það hafi verið pólitísk ákvörðun hvernig þetta rafmagnsveitukerfi var sett upp vegna þess að Landsvirkjun er náttúrlega stofnuð til að fóðra stóriðju. Þess vegna var á sínum tíma mjög nauðsynlegt að Landsvirkjun fengi eins mikið af raforkuframleiðslutækjunum og hægt var og þess vegna er Rarik meira og minna skilið eftir framleiðslutækjalaust, þ.e. hefur engin orkuver. Um þetta allt má deila, þ.e. hvernig á að fara í þessi mál. En þetta er gert til þess að fóðra stóriðju og nota afskrifaðar virkjanir til að ganga inn í púkkið. En afleiðingin er ótvírætt sú að fyrir allan almenning, sérstaklega á svæðum Rariks, hefur þetta orðið mjög dýrt. Það skiptir milljörðum. Það er augljóst mál og kemur fram í öllum gögnum Rafmagnsveitna ríkisins.

[13:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara ekki rétt sem hv. þm. heldur hér fram, að það sé vegna stóriðjunnar sem raforkuverð í landinu er þetta eða hitt. Þetta eru fullyrðingar sem á ekki að bera hér fram.

En í sambandi við Rarik almennt veit hv. þm. að við erum að fara inn í nýtt kerfi í raforkugeiranum þar sem vinnsla á raforku verður frjáls. Ég geri ráð fyrir því að Rarik muni spreyta sig í því nýja umhverfi og reyndar hefur Rarik uppi áform um ákveðnar framkvæmdir á þessu sviði.

Hv. þm. talaði í fyrri ræðu sinni líka um mikil áhrif á efnahaginn sem væri neikvæður fyrst og fremst og þar fram eftir götunum. Það liggur alveg fyrir og það kemur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar að mest áhrif verða árin 2005 og 2006 og viðskiptahalli þá 7,5–8%. Það kemur líka fram að árið 2020 verður erlend skuldastaða svipað hlutfall af landsframleiðslu og eins og ekki hefði verið farið út í þetta verkefni. Það kemur líka fram að verðbólga verði 4–5% við hámark framkvæmda án mótvægisaðgerða miðað við að 2,5% verðbólga sé hvort sem er. Það er því ekki verið að fara í neinar felur með að þetta hefur áhrif á efnahag okkar á þeim tíma sem framkvæmdir standa sem hæst en við því verður brugðist og þannig er það bara í lífinu. Það þýðir ekki að þora ekki út í stórframkvæmdir vegna þess að menn óttist að það geti haft þessi eða hin áhrifin.

Auðvitað fáum við leiðbeiningar og útreikninga hjá okkar færustu mönnum á öllum þessum hlutum og þegar það allt er skoðað í þaula sjáum við að framkvæmdin í heild sinni er hagstæð fyrir íslenskt efnahagslíf.

[13:58]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. talar um að þora ekki í framkvæmdir. Við erum ekki að tala um neitt smotterí og ég er viss um að hlutfallslega miðað við bara ríkissjóð hefur hvergi á byggðu bóli verið farið í eina framkvæmd sem er í líkingu við þetta. Hér erum við að tala um gríðarlega stóra hluti sem geta haft hræðilegar afleiðingar ef við feilum okkur um eitt einasta prósent. Það ber líka að hafa hugfast.

Varðandi orkuverðið og að ég fari ekki með rétt mál, þetta er bara spurning um hvernig maður lítur á þessa hluti. Það er öllum himinljóst að Landsvirkjun var stofnuð til þess að hægt væri að fóðra stóriðjuna og það hefur augljóslega áhrif á orkuverð í landinu. Það hefur t.d. áhrif á orkuverð í landinu að Rarik er með svona lítið eigið afl. Orkubú Vestfjarða var með lægra orkuverð en á Rarik-svæðinu, fyrst og fremst af því að þeir framleiddu sjálfir 40% af forgangsorku sinni enda réðu þeir yfir Mjólká. Undan Rarik voru teknar allar virkjanirnar inn í þetta púkk.

Það er þannig í lífinu að ef maður er á móti einhverju vill maður gera hlutina öðruvísi eða á annan hátt og það getur vel verið betri lausn. Þannig eru málin. Ef maður vill ekki einhverja hugmynd sem kemur frá andstæðingi hefur maður væntanlega hugmyndir eins og við höfum lagt fram sem byggja á því að gera hlutina öðruvísi. Við viljum fara öðruvísi í þessa atvinnuuppbyggingu, teljum að svona stór högg séu landi og þjóð ekki til framdráttar og muni hafa mjög slæmar hliðarverkanir.

[14:00]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Lítið frv. og stutt um eitt stærsta mál og örugglega stærsta framkvæmdamál Íslandssögunnar. Ég sakna þess að engar forsendur eða skilyrði eru Landsvirkjun sett í þessu frv. Þetta er galopin heimild til handa Landsvirkjun að ráðast í þessar framkvæmdir. Þar er ekki að finna neinn fyrirvara um arðsemi þessarar heljarvirkjunar. Og ekki er einu sinni sett í þetta frv. fyrirvari um að framkvæmdaaðili fari að úrskurði umhvrh., enda sjáum við fyrstu viðbrögð á þeim bæ, þar sem Landsvirkjun lýsir því yfir að þeir muni ekki borga þann kostnað sem af úrskurðinum hlýst. Ég er ekki spámannlega vaxinn en ég ætla samt að spá því að ef núv. stjórnvöld verða við lýði þegar þar að kemur og allt verður komið í fullan gang og ekki aftur snúið, þá muni hefjast afskriftir á þeim athugasemdum sem umhvrh. hefur

sett fram. Þeir munu bera fram hér breytingartillögur um að þær falli niður o.s.frv.

Ég verð að segja að það þarf ekki að fara mörgum orðum svo sem um umhverfismálin í þessu sambandi vegna þess að þau mega heita að því leyti liðin tíð að málið hefur gengið sinn lögboðna feril. Það var mjög eðlilegt að mínum dómi að Skipulagsstofnun skyldi úrskurða virkjunarframkvæmdir frá. Hlutverk hennar er slíkt að það hlaut að vera í hlutarins eðli að það yrði niðurstaða hennar.

Ég verð að segja að mér fannst að vissu leyti og mörgu leyti umhvrh. bregðast snöfurlega við í úrskurði sínum. Ég átti helst von á því að hún yrði svínbeygð undir pólitíska vilja eins og aðrir í þessu máli og Landsvirkjun ekki undantalin. En mér sýndist hún reisa makka og setja þarna ýmis verðmæt skilyrði. Að vísu kostar það mikið fé og enginn ætlar að borga það. Það er ekki að spyrja að því.

En ég má til með að vitna örstutt í niðurstöðu úrskurðar Skipulagsstofnunar, með leyfi forseta, enda þótt, eins og ég segi, umhverfismálin séu að baki eins og mál standa. Þar segir svo:

„Að mati Skipulagsstofnunar hefur ekki verið sýnt fram á að ávinningur af fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun verði slíkur að hann vegi upp þau verulegu, óafturkræfu, neikvæðu áhrif sem framkvæmdin mun fyrirsjáanlega hafa á náttúrufar og landnotkun."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Ekki liggur hins vegar fyrir hvert orkuverð til álvers í Reyðarfirði verður, en Landsvirkjun fullyrðir að framkvæmdin verði arðsöm. Að sama skapi hafa ekki verið lagðar fram upplýsingar um arðsemi virkjunarinnar og áhrif framkvæmdarinnar á efnahag og samfélag ef orkan yrði seld til annarra nota, en eins og fram kemur í matsskýrslu Landsvirkjunar er virkjunin lögð fram til mats á umhverfisáhrifum óháð markaðssetningu orkunnar og því hvort áform um byggingu álvers í Reyðarfirði ganga eftir."

Lítum nú á umsögn Orkustofnunar í þessu sambandi. Hún hefur heldur enga hugmynd um arðsemi þessarar virkjunar og þessara framkvæmda. Á bls. 17 í áliti Orkustofnunar segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga um Landsvirkjun mega samningar um orkusölu til stóriðju ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið."

Ég veit betur og þar af leiðandi betur en hæstv. iðnrh. hvernig sagan sannar það alveg frá upphafi að hinn almenni neytandi hefur borgað niður orkuna til stóriðjunnar. Ég veit að hæstv. iðnrh. er ekki að segja þetta viljandi ósatt. Hún þarf bara að kynna sér staðreyndir málsins. Við gerðum það með opin augu með Ísal. Við vorum kúguð af Norðmönnum með svívirðilegum hætti í sambandi við járnblendið. Og fyrir tveimur árum eða svo sömdum við enn af okkur við Norðurál. Hinn almenni íslenski neytandi, fyrirtæki og einstaklingar, halda því áfram að borga þetta niður.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þessu og í samræmi við ákvæði 11. gr. orkulaga hefur Orkustofnun kynnt sér útreikninga Landsvirkjunar á kostnaði við ráðgerða Kárahnjúkavirkjun og rekstraráætlun hennar."

Hvar hafa þeir komist í þær upplýsingar, með leyfi?

„Kárahnjúkavirkjun er sérstök virkjun hérlendis að því leytinu að hún er alfarið reist til að afla orku til eins stórkaupanda."

Má ég skjóta því hér inn í að þar af leiðandi ætti nú að vera sáraeinfalt að reikna út arðsemi, því þetta dreifist ekki á marga kaupendur.

En áfram, með leyfi forseta:

„Í samræmi við framgreint lagaákvæði verður því markmiðið með orkusölunni að vera það eitt að viðhalda og helst bæta hag fyrirtækisins.

Öllum slíkum verkefnum fylgir áhætta." — Þeir eru séðir menn og vel að sér á Orkustofnun. — „Því er mikilvægt að aðferðfræði við hagkvæmnismatið taki tillit til áhættuþátta og hugsanlegra breytinga á forsendum um leið og mat sé lagt á líkindi allra breytinga. Af þessum sökum hefur Orkustofnun kynnt sér sérstaklega hvernig Landsvirkjun stendur að verki í þeim efnum. Stofnunin telur aðferðafræðina vandaða og ítarlega og því séu allar forsendur fyrir hendi til þess að niðurstaða Landsvirkjunar um það hvort í verkefnið skuli ráðist byggi á traustum grunni" — hvar er sá grunnur, með leyfi? — „og þar með að sú ákvörðun verði í fullu samræmi við tilvitnað lagákvæði." — Þetta, að ekki megi hækka til almenningsveitna vegna stóriðjunnar. — „Að öðru leyti telur Orkustofnun það ekki sitt hlutverk að meta arðsemi þessa verkefnis fyrir fyrirtækið."

Hún mælir með framkvæmdinni í bak og fyrir en segir svo að það sé ekki sitt hlutverk. Segir að þetta sé allt á traustum grunni en veit ekkert hvað hún er að tala um af því hún getur ekki haft upplýsingar um þetta. Þetta er bara pólitísk fjarstýring á þessum herrum í þessari ríkisstofnun sem ætti að vera málefnaleg en ekki pólitísk.

Ég vil leyfa mér, forseti, aðeins að vitna til niðurstöðu Orkustofnunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Orkustofnun telur að vandað hafi verið til útfærslu Kárahnjúkavirkjunar í hvívetna, og að í þeim efnum hafi víða verið gengið svo langt til móts við umhverfissjónarmið sem ætlast megi til án þess að stofna hagkvæmni verkefnisins í hættu.

Þá telur stofnunin að aðferðafræðilegar forsendur séu til þess að með byggingu og rekstri Kárahnjúkavirkjunar sé það sjónarmið í heiðri haft að sala á orku frá virkjuninni til Reyðaráls muni „ekki ... valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið".

Svo kemur lokadómurinn, herra forseti, svohljóðandi:

„Að öllu samanlögðu telur Orkustofnun ekki eftir neinu að bíða með að veita Landsvirkjun, með lögum, heimild til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun."

Þarna vantar bara „án allra fyrirvara".

Ég hafði þá hugmynd fyrir margt löngu að Íslendingar ættu að standa þann veg að málum þegar þeir væru búnir að ákveða virkjunarkost að segja við álfurstana stóru: Gjörið þið svo vel. Þarna er virkjunarkosturinn. Virkið og reisið ykkar álver, en við eignumst virkjunina eftir tuttugu, þrjátíu ár eða svo.

Með því að ráðast í þessa virkjun og með því móti að eiga meiri hluta í álveri sem reist verður erum við að taka á okkur slíka áhættu að engu tali tekur og það er langt handan við það sem við getum boðið íslensku efnahagslífi.

Og við erum að fara að semja við harðsnúnustu og ágengustu samningamenn sem uppi eru og taka venjulegum gyðingum langt fram. Það fengum við að reyna fyrst í sambandi við Elkem. Þá háttaði þannig til að Íslendingar voru að flýta sér eins og vant er og þáv. orkuráðherra, Gunnar Thoroddsen, hafði vonir um að heimsfrægt fyrirtæki, Union Carbide, sem varð sér í lagi þekkt af slysum sínum í Indlandi,

ætlaði að kaupa af okkur orkuna og Sigalda var virkjuð. En þeir hlupust undan merkjum, borguðu smáræðis sekt fyrir það að svíkja loforð sín eða bráðabirgðasamninga, og voru horfnir og við sátum uppi með Sigöldu og þá kom Elkem Spiegerverket í Noregi til sögunnar.

Ég er ekki viss um að ég megi fara með það orkuverð sem þar var samið um, en það er langt fyrir neðan það sem hinn íslenski almenni neytandi borgar. Og svo er enn í dag, langt fyrir neðan. Og hvað gerðu þeir fleira þessir herrar sem nú á að fara að semja við? Þeir kúguðu Íslendinga til að skrifa undir að fyrir tækniþekkingu fengju þeir 3% af allri veltu fyrirtækisins. Þetta nam fleiri hundruð millj. króna um langt árabil. Það er rétt nýlega búið að koma þessu ákvæði frá.

Þetta er reynsla okkar. Ég sagði hér áðan af viðsemjandanum nýja og menn hafa svo sem fleira um það að segja. Hingað komu fulltrúar Norsk Hydro og buðu forsvarsmönnum þáv. iðnrh., Finns Ingólfssonar, að kaupa hlutabréf í Járnblendiverksmiðjunni á genginu 1. Ráðherrann settist niður og samdi við þá enda þótt þá væru bréf Járnblendisins nærri 3. Auðvitað seldi hann þeim svo bréf fyrir 2. Og svo er sest niður með þessum herrum aftur til að semja við þá um langstærsta og örlagaríkasta mál sem við höfum staðið frammi fyrir efnahagslega.

Ég sagði frá því, og það er hægt að fletta þeim staðreyndum upp, að með opnum augum borguðum við niður orkuna til Ísals því okkur þótti svo mikið hagræði í boði af þessari stórvirkjun sem við ella hefðum ekki komið í gagnið eða náð að byggja.

Ég ætla ekkert að tala um meira um Járnblendið. En það verð ég að segja að nú fyrir skemmstu var samið um að borga orkuna einnig niður fyrir Norðurál, og þá tók í hnúkana. En þetta er reynslan og þetta er staðreyndin.

Einu hljótum við líka að spyrja okkur að eftir að okkur hefur verið úthlutað töluverðum geira af eiturkökunni: Hvernig stendur á því að við bjóðum þetta ekki út, því margur mundi verða gírugur eftir að ná sneið þar? En við munum ætla að færa Norðmönnum þetta á silfurfati gefins. Og það að binda sig við einn viðsemjanda er með ólíkindum.

Í Financial Times í gær er haft eftir forstjóra Norsk Hydro að álverð sé á niðurleið og afkoma Norsk Hydro fari hríðversnandi.

Við höfum hér upplýsingar um þróun álverðs um langa hríð. Ég man að viðmiðunin á áltonninu sem hér er nefnd frá 1990 var 1.550 dollarar. Það er núna í kringum 1.300 dollarar og lægsta verðið sem við höfum séð í því sambandi eru 1.100 dollarar þannig að ekki er á vísan að róa. Hvað halda menn nú um það hvaða fyrirtæki í eigu Norsk Hydro mundu ganga fyrir að dómi allra sem til þekkja ef harðnaði illilega á dalnum í álheiminum? Ætli það yrði Reyðarál? Ætli allar þeirra verksmiðjur gengju ekki fyrir fyrst? Við Íslendingar getum aldrei haft hin minnstu áhrif á samkeppnina á þessum gríðarlega harðsnúna markaði og við megum engu til hætta. En mér er spurn: Á að neita væntanlegum fjárfestum í Reyðaráli um upplýsingar áður en þeir leggja fram sitt fé, upplýsingar um afkomuna og alla arðsemi, um orkuverð? Á að neita þeim um það? Landsvirkjun telur það skemma samkeppnishagsmuni sína að upplýsa nokkurn skapaðan hlut um þetta.

Svo sjáum við hér nýjan leik að tölum um framkvæmdakostnað. Það er ekki langt síðan hann átti að vera í fyrri áfanga 70 milljarðar og í síðari 20 milljarðar. Nú eru þeir komnir niður í 78 komma eitthvað milljarða og þeir eru komnir með hagkvæmnina neðar en Vatnsfellsvirkun, sem er langhagkvæmasta virkjun okkar vegna þess að þar eru engin uppistöðulón. Þar eru engin jarðgöng. Þar er rennslið virkjað úr Þórisvatni sem er langhagkvæmast. Þetta er leikur að tölum sem ekkert er að marka.

Ég ætla ekkert að fara með upplýsingar sem mér voru gefnar, af því að ég trúði þeim ekki, um hvað hver kílómetri í þessum vatnsgöngum mun kosta, en það er ekkert smáræði ef það reynist rétt sem mér hefur verið tjáð.

Hér hafa menn farið mörgum orðum um áhrif þessa þjóðhagslega og á Austurlandi. Auðvitað þarf að stemma stigu við fólksflóttanum af Austurlandi vegna þess að með fiskveiðistefnunni sem er í framkvæmd núna eru menn hraktir þaðan burtu og með miklu harðvítugri hætti en kemur til með að stöðva með þessum framkvæmdum þar eystra. Svo er lögð alveg sérstök áhersla á það af hálfu Þjóðhagsstofnunar að mjög harðsnúnar, harðar og gagngerar hagstjórnartiltektir þurfi til þess að hamla gegn þeim sveiflum sem af þessu stafa. Við höfum séð tiltektir núverandi stjórnvalda, hæstv. ríkisstjórnar, í því sambandi, hvernig þeir hafa fengist við hagstjórnarsveiflur, niðursveifluna t.d. og spennuna á verðþróunina, verðbólguþróunina. Þeir hafa ausið úr ríkissjóði á bálið. Ég hef ekki mikla trú á því að þeir nái neinum tökum, ekki þessir valdhafar, á því að snúa við þeim vandamálum sem upp kunna að rísa. En ég vil enda mál mitt á því að segja að það er alveg útilokað að ég geti, þrátt fyrir áhuga minn á þessari miklu vatnsorku þar eystra, gefið frv. atkvæði mitt á meðan það er galopið að þessu leyti.

Ég hlýt að vara við því að hið háa Alþingi taki við afgreiðslumáta upp á þessi býti. Ríkið er eigandi Landsvirkjunar og það er þýðingarlaust að halda því að okkur við afgreiðslu á máli eins og þessu að þar eigi að gilda einhver trúnaðarmál innan þessa fyrirtækis okkar. Það er bara tilbúningur að þetta skemmi eitthvað stöðu þess einokunarfyrirtækis sem þarna er rekið. Það er bara tilbúningur.

Ég hjó eftir því fyrir meira en ári að formaður Landsvirkjunar tilkynnti að orkuverðið væri ekkert vandamál í samningum við Norðmennina. Það má fletta þessu upp. Það átti ég erfitt með að skilja. En það væri betur að hægt væri að ná tökum á þessu viðfangsefni. Eins og nú standa sakir stefnir þetta í mikið óefni og meginmál væri að fá nýja viðsemjendur og meginmál er að eiga ekki krónu í þessu væntanlega álveri.

[14:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem mér fannst athyglisverðast í ræðu hv. þm. var að hann taldi að hann hefði ekki heimild til þess að greina frá samningum um orkuverð sem gerðir voru fyrir áratugum síðan, en síðan er óskað eftir því að nú verði nákvæmlega greint frá hvernig samningsstaða er hvað varðar álverð fyrir álver á Reyðarfirði þar sem samningar eru ekki einu sinni í höfn. Mér finnst eitthvert ósamræmi þarna.

Svo finnst mér líka sérkennilegt þegar hann talar um viðsemjendur. Hann talar um reynslu sína af viðsemjendum fyrr á árum þegar hann gegndi embætti iðnrh. væntanlega og átti aðild að ríkisstjórn og sat á Alþingi, en svo virðist vera að ef viðkomandi aðilar koma frá sama þjóðríkinu þá séu þeir allir settir saman í hóp og allir sama marki brenndir. (Gripið fram í.) Mér finnst dálítið langt gengið að dæma heila þjóð eftir einhverri ákveðinni reynslu sem hv. þm. hefur. Ég ætla ekki að gera frekara veður út af því, en þetta kom mér nokkuð óvart.

Hann talar um að við eigum helst ekki að eiga neitt í þessu álveri, ef ég skildi hann rétt, og að æskilegast væri fyrir Íslendinga að útlendingar ættu það 100%. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Mér þætti samt vænt um ef hv. þm. útskýrði það aðeins frekar vegna þess að hér er um mjög arðbæran fjárfestingarkost að ræða og mér finnst skrýtið ef hann telur ekki ástæðu til þess að Íslendingar eigi í þessu arðbæra fyrirtæki.

[14:22]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra undrast að ég skuli ekki hafa áhuga á að við eigum í þessu arðbæra fyrirtæki. Hvaðan hefur hæstv. ráðherra þær upplýsingar að þetta fyrirtæki verði arðbært eins og nú t.d. stefnir um álverð í heiminum? Ég hef ekki haft spurnir af þessu. Nei. Ég á marga vini í Noregi. En þeir eru ekki í starfi hjá Norsk Hydro og ég held að hæstv. ráðherra hafi kannski sjálf reynslu af því að þar er margt ágætra manna, Norðmanna.

[14:23]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Nú stendur yfir 1. umr. um frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Krófluvirkjunar og menn koma hér í ræðustól og segja að hér sé á ferðinni eitthvert stærsta ef ekki alstærsta mál þessa þings. Hins vegar getur maður velt því fyrir sér, herra forseti, hvaða mat menn leggja á þetta og litið til þess hverjir eru hér til að taka þátt í umræðunni í salnum. Nú ætla ég ekki að taka við einhverjum athugasemdum um að menn sitji við sjónvarpsskjái sína. Ég ætla að vona að þeir geri það. Ég er að tala um þá sem gera sig líklega til að vera virkir í þessari umræðu, geta gripið inn í hana, komið inn til andsvara eða gefið skýringar. Þeir þurfa að vera í salnum. Þeir eru hér ekki. Hæstv. iðnrh. er hér að sjálfsögðu. En hvar er baksveit hennar? Hún er ekki hér.

Herra forseti. Ég leyfi mér að efast um að mikilvægi málsins sé jafnofarlega í hugum allra eins og mætti ráða af orðum einstaklinga.

Ýmsum spurningum er ósvarað þegar menn lesa þetta frv. og greinargerð sem því fylgir og auðvitað eru hér ýmis álitaefni sem eðlilegt er að sett séu fram við 1. umr. Það eru álitaefni og spurningar sem tekist verður á við í vinnu nefndarinnar. Formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur farið yfir þau álitaefni og þær skoðanir sem Samfylkingin leggur til grundvallar afstöðu sinni. Við viljum horfa til þjóðhagslegra áhrifa og hvernig við verður brugðist við stjórn efnahagsmála. Við viljum vita og fá á því tilteknar staðfestingar hvernig landið verður nýtt norðan Vatnajökuls að öðru leyti og við spyrjum að sjálfsögðu um arðsemi og það hafa fleiri gert í dag.

Sigurður Jóhannesson skrifar grein í Vísbendingu ekki fyrir löngu, herra forseti, þar sem hann bendir á tiltölulega einfalda leið til þess að það sé alveg ljóst að verkið sé arðbært og að sátt sé um efnahagshlið málsins. Hann bendir á að eðlilegast sé að þeir sem hafa trú á verkinu setji fé í það og hinir ekki. Ýmsar aðferðir eru til þess að finna þá aðila, herra forseti, og það gefur mér í þessari umræðu fyrst og fremst tilefni til þess að fjalla um auðlindapólitík þessarar ríkisstjórnar. Ég segi auðlindapólitík vegna þess að hér erum við að horfa framan í hluta hennar. Alltaf reglulega ræðum við auðlindapólitík vegna þess að Íslendingar nýta náttúruauðlindir að mjög stórum hluta sér til framfærslu. Nýting náttúruauðlinda er mjög stór hluti efnahagsstarfsemi okkar. Þess vegna er mikilvægt að hér sé til einhver auðlindapólitík. En við spyrjum, herra forseti: Hvar er hún?

Ég vil vekja á því athygli að með þessu litla frv. er verið að færa Landsvirkjun líklega álitlegustu virkjunarkosti þjóðarinnar. Frv. er fjórar greinar ef gildistökugreinin er talin með. Þetta á að gera þegar ekki er búið að ganga frá rammaáætlun, þegar ekki er búið að samþykkja ný raforkulög, þegar ekki er búið að ganga frá þeirri auðlindapólitík sem t.d. auðlindanefnd lagði til og ég ætla að gera grein fyrir hér á eftir. Þetta á að gera á sama tíma, herra forseti, og fyrir liggur frv. til nýrra raforkulaga sem er með allt önnur ákvæði en hér eru.

Í frv. til nýrra raforkulaga er talað um að virkjunarleyfi sé gefið út til 50 ára. Til hve margra ára eru Landsvirkjun afhentir þessir virkjunarkostir? Það er ekki nefnt. Það er bara inn í eilífðina.

Í frv. til nýrra raforkulaga er talað um að ef framkvæmdir hafa ekki hafist eftir fimm ár þá verði virkjunarleyfi afturkallað. Í þessu frv. eru árin orðin tíu. Í frv. til nýrra raforkulaga er sagt að ef virkjun er ekki komin í gang eftir tíu ár þá skuli leyfið afturkallað. Í þessu frv. eru þau orðin 15. Ég spyr, herra forseti: Eru menn að draga það að koma aftur inn með frv. til nýrra raforkulaga til þess að geta gengið svona frá málinu. Hvers lags pólitík er hér í gangi? Þetta er auðvitað með eindæmum. Auk þess, herra forseti, gerir frv. til nýrra raforkulaga ráð fyrir því að menn borgi fyrir leyfi og gert er ráð fyrir því að menn þurfi að inna af hendi greiðslu fyrir fyrir ýmsa hluti, eftirlit og annað. Hvar sér þess stað hér? Þetta á auðvitað að afgreiða áður en ný raforkulög taka gildi, eða hvað? Hér er ekkert samræmi hlutanna og því miður, herra forseti, gerir svona framkoma, þ.e. að leggja málið fram með þessum hætti, það að verkum að menn verða hér ekki jákvæðari en þeir þyrftu að vera, satt best að segja. Auðvitað hlýtur svona lagað að vekja upp ýmsar grunsemdir og ýmsar spurningar og það gerir það.

Frv. til nýrra raforkulaga er ekki komið fram. Þó er kominn miður febrúar. Ef við höfum skilið málið rétt áttu þau lög að taka gildi næsta sumar um mitt ár. Og það er fleira sem vantar, herra forseti. Ekkert af fylgifrumvörpum þess frv., t.d. breyting á lögum um Landsvirkjun, um raforkuver, breyting á orkulögum og vatnalögum, hefur sést enn þá og skyldi maður þó ætla að allt hefði það einhver áhrif á þá stóru ákvörðun sem hér er verið að taka. Herra forseti. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð, því miður. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð.

Menn verða að reyna að gera hlutina í réttri röð. Að samþykkja þetta frv. og ganga frá því einhverjum dögum áður en menn samþykkja frv. til nýrra raforkulaga er fráleitt. Menn verða að hafa þessa hluti í réttri röð þannig að það geti verið samræmi á milli þess sem þar kemur fram og þeirra skilmála sem Landsvirkjun er að fá með þessu frv. Þetta verður skoðað í nefndinni.

Herra forseti. Ég vil líka gera það að umtalsefni að auðlindanefnd skilaði sínu áliti fyrir einu og hálfu ári. Það hefur ekkert verið gert með það enn þá, ekki neitt. Þar er lögð upp sú lína að um samræmda stjórn á nýtingu náttúruauðlinda verði að ræða, samræmda stjórn, herra forseti.

Ef ég má vitna í kafla 2.6, þá segir:

„Farsæl stjórn á nýtingu náttúruauðlinda er stefnir að því marki að tryggja hvort tveggja í senn, hagsæld þjóðarinnar í heild og vernd og viðhald auðlinda í þágu komandi kynslóða, er tvímælalaust eitt af brýnustu verkefnum nútímaþjóðfélags.

Til þess að ná þessum markmiðum telur nefndin þörf samræmdrar stefnu og stjórnar á nýtingu náttúruauðlinda sem byggist á eftirfarandi meginatriðum:

Heilsteyptum lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda.

Beitingu hagrænna stjórntækja á grundvelli vel skilgreinds eignar- eða afnotaréttar þar sem því verður við komið ásamt leiðréttandi sköttum og uppbótum þar sem það á við."

Og nefndin gerði tillögu að nýju stjórnarskrárákvæði sem átti að leggja grunninn að þeirri auðlindapólitík sem hér yrði rekin. Það er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila." — Takið eftir. — „Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti."

Nú spyr ég, herra forseti: Hvernig samræmist sú auðlindapólitík sem þarna er lögð til og almennt samkomulag var um því sem hér er verið að leggja til? Þetta eru bara tveir heimar sem hér eru að mætast.

Það er rétt að ítreka það að í þessu frv. til nýrra raforkulaga, sem ég veit svo sem ekki hvað hefur tekið miklum breytingum en væntanlega ekki grundvallarbreytingum, segir um framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign:

„Ráðherra hefur heimild til að semja við þá aðila, sem fá leyfi samkvæmt lögum þessum til framkvæmda á eignarlöndum ríkisins, um endurgjald fyrir land og landgæði þau er um ræðir hverju sinni."

En þetta er bara frv. sem er ekki komið fram enn þá. Þetta er bara frv. sem var rennt hér í gegn á síðasta degi þings í fyrra og hefur svo ekki sést síðan.

Herra forseti. Full ástæða er til þess að hafa áhyggjur af því hvernig þessi mál eru hjá okkur, í hvaða röð þau eru tekin og hvernig forgangsröðunin er, einfaldlega vegna þess að ef mönnum er annt um það verkefni sem hér um ræðir, ef mönnum er annt um að hér verði virkjað í sæmilegri sátt — ég vil nú ekki að segja í sátt en í sæmilegri sátt — og að Austfirðingar fái síðan að nýta það afl fyrir austan þá verða menn veskú að reyna að vinna hlutina almennilega hér inn.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að sú virkjun sem hér er verið að tala um er forsenda þess að byggt verði álver fyrir austan og auðvitað mun það hafa áhrif. Að sjálfsögðu mun það mjög mikil áhrif á byggðina fyrir austan að þetta álver rís. Það mun líka hafa áhrif á Akureyri og það mun hafa mikil áhrif í Reykjavík. Hér er nefnilega um landsverkefni að ræða hvort sem við lítum á virkjun eða stóriðju. Þess vegna er ég ekki alls kostar sátt við það þegar hæstv. iðnrh. kemur hér og talar um þetta verkefni sem þröngt byggðaverkefni. Það er ekki þannig. Þjóðin öll stendur að þessu verkefni verði út í það farið og ef af því verður ávinningur mun þjóðin öll njóta þess, ef ekki mun þjóðin öll gjalda þess. Þetta er einfaldlega þannig. Þannig eigum við að tala um þetta. Þetta kemur okkur öllum við.

Hins vegar er alveg augljóst að þar sem verksmiðjan verður, ef álver rís, verða áhrifin mest. Og hver skilur ekki það fólk sem býr fyrir austan og hefur horft á húsin sín hrynja í verði, hver skilur ekki fólk sem vill sjá þennan ævisparnað sinn hækka í verði á ný? Hver skilur það ekki?

Herra forseti. Í greinargerð frv. um áhrif Noral-verkefnisins í hnotskurn segir, með leyfi forseta:

„Fyrirhugað álver og tengd starfsemi mun leiða til samgöngubóta, bættrar grunngerðar og aukinnar þjónustu, til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins. Bætt afkoma fólks og fjölgun íbúa mun leiða til öflugra menningar- og félagslífs á svæðinu og styrkja starfsemi stofnana, samtaka, félaga og hópa sem starfa á þessu sviði."

Austfirðingar hafa lengi beðið eftir því að aflið fyrir austan væri virkjað vegna þess að þeir vita að auðvitað mun það hafa þessi áhrif ef álver verður byggt í þeirra ranni. Það er vísað hér í hvað bæjarstjórinn á Akranesi segir um álverið og stóriðjuna í Hvalfirði. Þetta efum við ekki. Ef menn setja svona stóra fjárfestingu á einhvern stað, fjárfestingu sem hefur í för með sér svona mörg störf, þá mun það eðlilega hafa áhrif og vissulega mun það hafa ýmis jákvæð áhrif fyrir Austurland. En það mun áreiðanlega hafa ýmis önnur áhrif sem menn eru kannski ekki byrjaðir að tala um í dag. En menn horfa að sjálfsögðu til þess að það er verið að styrkja þarna ákveðna hluti sem menn vilja sjá styrkjast. Menn vilja sjá möguleika sína til búsetu og til fjölbreytni atvinnulífsins á þessu svæði byggjast upp. Á því hef ég fullan skilning, herra forseti.

Það sem veldur hins vegar áhyggjum er hversu miklar væntingar hafa lengi verið bundnar við það að byggt yrði upp álver eða önnur stóriðja fyrir austan, að aflið yrði nýtt þar, vegna þess að menn hafa mátt horfa upp á það aftur og aftur að ekkert yrði af framkvæmdum. Það var rætt alveg sérstaklega hér þegar Alþingi samþykkti Fljótsdalsvirkjun fyrir rúmum tveimur árum. Þá var farið vandlega yfir þessa sorgarsögu. Þess vegna, herra forseti, er mikilvægt að menn vandi til verka og geri þetta þannig að það nái þá að verða úr þessu sá veruleiki sem búið er að boða, sem búið er að lofa. En ég er ekki viss um, herra forseti, að hér hafi verið búið þannig um hnúta að svo verði, því miður.

Það er náttúrlega ljóst að ef ekkert verður af framkvæmdum þá mun það hafa mikil og alvarleg áhrif á trú fólks á möguleikum á búsetu á þessu svæði. Og þó að helstu sjávarútvegsfyrirtæki standi betur á þessu svæði en fyrir tíu árum síðan þá er það einnig satt að þar verður ekki sú mannfjöldaaukning sem nægir til að bera uppi aukningu í þjónustu eða annað á þessu svæði. Jafnframt er ljóst að við samdrátt í mannfjölda fækkar líka þjónustutækifærum og það er einu sinni svo að ríkið hefur ekki staðið sig í því að efla opinbera þjónustu á vegum ríkisins á landsvæðum eins og fyrir austan.

Herra forseti. Eðlileg gengisskráning á undanförnum árum hefði verið landsbyggðinni stærri búhnykkur en það sem hér er verið að tala um. Það er nú svo merkilegt. Ef efnahagsmistök ríkisstjórnarinnar hefðu ekki verið þau sem menn eru núna tilbúnir til að viðurkenna, ef gengisskráningin á síðustu árum nýliðinnar aldar hefði verið eðlileg, þá væri staðan víða um land allt önnur en hún er núna. Það hefði líka, herra

forseti, verið almenn aðgerð sem hefði breytt miklu alls staðar. En það er of seint að tala um það núna, þó auðvitað megi tala um það, en því verður ekki breytt.

Herra forseti. Við erum að tala hér um mjög stóra framkvæmd. Við erum að tala um framkvæmd sem er það stór að hún mun auka orkuvinnslu á Íslandi um 60%. Við erum að tala um virkjun sem er jafnstór og Búrfell, Sultartangi, Hrauneyjarfoss, Sigalda með miðlun í Þórisvatni og veitu Köldukvíslar þangað, allt samanlagt. Það er ekkert smáræði. Samt er íslenskt þjóðfélag orðið það myndugt, við erum orðin það rík, að þessi einstaka framkvæmd er ekki stærri hlutfallslega en þegar við fórum í Hrauneyjarfoss. Hún er þó nokkru minni hlutfallslega en þegar við fórum í Búrfellsvirkjun. Við erum ekki að tala um stærri framkvæmd en svo, ef við horfum á það í samhengi þjóðarframleiðslu okkar og stöðu í dag.

Eigi að síður erum við að tala hér um gríðarlega stóra fjárfestingu. Þess vegna skiptir okkur öll máli hvernig farið er í þetta og þess vegna köllum við eftir því að menn gæti þess að allir hlutir séu réttir og eins og þeir þurfa að vera, vegna þess að ef svo er ekki þá er áhættan hér of mikil.

Herra forseti. Ég óska eftir því að farið verði í að endurskoða þetta frv., og það hvernig Landsvirkjun verða afhentir þessir virkjunarkostir, í samræmi við það sem menn ætla að hafa sem auðlindapólitík á Íslandi. Mér finnst fráleitt að taka þetta mál út úr, afhenda Landsvirkjun þessa virkjunarkosti á öðrum kjörum en menn ætla síðan að starfa hér eftir örfáa mánuði varðandi raforkukerfið í landinu. Menn eru að tala um það, og hæstv. ráðherra gat þess í ræðu sinni eða andsvari áðan, að við séum að fara inn í breytt umhverfi þar sem gert er ráð fyrir samkeppni, m.a. um raforkuframleiðsluna.

Það er einhver rammur keimur, og hann ekki góður, af því þegar það er tiltekið á sama tíma og frv. sem lýtur þeim lögmálum sem ég rakti hér, er borið fyrir Alþingi og ætlast til þess að menn samþykki. Við hljótum, herra forseti, að krefjast þess að samræmi sé á milli þess sem ríkisstjórnin er að gera annars vegar hér varðandi Landsvirkjun og hins vegar varðandi það hvernig raforkumarkaðurinn á Íslandi á að líta út á næstu árum og um langa framtíð. Þarna verða menn veskú að taka til heima hjá sér. Þetta gengur ekki svona.

[14:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem mig langaði sérstaklega að gera hér að umræðuefni er það sem hv. þm. sagði um mikilvægi þess að menn vönduðu til verka. Ég er alveg sammála henni um það. Það er mjög mikilvægt í þessu stóra máli að vandað sé til verka og það vil ég fullyrða að við séum að reyna að gera í iðnrn. Reyndar vil ég halda því fram að allir sem koma að þessu Noral-verkefni leggi sig fram um að vanda sig því að þetta er stórt mál og miklu máli skiptir, bæði fyrir þjóðarhag og íbúa Austurlands, að af þessu verði.

Hv. þm. hafði nokkuð stór orð um að hér væri væntanlegt raforkulagafrv. og að hugsanlega væri þetta frv. ekki í samræmi við það frv. Nú er það í sjálfu sér ekki ljóst nákvæmlega hvernig það kemur til með að líta út þegar það kemur fram á nýjan leik. En ég held að við verðum fyrst og fremst að hafa í huga að við vinnum í samræmi við það raforkulagaumhverfi sem við lifum í í dag burt séð frá því hvernig hið væntanlega raforkulagaumhverfi kemur til með að líta út.

Ég tel mikilvægt, og vil sérstaklega ítreka það, að við Íslendingar eigum hér fyrirtæki sem heitir Landsvirkjun og hefur fulla burði til að taka að sér þetta verkefni, að fara í þessa gríðarlegu framkvæmd á Austurlandi sem er rétt, eins og hv. þm. gat um, að er mjög stórt verkefni á íslenskan mælikvarða þó að við höfum áður farið út í stórverkefni sem hafi lukkast vel.

Hv. þm. talaði um rammaáætlun og auðvitað er þar unnið mikilvægt starf. Það er í fullum gangi og það styttist í að út komi fyrsta skýrsla í því mikla verkefni sem verður þá hægt að bera saman við Kárahnjúkavirkjun. Nefndin mun að sjálfsögðu fá aðgang að þeim gögnum öllum og ég efast ekki um að það muni gagnast í starfi hennar.

[14:46]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar maður horfir á það ósamræmi sem er á milli þessa frv. og þess frv. sem hæstv. ráðherra keyrði í gegnum þingið á síðustu dögum þess í vor veltir maður alvarlega fyrir sér hvort hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera. Það er bara þannig. Og þegar maður byrjar að hafa efasemdir hlýtur maður auðvitað að hafa svolitlar áhyggjur af því hvernig framgangur verkefnisins er að öðru leyti. Það getur tæpast verið meðvitaður vilji hæstv. iðnrh. eða ríkisstjórnarinnar að afhenda Landsvirkjun þessa virkjunarkosti sem eru líklega þeir hagkvæmustu sem um er að ræða — ég vil skjóta hér inn að ég geri fastlega ráð fyrir að Kárahnjúkavirkjun verði inni á rammaáætlun sem leyfilegt verkefni, mér kemur ekki annað til hugar, við þurfum ekki annað en að skoða svæðisskipulagið til að átta okkur á því — en að menn skuli koma inn með þetta með þessum hætti kemur dálítið á óvart.

Herra forseti. Ég óska þá hreint og klárlega eftir því að ráðherra útskýri fyrir okkur ef það er meðvitaður vilji að afhenda Landsvirkjun þessa virkjunarkosti á allt öðrum forsendum en öðrum orkufyrirtækjum verður ætlað að fá sína virkjunarkosti eftir kannski bara örfáa mánuði. Ef það er rétt sem hæstv. ráðherra hefur látið hafa eftir sér, að ný raforkulög yrðu að hafa tekið gildi um mitt ár, er ekki langt í að allt önnur lögmál gildi fyrir öll önnur orkufyrirtæki í landinu? Er það meðvitaður ásetningur ríkisstjórnarinnar að gera allt öðruvísi við Landsvirkjun en stendur til að gera við aðra?

[14:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég horfi ekki á þetta mál á sama hátt og hv. þm. Ég lít svo á að við séum að vinna alveg fyllilega samkvæmt lögum og miðað við það raforkulagaumhverfi sem við búum við í dag og þess vegna sé ekki hægt að gera athugasemdir við þá málsmeðferð sem hér er til umfjöllunar.

Þegar hv. þm. talar um að þetta sé á allt öðrum forsendum en væntanlegt raforkulagaumhverfi kemur til með að verða – ja, við skulum sjá hvernig frv. lítur út þegar því verður dreift. Ég fullvissa hv. þm. um að það styttist mjög í að það verði kynnt á hv. Alþingi. Ég vænti þess að það verði gert áður en þetta frv. verður að lögum.

Það var ekki rétt hjá hv. þm. að tala um að ég hafi keyrt í gegnum þingið eitthvert frv. sl. vor. Það var aldeilis ekki. Það var bara lagt fram til kynningar og það er það frv. sem hún er að vitna í.

Svo langar mig að koma að öðru. Hv. þm. sagði að ég talaði um þetta mál út frá mjög þröngum byggðasjónarmiðum. Það er ekki rétt. Ég lít þvert á móti svo á, og hef alltaf haldið því fram, að þetta verkefni væri fyrst og fremst mikilvægt fyrir þjóðarhag. Svo er alveg sérstakur bónus að

það er mikilvægt byggðamál og mikilvægt sérstaklega fyrir byggð á Austurlandi. Í framsöguræðu minni komu ýmsar upplýsingar sem varða einmitt þetta verkefni og þetta mál allt sem þjóðarmál.

[14:50]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég og hæstv. ráðherra erum að tala um sama málið. Ég er að tala um frv. til nýrra raforkulaga sem var vísað til hv. iðnn. í lok síðasta þings. Því var vísað þangað og það var samkvæmt vilja ráðherrans. (**Gripið fram í:** Það var ekki keyrt í gegnum þingið.) Ja, það var keyrt inn í nefnd, keyrt í gegnum 1. umr. án nokkurrar umræðu í raun og veru, vegna þess að það lá svo á að koma málinu í nefnd og þannig var það. Þar af leiðandi hljóta menn að horfa til þess að það sem þar kom fram sé það sem menn ætla sér að hafa sem stefnumarkandi atriði inn í framtíðina.

Ef það er allt gjörbreytt, herra forseti, spyr ég: Hvernig ætlast þá ráðherrann til þess að hægt verði að afgreiða málið fyrir vorið ef ekki stendur steinn yfir steini í helstu stefnumarkandi atriðum?

Síðan að það styttist í frv. — þetta heyrði ég líka í október. Þá styttist í frv. Og það er búið að vera að styttast í það allan tímann. Líklega kemur það á endanum fram, en herra forseti, maður veltir auðvitað fyrir sér af hverju það er ekki komið fram fyrr. Var það vegna þess að hæstv. ráðherra er með þann einbeitta ásetning að hafa þessa lagaumgjörð gagnvart Landsvirkjun allt öðruvísi en gagnvart öðrum fyrirtækjum í landinu? Og hvað segja þá önnur fyrirtæki um það? Það verður fróðlegt að heyra hljóðið í þeim þegar kemur að vinnslu þessa frv. í hv. iðnn.

[14:51]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem vekur athygli í málflutningi hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, 4. þm. Norðurl. e., er vitaskuld það að þingmaðurinn hv. beitir ýmsum krókum og flækjum til þess að reyna að færa fyrir því rök að rétt sé að fresta virkjun Kárahnjúka. Út á það gekk málflutningur hv. þm. Og hún gekk svo langt í því að hún sagði að einungis með því að taka frv. til baka og vinna öðruvísi að þessu — hv. þm. talaði um að rammur þefur væri af frv., með leyfi hæstv. forseta — það er augljóst að hún er að læða því inn, þingmaðurinn hv., að þetta mál sé í ósátt við fólk víðs vegar um landið og segir m.a. í ræðu sinni, með leyfi forseta:

Ef mönnum er annt um að hér verði virkjað í sæmilegri sátt, segir hv. þm., þá verður að fresta málinu.

Er þetta rödd Samfylkingarinnar á Austurlandi, að einungis sé hægt að ná sæmilegri sátt um þessa virkjun með því að slá henni á frest, gera þessa framkvæmd tortryggilega og reyna að drepa á dreif þeirri viðleitni sem er, að álver rísi við Reyðarfjörð? Er það þetta sem Samfylkingin á Austurlandi er að berjast fyrir? Er þetta sá stuðningur sem Samfylkingin er að veita Fjarðalistanum nú, Smára Geirssyni og öðrum þeim sem þar eru að berjast fyrir því að tryggja atvinnurekstur og grundvöll mannlífs á þessum slóðum?

[14:53]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. 1. þm. Norðurl. e. væri að hefja ræðu sína og beið eiginlega spennt eftir því sjálf að fara í andsvar við hann vegna þess að ég hélt satt að segja að ég væri fullfær sjálf um að túlka mín viðhorf og hefði gert það sæmilega skýrt.

Ég heyri hins vegar að hv. þm. Halldór Blöndal hefur annaðhvort viljandi eða óviljandi — manni er það ekki alltaf alveg ljóst — misskilið meira og minna það sem ég var að segja. Ég hélt nefnilega að það hefði komið sæmilega skýrt fram að ég treysti hv. iðnn. alveg til þess að breyta frv. í þá veru sem þarf að gera til að það samræmist því raforkuumhverfi sem við ætlum væntanlega að sjá til þess að verði hér á næstu árum. Ég held að nefndin sé fullfær um að vinna það um leið og hún er að vinna hitt frv. Hafi ég skilið orð hæstv. ráðherra rétt mun nefndin hafa þessi tvö stóru mál á sinni könnu á sama tíma.

Hvað það varðar hins vegar að verið sé að létta undir með einhverjum tilteknum aðilum varðandi viðleitni þeirra til uppbyggingar í atvinnulífi frábið ég mér útleggingar hv. þm. á því. Ég ræddi áðan um stöðu Austfirðinga og stöðu byggðamála fyrir austan. Ég hélt að ég hefði gert það sæmilega skýrt og af þeim skilningi sem ég bý yfir af því að ég á sjálf heima úti á landi og ég frábið mér dylgjur af því tagi sem hv. þm. bar hér á borð.

[14:55]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti tók sérstaklega fram að um andsvar væri að ræða þannig að það sé skýrt.

[14:55]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hv. þm. Hún talaði um það í ræðu sinni að nú yrði að fara í það að endurskoða frv. og að Landsvirkjun yrðu ekki afhentir þessir virkjunarkostir á sama hátt og hér er verið að tala um. Auðvitað er hv. þm. með þessum ummælum sínum að leggja það til að málið verði enn dregið og hún getur ekkert komist undan þeim orðum. Eða hvað átti hv. þm. við þegar hún sagði að það legði ramman keim, og hann ekki góðan, af þessu máli? Hvað átti hv. þm. við með því?

Svo er annað í ræðu hv. þm. sem ekki er síður athyglisvert. Alþingi setur auðvitað sjálft sín lög og auðvitað hlýtur Alþingi að vinna samkvæmt sjónarmiðum sínum og því lagaumhverfi sem er eða breyta lagaumhverfinu ef Alþingi býður svo við að horfa. Og auðvitað vinnur Alþingi ekki í samræmi við einhver frumvörp sem eiga síðar eftir að koma fram þannig að ræða hv. þm. var upphafin og í raun óskiljanleg og allur röksemdaflutningur þingmannsins var algjörlega óskiljanlegur.

Rauði þráðurinn í því sem hv. þm. sagði var sá að við skyldum ekki fara að þeim tillögum sem hér liggja fyrir þinginu í frv. hæstv. iðnrh. heldur slá málinu á frest og með því móti standa að þessum málum og þar með í raun setja málið í heild sinni í hættu. Og það er ómögulegt að skilja þetta öðruvísi en svo að það sé rödd Samfylkingarinnar á Austurlandi sem talar (Gripið fram í.) í gegnum þennan hv. þm.

[14:57]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá hefur þingheimur fengið að heyra túlkun Halldórs Blöndals á ræðu minni. Það var hins vegar ekki ræða mín, eingöngu túlkun hv. þm., og skýrir kannski betur en margt annað hversu ríkur skilningur er alla jafna á milli mín og hv. þm.

Ramman keim, já, herra forseti, maður finnur ákveðna lykt, það er svo merkilegt, þegar hér er dreift frv. sem er í veigamiklum atriðum í hróplegu ósamræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin er þó áður búin að kynna sem sína og ætlar

að láta taka gildi hér á miðju ári. Það að benda á það og þann skort á auðlindapólitík sem þetta allt ber með sér er ekki tafatækni af minni hálfu, herra forseti, hreint ekki. Það er ábending um að menn eigi að gera hlutina betur. Og auðvitað hljótum við að gera kröfu til þess.

Herra forseti. Ég veit að það þýðir ekki að eiga orðastað við hv. þm., það er löng reynsla fyrir því. Og ég treysti því að þeir sem sjálfir hlýddu á ræðu mína hafi skilið að það sem ég er að fara fram á er að það sé samræmi í hlutunum, að það heyri a.m.k. upp á sama daginn hvaða skilyrði Landsvirkjun eru sett þegar hún fær afhenta arðvænlegustu virkjunarkosti landsins og öðrum þeim fyrirtækjum sem á næstu mánuðum eða missirum ætla að fara í virkjanir eða orkuöflun, þar á meðal Rarik.

[14:59]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var mjög nauðsynlegt að fá fram andsvör hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, hv. 4. þm. Norðurl. e., og í rauninni má segja ef maður hugsar málið gjörr að ekki komi á óvart að hv. þm. skuli með sínum hætti reyna að amast við því að farið verði nú í stórvirkjun á Austurlandi og undirbúið álver við Reyðarfjörð. Það vill brenna við hjá ýmsum gömlum alþýðubandalagsmönnum (**SvanJ:** Ha?) að halda sig við þá gömlu stefnu sem það fólk hafði í heiðri um áratugi og við getum rakið í gegnum söguna. Og hv. þm. er auðvitað gamall alþýðubandalagsmaður, gamall aðstoðarmaður ráðherra Alþýðubandalagsins, og kemur þess vegna ekki á óvart að hv. þm. skuli með þeim hætti nálgast þetta mál. (Gripið fram í.) Ég var að tala um hv. þm. en ekki afa hv. þm. (Gripið fram í.) Ég vona að hv. þm. skammist sín ekki fyrir sína pólitísku fortíð. (**SvanJ:** Ég er stolt af henni.) Gott og vel, og skammist sín heldur ekki fyrir þau sjónarmið sem hv. þm. hafði á sínum tíma.

Mér finnst alveg ástæðulaust fyrir þingmanninn að gera það. Það var skoðun þingmannsins á þeim tíma. Menn verða auðvitað að standa við skoðanir sínar, líka frá fyrri tímum, þó að menn kannski sjái síðar málin í öðru ljósi.

Það breytir því ekki að í andsvörum hv. þm. og líka í ræðu hennar var rauði þráðurinn sá að reyna með ýmsum hætti að gera frv. sem hér liggur fyrir tortryggilegt með mjög undarlegum röksemdaflutningi, m.a. þeim að frv. væri í hróplegu ósamræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Hvernig getur þetta frv. verið í hróplegu ósamræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar þegar það er flutt af ríkisstjórninni og ríkisstjórnin hefur þrásinnis lýst þeim skoðunum sínum á Alþingi að hún telji nauðsynlegt að fara í þessa virkjun? Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir því að mjög miklum fjárhæðum sé varið til verklegra framkvæmda á Austurlandi til að undirbúa þessa virkjun. Þar að auki hefur verið lögð mikil áhersla á að flýta öllum nauðsynlegum rannsóknum og athugunum, bæði vegna umhverfismála og af hagkvæmnisástæðum til að flýta virkjuninni. Hvernig er þá hægt að segja að það sé í hróplegu ósamræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að flytja frv.? Hvers konar málflutningur er það? Hvers konar bull er þetta, leyfi ég mér að segja og biðst afsökunar á orðinu „bull".

Ég hlýt líka að segja að hv. þm. rökstyður ógeð sitt á frv. með því að ítreka í ræðu sinni það sjónarmið sem áður kom fram, þ.e. að einhver rammur keimur og ekki góður sé af frv. Í síðari ræðu sinni segir hv. þm. að það sé ákveðin lykt af frv. Það liggur alveg ljóst fyrir að með þessum ummælum er hv. þm. að lýsa þeirri skoðun sinni að ekki sé tímabært að reisa Kárahnjúkavirkjun og álver við Reyðarfjörð og alls ekki á þeim forsendum og með þeim rökstuðningi sem ríkisstjórnin leggur hér til. Með því vill hv. þm. drepa þessu máli á dreif og fresta framkvæmdinni. Og það er eðlilegt að ég spyrji hvort hér sé ekki rödd Samfylkingarinnar að tala, það er ósköp eðlilegt að ég spyrji að því. (Gripið fram í.) því að þessi hv. þm. er kjörin í Norðurl. e. og hefur, svo langt ég veit, látið það í ljós að hún hyggist bjóða sig fram í hinu nýja Norðausturkjördæmi.

Nú veit ég ekki af hverju varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, hv. 3. þm. Vesturl. Jóhann Ársælsson, er svona órólegur yfir þessu. Betra væri að hann reyndi þá að grípa þannig fram í að orðskil heyrðust til þess að maður vissi nákvæmlega hvað hann er að fara, í staðinn fyrir að hafa þetta tóman hávaða.

Auðvitað er algjörlega rangt hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að það sé sæmileg sátt um að fresta framkvæmdum við Kárahnjúka. Auðvitað er það rangt. Auðvitað voru þessi orð hv. þm. annaðhvort sögð í hugsunarleysi eða þá af einhverjum djúpstæðum misskilningi, að það yrði sæmileg sátt um að fresta málinu.

Ég hygg á hinn bóginn að hv. þm. hafi hitt naglann á höfuðið þegar hún lýsti þeim áhyggjum sem Austfirðingar hafa af því ef svo kynni að fara að þessum framkvæmdum yrði enn frestað. Ég hygg að hv. þm. hafi ekki gert neitt of mikið úr því þegar hún talaði um að fólk á Austurlandi, sem hefur séð hús sín hrynja í verði, sé að vona að ævisparnaður þess, sem liggur í íbúðarhúsum, muni vaxa á nýjan leik með álveri Við Reyðarfjörð og virkjun Kárahnjúka. Ég hygg að það sé öldungis ljóst að hv. þm. sagði satt þegar þar var komið ræðu hennar. En ég skildi ekki alveg samhengið á milli þeirra áhyggna sem hv. þm. hafði af atvinnu og búsetu fólks á Austurlandi og svo þeirri miklu og ríku áherslu sem hún lagði á það á hinn bóginn að þessum málum yrði öllum frestað og að málið væri vitlaust lagt fyrir hér á þinginu, ég tala nú ekki um þá hróplegu mótsögn sem felst í að segja að þetta frv. ríkisstjórnarinnar sé á móti stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ekki þarf að fara langt né leita lengi að ummælum ýmissa ráðherra, hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og ýmissa annarra, um þá ríku og miklu áherslu sem þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. leggja á að staðið verði að virkjun Kárahnjúka með þeim hætti sem hér er lagt til og samtímis verði farið í að reisa álver við Reyðarfjörð. Ég held að óhjákvæmilegt sé, herra forseti, að átelja að hv. þm. gefi annað í skyn og reyni að koma inn þeim hugmyndum hjá einhverjum að með þessum frumvarpsflutningi sé verið að vinna óeðlilega að málum eða á annan hátt en gert hefur verið.

Þegar hv. þm. finnur að því að Landsvirkjun séu afhentir þessir virkjunarkostir, þessir hagkvæmustu virkjunarkostir, með þeim hætti sem gert er, er hún vitaskuld að gagnrýna þau vinnubrögð sem verið hafa. Þetta er auðvitað skýrasti vottur þess að hv. þm. vill fresta málinu. En Landsvirkjun er nú einu sinni í eigu íbúa landsins, ríkisins, Akureyrarbæjar og Reykjavíkur. Þessi tvö stóru sveitarfélög og ríkið sjálft eiga Landsvirkjun og það er staðið að þessu með sama hætti og staðið var að Búrfellsvirkjun á sínum tíma en eins og við munum var Alþýðubandalagið mikið á móti því og barðist gegn Búrfellsvirkjun, löngu eftir að hún var risin raunar.

Auðvitað er þetta með sama hætti. Þegar verið er að reyna að fá arðsemi út úr því að nýta okkar náttúruauðlindir reyna menn á hverjum tíma, að teknu tilliti til náttúruverndar og umhverfis, að taka þann virkjunarkost sem hagkvæmastur er. Þetta er ekki nýtt í sögunni heldur hefur þetta ævinlega

svo verið og mun auðvitað verða svo, að menn vilja nýta hagkvæmasta virkjunarkostinn. Það gefur auðvitað mestan arð í þjóðarbúið og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Allt tal um að eðlilegt sé að fara aðrar leiðir er auðvitað útúrsnúningur.

Ég hef áður lagt á það áherslu, herra forseti, að nútímabyggðastefna felist m.a. í að reisa stóriðjufyrirtæki úti á landi. Þá vil ég að það komi líka glöggt fram að í mínum huga nær byggðastefnan ekki til svæðisins fyrir ofan Ellliðaár. Nútímaleg byggðastefna nær einnig til höfuðborgarinnar, þess staðar sem við nú stöndum á, til Suðurnesja og allra byggða á landinu. Það er auðvitað þannig að á undanförnum áratugum hefur verið lögð mikil áhersla á það að reisa stóriðjuver á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess. Það hefur verið lögð mikil áhersla á að athuga t.d. virkjunarkosti og verið eytt til þess meiri fjármunum á þessu svæði hér en annars staðar á landinu.

Ég hef á hinn bóginn upp á síðkastið lagt á það ríkari áherslu en áður, um leið og ég minni á að ég hef ævinlega lagt ríka áherslu á að reisa stóriðju utan þessa svæðis, að í vor verði haldið áfram athugunum á Þeistareykjasvæðinu, sem nauðsynlegt er að gera ekki síður en á Tröllladyngju, til að athuga hvort möguleikar séu á því að súrálsverksmiðja geti risið við Húsavík sem fengi orku frá Þeistareykjum. Hugmyndir eru um að hún komi annaðhvort þar eða þá hér á Reykjanesi, annaðhvort við Straumsvík eða Keilisnes. Ég tel auðvitað algjörlega óásættanlegt að menn láti við það sitja að athuga Tröllladyngju, heldur fái Norðurland að njóta auðlinda sinna eins og hver önnur byggð. Í því er hin rétta byggðastefna fólgin að halla ekki alltaf á annan veginn.

Við getum líka velt því upp sem skiptir miklu máli í þessu sambandi, að á næstu árum getum við Íslendingar orðið okkur nógir um hráefni fyrir álverksmiðjurnar ef slík súrálsverksmiðja risi hér á landi.

Ég vil einnig, í tengslum við álver við Reyðarfjörð, minna á að einn af veikleikum landsbyggðarinnar er sá að þar eru ekki nógu mörg sterk fyrirtæki sem skila hagnaði og geta byggt upp atvinnustarfsemi í kringum sig. Á síðustu árum höfum við séð að í skjóli þeirrar fiskveiðistefnu sem hér er hafa risið sterk sjávarútvegsfyrirtæki sem vinna mjög fast að þróunarstarfi á hvers konar fiskeldi. Munar þar að sjálfsögðu mest um laxeldið og lúðueldið. Þau eru nú að fara að vinna að þorskeldi og hafa sett sér það markmið að ná Norðmönnum í þessum rannsóknum og sjá fyrir sér að innan tíu ára og kannski fyrr renni upp sú stund að við getum hér á landi framleitt kannski 100 þús. tonn af þorski í þorskeldi. Það yrði mjög mikill og góður stuðningur við þau nýtískulegu og framúrskarandi frystihús sem eru á sumum stöðum á landinu. Það er með þeim sterku sjávarútvegsfyrirtækjum, sem með þessum hætti byggja upp þróunarstarf í kringum sig og margvíslegan iðnað og útflutningsiðnað, sem við náum fremst. Þá er ég að tala um fyrirtæki eins og Marel og Sæplast, ég er að tala um DNG og önnur slík fyrirtæki. Þau hafa vaxið í skjóli hins sterka sjávarútvegs sem hér er.

Með sama hætti er ljóst að eftir að álver er komið á Reyðarfjörð mun það styrkja atvinnustarfsemi þar með margvíslegum hætti. Fólk hefur þá möguleika á að koma til baka, sem hefur farið burt og menntað sig með ýmsum hætti og þannig mun fjölga af þeim sökum. Margvísleg smáfyrirtæki munu rísa í kringum álverið en reynslan af stóriðjufyrirtækjunum eins og Ísal sýnir að slíkar verksmiðjur þurfa á því að halda að reglulegar siglingar séu milli þeirra og Evrópu, vikulegar siglingar, til að flytja álið jafnóðum á markað. Það veldur miklum óþægindum ef skipunum seinkar um einn eða tvo daga. Þess vegna er líka áríðandi, við þá álverksmiðju sem rís á Reyðarfirði, að gert verði ráð fyrir góðu gámaplássi, til að nýta sér þá þörf sem álverið hefur fyrir reglulegar skipakomur, fyrir almennan innflutning og útflutning fyrir landsmenn. Þá gæti komið upp sú staða að t.d. Miðnorðurland, Eyjafjörður og Akureyri, gætu valið um að þurfa ekki að una því að ein innflutnings- og útflutningshöfn sé á landinu eins og nú er heldur verði þær tvær. Önnur yrði við Reyðarfjörð og hin í Reykjavík og að sjálfsögðu væri hollt fyrir höfuðborgina að hafa einhvern við að keppa á þessum markaði. Þetta mun auðvitað lyfta Austurlandi og einnig með margvíslegum hætti styrkja stöðu Norðurlands.

Þegar rætt er við þá sem eru að velta fyrir sér fiskeldi á Austurlandi kemur fram að þeir sjá fram á mikið hagræði af því að hafa beinar vikulegar siglingar til Evrópu til að koma eldisfiski sínum ferskum á markað í Evrópu. Þannig er auðvitað ljóst að þessar framkvæmdir allar og þessi rekstur hefur ekki aðeins í þröngum skilningi byggðarlega þýðingu fyrir Austurland. Ef við lítum á afrakstur þessa atvinnurekstrar í heild sinni hefur hann mikla þýðingu fyrir þjóðfélagið allt.

Í skýrslu sem Þjóðhagsstofnun hefur gert um áhrif framkvæmdanna, kemur fram að landsframleiðsla geti orðið 1,5% hærri til lengdar og þjóðarframleiðsla tæplega 1% hærri. Þetta eru ekki litlar tölur. Reynum jafnframt að rifja upp að það sem olli hruninu 1988 og því að óhjákvæmilegt var að lífskjör færu þá versnandi hér á landi var að okkur Íslendingum hafði ekki auðnast að auka gjaldeyristekjur okkur. Þess vegna hlutum við að draga saman seglin í lifnaðarháttum okkar.

Þegar við horfum til framtíðar og hugsum okkur að byggja hér upp þjóðfélag með batnandi lífskjörum, auknum og nýjum tækifærum til menntunar og hugsum okkur að gera þjóðfélagið að betra þjóðfélagi í víðasta skilningi þess orðs, þá kennir nýleg reynsla okkur að við verðum að hyggja að gjaldeyrisöfluninni, hvernig við getum aflað gjaldeyris til þjóðarbúsins.

Hér eru fjölmargir þingmenn sem áttu sæti á þingi árið 1991, svo ég taki bara það ár, þegar lífskjaraskerðingin náði hámarki, af því okkur vantaði gjaldeyristekjur. Við getum reynt að rifja upp efnahagsástandið á þeim tíma og hvernig var að standa fyrir nýrri hugsun og nýjum framkvæmdum þegar fjárlög fóru lækkandi í krónutölu frá einu ári til annars eins og samdrátturinn var. Við getum einnig rifjað það upp að á Akureyri voru 800 manns á atvinnuleysisskrá. Ef við tölum um þessar tölur og hugleiðum á hinn bóginn hvernig við stöndum í dag, þau miklu tækifæri sem við höfum, er auðvitað sjálfsagt að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir og renna þannig stoðum undir það og gera mögulegt að Kárahnjúkavirkjun geti risið og álver við Reyðarfjörð.

Þetta er ekki aðeins mál Austfirðinga. Þetta er mál allrar þjóðarinnar. Þegar við erum að tala um mál af þessum toga þýðir ekki að styðjast við gamla sleggjudóma heldur verða menn að horfa nútímalegum augum á þetta mál. Eins og hv. þm. sagði raunar réttilega hefur þjóðfélagið áður tekið aðra eins áhættu. Við sem munum eftir þeim átökum sem urðu í kringum Búrfellsvirkjun og álverið við Straumsvík vitum að menn hafa mismunandi skoðanir. Sumir eru í orði kveðnu reiðubúnir til að segja að þeir vilji hafa verri lífskjör hér á landi en snúast svo þegar á reynir öndverðir við og þykjast aldrei hafa haldið fram slíkum skoðunum.

Þetta er ekki aðeins spurning um álver við Reyðarfjörð og Kárahnjúkavirkjun. Þetta er spurning um hvort okkur Íslendingum takist að bæta lífskjör okkar á næstu árum og hvort okkur takist að búa svo í haginn að þjóðinni geti fjölgað með eðlilegum hætti og menn geti vænst þess að eiga hér bjarta framtíð.

[15:19]

Útbýting þingskjala:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 474. mál, svar fjmrh., þskj. 810.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 286. mál, nál. sjútvn., þskj. 808; brtt. sjútvn., þskj. 809.

[15:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur verið mikil gæfa fyrir mig sem nýliða á Alþingi að njóta leiðsagnar hv. þm. Halldórs Blöndals í störfum og ræðumennsku. Má með sanni segja að hann sé eins konar nestor í þessum sölum. Það olli mér því djúpum vonbrigðum að heyra hann verja drjúgum hluta ræðu sinnar áðan í að flytja skrumskælda útgáfu af ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Ég tel að það sé fyrir neðan virðingu hæstv. forseta.

Það gladdi mig hins vegar að fram skyldi koma að frv. til raforkulaga sem lagt var fram hér á síðasta ári er ekki stefna Sjálfstfl. í raforkulöggjöf. Við það vill hv. þm. ekki kannast og þá liggur það fyrir, herra forseti.

[15:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni að hv. 4. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, vildi ekki samþykkja frv. um Kárahnjúkavirkjun eins og það liggur hér fyrir. Nú skilst mér á hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, 12. þm. Reykn., að það sé misskilningur og að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttur vilji samþykkja frv. Við skulum bíða og sjá.

[15:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Líklega hefur hv. þm. Halldór Blöndal aldrei náð hærri hæðum í málflutningi sínum á hinu háa Alþingi. Þetta var fullkomlega óskiljanlegt andsvar, herra forseti, í engu samræmi við það sem ég sagði hér áðan og hv. þm. að sjálfsögðu fullkomlega ósamboðið. Hann veit fyllilega um hvað er verið að tala hér. Og það væri gott, herra forseti, ef hann svaraði spurningunni um afstöðu sjálfstæðismanna til frv. til raforkulaga.

[15:22]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki lagt það í vana minn að ræða stjfrv. fyrr en búið er að samþykkja þau í þingflokkum og ætla ekki að leggja af þeim vana mínum.

Á hinn bóginn vil ég segja við hv. þm. að menn hljóta að ætlast til þess að þeir sem taka hér til máls hafi skýra afstöðu. Ég skildi hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur þannig að hún væri þeirrar skoðunar að það bæri að athuga frv. betur og bæri að fresta því. Hv. þm. notaði meira að segja þau orð að annars gæti ekki orðið sátt um málið.

[15:23]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski loksins að koma fram af hverju hv. þm. Halldór Blöndal fer hér svo mikinn í ræðustól og kýs að nota helming ræðutíma síns í það að leggja út af minni ræðu. Það er auðvitað vegna þess að það er greinilega bullandi ágreiningur í ríkisstjórninni um þá auðlindapólitík sem á að koma fram í frv. til nýrra raforkulaga. Það er auðvitað þess vegna sem þetta ósamræmi er.

En ég minni á að ríkisstjórnin var áður, og þingflokkar hennar, búnir að samþykkja það frv. því það var lagt hér fram á þinginu í fyrra. Þar eru auðvitað ákveðin stefnumarkandi atriði. Ef menn kippa síðan að sér höndunum núna, eða standi ágreiningur um það, er auðvitað skiljanlegt af hverju menn vilja ekki kannast við að hér sé í raun farið fram með mál sem er allt öðruvísi að mörgu leyti en ákvæði í því frv. til raforkulaga sem hér var fjallað um sl. vor og síðan áfram í sumar.

[15:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú varla hægt að kalla það andsvar sem hér var sagt. Ég talaði ekki um frv. til raforkulaga. Ég sagði á hinn bóginn að hv. þm. hefði með málflutningi sínum lýst þeim vilja sínum að nauðsynlegt væri að fresta því að afgreiða frv. um virkjun Kárahnjúka. Það var það sem ég sagði. Ég sagði að ekki væri hægt að skilja hv. þm. öðruvísi en það kemur þá fram ef ég hef misskilið hana. Þá getur hv. þm. staðið upp og sagt hér skýrt og laggott í ræðustólnum að hún vilji samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Það er ekki flóknara en svo. Ef hv. þm. er heldur hins vegar við þá skoðun sem hún hafði í ræðu sinni þá vill hún slá málinu á frest. Öðruvísi er það ekki.

[15:25]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur algjörlega ljóst fyrir að fara þarf ofan í ýmis álitamál í nefnd þegar þetta frv. kemur þangað. Ég er áreiðanlega ekki ein um þá skoðun. Það þarf að skoða ýmislegt betur, m.a. af hverju sú auðlindapólitík sem birtist annars vegar í þessu frv. og hins vegar í frv. til raforkulaga, sem hv. þm. stóð væntanlega að á síðasta ári, fer ekki saman. Það vekur auðvitað ákveðnar spurningar.

Þegar hv. þm. segir að ekki sé hægt að skilja þingmanninn öðruvísi en svona eða hinsegin þá hirði ég ekki um að svara því, einfaldlega vegna þess að reynsla mín er sú að hv. þm. kýs að skilja og túlka hlutina eins og honum sýnist. Ég get ekki staðið í því að reyna að leiðrétta það eða færa til baka. Ef hv. þm. kýs að skilja ræðu mína á einn veg, þá verður hann að eiga það við sjálfan sig.

Það er hins vegar alveg ljóst að ég mun í vinnu við þetta frv. reyna að gera það besta úr því og skoða þau álitaefni sem þarf að skoða.

[15:26]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að biðjast afsökunar á því að hafa ekki vakið athygli á því áður að ekki er hægt að skilja ummæli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur öðruvísi en svo, með skírskotun til þess sem þingmaðurinn sagði um auðlindapólitík, en að hún vilji með einhverjum hætti leggja auðlindaskatt á virkjun Kárahnjúka. Ég að biðjast afsökunar á að hafa ekki vikið að því fyrr. En e.t.v. tekur hv. þm. aftur til máls og getur þá skýrt hvað fyrir henni vakir í þeim efnum. Slíkur auðlindaskattur á virkjunina getur auðvitað valdið því að hún verði ekki lengur arðbær en það fer auðvitað eftir því hvernig hv. þm. hugsar sér auðlindaskattinn.

[15:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að hv. 1. þm. Norðurl. e. er mikill áhugamaður um virkjun norðan Vatnajökuls og um að reist verði álver í Reyðarfirði. Þau áform

eru sannarlega ekki ný af nálinni eins og hv. þm. veit. Hægt væri að fara áratugi aftur í tímann og líta til sambærilegra hluta.

Nú kom það fram hjá hæstv. iðnrh. í fyrirspurnatíma í gær að ef svo færi að Norsk Hydro hrykki úr skaftinu þyrfti að byrja leikinn upp á nýtt. Þá er málið komið á byrjunarreit. Með vísan til ófaranna í símamálunum vil ég inna hv. þm. eftir því hvort Sjálfstfl. hafi nokkrar töfralausnir á hendi sem Framsfl. hefur ekki í þessum efnum.

[15:28]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að það komi fram, sem hv. þm. er kunnugt, að Sjálfstfl. og Framsfl. vinna mjög vel saman, bæði í símamálinu og stóriðjumálinu.

[15:28]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvílík öfugmæli á þessum síðustu og verstu tímum. Það veit sá sem allt veit að önnur eins uppstytta í stjórnarsamstarfinu hefur ekki fyrr litið dagsins ljós.

En ég vil árétta spurningu mína af því að Austfirðingar, eins og hv. þm. kom hér inn á, bíða margir og vona að úr rætist í atvinnumálum þeirra. Þeir horfa til þess möguleika sem hér er ræddur. Ég endurtek því spurningu mína sem er raunar tvíþætt: Er hv. þm. ánægður með frammistöðu Framsfl. og hæstv. iðnrh. í samningum sínum við Norsk Hydro og allan umbúnað að málinu og hefur Sjálfstfl. einhvern þann töfrahatt sem hægt er að kippa kanínu upp úr ef Norsk Hydro dettur úr skaftinu? Þeir hafa verið erfiðir í taumi eins og kunnugt er.

[15:29]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að mjög vel hafi verið staðið að samningum við Norsk Hydro. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef er síður en svo uppstytta í þeim viðræðum og margt sem bendir til að þær gangi betur en áður. Hins vegar veit hv. þm. eins og ég að ýmsir álframleiðendur hafa sýnt áhuga á því upp á síðkastið að fá að reisa hér álver og lagt inn fyrirspurnir um raforkuverð og annað slíkt. Ég er ekki í neinum vafa um að aðrir viðsemjendur mundu finnast, önnur stórfyrirtæki. Á þessari stundu hef ég ekki ástæðu til að ætla annað en að vel sé á þessum málum haldið. Ég tel að iðnrh. hafi haldið vel á þessu máli.

[15:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði af talsverðum tilfinningaþunga og mikilli sannfæringu um ágæti virkjunaráforma ríkisstjórnarinnar og hann hvatti Alþingi til þess að líta þessi mál nútímalegum augum. Finnst hv. þm. það vera nútímaleg vinnubrögð að ætlast til þess að Alþingi leggi blessun sína yfir framkvæmd sem nemur mörg hundruð milljörðum króna án þess að fyrir liggi útreikningar um arðsemi?

[15:31]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég eigi að láta í ljós undrun yfir því að Vinstri grænir skuli vera á móti þessu máli. Ég held að það liggi alveg fyrir og er öllum þingmönnum kunnugt að unnið hefur verið að arðsemisútreikningum svo árum skiptir, ekki aðeins við Kárahnjúkavirkjun, heldur ýmsa aðra virkjunarkosti. Sumir hafa gagnrýnt að of mikið fé hafi farið í þá hluti og sagt að Orkustofnun og Landsvirkjun hafi farið offari í rannsóknum sínum á hagkvæmum virkjunarkostum. Ég man eftir því að Lúðvík Jósepsson hafði einu sinni orð á því við mig að nú væri svo komið að einungis turn kirkjunnar á Möðrudal á Fjöllum stæði upp úr virkjunarlóninu eins og nýjustu tillögur og athuganir Orkustofnunar voru á þeim tíma.

[15:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er Alþingi sem á að taka ákvörðun um þetta stórmál. Við fáum ekki aðgang að þeim arðsemisútreikningum sem staðhæft er að séu fyrir hendi. Við fáum hins vegar þau skilaboð frá Landsvirkjun að slíkir útreikningar og þær forsendur sem þeir séu byggðir á, séu viðskiptaleyndarmál og komi þar af leiðandi Alþingi ekki við.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því að margir hagfræðingar, ungir sem aldnir, hafa varað mjög við þessum áformum. Og það hafa þeir gert á sannfærandi hátt. Ég vísa t.d. til desemberheftis Vísbendingar þar sem Sigurður Jóhannesson fjallar ítarlega um þetta efni. Mér fannst þau rök sem þar eru reidd fram vera býsna nútímaleg.

[15:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stjórn Landsvirkjunar sitja fulltrúar frá eigendum sem eru ríki, Reykjavíkurbær og Akureyri og auðvitað munu þeir ásamt framkvæmdastjórn Landsvirkjunar fara yfir þá arðsemisútreikninga sem fyrir liggja og taka ákvörðun um hvort ráðist verði í þessa virkjun. Mér finnst alveg ástæðulaust að reyna að halda því fram og alveg órökstutt að þeir menn sem þar sitja fái ekki fullnægjandi gögn og reyni ekki eftir bestu getu að átta sig á stöðunni. Því hefur oft verið spáð að arðsemisútreikningar væru rangir og þar fram eftir götunum þegar ráðist hefur verið í stórvirkjanir. Við getum talað um Búrfellsvirkjun sem dæmi. En í öllum þeim dæmum sem ég þekki hefur málið gengið upp.

[15:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við erum að ræða langstærstu framkvæmd á vegum opinberra og hálfopinberra aðila í sögu Íslands. Það hefur verið vísað í umræðunni í aðrar virkjunarframkvæmdir, að þær hafi verið miklar, en þar er ekki saman að jafna. Hér er um að ræða virkjun fyrir eina verksmiðju, sem er nýmæli í okkar sögu, og fjárfestingarnar samtals sem ber að líta á heildstætt nema 350–400 milljörðum kr. Það er ekkert undarlegt þegar menn standa frammi fyrir slíkum fjárfestingum að þeir vilji staldra við. Og við eigum að staldra við því ekki er nóg með að þessi fjárfesting sé stór, hún er einnig mjög umdeild. Byrjum samt fyrst á því að spyrja hvað menn séu sammála um. Menn eru sammála um að þessar framkvæmdir muni skapa störf. Hve mörg veit enginn með vissu.

Í frv. er reiknað með um 1.000 störfum, 600 við sjálfa verksmiðjuna og um 400 afleiddum störfum. Þetta eru vissulega mörg störf á fámennu atvinnusvæði. En samkvæmt gögnum sem fylgdu þáltill. ríkisstjórnarinnar um Fljótsdalsvirkjun var reiknað með því að stóriðjuáformin mundu hafa áhrif á svæði þar sem nú búa tæplega 8.400 manns og þar sem vinnumarkaður svarar innan við 4.000 ársverkum. Menn deila um hversu heppileg áhrifin yrðu á svo smáan atvinnumarkað og hver tilkostnaðurinn yrði við þessa atvinnusköpun, en um hitt deilir enginn að störfum mundi fjölga.

Hvað annað eru menn sammála um? Menn eru sammála um að stóriðjan kæmi til með að skapa þjóðinni gjaldeyristekjur. Menn bera ekki ál á tún og ekki borðum við ál.

Við flytjum ál út úr landinu og við fáum fyrir það gjaldeyri. Því hefur verið haldið fram að útflutningstekjur muni aukast um 14% af þessum sökum. Menn hafa síður staðnæmst við áhrifin af lánsfjárstreymi og afborganir og innflutninginn og að sjálfsögðu þar með viðskiptajöfnuðinn, en því hefur verið haldið fram að innflutningurinn gæti jafnvel vegið upp á móti útflutningnum um nokkurra ára skeið. Og þess má geta að innkaupsverð hráefnis til álframleiðslu, súráls, nemur um fjórðungi af söluverði álsins og þá á eftir að taka tilkostnaðinn við framkvæmdirnar og uppbygginguna.

Áhrifin af þessu eru ekki tíunduð í greinargerðum með frv. Þjóðhagsstofnun víkur að skuldastöðunni eftir 2020, en það er ekki sundurgreint eða farið í saumana á áhrifunum fram að þeim tíma. Þó vitum við að á undangengnum hálfum áratug hefur skuldastaða landsmanna versnað um 50%. Þjóðhagsstofnun vísar hins vegar í nauðsyn þess að grípa til tímabundinna aðgerða til að bregðast við þeim miklu hagsveiflum sem þetta mundi hafa í för með sér, aukinni verðbólgu, hærri vöxtum, og ég segi aukinni verðbólgu í landi sem nú um skeið hefur búið við meiri verðbólgu, fjórðungi meiri verðbólgu en viðmiðunarlönd okkar hafa gert og þá eru ekki komnar til þessar framkvæmdir.

Skort hefur á að litið sé á málin heildstætt. En hvað um það. Menn eru sammála um að þröngt skoðað skapi stóriðjan gjaldeyri. Einnig mun þetta hafa áhrif á hagvöxt. Menn eru líka sammála um það. Hvort það sé eitthvað sem máli skiptir er önnur saga. Og hver hin endanlegu þjóðhagslegu áhrif verða, hvort þau verða jákvæð eða neikvæð, er nokkuð sem menn greinir á um. En hitt eru menn sammála um, að áhrifin á efnahagslífið eru talsverð.

En eitt eru menn sammála um og það er að Kárahnjúkavirkjun mun valda geysilegum náttúruspjöllum. Um þetta deilir enginn. Menn gera mismikið úr þessum náttúruspjöllum en enginn vefengir að þessar verði afleiðingarnar. Það vefengir ekki nokkur maður.

Ef menn eru sammála um þessa þætti, í hverju liggur þá ágreiningurinn? Menn eru sammála um að þetta muni skapa störf, gjaldeyristekjur, þetta muni hreyfa við hagvexti. Menn eru sammála um náttúruspjöllin. En í hverju liggur ágreiningurinn? Hvað veldur þeim miklu deilum sem raun ber vitni? Annars vegar eru þeir sem segja að náttúruspjöllin séu svo mikil, svo stórfelld að við höfum hreinlega ekki leyfi til að ráðast í þessar framkvæmdir. Hins vegar eru þeir sem segja að efnahagslegur ávinningur sé svo mikill að framkvæmdirnar séu réttlætanlegar.

Ef þessu er þannig farið er rétt að staðnæmast við þennan þátt, hinn meinta efnahagslega ávinning. Nú skulum við gefa okkur að við vildum virkja ef okkur væri sýnt fram á að það væri þjóðinni til hagsbóta og út frá því sjónarmiði ætla ég að nálgast þetta viðfangsefni.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við ræðum þessa hlið málsins á Alþingi. Hvar var skilið við þetta mál þegar við fjölluðum síðast um efnahagslegar forsendur og arðsemi virkjana? Þá var á Alþingi til umfjöllunar þáltill. um Fljótsdalsvirkjun sem framleiða átti 1.300 gígavattstundir, en það hefði farið langleiðina í að sjá 120 þúsund tonna álveri fyrir raforku. Í tillögunni sem á endanum var samþykkt af meiri hlutanum hér á þingi var gert ráð fyrir að álverið stækkaði í 360 þúsund tonn í öðrum áfanga og síðan hugsanlega í 480 þúsund tonn. Sýnt var að þetta kallaði á miklar virkjunarframkvæmdir, m.a. við Kárahnjúka. En vegna andstöðu við þessi áform, einkum gegn því að fórna Eyjabökkum, var horfið frá þeim og þær áætlanir sem nú eru til umræðu litu dagsins ljós.

Við umræðuna á Alþingi var sú krafa sett fram, m.a. af hálfu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að efnahagsleg rök yrðu brotin til mergjar áður en nokkur ákvörðun yrði tekin. Við það tækifæri, við þessa umræðu, lýsti hæstv. þáv. iðnrh. því yfir að ekki yrði ráðist í nokkrar framkvæmdir af hálfu Landsvirkjunar nema sýnt væri að þær skiluðu að lágmarki 5–6% arði af eigin fé sem þá var áætlað um 30% af framkvæmdinni. Ekki nóg með þetta, því jafnframt lýsti ráðherrann því yfir að vegna þessara fyrirhuguðu stórframkvæmda yrði mögulegt að lækka almennt raforkuverð í landinu um 25–30% á næstu tíu árum. Þetta var staðhæft.

Í kjölfar þess að þáltill. um Fljótsdalsvirkjun var samþykkt fengum við að heyra að samningar gengju vel og var þá ítrekað gengið eftir því að fá upplýsingar um raforkuverðið og hvernig staðið yrði við fyrirheitin. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að þau skuli ekki standa. Þvert á móti hefur nú heldur verið bætt í því nú er lofað 14% arðsemi af eigin fé Landsvirkjunar sem áætlað er að verði 25% framkvæmdarinnar.

Lítum á stærðargráðu núverandi áforma. Talað er um 3.850 gígavattstundir fyrir 240 þúsund tonna álver sem ætlað er síðan að stækki í allt að 420 þúsund tonn með raforkuþörf upp á 5.800 gígavattstundir, 4.890 frá Kárahnjúkavirkjun.

Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til þess að áformuð virkjun skili 14% arðsemi? Byrjum á að spyrja hvað ráði mestu um arðsemina.

Í fyrsta lagi er það virkjunarkostnaðurinn, í öðru lagi vextir af lánsfé og í þriðja lagi orkuverð, þar með talið álverð til framtíðar litið ef menn halda sig við það sem tíðkast hefur, þ.e. að binda raforkuverðið álverðinu. Takið eftir að ég tíni ekki til tilkostnað við umhverfistengda þætti sem að sjálfsögðu ætti að gera, en ríkisstjórnin hyggst ekki gera. Og ég tíni ekki til skatta, þ.e. ef það gengi fram að fyrirtækið yrði gert að sjálfstæðu fyrirtæki á markaði.

Lítum nú á hvern lið fyrir sig. Hver er áætlaður virkjunarkostnaður við Kárahnjúka? Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar í maí 2001, miðað við gengi í mars 2001, var kostnaðurinn áætlaður 70 milljarðar á fyrri hlutann og 20 milljarðar á síðari hluta framkvæmdanna, eða samtals 90 milljarðar kr. Þá var gengi dollarans um 88 kr. Þannig var virkjunarkostnaðurinn í dollurum um 1.023 milljónir dollara, eða um 209 þús. bandaríkjadollarar á gígavattsstund. Ég kem að þessu nánar síðar.

Víkjum nú að vöxtunum og gefum okkur að vaxtakjör séu hagstæð, m.a. vegna ábyrgðar ríkis, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Gefum okkur einnig að rekstrarkostnaður sé í lágmarki. Þá þurfum við engu að síður, þegar einnig er litið til afskrifta og 14% arðs af eigin fé, að reikna með árlegum tekjum af orkusölunni sem nemur um 11% af fjárfestingunni eða u.þ.b. 10 milljörðum kr. Hér styðst ég við 90 milljarða og færi þá upp samkvæmt gengisskráningu dagsins í dag. Það þýðir að kílóvattstundin frá Kárahnjúkavirkjun þyrfti að skila 2,50 kr. eða u.þ.b. 25 mill. Það er u.þ.b. helmingi hærra verð en nú fæst fyrir raforku til Straumsvíkur miðað við núverandi álverð.

Þetta eru staðreyndir málsins. Og ég hefði gaman af að heyra sjónarmið hæstv. viðskrh. og skoðanir hennar á því sem hér er sagt.

Miðað við núverandi verð áls á heimsmarkaði eru 25 mill mjög hátt og ekki í nokkru samræmi við það verð sem Landsvirkjun hefur fengið fyrir orkusölu til stóriðju.

Á hvaða ráð skyldi þá verða brugðið? Sannast sagna gerast þær spurningar áleitnar þegar hér er komið sögu hvort verið geti að menn sjái sér nauðugan þann kost að hagræða staðreyndum til að ná pólitískum markmiðum ríkisstjórnarinnar og yfirlýstum fyrirheitum Landsvirkjunar. Eða hvernig skýra menn það að virkjunarkostnaðurinn er lækkaður um tugi prósenta, úr 90 milljörðum miðað við gengi upp á 88 kr. fyrir dollar og niður í 78 milljarða miðað við 99 kr. á dollar, eða u.þ.b. 24% lækkun í dollurum talið. Með þessu móti er að sjálfsögðu unnt að láta sem svo að raforkuna megi selja fyrir lægra verð en í fyrra dæminu. Þetta verður ríkisstjórnin að skýra. Hún verður að skýra þær tölur sem nú eru að birtast í gögnum hennar.

Hitt er svo annað mál að við eigum eftir að fá svör við öðrum ekki síður áleitnum spurningum. Þannig á eftir að reikna inn mótvægiskostnað og kostnað vegna þeirra tuttugu skilyrða sem umhvrh. setti þegar hún heimilaði þessar framkvæmdir. Þegar sá úrskurður birtist lýsti forstjóri Landsvirkjunar því yfir að kostnaður sem leiddi af úrskurði umhvrh. næmi milljörðum króna sem yrði ekki unnt að semja um við væntanlegan orkukaupanda. Þessu lýsti forstjóri Landsvirkjunar yfir.

Þá er um tvennt að ræða, að skattborgarinn borgi brúsann eða að almennir notendur verði að bera kostnaðinn í hækkuðu raforkuverði þótt samkvæmt lögum Landsvirkjunar sé ekki heimilt að hækka almennt raforkuverð vegna sölu til stóriðju eins og komið hefur fram í umræðunni fyrr í dag. Er það þá skattborgarinn sem á að borga brúsann, sem á að bera þennan kostnað? Um þetta verðum við að fá skýr svör frá hæstv. iðnrh.

Þess má geta í þessu sambandi, þ.e. við hina lækkuðu tölu Landsvirkjunar á sama tíma og mótvægiskostnaði er hleypt upp, að þótt aðeins væri litið til tilkostnaðar vegna fokvandamála við Hálslón 1 kæmi þar til viðbótarkostnaður upp á u.þ.b. 2 milljarða á fyrstu 5–10 árum líftíma virkjunarinnar. En þegar á heildina er litið er verið að tala um margfalt hærri upphæðir.

Í framhaldinu er rétt að spyrja hvort öll þessi framkvæmd í heild sinni sé ekki mjög vanáætluð. Ef síðustu tölur frá Landsvirkjun sem birtust í skýrslu umhvrn. væru teknar alvarlega, sem ég tel reyndar fráleitt að gera, fela þær það í sér að unnt væri að framleiða hverja gígavattstund fyrir 160.000 dollara eða u.þ.b. 13% lægra verð en raunin varð við hagkvæmustu vatnsaflsvirkjun sem lokið var við í Þjórsá, þ.e. Vatnsfellsvirkjun, en þar kostaði gígavattstundin u.þ.b. 184.000 dollara eða 15% meira.

Hvernig í ósköpunum ætla menn að skýra þetta þegar við blasa þær stórfelldu framkvæmdir sem þessar virkjanir kalla á? Jarðgöng upp á 78 kílómetra, 3,6–3,8 m í þvermál, og nú er gerð krafa um að þessi göng verði vöktuð og þétt eftir því sem leki kemur fram í þeim. Halda menn virkilega að þetta sé ókeypis? Einhvern tímann var talað um að slíkar framkvæmdir kostuðu um einn milljarð fyrir hvern kílómetra. Ég efast ekki um að þessi tala lækkar eftir því sem tækni fleygir fram en hér erum við a.m.k., bara í þessu, að tala um framkvæmdir sem kosta tugi milljarða króna.

Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að hér standi ekki steinn yfir steini. Annaðhvort hafa orðið mistök í framsetningu eða það er hreinlega verið að afvegaleiða okkur. Allt þetta þarf hæstv. viðskrh. að sjálfsögðu að skýra. Og það gengur ekki að koma fram með frv. sem er ekki með grundvallarforsendur, grundvallarefnahagslegar forsendur, arðsemisútreikninga.

Við erum búin að hlusta á hvern stjórnarþingmanninn á fætur öðrum koma hér upp og dásama þessar framkvæmdir án þess að hafa hugmynd um þær efnahagslegu forsendur og þá arðsemisútreikninga sem þær byggja á.

Ég hef leitt fram að það er margt sem bendir til þess að verið sé að hagræða tölum til að þjóna pólitískum markmiðum ríkisstjórnarinnar.

Víkjum aftur, herra forseti, að þeim þáttum sem við sögðum í upphafi að menn væru sammála um, að þessar framkvæmdir mundu skapa störf. Ef það hins vegar reynist einmitt gerast á grundvelli fjárfestinga sem engan veginn bera sig, yrðu þjóðinni þvert á móti verulegur fjárhagslegur baggi, er þá ekki augljóslega hyggilegra að leita annarra ráða við atvinnusköpun? Við skulum ekki gleyma því að hvert starf mundi samkvæmt þessum útreikningum kosta um 400 millj. kr., og látum við þá að sinni mengunina og náttúruspjöllin liggja milli hluta.

Hvað þá um útflutningstekjurnar, þ.e. öflun gjaldeyris? Nú liggur í augum uppi að það ál sem hér yrði framleitt yrði að sjálfsögðu selt úr landi og fyrir það fengist gjaldeyrir eins og ég vék að í upphafi. En það segir ekkert til um það hvort nokkurt vit sé í fjárfestingunni og eins og ég vék að hér áðan er deginum ljósara að svo er ekki. Og þessu gera Landsvirkjunarmenn sér sjálfir grein fyrir. Þeir segja: Ef um væri að ræða framkvæmd á vegum sjálfstæðs fyrirtækis á markaði yrði ekki ráðist í hana. Ég er hér að vitna í orð fjármálastjóra Landsvirkjunar á síðasta orkuþingi.

Margir hagfræðingar, nú ekki alls fyrir löngu Sigurður Jóhannesson, hafa sýnt fram á, m.a. í desemberhefti Vísbendingar, hver áhrifin yrðu ef fyrirtækið væri sjálfstæð eining á markaði. Og auk þess má ekki gleyma að á móti útflutningnum sem menn hafa staðhæft að nemi 14% aukningu kemur innflutningur á hráefni, þ.e. súráli, og þessar miklu fjárfestingar. Og hverjir eiga að ábyrgjast skuldirnar? Hverjir eiga að ábyrgjast lánsfjármagnið? Það erum við, þ.e. ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyri.

Í þessu sambandi má nefna að skuldir og ábyrgðir Reykjavíkurborgar nema nú um 150 milljörðum en heildareign borgarinnar mun vera 206 milljarðar. Ef Reykjavíkurborg gengist í ábyrgð vegna fyrirsjáanlegra lána tengdum þessum risaverkefnum mundu heildarskuldir og ábyrgðir vera langt umfram heildareign borgarinnar.

Herra forseti. Ég á nokkuð eftir af máli mínu þar sem ég ætlaði að fjalla um hagvöxt og þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda. Það mun ég gera í síðari ræðu minni.

[15:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Verkefnið er stórt í sniðum, segir hv. þm., og allt sem er stórt í sniðum er honum ekki að skapi. Það er því nokkuð ljóst að hann styður ekki þetta verkefni. Þó taldi hann fram nokkur atriði sem væru jákvæð og ég er sérstaklega ánægð með að heyra það, eins og í sambandi við útflutningstekjur, sköpun starfa og annað slíkt. En hann sagði líka að við ættum að leita annarra ráða við atvinnusköpun og það er bara gamla tuggan, þetta „eitthvað annað".

Þó að í sjálfu sér sé ekki skynsamleg aðferð til að útkljá mál að standa í ræðustól á Alþingi vegna þess að í nefnda-

starfinu á að fjalla um öll ítarefni langar mig samt aðeins til að koma inn á forsendur Landsvirkjunar af því að hv. þm. gerir svo mikið úr þessum arðsemisútreikningum. Við reiknum með að 3/4 stofnkostnaðar verði fjármagnaðir með lánum en 1/4 með eigin fé. Í útreikningunum er gerð krafa um 12% ávöxtun eigin fjár mælt í dollurum sem svarar til ríflega 10% raunávöxtunar. Það er niðurstaða þessara útreikninga að verkefnið standi undir þessu og gott betur. Verkefnið gæti staðið undir allt að 1% hærri vaxtakröfu á allt fjármagnið, bæði lánsfé og eigið fé, eins og ég sagði áðan.

[15:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ég sé andvígur öllu því sem er stórt í sniðum. Síður en svo. Ég er mjög andvígur mjög heimskulegum stórum áformum.

Ég vil líka leiðrétta þann misskilning varðandi útflutningstekjurnar og atvinnusköpunina sem kom fram í máli hæstv. ráðherra. Ég er að leiða rök að því að þetta sé óhagkvæm leið til þess að skapa atvinnu og til þess að skapa okkur gjaldeyri. Og ég er að vísa í röksemdir sem reiddar hafa verið fram af fjölmörgum hagfræðingum um þetta efni.

Varðandi arðsemisútreikningana hefur verið upplýst að við fáum ekki að sjá þá. Ég auglýsti eftir þeim á síðasta þingi. Ég gerði það ítrekað í fjölmiðlum í allt sumar. Ég hef aldrei fengið nein svör frá hæstv. ráðherra. Þegar allt kemur til alls eigum við á Alþingi að taka ákvörðun um þetta mál og við eigum heimtingu á að fá fram upplýsingar til þess að við getum gert það á einhvern vitrænan hátt.

[15:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér kom í ræðustól áðan á Alþingi reyndur þingmaður sem hefur verið iðnrh. og menntmrh. og þingmaður til fjölda ára. Og hann treysti sér ekki, taldi sig ekki hafa leyfi til þess, að fara hér með verð í sambandi við samninga við stóriðjufyrirtæki sem áttu sér stað fyrir áratugum. Samt biður þessi hv. þm. endalaust um að fá hér nákvæmar upplýsingar um það hvernig mál standi í sambandi við samninga um orkuverð Landsvirkjunar við Reyðarál. Ég held að hv. þm. hljóti að skilja að það er ekki hægt að fara nákvæmlega ofan í það mál á þessu stigi umræðunnar. Svo talar hann um að þetta sé svo óhagkvæm leið til að afla starfa. Það er ekki spurningin. Spurningin er þessi: Fær Landsvirkjun nægilega hátt verð til að vilja fara út í þessar framkvæmdir? Og verður álverið arðbært þannig að það geti rekið sig? Það eru spurningarnar. Og ég tel að svarið við báðum spurningunum sé já.

[15:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nákvæmlega spurningin, að við fáum allar forsendur til að meta þessar framkvæmdir sem eru metnar á 350–400 milljarða króna. Er það ekki grundvallaratriði að við höfum allar forsendur til að byggja á en að ekki sé vísað í einhverja einstaklinga innan veggja Landsvirkjunar eða annarra stofnana, að við látum ekki bjóða okkur að þetta séu leynileg viðskiptagögn?

Hingað komu í vetur tveir Bandaríkjamenn sem hafa sérhæft sig í raforkugeiranum í Bandaríkjunum og þeir skýrðu okkur frá því að þar væru öll gögn af þessu tagi opin öllum. Vitið þið hverja er verið að leyna þessum gögnum? Hverjir skyldu það vera? Það erum við. Það er íslenska þjóðin. Álfyrirtækin, viðskiptavinirnir, fá hins vegar allt á borðin, þeir fá allt á sitt borð. En við ætlum að láta bjóða okkur það, og hæstv. ráðherra ætlar að bjóða Alþingi að við fáum ekki að sjá þessi gögn, við fáum ekki upplýsingar um grundvallarforsendur í þessu máli.

[16:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. og formanni þingflokks Vinstri grænna fyrir athyglisverða ræðu. Þar vakti hann upp fjölmargar spurningar sem mikilvægt er að fá svör við. Mig langar hins vegar að inna hann eftir því sem hann talaði ekki um og lítið hefur borið á í málflutningi flokksmanna hans við þessa umræðu. Allt púðrið hefur farið í arðsemi, sem að sönnu er mjög mikilvæg. En hvar er græna stefnan sem ég hélt fram undir þetta að væri hinn rauði þráður í stefnu þessa flokks? Ég skildi það þannig að einu gilti hvort um hagkvæmar aðgerðir væri að ræða eða ekki, heldur hitt að áherslurnar væru rangar, að stóriðja og það að virkja fallvötnin væri ekki hin nýja græna stefna.

Ég vil gagnálykta og spyrja hv. þm. sem svo: Hefur orðið áherslubreyting hjá flokki hv. þm.? Sé hægt er að sýna fram á það í þessum umræðum að af þessu verði gróði fyrir land og þjóð, mun þá Vinstri hreyfingin – grænt framboð samþykkja og styðja þetta frv.?

[16:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hefði hv. þm. hlýtt á upphaf máls míns hefði hann heyrt mig segja að um það eitt væru allir sammála, að þessar framkvæmdir mundu hafa í för með sér stórfelld náttúruspjöll. Það eru allir sammála um.

Menn greinir hins vegar á um eitt eða tvö grundvallaratriði. Annars vegar er hópur sem telur þessi spjöll svo alvarleg að ekki eigi undir nokkrum kringumstæðum að ráðast í framkvæmdirnar. Hins vegar er hópur sem segir: Ef hægt er að sýna fram á að þjóðhagslegur ávinningur sé svo afgerandi, svo mikill, er rétt að ráðast í þessar framkvæmdir. Þetta eru þessi tvö sjónarmið.

Hér er frv. sem við héldum að ætti að taka á hinum efnahagslegu þáttum. Ég er því að reyna að fá fram hverjar þessar efnahagslegu forsendur eru og hver hinn þjóðhagslegi ávinningur er. Ég veit að hv. þm. vill helst reyna að ýfa málið upp og draga inn í það pólitíska flokkadrætti en þetta er mergurinn málsins í mínum huga.

[16:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. mjög ærlegt svar. Ég get alveg tekið undir greiningu hans í þessum efnum. Þarna er um að ræða tvo hópa. Við jafnaðarmenn erum í seinni hópnum. Við viljum vega og meta þjóðhagslega hagkvæmni málsins á móti umhverfisáhrifum sem til staðar eru.

Mér skildist hins vegar, fram undir þessa umræðu, að a.m.k. langstærsti hluti Vinstri grænna væri í fyrri hópnum, væri beinlínis á móti þessu og vildi ekki fara þessar leiðir í atvinnumálum þjóðarinnar. Hér er komin upp algjörlega ný lína ef Vinstri grænir — ég tek það fram að ég er ekki að snúa út úr heldur skil ég þetta svona — eru a.m.k. komnir í hóp með okkur jafnaðarmönnum sem viljum fara skynsemisleiðina.

Ég spyr um aðra þingmenn Vinstri grænna, hv. 17. þm. Reykv. sem hefur talað í allt aðra veru, hv. 6. þm. Norðurl. e. og 5. þm. Austurl. Ég er satt að segja dálítið ruglaður í ríminu, herra forseti, þegar hér er komið.

[16:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil hvetja hv. þm. til að sofa rólega. Hann þarf ekkert að ruglast í ríminu. Ég held að það sé almennt um afstöðu okkar innan Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs að segja að við teljum náttúruspjöllin svo mikil, þessi óafturkræfu náttúruspjöll svo mikil, að ekki sé hyggilegt að ráðast í þessar framkvæmdir. Þetta held ég að sé hið almenna viðhorf.

Innan okkar raða eru að sjálfsögðu einnig hinir sem vilja skoða, ekki bara þessa framkvæmd heldur allar framkvæmdir sem hreyfa við náttúru landsins með tilliti til annarra þátta. Þeir þættir málsins eru nú til umræðu hér á Alþingi, hinar efnahagslegu forsendur. Ég ákvað við þessa umræðu að einblína á þær og óska eftir því að menn komi með innlegg þar að lútandi í umræðunni.

Hins vegar er lítið um svör. Hér kom hæstv. ráðherra áðan og sagði að hann liti svo á að við værum á móti öllu sem væri stórt í sniðum o.s.frv. Það var hið málefnalega framlag ráðherrans við þessa umræðu. Ég auglýsi eftir röksemdum og upplýsingum.

[16:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var að mörgu leyti athyglisverð ræða sem hv. þm. flutti. Hann talaði m.a. um að verið væri að hagræða tölum. Ég hjó eftir því og hann talaði m.a. um þau göng sem fyrirhuguð eru, að hver kílómetri í þeim kostaði einn milljarð króna, þ.e. hið sama og þegar göngin undir Hvalfjörð voru búin til. Hann talaði líka um það að þetta væru 3–4 metrar í þvermál, en göngin undir Hvalfjörð eru miklu breiðari en það. Þau eru auk þess undir sjó o.s.frv. Ég er ekki frá því að þessi ágæti þingmaður hafi fallið í þá gryfju að hagræða eitthvað þeim tölum sem hann hafði á blaði. Ég hjó m.a. eftir þessu.

Í eina tíð voru opnir skurðir. Það er sjálfsagt miklu ódýrari leið en er það sú leið sem hv. þm. mundi frekar velja en göngin sem hann nefndi hér áðan í ræðu sinni?

[16:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þetta framlag Framsfl. til þessarar umræðu. Hv. þm. hefur eitthvað misheyrst áðan vegna þess að ég nefndi enga ákveðna tölu. Ég sagði að einhvern tímann hefði því verið haldið fram að kostnaður við að gera stór göng væri einn milljarður á hvern kílómetra. Síðan bætti ég því við að margt kæmi til, tækninni fleygði fram, en eftir sem áður værum við sjálfsagt að tala um kostnað sem næmi milljörðum króna. Þetta held ég að ég hafi sagt.

Ég er ekki sérstakur fylgismaður opinna skurða. Ég er andvígur þessum framkvæmdum almennt. Ég tel þær ekki standast út frá umhverfissjónarmiði og í efnahagslegu tilliti standast þær engan veginn.

[16:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var einmitt að fara með tölur. Þegar menn vitna í tölur er ágætt að nýta sér þessa röksemdafærslu sem hann fór með hér áðan, þ.e. að einhvern tímann hafi einhverju verið haldið fram. Mér finnst það býsna léttvægt þegar menn vitna í eitthvað slíkt. Hvenær var það? Hvernig er verðlagning á vöru? Einhvern tíma kostaði hún þetta. En mér finnst, af því að hv. þm. tók sérstaklega fram að þetta kostaði u.þ.b. einn milljarð að gera svona göng, hann sjálfur fara ... (Gripið fram í.) já, milljarð á kílómetra, býsna frjálslega með tölur þegar hann segir að einhvern tíma hafi því verið haldið fram að þetta kostaði þetta.

[16:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka hjartanlega undir með hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni. Svona á að sjálfsögðu ekki að tala. Ég talaði reyndar ekki svona sjálfur en svona talar ríkisstjórnin. Svona talar hæstv. viðskrh. Allt í véfréttastíl. Ráðherra neitar að koma fram með nokkrar tölur.

Ég er einmitt að auglýsa eftir að settar verði fram ábyggilegar tölur, þar á meðal um forsendur arðsemisútreikninga. Þær skortir. Ætlar Alþingi að láta bjóða sér — ég vona að það geri það ekki — plagg frá Landsvirkjun sem segir nánast að Alþingi komi þetta ekki við, þetta séu viðskiptaleyndarmál? Stjórnarliðar láta sér þetta lynda og koma hver á fætur öðrum í ræðustól og dásama þessi áform, án þess að þekkja grunninn að nokkru leyti.

[16:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er andvígur heimskulega stórum áformum, sagði hv. þm. og vex allt í augum. Honum óx m.a. í augum að Reykjavík skuldaði 150 milljarða króna og hefur eðlilega áhyggjur af fjárhagsstöðu og rekstri borgarinnar.

En ég vil vekja athygli á því að hv. þm. krefst þess að hér séu settar fram ábyggilegar tölur, þar á meðal um forsendur arðsemisútreikninga. Á hinn bóginn segir hv. þm.: Það er margt sem bendir til þess að verið sé að hagræða tölum til að þjóna pólitískum hagsmunum ríkisstjórnarinnar. Hvernig er nú hægt að leggja tölur fyrir þingmenn eins og þennan, með þvílíkan málflutning? Hverjir eru það sem hagræða tölum? Eru það embættismennirnir sem hagræða tölum? Hverjir eru það? Hvers konar málflutningur er þetta, að biðja annars vegar um tölur og gefa síðan í skyn að þeir sem koma fram með tölurnar séu óheiðarlegir?

[16:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að vitna í skjöl frá ríkisstjórninni. Hefur hv. þm. kynnt sér gögn sem komu frá Skipulagsstofnun 2. ágúst 2001 og hins vegar gögn sem birtust frá umhvrn. 20. desember sama ár? Þar eru misvísandi tölur. Hefur hv. þm. kynnt sér þetta?

Ég reyndi að færa rök fyrir mínu máli, á hvern hátt ég teldi að ætla mætti að menn væru að hagræða tölum. Ég setti þetta fram í spurningaformi og spurði hvort verið gæti að mönnum hefði orðið á í messunni, að þetta væri slys í framsetningarmátanum, eða hvort hér væri verið að hagræða tölum? Tölurnar eru misvísandi og þar skeikar milljörðum. Það er staðreynd.

[16:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði „... margt sem bendir til þess að verið sé að hagræða tölum til að þjóna pólitískum hagsmunum ríkisstjórnarinnar". Þetta er ekki í spurningaformi.

Oft þegar menn nálgast flókið viðfangsefni ber tölum ekki alveg saman þegar komið er að því út frá ólíkum sjónarmiðum. Þetta veit hv. þm. En hann leyfir sér að koma inn í þessar umræður og halda því fram að þeir embættismenn sem unnu þessar skýrslur, og hann er búinn að benda á hverjar skýrslurnar eru, hafi verið að hagræða tölum. Það að segja að menn séu að hagræða tölum til þess að búa til annað yfirbragð en raunverulegt er er að bera viðkomandi aðilum á brýn að þeir séu óheiðarlegir. Ég verð að segja, herra forseti,

að málflutningur af þessu tagi á ekki að heyrast í þingsölum.

[16:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hvorki fannst mér þessi orð bera vott mikillar háttvísi eða heiðarleika. Ég færi rök fyrir máli mínu. Ég vísaði í gögn og nefndi tölur sem ég las upp úr gögnum frá ríkisstjórninni og embættisstofnunum á hennar vegum. Þær tölur eru misvísandi og gefa misvísandi niðurstöður. Ég spurði hvað hér ylli, hvort mönnum hefði orðið á eða hvort hér væri verið að hagræða tölum til þess að þjóna pólitískum markmiðum ríkisstjórnarinnar. Staðreyndin er sú að við fáum ekki inn á borð Alþingis þau gögn og þær tölur sem óskað hefur verið eftir. Ég spyr: Ætlar Alþingi að láta bjóða sér það að afgreiða þetta mál áður en allar forsendur þess liggja fyrir?

[16:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Íslensk náttúra er verðmæt og við hljótum alltaf að velta fyrir okkur hvort við séum tilbúin að fórna óspilltri náttúru þegar um mannvirkjagerð er að ræða. Það á ekki einungis við um þau mannvirki sem við ræðum hér í dag, heldur á þetta við alltaf. Þetta eru auðvitað alltaf áleitnar spurningar.

Við Íslendingar gerum mjög miklar kröfur til lífsins og þær kröfur leiða til þess að við verðum oft að færa fórnir hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Allt frá því Ingólfur Arnarson nam hér land höfum við smátt og smátt breytt ósnortnu landi með ýmiss konar mannvirkjagerð. Með aukinni velmegun veltum við þessum málum að sjálfsögðu enn frekar fyrir okkur og í raun er ekkert óeðlilegt við það.

Við erum lítil þjóð í stóru landi og búum að mörgu leyti við mjög góð lífskjör, enda gerum við miklar kröfur til lífsins og erum afar tæknilega þenkjandi þjóð. Ég hef á tilfinningunni að þeir sem búa í manngerðu umhverfi, t.d. í höfuðborginni, beiti sér gjarnan af mestri hörku gegn mannvirkjagerð, sé fyrirhugað að reisa þau mannvirki á landsbyggðinni, þó svo hinir sömu láti ýmislegt yfir sig ganga í mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu, m.a. til þæginda í daglegu lífi. Hér í borginni eru reist stórhýsi, lagðir vegir, hlaðnir varnargarðar og skjólgarðar ýmiss konar, svo dæmi séu nefnd um mannvirki sem hér eru reist, án þess að þessir sjálfskipuðu umhverfissinnar hreyfi legg eða lið.

Ég hygg að flest okkar í þessum sal teljum okkur umhverfissinna. Hins vegar er það þannig að ef mannvirkin eru í nægilegri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu þá bregðast hinir sjálfskipuðu umhverfissinnar við af fullri hörku. Þeir sjá landsbyggðina fyrir sér í rómantísku ljósi og telja að við sem á landsbyggðinni búum getum gert eitthvað annað, eins og svo gjarnan er sagt, jafnvel lifað á því að tína hundasúrur, fjallagrös, villisveppi og þess háttar.

Ég vil alls ekki gera lítið úr því fólki sem með útsjónarsemi stundar margs konar smáiðnað. Í raun dáist ég gjarnan að frumkvæði þess fólks og því sem það fæst við. Ég dáist líka að því hve blómleg ferðaþjónusta er á Íslandi, landbúnaði hér, sjávarútvegi og ýmsu öðru. fleira. Það er í raun, eins og ég hef sagt, ýmislegt sem við fáumst við á Íslandi og við erum sífellt að þróa samfélag okkar. Ísland er að mörgu leyti harðbýlt land ef við miðum t.d. við granna okkar í Evrópu.

Í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun bentu nokkrir stjórnarandstæðingar á að Kárahnjúkavirkjun væri hugsanlega mun betri virkjunarkostur en t.d. að sökkva Eyjabökkum. Á Íslandi glímum við við ýmiss konar byggðavanda, m.a. á Austurlandi. Okkur sárvantar fleiri atvinnutækifæri út á land. Eftir að hafa hlustað á rök heimafólks á Austurlandi, sveitarstjórnarmanna og forráðamanna sveitarfélaga á Austurlandi og eftir að umhvrh. hefur úrskurðað í þessu máli, um þetta viðamikla verkefni, fellst ég á þau rök sem fram hafa verið sett. Mikill meiri hluti íbúa Austurlands er fylgjandi þessum framkvæmdum og hefur lýst undrun sinni á afstöðu þeirra sem hvað harðast hafa barist gegn þeim. Það á jafnt við um heimamenn og þá sem annars staðar koma að.

Ég geri mér grein fyrir að með samþykkt þessa frv. færum við ýmsar fórnir en það er einnig verulegur ávinningur af þessum framkvæmdum. Kárahnjúkavirkjun er stærsta virkjunarframkvæmd sem undirbúin hefur verið á Íslandi. Við færðum einnig fórnir á sínum tíma þegar við virkjuðum t.d. Sog, Búrfell, Sigöldu og fleira gætum við nefnt í þeim efnum. En við fengum líka eitthvað í staðinn. Það þekki ég mjög vel, t.d. úr mínu kjördæmi. Við værum nokkuð aftarlega á merinni ef við hefðum ekki fært þær fórnir. Til gamans má geta þess að hin grænu stóriðja, sem við köllum ylræktina okkar, byggir t.d. að stórum hluta á raflýsingu. Hin græna orka, þ.e. virkjun fallvatna er ein af náttúruauðlindum þjóðarinnar og ég tel að við getum ekki annað en nýtt okkur þessar auðlindir.

Ég hef gjarnan rætt þessi mál við norræna kollega okkar. Þegar við tölum um hina grænu orku sem við höfum hér á Íslandi má segja að t.d. Danir séu grænir af öfund yfir þeim náttúruauðlindum sem við eigum og nýtum okkur.

Kárahnjúkavirkjun og stóriðjan á Reyðarfirði yrði ekki einungis gríðarleg lyftistöng fyrir Austurland heldur einnig fyrir landið í heild. Þessar framkvæmdir koma til með að auka þjóðarframleiðslu okkar og landsframleiðslu. 1.100 störf á Austurlandi skipta mjög miklu máli og treysta þar byggð. Þessar framkvæmdir leiða til bættra samgangna og skipta Austurland miklu máli sem og þjóðina í heild. Það á við í ferðaþjónustu og á mörgum öðrum sviðum. Verktakastarfsemi eflist við þessar framkvæmdir og við munum hafa meiri möguleika til að verja fé til menntunar og skólahalds á Austurlandi sem og annars staðar á landinu ef við ráðumst í þessar framkvæmdir. Þess vegna m.a. styð ég þessar framkvæmdir.

Mér finnst á stundum þannig talað um landsbyggðina og Austurland eins og ekkert sé að gerast þar, fólkið sitji þar með hendur í skauti og bíði eftir þessu tækifæri. Það er auðvitað ekki rétt. Austurland er mjög framarlega á mjög mörgum sviðum. Ég nefni sjávarútveg. Fáir staðir sem eru betur tæknivæddir til að vinna uppsjávarfisk en t.d. Neskaupstaður. Ég nefni skógrækt. Ekkert svæði á landinu býr að meiri og öflugri skógrækt en Austurland. Þess eru líka dæmi að mjög myndarleg fyrirtæki í lífrænni ræktun starfi á Austurlandi. Landbúnaður er þar blómlegur og einnig er ferðaþjónusta afar blómleg á því svæði.

Eftir langvarandi stöðnunartímabil á Íslandi var ákveðið að stækka álverið í Straumsvík. Það má velta fyrir sér á hvern hátt umræðan í þjóðfélaginu breyttist við það nánast á einni nóttu. Allt í einu fóru fjölmiðlar að fjalla um þessi mál, menn fóru að hafa áhyggjur af því að þensla yrði í landinu og þar fram eftir götunum. Nú hefur um tíma verið talsverð þensla á Íslandi. Reyndar hefur dregið úr þeirri þenslu en til þess að viðhalda atvinnustarfsemi, m.a. verkstakastarfsemi, finnst mér sjálfsagt að ráðast í þetta verkefni.

Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði er kærkomin viðbót í atvinnuflóru Austurlands. Það er einmitt þess vegna sem ég er hlynntur þessum framkvæmdum.

[16:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar um nauðsyn þess að við styrkjum atvinnulíf og byggð með aðgerðum alls staðar á landinu. Við þurfum að búa atvinnulífinu góðar aðstæður. Í dæminu sem við ræðum hér um, þ.e. samandregið Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðjan á Reyðarfirði, er talið að hvert ársverk kosti um 400 millj. kr. og heildarfjárfestingin þar, í kring um eina tegund af atvinnustarfsemi, sé 350–400 milljarðar kr. Þær upphæðir hafa verið nefndar í því sambandi.

Venjulegt ársverk á Íslandi er talið kosta um 10 millj. kr., ekki 400 eins og í þessu tilviki. Teldi hv. þm. ekki, ef hann liti á málið frá öðru sjónarhorni, hægt að byggja upp annars konar atvinnu á Austurlandi og víðar þó ekki væri varið nema litlum hluta af þessu fjármagni til þess? Stór hluti fjármagnsins sem þarna er á ferðinni eru bein eða óbein ríkisframlög. Væri ekki hægt að byggja upp aðra atvinnu, veita annan stuðning til atvinnulífs á Austurlandi þar sem ársverkið kostaði ekki 400 millj. heldur væri nær þeim 10 millj. sem það kostar að meðaltali á landinu?

[16:25]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er um verulegar fjárhæðir að ræða í þessum framkvæmdum, það er alveg ljóst. Ég hjó eftir því að hv. þm. talaði um hvort ekki væri möguleiki á að verja þessum peningum til annars konar atvinnustarfsemi.

Jú, við getum auðvitað varið peningum til ýmiss konar atvinnustarfsemi. En þessi möguleiki er þarna fyrir hendi. Hann er um margt spennandi fyrir þetta svæði. Við mundum þarna nýta náttúruauðlindir og skapa 1.100 störf á þessu svæði. Þeim mundi síðan fylgja alls konar hliðarþjónusta og þess háttar.

Ég kem frá Hvolsvelli, stað sem Sláturfélag Suðurlands flutti kjötvinnslu sína til árið 1991. Þá voru 100 störf flutt á einu bretti til Hvolsvallar. Það hafði gríðarleg áhrif, ekki bara á atvinnuflóruna á þeim stað heldur í Rangárvallasýslu í heild sinni. Alls konar þjónusta skapaðist í kringum þessa starfsemi og ég bendi á það að á sama hátt hlýtur að skapast gríðarleg atvinnustarfsemi í kringum þessi 1.100 störf sem verða til á þessu svæði.

Þá getum við líka farið að leika okkur með þessar tölur. Hv. þm. talar um að hvert ársverk í þessu kosti 400 millj. Þar er náttúrlega mjög frjálslega farið með tölur. En ef við veltum fyrir okkur ágætri tillögu Vinstri grænna um að verja 400 millj. til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi í fimm eða sex ár þá eru það fimm eða sex störf, út frá sömu rökum. Sú tala er auðvitað ekki há en þetta er alltaf spurningin um í hvaða samhengi við setjum hlutina.

[16:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór ekki frjálslega með tölur. Ég fékk þessar tölur upp úr skýrslu Hagfræðistofnunar sem er fylgiskjal við mat á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar.

Það er gott að byggja upp atvinnurekstur, eins og hv. þm. minntist á, á Suðurlandi. En hvað mundi hv. þm. segja ef ríkið mundi almennt veita slík kjör, veita ríkisábyrgð á lán til atvinnurekstrar eins og hér er um að ræða og viðkomandi fyrirtæki mundi ekki þurfa að borga skatta til ríkisins, eins og fyrirhugað er með Kárahnjúkavirkjun? Hvernig væri ef þannig væri staðið að atvinnurekstri vítt og breitt um landið? Mundi þá ekki vera hægt að byggja upp margs konar atvinnu með bakstuðningi af því tagi eða er þetta heiðarlegur samkeppnisgrunnur sem þarna er settur upp?

Í síðasta lagi, herra forseti: Óar hv. þm. ekki við að þarna er verið að ráðast í eina mestu náttúruröskun af mannavöldum sem nokkurn tíma hefur verið farið í hér á Íslandi og að miðlunarlón þessarar virkjunar sem þarna yrði ráðist í er talið muni fyllast eða að miðlun þess fari að minnka að 100–200 árum liðnum? Hér er því um óafturkræfa náttúruröskun að ræða. Óar honum ekki við þessum stærðum, óar honum ekki við þessum tölum og náttúruröskun sem er óafturkræf? Þessar gríðarlegu upphæðir í fjármunum sem við kunnum varla að nefna en skiljum að hvert ársstarf kostar 400 millj. kr., óar honum þetta virkilega ekki? Óar honum þetta ekki? Mér óar þetta og tel óskynsamlega að farið. Óar honum ekki það sem þarna á að ráðast í?

[16:30]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega óar mér við þessum tölum, (**SJS:** Gott er að heyra.) Vissulega óar mér við þessum tölum. Þær eru gríðarlega háar. En mér óar líka oft við afturhaldi Vinstri grænna. (**SJS:** Nei.) Jú, mér óar við því ótrúlega afturhaldi. Þess vegna finnst mér dálítið merkilegt þegar hv. 5. þm. Norðurl. v. fer allt í einu að hafa miklar áhyggjur af ríkinu og atvinnurekstri. Hv. þm. hefur gjarnan talað fyrir því að atvinnurekstur eigi nú að vera sem mest í höndum ríkisins (**JB:** Nei, nei.) og vill jafnvel styrkja ýmiss konar ríkisrekstur úti á landsbyggðinni, sem í sumum tilfellum á auðvitað rétt á sér.

Við megum ekki gleyma því að þegar menn voru t.d. að ræða um Búrfellsvirkjun á sínum tíma voru mjög margir sem börðust mjög gegn þeirri virkjun. Sem betur fer eru þær raddir löngu þagnaðar. Sumir þeirra sem börðust hvað hatrammast gegn þeirri virkjun eru nú komnir undir græna torfu eins og gerist og gengur.

Ég viðurkenni alveg að mér óar við þessum tölum, þær eru gríðarlega háar. Ég og hv. þm. störfum ágætlega saman í fjárln. og við þurfum oft að horfa framan í háar tölur. Þessar tölur eru auðvitað gríðarlega háar en ég endurtek að á sama hátt og mér óar við þessum tölum óar mér líka við afturhaldi Vinstri grænna. Ég er hræddur um að lítið gerðist í þessu landi ef það ágæta fólk væri við stjórnvölinn í landinu.

[16:32]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Ég vil byrja á að fagna því að þetta frv. hafi verið lagt fram. Ég er sannfærð um að þessar framkvæmdir munu hafa miklar og jákvæðar breytingar í för með sér fyrir mannlíf og atvinnumál á Austurlandi og fyrir þjóðarbúið í heild. Ég tel þær nauðsynlegar ef við ætlum að halda uppi þeim lífskjörum sem Íslendingar gera kröfu til, sem við búum við, þ.e. bestu lífskjör á meðal þjóða heimsins.

Þann 1. des. 2001 voru um 11.800 íbúar skráðir til heimilis á Austurlandi öllu og hafði þá aðeins fjölgað um 3.300 alla 20. öldina. Á sama tíma þrefaldaðist hins vegar íbúafjöldi á landinu öllu. Sé litið til síðustu þriggja áratuga hefur orðið

hægfara fólksfækkun á Austurlandi. Tímabilið 1971–1979 var vaxtarskeið og íbúum fjölgaði um 10%. Áratuginn þar á eftir, 1979–1990, tók við tímabil stöðnunar og íbúum fjölgaði mjög hægt eða aðeins um 1,5%. Frá því 1990 hefur íbúum á Austurlandi hins vegar fækkað um nálega 1% á ári eða samtals um rúmlega 10%.

Herra forseti. Þetta er mikið áhyggjuefni og auðvitað hefur Austurland ekki farið varhluta af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á Íslandi undanfarna áratugi. Á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið til vaxtarsvæði með tilheyrandi uppgangi og velmegun í efnahags- og menningarlífi sem laðað hefur til sín stóra hópa fólks, einkum yngra fólk af landsbyggðinni. Hinar dreifðu byggðir geta með engu móti keppt við þá fjölbreytni náms og starfa sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu og hefur leitt mörg sveitarfélög á Íslandi inn í vítahring fólksfækkunar og versnandi búsetuskilyrða. Unga fólkið, sem við köllum stundum hrygningarstofninn, hefur farið í burtu og við vonumst til að hann komi aftur heim þegar farið verður í þessar framkvæmdir

Virkjunarframkvæmdir og uppbygging stóriðju á Austurlandi er það sem helst er talið geta einmitt snúið við þróuninni á Miðausturlandi.

Í athugasemdum með frv. kemur fram, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins metið þjóðhagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði og tengdra virkjanaframkvæmda. Í skýrslu stofnunarinnar, sem er fylgiskjal IV með frumvarpi þessu, kemur fram að áhrifin verða veruleg. Horfur eru á að landsframleiðsla verði að meðaltali rúmlega 2% hærri og þjóðarframleiðsla 1,5% hærri á framkvæmdatíma en annars hefði orðið. Landsframleiðsla gæti orðið 1,5% hærri til lengdar en annars og þjóðarframleiðsla tæplega 1% hærri. Mikið umfang framkvæmda á árunum 2004–2006 og snöggur samdráttur þeirra á árunum 2007 og 2008 gerir töluverðar kröfur til hagstjórnar. Hugsanlegt er að án mótvægisaðgerða fari verðbólga yfir þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka á þessu tímabili. Jafnframt er hætta á umskiptum í þjóðarbúskapnum vegna samdráttar framkvæmda 2007 og 2008. Horfur eru á að viðskiptahalli aukist nokkuð á framkvæmdatíma vegna innfluttra fjárfestingarvara og aukinnar eftirspurnar í þjóðarbúskapnum. Eftir að framkvæmdum lýkur og álverið hefur náð fullum afköstum má búast við að áhrif á viðskiptajöfnuð verði jákvæð, en miðað við óbreytt raungengi gæti útflutningur orðið um 14% meiri en annars fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda."

Herra forseti. Eftirfarandi kemur fram í umsögn Orkustofnunar:

„Kárahnjúkavirkjun er sérstök virkjun hérlendis að því leytinu að hún er alfarið reist til að afla orku til eins stórkaupanda. Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga um Landsvirkjun verður því markmiðið með orkusölunni að vera það eitt að viðhalda og helst bæta hag fyrirtækisins.

Öllum slíkum verkefnum fylgir áhætta. Því er mikilvægt að aðferðfræði við hagkvæmnismatið taki tillit til áhættuþátta og hugsanlegra breytinga á forsendum um leið og mat sé lagt á líkindi allra breytinga. Af þessum sökum hefur Orkustofnun kynnt sér sérstaklega hvernig Landsvirkjun stendur að verki í þeim efnum. Stofnunin telur aðferðafræðina vandaða og ítarlega og því séu allar forsendur fyrir hendi til þess að niðurstaða Landsvirkjunar um það hvort í verkefnið skuli ráðist byggi á traustum grunni og þar með að sú ákvörðun verði í fullu samræmi við tilvitnað lagákvæði."

Þetta tek ég fram vegna orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar í ræðu hans áðan.

Orkustofnun bendir enn fremur á að þegar rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðvarma verður til lykta leidd muni niðurstaða hennar fela í sér flokkun virkjunarkosta sem bæði taki tillit til hagkvæmni svo og annarra þátta svo sem náttúruverndar og byggðasjónarmiða. Þess hefur verið óskað að fjallað verði um Kárahnjúkavirkjun í rammaáætluninni. Í því skyni verður áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar borið saman við svæði vatnsaflsvirkjana með miðlunarlón ofan hálendisbrúnar og einnig við samfellt gróðurlendi á miðhálendinu þótt þar verði engar virkjanir, allt til þess að breikka þekkingar- og samanburðargrunninn. Það sem þó mun valda mestri óvissu í vinnu rammaáætlunar er að erfitt er að bera saman virkjanir af ólíkri stærð, en það þarf tíu Búðarhálsvirkjanir eða fjórar Fljótsdals- eða Skatastaðavirkjanir, í Jökulsá austari í Skagafirði, til að framleiða sömu orku og Kárahnjúkavirkjun skilar í báðum áföngum hennar. Orkustofnun telur að ekki sé hægt að meta Kárahnjúkavirkjun nema setja hana í þetta stærðarsamhengi.

Fyrr í dag var vikið að friðlendum og þjóðgörðum. Það er eðlilegt að skoðað sé hver hugsanleg áhrif ákvarðana í þeim efnum verða á nýtingu orkulinda. Orkustofnun styðst við samanburðartöflu í greinargerð sinni sem spannar vatnsorkukosti á Austur- og Norðausturlandi, allt svæðið frá suðurfjörðum Austfjarða til Jökulsár á Fjöllum. Þar vestur af taka við nokkur öflug háhitasvæði, Kverkfjöll, Askja, Hrúthálsar, Fremrinámar og Vonarskarð. Í suðri eru Kverkfjöll sem eru þó þannig í sveit sett að þar verður seint virkjað.

Á öllu þessu svæði og í grennd við það er rúm fyrir friðlönd og þjóðgarða af ýmsu tagi. Verði Kárahnjúkavirkjun með stóru Hálslóni að veruleika er ekki lengur þörf á að miðla vatni á Eyjabökkum. Þar með væru tök á að festa í sessi hugmynd um Snæfellsfriðland eða þjóðgarð sem tengist eðlilega við friðland á Lónsöræfum. Hálslón og áhrifasvæði þess afmarka þetta svæði til vesturs. Vestan áhrifasvæðis Hálslóns tekur við gríðarmikið svæði sem einnig er til umfjöllunar sem friðland. Kverkfjöll og Kverkfjallarani eru eðlileg miðja þess friðlands. Austan þess eru Kringilsárrani og Sauðárdrög og e.t.v. Laugavalladalur, sem hefur verið nefndur sem staður fyrir þjónustumiðstöð. Að vestan eru Askja, Dyngjufjöll, Herðubreiðarlindir og Grafarlönd og enn vestar Sprengisandur með Gæsavötn og Urðarháls, og loks Vonarskarð.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hefur vikið að því í dag hve virkjanirnar á Suðurlandi hafa reynst okkur hagfelldar. Við sjáum að þær nýtast vel til ferðaþjónustu. Margir hafa gaman af því að koma og skoða virkjanir. Vegna virkjana hafa verið lagðir vegir um háendið sem almenningur hefur getað notað og gefið þeim tækifæri að komast inn á hálendið, sem þeir hefðu ekki getað ella. Þeir sem hafa komið að Niagarafossum, á mörkum Kanada og Bandaríkjanna, hafa séð það hvernig fossarnir eru nýttir, bæði virkjaðir til orkuöflunar og eins sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þar fara um milljónir manna á hverju ári til að skoða kraftinn í vatnsfallinu. Fólk hefur vissulega mikla ánægju af því að horfa á svona stórframkvæmdir. Þar hafa þeir getað fléttað saman nýtinguna og ferðmennskuna og þar sækja ferðamenn ekki í ósnortna náttúru en þeir flykkjast til staðarins milljónum saman.

Í greinargerð Þjóðhagsstofnuanr er lagt mat á þjóðhagsleg áhrif 390 þúsund tonna álvers Reyðaráls og tengdra virkj-

anaframkvæmda eða Noral-verkefnisins. Í athugun á þjóðhagslegum áhrifum er reiknað með að fyrri áfangi Reyðaráls með 260 þúsund tonna framleiðslugetu komist í gagnið árið 2006 og hinn síðari, 130 þúsund tonn, árið 2012. Í tengslum við fyrri áfanga álversins er gert ráð fyrir framkvæmdum við 1. áfanga Kárahnjúkavirkjunar og í tengslum við síðari áfangann framkvæmdum við 2. áfanga Kárahnjúkavirkjunar, Bjarnarflagsvirkjun og Kröfluvirkjun. Í athuguninni er reiknað með að álvers- og virkjanaframkvæmdir standi yfir á tímabilinu 2002–2013.

Allt mun þetta kalla á mikinn mannafla sem mun veita mörgum vinnu og, herra forseti, svo sannarlega er þetta verkefni stórt í sniðum. Fjöldi fólks mun fá atvinnu sem hefur margfeldisáhrif út í samfélagið og mun verða þjóðarbúinu hagfellt í bráð og í lengd.

[16:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék að rammaæáætlunum og áætlanagerð. Í því sambandi nefndi hv. þm. Kárahnjúka. Finnst hv. þm. ekki skjóta skökku við að á sama tíma og slíkar áætlanir eru á teikniborðinu, og jafnvel áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir á borð við þá sem við erum að fjalla um nú, séu virkjunarframkvæmdir hafnar?

Ég fór um þetta svæði fyrir fáeinum mánuðum, síðasta haust eða síðsumars, og þá voru þar stórvirkar vinnuvélar að verki. Þegar við komum úr þeirri för birtust í blöðum auglýsingar þar sem Landsvirkjun auglýsti eftir verktökum í jarðgangagerð. Finnst hv. þm. ekki skjóta skökku við að dásama annars vegar alla þessa áætlanagerð — sem ég vildi svo sannarlega að yrði unnin af heilindum — á sama tíma og ráðist er í framkvæmdir með þessum hætti?

Hv. þm. fagnaði því að þetta frv. væri komið fram og að þjóðin öll mundi hagnast á því, þetta yrði til að bæta lífskjör í landinu. Hvað segir hv. þm. um röksemdir þeirra hagfræðinga, m.a. pólitískra skoðanabræðra- og systra hv. þm., sem vara okkur við að ráðast verði í þessar framkvæmdir, einmitt á þeirri forsendu að það muni ekki auka og bæta þjóðarhag heldur koma í bakið á þjóðinni og skerða þennan sama hag?

[16:45]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekki hafi átt að bíða eftir rammaáætluninni. Ef við hefðum frá upphafi, frá því að við fórum að virkja á Íslandi, beðið og frestað öllu áratugum saman væri lítið búið að gera hér. Ef hv. þm. Vinstri grænna réðu hefði ekkert verið gert hér á landi frá landnámstíð og trúlega hefði Ingólfur Arnarson ekki mátt nema hér land því að það er allt til þess að hrófla við náttúru Íslands. Öll mannanna verk breyta náttúrunni og náttúran breytir sér sjálf. Það þarf ekki annað en eitt lítið eldgos til að hafa mikil áhrif á náttúruna og það þarf ekki annað en mikið rok til að rífa upp gróðurþekju landsins. Hvernig ætla menn að stoppa náttúruöflin af?

[16:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta sannast sagna nokkuð léttvægur málflutningur, ekki síst í ljósi allra þeirra tillagna sem við höfum sett fram um ráðstafanir í byggðamálum. En það er búið að snúa hlutunum á hvolf, þeir sem áður töluðu um hinn frjálsa markað eru nú talsmenn áforma sem sjálfur Stalín hefði bliknað frammi fyrir.

Ríkið ætlar að gangast í ábyrgð fyrir stórfelldustu fjárfestingar í sögu íslenska lýðveldisins og þetta á að gera án þess að þjóðin eða fulltrúar hennar fái einu sinni aðgang að grunnefnahagsforsendum í málinu. Það á að bjóða okkur upp á þetta.

Við höfum hins vegar verið talsmenn þess að stoðkerfi samfélagsins, velferðarþjónustan, skólarnir, heilbrigðisþjónustan og þar fram eftir götunum, yrði eflt og síðan viljum við koma á fót nýsköpunarsjóðum, aðgangi að góðu lánsfjármagni til þess að atvinnulífið geti plumað sig við þær aðstæður. Þetta er sú sýn sem við höfum gagnvart þessum fornfálegu sjónarmiðum sem Sjálfstfl. hefur gerst talsmaður fyrir.

[16:47]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að treysta útreikningum Landsvirkjunar þrátt fyrir að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri það ekki. (**ÖJ:** Hvorum? Frá 1. des. eða ...?)

(**Forseti** (GuðjG): Ekki samtal.) (Gripið fram í.)

Hv. þm. verður að sýna sæmilega kurteisi hér.

(**Forseti** (GuðjG): Hv. þm. hefur orðið og forseti biður hv. þingmenn að vera ekki að standa í samræðum við ræðumenn.)

En eins og ég sagði áðan treysti ég Landsvirkjun með útreikninga sína. Ég tel að við séum að vinna þarna gott verk fyrir þjóðarbúið í heild og ég held að til framtíðar verði gott að geta nýtt ágóðann sem verður af þessari virkjun og álverksmiðjunni til að stofna nýsköpunarsjóði sem geta blómstrað í framhaldinu af þessu stóra verkefni.

[16:48]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að biðja hv. þm. Drífu Hjartardóttur að fylgja svolítið eftir og lýsa betur fyrir okkur þeirri sýn sem hún hefur þegar hún talar um að þessar stórframkvæmdir séu réttlætanlegar til þess að hafa hér áframhaldandi hagvöxt og til að bæta lífskjör í landinu. Hversu langt telur hún að megi ganga eins og í þessu tilfelli þegar í raun og veru er um óásættanleg náttúruspjöll að ræða? Hvar liggja mörkin? Hversu neðarlega þurfum við að komast í lífsgæðastuðlinum til að réttlæta þessa stefnu? Eða getum við með áframhaldandi velferð í landinu réttlætt allar stórframkvæmdir okkar á þessum forsendum? Hvenær mun hv. þm. segja: Nei, hingað og ekki lengra, ég mun ekki réttlæta framkvæmdina vegna bættra lífskjara og hagvaxtar í landinu? Hvaða sýn hefur hún?

[16:50]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í mínu máli hafi komið skýrt fram að ég tel að við eigum að nýta vatnsöflin til góðra hluta og ég tel að við séum að gera það í þessu. Óásættanleg náttúruspjöll eru víðtæk orð með óræða merkingu. Þau geta verið ásættanleg hjá einum og óásættanleg hjá öðrum. Sumum getur þótt óásættanlegt að byggja út í Tjörnina í Reykjavík en öðrum ásættanlegt.

Mér hefur oft þótt sem allt verði vitlaust ef fara á að framkvæma eitthvað úti á landi en enginn segir orð ef verið er að framkvæma það hér. Hér er verið að fylla upp land hringinn í kringum Reykjavíkurborg, það er verið að stækka Seltjarnarnesið með uppfyllingum. Það segir enginn eitt einasta orð, það þarf aldrei að fara í umhverfismat. Ef það á að gera eitthvað, jafnvel að færa einhvern lítinn vegspotta

úti á landi, verður nánast allt vitlaust og það þarf að fara í umhverfismat.

[16:52]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég er ekki að tala hér um framkvæmdir annaðhvort í höfuðborg eða úti á landi, þetta er bara almennt.

En sannarlega get ég tekið undir niðurlagsorð hv. þm. þar sem hún lýsir áhyggjum vegna þeirra miklu framkvæmda sem hafa verið á höfuðborgarsvæðinu við uppfyllingar allra voga og stranda án þess að neitt sé sagt við því. Við erum að mínu mati búin að fórna mörgum náttúruperlum við strönd höfuðborgarsvæðisins alls, frá Kjalarnesi og hingað suður úr, og virðist ekkert lát vera á því.

En erum við ekki komin inn í einhvers konar nýlendustefnu, þ.e. að ganga grimmt á auðlindir náttúrunnar, sama hverjar þær eru, bara til að pína fram hagvöxt? Hvar liggja mörkin? Er það Gullfoss? Er það Hvítá? Er það Dettifoss? Sér hv. þm. ekki fyrir sér að rammaáætlunin, að ná sátt um virkjunarkosti og að ná þjóðarsátt um þau vatnsföll sem við viljum ekki snerta þó að virkjunarkosturinn geti verið hagkvæmur, geti verið góður kostur fyrir einhverja ákveðna framkvæmd eins og álver eða annað slíkt? Hvar ætlum við að setja mörkin?

[16:53]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvelt að svara þessu. Varðandi Gullfoss þykir mér ekki koma til greina að hann verði virkjaður og ekki Dettifoss heldur en það má virkja meira í Þjórsá og á teikniborðinu er Urriðafossvirkjun sem ég held að muni verða góður kostur fyrir okkur.

[16:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hygg að það mál sem við fjöllum hér um sé eitt stærsta málið sem þingið hefur tekist á við í langan tíma, bæði út frá umhverfissjónarmiðum, efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og þjóðarhag í heild sinni. Þess vegna er afar mikilvægt að vel sé vandað til þess verks sem hér er lagt fyrir þingið og hugað að áhrifunum á þá þætti sem ég hef nefnt.

Ríkisstjórn og hæstv. umhvrh. hafa lagt fram mótvægisaðgerðir að því er umhverfismálin varðar og vissulega snýr málið öðruvísi við hvað umhverfisþáttinn varðar eftir að tillögur umhvrh. komu fram. Þó vil ég halda því til haga að mér finnst alveg nauðsynlegt að skoða lögin um umhverfismat vegna þess að það er auðvitað eðlilegt að mínu mati að Skipulagsstofnun hafi lokaorð um þetta mál en ekki umhvrh. eins og var í þessu tilviki. Mótvægisaðgerðir í efnahagsmálum verða líka að koma fram og þær liggja enn ekki fyrir.

Þrátt fyrir tillögur umhvrh. er um afar mikinn fórnarkostnað að ræða og því er það grundvallaratriði í mínum huga að efnahagslegi ávinningurinn af slíkum framkvæmdum sé alveg klár og að hann sé mikill fyrir þjóðarhag ef ráðast á í virkjunarframkvæmdir. Ég tel, herra forseti, að þær mótvægisaðgerðir sem ríkisstjórnin verður að grípa til verði að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin í þessu máli og þar stendur upp á ríkisstjórnina.

Við í Samfylkingunni viljum líka að samtímis verði hin ósnortnu víðerni tryggð, þær ómetanlegar náttúruperlur sem eftir eru norðan Vatnajökuls. Við höfum talið að komi til virkjunar sé farsælast að tryggja það með því að stofna þjóðgarð á því svæði. Ég tel afar mikilvægt að ákvörðun liggi samtímis fyrir um það hvernig við viljum haga náttúruvernd á hálendinu og landnýtingu á svæðinu norðan Vatnajökuls. Mér finnst afar jákvætt að umhvrh. hefur tekið jákvætt í þær hugmyndir sem við höfum verið með um stofnun þjóðgarðs og mér hefur líka fundist að viðbrögð hæstv. iðn.- og viðskrh. séu jákvæð í því efni að vilja skoða það mál.

Ég tel reyndar grundvallaratriði, verði af þessari virkjunarframkvæmd og á hana fallist í þinginu, að farið verði í að stofna þennan þjóðgarð. Ég tel mjög mikilvægt að ríkisstjórnin geri það, og ef ekki tel ég afar mikilvægt að Samfylkingin — þegar hún kemst til valda sem væntanlega verður að loknum næstu kosningum — beiti sér fyrir því að ráðist verði í stofnun þjóðgarðs.

Það eru grundvallaratriði að í efnahagsmálum séu skýrar mótvægisaðgerðir, sömuleiðis í umhverfismálum sem liggja nú þegar fyrir, að efnahagslegur ávinningur af þessum framkvæmdum sé skýr og að samhliða verði ráðist í þjóðgarð. Þetta eru grundvallaratriði sem ég vil telja upp, herra forseti. Ég er jákvæð fyrir því að við skoðum þetta mál að því tilskildu að þetta sem ég hef hér nefnt liggi klárt og skýrt fyrir. Þar vantar töluvert mikið upp á, herra forseti, og mun ég nú reifa það í mínu máli.

Við erum að tala um 250 milljarða framkvæmd. Og hver er áhættan af þessari framkvæmd? Við hvaða arðsemi er þessi framkvæmd miðuð, hvert er orkuverðið sem samið hefur verið um og hvaða álverði er t.d. reiknað með næstu tvo áratugina? Þetta er mikilvæg forsenda þegar metin er þjóðhagsleg hagkvæmni, og áhættan í þessum framkvæmdum öllum saman er orkuverðið og áætlað verð á áli næstu 10–20 árin.

Ég spyr ráðherra um arðsemina. Verið er að tala um, herra forseti, að arðsemin sé 14% og þá er það án mótvægisaðgerða í umhverfismálum sem menn reikna með að kosti 2–3 milljarða. Ég skil það svo að Landsvirkjun ætli að taka þann kostnað á sig og því spyr ég: Hefur arðsemin verið metin þegar tekið hefur verið tillit til kostnaðarins við mótvægisaðgerðirnar að því er varðar umhverfisþáttinn? Auðvitað ber að halda til haga þegar verið er að tala um 14% arðsemi að þá er verið að tala um arðsemi af eigin fé sem er aðeins 25% af fjármagninu. Þegar tekið er tillit til nauðsynlegs lánsfjár til að ráðast í þessar framkvæmdir erum við kannski ekki að tala um nema 5–6% meðalarðsemi. Það er mjög mikilvægt að skoða þennan þátt til að reyna að gera sér grein fyrir áhættunni. Og ég spyr hæstv. ráðherra líka um álverðið sem hefur farið lækkandi. Við hvað er miðað í þeirri arðsemi sem hér er verið að gefa upp?

Herra forseti. Ég tel þess vegna að það þurfi að skoða þetta mál mjög vel þegar verið er að setja öll eggin í eina körfu og binda niður framkvæmdagetu þjóðarinnar á einu svæði næsta áratug og velta fyrir sér hvort framkvæmdin sé svo þjóðhagslega hagkvæm að það réttlæti að færa þann fórnarkostnað af náttúrunni sem blasir við. Svör við þessu liggja ekki fyrir. Ég vænti þess að nefndin sem fær málið til umfjöllunar, hv. iðnn., skoði það vandlega. Mér finnst afar mikilvægt að efh.- og viðskn. fái það einnig til skoðunar og umsagnar þann þáttinn sem lýtur að efnahagslegu áhrifunum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um orkuverðið. Það er afar mikilvægt. Er ekki alveg ljóst og skýrt að a.m.k. iðnn. verði gerð grein fyrir orkuverðinu, þó ráðherrann treysti sér ekki til að gefa það upp hér í umræðunum í dag?

Það er áætlað að á tímabilinu 2002–2009 geti þjóðarframleiðslan að jafnaði orðið 2% hærri og landsframleiðslan 2,5% hærri. Ef þjóðarframleiðslan getur orðið 2% hærri þá erum við að tala um 15 milljarða kr. Ég hef verulegar áhyggjur af áhrifum af verðbólgu á framkvæmdatímanum. Þau eru veruleg. Reiknað er með að verðbólga verði 2,5% án þessara framkvæmda sem við erum hér að ræða um, en gæti orðið alveg upp í 4,5–5%, eða um helmingi meira, við hámark framkvæmdanna.

Það er ekki síst þess vegna sem við erum að kalla eftir mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þetta eykur verulega skuldir heimilanna. Ef verðbólgan er 2% þá verða áhrifin á skuldir heimilanna, sem nú eru um 700 milljarðar kr., þau að þær vaxa um 11 milljarða, þ.e. við 2% verðbólgu, og eitthvað ámóta að því er varðar skuldir fyrirtækja. Og þegar opinberi búskapurinn í heild sinni er skoðaður og skuldir hans, þá gætu skuldir heimila, atvinnulífs og hins opinbera vaxið um 25 milljarða við 2% verðbólgu.

Við erum að tala um að viðskipahallinn aukist á framkvæmdatímanum að jafnaði um 2% af vergri landsframleiðslu. Þar er um að ræða 14,5 milljarða kr. Mestu áhrifin eru áætluð árið 2005 og 2006 þegar viðskiptahalli sem hlutfall af landsframleiðslu gæti orðið 7,5–8 prósentustigum meiri vegna þessara framkvæmda.

Herra forseti. Þá erum við að tala um hvorki meira né minna en viðskiptahalla upp á 60 milljarða kr. bara vegna þessarar aukningar, en hann er núna, eða var á árinu 2001, um 49 milljarðar og þótti mönnum það nú ærið. En hér er um að ræða kannski 60 milljarða þegar viðskiptahallinn gæti orðið mestur vegna þessara framkvæmda.

Það er ekki fyrr en framkvæmdunum lýkur og álverið hefur náð fullum afköstum sem búast má við að áhrifin á viðskiptajöfnuð verði jákvæð og miðað við óbreytt raungengi gæti útflutningur orðið um 14% meiri en annars fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Ef við erum að tala um 14% þá er það um 30 milljarðar kr., en Þjóðahgsstofnun telur að auka þurfi útflutning um 5–6% til þess að halda uppi öruggum hagvexti á næstu árum, eða 3–3,5%.

Við verðum að athuga það að áhrifanna byrjar þegar að gæta á verðbólguna á næsta ári, herra forseti, og því hef ég lagt fram fyrirspurn fyrir hæstv. forsrh. um mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áhrifa af Noral-verkefninu, sem er afar brýnt að fá svör við meðan þetta mál er hér fyrir þinginu. Ég hef spurt um áhrifin af þessu verkefni á möguleika Seðlabanka Íslands til að ná yfirlýstu verðbólgumarkmiði meðan á framkvæmdum stendur. Ég hef spurt um áhrifin á langtímaþróun vaxta, kaupmáttar og hagvaxtar og hvaða áhrif þetta verkefni muni hafa á innlenda vexti, skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðinn og gengisþróun. Einnig er nauðsynlegt, ef tekið er mið af verðbólgumarkmiðum Seðlabankans og líka þeirri forsendu að kaupmáttur launa skerðist ekki á framkvæmdatímanum, að fá fram hversu umfangsmiklar þessar mótvægisaðgerðir ríkisvaldsins þurfa að vera og hvaða þýðingu það hafi fyrir aðrar innlendar fjárfestingar á tímabilinu að lánsfé til virkjunarframkvæmda er með ábyrgð ríkis, Reykjavíkur og Akureyrarbæjar og að fjármagnskostnaður er *því minni en ella*.

Þetta er afar brýnt að fá fram. Við erum að glíma við verðbólguna þessar vikurnar og mánuðina þar sem hvert prósentustig og brot úr prósenti skiptir verulegu máli. En hér erum við að tala um 2%. Ég spyr hæstv. ráðherra sem situr hér og flettir DV og hefur greinilega engar áhyggjur af mótvægisaðgerðum sem ég er að tala um: Munu þær liggja fyrir? Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra að því. Mun ráðherrann beita sér fyrir því að *mótvægisaðgerðir* sem ríkisstjórnin verður að beita sér fyrir ef hún ætlar að hafa þau áhrif að þessar framkvæmdir setji ekki hér allt á hvolf í efnahagsmálum og keyri upp verðbólguna, muni liggja fyrir áður en við ljúkum umfjöllun um þetta mál?

Herra forseti. Ég vil líka nefna að fjárfesting á byggingartímanum verður veruleg. Við erum að tala um að hún verði að meðaltali um 15–20% hærri en ef ekki verður af byggingu álvers og tengdum virkjunarframkvæmdum. Það eru 25–30 milljarðar sem samsvarar raunverulega allri fjárfestingu hjá hinu opinbera, sem er um 30 milljarðar. Á síðasta ári var t.d. fjárfesting um og yfir 20% af landsframleiðslu. Fjárfesting er núna 155 milljarðar. Þá erum við bæði að tala um opinbera fjárfestingu og hjá einkaaðilum. Það eru um 30 milljarðar hjá hinu opinbera. En hérna erum við að tala um fjárfestingu upp á 250 milljarða, herra forseti. Við erum að setja þessa fjárfestingu á einn stað á landinu. Þetta hlýtur að koma niður á fjárfestingum á annars staðar á landinu. Þetta þarf allt að meta.

Herra forseti. Þjóðhagsstofnun hefur sett fram að þær mótvægisaðgerðir sem þarf að grípa til — það þarf að flytja inn vinnuafl. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað áætlað sé að þurfi að flytja inn mikið af vinnuafli erlendis frá til þess að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir. Þjóðhagsstofnun telur að það þurfi að fara í niðurskurð á ríkisútgjöldum. Á hverju mun þetta bitna?

Talað er um að fara þurfi í vaxtaaðgerðir. Það verður *mikil þensla hér í þjóðfélaginu*. Getum við þá búist við verulegum eða einhverjum vaxtahækkunum á þessu tímabili? Síðan hefur Þjóðhagsstofnun bent á að einn hluti mótvægisaðgerða þurfi hugsanlega að vera samdráttur í opinberum fjárfestingum á öðrum sviðum.

Herra forseti. Það er auðvitað ljóst að þingmenn vilja fá að vita, þegar þeir eru að reyna að meta verkefnið í heild sinni, herra forseti, til hvaða mótvægisaðgerða ríkisstjórnin ætlar að grípa í þessu efni.

Herra forseti. Mér finnst tímasetningarnar nokkuð sérstakar í þessu frv. Talað er um að stefna eigi að því að taka endanlega ákvörðun 1. sept. 2002 um hvort af framkvæmdum verði. Þá á væntanlega að liggja fyrir um eignaraðildina. Síðan kemur hér fram að gert er ráð fyrir því að undirbúningsframkvæmdir við virkjunina hefjist í júní 2002, en vinna við Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng í september 2002. Undirbúningsframkvæmd við virkjunina á sem sagt að hefjast 2002, en það er ekki fyrr en í september 2002 að endanleg ákvörðun liggur fyrir um hvort af framkvæmdinni verði og hvort samningar náist við eignaraðila eða þá sem verða eignaraðilar að álverksmiðjunni.

Herra forseti. Ég spyr og bið ráðherrann hæstv. um svör: Hangir það ekki algjörlega saman, að það verði ráðist í virkjun og álverksmiðjuna? Ég spyr: Ef ekki näst viðunandi samningar um þessa álverksmiðju, verður þá engu að síður farið í þessa virkjun? Hangir þetta tvennt ekki saman? Mér finnst tímasetningarnar undarlegar. Undirbúningsframkvæmd við virkjunina hefst þegar í júnímánuði en ákvörðun um hvort ráðist verði í verksmiðjuna á ekki að liggja fyrir fyrr en í haust. Ég spyr því hvort þetta hangi ekki allt saman saman.

Ég spyr: Við hvaða eignaraðild Norsk Hydro hefur verið miðað í öllum áætlununum sem hafa verið gerðar? Er það

49% eignaraðild Norsk Hydro eða er það eitthvað annað? Á tímabili var miðað við 25%. En er verið að miða hér við 49% eða eitthvað annað?

Það skiptir líka máli hvernig innlend eignaraðild verður. Hver verður t.d. aðkoma lífeyrissjóðanna í þessu máli? Fróðlegt væri ef ráðherrann gæti rætt nánar um það en hún hefur gert.

Enginn dregur í efa mikilvægi þess fyrir Austurland að ráðist verði í þessar framkvæmdir og fyrir liggja alveg skýrar tölur um ávinning Austurlands ef ráðist verður í þessar framkvæmdir, þ.e. fjárfesting í húsnæði upp á 922 millj. og að reisa þurfi 900 íbúðir á tíu ára tímabili. Áætluð er veruleg fjölgun á íbúum, um 2.000–2.500 manns. Ávinningurinn fyrir Austurland er því ótvíræður. En við verðum að skoða málið í heild sinni út frá þjóðarhag, herra forseti, og hvaða áhættu er verið að taka með þessu verkefni.

Það liggur líka fyrir — það hefur verið skoðað m.a. af Þjóðhagsstofnun, en efh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál sl. haust á fundi sínum með Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilum — að skatttekjur ríkisins verða um 2,5–3,5 milljarðar vegna þessa verkefnis. Það er verulegt. En líka er gert ráð fyrir því að stimpilgjald og eignarskattar falli niður eins og er þegar um er að ræða slíkar framkvæmdir og það jafngildir 10% viðbótartekjuskatti sem er auðvitað verulegt. Aðrar atvinnugreinar njóta þess ekki hér á landi.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég hef lagt spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem ég tel afar mikilvægt að fá svör við í þessari umræðu. Svör ráðherrans, vinna iðnn., vinna efh.- og viðskn. og það hvort viðunandi svör fáist við því sem ég hef hér nefnt ráða úrslitum um hvort hægt verði að styðja þetta verkefni. Ég fer í þetta með mjög jákvæðum huga. Ég vil gjarnan geta stutt þetta verkefni. En ákveðnar grundvallarforsendur verða að liggja fyrir til þess að hægt sé að styðja það. Ég haf lagt fram fyrirspurnir, herra forseti, til hæstv. ráðherra sem ég vænti að hún svari í þessari umræðu.

[17:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gleðst að sjálfsögðu yfir því að hv. þm. vill gjarnan geta stutt frv. Hún spurði ýmissa spurninga og að sjálfsögðu á eftir að fjalla um málið heilmikið í nefnd.

Í fyrsta lagi talar hún um arðsemi. Ég hef svarað því nokkrum sinnum hér í andsvörum að auðvitað skiptir arðsemin miklu máli. En ég tel ekki að það sé í sjálfu sér fyrst og fremst verkefni Alþingis að fara mjög djúpt í það mál. Við vitum að Landsvirkjun gerir ekki samning við þessa aðila öðruvísi en að fá það verð fyrir að það dekki allan fjármagnskostnað og þann rannsóknarkostnað sem lagt hefur verið í, og sé arðbært til framtíðar.

Álverðið er mál sem er svo sem þekkt þegar við förum aftur í tímann. Síðan byggist það á spá fram í tímann. Eitthvað geta menn haft mismunandi áherslur í því sambandi hvernig eigi að spá. Ég veit að á því eru mismunandi skoðanir. Þess vegna hefur hagfræðingum og þeim sem hafa verið að velta fyrir sér arðbærni fyrirtækisins ekki alveg borið saman.

Um mótvægisaðgerðir í efnahagsmálum er það að segja að það er bara vilji til þess að standa sig í þeim efnum af hálfu ríkisstjórnar. Við gerum okkur grein fyrir því að ekki er allt hægt á þeim tíma sem þensla verður mest og það verður að grípa til aðgerða til þess að slá á hana.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að gert er ráð fyrir því að hefja framkvæmdir við virkjun strax í vor, þ.e. að því tilskildu að ákvörðun verði tekin í samstarfsnefndinni um að mæla með því við viðkomandi aðila að fara í verkefnið. Á grundvelli slíkrar samþykktar yrði hafist handa.

[17:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem aðeins inn á tvær af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra, þær sem ég tel hvað mikilvægastar.

Sú fyrri varðar mótvægisaðgerðirnar vegna efnahagslegu áhrifanna af þessu verkefni. Ráðherrann hæstv. nefndi að ríkisstjórnin mundi skoða það en spurningar mínar lutu að því hvort hæstv. ráðherra mundi beita sér fyrir því að tillögur að mótvægisaðgerðum mundu liggja fyrir áður en þetta frv. verður afgreitt frá þinginu. Ég tel það vera grundvallaratriði og afar mikilvægt, m.a. vegna áhrifanna á verðbólgu á næstu árum, að ríkisstjórnin leggi fyrir þingnefnd og þingið til hvaða aðgerða hún ætlar að grípa í þessu efni. Ég fór yfir hvaða atriði Þjóðhagsstofnun hefur nefnt að þurfi að skoða. Það eru m.a. áhrifin á vexti, aðrar fjárfestingar og fleiri þætti. Og ég spyr ráðherrann: Mun hún beita sér fyrir því að þær verði lagðar fyrir þingnefnd og þing áður en þetta mál verður afgreitt frá þinginu?

Síðan spyr ég hæstv. ráðherra út af því sem hún ræddi um tímasetningar varðandi lokaákvörðun í þessu verkefni í sept. hvort ekki sé alveg ljóst hjá ráðherranum — ég skildi hana svo og það hangir alveg saman við virkjunarframkvæmdirnar — að hægt sé að ná einhverri ásættanlegri niðurstöðu varðandi álverksmiðjuna sjálfa og eignaraðild að henni. Er forsenda fyrir því að ráðist verði í þessar virkjunarframkvæmdir að viðunandi niðurstaða náist að því er varðar verksmiðjuna sjálfa, þ.e. bæði varðandi eignaraðild og aðra þætti sem þurfa að liggja fyrir? Ég tel afar mikilvægt að fá fram hvort það hafi ekki verið skilningur ráðherrans í svari hennar hér áðan.

[17:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég sagði áðan um að í vor þyrfti að liggja fyrir nógu sterk vísbending um að farið yrði í framkvæmdir til að fyrirtækið Landsvirkjun treysti sér til að hefja undirbúningsframkvæmdir byggist að sjálfsögðu á því að virkjunarframkvæmdir þurfa að hefjast áður en álversframkvæmdir hefjast. Með því að geta notað sumarið í sumar ætti þetta allt saman að geta gengið upp og á árinu 2006 væri hægt að hefja framleiðslu. Það er því mjög mikilvægt að árið í ár nýtist.

Varðandi erlent vinnuafl er reiknað með að það geti þurft að verða um fimmtungur samkvæmt því sem kemur fram í útreikningum, og er getið um þetta í greinargerð. Hversu stóran hlut Norsk Hydro kemur til með að eiga í Reyðaráli er óljóst á þessari stundu og í sjálfu sér er það ekki mál sem er stýrt úr iðnrn. heldur varðar það þá aðila sem standa að Reyðaráli. Þeir hafa ekki gert endanlegt samkomulag um eignaraðild að fyrirtækinu eða uppskiptingu eignar í sambandi við verkefnið.

Að það liggi fyrir áður en málið verður afgreitt frá Alþingi hvaða mótvægisaðgerðum ríkisstjórnin muni beita í efnahagsmálum tel ég að sé kannski ekki þægilegt vegna þess að auðvitað fer þetta eftir aðstæðum á þeim tímapunkti þegar framkvæmdir standa sem hæst, á árinu 2005. Þá verður vinnuaflseftirspurn mest og er talið að hún verði um 1,25% af vinnuafli á markaðnum. Ég held að varla sé hægt að ætlast

til að þetta liggi allt saman nákvæmlega fyrir nú á vordögum.

[17:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kvartar undan því og segir það ekki þægilegt að þurfa að leggja fram þessar mótvægisaðgerðir áður en málið verði afgreitt frá þinginu. Ég vil bara segja, herra forseti, að það er heldur ekki þægilegt fyrir þingmenn að taka ákvörðun í málinu nema þessar mótvægisaðgerðir liggi fyrir. Og hæstv. ráðherra verður bara að skilja að það er grundvallaratriði að ríkisstjórnin geri þinginu grein fyrir því til hvaða mótvægisaðgerða eigi að grípa. Við erum að tala um aðgerðir sem hafa áhrif á verðbólguna þegar á næsta ári. Menn eru að glíma við eitthvert brot úr prósentu til að halda sig innan rauðra strika til að samningum verði ekki sagt upp. En við erum að tala hér um tvö prósentustig sem þetta verkefni getur keyrt verðbólguna upp. Og er það til of mikils mælst, herra forseti, að hæstv. ráðherra a.m.k. segi hér úr þessum ræðustól að hún muni reyna að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin leggi hugmyndir sínar og tillögur fyrir þingið áður en málið verður afgreitt?

Ég bið um það, herra forseti, að hæstv. ráðherra reyni að beita sér í þessu efni. Ég tel þetta grundvallaratriði og ég býst við að ég deili því með ýmsum öðrum þingmönnum, afstaða þeirra gæti byggst á því hvaða tillögur verða lagðar fram að því er þennan þátt varðar. Ég tel mikilvægt fyrir ráðherrann að hafa góðan stuðning hér við þetta mál ef afgreiða á það frá þinginu.

Síðan hélt ég, herra forseti, að ég hefði talað nægilega skýrt þannig að hæstv. ráðherra hefði átt að skilja hvað ég var að fara. Í tvígang hef ég sagt það úr þessum ræðustól — ég er að spyrja hæstv. ráðherra: Hangir það ekki algjörlega saman að fara í virkjunarframkvæmdirnar og að reisa álverksmiðjuna? Ég spyr með tilliti til þeirra sérkennilegu tímasetninga sem hér eru settar fram. Það verður ekki ráðist í þessa virkjun nema viðunandi samningar náist um þessa álverksmiðju. Er það ekki alveg ljóst, herra forseti? Mér finnst alveg lágmark að hæstv. ráðherra geri þinginu grein fyrir hvað hún hugsar sér í því efni.

[17:23]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er lagt fram frv. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Herra forseti. Allt frá því hæstv. umhvrh. kvað upp úrskurð sinn þann 20. des. sl. um mat á umhverfisáhrifum virkjunarframkvæmda við Kárahnjúka höfum við mátt búast við að frv. yrði dreift um þetta leyti, þ.e. eftir að umsögn Orkustofnunar um frv. lægi fyrir.

Herra forseti. Í stað þess að byrja á því að lýsa skoðunum mínum á efni frv. langar mig til að lýsa tilfinningum mínum gagnvart frv. Þegar ég tók við því í þingsal fann ég bæði til reiði og mikilla vonbrigða vegna þeirrar sýnar sem núverandi ríkisstjórn hefur á nýtingu auðlinda okkar á vatnsföllum, gufuafli og náttúru landsins.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum aðra sýn á nýtingu þessara auðlinda, sýn sem byggir á sjálfbærri þróun og verndun náttúrunnar. En það segir ekki, herra forseti, að ekki megi virkja neitt eða nýta þessar auðlindir á nokkurn annan hátt en að leyfa fólki að njóta þeirra. Og ég vísa til föðurhúsanna þeim ummælum sem koma hér trekk í trekk í þessum þingsal um að Vinstri hreyfingin – grænt framboð standi á móti öllum framkvæmdum, ekkert mætti gera ef við fengjum að ráða o.s.frv. Þetta er auðvitað ekki rétt og þeir sem halda þessu fram vita að þeir eru að fara með fleipur og eru að slá sér upp á einhvers konar froðu sem stenst ekki ef menn skoða þetta betur.

Sú sýn sem við höfum getur styrkt efnahag landsins enn frekar þegar til lengri tíma er litið heldur en sú stóriðjustefna og skammtímagróðavon sem núverandi ríkisstjórn byggir á. Stóriðjustefnan er andstæð uppbyggingu á fjölbreyttu atvinnulífi og sjálfbærri þróun byggðar í landinu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ályktað oft um málið og gert ítarlegar samþykktir, bæði á landsfundi og í stjórn og í þingflokknum. Það ætti því að vera alveg ljóst hvar við stöndum varðandi þessar virkjunarframkvæmdir. Sömuleiðis hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram þingmál sem snerta þetta mál eða er a.m.k. mótvægi gegn þessum áætlunum.

Við höfum nýlega lagt fram þáltill. um að málið verði lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. að þjóðin fái að kjósa um það hvernig við nýtum svæðið norðan Vatnajökuls. Við höfum lagt fram þáltill. um sérstakt átak til að efla byggð og það á að byrja á Austurlandi. Við höfum lagt fram sjálfbæra orkustefnu. Við höfum lagt fram sjálfbæra atvinnustefnu. Við höfum lagt fram tillögu um Snæfellsþjóðgarð. Allt þetta snýr að þessu máli.

Við viljum hafa þá heildarsýn að þegar við erum að móta stefnu um orkuöflun horfi maður ekki á einstaka þætti heldur hafi heildarsýn á umhverfis-, efnahags- og samfélagsþætti. Það kemur vonandi svo skýrt fram í málflutningi okkar að það verði alveg ljóst hvaða sýn við höfum á þessa þætti.

Samkvæmt úrskurði skipulagsstjóra sem birtist 1. ágúst á síðasta ári og alþjóð er kunnugur telur Skipulagsstofnun að vegna óafturkræfra umhverfisáhrifa ætti að falla frá þessum framkvæmdum. Úrskurðurinn um náttúruspjöllin sem verða vegna Kárahnjúkavirkjunar stendur enn algerlega óhaggaður því samkvæmt úrskurði hæstv. umhvrh. kemur ekkert fram sem vísar til þess hvernig eigi í framtíðinni að fara með það sem í upphafi er Hálslón en til framtíðar litið verður einhvers konar leirsoppa í stað lóns. Lónið mun fyllast í áranna rás. Í úrskurði hæstv. umhvrh. segir ekkert um hvernig eigi að fara með þetta svæði eða til hvaða aðgerða eigi að grípa. Þó að þessi breyting á náttúrunni verði ekki fyrr en eftir einhverjar kynslóðir eigum við auðvitað ekki að ráðast í svo stórkostlegt inngrip í náttúruna án þess að hafa einhverja hugmynd um hvernig komandi kynslóðir eiga að ráða við þann vanda sem við erum að koma þeim í.

Mótvægisaðgerðir varðandi fok úr Hálslóni eru lagðar til. Þær eru byggðar á verkfræðilegum þáttum. Ég leyfi mér að efa, herra forseti, að með öllu sé séð fyrir því að hægt sé að hefta fok úr lóninu. Hvað varðar staðbundna suðvestanvinda geta þeir, og ég þekki það vel af Héraði, verið svo stífir að það verður erfitt að sjá til þess að fok af börmum lónsins stoppi við í gryfjum. Þetta er eitt sem hefur ekki verið bent á að verði fyllilega hægt að finna mótvægisaðgerðir gegn.

Síðan er stóra málið, kannski það stærsta af öllu, þessi mikli vatnaflutningur á Jökulsá á Dal yfir í Jökulsá í Fljótsdal, sem stríðir gegn nútímahugmyndafræði, nokkuð sem ég hélt bara að við gerðum ekki í dag, við værum ekki að flytja stórfljót á milli vatnasvæða. En það er nú samt sem áður hugmyndin með þessum framkvæmdum.

Við viljum a.m.k. skoða möguleika á nýtingu svæðisins til annarra nota eða til annars konar virkjanamöguleika. Það hefur ekki verið gert. Ákvörðun um stóriðjuna, um álverið í

Reyðarfirði, hefur kallað fram þessa tegund virkjunar. Þegar búið er að taka ákvörðun um svo stórt álver er ekki hægt að skoða einhverja aðra kosti virkjunar vegna þess að svo stórt álver krefst þessarar tegundar af virkjun. Stærð álversins og tímasetningar hafa algjörlega stjórnað ferðinni og hefur það sett okkur í þá klemmu að hafa ekki möguleika á að skoða hugsanlega aðra virkjunarkosti og/eða þá nýtingu svæðisins til annarra nota.

Við komum til með að standa í þessum sömu sporum gagnvart öðrum virkjunum, ef farið verður í þær, á meðan við höfum ekki rammaáætlunina, á meðan við höfum ekki eitthvað til þess að leiðbeina okkur við virkjunargerð. Og á meðan núverandi ríkisstjórn situr með þá sýn að koma hér upp stóriðju og nýta vatnsaflið til stóriðjunnar þá er ekki horft til annarra nýtingarmöguleika eða til annars konar orkuþarfar en til stóriðju.

Í úrskurði hæstv. umhvrh. kom það fram að ráðherra telur að meta eigi náttúruna náttúrunnar vegna en ekki setja inn í þjóðhagslegar forsendur. Hæstv. ráðherra gerði það í úrskurði sínum. Því tel ég að úrskurður ráðherra hafi verið þeim mun alvarlegri, þ.e. þessi kúvending umhvrh. á úrskurði Skipulagsstofnunar, þegar hún sleppir þeirri réttlætingu Landsvirkjunr að hinn þjóðhagslegi ávinningur væri svo mikill að þrátt fyrir hin miklu náttúruspjöll væru þessi miklu inngrip í náttúruna réttlætanleg. En þegar hæstv. umhvrh. tekur þennan þátt út úr úrskurðinum, veit maður ekki hvað stendur eftir hjá umhvrh. annað en pólitískur vilji.

Það má líka spyrja sig hvort hæstv. umhvrh. hafi ekki verið í raun vanhæfur til þess að úrskurða í málinu vegna fyrri yfirlýsingar um vilja ráðherrans til þess að fara í þessar virkjunarframkvæmdir.

Herra forseti. Lög um Landsvirkjun eru á þann veg að Landsvirkjun ber að uppfylla þarfir markaðarins, uppfylla orkuþörfina. Því vil ég spyrja: Stöndum við þá bara frammi fyrir því núna að ef eigendur álfyrirtækja, þeirra sem eru í þessum iðnaði úti í hinum stóra heimi, sýna því áhuga að koma hingað — og þeir hafa nokkrar ástæður til þess að vilja koma hingað og skoða hvort ekki sé rétt að koma sér inn á þennan markað hjá okkur — eiga þeir þá að ráða ferðinni? Segjum nú að einn stór komi á morgun og banki upp á og sýni mikinn áhuga. Ber þá Landsvirkjun að uppfylla hans þarfir og kröfur? Höfum við ekkert val til að segja nei? Getum við aldrei beðið? Eru það alltaf fyrirtækin, er það alltaf stóriðjan sem rekur okkur áfram án þess að við náum nokkurn tímann að ráða ferðinni? Það er ekki að ástæðualusu að köllum eftir rammaáætluninni, því mér finnst tímabært að við setjum okkur rammann sjálf í stað þess að láta álframleiðendur reka okkur áfram.

Hvers vegna hafa svo álframleiðendur eða stóriðjan áhuga á því að koma hingað? Jú, við erum búin að fá undanþágu frá Kyoto-bókuninni vegna sérstöðu okkar. Hér er hægt að fá ódýrt rafmagn. Við höfum ekki áform um að, það hefur a.m.k. hvergi komið fram, leggja á mengunarkvóta eða láta þessi fyrirtæki greiða mengunarskatt. Þegar hann verður lagður á lítur út fyrir að íslenska þjóðin eigi að borga þann skatt sem kemur vegna mengunar frá Reyðaráli, frá álverinu. Því skyldu þá ekki þessi fyrirtæki hafa áhuga á að koma hingað ef við erum að taka við fyrirtækjum sem hafa ekki lengur möguleika á að koma sér fyrir annars staðar, t.d. í Noregi eins og Norsk Hydro, þar sem kröfurnar eru enn harðari en hjá okkur?

Því í ósköpunum, miðað við alla þessa hönnun, stöðvuðum við ekki hugmyndir Reyðarálsmanna um stærð álversins þegar ljóst varð að skilyrði í úrskurði umhvrh. minnkuðu möguleika á orkunýtingu frá Kárahnjúkasvæðinu? Eða í raun burt séð frá því, því í ósköpunum miðuðum við þá ekki mögulega stærð álversins við Kárahnjúkavirkjun eina og sér? Því leyfum við þessari einu verksmiðju að gera áætlanir um þvílíka stærð að það þurfi að sækja aukaorku norður í Kröflu með háspennulínum yfir hálendið? (**Gripið fram í:** Vilt þú það?) Ég vil það ekki. (**Gripið fram í:** Miðað við ...)

Þess vegna segi ég: Því í ósköpunum setjum við ekki álfyrirtækinu stólinn fyrir dyrnar og segjum: Þetta er ekki hægt. Þið fáið ekki leyfi til að hafa framleiðslugetuna meiri en svo að Kárahnjúkavirkjun ein og sér geti annast orkuöflun? Ég bara spyr. Þetta kemur upp í hugann þegar maður les í frv. að það þurfi viðbót frá Kröflu.

Náttúruspjöllin duga til þess að hafna þessum hugmyndum. Náttúruspjöllin eru margvísleg, en ég rek það ekki frekar hér. Við þurfum líka að horfa til efnahagslegra forsendna. Það er alveg nóg að hafna framkvæmdum vegna óafturkræfra náttúruspjalla þó við bætum ekki við efnahagslegri holskeflu sem setur okkur hugsanlega í efnahagslega kreppu, því þó svo að ekki eigi að setja þetta í gang nema að uppfylltum þeim skilyrðum og markmiðum að virkjun og álver tryggi 2,5% meiri landsframleiðslu og 2% hærri þjóðarframleiðslu á framleiðslutímanum þá eru þetta bara spár.

Við vitum að álverð og álframleiðsla í heiminum gengur í djúpum bylgjum. Það eru toppar og það eru líka djúpar lægðir. Efnahagskerfi okkar er svo smátt að það þolir illa miklar sveiflur, ég tala nú ekki um þegar búið er að bæta þessari risaverksmiðju við þær álverksmiðjur sem fyrir eru. Þá verðum við komin með öll eggin í sömu körfuna þannig að sveiflurnar geta orðið mjög djúpar.

En til þess að við setjum okkur ekki í efnahagslega kollsteypu eru líka sett fram ákveðin skilyrði. Seðlabankinn hefur m.a. gert það. Til þess að ráða við verkefnið sem er gríðarlega stórt þarf að búa svo um hnútana að hægt verði að flytja inn aukið vinnuafl. Verðbólga mun aukast og því þarf að grípa til þess ráðs að hækka vexti. Miðað við þá stöðu sem við erum búin að berjast í núna undanfarin tvö ár, sérstaklega í vetur — ég tala ekki um núna eftir áramótin við að reyna að halda verðbólgunni undir rauða strikinu — er hollt að velta fyrir sér hvers lags efnahagserfiðleikar geta orðið og hvaða þýðingu þetta getur haft fyrir okkur.

Það verður að draga úr opinberum framkvæmdum. Því tek ég undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem hún lýsir eftir hugmyndum um á hvaða sviði — þó ekki sé verið að telja hér upp einstakar framkvæmdir — ríkisstjórnin telji að dregið verði úr opinberum framkvæmdum. Það er ekki nóg að segja bara: Opinberar framkvæmdir. Verða þetta vegaframkvæmdir? Er þegar búið að ákveða að slá af jarðgangagerð sem er á áætlun? Á að fresta því, eða vegagerð almennt? Á að fresta uppbyggingu hugsanlegs spítala á landspítalalóðinni, eða varðar þetta rekstur velferðarkerfisins í heild sinni? Á hvaða sviði á að draga saman seglin? Ríkisstjórnin hlýtur núna á þessum tíma að vera með einhvern svona grófan ramma a.m.k. eða hugmyndir um hvar hún treysti sér til að skera niður til að mæta þessu. Við erum ekki að biðja um einstakar framkvæmdir, en jarðgangagerð er nokkuð sem manni dettur fyrst í hug að mundi rjúka út af borðinu.

Stærð framkvæmdarinnar er í öllum skilningi risaframkvæmd á mælikvarða okkar. Um er að ræða óafturkræf

náttúruspjöll og þau eru í þeim mæli sem aldrei fyrr hafa verið á teikniborðinu. Framkvæmdin setur efnahagslífið í mikla spennu um nokkurra ára skeið. En það verður mjög vandasamt að komast í gegnum þetta tímabil. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég verð að fá að geyma seinni hluta ræðu minnar þar til síðar.

[17:43]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Austurl. langar mig til að spyrja hvort hv. þm. sem hefur áhyggjur af því að þessi framkvæmd muni hafa óheillavænleg áhrif á efnahagsþróun í landinu, telji ekki eigi að síður að þetta muni hafa mjög heillavænleg áhrif á efnahagsþróun og hagsæld á Austurlandi, hvort þetta verk, þessi framkvæmd, muni ekki styrkja búsetu á Austurlandi og hvort þetta verk og þessi framkvæmd muni ekki efla lífskjör fólks á Austurlandi.

Mig langar líka til að velta upp þeirri spurningu hvort hv. þm. telji, ef farið yrði að tillögu hv. þm. um að hætta við þessi áform, að það mundi valda slíkum vonbrigðum á Austurlandi að líkja mætti því við búsetuspjöll. Ég virði skoðanir hv. þm. um náttúruspjöll en mig langar til þess að hv. þm. velti fyrir sér þeirri spurningu hvaða áhrif það mundi hafa ef farið yrði að tillögu hv. þm. og hvort ekki mætti þá taka sér í munn orðið búsetuspjöll, og það mjög alvarleg í ljósi þeirra væntinga sem ríkja á meðal fólks á Austurlandi. Stór meiri hluti Austfirðinga bíður eftir aðgerðum, bíður eftir því að þessar framkvæmdir megi verða.

Sveitarstjórnarmenn hafa unnið baki brotnu til þess að styðja þetta verk. Telur hv. þm. ekki ástæðu til að hlusta á rök og rödd meiri hluta Austfirðinga í stað þess að valda þeim vonbrigðum með því að hætta þessu verki? Hvaða afleiðingar hefði það fyrir búsetu á Austurlandi?

[17:46]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að þessar miklu, stórkostlegu framkvæmdir gætu valdið efnahagslegri kollsteypu og ég held að enginn mótmæli því. Þetta eru þvílíkar framkvæmdir og svo háar upphæðir að við þekkjum varla þessar tölur. Ég held að við getum öll verið sammála um að það verði ekki auðvelt að ganga í gegnum þetta tímabil.

Varðandi það hvort þetta muni styrkja búsetu á Austurlandi, þá mun það vissulega gera það og sérstaklega á miðsvæði Austurlands, frá Héraði að Fjarðabyggð og ef það koma jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar mun atvinnusvæðið stækka. Það er ekki mikið út fyrir það svæði sem þetta hefur áhrif.

Ég hef aldrei neitað því að framkvæmdin muni hafa, og sem betur fer, að langflestu leyti tímabundin jákvæð áhrif á þetta svæði. En ég er andvíg stóriðjustefnunni. Ég vil fara aðrar leiðir og ég tel að það sé á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að bjóða eingöngu upp á þetta. Hún hefur dregið fólk á þessum hugmyndum í gegnum tíðina. Ekkert annað er í boði. Hverju á fólk þá að svara þegar það er spurt öðru en: Já. En vissulega er þörf á fleiri verkefnum. Það þarf að efla menntun. Það þarf að breyta sjávarútvegsstefnunni og það þarf að gefa landsbyggðinni og Austurlandi sérstaka innspýtingu. Við skulum þá horfa á fyrirtækin sem fyrir eru og styrkja þau. Við skulum koma með aðgerðir til þess að laða þangað að stórfyrirtæki á öðrum sviðum en stóriðju. Það er okkar sýn. En ríkisstjórnin ber ábyrgðina.

[17:48]

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Það vekur athygli í þessari umræðu að það fer til þess að gera lítið fyrir umhverfisáhrifum þessara framkvæmda. Þegar virkjunarmál norðan Vatnajökuls og fyrirhuguð bygging álvers í Reyðarfirði hafa verið til umræðu þá hefur fyrst og fremst verið rætt um umhverfisáhrif þeirra framkvæmda, bæði hvað varðar virkjunina og síðast en ekki síst gagnvart álverinu sem slíku.

Nú hefur meginþungi umræðunnar fjallað um hin efnahagslegu áhrif og skiljanlegt er að hv. þingmenn vilji ræða hin efnahagslegu áhrif. Ég er mikill áhugamaður um umhverfismál. Ég vil að fólkið í landinu búi í sátt við land og náttúru þess og að nýting sé í samræmi við trúarsið og almennan sköpunarskilning. En þetta kallar á ábyrgð og gerir kröfu um ábyrgð gagnvart náttúru landsins og fólkinu í landinu, þ.e. að fólki sé ekki mismunað með aðgengi að afrakstri náttúruauðlindanna. Það er líka umhverfisstefna og fjallar um umhverfisnytjar.

Uppbygging stóriðju á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið mikil á síðasta áratug. Reist hefur verið álver í Hvalfirði og það síðan stækkað á sama áratug. Síðan hefur álverið í Straumsvík verið stækkað. Þessar framkvæmdir höfðu mikil efnahagsleg áhrif, juku á hagsæld og margir hafa haldið því fram að það hafi verið undirstaða að góðæri sem hér stóð um nokkurt skeið. En þessi hagsæld og þetta góðæri skilaði sér að mjög takmörkuðu leyti út fyrir höfuðborgarsvæðið. Aðeins íbúar höfuðborgarsvæðisins nutu þessa góðæris og hagsældar og það ríkulega. Með öðrum orðum, fólki var í raun mismunað með aðgengi að afrakstri náttúruauðlindanna. Og ekki nóg með það því þetta dýpkaði gjána á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Þessi þensla, þessi uppbygging sogaði til sín fólk af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið. Hún sogaði fólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu og jók enn á byggðavandann.

Það er tími til kominn að landsbyggðin fái að njóta jafnræðis og réttlætis hvað varðar alla almenna uppbyggingu atvinnuvega í landinu. Þetta mál snýst að stórum hluta um það.

Sæmileg sátt var um stóriðjuframkvæmdirnar á höfuðborgarsvæðinu. Ég segi sæmileg sátt. Alla vega urðu þær framkvæmdir ekki fyrir mikilli ytri truflun og gengu fram samkvæmt fyrir fram gefinni áætlun. Aftur á móti hafa fyrirhugaðar framkvæmdir við virkjun og álver á Austurlandi gengið, svo ekki sé djúpt tekið í árinni, í bylgjum, stundum með kollsteypum. Þessi umræða hefur nú staðið í ein sex ár og það þekkja hv. þm. að íbúar á Austurlandi binda mjög miklar vonir við þessi áform. Fjöldi manns bíður eftir því að framkvæmdir geti hafist og það yrði mikið áfall fyrir Austurland og landsbyggðina alla ef þessi áform rynnu út í sandinn. Það yrði mikið áfall fyrir alla búsetuþróun í landinu af því að búið er að gefa svo mikil og hástemmd fyrirheit og af því að það eru margir sem hafa lagt traust sitt á þessi fyrirheit.

Eigi að síður efast mjög margir um að þetta nái fram að ganga og segja sem svo að svo oft áður sé búið að lofa þessu án árangurs, að við höfum verið svikin áður. Margir trúa ekki fyrr en af verður. Austfirðingar hafa mjög bitra reynslu af þessu vegna þess að stóriðju á Austurlandi hefur áður verið lofað. Áformin runnu út í sandinn og höfðu mjög afdrifaríkar félagslegar afleiðingar á svæðinu, meiri en margan grunar.

Þetta mál er gengið svo langt nú að sem betur fer verður ekki aftur snúið nema af völdum þeirra sem hafa í hendi sinni hvort af þessu verki verður eður ei. Því ræður ekki hið háa Alþingi heldur erlendir fjárfestar, fulltrúar Norsk Hydro. Í gær ræddum við hv. þm. við hæstv. iðnrh. fyrirspurn er ég lagði fram á hinu háa Alþingi um hvort ríkisstjórnin hefði undirbúið aðra valkosti varðandi fjárfesta sem stuðlað gætu að því að álver risi á Reyðarfirði ef samningaviðræður við Norsk Hydro um byggingu álvers verða árangurslausar.

Eins og kunnugt er standa núna yfir viðræður við tvo aðila um sölu Símans. Það standa yfir viðræður við tvo erlenda fjárfesta um sölu Símans. Það þykir við hæfi þar enda eru mjög miklir hagsmunir í húfi að Síminn verði seldur, kannski ekki þjóðhagslegir hagsmunir heldur sýnast það vera orðnir fyrst og fremst pólitískir hagsmunir og afar persónulega tengdir pólitískir hagsmunir eins og umræðan er um þessar mundir.

En í sambandi við byggingu álvers í Reyðarfirði eru öll eggin í einni körfu. Norsk Hydro ræður úrslitum um hvort af þessari framkvæmd verður 1. september. Það er ekki góð staða fyrir málið og það veldur mörgum Austfirðingum verulegum áhyggjum að staðan sé sú að Norsk Hydro ráði hvort þessi áform nái fram að ganga eða ekki.

Svo má heita að um þetta mál sé allbreið samstaða á Austurlandi. Sveitarstjórnarmenn hafa verið einhuga í stuðningi sínum við þessi áform. Á þingum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og í viðhorfskönnunum hefur margítrekað komið fram að mikill meiri hluti Austfirðinga styður þetta verk. Og ljóst er að þetta verkefni mun hafa gríðarlega mikil áhrif á atvinnuuppbyggingu, félagslíf og menningu á Austurlandi. Búist er við því að þetta geti leitt af sér allt að 1.000 ný störf. Við skulum gæta að því að íbúaþróun á Austurlandi hefur verið neikvæð síðasta áratug. Fólki hefur fækkað þar um 1% á ári. Á meðan þjóðin þrefaldaði íbúafjölda sinn á síðustu öld fjölgaði Austfirðingum rétt um rúmlega 3.000 manns þannig að byggðin á þar í vök að verjast. Hún á þar sannarlega í vök að verjast.

Það er ekki rétt sem kom hér fram í máli hv. 5. þm. Austurl. að þetta muni einvörðungu hafa áhrif á Miðausturlandi og kannski smjúga í gegnum göngin á Fáskrúðsfjörð. Þetta mun hafa langtum víðtækari áhrif. Þessi áhrif munu kvíslast um alla firðina allt til Djúpavogs og þau munu líka ná alla leið norður á Vopnafjörð.

Þeir sem hér búa þekkja það að álverin á höfuðborgarsvæðinu eru eftirsóknarverðir vinnustaðir. Þar þykir gott að starfa. Eins og ég þekki til þá eru greidd sæmileg laun þar og fólk starfar þar við góðar aðstæður. Þetta eru með öðrum orðum eftirsóknarverðir vinnustaðir.

Því hefur verið haldið fram í umræðunni að engir fáist til að vinna í álveri á Austurlandi nema útlendingar. Austfirðingar bjóða útlendinga velkomna eins og alla aðra til búsetu. Við gerum ekki greinarmun á fólki eftir litarhætti eða kyni. Við tökum vel á móti öllum. En mér segir hugur um að þetta muni umbreyta og snúa við þeirri öfugþróun sem hefur átt sér stað í sambandi við búsetuna og fólk muni sækja í vinnu á Austurlandi, ekki bara í álveri, heldur í afleiddum störfum sem af áformunum muni leiða og að á Austurlandi muni rísa margir mjög góðir vinnustaðir og þetta muni því auka á fjölbreytni í atvinnulífinu á svæðinu.

Austfirðingar munu þá njóta þeirrar sömu reynslu og höfuðborgarsvæðið hefur ríkulega fengið að njóta á undanförnum áratugum allt frá því álverið í Straumsvík var reist. Það vill nú svo til að ég ólst upp í Hafnarfirði á þeim tíma þegar verið var að byggja álverið. Ég tók meira að segja þátt í þeirri byggingarvinnu. Ég vann síðasta sumarið í Straumsvík við hafnargerðina þar og ég upplifði það vel hve miklar væntingar fyrir Hafnarfjörð álverið í Straumsvík hafði í för með sér. Og mér er mjög vel kunnugt um hvaða hlutverki álverið þar hefur gegnt og hve mikil breyting varð í jákvæða átt í atvinnulífi, menningu og félagslífi eftir að álverið tók til starfa. Þessara jákvæðu áhrifa viljum við fá að njóta á landsbyggðinni líka. Svo einfalt er það mál og er kominn tími til. Þetta er spurning um að sitja við sama borð.

Herra forseti. Því hefur líka verið haldið fram í umræðunni að þessar framkvæmdir feli í sér skammtímagróðavon. Ég er á gagnstæðri skoðun. Ég held að þessi áform feli einmitt ekki í sér skammtímagróðavon eins og reynslan sýnir þar sem ráðist hefur verið í stóriðjuframkvæmdir sem eru einvörðungu í nágrenni við Alþingishúsið. Ég vil að við fáum að njóta þeirrar sömu reynslu sem er akkúrat ekki skammtímagróðavon heldur verða þvert á móti mjög varanlega jákvæð góð áhrif.

Ef ekki verður af þessum áformum óttast ég að við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum búsetuspjöllum sem munu fyrst og fremst bitna á íbúum Austurlands og hafa mjög neikvæð áhrif á byggðaþróun í landinu næstu árin.

Herra forseti. Það mætti segja mörg orð um afskipti hæstv. ríkisstjórnar af þessu máli. Það hefði mátt halda öðruvísi á mörgum þáttum þess í gegnum tíðina. Ég tel eigi að síður núna mjög brýnt að leitað verði allra leiða til þess að skapa sátt um þetta mál, að skapa sömu sátt um þessar framkvæmdir og ríkir núna um stóriðjuframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Það skiptir mjög miklu máli til þess að samningar náist við Norsk Hydro og aðra sem að þessu koma.

[18:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður gerði það að umtalsefni í upphafi máls síns að nokkuð hefði skort á að fjallað væri um umhverfisþáttinn í þessari umræðu sem staðið hefur hér í dag um frv. hæstv. iðnrh. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Ég hyggst nú bæta úr því og fjalla að nokkru leyti um umhverfisþáttinn í þessu stóra máli.

Í tilefni af því langar mig í upphafi máls míns, herra forseti, að vitna í áskorun sem alþingismönnum barst í dag frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Sem kunnugt er hafa hafa þau samtök beitt sér af alefli í baráttunni fyrir því að umhverfisþátturinn verði skoðaður af sanngirni til hlítar og þau hafa gagnrýnt sviðsetningu hæstv. umhvrh. á viðbótarumhverfismati sem fram fór í umhvrn. frá því 1. ágúst og fram til 21. desember sl.

Náttúruverndarsamtök Íslands segja í yfirlýsingu sinni frá í dag að það sé algerlega nauðsynlegt að alþingismenn skoði af alvöru alla þætti málsins og sérstaklega þá að farið verði samkvæmt lögum með þessi mál, og þau vitna til 3. mgr. 13. gr. laga um Landsvirkjun, en í þeirri grein segir um samninga um orkusölu til stóriðju, með leyfi forseta:

„Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“

Herra forseti. Það er alveg ljóst að Náttúruverndarsamtök Íslands hafa af því miklar áhyggjur að þessi grein laganna um Landsvirkjun verði brotin með þeim framkvæmdum sem ríkisstjórnin virðist stefna í. Áskorun Náttúruverndarsam-

taka Íslands til okkar þingmanna er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarsamtök Íslands skora á þingmenn að gera mjög skýra kröfu um að fyrir liggi áreiðanlegt mat á arðsemi Kárahnjúkavirkjunar, að frumvarp iðnaðarráðherra standist 3. mgr. 13. gr. laga um Landsvirkjun. Að öðrum kosti verði framkvæmdaraðila gert að fjármagna hana án ríkisábyrgðar á lánum. Ekki er hægt að ætlast til þess að Alþingi leggi dóm á arðsemina á grundvelli aðferðafræðinnar einnar saman, sem Orkustofnun hefur skrifað upp á, án þess að forsendur og niðurstöður liggi fyrir. Miklar fjárhæðir eru í húfi fyrir skattgreiðendur þar sem ætlast er til að ríkið gangi í ábyrgð fyrir stórfelld lán Landsvirkjunar vegna framkvæmdarinnar."

Náttúruverndarsamtökin kölluðu til liðs við sig snemma í ferli þessa máls hagfræðing sem skilaði þeim öflugri skýrslu sem laut að arðsemisþáttum þessarar virkjunar. Hagfræðingurinn var Þorsteinn Siglaugsson og í stuttu máli sagt þá tætti hann forsendur Landsvirkjunar fyrir arðseminni í sig. Hann mætti fulltrúum Landsvirkjunar á nokkrum fundum. Ég var viðstödd a.m.k. einn þessara funda þar sem hagfræðingur Náttúruverndarsamtakanna mætti fjármálastjóra og fleiri háttsettum fulltrúum Landsvirkjunar. Þar var tekist á um forsendur Landsvirkjunar fyrir arðseminni, jafnvel þó svo orkuverðið lægi ekki fyrir, og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að rök Landsvirkjunar voru afar veik í þeirri baráttu. Það sama verður að segja um rök Landsvirkjunar í öllu umhverfismatsferlinu, fyrst í matsskýrslunni. Það er auðvitað til skammar hvernig Landsvirkjun gerði grein fyrir hinum efnahagslega og þjóðhagslega þætti í umhverfismatsskýrslunni sjálfri. Rök Landsvirkjunar voru líka veik síðar í matsferlinu, í hinu sviðsetta viðbótarmati umhvrh. Hvað gerði Landsvirkjun þá? Jú, hún kallaði til einhverja japanska fjármálaspekúlanta sem voru fengnir til að blessa aðferðina sem Landsvirkjun hafði notað til að reikna út arðsemina. Japanska fjármálastofnunin var sem sagt látin segja okkur að Landsvirkjun kynni að reikna. En ekkert mat var lagt á forsendurnar. Nú verður það að gerast, herra forseti, hér í umfjöllun þessa máls á hinu háa Alþingi að þessar forsendur verði skoðaðar frá grunni. Það þarf að gera í þingnefndum sem nefndar hafa verið hér til umræðunnar og það hlýtur að vera alger krafa að þetta mál komi til ítarlegrar skoðunar í þremur þingnefndum, hv. iðnn. sem hér hefur verið nefnd, efh.- og viðskn. og að sjálfsögðu umhvn. Þessar þrjár þingnefndir eiga æríð starf fyrir höndum við að fara ofan í þessa hluti og það á eftir að kalla eftir ýmsum gögnum og skýrslum í þeim efnum.

Það er auðvitað algerlega óforsvaranlegt að hæstv. iðnrh. skuli láta fylgja sem fylgiskjal í frv. sínu einhvers konar blessun Orkustofnunar á aðferðafræði Landsvirkjunar. Orkustofnun blessar reikningsaðferðafræði Landsvirkjunar eins og Japanarnir voru búnir að gera. En af hverju sjáum við ekki sem fylgiskjal með þessu frv. álit Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem Skipulagsstofnun kallaði eftir þegar hún var með málið til athugunar? Í áliti Hagfræðistofnunar eru ýmis rök að því leidd að Þjóðhagsstofnun vaði reyk í áliti sínu, að þar séu rangar forsendur gefnar og rangar ályktanir dregnar. Það er algert skilyrði að þetta álit Hagfræðistofnunar verði hér uppi á borðum hv. þm. þegar þeir fara að skoða þessi mál ofan í kjölinn.

Herra forseti. Hagfræðingur sá sem ég nefndi til sögunnar áðan, Þorsteinn Siglaugsson, er sannarlega ekki eini hagfræðingurinn sem tjáð hefur sig um þessi mál. Það hafa margir gert. Hér hefur verið nefnd til sögunnar grein sem hagfræðingurinn Sigurður Jóhannesson skrifaði í Vísbendingu þann 14. desember sl. Sigurður hefur skrifað um þessi virkjunarmál og orkusölumál um langa hríð og þekkir þar afar vel til. Hann segir í grein sinni í Vísbendingu að hér sé um að ræða framkvæmd sem njóti gífurlegrar meðgjafar hins opinbera. Ég ætla að fá að vitna í þessa grein, með leyfi forseta. Sigurður fjallar um þrenns konar meðgjöf:

„Ríki og bæir leggja þrenns konar meðgjöf til Kárahnjúkavirkjunar:

Þau ábyrgjast lán vegna hennar. Þess vegna eru vextir af lánunum mjög lágir ... En ábyrgðin er ekki ókeypis, hún setur þá í hættu sem veita hana. Hún léttir kostnaði af virkjuninni og flytur hann yfir á ríki og bæi. Ef skapa mætti verðmæti með ríkisábyrgðum ætti ríkið að baktryggja miklu fleiri fyrirtæki en virkjanir.

Ekki er greiddur tekju- og eignarskattur af virkjuninni eins og öðrum fyrirtækjum hér á landi.

Þriðja meðgjöfin, og sú sem erfiðast er að meta til fjár, er land undir virkjunina."

Herra forseti. Erum við þá komin að því máli sem ég gerði að umræðuefni fyrir tæpum tveimur vikum þegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð flutti hér þáltill. sína um þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun. Þá nefndi ég til sögunnar grein sem birtist í nýjasta tölublaði Glettings sem fjallar um skilyrt verðmætamat. Það er aðferð hagfræðinnar sem hún hefur verið að þróa með sér undanfarna áratugi og hefur náð mjög miklum árangri með. Þessi aðferð býr til verðmiða á land, ósnortna náttúru. Það hefur farið fram rannsókn, herra forseti, hér á Íslandi varðandi Kárahnjúkasvæðið og það er alveg ljóst að þjóðin er tilbúin til að greiða umtalsverðar upphæðir fyrir það að ekki verði farið í þessar framkvæmdir. Þær upphæðir samanlagðar nema hundruðum milljóna. Samkvæmt könnun sem gerð er grein fyrir í tímaritinu Glettingi og er gerð af ungri vísindakonu sem heitir Nele Lienhoop, er meðgjöf okkar til Landsvirkjunar í formi lands hundruð milljóna króna virði. Það er þetta skilyrta verðmætamat sem er auðvitað algjör forsenda fyrir því að hægt sé að fara út í framkvæmdir af þessu tagi, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga hæstv. ríkisstjórnar um afgjald auðlinda. Er þá hægt að taka undir orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur sem hér í ræðu sinni fyrr í dag fjallaði um auðlindapólitík.

Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin talar tveimur tungum í auðlindapólitík sinni. Ef við ætlum að samþykkja afgjald af auðlindinni „fiskstofnum", af hverju er þá ekki verið að fjalla hér um afgjald af auðlindinni „ósnortinni náttúru"? Af hverju er ekki samræmi í hlutunum? Er ekki eðlilegt að gerð sé krafa um slíkt? Ég hefði haldið það.

Grein Sigurðar Jóhannessonar í Vísbendingu heitir: Látum markaðinn meta Kárahnjúkavirkjun. Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að þegar þau sjónarmið eru skoðuð hvort þetta mundi borga sig og hvort í þetta yrði farið ef um einkaframkvæmd væri að ræða, þá liggur það algjörlega á borðinu, staðfest af fjármálastjóra Landsvirkjunar, að það væri ekkert vit í að fara í þessa framkvæmd ef um einkaframkvæmd væri að ræða.

Fjármálastjóri Landsvirkjunar, Stefán Pétursson, hélt erindi á orkuþingi 2001. Þar fjallaði hann á afar greinargóðan hátt um raforkumarkaðinn, fjármögnun og samkeppnishæfni íslensks orkuiðnaðar. Hann sagði í niðurstöðu erindis síns að hlutafélagavæðing væri nær ómöguleg ef virkja ætti fyrir stóriðju þannig að ef hæstv. iðnrh. ætlar á næstunni að breyta

öllu raforkuumhverfi á Íslandi og hlutafélagavæða fyrirtæki á orkumarkaði þá er alveg ljóst að slík fyrirtæki hafa ekki bolmagn til að virkja fyrir stóriðju. Er þá undarlegt þó að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spyrji í ræðu sinni hvað sé verið að gera hér á harðahlaupum áður en nýtt umhverfi á raforkumarkaði lítur dagsins ljós? Auðvitað er eðlilegt að spurt sé: Er verið að koma hér í framkvæmd þessari tröllauknu óafturkræfu Kárahnjúkavirkjun áður en umhverfi á raforkumarkaði breytist svo mikið að ekki verður hægt að virkja fyrir stóriðju meir?

Má ég þá spyrja hæstv. iðnrh. og ég krefst þess að fá svar við þeirri spurningu minni: Í þessu plaggi er að finna lista yfir virkjunarkosti fram til 2012 sem Orkustofnun telur mögulega. Er þetta rammaáætlun ríkisstjórnarinnar? Eru þetta framkvæmdirnar, á bls. 24, sem hæstv. ráðherra ætlar að vera búin að koma í framkvæmd áður en umhverfi á raforkumarkaði breytist? Ætlar hæstv. ráðherra þá að vera búin að láta Alþingi samþykkja að vaðið verði í stækkun Laxár, 3. áfanga Kröflu, Búðarhálsvirkjun, Norðlingaölduveitu, Bjarnarflag, 1. áfanga Reykjaness, Villinganes, Skaftárveitu, Urriðafossvirkjun, Núps- og Búðafossvirkjun, Hellisheiði, alla þrjá áfangana, og Grændal og 4. áfanga Kröflu og Þeistarreyki og Skjálfandafljót og Skatastaðavirkjun, Markarfljót, Grændal? Hvað ætlar hæstv. iðnrh. okkur að vera búin að virkja marga þessara kosta fyrir stóriðju áður en umhverfi á raforkumarkaði breytist og búið verður að hlutafélagavæða þar allt þannig að ekki verður hægt að selja neitt til stóriðju?

Má líta svo á að hér sé um að ræða rammaáætlun hæstv. iðnrh.? Ef svo er þá lýsi ég andstöðu við þessa rammaáætlun.

Herra forseti. Það er ekki forsvaranlegt að hér skuli lagt fram plagg, einhver greinargerð Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði með hliðsjón af stækkun álvera á Suðvesturlandi og öðrum orkuþörfum, ef ekki er ætlast til að við tökum það alvarlega. Það er alveg greinilegt á hvaða skriði hæstv. iðnrh. er svo það er ekki skrýtið þótt spurt sé: Hvað á að gera mikið áður en umhverfið á raforkumarkaði breytist?

Herra forseti. Einn hagfræðing ætla ég að nefna til sögunnar enn sem hefur gagnrýnt mjög málefnalega niðurstöðu Landsvirkjunar varðandi arðsemina. Það er Þórólfur Matthíasson, hagfræðingur og dósent við Háskóla Íslands. Hann var einn af sérfræðingum sem Landvernd fékk til að rýna í umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar á sínum tíma. Umsögn hans er hægt að lesa á heimasíðu Landverndar. Það þarf ekki að fara um hana mörgum orðum en Þórólfur gefur aðferðafræði Landsvirkjunar algjöra falleinkunn. Telja mætti upp fleiri hagfræðinga. Álit þessara hagfræðinga allra þurfum við þingmenn að skoða ofan í kjölinn í þessari umræðu.

Þá ætla ég að snúa mér að umhverfisþætti málsins, herra forseti, af því að hér er takmarkaður ræðutími og ekki langur tími eftir.

Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur gerði á sínum tíma samantekt fyrir Náttúruverndarráð, það var árið 1978, um fjölda og margbreytileika fossa á Íslandi. Í þeirri samantekt getur að líta eftirfarandi varnaðarorð sem ég held að geti verið hv. alþingismönnum gott veganesti inn í þá vinnu sem fram undan er.

Sigurður skrifaði, með leyfi forseta:

„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílóvattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum."

Herra forseti. Orð af þessu tagi þurfa hv. þm. að hafa í huga þegar um þetta mál er fjallað. Hvernig ætlum við að meta unaðsstundirnar, öræfakyrrðina, fuglasöng í óbyggðum? Ætlum við ekki að meta þessa þætti nokkurs? Ætlum við að sætta okkur við einhvern málamyndaþjóðgarð innan um virkjunarmannvirki, 190 metra háa stíflu við fremri Kárahnjúk? Ég man ekki lengur hæðina á Desjarárstíflu eða Sauðárdalsstíflu. Þjóðgarður innan um skurði, jarðgöng, námasvæði, efnistökusvæði, stöðvarhús. Ég held ekki, herra forseti. Þjóðgarður af þessu tagi yrði Íslendingum ekki til sóma.

Þjóðgarður af því tagi sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til að verði stofnaður á hálendi Íslands gæti hins vegar vakið þvílíka athygli á Íslandi sem náttúruperlu að tekjurnar sem við gætum haft af slíkum þjóðgarði, beinar og óbeinar, mundu vega upp allar mögulegar tekjur sem hæstv. iðnrh. er búinn að reikna sér með hjálp Orkustofnunar af stóriðjunni. (**KPál:** Hvernig veistu það?) Ég hef fengið útreikninga sem sýna mér fram á það, hv. þm. Kristján Pálsson. (**KPál:** Hvar eru þeir?)

Meira um umhverfisþátt þessara mála, herra forseti, af *því að ég lofaði að halda mig við hann. Þó að ég geti sagt* mikið um útreikninga og arðsemi liggur mér talsvert á hjarta um það mat sem hæstv. umhvrh. hefur lagt á þessi mál öll sömul og ég tel vera fullt tilefni til að fara nokkrum orðum um úrskurð hæstv. umhvrh. þar sem hann er tekinn með mjög afgerandi hætti inn í greinargerð þess frv. sem við fjöllum hér um.

Herra forseti. Það er athyglisvert hversu illa rökstuddur úrskurður umhvrh. er. Í honum er ekki að finna rökstuðning fyrir niðurstöðunni í aðfaraorðum og í meginmáli úrskurðarins lýsir hæstv. umhvrh. sig ekki ósammála málefnalegum rökum sem tilgreind eru víða í úrskurði Skipulagsstofnunar um neikvæð óafturkræf umhverfisáhrif. Satt að segja tekur hæstv. umhvrh. undir fjöldann allan af faglegum rökum Skipulagsstofnunar, vísar jafnvel efnislega til þeirra raka. Það lítur út fyrir að hæstv. umhvrh. sé nokkurn veginn sammála Skipulagsstofnun þegar úrskurðurinn er skoðaður til hlítar, nema að einu leyti. Að hvaða leyti? Niðurstöðunni.

Skipulagsstofnun segir: Hér er um svo mikil og óafturkræf áhrif að ræða að það verður að leggjast gegn þessari framkvæmd. Umhvrh. virðist sammála öllum faglegum rökum Skipulagsstofnunar nema bara ekki því að það þurfi að leggjast gegn framkvæmdinni. Það eina sem umhvrh. gerir í úrskurði sínum er að hún snýr niðurstöðunni við vegna pólitískra hagsmuna. Þetta er pólitísk valdbeiting. Það er ekki hægt að kalla þetta nokkurn skapaðan hlut annað. Ef hæstv. umhvrh. er samþykk faglegum rökstuðningi Skipulagsstofnunar algjörlega fram á síðustu línu þá er ekki hægt að skýra niðurstöðu hennar á neinn annan hátt.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið en ég á mikið eftir. Ég kem að einhverjum þeirra atriða í síðari ræðu minni en kalla þetta gott hér að sinni.

[18:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst ætla ég að gera athugasemd við fáránlega fullyrðingu sem kom fram hjá hv. þm., þ.e. að það sé pólitísk valdbeiting að umhvrh. taki þessa afstöðu. Hver á að

taka ákvörðun um svona stórframkvæmd ef ekki pólitíkusar? Eiga stofnanir úti í bæ að gera það? Hvað hefði hv. þm. sagt ef úrskurður Skipulagsstofnunar hefði verið á hinn veginn? Þetta dæmir sig náttúrlega sjálft.

Svo ætla ég að biðja hv. þm. að tala ekki til mín eins og einhvers níðings náttúrunnar. Ég hef búið í sveit alla mína tíð á sama tíma og hv. þm., eftir því sem ég best veit, hefur alist upp í Reykjavík og áreiðanlega ekki í eins nánum tengslum við náttúruna og náttúrufegurð landsins og dýralíf og þar fram eftir götunum.

[18:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti nú satt að segja von á því að hæstv. ráðherra svaraði einhverju af þeim spurningum sem ég bar upp en kæmi ekki í andsvar með skæting. Það er algjör uppspuni hæstv. ráðherra að ég hafi kallað hana einhvern náttúrníðing eða líkt henni við eitthvað slíkt. Það gerði ég ekki. En hæstv. ráðherra getur ekki svarið það af sér að hún sé að tala hér fyrir framkvæmdum sem valda mestu náttúruspjöllum sem nokkur framkvæmd í allri samanlagðri Íslandssögunni hefur valdið.

[18:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur farið hér mikinn gegn Kárahnjúkavirkjun eins og maður gat svo sem búist við eftir að hafa heyrt í þingmönnum Vinstri grænna hér í dag. Að þeirra mati er fyrst og fremst gerð athugasemd við arðsemi þessarar virkjunar og framkvæmdar yfirleitt. Ekki var mikið rætt um umhverfisþáttinn nema að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á hann hér í lokin.

Mér þótti gott að hún skyldi gera það. Hv. þm. hefur sagt í þinginu, og það oftar en einu sinni, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð bæði fyrst og fremst um að farið yrði með framkvæmdir eins og þessa í umhverfismat, lögformlegt umhverfismat. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði hér orðrétt þegar umræður stóðu yfir um Eyjabakkana, með leyfi forseta:

„Það hefur komið fram hjá okkur sem höfum talað hér í dag fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við erum með útrétta sáttarhönd. Sáttarboðið felst í því að Fljótsdalsvirkjunin fari í umhverfismat samkvæmt lögum og við komum til með að beygja okkur undir þann úrskurð sem kæmi út úr því mati."

Hv. þm. sagði einnig í þessu sama andsvari:

„Ef þetta er ekki sáttarhönd hjá fólki sem er á móti stórvirkjunum á hálendinu norðan Vatnajökuls, þá veit ég ekki hvað."

Núna þegar þessi stórvirkjun hefur farið í umhverfismat og hefur fengið ... (Gripið fram í.) Samkvæmt lögunum hefur hún verið samþykkt. Lögin gera ráð fyrir ákveðnum skrefum, annars vegar skipulagsstjóra og hins vegar ráðherra. Ráðherra hefur fellt úrskurð sinn um að hún fallist á þessa virkjun með þeim breytingum sem lagðar eru til samkvæmt tillögu ráðherrans.

Nú spyr ég fyrst hv. þm. hefur lýst því yfir að hún hafi rétt fram ákveðna sáttarhönd í þessu máli, hvort það gildi ekki þegar kemur að þessari virkjun, eða var þetta bara allt í plati?

[18:30]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. veit fullvel að það átti að þjösna Fljótsdalsvirkjun hér í gegn þvert ofan í lög um mat á umhverfisáhrifum svo það var algerlega eðlilegt að lög um mat á umhverfisáhrifum væru í brennidepli umræðunnar um Fljótsdalsvirkjun og krafan um að sú virkjun færi í gegnum slíkt mat. Það er því ekki réttmætt hjá hv. þm. að blanda saman umræðunni um Fljótsdalsvirkjun og umræðunni um Kárahnjúkavirkjun.

Það breytir því ekki að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur alla tíð, líka í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun, sagt: Við erum á móti því að fórna náttúruperlunum okkar fyrir stóriðju. Við viljum að rammaáætlun til langs tíma verði gerð, allir virkjunarkostir skoðaðir, allir hagsmunaaðilar komi að því máli svo að við getum raðað upp virkjunarkostum í sameiningu þar sem minnstar fórnir verða og við getum ákveðið í sameiningu til hvers við ætlum að nýta þessa orku. Ég sagði fyrir nokkrum dögum við hv. formann iðnn. að ég mundi vaða með honum eld og brennistein til að vetnisvæða Ísland á 30 árum. Reyndar var það með því skilyrði að hann léti af þessari stóriðjustefnu sinni. En hv. þm. verður að hafa það í huga að umhverfismatið á Kárahnjúkavirkjun fékk falleinkunn. Hæstv. umhvrh. tekur í úrskurði sínum undir faglega röksemdafærslu Skipulagsstofnunar algerlega fram að síðustu línu, þ.e. þegar niðurstaða Skipulagsstofnunar er skráð. Og ég vil fullyrða það hér, herra forseti, að ef hæstv. umhvrh. hefði haft kjark hefði hún getað staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar en látið ríkisstjórnina fara áfram með þessar framkvæmdir þvert ofan í neikvætt mat Skipulagsstofnunar, mat þar sem lagst var gegn framkvæmdinni á grundvelli umhverfisáhrifanna. En það þorði hæstv. umhvrh. ekki að gera og lét beygja sig pólitískt til þess að snúa niðurstöðu Skipulagsstofnunar við. Hún afskræmir niðurstöðuna með því að gangast undir og viðurkenna fagleg rök en snúa svo niðurstöðunni við.

[18:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fylgist af athygli með því sem hv. þm. segir og ég verð að segja að það veldur mér miklum vonbrigðum að hún skuli leyfa sér að segja að það sem hún sagði fyrir tveimur árum skipti ekki neinu máli lengur. (**KolH:** Ég sagði það ekki.) Núna eru það ekki lögin sem skipta lengur máli. Nú er það bara skoðun hv. þm. og flokksins. Svona framkomu kalla ég terrorisma og í besta falli anarkisma þar sem það skiptir engu máli fyrir ykkur hvað lög segja yfir höfuð. Það er bara ykkar einstrengingslega túlkun á því hvað þið teljið vera þessari þjóð fyrir bestu, og það er að hvergi megi virkja. Það má hvergi ná samkomulagi um nokkurn skapaðan hlut. (Gripið fram í.) Þið eruð alls staðar á móti. (Gripið fram í.) Þú hefur sagt það, hv. þm., að þið réttið fram sáttarhönd ef menn fallast á að fara með stórframkvæmdir í umhverfismat. En hvað gerist þegar þetta fer í umhverfismat og niðurstaða fæst? Þá segið þið: Það er ekkert að marka það vegna þess að það var ráðherra sem tók þessa ákvörðun. Lögin gerðu samt ráð fyrir að ráðherra tæki þessa ákvörðun, og hv. þm. og hennar flokkur skrifaði upp á þau lög athugasemdalaust.

Það er ótrúlegt að hlusta á flokk vinstri grænna hafa yfirleitt miklar skoðanir á þessu máli lengur. Það er ekkert að marka sem þingmennirnir segja og það er í rauninni ekki lengur ástæða til að taka mark á þingflokki sem hagar sér með þessum hætti.

[18:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa hástemmdum ummælum hv. þm. á bug. (**KPál:** Það hefur enginn verið með hástemmdar lýsingar hér.) Vinstri hreyfingin – grænt framboð er friðsamur flokkur. Ég gengst alveg við þeim orðum mínum sem hér féllu í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun, að ég leit á það á þeim tíma sem útrétta sáttarhönd af okkar hálfu að vilja vera tilbúin til að beygja okkur undir mat á umhverfisáhrifum þeirrar virkjunar. (**KPál:** Nú er það stríð, sem sagt.) Sannleikurinn er sá að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gert nákvæmlega það sama núna í Kárahnjúkamálinu. Hvað höfum við gert? Lagt fram þáltill. um það að virkjunin verði borin undir atkvæði þjóðarinnar. Og ætlum við ekki að vera tilbúin til að beygja okkur undir þann meirihlutavilja, að annaðhvort verði framkvæmdinni hafnað eða að farið verði að þessum leikreglum sem við viljum að séu haldnar? Það verði gerð rammaáætlun, orkunýtingaráætlun og þessir hlutir skoðaðir allir í stóru samhengi til langs tíma. (**KPál:** Þetta er allt ...)

Herra forseti. Það er ekki forsvaranlegt að Kárahnjúkavirkjun skuli koma á dagskrá á sama kjörtímabili og hún verður afgreidd út af borðum þingmanna. Þjóðin hefur aldrei fengið að tjá sig um þessa Kárahnjúkavirkjun í kosningum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er tilbúin til að bera þessar hugmyndir undir þjóðina og tilbúin til að beygja sig undir vilja þjóðarinnar í þeim efnum. En þjóðin hefur ekki valið Kárahnjúkavirkjun.

[18:36]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal ásamt stækkun Krófluvirkjunar. Þetta frv. er liður í stóriðjudraumum ríkisstjórnarinnar þar sem engu skal eira. Fyrirhuguð Kárahjúkavirkjun ein sér, virkjun þessara tveggja Jökulsáa, hefur í för með sér meiri náttúruspjöll og jarðrask og óafturkræfar breytingar á landslagi og náttúrufari en nokkru sinni hefur verið efnt til af manna völdum hér á landi og þótt víðar væri leitað.

Virkjunaráformin byggja á stórfelldum vatnaflutningum á milli byggðarlaga, milli vatnasvæða með tilfærslu m.a. Jökulsár á Dal austur í Lagarfljót með ófyrirsjáanlegu raski á náttúrufari og lífríki til lands og sjávar.

Rétt er að minna á að Skipulagsstofnun hafnaði alfarið framkvæmdinni, m.a. á umhverfislegum forsendum, og þó að reynt sé að meta náttúrufarsleg áhrif svona gífurlega mikilla náttúruraskana verður þar aldrei nema um ágiskun að ræða. Aðeins reynslan getur í raun skorið úr um hver hin endanlegu áhrif verða og þau geta komið fram áratugum og jafnvel hundruðum ára eftir að þau hafa verið framkvæmd. Þetta er rétt að hafa í huga þegar við umgöngumst náttúruna og auðlindir hennar.

Eftir þær pólitísku yfirlýsingar sem bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., gáfu í kjölfar úrskurðar Skipulagsstofnunar þar sem þeir ítrekuðu að áfram væri stefnt að þeim vilja ríkisstjórnarinnar að fyrirhuguð virkjunaráform næðu samt fram að ganga þó að Skipulagsstofnun hefði hafnað þeim í úrskurði sínum kom fæstum á óvart í sjálfu sér þegar hæstv. umhvrh. úrskurðaði á annan veg en Skipulagsstofnun, þ.e. að heimila Kárahnjúkavirkjun á umhverfislegum forsendum.

Þegar úrskurður umhvrh. lá fyrir gáfu m.a. nokkur helstu umhverfissamtök á Íslandi frá sér yfirlýsingu sem viðbrögð við úrskurði hæstv. umhvrh. Nú ætla ég að vitna í yfirlýsingu þessara níu umhverfissamtaka. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að Kárahnjúkavirkjun mundi valda margfalt meiri náttúruspjöllum en nokkur einstök framkvæmd á Íslandi til þessa er niðurstaða ráðherra“ — þ.e. hæstv. umhvrh. — „óskiljanleg. Veruleg og óafturkræf áhrif virkjunarinnar, sem Skipulagsstofnun byggði úrskurð sinn á, samkvæmt *lögum um mat á umhverfisáhrifum, blasa við hverjum þeim* sem kynnir sér framkomnar upplýsingar. Tæpast er hægt að ímynda sér stórfelldari röskun af mannavöldum á náttúru landsins.

Í þessu sambandi er minnt á eftirfarandi:

Kárahnjúkavirkjun mun eyðileggja eitt stærsta hálendisvíðerni í Evrópu með mannvirkjagerð á um 1.000 km svæði og spilla fjölbreyttu gróðurlendi á allt að 600 km svæði, sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá sjó inn til jökla. Líta ber á hálendisgróður ofan við 500 m hæð sem fágæta og verðmæta auðlind.

Ómetanlegar jarðfræðiminjar og landslagsheildir á heimsvísu yrðu eyðilagðar eða þeim raskað verulega með virkjunarframkvæmdunum.

Meira en 100 fossar yrðu fyrir röskun af völdum virkjunarinnar og sumir þeirra hyrfu alveg.

Stórfelldir vatnaflutningar einkenna virkjunina þar sem m.a. eitt stærsta vatnsfall landsins, Jökulsá á Dal, yrði flutt á milli vatnasviða og veitt í Lagarfljót.

Nánast ekkert vatnakerfi á virkjunarsvæðinu stæði eftir óraskað. Lífríki í stöðuvötnum og fjölmörgum ám mun eyðast eða raskast verulega, einangruðum stofnum verður útrýmt eða þeim blandað saman við aðra stofna.

Þýðingarmikil varpsvæði og fjaðrafellisstaðir fugla eyðileggust á sjálfu virkjanasvæðinu og samfara vatnaflutningum á Úthéraði. Mikilvæg búsvæði hreindýra og sela mundu raskast eða eyðileggjast.

Standi úrskurður umhverfisráðherra mun hann hafa fordæmisgildi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og stefna í hættu þeim miklu verðmætum sem felast í íslenskri náttúru og landslagi.“

Virðulegi forseti. Þetta er ályktun níu umhverfissamtaka og viðbrögð við úrskurði umhvrh.; samtakanna Sól í Hvalfirði, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarsamtaka Vesturlands, Náttúruverndarsamtaka Austurlands, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, Fuglaverndunarfélags Íslands, Landverndar, Umhverfisverndarsamtaka Íslands og Félags um verndun hálendis Austurlands.

Er ekki rétt og mikilvægt, herra forseti, að geta þess hér hvernig þessir aðilar, öflug félagasamtök almennings, sem bera hag náttúru landsins fyrir brjósti tjá sig um þetta mál?

Herra forseti. Þótt við lifum hér, og við lifum reyndar stutta stund hvert okkar en lífið sjálft er vonandi eilíft, hefur náttúran sinn eigin sjálfstæða rétt og við höfum ekki vald og ekki rétt til að ganga á náttúruna, auðlindir hennar og fjölbreytileika, og möguleika til framtíðar til að bregðast við í fjölbreytni lífsins á ókomnum öldum. Við höfum ekki rétt til að ganga vísvitandi á rétt náttúrunnar.

Leiðari Morgunblaðsins 30. jan. sl. ber yfirskriftina „Lífsviðurværi framtíðarinnar“. Ég hvet áheyrendur til að lesa þennan ágæta leiðara Morgunblaðsins. Í honum er lagt út af greinum sem birtust í Morgunblaðinu nokkrar helgar á

undan sem unnar voru af einum blaðamanna Morgunblaðsins, Rögnu Söru Jónsdóttur, sem fór yfir „þróun íslensks atvinnulífs undanfarna áratugi, tók saman stöðuna á okkar dögum og fjallaði um þá kosti og möguleika, sem leynast kunna í framtíðinni", eins og segir orðrétt í inngangi þessa ágæta leiðara. Í leiðaranum segir annars, með leyfi forseta:

„Deilurnar um virkjunarmálin bera því sennilega einna helst vitni hvað margt hefur breyst á undanförnum áratugum hér á landi. Umhverfissjónarmiðum vex stöðugt ásmegin og áreksturinn milli náttúru og manns hér á landi fær ekki síst aukna merkingu þegar horft er til landanna í kring og hvernig hið manngerða hefur víðast hvar náð yfirhöndinni þar. Á hinn bóginn má velta því fyrir sér hversu sterk umhverfissjónarmiðin eru þegar harðnar í ári og ákveða þarf hvort fórna eigi lífsgæðum fyrir þau."

Herra forseti. Íslenska þjóðin hefur lifað þá tíma að svo hart var í ári að hún neyddist til að ganga á orkuauðlindir sínar. Skógurinn og birkikjarrið voru orkuauðlindir okkar um aldir. Þetta er auðlind sem ber að vissu marki hæfilega nýtingu. Auðlindir geta þannig endurnýjað sig og verið nýttar með sjálfbærum hætti. Þannig var staðan í gegnum aldirnar. Við áttum ekki annars úrkostis en að ganga á þessa orkuauðlindir. Þessari orkuauðlind, skóginum og kjarrinu, var eytt hraðar en hún fékk endurnýjað sig. Nú finnst okkur sem lifum í dag landið nakið, gróður og lífrænn jarðvegur hvarf í kjölfar þess sem margur mundi vilja kalla rányrkju á orkuauðlindum landsins.

Nú er eindreginn þjóðarvilji til að bæta úr, endurheimta skóg og gróður og endurheimta lífræna orku landsins. Margir vildu sjá meira fjármagni til varið og stærri skref stigin í endurheimt þessara náttúruauðlinda.

Orkan sem býr í fallvötnum hér á landi á sér líka takmörk. Hún er ekki ótakmörkuð. Orkuverið sem við erum hér að tala um, orkuver við Kárahnjúka, er ekki orkuver þar sem orkan er nýtt með sjálfbærum hætti. Orkuverið krefst mikillar mannvirkjagerðar, mikils jarðrasks og krefst þess að gert verði stórt uppistöðulón. Þetta uppistöðulón tekur svo við framburði frá jökulvötnum og sest þar til.

Það gæti tekið 100, 200 eða 300 ár að fylla þetta lón af framburði þannig að virkjunin hafi ekki þá starfshæfni sem ætlast er til af henni. Hvort sem það tekur 100, 200 eða 300 ár þá er hún ekki sjálfbær virkjun. Hún er reist á tímabundinni neyslulöngun, vonandi verður það ekki kallað græðgi. Eitt er þó víst, þ.e. að þessi orkuauðlind okkar er ekki endurnýjanleg þegar litið er til lengri tíma, nokkur hundruð ára.

Ég minntist á skóginn og birkikjarrið sem við hörmum nú að hafi af illri nauðsyn þurft að ganga á í gegnum aldirnar, nauðsyn fólks sem ekki fann aðrar leiðir til að afla sér orku. Viljum við fá þann sama dóm á okkur eftir 500 ár eða 300? Árhundruðin skipta ekki máli. Það sem skiptir máli er hvort við umgöngumst náttúruauðlindir okkar, þessar dýrmætu náttúruauðlindir, af þeirri virðingu og umhyggju sem þeim ber og göngum ekki á þær þegar nauðin rekur okkur ekki til þess. Inn á þetta er komið í forustugrein Morgunblaðsins, sem ég hvet hv. þm. Kristján Pálsson og aðra þingmenn Sjálfstfl. til að lesa. Ég hvet þá til að kynna sér þá sýn sem þar er lögð fram.

Herra forseti. Það er fyllsta ástæða til að staldra við. Býður efnahagsleg staða landsins okkur að ganga á sjálfbærni náttúruauðlinda okkar? Ég segi: Alls ekki. Nei. Við vildum jú hafa það betra og eignast þetta og hitt. En hagur Íslendinga er þannig að við getum ekki varið það að ganga á endurnýjanlega orku okkar með þeim hætti að hún skaðist og tapist til lengri tíma.

Herra forseti. Við þessa umræðu hefur verið rætt um að þetta sé nauðsynleg byggðaaðgerð, að ráðast í þessar framkvæmdir við Kárahnjúka og Reyðarál. Nú er það svo, herra forseti, ef við lítum á landið í heild og þjóðina í heild að þjóðin hefur það í heild gott, þó að vissulega búum við við búsetu- og atvinnuörðugleika sums staðar á landinu. En í heild sinni hefur þjóðin það gott. Það ætti ekki að reka okkur til að grípa til örþrifaráða eins og ég tel að hér mundi verða með mestu risaframkvæmd sem við höfum farið í hér á landi. Orka okkar er takmörkuð og nú þegar fer um eða yfir 60% af raforku okkar til stóriðju. Verði ráðist í þær stóriðjuframkvæmdir sem hafa verið nefndar og eru á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og sömuleiðis í þær virkjunarframkvæmdir sem þarf til að mæta þeirri orkuþörf, það er meira en tvöföldun á orkuframleiðslunni í dag, mun megnið af orkuframleiðslu okkar fara til stóriðju. Nú fara 60% af heildarraforkuframleiðslunni til stóriðju. Verði af hinum draumunum, með Kárahnjúkavirkjun og aðrar virkjanir og stóriðjuframkvæmdirnar sem fyrirhugaðar eru, munu um eða yfir 80% af heildarraforkuframleiðslunni fara til stóriðju, stóriðju einnar tegundar framleiðslu. Engin heilvita þjóð mundi haga sér svo í atvinnumálum fengi hún þar með vitsmunalegum hætti um ráðið.

Svo ég vitni aftur, með leyfi forseta, í ágæta forustugrein Morgunblaðsins þá er rætt um að framkvæmdirnar sem hér er verið að ráðast í séu ríkisstýrðar. Þetta eru ríkisframkvæmdir, framkvæmdir sem íslenska ríkið ætlar að bera fjárhagslega ábyrgð á. Þetta eru ríkisstýrðar framkvæmdir, hvort sem er þessi virkjun við Kárahnjúka eða Reyðarál.

Í ágætri forustugrein Morgunblaðsins stendur, með leyfi forseta:

„Velgengni framtíðar verður sennilega aldrei tryggð með því að þvinga íslenskt atvinnulíf í ákveðinn farveg. Lögmálið um að setja ekki öll eggin í sömu körfuna á ekki aðeins við um sjávarútveg eins og sást þegar netfyrirtækjabólan sprakk eftir að væntingar höfðu verið keyrðar upp úr öllu valdi. Það hefði ekki verið gott að hafa öll eggin í þeirri körfu. Hins vegar er hægt að búa atvinnulífinu lífvænleg skilyrði með ýmsum hætti, ekki síst með aukinni áherslu á menntun eins og margir viðmælendur ítrekuðu, og ýta undir vaxtarsprota í þeim greinum, sem lofa mestu, án þess að gleyma möguleikunum, sem felast í hinu óvænta."

Í þessari forustugrein, virðulegi forseti, er einnig bent á að Íslendingar standa langt að baki nágrannaþjóðunum í að nýta sér útflutning á þekkingariðnaði. Íslendingar eru einungis með 6% af sínum útflutningsafurðum í formi hátækniiðnaðar en þetta hlutfall er 20% í Finnlandi og 29% í Bandaríkjunum.

Virðulegi forseti. Við eigum mörg tækifæri önnur en að ráðast í þessa virkjun með þeim hætti sem hér er lagt til.

[18:56]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir í skattamálum til styrktar landsbyggðinni, 518. mál, fsp. KVM, þskj. 816.

Aðstaða til fjarnáms, 516. mál, fsp. MF, þskj. 814.

Kræklingaeldi, 513. mál, fsp. KVM, þskj. 811.

Rekstur vistheimilisins að Gunnarsholti, 515. mál, fsp. MF, þskj. 813.

Skipan matvælaeftirlits, 514. mál, fsp. MF, þskj. 812.
Vöruverð í dreifbýli, 517. mál, fsp. KVM, þskj. 815.

[Fundarhlé. — 18:57]

[19:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er afskaplega stórt og mikilvægt mál hér til umræðu í dag og hefur enda tekið töluverðan tíma. Margir hafa rætt það í dag. Mér finnst ástæða til að nefna að þessi virkjunarmál sem núna hafa fengið myndbirtingu í þessu stóra máli hafa tekið æðimörg ár og stundum minnir þetta óþyrmilega á önnur stóriðjumál sem hafa verið í umræðunni í gegnum tíðina og stundum ekki orðið neitt af. Ekki veit ég hvort þetta mál mun komast til enda með þeim hætti sem nú er til stofnað. En ég sé ástæðu til að fara um það fáeinum orðum.

Fyrst vil ég segja að mér finnst á þeim gögnum sem ég hef séð að þær virkjunarframkvæmdir sem menn ætla sér í séu mjög hagkvæmar, að þar sé þannig til stofnað að hægt sé að fá mjög mikla orku fyrir lágan tilkostnað. Ég tel að þessi orka fáist og að ef sú mikla orka er sett í samhengi við það hversu mikið tapið verður hvað varðar náttúruna þá verði verulega minna tap í náttúruspjöllum en við flestar þær virkjanir sem við höfum farið í á undanförnum árum. Ég vil benda á að þessi virkjun mun skila í afli álíka miklu og Þjórsár-/Tungnaársvæðið algerlega virkjað, en þar eru, eins og menn vita, margar virkjanir. Ég held að ef menn velta fyrir sér og bera saman þessi tvö orkusvæði sé ekki hægt að mæla á móti því að þarna eru fyrirætlanir sem munu koma miklu minna fram í náttúrunni en þær virkjanir sem við höfum byggt á undanförnum árum á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu.

Mér finnst menn hafa gengið allt of langt í lýsingum á því hversu mikið umhverfisrask sé á ferðinni þarna. Ég bendi á að það sem vekur athygli manns á þessu svæði fram yfir annað er allt annað og það mun verða þannig í framtíðinni líka, þ.e. vegir sem eru mjög áberandi í landslaginu á þessu svæði, þvers og kruss um þær víðáttur sem þarna eru. Ég fullyrði að þau mannvirki sem menn ætla sér að byggja í tengslum við þessa virkjun munu ekki verða áberandi nema frá tilteknum svæðum séð. Þarna er um mjög stórt svæði að ræða og menn munu ekki sjá þessar framkvæmdir nema í nágrenni við þetta lón og síðan við útfallsmannvirkin og þær stíflur til viðbótar þar sem taka á vatn annars staðar.

Ég held að það sé ekki neinu máli til framdráttar að mála það of sterkum litum. Ég fer ekki ofan af því eftir að hafa séð þetta og borið saman við það sem við höfum verið að gera á undanförnum árum og það sem ég held að við munum gera í framtíðinni, þá verði ekki meira umhverfisrask af þessu, og verulega minna miðað við það afl sem þarna næst, en bæði það sem við höfum verið að gera og það sem við munum líklega gera í framtíðinni.

Menn geta svo velt því fyrir sér hvort einhverjir aðrir möguleikar séu betri en þessir. Ég ætla ekki að fullyrða að þeir séu ekki fyrir hendi. Það eru hins vegar hugarsmíðar sem tilfinningin ein hlýtur að ráða hvort maður trúir á eða ekki. Ekki skal ég draga úr því að menn megi hafa þá skoðun að hægt sé að gera aðra hluti þarna. Ég hef hins vegar sannfærst um það fyrir löngu síðan að hvað sem menn gera í þessu efni þá muni það þó alltaf verða niðurstaðan að þessar tvær stóru ár sem þarna eru til umræðu verði með einhverjum hætti virkjaðar, jafnvel þó að þessar fyrirætlanir færu út um þúfur sem hér eru uppi mundu menn ekki láta þá krafta sem þarna eru til staðar renna óbeislaða til sjávar langt inn í framtíðina. Þær virkjanir sem hægt er að fara í á þessu svæði eru einfaldlega svo hagkvæmar að ég held að þannig muni fara innan fárra ára jafnvel þó að þessar fyrirætlanir færu um koll af einhverjum ástæðum.

Mig langar til þess að nefna í sambandi við þetta frv. að mér finnst dálítið undarlegt að lesa út úr því hið mikla óþol stjórnvalda gagnvart því að komast af stað í þessar framkvæmdir. Mér finnst mjög ankannalegt að sjá að gert er ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist á nákvæmlega sama tíma og menn áætla að þeir sem ætli að fjármagna þetta verk taki ákvörðun um hvort farið verður í það. Landsvirkjun ætlar sér að fara í dýrar undirbúningsframkvæmdir strax í vor. Síðan á að hefja vinnu við Kárahnjúkastíflu í haust, í september, og á sama tíma eiga fjárfestarnir að taka ákvörðun um hvort farið verði í þetta eða ekki. Þetta segir manni að menn séu jafnvel að hugsa um að bjóða út framkvæmdir áður en fyrir liggur hvort yfirleitt verði nokkuð farið í þær. Því í ósköpunum liggur mönnum svona mikið á? Það er fráleit stjórnsýsla að fara svona að. Ég held að fólk sem er í þessum ham hljóti að vera í erfiðri samningsaðstöðu við þá sem vilja kaupa af þeim raforkuna, þ.e. þegar menn sjá hversu mikið er í það lagt að komast af stað í málið sem allra fyrst. Mér finnst þetta vera undarlegt og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún sjái ekki ástæðu til þess að hafa þessa hluti aðeins öðruvísi.

Búið er að eyða þvílíkum fjármunum í þennan undirbúning að kannski er ekki rétt að offra meiru en nauðsynlega þarf. Mér finnst að þá þurfi að liggja fyrir einhvers konar yfirlýsingar. Kannski eru þær til sem einhvers konar huggun handa ráðherranum bak við tjöldin. Það er þá eins gott að það yrði upplýst hér svo að menn vissu hvort einhver skynsemi sé á bak við það að ætla sér að hefja framkvæmdir um leið og fjárfestar taka ákvörðun um hvort farið verði af stað eða ekki.

Svo vil ég nefna annað í tengslum við þetta. Það er að nefnt hefur verið í þessu sambandi að þessi virkjun geti nýst fyrir bíla og skip í vetnisvæddum heimi Íslendinga einhvern tíma í framtíðinni jafnvel. Það hefur verið rökstutt með því að menn geri ekki nema 20 ára samninga vegna raforkusölu til álvera. Ég verð að segja alveg eins og er að það getur vel verið að menn geri ekki nema 20 ára samninga. En ég á eftir að sjá að Íslendingar segi við stóriðjufyrirtæki sem hefur byggt hér upp álver að það fái ekki samning til lengri tíma. Ég spyr úr því að menn eru farnir að nefna þetta í umræðunni: Mun það þá ekki óhjákvæmilega kalla á að þeir sem hugsanlega áttu að reka þetta fyrirtæki muni gera kröfu um að þeim sé með einhverjum hætti tryggt framhaldslíf ef þeir svo kjósa eftir þennan 20 ára samning eða þá lengri samning en það? Reynslan af rekstri álvera hér er ekki sú að menn loki þeim eftir 20 ár. Engu álveri hefur verið lokað á Íslandi og það fyrsta er búið að starfa síðan 1967–1968 eða eitthvað svoleiðis. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því að menn hugsi svolítið lengra fram í tímann en 20 ár þegar farið er í slíka fjárfestingu sem þetta álver væri sem menn eru að hugsa um að reisa á Austfjörðum.

Annað vil ég líka nefna í þessu sambandi og það er að mér finnst þetta fyrirtæki, Landsvirkjun, vera í raun forngripur og eignarhaldið á því stórkostleg mistök stjórnvalda frá því að hún var sett á fót þar sem allir Íslendingar eiga helminginn, Reykvíkingar 45% og Akureyringar 5% til viðbótar. Fyrirtækið hefur haft ótakmarkaðan aðgang að auðlindunum

án þess að borga neitt sérstaklega fyrir hann og er að fá einn stærsta virkjunarkost sem fyrir hendi er í landinu núna til viðbótar. Þó stendur í 1. gr. frv. að Landsvirkjun geti haft þennan virkjunarkost í svona 15 ár eða svo þó að hún noti hann ekki neitt. Á sama tíma eru menn að bíða eftir frv. sem á að ganga út á það að búa til einhvers konar samkeppnisumhverfi fyrir fyrirtæki í raforkuframleiðslu og dreifingu, þ.e. að skapa jafnræði fyrir þau til þess að takast á um markaðinn. Það er ekki mjög trúverðugt að hafa þetta svona. Ég hefði reyndar talið að fyrir löngu hefði átt að setja af stað viðræður í alvöru um að leysa upp eignarhaldið á Landsvirkjun með einhverjum hætti og koma því í eitthvert horf sem gæti samræmst þeirri framtíð sem menn eru að hugsa sér að verði í þessum geira.

Hæstv. forseti. Það er eitt sem ég vil nefna og mér finnst ástæða til að gera það. Það er að mér hefur fundist að í umræðunum í dag hafi Vinstri grænir komið að þessu máli með allt öðrum hætti en venjulega. Þeir hafa gagnrýnt málið út frá arðsemissjónarmiðunum. Mér finnst sjálfsagt að menn geri það. Ég verð hins vegar að viðurkenna að mér finnst ég ekki hafa nægileg tök á málinu með þeim hætti þannig að ég geti gert það. Ég hef hins vegar litið þannig á að þeir sem hugsa sér að fjárfesta í þessum iðnaði muni leggja afar mikla vinnu í að finna út úr því hvort skynsamlegt sé að gera það. Satt að segja trúi ég því ekki að þeir sem stjórna lífeyrissjóðum á Íslandi láti sér detta í hug eitt augnablik að fjárfesta í þessu álveri sem á að byggja þarna fyrir austan öðruvísi en vera sannfærðir um að það sé skynsamleg fjárfesting. Það er reyndar mín skoðun að ef ég ætti að bera ábyrgð á slíku þá teldi ég nauðsynlegt að erlendir aðilar sem væru fagfjárfestar í þessari grein væru með í spilinu til þess að hægt væri að sjá svart á hvítu að einhverjir sem þannig þekktu til trúðu og tækju ábyrgð á þessari framkvæmd með því að offra í hana peningum. Mér finnst satt að segja að ef Íslendingar geta ekki fengið aðra fagfjárfesta inn í þetta en Norsk Hydro, sem ætlar sér að eiga í þessu en ætlar sér líka að hafa hagnað af af öðrum þáttum, þá sé ekki á sama hátt hægt að líta svo á að það fyrirtæki sé að fjárfesta á þeim grundvelli sem ég er að ræða um. Þá finnst mér það ekki nóg trygging fyrir því að þarna sé faglega að verki staðið.

Ég hefði viljað sjá að hæstv. iðnrh. gæti upplýst okkur um að inn í þetta kæmu fjárfestar sem hefðu þekkingu og væru tilbúnir að taka þátt í að fjármagna þetta álver.

Af því ég nefndi Vinstri græna þá ætla ég að koma því að hér líka að mér finnst að það væri kannski rétt, af því að þeir hafa verið að óska eftir því að við upplýstum hvaða afstöðu við hefðum til málsins, að þeir upplýstu afstöðu sína til málsins líka. Fyrir liggur þáltill. frá þeim um að þessum málum verði frestað og þau borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu og á meðan ekki er búið að afgreiða það mál hlýtur maður að velta því fyrir sér hvernig þeir muni greiða atkvæði um þetta frv. til laga, hvort þeir muni bera fram frávísunartillögu eða eitthvað slíkt til að gæta samræmis í málflutningi sínum hvað þetta varðar. Ég sé ástæðu til að óska eftir að fá að heyra um það.

Af því að ég er farinn að tala um sjálft álverið verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst líka umræðan um það hafa verið með þeim hætti sem ekki þyrfti að vera á Íslandi. Í landinu eru tvö álver rekin og menn þurfa ekki að fara langt til þess að kynna sér hvaða áhrif sá rekstur hefur á atvinnulífið og mannlífið þar sem þau eru rekin. Satt að segja er ekkert mikið um það að segja annað en að a.m.k. hefur álverið á Grundartanga komið þeim sem þar búa mjög vel. Atvinnulífið hefur haft mikinn hag af því og það er öll flóran, getum við sagt, menntafólk, þjónustuaðilar og þeir sem vinna í sjálfu álverinu. Tiltölulega minnsti hópurinn vinnur í sjálfu álverinu, en ég tel að það sem sagt hefur verið um þessa iðju sé ekki sanngjarnt hvað það varðar að það er ekki verra að vinna í þessum fyrirtækjum í dag en í ýmsum íslenskum iðnaðarfyrirtækjum. Annað var það áður.

Ég efast ekkert um að þetta mundi valda mikilli aukningu á atvinnu og styrkja byggðina þarna fyrir austan. Um það er ekki nein þræta.

Af því að hæstv. forseti Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., var hér í ræðustól í dag hef ég sérstaka ástæðu til þess að spyrja hann nánar út í hans orð. Hann hafði uppi hugmyndir um að höfnin sem yrði byggð þarna í tengslum við þetta álver mundi gefa margs konar möguleika til innflutnings og starfsemi sem ekki væri fyrir hendi núna og yrði jafnvel til þess að flytja slíka starfsemi út á land. Mér koma þessar hugmyndir á óvart einfaldlega vegna þess að okkur hefur ekki skort hafnir á Íslandi til þess að flytja inn vörur. Af þeim eigum við nóg. Höfnin á Akureyri er t.d. prýðilega stór. Hún tekjur mjög stór skip. Reyndar eru til hafnir á Austfjörðum líka sem gera það. Þetta kom mér því á óvart. Ég hefði haft gagn af því að heyra hvernig hv. þm. Halldór Blöndal sér það fyrir sér að hægt verði að auka umsvif sérstaklega í þessari höfn vegna innflutnings.

Ég sé að tíma mínum er lokið. Ég býst ekki við að ég taki þátt í þessari umræðu meira í kvöld. En vera kann að tækifæri gefist til þess við 2. umr.

[19:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég segi nú bara að það er eins gott að framsóknarmenn höfðu þrautseigju og þol til að halda áfram með þetta mál og halda áfram að draga vagninn því að svo sannarlega eru fleiri og fleiri að hoppa upp í hann. Það endar með því að það verður orðin alger samstaða um þetta mál, spái ég, í þjóðfélaginu og þá verð ég dálítið hreykin. (Gripið fram í.)

Ég var dálítið óánægð með eitt í málflutningi hv. þm. Hann kallaði það óþol og botnaði ekkert í því hve menn vildu hraða sér að komast af stað í málinu. Svo hafa aðrir flokksfélagar hans verið að tala um að þeir hefðu áhyggjur af þessum miklu væntingum fyrir austan þannig að þarna finnst mér ekki vera alveg fullt samræmi. Ég er sammála þeim sem vilja leggja alla áherslu á að reyna að halda tímaáætlanir. Ástæða þess að meiningin er að Landsvirkjun fari strax í sumar í undirbúningsframkvæmdir er fyrst og fremst sú að þá nýtist sumarið og þá getum við staðið við þær áætlanir sem uppi hafa verið um að hefja framleiðslu í álverinu árið 2006. Þetta er stóra málið hvað það varðar.

Hv. þm. hafði efasemdir um að tekin yrði sú ákvörðun eftir einhverja áratugi að hætta að selja orku til álverksmiðja og að orkan yrði notuð í annað. Það er kannski eðlilegt að hann hafi efasemdir. Engu að síður er þessi möguleiki fyrir hendi. Sumir hafa haldið því fram að ál sé ekki framtíðarmálmur, þeir tímar geti komið að ekki verði markaður fyrir ál. Því vil ég bara leggja áherslu á að þá er þessi möguleiki fyrir hendi þannig að ekki er hægt að segja að búið sé að fórna öllum okkar bestu kostum fyrir álframleiðslu.

[19:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að það sé æðimikið í það lagt að halda tímaáætlun þegar ekki liggur fyrir neinn vilji til að fara í þessa framkvæmd og að engin ákvörðun verði um það tekin fyrr en í septemer í haust. Ég tel t.d. að einkaaðilar mundu aldrei gera svona lagað. Það kæmi aldrei til mála. Áhættan sem verið er að taka er ekkert smáræði. Það eru ekki neinir smáaurar á ferðinni þegar verið er að undirbúa þessa hluti. Ef engin trygging er til frá hendi þeirra fjárfesta sem um er að ræða þá finnst mér þetta ótrúlegur glannaskapur. Ég get ekki sagt minna en það.

Ég hef litlu við að bæta í sambandi við þessi 20 ár sem ég nefndi áðan. Ég held bara að ekki sé raunhæft að láta sér detta í hug að ef álversrekstur verður enn í einhverju svipuðu formi eftir 20 ár og hann er í dag þá verði skrúfað fyrir rafmagn til álvers sem menn gera samning um núna. Ég geri fastlega ráð fyrir því og efast ekkert um það að þeir sem standa að þessum málum vilji fá tryggingu fyrir því að þeir hafi aðgang að einhverju framhaldslífi eftir 20 ár, þegar þar að kemur.

Um þrautseigju Framsfl. er það að segja að það er auðvitað arfur úr fortíðinni, þ.e. það að hafa lifað af á erfiðum tímum í gegnum aldirnar hefur skilað sér inn í Framsfl.

[19:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fjallaði um óþol stjórnvalda. En mér finnst gæta óþols hjá honum sjálfum þegar hann fer að velta fyrir sér möguleikunum á þessum virkjunarkostum. Hann segist sjá fyrir sér að þessar tvær ár sem hér er verið að fjalla um verði örugglega virkjaðar í framtíðinni með einhverjum hætti. En svo kom fram í máli hans að hann teldi líklegt að hægt væri að finna einhverja aðra kosti jafnframt. Hv. þm. var með vangaveltur í þessa veruna.

Nú vil ég spyrja hv. þm.: Hvaða álit hefur hann á hugmyndum um rammaáætlun um virkjunarkosti? Þá geng ég út frá því að við séum að ræða um rammaáætlun sem unnin er faglega af þeim hópum sem nú eru í þeirri vinnu og að sú rammaáætlun fái stöðu í stjórnsýslunni sem plagg sem fara þarf eftir, þ.e. að hún verði skilgreind sem skipulagsmál og þannig lögfest. Hvaða álit hefur hv. þm. á slíkri áætlun? Telur hann slíka áætlun ekki vænlegri til þess að gefa okkur óyggjandi niðurstöðu um röðun virkjunarkosta fremur en almennar vangaveltur þingmanna úr þessum stóli?

Varðandi síðan vangaveltur hv. þm. um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, er undarlegt að hann skuli láta í ljósi einhverjar efasemdir um afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því að hún hefur verið gefin út í þingskjölum oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti því að virkjunarkostum af þessu tagi sé sóað í stóriðju vegna þess að við erum á því að hér eigi að framkvæma sjálfbæra orkustefnu. Við höfum þess vegna talað fyrir því að mun vænlegra sé að virkja fyrir vetnisvæðingu og samkvæmt okkar útreikningum þurfum við um það bil 20 teravattstundir af raforku til þess að geta afskaffað jarðefnaeldsneytið.

[19:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað þyrfti rammaáætlun að liggja fyrir. Við höfum rætt það hvað eftir annað og kvartað yfir því að menn skuli ekki hafa þá áætlun undir höndum. Hún er ekki fyrir hendi og hér koma stjórnvöld með þetta mál inn. Menn verða að horfast í augu við það og taka afstöðu til málsins sem hér er að koma og er á borðum hjá þingmönnum. Undan því er einfaldlega ekki hægt að koma sér.

Hvað varðar það sem hv. þm. sagði um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð þá hafa Vinstri grænir einfaldlega lagt til að þetta mál í heild sinni verði lagt í hendur stjórnvalda og þeim verði falið að undirbúa skoðun á einhvers konar þjóðgarði með því að þjóðin verði spurð hvort hún vilji hafa þetta eins og gert er ráð fyrir í þessu plaggi eða ekki. Með því að leggja það til verður það svolítið skrýtið ef sami flokkur leggur til að þetta verði fellt á Alþingi því það er væntanlega ekki hægt að leggja málið fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu ef búið er að fella það. Þess vegna sem mér finnst ástæða til að spyrja: Hvernig vilja menn að farið verði með þetta mál akkúrat núna á meðan mál Vinstri grænna hefur ekki verið afgreitt í sölum Alþingis?

[20:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. virðist líta á það sem náttúrulögmál að þetta mál stjórnarinnar nái fram að ganga. Ég lít ekki svo á. Jafnvel þótt hv. alþingismenn verði svo ólánsamir að veita þessu máli brautargengi í atkvæðagreiðslu þegar þar að kemur efast ég samt um það að af þessum framkvæmdum verði. Ég er ekki farin að sjá, herra forseti, að hægt verði að fjármagna þetta álver. Hvernig eru fréttirnar í þeim efnum?

Af því að hv. þm. var að tala um lífeyrissjóðina rétt áðan þá skulum við aðeins skoða það mál. Hvernig koma stjórnir lífeyrissjóðanna að þessu máli? Eru þær kannski að brjóta lög um lífeyrissjóði með því svo mikið sem að hugleiða að fara út í þessar fjárfestingar? Hvað segir í lögum um lífeyrissjóði? Að lífeyrissjóðir megi fjárfesta allt að 15% í óskyldum rekstri. Hvað er að gerast í þessu máli? Standast þessar hugmyndir lög? Ég efast um það, herra forseti.

Þess vegna efast ég um að af þessum framkvæmdum verði.

[20:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jafnvel þó ekkert verði af þessum framkvæmdum þá þurfum við þingmenn að taka afstöðu til málsins. Það verður gert hér í sölum Alþingis að öllum líkindum, ég efast reyndar ekkert um að þetta mál fari svo langt.

Þess vegna fannst mér fróðlegt að vita með hvaða hætti Vinstri hreyfingin – grænt framboð mundi standa að því. Ég tel ekki fullkomið samræmi í að leggja til þetta tvennt sem ég var að lýsa hérna áðan.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að full ástæða er til að hafa efasemdir um hvort líklegt sé að það náist að fjármagna þetta fyrirtæki. Verða íslensku lífeyrissjóðirnir tilbúnir að gera það? Ég hef ekki séð það á blaði hversu mikið fé gæti komið frá þeim ef þeir færu að þeim reglum sem hv. þm. var að lýsa hér áðan. Ég stórefa að það fé nægi til að fjármagna það sem þarf.

[20:03]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir málefnalegu ræðu. Ég held að það fari ekkert á milli mála hvert hugur hans stefnir í þessu máli.

Ég kom aðallega upp vegna orða hans um málflutning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þ.e. okkar þingmanna hreyfingarinnar. Ég vil spyrja þingmanninn hvort hann muni ekki eftir því að í öllu þessu máli höfum við flutt mál okkar út frá hagrænum sjónarmiðum. Ég vil minna á umræðuna sem átti sér stað varðandi Fljótsdalsvirkjun þar sem þáv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, gaf hv. þm. Ögmundi Jónassyni þinglegt próf í hagfræði. Þá var stór hluti af málflutningi okkar á grunni hagfræðinnar og bollaleggingar um þau mál. Við höfum ævinlega flutt okkar mál út frá þeim sjónarhóli einnig. Við höfum fylgt náttúruverndarsjónarmiðum og síðan kynnt tillögur okkar um að fara öðruvísi í þessi mál.

Ég spyr þingmanninn hvort hann muni ekki eftir þessum umræðum og sjái ekki hliðstæðurnar milli umræðnanna í dag og umræðunnar sem átti sér stað þegar tekist var á um Fljótsdalsvirkjun á sínum tíma. Ég tel að málflutningur okkar hafi verið á mjög svipuðum nótum þá.

[20:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn hafa auðvitað talað um hvort þetta borgaði sig og hafa haft á því ýmsar skoðanir. Hv. þm. Vinstri grænna hafa lýst því að þetta væri hið mesta óráð. Ég tel að það sé ekki niðurstaða sem við náum hér í þingsölum. Á það mun reyna þegar fjárfestarnir koma í málið. Ég geri ráð fyrir að innan ekki mjög langs tíma fari eitthvað að koma í ljós um þetta. Ég hafði þess vegna áhyggjur af því, og nefndi í umræðum við hæstv. ráðherra þetta með framkvæmdir og hugsanlegar ákvarðanir fjárfesta, sem sjálfsagt liggja yfir því hvað þetta er arðvænlegt. Það er auðvitað þeirra úrskurður sem ræður úrslitum en ekki hvað við höldum hér í þingsölum.

Við þingmenn þurfum auðvitað að vera vissir um að hjá Landsvirkjun séu gerðar eðlilegar arðsemiskröfur. Það er kannski ekki áhyggjuefni út af fyrir sig hvað fjárfestarnir leggja til grundvallar þegar þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í álverinu. En við berum fyrst og síðast ábyrgð á Landsvirkjun og hvernig að ákvörðun um raforkuverð verður staðið.

Ég held að þegar hv. nefnd fer yfir þetta mál þurfi hún að krefja svara um fjárhagsstöðu Landsvirkjunar, hvernig hún verður í tengslum við þetta verkefni. Mér finnst engin ástæða til að gefa það eftir að menn fái þá vitneskju. Þar er jú mikið í húfi.

[20:06]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er kannski ekki mjög ósammála hv. þm. eins og hann stillir málunum upp. Ég vil hins vegar spyrja hann að því hvort hann telji ekki málið þess eðlis — af því að ég spurði hann í fyrra andsvari um aðkomu að málinu, að við höfum viljað nálgast það á breiðum grundvelli — telur hann ekki bráðnauðsynlegt, eins og ég tel, að málið fari í raun og veru fyrir þrjár nefndir, þ.e. iðnn., efh.- og viðskn. og umhvn.? Það gera sér allir grein fyrir því að hér um umhverfsmál að tefla. Hér er um stórkostlegt efnahagsmál að tefla og náttúrlega líka iðnaðarmál. Gaman væri að heyra álit þingmannsins á því hvort hann telji ekki málið þannig vaxið.

Auðvitað þurfa fjárfestar að hafa einhvern grunn til að meta málið. Um það er pólitísk óeining, hvernig við eigum að stilla þessu upp. Sá grunnur er gefinn pólitískt, hvort Landsvirkjun á að gera þetta eða sérfyrirtæki. Nú liggur á borðinu að þetta verður Landsvirkjun en ekki sérfyrirtæki, það er nú eitt málið.

[20:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel sjálfsagt mál að þessar þrjár nefndir sem hv. þm. nefndi fái allar að fjalla um málið. Það liggur í augum uppi að þetta er á verksviði þeirra allra og mér finnst full ástæða til þess að þær komi allar að málinu.

Ég velti því fyrir mér, eftir þessa umræðu, hvort það sé þá þannig að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé virkilega tilbúin til að taka tillit til hinnar hagrænu niðurstöðu. Ef menn legðu spilin á borðið og í ljós kæmi að þarna væri um verulega góðan samning fyrir Landsvirkjun að ræða hvað varðar raforkuverð, væri þá Vinstri hreyfingin – grænt framboð tilbúin að samþykkja þetta mál? (**KolH:** Það eru allar vísbendingar um að slíkt gerist alls ekki.)

En ég verð að segja, eftir umræðurnar hér og það hvað hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt mikla áherslu á hagræna þáttinn, þeir hafa rætt hann mikið í dag, verður maður að láta sér detta í hug að það komi til greina að skipta um skoðun ef það borgar sig. (Gripið fram í.)

[20:09]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal ásamt stækkun Kröfluvirkjunar. Ég fagna þessu frv. og tel að hér sé um mikilvægt þjóðhagslegt hagsmunamál að ræða. Hér er lagður grunnur að því að Landsvirkjun geti áfram unnið að nauðsynlegum undirbúningi vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda og í framhaldi af því geti risið hið margumrædda álver við Reyðarfjörð. Hér er um að ræða það mikla framkvæmd að hún skiptir þjóðarbúið í heild og afkomu þess afar miklu máli.

Við sem þetta land byggjum búum við lífskjör sem eru með þeim bestu sem þekkjast í heiminum. Viðfangsefnið nú er að reyna að halda þeim kjörum. Markmiðið er að allir Íslendingar fái skerf af þessum góðu lífskjörum. Það er staðreynd að ef við ætlum að viðhalda þessari góðu stöðu okkar verðum við að hafa öflug og sterk fyrirtæki. Því er afar mikilvægt að skapa fyrirtækjum örugg og góð starfsskilyrði. Við þurfum að búa þeim umhverfi sem er fyllilega samkeppnishæft við það sem best gerist annars staðar.

Verkefni á borð við byggingu og rekstur álvers í Reyðarfirði hefur víðtæk áhrif, jafnt á Austurlandi sem og annars staðar á landinu. Í umhverfismati vegna álversins var reynt að meta samfélagsleg og þjóðhagsleg áhrif þess, annars vegar á byggingartímanum og hins vegar á rekstrartíma. Enn fremur var fjallað um samfélagsleg áhrif þess ef ekki verður af byggingu álversins.

Talið er að í lok framkvæmdatímans muni um tíu þúsund manns búa á Miðausturlandi verði af byggingu álvers en um sjö þúsund manns verði ekki af framkvæmdunum. Tíu þúsund manna byggð krefst þjónustu og uppbyggingar á ýmsum sviðum. Mönnum reiknast til að álverksmiðjan muni skapa um þúsund ný störf á svæðinu, þ.e. um 600 bein störf við álverið og um 400 afleidd störf. Auk þess telja menn að hin ýmsu þjónustufyrirtæki sem fyrir eru á svæðinu muni styrkjast, eflast og nýtast mun betur. Þá er sama hvort talað er um verslanir, skóla, banka, sjúkrastofnanir, iðnfyrirtæki eða annað. Þá mun álver hafa í för með sér fækkun láglaunastarfa og bæta rekstrarafkomu sveitarfélaga fyrir austan.

Sé litið á samfélagslegu þættina þá er ljóst að mjög vel hefur verið staðið að málum vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda og stóriðju fyrir austan. Væntanleg samfélagsáhrif hafa og verið ítarlega könnuð. Skipulagsvinna ýmiss konar er þegar í gangi, t.d. vegna viðbótaríbúðarhúsnæðis, aukinna menntunarmöguleika og samgöngubátta, svo sem að vegabótum og hafnargerð.

Helstu veikleikar Austurlands, líkt og annarra landsbyggðarsvæða, er hátt hlutafall láglaunastarfa og einhæfni í atvinnulífinu. Einmitt þessa ástæðu, einhæfni í atvinnulífinu, nefna flestir sem aðalástæðu fyrir því að þeir flytji úr hinum dreifðu byggðum landsins og á höfuðborgarsvæðið.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun fækkaði störfum í grunnatvinnuvegunum verulega á Austurlandi á árabilinu 1986–1996, þ.e. um 40% í landbúnaði og 25% í sjávarútvegi. Þetta er því miður sorgleg staðreynd sem á reyndar víðar við. Við hljótum að fagna því þegar svo öflug atvinnustarfsemi er í augsýn sem kemur Austfirðingum og landsmönnum öllum til góða.

Ánægjulegt var að sjá niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar Háskólans þar sem fram kom að ungt fólk á Austurlandi er afar jákvætt gagnvart álveri og þeim atvinnumöguleikum sem því fylgja. Einnig kom fram að fjöldi brottfluttra Austfirðinga vill gjarnan flytja til baka skapist þar störf við þeirra hæfi. Ég skil ekki andstöðu sumra þingmanna við þetta mál. Ég skil t.d. ekki hvernig þingmenn Vinstri grænna geta kinnroðalaust horft framan í Austfirðinga, talað gegn hagsmunum þeirra og bent á atvinnumöguleika á við hundasúru- og fjallagrasatínslu og þjóðgarðsgæslu, líkt og það geti komið í stað þeirra möguleika sem virkjun og álver skapa.

Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, orðaði það vel er hann sagði að fólki fyrir austan gremdist, t.d. þegar pólitíkusar hefðu meiri áhyggjur af gæsum, gróðri og grjóti en af fólkinu sem þar býr. Við vitum svo sem vel hvaða pólitíkusa hann átti þar við.

Mikið hefur verið fjallað um þann ósnortna náttúruauð sem við eigum á Austurlandi og er það vel. En hvað um mannuauðinn? Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að ekki sé hægt að njóta þeirrar fallegu náttúru sem fyrir austan er þó að virkjun og álver rísi þar.

Í austfirska tímaritinu Glettingi sem kom út í lok síðasta árs er m.a. grein sem Ragnheiður Ólafsdóttir, jarðverkfræðingur og umhverfisstjóri Landsvirkjunar, og Halldóra Hreggviðsdóttir, jarðverkfræðingur og hagverkfræðingur, skrifuðu um verndarsvæði og virkjunarlón. Er markmið greinarinnar að kynna hugmynd Ragnheiðar um hvernig hægt sé að tengja verndarsvæði og virkjunarlón líkt og Bretar, Bandaríkjamenn og Svíar hafa gert. En í þessari grein segir m.a., með leyfi forseta:

„Möguleikar eru á því að nýta áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar til að byggja fræðslusetur, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og aðra þjónustu þeim tengda. Landnotkun á svæðinu sem fellur innan verndarflokks 2 yrði þá háð strangari skilyrðum samkvæmt nánari ákvörðunum þar um. Á þennan hátt væri hægt að sameina þjóðgarð og virkjun. Það skal tekið fram að þetta er eingöngu sett fram sem dæmi um mögulega tilhögun á þjóðgarðssvæðinu."

Herra forseti. Ég læt mér annt um umhverfismál og er mikill náttúruunnandi en ég skil ekki þann málflutning að ekki sé áfram hægt að njóta fagurrar náttúru fyrir austan og gera út á öfluga ferðaþjónustu þó að virkjun og álver rísi á svæðinu. Þvert á móti ættu þessar greinar að geta stutt hvor aðra. Hægt er að taka dæmi úr Mývatnssveitinni þar sem Kröfluvirkjun og kísilgúrverksmiðjan eru staðsettar. Þangað koma árlega um 100 þús. ferðamenn og hvorki hafa verksmiðja né virkjun fælt þá frá nema síður sé. Ég veit ekki betur en Laxárvirkjun og fleiri virkjanir séu hreint og beint aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Varðandi Kröflusvæðið er ljóst að um mikið ónýtt afl er þar að ræða og það sama má raunar segja um Þeistareykjasvæðið. Nú er unnið að stækkun Kröfluvirkjunar um 40 megavött en talið er að á Kröflusvæðinu sé hægt að virkja um 370 megavött fyrir utan Bjarnarflag. Lög sem sett voru á Alþingi árið 1974 um verndun á vatnasvæði Mývatns hafa gert mönnum þar nyrðra talsvert erfitt fyrir en vegna þess að Kröflusvæðið tilheyrir Skútustaðahreppi ná þessi verndunarlög einnig til Kröflu. Því má ekki einu sinni bora tilraunaborholur á svæðinu án þess að farið sé í umhverfismat. En sem betur fer eru lögin um verndun á vatnasvæði Mývatns nú í endurskoðun og vonandi er að við þá endurskoðun falli Kröflusvæðið sem er skilgreint virkjunarsvæði undan verndarlögunum.

Herra forseti. Ég er hlynnt því að virkja skynsamlega og að vel athuguðu máli. Því er ég hlynnt Kárahnjúkavirkjun og fyrirhuguðu álveri í Reyðarfirði sem og stækkun Kröfluvirkjunar. Virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka eru fyrirhugaðar 2002–2006, ráðgert er að framkvæmd við fyrri áfanga álversins hefjist árið 2003 og taki þrjú ár. Stefnt er að því að rekstur hefjist árið 2006 og síðari áfangi álversins geti svo hugsanlega verið tekinn í notkun árið 2012. Áætlað er að fyrri áfangi álversins að meðtalinni rafskautaverksmiðju kosti um 80 milljarða kr. en að síðari áfanginn muni kosta um 35 milljarða kr., samtals um 115 milljarða íslenskra kr.

Næg eftirspurn er eftir áli á heimsmarkaði og ekkert er í spilunum sem bendir til að hún muni fara minnkandi. Þvert á móti hefur notkun áls aukist á undanförnum árum og áratugum vegna hinna fjölbreyttu eiginleika sem álið býr yfir. Markaðir fyrir framleiðslu álversins verða fyrst og fremst í Evrópu og Bandaríkjunum. Álverð hefur verið rokkandi en gert er ráð fyrir því að verðsveiflur fari minnkandi þegar til lengri tíma er litið.

Andstæðingar álvers tala um mengun og láta á stundum sem verið sé að gera Ísland að einhvers konar þriðja heims landi í Evrópu. Slíkur málflutningur er af og frá. Ýtrustu kröfur verða gerðar um mengunarvarnir í Reyðaráli. Ástæða þess að álver eru ekki reist annars staðar í Evrópu er einfaldlega sú að þar er ekki lengur til sú náttúruvæna orka sem til þarf. Í Bandaríkjunum rísa nú hins vegar álver, og þá oft mjög nálægt íbúabyggð sem þykir ekki tiltökumál.

Á kynningarfundi Hollustunefndar og Fjarðabyggðar sem haldinn var á Reyðarfirði þann 5. feb. sl. þar sem kynnt var tillaga að starfsleyfi fyrir Reyðarál kom m.a. fram að strangari kröfur væru í mörgum tilfellum gerðar í tillögu að starfsleyfi fyrir álver Reyðaráls en nú gilda fyrir álverin í Straumsvík og á Grundartanga. Þar munar mest um sérákvæði vegna rafskautaverksmiðju en hjá Ísal og Norðuráli er þess háttar starfsemi ekki til staðar. Stefnt er að byggingu rafskautaverksmiðju til að framleiða rafskaut fyrir álverið samhliða fyrri áfanga álversins. Einnig eru gerðar strangari kröfur til Reyðaráls vegna útblásturs á flúor og brennisteinsefnum auk þess sem vothreinsibúnaðar er krafist við álver Reyðaráls. Fulltrúar Hollustuverndar hafa fullyrt að með ákvæðum tillögunnar væri verið að uppfylla mjög strangar kröfur um

losun brennisteins í sjó og að dreifingarspá brennisteins á þynningarsvæði álversins verði langt innan þeirra marka sem ýtrustu kröfur gera ráð fyrir.

Starfsleyfið á að gilda fyrir allt að 420 þús. tonna álframleiðslu á ári, 233 þús. tonna ársframleiðslu af forbökuðum rafskautum og til reksturs urðunarstaðar með allt að 200 þús. m heildarrúmmáli. Hollustuvernd leggur til að gildistími starfsleyfisins fyrir álver Reyðaráls verði til ársins 2020 sem er talsvert lengri tími en almennt tíðkast en það auðveldar framkvæmdaraðilum áætlanagerð og gerir langtímamarkmið varðandi fjármögnun og aðra uppbyggingu verksmiðjunnar öruggari.

Herra forseti. Það er kominn tími til að landsbyggðin fái að njóta jákvæðra áhrifa af stóriðju, að verulegum fjármunum verði varið í stórfyrirtæki á landsbyggðinni og þannig horft til jákvæðrar uppbyggingar til lengri tíma, einnig á svæðum utan suðvesturhornsins.

[20:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir dró upp mynd af hugsanlegum mannfjölda á Austurlandi ef af þessari fyrirhuguðu verksmiðju yrði, og síðan ef ekki yrði. Er hún þar með að segja að verði ekki af þessari verksmiðju sé stefna stjórnvalda sú að þar fari ekki fram nein önnur aukin atvinnuuppbygging? Er það valkosturinn sem settur er fram, að ekkert gerist, hvorki að þeirra eigin frumkvæði né af hálfu stjórnvalda, ef ekki verður farið í þessa verksmiðju?

Staðreyndin er auk þess sú að ekki hefur verið tekin nein ákvörðun enn þá þó að unnið sé að ákveðinni undirbúningsvinnu miðað við að hún verði. Samt er fjarri því að ákvörðunin hafi verið tekin eins og lýst hefur verið í umræðunni í dag.

Hvaða aðra sýn í byggðamálum hefur hv. þm., ekki aðeins fyrir Austfirðinga heldur alla aðra landsmenn? Er alfarið háð þessari einu verksmiðju að hlutir geti þróast með jákvæðum hætti úti um land?

[20:24]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er bjartsýn fyrir hönd landsbyggðarinnar. Ég hef fulla trú á henni og því fólki sem þar býr. Það er þegar verið að hlúa að annarri starfsemi á landsbyggðinni eins og hv. þm. Jón Bjarnason veit mætavel. Þar má nefna ferðaþjónustu, sjávarútveginn og fiskeldi, svo eitthvað sé nefnt. Hann veit t.d. um beina flugið frá Evrópu á Egilsstaði sem verður að veruleika á komandi sumri og fleira sem verið er að vinna að fyrir austan. En það er náttúrlega ekki á við heilt álver og atvinnustarfsemi í þeim stærðarflokki sem þar um ræðir.

[20:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa vilja og áhuga hv. þm. á að taka á í byggðamálum almennt eins og þingmaðurinn vék að. Hún vék einmitt að sjávarútvegsmálunum og ég skora á hv. þingmenn þar að beita sér innan Sjálfstfl. til að breyta stefnunni í sjávarútvegsmálum þannig að hún verði vinsamleg gagnvart hinum dreifðu byggðum sem eiga allt sitt undir sjávarútvegi. Stefnan núna er þeim frekar fjandsamleg og sömuleiðis í menntamálum. Ég vil minna hv. þm. á að þar er hægt að taka til hendi en einmitt skólarnir úti um land, fjölbrautaskólar, menntaskólar og starfsmenntaskólar úti um land, eiga erfitt núna. Þeir búa við stöðuga skerðingu á fjárveitingum sem er mjög alvarlegt fyrir dreifbýlið, og ekki síst starfsmenntunina. Og í síðustu aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrir áramótin þótti einmitt sérstök ástæða til að skattleggja nemendur í starfsnámi og verknámi. Ég skora á hv. þm. að beita sér innan síns flokks og taka á málunum á víðtækan hátt því að stefnan í byggðamálum almennt hefur verið á öfugan veg og andstæð byggðum landsins mjög víða. Ég skora því á hv. þm. að einblína ekki á og binda ekki algerlega vonir við álverið sem er ekki einu sinni búið að ákveða að verði, og verður kannski ekki en þá verður annað að koma til. Þar geta stjórnarflokkarnir tekið á og breytt stefnu sinni í þeim grunnatriðum sem snerta byggðir landsins.

[20:27]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér eru að sjálfsögðu til umræðu núna virkjunarframkvæmdir og álver og þess vegna ræði ég þau mál hér en ekki sjávarútvegsmál og menntunarmál. Ég vil bara gera hv. þm. Jóni Bjarnasyni grein fyrir því. En að sjálfsögðu læt ég ekki standa á mér í mínum flokki þegar til kastanna kemur í þessum mikilvægu málaflokkum.

[20:28]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja nokkur orð í belg við 1. umr. um frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Kannski er ekki mjög miklu að bæta við þessa löngu umræðu í dag, en þó, nokkrir hlutir hafa skýrst og annað er jafnóljóst og það var við upphaf umræðunnar.

Það liggur fyrir, herra forseti, að endanleg ákvörðun um það hvort álver rísi í Reyðarfirði verður ekki tekin fyrr en 1. sept. nk. Ég vænti þess að ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi ætli að afgreiða þetta frv. fyrir vorið, og enn og aftur leiðir maður hugann að því hvernig alltaf er farið öfugt að hlutunum á Íslandi, byrjað á öfugum enda.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu liggur rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma ekki fyrir og mun ekki gera, a.m.k. ekki í heild sinni, á næstunni. Það er í raun inni alveg óljóst hvaða þýðingu hún hefur í þessu samhengi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að mun skynsamlegra fyrir virkjanaumræðu hefði verið að doka við og bíða þess að sú faglega, vísindalega og góða vinna færi fram og henni lyki þannig að við hefðum í höndunum eitthvert plagg, einhverja skýrslu, sem hægt væri að vinna með til framtíðar. Auðvitað er niðurstaða slíkrar skýrslu aldrei eitthvað sem allir gleypa við óbreyttri. Ég geri mér fulla grein fyrir því, herra forseti. Hins vegar er vandinn í þessari umræðu sá að grundvöllurinn er í raun aldrei hinn sami, eða hann er breytilegur og færist frá ári til árs.

Fyrir rúmum tveimur árum deildum við hér um virkjun í Fljótsdal og um Eyjabakka. Það fór eins og það fór. Óþarfi er að endurtaka þá sögu hér. Nú er komið að Kárahnjúkavirkjun, virkjun fyrir eitt álver fyrir austan eins og öllum er kunnugt, og ætlun ríkisstjórnarinnar er að afgreiða frv., leyfið, áður en það liggur fyrir hvort álverið rísi.

Lái mér hver sem vill, herra forseti, en mér finnst þetta öfug forgangsröð og ekkert sérstaklega góð vinnubrögð. Ég held að við í þessum sal ættum öll að geta sammælst um að ástunda eigi góð vinnubrögð, skynsöm og yfirveguð. En það hefur lítið farið fyrir þeim í þessum málaflokki og í stóriðjubrölti hæstv. ríkisstjórnar, því miður. Ég vil leyfa mér að segja að með því að halda á málum eins og raun ber vitni hefur þessi ríkisstjórn — þó að það sé fjarri mér að gefa

henni góð ráð — gert sér þessi mál erfiðari en þörf var á. Ef fólk ástundar sæmileg vinnubrögð, skynsöm, opin, upplýst og heiðarleg, þ.e. geti stjórn og stjórnarandstaða tekið þátt í því vinnuferli mundi ég ætla að mun oftar yrði komist að sameiginlegri niðurstöðu um stórmál fyrir þjóðina alla, eins og þetta mál, sem hæstv. iðnrh. kallaði reyndar fyrir nokkrum dögum stærsta byggðamálið.

Þjóðhagslegar mótvægisaðgerðir liggja ekki fyrir. Arðsemi virkjunarinnar liggur ekki fyrir. Okkur er ekki kunnugt um raforkusamninga eða raforkuverð. Kostnaður vegna þeirra mótvægisaðgerða sem hæstv. umhvrh. setti skilyrði um, mér er ekki alveg ljóst hvar hann liggur. Ég skal hins vegar viðurkenna það, herra forseti, að ég átti þess ekki kost að heyra allar ræður hér í dag. Það væri vissulega fróðlegt að fá það upplýst.

Í mínum huga, þrátt fyrir svokallað framhaldsmat hæstv. umhvrh. á umhverfisáhrifum þessarar virkjunar og þrátt fyrir þau skilyrði sem hún setti 20 talsins, mismikil og mismikilvæg, stendur það enn að Kárahnjúkastífla er 190 m há grjótstífla, enn er Hálslón 57 km , þegar það er fullt er það í 625 m hæð yfir sjávarmáli og í lægstu stöðu í 550 m hæð yfir sjávarmáli. Þar á er 75 m munur.

Framkvæmdin sem slík hefur í raun ekkert breyst þótt ýmsum ábendingum sem komu fram í umhverfismatsferlinu hafi verið mætt. Enn er þetta stærsta og hrikalegasta verkfræðiaðgerð sem ráðist hefur verið í á Íslandi og eflaust þótt víðar væri leitað. En Íslendingar eru stórhuga og stórtækir. Það liggur ljóst fyrir. En þeim lætur ekki eins vel að undirbúa hlutina vel og hugsa til langs tíma, svona eins og eina öld fram í tímann.

Ef við reynum að gera okkur í hugarlund hvernig verður umhorfs fyrir norðan Vatnajökul eftir 100 ár, ég get það varla, herra forseti, er ég hrædd um að það verði fremur ófögur sjón.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Suðurl., Drífa Hjartardóttir, gerði það að umtalsefni að víða þætti ferðamönnum gaman að horfa á mannvirki og fylgjast með stórframkvæmdum. Vissulega eru það ýmsir sem hafa gaman af því og hver vill ekki dást að fallegum og vel reistum byggingum, mannvirkjum sem bera miklu hugviti vitni. Ég hélt hins vegar, herra forseti, að Íslendingar hefðu það ekki að sérstöku markmiði í ferðaþjónustu sinni að laða fólk til landsins til þess að skoða mannvirki. Hvað þá uppistöðulón, hvað þá virkjanir.

Ég var stödd í Bandaríkjunum sl. sumar. Þar auglýstu Íslendingar — ég leyfi mér að orða það þannig að þjóðin hafi staðið öll að því enda hefur það líklega verið meira og minna ríkisstyrkt — undir slagorðinu „Iceland Naturally". Ísland náttúrlega, af því að það er náttúrulegt, hreint og tært, ósnortið, fallegt og þess vegna eftirsóknarvert.

Og svo ég haldi mig enn við orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur þá minntist hún líka á Niagara-fossana á landamærum Kanada og Bandaríkjanna. Vissulega eru það einhverjir mögnuðustu fossar sem hægt er að berja augum. En ég hef komið þangað. Þar er einhver ömurlegasta ferðamannasamkunda sem hægt er að komast á, því miður, herra forseti. Þar hefur náttúran ekki fengið að njóta sín. Þar eru hins vegar sjoppur og spilavíti við hvert fótmál. Ég nefni það bara hér sem dæmi. Auðvitað ætlum við ekki að gera neitt slíkt. Auðvitað stendur það ekki til hér. En þetta hefur víða verið gert annars staðar og við skyldum bara hafa það í huga.

Auðvitað skiptir mestu máli í þessu sambandi, herra forseti, að við vitum hvert við stefnum í orkunýtingu og í ferðaþjónustu af því að þetta tvennt tvinnast svo sannarlega saman fyrir norðan Vatnajökul. Við verðum að reyna að sjá langt fram í tímann og komast að einhvers konar samkomulagi um hvert við viljum stefna, hvernig við viljum nýta landið og í hvaða röð eigi að vinna.

Hér hefur ekkert nýtt komið fram varðandi fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun síðan skipulagsstjóri felldi úrskurð sinn 1. ágúst sl. Þrátt fyrir framhaldsúrskurð hæstv. umhvrh. hefur ekkert það komið fram sem breytir þeirri staðreynd að hér eru á ferðinni stórkostlegustu náttúruspjöll Íslandssögunnar. Ekki hafa verið færð nein rök fyrir því, þó eftir því sé kallað, að þegar til lengdar lætur muni þetta borga sig. Við vitum ekkert um verðmæti landsins sem fer undir þessar framkvæmdir. Við höfum ekki tekið okkur tímann til að klára rammaáætlunina. Við höfum ekki tekið okkur þann tíma sem þarf til þess að móta hér heildstæða stefnumótun um ferðaþjónustu a.m.k. til næstu 50 ára. Meðan svo er, herra forseti, þá er býsna erfitt að taka frv. hæstv. iðnrh. og fagna því sérstaklega.

Vissulega verður það tekið til mjög ítarlegrar umræðu og ég vænti þess að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að frv. verði rætt í hv. iðnn., í umhvn. og í efh.- og viðskn. Best væri ef hægt væri að koma því þannig fyrir, þó að ýmsum kynni að þykja það nýstárlegt, að þessar nefndir funduðu saman. Ekki væri verra ef þær héldu opna fundi, herra forseti. Það mundi a.m.k. halda mönnum við efnið. Það er auðvitað aldrei of seint að fara að ástunda hér almennileg, upplýst og opin vinnubrögð. Ég skora á hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir slíku þannig að vinnan við þetta frv. megi alla vega verða þannig að hægt verði að bæta það hér og hvar. Í grunninn er frv. náttúrlega um framkvæmd sem við höfum ekki hugmynd um hvert mun leiða okkur. Grundvallarspurningunum hefur aldrei verið svarað. Þeim var ekki svarað hér í dag. Þeim verður kannski svarað áður en þetta frv. verður afgreitt frá hinu háa Alþingi í vor en það breytir því ekki að niðurstaðan um álverið fæst ekki fyrr en í haust. Fjárfestarnir ráða þessu auðvitað, eins og við vitum öll, þegar á reynir og þegar allt kemur til alls.

Ég ætla að leyfa mér hér í lokin, herra forseti, að vitna til yfirlýsingar sem stjórn Landverndar lét frá sér fara 31. jan. sl. Þar segir, með leyfi herra forseta, um úrskurð hæstv. umhvrh.:

„Í úrskurði umhverfisráðherra eru sett ýmis skilyrði sem væntanlega draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem fyrirsjáanleg voru í þeim tilögum sem framkvæmdaraðili lagði fram til mats. Áhrif verkefnisins eru þó enn slík að aldrei áður hefur ein framkvæmd haft í för með sér jafnstórfellda röskun á náttúru landsins enda er verið að beisla stóran hluta virkjanlegs vatnsafls landsins. Stjórn Landverndar varar því við því að úrskurðurinn fái fordæmisgildi fyrir mat á umhverfisáhrifum. Slíkt fordæmisgildi gæti torveldað verndun náttúru og landslags á Íslandi."

Ég vil taka þetta upp hér, herra forseti, þó að ég ætli ekki að gera að umræðuefni úrskurð hæstv. umhvrh., sem féll 20. des. sl. Vissulega hljótum við að þurfa að staldra við og velta fyrir okkur gildi laga um mat á umhverfisáhrifum, sem við settum og ég tók svo sannarlega þátt í hér í maí 2000. Við stöndum frammi fyrir því, herra forseti, að þessi stórfellda framkvæmd, stærsta framkvæmd Íslandssögunnar, komst í gegnum mat á umhverfisáhrifum, gegnum þau lög og þær reglugerðir sem við settum hér til að reyna að koma í veg fyrir stórfelld náttúruspjöll. Reyndar var það ekki niðurstaða

skipulagsstjóra að samþykkja framkvæmdina. Það var niðurstaða umhvrh. sem ber ábyrgð gagnvart umhverfinu meir en nokkur annar í hæstv. ríkisstjórn. Fyrst svo er held ég, herra forseti, að þessi lög séu gölluð. Það þurfum við að hafa í huga við endurskoðunina sem fram fer á þessu ári vænti ég. Lagasetningin hlýtur að þurfa að vera með þeim hætti, það hlýtur að vera vilji löggjafans, að hægt sé með lögum um mat á umhverfisáhrifum að koma í veg fyrir náttúruspjöll. Eða til hvers erum við að setja þessi lög? Fyrst þessi framkvæmd slapp í gegnum nálarauga hæstv. umhvrh. þá er allt hægt, herra forseti. Þá er allt hægt á 21. öldinni uppi á Íslandi.

Það setur að mér ákveðinn beyg. Ég stóð í þeirri góðu trú þegar þessi lög voru sett að þau mundu duga okkur sæmilega en þau dugðu varla í rúmt ár. Ég ætla að láta máli mínu lokið, herra forseti. Niðurstaða mín í þessu máli er einföld. Hún er sú að náttúran þurfi enn að njóta vafans, sérstaklega í ljósi þess að grundvallarspurningum um þessa framkvæmd hefur ekki verið svarað. Spurningum sem spurt hefur verið í allan dag hefur ekki verið svarað. Rammaáætlunin um nýtingu vatnsafls og jarðvarma liggur enn ekki fyrir og mun líklega ekki líta dagsins ljós fyrr en einhvern tíma seint á þessu ári eða jafnvel á því næsta.

[20:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var undir lok ræðunnar sem hv. þm. sagði nokkuð sem ég er ósammála henni um. Ég tel það ekki rétt. Hún taldi að lögin um mat á umhverfisáhrifum hafi verið sett til þess að reyna að koma í veg fyrir stórfelld náttúruspjöll. Þau voru sett til þess að við vissum um hvað væri að ræða, að við hefðum upplýsingar og forsendur til að taka ákvarðanir. Þannig lít ég á þetta mál og tel það stórt atriði. Ég vil koma því hér á framfæri.

Annað var ég ósátt við í máli hv. þm. Hún margtók fram að það hefði ekki verið haldið skynsamlega á málum hvað varðar vinnubrögð og farið öfugt að hlutunum. Hún taldi lítið fara fyrir skynsamlegum vinnubrögðum og við Íslendinga ekki eins góða við að undirbúa mál og við værum stórhuga. Ég sé ekki betur en að í þessu máli hafi í öllum tilfellum verið farið nákvæmlega að lögum í landinu. Að halda því fram að einhver brotalöm sé í sambandi við undirbúning og vinnubrögð, það fellst ég alls ekki á. Hv. þm. getur verið á móti þessu eins og ég heyri að hún er. Henni finnast þetta stórkostlegustu náttúruspjöll Íslandssögunnar og hún getur verið á móti framkvæmdinni sem slíkri út af því. En hún getur að mínu mati ekki verið á móti þessu vegna þess að illa hafi verið staðið að málum af hálfu stjórnvalda.

[20:46]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að sjálfsögðu haft þá skoðun að illa hafi verið staðið að málum af hálfu stjórnvalda og hæstv. ríkisstjórnar þó að farið hafi verið að lögum. Það var samt ekki aðalatriðið í því sem ég var að segja heldur að byrjað væri á öfugum enda vegna þess að við ættum eftir að klára rammaáætlunina, sjá niðurstöður hennar, fjalla um hana og vinna svo úr henni, hæstv. forseti. Það er það sem ég á við þegar ég tala um skynsamleg vinnubrögð.

Hvað varðar markmið laga um mat á umhverfisáhrifum er það rétt hjá hæstv. iðnrh. að þau eru ekki síst sett til að upplýsa almenning um ferlið og tryggja lýðræðislega þátttöku í ákvörðunarferlinu. Ein af mögulegum niðurstöðum þess ferlis er að koma í veg fyrir framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og það hef ég leyft mér að kalla að gera að markmiði að koma í veg fyrir náttúruspjöll þó að það sé ekki orðað svo í markmiðssetningu laganna. Og það rifjaðist upp fyrir mér í salnum áðan að ég hefði frekar viljað að það hefði verið sagt berum orðum í markmiðssetningu laganna þegar við settum þau. Það var hins vegar ekki gert og nú súpum við seyðið af því.

[20:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. vitnar mikið í rammaáætlun og er ekkert nema gott um það að segja. Þar fer fram mikilvægt starf. Nú er ekki langt í að fyrsta útspil komi frá rammaáætlun sem snýst þá um virkjanir sem hægt er að bera saman við þann kost sem við erum að fjalla um í dag, Kárahnjúkavirkjun. Það hefur alltaf staðið til og við það verður staðið.

Af því að komið hefur fram í umræðunni að ákveðnar virkjanir eða ákveðnar ár væru tilnefndar, t.d. á bls. 24, sem viðkomandi þingmenn hafa fullyrt eða talið að aldrei yrði farið í og aldrei yrðu virkjaðar vil ég leggja áherslu á að það er náttúrlega skylda Orkustofnunar að fjalla um alla kosti. Orkustofnun tekur ekki pólitískar ákvarðanir. Það er stjórnmálamanna að ákveða í hvaða virkjanir verður farið. En Orkustofnun hefur þær skyldur að skoða alla kosti sem uppi eru, og rammaáætlun er að vinna úttekt á bókstaflega öllum mögulegum og ómögulegum hlutum. Mér dettur ekki í hug að allt verði virkjað sem virkjanlegt er á Íslandi. Það mun aldrei verða en hins vegar er þetta orkulind, þetta er auðlind, sem við Íslendingar búum yfir og aðrar þjóðir öfunda okkur mjög af. Þetta er endurnýjanleg orka og það er jákvætt fyrir heimsbyggðina að hún sé nýtt og það er jákvætt fyrir heimsbyggðina að hún sé nýtt til álframleiðslu.

[20:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona að við virkjum aldrei allt það sem hægt er að virkja á Íslandi. Það yrði ófögur sjón. Hins vegar gleðst ég yfir því, herra forseti, að rammaáætlunin sé á leiðinni og auðvitað er það rétt hjá hæstv. iðnrh. að það verður að skoða alla kosti. Þess vegna er verið að setja saman þessa rammaáætlun þannig að hægt sé að skoða kostina, vega þá og meta. Það kemur auðvitað í ljós að sumir eru mun hagkvæmari en aðrir, sumir eru miklu stærri en aðrir og aðrir minni. Það er kannski ekki aðalatriðið heldur það að við, stjórnvöld, löggjafarsamkoman, séum búin að fara yfir málið í heild sinni, að hér sé komin einhver niðurstaða í það með hvaða hætti eigi að nýta þær miklu auðlindir sem við eigum. Það er líka, herra forseti, mikil ábyrgð að búa yfir svona miklum auðlindum. Það er ekki bara ábyrgð gagnvart þeim sem búa á Íslandi í dag, það er ábyrgð gagnvart börnunum okkar, gagnvart framtíðinni og það er líka ákveðin ábyrgð gagnvart heimsbyggðinni. Það skiptir máli, ekki bara fyrir okkur, hvernig við nýtum þessar miklu og góðu auðlindir, og í hvað. Þess vegna bíð ég spennt, herra forseti, eftir rammaáætluninni og segi enn og aftur að hún hefði betur verið tilbúin áður en ríkisstjórnin lagði upp í þessa vegferð.

[20:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef setið til loka þessarar umræðu af því að ég er að bíða eftir seinni ræðu hæstv. iðnrh. Ég gerði mér ekki grein fyrir því, herra forseti, að hæstv. iðnrh. ætlaði ekki að gera tilraun ... (**Iðnrh.:** Ég bað forsetann um leið og

hv. þingmaður.) Ef hæstv. ráðherra bað um orðið og hæstv. forseti sá það ekki og ég ekki heldur vil ég ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. bað um orðið sjónarmun á undan og hefur orðið.)

Mér er mikið í mun, herra forseti, að fá að hlýða á lokaræðu hæstv. ráðherra. Mætti ég bíða með orðið og hleypa hæstv. ráðherra á undan mér? (**Iðnrh.:** Nú hefur hv. þm. talað fyrst.) (**Gripið fram í:** Já.) Vill hæstv. ráðherra sjá í gegnum fingur við þingmanninn af því að ég ætlaði mér að hlusta á ræðu hæstv. ráðherra en hæstv. forseti sagði að fleiri væru ekki á mælendaskrá. Þess vegna stökk ég til.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forsetadæmið er í góðu skapi í kvöld og verður við þessari ósk þingmannsins.)

Ég þakka innilega, herra forseti.

[20:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er verst ef hv. þm. verður fyrir vonbrigðun með ræðuna mína eftir það sem hún er búin að leggja á sig. En svona heilt yfir þakka ég fyrir þessa umræðu. Mér finnst hún hafa verið sérstaklega góð og jákvæðari en ég kannski þorði að gera mér vonir um áður en hún hófst og endurtek það sem ég sagði einhvern tíma í andsvari áðan að það eru fleiri og fleiri að hoppa upp í lestina (**Gripið fram í:** Áttu við Þórunni?) sem Framsfl. drífur áfram, (**Gripið fram í:** Framsóknarlestina.) framsóknarlestina.

Ég ætla að koma inn á nokkur atriði í lokin. Ég hef svarað ýmsu í andsvörum og ætla að reyna að hafa þetta stutt af því að það er orðið nokkuð áliðið kvölds.

Fyrst er það það sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Er efnahagsleg staða þannig að við þurfum að fara út í þessar framkvæmdir? Þetta er dálítið mikil grundvallarspurning því að við erum ekki að fara út í þessar framkvæmdir að gamni okkar. Það er vegna þess að við sem eigum aðild að þessari ríkisstjórn teljum að það sé einmitt mikilvægt vegna samdráttar í hagkerfinu, vegna þess að við þurfum að stækka kökuna og vegna þess að við höfum kosti hvað varðar fjárfesta í sambandi við áliðnaðinn sem við höfum ekki í öðrum greinum. Þess vegna kemur þetta tækifæri upp í hendurnar á okkur, má kannski segja, og okkur finnst sjálfsagt að nýta það vegna þess að það er stefna stjórnvalda að nýta auðlindirnar. Þetta er endurnýjanleg orka og það er mikilvægt þegar við horfum á umheiminn að ál sé framleitt á Íslandi miðað við að það væri framleitt úr orku sem ætti upptök sín í kolum eða gasi. Það munar miklu fyrir umheiminn.

Þá er það næsta spurning: Eru þetta ekki allt of dýr störf sem þarna verða til og er þetta ekki óhagkvæm leið til að afla starfa? Þá kem ég að því sem ég nefndi áðan. Í þessu tilfelli höfum við fjárfesta sem eru tilbúnir til að fjárfesta í þessum atvinnutækifærum og það er í sjálfu sér stóra málið. Ríkissjóður ætlar ekki að leggja þarna fram fjármagn. Það gerir hann ekki. Þetta eru fjárfestar annars vegar og hins vegar er þetta orkufyrirtækið Landsvirkjun sem fer í virkjunarframkvæmdir vegna þess að þeir hafa reiknað það út að það sé arðbært að virkja við Kárahnjúka og selja orkuna til fyrirtækisins Reyðaráls sem ætlar að byggja álver við Reyðarfjörð.

Er þetta byggðaaðgerð eða er þetta ekki byggðaaðgerð? Það vill svo vel til að þetta er fyrst og fremst þjóðhagslega hagkvæm aðgerð og í öðru lagi byggðaaðgerð, og hvort tveggja skiptir miklu máli. En ég geri mér fulla grein fyrir því að þessi aðgerð bjargar ekki allri landsbyggðinni. Hún er mjög mikilvæg fyrir Austurland og það mun alveg teygja sig til Norðurlands og það skiptir verulega miklu máli. Það skiptir mig mjög miklu máli hvort 7.000 manns búa á Mið-Austurlandi eða 10.000. Ég segi það beint út og ég trúi ekki öðru en að allir hér séu sammála mér um það hvort sem þeir telja að þetta sé rétta leiðin eða ekki.

Ef af þessu verður er rétt að stór hluti af raforkuframleiðslu okkar fer í að framleiða ál sem fer til stóriðju. Það getur verið ástæða til að gagnrýna að þetta sé of stór hluti en mér finnst að menn verði þá að rökstyðja hvers vegna þeir eru á móti því ef þetta skapar þjóðartekjur, útflutningstekjur og störf. Allir gera sér grein fyrir því að þetta skaðar náttúruna. Það verður ekki hjá því komist og það hefur verið svo allan þann tíma, alla þessa síðustu áratugi, þegar við höfum verið að virkja til almenningsnotkunar og til stóriðju. Við höfum alltaf gert okkur grein fyrir því að það skaðar náttúruna að virkja vatnsföllin. En við höfum samt gert það og ég veit ekki hvar við stæðum í dag ef við hefðum ekki tekið þær ákvarðanir. Reyndar hafa allir stjórnmálaflokkar á Íslandi, sem hafa verið til í einhvern tíma, staðið að því að virkja vatnsföllin.

Sumir segja að miklu betra sé að hætta við þetta og einbeita sér að ferðamennskunni af því að hún sé arðbær, skapi mörg störf og þar fram eftir götunum. Mér finnst við ekki geta horft fram hjá því að það hefur farið býsna vel saman hjá okkur Íslendingum að stunda ferðamennsku og að reka stóriðju og virkja vatnsföllin. Besta dæmið kom fram í ræðu nýlega, Bláa lónið. Svo vel vill til að það er náttúrlega vegna virkjunarframkvæmda sem við eigum þar ferðamannastað og hvað er hægt annað en segja allt gott um að í tengslum við þá virkjun myndast þarna þessi stórkostlegi ferðamannastaður? Fullyrðingin um að ferðamenn kæmu bókstaflega ekki hingað til að horfa á þessi mannvirki er því fallin um sjálfa sig.

Sama mátti segja um Kröflusvæðið og sama má segja um allt hálendið. Hvaða aðgang hefðum við og ferðamenn að hálendinu ef Landsvirkjun hefði ekki lagt þar vegi? Varla hefði nokkur maður komið þar. (Gripið fram í.) Nei. Og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sem situr hér og hlær — það vildi svo einkennilega til að þegar hún byrjaði baráttu sína gegn uppistöðulóni á Eyjabökkum og Fljótsdalsvirkjun hafði hún aldrei komið þangað. Svona er þetta.

En ég vil halda einu til haga. Hér var talað um að þjóðgarður mundi gefa 40–50 millj. meira án virkjunar en með virkjun og það er rétt en aðalatriðið er að álverið gefur eina 10 milljarða á ári þannig að þar er ansi mikill munur á.

Vitnað var til skýrslu iðnrh. frá 1997–1998 sem er náttúrlega orðin nokkuð gömul skýrsla. Það sem þar kemur fram, og það var rétt eftir haft, eru hugmyndir þess tíma og hlutirnir hafa breyst síðan. Þá var reiknað með þessu raforkufyrirtæki með því formi sem þar kemur fram og ekkert um það að segja. Nú horfir þetta öðruvísi við. Nú er það Landsvirkjun í því rekstrarformi sem hún er í dag sem verður framkvæmdaraðili verksins.

Að kryfja efnahagsleg rök til mergjar er náttúrlega það sem allir munu gera sem að þessu verkefni koma. En eins og margsinnis hefur komið fram er ekki hægt að ... Hæstv. forseti. Mér finnst óþarflega mikill hávaði í hliðarsal.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að láta loka þessum dyrum og einangra þennan hávaða.)

Eðli máls samkvæmt er ekki hægt að fjalla um öll mál í smáatriðum á þessu stigi málsins. Ekki hefur verið samið endanlega um orkuverð og annað slíkt og hv. þm. verða að

virða það. Þeir hljóta að skilja það og ég veit að þeir gera það en þetta er kannski meira svona sem stríðni að þetta er endurtekið aftur og aftur.

Landsvirkjun tekur á sig þann kostnað sem verður til vegna þeirra skilyrða sem hæstv. umhvrh. setti í úrskurði sínum, það er enginn vafi á því.

Það kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að hann taldi eiginlega ekki vogandi fyrir lífeyrissjóðina að fjárfesta í þessu nema erlendir aðilar yrðu kjölfestufjárfestar. Við höfum einmitt fyrirtækið Norsk Hydro sem yrði þessi kjölfestufjárfestir og engin breyting er þar á. En ég tel mjög mikilvægt að Íslendingar taki þátt í þessu verkefni, mér fyndist mjög miður ef þeir gerðu það ekki og trúi ekki öðru en að það verði.

Hann talaði um Landsvirkjun sem nokkurs konar forngrip og að ástæða væri til að koma á öðru eignarformi. Það er alveg hugsanlegt. Það hefur verið skoðað, og líka má velta fyrir sér hvort í sjálfu sér sé æskilegt í nýju raforkulagaumhverfi að Reykjavíkurborg eigi nánast helminginn í Landsvirkjun og svo eigi borgin Orkuveituna sem eru þá kannski komin í samkeppni þegar þetta opnast meira. Ég held að mál gætu alveg þróast þannig að þarna yrði breyting á þó að það sé ekki á döfinni einmitt núna.

Ég held að ég sé komin nokkurn veginn með það sem ég ætlaði að segja núna. Ég var að vonast til þess að ég hefði ekki vakið upp neinar sérstakar áherslur eða spurningar þannig að við gætum farið að segja þetta gott. En eitthvað hefur verið bankað nú þegar þannig að ég held að ég ljúki hér máli mínu, hæstv. forseti.

[21:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kom hingað aðallega til að fagna því að hæstv. ráðherra tók mjög jákvætt undir það að endurskoða þyrfti eignarhaldið á Landsvirkjun. Ég held að ekki sé lítið mál að það verði gert, og það verði látið reka að því sem allra fyrst. Ég tel fráleitt að í þeirri framtíð sem verið er að tala um að skapa hér og á að skapa með nýju raforkulagafrv. geti Landsvirkjun sem ég kalla forngrip á þann máta sem hún er upp sett hvað varðar eignaraðild starfað í því umhverfi og að Reykjavíkurborg geti t.d. átt Orkuveitu Reykjavíkur í þeirri samkeppni og 45% í Landsvirkjun.

En það eru önnur atriði sem koma inn í þetta líka og það eru eignir sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Ég tel að vandlega þurfi að fara yfir þetta mál með það fyrir augum að rétta af fyrir önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg og Akureyri sem eiga þarna hlut í. Hinn hluta Landsvirkjunar mætti að hluta til taka og afhenda öðrum sveitarfélögum í landinu, a.m.k. að því leyti til sem eignarhlutur Reykjavíkurborgar og Akureyrar hefur orðið til vegna eignarinnar í þessu án þess að til þess hafi verið stofnað með stofnkostnaði.

[21:05]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.):

Herra forseti. Heldur voru rýr svör hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem beint hefur verið til hennar síðan klukkan ellefu í morgun. Af ýmsu er að taka. Til dæmis hefur hæstv. ráðherra ekki svarað neinu varðandi þennan blóðspreng eða þetta óþol sem hæstv. ríkisstjórn er í í þessu máli, ekki heldur neinu varðandi það hvers vegna forgangsröðunin er sú sem raun ber vitni.

Spurningin er enn þá þessi: Kann að vera að ríkisstjórnin sé að plata inn á þjóðina óarðbærum orkusölusamningum? Engin svör frá hæstv. ráðherra. Hvað með fórnina á þessum náttúruminjum sem hér hefur verið fjallað um, náttúruminjar á heimsvísu sem fórnað er fyrir orkusölusamninga sem þjóðin þarf að öllum líkindum að greiða með? Og þegar hæstv. ráðherra heldur því fram að ríkissjóður sé ekki að setja fé í þessa framkvæmd veit hæstv. ráðherra að það er rangt. Eða í hvað fóru 45 milljónirnar sem voru á fjáraukalögum á nýliðnu ári, eyrnamerktar umhverfismati Reyðaráls? Eða hvað um 3 milljarða endurkröfurétt Landsvirkjunar á ríkið ef ekki yrði af framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun? Hvað með alla fjármunina sem markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar, sem heitir einhverju nafni sem ég get aldrei munað, hefur eytt í að laða hingað til lands stóriðjuframleiðendur til að fjárfesta hér í ódýrri orku, orku á útsöluverði? Eru þetta ekki fjármunir úr okkar sameiginlegu sjóðum? Og hvernig getur þá hæstv. ráðherra komið hér eftir þá umræðu sem hefur verið í dag og sagt að ekki séu neinir fjármunir að fara úr ríkissjóði í þessar framkvæmdir?

Þetta er ein stærsta ríkisframkvæmd sem um getur og við það situr. Það er bara þannig. Og af hverju svarar hæstv. ráðherra ekki þeim spurningum sem hér hafa komið varðandi skilyrt verðmætamat? Ætlar hæstv. ráðherra ekkert að segja um verðgildi náttúrunnar, ekki orð? Ekki einu sinni hafa skoðun á þessari aðferð hagfræðinnar sem hagfræðin hefur þó verið að leggja sig í líma við að fullkomna, til að hægt sé að nota hana í því augnamiði að finna út verðgildi lands?

Og hverju svaraði hæstv. ráðherra okkur varðandi auðlindapólitíkina? Hvar er hin samræmda stjórn á nýtingu náttúruauðlindanna? Ekki orð um það.

Það er því alveg eðlilegt að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir skuli hrópa hér á forgangsröðun sem væri eðlilegri en sú forgangsröðun sem hæstv. ríkisstjórn leyfir sér að stilla upp. Ég tek undir orð hv. þm. hvað það varðar, hér rekst hvað á annars horn í forgangsröðuninni og röksemdafærsla ríkisstjórnarinnar stangast á hvað varðar auðlindapólitíkina og hvað varðar náttúruverðmætin. Skýrasta dæmið um það er auðvitað úrskurður hæstv. umhvrh. sem er í meginatriðum sammála allri röksemdafærslu Skipulagsstofnunar en kemst bara að þeirri niðurstöðu að ekki skuli leggjast gegn framkvæmdinni.

Hvað með þá staðreynd að hæstv. umhvrh. skuli leyfa sér að taka arðsemisþáttinn, hina þjóðhagslegu arðsemi, út úr matsferlinu, þann þátt sem var grundvöllur niðurstöðu Landsvirkjunar? Vogarskálarnar frægu sem teikningin er af í matsskýrslu Landsvirkjunar eru þess eðlis að þar eru náttúruspjöllin vegin á móti þjóðhagslegum arði. Skálarnar á myndinni eru í jafnvægi. Hvað gerist þegar hinn þjóðhagslegi ávinningur er tekinn af vogarskálunum? Í minni eðlisfræði mundi önnur vogarskálin, þ.e. sú sem vegur umhverfisáhrifin, detta í gólfið vegna þess að það er ekkert sem vegur umhverfisáhrifin upp.

Hæstv. umhvrh. sagði að svona skyldi það vera. Þessi óhóflegu umhverfisáhrif sem liggja í jörðinni á skálum Landsvirkjunar eru ekki þess virði að fresta þessum framkvæmdum eða leggjast gegn þeim. Þetta er ámælisverð afstaða ríkisstjórnarinnar og það er ámælisvert að hæstv. iðnrh. skuli gleypa allar þessar röksemdir hráar og ætla ekki að svara þeirri gagnrýni sem hefur komið á framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Örlítið hefur verið fjallað um lög um mat á umhverfisáhrifum og þeirri spurningu verið varpað fram hvort þau séu gölluð. Ég tel þau ekki vera gölluð. En ég tel hins vegar áhöld um það hvort hæstv. umhvrh. hafi brotið þau lög í úrskurði

sínum þar sem hún felldi niðurstöðu Skipulagsstofnunar úr gildi. Ég tel þau lög góð og gegn og að það sé alveg ljóst til hvers þau voru sett og hvað þau eiga að meta. Það nægir að vitna í varúðarregluna sem Ríó-yfirlýsingin fjallar um og ákveðnar reglugerðir Evrópusambandsins hafa gert okkur að lögleiða. Við eigum að fara eftir meginreglum umhverfisréttar, það fyrirskrifa lögin um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki verið að gera í þessu máli.

Það er auðvitað satt sem hæstv. ráðherra segir, ekki verður allt „virkjað sem virkjanlegt er á Íslandi". En mig langar til að vitna hér, herra forseti, til fundar sem haldinn var í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands á vegum Landverndar þann 16. okt. árið 1999. Á þeim fundi var fjallað um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og eitt af því áhrifamesta sem kom fram á þeim fundi var umfjöllun um það vatnsafl sem við eigum mögulega virkjanlegt. Á þeim fundi sagði orkumálastjóri Þorkell Helgason að allt virkjanlegt vatnsafl í landinu innibæri 64 teravattstundir alls. Hæstv. ráðherra veit að sjálfsögðu að við erum búin að virkja einar 8 teravattstundir, 8,3 segir á einum stað held ég í plöggunum hennar en 8,6 á öðrum stöðum. Þess má geta að frv. sem við fjöllum um hér og greinargerðin sem kemur frá Orkustofnun og fylgir því er ekki vandaðra plagg en svo að tölur stangast þar á og á fleiri en einum stað eins og hér hefur verið bent á, m.a. í þessu sem ég nefni núna.

Allt virkjanlegt vatnsafl á landinu er sem sagt 64 teravattstundir. Orkumálastjóri sagði á þessum fundi í október 1999 að eftir mat á hagkvæmni virkjunarkosta kæmum við til með að eiga svona 40–45 teravattstundir virkjanlegar í vatnsafli — af mögulega virkjanlegu vatnsafli eftir mat á hagkvæmni. Síðan sjá menn af svona $^1/_3$ til $^1/_4$ sem er lagður til hliðar vegna umhverfissjónarmiða eða vegna þess að hagkvæmnin gæti hafa verið vanmetin og þá standa eftir 20–30 teravattstundir sem ásættanlegt getur orðið að virkja í vatnsafli. Það er ekki meira. Og samkvæmt þingmáli sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram oftar en einu sinni á hinu háa Alþingi er fjallað um að vetnisvæðing íslenska samfélagsins muni útheimta hátt í 20 teravattstundir. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að rökstyðja að farið sé út í að sækja allt þetta vatnsafl til stóriðju sem virðist vera í pípunum hjá hæstv. ríkisstjórn, þ.e. Reyðaráls, stækkunar Norðuráls og stækkunar Ísals? Hvernig ætlar hún að réttlæta að þarna fari einar 13 teravattstundir raforku í stóriðju ásamt því að hún þykist ætla að setja hér í gang vetnisvæðingu á næstu 30 árum?

Herra forseti. Þetta eru fullkomlega óraunhæfar áætlanir. Og það er auðvitað alveg eðlilegt að þingmenn setji spurningarmerki við þá hluti og það sem kemur fram í þessum plöggum sem okkur hefur verið boðið upp á að skoða.

Og hvaða skynsemi er í því, segir maður enn þá einu sinni, að eftir að Kárahnjúkavirkjun yrði komin á legg og farin að starfa með fullum afköstum yrðu 88% allrar framleiddrar raforku hjá Landsvirkjun framleidd fyrir stóriðju? Hvaða vit er í þessu? Og hvað verður það há prósenta þegar öll hin stóriðjufyrirtækin eru búin að fá allar stækkanirnar sínar? Enn einu sinni, herra forseti: Þetta er glórulaust.

Hv. þm. hafa verið að fá kort frá náttúruunnendum. Ég fékk afar fallegt kort með mynd af Gullfossi og regnbogi skín yfir honum. Á kortinu stendur: „Sigríður frá Brattholti bjargaði Gullfossi. Vilt þú bjarga hálendinu norðan Vatnajökuls?" Ég vil svara bréfritara þessa korts játandi. Ég vil bjarga hálendinu norðan Vatnajökuls. Og þó að ég hafi byrjað baráttu mína fyrir náttúruvernd svæðisins norðan Vatnajökuls án þess að hafa komið á Eyjabakkasvæðið vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því: Vill hún bjarga regnskógunum sem verið er að eyða jafnvel þó að hún hafi kannski aldrei komið þangað?

[21:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja að ég get dáðst að hv. þm. fyrir það að hún setur sig mjög vel inn í mál og veit alveg um hvað hún er að tala. En hún er bara ósammála mér. Við erum ósammála í þessu máli. Það er bara eins og lífið er. Fólk er ekki alltaf sammála.

Ég veit ekki hvort við bætum okkur mikið með því að halda áfram með þessa umræðu. Það á eftir að fjalla um þetta mál í nefnd. Síðan kemur það til 2. umr. og við skulum sjá til hvort við verðum jafnósammála þá. Það getur vel verið að svo fari. En ég get sagt að ég hef líka fengið ýmis kort. Óskaplega falleg kort. Ég les þau að sjálfsögu og ber virðingu fyrir því sem fólk er að skrifa mér. En það breytir ekki því að ég hef uppi þessi áform og ríkisstjórnin, að fara í þessar miklu framkvæmdir sem eru vissulega stórar. Það var sagt hérna áðan að við Íslendingar værum stórhuga. Við erum það oft og við ráðum við ótrúlega stór verkefni. Við erum snjöll þjóð og Íslendingar gera miklar kröfur til lífsgæða. Við þurfum að hafa það í huga að við sem berum ábyrgð á þjóðarskútunni núna berum mikla ábyrgð á því að fólk geti haldið kaupmætti sínum og lifað áfram góðu lífi í þessu landi, ekki bara á suðvesturhorninu heldur um allt land. Þetta er einn liður í því að styrkja stöðu Austurlands og að halda uppi kaupmætti á Íslandi til frambúðar. Kannski koma aðrir menn á eftir okkur í ríkisstjórn sem vilja gera hlutina allt öðruvísi. En ég vona að þeir hafi líka tillögur um hvernig við getum haldið áfram að lifa hér góðu lífi.

[21:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þennan mildilega tón sem hún kýs að nota í síðasta andsvari sínu. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir. Við erum einfaldlega ósammála um þessa hluti. Þess vegna er mjög mikilvægt að málefnaleg umræða fari fram í þeim þingnefndum sem fá málið til umfjöllunar. Ég ítreka það, herra forseti, í lok þessarar umræðu að það er afar mikilvægt að þær þrjár nefndir sem kallað hefur verið eftir í þessari umræðu að fái þetta mál til umfjöllunar, fái það. Við erum að tala um hv. iðnn. sem að sjálfsögðu fær málið eðli málsins samkvæmt. En það er mjög nauðsynlegt að hv. efh.- og viðskn. og hv. umhvn. fái málið einnig til umfjöllunar því öðruvísi erum við ekki að fjalla um það á nægilega breiðum grunni. Ég treysti því að málefnaleg umræða komi til með að fara fram í nefndunum og að þar geti fólk tekist á af einurð og heiðarleika og unað við það að vera ósammála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. GunnS o.fl., 457. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 737. [21:18]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í 1. mgr. 17. gr. laganna er mælt fyrir um að barnalífeyrir skuli einvörðungu greiddur með börnum örorkulífeyrisþega sem fædd eða ættleidd eru fyrir orkutap hans en ekki gert ráð fyrir að börn örorkulífeyrisþega sem fædd eru eða ættleidd eftir orkutapið geti átt rétt á barnalífeyri.

Gerð er tillaga í frv. um að stjúpbörn og fósturbörn örorkulífeyrisþega geti átt rétt til barnalífeyris.

Með öðrum orðum, Þetta frumvarp er flutt til þess að tryggja öllum börnum öryrkja jafnan lífeyrisrétt hvort sem þau eru börn öryrkjans, kjörbörn, stjúpbörn eða fósturbörn en í dag er 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. svohljóðandi:

„Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris."

Með öðrum orðum er málið þannig statt nú að börn fædd eftir orkutap örorkulífeyrisþega eru ekki metin til lífeyrisbóta úr lífeyrissjóðum. Þetta á rætur að rekja til breytinga sem gerðar voru á skipan lífeyrissjóða árið 1993. Það var gert með sérstakri reglugerð á vegum lífeyrissjóðanna sjálfra og síðan var breytingin tekin upp í lögin 1997. Fyrir árið 1993 áttu öll börn rétt á lífeyrisbótum hvort sem þau voru fædd eða ættleidd fyrir eða eftir orkutap örorkulífeyrisþegans. Það er spurning um réttlæti, að öll börn sitji við sama borð og þetta er líka spurning um rétt öryrkjans til þess að fæða og ala börn.

Herra forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innra eftirlit heilbrigðisþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 465. mál. — Þskj. 746. [21:22]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um innra eftirlit heilbrigðisþjónustu.

Íslendingar búa við góða heilbrigðisþjónustu. Framfarir í læknavísindum hafa verið örar og skilað sér inn í heilbrigðisþjónustuna með afar vel menntuðu starfsfólki. Þó skiptir máli hvernig staðið er að stjórn og skipulagi, samskiptum lækna og hjúkrunarfólks við sjúklinga og samstarfi starfsfólks sem sinnir hverjum sjúklingi. Heilbrigðisþjónustan er viðkvæm starfsemi þar sem krafist er nákvæmni á öllum sviðum. Sjúklingur leggur traust sitt á lækna og hjúkrunarfólk og afsalar sér í raun oft sjálfræði sínu í von um að hvers kyns sjúkdóma megi lækna.

Engum blandast hugur um að það eru afar miklir hagsmunir sjúklinga að þeir fái notið bestu þjónustu sem völ er á. Einnig er mikilvægt að starfsfólk heilbrigðisþjónustu búi við gott skipulag og sem bestar aðstæður. Því er brýnt að komið verði á stöðugu og öflugu innra eftirliti með starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, eftirliti sem yrði algjörlega óháð, hefði heimild til og frumkvæði að hvers kyns rannsóknum og athugunum, tæki við kvörtunum frá sjúklingum og starfsfólki og kannaði sannleiksgildi þeirra og hefði umboð til þess að láta niðurstöður athugana hafa marktækt gildi. Slíkt eftirlit mundi hafa í för með sér eðlilegt aðhald í heilbrigðisþjónustu, auka öryggi sjúklinga og starfsfólks og efla réttarstöðu í öllum samskiptum innan heilbrigðiskerfisins.

Í flóknu kerfi heilbrigðisþjónustunnar geta samskipti sjúklinga við lækna og hjúkrunarfólk orðið erfið. Torvelt kann að reynast að ná sambandi við lækni, starfsfólk vísar hvert á annað, sjúklingar „gleymast" í kerfinu, misvísandi svör eru gefin eftir því við hvern sjúklingur talar, sjúklingi er vísað frá einum lækni til annars án þess að eðlilegt samband sé á milli allra við komandi lækna, sjúklingar komast ekki í nauðsynlegar rannsóknir og læknar veita upplýsingar sem fela ekki í sér réttar sjúkdómsgreiningar, svo ekki séu nefnd meint „læknamistök" og bið eftir aðgerðum. Dæmi um þetta þekkja flutningsmenn af samskiptum sínum við fólk undanfarin missiri og virðist slíkum málum því miður fjölga þótt vonandi sé um undantekningartilfelli að ræða. Margt bendir til þess að í auknum mæli sé leitað svonefndra „óhefðbundinna lækninga" utan opinberrar heilbrigðisþjónustu. Sú spurning vaknar hvort ástæður þess séu m.a. þær að aðgengi sjúklinga að heilbrigðisþjónustunni sé takmörkunum háð.

Nú starfar heilbrigðisstarfsfólk oft undir miklu álagi og án efa er það víða allt of mikið. Því er brýnt að komið verði á fót sjálfstæðri starfsemi sem sinni innra eftirliti heilbrigðisþjónustu. Landlæknisembættið hefur að hluta farið með slíkt eftirlit, en það er hlaðið margvíslegum öðrum verkefnum og hefur að óbreyttu tæpast bolmagn til að sjá um eftirlit samkvæmt tillögunni. Til greina kemur þó að stofnuð yrði öflug og sjálfstæð deild innan landlæknisembættisins sem færi með innra eftirlit eins og gert er ráð fyrir í tillögunni. Kostur við þá tilhögun er að þá yrði byggt á dýrmætri reynslu embættisins. Sjúklingar hafa nú þrjár leiðir til þess að koma kvörtunum sínum á framfæri, til stjórnenda innan heilbrigðisþjónustunnar, til landlæknisembættis og til sérstakrar úrskurðarnefndar. Kvartanir sem þar um ræðir snerta fyrst og fremst meint læknamistök. U.þ.b. 400 kvartanir berast til landlæknis á ári og reynist þriðjungur þeirra staðfesta rétt sjúklinga. Oft hafa komið fram hugmyndir um stofnun embættis umboðsmanns sjúklinga. Víst er það hugmynd sem vert er að skoða í þessu sambandi. Hér er þó lagt til umfangsmeira eftirlit sem lyti að sjúklingum og starfsfólki, skipulagi heilbrigðisþjónustunnar og frumkvæði eftirlitsaðilans.

Lagt er til að nefndina skipi m.a. fulltrúar frá félögum sjúklinga og heilbrigðisstétta, frá heilbrigðisráðuneyti, landlækni og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Herra forseti. Tillagan sem hér er flutt hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi sjálfstætt innra eftirlit með starfsemi heilbrigðisþjónustu."

Að lokinni fyrri umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. heilbrrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun hafs og stranda, 1. umr.

Stjfrv., 492. mál (heildarlög). — Þskj. 782.

[21:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um verndun hafs og stranda er í megindráttum samið af nefnd sem skipuð var af þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, til þess að endurskoða lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með hliðsjón af reynslu liðinna ára og alþjóðlegum samningum er varða mengun sjávar og varnir og viðbrögð gegn mengun sjávar.

Nefndin starfaði frá 1999 og fram á síðasta haust er hún skilaði tillögum sínum í formi lagafrv.

Að höfðu samráði við umhvrn. ákvað nefndin að leita til fjölda aðila um álit, umsagnir og athugasemdir og var það gert með þeim hætti að síðla árs 1999 sendi nefndin út drög að frv. til 37 aðila sem allir skiluðu umsögn, áliti eða athugasemdum. Er nánar gerð grein fyrir þessu í athugasemdum við lagafrv.

Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, mörkuðu tímamót í sögu íslenskra umhverfismála, en lögin eru fyrstu heildarlögin hér á landi um varnir gegn mengun sjávar. Í athugasemdum við lagafrv. er að finna ítarlega umfjöllun um lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, svo og önnur lög sem varða málefnið. Auk þess eru ítarlegar upplýsingar um alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar. Ég sé ekki ástæðu til þess að tíunda þau atriði frekar hér. Hér á eftir ætla ég að gera grein fyrir helstu nýmælum frv. en þau eru nokkur.

Í 2. gr. er fjallað um gildissvið laganna. Fram kemur að um er að ræða heildarlög og gilda þau að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki um hlutaðeigandi atriði. Sérlög sem hér koma til greina hér eru t.d. lög um geislavarnir, lög um Siglingastofnun Íslands og siglingalög og ýmis lög er varða fiskveiðar og fiskveiðistjórn.

Gert er ráð fyrir að lögin gildi ekki aðeins um íslensk skip innan íslenskrar mengunarlögsögu sem skilgreind eru í frv. heldur líka um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum. Þannig mundu lögin ná yfir íslensk fiskiskip sem veiða utan íslenskrar mengunarlögsögu svo framarlega sem um er að ræða skip sem sigla undir íslenskum fána. Þetta ákvæði er sett til að tryggja að ekki fari á milli mála að íslensk skip sem eru að störfum utan íslenskrar mengunarlögsögu fylgi ákvæðum alþjóðasamninga, svo sem MARPOL 73/78 og Montreal-bókuninni um verndun ósonlagsins.

Í frv. er að finna það nýmæli að fjallað er annars vegar almennt um verndun hafs og stranda og hins vegar í sérákvæðum um varnir og viðbrögð við bráðamengun sjávar. Þannig er því í reynd skipt upp í tvo framkvæmdakafla, enda viðbrögð og varnir með ólíkum hætti eftir því hvort um er að ræða mengun sem kallar á skjót og oft tafarlaus viðbrögð eða aðra mengun.

Í frv. er að finna fleiri og ítarlegri skilgreiningar á orðum og orðasamböndum en fram koma í gildandi lögum en brýnt er að skilgreiningar á orðum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, svo sem efni reglugerða, byggist mjög á þeim. Þannig er að finna í lögunum margar nýjar skilgreiningar, svo sem á bestu fáanlegri tækni og hugtakinu innsævi. Enn fremur er að finna skilgreiningu á mengunarlögsögu Íslands og er breytingin sú frá gildandi löggjöf að mengunarlögsagan er einnig látin ná yfir efstu jarðlög sjávarbotns en ekki aðeins innsævi að efstu flóðamörkum á stórstraumsfjöru, landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands.

Einnig er að finna skilgreiningu á hugtakinu vöktun en eitt af nýmælum frv. varðar vöktun hafs og strandar. Auk þess eru fjölmargar aðrar nýjar eða breyttar orðskýringar sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér en gerð er grein fyrir í athugasemdum með 3. gr.

Lagt er til að ábyrgð á framkvæmd laganna verði í höndum ríkisins, þ.e. Hollustuverndar ríkisins undir yfirstjórn umhvrh. Hlutverk Hollustuverndar ríkisins er að fara með eftirlit með framkvæmdinni að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um í lögunum og Hollustuvernd ríkisins er veitt heimild til að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlits faggildum skoðunarstofum eða heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

Í vissum tilvikum kunna samgrh. vegna starfsemi Siglingastofnunar og dómsmrh. vegna Landhelgisgæslunnar að fara með yfirstjórn mála sem tengjast lögum þessum og er þess þá sérstaklega getið í lögunum og mun ég koma inn á það síðar.

Eins og ég nefndi hér á undan er að finna nýmæli í lögunum varðandi vöktun hafs og stranda. Í 4. gr. er það skilgreint sem hlutverk Hollustuverndar ríkisins að sjá um að vöktun hafs og stranda sé framkvæmd og er það í samræmi við aðrar skyldur Hollustuverndar ríkisins til vöktunar, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem ná til almennra hollustuhátta og mengunarvarnaeftirlits, þ.e. ofan stórstraumsfjöru og í lofti. Með þessu ættu því allir þættir vöktunar að vera komnir undir eina stofnun og eina stjórn.

Hvað varðar eftirlitið þá er það í höndum Hollustuverndar ríkisins en Landhelgisgæslunnar sé um að ræða hafsvæði umhverfis Íslands, jafnt úr lofti sem af sjó, og hvílir sú skylda á Landhelgisgæslunni að tilkynna Hollustuvernd ríkisins ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða en það er Hollustuvernd ríkisins sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi þvingunarúrræða samkvæmt lögunum. Siglingastofnun Íslands mun áfram annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna.

Í 9. gr. kemur fram það nýmæli að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna skuli háð leyfi Hollustuverndar ríkisins sem hafi þar um samráð við sjútvrn. en engin sérstök leyfi þarf til að leggja sæstrengi eða neðansjávarleiðslur hér á landi. Nokkrum sinnum hefur reynt á þetta á undanförnum árum og því ástæða til að koma þessum málum í fastan farveg þannig að lagaumhverfið hér sé með sama hætti og í nágrannalöndunum og slík lagning ekki aðeins bundin leyfum á friðlýstum svæðum samkvæmt náttúruverndarlögum heldur og eins á öðrum svæðum.

Eins og áður hefur komið fram eru helstu nýmæli frv. bundin við svokallaða bráðamengun en bráðamengun er samkvæmt því mengun hafs og stranda sem verður skyndileg og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða. Ákvæði um bráðamengun er reyndar að finna í gildandi lögum en í framkvæmdinni hefur þó aðallega verið stuðst við reglugerð nr. 465/1998, um bráðamengun, en efnislega er lagt til að helstu ákvæði þeirrar reglugerðar verði sett inn í lög, enda reynslan af þeim góð.

En styrkja þarf lagagrunninn enn betur til þess að tryggja framkvæmdina, og er lagt til að lögfest verði ákvæði um íhlutun, hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar, og um vátryggingar en engin slík ákvæði er að finna í gildandi lögum.

Enn fremur er nauðsynlegt að fram komi hvernig háttað sé ábyrgð á einstökum svæðum, þ.e. á hafnarsvæðum og utan hafnarsvæða og er ákvæði þar að lútandi að finna í V. kafla frv.

Í tengslum við sérákvæðin um bráðamengun er lagt til að lögin geymi ítarleg ákvæði um íhlutun í slíkum tilvikum. Lagt er til að Landhelgisgæslan geti gripið til íhlutunar og gert þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir, draga úr eða útiloka bráðamengun eða hættu á bráðamengun eftir að óhapp hefur orðið á sjó og hafi um það samráð við Hollustuvernd ríkisins og ef við á hafnarstjóra. Nauðsynlegt er að íhlutunarákvæði sé að finna í lögunum en eins og að lögunum er búið í dag geta yfirvöld ekki gripið til ráðstafana jafnvel þótt mengunarslys sé fyrirsjáanlegt. Í þessu tilviki er rétt að benda á strand Vikartinds í mars 1997 en ef ákvæði um íhlutun hefði verið í lögunum hefði Landhelgisgæslan getað gripið inn með beinum aðgerðum. Eðlilegt er að Landhelgisgæslan fari með þetta vald, enda fer hún með lögregluvald á sjó.

Lagt er til þegar mengun hefur orðið á hafi úti að Hollustuvernd ríkisins grípi til viðeigandi aðgerða og þegar hætta er talin á mengun af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða hafi skuli stofnunin gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu af mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi á landi.

Í 16. gr. er að finna nýmæli sem tengist bráðamengun en þar er lagt til að mengunarvaldur verði ábyrgur fyrir bráðamengun af tjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans sé um að ræða mengun af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutningum á olíu, eituefnum eða hættulegum efnum. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu skulu taka ábyrgðartryggingu að upphæð allt að 1 millj. SDR eða sem næst 100 millj. kr. en kveðið skal nánar á um framkvæmdina, svo sem vátryggingarfjárhæðir og vátryggingarskilmála, í reglugerð. Um reglugerðina verður að sjálfsögðu haft samráð við tryggingafélögin í landinu.

Ljóst er að þegar settar eru svo víðtækar ábyrgðarskyldur á rekstraraðila án þess að fyrir liggi saknæmt atferli verða stjórnvöld að búa þannig um hnútana að hlutaðeigandi aðili geti tekið vátryggingu. Gerð er grein fyrir því hvað átt er við með atvinnurekstri sem fellur undir það að vera atvinnurekstur á landi sem geti valdið mengun hafs og stranda og er vísað þar sérstaklega til fskj. I með frv. en þessi atvinnurekstur er allur háður starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir samkvæmt lögum nr. 7/1998 og talin upp í fylgiskjali með þeim lögum.

Rétt er að taka fram að ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að en í slíkum samningum er oft að finna hámark sem greiða skal fyrir í einstökum tilvikum eða á tilteknu tímabili, svo sem almanaksári, auk þess sem í alþjóðasamningum er að finna ákvæði um greiðslur úr sjóðum (Liability) á því sem umfram er.

Í 17. gr. er fjallað sérstaklega um vátryggingar olíuflutningaskipa en auk þeirra ákvæða sem ég nefndi og er að finna í 16. gr. gilda einnig um þá ábyrgð og vátryggingar alþjóðasamningar um íhlutun á úthafi þegar óhöpp henda sem valda eða geta valdið olíumengun. Einnig er í gildi alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Nái þessi ákvæði fram að ganga sem ég hef rætt um á undan, þ.e. um íhlutun vegna bráðamengunar og vátryggingar sem þeim tengjast, væri merkum áfanga náð í umhverfisrétti hér á landi þar sem í fyrsta sinn yrði kveðið á um hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án saka og töku vátrygginga í íslenskum umhverfisrétti.

Í 18. gr. er gerð tillaga um að atvinnurekstur sem gæti valdið mengun og talinn er upp í fskj. I, sem ég nefndi áðan, skuli gera áætlanir um viðbrögð. Hollustuvernd ríkisins gerir síðan tillögur til ráðherra að höfðu samráði við ráðgjafaraðila samkvæmt 5. gr. um áætlanir um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun.

Í 19. gr. er kveðið á um mengunarvarnabúnað og að hann skuli vera á hverju svæði undir umsjá svæðisráða og skal vera sérstakur umsjónarmaður með hverjum búnaði. Hollustvernd ríkisins skal auk þess ráða yfir flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Enn fremur skal stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins.

Í 20. gr. er að finna nýmæli um siglingaleiðir og strönduð skip. Þar er lagt til að samgrh. að höfðu samráði við umhvrh., dómsmrh. og sjútvrh. geti sett reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farrými eða á tönkum. Undanfarin ár hefur verið töluverð umræða um hvernig skuli haga ákvörðun um siglingaleiðir þegar í hlut eiga skip sem flytja olíu og annan hættulegan varning og hefur nefnd á vegum samgrn. skilað tillögum um hvernig siglingaleiðum skuli háttað en engin ákvæði er að finna í lögunum um hver skuli taka ákvörðun um siglingaleiðir sé þess þörf. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og það verði hæstv. samgrh. sem tekur slíka ákvörðun enda heyra siglingalög og lög um skip undir samgrn.

Einnig er lagt til að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot, eða skip legið óhreyft í fjöru í tvö ár, beri eiganda þess að fjarlægja það. Sem stendur er verið að vinna að gerð alþjóðasamnings innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar að lútandi þannig að þetta ákvæði er í samræmi við þær hugmyndir sem þar hafa verið ræddar. Telji eigandi ill- eða ógerlegt að fjarlægja skip getur hann lagt fram beiðni til Hollustuverndar ríkisins um að skipið verði óhreyft þar sem það er og með slíkri beiðni skal þá fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið. Slík ákvörðun Hollustuverndar ríkisins hlýtur þó fyrst og fremst að byggjast á umhverfissjónarmiðum, þ.e. hvort betra sé að skipið sé þar sem það er strandað eða fjarlægja það og hvort það hefur truflandi áhrif á siglingar.

Í 22. gr. eru nýmæli um þvingunarúrræði sem Hollustuvernd ríkisins getur beitt til að knýja á um framkvæmd laganna en þau þvingunarúrræði eru m.a. að stöðva eða takmarka viðkomandi starfsemi eða notkun á veittri áminningu og tilhlýðilegum fresti nema nauðsyn krefjist tafarlausrar stöðvunar. Er þetta í samræmi við þvingunarúrræði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Refsiviðurlög laganna hafa verið löguð að nýrri löggjöf á sviði umhverfismála en gert er ráð fyrir að brot gegn lögunum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, geti varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um að ræða stórfellt

og ítrekað ásetningsbrot getur refsing numið allt að fjögurra ára fangelsi. Er það í samræmi við almenn hegningarlög nr. 19/1940, eins og lögunum var breytt með lögum nr. 122/1999, en þá var í fyrsta skipti tekið á umhverfislagabrotum í almennri hegningarlöggjöf hér á landi.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003, enda nauðsynlegt að nokkur frestur gefist til að laga framkvæmdina að lögunum, ekki síst í tengslum við auknar ábyrgðir sem mælt er fyrir um í tengslum við ákvæði um bráðamengun, svo sem um lögfestingu hlutlægrar bótareglu og um vátryggingarskyldu.

Virðulegur forseti. Ég hef farið yfir helstu nýmæli og breytingar sem fólgin eru í frv. til laga um verndun hafs og stranda en hef þó aðeins stiklað á stærstu atriðunum. Af mörgu er að taka sem ekki er ástæða til að tíunda hér frekar en ég bendi á að með frv. fylgir ítarleg greinargerð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað hv. umhvn.

[21:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni merkt frv. til laga sem tekur á margvíslegum umhverfisþáttum eins og heitið ber með sér, verndun hafs og stranda. Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um er einmitt um strendurnar, ekki bara verndun þeirra heldur hreinsun þeirra.

Í frv. er rakið að ýmis mengunarefni geta fallið til. Í 1. gr. segir:

„Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu ...“

Nú er það svo að meðfram ströndum landsins hrúgast upp alls konar úrgangur, plast, netaúrgangur og sitthvað fleira. Ég sé ekki að í frv. sé tekið á þeim atriðum í verndinni eða hreinsun á ströndunum. Frumvarpið snýr fyrst og fremst, að mér sýnist, að aðgerðum gegn bráðamengun en hefði ekki verið eðlilegt að í frv. væri einmitt tekið víðtækara á mengun strandanna hvað þetta varðar, þ.e. í sambandi við alls konar rusl, plast, netaúrgang og fleira sem rekur á strendur landsins og er mikið verk að þrífa og hreinsa upp en virðist núna bara vera fyrst og fremst á ábyrgð landeiganda að gera án þess að þar séu skipulegar aðgerðir til. Hefði ekki verið eðlilegt að tekið væri á þessu í frv.?

[21:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er það þannig að bannað er að henda rusli í sjó. Auðvitað er ekki gott að sjá það rusl sem safnast upp í fjörum. Mér er kunnugt um að það er talsvert vandamál, t.d. á Vestfjörðum. Hefur ítrekað verið haft samband við umhvrn. varðandi þau mál og við beðin um að styrkja þar verkefni sem felast í að ganga eftir fjörum til að hreinsa þau svæði.

En gildissvið þessa frv. tekur til hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum hér á landi í lofthelgi, í íslenskri mengunarlögsögu o.s.frv. Lögin taka til þessa eins og önnur lög gera reyndar. Hins vegar er það rétt sem hér kom fram að nýmælin eru aðallega tengd bráðamengun. Hér er um atferli að ræða sem ég tel mjög slæmt og væri afar gott ef þeir sem henda rusli í sjó mundu nú taka sig saman og hætta því. Ég veit að þetta er talsvert vandamál, eins og ég gat um áðan, t.d. á Vestfjörðum.

Ég lít svo á að frv. taki til þessara atriða en sjálfsagt er að það verði skoðað betur í umhvn. þegar þetta mál kemur til skoðunar þar.

[21:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að frv. heitir frv. til laga um verndun hafs og stranda. Þar verið að vísa til þess að vernda eigi strendurnar. Þó að, eins og hæstv. ráðherra sagði, bannað sé að kasta rusli í sjóinn er þetta engu að síður mikið vandamál víða og einkum meðfram norðurströndinni en einnig norðvesturströndinni.

Ég tel að undir þessari nafngift sem þetta frv. til laga hefur, um verndun hafs og stranda, ætti að taka á því hvernig vernda eigi og hreinsa strendurnar þeim sorpófögnuði sem þar kemur upp. Af slíku sorpi er gríðarlega mikil vinna að hreinsa upp og þrífa. Það gagnar ekkert að bannað sé að henda þessu í sjóinn ef þetta rekur hvort sem er. Mér finnst að það eigi, virðulegi forseti, undir þessu heiti, í frv. til laga um verndun hafs og stranda, að kveða á um hvernig við getum verndað, þrifið, hreinsað og vaktað strendur okkar og höf eins og markmið laganna gerir ráð fyrir.

[21:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta frv. tekur til þeirra atriða sem hv. þm. Jón Bjarnason gat um. Það er bannað að henda rusli í sjó en menn gera það samt, því miður, og það rekur á fjörurnar. Líkt og þegar unglingar henda rusli um víðan völl eða að það fýkur til hjá fólki, stundum fallast manni svolítið hendur varðandi það. Menn verða bara að taka sig á og þrífa fjörurnar eins og oft hefur verið gert. Átaksverkefni hafa verið sett í gang nokkrum sinnum í samfélaginu, m.a. hefur UMFÍ staðið fyrir slíku. Þar var rusli safnað og menn greindu líka ruslið, hvað það var sem kom í fjörurnar til að geta betur hamið þá sem voru að henda.

Það er alveg ljóst, virðulegur forseti, að það er bannað að henda rusli í sjó. Ef hv. þm. finnur einhverja snjalla leið í frv. til þess að ná einhverjum frekari árangri væri ágætt að það yrði kannski formað betur með einhverjum hætti. En ég tek undir það hjá hv. þm. að þetta er vandamál. Reyndar er það til skammar að sjá sums staðar ruslið í fjörunum (Gripið fram í.) en menn hafa þrifið þetta. Sums staðar skipta félagasamtök svona svæðum á milli sín, eins og Rótary-klúbbar og annað slíkt en það er auðvitað mjög ánægjulegt þegar almenningur tekur sig til og hreinsar strandlengjuna. (**JB:** En þetta er stærra mál.)

[21:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er komið fram. Ég tel reyndar að það sé dálítið seint fram komið, miðað við að þingið eigi að afgreiða það núna. Ég býst við að ýmsir þurfi að koma að málinu og nefndin þurfi góðan tíma til að fást við það. Það vakna auðvitað fjölmargar spurningar en kannski er ekki ástæða til að fara mikið í þær hér.

Það er þó eitt sem maður veltir auðvitað mikið fyrir sér þegar maður sér 1. gr. þessa frv., þar sem stendur:

„Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess.“

Þá fer maður auðvitað að velta fyrir sér umgengninni um auðlindina í kringum landið, veiðarfærum skipanna og þeirri umhverfisröskun sem fylgt getur veiðunum. Í fljótu bragði sé ég ekki að í frv. sé fengist við það mál, þ.e. hvernig eigi fylgjast með og vernda hafsbotninn og lífverurnar þar vegna röskunar af völdum skipa og veiðarfæra. Það er auðvitað umhugsunarefni hvernig yfirráð eða ábyrgð ráðuneyta í þessu skarast. Það er eitthvað sem þarf að velta fyrir sér.

Hér hefur verið nefnt að hæstv. ráðherra hefur farið vandlega yfir málið. Við munum auðvitað taka við því í nefndinni og skoða það. Hér eru nýir hlutir á ferðinni, t.d. að aðilum sé gert að bera ábyrgð á tjóni sem þeir hafa ekki valdið í sjálfu sér með athöfnum sínum eða athafnaleysi heldur getur komið til af einhverjum öðrum ástæðum. Þá er ætlast til að menn tryggi sig gagnvart slíku á ákveðinn hátt. En þá þurfa þær reglur að vera afar skýrar og afmarkandi, með hvaða hætti er staðið að þeim. Þannig yrði í sjálfu sér eitthvað að marka slíka ábyrgð. Slíkar upphæðir gætu verið á ferðinni að einstök fyrirtæki gætu aldrei borið það tjón. Hefðu þau ekki staðið þannig að málum að tryggja sig fyrir slíku tjóni væri kannski vonlítið að það tjón yrði bætt sem hlytist af starfsemi þeirra. Þetta er umhugsunarefni.

Ég held að um málið sé ekki fleira að segja en ég fagna því að farið hafi verið yfir þessi mál og að þau skuli komin á rekspöl. Ég tel að það megi vel á spöðunum halda ef hægt á að vera að klára þetta mál í vetur. Ég ætla ekki að víkja mér undan þeirri vinnu sem nefndin þarf að leggja í það. Ég geri hins vegar ráð fyrir að nefndin fái ekki viðbrögð við þessu máli fyrr en einhvern tíma þegar líður á næsta mánuð, eftir að það hefur verið sent til umsagnar og þá þarf þetta að ganga hratt fyrir sig.

[21:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kýs að koma hér upp í andsvar til að bregðast við ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Varðandi það að mikil vinna sé eftir í þessu máli tel ég að búið sé að vinna málið afar vel í umhvrn. Það var sent til umsagnar 37 aðilum þannig að fjölmargir hafa komið að þessu máli. Eigi að síður er full ástæða til að fara vel yfir það í nefnd.

Hv. þm. kom aðeins inn á hvernig menn ganga um auðlindina. Ég túlka hans orð sem svo að hann hafi þá verið að ræða um áhrif t.d. veiðarfæra á hafsbotninn. Ég deili þeim áhuga sem fram hefur komið hjá fjölmörgum aðilum á að þetta beri að skoða mun betur en við höfum gert. Það er alveg ljóst að togveiðarfæri geta haft neikvæð áhrif á botninn og t.d. sléttað út kórala sem eru mikilvægir fyrir afkomu stofna. Hins vegar falla þau mál ekki undir umhvrn. Hafrannsóknastofnun er einmitt núna að rannsaka áhrif veiðarfæra á botninn og kórala á botni. Þetta kom einmitt til umræðu í gær í þinginu í fyrirspurnatíma. Hv. þm. Katrín Fjeldsted spurðist þá fyrir um hugsanleg svæði í sjó sem bæri að friða, kóralsvæði t.d. Hér á Íslandi er einungis búið að friða eitt svæði í sjó, þ.e. hverastrýtur í Eyjafirði.

Ég tel að við Íslendingar þurfum að gera átak í að rannsaka betur áhrif veiðarfæra á botninn. Það er einmitt verið að gera nú um þessar mundir undir stjórn Hafrannsóknastofnunar.

[21:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra telur þetta ekki í sínu lögsagnarumdæmi og sjálfsagt má taka undir það að einhverju leyti. Þess vegna hnaut ég svolítið um orðalagið í 1. gr. Þar fjallar um athafnir „sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess“. Ég mundi lesa þetta þannig að menn væru að vísa til allra athafna sem gætu valdið þessu. En auðvitað fara menn yfir það.

Ég held að það þurfi að taka svolítið á því hvernig eigi að fylgjast með, og hvernig yfirráðum ráðuneyta eigi að vera háttað. Þetta er þannig núna að sjútvrh. hefur eftirlit með þorskeldi í einum firði. Í næsta firði er landbrh. með eftirlit með laxeldi og síðan er umhvrh. í þriðja firðinum og hinum tveimur, með eftirlit með því sem hér er lagt til að fylgst verði með. Það þarf auðvitað að skilgreina hlutina þannig að ekki sé margverknaður í gangi og líka að það skarist helst sem minnst sem unnið er að.

[21:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Rétt er að það er um að gera að hafa hlutina sem einfaldasta. Hins vegar er ljóst, varðandi þetta lagafrv., að þrátt fyrir 1. gr., sem hv. þm. Jóhann Ársælsson telur að hægt væri að túlka á tvo vegu, er það þannig að sérlög ganga lengra en þetta lagafrv. Segja má að þetta séu heildarlög.

Það kemur fram í 2. gr. að lögin taki til hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum hér á landi í lofthelgi og í íslenskri mengunarlögsögu sem hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um. Lögin um fiskveiðistjórnun og þau lög sem lúta að veiðarfærum tengjast því ekki þessu frv. hér.

En vegna umræðunnar um áhrif togveiða, um að þetta skarist og heyri undir nokkra aðila og einnig laxeldið eins og hér var komið inn á, vil ég benda á að fram hefur komið að sumir telji að t.d. Hafrannsóknastofnun eigi að falla undir umhvrn. Hún er núna undir sjútvrn. og ég tel að starfsemin sé í ágætishöndum í því ráðuneyti. Ég er ekki að boða að neinar breytingar verði þar á en það hefur verið viðhorf margra í umræðunni að sú stofnun ætti að heyra undir umhvrn. Við getum bent á að Náttúrufræðistofnun er sú stofnun sem fylgist með náttúrunni á landi en síðan er önnur stofnun sem tekur við þegar kemur að hafinu.

[22:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað mál sem þarf að ræða og fara vandlega í gegnum því að ákveðin vandamál eru á ferðinni í tengslum við það að menn eru ekki sammála um hvernig eigi að skipa þessum málum. Hér er verið að tala um mengun hafsins. Það getur orðið mikil mengun frá eldi fiska sem annars vegar landbrh. er ábyrgur fyrir og hins vegar sjútvrh. En umhvrh. getur í sjálfu sér borið ábyrgð á að fylgja því eftir að það gangi ekki úr böndum, a.m.k. miðað við hvernig til er stofnað með þessari 1. gr. Og þó að einhver sérlög gildi um þessa hluti sem setja starfsemina undir viðkomandi ráðuneyti, sem ég nefndi áðan, tel ég að taka þurfi heildstætt á þessu máli.

Mér finnst ekki við það búandi að hlutverk jafnvel þriggja ráðuneyta skarist í sama firðinum og þess vegna þarf að fara yfir þetta. Ég held að Hafrannsóknastofnun væri hollt að heyra undir annan ráðherra en sjútvrh. Það gæti orðið til þess að sú stofnun yrði sjálfstæðari og gæti gegnt hlutverki sínu með meiri trúverðugleika en hún gerir í dag, og er ég þó ekki að rýra stofnunina með þessum orðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 22:03.

79. FUNDUR

mánudaginn 18. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 492. mál, þskj. 782. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 457. mál, þskj. 737. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Innra eftirlit heilbrigðisþjónustu, þáltill., 465. mál, þskj. 746. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 185. mál, þskj. 192. — 3. umr.
6. Samningsbundnir gerðardómar, stjfrv., 203. mál, þskj. 228. — 3. umr.
7. Getraunir, stjfrv., 314. mál, þskj. 390. — 3. umr.
8. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784. — 1. umr.
9. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 504. mál, þskj. 796. — 1. umr.
10. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 797. — 1. umr.
11. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 493. mál, þskj. 783. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill láta þess getið að nú að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um störf og starfskjör einkavæðingarnefndar. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller en hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

[15:01]

Útbýting þingskjals:

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 520. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 818.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um einkavæðingarnefnd og sölu Landssímans.

[15:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að við í Samfylkingunni höfum ítrekað beðið um umræðu um málefni Símans, söluna á honum og mál sem henni tengjast. Við höfum að sjálfsögðu óskað eftir því að fá að ræða þetta við hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. hefur nú synjað okkur þessarar umræðu og vísað á hæstv. samgrh. Herra forseti. Þessu getum við ekki unað. Samfylkingin krefst þess að fá að ræða málefni Símans og söluna á Símanum við hæstv. forsrh.

Herra forseti. Einkavæðingarnefnd fer með sölu Símans og einkavæðingarnefnd starfar ekki í umboði hæstv. samgrh. heldur hæstv. forsrh. Þess vegna er það eðlileg krafa að við fáum að ræða málið við hæstv. forsrh.

Það er jafnframt svo, herra forseti, að það hafa komið fram upplýsingar úr ranni einkavæðingarnefndar í þá veru að starfsemi og stjórn Símans sé ekki jafngóð og menn vildu telja. Þaðan hafa komið upplýsingar um að stjórn Símans sé í molum og að sjálfsögðu hljótum við að þurfa að ræða þetta við þann ráðherra sem fer með málefni einkavæðingarnefndar. Það er hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. getur ekki sett hæstv. samgrh. fyrir sig í þessu máli sem skotskífu. Við þurfum að ræða sölu Símans og þar með starfsemi einkavæðingarnefndar. Við þurfum að fá að taka málið upp við hæstv. forsrh. Ég vil lýsa miklum vonbrigðum mínum með að hæstv. forsrh. vilji ekki ræða þetta mál við okkur. Ég lýsi eftir atbeina hæstv. forseta í þessu máli. Það er ljóst að við þurfum að ræða störf einkavæðingarnefndar, herra forseti. Það er ljóst að sú nefnd starfar í umboði forsrh. Þess vegna er það eðlileg og rökrétt krafa af hálfu Samfylkingarinnar að við fáum umræðu við hæstv. forsrh. um þetta mál.

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ef þessar tafir væru ekki núna værum við að ræða um málefni einkavæðingarnefndar að kröfu hv. þm. Kristjáns Möllers. Í dag er utandagskrárumræða um einn þátt í störfum eða starfskjörum einkavæðingarnefndar sem hv. þm. Kristján Möller hefur gert að umtalsefni og ég mun vera til andsvara í því sambandi.

Það er hins vegar þannig, og það þekkja menn, að þegar kemur að tilteknum einstökum fyrirtækjum og málefnum þeirra er það viðkomandi fagráðherra sem er til andsvara varðandi þau málefni en ekki forsrh. þó að hann sé formaður einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar, þ.e. ráðherranefndar um einkavæðingu. Þannig er þetta. Til að mynda þegar málefni Fjárfestingarbankans voru til umræðu var hæstv. viðskrh. til svara um þau mál. Þegar málefni SR-mjöls voru til umræðu var hæstv. sjútvrh. fyrir svörum o.s.frv. Það er aðeins ef málin snúast almennt um einkavæðingu að hægt er að tala um það við forsrh. Ef spurt er um starfskjör eða launakjör einkavæðingarnefndarmanna þá er sjálfsagt að tala um það við forsrh.

Þetta verða menn að skilja gagnvart öðrum hlutum. Ella væri nánast hægt í utandagskrárumræðum að tala við forsrh. um hvaða málefni hvaða fagráðherra sem er. Stjórnskipun landsins byggir ekki á því. Uppbygging Stjórnarráðsins byggir ekki á því. Þess vegna er eðlilega með þetta farið. Á eftir verður einmitt umræða um þátt sem forsrh. ber að eiga orðaskipti við þingmenn um og hv. þm. Kristján Möller hefur réttilega beint því máli til mín.

[15:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 7. þm. Reykv. fór ég fram á utandagskrárumræðu um sölu Símans í ljósi

nýorðinna atburða. Ég vildi beina máli mínu til hæstv. forsrh. Ástæðan var afskaplega einföld. Tíðindi umliðinna daga eru á þann veg að þau skarast á verkefnasviði fjölmargra ráðherra. Því var einsýnt að taka þyrfti tal við hæstv. forsrh., oddvita ríkisstjórnarinnar, sem ber ábyrgð á ráðherrum ríkisstjórnarinnar og ræða málið, ekki síst út frá pólitískum forsendum. Hann hefur síðan skýrt sjónarmið sín í þessum efnum og ekki meira um það.

Hinu breytum við auðvitað ekki að staða þessara mála á síðustu og verstu tímum, verð ég að segja, gera það að verkum að hæstv. forsrh. verður hvort sem honum líkar það betur eða verr að skýra sjónarmið ríkisstjórnar sinnar sinnar til málsins, m.a. svara spurningum sem vaknað hafa og nokkrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa svarað. Er verið að reyna að selja Símann enn þann dag í dag eða hefur sölutilraunum verið slegið á frest út þetta kjörtímabil, eins og hæstv. utanrrh. hefur látið í veðri vaka og sagt berum orðum?

Einnig er mikilvægt að átta sig á hvar skörunin er á milli valdsviðs hæstv. samgrh. og hæstv. forsrh. í þessum málaflokki. Það hefur ítrekað komið í ljós að þar hefur skörun orðið nokkur í persónum og verkefnum, nú síðast í verkefnum stjórnarformannsins, Friðriks Pálssonar, sem virðist að því er fram hefur komið í fréttum frá laun frá tveimur stöðum, annars vegar sem stjórnarformaður og hins vegar sem ráðgjafi við söluna á Símanum sjálfum. Við þurfum að fá upplýsingar um mál af þessum toga og því miður er það þannig, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að forræðið er að síðustu í höndum forsrh. en ekki einstakra fagráðherra.

[15:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst eftirtektarvert hvernig hæstv. forsrh. reynir að smokra sér undan umræðu um Landssímann og málefni tengd honum. Hæstv. forsrh. verður auðvitað að svara ýmsum málum sem tengjast Símanum, m.a. hvort hann líði þau vinnubrögð að forstjórastólum sé lofað út og suður á milli kosninga, eins og fram hefur komið í umræðunni. Hæstv. samgrh. er t.d. núna að kvarta undan því að hann hafi fengið málefni forstjórans og ráðningarsamninginn í erfðagóss frá fyrrv. samgrh. Þetta er orðið það stórt og viðamikið mál að hæstv. forsrh. ber skylda til að svara fyrir ýmsa þætti sem snúa að þessu máli.

Nú er það svo að á hverjum einasta degi verður þjóðin vitni að því hvernig gæðgi og valdhroki hefur leikið stjórnendur Símans, þar sem þeir hygla sjálfum sér á kostnað skattgreiðenda. Þetta er auðvitað mál sem hæstv. forsrh. verður að svara fyrir og getur ekki komið sér hjá umræðum um það.

Ég verð að segja að mér finnst þetta mál svo stórt, viðamikið og svo mikil ósvífni og hneykslí í þessu máli öllu saman að Alþingi ber skylda til þess að fara ofan í það. Það er skylda þingsins. Ég tel að það hljóti að koma til greina, herra forseti, að skipa sérstaka rannsóknarnefnd, skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, til að fara ofan í þetta mál, svo alvarlegt er það.

En það sem vekur eftirtekt á þessum degi er hvernig forsrh., oddviti ríkisstjórnarinnar, reynir að koma sér hjá umræðu um þetta hneykslismál.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. veldur mér vonbrigðum. Samfylkingin kemur hingað og óskar eftir að fá að ræða meint mistök sem hafa orðið við sölu Símans. Það er ekki mál sem á að ræða við hæstv. samgrh. Samgrh. ber ekki ábyrgð á því ef mönnum voru mislagðar hendur við verðlagningu, tímasetningu og ýmislegt annað. Á því ber einkavæðingarnefnd ábyrgðina og í umboði hvers starfar einkavæðingarnefnd? Það er hæstv. forsrh. sem auðvitað ber ábyrgðina á því en ekki hæstv. samgrh. og hefur hann þó nógu marga krossa að bera á sínum öxlum þessa dagana.

Herra forseti. Ég ítreka þá ósk mína að hæstv. forsrh. skjóti sér ekki undan ábyrgð í þessu máli og ræði málefni Landssímans, málefni einkavæðingarnefndar og sölu Símans við okkur í þessum sölum. Við eigum heimtingu á því, herra forseti. Ef Sjálfstfl. ætlar að gera blóraböggul úr hæstv. samgrh. þá er það auðvitað hans mál. En ég vil ekki taka þátt í því. Mér finnst það ekki drengilegt.

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að menn þyrftu að vita hvort Síminn væri enn þá til sölu og vísaði til ummæla minna og hæstv. utanrrh. Við höfum sagt efnislega það sama, ég og hæstv. utanrrh. Ég sagði eitthvað á þá leið að ég teldi ekki, þó að sölumeðferðinni væri í sjálfu sér ekki lokið, líklegt að Síminn mundi seljast í þessari lotu. Hæstv. utanrrh. hafði nákvæmlega sama mat á því. Ég held að hann hafi orðað það öðruvísi og sagt það sennilega ekki gerast fyrir lok kjörtímabilsins. Ég held að það sé eins gott mat og mitt þannig að við erum efnislega sammála um þetta þó að sölumeðferðinni sé ekki lokið. Þetta mál geti hins vegar eins og við þekkjum alltaf opnast. Ef það kemur upp skoða menn það og fara yfir það.

Varðandi það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði var svar mitt áðan við spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar algerlega efnislegt. Ég fer nákvæmlega eftir því sem það á að fara, eftir starfsskiptingu í Stjórnarráðinu og þeim reglum og venjum sem um það gilda. Ég vík mér ekkert undan því að svara því sem mér ber að svara og er tilbúinn að taka þátt í umræðum um það en þessu máli á að beina til hæstv. samgrh.

Ég er svo sannarlega tilbúinn til að taka þátt í slíkum umræðum. Ég hef aldrei skotið mér undan ábyrgð af nokkru tagi og er ekki eins og sumir menn sem koma með eina skoðun í dag og aðra á morgun. Ég hef aldrei haft það þannig.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það gerðist á Alþingi í byrjun desembermánaðar sl. í tengslum við afgreiðslu fjáraukalagafrv. að forsrn. neitaði Alþingi og fjárln. upplýsingum um sundurliðun kostnaðar vegna einkavæðingar sem sótt var um aukafjárveitingu til upp á 300 millj. kr. Með eftirgangsmunum fékk fjárln. að sjá hluta af umbeðnum gögnum og var þá bundin trúnaði og aðrir þingmenn áttu þess ekki kost að taka afstöðu til málsins á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um skiptingu þessa kostnaðar.

Daginn eftir að þessar umræður urðu á Alþingi, 4. des., kærðu fréttamenn Stöðvar 2 þessa synjun forsrn., sem að þeim sneri í því tilviki, um umbeðnar upplýsingar. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál felldi svo úrskurð 8. febrúar sl.

þar sem forsrn. er knúið til að láta umbeðnar upplýsingar af hendi. Þá er sú sérkennilega staða komin upp, herra forseti, að á grundvelli upplýsingalaga geta fjölmiðlar eða almenningur sótt sér, að því er virðist, ríkari rétt en alþingismenn við afgreiðslu fjáraukalaga hafa, ekki bara að mati forsrn. heldur líka, því miður, virðulegs forseta Alþingis sem tók þátt í umræðum um þessi mál og sagði m.a., með leyfi, svo vitnað sé í þingtíðindi:

„Ég lít svo á að niðurstaða forsrh. sé rétt [þ.e. að synja umbeðnum upplýsingum] þar sem ekki eru nein ákvæði í þingsköpum um þagnarskyldu annarra nefnda sambærileg við þau sem eru um utanrmn."

Rökin voru þau að ekki væri hægt að afhenda Alþingi upplýsingarnar af því að aðrar nefndir en utanrmn. væru ekki bundnar sérstökum trúnaði.

Nú hefur úrskurðarnefndin komist að þeirri niðurstöðu að réttur almennings til upplýsinga sé svo ríkur í tilvikum sem þessum að hvorki trúnaður sem ráðuneyti hefur heitið einstökum aðilum né mögulegur skaði sem af því geti hlotist að birta upplýsingarnar eigi að koma í veg fyrir að það sé gert.

Ég tel óhjákvæmilegt, herra forseti, að bæði forsrn. og forsn. Alþingis bregðist við þessum úrskurði og setji skorður við ítrekuðum tilraunum framkvæmdarvaldsins til að hafa þennan rétt af alþingismönnum.

[15:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég sit í fjárln. fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og í haust þegar beiðni kom frá forsrn. um að bætt yrði 300 millj. kr. á fjáraukalög sl. árs til þess að greiða kostnað við störf einkavæðingarnefndar var þess óskað að það yrði skýrt nánar og greint frá því í hverju þessi fjárveiting væri fólgin svo sem venja er þegar slíkar fjárveitingabeiðnir koma því að þetta er á fjáraukalögum.

Þegar leitað var eftir svari frá forsrn. kom það einungis svar um að þetta væri trúnaðarmál, þetta væri viðskiptaleyndarmál og það mætti ekki birta Alþingi. Leitað var eftir stuðningi á Alþingi. Fyrst var leitað eftir stuðningi formanns og meiri hluta fjárln. Það gekk ekki upp og ekki fékkst viðunandi svar þó að þessir aðilar beittu sér. Leitað var eftir stuðningi forseta þingsins, forseta Alþingis um að einnig hann eða embættið og forsrn. beitti sér fyrir því að alþingismenn fengju þær upplýsingar sem þarna var beðið um og að okkar mati var fyllilega eðlilegt og réttmætt að yrðu birtar hér.

Hæstv. forseti þingsins veitti þessu máli ekki þann stuðning að umbeðnar upplýsingar bærust inn í þingið.

Virðulegi forseti. Ég beini því hér til hæstv. forsn. og forsrh.: Hvernig ætla þessi hv. embætti að koma að máli og leiðrétta þann yfirgang sem hv. Alþingi hefur verið beitt og hvernig ætlar hæstv. forseti og forsrn. að bregðast við, koma hér með afsökunarbeiðni og bregðast við, þannig að vænta megi betri og öruggari leiðsagnar og vinnubragða í þessu máli og viðlíka málum?

[15:17]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að vekja sérstaka atyhgli á þessu máli. Það var rétt sem fram kom í máli hv. þm. að það var í fjárln. sem ég óskaði eftir því að fá upplýsingar um ósk um 300 millj. við lið sem var á fjárlögum upp á rúmar 15 millj. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir var ekki orðið við því af hálfu forsrn. að veita þessar upplýsingar.

Síðan gerist það fjölmiðill kærir málið og fær úrskurð og því er það að gerast nú hér enn einu sinni að fjölmiðlar fá upplýsingar sem Alþingi er neitað um. Í þessu tilfelli var fjárln. neitað um upplýsingarnar áður en fjáraukalög voru samþykkt.

Herra forseti. Ýmislegt vekur sérstaka athygli í þessu máli til viðbótar því að nú eru það fjölmiðlar og almenningur sem virðast hafa ríkari rétt en við alþingismenn til að fá upplýsingar hjá framkvæmdarvaldinu og það er það sem kemur fram í þessum upplýsingum sem Stöð 2 er búin að fá í hendur.

Svo virðist sem í forsrn. séu ekki til sundurliðaðar upplýsingar um það hvernig ætlunin var að ráðstafa þessum 300 millj. Það virðist því vera svo að vinnubrögðin í forsrn. séu þannig að tekið sé hrátt við upplýsingum frá nefndum sem eru starfandi á vegum ráðuneytisins. Það geta ekki talist eðlileg vinnubrögð, herra forseti, að ráðuneytið taki þannig upplýsingar hráar frá nefndinni án þess að óska eftir frekari upplýsingum.

Herra forseti. Nú er það að sjálfsögðu skiljanlegt hvers vegna forsrn. gat ekki svarað fyrirspurnum okkar um það hvernig ætlunin væri að ráðstafa þessum 300 millj. Það var sem sagt eingöngu einkavæðingarnefndar að ákvarða hvernig með þær skyldi farið og við höfum fengið slíkar upplýsingar nú á seinustu dögum að það er ekki skrýtið þó að menn hafi talið það eðlilegt að reyna að fela eða draga í lengstu lög að gefa upplýsingar um það hvernig þessi hópur hefur ráðstafað almannafé.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefði verið æskilegt að fá viðbrögð hér hjá hæstv. forsrh. og forseta þingsins bæði við óskum mínum um að þessir aðilar tjáðu sig um stöðu málsins ... (Forseti hringir.) Ég get lokið máli mínu ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil gera smáathugasemd. Hv. þm. hafði beðið um orðið og af þeim sökum gaf ég hv. þm. orðið áður en hæstv. forsrh. hafði tekið til máls. En það er mér að meinalausu þó að hv. þm. bíði með ræðu sína um hríð.)

Það er mér alveg að meinalausu að ljúka ræðu minni, virðulegur forseti, og hlýða þá á svör hæstv. forsrh. á eftir þó að hin röðin hefði kannski verið heppilegri úr því að forsrh. var búinn að biðja um orðið, þ.e. að hann hefði brugðist við og svarað. Ég held að það hefði nú verið venjulegri fundarstjórn. En við erum ýmsu vön þessa dagana og ég kippi mér ekki upp við það.

Ég vil leggja á það áherslu hér, herra forseti, í þessu máli að réttur alþingismanna til að krefja upplýsinga er sterkur. Hann er sjálfstæður og hann takmarkast ekki af upplýsingalögum. Það er aigjörlega augljóst mál að ef eitthvað er þá er hann ríkari.

Þess vegna er það alveg ótrúleg uppákoma sem hér er orðin, að forsrn. með stuðningi forseta Alþingis hefur neitað þingmönnum um upplýsingar um fjárhagsleg málefni í tengslum við afgreiðslu fjáraukalagafrv., en síðar eru sömu aðilar reknir til þess að veita þær upplýsingar á grundvelli úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Í 54. gr. stjórnarskrárinnar og í 46.–50. gr. þingskapalaga er fjallað um þennan rétt Alþingis og alþingismanna til upplýsinga.

Herra forseti. Hörmulegt er til þess að vita að við höfum á allra síðustu mánuðum sætt ítrekuðum tilraunum af hálfu

framkvæmdarvaldsins til þess að hafa þennan rétt þingmanna að engu. Forsrn., landbrn., iðn.- og viðskrn. og sjálfsagt fleiri ráðuneyti eru sek um sambærilega hluti.

Ég fer fram á að forsn. Alþingis og forsrn. og ráðuneytin fari nú yfir þennan úrskurð og setji sér vinnureglur í þessum efnum til þess að koma í veg fyrir jafnneyðarlega uppákomu og þá sem hér er orðin, að þingmenn sitji eins og illa gerðir hlutir, fáandi ekki upplýsingar um fjárhagsleg málefni sem öllum almenningi ber síðan á grundvelli upplýsingalaga samanber þá niðurstöðu sem hér er orðin.

[15:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þingmenn sitji hér sem heldur snoturlega gerðir hlutir, en ekki illa gerðir, að öllu leyti. Hér er mannval mikið.

Ég vil líka nefna það sérstaklega og af miklum þunga að það er auðvitað fjarri öllu lagi að menn séu að koma fram af einhverri óbilgirni gagnvart þinginu. Auðvitað eru menn ekki að því þótt menn séu að reyna að lúta samræmdum og eðlilegum reglum í samskiptum þings og framkvæmdarvalds.

Ég heyrði ekki þessar fréttir á Stöð 2 í gær. Ég get brugðist við athugasemdum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar með því að segja að það er sjálfsagt og eðlilegt að menn fari ofan í öll þessi mál í framhaldi af þessum úrskurði og fortíð málsins. Það er sjálfsagt að gera það.

Eins og ég skil málið — ég verð að hafa á því fyrirvara því að ég hef ekki farið nákvæmlega ofan í það — þá skil ég það svo að þessi úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál taki til afar takmarkaðs hluta af þeirri beiðni sem frá fjárln. kom þannig að ekki sé um algjörlega sambærilega hluti að ræða, eins og mér er sagt málið. Ég hef á þessu fyrirvara því ég hef ekki haft tíma eða tök til að fara nákvæmlega ofan í það. En ég svara því beint sem hv. þm. sagði hér síðast: Auðvitað er ég tilbúinn til þess að fara nákvæmlega ofan í þetta mál og kynna mér til hlítar hvarnig það er vaxið í heild sinni.

[15:23]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að gefnu tilefni geta þess að samkvæmt þingsköpum er heimilt að gera athugasemdir um störf þingsins í 20 mínútur, en engum er heimilt að tala oftar en tvisvar. Ég taldi eftir atvikum rétt og nauðsynlegt að gefa hæstv. forsrh. tækifæri á því að svara þeim spurningum og athugasemdum sem hér höfðu komið fram þó svo að hann hafi tekið tvívegis til máls áður til þess að svara öðru álitaefni sem hér var tekið til umræðu og spurningum sem til hans hafði verið beint.

[15:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Í stjórnarskránni stendur að ráðherrar megi tala svo oft sem þeir vilja. Þessu hefur að vísu verið breytt með þingsköpum. Þingsköp taka ekki af stjórnarskrá landsins.

[15:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil gjarnan gera þá athugasemd að vísu að ég er sammála hæstv. forsrh. um þetta en hef beygt mig fyrir því sem stendur í þingsköpum. En kannski má velta því fyrir sér hvort ástæða sé til þess.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 1. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Verndun hafs og stranda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 492. mál (heildarlög). — Þskj. 782.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Frv. GunnS o.fl., 457. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 737.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Innra eftirlit heilbrigðisþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 465. mál. — Þskj. 746.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 185. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 192.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁMM, EOK, GAK, JÁ, JóhS, JBjart, KolH, LMR, MS, PP, SF, SP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 820).

Samningsbundnir gerðardómar, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (fullnusta erlendra gerðardóma). — Þskj. 228.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁMM, EOK, GAK, JBjart, KVM, KolH, LMR, MS, PP, SF, SP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 821).

Getraunir, 3. umr.

Stjfrv., 314. mál (reikningsár). — Þskj. 390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁMM, EOK, GAK, HÁs, JÁ, JBjart, KolH, LMR, MS, PP, SF, SP, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 822).

Umræður utan dagskrár.

Störf og starfskjör einkavæðingarnefndar. [15:30]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Snemma í haust lagði ég fram litla fyrirspurn á hinu háa Alþingi til hæstv. forsrh. um störf og starfskjör framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Rétt er að taka fram að ýmislegt í þessu svari taldi ég þurfa að ræða frekar við hæstv. forsrh. og þá hafði ég ekki annað tækifæri en að óska eftir því að það yrði gert utan dagskrár. Töluvert langur tími er liðinn síðan það var en ýmislegt hefur gert það að verkum að þessi umræða hefur ekki getað orðið fyrr en nú.

Frá því að ég bað um þessa umræðu hefur líka margt komið í ljós og málið er alltaf að taka á sig nýja og nýja mynd, í raun og veru frá degi til dags og frá klukkutíma til klukkutíma. Hver veit nema eitthvað nýtt sé að koma fram einmitt á þessum mínútum sem tengist einkavæðingarferli Landssímans?

Í umræddu skriflegu svari kemur m.a. fram að hlutverk framkvæmdanefndar um einkavæðingu er og hefur verið að útfæra stefnu stjórnvalda og kaupa þá sérfræðiþjónustu sem á hefur þurft að halda vegna einkavæðingar ríkisfyrirtækja. Jafnframt kom fram í svarinu að annað stærsta hlutverk nefndarinnar væri að undirbúa sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands. Þar var ýmislegt fróðlegt og jafnframt stórundarlegt á ferðinni, sérstaklega hvað varðar greiðslur til nefndarmanna sjálfra, svo og furðulegir starfshættir þeirra.

Herra forseti. Heildarnefndarlaun einkavæðingarnefndar frá árinu 1996 og kaup þriggja nefndarmanna á sérfræðiþjónustu hjá sjálfum sér eru tæpar 40 millj. kr. með virðisaukaskatti. Þar af er hlutur formanns nefndarinnar rúmar 20 millj. kr., einnig með virðisaukaskatti. Þetta er að mínu mati, herra forseti, gróf sjálftaka á launum og afar óeðlileg stjórnsýsla, svo ekki sé meira sagt. Ef maður reynir að skyggnast inn á fundi nefndarinnar geta þeir verið eitthvað á þá leið að nefndarmenn koma saman á nefndarfund, samþykkja að nefndin þurfi að kaupa sér sérfræðiþjónustu fyrir nefndina og ákveða um leið að kaupa þessa sérfræðiþjónustu af sjálfum sér sem er afar óeðlileg stjórnsýsla eins og ég áður sagði.

Síðustu daga hefur svo fyrrv. formaður einkavæðingarnefndar, Hreinn Loftsson, staðið í nokkurs konar reikningsskilum við sig og þjóðina. Komið hafa fram fullyrðingar um ástandið í Landssímanum áður en til útboðs kom þannig að það hálfa væri nóg fyrir þann einkavæðingarferil. Fyrrv. formaður einkavæðingarnefndar hefur með þessu uppgjöri sínu stórskaðað Landssímann að mati sérfræðinga, verðfellt fyrirtækið um nokkra milljarða kr. og skapað ríkissjóði alls konar kostnað eins og fram hefur komið, m.a. í ummælum varaformanns fjárln.

Herra forseti. Hvar enda þessi ósköp öll í einkavæðingarferli ríkisstjórnarinnar? Einkavæðingarferillinn er orðinn eitt allsherjarklúður hæstv. ríkisstjórnar og einkavina hennar.

Í framhaldi af þessari upptalningu vil ég leggja fyrir hæstv. forsrh. eftirfarandi spurningu:

Getur það talist eðlileg stjórnsýsla að nefndarmennirnir sjálfir ákveði að kaupa sérfræðiþjónustu af sjálfum sér eins og þeir hafa gert?

Herra forseti. Það kemur líka fram í þessu svari að nefndarmönnum eru skammtaðar 5.500 kr. á tímann. Nefndarmennirnir fá þrjá tíma og stjórnarformaðurinn fimm tíma á viku. Ofan á þessar upphæðir greiðist virðisaukaskattur. Með öðrum orðum eru nefndarlaun greidd út sem verktakalaun. Vegna þessara aðferða við greiðslu nefndarlauna tel ég rétt að spyrja eftirfarandi spurninga:

Er það algeng regla á greiðslu nefndarlauna hjá ríkisvaldinu að greiða þau út sem verktakagreiðslur en ekki eins og hverja aðra launþegagreiðslu sem ber eðlilegan tekjuskatt eins og allur almenningur greiðir? Enn fremur: Hefur nefndarmönnum einkavæðingarnefndar verið bannað að taka þátt í umræddum hlutafjárútboðum, t.d. í söluferli Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þar sem þeir hafa búið yfir miklum innherjaupplýsingum? Nægir í því efni að nefna nýlega tilkynningu frá hæstv. viðskrh. þar sem grein er gerð fyrir því að starfsmenn ráðuneytisins mega ekki taka þátt í þessu.

Herra forseti. Hér hefur verið rætt í upphafi þingsins um þá leiksýningu sem í raun var sett á svið í lok desember af nokkrum nefndarmönnum fjárln. eftir að hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði út í þær 300 millj. kr. sem var óskað eftir í fjáraukalögum vegna einkavæðingarnefndar. Ég tel ekki þörf á að lengja umræðuna um það nú en segi rétt að lokum, herra forseti: Það er greinilegt að mjög margt í störfum einkavæðingarnefndar þolir ekki dagsljós.

[15:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er hissa á þessum síðustu orðum hv. þm. vegna þess að í því svari sem ég veitti honum var gengið lengra en þær reglur knýja á um og það veit hv. þm. Þar var engu haldið til baka. Þetta var því ósanngjarn punktur í restina en hv. þm. gat ekki stillt sig.

Þessi fyrirspurn hér er í tengslum við skriflega fyrirspurn sem hv. þm. setti fram fyrir alllöngu síðan og hefur, eins og hann sagði réttilega frá, dregist að þessi umræða hafi getað orðið og er við okkur báða að sakast, ef einhvern, í því samhengi. En ég vil svara þessu með nokkrum orðum.

Allt frá því að framkvæmdanefnd um einkavæðingu hóf störf hafa verið sjálfstætt starfandi sérfræðingar í nefndinni og þeir hafa einnig sent inn reikning fyrir þeirri vinnu sinni sem er umfram þá tíma sem áætlaðir eru og eru jafnaðartímar. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við það sem almennt tíðkast um aðkeypta vinnu í nefndum þannig að sjálfstætt starfandi sérfræðingar taka ekki við þóknun samkvæmt úrskurði þóknunarnefndar af augljósum ástæðum. Þannig hafa Hreinn Loftsson, Jón Sveinsson og Sævar Þór Sigurgeirsson allir tekið þóknun með þessum hætti á starfstíma nefndarinnar en Steingrímur Ari Arason hefur ekki tekið þá þóknun á meðan hann var í starfi á vegum ráðuneytisins vegna þeirra reglna sem um það gilda. Samkvæmt kerfinu hefur sem sagt frá upphafi verið greidd föst þóknun vikulega fyrir fundasetu og undirbúning funda eins og venjulegt er, og þá þrír tímar hjá nefndarmönnum en fimm tímar hjá formanninum. Síðan hafa nefndarmenn ítrekað bent á að vinnuframlag þeirra — það þekkja menn reyndar — er mun meira en þessum tímafjölda nemur. Til viðbótar föstum greiðslum fyrir fundasetu hefur því verið greitt fyrir ýmis verkefni sem nefndarmenn hafa þurft að vinna milli funda. Má þar nefna fundi með forsvarsmönnum fyrirtækja sem verið er að einkavæða, fundi með fjármálafyrirtækjum, ferðalög á fundi og þess háttar, samningafundi með kaupendum, skýrslugerð, undirbúning kaupsamninga og allt þess háttar. Fyrir þessa vinnu hefur verið greitt sérstaklega í samræmi við unnar stundir. Hafa nefndarmenn skilað reikningum vegna þessara starfa.

Hv. þm. sagði hér, og hefur sagt ítrekað áður, og ég held að það sé ekki viðeigandi að hann segi það um þessa ágætu menn sem þarna eiga hlut að máli, að þeir hafi verið að kaupa sérfræðiþjónustu af sjálfum sér. Þetta er algjörlega rangt og hv. þm. veit það. Þegar þessir menn eru valdir til starfa í einkavæðingarnefndinni eru þeir valdir af því að þeir búa yfir sérfræðiþekkingu. Þeir reka allir sínar skrifstofur. Þeir hafa ekki skrifstofu eins og þingmenn og ráðherrar þar sem séð er fyrir öllum kostnaði, hita og rafmagni, vélritunaraðstöðu og þess háttar. Allt þetta þarf að ganga þó að þessir menn séu á fundum annars staðar. Þetta er útseld vinna. Ef menn lesa nýjasta tímarit lögfræðinga má sjá að menn telja ríkið hafa hlunnfarið þá menn sem þannig starfa því að útseldur taxti ætti að vera í kringum 9.000–9.500 kr. á tímann vegna þess sem þessir menn bera. Þeir eru settir í nefndina sem sérfræðingar. Þegar vinna þeirra, hvort sem það er fundarseta eða annað, fer fram úr þeim tíma sem ákveðinn hafði verið, 3–5 tímar, fá þeir auknar greiðslur sem því nemur, sem sérfræðingar. Þeir eru ekki að ákveða að kaupa sér sérfræðivinnu. Þetta er algjör útúrsnúningur og hv. þm. er svo vel að sér eftir störf í sveitarstjórnum og víðar að hann veit það vel. Þessir menn eru ekki að semja við sjálfa sig eins og í því leikriti sem hann bjó til. Það var reyndar ekki mjög gott leikrit — það get ég dæmt um — sem hann setti á svið í þessum stól. Þessir menn eru sem sagt ráðnir til starfa sem sérfræðingar vegna þess að þeir hafa sérfræðiþekkingu og þeir verða að fara út úr fyrirtækjum sínum til að vinna þessi störf. Fyrirtækin bera kostnað engu að síður og auðvitað verður þetta að vera útseld greiðsla og ekki mögulegt að hafa þetta öðruvísi.

Varðandi það hvort þessir menn hafi fengið fyrirmæli um að taka ekki þátt í kaupum á hlutabréfum er mér ekki kunnugt um að svo sé, og ég veit ekki hvort það er svindl að ég keypti til að mynda sjálfur 100 þús. kr. í Símanum. Ég býst við að það mundi kannski flokkast undir að maður hafi verið bjartsýnn miðað við að allir töluðu um að verðið á Símanum væri allt of hátt. A.m.k. hef ég enn þann dag í dag ekki grætt á þessu og hafði engar aðrar upplýsingar en þær sem allir sögðu, að þetta væri allt of hátt, m.a. menn hér í þingsalnum. Ég vona að fleiri í salnum hafi tekið sama kost og ég gerði. Ég taldi mér skylt að sýna lit í þessum efnum en hafði ekki efni á meiru en þessu. (Gripið fram í.) Á hvaða verði, hv. þm.? Ég tel að mennirnir hafi unnið mjög samviskusamlega að þessum störfum enda mjög hæfir og góðir menn. Þó að salan hafi ekki gengið fram lýtur það ferli öðrum lögmálum. Það lýtur aðallega þeim lögmálum að við viljum ekki selja þetta fyrirtæki nema við fáum það verð fyrir sem við viljum.

Gagnvart þessum 300 millj. sem voru nefndar, og hafa oft verið nefndar áður, er ljóst að miðað við horfur eins og þær eru í dag munu þessar greiðslur ekki allar koma til. Þetta verður ódýrara en þarna var gert ráð fyrir, mun ódýrara eftir því sem ég best veit um þessar mundir.

[15:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér finnst sennilega alvarlegast við þessa umræðu að eftir að þær upplýsingar spurðust út sem þjóðin hefur orðið vitni að á undanförnum dögum og klukkutímum kemur hæstv. forsrh. fram og segir allt í lukkunnar velstandi. Það er ljóst að fram er komin ný stétt útgerðarmanna á Íslandi. Þessi stétt gerir út á ríkissjóð í tengslum við hlutafélagavæðingu opinberrar starfsemi og sölu almannaeigna. Hér er um að ræða einstaklinga og fyrirtæki sem hafa talið kaupendum þjónustu sinnar trú um að þeir búi yfir verðmætri þekkingu og þeir öðrum fremur kunni skil á faglegum vinnubrögðum. Við heyrðum á hæstv. forsrh. að hann hefur keypt þennan boðskap.

Við höfum að undanförnu verið að kynnast þessum faglegu vinnubrögðum og hvernig þessir aðilar standa að verki og við höfum fengið nokkra innsýn í starfsskilyrði einkavæðingarnefndar og sérfræðinga hennar. Tímakaupið er 5.500 kr. og síðan hafa þeir keypt þjónustu af sérfræðingum og ráðgjöfum í einkageiranum til að annast eins mikinn hluta vinnunnar og kostur er svo að ég vísi í svar hæstv. forsrh. um starfsemi einkavæðingarnefndar.

Í svarinu kemur einnig fram að iðulega eru sérfræðingarnir sjálfir einkavæðingarnefndarmenn ríkisstjórnarinnar og hefur formaður nefndarinnar til skamms tíma fengið í vasa sinn tæpar 17 millj. kr. frá 1996, þar af tæpar 5 millj. í fyrra. Annar nefndarmaður hefur fengið tæpar 7 millj. en báðir þessir aðilar hafa gegnt lykilstörfum í stórfyrirtækjum á Íslandi.

Annars þarf engum að koma þetta á óvart. Upp er runninn sá tími að okkur ber að virkja ágirnd og græðgi, sagði Margrét Thatcher, íhaldskonan breska fyrir tveimur áratugum, og svipaða hugsun hefur hæstv. forsrh. Íslands, Davíð Oddsson, einnig orðað. Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafa tekið hæstv. forsrh. á orðinu og nú er uppskeran að koma í ljós því að það eru gömul sannindi og ný að menn uppskera eins og til er sáð. En ekki get ég óskað Sjálfstfl. og Framsfl. til hamingju með uppskerutímann.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil áminna hv. þm. um að gæta hófs í orðum.) (**Gripið fram í:** Á að víta aftur?) (**Gripið fram í:** Hvað sagðirðu?)

[15:42]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er auðvitað með öllu þýðingarlaust að ræða svo viðfeðmt og alvarlegt mál eins og þetta á þessum hlaupum sem hér er gert ráð fyrir. Ég er svo gamall sem á grönum má sjá en ég þykist aldrei hafa staðið frammi fyrir öðru eins og því sem við nú sjáum frá degi til dags um það sem menn hafa handa á milli í umboði hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. forsrh. fór um það nokkrum orðum að þetta væri allt saman með eðlilegum hætti þegar menn eru að versla við sjálfa sig. Það er kannski líka eðlilegt að þeir sem taka að sér slík tugmilljarða stórverkefni stofni fyrirtæki með eiginkonunni sinni og versli við það til að sinna aukaverkefnum fyrir þessa miklu starfsemi. Frammi fyrir þessu stöndum við.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta en Alþingi hlýtur að taka miklu fastar á því en á þessum hlaupum. Spurningin sem ég varpa fram er þessi: Er ekki mál til komið að Alþingi kjósi rannsóknarnefnd sem geri ítarlega úttekt á þessum tveimur fyrirbrigðum sem eru einkavæðingarnefnd og Landssíminn? Því þetta verður ekki aðskilið í þeim heilaga hafragraut sem þar sýður.

[15:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. reyndi í svari sínu að skýra hið tvöfalda kerfi þóknana til fulltrúa í einkavæðingarnefnd. Ég er ekki sammála honum. En ég vil að gefnu tilefni spyrja hvort hann telji eðlilegt að þetta sama tvöfalda kerfi virki til að mynda hjá stjórnarformanni Símans eins og upplýst var um í morgun. Annars vegar taki hann laun sem slíkur og hins vegar telji hann út tíma til þessa sama fyrirtækis.

Ég tók eftir því í blöðum að þegar fráfarandi formaður einkavæðingarnefndarinnar, Hreinn Loftsson, lét af störfum þakkaði hæstv. forsrh. honum framúrskarandi störf. Því vil ég í annan stað inna hæstv. forsrh. eftir því hvort hann sé jafnánægður með hann eftir að hann lauk störfum og sendi frá sér yfirlýsingar um það fyrirtæki sem hann, að sögn, var að reyna að selja mánuðum, missirum og árum saman. Í ljós hefur komið að umfjöllun hans og einkunnagjöf hefur verðfellt fyrirtækið svo milljörðum skiptir. Er hæstv. forsrh. enn jafnánægður með störf hans?

Herra forseti. Í þessu sambandi vil ég minna á að Síminn býr yfir mikilli þekkingu, og 1.100 starfsmenn vinna þar. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann sé ekki sammála mér um að það ágæta fólk eigi ekki að þurfa að sitja undir þeim ósköpum sem á dagana hafa drifið á síðustu og verstu tímum þegar örfáum toppum þessa fyrirtækis hefur tekist að draga það niður í það svað sem það óneitanlega er komið í nú um stundir.

Herra forseti. Hefur hæstv. forsrh. ekki áhyggjur af þessari stöðu mála? Deilir hann ekki þeim skoðunum með mér?

[15:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Smátt og smátt er að dragast upp mynd af hugarfari og vinnubrögðum í kringum einkavæðingarveislu ríkisstjórnarinnar. Í ljós kemur t.d. að ofan í ríflega þóknun í stjórnskipaðri nefnd, sem ég lít svo á að einkavæðingarnefnd sé, eru nefndarmönnum greiddar milljónir á milljónir ofan í eitthvað sem kallað er sérfræðistörf fyrir nefndina sem þeir sitja sjálfir í. Það má spyrja: Er þess að vænta að þetta fyrirkomulag verði almennt í tengslum við nefndarstörf á vegum ríkisins og mun það ekki draga nokkuð langan slóða ef þessar nokkur hundruð nefndir, opinberar og stjórnskipaðar nefndir út og suður, láta sér þetta allt saman að kenningu verða og hafa þetta sem fordæmi?

Síðan kemur á daginn að formaður stjórnar Landssímans hefur auðvitað komið sér upp svipuðu fyrirkomulagi til þess að hafa þetta þægilegt hjá sér. Það má velta því fyrir sér, herra forseti, hvort ein skýringin eða réttlætingin á þessu sé sú að þarna sé um árangurstengdar greiðslur að ræða, því að ég hygg að þeir hafi báðir rökstutt þetta sérstaklega, þessa miklu vinnu og þessar miklu greiðslur, formaður einkavæðingarnefndar og formaður stjórnar Landssímans, með hliðsjón af því að þetta sé svo mikil vinna í kringum Landssímann. Það hefur þá væntanlega tekist svona vel og þarna er um sérstakar bónusgreiðslur til þessara snillinga að ræða fyrir vel unnin störf, eða hvað? Hvað á að bjóða mönnum í þessum efnum, herra forseti?

Síðan er öllu pakkað inn í leyndarhjúp eftir því sem kostur er. Athyglisvert er í kringum þessi mál að allar upplýsingar hefur þurft að sækja með töngum í formi fyrirspurna á Alþingi, í formi úrskurða hjá úrskurðarnefnd eða þá að blaðamenn hafa grafið þær upp. Öllu hefur verið leynt sem hægt hefur verið að leyna og maður skilur auðvitað hvers vegna það er gert þegar upplýsingarnar koma í ljós.

Ég minni á að Ríkisendurskoðun hefur nú hafið störf á grundvelli beiðni okkar um að störf einkavæðingarnefndar með sérstakri hliðsjón af einkavæðingu Landssímans verði rannsökuð og það er afar brýnt að því starfi ljúki sem fyrst.

[15:49]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði áðan í umræðum að hann væri tilbúinn til þess að fara yfir þau mál sem snúa að upplýsingagjöf m.a. til þingsins frá framkvæmdarvaldinu.

Herra forseti. Ég vona að hæstv. forsrh. nýti vel þann tíma sem fram undan er vegna þess að í morgun fór ég fram á það á fundi í fjárln. að ráðuneytisstjóri forsrn. kæmi á fund nefndarinnar, færi yfir málið, hvers vegna nefndinni var neitað um upplýsingar í desembermánuði og síðan í samhengi við þann úrskurð sem nú hefur fengist varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla. Það er því eðlilegt, herra forseti, að hæstv. forsrh. nýti tímann vel með ráðuneytisstjóra sínum þannig að við sem sitjum í fjárln. fáum hinar gleggstu upplýsingar

varðandi þetta mál þannig að nú verði allt sett upp á borð og ekkert falið.

Herra forseti. Margar hliðar eru á þessu máli. Hæstv. forsrh. talaði um að vinnubrögð væru mjög fagleg hjá einkavæðingarnefnd og væntanlega þá einnig hjá stjórnarformanni Símans. Hin faglegu vinnubrögð lýsa sér m.a. í því að þessir ágætu herramenn ráða sjálfa sig til sérfræðistarfa, ráða sjálfa sig til ráðgjafar og síðan fellur spilaborgin, eins og þegar fyrrv. formaður einkavæðingarnefndar kemur fram og segir: Landssíminn er ekki lengur söluvara. Og hvers vegna? Vegna þess að stjórnunin í fyrirtækinu er svo léleg.

Herra forseti. Er þetta ekki ábyrgðarhluti hjá manni sem ráðinn er til slíkra ábyrgðarstarfa og sem hefur slíkt traust hæstv. forsrh. að þar er talað um hin faglegu vinnubrögð? Hvers vegna, herra forseti, var þessi ágæti maður ekki búinn að segja þetta fyrir löngu síðan? Hvers vegna var ferlinu haldið áfram og hvers vegna var kostnaður enn aukinn við ferli sem sjálfur formaður einkavæðingarnefndar taldi vonlaust?

[15:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að hér gefist ekki mikill tími til að ræða þessi mál, þá held ég að mikilvægt sé að það sé gert. Dregið hefur verið mjög skýrt fram hvaða aðferðafræði er nú beitt á stjórnarheimilinu þegar menn þurfa að skammta sér einhver verðmæti.

Inn í þessa umræðu tengist óhjákvæmilega sú staða að einkavæðingarnefnd hefur með störfum sínum líklega verðfellt fyrirtækið Landssímann svo að um munar þannig að ég held að fráleitt sé að draga þær ályktanir að þær greiðslur sem hér um ræðir séu einhverjar sérstakar bónusgreiðslur, enda held ég að það væri þá a.m.k. dregið frá með einhverjum hætti.

Ég held að nauðsynlegt sé, virðulegi forseti, í þessu samhengi að vekja athygli á 72. gr. hlutafélagalaga, en þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra ...“

Ég held, virðulegi forseti, að það sé alveg nauðsynlegt að kannað verði til hlítar í þeim samningum sem dregnir voru fram í fjölmiðlum í morgun þar sem fram kom að stjórnarformaður Landssímans hafi gert sérstaka samninga við hæstv. samgrh., hvort það sé svo að þetta tiltekna ákvæði hafi verið brotið eður ei, því það segir sig sjálft þegar stjórnarformanni í fyrirtæki er ætlað það hlutverk að passa upp á hagsmuni fyrirtækisins, að það getur aldrei, virðulegi forseti, verið þannig að tryggt sé að menn passi upp á slíka hagsmuni þegar þeir sitja báðum megin borðsins.

[15:53]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hér komu fram þó að ég sakni þess að öllum spurningum hafi ekki verið svarað og þeim örfáu þingmönnum sem tóku þátt í umræðunum. Hins vegar get ég ekki annað í upphafi máls míns en vakið athygli þingheims á því og bið ég þingheim aðeins að líta yfir salinn að hér vantar alveg fulltrúa eins stjórnmálaflokks, nefnilega framsóknarmanna, annars stjórnarflokksins. Það hefur enginn framsóknarmaður tekið þátt í umræðunni en venjan er sú, herra forseti, að hver þingflokkur hefur getað mannað og sett tvo á mælendaskrá.

Ég vek athygli á öðru, herra forseti. Það hefur heldur enginn sjálfstæðismaður talað fyrir utan hæstv. forsrh. en Sjálfstfl. hefði líka getað sett tvo á dekk. Það er óvenjuleg lognmolla í salnum. Það getur kannski verið eins og ég sagði í upphafi að á þessari mínútu hafi eitthvað nýtt verið að koma fram og framsóknarmenn hafi þurft að skjóta á fundi til að skoða hvað er nýjast í einkavæðingarferlinu. Þeir eru á flótta frá málinu, framsóknarmenn. Þeir eru á handahlaupum út um allan bæ. Ég trúi ekki að allir framsóknarmenn séu komnir með flensuna sem er að ganga, ég trúi því bara ekki.

Hér hefur verið reynt að ræða um þetta en ég tek eftir því að menn vilja helst ekki ræða þetta einkavæðingarferli Landssímans. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, mér finnst það léleg kaup að kaupa þá þjónustu hjá einkavæðingarnefnd sem skilur ekki vitjunartíma sinn með söluferli Landssímans, að ekki skuli hafa verið hætt við eftir 11. september sl. þar sem allir fjármagnsmarkaðir í heiminum steinlágu í beinu framhaldi af því. Nei, einkavæðingarnefnd hélt áfram veginn, áfram veginn, ekki að gera neitt.

Ég vil rétt í lokin, herra forseti, áður en hæstv. forsrh. kemur hér aftur, bæta við einni spurningu og spyrja hæstv. forsrh. hvort honum sé kunnugt um það að Landssími Íslands hafi þurft að borga eitthvað í þessu einkavæðingarferli fyrir utan ríkissjóð.

[15:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Til þess að létta þeim leyndardómi sem a.m.k. snýr að Sjálfstfl. af þessari þrungnu umræðu sem hv. þm. nefnir, þá var það svo að þingflokkurinn taldi að þetta væri dálítið úr sér gengin umræða, þetta væri atvik sem væri þriggja vikna gamalt en við vildum samt, eins og kunnugt er, eiga þessa umræðu, ég og fyrirspyrjandi. Ég held að það hafi verið meginástæðan fyrir því að menn töldu ekki ástæðu til að taka þátt í umræðunni, enda höfðu samfylkingarmenn beðið um alls konar umræður og vildu, eftir því sem ég best veit, fella þessa umræðu niður en það vildi hv. málshefjandi ekki. Þess vegna fór hún fram. Ég fékk þau skilaboð frá formanni Samfylkingarinnar að hann vildi fella þessa umræðu niður eða sameina hana öðrum. (**ÖS:** Nei, nei.) Nú, ekki svo. Þau skilaboð fékk ég. Ég mun láta sannreyna það.

En það sem vekur hins vegar athygli mína í þessu máli er það að menn hafa ekkert verið að ræða þetta mál sérstaklega heldur farið út um víðan völl og verið að ræða eitthvað annað. Þeim þykir ekki nægjanlegt að ræða þetta mál og auk þess fara þeir langar leiðir til að gera málið tortryggilegt. Það bendir til þess að þeim finnist ekki málið nógu vont. Menn tala jafnan um að þetta séu háar greiðslur, milljónir á milljónir ofan, og menn eru að tala þarna um sex ára vinnuframlag. Ég held að þingmannslaun þyki ekki há en ef allt væri talið væru þau kannski 5–6 millj. á ári, 30 millj. á þessum tíma, og ef síðan sá kostnaður sem lagður er út fyrir þingmenn með sama hætti, skrifstofuhald og allt þess háttar sem hér er borgað fyrir okkur, þá erum við kannski að tala um 60 millj. Auðvitað geta menn lagt fram svona upphæðir og sagt: Hvað er þingmaður að fá 60 millj. á sex árum og kemur engu til leiðar o.s.frv.? Menn geta talað með þessum hætti.

Staðreyndin er sú, og það þýðir ekki að halda öðru fram við fólk aftur og aftur, staðreyndin er sú hvernig sem fólk lætur, að hér hefur enginn keypt sérfræðiþjónustu af sjálfum sér. Mönnum voru skaffaðir vissir tímar, ákveðnir tímar sem sérfræðingar. Yrðu þeir tímar fleiri fengu þeir borgað sem

því nam. Þetta vita þingmenn þó að þeir séu með þennan útúrsnúning hér af einhverjum ástæðum.

[15:57]

Útbýting þingskjals:

Starfslokasamningar hjá Landssímanum, 395. mál, svar samgrh., þskj. 819.

Um fundarstjórn.

Athugasemd forseta.

[15:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við utandagskrárumræðuna áðan gerði hæstv. forseti athugasemd við orðaval mitt og óskaði eftir því að ég gætti hófs í orðavali, ef ég tók rétt eftir. Ég óska hér með eftir því við hæstv. forseta að fá að vita til hvaða orða minna hann vísaði.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 493. mál (lögreglumenn). — Þskj. 783.

[15:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við gerð kjarasamnings fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna sem undirritaður var á síðasta sumri. Í tengslum við þann kjarasamning gáfu fjmrh. og dómsmrh. út yfirlýsingu þar sem vikið er að nokkrum atriðum sem ætlunin er að lögfesta á hinu háa Alþingi reynist fyrir því meiri hluti. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem ég mæli fyrir með þessu frv., og hins vegar breytingar á lögreglulögum sem er að finna í frv. hæstv. dómsmrh. sem einnig er á dagskrá þessa fundar.

Í yfirlýsingu okkar dómsmrh. frá því 13. júlí 2001 kemur fram að ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir því að ákvæðum lögreglulaga verði breytt þannig að lögreglumenn verði leystir frá embætti sínu þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmrh. ákveður með reglugerð. Jafnframt kemur fram í umræddri yfirlýsingu að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að lífeyrir verði reiknaður eins og viðkomandi hefði starfað til 70 ára aldurs. Í samræmi við þetta er í þessu frv. lagt til að tekin verði upp sérákvæði í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um útreikning á lífeyri lögregumanna sem láta af embætti við 65 ára aldur.

Eins og ég gat um flytur dómsmrh. frv. samhliða þessu sem lýtur að styttingu á starfsaldri lögreglumanna.

Frv. það sem hér um ræðir mun óhjákvæmilega hafa í för með sér nokkurn kostnað fyrir ríkissjóð. Ekki er þó gert ráð fyrir að þær viðbótarskuldbindingar sem stofnað er til vegna styttingar á starfsaldri lögreglumanna hafi áhrif á núverandi skuldbindingar ríkissjóðs við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eins og nánar kemur fram í skýringu við b-lið 1. gr. frv. Á móti þeim kostnaði, sem ætla má að frv. fylgi, kemur að breytingin mun hafa jákvæð áhrif á störf lögreglumanna, á skipulagningu starfa þeirra og þannig stuðla að hagræðingu hjá lögregluembættunum í landinu.

Eins og fram kemur í nefndri yfirlýsingu dómsmrh. og fjmrh. er gert ráð fyrir að dómsmrh. verði gert mögulegt að breyta starfslokaaldri lögreglumanna með reglugerð. Eðli málsins samkvæmt verður slíkt ekki gert nema að höfðu samráði við fjmrh. og undangengnu mati á áhrifum slíkra breytinga, eigi þær jafnframt að hafa áhrif á lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og ríkisfjármálin að öðru leyti.

Í a-lið 1. gr. frv., sem gerir ráð fyrir nýrri 39. gr. í lögunum, felst ákveðin sérregla að því er varðar útreikning á lífeyri lögreglumanna sem veitt er lausn frá embætti við 65 ára aldur. Við það tímamark verður hverjum og einum lögreglumanni reiknaður viðbótarlífeyrir eins og hann hafi starfað til 70 ára aldurs. Gert er ráð fyrir því að reglan taki einnig til makalífeyris. Hafi sjóðfélaga þannig verið reiknaður viðbótarlífeyrir við útreikning samkvæmt greininni fær maki hans aukin réttindi í samræmi við það ef til greiðslu makalífeyris kemur. Á hinn bóginn ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er of mikill kliður í salnum og hliðarsölum.)

Á hinn bóginn hefur reglan ekki áhrif á greiðslu barna- og örorkulífeyris. Þá eiga ákvæði um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris ekki við þegar reiknaður er viðbótarréttur samkvæmt ákvæðinu.

Í b-lið 1. gr. frv. er gert ráð fyrir nýrri 40. gr. í lögunum. Þar er lýst samskiptum ríkissjóðs og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þessara mála. Í grundvallaratriðum felast þau í því að í hvert sinn sem lögreglumanni er úrskurðaður viðbótarlífeyrir greiðir ríkissjóður heildargreiðslu til sjóðsins vegna viðbótarréttinda hans. Útreikningurinn tekur mið af þeim tryggingafræðilegu forsendum sem notaðar eru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir að viðbótarskuldbindingar sem myndast vegna lögreglumanna sem láta munu af störfum við 65 ára aldur hafi áhrif á mismun áfallinna skuldbindinga og eigna sjóðsins eða raski skuldbindingum launagreiðenda innbyrðis. Þá hefur ákvæðið ekki áhrif á útreikninga iðgjaldaprósentu launagreiðenda til A-deildar samkvæmt 4. mgr. 13. gr.

Sú skipan sem hér er lögð til leiðir til þess að þær skuldbindingar sem stofnað er til verða ekki virkar gagnvart ríkinu fyrr en hlutaðeigandi lögreglumaður hefur látið af embætti sínu við 65 ára aldur. Að því leyti sem þær verða reiknaðar með í framtíðarskuldbindingum, þ.e. heildarskuldbindingum lífeyrissjóðsins, verður að sama skapi reiknað með framtíðariðgjöldum vegna þeirra.

Í ákvæði til bráðabirgða, sem er 3. gr. frv., er stefnt að því að tryggja samræmi við ákvæði til bráðabirgða í frv. dómsmrh. til breytinga á lögreglulögum. Þannig er miðað við að lögreglumönnum sem orðnir eru 65 ára við gildistöku laganna en hafa ekki enn látið af störfum verði veitt lausn í síðasta lagi 1. október 2002, enda hafi þeir þá ekki valið að um starfslok þeirra fari eftir eldri reglum.

Lögreglumenn sem hér falla undir geta að sjálfsögðu óskað strax eftir lausn frá embætti og hafið töku lífeyris á grundvelli sérreglunnar. Hafi þeir á hinn bóginn ekki gert það fyrir 1. okt. nk., er gert ráð fyrir að þeim verði veitt lausn frá og með þeim tíma og taki í framhaldi af því lífeyri samkvæmt hinni nýju reglu.

Loks er í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðsins gert ráð fyrir því að sérreglan taki einnig til þeirra lögreglumanna sem

orðið hafa 65 ára eftir 13. júlí 2001 og hafið töku lífeyris í framhaldi af því.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að ég hef athugað ummæli hv. 13. þm. Reykv., Ögmundar Jónassonar, frá því áðan og er athugasemd hans rétt. Atvik gáfu ekki tilefni til athugasemda forseta og biðst ég afsökunar á því.

[16:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Tiltölulega nýverið var starfskjörum opinberra starfsmanna breytt með aðlögunarsamningum sem færðu dagvinnulaun nær raunverulega greiddum launum. Við þessa breytingu, sem ég varaði við á sínum tíma, jukust skuldbindingar ríkissjóðs óskaplega, þ.e. um 100 milljarða á fimm árum. Herra forseti, 100 milljarðar á fimm árum er tala sem enginn skilur þangað til hún er sett í eitthvert samhengi, t.d. hækkun á dag. Aðlögunarsamningarnir hafa valdið aukningu á skuldbindingum ríkissjóðs um 55 millj. á dag, hvern einasta dag ársins, sunnudaga sem aðra daga. Þvílíkar eru tölurnar. Þetta er allt ógreitt, herra forseti, og meira til. Það eru 170 milljarðar ógreiddir, sem ríkissjóður á eftir að greiða til velferðarkerfisins. Velferðarkerfið er meira og minna ógreitt.

Nú er strax byrjað að grafa undan þessu nýja kerfi sem sett var á með vísan til þess að lögreglumenn sinni erfiðu starfi. Ekki skal ég draga það í efa. En það eru fleiri stéttir sem sinna erfiðum störfum, herra forseti. Þar vil ég sérstaklega nefna grunnskólakennara sem eru að ala upp börn sem oft eru afskaplega óöguð og óþekk. Það er mjög erfitt starf. Ég vil einnig nefna hjúkrunarfólk í bráðamóttöku og hægt er að nefna fjölda dæma um fólk í opinberri þjónustu, fangaverði o.s.frv. Allt þetta fólk mun koma í kjölfarið. Það mun koma í kjölfarið og krefjast hins sama.

Nú gæti einhver sagt að það muni ekki miklu hvort maður fer á lífeyri 65 eða 70 ára. En það munar því að skuldbindingin vex um 40%, til viðbótar við þá 100 milljarða sem skuldbindingin hefur vaxið um á síðustu fimm árum. Ég vara eindregið við meiri aukningu á þeirri skuldbindingu og mér þætti skemmtilegra ef einhver benti mér á hvernig ætti að greiða þessi ósköp. Ég bendi á að allar tryggingagreiðslur almannatrygginga til öryrkja- og ellilífeyrisþega, barna og einstæðra mæðra o.s.frv., eru um 15 milljarðar á ári. Við erum að tala um margfalda þá tölu. Allar lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðunum eru líka um 15 milljarðar á ári. Samtals 30 milljarðar en aukningin ein sér hefur verið 20 milljarðar á ári síðustu fimm árin. Hvernig ætla menn að borga þetta?

Ég bendi á að öll laun opinberra starfsmanna og allar skuldbindingar vegna opinberra starfsmanna eru greidd af hinum hluta þjóðarinnar. Þeir sem ekki eru opinberir starfsmenn eru 80% af þjóðinni. Þeir munu standa undir þessu. Þeir munu standa undir þessu, börnin okkar í framtíðinni, með sköttum. Þetta er allt meira og minna ógreitt. Mér þætti gaman ef einhver segði mér, t.d. hæstv. fjmrh., hvernig á að borga þetta? Hvernig ætla menn að borga enn meiri skuldbindingar? Hvílík léttúð er að gera svona kjarasamninga.

Hér eru ýmsar útfærslur á að þetta skuli greitt í sjóðinn þegar kemur að uppsögn, þegar maðurinn hættir störfum o.s.frv., það breytir grundvallaratriðinu ekki neitt. Það er verið að búa til nýja skuldbindingu. Þetta mun fara út um allt kerfið. Fyrst byrja fangaverðir, röðin er sú væntanlega að fangaverðir koma næst á eftir. Síðan kemur fólk á bráðamóttöku, hjúkrunarfólk. Þá koma grunnskólakennarar, framhaldsskólakennarar, flugumferðarstjórar o.s.frv. Allt eru þetta skuldbindingar sem settar eru á restina af þjóðinni, sem með sköttum á að greiða þetta í framtíðinni.

Menn hafa líka sagt að þetta sé ákveðinn stjórnunarvandi, svo mikið sé af eldri lögregumönnum að það horfi til vandræða. Stjórnun leysir maður öðruvísi heldur en með auknum skuldbindingum á ríkissjóð. Það leysir maður öðruvísi.

Ég sé því enga þörf fyrir þetta frv. Ég mun greiða atkvæði gegn því. Þarna er verið að setja fullfrískt fólk, 65 ára, á lífeyri. Það er ekki bara réttur heldur skylda. Lögreglumenn skulu, samkvæmt því frv. sem við ræðum hér á eftir, um breytingu á almennum hegningarlögum og lögreglulögum, leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr. Fullfrískir menn. Nú er það þannig að ævin er alltaf að lengjast. Menn eru alltaf að verða eldri og eldri, friskari og friskari. Á sama tíma ætla menn að setja fullfrískan, 65 ára gamlan, sprækan lögreglumann á eftirlaun sem gamalmenni. Þetta er öfugþróun, herra forseti. Það ætti frekar að setja viðkomandi á námskeið, líkamsræktarnámskeið eitthvað svoleiðis, ef hann hefur þörf fyrir það.

Herra forseti. Mér finnst að þarna sé um léttúðuga samningagerð að ræða. Léttúðuga, þar sem menn hafa skrifað undir samninga undir þrýstingi og samið um stórfelldar skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

[16:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég átti svolítið erfitt með að átta mig á ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndal. Hann benti á að aðrar stéttir kynnu að koma í kjölfarið þegar fram líða stundir. Hann nefndi hjúkrunarfræðinga, fangaverði og ýmsar aðrar stéttir. Fyrst í stað hélt ég að hann teldi það æskilega þróun að stytta starfsaldur fólks og gera því kleift að fara á lífeyri. Undir lokin snerist hins vegar dæmið við og hann sá fáa ljósa punkta í þessu máli.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal staðnæmist gjarnan við fortíðina þegar lífeyrismálin eru uppi. Hann talar um skuldbindingar sem hvíla á lífeyrissjóðum. Hægt er að hafa langt mál um hvernig þær mynduðust, hvernig gamla lífeyrisfyrirkomulagið sparaði almannatryggingum tugi og hundruð, ef ekki hundruð milljarða á liðnum áratugum, og hvernig ríkið og opinberir aðilar hafa nýtt sér þessa sjóði sem ódýrt lánsfjármagn. Allt eru þetta atriði sem hægt er að fara um mörgum orðum.

Ég kýs fremur að horfa fram á veginn og fagna þeim framfarasporum sem hafa verið stigin á Íslandi á sviði lífeyrissjóðsmála. Við höfum verið að byggja upp lífeyrissjóðakerfi sem tekur flestum öðrum kerfum fram í Evrópu. Þar á bæ horfa menn öfundaraugum til þess sem Íslendingar hafa gert til að stuðla að sparnaði og bæta kjör lífeyrisþega. Allt finnst mér þetta vera með því jákvæðasta sem gerst hefur í samfélagi okkar á síðustu árum.

Ég fagna þeim markmiðum sem fram eru sett í þessu frv., að auðvelda lögreglumönnum að ljúka starfsævinni fyrr í því starfi og tryggja þeim bærileg kjör á eftirlaunaaldri. Ég fagna því.

Hitt er rétt að þegar fram líða stundir munu aðrir hópar vilja koma í kjölfarið, þjóðfélagið tekur framförum sem betur fer, á þessu sviði ekki síður en öðrum. Að sjálfsögðu mun

það gerast þegar fram líða stundir að aðrar stéttir, hjúkrunarstéttirnar sem gegna erfiðu hlutverki, óska eftir því að stytta starfsdag sinn. Ég tel að hér náist mjög jákvæð markmið með þessu frv. og vil lýsa eindregnum stuðningi við þau.

[16:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll laun lífeyrisþega eru beint eða óbeint greidd af vinnandi fólki. Þegar menn eru að bæta kjör lífeyrisþega þá er það greitt af hinum vinnandi með sköttum eða *vöxtum eða greiðslum af lánum eða á einhvern hátt.* Peningarnir koma ekki frá guði almáttugum. Það er ekki þannig. Spurningin er því hversu góð eiga kjör lífeyrisþega að vera í samanburði við kjör þeirra sem eru vinnandi og eru að ala upp börn og koma sér upp þaki yfir höfuðið o.s.frv. Því er vandmeðfarið hvað eigi að bæta kjörin mikið.

Það kom fram í Morgunblaðinu fyrir stuttu í úttekt á lífeyrismálum að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru umtalsvert betri en gerist á almennum markaði hjá hinum venjulega launþega á Íslandi sem ekki er opinber starfsmaður en verður að greiða þessi ósköp. Hv. þm. sagði við *lögreglumenn að þeir gætu hætt í því starfi. Hann gaf í skyn* að lögreglumenn mundu þá fara í annað starf þegar þeir væru komnir á lífeyrisaldur og væru komnir með fullan lífeyrisrétt og launaígildi, að þeir gætu verið á tvöföldum launum, eða hvað? Ég spyr hv. þm. að því.

Svo vildi ég fá að vita líka hvernig hann sjái fyrir sér að 170 milljarða ógreidd skuld ríkisins til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verði greidd, hafandi í huga að almannatryggingar kosta 15 milljarða á ári?

[16:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi framtíðina þá hefur verið gerð gagnger breyting á lífeyriskerfinu þannig að inn koma iðgjöld til að standa straum af kostnaði við útgjöldin, við réttindin sem eru í kerfinu. Við höfum farið inn í nýja hugsun að þessu leyti. Það er ekkert nýtt að fólk reyni að sá fræjum sundrungar innan verkalýðshreyfingar og benda á mismunandi kjör. Ég gat um það í ræðu minni áðan að sem betur fer hefði þróunin verið jákvæð fyrir allt launafólk á liðnum árum og ég vona að svo verði enn um sinn.

Hér er að mínum dómi verið að stíga framfaraskref fyrir þessa stétt, lögreglumenn, og að sjálfsögðu vonast ég til þess að aðrir hópar og aðrar stéttir muni einnig njóta góðs af þegar fram líða stundir. Ég horfi t.d. til sjúkrahúsanna hvað þetta snertir.

[16:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tók undir það sem ég sagði. Hann *horfir til sjúkrahúsanna í þessu sambandi. Hann horfir sem* sagt á það að aðrar stéttir komi í kjölfarið strax og stórauki þessa skuldbindingu sem enn er ógreidd. Hann tók ekkert á því hvernig ætti að greiða þetta enda virðist hv. þm. vera alveg sama um hver eigi að geiða ósköpin. Og hver skyldi greiða þessi ósköp? Útlendingar? Japanar? Nei, íslenskir skattgreiðendur. Það eru félagsmenn í ASÍ, og þótt hann væni mig um að ég sé að sá fræjum sundrungar þá er þetta staðreynd. Engir aðrir en skattgreiðendur greiða laun opinberra starfsmanna alla tíð. Það getur enginn annar gert það.

Ekki vill hann selja ríkisfyrirtækin til að borga laun opinberra starfsmanna, eða hvað? Það verður væntanlega ekki ofan á. Enginn svarar þessu. Ég spurði hv. þm. hvað það *þýddi þegar hann lagði áherslu á að lögreglumenn gætu hætt* í „því starfi"? Hann svaraði því ekki heldur. Hér er verið að búa til óútfylltan tékka til framtíðar stílaðan á börnin okkar, á framtíðarskattgreiðendur, á íslenskt atvinnulíf og íslenska velmegun í framtíðinni. Ég er ekki sáttur við slíka tékkaútgáfu. (Gripið fram í.)

[16:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við stöndum straum af kostnaði við almannatryggingar og lífeyrisréttindi að hluta til úr skattpyngjum ríkisins. Inn í þá pyngju borga allir landsmenn og *fyrirtækin. Ég hef verið einarður talsmaður þess að skattar* séu ríflegir á Íslandi til að standa straum af kostnaði við velferðarþjónustu og einnig (**PHB:** Hækka þá meira?) hins, að öldruðu fólki séu búin bærileg lífskjör. (**PHB:** Hækka skattana meira.) Ég skil ekki þessa árátту sem fram hefur ítrekað komið hjá hv. þm. Pétri H. Böndal, að sjá ofsjónum yfir því að fullorðnu fólki, fólki sem hefur lokið starfsdegi sínum séu búin bærileg lífskjör. Honum er ómögulegt að sjá fyrir sér að fólk taki sér nokkuð fyrir hendur án þess að fá greitt fyrir það. Ég var að vísa til viðfangsefna sem fólk mundi taka sér fyrir hendur að sinna á fullorðnisaldri. Ég vék ekkert að launuðu starfi. Ég gerði það ekki. Það gæti verið að fást við önnur verkefni og starfa að uppbyggilegum þáttum þótt það væri ekki í launuðu starfi.

Ég ítreka að hér er verið að stíga framfaraspor. Ég vona svo sannarlega að þegar fram líða stundir komi aðrar stéttir í kjölfarið og allir landsmenn, allir eftirlaunaþegar þessa lands.

[16:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur eðli lögreglustarfsins breyst mjög mikið. Það vitum við sem fylgst höfum náið með því hvernig lögreglan vinnur og við hvaða aðstæður hún vinnur hverju sinni. Það er viðurkennd staðreynd. Það er ekki bara krafa lögregumanna, það er krafa almennings að búa við ákveðið öryggi, sérstaklega á tímum þegar eðli afbrota hefur breyst og aukin fíkniefnaneysla blasir við. Stór hluti af því að takast á við þetta breytta umhverfi var m.a. að „yngja upp" lögreglulið landsins. Við vitum að á nokkrum stöðum á landinu hefur verið lögreglulið þar sem vissulega hafa verið fullfrískir menn miðað við aldur en engu að síður verið komnir á þann aldur að erfitt hefur verið fyrir þá að fást við erfið afbrot eða ofbeldistengd afbrot. Menn hafa veigrað sér við að senda lögregluþjón sem kominn er á hátt á sjötugsaldur á vettvang ofbeldisafbrota. Þeir hafa reyndar átt möguleika á því að gegna dagvöktum en ekki borið skylda til þess að ganga vaktir.

Ég tel að hæstv. *dómsmrh.* og hæstv. *fjmrh.* hafi með þeim samningum um starfslok sem gerðir voru í sumar, þ.e. að hægt væri að hefja töku lífeyris 65 ára, stigið mjög stórt skref við að reyna að lagfæra þessa stöðu um leið og farið var í átak til þess að fjölga í Lögreguskólanum til þess að yngja upp lögreguliðið í landinu. Þetta er mjög stórt skref og mikilvægt að mínu mati.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Pétur Blöndal kom hérna inn á, að í sumum tilvikum og mörgum tilvikum, flestum jafnvel sem betur fer, er um að ræða fullfríska einstaklinga 65 ára. Samt sem áður eru kröfur þessa starfs og eðli þannig

að 65 ára einstaklingur getur ekki tekist á við það eins og við krefjumst. Því var nauðsynlegt að stíga þetta skref.

Hvort aðrar stéttir komi á eftir verður bara að koma í ljós en þá verða menn líka að meta aðstæður, starfsaðstæður hverrar stéttar fyrir sig. Það hlýtur að vera viðurkennd staðreynd — meira að segja hlýtur hv. þm. Pétur Blöndal að viðurkenna það — að lögreglan býr við mjög sérstakt starfsumhverfi, krefjandi og lýjandi og sem slítur mönnum mun fyrr en mörg önnur störf í þjóðfélaginu.

Laun lífeyrisþega eru vissulega greidd af vinnandi fólki. En við skulum heldur ekki gleyma því að þessi stétt hefur við 65 ára aldur, þ.e. lögreglumaður sem ákveður að hætta störfum 65 ára hefur svo sannarlega skilað sínu til þjóðfélagsins, ekki bara í launum heldur í störfum.

Það má ekki horfa á þetta þannig að um sé að ræða greiðslur til einstaklinga sem hafi ekki skilað neinu til þjóðfélagsins, hvorki í ríkiskassann né störfum. Mér fannst helst mega skilja hv. þm. þannig. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir hv. þm. sem jafnframt er stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og hefur stutt ýmislegt sem ég get ekki fellt mig við að kynna sér starfsumhverfi lögreglunnar og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til af hálfu dómsmrh. til þess að reyna að styrkja stöðu lögreglunnar og þá um leið borgara þessa lands, skoða það og kynna sér það áður en haldnar eru ræður eins og hér áðan.

Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. Ég efast ekki um að það muni hafa í för með sér töluverðan kostnað fyrir ríkið sem við verðum að mæta og það er nokkuð sem ríkisstjórn á hverjum tíma verður að takast á við. Hér er um gerða samninga að ræða, samninga sem munu skila þessari stétt kjarabót, en munu líka skila sér í mun betri löggæslu fyrir borgara landsins.

[16:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekkert lítið úr störfum lögreglumanna, alls ekki. Ég geri heldur ekki lítið úr störfum fjölda annarra opinberra starfsmanna, svo sem eins og grunnskólakennara eins og ég nefndi, svo sem eins og fólks á bráðamóttöku, fólks sem sér um og annast Alzheimer-sjúklinga o.s.frv. Þetta eru ekki létt störf. Og allt þetta fólk kemur á eftir og það er svo sem alveg sjálfsagt og réttlátt að greiða því öllu lífeyrinn sem hér er talað um. (**ÖJ:** Þú vilt ekki ...) Ég bara veit að einhver þarf að greiða þessi ósköp. Það er bara það sem ég veit og hv. þingmenn virðast ekki vita. Mig langar til að spyrja hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að því sem ég spurði hv. þm. Ögmund Jónasson að rétt áðan en fékk ekki svar við: Hvernig ætla menn að borga þessa upphæð? (**ÖJ:** Ég svaraði.) Nei, það kom ekki fram hvernig ætti að greiða 170 milljarða (**ÖJ:** Jú, jú.) ógreidda, (**ÖJ:** Jú, jú.)

Herra forseti. Get ég fengið frið fyrir frammíköllum? Þau trufla mig nefnilega.

Síðan vil ég spyrja hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, hvernig hún meti það að með síbatnandi heilsufari og síhækkandi aldri þjóðarinnar séu menn að færa ellilífeyrisaldur úr 70 niður í 65 ára í þessu dæmi og meira að segja skylda menn til að fara á lífeyri. Það er í ljósi þeirrar þróunar að heilbrigði einstaklinga er stöðugt að batna. Það er ekki sami hluturinn að vera sjötugur í dag eins og það var fyrir um 30–40 árum. Það er allt annað.

Þá vil ég spyrja hv. þm.: Telur hún að samningar sem gerðir hafa verið hafi ekki verið gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis? Getur ráðuneytið gert svona samning án þess að hafa fyrirvara um samþykki Alþingis? Ég hélt að það væri Alþingi sem réði þessum lögum en ekki einhverjir samningsaðilar úti í bæ.

[16:28]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég reikna fastlega með því að báðir hæstv. ráðherrar sem hér eiga í hlut hafi gert þetta samkomulag með fyrirvara um samþykki Alþingis enda er frv. hér komið inn til umræðu þess vegna. Ég býst við að hv. þm. hafi líka fengið þetta stjórnarfrv. til umfjöllunar inni í þingflokki og getað hellt einhverju úr sér gagnvart efni þess þar og undirbúið hæstv. ráðherra sína fyrir það sem hann er hér að segja, þ.e. hvernig eigi að greiða þetta. Heldur hv. þm. — ég er ekki þeirrar trúar — að ef heilbrigði þjóðarinnar vex og starfskraftar fólks vaxa með tímanum að þá fari menn eins fljótt og þeir mögulega geta út úr þeim störfum sem þeir eru í? Það gerist ekki nema í þeim tilvikum sem það er nauðsynlegt þeirra vegna og vegna þess að við gerum ákveðnar kröfur um að þeir sem sinni slíkum störfum, eins og störfum lögreglumanna, séu á ákveðnum aldri. Krafan er ekki bara frá lögreglumönnum. Hún kemur líka frá okkur sem njótum þessarar þjónustu. Það er alveg klárlega þannig að hún er ekki eingöngu frá lögreglumönnum. Þegar við höfum verið að funda með lífeyrisþegum hef ég nú frekar heyrt það sjónarmið að þeir vildu láta opna fyrir það að þeir hefðu möguleika á þess að sinna einhverjum störfum, léttari störfum, heldur en að vera ýtt alfarið út af vinnumarkaðnum. Ég hef ekki þessa sömu áhyggjur. En við þurfum að ræða þetta, þ.e. að breytingar þyrfti að gera til að auka möguleika fólks til þess að fara til annarra starfa. Og lögreglumaður sem lýkur störfum sem slíkur 65 ára að aldri og fer í fullt starf annars staðar ætti auðvitað ekki að fá greiddan fullan lífeyri á meðan hann sinnir öðrum störfum.

[16:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hann fær nú samt sem áður fullan lífeyri þó hann gegni öðrum störfum eftir að hann er kominn á eftirlaun. Þannig er nú það.

Hv. þm. svaraði því ekki hvernig ætti að greiða 170 milljarða plús 40% sem þetta hefur í för með sér ef aðrar stéttir fylgja í kjölfarið eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, gaf í skyn að yrði næsta krafa. Ég vil benda á að fleiri stéttir sem ekki eru opinberir starfsmenn búa við erfið starfsskilyrði um ævina. Ég nefni t.d. sjómenn. Þeir búa ekki við þessi kjör. En þeir þurfa að borga aukin útgjöld ríkisins. Ég nefni verkamenn. Og ég nefni fjöldann allan af störfum í þjóðfélaginu þar sem menn verða slitnir um aldur fram. Allt slíkt þarf að greiða.

Mér finnst vera svo mikil óskhyggja í þessu, draumsýn, óraunveruleiki og firring. Menn átta sig ekki á því að það þurfi að borga brúsann. Menn hreinlega horfa fram hjá því og segja: Þessi er þreyttur. Hann þarf meira. Þessi þarf meira. Hinn þarf meira o.s.frv. Það á að bæta kjör alls staðar. En það er aldrei horft á það hver eigi að borga. Allt þetta er borgað með sköttum, herra forseti, virðisaukaskatti, tekjuskatti o.s.frv., sem er að sliga ungt fólk með börn, fólkið sem er að koma sér upp húsnæði. Þessu horfa menn fram hjá og svo segja þeir kannski í sömu andránni eða rétt á eftir: Við skulum lækka skatta líka.

[16:32]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvernig á að fara að því að greiða lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs? Það er auðvitað alltaf spurning um forgangsröðun hvernig við nýtum það fjármagn sem ríkið tekur inn í sköttum. Hv. þm. talar um skuld upp á 170 milljarða. (Gripið fram í.) Ég man ekki eftir langlokuræðum hér af hv. þm. hálfu þegar var verið að ræða um skattalækkanir á fyrirtækin um þessar skuldir, hvernig ætti að mæta þeim. Ef einhvers staðar er firring þá er hún annars staðar en í röðum stjórnarandstöðunnar, svo mikið er víst. En þetta er alltaf spurning um það hvernig við notum þær skatttekjur sem ríkið fær og til hvers.

Ég býst við að einhverjum sem hafa ekkert of miklar tekjur í dag finnist þeir greiða of háa skatta. Fólk úr mörgum stéttum hefur ekki of miklar tekjur og finnst það greiða of mikla skatta. En þetta sama unga fólk vill nú samt samkvæmt skoðanakönnunum, samkvæmt því sem maður heyrir á fundum og kynnist, fá sína samfélagslegu þjónustu og það vill hafa ákveðið öryggi borgaranna. Væri leitað með þetta frv. til fólksins í landinu og það spurt hvort því fyndist sem hér væri um réttláta aðgerð stjórnvalda og lögregluyfirvalda að ræða þá er ég alveg sannfærð um að yfirgnæfandi meiri hluti væri á þeirri skoðun.

Málið er að forgangsraða því fjármagni sem ríkið hefur rétt, hv. þm. Pétur Blöndal.

[16:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil segja aðeins örfá orð í ljósi þeirra orðaskipta sem hér hafa átt sér stað, sérstaklega yfirlýsinga frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég leyfi mér að fullyrða að ríkissjóður hefur stórlega hagnast á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í tímans rás. Þetta þarf að skoða með tilliti til samspils almannatrygginga og lífeyrissjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn hefur orðið þess valdandi að greiðslur úr almannatryggingum hafa verið miklu lægri en þær ella hefðu orðið.

Í annan stað vil ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að ríkissjóður, og þetta á einnig við um mörg sveitarfélög sem hafa notað lífeyrissjóði sína á samsvarandi hátt, hefur í tímans rás notað þessa fjármuni sem mjög ódýrt lánsfjármagn. *Við þurfum því að skoða heildardæmið áður en* við reiðum sleggjuna til höggs og kveðum upp sleggjudóma eins og þá sem við oft heyrum frá hv. þm. Pétri H. Blöndal um lífeyrismálin.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og jafnan þegar lífeyrismál og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ber á góma í þingsölum spinnast um það býsna fjörugar umræður en þó nokkuð almenns eðlis.

Ég ætla að leyfa mér að skipta efni síðari ræðu minnar í tvennt. Í fyrsta lagi langar mig að segja nokkur orð um frv. sem ég mælti hér fyrir og sem Alþingi þarf núna að afgreiða, segja af eða á um. Í öðru lagi langar mig að segja nokkur orð um þessi lífeyrismál að því er varðar opinbera starfsmenn á almennum grundvelli.

Þetta frv. er búið til og samið af alveg sérstöku tilefni. Tilefnið er sá kjarasamningur sem Landssamband lögreglumanna og undirritaður f.h. ríkissjóðs gerðu á síðasta sumri og í honum felst ákveðin viðurkenning á sérstöðu lögreglumanna og starfs þeirra. Í því felst ekki að verið sé að gefa nokkurt sérstakt fordæmi gagnvart öðrum og það felst ekkert fyrirheit af minni hálfu fyrir aðra hópa um framhaldið hvað sem hv. þm. Ögmundur Jónasson eða hv. þm. Pétur Blöndal hafa um það sagt. Vafalaust koma fram einhverjar slíkar kröfur. Þeim verður svarað þegar þar að kemur. En í frv. felst ekkert slíkt fyrirheit.

Í öðru lagi er það auðvitað þannig að þegar ráðherrar gera samninga eða undirrita yfirlýsingar, eins og felst í þessu *máli, þá er undirrituð yfirlýsing sem við dómsmrh. gerum* og afhendum viðsemjendum í málinu. Og hvað stendur í henni? Jú, að flutt verði frumvörp á Alþingi, annars vegar um breytingu á lögreglulögum og hins vegar á lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Að spyrja hér um það hvort menn hafi gert einhvern slíkan fyrirvara er auðvitað út í hött því það stendur í frv. sjálfu hvers eðlis þetta mál er að þessu leyti til. Auðvitað geta ekki allir þingmenn mætt, 63 talsins, til að ljúka slíku máli þegar þarf að klára einhver atriði á vegum framkvæmdarvaldsins. Til þess erum við með ákveðna einstaklinga sem hafa umboð löggjafarvaldsins, starfa í umboði meiri hluta þess, til þess að ljúka slíkum málum. Síðan reynir á hvort meiri hluti er fyrir því í hverju einstöku tilviki. Þannig er nú bara okkar stjórnskipan.

Þess vegna leyfðum við dómsmrh. okkur, að fenginni niðurstöðu í ríkisstjórn, að skrifa undir þessa yfirlýsingu og erum að efna hana núna með framlagningu þessara frv. *Þannig er nú það mál vaxið.*

Síðan er spurningin þessi: Er réttlætanlegt að taka þennan hóp út úr, lögreglumennina, og bæta aðstöðu þeirra að þessu leyti til með þeim hætti sem hér er verið að leggja til? Auðvitað má um það deila. Auðvitað hefur það staðið í mönnum í nokkur ár, allan þann tíma sem lögreglumenn hafa haft uppi þessa kröfu, hvort þetta væri réttlætanlegt bæði gagnvart þeim en líka gagnvart öðrum.

En niðurstaðan varð sú, m.a. vegna þess sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði áðan um eðli starfsins og þær breytingar sem á því hafa orðið, að þetta væri réttlætanlegt vegna þess að ekki væri lengur eðlilegt að menn á þessum aldri gegndu þessum erfiðu störfum, ekki síst með tilliti til þess hvernig mál hafa þróast hér, því miður, í þjóðfélaginu, en einnig með hliðsjón af því sem tíðkast í nálægum löndum að því er varðar eftirlaunarétt lögreglumanna.

Þetta er þetta tiltekna mál. Því fylgir ákveðinn kostnaður eins og ég gat hér um. Hann er rakinn í kostnaðarumsögn fjmrn. Erfitt er að meta hann vegna þess að ekki er nákvæmlega vitað hversu marga menn það muni eiga við á ári hverju. Talið er að næstu fimm árin verði þetta kannski 30–40 milljónir á ári, en gæti farið upp í 100 einhver árin, að meðaltali kannski 70–80 milljónir næstu 20 árin. Vissulega eru þetta háar upphæðir. Ég dreg ekki úr því.

Vissulega er skuldbindingin mikil í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hv. þm. Pétur Blöndal þreytist ekki á að tala um það, hvorki í þingsalnum né á öðrum vettvangi og það er bara gott að halda mönnum við það efni og gera mönnum ljóst að þarna eru alvöruskuldbindingar á ferð sem einhver verður að borga. En það er ekki rétt og ekki sanngjarnt að tala alltaf um þetta mál eins og ekkert hafi verið í því gert. Ég leyfi mér bara að minna á þær breytingar sem forveri minn, Friðrik Sophusson, beitti sér fyrir að því er varðar lífeyrismál opinberra starfsmanna, með lögunum sem hérna er lagt til að gerð verði breyting á, lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þar sem komið var upp sérstakri A-deild sem á að standa undir sér. Skuldbindingarnar sem hv. þm. nefnir, 170 milljarðar, tilheyra allar eldri

tíð, þ.e. B-deild, og öðrum deildum frá eldri tíma, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga o.s.frv. Það er því búið að koma þessu þannig fyrir að iðgjöldin í dag, frá árinu 1997, standa undir þeim skuldbindingum sem verða til hjá fólki sem hefur störf hjá ríkinu og er í A-deildinni. Hins vegar er svo þessi gamli vandi. En forveri minn beitti sér jafnframt fyrir því að þessi vandi var tekinn upp úr kafinu og er núna orðinn öllum sýnilegur. Hann er ekki lengur einhver stærð sem menn bara yppta öxlum út af og hugsa með sér að syndaflóðið komi eftir okkar daga, að syndaflóðið komi bara einhvern tímann þegar við verðum öll löngu hætt í pólitík. Menn hafa reiknað þetta út. Það liggur fyrir hvað þetta er. En það sem meira er — og það vil ég eigna sjálfum mér, ráðherrastarfi mínu — að byrjað er að borga inn á þessar skuldbindingar. Það hefur verið gert núna í nokkur ár af lánsfjárafgangi ríkissjóðs svo nemur tugum milljarða króna. Mig minnir að það sé núna uppreiknað með vöxtum yfir 40 milljarðar sem við höfum lagt í þetta dæmi á undanförnum árum. Og erum að halda því áfram vegna þess að vandinn sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur verið að benda okkur á er raunverulegur og ef við gerum þetta ekki þá fáum við þetta allt í bakið sem kröfu á ríkissjóð eftir tiltölulega fá ár, 10–15 ár, með þeim hætti að ríkissjóður yrði þá að borga beint inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að standa undir greiðslum á þeim tíma, lífeyrisgreiðslunum sem þá féllu til. Þá þyrfti ríkissjóður að fara að borga beint lífeyrisgreiðslurnar sem lífeyrisþegarnir eru að fá. Þetta er með öðrum orðum mjög þekkt vandamál og hefur legið fyrir núna í nokkur ár. En það er líka rétt sem hv. þm. sagði, að skuldbindingarnar hafa verið að aukast vegna þess að það hefur verið flutt úr yfirvinnu og öðrum greiðslum, m.a. með svokölluðum aðlögunarsamningum, yfir í dagvinnulaunin sem lífeyrisgreiðslur reiknast af. Þetta er allt saman rétt og þetta hefur auðvitað stórhækkað skuldbindinguna.

En ef vel tekst til í ríkisfjármálunum og ef við náum vopnum okkar með þeim hætti sem verið hefur á undanförnum árum, getum haldið áfram og fengið frið til þess að grynnka á þeirri súpu sem þarna er, þá mun okkur takast að komast fyrir vandamálið áður en það brestur á sem krafa þess efnis að ríkissjóður greiði lífeyrisskuldbindingarnar beint. Ég held að það sé sameiginlegt áhugamál og hagsmunamál okkar allra hér, hvar sem við stöndum í flokki og hvaða skoðun sem við höfum á opinberum rekstri og öllu mögulegu af því tagi, að koma í veg fyrir að sú staða komi upp. Þess vegna höfum við verið að gera þetta.

Við gerðum meira að segja samning við Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna um þessar aukagreiðslur, þessar viðbótargreiðslur. Hann er að vísu þess eðlis að ríkið ræður því hvort það innir þessar greiðslur af hendi. Það er ekki bein krafa eða skuldbinding að gera það. Hitt er alveg skýrt að bakábyrgð ríkissjóðs er þarna slík að allt sem gert verður til þess að grynnka á henni getur ekki orðið nema til góðs. Þessu hef ég leyft mér að beita mér fyrir. Það er nauðsynlegt að menn hafi þetta í huga þegar þeir eru að tala um þann mikla vanda sem er í þessu kerfi. En það er ekki sanngjarnt að tala um þennan vanda eins og hann sé bara nýr. Það sem er nýtt í þessu, tiltölulega nýtt, er að menn eru farnir að taka á þessum vanda. Menn fóru í að gera hann gegnsæjan í tíð forvera míns, fóru í að girða fyrir að hann magnaðist eins og áður var á ári hverju og það held ég sé hið besta mál.

Að öðru leyti vil ég þakka þeim sem hafa lýst yfir stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu, en einnig öðrum sem hafa talað hér almennt um þessi mál. Það er auðvitað nauðsynlegt að ræða þessi mál og reyna að átta sig á umfangi þeirra og kjarna eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur gert og flestum okkar betur því hann skilur þessi mál mjög vel enda er þetta á hans sérfræðisviði. En mér finnst hann gera of mikið úr því áhyggjuefni sem þetta er miðað við það sem verið er að gera til þess að reyna að leysa þennan vanda.

[16:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnvöld standa reglulega frammi fyrir ákveðnum vanda. Eitt sinn voru það framhaldsskólakennarar. Það var samið við þá, kostaði fimm milljarða kr. Síðan voru það barnaskólakennarar, verkfall, samið við þá, kostaði 23 milljarða kr. Og svo framvegis. Skuldbindingar opinberra starfsmanna hafa hækkað um fimm milljónir kr. á hvern einasta starfandi ríkisstarfsmann á síðustu fimm árum. Um fimm milljónir kr. hefur nettóeign þessa fólks aukist — á hvern einasta ríkisstarfsmann.

Nýtt kerfi var tekið upp. Í B-deildina voru sett öll gömlu réttindin og þar hafa þau vaxið, eins og ég nefndi, upp í 170 milljarða ógreidd. Í A-deildina átti að fara iðgjald sem stendur undir lífeyrisgreiðslum, reyndar breytilegt. Ef ávöxtun sjóðsins er ekki nægileg á iðgjald ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja að hækka, þ.e. skattgreiðenda.

Hér er verið að búa til nýjan vanda, herra forseti, af því að nú koma upp ný tilfelli. Lögreglumenn fara í verkfall eða aðrir fara í verkfall, t.d. grunnskólakennarar, og krefjast þess sama og lögreglumenn hafa fengið. Það er verið að gefa fordæmi. Verið er að grafa undan því kerfi sem menn eru nýbúnir að laga. Og það versta við þetta allt saman er að þetta er meira og minna ógreitt, herra forseti. Þetta er ógreitt. Skattgreiðendur eiga eftir að greiða þetta.

Og það allra versta er að opinberir starfsmenn kunna ekki að meta þetta. Þeir vita ekki hvers virði réttindi þeirra hjá sjóðnum eru. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé kominn tími til að upplýsa ríkisstarfsmenn sem aðra landsmenn um verðmæti réttinda þeirra hjá lífeyrissjóðunum þannig að þeir viti hvað þeir eiga, hver og einn?

[16:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort opinberir starfsmenn eru jafnilla að sér um þessi mál og hv. þm. gefur í skyn, eða menn almennt. En það er sjálfsagt að stuðla að aukinni upplýsingagjöf um þessi verðmætu réttindi sem fólk á, bæði í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og annars staðar. Það er líka sjálfsagt að ýta undir að fólk taki þau með í reikninginn þegar það er að reikna út heildarstöðu sína lagalega séð. Ég tek alveg undir það með þingmanninum.

[16:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa afstöðu. Maður verður mjög mikið var við að opinberir starfsmenn, hvort sem um er að ræða kennara, lögreglumenn, fangaverði eða bara hvern sem er, eru að bera laun sín saman við laun á almennum markaði, þ.e. greidd laun eða umsamin laun. Þeir gleyma þessum lífeyrisskuldbindingum sem er mjög veigamikið atriði í þeim samanburði. Fólk hefur bara enga forsendu til að meta það, það hefur ekki hugmynd um hvers virði þessi réttindi eru í dag.

Það er búið að fella fyrir mér aftur og aftur tillögu um að lífeyrissjóðunum sé gert að upplýsa fólk um þessi rétt-

indi. Það má ekki í dag. Það má ekki upplýsa sjóðfélagana um verðmæti réttinda sinna. (Gripið fram í.) Um verðmæti réttindanna. Það má ekki, það hefur verið fellt fyrir mér á Alþingi aftur og aftur. En nú heyri ég að þarna er orðin breyting á því hæstv. fjmrh. fellst á að skoðað verði að upplýsa fólk um þessi réttindi. Ég tel mjög mikilvægt að menn hafi til hliðsjónar hvaða réttindi þeir hafa til viðbótar við útgreidd laun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög og lögreglulög, 1. umr.

Stjfrv., 494. mál (sendierindrekar, grímubann, starfslok lögreglumanna o.fl.). — Þskj. 784.

[16:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og lögreglulögum, nr. 90/1996. Hér er um að ræða breytingar á ákvæðum laganna sem lúta að nokkrum aðgreindum tilvikum og má draga efnisatriði frv. saman í eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi er lagt til að við 95. gr. almennra hegningarlaga bætist ný málsgrein sem veiti aukna refsivernd fyrir ógnun eða valdbeitingu gagnvart erlendum sendierindrekum hér á landi, svo og fyrir eignaspjöllum sem unnin eru á sendiráðssvæði eða hótunum um að fremja slík eignaspjöll.

1. gr. frv. stefnir þannig að því að rýmka vernd gildandi 95. gr. laganna sem leggur refsingu við því að smána opinberlega eða hafa annars í frammi skammaryrði eða aðrar móðganir í orðum eða athöfnum við starfsmenn erlends ríkis sem staddir eru hér á landi. Getur t.d. skemmdarverk verið framið í sendiráði eða á sendiráðslóð þótt ekki sé afdráttarlaust um smánun að ræða gagnvart viðkomandi ríki eða tilteknum starfsmönnum þess. Er eðlilegt að kveða skýrar á um þetta atriði í refsilögum, einkum í ljósi þjóðréttarlegra skuldbindinga samkvæmt Vínarsamningi um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961 sem hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu, og voru sérstök lög, nr. 16/1971, sett af því tilefni.

Í öðru lagi er lagt til í 2. gr. frv. að nýju ákvæði verði bætt við lögreglulögin um heimildir lögreglu til að halda upp allsherjarreglu á opinberum fundum. Þegar uggvænt þykir að óspektir verði á fundinum getur lögregla bannað að menn hylji andlit sitt í því skyni að hindra að kennsl verði borin á þá.

Í nágrannaríkjum okkar hefur þróunin því miður orðið sú að óeirðir brjótist út á fjölmennum mótmælafundum þar sem framin eru alvarleg brot, svo sem eignaspjöll, ofbeldisbrot, einkum atlögur gegn lögreglu, og ekki hefur verið unnt að bera kennsl á ódæðismennina sökum þess að þeir hafa verið grímu- eða hettuklæddir. Þrátt fyrir að alvarleg tilvik af slíkum toga hafi ekki enn komið upp á Íslandi er óvarlegt að ætla að þróunin muni verða hér á annan veg en í nágrannalöndunum. Því er nauðsynlegt að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana. Með aukinni þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi sem leiðir m.a. til fjölgunar alþjóðlegra funda hér á landi og með opnun landamæra í Evrópu er nauðsynlegt að löggæsluyfirvöld séu í stakk búin til að takast á við slíkar aðstæður.

Í þessu frumvarpsákvæði er ráðgert að lögreglan geti gefið fyrirmæli um bann við að hylja andlit sitt, hvort heldur fyrir fram ef aðstæður eru þannig að verulegar líkur eru taldar á óeirðum eða þegar óspektir hafa brotist út. Í frv. er lagt til að það teljist refsivert brot á lögreglulögum að fylgja ekki fyrirmælum lögreglu um bann við að hylja andlit sitt og að slíkt brot varði sektum.

Ég undirstrika að þessi heimild á að miðast við þær aðstæður þegar líklegt þykir að óspektir brjótist út í tengslum við mótmælafund eða annan slíkan viðburð. Um er að ræða varúðarúrræði sem getur reynst mikilvægt til að fyrirbyggja að alvarleg átök eigi sér stað. Nágrannaríki okkar hafa sambærileg ákvæði í löggjöf sinni og ganga sum hver lengra en gert er ráð fyrir í þessu frv., svo sem Danir sem lögfest hafa almennt bann í hegningarlögum við því að menn hylji andlit sitt á mótmælafundum í því skyni að ekki verði á þá borin kennsl. Það liggur því fyrir að ákvæðið í frv. takmarkar ekki rétt manna til að hylja andlit sitt við aðrar aðstæður og getur því ekki talist takmarka tjáningarfrelsi manna. Því er einvörðungu beint gegn ópekkjanlegum einstaklingum sem talið er að hætta geti stafað af.

Í 3. gr. frv. er lagt til að nýtt ákvæði bætist við lögreglulögin sem kveður á um að starfslokaaldur lögreglumanna verði lækkaður í 65 ár. Nauðsyn þess að lækka aldurshámark lögreglumanna hefur verið til umræðu um langt skeið enda er meðalaldur lögreglumanna í nokkrum lögregluliðum hér á landi orðinn hár, eða kringum 50 ár. Þessi lagabreyting er lögð til í samræmi við samkomulag sem náðist við gerð kjarasamninga við lögreglumenn sumarið 2001. Með kjarasamningnum fylgdi sérstök yfirlýsing frá dómsmrh. og fjmrh. þess efnis að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að lagt yrði fram frv. um breytingu á lögreglulögum þar sem fram kæmi að lögreglumenn skyldu leystir frá embætti sínu þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr eftir því sem dómsmrh. ákvarðar með reglugerð.

Einnig kveður yfirlýsingin á um að stefnt skuli að því að leggja fram frv. um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þar sem reglum um útreikning lífeyris til lögreglumanna sem látið hafa af störfum við 65 ára aldur verði breytt. Hefur frv. þess efnis verið unnið í fjmrn. og mælti hæstv. fjmrh. einmitt fyrir því áðan. Að mínu mati er hér um að ræða mikið framfaraspor fyrir lögregluna í landinu sem mikilvægt er að nái fram að ganga.

Loks eru í 4. gr. frv. ráðgerðar breytingar á 38. gr. lögreglulaganna varðandi val nema í Lögregluskóla ríkisins. Er annars vegar lagt til að inntökuskilyrði verði gerð sveigjanlegri en nú er. Reynslan hefur sýnt að þau eru að sumu leyti of þröng en að öðru leyti of opin. Í stað þess að leggja fortakslaust bann við því að umsækjendur hafi hlotið dóm fyrir brot á almennum hegningarlögum er lagt til nýtt orðalag í b-lið 1. mgr. um að þeir megi ekki hafa gerst brotlegir við refsilög, en það skilyrði er gert undanþægt ef brot er smávægilegt og langt um liðið síðan það var framið. Með þessu nær skilyrðið einnig til sérrefsilagabrota sem geta verið af jafnalvarlegum toga og hegningarlagabrot en hægt verður að líta fram hjá smávægilegum brotum eins og minni háttar umferðarlagabrotum. Hins vegar er lagt til að ákvarðanir valnefndar um val nemenda inn í skólann verði endanlegar.

Valnefnd Lögregluskólans er fjölskipað stjórnvald með fulltrúum Lögregluskólans, dómsmrn., Sýslumannafélagsins, ríkislögreglustjóra og Landssambands lögreglumanna. Hún velur nemendur inn í skólann úr hópi hæfra umsækjenda sem staðist hafa inntökupróf, m.a. með viðtölum. Í ljósi þess að örðugt er um endurskoðun æðra stjórnvalds á slíku

mati er eðlilegt að ákvarðanir nefndarinnar verði að þessu leyti endanlegar. Eftir sem áður er ráðgert að aðrar ákvarðanir valnefndarinnar, t.d. um beitingu almennra skilyrða fyrir inngöngu í skólann, verði kæranlegar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins eitt varðandi 3. gr. frv. Fólk er afskaplega mismunandi. Sumir eldast fljótt, aðrir eru sprækir mjög lengi og undanfarna áratugi sýnir það sig að fólk lifir lengur. Sumir hverjir lifa heilsusamlegar, og fólk er mjög fríska og sprækt fram eftir aldri, langt fram yfir sjötugt. Þess vegna er það dálítið undarleg þróun og skrýtin, sérstaklega í ljósi umæðunnar um sveigjanleg starfslok sem menn eru að tala um, að í 3. gr. er gert ráð fyrir að lögreglumenn skuli leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr. Þeir „skulu" hætta þótt þeir gjarnan vildu halda áfram.

Ég spyr, herra forseti: Er eðlilegt að manni í fullu fjöri, sem er fríska og unglegur, stundar íþróttir og annað slíkt, skuli gert að setjast í helgan stein 65 ára að aldri? Mér þykir þetta fráleitt. Mér finnst þetta fráleit hugsun og fráleit þróun sem menn taka hér undir.

Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Er eðlilegt að taka inn svona ákvæði? Ætti ekki að láta lögreglumönnum eftir meira val um það hvenær þeir fara á lífeyri?

[16:59]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í framsögu minni áðan er þetta mál búið að vera lengi til umræðu og það hefur verið ósk lögreglumanna að á þessu máli verði tekið, að þeir gætu komist fyrr á eftirlaun. Það eru auðvitað ýmsar ástæður fyrir því, m.a. erfiðara starfsumhverfi. Ýmsar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu sem gera það að verkum að störf lögreglumanna eru orðin erfiðari og hættulegri.

Einnig má benda á að í eldri kjarasamningum lögreglumanna var gengið út frá því að þegar menn hefðu náð 55 ára aldri þyrftu þeir ekki lengur að ganga vaktir, eins og það er orðað. Þetta er auðvitað atriði sem er mjög mikilvægt að hafa í huga vegna þess að störf löggæslunnar eru fyrst og fremst skipulögð út frá vöktum. Þess vegna liggur það fyrir að ef stór hópur í lögregluliði þarf ekki að ganga slíkar vaktir getur orðið mjög erfitt fyrir menn að skipuleggja löggæslu í umdæminu.

Ég tel eðlilegt að taka þannig til orða í frv. að menn „skulu leystir frá embætti". Þeir geta auðvitað snúið sér að öðrum störfum ef þeir kjósa að gera það og við vitum að frá nágrannaríkjum okkar eru fordæmi um að menn geti hætt jafnvel miklu fyrr, og hafa þá jafnvel snúið sér að öðrum störfum.

[17:01]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum. Hér er auðvitað um að ræða breytingu á tveimur lagabálkum, þ.e. annars vegar almennum hegningarlögum og hins vegar lögreglulögum. Í raun er umræðan líka tvíþætt hvað frv. varðar.

Áðan fór fram mikil umræða um breytinguna á lögreglulögunum og lífeyristökualdurinn. Ég vil bara lýsa stuðningi við það frv., sem er afar gott. Ég vil meina, ef við byrjum á því að taka fyrir lögregluna, að það horfi til hins betra að lögreglumenn geti hætt 65 ára þar sem starfsumhverfið hefur náttúrlega breyst gríðarlega mikið á liðnum árum, síðustu 15–20 árum. Jafnframt vil ég taka undir þessa opnun varðandi Lögregluskólann. Við ættum jafnvel að geta mannað lögreglusveitina betur og fengið fleiri að því máli.

Það sem ég vil helst gera að umræðuefni í þessu frv. er aðallega 2. gr. Ég vil gera athugasemdir við nýmæli sem þar er um að ræða — svo er reynar einnig í 1. gr. — en í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað er lögreglu heimilt að banna að maður hylji andlit sitt eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann."

Fyrir það fyrsta er náttúrlega með ólíkindum að við þurfum alltaf að ganga skrefinu lengra en allar aðrar þjóðir. Það er ekki nokkur þjóð með ákvæði um að ekki megi vera málaður í framan, í fánalitum eða öðru. Við skulum líka halda því til haga að ef tekin er ljósmynd af viðkomandi manneskju með málningu á andlitinu, t.d. stríðsmálningu eins og hermaður, þá er ekkert mál að ná málningunni í burtu, viðkomandi þekkist alltaf. Þetta ákvæði með málninguna þekkist ekki í nokkrum öðrum lögum.

Hins vegar má ræða þetta með grímuna og hettuna. Ég er voðalega fegin að sérstaklega sé tekið á því ef um er að ræða grímudansleiki, að þá sé fólk ekki handtekið. Því er haldið til haga að öskudansleikur geti gengið eftir eins og hann á að gera og fólk geti haldið álfadans, eins og segir hér í grg. með frv.

En ég vil bara benda á að engin ástæða er til að við göngum lengra en allar aðrar þjóðir í þessum efnum, ekki nokkur. Ég mun kalla eftir því í nefndinni að fá þau lög send vilji svo til að slíkt sé í löggjöf annarra landa. Það kemur hvergi fram í grg. að málning sé bönnuð t.d. í Noregi, Danmörku, Hollandi, Bretlandi eða Þýskalandi. Það er minnst á þau lög hérna en þar hefur bæði verið grímu- og hettubann í mörg ár í mörgum þessara landa. Það er ekkert óeðlilegt. Hins vegar þekkjum við að í Bandaríkjunum eru menn ekki eins harðir á þessu með grímurnar. Við könnumst við grímur bæði af Bush og Clinton og þeim forsprökkum öllum sem mikið eru notaðar, bæði í skrúðgöngum og mótmælagöngum. Slíkt mun ekki lengur hægt hér og hefði þó oft mátt vera örlítinn húmor í þessum mótmælagöngum.

Það sem okkur finnst sérkennilegt við þetta frv. er að hér hefur verið afar lítið um harðar mótmælaaðgerðir. Ég man bara eftir tveimur tilvikum í seinni tíð, þ.e. gamla Þorláksmessuslagnum og svo þegar Li Peng kom en þá var það fremur slagur gagnvart fjölmiðlum um hvernig þeir gætu komist að þeim háttsetta manni.

Ég get líka tekið undir að eftir 11. sept. þarf að verna betur sendiráðssvæði og annað. Við þurfum að verða meðvitaðri um slíka þætti. Ég minni á umræðu sem fór fram í eina tíð er verið var að byggja Ráðhúsið sem stendur hér í Tjörninni, að þá var t.d. ekki haft fyrir því að setja skothelt gler á þennan stóra gluggavegg þar sem bæði borgarstjóri og embættismenn og aðrir standa og tala. Auðvitað hugsuðu menn um það eftir á að það hefði kannski verið ákveðin skammsýni. Við verðum að hafa vaðið fyrir neðan okkur hvað svona hluti varðar, vera skynsöm og gera líka ráð fyrir hinu versta þó að það eigi ekki að gegnsýra alla hluti.

Ég var hins vegar mjög ánægð með að hæstv. dómsmrh. talaði um að þetta væri sett inn til sem fyrirbyggjandi ráðstafanir. Ég tek undir það en minni á umræðuna sem var hér um útlendingafrv. Þar var rætt um fyrirbyggjandi ráðstafanir varðandi hagsmuni barna og ég vildi gjarnan að við skoðuðum það líka í því samhengi. Hins vegar er auðvitað brýnt að þetta fari í gegn. Hér er væntanlegur stór NATO-fundur. Við skulum hafa í huga að auðvitað flýtir það líka fyrir þessu á einhvern hátt og auðvitað 11. sept. þar sem þetta hangir allt saman. Ég vil bara minna á að varðandi málninguna erum við að ganga skrefi lengra en aðrir. Ég vil að við skoðum það sérstaklega í nefndinni.

Ég bendi einnig á nokkuð afar gagnlegt í greinargerðinni. Þar er fjallað um það sem kallað er „hooligans", þ.e. fótboltabullur. Mér finnst mjög ánægjulegt að tekið sé á því en ekki aðeins í hinu pólitíska litrófi. Í rauninni eru svona ógnvænlegir atburðir alls ekki alltaf af pólitískum toga. Þeir eru oft af öðrum toga og glæpsamlegum á stundum.

Mér finnst hins vegar að við eigum að skoða þetta með málninguna. Nútímatæknin gerir það lítið mál með ljósmynd af máluðum manni að finna út hvernig andlitið á honum er í raun. Tæknin hefur breyst og mér finnst að við eigum ekki að ganga lengra en aðrar þjóðir sem vilja hafa lýðræði í hávegum.

Í greinargerð kemur líka sterklega fram að gæta þurfi að persónufrelsi, til hvers er höfðað þar. Það er afar brýnt að halda því til haga þess að við sjáum ekki hér eins kröftugar mótmælaaðgerðir og orðið hafa úti í hinum stóra heimi.

[17:08]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að orð hv. þm. um málninguna sé útúrsnúningur í þessu máli. Ákvæði frv. eiga auðvitað bara við þegar menn nota málninguna í þeim tilgangi að hylja andlit sitt til að verða óþekkjanlegir. Hins vegar er það alveg rétt að frv. byggir á þeirri hugsun að þetta séu fyrirbyggjandi ráðstafanir, það eru heimildir lögreglu í þessu frv.

Ég vek athygli á því að í frv. er gengið mun skemur en í löggjöf nágrannaríkja okkar, t.d. í Noregi og Danmörku. Í Danmörku er lagt allt að sex mánaða fangelsi við því að hylja andlit sitt á fundi eða á opinberum stöðum. Í Noregi er lagt bann við því að þátttakendur í atburði á opinberum stað hylji andlit sitt og varðar brotið allt að þriggja mánaða fangelsi. Við förum hins vegar þá leið að takmarka þetta við heimild fyrir lögregluna þegar líklegt þykir að óspektir muni eiga sér stað.

[17:10]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er mjög ánægð með að við skulum ganga aðeins skemur varðandi fangelsun og annað enda eru þessi mál miklu fátíðari hér en víða annars staðar. Við ræddum það aðeins í hv. allshn. í morgun. Auðvitað er ég bara að benda á að þegar búið er að setja málningu á andlit er í raun alltaf hægt að fjarlægja hana á ljósmynd, sama hvernig menn eru málaðir. En við skoðum þetta í nefndinni.

[17:10]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í kjölfar ræðu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur langar mig bara að fá alveg á hreint frá hv. þm. og fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni hvort ég hafi skilið hv. þm. á þann veg að hún í fyrsta lagi fagni þessu frv. Skil ég það rétt að í öðru lagi undirstriki hv. þm. stuðning sinn við grímu- og hettubannið en geri athugasemdir við bann við málningu á fólki sem tekur þátt í óeirðum.

Við skulum hafa það hugfast að hér er einungis miðað við hugsanlega hættu á því að það verði óeirðir. Eins og hæstv. dómsmrh. vék að er hér um heimild að ræða til lögreglunnar. Við göngum ekki eins langt og aðrar Norðurlandaþjóðir.

[17:11]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að grímu- og hettubann er í sjálfu sér ekki óeðlilegt á viðsjárverðum tímum ef mikið liggur við. Ég hef ekki orðið vitni að því að slíkt hafi gerst hér, varla að fólk setji á sig trefla. Þetta með málninguna hefur mér fundist annað.

Þetta er ákveðin heimild. Við sjáum hins vegar ýmsar mótmælagöngur þar sem fólk ber grímur sem eru oft eftirmyndir ráðamanna o.s.frv. Ekki þarf að vera hætta í því fólgin. Þetta fer auðvitað eftir eðli þeirra mótmæla eða óeirða sem eiga sér stað. Það verður alltaf að sjá það í því samhengi. Ég lít svo á að það þurfi alltaf að vera af tiltölulega alvarlegum toga ef grípa þarf inn í út frá þessum forsendum og vona að slíkt gerist ekki.

[17:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið við umræðuna er þetta frv. tvíþætt. Annars vegar lýtur það að lífeyrisréttindum lögreglumanna, en við höfum rætt það fyrr í dag. Gera þarf breytingu á fleiri en einum lögum til að það markmið nái fram að ganga að stytta starfsævi lögreglumanna.

Hins vegar eru aðrir þættir sem ég ætla að gera lítillega að umræðuefni og vísa ég þar í 2. gr. frv. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað er lögreglu heimilt að banna að maður hylji andlit sitt eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann."

Þetta er viðbót við 15. gr. í lögreglulögum. Það hefur komið fram hér við umræðuna og verið lögð á það áhersla að hér sé einvörðungu um heimild að ræða, það sé ekki fortakslaust að fólki skuli meinað að mála á sér andlitið, bera hettu eða lambhúshettu í mótmælagöngum — enda gæti það nú verið erfitt hér á landi í mótmælagöngum um miðjan vetur að meina fólki að klæða af sér kuldann. En enda þótt þetta sé aðeins heimildarákvæði þá gera menn sér grein fyrir því að hér erum við komin inn á mjög grátt svæði. Ég vitna þar í grg. með frv. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Bann við því að maður hylji andlit sitt með grímu, hettu eða öðrum aðferðum getur falið í sér skerðingu á persónufrelsi hans skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995, en ekki síður á tjáningarfrelsi hans, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, enda getur það verið mikilvægur þáttur í tjáningu ákveðinnar skoðunar. Verður einnig að skýra þessi ákvæði í ljósi 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Skv. 2. og 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 3. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er heimilt að skerða þessi réttindi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þess er krafist að takmörkun byggist á lögmæltri heimild, markmið hennar sé réttmætt

auk þess sem taka verði tillit til meðalhófsreglunnar um að ekki verði gengið lengra í skerðingu réttinda en nauðsyn ber til."

Lýkur hér tilvitnun minni í grg. með frv.

Með öðrum orðum gera menn sér grein fyrir því að við erum komin inn á mjög grátt svæði. Hér er vísað í tjáningarfrelsi manna, í stjórnarskrárbundin réttindi, í mannréttindasáttmála Evrópu og þar fram eftir götunum og sagt að við þurfum að fara gætilega.

Ég lýsi yfir miklum efasemdum við að festa þetta ákvæði í lög. Ég set einnig spurningarmerki við það sem segir í grg. með frv., að engin ástæða sé til að „ætla að þróunin muni verða á annan veg hér en í nágrannalöndunum", og er þar vísað í mótmæli sem hafa fylgt ýmsum alþjóðafundum á opinberum vettvangi. Það er alveg rétt að færst hefur í vöxt í tengslum við fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að þeim hafa fylgt óspektir og óeirðir. Þessar stofnanir hafa reyndar verið sakaðar um að vilja hylja og múra inni alla umræðu innan sinna veggja, og ákvarðanir sem þar hafa verið teknar hafa verið afar umdeildar. Þessar stofnanir hafa allar þröngvað eða lagt sitt af mörkum til að þröngva fátækum ríkjum til að afsala sér verðmætum eignum og einkavæða í þágu fjölþjóðlegra auðhringa. Þetta hefur vakið mikla reiði víða um lönd og vakið mótmælin sem stundum hafa því miður verið ofbeldisfull í tengslum við þessa fundi.

Ég er að sjálfsögðu fylgjandi því að á Íslandi sé efnt til alþjóðlegra funda en vonandi veljum við aðila sem hafa ekki svo slæman málstað að þeir kalli á mótmæli og óspektir af þessu tagi. Og ég held að við eigum ekki alltaf að búast við hinu versta. Ég held að löggjöf sem er sniðin með það í huga sé slæm löggjöf. Þannig hafa lögreglumenn starfað í þeim anda að búast ekki við hinu versta heldur hinu besta og ætla mönnum jákvæða hluti fremur en neikvæða. Þannig hafa þeir t.d. lagst gegn því að lögreglan hér á landi bæri vopn. Ofbeldi hefur verið að færast í vöxt í tengslum við fíkniefnaneyslu og stöku manni hefur þótt full ástæða til að lögreglan bæri vopn. Engu að síður hafa samtök lögreglumanna lagst gegn því. Ég held að það sé gott og hyggilegt.

Ég minntist þess við umræðu um annað frv. ekki alls fyrir löngu að þegar ég var starfandi fréttamaður í Kaupmannahöfn voru einhverju sinni allir forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlandanna saman komnir til fundar. Engar öryggisráðstafanir voru gerðar, og spurt var: Eru menn ekki að taka mikla áhættu með þessu fyrirkomulagi? En mat manna var að það væri meira virði að halda vopnunum og öryggisgæslunni frá og gefa sér ekki að til væru þeir aðilar sem vildu þessum mönnum, körlum og konum, illt.

Ég held að þetta sé góð afstaða. Ég held að þetta sé gott og hollt í lýðræðisríki. Ég held því að við ættum að bíða eftir því að atburðirnir yrðu á þann veg að við ættum ekki annarra kosta völ en að grípa til einhverra ráðstafana til að verjast ofbeldisseggjum en við eigum ekki að festa þetta í lög núna.

Síðan skulum við velja okkur góða vini og efna til ráðstefnuhalds þar sem menn hafa sæmilega góða samvisku og kalla ekki á óspektir og mótmæli, oft og tíðum mjög réttmæt mótmæli.

[17:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér hefur það ekki oft gerst á Íslandi að óspektir hafi brotist út á mótmælafundum eða öðrum álíka viðburðum. Það hefur þó gerst og ef mið er tekið af alþjóðlegri þróun í þessum efnum ber íslenskum stjórnvöldum að mínum dómi skylda til að vera undir það búin að takast á við slíka atburði.

Við skulum vona að hv. þm. hafi rétt fyrir sér og að slík tilvik muni ekki eiga sér stað en það væri glapræði af okkar hálfu að ganga út frá því sem gefnu og gera engar ráðstafanir til að tryggja að lögreglan geti tekið á slíkum málum.

Að mínum dómi er sérkennilegt að tala þannig um þetta frv. að það brjóti hugsanlega gegn frelsi og friðhelgi einstaklingsins. Um hvaða frelsi erum við þá að tala? Frelsi til að skaða aðra eða frelsi til að valda eignaspjöllum? Tilgangur þess er þvert á móti að koma í veg fyrir að menn misnoti þannig frelsið.

Ég vil undirstrika að þetta ákvæði á einungis við um tilvik þegar ætla má að óspektir brjótist út á mótmælafundi eða annarri slíkri samkomu. Í reynd er þetta vægara úrræði en sjálf stjórnarskráin gerir ráð fyrir en þar segir:

„Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir."

Slíka fundi má því banna eða leysa upp eftir að þeir hafa hafist samkvæmt stjórnarskránni. Að gera kröfu til þess að menn dulbúist ekki við slíkar aðstæður er því vægara úrræði en stjórnarskráin heimilar. Hér er einfaldlega um að ræða sjálfsagða heimild fyrir lögregluna til að halda uppi allsherjarreglu þegar hætta er á að óspektir brjótist út.

[17:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hugsanleg mannréttindabrot og skerðingu á tjáningarfrelsi og annað sem slíkum réttindum tengist vil ég vekja athygli á því að ég var að vísa í grg. frv. og las orðrétt upp úr því þar sem fram kemur að menn telja sig vera á gráu svæði þegar kemur að því að takmarka svo frelsi manna.

Með þessu heimildarákvæði er verið að færa undir vald lögreglu að meta aðstæður hverju sinni. Ég hef sannast sagna, þó að ég beri mikið traust til íslensku lögreglunnar, miklar efasemdir um þær heimildir og þau völd sem verið er að færa lögreglunni, ekki aðeins í þessum lögum heldur ýmsum öðrum sem við höfum verið að samþykkja, t.d. í tengslum við Schengen-samkomulagið. Ég hef miklar efasemdir um það. Og ég tel að við eigum að skoða þessa löggjöf og aðra sem liggur fyrir þinginu í samhengi og út frá þeim sjónarhóli.

[17:24]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn telja sig ekki vera á gráu svæði í þessu frv. Það er einmitt fjallað mjög ítarlega um þessi mannréttindaákvæði í grg. af ásettu ráði svo að ekki fari á milli mála að hér sé rétt staðið að verki.

Það er ekki að ástæðulausu að nágrannaþjóðir okkar, Norðurlandabúar, Bretar, Þjóðverjar og Hollendingar, hafa sambærileg ákvæði í lögum. Reynsla þeirra er sú að afar mikilvægt sé að koma í veg fyrir að menn skáki í skjóli þess að ekki sé hægt að bera á þá kennsl við þær aðstæður sem hér er um að ræða, ekki síst vegna þess að þekkt er að sjálfstraust óeirðarseggjanna eykst eftir því sem þeir telja minni líkur á að lögreglan geti tekið þá höndum. Við vitum að þótt margir sem taka þátt í mótmælafundum hafi ekkert ófriðlegt í hyggju á það alls ekki við um alla. Sumir mæta til leiks beinlínis til að valda usla. Eins og dæmin sanna frá

mótmælum í Gautaborg, Genúa og víðar geta afleiðingarnar orðið skelfilegar ef ekki tekst að halda þeim í skefjum.

Rétt er að geta þess að Svíar lögfestu einmitt sambærilegt ákvæði og hér er til umfjöllunar eftir atburðina í Gautaborg sem ég vænti að mönnum séu enn í fersku minni. Reynslan sýndi þeim að á slíkri reglu væri þörf.

[17:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Það er alveg rétt, herra forseti, að afleiðingar mótmælanna í Genúa og víðar voru skelfilegar. Lögreglan var t.d. sökuð þar um að hafa beitt hroðalegu ofbeldi gegn mótmælendum þannig að það eru að sjálfsögðu tveir sem koma þar að.

Það er ekki rétt hjá hæstv. dómsmrh. að þetta sé ekki á gráu svæði. Það segir beinlínis í grg. og athugasemdum með frv. að bann við því að maður hylji andlit sitt með grímu, hettu eða öðrum aðferðum geti falið í sér skerðingu á persónufrelsi. Síðan er vísað í mannréttindasáttmála Evrópu og að lokum lögð áhersla á að ekki verði gengið lengra í skerðingu réttinda en nauðsyn ber.

Auðvitað ber þetta þess vott að menn telja sig vera á gráu svæði og að við þurfum að fara varlega.

Ég held að við séum hér að stíga of stórt skref í skerðingarátt.

[17:27]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson las skilmerkilega upp úr grg. með frv. á bls. 4 og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Þess er krafist að takmörkun byggist á lögmæltri heimild, markmið hennar sé réttmætt auk þess sem taka verði tillit til meðalhófsreglunnar um að ekki verði gengið lengra í skerðingu réttinda en nauðsyn ber til.“

Síðan kemur, og það er kaflinn sem hv. þm. sleppti:

„Þrátt fyrir að lögreglan hafi á grundvelli gildandi laga heimildir til að grípa til aðgerða á mannfundum í þágu allsherjarreglu, þykir eðlilegt að mæla skýrar fyrir um þessar takmarkanir í lögum. Sú takmörkun sem gerð er á tjáningarfrelsinu með frumvarpinu er í þágu allsherjarreglu og grundvallast á þörfinni til að halda uppi lögum og reglu og koma í veg fyrir óeirðir og þau refsiverðu brot sem þær geta haft í för með sér.“ — Við höfum ótal dæmi um það í dag í Evrópu og á fleiri stöðum. — „Það er nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi að borgararnir njóti verndar gegn þeirri hættu sem getur stafað af óþekkjanlegum einstaklingum sem ógna ró og friði.“

Það má því allt eins túlka það svo að hér sé enn frekar verið að undirstrika að tjáningarfrelsið sé tryggt.

Hv. þm. vék einnig að því að lögreglumenn og félag þeirra hefði beitt sér gegn því að lögreglumenn bæru byssur á Íslandi. Ég tek undir það með hv. þm., ég tel að það sé gott að lögreglumenn beri að öllu jöfnu ekki byssu við sín daglegu störf.

Því langar mig til að spyrja í kjölfarið: Hvað ef lögreglumenn og félag þeirra mæla með því að þetta frv. verði lögfest í þeirri mynd sem það er lagt fyrir Alþingi? Ætlar hv. þm. þá að leggjast gegn frv. engu að síður?

[17:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun gera það sem við eigum væntanlega öll að gera, hlíta samvisku minni. Þannig eigum við að starfa hér á þinginu. Að sjálfsögðu mun ég hlusta á röksemdir sem koma frá Landssambandi lögreglumanna en um þetta atriði hef ég miklar efasemdir.

Mér finnst ekki vera alls kostar rétt eða nákvæmt af hálfu þingmannsins að líta svo á að hér sé verið að skýra betur lögin og jafnvel tryggja betur réttarstöðu borgarans. Eins og ég skil þetta eru lögin takmarkandi hvað það snertir. Það er verið að banna eða veita lögreglunni heimild til að banna að fólk hylji andlit sitt eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar við mótmæli.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég sleppti því sem hún las, og reyndar sleppti ég mörgum síðum af lesefni.

En hér segir, eins og fram kom réttilega hjá hv. þm., með leyfi forseta:

„Sú takmörkun sem gerð er á tjáningarfrelsinu með frumvarpinu er í þágu allsherjarreglu og grundvallast á þörfinni til að halda uppi lögum og reglu og koma í veg fyrir óeirðir og þau refsiverðu brot ...“ o.s.frv. Sem sagt, sú takmörkun sem gerð er á tjáningarfrelsi með frv. er í þágu allsherjarreglu. Frumvarpssmiðirnir líta því svo á að hér sé verið að takmarka tjáningarfrelsið enda er vísað í mannréttindasáttmála Evrópu, íslensku stjórnarskrána og við síðan hvött til að fara með gát.

[17:30]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg hárrétt. Þess vegna er verið að fara með gát í þessu frv. Það er verið að gera heimildirnar skýrari þannig að þær séu öllum sjáanlegar, en um leið er farin afar varfærin leið. Og eins og hæstv. dómsmrh. hefur komið vel inn á þá förum við mun vægari leiðir en nágrannaþjóðir okkar sem við þó viljum bera okkur saman við alla jafna.

Ég vil rétt aðeins hnykkja á því líka að lögreglumenn hafa auðvitað heimild til að bera byssu þó að þeir hafi ekki nýtt sér þá heimild.

Ég vil einnig taka undir með hv. þm. að auðvitað eiga þingmenn að fara eftir samvisku sinni í hvert skipti sem þeir greiða hér atkvæði og eru að fjalla um mál og það veit ég að allir hv. þm. gera.

Mig langar til að nefna þessa miklu mótmælafundi. Ég velti því fyrir mér einmitt í kjölfar fréttaflutnings af Genúa og Gautaborg — þá var þessi heimild til að mynda ekki fyrir hendi í Svíþjóð — hvort hún hefði hugsanlega getað komið í veg fyrir þessar óeirðir. Ég velti því hér upp hvort skýrari heimildir lögreglu þar fyrir fundinn hefðu getað leitt til þess að hægt hefði verið að koma í veg fyrir fundina eða orðið til þess að mótmælin yrðu friðsamlegri, en ekki að þessir atvinnumenn í mótmælum, sem við vitum öll að eru til, réðu ferðinni. Það eru til atvinnumenn í mótmælum sem flakka milli funda og gera í því að hleypa upp annars hugsanlega nokkuð merkilegum mótmælafundum.

Ég ætla það ekki að hv. þm. sé að hugsa um hið mikla friðarbandalag sem NATO er. Ég geri ekki ráð fyrir því að miklar óspektir verði á þeim merkilega fundi sem verður í Reykjavík í vor og við fögnum náttúrlega öll. En mig langar til að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson hvort hann komi til með að styðja það að lagt verði bann við hettum og grímum ef rökstuddur grunur er um að hingað komi menn með það að markmiði að hleypa upp fundinum.

[17:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég er andvígur því að setja slíkt bann í lög. Reyndar finnst mér þetta allt saman vera nokkuð van-

hugsað. Halda menn að hægt hefði verið að koma í veg fyrir mótmælin í Genúa með því einu að lögreglan hefði farið inn í hópinn og sagt við þá sem þar höfðu stillt sér upp, þær þúsundir manna, tugþúsundir, og innan um einhverjir grímuklæddir: Viljið þið gjöra svo vel að taka niður grímurnar?

Þetta finnst mér talsvert vanhugsað. Ég er andvígur því að þetta verði sett í íslensk lög og hvet til þess að við skoðum þetta frv. og önnur frv. sem liggja fyrir þinginu sem að mínum dómi takmarka rétt borgarans og auka vald lögreglunnar. Þótt ég sé hlynntur íslensku lögreglunni og beri fullt traust til hennar held ég að ekki sé hollt að fela henni of mikið vald í hendur. Þarna þarf að vera jafnvægi á milli réttinda einstaklinganna og samfélagsins og þess valds sem er sett í hendur lögreglunnar. Ég held að innan lögreglunnar séu einnig margir á því máli að slíkt sé eðlilegt og rétt.

[17:34]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta frv. Ég ætlaði raunar ekki að orðlengja þessa umræðu frekar. Ég veit að frv. fær góða skoðun í hv. allshn.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson velti því fyrir sér hér áðan hvort slíkt ákvæði í lögreglulögum eða hegningarlögum hefði hugsanlega getað haft áhrif á fundinum í Gautaborg þar sem þessar miklu óeirðir komu upp. Hann dró mjög í efa að það hefði skipt nokkru máli.

Nú er vitað að þeir hópar sem stunda svona skipulagða starfsemi, hleypa upp fundum, fremja eignaspjöll og annað, grípa einmitt oft til þeirra ráða að vera hettuklæddir eða þannig til fara að þeir þekkist ekki og þeir eru oft inni í miðjum hópnum og stjórna í raun atburðum. Það er mjög mikilvægt fyrir lögregluna að geta náð til þessara manna til þess að koma í veg fyrir að hugsanlega friðsamlegur mótmælafundur endi með þeim ósköpum sem við höfum séð í löndunum í kringum okkur með tilheyrandi eignaspjöllum og öðru. Og það er ekki síst þess vegna sem það er svo mikilvægt fyrir lögregluna að hafa þessa heimild skýra í lögum.

Ég tek fram að við erum hér að tala um fyrirbyggjandi aðgerðir. Ég held að frv. sé alveg skýrt hvað það snertir. Mjög ítarleg greinargerð fylgir með því. Þar er m.a. talað um ýmis mannréttindaákvæði, mannréttindasáttmála Evrópu, stjórnarskrána o.s.frv. og ég vona svo sannarlega að þetta mál fái góða afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

[17:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég vil taka það fram í upphafi að ég er hlynntur þessu frv. að langmestu leyti eins og það er kynnt hér. Þó vil ég vekja athygli á því að ef maður skoðar umsagnir um 2. gr. og svo almennu umsagnirnar þá getur þetta verið afar matskennt. Hér segir t.d.: „... hylji andlit sitt með hettu, grímu eða annarri aðferð ..."

Neðar segir: „... hreinsa af sér andlitsmálningu ..."

Síðan segir á bls. 9: „Fleiri afbrigði af samkomum geta fallið undir gildissvið ákvæðisins, til dæmis knattspyrnuleikir."

Hvað þá með handboltaleiki? Mér sýnist að við séum komin á grátt svæði eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að áðan. Það kann að vera afar erfitt að draga þessa gullvægu línu um það hvenær þurfi að hafa áhyggjur af því að menn hylji andlit sitt, t.d. með málningu. Við verðum iðulega vitni að því á knattspyrnuleikjum og handboltaleikjum að aðdáendur liðanna eru málaðir með ýmsum hætti. Hins vegar kann þessi staða að koma upp ef hingað til lands kæmu t.d. knattspyrnubullur. Á þá að taka á því sérstaklega ef þeir væru málaðir jafnvel þó hér hefðu farið fram margir leikir með Íslendingum einum saman? Það er mjög vandasamt að fara með þetta vald.

[17:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. telur að þetta vald sé vandmeðfarið. Vissulega er í frv. talað um heimild, ekki skyldu, en það er einmitt andstætt þeirri leið sem nágrannaþjóðir okkar hafa farið, t.d. Danir. Þar er lagt fortakslaust bann við því að hylja andlit sitt með nokkrum hætti, hvort sem það er með grímu eða hettu eða á annan hátt þannig að maður verði óþekkjanlegur. Og ekki nóg með það heldur er það einnig refsivert samkvæmt hegningarlögum, og því hægt að stöðva menn þess vegna fyrir að vera á leiðinni á einhvern mótmælafund eða á opinbera samkomu svona dulkæddur. Við förum ekki þá leið í þessu frv. En það er rétt hjá hv. þm. að lögreglan verður að leggja ákveðið mat á þessa hluti. En ég hygg að það fari ekki á milli mála ef til stendur að koma af stað einhverjum miklum mótmælaaðgerðum sem geta haft í för með sér hættu fyrir almenning, eignaspjöll o.s.frv. Ég hygg að það sé ekki tilviljun að þarna sé sérstaklega minnst á knattspyrnuleiki. Við þekkjum öll hvernig knattspyrnubullur hafa vaðið uppi í ýmsum löndum. Margar þjóðir í Evrópu hafa gripið til mjög harkalegra ráðstafana til þess að reyna að koma í veg fyrir að þessir aðilar fari á milli landa.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki ágreining um það við hæstv. dómsmrh. að það þurfi að huga að svona atriðum, sérstaklega ekki í sambandi við dæmi eins og hún nefndi um knattspyrnubullurnar. Ég vakti bara athygli á því að afar erfitt kann að vera að framkvæma þetta þegar kannski daginn er áður leikur þar sem eru eingöngu íslenskir þátttakendur og þeir eru málaðir í bak og fyrir og ekkert á að skipta sér af þeim. Við vitum ekki hvort eitthvað kemur upp. Sem betur fer gerist það yfirleitt ekki. En við mundum grípa til slíkra aðgerða daginn eftir gagnvart erlendu fólki máluðu eins og Íslendingarnir daginn áður. Ég er að vekja athygli á því, hæstv. ráðherra, að þarna er mjög mikið matsatriði hvernig á með að fara og það liggur ekkert alveg skýrt fyrir hvernig við getum notað þessar lagaheimildir án þess að brjóta jafnræðisreglu á fólki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn landbroti, 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (heildarlög). — Þskj. 796.

[17:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um varnir gegn landbroti. Frv. er á þskj. 796 og er 504. mál á þessu hv. þingi.

Frv. er samið í landbrn. um varnir gegn landbroti. Um þetta efni er nú fjallað í lögum nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Ljóst má vera hversu þýðingarmikið er að vinna gegn landeyðingu og gróðurskemmdum sem ágangur vatna getur valdið. Til að svo megi vera er mikilvægt að unnt sé að bregðast skjótt við og að skýrt sé hver hafi það hlutverk að stýra aðgerðum til að koma í veg fyrir landbrot. Í frv., eins og í gildandi lögum, er Landgræðslunni falið þetta hlutverk. Hér er lagt til að nafni Landgræðslu ríkisins verði breytt í Landgræðslan til samræmis við frv. til laga um landgræðslu sem einnig er lagt fram á þessu löggjafarþingi. Þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða er sem fyrr gert ráð fyrir aðkomu Vegagerðarinnar. Í frv. er að finna það nýmæli að Landgræðslan skal einnig hafa yfirsýn yfir það hvar helst er þörf á að bregðast við ágangi vatna þannig að áætlanagerð og stefnumörkun í þessum málaflokki verður ljósari en verið hefur.

Með frv. er leitast við að einfalda það ferli sem felst í undirbúningi og framkvæmd aðgerða til að hefta landbrot af völdum vatna. Í gildandi lögum eru t.d. ákvæði um sérstakar matsnefndir í hverri sýslu. Á undanförnum árum hafa þær aðeins í fáum tilfellum verið virkar. Einnig eru þar ítarleg ákvæði um skiptingu kostnaðar vegna slíkra framkvæmda, en í reynd hefur reynst erfitt að fara eftir þeim ákvæðum. Í því frv. sem hér er lagt fram er gengið út frá þeirri meginreglu að sá beri kostnaðinn sem á samgöngumannvirkið eða veitumannvirkið sem verið er að vernda. Þetta á ávallt að vera sú viðmiðun sem litið er til þegar varnirnar beinast að landi eða mannvirkjum í eigu ríkis og sveitarfélaga. Aftur á móti er augljóst að einstaklingar hafa almennt ekki tök á að leggja út í slíkan kostnað. Því er gert ráð fyrir að Landgræðslan geti kostað framkvæmdirnar í slíkum tilvikum. Er það að mestu í samræmi við núgildandi lög og þær venjur sem mótast hafa við framkvæmd gildandi laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Aðgerðir til varnar landbroti hafa á undanförnum árum og áratugum víða skilað afar mikilli sjálfgræðslu lands í skjóli varnargarða, sérstaklega við jökulsár. Beislun fallvatna skilar því oft verulegum landbótum sem ekki væri gerlegt að vinna að nema vötnin séu hamin. Þessar aðgerðir eru oft upphaf að endurheimt fyrri landgæða sem jökulvötn og síbreytileiki jökla höfðu áður oft og tíðum lagt í auðn. Vaxandi umhverfisvitund landeigenda og aukin umhyggja um velferð lands gerir síauknar kröfur til ríkisvalds til að takast á við afleiðingar flóða og annarra náttúruhamfara í fallvötnum landsins. Þó brýtur land miklu víðar en við jökulsár. Þessum lögum er ætlað að marka umgjörð ríkisvaldsins til þess að takast á við þau stóru verkefni.

Hæstv. forseti. Ekki verður við þessa umræðu ítarlega farið í þær breytingar sem lagðar eru til með frv. en vísað til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar sem er að finna í sjálfu þingskjalinu. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[17:46]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er drepið á stóru máli og lagt fram frv. til laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Þetta er víða mikið vandamál og vil ég sérstaklega nefna Suðurland. Þar er þetta víða gríðarlegt vandamál og er svo sem ekki nýtt.

Hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir því að hann telji að þetta frv. geri kleift að bregðast skjótar við og að eftir að frv. yrði samþykkt væri greinilegra hver hefur það hlutverk að stýra aðgerðum. Nú á ég eftir að fara ofan í þetta frv. nákvæmlega í hv. nefnd en ef satt reynist er það gleðilegt, þ.e. ef tekst að skýra það, því það hefur ekki alltaf verið ljóst.

Í frv. er Landgræðslunni falið það hlutverk að stýra aðgerðum. Talað er um að við meiri háttar framkvæmdir sé sem fyrr gert ráð fyrir aðkomu Vegagerðarinnar. Ég er með merkilegt plagg frá Landgræðslunni, Landbrot af völdum Markarfljóts og varnaraðgerðir, sem kom út í mars 1998. Þar er sagt frá fyrstu tilrauninni til að stjórna rennsli Markarfljóts, fyrstu tilraun af því tagi sem vitað er um. Hún var gerð í Vestur-Eyjafjallahreppi árið 1900 þegar 50 bændur voru skikkaðir til að bera torf og grjót og hlaða fyrir einn ál. Það var svo Ungmennafélagið Drífandi sem hratt af stað aðgerðum 1910 þegar Seljalandsgarðurinn var hlaðinn. Sá garður var 700 metra langur og gríðarlegt mannvirki miðað við þá tækni sem fólk hafði þá yfir að ráða. Þess má geta að flytja þurfti allt grjótið í fyrirhleðsluna á hestum. Ungmennafélagið og bændur í hreppnum lögðu til í þessa hleðslu 700 dagsverk en landstjórnin og Búnaðarfélagið borguðu helming kostnaðarins.

Lög um samgöngubætur og fyrirhleðslur á samgöngusvæði Markarfljóts og varnir gegn ágangi vatns eru frá 1932. Þá var samt sem áður ekki gert ráð fyrir fjármögnun verkefnisins. Þegar stofnað var til byggingar brúar við Litla-Dímon 1933 var safnað fé í héraði fyrir því mannvirki. En það var þá stærsta brú landsins. Í hana fóru 6 þús. dagsverk en 12 þús. dagsverk alls í byggingu varnargarðs frá Stóra-Dímon sem varð um 2 km að lengd. Þarna var allt handmokað og flutt á litlum vörubílum en þó hafði orðið mikil framför frá árinu 1910.

Síðan hefur meira og meira fé verið varið til byggingar varnargarða við Markarfljót. Þó vantar enn gríðarlega á, eftir því sem mér hefur skilist. Við Markarfljót er þörf meiri varnaraðgerða en við nokkurt annað vatnsfall hér á landi samkvæmt mati höfunda þessarar skýrslu. Þegar skýrslan er samin 1998 er talið að brýnar aðgerðir til að varna gróðurskemmdum hafi verið látnar bíða.

Minnst er á lög frá 1975, breytt lög um fyrirhleðslur. Í þeim var Landgræðslu ríkisins falin umsjón fyrirhleðslna en Vegagerðin hafði áður það hlutverk. Þó að Landgræðslunni hafi verið falið þetta hlutverk hefur Vegagerðin í samráði við Landgræðsluna reyndar áfram haft veg og vanda af öllum varnargörðum við Markarfljót en kostnaður verið greiddur af fjárlögum. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra varðandi Markarfljót, hvort hann telji að þetta breytist með hinum nýju lögum. Það stendur hér að við meiri háttar framkvæmdir sé sem fyrr gert ráð fyrir aðkomu Vegagerðarinnar. Eru þær aðgerðir sem eftir er að ráðast í við Markarfljót metnar sem meiri háttar framkvæmdir og munu þær áfram heyra undir Vegagerðina? Það er tekið fram í þessari skýrslu að gífurleg sjálfgræðsla lands hafi orðið í skjóli varnargarðanna vestan Markarfljóts. Í skjóli garðanna eru jafnframt mjög verðmæt mannvirki eins og vatnslögn til Landeyja og Vestmannaeyja og lagnir Landssímans. Þetta var um Markarfljót.

Talað er um að þau lög sem núna eru í gildi hafi alls ekki náð tilgangi sínum, t.d. að það ákvæði laganna að vera eigi matsnefndir í hverri sýslu hafi ekki virkað. Það hefur einnig reynst mjög erfitt að fara eftir ákvæðum um kostnaðarskiptingu í núverandi lögum. Í frv. er gengið út frá þeirri meginreglu að sá beri kostnaðinn sem á samgöngumann-

virkið eða veitumannvirkið sem ætlunin er að vernda. Þá dettur mér í hug, af því ég minntist á vatnslögn til Landeyja og Vestmannaeyja, lagnir Landssímans o.s.frv., hvort meiningin sé að t.d. Vestmannaeyjabær kosti viðgerðir við þann varnargarð sem er sérstaklega hlaðinn til að varðveita vatnsveituna. Mér leikur forvitni á að fá að vita þetta.

Ég veit að það eru önnur lög sem gilda um landbrot af völdum sjávar. Ef ég hef skilið þetta rétt heyra þau lög undir Siglingastofnun en mér koma í hug mannvirki við Jökulsárlón þar sem mjög brýnt er að farið verði í varnaraðgerðir. Jafnvel þó að þar sé ekki gróðurlendi er þar gríðarlega verðmæt ferðaþjónusta. Það þykir ekki merkilegur túr til Íslands ef í honum er ekki innifalið að sjá Jökulsárlón. Það er einn af þeim viðkomustöðum á landinu sem flestir ferðamenn koma til. Ég held að það væri afskaplega mikill skaði ef við misstum þann stað vegna landbrots sem mér skilst að horfi í. Þá er mér spurn: Undir hvern mundi það landbrot og þær aðgerðir sem þar þarf að ráðast í heyra? Heyra þær undir Siglingastofnun, mundu þær heyra undir Landgræðsluna eða kannski hvora stofnunina um sig?

Að lokum langar mig að minnast á afskaplega brýnar varnaraðgerðir sem þarf að ráðast í við Skaftá. Bóndi þar á svæðinu fór með mig um svæðið og sýndi mér hvað þar er að gerast. Ég held að það fari ekki á milli mála að þar þarf að leggja fram mikla fjármuni og töluvert mörg dagsverk til að koma í veg fyrir óbætanlegt tjón.

[17:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til laga um varnir gegn landbroti. Það er nauðsynlegt verkefni sem við þurfum að halda sívakandi og hafa skýr lög um hver hafi umsjón með þeim vörnum, þ.e. hvernig vinnuferlið eigi að vera.

Ég hef hlýtt á mál hæstv. landbrh. þar sem hann kynnti frv. Ég sit í hv. landbn. og þar munum við fara yfir frv. En mig langar að nefna nokkur atriði áður en farið verður í þá vinnu. Talað er um að það eigi m.a. að verja nytjalönd. Ég spyrst fyrir um skilgreiningu á orðinu „nytjaland". Má vænta skilgreiningar á því? Það er mikilvægt að í meðferð landbúnaðarmála höfum við öll þessi hugtök skýr.

Eins vil ég nefna að í 6. gr. stendur:

„Landgræðslan skal hafa samráð við viðkomandi búnaðarsamband eða héraðsráðunauta um forgangsröðun fyrirhleðsluverkefna. Hún getur einnig haft samráð við þessa aðila um eftirlit með framkvæmdum og viðhald fyrirhleðslna."

Ég legg áherslu á að farið verði eftir því, að Landgræðslan skuli hafa samráð. Við megum ekki taka þá vinnu sem farið hefur fram úti í héruðunum og færa inn til Landgræðslunnar. Við verðum að nýta áfram þá sérfræðiþekkingu sem við höfum úti um land. Við getum fengið héraðsráðunautana í lið með okkur og gert þá ábyrga með Landgræðslunni, bæði hvað varðar verkefni og eftirlit.

Þegar kemur að 8. gr. sem fjallar um kostnað við fyrirhleðslur sé ég ekki fyrir mér hvernig kostnaðarliðurinn muni skiptast á milli Vegagerðarinnar og Landgræðslunnar. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því hvernig með verður farið ef um meiri háttar verkefni er að ræða sem Landgræðslan felur Vegagerðinni að útfæra, sé ekki verið að verja vegi eða mannvirki sem tengjast vegagerð. Mun þá Landgræðslan greiða Vegagerðinni fyrir þá vinnu sem fer í allan undirbúning að þeirri framkvæmd? Það er landbrh. sem á að skera úr um hver beri kostnaðinn. Er það eingöngu Vegagerðarinnar að fjármagna verkefnin þegar verið er að verja vegi og mannvirki þeim tengd? Mun þá Vegagerðin áfram hafa það á sinni fjárhagsáætlun og tengja fjárlagabeiðni á hverjum tíma vegna framkvæmda við vegagerð eins og verið hefur? Það þarf að koma skýrt fram að þessi verkefni verði áfram á kostnað Vegagerðarinnar svo skiptingin sé ljós.

Svo koma alltaf upp flókin dæmi í tengslum við mannvirki — ég ætla að vona að við stöndum ekki frammi fyrir slíku á næstu árum en það gæti þó verið hugsanlegt — svo sem varnir við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Þar hefur land brotnað ört á undanförnum árum. Þurfi að bregðast við því landbroti eru þar mikil mannvirki og hagsmunir í húfi, bæði hringvegurinn, brot á hringveginum. Auk þess þarf að verja land en ekki síður vegi, símalínur og mannvirki sem eru komin mjög nærri sjávarlínunni núna. Að þessu koma hugsanlega margir. Alla vega verða þetta stórframkvæmdir þegar þar að kemur og ef að kemur. Kannski lenti slík framkvæmd undir stórframkvæmdaliðnum. En gott væri ef hæstv. landbrh. mundi fjalla aðeins frekar um þetta og útskýra betur hvað varðar ráðunautana, fjárhagsáætlun Vegagerðarinnar og greiðslur frá Landgræðslunni til Vegagerðarinnar fyrir þau verkefni sem Vegagerðin annast.

Annars vil ég, herra forseti, lýsa ánægju minni með frv. Við þurfum vissulega að halda uppi sterkum vörnum gegn landbroti. En ef við ætlum að hafa skilvirkari vinnuaðferðir þurfum við líka á meira fjármagni að halda í þennan málaflokk.

[18:03]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um varnir gegn landbroti sem hæstv. landbrh. hefur lagt fram, og er full þörf fyrir þetta frv. Við höfum séð á undanförnum árum mikið landbrot sem hefur orðið af völdum sjávar og fljóta, menn hafa stórar áhyggjur af því að hringvegurinn muni hreinlega eyðileggjast og við tengjum það snarlega í þessari umræðu.

Hér er verið að tala um hver eigi að bera kostnað af því þegar landbroti er varist. Í 8. gr., sem hv. þm. Þuríður Backman gerði að umtalsefni áðan, segir að landbrh. skuli skera úr um ef upp kemur ágreiningur um hver eigi að greiða kostnað. Það má velta fyrir sér hvort ekki geti í sumum tilvikum verið erfitt fyrir landbrh. að úrskurða um hvort t.d. Landgræðslan eða Vegagerðin eigi að greiða. Þessar stofnanir eru undir tveimur ráðuneytum, vænti ég, þannig að slíkur úrskurður gæti reynst honum erfiður, sérstaklega ef litlir fjármunir væru til ráðstöfunar í báðum ráðuneytunum. Það má svo velta fyrir sér í þessari umræðu og koma með spurningar um það hvað menn gera ráð fyrir að kostnaður við varnir gegn landbroti verði mikill á næstu árum. Eru til einhverjar áætlanir um það og sjá menn fyrir sér einhverjar fjárhæðir?

5. gr. gerir ráð fyrir því að verði umráðahafi lands var við landbrot eða telji hættu á því yfirvofandi eigi hann að tilkynna það til Landgræðslunnar og þá muni Landgræðslan skrá það niður. Það er gott að til séu upplýsingar á einum stað um það hvar menn telja vera hættu á landbroti. Hafið gengur stundum á land í miklum brimum og vályndum veðrum og bændur hafa séð að á einni nóttu getur umhverfi jarðarinnar við ströndina gjörbreyst. Menn sjá kannski fyrir sér að það sé mikil hætta á eyðingu. Við þekkjum það á sumum stöðum við ströndina þar sem eru bara venjulegar jarðir að sjórinn vinnur sitt og þá vakna spurningar hvort til séu nú

þegar einhverjar upplýsingar um þetta og hvort komið hafi til Landgræðslunnar margar óskir frá bændum um hjálp eða aðstoð í baráttunni gegn landbroti. Maður hlýtur óhjákvæmilega í þessari umræðu að hugsa um þau gróðurhúsaáhrif sem talað er um og að yfirborð sjávar fari hækkandi á næstu árum. Ef svo verður vakna líka spurningar um hversu mjög við munum þurfa að standa í slíkum vörnum. Við þekkjum mörg til Hollands og sjáum þar og víðar í Evrópu gífurlega garða sem hafa verið reistir við ströndina til varnar landbroti þannig að það eru ærin verkefni fyrir höndum.

Ég geri sem aðrir hv. þm. hafa gert, ég lýsi yfir ánægju minni með að þetta frv. skuli vera komið fram og ég tel að töluverð umræða eigi eftir að fara fram um það í hv. landbn. Ég reikna með að það fái í meginatriðum jákvæða umfjöllun því að þetta er hið besta mál.

[18:09]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með að þetta frv. til laga um varnir gegn landbroti er komið fram. Eins og komið hefur fram í umræðunni er það Suðurland sem trúlega verður mest fyrir barðinu á vatnsflaumnum. Við sáum í byrjun þessa árs þegar miklir umhleypingar urðu á Suðurlandi og vatnið æddi fram hvað það tók mikið land í burtu. Það er að sjálfsögðu áhyggjuefni þegar land rennur í burtu í stórum stíl. Það er ekki nóg með að það fjúki burt heldur rennur það líka burt til hafs. Það er mjög sárt að sjá á eftir því.

Lögum um fyrirhleðslur var breytt 1975 og síðan hafa Landgræðslan og Vegagerðin haft þann málaflokk saman. Ég held að samstarf þar á milli hafi verið mjög gott. Það er ljóst að mjög þýðingarmikið er að vinna gegn landeyðingu og gróðurskemmdum þar sem ágangur vatna getur farið mjög illa með land. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir rakti sögu frá Markarfljóti sem var mjög skemmtilegt að hlusta á og sýnir hvað bændur eru áhugasamir um að verja landið. Það hafa bændur við Markarfljót og sveitarstjórnarmenn svo sannarlega gert og haldið okkur þingmönnum við efnið.

Áðan var minnst á meginregluna um að sá beri kostnaðinn sem hafi samgöngumannvirki eða veitumannvirki að vernda. Ég vil bæta þeirri spurningu við til hæstv. landbrh. hvort Viðlagasjóður komi inn í varðandi vatnsveitu til Vestmannaeyja ef hún skemmist af völdum flóða.

Eins er það varðandi Jökulsárlón sem hefur verið vakið máls á núna í fréttum. Ég held að Páll Imsland hafi í morgun verið í útvarpinu að ræða áhyggjur af úrræðum ef vegurinn mundi rofna. Það gengur náttúrlega ekki að slíta landið í sundur þegar búið er að tengja það með þessu góða vegakerfi sem komið er á. Þá er spurning hvort það sé hlutverk Vegagerðarinnar að verjast þarna ágangi sjávar og fara í einhverjar tilraunaaðgerðir til að vernda brúna. Það er orðið afar stutt fram í sjó og þarna eru miklir hagsmunir í húfi. Á þessu máli þarf að taka fyrr en síðar.

Ég held að landbn. muni fara gaumgæfilega yfir málið og ég fagna því að frv. skuli vera komið fram því að það er mjög brýnt að tekið verði á þessum málum.

[18:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um þetta litla frv. og vangaveltur þingmanna um þá alvarlegu landeyðingu sem víða á sér stað vegna landbrots. Það er erfitt að hemja jökulfljótin og náttúruna enda er hún öflug. Ég þekki það sem íbúi á Suðurlandi að þær eru sterkar, jökulárnar, og bylta sér jafnvel á milli bakkanna á 100 ára fresti, hlaða undir sig, hverfa af öðrum bakkanum og koma svo með fullum þunga til baka. Mikil varnarbarátta hefur verið háð og þetta er mikil saga sem hér hefur verið farið yfir, saga mjög glæsilegrar varnarbaráttu, ekki síst meðan fólk var nánast verkfæralaust við þessar varnir og stóð sig vel, gamla fólkið, við að gera varnargarða. Menn höfðu ekki mörg ráð á verkfræðingum. Þar varð búmannsvitið að ráða og auðvitað gríðarleg þekking eldra fólksins á jökulvötnunum. Það kunni að lesa þau, vaða þau og verjast. Auðvitað er ekki langt síðan menn fóru að takast af heljarþunga á við þessar ólgandi ár sem klufu héruð, fóru upp úr farvegi sínum og gerðu mönnum lífið leitt.

En enn er verk að vinna eins og hér hefur komið fram og hafa hv. þm. velt upp nokkrum spurningum. Nú kann svo að vera, og auðvitað tek ég undir það, að hv. landbn. fer vel yfir þetta mál. En mér finnst frv. vera mjög skýrt, þ.e. ef menn lesa greinarnar og lesar þær kannski allar í stuttu máli því að frv. er ekki flókið eða margslungið. Tilgangur laganna er í 1. gr., skilgreiningar í 2. gr., yfirstjórn í 3. gr. og enginn vafi leikur á því að Landgræðslan fer fyrir hönd landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um. Það er alveg ljóst. Hlutverk Landgræðslunnar og forgangsröðun er í 4. gr. eða um framkvæmdina. Síðan kemur 5. gr. og hún er um hlutverk umráðahafa lands og skráning Landgræðslunnar eins og hér hefur verið nefnt. Síðan er það 6. gr. sem er um samráð um fyrirhleðslur. Þar kemur fram að þó að þessar matsnefndir falli út þá verður áfram haft samráð. Og eins og hér var spurt um af einum hv. þm. munu héraðsráðunautar áfram vera virkjaðir eða búnaðarsambönd til að ræða um forgangsröðun fyrirhleðsluverkefna. Síðan eru 7. og 8. gr., sem mér finnst afar skýrar, um framkvæmdir við fyrirhleðslur. Ef við lítum á athugasemdir við þær greinar þá segir um 7. gr., með leyfi forseta:

„Þegar umfangsmiklar eða vandasamar fyrirhleðslaframkvæmdir eru fyrirhugaðar er það í höndum Vegagerðarinnar að annast verkið, þ.e. verkfræðilegan undirbúning, útboð svo og framkvæmdirnar sjálfar. Þetta er í samræmi við núgildandi lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975. Vegagerðin skal þó ávallt hafa eðlilegt samráð við Landgræðsluna, sem telst framkvæmdaraðili verksins og ber ábyrgð sem slíkur."

Í 8. gr. er síðan fjallað um hver beri kostnaðinn af fyrirhleðslum. Augljóslega getur hann verið mjög mismikill. Í fjárlögum hverju sinni skal ákveðið hversu hátt framlag Landgræðslan fær til slíkra framkvæmda, og það hefur, ef ég veit rétt, farið stighækkandi á síðustu árum sem betur fer og þingið hefur tekið verulega á í þessu efni og viljað veita meira fjármagn til fyrirhleðslna.

Þegar um er að ræða framkvæmdir sem Vegagerðin annast, sbr. 7. gr., á sú stofnun rétt á að fá framkvæmdakostnaðinn greiddan í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Sé fyrirhleðsla gerð til að vernda mannvirki í eigu ríkisins eða sveitarfélaga er meginreglan sú að kostnaðurinn skal þá greiddur af þeim stjórnsýsluaðila sem mannvirkið heyrir undir. Þannig verða t.d. fyrirhleðslur til varnar þjóðvegum eða brúm greiddar af Vegagerðinni. Og þá þykist ég hafa svarað til um Jökulsárlóníð. Við fyrirhleðslu til varnar landi ber Landgræðslan almennt kostnaðinn, en annars sá stjórnsýsluaðili sem landið heyrir undir. Enn fremur er gert ráð fyrir að kostnaður skiptist milli Landgræðslunnar og hlutaðeigandi stjórnsýsluaðila þegar svo háttar til að vötn ógna í senn landi og samgöngu- og/eða veitumannvirkjum.

Ef upp kemur ágreiningur um skiptingu kostnaðar fer landbúnaðarráðherra með úrskurðarvald þar um. Lögin heyra undir landbrh. og eðlilega fer hann þá með úrskurðarvaldið. Um það er enginn ágreiningur verði frv. að lögum.

Nú háttar oft svo til að minni háttar framkvæmdir þurfa að bíða mjög lengi eftir framkvæmdafé. Í ljósi þess að oftast nær er einkaaðilum um megn að bera þennan kostnað er gert ráð fyrir að Landgræðslan geti styrkt slíkar framkvæmdir, sbr. 3. mgr. 8 gr. Gera má ráð fyrir að lítið sem ekkert verði um fyrirhleðsluframkvæmdir sem snúa að einkaaðilum, nema slíkir styrkir komi til. Þess vegna eru slíkir styrkir mjög mikilvægir til þess að koma til móts við mörg smærri verkefni.

Ef ég lít hér á ýmsar þær spurningar sem ég hef fengið þá spurði hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir um Markarfljótið og hvort þar væri breyting. Ég tel, eins og ég hef lesið hér, að þar sé í sjálfu sér engin breyting. Vegagerðin kemur að hönnun þessara garða og þetta samstarf heldur áfram eins og verið hefur. Matsnefndirnar falla aftur á móti niður sem gerir það að verkum að Landgræðslan ber enn meiri ábyrgð og verður að vera skjót til þegar vandræði steðja að og við hana eina ber að hafa samband þannig að ábyrgð hennar er aukin.

Varðandi kostnað við varnargerð sem á að varðveita vatnsveitu í Vestmannaeyjabæ þá ég á ekki von á öðru en að það sé verkefni úr fjárlögum að verja þá vatnsveitu eins og verið hefur. Ef ég veit rétt er verið um þessar mundir að taka gömlu vatnsvetituna til Vestmannaeyja af gömlu brúnni sem löngu er hætt að nota og grafa hana niður í botninn á Markarfljóti. Það verk átti að vísu að vinna í haust en vegna þess hversu Markarfljót hefur verið vatnsmikið í vetur er fyrst verið að gera það núna. Ef ég veit rétt er sú framkvæmd kostuð af fé ríkisins þannig að ég á ekki von á að menn geri annað en þeim ber skylda til, þ.e. að verja það mannvirki sem vatnsveitan til Vestmannaeyja er og þar verði engar deilur um.

Jökulsárlónið heyrir samkvæmt öllu þessu fyrst og fremst undir Vegagerðina. Hennar er að koma með úrræði þar og auðvitað að vinna með Landgræðslunni. Mér finnst þetta vera skýrt skv. 7. og 8. gr.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir spurði um Viðlagasjóð. Ég vil kannski ekki fara út í þá umræðu en bið hv. nefnd að fara yfir það atriði sem formaður landbn. minntist hér á.

Hv. þm. Þuríður Backman spurði um nytjaland, hvað það væri. Ég hef svo sem ekki verið að gá að neinum skýringum en ég reikna með að þar sé fyrst og fremst átt við gróin tún og góðan bithaga. En markmið þessara laga er fyrst og fremst að reyna að halda þessum miklu fljótum í farvegi sínum, hvernig svo sem landið er, en náttúrlega er ekkert sárara, eins og hér hefur komið fram, en að sjá þá miklu eyðileggingu sem oft verður í miklum hamförum þegar stórfljótin taka burtu fleiri hektara af túnum og nytjalandi — það finnst manni sárt að horfa á — og skilja eyðinguna eftir eins og glöggt mátti sjá núna t.d. með Hvítá uppi í Hrunamannahreppi í flóði núna í vetur. Ég hygg því, hv. þm., að þetta sé það sem átt er við.

Hv. þm. spurði um samráð og leggur mikið upp úr samráði við búnaðarsambönd og héraðsráðunauta. Það er tryggt í þessu frv. eins og ég gat um. Ég held að kostnaðarskiptingin milli Vegagerðar og Landgræðslunnar sé alveg skýr og hafi aldrei verið neitt ágreiningsmál.

Þá hef ég farið yfir frv. Ég gat þess áðan að í máli hv. þm. Karls V. Matthíassonar kom fram að hann óttaðist að deilur yrðu um úrskurði. En þetta er nú svona. Þetta eru lög sem heyra undir landbrh. og slík deiluefni koma á hans borð og vona ég, hver sem hann verður um aldir alda, að hann verði fær um að útkljá og fella þá úrskurði sem honum ber.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, þakka þessa umræðu og bið hv. landbn. að taka við málinu og fara yfir það og vænti þess að það verði að lögum á vorþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, 1. umr.

Stjfrv., 505. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 797.

[18:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 797. Um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Frv. er lagt fram í því skyni að hækka fjárhæð gjalds sem innheimt er vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum í sláturhúsum. Ef frv. þetta verður að lögum hefur það í för með sér breytingar á 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, en í ákvæði þessu er lögboðin gjaldtaka fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.

Gjaldinu er ætlað að standa straum af raunkostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í sláturhúsum og greiðist af sláturleyfishöfum samkvæmt áætlun sem byggð er á innvegnu magni kjöts í afurðastöð. Endanlegt uppgjör gjaldsins fer síðan fram fyrir 20. febrúar ár hvert í samræmi við rauntölur innvegins magns kjöts í afurðastöð á gjaldárinu samkvæmt upplýsingum Bændasamtaka Íslands.

Gjaldið rennur í svonefndan Eftirlitssjóð sem er í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Fjárhagsstaða sjóðsins er mjög erfið og hefur hann á undanförnum árum verið rekinn með miklum halla. Ástæður eru margar, t.d. hafa tekjur sjóðsins orðið minni en upphaflega mátti gera ráð fyrir. Áður greiddu sláturleyfishafar eftirlitsaðila beint fyrir kostnaðinn við eftirlitið. Nauðsynlegt var talið að breyta lögunum á þann veg að eftirlit í sláturhúsum og þar með innheimta gjaldsins yrði framvegis á hendi opinberra aðila til þess að viðhalda heimild til útflutnings sláturafurða frá íslenskum sláturhúsum til Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku. Heimildin til gjaldtökunnar hefur aldrei verið fullnýtt. Einnig hafa útgjöld Eftirlitssjóðsins orðið mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og stafar það að miklu leyti af hækkunum á gjaldskrá dýralækna fyrir eftirlitið en hún er staðfest af landbúnaðarráðuneytinu.

Lagt er til að gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum hækki úr 2,50 kr. í 3,46 kr. á kíló. Útreikningur á nýrri fjárhæð gjaldsins er miðaður við að unnt verði að mæta verðhækkun kostnaðarliða og öðrum fyrirsjáanlegum gjöldum vegna rekstrar og starfsemi sjóðsins. Fjárhæð gjaldsins er miðuð við kostnaðarverð. Í greinargerð með frv. er að finna umfjöllun um hvernig fjárhæðin, 3,46 kr., er fundin. Enn fremur er lögð til sú breyting að gjaldfjárhæðin verði föst fjárhæð í stað þess að hún var áður valkvæð og miðuð við allt að 2,50 kr., en með því er komið í veg fyrir að fjárhæð gjaldsins verði háð ákvörðunum stjórnvalda á hverjum tíma.

Í fskj. með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa til hennar.

Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv. og athugasemdum við það.

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða óhjákvæmilega hækkun á gjaldtöku þeirri sem lögboðin er í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, en staða Eftirlitssjóðsins í dag er afar erfið og verður hann ekki rekinn áfram á sömu forsendum. Ég á því ekki annarra kosta völ en að leggja til þá hækkun á gjaldtöku í sjóðinn sem lögð er til með frv. þessu og vona ég að sjóðnum verði með þeim hætti tryggt nægilegt rekstrarfé á komandi árum og að ekki þurfi að koma til frekari hækkana á þessari gjaldtöku í náinni framtíð. Þó er það svo þegar þarf að koma með svona einstök mál inn í þingið, að þá ræður auðvitað þróunin því, bæði þróun á launamarkaði, verðbólgustig o.s.frv., hvernig þetta stendur, enda hefur ekki verið beðið um hækkun á þessum gjöldum síðustu fimm til sex ár.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. til umfjöllunar.

[18:29]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Herra forseti. Ég held að þetta sé eitt af fáum frv. þar sem titillinn er lengri en frv. sjálft því að það er ekki nema tvær greinar og þær afar stuttar. Verið er að leggja til að gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum í sláturhúsum verði hækkað úr 2,50 kr. upp í 3,46 kr. á kíló og að lögin taki gildi 1. júní 2002. Titillinn eða heiti frv. er því lengra en frv. En þó svo að frv. sé lítið og í sjálfu sér auðskiljanlegt þá vekur það samt sem áður upp nokkrar spurningar.

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa, eftir að hafa lesið athugasemdir við lagafrv. og rökstuðninginn með því, að erfiðleikar séu í rekstri Eftirlitssjóðs, sjóðs sem á að standa undir greiðslum vegna eftirlits með slátrun í sláturhúsum. Gjaldið sem er lagt á hvert kíló af slátruðu dýri á að vera raunkostnaður. Það á ekki að leggja á það hærra verð en sem nemur kostnaðinum við eftirlitið.

Lagaumhverfi okkar er hins vegar þannig að okkur ber að hafa opinberan eftirlitsaðila, sem er þá landbrn. Eftirlitssjóður á í raun og veru að standa undir þeim kostnaði. Í nokkur ár hefur sú heimild ekki verið fullnýtt sem var í lögunum, að hafa gjaldið 2,50 kr. á hvert kíló. Með hækkuninni sem hér er farið fram á er vísað til þess að ekki þurfi að hækka gjaldið næstu árin en þessi hækkun er talin duga til að mæta þeim hækkunum sem orðið hafa á gjaldskrá dýralækna, þeim kostnaði sem aðallega hefur hleypt verðinu upp.

Herra forseti. Afurðastöðvarnar eiga í miklum erfiðleikum í rekstri. Ég hefði talið að skoða þyrfti sérstaklega hvort ekki þyrfti að styrkja rekstur afurðastöðvanna með opinberum aðgerðum. Það mætti hugsa sér að gera það án þess hækka gjaldið. Framlag ríkissjóðs, eins og hefur verið á undanförnum árum, mætti líta sem viðurkenndan styrk til afurðastöðvanna og hækka þar með ekki gjaldið. Verði það ekki gert á þennan hátt hvet ég til þess að það verði skoðað sérstaklega hvernig hægt er að styrkja rekstur afurðastöðvanna með opinberum aðgerðum. Hingað til hefur verið brugðið á það ráð að stækka afurðastöðvar og fækka þeim, stefna jafnvel að því að hafa 5–8 afurðastöðvar á landinu innan fárra ára og ná betri rekstrarafkomu eingöngu með stækkun. Ég tel hins vegar að þar gætum við verið á mjög varhugaverðri braut. Ég vil spyrja hvort við viljum slíka þróun. Eigum við ekki frekar að snúa til baka og stuðla að því að það verði fleiri sláturhús en færri? Ég hef ekki enn þá séð að sameiningin sem orðið hefur hafi skilað sér í betri rekstrarafkomu núverandi sláturhúsa, leitt til lægra vöruverðs sem hefði skilað sér til neytenda.

Ég vil aftur leggja fram þessar spurningar: Erum við á réttri leið? Með því að fækka sláturhúsunum og hafa eingöngu þann hvata að bæta rekstur hjá einstaka afurðastöð leggst stóraukinn kostnaður vegna flutnings á dýrum á bændur. Hvað með dýravernd og þann langa flutningstíma dýranna á sláturhús frá mörgum bændum? Hvað með neytendavernd? Hvað með gæði vörunnar og flutning dýra til slátrunar um svo langan veg? Það að fækka svona sláturhúsum veikir byggð og landbúnað í landinu. Við getum litið á Vestfirði í því sambandi, eins og dæmið er í dag. Smithætta eykst þegar við flytjum sauðfé yfir sauðfjárvarnalínur. Við munum auka flutning yfir þær varnarlínur sem við höfum sett í dag. Þrátt fyrir að fara eigi með gát og þvo bílana munum við samt sem áður að auka smithættu.

Mjög margir bændur verða að treysta á þá vinnu sem þeir fá við slátrun á haustin. Ef við fækkum enn sláturhúsum kippum við þessari atvinnu undan afkomu bænda. Ég held að við verðum að horfa á miklu miklu fleiri þætti en eingöngu rekstur hverrar afurðastöðvar fyrir sig. Það er varla eina leiðin til að treysta rekstur sláturhúsanna að stækka þau. Ein leiðin gæti verið að hækka ekki gjaldið og færa til þann kostnað sem til fellur en miðað við þá lagaumgjörð sem við höfum, þar sem eftirlitsgjaldið á að standa undir kostnaði, hvet ég til að skoðað verði með hvaða hætti við getum stutt við bakið á rekstri sláturhúsanna og landbúnaði í landinu.

[18:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um heilbrigði og eldi sláturdýra. Það er lagt fram í því skyni að hækka fjárhæð gjalds sem innheimt er vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum í sláturhúsum og ætlað er að standa straum af raunkostnaði við heilbrigðiseftirlit. Þetta gjald er byggt á innvegnu magni kjöts í afurðastöð. Heimild til innheimtu slíks gjalds varð fyrst til með lögum frá 1994. Áður var þessu fyrir komið með öðrum hætti. Það var talið nauðsynlegt að breyta lögunum á þann veg að eftirlit í sláturhúsum og þar með innheimta gjaldsins yrði framvegis á hendi opinberra aðila til að viðhalda heimild til útflutnings sjávarafurða frá íslenskum sláturhúsum til Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Gjaldið rennur í svonefndan Eftirlitssjóð sem er í vörslu landbrn. og hefur verið tekið fram að meginástæða þess að þetta frv. er flutt sé að fjárhagsstaða sjóðsins er mjög erfið. En það vekur óneitanlega athygli í því sambandi að jafnframt kemur fram að sú heimild sem hefur þó verið fyrir í lögum, til að taka 2,50 kr. á kíló, hefur aldrei verið fullnýtt. Það kynni að vera ein ástæðan fyrir því að fjárhagsstaða umræddss sjóðs er erfið.

Ég man að fram kom hugmynd, 1997 hefur það sennilega verið, um að hækka þetta gjald. Þá var hæstv. landbrh.

formaður landbn. Hann lenti þá í því að varaformaður nefndarinnar barðist af miklum þrótti gegn breytingu á gjaldinu. Formaðurinn varð að láta í minni pokann og er nú að rísa úr öskustónni með þetta frv. núna á árinu 2002. Lagt er til að þetta verði hækkað og vísað til hækkana á gjaldskrá dýralækna. Það er satt og rétt en lagt er til að gjaldið sé hækkað um 96 aura á hvert kíló, sem er náttúrlega nokkuð mikið. Ég mundi segja að hæstv. ráðherra sé mjög óheppinn að vera að leggja fram þetta mál, sem hann hefur gengið með svo lengi, á þessum niðurskurðartímum. Mér hefur skilist að þjóðarsátt væri í þjóðfélaginu um að halda niðri verðlagi. Ég get því ekki ímyndað mér hvernig þetta fór í gegnum stjórnarflokkana við þessar aðstæður. Ég undrast það satt að segja. (**GAK:** 1. júní, hv. þm.) 1. júní? Ja, það er ekki nóg. Það kemur dagur eftir þennan dag. Það hefur maður alltaf vitað.

Ég held að það þurfi að gera gott betur en halda í sér til 1. júní. Það væru þá hæg heimatökin að flytja þetta ágæta frv. næsta haust, fari svo sem hér er spáð út í sal, að það fari allt úr böndunum 1. júní. Ég verð hins vegar að segja að við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi í þjóðfélaginu vara ég við að þetta gjald sé hækkað um þriðjung, jafnvel þó að staða sjóðsins sé mjög erfið, sérstaklega með tilliti til þess að heimildin hefur aldrei verið fullnýtt.

Ég vil leggja það til, hæstv. forseti, að fyrst verði heimildin fullnýtt og því næst beðið átekta fram til haustsins frekar en að setja þessa hækkun á núna.

[18:42]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Hér er ekki um miklar breytingar að ræða. Talað er um að breyta einu atriði í lögunum, 2,50 kr. verði að 3,46 kr. — 2,50 kr. verði breytt í 3,46 kr.

Þetta frv. er ekki eins jákvætt og hið síðasta sem lagt var fram af hálfu hæstv. landbrh. Eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði áðan er hér lögð til töluverð hækkun á þessu gjaldi sem er nánast 40% á milli ára og 70% hækkun frá árinu 1995. Þetta er umtalsverð hækkun. Verið er að tala um að skoðun á þessu kjöti fari úr 62 millj. í 73 millj. kr. ef ég hef margfaldað þetta rétt þannig að þetta er töluvert mikið. Mig langar að spyrja hæstv. landbrh.: Rennur þetta fjármagn þá til þeirra sem skoða kjötið? Er hér um að ræða að verið sé að skoða allt kjöt í öllum kjötvinnslum? Það hlýtur að vera. Á þetta við um svínakjöt og fuglakjöt líka eða á þetta eingöngu við um kjöt af sauðfé og kúm eða kannski hestum líka, hrossakjöt? Hvaða kjöt er nákvæmlega um að ræða? Í grg. er talað um, herra forseti, að þetta sé gert til að viðhalda heimild til útflutnings sláturafurða frá íslenskum sláturhúsum til Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Einhvern veginn fær maður á tilfinninguna að það fari þá svona mikið kjöt til útlanda, svona gífurlega mikið magn, eða er hægt að hafa tvær reglur í gildi, herra forseti? Ég spyr hæstv. landbrh. um það og þá er ég að tala um kjöt sem fer á innanlandsmarkað: Þurfa að gilda eins strangar reglur um skoðun þess kjöts og hins sem fer á utanlandsmarkað? Er hægt að vera með fleiri en eina tegund af sláturhúsum í landi voru, þ.e. sláturhús sem hafa svo stranga gæðastaðla að þau hafa heimild til að selja kjöt til útflutnings? Eru til mörg önnur sláturhús í landinu sem eru undanþegin þessu? Og þá vakna spurningarnar: Getum við verið með minni kjötskoðun á innanlandsmarkaði en samt tryggt að gæðin séu mjög góð, séu eins og þau eiga að vera, heilbrigt og gott kjöt?

Ég þekki mann sem sagði mér að hann hefði komist yfir hangikjöt af heimaslátruðu og þetta kjöt hafði verið reykt á tilteknum bæ sem ég man ekki nákvæmlega hvað heitir, herra forseti. Maðurinn sagði að þetta hefði verið eitt það albesta hangikjöt sem hann hefði smakkað og það hefði gert öllum gott sem borðuðu það og var það þó eigi skoðað mjög grannt.

Ég er ekki að gera lítið úr því, herra forseti, að haft sé eftirlit með landbúnaðarafurðum. Spurningin er hins vegar hversu strangar reglurnar eiga að vera eins og hv. þm. Þuríður Backman nefndi í hugleiðingum sínum um sláturhús áðan. Geta sláturhús ekki verið minni og fleiri og í ýmsum flokkum? Jafnvel má hugsa sér að nokkrir bændur taki sig saman í hreppum eða sveitum og komi sér upp sláturhúsi og eigi meiri aðild að því að koma kjötinu sínu á markað og hafi beinni og nánari tengsl við markaðinn án þess að það sé á kostnað heilbrigðisins. Ég er auðvitað ekki að tala um það, herra forseti, að slátrað sé við hvaða aðstæður sem er. Það má alls ekki skilja orð mín svo. En það sem ég velti vöngum yfir og verður sjálfsagt rætt um í hv. landbn. er kostnaðurinn við kjötskoðunina sem á að verða, eftir því sem ég kemst næst, u.þ.b. 73 millj. kr. Hvert rennur þetta fé og er nauðsynlegt að hækka þetta svona mikið? Er ekki hægt að breyta þessu kerfi á einhvern hátt?

[18:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að við séum að ræða hér þarft mál. Þó að hér sé vissulega um hækkun á gjaldtöku að ræða held ég samt að nauðsynlegt sé að standa að góðu eftirliti með slátrun dýra. Og þó að ekki komi beint fram í texta þessa frv. eða grg. að hér sé einkum átt við sauðfé, nautgripi og hross lít ég satt að segja a.m.k. svo á að við séum aðallega að fjalla um þau dýr. E.t.v. nær þetta þó til allra sláturhúsa eins og hv. þm. Karl V. Matthíasson vék að áðan. Auðvitað væri fróðlegt að fá svör við því. (**Landbrh.:** Allra sláturhúsa og allra tegunda.) Allra tegunda, svarar hæstv. landbrh.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel jákvætt að við höldum uppi virku og góðu eftirliti með slátrun.

Ég vil hins vegar aðeins víkja að þeirri þróun sem hefur orðið hér á landi á undanförnum árum. Sláturhúsum fækkar og miklir flutningar fara fram á milli landshluta á t.d. sauðfé til slátrunar, og það getur auðvitað orðið til þess að við þurfum að gæta enn betur að vörnum gegn sjúkdómum, t.d. riðu og öðrum sjúkdómum sem e.t.v. geta borist með þeim flutningstækjum sem notuð eru. Síðan fylgja bændur iðulega eftir sláturdýrum sínum í sláturhús og allur þessi flutningur, bæði manna og dýra, getur orðið til þess að frekar þurfi að herða eftirlitið en hitt, ekki bara með kjötafurðunum heldur líka hvernig smitsjúkdómar gætu e.t.v. borist á milli svæða.

Það hefur auðvitað sýnt sig í Evrópu þegar þar koma upp tilfelli varðandi sjúkdóma að þá hafa menn einmitt lent í að búið er að flytja dýrin fram og til baka um öll þessi lönd og menn ná bara ekki utan um málið óðruvísi en að fara í mikið dráp á dýrum. Þetta held ég að sé athugandi fyrir okkur og þó að menn hafi auðvitað ákveðna hagkvæmni í huga held ég að það sé mikið atriði að hægt sé að slátra inni á svæðunum því fé sem menn telja eðlilegt að þar sé slátrað og það sé ekki of

mikið gert af því að flytja búpening á milli landshluta. Það er margt sem þarf auðvitað að athuga í því sambandi.

Þó að hér sé um aukna gjaldtöku að ræða lít ég svo á að eðlilegt sé að standa vel að þessum þætti málsins. Lögin eiga að taka gildi 1. júní og það er auðvitað eðlilegt með tilliti til þess að sláturtíð sauðfjár hefst á miðju sumri eins og nú er orðið og stendur fram undir jól. Ég held að varla sé hægt að amast við því að við stöndum undir því eftirliti sem ætlað er að hafa. Þess vegna ætla ég ekki að lengja þetta mál mikið. Ég tel að frv. eins og það er fram sett sé eðlilegt og sjálfsagt. Því fylgir auðvitað aukinn kostnaður en við verðum að standa vel að þessum málum, undan því verður ekki komist.

Ég vil hins vegar rétt í lokin víkja að öðru og spyrja hæstv. landbrh. eins. Ég tók eftir því á fréttavef frá útlöndum um daginn að í Evrópu hafði komið upp einkennilegt mál varðandi fiskimjöl. Til Hollands höfðu verið fluttar mengaðar rækjur frá Asíu, settar þar í frysti í einhvern tíma og síðan seldar í mjölvinnslu. Úr þessu hafði verið framleitt mjöl og síðan hafði þessu mjöli verið dreift til Danmerkur og fleiri landa og verið notað þar til eldis dýra. Ég vona sannarlega að við Íslendingar séum ekki í því fari að vera að flytja inn mjöl frá öðrum löndum. En það vakti athygli mína að jafnvel í hinu mikla eftirlitskerfi Evrópusambandsins gátu svona hlutir átt sér stað. Stundaður var innflutningur á menguðum sjávardýrum sem höfðu í sér hættuleg efni vegna lyfjagjafar og þau voru síðan notuð í mjölvinnslu þar sem þessi efni eyddust ekki og mjölinu var síðan dreift til eldis, m.a. sláturdýra, í þessum löndum. Það er því að mörgu að hyggja í eftirliti okkar og við búum vonandi svo tryggt að hér komi ekki inn alls konar afurðir sem við getum talið skaðlegar fyrir okkur. Þetta sýnir okkur auðvitað fyrst og fremst að í hinu mikla eftirlitskerfi Evrópusambandsins duga reglurnar ekki til, hæstv. ráðherra.

[18:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál, stórt og ekki stórt, ekki stórt í sniðum en stórt samt að sumu leyti.

Ef ég fer yfir það sem hér hefur komið fram vil ég auðvitað hafa sagnfræðina rétta því að hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir fór ekki rétt með hana. Ég hef aldrei flutt þetta mál áður. Ég var auðvitað þingmaður og er það enn en ég hafði þann starfa hér að vera í landbn. og fleiri nefndum. Þá hafði maður þeim skyldum að gegna að taka við frumvörpum ráðherra og þingmanna og láta fjalla um þau. Þetta var ekkert baráttumál af minni hálfu á þeim tíma fremur en það er nú. En ég þekki það mikið til í hagfræði eða í viðskiptum — ég veit ekki hvort ég á að segja — að ef ekkert kemur inn í sjóð sem lögum samkvæmt skal notaður í ákveðnar þarfir heldur fer bara út úr honum endar með því að hann verður gjaldþrota. Og þannig er þetta auðvitað. Margt hefur breyst í landinu til hækkunar á þessum fimm, sex, sjö árum. Launakjör hafa stórlega hækkað, lífskjör íslenskrar þjóðar hafa batnað um ein 30% frá því að Framsfl. kom í ríkisstjórn á ný þannig að við, stjórnarliðarnir í þessum tveimur stjórnarflokkum, erum auðvitað afar stolt af síðustu árum, hvernig tekist hefur að koma í veg fyrir það mikla atvinnuleysi sem hér var ríkjandi og að bæta lífskjör.

Líklega er það svo að laun dýralækna og annarra hafa einnig hækkað á þessu tímabili sem gerir það að verkum að þessi langa kyrrstaða á gjaldinu gengur ekki upp lengur. Auðvitað stend ég þannig frammi fyrir því sem ráðherra að verði sjóðurinn gjaldþrota eða tæmist verð ég auðvitað að grípa til einhverra annarra úrræða. Og ég hygg að Ríkisendurskoðun, sem er armleggur þingsins og ég hef margfarið eftir, muni ekki sætta sig við það að hann verði lengi rekinn sem gjaldþrota sjóður eða sjóður sem greitt er meira úr en kemur í hann.

Þetta erfiða mál er því þannig vaxið að gjaldtakan dugar ekki lengur til að standa straum af þessu mikilvæga eftirliti. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og reyndar fleirum að það er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir að þetta eftirlit sé fyrir hendi og að það sé hlutlaust og tryggi gæði vörunnar til neytenda, hvort sem þeir eru hér eða annars staðar í veröldinni.

Þannig er þessi staða núna ef ég fer yfir hvernig þetta hefur verið. Heimildin hefur hins vegar aldrei verið fullnýtt eins og hér hefur komið fram. Á árinu 1995 var innheimta gjaldsins miðuð við 2 kr. á hvert kíló. Það er ekki víst að talan sem nú er verið að nefna sé í rauninni hærri en sú tala var 1995. Á árunum 1996–1997 var hún 2,25, og á árinu 1998 2,40 og í lögum nr. 96/1997 sem felldu úr gildi lög nr. 30/1966, með síðari breytingum, var fjárhæðin óbreytt, þ.e. 2,50 á kíló, án vísitölutryggingar.

Eins og hér hefur komið fram hafa útgjöld Eftirlitssjóðs orðið meiri. Það stafar af ýmsum hækkunum sem orðið hafa á þessu tímabili og kannski breyttri stöðu hjá allri hinni íslensku þjóð á stuttum tíma. Þannig er óhjákvæmilegt fyrir mig að koma með þetta leiðinlega mál fyrir þingið og biðja þingið og landbn. að fara yfir það. Málið vekur upp margar spurningar og nefndin mun auðvitað fjalla um það málefnalega frá öllum hliðum og hvernig hægt er að mæta því.

Hér hafa afurðastöðvar landbúnaðarins og þróun þeirra komið til umræðu. Ég ætla svo sem ekki að blanda því máli mikið í þá umræðu. Þar er mikil þróun í gangi og hefur farið fram mikil hagræðing, hvort sem það eru mjólkurbúin eða sláturhúsin. Þeim hefur fækkað gríðarlega á stuttum tíma. Ætli það sé ekki slátrað, ef við tökum sauðfjársláturhúsin, í um 17 sláturhúsum í dag. Þau voru fyrir stuttu um 40 eða 50 og menn segja að þeirri þróun sé ekki lokið. Ég vil þó taka undir með hv. þm., ekki síst hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, að mikilvægt er að þessi þjónustufyrirtæki séu nánast í hverju héraði og flutningar þurfi ekki að vera lengri þess vegna. Hins vegar hefur það gerst samhliða að vegirnar hafa batnað mikið og flutningatæknin breyst. Vagnarnir eru stórir og fara betur með sauðfé og stórgripi en áður. Þannig hefur líka átt sér stað mikil þróun á stuttum tíma.

Menn mega ekki gleyma því að sláturleyfishafarnir hafa ekki búið við betri stöðu en svo að þeir hafa verið að tapa tölunni á síðustu 15–20 árum. Sláturhúsin og kjötvinnslurnar hafa orðið gjaldþrota í höndum þeirra og þetta hefur verið mjög erfiður rekstur. Það er auðvitað staða dagsins í þessum atvinnurekstri. Hann er erfiður en fyrst og fremst er hann auðvitað á ábyrgð bændanna. Þeir þurfa að standa saman. Ég álít að bændur þessa lands, bændur samtímans þurfi að eiga þessi fyrirtæki og reka þau. Ég tel það mjög mikilvægt. Þeirra stóra verkefni er að fara yfir hvernig hægt er að ná tökum á þessum málum, efla sláturhúsin og afurðastöðvarnar til að þær þjóni í allar áttir, bændum og neytendum og skili af sér sem bestri vöru.

Það kann vel að vera, ég get alveg tekið undir það, erfitt að koma fram með svona frv. þegar allir eru að berjast við

rauð strik og vísitölur. Verkalýðshreyfingin hefur lagt mikið á sig til að styðja ríkisstjórnina í hennar áformum, svo kjarasamningar standi og rauðu strikin haldi. Undir slíkum kringumstæðum er þetta auðvitað erfitt en þegar saga þessa máls er skoðuð sjá allir að þetta hefur staðið, eins og ég hef rakið hér, kyrrt um langa hríð.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson ræddi einnig um sláturhúsin. Ég tek það fram, eins og ég kallaði fram í hjá hv. þm., að þetta á auðvitað við um allt kjöt af hvaða tegund sem það er. Þetta er kostnaðurinn við að tryggja þessa vöru sem er mjög mikilvægt út af samkeppnisstöðu okkar.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson ræddi um húsin, hvort þau gætu verið af tveimur tegundum. Vissulega er það svo. Þannig er það í Evrópu og auðvitað er það þannig hér. En þó er mikilvægt að gera mjög strangar kröfur til þessara húsa og að þau standist gagnrýni. Það er erfitt að hafa margar tegundir eða misvel stödd hús til að þjóna því mikilvæga hlutverki að skila góðum afurðum. Þróunin stefnir auðvitað í þá átt að ákveðnar kröfur verða gerðar til þessara afurðastöðva, um að þær séu nokkuð fullkomnar. Nú hygg ég að ein fimm útflutningshús séu hér á landi hvað sauðfé varðar. Við erum með önnur tólf sem ekki standast þær kröfur en eru eigi að síður ekki með verri vöru. Það er verið að berjast við kröfugerðir frá Evrópusambandinu og Bandaríkjunum um að þetta og hitt þurfi að vera til staðar. Við erum þar að reyna að skapa okkur markað og auðvitað fylgjum því.

Hv. þm. kom hér inn á heimaslátrun, sem ekki er lögleg. Hins vegar bannar enginn mönnum að reka lítið sláturhús, menn geta það, mönnum er það frjálst. Ég get auðvitað tekið undir það með hv. þm. að við þurfum að vega og meta alla þessa þróun. Við vitum að íslenskir bændur eru lykilmenn í íslenskri ferðaþjónustu. Það tíðkast auðvitað, þegar við komum til annarra landa, að menn bjóða ekki bara upp á vínið sitt, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur nú lagt til að menn fái að framleiða, heldur afurðir sínar á allan hátt og þess vegna heimareykt kjöt. Mikilvægast er, ef menn fara út í það, að slík hús í einstaklingseigu sem þjóni einum bæ eða nokkrum saman standist heilbrigðiskröfur og þær kjötvinnslur sem þannig kæmu upp til að búa til nýja markaði og þjóna. Ég geri mér grein fyrir því að bændur kunna afar vel til verka hvað verkun á matvælum varðar. Þeir búa þar yfir gríðarlegri þekkingu og reynslu. Bændafólkinu er vel treystandi í þeim efnum en það verður auðvitað að lúta heilbrigðisreglum og öllum þeim reglum sem settar eru gagnvart matvælum. Ég tel því ekki að hv. þm. hafi verið að tala af sér þegar hann minntist á þetta atriði. Vissulega eru margar þessar afurðir sem maður fær í sveitinni íslenskur og góður matur sem manni finnst smakkast afar vel. Menn hafa heimild til þess að fella gripi í eigin þágu og verka heima, þannig er það. Þeir hafa aftur á móti ekki heimild til að selja það kjöt út á markað en slíkt yrði að gerast í litlum húsum sem fengju löggildingu til þeirra hluta.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom hér síðan að stóru máli, sem alltaf getur komið upp, mistökum hjá Evrópusambandinu og því að reglurnar dugi ekki alltaf. Við þekkjum að reglurnar duga ekki alltaf en þó duga þær stundum og kannski oftar ef þær eru ekki of flóknar og menn ráða við þær.

Ég heyrði aðra sögu frá Evrópu ekki fyrir löngu síðan þar sem menn hafa núna reynt að styrkja sig á markaðnum og taka á kúariðuvandamálinu, treysta böndin við neytandann, setja strangar reglur um merkingar á gripum frá vöggu til grafar, eins og sagt er, þ.e. að neytandinn viti hvaðan varan kemur, frá haga til maga o.s.frv. Ég heyrði af nautgrip sem var felldur í Hollandi, skorinn í fjóra parta og sendur í fjögur lönd. Merkingarnar dugðu til að hægt var að kalla hann inn aftur af því að síðar kom í ljós að hann var sjúkur.

Þarna verðum við auðvitað að vera í fararbroddi án þess að setja of flóknar reglur. Við Íslendingar og íslenskir bændur verða auðvitað að halda því til haga að þeir eru með matvæli í fremstu röð. Þeir kunna að lesa og skrifa. Við verðum að geta sagt við neytandann, hvort sem hann er íslenskur, evrópskur eða bandarískur: Þetta er uppruni lambsins. Þetta er uppruni nautsins. Þetta er uppruni folaldakjöts sem þið eruð að fá. Þetta er sagan á bak við það, við þessar aðstæður lifði það o.s.frv.

Við verðum auðvitað að mæta þessum tíma og megum vara okkur neytendanna vegna að dragast hvergi aftur úr og vera áfram í fremstu röð með einfalt og gagnsætt kerfi.

Svo vil ég að lokum, hæstv. forseti, þakka þessa umræðu. Ég vænti þess að hv. landbn. fari yfir þetta mál og skoði það á allan hátt.

[19:10]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir góða umfjöllun hér um stöðu sauðfjárræktar á Íslandi og matvælaframleiðslu okkar.

Já, það ætti að vera markmið okkar að framleiða sem besta vöru í landbúnaðinum. Hvar sem við förum um er íslenskt lambakjöt talið ein albestu matvæli sem um getur og besti matur. Því hafa vaknað spurningar á borð við: Hvernig stendur á því að ekki hefur gengið betur en raun ber vitni að byggja upp myndarlegan markað á þessu sviði?

Annað má benda á í þessari umræðu allri. Til er fjöldinn allur af fiskvinnslustöðvum á Íslandi sem eru litlar og smáar. Það eru jafnvel til einyrkjar með grásleppuhrogn, sem verka þau og tekst það bara mjög vel, og menn eru ánægðir yfir því.

Að lokum langar mig svo til að beina til hæstv. ráðherra spurningunni um hvort hann sjái fyrir sér svipuð ráð og hæstv. ríkisstjórn beitti gegn atvinnuleysi þegar flokkur hans tók við völdum. Gæti hann hugsað sér að beita sömu lausnum t.d. vegna vaxandi atvinnuleysis hjá iðnaðarmönnum? Hefur Framsfl. einhver ráð og einhver orð að segja við það fólk nú?

[19:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega hefur Framsfl. ráð og orð að segja fólkinu í landinu. Við trúum því að hlutirnir verði hér í lagi áfram, hér muni ríkja uppgangur og velmegun og atvinnuleysi ekki ná fótfestu. Það er í mínum huga ein stærsta plága sem herjar á mörg þjóðlönd. Ég er bjartsýnn hvað það varðar.

Hv. þm. veltir fyrir sér hvernig við getum aukið íslenskan landbúnað. Ég held að til þess séu margir möguleikar í dag. Það er langtímaþróun. Saga liðinna ára er samofin því að við kunnum ekki að nýta sérstöðu okkar. Menn voru kannski heldur ekki að spyrja eftir sérstöðu okkar í veröldinni, líkt og nú er sóst eftir. Markaðirnir hafa verið að breytast. Ég hef séð það á Fresh Field mörkuðunum í Bandaríkjunum. Ég hef séð það á sérmörkuðum hér í Evrópu. Neytandinn spyr í vaxandi mæli eftir vörum sem eru framleiddar í landi eins og Íslandi, kannski á öllum sviðum matvælanna. Þetta er markaðurinn sem við eigum hægum og föstum skrefum

að þróa og gera að okkar. Við höfum aldrei mikið magn til að framleiða. Við mettum ekki alheiminn af okkar góðu vörum. En við getum eignast mjög trygga neytendur sem vilja borga hátt verð fyrir hinar miklu úrvalsvörur sem eru á borði íslenskra neytenda í dag. Hlutur íslensks landbúnaðar hefur á ný vaxið með hlutdeild íslenskra neytenda því að þeir vita sem er, að þessi vara er mjög örugg, framleidd af færu fólki og góð á markaðnum.

[19:14]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Boðskapur hæstv. landbrh. hér áðan var góður, um að bjart væri fram undan í atvinnulífi þjóðarinnar. Gott er að heyra þau orð af munni hæstv. ráðherra.

Ég vil taka undir önnur orð hæstv. ráðherra um hversu mikilvægt er að geta hlúð að þessari grein, sauðfjárræktinni, og helst að efla hana. Við höfum séð það undanfarin ár að hallað hefur heldur betur undan fæti. Sauðfé hefur fækkað jafnt og þétt í landinu og hafa menn jafnvel velt því fyrir sér hvort sá möguleiki væri fyrir hendi að þessi skepna sé að verða dýr í útrýmingarhættu og flokkist þá sem slík.

Vonandi mun okkur hins vegar takast að koma þessum afurðum á erlendan markað þannig að menn sækist eftir íslensku lambakjöti. Ég vona að svo muni einnig verða um íslenskt nautakjöt, sem margir segja að sé ágætt líka, og aðrar afurðir íslensks landbúnaðar. Ég tala nú ekki um ef svo gæti farið í framtíðinni að við færum að flytja út grænmeti eins og hæstv. landbrh. ræddi hér um í háleitri ræðu á dögunum.

[19:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað var þyngsta áfall sem sauðfjárframleiðslan hefur orðið fyrir þegar útflutningsbætur voru skornar af með einu handbragði fyrir rúmum 11–12 árum. Ég hefði ekki viljað vera sá landbrh. sem þá var að störfum. Það hefur auðvitað haft gríðarleg áhrif. Ein 3.000 tonn af lambakjöti voru þá í uppnámi. Greitt var mikið verð en ekki var samstaða í þinginu eða í þeirri ríkisstjórn sem þá starfaði um að halda þessum greiðslum áfram. Því fór sem fór og sauðfjárræktin lenti í miklum þrengingum.

Horfurnar núna eru að batna. Menn hafa haldið núna í sex, sjö ár innanlandsmarkaði sínum. Ég hef auðvitað áhyggjur af Goðamálinu og hvaða áhrif það hefur á markaðinn. Það hefur einhver áhrif. Menn þurfa því að halda mjög vel utan um sölumál sín. Menn eru að keppa á innanlandsmarkaði bæði við aðrar kjöttegundir og ekkert síður við alls konar innflutning þannig að það er mikið verk fyrir bændur að standa sig á markaðnum.

Ég nú hef enga trú á því að menn eigi að velta því upp að lambið sé dýr í útrýmingarhættu því að enn þá borðar þjóðin 25–26 kíló af lambakjöti. Enn þá finnst Íslendingum þetta besta kjöt sem þeir smakka. Hingað koma erlendir gestir sem finnst það verulega gott og komið hefur í ljós að þetta er eitt meyrasta og besta kjöt í veröldinni. Við eigum því markaðsmöguleika fyrir þetta kjöt á háu verði. Við verðum að þróa það í hægðum okkar og reyna að stækka markaðinn, halda honum hér innan lands og þróa það hægum og föstum skrefum. Við verðum að hafa tíma til þess. Það er erfitt en ég trúi á náttúru þessa lands, (Forseti hringir.) hæstv. forseti, í þessu efni og ekkert síður varðandi nautakjöt og kannski fleiri afurðir. Við eigum dálitla möguleika á að selja það á erlenda markaði, en ekki síst að halda innanlandsmarkaðnum.

[19:19]

Útbýting þingskjala:

Fjárfestingar Landssíma Íslands, 525. mál, fsp. SvanJ, þskj. 827.

Frumvarp um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins, 523. mál, fsp. GÖ, þskj. 825.

Hlutafélög, 522. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 824.

Markaður fyrir íslenska tónlist erlendis, 524. mál, fsp. GÖ, þskj. 826.

Sala ríksissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 526. mál, frv. SvanJ og LB, þskj. 828.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 527. mál, frv. LB og SvanJ, þskj. 829.

Þingsköp Alþingis, 521. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 823.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:20.

---

80. FUNDUR

þriðjudaginn 19. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 504. mál, þskj. 796. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 797. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 493. mál, þskj. 783. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Póstþjónusta, stjfrv., 168. mál, þskj. 169, nál. 805, brtt. 806. — 2. umr.
6. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 286. mál, þskj. 348, nál. 808, brtt. 809. — 2. umr.
7. Stimpilgjald, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
8. Siðareglur í stjórnsýslunni, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
9. Siðareglur fyrir alþingismenn, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Fyrri umr.
10. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.
11. Átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Fyrri umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frv., 156. mál, þskj. 156. — 1. umr.
13. Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, þáltill., 161. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
14. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203. — Fyrri umr.
15. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 194. mál, þskj. 205. — 1. umr.
16. Ferðaþjónusta á norðausturhorni Íslands, þáltill., 199. mál, þskj. 213. — Fyrri umr.
17. Náttúruvernd, frv., 200. mál, þskj. 214. — 1. umr.

18. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 202. mál, þskj. 227. — 1. umr.

19. Vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, þáltill., 235. mál, þskj. 262. — Fyrri umr.

20. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 236. mál, þskj. 263. — 1. umr.

21. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill láta þess getið að á eftir, að loknum atkvæðagreiðslum, fer fram umræða utan dagskrár um þróun tengsla Íslands og Evrópusambandsins. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðleg rannsóknamiðstöð á sviði landverndar, 528. mál, þáltill. ÍGP, þskj. 830.

Starfslokasamningar, 396. mál, svar forsrh., þskj. 832.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[13:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er orðið gersamlega óþolandi hvernig ráðherrar fótumtroða stjórnarskrárvarinn rétt þingmanna, misbjóða þeim og lítilsvirða þingið. Nú hefur hæstv. samgrh. haft einn mánuð til að svara fyrirspurn frá mér um starfslokasamninga Landssímans. Eftir einn mánuð kemur svarið, þ.e. að þinginu komi starfslokasamningar ekki við. Það er eins og eitthvað í þessum starfslokasamningum og því sem um er spurt þoli ekki dagsljós, alla vega virðist samviska hæstv. ráðherra ekki hrein í þessu máli vegna þess að rökin fyrir neituninni ganga ekki upp. Það er flúið í skjól hlutafélagalaganna og bent á að ráðherra megi ekki veita upplýsingar, geti þær skaðað hagsmuni félagsins.

Samkvæmt hlutafélagalögunum ákveður ráðherrann sjálfur, sem fer með 95% eignarhlut í félaginu, hvort upplýsingar sem um er spurt skaði hagsmuni félagsins. Ráðherra verður að upplýsa hvað það er í fyrirspurninni sem skaðar hagsmuni félagsins. Skaðar það hagsmuni félagsins, eins og um er spurt, hver ber ábyrgð á starfslokasamningum fyrrverandi forstjóra? Nei, auðvitað ekki. Skaðar það kannski hagsmuni félagsins að upplýst verði á þinginu hvort starfslokasamningur hafi verið gerður með vitund og vilja stjórnarinnar? Að sjálfsögðu ekki.

Hvað hefur ráðherrann að fela? Ég skora á ráðherrann að upplýsa hvað það er sem skaði stórlega hagsmuni félagsins vegna þess að ráðherrann er ella að misfara stórlega með vald sitt. Ég segi jafnframt, herra forseti, að forseti þingsins getur ekki setið afskiptalaus hjá meðan framkvæmdarvaldið tekur öll vopn úr höndum þingsins til eftirlits með framkvæmdarvaldinu. Forseti þingsins verður að bregðast við með því að tryggja betur stjórnarskrárvarinn rétt þingmanna eins og bent var á af Páli Hreinssyni að rétt væri að gera í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda.

Það liggur fyrir frv. um það í þinginu og ég skora á hæstv. forseta að bregðast við og sjá til þess að það mál gangi hér fram.

[13:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem er afar þingreynd og þekkir vel löggjöf þessa lands hefur vafalaust vitað nákvæmlega hvaða niðurstaða fengist af fyrirspurnum sem hún bar upp og gerir hér að umtalsefni. Það liggur ljóst fyrir hvernig löggjöfin er um upplýsingar hvað varðar hlutafélög. Hv. þm. getur kynnt sér það eins og hún hefur vafalaust gert í svari frá mér sem hefur verið dreift hér. Ég á ekki von á öðru en hv. þm. hafi gert sér grein fyrir að þetta svar yrði með þeim hætti sem það er.

Það liggur ljóst fyrir að það er ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að upplýsingar úr hlutafélögum séu veittar. Það er skýrt mjög rækilega í ítarlegu og vel gerðu svari sem hér liggur fyrir þinginu.

[13:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Okkur þingmönnum ber stjórnarskrárbundinn réttur og skylda til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Mér sýnist að ekki sé vanþörf á varðandi hæstv. samgrh. og embættisfærslu hans gagnvart Landssímanum hf.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér þykir hæstv. ráðherra kotroskinn þegar hann kemur hingað og veifar vel unnu svari sem hann virðist ekki skilja sjálfur. Þetta svar gefur ekki tilefni til þeirrar niðurstöðu sem hæstv. ráðherra komst hér að í ræðustól.

Ég vil rifja upp fyrir hæstv. ráðherra að það er ekki lengra síðan en í gær að dósent við Háskóla Íslands taldi að hæstv. ráðherra hefði orðið uppvís að því að brjóta hlutafélagalög með því að leyna stjórn Landssímans ákveðnum upplýsingum um ákaflega óhefðbundnar þóknanir til stjórnarformanns Landssímans. Ég gef þannig lítið fyrir það þegar hæstv. ráðherra kemur hingað og talar um lög og veifar lögum.

Það sem skiptir máli, herra forseti, er að í svari ráðherrans kemur fram að ráðherrann, sem er í hlutverki hæstv. samgrh., er eini hluthafinn. Hann hefur rétt til ákveðinna upplýsinga samkvæmt lögum. Hann ber að vísu trúnaðarskyldu gagnvart hlutafélaginu en svo segir í svarinu að sú skylda gangi einkum út á það að hann megi ekki veita upplýsingar sem hann hefur fengið með þessum hætti ef þær geti skaðað hagsmuni félagsins.

Ef hæstv. samgrh. hefur rétt fyrir sér í þessu efni er það eingöngu vegna þess að hann er að leyna hér einhverjum upplýsingum úr starfslokasamningi við fyrrverandi forstjóra sem bersýnilega getur skaðað hagsmuni félagsins, sé það gert uppvíst. Hvað er það sem gæti skaðað hagsmuni félagsins? Jú, auðvitað ef verið er að veita þar enn einn óhefðbundinn bónusinn fram hjá því sem eðlilegt má teljast.

Ég vísa til þess sérkennilega samkomulags sem hæstv. samgrh. gerði eigin hendi við stjórnarformann Landssímans. Er eitthvað slíkt á ferli hér, herra forseti, sem ekki þolir dagsljósið?

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Samkvæmt mínum skilningi á hlutafélagslögum koma þau ekki í veg fyrir að umbeðnar upplýsingar séu veittar. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að því aðeins er rétt að liggja á þessum upplýsingum að þær séu taldar skaða fyrirtækið. Hvað er það sem ekki þolir dagsins ljós? Ég tek undir með hv. málshefjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, að eðlilegt er að þessar upplýsingar séu veittar á Alþingi.

Ég tel rétt að upplýsingar um starfskjör og launakjör stjórnenda Landssímans og annarra fyrirtækja sem gerð hafa verið að hlutafélögum séu skýrð fyrir Alþingi, sé þess er óskað. Í skjóli leyndarinnar þróast spillingin eins og dæmin sanna.

[13:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þessi tregða hæstv. ríkisstjórnar til að veita sjálfsagðar upplýsingar til alþingismanna er með öllu ólíðandi. Hinu verður auðvitað ekki breytt að sannleikurinn er kominn fram að verulegu leyti. Ríkisstjórnin og forustumenn hennar hafa allt niður um sig í þessu símamáli. Sjálfstfl. hefur eftir 11 ára samfellda valdasetu við landsstjórnina sýnt að hann er hættur að gera greinarmun á flokkshagsmunum og þjóðarhagsmunum. Hann virðist ganga um þessi fyrirtæki þjóðarinnar, eins og Símann, eins og eigin prívatfyrirtæki. Mál er að linni.

Herra forseti. Það var haft eftir aðstoðarmanni samgrh. í útvarpi í gærkvöldi að það tvöfalda launakerfi, sem upplýst hefur verið um að stjórnarformaður Símans hefur búið við, sé alvanalegt í stjórnkerfinu og tíðkist þar mjög víða. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að nefna fleiri dæmi af þeim toga því að ef svo er, þá er um grafalvarlegan hlut að ræða. Þetta var haft eftir aðstoðarmanni ráðherrans.

Því miður er það svo, herra forseti, að Ríkisendurskoðun, okkar tól og tæki á hinu háa Alþingi til að fara ofan í saumana á málum af þessum toga, hefur veikst talsvert vegna aðildar að málinu á fyrri stigum. Ég sé því ekki annað fært í þessu máli, herra forseti, en að farin verði leið okkar samfylkingarmanna, að efnt verði til sérstakrar rannsóknarnefndar með vísan til ákvæða stjórnarskrárinnar. Kjarni málsins er að mál er að linni. Draga verður fram þá sem hina pólitísku ábyrgð bera, ríkisstjórnina í heild en einkanlega og ekki síst Sjálfstfl. og forustu hans.

[13:42]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er ólíðandi hvernig komið er fram við þingið í hverju málinu á fætur öðru þar sem því er hafnað að þingmenn njóti stjórnarskrárvarins réttar síns á að fá upplýsingar.

Í þessu máli er eftirtektarvert að kíkja á þetta svar og hvernig það er saman sett. Fram kemur að við stofnun félagsins, hlutafélags um Landssíma Íslands, hafi öll stjórnsýslutengsl rofnað milli ráðuneytisins og félagsins. Þegar af þeim ástæðum og vegna hlutafélagalaga er ekki talið hægt að gefa þessar upplýsingar. En maður hlýtur að spyrja í þessu samhengi: Hvenær virka hlutafélagalögin og hvenær virka þau ekki? Í blöðunum í gær, í fjölmiðlum, kom fram að hæstv. ráðherra væri að gera prívatsamninga utan stjórnarfunda sem hafa ekkert með hlutafélagalögin að gera, eru gerðir algerlega utan laganna. Reyndar er það svo að hæstv. ráðherra hefur enga heimild til þess að gera slíka samninga, ekki nokkra. Hann hefur þar af leiðandi gengið á svig við hlutafélagalögin.

Það væri því gott, virðulegi forseti, að hér yrði upplýst: Í hvaða tilvikum gilda lögin? Er það aðeins þegar ekki er hægt að upplýsa þingið um það sem það óskar eftir? Er það bara í þeim tilvikum að það hentar?

Sá samningur sem hefur verið gerður og hefur verið upplýst um er brot á hlutafélagalögunum. Ég held að mikilvægt sé að það verði skilgreint í þaula og hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvenær fara á eftir lögunum og hvenær ekki. Það er ekki hægt að koma fram með svona upplýsingar meðan allt annað sem kafað hefur verið ofan í ber þess vott að lögunum hafi ekki verið fylgt.

[13:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra ætlar að skorast undan því að benda á hvað það var í fyrirspurn minni sem brýtur í bága við hlutafélagalög. Hvað skaðar félagið í þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir ráðherrann? Það getur ekki skaðað félagið að upplýsa hver beri ábyrgð á þessum starfslokasamningi eða hvort stjórnin hafi haft vitneskju um það. Ég átel þessi vinnubrögð hjá ráðherranum og hvernig hann lítilsvirðir þingið með því að koma ekki upp og gera nákvæmlega grein fyrir því sem er í fyrirspurninni og gengur gegn hlutafélagalögunum.

Herra forseti. Ég hefði haldið að hæstv. forseti hefði þann metnað fyrir hönd þingsins að hann gengi í lið með okkur þingmönnum til að við gætum náð vopnum okkar og sinnt eftirlitshlutverki okkar með framkvæmdarvaldinu. Hæstv. ráðherrar lítilsvirða þingið hins vegar ítrekað með því að svara ekki eðlilegum fyrirspurnum sem til þeirra er beint.

Það er alveg ljóst að ráðherrann virðist hafa eitthvað að fela í þessu máli. Það er miklu nær að ef hann upplýsti um svörin þá skaðaði það frekar hagsmuni ráðherrans en nokkurn tíma félagsins, eins og ráðherrann lætur hér.

Ég verð að segja að það að ráðherra flýr alltaf í skjól hlutafélagalaganna er óþolandi. Við sjáum hvernig subbuskapurinn þrífst í skjóli þessara hlutafélagalaga. Ráðherrarnir hlaupa þar í skjól og stjórnendur skammta sér laun og hlunnindi og sjálftökuliðið lifir góðu lífi á opinbera spenanum. Það verður að taka á þessum málum og veita þingmönnum þau tæki sem þarf til að þeir geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Ég skora á hæstv. forseta að bregðast við þannig að ekki verði látið afskiptalaust þegar troðið er á rétti þingmanna og þingið lítilsvirt, herra forseti. Það hefur því miður verið að gerast á undanförnum árum.

[13:46]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Dag eftir dag ræðst stjórnarandstaðan hér í þinginu á samgrh. Ég verð að segja að mér ofbýður hvernig menn tala. Mér ofbýður hve þung orð eru látin falla. Menn koma upp í ræðustól, gera sig mjög heilaga í framan og tala um hagsmuni Landssímans. Ég spyr: Eru það hagsmunir Landssímans að ræða málin með þeim hætti sem menn hafa gert á undanförnum dögum? Eru það hagsmunir Landssímans að draga umræðuna niður á það plan sem menn hafa verið að gera á undanförnum dögum? Ég segi nei. (Gripið fram í.) Það getur ekki verið að það þjóni hagsmunum

Landssímans. Og ég spyr þá: Hver er það sem skaðast á umræðunni? Ætli það sé ekki fyrst og fremst þetta ágæta, öfluga fyrirtæki, Landssíminn? Ég vara við þessari umræðu. (Gripið fram í.) Hún hefur gengið allt of langt. Ég tel að það sé ekki ásetningur neins ráðherra að troða á rétti þingmanna eins og var fullyrt áðan varðandi það að fá upplýsingar.

Ég veit að ráðherrar reyna eftir bestu getu að veita þingmönnum upplýsingar. Það verður að segjast að það getur auðvitað gerst að mönnum verði eitthvað á í þeim efnum. En það er alveg örugglega ekki ásetningur eins eða neins ráðherranna.

[13:48]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það eru ærin tilefni fyrir þessari umræðu. Það er ákaflega undarlegt þegar enginn má vita hver laun þeir menn hafa sem starfa hjá fyrirtækjum í eigu ríkisins. Það er ákaflega undarlegt að það megi ekki vera ljóst hvers konar samningar eru gerðir við það fólk. Er ekki öllum mönnum ljóst hvaða laun þingmenn hafa? Er ekki öllum mönnum ljóst hvaða laun kennarar hafa? Af hverju má ekki sama regla gilda um alla í samfélaginu? Það eru gerðir samningar, fólk er í launasamningum og verkalýðsbaráttu og öðru. Svo rís allt í einu upp einhver hópur manna í þessu landi sem getur verið á einhverjum lokuðum samningum sem enginn veit hvað bera í sér. Auðvitað þarf að opna þetta kerfi miklu meira hjá okkur en er. Þetta skapar mikla tortryggni. Ef þetta væri allt saman opið væri fólk kannski ekki að velta þessu fyrir sér. Þá væru menn ekki sífellt að koma fram með spurningar sem kannski eru til góð og gild svör við. En þegar þagað er þá er það til að skapa tortryggnina. Það skulum við hafa í huga.

Að lokum langar mig til að spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi ekki tekið eftir því þegar ég bað um orðið áðan á undan hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur. (Gripið fram í.) Röðin á að vera rétt.

[13:50]

Forseti (Halldór Blöndal):

Út af ummælum hv. þm. þá skil ég vel að honum skuli ekki vera kunnugt um það, þar sem hann er nýkominn á Alþingi, að altítt er að reynt er að skiptast nokkuð á þannig að ekki tali einungis þingmenn úr sama flokki heldur er reynt að hagræða þannig að upp komi þingmenn með mismunandi sjónarmið. Hv. þm. fékk tækifæri til að tala og mér heyrðist honum mælast vel.

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[13:50]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Tilefni þess að ég vil bera af mér sakir eru ummæli hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur sem er jafnframt formaður þingflokks Sjálfstfl. Hún kom í þennan stól og staðhæfði að dag eftir dag kæmi stjórnarandstaðan hingað og legði hæstv. samgrh. í einelti. Þetta er rangt, herra forseti.

Ég vil af tilefni þessara orða rifja upp að ég kom hingað í gær og sagði að það væri ódrengilegt og óheiðarlegt að ætla sér að láta alla sökina á því klúðri sem tengist sölu Landssímans á herðar hæstv. samgrh. og bætti því við að nógu marga krossa hefði hann að bera á sínum öxlum. Ég óskaði þá eftir því fyrir hönd Samfylkingarinnar að við fengjum að ræða þessi mál við þann mann sem ber mesta ábyrgð, þann mann sem hefur vikist undan því að ræða þetta, þ.e. hæstv. forsrh., vegna þess að ég tel að það eigi ekki að leggja hæstv. samgrh. í einelti (Forseti hringir.) út af þessu máli. Orð hv. þm. voru því röng.

[13:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú er vandi á höndum. Ég hafði tekið það svo að hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, hefði hugsað sér að bera af sér sakir vegna ræðu þess alþingismanns sem áður hafði talað næst á undan honum, hv. 2. þm. Vestf., Karls V. Matthíassonar. En svo var ekki.

[13:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. þingmanna liggur alveg ljóst fyrir að ekki stendur til að leyna neinum upplýsingum. Svar mitt til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur felur í sér að brugðist er við löggjöf landsins. Eins og skýrt kom fram í skýrslu sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi, 1997–1998, þá er málsmeðferð samkvæmt lögum sú sem kemur fram í svari mínu til hv. þm. Því liggur alveg ljóst fyrir með hvaða hætti við verðum að vinna.

Aðeins vegna þeirra orða sem hér voru höfð uppi um að samgrh. bryti hlutafélagalögin eða væri að reyna að skjóta sér í skjól við þau jafnframt þá er það auðvitað fjarri öllu lagi. Samgrh. sem fer með hlutabréf í Landssímanum hefur kosið stjórnarformann í því ágæta félagi sem fær laun fyrir þá vinnu, en vegna mikillar vinnu sem hann lagði fram fyrir félagið til viðbótar við hið venjulega starf sem stjórnarformaður, þá varð það að niðurstöðu að fyrir það yrði greitt sérstaklega. Til þess að hafa þá hluti alla í góðu lagi var haft samráð við Ríkisendurskoðun um með hvaða hætti það væri framkvæmt og tilmælum var beint með bréfi til forstjóra fyrirtækisins þannig að þeir hlutir væru allir uppi á borði. Því er ekki nokkurn hlut að fela.

Stjórn Símans hefur fjallað um það mál þó að það sé ekki liður í því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjallaði hér um í athugasemdum sínum. Hún er því hinn rétti vettvangur. Stjórn félagsins ber ábyrgð á rekstri félagsins og það hljóta hv. þingmenn allir að vera vissir um. (**Gripið fram í:** Allt í góðu lagi bara.)

Um fundarstjórn.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar.

[13:55]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér fannst nokkurrar hræsni gæta í orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hér áðan vegna þess að dag eftir dag eins og ég nefndi ... (**LB:** Forseti, ætlar þú að ...) (Forseti hringir) (**Gripið fram í:** Það á bara að hringja strax. Það er engin fundarstjórn forseta í dagskránni.) (**SJS:** Þetta er að bera á menn sakir.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þingmenn að ... (Gripið fram í.) Ég heyri að þingmenn hafa gaman af því að halda þingsköp víðs vegar um salinn.)

Það sem ég nefndi í ræðu minni áðan eða svari var að ráðherrar reyna að svara eftir bestu getu og heiðarlega þegar beint er til þeirra fyrirspurnum frá þingmönnum. (Forseti hringir.) Mér fannst hv. þm. Össur Skarphéðinsson fara nokkuð út fyrir það sem hefur verið að gerast á þinginu á síðustu dögum. Við höfum öll séð hvað er að gerast og hvernig menn hafa ráðist (Gripið fram í.) að hæstv. samgrh.

Umræður utan dagskrár.

Þróun tengsla Íslands og Evrópusambandsins.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar frá 28. maí 1999 er fáorð um Evrópumál eins og reyndar fleira. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Áfram verði náið fylgst með þróun Evrópusambandsins með framtíðarhagsmuni Íslands að leiðarljósi."

Við þetta er svo gjarnan bætt alkunnri setningu um að aðild að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar eða ekki á dagskrá á þessu kjörtímabili.

Í apríl árið 2000 lagði hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson fram viðamikla skýrslu um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Þar segir m.a. um EES-samninginn, með leyfi forseta:

„EES-samningurinn tryggir tengingu við þá þætti Evrópusamstarfsins þar sem best hefur tekist til. Það má hins vegar telja til kosta hans að ýmsir þættir Evrópusamstarfsins, sem ýmist eru ekki ýkja eftirsóknarverðir eða hreinlega ganga gegn íslenskum hagsmunum, standa utan samningsins. Ber þar af sjónarhóli Íslands fyrst að nefna sjávarútvegsstefnuna."

Síðan segir í niðurlagsorðum almennrar umfjöllunar um EES-samninginn:

„EES-samningurinn gefur svigrúm til þess að standa utan verulegs hluta Evrópusamstarfs. Það er því verði keypt að aðgangur er takmarkaður að stofnunum sem móta framtíðarstefnu og taka ákvarðanir um rekstur. Á því sviði, sem samningurinn nær til, hefur afraksturinn undanfarin sex ár reynst góður."

Þetta segir þar. Það er athyglisvert og umhugsunarefni, herra forseti, að höfundur eða ábyrgðaraðili þessa texta, hæstv. utanrrh., er sami maðurinn og nú að undanförnu hefur í ræðum og fjölmiðlaviðtölum gerst ærið tíðrætt um hluti eins og þá hvernig EES-samningurinn reyni á þanþol stjórnarskrárinnar, að því megi halda fram með góðum rökum að aðild að ESB tryggi fullveldi Íslands betur en EES gerir, að sjávarútvegsstefna ESB sé mögulega ekki lengur hindrun í vegi aðildar og hversu alvarlegt mál áhuga- eða viljaleysi Evrópusambandsins á því að breyta EES-samningnum í tengslum við stækkun Evrópusambandsins sé þessum sama samningi og ráðherra fór svo lofsamlegum orðum um í skýrslu sinni fyrir tæpum tveimur árum. Loks lætur ráðherra að því liggja nú fyrir rúmri viku síðan að á allra næstu vikum verði farið fram á formlegar viðræður við Evrópusambandið um hvorki meira né minna en framtíð Evrópska efnahagssvæðisins, að beðið sé eftir því að Norðmenn geri upp hug sinn. En áður hefur hæstv. utanrrh. sagt aðspurður um hvers vegna Norðmenn vilji fara sér hægar en Íslendingar að ekki sé víst að um sameiginlega málaleitan verði að ræða.

Á sama tíma og hæstv. utanrrh. ræðir linnlaust um erfiðleika, vandamál, versnandi stöðu, möguleg stjórnarskrárbrot og fullveldisfórnir, kannast hæstv. forsrh. ekki við nein vandamál og segist ekki kannast við að neitt sé að EES-samningnum. Hann segir okkur að aðspurður hafi hæstv. utanrrh. ekki getað nefnt nein dæmi þar um. Lengst hefur forsrh. gengið með því að tala um að þörf geti verið á smávægilegum prófarkalestri.

Hver er þá hin formlega staða málsins, herra forseti? Hvaða ákvarðanir hefur ríkisstjórnin tekið, ef einhverjar, um að fara í formlegar samningaviðræður o.s.frv.? Það er algerlega óumflýjanlegt að hin formlega staða og allar pólitískar ákvarðanir um málsmeðferð liggi fyrir.

Þó að leiðarahöfundi Morgunblaðsins hafi tekist það rökfræðilega og stílfræðilega afrek að telja þá utanrrh. og forsrh. í aðalatriðum sammála, get ég ekki lesið það út úr yfirlýsingum þeirra í austur og vestur undanfarna daga. Ég hef því lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. utanrrh.:

1. Hefur ríkisstjórnin ákveðið að óska eftir formlegum samningaviðræðum við Evrópusambandið um efnislegar breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið? Ef svo er, hvenær var það gert og hvernig verður háttað samráði við utanrmn. Alþingis?

2. Eru líkur á að Íslendingar og Norðmenn verði sammála um inntak viðræðna við Evrópusambandið um breytingar eða uppfærslu á EES-samningnum?

3. Til hvers er utanrrh. að vísa sérstaklega þegar hann talar um nauðsyn þess að fá viðræður við Evrópusambandið um framtíð Evrópska efnahagssvæðisins? Telur ráðherra framtíð samningsins í óvissu?

4. Hyggst ríkisstjórnin meðhöndla óskir um breytingu á bókun 9 í tengslum við stækkun Evrópusambandsins með það að markmiði að viðskiptakjör Íslendinga versni ekki, sem sjálfstætt mál eða sem hluta af heildarviðræðum um EES-samninginn eða framtíð Evrópska efnahagssvæðisins?

5. Hefur verið lagður grunnur að því að nýta sérstaklega formennskutíð Dana í Evrópusambandinu á (Forseti hringir.) síðari hluta þessa árs til að vinna hagsmunamálum Íslands brautargengi?

[14:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur ekki óskað formlega eftir viðræðum við Evrópusambandið um efnislegar breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar hefur málið verið rætt meðal EFTA-ríkjanna á grundvelli ítarlegra skýrslna sem EFTA-skrifstofan hefur gert frá því að Rómarsáttmálanum var breytt með Amsterdamsamningnum. Vaxandi umræða hefur farið fram um þessi mál á síðasta ári sem tengist að hluta stækkunarferli ESB.

EFTA-aðildarríkin, ríkin í EES hafa því skoðað þessi mál ítarlega og er þessi þróun meginástæða þeirrar Evrópuskýrslu sem ég lagði fyrir Alþingi í apríl árið 2000 um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Í þeirri skýrslu er á ítarlegan hátt greint frá helstu vandkvæðum við rekstur samningsins vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað innan ESB frá því að EES-samningurinn var gerður. Engar tillögur hafa verið afhentar, enda liggja þær ekki fyrir. Mál þessi hef ég rætt við fjölmarga aðila. Ítarleg umræða hefur átt sér stað á Alþingi um þróun EES-samningsins.

Varðandi seinni lið spurningarinnar get ég enn fremur áréttað að málið hefur verið rætt við utanrmn. Ég mun ræða málið enn frekar við nefndina næstkomandi fimmtudag. Engar breytingar verða gerðar á EES-samningnum nema Noregur, Liechtenstein og Ísland verði um það sammála. Endurskoðun á EES-samningnum hefur eðlilega talsvert verið rædd meðal þessara ríkja. Samkvæmt yfirliti sem EFTA-skrifstofan hefur gert er gert ráð fyrir fjórum möguleikum varðandi hugsanlega endurskoðun.

1. Að ákvæði EES-samningsins verði færð til samræmis

við það sem þau voru gagnvart Rómarsáttmálanum þegar EES-samningurinn var gerður.

2. Að þátttaka í nefndum framkvæmdarstjórnarinnar verði áréttuð og hún gerð víðtækari.

3. Að veitt verði lágmarksaðkoma að nefndum ráðsins og Evrópuþingsins í ljósi breytts stofnanafyrirkomulags ESB.

4. Endurskoðun á bókun 9 varðandi sölu sjávarafurða og hins vegar varðandi innheimtu á skólagjöldum í Írlandi og Bretlandi.

Framkvæmdastjórnin hefur aðeins sagt tæknilega endurskoðun koma til álita, sem nær til fyrsta flokksins sem ég nefndi hér að framan. Evrópusamstarf að eigin vali kemur ekki til greina. Bókun 9 ber að virða í öðru samhengi að hennar mati. Norðmenn hafa talið ráðlegt að ganga ekki lengra en framkvæmdastjórnin leggur til.

Það er mögulegt að Noregur og Ísland geti orðið sammála um inntak viðræðna við ESB, enda verða þau að vera það. Ríkin tvö virðast samstiga um álit á þeirri þróun sem átt hefur sér stað innan ESB og áhrifum hennar á EES-samninginn. Mér er ekki kunnugt um ágreining varðandi greiningu á vandanum sem slíkum. Hins vegar kunna Norðmenn að meta tímasetningar og praktíska nálgun með öðrum áherslum.

Á heildina er litið er afrakstur EES-samningsins góður. Samningurinn var byggður á ákveðnum forsendum um aðgang að ákvarðanamótun og virðingu fyrir stjórnskipulegu forræði EFTA-hliðarinnar. Pólitískan vilja hefur skort innan ESB til að nýta til fulls það svigrúm og þær heimildir sem samningurinn gefur til þátttöku EFTA-ríkja í innra markaðsstarfinu.

Mikilvægt er að hafa hugfast að þessir hnökrar á samstarfi ríkjanna eru ekki þess eðlis að staða samningsins sé í yfirvofandi hættu. Hins vegar er þróunin að undanförnu áhyggjuefni, sérstaklega ef ekki tekst sem skyldi að sporna við henni. Málið snýst um að tryggja að EES-samningurinn sé áfram öflugt tæki til að verja hagsmuni okkar til frambúðar. Sú áhersla sem lögð hefur verið á endurskoðun samhliða stækkun er ekki síst í því skyni að nota tækifærið til að árétta pólitískt mikilvægi EES-samningsins um leið og stækkunarferlið á sér stað.

Þrátt fyrir pólitíska skilning einstakra aðildarríkja hefur framkvæmdastjórnin lýst þeirri skoðun að endurskoðun eigi sér ekki stað fyrir stækkun. Hins vegar er hún sammála því grundvallaratriði að þörf verði á að athuga endurskoðun þegar stækkun er lokið. Ef svo yrði mundi umtalsverður dráttur verða á fullgildingu slíkra breytinga, enda sýnir reynslan að mörg ár getur tekið að fá afgreiðslu í öllum aðildarríkjum ESB. Í stuttu máli má segja að eftirtalin atriði skipti máli varðandi hugsanlega aðlögun:

EES-samningurinn er ekki að því kominn að líða undir lok. Umhverfi EES-samningsins hefur þó breyst þar sem EFTA hefur minnkað. Reglur ESB um stofnanir þess svo og efnislegur sáttmáli ESB hafa breyst. Þar með hefur myndast munur á ESB-samningnum og sáttmálanum. Þá hefur verið bent á að stækkun ESB kunni að leiða til erfiðari aðkomu og jafnvel minnkandi aðgangi að mótun gerða. Þátttaka í mótun ákvarðana hefur breyst. Einnig hafa orðið breytingar á sáttmálum ESB og eðli ESB.

Herra forseti. Hér er um mjög umfangsmiklar spurningar að ræða sem erfitt er að svara við svo stuttar umræður. Ég mun þó leitast við að gera það síðar.

[14:08]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Við sem teljum vafa leika á því að EES-samningurinn sé fullnægjandi til að tryggja hagsmuni Íslendinga í samskiptum við Evrópusambandið í framtíðinni erum gjarnan spurð að rökum fyrir þeirri fullyrðingu. Í mínum huga eru þau augljós. EES-samningurinn var gerður milli tveggja jafnréttháttra ríkjablokka og byggði á gagnkvæmum viðskiptalegum hagsmunum beggja aðila en EFTA-ríkin voru þá á mikilvægasta viðskiptasvæði Evrópusambandsins.

Þegar bróðurpartur þeirra, Austurríki, Svíþjóð og Finnland, tóku skrefið inn í ESB, féll gagnkvæmni samningsins um leið niður. Á næstu árum ganga 10 ný ríki til liðs við Evrópusambandið. Þá verða 25 ríki og 480 milljónir manna í sambandinu en aðeins þrjú ríki og tæpar 5 millj. í EES. Við munum glata verulegum hagsmunum af því þegar umsóknarríkin 10 ganga inn í Evrópusambandið, m.a. í formi þess að fríverslun við þau verður lögð niður. Ekki þarf að spyrja af örlögum samningsins ef Noregur, langstærsta stoð hans, tekur ákvörðun um að sækja um aðild eins og vaxandi áhugi er fyrir þar í landi. Eigum við Íslendingar að fljóta sofandi að feigðarósi í stað þess að horfast í augu við staðreyndir? Samningurinn er ekki jafnsterkur og áður og virðist ekki vilji fyrir því að taka hann upp.

Þá vil ég nefna lýðræðishluta samningsins en við höfum engin áhrif á mótun þeirra reglna sem okkur er skylt að taka upp á grundvelli hans og formlegt neitunarvald Alþingis er óvirkt.

Þá er ávinningur þjóðarbúsins að sameiginlegu myntsvæði ótvíræður að mati margra í atvinnu- og viðskiptalífinu og mundi skila okkur tugum milljarða í þjóðarbúið í formi lægri vaxta og umsýslukostnaðar. Við Íslendingar vitum ekki fyrir fram hvað við fáum út úr Evrópusambandsaðild. Á það verður að reyna í samningaviðræðum. Fordæmum a.m.k. ekki fyrir fram en munum að til aðildar kæmi aldrei án þess að á undan fari ítarlegar viðræður þar sem við Íslendingar mundum fara fram með háleit samningsmarkmið fyrir okkar hönd. En það er að lokum íslenska þjóðin sem metur hvort samningarnir teljast viðunandi. Þess vegna er mikilvægt að upplýst umræða fari fram með víðtækri þátttöku landsmanna allra. Málið er of stórt til að skella skollaeyrum við aðvörunum.

[14:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir innlegg hans. Það var ljómandi gott. Í annan stað vil ég gera athugasemd við ræðuna sem síðast var flutt, af hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Í ræðu hennar kom fram reginmisskilningur á margan hátt eins og reyndar í sjónvarpsviðtali við hana nýverið.

Þegar EES-samningurinn var gerður lá algerlega ljóst fyrir hvaða EFTA-ríki hygðust ganga inn í Evrópusambandið. Við fullgiltum þennan samning með atbeina Alþfl. þrátt fyrir þá vitneskju. Þar hefur því ekkert breyst. Í annan stað er áhugi Norðmanna ekki meiri en svo að forsætisráðherrann þar hefur nýlega lýst því yfir, með orðalagi sem hér má ekki nefna, að innganga eða umræður um aðild að Evrópusambandinu væru ekki á dagskrá í Noregi fyrr en í fyrsta lagi árið 2005. Þannig er málið þar ekkert á dagskrá, en slíkt má ekki nefna hér því þá halda menn að verið sé að banna umræður um þetta mál.

Í annan stað vil ég nefna eitt atriði sem hefur komið fram, bæði hjá hv. þm. og eins hv. formanni Samfylkingarinnar sem talar um að það veiki samninginn að áhuginn hafi minnkað á þessum samningi í Evrópusamandinu. Þetta er einhver reginmisskilningur. Það er ekkert vandamál út af fyrir sig að fullgerður samningur sem virkar vel sé ekki daglega á vörum skrifræðisfólksins í Brussel. Ég get nefnt sem dæmi mjög góðan samning annan, varnarsamninginn við Bandaríkin. Við verðum vör við það aftur og aftur að afar fáir menn í bandarískra stjórnkerfinu vita um þann samning eða velta þeim samningi fyrir sér. En um leið og til þess samnings þarf að grípa virkar hann, nákvæmlega eins og EES-samningurinn.

Ég hef átt í viðræðum við forustumenn Evrópusambandsins á allra hæstu stigum sambandsins. Þar kemur alltaf og ætíð fram að EES-samningurinn er að þeirra mati samningur sem virkar. Á honum eru ekki verulegir gallar. Hins vegar er það hárrétt, eins og hæstv. utanrrh. nefndi, að breyta þarf þessum samningi að breyttu breytanda. Að því hefur utanrrh. verið að vinna og ég styð hann í því.

[14:12]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Enn á ný tökum við til við að ræða stórmál þar sem flestum ræðumönnum gefst rúmur tími til að standa upp og setjast. Ég vildi aðeins víkja því að forseta vorum hvort hann vildi ekki athuga að fara bil beggja um utandagskrárumræður þannig að mál sem mikils eru metin verði afgreidd með þeim hætti að framsögumenn og hæstv. ráðherra sem svarar fengju eins og 10 mínútur og aðrir 5 mínútur. Upplýst yrði með góðum fyrirvara um slíka umræðu og gæfist þá þingmönnum meira tækifæri til að segja eitthvað af viti.

Það sætir ekki tíðindum þótt aðalforráðamenn þessa þjóðfélags hnotabítist um innanlandsmál og um það höfum við mörg vitni. En skörin færist upp í bekkinn þegar menn taka að ræða sín á milli um utanríkismál, eins og hér hefur átt sér stað um EES-samninginn.

Það er ekki að undra þótt hæstv. utanrrh. sé með böggum hildar vegna þessa samnings, vegna þeirra breytinga sem nú eiga sér stað. En hæstv. forsrh. leyfir sér að fara þeim orðum um þennan samning að þar kunni að vera ákvæði um rottueitur og annað sé ekkert að samningnum nema það finnist kannski í honum stafavillur og þá megi svo sem leita að þeim.

Svo eru þeir kallaðir fyrir til að spyrja þá um hvort ágreiningurinn sé mikill og þá svarar utanrrh. að þeir hafi hist, rætt við og allt farið vel. Hæstv. forsrh. kemur síðan í sjónvarp þar sem hann prísar samvinnuna. Það er auðvitað skiljanlegt að þeim hafi komið vel saman á þessum fundi ef umræðuefnið hefur verið aðferðir til að útrýma meindýrum. En svona getum við ekki hagað okkur. Síst forráðamenn okkar í viðkvæmum utanríkismálum.

[14:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Um margra ára skeið hefur farið fram mikil umræða um svokölluð Evrópumál. Ótal skýrslur hafa verið gerðar um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu, hvað það hefði í för með sér fyrir Íslendinga að gerast þátttakendur í hinu nýja Evrópusambandsríki með sameiginlegri mynt, her og viðskiptasamningum.

Fyrir þá sem hafa lagt sig eftir þessari umræðu er augljóst hvert stefnir í þróun Evrópusambandsins. Þjóðríkið víkur fyrir nýju miðstýrðu ríki sem þó mun leitast við að tryggja sjálfsstjórn héraða og svæða á nýjum forsendum. Þarna sjá ýmsir Evrópusinnar hér á landi sóknarfæri, að Íslendingar skapi sér sess sem hérað í hinu nýja Evrópusambandsríki. Sannast sagna fannst mér það vera virðingarvert sjónarmið að halda því fram að við eigum að gerast hluti í hinu evrópska stórríki með þeim kostum og göllum sem því fylgja og horfa fram hjá því hvert framlag okkar yrði inn í báknið í peningum talið og hvaða breytingar yrðu á sjálfstæði þjóðarinnar og yfirráðum okkar yfir auðlindum sjávar.

Ég er hins vegar andvígur þessu sjónarmiði, einfaldlega vegna þess að ég tel það ekki þjóna hagsmunum Íslendinga. Ég er sannfærður um að okkur yrði betur borgið án þess að einangra okkur innan Evrópu og án þess að gerast Hawaii-eyjar Evrópusambandsins.

Stjórnmálaflokkar þurfa að tala skýrt. Það gerum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Það gerir formaður Samfylkingarinnar og sama gildir um Sjálfstfl. Framsfl. hefur hins vegar lagst í innhverfa íhugun í þessu máli. Það væri í rauninni góðra gjalda vert ef svo óheppilega vildi ekki til að formaður flokksins er jafnframt utanrrh. þjóðarinnar. Þar með liggjum við öll með honum nauðug viljug í endalausri íhugun um hvað okkur eigi að finnast. Ef menn vilja ganga í Evrópusambandið þá eiga menn að segja það. Ef ekki þá á einnig að segja það skýrt og afdráttarlaust og vinna síðan út frá þeirri forsendu. Sú tíð er löngu liðin að menn geti leynt sér á bak við endalausa íhugun og athugun. Þess hlýtur að vera krafist að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar komi hreint fram í þessum málum.

[14:17]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er engum vafa undirorpið að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst íslensku þjóðinni afskaplega gæfuríkur, ekki einasta fyrir aðgengi okkar að einum mikilvægustu mörkuðum okkar heldur ekki síður fyrir aðgengi okkar að rannsóknarsamstarfi, samstarfi í menntamálum og þar fram eftir götunum. Hann hefur með öðrum orðum verið ramminn að miklum framförum á síðustu árum.

En nú kunna að vera breytingar fram undan. Eftir hrun kommúnismans hefur alþjóðavæðingin orðið afskaplega hröð og ekki gott að sjá hvernig hún mun þróast á næstu árum. Í þeirri hröðu alþjóðavæðingu beinast augu manna ekki síst að Evrópusambandinu og þeim miklu breytingum sem þar hafa orðið og fyrir okkur Íslendinga er ekki síst mikilvægt að horfa til þess með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Segja má að meðan hann haldi sé allt í góðu lagi. En hvað ef hann brestur? Um þetta er mikið rætt meðal almennings, innan atvinnulífsins og menn spyrja sem svo: Hvernig eigum við að bregðast við? Hver verður framtíðin í okkar alþjóðamálum.

Í því sambandi hafa margir nefnt að hyggilegt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu, en ég hygg að eins og staða mála er í dag geti í raun fáir svarað því með efnislegum rökum. Þess vegna er mjög mikilvægt að skoða kosti og galla þess að ganga í Evrópusambandið eða sækja um aðild. Kostir eru tvímælalaust margir og gallar eru tvímælalaust margir. En þess vegna er afskaplega mikilvægt fyrir okkur sem þjóð að skoða jafnt kosti sem galla til þess að geta tekið efnislega afstöðu til þess hvort sækja eigi um aðild og hvernig við ætlum að fylgjast með í þeirri alþjóðavæðingu

sem óhjákvæmilega á sér stað hvort sem okkur líkar betur eða verr.

[14:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Nú er óumdeilt að EES-samningurinn sem svo mikil átök urðu um á sínum tíma varð íslensku atvinnulífi sú mikla lyftistöng sem upphafsmenn hans væntu og að samningurinn átti ríkan þátt í uppgangi efnahagslífsins á síðasta áratugi. En umhverfi samningsins hefur breyst og íslenskum stjórnvöldum ber að endurmeta stöðuna. Ég vildi óska að þeir sem vinna með EES-samninginn gætu verið sammála hæstv. forsrh. um að hann virki svona vel.

Herra forseti. Margir Íslendingar hafa gert upp hug sinn um Evrópusambandið en þorri fólks telur sig ekki enn hafa forsendur til að taka afstöðu. Það sem skilur á milli pólitískrar umræðu þá og nú er að þjóðin ákveður sjálf, að undangenginni umræðu og að skilgreindum samningsmarkmiðum, hvort við göngum í ESB. Ákvörðunin verður tekin í þjóðaratkvæðagreiðslu og þessi staðreynd skiptir öllu máli. En til að fólk geti tekið svo afdrifaríka ákvörðun verða kostir og gallar hugsanlegrar Evrópusambandsaðildar að liggja ljósir fyrir. Slík vitneskja verður eingöngu til við öfluga og upplýsta umræðu og sú umræða hefur verið vakin af Samfylkingunni, af Framsfl., af Samtökum iðnaðarins, af verkalýðshreyfingunni og fjölda aðila úr íslensku atvinnulífi.

En Sjálfstfl. tekur ólýðræðislega ákvörðun á þröngum fundum og lokar á umræðuna og það höfum við heyrt í dag. Hæstv. forsrh. hefur í Kastljóssþætti í sjónvarpinu talað um að það mætti prófarkalesa þennan samning og að við fengjum e.t.v. að fjalla um reglugerð um rottueitur ef við gengjum í Evrópusambandið. Þetta er ekki sæmandi umræða.

Herra forseti. Samfylkingin hefur valið að virkja alla flokksmenn í umræðu og ákvarðanatöku um Evrópusambandsaðild. Þar með hefur Samfylkingin fyrstur stjórnmálaflokka sett málið í formlegt ferli ákvarðanatöku.

[14:21]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Samfylkingin reynir að halda því fram að sjálfstæðismenn vilji ekki taka þátt í Evrópuumræðunni. Það er alrangt. Við höfum tekið þátt í þessari umræðu en við höfum að vísu ekki komist að þeirri undarlegu niðurstöðu sem Samfylkingin hefur komist að, eða hefur ekki komist að því að hún er að leita að niðurstöðunni núna mörgum mánuðum eftir að hún hélt sinn síðasta landsfund.

Virðulegi forseti. EES-samningurinn hefur verið okkur hagstæður, greitt okkur leið að mörkuðum, fært okkur umtalsvert fjármagn og þekkingu inn í þjóðarbúið, leitt til aukins frjálsræðis og nútímalegri stjórnarhátta í atvinnulífinu, stuðlað verulega að stöðugleika í íslensku efnahagslífi, eflt neytendavernd, umhverfisvernd, auðveldað okkur aðlögun að breytingum á sviðum fjarskipta og samgangna og samstarf íslenskra fyrirtækja í Evrópu. Á hinn bóginn standa utan samningsins ýmsir þættir Evrópusamstarfsins sem eru ekki eftirsóknarverðir eða ganga hreinlega gegn okkar eigin hagsmunum.

Þetta, virðulegi forseti, er meginniðurstaða hinnar ítarlegu skýrslu hæstv. utanrrh. um stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu og var áréttað af hæstv. utanrrh. í ræðunni áðan. Hvað segir þetta okkur? Gefur þessi skýrsla þær staðreyndir til kynna að við þurfum að hraða okkur við að endurskoða þennan samning eða opna samning sem hefur reynst okkur svona vel? Auðvitað ekki. Meginmarkmið okkar eru eins og jafnan, að tryggja að hann gegni áfram hlutverki sínu líkt og hann gerir svo ágætlega nú.

Talað er um að EFTA-stoð samningsins hafi veikst. Þó er hún sterkari en talið var að hún yrði við gerð EES-samningsins vegna þess að þá var gert ráð fyrir aðild Noregs að Evrópusambandinu.

Menn spyrja hvað muni gerast á viðskiptasviði okkar með stækkun Evrópusambandsins til austurs? Því er til að svara að auðvitað verða hin nýju ESB-lönd þá hluti af EES-svæðinu sem er okkur vitaskuld í hag. Hins vegar er fiskurinn utan samningsins. Hagsmunir okkar eru tryggðir í sérstakri bókun með samningnum. Sjávarútvegshagsmunir okkar í viðskiptum við hinar nýju þjóðir eru þess utan sáralitlir. En veltum fyrir okkur stöðunni ef hægt væri að sýna fram á að viðskiptakjör okkar við ESB versnuðu við stækkunina. Er ekki grundvallarhugsunin með innri markaðnum sú að auðvelda þar viðskiptin, stuðla að því að þau vaxi, eða ætlar Evrópusambandið að búa til fyrirkomulag þar sem viðskipti á hinu nýja og stækkaða Evrópuska efnahagssvæði yrðu í heild sinni minni en þau voru áður eða gætu orðið? Auðvitað ekki. Það er líka (Forseti hringir.) nauðsynlegt að minna á að Ísland og aðildarríki Evrópusambandsins eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Evrópusambandinu ber þess vegna skylda til að leysa þessi mál í samræmi við það.

[14:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í samningum við önnur lönd verða menn að hafa ákveðna sýn á það hverju ætlunin er að ná fram og hvað menn eru reiðubúnir til að láta af hendi. Jafnmikilvægt er að hafa fulla vitund um hvað ekki er falt og hvað ekki verður látið af hendi í slíkum samningum.

Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er skýr. Fullveldi Íslands og náttúruauðlindir okkar til lands og sjávar verða ekki framseldar, en sjálfsagt er að endurskoða reglulega stöðu einstakra þátta í gagnkvæmum samningum á trúverðugan hátt.

Því er haldið fram að full aðild að Evrópusambandinu sé svo góð fyrir hinar dreifðu byggðir, þá komi svo miklir byggðastyrkir. En hvernig er þetta? Ísland mun í heild sinni þurfa að greiða nokkrum milljörðum kr. meira til Evrópusambandsins en það mun fá til baka ef það verður fullgildur aðili. Ef þjóðin vill greiða meira í búsetustyrki getur hún gert það beint án þess að senda peningana fyrst til Brussel og láta hirða þar prósentur og láta svo restina koma skerta til baka í byggðastyrki.

Nýjasta dæmið í Brussel-dekrinu er það að setja á á íslenska sauðfjárbændur sömu reglur og gilda um sauðfjárbúskap t.d. í Hollandi eða Belgíu, eins og við værum þegar orðnir aðilar að ESB. Þetta eru reglur sem ganga jafnvel lengra í miðstýringu og skriffinnsku en þeir sjálfir hafa vogað sér að setja. Komist þessar Brussel-reglur Framsóknar á mun það reynast íslenskum sauðfjárbændum þung raun, nánast eins og náttúruhamfarir.

Herra forseti. Vandinn er sá að sérstaklega í ráðuneytum Framsfl. virðist gleymast að við erum ekki gengin í ESB og þar á bæ eru menn þegar farnir að vinna eins og að innganga sé nánast formsatriði.

Herra forseti. Að mínu mati er Evrópuvagn Framsóknar á hættulegri leið, hættulegri ferð með Ísland inn í Evrópu-

sambandið. Það þarf að ræða og það þarf að stöðva.

[14:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Það er að sjálfsögðu ekki við hæstv. utanrrh. að sakast þó að honum ynnist ekki tími til að gera tæmandi skil þessu flókna máli og mörg hefðum við kosið að fá til þess aðeins lengri tíma að skiptast á skoðunum um þetta stóra mál.

Umræðan hefur skýrt stöðuna að nokkru leyti. Það markverðasta, að ég tel, sem fram hefur komið er að ríkisstjórnin hefur ekki óskað eftir formlegum viðræðum við Evrópusambandið um breytingar á EES-samningnum. Nú liggur það fyrir og það kom reyndar ekkert fram, hvorki í máli utanrrh. né forsrh., um að til stæði á næstunni að taka slíka ákvörðun.

Herra forseti. Það er ástæða til að leggja á það áherslu að það er óæskilegt að þessi mál séu langtímum saman í viðvarandi óvissu, svo ekki sé sagt uppnámi. Það skapar öryggisleysi og það torveldar mönnum að taka ákvarðanir og gæta hagsmuna sinna hafandi sæmilega fast land undir fótum. Það þýðir ekki að menn þurfi að loka augum og eyrum. Það þýðir ekki, eins og ranglega er haldið fram, að menn geti ekki eftir sem áður fylgst með. Það þýðir ekki að ekki sé sjálfsagt að ræða málin. En við reynum að hafa einhverja stefnufestu ríkjandi á þessu sviði þannig að menn viti til einhvers tíma í senn að hverju þeir gangi.

Herra forseti. Ég sé ekki að neitt nýtt hafi komið fram sem breyti í grundvallaratriðum því mati að það er ekki hagstætt hagsmunum Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Við fórnum of miklu í skertu sjálfstæði, sjálfsákvörðunarrétti í sjávarútvegsmálum, sjálfstæðum samningsrétti. Við glötum möguleikum á sjálfstæðri efnahagsstjórn. Aðild yrði áfall fyrir landbúnað og sjávarútveg og aðgangseyririnn sjálfur yrði ansi mikill, um tugur milljarða kr. eða svo. Í því ljósi, herra forseti, eigum við að gæta hagsmuna okkar út frá því að eins og málin standa er aðild að Evrópusambandinu ekki fýsilegur kostur.

[14:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef litið á það sem skyldu utanrrn. að gera allt sem í þess valdi stendur að verja hagsmuni Íslands á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það liggur alveg ljóst fyrir að sótt er að okkur í ýmsum málum og við þurfum að hafa okkur alla við til þess að halda á þessum réttindum. Það er t.d. sótt að stofnanakerfi samningsins, tveggja stoða kerfinu sem varðar stjórnskipun okkar og stjórnarskrá. Ber okkur ekki að verjast því? Ber okkur ekki að líta til þess að Evrópusambandið er að stækka, vitandi að fríverslunarsamningar okkar við mörg lönd munu falla niður, vitandi að þegar það gerist þá verður staða okkar verri en hún var áður? Að sjálfsögðu eru það okkar skyldur og það er nákvæmlega það sem við erum að gera.

Við erum líka á grundvelli EFTA-ríkjanna að fara í gegnum þær breytingar sem hafa orðið og um þetta liggja fyrir ágætar skýrslur. Eins og kom fram í einni fyrirspurn hv. þm. erum við að efla samstarf við Dani. Já, við erum að efla samstarf við Dani vegna þess að við teljum það góða leið til þess að halda á rétti okkar. Fyrir liggur að einn af starfsmönnum utanríkisþjónustunnar mun fara til starfa í dönsku utanríkisþjónustunni núna í aprílmánuði og starfa með Dönum í formennskutíð þeirra. Það er að sjálfsögðu gert í sama skyni, þ.e. til þess að verja framtíðarhagsmuni Íslands.

Ég tel að hér hafi verið algjörlega rétt staðið að málum. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til þess að gera hv. utanrmn. nákvæma grein fyrir því hvernig staðið hefur verið að málum, en hér er um mikilvæga framtíðarhagsmuni Íslands að ræða og það er skylda utanríkisþjónustunnar að verja þá.

Almenn hegningarlög og lögreglulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 494. mál (sendierindrekar, grímubann, starfslok lögreglumanna o.fl.). — Þskj. 784.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Varnir gegn landbroti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (heildarlög). — Þskj. 796.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 505. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 797.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 493. mál (lögreglumenn). — Þskj. 783.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (brottkast afla). — Þskj. 348, nál. 808, brtt. 809.

[14:33]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, á þskj. 808 ásamt brtt. á þskj. 809.

Með þessu frv. sem hér er verið að ræða er lagt til að heimild núgildandi laga til að varpa fyrir borð afla sem er

sýktur, selbitinn eða skemmdur á annan hátt verði felld brott. Þess í stað er lagt til að kveðið verði skýrt á um að hirða skuli og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Nefndin fór yfir þetta mál og lagði til breytingar. Hún telur reyndar að þær breytingar sem frv. felur í sér séu til þess fallnar að auðvelda allt eftirlit með brottkasti og ætti því að öllu jöfnu að leiða til minna brottkasts þegar fram í sækir.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frv. Í fyrsta lagi er lagt til að orðið „sýktur“ í 3. efnismgr. 1. gr. verði fellt brott þar sem ekki þykir ástæða til að nefna sýktan fisk sérstaklega enda hlýtur hann að flokkast til skemmds afla. Í öðru lagi er lagt til að óundanþægt ákvæði frv. um að aðeins sé heimilt að nýta selbitinn og skemmdan afla til bræðslu verði fellt brott en þess í stað verði ráðherra gert að setja reglur um leyfilega nýtingu aflans. Ekki þykir rétt að kveða á um að þessi afli skuli í öllum tilvikum bræddur þar sem verið getur að í sumum tilvikum megi nýta hann á arðbærari hátt.

Nefndin fjallaði nokkuð um möguleika á vinnslu aukaafurða um borð í fiskiskipum. Nefndin hvetur til þess að áfram verði unnið að því að finna hagkvæmar leiðir til að nýta svokallaðar aukaafurðir um borð í skipum. Talsvert hefur áunnist hvað þetta áhrærir, sérstaklega varðandi þorskhausa sem hefur komið fram að frystiskipin hirða og nýta núna í vaxandi mæli og það er auðvitað æskilegt. Hins vegar er ljóst að það má gera enn þá betur ef markaðsaðstæðurnar kalla eftir því, og örugglega er áhorfsmál hvort ekki verði að líta á þennan þátt sérstaklega varðandi lögin þegar fram í sækir.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, form. og frsm., Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson og Helga Guðrún Jónasdóttir og með fyrirvara hv. þm. Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

[14:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um þetta mál er hér á ferðinni ein af þeim aðgerðum sem verið er að grípa til til þess að reyna að hamla gegn brottkasti. Hér er um það að ræða að breyta lögum um umgengni um nytjastofna sjávar á þann veg að þeir sem ætla sér að varpa afla fyrir borð eigi ekki skjól í því að geta útskýrt þá breytni sína með því að benda á að um sé að ræða sýktan eða skemmdan afla ellegar að um sé að ræða verðlausar tegundir utan kvóta.

Flestir hljóta að fagna því að fastar skuli tekið á þessum málum. Það er hins vegar ekki alveg vandalaust eins og fram kemur í þessu nál. og fram kom í máli hv. formanns nefndarinnar, framsögumanns nál. Það eru auðvitað álitamál sem koma upp þegar fjalla þarf um hvernig farið skuli með þann afla sem menn eiga núna að færa að landi en á ekki að teljast hluti af aflamarki skips.

Í frv. var gert ráð fyrir að allur sá afli færi til bræðslu og átti það þá að vera fullnægjandi aðgerð til að aðgreina þennan afla frá öðrum sem færi til annars konar vinnslu. Hins vegar komu fram ábendingar um að ýmislegt af því sem mönnum yrði gert að koma með til lands gæti verið nýtanlegt til mun verðmætari vinnslu en þeirrar að fara með allt til bræðslu. Þar af leiðandi er í rauninni opnað á að það sé mögulegt að gera hlutina með öðrum hætti, að nýta þennan afla til að gera úr honum verðmætari afurðir.

Ýmis álitaefni í frv., herra forseti, eru hins vegar ekki þannig frágengin að þeir sem síðan koma ekki frekar að ákvörðunum geti algjörlega treyst því að þar verði farið með hluti eins og þeim fyndist einum rétt. Það er sem sagt hér eins og á ýmsum öðrum sviðum þegar kemur að sjávarútvegi, og reyndar fleiri sviðum sem löggjöf tekur til, að ráðherra er endanlega falið að ákvarða hvernig með skuli farið. Það er þess vegna sem ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem eigum sæti í sjútvn. fyrir hönd Samfylkingarinnar, skrifum upp á þetta nál. með fyrirvara. Við styðjum þær aðgerðir sem verið er að fara í, við höfum bæði áður lýst yfir áhyggjum af því hvernig það ákvæði sem hér er verið að breyta var orðað í lögunum um umgengni um nytjastofna sjávar, og við viljum að tekið sé á málum. Fyrirvari okkar lýtur að því að löggjafinn kemst með því ekki að niðurstöðu um það hvernig farið skuli með heldur er það lagt í hendur ráðherra.

Þetta veit ég að menn skilja mætavel. Það er nú svo, herra forseti, að stjórnarandstöðu er jafnan vandi á höndum þegar hún þarf að styðja góð mál sem þó eru hvað varðar mikilvæga útfærslu endanlega lögð í hendur ráðherra ríkisstjórnar. Eigi að síður, herra forseti, styðjum við þessa breytingu út af fyrir sig eins og hér kemur fram. Fyrirvari okkar lýtur að framkvæmdinni og hvernig með hana verður farið.

[14:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hef ég, sem áheyrnarfulltrúi í sjútvn., skrifað undir nál. hæstv. sjútvn. með fyrirvara. Ég tel að margt gott sé í þessu frv., þetta er viðleitni og aðgerðir til að hamla gegn brottkasti. En ég vil nefna í sambandi við fyrirvara mína að ég hef áður lýst því yfir að ég tel óheppilegt í löggjöfinni um fiskveiðistjórn að ráðherra sé gefið vald til reglugerða um stjórn þessara mála í ríkum mæli. Það hefur gerst þráfaldlega og er núna að gerast líka í þessu frv. og það tel ég ekki til bóta.

Ég tel hins vegar að það sé til bóta, eins og kemur fram í 2. gr. laganna, að veiðum skuli hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Þar segir: „Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.“ Ég tel að umræðan um notkun veiðarfæra sé mjög skammt á veg komin og þetta sé vinna sem við þurfum að einhenda okkur í á allra næstu mánuðum. Þetta er sennilega eitt af stóru málunum sem þarf að fara ofan í.

Þar segir líka, í 1. gr.: „Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.“ Það sjá allir í raun og veru ef við lítum til framtíðar að þetta er ákaflega óheppilegt vegna þess að ef við tökum t.d. hausa, sem eru nú um stundir á mjög góðu verði, framkallar markaðurinn það auðvitað að menn koma með hausana að landi núna og þeir fara í þurrkun. Við fengum þær upplýsingar í hv. sjútvn. að í júní sl. hafi það verið mat aðila í verkuninni að við værum að henda hausum fyrir allt að 3,2 milljarða í útflutningsverðmætum og síðan hafa hausarnir hækkað stórlega og þá auðvitað kemur meira að landi.

Þetta reglugerðarákvæði sjútvrh. byggir á því að hann getur, ef markaðsaðstæður verða þannig, heimilað enn á ný að þessari afurð verði hent í sjóinn. Ég tel nauðsynlegt fyrir

okkur að skapa þannig umgjörð í fiskveiðistjórnarkerfinu að mönnum sé uppálagt að koma með allar þessar afurðir að landi, það séu hinar eiginlegu leikreglur og menn verði síðan að þróa möguleika til að gera úr afurðunum verðmæti, ekki bara að fylgja markaðsaðstæðum hverju sinni. Náttúrlega dytti ekki nokkrum manni í hug að leyfilegt yrði að henda flökum ef markaðsaðstæður byðu upp á slíkt en hirða bara þorskhausa og dálka. Þetta dæmi er bara til að undirstrika galla ákvæðisins. Þetta er spurning um umgengni um auðlindina og um ramma fyrir þá sem nýta hana. Ég tel að við verðum að færa okkur mjög mikið inn á þær brautir að sem mest komi að landi og leikreglurnar verði í þeim dúr.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er skref í rétta átt og ég tel að þarna inni séu atriði sem feli í sér þróun til betri vegar. Ég nefni þar sérstaklega veiðarfærin og að áhersla verði lögð á að menn taki aflann með vistvænum aðferðum, betri veiðarfærum og hagstæðari fyrir lífríkið. Ég tel að það sé auðvitað stórt atriði fyrir okkur að þessi fiskur komi að landi í ríkari mæli og það verði hvati til þess að nýta afurðina, hvort sem hún er selbitin eða sýkt o.s.frv. þannig að þetta er skref í rétta átt. Eins og ég nefndi áðan getum við þó spurt okkur sjálf hvort nóg sé að gert. Ég tel að við þurfum að þróa umræðuna um veiðarfærin, um möguleika ráðherra til að setja reglugerðir og heildstæða nýtingarstefnu þannig að menn geti ekki eftir lögmálum markaðarins hent tiltekinni afurð í sjóinn um tíma þangað til markaðsaðstæður lagast. Það tel ég að sé röng stefna og hana þarf að skoða í betra tómi.

Virðulegi forseti. Ég hef sem sagt skrifað undir þetta frv. með fyrirvara og læt máli mínu nú lokið.

[14:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða um enn eina lagfæringuna, ef hægt er að nefna það svo, á stjórnkerfi fiskveiðanna. Út af fyrir sig held ég að það sem hér er verið að gera sé til bóta og ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Ég held líka að þær breytingar sem gerðar voru í sjútvn. og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gerði grein fyrir séu til bóta miðað við frv. eins og það kom fram. En það er auðvitað fjöldamargt sem hægt er að ræða í tengslum við frv. Í fyrsta lagi væri vafalaust hægt að gera fjölmargt með réttri notkun veiðarfæranna til að hafa áhrif á hvernig fiskur skemmist í veiðarfærum. Þar er ekki nein ein regla algild en þó er alveg ljóst að það hlýtur að vera æskilegasta leiðin, alveg burt séð frá því hvaða fiskveiðikerfi við notum, ef okkur tækist að láta veiðarfærin sortera meira þann fisk sem við viljum í raun og veru fá upp úr sjónum. Það sem við ætlum ekki að veiða, hvort sem það er of smátt eða ákveðnar tegundir sem við sækjumst ekki eftir í veiðunum, verði þá eftir óskaddað í sjónum. Og það er vissulega okkar vandi að við vitum allt of lítið um það hvað veiðarfærin geta sterað í raun og veru og einnig hitt að enda þótt við fyndum það upp að þau gætu sterað og hefðum til þess tæki að veiðarfærin velji stærðina, þá erum við þar með ekkert viss um hvað lifir af því sem veiðarfærið sterar frá. Þetta á t.d. við í togveiðum og gæti einnig átt við í netaveiðum.

En það hlýtur samt að vera mjög æskilegt markmið til framtíðar litið að reyna að öðlast meiri þekkingu á því og almennt að öðlast meiri þekkingu á hafsvæðunum í kringum landið, vistkerfunum þar, umgengni okkar og nýtingu á veiðislóðinni. Ég lít svo á að mjög æskilegt væri að okkur tækist að þróa veiðarfæri þannig að við gætum sterað fiskinn sem mest niðri í sjónum og það sem við sterðum frá lifði af.

Í þessu sambandi langar mig að gera að umtalsefni að við eigum alveg splunkunýtt hafrannsóknaskip. Þó að þetta skip sé fagurt og beri góðan þokka hér inn í höfnina í Reykjavík þá er því miður afar leiðinlegt að þurfa að horfa á skipið dögum saman í höfninni. Þetta er dýrt tæki með fjölmarga möguleika. Í því er m.a. svokallaður fjölgeislamælir þar sem hægt er að kortleggja botninn á tiltölulega mjög auðveldan hátt og miklu fljótlegar en við höfum verið að gera á undanförnum árum, bæði dýpi hans og botngerð, hóla og hæðir. Við höfum hingað til átt sjómælingabát sem við höfum notað til þess að kortleggja dýpið en afköst hans miðað við afköst hins nýja Árna Friðrikssonar eru sáralítil. Ef Árni Friðriksson væri notaður til þess að kortleggja veiðislóðina gæti það veitt okkur ómetanlegar upplýsingar fyrir framtíðina og það er mikill skaði að því að við skulum láta skipið liggja hér dag eftir dag og sennilega miðað við áætlun erum við að nota það í 120–140 daga á þessu ári. Þetta er ekki nokkur nýting á fjármunum og ekki nokkur nýting á þeim miklu möguleikum sem þetta skip getur gefið.

Hvers vegna dreg ég þetta inn í umræðuna? Jú, það er vegna þess að skipið er einnig þannig búið að það á mjög auðvelt með að gera tilraunir með veiðarfæri. Það er búið tveimur rennum, getur togað með tvö troll samtímis, getur gert alls konar samanburðartilraunir á veiðarfærum sem við þurfum virkilega á að halda og þar sem við þurfum virkilega að bæta þekkingu okkar. Allt þetta kemur almennt inn í það hvernig við nýtum veiðislóðina og hvernig við nýtum fiskinn í sjónum og fiskimiðin. Eins og ég sagði áðan breytir það í raun og veru ekki málinu hvaða gagn við gætum haft af þeirri upplýsingaöflun sem hægt væri að stunda á okkar nýja hafrannsóknaskipi, hvaða veiðikerfi við erum með í gangi, þó að ég sé almennt þeirrar skoðunar og vil láta það koma fram, að frjálst framsal í veiðikerfinu okkar, íslenska kvótakerfinu, er sérhannað fyrir brottkast. Íslenska kvótakerfið er sérhannað fyrir brottkast með hinni geysiháu leigu sem þar er til staðar.

Eitt af þeim málum sem við komumst ekkert hjá að taka á í framtíðinni er hvernig leiguverðið hefur áhrif á nýtingu á fiskstofnunum. Og þá vil ég endurtaka það sem ég hef áður sagt að það breytir ekki máli í hvaða veiðikerfi við erum að vinna að því leyti til að ef við erum með frjálst framsal í því per kíló fisks, þá mun það valda miklu brottkasti. Og það sem meira er, veiðikerfið okkar eins og það er úr garði gert veldur byggðaröskun. Það getur ekki annað en valdið byggðaröskun. Það liggur í því að í 100 ár, ef við lítum yfir fiskveiðisögu okkar á miðunum sem þekkt er og skráð, þá hefur fallþungi á Norðvestur-, Norðurlands- og Norðausturmiðum í þorski almennt verið á bilinu 2–3 kg. Það hefur ekkert breyst í heila öld. Og það mun ekkert breytast miðað við það að sjávarhiti verði eins og hann hefur verið á öldinni. Í hlýjum árum mun auðvitað koma meira af fiski fyrir Norðurlandi, en í köldum árum mun verða meira af smáum fiski. En að meðaltali munum við búa við þessa fiskstærð, 2–3 kg á allri slóðinni frá Breiðafirði norður um og suður fyrir norðausturhorn landsins, suður á Gerpisflak.

Hins vegar má segja að sunnan þessara svæða, fyrir austan og vestan, búi menn almennt við það að geta veitt stærri fisk, 4–7 kg og þaðan af stærri, 8–10 og 12 kg. Og það hljóta allir skynsamir menn, eins og fólk almennt er sem situr á Alþingi, að sjá að ef maðurinn sem gerir út frá Sléttu eða

frá Ströndum þarf að leigja sér þorskkílóið á 150 kr. og fær svo ekki verð fyrir fiskinn nema í samræmi við fallþungann 2–3 kg, þá á hann fáar krónur eftir ef nokkrar til að gera út öðruvísi en að það komi að landi sem stærst er.

Möguleikar þeirra manna sem búa á þeim hlutum landsins þar sem fiskurinn er stærri eru hins vegar miklu meiri að þessu leyti til. Þetta eru bara hinar landfræðilegu staðreyndir sem hér eru og þýðir ekkert að mæla í móti, og eru þekktar stærðir af lönduðum fiski jafnt fyrir daga kvótakerfisins sem eftir. Þeir sem búa við Breiðafjörð og sækja veiðar sunnan til í Breiðafirði og suður úr, austur um og norður fyrir Hornafjörð, búa við það að geta veitt fisk af stærðinni 5–10 kg, stóran hluta úr ári, og þá er ég almennt að ræða um þorsk. Það liggur alveg fyrir að fyrir þann fisk fæst verð sem er á bilinu 250 kr. og allt upp í 300 kr. Þrátt fyrir 150 kr. leiguverð eiga þeir sem gera út á þessum svæðum enn þá eftir einhverjar krónur þó ekki séu þær nú margar þegar sægreifarnir eru búnir að fá sitt.

Það liggur því alveg ljóst fyrir að við stöndum með það í kvótakerfinu okkar að meðan við erum með þessa leigu svona uppsetta án þess að hafa neina stýringu á því hvert leiguverðið er eða hafa nein áhrif á það hvernig kvótareikningurinn er út úr leiguverðinu, þá munum við smátt og smátt að öllum líkindum færa útgerðina inn á þau svæði þar sem fiskurinn er stærri, að því gefnu að einhvern tímann í framtíðinni, sem ekki hefur nú tekist enn, verði þorskstofninn hér við land það bær að hann beri hér uppi öflugar fiskveiðar. Hann hefur ekki gert það á dögum kvótakerfisins, en vonandi gerist það einhvern tímann að þorskstofninn stækki og beri uppi eðlilegar veiðar.

En það sem ég vildi draga fram í umræðunni og undirstrika sérstaklega er það að ég tel að meðan við erum með kvótakerfið svona útfært eins og það er, meðan við erum með frjálsa óstýrða leigu, meðan við erum ekki með neina skiptingu á flotanum í útgerðarflokka aðra en smábátana annars vegar og síðan öll önnur skip frá 5, 6 tonnum og upp í 2.000 tonna skuttogara í sama kerfinu, sama leigu- og verslunarkerfinu, þá munum við ekki stýra því hvernig fiskveiðarnar eiga sér stað og við munum heldur ekki stýra því nákvæmlega svo neitt vit verði í hvernig við nýtum fiskislóðina. Og við munum heldur ekki stýra því hvernig byggðaþróunin verður. Hún verður tilviljunarkennd. Rökin fyrir því eru einfaldlega þau að ef á að vera samkeppni gegnum aflaheimildirnar með því að leigja til sín fiskinn eða kaupa hann, þá munu þau svæði standa upp úr sem búa við betri fiskstærð og þar af leiðandi hærra fiskverð. Þetta hljóta nú allir að skilja hvernig er í pottinn búið.

Þetta er auðvitað alveg nákvæmlega sama dæmið og það að ekki er eins hagstætt hjá fólki í hinum dreifðu byggðum að búa við það vöruverð sem þar er víða eftir að búið er að leggja ýmsan kostnað á vöruna í flutningi og öðru, eins og er á Stór-Reykjavíkursvæðinu þar sem best býðst.

Ég er að draga þetta fram vegna þess að ég óttast að eins og gengið hefur verið eftir með stefnuna hér um að keyra smábátana einnig inn í kvótakerfið, þá munum við smátt og smátt upplifa það að bæði hinar smærri fleytur og minni útgerðarmenn og hinir stærri munu leita til þeirra svæða þar sem fiskurinn er stærstur. Sérstaklega á þetta við ef við höldum áfram á þeirri ömurlegu braut, vil ég segja, að þurfa að horfa upp á það ár eftir ár að við erum að skera fiskveiðar okkar niður og það sé staðreyndin að okkur takist ekki með neinum hætti að byggja upp þorskstofninn.

Meðan aflaheimildirnar eru litlar, þá helst verðið hátt. Það ýtir því allt undir það að þessi þróun verði. Útgerðin frá hinum dreifðu byggðum sem býr ekki við þá fiskstærð jafnaðarlega eins og er hér á suðvestur- og suðursvæðinu á ekki góða samkeppni þegar báðir þurfa að leigja þorskkílóið á sömu krónutölu burt séð frá því hvort þyngd fisksins á öðru svæðinu er 2–3 kg og hafi verið það í 100 ár og Hafrannsóknastofnunin eða þessi ríkisstjórn muni ekki breyta því, það liggur alveg fyrir. Það eru fyrst og fremst lífsskilyrðin í hafinu sem geta breytt því tímabundið með hlýnandi sjó en það varir ekki til lengdar eins og við þekkjum úr sögunni hér við land, bæði frá hlýindatímabilum, kuldaskeiðum og hafísárum.

Þess vegna er ég að taka þetta inn í umræðuna vegna þess að ég tel að það verði aldrei undan því vikist að takast á við þann vanda sem fylgir óstýrðu leigukerfi aflaheimildanna. Og það verði aldrei undan því vikist til framtíðar ef eitthvert vit á að vera í fiskveiðistjórninni að takast á við það að skipta flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka og skiptir þá ekki máli í mínum huga hvort við erum að tala um kvótakerfi eða önnur veiðikerfi. Ég tel að takast þurfi á við það að skilgreina strandveiðiflotann upp á nýtt. Og að hagsmunir strandveiðiflotans og hagsmunir hinna dreifðu byggða eigi að fara saman og hvort tveggja byggðirnar og strandveiðiflotinn eigi að njóta nokkurs forgangs til þess að viðhalda lífi úti um hinar dreifðu byggðir landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siðareglur í stjórnsýslunni, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

[15:02]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um siðareglur í stjórnsýslunni sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni og Einari Má Sigurðarsyni.

Tillagan felur í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Markmið með setningu reglnanna er að tryggja betur aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Hafa skal m.a. til hliðsjónar almennar reglur stjórnsýsluréttar um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni og réttindi eða skyldur borgaranna. Jafnframt taki reglurnar mið af leiðbeiningarreglum OECD um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Reglurnar skulu undirbúnar í samráði við samtök opinberra starfsmanna og taka gildi eigi síðar en 1. júní 2002.

Markmiðið með þessari tillögu er að móta siðareglur fyrir stjórnsýsluna og, eins og segir í tillögugreininni sjálfri, til að styrkja vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni og auðvitað jafnframt til að stuðla þá að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Siðareglur, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Sé það vald misnotað í eigin þágu eða annarra sérhagsmuna brýtur það í bága við hagsmuni

og siðferðisvitund þjóðarinnar. Skráðar siðareglur geta skýrt ábyrgð valdhafa og embættismanna og gert þeim ljóst hvar siðferðisskylda þeirra sem opinberra embættismanna liggur. Ljóst er að skráðar reglur koma þó ekki í staðinn fyrir þær óskráðu sem í grundvallaratriðum byggjast á réttlæti, heiðarleika og siðferðisþreki.

Á 122. löggjafarþingi flutti ég sem 1. flm. þessa máls till. til þál. um bætt siðferði í opinberum rekstri. Tillagan var samþykkt í breyttri mynd 2. júní 1998 og í samræmi við þá ályktun Alþingis var skipuð nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýsunni. Skýrsla forsrh. um þetta efni var lögð fram á 125. löggjafarþingi en þar kemur m.a. fram að hér á landi hafi ekki verið skráðar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn en ýmis lög sem taka til athafna opinberra starfsmanna eru þó byggð á siðferðisreglum. Eru þar nefnd almenn hegningarlög, stjórnsýslulög, upplýsingalög, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lög um fjárreiður ríkisins og lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna til opinberra starfsmanna, svo dæmi séu tekin.

Af hálfu starfsmannaskrifstofu fjmrn. hefur verið tekin saman skrá yfir helstu meginreglur framangreindra laga er snerta kröfur til háttsemi ríkisstarfsmanna. Skráin er hvorki tæmandi né er henni ætlað að koma í stað lagareglna eða raunverulegra siðareglna. Markmið skrárinnar er að draga fram kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til ríkisstarfsmanna og vera grundvöllur að umræðum. Þar kemur fram að ætlast er til að ríkisstarfsmaður virði meginreglur góðs stjórnarfars, sé til fyrirmyndar um fagleg vinnubrögð og háttsemi, gegni starfi sínu eins vel og honum er unnt, noti aðstöðu sína aðeins í þágu almannahagsmuna, misnoti ekki stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings og sýni varkárni varðandi persónulega háttsemi. Ljóst er að skrá þessi fullnægir ekki þeim meginreglum sem nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar leggur til að ríki taki mið af við mótun siðareglna.

Leiðbeiningarreglur OECD koma fram í greinargerð með þessari þáltill. en OECD-nefnd efnahags- og framfarastofnunar um opinbera stjórnsýslu hefur birt leiðbeiningar til aðildarríkjanna um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Nefndin leggur til að við mótun siðareglna taki ríkin mið af ákveðnum meginreglum sem taldar eru upp í þessari tillögu. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þær hér en samkvæmt reglunum er það meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær eru.

Í mörgum ríkjum heims hefur á síðustu árum verið unnið að því að móta siðareglur fyrir opinbera starfsmenn, og ekki bara opinbera starfsmenn heldur stjórnsýsluna í heild og síðan einstakar starfsstéttir innan hennar. Starfsstéttir hér á landi hafa einnig í vaxandi mæli sett sér siðareglur og enn fremur má nefna að á vegum Alþjóðaverslunarráðsins hafa verið settar siðareglur um auglýsingar og markaðsstarfsemi, og þær hafa verið birtar hér á landi. Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa sett starfsmönnum sínum starfsreglur sem ekki flokkast sem siðareglur en hafa engu að síður siðferðilegt innihald. Fjármálaeftirlitið hefur þannig nýverið gefið út leiðbeinandi tilmæli um efni reglna fjármálafyrirtækja og útgefenda verðbréfa um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Þá hefur Ríkisendurskoðun í starfsskýrslu sinni fyrir árið 2000 kallað eftir siðareglum. Þar er nefnt að aukin valddreifing og auknar kröfur sem gerðar séu til þjónustu sem veitt er á vegum hins opinbera hafi haft í för með sér nýja sýn á hlutverk og skyldur opinberra starfsmanna. Á það jafnt við um stjórnendur sem aðra starfsmenn. Orðrétt segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Lög byggja jafnan á og fela í sér ýmiss konar siðferðileg viðmið. Siðareglur opinberra starfsmanna geta að sönnu aldrei komið í staðinn fyrir lög en eru þörf og góð viðbót við ákvæði þeirra. Full ástæða er til að kanna með skipulegum hætti möguleika á því að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi."

Herra forseti. Ég hef fært rök fyrir því að hér á landi er brýnt eins og annars staðar að setja slíkar siðareglur. Eins og ég gat um hafa leiðbeiningarreglur OECD kallað eftir setningu slíkra reglna og jafnframt hefur það komið sterklega fram í ábendingum frá Ríkisendurskoðun.

Það er skoðun okkar, flutningsmanna, að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ásamt almennum innri stjórnvaldsfyrirmælum, skráðum siðareglum, skýrum erindisbréfum, skýrt skilgreindri ábyrgð og stjórnunar- og eftirlitsheimildum innan stjórnsýslunnar ættu að geta myndað góðan ramma um sterka, heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu þar sem hagsmunir almennings eru ávallt í fyrirrúmi. Flutningsmenn eru jafnframt sammála því sem kemur fram í framangreindri skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, og ég nefndi, að vandaðar og ítarlegar siðareglur leysa ekki allan þann vanda sem upp kemur, og sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni.

Samfylkingin hefur á undanförnum mánuðum og missirum beitt sér fyrir því innan þings sem utan að opna stjórnsýsluna, gera hana gegnsærri, koma á lýðræðislegum vinnubrögðum og stjórnháttum hér í stjórnsýslunni og hefur m.a. á þessum vetri flutt fjölmörg frv. og þál. sem lúta að þessu efni. Þessi þáltill. er liður í því.

Ég held, herra forseti, að atburðir síðustu vikna og missira segi okkur ljóslega að það er brotalöm í stjórnsýslu okkar, þar er ekki allt sem vera skyldi. Ábyrgð virðist vera óljós í stjórnsýslunni og hana þarf að skilgreina miklu betur. Ögguð vinnubrögð virðist vanta víða. Komið hafa upp dæmi eins og við höfum rætt á síðustu dögum á þessu þingi um dómgreindarleysi þar sem græðgi og valdhroki hefur náð yfirhöndinni, stjórnendur sem treyst hefur verið og trúað fyrir stjórnunarstöðum innan stofnana á vegum ríkisins hafa brugðist trausti og trúnaði, og það er auðvitað ekkert annað en að bregðast almenningi vegna þess að það er almenningur sem hefur þurft að borga fyrir þau mistök og fjármálalegu axarsköft, sem ég vil orða svo, sem hafa komið fram hér á síðustu dögum og vikum. Reyndar er það ekki bara í þessu máli heldur eru þau mál fleiri sem ástæðulaust er að tíunda hér en menn þekkja vel.

Þess vegna tel ég að það að setja reglur eins og hér er lagt til muni treysta trúnað í stjórnsýslunni, treysta trúnað embættismanna og almennings í landinu og þess vegna tel ég rétt og eðlilegt að þingið beiti sér fyrir því að slíkar reglur séu settar.

Ég vil líka nefna, herra forseti, af því að ég var að ræða um skýrsluna um starfsskilyrði stjórnvalda að þar eru ýmsar mjög þarfar ábendingar og tillögur sem hafa komið fram sem við höfum því miður ekki séð að hafi verið fylgt eftir af ríkisstjórn eða stjórnvöldum í formi þingmála. Þetta er skýrsla sem við í Samfylkingunni höfum skoðað mjög og það eru ýmsar tillögur þar sem við ætlum okkur að fylgja eftir á næstu mánuðum og missirum, og höfum reyndar gert á þessu þingi eins og ég nefndi áðan.

Í þessari skýrslu er m.a. getið um hversu mikilvæg endurmenntun og þjálfun opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum sé. Nefna má í því sambandi hve mikilvægt væri að opinberir starfsmenn hefðu þekkingu á almennum reglum stjórnsýsluréttar sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni, rétt eða skyldur borgaranna. Jafnframt kemur fram að góð stjórnsýsla byggist m.a. á vel menntuðu starfsfólki með sjálfstæða siðferðislega hugsun og dómgreind. Orðrétt segir: „Þegar best lætur fer menntun starfsmanna og skráning siðareglna saman, þ.e. þegar skráning þeirra er a.m.k. öðrum þræði afurð af glímu starfsmanna sjálfra við siðferðileg viðfangsefni.“ Í mörgum nágrannalanda okkar eru starfandi sérstakir stjórnsýsluskólar. Eðlilegt væri jafnframt að skoða eins og þar er nefnt hvort ekki beri að starfrækja slíkan skóla hér á landi.

Ég vil taka undir þessa ábendingu og þingflokkurinn hefur einmitt verið að skoða þetta mál og leggja mat á hvort ekki væri ástæða til að flytja slíkt mál í þinginu.

Ég get farið að ljúka máli mínu, herra forseti. Í þessari till. til þál. er sem sagt gert ráð fyrir skipan nefndar til að móta siðareglur í stjórnsýslunni. Ekki er mælt fyrir um það á hvern hátt nefndin skuli skipuð. Flutningsmenn leggja þó áherslu á að í henni sitji sérfróðir einstaklingar á sviði stjórnsýsluréttar og siðfræði. Telja verður að setning siðareglna sé ótvírætt í samræmi við kosti reglna og reglufestu innan stjórnsýslunnar sem aftur tryggir aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð opinberra fjármuna.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. allshn. og vona ég, herra forseti, að hún fái þar efnislega og góða umfjöllun og þingmenn fái tækifæri til að taka afstöðu til þessa máls áður en þingi lýkur í vor.

[15:16]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Málið sem hér er lagt fram og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert ítarlega grein fyrir er eitt af mörgum málum sem Samfylkingin hefur lagt fram á umliðnum árum í því skyni að stuðla að bættri stjórnsýslu og því að meðferð valds og almannafjár verði sem best tryggð. Þær beinast ekki síður að því að eftirlitskerfið sem við höfum útbúið í kringum lýðræðið virki. En eins og dæmin sanna, ekki síst frá síðastliðnu ári, eru æðimörg tilefni til að stuðla að því að eftirlitskerfið sé bætt til muna. Á því hafa komið í ljós mjög margar brotalamir.

Samfylkingin hefur líka haldið úti mikilli umræðu með opnum fundum og einnig innan flokksins um lýðræðið, um inntak þess, um þróun þess og hvert við eigum að stefna til að bæta lýðræðið. Í þeirri umræðu hefur verið komið inn á hugtakið stjórnfestu sem snertir það sem þessi mál fjalla öll um á einn eða annan hátt.

Ég vil, herra forseti, vekja athygli á þessu hugtaki. Hugtakið stjórnfesta hefur verið sett fram, kannski í nýrri og sérhæfðri merkingu, í nýlegu afmælisriti Þórs Vilhjálmssonar. Höfundar þess eru Guðmundur Alfreðsson og Herdís Þorgeirsdóttir. Þau hafa nefnt þetta hugtak til sögunnar í grein sem þau nefna Stjórnfestu og mannréttindi. Ég vil vitna örlítið í þessa grein, herra forseti, en þar segir, með leyfi forseta:

„Orðið stjórnfesta er notað hér í nýrri og sérhæfðri merkingu til þýðingar á enska hugtakinu „good governance“. Alþjóðlegar þróunar- og fjármálastofnanir hafa undanfarin ár notað þetta hugtak í formi leiðbeininga og ráðlegginga til stjórnvalda í löndum, þar sem þessar stofnanir starfa að þróunarmálum.

Stjórnfesta hæfir hugtakinu eins og það hefur þróast í meðförum viðkomandi stofnana. Eins og fram kemur í þessari grein snýst innihald stjórnfestuleiðbeininganna að verulegu leyti um nauðsyn þess að stjórnvöld fari skipulega og með festu eftir lögum og reglum og geri það á heiðarlega og gegnsæjan hátt með tilheyrandi ábyrgð ef út af er brugðið. Nauðsyn ber til þess að sjálfstæðar stofnanir, svo sem saksóknarar og dómstólar, sem og óháðir fjölmiðlar og félagasamtök, haldi uppi eftirliti með framkvæmd leiðbeininganna.“

Síðar í grein þeirra Guðmundar Alfreðssonar og Herdísar Þorgeirsdóttur segir, með leyfi forseta:

„Stjórnfestan beinist fyrst og fremst að samskiptum valdhafa við almenning þar sem virðing fyrir lögum og mannréttindum á öllum stigum lýðræðislegs stjórnkerfis á að vera forgangsatriði.

Með stjórnfestunni á að víkka svigrúm einstaklinga og fyrirtækja gagnvart stjórnvöldum með því að hamla gegn ofstjórnun, óstjórn eða spillingu hinna síðarnefndu. Stjórnfestunni er að sama skapi beint til ríkisstofnana og fyrirtækja í opinberri eigu sem og sveitarstjórna. Áhersla er lögð á að valddreifing og aukin þátttaka almennings í hinu lýðræðislega ferli séu viðurkenndir og virkir áhrifavaldar í betri nýtingu gæðanna. Stjórnfestan á að liðka fyrir gangverki hins lýðræðislega fyrirkomulags með því að veita stjórnendum aðhald rétt eins og öðru fólki.

Stjórnfestan er af þessum sökum nátengd réttarríkinu. Henni er beint gegn gerræðislegri og spilltri ákvarðanatöku stjórnvalda. Einræði og einsflokkakerfi samræmast augljóslega ekki stjórnfestunni. Hið sama gildir um öfgakenndar stjórnmálastefnur, svo sem óhefta frjálshyggju eða miðstýringu og reglufargan, sem verða til þess að eðlileg samkeppni og einkaframtak fá ekki notið sín.“

Herra forseti. Í grein þeirra Herdísar Þorgeirsdóttur og Guðmundar Alfreðssonar koma fyrir hugtök sem við könnumst við úr umræðu liðinna daga, jafnvel undanfarins árs. Hér á hinu háa Alþingi og reyndar víðar í samfélaginu hefur fólki orðið tíðrætt um spillingu og meðferð valds í stjórnsýslunni og hjá stjórnvöldum. Þess vegna, herra forseti, á þessi grein þeirra Herdísar og Guðmundar fullt erindi í þá umræðu sem hér fer fram um tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og okkar hinna sem að henni standa.

Ýmislegt fleira er athyglisvert í grein þeirra Guðmundar og Herdísar og á erindi inn í umræðuna í dag. Þau segja m.a., með leyfi forseta, í lokaorðum sínum:

„Að okkar mati er ástæða til að vekja íslensk stjórnvöld til umhugsunar um mikilvægi þess að innleiða stjórnfestu og tengja hana mannréttindareglum með það að leiðarljósi að virðing fyrir lögum á öllum stigum stjórnkerfisins sé tryggð. Ef þátttaka í stjórnmálum er ekki almenn, ef allur þróttur er farinn úr opinberri umræðu, má búast við að helstu stofnanir og embætti ríkisvaldsins safnist á fáar hendur sem gæta eigin hagsmuna frekar en jafnréttis og hugsjóna um gott samfélag. Einstaklingar og hópar notfæra sér oftar en ekki slíka aðstöðu í einkaþágu ...“

Þessi mál, herra forseti, málið sem hér er til umræðu og fleiri sem Samfylkingin hefur lagt fram og tengjast stjórnfestuhugtakinu — þá vil ég kannski fyrst nefna frv. um fjármál stjórnmálaflokka, um lagaráð, um rannsóknanefndir

þingsins, um breytta skipan við skipan dómara og svo mætti áfram telja — snúast um að gagnsæi og heilbrigði sitji í fyrirrúmi í stjórnsýslunni. Þeim er einnig ætlað að tryggja, herra forseti, að hagsmunir almennings séu jafnan hafðir í fyrirrúmi. Nýlegustu dæmin úr íslensku samfélagi sýna að því miður er það ekki alltaf svo. Valdið spillir, sagði einhver. Það er full ástæða til að stemma stigu við spillingu í íslensku samfélagi.

[15:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þessar till. til þál. frá þingmönnum Samfylkingarinnar, um siðareglur í stjórnsýslunni annars vegar og siðareglur fyrir alþingismenn hins vegar sem eru á dagskrá þingsins hér í dag, eru auðvitað hluti af miklu stærra dæmi. Við erum að ræða um afmarkaða þætti sem eiga að vera partur af víðtæku neti reglna, samskiptareglna sem eðlilegt væri að fylgja og allir mundu treysta að væri fylgt. Í raun er það undarlegt að hugsa til þess að núna árið 2002 séum við að ræða um þingmannatillögur um slíkt. Það er furðulegt að í raun hafi ekki verið gengið frá þessum málum og þau sett í þannig farveg að allir hefðu á tilfinningunni að hér væri opin stjórnsýsla og hægt væri að treysta umfjöllun um mál einstaklinga, treysta því hvernig þingmenn halda á málum eða standa að því sem þeim er treyst fyrir, að það sé í samræmi við einhverja skrifaða reglu sem fólk geti gengið að fremur en eftir óskrifuðum reglum. Þannig er það ekki.

Eins og fram kom í máli fulltrúa Samfylkingarinnar sem hér hafa talað, Jóhönnu Sigurðardóttur og Bryndísar Hlöðversdóttur, hefur Samfylkingin fjallað mjög ítarlega um lýðræðið. Ég tók eftir því að á síðasta vetri, meðan á fundarherferð stóð sem Samfylkingin stóð fyrir þá í Norræna húsinu, að margir stöldruðu við og sögðu: Já, lýðræðið, þurfum við að ræða það? Það að búa við lýðræði, búa í lýðræðislandi, er gjöf sem allir telja að þeir búi að og allt sé í lagi af því hér sé lýðræðisríki.

Þegar við fórum að ræða þessi mál á mörgum fundum og fengum utanaðakomandi fyrirlesara sem fjölluðu um aðskilin efni, hlustuðum á ræður, fyrirspurnir og svör, var alveg ljóst að ýmislegt var ekki í lagi. Ýmislegt er ekki tryggt með reglum, þaðan af síður lögum. Ég held að öllum sem sátu þessa fundi hafi verið ljóst að það þarf að vera vakandi og það þarf að vernda lýðræðið og standa vörð um réttláta stjórnsýslu.

Á þessum fundum fannst mér sjálfri athyglisverðast að hlusta á umfjöllun um fjölmiðla og lýðræði. Það var afar áhugavert að hlusta á það sem menn höfðu þar fram að færa og þær umræður sem spunnust í kjölfarið. Við skulum gera okkur grein fyrir því að við eigum mikið undir aðhaldi heilbrigðrar umfjöllunar hjá fjölmiðlum. Ekki bara við hér á Alþingi, hún skiptir máli fyrir okkur hér á Alþingi, heldur skiptir aðhald heilbrigðrar umfjöllunar gífurlega miklu máli fyrir stjórnsýsluna alla.

Hér hefur það auðvitað verið nefnt að atburðir að undanförnu setji þessa umræðu í sérstakt samhengi. Ég tek undir það. Það hefur valdið manni hugarangri að fylgjast með einmitt þessari umfjöllun fjölmiðla. Þingmenn hafa hins vegar haldið á lofti umræðunni um að hlutir séu hér ekki í lagi og það að hafa völd þýði ekki að maður megi fara með þau að eigin geðþótta, að um völd og meðferð valds eigi að gilda ákveðnar reglur. Númer eitt, tvö og þrjú er siðferðið varðandi meðferð fjármuna, varðandi meðhöndlun á þeim sem á rétt á þjónustu hins opinbera. Upp úr stendur að hvers konar valdníðsla er í andstöðu við heilbrigðar siðareglur í stjórnsýslunni.

Það er auðvitað eftirtektarvert, sem kemur hér fram, að Ríkisendurskoðun hafi í starfsskýrslu sinni árið 2000 kallað eftir siðareglum. Það styður þetta sem ég er að leggja áherslu á, að við skulum árið 2002 flytja þingmannatillögur um að setja okkur siðareglur. Og það er tvennt í þeirri upptalningu, í greinargerð í 12 liðum, sem ég staldra við. Það er ákvörðunartaka innan stjórnsýslunnar, sem á að vera gagnsæ og opin fyrir gagnrýni, og starfsmannastefna og vinnuumhverfi sem á að stuðla að því að efla siðferðisvitund starfsmanna.

Ég vil rifja upp að fyrir nokkrum árum fór yfirmaður í stjórnsýslu okkar til útlanda og starfaði erlendis á vegum hins opinbera. Þegar hann kom til baka og ætlaði að ganga inn í starfið sitt var búið að afhenda öðrum starfið hans. Þá kom í ljós að hann átti engan rétt. Það voru engar reglur sem vernduðu hann. Hann hafði fengið heimild til að fara úr starfi sínu til starfa erlendis og taldi að hann gæti síðan að því loknu gengið að eigin starfi.

Í kjölfar þessa máls flutti ég tillögu í þinginu um að útbúnar yrðu reglur fyrir starfsmenn í stjórnsýslunni sem færu þessa leið og tækju að sér störf á opinberum vettvangi erlendis. Samkvæmt þeim reglum áttu þeir að vita að hverju þeir gengju þegar þeir færu og þegar þeir kæmu til baka. Auðvitað á ekki að þurfa að flytja slíkar tillögur. Auðvitað á þetta að liggja ljóst fyrir en það er ekki þannig hjá okkur. Eftir því sem ég veit best — þó að þessi tillaga hafi verið samþykkt hér á Alþingi — er ekki enn búið að setja slíkar reglur, ekki einu sinni þó að hér hafi verið samþykkt tillaga þar um.

Það er einnig, herra forseti, mjög óþægilegt að lesa þessa setningu núna hér í greinargerðinni, um að opinber starfsmaður „gegni starfi sínu eins vel og honum er unnt, noti aðstöðu sína aðeins í þágu almannahagsmuna, misnoti ekki stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings". Það rifjar upp að óskað var eftir því að ég og fleiri þingmenn kæmu í eftirmiðdagsþátt í haust af því að gerð hafði verið skoðanakönnun meðal almennings í landinu. Ein spurningin í skoðanakönnuninni var: Heldur þú að þingmenn og aðrir sem til þess hafi mögulega tækifæri reyni að skara eld að sinni köku? Allstór hópur svaraði þessu játandi og fannst við blasa að þeir sem hefðu til þess tækifæri reyndu að skara eld að sinni köku.

Opin stjórnsýsla hér, þrátt fyrir að við höfum fengið stjórnsýslulög, er miklu lokaðri, herra forseti, en á hinum Norðurlöndunum. Staða þeirra mála er ólík milli Norðurlandanna. Stjórnsýslan er langopnust í Svíþjóð, þar sem allir hafa fengið aðgang að hér um bil öllu. Ég hef á tilfinningunni að hér sé hins vegar ákveðinn ótti við opna stjórnsýslu.

[15:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fæ ekki betur séð en hér sé á ferðinni hið þarfasta mál, sérstaklega kannski í ljósi atburða síðustu daga, þar sem það er að verða nánast daglegur viðburður að hv. þm. hér í þessum sal skuli þurf kveðja sér hljóðs vegna þess hvernig ríkjandi stjórnvöld fara með upplýsingar og kjósa að halda þeim leyndum eða skjóta þeim þannig fram hjá þingmönnum að skömm er að.

Það er alveg ljóst að tilhneiging þeirrar ríkisstjórnar sem nú er við völd hefur á undanförnum árum gengið í þá átt eða verið þess eðlis að ríkisstjórnin virðist frekar vilja loka að sér og loka inni upplýsingar heldur en opna og færa þær út

í dagsljósið. Við höfum auðvitað fjöldamörg dæmi um það, ekki einungis það dæmi af Landssímanum sem okkur hefur orðið tíðrætt um síðustu daga þar sem menn eru að hlaupa í skjól hlutafélagalaganna og fela sig á bak við þau til þess að losna við að gefa þingheimi upplýsingar.

Segja má að þetta sé tilhneiging margra ára þessarar ríkisstjórnar þar sem ofurkapp hefur verið lagt á að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög og þá læðist auðvitað að manni sú hugsun að einhvers staðar hafi þessi ríkjandi stjórnvöld talið sig vera í betra skjóli með ríkisfyrirtækin sem hlutafélög heldur en sem opinberar stofnanir eins og tíðkaðist. Það er auðvitað ekkert skrýtið að menn hugleiði þetta í alvöru og setji fram hugmyndir eða hugleiðingar á þessum nótum þar sem það liggur nú fyrir að 25 ríkisfyrirtæki og stofnanir hafa verið einkavæddar á síðustu tíu árum. Og hvað ef hluti af ætlunarverki stjórnvalda með þessari einkavæðingu allri saman hafi einmitt verið sá að geta skotið sér í skjól á bak við hlutafélagalögin þannig að þau þurfi ekki að gefa almenningi eða þingmönnum upplýsingar sem okkur sem nú tölum hér í þessari umræðu finnst sjálfsagt að liggi á lausu?

Nefna má annað dæmi af þessari tilhneigingu ríkisstjórnarinnar sem nú situr. Það er tregðan við að lögfesta og staðfesta Árósayfirlýsinguna. Ég átti orðaskipti við hæstv. utanrrh. núna fyrir skemmstu þar sem ég spurði hverju sætti. Hvers vegna er ekki Árósayfirlýsingin staðfest? Hvers vegna er ekkert mál hér á okkar borðum sem gefur okkur vísbendingu um það að slíkt skuli verða? Það er vegna þess að einhverjar lagatæknilegar ástæður eru fyrir því að ríkisstjórnin sér sér ekki fært að leggja slíkt mál fram. Hvað er það sem Árósayfirlýsingin leggur á herðar stjórnvalda? Að hafa opinn aðgang almennings að upplýsingum og réttlátri málsmeðferð á vettvangi umhverfismála. Og þar er ásteytingarsteinninn fyrst og fremst sá að þetta er samningur og sáttmáli sem gerir ráð fyrir því að einstaklingar, almenningur og félagasamtök geti verið taldir málsaðilar fyrir lögum, jafnvel þó þeir eigi ekki beina lögvarða hagsmuni af þeim málum sem stjórnsýslan er að sýsla með. Auðvitað er það þetta sem fer fyrir brjóstið á hæstv. ríkisstjórn. Öll tengjast þessi mál.

Það er alveg augljóst að tilhneiging ríkjandi stjórnvalda til þess að halda upplýsingum leyndum er gífurleg. Hver minnist ekki orða hæstv. forsrh. á opinberum vettvangi um það að upplýsingalöggjöfin hafi gert það að verkum að stjórnsýslan sé farin að bóka minna hjá sér t.d. í fundargerðir? Allar þær upplýsingar sem við höfum um þessi mál ber að sama brunni. Það er eðlilegt að stjórnarandstaðan á Alþingi beiti afli í að reyna að koma málum af þessu tagi í gegn, því eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á er það ekki ríkisstjórnin sem ætlar að reka pólitík af þessu tagi hér. Það er auðvitað sorglegt til þess að vita að það skuli þurfa að vera stjórnarandstaðan sem er einlægt að potast í því að mál af þessu tagi séu lögð fram. Þetta ætti að vera í verkahring hvers einasta réttkjörins stjórnvalds í lýðræðisríki á borð við Ísland. Það er bara ekki þannig.

Ég lýsi því yfir, herra forseti, að mér finnst þetta virkilega vera orð í tíma töluð og mál af þessu tagi þurfa náttúrlega að komast í gegnum nefndir þingsins og það er nauðsynlegt að þingmenn fái að greiða atkvæði um mál af þessu tagi. Nauðsynlegt er að sýna stjórnvöldum, sérstaklega kannski þeim sem nú eru við völd, aðhald svo ekki verði frekari ásakanir um það að menn séu að misbrúka vald sitt eða misbeita því á einhvern hátt.

Fara mætti mörgum orðum um það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vakti máls á í ræðu sinni varðandi fjölmiðla og lýðræði því það er sannarlega angi þessa máls og þess vegna er þörf á því fyrir þingmenn að standa vörð um opinber fyrirtæki eins og Ríkisútvarpið. Stofnun á borð við það hefur þá lagalegu skyldu að stunda og standa vörð um lýðræðislega umræðu. Við höfum öll sem hér sitjum í þessum sal og þjóðin öll orðið vör við þá tilhneigingu ríkjandi stjórnvalda að gera Ríkisútvarpið að ríkisstjórnarútvarpi. Það auðvitað má ekki gerast. Það má ekki gerast að stjórnvöld landsins komist upp með að misbeita valdi sínu á þann hátt sem manni finnst þau vera að reyna að gera og tilhneigingin virðist stefna í eina átt hvað þetta varðar.

Einnig má segja mörg orð um það sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði í máli sínu varðandi stjórnfestu. Ég hef kynnt mér þá grein sem hún vitnaði til eftir Guðmund Alfreðsson þjóðréttarfræðing og Herdísi Þorgeirsdóttur, sem er hin merkasta grein og væri í sjálfu sér þess virði að birta í einhverju þingskjali eða setjast bara með ríkisstjórninni einhvers staðar á góðum stað og lesa þá grein yfir hausamótunum á hæstv. ríkisstjórn, það veitti sannarlega ekki af.

Og síðan að lokum, herra forseti, er náttúrlega alveg rétt að undirstrika það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði í ræðu fyrr í dag: „Í skjóli leyndarinnar þróast spillingin ...“

[15:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er hið þarfasta mál sem við ræðum hér. Ég held að það væri virkilega hollt viðfangsefni fyrir alla stjórnsýsluna, stjórnmálamenn og alla þá sem koma að stjórn í opinberum rekstri og stjórnsýslunni almennt að þeir fengjust við það að lesa yfir einhvers konar skrá um hvaða siðferðisskyldur menn hefðu og ættu að líta til í því sem þeir vinna við. Mér finnst að ekki sé mikill áhugi hjá stjórnvöldum á því að ræða þessi mál og kannski er sá áhugi í lágmarki þessa dagana af ástæðum sem búið er að nefna hér og það sé ástæðan fyrir því að enginn mætir í þessa umræðu af stjórnarliða hálfu. Mér hefði fundist viðeigandi að menn kæmu hér og ræddu málið og veltu því fyrir sér hvort á þessu þyrfti að halda, hvort það væri virkilega þannig á Íslandi að setja þyrfti einhverjar slíkar reglur eða hvort siðferðisvottorðin, sem langar lofræður hafa verið hafðar um að allt væri best á Íslandi hvað þetta varðar, ættu bara að duga.

Ég held að það sé ekki þannig. Ég held að á Íslandi sé siðferðið ekki í nógu góðu lagi í stjórnsýslunni. Og það er ekki í nógu góðu lagi á opinberum vettvangi. Stjórnvöld eiga alveg sérstakan kafla í þessum málum sem hefur verið nefndur hér í umræðunni, sem er fólginn í því að á tiltölulega fáum árum hafa menn flutt fyrirtæki sem voru áður opinberar stofnanir yfir í hlutafélagaform og hvort sem það hefur verið meðvitað eða ekki þá hafa menn um leið búið til einhvers konar vegg eða tjald á milli opinberra fyrirtækja sem áður voru og þeirrar starfsemi sem ríkið rekur að öðru leyti. Það er að mínu viti algjörlega ástæðulaust og ég tel að þó jafnvel aðrir eigi hlut í félögum eða fyrirtækjum með ríkinu, ef ríkið á þar stóran hlut í, þá sé ekki óeðlilegt að um slík fyrirtæki gildi allt aðrar og ákveðnari kröfur um opna stjórnsýslu og aðgang að upplýsingum heldur en önnur fyrirtæki í landinu. Og þeir sem kaupa og eiga hluti á móti ríkinu eigi að ganga að því bara sem vísu að þannig sé það.

Það er nú svo fráleitt að menn standa frammi fyrir því á hv. Alþingi að sum af þeim fyrirtækjum sem hafa verið gerð að hlutafélögum eru eingöngu í eigu ríkisins. Og það er enginn hluthafi sem gegnir hluthafaskyldunni nema ráðherra. Þegar síðan alþingismenn spyrja um þessi fyrirtæki, sem er ekki búið að selja eitt einasta hlutabréf í, þá eru sömu svörin: Það er brot á hlutafélagalögum að segja frá því sem spurt er um. Þetta er auðvitað gjörsamlega fráleitt fyrirkomulag. Ég held því fram að það þurfi ekki að vera svona og ég held því fram að það hljóti að mega koma málum þannig fyrir að sá sem fer með eignarhald ríkisins og er það falið hafi þá skyldu að koma þeim upplýsingum á framfæri við eftirlitsaðilann, sem er þá Alþingi og þær stofnanir sem það er falið, sem spurt er eftir.

Ég verð að segja til að hafa ræðu mína ekki allt of neikvæða að það varð samt sem áður jákvæð breyting á afstöðu embættismanna og opinberra starfsmanna til almennings í landinu fyrir nokkrum árum. Viðmót og þjónusta opinberra fyrirtækja breyttist til hins betra. En gera þarf betur. Mér finnst að það megi samt ekki líta fram hjá því að ýmsar opinberar stofnanir, bæði ríkis og sveitarfélaga, hafa breytt verulega um stíl og menn mæta mjög þægilegu og góðu viðmóti hjá þeim stofnunum, en það sem á skortir, að mér finnst fyrst og fremst, er leiðsögn hins opinbera gagnvart málefnum af því tagi sem ég hef verið að ræða hérna núna og hefur verið rætt um í ræðum í dag.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tek undir það að þegar sum fyrirtæki eiga í hlut í þessari umræðu, þá læðist að manni sá illi grunur að menn hafi í raun og veru viljað koma þeim fyrirtækjum í einhvers konar skjól þar sem upplýsingar væru ekki jafnaðgengilegar og þær eru þegar um er að ræða opinbera stofnun. Þessu þarf auðvitað að breyta og það þarf að breyta meira en því. Það þarf að breyta siðferðisvitundinni hjá einhverjum fjölda manna. Það sjáum við á því að verið er að ræða við jafnvel stjórnarformenn fyrirtækja, svo ég taki nýtt dæmi. Stjórnarformaður Símans sagði í viðtali og meinti það greinilega því hann var nánast hissa á því að hann væri um það spurður hvort honum fyndist ekkert athugavert við það fyrirkomulag sem var á greiðslum til hans fyrir störf fyrir Símann. Honum fannst það hreint ekki athugavert. Samt var um það að ræða að hann var að taka að sér verulega mikil störf fyrir þetta fyrirtæki og aðferðin við að greiða fyrir þau störf var sú að kvittað var undir það í ráðuneytinu en stjórnin vissi ekki neitt um það. Þetta er hinn besti maður sem þarna á í hlut og það er ástæða til að velta því fyrir sér hvers konar umræða er það í gegnum tíðina sem hefur kennt mönnum það að slíkt fyrirkomulag sé í lagi, þegar hinir bestu menn lenda í vanda eins og þessum.

Við þurfum á þessari umræðu að halda. Við getum öll lent í því að meta rangt hluti af þessu tagi. Þess vegna held ég að það sé kannski helsta röksemdin fyrir því að það eigi að setja siðareglur af þessu tagi, að þær gefa tilefni til umræðunnar sem ég hef verið að tala um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siðareglur fyrir alþingismenn, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

[15:47]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Sú till. til þál. sem ég mæli fyrir, um siðareglur fyrir alþingismenn, er skyld tillögu sem við vorum að ljúka umræðu um, um siðareglur í stjórnsýslunni. Ég þakka fyrir umræðurnar sem urðu um þá tillögu. Þær voru mjög gagnlegar og þarfar og góðar ábendingar sem þar komu fram og hefði verið full ástæða til þess að ræða málið frekar.

Það er auðvitað, herra forseti, ofarlega í huga margra þingmanna hvernig þingið er leikið af framkvæmdarvaldinu og hvernig þingið hefur sett niður á undanförnum árum og hvað þingmönnum er gert erfitt fyrir að sinna skyldum sem þeim trúað fyrir.

Það var athyglisvert sem fram kom í máli hv. 17. þm. Reykv., að mikill fjöldi ríkisfyrirtækja hefur verið hlutafélagavæddur á tiltölulega stuttum tíma. Það er rétt sem hér hefur komið fram á þessum degi að mönnum býður í grun að það sé m.a. gert til að varpa leynd yfir ýmislegt sem þar fer fram innan dyra. Það er mjög sérkennilegt, fyrir þingmenn sem eiga að hafa aðgang að öllum opinberum málefnum, að jafnskjótt og búið er að setja háeff fyrir aftan nafnið á opinberum fyrirtækjum, jafnvel þótt þau séu 100% í eigu ríkisins, lokast fyrir allan aðgang þingmanna að fyrirtækjunum. Það er eins og þau séu ekki lengur opinber þó að þau séu að fullu í eigu ríkisins og almennings eftir að þau hafa verið hlutafélagavædd. Raunar leyfir framkvæmdarvaldið sér að svipta þingmenn þeim stjórnarskrárvarða rétti sem þeir hafa, með því að hlutafélagavæða fyrirtækin.

Mér finnst þetta svo alvarlegt mál, herra forseti, að við hljótum að gera kröfu til þess að forsetaembættið, ekki síst aðalforseti þingsins, taki þessi mál til skoðunar og skoði hvernig hægt sé að tryggja betur rétt þingmanna. Við hljótum öll að hafa áhyggjur af því hver staða þingsins er gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það þarf ekki að gera annað en það sem bent var á í skýrslu Páls Hreinssonar um starfsskilyrði stjórnvalda, þ.e. að breyta lögum um þingsköp Alþingis og kveða þar á um skýlausan rétt þingmanna til þess að fá upplýsingar varðandi fyrirtæki sem eru í ríkiseign jafnvel þó að þau hafi verið hlutafélagavædd. Um það hefur t.d. hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar lagt fram frv. Ég treysti á að þingið hafi þann manndóm í sér að taka á þessu máli. Það er óþolandi hvernig ráðherrarnir og ríkisvaldið eru farin að nota þingið, þ.e. eins og hverja aðra fótaþurrku, herra forseti. (**LB:** Það er vægt til orða tekið.) Já, og er það vægt til orða tekið.

Málið sem ég mæli hér fyrir og flyt ég ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Einari Má Sigurðarsyni og Guðrúnu Ögmundsdóttur, fjallar um siðareglur fyrir alþingismenn. Hér er farið mjög hægt í sakirnar, einungis lagt til að Alþingi álykti að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem móti siðareglur fyrir alþingismenn, að reglurnar skuli lagðar fram fyrir forsn. til staðfestingar og taki gildi í upphafi þings árið 2002.

Í greinargerð með þessari þáltill. er getið um siðareglur sem ýmis þjóðþing hafa sett sér og farið nokkuð ítarlega í þær siðareglur þingmanna sem danska, sænska og breska þingið vinna eftir. Markmiðið með þessari tillögu er einmitt að íslenskir þingmenn setji sér siðareglur líkt og ýmsar aðrar

starfsstéttir í þjóðfélaginu eins og þingmenn á mörgum þjóðþingum hafa gert. Með því eru þeir að styrkja þingræðið, trúnað við kjósendur sína og þjóðina í heild.

Svo ég fari, herra forseti, lauslega yfir þær reglur sem unnið er eftir í danska og sænska þinginu þá er vert að benda á að í danska þinginu gefst þingmönnum kostur á að gangast undir reglur þess efnis að skrá störf sín utan þings og fjárhagslega hagsmuni sem þeir kunna að hafa. Þar má nefna stjórnunarstöður í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, önnur launuð störf, sjálfstæða atvinnustarfsemi og hlutabréfaeign. Þá ber þingmönnum að greina frá dýrum gjöfum, fjárhagslegum styrkjum og utanlandsferðum sem eru ekki að fullu borgaðar af þingmanninum sjálfum eða opinberu fé. Ef þingmenn velja að gangast undir reglurnar verða þeir að beygja sig undir öll ákvæði þeirra því ekki er hægt að velja úr ákvæðnar reglur og sleppa öðrum.

Það er frjálst val hjá þingmönnum í danska þinginu, það er ekki gengið lengra en svo, hvort þeir gangast undir þessar reglur eða ekki. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur meiri hluti þingmanna í danska þinginu gengist undir þessar reglur. Ég vil geta þess að samkvæmt meginreglunni um aðskilnað ríkisvalds segir í 3. gr. dönsku stjórnarskrárinnar að konungurinn, þ.e. ríkisstjórnin og þingið, fari sameiginlega með löggjafarvaldið en konungurinn, þ.e. ríkisstjórnin, fari með framkvæmdarvaldið. Þar af leiðir að þingmenn eru ekki tilnefndir í nefndir á vegum ríkisins til að vinna að undirbúningi löggjafar. Ríkisstjórnin tilnefnir hins vegar sérfræðinga og ríkisstarfsmenn í þá vinnu. Þingmenn eru ekki heldur til nefndir til setu í stjórnum eða ráðum hjá opinberum stofnunum eða fyrirtækjum. Það er nokkuð sem mér finnst að við ættum að taka okkur til fyrirmyndar, að þingmenn eigi ekki setu í stjórnum eða ráðum hjá opinberum stofnunum eða fyrirtækjum. Mér finnst mjög sérkennilegt þegar svo er, ekki síst í stofnunum þar sem um er að ræða meðferð fjármuna. Mér finnst mjög einkennilegt að þingmenn eigi sæti í opinberum stofnunum, t.d. Landssímanum, komi svo hingað og fjalli um málefni þeirra. Mér finnst þetta ekki fara saman, herra forseti. Danska fyrirkomulagið tel ég að við ættum að taka okkur til fyrirmyndar að þessu leyti. Reyndar er það svo, eins og ég mun koma að síðar, í reglum sem Samfylkingin hefur sett þingmönnum sínum.

Hjá sænska þinginu voru fyrir nokkrum árum settar reglur þess efnis að þingmenn gætu tilkynnt hvaða tekjur þeir hefðu fyrir utan tekjur af þingstörfum og hvaða verkefni þeir hefðu með höndum utan þingstarfanna. Þingmönnum er þar, líkt og í danska þinginu, í sjálfsvald sett hvort þeir láta þessar upplýsingar í té en samkvæmt upplýsingum frá sænska þinginu hafa 295 af 349 þingmönnum veitt þær.

Varðandi breska þingið og siðareglur þar gilda í neðri deild enska þingsins ítarlegar reglur um framferði þingmanna. Þær hafa að geyma ákvæði um skráningu á hagsmunum sem þingmenn kunna að hafa utan þingsins. Um er að ræða 10 flokka sem taka m.a. til launaðra stjórnarstarfa í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila; annarra launaðra starfa; þjónustu við viðskiptavini vegna fyrrnefndra starfa; styrkja til þingmanna, m.a. styrkja fyrir kosningar sem nema meira en 25% af kostnaði við kosninga baráttu viðkomandi þingmanns. Þá ber að gera grein fyrir dýrum gjöfum, ferðum til útlanda sem eru ekki borgaðar að fullu af þingmanninum sjálfum eða opinberu fé og hlutafjáreign þingmannsins og fjölskyldu hans.

Einnig eru í gildi reglur um skyldur þingmanns til að lýsa yfir hagsmunum sem hann hefur í umræðum í þinginu og nefndum þess eða í samskiptum við aðra þingmenn eða ráðherra. Mælikvarðinn er sá að þingmaður eigi að upplýsa um hagsmuni ef aðrir gætu haft ástæðu til að ætla að hann ætti að gera það. Jafnframt er að finna reglu þess efnis að þingmaður megi ekki taka að sér mál eða styðja gegn greiðslu. Þessi regla er nátengd reglum sem fyrr var getið um, þess efnis að þingmaður þurfi að tilkynna um fjárhagslega hagsmuni sína.

Ég tel ekki ástæðu til að fara ítarlegar í reglurnar sem gilda í öðrum þjóðþingum. Ég vildi aðeins sýna þetta sem fyrirmynd. Þetta gildir víða og ég tel að um leið og fluttar eru tillögur þar sem við leggjum til að settar séu siðareglur í stjórnsýslunni þá eigi þingmenn að ganga á undan með góðu fordæmi og setja sér eigin siðareglur líkt og er hjá mörgum starfsstéttum.

Þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti í júní 1999 reglu þess efnis að þingmenn flokksins skyldu ekki gegna föstu starfi utan þings né sitja í stjórnum banka, sjóða eða annarra stofnana sem dregið gæti úr hæfi þeirra til þingstarfa, leitt til hagsmunaárekstra eða raskað að öðru leyti stjórnarskrárbundnum skyldum þeirra. Ég tel að þetta sé góð regla, eins og ég hef hér nefnt. Þetta er eitt af því sem ég vildi sjá, yrði þessi tillaga samþykkt, í þeim reglum sem þingmenn mundu setja sér.

Ég vil líka nefna að við þingmenn Samfylkingarinnar höfum ítrekað lagt fram frv. til laga um fjárreiður stjórnmálasamtaka sem hefur tekið nokkrum breytingum í tímans rás. Við fluttum á 126. löggjafarþingi frv. um fjárreiðurnar með þeirri breytingu og nýmæli að þá var lagt til að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða embættis forseta Íslands sem náð hefðu kjöri skyldu fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttunnar og fjármögnun hennar. Þetta ákvæði frv. styðst við finnsk lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum og óeðlilegri fyrirgreiðslu þótti flutningsmönnum frv. mikilvægt að engin leynd hvíldi yfir hverjir styrktu frambjóðendur með verulegum fjárframlögum.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Í tillögugreininni er ekki tekin afstaða til hvaða efnisatriði skuli tekin upp í siðareglur fyrir þingmenn. Við flutningsmenn töldum eðlilegra að nefndin sem yrði skipuð fulltrúum allra þingflokka hefði frjálsar hendur um það, enda líklegra að þannig náist víðtæk samstaða um reglurnar. Við vísum þó til þeirra reglna sem gilda á Norðurlöndum og Bretlandi og ég hef lýst hér lauslega.

„Þau atriði sem flutningsmenn leggja til að verði skoðuð eru eftirfarandi:

að þingmenn leggi reglulega fram lista yfir öll störf og setu í stjórnum, ráðum og nefnd um utan þings og launakjör þeim tengd,

hvort takmarka eigi störf þingmanna og þátttöku í stjórnum, ráðum og nefndum utan þings,

hvort skrá eigi hlutabréfaeign þingmanna."

Ég vil taka það skýrt fram að þau atriði sem hér eru sett fram eru hvorki bindandi né tæmandi. Aðalatriðið er að fulltrúar þingflokka og forsætisnefnd fari yfir málið og meti hvaða reglur er rétt að setja og hvaða reglur samstaða getur náðst um.

Herra forseti. Ljóst er að siðareglur fyrir alþingismenn og aðrar starfsstéttir leysa ekki allan vanda. Okkur flutningsmönnum er það fyllilega ljóst. Sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni en, herra forseti, það verður þó að telja að skýrar leiðbeinandi reglur styrki störf þingmanna og auki trúnað og traust almennings á störfum þingmanna.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[16:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er enn komið þingmál sem ég hefði kosið að ræða á Alþingi fyrir fullum sal og með þátttöku þingmanna, bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga. Hér er til umræðu tillaga um siðareglur fyrir okkur sjálf. Það er með ólíkindum að ekki sé meiri vilji og áhugi á því að ræða á hreinskiptinn hátt hvernig við viljum haga þessum málum. Heiðarleg og hreinskiptin umræða um málefni okkar sjálfra, þingmanna, væri til sóma.

Ég hef velt því fyrir mér hvar sú umræða ætti að fara fram. Hvar er vettvangurinn þar sem við getum rætt um hvar pottur er brotinn varðandi okkur og umhverfi okkar, e.t.v. varðandi réttindi okkar, skyldur okkar eða aðra þætti? Ég hef ekki séð þann vettvang. Það er ekki vilji til að endurskoða þingsköp sem væri einn þáttur þess að skapa okkur umhverfi sem við gætum treyst og skýrar reglur. Þó er vitað að þar er víða þörf á úrbótum. Við þyrftum að ræða hvort reglurnar sem gilda fyrir okkur og við störfum eftir séu þannig að við getum treyst þeim ef á reynir. Það hefur ekki alltaf verið þannig.

Í greinargerð kemur fram að danskir þingmenn sitja ekki í stjórnum, nefndum og ráðum. Þar eru svo skýrar reglur um aðskilnað ríkisvalds og löggjafarvalds að þingmenn eru ekki tilnefndir í nefndir á vegum ríkisins til að vinna að undirbúningi löggjafar. Þetta er miklu fremur regla hjá okkur. Hér sitja menn í bankaráðum, í stjórnum peningastofnana, og ég minnist þess hve mikla athygli það vakti eftir síðustu kosningar að nær allir þingmenn Framsfl. sem ekki urðu ráðherrar sátu í stjórnum og ráðum, e.t.v. fleiri en einni. Ef þeir sátu ekki í stjórnum og ráðum þá voru þeir settir í forustu fyrir starfsnefndir af einhverju tagi. Ég get t.d. nefnt formann í stjórn fyrir byggingu Barnaspítalans. Í raun og veru voru þingmennirnir með einum eða öðrum hætti fluttir inn undir arm framkvæmdarvaldsins.

Þeir höfðu fullt leyfi til þess. Það eru engar reglur um þetta hjá okkur. Það eru ólík viðhorf gagnvart slíku en engar reglur. Við erum oft spurð um þetta en við eigum ekki svör vegna þess að það eru engar siðareglur. Við erum að krulla þessu öllu saman, löggjafarvaldinu, þar sem við erum að reyna að vera aðhald að framkvæmdarvaldinu, og við nefnum og köllum til, eins og í umræðunni áðan, fjölmiðla okkur til halds og trausts. En svo flytjum við okkur til og förum úr hlutverki löggjafarvaldsins og aðhaldsins og gerumst þátttakendur í framkvæmdarvaldinu. Þetta er mjög umhugsunarvert.

Ég vil ræða annað. Ég vil ræða hvort það sé eðlilegt að þingmenn séu í starfi utan þings. Ég varpa fram spurningunni: Er þingmennska fullt starf eða er þingmennska ekki fullt starf? Er þingmennska hálft starf, hlutastarf, eða einhvers staður þar sem maður kemur þegar mann langar í umræðuna eða mætir í skyndi í atkvæðagreiðslu? (**JóhS:** Góð spurning.) Þegar ég er spurð hvort þingmennska sé fullt starf segi ég já. Þegar ég er spurð hvort ég geti komið við þar eða hér á leið minni úr Kópavogi í bæinn þá segi ég: Það er bara þannig að ég er gjarnan á leið úr Kópavogi milli 8 og 9 á morgnanna og það er mjög algengt að ég komi síðan heim milli 6–7 á daginn.

Ég er líka stundum spurð: Hvernig getur einhver verið framkvæmdarstjóri úti í bæ þegar hann situr á þingi? Ég er spurð: Hvernig getur einhver verið verktaki einhvers staðar ef hann situr á þingi? Þá má líka spyrja: Er eðlilegt að sitja í sveitarstjórn ef maður er á þingi, jafnvel sem oddviti meiri hluta? Þetta eru spurningar sem eru ekki ræddar í þessum sal. Þetta eru spurningar sem ekki er vettvangur til að ræða. En við roðnum þegar við erum spurð um þessi mál utan þessara veggja.

Ég spyr: Hefur það verið rætt á vettvangi Alþingis hvort þingmenn eigi að helga sig þessu starfi? Svarið er nei. En við höfum rætt það í þingflokkum okkar. Eins hér hefur komið fram hefur þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkt reglu þess efnis að þingmenn flokksins gegni ekki föstu starfi utan þings og sitji ekki í stjórnum banka, sjóða eða annarra stofnana sem dregið gætu úr hæfi þeirra til þingstarfa eða leitt til hagsmunaárekstra eða raskað að öðru leyti skyldum þeirra, stjórnarskrárbundnum eða öðrum. Þetta er meginatriðið. Þetta er meginatriðið í þessum umræðum. Hverjir taka þátt í henni? Það eru þingmenn Samfylkingarinnar og þingmaður Vinstri grænna. Hvar er allt hitt fólkið sem á að láta sig þessi mál varða? (**Gripið fram í:** Kemur þetta ekki við.) Hvar eru þeir sem verja það jafnvel að menn séu úti í bæ þegar þeir eiga að vera annars staðar á vettvangi þingsins?

Á bls. 2 er nefnt að nefndin hafi frjálsar hendur um mótun siðreglna. En það er nefnt að þingmenn leggi fram lista yfir störf og setu í stjórnum, ráðum og nefndum utan þings og launakjör þeim tengd. Þessi tillaga á við okkur. Hér má á ný spyrja um þá sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnsýslunni, samanber það sem við höfum verið að ræða að undanförnu. Það er gott að við setjum okkur slíkar reglur. Við getum þess vegna gert kröfu um að slíkar reglur verði settar um aðra sem sinna opinberum trúnaðarstörfum.

Annað mál sem ekki heyrir undir þessa tillögu en tengist góðum vinnubrögðum og aðskilnaði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds er að ráðherrar séu ekki þingmenn. Við höfum líka flutt tillögur um það og rætt undir öðru þingmáli. Allt er þetta undir því komið að reglur séu skýrar, skyldurnar ljósar, að menn viti hverju þeir helga sig og viti hverju þeir eru bundnir. Þetta eru mjög skýr atriði.

Herra forseti. Að þeim orðum sögðum verð ég að bæta því við að við getum ekki undanskilið sjálft Alþingi. Alþingismenn eiga að geta gengið að settum reglum, skyldum og réttindum, geta gengið að þeim og treyst því að fari þeir að settum reglum geti þeir varist, sé öðru haldið fram. Því miður, herra forseti, hefur það ekki alltaf verið þannig.

[16:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Á dagskrá þingsins hafa verið tvö mál sem lúta að siðareglum, annars vegar siðareglum í stjórnsýslunni, þ.e. hjá framkvæmdarvaldinu, og hins vegar siðareglum fyrir alþingismenn, þ.e. löggjafarvaldinu.

Ég vil byrja á að segja að þær hugmyndir sem hér eru settar fram eru af hinu góða. Það er kannski dálítið sorglegt, í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram um nokkurra daga skeið um stjórnsýsluna og þá gagnrýni sem á hana hefur komið, að hér skuli ekki vera fleiri þingmenn. Það

væri kannski fróðlegt að vita, virðulegi forseti: Hve margir þingmenn eru í húsinu?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Samkvæmt þeim tölum sem forseti hefur eru 17 þingmenn í húsinu.)

Ég þakka fyrir. Það hefði verið gaman að fá nokkra þingmenn stjórnarliðsins til að taka þátt í þessari umræðu, ekki endilega vegna þess að þeir treysta sér ekki til þess heldur til að skiptast á skoðunum um þessar hugmyndir, einkanlega vegna þess að þeir koma til með að ráða mestu um hvort hugmyndir eins og þessar fái einhvern framgang í þinginu. Það er einfaldlega þannig að meiri hlutinn ræður og þess vegna hefði verið gott að geta skipst á skoðunum við þingmenn stjórnarmeirihlutans og heyra hugmyndir þeirra um þessi mál.

Ég vil hins vegar segja, virðulegi forseti, við þessa umræðu, að þó að hér séu settar fram hugmyndir um siðareglur er ég ekki þeirrar skoðunar að hægt sé að negla niður alla hluti. Það er ekki hægt að setja skýrar reglur um alla hluti í þessum efnum. Ég tel þó að menn verði að setja niður meginreglur og vinna síðan út frá þeim. Auðvitað eru hugmyndir um siðareglur, eins og hér eru til umræðu, fyrst og fremst settar fram vegna þess að reynslan hefur kennt okkur að valdið er vandmeðfarið.

Hér eru settar fram hugmyndir um að setja fram reglur í því skyni að tryggja að vel sé farið með valdið. Þeir sem setja á reglur samkvæmt þessu eru fyrst og fremst opinberir starfsmenn og alþingismenn og í þeim skilningi þjónar almennings. Þrátt fyrir að flestir séu þannig gerðir að þeir vilji vinna eins vel þeim er kostur er ég sannfærður um að það gæti verið mörgum þægilegt að hafa tilteknar reglur við að styðjast.

Með þeim hugmyndum sem hér eru settar fram er því ekki haldið fram að allir sem standa í þessum störfum séu jafnframt í svindli, langur vegur þar í frá. Með þessum tillögum er fyrst og fremst bent á að valdið er vandmeðfarið. Þessi sjónarmið hafa kannski fengið aukið vægi í umræðunni undanfarna daga, einkum í umræðunni um svokallað símamál eða Landssímamál, sem hefur reyndar birst í svo mörgum myndum að það væri til að æra óstöðugan að reyna að fara yfir það. En það er dálítið sérstakt við þá tilteknu umræðu að menn hafa ekki aðgang að upplýsingum. Menn hafa reynt að skjóta sér á bak við mjög undarleg ákvæði og túlkað þau á þann veg að ekki þurfi að tefla upplýsingum fram í umræðunni, þ.e. menn skjóta sér á bak við leyndina. Maður hlýtur að spyrja sig: Eru hagsmunir tiltekinna fyrirtækja, sem að mestu leyti eru í eigu ríkisins, meira metnir en möguleikar þingmanna á að veita það aðhald sem þeim er ætlað að veita? Það hefur komið fram í þessari umræðu, ef við notum hana sem dæmi til þess að reyna að draga það fram, að ekki hafa allir haft aðgang að þessum upplýsingum. Þetta hefur smátt og smátt komið í ljós. Menn sjá að þetta aðhald er nauðsynlegt til að sjá til þess að menn fari rétt með vald sitt.

Það kom fram í umræðunni fyrr í dag að það er dálítið sérstætt að í tilteknum tilvikum skuli menn bera fyrir sig lögum eins og hlutafélagalögum og halda því fram að þau komi í veg fyrir að hægt sé að veita upplýsingar af því að þær lúti að hagsmunum fyrirtækisins. Þess á milli taka menn valdið út úr fyrirtækinu og gera prívat sjálftökusamninga fram hjá stjórn fyrirtækisins. Þá eiga hlutafélagalögin ekki við. Ég óttast þetta. Ég viðurkenni að í einstaka tilvikum getur verið nauðsynlegt að tiltekin málefni fari leynt. En menn þurfa alltaf að vega og meta hvort hagsmunir af því að veita aðgang að upplýsingum, hagsmunirnir af því að þingmenn geti veitt eðlilegt aðhald, séu meiri eða minni en hagsmunir viðkomandi fyrirtækja. Í vafatilvikum er ég sannfærður um að skýra beri slík leyndarákvæði þröngt.

Hér var nefnd fyrirspurn frá hv. flm. beggja þessara mála, sem ég hef leyft mér að fjalla um saman, fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Henni var svarað á þann hátt að henni kæmu þessar upplýsingar ekki við. Þegar maður skoðar þær spurningar sem þar voru settar fram, t.d. um hvort tiltekin einkavæðing væri hafin, um tilraun til sölu þegar starfslokasamningur var gerður. Þetta er spurningin. Svarið sem kemur er að vegna hlutafélagalaga komi þetta þingmönnum ekkert við. Það er fyrst og fremst, virðulegi forseti, verið að gera — ég veit ekki það var orðað hér — ekki verið að gera lítið úr þinginu heldur er ekkert gert úr þinginu.

Ástæðan fyrir því að við skiptum ríkisvaldinu í þrennt, í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, er fyrst og síðast sú að ekki safnist um of mikið vald á eina hendi. Löggjafarvaldinu er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, dómstólum líka. Dómstólum er síðan ætlað að hafa eftirlit með löggjafarvaldinu. Af hverju er þetta sett upp með þessum hætti? Jú, til að tryggja aðhaldið. Menn hafa lært það og vita að valdið er vandmeðfarið.

Hér eru hugmyndir af sama meiði. Hér er fyrst og fremst verið að reyna að setja fram leiðbeinandi reglur þessu til viðbótar. Kjarninn er hins vegar sá að valdið er vandmeðfarið. Við þurfum að geta veitt tiltekið aðhald. Ég verð að ítreka, virðulegi forseti, það sem ég sagði í upphafi máls míns — ég sé að tími minn er á þrotum — að það hefði getað orðið skemmtileg umræða og spennandi að ræða við fulltrúa meiri hluta eða þá sem styðja ríkisstjórnina sem nú situr, fulltrúa meiri hlutans á þingi. Það hefði verið gaman hefðu þeir hv. þm. komið að þessari umræðu og sett fram hugmyndir sínar vegna þess að meiri hlutinn ræður því á endanum hvort þessar hugmyndir verða að veruleika eða ekki.

[16:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni till. til þál. um siðareglur fyrir alþingismenn sem er alveg eins og sú hin fyrri, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði fyrir áðan, allrar athygli verð því að þingmenn allra lýðræðisþjóða þekkja auðvitað vel umræðu um meint hagsmunatengsl þeirra í ýmsum málum sem þingmönnum er gert að fjalla um. Auðvitað finnst þingmönnum eðlilega það þung byrði að vera borin á brýn einhver hagsmunatengsl sem kannski er ekki fótur fyrir. En þá er líka bara eitt ráð fyrir þingmenn og það er að til staðar séu einhvers konar reglur sem gera það að verkum að störf þeirra eru ekki undirorpin neinni tortryggni.

Þingmenn hér á landi þekkja allir til slíkra tilfinninga. Mér þykir gagnlegt að sjá í greinargerð með þáltill. gerða grein fyrir þeim reglum sem gilda í danska og sænska þinginu og mér þykir mjög athyglisvert í því sambandi að þar hafa verið settar fram reglur sem þingmönnum er í sjálfsvald sett hvort þeir gangast undir eða ekki. Það þarf ekki að grufla lengi í huga sér eftir svari við spurningunni: Hvað ætli almenningur hugsi um þá sem ekki gangast undir reglurnar? Ég lýsi því yfir eins og kemur reyndar fram í greinargerðinni að samkvæmt upplýsingum frá sænska þinginu munu það vera 295 af 349 þingmönnum sem hafa undirgengist þær

reglur þannig að það er gífurlega mikill meiri hluti og segir það auðvitað sína sögu.

Mér þykir annað gott við þessa tillögu. Hún er fjarskalega opin þannig að hún segir ekki meira en svo að nefndin, sem ég ímynda mér að væri þá forsn. sem mundi trúlega fjalla um þessa tillögu, mundi geta sett eða mótað slíkar reglur og þá í samráði við breiðan hóp þingmanna. Það væri vel þess virði að þingmenn úr öllum flokkum, af báðum kynjum og á öllum aldri gætu komið að þeirri mótun. Síðasta greinin í greinargerðinni um mótun siðareglnanna er mér því mjög að skapi.

Síðan held ég að það sé alveg þess virði að ræða um þá hluti sem hér hefur verið hreyft, þ.e. hvernig þingmenn helga sig starfi sínu. Það rifjaðist upp fyrir mér þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði áðan að við fengum heimsókn á síðasta ári, ef ég man rétt, frá þingmönnum þýska þingsins og þá kom í ljós þegar við fórum að ræða um reglur og það form sem er á starfinu þar að þar eru þingmenn sektaðir háum sektum ef þeir eru ekki mættir til funda. Þeir verða að vera við atkvæðagreiðslur í þinginu og ef þeir hafa ekki löglega boðaða fjarvist þá liggja við því fésektir. Það er því greinilegt að þjóðþing beita ýmsum aðferðum við að halda þingmönnum sínum við störfin.

Ég vil loks taka undir lokaorð greinargerðarinnar í tillögunni sem hér var fylgt úr hlaði á ágætlega greinargóðan hátt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, en þar segir, með leyfi forseta: „Telja verður þó að skýrar leiðbeinandi reglur styrki störf þingmanna og auki trúnað og traust almennings."

[16:21]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni sem hafa verið með áfkaflega gagnleg innlegg í umræðuna og lagt til málsins ýmislegt sem vert er að hugleiða í tengslum við tillöguna.

Það er ekki skrýtið að hv. 17. þm. Reykv., Kolbrún Halldórsdóttir, hafi dregið ákveðna ályktun af tölu þingmanna í þeim þjóðþingum sem hér eru nefnd sem gengist hafa undir þessar reglur og hvaða ályktun megi þá draga af þeim sem ekki vilja gangast undir slíkar reglur. Það er einmitt það sem ég hef heyrt af þingmönnum í þessum þingum að það eru þeir þingmenn sem helst ættu að gangast undir reglurnar sem ekki gera það. Ég vildi gjarnan sjá að það yrði skylda að gangast undir þær reglur sem yrðu settar en valið væri ekki fyrir hendi, en ég útiloka það þó auðvitað ekki ef það er eitthvað sem þarf að vera til að ná samkomlagi um málið.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að það er auðvitað útilokað og ekki meiningin með tillögunni að negla niður alla hluti heldur eigi einungis að setja meginreglur einmitt til þess að treysta trúnað þingmanna við almenning og fyrirbyggja alla tortryggni um hagsmunatengsl eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi.

Mér fannst líka afar athyglisvert að hlusta á meðflutningsmann minn að tillögunni, hv. 4. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, og hugleiðingar hennar í þessu máli og það sem hún nefndi þar sem hún hitti einmitt naglann á höfuðið, að fólk ræðir það oft við okkur þingmenn hvort þetta sé fullt starf, þingmennskan. Þingmenn vinni ekki nema örfáa mánuði á ári, eigi langt sumarfrí og langt jólafrí og séu ýmsir hverjir, eins og hún nefndi, í öðrum störfum utan þings sem menn töldu nú að væru störf sem og tækju alla krafta viðkomandi einstaklings. Mér fannst þetta gagnlegt inn í umræðuna og ástæða fyrir þingmenn að velta upp einmitt slíkum hlutum eins og hv. þm. gerði.

Það sem mér fannst líka mikilvægt að fá fram er að það er einmitt verið að setja fram með þessari tillögu og tillögum um siðareglurnar í stjórnsýslunni sem ekki síst er beint að stjórnendum fyrirtækja, að valdið er vandmeðfarið, eins og hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, nefndi hér. Þar hitti hann naglann á höfuðið og það er kannski einmitt ein grunnástæðan fyrir því að nauðsynlegt er að setja slíkar reglur.

Ég vil þó nefna í lokin, herra forseti, að ég hef nokkrar áhyggjur af framgangi þessa máls. Vegna hvers hef ég það? Menn hafa nefnt það hér að við höfum ekki fengið viðbrögð stjórnarliða við tillögunni sem full ástæða hefði verið til að fá fram í umræðunni vegna þess að það er alveg rétt sem hér kom fram að þeir ráða auðvitað miklu um það hvort þessi tillaga fái eðlilega umfjöllun og þinglega meðferð og komi aftur til kasta þingsins eða hvort það eru bara sértillögur þingmanna sem fjalla um box sem fái sérmeðferð í þinginu og fái eðlilega þinglega meðferð og þingmenn fái að greiða atkvæði um eða hvort sama gildi um önnur þingmál sem hér eru flutt.

Ef maður les þessa tillögugrein, þá er það Alþingi sem á sjálft að skipa nefndina með fulltrúum allra þingflokka og leggja á þessar reglur fram fyrir forsn. til staðfestingar. Hvert á tillagan að fara til umsagnar? Hvernig málsmeðferð á þingnefndin að hafa í þessu máli? Mér finnst ástæða til að kasta því fram í umræðunni vegna þess að það hafa komið fyrir mál sem þingnefndir hafa séð ástæðu til að senda til umsagnar forsn. og sú nefnd, eftir því sem ég best veit, hefur þá vinnureglu að veita ekki umsagnir um mál sem til hennar er beint. Þetta væri auðvitað eðlilegt og týpískt mál sem ætti að beina til forsn. til þess að fá umsögn hennar um. (Gripið fram í.) Frá forsrh.? (**Gripið fram í:** Beint frá forsrh.) Það væri kannski ráð að senda þetta til yfirforsetans uppi í Stjórnarráði. En ég hef áhyggjur af framgangi málsins. Þess vegna vil ég leggja til, herra forseti, að fulltrúar í allshn. sem fjalla um málið geri tilraun til þess að senda málið til forsn. af því að það hefur þá sérstöðu eðli máls samkvæmt að forsn. ætti að veita umsögn um það og síðan væri það gert. Ég geri það að tillögu minni við fulltrúa í allshn., því að þar er a.m.k. einn hér sem er í nefndinni, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, að þingflokkum í þinginu verði þá sent málið til umsagnar vegna þess að full ástæða er til að heyra viðbrögð þingflokkanna við þeirri tillögu sem hér er á ferðinni.

Þessu vildi ég koma á framfæri. Ef til vill væri ástæða til að senda þetta til ekki bara þingflokkanna heldur til stjórnmálaflokkanna til að fá viðbrögð þeirra við tillögunni.

Þetta vildi ég setja fram í lokin um leið og ég þakka fyrir umræðuna vegna þess að ég hef nokkrar áhyggjur af málsmeðferðinni á þessu þingmáli, að með þetta mál fari eins og önnur þar sem við erum að reyna að auka lýðræði í þjóðfélaginu, gegnsæi í stjórnsýslunni og setja á eðlilegar lýðræðislegar reglur til hagsbóta fyrir þjóðina, að þau eiga mjög erfitt uppdráttar oft og tíðum í þinginu, því miður. En það eru einmitt slíkar reglur sem þjóðin vill að þingið setji í forgang vegna þess að það er rétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að bæði þingmenn, embættismenn og opinberir starfsmenn eru ekkert annað en þjónar almennings og ég er sannfærð um að almenningur vill sjá slíkar siðareglur,

bæði fyrir þingmenn og fyrir stjórnsýsluna í heild.

[16:28]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að bæta því við það sem kom fram í máli mínu fyrr að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er þingreynd og hefur starfað hér um nokkuð langt skeið og það eru fáir ef nokkrir þingmenn sem hafa í gegnum tíðina, a.m.k. hvað varðar svona langan tíma, lagt jafnmikið á sig til þess að reyna að styrkja þingið. Ég lít svo á að þær hugmyndir sem hér eru settar fram séu fyrst og fremst settar fram í því skyni að styrkja þingið, að styrkja trúverðugleik þingsins og efla frumkvæði þingsins að því er varðar almenna umræðu í samfélaginu. Því að þingið hefur að mínu mati misst mjög stöðu sína í því og kannski að stórum hluta orðið — ég veit ekki alveg hvernig á að orða það — framkvæmdarvaldsþing, þ.e. menn eru uppteknir af því að koma í gegnum þingið einhverjum hugmyndum sem fæðast hjá embættismönnum og ráðherrum. Þetta er sá veruleiki sem við búum við og það er kannski ekki síst okkur sjálfum að kenna sem hér erum, þ.e. að við skulum ekki reyna að styrkja þingið. Í fyrsta lagi með því að þingið sýni aukið sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu, sem ég held að sé að verða alger nauðsyn ef ekki á að halla enn frekar undan fæti hjá þinginu, hvernig sem það er nú hægt, og reyni með þeim hætti að styrkja sig. Í öðru lagi að reyna að styrkja sig með því að hafa aukið frumkvæði í hinni almennu pólitísku umræðu. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt fyrir þingið að takast á hendur og reyna að marka sér þann sess. Ef það gerist ekki þá mun náttúrlega smám saman draga enn frekar úr vægi þess og það held ég að sé eitthvað sem ekki má gerast.

Af því að ég nefndi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur má kannski nefna það líka að fáir ef nokkrir hafa verið jafnmiklir talsmenn þess að þingið setji á fót sínar eigin rannsóknarnefndir, þ.e. þegar upp kunna að koma mál, að þingið setji á fót sínar eigin nefndir og reyni að fara ofan í þau mál með sjálfstæði og ábyrgð og komast að einhverri niðurstöðu en ekki að þiggja niðurstöður af verkum annarra. Allt er þetta að mínu viti til þess fallið að reyna að styrkja þingið, efla það og treysta það í sessi. Það er kannski ekki síst af þeim ástæðum sem ég sakna þess mjög að fulltrúar meiri hlutans á hinu háa Alþingi skuli ekki taka þátt í þessari umræðu. Með því er ég þó ekki að segja að þeir hafi ekki áhyggjur af þinginu heldur hitt að sjónarmið þeirra birtast ekki í umræðunni sem ég held þó að væri af hinu góða.

Þar sem ég á sæti í hv. allshn. mun ég beita mér fyrir því að málið fari sem víðast og ég mun beita mér fyrir því að hv. forsn. tjái sig um málið, þó að hún hafi komið sér upp einhvers konar reglu um að hún fjalli ekki um mál, a.m.k. ekki ef þau koma frá stjórnarandstöðunni. Ég mun því beita mér fyrir því að hv. forsn. taki á þessu tiltekna máli.

En ég vildi aðeins bæta inn í þá umræðu sem hér hefur farið fram að þetta mál er fyrst og fremst sett fram í því skyni að styrkja þingið, efla það, efla sjálfstæði þess í störfum sínum og efla frumkvæði þess í almennri umræðu í samfélaginu sem því miður hefur færst út úr þinginu og farið ekki síst í fjölmiðla og víðar og hjá tilteknum hagsmunasamtökum þar sem þingið hefur setið eftir.

Þingið má ekki verða einhvers konar viðbragðaumræðustofnun, þ.e. ef eitthvað kemur upp í samfélaginu, þá séu viðbrögð kölluð hér fram, heldur þarf að tryggja að miklu meira frumkvæði sé í umræðunni og menn séu að setja fram hugmyndir, menn séu að skiptast á skoðunum en sitji ekki uppi með það, virðulegi forseti, eins og staðan er nú að hér er verið að ræða grundvallarmál sem lagt er fram í því skyni að styrkja þingið og við tölum hér að mestu leyti því miður fyrir tómum sal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 116. mál. — Þskj. 116.

[16:34]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Sú sem hér stendur og mælir fyrir þessari till. til þál. um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði átti fyrir nokkrum árum alllanga veru í þessum ræðustól, skipti hún nokkrum klukkutímum, en tilefnið var að núv. ríkisstjórn var þá að loka félagslega húsnæðiskerfinu sem þjónað hafði láglaunafólki allt frá árinu 1929 og sem hafði orðið til þess að fátækt fólk sem ekki gat komið sér þaki yfir höfuðið hafði til þess möguleika. Það var á árinu 1998, að mig minnir, sem ríkisstjórnin réðst í það óhæfuverk að loka félagslega húsnæðiskerfinu. Ég hef reyndar aldrei skilið, herra forseti, að það skuli hafa verið undir forustu Framsfl., að hann skuli hafa látið draga sig til þeirra verka.

Efni tillögunnar nú er að standa fyrir átaki til að auka framboð á leiguhúsnæði og það er allur þingflokkur Samfylkingarinnar sem stendur að henni.

Afleiðingar þess að félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður fyrir nokkrum árum hafa ekki látið á sér standa. Það eru langir biðlistar eftir leiguhúsnæði, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Það eru um 2.000 einstaklingar og fjölskyldur á biðlistum eftir því að fá þak yfir höfuðið í leiguíbúðum. Leigumarkaðurinn hefur frá þessum tíma verið mjög þröngur vegna þess að þeir sem fengu aðstoð í gegnum félagslega húsnæðiskerfið til að koma sér upp húsnæði, ýmist eignarhúsnæði eða þá leiguhúsnæði, áttu ekkert skjól eftir að félagslega húsnæðiskerfinu var lokað. Það fólk átti ekki möguleika á að koma sér upp íbúðum á almenna markaðnum, og margir áttu einnig í erfiðleikum með að koma sér upp húsnæði jafnvel þó að hæstv. félmrh. hefði opnað fyrir ákveðinn valkost fyrir fólk innan ákveðinna tekjumarka, þ.e. að það fengi 65% lánað í húsbréfakerfinu og það sem á vantaði upp að 90% yrði með sérstöku viðbótarláni.

Herra forseti. Það var ekki bara að leigumarkaðurinn þrengdist og eftirspurn eftir leiguíbúðum jykist heldur leiddi þetta til þess að verð á leiguíbúðum rauk upp um tugi prósenta þannig að fólk sem er ofurselt leigumarkaðnum átti í miklum erfiðleikum með að standa undir leigunni þegar verulegur hluti af tekjum þess fór í að borga þá hækkun sem varð á leigumarkaði.

Herra forseti. Ég og fleiri þingmenn verðum vitni að sorgarsögum nánast á hverjum einasta degi hjá einstaklingum og fjölskyldum sem eru nánast á götunni og hafa ekki húsaskjól, einmitt vegna þess að þeir valkostir í húsnæðismálum sem þetta fólk þarf á að halda eru ekki til og það sér enn fram á langa bið eftir húsnæði.

Biðlistarnir sem ég nefndi komu fram í skýrslu nefndar á vegum félmrn. í apríl árið 2000. Þar kom fram að 2.000 einstaklingar og fjölskyldur væru á biðlistum eftir leiguíbúðum. Hjá Öryrkjabandalaginu einu saman eru t.d. 440 manns á biðlista og hjá Félagsstofnun stúdenta voru fyrir einu og hálfu ári 835 á biðlista, þegar ég kynnti mér það, og ekki hægt að leysa þörf nema 50–60 nemenda.

Það sem við viljum, herra forseti, er að gert verði átak til að fjölga leiguíbúðum og stuðlað verði að viðráðanlegum leigukjörum í samráði við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og félagasamtök. Í því skyni verði gerð fjögurra ára áætlun með það að markmiði að leysa húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlistum eftir leiguhúsnæði og þeirra sem nú eiga hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.

Það er stór hópur, herra forseti, sem lendir á milli í þeirri húsnæðisaðstoð sem við bjóðum upp á í þjóðfélaginu. Það er fólk sem ekki á rétt inni í því kerfi sem félmrh. kom á fót, þ.e. þessi 90% lán, og fólk sem getur heldur ekki komið sér uppi húsnæði í gegnum húsbréfakerfið. Við leggjum til að heimilt verði að veita sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir láglaunafólk 95% lán enda lúti þeir reglum um eftirlit með byggingarkostnaði, leiguverð og þinglýsingu á leigusamningi.

Við leggjum til að vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir sem og húsaleigubætur tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði. Það er ákaflega mikilvægt atriði, herra forseti, sem ég og félagar mínir í þingflokki Samfylkingarinnar höfum verulegar áhyggjur af, þ.e. hvernig þessi ríkisstjórn hefur verið að hækka vexti á leiguíbúðum á sl. 2–3 árum. Í 40 ár var um það almenn sátt í þjóðfélaginu, líka á tímum erfiðleika og þenslu í þjóðfélaginu, að stilla vaxtakjör á leigubúðum fyrir láglaunafólk þannig að þau væru ekki hærri en 1%. Nú hefur hins vegar borið við á undanförnum árum að vextir á leiguíbúðum hafa smátt og smátt verið að hækka úr 1% í 4,9%. Það þýðir auðvitað verulega hækkun á leiguverði sem kemur fram í útgjöldum og auknum kostnaði sveitarfélaga eða félagasamtaka sem byggja þessar íbúðir. Og ég get tekið dæmi af leigugreiðslu fyrir 60 m íbúð sem hækkar úr tæpum 25 þús. á mánuði í tæp 42 þús., þ.e. um rúmar 16 þús. á mánuði eða um 192 þús. á ári ef ekkert er að gert, miðað við að vextirnir fari úr 1% í 4,9%.

Ráðherra telur sig vera í átaki til að koma upp leiguhúsnæði. Þrátt fyrir að stefnt sé að því að vextir af leiguíbúðum miðist við markaðsvexti hefur hann hleypt af stað því sem hann kallar átak í að koma upp leiguíbúðum þar sem 300 eða 400 íbúðir, minnir mig, eiga að bera 3,5% vexti. Það eru allt of háir vextir, herra forseti, til að hægt sé að bjóða láglaunafólki íbúðir á viðráðanlegum kjörum. Það átak sem ráðherrann er hér að nefna, herra forseti, er því ekki í líkingu við það sem við í Samfylkingunni viljum ráðast í.

Við leggjum líka til að stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðilum leiguíbúða enda verði slík niðurfelling skilyrt við útleigu á íbúðum. Það sem þó hefur verið gert síðan þessi tillaga var lögð fram er að skattlagning á húsaleigubótum hefur verið felld niður og það ber svo sannarlega að þakka hæstv. félmrh. Það munar verulega, sérstaklega þegar vextirnir hafa hækkað svona gífurlega. En þrátt fyrir að skattlagning á húsaleigubótum hafi verið felld niður gerir það ekkert í átt til þess að vega upp á móti því sem hækkun vaxtanna mælir í leigukostnaði hjá láglaunafólki.

Við viljum rýmka tekjuskilyrði fyrir rétti til leiguíbúða fyrir fólk sem á hvorki rétt til almennra né félagslegra lána og við viljum að ríkissjóður greiði 85% þess framlags sem þarf til að ná fyrrgreindu markmiði og að sveitarfélögin greiði 15%. Þetta er það átak sem við teljum nauðsynlegt, herra forseti, að ráðast í til þess að létta nokkuð á því neyðarástandi sem fátæku fólki er komið í hér á landi. Ég held, herra forseti, að þetta sé eitt af brýnustu verkefnunum sem fara verður í þegar búið er að koma þessari ríkisstjórn frá, þ.e. að breyta aðgerðum í húsnæðismálum í þágu fólks með lágar og meðaltekjur.

Herra forseti. Ég held að sveitarfélögin hafi bundið mjög miklar vonir við það sem var rætt um þegar félagslega kerfið var lagt niður, þ.e. svokallaða stofnstyrki. En, herra forseti, það bólar ekkert á þessum stofnstyrkjum sem var reiknað út samkvæmt útreikningum frá ráðuneytinu sjálfu að yrðu að vera 2 millj. með hverri íbúð til að mánaðargreiðslur leigjenda hækkuðu ekki frá því sem var þegar vextir voru 1% og lánað var 90% til leiguíbúða. Þess vegna held ég, herra forseti, að við stöndum frammi fyrir því og munum gera á næstu árum að uppbygging á leiguíbúðum verði því miður mjög hæg nema miklar breytingar verði á. Maður sér hins vegar ekki fyrir sér, herra forseti, miðað við þær aðgerðir sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og liggur fyrir að á að fara í af hálfu ríkisstjórnarinnar að þar á verði veruleg breyting.

Ég hef heyrt, herra forseti, að þeir sem vinna við húsnæðismál á Íslandi hjá sveitarfélögum sakni margir mjög þess kaupleigukerfis sem var komið á fót í tíð Alþýðuflokksins vegna þess að þetta kaupleigukerfi hafði mikla valkosti fyrir fólk. Fólki voru leigðar íbúðir fyrstu fimm árin meðan það var að styrkja efnahag sinn og koma sér upp fjölskyldu og eftir þann tíma gat það fest kaup á viðkomandi íbúð. Ég held að margir gætu nýtt sér þann kost ef hann væri fyrir hendi. Hann var líka kostur fyrir ýmsa sem gátu ekki komið sér upp íbúðum í gegnum almenna kerfið. Þess vegna held ég að menn hljóti að horfa til þess, ef hér kemst til valda ríkisstjórn sem hugsar um hag láglaunafólks og er félagslega sinnuð, að horft verði til þess að setja upp einhvern valkost í líkingu við kaupleigukerfið sem ég held að hafi verið mjög mörgum til hagsbóta.

Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Ég held að hér sé á ferðinni mjög mikið hagsmunamál fyrir láglaunafólk og kannski er eitt brýnasta verkefni næstu missira að bæta húsnæðiskerfi þessa fólks. Það er auðvitað til skammar fyrir þjóðfélagið að við bjóðum láglaunafólki upp á að hafa fyrir strit og vinnu allan heila daginn kannski 80–100 þús. kr. og síðan er því boðið upp á að vera ofurselt almenna leigumarkaðnum þar sem það þarf kannski að borga 70–80 þús. kr. á mánuði fyrir að hafa þak yfir höfuðið. Þetta er ekki manneskjulegt, herra forseti. Í löndunum í kringum okkar, t.d. hjá hinum Norðurlandaþjóðunum, hafa ríkisstjórnir lagt metnað sinn í að fólk hafi valkosti þannig að allir hafi kost á því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Leigumarkaðurinn þar eru miklu skipulagðari en hér á landi. Þetta er mál sem þarf því að taka á.

Auðvitað kostar þetta verulega peninga. Við gerum grein fyrir því í þessari tillögu en þetta er mál sem við viljum setja í forgang og það skal ekki standa á okkur að finna fjármagn til þess að ráðast í þetta átak ef tillagan mætir skilningi á hv. þingi og verður samþykkt. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. félmn.

[16:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í flestum mannlegum samskiptum og viðskiptum ríkir ákveðinn markaður. Á öllum mörkuðum er jafnvægi, jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Það á við í húsnæðismálum líka. Þegar menn grípa inn í þann markað skekkja þeir markaðinn og búa annaðhvort til skort eða hækka verð. Þetta benti ég á þegar húsaleigubæturnar voru teknar upp, að þær mundu hækka leigu og valda skorti á húsnæði. Hvort tveggja hefur gengið eftir.

Sama gerðist þegar menn ætluðu að fjölga mjög félagslegum íbúðum og dældu peningum í það. Þá varð aukin eftirspurn eftir húsnæði, mikið byggt og verð hækkaði á byggingunum. Þeir sem átti að vernda stóðu ekki endilega betur eftir en áður. Nú er spurning mín til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem er kannski móðir húsbréfakerfisins, félagslegra íbúða á sínum tíma og húsaleigubótanna líka, hvort hún sé sátt við það, í fyrsta lagi að húsaleigubæturnar hafi hækkað leiguna, hvort hún trúi því og sé sátt við að þær hafi valdið skorti á húsnæði. Telur hún að húsbréfakerfið hafi skilað góðu með því að stórauka byggingu húsnæðis um allt land sem hefur valdið miklum vandræðum hjá sveitarfélögum? Vill hún enn höggva í sama knérunn, halda áfram að búa til ný kerfi sem skekkja þetta fína jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar?

[16:51]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki heil brú í því sem hv. þm. setur fram. Ég held að það sé ekki til stærra eða lengra bil milli skoðana nokkurra í húsnæðismálum en milli mín og hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hv. þm. talar um framboð og eftirspurn. Hann talar um að húsaleigubætur hafi hækkað leiguna, valdið skorti á íbúðum og skekkt markaðinn.

Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir rótum vandans. Hverjir skekktu markaðinn? Það var ríkisstjórnin sem hv. þm. á sæti í. Það var ríkisstjórnin, þegar hún lagði niður þá valkosti sem voru til fyrir láglaunafólk. Hún lagði niður félagslega íbúðakerfið og bjó til mikla eftirspurn á markaðnum eftir leiguíbúðum fyrir fólk sem hafði ekki tækifæri til þess að eignast íbúð. Sú eftirspurn leiddi til þess að verð á leiguíbúðum hækkað upp úr öllu valdi, 20–40%. Þetta hefur skekkt markaðinn, herra forseti. Þetta hefur valdið skorti á leiguhúsnæði fyrir fátækt fólk á Íslandi. En að detta í hug að bjóða fólki upp á að húsaleigubæturnar hafi hækkað leiguna eða valdið skorti á leiguíbúðum er auðvitað fjarstæða. Slíkur málflutningur er ekki mönnum bjóðandi.

Mér finnst það koma úr hörðustu átt að stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar, sem komið hefur láglaunafólki í þá stöðu að 2.000 manns séu á biðlista eftir leiguíbúðum, reiði fram úr þessum ræðustól skoðanir sem ekki er heil brú í, herra forseti.

[16:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að leiðrétta hv. þm. Ég á ekki sæti í ríkisstjórn enda er ég ekki ávarpaður hæstv. Svo vil ég líka segja að ef við hugsum okkur, sem dæmi svo að hv. þm. geti skilið þessa röksemdafærslu um framboð og eftirspurn, að húsaleigan yrði borguð að fullu af ríkinu, hvaða afleiðingar hefði það? Þá mundu allir fara að leita sér að íbúð sem dytti það í hug, helst tveimur eða þremur íbúðum. Framboð er ekki nema takmarkað, takmarkað framboð af íbúðum, lóðum og möguleikum til að byggja. Hvað gerist í slíkri stöðu? Menn taka að yfirbjóða leiguna hver fyrir öðrum og leigan hækkar. Þetta er nákvæmlega það sem hefur gerst með húsaleigubæturnar þó að það gerist kannski ekki alveg svona, þó að dæmið sé ekki eins skýrt þegar leigan er ekki greidd að fullu heldur að hluta. Það er bara rökrétt að þegar eitthvað er niðurgreitt lækkar greitt verð í byrjun og eftirspurnin vex. Þegar framboð er ekki nema takmarkað hlýtur verðið að hækka. Þetta hefur gerst með húsaleigubótunum.

Það nákvæmlega sama gerðist þegar húsbréfakerfið fór í gang og byggja átti upp félagslegar íbúðir út um allt land. Hvað gerðist? Byggingarkostnaður rauk upp og verðið varð mjög hátt. Niðurgreiðslan skekkir alltaf alla markaði. Þetta er þekkt í öllum fræðum um markaði.

[16:55]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki hissa á að hv. þm. vilji fjarlægja sig eins og hann getur frá þessari ríkisstjórn með því að taka það sérstaklega fram að hann sé ekki í ríkisstjórninni. Ég skal með glöðu geði samþykkja þá leiðréttingu. En hv. þm. er a.m.k. mikill stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar. Ég veit ekki annað en hann hafi stutt þau mál sem ríkisstjórnin lagt fram varðandi breytingu á húsnæðismálum nema ef vera skyldi húsaleigubæturnar sem hafa gagnast láglaunafólki mjög vel.

Eftir að hv. þm. hefur flutt slíkar ræður sem núna finnst mér hann skulda 2.000 einstaklingum og fjölskyldum á biðlista eftir leiguhúsnæði, af því að það hefur ekki í önnur hús að venda, lýsingu á því hvað þetta fólk á að gera. Þetta fólk hefur kannski 90–120 þús. kr. á mánuði og borgar 80 þús. kr. í leigu. Hvaða tillögur hefur hv. þm. fyrir þetta fólk? Hann skuldar því fólki að svara í hvaða hús það á að venda miðað við þær aðgerðir sem þessi ríkisstjórn hefur gert í húsnæðismálum.

Ég spyr hv. þm.: Telur hann það eðlilegt að ríkisstjórnin eigi að beita sér fyrir markaðsvöxtum á leiguíbúðum? Með hvaða afleiðingum, herra forseti? Sveitarfélögin munu ekki byggja leiguíbúðir. Þaðan af síður hafa félagasamtök efni á því. En hvar á þetta fólk að búa? Hvar eiga þessir 2000 einstaklingar og fjölskyldur að hafa þak yfir höfuðið? Ég skora á hv. þm. að svara þessu fólki sem kannski sér fram á 2–3 ára bið eftir því að fá leiguhúsnæði. Hvað á það að gera?

[16:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðaskiptum sem áttu sér stað á milli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Péturs Blöndals um húsaleigubæturnar, staðhæfi ég að húsaleigubætur eru einhver þýðingarmesti stuðningur við fólk á leigumarkaði. Miðað við kenningu hv. þm. Péturs Blöndals — ekki hæstv. eins og hann gerði að umtalsefni hér fyrir stundu — mætti í raun halda því fram að vaxtabætur hefðu þær afleiðingar að vextir hækkuðu. Þetta er svipuð kenning. Ef það er þannig að öll úrræði til að hafa áhrif á útgjöld fólks valdi svindli eða einhvers konar aðgerðum til að reyna að ná niðurgreiðslunni til baka, til hins upprunalega sem til málsins stofnaði, væri hægt að fara í margs konar samanburð á þessu sem ég ætla ekki að gera hér.

Það er ljóst, miðað við hvernig málin hafa þróast undanfarin ár, að eina leiðin til að úrbætur verði í málefnum láglaunafólks er að jafnaðarmenn fari aftur í ríkisstjórn. Það

er ljóst. Eina leiðin til að eitthvað verði gert af viti varðandi aðbúnað láglaunafólks er að jafnaðarmenn fari aftur í ríkisstjórn. Þetta er staðreynd sem blasir við hverjum sem vill sjá. Það sýna langir biðlistar eftir leiguhúsnæði sveitarfélaga og félagasamtaka. Eins og hér hefur komið fram hefur húsaleiga á almennum leigumarkaði rokið upp úr öllu valdi. Það hefur verið í beinu samhengi við að félagslegt húsnæðiskerfi var lagt niður fyrirvaralaust án þess að gripið væri til nauðsynlegra úrræða fyrir þá hópa sem skákað var út af heföbundnum húsnæðismarkaði. Þetta eru staðreyndir málsins.

Samfylkingin varaði mjög við breytingunum sem tóku gildi í ársbyrjun 1999, við vorum að ræða þetta á árinu 1998, og benti á afleiðingar þess frá öllum hliðum og það hefur allt komið fram hvað það þýddi að loka félagslega húsnæðiskerfinu án þess að stóraukin framlög og stuðningur við byggingu leiguíbúða kæmi til. En stjórnvöld skelltu skollaeyrum við. Það er öllum ljóst hvert það hefur leitt okkur eða réttara sagt það fólk sem hefur þurft á þessum félagslegu úrræðum að halda varðandi húsnæðismál.

Fyrir utan þessa miklu breytingu og afleiðingarnar út á markaðinn hefur fleira gerst sem erfitt er að átta sig á og umhugsunarefni fyrir okkur öll. Mismununin blasir við fólki sem býr í félagslegu eignarhúsnæði. Það varðar innlausn og kauprétt. Þarna skiptir máli hvort fólk er á svokallaðri 10 ára reglu eða hvort það hefur átt íbúðina sína hér um bil alla tíð. Hafi það hins vegar átt hana lengur er það gert hér um bil eignalaust við söluna en hafi það átt hana í 10 ár fær það allt aðra möguleika við sölu.

Hér var rætt að vandinn væri til kominn vegna húsaleigubóta. Vandinn er til kominn vegna þess að skrúfað var fyrir byggingar sveitarfélaga í einu vetfangi. Það nam hundruðum íbúða á ári sem sveitarfélögin, bara á höfuðborgarsvæðinu byggðu, ef tekinn var Mosfellsbær, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær. Á þessum fimm stöðum voru þetta hundruð íbúða sem byggðar voru árlega á vegum sveitarfélaganna. Fyrir það var skrúfað á einu bretti án þess að annað kæmi til. Á nákvæmlega sama tíma og þetta gerðist voru stórfelldir fólksflutningar af landsbyggðinni á suðvesturhornið. Ígildi fjögurra manna fjölskyldu í hverja einustu viku. Þetta fólk þurfti húsnæði, húsnæði sem var ekki til. Allt í einu þurfti fólkið sem áður hafði sótt um íbúðir hjá sveitarfélögunum, sem átti heima í þessum félagslegu úrræðum, að keppa við þá sem voru að flytja hingað suður, þá sem voru nýir á markaði, um þær fáu íbúðir sem voru lausar. Auðvitað tók almenni byggingarmarkaðurinn ekki við sér um leið. Það er ekki þannig. Það er ekki hægt að loka hér í dag og opna þarna á morgun. Það þarf aðlögun. Á þetta var bent. Það voru haldnar margar ræður um þetta en menn skelltu skollaeyrum við. Allt gekk það eftir, því miður. Við erum enn að takast á við afleiðingarnar af þessu.

Við bentum líka á að þetta mundi hafa sprengiáhrif á markaðinn. Staðreyndin er sú að íbúðaverð hækkaði gífurlega mikið, leiguverð enn meira, fasteignamat, fasteignagjöld og eignarskattar. Benda má á breytingar á fasteignamatinu sem við vorum að fjalla um á síðasta ári. Það hefur haft gífurleg áhrif á fasteignamat, eignarskatta og útgjöld fólks og fer beint út í leiguverðið á almennum leigumarkaði.

Það er furðulegt að menn skuli reyna að verja þetta vegna þess að allt sem bent var á gekk eftir. Við höfum gagnrýnt þetta harkalega en við höfum líka gert annað, þ.e. flutt tillögur til úrbóta. Þegar þessi tillaga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur mælt fyrir, um átak til að fjölga leiguíbúðum og fjögurra ára framkvæmdaáætlun, var rædd í þinginu í fyrra gerðist hið gleðilega, að hæstv. félmrh. kom skyndilega og fagnaði tillögu Samfylkingarinnar. Hann lýsti því yfir í umræðunni að víðtæk samstaða væri að myndast um að bæta úr skorti á leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu með svipuðum hætti og við vorum að flytja tillögur um. Hann upplýsti um góðar undirtektir lífeyrissjóða, verkalýðshreyfingar, samtaka atvinnurekenda um að koma að átaki og þá hugmynd að viðkomandi sveitarfélög leggi lóðir og gatnagerðargjöld fram sem hlutafé í eignarhaldsfélög sem lífeyrissjóðir og fleiri legðu fjármagn í.

Við vissum ekki hvaðan á okkur stóð veðrið. Allt í einu var þessari tillögu, sem var vel unnin, skynsamleg og ábyrg, vel tekið af hæstv. félmrh. Nú hefði ég kosið, herra forseti, að hann hefði verið hér til svara. Auðvitað vaknar spurningin: Hvað hefur gerst? Lítið hefur gerst, virðulegi forseti, annað en að Búseti hefur klórað í bakkann og gert sitt. Það er þakkarvert framtak en meira þarf til. Hér eru hrikalegar tölur um leigu á markaði. Á sama tíma fjölgar stöðugt þeim sem búa við bág kjör og þurfa sem mest á því að halda að félagsleg úrræði, ekki síst í húsnæðismálum, séu fyrir hendi.

[17:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þau meginmarkmið sem fram koma í þáltill. sem hér er til umfjöllunar og borin eru fram af hv. þm. Samfylkingarinnar. Í þessu sambandi vísa ég í málflutning og tillögusmíð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í húsnæðismálum auk þess sem ég leyfi mér að minna á tillögu sem ég hef sjálfur sett fram um aðkomu lífeyrissjóðanna að húsnæðismálum. Aðkoma lífeyrissjóðanna að húsnæðismálum er reyndar ekki ný af nálinni. Um langan aldur hefur fjármagn lífeyrissjóðanna runnið inn í húsnæðiskerfið í einu eða öðru formi og gerir að sönnu enn. Bæði kaupa lífeyrissjóðirnir húsbréf og veita sjóðfélögum lán sem notuð eru til húsnæðismálanna. Við breyttar aðstæður þurfa þeir hins vegar einnig að íhuga nýjar leiðir að þessu kerfi. Ég held að framtíðin hljóti að bera það í skauti sér að hér rísi fyrirtæki, stofnanir eða sjóðir sem reka leiguhúsnæði líkt og gerist í ýmsum öðrum ríkjum, Hollandi og Þýskalandi, svo að dæmi séu tekin. Fyrir lífeyrissjóðina er þetta að sjálfsögðu álitlegur fjárfestingarkostur. Þetta er traust fjárfesting en samfélagslega uppbyggileg einnig. Þessar hugmyndir reifaði ég í upphafi þessa árs og hæstv. félmrh. sýndi málinu áhuga. Upp voru teknar viðræður sem þyrftu þó að komast lengra á veg en það er mikilvægt að þróa það mál áfram. Innan lífeyrissjóðanna veit ég að áhugi er fyrir því að vinna að framgangi þessa máls.

Það þarf ekki að orðlengja að mikilvægt er að stórátak verði gert í húsnæðismálum. Breytingar voru gerðar á húsnæðislöggjöfinni fyrir fjórum árum. Þar voru tekin skref frá félagslegu húsnæðiskerfi sem hér var byggt upp á síðari hluta 20. aldarinnar með bærilegum árangri og kerfið allt fært í átt að markaði. Þetta er því miður þegar farið að birtast þjóðinni í skelfilegum biðlistum. Í apríl árið 2000 var birt skýrsla á vegum félmrn. þar sem fram kom að 1.250 leiguíbúðir vantaði til að tæma biðlista eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögum og 679 leiguíbúðir vantaði til að tæma biðlista hjá félagasamtökum. Eins og vikið er að í greinargerð með þáltill., þar sem þessar tölur eru reifaðar, má ætla að nálægt 2.000 einstaklingar og fjölskyldur séu á biðlistum

eftir leiguíbúðum. Þetta er að sjálfsögðu grafalvarlegt mál sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Þeir sem þekkja til leigumarkaðar í Reykjavík vita að fyrir 2–3 herbergja íbúð eru einstaklingar og fjölskyldur að greiða á bilinu 70–90 þús. kr. á mánuði. Það er ekki aðeins svo að hér þurfi að gera stórátak í húsnæðismálum varðandi leiguhúsnæði. Það er staðreynd að lágtekjufólk hefur ekki efni á því að kaupa íbúðir miðað við þau markaðskjör sem boðið er upp á. Þess vegna er nauðsynlegt að gera stórátak á þessu sviði varðandi leiguíbúðirnar. En það þarf einnig að efla réttindavernd þeirra sem leigja. Það er gleðilegt að geta sagt frá því að nú er að hefjast samstarf á milli verkalýðssamtakanna ASÍ, BSRB og Öryrkjabandalagsins með aðkomu Reykjavíkurborgar þar sem tekið verður höndum saman með Leigjendasamtökunum um að stórefla starf þeirra. Þetta er nokkuð sem mikilvægt er að styðja vel af hálfu stjórnvalda. Að sjálfsögðu á ríkið að gera þjónustusamning við Leigjendasamtökin til að efla réttindavernd leigjenda.

Ég kem hingað fyrst og fremst til þess að lýsa eindregnum stuðningi við það meginmarkmið þessarar þáltill. að ráðist verði í stórátak til að fjölga leiguíbúðum á viðráðanlegum kjörum í samráði við sveitarfélög, verkalýðshreyfingu og félagasamtök. Þetta er mjög í anda þeirra hugmynda og tillögusmíða sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett fram.

[17:12]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir þátttöku í þessum umræðum. Skilningur hans á þessum málum kemur auðvitað engum á óvart. Hann hefur lengi barist fyrir því að hér verði til íbúðir á viðráðanlegum kjörum fyrir láglaunafólk og að efla leigumarkaðinn. Ég fagna því sem fram kom í máli hv. þm. um átak sem hann nefndi með aðild ASÍ, BSRB og Leigjendasamtakanna, um að koma upp leiguíbúðum ef ég skil málið rétt.

Það sem ég hef haft verulegar áhyggjur af og nefndi í máli mínu áðan eru vaxtahækkanir á lánum til leiguíbúða. Þar hafa lengst af verið vextir eins og hv. þm. þekkir, upp á 1% sem sátt hefur verið um þar til fyrir 2–3 árum síðan. Það er stefnt að því af hálfu þessarar ríkisstjórnar að vextir á leiguíbúðum fari upp í markaðsvexti. Ráðherrann hefur að vísu nefnt að hann sé að gera eitthvert átak í byggingu á 300–400 íbúðum með 3,5% vöxtum. Þess vegna spyr ég hv. þm.: Hefur hann einhverjar vonir um að hægt sé að ná þessum vöxtum niður? Ég hef áhyggjur af því að í því átaki sem fram undan er, verði ekki hægt að ná þessum vöxtum niður með einhverjum hætti, komi þetta annaðhvort fram í leiguverði eða því að þeir sem standa að þessu þurfi að taka á sig verulega aukinn kostnað. Með svona háum vöxtum erum við að tala um íbúðir, kannski litlar 2–3 herbergja íbúðir, varla undir 50–60 þús. kr. og það þrátt fyrir húsaleigubætur. Ég spyr hv. þm. um hvaða vonir hann hefur til þess, í samtölum og samvinnu við stjórnvöld, að ná niður okurvöxtum á leiguíbúðum hjá stjórnvöldum.

[17:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir áhyggjur sem fram komu í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi vextina. Það er rétt að þetta er undirrót vandans að verulegu marki. Leiðin til að ná vöxtunum niður er að hluta til sú að lífeyrissjóðirnir komi að þessu átaki á myndarlegan hátt. En þeir vilja að sjálfsögðu hafa tryggingu fyrir fé sínu. Lífeyrissjóðunum er fyrst og fremst ætlað að sjá sjóðfélögum fyrir lífeyri en jafnframt er eðlilegt að þeir hugi að því hvernig þeir geti ráðstafað fjármunum á samfélagslega uppbyggilegan hátt. Það sem ég sé fyrir mér er að lífeyrissjóðirnir láti fé renna í miklum mæli til húsnæðismála með bakábyrgð ríkisins. Ríkið væri í sjálfu sér ekki að taka mikla áhættu með þessum hætti. Það er staðreynd að hér eru á ferðinni tryggustu veð sem hugsast getur. En það er líklegt að þarna kæmu að málum fyrirtæki, Búseti, húsnæðissamvinnufélög og önnur slík, ótengd og óháð lífeyrissjóðunum. Ef lífeyrissjóðirnir veittu fé til þeirra verkefna væri eðlilegt að ríkið kæmi þar inn með bakábyrgð.

Þetta þarf allt að byggjast á víðtæku samstarfi þessara aðila, ríkis, lífeyrissjóða og sveitarfélaga eins og hv. þm. nefndi. Ef grunnurinn í þessu samstarfi er góður hef ég trú á því að okkur takist að færa þennan byggingarkostnað, þ.e. þennan vaxtakostnað, niður og þar með byggingarkostnaðinn einnig.

[17:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi mínum við þá tillögu sem hér er lögð fram af þingmönnum Samfylkingarinnar og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir. Hér er verið að hreyfa afar þörfu máli. Þáltill. gerir ráð fyrir að ráðist verði til atlögu við þann mikla vanda sem nú er við að glíma í húsnæðismálum, sérstaklega láglaunafólks, og það verði gert með sérstakri fjögurra ára áætlun um að auka framboð á leiguíbúðum. Síðan er nefnt hverjir þurfi að koma að því verki og ég tek undir þau sjónarmið sem þar eru sett fram. Í tillögunni er í sjö atriðum gerð grein fyrir nokkrum áherslupunktum sem talið er að þurfi til að koma svo slíkt framtak sem hér er lagt til komist í verk og verði aðgengilegt fyrir þá sem við eiga að búa og þess að njóta. Það er ekki síst sá endinn á málinu sem menn þurfa að horfa á.

Margt fólk hefur ekki efni á að kaupa eigin íbúðir undir því kerfi sem við búum við í dag og undir því vaxtaokri, vil ég leyfa mér að segja, sem býðst á lánamarkaðnum. Þess vegna held ég að það sé alveg rétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að hér áðan í andsvari að virkilega þarf að skoða vaxtastigið á þeim lánum og það væri auðvitað æskilegt ef sú tillaga sem hér er flutt fengi jákvæðar undirtektir og ríkisstjórnin sæi sér fært að beita sér fyrir því að vextir á lánum sem hugsanlega fengjust til þess að gera átak varðandi íbúðir á leigumarkaðnum færu ekki upp fyrir 3–4%. Ég held að láglaunafólk á Íslandi sem þarf að komast inn í íbúðarhúsnæði og hefur ekki bolmagn til þess að kaupa sér íbúðir á frjálsum markaði ráði ekki við þá vexti á lánum sem hér bjóðast nú varðandi íbúðarmál. Þess vegna verður hreinlega að taka á því að reyna að útvega ódýrara lánsfé. Sjálfsagt verður ríkið að koma inn í að greiða það niður með einhverjum hætti.

Þetta vildi ég segja um málið. Ég tel að það sé mjög gott og ég lýsi yfir stuðningi við það og vona að það fái jákvæðar undirtektir í þinginu.

[17:19]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði. Ég vil lýsa því yfir að ég held að þessi tillaga sé allra góðra gjalda verð og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt mikla áherslu á að sá húsnæðisvandi sem hér hefur skapast verði leystur. Hér

eru settar fram hugmyndir sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fór mjög rækilega yfir í ræðu sinni um aðkomu lífeyrissjóðanna. Þetta er mál sem hefur verið í gangi um tveggja til þriggja ára skeið og ætti að vera hægt að finna flöt á því ef stjórnvöld hefðu minnsta áhuga á því.

Ég tel þær hugmyndir sem hér eru settar fram góðra gjalda verðar en mig langar að benda á í þessu sambandi að staða höfuðborgarsvæðisins er náttúrlega mjög sérstök vegna ástandsins í landinu í heild sinni hvað varðar búferlaflutninga og náttúrlega ekki síður vegna aukinnar ásóknar í menntun á öllum stigum hingað til höfuðborgarsvæðisins. Þess vegna höfum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði — og ég vil koma því inn í umræðuna að ég held að lausn á slíkum vanda sem þáltill. fjallar um verði e.t.v. að vera í þremur liðum. En til þess að leysa vandann á kannski mun skemmri tíma ættu stjórnvöld auðvitað að einhenda sér í að byggja ódýra stúdentagarða, bara sem dæmi, við háskólann, við framhaldsskólana og við sérskólana sem eru í gangi hér. Mjög mikil þörf er á því. Við sem komum utan af landi þekkjum vel að slagsmál eru um hverja íbúðarholu seinni hluta sumars og ungmenni utan af landi eru að slá sér saman um leiguíbúðir sem eru á bilinu 80–110 þús. kr. og búa kannski þrjú til fimm saman til þess að geta komið sér til náms. Þetta er stórvandamál sem hefur gríðarlegar aukaverkanir í för með sér og eðli málsins samkvæmt er stór þáttur í því að keyra hinn almenna markað upp. Þetta eru mál sem brenna virkilega á en aukið átak í þeim yrði til þess að létta þessu af.

Ég vil einnig nefna annað mál sem opinberir aðilar þyrftu að koma að, bæði ríki og bær. Það er verkefni sem hefur verið farið í í mörgum borgum í nágrenni við okkur í Evrópu og það er að framkalla áhuga á því að fara í endurbætur á gömlu húsnæði. Borgir eins og Kaupmannahöfn og Köln í Þýskalandi hafa farið í vinnu af þessu tagi. Þar hafa menn verið að spinna saman áhugann á því að auka líf og þar af leiðandi framboð á íbúðum í miðbæjunum, nýta pláss sem ekki er nýtt, bæði uppi á loftum og í kjöllurum og ekki síst að spinna þetta saman við að betrumbæta og lagfæra ásýnd borganna og hafa þá komið fram í því skyni með opinbert fé til skipta sem síðan hefur leitt til þess að viðkomandi íbúðir eru miklu ódýrari.

Það er alveg ljóst að leigumarkaðurinn á Íslandi er þess eðlis af einhverjum ástæðum að þeir sem eiga húsnæði — það er svo dýrt að gera við það, koma því í leiguhæft stand að almenningur eða einstaklingur sem á slíkt húsnæði treystir sér ekki í að fara í endurbætur til þess að hafa af því tekjur á viðskiptagrundvelli. En með opinberum framlögum sem er búið að reyna eins og ég segi í mörgum borgum í Evrópu með mjög góðum árangri, hefur þetta tekist. Ég held að við þurfum að notfæra okkur allar matarholur sem eru tiltækar í þessu sambandi. Þessi þríliðun, stúdentagarðar, endurbætur á gömlu húsnæði, koma ónotuðu húsnæði í gagnið og síðan eins og þáltill. leggur aðaláherslu á, að fara í nýbyggingar á ódýrara húsnæði mundi verða til þess að koma þessum málum í miklu betra horf á tiltölulega stuttum tíma. Ég er alveg sannfærður um að það að setja fókusinn á stúdentaíbúðir mundi e.t.v. verða til þess að leysa vandamálið fljótar en kannski nokkur önnur aðgerð vegna þess að þetta er svo gríðarlegur fjöldi sem þarna er á ferðinni.

Aðeins um ástandið í borginni. Maður hefur orðið þess áskynja eftir að hafa eytt mestu af tímanum sl. þrjú í Reykjavík að ástandið er ömurlegt. Það er hellingur af fólki sem hefur samband, tugir og hundruð manna sem hafa hvergi höfði sínu að halla og eru upp á vini og kunningja komin með að fá að vera viku og viku. Ég held að allir hljóti að átta sig á því að þetta er gríðarlegt vandamál sem síðan leiðir af sér önnur vandamál í samfélaginu. Það er borðleggjandi. Þeir sem hafa enga rótfestu, ekkert heimili, leiðast auðveldar út í vandamál af öðru tagi sem eru bara afleidd af þessu upplausnarástandi og fólk sér enga möguleika.

Virðulegi forseti. Ég vildi í örstuttu máli lýsa ánægju minni með fram komna tillögu en vildi í umræðunni breikka þetta og taka inn þá möguleika sem annars staðar eru til þess að ná fljótvirkari árangri að mínu mati til að leysa þetta mál. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt ofurkapp á það að koma fram með tillögur sem geta stuðlað að lausn þessara mála og erum þess vegna samþykk og fögnum tillögunni.

[17:26]

Útbýting þingskjala:

Breyting á reglugerð nr. 68/1996, 529. mál, fsp. MF, þskj. 833.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, 533. mál, fsp. MF, þskj. 837.

Framkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands, 530. mál, fsp. MF, þskj. 834.

Skipting stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana, 531. mál, fsp. MF, þskj. 835.

Starfsemi öldungadeilda, 532. mál, fsp. MF, þskj. 836.

Stefna í byggðamálum 2002–2005, 538. mál, stjtill. (iðnrh.), þskj. 843.

Vísinda- og tækniráð, 539. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 844.

ÖSE-þingið 2001, 519. mál, skýrsla ÍÖSE, þskj. 817.

[17:27]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil við lok umræðunnar þakka þeim sem hafa tekið til máls, þingmönnum Vinstri grænna og hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, fyrir afar jákvæðar undirtektir við þá tillögu sem hér er lögð fram.

Ég held að það sé alveg ljóst af þeirri umræðu að mjög breið og góð samstaða er milli allra þriggja stjórnarandstöðuflokkanna í þessu máli og á nauðsyn þess að auka framboð á leiguhúsnæði og taka myndarlega á húsnæðismálum lágtekjufólks. Það er raunverulega meginniðurstaðan eftir þær umræður sem hér fóru fram.

Ég vil einnig taka undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Steinari Jóhannssyni, að afar brýnt er að menn skoði þá sérstöðu sem er á höfuðborgarsvæðinu varðandi búferlaflutninga og nemendur sem koma hingað til höfuðborgarinnar til þess að stunda nám. Það er orðið afar mikið vandamál fyrir stúdenta utan af landi að fá viðunandi lausn á húsnæðismálum sínum. Ég þekki það af samtölum mínum við þá sem hafa séð um það af miklum myndarskap en við erfiðar aðstæður að reyna að koma upp stúdentagörðum eða íbúðum fyrir stúdenta, t.d. hjá Félagsstofnun stúdenta. Þar eru umsóknir miklu fleiri en nokkurn tíma er hægt að anna. Ég nefndi það að fyrir einu og hálfu ári voru þessar umsóknir 835 og ekki var hægt að leysa þörf nema 50–60% nemenda þannig að þetta vandamál sem hv. þm. nefndi er gífurlega mikið og brýnt að leysa.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, nefndi varðandi vaxtamálin. Meginvandamálið að því er varðar uppbyggingu íbúða fyrir láglaunafólk

er raunverulega þessi okurvaxtastefna hjá núverandi ríkisstjórn að því er varðar leiguíbúðir. Það sjá allir að ekki er hægt að ætlast til þess að sveitarfélög, stúdentasamtök eða félagasamtök almennt komi upp íbúðum og fái til þess lánafyrirgreiðslu sem ber kannski 4–5% vexti eða þaðan af hærri. Menn verða bara að viðurkenna það og gera það upp við sig hvort menn vilji hafa félagslega aðstoð í húsnæðismálum fyrir láglaunafólk eða ekki. Það kostar auðvitað sinn pening að gera það og menn verða bara að gera upp við sig hvort það eru þau forgangsmál sem þeir sem stýra þjóðfélaginu hverju sinni vilji hafa í forgangi.

Ríkisstjórnin hefur séð til þess að þessi mál hafa drabbast svo mikið niður að biðlistarnir eru eins og við höfum farið í gegnum hér, um 2.000 manns. Það bíður því ærið verkefni nýrrar ríkisstjórnar að taka á því máli.

Við getum bara nefnt að það sem á að vera ígildi félagslegra lána eftir að félagslega kerfið var lagt niður, þessi svokölluðu viðbótarlán fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður, vextir á þeim hafa hækkað úr 2,4% eins og var í félagslega eignaríbúðakerfinu í hvorki meira né minna en í 5,7% á þremur árum. Þau bera mun hærri vexti, þessi svokölluðu félagslegu lán, viðbótarlán, heldur en húsbréfalánin, 5,7% vexti. Það sjá allir hvert stefnir í þessu máli. Það að hækka vaxtakjör á leiguíbúðum úr 1% í 4,9% er ekki boðlegt ef menn vilja á annað borð vinna af heilindum að því að byggja upp sæmilega viðráðanlegan leigumarkað þegar leigugreiðslur þurfa að hækka um 16 þús. kr. á lítilli íbúð bara við þessar vaxtabreytingar. Ég tel eina af meginorsökum þess hve hægt gengur að koma á viðráðanlegum leigumarkaði vera þær vaxtahækkanir sem ríkisstjórin hefur beitt sér fyrir á umliðnum árum.

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið sem eru afar gagnlegar og sýna góða og breiða samstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu brýna hagsmunamáli láglaunafólks og námsmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., 1. umr.

Frv. PHB og KF, 156. mál (sjómannaafsláttur). — Þskj. 156.

[17:33]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frv. fjallar um að afnema það sem kallað hefur verið sjómannaafsláttur. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Katrín Fjeldsted.

Herra forseti. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar segir að allir skuli jafnir fyrir lögum. Það gildir að sjálfsögðu um skattalög líka. Það eiga allir að vera jafnir fyrir skattalögum. Það á ekki að þurfa að telja fram í skattalögum sérstaka hópa eða einstaklinga.

Hv. Alþingi hefur afnumið skattfrelsi forseta Íslands með þeim rökum að allir skulu vera jafnir fyrir lögum. Eftir standa tveir hópar í skattalögunum tilteknir sérstaklega. Það eru sjómenn annars vegar og starfsmenn utanríkisþjónustunnar og starfsmenn alþjóðlegra stofnana hins vegar sem ekki greiða skatt nema takmarkað. Í þessu felst ákveðin mismunun. Þetta brýtur gegn jafnræðisreglunni, að það skuli vera tekið sérstaklega fram í lögum að þegnarnir séu ekki allir jafnir fyrir lögunum. Hér er því lagt fram frv. um að afnema sjómannaafsláttinn.

Herra forseti. Samkvæmt svari frá hæstv. fjmrh. á 123. löggjafarþingi kemur fram að sjómannaafsláttur er ekkert annað en styrkur til útgerðar. Þetta er ekki styrkur til sjómanna. Vegna þess hve staða útgerðar hefur batnað mikið, alla vega frá því að sjómannaafsláttur var tekinn upp 1954 og alveg sérstaklega síðasta eitt og hálft ár, með gengisfalli krónunnar, er ekki ástæða til að styrkja útgerð öllu lengur.

Þessi afsláttur var á sínum tíma tekinn upp, eins og ég gat um áðan, sem hlífðarfata- og fæðisfrádráttur 1954 og bara fyrir suma fiskimenn, ekki fyrir sjómenn almennt. Þróun sjómannaafsláttar er dæmigerð fyrir ákveðna ívilnun sem er tekin upp og víkkuð út í tímans rás af því að margir hafa hagsmuni af því að eiga aðild að þessum hlunnindum.

Þetta var aukið í nokkrum þrepum. Fyrst var það fyrir alla fiskimenn, svo komu landmenn inn í það líka, beitningamenn o.fl. Síðan gildir þetta fyrir alla sjómenn. Frádrátturinn var fyrst 8%, síðan 10% svo 12%. Þetta er alveg dæmigert um ákveðin hlunnindi sem sett voru af stað á grundvelli ákveðinnar þarfar á sínum tíma. Það var erfitt að manna síðutogarana, vinnan var mjög erfið og launin lág. Þá var þetta tæki notað til að auka eftirspurn eftir þeirri vinnu. Það er allt saman löngu dottið upp fyrir. En eftir sitja hlunnindin og á þeim standa náttúrlega þeir sem njóta hlunnindanna eins og hundar á roði og passa að enginn komist að.

Framkvæmdin hefur verið mjög rúm. Menn hafa verið að víkka þetta stöðugt. Beitningamenn gat ég um áðan, fólk sem sefur heima allar nætur, er með sjómannaafslátt, menn sem vinna á hafnsögubátum o.s.frv. Þau rök að þetta séu greiðslur fyrir menn sem eru lengi að heiman falla um sjálf sig.

Herra forseti. Það er dálítið undarlegt að á sama tíma og við erum að takmarka útgerð í landinu með því að setja kvóta og alls konar hömlur á útgerðina erum við jafnframt að styrkja hana. Það er því ákveðin rökleysa að viðhalda sjómannaafslætti á sama tíma og við erum að takmarka aðgang að auðlindinni. Annars vegar erum við að hvetja menn til að gera út með því að niðurgreiða launin sem þeir greiða. Hins vegar erum við að takmarka það sem má veiða.

Þetta kerfi mismunar líka launþegum. Við erum með beitningamenn sem vinna við hliðina á öðru fólki í höfnum. Við erum með langferðabílstjóra sem einnig vinna fjarri heimilum sínum dögum saman og fá ekki langferðabílstjóraafslátt. Fólk í flugi starfar mikið langdvölum fjarri heimilum sínum. Svo erum við með starfsmenn frystihúsa sem gera nákvæmlega það sama og margir sjómenn á frystitogurunum en eru með miklu lægri laun. Starfsmenn frystihúsanna eru yfirleitt konur og njóta ekki skattafsláttar.

Einnig má líta á þetta mál sem byggðastefnu, þ.e. með því að niðurgreiða laun, t.d. á frystitogurunum, skekkjum við samkeppnisstöðu frystihúsanna við frystitogarana sem verður til þess að vinnslan fer út á sjó sem skaðar landsbyggðina og er hluti af því sem við sjáum, fólksflótta af landsbyggðinni.

Þetta mál er líka spurning um jafnrétti. Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði sjómanna eru 98% iðgjaldsgreiðenda karlmenn. Yfirgnæfandi hluti þeirra sem njóta sjómannaafsláttar eru því karlmenn og ekki einhverjir lágtekjukarlmenn, heldur þeir karlmenn í landinu sem hafa hæstu launin. Þeir

njóta sjómannaafsláttar þannig að þetta er ekki félagslegt kerfi. Þetta er óréttlátt og ekki félagslegt kerfi og mismunun milli kynja. Það er hart fyrir konur sem vinna í frystihúsum við nákvæmlega sömu störf að fá engan afslátt en horfa upp á karlmenn með miklu hærri laun úti á sjó fá skattafslátt.

Menn hafa bent á að fólk sem er fjarri heimilum sínum, t.d. í flugi og aðrir, fái dagpeninga. Þingmenn fá dagpeninga. Ég hef svo sem gagnrýnt þá, að þeir séu allt of háir og ekki í samræmi við kostnaðinn sem á að greiða. Ég vildi gjarnan að það yrði skoðað, hvort sjómenn gætu ekki fengið dagpeninga. Hvað mælir á móti því að þeir fái dagpeninga eins og aðrar stéttir? Þá væru alla vega allir jafnir fyrir lögunum. Síðan geta menn skoðað það hvort dagpeningar eigi rétt á sér eins og kerfið er í dag. Ég tel svo ekki vera. Ég vil að menn fái að draga frá raunverulega kostnað við utanlandsferðir.

Þetta frv. var lagt fram 15. október 2001 og kemur til umræðu fyrst í dag. Þess vegna þarf að breyta gildistökuákvæðum en frv. gengur út á að sjómannaafslátturinn falli niður í þremur áföngum, þ.e. fyrst geti menn dregið frá $^2/_3$, síðan $^1/_3$ og svo falli hann alveg niður. Það þarf að sjálfsögðu að breyta gildistökuákvæðum og ákvæðum í 4. gr. frv. og treysti ég þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar fyrir þeim breytingum.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem hv. þm. Pétur Blöndal er ekki að flytja í fyrsta skiptið. Hann hefur haft mörg orð um það óréttlæti sem að hans mati fylgdi þessari ákvörðunartöku á sínum tíma, um sjómannaafslátt. Í greinargerð er farið langt aftur í tímann en kannski ekki eins langt og hv. þm. ætti að fara. Veit þingmaðurinn það að í 300 ár héldu fiskimenn uppi kostnaði við spítala með svokölluðu spítalagjaldi? Þeir lögðu afla að landi til að halda spítölum gangandi áður fyrr. Veit hv. þm. nokkuð um svokallað sýslumannsgjald sem sjómenn þurftu að greiða á sínum tíma einir Íslendinga? Vissi þingmaðurinn nokkuð um svokallað sætisgjald sem sjómenn urðu sérstaklega að leggja til með sér til þess að fá aðgang að kirkjusókn o.s.frv.? Veit þingmaðurinn nokkuð um hver þróunin hefur verið í sambandi við sjómannaafsláttinn?

Er þingmaðurinn búinn að gleyma því að það hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. að hann telji ekki óeðlilegt að afnema sjómannaafsláttinn en það verði bara ekki gert fyrr en aðilar hafi komið sér saman um hvernig skuli fara með? Það hefur verið rætt margsinnis í þingflokknum. Það er meginstefna Sjálfstfl. að hreyfa ekki við sjómannaafslættinum fyrr en gengið hefur verið frá samkomulagi á milli sjómanna og útgerðarmanna hvað þetta mál áhrærir? Það er alveg ljóst. Hv. þm. flytur þetta mál því ekki í nafni þingflokks Sjálfstfl. enda ekkert við því að segja. Það eru skoðanaskipti innan Sjálfstfl. og það er bara hið besta mál. Engum dettur í hug að bregða fæti fyrir þingmanninn og þetta hugmyndaflug hans.

En það er eitt sem alltaf kemur hér upp og þingmanninum verður heldur betur fótaskortur á. Það er þegar hann fer að tala um jafnræðisregluna, að allir skuli vera jafnir fyrir þessum skattfríðindum. Hann talar hér ár eftir ár um óréttlætið í því að sér skuli vera borgaðir allt of háir dagpeningar, þetta sé svo mikið óréttlæti að það nái ekki nokkurri átt. Hvers vegna er þá þingmaðurinn að taka á móti þessum dagpeningum? Hvers vegna er hann yfir höfuð að fara á erlenda grund á vegum Alþingis ef það er svona mikið umkvörtunarefni að taka á móti þessum dagpeningum? Þetta er mjög sérkennilegt, mjög sérstakt.

Hann hefur lýst því yfir að hann hafi gefið þá peninga sem honum þykir umfram til góðgerðastarfsemi. Það er mjög vel. En misjafnt höfumst við að þegar við erum á erlendri grund. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal hleypur mikið og borðar grænmeti á meðan aðrir þingmenn eru ekki í þessu sporti og borða ágætismat.

Í annan stað er hv. þm. tíðrætt um réttlætið. Þingmaðurinn hefur hugsanlega borðað í matsal Alþingis nú í hádeginu og greiddi þá 360 kr. fyrir máltíð sem líklega kostar 1.000 kr. Ég er hissa á þingmanninum að hafa aldrei komið inn á að það sé óréttlæti gagnvart borgurunum sem þurfa að kaupa sér máltíð fyrir 1.000 kr., að hann geti farið niður og keypt sér máltíð fyrir 360 kr. Hvað með muninn þar á milli? Væri ekki eðlilegt að hann greiddi skatta af því óumbeðið ef réttlætið er þannig í hávegum haft hjá hv. þm.?

Síðan kom hv. þm. að því að aðallega séu það karlmenn sem vinna á þessum togurum og óeðlilegt sé að þeir njóti skattfríðinda og þeir hafi há laun. En veit þingmaðurinn hvert tímakaupið er á frystitogara? Hefur þingmaðurinn nokkurn tíma sest niður og reiknað út meðalhlut togarasjómanns á frystitogara og brotið niður í að meðaltali 14 stunda vinnudag. Hvað er það í dagvinnu, eftirvinnu, næturvinnu og þegar vaktaálag er komið á vinnu sjómanna? Ég hugsa að þingmaðurinn mundi nú ekki vilja gera þetta starf að ævistarfi sínu upp á þau kjör sem hér eru í boði þegar grannt er skoðað.

Síðan er talað um fólk sem starfar í flugi og fleira. Hann kom nú ekki inn á það sem hann hefur einhvern tíma talað um áður, fólk sem starfar í sendiráðum erlendis, sendifulltrúa Íslendinga erlendis og fleira í þeim dúr. (Gripið fram í.) Já, gott. Ég biðst afsökunar, ég heyrði það bara ekki.

En í fyrsta lagi hefur hæstv. fjmrh. nefnt að þetta sé mál sem aðilar vinnumarkaðarins verði að gera upp við sig áður en afnumið verður. Í annan stað hafa fjölmargir aðrir aðilar ýmis skattfríðindi, svo sem fæðið sem ég nefndi áðan, bílastyrki, dagpeninga, ferðapeninga og hvaða nafni þetta nefnist allt. Ef hv. þm. væri samkvæmur sjálfum sér hefði hann lagt hér fram frv. sem tæki á allri skattaflórunni frá A til Ö.

Ég sé að honum verður mikið um. Ég er ekkert hissa á því vegna þess að það væri náttúrlega mikill arfagarður að fara í. Þess vegna veit ég að mörgum mun finnast miður að sjómannastéttin skuli sérstaklega lögð undir í þessu máli sem hann talar um sem mikið óréttlætismál.

Í grg. er m.a. komið að því að sjómannaafslátturinn mismuni einnig launþegum og hafi sú mismunun farið vaxandi vegna breyttra starfshátta í útgerð og fiskvinnslu og vegna breytinga á framkvæmd sem m.a. stafar af þeirri tilhneigingu að útvíkka sífellt undanþágur.

Síðast þegar tekið var á sjómannaafslættinum, líklega 1992 ef ég man rétt, voru einmitt allar reglur hertar og gerðar skýrar og skilvirkari. Síðan kom upp dómur sem ég get verið sammála þingmanninum um að kannski var umdeilanlegur, þ.e. þegar hafnsögumönnum og starfsmönnum á hafnsögubátum var aftur dæmdur sjómannaafsláttur.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að það voru miklir erfiðleikar með að fá menn til starfa á sjó þegar þessum sjómannaafslætti var komið á sem þá hét hlífðarfatapeningar. En mönnum þótti eðlilegt að leita þessara leiða. Það var líka

til í virkjunum, ætli það hafi ekki verið í kringum 1974 eða 1976, að þeir sem unnu við virkjunarframkvæmdir fengu sérstakar greiðslur fyrir að vera fjarri heimilum sínum, fyrir að geta ekki unnið á heimili sínu eins og aðrir sem unnu frá kl. 8 til 5 eða 8 til 7.

Ég ætla nú ekki að eyða miklu púðri í þetta. Ég lýsi andstöðu minni við þetta mál og hefði talið eðlilegt, ef á annað borð á að fara í skattamál, að taka á flórunni allri en stökkva ekki á þessa einu stétt af slíkri óbilbirni sem þingmaðurinn hefur of oft gert. Ég hef áður sagt að hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir með stuðningi þingflokks Sjálfstfl. að aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. útgerðarmenn og sjómenn, yrðu að koma sér saman um það hvernig leysa ætti þetta mál.

Hv. þm. kom inn á það í upphafi ræðu sinnar að þingið hefði stigið stórt skref og afnumið skattfríðindi forseta Íslands. Það er rétt en hann sagði bara ekki alla söguna. Laun forseta Íslands voru hækkuð sem nam skattfríðindunum þannig að þar var status quo. Það var status quo í launamálum forseta Íslands vegna þess að launin voru hækkuð sem nam þeim skattafslætti sem hann hafði fengið áður en var afnuminn. Það er því ekkert annað en leikur að tölum og það kann hv. þm. Pétur Blöndal mjög vel. Hann kann að leika sér með tölur. En ég hélt að hann léki sér ekki með tölur öðruvísi en að öll sagan í þessu máli væri sögð.

Herra forseti. Ég lýsi andstöðu minni við þetta frv. hv. þm. Péturs Blöndals.

[17:51]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom víða við og fór langt aftur í aldir. Mér er ekki kunnugt um að sjómenn sem greiddu sætisgjald til kirkna, sýslumannsgjald eða spítalakostnað séu starfandi sjómenn í dag. Það er allt annað fólk. (Gripið fram í.) Það sem lagt er til hér er að menn séu ekki meðhöndlaðir mismunandi í lögum í dag, herra forseti. Það er meginhugsunin á bak við þetta frv.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um að ég ætti að taka alla skattaflóruna þá hef ég reyndar komið í tvígang með tillögu um að taka upp flatan tekjuskatt, 20% á alla, og afnema allar undanþágur, vaxtabætur, sjómannaafslátt o.s.frv., til einföldunar og til að gera þetta enn þá jafnara. Það er uppskurður á skattkerfinu sem ég hef nú reyndar lagt til. Hv. þm. ætti kannski að kynna sér það áður en hann segir að ég hafi ekki gert neitt í þessum málum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um máltíðirnar hérna niðri hef ég minnst á það áður að ég vildi gjarnan að Alþingi hætti þessari greiðastarfsemi. Það er nóg af stöðum hér í kring sem alþingismenn geta borðað á og borgað fyrir þann mat það sem hann kostar. Mér finnst óeðlilegt að Alþingi sé að greiða niður mat í þingmenn. Þeir eiga ekki að þurfa þess. Það er auk þess vonlaus samkeppni fyrir þá staði sem bjóða fram mat hér í kring.

[17:53]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti von á því að hv. þm. Pétur Blöndal kæmi inn á tímavinnukaup sjómanna, hvert það væri. Hann talaði um að þeir hefðu ofurlaun, eins og segir í grg. með frv.:

„Yfir 98% þeirra sem greiddu til Lífeyrissjóðs sjómanna á árinu 1995 voru karlar. Þannig má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinni gegn launajafnrétti karla og kvenna.“

Herra forseti. Staðreyndin er sú að sjómenn eyða 25% meiri orku en sá sem hefur fast land undir fótum. Starfsævi þeirra er styttri en annarra starfshópa í landinu. Það liggur þegar fyrir.

Vissulega var djúpt og langt kafað með að vitna til svokallaðs sætisgjalds, spítalagjalds o.fl., en það er líka gert hér í grg. Þar er farið allar götur aftur til ársins 1954. Ég hugsa að þeir sjómenn séu fáir starfandi enn, af því að hv. þm. talaði um að hann væri að fjalla um nútímann í þessu sambandi.

Við getum lengi karpað um málið. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess. Ég hef lýst andstöðu minni við það og tel að málið eigi að leysa með öðrum hætti en hér er reynt og lagt er til af hv. þm. Pétri Blöndal.

[17:54]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þess vegna var farið aftur til 1954, til þess að útskýra hvernig þessi frádráttur varð til, hvernig þessi ósköp mynduðust, þessi hlunnindi til sjómanna, vegna þess að það skilur það enginn í dag. Þess vegna var farið svona langt aftur til að útskýra að það var þörf á þessari aðgerð á sínum tíma, til að laða menn að erfiðu og lágt launuðu starfi. Þess er ekki lengur þörf. Það er slegist um plássin, a.m.k. á skuttogurunum, þeim sem veiða mest. Þannig er engin þörf á að laða menn til starfa með skattafslætti.

Varðandi tímavinnukaupið er það svo merkilegt — ég hef séð þessa útreikninga — að þrátt fyrir það er slegist um þessi störf. Það eru biðraðir eftir að komast á skuttogarana. Þessir menn eru með langt yfir hálfa milljón á mánuði í tekjur og þaðan af hærra. Burt séð frá þessum útreikningum á tímakaupi, sem er náttúrlega reiknað alveg í botn, stímið út á miðin og stímið heim og allt tekið með, virðist sem menn meti þetta til svo hárra launa að þeir keppast um þessa vinnu.

En ég ætla ekki að fara inn á fleiri atriði fyrr en í ræðu minni á eftir.

[17:56]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem ég hjó eftir í málflutningi hv. þm. Péturs Blöndals. Í fyrsta lagi gat hann þess að sjómenn hefðu 500 þús. kr. á mánuði og þaðan af meira (**PHB:** Á skuttogurunum.) á skuttogurunum. Það er ekki alveg rétt. Það eru til sjómenn sem hafa lægri laun en það.

Síðan kom hann með þessa fullyrðingu, þar sem ég talaði um tímavinnukaupið, að þar væri of í lagt, m.a. væru reiknaðar vinnustundir þegar skip eru á siglingu á miðin eða af miðum og í land. Þá eru menn bara að vinna mikla vinnu, t.d. í veiðarfærum. Það er vinna að sigla skipi frá A til B. Það er vinna líka, hv. þm.

Ég óttast það að þingmaðurinn hafi fengið smit af fjölmiðlamönnum sem fara til sjós, einkum þegar gott er veður. Þá segja þeir venjulega frá þessu fína sjómannslífi þegar allt leikur í lyndi. Þá er tjarnsléttur sjór og eftir góðan vinnudag fara allir saman inn í matsal, þar er spilað á harmonikku og gítar, sungið og trallað og allir hafa mjög gaman af. Svo beinist að lokum sjónvarpslinsan út um kýraugað að fögru sólsetri. Ja, hvílíkt líf.

[17:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi byrja á að lýsa því yfir að ég er andvígur þessu frv. svo það liggi skýrt fyrir.

Sjómenn hafa notið skattafsláttar með einhverjum hætti í tæplega hálfa öld. Skattafsláttur inn er oftast nefndur sjómannaafsláttur. Þó að inn í hann hafi komið hér á árum áður

fiskimannaafsláttur, fæðisafsláttur, fatapeningar og ýmsilegt, þá er hann almennt kallaður sjómannaafsláttur í dag enda er hann í dag bara ein upphæð, ein föst krónutala og ekki prósentutengdur eins og hann var á árum áður. Þá virkaði sjómannaafslátturinn hvað best fyrir þá sem höfðu hæstu tekjurnar, sem hv. flm. Pétur Blöndal víkur oft að í grg. Sjómannaafslátturinn gat verið 12% af tekjum og þá nýttist hann auðvitað hlutfallslega mest þeim sem höfðu hæstu tekjurnar, þ.e. þeir fengu hlutfallslega mestan skattafslátt, eðlilega þar sem hann var tekjutengdur.

Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp hér á landi varð það að samkomulagi milli sjómannasamtakanna, og er rétt að draga það fram í umræðunni, að breyta sjómannaafslættinum í fasta krónutölu. Það þýddi að þeir sjómenn sem höfðu hærri tekjurnar, sumir verulega háar — þó að þeir hafi nú ekki komist upp í biðlaunarétt Þórarins Viðars hjá Símanum eða aðra álíka launareikninga sem við höfum verið að sjá frá *ríkinu — þá varð samkomulag um það milli sjómannastéttarinnar annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar við upptöku* staðgreiðslukerfis hér á landi að breyta sjómannaafslættinum í launajöfnunarkerfi innan sjómannastéttarinnar. Það var gert með því að taka upp fasta krónutölu. Það þýddi auðvitað að þeir sem höfðu hærri tekjur, skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar og aðrir þeir sem aukahluti höfðu gáfu eftir af sínum rétti sem þeir áður höfðu haft í áratugi með samningum við ríkisvaldið um fyrirkomulag sjómannaafsláttarins og féllust á að útfæra sjómannaafsláttinn þannig að hann yrði tekjujöfnunartæki innan sjómannastéttarinnar. Sem gerði það að verkum að nú fá allir sjómenn, sem á annað borð ná að vera á sjó í ákveðinn dagafjölda á ári þannig að þeir nái að nýta þennan rétt sinn að fullu, sömu krónutölu í skattafrádrátt. Það gerir það að verkum, ef við tökum dæmi t.d. af háseta sem ræður sig á fiskiskip og það fiskast kannski ekki fyrir kauptryggingu nema helminginn af árinu, við skulum segja að sá sjómaður þéni ekki nema um 1.200 þús. eða 1.200–1.300 þús. á ársgrundvelli, þá hefur þessi tilfærsla innan sjómannastéttarinnar sem menn gerðu með samkomulagi og sérsamningum við ríkið orðið til þess að sá sjómaður sem svo er ástatt um heldur nokkurn veginn þessum launum. Segja má að vegna sjómannaafsláttarins sé maður sem starfar til sjós og er með um 100.000 kr. á mánuði skattfrjáls. Maður sem hefur 1,2–1,3 millj. í árslaun er nokkurn veginn skattfrjáls.

Sjómannastéttin gerði þetta alveg með fullum vilja og samstöðu að breyta þessu kerfi á þennan hátt, að tryggja að þeir sem lakast höfðu það innan sjómannastéttarinnar skyldu þó njóta mest í þeim breytingum sem upp voru teknar þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp. Þetta var gert með samkomulagi við ríkisvaldið eins og ég hef vikið að og er hluti af kjarasamningi sjómanna. Reyndar er sjómannaafslátturinn búinn að vera hluti af kjarasamningum sjómanna í áratugi. Eins og réttilega er vikið að í greinargerðinni er sjómannaafslátturinn búinn að vera meira og minna við lýði með ýmsum útfærslum, fiskimannaafsláttur, fæðisafsláttur, hlífðarfatafrádráttur og síðan sérstakur afsláttur sjómanna í hálfa öld. Þessu verður því ekki breytt nema um það náist samkomulag í fyrsta lagi við sjómannastéttina og í öðru lagi við ríkisvaldið.

Í þeim samningum sem síðast fóru fram um sjómannaafsláttinn sem mig minnir að hafi verið á árinu 1991 eða 1992, sennilega árið 1991 eða á löggjafarþinginu 1990–1991, þá var gert samkomulag um að fækka þessum dögum og viðmiðunartalan sett á og fylgir síðan vísitölu.

Ég held ég fari nokkurn veginn rétt með að ef sjómaður er í starfi þannig að hann nái að nýta sér alla þessa daga og þarf þá að vera að mig minnir 250–260 daga í sjómannsstarfi, þá fái hann út úr afslættinum fullan afslátt, þ.e. um 250.000 kr. á ári. Og það fær líka sjómaðurinn sem hefur miklu tekjurnar sem vikið er að í greinargerðinni. En í greinargerðinni segir á einum stað, með leyfi forseta:

„... laun margra sjómanna eru með þeim hæstu hér á landi miðað við kröfur um menntun og ábyrgð í starfi (sbr. meðal annars árlega launakönnun tímaritsins Frjálsrar verslunar).“ — Guð blessi Frjálsa verslun.

Ég ætla að leyfa mér að segja að ég held að ábyrgð sjómanna *í sambandi við störf sín sé mjög mikil og mun* meiri heldur en þó menn sitji æðihátt í einhverjum skrifstofubyggingum í Reykjavík eða stundi verslunarstörf. Áhættan sem fylgir starfi þeirra er líka miklu meiri. Það er sem sagt ekki tilviljun að þetta starf er stundað 98% af karlmönnum, *eins og hv. frummælandi vék að í ræðu sinni.* Það er engin tilviljun. Það er ekki vegna þess að launamismunur sé í kerfinu, svo er ekki. Allar konur sem ég veit til að hafi ráðið sig á fiskiskip hafa fengið sömu laun fyrir sömu vinnu og karlmaðurinn í sömu stöðu. Ég kannast ekki við í öll þau ár sem ég vann að kjarasamningum fyrir sjómenn, farmenn og fiskimenn hafi ég, sá sem hér stendur, nokkurn tímann þurft að velta því upp í umræðunni að ég þyrfti að semja sérstaklega um önnur launakjör fyrir konur en karla. Aldrei.

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að í þessu starfi er algjör launajöfnuður sama hvaða fólk gegnir stöðunni. Það er ekki launamismunur á milli karla og kvenna. Ef kona er vélstjóri fær hún sín vélstjóralaun. Ef kona er stýrimaður fær hún stýrimannslaun. Ef kona er háseti fær hún hásetalaun. Og ef kona er matsveinn, þá fær hún sín matsveinslaun. (Gripið fram í.) Einnig ef hún væri skipstjóri. Í þessari stétt okkar, sjómannastéttinni, er enginn launamunur á milli karla og kvenna í störfum. Hann er ekki til. Konur geta vissulega gegnt þessu starfi og ég veit um konur sem hafa gegnt því ágætlega og það fer örugglega smátt og smátt vaxandi að konur munu gegna sjómannsstörfum eins og öðrum störfum. En það er samt sem áður svo að þessi störf geta verið mjög erfið. Og það er einnig þannig að sjómenn fá ekki með störfum sínum notið eðlilegra fjölskyldusamskipta oft og tíðum, þó það hafi farið batnandi í seinni tíð með sérkjarasamningum sjómanna m.a. um frítíma og frítímaákvæðum.

Hins vegar hefur verið harðsótt að fá það fyrirkomulag inn í kjarasamninga að sjómenn ættu rétt á einhverjum lágmarksfrítíma. Einnig hefur verið harðsótt að sækja ýmis önnur réttindi fyrir sjómenn og má í því sambandi nefna að uppsagnarfrestur undirmanna er nú ekki langur. Það er *a.m.k. ekki verið að tala um margra mánaða biðlaun eins* og tíðkast í nýlegum dæmum frá ríkinu, hvað þá heldur að sjómenn skrifi opna reikninga fyrir nokkur hundruð þúsund á mánuði. Manni finnst náttúrlega þegar verið er að ræða þessi mál í því samhengi sem við höfum fylgst með í fjölmiðlum undanfarna daga, þá væri nú rétt að leggja þetta mál til hliðar.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er ekki sérís-lenskt fyrirbæri að hafa sjómannaafslátt. Sjómannaafsláttur-inn tíðkast í löndunum í kringum okkur og hefur verið lengi. Ég veit ekki til þess að verið sé að leggja hann af. Í greinargerðinni stendur: „Viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum er að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta.“ Því vil ég spyrja hv. 1. flm. frv. hvort hann líti svo á að á Norðurlöndunum sé ekki réttarríki þar sem sjó-

mannaafsláttur er búinn að vera í áratugi. Eða í Bretlandi eða hjá mörgum öðrum þjóðum þar sem sjómannaafslátturinn er til staðar, misjafnlega útfærður. En ég get þó frætt hv. þm. á því að hann er hærri í Noregi en á Íslandi. Menn þurfa því ekki að sjá miklum ofsjónum yfir þessu.

Ég vil áður en ég lýk máli mínu draga það enn og aftur fram að það var sjómannastéttin sjálf sem ákvað að gera sjómannaafsláttinn að jafnlaunatilfærslu innan stéttar sinnar þegar þeir sem hærri höfðu launin og voru á meiri en einum hlut ákváðu það í samstarfi við samtök háseta á fiskiskipum og Sjómannasamband Íslands að gera þetta að jafnlaunakerfi innan sjómannastéttarinnar. Ég tel að það hafi verið til mikillar fyrirmyndar hvernig staðið var að þeim málum á þeim tíma. Það var auðvitað ekki átakalaust fyrir stéttir yfirmanna að gera þetta með þeim hætti því að auðvitað voru yfirmennirnir að missa ákveðinn spón úr aski sínum. En talið var að það væri það miklu fórnandi til að tryggja þeim sem lakast höfðu launin ákveðna stöðu og ég held að enginn sjómaður sé ofsæll af því þó að hann hafi í laun 1,2–1,3 millj. á ári fyrir að starfa til sjós, svo ég dragi það nú inn í umræðuna.

Síðan segir í greinargerðinni á bls. 5 og mér finnst ástæða til að gera athugasemdir við það:

„Þeir sem hærri hafa tekjurnar greiða meira. Ekki bara í hlutfalli við tekjur heldur miklu meira. Þannig greiðir fólk sem hefur tvöfaldar tekjur ekki aðeins tvöfaldan skatt heldur margfalt meira. Einstaklingur með 100 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir um 17 þús. kr. í staðgreiðslu útsvars og tekjuskatts. Einstaklingur sem hefur 200 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir aftur á móti 58 þús. kr. í staðgreiðslu eða ríflega þrefalt (3,5) meira. Skattkerfinu er þannig ætlað að jafna út launamun."

Það var einmitt það sem við gerðum í sjómannasamtökunum þegar við breyttum sjómannaafslættinum. Við vorum að laga launamuninn innan stéttar okkar og gerðum um það samkomulag við ríkið.

Síðan segir: „Þetta á ekki við um sjómenn." Ég held að þetta sé nú ekki alveg rétt hugsað. Ég held að það hljóti að liggja í hlutarins eðli að sjómenn greiða einnig hærri skatta eftir hærri tekjum. Þeir geta hins vegar ekki nýtt sér ýmis réttindi sem þjóðfélagið býður upp á, þeir fara almennt ekki í bíósal á hverju kvöldi eða njóta óperunnar eða því um líkt, hafa ekki aðstöðu til þess vegna starfs síns, þó að staða þeirra hafi vissulega batnað eins og ég gat um áðan með vaxandi réttarstöðu í sambandi við frítíma. En það er hins vegar mjög misjafnt. Lágmarksréttindi sjómanns til að eiga frí í hverjum mánuði eru fjórir dagar. Það er lágmarkstíminn sem menn eiga rétt á. Síðan eiga sjómenn auðvitað rétt á sumarfríi eins og aðrir launþegar í landinu.

Ég vil segja í lok ræðu minnar að ég tel að þetta sé ótímabær tillaga og vonast til þess að henni verði ekki fylgt eftir í gegnum þingið, enda er um samkomulag sjómannastéttarinnar almennt við ríkisvaldið að ræða. Ef fella ætti þetta niður eins og gert var um forseta Íslands, og ég ásamt hv. flutningsmanni stóð að, þá þyrfti í staðinn að bæta verulega tekjur sjómanna.

Vel kann að vera að sumt af útgerðinni okkar gangi það vel að það verði auðsótt. Mér hefur hins vegar ekki sýnst það á undanförnum árum verkfalla og lagasetninga frá Alþingi að það hafi verið auðsótt í samningum við íslenska útgerðarmenn varðandi laun sjómanna. Er skemmst að minnast lagasetningar frá sl. vori ásamt fjölda annarra. Ég held að ég hafi dregið það fram hér einhvern tíma í umræðum þegar ég var að ræða um breytingar á vinnulöggjöfinni að því er sneri að því að samningar drægjust á langinn við ákveðnar stéttir, að það hefur engin stétt sem ég veit til önnur en fiskimenn setið uppi með það að vera árum saman með lausa kjarasamninga.

Mér finnst því þetta frv. sem hér er mælt fyrir af hv. þm. Pétri H. Blöndal óþarft með öllu.

[18:16]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Flm. þessa frv. eru hv. þm. Pétur H. Blöndal og Katrín Fjeldsted.

Ég vil byrja á því að lýsa yfir algjörri andstöðu við frv. Það kemur til af því að sérstaða sjómanna veldur þessum afslætti eins og komið hefur fram í ræðum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Sjómannaafslátturinn í sögulegu samhengi er ekki styrkur til sjómanna heldur niðurfelling á launagjöldum væntanlega eða kostnaðargjöldum til útgerðar. Þess vegna finnst mér alveg fráleitt að taka á þessum málum eins og hér er lagt til þó svo að hv. flutningsmenn gefi þriggja ára aðlögunartíma. En málið er bara ekki þannig vaxið, virðulegi forseti.

Sjómannastéttin er varðandi kjör sín, starfskjör, ekki bara bundin af samningum við sína vinnuveitendur, útgerðarmenn. Hún er bundin af samningum við Alþingi líka, sem kemur t.d. að lífeyrissjóðsmálum sjómanna. Ég er nú ekki eins þingreyndur maður og þeir hv. þm. sem málið flytja, en ef hugur þeirra stendur til þess að gera breytingar á starfskjörum sjómanna og koma á einhverri jafnræðisreglu hvað varðar sjómannaafsláttinn þá álít ég að það hefði verið heppilegri leið að setja fram þáltill. sem fæli ríkisstjórninni að kanna hvernig samskiptum ríkis, útgerðarmanna og sjómanna ætti að hátta. Ég tel vonlaust, óréttmætt og ósanngjarnt að taka þessa hluti svona úr samhengi og taka út fyrir sviga bara sjómannaafsláttinn, þennan skattalega afslátt.

Virðulegi forseti. Ég stóð að því með hv. þm. Pétri H. Blöndal ásamt hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að flytja þáltill. um niðurfellingu á skattfríðindum forseta Íslands. En þá var málið þess eðlis að þingið hafði í hendi sér, eins og niðurstaðan varð, að taka ákvörðun um að þrátt fyrir þessar kerfisbreytingar yrðu starfskjör forseta Íslands hin sömu. Við á hinu háa Alþingi höfum ekki í hendi okkar að starfskjör sjómanna verði hin sömu ef við ætlum að keyra fram svona lagasetningu. Þess vegna held ég að miklu heppilegra hefði verið að setja þetta fram í þáltill. þar sem ríkisstjórninni væri leiðbeint um að fara í viðræður við útgerðarmenn og sjómenn um starfskjör þeirra, vegna þess að á spýtunni hangir óafgreitt mál sem er stór liður í starfskjörum sjómanna, þ.e. málefni Lífeyrissjóðs sjómanna.

Við höfum fjallað um það margsinnis á hinu háa Alþingi að Lífeyrissjóður sjómanna er mjög illa staddur, m.a. vegna afgreiðslu frá hinu háa Alþingi. Þau mál verður að lagfæra og það er hluti af öllum þessum pakka. Það hefur margoft komið fram að vegna vinnu sinnar lenda sjómenn miklu oftar í slysum t.d. en aðrar starfsstéttir. Lífeyrissjóður sjómanna er því þannig settur að helmingi meiri greiðslur fara út úr þeim sjóði vegna örorku en hjá nokkrum öðrum lífeyrissjóði í landinu. Virðulegi forseti. Það er alveg óásættanlegt að hv. þm. sem leggja þetta frv. fram slíti málin úr samhengi á þenn-

an hátt gagnvart starfskjörum sjómanna. Það er algjörlega óviðunandi.

Rætt hefur verið um starfskjörin og hvernig vinna sjómanna er. Ég held að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það. Það kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að 98% þeirra sem fara í þessa vinnu eru karlmenn. Við sem erum uppalin við sjávarsíðuna og eigum fjölskyldur sem stunda sjóinn af miklu kappi vitum náttúrlega að hún veldur gríðarlegu álagi á fjölskyldurnar og mennina sjálfa. Það eru mörg dæmi um að menn séu mjög illa farnir á miðjum aldri þegar þeir eru í raun unglingar miðað við aldurssamsetningu þjóðarinnar í dag. Menn sem eru orðnir sextugir og voru t.d. í útgerð í Norðursjónum þegar var verið að bjarga íslensku efnahagslífi eins og hægt var á þeim tíma eftir hrun síldarinnar eru mjög illa farnir í dag enda stunduðu þeir sjóinn af miklu kappi.

Þessir aðilar fá greitt í dag vegna örorku t.d., eða þeir sem eldri eru orðnir og komnir á lífeyri, skammarlega lágar upphæðir til ráðstöfunar — ég hef yfirlit yfir það. Það er algjörlega úr samhengi við það sem aðrar starfsstéttir búa við, því miður. Eins og ég segi, ef við viljum fara yfir söguna þá eru þetta mennirnir sem lögðu grunn að velsæld okkar í raun og lögðu enn þá harðar að sér á þessu árabili sem ég var að nefna þegar kreppti að hér og við stóðum frammi fyrir aflasamdrætti upp á ein 600 þús. tonn í síldinni. Þá fóru þeir í víking til þess að afla þjóðarbúinu tekna og lögðu sig alla fram í mjög erfiðri stöðu.

Varðandi það að menn séu að óskapast yfir launum sjómanna þá held ég að menn ættu nú ekki hér í ræðustóli að fara mikið í þau mál miðað við upplýsingar í blöðum síðustu daga um menn sem eru að skammta sér fyrir aukastörf svo hundruðum þúsunda skiptir. Það stenst nú engan veginn samanburð.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta frv. sé algjörlega ónothæft. Ef menn af vilja fara í að endurskoða starfskjör sjómanna í alvöru þá verður að gera það á öllum þessum póstum sem ég nefndi. Það verður að taka með í dæmið samskiptin við ríkið og aðkomu þess að þessum málum. Það verður að fá útgerðarmenn að borðinu og náttúrlega samtök sjómanna. Annars vinnst þetta mál ekki. Hafi hv. þm. Pétur H. Blöndal ímyndað sér að þetta væri mál í líkingu við það að fella niður skattfríðindi forseta Íslands þá er það hinn megnasti misskilningur, reginmisskilningur. Það er engan veginn samanburðarhæft. Eins og ég sagði áðan var þinginu í sjálfsvald sett að bæta honum það að fullu enda varð það niðurstaðan þegar skattfríðindin voru tekin af embætti forseta Íslands. Hann stóð því jafnsettur eftir sem áður.

Virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mörg fleiri orð um þessi mál. En af því að menn eru nú alltaf að tala um fríðindi, hvað gott sé að vera á sjó og hve þar fást miklar tekjur o.s.frv. þá stöndum við kannski samt frammi fyrir erfiðum málum þegar til framtíðar er litið varðandi sjómannastéttina og jafnvel vélstjóra. Ég veit ekki betur en að mun minni ásókn sé í þetta nám en verið hefur. Það bara segir sína sögu. Ungir menn sem fara á þessar happafleytur sem gefa þeim miklar tekjur í dag segja manni í samtölum að þeir líti á þetta sem tímabundna vinnu, uppgripavinnu um tíma. Mér finnst mikil breyting hvað varðar andann í þeim efnum miðað við það sem ég upplifði bara fyrir 10–15 árum. Það eru nefnilega að eiga sér stað breytingar og menn eru að upplifa það og finna sig þannig stemmda að þeir hafi minna öryggi en við áttum að venjast bara fyrir 10–15 árum.

Enda var það þá svo að útgerðarmunstrið í landinu var meira og minna tengt sjávarbyggðum landsins og frá hverri verstöð gerðu út kannski 1–3 togarar og nokkuð greiðlega gekk fyrir sig að komast í pláss. Menn gátu unnið sig upp, sáu framtíð í þessu, tengingu við fjölskyldu sína o.s.frv. Núna hefur orðið gríðarleg breyting. Ungir menn til sjós í dag fara landshornanna á milli í flugvélum og vita jafnvel ekkert hvar þeir landa næsta skipti. Og þeir vita ekki einu sinni kannski á hvaða togara þeir verða settir næst, tveim dögum eftir að þeir koma í land. Þetta finnst sjómannastéttinni og þeim sjómönnum sem ég hef talað við mjög óþægileg staða og það sem meira er, ég held að þeim finnist þetta óþægileg staða vegna þess að fjölskyldunum heima fyrir finnst þetta afleitt. Þannig er staða þessara manna og þannig er staða makans heima fyrir og barnanna.

Það er kannski vegna þessara breytinga að minna ber á áhuga ungra manna — og ég tala nú ekki um kvenna. Þær hafa ekki sótt mikið inn í þessa grein — til þess að hasla sér völl í greininni.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal áttar sig á því að svona breytingar til verri vegar eru kannski mörg ár að koma fram, koma kannski ekki fram fyrr en á næstu þremur til sjö árum. Þá væri illa komið ef satt er að þessi þróun sé á þennan veg hjá þjóð sem fiskar á hvern sjómann sjö sinnum meira en þeir sem koma á hæla okkar.

Virðulegi forseti. Frv. er ónothæft. Vilji menn breytingar verður að taka á starfskjörum sjómanna í öllum þremur liðunum sem ég hef nefnt. Það er ekkert sáluhjálparatriði fyrir sjómenn í sjálfu sér að hafa sjómannaafslátt. Þeir vilja bara hafa sín starfskjör. Og ef þeir standa jafnir hvað varðar afsláttinn þá er ég viss um að þeim er hann ekkert heilagur. En eigi að fara í þessi mál þá verður það ekki gert á þennan hátt með lagasetningu á Alþingi.

[18:28]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu sem öll var svona frekar á neikvæðu nótunum, enda kannski ekki undarlegt þar sem tveir hv. þm., þeir Guðjón A. Kristjánsson og Guðmundur Hallvarðsson, hafa báðir haft það að ævistarfi að gæta hagsmuna sjómanna. Það yrði undarlegt ef þeir breyttu út af því, komnir á þing. Þetta er afskaplega eðlileg og fyrirsjáanleg afstaða.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði að sjómannaafslátturinn hefði verið við lýði í hálfa öld og honum yrði ekki breytt nema samkomulag næðist. Ég vil benda á að við erum að tala um lög frá Alþingi. Við erum að tala um undanþágu í skattalögum frá hinu háa Alþingi (Gripið fram í.) og því breyta þingmenn einir. Hvort það hefur áhrif á kjarasamninga er önnur saga.

Tveir hv. þm. hafa nefnt, alveg í rökþroti, háa reikninga sem sagt hefur verið frá í fréttunum undanfarið og það sýnir náttúrlega bara hvað málið er illa verjanlegt af þeirra hálfu. Það kemur þessu máli ekkert við hvort einhverjir hafi skrifað reikninga til einhvers ákveðins fyrirtækis í eigu ríkisins eða ekki. Það kemur þessu máli bara akkúrat ekkert við. En það sýnir rökþrotið í þessu máli.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði að sjómenn færu ekki í bíó. Þeir fara reyndar í bíó. Þeir eru með vídeó með sér um borð. En það gera bændur ekki heldur. Það gera hálendisverkamenn ekki heldur og fá hvorki bændaafslátt né hálendisverkamannaafslátt. (**GAK:** En þeir fá sér launa ...) Það vill nefnilega svo til að þeir sem eru uppi á hálendinu

hafa fengið sér uppbót frá atvinnurekanda sínum til þess að hægt væri að fá þá til að vinna uppi á hálendinu. Það er einmitt þannig sem útgerðin fær styrk frá ríkinu. Hún ætti að sjálfsögu að borga mönnum álag til þess að fá þá út á sjó.

Það er svo sem ágætt að styrkja útgerðina á sama tíma og menn tala um að hún eigi að borga auðlindagjald og meðan aðgangur hennar að auðlindinni er takmarkaður. Hún hefur fengið þessa auðlind gefins, (Gripið fram í.) segja sumir og þar á meðal hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, þessi aumingjans útgerð fékk auðlind þjóðarinnar gefins, fjöreggið, fiskinn í sjónum. (**GAK:** Ertu ekki sáttur við það?) Nei, ég er svo sem ekki sáttur við það. Ég hefði á sama tíma viljað skera niður styrki til útgerðarinnar og ég geri ráð fyrir að ef hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hugleiðir málið muni hann verða mér sammála í því, eftir smáumhugsun.

Hv. þm. sagði líka að ef af slíkri breytingu yrði þá þyrfti að bæta verulega stöðu sjómanna. Samkvæmt því er þetta verulegt mál, veruleg kjarabót fyrir þá og ekkert smámál.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, sem jafnframt er einn af varaforsetum Alþingis, sagði ótrúlega setningu. Hann sagði að það þyrfti að semja við Alþingi. Hann sagði að það þyrfti að semja við löggjafarsamkundu landsins, sem á stoð í stjórnarskránni, um lagabreytingar. Þetta er náttúrlega alveg út í hött, að Alþingi þurfi að leita til aðila út í bæ til að afnema forréttindi ákveðinna stétta. Það þarf Alþingi ekki. Hér er um að ræða lög frá Alþingi sem veita einni stétt forréttindi og það sem Alþingi hefur sett á getur Alþingi tekið af aftur.

Ég bendi á að það voru stéttir hér í eina tíð sem höfðu forréttindi, eins og aðallinn og kóngurinn og fleiri. (Gripið fram í.) Það var afnumið. Þegar skattfrelsi forsetans var afnumið var einmitt verið að afnema úreltar leifar af því vegna þess að það er viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta. Flestar eða allar lýðræðisþjóðir stefna að því að gera alla jafna fyrir skattalögum.

Menn hafa nefnt forseta Íslands, að hann hafi hækkað í launum. Það er reyndar svo að það stendur í stjórnarskránni að ekki megi skerða laun forseta Íslands á kjörtímabilinu. Þannig var ekki hægt að gera annað. Það leiddi bara af stjórnarskránni að laun hans væru hækkuð sem næmi skattfrelsinu, en það sýndi líka raunverulega hver launin voru. Það væri kannski gaman að sjá hver raunveruleg laun sjómanna eru. Eins og kemur fram í greinargerðinni greiðir fiskverkakona með 125 þús. á mánuði jafnmikla skatta í staðgreiðslu og sjómaður eða beitningamaður við hliðina á henni með 167 þús. kr. á mánuði. Það er allt jafnréttið í þessum lögum. Beitningamaðurinn við hliðina á fiskverkakonunni sem er með 125 þús. kr. á mánuði. Hún borgar jafnmikla skatta og er því metin jafnmikill bógur og hann, sem hefur 167 þús. Þannig er misréttið í þessum lögum.

Síðan kom fram hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að sjómenn væru með skammarlega lágan örorkulífeyri. Ég legg til að hv. þm. skoði það betur því vegna framreikningsreglunnar eru menn sem hafa kannski 4 stig á ári, þ.e. fjórföld verkamannalaun — og þeir eru nokkrir inni í Lífeyrissjóði sjómanna, ég þekki það — með mjög góðan örorkulífeyri. Hann hleypur á hundruðum þúsunda. Þetta vildi ég gjarnan, ef hægt væri að spyrjast fyrir um það, fá upplýsingar um, þ.e. hvernig örorkulífeyrir dreifist eftir upphæðum á mánuði frá Lífeyrissjóði sjómanna. Það er svo önnur saga hvort menn eigi ekki alveg rétt á þessu, þeir sem eru öryrkjar að sjálfsögðu.

Menn hafa sagt að ekki sé hægt að breyta þessum lögum vegna þess að þar sé verið að ganga inn í gerða kjarasamninga o.s.frv. Önnur leið væri náttúrlega að allir landsmenn fengju sjómannaafslátt. Það kæmi líka til greina. Það er kannski lausnin á þessu mikla vandamáli (Gripið fram í.) þar sem ekki má breyta forréttindum ákveðinna stétta, að veita allri þjóðinni þessi forréttindi.

[18:35]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Péturs H. Blöndals um það sem ég sagði um hvernig nálgast ætti svona mál ef menn vildu gera breytingar þá veit ég ekki betur en að í greinargerð með frv. skrái þingmaðurinn niður aðkomu ríkisins að þessum málum aftur til ársins 1954, með samningum við sjómenn og útgerðarmenn. Vill hv. þm. meina að við eigum að strika yfir sögulegar staðreyndir málsins og ganga í þetta með lagasetningu þvert á söguna, lífeyrissjóðinn og sjómannaafsláttinn? Ég hélt að við værum heiðursmenn og þetta væri þriggja aðila aðkoma eins og verið hefur frá upphafi.

[18:36]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í greinargerðinni að á sínum tíma hafi verið erfitt að manna skipin. Sem liður í ráðstöfunum til að hægt yrði að manna skipin, þar sem vinnan var mjög erfið á síðutogurunum, mikið unnin með höndunum og jafnframt lág laun vegna aflabrests og lélegs afla á þeim tíma, beitti ríkisvaldið þessum aðferðum til að koma þessari atvinnugrein í gang. Það var ekki hluti af kjarasamningum eða samningum við sjómenn, ekki svo ég viti til.

[18:37]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það breytir samt ekki sögulegum staðreyndum málsins eins og ég kom inn á í málflutningi mínum. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji að þetta sé bara spurning um lagasetningu þingsins. Þetta er spurning um heiðarlega framkomu í þessu máli.

Það eru þrír aðilar, samtök sjómanna, útgerðarmenn og þingið sem hafa komið að þessu máli allt frá öndverðu. Mín skoðun er einfaldlega sú að því verði ekki breytt svo vel sé nema allir aðilar komi að undirbúningi þess máls. Einn aðili fer ekki fram með einhliða breytingar á samkomulagi sem verið hefur við lýði í hálfa öld.

[18:37]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sýn hv. þm. á þætti Alþingis í lausn kjarasamninga eða slíku þríhliða samkomulagi er eitthvað sem ekki er í stjórnarskránni. Alþingi setur lög. Hvergi stendur að Alþingi eigi að leysa kjarasamninga. Alþingi stendur ekki í útgerð eða sjómennsku. Þó að Alþingi hafi oft verið misnotað til að reyna að leysa kjarasamninga og leitað hafi verið til Alþingis með lagasetningar í því sambandi eða ríkisvaldsins, þá hefur ríkisvaldið alltaf skrifað undir þá samninga með fyrirvara um samþykki Alþingis sem er löggjafarsamkunda og setur almenn lög fyrir alla þjóðina.

[18:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. að nokkru sem hann vék að í máli sínu og ég kom ekki að í ræðu minni. Hann sagði eitthvað á þá leið að það mætti hugsa sér að færa sjómannaafsláttinn úr því formi sem hann er og yfir í dagpeningaform,

þannig mætti hugsanlega gera hluta peninganna skattfrjálsan, ef ég skil hann rétt. Ég sé ekki mikinn mun á slíkum dagpeningum, sem við þingmenn njótum og ýmsir opinberir starfsmenn, og sjómannaafslætti. Hvort tveggja dregst frá áður en skattlagt er. Ég vil spyrja hv. þm. hvort ég hafi tekið rétt eftir þegar hann var að tala um dagpeninga í þessu samhengi.

[18:39]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat um að sjómenn gætu farið sömu leið og aðrir með dagpeningagreiðslum. Þá er ég með það í huga að allir séu jafnir fyrir lögum, að sömu reglur gildi fyrir alla, þingmenn jafnt sem sjómenn. Ég vil benda á að sjómenn greiða sennilega hæstu fæðispeninga af öllum í landinu. Þeir borga kokkinum hlut. Sennilega er það dýrasti matur sem til er í heiminum, maturinn sem sjómenn borða, ef laun kokksins, hlutur hans, mundi reiknast á hverja einustu máltíð.

[18:40]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að það er ekki beinn ágreiningur um að sjómenn njóti afsláttarins, að hv. þm. vill frekar að þetta heiti dagpeningar en sjómannaafsláttur og þannig njóti menn afsláttarins.

Varðandi þetta með kokkinn þá hef ég alltaf verið frekar mikið fyrir matinn, þó hv. þm. hlaupi af sér það sem mér tekst ekki. Ég mundi frekar vilja borga góðum kokk góðan hlut en hafa lélegan kokk á lágu kaupi.

[18:41]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það hvort þetta heitir dagpeningar eða sjómannaafsláttur þá vil ég að allir séu jafnir fyrir lögum þannig að allir hafi sömu kjör, hvort sem það heita dagpeningar eða þá sjómannaafsláttur fyrir alla landsmenn. Það sem ég er á móti er að sérstaklega skuli tekið fram í skattalögum að ein ákveðin stétt manna njóti sérstakra skattalaga. Svo er það aftur önnur saga sem ég hef margoft gagnrýnt að dagpeningagreiðslur til opinberra starfsmanna eru komnar úr böndunum. Það er farið að nota þær sem skattfrjáls laun og ég er á móti því líka. Ég er á móti öllum undanskotum frá skatti. Ég vil að skattalög séu algild og gildi fyrir alla jafnt, jafnt konur í frystihúsum sem þingmenn og sjómenn.

[18:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á það áðan að Alþingi hefði samþykkt lög sem snertu verkalýðshreyfinguna með fyrirvara. Við þekkjum að í þessum sal hafa margsinnis verið sett lög á sjómenn, líklega hefur engin stétt orðið fyrir því eins oft og sjómenn. Það er ekki út í bæ með neinum fyrirvara. Hér hefur það verið gert. Lög hafa verið sett á sjómenn til að leysa kjaradeilur.

Eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson kom inn á áðan voru sett lög 1954. Það verður einhvern veginn að fara frá þeim lögum með þeim hætti að það kalli ekki á meiri vanda en orðinn er, í sambandi við sjómannaafsláttinn.

Út af örorkulífeyrinum var athyglisvert að hv. þm. talaði um framreikning og annað því um líkt. Við vitum það öll að 25% þeirra slysa sem tilkynnt eru Tryggingastofnun ríkisins eru slys á sjómönnum. Þeir eru um 4% á vinnumarkaðnum. Þetta er áhættusamt starf og margt er hægt að tína til í þessu. Það að segja að óhæfa sé að lög sem sett eru hér á Alþingi verði látin standa er rangt.

[18:43]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú var mér skemmt. Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi greitt atkvæði gegn lögunum á verkfall sjómanna.

[18:43]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að minna á það. Það er rétt. Engu að síður stendur það svo að lögin voru sett hér á sjómenn þó ég hafi greitt atkvæði gegn því. Sem betur fer fara þingmenn hér eftir sannfæringu sinni og samvisku. (**Gripið fram í:** Láttu ekki svona.)

Að lokum minni ég á það einu sinni enn, að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að við sjómannaafslættinum verði ekki hróflað fyrr en aðilar hafi náð saman í því máli sem gert var að lögum árið 1954. Það er rétt að ítreka það.

[18:44]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á að hæstv. fjmrh. er fulltrúi framkvæmdarvaldsins og hefur sem slíkur ekkert yfir Alþingi að segja. Þannig getur framkvæmdarvaldið gert samninga en verður alltaf að gera það með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Það er ekki til fyrirmyndar að setja lög á verkföll en það er heldur ekki til fyrirmyndar þegar verkföll eru að breytast yfir í leyft ofbeldi, þar sem menn ganga á lagið með það að valda þriðja aðila skaða. (**GHall:** Varstu ekki með okkur í boxinu?) Verkföll nú til dags ganga að mestu leyti út á að skaða einhvern þriðja aðila sem ekki á aðild að deilunni. Það getur vel verið að nauðsynlegt sé í slíku tilfelli að Alþingi grípi inn í. En það er ekki til eftirbreytni að Alþingi grípi inn í. Það er ekki til eftirbreytni, hvorki að setja lög á kjaradeilur né veita vissum stéttum ákveðin forréttindi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 161. mál. — Þskj. 162.

[18:45]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Það er stundum sagt að sjávarútvegurinn sé kominn að endimörkum vaxtar, að Íslendingar og aðrar sjávarútvegsþjóðir séu búnar að nýta öll þau tækifæri sem hægt er að tengja afla úr hafi. Ég er á allt annarri skoðun, herra forseti, og ég hef á þessu þingi lagt fram nokkur þingmál sem varða möguleika á að nýta hafið betur sem matarkistu. Þær þáltill. sem ég hef lagt fram ásamt ýmsum þingmönnum Samfylkingarinnar eru hluti af viðleitni okkar til að leggja fram stefnu um nýja sókn í sjávarútvegi.

Hér, herra forseti, leyfi ég mér að mæla fyrir þáltill. sem lýtur að tilraunaveiðum á miðsjávartegundum í úthafinu. Tillagan á sér rætur í því að þegar Íslendingar voru fyrir röskum áratug að gera tilraunaveiðar á úthafskarfa, djúpkarfa og kanna útbreiðslu karfaseiða, þá kom í ljós að á ákaflega víðfeðmu svæði í úthafinu sunnan og vestan Íslands eru þykkar djúplóðningar á lífverum á allverulegu dýpi. Þetta kom fyrst fram við rannsóknir upp úr 1990. Gaman er að geta

rifjað það upp, herra forseti, að svo snemma sem árið 1992 héldu Landssamband íslenskra útvegsmanna og Hampiðjan ráðstefnu um nýja möguleika í útgerð og þá var birt fjölrit með erindum þeirra sem þar fluttu ræður. Þar sagði einn af okkar allra bestu fiskifræðingum, Jakob Magnússon, um þessar djúplóðningar, með leyfi forseta: „.... eitt er víst að í heild er gífurlegt magn af þessu í hafinu."

Það er ljóst að þetta lag er samfellt um gervallt Grænlandshaf. Þéttleikinn er að sönnu nokkuð breytilegur eftir árum, árstíðum og svæðum, en þó tel ég að óumdeilt sé að á þessu svæði er gríðarlegan lífmassa að finna, frá um 400–500 metra dýpi og niður á 700–800 metra dýpi.

Það er mjög athyglisvert, herra forseti, að þó áratugur sé liðinn frá því menn komust á snoðir um þennan mikla massa lífvera á þessu dýptarbili í úthafinu, þá hafa engar kerfisbundnar athuganir verið gerðar á útbreiðslu einstakra tegunda eða tegundasamsetningu, hvorki lóðréttri í hafinu né eftir hafsvæðum.

Það er merkilegt að Jakob Magnússon hefur tekið saman gögn sem tengjast fjölmörgum rannsóknarleiðöngrum, þar sem til hefur fallið vitneskja sem tengist þessum djúplóðningum. Hann og hans ágæta kona sem er líka fiskifræðingur, Vilhelmína Vilhelmsdóttir, hafa bent á tilvist þessara tegunda og dregið fram þá miklu möguleika sem þau telja, og ég er þeim sammála um, að séu til að skapa ný verðmæti með því að nýta þessar tegundir. Þessar djúplóðningar komu fram á 100.000 fersjómílna svæði í Grænlandshafi og þær náðu eins langt suður og var kannað. Þær komu fram ár eftir ár og öll gögn bentu til þess að þarna væri um að ræða verulegt magn af lífverum. Ástæðan fyrir því að ekki var ráðist í frekari kannanir er auðvitað sú að ekki voru til rannsóknaskip til þess að leggja í ákaflega kostnaðarsamar athuganir eins og þessar. Nú hefur það breyst, herra forseti. Við höfum eignast nýtt rannsóknaskip sem við ættum að sjálfsögðu að beita til að kanna þetta svæði.

Þær stopulu tilraunaveiðar sem voru gerðar á djúpsjávartegundum leiddu í ljós mergð tegunda, sérstaklega fiska. Það veiddust alls um 60 tegundir fiska af 35 ættum og það var langmest af laxsíldum. Það skiptir máli, herra forseti, vegna þess að í vaxandi mæli líta menn hýru auga til þeirra sem mögulegra framtíðartegunda við vinnslu til manneldis. Það er rétt að geta þess að upp á síðkastið hafa Hafrannsóknastofnun borist fyrirspurnir sem varða laxsíldir. Þar fyrir utan voru fiskar sem eru tiltölulega fáséðir fyrir okkur sem höfum tengst veiðum á miklu minna dýpi. Fiskar eins og slóansgelgja, sem var algeng, sömuleiðis skjár, sem við köllum stundum blálax , trjónuáll og svo veiddust í minna mæli broddatanni, geirsíli, marsnákar og ýmiss konar smokkfiska- og krabbategundir.

Nú er það þannig, herra forseti, að Samfylkingin hefur líka lagt fram þáltill. sem varðar veginn varðandi betri nýtingu á afurðum ýmissa uppsjávartegunda sem við veiðum í gríðarlega miklum mæli og hafa hingað til farið til bræðslu. Ég vísa t.d. til þáltill. sem við höfum lagt fram varðandi kolmunna og vísa til tilrauna sem er verið að gera innan vébanda Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, þar sem byggt er á amerískum uppgötvunum og vænst er að ekki vanti mikið á til að hægt sé að leggja til reiðu aðferðir til fjöldaframleiðslu þar sem búið er til hágæða prótein úr þessum tegundum sem í dag fara til bræðslu. Með því magni, herra forseti, væri hægt að margfalda þau verðmæti sem hægt er að vinna úr þessu.

Ef hins vegar fer svo, herra forseti, að þær tegundir sem við nýtum nú til bræðslu verði í framtíðinni notaðar til þess að búa til það sem ég hef stundum kallað gull framtíðarinnar, þ.e. hágæðaprótein, sem hægt er að nýta til manneldis og auka þannig afrakstur hafsins, þá mun innan skamms koma upp skortur á fiskimjöli og lýsi til fiskeldis. Það er hins vegar önnur grein sem við bindum miklar vonir við. Nú er það svo að uppistaðan í fiskeldisfóðri er einmitt fiskimjöl og lýsi.

Til marks um þessa þróun og þá vaxandi framleiðslu sem er í eldinu má nefna Norðmenn, sem ala í dag til slátrunar um hálfa milljón tonna af laxi, hyggjast auka árlegt laxeldi sitt í 2,5 milljónir tonna fyrir árið 2030. Á sama tíma áforma þeir einnig að hefja þorskeldi í stórum stíl og ná upp framleiðslu sem svarar til u.þ.b. hálfrar milljónar tonna af þorski. Framleiðsla á lýsi er í dag u.þ.b. 1,2 milljónir tonna og hefur verið nokkuð stöðugt. En ef framleiðsla á eldisfiski eykst jafnhratt og allt bendir til mun allt tiltækt fiskilýsi og mjöl verða notað í eldisfóður strax árið 2005–2006, jafnvel fyrr. Þess vegna er ljóst að fyrirsjáanlegur er alvarlegur skortur á hráefni í fiskimjöl og lýsi til þess að standa undir fiskeldi framtíðarinnar. Sú tillaga sem við þingmenn Samfylkingarinnar leggjum hér til miðar einmitt að því að vinda bug að því, herra forseti.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi gríðarlegi lífmassi sem er að finna í miðsjávarteppinu sem fiskifræðingar kalla svo hafi að geyma bræðslutegundir framtíðarinnar. Ég tel að hægt sé að vinna þarna ný lönd í sjávarútvegi. Þarna sé hægt í framhaldi af þeim tilraunaveiðum sem við leggjum hér til að vinna gríðarleg verðmæti, bæði úr fisktegundum sem ekki eru nýttar í dag og ekki síður með því að færa okkur neðar í fæðukeðjuna og veiða ljósátu og ýmsar aðrar krabbategundir og smokkfiska líka, sem í dag eru fyrst og fremst fæða fyrir skíðishvali og ýmis rándýr í hafinu.

Þetta held ég að skipti gríðarlega miklu máli, herra forseti, og ég tel að með þessum tilraunaveiðum væri hægt í reynd að búa til nýja auðlind í sjávarútvegi Íslendinga. Við leggjum fram þessa tillögu, herra forseti, sem hluta af viðamikilli stefnu sem við höfum í mótun innan Samfylkingarinnar og höfum lagt hér jafnharðan fram í formi þingmála eftir því sem þeirri vinnu hefur undið fram. Ég legg til, herra forseti, að þegar þessari umræðu er lokið verði málið sent til hv. sjútvn. Ég vænti þess að málið fái þar mildilega umfjöllun og í lok hennar skili sjútvn. henni aftur af sér til þingsins með þeim meðmælum að hún verði samþykkt þjóð og þingi til heilla.

[18:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem við ræðum hér um tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu er vissulega tímabær. Það er auðvitað furðulegt að við skulum ekki setja kraft í það að rannsaka hafsvæðið í kringum okkur og þá möguleika sem þar eru í boði. Vitað er að í hafinu bæði vestur og suður af landinu er mikill lífmassi. Það hefur verið vitað lengi. Hingað til hefur því verið borið við að við ættum ekki öflug rannsóknaskip til að rannsaka þetta lífríki á djúpmiðunum vestur og suður af landinu og þeir fáu leiðangrar sem farnir hafa verið í þessa veru á undanförnum árum hafa yfirleitt verið farnir með leiguskipum, þar sem tekin hafa verið á leigu öflugri skip en Hafrannsóknastofnun hefur ráðið yfir.

Lengi hefur verið ljóst að miklar lóðningar eru af alls konar lífi á djúpsvæðum hafsins. Vafalaust má nýta þær

bæði til manneldis og mjölvinnslu. Þess vegna er það svo mikilvægt að við drífum í því að gera slíkar rannsóknir, stunda þær skilmerkilega og eftir markvissum áætlunum. Nú getum við ekki lengur borið því við að við eigum ekki til öflugt skip til að sinna þeim rannsóknum því nú er það til. Ég vék að því hér í ræðu fyrr í dag að þó að nokkur prýði væri af hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni liggjandi við miðgarðinn í höfninni í Reykjavík svona dags daglega, þá væri það nú farið að fara ansi mikið í taugarnar á manni að vita hvaða möguleika þetta skip hefur til þess að rannsaka lífríki hafsins, að það skuli ekki vera betur nýtt en svo að það skuli dag eftir dag liggja til sýnis í Reykjavíkurhöfn.

Áætlanir um útgerð skipsins eru 120 dagar á þessu ári sem eru öruggar rannsóknir en gert ráð fyrir að skipið verði gert út í rúma 140 daga en óvissa er um 20 daga, þ.e. hvers konar rannsóknir verði framkvæmdar. Þetta er nú öll nýtingin á þessu dýra og mikla skipi sem gefur okkur svo mikla möguleika eins og tæknin um borð í því er. Þetta skip hefur mikinn togkraft og mikla og nýja tækni, bæði til að kortleggja hafsbotninn með fjölgeislamæli og ekki síður til að kanna það sem í djúpunum er. Ekki skortir okkur lengur kraftinn og stærð skipsins gefur möguleika til að halda því úti þótt eitthvað smávegis sé að veðri. Það hefur reyndar sýnt sig nú þegar í rannsóknarleiðangri á loðnu, þó að tíð væri ekki sem allra best, þá tókst að ljúka þeim rannsóknarleiðangri mjög vel á skömmum tíma, mun skemmri tíma en það hefði tekið með eldri skipum Hafrannsóknastofnunar.

Einnig er það vitað sem 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, vék að hér áðan að það mun að öllum líkindum verða skortur á fiskimjöli og lýsi í framtíðinni ef svo heldur fram sem horfir að fiskeldi vaxi hröðum skrefum. Þó að við Íslendingar höfum ekki enn þá verið stórir í fiskeldi, þá ætlum við okkur þar framtíð. Norðmenn hafa náð þar verulega miklum árangri og Færeyingar einnig. Og með vaxandi fiskeldi þarf meira fóður. Það er ekki bara að meira fóður þurfi í fiskeldi, heldur erum við smátt og smátt að nýta meira af uppsjávartegundunum til manneldis. Og það er auðvitað vel. En það mun þá líka þýða að minna verður til mjölframleiðslunnar. Þess vegna er það örugglega rétt sem sagt er í greinargerð með þáltill. að vöntun mun verða á hráefni til mjölvinnslu og það er auðvitað ekki sama hvers konar hráefni fæst til mjölvinnslunnar. Til að það gangi vel í fiskafóður þurfa þær afurðir að vera nokkuð ferskar. Það er því mjög mikilvægt að það sem hér er lagt til í tillögunni varðandi rannsóknir og tilraunaveiðar á djúpsjávarmiðum fyrir vestan og sunnan landið verði framkvæmt. Eins og ég sagði áðan skortir okkur ekki skipakostinn, okkur skortir sennilega ekki veiðarfærin og okkur skortir ekki mannskapinn. Hann er ráðinn á hafrannsóknaskipið þegar í dag og er þar á launum. Það skortir frumkvæði íslenskra stjórnvalda til að nýta sér þetta góða tæki.

Norðmenn nýta rannsóknaskip sín að meðaltali í u.þ.b. 250–260 daga á ári. Að vísu nýta þeir svokölluð strandveiðieftirlitsskip heldur minna, en stærri skipin þar af leiðandi meira. Meðaltalið er um 250–260 dagar. Og það væri auðvitað mjög æskilegt að úthald þess öfluga rannsóknaskips sem við Íslendingar höfum eignast kæmist upp í það að vera 250–300 dagar á ári, það held ég væri mjög þarft.

Eins og þessi tillaga m.a. ber með sér, um vöntunina á kortlagningu hafsbotnsins og könnun á djúpsvæðunum sunnan við land, og eins og ályktað var um fyrir nokkuð mörgum árum þegar verið var að tala um nýtt hafrannsóknaskip á vegum Farmanna- og fiskimannasambandsins á djúpslóðinni sunnan við landið, þá skortir ekki verkefnin. Það skortir frumkvæðið og fjármuni eðlilega til að tryggja að slíkar rannsóknir geti farið fram. Ég álít að það muni skila sér margfalt til baka.

Nú eru uppi miklar áætlanir um að hefja þorskeldi og til þess þarf fóður. Og það fóður þarf að sækja í djúp hafsins og breyta til eldis.

[19:03]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mig langar aðeins að þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir töluna sem hann flutti. Hv. þm. hefur áður sýnt það og sannað að af reynslu sinni sem sjómaður hefur hann yfirburðaþekkingu á þessu sviði. Hann mælti hér ákaflega fagurlega og vel um þá ályktunartillögu sem ég hef lagt fram ásamt nokkrum öðrum þingmönnum úr mínum flokki. Mér þykir vænt um það, herra forseti, og vænti þess að hv. þm. leggi þessu máli lið í sjútvn. þar sem hann situr og það endi aftur í þessum sölum með góðum meðmælum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:04]

Útbýting þingskjala:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 536. mál, fsp. KLM, þskj. 841.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 537. mál, fsp. KLM, þskj. 842.

Húsaleigubætur foreldra með sameiginlegt forræði barna, 534. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 838.

Innkaup ríkisspítala, 541. mál, fsp. LB, þskj. 846.

Skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa, 542. mál, fsp. LB, þskj. 847.

Snemmskimun, 535. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 839.

Sjóðandi lághitasvæði, fyrri umr.

Þáltill. ÖHJ o.fl., 192. mál. — Þskj. 203.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 194. mál (afnám skylduaðildar). — Þskj. 205.

[19:05]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Pétur H. Blöndal, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Jónína Bjartmarz.

Markmið þessa frv. er í rauninni afskaplega einfalt, það er að gera hverjum þeim sem skylt er að eiga aðild að lífeyrissjóði frjálst að velja sér sjóð til að greiða í enda standist

sjóðurinn almennar kröfur og skilyrði um rekstur lífeyrissjóða. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að einstaklingar geti flutt lífeyriseign sína á milli sjóða en þó skuli líða að hámarki fimm ár frá því að tilkynnt er um flutninginn þar til hann getur átt sér stað.

Herra forseti. Lífeyrissjóðir eru ein mikilvægasta stoð velferðarsamfélags okkar. Það byggir á því að almenningur og atvinnurekendur setja til hliðar fé til að mæta efri árum einstaklinga. Þetta er ein af grunnstoðum velferðarkerfisins og er alveg einstakt í sinni röð. Markmið þessa frv. er ekki að breyta því grundvallaratriði. Hins vegar ber að líta á það sem lagt er fyrir, lífeyrissparnaðinn, sem eign einstaklingsins. Það er afskaplega mikilvægt að viðhalda skyldunni til lífeyrissparnaðar en jafnframt er líka rétt að árétta að hér er um eign einstaklings að ræða.

Spyrja má hvort einstaklingurinn eigi eitthvert val varðandi það hvar þessi eign hans, lífeyriseign, er vistuð. Samkvæmt gildandi lögum er ekki um slíkt val að ræða. Einstaklingnum er skylt að geyma fé sitt hjá tilteknum sjóðum, óháð því hvernig sjóðurinn er rekinn, óháð ávöxtun sjóðsins, í rauninni sjóði sem er háður eigin lögmálum. Einstaklingurinn hefur afskaplega takmörkuð tækifæri til að láta skoðun sína í ljósi um ávöxtun eða rekstur sjóðsins eða gera kröfur til frammistöðu.

Í framhaldi af þessu er eðlilegt að spyrja hvernig þeir sjóðir hafa staðið sig sem einstaklingar eru dæmdir til að greiða í. Samkvæmt upplýsingum frá árinu 1999 um sjóðina — því miður hef ég ekki nýrri tölur en þær segja í rauninni kjarna málsins — skilar sá með bestu ávöxtunina 22% en sá með lökustu er við 0% ávöxtun. Svo er allt þar á milli. Þarna er um gífurlega mikinn mun að ræða, herra forseti, og því má spyrja hvers einstaklingurinn eigi að gjalda, sá einstaklingur sem dæmdur er til að greiða í sjóð, setja eign sína í sjóð, sem skilar lítilli ávöxtun og horfa síðan á félaga sína greiða í aðra sjóði sem skila mun hærri ávöxtun. Það þýðir að þegar menn hyggjast nýta þessa eign sína á efri árum standa einstaklingar mjög ólíkt að vígi en hafa í raun ekki haft neitt um það að segja sjálfir.

Markmið frv. er að auka þennan rétt einstaklingsins, ekki að afnema lífeyrissparnað heldur að leyfa einstaklingnum að velja sér þann sjóð sem hann treystir best fyrir eigum sínum.

Því hefur verið haldið fram í umræðum um þetta frv., sem hófust kannski utan þingsins áður en þær fluttust hingað inn, að með þessari hugsun hrynji grunnhugsunin um lífeyrissjóði. Því hefur verið haldið fram, m.a. af ýmsum starfsmönnum lífeyrissjóða, annars vegar að lífeyrissjóðakerfið í sjálfu sér muni hrynja og hins vegar að fólk muni flýja einstaka sjóði, jafnvel að einstakir sjóðir muni meina einstaklingum aðgang. Þá er því til að svara að í gildandi lögum er skýrt tekið fram að einstökum sjóðum, sem starfa jú undir ströngu eftirliti, er óheimilt að meina einstaklingum aðgengi að sjóðnum á grundvelli kynferðis, hjúskapar, aldurs og þar fram eftir götunum. Þeir sjóðir sem gerðu sig því seka um slíkt væru einfaldlega að brjóta lög, og geri ég ráð fyrir að það kæmi þeim þá væntanlega í koll hvort sem það leiddi til breytingar á stjórn eða með öðrum refsiákvæðum.

Við flutningsmenn teljum að hér sé um afskaplega mikið réttlætismál að ræða, að einstaklingurinn geti valið sér þann sjóð sem hann treystir best til að ávaxta eigur sínar. Þess vegna er þetta frv. lagt fram. Ég ítreka að hér er ekki verið að vega að eða lögð til nein breyting á þeirri skyldu launþega að greiða í lífeyrissjóði. Við teljum að þetta sé réttlætismál og tryggi enn betur hin mikilvægu réttindi einstaklinga að geta valið sér þá sjóði sem þeir treysta best til að tryggja sér góð eftirlaunaár.

Um þetta þarf í rauninni ekki að fjölyrða frekar, herra forseti. Hér er verið að fjalla um aukinn rétt einstaklinga til að velja sér lífeyrissjóð. Hér er gengið út frá því að þetta grundvallarkerfi haldi áfram engu að síður. En rétt er að taka fram, herra forseti, að gert er ráð fyrir því að einstaklingur sem flytur sig á milli sjóða þurfi að tilkynna það með formlegum hætti og að frá því að tilkynningin berst sjóðnum geti viðkomandi sjóður haldið eign einstaklingsins í allt að fimm ár. Þetta ákvæði, herra forseti, er sett inn til að gefa viðkomandi lífeyrissjóði færi á að laga sig að þessari breytingu í fjárfestingarstefnu sinni og áætlunargerð. Það finnst okkur flutningsmönnum vera sanngirni og eðlilegt ákvæði.

Um þetta er ekki meira að segja, herra forseti. Og að lokinni umræðu mælist ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[19:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ekki get ég tekið undir að hér sé á ferðinni réttlætismál og ekki get ég heldur tekið undir að um þetta þurfi ekki að fjölyrða. Hér er mikið ágreiningsmál á ferðinni og ég vara mjög eindregið við því að Alþingi samþykki þetta frv. til laga. Ég ætla að leyfa mér að velta því upp að frumvarpshöfundar hafi ekki hugsað málið alveg til enda. Þetta kann að vera svolítið hrokafull yfirlýsing en ég ætla engu að síður að leyfa mér að halda því fram. Ég trúi nefnilega ekki öðru en að menn vilji styrkja lífeyriskerfið okkar frekar en að veikja það.

Ég held að enginn vafi sé á því að Íslendingar búa við eitt besta lífeyriskerfi í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Höfuðkostir þessa kerfis byggjast á skylduaðild, samtryggingu og sjóðasöfnun. Og það er óhætt að segja að víða sé þetta kerfi litið öfundaraugum.

Skylduaðildin er hér ekki dregin í efa. Menn vilja að allir greiði í lífeyrissjóði en hins vegar tel ég að valfrelsið sem þetta frv. á að innleiða muni, þegar upp verður staðið, draga úr þeirri samtryggingu sem íslensku lífeyrissjóðirnir byggja á og þar með þeirri samábyrgð sem launafólk hefur sýnt með smíði þessa kerfis.

Mjög mikið hefur verið skrifað um þetta efni. Ég er hér með nokkrar greinar sem ýmsir talsmenn lífeyrissjóðanna hafa látið frá sér fara, m.a. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra lífeyrissjóða. Hann hefur skrifað greinar í blöð undanfarin ár þar sem hann hefur tekið þetta mál sérstaklega fyrir. Í grein sem hann skrifaði 6. desember 1995 undir fyrirsögninni „Valfrelsi að lífeyrissjóðum er óskynsamlegt" fjallaði hann í fimm liðum um þætti sem hann taldi mæla gegn breytingum af þessu tagi.

Í fyrsta lagi taldi hann að kostnaður lífeyriskerfisins mundi stóraukast ef aðild yrði gefin frjáls.

Og hann segir hér, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi mun frjáls aðild að lífeyrissjóðunum hafa í för með sér verulega aukinn kostnað við eftirfylgni við innheimtustarfsemi. Þegar búið verður að hleypa öllu lausu verða að sjálfsögðu sífelldir flutningar sjóðfélaga á milli lífeyrissjóða og í stað þess að fyrirtæki greiddi t.d. nú í 10 lífeyrissjóði af starfsmönnum sínum gætu sjóðirnir orðið margfalt fleiri og enginn vissi sitt rjúkandi ráð, hvert ætti að greiða og hver ætti að innheimta vanskilagjöld. Lögfræðing-

ar við innheimtustörf mundu blómstra meira en nokkru sinni fyrr.

Í þriðja lagi væri sú hætta vissulega fyrir hendi að launþeginn, sem mun hafa mjög takmarkaða yfirsýn yfir rekstur lífeyrissjóða, þar á meðal mat á líklegri ávöxtun fram í tímann, þróun rekstrarkostnaðar, aldurssamsetningu, kynjasamsetningu, ævilíkur og örorkuáhættu, léti einfaldlega atvinnurekandann um að velja lífeyrissjóðinn. ... Þannig væru sjóðfélagarnir orðnir að eins konar viðskiptavöru, nánast eins og fé á fæti í öllu frelsinu."

Við þetta vil ég bæta að sú hætta er fyrir hendi að atvinnurekendur reyndu að þröngva launafólki inn í lífeyrissjóði sem væru ódýrastir fyrir þá. Þetta er sérstaklega hættulegt á tímum þegar atvinnuleysi er mikið og fólk á ekki margra kosta völ hvað atvinnu snertir.

Við fjórða atriðið sem Hrafn Magnússon nefnir erum við komin að því sem ég tel alvarlegasta málið:

„Í fjórða lagi mun valfrelsi brjóta smám saman niður samtryggingareðlið í lífeyrissjóðakerfinu."

Ég vík að því aðeins nánar hér á eftir. En fimmta atriðið er náskylt þessu segir Hrafn, með leyfi forseta:

„Í fimmta lagi væri farið að verðleggja sjóðfélagann eftir kyni, þar sem konur lifa lengur en karla og þyrftu því að greiða hærri iðgjöld en þeir. Eftir aldri, því iðgjöld sjóðfélaga eru þeim mun verðmætari, sem sjóðfélaginn er yngri og eftir fjölskylduaðstæðum, því fjölskyldufaðir, sem fellur frá, er kostnaðarmeiri en sá sem er einhleypur. Þannig yrði núverandi kerfi samhjálpar og samtryggingar í lífeyrissjóðunum rústað á fáeinum mánuðum ..."

Þetta er tilvitnun í grein eftir Hrafn Magnússon framkvæmdastjóra Sambands almennra lífeyrissjóða. Hún og birtist í Morgunblaðinu 6. desember 1995.

Ég er með fleiri greinar af svipuðum toga þar sem rök koma fram gegn þessu frv.

Er alveg út í hött að hætta sé á því að samtryggingareðli lífeyrissjóðanna sé stefnt í hættu? Nei, reyndar er því fagnað í greinargerð með frv., því þar segir, með leyfi forseta:

„Valfrelsið, sem hér er lagt til, mun flýta þeirri þróun, sem þegar er hafin, að lífeyrissjóðir veiti réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskyldustöðu."

Þetta er tilvitnun í greinargerð með frv. Hvað þýðir þetta í reynd? Þetta þýðir t.d. að lífeyrisréttindi kvenna yrðu rýrari en lífeyrisréttindi karla. Þær lifa að jafnaði lengur og hér er verið að vísa í að það sé líklegt að tekið yrði tillit til eða mið af kynjastöðu. Síðan er líklegt að samtryggingarþáttunum í kerfinu — þar vísa ég í örorkubætur og aðra slíka þætti — yrði öllum í voða stefnt. Nefna má annað dæmi: Einhleypingur er minni áhætta en fjölskyldufaðir eða fjölskyldumóðir vegna þess að lífeyrissjóðirnir hafa þá skyldu að tryggja börnunum lífeyri. Þannig mætti áfram telja.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna. Mér finnst mikilvægt að málið komist til nefndar og fái þar ítarlega umfjöllun. Hins vegar heiti ég því að komi það úr nefnd óbreytt þá hef ég nokkrum orðum við þetta að bæta.

[19:20]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja það að sú fullyrðing hv. síðasta ræðumanns að þetta sé vanhugsað og hafi ekki verið unnið til enda er ekki rétt. Í þetta hefur verið lögð mikil vinna og vil ég nú benda á að hvorki meira né minna en tveir lögfræðingar eru flutningsmenn að þessu frv. Við höfum rætt við fjöldann allan af fólki sem þekkir til í lífeyrissjóðum, fólk sem er að greiða í lífeyrissjóði og fólk sem hefur látið sig þessi mál mikið varða.

Aðeins um þau rök sem hv. þm. tíndi til úr vopnabúri Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Sambands almennra lífeyrissjóða, þá vil ég fyrst segja um kostnaðinn að ég tel það ekki vera rök. Ég tel það einfaldlega ekki vera rök. Ef kostnaður hleypur upp úr öllu valdi þá eru stjórnendur og starfsmenn lífeyrissjóða einfaldlega ekki að gegna skyldum sínum. Þar að auki stendur í lögum um lífeyrissjóði að þeim sé óheimilt að verja verulegu fjármagni til auglýsinga eins og hv. þm. veit.

Hvað varðar flakk á milli lífeyrissjóða, að fólk viti ekki í hvaða lífeyrissjóði það sé að borga og hafi verið að borga þá tel ég annars vegar að með nútímasamskiptatækni, tölvuútskriftum og slíku sé það einfalt, en vek jafnframt athygli á því að þetta er vandamál eigi að síður í dag. Ég sé því ekki að það breyti neinu.

Ég hafna því líka að atvinnurekandi velji fyrir einstakling. Ég hef meiri trú á einstaklingum en svo. Þar að auki trúi ég að það sé m.a. hlutverk verkalýðsfélaga, eins og hv. þm. ætti að vita, að gæta hagsmuna launþega á þessu sviði.

Síðast en ekki síst tel ég það vera fullyrðingu sem er mjög lítið rökstudd að samtryggingin muni hrynja. Ég hafna því, enda er það ekki tilgangurinn. Ég segi eingöngu: Á grundvelli gildandi laga segir að ekki megi meina fólki aðgang að lífeyrissjóði á grundvelli kyns, aldurs, hjúskapar, trúar o.s.frv. Því spyr ég: Ætti það að breyta einhverju þó að þarna væri bætt við: „... á grundvelli atvinnu"? Ég sé ekki að sá þáttur (Forseti hringir.) muni láta samtryggingarþáttinn hrynja.

[19:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var sannast sagna að vona flutningsmanna vegna að þetta hefði eða væri vanhugsað.

Um kostnaðarrökin vil ég taka það fram að þótt þau eigi við rök að styðjast þá tek ég undir það að samtryggingarþátturinn sé veigameiri röksemd. Trúin á einstaklinginn, já. Við skulum hafa trú á einstaklinginn. En staðreyndin er sú að við þekkjum dæmin þar sem atvinnuekendur reyna að þröngva fólki inn í réttindakerfi sem er ódýrara. Þetta er bara staðreynd. Sérstaklega á tímum þegar atvinnuleysi ríkir er sú hætta raunverulega fyrir hendi.

Varðandi samtryggingarþáttinn þá er ég einfaldlega að vísa í greinargerð með frv. Talað er um sjóði sem verði öðrum sjóðum vinsælli vegna þess að þeir geti veitt betri réttindi. Og hverjir eru það? Hvaða sjóðir eru líklegir til þess? Eru það ekki þeir sjóðir sem þá hugsanlega bjóða upp á minni samtryggingu? Er það ekki líklegt? Er ekki líklegt að ungt, heilsuhraust fólk leiti inn í slíka sjóði og flýi þá sem eru heilsuveilir og þar sem hætta er á örorku? Í greinargerð frv. segir, með leyfi forseta:

„Valfrelsið, sem hér er lagt til, mun flýta þeirri þróun, sem þegar er hafin, að lífeyrissjóðir veiti réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskyldustöðu."

Þarna er farið að mismuna einstaklingum á þessum grunni og þess vegna er staðhæft að verið sé að draga úr samtryggingu lífeyrissjóðanna.

[19:25]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja að með slíkri frjálsri aðild að lífeyrissjóðum er alveg ljóst að sumir sjóðir verða vinsælli en aðrir. En þeir munu ekki verða vinsælli fyrir það að þeir veiti minni samtryggingu. Þeir munu verða vinsælastir sem líklegastir eru til þess að veita einstaklingunum besta ávöxtun, hæstu ávöxtun og varðveislu á eign einstaklingsins þannig að þegar einstaklingurinn byrjar að taka út úr sjóðnum þá eigi hann von á að fá sem mest. Þeir sjóðir verða vinsælastir.

Það sem í raun rekur okkur flutningsmenn til þess að flytja þetta eru einmitt ábendingar frá fjöldanum öllum af ungu fólki sem er að hasla sér völl á vinnumarkaði, er að byrja að borga í lífeyrissjóði, er að þreifa sig áfram milli vinnustaða og þarf að flakka á milli sjóða, en fær engu að ráða um það hvert það fer. En það er ekkert síður vegna hvatningar frá eldra fólki sem hefur sagt afskaplega bitra reynslu sína af því fyrirkomulagi sem ríkjandi eru í dag. Það lýsir því hvernig það hefur verið dæmt í vonlausa sjóði sem þessir einstaklingar, eldri borgarar, telja að hafi leikið sig grátt.

Ég ítreka jafnframt að ég sé ekki hvernig það eigi að riðla þeirri samtryggingarhugsun sem ég hygg að við hv. þm. Ögmundur Jónasson séum sammála um, þ.e. um mikilvægi samtryggingarinnar, þó að inn í þetta ákvæði sem ég hef ítrekað vitnað til, að sjóðum sé óheimilt að meina fólki aðgang á grundvelli hjúskapar, aldurs, heilsufars o.s.frv., væri bætt: „atvinna". Ég trúi því ekki að starfsstéttin sé grundvöllur samtryggingarinnar. Um það hljótum við hv. þm. að vera sammála.

[19:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf í raun ekki að hafa mörg orð um þetta. Frumvarpshöfundar sjálfir eru að leggja til að flýtt verði þeirri þróun að lífeyrissjóðirnir fari að veita mismunandi lífeyrisréttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskyldustöðu. Þá er það staðreynd að einhleypur maður ætti að fá hærri lífeyri en fjölskyldufaðir eða fjölskyldumóðir vegna þeirra samtryggingarákvæða lífeyrissjóðanna að börn fái lífeyri úr lífeyrissjóðum að foreldrum sínum látnum, þ.e. ef þau eru á unga aldri. Það er því verið að tala um mismunun á þessum grundvelli. Væntanlega munu menn flykkjast í sjóðina þar sem einhleypa, unga, hressa og heilsuhrausta fólkið er. Frumvarpshöfundar sjálfir eru að leggja áherslu á þessa mismunun lífeyrisþega. Út á það gengur þetta. Ég vara við því að þetta frv. verði samþykkt. Það var þess vegna sem ég sagði, eiginlega af umhyggju fyrir frumvarpshöfundum, að ég vonaði að þetta væri vanhugsað af þeirra hálfu því ég trúi því ekki að menn vilji fara út á þessa braut.

[19:29]

Ásta Möller:

Herra forseti. Til umfjöllunar er frv. til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Með frv. er gert ráð fyrir að einstaklingum verði heimilt að velja sér lífeyrissjóð eftir því sem honum hugnast í stað þess að greiða í sameignarsjóði lífeyristrygginga í samræmi við kjarasamninga, lög eða sérsamninga, þar sem aðild að lífeyrissjóði ræðst að jafnaði af stéttarfélagsaðild eða starfsgrein, en í einhverjum tilvikum af búsetu. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðkomandi geti flutt lífeyrisréttindi sem hann hefur áunnið sér í einum lífeyrissjóði til annars lífeyrissjóðs að eigin vali.

Ekki er ljóst af frv. hvort það sé ætlun flytjanda þess að sá réttur verði án takmarkana, þ.e. hvort viðkomandi geti flutt rétt sinn ítrekað eftir því sem honum hugnast eða hvort um eitt val verði að ræða. Það væri áhugavert að fá svar við því frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni.

Ekki er gert ráð fyrir að frv. hrófli við skyldu einstaklinga til að vera í lífeyrissjóði heldur, eins og áður sagði, er miðað við að viðkomandi einstaklingur velji þann lífeyrissjóð sem hann treystir best til að ávaxta fé sitt og tryggja honum sem bestan lífeyri. Í grg. með frv. segir að þessi tilhögun muni ýta undir þróun um að lífeyrissjóður veiti réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskyldustöðu enda sé augljóst að yngra fólk myndi verðmætari réttindi en eldra fólk og því muni sjóðir sem yngra fólk sækir sérstaklega í vera vinsælli en aðrir sjóðir.

Í sjálfu sér má segja að sú grundvallarhugmynd sem kemur fram í frv. sé aðlaðandi, þ.e. að fólk eigi að ráða því sjálft í hvaða sjóði það kýs að leggja ákveðinn hluta ævisparnaðar síns sem á að mynda lífeyri þegar viðkomandi þarf á honum að halda. Það er í anda sjálfræðis einstaklinga að fólk hafi slíkt val, enda er um afar ríka persónulega hagsmuni að ræða.

Hins vegar eru aðrir mikilvægir þættir varðandi lífeyrissparnað og lífeyrisréttindi sem er ekki hægt að horfa fram hjá í þessu sambandi. Það er sátt um lífeyriskerfið eins og það er í dag. Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna fór að byggjast upp rétt fyrir miðja síðustu öld en lífeyriskerfi á almenna markaðnum á í raun ekki nema þriggja áratuga sögu. Á næstu árum mun það styrkjast enn frekar og það gefur í dag vilyrði fyrir drjúgri afkomutryggingu fólks þegar það hættir störfum og fer á eftirlaun. Í raun má segja að með árangursríkri uppbyggingu samtryggingarkerfis um lífeyrisréttindi á undanförnum árum þar sem ávinnsla réttinda er almennt óbundin aldri, kyni og hjúskaparstöðu hafi verið rennt einni mikilvægustu stoðinni undir bætta velferð lífeyrisþega í framtíðinni.

Herra forseti. Enginn veit sína ævina. Sumir greiða áratugum saman í lífeyrissjóði og þegar þeir ætla að njóta afraksturs þess og fara á lífeyri milli sextugs og sjötugs falla þeir frá. Þeir deyja. Þetta fólk nýtur ekki þeirra lífeyrisréttinda sem það hefur aflað sér og hefur getað treyst á að bíði þess við starfslok af eðlilegum ástæðum. Aðrir hins vegar njóta langra ævidaga, geta vænst þess að lifa góðu og innihaldsríku lífi í tvo, þrjá, jafnvel fjóra áratugi eftir að launuðum störfum lýkur. Slíkir lukkunnar pamfílar hafa strangt til tekið ekki lagt inn fyrir lífeyri til svo margra ára. Ef viðkomandi hefði lagt sömu upphæð til hliðar til séreignar og ávöxtunar væri sú eign löngu uppurin þegar að leiðarlokum er komið.

Það er einnig staðreynd að konur lifa lengur en karlar þannig að frá tryggingafræðilegu sjónarhorni eru þær dýrari lífeyrisþegar. Hið sama á við um gifta karla. Þeir lifa lengur en ógiftir karlar, ef ég man rétt, og af ástæðum sem er kannski ágætt að taka til umræðu en ekki að svo stöddu. Þegar hinn tryggði fellur frá reynir á aðra þætti hjá sjóðfélögum sem eru giftir, vegna makalífeyris, og hjá þeim sem eiga börn, vegna barnalífeyris. Tryggingafræðilega eru þessir einstaklingar dýrari en þeir sem eru ógiftir og barnlausir.

Augljóslega eru einnig hinir veiku, þeir sem verða öryrkjar og þeir sem geta t.d. átt von á að erfðasjúkdómar geri þá óvinnufæra um aldur fram, dýrari en aðrir. Og hér

tekur á grundvallarhugmyndum samtryggingar í lífeyrissjóðunum. Áhættan er tekin á samtryggingargrunni með það að leiðarljósi að ávinnsla réttinda tveggja sambærilegra einstaklinga til lífeyris er jöfn hvort sem um er að ræða ellilífeyri, makalífeyri, barnalífeyri eða örorkulífeyri. Fólk hefur sömu möguleika á að afla sér réttinda úr lífeyrissjóðum hvort sem viðkomandi er ungur eða gamall, karl eða kona, giftur eða ógiftur, á börn eða er barnlaus, er í áhættusömu starfi eða ekki, eða líkur á veikindum eða örorku eru meiri eða minni. Hins vegar ráða þessir þættir augljóslega því í hve miklum mæli viðkomandi þarf að nýta sér þau réttindi sem hann aflar sér. Helst vildu náttúrlega allir vilja vera lausir við að nýta sér bæði maka- og barnalífeyri því til að sá réttur vakni þarf viðkomandi sjóðfélagi að vera fallinn frá. Enginn hefur áhuga á að nýta sér örorkulífeyri, sem þó munar öllu fyrir þá sem verða öryrkjar, og flestir vildu að sjálfsögðu geta nýtt sér ellilífeyri sem allra lengst við góða heilsu. Fæstir hafa þó vald til að ráða þessu og því eru lífeyrissjóðirnir mikilvægur bakhjarl þegar á reynir.

Þetta er lífeyriskerfið sem við erum stolt af og þjóðirnar í kringum okkur hafa öfundað okkur af. Ég tel að ekki sé ástæða til að hrófla við þessu kerfi sem virkar vel. Það gætir jafnræðis, og ávinnsla réttinda mismunar ekki fólki eftir kyni, hjúskaparstöðu og aldri. Tilgangurinn er að styðja við fólk sem vegna örorku getur ekki aflað sér launatekna, greiða lífeyri til maka og/eða barna við fráfall framfæranda og greiða eftirlaun til þeirra sem lokið hafa störfum sökum aldurs. Þetta fólk nýtur greiðslna úr lífeyrissjóðum í samræmi við reglur þeirra um ávinnslu réttinda hvers og eins.

Skylduaðild að lífeyrissjóðum hefur verið ein af meginstoðum íslenska lífeyriskerfisins í þessum efnum. Lífeyriskerfið hefur verið byggt upp með samkomulagi milli samtaka launagreiðenda og launamanna yfirleitt í frjálsum samningum, og breytingar á lífeyrisréttindakerfunum hafa ætíð verið gerðar í nánu samráði aðila, hvort heldur réttindin eru ákvörðuð með lögum eða kjarasamningum. Lífeyrisréttindi eru jafnframt mismunandi milli sjóða. Þannig eru t.d. réttindi hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, hjá ríki, sveitarfélögum og bankamönnum, betri en hjá sjóðum á almenna markaðnum. Réttindi sjóðfélaga í þessum sjóðum eru og hafa ætíð verið órjúfanlegur hluti af heildarkjörum þeirra og um þau hefur verið samið í gegnum tíðina. Og það getur verið mjög erfitt að koma við vali milli sjóða vegna þessa.

Ef farin er sú leið að heimila fólki að velja aðild að lífeyrissjóðum eftir því sem fólki hugnast og líst best á hverju sinni er eðlilegt að spyrja einnig hvort sá réttur þurfi ekki einnig að vera gagnkvæmur, að lífeyrissjóður geti þá einnig valið þá úr sem þeir vilja tryggja. Slíkt kerfi býður augljóslega upp á að framsæknustu lífeyrissjóðirnir velji eingöngu ungt fólk, helst karla sem eru ógiftir og barnlausir og hafi erfðasjúkdóm sem leiðir þá til dauða u.þ.b. þegar þeir eru að fara á lífeyrisaldur, ekki fyrr. Þá eru þeir búnir að greiða full iðgjöld alla sína starfsævi en deyja, falla frá, áður en þeir fara að nýta réttindi sín. Þetta eru arðsömustu einstaklingarnir.

Ef að auki er gert ráð fyrir mismunandi iðgjöldum eftir kyni, aldri, hjúskaparstöðu, barnafjölda, svo ég tali ekki um genasamsetningu, held ég að við séum komin á verulega ranga braut. Slíkir sjóðir gætu hafnað að taka við iðgjöldum eldra fólks því að iðgjöldin ávaxtast í svo stuttan tíma að þau eru ekki arðbær. Einnig gæti slíkur sjóður hafnað t.d. **umsókn konu þar sem** fjölskylda hennar er þekkt að langlífi. **Slík kona er einnig** óarðbær í skilningi lífeyristrygginga.

Herra forseti. Með núverandi kerfi er áhætta þeirra sem eiga aðild að lífeyrissjóði jöfnuð út og það er tilgangur með lífeyristryggingakerfunum. Af þessu má því vera ljóst að ég er mótfallin breytingum í þá veru sem flutningsmenn frv. leggja til og mun ekki styðja það.

[19:38]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Ásta Möller draga upp heldur vonda mynd af hugsanlegum afleiðingum þessa frv. ef að lögum yrði. Ég vil fyrst segja að það ríkir ekki sátt um núverandi kerfi. Hún kann að ríkja meðal þeirra sem eru í stjórnum lífeyrissjóða og þeirra sem starfa hjá þeim en meðal þeirra sem greiða í lífeyrissjóði og sjá fram á að geta tekið út úr þeim ríkir ekki sátt, og það er ein ástæða þess að flutningsmenn flytja þetta frv. Eins og ég kom inn á í fyrstu ræðu minni er ólík ávöxtun sjóðanna eitt af því sem fólk horfir á sem þýðir einfaldlega að sjóðirnir skila misháum lífeyri til einstaklinganna, m.a. vegna þess að sjóðirnir standa sig misvel.

Hvers vegna standa þeir sig misvel? Ástæðan gæti e.t.v. verið sú að þeir hafa afskaplega takmarkað aðhald því þeir vita að það er skylduaðild í þennan tiltekna sjóð.

Ég legg líka áherslu á að á grundvelli gildandi laga er ekki heimilt að meina fólki um aðgang á grundvelli hjúskapar, trúarbragða, aldurs, heilsufars og þar fram eftir götunum. Það hefur ræki lega verið tekið fram hér og ég er nokkrum sinnum búinn að segja það í þó ekki lengri umræðu að það er ekki hugsunin með frv., eins og stendur bara í frumvarpsgreinunum, að breyta því. Áhersla er lögð á að halda skylduaðildinni. Og það er einmitt ekki ætlunin að sjóðir geti valið sér heldur er þeim þvert á móti ætlað að taka við öllum sem sækja um inngöngu í lífeyrissjóðina. Lífeyrissjóðirnir væru einfaldlega að brjóta lög ef þeir ýttu fólki frá á grundvelli þeirra atriða sem hér hafa verið talin upp. Við viljum einfaldlega bæta inn einu atriði, að ekki sé hægt að meina fólki inngöngu á grundvelli atvinnu. Það atriði getur ekki hleypt lífeyrissjóðakerfinu í uppnám.

[19:40]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Hjálmari Árnasyni um að ekki ríki sátt um kerfið. Ég held þvert á móti að það sé almenn sátt um lífeyrissjóðakerfið í landinu, hvernig það er rekið, hvaða réttindi það gefur í framtíðinni og stýringu þessara sjóða.

Eins og ég skil flutningsmenn — ég hef lesið það í gegnum línurnar og reyndar kom það fram í framsöguræðu hv. þm. áðan — er ástæðan fyrir þessu frv. mismunandi ávöxtun sjóðanna. Sjóðir sem skiluðu mikilli ávöxtun fyrir einu eða tveimur árum, upp á 20–30%, eru sjóðirnir sem eru í mestum mínus í dag. Sveiflurnar eru gríðarlega miklar. Ég vildi því fá svar við spurningu sem ég varpaði fram í ræðu minni: Gerir hv. þm. ráð fyrir því að fólk flytji sig oft á milli sjóða eða velji einn sjóð og haldi sig við hann? Ef hugmyndin er nefnilega sú að flytja oft milli sjóða er alveg augljóst að vinnan eykst og þar af leiðandi kostnaðurinn við rekstur lífeyrissjóðakerfisins. Allir fara í þann sjóð sem býður upp á 30% ávöxtun í dag en síðan skilar hann mínus 8% á morgun, eins og mörg dæmi eru um, og þá vilja allir fara þaðan. Hvaða stöðugleiki er í þessu kerfi og hvernig verður þá farið með réttindi þeirra sem sitja eftir í þeim sjóðum því þetta byggir allt saman á samtryggingu? Þetta byggir á tryggingarhugsjóninni þar sem í pottinum er ákveðið þýði

sem stendur undir pakkanum í heild þar sem aðstæður þeirra eru mismunandi.

[19:42]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að fara að metast um það hvort sjóðirnir séu umdeildir eða ekki, fyrir því liggja ekki neinar vísindalegar athuganir. Við höfum hins vegar ólíka skoðun á því. Mér nægir sá fjöldi fólks sem ég hef rætt við, ungt fólk, og eldra fólk sem lýsir megnri óánægju.

Í annan stað kemur það fram að einstaklingum er heimilt samkvæmt frv. að velja ólíka sjóði, fara á milli sjóða, en til þess þurfa að líða fimm ár. Það þurfa að líða fimm ár áður en einstaklingur getur fært eign sína á milli sjóða. Það er einmitt lagt til með það í huga að stjórnir lífeyrissjóðanna og starfsmenn geti gert rekstraráætlanir og ávöxtunarplön fram í tímann.

Meginatriðið er — ég ítreka það enn einu sinni — að ætlunin er ekki að hreyfa við skylduaðild, þvert á móti er lögð áhersla á að einstakir sjóðir geti ekki meinað einstaklingum inngöngu, og þeir eigi heldur ekki að geta meinað hana neinum á grundvelli atvinnu. Það er það atriði sem við viljum bæta við allt annað sem tekið er fram í lögum um lífeyrissjóði, um hjúskap, aldur, heilsufar o.s.frv. Ég trúi því einfaldlega ekki að það að bæta þessu eina orði við, að ekki megi meina einstaklingi á grundvelli stéttar sinnar eða atvinnu, muni setja samtryggingarkerfið í uppnám. En það er verk að vinna í hv. efh.- og viðskn. að skoða þessa þætti.

[19:44]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi því að hv. þm. sé einlægur þegar hann talar um að þessi réttur til vals verði ekki gagnkvæmur. Ég trúi því. Hins vegar er alveg ljóst að um leið og farið er að hrófla við kerfinu er hætta á að krafa komi um að lífeyrissjóðum verði jafnframt heimilt að velja það fólk sem kemur inn í sjóðina.

Annað atriði sem ég vildi jafnframt ræða um er sú fullyrðing hv. þm. að aðhald við stjórnun og rekstur sjóðanna sé takmarkað. Það er ekki rétt. Það er einfaldlega rangt. Það er mikið aðhald með rekstri sjóðanna. Kennitölur eru bornar saman og þær eru birtar opinberlega. Aðalfundir eru haldnir árlega og þeir eru opnir öllum sjóðfélögum sem hafa þar möguleika á að koma athugasemdum sínum að. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að fólk spekúlerar mjög mikið í þessu. Það skoðar þetta og hefur tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

[19:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég fæ ekki alveg séð hvernig framkvæmd þessa frv. sem hér er verið að ræða um að veita mönnum valfrelsi til þess að fara á milli sjóða gengur upp án þess að afnema skylduaðildina, eins og hv. 1. flm. Hjálmar Árnason sagði áðan. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta frv. vekur ákveðnar efasemdir hjá mér um að við séum að lagfæra það kerfi sem við höfum. Við höfum samtryggingarkerfi og þar til viðbótar höfum við séreignarsparnað.

Í niðurlagi greinargerðar frv. segir, með leyfi forseta:

„Valfrelsið, sem hér er lagt til, mun flýta þeirri þróun, sem þegar er hafin, að lífeyrissjóðir veiti réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskyldustöðu.“

Ef svo er, eins og hér hefur komið fram í máli manna, að talið er að þeir yngri muni velja sér að fara í einhvern sjóð, ætli það endi þá ekki líka þannig að einhverjir þeir eldri sem telja sig hafa lök réttindi vilji fara þangað á eftir þeim ef sá sjóður er sérstaklega vænn til þess að fara í þó að það taki fimm ár að bíða eftir því að réttindaflutningurinn eigi sér stað?

Ég verð að segja alveg eins og er að ég fæ ekki alveg samhengi í þetta mál. Ég held að við megum með engum hætti fórna því fyrirkomulagi lífeyrissjóðanna sem er í dag. Lífeyrissjóðirnir eru að uppbyggingu til sameignarsjóðir, þ.e. þeir veita samtryggingu. Í þeim skilningi eru þeir sameignarsjóðir. Ef eitthvert okkar sem er í lífeyrissjóði verður óvinnufært eða stendur höllum fæti, missir atvinnu eða verður öryrki þá getum við fengið út úr lífeyrissjóðum og er það þá framreiknað út á okkar stig. Í því felst ákveðin samtrygging sem aðrir sjóðfélagar bera með okkur. Svo er einnig háttað um réttindi barna og barnalífeyri.

Ég vil spyrja þingmanninn hvort sú hugsun að menn geti farið á milli sjóða með því lagi sem hér er lagt til hljóti ekki að leiða til þess að skylduaðildin hverfi og hvort ekki komi fram krafa um það frá lífeyrissjóðunum að geta takmarkað aðild að sjóðunum miðað við aldur því ef einn lífeyrissjóður verður þannig að þangað velst fyrst og fremst ungt fólk og svo vill hluti af eldra fólki færa sig þangað yfir vegna þess að það telur að sá sjóður standi vel þá er hætt við því að þeir sem fyrir eru verði ekki sáttir við það vegna þess að sá sem inn kemur, svo framarlega sem hann greiðir í sjóðinn í ákveðinn tíma, öðlast framreikning. Þá verða þeir sem fyrir eru í sjóðnum að bera það eins og sjóðirnir eru hugsaðir í dag.

Og getur sá sem fer á milli sjóða farið oft á milli sjóða? Einhver fer t.d. á milli sjóða og er þar í þrjú ár. Hann óskar eftir flutningi sem ekki getur orðið fyrr en eftir fimm ár en sér svo að sá sjóður sem hann fór í hefur fallið verulega í ávöxtun varðandi sína fjármuni sem er nú bara alþekkt. Nægir í því dæmi að vitna til þess sem hefur verið að gerast hér á undanförnum tveimur árum þegar sjóðir hafa verið jafnvel með upp í 27% ávöxtun eitt árið en mínustölu einu, tveimur árum seinna. Getur þá sá sem hefur farið á milli sjóða, hefur verið þar í þrjú ár og vill fara til baka, látið kyrrt liggja með þennan flutning sem hann er búinn að biðja um eða fara flutningsréttindin yfir eftir sem áður þó að hann sé farinn úr sjóðnum? Ég held að þetta skapi talsverða lausung og ég held að það þurfi að huga vel að því hvernig þetta mál er upp byggt og hvernig það er hugsað í hv. nefnd.

[19:51]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að spá um hverjir velji og hvað og hversu oft. En samkvæmt frv., eðli málsins samkvæmt, þá getur einstaklingur fært sig á milli a.m.k. á fimm ára fresti. Eignin er alltaf bundin a.m.k. í fimm ár. Ég treysti mér ekki til þess að spá um það hvernig menn velja, eftir aldri, kyni, starfsstétt o.s.frv.

Það sem mun ráða því hins vegar að mínu mati er hvernig sjóðirnir standa sig. Þetta setur meiri kröfu á sjóðina um að standa sig vel hvað varðar ávöxtun, hvað varðar samtryggingu og hvað varðar lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum. Aðhaldið er að mörgu leyti afskaplega takmarkað í dag vegna þess að sjóðirnir eru mjög verndaðir. Þeir eru tryggðir fyrir því að fólk er dæmt til þess að fara inn í þá og aðhaldið er í raun afskaplega takmarkað. Það sýna líka tölurnar um alveg ótrúlega ávöxtunarsveiflu á milli einstakra sjóða. Þetta setur

á þá kröfu um að ávaxta sig sem sem best, um að halda útgjöldum í lágmarki þannig að eigendurnir, þeir greiða í lífeyrissjóðina, fái sem mest þegar þeir byrja að fá greiðslur út úr sjóðunum.

Ég segi enn og aftur að það er ekki verið að hverfa frá skylduaðild. Hvað varðar spurninguna um að krafa komi frá sjóðunum um að fá að takmarka aðgang og meina einstökum hópum aðgang þá er það til staðar í dag. Sjóðirnir geta meinað fólki um aðgang á grundvelli atvinnu. Það er eina breytingin sem er verið að leggja til.

Ef sú krafa kæmi hins vegar upp í kjölfarið að sjóðir vildu meina fólki aðgang á grundvelli hjúskapar eða aldurs eða því um líks þá mun ég leggjast gegn því vegna þess að þá erum við að tala um tilræði við samtrygginguna sem ég hygg að flestir séu sammála um. Það er engu verið að breyta í núverandi kerfi öðru en því að fólk þurfi ekki að vera dæmt eftir starfi sínu inn í tiltekna sjóði.

[19:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerðinni segir:

„Valfrelsið, sem hér er lagt til, mun flýta þeirri þróun, sem þegar er hafin ...“

Það sem verið er að leggja til í frv. mun þá flýta því sem þingmaðurinn sagði hér áðan að hann mundi leggjast gegn.

Jæja, gott og vel með það. Ég vil hins vegar reyna að skilja þetta frv. Það vefst afar mikið fyrir mér að skilja þessa reglu um að einhver megi fara á milli sjóða og síðan eigi hann að bíða í fimm ár þangað til réttindin hans flytjast.

Nú vil ég setja upp dæmi fyrir þingmanninn og biðja hann að skýra út fyrir mér hvað gerist. Maður gengur úr sjóði A. Hann fer yfir í sjóð B og er þar í tvö ár. Hann óskaði eftir því þegar hann fór úr sjóði A yfir í sjóð B að flytja með sér réttindin. Þau eiga að fara þangað eftir fimm ár.

Eftir tvö ár fer hann í sjóð C og er þar í þrjú ár. Er það þá svo að þegar maðurinn er farinn úr sjóði B þá fari réttindin hans þangað eftir fimm ár þó að hann sé búinn að vera þrjú ár í sjóði C? Eða hvert fara þá réttindin?

Þýðir þetta í raun eins og það er útfært að réttindi mannsins geti verið á flakki löngu eftir að hann hefur farið úr sjóði sem hefur borið lélega ávöxtun?

[19:54]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú nokkuð flókið dæmi sem hv. þm. setti upp. (**GAK:** Nei. Þetta var mjög ...) Ég hygg hins vegar, miðað við texta frv., að gert sé ráð fyrir því að einstaklingur verði að binda sig til fimm ára þannig að flutningurinn verði að vera á fimm ára fresti.

Að gefnu tilefni — ég held ég verði að víkja að því af því að oft og iðulega hefur verið vitnað til lokaorðanna í greinargerð frv. — held ég að ég verði að upplýsa að þar er um að ræða sérálit eins hv. meðflytjanda þessa máls, enda er það að sumu leyti á skjön við það sem ég hef verið að segja hér og er meginefnið í greinargerðinni. Það er í raun sérálit eins hv. flytjanda þessa frv. og túlkar ekki sjónarmið hinna að ég hygg. Ég hygg að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson viti um hvern er rætt en hann mun þá upplýsa það á síðari stigum sjálfur, sá hv. þm.

Enn og einu sinni árétta ég að samtryggingin helst, sú fallega mynd sem fylgir samtryggingunni. Eina breytingin er að einstaklingurinn fær að velja sjálfur hverjum hann treystir best til að ávaxta eign sína þannig að einstaklingurinn fái enn betri tekjur þegar hann kemst á efri ár.

[19:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ræða þessi mun ekki taka lengri tíma en nokkrar sekúndur. Enda þótt hv. þm. segi að þetta sé skoðun aðeins eins flutningsmanns en ekki allra þeirra fjögurra sem flytja frv. þá tel ég að þetta sé rétt niðurstaða í greinargerðinni, þ.e. að þetta muni flýta þeirri þróun sem þegar er hafin, eins og flutningsmenn segja, að lífeyrissjóðirnir komi til með að veita réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskyldustöðu. Það tel ég vera mjög varasama þróun. Við eigum að forðast að fara þá leið.

Hins vegar finnst mér gott að heyra það persónulega sjónarmið hv. flm. Hjálmars Árnasonar að hann hafi efasemdir um að slíkt væri til bóta. En ég tel að þetta yrði niðurstaðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðaþjónusta á norðausturhorni Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 199. mál. — Þskj. 213.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til sveitarstjórna, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 202. mál (kosningarréttur erlendra ríkisborgara). — Þskj. 227.

[19:58]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Það er 202. mál þingsins á þskj. 227.

1. gr. þessa frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „danskir, finnskir, norskir og sænskir“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: erlendir.“

Síðan eiga lög þessi að öðlast þegar gildi.

Herra forseti. Til þess að gera það strax ljóst hverju þessi litla breyting mun áorka þá mun hún hafa það í för með sér, ef frv. verður samþykkt, að erlendir ríkisborgarar sem dvalist hafa á Íslandi í þrjú ár eða lengur hafi kosningarrétt til sveitarstjórna í því sveitarfélagi sem þeir eru búsettir í.

Erlendir ríkisborgarar sem sest hafa að á Íslandi eða dvalist í landinu um nokkurt skeið hafa að norrænum mönnum undanteknum ekki rétt til þátttöku í kosningum. Okkur þykir mörgum eðlilegt að slík þátttaka í landsmálum einskorðist við íslenska ríkisborgara, sem einir hafi kosningarrétt og kjörgengi í alþingiskosningum og forsetakosningum. Öðru máli gegnir um kosningar til sveitarstjórnar og aðrar atkvæðagreiðslur sem miðast við kjörskrá í sveitarstjórnarkosningum. Þótt erlendur ríkisborgari kjósi að halda ríkisfangi sínu á hann heima í íslenska sveitarfélaginu meðan hann dvelst hér og hefur þar bæði skyldur og réttindi.

Þetta hafa hin norrænu ríkin viðurkennt og að frumkvæði Norðurlandaráðs var tekin upp sú skipan á árunum 1976–1982 að norrænn ríkisborgari í öðru norrænu landi

hefur kosningarrétt og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum. Það á líka við þar sem þriðja stjórnsýslustigið er á hinum Norðurlöndunum, eins og í kjöri til amtsráðs í Danmörku og fylkisþings í Noregi og Svíþjóð. Finnar tóku þetta upp og Svíar strax árið 1976, Danir árið 1978, Norðmenn árið 1979 og síðastir norrænna þjóða til að heimila kosningarrétt annarra norrænna þjóða við sveitarstjórnarkosningar voru Íslendingar, en það var árið 1982.

Rök sem í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu 1982 voru talin mæla með kosningarrétti og kjörgengi norrænna manna um Norðurlönd öll voru „norrænn vinnumarkaður, hópar norrænna innflytjenda í löndunum, víðtækt norrænt samstarf og aukið jafnrétti norrænna innflytjenda á við borgara dvalarlandsins". Þá var bent á að þessir menn greiddu skatta og skyldur til jafns við ríkisborgara landsins, og talið að kosningarréttur til sveitarstjórnar snerti ekki „fullveldiseða þjóðernissjónarmið á sama hátt og ef um þingkosningar væri að ræða. Þá eru náin tengsl íbúa og sveitarstjórna." Engum mótmælum var hreyft við þessu ákvæði frumvarpsins á 104. löggjafarþinginu árið 1982. Tveir þingmenn, Guðmundur Vésteinsson og Magnús H. Magnússon, töldu réttast að ákvæðið ætti við alla erlenda ríkisborgara, eins og nú er lagt til með þessu frv., en fluttu þó ekki um það formlega tillögu. Athyglisvert er að meginhluti þeirra raka sem fyrir um tveimur áratugum þóttu eiga við um Norðurlandabúa eiga nú sannarlega við um ríkisborgara á EES-svæðinu, og raunar í síauknum mæli um heimsþorpið gjörvallt. Síðan þessari skipan var komið á um Norðurlönd hafa frændur okkar þar, Finnar, Danir, Norðmenn og Svíar gengið lengra. Í Danmörku og Svíþjóð er héraðskosningum svo háttað að þessu leyti að allir norrænir menn og borgarar ESB-landa hafa kosningarrétt og kjörgengi sem miðast við sömu búsetuskilyrði og við eiga um innlenda kjósendur, þ.e. allir aðrir norrænir menn og menn af EES-svæðinu eiga sama kosningarrétt og heimamenn. Aðrir erlendir ríkisborgarar verða að hafa dvalist í landinu í þrjú ár. Finnar hafa sömu skipan, en setja aðeins tveggja ára búsetuskilyrði. Þessi ríki eiga aðild að Evrópusambandinu og taka því sérstakt tillit til ESB-borgara, en um það er þó engin almenn regla eða samningar innan ESB. Í Noregi, sem hefur sömu stöðu og Ísland í Evrópumálum, er sú skipan að norrænir menn hafa í héraðskosningum og sveitarstjórnarkosningum sama rétt og Norðmenn en réttur allra annarra er bundinn þriggja ára búsetuskilyrði. Það er í rauninni, herra forseti, það sem lagt er til að gildi einnig hér.

Samkvæmt Frétt Þjóðhagsstofnunar nr. 8/2001 voru erlendir ríkisborgarar hér á landi 8.824, eða um 3,1% af íbúafjöldanum, í upphafi þessa árs og hefur hlutfallið hækkað töluvert á undanförnum árum. Þá kemur fram að um 8% kvenna á aldrinum 20–29 ára sem búsettar eru hér á landi eru erlendir ríkisborgarar.

Erlendir ríkisborgarar eru mjög misdreifðir um landið. Flestir eru þeir eðli máls samkvæmt á höfuðborgarsvæðinu en hlutfallið er hins vegar langhæst á Tálknafirði, 19%, og Bakkafirði, 16%. Vísa ég þá enn í Frétt Þjóðhagsstofnunar nr. 8/2001. Fast á eftir þessum sveitarfélögum koma síðan Ásahreppur með 11% og Þórshafnarhreppur með 10%. Hlutfall erlendra ríkisborgara er meira en tvöfalt landsmeðaltal, eða yfir 6,2%, í 25 sveitarfélögum. Í þessum sveitarfélögum búa nær 17.000 manns, þar af 1.236 erlendir ríkisborgarar samkvæmt þessum tölum. Þjóðhagsstofnun telur að ef spá stofnunarinnar um framvindu íbúaþróunar það sem eftir er af árinu, þ.e. 2001, gangi eftir muni erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði fjölga um 1.500.

Framteljendur með erlent ríkisfang voru 7.057 á síðasta ári og erlendum ríkisborgurum með atvinnutekjur fjölgaði um 17,8% milli ára. Erlendir ríkisborgarar setja því sífellt meiri svip á atvinnulífið og eru mikilvægir útsvarsgreiðendur í mörgum sveitarfélögum. Því er eðlilegt að þeir hafi með kosningarrétti til sveitarstjórna áhrif á þróun sinna sveitarfélaga eins og aðrir íbúar.

Herra forseti. Ég veit ekki hvað sá hópur er stór sem miðað við þriggja ára búsetuskilyrði á Íslandi ætti kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar nú í vor. Eigi að síður er hér áreiðanlega um umtalsverðan hóp að ræða sem þykir mikilvægt að séu tryggð þau mannréttindi sem felast í því að geta kosið til sveitarstjórna og þar með haft frekari áhrif á búsetuskilyrði sín. Ég held líka að það sé mat allra sem hafa skoðað þessi mál að afar mikilvægt sé að þessi hópur fái þessi réttindi og þar með þá athygli sem þeir njóta sem eru með kosningarrétt. Þeir eru þar með áhrifavaldar á það hverjir ráði málum til lykta í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta gæti jafnvel verið einhver virkasta aðgerð sem völ er á til þess að erlendir ríkisborgarar njóti hér réttmætra mannréttinda.

Fram kom á ráðstefnu sem ég sótti, eða málstofu, hjá Mannréttindaskrifstofu sem haldin var í nóvember sl., um það leyti sem þetta frv. var lagt hér fram — ég held að frv. hafi nú verið komið fram — að afstaða félmrn. væri sú að ráðherra væri hlynntur því að lögum yrði breytt í þessa veru. Ég hef þess vegna, herra forseti, beðið þess að stjfrv. kæmi þess efnis að erlendir ríkisborgarar fengju hér kosningarrétt til sveitarstjórna eftir þriggja ára búsetu. Svo hefur þó ekki orðið og ég kann ekki skýringar á því. E.t.v. hefur hæstv. félmrh. ákveðið að eitt hlutverk nægði í þessum efnum, þó að það sé óvanalegt, herra forseti, því að mörg höfum við lent í því að vera hér með ágæt mál í gangi sem ráðherra hefur síðan flutt með sambærilegum hætti og fengið sitt frv. samþykkt, eins og þar stendur. Eigi að síður kann hæstv. félmrh. að hafa ætlað að breyta lögum nákvæmlega í þá veru sem hér liggur fyrir eins og fram kom í þessari málstofu Mannréttindaskrifstofu og voru tíðindin þar flutt af ráðuneytisstjóranum í félmrn. Herra forseti. Ég geri þess vegna ráð fyrir því að þetta frv. verði skoðað af athygli í hv. félmn. og sent félmrn. til umsagnar og að menn hafi þar hraðar hendur því að ef kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga á komandi vori eiga að taka mið af þeirri breytingu sem hér er þá mega menn nú ekki vera öllu seinna á ferðinni en er með þetta frv. og síðan umfjöllun þess og meðferð hér í þinginu.

Frv. þetta var flutt fyrst af hv. þáv. varaþm. Samfylkingarinnar, Merði Árnasyni, á 126. löggjafarþingi. Það var ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[20:10]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni um þetta frv. sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir kynnti hér. Ég tel að málið sé í alla staði gott og mjög rökrétt sett fram um hvernig það eigi að byggjast upp varðandi réttindi erlendra manna sem búið hafa hér á landi í þrjú ár. Ég tel að ekki eigi að mismuna þessu fólki varðandi það að hafa áhrif á það sveitarfélag sem það býr í.

Þar af leiðandi er ég algjörlega sammála hv. þm. um efni frv. og mæli eindregið með því að það fái að fara hér í gegn

sem allra fyrst og geti orðið að lögum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, fyrri umr.

Þáltill. KPál og ÁRÁ, 235. mál. — Þskj. 262.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. ÖJ, 265. mál (áfrýjunarréttur, fjölskipaður dómur). — Þskj. 310.

[20:11]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Það frv. til laga sem ég mæli hér fyrir er um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að þetta flokkist undir mannréttindamál.

Frv. gengur út á tvennt, annars vegar réttinn til þess að áfrýja máli úr undirrétti til Hæstaréttar og hins vegar hvernig skipa skuli dóm sem byggir á framburði vitna, þar sem leitað er til vitna.

Venjulega eru tvö dómstig í dómsmálum hér á landi. Frá því eru þó undantekningar í svokölluðum minni málum. Er þar átt við einkamál þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru ekki miklir og opinber mál þar sem refsingar eru ekki þungar. Allt er þetta að sjálfsögðu afstætt. Ætli nokkrum finnist sitt mál vera minna mál eða minni háttar mál og refsingin ekki þung ef mönnum finnst dómurinn vera ranglátur? En í slíkum málum þarf leyfi frá Hæstarétti til þess að unnt sé að áfrýja héraðsdómi, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og 150. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Röksemdir fyrir takmörkun á rétti til áfrýjunar eru fyrst og fremst þær að takmarka málafjölda á áfrýjunarstigi. Miklir hagsmunir eru bundnir við að álag á áfrýjunarstigi verði ekki of mikið þannig að málsmeðferð dragist á langinn. Undanfarin ár hefur náðst mikill árangur hvað varðar málshraða fyrir Hæstarétti. Þegar ég hef leitað eftir upplýsingum frá Hæstarétti um hvað valdi því eða hvað réttlæti það að það sé lagt í vald réttarins að ákveða hver fái að áfrýja sínu máli þá eru svörin á þann veg, þó að þau svör séu ekki formlega sótt, að með því að vísa málum frá hafi tekist að stytta biðlista sem hafi hrannast upp frammi fyrir Hæstarétti. Ég tek undir að miklir hagsmunir eru bundnir við það að hraði sé á málum. En það gengur náttúrlega ekki að gera það á kostnað einhverra sem eru að leita réttar síns og eiga að hafa fullan rétt til þess.

Í þessu frv. er lagt til að felldar verði niður lögbundnar takmarkanir við því að maður sem hefur verið sakfelldur í opinberu máli geti áfrýjað niðurstöðunni til Hæstaréttar. Ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um að ákæra einstakling fyrir refsiverðan verknað er að sjálfsögðu stór ákvörðun. Leiði ákæran til sakfellingar getur slíkt verið mikið áfall fyrir þann sem fyrir verður. Hér segi ég, með leyfi forseta, í greinargerð:

„Það hlýtur að þurfa sterk rök og mikla þjóðfélagslega hagsmuni til þess að setja lagareglu sem takmarkar rétt sakfellds manns til þess að bera sakfellinguna undir dómara á æðra dómstigi.“

Ég vildi að ég hefði ekki skrifað þessa setningu. Það eru engin rök fyrir því að mínum dómi að svipta einstakling þessum rétti.

Að mati flutningsmanns eru rökin fyrir óheftum áfrýjunarrétti sakfelldra manna í opinberum málum svo sterk að önnur rök, ef þau fyrir finnast á annað borð, hljóti að víkja. Sparnaðarrökum má ekki tefla fram á kostnað réttlætis og mannréttinda.

Þegar um er að ræða mál sem ráðast af sönnunargildi framburðar vitna er líklegt að nauðsynlegt sé að vega og meta ýmis álitaefni og er eðlilegt við slíkar aðstæður að fleiri en einn dómari dæmi. Með þessum hætti er stuðlað að traustara réttaröryggi.

Þetta eru þau tvenn sjónarmið, þessar tvær breytingar sem verið er að leggja til, þ.e. annars vegar að einstaklingur geti jafnan áfrýjað máli til Hæstaréttar ef hann telur að réttlætið hafi ekki náð fram að ganga. Það er einstaklingurinn sem er að taka áhættu. Það er hann sem ber sakarkostnað. Falli dómurinn honum ekki í hag og hafi það gerst í undirrétti hefur hann þurft að greiða sakarkostnaðinn og ef hann tapar málinu í Hæstarétti mun hann að öllum líkindum einnig þurfa að greiða sakarkostnað. Ég tel að þessi vinnuregla sem á sér lagastoð stríði hreinlega gegn mannréttindum. Hún stríðir gegn mannréttindum. Það á ekki að vera háð duttlungum manna í Hæstarétti eða annars staðar að ákveða hver fær að áfrýja máli. Maður sem telur brotinn á sér rétt sættir sig ekki við að mál hans sé flokkað sem eitthvert minni háttar mál. Ég tel þetta vera mikið sanngirnismál og jaðra við mannréttindabrot að viðhalda þeirri reglu sem nú er við lýði í lögunum.

Varðandi hitt atriðið um fjölskipaðan dóm þegar vitni eru leidd fram þá finnst mér það einnig vera sanngirnismál. Þá er augljóslega um að ræða álitamál þar sem kölluð eru vitni fyrir dóminn. Í slíkum tilvikum þarf að vega og meta ýmis álitaefni og við slíkar aðstæður er eðlilegt að fleiri en einn dómari komi að dómnum.

Ég hef borið þetta frv. undir ýmsa menn, lögfróða og aðra sem er annt um mannréttindin og óhætt er að segja að það hefur fengið mjög góðan hljómgrunn.

Ég ætla að leyfa mér að óska eftir því að þessu máli verði vísað til allshn. að lokinni þessari umræðu. Ég vonast svo sannarlega til að frv. verði samþykkt á Alþingi fyrir vorið.

[20:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem verið er að ræða hér tel ég vera um réttarbót einstaklings og að í því felist það sjónarmið að einstaklingur sem telur sig hafa verið dæmdan óréttmætum dómi eigi þess kost, þótt ekki sé um háar upphæðir að ræða, að fylgja máli sínu eftir.

Þetta frv. er tvíþætt og ég tek undir bæði efnisatriði þess, í fyrsta lagi að 1. gr. kveður á um það að ef sakborningur neitar sök eigi dómari að kveðja sér til fulltingis tvo aðra dómara. Dómur verði þá felldur af þrískipuðum dómi

þegar þannig háttar til að ákærði neitar sök og beita þarf vitnaleiðslum og öðrum líkindarökum til að fella dóm yfir viðkomandi einstaklingi. Það er kostur að þá sé það ekki einn maður sem gerir það, heldur þrír. Sú ákvörðun að breyta því fyrirkomulagi með þeim hætti sem lagt er til í 1. gr. mundi óhjákvæmilega verða til þess að ef sakborningur fengi á sig dóm, jafnvel þó að hann teldi hann óréttlátan og þrír dómarar yrðu um það sammála, hygg ég að það yrði til þess að viðkomandi einstaklingur mundi aðeins draga við sig að fara með slíkt mál í Hæstarétt. Það er afar líklegt, nema eitthvað nýtt kæmi fram í málinu, að dómurinn félli eins í Hæstarétti. Þar af leiðandi veikir það auðvitað mikið málsmeðferðina að fara með einróma niðurstöðu þriggja dómara í máli þar sem hagsmunir eru ekki miklir þó að vissulega sé afar afstætt í öllum málum hvenær hagsmunir eru miklir. Manni sem telur að hann sé dæmdur óréttmætum dómi, þó að ekki sé um stóra sök að ræða og ekki miklir fjármunir í spilinu, getur sviðið það jafnmikið og öðrum sem dæmdur er fyrir meiri sakir. Við vitum að mönnum er mjög sárt um mannorð sitt og heiður.

Hin tillagan sem felst í þessu frv., að menn skuli ávallt eiga rétt á að vísa máli til Hæstaréttar og að sparnaðarrökum megi ekki beita, er líka réttmæt. Ég tek undir það sjónarmið að ekki sé hægt að beita sparnaðarrökum á móti mannréttindum og réttlæti. Ég tel hins vegar að það sem felst í 1. gr. geti orðið til þess að það dragi úr málafjölda sem færi til Hæstaréttar eftir að þrír dómarar hefðu dæmt í máli en mér finnst ekki verjandi að sá einstaklingur sem telur að hann hafi hlotið rangan dóm eigi ekki að geta leitað réttar síns til að hnekkja honum fyrir Hæstarétti. Þess vegna tek ég undir efni þessa frv. og tel að hér sé um réttarbót að ræða fyrir einstaklinga gagnvart ákæruvaldinu og vona að málið fái meðferð sem slíkt mannréttindamál.

[20:23]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir góðar undirtektir við þetta frv., og þau rök sem hann tefldi fram tel ég vera mjög góð. Hann benti á að ef við tækjum upp þá skipan að hafa jafnan fjölskipaðan dóm þegar um er að ræða mál sem ráðast af sönnunargildi framburðar vitna þar sem þarf að vega og meta ýmis álitaefni er líklegt að einstaklingur mundi hugsa sig tvisvar um áður en hann skyti málinu til Hæstaréttar. Annað er uppi á teningnum þegar einn dómari situr í slíkum dómi þannig að ég held að þarna séu komin fram ágæt rök. Ástæðan fyrir því að þetta vald er sett í hendur Hæstaréttar, að hann geti lagt mat á það hverjir megi áfrýja málum, byggir á því að stytta þurfi biðlista frammi fyrir Hæstarétti. Þetta eru reyndar rök sem eiga að sjálfsögðu ekki að heyrast í réttarríki. Það á ekki að vera háð duttlungum eða mati Hæstaréttar hverjir fái leyfi til að áfrýja til réttarins, til æðra dómstigs. Annaðhvort eru tvö dómstig í landinu eða ekki, og allir eiga að sitja við sama borð og njóta sama réttar eða við getum hreinlega ekki kallað okkur réttarríki. Þess vegna lít ég svo á að þetta frv. og þessar lagabreytingar sem hér eru lagðar til varði mannréttindi.

Ég þakka mjög góðar undirtektir við þetta mál og vona að það fái samþykki fyrir vorið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 7., 10., 17. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 20:26.

---

81. FUNDUR

mánudaginn 25. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 286. mál, þskj. 348, nál. 808, brtt. 809. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Siðareglur í stjórnsýslunni, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Siðareglur fyrir alþingismenn, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frv., 156. mál, þskj. 156. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, þáltill., 161. mál, þskj. 162. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 194. mál, þskj. 205. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Ferðaþjónusta á norðausturhorni Íslands, þáltill., 199. mál, þskj. 213. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 202. mál, þskj. 227. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, þáltill., 235. mál, þskj. 262. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Póstþjónusta, stjfrv., 168. mál, þskj. 169, nál. 805, brtt. 806 og 862. — 2. umr.
15. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818. — 1. umr.
16. Náttúruvernd, frv., 200. mál, þskj. 214. — 1. umr.
17. Stimpilgjald, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
18. Gjaldþrotaskipti, frv., 177. mál, þskj. 178. — 1. umr.
19. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Bókun bæjarráðs Akureyrarbæjar um byggðaáætlun 2002–2005.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðarmenn, 540. mál, frv. LB o.fl., þskj. 845.

Einkahlutafélög, 546. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 854.

Fríverslunarsamtök Evrópu 2001, 544. mál, skýrsla ÞEFTA, þskj. 849.

Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, 551. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 864.

Hlutafélög, 547. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 855.

Kosningar til sveitarstjórna, 550. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 863.

Líftækniiðnaður, 548. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 856.

Meint óeðlileg innherjaviðskipti, 464. mál, svar viðskrh., þskj. 840.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 549. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 857.

Póstþjónusta, 168. mál, brtt. JB, þskj. 862.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 545. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 853.

Vestnorræna ráðið 2001, 543. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 848.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill láta þess getið að umræða utan dagskrár fer fram að loknum fyrirspurnum og atkvæðagreiðslum, stundarfjórðungi fyrir fjögur, um málefni Þjóðmenningarhúss og Þjóðskjalasafns. Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir en hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sala Landssímans.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. vegna málefna sem lúta að einkavæðingu Landssímans og einkavæðingarnefnd og störfum hennar. Reyndar ber vel í veiði því að mér er tjáð að nú séu öll ráð á sömu hendi, og hæstv. forsrh. sé jafnframt starfandi hæstv. samgrh. þannig að í einum og sama manninum sameinast þá forræði fyrir þessum málum öllum.

Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa á síðustu dögum eða vikum lýst því áliti sínu að ólíklegt sé að Landssíminn verði seldur í þessari lotu eins og ég hygg að það hafi verið orðað. Öll þekkjum við þau ósköp sem dunið hafa á þessu fyrirtæki á undanförnum dögum og vikum og við getum væntanlega öll reynt að setja okkur í spor starfsmanna fyrirtækisins, hvernig þeim líður og hvernig það er að reyna að sinna sínum daglegu störfum og skyldum við aðstæður af þessu tagi.

Þess vegna, herra forseti, og í ljósi yfirlýsinga ráðherra vekur það nokkra furðu að af því berist fréttir að einkavæðingarnefnd sé enn á flandri um heiminn að reyna að selja. Því hljóta þær spurningar að vakna hvenær í ósköpunum þessu eigi að linna. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forsrh.: Stendur ekki til að ríkisstjórnin, ráðherranefndin um einkavæðingu, gefi einkavæðingarnefnd fyrirmæli um að setja söluáform um Landssímann á ís? Er það skoðun ráðherranefndar um einkavæðingu að Landssíminn sé góð söluvara um þessar mundir í ljósi þess sem á því fyrirtæki hefur dunið? Eru ekki orðin öll rök til þess að hætta við áformin um skeið og gefa fyrirtækinu kost á starfsfriði og róa málin niður? Ég vænti þess að hæstv. forsrh. geti svarað fyrir þetta.

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er áríðandi að menn missi ekki sjónar á aðalatriðum þótt á ýmsu gangi. Aðalatriðið er náttúrlega það að Síminn stendur afskaplega vel sem fyrirtæki, er traust og öflugt fyrirtæki, og sá gauragangur sem orðið hefur í kringum hann hefur engu breytt um það efni Símans. Menn mega því ekki láta það rugla sig eða fara neitt út af sporinu í því sambandi.

Það sem við hæstv. utanrrh. sögðum báðir var að það væri mat okkar að það væru minni líkur á því en meiri að Síminn mundi seljast í þessari lotu eða jafnvel á þessu kjörtímabili. Við tókum jafnframt fram, báðir tveir, að Síminn er enn þá gott fyrirtæki til sölu. Það er æskilegt að Síminn hverfi til einkaeignar. Það var samþykkt á Alþingi, ekki eingöngu af ríkisstjórninni eða flokkum þeirra heldur með miklum meiri hluta. Þá niðurstöðu hljóta menn að virða. Sú niðurstaða stendur enn þá og það er alveg sjálfsagt að einkavæðingarnefndin ræði við hinn danska aðila og ljúki þeim þáttum á annan hvorn veginn. Það er ekki nema sjálfsagt að það sé gert. Viðræður voru í gangi og sjálfsagt er að þeim sé haldið áfram. Þær viðræður breyta ekki á þessari stundu því mati mínu, eða hæstv. utanrrh. hygg ég, að ekki séu neinar verulegar líkur á að Síminn seljist í þessari lotu. En menn mega ekki láta þann storm sem nú geisar, hvort sem það er í vatnsglasi eða annars staðar, rugla sig varðandi Símann. Þær forsendur sem voru fyrir sölu hans eru auðvitað fyrir hendi eftir sem áður. Það gefur augaleið.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki um það deilt að stjórnin hefur tilskildar heimildir til að selja Símann, og lögformlega getur hún haldið því áfram ef henni sýnist svo. En það sem verið er að spyrja um hér eru þær aðstæður sem hafa skapast og upp eru komnar. Það er væntanlega ekki til þess að létta mönnum þetta verkefni að fyrir liggja yfirlýsingar formanna stjórnarflokkanna af því tagi sem ég vitnaði til áðan.

Síminn er gott fyrirtæki, eða a.m.k. var hann það, en það er algjörlega ljóst að fyrirtækið hefur orðið fyrir stórfelldum áföllum. Ástandið er ekki betra en svo að þar er forstjóri á leigu um þessar mundir. Það er enginn fastráðinn forstjóri fyrir fyrirtækinu. Stjórnin er rétt liðlega hálfmönnuð því að þar hlaupa menn fyrir borð eða bíða í örvæntingu eftir næsta aðalfundi til þess að geta losnað þaðan út ef marka má fréttir fjölmiðla. Það er því ekki eins og allt sé í lagi á þeim bæ, herra forseti.

Síðan er starfsmannamórallinn þannig að menn eru reknir ef þeir taka borgaralegar skyldur sínar fram yfir hlýðni við höfðingjana sem heimta að allt fari leynt sem að þeim snýr. Ég held því að hæstv. forsrh. verði að rökstyðja það betur en hann gerði áðan að núna sé góður tími til að selja Símann.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það stendur sem við höfum sagt, við seljum ekki Símann nema við fáum gott verð fyrir hann. Nýlega fengum við það mat frá Reykjavíkurborg, sem margir taka mikið mark á um þessar mundir, að þetta væri heldur betur gott verð sem væri á Símanum (**Gripið fram í:** Ætlarðu að selja hann?) og þar gætu menn hugsað sér að kaupa. Við erum reyndar ekki með sölunefnd ríkiseigna til að eiga samskipti við Sölunefnd varnarliðseigna en það getur vel verið að menn mundu vilja gera það.

Eins og ég segi er alveg ljóst að jafnvel þó að komið hafi upp álitamál eins og varðandi greiðslu til stjórnarformanns, hvort stjórnin hefði ekki átt að vita um það sem sjálfsagt hefði verið, og fleira þess háttar breytir það engu um sölugæði Símans. Þetta er einhver reginmisskilningur eða menn eru vísvitandi að reyna að rugla málum saman eða menn eru ekki betur að sér en þetta sem ég held að geti varla verið með eins þingreyndan og vanan mann og hv. formann Vinstri grænna. Menn geta verið vinstri sinnaðir en aldrei grænir í þeim skilningi.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er langbest að það fari saman, að menn séu bæði grænir og vinstri sinnaðir.

Ég held að hæstv. ríkisstjórn, ráðherranefnd um einkavæðingu — það vill svo til að ég fletti upp á skipunarbréfi einkavæðingarnefndar og þar kemur fram að nefndin starfar á ábyrgð ráðherranefndar þannig að hér er um mjög sérstaka stjórnskipaða nefnd að ræða. Hún er á ábyrgð ráðherranefndar í hverri ráðherrar beggja stjórnarflokkanna sitja — ég held að þessi ágæta nefnd og nefndin sem starfar í umboði hennar, einkavæðingarnefndin, ættu að huga að því að þetta fyrirtæki þarf starfsfrið. Þarna vinnur starfsfólk og þarna er afar mikilvægum verkefnum sinnt. Það getur ekki verið þessu fyrirtæki til framdráttar eða þessu fólki þægilegt sem þarna er að reyna að vinna vinnuna sína. Það getur ekki verið gott að vinna við þetta ástand þegar svo við bætist að það veit aldrei frá degi til dags hver komi til með að eiga það þegar það vaknar að morgni. Þessu ástandi verður að linna, herra forseti, og ég geri þá kröfu að ríkisstjórnin taki af ábyrgð á þessu máli.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er dálítið gamaldags sjónarmið að segja að það sé starfsmönnum til einhverra vandræða að menn viti ekki hver eigi fyrirtækið frá degi til dags. Við þekkjum það að stærstu fyrirtæki á hlutabréfamarkaði lúta þeim lögmálum að þar getur eignarhald færst til á einu auga lifandi bragði. Þess eru ótal dæmi. Ég hef aldrei heyrt starfsmenn kvarta undan slíku. Það fer líka allt eftir því hver á fyrirtækið og við erum einmitt að stefna að því, þingmeirihlutinn hér ríflegur, að fyrirtækið fari á markað og þá veit maður aldrei frá degi til dags hver á fyrirtækið. Þannig er lögmálið á markaðnum hvort sem menn vilja hlíta þeim markaði eða ekki, og sumir eru ekki mjög hrifnir af honum.

Brottvikning starfsmanns Landssímans.

[15:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Alþjóðasamfélagið hefur smám saman verið að átta sig á því hve mikilvægir starfsmenn einstakra fyrirtækja geta verið í baráttu gegn lögbrotum og spillingu í samfélögum, hvort heldur þeir eru opinberir eða starfa hjá einkafyrirtækjum.

Tilefni þessarar fyrirspurnar er brottrekstur starfsmanns Landssíma Íslands hf. vegna upplýsinga sem hann veitti fjölmiðli, þ.e. upplýsingar um samning hæstv. samgrh. og stjórnarformanns Landssímans um sérstaka greiðslu til einkafyrirtækis þess síðarnefnda. Það hefur komið fram að þessi samningur stenst hvorki að efni til né formi ákvæði hlutafélagalaga. Það er alvarlegt ef skilaboðin til samfélagsins verða þau ein að hver sá sem treystir sér til að upplýsa um lögbrot, treystir sér til að upplýsa um spillingu, geti átt það á hættu að missa starf sitt. Það er með öllu ólíðandi að sendiboði válegra tíðinda skuli hengdur meðan þeir sem brutu af sér sitja áfram.

Í þessu tilviki á fyrst og fremst að meta upplýsingarnar sjálfar, efni þeirra og eðli, en ekki beina sjónum að uppljóstraranum sjálfum eins og fyrirtækið hefur gert. Það getur ekki ríkt sérstakur trúnaður um ólögmætar aðgerðir og spillingu yfirmanna fyrirtækisins og hæstv. ráðherra. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. forsrh., leiðtoga ríkisstjórnarinnar, hvort hann hyggist beita sér í þessu máli, í fyrsta lagi vegna brottvikningar starfsmanns Landssíma Íslands og í öðru lagi, og ekki síður, vegna hins ólögmæta samkomulags stjórnarformannsins og samgrh.

[15:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég kom ekki að máli þessa starfsmanns sem þarna er nefndur frekar en samgrn. Það er forstjóri fyrirtækisins sem tekur slíka ákvörðun en mörgu villandi hefur verið haldið fram í því sambandi.

Það er alls ekki augljóst að starfsmaðurinn hafi verið að upplýsa um brot á lögum nema þá starfsmaðurinn hafi jafnframt vitað að þessi samningur hafi ekki verið kynntur í stjórn félagsins. Hvernig gat hann vitað það? Hann gat ekki vitað það. Hann hafði engar forsendur í höndum sínum um að hann væri að koma upp um brot á lögum, fjarri því. Sumt sem menn hafa haldið fram í sjónvarpi um slíka hluti er alveg fyrir neðan allar hellur.

Það skal ég fullyrða að ef starfsmaður Dagblaðsins gæfi öðrum aðilum upplýsingar úr bókhaldi fyrirtækisins yrði hann ekki starfandi þar deginum lengur. Það er náttúrlega alveg ljóst að starfsmaðurinn sem þarna um ræðir hafði fullt af öðrum úrræðum en þessu. Hann gat talað við hinn nýja forstjóra fyrirtækisins sem var settur inn í þetta starf vegna þess að hinn forstjórinn naut ekki lengur trausts. Hann gat komið fram með þessar upplýsingar til hans. Hann gat komið þessum upplýsingum til stjórnar fyrirtækisins ef hann kaus að gera það. Að gera þjóðhetju úr þessum manni er fyrir neðan allar hellur þegar menn eru að slá pólitískar keilur. Það er alveg fyrir neðan allar hellur. Auðvitað verða allir starfsmenn að njóta trausts innan fyrirtækja, hver sem það er. Mér finnst út í bláinn þegar menn eru að slá þær keilur að þarna hafi einhver maður gerst þjóðhetja í þessum efnum. Þessi sömu lögmál gilda um öll fyrirtæki landsins, **og því skulu menn gera sér grein** fyrir.

[15:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Af svörum hæstv. ráðherra má ætla að hann hyggist ekki beita sér neitt sérstaklega í þessu tiltekna máli. Það er dálítið sérstakt, virðulegi forseti, að menn skuli kalla það að verið sé að slá pólitískar keilur. Alþjóðasamfélagið hefur mjög víða, og mörg lýðræðisríki, verið að taka upp og setja sér lög og reglur um að í tilvikum eins og þessu skuli vernda einstaklinginn, skuli vernda starfsmennina, og það er hvatning til að þeir upplýsi um slíka hluti.

Það er alveg ljóst, og það hefur komið fram í þessari umræðu, að það sem upplýst var um stenst ekki ákvæði hlutafélagalaga. Því ítreka ég þá fyrirspurn til hæstv. forsrh. — ég hlýt að ítreka hana í ljósi þess sem fram hefur komið — hvort hann hyggist beita sér eitthvað sérstaklega. Komið hefur fram að hann hyggist ekki beita sér gagnvart þessum starfsmanni en hyggst hann beita sér sérstaklega varðandi þetta ólögmæta samkomulag hæstv. samgrh. og stjórnarformanns Símans?

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það liggur sem sagt fyrir að viðkomandi starfsmaður var ekki að upplýsa um neitt refsivert athæfi sem hefði átt sér stað. Það er það sem menn hafa rætt um í alþjóðasamfélagi. Menn verða að fara rétt með.

Þessi ágæti starfsmaður, hver sem hann er, hafði ekkert fyrir sér í því á þessu augnabliki að hann væri að upplýsa um lögbrot, ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann hafði margar aðrar leiðir innan fyrirtækisins án þess að bregðast trausti og trúnaði þess. Þess vegna er fáránlegt þegar menn í stjórnarandstöðu, sem eru í vandræðum með stjórnarandstöðu sína, skuli leggjast niður á það plan sem ég horfði á formann Samfylkingarinnar gera í sjónvarpinu, grípa í einhverjum vandræðagangi aftur og aftur einhver svona mál sem síðan kemur á daginn að eru tóm endaleysa, og sá málflutningur allur.

Þessi starfsmaður innan fyrirtækisins þarf auðvitað að gæta þess að hann hefur ekki leyfi til þess að fara með fleipur í fjölmiðla af þessu tagi eða til annarra aðila. Hann er bundinn trúnaði. Þannig gildir það alls staðar í þjóðfélaginu. Það er ekki um það að ræða að verið væri að upplýsa að menn væru að hylma yfir refsiverðan atburð. Ekkert slíkt dæmi lá fyrir. Mér finnast því þessar pólitísku keilur vera langt fyrir neðan virðingu venjulegra almennra þingmanna sem auðvitað eiga alla virðingu skilda, ég tala ekki um forustumanna í flokkum.

[15:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er léttvægur útúrsnúningur hjá hæstv. forsrh. að beina ummælum sínum til formanns Samfylkingarinnar. Kjarni málsins er sá, og það hefur komið fram, að hér var um að ræða aðgerðir stjórnarformannsins og hæstv. samgrh. sem fá ekki staðist hlutafélagalög. Þetta liggur fyrir og er algerlega kristaltært í þessari umræðu. Það er búið að beina þeirri fyrirspurn til forsrh. sí og æ héðan úr þessum ræðustól um það hvort hann hyggist beita sér eitthvað vegna þessa. Þetta liggur algerlega fyrir.

Hæstv. forsrh. kýs, í stað þess að svara fyrirspurninni, að gera lítið úr þeim upplýsingum sem þarna komu fram sem að mínu mati eru grundvallarupplýsingar og forsendur þess að við getum rekið öflugt samfélag og veitt stjórnmálamönnum og forustumönnum í hvívetna nægilegt aðhald. Það er alveg fráleitt, virðulegi forseti, ef hæstv. forsrh. ætlar að skjóta sér undan því að svara hvort hann hyggist beita sér vegna hins ólögmæta samkomulags sem nú liggur fyrir.

[15:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef svarað þessu eins skýrt og hægt er fyrir svona sæmilega meðalgreinda menn og jafnvel þar fyrir neðan. Þegar mál standa eins og þau standa í þessu dæmi er ekki efni til þess. Þessi starfsmaður hafði ekki fyrir sér að neitt brotlegt hefði átt sér stað. Hann hafði það ekki fyrir sér að málið hefði aldrei verið borið það undir stjórn fyrirtækisins. (Gripið fram í.) Auðvitað hefðu menn líka ætlast til þess að þetta yrði lagt fyrir stjórn fyrirtækisins, það hefði farið betur á því, en þá hefðu menn líka talið að málið væri í lagi ef það hefði verið lagt fyrir stjórn fyrirtækisins. Og fyrirtækið sjálft, stjórn fyrirtækisins, þar með taldir fulltrúar Samfylkingarinnar, hefur talið að þessi greiðsla hafi ekki verið úr hófi fram. Eins formsatriðis hafi hins vegar ekki verið gætt með nægilega glöggum hætti. Það réttlætti ekki trúnaðarbrot þessa starfsmanns frekar en annarra starfsmanna annars staðar. Og ég segi aftur að ef starfsmaður í bókhaldsdeild Dagblaðsins mundi gefa einhverjar slíkar upplýsingar mundi hann ekki sitja þar lengi.

Framkvæmd Kyoto-bókunarinnar.

[15:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Skýrsla Sivjar Friðleifsdóttur um niðurstöðu 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var rædd á Alþingi þann 19. nóv. sl. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli niðurstöðunnar í Marrakesh verður lokið við endurskoðun stefnumótunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og er stefnt að því að leggja hana fyrir ríkisstjórn fyrri hluta næsta árs. Samhliða hefur hafist undirbúningur að fullgildingu Íslands á Kyoto-bókuninni og er stefnt að því að leggja þingsályktunartillögu þar að lútandi fyrir Alþingi á næsta ári.“

Þar er einnig frá því sagt að vonir séu bundnar við að nægjanlega mörg iðnríki gangi frá fullgildingu bókunarinnar fyrir heimsráðstefnu um sjálfbæra þróun sem haldin verður í Jóhannesarborg síðsumars svo að ljóst verði þá hvenær bókunin öðlist gildi.

Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. umhvrh. hvenær vænta megi að endurskoðun íslenskra stjórnvalda ljúki og hvort umhvrh. hyggist sjá til þess að Kyoto-bókunin verði fullgild á yfirstandandi þingi og þá í tæka tíð fyrir ráðstefnuna í Jóhannesarborg.

Mig langar einnig að gera að umræðuefni hér nýlegar fréttir frá Bandaríkjunum en þar hafa stjórnvöld gert tillögur um frjálsa samninga um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda. Eins og kunnugt er sagði Bandaríkjastjórn sig frá Kyoto-bókuninni í fyrra en er víst enn þá aðili að loftslagssamningnum. Forsvarsmenn ESB, Japans og Bretlands hafa gagnrýnt tillögur Bandaríkjastjórnar sem í raun þýða 33% aukningu á losun á 20 ára tímabili til 2012. Það væri fróðlegt að heyra, herra forseti, hvort hæstv. umhvrh. hefur kynnt sér þessar tillögur og hvaða skoðun hún hefur á þeim.

[15:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er svokölluð ráðuneytisstjóranefnd sem vinnur að tillögum um stefnumótun varðandi Kyoto-samkomulagið. Þeirri vinnu er ekki lokið þannig að ég get ekki upplýst hér og nú nákvæmlega hvenær við komum með þá stefnu inn í þingið en a.m.k. er sú vinna á lokastigi.

Ég hef beitt mér fyrir því að Kyoto-bókunin verði fullgilt á yfirstandandi þingi. Núna er uppi í utanrrn. verið að vinna að því að útbúa þau plögg. Mér er kunnugt um að það er frekar flókið að þýða bókunina vegna þess að það eru mörg þung og ný tækniorð í þessari bókun eins og reyndar í öðrum bókunum sem við höfum áhuga á að fullgilda bráðlega samanber samninginn um þrávirk lífræn efni og fleiri slíka samninga.

Einnig var spurt um stefnumótun Bandaríkjanna. Ég hef skoðað það sem forseti Bandaríkjanna hefur látið hafa eftir sér opinberlega upp á síðkastið og ég fagna því að Bandaríkjamenn ætla að setja talsvert af fjármunum í rannsóknarstarfsemi. Hins vegar hefði ég gjarnan viljað sjá þá koma meira að Kyoto-bókuninni sjálfri en þeir hafa kosið að gera. Ég hef lýst því yfir áður að ég tel að þegar við unnum Kyoto-bókunina til enda reyndum við að hafa hana þannig að Bandaríkjamenn mundu eiga auðveldara með að koma að henni síðar. Þeir eru stærsti einstaki losarinn á gróðurhúsalofttegundum í heiminum þannig að það væri eðlilegt að þeir kæmu að Kyoto-bókuninni af því að hún er eina bókunin, eina ferlið eða leiðin, sem aðrir í alþjóðasamfélaginu hafa sameinast um að ganga.

[15:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin og ég vona að ráðuneytisstjóranefndin haski sér og skili tillögunum sem allra fyrst því að þetta þing mun ekki standa lengi fram á vorið. Ef á að fullgilda eða staðfesta Kyoto-bókunina verður að halda nokkuð vel á spöðunum, herra forseti.

Einnig er það alveg rétt hjá hæstv. umhvrh. að eina leiðin í þessu ferli er að vera þátttakandi, fullgildur þátttakandi. Því setur óneitanlega að manni beyg að heyra hvernig tillögurnar hafa verið formúleraðar af Bandaríkjastjórn í þessu efni, ekki síst í ljósi þess, herra forseti, að nú þegar losa Bandaríkjamenn fjórðung allra gróðurhúsalofttegunda á jörðinni.

Verðmyndun á matvörumarkaði.

[15:26]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. viðskrh. Við höfum mjög rætt um fákeppni í dagvöruverslun á síðustu missirum. Í ljós hefur komið að eitt fyrirtæki á Íslandi, Baugur, selur um það bil 60% af dagvörum í landinu. Annað fyrirtæki, Kaupás, selur um það bil 20% og önnur fyrirtæki minna.

Menn spyrja sig mjög gjarnan um það hvort afslættir sem þessi stóru fyrirtæki fá séu í raun að skila sér til neytenda. Það á við um afurðasölufyrirtæki, samtök iðnaðarins og fleiri fyrirtæki sem veita stóru fyrirtækjunum afslætti, og menn eru ekki klárir á því að þeir skili sér. Kartöflubóndi sagði mér t.d. ekki alls fyrir löngu að skilaverð á kartöflum til hans síðustu 10 árin hafi verið 39 kr. fyrir hvert kíló.

Ég hef skrifað um það í blöð og reyndar fleiri tekið undir þær hugmyndir mínar hvort ekki bæri að sýna í verðmerkingu á vörum hvernig verðmyndun á sér stað, þ.e. fram komi hvað ríkið fái, hvað birgjarnir eða afurðasölufyrirtækin fá og hvað í raun og veru fyrirtæki sem eru að selja þessa dagvöru fá í sinn hlut. Með þessum hætti sæjum við hverjir væru í raun vinir neytenda. Þetta er mjög létt að gera. Fyrirtæki eru með fullkomnar tölvur og það má mjög vel sýna þetta. Ég mundi hvetja þessi stóru verslunarfyrirtæki til að verðmerkja vöruna þannig að neytandinn sjái hvernig verðmyndun á sér stað, og ég spyr hæstv. viðskrh. hvort hún og ríkisstjórnin hafi velt þessum möguleika fyrir sér.

[15:29]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni að það er fákeppni í dagvöruverslun, og margt væri hægt að segja í tengslum við það í sjálfu sér. Það sem hann vakti sérstaklega máls á er hvort hægt sé að skipta upp í vöruverði hvernig verðmyndunin á sér stað og þannig átta sig betur á hvar álagningin er fyrst og fremst í verðmynduninni eins og ég skil þetta.

Þetta er reyndar mál sem við höfum aðeins fjallað um í ráðuneytinu og við höfum fengið ábendingar frá framleiðendum sem lúta að þessu. Ég tek undir með þingmanninum að ég held að það væri alveg þess virði að athuga hvort þetta getur gengið. Í tilefni þessarar fyrirspurnar ætla ég líka að geta þess að Hagstofan hefur athugað verð, og hefur ASÍ m.a. hvatt til þess að verðkannanir verði gerðar á fleiri stigum. Það gæti líka skipt máli í sambandi við að átta sig á álagningunni, hvar hún er óeðlileg enda halda ýmsir því fram að á einhverju stigi sé hún það.

[15:30]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir þetta svar. Mér finnst það mun einfaldari leið en að splitta upp stórum fyrirtækjum eins og Baugi, t.d. að verðmerkingar verði sýnilegar. Þannig væri sýnilegt hvernig verðmyndun á sér stað. Eins og fram kemur í frammíkalli hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni kæmi fram á hvaða ríkisstjórnarborði þetta er, hjá hvaða ráðherra.

Ég vil gjarnan sjá í verðmerkingum hverjir eru vinir neytenda. Við sjáum það í verðmerkingunni. Tölvutæknin er með þeim hætti, eins og komið hefur fram, að það er mjög létt að gera þetta. Við eigum framsækin verslunarfyrirtæki, ég geri ekki lítið úr því. Fyrirtæki eins og Bónus býður líklega eitt lægsta verð sem hægt er að hugsa sér en þeir eiga líka að sýna fram á hvernig þetta verð verður til og það verður best gert með verðmerkingum sem þessum.

Virðisaukaskattur á umferð undir Hvalfjörð.

[15:31]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínum til hæstv. fjmrh. og ræði um virðisaukaskatt vegna umferðar um veggöng undir Hvalfjörð. Hreinar tekjur ríkisins, ef svo fer sem horfir miðað við núverandi verðlag, verða 2,5 milljarður á fyrirhuguðum rekstrartíma Spalar. Kostnaður ríkisins af vegtengingu vegna ganganna var talinn 430 millj., þ.e. sambærilegt við það sem áætlað var í viðhald á veginum fyrir Hvalfjörð miðað við umferðarþunga þá. Álitið er að Vestlendingar greiði allt að 60% fjármögnunar ganganna og greiði á starfstíma

Spalar 1,5 milljarða í virðisaukaskatt til ríkisins. Mér virðast þetta ranglátar álögur miðað við aðra landsmenn. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Er hann reiðubúinn til að skoða það að fella þennan 14% virðisaukaskatt niður nú þegar ríkið hefur haft hreinar tekjur sem nemur vegtengingarkostnaði?

Telur hæstv. ráðherra koma til greina að aksturskostnaður um veggöngin vegna atvinnu og náms verði frádráttarbær frá skatti?

Ef ráðherrann hefur ekki leitt hugann að þessu máli, mun hann þá í framhaldi af þessari umfjöllun beita sér fyrir athugun og sanngirnisaðgerðum vegna þessa máls?

[15:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Svarið við þessum spurningum er nei. Að vísu er mér illa við að notast skuli við orðið sanngirni þarna í lokin. Ég vil ekki vera ósanngjarn en ég held að orðið eigi ekki við í því samhengi sem það var notað í spurningunni.

Það verður að hafa í huga að þegar þessi göng voru lögð var það ákveðið á ákveðnum forsendum. Ein af þeim forsendum var sú að virðisaukaskattur yrði greiddur af þeim tekjum sem þetta hlutafélag sem þarna á hlut að máli hefði af viðskiptum sínum við þá sem fara um göngin. Ég minnist þess að eitt fyrsta verkefni mitt á Alþingi sem fjmrh. var að fá þennan skatt lækkaðan, úr 24,5% í 14% til þess að greiða fyrir verkinu og ganga þannig frá því að þessi reikningsdæmi öll gengju upp. Þannig verður það að vera. Það er ekki hægt að hverfa frá þessu eftir nokkur ár eins og hv. þm. leggur hér til og hefur lagt til við önnur tækifæri.

Það er auðvitað rétt að þeir sem keyra um göngin borga þennan skatt og þá í þeim hlutföllum milli landshluta sem um er að tefla. Ég hef að sjálfsögðu ekki rannsakað það. En þá verða menn líka að taka með í reikninginn hversu mikla peninga þeir spara sér með því að keyra ekki fyrir Hvalfjörðinn, sem allir eiga auðvitað kost á ef þeir vilja frekar gera það en borga virðisaukaskattinn. Það er langbest að tala alveg skýrt um þetta mál og gefa ekki undir fótinn með hluti sem ekki geta gengið upp. Þess vegna segi ég nei við fyrstu spurningunni og nei við hinum jafnframt.

[15:35]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá hrein svör við spurningunum þó að ég felli mig ekki við svörin.

Virðulegi forseti. Veggjald um Hvalfjarðargöng er mjög þungur skattur á þá sem nota þau vegna vinnu sinnar eða skólagöngu. Það má líka leiða rök að því að margs konar hagræðing nái ekki fram að ganga vegna þessa gjalds, t.d. í skólamálum, samstarfi um heilbrigðismál, brunavarnir og ýmiss konar öryggismál. Þess vegna finnst mér bagalegt að hæstv. ráðherra hafi ekki leitt hugann að sanngirnisþætti þessa máls. Ég tel það vega mjög þungt.

Hæstv. ráðherra hafnar einnig að sá kostnaður sem starfsfólk og skólamenn verða fyrir vegna akstursins skuli dreginn frá skatti. Það þykir mér mjög miður. Ég tel að út frá jafnræðissjónarmiðum sé óeðlilegt annað en vegfarendur um Hvalfjarðargöng njóti hins sama og þegar ekið er um aðra vegi landsins.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (brottkast afla). — Þskj. 348, nál. 808, brtt. 809.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]

Brtt. 809,a–b samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 809,c samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

16 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, GunnB, KF, KHG, KPál, LMR, StB, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í sjútvn. stóðu að því að afgreiða þetta mál út úr nefndinni, en þó með fyrirvara. Við erum í meginatriðum sátt við þá breytingu sem þarna er verið að gera en höfðum fyrirvara á varðandi ákvæðið sem hér er verið að afgreiða, þ.e. að ráðherra skuli falið að ganga frá reglum varðandi það atriði sem um ræðir.

Ég vildi gera grein fyrir þessu vegna þess að Samfylkingin situr hjá við atkvæðagreiðslu þessa ákvæðis.

1. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Siðareglur í stjórnsýslunni, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Siðareglur fyrir alþingismenn, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 116. mál. — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur o.fl., frh. 1. umr.

Frv. PHB og KF, 156. mál (sjómannaafsláttur). — Þskj. 156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 161. mál. — Þskj. 162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Sjóðandi lághitasvæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖHJ o.fl., 192. mál. — Þskj. 203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 194. mál (afnám skylduaðildar). — Þskj. 205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ferðaþjónusta á norðausturhorni Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 199. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Kosningar til sveitarstjórna, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 202. mál (kosningarréttur erlendra ríkisborgara). — Þskj. 227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál og ÁRÁ, 235. mál. — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ, 265. mál (áfrýjunarréttur, fjölskipaður dómur). — Þskj. 310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 862. — Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Þjóðmenningarhúss og Þjóðskjalasafns.
[15:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ríkisendurskoðun hefur gert alvarlegar athugasemdir við störf og embættisfærslur forstöðumanns Þjóðmenningarhúss og Þjóðskjalasafns svo sem kunnugt er af umfjöllun fjölmiðla síðustu daga. Við lestur bréfs Ríkisendurskoðunar til forsrn. rennur það upp fyrir manni hversu

gífurlega mikilvægt starf Ríkisendurskoðun vinnur í þessu kerfi okkar. Það er einnig sérlega umhugsunarvert í ljósi nýlegra dæma um ámælisverða stjórnsýslu innan Símans, hlutafélags í opinberri eigu, og eðlilegt að spurt sé hvort við stæðum ekki betur að vígi gagnvart þeim erfiðleikum sem nú steðja að Símanum ef við hefðum sömu aðkomu að málefnum hans og okkur er tryggð hvað varðar Þjóðmenningarhús og Þjóðskjalasafn.

Þegar málefni Þjóðmenningarhúss eru skoðuð er margt sem vekur hjá manni hugrenningar um að betur hefði mátt standa að því verkefni í upphafi. Það kemur fram í ræðu hæstv. menntmrh. við opnun hússins 20. apríl árið 2000 að hann hafi átt frumkvæði að því að forræði Þjóðmenningarhússins flyttist frá menntmrn. til forsrn. og að helstu rökin fyrir því hafi verið þau að skipa húsinu sess með öðrum þjóðartáknum okkar, svo sem málefnum þjóðfánans, þjóðsöngsins og Þingvalla. En þá skulu menn líka gá að því, herra forseti, að um þessi þjóðartákn okkar gilda lög og reglur, en slíku er ekki til að heilsa með Þjóðmenningarhúsið. Um það gilda engin lög og ekki er hlaupið að því að finna neinar reglur sem húsið starfar eftir.

Í ljósi síðustu atburða er hálfkaldhæðnislegt að glugga í ræður hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh. frá því húsið var formlega tekið í notkun eftir endurbyggingu þess, sem var nú raunar sjálfstætt hneykslismál á sínum tíma vegna óhóflegrar framúrkeyrslu framkvæmdakostnaðar. Í ræðu hæstv. forsrh. er fjallað um hús með sál og góða samvisku en lítið fer fyrir umfjöllun um hlutverk þess eða tilgang. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh. hvort það valdi ekki erfiðleikum að um starfsemi hússins skuli hvorki gilda lög né reglugerð. Sömuleiðis spyr ég hvort hæstv. forsrh. telji í ljósi þess sem gerst hefur að hlutverk hússins eða verksvið stjórnar sé nægilega skýrt. Í því sambandi er líka eðlilegt að óska eftir svari við því hvenær forstöðumaðurinn hafi verið ráðinn að húsinu og hvert hlutverk hans sé samkvæmt erindisbréfi.

Það má taka það fram í þessu sambandi, herra forseti, að erfitt hefur reynst að hafa upp á auglýsingu um starf forstöðumannsins og ber hæstv. forsrh. að sjálfsögðu að gera okkur hér grein fyrir því með hvaða hætti staðið var að ráðningu hans á sínum tíma. Einnig er eðlilegt að óska eftir upplýsingum um með hvaða hætti stjórn hússins er skipuð, hverjir tilnefni í hana, enda hefur það komið í ljós í fjölmiðlum að forstöðumaður Þjóðskjalasafns hafi verið fulltrúi menntmrn. í henni.

Aðrar spurningar sem ég legg fyrir hæstv. ráðherra varða viðbrögð hans við þeim alvarlegu athugasemdum sem honum bárust í bréfi Ríkisendurskoðunar dags. 4. febrúar sl. Kom ekki til álita að leysa forstöðumann Þjóðmenningarhússins frá störfum meðan málið var rannsakað? Og hvað réð því að hæstv. forsrh. ákvað að áminna forstöðumanninn á persónulegan hátt en ekki formlegan? Enn fremur leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki að samskipti forstöðumanns Þjóðmenningarhúss og forstöðumanns Þjóðskjalasafns í þessu tiltekna máli gefi tilefni til að setja sérstakar reglur um samskipti og viðskipti opinberra stofnana í hliðstæðum tilvikum.

Lokaspurning mín til hæstv. ráðherra kemur svo inn á þau atriði sem lúta að þeim margítrekuðu deilu- og hneykslismálum sem upp hafa komið að undanförnu og tengjast stjórnsýslu og/eða fjársýslu trúnaðarmanna ráðherra eða ríkisstjórnar. Hver eru almenn viðhorf hæstv. forsrh. til þeirra?

Það verður að segjast eins og er að þjóðin er búin að fá sig fullsadda, herra forseti, og það er rétt að fá að heyra það hvort hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, situr alveg rólegur undir öllum þeim umræðum sem nú geysa um spillingu stjórnvalda og fulltrúa þeirra í samfélaginu.

Lokaorð mín verða svo ummæli í bréfi því sem hæstv. forsrh. skrifaði forstöðumanni Þjóðmenningarhússins þann 7. febrúar sl. og hefur að geyma hinar svokölluðu persónulegu áminningu. Í því bréfi stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur að gefnu tilefni gert úttekt á nokkrum atriðum í stjórnsýslu, en þó einkum fjársýslu, Þjóðmenningarhúss og forstöðumanns þess sérstaklega. Telur Ríkisendurskoðun þá skýrslu upplýsa alla þá þætti til fulls og sé ekki þörf á rannsókn annarra aðila."

Herra forseti. Þar sem hæstv. forsrh. hefur sagt þetta sama við fjölmiðla þá vil ég vekja athygli á því að þessi ummæli virðast eingöngu að finna í bréfi hans sjálfs. Það er ekki að sjá að þau séu sótt í umrædda skýrslu eða greinargerð Ríkisendurskoðunar sem dagsett er 4. febrúar, enda tekur Ríkisendurskoðun engar ákvarðanir um það með hvaða hætti ráðuneytin fara með þær athugasemdir sem hún gerir við stjórnsýsluna. Það, herra forseti, er í verkahring þeirra ráðherra sem í hlut eiga og þeirra opinberu aðila sem sýsla með þessar upplýsingar.

[15:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Varðandi þann þátt sem hér er ræddur um það mál er snertir forstöðumann Þjóðmenningarhúss og viðbrögð við því þá hefur Ríkisendurskoðun gert alvarlegar athugasemdir við embættisfærslur forstöðumanns, einkum að því er varðar fjársýslu fyrir þessa stofnun, í greinargerð dags. 4. febrúar. Það kemur reyndar fram í lok greinargerðarinnar, öfugt við það sem þm. hv. sagði hér, að Ríkisendurskoðun telur á þeim engra frekari rannsókna þörf. Það stendur nú bara svart á hvítu (Gripið fram í.) þar.

Sem fyrstu viðbrögð við þessum athugasemdum sendi forsrh. forstöðumanninum þegar í stað erindi þar sem fram kemur, eins og þar segir, að fallist sé á niðurstöðu Ríkisendurskoðunar og að í mörgum tilvikum talið, eins og þar segir, að um ámælisverða framkvæmd sé að ræða. Jafnframt kom þar fram að ráðuneytið legði áherslu á, eins og þar segir, að úr öllum þessum annmörkum verði þegar bætt og mannahaldi og ákvörðunum um greiðslur til einstaklinga fyrir einstök verk hagað þannig að hafið sé yfir allan vafa. Ekkert í þessu erindi gat hins vegar gefið forstöðumanninum eða öðrum tilefni til að ætla að um lyktir málsins væri að ræða. Í erindinu kom þvert á móti fram að ráðuneytið teldi þá framkvæmd sem Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við í mörgum tilvikum ámælisverða. Framkvæmd hans sætti hins vegar ekki ámæli af hálfu ráðuneytisins að svo stöddu, enda var því bæði rétt og skylt að taka sér lengri tíma til að kanna hvaða ráðstafana misfellur af þessu tagi gæfu tilefni til og eftir atvikum samkvæmt stjórnsýslulögum að gefa forstöðumanninum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og andmælum á framfæri. Síðan þá hefur komið fram að ríkissaksóknari telur greinargerðina gefa sér tilefni til að kanna sérstaklega hvort ástæða sé til þess að fram fari opinber rannsókn á embættisfærslum forstöðumannsins. Jafnframt hefur komið fram að stjórn Þjóðmenningarhússins telur forstöðumanninn hafa veitt henni rangar upplýsingar þegar hún samþykkti eftirvinnugreiðslur til hans.

Að athuguðum þessum ávirðingum sem á forstöðumann Þjóðmenningarhússins eru bornar í greinargerð Ríkisend-

urskoðunar og þeim upplýsingum sem síðar hafa komið fram um að ríkissaksóknari telji ástæðu til þess að kanna hvort þær gefi tilefni til opinberrar rannsóknar og að stjórn Þjóðmenningarhússins hafi byggt ákvarðanir sínar á röngum upplýsingum frá forstöðumanninum, hef ég ritað forstöðumanninum svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur í hjálagðri greinargerð, dags. 4. þessa mánaðar, gert alvarlegar athugasemdir við fjárreiður, störf og aukastörf yðar sem forstöðumanns Þjóðmenningarhússins. Þau atriði, sem þar um ræðir, varða sérstaka vinnu eða verkefni fyrir Þjóðmenningarhúsið annars vegar og Þjóðskjalasafnið hins vegar, tímabundinn ráðningarsamning við eiginkonu yðar auk verktakagreiðslna til hennar, lántöku yðar úr sjóði stofnunarinnar, ferðakostnað, sem ekki tengist stofnuninni, og greiðslur fyrir akstur.

Greinargerð þessi var birt yður með erindi mínu til yðar, dags. 7. sama mánaðar, þar sem fram kom að fallist væri á niðurstöður Ríkisendurskoðunar og talið að sú framkvæmd, sem stofnunin gerði athugasemdir við, væri í mörgum tilvikum ámælisverð. Auk þeirra athugasemda, er fram koma í greinargerð Ríkisendurskoðunar, hefur stjórn Þjóðmenningarhússins jafnframt lýst því yfir, að samþykkt er hún gerði, um greiðslu eftirvinnu til yðar, hafi byggst á röngum upplýsingum frá yður.

Með vísan til framangreindrar greinargerðar Ríkisendurskoðunar og þeirra athugsemda sem stofnunin gerir varðandi embættisfærslu yðar og yfirlýsingar stjórnar Þjóðmenningarhússins um upplýsingagjöf yðar til hennar, er yður hér með veitt lausn frá embætti um stundarsakir skv. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ákvörðun þessi er hér með birt yður og öðlast þegar gildi.

Davíð Oddsson, Ólafur Davíðsson."

Rétt er að taka fram að Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, hefur verið settur um stundarsakir til að gegna embætti forstöðumanns Þjóðmenningarhússins.

Menn verða að átta sig á því þegar þeir fjalla um þessi atriði, ég tala nú ekki um opinberlega, að það er nauðsynlegt að átta sig á, eins og hæstv. utanrrh. hefur bent á, að þessi mál eru afar viðkvæm. Þó að menn geti verið reiðir tilteknum starfsmönnum þá eiga þeir sinn rétt og eiga rétt á að bera hönd fyrir höfuð sér. Þess þurfa menn að gæta, ekki síst hér í þessum þingsal, að slíkir menn geta ekki gert það hér. Jafnframt er nauðsynlegt að menn átti sig á því að bréf sem sent er til forstöðumanns um leið og Ríkisendurskoðunarskýrslan kemur getur aldrei verið áminningarbréf samkvæmt stjórnsýslulögum. Það þarf allt annað og fleira að koma til. Til eru tvenns konar aðferðir. Annars vegar má veita mönnum lausn um stundarsakir fyrir minni brot. Þá þarf áminning að liggja fyrir. Hins vegar er hægt að setja menn til hliðar um stundarsakir fyrir meiri háttar brot. Þá þarf formleg áminning ekki að liggja fyrir. Það er gert í þessu tilviki með vísun til þeirra raka sem ég hef hér flutt.

[15:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í Þjóðmenningarhúsinu er grafið á gylltan skjöld og skal varðveitast um ókomna tíð að Davíð Oddsson forsrh. hafi stigið þar fæti sínum við opnun þess. Þangaðkoma ráðherrans fær í þessu húsi hlutverk í framtíðinni með öðrum frægustu atburðum menningarsögu Íslendinga. Nú væri ráð að fá þessum gullskildi hlutverk við hæfi með því að grafa á hann stuttlega hvernig hæstv. forsrh. hefur farist yfirstjórn þessarar menningarstofnunar úr hendi, hverja hann hefur valið til starfa og hvernig þeir hafa reynst traustsins verðir. Af því að þetta er þjóðmenningarhús væri ekki úr vegi að á þennan skjöld væri líka grafið hvernig sá vaxtarsproti þjóðmenningarinnar sem hér er til umræðu, þ.e. spilling í skjóli pólitísks valds, hefur fengið að skjóta rótum og hefur verið fóstruð í stjórnartíð hæstv. forsrh.

Ég tel að sú yfirlýsing sem hæstv. ráðherra gaf hér áðan hafi þó verið til marks um það að honum hafi fundist vera farið að hitna ískyggilega undir sér. Og það var nú kominn tími til því það getur ekki verið að hægt hafi verið að draga aðra ályktun af því áminningarbréfi sem hann sendi fyrr en þá að hann hafi ætlað að notfæra sér niðurstöðu Ríkisendurskoðunar til þess að fara sér eins varlega í þessu máli og mögulegt var. Hvers vegna skyldi hann annars hafa skrifað það bréf með slíkum flýti? Ég held að ekki sé ástæða til þess að hæla mjög þeirri niðurstöðu sem hér er komin því hún er eðlileg og átti að koma strax. Ég tel þess vegna að niðurstaðan af þessu máli sé sú að hæstv. forsrh. sé þó líklegur til þess að ætla að klára þetta mál með eðlilegum hætti úr því svona er komið.

[15:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Saga hins svonefnda eða svokallaða Þjóðmenningarhúss er stutt en fremur dapurleg. Menn þekkja hér á þingi hvernig til tókst um endurbætur á þessu sögufræga og glæsilega húsi, en þar fuku allar kostnaðaráætlanir út í veður og vind og um stórlega ámælisverða umsýslu og framkvæmd var í raun og veru að ræða, og það undir nefinu á sjálfu forsrn. Tæpt steinkast frá Stjórnarráðinu stendur þetta hús.

Nú hafa síðan komið upp hlutir í stuttri rekstrarsögu eða starfrækslusögu hússins sem hljóta að teljast með endemum í ljósi þess að starfsemin þarna er varla komin af stað, eða það getur varla heitið meira en svo. Þessir hlutir eru auðvitað algjörlega óásættanlegir og því miður, herra forseti, dregur það athyglina að því, þar sem forsrn. og forsrh. verður að líta í eigin barm, að um þessa starfsemi gilda engin lög né reglur. Það er ekki skýrt hver eigi að vera tilgangurinn með rekstri hússins. Staða forstöðumanns virðist ekki hafa verið auglýst o.s.frv. Þetta, herra forseti, geta ekki talist fyrirmyndarverðir stjórnsýsluhættir. En þær kröfur hljótum við að gera til ekki síst forsrn. að það sé öðrum að breyttu breytanda til fyrirmyndar um góða stjórnsýslu. Hér á það ekki við.

Því er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. í leiðinni: Stendur til að bæta úr þessum háttum? Verða sett lög nú í framhaldinu um Þjóðmenningarhús? Og verður tryggt að í framtíðinni byggi sú starfsemi á lögum og reglum og skýrum stjórnvaldsfyrirmælum, að þar verði stöður auglýstar, menn starfi samkvæmt erindisbréfum og annað þar fram eftir götunum? Ég held, herra forseti, að við eigum að láta þau víti sem hér hafa orðið okkur að kenningu verða.

[16:01]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Athugasemdir Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun Þjóðmenningarhúss og Þjóðskjalasafns eru alvarlegs eðlis. Forsrh. og menntmrh. hafa tekið undir þær með því að senda bréf til þeirra forstöðumanna sem í hlut eiga, þar sem tekið er fram að í mörgum tilvikum sé um ámælisverða framkvæmd að ræða. Ríkissaksóknari er einnig með þessi mál til skoðunar.

Í bréfi forsrh. til forstöðumanns Þjóðmenningarhúss segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðuneytið fellst á niðurstöður Ríkisendurskoðunar og telur að í mörgum tilvikum sé um ámælisverða framkvæmd að ræða. Leggur ráðuneytið áherslu á að úr öllum þessum annmörkum verði þegar bætt og mannahaldi og ákvörðunum um greiðslur til einstaklinga fyrir einstök verk verði hagað þannig að hafið sé yfir allan vafa og verði ekki til þess fallnar að vekja tortryggni. Verður mælst til þess við Ríkisendurskoðun að vendilega og venju fremur verði með því fylgst að ný og bætt vinnubrögð verði tekin upp."

Í bréfi menntmrh. til þjóðskjalavarðar eru vinnubrögð hans átalin og lögð áhersla á að strax verði brugðist við til úrbóta. Hér er því augljóslega hart og alvarlega brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Margar spurningar vakna þegar upp koma mál af því tagi sem hér eru til umræðu. Þær lúta fyrst og fremst að ábyrgð, aga, aðhaldi og eftirliti í opinberri stjórnsýslu. Það er grundvallaratriði í réttarríki að stjórnsýslan fari í einu og öllu að lögum. Þess vegna er nauðsynlegt að jafnan sé tekið á þeim málum sem upp koma af festu, vandvirkni og ábyrgð. Þar á eitt yfir alla að ganga og gæta fyllsta samræmis við meðferð mála sem geta sannarlega verið mjög flókin.

Forsrh. hefur greint frá því við þessa umræðu að forstöðumanni Þjóðmenningarhúss hafi verið vikið frá störfum tímabundið meðan mál hans eru til skoðunar. Þau viðkvæmu mál sem hér eru til umræðu sýna að eftirlitskerfið er virkt og að tekið er á erfiðum málum á skilvirkan og vandaðan hátt.

[16:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Forstöðumaður Þjóðmenningarhúss fær alvarlegar athugasemdir frá Ríkisendurskoðun um misferli í starfi. Hann fær í því sambandi létta áminningu frá hæstv. forsrh.

Í upphafi ferils síns, 17. júní árið 1991, flutti hæstv. forsrh. merka ræðu. Mig langar að vitna í hana, með leyfi forseta. Þar segir:

„Fyrir nokkrum árum komst upp í opinberri stofnun að nokkrar konur sem þar störfuðu hefðu um skeið tekið kaffipakka úr mötuneyti staðarins ófrjálsri hendi. Þessum konum var öllum sagt upp laust fyrir jól, sem þá fóru í hönd. Sjálfsagt hefur það verið réttlætanleg ákvörðun."

Síðan vekur forsrh. hæstv. athygli á því að miklu fé hafi verið veitt til atvinnuveganna og segir síðan orðrétt:

„Þær fjárhæðir hafa ekki mælst í þúsundum króna eins og í kaffipakkadæminu forðum, ekki í hundruðum þúsunda eða milljónum, heldur milljörðum eða tugum milljarða."

Svo segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í fyrra dæminu voru menn látnir sæta ábyrgð og sagt upp illa launuðum störfum, í hinu síðara bar enginn ábyrgð á einu eða neinu. Allar skýrslurnar og greinargerðirnar, sem legið hafa til grundvallar slíkum ákvörðunum, eru sjálfsagt enn þá til, ... Hér verður að brjóta blað. „Kaffipakkaréttlæti" af þessu tagi er ekki réttlæti sem nokkur þjóð getur verið stolt af."

Síðan segir:

„Hér bíður okkar mikið starf; við verðum að skilgreina opinbera ábyrgð á nýjan leik og gera ríkar kröfur til okkar sjálfra, og bera okkur þannig að í framtíðinni að við getum horft keik til baka ..."

Ég er sammála því sem forsrh. sagði á þessum tímapunkti en ég spyr: Höfum við þokast eitthvað áfram frá því þessi ræða um kaffipakkalýðræðið var haldin 17. júní fyrir rúmum 10 árum?

[16:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Yfirlýsingin sem hæstv. forsrh. gaf við þessa umræðu, um að hann hefði tekið um það ákvörðun að leysa frá störfum tímabundið forstöðumann Þjóðmenningarhúss, er sú eina rétta. Ég segi því miður, því það er alveg ljóst — við skulum halda því hér til haga í þessari umræðu — að ég ætla engum í þessum sal, hvort sem hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu, að hann fyllist þórðargleði yfir því að svona atburðir komi upp. Þannig er það ekki, herra forseti, og það er rétt að undirstrika það.

Í þessu samhengi, út frá hinu stóra dæmi, er hins vegar óhjákvæmilegt annað en að minnast á að fleiri mál í stjórnsýslunni hafa vakið athygli og undrun manna. Hér hefur forsrh., þó seint sé, gripið í taumana og maður hlýtur að spyrja í beinu framhaldi: Hvenær er að vænta samsvarandi aðgerða og hreinsunar, að sópað verði undan teppum og menn geri hreint fyrir sínum dyrum í lykilstöðum í fyrirtæki allrar þjóðarinnar, Landssíma Íslands hf.? Það er auðvitað næsta spurning sem vaknar í þessari umræðu, herra forseti. Það er óhjákvæmilegt annað, við þessa umræðu, en að henni verði svarað á einn eða annan veg.

[16:07]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Á síðustu missirum hefur hvert hneykslismálið rekið annað innan stjórnsýslunnar. Nú er svo komið að fréttatímar ljósvakans og dagblaðanna eru eins og farsakenndir framhaldsþættir. Þjóðin hefur fengið sig fullsadda og er reið yfir þeirri spillingu sem þrifist hefur í skjóli einkavinavæðingar ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Nú er komið á daginn að forstöðumaður Þjóðmenningarhússins hefur farið mjög frjálslega með bókhald og greiðslur til eigin nota og fjölskyldu sinnar. En Þjóðmenningarhúsið er ríkisstofnum og fellur því undir eftirlit Ríkisendurskoðunar. Uppljóstrun á misferli í rekstri Þjóðmenningarhússins kemur því frá opinberu eftirliti og Ríkisendurskoðun á fullar þakkir skildar fyrir sitt starf.

Herra forseti. Spilling innan opinberu stjórnsýslunnar á að nokkru rætur að rekja til einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna að halda ríkisfyrirtækjum í fjársvelti til að geta síðan losað um rekstur þeirra, komið þeim á frjálsan markað, einkavætt þau og selt síðan, hefur valdið upplausn í fastri starfsemi rótgróinna opinberra ríkisfyrirtækja. Við þessar aðstæður losnar um siðareglur og gildismat í ríkisfyrirtækjum án þess að hefð sé fyrir samsvarandi þjónustu í einkarekstri.

Herra forseti. Í ljósi þess sem fram hefur komið við skoðun Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að farið verði betur yfir rekstur Þjóðmenningarhússins og því verði settur starfsrammi. Það er óþolandi að mismuna forstöðumönnum ríkisstofnana eins og gert hefur verið. Sumir hafa fengið reisupassann en aðrir lítið lettersbréf. Lítið samhengi virðist á milli eðlis brotanna og refsiaðgerða.

Herra forseti. Það gleður mig að þær upplýsingar hafi komið fram að forstöðumanni Þjóðmenningarhússins hafi verið vikið frá tímabundið. Ég tel það rétt.

[16:10]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það gleður mig ekki að forstöðumaður Þjóðmenningarhússins skuli farinn frá með þeim hætti

að vera vikið frá tímabundið. Aðgerðin var engu að síður nauðsynleg.

Ég held að það hvort lög gildi um Þjóðmenningarhúsið eða ekki skipti sáralitlu máli í þessu sambandi. Ég held að staðið hafi verið eðlilega að því að skipa stjórn yfir Þjóðmenningarhúsið sem hefur átt að hafa tilhlýðilegt eftirlit með starfseminni og vera stefnumótandi um starfsemina þar. Ég held líka að það hafi komið hér skýrt fram að engin spilling hefur verið fóstruð af forsrh., eins og hér var haldið fram. Þvert á móti tel ég að forsrh. hafi tekið mjög faglega á þessu máli. Við þurfum líka að hafa í huga að opinberir starfsmenn, og ekki síst embættismenn, hafa mjög ríkan og sterkan rétt.

Við tókum þátt í því hér fyrir nokkrum árum að setja lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um þau lög varð ein lengsta umræða sem farið hefur fram í þingsölum. Um þau mál var hart deilt. Nú reynir á mörg ákvæði þeirra laga sem þá voru sett, við litla hrifningu sumra sem tóku þátt í umræðunni um þau. Mér sýnist á öllu að þessi lög virki ágætlega. Þau veita það svigrúm sem þarf til að hægt sé að taka á svona málum sem illu heilli komu upp. Ég held að það sé enginn hér í þessum sal sem óski sérstaklega eftir því að svona mál komi upp. En þegar þau koma upp þarf að taka á þeim og mér sýnist forsrh. hafa fullkomlega gert skyldu sína í því efni.

[16:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir yfirlýsinguna sem hann gaf hér. Ég virði það við hann að hann hafi brugðist við á þeim nótum sem hann gerir og að hann hafi lesið bréfið sem hann las fyrir þingheim. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra um að þegar máli af þessu tagi er hreyft þarf að gera það af stakri varfærni. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi þótt mér takast það. Það verður að segjast eins og er að ég lagði mig fram um að gera það af varfærni og tek þess vegna orð hæstv. ráðherra ekki til mín persónulega. Ég vona að þau hafi ekki verið þannig meint, að hann hafi talið mig hafa nálgast málið af offorsi eða ónærgætni.

Í máli mínu, herra forseti, gerði ég að umræðuefni hlutverk Þjóðmenningarhúss og skyldur stjórnenda þess. Mér finnst það liggja beint við að krafan um bætt og betri vinnubrögð nái nú líka til hæstv. forsrh. og starfsliðs hans. Það er ljóst að Þjóðmenningarhúsið verður að fá um sig löggjöf, fá um sig starfsramma. Það verður að vera þjóðinni og þinginu fullkomlega ljóst hvert hlutverk þessa húss er og ekki síst stjórnendum þess. Ég hvet hæstv. ráðherra því til að halda áfram á þeirri braut að bæta vinnubrögðin og gera það í sínum ranni og helst að svara þeim spurningum sem hann hefur látið ósvarað, af þeim spurningum sem ég bar upp við hann í ræðu minni. Hann þarf að svara þeim spurningum á opinberum vettvangi sem allra fyrst.

Það ber brýna nauðsyn til þess, herra forseti, að hæstv. forsrh. geri almennilega hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli líka, þannig að hér þurfi ekki að vera um neina tortryggni að ræða í hans garð.

[16:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með orðum mínum í upphafi var ég ekki á nokkurn hátt að veitast að hv. þm., aðeins að ræða almennt um það hvernig við verðum að gæta okkar í umræðum af þessu tagi, sem menn hafa ekki alltaf gætt sín í. Ég tel reyndar að langflestir þingmenn hafi komið hér í þeim tilgangi einum að ræða þessi mál málefnalega. Auðvitað voru þar frávik frá eins og gengur og gerist.

Ég tók t.d. eftir því að í þeirri ræðu sem mér fannst lágkúrulegust við þessa umræðu skipti ekki höfuðmáli sá dapurlegi atburður sem varð með forstöðumanninn og sú persónulega niðurlæging sem hann hefur orðið fyrir, auðvitað af eigin völdum fyrst og fremst, heldur var meginatriðið hver hefði verið nefndur á skildi í anddyri hússins. Það skyldi nefnt í þessari lágkúrulegustu ræðu sem hér var flutt af þessu tilefni, til að geta komið einhverjum slettum yfir á forsætisráðherrann í þessu tilviki.

Annar þingmaður kom upp og sagði þetta væri dæmi um einkavinavæðingu ríkisstjórnarinnar. Eru menn í þessum sal þeirrar skoðunar að þegar einhverjum starfsmanni verður á eins og hér hefur orðið sé það gert með atbeina, í skjóli eða með vilja þess sem hér stendur? Halda menn það? Trúa menn því? Eru einhverjar vísbendingar um að sá sem hér stendur hafi reynt að hylma yfir þetta brot? Er ekki rétt að menn spyrji Ríkisendurskoðun hvort forsrh. hafi á einhverju stigi málsins gert eitthvað til að hamla því að þetta mál sé rannsakað í þaula? Þingmenn sem hér eru inni vita að það kemur ekki einn einasti reikningur, ekki ein einasta kvittun, frá Þjóðmenningarhúsi inn í forsrn. Forsrh. hefur því engin tök á að fylgjast með peningamálum þar nema í gegnum ríkisendurskoðanda. Engin önnur tök.

Þó menn vilji gjarnan koma slettum á forsætisráðherrann — ég skil vel að þeir reyni mikið til þess — þá verða þeir nú að gæta að sér í tilvikum sem þessum.

[16:16]

Útbýting þingskjals:

Póstþjónusta, 168. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 831.

Póstþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 169, nál. 805 og 831, brtt. 806 og 862.

[16:17]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég legg hér fram nál. um frv. til laga um póstþjónustu frá meiri hluta samgn. Auk mín undirrita nál. Magnús Stefánsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir og með fyrirvara Lúðvík Bergvinsson og Kristján L. Möller. En Hjálmar Árnason var fjarstaddur þegar málið var afgreitt út úr nefndinni.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um póstþjónustu. Helsta nýmæli frumvarpsins felst í því að tekið er upp hugtakið alþjónusta í stað hugtaksins grunnpóstþjónusta sem notað er í núgildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu ber íslenska ríkinu að tryggja öllum landsmönnum aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu á jafnræðisgrundvelli. Þetta ber ríkinu að gera á grundvelli alþjónustukvaða sem því er heimilt að leggja á rekstrarleyfishafa samkvæmt frumvarpinu. Í samræmi við þetta eru í frumvarpinu skýrari ákvæði um jöfnunarsjóð alþjónustu. Í jöfnunarsjóð alþjónustu getur rekstrarleyfishafi sótt um fjárframlag ef honum er gert skylt að starfrækja alþjónustu sem er óarðbær. Gert er ráð fyrir að jöfnunarsjóðurinn verði fjármagnaður með jöfnunargjaldi sem rekstrarleyfishafar greiða í hlutfalli við bókfærða

veltu þeirra á sviði alþjónustu. Hér er um að ræða svipað fyrirkomulag og í fjarskiptalögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tvenns konar heimildum til að stunda póstþjónustu, annars vegar almennri heimild og hins vegar rekstrarleyfi. Alþjónustukvaðir verða einungis lagðar á rekstrarleyfishafa. Samkvæmt frumvarpinu er handhafa almenns leyfis heimilt að stunda þá póstþjónustu sem ekki telst til alþjónustu, sbr. 6. gr. frumvarpsins, en til alþjónustu teljast allar póstsendingar með utanáskrift upp að tiltekinni þyngd. Þetta felur í sér að almenn heimild samkvæmt frumvarpinu nægir til dreifingar á pósti án utanáskriftar.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um gæðakröfur sem póstþjónusta verður að uppfylla. Gerð er sú lágmarkskrafa að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu ...

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þingmenn um að gefa betra hljóð í salnum.)

Gerð er sú lágmarkskrafa að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu séu tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag og einnig að póstur sé borinn út alls staðar á landinu alla virka daga, nema sérstakar aðstæður hindri það. Auk þessa skal Póst- og fjarskiptastofnun setja reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða, lágmarksopnunartíma, fjölda tæminga póstkassa á dag, öryggismál á afgreiðslustöðum o.fl. Það er álit meiri hlutans að gæðakröfur sem þessar séu til þess fallnar að tryggja að allir landsmenn eigi aðgang að póstþjónustu á jafnræðisgrundvelli.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á einkarétti ríkisins frá því sem nú er. Ekki er enn ljóst hver þróunin verður í Evrópu hvað þetta varðar og má telja eðlilegt að beðið sé eftir því að línur skýrist á þeim vettvangi áður en næstu skref eru stigin hér á landi í átt til frekari takmörkunar einkaréttarins. Þess má geta að þyngdarmörk bréfa sem falla innan einkaréttarins hér á landi ...

(**Forseti** (ÍGP): Enn bið ég hv. þingmenn um að gefa betra hljóð í salnum.)

Herra forseti. Það er greinilegt að póstþjónustan er ekki áhugaverð. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Þess má geta að þyngdarmörk bréfa sem falla innan einkaréttarins hér á landi eru nokkuð lægri en núgildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins segir til um. Meiri hlutinn leggur áherslu á að fylgst verði vel með þróun mála í Evrópu þannig að Ísland verði ávallt í fararbroddi í átt til aukins frelsis á þessu sviði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að notað verði orðið ákvörðunarstaður um endanlegan áfangastað póstsendingar í stað orðsins viðtökustaður eins og gert er í frumvarpinu. Þessi breyting er í samræmi við málvenju í póstþjónustu.

2. Lögð er til smávægileg breyting á skilgreiningu frumvarpsins á póstsendingu í 4. gr. Í skilgreiningunni er talað um rekstrarleyfishafa og má misskilja það á þann veg að einungis þær sendingar sem rekstrarleyfishafar flytja teljist til póstsendinga samkvæmt frumvarpinu. Það er ekki ætlunin og er því lagt til að notað verði orðið póstrekandi í stað rekstrarleyfishafa en það orð nær til allra aðila sem veita póstþjónustu samkvæmt frumvarpinu.

3. Lögð er til breyting á 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Breytingin hefur þann tilgang að skilgreina nákvæmar hvað fellur undir alþjónustu samkvæmt frumvarpinu en það eru póstsendingar með utanáskrift upp að tiltekinni þyngd og er markpóstur þar meðtalinn.

4. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins getur einkaleyfishafi ekki fengið fjárframlag úr jöfnunarsjóði vegna alþjónustu sem hann veitir, jafnvel þótt alþjónustan falli utan einkaleyfis hans. Regla sem þessi getur þegar fram líða stundir skekkt samkeppnisstöðu einkaleyfishafa á þeim hluta markaðarins sem fellur utan einkaréttar hans. Af þessari ástæðu leggur meiri hlutinn til þá breytingu að rekstrarleyfishafi sem jafnframt er einkaleyfishafi geti eins og aðrir rekstrarleyfishafar sótt um fjárframlög úr jöfnunarsjóði vegna alþjónustu sem hann sinnir og fellur utan við einkaleyfið.

5. Samkvæmt frumvarpinu skal jöfnunargjald ákveðið árlega með lögum. Telja verður óþarft að gera kröfu um árlega lagasetningu enda getur sú staða verið uppi að hvorki reynist ástæða til að hækka eða lækka gjaldið. Eigi að síður er mikilvægt að gjaldið sé endurskoðað á hverju ári þannig að tryggt sé að sjóðurinn hafi ávallt það fjármagn sem nauðsynlegt er og jafnframt til að tryggja að af rekstrarleyfishafa sé ekki innheimt meira en fjárþörf sjóðsins segir til um. Meiri hlutinn leggur því til að áskilnaður um árlega lögfestingu á gjaldhlutfalli jöfnunargjaldsins verði felldur brott en Póst- og fjarskiptastofnun verði eftir sem áður gert að endurskoða hlutfallstölu gjaldsins árlega og jafnframt gert að skila tillögum um breytt gjaldhlutfall, ef ástæða þykir, til samgönguráðherra. Það er síðan á ábyrgð ráðherra að leggja fram frumvarp um breytta hlutfallstölu jöfnunargjalds ef á þarf að halda.

6. Lagt er til að í stað hugtaksins vanskilasendingar í 54. gr. verði talað um óskilasendingar. Þetta er í samræmi við málvenju í póstþjónustu.

7. Jafnframt er lögð til sú breyting á 54. gr. að í stað þess að gera áskilnað um nærveru fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar þegar nauðsynlegt reynist að opna óskilasendingar er lagt til að ráðherra setji sérstakar reglur um hvernig það skuli gert. Ljóst er að póstsendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar, enda er það svo að póstsendingar njóta sérstakrar verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um friðhelgi einkalífsins. Samkvæmt ákvæðinu má ekki framkvæma rannsókn á póstsendingu nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Því er nauðsynlegt að um þetta gildi skýrar reglur. Meiri hlutinn leggur því til að ráðherra fái umsögn Persónuverndar áður en reglurnar eru settar. Þá er í breytingartillögum meiri hlutans lögð áhersla á að við gerð og beitingu reglnanna skuli þess ávallt gætt að póstsending geti innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

[16:26]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta samgn. sem ég stend að. Vil ég í upphafi þakka hæstv. forsrh. fyrir að vera við umræðuna. Ég óskaði eftir því, ef hægt væri að koma því við, að samgrh. eða sá sem færi með umboðið í fjarveru hans yrði við og ég met að það var unnt.

Herra forseti. Ekki er annað hægt en að fjalla nokkuð almennt um þróun póstþjónustu í landinu á síðustu missirum um leið og við fjöllum um þetta frv. til laga um póstþjónustu sem hér liggur fyrir, þ.e. heildarlög um póstþjónustu.

Komið hefur fram mikil gagnrýni á framkvæmd póstþjónustunnar í landinu síðan hún var hlutafélagavædd, sérstaklega síðan þá, og fyrirtækið Íslandspóstur hf. stofnað. Fréttir um lokun pósthúsa og niðurskurð þjónustu vítt og breitt um

landið hafa verið reglulega í fjölmiðlum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað tekið málefni póstþjónustunnar til umræðu á Alþingi og mótmælt skerðingu á þjónustu, lokun pósthúsa og uppsögnum starfsfólks.

Almenningur víða um land sem hefur mátt þola lokanir á pósthúsum sínum hefur sent mótmælabréf til Íslandspósts hf. og samgönguráðherra en þar hefur verið fátt um svör.

Í ársbyrjun 2001 hafði starfsemi á pósthúsum á landsbyggðinni dregist saman og var þá um 60% af því sem hún var 1999. Bókhald og stjórnun sem var 15% úti á landi 1999 var í ársbyrjun 2001 einungis um 3%. Ég geri ráð fyrir því að þessi þróun síðan á árinu 2001 hafi haldið áfram með nokkuð svipuðum hætti.

Þetta lagafrumvarp sem við erum hér að fjalla um felur ekki í sér breytingar sem snúa þessari stefnu og þróun við. Með því er frekar opnað fyrir auknar lagalegar heimildir til víðtækari einkavæðingar en áður var og jafnvel samdráttar í póstþjónustu. Sérstaklega á þetta við um þá þjónustu sem pósthúsin, hin hefðbundnu pósthús, hafa veitt um áratugi.

Íslandspóstur hf. hefur nú framselt til óviðkomandi aðila stóran hluta af þeirri póstþjónustu sem snýr að neytendum, einkum hvað viðvíkur móttöku og afhendingu pósts. Ráðning á póstþjónustufólki og aðbúnaður á póststöðvum er ekki lengur á beinni ábyrgð Íslandspósts sem þó fer með einkaleyfið og rekstrar- og þjónustuskilmálar eru nú skilgreindir sem viðskiptaleyndarmál sem bæði þingmönnum og almenningi er neitað um aðgengi að. Í þessu lagafrumvarpi hefðu þurft að vera ákvæði sem tækju á þessari tegund einkavæðingar póstþjónustunnar úr því að hún á að viðgangast. Marka hefði þurft skýrari reglur um skyldur, fagþekkingu, aðbúnað og þjónustustig. Kveða þyrfti á um að þær reglur væru opnar almenningi til upplýsingar og eftirlits. Hér er verið að fjalla um trúnaðarmál og persónulegar sendingar fólks en ekki almenna vörusölu og því á neytandinn, almenningur, eigandi sendingarinnar, rétt á fullu aðgengi að öllum þáttum sem snúa að þessari þjónustu og framkvæmd hennar, en að mati undirritaðs sem stendur að þessu nál. skortir mikið á að svo sé.

Þá er og vert að nefna að Póst- og fjarskiptastofnun er falið fjölþætt hlutverk í póstmálum. Hún er einn aðalhöfundur lagafrv. Hún hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Hún veitir leyfi fyrir starfrækslu póstþjónustu. Hún skilgreinir gæða- og þjónustukröfur til póstþjónustunnar og annast eftirlit með því að þeim kröfum sé framfylgt. Sé starfseminni í einhverju ábótavant gerir Póst- og fjarskiptastofnun athugasemdir og beitir viðurlögum. Jafnframt hefur stofnunin það hlutverk að sannreyna þörf og samþykkja breytingar á gjaldskrám og sömuleiðis kröfur um framlag jöfnunargjalds. Póst- og fjarskiptastofnun heyrir beint undir samgrh., svo og póstþjónustan sjálf. Gefur augaleið að þegar ein og sama stofnunin fer með öll þessi hlutverk er mikil hætta á að hagsmunir og sjónarmið geti skarast. Ábyrgð hennar og afskipti geta auðveldlega orðið ótrúverðug af þeim sökum. Ekki auðveldar það eftirlitið þegar þjónustuskyldur sem inna ber af hendi eru allt í einu orðnar viðskiptaleyndarmál, samanber bréfaskipti þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Íslandspósts hf. sem áttu sér stað á sl. vetri.

Með leyfi forseta vil ég vitna til þeirra bréfaskrifta. Í ljósi breytinganna sem urðu á póstþjónustunni víða um land þar sem póstþjónustunni hefur annaðhvort verið komið fyrir í bönkum eða verslunarhúsum, sem sagt út úr hinum eiginlegu pósthúsum, kom fram mikil gagnrýni frá íbúum og neytendum á viðkomandi svæðum. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ritaði forstjóra Íslandspósts eftirfarandi bréf sem ég les nú úr, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskar hér með eftir því að fá í hendur afrit af samningum sem Íslandspóstur hf. hefur gert við sjálfstæða rekstraraðila um starfrækslu póstþjónustunnar á landsbyggðinni.“

Okkur þótti það, herra forseti, nauðsynjamál til þess að geta áttað okkur á hvernig að þessari þjónustu væri staðið, hver skilyrðin væru og hvaða kröfur gerðar. Við vildum vita hvernig þar væri um hnúta búið, hvað Íslandspóstur hf. hefði framselt og hvernig það sneri beint að neytendum. Svarið frá Íslandspósti hf. kom og ég vil fá að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Ágæti framkvæmdastjóri Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Svanhildur Kaaber.

Íslandspóstur hf. mun ekki afhenda samninga er varða viðskiptahagsmuni fyrirtækisins nema til þeirra opinberu aðila sem fara með eftirlitsskyldur gagnvart fyrirtækinu, svo sem Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar.“

Með öðrum orðum, herra forseti, þegar leitað var upplýsinga um hver skilyrðin væru og kröfurnar sem hefðu fylgt því að Íslandspóstur, sem hefur einkaleyfi á þessari þjónustu, hefði samið við þriðja aðila um þjónustuna voru þær ófáanlegar. Við erum að tala um þjónustu sem einmitt sneri að neytandanum, að hinum almenna borgara.

Í gildandi lögum um póstþjónustu og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun eru nú þegar ákvæði um að setja skuli skilgreindar gæðakröfur um póstþjónustu og einnig er kveðið á um eftirlitsskyldu Póst- og fjarskiptastofnunar. Að mati minni hlutans hefði stofnunin getað fylgt eftirlitsskyldu sinni mun betur eftir í þeim miklu breytingum sem orðið hafa á póstþjónustunni síðustu missirin. Hin mikla gagnrýni neytenda á póstþjónustuna hefði átt að gefa fullt tilefni til þess. Það er kostur við lagafrv. að Póst- og fjarskiptastofnun fær auknar heimildir til eftirlits og aðgerða en hætt er við að erfitt reynist að hækka þjónustustigið á ný þar sem þjónustan hefur þegar verið skorin niður.

Rétt er, herra forseti, að skoða þetta í ljósi þess að í umræðum um lokun pósthúsanna og breytingu á póstþjónustunni, t.d. í Skagafirði á sl. vetri, kom fram beiðni um að Póst- og fjarskiptastofnun tæki út og athugaði hvort þjónustan sem þar væri veitt uppfyllti kröfur. Byggðarráð Skagfirðinga fór þess á leit með formlegum hætti þann 9. mars sl., þ.e. fyrir tæpu ári, að þarna færi fram úttekt. Með leyfi forseta:

„Byggðarráð samþykkti að óska eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að stofnunin úrskurði hvort breyting sú sem orðið hefur á póstafgreiðslu í Varmahlíð og á Hofsósi samrýmist lögum og reglum sem varða póstþjónustu í landinu.“

Þetta er bréf, virðulegur forseti, dagsett 9. mars. Með bréfi frá Póst- og fjarskiptastofnun, dagsettu 2. maí, er þessu erindi svarað, ekki fyrr en þá, og ég les, með leyfi forseta:

„Vísað er í bréf yðar, dags. 14. mars 2001, þar sem farið er fram á að Póst- og fjarskiptastofnun „úrskurði“ um hvort sú breyting sem orðið hefur á póstafgreiðslu í Varmahlíð og á Hofsósi samræmist lögum og reglum sem varða póstþjónustu í landinu. ...

Af þessu tilefni vill stofnunin upplýsa yður um að nú stendur yfir heildarúttekt á þeim pósthúsum úti á landi þar sem afgreiðslufyrirkomulagi hefur verið breytt, m.a. vegna samninga við fyrirtæki um rekstur þeirra, auk þess sem unnið

er að setningu reglna sem taka munu m.a. á atriðum eins og hvernig og hvar afgreiðslustaðir eiga að vera, póstleynd, öryggismálum, aðgengis almennings að þjónustunni o.fl.

Stefnt er að því að úttektinni verði lokið í september nk., og verður þá samin skýrsla. Þykir stofnuninni eðlilegra að úttekt á ofangreindum stöðum verði hluti af þessari skýrslu en að þeir verði ekki teknir út sérstaklega."

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á að þarna er verið að gera veigamiklar breytingar í upphafi árs og þeir eftirlitsaðilar sem áttu að fylgja þeim eftir og hafði verið óskað eftir að fylgdu málinu eftir töldu fullnægjandi að fresta úttekt þangað til mörgum mánuðum seinna, nærri hálfu ári seinna, til að gefa neytendum svar um hvort þjónustan uppfyllti þau skilyrði og þær kröfur sem lög kváðu á um. Og það þrátt fyrir að íbúar þessa svæðis hefðu sent undirskriftalista með hundruðum nafna með ósk um að þessi skoðun færi fram.

Þessi lög sem liggja hér fyrir taka í sjálfu sér ekki á þessu. Mér þykir rétt, herra forseti, að geta þess arna vegna þess að að mínu viti hefðu þessi lög sem verið er að leggja til um póstþjónustu í landinu átt að taka mun sterkar á þeim atriðum sem hafa komið upp í þróun undanfarinna ára. Þó er ekki að sjá í sjálfu sér neina eðlisbreytingu á kerfinu. Vissulega hafa komið inn auknar heimildir fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til að fara eftir en áfram er það reyndar háð verkefnum og starfsemi hennar og þeim ráðherra sem fer með póstmál hvernig því eftirlitsstarfi er háttað.

Þá er og rétt að vekja athygli á ýmsum nýyrðum í frv. Ekki fengust upplýsingar um hvort ráðuneytið sem bar ábyrgð á framlagningu frv. hefði leitað til Íslenskrar málnefndar eða annarra opinberra málfarsaðila um leiðsögn í nýyrðasmíð í frv. en mikilvægt er að ekki séu lögfestar nýjar orðskýringar eða nýyrði án þess að það sé samræmt annarri slíkri vinnu og almennri málvitund. Sem dæmi má nefna nýyrðið alþjónusta sem gengur í gegnum lagafrv. og er skilgreint sem sú „póstþjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli". Að mínu áliti er það í sjálfu sér ófullnægjandi skilgreining. Samkvæmt minni málvitund felur orðið alþjónusta í sér að um alla þá þjónustu sé að ræða sem í boði er. Það þýðir „öll þjónusta" og mér finnst orðið ekki bera með sér að hér sé um einhverja afmarkaða lágmarksþjónustu að ræða. Í þessu efni hefði verið betra að mínu mati að nota orðið grunnpóstþjónusta og er lögð fram breytingartillaga þess efnis. Nefna má fleiri dæmi um óskýra eða brenglaða hugtakanotkun í frv.

Þá er rétt að vekja athygli á að orðið pósthús er hvergi nefnt í frv. og því síður er skilgreining á því hvaða þjónusta skuli fara þar fram. Er mjög sérstakt að samin skuli heildarlög um póstþjónustu í landinu án þess að orðið pósthús komi þar fyrir. Herra forseti. Það er kannski tilviljun en er það ef til vill dæmigert fyrir þá niðurlægingu sem þessi almannaþjónusta hefur mátt þola á síðustu missirum af hálfu stjórnvalda? Mér er spurn.

Í 6. gr. sem fjallar um alþjónustu segir að „öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta". Með þessu, herra forseti, gæti verið vísað til þess að flokka ætti neytendur á Íslandi í hópa, annars væri þessi setning varla inni. Er þetta ekki frv. til laga um þjónustu fyrir alla Íslendinga sem búa á Íslandi og alla þá sem hér búa? Þess vegna finnst mér ástæðulaust og reyndar rangt að vera með þetta orðalag inni ef ætlunin er að þjónustan nái til allra jafnt. Við það að setja þessa setningu inn í skilgreiningu á þjónustustiginu, „að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta", er að mínu mati verið að opna fyrir það að flokka megi Íslendinga með einum eða öðrum hætti eftir búsetu hvað varðar þjónustu og þjónustustig. Því er lagt hér til að orðin „sem búa við sambærilegar aðstæður" verði felld út og eftir standi setningin: Að öllum notendum sé boðin eins þjónusta. Póstþjónustu á að veita öllum landsmönnum á jafnræðisgrunni og mikilvægt er að lögin taki af öll tvímæli um að svo skuli gert. Ég vil því leyfa mér að spyrja hv. formann samgn. og þess vegna hæstv. forsrh.: Hvaða merking er lögð í þetta orð í þessari setningu, til hvers er hún þarna komin inn?

Ég tel a.m.k. afar mikilvægt að lögin séu ótvíræð, að veita skuli öllum landsmönnum jafnræði og jafna þjónustu.

Eðlilegt hefði verið að þjónustustig á pósthúsum vítt og breitt um landið hefði verið skilgreint í lögum. Þá hefðu lögin enn fremur átt að fjalla um tollpóstþjónustu og kveða skýrt á um að slík þjónusta væri skilgreindur hluti af almennri starfsemi pósthúsa. En öll sú starfsemi er að langmestu leyti orðin miðlæg í Reykjavík og afgreiðsla slíkra sendinga orðin þunglamalegri og seinvirkari en áður var, einkum sem snýr að einstaklingum úti á landi.

Ég þekki það af eigin raun, herra forseti, að sending sem kemur erlendis frá og þarf póstafgreiðslu stöðvast í höfuðstöðvunum í Reykjavík. Síðan fer bréf um það út á land til viðkomandi. Þar þarf að fylla það út og senda aftur suður og þá getur pakkinn farið til áfangastaðar.

Þess er ekki lengur krafist eða gert ráð fyrir því að þjónustufólkið á pósthúsunum eða póstafgreiðslustöðunum sé fært um eða því skylt að veita þjónustu eins og aðstoð við tollafgreiðslu á slíkum pökkum. Það getur tekið viku til tíu daga, og það er þegar allt gengur vel, að fá þetta endanlega afgreitt eins og nú er háttur á. Þess vegna hefði einmitt átt að hafa svo mikilvæga þjónustu sem tollpóstþjónustu inni í frv.

Í frv. er stöðugt vísað til að í reglugerð verði nánar kveðið á um allar skilgreiningar á póstþjónustu, gæðakröfur og þjónustustig. Í ljósi mikillar gagnrýni á póstþjónustuna í landinu á síðustu missirum og mánuðum hefði verið æskilegt að drög að reglugerð hefðu fylgt frumvarpinu til nefndarinnar. Í kjölfar hlutafélagavæðingar Póstsins og aukinnar einkavæðingar einstakra þátta þjónustunnar hefur pósthúsum verið lokað unnvörpum hringinn í kringum landið og þjónusta við íbúana til bæjar og sveita verið skert. Þeirri lágmarksþjónustu sem eftir er hefur verið komið fyrir í nærliggjandi verslun eða banka.

Ég vil einnig nefna það að að mínu mati hefði í frumvarpinu einnig átt að vera ákvæði sem tækju til þess að póstflutninga mætti skipuleggja sem þátt í samræmdum almenningssamgöngum hvort sem væri í lofti, láði eða legi. Að slíta póstflutningana frá annarri slíkri almannaþjónustu hefur þegar orðið til óbætanlegs tjóns fyrir almannasamgöngur í landinu og bitnar það harðast á íbúum hinna dreifðu byggða. Áætlunarferðir sem áður nutu stuðnings póstflutninganna hafa víða lagst af eða berjast í bökkum. Því hefðu póstflutningar átt að vera hluti af hinni samræmdu opinberu samgönguáætlun og lögin um póstþjónustu hefðu átt að kveða á um að svo skyldi verða.

Það er, virðulegi forseti, kyndugt að sjá póstbíla keyra hringinn í kringum landið jafnvel á eftir áætlunarbílunum þar sem þeir eru enn í gangi. Það hlýtur að mega styrkja alla þessa starfsemi með því að samþætta hana svo að allir hefðu þar hag af.

Í lokaorðum nefndarálitsins, virðulegi forseti, hef ég leyft mér að stilla upp spurningu sem ég held að margt fólk muni að óbreyttu standa frammi fyrir og hefur staðið frammi fyrir á undanförnum mánuðum og missirum, það er spurningin: Hvar er pósthúsið mitt? Hvað hefur orðið af pósthúsinu mínu? Ég held að þetta verði spurning almennings á næstu árum. Í lokin er tekið undir lokaorð í umsögn Póstmannafélagsins um frv. en, með leyfi forseta, lýkur Póstmannafélagið umsögn sinni á eftirfarandi hátt:

„Félagið hefur af því áhyggjur að verði frumvarp það sem hér um ræðir að lögum í óbreyttri mynd mun það enn þrengja að rekstrarstöðu fyrirtækisins og greiðslustöðu þess. Nú þegar hefur fyrirtækið framkvæmt ýmsar aðhaldsaðgerðir sem þýtt hefur niðurlagningu starfa og atvinnumissi fyrir félagsmenn, einkum á landsbyggðinni. Frumvarpsdrögin gefa á engan hátt til kynna að þeirri þróun verði snúið við."

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað heyra hvernig menn sjá framtíðarskipan póstþjónustu í landinu. Síðast í gær fór ég með bréf í póst og póstafgreiðslumaðurinn, sem var kona í því tilviki, spurði mig hvort ég hefði frétt hvað væri að gerast í póstþjónustunni í Reykjavík. Hún sagði mér að verið væri að breyta verulega póstþjónustu í Mjóddinni í Breiðholti, þar stæði til að leggja niður pósthúsið ef það væri ekki búið og færa þá þjónustu sem eftir væri inn í verslun þar. Fækka mundi þáttum sem þar yrðu í boði í þjónustu, svo sem gírógreiðslur og ýmislegt annað, en þarna mundi samt áfram vera í boði lágmarksþjónusta. Hún velti því fyrir sér hvenær kæmi að því að pósthúsinu á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis yrði þá líka lokað. Er það stefnan að öll póstþjónustan, sú póstþjónusta sem snýr að einstaklingnum, hinum almenna neytanda í landinu fari í hendur einkaaðila með þeim hætti sem nú er verið að gera og hin opinbera póstþjónusta verði bara eitthvert skrifstofu- og stjórnsýsluaparat? Er ætlunin að svo verði?

Ég lýsi þungum áhyggjum yfir þeirri þjónustu og þróun sem hér er að gerast. Ég vil t.d. benda á að það er ekki víst að sú skerðing sem nú er að verða á þjónustu víða um landið skili sér í þeim sparnaði þegar til lengdar lætur og látið er í veðri vaka. Það að fólkið, hinn almenni neytandi, á stöðugt lengra að fara til að sækja þessa þjónustu kostar líka tíma og peninga og ef maður ætlar að horfa á þá möguleika sem virk póstþjónusta hefur til eflingar atvinnulífi og nýsköpun, þá skiptir miklu máli að póstþjónustan sé mjög nærri til að senda frá sér vöru og þjónustu og taka við vöru og þjónustu á móti.

Ég heyrði í orðaforða póstþjónustunnar, ætli það hafi ekki verið á vegum Íslandspósts á fundi sem ég var á, að þá var talað um þjónustupósthús. Það orð er hvergi í þeim orðskýringum sem eru í frv. og ég velti fyrir mér hvort það sé bara hreint vinnuheiti hjá hinni opinberu póstþjónustu. En með því skildist mér að átt væri við að fyrst væru póst- og móttökustöðvar, síðan eitthvert þjónustupósthús. Tökum sem dæmi að á vinnustað væri póstmóttaka og síðan væri póstinum ekið á einhvern annan stað sem héti þjónustupóstur og þar væri hann skráður. Þar væri því hin eiginlega þjónusta veitt. Ég leyfi mér að spyrja hv. formann samgn. hvort hann þekki þetta orð, þjónustupósthús, því það er ekki nefnt í þessum skilgreiningum frekar en pósthúsið. En því var þarna ætlað hlutverk.

Ég leyfi mér líka að spyrja vegna þess að ekki er annað hægt en horfa á póstþjónustuna eins og hún mætir manni í dag þegar verið er að fjalla um heildarlöggjöf fyrir póstþjónustuna. Nú er verið að færa póstafgreiðslu og póstmóttöku inn í bankaútibú eða verslanir. Gott og vel ef aðstaðan er þar góð. En þá skilst mér að í fæstum tilvikum sé hægt að skrá póstinn þar, hvort sem um ábyrgðarsendingar eða aðrar slíkar sendingar er að ræða, þá er ekki hægt að skrá móttöku þeirra þar heldur verði þær að fara á eitthvert annast pósthús og skrást þar, kannski þetta þjónustupósthús, sem ég velti fyrir mér hvort gæti verið. Það þýðir að þá er mjög erfitt að rekja feril sendinga. Ég hef spurt um það hvers vegna ekki sé hægt að tengja þessa þjónustu tölvukerfi bankanna, þ.e. skráningarkerfi póstsins, en ekki hafa verið nein svör.

Í ljósi þeirrar miklu umræðu og gagnrýni sem póstþjónustan hefur orðið fyrir á undanförnum vikum og missirum, þá skuldum við neytendum svör þegar verið er að setja nýja heildarlöggjöf um póstþjónustu í landinu, við skuldum þeim svör um hvernig mæta á þeim kvörtunum sem fram hafa komið, hvernig menn ætla að standa að því að efla og styrkja póstþjónustuna í landinu og svara þessari gagnrýni sem hefur komið fram. Þetta frv. sem hér er til umfjöllunar gerir það alls ekki.

Ég vil líka spyrja hæstv. samgrh. um annað. Fyrr í vetur og eins í því bréfi sem ég las upp frá Póst- og fjarskiptastofnun var greint frá því að gerð hafi verið úttekt á póstþjónustunni í landinu á þeim stöðum þar sem póstþjónustan hefur verið færð frá pósthúsinu sem var og inn í aðrar afgreiðslustöðvar. Gera átti úttekt á þeirri þjónustu, hvernig hún gengi upp, hvernig hún uppfyllti þær kröfur sem settar voru. Er þessi skýrsla sem þar var tekin saman aðgengileg og getur samgn. fengið þá skýrslu um úttekt á póstþjónustu í landinu og þeim breytingum sem þar hafa farið fram? Ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir okkur að sjá hver þróunin er.

Herra forseti. Ég ítreka síðan að póstþjónustan er ein hin elsta og virtasta opinbera þjónusta sem almenningur hefur búið við. Pósthúsið hefur verið eitt af hinum föstu punktum, föstu stöðum í byggðarlögum vítt og breitt um landið. Það er því afar mikilvægt og ég legg áherslu á að sú heildarlöggjöf sem við setjum um þá þjónustu standi vörð um þau grunnhugtök, um þá grunnþjónustu sem við viljum eða ég a.m.k. vona að við viljum standa fyrir um allt land, eflist og færist nær fólkinu frekar en hitt.

[16:56]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af orðum hv. síðasta ræðumanns þar sem hann talar um Mjóddina og þá spurningu fólks: „Hvar er pósthúsið mitt?" og nefnir t.d. til sögunnar að fólk þurfi að borga gíróseðla o.s.frv. en í Mjóddinni, af því að hann nefndi hana, eru tveir bankar og einn sparisjóður þannig að allt er þetta að breytast eins og hv. þm. veit.

Mér þykir þó rétt að ítreka það sem segir í frumvarpstextanum að markmið frv. til laga um póstþjónustu er í fyrsta lagi að kveða skýrar á um rétt landsmanna til lágmarksþjónustu. Og þegar talað er um lágmarksþjónustu, þá er í frv. kveðið á um gæðakröfur sem póstþjónustan verður að uppfylla. Gerð er sú lágmarkskrafa að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu séu tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag og einnig að póstur sé borinn út alls staðar á landinu alla virka daga nema sérstakar aðstæður hindri það, svo sem ófærð og annað sem gæti þess vegna komið upp. Auk þess skal Póst- og fjarskiptastofnun setja reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða, lágmarksopnunartíma, fjölda tæminga póstkassa á dag, öryggismál á

afgreiðslustöðum og fleira, sem snýr allt að þessu sem hv. þm. kom inn á áðan. Það sem hefur kannski skort á fram að þessu þar til þessi lög taka gildi, er einmitt vandamálið sem upp hefur komið að afgreiðslustaðir póstþjónustunnar hafa ekki verið eins og til var ætlast og það kemur kannski til fyrst og fremst vegna þess að lagaramminn hefur ekki verið nógu skýr, en það er einmit það sem á að lagast með þessari lagasetningu.

[16:57]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínu mati er það ekki svo að þurft hafi aukna lagaheimild til þess að kveða á um að Póst- og fjarskiptastofnun bæri að skilgreina nánar gæðakröfur til þjónustunnar. Þau lagafyrirmæli hafa verið inni. Það sem ég óttast að liggi í þessu nú er að verið sé að opna heimildir fyrir því að skilgreina þessa gæðakröfu jafnvel neðar en við höfum almennt búið við á undanförnum árum. Þessi lög og þær reglur og sú kvöð á Póst- og fjarskiptastofnun um að skilgreina gæðakröfurnar hafa verið inni.

Þar hefur líka verið lögð áhersla á að póstþjónustu ætti að inna af hendi á miklum jafnræðisgrundvelli. Ég óttast það, herra forseti, og vil spyrja hv. þm. og formann samgn. hvort sú hætta felist í 6. gr. þessa frv. til laga um póstþjónustu sem ég vék að áðan, þar sem stendur að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta. Hvers vegna er ástæða til að vera með slíka setningu inni? Við þekkjum öll að það geta komið vond veður og auðvitað eru landfræðilegar ástæður og eitt og annað fyrir því að þessa og þessa þjónustu sé ekki hægt að veita en það á að vera undantekning en ekki vera gert með heimildum í lögum. Ég spyr hv. formann samgn.: Telur hann ástæðu til, eða hvað þýðir þessi setning varðandi þjónustu við landsmenn eða alla íbúa á Íslandi, að veita eigi þjónustu miðað við hópa sem hafa sambærilegar aðstæður? Býður það heim flokkun á þjóðinni eftir aðstæðum hvers konar þjónustu hún á að fá? Ég held að afar mikilvægt sé að þetta sé fullkomlega á hreinu.

[17:00]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því sem hv. þm. kom inn á áðan, í sambandi við skýrslu sem hann vitnaði til, vil ég minna á að í umræðum sem fram fóru þegar frv. var fyrst lagt fram fjallaði hæstv. samgrh. m.a. um þá skýrslu. Ég tel að ekki eigi að vera erfitt fyrir okkur að nálgast hana verði þess óskað.

Í annan stað vitna ég aftur til þess sem ég sagði í sambandi við frv. Þótt tekið sé til orða eins og hv. þm. sagði er alveg ljóst að þetta frv. til laga um póstþjónustu gerir þá kröfu að póstur sé borinn út daglega og póstkassar séu tæmdir daglega. Það liggur á því að frv. nái fram að ganga. Hér er alveg skýrt og klárt að það er ekki verið að mismuna þegnum landsins með orðalaginu sem hv. þm. Jón Bjarnason vísaði til. Eins og bent er á í nefndarálitinu er það lágmarkskrafa að póstur sé borinn út daglega. Hér eru síðan ákvæði um hversu oft eigi að losa póstkassa og það er a.m.k. einu sinni á dag. Ég held því að þingmaðurinn sé að fara einhverjar villigötur í þessu telji hann að verið sé að mismuna fólki með orðalaginu sem hann vitnar til. Þar er þá bara einhver misskilningur á ferðinni.

[17:01]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að ég óska eftir afdráttarlausri yfirlýsingu um hvort það sé ætlunin. Póstþjónusta er meira en að bera út póst. Póstþjónusta er móttaka á pósti og margháttuð þjónusta sem pósturinn veitir. Aðgengi fólks að póstþjónustunni er líka hluti þjónustunnar. Afar miklu máli skiptir að fólk átti sig á því að þjónustan er ekki bara að bera út þrisvar eða fimm daga í viku. Þetta er gríðarlega mikilvæg þjónusta og framtíðaratvinnumöguleikar okkar geta einmitt legið í öflugri póstmóttöku og póstdreifingu sem næst okkur. Ég tel mikilvægt að þessi atriði verði alveg skýr.

Eins vil ég inna hv. formann samgn. eftir því hvað honum finnst um að hvergi skuli minnst á orðið pósthús í öllum lagabálkinum um póstþjónustu í landinu. Ég sé að notast hefur verið við orðið þjónustupósthús en það er ekki skilgreint hér enda held ég að það þýði allt annað en pósthús. Hvers vegna er hvergi minnst á pósthús í öllum lagabálkinum um póstþjónustu í landinu?

[17:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. Jón Bjarnason er mikill áhugamaður um pósthús. Hann hefur rætt talsvert um þau á hinu háa Alþingi og almennt um póstþjónustuna. Hins vegar fannst mér mál hv. þm. bera þess dálítil merki að hann telji slæmar breytingar frá því ástandi sem ríkt hefur um nokkuð langt skeið, áratuga skeið, til þess ástands sem nú er uppi, þ.e. að þjónustan hafi verið að færast á milli, færast jafnvel í að bankar taki að sér hluta af þessari þjónustu. M.a. hefur gíróþjónustan verið seld o.s.frv. en á móti hefur komið að þjónusta hefur verið aukin. T.d. er víða fimm daga dreifing á pósti í dreifbýli og í þéttbýli er útburður á bögglum og ábyrgðarbréfum o.s.frv. Til viðbótar hefur komist á samstarf banka og póstþjónustunnar o.s.frv. Þannig hefur ýmislegt breyst.

Mér fannst á máli hv. þm. að hann teldi allar þessar breytingar til vansa. Hann saknar mjög gömlu pósthúsanna eins og þau voru og hétu og mér fannst örla á því að hann teldi lausnir gærdagsins lausnir morgundagsins. Mér fannst gæta íhaldssemi í ræðu hv. þm. og að hann teldi að þær að breytingar sem ráðist hefði verið í gætu ekki verið til bóta. Ég er hv. þm. ekki að öllu leyti sammála í þessum efnum.

Hv. þm. hélt því líka fram í ræðu sinni að með frv. væri hætta á menn færu að einkavæða alla skapaða hluti. Ég tel að halda þurfi því til haga að í þessu frv. er ætlunin ekki að einkavæða nokkurn skapaðan hlut. Að því leyti er þetta kyrrstöðufrv. því að í núverandi stöðu hefur Íslandspóstur u.þ.b. 98% af veltu á þessum markaði. Verði þetta frv. að lögum, sem allt bendir til, held ég að ekki verði miklar breytingar. Það má bera ýmislegt upp á meiri hlutann í þessum efnum en ég tel það ekki eiga við í þessu tilviki.

[17:05]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi póstdreifinguna er alveg hárrétt að það er viss kostur og aukin þjónusta að fá póst borinn heim oftar í viku. Varðandi t.d. pakkapóstþjónustuna er sjálfsagt hagkvæmni að því. En sé maður ekki heima til að taka á móti viðkomandi pakka þegar hann kemur þarf að fara meiri háttar vegalengd. Í fyrsta lagi þarf að vita hvar viðkomandi pakki er niður kominn ætli maður að sækja hann, í hvaða pósthúsi hann er. Með fækkun á pósthúsum verður stöðugt lengra að sækja þessa þjónustu.

Ég bendi á það enn og aftur að póstþjónustan er ekki bara fólgin í að taka á móti pósti. Hún er líka til að senda póst. Það gerist í gegnum þessi pósthús og þá er ekki hagræði í því að vera búinn að loka pósthúsinu.

Virðulegi forseti. Ég vil koma þessum upplýsingum til hv. þm. Þetta er því ekki jafneinfalt og hv. þm. vill vera láta. Það verður að horfa á þetta í heild sinni og gleðjast yfir því er þjónustustigið batnar á einstökum sviðum. En það má ekki vera á kostnað annarra sviða eins og við höfum mörg mátt upplifa.

Ég upplifi það sem einkavæðingu þegar þjónusta sem snýr að neytandanum, póstmóttakan og póstdreifingin sem slík, er komin í hendur fyrirtækis sem póstþjónustan hefur enga rekstrarlega ábyrgð á, fólki sem er ráðið þar, þjónustan er þar ekki á ábyrgð Íslandspósts eða aðbúnaðurinn. Þar er því í sjálfu sér að mínu mati ákveðin tegund einkavæðingar.

[17:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að á hverjum þeim sem tekur að sér að dreifa pósti hvíla ákveðnar skyldur. Ég geri ráð fyrir að menn muni reyna að sinna þeim skyldum. Ég átta mig samt sem áður ekki alveg á því hvernig ætti að bregðast við þegar enginn er heima, þ.e. þegar pósturinn kemur og enginn er heima. Ég áttaði mig ekki á því hvort verið væri að tala um að bæta mætti þá þjónustu með því að leita að viðkomandi í bænum. Ég veit ekki hvernig ætti að fara að því. Í sjálfu sér fælist mikil þjónusta í því en ég veit að í tilvikum sem þessum eru skildir eftir miðar á heimilum viðkomandi og þeim gerð grein fyrir því að reynt hafi verið að koma böggli eða sendingu til skila og viðkomandi geti mætt á tiltekinn söfnunarstað, hvort sem það er kallað pósthús í dag eða eitthvað annað, og sótt þessa böggla. Ég held að í sjálfu sér hafi póstþjónustu farið fram á þessu sviði.

En síðan getum við rætt það, séstaklega í ljósi hinnar miklu umræðu um svokallaða einkavæðingu o.s.frv., að vart nokkur maður vill taka þessi orð sér í munn í ljósi atburðanna undanfarið. Út frá því má svo sem skilja að hv. þm. hafi áhyggjur.

Ég held, virðulegi forseti, að ýmislegt megi um það frv. segja sem hér er til umræðu en frv. verður ekki sakað um að verið sé að reyna að færa verkefni frá Íslandspósti yfir á önnur fyrirtæki.

[17:09]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki tala af léttúð um póstþjónustuna og þá miklu möguleika sem hún hefur og skyldur við almenna borgara.

Ég hef áhyggjur af því, ég verð að segja það eins og er, virðulegi forseti, að Alþingi afgreiði lagabálk, heildarlög um póstþjónustu í landinu, án þess að þar komi nokkurs staðar fyrir orðið pósthús. Ég hef áhyggjur af þessari nálgun póstþjónustunnar í landinu.

[17:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rétt að taka fram í upphafi máls míns að ég er ekki jafn vel að mér í þessum málaflokki og samgrh., sem ég gegni störfum fyrir um þessar mundir, enda er ég á öðrum pósti, ef svo má segja, í Stjórnarráðinu. Enda er það svo að samgrh. sat hér alla 1. umr. og kom með skýringar á frv. og síðan stendur þinghefð til þess að 2. umr. fari að mestu fram á vegum nefndarinnar og talsmanna nefndarálitanna.

Ég vil þó nefna varðandi atriði sem komu fram hjá hv. talsmanni minni hluta samgn., að mér finnst mjög margt skiljanlegt í ræðu hans og það sem hann er að fjalla um. Það er ljóst að nýr tími hefur breytt aðstæðum að þessu leyti og auðvitað er það ekki allt til batnaðar. Það er ekki hægt að halda því fram að það sé allt til batnaðar en það lýtur lögmálum hinna nýju tíma og því hvernig byggðamunstur hefur breyst o.s.frv.

Þrátt fyrir allt virðist í lagafrv. þessu reynt að skapa mönnum sem best skilyrði áfram þrátt fyrir breyttan hag og breytta tíma til að fá notið þessarar grundvallarþjónustu sem er svo mikilvæg, þ.e. þjónustu póstsins. Í hugum alls almennings í landinu er þar almannaþjónusta sem menn vilja eiga sem besta og tryggasta.

Frá öndverðu sögunnar hefur það verið talið til fyrirmyndar í skilvirku þjóðfélagi að póstþjónustan sé öflug, traust og trúverðug. Þannig er eðlilegt að menn vilji fjalla um það og binda þær reglur sem að því lúta sem traustustum hnútum.

Hv. þm. nefnir í nefndaráliti sínu, rifjaði upp í ræðu sinni áðan og orðaði á þá leið að marka hefði þurft skýrari reglur um skyldur, fagþekkingu, aðbúnað, þjónustustig og fleira sem hann nefnir í því dæmi. Hann segir einnig á bls. 2, með leyfi forseta:

„Í gildandi lögum um póstþjónustu og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun eru ákvæði um að setja skuli skilgreindar gæðakröfur um póstþjónustu og einnig er kveðið á um eftirlitsskyldu Póst- og fjarskiptastofnunar."

Þetta frv. markar ákveðinn lagaramma í þessu skyni. Síðan er heimild til samgrh. til að útfæra nánar reglugerð um þessa þætti og eftir því sem ég best veit er einmitt í smíðum reglugerð um pósthús eða afgreiðslustaði, þjónustustig og gæði póstþjónustu og fleira af þessu falli. Hún er nú þegar í smíðum í ráðuneytinu og þar er reynt að taka á þessum hlutum. Ég tel líklegt að samgrh. muni hafa um það samráð við hv. samgn. hvernig sú reglugerð skuli úr garði gerð og er ekki nema jákvætt að gert sé með þeim hætti.

Varðandi það sem snýr að Póst- og fjarskiptastofnun, eftirliti og atbeina hennar, er eftir því sem ég veit best í þeim efnum alfarið byggt á þeim reglum sem samningar okkar um EES leiða til og tilskipunum sem þaðan hafa komið um þetta efni þannig að þar sé þess gætt að reglur séu samræmdar og menn sitji við sama borð og annars staðar hvað þar varðar.

Varðandi spurningu hv. þm. um alþjónustu vill svo til að ég man til þess að ég gerði athugasemd við þetta orð á sínum tíma í ríkisstjórn. Ég hygg reyndar að það hafi verið í öðrum lagabálki, hvort sá var um fjarskiptaþjónusta almennt eða þess háttar. Mér fannst orðið skrýtið vegna þess að það virtist gefa til kynna allsherjarumlykjandi þjónustu og kannski viðameiri væntingar en efni stæðu til. Ég fékk þá skýringu á orðinu — reyndar voru skýringar með orðinu í því frv. þótt þær hefðu ekki nægt mér — þ.e. viðbótarskýringar og sætti mig við orðið eftir þær skýringar þó að mér finnist orðið ekki nægilega nákvæmt í sjálfu sér og nægilega fallegt. En ráðuneytið hefur sagt mér að ekki hafi verið leitað til Íslenskrar málnefndar um þetta orð. Þannig liggur hér fyrir svar við þeirri spurningu.

Eins og formaður samgn., hv. 8. þm. Reykv., sagði og reyndar kom það einnig fram hjá hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvíki Bergvinssyni, hafa menn á undanförnum árum verið að skipuleggja og auka öryggi á póstþjónustu alla virka daga.

Færist það í vöxt dag frá degi. Menn vænta þess að innan ekki of langs tíma, tveggja ára eða svo, muni sá árangur hafa náðst.

Eins og ég sagði í upphafi, eingöngu í þeim tilgangi að menn kæmust ekki að því sjálfir hér í salnum, er ég ekki jafn vel að mér í þessum málum og samgöngunefndarmennirnir sjálfir, ég tala ekki um samgrh. sem ég gegni störfum fyrir nú um stundir.

[17:16]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma hingað og skýra nokkur atriði sem hafa verið í umræðunni. Ég vil inna hann eftir því, hæstv. forsætisráðherrann, hvort hann sakni þess ekki eins og ég að hvergi skuli standa orðið pósthús í þessum lagabálki, pósthús sem er búið að vera einkenni fyrir þessa þjónustu í áratugi og má kannski jafnvel rekja í öldum. Pósthús hafa verið fastur og mikilvægur þjónustukjarni í mörgum samfélögum. Ég sakna þess að orðið pósthús skuli ekki koma hér rækilega inn með skilgeindu hlutverki, virðulegi forseti, og inni hæstv. forsrh. eftir því hvað honum finnist um það.

[17:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja út af þessari spurningu að ég sakna þess en það er bara vegna þess að ég er svo hræðilega íhaldssamur (**JB:** Já.) og það er sjálfsagt það sem hrjáir okkur báða. En það er margt af þessu tagi sem er að fara forgörðum og úr hinni íslensku stjórnartilveru sakna ég þess mest að hreppstjórarnir skuli vera liðnir undir lok. Sú stétt var elsta valdastétt landsins, jafngömul byggð í landinu, án þess að það komi þessu máli við. Samt býst ég við að hreppstjórar hafi einhvern tíma borið út póst. Ég á reyndar ættir að rekja til pósta og er þess vegna viðkvæmur fyrir þeim svo að ég monti mig hér í salnum af Hannesi Jónssyni á Núpsstað, ömmubróður mínum, sem var landsfrægur póstur og fór heljarferðir, ekki í pósthús heldur milli bæja yfir jökulár og reyndar hljóp jökul meðan gos var undir svo frægt varð.

Ég tek undir með hv. þm. að ég sakna þess að pósthús sé ekki lengur með í textanum en ég fæ engu um það ráðið, býst ég við.

[17:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég stend að því meirihlutaáliti sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur mælt fyrir, og gerði vel og skýrði nokkuð vel þau markmið sem að er stefnt með því frv. sem hér er ætlunin að gera að lögum.

Ég hef hins vegar á því dálítinn fyrirvara sem fyrst og fremst lýtur að því að lítið sem ekkert er ætlað að hrófla við þeim einkarétti sem Íslandspóstur hefur haft um langt skeið, og áfram sem hingað til er líklegt að 97–99% af öllum pósti og póstsendingum í landinu verði á höndum þess fyrirtækis. Með því móti er ég ekki að lasta fyrirtækið sjálft á neinn hátt en hefði talið að með því að opna á að draga mætti úr þessum einkarétti mætti hugsanlega leita nýrra leiða til að bæta og efla póstþjónustuna.

Ég held, virðulegi forseti, að þar séum við mjög samstiga, ég og hv. þm. Jón Bjarnason. Báðir viljum við efla og tryggja póstþjónustuna frá því sem nú er sem þó hefur farið talsvert fram að mínu mati á undanförnum árum. Ég held að við séum samstiga í því en okkur greinir kannski að einhverju leyti á um þær leiðir sem hugsanlega má fara til að ná því markmiði.

Ég er sammála þeim sem hafa sagt það hér að þessi þjónusta er mjög mikilvæg og ég held að það sé almenn sátt um að reyna að tryggja að þessi þjónusta sé eins góð og verið hefur og áfram verði unnið að því að bæta hana eins og gert hefur verið. Ég er þó ekki alveg samstiga hv. þm. og hæstv. forsrh. í því að sakna pósthúsanna eitthvað sérstaklega og það er kannski ekkert skrýtið að íhaldsmennirnir tveir, hæstv. forsrh. og hv. þm. Jón Bjarnason, séu samstiga í þessum efnum og kannski oft og tíðum samstiga í því að vilja fara sér hægt í breytingar svo að ekki sé dýpra í árinni tekið.

Það eru þessi tilteknu atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi vekja athygli á og þau gera það að verkum að ég hef þann fyrirvara sem ég hef greint frá. Þrátt fyrir að ég haldi að menn nái þeim markmiðum sem að er stefnt held ég að ganga hefði mátt lengra í því að opna á þann einkarétt sem nú er og miðast við bréf upp að 250 g auk ábyrgðarsendinga. Þetta hefur það í för með sér að Íslandspóstur hefur u.þ.b. 98% af þeirri 5–6 milljarða veltu sem er á þessum markaði. Þetta held ég að hefði mátt gera og með það að markmiði að efla og bæta þjónustuna. Hins vegar skal þó viðurkennt hér að umræða um slíka hluti, umræða um tilfærslu þjónustu, sérstaklega þegar verið er að færa frá ríki til einkaaðila, er dálítið vandmeðfarin þessa dagana. Það er alveg ljóst að ríkisstjórninni hafa ekki farist þær aðgerðir mjög höndulega sem hún hefur staðið í undanfarnar vikur og mánuði og því er þessi umræða dálítið vandmeðfarnari nú um stundir en oft áður.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, vil ég ítreka að ég stend að þessu frv. og stend að meirihlutaálitinu sem hér hefur komið fram með þó þeim fyrirvara sem ég hef rakið.

[17:23]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir að hafa gert grein fyrir þeim fyrirvara sem hann setur við þetta nál. Mig langar kannski að spyrja hv. þm. að einu, hvort ég hafi skilið hann rétt að hann sé fylgjandi því að einkarétturinn verði afnuminn, einkarétturinn til póstdreifingar þegar fram í sækir og aðstæður verða til. Persónulega verð ég að segja að ég er því afskaplega fylgjandi. Ég held að sú þó litla samkeppni sem við sjáum á sviði póstdreifingar hafi skilað lægra verði til neytenda. Þetta er náttúrlega í afskaplega smáum mæli sem hægt er að miða við en við sjáum að verð á því sviði hefur lækkað.

Mig langar sem sagt að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að því hvort hann geti ekki tekið undir með mér í því máli að þegar fram í sækir verði það markmið að þessi einkaréttur verði takmarkaður og helst afnuminn. Eins og stendur er það í rauninni ekki hægt og m.a. þess vegna tek ég undir þetta nál. Það er ákveðin þróun í gangi í Evrópu og innan EES-svæðisins sem við Íslendingar verðum einfaldlega að taka tillit til.

[17:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil kannski aðeins nefna að það er ekkert sem mælir því í mót að dregið verði úr þeim einkarétti sem nú ríkir. Hins vegar hafa verið í gildi reglur á Evrópska efnahagssvæðinu sem taka mið af því að hann verði ekki meiri að lágmarki en þar er kveðið á um, og ef ég man þær

tölur rétt held ég að þar sé reyndar miðað við 350 g í hverju bréfi en ekki 250 sem hér er þó ætlunin að gera, og ganga að því leytinu til lengra en lágmarkið kveður á um. En það er ekkert sem mælir því í mót að gengið verði lengra.

Ég gerði í fyrirvara mínum grein fyrir þeirri afstöðu sem ég hef til þessa einkaréttar. Ég hef hins vegar bent á að hér er um almannaþjónustu að ræða og því tel ég mikilvægt að farið sé varlega í þessum efnum. Það er mat mitt að þessa þjónustu mætti bæta með því að draga úr einkaréttinum og gefa öðrum tækifæri á að spreyta sig en ég er hins vegar eins og fleiri sem telja nauðsynlegt að ganga varlega um þessar dyr því að tryggja verður að allur almenningur hafi aðgang að póstþjónustu. Þetta er mikilvæg þjónusta við almenning og því er nauðsynlegt að vanda til verka. Ég get þó tekið undir að það er ekki himinn og haf milli sjónarmiða okkar í þessum málum.

[17:27]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þess má geta að þyngdarmörk bréfa hér á landi sem falla innan einkaréttar eins og kemur fram í nál. eru töluvert lægri en gildir innan Evrópuþingsins og Evrópuráðsins en engu að síður held ég að markmiðið hjá okkur verði áfram að afnema einkaréttinn á póstþjónustu. Þegar ég var búin að greina frá hummið og haið hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fannst mér ég greina þá niðurstöðu hjá honum að hann væri fylgjandi því að hafa það að markmiði að afnema einkaréttinn á póstþjónustu.

[17:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Menn hafa svolítið verið að horfa aftur í tímann í þessari umræðu og mig langar til að gera það í upphafi máls míns, horfa örlítið aftur í tímann.

Í stjórnmálum hafa áherslur breyst að verulegu leyti á síðustu 50 árum. Vinstri sinnaðir menn um miðja 20. öldina voru að sönnu hagsýnir en þeir voru líka mjög ídeólógískir eins og kallað var, létu stjórnast af hugmyndafræði. Styrkur hægri manna var að vissu leyti sá að þeir lögðu áherslu á hina praktísku hlið, stundum í ríkari mæli en vinstri mennirnir, og voru ekki fjötraðir af hugmyndafræðinni á sama hátt.

Nú hefur þetta snúist við. Það er vinstri sinnað fólk sem horfir á aðstæður, vegur og metur hlutina með tilliti til aðstæðna hverju sinni en hægri sinnarnir eru hinir ídeólógísku menn. Þeir láta stjórnast af hugmyndafræði og verstir eru þeir í Brussel. Þar ræður hugmyndafræðin algerlega ríkjum. Hugmyndafræði hægri manna birtist okkur m.a. í þessu frv. og í þeim kerfisbreytingum sem gerðar hafa verið á liðnum árum á póst- og símamálaþjónustu, ekki bara hér á landi heldur í allri Evrópu.

Í ársbyrjun 1998 tók gildi ný tilskipun um fjarskipti. Hún hafði verið birt nokkrum árum áður. Fjórum eða fimm árum áður hafði hún verið samþykkt en þá skyldi hún koma til framkvæmda. Íslendingar voru aldrei þessu vant nokkuð snemma á ferðinni og breyttu lögum sínum í árslok árið 1996. Ný lög um fjarskipti litu því dagsins ljós í ársbyrjun 1997. Þá var sundurgreind póstþjónustan annars vegar og símaþjónustan hins vegar, sem höfðu verið samreknar. Bæði þessi fyrirtæki, þ.e. báðar þessar greinar gömlu Póst- og símamálastofnunarinnar, voru gerðar að hlutafélögum. Síðan þekkjum við söguna. Menn fóru að undirbúa sölu Símans og skipuleggja Póstinn á nýjan hátt.

Í rauninni var þetta mjög hagkvæm rekstrareining við íslenskar aðstæður, að reka póst- og símaþjónustustofnanir víðs vegar um landið. Þetta var ágætt sambýli. Þetta er nátengd þjónusta. Eins og menn hafa oft bent á í tengslum við þessa umræðu þá hefur það hvernig fólk hefur samskipti sín í milli tekið breytingum. Þessi samskipti hafa færst frá bréfum yfir á internet og upp í háloftin. Allt rúmaðist þetta innan pósts og síma. Hvernig sem á málin var litið var þetta heppileg rekstrareining og alveg sérlega heppileg við íslenskar aðstæður. Út frá gamalli hugsun hagsýninnar hentaði þetta vel á Íslandi. En menn létu stjórnast af hugmyndafræðinni. Þessari starfsemi skyldi komið á markað. Hún skyldi greind niður í Póst annars vegar og Síma hins vegar. Síðan er haldið áfram og í greinargerð með þessu frv. er bent á stærsta glæp samtímans, þ.e. að niðurgreiða eina þjónustu með arðinum af annarri. Á bls. 16 í greinargerð með frv. er vísað í póstsendingar með dagblöðum, vikublöðum og tímaritum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Niðurgreiðsla á umræddum sendingum sem fengin er með álagi á aðrar tegundir alþjónustusendinga verður að teljast óeðlileg. Þessu til frekari stuðnings er bent á að samgönguráðherra hefur hingað til ekki talið nauðsynlegt að beita ákvæði gildandi laga.“ — Þetta í lokin er aukaatriði, en hitt þykir sérlega óeðlilegt að niðurgreiða eina sendingu með arðinum af annarri.

En er það endilega óeðlilegt? Ég held ekki. Eða finnst mönnum eðlilegt að íþyngja félagasamtökum, svo að dæmi sé tekið, þannig að þau geti ekki lengur komið skilaboðum til félagsmanna sinna? Þetta er líka spurning um lýðræði. Það hefur gerst í kjölfar þessara breytinga á rekstrarfyrirkomulagi pósts og síma og aðgreiningu þessara fyrirtækja að félagasamtök hafa ekki lengur efni á að senda félagsmönnum sínum félagsblöð. Þetta skiptir máli í lýðræðisþjóðfélagi.

Hér erum við aðeins að tala um millifærslur innan póstsins en áður fyrr niðurgreiddi síminn póstþjónustuna. Þar voru færðir fjármunir á milli og ekkert athugavert við það að mínum dómi. Það var hið besta mál. Síminn var reyndar svo aflögufær að auk þessara niðurgreiðslna skilaði hann milljörðum inn í ríkissjóð á hverju einasta ári. Ekkert athugavert við það heldur, að mínum dómi. Nú þykir þetta hinn versti glæpur og afleitt að einn þáttur niðurgreiði annan. Þessi hugsun birtist okkur alltaf í nýju formi, m.a. í þessu frv. hér.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta lagafrv. Það hefur hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í samgn., gert mjög vel. Hann hefur skilað ítarlegu áliti minni hluta samgn. og rakið athugasemdir sínar við umræðuna áðan. Hann bendir á hvernig póstþjónustunni hefur hrakað á liðnum árum. Hann bendir m.a. á að í ársbyrjun 2001 hafi starfsemi á pósthúsum á landsbyggðinni dregist saman, verið um 60% af því sem hún var 1999. (**ÍGP:** Hvers vegna?) Ja, hvers vegna? Ég held framsóknarmaður í salnum hafi spurt hvers vegna það hefði gerst. Vegna þessara kerfisbreytinga. Vegna þess að menn hafa verið að loka pósthúsum. Eftir því sem ég best veit er alla vega um það rætt í röðum póstmanna að fyrir dyrum standi enn frekari lokanir. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvað er á döfinni í þessum efnum. Í minnihlutaáliti hv. þm. Jóns Bjarnasonar er vísað í umsögn Póstmannafélags Íslands um þetta frv. en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Félagið hefur af því áhyggjur að verði frumvarp það sem hér um ræðir að lögum í óbreyttri mynd muni það enn þrengja að rekstrarstöðu fyrirtækisins og greiðslustöðu þess. Nú þegar hefur fyrirtækið framkvæmt ýmsar aðhaldsaðgerðir

sem þýtt hefur niðurlagningu starfa og atvinnumissi fyrir félagsmenn, einkum á landsbyggðinni. Frumvarpsdrögin gefa á engan hátt til kynna að þeirri þróun verði snúið við."

Það land sem sennilega hefur gengið einna lengst í einkavæðingu er ekki innan Evrópusambandsins heldur er það hinum megin á hnettinum. Það er Nýja-Sjáland. Einhvern tíma ætlaði ég að afla gagna um afleiðingar einkavæðingar innan heilbrigðisþjónustunnar á Nýja-Sjálandi. Ég sendi fyrirspurnir til að fá fram ýmsar upplýsingar. Þær upplýsingar fékk ég ekki. Hvers vegna halda menn að það hafi verið? Viðskiptaleyndarmál. Það voru viðskiptaleyndarmál. Spítalarnir höfðu verið gerðir að hlutafélögum og upplýsingar sem víðast hvar eru opinberar, um aðgerðir á sjúkrahúsum, voru orðnar viðskiptaleyndarmál.

Hvers vegna nefni ég þetta? Jú, vegna þess að þegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þingflokkurinn, óskaði eftir upplýsingum um samninga sem Íslandspóstur hafði gert við fyrirtæki á landsbyggðinni var okkur sagt að þetta væri viðskiptaleyndarmál. Í þessum skilningi erum við komin til Nýja-Sjálands. Svar Íslandspósts var ósköp stutt, þrjár línur, við erindi okkar þar sem við óskuðum eftir að fá í hendur afrit af samningum sem Íslandspóstur hf. hefði gert við sjálfstæða rekstraraðila um starfrækslu póstþjónusunnar á landsbyggðinni. Svarið var þrjár línur, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Íslandspóstur hf. mun ekki afhenda samninga er varða viðskiptahagsmuni fyrirtækisins nema til þeirra opinberu aðila sem fara með eftirlitsskyldu gagnvart fyrirtækinu, svo sem Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun."

Við fáum ekki þessar upplýsingar. Hvernig skyldi þessu vera háttað í sjálfu musteri kapítalismans, í Bandaríkjunum? Þar eru upplýsingar af þessu tagi miklu opnari en þær eru hér á landi. Í rafmagnsgeiranum geta neytendasamtök, almenningur og fyrirtæki t.d. farið fram á að fá upplýsingar um samninga sem hér færu leynt og fara leynt í Evrópusambandinu. Ég held að enginn gangi eins langt og Íslendingar í því efni. Nýjasta dæmið um þá leynd eru fyrirhugaðir samningar eða samningsgerð varðandi Kárahnjúkavirkjun þar sem leyna á Alþingi og þjóðina upplýsingum um sjálfsagðar forsendur. Í Bandaríkjunum þekkist þetta ekki. Þar er hægt að krefjast slíkra upplýsinga hjá fyrirtækjum í almannaþjónustu. *Að einhverju leyti byggist þetta á einokunaraðstöðu þeirra.* Til þess að koma í veg fyrir að þau misnoti aðstöðu sína og vald er þeim gert að hafa allt sitt uppi á borði.

En þegar kemur að Íslandspósti hf. og óskað er eftir upplýsingum um slíka samninga fáum við svör eins og þessi. Það vantar ekki fínu orðin. Menn eru búnir að finna upp nýtt orð sem heitir alþjónusta. Ég veit ekki til hvers það á eiginlega að vísa. Það vefst fyrir mönnum. Þetta er nýtt orð yfir grunnþjónustu sem póstrekstraraðilum er gert að veita. En menn geta ekki dulist á bak við svona fín orð endalaust. Fólk spyr að sjálfsögðu að leikslokum: Hvernig þjónustu veitir pósturinn mér? Hvaða þjónustu fæ ég?

Niðurstaðan af þessum kerfisbreytingum öllum er sú að þjónustunni er að hraka. Það er að draga úr henni. Hún er að verða dýrari og henni er að hraka. Hvers vegna verður hún dýrari? Jú, að hluta til vegna þess að áður fyrr niðurgreiddi síminn póstinn. Að hluta til er það ástæðan. Þjónustunni líka víða að hraka vegna þess að verið er að loka póstútibúum. Mér finnst þetta hljóta að vera þær spurningar sem við spyrjum þegar við samþykkjum svo óskaplega fínt frv. til laga um póstþjónustu á Íslandi. Er það ekkert áhyggjuefni, þótt við fáum öll þessi fínu orð t.d. alþjónustu, að póstþjónustu í landinu skuli vera að hraka? Hvernig ætla ríkisstjórnin og fulltrúar stjórnarmeirihlutans að réttlæta slíkt?

[17:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. talaði á tilfinningalegum nótum um pólitík í víðasta skilningi þess orðs. Hann talaði um Brussel og ýmislegt fleira. Hann ræddi líka um viðskiptahagsmuni. Auðvitað eru þetta allt saman viðkvæm mál. Það er mikið af góðu starfsfólki hjá Póstinum eins og hjá mjög mörgum öðrum fyrirtækjum og auðvitað er um viðskiptahagsmuni að ræða. Pósturinn er í samkeppni. Hann er í samkeppni við aðila sem dreifa pökkum, ég held að það heiti DHL Hraðflutningar. Pósturinn er í samkeppni við fjöldamörg fyrirtæki.

Pósturinn er t.d. líka í samkeppni við Morgunblaðið sem dreifir alls konar pósti með Mogganum. Þegar við fáum Moggann inn um blaðalúguna hjá okkur á morgnana fáum við oft ýmiss konar dreifibréf með blaðinu. Þetta snýst allt um viðskiptahagsmuni.

Hv. þm. talaði mikið um að þjónustu póstsins hefði hrakað. Það er bara alls ekki rétt hjá hv. þm. Ég veit ekki betur en t.d. í þéttbýli séu ábyrgðarbréf, bögglar og annað slíkt borin út. Það kemur sér t.d. afar vel fyrir þingmenn sem eru lengi í vinnunni á daginn og fólk sem ekki á möguleika á að komast í hin svokölluðu pósthús getur fengið slíkar sendingar heim. Á sama hátt er víða í dreifbýli farið að dreifa pósti fimm daga vikunnar. Það var áður gert þrjá daga vikunnar. Ég fer mjög gjarnan á fundi í dreifbýlinu. Fólk þar fagnar auðvitað mjög að fá póstinn daglega virka daga þannig að hér er á vissan hátt um bætta þjónustu að ræða.

Ég held að við ættum að gleðjast yfir þessum breytingum. En auðvitað eru breytingar í kerfinu hjá póstinum eins og í öllu öðru. Einu sinni voru til símstöðvar. Ég sakna þeirra tíma er maður hringdi í símstöðina og bað um ákveðin númer og fékk svör frá ágætismanneskjum sem unnu á símstöðvum í eina tíð.

[17:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt sannast sagna að enginn deildi um það að póstþjónustu hefur hrakað í landinu, enda kemur m.a. fram í skýrslum sem gerðar hafa verið að í ársbyrjun 2001 hafi starfsemi í pósthúsum á landsbyggðinni dregist saman og var þá um 60% af því sem hún var 1999. Póstþjónustan er einnig orðin dýrari og ég vék að því að ýmis félagasamtök hafa ekki lengur ráð á því að senda póst til félagsmanna sinna, dreifibréf og tímarit, félagsrit, vegna þess að þetta er orðið svo dýrt. Þetta er breyting sem hefur orðið, enda ekkert undarlegt því það komu verulegir fjármunir frá símahluta Pósts og síma sem niðurgreiddu póststarfsemina. Þetta er bara staðreynd.

Síðan skil ég ekki alveg þá hugsun um viðskiptaleyndarmálin. Ég geri mér alveg grein fyrir að Morgunblaðið, eins og hv. þm. nefndi, dreifir auglýsingum og það eru ýmsir sem standa þarna í samkeppni, en þarf viðskiptum og samkeppni alltaf að fylgja leynd? Hvað á að vera svona leynilegt við það að gera samning við þess vegna olíustöð eða verslun á landsbyggðinni um þjónustu? Hvers vegna á þetta að vera leynilegt? Af hverju má þetta ekki vera uppi á borði? Ég skil það ekki.

[17:48]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kom hjá hv. þm. að starfsemi póstsins hefur dregist saman um 40%. Það stafar fyrst og fremst af því að eftir að fyrirtækin skiptust upp skipti Síminn ekki lengur við Póstinn á sama hátt og áður var. Þarna myndast ákveðið bil sem er alveg hárrétt. Ef ég man tölur rétt hefur Pósturinn verið rekinn með líklega liðlega 100 millj. kr. tapi tvö síðustu ár þannig að þar er um verulegar upphæðir að ræða. Það er vissulega rétt að fjöldadreifingar hafa hækkað. Það er ekkert endilega tengt þessari skipulagsbreytingu að þær hafi hækkað. Þær eru líka í samkeppni eins og komið hefur fram við ákveðin dreifingarfyrirtæki. Nú eru blöð að dreifa o.s.frv. Það er líka alveg ljóst.

Þá er spurningin: Hvað er til ráða? Eitt ráðið væri hugsanlega það að ríkisvaldið greiddi niður póstþjónustu í landinu. Það er einn möguleiki. Þá gæti verið algerlega óbreytt ástand ef ríkissjóður væri tilbúinn að leggja fyrirtækinu til kannski 200 millj. á ári hverju og þá væri hægt að reka allt með óbreyttu ástandi. En það er líka spurning hversu lengi það gæti gengið vegna þess að árið 2006, ef ég man rétt, kom ákveðið frelsi í þessa dreifingu og það er m.a. þess vegna sem fyrirtækið er að undirbúa sig undir þá samkeppni.

[17:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mergurinn málsins að hið rekstrarlega sambýli Pósts og síma var mjög hagkvæmt og hentaði mjög vel íslenskum aðstæðum. Eins og hv. þm. bendir á runnu fjármunir frá símahliðinni yfir til póstsins og ég held að þetta hafi verið mjög gott.

Nú ætla menn að selja Símann sem hefur verið gullgerðarvélin, rekin með miklum arði og skilaði þeim arði áður hreinum inn í ríkissjóð og að hluta yfir í póstinn. Mér finnst það skjóta skökku við að selja þá gullgerð frá ríkinu, frá almenningi en ætla síðan almenningi, skattborgaranum, hugsanlega að niðurgreiða það sem ekki ber sig eins og póstþjónustuna, að standa straum af þeim kostnaði sem við viljum leggja í til að styrkja lýðræðið í landinu, að auðvelda félagasamtökum, almannasamtökum að koma upplýsingum til félagsmanna sinna. Menn ætla almenningi, skattborgaranum, að standa straum af þessu á meðan einkaaðilum, fjárfestingaraðilum, verður fengin í hendur gullgerðarvélin. Þeir mala sitt gull en skattborgaranum verður gert að greiða með því sem við yrðum hugsanlega ásátt um að póstinum bæri að veita, þ.e. þeirri þjónustu sem póstinum bæri að veita.

Mér finnst þetta harla mótsagnakennt og ég held að einhverjir gamlir framsóknarmenn hefðu snúið sér við í gröfinni ef þeir hefðu gert sér grein fyrir því að Framsfl. fylgdi slíkri stefnu eins og hann hefur gert.

[17:52]

Útbýting þingskjala:

Einkavæðing ríkisfyrirtækja, 552. mál, fsp. KolH, þskj. 867.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 478. mál, svar umhvrh., þskj. 860.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 481. mál, svar menntmrh., þskj. 850.

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg, 451. mál, svar umhvrh., þskj. 851.

Loftferðir, 252. mál, brtt. KLM, þskj. 861.

Markaður fyrir íslenska tónlist erlendis, 524. mál, svar menntmrh., þskj. 865.

Skylduskil til safna, 228. mál, nál. menntmn., þskj. 858; brtt. menntmn., þskj. 859.

[17:53]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um það frv. sem við erum að fjalla um, þ.e. frv. til laga um póstþjónustu sem var mikið rætt þegar það var lagt fram af hæstv. samgrh. sem því miður er ekki hér í dag en staðgengill hans, hæstv. forsrh., var hér í upphafi umræðunnar.

Ég er ásamt samflokksmanni mínum hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni á nefndaráliti meiri hlutans. Við skrifum einnig upp á þær brtt. sem hér eru settar fram vegna þess að við teljum að þær hafi allar verið til bóta. Hér hefur hins vegar verið rætt um ýmislegt sem varðar rekstur og þjónustu Íslandspósts og ég get svo sem tekið aðeins þátt í þeirri umræðu.

Eins og kom fram er kannski spurning um hvort eitthvað hefði átt að vera í heildarlögum um póstþjónustu hvernig reka skuli pósthús vítt og breitt um landið. Ég held hins vegar að ekki hefði verið hægt að gera það. Og aðeins til að halda því til haga, þá hef ég undir öðrum formerkjum rætt um þjónustu pósthúsa á landsbyggðinni og að Íslandspóstur hafi verið að leggja niður pósthús á mörgum stöðum, hvergi að mig minnir lagt þau algerlega niður og þar með hafi þau horfið á braut, heldur fært þau inn í aðra starfsemi. Á sumum stöðum hefur það tekist vel. Á öðrum stöðum hefur það tekist illa. Eftir þá miklu umræðu sem hér varð að mig minnir við framlagningu þessa frv. hefur hins vegar verið bætt verulega úr á þeim stöðum og kem ég kannski betur að því á eftir.

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu gagnrýnt það sem hefur verið gert og snýr kannski meira að byggðastefnu stjórnvalda og þeirri búháttabreytingu sem hefur átt sér stað á Íslandi sem er fjöldaflutningar fólks frá ýmsum stöðum á landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Auðvitað hefur það gert það að verkum að minna hefur verið að gera á viðkomandi pósthúsum. Það hefði að sjálfsögðu átt að vera búið að því miklu fyrr að fara í mikla skoðun á því hvort ekki hefði verið hægt að finna aukin verkefni fyrir pósthúsin á landsbyggðinni og fara þá jafnvel að sérgreina þá þjónustustarfsemi sem er í hverju og einu pósthúsi. Ég get tekið sem dæmi að ýmis happdrætti og annað slíkt hafa farið með þjónustu sína inn í pósthúsin og veita þjónustu á viðkomandi pósthúsi sem hefur þá verið til þess að auka þjónustu við viðkomandi íbúa þess svæðis og auka rekstrarskilyrði ef nota má það orð gagnvart viðkomandi pósthúsi og allt hefur það verið til góða.

Ég held að ef við hefðum farið í gegnum þetta miklu fyrr, þá hefði mátt snúa við eða fresta þeirri þróun sem átt hefur sér stað á hinum smærri stöðum landsbyggðarinnar þar sem þetta hefur hvað þyngst komið við.

Eins og hér er kveðið á um er þessi alþjónustukvöð sett inn, þ.e. alþjónusta og menn hafa verið að rökræða hvað felst í slíkri alþjónustu og grunnþjónustu. Ég ætla svo sem ekkert að bæta við það. Þetta er svipað og var í fjarskiptalögunum sem hv. samgn. ræddi 1999, á því þingi, og sett var inn. Þetta er mjög í takt við það.

Sannarlega hefur, eins og ég ræddi um áðan, dregið úr þjónustu viðkomandi pósthúsa við íbúa á mörgum stöðum, en ég vil hins vegar halda því til haga og láta það koma skýrt fram að á mjög mörgum sviðum hefur þjónusta Póstsins

aukist. Ég ætla að nefna sem dæmi að keyrsla á pósti á kvöldin eða á næturnar er náttúrlega þjónusta sem ekki er annað hægt en að hæla og þakka fyrir og er slík þjónusta til mikillar fyrirmyndar. Ég þekki það sjálfur af eigin raun hve sú þjónusta getur verið góð. Gera menn sér yfirleitt grein fyrir því að það bréf eða sá póstur sem fór inn á pósthús á höfuðborgarsvæðinu eða á einhverjum stað á landsbyggðinni, verður kannski kominn til viðtakanda kl. 12 á morgun? Það er ekki lítil þjónusta. Það er góð þjónusta sem þar er veitt en auðvitað hefur hún þá komið niður á öðru, eins og getið er um í nefndaráliti minni hluta samgn., hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þar sem sagt er að þetta hafi þar með leitt til þess að almenningssamgöngur hafi minnkað eða dottið niður. Sannarlega er það rétt að Póstur og sími, forveri Íslandspósts, greiddi vafalaust miklar upphæðir til flugfélaga og annarra fyrir að flytja póst. Ég man þá tíð í heimabyggð minni að ef ekki gaf til flugs á Siglufirði í tvo, þrjá daga, þá kom einfaldlega enginn póstur. Hann beið. En þessi breyting sem Pósturinn hefur gert á því að keyra póst á kvöldin og næturnar er náttúrlega þjónusta sem er mjög góð. Fyrir hana ber auðvitað að þakka en ég gæti vel ímyndað mér að hún hafi orðið til þess að póstflutningar séu orðnir dýrari og fer það að sjálfsögðu saman við annan flutningskostnað til og frá landsbyggðinni sem ég hef hér gagnrýnt, sama hvort það er á vegum flutningafyrirtækja eða Póstsins, sem hækkun á þungaskatti er að öllum líkindum aðalástæðan fyrir. Hækkun á þungaskatti hefur auðvitað haft í för með sér hækkun á póstflutningagjöldum svo og póstkostnaði. Það er sannarlega töluverður kostnaður að það skuli kosta um 55–60 kr. að flytja pakka frá Reykjavík eða höfuðborgarsvæðinu ekki lengri leið en upp í Borgarnes. Nú kann ég ekki alveg að segja hvað það mundi kosta að flytja viðkomandi pakka vestur á Ísafjörð eða austur í Neskaupstað, þann ágæta stað, ég kann ekki að segja frá því hver kostnaður væri við það, en ef það er hlutfallslegt, þá er það sannarlega rétt að póstkostnaður, flutningsgjöld í póstþjónustu vegna pakkaflutninga, hefur hækkað töluvert.

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að þrátt fyrir að ég hafi gagnrýnt lakari þjónustu í mörgum smærri byggðarlögum, þá veit ég til þess, ég hef kynnt mér það og ég hef heyrt hjá starfsfólki og íbúum að á sumum stöðum eru menn ánægðir með það sem gert hefur verið. Þetta hefur jafnvel orðið til þess að stuðla að því að viðkomandi bankaútibú hefur kannski ekki verið lagt niður eða fært til þar sem þessi þjónusta hefur komið inn.

Rétt í lokin, herra forseti, vegna þess að hér er talað um í einni greininni að Póst- og fjarskiptastofnun skuli setja gæðastaðla eða gæðakröfur um póstþjónustu og er fjallað um það hvernig þetta eigi að vera. Ég fagna þessu ákvæði ákaflega vel og vil segja rétt í lokin, herra forseti, að ég tók sem dæmi við 1. umr. frv. hvernig staðið var að flutningi á pósthúsinu milli húsa í Varmahlíð og gagnrýndi það mjög hvernig póstþjónustan var sett þar inn í bensínsöluna og tók sem dæmi að póststimpillinn og vigtin var í kringum skrúfur og annað slíkt. Ég gagnrýndi þetta og sagði að mér fyndist ekki mikill bragur á því hvernig þetta væri gert og taldi mjög eðlilegt að íbúar þessa svæðis væru mjög óánægðir með hvernig staðið var að þar.

Hins vegar vil ég segja hér og nú, herra forseti, vegna þess að nýlega átti ég leið um Varmahlíð og mér var þá sýnd sú þjónusta eða sú aðstaða sem búið var að setja upp frá þeim tíma og ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að miðað við það að pósthúsið var sannarlega lagt niður og fært til kaupfélagsins sem mjög margir koma inn í, inn í þann verslunarrekstur sem þar er, þá hefur tekist mjög vel til við þá breytingu sem gerð var á þeim stað. Við getum síðan haft þær skoðanir áfram hvort þetta átti að fara inn í verslunarreksturinn eða inn í Búnaðarbankaútibúið sem var við hliðina. Við getum staðið uppi með það áfram og haft skiptar skoðanir á því hvað best hefði verið.

Ég vil láta þetta koma fram, herra forseti, vegna þess að ég gagnrýndi þá aðstöðu sem boðið var upp á í Varmahlíð. Ég vil segja nú að við þá skoðun og við þær breytingar sem gerðar voru hefur mikill myndarbragur orðið á uppbyggingu þeirrar þjónustu og aðstöðunni sem þar er sköpuð.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, í örstuttu máli um frv. sem við ræðum. Ég hef ekki miklu við það að bæta. Hv. þm., samflokksmaður minn, Lúðvík Bergvinsson, hefur farið í gegnum þetta fyrir hönd okkar jafnaðarmanna og við skrifum upp á það nefndarálit sem hér er komið fram.

[18:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Jafnaðarmaðurinn sem síðast talaði og í gamla daga var kallaður krati og alþýðuflokksmaður var afar sanngjarn í ræðu sinni og hélt í raun og veru mjög skynsamlega ræðu, segi ég. En auðvitað er mjög viðkvæmt þegar verið er að breyta þjónustu Póstsins eins og gert er úti á landsbyggðinni. Og það er ákaflega létt að hræra í fólki og spila á tilfinningar þess. Við sem búum úti á landsbyggðinni vitum að hún á undir högg að sækja og þess vegna er óskaplega létt að tala eins og hv. þm. Jón Bjarnason talar gjarnan, á þeim nótum eins og verið sé að loka fyrir póstþjónustu, það sé bara verið að loka öllu og fólk sé í vandræðum með hvað það á að gera við póstinn sinn o.s.frv. Það er óskaplega létt að tala svona en það er afar óábyrgt. Menn þurfa þá að benda á ákveðnar lausnir í því sambandi.

Mér fannst líka mjög merkilegt að hlusta á hæstv. forsrh. sem minntist fornra kappa eins og Hannesar á Núpsstað og fleiri góðra manna sem stunduðu póstþjónustu í eina tíð við afar erfiðar aðstæður. Hjá Póstinum vinnur auðvitað mjög mikið af afar hæfu starfsfólki. Það eru miklar breytingar í samfélagi okkar og við stöndum frammi fyrir þeim. Ég sagði áðan í andsvari að þegar ég var t.d. að alast upp sem lítill strákur á Hvolsvelli töluðum við aldrei um pósthúsið heldur símstöðina. Á símstöðinni vann fjöldi kvenna við að svara og plögga inn svo að ég noti ungmennaorð, tengja inn línur til að fólk næði sambandi innan sveitar o.s.frv. Nú er þetta allt saman breytt og löngu liðin tíð. En pósthús eru víða um land, þau eru afar stór og þau voru byggð með tilliti til þeirrar miklu þjónustu sem var í eina tíð.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Kristjáns Möllers að ákveðin þjónustugreining hefur farið fram. Forsvarsmenn Póstsins leituðu logandi ljósi að meiri starfsemi inn í pósthúsið. Mönnum datt í hug, einmitt eins og hv. þm. Kristján Möller talaði um, ýmiss konar umboðsstarfsemi. Menn létu sér jafnvel detta í hug vídeóleigur, verslunarstarfsemi og þess háttar en þá komust forsvarsmenn Póstsins að því að þá væri hann farinn að keppa við heimamenn. Það var auðvitað ekki mikill bragur á því svo að ég vitni í orðalag sem hv. þm. tók sér í munn rétt áðan. En það er alveg ljóst að þessi greining fór fram.

Hv. þm. Kristján Möller benti líka á breytta og bætta þjónustu Póstsins. Auðvitað fylgja þessu öllu kostir og gallar

en þegar upp er staðið er Pósturinn afar traust fyrirtæki og styrk stofnun.

Það hefur líka komið fram að gríðarlegar breytingar urðu á starfsemi pósthúsanna þegar aðskilnaður varð milli Pósts og síma. Þá datt niður um 40% starfsemi pósthúsanna og ekkert hefur komið í staðinn.

Ég sagði líka í stuttu andsvari mínu áðan að Pósturinn væri að tapa liðlega 100 millj. kr. á ári hverju. Þá er spurning hvort það fyrirtæki eigi að greiða niður, eins og við vorum að tala áðan um félagasamtök sem senda út dreifibréf og þess háttar, hvort það sé þess fyrirtækis, þ.e. Póstsins, að greiða niður þessa þjónustu. Ég held alls ekki. Hins vegar eru auðvitað möguleikar í gegnum ríkiskerfið til að styrkja eitthvað slíkt en það er ekki hægt að gera þær kröfur til Póstsins að hann greiði niður þessa starfsemi.

Við erum bundin alþjóðlegum samningum og árið 2006 verður einkarétturinn afnuminn af póstþjónustu á ýmsan hátt. Fyrirtækið er einmitt að búa sig undir það. Hv. þm. Kristján Möller talaði um það áðan að menn hefðu hugsanlega þurft að grípa til breytinga á fyrirtækinu fyrr en við lifum árið 2002 og það styttist auðvitað í árið 2006 og verið er að vinna að þessum breytingum.

Ég veit að hv. 5. þm. Norðurl. v., Jóni Bjarnasyni, gengur gott eitt til í þessari umræðu og hann talar t.d. um það að öllum notendum sé tryggð eins þjónusta. Það verður auðvitað afar erfitt í jafnstóru landi og Ísland er að öllum aðilum verði tryggð eins þjónusta. Ég bendi t.d. á að fyrir jólin setti Pósturinn upp litla afgreiðslu í Kringlunni til að létta undir á mesta álagstímanum. Fyrir jólin 2000 var Pósturinn mjög gagnrýndur fyrir það að honum tókst ekki til fullnustu það verkefni að dreifa öllum pökkum til landsmanna. Hins vegar tókst það afar vel árið 2001 og gerð var gagnger skipulagsbreyting á starfseminni til að svo mætti verða framvegis þannig að við eigum líka að gleðjast yfir því að það er virkilega verið að takast á við ýmis verkefni í þessu fyrirtæki. Jólapóstsdreifingin tókst t.d. mjög vel árið 2001. Að vísu er lítið talað um það vegna þess að þegar hlutirnir ganga upp tölum við yfirleitt ekki um þá en þegar okkur gengur hins vegar verr á einhverjum sviðum er meira talað um það.

Ég segi að póstþjónustan í landinu er afar traust og trúverðug. Hún á að vera það og það er líka ákveðin eftirlitsskylda með henni. Það kom fram að ákveðinnar óánægju gætti, t.d. í Varmahlíð í Skagafirði, og á þeirri óánægju var tekið. Miðað við það sem þingmaður í því kjördæmi segir, hv. þm. Kristján Möller, venjast menn þessum breytingum. Ef við skoðum nágrannalönd okkar á Norðurlöndum hafa orðið viðlíka breytingar á póstþjónustu þar eins og hjá okkur.

Við megum heldur ekki gleyma landpóstunum sem ekkert hefur verið talað um í þessari umræðu. Þeir aka pósti vítt og breitt um landið. Það hefur reyndar komið fram í umræðunni að núna er fimm daga póstdreifing algengari þar sem hægt er að koma henni við en landpóstarnir inna mjög mikilvægt starf af hendi og veita í flestum tilfellum virkilega góða þjónustu sem eftir er tekið. Við megum ekki stilla því þannig upp að hér sé verið að eyðileggja fyrirtækið eða það bjóði ekki upp á þá þjónustu sem því beri að veita. Ákveðnar breytingar á fyrirtækinu eru að eiga sér stað og mjög margar þeirra breytinga eru líka til góðs þó að þær reyni á margan hátt líka á tilfinningar fólks.

Eitt annað hefur heldur ekki verið rætt hérna. Fyrir líklega hálfu ári var tekin í notkun flokkunarvél sem flokkar bréf. Ætli þar sé ekki um 13 ársverk að ræða. Það er heilmikil fjárfesting sem er talin borga sig á þremur árum eða svo. Við getum auðvitað sett okkur upp á móti öllum þessum tæknilegu framförum og tæknilegu breytingum en við bara lifum í slíku þjóðfélagi og ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson getur tekið undir með mér — hann fylgist svo grannt með ræðu minni — að á sama hátt og við söknum gömlu símstöðvanna söknum við líka gömlu pósthúsanna.

[18:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að póstþjónustan á Íslandi er trúverðug og þarf að vera trúverðug. En það er ekki trúverðugt hvernig ríkisstjórnin, stjórnarmeirihlutinn, hefur haldið á málefnum Póstsins og reyndar Pósts og síma eins og ég gat um áðan, (**ÍGP:** Ekki rugla þeim saman.) Ja, hvort tveggja. Þær skipulagsbreytingar sem hafa verið gerðar á póst- og símaþjónustu í landinu hafa ekki verið til góðs og ekki verið til hagsbóta fyrir landsmenn. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að auðvitað er þetta aðgreind starfsemi og við erum að ræða um Póstinn. Hann geldur þess að hafa verið slitinn úr sambandi við Símann í tvennum skilningi: Annars vegar kom umtalsvert fjármagn frá símahliðinni inn í póstþjónustuna hér áður og einnig er á hitt að líta að þetta var mjög hagkvæm rekstrareining, að reka saman póst- og símaþjónustuna, einkum á landsbyggðinni, mjög hagkvæm rekstrareining. Ég spyr í sakleysi mínu: Má ekki íhuga að horfið verði að einhverju leyti aftur til þess tíma? Er kannski bannað með lögum eða einhverjum sáttmálum úti í heimi að reka þessa starfsemi á þann hátt sem hefur reynst okkur happadrjúgur og hagkvæmur?

Varðandi Póstinn vísa ég aftur í ummæli Póstmannafélags Íslands þar sem áhyggjum er lýst yfir því hvernig þrengt hefur verið að greiðslugetu og rekstrarstöðu póstþjónustunnar. Ég hef áður farið um það nokkrum orðum hvernig þessi þjónusta hefur orðið dýrari á liðnum árum og hvernig þjónustunni hefur hrakað með lokun útibúa o.s.frv.

[18:15]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hv. þm. talar alltaf um „Póst og síma“ eins og þetta sé sama fyrirtækið. Hann talar eins og stjórnvöld hafi klúðrað einhverjum ákveðnum hlutum þar að lútandi. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm.: Hverju hafa stjórnvöld klúðrað varðandi Póstinn?

[18:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór yfir það í máli mínu áðan að það hefði verið til ills að greina að póstinn og símann. Þetta var hagkvæm rekstrareining og hagkvæmt að reka Póst og síma í útibúum á landsbyggðinni. Það er staðreynd. Ég spurði hvort ekki kæmi til athugunar að efna til slíks samstarfs að nýju. Ég geri mér grein fyrir því að samkvæmt markaðssáttmálum Evrópusambandsins verður náttúrlega að halda þessu öllu sem rekstrarlega aðgreindum einingum en engu að síður gæti þetta verið rekið í samstarfi.

Hverju hefur verið klúðrað? Það hefur verið rakið hvernig póstútibúum hefur verið lokað, hvernig þjónustan hefur dregist saman og á hvern hátt hún er orðin dýrari vegna þeirra skipulagsbreytinga sem menn hafa ráðist í. Síðan leyfa fulltrúar yfirvalda í stjórn fyrirtækisins, fulltrúar almannavaldsins þar, sér að meina Alþingi um aðgang að

upplýsingum um samninga sem Íslandspóstur gerir við fyrirtæki í landinu í skjóli ímyndaðra viðskiptahagsmuna. Þarf ég að nefna fleira til marks um að sú stefna sem hér hefur verið rekin stenst engan veginn kröfur, hvort sem litið er á málin frá sjónarhóli neytandans eða þingmannsins sem óskar eftir sjálfsögðum upplýsingum um rekstur þessarar starfsemi, sem þegar allt kemur nú til alls er enn á ábyrgð okkar, fulltrúa almannavaldsins.

[18:18]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit erum við bundin samningum, m.a. EES-samningi, og þetta er hluti af þeim samningi. Allir samningar hafa kosti og galla. Menn hafa samt verið að mæra EES-samninginn og telja að (**ÖJ:** Það hef ég aldrei gert.) hann eigi stóran þátt í hagvextinum sem verið hefur á Íslandi. Þó hv. þm. loki hugsanlega augunum fyrir því eins og svo mörgu öðru er það ein af staðreyndum lífsins.

Hv. þm. hamrar enn á því að dregið hafi úr starfseminni. Er það að draga úr starfsemi ef bóndi á Suðurlandi, sem hefur fengið póstinn sinn annan hvern virkan dag, fær nú póst á hverjum virkum degi? Er það að draga úr starfsemi? Er það að draga úr starfsemi þegar þingmaður vestur í bæ eða austur í bæ fær keyrt heim til sín ábyrgðarbréf, böggla o.s.frv.? Viðkomandi þarf ekki að fara niður á póstmiðstöð eða pósthús til að sækja það. Er það að draga úr starfsemi? Ég held að hv. þm. þurfi að velta þessu aðeins betur fyrir sér. Þjónustan hefur stóraukist og það er til góðs. Það er ekki um það að ræða að dregið hafi úr starfsemi.

Það er hárrétt að dreifibréf, sem hv. þm. talar mjög um og sjálfsagt sem formaður BSRB sem saknar þess að fá þjónustu ekki á niðurgreiddu verði, að sú þjónusta er dýrari. Önnur þjónusta er ekki dýrari og Pósturinn er fyllilega samkeppnisfær t.d. við böggladreifingarfyrirtæki á Íslandi. Þannig er það ekki rétt hjá hv. þm. að verið sé að draga úr þjónustu. Það er verið að breyta þjónustunni og í mörgum tilfellum er verið að auka þjónustuna en ekki draga úr henni.

[18:20]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Æ ofan í æ gleyma hv. þingmenn, eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, því að póstþjónusta er bæði fólgin í að taka á móti pósti og afgreiða póst. Þegar póstmóttökustöðvum fækkar, þ.e. þjónusta á póstmóttökustöðvum verður minni, er náttúrlega um rýrnun á þjónustu að ræða. Þó að aðrir þættir eins og heimsending geti verið jákvæðir þá ber að hafa þetta í huga.

Ég kom hér upp til þess að leggja spurningu fyrir hv. þm. Mig minnir að hæstv. samgrh. hafi komið inn á það í ræðu að hann hefði lagt til við Íslandspóst að kanna hvort Pósturinn gæti aukið eða fært ný verkefni inn á póstmiðstöðvarnar þannig að ekki yrði eins brýn þörf á að loka pósthúsunum eða færa póstþjónustuna til, t.d. ef þangað yrðu færð verkefni. Þá var sérstaklega horft til opinberra verkefna, færslu á opinberum verkefnum úr stjórnsýslunni í Reykjavík, hvort sem væri frá Íslandspósti eða annarri opinberri stjórnsýslu, út til þessara staða til að styrkja þá og efla atvinnulífið þar. Ég vil inna hv. þm. eftir því, af því hann er líka í stjórn Íslandspósts, hvort hann geti upplýst hvort eitthvað hafi áunnist varðandi þær hugmyndir sem hæstv. samgrh. kynnti hér á þingi fyrr í vetur.

Eins langar mig að spyrja hv. þm. hvernig hann skilur þetta orðalag þar sem kveðið er á um alþjónustuna, að sama þjónusta skuli veitt öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður: Á að skipta Íslendingum upp í þjónustuflokka?

[18:22]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er búinn að halda hér margar ræður (**JB:** Og góðar.) og fara í mörg andsvör. Flestar eru auðvitað góðar að hans mati. Ef við veltum fyrir okkur hvenær við eigum erindi á pósthús þá komum við aftur að því sem hv. þm. er búinn að tala mikið um, annars vegar til þess að fara með bréf og hins vegar til að sækja bréf, ef við þurfum að sækja það, pakka eða slíkt. Í flestum tilfellum getum við keypt frímerki og sett bréf í póstkassa og þurfum afar sjaldan að fara á pósthús til þess. Það er hægt að afgreiða þetta með allt öðrum hætti. Það má ekki gleyma því að það er ekki alltaf nauðsynlegt að fara með bréf á pósthús. Það má stinga bréfunum í póstkassann. Hv. þm. saknar víst póstkassa sem var hér á Hringbrautinni, sem er þar ekki lengur. Ég minnist þess úr ræðu hans frá því að kvöldlagi einhvern tíma í vetur að hv. þm. talaði um að þessi póstkassi væri þar ekki lengur sem hann hafði áður verið. Ég hef að vísu ekki kynnt mér hvort ... (**JB:** Ég held að hann sé kominn til baka.) Við getum þá glaðst yfir því. Hv. þm. upplýsir að hann hafi kannað málið og póstkassinn á Hringbrautinni sé kominn aftur á sinn stað.

Það gleður auðvitað íbúa Vesturbæjar að geta keypt sér frímerki, þess vegna í næstu verslun, póstlagt í þennan póstkassa og síðan fái íbúar í Vesturbænum póstinn sinn heim með Póstinum, böggla sem eru bornir út eða þá jafnvel ábyrgðarbréf og náttúrlega gleðjumst við yfir þeirri þjónustu.

[18:24]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka spurninguna til hv. þm. Mér fannst ég heyra hjá honum annan tón en í ræðu hv. formanns samgn. Ég skildi hv. formann samgn. þannig að Ísland væri allt eitt þjónustusvæði og þjóna bæri því sem slíku. Orðalagið sem er hér er í frv. þar sem fjallað er um að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin sama þjónusta. Er að mati þingmannsins verið að bjóða upp á að flokka Íslendinga niður? Við vitum að það geta verið mismunandi landfræðilegar aðstæður sem komið geta niður á þjónustu en meginreglan, hin algilda regla, er að Ísland sé eitt þjónustusvæði. Er það skilningur þingmannsins að lögin geri ráð fyrir því að flokka megi Íslendinga niður í þjónustusvæði eftir búsetu eða einhverju öðru?

Í öðru lagi vil ég segja að ég tel það afturför, þó aðrir telji það nútímann og framför, að nú skuli ekki vera neinn sjálfsali eða almenningssími á Hofsósi, enginn almenningssími til. Ég tel það afturför þó aðrir muni telja það framför. Ég tel það afturför að ekki skuli minnst á pósthús í öllum lagabálkinum um póstþjónustu, pósthús með skilgreindum kröfum um þjónustu. Ég tel það afturför en ekki framför þó margt geti breyst og orðið til batnaðar í ýmsum þeim aðgerðum sem gripið er til er mikilvægt að grunnhugsunin í þjónustunni sé fyrir hendi.

[18:26]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg fallist á að grunnþjónustan skipti miklu máli. Ég get líka alveg tekið undir það að við getum saknað þess að ekki skuli vera almenningssími

eða símaklefi á Hofsósi, Hvolsvelli eða hvar nú er. Ég veit reyndar að það er almenningssími á Hvolsvelli.

Við verðum líka að minnast þess að við búum í gjörbreyttu samfélagi. Meira að segja börnin okkar, hvort sem okkur líkar það betur er verr, eiga nú flest GSM-síma, hvað þá hinir fullorðnu. Þá er spurning hvort við eigum að láta svona símaklefa standa eða ekki. En við bætum okkur ekkert í þessari umræðu með slíku karpi.

Auðvitað saknar maður ákveðins tíma og margra hluta frá ákveðnum tímum en tíminn stendur ekki kyrr, þróunin heldur sífellt áfram. Það er sífelld þróun í öllum þessum málum. Þau fyrirtæki sem þróast ekki í takt við tímann verða eftir og hverfa á braut. Ég veit að allar þessar breytingar reyna mjög á fólk, bæði þingmenn og starfsfólk þeirra fyrirtækja sem þurfa að taka þátt í þessum breytingum. Þetta reynir allt saman á fólk. Ég held við bætum okkur ekki með þessu karpi. Það hefur verið skoðað mjög ítarlega hvort ekki sé hægt að koma meiri starfsemi inn á pósthúsin en raun ber vitni. Þau mál eru enn í skoðun, þar sem menn hafa í hyggju að breyta póstþjónustu eða pósthúsunum. Menn eru þar beinlínis að leita verkefna. Forsvarsmenn Póstsins eru galopnir fyrir því að auka þjónustuna þar sem hægt er.

[18:28]

Útbýting þingskjals:

Sjóflutningar fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi, 487. mál, svar utanrrh., þskj. 852.

[18:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mig langar að segja örfá orð í tilefni af ummælum hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Hann taldi mig loka augunum fyrir áhrifum af EES-samningnum á íslenskt efnahagslíf. Reyndar vil ég segja að ég tel að meint jákvæð áhrif þessara samninga séu orðum aukin. Hins vegar hef ég bent á neikvæð áhrif af þessum samningi á skipulag grunnþjónustunnar á Íslandi. Ég hef þar nefnt raforkugeirann sérstaklega og fjarskipti og póstþjónustuna hins vegar. Okkur er gert að gera tilteknar grundvallarbreytingar sem að mínum dómi eru mjög óheppilegar vegna þess að þær eru ekki sniðnar að íslenskum aðstæðum.

Við erum fámenn þjóð í stóru landi og það kann eitt að gilda um risavaxin raforkufyrirtæki á meginlandi Evrópu en annað gagnvart Orkubúi Vestfjarða, sem samkvæmt tilskipun Evróusambandsins verður gert að aðgreina í bókhaldi sínu og rekstri framleiðslu, dreifingu og sölu á raforku á nákvæmlega sama hátt og risafyrirtækjum á meginlandi Evrópu verður gert að gera þetta til að búa í haginn fyrir markaðsvæðingu þessarar þjónustu. Út á það ganga þessar breytingar. Okkur er gert að taka við þeim og gleypa, án þess að melta þær og laga að aðstæðum okkar. Reyndar tel ég að við höfum ekki gengið nægilega hart fram í því — þegar ég segi við vísa ég til íslenskra stjórnvalda — að gera fyrirvara og standa á þeim fyrirvörum gagnvart þeim þáttum sem ég nefndi. Varðandi raforkugeirann hefðum við átt að standa á því að við yrðum undanskilin þeim ákvæðum og tilskipunum, eins og við lögðum reyndar til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við umræður á þingi á sínum tíma, þegar þáltill. var samþykkt sem hafði að geyma þessar tilskipanir.

Hið sama gegnir um póstþjónustuna og fjarskiptin. Við höfum í reynd gengið lengra en við þurfum. Enda þótt okkur væri gert að sundurgreina rekstur og bókhald póst- og símaþjónustu, póstsins annars vegar og símans hins vegar, er ekkert sem mælir gegn því að þessar tvær einingar séu reknar saman á nákvæmlega sama hátt og póstþjónustan er rekin í samstarfi við bensínafgreiðslur eða verslanir á landsbyggðinni. Það er ekkert sem mælir gegn þessu.

Ég leyfi mér að spyrja hv. þm. Framsfl. sérstaklega, sem hafa látið til sín taka í umræðunni um þetta efni, hvort þeim finnist ekki koma til greina að hverfa frá öllum áformum um sölu á Símanum og þess vegna umbylta honum í fyrra rekstrarform. Það hefur sýnt sig að hlutafélagavæðingin hún mistókst og þjóðin er andvíg því að Síminn verði seldur. Þess vegna endurtek ég: Ætti ekki að umbylta honum í fyrra rekstrarform og reka hann síðan í því sambýli sem áður var við lýði, gaf mjög góða raun og hentaði mjög vel við íslenskar aðstæður, að reka saman póst- og símaþjónustuna í landinu?

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason er ekki úthaldsbetri en svo að hann er horfinn af vettvangi. Þetta voru hins vegar spurningar sem mig langaði til að beina til hans, þar sem hann tók sérstaklega upp þetta atriði. Ég hef trú á því að hv. þm. komi eitthvað við sögu Íslandspósts. Ef ég veit rétt, þá situr hann í stjórn þess fyrirtækis.

Mér finnst ekki fullnægjandi að hamra á því, eins og hann gerði hér áðan, að tímarnir breytist o.s.frv. Tímarnir breytast ekki, þeim er breytt. Þetta fjallar allt um pólitík. Þetta fjallar allt um ákvarðanir stjórnvalda. Því sem hægt er að breyta á einn veg er líka hægt að breyta á annan veg og snúa til baka ef menn hafa brennt sig á fyrri ákvörðunum.

Þetta var það sem ég vildi vekja máls á í síðari ræðu minni. Hv. þm. er því miður ekki úthaldsbetri en svo að hann er horfinn af hólmi. Það er kannski svolítið dæmigert um Framsfl. í þessum einkavæðingarmálum öllum, þegar á reynir er hann hvergi að finna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (gjaldtökuheimildir og náttúrustofur). — Þskj. 818.

[18:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum. Frv. þetta var lagt fram á 126. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Í frv. því sem hér er lagt fram hafa verið gerðar lítils háttar efnisbreytingar frá fyrra frv. sem fela það í sér að ekki er gert ráð fyrir að í samningi ráðherra og sveitarfélaga sé kveðið á um launakjör forstöðumanna, sbr. 3. gr. frv. Þá er í 5. gr. gerð sú breyting að kveðið er á um að skipa eigi stjórn náttúrustofa að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Að öðru leyti er frv. óbreytt frá því frv. sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi.

Frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var 9. júní 2000 og var nefndinni falið það hlutverk að gera tillögur um framtíðarstöðu og hlutverk náttúrustofa í kjördæmum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nefndin skyldi hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi náttúrustofa og hafa það að leiðarljósi

að starfsemi þeirra styrki sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála. Nefndinni var falið að huga sérstaklega að tengslum náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og starfsemi náttúrustofa í því sambandi. Þá var nefndinni ætlað að huga að verðandi breytingu á kjördæmaskipan landsins sem kemur til framkvæmda þegar næst verður kosið til Alþingis. Þær náttúrustofur sem starfræktar eru í dag eru sex talsins, náttúrustofa Austurlands, náttúrustofa Reykjaness, náttúrustofa Norðurlands vestra, náttúrustofa Suðurlands, náttúrustofa Vestfjarða og náttúrustofa Vesturlands.

Ég mun þá, virðulegur forseti, gera grein fyrir þeim breytingum sem frv. felur í sér.

Gerð er tillaga um að heimilt sé að starfrækja allt að átta náttúrustofur í landinu, en í dag eru þær sex eins og áður sagði og er því veitt heimild til að fjölga náttúrustofum um tvær. Ekki er gerð krafa um að staðsetning náttúrustofa verði bundin sérstaklega við kjördæmaskipan eins og nú er en ekki þykir rétt að binda í lög staðsetningu náttúrustofa.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um verkefni náttúrustofa og lagt er til að þau verði aukin. Þannig er náttúrustofum ætluð ákveðin lögbundin verkefni sem án efa styrkir starfsemi þeirra. Það er nýmæli, sbr. c-lið 4. gr., að lagt er til að náttúrustofur veiti náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði hennar. Hlutverk náttúrustofa fellur vel að þessu hlutverki náttúruverndarnefnda og ættu því náttúrustofur að geta styrkt starfsemi nefndanna og þar með sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála.

Einnig er það nýmæli, sbr. e-lið 4. gr., að náttúrustofur annist almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta sem náttúrustofan starfar. Ákvæðið tekur mið af 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, en þar segir að Náttúruvernd ríkisins sé heimilt að fela náttúrustofum almennt eftirlit með náttúru landsins og ber að gera um það samning sem ráðherra staðfestir.

Gert er ráð fyrir að náttúrustofur verði alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa, en með stuðningi ríkisins sem ákveðinn er í fjárlögum hverju sinni. Sú viðmiðun er sett fram í frv. að framlag ríkissjóðs til reksturs náttúrustofu skuli nema launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri upphæð sem er allt að jafnhá þeirri upphæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því skilyrði að þau sveitarfélög sem sjá um rekstur viðkomandi náttúrustofu leggi að lágmarki fram fjárhæð sem nemur 30% af framlagi ríkisins og jafnframt að fyrir liggi samningur milli umhvrh. og viðkomandi sveitarfélaga um rekstur náttúrustofu. Ég mun í þessu sambandi, virðulegur forseti, beita mér fyrir því að fast framlag ríkissjóðs til náttúrustofa verði hækkað í fjárlögum 2003 um 2 millj. kr. á hverja stofu, þannig að heildarhækkun til starfandi náttúrustofa verði 12 millj. kr. á því fjárlagaári.

Í samræmi við það að náttúrustofur starfa á vegum sveitarfélaga og á þeirra ábyrgð, er lagt til að breytt verði skipan stjórnar náttúrustofu þannig að viðkomandi sveitarfélög skipi samtals þrjá menn í stjórn náttúrustofu. Því er ekki gert ráð fyrir að formaður stjórnar verði skipaður af ráðherra eins og nú er, heldur af sveitarfélögum sem standa að viðkomandi stofu.

Þá eru í frv. lagðar til breytingar vegna heimildar Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til gjaldtöku. Í 1. gr. frv. eru þannig talin upp þau verkefni sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur heimild til að taka gjald fyrir. Þá er lagt til að náttúrustofum verði veitt heimild til að taka gjald fyrir þau verkefni sem þeim eru falin skv. 6. gr. frv.

Að lokum er gerð tillaga um breytingu á gildandi lögum hvað varðar framlög og gjafir til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Er þetta gert til að gæta samræmis við það sem gildir um aðrar stofnanir sem heyra undir umhvrn.

Hæstv. forseti. Ég hef hér rakið meginefni frv. og legg til að að aflokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[18:40]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Best er að gera þá játningu strax að ég hef frá upphafi haft talsverðar efasemdir um að mikil þörf sé á að gera verulegar breytingar á lögum sem varða starfsemi náttúrustofanna í landinu. Ástæðan er nú mjög einföld og á rætur að rekja til hinnar íhaldssömu grundvallarsjónarmiða minna sem eru þau að á því sem vel hefur reynst er ekki ástæða til að gera miklar breytingar.

Virðulegi forseti. Þannig er málum háttað að starfsemi náttúrustofanna út um landið hefur mjög víða gengið mjög vel. Þeim hefur tekist að byggja sig upp sem alvörurannsókna- og vísindastofur sem hafa tekið virkan þátt í alls konar rannsóknastarfi úti um landið, gagnstætt því sem maður hefur séð víða annars staðar gerast. Þess vegna hef ég, virðulegi forseti, haft mínar efasemdir um að það væri mjög knýjandi nauðsyn á því að gera miklar breytingar á starfsumhverfi náttúrustofanna, vegna þess að ég hef einfaldlega haft af því beyg, talið að það yrði til þess að opna á einhverjar hugmyndir sem lytu að því að auka miðstýringu á þessum sviðum eins og svo mörgum öðrum í okkar þjóðfélagi.

Ég skil það hins vegar svo sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að af hennar hálfu sé áhugi á því að auka og styrkja starfsemi náttúrustofanna. Það er gott ef svo er. Náttúrustofurnar hafa m.a. verið að byggjast upp á þeim grundvelli að þær hafa sinnt verkefnum sem eru í næsta nágrenni. Ég tek dæmi að náttúrustofa Vestfjarða hefur sérhæft sig í rannsóknum á náttúrufari Hornstranda. Náttúrustofan fyrir austan, á Austfjörðum, hefur sérstaklega sinnt hreindýrarannsóknum eftir því sem ég hef skilið. Auðvitað er þetta allt eins og það á að vera og er eðlilegt að svo sé. Við fáum mjög mikið af þessum sas-mönnum, sérfræðingum að sunnan eins og við þekkjum, sem koma í mýflugumynd á bílaleigubílunum, styrkja ferðaþjónustuna og fara svo suður og vinna úr rannsóknarverkefnum sínum. Hins vegar hefur það ekki verið svo með náttúrustofurnar. Þar hafa menn verið að vinna að þessu í næsta nágrenni við vettvang sinn og þar hefur að mínu mati tekist prýðilega vel til.

Ég veit, virðulegi forseti, og þess vegna tel ég nauðsynlegt að það komi fram, að meðal margra starfsmanna náttúrustofanna hefur hreiðrað um sig ákveðinn ótti við þetta skref sem verið er að stíga með því að klippa alveg á tengslin við ríkisvaldið. Óttinn hefur stafað af því að menn hafa haft uppi a.m.k. varnaðarorð í ljósi þess að breytingin kynni að leiða til þess að verkefni sem ríkisvaldið legði náttúrustofunum til mundu hverfa. Það er augljóst að ef ekki er tryggt með einhverjum hætti að ríkisvaldið sjái til þess að þessi verkefni verði áfram veitt til náttúrustofanna, þá verða þær náttúrlega illilega halaklipptar og veikari en áður.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um verkefni náttúrustofanna. Þar er sagt:

„Helstu hlutverk náttúrustofu eru:“

Það gefur út af fyrir sig til kynna að náttúrustofan hafi síðan til viðbótarmöguleika á að afla sér annarra verkefna. Engu að síður er þetta nokkuð óvenjulegur texti í lögum, þ.e. að talað sé um helstu hlutverkin. Ég held að það sé ástæða fyrir umhvn. sem tekur þetta mál fyrir að skoða betur hvort hægt sé að styrkja þessa starfsemi enn frekar með því að gauka að náttúrustofunum frekari verkefnum sem hægt er að vinna þarna. Ég tel einfaldlega að reynslan hafi sýnt á undanförnum árum að fullt tilefni er til þess að auka starfsemi náttúrustofanna.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að hún muni beita sér fyrir því á næsta fjárlagaári að framlög til náttúrustofanna verði aukin. Mér hefur fundist náttúrustofurnar vera dálítið munaðarlausar, satt að segja, í þessu mikla kerfi öllu saman. Það hefur t.d. vakið athygli mína að sérstök framlög bæði til náttúrustofa fyrir vestan og austan hafa orðið að koma í gegnum fjárlaganefndina á hverju hausti. Það hefur verið afrakstur af dálítilli baráttu einstakra þingmanna og síðan, eins og stundum vill verða, lent utan rammans þegar nýtt fjárlagafrv. hefur komið fram. Það hefur í mínum huga valdið mér a.m.k. miklum vonbrigðum því ég held að full ástæða sé til þess að styðja miklu betur við starfsemi þessara stofa. Þær hafa sýnt að þær hafa burði til þess að sinna verkefnum sínum og þær eru mjög mikilvægar á þeim svæðum þar sem þær hafa starfað.

Vaxandi áhugi á náttúruvernd og vaxandi kröfur um að menn fari gætilega við undirbúning verkframkvæmda, t.d. hjá Vegagerðinni, hafa orðið til þess að náttúrustofurnar hafa fengið æ meira og aukið hlutverk. Það er mikilvægt að svo verði áfram. Einmitt af þeim ástæðum hafa margir af forsvarsmönnum náttúrustofanna, starfsmönnum náttúrustofanna og stjórnarmönnum náttúrustofanna haft nokkrar áhyggjur af því að klippt yrði á þessi tengsl með þeirri ákvörðun að færa þessi verkefni frá ríkisvaldinu.

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig þarf ég ekkert að halda langa ræðu um þessi mál. Ég vildi bara að þetta kæmi strax fram við 1. umr. þannig að nefndin sem fær málið til meðhöndunar geti a.m.k. farið yfir þessi álitamál og skoðað þau gagnrýnum huga með því að kalla eftir upplýsingum frá náttúrustofunum í landinu.

[18:47]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur lýtur í fyrsta lagi í 1. gr. að aukinni gjaldtökuheimild Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa. Ég verð, herra forseti, að segja þann hug minn að ég tel að gjalda eigi þar varhuga við. Við erum að vinna að skipulegu vöktunar- og ráðgjafarstarfi hvað varðar hin fjölþættu umhverfismál og umhverfisverkefni og þar eru þessar stofnanir og stofur í lykilhlutverki, bæði til að sinna verkefnunum sjálfum og eins líka að vinna trúnað þeirra aðila sem þar geta tengst eða átt hagsmuni eða aðild að. Auk þess eru verkefnin yfirleitt flest mjög brýn og þess eðlis að þau á að vinna án þess að fyrst sé hugað að gjaldtöku. Annars yrði kannski ekki ráðist í brýn verkefni vegna þess að gjaldtakan er sett á viðkomandi sem gæti verið landeigandi, eða hvert á að senda reikninginn? Ég býst við að það geti orðið spurning í þessu máli. Sjálfsagt eru einhverjir sem panta eða óska eftir ákveðinni þjónustu en númer eitt er líka að óska eftir vissu frumkvæði af hálfu þessara aðila í formi vöktunar og þeirra verkefna sem talin eru upp í 4. gr. laganna sem eru býsna umfangsmikil. Þessi gjaldtökuhugmynd gæti virkað mjög hamlandi á starfsemina.

Þess vegna vil ég gjalda varhuga við þeirri nálgun sem þarna er verið að leggja til, að verkefnin geti verið háð því hvort gjaldtaka fáist fyrir þau eður ei. Fyrst og fremst er um að ræða þjónustu á vegum ríkisins og sveitarfélaganna í mjög mikilvægum málaflokki sem verið er að byggja upp.

Þá vil ég líka aðeins víkja að 2. gr. en eins og hæstv. umhvrh. kom að er verið að færa stjórnsýsluna og ábyrgðina eiginlega alveg frá ríkisvaldinu og yfir á sveitarfélögin. Það er í sjálfu sér sjónarmið út af fyrir sig þó að ég telji að gjalda eigi varhuga við því að slíta þessi tengsl. Ég bendi á að þar sem þessar stofur hafa einmitt átt mjög sterkan stuðning í sveitarfélögunum hafa þær vaxið best, eins og hv. þm. Einar Guðfinnsson kom inn á. Þess vegna finnst mér skammsýni að vera að setja töluna átta inn í 2. gr. frv. Það á bara að vera ógreind tala. Hvort náttúrustofurnar yrðu síðan fjórar, sex, átta, tíu eða tólf eða hvað, færi eftir verkefnum og aðstæðum. Þetta er vaxandi verkefnasvið, bæði á vegum sveitarfélaga og heimaaðila, og það á að undirbúa að þessar stofur geti verið þess vegna fleiri. Ég vil benda á t.d. mikilvægi stofunnar í Stykkishólmi sem hefur Breiðafjarðarsvæðið en verkefni fyrir Vesturland og suður í Hvalfjörð liggur kannski ekki beint á verkefnasvæði náttúrustofunnar í Stykkishólmi. Þess vegna væri ekki óeðlilegt að hugsa sér að náttúrustofa kæmi fyrir suðvesturhluta svæðisins. Sama er með Húnaflóasvæðið. Ekki væri óeðlilegt að náttúrustofa kæmi upp í samvinnu og á ábyrgð sveitarfélaganna sem þar eiga aðild að í tengslum við verkefni, bæði til lands og sjávar.

Ég nefni þetta vegna þess að grg. með frv. gerir því skóna að þessar tvær stofur sem á að fjölga um eigi að vera á Norðausturlandi og Suðausturlandi. Það er svo sem gott og blessað en það eru líka aðrir landshlutar sem ættu að eiga möguleika á því að koma sér upp slíkum stofum. Því tel ég, herra forseti, varhugavert að setja inn þessa tölu. Þetta fer hvort sem er eftir fjármagni og fjárlögum á hverjum tíma og ákvörðun á Alþingi um stofnun slíkra stofa og er þá rétt að þessi lög hindri ekki þá þróun sem þar gæti átt sér stað.

Ég vildi taka þetta fram hér, herra forseti, strax við 1. umr. Ég tel líka að í umfjöllun hefði kannski átt að leggja áherslu á að náttúrustofurnar störfuðu að hliðstæðum verkefnum í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir á viðkomandi svæðum. Tökum t.d. samstarf Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Náttúrustofa Vestfjarða er nú staðsett í Bolungarvík en við höfum Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og við höfum Hafrannsóknastofnun og við höfðum þar útibú frá Matra t.d. sem liggur niðri eins og er. Slíkar rannsóknastofnanir veita hver annarri stuðning og ætti að huga að því með samræmdum hætti ef þess er nokkur kostur.

Þetta finnst mér að eigi að vera ákveðin sýn sem lögð er fram um uppbyggingu og tilgang náttúrustofanna. Veiðimálastofnun og þess vegna menntastofnanir aðrar geta tengst og byggst upp með og notið stuðnings hver af annarri. Mér finnst, herra forseti, vanta svona eiginlega meiri framtíðarsýn og meiri kraft fyrir þau verkefni sem hér er ætlað að fela náttúrustofunum, sýn fyrir þessi mikilvægu verkefni sem þarf að byggja upp og vinna vítt og breitt um landið.

[18:54]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er kannski ekki mikið um þetta mál að segja við 1. umr. á hinu háa Alþingi. Þó verður maður að

undrast það hversu langan tíma það tók hv. umhvrn. að fara yfir málið og koma því í þennan nýja búning því síðast var fjallað um það hér fyrir u.þ.b. tíu, ellefu mánuðum, og ekki eru breytingarnar veigamiklar.

Hins vegar kem ég hér upp aðeins til að velta vöngum vegna samhljómsins í málflutningi hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og Jóns Bjarnasonar sem hafa áhyggjur af því að verið sé að draga úr starfsemi ríkisvaldsins. Einhvern tíma voru íhaldsmenn með það á stefnuskrá sinni að draga úr umsvifum ríkisvaldsins en vera má að það sé allt breytingum undirorpið. Ég vil ekki ganga út frá því sem vísu að það sé slæmt í sjálfu sér að fela sveitarfélögunum þessi verkefni, auðvitað með tilstyrk og stuðningi ríkisvaldsins. Ég hefði einmitt haldið, eins og reyndar mátti skilja á máli beggja þessara hv. þm., að það væri einmitt vegna metnaðar sveitarfélaganna sem stutt hefur verið við sumar náttúrustofur meira en aðrar. Það hlýtur að auka metnað sveitarfélaganna og styrkja starfsemina að valdið sé í raun og veru heima í héraði og það þurfi að leggja fé til starfseminnar en að sjálfsögðu komi líka fé frá ríkisvaldinu. Það er auðvitað það sem hv. þm. þurfa að gæta að hér og sjá um að ríkið standi við sitt. Þá ætti ekki að vera nein ástæða til annars en að ætla að sveitarfélögin muni síðan líka standa við sitt, herra forseti.

[18:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Aðeins fáein orð um þetta frv. Ég vil minna á að það var einnig lagt fyrir síðasta þing, fyrir haustþingið, en um það stóðu talsverðar deilur. (Gripið fram í.) Um þetta frv. stóðu talsverðar deilur, ekki síst varðandi hlutverk ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Menn höfðu áhyggjur af því að ríkið mundi ekki standa við sitt, og beini ég þessu til hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, og menn vildu tryggja að náttúrufræðistofum yrði búnir möguleikar til blómlegs reksturs. Einnig var bent á mikilvægi þess að náttúrustofurnar og Náttúrufræðistofnun Íslands mynduðu eina skipulagslega heild. Það sjónarmið var einnig uppi í þessari umræðu.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar að það er mikilvægt að þessar stofur séu byggðar á kröftugri og metnaðarfullri framtíðarsýn sem mönnum þykir nokkuð skorta á hér.

Þetta voru atriðin sem ég vildi halda til haga við 1. umr. málsins, að málinu var frestað á síðasta þingi vegna þess að um það stóðu nokkrar deilur sem þarf að fara rækilega yfir áður en málið kemur til 2. umr.

[18:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir meginefni þess frv. sem hér liggur fyrir. Ég er almennt hlynntur því að fjölga verkefnum heima í héraði, gera stofnanir þar sjálfstæðari og fá þeim verkefni og stjórn. Einu áhyggjur mínar samfara þessari breytingu eru að séð sé fyrir tekjuframlaginu þannig að starfsemin geti rekið sig. Og þó að hér sé gert ráð fyrir því að náttúrustofurnar geti tekið gjald fyrir þjónustu sína með sjálfstæði þessara stofnana og eignarhaldi sveitarfélaganna, að það megi ákveða gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf o.s.frv., er það samt svo að sveitarfélögin á Íslandi eru veik. Fjöldi þeirra stendur illa. Þó að við ættum vissulega að vera áhugamenn um að fá verkefni heim í héruð og tryggja þar ákveðið frumkvæði og sjálfstæði — þegar ég tala um frumkvæði og sjálfstæði tala ég um það þannig að náttúrustofur geti starfað svolítið sjálfstætt og séu ekki undir einhverri miðstýringu Náttúrufræðistofnunar þó að þar sé eðlilegt samstarf og eðlileg samskipti. En áhyggjur mínar lúta fyrst og fremst að því hvort sveitarfélögin hafi bolmagn til að leggja fram þetta fé á móti ríkinu sem hér er lagt til að sé 30% framlag, einkum í ljósi þess eins og ég gat um áður að sveitarfélögin, mörg hver, standa alls ekki sterkt fjárhagslega.

Ég vil sérstaklega láta það koma fram og beina þeim orðum mínum til hæstv. ráðherra að það verði skoðað sérstaklega vel í upphafi þessa máls að of miklar kvaðir verði ekki lagðar á sveitarsjóði í þessu tilliti þótt ég vonist vissulega til þess að með þeirri stefnumótun sem hér er lögð upp verði náttúrustofurnar smátt og smátt sjálfstæðar og öflugar og geti starfað bæði á vegum og í samstarfi við sveitarstjórnirnar að því að sinna ýmsum þeim málum sem eru á starfssviði þeirra, sérstaklega í þeim landsfjórðungum sem þeim er ætlað að starfa.

[19:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og tel að búið sé að skýra ýmislegt í vinnslu þessa máls og sumum þeim spurningum sem hér hafa komið upp tel ég að menn hafi svarað í þeirri vinnu sem átt hefur sér stað í umhvn. á síðasta þingi. En það er alveg ljóst að frv. felur í sér að verið er að efla náttúrustofurnar. Verið er að skilgreina betur verkefni þeirra og verið er að fela þeim ný verkefni. Einnig er verið að skjóta lagaheimild undir að þær geti gefið út gjaldskrá til að innheimta fyrir þjónustu sína. Þetta sjá menn í 4. gr.

Einnig er verið að setja stofurnar þannig upp að sveitarfélögin skipi alla stjórnarmennina, en í dag skipa sveitarfélögin tvo stjórnarmenn af þremur og ráðherra einn, sem er formaður. Ég get ekki séð að hægt sé að segja að með því séum við að auka miðstýringu. Alls ekki. Ef eitthvað er þá erum við að auka dreifræði með því að allir stjórnarmennirnir séu skipaðir af sveitarfélaginu sem stendur að stofunni en hins vegar með fjárframlögum frá ríkinu.

Ég tel að menn þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að ríkið muni ekki standa við sitt. Það kemur mjög vel fram í 3. gr. að gera eigi samninga á milli sveitarfélaganna og ríkisins um rekstur náttúrustofu. Og það kemur líka alveg greinilega fram við hvað á að miða varðandi fjármálin í því sambandi. Þar er sagt að sveitarfélögin eigi að koma með upphæð sem skal miðast við 30% af framlagi ríkisins af því að ekki er talið eðlilegt að ríkið eitt borgi en sveitarfélögin ekkert á móti. Við höfum aðeins skoðað hvað sveitarfélögin hafa verið að borga í þetta, af því hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi að þetta mætti ekki sliga sveitarfélögin sem stæðu í rekstri á náttúrustofu. Því miður hafa sveitarfélögin ekki sameinast á stórum svæðum bak við náttúrustofu, það var meiningin með þessu öllu í upphafi að heilu kjördæmin tækju sig saman um eina náttúrustofu. En það er ekki þannig. Það er yfirleitt eitt sveitarfélag sem stendur að baki náttúrustofu.

Náttúrustofa Austurlands, sem er staðsett í Neskaupstað, borgaði árið 2000 46% af kostnaðinum, hún er því langt yfir þessum 30%. Á Vestfjörðum borgaði náttúrustofan í Bolungarvík 34,1% samkvæmt útreikningum okkar árið 2000.

Eins og kom fram í máli mínu mun ég beita mér fyrir því að styrkja stofurnar enn frekar með því að þær fái til viðbótar 2 millj. kr. á næsta ári í gegnum fjárlagagerðina á stofu og 30% af því eru 600 þús. kr. eða svo. Ég tel því að

með þessu frv. og þeim yfirlýsingum hér um að við ætlum að styrkja stofurnar með 2 millj. kr. framlagi á hverja stofu, þá sé verið að styrkja þær allverulega. Byggðamálin eru einmitt að miklu leyti hvatinn að frv. vegna þess að öll ráðuneyti hafa verið að fara í gegnum starfsemi sína til að sjá hvað við getum gert til þess að styrkja byggðirnar. Menn hafa nú ekki verið mjög brattir með að flytja heilu ríkisstofnanirnar út á land. Frekar hefur verið litið til þess að styrkja þá starfsemi sem fyrir er eða setja upp það sem er nýtt úti á landi. Þetta er einmitt svolítið okkar svar við byggðamálunum, þ.e. að reyna að styrkja þær stofur sem fyrir eru með fjárframlögum.

Við höfum einnig fengið beiðni inn til okkar um að setja upp nýjar náttúrustofur sem kosta fjármagn. En við höfum frekar viljað taka þann pól í hæðina að styrkja þær stofur sem fyrir eru og nota fjármagn í það, af því þær stofur eru auðvitað litlar og það ber að hlúa betur að þeim þannig að þær geti aukið umsvif sín, af því þær eru mjög mikilvægar.

Varðandi reksturinn á stofunum, þá hafa þær fengið þessi framlög frá ríkinu í rekstur sinn, laun forstöðumanns og hluta af stofnkostnaði, en þær hafa líka fengið talsvert góðar upphæðir beint í gegnum fjárlög. Alþingis. En náttúrustofan á Austurlandi sem er í Neskaupstað hefur fengið framlag til hreindýrarannsókna, 3,5 millj. kr. á árinu 2001 og sömu upphæð 2002, á yfirstandandi ári, en náttúrustofa Suðurlands fékk 5 millj. kr. til rannsókna og kortagerðar á jarðskjálftasvæðum á fjáraukalögum á síðasta ári. Náttúrustofan í Bolungarvík á Vestfjörðum hefur fengið 5 millj. kr. árið 2001 og 3,5 millj. kr. á yfirstandandi ári til rannsóka á refum og nú hafa rannsóknir á gróðri aukist þar. Náttúrustofan í Stykkishólmi, sem er náttúrustofa Vesturlands hefur fengið á yfirstandandi fjárlagaári 3,5 í rannsóknir á minkastofninum. Þessar stofur hafa sýnt það að þær geta sinnt sérhæfðum verkefnum sem að mörgu leyti tengjast þeirra svæði, eins og hreindýrarannsóknirnar fyrir austan og rannsóknirnar á Hornströndum fyrir vestan, þær geta sinnt slíkum rannsóknum með mjög glæsilegum og eðlilegum hætti. Ég tel því að menn þurfi ekki að óttast þetta frv., heldur ef eitthvað er að styðja það og hafa ekki áhyggjur af því.

Það er rétt sem hér kom fram að í upphafi þegar við komum fram með frv. höfðu ýmsir forstöðumenn áhyggjur af efni þess. Að mínu mati mistúlkuðu þeir ýmislegt sem var í því og hugsanlega misskildu, en sá ótti hefur minnkað mjög verulega í dag. Og sumir þessara aðila, t.d. stjórnarformenn á stofunum, hafa komið til mín og átt viðræður um þessi mál og það er allt annað hljóð í þeim núna. Fólk hefur aðeins áttað sig betur á því í hverju frv. felst og er mun jákvæðara í dag. Ég vona því, hæstv. forseti, að málið nái að klárast á yfirstandandi þingi. Það munaði mjög litlu að það kláraðist á síðasta þingi, en vegna tímaskorts, tel ég, náðist það ekki. Þetta er framsýnt frv., styrkir stofurnar, bæði með fjárframlögum og með verkefnum og ríkið mun standa við sína samninga, menn þurfa ekki að efast um það. Það höfum við sagt og það kemur mjög skýrt fram í frv. hvernig á að standa að því. Ég tel því að frv. sé hluti af framlagi okkar bæði til náttúruverndar í landinu og til byggðamála almennt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 200. mál (gróðurvinjar á hálendinu). — Þskj. 214.

[19:09]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Fyrir þremur árum samþykkti hið háa Alþingi lög um náttúruvernd, nr. 44/1999. Í 37. gr. þeirra laga er að finna ákvæði um að ákveðnar landslagsgerðir sem þar eru tilteknar njóti sérstakrar verndar. Þetta eru eldvörp, gervigígar, eldhraun, stöðuvötn og tjarnir sem eru stærri en þúsund fermetrar, mýrar og flóar, fossar, hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður og sjávarfitjar og leirur. Með þessu frv. sem ég flyt ásamt nokkrum hv. þm. Samfylkingarinnar er lagt til að við þessar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar verði bætt gróðurvinjum á hálendi Íslands.

Ég tek fram, herra forseti, að á 10. náttúruverndarþingi var samþykkt áskorun um að gróðurvinjum á hálendinu yrði bætt við þessa upptalningu, þannig að ljóst verði að í framtíðinni njóti þær þeirrar verndar sem 37. gr. kveður á um.

Herra forseti. Miðhálendið er að mestu leyti auðnir og gróður þekur einungis örlítinn hluta. Þarna sjáum við ákveðnar andstæður, raunar séríslenskar andstæður sem eiga hvergi sinn líka, grænan gróður við uppsprettulindir í miðri auðninni, andspænis berangri þar sem ekkert kvikt lifir nema fuglinn fljúgandi. Af þeim sjónarhóli má segja að þessar gróðurvinjar séu ómetanleg auðlind vegna þess að þær eiga þátt í því að skapa þær miklu andstæður sem búa yfir segulmögnuðu aðdráttarafli fyrir ferðamenn, bæði innlenda, þó ekki síður erlenda í ríkum mæli. Þó má segja, herra forseti, að dýrmæti gróðurvinjanna helgist miklu fremur af því að í vistfræðilegu tilliti njóta þær algerrar sérstöðu. Þær eiga sér engar hliðstæður í öðrum löndum og það er helst að bera megi þær saman við vinjar í þurrum og heitum eyðimörkum þó að loftslag og lífríki sé að sjálfsögðu gerólíkt. Gróðurvinjarnar eru eina athvarf fjölmargra tegunda plantna og dýra sem dafna ekki í auðninni umhverfis. Það gildir ekki síst um fugla, enda hafa sumar gróðurvinjarnar alþjóðlegt gildi sökum þess mikilvægis sem þær búa yfir fyrir ýmsar tegundir.

Það er þó einkum eitt sem ég vildi leggja sérstaka áherslu á, herra forseti, og það er að gróðurvinjarnar eru ómetanleg uppspretta fræja, þær eru eins konar fræbanki og eru staðsettar víðsvegar um auðnina. Þegar umhverfið breytist og verður hagstæðara gróðri á hálendinu í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofthita eða vegna minnkandi beitarálags, sem við sjáum góðu heilli víða í dag, þá verða þessir fræbankar gróðurvinjanna ómetanlegir við uppgræðslu landsins.

Ég tel, herra forseti, að ekki síst í þessu felist framtíðarhlutverk hálendisvinjanna og má segja að í því hlutverki þeirra felist líka mikilvægasta röksemdin fyrir því að vernda þær sérstaklega. Þess vegna höfum við lagt fram þetta frv., herra forseti, og ég vænti þess að að lokinni þessari umræðu muni hv. umhvn. fjalla um frv. af mikilli mildi og skilja þær röksemdir sem þar eru lagðar fram — þó ég fari ekki ítarlegar í þær í þessari ræðu — og sendi það aftur hingað til hagkvæmrar afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 17.–19. mál.

Fundi slitið kl. 19:14.

---

82. FUNDUR

þriðjudaginn 26. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Póstþjónusta, stjfrv., 168. mál, þskj. 169, nál. 805 og 831, brtt. 806 og 862. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Náttúruvernd, frv., 200. mál, þskj. 214. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 286. mál, þskj. 866. — 3. umr.
5. Stefna í byggðamálum 2002–2005, stjtill., 538. mál, þskj. 843. — Fyrri umr.
6. Stimpilgjald, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
7. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr.
8. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.
9. Gjaldþrotaskipti, frv., 177. mál, þskj. 178. — 1. umr.
10. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
11. Vernd votlendis, þáltill., 201. mál, þskj. 215. — Fyrri umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 234. mál, þskj. 261. — 1. umr.
13. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 236. mál, þskj. 263. — 1. umr.
14. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 247. mál, þskj. 283. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun, 553. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 868.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 286. mál, þskj. 866.

Athugasemdir um störf þingsins.

Yfirlýsing frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um störf þingsins til að gera grein fyrir samþykkt þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vegna kröfu um leynd á upplýsingum um raforkuverð frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur rætt kröfu Landsvirkjunar um að leynt verði farið með upplýsingar um raforkuverð frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun. Þingflokkurinn hafnar að taka við slíkum upplýsingum undir þeim formerkjum og mun gera allt sem í hans valdi stendur til að knýja á um að upplýsingarnar verði gerðar opinberar. Almennir orkunotendur og allur almenningur á skýlausa kröfu á þessum upplýsingum sem og þingmenn sem eiga að taka afstöðu til málsins á þingi.

Fulltrúi þingflokksins í iðnn. mun að sjálfsögðu virða trúnað varðandi upplýsingar sem fram hafa komið í nefndinni. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun á næstunni kanna og eftir atvikum láta reyna á mögulegar leiðir til að svipta leynd af þessum upplýsingum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Boðað frumvarp um stjórn fiskveiða.

[13:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs út af fréttatilkynningu frá hæstv. sjútvrh. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Eins og þingheimur veit hafa staðið yfir miklar deilur um stjórn fiskveiða og ég rifja það upp að stjórnarflokkarnir lofuðu því hástöfum fyrir síðustu kosningar að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að ná sátt um það mál. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að maður hélt að stjórnarflokkarnir væru að stíga raunhæf skref til þess með tillögum auðlindanefndar vegna þess að í henni var að finna vísi að sátt sem við í stjórnarandstöðunni hefðum getað tekið þátt í.

Nú liggur það hins vegar fyrir, herra forseti, að ekki er rætt við stjórnarandstöðuna. Stjórnarandstaðan lagði eigi að síður fram þingmál um það hvernig hún teldi að ætti að reyna að ná sátt um þetta mál. Við lögðum fram hugmynd að nefnd þar sem hver þingflokkur ætti fulltrúa og í henni yrði reynt að ná sátt á grundvelli þess að afnema gjafakvótann í gegnum fyrningu. Hvers vegna lögðum við það fram, herra forseti? Vegna þess að það blasir við að meiri hluti er fyrir því í landinu. Samfylkingin er þessarar skoðunar, Vinstri hreyfingin – grænt framboð er þessarar skoðunar, Frjálslyndi flokkurinn er þessarar skoðunar, rífur helmingur þeirrar nefndar sem Framsfl. fól að móta stefnu flokksins í fiskveiðimálum var þeirrar skoðunar og fimmtungur landsfundar Sjálfstfl. líka. Það liggur því fyrir, herra forseti, að í landinu og í hinni pólitísku flóru er meiri hluti fyrir þessu.

Það var ekki einu sinni haft fyrir því að ræða við okkur í stjórnarandstöðunni, herra forseti, heldur ætlar hæstv. sjútvrh. að knýja núna í gegn frv. sem byggist fyrst og fremst á óskadraumum LÍÚ og stórútgerðarinnar. Við erum ekki virt viðlits, herra forseti, og það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan mun taka fast á móti í þessu máli. Við munum ekki láta valta yfir okkur og vilja þjóðarinnar í þessu mikilvæga máli.

Við viljum sátt í málinu en ríkisstjórnin vill greinilega ófrið.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir þau orð málshefjanda, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að framkoma ríkisstjórnarinnar í þessu máli er með hreinum og klárum endemum. Síðbúnir tilburðir til að efna sáttargjörðina miklu sem lofað var í þessu máli fyrir síðustu kosningar, svo að vægt sé til orða tekið, eiga þá væntanlega að heita fólgnir í því frv. sem nú er boðað að verði hent inn á þingið.

Um mánaðar skeið hefur legið fyrir þinginu tillaga stjórnarandstöðunnar, tilboð af hálfu stjórnarandstöðunnar um frekari vinnu, frekari tilraunir til að reyna að sætta sjónarmið í þessu máli. Það hefur einskis verið metið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, ekki tekið undir það einu orði og tillagan reyndar ekki enn komin til umræðu. Ef marka má fréttatilkynningu frá hæstv. sjútvrh. er nú ætlunin að kasta stríðshanska inn á þingið í þessu máli þar sem í aðalatriðum er tillaga fulltrúa Sjálfstfl. og embættismanna í svonefndri endurskoðunarnefnd. Það er það sem þar er á ferðinni.

Auðvitað má segja, herra forseti, að þetta veki spurningar um það hvort Sjálfstfl. meti það nú svo að það sé honum hagstæðara að reyna að beina umræðunni yfir í deilur um sjávarútvegsmál og frá þeim spillingarmálum sem mjög eru til umræðu þessa dagana og tengjast flokknum. Kemur þess vegna allt í einu þessi stríðshanski flatur inn í þingið, þetta frv. hæstv. sjútvrh. sem allir vita að engin sátt er um, hvorki inni á þingi né úti í þjóðfélaginu? Það er allt logandi í ófriði í kringum þessi mál og í raun og veru er það mjög áleitin spurning, herra forseti, hvað ríkisstjórninni gengur til, eða hæstv. sjútvrh. og Sjálfstfl., að standa svona að verki.

[13:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ef málið væri ekki svo alvarlegt sem raun ber vitni gæti maður haldið að nú væri hæstv. sjútvrh. fyrst og fremst að gera að gamni sínu. Sáttargjörðin sem hér er boðuð felst aðallega í því að breyta um nafn á þeim kostnaðargreiðslum sem útgerðin greiðir þegar. Í hádeginu mátti heyra að sjútvrh. telur að á góðum degi í góðu ári geti þessi upphæð farið yfir 2 milljarða kr. en þá á eftir að taka tillit til þess, herra forseti, að á móti eiga að falla niður veiðieftirlitsgjald upp á 250 millj. og þróunarsjóðsgjald upp á a.m.k. 600 millj. Þá er heldur lítið eftir, eða hvað? Rúmur milljarður er það, og það er allt og sumt. Og þetta er einungis hluti þess kostnaðar sem skattgreiðendur greiða þegar í dag með útgerðinni, herra forseti. Ef allt er reiknað eru það a.m.k. 3 milljarðar sem þar eru til kostnaðar og ef þessar tillögur verða að veruleika er kannski verið að innheimta u.þ.b. þriðjunginn af þessum kostnaðargreiðslum — og kalla veiðigjald.

Þetta frv. hróflar heldur í engu, herra forseti, við því kerfi sem er við lýði. Verið er að auka kostnaðargreiðslur útgerðarinnar mjög lítillega og kalla veiðigjald en það er ekki verið að fara fram á að útgerðin greiði fyrir aðgang að auðlindinni.

Áfram verður það svo að þeir sem þurfa að kaupa veiðiheimildir munu þurfa að leita á náðir þeirra sem ríkið afhendir þær án endurgjalds.

Herra forseti. Eins og ég sagði, ef málið væri ekki svona alvarlegt dytti manni helst í hug að hér væri verið að fara með gamanmál en því miður er svo ekki.

[13:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að heyra ræður hv. alþingismanna stjórnarandstöðunnar í upphafi þessa þingfundar. Innihaldið kemur manni reyndar ekki neitt sérstaklega á óvart. Sérstaklega hafa hv. þm. Samfylkingarinnarýjað að því um nokkra hríð að þeir mundu leggjast gegn veiðigjaldsfrv. ríkisstjórnarinnar og einhvern veginn hefur maður haft á tilfinningunni að það skipti nánast engu máli hvernig það frv. yrði, Samfylkingin mundi leggjast gegn því og hafa að engu afstöðu þriggja þingmanna flokksins í auðlindanefndinni þar sem þeir (Gripið fram í.) á þeim tíma tóku höndum saman með öðrum um sátt í atvinnugreininni. Ég heyri að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur greinilega ekki verið sáttur við félaga sína þegar þeir komust að niðurstöðu í þeirri nefnd og það kannski skýrir afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli á þinginu í dag.

Ég verð að segja að mér þykir afar leiðinlegt að þetta skuli vera afstaða þessa stjórnmálaflokks, að það skuli vera niðurstaða þeirra að standa ekki við það sem undir var ritað en eins og ég segi kemur það ekki alveg á óvart.

Ég veit ekki alveg hvað ég á að segja um orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar en hann minnir mig einna helst á þjálfarann í kappliðinu sem ekki lét sér nægja að ráða hverjir væru í hans eigin liði heldur vildi hann líka ráða hverjir væru í liði andstæðingsins. (**SJS:** Þá mundi ganga betur.) Já, þá mundi ganga betur. Þetta lýsir eðli þessa ágæta íþróttamanns, hann telur að það mundi ganga betur ef hann fengi að ráða bæði sínum eigin málflutningi og málflutningi annarra, og hann ætti líka að ráða, ekki bara hvaða mál hann flytur á þinginu heldur líka málflutningnum og hvernig mál meiri hlutans, herra forseti, eru lögð fram.

[13:42]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hún var skrýtin, ræða hæstv. sjútvrh. Það er alveg ljóst, eins og margir héldu fram í aðdraganda síðustu alþingiskosninga, að auðlindanefnd var aðeins sett á laggirnar í því skyni að tefja umræðu um málið á meðan þær kosningar gengju yfir. Það er alveg ljóst af þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fram að það er algjörlega litið fram hjá meginhugmyndum auðlindanefndar.

Mér finnst fráleitt af hæstv. sjútvrh. að leggja það svo upp að þær hugmyndir sem nú hafa verið kynntar hafi nokkurn skapaðan hlut með hugmyndir auðlindanefndar að gera. Og mér finnst það vera útúrsnúningur af verstu tegund, ef ég á að segja alveg eins og er. Þær hugmyndir sem þar voru lagðar fram gengu fyrst og fremst út á að skapa ákveðið jafnræði í greininni, gefa öllum tækifæri. Það voru grundvallaratriði en ekki að leggja litla skatta á greinina eins og hér um ræðir.

Enn fremur er alveg ljóst, virðulegur forseti, að þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram eru fyrst og fremst árás á minni útgerðir í landinu. Þær munu ekki geta brugðist við með sama hætti og stærri útgerðir þannig að enn og aftur, enn á ný, erum við að sjá erindreka stærri útgerðarfélaga í landinu í gervi hæstv. sjútvrh. koma hér inn með hugmyndir sem þjóna aðeins hinum stóru. Það er alveg ljóst að Sjálfstfl. hefur á engan hátt breytt afstöðu sinni í þessu máli.

[13:44]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Menn þurfa ekki að reka upp stór augu og verða undrandi yfir þeirri málafærslu sem við stöndum

hérna frammi fyrir. Frá upphafi þessa máls lá fyrir að allt tal um sættir voru blekkingar einar, settar fram fyrir síðustu kosningar til að telja þjóðinni trú um að þannig stæðu mál og undir þennan áróður gengust flestallir fjölmiðlar.

Auðlindanefnd var til þess skipuð á sínum tíma að fá nokkurn veginn þá niðurstöðu sem yrði svo hægt að halda áfram að túlka eftir pólitískum leiðum. Auðlindagjald, þetta þykjustugjald, sem á að breyta gjöldunum sem útgerð stendur núna undir án þess að bæta þar nokkru við sem nemur, verður ekki til að ná sáttum í þessu máli.

Talið er að íslensk útgerð njóti fyrirgreiðslu hins opinbera sem svarar til 6 milljarða kr. og síðan ganga menn um ríki veraldar og predika og skora á menn þar að leggja af styrk við sjávarútveg þegar við erum fremstir í flokki þessa. Ég hef áður spurt, margsinnis: Skortir skattalagaákvæði í íslensk skattalög til að leggja útsvar eða skatta á útgerð eins og hún þolir og sanngjarnt er? Ég hef ekki fengið svör við því. Þetta er málamyndaaðferð til að reyna að skjóta skildi fyrir þá staðreynd málsins að hér á að ganga erinda útgerðarauðvaldsins í einu og öllu. Það hefur verið stefnan frá upphafi og henni hefur ekkert verið breytt þrátt fyrir allan endalausa kjaftavaðalinn sem menn hafa haft í frammi við afgreiðslu þessa máls.

[13:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað stríðsyfirlýsing sem hér hefur verið sett fram á hendur stjórnarandstöðunni sem lagði það til að menn gerðu úrslitatilraun til að ná einhverri sátt í þessu máli eftir að hin svokallaða sáttanefnd hafði klúðrað málum sínum að undirlagi hæstv. sjútvrh. Það liggur fyrir að menn ætla sér þessa leið áfram, þ.e. að festa þetta kerfi í sessi, að halda einokuninni áfram, að halda áfram að láta veiðiheimildirnar streyma til þeirra stærstu og einokunin skal blífa. Einkavæðing fiskimiðanna er trúaratriði Sjálfstfl., og Framsfl. lufsast með.

Ég verð að segja alveg eins og er að auðvitað eru þetta vonbrigði þótt maður hafi ekki búist við neinu. Það eru auðvitað vonbrigði að menn skuli koma hér og hylja sig reyk með þessu fyrirbrigði og ætla að kalla þetta einhvers konar sátt og reyna að skrökva því að þjóðinni að þarna hafi verið komið til móts við kröfurnar um að koma á einhverju jafnræði á Íslandsmiðum. Það er fáránlegt og stjórnarflokkarnir munu ekki komast upp með það. Fólk sér auðvitað í gegnum þetta allt saman. Og þó að skipt sé um hausa á reikningunum til útgerðarinnar — hvaða máli skiptir það? Auðvitað nákvæmlega engu. Svo kemur hæstv. sjútvrh. og lætur hafa eftir sér að þetta gefi 2 milljarða og vísar til afkomunnar á síðasta ári. Hvaða ár er það? Er það ekki árið sem á 30 árum er stærst í útgerð á Íslandi? Og hvað verður þá um næsta ár og árin þar á eftir ef þetta er afkomutengda gjaldið sem hann er að lýsa?

Svo er heldur engin hemja að halda að það bæti eitthvað þennan rekstur eða almennt þessi mál að setja einhvers konar auðlindagjald ofan á hið raunverulega auðlindagjald sem útgerðin er að borga eigendum auðlindarinnar sem hafa fengið og fá enn úthlutað fyrir ekki neitt.

[13:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur nú kynnt fréttamönnum breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Það sem ég vil gera að umtalsefni hér er aðkoman að þessum málum. Við höfum margrætt það í þinginu, virðulegi forseti, að það er algjörlega óviðunandi að stórum málum skuli vera kastað inn þegar búið er að halda fréttamannafund af hálfu framkvæmdarvaldsins um málið. Það er margbúið að ræða þetta varðandi skýrslur, varðandi mál sem stjórnin kemur með, og í morgun var hringt klukkan rúmlega 9 og sagt að þetta mál væri í pósthólfunum.

Virðulegi forseti. Eru þetta þau vinnubrögð sem við viljum viðhafa á hinu háa Alþingi? Er þetta leiðin til þess að reyna að ná sáttum í málum? Ég krefst þess þegar svona mál eru í gangi og raunar öll mál sem þingið varðar að þau séu sett inn í nefndir, sett í umræðu og kynnt með virðingu fyrir þinginu áður en framkvæmdarvaldið heldur fréttamannafundi um mál af þessu tagi. Það er skýlaus krafa okkar, þingmanna. Vilja hv. þm. að vinnubrögðin séu svona? Er það góð leið að farsælu markmiði að gefa mönnum kannski tvo, þrjá klukkutíma til að fara yfir lagatexta? Ég held ekki, virðulegi forseti.

Þetta er ekki fyrsta málið. Við erum nýbúin, alveg á sama hátt, að gera alvarlegar athugasemdir við mál eins og nýja byggðaáætlun sem var kynnt úti í bæ, bæði í bútum og heildstætt, löngu áður en hv. þm. fengu tækifæri til að kynna sér málið. Þetta er ekki grunnur til að menn geti náð farsælli niðurstöðu í sátt og samlyndi um mál, er það? Það liggur beinast við að halda, virðulegi forseti, að menn vilji stríð um málið.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hugmynd hæstv. sjútvrh. um að sá sem hér stendur ráði skipan í báðum liðum er mjög góð og minnir mig á sögu af konu ofan úr sveit sem var dregin á fótboltaleik hér í höfuðstaðnum en hafði ekki mikið séð af slíkum fyrirbærum áður. Gangur leiksins var útskýrður fyrir henni, að hann snerist um að koma boltanum í netið. Eftir að gamla konan hafði horft á þetta um hríð spurði hún: Af hverju í ósköpunum hjálpast mennirnir ekki að? Þá hefði auðvitað gengið betur að koma boltanum í netið.

Þannig er þetta auðvitað líka með sjávarútvegsmálin. Ef menn hjálpuðust að mundi væntanlega ganga betur að koma einhverju farsælu markmiði fram. Það hefur núverandi ríkisstjórn ekki gert. Hún hefur í raun algerlega sagt í sundur allar tilraunir til að ná griðum um þetta mál og slegið á útréttar hendur sem fram hafa verið færðar þar um.

Það liggur algerlega ljóst fyrir að ekki getur orðið sátt um að geirnegla hér og festa í sessi óbreytt kerfi. Það er það sem verið er að gera og reyndar ganga lengra með því að opna á heimildir til enn hraðari og frekari samþjöppunar í sjávarútvegi heldur en núgildandi lög heimila. Allir sem eitthvað vita um sjávarútveg á Íslandi vita að það er ekki leiðin til sátta.

[13:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. virðist leggja sig fram um að menn taki ekki mark á honum og ég verð að segja að honum tekst ákaflega vel upp. Í hvert skipti sem hæstv. sjútvrh. talar um þingmenn Samfylkingarinnar birtist fyrir sjónum manns smækkuð útgáfa af Kristjáni Ragnarssyni. Þetta er ekki leiðin fyrir stjórnmálamann til að láta taka mark á sér, herra forseti.

Við vildum sátt um þetta mál og grundvöllur þeirrar sáttar var m.a. vilji fimmtungs landsfundar Sjálfstfl., ríflega helmings þeirra sem móta stefnu Framsfl. í sjávarútvegsmál-

um, vilji allrar stjórnarandstöðunnar og yfirgnæfandi vilji þjóðarinnar samkvæmt skoðanakönnunum.

Herra forseti. Hér í salnum sitja þingmenn stjórnarliðsins sem eru sama sinnis og við í stjórnarandstöðunni, og ég spyr nú: Hvar eru þingmenn Framsfl. sem hafa barið sér á brjóst og lýst því yfir hátt og í hljóði að þeir vildu fara þessa sömu leið og við? Á Framsfl. það hlutskipti skilið að vera snúinn niður af Sjálfstfl. í hverju málinu á fætur öðru? Það er ekki bara í Símanum þar sem þeir liggja hundflatir heldur líka í þessu máli sem menn höfðu þó talað um með stórum orðum.

Herra forseti. Þetta er stríðshanski af hálfu hæstv. sjútvrh. og honum verður tekið sem slíkum af hálfu stjórnarandstöðunnar.

[13:54]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það var mjög athyglisvert að heyra orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um það hvernig hann telji að eigi að standa að því að kynna mál. Mér finnst alveg með eindæmum ef hv. þm. eru á móti því að frv. séu kynnt í fjölmiðlum sama daginn og á að leggja þau fram á Alþingi og ef þeir fyrtast við að ráðherrann skuli hafa fyrir því að senda þeim frv. samtímis og þau eru kynnt og láta þá vita að þau séu sett í hólfin þeirra til að þeir geti vitjað þeirra og til að þeir geti fylgst með því sem ráðherrann er að kynna. Ég skal bara muna þetta næst þegar ég legg fram frv. Ég skal ekki hafa fyrir því að setja það í hólfið hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni. Og ég skal ekki hafa fyrir því að láta starfsfólk ráðuneytisins láta hv. þm. vita af því að það sé frv. í hólfinu hans ef hann telur það vera betri kynningu. Ég hef lagt mig fram um að hv. þm. fengju að fylgjast með þessu máli þegar það kæmi fram. Ég hef líka lagt mig fram um að hv. þingmenn og þingflokkarnir geti tekið þátt í þessu starfi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kvartar yfir því að menn vilji ekki þiggja hjálp hans. En þingflokkur hans átti fulltrúa í endurskoðunarnefndinni og menn geta bara ekki gert kröfu um að allir séu alltaf sammála þeim, að þeir fái að skipa, herra forseti, í bæði liðin.

Póstþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 169, nál. 805 og 831, brtt. 806 og 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

Brtt. 806,1 samþ. með 46 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 862,1 felld með 39:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (ArnbS, EOK, GHH, GÖ, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:58]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort taka skuli upp nýyrðið „alþjónusta“ í stað orðsins „grunnpóstþjónusta“. Ég hef gagnrýnt hér að tekið skuli upp nýyrði og nýjar hugtakaskýringar án þess að fram hafi farið nákvæm skoðun á því hvernig þær falla að almennri orðnotkun og máltilfinningu landsmanna.

Það að leiða inn orðið alþjónusta í staðinn fyrir grunnpóstþjónusta býður heim þeirri hættu að endurskilgreina á ný þá vitund sem almenningur hefur um orðið grunnpóstþjónusta og þar eigum við á hættu að það eigi að skilgreina þessa þjónustu á lakari veg en almenningur hefur hingað til talið. Ég tel því, herra forseti, að það sé miklum mun betra að nota hér orðið grunnpóstþjónusta en beini að öðru leyti til hæstv. forseta nauðsyn þess að þegar um orðskýringar eða nýyrði inn í lagasetningu er að ræða fari fram samræmd vinna hjá málfarsnefnd eða öðrum utanaðkomandi aðilum um slíka nýyrðasmíð.

Brtt. 806,2 samþ. með 46 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 862,2 felld með 41:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÖJ.

nei: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack*, ÖS.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 806,3 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Nú hefur hv. Alþingi fellt brtt. sem kvað á um afdráttarlausa yfirlýsingu um það í lögum að öllum íbúum landsins skyldi veitt þjónusta á fullum jafnræðisgrundvelli hvað varðar póstþjónustu. Póstþjónusta er grunnalmannaþjónusta í landinu og hana á frekar að efla og færa nær neytendum. Að mati þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs felur þetta frv. enn frekar í sér að þrengt verði að póstþjónustu landsmanna þó frekar ætti að efla hana og styrkja. Við getum því ekki, virðulegi forseti, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, stutt þetta frv. sem miðar að því að opna fyrir frekari skerðingu á póstþjónustu í landinu.

6. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HBl, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

7.–26. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Brtt. 806,4 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

27. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Brtt. 806,5 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS*, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

28. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

29.–30. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Brtt. 806,6 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, ÍGP, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Brtt. 806,31. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Brtt. 806,7 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

32. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

33.–46. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁMM, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Brtt. 806,8 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

47. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

48. – 53. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÁ, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Brtt. 806,9 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

54. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KF, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Viðauki samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KÓ, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KolH, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (gjaldtökuheimildir og náttúrustofur). — Þskj. 818.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 200. mál (gróðurvinjar á hálendinu). — Þskj. 214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 286. mál (brottkast afla). — Þskj. 866.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, KVM, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 876).

Stefna í byggðamálum 2002–2005, fyrri umr.

Stjtill., 538. mál. — Þskj. 843.

[14:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Samkvæmt 7. gr. laga um Byggðastofnun skal iðnaðarráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir hvert fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

Með erindisbréfi, dags. 13. júní 2001, skipaði ég sex manna verkefnisstjórn undir forustu Páls Skúlasonar háskólarektors, auk þriggja starfshópa, til að vinna að undirbúningi og gerð tillögu um fjögurra ára byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005. Í skipunarbréfi verkefnisstjórnar segir, með leyfi forseta:

„Fjallað verði um tengingu byggðaáætlunar við aðra áætlanagerð á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Jafnframt verði sérstaklega fjallað um aðkomu sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga að byggðaáætlun. Þá verði fjallað um aðgerðir sem geti orðið til þess að bæta almenn skilyrði til búsetu á landsbyggðinni. Í vinnu sinni skal verkefnisstjórnin og starfshóparnir taka mið af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, megináherslum ráðherra byggðamála 2001–2003, þeirri reynslu sem fengist hefur við framkvæmd gildandi byggðaáætlunar og reynslu annarra þjóða."

Verkefnisstjórnin skilaði tillögum sínum í upphafi þessa árs og voru þær í framhaldi af því teknar til umræðu á vettvangi ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðuneyta.

Sú tillaga sem hér er lögð fram byggir í öllum meginatriðum á tillögum verkefnisstjórnar. Markmið áætlunarinnar eru eftirfarandi:

1. Draga úr mismun sem er á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga.
2. Stuðla að eflingu sveitarfélaga.
3. Byggja upp trausta byggðakjarna.
4. Auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu- og lífsstíl.
5. Auka fjölbreytni í atvinnulífi, jafna starfsskilyrði og stuðla að því að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.

Í áætluninni er fjallað um þær fimm meginstoðir sem þurfa að vera til staðar til að öflug byggð þróist í landinu. Þessar stoðir eru: Traust og fjölbreytt atvinnulíf; öflug byggðarlög; aukin þekking og hæfni; góðar samgöngur; og sjálfbær þróun.

Þá er í tillögunni fjallað um 12 stefnumótandi áherslusvið og sett fram áætlun um 22 verkefni sem öll miða að því að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í tillögunni. Þá er fjallað um ástand og horfur á einstökum svæðum landsins.

Í tillögunni er lögð áhersla á þátttöku og samstarf ráðuneyta og stofnana ríkisins við framkvæmd áætlunarinnar. Til að tryggja sem besta framkvæmd er gert ráð fyrir að ráðuneytin tilnefni fulltrúa í sérstaka verkefnisstjórn sem vinni að framkvæmd byggðaáætlunarinnar.

Herra forseti. Ég mun nú víkja að meginþáttum tillögunnar. Flestir geta verið sammála um að traust og fjölbreytt atvinnulíf er ein af forsendum byggðar í landinu öllu. Við þurfum að stuðla að sem jöfnustum starfsskilyrðum innan einstakra atvinnugreina án tillits til staðsetningar í landinu. Með því móti einu getum við byggt upp fjölbreytt atvinnulíf á landsbyggðinni.

Í tillögunni er að finna nokkur verkefni sem ætlað er að stuðla að traustu og fjölbreyttu atvinnulífi og mun ég nú víkja að þeim, með leyfi forseta.

Í tillögunni er fjallað um þau sóknarfæri sem eru varðandi uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Þar er einkum horft til ferðaþjónustu, fiskeldis, líftækni, menningarstarfsemi, uppbyggingu mennta- og rannsóknastofnana, nýrra búgreina í landbúnaði, opinberrar þjónustu og orkufreks iðnaðar. Á vegum ríkisstjórnarinnar og Alþingis er verið að vinna að ýmsum verkefnum á framangreindum sviðum. Í því sambandi má nefna uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Austurlandi. Þá standa yfir viðræður við Norðurál um frekari stækkun álversins á Grundartanga.

Í tillögum um aðgerðir er að finna nokkur verkefni sem gert er ráð fyrir að vinna að á næstu fjórum árum til að auka fjölbreytni og treysta atvinnulíf. Þessi verkefni eru eftirfarandi:

Að setja á fót nýsköpunarmiðstöð á Akureyri er hafi það hlutverk að þróa viðskiptahugmyndir og önnur þau verkefni er miði að því að efla nýsköpun og frumkvæði við uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Lögð verður áhersla á að þessi þróunarvinna fari fram í nánum tengslum við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, háskóla og aðra. Markmið starfseminnar verður að auka fjölbreytni í atvinnulífi, enda má fastlega gera ráð fyrir að störfum muni ekki fjölga í hefðbundnum atvinnugreinum landsbyggðarinnar á næstu árum, þ.e. landbúnaði og sjávarútvegi.

Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarmiðstöðin á Akureyri hafi árlega til ráðstöfunar í verkefni um 250 millj. kr. á gildistíma áætlunarinnar eða samtals 1 milljarð kr. Nýsköpunarmiðstöðin mun jafnframt fá það hlutverk að auka samvinnu og samræma þá starfsemi sem nú fer fram á sviði atvinnuþróunar og greitt er fyrir af opinberu fé. Er þessi ráðstöfun í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í samræmi við þá endurskipulagningu sem nú er unnið að varðandi opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Þá er lagt til að Byggðastofnun verði falið að vinna að auknu samstarfi þeirra opinberu sjóða sem veita lán eða aðra fjárhagslega fyrirgreiðslu til fyrirtækja á landsbyggðinni. Ljóst er að með samvinnu og samtakamætti þessara sjóða er hægt að stórbæta þjónustuna við atvinnulífið.

Eins og ég vék að áðan þarf að vinna að því að jafna starfsskilyrði atvinnufyrirtækja án tillits til staðsetningar í landinu. Þó svo að ýmsar upplýsingar liggi fyrir um þessi skilyrði er engu að síður nauðsynlegt að láta vinna heildarathugun á því hvort raunverulegur mismunur sé á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landsvæðum. Þar koma til athugunar áhrif flutningskostnaðar, reglna um þungaskatt, tryggingagjalds og virðisaukaskatts svo dæmi séu tekin. Þegar slík athugun liggur fyrir þarf að taka afstöðu til þess hvort tilefni er til aðgerða og þá í hvaða formi.

Bætt fjarskipti og jöfnun verðs í gagnaflutningum geta skipt sköpum bæði fyrir fólk og fyrirtæki sem starfa á landsbyggðinni. Gerð er tillaga um að fela samgrn. að kanna hvort fýsilegt sé að leggja ljósleiðara um sveitir landsins og leysa þannig þarfir dreifbýlisins fyrir góðar tengingar. Ljóst er að hér er um mjög dýra framkvæmd að ræða og svo kann að fara að hægt verði að beita ódýrari lausnum til að ná sama markmiði.

Þá er gerð tillaga um að samgrn. verði falið að vinna að tillögu um það með hvaða hætti verði hægt að koma því svo fyrir að allir notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu. Þetta er í raun sama fyrirkomulag og gildir varðandi flutning raforku í landinu. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir landsbyggðina og mundi skapa tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki.

Gerð er tillaga um átak til að auka verðmæti sjávarfangs með sérstakri áherslu á líftækni. Þetta verkefni er í tillögunni falið sjútvrn. og hefur ráðherrann þegar sett af stað vinnu sem miðar að sama markmiði. Hefur sjútvrh. skipað starfshóp um aukið verðmæti sjávarafla sem ætlað er að leggja fram aðgerðaáætlun þegar í haust. Ég tel að gríðarlegir möguleikar liggi á sviði líftækni. Við þurfum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að mörg ár geta liðið áður en árangurinn verður sýnilegur almenningi.

Fyrir um 15 árum hófst mikil uppbygging í fiskeldi hér á landi. Á þeim tíma stuðlaði hið opinbera að þessari uppbyggingu m.a. með því að verja opinberu fé til lánveitinga. Allir vita hvernig fór. Ef vel tekst til nú um uppbyggingu í fiskeldinu er ljóst að þessi atvinnugrein getur skipt miklu fyrir landsbyggðina.

Áður en lengra er haldið er þó mikilvægt að sett verði fram heildstæð áætlun um aðkomu hins opinbera að þróun og uppbyggingu þessa fiskeldis. Því er lagt til að þau ráðuneyti sem fara með þennan málaflokk, þ.e. landbrn. og sjútvrn. setji fram áætlun og tillögur um hvernig hið opinbera getur stutt við rannsóknir og markaðsþróun í fiskeldi.

Herra forseti. Byggðarlögin og sveitarfélögin marka umgjörðina um daglegt líf og athafnir fólks og eru vettvangur íbúanna til samstarfs og sameiginlegra ákvarðana um staðbundna uppbyggingu samfélagsþjónustu og hagsmunamál sín. Kröfur fólks til samfélagsins eru sífellt að aukast hvað varðar atvinnukosti, samgöngur, fjölbreytni í þjónustu, menningu, afþreyingu o.fl. Því er mikilvægt að treysta þær meginstoðir samfélagsins sem eru byggðarlögin og sveitarfélögin þar sem fólkið býr og tryggja þeim tekjur til að standa undir nauðsynlegum verkefnum. Verkaskipting milli ríkisins og sveitarfélaganna þarf að vera skýr og tryggja þarf að tekjur sveitarfélaganna standi undir kostnaði við þau verkefni sem þeim eru falin. Til þess að svo geti orðið þarf að stækka sveitarfélög með sameiningu.

Í aðgerðaáætlun er sett fram tillaga um gerð sérstakrar byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð. Þessi tillaga hefur vakið talsverða athygli þó svo hún sé ekki ný af nálinni. Hugmyndin er að ríkið og sveitarfélögin á svæðinu vinni saman að því að skapa skilyrði til vaxtar á Akureyri með það að markmiði að hægt verði að bjóða upp á Akureyri sem raunhæfan valkost gagnvart höfuðborgarsvæðinu fyrir þá sem vilja búa á stærri stöðum. Með þessari tilhögun er ekki á neinn hátt verið að draga úr vægi annarra stærri staða á landinu. Þvert á móti er eitt af meginmarkmiðum tillögunnar að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust og hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.

Í aðgerðaáætluninni er að finna ýmis verkefni er miða að því að styrkja sveitarfélögin í landinu. Þar vil ég nefna verkefnið „rafrænt" samfélag, en sambærilegt verkefni hefur gefið góða raun í Kanada. Þá vil ég sérstaklega nefna tillögur um að Ísland taki þátt í Northern Periphery áætluninni en með þátttöku í þeirri áætlun gefst sveitarfélögum m.a. tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefnum með norðlægum svæðum á Norðurlöndunum og í Skotlandi. Ég tel að slíkt samstarf yfir landamæri geti verið mjög gagnlegt fyrir íslensk sveitarfélög.

Aukin þekking og hæfni fólks á ýmsum sviðum er undirstaða þess að byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni gefi eflst og dafnað. Kröfur atvinnulífsins um menntun og þekkingu starfsfólks eru sífellt að aukast, svo og kröfur til atvinnurekenda. Menntun íbúa á landsbyggðinni er því miður almennt lakari en á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að draga úr þessum mismun með fjölgun starfa og auknum viðskiptatækifærum á landsbyggðinni fyrir sérhæft og menntað fólk. Jafnframt þarf að vinna markvisst að eflingu menntunar á landsbyggðinni og stuðla að því að ungt fólk geti daglega sótt skóla frá heimilum sínum a.m.k. til 18 ára aldurs. Við þurfum að vinna að því markmiði að börn og ungmenni hvar sem er á landinu hafi sambærilega möguleika til menntunar og þroska og að fólk búi ekki við lakari menntunarskilyrði vegna búsetu.

Í aðgerðaáætlun þáltill. er að finna nokkrar tillögur um verkefni er miða að því að efla menntun á landsbyggðinni. Þar má nefna tillögur um greiðari aðgang að fjarskipta- og upplýsingatækni, fjarnám á netinu á háskólastigi, eflingu símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum og afslátt af endurgreiðslu námslána til að hvetja ungt fólk með háskólamenntun til að setjast að og starfa úti á landi.

Herra forseti. Góðar samgöngur eru forsenda traustra byggða. Fólk gerir kröfur um greiðar og öruggar samgöngur. Góðar samgöngur eru jafnframt forsenda þess að hægt sé að stunda nútímalegan atvinnurekstur. Til að stuðla að góðum búsetuskilyrðum og starfsskilyrðum atvinnulífs á landsbyggðinni er lögð áhersla á áframhaldandi uppbyggingu vegakerfisins og að jarðgangagerð verði hraðað. Í því skyni hlýtur að koma til greina að taka upp vegatolla í auknum mæli.

Byggðin, atvinnulífið og náttúrulegt umhverfi eru ekki andstæður heldur samverkandi þættir. Sjálfbær þróun miðar að því að samþætta efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg markmið. Markmið sjálfbærrar þróunar og byggðastefnu eru mörg þau sömu. Því er í tillögunni lögð sérstök áhersla á að opinberir aðilar sem ætlað er að efla atvinnulíf og treysta byggð í landinu stuðli jafnframt að sjálfbærri þróun samfélagsins. Að tileinka sér þessa hugsun er sérstaklega

mikilvægt fyrir þjóð eins og Ísland sem byggir afkomu sína að miklu leyti á náttúrulegum auðlindum.

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur dregið mjög úr búferlaflutningum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Árin 1996–1998 fluttust nær 1.800 manns fleiri á ári frá landsbyggðinni innan lands en þangað komu frá höfuðborgarsvæðinu. Í fyrra nam mismunur aðfluttra og brottfluttra innan lands einungis rúmlega 600 manns og hefur ekki verið minni frá 1992. Brottfluttum af landsbyggðinni hefur fækkað og nokkuð hefur fjölgað í hópi þeirra sem flytjast af höfuðborgarsvæðinu út á land. Breytingin er mest á landsvæðum næst höfuðborgarsvæðinu, en frá Vestfjörðum, Norðurl. v. og Austurlandi eru enn miklir brottflutningar. Aðflutningur erlendra ríkisborgara hefur vegið upp á móti fækkun. Á árinu 1998–2001 bættust rúmlega 1.700 manns við íbúafjölda landsbyggðarinnar vegna millilandaflutninga. Á sama tíma fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um nær 3 þús. manns vegna millilandaflutninga.

Herra forseti. Ég vænti þess að sú tillaga sem hér hefur verið lögð fram geti orðið liður í því að skapa meiri skilning í þjóðfélaginu á því að við þurfum rétt eins og aðrar þjóðir að reka öfluga byggðastefnu. Slík stefna á ekki að byggja á því að viðhalda tilteknu ástandi. Slík stefna á að miða að því að skapa jöfn skilyrði og vinna með fólki og fyrirtækjum að því að örva frumkvæði og nýsköpun og aðstoða það við útfærslu hugmynda sinna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. iðnn.

[14:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal gera mitt til þess að allir komist að í þessum stuttu andsvörum sem við höfum til að skiptast á skoðunum við hæstv. ráðherra.

Ég vil fyrir það fyrsta óska hæstv. ráðherra til hamingju með að vera loksins búin að leggja fram þáltill. um byggðamál sem við höfum beðið lengi eftir. Ég mun svo koma að áætluninni síðar þegar ég fæ tækifæri og kemst á mælendaskrá.

Eitt vildi ég spyrja hæstv. ráðherra strax út í. Hæstv. forsrh. lagði fram síðustu byggðaáætlun. Hæstv. iðnrh. tók skýrt fram að þetta væri fyrsta áætlun sín og þar af leiðandi hafi síðasta áætlun verið síðasta byggðaáætlun hæstv. forsrh. Þar segir m.a. að síðasta áætlun hafi haft það að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Svo kom þessi gullvæga setning:

„Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010."

Því vil ég spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh.: Hvað gerir það að verkum að hæstv. ríkisstjórn fellur núna strax frá þessu göfuga markmiði? Hvað hefur breyst?

[14:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekki rétt að tala um þetta þannig að fallið hafi verið frá þessu markmiði. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að þessi texti er ekki inni í þessari tillögu sem nú er til umfjöllunar. Það má kannski segja að ástæðan sé sú að við ætlum frekar að láta verkin tala.

[14:27]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Frekar fannst mér þetta nú aumt svar en læt það duga og kem að því síðar.

Hæstv. ráðherra ræddi líka áðan um góðar og greiðar samgöngur sem einn mikilvægasta þáttinn í þessari byggðaáætlun og get ég tekið undir það. Hæstv. ráðherra sagði eitthvað á þá leið að fólk gerði kröfur um greiðar samgöngur nú til dags og atvinnulífið gerir kröfur til þess líka.

Það ætti náttúrlega ekki að þurfa að fjalla um þetta í byggðaáætlun, en sem dæmi um hvernig þetta er í dag þá berast fréttir norðan úr Mývatnssveit um að Kísilvegur sé lokaður í dag á góðviðrisdegi vegna þess að þennan mikilvæga veg, þar sem flutt er hráefni frá Kísiliðjunni við Mývatn til Húsavíkur, má bara moka fimm daga vikunnar. Takið eftir, það má bara moka þennan veg fimm daga vikunnar, ekki á þriðjudögum og ekki á laugardögum.

Herra forseti. Skaparinn hefur sett snjó niður fyrir norðan. Því er þessi vegur er ófær vegna þess að ekki má moka hann og ekki er hægt að flytja aðföng frá Kísiliðjunni til Húsavíkur í dag vegna þessa.

[14:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna er hv. þm. kominn inn á málaflokk sem varðar samgrh. (Gripið fram í.) Þó svo að örli á því í þessari byggðaáætlun að samgöngumál séu nefnd þá er að sjálfsögðu ekki verið að semja nýja samgönguáætlun með því að leggja fram byggðaáætlun í landinu. Það held ég að sé atriði sem allir geri sér grein fyrir. (Gripið fram í.)

Verklag Vegagerðar í sambandi við mokstursdaga er umdeilanlegt og hefur alltaf verið þannig. Ég veit það sem landsbyggðarþingmaður að upp koma mörg vafamál í sambandi við það hvernig þessar reglur eigi að vera. En ég ætla ekki að fara út í það í sambandi við þessa byggðaáætlun — og er gott að koma því að strax — að tala um samgönguáætlun í smáatriðum.

[14:29]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. viðskrh. og byggðamálaráðherra um það sem stendur í fskj. með þessu frv. og er hluti af því. Þar stendur, með leyfi forseta, á bls. 14:

„Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti."

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvað þetta þýði, hvort um sé að ræða þarna þau sveitarfélög sem eru á svokölluðu byggðakorti ESA, sem hefur verið til umræðu hér í þinginu, þ.e. hvort eingöngu þau sveitarfélög mundu koma til með að geta nýtt sér slíkan afslátt, eða geta það öll sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins? Ég hef áður spurt hæstv. ráðherra hvernig hún túlki þetta byggðakort gagnvart Suðurnesjum og þetta er liður í því að fá það nákvæmar upplýst.

[14:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ein af þeim tillögum sem er að sjálfsögðu ekki nákvæmlega útfærð í þessari byggðaáætlun, en hún er sett fram sem möguleiki á því að fólk geti starfað tiltölulega fjarri heimili sínu án þess að af því verði óheyrilegur kostnaður. Þarna er verið að tala um landsbyggðina alla en ekki bara það svæði sem ESA hefur nú viðurkennt sem landsbyggð.

[14:31]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú spurst fyrir um þetta dálítið oft og mér finnst ég þurfa að fá skilgreiningu hjá hæstv. iðn.- og

viðskrh. og byggðamálaráðherra á því hvað það þýði þegar talað er um landsbyggðina alla. Er þá verið að tala um öll Suðurnesin líka? Þá er ég að tala um þau sveitarfélög sem tilheyra Suðurnesjum en ekki bara þau sem ég þykist vita að hæstv. ráðherra sé að tala um, þ.e. þau sveitarfélög sem hafa verið skilgreind sem styrkhæf af opinberum aðilum. (**SJS:** Hvað með Njarðvík?)

[14:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú dálítið sérstakt að fara út í svona nákvæmar spurningar í þessari umræðu vegna þess að margt er óútfært. Ef af þessu verður geri ég alveg ráð fyrir að þetta geti náð bókstaflega til allra landsmanna þess vegna. Ég legg áherslu á að þessi tillaga er óútfærð. Þetta eru hlutir sem við Íslendingar höfum ekki farið út í. Aðrar þjóðir hafa gert það með býsna góðri raun og þess vegna er um að gera að skoða það mjög alvarlega hvort þetta geti verið hugmynd sem gæti fallið vel að okkar búsetuháttum og atvinnuháttum.

[14:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt í byrjun að fagna því að nú skulum við ræða byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005. Hins vegar er nauðsynlegt að vekja athygli á því að þessi tillaga er því miður ansi seint fram komin og þess vegna m.a. var ekki hægt að gera ráð fyrir fjármunum til þeirra ýmsu ágætu verkefna sem er getið í áætluninni í þeim fjárlögum sem við störfum nú eftir. Því er nauðsynlegt að hæstv. iðnrh. upplýsi okkur um það í fyrsta lagi hvað gert sé ráð fyrir í þessum tillögum að mikill kostnaður falli til á þessu ári og hvort hæstv. ráðherra hafi þá tryggt það innan stjórnarflokkanna að þær breytingar verði á gerðar með fjáraukalögum í haust sem þarf til þess að þær tillögur nái fram að ganga.

Einnig er nauðsynlegt, herra forseti, nú strax í upphafi þessarar umræðu að hæstv. iðnrh. tjái þingheimi hvernig staða þessa máls er í raun og veru, þ.e. hvaða afgreiðslu þetta frv. fékk í þingflokkum stjórnarflokkanna vegna þess, herra forseti, að það hefur komið fram í fjölmiðlum frá ýmsum hv. þm. stjórnarflokkanna að þessar tillögur voru ekki kynntar stjórnarflokkunum áður en þær voru í kynntar í fjölmiðlum.

[14:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við fjármálin höfum við rætt það í ríkisstjórn að ekki verði hjá því komist að veita fjármagn á fjáraukalögum vegna byggðaáætlunar þó að ég geti ekki farið nákvæmlega út í þær upphæðir. En það er ljóst að milljarðurinn sem á að fara til nýsköpunar er hugsaður á fjögur ár, 250 millj. á ári.

Í sambandi við ástandið í stjórnarflokkunum þá held ég að það sé bara bærilegt og vænti þess (Gripið fram í.) að tillagan fái hér góða umfjöllun af hálfu stjórnarsinna að sjálfsögðu. Ég tel reyndar að eitthvað muni hafa verið um að menn vilji skoða mál í nefnd eins og gengur. Það er oft þannig þegar stór mál eru lögð fram á hv. Alþingi að hv. þm. stjórnarflokkanna vilja fá að skoða mál í nefnd. Eins eru mál náttúrlega alltaf að skýrast frá degi til dags og þannig er með þessa áætlun. Hún hefur nú þegar fengið þó nokkra umfjöllun og í aðalatriðum (Forseti hringir.) mjög jákvæða að mínu mati. En það hefur margt skýrst.

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður að biðja hv. þingmenn að gæta að tímanum. Fimm hv. þm. taka þátt í þessum andsvörum.)

[14:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra metur það svo að ástandið í stjórnarflokkunum sé bærilegt. Við vonum að svo sé og við vonum að það sé ekki táknrænn atburður um það ástand sem hér ríkir að m.a. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar, formaður þingflokks Framsfl. og einn af þeim hv. þm. sem látið hafa í sér heyra um að þetta plagg sé ekki nákvæmlega eins og hv. þm. vildi hafa það, er fjarstaddur í dag.

Herra forseti. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. iðnrh. kynni fyrir okkur þær breytingar sem í meðförum hæstv. ráðherra hafa orðið á tillögum verkefnisstjórnarinnar þar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson átti einmitt sæti. Það er eðlilegt líka, herra forseti, að hæstv. ráðherra segi okkur, á þeim stutta tíma sem hún hefur, einnig frá því hvort einhverjar breytingar hafi verið gerðar á tillögunum frá því að þær voru fyrst kynntar á blaðamannafundi nú fyrir skömmu.

[14:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þannig með þessa tillögu eins og flestöll mál að þau eru ekkert alveg nákvæmlega eins og hver einstaklingur vildi sjá þau. Ég get alveg sagt fyrir mig að það er ekki víst að þessi byggðaáætlun sé nákvæmlega eins og ég vildi sjá hana. Ekki er um annað að ræða í máli eins og þessu en að ná samkomulagi og þá er svona mæst á miðjunni og það er nú alltaf farsælt. (**Gripið fram í:** Það er framsóknarmiðjan.)

Breytingarnar frá verkefnisstjórnartillögunum eru einhverjar. Ég ætla ekki að greina nákvæmlega frá því hverjar þær eru. Það er óþarfi.

Svo um það hvað hefði breyst frá blaðamannafundinum og frá því að málið var sett inn á netið. Tvennt hefur breyst. Tekinn var út texti sem fólki fannst óþægilegur og vakti upp viðkvæmni, þ.e. um að ekki væri ráðlegt að gera ráð fyrir fjölgun á þessu tímabili áætlunarinnar í tveimur byggðarlögum.

[14:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga um byggðaáætlun flytur jákvæð tíðindi en veldur líka vonbrigðum í sumum atriðum.

Ég vil taka fram að ég er sérstaklega ánægður með það markmið sem sett er fram um að stefnt skuli að því að unglingar til 18 ára aldurs a.m.k. eigi þess kost að sækja nám heiman að frá sér, að sett er fram sú stefnumarkandi yfirlýsing að að því skuli stefnt.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Mun þessu átaki og þessari sýn verða fylgt eftir með öflugum fjárframlögum bæði til grunnskólanna og til framhaldsskólanna til eflingar námi vítt og breitt um landið? Hvar stendur þetta í forgangsröðinni?

Þetta er gott mál. Eitt mikilvægasta mál fyrir eflingu byggða í landinu er að styrkja og efla menntun þannig að fólk geti sem lengst sótt menntun heiman frá sér. En hvar er það á forgangslistanum varðandi fjármagn?

[14:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú finnst mér hv. þm. ganga aðeins of langt þegar hann spyr svona því að það er ekki hægt að svara

því á þessari stundu nákvæmlega hvar þetta sé í forgangsröðinni. Þetta er sett fram sem stefna og mér heyrist að hv. þm. fallist vel á það og líki það. Það er með þetta eins og ýmislegt annað sem þarna er nefnt að í fyrsta lagi vitum við ekki í dag hvað það mun kosta og í öðru lagi getum við ekki fullyrt um það núna í hvaða forgangsröð mál verða sett fram. Að sjálfsögðu mun flest af því sem þarna er nefnt fyrst og fremst sýna sig í fjárlagagerð hvers árs fyrir sig.

[14:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef flutt þingmál og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að nám skuli boðið og styrkt um allt land þannig að fólk a.m.k. til 18 ára aldurs geti sótt nám heiman að frá sér. Því fagna ég þessu.

Virðulegi forseti. En við horfum svo aftur á móti upp á að í fjárlögum t.d. yfirstandandi árs er fjármagn enn skorið niður til þessara skóla. Skorið er niður fjármagn til fjölbrautaskólanna. Skorið er niður fjármagn til þeirra skóla sem standa að verkmenntun, hvort sem það er úti um land eða hér og raunar hvarvetna á landinu. Þess vegna spyr maður sig: Hvernig verður þessu fylgt eftir? Góðar meiningar og góðar áætlanir og góður hugur nær skammt ef því er ekki fylgt eftir. Eins og reyndin hefur verið þá hefur fjármagn einmitt til mennta úti um land, til verkmennta, verið skorið niður og álögur auknar á þá nemendur sem stunda þetta nám. Verður hér breyting á? Það er spurningin.

[14:41]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í netútgáfu byggðaáætlunar hæstv. ráðherra voru þær ótrúlegu setningar að nokkur landsvæði væru ekki á marga vetur setjandi. Í fyrstu prentun hæstv. ráðherra á byggðaáætluninni er búið að strika þessar dæmalausu, vitlausu, hrokafullu og fordómafullu setningar út.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hver var ástæðan fyrir því að þetta var strikað út? Var það, eins og hæstv. ráðherra kom að í ræðu sinni áðan, vegna óánægju okkar nokkurra sem búum í þessum landshlutum eða sannfærði eitthvað hæstv. ráðherra um að mannlífi á þessum svæðum væri við bjargandi? Er þá eitthvað í þessari byggðaáætlun sem gefur okkur sérstaklega til kynna að það sem textahöfundurinn fordómafulli skrifaði í plaggið sitt væri rangt?

[14:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég undrast að hv. þm. skuli koma hér upp og halda því fram að ég sem hér stend og ber ábyrgð á þessari tillögu hafi metið það svo að einhver landsvæði væru ekki á vetur setjandi. Mér finnst mjög ósanngjarnt að setja þetta svona fram því að það er að sjálfsögðu ekki þannig. Þarna er verið að tala um ástand og horfur fyrir næstu þrjú og hálft ár og miðað við það að á Vestfjörðum hefur fólki, því miður, fækkað alla öldina þá hef ég sagt að það væri stórkostlegur árangur ef við næðum því á næstu þremur og hálfa ári að stöðva þennan flótta. Síðan væri hægt að fara að byggja ofan á það.

En vegna þess að textinn vakti viðkvæmni fannst mér algjörlega ástæðulaust að hafa hann inni af því að það var svo sannarlega ekki meiningin að særa neinn með þessum texta og svo sannarlega lá ekki sá hugur að baki að þessi landsvæði væru ekki á vetur setjandi.

[14:43]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er ég ekki einn um að hafa greinilega misskilið þennan texta, þ.e. að hafa skilið orðin „ekki sé ráðlegt að gera ráð fyrir að íbúum fjölgi“, þannig að þeim mundi fækka. Nú hefur hæstv. ráðherra upplýst okkur um að við textarannsóknir í ráðuneytinu hafi komið í ljós að þetta þýddi að þeim mundi hætta að fækka. Það er út af fyrir sig árangur.

En ég var einfaldlega að spyrja um hvað hefði orðið til þess að hæstv. ráðherra kaus að strika þessar dæmalausu setningar út, sem ég fagna út af fyrir sig að eru ekki í hinu þinglega skjali. Ég fagna því mjög. Ég spyr hvað það hafi verið og af hvaða tilefni það hafi verið. Ég tel að einhver óánægja okkar margra hafi ekki verið nægilegt tilefni til þess heldur að það hafi verið skoðun hæstv. ráðherra að efnislegar ástæður gætu gefið til kynna að okkur tækist að snúa þessari óheillaþróun við, sem ég veit að hæstv. ráðherra hefur fullan vilja til eins og við önnur í þingsalnum. En við sem búum á þessum svæðum viljum fá að vita hvort (Forseti hringir.) eitthvað geti að líta sem gefur okkur von til þess að þetta ástand fari að snúast við.

[14:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Engir stórir hlutir hafa gerst síðan þessi tillaga fór inn á netið sem gera það að verkum að stefnubreyting hafi orðið í málinu. Eins og ég er búin að segja var hins vegar í sjálfu sér algjör óþarfi að hafa þennan texta inni vegna þess að hann mátti misskilja og það hafa ýmsir gert.

Ég vil segja að ekkert mundi gleðja mig meira en ef fólki fjölgaði á Vestfjörðum á þessu tímabili. Ég hef átt fund með forsvarsmönnum Vestfjarða, stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða og fleirum. Það var mjög góður fundur þar sem við fórum yfir tillöguna og margt var skýrt, bæði fyrir mér og eins vonandi af okkar hálfu gagnvart þessum hópi.

[14:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég byrja á að fagna því að þessi till. til þál. sé komin á dagskrá Alþingis og það var satt að segja vonum seinna. Það hefur lengi verið viðfangsefni stjórnvalda í flestum ríkjum hins vestræna heims að sporna við búferlaflutningum úr dreifbýli í þéttbýli. Engar einfaldar lausnir eru til og ljóst er að breytingar taka langan tíma.

Haustið 1927 fór Jónas Jónsson frá Hriflu, þá ráðherra, til Akureyrar til að tilkynna að Gagnfræðaskóli Akureyrar mætti þaðan í frá brautskrá stúdenta. Á þeim tíma var það áreiðanlega stórt skref fyrir þróun Akureyrar. Jónas sagði í sömu ferð í fyrirlestri um hlutverk Akureyrar í viðreisn landsins að Akureyri ætti framvegis að vera annar höfuðstaður Íslands. Þetta var árið 1927, herra forseti. Enn erum við á sömu slóðum og vísa ég þá í þá áherslu sem er á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið í tillögunni sem við nú ræðum.

Jónas var á sínum tíma að boða að nú skyldi straumur fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgar stöðvaður. Við þekkjum hvernig það hefur farið. Flestir gera sér líka mætavel grein fyrir því að styrking Akureyrar breytir e.t.v. litlu um flutninga fólks annars staðar frá af landinu. Það getur hins vegar skipt sköpum fyrir Ísland að ungt fólk með sérþekkingu af ýmsu tagi eigi þess kost að velja á milli búsetusvæða á Íslandi, á milli Eyjafjarðarsvæðisins og Reykjavíkur, í stað þess að niðurstaðan gæti orðið sú að valið stæði einungis á

milli Reykjavíkur og útlanda. Sú niðurstaða væri afleit fyrir Ísland.

Styrking Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins með vaxandi þekkingarumhverfi og fjölbreytni í atvinnutækifærum og afþreyingu er því fyrst og fremst, herra forseti, byggðamál fyrir Ísland, en byggðamál eru öll þau mál sem áhrif geta haft á búsetuskilyrði fólks. Byggðamál eru þannig ekki tilteknir málaflokkar heldur miklu frekar áherslur og viðhorf, að litið sé til mála af þeim sjónarhóli að fólk um allt land búi við jöfnuð hvað varðar þjónustu hins opinbera, að því séu sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku. Byggðamál snúast þess vegna ekki bara um atvinnuþróun. Þau verður að nálgast út frá menntun, félagsþjónustu, menningu og samgöngum. Vænti ég að hæstv. iðnrh. sé tilbúin til að ræða hér þau mál öll en vísi þeim ekki frá hverju af öðru sem sér óviðkomandi, sem málefni annarra ráðherra.

En byggðamál verður líka að skoða út frá þeim stórfelldu breytingum sem eru að verða og í þeim sóknarfærum sem í breytingunum kunna að felast. Drifkraftur þeirra breytinga sem kallaðar eru nýja hagkerfið eru aðallega tæknibreytingar og alþjóðavæðing. Íslendingar hafa náð fótfestu í nýjum atvinnugreinum. Við höfum horft upp á miklar breytingar og mikla þróun og mikla þekkingu verða til í hugbúnaðargerð, í fjarskiptum, líftækni, í framleiðslu á tækjum og búnaði, svo sem við matvælaiðnað og í stoðtækjum. Hin nýja dreifileið vöru og þjónustu er netið og samskiptin og þróunin verða sífellt örari.

Herra forseti. Sjávarútvegsfyrirtæki munu ugglaust halda áfram að stækka og hafa starfsemi víða um heim og í landbúnaði eru einingar einnig að stækka og uppstokkun á sér stað. Fyrirtæki í framleiðsluiðnaði stækka og þau sem ekki ná að skila mikilli framlegð flytja einfaldlega úr landi. Lítil fyrirtæki verða að byggja á sérhæfingu og sérþekkingu og vinna fyrir sérhæfða markaði. Þetta þýðir aukna samþjöppun atvinnutækifæra, aukna þörf fyrir menntað fólk og óhjákvæmilega áframhaldandi breytingar í byggð landsins. Þess vegna, herra forseti, er það með þessari þróun sem við verðum að vinna ef við viljum ná árangri í því að viðhalda fjölbreytileik byggðar og menningar á Íslandi.

Sóknarfærin eru nefnilega víða. Þekkingariðnaður þar sem vinnan felst í hugmyndasköpun, þekkingaröflun og þekkingardreifingu tekur við af framleiðslusamfélaginu og þar eru sóknarfæri, líka fyrir landsbyggðina. Aukinn frítími fólks leiðir til meiri ferðalaga. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Þar eru sóknarfæri. Æ fleiri vilja njóta, ekki bara ósnortinnar náttúru heldur líka ómengaðrar fæðu og þar eru sóknarfæri. Fjölbreytileiki menningar og mannlífs er að verða mikilvægari í hinu einsleita auglýsinga- og neyslusamfélagi og þar eru líka sóknarfæri.

Samfylkingin hefur í málflutningi sínum lagt mikla áherslu á samgöngumál, herra forseti, ekki bara vegi, jarðgöng og flugsamgöngur heldur ekki síður símasamband, ljósleiðara, háhraðanet og önnur almenn skilyrði til samskipta. Við höfum lagt mikla áherslu á möglega nýtingu hinnar nýju tækni og við lítum á menntun sem hið nýja jöfnunartæki. Menntun er forgangsmál. Allir þurfa að eiga þess kost að mennta sig reglulega til að takast á við síbreytilegt atvinnulíf og einnig vegna þess gildis sem menntunin hefur í sjálfu sér. Fyrirtækin í landinu og þar með atvinnulífið ná ekki að þróast með þeim breytingum sem ganga yfir ef þau hafa ekki þekkingarumhverfi og geta ekki náð sér í menntað fólk. Slíkt umhverfi fæst með starfrækslu menntastofnana. Við höfum lagt áherslu á eflingu framhaldsskóla sem gætu verið miðstöð fjarnáms á hverjum stað, miðstöð háskólamenntunar og símenntunar og við höfum lagt fram um það tillögur.

Við vitum að menningarmál þurfa stuðning langt umfram það sem er í dag og við vitum að lykillinn að styrkingu landsbyggðarinnar, herra forseti, er fjölmennari sveitarfélög með fleiri verkefni og styrkari tekjustofna. Við höfum verið með tillögur í þá veru og við tökum undir það sem fram kemur í byggðaáætlun á þá lund. En við viljum flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga og þar viljum við horfa til framhaldsskóla, málefna fatlaðra, heilbrigðisþjónustu, menningarmála og samgangna að hluta. Þar erum við hins vegar á öndverðum meiði við þær hugmyndir sem fram koma í tillögu ráðherra þar sem endanlega virðist eiga að setja þessi verkefni öll yfir til ríkisins og held ég að það þurfi að endurskoða.

Herra forseti. Við erum líka með tillögu um hvernig hægt sé að búa til farveg fyrir flutning verkefna og þjónustu ríkisstofnana víða um landið. Og við höfum verið með tillöguflutning til að skapa fyrirtækjunum í landinu betri samkeppnisaðstöðu gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtækjum í landinu öllu, atvinnulífinu öllu, betri samkeppnisstöðu gagnvart umheiminum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að lýsa skoðunum mínum á seinagangi eða því hvernig þessa tillögu ber hér að. En það er ljóst að í áætluninni kemur fram ákveðinn skilningur á möguleikum og þörfum landsbyggðarinnar. Margt er þar vel sagt og betur en í netútgáfunni. En ekki duga orðin ein. Að sumu leyti er umfjöllunin of þröng. Byggðamál snúast ekki bara um landsbyggðina heldur hvernig við viljum byggja Ísland allt, líka hvert hlutverk við ætlum höfuðborginni og höfuðborgarsvæðinu.

Þær byggðaáætlanir sem hingað til hafa verið samþykktar hafa ekki skilað þeim árangri sem vænst var. Aðgerðir stjórnvalda hafa verið fálmkenndar þar sem hvorki er við skilgreiningar á viðfangsefninu að styðjast né skipuleg vinnubrögð. Reglurnar hafa enda verið almenningi óljósar og ákvarðanir og áherslur virðast oft ráðast af búsetu einstakra ráðherra eða formanns stjórnar Byggðastofnunar. Það er auðvitað stjórnsýsla, herra forseti, sem ekki gengur.

Styrkur þessarar áætlunar felst í því að þó að ýmislegt sé óljóst orðað er ákveðnum aðila ætluð ábyrgð á tilteknum verkefnum. Menn hafa greinilega lært af niðurstöðum hinna fyrri sem þrátt fyrir fögur fyrirheit um fjölgun tiltekinna starfa um landið eða jafnvel fólksfjölgun skiluðu a.m.k. ekki árangri í þeim efnum. Nýjar áherslur í þessari áætlun gefa von um einhvern árangur.

[14:54]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Menn hafa beðið með mikilli óþreyju eftir þessari nýju áætlun vegna þess einfaldlega að miklar væntingar hafa verið byggðar upp. Mjög mikil áhersla hefur verið lögð á að þörf væri á að taka byggðamálin nýjum tökum og að það væri forsenda fyrir því að snúa við þeirri óheillaþróun sem við vitum að hefur átt sér stað í byggðunum allt í kringum landið.

Ég vil ekki segja að lítil mús hafi fæðst þegar fjallið tók jóðsótt. Hins vegar verð ég að játa að ég varð fyrir vonbrigðum með þessa byggðaáætlun sem hér er verið að ræða, einfaldlega vegna þess að ég kem ekki auga á það, þrátt fyrir að ég hafi lesið hana með mjög jákvæðu hugarfari,

að hún dugi til að bregðast við vandanum þar sem hann er alvarlegastur.

Eins og hæstv. ráðherra rakti í máli sínu áðan hefur að vísu dregið úr fólksflóttanum af landsbyggðinni þegar heildartölurnar eru skoðaðar. En þetta er hins vegar ekki öll myndin, alveg eins og hæstv. ráðherra rakti reyndar ágætlega í máli sínu áðan. Stór landsvæði, Norðurland vestra, hluti af Norðurlandi eystra, Austfirðir, Vestfirðir og hluti af Vesturlandi eru í þeirri stöðu að þar hefur fólkinu fækkað áfram og því miður getum við ekki séð nægilega viðspyrnu fyrir þessi svæði í þessari byggðaáætlun. Ég tel helsta gallann, helsta ljóðinn á ráði þessarar áætlunar, vera að ekki er tekið á vandanum þar sem hann er verstur og sárastur.

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál, eins og við höfum verið að horfa upp á á undanförnum árum, að fólki hefur verið að fækka í byggðarlögunum og sveitarfélögin, stjórnsýslan á svæðinu, er þess vegna verr undir það búin að svara kröfum tímans um aukna þjónustu á öllum sviðum. Virðulegi forseti. Þetta er stóra vandamálið.

Þegar við vorum að skoða málin á árunum 1998 og 1999 til þess að undirbúa núgildandi byggðaáætlun var reynt að gera það mjög skilmerkilega. Við fórum ofan í það hvað hefði valdið fólksfækkuninni. Niðurstaðan var sú að þrjú atriði stóðu upp úr: Í fyrsta lagi atvinnumálin, skortur á öryggi í atvinnumálunum, skortur á fjölbreytni í atvinnumálum; menntamálin í breiðasta skilningi þess hugtaks; og síðan að dýrt væri að framfleyta sér víða á landsbyggðinni. Sú áætlun sem nú gildir tekur mið af þessu. Þar er lögð áhersla á nýsköpun í atvinnulífi. Þar er lögð áhersla á menntun, þekkingu og menningu og þar er lögð áhersla á jöfnun lífskjara.

Ég tel að ef við skoðum þessi mál blasi við að við höfum náð ágætisárangri á mörgum sviðum. Tekist hefur að lækka kostnað í orkumálum. Tekist hefur að lækka kostnað í fjarskiptamálum. Tekist hefur að lækka kostnað í vöruverði víða á landsbyggðinni. Það hefur líka tekist prýðilega varðandi menntunarmálin ef við skoðum þau í heild sinni, bæði með auknu framboði á menntun og aðgengi fólks og með því að leggja aukið fé til þess að styðja við þær fjölskyldur sem þurfa að senda börnin sín í burtu. Tekist hefur líka bærilega til að mörgu leyti varðandi nýsköpun í atvinnulífinu. En þar er þó augljóslega langsamlega veikasti þáttur þessa máls. Þegar við skoðum þessi mál í samhengi blasir skýringin við. Fyrir liggur í þessum athugunum sem gerðar voru að veikasti þátturinn á landsbyggðinni var atvinnumálin, þ.e. að atvinnutækifærum í hinum hefðbundnu atvinnugreinum var að fækka og þeim heldur áfram að fækka. Fyrir því eru margar ástæður, mjög margar ástæður. Það er ekki bara sú sem menn rekja til fiskveiðistjórnarkerfisins heldur ekki síður hitt að við höfum verið að fá minna og minna, við höfum verið að draga minni og minni afla úr sjónum. Síðan er hitt sem skiptir gríðarlega miklu máli, þ.e. hin mikla tæknibreyting í sjávarútveginum sem hefur gert það að verkum að fólki fækkar af þeirri ástæðu einni saman. Til dæmis hefur það komið fram í máli forstjóra Útgerðarfélags Akureyringa að afköst á hvern manntíma hafa aukist um helming á mjög skömmum tíma. Það hefur auðvitað dregið úr vinnuaflsþörfinni.

Þetta gerist án þess að okkur takist að búa til neina viðspyrnu af viti á landsbyggðinni í nýjum atvinnugreinum. Þar tel ég, virðulegi forseti, að sá hafi brugðist sem síst skyldi. Ríkisvaldið, hinn stóri atvinnuveitandi í landinu, hefur ekki komið eðlilega að því að setja niður atvinnustarfsemi sína á landsbyggðinni, eins og við höfum margoft farið yfir í þinginu. Þetta er auðvitað stóra málið sem menn verða að horfa til.

Virðulegi forseti. Ég hef verið afar gagnrýninn á þessa áætlun og tel einfaldlega að mjög mikið þurfi að breyta þessari áætlun svo að hún svari þeim kröfum sem nútímafólk gerir til búsetu sinnar á landsbyggðinni eða annars staðar í landinu og þess vegna sé það mjög mikilvægt verkefni sem núna bíði hv. iðnn. Eitt af því, virðulegi forseti, er hvernig hægt er að gera landsbyggðina samkeppnisfæra. Einn þáttur í þeim efnum er vitaskuld sá að reyna að efla samgöngur út á land. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir að það er ekki á færi hæstv. ráðherra út af fyrir sig að brjóta þar í blað með þessari áætlun. En það undirstrikar hins vegar nauðsyn þess að við vinnum að þessu vegna þess að það er ein forsenda þess að landsbyggðin geti orðið samkeppnisfær, geti haldið áfram að vinna að framleiðslu sinni á landsbyggðinni, selja hana inn á markaðssvæðið á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður hitt, sem ég held að sé ástæða til að vekja athygli á og reyndar kemur að litlu leyti fram í texta áætlunarinnar, að einn af vaxtarbroddunum, kannski helsti vaxtarbroddurinn, í fiskvinnslunni í landinu, fiskvinnslunni sem er atvinnugrein landsbyggðarinnar, er vinnsla á ferskum flökum og forsendan fyrir henni er auðvitað bættar samgöngur. Við sjáum að þar sem þetta hefur skilað árangri, t.d. á Vestfjörðum svo dæmi sé tekið, að þó að okkur skorti mikið á varðandi samgöngumálin, erum við að sjá að fyrirtæki eru hreinlega að breyta um í vinnslustarfsemi sinni, leggja aukna áherslu á ferskfiskvinnslu og skapa sér ný færi í vinnslunni sem skiptir auðvitað mjög miklu máli.

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að á margan hátt stöndum við á miklum tímamótum í þjóðfélagi okkar vegna þess að þjóðfélagið er að breytast mjög hratt. Við erum í minnkandi mæli framleiðsluþjóðfélag og að verða þjónustusamfélag. Það kallar á ný viðhorf á landsbyggðinni ekkert síður en á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er það mjög mikilvægt sem kemur fram í þessari áætlun, og kom raunar líka fram í gömlu góðu byggðaáætluninni, að leggja mikla áherslu á að reyna að veita atvinnustarfsemi af þessu taginu fjárhagslegan stuðning. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að sá þáttur málsins sem hér er fitjað upp á, um að halda áfram þeirri nýsköpunarvinnu sem mótuð var með gömlu byggðaáætluninni, þ.e. að þeirri viðleitni verði haldið áfram til að gefa landsbyggðinni færi á því að bregðast við þessu, bregðast við fækkandi atvinnutækifærum með því að efla nýja atvinnustarfsemi sem getur þá komið í staðinn fyrir þá starfsemi sem augljóslega kallar á færri störf.

[15:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir afskaplega hreinskilna ræðu og umbúðalausa. En óneitanlega vaknaði hjá mér spurning þegar hann gagnrýndi á berorðan hátt mjög harkalega þá þáttill. sem hér liggur fyrir og hæstv. iðnrh. flytur væntanlega í umboði ríkisstjórnarinnar og þingflokka stjórnarflokkanna. Ég spyr hv. þm.: Hvers vegna í veröldinni samþykkti hann þessa litlu mús sem hér hefur fæðst og hvers vegna stendur hann þá að þeirri tillögu sem er jafnvanbúin og hann lýsti hér ágætlega og með býsna skeleggum hætti að mörgu leyti og færði fyrir því fullgild rök? Hvernig stendur á því að hv. þm. er í þessu liði fyrst þetta er svona ónýtt?

[15:04]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gat auðvitað ekki vitað á gott þegar hv. þm. var farinn að hæla mér. En svarið við spurningu hv. þm. er mjög einfalt. Þetta mál var lagt fram og kynnt án þess að ég ætti aðkomu að því. Ég greindi strax frá því að ég hefði miklar athugasemdir við málið og það liggur fyrir í mínum þingflokki að ég hef fullkominn fyrirvara vegna málsins.

[15:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afskaplega skýrt á sama hátt, og ég bið hv. þm. að upplýsa mig og aðra hv. þingmenn um það hvort yfirleitt sé þingmeirihluti fyrir þessu máli. Eru margir aðrir í þingflokki hv. þm., Sjálfstfl., sem hafa svipaða fyrirvara? Ég spyr á nýjan leik: Er þess þá að vænta að hæstv. ráðherra hafi ekki þingmeirihluta að baki þegar hún fer fram með þetta mál?

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að nota þessa ferð til að vekja einnig á því athygli, og ætla ég ekki að fara að standa til varnar fyrir Framsfl. í þessum efnum, en ég vil minna hv. þm. á að það var hans eigin formaður, forsrh. sjálfur, sem fór með þennan málaflokk í heil tíu ár með þeim afleiðingum og þeirri niðurstöðu sem við okkur blasir. Er það nú orðið gleymt og grafið?

[15:05]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hlýtur að vera ljóst að það er ekki mitt hlutverk út af fyrir sig að greina þingheimi frá afstöðu einstakra þingmanna. Menn einfaldlega gera það sjálfir. Það er þannig í þinginu að menn standa upp og greina frá viðhorfum sínum ef þeir telja tilefni til þess þannig að ég mun að sjálfsögðu ekki greina frá umræðum einstakra manna í þingflokki Sjálfstfl.

Það sem ég sagði hins vegar í ræðu minni áðan var að ég teldi að málið væri með þeim hætti að það legði mikla ábyrgð á þá sem störfuðu í iðnn. að gera á því breytingar í þeim anda sem ég nefndi til að tryggja að það næði þeim markmiðum sem ég teldi mjög mikilvæg, að búa svo um að forsendur væru fyrir því að snúa þeirri neikvæðu byggðaþróun við sem hefði orðið á tilteknum landsvæðum í landinu og ekki væri nægilega vel komið til móts við í þessari áætlun eins og hún lægi fyrir í prentuðu upplagi.

[15:06]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. iðnn. og hlýddi með athygli á mál hv. þm. áðan þar sem hann gagnrýndi mjög þá byggðaáætlun sem liggur fyrir en það rifjaðist jafnframt upp fyrir mér að flokkur hv. þm. hefur verið í ríkisstjórn í 13 ár og í forsvari fyrir byggðamálin lengst af þeim tíma, enda talar þingmaðurinn um gömlu góðu byggðaáætlunina svo það virðist sem honum hafi þótt harla gott hér áður.

En það voru aðallega atvinnumálin sem hv. þm. rak hornin í og þar talaði hann um að ríkisvaldið hefði brugðist. Herra forseti. Ég vil endilega fá að vita hvort það er þá núna alveg á síðustu missirum sem ríkisvaldið hefur brugðist. Er þetta eitthvað alveg nýtt? Í hverju hefur það aðallega brugðist? Hvað er það að hans mati sem vantar svo sárlega inn í þessa áætlun til að hún geti orðið jafngóð og hin gamla góða og hvað var svona gott við hana? Hverju skilaði hún? Skilaði hún einhverju sérstaklega góðu fyrir Vestfirði svo dæmi sé tekið?

[15:07]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í gömlu góðu áætluninni eru nefnd átta tölusett atriði um atvinnumálin. Ég sagði að það sem hefði fyrst og fremst brugðist væri sá þáttur. Eitt af því sem við nefndum þar var t.d. að nýjum stóriðjuverkefnum yrði fundinn staður úti á landi. Því miður hefur það ekki gengið eftir að tekist hafi á þeim tíma að byggja upp ný stóriðjutækifæri þó að vonandi hilli undir það núna og ég hef trú á því.

Síðan í öðru lagi sem ég hef nefnt og eru svo sem ekki ný tíðindi úr mínum munni er einfaldlega að ég hef verið að benda á að stóri vinnuveitandinn í landinu, ríkisvaldið, hafi auðvitað mjög mótandi áhrif á það hvernig atvinnutækifærin verða til í landinu, bara með því hvar staðsetning opinberrar þjónustu og starfa eru. Ég hef margoft gagnrýnt það hér úr þessum ræðustól og víðar að ég tel að þar hafi mönnum verið mjög mislagðar hendur svo ekki sé meira sagt.

[15:09]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Skilaboðin til mín og okkar í iðnn. eru þá sem sagt þau að þetta snúist um stóriðju úti á landi og síðan áhrif ríkisvaldsins á atvinnutækifærin. Það er út af fyrir sig ágætt að hafa það en spurningin er varðandi ríkisvaldið og áhrif á atvinnutækifæri.

Nú er það alveg rétt sem hv. þm. segir að hann hefur verið í sveit okkar sem mjög höfum gagnrýnt það með hvaða seinagangi ríkisvaldið hefur komið að því, m.a. að nýta sér nýja tækni til að færa til störf eða búa til störf annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. En er það virkilega svo að mati hv. þm. að í þessari byggðaáætlun sé mun lakar tekið á því máli en í gömlu góðu byggðaáætluninni hans? Eða þótti honum hún svo góð að e.t.v. væri ástæða til að framlengja hana hvað þetta varðar? Sér hann ekki möguleika til frekari þróunar á þessu sviði í þeirri áætlun sem hér er verið að fjalla um? Nú er ég að spyrja, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst sem leitandi þingmaður í hv. iðnn. sem vill gjarnan þiggja góð ráð og góðar hugmyndir, m.a. hjá hv. þm.

[15:10]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að mjög skynsamlegt sé hjá hv. þm. að leita til mín um ráð og ég skal fúslega reyna að veita þau þó að mér takist ekki að gera það að fullu leyti á þessari mínútu sem ég hef.

Ég nefndi áðan að það væru átta tölusett efnisatriði varðandi atvinnumálin sem gæfi að líta í gömlu byggðaáætluninni og mér tókst á einni mínútu að nefna aðeins tvö og gerði það meira og minna án þess að það væri nein vísindaleg yfirferð.

Ég held að að mörgu sé að hyggja í þessum efnum og ég hefði ekki talað eins og ég talaði hérna áðan, þar sem ég var raunar að hvetja þá sem sitja í iðnn. til að taka þessi mál föstum tökum, ég væri ekki að tala með þeim hætti ef ég teldi ekki að hægt væri að byggja nýtilegt plagg á þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Ég er sannfærður um að það er alveg hægt og það er mjög margt í tillögunni sem er gott og til framfara og það hafa allir viðurkennt, líka þeir sem gagnrýndu það harðast, svo sem bæjaryfirvöld á Ísafirði og einstakir þingmenn og fleiri. Það hafa allir bent á að margt er ágætt og nýtilegt í þessu plaggi og ég treysti því að hægt verði að byggja ofan á það þannig að það skapi raunverulega viðspyrnu fyrir byggðirnar í landinu.

[15:11]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. Einari K. Guðfinnssyni fyrir ræðu hans og hvernig hann ræddi þetta af hreinskilni, gagnrýndi áætlunina mjög eins og hún liggur fyrir. Ég vek athygli á því eins og kom fram að hér talar varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna og ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að formaður þingflokks framsóknarmanna, þingflokks hæstv. iðn.- og viðskrh., hefur líka aldeilis lýst miklum fyrirvörum á þessari áætlun í blaðaviðtölum. Það er því eðlilegt að spyrja á hvaða vegferð hæstv. ráðherra er með þessa þáltill.

En ég vildi spyrja hv. þm. út í eitt atriði. Við sátum saman í svokallaðri byggðanefnd forsrh. sem skilaði af sér í október 1998 tillögum sem við nefndum bráðatillögur um *húshitun, jöfnun námskostnaðar, endurgreiðslu námslána hjá* Lánasjóði íslenskra námsmanna, sjúkrakostnað o.fl. Finnst hv. þm. ekki dálítið kyndugt að þær séu að koma núna fram sem áætlun?

[15:12]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst út af fyrir sig ekki kyndugt að tillaga okkar varðandi námslánin komi fram. Mér finnst það heldur gott. Ég hefði að vísu kosið að hún hefði komið enn fyrr (**SJS:** Betra er seint en aldrei.) — en betra er seint en aldrei eins og einn nefndarmanna grípur fram í, hv. þm. Steingrímur Sigfússon, sem sat í þessari nefnd með okkur hv. þm. Kristjáni Möller. Ég held að þetta sé einfaldlega mjög skynsamleg tillaga. Hún á sér raunverulega efnislega forsendu sem er sú að við komumst að þeirri niðurstöðu að eitt af því sem stæði landsbyggðinni mjög fyrir þrifum væri skortur á menntuðu fólki og til þess að reyna að hvetja framhaldsskólagengið fólk til búsetu á landsbyggðinni gæti þetta verið býsna góð hugmynd. Hér var ekki um að ræða einhverja hugmynd sem var gripin úr lausu lofti heldur lógískt framhald af þeirri fullvissu okkar að ein af forsendunum fyrir viðsnúningi í byggðamálum væri efling menntunar og fjölgun menntaðs fólks á landsbyggðinni.

[15:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins aftur að svokallaðri byggðanefnd forsrh. sem ég vitnaði til áðan. Við lögðum þar til — sú nefnd var þverpólitísk — og skiluðum þverpólitískum tillögum sem forsrh. lýsti yfir í þessum ræðustól að nytu stuðnings ríkisstjórnar. Þar átti að taka verulega á í þremur jöfnum áföngum árin 1999, 2000 og 2001, í fyrsta lagi um jöfnun húshitunarkostnaðar. Ekki hefur verið staðið við það atriði. Í sambandi við jöfnun námskostnaðar hefur ekki verið staðið við það atriði en þó skal ég taka skýrt fram að þar hefur einna lengst verið gengið í að uppfylla það skilyrði. Í sambandi við endurgreiðslu á námslánunum hefur ekkert verið gert. Í sambandi við sjúkrakostnaðinn, ferðakostað fólks sem við lögðum til, hefur ekkert heldur verið gert.

Herra forseti. Tillögurnar sem þarna voru lagðar fram og forsrh. lýsti yfir stuðningi við sem ekkert hefur verið gert með eru talandi dæmi um svikin loforð núverandi ríkisstjórnarflokka.

[15:15]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að ekkert hafi verið gert með þessar tillögur, öðru nær. Einmitt mjög margt hefur verið gert í þeim efnum að reyna að auka á þennan jöfnuð. Og þegar við skoðum þetta er alveg ljóst mál að framlög, t.d. til jöfnunar námskostnaðar, hafa stóraukist. Framlög til þess að lækka orkukostnað á landsbyggðinni hafa sömuleiðis aukist. (**KLM:** Hvergi nálægt því ...) Hins vegar má alltaf að öllu finna en það liggur fyrir að þeirri stefnu sem við mörkuðum í byggðanefndinni á sínum tíma hefur verið reynt að fylgja í öllum meginatriðum.

Ég sagði líka í ræðu minni áðan að það væri ekki það vandamál sem við væri að glíma á landsbyggðinni. Við hefðum að mörgu leyti komið til móts við þessi viðhorf, og þessir þættir málsins hefðu kannski tekist betur en mjög margt annað í byggðamálum okkar. Aðrir þættir valda því að fólki er ekki að fjölga á landsbyggðinni heldur fækka á mörgum svæðum og þess vegna þurfa menn að einbeita sér að þeim þáttum málsins.

[15:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst gæta ákveðins misskilnings í ræðu hv. þm., og ákveðna víðsýni vantaði að sama skapi. Þegar hann gagnrýnir byggðaáætlunina er auðvitað nauðsynlegt að benda á leiðir til úrbóta, hv. þm. gleymdi því alveg.

Ég minni á að fjárln. Alþingis hefur beitt sér fyrir alveg ákveðnum atriðum í gegnum tíðina, a.m.k. frá því að ég byrjaði í fjárln. 1995. Við höfum beitt okkur fyrir því að veita aukið fjármagn til fjarkennslu, jöfnunar námskostnaðar, jöfnunar húshitunarkostnaðar og til landshlutabundinna skógræktarverkefna. Það er auðvitað nauðsynlegt þegar verið er að gagnrýna að benda líka á leiðir til úrbóta.

Þegar menn horfa á gömlu, góðu byggðaáætlunina í svona rómantísku ljósi skulum við viðurkenna að við getum gert miklu betur í þeim efnum en við höfum gert til þessa.

[15:17]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé enginn misskilningur hjá mér í sambandi við þessi byggðamál. Ég var einmitt að vekja athygli á því fjölmarga jákvæða sem menn hafa verið að gera, bæði á menntunarsviðinu, menningarsviðinu með jöfnunaraðgerðum og þess háttar, eins og hv. þm. var síðan að koma að þannig að út af fyrir sig er enginn misskilningur á því sviði. Ég held að þvert á móti sé það ekki stóra vandamálið sem við erum að glíma við. Þar kemur annað til.

Hv. þm. sagði að ég hefði ekki bent á neinar leiðir. Ég reyndi að *afmarka mig í þeim efnum og sagði: Vandamálið* er það sem snýr að atvinnumálunum á landsbyggðinni og þess vegna eigum við að bregðast við í þeim efnum. Ég rakti að mikill tekjusamdráttur hefði orðið í sjávarútvegi, störfum hefði fækkað á landsbyggðinni í sjávarútvegi án þess að okkur hefði tekist að byggja upp önnur störf í staðinn og það væri vandamálið sem við væri að glíma.

[15:18]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í upptalningu sinni talaði hv. þm. sérstaklega um Vestfirðina sem svæði þar sem fólki væri að fækka. Hann sleppti t.d. svæðum eins og Vestur-Skaftafellssýslu, hann sleppti Vestmannaeyjum, Austur-Skaftafellssýslu o.s.frv. Það er hluti af þeim skorti á víðsýni í máli hans sem ég var að vísa til.

Við erum alveg sammála um að atvinna skiptir landsbyggðina höfuðmáli og möguleikar fólks til menntunar skipta líka höfuðmáli. Og það skiptir okkur máli að byggja

upp þannig samfélag að fólk geti lært í heimabyggð sinni í fjarkennslu og öðru slíku, um það erum við sammála.

Þegar verið er að tala um t.d. fækkun starfa í fiskvinnslu stafar það að hluta til af því að gríðarleg tæknibylting hefur orðið þar eins og í svo mörgum öðrum atvinnugreinum. Við þurfum að hugsa þetta í heild sinni, við þurfum að auka atvinnutækifærin og við erum alveg sammála um það, en við eigum að passa okkur á því að þegar við gagnrýnum verðum við líka að benda á það sem jákvætt er.

[15:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins út af þessu árétta það að auðvitað eru vandamálin, því miður, mjög víða á landsbyggðinni og upptalning mín hérna áðan var ekki tæmandi. Ég vildi að hún hefði verið tæmandi, þá væri vandamálið væntanlega sem því nemur minna.

Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði, við erum að glíma við erfiðar aðstæður í sjávarútveginum. Við stöndum frammi fyrir því að núna höfum við aðeins úr 400 þús. tonnum af bolfiski að moða, bæði til sjófrystingar og landfrystingar, en höfðum 600 þús. fyrir tíu árum eða svo. Auðvitað er þetta gríðarlegt áfall sem hefur mikil áhrif á tekjumyndun í þessari atvinnugrein. Þegar svo bætist við, eins og ég nefndi áðan, að það hefur orðið þróun í átt til aukinnar sjófrystingar og að það hefur orðið gífurleg tæknibylting í þessari atvinnugrein sem hefur gert það að verkum að afköst per manntíma hafa aukist á örfáum árum um helming er augljóst mál að það er mikið tekjufall í þessum byggðum, og ég var að gagnrýna að okkur hefði ekki tekist að bregðast við þessu með eðlilegum hætti.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er nokkuð skrautleg umræða hér, verð ég að segja, hv. stjórnarliðar komnir nokkuð í hár saman og einn af helstu talsmönnum Sjálfstfl. í byggðamálum, Einar K. Guðfinnsson, segir sig í raun og veru frá þessari stjórnartillögu um byggðamál. Og það er auðvitað algjörlega í samræmi við annað í framgöngu þessarar ríkisstjórnar í byggðamálum, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, jafnt þeirrar sem nú starfar og hinna sem á undan eru gengnar. Þessi málaflokkur má heita að hafi verið í upplausn undanfarin missiri, Byggðastofnun hefur verið óstarfhæf — það er ekki hægt að orða það öðruvísi — um nokkurra missira skeið, fyrst vegna stjórnsýslubreytinga og flutninga milli ráðuneyta og kerfisbreytinga, síðan vegna efnislegra flutninga norður í land og nú síðast um langan tíma vegna illdeilna. Það er ekki fundarfært í Byggðastofnun, þannig er ástandið.

Atvinnuþróunarfélögin, þessir veiku sprotar sem eru að reyna að sinna atvinnuþróun og nýsköpun í atvinnumálum landsbyggðarinnar, hanga í lausu lofti án samninga og hafa gert um missira skeið. Peningar Byggðastofnunar hafa aftur og aftur verið búnir um mitt ár eða síðari hluta árs og byggðakvótanum, þessu lítilræði sem átti að lina þrautir þeirra sjávarbyggða sem fyrir mestum hremmingum höfðu orðið í kvótakerfinu, var öllum úthlutað varanlega fyrir nokkrum árum og svo er sagt við þau byggðarlög sem síðar hafa lent í vandræðum: Því miður, þið eruð bara of seinir, bad luck, óheppnir, ekkert til, allt búið. Svona hefur þetta verið, herra forseti.

Útkomuna þekkja menn. Í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur landsbyggðin tapað 12 þús. manns. Það slagar upp í eina Akureyri sem hefur flutt af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, á níunda þúsund síðan Framsfl. tók við af Alþýðuflokknum í því kompaníi. Það er á fjórtánda hundrað manns á hverju einasta ári sem framsókn hefur verið í ríkisstjórn. Þetta eru tölulegar staðreyndir, herra forseti, og verða ekki umflúnar.

Vinnan að þessari áætlun, herra forseti, þó að margt sé hér ágætlega sagt, var með nokkuð sérstökum hætti. Þarna var kallaður til hópur valinkunnra sómamanna og -kvenna, og lasta ég síst það ráðslag, en á síðari stigum tróðu síðan tveir þingmenn stjórnarflokkanna sér þarna inn sem voru ekki settir til verka í byrjun en að sjálfsögðu var ekki talað við stjórnarandstöðuna. Ekkert samráð eða mjög lítið var haft við Byggðastofnun sjálfa sem á þó að heita fagstofnun landsmanna á þessu sviði. Mér er kunnugt um það og þetta er auðvitað alveg ótrúlegt ráðslag.

Kynningin tókst, eins og allir vita, vægast sagt hrapallega og nú eru einstakir landshlutar farnir að vinna sínar eigin byggðaáætlanir, af eigin rammleik, af því að þeir gleymdust og þeir verra en gleymdust, þeim eru sendar kveðjur af því tagi að það sé engin von til þess að þar muni fólki fjölga, t.d. á Vestfjörðum. Hvað hefur þetta upp á sig, herra forseti? Mega menn þá fá að vera í friði fyrir stjórnvöldum og vera lausir við kveðjur af þessu tagi. Af tvennu illu er skárra að gleymast en að fá sendingar eins og þar gerðist.

Sú hugmynd sem vakið hefur mesta athygli, herra forseti, og ég ætla að gera hér að umtalsefni er um sérstök vaxtarsvæði, og hún er sett þannig fram í c-lið tillögugreinarinnar að efla skuli þau byggðarlög sem fjölmennust eru, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk o.s.frv. Þetta hefur á mannamáli og samanber grg. tillögunnar fyrst og fremst útlagst sem svo að efla skuli Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Um þá hugmynd verð ég að segja að hún er góðra gjalda verð og ég tel að rétt sé að horfa til þeirra möguleika sem Akureyri hefur umfram alla aðra staði á landsbyggðinni en öllu máli skiptir hvernig það er hugsað og hvernig það er gert. Ef það er á kostnað annars sem gert er í byggðamálum verður það ekki til langframa til góðs og ekki heldur fyrir Akureyri. Því aðeins að þetta sé gert sem sértæk viðbótarráðstöfun við aðrar almennar aðgerðir og jafnframt sé hugað að öðrum mikilvægum svæðum, þjónustusvæðum og miðlægum svæðum, er þetta skynsamleg áhersla, annars ekki.

Við Íslendingar þurfum ekki alltaf að finna upp hjólið. Ég tel að óheppileg framsetning á þessari hugmynd hafi nú þegar stórskemmt fyrir henni og ekki gert Akureyri eða Eyjafjarðarsvæðinu mikinn greiða í hinni pólitísku umræðu. En ég tek það fram og endurtek að að mörgu leyti er hugmyndin skynsamleg og spurningin er í sumum tilvikum fyrst og fremst um það hvort ákveðnir hlutir yfir höfuð verði nokkurs staðar á landsbyggðinni. Þá er það Akureyri ein sem væntanlega kemur til greina sem staður fyrir háskóla, fyrir deildaskipt sérgreinasjúkrahús og fleiri stórar, mikilvægar, opinberar þjónustustofnanir af því tagi.

Annars staðar á Norðurlöndunum er lengi búið að keyra eftir svona vaxtarstaðakenningum, a.m.k. að hluta til. Það hafa Norðmenn gert og það hafa Svíar lengi gert. Nú hafa veikleikar þessara hugmynda komið þar í ljós. Ég nefni Norður-Svíþjóð og staðina sem þar voru sérstaklega efldir, eins og Umeå. Þar fjölgaði um skeið á grundvelli svona áætlana. En hvað er að gerast núna? Nú er komið bakslag. Og hver er ástæðan? Jú, Svíar segja: Við gleymdum baklandinu. Á meðan fólkið var að koma úr baklandinu og flytjast niður að ströndinni fjölgaði í Umeå og allir voru hamingjusamir

og héldu að áherslan á vaxtarstaðina væri að ganga upp. Svo er allt í einu baklandið tómt. Það er ekkert vatn eftir í pípunum, ekkert blóð í æðunum og þá hættir að fjölga á þessum vaxtarstöðum.

Hver er lærdómurinn? Þetta verður allt að haldast í hendur. Það á að gera hvort tveggja, bæta hin almennu búsetuskilyrði þannig að það komi allri landsbyggðinni til góða og efla mikilvægar þjónustumiðstöðvar og vaxtarkjarna. Þá og því aðeins verður þetta til góðs.

Tækifærin og möguleikana vantar ekki. Það þarf ekkert að vera með orðagjálfur um þetta. Á Akureyri eru stórar stofnanir og verkefni sem hafa verið svelt undanfarin ár af sömu ríkisstjórn og ætlar núna að telja okkur trú um að hún ætli að brjóta þarna í blað.

Hvernig stendur á því að menntmrh. er að hverfa úr embætti eftir margra ára setu og er ekki enn búinn að koma menningarhúsinu á Akureyri af stað sem þó er búið að liggja tilbúið á borðinu, stórt samstarfsverkefni ríkis og viðkomandi byggðarlags sem heimamenn hafa verið tilbúnir til að ráðast í um árabil? En ríkisstjórnin gerir ekki neitt og væntanlega tekst hæstv. menntmrh. að hrökklast úr embætti áður en hann kemur neinu í verk í þessum efnum.

Háskólinn á Akureyri, Fjórðungssjúkrahúsið, Slippstöðin og fleiri stór verkefni — ekki hefur skort tækifærin og möguleikana til að styðja við góða hluti ef viljinn hefði verið fyrir hendi. Og það sem kemur að lokum til kastanna, herra forseti, eru verkin sem sýna merkin en ekki orðagjálfrið. Og það mun ráða því hvort þessi byggðaáætlun verður nokkurs nýt frekar en aðrar, það er hvort einhver hugur fylgir máli, hvort það verði eitthvert kjöt á beinunum, hvort einhver kraftur verði settur í framkvæmdina og einhverjir fjármunir verði þar á ferðinni.

[15:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var sérstaklega eitt sem hv. þm. hefur misskilið sem ég ætlaði að leiðrétta hérna. Hann talaði um að c-liðurinn sem getið er um á fyrstu síðu sem eins af meginmarkmiðum áætlunarinnar sé Akureyrartillagan. Það er nefnilega ekki. Það er sérstök tillaga eins og hv. þm. hlýtur að hafa séð þegar hann hefur lesið plaggið sem fjallar um að efla Eyjafjarðarsvæðið og taka það út sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Hins vegar gengur c-tillagan út á að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust á landinu almennt og hafa mest aðdráttarafl. Þó að það sé ekki tilgreint vitum við nokkurn veginn um hvaða byggðarlög þar er að ræða. Og ég er eiginlega svolítið ánægð með að hv. þm. hafi skilið þetta svona og gefið mér tilefni til að koma hérna upp vegna þess að ég hef tekið eftir því að fólk hefur ekki tekið nógu vel eftir þessum c-lið í meginmarkmiðum áætlunarinnar en þarna er um kjarnatillögu að ræða.

Hv. þm. hafði mörg orð eins og vant er og m.a. taldi hann að Byggðastofnun hefði miklu minna fjármagni úr að spila en áður var en það er aldeilis ekki því að fjárveitingar til stofnunarinnar hafa verið auknar. Hún hefur verið að lána núna um tvo milljarða sem var fyrir ekki löngu aðeins um einn milljarður þannig að það er eins gott að halda því til haga. Svo kom hann því náttúrlega á framfæri með óbeinum orðum að hann hefur verið á móti því að flytja hana út á land og það kemur mér svo sem ekki á óvart. Það er sjaldan heill hugur á bak við málflutning hans.

Hann sagði að bara viljann vantaði til að efla Akureyri enn frekar en hv. þm. veit miklu betur því að Akureyri hefur verið stórefld af hálfu ríkisstjórnar með t.d. uppbyggingu háskólans, með Byggðarannsóknastofnun — ég er búin með tímann. Ég held áfram að telja upp á eftir.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki ákaflega mörg orð, hafði bara átta mínútur til þess og röddin hefur stundum verið betri til málflutnings. Ég nenni ekki að vera að elta ólar við ómerkilega útúrsnúninga hæstv. ráðherra. Ég var að vonast til að við gætum rætt þetta efnislega og ég taldi mig gera það.

Ég las tillögugreinina sjálfa og ég hef nokkra reynslu af því að lesa þingskjöl. Tillögugreinin er þannig sett fram að þar eru fimm stafliðir, a, b, c, d og e. Síðan koma athugasemdir við þáltill. og fylgigögn. Þar er að vísu þessi 9. töluliður um Akureyri en það er væntanlega eins og venjan er, að það sem til stendur er að láta Alþingi samþykkja tillögugreinina. Við greiðum yfirleitt ekki atkvæði um greinargerðir á þingi. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra viti það. Það þarf þá að vera alveg skýrt hvað er hvað, hvert megininntak áætlunarinnar í tillögugreininni er og hvernig ber að útleggja það og skilja í samhengi við upplýsingar sem fram koma í greinargerð.

Ég tek alveg gilt að þessi Akureyrartöluliður í greinargerðinni sé eitthvert sjálfstætt mál þar. Þá er það annað samhengi heldur en ég, og ég held flestir, hafa skilið að þetta væri í.

Ég endurtek, herra forseti, að ef menn hefðu viljað, og ef menn vilja, spýta hressilega í og auka uppbyggingu á Akureyri eru þar nóg viðfangsefni, úrlausnarefni, og hafa verið undanfarin ár. Það er bara ekki þannig að þar hafi verið staðið sérstaklega kraftmikið að uppbyggingu. Það hefur vissulega ýmislegt verið vel gert en ég man ekki eftir öðru en barningi hér nánast hvert einasta ár, t.d. að fá hækkaðar fjárveitingar til Háskólans á Akureyri í takt við vöxt þeirrar stofnunar. Það hefur kostað barning og það vitum við, þingmenn þessa kjördæmis, vel.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri gæti tekið að sér miklu meiri verkefni og hægt hefði verið að standa miklu betur að uppbyggingunni þar ef vilji hefði verið fyrir hendi.

[15:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. þurfi ekkert að efast um viljann í þessum efnum. Hins vegar eru ríkisstjórn og meiri hlutanum á Alþingi takmörk sett í fjárlagagerðinni þannig að það er ekki allt hægt eins og hv. þm. hlýtur að vita þar sem hann hefur einhvern tíma, ef ég man rétt, átt aðild að ríkisstjórn. Það var reyndar í hans fyrra lífi. Ég veit að flokkur hans er svo nýr, hann er bara tveggja ára og ber þess vegna ekki ábyrgð á neinu.

En c-liðurinn er í fleirtölu þannig að hv. þm. hlýtur að vita að hann á ekki bara við Eyjafjarðarsvæðið. Þarna er verið að tala um miklu fleiri svæði. Það er það sem ég vildi sérstaklega leggja áherslu á.

Síðan vil ég telja upp nokkur atriði sem varða Akureyri. Þar er t.d. miðstöð sjúkraflugsins, þar eru litlar stofnanir sem varða umhverfið, CAFF, PAME og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, þar er Byggðarannsóknastofnun, Jafnréttisstofa og Fasteignamatið og verið er að vinna að frekari útfærslu á auknum umsvifum vegna þess á Akureyri.

[15:34]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru margar fullyrðingar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði í frammi áðan. Hann virtist hafa miklar fregnir af því að stjórn Byggðastofnunar væri óstarfhæf og ég vísa því algerlega á bug. Hún er vel starfhæf og var fundur í síðustu viku, mjög góður og gagnmerkur fundur þar sem mörg og merkileg mál voru afgreidd.

Ég held að ég hafi heyrt það rétt að hv. þm. hafi nefnt að byggðakvótanum væri úthlutað varanlega. Svo er ekki. Honum er úthlutað á hverju ári. Varðandi þessa þáltill. ræddi hann að ekkert samráð hefði verið haft við Byggðastofnun. Það er ekki rétt. Bæði formaður og varaformaður áttu sæti í þeirri nefnd sem bjó til tillöguna og kynningarfundur var haldinn í stjórn Byggðastofnunar um þáltill. Að sjálfsögðu eru ekki allir sammála um alla hluti. Fyrr mætti aldeilis vera. Við erum 63 þingmenn í þessum sal og við erum auðvitað ekki sammála um alla hluti, og ekki einu sinni þó að við séum í sama flokki. Þó að það sé ekki nema tveggja manna flokkur trúi ég ekki öðru en að þeir séu stundum ósammála, þeir hv. þm. sem þar sitja, hvað þá Vinstri grænir sem eru sjö, að þeir ... (**GAK:** ... stóru ... litlu.) Við höfum miklar áhyggjur af bæði stórum og smáum en auðvitað hafa menn sínar skoðanir og það er sjálfsagt að leyfa hverjum og einum að hafa skoðun sína í friði.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mun hafa verið á Alþingi í eina tíð áður en það komst á hreint hver skyldi vera hin lögformlega skilgreining á þingflokki að hér var maður utan flokka og kallaði fram í og þá var spurt á móti: Var þingflokkurinn að kalla fram í? Það hlýtur að hafa verið þokkaleg eining á þeim bæ í þeim þingflokki.

Mér finnst ákaflega drengilegt af hv. þm. að koma stjórn Byggðastofnunar og þessu móverki öllu og tillögunni til varnar. Ég verð að segja að ég dáist að hv. þm. og veit ég að hv. þm. er góðhjörtuð manneskja. Hún á allan minn stuðning í því erfiða hlutskipti að reyna að lappa upp á þetta.

Það mun að vísu vera rétt að stjórn Byggðastofnunar er enn þá fullmönnuð öfugt við Símann þar sem menn hlaupa mjög fyrir borð um þessar mundir. En ég er bara að vitna til frétta í fjölmiðlum, t.d. sem fram komu um að langt fundafall hafi orðið í Byggðastofnun af því að síðasti fundur þar fyrir jól hefði verið með þvílíkum endemum að menn hefðu ekki treyst sér til, fyrr en þeir voru búnir að jafna sig í einhverjar vikur, að boða þar aftur til fundar. Þetta eru þá (Gripið fram í.) einhverjar flugufregnir sem hér hafa komið. Það er skaði að formaður stjórnar Byggðastofnunar skuli ekki vera hér og eiginlega óhæfa, herra forseti, að vera að halda þessari umræðu áfram, ég tala ekki um þegar varaformaðurinn er í forsetastóli, þannig að þetta er nokkuð snúið allt saman. (Gripið fram í.)

Um byggðakvótann vil ég segja það að ég held að þetta sé eitthvað málum blandið því að hvort sem það á að heita svo samkvæmt lögunum að honum sé úthlutað á hverju ári hefur það örugglega verið gert á grundvelli vilyrða um endurúthlutun allt að fimm ár vegna þess að ósköp einfaldlega er sagt við þau byggðarlög sem síðan hafa lent í hremmingum: Því miður, byggðakvótinn er búinn. Þetta sögðu stjórnarþingmenn og talsmenn Byggðastofnunar norður í Hrísey þegar þar höfðu dunið yfir þau áföll sem raun ber vitni að ekkert væri við þessu að gera, byggðakvótinn væri búinn. Og hvar er jafnræðisreglan þá, herra forseti, gagnvart þegnum landsins þegar hægt er að segja svona við byggðarlög í sambærilegum aðstæðum?

[15:38]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú sem hér stendur á sæti í stjórn Byggðastofnunar þannig að ég veit vel hvað þar fer fram. (**Gripið fram í:** Segðu okkur.) Þar eru ekki opnir fundir fyrir alþjóð eins og þessi þannig að ég sé enga ástæðu til að greina frá þeim fundum hér. Gefnar eru út fundargerðir og að sjálfsögðu geta þingmenn aflað sér upplýsinga í fundargerðum Byggðastofnunar. (**ÖS:** Það var engin ...) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, ég tel að ég hafi orðið hér.

Varðandi aðrar fullyrðingar frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um menntmrh. og Akureyri, þá tel ég þær fullyrðingar alveg út í hött. Mjög vel hefur verið staðið að uppbyggingu Háskólans á Akureyri og margt annað sem mætti greina frá ef maður hefði tíma. Við fluttum Jafnréttisstofu þangað. Því miður hafa allt of fáar stofnanir verið fluttar út á land en Jafnréttisstofa var flutt til Akureyrar og ég tel að það hafi ekki orðið neitt til baga við það.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Þegar ræðutíminn er aðeins ein mínúta verður að mælast til þess við hv. þingmenn að þeir leyfi ræðumönnum að tala án mikilla truflana.)

[15:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er miklu meira gaman, herra forseti, þegar svona lífleg skoðanaskipti eru.

Það var gott að Jafnréttisstofa skyldi vera flutt norður og henni er ákaflega vel stjórnað en það dregur náttúrlega ekki mikið meðan meira gerist ekki.

Um menningarhúsið, herra forseti, liggur þetta ósköp einfaldlega fyrir. Heimamenn ætluðu að taka ríkisstjórnina á orðinu. Akureyri brást við fyrst allra sveitarfélaga og sagði: Fínt, við viljum samstarf við ríkið um að byggja myndarlega ráðstefnu- og menningarmiðstöð í bænum. Flugleiðir sýndu áhuga á því að tengja við hana hótelbyggingu þannig að úr hefði getað orðið mjög stórt mál fyrir bæði menningarstarfsemi og ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Síðan hafa legið á borðum fullbúin plön um þetta missirum saman. Hæstv. menntmrh. hefur komið norður og haldið hanastélsboð og skrifað undir viljayfirlýsingar og lofað ákvörðunum innan skamms. Síðan hefur ekkert gerst. Þetta er staðreynd, hv. þm., og við skulum ræða um þær eins og þær liggja fyrir.

Maður veit ekki hvað verður um Byggðastofnun, herra forseti, ef áætlanagerð og rannsóknir flytja til Akureyrar, fjármálin til Bolungarvíkur, hvað á þá að verða eftir á Sauðárkróki? Það er rangt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi verið andvígur því að flytja Byggðastofnun norður.

[15:41]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. þm. að nauðsynlegt sé að verða við þeirri áætlun ríkisstjórnarinnar að byggja upp menningarhús vítt og breitt um landið, eins og talað hefur verið um. En lesa mátti það af orðum hv. þm. áðan að hann hefði verið á móti því að flytja Byggðastofnun til Sauðárkróks, þingmaðurinn sem gjarnan talar um að flytja þurfi stofnanir af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina. Hann talaði líka með ákveðinni lítilsvirðingu um að byggðarlög væru farin að vinna að eigin byggðaáætlun. Ég tel það mjög jákvætt ef landshlutabundin svæði taka sig saman til að

gera eigin byggðaáætlun og að sjálfsögðu á ríkið að styðja það framtak. Ég tel það jákvætt.

Á sama hátt hef ég fylgst með atvinnuþróunarfélögum, t.d. Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands sem er eitt af fyrstu atvinnuþróunarfélögunum sem var stofnað. Þar er unnið mikið og gott starf. Auðvitað vantar enn þá meiri peninga inn í þennan geira. Það er alveg ljóst. En við megum ekki tala þannig eins og við, ríkisvaldið, eigum að færa þetta allt saman út á landsbyggðina án þess að heimamenn komi að því. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að byggja upp grunninn heima fyrir og ríkisvaldið á síðan að koma að því að styrkja það starf. Það er alveg ljóst því að allt sem hefur komið af himnum ofan og verið sett út á landsbyggðina þar sem fólkið hefur varla verið tilbúið til að taka við slíkri starfsemi hefur bara farið á hausinn. Þess vegna er nauðsynlegt að byggja upp þetta innra starf heima fyrir og ríkisvaldið á síðan að koma að styrkingu þess.

Hv. þm. talaði um háskólanám og ég kem að því í seinni hluta andsvars míns.

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason gæti ekki verið óheppnari en að fara að mæra loforð ríkisstjórnarinnar um byggingu menningarhúss á landsbyggðinni. Fátt hefur orðið hallærislegra eftir því sem á líður og meira hefur slegið í þá áætlun og ekkert verið gert, ekki neitt. Það er dæmigert innstæðulaust kosningaloforð og ekkert annað sem ríkisstjórnin hefði ef einhver döngun hefði verið í henni haft ærna og næga möguleika til að hrinda í framkvæmd og hefur fengið tilboð frá fleiri en einu sveitarfélagi, og ég nefndi þar Akureyri, til að gera slík áform að veruleika en ekkert hefur gerst.

Ég endurtek og mótmæli þeirri þvælu sem framsóknarmenn eru að reyna að koma inn í þessa umræðu að ég hafi sérstaklega verið á móti flutningi Byggðastofnunar. Það er öðru nær. Þetta mál er búið að vera aftur og aftur á dagskrá og ekki hefur strandað á mér eða þeim sem ég hef tengst í póltík í gegnum tíðina heldur þvert á móti. Við gætum rifjað það upp, herra forseti, hvar flokkur hv. þm. stóð í því máli t.d. þegar átti að flytja Byggðastofnun til Akureyrar einu sinni fyrr á árum.

Auðvitað eiga heimamenn að leggja sitt af mörkum og það er enginn að tala um neitt annað. Ég er ekki að tala fyrir einhverri byggðastefnu þar sem menn sitji hnípnir og bíði eftir ölmusu að sunnan. En stjórnvöld eiga heldur ekki að leggja stein í götu manna í baráttu sinni. Það hefur núverandi ríkisstjórn gert aftur og aftur. Það hefur t.d. fátt ef nokkuð verið landsbyggðinni þyngra í skauti undanfarin ár en einkavæðingin á hverri mikilvægu opinberu þjónustustofnuninni á fætur annarri. Þær hafa skorið niður starfsemi sína, lokað útibúum, skellt hurðum, farið af stöðunum, stofnanir eins og bankarnir, Pósturinn, Síminn, Rarik og fleiri. Þjónustan sem þær veita nú í mörgum strjálbýlum byggðum landsins er svipur hjá sjón. Og þetta lætur hv. þm. bjóða sér möglunarlaust.

[15:45]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tekur ansi djúpt í árinni þegar hann segir að ég hafi verið að mæra tillögur ríkisstjórnarinnar um menningarhús. Ég sagði að ég gæti tekið undir það með hv. þm. að full ástæða væri til að standa við þau loforð og þær fyrirætlanir um menningarhús sem talað var um. Það er alveg óþarfi hjá hv. þm. að snúa út úr því sem ég er að tala um.

Hv. þm. sagði líka að í þessum tillögum mætti lesa að einungis yrði háskóli á Akureyri. Ég bendi hv. þm. á að það er háskóli á Bifröst í Borgarfirði, háskóli er á Hvanneyri, það er sérhæfður háskóli á Laugarvatni og við erum að byggja upp fjarkennslu vítt og breitt um landið þannig að fólk geti numið í heimabyggð sinni. Það er alveg óþarfi að snúa því öllu við sem verið er að tala um hér. Þetta mætti og gæti verið enn betra en það er en það er alveg óþarfi að snúa þessu öllu á haus.

[15:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt, það á ekki að vera að snúa út úr orðum manna og ég bið hv. þm. velvirðingar ef ég hef misheyrt eða misskilið það sem hann sagði um menningarhúsin. Mér fannst hv. þm. vera sérstaklega að hrósa þeim áætlunum en nú segir hv. þm. að það sem hann vilji sé að staðið verði við þær og þeim hrint í framkvæmd og það er gott, þá erum við sammála. Það sem ég hef einmitt gagnrýnt er að það skuli ekki hafa verið gert og það mál hafi lent í þeirri óskaplegu útideyfu sem raun ber vitni. Það kemur mér reyndar ekki á óvart að hv. þm. er þeirrar skoðunar í þessu tilviki því að málið heyrir undir ráðherra Sjálfstfl. en ekki Framsfl. og við höfum nokkuð orðið varir við það hér að viðhorf manna í stjórnarflokkunum einkennast æ meira af því hvort þeir eru að leggja flokksbræðrum sínum á ráðherrastóli lið eða ekki. Jafnvel vottar fyrir þó nokkurri gagnrýni á framgöngu ráðherra samstarfsflokksins.

Mér er vel kunnugt að nám er á háskólastigi víðar en á Akureyri. Það þekki ég ágætlega og ég er stuðningsmaður þess að það sé eflt. Hins vegar er held ég ljóst að í efnislegum skilningi verða væntanlega ekki byggðir upp margir stórir deildaskiptir háskólar og þar snýst þetta um að efla Háskólann á Akureyri og byggja út frá honum fjarkennslu og útstöðvar o.s.frv.

[15:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur margt borið á góma. Til að rifja upp gamla tíma og átta okkur á því hvar við erum stödd í umræðunni og hvaða árangri við höfum náð er rétt að byrja á að vitna í tillögur og greinargerð byggðanefndar frá árinu 1991 en þar sagði í stefnumótun sem nefnd vann fyrir forsrn., með leyfi forseta:

„Byggðastefna sem byggir einvörðungu á að viðhalda hefðbundnum landbúnaði og sjávarútvegi á landsbyggðinni verður ekki árangursrík. Kjarni nauðsynlegrar stefnubreytingar er að samhliða vaxandi fjölbreytni og betri nýtingu á möguleikum í hinum hefðbundnu atvinnuvegum verður að hlúa sérstaklega að hinum almennu vaxtargreinum atvinnulífsins — *iðnaði og þjónustu*."

Þetta var sagt þá.

Ég held að reynslan hafi sýnt okkur að sú stefnumótun sem raunverulega hefur verið í framkvæmd og hefur veikt hinar hefðbundnu atvinnugreinar, sjávarútveg og landbúnað, í dreifðum byggðum landsins hafi einmitt orðið til þess að við erum eiginlega nákvæmlega á sama stað og lagt var upp með í þessari stefnumótun fyrir rúmlega tíu árum.

Það segir hér einnig, með leyfi forseta:

„Ríkisvaldið hefur bein áhrif á atvinnu- og byggðaþróun með staðarvali stórfyrirtækja, tilhögun opinberrar þjónustu og ekki síst með stjórn landbúnaðar og sjávarútvegs."

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða í upphafi máls míns að það er alröng stefna hjá okkur í byggðamálum að hafa slíkt stjórnkerfi varðandi fiskveiðarnar, svo ég taki dæmi, eða landbúnaðinn, sem veikir hinar dreifðu byggðir og veiki bakland hinna dreifðu byggða. Það er alröng stefna að mínu viti. Það að við skyldum ekki hafa tekið þann pól í hæðina fyrir allnokkru, einum til tveimur áratugum, að tryggja það að byggðirnar héldu réttindum sínum til sjós og lands hefur reynst vera alröng stefna. Og allan þann tíma síðan þetta var skrifað fyrir rúmlega tíu árum hefur byggðin verið að veikjast, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum landsins.

Byggðirnar við Breiðafjörð hafa verið að veikjast, þó misjafnlega, menn eru misjafnlega settir á Snæfellsnesinu. Allar byggðir Vestfjarða hafa verið að veikjast sem og byggðir á Norðvesturlandi, á Norðausturlandi og víða á Austfjörðum, þó að það sé vissulega nokkuð misjafnt eftir því hvernig menn eru settir í aflaheimildum og þá einkanlega í uppsjávarfiski. Byggðir eins og Sandgerði hafa verið að veikjast — góður útgerðarstaður, Vestmannaeyjar, sem eru staðsettar á einhverjum bestu fiskimiðum við Ísland, og þannig mætti lengi telja.

Ekki er hægt að færa fyrir því rök að þessar byggðir hafi verið að veikjast vegna þess að þær liggi svo illa að landkostum, og þegar ég tala um landkosti er ég jafnt að tala um fiskimiðin úti fyrir ströndinni og þá möguleika sem byggðirnar hafa til að sækja sér fisk í sjó og búa til atvinnu í kringum útgerð og fiskvinnslu sem vissulega hefur verið að taka breytingum á undanförnum árum en er þó ein mikilvægasta stoðin undir hinar dreifðu byggðir landsins og væri enn mikilvægari en hún er sums staðar orðin í dag ef við hefðum tryggt að strandveiðiréttur byggðanna hefði haldið velli. Það var því miður ekki gert og af því súpum við seyðið í mörgum hinna minni sjávarbyggða landsins í dag. Ég hef oft sagt það áður í þessum ræðustól og get endurtekið það að það voru mikil mistök hjá ríkisstjórn árið 1990 að hlusta ekki á þær aðvaranir sem þá voru settar fram varðandi það hvað mundi fylgja hinu óhefta framsali, hvernig það gæti þróast, hvernig það mundi búa til missætti milli landshluta og fólks innbyrðis í hinum dreifðu byggðum landsins annars vegar og stærri byggðakjörnunum hins vegar, og hvernig það mundi vega að hinum minni sjávarbyggðum landsins. Það hefur akkúrat gengið eftir og það er eins og menn séu ekki enn þá búnir að átta sig á því að miklu auðveldara er að efla byggð í landinu með því að tryggja að byggðirnar hafi þá undirstöðu sem þær hafa byggt á um langa tíð og gætu byggt á enn þá vegna staðhátta sinna og kosta ef við hefðum ekki komið málum þannig fyrir að tilflutningur aflaheimilda hefur verið algjörlega tilviljanakenndur. Við höfum aldrei getað séð það fyrir hvaða byggð yrði fyrir skakkaföllum á hverju ári fyrir sig eða hvenær það mundi gerast.

Þess vegna standa svo margar hinni minni dreifðu sjávarbyggða veikt, standa mjög höllum fæti í því kerfi sem byggt hefur upp stóratvinnurekstur á sumum svæðum með samþjöppun aflaheimilda inn á sum svæði, m.a. Akureyri.

Jafnframt er ljóst að hin stærri byggðarlög á suðvesturhorninu og á Eyjafjarðarsvæðinu draga auðvitað til sín fólk af landsbyggðinni almennt en þau draga líka til sín að þjónusta er sótt inn í þessa byggðakjarna, sérstaklega af þeim svæðum sem næst liggja. Menn hafa iðulega nefnt hér í umræðum að t.d. Stór-Reykjavíkursvæðið sé smátt og smátt að stækka og nái nú norður undir Akranes og jafnvel upp í Borgarfjörð og austur undir Vík í Mýrdal. Þannig megi hugsa til framtíðar að þetta sé nokkurn veginn eins og eitt búsetusvæði þar sem menn eigi auðvelt með að nálgast þjónustuna og nálgast þá hluti sem fólk vill nota sér með því að ferðast að þeim stöðum sem bestu þjónustuna veita.

Ég vildi vekja athygli á þessu í máli mínu og draga alveg sérstaklega fram að að mínu mati verður að tryggja bakland byggðanna, bakland byggðakjarnanna. Ég tel að stuðla eigi að því að byggja upp byggðakjarna í hverjum landshluta en það má ekki gera á kostnað minni byggðarlaga í kring eða á kostnað landbúnaðarins. Það verður að tryggja að byggðirnar hafi bakland ef byggðastefnan hér á landi á yfirleitt að standa undir nafni.

[15:56]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Á síðustu tveimur áratugum hefur umræða um byggðamál verið afskaplega mikil, bæði hér í sölum Alþingis og í þjóðfélaginu öllu. Sannarlega hefur margt verið gert undir merkjum byggðastefnu. Nægir þar að nefna gífurlega miklar fjárveitingar á síðustu árum og áratugum til vegamála, hafnarmála, atvinnuþróunar á landsbyggðinni, aukins fjármagns til Byggðastofnunar, námsstyrkja til jöfnunar á námskostnaði, fjarkennslu, niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar í gegnum landbúnaðarstefnuna og þannig mætti áfram telja. Það hefur með öðrum orðum verið gripið til afskaplega mikilla og fjárfrekra framkvæmda undir merkjum byggðastefnu.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir, herra forseti, er þróunin afskaplega skýr. Fólk flyst á suðvesturhornið. Við getum snúið þessu við og spurt: Hvernig væri ástandið ef ekki hefði verið gripið til þeirra aðgerða sem ég nefndi hér að framan? Líklega væri hlutfallið enn hærra.

Í Evrópu er það talið hættulegt, og hefur verið rætt opinskátt í flestum ríkjum Evrópu, ef hlutfall höfuðborgarsvæðis af heildaríbúafjölda er á bilinu 25–35%. Hér á landi er þetta hátt í 70%. Grundvallarspurningin í þessari umræðu hlýtur að vera: Hvers vegna er mikilvægt að halda landinu í byggð, hvaða þjóðhagslegu rök búa þar að baki?

Við þeirri grundvallarspurningu eru vitaskuld mörg svör en ég vil nefna sérstaklega tvo þætti, annars vegar það sem kalla mætti nýtingarsjónarmið. Það má vera alveg morgunljóst að við nýtum ekki landsins gæði ef ekki býr fólk úti um landið til að hirða um auðlindir þess. Þar á ég við sem dæmi sjávarplássin vegna auðlindar hafsins, orkuverin vegna auðlinda í fallvötnum og jarðvarmaverum, ferðamennsku, menningu og náttúrufegurð vegna þeirrar auðlindar sem ferðamennskan er. Fleiri atvinnugreinar mætti telja en ég læt þessa upptalningu nægja sem dæmi um gildi þess og rök fyrir því að mikilvægt er fyrir þjóð að hafa íbúa um hinar dreifðu byggðir landsins.

Hins vegar er svarið líka af menningarlegum toga. Ef þróunin breytist ekki og þjóðin verður eftir fáa áratugi öll komin á suðvesturhornið mun það breyta menningu okkar í grundvallaratriðum og þarf ekki annað en að líta til Grænlands til að sjá dæmin.

Hver eru þá viðbrögðin við þessu? Því má líka svara með annarri spurningu: Hvers vegna flytur fólk suður? Í fæstum tilvikum hygg ég að það sé vegna atvinnuleysis, og nægir í því sambandi að benda á þann fjölda erlends verkafólks sem starfar við fiskvinnslu í sjávarplássum víða um landið.

Það sem gerst hefur, herra forseti, er að gildismat þjóðarinnar hefur breyst. Menntunarstig þjóðarinnar hefur breyst og hækkað. Þjóðin vill njóta lífsins en ekki bara með vinn-

unni einni saman. Hún vill njóta fjölbreytileikans í öllu tilliti. Hún vill njóta fjölbreytileika í atvinnu, í menningu, í félagslífi og hafa greiðan aðgang að börnum sínum sem gjarnan eru flutt suður vegna menntunar og náms á æðra skólastigi. Þá hljótum við að spyrja: Getur hið opinbera brugðist við breyttu gildismati og aukið fjölbreytileika í atvinnulífi? Að nokkru leyti er það hægt með almennum aðgerðum sem stuðla að fjölbreytilegum lífsháttum.

Ég vil nefna í þessu sambandi, hvað varðar fjölbreytileika í atvinnu, að stærsti byggðastyrkur þjóðarinnar rennur til Reykjavíkur þar sem ríkið heldur uppi þúsundum fjölbreytilegra starfa í hinum fjölmörgu opinberu stofnunum sem flestar eru á höfuðborgarsvæðinu, og ef svo vill til að við þeim eigi að hrófla verður allt vitlaust.

Til samanburðar, herra forseti, bendi ég á Íra sem markvisst hafa framfylgt þeirri stefnu að dreifa opinberum stofnunum um landið með góðum árangri. Írar hafa náð ótrúlega góðum árangri hvað varðar byggðastefnu.

Nú vil ég spyrja, herra forseti: Hvers vegna í ósköpunum skyldu ekki þær opinberu stofnanir hérlendis sem hafa starfsvettvang á landinu vera staðsettar í því umhverfi sem þær eiga að þjóna? Ég nefni Vegagerðina sem að langstærstum hluta þjónar vegakerfinu úti á landsbyggðinni, Fiskistofu, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun, yfirdýralækni, Veiðimálastofnun, rannsóknanefnd sjóslysa, Hafró, Vinnumálastofnun, Landhelgisgæsluna, Orkustofnun, Siglingamálastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, RALA, svo einhverjar stofnanir séu nefndar. Þær stofnanir sem ég taldi upp eiga það sammerkt að verkefni þeirra tengjast fyrst og fremst landsbyggðinni og því hlýtur að vera eðlilegt að spyrja: Hvers vegna skyldi ríkið, eigandi þeirra, ekki staðsetja þessar stofnanir sínar úti á vettvangi í tengslum við byggðaáætlun? Með því móti væri hið opinbera að leggja sitt af mörkum til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífi.

Herra forseti. Landið mun aldrei allt verða byggt. Það er mikilvægt þess vegna að festa í sessi ákveðin kjarnasvæði og vaxtarsvæði þar sem unnt er að byggja upp fjölbreytileika í atvinnulífi, menningu, félagslífi og öðrum þeim þáttum sem nútíminn kallar á eins og gert er ráð fyrir í þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. Við verðum að hafa kjark til að nefna þau svæði en fylgja síðan eftir með markvissum aðgerðum, aðgerðum í skattamálum, menningarmálum og samgöngumálum vegna m.a. tengsla við baklandið eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vék að í ræðu sinni. Slíkt kostar auðvitað breytingar frá núverandi fyrirkomulagi, kostar átök en menn þurfa að móta sér pólitíska stefnu, sýna viljann í verki ef við meinum eitthvað með orðinu byggðastefna.

Ég hygg, herra forseti, að þáltill. sú sem hér er til umræðu feli í sér sóknarfæri af þeim toga sem ég hef reynt að gera grein fyrir. Spurningin verður um útfærsluna og verður sannarlega gaman að fást við þessa merku þáltill. í hv. iðnn. en þangað mun málinu verða vísað.

[16:04]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir ljómandi innlegg í umræðuna. Hann kom víða við. Ég verð að segja að sá kafli ræðunnar sem fjallaði um flutning opinberra stofnana var sérstaklega athyglisverður og er rétt að vekja athygli á honum.

Herra forseti. Sá kafli vakti líka sérstaka athygli mína vegna þess að mér þótti hv. þm. tala miklu skýrar en ég finn nokkurs staðar sagt frá í texta þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að hv. þm. segi okkur hvernig staðan er í hans ágæta þingflokki. Við fengum að heyra það áðan að í þingflokki Sjálfstfl. hefur a.m.k. einn hv. þm. fullkominn fyrirvara varðandi tillöguna og stuðning við hana.

Fram hefur komið, eins og vakin hefur verið athygli á áður, að m.a. formaður þingflokks Framsfl. sem þó sat í verkefnisstjórninni hefur gert ýmsar athugasemdir við það sem hér liggur fyrir. Mér þótti hv. þm. a.m.k. á köflum nokkuð gagnrýninn, eða eigum við að segja að hann hafi talað skýrar en hér hefur komið fram. Það er eðlilegt að leggja fyrir hann þá spurningu, vegna þess að ef ég man rétt er hv. þm. varaformaður þingflokks Framsfl. og þar af leiðandi starfandi þingflokksformaður í dag þar sem þingflokksformaður er fjarverandi, hvort það sé líka þannig í þingflokki Framsfl. að þar séu ýmsir þingmenn einnig með fyrirvara og jafnvel fullkominn fyrirvara á þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir.

[16:06]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð frá hv. síðasta ræðumanni. Hann spyr hvort einhugur sé innan þingflokks Framsfl. um þá þáltill. sem hér er til umræðu. Ég get sagt honum að svo er. Ég lít svo á að um sé að ræða ramma, eins og ég endaði reyndar á í framsöguræðu minni, að hér sé rammi sem feli í sér mikil sóknarfæri.

Það kom jafnframt fram í máli hæstv. iðnrh. sem mælti fyrir þáltill. að hér væru ýmis mál sem eftir ætti að útfæra. Það sjá allir sem lesa þennan texta. Þingflokkur Framsfl. stendur að þessu. Menn kann hins vegar að greina á þegar að útfærslunni kemur eins og fram hefur komið í umræðunni, innan þingflokka, milli þingflokka og milli kjördæma. En ég held að ég geti sagt með afskaplega góðri samvisku að þingflokkur Framsfl. stendur að þessu. Í framhaldinu, verði þáltill. samþykkt, mun hún koma til útfærslu, en það er einmitt það sem þáltill. felur í sér. Hún er rammi, hún er ákveðin stefnumörkun en síðan á eftir að útfæra hana. Það er vissulega spennandi og ögrandi verkefni.

[16:07]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að í máli hv. þm., sem er starfandi þingflokksformaður Framsfl., kemur fram að einhugur ríki í þingflokki hans gagnvart þeim ramma sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Það er þó eðlilegt að spyrja hv. þm., sem er einnig formaður iðnn. sem fær þáltill. til úrvinnslu, hvort skilja megi ræðu hans áðan þannig að búast megi við að hann beiti sér fyrir því í nefndinni að kveðið verði skýrar að orði varðandi t.d. flutning opinberra stofnana og jafnvel verði gerðar formlegar tillögur um hvaða stofnanir verði fluttar og síðan verði það sett á ábyrgð þar til bærra aðila að koma því til framkvæmda.

Eins og við vitum, herra forseti, hefur þetta verið einn veikasti hlekkurinn í þeim byggðaáætlunum sem hér hafa gilt fram að þessu. Því er eðlilegt að spyrja formann nefndarinnar að því, í ljósi þeirrar ræðu sem hann flutti hér áðan, hvort hann muni beita sér fyrir því í störfum nefndarinnar að þetta verði skýrar en hér er.

[16:09]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get svarað því afskaplega skýrt að ég mun viðra þessar skoðanir innan iðnn. Ég vek hins vegar

athygli á því að ekki verður tekin ákvörðun um að flytja stofnanir á einum degi. Ég mun hins vegar taka það til umræðu sem pólitíska stefnumörkun. Ég mun kanna viðbrögð við því innan iðnn. og að sjálfsögðu eiga þar allir flokkar sína fulltrúa. En ætli það sé ekki rétt að skilja málið eftir núna í spennu fyrir hv. þm. Við skulum sjá hverjar lyktir verða þegar málið kemur frá iðnn.

[16:09]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir ræðu hans. Hún var prýðileg fyrir allra hluta sakir. Hann nálgaðist málið á þann hátt sem ég held að við getum öll verið sammála um. En þar stendur hnífurinn í kúnni: Hvernig á að fara að því að leiðrétta það sem allir eru sammála um að hafi farið úrskeiðis?

Ég vil spyrja hv. þm., hvað varðar úrlausnir, hvort hann átti sig ekki á því sem hefur verið að gerast í samfélaginu, samfélagsbreytingum á opinberum vettvangi, að þær eru að stórum hluta orsök þess sem hefur verið að eiga sér stað. Til dæmis sjávarútvegsstefnan. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann átti sig ekki á því, en að mínu mati, búandi úti á landi, er það alls ekki rétt að fólk vilji ekki vinna í fiski. Það flýr öryggisleysið en alls staðar á landsbyggðinni þar sem stöndug fyrirtæki eru með fiskvinnslu og fólk hefur trú á er nóg framboð af fólki heima fyrir til að vinna fiskinn.

Þeirri framsetningu, að fólk vilji vera í nútímalegum samfélögum vísa ég líka algerlega á bug. Öll fjölskylda mín, öll systkini mín eiga heima norður á Dalvík og í Svarfaðardal. Við viljum búa þar á eigin forsendum og teljum okkur nútímaleg á eigin forsendum. Þess vegna held ég að það sé voðalega erfitt, virðulegi forseti, að nálgast hlutina á þennan hátt. Grunnþjónustan þarf að vera í lagi og gefa fólki tóninn um að það geti fengið að vera á eigin forsendum á stöðunum. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann geti ekki verið sammála mér um að það sé ein meginforsendan.

[16:11]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég sé sammála hv. þm. um það. Ég verð að leiðrétta aðeins það sem fram kom í máli hv. þm. Ég hélt því ekki fram og held því að sjálfsögðu ekki fram að fólk utan höfuðborgarsvæðisins vilji ekki lifa við nútímalegar aðstæður. Nútímalegar aðstæður eru jafnt á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu en aðstæður breytast og gildismat breytist.

Hvað varðar grunnþjónustu hlýtur krafan um ákveðna grunnþjónustu að aukast þegar gildismat breytist. Það sem ég átti fyrst og fremst við var að maður er manns gaman. Það að geta tekið þátt í menningarlífi, búa við félagslegt öryggi, heilbrigðisöryggi, aðgang að menntun og þar fram eftir götunum er einfaldlega krafa nútímans hvort heldur er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Varðandi sjávarútveginn ætla ég ekki að fara í orðaskak um það við hv. þm. hvort Íslendingar vilji vinna í fiski eða ekki. Þó er ljóst að mörgum fiskvinnsluhúsum hefur gengið æðitreglega að fá landann til starfa þar, hvað svo sem kann að valda. Hvort það er af öryggisleysi eða einhverju öðru hygg ég að hvorki ég né hv. þm. getum svarað því að það hefur ekki verið kannað.

Ég vek jafnframt athygli hv. þm. á því að tel ég að einföldun sé að segja að eingöngu kvótakerfið hafi leitt til óöryggis í sjávarútvegi. Þróun úr sjávarbyggðum átti sér stað áratug á undan kvótakerfinu og í sjávarútvegi, eins og hv. þm. veit, hafa orðið miklar tæknibreytingar sem leiða til þess að störfum fækkar. Það er því einföldun að segja að hér sé aðeins um kvótakerfið að ræða þó það kunni að eiga sinn þátt, en þá eru það ekki síður tæknibreytingar og breytingar sem urðu fyrir daga kvótakerfisins.

[16:14]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég og hv. þm. Hjálmar Árnason erum að sjálfsögðu sammála um að það sé ekki eingöngu kvótakerfinu um að kenna. Vil ég nú spyrja þingmanninn hvort hann telji ekki að sú breyting vegi mjög mikið sem hefur verið framkölluð af ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum á síðustu árum á allri grunnþjónustu. Má þar til nefna póstinn og símann, sem er þegar sem hlutafélagavæddur aðili farinn að veita minni þjónustu úti um land. Má þar til nefna strandsiglingar og frjálsræði í flugi sem hefur leitt til stórkostlegs samdráttar, þannig að þar er ekki farið að þjónusta nema örfáa pósta.

Þarna stendur hnífurinn í kúnni að mínu mati. Sem landsbyggðarmaður og búandi á svæðinu þá eru þetta skilaboð sem eru svo sterk til mín og það er fyrst og fremst það sem veldur mér áhyggjum, hvernig stjórnarmeirihlutinn heldur á grunnþjónustuþáttum. Ég var að spyrja hv. þm. um hvort hann gæti verið sammála mér um það. Þá gætum við nálgast einhverjar lausnir í hv. iðnn.

[16:15]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór ekki rétt með þegar hann talaði um að búið væri að einkavæða Íslandspóst. Svo er er ekki. Hann hefur ekki verið einkavæddur.

Það sem gerst hefur í þeim hluta grunnþjónustunnar sem hv. þm. vék að er að menn hafa breytt um rekstrarform. Hv. þm. veit að Landssíminn, okkar öfluga fyrirtæki, hefur unnið að því á síðustu árum að efla þjónustu við landsmenn um allt land með því að fjárfesta fyrir milljarða í dreifikerfinu. Þeirri vinnu er ekki lokið. Ég vil líka vísa til máls sem er til vinnslu hjá þinginu, hinnar samræmdu samgönguáætlunar sem hæstv. samgrh. lagði hér fyrir, þar sem m.a. er fjallað um samgönguþættina hvað varðar hafnir, vegi og flug. Þar er ákveðin stefnumörkun sem ég hygg að hv. þm. geti fallist á að styrki hina dreifðu byggð sem og höfuðborgarsvæðið.

[16:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika að þingmenn Framsfl. hafa brennandi áhuga á byggðamálum. Ég tek heils hugar undir þær hugmyndir sem hér eru settar fram. Atvinna, menntun, menningarmál og þjónusta eru grunnþættir í byggðum landsins, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Við þurfum auðvitað að útfæra hvernig landið er byggt.

Það er full ástæða til að skoða til hlítar þær hugmyndir sem hér eru settar fram, um að flytja stofnanir sem tengjast landsbyggðinni út á landsbyggðina. Ég nefni sem dæmi að það er góð reynsla af því að hafa Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum. Það er góð reynsla af því að hafa Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti og góð reynsla af því að hafa Landmælingar á Akranesi, Lánasjóð landbúnaðarins á Selfossi og fleira mætti nefna. Við þurfum að skapa umhverfi þar sem fólk hefur margvíslega möguleika á atvinnu. Við þurfum líka að skapa umhverfi úti á landsbyggðinni þannig að menntað fái störf við sitt hæfi. Það verður auðvitað spennandi að fylla inn í þann ramma sem hér er talað um. Þessar tillögur koma

til iðnn. og vonandi berum við gæfu til þess að útfæra þær þannig að þær verði enn betri en þær eru í dag.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Þetta var nú eiginlega skyldara ræðu en andsvari en mér sýnist að samt ætli hv. 10. þm. Reykn. að svara þessu andsvari.)

[16:18]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að andsvar geti falist í því að þingmaður geri jákvæðar athugasemdir við það sem einstakir þingmenn segja hér. Ég þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir hlýleg orð.

Ég vil ítreka það sem hér hefur verið til umræðu í ræðu *minni og andsvörum mínum: Flutningur stofnana út á land* eða staðsetning stofnana felur vitaskuld í sér ákveðna stefnumörkun af hálfu hins opinbera. Stofnunum fylgja verkefni og fjármunir en þeim fylgir líka krafan um menntun því að líklega í öllum stofnunum ríkisins er krafist menntunar.

Þess vegna er hægt að segja með fullgildum rökum að staðsetning stofnunar sé pólitísk ákvörðun um byggðastefnu. Með því að halda stofnununum í jafnríkum mæli og raun ber vitni í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu, má segja að Reykjavíkursvæðið njóti mestra styrkja í byggðastefnu.

Til þess að ná fjölbreytileika í atvinnulífi, sem ég hygg að allir séu sammála um að sé ein aðferðin við að efla byggð á landsbyggðinni, þá þurfum við að færa þær stofnanir sem fyrst og fremst þjóna landsbyggðinni í það umhverfi sem þær eiga að þjóna. Ég vísa máli mínu til stuðnings til jákvæðrar og góðrar reynslu Íra.

Í lokin, herra forseti, af því að mér láðist að svara hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni. Ég á hér 20 sekúndur eftir eða svo en hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson laumaði hér til mín bæklingi. Ég vil vísa í sögu Halldórs Laxness um *útgerðarmanninn Bogesen sem flutti útgerð sína án þess að* spyrja kóng eða prest löngu fyrir daga kvótakerfisins.

[16:20]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í upphafi er rétt að fagna því að þessi umræða skuli fara fram um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Þrátt fyrir að nú sé nokkuð á þetta ár liðið er auðvitað fagnaðarefni að þetta skuli ná fram.

Í upphafi er líka rétt að fagna því að hér eru stigin mikilvæg skref, þ.e. í tillögu um aðgerðir sem fylgir þessari ályktun. Það er auðvitað framför frá því sem við höfum áður séð. Sérstaklega er rétt að vekja athygli á að tilgreindir eru aðilar sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra tillagna sem hér liggja fyrir.

Hins vegar verður líka að segjast að við höfum ekki mjög góða reynslu af þeim áætlunum sem áður hafa verið samþykktar á hinu háa Alþingi. Í raun hefur aldrei skort hugmyndir. Það hefur alltaf verið nóg af hugmyndum og raunverulega verið framleitt nóg af pappír með mörgum orðum um hvað beri að gera til að hamla gegn þeirri byggðaþróun sem við höfum horft upp á í landinu allt of lengi. Nei, það hefur sko ekki verið skortur á hugmyndum og ekki verið skortur á tillögum. Hins vegar hefur skort á framkvæmdina.

Verkin hafa því miður ekki verið í takt við þær tillögur sem samþykktar hafa verið. Þess vegna vona ég að þau orð hæstv. iðnrh. sem féllu hér fyrr í dag standist, um að búið væri að taka út markmiðin um að fjölga eða halda í við fólksfjölgun á ákveðnum landsvæðum vegna þess að nú væri stefnt að því að láta verkin tala. Ja, það má segja að það sé sannarlega kominn tími til að við látum verkin tala.

Ég sagði áðan, herra forseti, að því miður hefðum við ekki mjög góða reynslu af þeim áætlunum sem áður hafa verið samþykktar. Þessar samþykktir hafa oft og tíðum verið gerðar æðinálægt kosningum. Við skulum bara horfa til þeirrar áætlunar sem var hér næst á undan þeirri sem væntanlega verður samþykkt hér á næstu vikum. Það var um margt ágætt plagg. Þar var mikið af góðum upplýsingum og mikið af góðum tillögum. En því miður voru það fyrst og fremst almennar markmiðssetningar, þar skorti framkvæmdaáætlun. Það skorti að aðilar bæru ábyrgð á verkinu. Það var ekki heldur tímasett hvenær ætti að framkvæma verkin. Eins og ég sagði áðan er að hluta komið til móts við það í plaggi sem nú liggur fyrir.

Því miður duga ekki þessi orð ef verkin fylgja ekki og þess vegna segi ég enn og aftur: Ég vona að þau orð sem hér féllu hjá hæstv. ráðherra um að nú eigi að láta verkin tala séu til marks um breyttar áherslur í því ráðuneyti sem fer með þennan málaflokk.

Herra forseti. Það er mjög margt sem vekur athygli í þessu plaggi. Það liggur við að á stundum velti maður fyrir sér hvort þetta sé allt í fullri alvöru. Það segi ég sérstaklega í ljósi þess sem ég lýsti áðan að þetta er ekki fyrsta áætlunin sem lögð er fyrir Alþingi. Ég sagði áðan að hér væru tillögur um aðgerðir. Ég lít svo á að það skipti okkur raunverulega mestu máli. Þó að meginmarkmið áætlunarinnar, sem er hér í fimm liðum á fyrstu síðu, sé auðvitað grunnurinn að þessu öllu og þar sé orðalag mjög fagurt — ég trúi því að allir séu sammála því sem þar stendur — þá eru það auðvitað tillögurnar um aðgerðir sem skipta máli.

Því miður verð ég að segja að meginhugmyndirnar sem *þar koma fram og eru yfirleitt skýrðar undir* þessum 22 töluliðum segja okkur mjög mikið um fyrri áætlanir. Orðalagið er afar almennt og algengt að vísað sé til þess að þetta sé í raun allt ógert og maður veltir því fyrir sér: Hvernig stendur á því að megnið af þessu er ekki komið örlítið lengra?

Tökum nokkur dæmi af handahófi. Byrjum bara á fyrsta liðnum. Þar er sagt að ríkisvaldið hafi forustu um að sameina krafta opinberra aðila o.s.frv. Í 2. tölul. er talað um að auka samvinnu opinberra sjóða. Takið eftir, þetta er allt opinbert. Þetta snýst allt um stofnanir sem ríkisvaldið hefur yfir að ráða. Í 3. tölul. sem er mikilvægur er fjallað um stækkun og eflingu sveitarfélaga. Þar gera menn ráð fyrir að ríkisvaldið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga o.s.frv. Af hverju er þetta ekki löngu búið? Þetta hefur blasað við mjög lengi.

Áfram er fjallað um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni. Gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu. Hvernig stendur á því að þessi áætlun er ekki til staðar, er sett hér inn og ákveðið hvernig eigi að standa að þessu? Í 5. tölul. svo ég *haldi aðeins áfram er gert ráð fyrir* að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun. 6. liður: „Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á ...“ Svona gengur hver liðurinn á fætur öðrum út á að setja þetta allt saman í skoðun.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég bar miklar vonir í brjósti þegar ég sá hvernig hæstv. iðnrh. stóð að því að skipa verkefnisstjórnina fyrir þessa áætlun. Mér fannst það boða mjög gott og átti von á mjög miklu. Þess vegna varð ég fyrir vonbrigðum þegar ég sá þetta plagg.

Ég varð líka fyrir vonbrigðum, herra forseti, þegar hæstv. iðnrh. taldi ekki ástæðu til að fara nokkuð nákvæmlega yfir það sem breyttist frá því að verkefnisstjórnin skilaði af sér og þangað til þetta plagg lá á borðum okkar. Það skiptir auðvitað verulegu máli. Breytingarnar sýna að sjálfsögðu pólitíkina í málinu. Þar koma fram áherslur þeirra sem sjá síðan um framkvæmdina. Þess vegna er auðvitað mikilvægt að iðnn. fari vel yfir hvað hefur breyst og reyni að færa þetta til betri vegar. Það bíður greinilega mikil vinna iðnn. vegna þess að eins og fram kom í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar hefur hann, a.m.k. af hálfu þingmanna Sjálfstfl., fullan fyrirvara í málinu.

Herra forseti. Ég sagði að margt vekti athygli í þessu um margt ágæta plaggi. Ég ætla að byrja á því að horfa til 4. tölul. í tillögum um aðgerðir. Ég vitnaði örlítið í hann áðan en ég vil fá að lesa, með leyfi forseta, örlítið meira af þeim lið. Þar segir orðrétt:

„Að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru, í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja, þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á fót og hugsanlega með flutningi stofnana."

Herra forseti. Það er ýmislegt kunnuglegt í þessum texta. Það er að vísu ekki alveg orðrétt frá þeirri áætlun sem gilti fyrir árin næst á undan en í þeirri áætlun sagði í 6. tölul., með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu." — Síðan kemur ýmislegt almennt orðalag um þetta.

Hér hefur orðið gífurleg breyting á. Nú er ekki talað um að fjölga jafnt þessum störfum heldur skal nú gerð áætlun um hvernig að þessu skuli staðið. Það er rétt að minna á, herra forseti, í þessu sambandi að áherslurnar í þessu hafa stigminnkað. Í áætluninni sem gilti á undan þeirri sem gilti á undan þeirri sem nú mun taka við var talað um að fjölga þessum störfum meira en á höfuðborgarsvæðinu. Ekkert af þessu hefur náðst.

Herra forseti. Ég vona að orð hæstv. ráðherra um að verkin verði látin tala séu líklegri til að skila einhverjum árangri í þessu sambandi.

[16:28]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það hefði verið framleitt nóg af pappír og að við hefðum ekki látið verkin tala. Þetta heyrum við ár eftir ár og áratug eftir áratug í umræðum um byggðamál. Það er svo ósköp auðvelt að segja svona. Hv. þm. sagði líka að það væri ekki góð reynsla af fyrri áætlun en ég minni á að samt gekk ansi margt eftir af því sem þar var sett fram. Ég minni á stóraukin framlög til jöfnunar námskostnaðar, stóraukin framlög til jöfnunar húshitunarkostnaðar, fjarkennslu og stórátak í samgöngumálum. Talað var um fjölgun opinberra starfa og eitthvað um flutning stofnana. Að vísu hefði mátt gera meira af því en ég minni þó á að Byggðastofnun var flutt til Sauðárkróks þó það fengi ekki góðar undirtektir alls staðar. Þannig er það meira en að segja það að flytja stofnanir.

Ýmislegt hefur verið gert og ýmislegt gengið eftir af því sem ætlunin var að gera. Þetta er ekki eins einfalt og það sýnist. Af hverju halda menn að vandamálið um allan heim sé hið sama og hér, að fólk sé að flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar? Vita menn hver þróunin er á Norðurlöndunum og í Evrópulöndum? Ég var í Bandaríkjunum í haust og þar sögðu menn mér að flutningur fólks úr hinum dreifðu byggðum til stórborganna væri meiri nú en nokkurn tíma fyrr. Menn höfðu af þessu miklar áhyggjur og kunnu ekki almennilega á því skýringar hvers vegna þróunin væri svona þar. En menn eru að glíma við þetta alls staðar, eiginlega um allan heim. Auðvitað spyrjum við okkur: Af hverju er fólk að flytja?

Fyrir tveimur, þremur árum var gerð ítarleg könnun af Stefáni Ólafssyni prófessor, fyrir Byggðastofnun. Þar vó þyngst einhæfni atvinnulífsins, að meiri fjölbreytni vantaði í atvinnulífið. Það er auðvitað annað sem hefur breyst að ungt fólk fer til náms. Það vill koma heim aftur en þar eru kannski ekki störf fyrir það. Einnig hefur það breyst að nú er mjög algengt að bæði kynin fari til náms og þótt annar aðili hjónabands eigi kost á góðu starfi heima í sinni sveit þá er ekki víst að makinn eigi kost á því líka. Þess vegna snýr fólk ekki aftur til æskustöðvanna.

[16:31]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að ýmislegt vannst í hinni fyrri áætlun. En ég stend við það að ekki hefur skort pappír og ekki hefur skort hugmyndir og það hefur heldur ekki skort fyrirmynd vegna þess að eins og hv. þm. benti á hafa menn verið að glíma við þennan vanda mjög víða. Árangur okkar hefur hins vegar alls ekki verið viðsættanlegur. Hv. þm. sagði að það hefði mátt gera meira á ýmsum sviðum. Ég tek undir það hjá hv. þm. Þess vegna segi ég að málið er akkúrat fjölbreytni í atvinnulífinu. Eins og hv. þm. benti á kom það m.a. fram í rannsókn Stefáns Ólafssonar og eins aukin tækifæri varðandi menntunina. Við þurfum þess vegna að einhenda okkur í að reyna að ná árangri á þessum sviðum. Þess vegna er eitt það versta við hina fyrri áætlun nákvæmlega það hversu hægt gekk að færa opinber störf, því miður, þó ýmislegt hafi verið fært á því tímabili.

Við skulum ekki gleyma fjarvinnsluverkefnunum. Það mál er með ólíkindum í ljósi allra þeirra væntinga sem ýmsir, bæði hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn stjórnarliðsins, voru að vekja mjög víða um land. Það er líklega ein mesta sorgarsaga sem við höfum þurft að horfa upp á hversu lítið hefur gengið í þeim efnum vegna þess að þar voru vissulega tækifæri og þetta voru verkefni sem sannarlega skipti ekki máli hvar voru unnin. Meira að segja eru dæmi um það, því miður, að menn hafa verið að færa störf af þeirri gerðinni utan af landi til höfuðborgarsvæðisins, alveg þveröfugt við það sem að var stefnt.

[16:32]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þetta með fjarvinnsluverkefnin. Við þurfum að standa okkur betur við þau. Það hvarflar ekki að mér að reyna að halda öðru fram. Við eigum þar mikla möguleika og eigum að fylgja þeim möguleikum eftir.

Það sem mér vannst ekki tími til að segja í mínu fyrra andsvari var um það sem hefur komið fram í umræðunni að fólk sé að flýja vegna tilfærslu kvóta og slíks. Ég er algjörlega ósammála því. Staðreyndin er að fólk fer alveg jafnt frá þeim byggðum sem hafa mikinn kvóta og hafa verið í gríðarlegri uppbyggingu í atvinnulífinu. Ég veit að hv. þm. þekkir það úr sinni heimabyggð þar sem glæsileg uppbygging er í atvinnulífinu, mikill kvóti og stór skip. Samt hefur

fólkið verið að fara þaðan og samt verður að sækja erlent vinnuafl. Þetta er því ekki alveg einfalt. Ég minnist heimsóknar stjórnar Byggðastofnunar í Fjarðabyggð fyrir öfráum árum þar sem einn af forustumönnum sveitarfélaganna þar lýsti því að gríðarleg vinna væri t.d. á Eskifirði, gríðarleg vinna og miklar tekjur, en samt flytti fólkið upp á Egilsstaði í lægri tekjur vegna þess að það vildi jafnari vinnutíma og annan lífsmáta.

Af því að hv. þm. nefndi mismuninn á tillögum þeirrar nefndar sem hæstv. ráðherra skipaði og byggðatillögunni sem hér er til umræðu þá er það alveg rétt að verulegur munur er þar á. Það er ekkert óeðlilegt við það. Hæstv. ráðherra skipaði einar fjórar nefndir til að gera tillögur til sín um þessi mál. En byggðaáætlunin er auðvitað á forræði ráðherrans og ekkert nema eðlilegt við það þó hæstv. ráðherra setji sínar áherslur þar inn. Ég er ekkert endilega sammála öllu því sem hefur verið breytt og hefði út af fyrir sig ekki samþykkt *sumt af því í nefndinni. En það er bara ósköp eðlilegt* að ráðherrann setji sínar áherslur á þetta.

Þetta verður svo tekið til meðferðar í iðnn. Það kom skýrt (Forseti hringir.) fram hjá formanni iðnn. í ræðu áðan að þar verður þessi áætlun nánar útfærð. Ég er sjálfur í iðnn. og mun koma að þeirri vinnu og hlakka til hennar.

[16:35]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðfesti það sem áður hafði komið hér fram — hann notar að vísu örlítið önnur orð en hæstv. iðnrh. — um að tillögur verkefnisstjórnarinnar hafi breyst töluvert. Það er hárrétt hjá hv. þm. að hæstv. iðnrh. ber ábyrgð á þeim tillögum sem lagðar eru fyrir þingið.

Það er hins vegar mjög athyglisvert sem kemur fram hjá hv. þm., þótt hann taki ekki eins sterkt til orða og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, og gefur vísbendingar um að augljóst er að mikil vinna er fram undan í iðnn. við að ljúka þessari tillögu þannig að hún geti komið hingað til afgreiðslu. Ég vona svo sannarlega að sú meðferð verði til þess að bæta, að sjálfsögðu, það plagg sem hér liggur fyrir því það er mjög mikilvægt. Þetta er vandi sem er hárrétt hjá hv. þm. að er ekkert einfaldur.

Ég tek undir með hv. þm. að því miður er umræðan um þessi mál oft á þeim nótunum að þetta sé mjög einfalt og að til sé t.d. einhver patentlausn varðandi kvóta hér eða kvóta þar. *Það er hárrétt hjá hv. þm. að í minni heimabyggð* hefur út af fyrir sig ekki skort kvóta sem slíkan. Hann hefur jafnvel aukist. Samt sem áður hefur fólki fækkað. Það er vegna þess að þessi mál eru einmitt ekki svo einföld að þau snúist bara um vinnumagnið. Miklu fleira spilar inn í m.a. fjölbreytileiki í atvinnulífinu. Þess vegna erum við hv. þm. Guðjón Guðmundsson sammála um að það beri t.d. að nýta alla möguleika sem eru til staðar í því að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Þess vegna erum við auðvitað báðir stuðningsmenn þess að reist verði álver í Fjarðabyggð því það mun að sjálfsögðu fjölga stoðum undir atvinnulífið þar, auka fjölbreytnina mjög mikið og skapa okkur ný sóknarfæri. Ég hefði að hluta til viljað sjá meiri áherslu lagða á það í þeirri áætlun sem hér er nú til umræðu að menn veltu því fyrir sér hvernig mætti koma til móts við þau sóknarfæri og hvernig hægt væri að stuðla að því að nýta þau sem allra best vegna þess að það er okkur afar mikilvægt að nýta það þannig að eftir t.d. tíu ár verðum við ekki í sömu sporum og nú.

[16:37]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Til umfjöllunar er till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 sem hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir hefur mælt fyrir. Beðið hefur verið eftir þessari áætlun um byggðamál með mikilli eftirvæntingu. Ég tel að margt gott megi finna í henni og um hana segja. Þó hefði ég sjálf viljað sjá ákveðnari tillögur og skýrari aðgerðaáætlanir í byggðamálum. Samt finnst mér hér vera margt jákvætt eins og ég sagði áðan.

Eitt sem mér finnst t.d. óskýrt er á bls. 20 þar sem talað er um að kostnaður þeirra sem aka 20 km eða lengra til atvinnu verði frádráttarbær frá skatti. Ég vil bara nefna það hér og nú að æðimargir sem búa á landsbyggðinni keyra allt að 100 km til og frá vinnu á dag og kannski aka fæstir skemur en 20 km til vinnu frá heimilum sínum, alla vega þeir sem búa á hinum dreifðu svæðum.

Með síðustu byggðaáætlun hefur ýmislegt áunnist og margt hefur vel verið gert í byggðamálum. Til að mynda hafa stórstígar framfarir orðið í vegamálum og húshitunarkostnaður á landsbyggðinni hefur verið lækkaður mjög *víða og kostnaður vegna náms verið jafnaður*, auk þess sem möguleikar til fjarnáms hafa stóraukist. Símkostnaður og kostnaður vegna gagnaflutninga hefur einnig verið jafnaður.

Nokkuð hefur verið rætt um að lækka mætti skatt á landsbyggðinni til þess að mæta byggðavandanum. Í raun hefur slík leið verið farin með þeirri breytingu eða öllu heldur leiðréttingu sem gerð var á álagningu fasteignaskatts. Nú er fasteignamat eins og það er á höfuðborgarsvæðinu á hverjum tíma ekki lagt til grundvallar heldur ræður raunverulegt fasteignamat eins og það er metið á hverjum stað. Með þessari aðgerð lækkuðu fasteignaskattar á landsbyggðinni um 1,2 milljarða á einu ári. Þetta er sjálfsagt réttlætismál, en um leið e.t.v. ein öflugasta byggðaaðgerðin sem framkvæmd hefur verið.

Herra forseti. Okkur sem búum úti á landi hefur orðið það undrunarefni að fleiri atvinnurekendur á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki sjá þau sóknarfæri sem eru fólgin í því að flytja starfsemi út á land. Þar er víðast ódýrara húsnæði, þar er mjög stöðugur mannafli og að sjálfsögðu er það dýrmætasta sem hvert fyrirtæki hefur þeir starfsmenn sem þar vinna hverju sinni. Undan háum fasteignasköttum á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi er ekki hægt að kvarta núna. En segja má að flutningskostnaðurinn standi aðallega í þeim sem reka fyrirtæki úti á landi og á því finnst mér að eigi að taka, svo sannarlega.

Nokkur fyrirtæki hafa flutt starfsemi sína út á land og gert það með góðum árangri. Nefna má að Kaupþing hefur útibú á Siglufirði. Þar eru 14 stöðugildi. Þá hafa Eimskip, Sjóvá og fleiri fyrirtæki verið að flytja störf í sambandi við skráningu og fleira á landsbyggðina með mjög góðum árangri.

Sú búsetuþróun sem við ræðum í dag, þ.e. flutningur fólks úr dreifbýli til þéttbýlis, er afleiðing þróunar sem hófst á 19. öld. Slík byggðaröskun á sér stað um allan heim og er langt frá því að vera séríslenskt fyrirbrigði.

Mjög miklar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi og landbúnaði. Æ færri hendur þarf til verka. Miklar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi þar sem tækninni hefur fleygt fram og í landbúnaði hefur orðið mikil samþjöppun og mjög mörg bú hafa hætt starfsemi sinni í eiginlegri merkingu. Búunum hefur fækkað en þau hafa stækkað.

Það er mjög erfitt að ráðskast með búsetu fólks með stjórnvaldsaðgerðum. Auðvitað á fólk að búa þar sem það vill búa. En það er hins vegar skylda ríkisvaldsins að skapa umhverfi og fjölbreytni sem þarf til þess að fólk geti búið úti á landi. Það vantar er fjölbreytni í atvinnulífinu. Þar helst stendur hnífurinn í kúnni eins og maður segir. Það er ekki að menningarstarf vanti á landsbyggðinni. Víðast hvar úti á landi eru reknir tónlistarskólar með miklum myndarbrag og skólar á landsbyggðinni eru síst verri en skólar á þéttbýlli svæðum.

Þegar við ræðum atvinnumál á landsbyggðinni hefur oft borið á góma að skortur á traustu og fjölbreyttu atvinnulífi sé veikasti hlekkurinn og það er svo sannarlega rétt. Ég vil nefna sem dæmi Hellu á Rangárvöllum í Rangárvallahreppi þar sem á síðasta ári voru tvö fyrirtæki í miklu uppnámi vegna þess að þeir sem áttu þau fyrirtæki ákváðu að flytja þau í burtu. Þarna voru hátt á annað hundrað störf í húfi. Þetta voru ekki ríkisfyrirtæki heldur fyrirtæki í einkaeign. Ríkisvaldið kom ekki að því heldur var orsökin viðskipti fyrirtækja á milli, t.d. Goða sem hefur valdið miklu tjóni víða um land. Bændur sitja uppi með mikið tap, allt frá nokkur hundruð þús. kr. upp í á níundu millj. kr. Bændasamtök Íslands eru að aðstoða kannski 700 bændur vegna þess áfalls sem bændur urðu fyrir vegna Goða. Ákveðið var líka að flytja fyrirtækið Reykjagarð á Hellu í burtu en heimamenn tóku til sinna ráða. Eins var með sláturhús Goða. Þar söfnuðu heimamenn liði. Þeir hafa stofnað nýtt hlutafélag og reka sláturhús með miklum myndarbrag. Þegar heilu fyrirtækin flytja og stór hluti íbúa í heilli sýslu sem starfar við þau, t.d. 120 manns úr 3 þúsund manna sýslu, þá er það nú ekki lítil aðgerð.

Samgöngur skipta flesta meginmáli og það verðum við landsbyggðarþingmenn vör við þegar við erum á fundum úti á landi að samgöngumálin skipta allra mestu máli fyrir utan atvinnumálin. Það eru ekki síst varðandi ferðaþjónustu sem þau þurfa að vera í lagi bæði til sjós og lands.

[16:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það sjónarmið sem kom fram í ræðu hjá hv. síðasta ræðumanni. Það skiptir verulegu máli þegar byggðir landsins verða fyrir því að tekin er ákvörðun um að breyta atvinnuháttum og færa til atvinnustarfsemi og á það við öflug atvinnufyrirtæki á hvaða sviði sem er.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því í sambandi við þau lög sem við samþykktum fyrir jól varðandi smábátana, að sýnt var fram á það í skýrslu hvaða áhrif það gæti haft á byggðir t.d. á Vestfjörðum. Í skýrslu frá Byggðastofnun var talið að það gæti numið 300 störfum við sjávarútveg á Vestfjörðum, fiskveiðar og fiskvinnslu. Þetta eru undirstöðugreinar sem kalla á mörg hliðarstörf vegna þjónustu og annarrar starfsemi. Það skiptir því rosalega miklu máli hvernig staðið er hér að stefnumótun. Þess vegna er auðvitað tekist harkalega á um það þegar ríkisstjórnin kemur fram með stefnumótun sem hefur þær afleiðingar að við erum að tapa mörg hundruð störfum í landshlutum sem standa mjög veikt atvinnulega séð og þurfa á undirstöðuatvinnu sinni að halda. Þetta vildi ég draga inn í umræðuna vegna þess að ég hef iðulega gert þetta að umræðuefni án þess beinlínis að menn í ríkisstjórnarflokkunum hafi áttað sig á því hve gífurleg áhrif slík stefnumótun hefur haft á landsbyggðina.

[16:48]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að það hefur mikil áhrif þegar verið er að ráðskast með líf og störf fólks og því skiptir miklu máli hvernig stefnumótun er og hvernig að henni á að vinna.

Varðandi skýrslu Byggðastofnunar, þá hef ég komið fram með það að ég vil að gerð sé skoðun á því um allt land, ekki síst á Suðurlandi, hvaða áhrif svona aðgerðir hafa, því það eru ekki aðeins Vestfirðir sem verða fyrir röskun heldur líka önnur byggðarlög.

[16:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist á flutning fjarvinnsluverkefna í ræðu sinni og nefndi það sem gert hefur verið á vegum Kaupþings á flutningi fjarvinnsluverkefna til Siglufjarðar þar sem eru 14 störf og hefur tekist ákaflega vel, sem sýnir það og sannar að þetta er hægt.

En ég vildi spyrja hv. þm. út í það hvað henni fyndist um flutning fjarvinnslustarfa á vegum hins opinbera. Nú eru að berast hér inn í þingið svör við fyrirspurnum mínum vegna ársins 2001 og það er dapurleg niðurstaða frá ráðuneytum um að engin verkefni hafi verið flutt. Ég ætla aðeins að grípa niður í svar við fyrirspurn sem ég spurði vegna ársins 2000 um flutning fjarvinnsluverkefna og iðnrh. beitti sér fyrir að fá það svar. Dóms- og kirkjumrn.: Engin verkefni flutt. Félmrn.: Engin verkefni flutt. Fjmrn.: Ekki flutt nein fjarvinnsluverkefni. Forsrn.: Engin verkefni eða störf á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess hafa verið flutt út á land á nýliðnu ári. Heilbr.- og trn. upplýsti að ekki hafi verið um skipulegan flutning að ræða. Iðn.- og viðskrn.: Ekkert. Landbrn. upplýsir að engin fjarvinnsluverkefni hafi verið flutt. Sama með menntmrn. Sama með samgrn. Sama með umhvrn. og sama með utanrrn. Hvert einasta ráðuneyti í stjórnsýslu Íslands lýsir því yfir í svari vegna ársins 2000 að ekkert einasta starf hafi verið flutt út á land á árinu 2000.

Hvað finnst hv. 1. þm. Suðurl. um þennan árangur sem hér er verið að fjalla um í sambandi við fjarvinnsluverkefni? Ég spyr vegna þess að ég veit að hv. þm. hefur kynnt sér það sem ég nefndi hér áðan, flutning fjarvinnsluverkefna frá Kaupþingi til Siglufjarðar sem hefur tekist mjög vel. Þetta er verkefni sem virkar mjög vel og hefur tekist mjög vel, en ríkisvaldið skilar auðu.

[16:51]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Möller greindi frá svari sem hann hefur fengið frá ráðherrum um flutning á fjarvinnsluverkefnum. Ég verð að að segja það hér og nú að mér þykir það miður. Þetta er alls ekki nægilega góð frammistaða. Ég hefði viljað sjá að ráðuneytin hefðu verið þarna í forustu um að koma verkefnum út á land.

En það má samt geta þess að Þjóðminjasafnið er með skráningu á Sarpi úti á landi, þannig að þetta er ekki alvont. En sá árangur sem Kaupþing hefur haft af sinni vinnslu úti á landi ætti að vera öðrum hvatning, því það er virkilega til fólk sem getur unnið vel á landsbyggðinni. Það má einnig nefna störf bankanna sem hafa verið að færast miðlæg inn á höfuðborgarsvæðið sem alveg er hægt að vinna á landsbyggðinni. Við verðum bara að halda áfram að reyna að hvetja fólk til að flytja slík störf út á land.

[16:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. hreinskilin svör og ég met það mikils þegar stjórnarþingmenn koma og tala svo afdráttarlaust eins og hér hefur verið gert. En við skulum hafa það líka í huga að þetta eru ekki mjög góð eftirmæli fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessum málaflokki. Og eitt af því sem er í byggðaáætlun núna frá hæstv. iðnrh. er um flutning fjarvinnsluverkefna út á land.

Iðnrh. sagði áðan við spurningum í stuttu andsvari mínu að hún mundi láta verkin tala í þessum efnum. Verkin tala í síðustu byggðaáætlun. Verkin tala í flutningi fjarvinnsluverkefna fyrir árið 2000 sem ég las upp áðan og hv. þm. Drífa Hjartardóttir segir að sér þyki það miður að ekki hafi tekist betur til og að ráðuneytin hafi ekki staðið sig. Fyrir þau hreinskilnu svör þakka ég og segi að það er þá strax í áttina þegar hv. stjórnarþingmenn eru ekki á einhverjum afneitunarbömmer um að allt sé í besta lagi að talað sé um þetta.

Herra forseti. Það var nefnilega í október 1999 sem haldin var töluverð flugeldasýning. Þá var unnin skýrsla á vegum Iðntæknistofnunar, Byggðastofnunar og forsrn. um nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni og þá var nú skotið mörgum flugeldum upp á stjörnuhimininn að nú ætti allt að fara að skána. Nú væru þessi mál að fara á miklu betra skrið og komin voru verkefni til þess að flytja út á landsbyggðina í miklum mæli. Árangurinn er eins og ég las upp áðan, því miður ákaflega dapurlegur.

[16:54]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að ég hafi viðurkennt að fjarvinnsluverkefni hafi ekki verið flutt út á land í nægilega miklum mæli, þá vil ég ítreka að margt hefur gerst og verið gert vel í síðustu byggðaáætlun. Ég rakti það í ræðu minni áðan varðandi jöfnun á námskostnaði, húshitun og fjarkennslu sem er í miklum mæli. Síðast en ekki síst fasteignaskatturinn sem hefur verið lækkaður á landsbyggðinni um 1,2 milljarða og er kannski ein mesta og besta byggðaframkvæmdin sem við höfum gert og ég tel það ekkert lítið. En auðvitað vil ég veita aðhald og viðurkenna það sem miður hefur farið, en ég vil líka nefna það sem vel hefur verið gert. Ég tel að landsbyggðin eigi mjög mikil og mörg sóknarfæri og ég hef sem betur fer orðið vör við það að margt ungt fólk er að flytja aftur út á land núna vegna þess að þar er ódýrara húsnæði, það getur skapað sér atvinnu og þar eru góðir skólar eins og ég nefndi áðan, góðir tónlistarskólar og afar fjölbreytt og gott menningarlíf.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Bindandi álit í skattamálum, 316. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 869.

Endurskoðendur, 370. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 870; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 871.

Landgræðsluáætlun 2003–2014, 555. mál, stjtill. (landbrh.), þskj. 873.

Skipun rannsóknarnefndar í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar, 554. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 872.

[16:56]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 og mun hún koma til umfjöllunar í hv. iðnn. þar sem ég á sæti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um tillöguna, ég fagna því að hún skuli vera komin fram. Í henni eru ýmsar hugmyndir og skilgreiningar sem við getum sjálfsagt öll verið sammála um og ég vil nálgast þetta verkefni með opnum huga og á jákvæðan hátt. Ég held að við þurfum öll á því að halda að reyna að ná samstöðu um að takast á við þann gríðarlega vanda sem byggðaröskunin í landinu er.

Eftir að hafa hlýtt á umræðurnar í dag verð ég að koma inn á það sem mér finnst vera grunnþættir í sambandi við byggðastefnuna í landinu, vegna þess að verkefni út á land, starfsemi á landsbyggðinni grundvallast náttúrlega á því að grunnþættir, grunnþjónustuþættir samfélagsins séu í lagi og fyrirtækjum og einstaklingum standi til boða að njóta grunnþjónustu sem er skapleg hvað varðar t.d. tækni og verð. En því miður held ég að stóri vandinn í sambandi við byggðaröskunina hér á landi, og þess vegna hefur hún verið svo miklu meiri en kannski aðrar þjóðir hafa horft upp á, er að á síðustu árum höfum við verið að færa atvinnulíf okkar og efnahagskerfi úr félagslega reknu kerfi yfir í hlutafélagavæðingu og síðan einkavæðingu og það sem verst er og mótdrægast landsbyggðinni er að þetta hefur verið gert á síðari árum hvað varðar grunnþjónustu.

Þess vegna er tómt mál að tala um byggðastefnu, finnst mér, nema takast á um það hvaða form á að vera á þeim grunnþjónustuþáttum. Ég segi fyrir sjálfan mig að hvað varðar þau atvinnufyrirtæki og þá einstaklinga sem lifa og hrærast í kringum mig, þá hefur það náttúrlega verið stórafall t.d. hvernig hefur verið staðið að samgöngumálum. Þá á ég ekki við vegagerð, þar hafa orðið gríðarlegar framfarir, en t.d. hvað varðar siglingar með ströndinni hefur þjónusta dregist saman þar og hún hefur stórhækkað í verði. Þetta hefur náttúrlega gríðarleg áhrif fyrir hinar dreifðu byggðir og er undirstöðuatriði til þess að geta lifað og hrærst, framleitt vöru og komið henni frá sér.

Ég get nefnt annað atriði sem hefur verið gríðarlegt áfall fyrir svo dreifbýlt land eins og Ísland og það var að etja mönnum saman til samkeppni í fluginu, innanlandsfluginu, sem leiddi til þess að bæði félögin átu upp eigið fé og nú er afleiðingin sú sem við horfum upp á, flug aðeins inn á nokkra pósta á gífurlega háu verði. Þetta er grunnþjónusta sem skiptir landsbyggðina öllu og skiptir öllu hvað varðar stofnun fyrirtækja og það að fólk vilji lifa og hrærast á landsbyggðinni.

Sjóflutningarnir og flugið hafa farið yfir í þennan einkavæðingarfasa á allra síðustu árum með ómældum afleiðingum. Vegakerfið er að stofni til í eign ríkisins og þar hefur verið gert átak sem ber að virða.

Það er eins með fjarskiptamál. Eftir hlutafélagavæðingu Símans er þegar farið að bera á minni þjónustu. Þessi þjónusta verður að vera á boðstólum fyrir landsbyggðina, á öllum sviðum ef við eigum að geta byggt upp og látið þau samfélög sem við viljum hafa úti á landi þrífast.

Sama gildir um þjónustu bankanna, Símans og Póstsins. Ég nefni líka Ríkisútvarpið á Akureyri. Hvað eru menn að tala um góðan vilja í tillögum þegar t.d. stöðugildum við útvarpið á Akureyri hefur fækkað úr ellefu niður í sex á allra síðustu árum? Þarna fylgir hugur ekki máli. Og það skrifast algjörlega á ríkisstjórnina sem hefur verið viljalaus að tala fyrir þeim framlögum sem hefði þurft til að efla byggð á þessu svæði.

Og nú stöndum við frammi fyrir sams konar málum í rafmagns- eða orkumálum því að þar er talað um einkavæðingu. Það væri hins vegar vítamínsprauta fyrir landsbyggðina ef við gætum lækkað raforkuverð svo sem afskriftir Landsvirkjunar ganga fram, það fyrirtæki verður skuldlaust á 15 árum. Það er blóðtaka fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni, eins og mjölframleiðsluna, að þurfa að kaupa orkuna á 5 kr. kwst. og upp í 8 kr. þegar verst lætur. Þannig eru staðreyndir málsins og þarna væri hægt að gera alveg gríðarlegt átak. Rarik þjónar hinum dreifðu byggðum með miklu hærra orkuverði en annars þekkist. Þá er ég að bera saman við Reykjavíkursvæðið.

Í umræðunni hefur verið dreginn út sá ásetningur að efla Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Auðvitað eru það að mínu mati skínandi góð áform en ég skil í raun og veru ekki af hverju þarf að setja slíkt inn í byggðaáætlun sérstaklega. Akureyri er nú einu sinni þannig sett í krafti stærðar sinnar að ríkisstjórninni væri í lófa lagið að tala máli hennar við fjárlagagerð. Akureyrarkaupstaður er með stór fyrirtæki eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Háskólann á Akureyri. Báðar þessar stofnanir hafa ekki fengið sérstaklega mikil framlög á undanförnum árum. Háskólinn á Akureyri hefur verið með nýframkvæmdir upp á 100 millj. á ári og ég bendi á að á sama tíma og Háskólinn á Akureyri hefur verið byggður upp og hefur gagnast því samfélagi gríðarlega vel er búið að byggja upp einkaháskóla af svipaðri stærð á höfuðborgarsvæðinu án þess að nokkur tali um það, til hliðar við Háskóla Íslands.

Á Akureyri eru verkefni sem má fara í hvenær sem er ef vilji ríkisstjórnarinnar stendur til þess. Dæmi um slíkt eru menningarhús á Akureyri, þjóðvegir í þéttbýli og blómlegt atvinnuþróunarfélag. Tilraunasveitarfélagið Akureyri hefur verið í vandræðum með samskipti við ríkið, ágreiningur er um kostnað og þess háttar svo tugum milljóna skiptir. Auðvitað á að fara í þessi mál sem eru tilbúin undir framkvæmdir. Og ég get nefnt bara sem dæmi að fyrir liggur skýrsla um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þar sem fram kemur að hægt er að auka starfsemi bæklunardeildar sem mundi létta á höfuðborgarsjúkrahúsunum um 20 rúm á ári fyrir tiltölulega lítinn pening. Þetta er allt hægt að gera ef hugur ríkisstjórnarinnar stendur til þess og hún getur talað því máli með framlagi upp á örfá hundruð milljóna króna á ríkisfjárlögum.

Þess vegna er maður svo hræddur um, virðulegi forseti, að sá góði ásetningur sem kemur fram í svona þáltill. frá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. séu orðin tóm rétt fyrir kosningar vegna þess að hvað varðar Akureyri hafa sannarlega verið tilefni til að tala máli bæjarins. Þar eru öll tæki og tól fyrir hendi ef ríkisvaldið vill koma að þeim málum með myndarlegum hætti.

[17:04]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson hvaða þjónusta hafi versnað hjá Símanum. Ég bið hann að gera grein fyrir því. Og hvað varðar Ríkisútvarpið hefur verið ákveðið að flytja Rás 2 norður á Akureyri og ég held að það muni efla landsbyggðarútvarp mikið og verða okkur öllum til góðs.

En ég tók eftir því að hv. þm. minntist ekki á eitt stærsta byggðamálið sem hefur verið ákveðið að fara í og það er virkjun á Kárahnjúkasvæðinu og álver í Reyðarfirði sem munu efla störf á landsbyggðinni til mikilla muna.

[17:05]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki búinn að sjá að Rás 2 sé flutt til Akureyrar og væri nú gott að sjá í fyrsta áfanga á næstu vikum fjölga upp í þau stöðugildi sem voru á Akureyri áður en niðurskurðartímabilið hófst. Þannig standa málin. Við viljum efndir en ekki orð og það er það sem ég var að tala um í þessu sambandi. (Gripið fram í.)

Hvað varðar þessi verkefni sem ég nefndi liggja þau öll á borðinu. Ég vil spyrja hv. þm. hvað varðar byggðastefnu hvort henni þyki ekki sjálfsagt svona mál eins og ég nefndi varðandi Fjórðungssjúkrahúsið þar sem allar skýrslur og útreikningar eru til um hvað það mundi kosta að setja þar upp 20 rúma deild fyrir bæklunarþjónustu og létta þeirri byrði af heilbrigðiskerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Svona geta menn gert hvað varðar verkefni eftir verkefni. Akureyri hefur þá sérstöðu eins og ég sagði vegna stærðar sinnar að ef menn hafa áhuga á að efla Eyjafjarðarsvæðið og Akureyri til mótvægis við Reykjavík er talað fyrir því máli við gerð fjárlaga.

[17:06]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki betur en verið sé að undirbúa komu Rásar 2 norður í land með endurbótum á öllum tæknibúnaði og flutningum í annað húsnæði.

Hvað varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er það skoðun mín að þá stofnun eigi að efla, svo sannarlega. Ég tel alveg nauðsynlegt að það sé hátæknisjúkrahús annars staðar en á þessu svæði hér ef neyðarástand skapast á öðrum stöðum.

En ég vil líka sjá eflingu á sjúkrahúsi Suðurlands og eflingu á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum. Ég tel að þessi sjúkrahús á landsbyggðinni eigi að einbeita sér að þeim aðgerðaverkefnum sem ekki þarf að gera í hátæknisjúkrahúsum. Þar er gott starfslið og má nýta það vel. Svo má ekki gleyma að það er líka sjúkrahús á Suðurnesjunum, svo öllu sé til haga haldið.

[17:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Ég vil spyrja hv. þm. Drífu Hjartardóttur ... (**DrH:** Ég er búin að svara þér.) já, benda hv. þm. Drífu Hjartardóttur á að hún hlýtur að hafa gert sér grein fyrir þeim breytingum sem hafa orðið varðandi þjónustu allra stofnana. Hvað varðar Símann sem hv. þm. spurði um áðan — nú þarf ég t.d. að fá samband til Reykjavíkur vegna stofninnlagnar taugar á Akureyri en fyrir örfáum mánuðum gat ég fengið þjónustuna á Akureyri. Og þannig er þetta alls staðar. Mér skilst að ekki sé hægt að setja upp nýjustu tækni í Grímsey vegna þess að þar eru bara 100 manns. Svona eru málin hvert á fætur öðru. Og hv. þm. veit vel að verið er að skafa innan úr stofnunum eins og bönkunum og bjóða fólki vinnuna í Reykjavík. Allir vita hvernig þessi þróun fer fram og hv. þm. stjórnarinnar klifa á því sýknt og heilagt að þetta sé bara þróunin og yppta öxlum. Þetta er þeirra verk að langmestu leyti.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hlýtur að átta sig á að mikið af því sem hefur verið að gerast í þjónustu á landsbyggðinni er bein afleiðing af stjórnarstefnu sem hún hefur samþykkt. Þannig standa þessi mál.

Svona til gamans varðandi Landssímann: Fyrir örfáum mánuðum var það þannig að ef maður þurfti að fá uppgefið

símanúmer í útlöndum eftir miðnætti, hafði nafn og heimilisfang, svaraði Landssíminn í Reykjavík. Þetta gildir að vísu um landið allt en núna er ekki hægt að fá þessa þjónustu nema maður tali dönsku vegna þess að það er svarað í Kaupmannahöfn frá klukkan tólf á kvöldin til sex á morgnana. (**DrH:** Það er líka hringt úti á landi fyrir ...)

[17:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins fjalla um ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar 6. þm. Norðurl. e. sem skautaði hér í kringum þessa byggðaáætlun. Ég get tekið undir margt sem þar kom fram, t.d. um svikin loforð, sviknar efndir og að ekkert hefur verið gert. Mér finnst hins vegar skjóta svolítið skökku við þegar þingmenn Vinstri grænna ræða byggðamál á hinu háa Alþingi — og áður hef ég rætt ýmsar tillögur Vinstri grænna sem ég er ekki sáttur við og tel að séu byggðamálum ekki til framdráttar.

Eitt af þeim atriðum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð berst gegn er áform um byggingu álvers á Reyðarfirði og virkjunar við Kárahnjúka sem ég verð að segja alveg eins og er og hef áður sagt að ég er mjög skotinn í og tel að ef arðsemisútreikningar verða í takt við það sem sagt hefur verið sé þetta hið besta mál og gott verk. En Vinstri hreyfingin – grænt framboð berst sífellt gegn þessu. Þegar þetta verður komið til framkvæmda, álver og Kárahnjúkavirkjun, skapar verkið þúsund störf á Austurlandi. Þess vegna spyr ég: Hvernig í ósköpunum geta menn lagst gegn þessu í þeirri miklu vörn sem við erum í andspænis byggðamálum á Íslandi? Ég treysti mér ekki til að leggjast gegn því. Auðvitað mun þessi framkvæmd hafa einhver umhverfisspjöll í för með sér, það er vitað, en ef ekki verður farið í þessar framkvæmdir getur þessi framkvæmd, eða framkvæmdaleysi, haft byggðaleg umhverfisspjöll í för með sér þannig að fleiri flytji frá Austurlandi.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann Vinstri grænna: Hvernig í ósköpunum geta menn verið svo tvöfaldir að tala eins og hér hefur verið gert en verið svo á móti þessu sem líklega verður eina lofsverða framkvæmd þessarar ríkisstjórnar í byggðamálum?

[17:12]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil frábiðja mér þá framsetningu að vera kallaður tvöfaldur þó að ég hafi aðra pólitíska sýn og aðra skoðun á uppbyggingu á atvinnulífi í þessu landi. Mér finnst hv. þm. Kristján Möller ansi kokhraustur að fara að inna mig í andsvari á tveimur mínútum eftir stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í atvinnumálum. Og kokhraustari er hann vegna þess að hann er að inna Vinstri hreyfinguna – grænt framboð eftir svari þegar hann veit fullvel sjálfur að það er ekki eining í hans eigin flokki um þetta mál. Væri ekki heppilegra fyrir þingmanninn að fara inn í þingflokksherbergi síns flokks (**Gripið fram í:** Nei nei.) og berja saman liði þar heldur en að djöflast á okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði (Gripið fram í.) sem ævinlega höfum gert skýra grein fyrir stefnu okkar í atvinnumálum og að þar væri stóriðjustefnan ekki á blaði? Og það er ekkert nýtt.

Um stóriðju, stóriðjustefnu og uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi þarf ég meira en tveggja mínútna ræðu til að gefa hv. þm. Kristjáni L. Möller svar. (**KLM:** Örstutt um fjallagrösin?) Menn tala mikið um fjallagrös. Þau eru undirstaða iðnaðar upp á milljarða kr., t.d. í Norður-Skandinavíu, og það er ekki von að það sé vel komið fyrir okkur Íslendingum í uppbyggingu á fjölbreyttu atvinnulífi ef menn hlæja að möguleikum sem tiltölulega lítil og nett hráefnisauðlind getur gefið okkur. Ég hvet hv. þingmenn til að afla sér gagna. Lyfjaiðnaðurinn á Íslandi er í örri sókn og hann þarf hráefni, þar á meðal fjallagrös ... (**Gripið fram í:** Hvað með hreindýrin?) og ég veit ekki betur en að Delta í Hafnarfirði hafi skilað hálfum milljarði í hagnað á síðasta ári. Er það ekki fín búbót?

[17:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hafi hvergi komið fram ef hluti af hálfs milljarðs hagnaði Delta í Hafnarfirði er eitthvað út af fjallagrösum eða hundasúrum. Það er þá eitthvað falið inni í því fyrirtæki sem ég held að fjárfestar og aðrir ættu að skoða.

Herra forseti. Hv. þm. sagði bara stutt og laggott áðan að stóriðjustefna væri ekki á blaði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er út af fyrir sig mjög skýr stefna. Ég treysti mér ekki til að loka algjörlega á stóriðjustefnu, það er bara ekki hægt í byggðamálum. Ef vörn á Miðausturlandi verður snúið í sókn með álveri við Reyðarfjörð — ég hef stundum kallað það svæðisbundna byggðastefnu — er það hið besta mál að mínu mati, alveg eins og það er hið besta mál hvernig vörn hefur verið snúið í sókn á Eyjafirði með tilkomu háskólans og fleiri stofnana sem þar eru. Það er svæðisbundin byggðastefna. Og ég teldi það líka af hinu góða ef menn skilgreindu Vestfirði með hætti svæðisbundinnar byggðastefnu með því að viðurkenna að þar verði best stuðlað að smábátaútgerð sem Vestfirðingar hafa tileinkað sér og eru snillingar í. Það er líka svæðisbundin byggðastefna. Og ég treysti mér engan veginn til þess að andmæla því og segja að stóriðjustefna sé ekki á dagskrá, að bygging álvers sé bara alls ekki á dagskrá og það sé allt af hinu slæma. Tökum dæmi af Norðuráli í Hvalfirði, og sjáum jafnframt uppbygginguna sem átti sér stað á höfuðborgarsvæðinu með tilkomu álversins í Straumsvík. Að ætla sér að loka algjörlega á þetta eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerir er nánast út í hött og gerir það að verkum að ekki er hægt að taka byggðastefnuumræðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs alvarlega ásamt þeim tillögum sem hafa verið lagðar fram um milljarð hér og milljarð þar.

Herra forseti. (Forseti hringir.) Að mig minnir hafði sá sem slær í bjölluna fyrst talað um fjallagrös og hundasúrur sem stóriðjustefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[17:16]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa hv. þm. Kristjáni L. Möller að flytja hér ræðu í andsvari. Það er stundum gripið fram í fyrir mönnum út af því.

Ég vil árétta það enn og aftur að við höfum aðra stefnu í atvinnuuppbyggingarmálum. Og ef maður er á móti einhverjum tillögum sem aðrir koma með, hefur maður þá væntanlega ekki einhverjar aðrar tillögur fram að færa sem maður telur að séu betri og færir rök fyrir þeim? Ég veit að hv. þm. Kristján L. Möller getur ekki komið í ræðustól aftur. En ég vil segja þetta úr þessum ræðustóli núna: Gera menn sér ekki grein fyrir því t.d. hvernig staðan er í orkumálum á Íslandi? Landsvirkjun sem fyrirtæki verður skuldlaus á næstu 15 árum. Gera menn sér grein fyrir því hvaða tækifæri

eru fólgin í því á breiðum grunni að vera með fyrirtæki sem verður skuldlaust á 15 árum? Hvaða afleiðingar hefur það fyrir atvinnustarfsemi sem er til staðar í landinu núna og atvinnustarfsemi sem menn áforma að setja upp í litlum mæli fyrst en síðan til að vaxa, ef við getum lækkað orkukostnaðinn um tugi prósenta á allra næstu árum? Það er svo sannarlega byggðastefna sem gagnast öllum á breiðum grunni. Ég nefndi hér dæmi úr mjöliðnaðinum. Halda menn að það hafi ekki gríðarleg áhrif ef þar er hægt að keyra niður orkuverð á allra næstu árum þar sem menn eru að kaupa orku í hinum dreifðu byggðum á Rarik-svæðinu fyrir 5 til 8 kr. kílóvattstundina? Menn skulu bara passa sig í svona málflutningi. Við höfum aðra sýn. Við höfum aðrar tillögur og við höfum ígrundaðar tillögur sem byggja ekki á uppbyggingu stóriðju af því tagi sem talað er um í þessum áformum.

[17:18]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ekki er að undra þótt byggðamál séu mikið rædd á þinginu og á Íslandi yfirleitt því á Íslandi hefur átt sér stað meiri byggðaröskun en í flestum öðrum löndum. Því er ástæða til þess að staldra við og átta sig á hvað við erum að fjalla um.

Að mínum dómi þurfum við að átta okkur á tveimur meginástæðum byggðaþróunar. Þessar tvær meginástæður eru óeðlilegar. Mjög margt í byggðaþróun getur verið eðlilegt og ekkert er að því í nýju tæknivæddu þjóðfélagi sem hverfur frá landbúnaði á 100 árum eða svo þó að hér byggist upp borgir og byggðir. En tveir þættir eru mjög óeðlilegir í þessari þróun og við eigum að hyggja að þeim. Annar þeirra er sá að grunnatvinnuvegur landsbyggðarinnar og grunnatvinnuvegur útflutningsgreina Íslands, sjávarútvegurinn, hefur sjaldnast fengið að njóta gæða sinna. Það hefur komið fram í stöðugum viðskiptahalla við útlönd í gegnum áratugi. Við áttum við slík vandamál að stríða á árunum 1999 og 2000 og fram á 2001 vegna mjög rangrar peningastefnu og mjög rangra ráða sem Seðlabankinn fékk framgengt. Það var ekki fyrr en á síðasta ári, eða fyrir árið síðan, sem fallið var frá þeirri vondu stefnu og við tókum upp rétta og eðlilega gengisstefnu sem hefur orðið til mikillar blessunar núna síðustu tólf mánuðina eða svo. Sú gengisstefna sem nú er fylgt er einhver bjartasta von landsbyggðarinnar. Við skulum vona að menn falli ekki í þá gryfju einu sinni enn, sem áður hefur varðað þessa slóð efnahagsmála, að átta okkur ekki á því að það er leiðin niður á við, leiðin til glötunar, ef við getum ekki hamið eyðslu okkar og staðið rétt að því að halda jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Til er þumalputtaregla um stöðu landsbyggðarinnar sem við getum alltaf notað: Ef jafnvægi er í viðskiptum við útlönd þá eru kjör og staða landsbyggðarinnar nokkuð þokkaleg. Að þessu leyti getum við verið bjartsýn gagnvart þessu atriði.

Hitt atriðið sem veldur óeðlilegri þróun er hin mikla útþensla ríkisbáknsins, hin mikla og óeðlilega og óheilbrigða útþensla ríkisbáknsins sem hefur nærri því öll átt sér stað hér í þessu eina byggðarlagi, þessari ágætu Reykjavík. Þetta hefur verið hin aðalorsök þessarar þróunar.

Með nýrri tækni fjarskiptatækni og nýjum samskiptum trúðu menn því fyrir nokkrum árum að upp væri runnin ný tíð, að nú þyrfti ekki endilega öll útþenslan og öll þessi aukning á störfum hins opinbera að eiga sér stað í Reykjavík, nú gætum við farið að dreifa stjórnsýslunni um landið og hinni ýmsu opinberu þjónustu sem við stöndum að þar. Menn voru bjartsýnir á þetta, mjög bjartsýnir á tímabili. En niðurstaðan hefur því miður verið sú, herra forseti, að nánast ekkert hefur gerst. Við skulum átta okkur á hver sé orsök þess. Ég efast ekkert um að hæstv. ríkisstjórn og allir þeir hæstv. ráðherrar sem þar sitja hafi ekkert endilega viljað að við næðum engum árangri. Við skulum átta okkur á því að stjórnsýslan í heild er á móti slíkri þróun og neytir allra krafta til að koma í veg fyrir hana vegna þess að í þeirra augum snýr þetta alveg öfugt við, þ.e. að hin nýja tækni hjálpar til við að koma allri stjórnsýslunni til Reykjavíkur, færa allt hingað. Þannig horfa þeir á þetta. Það eru tvær hliðar á hverju máli. Þannig þurfum við að átta okkur á því við hvað við erum að fást og hvernig við getum snúið okkur í því.

Á undanförnum árum hafa menn talið sér rétt og skylt að reyna að taka saman í þáltill. þessi byggðamál til að reyna að skýra fyrir okkur við hvað sé að fást og sannarlega ætla ég ekki að gera lítið úr því. Ég ætla að fullyrða að t.d. sú nefnd sem forsrh. skipaði fyrir nokkrum árum og sú byggðaáætlun sem kom út úr því hefur verið okkur á þinginu mjög til gagns vegna þess að þar var hönd á festandi. Hún hefur verið mjög til gagns, sérstaklega fyrir fjárln. á undanförnum árum, til þess að koma fram fjárveitingu til landsbyggðarinnar.

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði hér áðan, að þessu máli ætlum við að tala í gegnum fjárlögin. Þetta er alveg hárrétt hjá honum. En til þess að við getum talað þessu máli gegnum fjárlögin þá verður eitthvað í slíkri þáltill. að vera naglfast, eitthvað sem menn geta bundið við og notað til þess að þrýsta fram þeim fjármunum sem þörf er á. En því miður höfum við það ekki, herra forseti, í þessari ályktun og ég ætla að vona að hv. iðnn. geri hér gagngera breytingu á þegar hún fær þessa þáltill. til umfjöllunar.

Það er alveg lífsnauðsynlegt fyrir þingið, ef menn meina eitthvað með öllu því tali sem hér kemur fram um byggðir og þá miklu þörf að byggja Ísland eins og frekast er kostur, að við naglfestum þetta, að við naglfestum það hvar við ætlum að koma opinberum störfum fyrir í framtíðinni. Ég gerist ekki svo djarfur að halda að það þýði neitt að tala um að flytja opinber fyrirtæki úr Reykjavík út á land. Það hefur ekkert gengið og ég ætla ekki að standa fyrir því. En ég ætla bara að benda mönnum á það og biðja þá að fara yfir það hver aukningin hefur verið. Hún er stöðug. Útþensla ríkisins er stöðug. Þrátt fyrir að ýmsir góðir menn hafi reynt að benda á að rétt sé að berjast gegn því, eins og t.d. sá sem hér stendur, þá hefur lítið miðað. Við erum endalaust að glíma við útþenslu ríkisins á öllum sviðum. Ef við meinum eitthvað með þessu þá getum við sett á prent hvað eigi að fara út á land. Ætlum við að setja helminginn þangað? Ætlum við að setja 40% þangað eða 60%? Við getum valið það. Þá höfum við markmið til að fara eftir.

Til eru mörg dæmi um hvernig þetta hefur gengið. Af því að Eyjafjörður á að vera hér á dagskrá og menn hafa bent á hann þá get ég rifjað það upp að 1991, fyrir tíu árum síðan, datt sumum mönnum í hug að ný stofnun sem heitir Fiskistofa yrði nú ágætlega sett í Eyjafirði. Það var kveðið niður vegna þess að hún átti að vera svo lítil að það munaði ekkert um hana. Hún kostar núna 600 millj. á fjárlögum svo ég taki bara dæmi um þetta. En við getum breytt þessu.

Er tíma mínum lokið, herra forseti?

(**Forseti** (ÍGP): Þannig vill til að hv. þm. á 15 sekúndur enn þá eftir.)

Já. Þá verð ég að tilkynna herra forseta að ég ætla að reyna að fá orðið aftur og fjalla þá aðeins um þá þáltill. sem er á dagskrá.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Engu að síður hefur ræða þingmannsins vakið athygli hér í salnum því fleiri þingmenn hafa beðið um að veita andsvör við ræðu hv. þm. en að komast.)

[17:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil bregðast við einu atriði úr ræðu hv. þm. þar sem hann talar um að ekkert sé hönd á festandi í þessari þáltill. um byggðamál.

Ég vil halda því fram að auðveldara verði að koma þessari tillögu til framkvæmda en áður hefur verið um tillögur sem lagðar hafa verið fram þess eðlis að hafa áhrif á byggð í landinu vegna þess að nú er eitthvert ráðuneyti eða einhver stofnun gerð ábyrg fyrir verkefnunum, þessum 22 sem lögð eru til. Og eins er það að verkefnisstjórn verður skipuð fulltrúum ráðuneytanna — væntanlega verða það ráðuneytisstjórarnir — sem mynda samstarfshóp um að þetta verði gert. Að þessu leyti til tel ég að við eigum að hafa betri verkfæri til þess að koma tillögunni til framkvæmda.

[17:28]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vitnaði til ummæla hv. þm. Árna Steinars sem sagði, að þá er því máli talað á fjárlögum ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil minna hv. þm. á að við nefnum þingmenn fullu nafni hér í þingsölum.)

Árni Steinar Jóhannsson. Ég biðst afsökunar á þessu. Ég skal reyna að gera þetta ekki aftur, herra forseti.

Ég á bara við reynslu mína úr vinnunni í fjárlögum. Við höfum náð fram ýmsum þáttum þar og við 2. umr. fjárlaga, eins og t.d. jöfnun raforkukostnaðar, jöfnun á námskostnaði og ýmsu öðru með beinni tilvitnun í þáltill. Við náðum því sérstaklega fram að koma upp háskólanáminu fyrir austan og á Vestfjörðum með beinni tilvitnun í hana. Þar stóð að það skyldi gert. Ég sakna þessa og það er þetta sem ég held að þurfi að vera ef við eigum að geta talað því máli á fjárlögum sem við viljum tala.

[17:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að gera lítið úr störfum fjárln. og vil nota þetta tækifæri og þakka fyrir margar góðar tillögur sem þaðan hafa komið um byggðamál.

En ég hlýt að minna hv. þm. á að hversu svo sem fjárln. er mikilvæg þá vinnur hún nokkuð sem heitir fjárlagafrv. Og með því að hafa það fyrirkomulag sem ég gat um í fyrra andsvari minni þá munu þær tillögur sem birtast í þessari þáltill. birtast í fjárlagafrv. Hv. þm. þarf því ekki annað en taka afstöðu til þess sem þar verður lagt til og mun það koma frá hverju ráðuneyti fyrir sig að sjálfsögðu.

[17:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Á umliðnum árum hef ég tekið afstöðu til þess sem staðið hefur í fjárlagafrv. með því að beita mér fyrir fjölmörgum brtt. við 2. umr. fjárlaga þar sem mér hefur þótt mjög á skorta að menn gættu hagsmuna landsbyggðarinnar. Ég á vonandi eftir að gera það áfram.

En það sem ég var að meina og allir hljóta að skilja, herra forseti, er að útþensla ríkisins, hin mikla og stöðuga útþensla ríkisins, fjölgun í opinberum störfum — við munum ekki að mínu mati takast á við hana og koma þeim störfum út á land, þar sem þau geta svo sannarlega verið og eru velkomin í mjög góðum fyrirtækjum, nema við setjum okkur skýr markmið og setjum þau niður í þá þáltill. um byggðamál sem við ætlum nú að standa að.

[17:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni afar hreinskiptna og heiðarlega ræðu í alla staði eins og hans er venja til og vil spyrja hann í beinu framhaldi af þönkum hans hér, sérstaklega í garð ráðherra ríkisstjórnarinnar. Hann lét í veðri vaka, sem satt er að verulegu leyti, að nefnd sem hann gegnir varaformennsku fyrir, fjárlaganefnd, hefur oftar en einu sinni þurft að laga mjög stefnumörkun, tillöguflutning ráðherra ríkisstjórnarinnar. Ég spyr: Hvernig hefur hann langlundargeð til að styðja þessa sömu ráðherra ár eftir ár, svo ég tali ekki um ríkisstjórnina í heild sinni?

Ég vil enn fremur spyrja hv. þm., af því það kom ekki fram í þessari eldmessu hans, hvort hann styðji það mál sem við ræðum um hér, hvort hann hafi haft á því fyrirvara eins og kollegi hans Vestfirðingurinn Einar K. Guðfinnsson, varaformaður þingflokks Sjálfstfl. og hvort svo kunni að vera þegar upp er staðið að enn fleiri sjálfstæðismenn standi ekki að stuðningi við þetta stóra mál sem flutt er fram af Framsfl. og hæstv. ráðherra.

[17:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Eins og flestir hafa tekið eftir átta ég mig ekki á klukkuganginum hérna þannig að ég var nú ekki kominn að því að ræða þessa góðu þáltill. En ég get alveg upplýst hv. þm. um að ég hafði mjög mikla fyrirvara í þingflokki Sjálfstfl. við þessa þáltill., það er ekkert leyndarmál. Ég hef hins vegar stutt þessa ríkisstjórn af miklu afli og lagt mig allan fram, enda höfum við verið á gæfubraut í flestum tillfellum. Þó hef ég gagnrýnt hana mjög harkalega þegar ég hef talið að hún væri að gera rangt. Ég gagnrýndi mjög peningamálastefnuna í mörg ár og hélt hér margar ræður um það. Ég sé ástæðu til að fagna því nú að núna sé stóra byggðamálið þó komið í höfn, sem er fyrir rétta og frjálsa gengisskráningu, sem er þá grundvöllurinn undir öllu hinu sem við ætlum að byggja, því við munum aldrei efla þessa landsbyggð nema góð afkoma sé í rekstri atvinnufyrirtækjanna.

[17:33]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér telst til að þrír hv. þm. Sjálfstfl. hafi rætt þá tillögu sem fyrir liggur. Tveir þeirra hafa lýst því yfir að þeir styðji þetta mál ekki að óbreyttu. Ég spyr: Er það hlutfallið í þingflokki Sjálfstfl.? Er ekki þingmeirihluti að baki þessu stóra máli? Spyr sá sem ekki veit.

Í annan stað vildi ég vekja athygli hv. þm. á því — hann er jafn hreinskiptinn og fyrr — að hann segist hafa stutt þessa ríkisstjórn af heilum hug og geri það áfram, enda þótt hann sé á móti ríkisstjórninni í sjávarútvegsmálum, enda þótt hann sé á móti stefnu ríkisstjórnarinnar í peningamálum og efnahagsmálum, (**EOK:** Var.) enda þótt hann sé á móti stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Ég spyr: Hvar er hann samstiga ríkisstjórninni? Væri ekki rétt að hann færi að koma í (Gripið fram í.) rétt lið? Er ekki rétt að hann fari að átta sig á því hvar hinar réttu áherslur liggja? Veri hann velkominn í hið rétta lið.

[17:34]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru menn farnir að nota þessa eina mínútu til stórra spurninga. En ég skal svara mjög skýrt.

Þessi ríkisstjórn, svo og forverar hennar tveir, hafa verið að stíga mikil gæfuspor í efnahagslífi Íslendinga. Ég gagnrýndi hér í þrjú ár peningamálastefnu Seðlabankans, hvað hann væri að gera og gerði það af fullri einurð. Ég fagna því hins vegar í dag að fyrir ári var horfið frá þeirra vondu ráðum og nú fylgjum við réttri og heiðarlegri stefnu í efnahagsmálum. Ég þarf ekki að skipta um flokk til að gagnrýna það sem er gert rangt. Nei, ég þarf þess ekki. Við munum ræða hér innan tíðar sjávarútvegsmálin. Ég þarf heldur meira en þær 16 sekúndur sem eftir eru, þar mun koma fram hvað í stefnu flokksins og ríkisstjórnarinnar er gagnrýnisvert af minni hálfu og hvað sé rétt. Það er enginn vandi að fara yfir það. En ég er alveg viss um að þá færi ég nú úr öskunni í eldinn ef ég ætlaði að fara að fylgja einhverju af því sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram í sjávarútvegsmálum.

[17:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði mjög skýrt. Hann sagði að í þáltill. ríkisstjórnarinnar væri ekki að finna neitt naglfast. Þar talaði hv. þm. skýrt. En meginkjarninn í málflutningi hans var sá að vandi landsbyggðarinnar stafaði af útþenslu ríkisbáknsins, eins og hann orðaði það. Nú vil ég óska eftir því að hv. þm. tjái sig ögn skýrar. Til hvers er hann að vísa? Er hann að taka undir með flokksbróður sínum, hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem segir að mögulegt sé að fækka í heilbrigðisþjónustunni, sjúkraliðum, læknum og hjúkrunarfræðingum, um helming? Er hann að vísa til útþenslu í heilbrigðiskerfinu, á sjúkrahúsum og í heilsugæslunni? Er hann að vísa til útþenslu í utanríkisþjónustunni? Er hann að gagnrýna NATO-fundinn sem hér verður haldinn í vor og mun kosta þjóðina og skattborgarann mörg hundruð milljónir króna? Hvað er hv. þm. að gagnrýna? Hann á sæti í fjárln. Hann verður að tala skýrar þegar hann er með þetta sverar fullyrðingar hér uppi.

[17:37]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Árlega þegar við förum yfir fjárlögin hef ég farið yfir þessa útþenslu og fjölgun ríkisstarfsmanna. Þessi fjölgun, þessi útþensla, er staðreynd. Hún er bara staðreynd sem liggur á borðinu. Ég get sýnt honum mjög mikla og ítarlega skýrslu eftir Harald L. Haraldsson hagfræðing sem sýnir nákvæmlega hvar þessi störf eru niður komin. Þau eru öll í Reykjavík.

Ég sagði líka áðan, herra forseti, að þrátt fyrir viðleitni sumra þingmanna til að reyna að stöðva þá þróun hefur það ekki tekist og hún væri staðreynd. Og ef svo héldi fram sem horfði, þá mundi ríkisbáknið halda áfram að þenjast út og því væri mjög nauðsynlegt að kortleggja hvort það þyrfti endilega að vera í Reykjavík, hvort við gætum ekki — ég veit við getum það — komið stórum hluta þeirrar útþenslu, sem er kannski ekki hægt að koma í veg fyrir, fyrir á landsbyggðinni. Ég vona að hv. þm. hafi tekið eftir því um hvað ég var að tala. Ég var ekki að ræða um hitt, um fjárlögin. Ég skal ræða þau við hann undir öðrum kringumstæðum enda þarf ég meira tóm til þess en þessa einu mínútu.

[17:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er svo að skilja á svari hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hann sé ekki að gagnrýna útþenslu ríkisbáknsins, heldur hvar þessi útþensla eigi sér stað. Þá vil ég spyrja hann nánar: Hvernig getur hann stutt ríkisstjórn sem hefur verið að veikja þjónustustarfsemi á vegum hins opinbera, ekki síst á landsbyggðinni, með einkavæðingarstefnu sinni og öðrum hætti, en hefur á hinn bóginn einblínt á þá lausn eina að flytja stjórnsýslu, stjórnsýslustöðvar út á landsbyggðina á sama tíma og hún er að veikja aðra starfsemi? Þetta birtist okkur mjög skýrt t.d. í útvarpsrekstrinum. Þar stendur til að færa stjórnsýslu til Akureyrar á sama tíma og menn hafa verið að veikja grundvöll Ríkisútvarpsins til að sinna landsbyggðinni í þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Eins ítreka ég það að sú stefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt á sviði einkavæðingarmála hefur grafið undan landsbyggðinni. Ég sakna þess að hv. þm. beini sjónum sínum að þessum atriðum.

[17:39]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að ég bý úti á landi, hef alltaf búið og ætla alltaf að búa þar þannig að ég veit nú betur um það en hv. þm. Ögmundur Jónasson hvert þjónustustigið er. Opinbert þjónustustig hefur ekkert lækkað á landsbyggðinni. Það er bara vitleysa. Það er bara tilbúningur, pólitískur tilbúningur. (Gripið fram í.) Þjónustustigið hefur ekkert lækkað. Okkur hefur tekist að auka það á mjög mörgum sviðum, sérstaklega í heilbrigðis- og menntamálum. Það er hið rétta. Það er rangt sem hv. þm. segir.

Hins vegar hefur stjórnsýsla verið að aukast á Íslandi. Ég hef gagnrýnt það í hverri einastu fjárlagaræðu aftur og aftur og aftur á bak og áfram. Það er ekki stund né staður að fara í gegnum það hér og nú. Ég hef heldur ekki verið að nota tímann til þess.

En ég lít þannig á að tæknilega séð getum við rekið mjög mikið af þeirri stjórnsýslu einmitt úti á landi, hingað og þangað úti á landi, fyrir austan, norðan og vestan og það eigum við að gera. Það eigum við að sýna í þessari þáltill. ef við meinum það sem við erum að tala um.

[17:41]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér flutti ræðu hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem er nú ekkert smápeð, varaformaður fjárln. Hann er fulltrúi Alþingis í ríkisfjárlaganefnd og talsmaður Sjálfstfl. í ríkisfjármálum. Því liggur beinast við að spyrja hv. þm.: Hvers vegna geta menn ekki haft neina stjórn á hlutum þar sem hugur þeirra stefnir til hvað varðar rekstur ríkisins? Hvers vegna hafa menn enga stjórn á þessu? Í hverjum mánuði samþykkjum við lög sem skapa störf, núna síðast í sjútvn. störf til Fiskistofu. Ef hugur manna stendur til þess að hluti af slíkum nýjum störfum geti orðið til úti á landi, t.d. í eftirlitsiðnaði, hvers vegna ráða menn ekki við þetta? Þarf að skipta um ríkisstjórn? (**Gripið fram í:** Já.) (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

[17:42]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við lítum yfir síðustu fimmtíu ár, þá ætla ég að ekki hafi orðið miklar sveiflur í þessu. Þetta hefur verið stöðugt niður á við fyrir landsbyggðina. Það hefur verið stöðug uppbygging í Reykjavík. Litlu hefur skipt hvaða ríkisstjórn í sjálfu sér hefur setið.

Ég ætla að það liggi alveg fyrir að stjórnsýslan í landinu vill vera hér og hvergi annars staðar og hún hefur mikil völd. Það er ekkert einsdæmi að svo hátti til á Íslandi. Þessi tilhneiging er alls staðar í allri Vestur-Evrópu, alls staðar sem við þekkjum til. Ég er að segja að þau vinnubrögð sem við höfum notað hafi ekki dugað. Því eigum við að nota ný vinnubrögð, því eigum við að setja markmið okkar niður í þáltill. um hvaða þróun við viljum hafa og fylgja því þannig eftir. Ef við setjum það niður í þáltill. höfum við eitthvað naglfast, eitthvað til að starfa eftir, eitthvað til að standa á og knýja í gegn.

[17:43]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veiti andsvar öðru sinni hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

Ég vil spyrja hann um atvinnuuppbyggingu úti á landi. Það hafa verið settar í það nokkur hundruð milljónir á ári í gegnum Byggðastofnun. Þá vil ég spyrja hv. þm. sem er lykilmaður í ríkisfjárlögum: Hvernig hefur staðið á því og hvernig hefur það getað gerst að ríkisfyrirtæki hafa óbeint í skjóli hæstv. ríkisstjórnar fjárfest í nýsköpun í atvinnulífinu á höfuðborgarsvæði svo hundruðum milljóna skiptir án þess að nokkur hafi talað um það? Má þar nefna t.d. eins og Póst og síma sem líklega er búinn að koma að stofnun 12–15 fyrirtækja? Atvinnuuppbyggingin með atbeina þess opinbera úti á landi, ef farið yrði yfir sviðið, er því smámál. Hvernig í ósköpunum stendur á því þegar menn hafa þessa heildarmynd og hafa ríkisstjórnina á bak við sig, að ekki er tekið heildstætt á þessum málum?

[17:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að svara þessu. Ég held að aðalástæðan sé sú að í viðhorfi stjórnsýslunnar, í viðhorfinu eins og hefur verið mörg ár og marga áratugi, þá sé Reykjavík nafli Íslands og allt sem gert er fyrir utan Reykjavík sé þá einhver ölmusa og einhver hjálp. En þessi hugsunarháttur er stórhættulegur vegna þess að mjög margt, eiginlega allt sem við getum gert til þess að styrkja byggðir landsins, getur átt sér fullkomlega eðlilegar og heilbrigðar efnahagslegar forsendur þó það sé ekki í Reykjavík. Við þetta eigum við að stríða og þess vegna þurfum við svo mjög mikið að vanda okkur og átta okkur á því að öll okkar viðleitni fram til þessa hefur ekki borið árangur. Við höfum farið aftur á bak en ekki áfram. Þess vegna þurfum við ný og skarpari vinnubrögð til að reyna að ná árangri.

[17:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Umræðan um byggðamál er auðvitað nauðsynleg. Í gegnum tíðina hefur hins vegar verið rætt um þáltill. af þessu tagi og menn hafa oft orðið sammála um slíkar ályktanir. Þeim hefur verið fylgt eftir með ýmsum hætti en árangurinn hefur ekki orðið sá sem menn hafa vonast eftir.

Það sem ég ætla aðallega að ræða er sá vilji sem fram kemur í þessari ályktun, að sveitarfélögin í landinu verði stækkuð. Ég verð að segja að ég fagna því að viljinn til þess skuli koma fram í ályktuninni en mér finnst að hann hefði þurft að koma skýrar fram. Hvaða framgang vilja menn og hvaða markmiðum ætla menn sér að ná með stækkun sveitarfélaganna? Einnig hefði verið áhugavert að vita hvort hæstv. félmrh. er sammála því sem stendur í þessari ályktun. Þar er talað um að ríkisstjórnin vinni í samráði við forustu sveitarfélaganna í landinu að stækkun sveitarfélaganna og það verði gert með lagasetningu.

Hæstv. félmrh. hefur ítrekað sagt að hann sé ekki tilbúinn að skrifa upp á slíkar aðferðir. En það kynni að hafa orðið stefnubreyting hjá honum. Ég bið hæstv. iðnrh. því að upplýsa það, eða staðfesta öllu heldur. Varla er þetta sett á prent öðruvísi en að í ríkisstjórninni sé samþykki fyrir því að fara þessa leið. Ég hefði hins vegar viljað sjá að í þessari ályktun kæmi fram hvernig menn ætla að standa að þessu. Þá hefði þurft að liggja fyrir hvernig unnið yrði að málinu, hvaða markmið menn settu sér með stærð sveitarfélaganna eða stefnumörkun um með hvaða hætti slíkt yrði fundið út.

Ég er á þeirri skoðun að þetta sé eitt af stærstu atriðunum í sambandi við að styrkja byggð í landinu, að gera sveitarfélögin nægilega öflug og sterk til að þau geti séð fyrir þeirri þjónustu sem þarf til að þau geti tekið á þegar á þarf að halda í atvinnumálum. Þau þurfa að geta staðið undir þeim kröfum og standa við hana gagnvart stjórnvöldum, að öll þjónusta sé til staðar í þessum sveitarfélögum, að þar sé ákveðið menntunarstig og þjónustan í heilbrigðismálum sé samkeppnisfær við allt landið. Þetta vantar. Ég er sannfærður um að ekkert byggðarlag í þessu landi mun standast til lengdar öðruvísi en að hægt sé að bjóða upp á lágmarksþjónustu af þessu tagi. Það er kannski ekki rétt að kalla það lágmarksþjónustu heldur þarf að vera um að ræða sambærilegt umhverfi þannig að fólk vilji búa í viðkomandi sveitarfélagi, vilji ala þar upp börn sín, hafa möguleika á að koma þeim í framhaldsskóla. Á slíku svæði þarf að vera menningarlegt samfélag, skólamálin í lagi og öflugt atvinnusvæði. Þetta gerist ekki í þessum litlu sveitarfélögum um allt landið. Því miður er það ekki þannig.

Ég hefði viljað sjá eitthvað sem hönd væri á festandi. Mér finnst of hægt farið vegna þess að hér er ekkert sett fram um hvenær tillögur eigi að koma fram um þessa hluti. Mér finnst líka að ekki sé mikið að marka hluti sem eru settir fram með þessum hætti. Það er talað um að gera þetta á næstu árum. Þrátt fyrir allt er sagt að það eigi að hækka íbúatölu sveitarfélaganna með lagasetningu. Það er framför.

Fyrir liggur tillaga, sem kom til umræðu á síðasta þingi og bíður umræðu núna, um stækkun sveitarfélaganna. Ekki voru menn tilbúnir til að ganga það skref í fyrra. Kannski eru menn tilbúnir að gera það núna. Ég held að það væri a.m.k. ástæða til að menn skoðuðu það vandlega. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir að menn fái þriggja ára aðlögunartíma við að koma sveitarfélögunum upp í og yfir þúsund manns. Þar er ekki stigið lengra skref en svo. Það gæti hins vegar orðið til að ýta einhverjum hlutum af stað.

Ég held að því miður sé ekki ástæða til að fyllast óskaplegri bjartsýni í sambandi við umræðuna um þetta mál. Hins vegar er engin ástæða til að kvarta yfir því sem gott er sagt, sem er ýmislegt. Mig langar til að koma að einu sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á. Ég gerði það fyrir nokkrum dögum við umræður sem hér fóru fram en fékk ekki andsvör frá hæstv. iðnrh. Mér finnst svolítið ankannalegt að lesa það sem stendur hér á bls. 3 þar sem talað er um fjölbreytt atvinnulíf. Þar stendur, með leyfi forseta: „Þá er nauðsynlegt að stefna stjórnvalda í atvinnugreinum sem eru þýðingarmiklar á landsbyggðinni, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, dragi ekki úr nýliðun, frumkvæði og fjárfestingum í fámennum byggðarlögum þar sem fárra annarra atvinnukosta er völ."

Hvað segir þetta? Ég held að ekki sé hægt að misskilja þetta. Þetta hlýtur að þýða að stefna stjórnvalda megi ekki

koma í veg fyrir nýliðun í sjávarútvegi. Hins vegar er dálítið skrýtið að fletta upp á bls. 8 í sama plaggi þar sem stendur undir liðnum b. Sjávarútvegur:

„Huga þarf að stöðu nokkurra fámennra byggðarlaga sem eru háð útgerð smábáta og viðkvæm eru fyrir áhrifum af flutningi aflamarks milli byggðarlaga. Við endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða er mikilvægt að tryggja þessum byggðarlögum áfram aðgang að aflamarki sem hefur verið til ráðstöfunar fyrir staðbundna útgerð og fiskvinnslu. Slíkt aflamark á að vera tímabundið, óframseljanlegt og endurnýjun þess þarf að tengjast frammistöðu."

Mér finnst að hæstv. iðnrh. þurfi að útskýra hvað átt er við. Á einum stað er talað um að tryggja þurfi nýliðun í atvinnuvegum á þessum stöðum til að tryggja framgang atvinnulífsins þar en á öðrum stað er talað um að aflamark eigi að vera til ráðstöfunar til að hjálpa áfram starfsemi sem rekin hefur verið á þessum stöðum. Þetta rekst hvort á annars horn.

[17:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Í þessari þáltill., sem er eins konar viljayfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, eru margar góðar hugmyndir og margt gott lagt til. Þar er líka margt sem maður hefði viljað sjá öðruvísi og áherslur í aðra veru en þær sem maður hefur sjálfur. Ég vil gera nokkur atriði að umtalsefni.

Það skiptir afar miklu máli fyrir byggð og búsetu í landinu að hvarvetna ríki jöfnuður, jafnræði í aðgengi að þjónustu og ekki skipti þar máli hvar menn búa. Það verður að reyna að hafa það þannig að allir geti átt jafnan aðgang að þjónustu samfélagsins. Eitt af því mikilvægasta eru menntunarmálin. Það er ánægjulegt að í þessari till. til þál. er einmitt tekið upp mál sem ég og fleiri þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs höfum flutt á undanförnum þremur þingum, um að stefna beri að því að nemendur, ungt fólk, geti sótt nám daglega heiman að frá sér a.m.k. til 18 ára aldurs. Það ætti að vera hin fasta stefnumörkun. Annað ætti að heyra til undantekninga sem yrði þá að taka sértækt á. Það er ánægjulegt að þessi yfirlýsing, sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum einmitt haft til grundvallar í stefnumálum okkar, skuli komin hér inn í þessa till. til þál. um stefnu í byggðamálum.

Ég fagna enn fremur þeim frekari áherslum sem í þessari þáltill. er kveðið á um, um eflingu menntunar um allt land, bæði eflingu grunnskólamenntunar, að þar megi styrkja og efla starfsemina. Gera þarf byggðarlögum stórum og smáum mögulegt að reka grunnskóla sína þannig að nemendur geti sótt þá daglega heiman að frá sér sem og framhaldsskóla og aðra skóla í framhaldi af því. Ekkert er eins mikilvægt fyrir þjóðina í heild og að efla hið almenna menntunarstig í landinu og koma á jöfnuði milli íbúanna hvar sem þeir búa.

Í öllum skýrslum, úttektum og tillögum sem lúta að byggðamálum hefur komið fram hversu mikilvægt er að efla menntun og þekkingariðnað um land allt. Nú eiga t.d. staðir sem ekki hafa framhaldsskóla innan seilingar erfiðast og mest undir högg að sækja. Í skýrslum sem hafa komið fram um feril í námi og námsárangur nemenda kemur fram að brottfall úr námi er langmest í þeim hlutum landsins, þeim byggðarlögum þar sem ekki eru framhaldsskólar. Þess vegna er ástæða til þess að gleðjast yfir þeirri áherslu sem hér lögð á menntun.

Hins vegar er það rétt sem komið hefur fram, t.d. hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, að við tölum skýrast í gegnum fjárlögin, í gegnum fjármagnið sem varið er til verkefnanna. Það munum við einnig upplifa í menntamálunum. Ef við rýnum aðeins í hvernig þessi ríkisstjórn sem nú situr, ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., hefur staðið sig í fjármögnun, í að veita fjármagn til menntamála, til menntastofnana vítt og breitt um landið, er niðurstaðan ekki góð. Við getum t.d. rifjað upp að á fjárlögum undanfarinna ára hafa staðið, ekki há upphæð, tæpar 8 millj. kr. til að efla og styðja framhaldsdeildir sem hafa verið settir á stofn við grunnskóla eða í sveitarfélögum og héruðum þar sem ekki voru framhaldsskólar. Tæpar 8 millj. kr. voru veittar á fjárlögum til þess að styðja við slíkt starf. Rausnarskapurinn og sýnin var svo sterk að ástæða þótti til að skera þessa upphæð niður í núll á fjárlögum í ár. Það stangast rækilega á við þá stefnu og þá sýn sem við fögnum hér í till. til þál. í byggðamálum.

Hvernig er því háttað með framhaldsskólana annars? Jú, framhaldsskólar vítt og breitt um landið eru í verulegu fjársvelti. Þeir burðast með skuldabagga frá fyrri árum. Þeir hrópuðu á aðstoð í fjárln. í haust þegar við vorum að ganga frá fjárlögunum. Hv. varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, sem hér talaði fjálglega um stöðu sína og möguleika, vald sitt, áhrif og eigin sýn á fjárlagagerðina, hefði getað beitt áhrifum sínum til að veita fjármagn til þessara skóla, verknámsskólanna, fjölbrautaskólanna. Það hefði gert þeim mögulegt að efla námið og standa betur að því námi sem þeir bjóða upp á nú þegar. En svo var nú aldeilis ekki.

Ég nefni Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki og Menntaskólann í Kópavogi, sem veitir sérhæfða menntun á sviði starfsmenntunar og iðnmenntunar. Sá skóli býr við mikinn fjárskort en menntar þó fólk sem tekur þátt í að byggja upp atvinnulíf um allt land, í ferðaþjónustu, matvælaiðnaði og svo mætti áfram telja, sérhæfður skóli.

Það er ótrúverðugt, herra forseti, að hv. stjórnarþingmenn komi hér upp og tali um að þeir gætu haft vald og vildu hafa aðra sýn til að taka á þessum málum. Þegar þeir hafa tök á því gera þeir það ekki. Ég skora því á hæstv. iðnrh. sem ber hér fram tillögu sína til þál. að styðja vel við menntunina í landinu og láta þar verkin tala en ekki bara orðin.

[18:02]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Byggðaáætlunin sem hér er lögð fram af hæstv. iðn.- og viðskrh. er eins og svo oft áður lögð fram í góðri meiningu. Menn vænta mikils af áætluninni og vilja að á áætlunartímanum verði unnið að öllu því sem þar er nefnt. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti að lagðar eru fram slíkar áætlanir. Misjafnlega hefur gengið að framfylgja þeim fram að þessu og ætla ég ekkert að spá neinu um þessa.

Ég hef lesið þessa þáltill. og samkvæmt henni er ekki tilgreint mikið af því sem fara á út í heldur meira um bollaleggingar sem ljóst er að erfitt getur verið að koma í framkvæmd. Ég velti því fyrir mér t.d., herra forseti, hvað þýðir, eins og stendur í þessari till. til þál.:

„Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði."

Ég held að allir séu út af fyrir sig sammála þessu, þ.e. að skapa sem bestu og hagstæðustu búsetuskilyrðin. Samt sem áður veit ég að mismunur, t.d. á launum og kjörum, er hvergi meiri en einmitt úti á landi þar sem sjómennirnir eru

langtekjuhæstu menn í öllum byggðum í kringum landið. Það var gerð könnun á því sem birt var fyrir nokkrum vikum. Þar kom fram að í öllum sjávarbyggðum er gríðarlegur munur á launum milli þeirra hæstu og þeirra lægstu.

Ég geri ekki ráð fyrir að sérstök stefnumörkun sé í gangi um að annaðhvort eigi að hafa alla þá sem hafa virkilega góðar tekjur á sama stað eða þá sem hafa virkilega litlar tekjur á sama stað. Það hlýtur að vera einhver mismunur á því hvernig tekjujurnar eru. Þær geta aldrei orðið jafnar. Ég veit að með þessu orðalagi er viðfangsefnið fært í þann búning sem allir geta kannski sætt sig við en ég sé ekki hvernig í dauðanum er hægt að koma þessu í framkvæmd.

Ég er líka efins um fleira sem fram kemur í þessari tillögu, m.a. því sem kemur hér fram í c-lið:

„Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.".

Samkvæmt greinargerðinni, sem segja má að sé hluti af tillögunni en ekki beinlínis hluti af dæminu þegar greitt er um það atkvæði, er einungis verið að tala um Akureyri. Það er ljóst að ekki er átt við svæði sem allir vita að hafa átt í miklum erfiðleikum, t.d. Vestfirðir, sem margoft hefur verið talað um. Ef við tölum aðeins um Suðurland og Suðausturland þá komum við að stöðum eins og Hornafirði. Við getum farið á Austfirðina alla, t.d. til Djúpavogs og séð stöðuna þar. Við getum farið um hluta af Vesturlandi, ef við kærum okkur um, og séð að allir þessir staðir eiga í vök að verjast ef við mælum vandamál þeirra í því að þar hafi fólki fækkað. Ég held að það hljóti að vera afskaplega erfið staða fyrir fólk sem býr í sveitarfélögum sem greinilega eiga ekki að vera inni í byggðaáætluninni, nema þá sem aukaverkefni, að horfa upp á að stjórnvöld ætli sér að pikka út þær byggðir sem eru langstærstar. Það er búið að ákveða hvaða byggðarlag kemur fyrst, þ.e. Akureyri. Það segir mér það að önnur byggðarlög næst í röðinni séu hugsanlega Ísafjörður, Sauðárkrókur og Egilsstaðir.

Önnur og enn þá minni byggðarlög eru greinilega mjög neðarlega á listanum. Ég velti því fyrir mér til hvers þetta er lagt fram með þessum hætti. Hvaða tilgangi þjónar í raun að gera svona upp á milli þeirra byggða sem við vitum að eru öll í nánast sömu stöðu? Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra frá hæstv. iðn.- og viðskrh. hvaða tilgangi þetta í raun þjónar.

Ég hef oft heyrt þær hugmyndir áður að nauðsynlegt væri að setja upp vaxtarsvæði. Ég heyrði þá hugmynd fyrir mörgum árum að rætt var um að á Vestfjörðum ætti að vera eitt vaxtarsvæði, á Norðurlandi annað og á Austfjörðum annað. Þessar hugmyndir hafa verið í gangi í áratugi. En það hefur aldrei þótt fýsilegt að setja þetta upp sem einhverja stefnu. Ég er hræddur um að þetta geti einfaldlega þýtt að fólkið á hinum svæðunum, sem eiga í rauninni að njóta þjónustunnar frá þessum stóru vaxtarsvæðum, fái ekkert. Ég óttast að þær byggðir gefist upp.

Eitt langar mig að nefna, herra forseti, sem mér finnst vanta og vona að iðnn. taki sérstaklega til skoðunar, þ.e. ýmislegt sem hefur verið gert á undanförnum árum í gegnum Byggðastofnun, aðgerðir í gegnum byggðaáætlun sem ég sakna úr þessari till. til þál. Þar er ég að tala um styrkingu eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni sem ég álít að hafi gert gríðarlegt gagn. Í þessi eignarhaldsfélög hefur verið sett fé sem heimamenn hafa að mestu stjórnað. Þeir hafa séð um umsóknir og úthlutanir og á móti fjármunum frá ríkinu hafa komið fjármunir frá sveitarfélögunum og öðrum aðilum. Þarna hafa þeir menn setið sem næstir eru verkefnunum og áttað sig best á hvað þurfti að gera. Ég sé ekki minnst á eignarhaldsfélögin í þessari tillögu. Ég sakna þess virkilega og tel að það sé nokkuð sem skoða þurfi betur.

Atvinnuþróunarfélögin eru heldur ekki nefnd sérstaklega. Þau hafa fengið styrki frá Byggðastofnun. Byggðastofnun hefur úthlutað til iðnfulltrúa, ferðamálafulltrúa og fleiri sem hefur styrkt mjög starf þeirra aðila um allt land. Ég held að það sé mikil afturför ef þessu verður öllu kastað fyrir róða.

Mér sýnist, herra forseti, að Byggðastofnun sem slík sé að liðast í sundur. Eftir að Byggðastofnun flutti norður á Sauðárkrók hafa að störf hennar meira og minna farið undir undir kvið. Því miður.

[18:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. var búinn að setja inn í þessa tillögu nöfn ákveðinna staða heyrðist mér, í c-lið tillögunnar. Hann var þegar farinn að gagnrýna að þeir staðir væru tilteknir sem eru þó ekki tilteknir. Ég á því í svolitlum vandræðum með að bregðast við því.

Í máli hv. þm. kom jafnframt fram að ekkert væri gert nema þá fyrir þessa staði sem hann taldi að væru tilteknir. Ég vil í því sambandi benda á að í fyrstu tillögunni til aðgerða var fjallað um nýsköpunarverkefni, nýsköpunarmiðstöð og fjármagn til nýsköpunar á landsbyggðinni.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sérstök áhersla verði lögð á ný atvinnutækifæri í minni byggðarlögum þar sem atvinnulíf er einhæft."

Og ég vil bara vekja athygli á þessu vegna þess að hv. þm. lét eins og það ætti ekkert að gera fyrir landsbyggðina almennt.

Málið er að af þessum 22 tillögum ná 20 til landsins alls, ein nær eingöngu til Akureyrarsvæðisins og ein bara til Egilsstaða og Ísafjarðar.

[18:12]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt ef ég hef talað svona óskýrt. Ég sagði að aðeins væri talað um eitt sveitarfélag í þessum tillögum og það væri Akureyri. Ég nefndi svo önnur sveitarfélög sem ég sagði að væru væntanlega næst á dagskrá, ef þau á annað borð ættu að vera þar, það væru sem sagt Hornafjörður, Sauðárkrókur, Egilsstaðir o.fl. Ég kannast ekki við að hafa séð nein sveitarfélög nefnd í þessu nema Akureyri. (**Gripið fram í:** Ísafjörð.) Já, kannski er minnst á Ísafjörð en það er alla vega ekki mikið um upptalningu á sveitarfélögum í þessari tillögu.

Ég veit að hæstv. ráðherra er að reyna að brydda á nýjum aðferðum þarna með því að setja upp nýsköpunarmiðstöð fyrir sveitarfélögin sem á væntanlega að vera staðsett á Akureyri eins og þarna stendur. Það þýðir einfaldlega að með því er verið að veikja Byggðastofnun. Ég velti því fyrir mér hvað verður þá um Byggðastofnun.

[18:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að gefnu tilefni útskýra þetta varðandi nýsköpunarmiðstöðina og vona að mér takist það á svo stuttum tíma. Þar er ekki verið að tala um nýja stofnun heldur að Iðntæknistofnun, sem mun hafa aðsetur í hinu nýja rannsókna- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri,

fari með samræmingu atvinnuþróunarstarfs á landsbyggðinni, enda kemur það fram í stjórnarsáttmála að það starf skuli samræmt, þ.e. atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni. Með þessum tillögum er reynt að gera það.

Ég tel mjög mikilvægt að þetta starf sé tengt þeim breytingum sem nú er verið að gera og breytingum á áherslum í sambandi við Vísinda- og tækniráð Íslands. Á næstu dögum verður mælt fyrir þremur frumvörpum sem varða þessar breytingar sem þarna eru fyrirhugaðar, breytingar á Rannís. Það að tengja þessa nýbreytni nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni tel ég mjög mikilvægt. En eignarhaldsfélögin verða ekki áfram.

[18:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði í lokin: „En eignarhaldsfélögin verða ekki áfram.“ Mér finnst það bara nánast jarðarför þeirra eignarhaldsfélaga sem eru mörg hver búin að setja stóran pening í að byggja upp eigið fé að kröfu Byggðastofnunar til að ná að lána til aðila í sínu umhverfi og treystu því að ríkið mundi halda áfram að styrkja þau félög. Mér finnst sorglegt að það þurfi að koma fram hér svona afdráttarlaus yfirlýsing frá hæstv. ráðherra að það sé bara búið að ákveða að leggja niður eignarhaldsfélögin. (**Iðnrh.:** Bara tímabundið.) Mér finnst einhvern veginn eins og hæstv. ráðherra sé um leið að ákveða að það sé búið að leggja niður Byggðastofnun. Mér heyrist það á öllu.

Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að það er ýmislegt sem kemur fram hér sem ég átti ekki von á. Það er margbúið að tala um það, hæstv. ráðherra, að ýmsar stofnanir innan viðsk.- og iðnrn. mundu fara inn í Byggðastofnun og styrkja Byggðastofnun. Nú er verið að gera alveg þveröfugt.

[18:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er býsna athyglisvert þegar hver þingmaður Sjálfstfl. á fætur öðrum kemur hér upp og lýsir yfir efasemdum og jafnvel andstöðu og fyrirvörum við þá tillögu sem hér er til umræðu. Mér fannst hv. þm. Kristján Pálsson að hluta til tala mjög skýrt í andstöðu við ákveðna þætti í tillögunni en það kom hins vegar ekki mjög skýrt fram í máli hans hvort hann væri einn af þeim sem í þingflokki Sjálfstfl. lýstu yfir fyrirvara eða miklum fyrirvara eða á hvaða stigi sá fyrirvari er, það liggur ekki ljóst fyrir. Það er því nauðsynlegt, herra forseti, að fá það fram hvort hv. þm. er í hópi þeirra þingmanna Sjálfstfl. sem hafa fyrirvara á þessari tillögu.

Það er einnig athyglisvert og nauðsynlegt ef hv. þm. hefur tíma til í svari sínu að gera betur grein fyrir þeim orðum sínum að hann sjái ekki betur en Byggðastofnun sé að liðast í sundur eftir flutning til Sauðárkróks.

[18:17]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekkert launungarmál að ég var með fyrirvara á þessari tillögu í þingflokki Sjálfstfl. eins og ýmsir fleiri. Sá fyrirvari þýðir ekki að við getum ekki stutt þáltill. þegar upp verður staðið og hún búin að fara í gegnum nefnd. Við viljum að sjálfsögðu að hugmyndir okkar að breytingum komi þá fram og að nefndin hafi möguleika á því að vinna úr þeim. Ef hún hefur áhuga á að vinna úr þeim og það verði í þeim anda sem við viljum, þá er ekkert því til fyrirstöðu að við styðjum þáltill. þegar hún kemur að endingu til lokaafgreiðslu.

Varðandi annað sem hv. þm. talaði um, þ.e. Byggðastofnun. Það er náttúrlega öllum ljóst að Byggðastofnun hlýtur með þessu áframhaldi að veikjast og að endingu verður starfsemi hennar það lítil að hún skiptir ekki lengur máli. Ef nýsköpunardeildin og ... (Forseti hringir.) Ég klára þetta á eftir, herra forseti.

[18:18]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þetta skýrist óðum. Það virðist vera svo að nær hver einasti þingmaður Sjálfstfl. sem hér talar við þessa umræðu hafi haft fyrirvara, enda kom það fram í máli hv. þm. að hann hefði haft fyrirvara ásamt ýmsum fleiri. Það er auðvitað athyglisvert að aðrir þingmenn Sjálfstfl. vilja ekki koma hér og taka þátt í umræðunni til að lýsa yfir stuðningi a.m.k. við þáltill. eins og hún er. Það er einnig athyglisvert, herra forseti, að hv. þm. segir að ef þær breytingar verði í anda þess sem þessir hv. þm. Sjálfstfl. vilja, þá geti þeir staðið að samþykkt þáltill.

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að við förum að fá það fram hér í umræðunni þannig að það geti flýtt fyrir störfum í iðnn., hvað það er fyrst og fremst sem hv. þm. Sjálfstfl. setja sem úrslitaatriði til þess að þeir geti staðið að tillögunni. Hér er um svo stórt mál að ræða að það gengur auðvitað ekki að það sé í fullkominni óvissu í þinginu hvað það er sem hv. þm. Sjálfstfl. eru að fara í málinu. Það er augljóst að mikil óánægja er, en því miður hefur það ekki komið nógu skýrt fram hvað það er sem þeir setja sem úrslitaatriði í því að þeir geti samþykkt tillöguna.

[18:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Einar Már Sigurðarson eigi ekki að þurfa að vera svo undrandi yfir því að mismunandi skoðanir og túlkanir séu í Sjálfstfl. og ég hygg í báðum stjórnarflokkunum á því hvernig eigi að reyna að leysa byggðamálin. Þetta er eitt af þeim stóru málum sem menn hafa rætt hér í áratugi án þess að komast að neinni niðurstöðu og við höfum verið að sjá fólk streyma frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, sama hvað gert hefur verið. Það er því ekkert skrýtið þó að menn hafi mismunandi skoðanir.

Það er náttúrlega ljóst að þær tillögur sem hérna eru lagðar fram eru ekki með þeim formerkjum sem við, sumir hverjir, teljum að nái þeim tilgangi sem til er ætlast. Við viljum sjá aðrar áherslur hafa þegar komið fram. Ég veit ekki betur en nokkrir þingmenn Sjálfstfl. hafi talað mjög tæpitungulaust um það sem þeir vilja og ég hef sagt hér hvað mér finnst og ég veit að hæstv. ráðherra mun taka það allt til skoðunar og við sjáum hvað setur.

[18:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er afar sérkennileg staða uppi. Hæstv. iðnrh. verður að vísa í stjórnarsáttmálann þegar hún er að bera af sér orð hv. þm. Sjálfstfl., Kristjáns Pálssonar, sem er með í ríkisstjórn. Þetta er alveg furðulegt og afar sérstakt. Eigum við von á því, virðulegur forseti, að við fáum kannski að sjá hérna nokkrar byggðaáætlanir? Framsfl. komi með eina byggðaáætlun, kannski klofna? Sjálfstfl. komi með aðra byggðaáætlun, kannski klofna. (**Gripið fram í:** Og sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum.) Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum, Vestfirðingar sem telja sig vera algjörlega gleymda í byggðaáætlun hæstv. iðnrh. eru að vinna að sinni byggðaáætlun. Ég á von á því að Norðurland vestra og Snæfellsnes telji sig vera hlunnfarna í þessari byggðaáætlun. Hvað er

eiginlega að gerast? Munum við fá sérstaka byggðaáætlun frá stjórnarandstöðunni í Sjálfstfl.?

[18:22]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki almennilega við hvað hv. þm. var að gera athugasemd hjá mér. Hann kallar eftir byggðaáætlun frá öllum landsfjórðungum og ég er alveg sammála honum í því. Mér finnst mjög eðlilegt að Vestfirðingar séu með sína byggðaáætlun og reyni að vinna að henni sjálfir, hafa þá frumkvæði að því að vinna það eins og þeim finnst réttast. Mér sýnist Akureyringar hafa gert þetta bara ljómandi vel, því þeir eru þeir einu nánast sem fá einhverja jákvæða umsögn í þessari ályktun. Ég hefði talið að Sunnlendingar hefðu átt að gera það sama.

Það er því alveg ljóst og hefur svo sem alltaf verið ljóst að til þess að hafa áhrif verða menn að hafa ákveðið frumkvæði og kannski það hafi vantað.

[18:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að fólk út um hinar dreifðu byggðir landsins hafi frumkvæði og muni fylgja því eftir, og fagna því að þegar það sér byggðaáætlun af hálfu ríkisstjórnar, sem er því kannski andsnúin, þá veki þetta það enn frekar til dáða og ég vona að það verði reyndin. En mun það einnig vekja þingmenn Sjálfstfl. til dáða, Sjálfstfl. sem fór með byggðamál um áratugabil á undan hæstv. iðnrh. Framsfl.? Og geta sjálfstæðismenn hælt sér af þeim árangri sem þeir náðu? Nei, flestir þingmenn hér hafa verið sammála um að þar hafi ekkert gengið eftir. Það væri fróðlegt að sjá þessa sértæku byggðaáætlun Sjálfstfl. þegar hún birtist, virðulegi forseti.

[18:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, nú þykir mér tíra á tíkarskarinu. Ég get fullvissað hv. þm. um að það vefst ekki fyrir okkur að verja þá byggðastefnu sem rekin var í tíð Davíðs Oddssonar sem byggðamálaráðherra. Af ýmsu er að taka sem menn geta verið ánægðir með. (Gripið fram í.) Ég get upplýst það eins og ég sagði hér áðan að uppbygging eignarhaldsfélaganna er mjög merkilegt skref. Sama má segja um hvernig Byggðastofnun stóð að því að byggja upp ferðamennsku í kringum landið með því að styrkja ferðamálafulltrúa. Það er mjög merkilegt skref. Eins að standa við bakið á atvinnuþróunarfélögum víðs vegar um landið. Þetta eru allt saman mjög merkileg skref sem voru stigin á síðustu árum og ég er ekki ánægður með að því sé kippt hér út af borðinu eins og það skipti ekki neinu máli lengur.

[18:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Kristján Pálsson ræddi um það í lokin að hann væri mjög ánægður með þá byggðaáætlun sem hæstv. forsrh. lagði fram síðast og menn hafi verið að starfa eftir hingað til. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. hvort hann sé ánægður með árangur í flutningi fjarvinnsluverkefna út á land. Ég fór yfir það áðan í stuttu andsvari við hv. þm. Drífu Hjartardóttur og ræddi um það hvernig það birtist í svörum ráðherra fyrir árið 2000. Engin störf. Og í þeim fjórum, fimm svörum sem ég er búinn að fá á þessu þingi — engin störf verið flutt. Er hv. þm. ánægður? Og skildi ég það rétt að hv. þm. væri virkilega ánægður með árangur í byggðamálum í tíð hæstv. ríkisstjórnar og í tíð Davíðs Oddssonar sem byggðamálaráðherra, þegar 12 þúsund manns þurftu að flytja sig til í landinu?

[18:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fjarvinnsluverkefnin, þá verð ég að viðurkenna að ég hef ekki lesið þetta svar. En ég veit að í fjárln. var verið að reyna að veita fé út um landið til þess að styrkja fjarvinnslustöðvarnar. Ef ég man rétt þá var ein á Hofsósi og ein á Djúpavogi sem sérstaklega var veitt fjármunum í af fjárln., og í kringum þessar fjarvinnslustöðvar var starfandi fólk sem var að missa störf sín vegna verkefnaskorts eða fjárskorts. Þannig hefur verið reynt að halda uppi störfum þessara fjarvinnslustöðva þó svo að ekki hafi bæst við mikið af fólki á síðustu árum.

[18:27]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er síðan annað atriði sem kemur fram í dagsljósið í þeirri umræðu sem hér er og það er náttúrlega hve margir þingmenn ríkisstjórnarinnar eru með fyrirvara á þessari áætlun og vilja jafnvel helst ekkert við hana kannast og telja hana frekar lélega.

Ef ég fer aðeins yfir þetta og rifja upp daginn, þá sýnist mér að fimm óbreyttir þingmenn, ef svo má að orði komast, hv. þm. stjórnarinnar hafi komið í ræðustól: Varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna, Einar K. Guðfinnsson, hafði fyrirvara og eftir voru fimm. Síðan höfum við heyrt af fyrirvara formanns þingflokks framsóknarmanna. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hér og talar um að lítið kjöt sé á beininu, var óánægður og er með fyrirvara. Þá sýnist mér vera eftir fjórir. Síðan kemur hv. þm. Kristján Pálsson núna og er með ákveðna fyrirvara og þá sýnist mér vera eftir tveir eða þrír. Ég verð að játa það að ég var í kaffi þegar hv. þm. Hjálmar Árnason talaði, sá fulltrúi Framsfl. sem hér hefur talað.

Mér finnst stutt og laggott, herra forseti, að flestallir stjórnarþingmenn sem hér hafa talað séu með fyrirvara á þessu máli.

[18:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert merkilegt þó að þessir hv. þm. hafi skoðanir á byggðamálum og þó að þeir vilji fara aðra leið en kemur fram í þáltill. Það er bara ofureðlilegt að þeir hafi miklar skoðanir á þessu. (**Gripið fram í:** Hverjir eiga þá að styðja þetta?) Það kemur svo allt í ljós, herra forseti, hverjir koma til með að styðja þáltill. þegar hún verður endanlega afgreidd héðan. Ég á ekki von á öðru en að stjórnarþingmenn reyni að ná fram þeim breytingum sem þeir telja nauðsynlegar. Og ég er ekki frá því að þær breytingar sem þá mundu nást fram, sem ég vona að verði, séu nokkurn veginn í anda þess sem hv. stjórnarandstöðuþingmenn eru að tæpa á hér. Því ég er ekki viss um að skoðanir okkar fari svo langt frá hver annarri í þessu máli.

[18:29]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég sagði í stuttu andsvari áðan að það væri svo sem margt sem mér sýndist vera töluvert bragð af í þeirri till. til þál. sem hæstv. iðn.- og viðskrh. flytur hér. Ég notaði þá tækifærið og hældi hæstv. iðnrh. fyrir það sem hér kemur fram. Ég lagði hins vegar fyrir hæstv. iðnrh. eina spurningu í upphafi máls í andsvari, sem var um texta í síðustu byggðaáætlun þar sem sagði, með leyfi forseta: „Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi

10% til ársins 2010." Þetta er fallið út úr núverandi byggðaáætlun. Ég spurði um það og svarið var ákaflega skýrt frá hæstv. iðn.- og viðskrh.: „Það má kannski segja að ástæðan sé sú að við ætlum frekar að láta verkin tala."

Ég hygg að þessi ummæli muni kannski standa upp úr umræðunni, „að láta verkin tala". Það verður þá hlutverk okkar að ganga eftir því að það sem kemur hér fram og lagt er til, sem margt er töluvert gott, verði framkvæmt. Að sama skapi má segja að margt ágætt hafi verið í síðustu byggðaáætlun, gallinn var bara sá að ekki var farið eftir því. Og það verður eins með þetta mál hér.

Herra forseti. Af því að okkur, þingmönnum, eru ekki skammtaðar nema átta mínútur, að vísu tvisvar sinnum, ætla ég í þessum stutta spretti sem við höfum að helga mig einu atriði sem ég tel að sé grundvallaratriði í byggðamálaumræðu dagsins í dag. Byggðaáætlun áranna 2002–2005 mætti þess vegna vera með jöfnun lífskjara sem fyrstu tvö aðalatriðin, jöfnun lífskjara fyrir fólk og jöfnun rekstrarskilyrða fyrir fyrirtæki og atvinnulífið á landsbyggðinni. Það eru að mínu mati ein brýnustu úrlausnarefnin á sviði byggðamála eigi árangur að nást í þeim málaflokki. Ef ekki verður gengið í þessi tvö mál munu góð mál sem lögð eru til kannski aldrei koma til framkvæmda. Ef ekki verður gengið í að jafna lífskjör í landinu mun halda áfram að síga á ógæfuhliðina. Og það sem verra er og hefur komið hin síðari ár er að rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu hafa skekkst mjög og nægir í þeim efnum að nefna sérstaklega flutningskostnað sem hefur stórhækkað vegna hækkunar á þungaskatti. Ég hef farið yfir það í þingræðu að þungaskattur skilar 1,1 milljarði meira til ríkissjóðs en hann gerði fyrir tveimur árum. Þetta hefur auðvitað farið þráðbeint út í verðlagið, út í flutningskostnaðinn og víðar.

Þess vegna eru það töluverð öfugmæli sem standa í þessu plaggi, með leyfi forseta:

„Almennt eru starfsskilyrði atvinnuvega, annarra en landbúnaðar og sjávarútvegs, nokkru lakari á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu."

Herra forseti. Halda menn að starfsskilyrði sjávarútvegs séu ekki lakari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu? Eigum við að taka dæmi um hvernig breytingar á strandsiglingum Eimskips hafa haft það í för með sér að það kostar einni millj. kr. meira núna að flytja 400 tonna farm úr frystitogara frá Miðnorðurlandi til Reykjavíkur til útskipunar heldur en áður en þessi breyting var gerð? Eru þetta ekki verri skilyrði sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni? Ég er ansi hræddur um það. Það er því ótalmargt, herra forseti, sem kemur fram í þessari áætlun sem á að kanna og skoða.

Ég hef ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar lagt fram till. til þál. sem er um að kanna leiðir til að jafna lífskjör fólks og rekstrar- og samkeppnisaðstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Ég ætla aðeins að fara ofan í þetta mál. Hér eru talin upp nokkuð mörg atriði sem við viljum að verði könnuð til að jafna þessi lífsskilyrði. Og fyrsta atriðið sem þar er nefnt er hærri persónuafsláttur. Getur verið að best sé að jafna lífskjör milli íbúa á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu með því að persónuafsláttur verði hærri fyrir íbúa tiltekinna svæða? Það má með öðrum orðum segja, herra forseti, að það sem þarna er lagt til er að búsetu- og lífsskilyrði yrðu metin frá einu byggðarlagi til annars og þetta skoðað.

Líka má hugsa sér eins og jafnaðarmenn í Noregi hafa gert — og af því að sá sem hér talar er mjög hrifinn af jafnaðarmönnum, sama hvar á landinu þeir eru og í hvaða flokki á Íslandi, enda eru ýmsir jafnaðarmenn t.d. í Sjálfstfl. og sumir af þeim vestur á fjörðum — ég er mjög hrifinn af þeim leiðum sem jafnaðarmenn í Noregi hafa farið í byggðamálum. Þar sjáum við t.d. að hlutur ríkisins í tekjuskatti er lægri fyrir íbúa í Norður-Noregi en á Óslóar-svæðinu.

Ýmis önnur atriði má nefna. Við leggjum til að tryggingagjaldið verði skoðað sérstaklega. Hæstv. ríkisstjórn breytti rétt fyrir jól skattalögum fyrir atvinnurekstrinn og hækkaði tryggingagjaldið. Fyrirtæki í Reykjavík og á Reykjanesi munu hagnast um 2,7 milljarða kr. á þessum skattabreytingum. Tekjuskatturinn mun lækka það mikið og eignaskatturinn mun lækka það mikið á fyrirtækjum á þessum svæðum, en hvernig er þetta gagnvart landsbyggðinni? Í öllum öðrum landsbyggðarkjörnum er niðurstaðan núll krónur. Enginn fjárhagslegur ávinningur fyrir atvinnurekstur á þessum svæðum.

Þess vegna segjum við í tillögum okkar og það kemur líka fram í byggðatillögunni — það er svo skrýtið að það sem gert var fyrir tveimur, þremur mánuðum á hinu háa Alþingi þarf að endurskoða samkvæmt því sem kemur fram í byggðaáætlun — við segjum alveg hiklaust að leið til að jafna samkeppnisaðstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu gæti verið að tryggingagjald yrði jafnvel lægra fyrir atvinnurekstur á tilteknum svæðum úti á landi. Leiðin í gegnum skattkerfið er mjög auðveld vegna þess að fyrirtækin eru að gera þetta upp sjálf mánaðarlega, reikna út frá ákveðinni prósentu og skila síðan tryggingagjaldinu mánaðarlega í framhaldi af því. Auðvitað væri þessi leið mjög fljótvirk ef við kæmumst að þessari niðurstöðu. Þetta er e.t.v., herra forseti, fljótvirkasta leiðin til að jafna samkeppnisaðstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu sem er eitt það allra brýnasta ef ekki á verr að fara í byggðamálum. Ef það heldur áfram að fjara undan þeim atvinnufyrirtækjum sem núna eru á landsbyggðinni og veita fólki vinnu, hvar verðum við þá stödd eftir tvö til þrjú ár? Það er jú betra að hlúa að því sem fyrir er en að stofna nýtt eins og reyndar hefur komið fram í ýmsum tillögum og hugmyndum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ætlað að ganga í en ekki tekist.

Herra forseti. Eitt brýnasta atriðið í mínum huga í byggðamálum í dag er jöfnun lífskjara gagnvart íbúum landsins og jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Herra forseti. Ég sagði áðan að þær átta mínútur sem ætlaðar eru til að ræða þetta hér eru skammur tími og ég mun því koma síðar og nýta mér seinni tíma.

[18:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Það hefur verið mjög áhugavert að hlusta, sérstaklega á stjórnarþingmenn sem hafa tekist á um einstök atriði, og er alveg greinilegt að ekki er full sátt um þessa þáltill. í stjórnarbúðunum.

Herra forseti. Ég segi fyrir mig og minn þingflokk að við getum sannarlega tekið undir mörg meginsjónarmið í þessari þáltill. og að megintillögurnar sem eru settar fram í fimm liðum eru að mestu leyti eins og þær hafi verið skrifaðar upp úr stefnuyfirlýsingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fyrir utan c-liðinn sem við höfum ekki sett á stefnuskrá okkar. Sannarlega getum við tekið undir að stuðla beri að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða

og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt sér atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi. Og það vildi ég óska, herra forseti, að ríkisstjórnin færi að þessari tillögu því „langstærsta byggðaáætlun allra tíma" er á skjön við lið e í þessari tillögu.

Hér hefur verið vísað í gömlu byggðaáætlunina sem gekk úr gildi um áramótin. Það eru þó nokkrar áherslubreytingar frá þeirri áætlun til þessarar sem núna er lögð fram. Þá vil ég helst nefna að í gömlu byggðaáætluninni var varðandi nýsköpun í atvinnulífinu lögð áhersla á að þróunarstofurnar yrðu efldar í landshlutunum og þeim gert kleift að efla atvinnu og þá sérstaklega nýsköpun en í þeirri nýju virðist eiga að taka a.m.k. frumkvæði frá þróunarstofunum yfir í nýja stofnun. Í máli hæstv. iðnrh., byggðamálaráðherra, hefur komið fram að einnig standi til að leggja niður eignarhaldsfélögin eða taka út þátttöku ríkisins í fjármögnun eignarhaldsfélaganna. Ég tel þetta vera miður. Ég hefði viljað sjá þá þróun verða hér í landi að við efldum sem mest frumkvæði heimamanna og efldum þróunarstofurnar, atvinnuþróunarfélögin, sem mest og að frumkvæðið kæmi sem mest frá heimamönnum sjálfum.

Í gömlu byggðaáætluninni var einnig ákvæði um að fara mætti í sérstakar aðgerðir til þess að styrkja svæði þar sem sérstakir erfiðleikar kæmu upp. Það er ekki hægt að sjá í þessari nýju áætlun. Í okkar strjálbýla og viðkvæma landi geta alltaf komið upp þær aðstæður að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til þess að vernda byggðina, verjast byggðahruni, og ég held að við verðum alltaf að hafa möguleika til aðgerða inni í myndinni.

Hér er ný hugsun á ferð en það er alveg ljóst að hver sem byggðaáætlunin er og hvernig sem við setjum hana fram eru alltaf hinar almennu stjórnvaldsaðgerðir sem leggja grunninn að byggðaþróuninni og því verður alltaf að samþætta í allri hugsun og allri löggjöf héðan frá Alþingi allt sem snýr að þróun byggðar og hefur áhrif á búsetu. Þeir málaflokkar sem hafa haft hvað mest áhrif á flutning fólks af landsbyggðinni eru einkavæðingarstefnan, sjávarútvegsstefnan og aðgerðaleysið í landbúnaðarmálum. Ég þarf ekki að rekja hvern málaflokk fyrir sig en allir þessir þættir hafa haft áhrif á búsetu í landinu.

Það kemur alls staðar fram í öllum tillögum hér að menntun sé undirstaða uppbyggingar og nýsköpunar um allt land og það er búið að hamra á þessari staðreynd aftur og aftur. Í fjárlögum undanfarinna ára hefur hins vegar, þrátt fyrir að þetta sé ljóst, vantað fjármagn inn í þennan málaflokk og það er ekki bara til grunnskólanna og framhaldsskólanna heldur þarf jafnframt að efla verkmenntaskólana. Að mínu mati munum við standa frammi fyrir verulegum vandamálum á komandi árum vegna þess að okkur kemur til með að vanta fólk sem hefur góða undirstöðu í verknámsfræðum.

Mig langar aðeins, herra forseti, að nefna á þessum stutta tíma umræðuna um byggðakjarnana, það sem dregið hefur verið út úr tillögunni. Þetta er vandmeðfarið en miðað við ástandið eins og það er í dag tel ég að rétt sé að horfa til ákveðinna byggðakjarna. Umræðan smitast e.t.v. af þeirri kynningu sem fyrst fór fram á þessari þáltill. Sú útgáfa gaf a.m.k. hinum dreifðu byggðum ekki mikla von þegar til framtíðar er litið, frekar var dregið úr möguleikum til uppbyggingar eins og á Vestfjörðum. En það verður að tryggja bakland byggðakjarnanna. Og það er alveg ljóst að ef við ætlum í slíkar aðgerðir, að styrkja ákveðna byggðakjarna, þótt ekki sé nema tímabundnar, til þess að reyna að hafa einhver áhrif á það að snúa íbúaþróuninni við, þessari óheillaþróun, verður á sama tíma að tryggja baklandið. Það þýðir ekkert að einblína á byggðakjarna ef þeir verða til þess að soga íbúana úr nærliggjandi byggðasvæðum inn á þessa kjarna. Það þýðir aðeins dreifðari vandamál en við erum með í dag.

[18:46]

Útbýting þingskjala:

Aukið lögreglueftirlit, 557. mál, fsp. RG, þskj. 877.

Endurskoðun jarðalaga, 561. mál, fsp. SJóh, þskj. 881.

Reglur um úthlutun „byggðakvóta", 559. mál, fsp. SvanJ, þskj. 879.

Störf þóknunarnefndar, 560. mál, fsp. RG, þskj. 880.

Úthlutun úr húsafriðunarsjóði, 558. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 878.

[18:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á 10. áratug síðustu aldar, eða frá því ríkisstjórn undir forsæti Davíðs Oddssonar tók við völdum í landinu, hafa á annan tug þúsunda flutt frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem flutt hafa í gagnstæða átt. Þetta hefur valdið miklum erfiðleikum í dreifðum byggðum landsins en einnig hér á suðvesturhorninu. Það er mikil blóðtaka fyrir fámenn svæði að missa fólk sem greiðir skatta, rís undir samfélagsþjónustunni og hefur fram að færa vinnandi hendur. Það er líka erfitt fyrir sveitarfélögin hér á suðvesturhorninu að taka við þessum stríða straumi fólks.

Af þessu hafa menn áhyggjur. Ég held að það eigi við um stjórnmálamenn úr öllum stjórnmálaflokkum. Þess vegna fer hér fram lífleg umræða um stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Sú stefna er að mörgu leyti ágæt í orði en menn hafa kvartað yfir því að minna sé um efndir og fleiri en einn fulltrúi stjórnarmeirihlutans hér á Alþingi hefur sagt að í þessari till. til ál., þessari stefnumótun ríkisstjórnarinnar, sé ekkert naglfast að finna, eins og það var orðað.

Hver eru megináhersluatriði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í byggðamálum?

Í fyrsta lagi teljum við mikilvægt að sjá fyrir öflugri velferðar- og stoðþjónustu. Hún eigi að vera á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Í öðru lagi leggjum við áherslu á að styrkja fjárhag sveitarfélaganna til að þau rísi undir þeim verkefnum sem þau eiga að rækja.

Í þriðja lagi viljum við sjá atvinnulífinu fyrir góðu aðgengi að fjármagni, fjármagni á góðum, hagstæðum kjörum og hugsanlega einnig nýsköpunarfjármagni, nýsköpunarstyrkjum.

Í fjórða lagi leggjum við áherslu á fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu og sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Nú bregður svo við, herra forseti, að einmitt á þau atriði sem ég hef talið hér upp er lögð áhersla í tillögu ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum. Þar er lögð áhersla á þessi atriði. Ég ætla að víkja að nokkrum þeirra og benda misræmið sem annars vegar er í orðum og hins vegar í athöfnum ríkisstjórnarinnar.

Það fyrsta sem ég nefndi í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að styrkja velferðar- og stoðþjónustu í landinu. Þessi stoðþjónusta hefur því miður verið að veikjast. Það kom t.d. fram í umræðu í gær í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að í ársbyrjun 2001 hefði starfsemi á pósthúsum á landsbyggðinni dregist saman og verið um 60% af

því sem hún var árið áður, árið 1999. Þetta er dæmi um hvernig dregið er úr stoðþjónustu, mikilvægri stoðþjónustu á landsbyggðinni. Fleiri dæmi mætti nefna.

Annað atriði sem ég nefndi í áherslum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er að styrkja sveitarfélögin og fjárhag þeirra. Hvernig skyldi hafa tekist til í þeim efnum? Ef við lítum á heildarskuldir sveitarfélaganna námu þær árið 1992 23 milljörðum kr. Um miðjan áratuginn 1995 voru þær komnar í 38,3 milljarða og árið 2000 í 56,3 milljarða kr. Það kann að vera auðveldara að átta sig á þessum erfiða fjárhag sveitarfélaganna þegar við lítum á hlutfall rekstrar af skatttekjum. Árið 1995 var hlutfall rekstrar af skatttekjum sveitarfélaganna 77,9%. Árið 2000 var hlutfallið komið upp í 83,35. Hvað þýðir þetta? Sífellt minna fjármagn verður eftir hjá sveitarfélögunum til atvinnuuppbyggingar. Þetta er nokkuð sem við teljum mikilvægt að verði snúið við og höfum sett fram tillögur í þá veru.

Ég nefndi mikilvægi þess að tryggja fyrirtækjum á landsbyggðinni aðgengi að fjármagni. Vissulega er einnig talað um þetta í þáltill. ríkisstjórnarinnar. Það er vísað til Byggðastofnunar í því efni, að hún hafi forustu um að auka samvinnu og samstarf opinberra sjóða um að vinna að eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Hvað hefur verið að gerast í þessum efnum? Hér voru til sjóðir, Iðnlánasjóður, Fiskveiðasjóður og fleiri sjóðir til styrkingar atvinnulífinu. Þeir voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem síðan var einkavæddur og gefinn. Byrjað var á að kaupa upp innvolsið í stórverslunum í smásöludreifingu og síðan hvarf hann úr eignarhaldi almennings. Þegar upp var staðið sátu landsmenn eftir með meiri einokun í vörudreifingu en áður hefur þekkst í landinu.

Ég nefni síðan sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu auðlinda, eins og segir reyndar í e-lið þáltill. ríkisstjórnarinnar. Þar er talað um að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Þetta er sama ríkisstjórn og er að ráðast í fjárfrekustu framkvæmd í sögu þjóðarinnar, sem gengur þvert á þetta. Þetta er ekki sjálfbær nýting auðlinda. Þar á að skapa lón sem mun fyllast af leðju og drullu og er ekki sjálfbært. Ef menn ætla að halda því fram að þetta sé þróun sem muni stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi er ég hræddur um að menn þurfi að fara að hugsa sinn gang.

[18:55]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við ræðum hér þáltill. um stefnu í byggðamálum. Hún er í fimm liðum, a, b, c, d og e. Í þessum liðum öllum kemur fram nokkurs konar ástandslýsing á landsbyggðinni. Af þessum liðum má lesa ákveðið ástand. Í fyrsta liðnum er talað um að draga úr mismun. Í öðrum lið er talað um að aðstoða byggðarlög. Í þriðja lið er talað um að auðvelda ræktun menningar. Í fjórða lið er fjallað um að treysta búsetuskilyrði og stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi. Hér er kjarni málsins kominn. Þessi þáltill. setur fram staðhæfingar og fullyrðingar um að ástand landsbyggðarinnar sé hörmulega lélegt. Óhætt er að taka undir það. Það er ekki nema von að hv. þm. Sjálfstfl. komi hér í röðum og kveinki sér þegar við lesum þessa þáltill. Hún er í raun mikill áfellisdómur yfir byggðastefnu liðinna ára.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar hafa á annan tug þúsunda flust af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Það er kannski tímanna tákn, herra forseti, að einmitt þegar við erum að ræða um byggðastefnu heyrum við í fréttum að verið er að leggja niður mjólkurstöðina á Hvammstanga. Þar vinna sjö manns, væntanlega í fullri vinnu, að framleiðslu á mjög góðum ostum. Þeir verða þá væntanlega, en vonandi ekki — ég endurtek vonandi ekki — atvinnulausir þann 1. september nk.

Ég er sannfærður, herra forseti, um að þeir sem þarna vinna, svo ég taki dæmi, og hinir tveir sem eru heima hjá sér af því að þeir unnu í póstinum þar, munu líta í þessa till. til þál. um stefnu í byggðamálum án þess að finna nokkuð sem gefur þeim beinar vonir. Orðalag þessarar þáltill. er mjög almennt. Það er líka mjög gott og jákvætt viðhorf sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra gagnvart landsbyggðinni, þess ber að geta. Samt finnst mér að það vanti beinar aðgerðir.

Talað hefur verið um það hér, og kemur frá Ísafirði, vestan af fjörðum eins og margt ágætt, að nær hefði verið að gera svæðistengdar byggðaáætlanir. Ég held að það sé rétt að fara að einhenda okkur í að vinna þannig. Fyrst að Vestfirðir hafa oft verið nefndir hér getum við t.d. ímyndað okkur að þar séu þrjú svæði sem vinna mundu hvert sína byggðaáætlun. Er óeðlilegt að Vesturbyggð og Tálknafjörður vinni saman byggðaáætlun fyrir sitt svæði? Hverjir þekkja möguleika byggðanna ef ekki fólkið sem býr þar? Hverjir þekkja tækifærin, er það ekki fólkið sem býr þar?

Hvar eru möguleikar okkar? spyrja margir. Þeir felast t.d. í fiskeldi, segja margir. Og hvað getum við gert til að hrinda því af stað? Það er nefnt í þessari till. til þál., þar er talað svona almennt um það. En það þarf að fara með beinni hætti í þetta, tel ég, herra forseti.

Þegar landsbyggðarfólk kemur saman og veltir fyrir sér þeim möguleikum sem byggðir þess að búa yfir, festir þá niður og kemur með tillögur þá eru komnar raunhæfar, áþreifanlegar tillögur sem ættu að vera vænlegar til árangurs. Byggðarlögin eiga síðan að leggja þessar tillögur fyrir ríkisvaldið og segja: Þetta viljum við gera. Hér eru tækifærin.

Nefnum aftur Vestfirði. Hver eru tækifærin þar? Á morgun er gert ráð fyrir því, herra forseti, að þar verði ráðstefna um þorskeldi. Vestfirðingar hafa verið manna duglegastir í því að rækta þorsk og hafa framleitt langmest af þorski. Er ekki eðlilegt að miðstöð um rannsóknir á þorskeldi verði á Vestfjörðum þar sem góður árangur hefur verið sýndur? Við getum talað um kræklingaeldi sem er að hefjast í Arnarfirðinum. Það hefur reyndar staðið í á annað eða þriðja ár. Þar liggja miklir mögleikar. Ég tala nú ekki ferðaþjónustuna og möguleika þar eins og t.d. í Tálknafirði þar sem er orðin mjög mikil og góð hefð fyrir góðri ferðaþjónustu.

Við höfum mikla möguleika og tækifæri og fólkið sem býr í byggðunum þekkir þessi tækifæri. Ég tel, herra forseti, að betri tengingu þurfi þarna á milli.

Líka hefði verið áhugavert ef okkar ágæta höfuðborg hefði komið að þessari byggðaáætlun, þ.e. fulltrúar höfuðborgarinnar, borgar sem er mjög vel stjórnað og hefur prýðisborgarstjóra. Það hefði verið upplagt ef Reykjavíkurborg, höfuðborg landsins, hefði lagt þarna lóð á vogarskálarnar til að sýna vilja sinn í verki til að efla byggð úti á landi og styrkja hana því að það er ekki hagur höfuðborgarinnar að allir landsmenn flytji suður í þeim mæli sem rætt hefur verið um hér.

[19:03]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég var eiginlega í miðjum klíðum þegar tími minn rann út og fer mér eins og ýmsum fleiri hv. þm. að þessar átta mínútur hafa reynst okkur býsna ódrjúgar enda er

hér um mjög stóran og viðamikinn málaflokk að ræða og því eðlilegt að menn þurfi að nýta þennan tíma. Það hefði í raun þurft miklum mun lengri tíma til þess að fara almennilega yfir þetta.

Ég var hér áðan að velta fyrir mér markmiðum í eldri byggðaáætlunum og þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir, m.a. *um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.* Ég var að bera orðalag í tillögunni sem nú liggur fyrir saman við orðalag í þeim gömlu.

Það verður að segjast eins og er að árangur hefur verið afar lítill á þessu sviði og hafa margir þingmenn tekið undir það í umræðunum sem hér hafa átt sér stað. Þess vegna veltir maður því fyrir sér, miðað við þá reynslu sem var af því að vista þennan málaflokk í forsrn., hver skýringin sé á því — fróðlegt væri ef hæstv. iðnrh. gæti gefið okkur skýringu á því — hvernig á því standi að gagnvart þessum lið er ábyrgðin á framkvæmdinni sett á forsrn. Var ekki fullreynt hvernig það ráðuneyti gæti sinnt því að koma opinberum verkefnum og þjónustu hins opinbera út á landsbyggðina? Því miður held ég að það hafi verið fullreynt. En lengi má manninn reyna. Við skulum vona að þetta sé sett þarna inn til þess að gefa hæstv. forsrh. lokatækifærið til þess að sýna að það er dugur í því ráðuneyti á fleiri sviðum en þeim sem við höfum heyrt af á síðustu dögum.

Herra forseti. Mjög margt fleira vekur athygli og ég ætla að reyna að koma að fleiri atriðum, m.a. einu sem ég tel afar mikilvægt og ég er býsna ánægður með að hér er tekið á. Það er stækkun og efling sveitarfélaga. Ég er sannfærður um að það skiptir gífurlega miklu máli hvernig til tekst í þeim efnum og ég er sannfærður um að það er eitt af því sem getur styrkt okkur vítt og breitt um landið ef við náum því að efla sveitarstjórnarstigið vegna þess að ég er sannfærður um að því fleiri verk og því fleiri verkefni sem við komum í hendur fólksins sjálfs því lífvænlegra verði á landsbyggðinni. Ég er alveg klár á því að sveitarfélögin séu þeir aðilar sem líklegastir eru til þess að geta sinnt þessum verkefnum. En til þess þarf að sjálfsögðu að efla sveitarstjórnarstigið verulega og *hér eru meginhugmyndirnar nákvæmlega í þeim anda.*

Hins vegar vekur það athygli að þegar rætt er einmitt um að efla sveitarfélögin, og að sjálfsögðu er bent á að það þurfi að stækka þau til þess, þá er eingöngu verið að ræða um að hækka lágmarksíbúafjölda og fara í einhvers konar samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hér er sem sagt talað afar óljóst um hvaða leiðir eigi að fara og hvað átt sé við, annað en að hækka lágmarksíbúafjöldann. Engin tala er nefnd. Og í raun og veru er svipað uppi á teningnum varðandi flutning á opinberum störfum. Kannski er eðlilegt að félmrn. eigi að bera ábyrgð á framkvæmd. Hins vegar er okkur flestum ljóst að hæstv. félmrh. er ekki helsti áhugamaðurinn um að stækka sveitarfélög. Því er ekki líklegt, sýnist manni, miðað við fyrri athafnir á þeim bæ að mjög mikill kraftur verði í stækkun sveitarfélaga.

Annað sem vekur líka athygli og tengist þessu er að hluti af því að efla sveitarfélögin er að færa til þeirra verkefni. Hins vegar eru nefnd nokkur verkefni í greinargerðinni og málið snýst aðallega um að færa verkefni frá sveitarfélögunum. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Einkum er mikilvægt að breyta verkaskiptingunni á þann veg að framhaldsskólar, heilbrigðisþjónusta, heilbrigðiseftirlit og framhaldsnám við tónlistarskóla verði verkefni ríkisins."

Ég get tekið undir það að hluti af þessu eigi heima hjá ríkinu. En ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að skoða mjög alvarlega hvort t.d. framhaldsskólar sem eru að stórum hluta til í dag orðnir nærþjónusta, eigi ekki heima hjá sveitarfélögunum frekar en hjá ríkinu. Sama má segja um hluta af heilbrigðisþjónustunni, þ.e. að hún eigi heima hjá sveitarfélögunum. En þetta er alltaf með þeim fyrirvara að það sé *einhver meining í því að efla sveitarfélögin og þar af leiðandi* um leið að tryggja að þau hafi nægjanlegt fjármagn til þess að sinna þessum verkefnum því að öðruvísi gerast þessir hlutir ekki. Hér er sem sagt, sýnist mér, að hluta til verið að fara þveröfuga leið og ég hlýt að spyrja hæstv. iðnrh. hvað sé raunverulega átt við með því að efla sveitarstjórnarstigið og hvort ekki þurfi að setja upp einhvern verkefnalista í því að færa til sveitarfélaganna.

Ég legg hins vegar áherslu á það sem ég sagði áðan að til þess þurfum við að tryggja að sveitarstjórnarstigið sé nægjanlega öflugt til þess að taka við verkefnunum. Ég hef horft til þess að við þurfum að stækka sveitarfélögin verulega en um leið gera breytingar á sveitarstjórnarlögunum þannig að við getum verið með ákveðnar stjórnir, hverfastjórnir eða þorpsstjórnir þannig að þó að við stækkum sveitarfélögin á stórum svæðum tryggjum við ákveðin völd nær fólkinu, vegna þess að það er auðvitað um leið mjög mikilvægt. Við vitum að helsta hindrunin oft og tíðum í því að sameina sveitarfélögin er ótti fólks við að missa frá sér ákveðnar ákvarðanir. Ég held að miklu einfaldara sé að leysa það með því að gera þær breytingar á að hægt sé hægt að hafa ákveðin völd og ákveðna ákvarðanatöku í þorpunum eða í minni byggðarlögunum þó svo að sveitarfélögin verði stærri. Við þurfum á því að halda að efla sveitarfélögin verulega til þess að breyta þeirri þróun sem við erum hér að ræða.

Herra forseti. Það ætlar að verða eins og í fyrra skiptið að tíminn líður og það styttist óðum í það að tími minn sé úti. Hér er liður sem mér finnst býsna mikilvægur og ég vil vekja sérstaklega athygli á. Það er liður 11 í tillögunum um aðgerðir, þ.e. jöfnun verðs á gagnaflutningi. Hér eru hlutirnir orðaðir afar skynsamlega. Hér segir m.a. að meginhugmynd*in sé sú að notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á* landinu öllu. Síðan segir aðeins neðar undir liðnum Markmið að þessi munur verði jafnaður með jöfnunargreiðslum úr ríkissjóði. Herra forseti. Síðan er ábyrgð á framkvæmdinni hjá samgrn.

Auðvitað er eðlilegt að menn velti því fyrir sér í tengslum við sölu Landssímans hvort ekki hefði verið einfaldara að tryggja þetta inni í því ferli eins og bent var á í þeirri umræðu. Nú er hugsanlega tími til að taka það til endurskoðunar og leysa þann vanda sem hér er bent á, á hárréttan hátt, að þetta verður að sjálfsögðu að tryggja, og vísað er til þess að jöfnun fjarskiptakostnaðar lýtur sömu rökum og jöfnun raforkukostnaðar. Þetta er hárrétt og málið er afar mikilvægt. Ég vil hvetja iðnn. til þess að skoða þetta mjög gaumgæfilega og hæstv. iðnrh. að velta því upp, vegna þess að ábyrgð á framkvæmdinni á að vera í samgrn., hvort ekki sé eðlilegt að menn velti því fyrir sér þegar tími gefst til að (Forseti hringir.) endurskoða örlítið söluferli Landssímans og hvort ekki sé hægt að ná þessum jöfnuði á einfaldan hátt í gegnum það ferli.

[19:12]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég lauk máli mínu áðan með því að ég taldi rétt að snúa mér aðeins að þessari þáltill. og segja um hana nokkur orð. Ég vil taka það fyrst fram að þáltill. sjálf frá

upphafi til enda er hið fegursta plagg. (Gripið fram í.) Þar er mjög margt gott og allt gott og út af fyrir sig hef ég enga athugasemd við það nema þá sem ég hef nefnt hér áður, að í þessu plaggi þarf að vera eitthvað sem við neglt okkur við, því eins og hæstv. forseti orðaði það áðan verðum við að geta talað þessu máli við gerð fjárlaganna. Þar ræðst hvort nokkur alvara sé að baki eða ekki.

Herra forseti. Hins vegar hef ég ýmsar athugasemdir við þær greinargerðir sem hér fylgja með og ég get nú ekki borið mikið lof á því mér finnst mönnum förlast þar allískyggilega. Við höfum, eins og ég hef áður rakið, átt við gríðarlegan vanda að stríða með byggðir landsins. Að mínum dómi, og ég tel mig hafa mikla sannfæringu fyrir því og mikil rök, er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf og íslenska þjóð í framtíðinni að sem minnst röskun verði á byggðunum. Í það er mikla fjármuni að sækja því það kostar okkur óhemjulega mikið ef við getum ekki snúið þeirri þróun við sem sannarlega hefur verið. Hér er því eftir gríðarlegum fjármunum að slægjast fyrir samfélagið í heild. Þetta er ekki fórn. Byggðastefna er ekki fórn heldur ávinningur ef okkur tekst þetta.

Ég vil minna á að aðalforsenda allra þéttbýlisstaðanna kringum landið og ástæðan fyrir því að þeir voru byggðir upp á 19. og 20. öld var að þar safnaðist fólk saman til þess að stunda sjó og vinna fisk. Það var forsenda þessara byggða og það verður aldrei nein önnur grunnforsenda fyrir þeim. Við skulum minnast þess.

Við stöndum frammi fyrir því, og það er hin hryggilega staðreynd, að bolfiskveiðar við Ísland eru núna ekki nema rétt u.þ.b. helmingur þess sem þær voru hér áður en hin mikla stjórn fiskveiða tók við. Stjórn fiskveiða hefur gengið ágætlega á sumum sviðum en hún hefur gengið mjög illa í bolfiskveiðunum bæði á Íslandi og við allt Norður-Atlantshafið. Það stefnir beint niður á við og sumar þjóðir sem í þessari skýrslu er verið að bera okkur saman við, þ.e. austurströnd Kanada, hafa upplifað það núna á annan áratug að þorskveiðar eru ekki leyfðar. Þorskstofninn hrundi.

Ef þorskstofninn hrynur við Ísland, þá þarf ekkert um að binda. Þá getum við hætt allri þessari umræðu, bæði um byggðamál og alla okkar drauma um að hér verði eitthvert fyrirmyndarþjóðfélag þar sem kjör verði betri en annars staðar í heiminum.

Þetta er gríðarlega alvarlegt, herra forseti. Það er gríðarlega alvarlegt vegna þess að hér stendur þetta og fellur með þeirri þróun. Það er því alveg ömurlegt þegar maður les í greinargerðinni það sem stendur á bls. 8 um sjávarútveginn.

Þar stendur, herra forseti:

„Brýnt er fyrir útgerðarfyrirtækin og útgerðarstaðina að stöðugleiki ríki í stjórn fiskveiða“ — takið eftir, í stjórn fiskveiða — „og ekki sé sífellt verið að breyta lögum og reglum.“

Óheppilegra gat það nú ekki verið, herra forseti, að koma þessum texta inn. Það er lífsnauðsynlegt fyrir byggðir landsins að við fetum okkur frá þeirri stefnu sem við höfum verið að fylgja og reynum að feta okkur áfram til þess að umgangast þessi mið þannig að þau geti verið svo arðsöm sem þau voru til að þau geti verið áfram grundvöllur þessara byggða. Og ég fyrirbýð mér því nokkurn tíma að taka undir þá stefnu sem mjög margir Íslendingar og ég held meiri hluti þingsins er núna að boða, sem er mesta andbyggðastefna sem rekin er á Íslandi en það er kenningin um auðlindagjöld á sjávarútveg. Það er mesta andbyggðapólitík sem nokkurn tíma hefur verið rekin á Íslandi. Að koma í veg fyrir það að sjávarútvegurinn geti borgað sjómönnum og fiskverkafólki sem býr hringinn í kringum landið og er hryggurinn í byggðarlögunum alls staðar, koma í veg fyrir að hægt sé að borga því fólki kaup.

Þessi stefna er hrikaleg og ef meiri hluti þjóðarinnar og meiri hluti þingflokkanna fylgir þeim þá erum við á röngum vegi, þá erum við á mjög röngum vegi. (**Gripið fram í:** Þú veist best.)

Til allrar hamingju er það svo, herra forseti, að það hefur reynst þannig að þeir sem berjast gegn straumnum hafa stundum haft sigur. Hvað segir ekki skáldið Bjarni Thorarensen um laxinn:

En þú sem undan
ævistraumi
flýtur sofandi
að feigðarósi,
lastaðu ei laxinn
sem leitar móti
straumi sterklega
og stiklar fossa!

Hér er því verið að tala um grundvallaratriði, grundvallaratriði byggðanna. Þess vegna er það hörmulegt að við skulum setja svona vitleysur inn í þennan texta því að ekkert er brýnna en einmitt að beyta því sem þarna er lagt til að ekki megi breyta.

Fjölmargt annað er athugavert við þessa skýrslu sem ég hef orðið fyrir töluverðum vonbrigðum með. Það voru hér heilmiklar umræður um það að sameina þá sjóði sem væru að starfa á Íslandi og væru að vinna að byggðamálum og atvinnumálum. Því miður hefur ekkert orðið úr því. Í staðinn kemur hér smátexti um að það væri heppilegt að þeir hefðu samráð. Og hver á að stjórna því samráði? Jú, það er Byggðastofnun. Ég ætla ekki að taka svo mikið upp í mig að segja að hún sé óstarfhæf en það er ekki vansalaust hvernig hún hefur verið á umliðnum missirum.

Því er það, herra forseti, að ef Alþingi hefur ekki döngun í sér í þessari umræðu til að breyta þessari þáltill. þannig að eitthvað sé í að grípa og við getum notað það framvegis til að styrkja þessar byggðir, því það er lífsnauðsynlegt að gera það í reynd þannig að þær fái notið landgæða sinna — þær verða að fá að njóta landgæða sinna — ef við höfum ekki döngun í okkur til að setja það inn í texta þá hef ég, herra forseti, ekki geð í mér til að styðja hana.

[19:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aldrei önnur grunnforsenda undir byggðarlögunum í kringum landið, sagði hv. þm. Og síðan talaði hann um það að hann væri á móti frv. ríkisstjórnarinnar um veiðigjald, sem var verið að dreifa hér, ekki var hægt að misskilja það. (**EOK:** Nei.)

En er hv. þm. þá ekki á móti hinu raunverulega auðlindagjaldi sem nú er greitt í milljarðavís af þeim sem þurfa að sækja sjó, af þeim sem þurfa á veiðiheimildunum að halda? Er hv. þm. tilbúinn að skrifa upp á þá stefnu sem kostar það að ekki er hægt að hefja neinn atvinnurekstur í þessum byggðarlögum sem hann var að tala um að þyrftu að hafa aðgang að auðlindinni? Hvernig ætlar hv. þm. að styðja slíka stefnu þegar hann segir síðan í hinu orðinu að líf byggðalaganna liggi við? Það hefur hann gert fram að þessu.

Hann lýsir því að vísu yfir að hann vilji ekki það frv. sem nú er búið að dreifa en ég veit ekki betur en að hann styðji þá stefnu sem er uppi.

[19:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem skiptir okkur máli við stjórn fiskveiða er aðeins eitt, það er að ná árangri. Við höfum náð ýmsum árangri við veiðar uppsjávarfiskanna, það hefur gengið alveg þokkalega og vel. Það hefur fært þjóðinni heilmikla gæfu, heilmikla peninga, heilmikinn arð sem hefur hrislast um samfélagið.

Við höfum ekki náð neinum árangri við stjórn bolfiskveiðanna og það er það sem skiptir máli og menn verða að horfast í augu við. Við erum að veiða helminginn af því sem við veiddum áður, það er málið sem við verðum að horfa á. Við verðum að ná tökum á því hvernig við getum umgengist fiskstofnana þannig að þeir fari ekki alltaf niður á við, eins og er að gerast bæði hér og alls staðar annars staðar í Norður-Atlantshafinu, hvort sem menn eru að nota einstaklingskvóta eða almenna kvóta, það er alveg sama. Sóunin með því að nota aflakvótana gengur ekki. Það liggja þúsundir sannana fyrir því.

Þess vegna er það hörmulegt þegar menn eru að drepa umræðunni á dreif og spyrja eftir einhverju auðlindagjaldi eins og stjórnarandstaðan virðist einbeita sér að að öllu leyti.

[19:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hver er nú að drepa umræðunni á dreif? Það er sá sem var að tala hér rétt áðan, hæstv. forseti, sem víkur sér undan að svara því hvort hann vilji halda áfram að láta útgerðarmennina í landinu innheimta þetta auðlindagjald og koma í veg fyrir að hægt sé að mynda einhvers konar jafnræði til þess að nýta auðlindina frá þeim byggðarlögum sem urðu til vegna hennar.

Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hann sagði áðan um það að okkur hefur ekkert miðað við að stjórna fiskveiðum þannig að fiskstofnarnir fari upp á við. Það er bara allt önnur saga. Um það var ég ekki að tala. Ég var að tala um aðganginn að auðlindinni sem er bundinn í þá fjötra sem hv. þm. þekkir.

[19:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að tala um það sem skiptir máli. Ég var að tala um að við yrðum að ná árangri við stjórn fiskveiða. Það skiptir okkur öllu máli hvort við erum að veiða 500 þús. tonn af þorski, 200 þús. tonn eða kannski engan. Hverju ætlum við þá að skipta ef við veiðum engan? Það er sú ógn sem er yfir okkur. Það er aðalatriðið.

Hvort einhver útgerðarmaður, einhver X eða Z stendur betur eða verr skiptir ekki meginmáli. Fyrir þjóðina skiptir það öllu máli að við varðveitum fiskstofnana þannig að það sé sú auðlind sem við getum byggt á til framtíðar eins og við höfum gert. Rifrildi um það hvar arðurinn lendir er algjört aukaatriði. Arður sem verður til í atvinnurekstri hrislast um allt samfélagið. Arðurinn af loðnuveiðunum hrislast um samfélagið. Það gera sér allir grein fyrir því nema kannski gamlir sósíalistar sem trúa því ekki. En þetta er nú staðreynd samt.

[19:25]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn bæta þingmenn Sjálfstfl. í og ekki er nú dregið af í gagnrýninni á þessa till. til þál. frá hæstv. iðnrh. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir m.a. að gera verði gagngerar breytingar á tillögunni til þess að hún njóti stuðnings hans. Það væri fróðlegt að fá einhver dæmi til viðbótar við það sem hv. þm. hefur nefnt um það hvað gæti orðið t.d. úrslitaatriðið í því hvort hann mundi styðja tillöguna eður ei.

En það var fleira, herra forseti, og ég vona að mér fyrirgefist það að líta á ræðuhöld hv. þm. sem eina ræðu þó að nokkurt hlé hafi verið á henni, en hv. þm. hefur m.a. nefnt það að stjórnsýslan sé á móti því að flytja opinber störf og verkefni til landsbyggðarinnar en ríkisstjórnin vilji það, þar sé viljinn alveg kristaltær.

En maður hlýtur að spyrja, herra forseti, hver er það sem ræður, hver er það sem stjórnar? Hefur hv. þm. ekki meiri trú á ríkisstjórninni eða völdum hennar en að ríkisstjórnin ráði ekki við stjórnsýsluna? Er þá ekki komið að því að það væri þá m.a. sett inn í byggðaáætlunina hvernig mætti ná tökum á ríkisstjórninni?

[19:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði talað mjög skýrt um þetta. Ég benti mönnum á að sagan segir þetta. Sagan segir þetta og þetta hefur gengið í gegn ár og áratugi og setið hafa alls konar ríkisstjórnir. Sagan ber vitni um þetta.

Þess vegna segi ég og hvet þingið til að ganga frá þessu, hnýta hnútana þannig við gerð þessarar byggðaáætlunar að ekki fari milli mála hvað menn vilja. Það er hægt að gera það. Við erum löggjafinn sjálfur þannig að við getum gert það og við eigum að nýta okkur þá aðstöðu þegar við erum að tala um og samþykkja stefnumótandi tillögur í byggðamálum að ganga þannig frá því að við getum tryggt við gerð fjárlaga að fjármagnið sé til staðar sem þarf til þess að útfylla þetta. Við getum tryggt það sjálfir að útþensla ríkisins, sem enginn ætlar að geta stoppað, verði þá jafnt úti á landi sem í Reykjavík.

[19:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. að mjög mikilvægt er að útþensla ríkisins verði um allt land en ekki bundin hér við þetta svæði og það er lykilatriði. Það er alveg ljóst að hv. þm. hefur mikinn stuðning þingmanna stjórnarandstöðunnar til að kveðið verði miklum mun skýrar að orði í þessari till. til þál. þannig að ljóst sé að við gerð t.d. næstu fjárlaga og jafnvel við afgreiðslu fjáraukalaga í haust sé hægt að taka á ákveðnum þáttum á skýran hátt.

En, herra forseti, það hefur gerst ítrekað að þingmenn Sjálfstfl. hafa komið hér upp og rætt um Byggðastofnun eins og þar séu gífurleg vandræði. Það sé ekki vansalaust, eins og mig minnir að hv. þm. hafi nefnt það, hvernig ástandið hafi verið þar að undanförnu, þ.e. í Byggðastofnun. Þetta er a.m.k. annar ef ekki þriðji þingmaður Sjálfstfl. sem kemur upp og talar á svipuðum nótum. Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé að spyrja hv. þm.: Hvað er það nákvæmlega sem hv. þm. á við?

[19:28]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur nú verið ýmislegt ef til á að taka. Ég sé á þessari þáltill. frá ríkisstjórninni að þar er gert ráð fyrir nýjum sjóði til þess að efla nýjan iðnað á landsbyggðinni.

Ríkisstjórnin treystir sér ekki til þess að láta þennan sjóð inn í Byggðasjóð, eins og væri náttúrlega eðlilegast af öllu að setja hann þar sem hann er á Sauðárkróki. Ég hef það til marks. Ríkisstjórnin sjálf virðist ekki treysta Byggðastofnun.

Það þarf því ekki langt að leita fanganna til að benda á að það eru ýmsir fleiri en ég sem efast um framkvæmd mála þar. Við höfum alveg orðið vör við það hvernig stjórnsýslan hefur gengið þar. Haldinn var fundur í stjórn Byggðasjóðs held ég á fimmtudag eða föstudag, þá hafði ekki verið haldinn fundur síðan á jólaföstu. Þetta tel ég ákaflega óeðlilegt og þegar ég spyr hvað sé að þarna þá fæ ég mjög lítil svör.

En ég hef orð á þessu vegna þess að mér svíður undan því. Hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða í byggð á Íslandi öllu sem stendur höllum fæti.

[19:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Einar Oddi Kristjánssyni að aðgengið að auðlindum sjávar, aðgengið að fiskimiðunum meðfram ströndum landsins er forsenda fyrir byggð og búsetu á viðkomandi svæðum. Ég er líka sammála honum í því að sjávarútvegsstefnan, eins og henni hefur verið fylgt, er ein aðalástæðan og er ein af meginástæðunum fyrir þeirri byggðaröskun sem við stöndum frammi fyrir, veigamikill þáttur þar. Og ég er alveg sammála hv. þm. í því að stefnan í sjávarútvegsmálum með aðgengi að fiskimiðunum er hryggurinn í lífi þessara byggða.

En ég vil einnig vekja athygli á því að stefnan í sjávarútvegsmálum hefur líka verið hryggurinn í ríkisstjórninni, í þessu ríkisstjórnarsamstarfi, í efnahagsmálum í landinu sl. áratug. Ég leyfi mér að spyrja hv. þm.: Styður hv. þm. þá tillögu sem hér hefur verið lögð fram í heild sinni um aðgerðir í fiskveiðistjórnarmálum?

[19:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur verið tjáð að á fimmtudaginn verði umræða um frv. um stjórn fiskveiða. Þar hafa menn a.m.k. 20 mínútur í fyrstu atrennu og síðan ótakmarkaðan tíma við 2. og 3. umr. Ég fer því ekki langt á þessum 40 sekúndum sem ég hef til að svara þessu máli enda óviðkomandi því sem við erum ræða núna nema ég hef lýst því yfir, að ég hélt á mjög skýran hátt, að mesta andbyggðastefna og andbyggðapólitík sem rekin hefur verið á Íslandi á undanförnum árum eru einmitt þessar villukenningar um auðlindaskatt á sjávarútveginn. Það var hörmulegt að heyra hvernig stjórnarandstaðan virðist vera algjörlega heillum horfin, eins og náttúrlega líka stór hluti stjórnarliðsins, að halda að auðlindagjald sé það sem skiptir máli til að lækka laun sjómanna. Auðlindagjaldið er ekki aðalatriðið og skiptir engu máli né heldur hver á þennan veiðirétt. Að við náum árangri í veiðunum er það eina sem skiptir máli.

[19:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á að í sjálfu sér er ekki verið að breyta um fiskveiðistefnu eða fiskveiðistjórnarstefnu. Það er í rauninni verið að framlengja óbreytt kerfi sem hefur í megindráttum verið við lýði a.m.k. síðan 1990 þegar framsal á fiskveiðiheimildum var gefið frjálst.

Það sem hv. þm. er að gagnrýna hér hefur hann umborið sl. tíu ár og þó að nú sé verið að tala um veiðileyfagjald, eins konar auðlindagjald, sem ég er andvígur er ekki verið að leggja til neina meginbreytingu. Megináherslan er að óbreyttu kerfi skuli viðhaldið sem mun áfram verða dýrkeypt byggðunum vítt og breitt um landið, einmitt strandbyggðunum sem við tölum um að þurfi að verja og gefa forgangsrétt á þeim náttúruauðlindum sem eru við bæjardyrnar hjá þeim og er alveg sjálfsagður frumburðarréttur.

Það er þarna sem við þurfum að taka á. Sú áætlun um byggðamál sem við erum að fjalla um og hv. þingmönnum Sjálfstfl. hefur fundist lítið til um ásamt mér er því lítils virði ef ekki er tekið á öðrum málum.

[19:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég las upp úr greinargerðinni. Ég las upp þann hörmulega texta þar sem stendur að mjög mikið ríði á því fyrir sjávarútvegsbyggðirnar að breyta ekki fiskveiðistjórnarkerfinu. (Gripið fram í.) Ég sagði að mikið óhappaverk hefði verið að koma þessum texta fyrir vegna þess að hér værum við að ræða það sem við yrðum fyrst og fremst að breyta. Ég kann ekki að segja til um hvernig við eigum að breyta því en við verðum að þoka okkur út úr þessu aflakvótakerfi, við megum ekki líta á það að taka einhvern ákveðinn massa af þorski sem stjórn á fiskveiðum. Við höfum reynt það í 18 ár, herra forseti, og það er fullreynt alls staðar við allar strendur Norður-Atlantshafsins.

Stærsta og mesta hagsmunamálið er því að ná tökum á þessari líffræði. Við verðum að viðhalda þessum stofnum, það skiptir öllu máli, bæði fyrir byggðir og efnahagslíf Íslands í heild.

[19:34]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fer mikinn í ræðum sínum og ræðir um fiskveiðistjórnarkerfið íslenska sem hann sér eiginlega allt til foráttu. (**EOK:** Nei.) Hann talar, herra forseti, a.m.k. eins og ástand fiskstofnanna sé í stórkostlegri hættu, (Gripið fram í.) þorskstofnsins, botnsjávarfiskanna, og að möguleikarnir til að veiða fari bara minnkandi.

Ég verð að segja að mér finnst hann tala eins og hann sé harðasti stjórnarandstæðingurinn en síðan á hann alltaf erfitt þegar verið er að greiða atkvæði um þessa hluti. Þá fylgir hann sínum herrum. Ég held að hann ætti að fara að athuga sinn gang í þessu efni.

[19:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Árið 1984 fórum við að stjórna þorskveiðunum með aflakvótum. Ég hef alla tíð mótmælt þeim, alla tíð látið í ljósi mikla vantrú á því að það væri rétt aðferð. Ég hef sannfærst um það með hverju árinu, hverju missirinu og hverjum mánuðinum að við erum að fara ranglega að. Sóunin í þessu kerfi er eitthvað sem við getum ekki lifað við. Ég hef notað hvert einasta tækifæri, bæði í ræðum og riti, hér á Alþingi og alls staðar. Löngu áður en ég kom inn á Alþingi hélt ég um þetta margar ræður og skrifaði um það margar ritgerðir. Engum þarf því að koma á óvart, síst af öllum mínum kæra vini og félaga, hv. þm. Karli V. Matthíassyni.

Ef við förum hins vegar yfir stuðning minn við ríkisstjórnina get ég alveg rakið það og farið í gegnum það hvenær og hvar ég hef stutt hana, hvenær ég hef mótmælt og hvenær ég hef sagt henni að ég væri ósammála því að sá er vinur sem til vamms segir. Það eru langar ræður og miklar.

[19:36]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mestu mótmælin eru að greiða atkvæði á móti þessum frv. Ef það er einlæg skoðun hv. þm. Einars

Odds Kristjánssonar að hann sé ósammála því gjaldi sem sjútvrh. gerir ráð fyrir að lagt verði á sjávarútveginn í tillögum sínum hlýtur hann að greiða atkvæði á móti því. Það hlýtur að vera þannig. Ég skil þetta ekki öðruvísi.

Svo vil ég segja að það hlýtur að skipta miklu máli hvert arðurinn af greininni dreifist. Ef hann fer aðeins á eina eða tvær hendur og þær hendur ákveða að fara með fjármagnið til útlanda til að kaupa í útgerð þar í staðinn fyrir að efla iðnaðinn innan lands, fiskiðnað og atvinnu, er það hið versta mál og er þá frelsið í gjaldeyrismálunum orðið til vansa.

[19:38]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Arður af atvinnurekstri í markaðssamfélagi dreifist. Um það bera best vitni kjör manna í Ameríku og í allri Vestur-Evrópu, og þróun þeirra mála síðustu 200 árin. Þó að einstaka gamlir kommúnistar trúi ekki að svo sé er vitnisburðurinn sem stendur þar eftir kjör manna í Vestur-Evrópu, í Vesturheimi. Þau standa bara eftir.

Hins vegar á umræðan um sjávarútvegsmálin að fara fram á fimmtudaginn kemur. Það er ekki vani að menn geri grein fyrir atkvæði sínu fyrr en að þeirri umræðu kemur. En ég get svo sem alveg tekið forskot á sæluna, herra forseti, ef það getur róað kæra vini. Menn geta alveg treyst því og ég get sagt frá því hér tveim dögum áður að ég mun örugglega og trúfastlega greiða atkvæði gegn auðlindaskatti á sjávarútveginn á fimmtudaginn og alla þá daga þegar ég á að standa frammi fyrir því.

[Fundarhlé. — 19:39]

[19:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég var nú niðri í matsal að horfa á næstæðsta mann landsins, hæstv. forsrh., segja okkur hvaða stefnu hann og ríkisstjórnin hefðu í ýmsum málum. En það verður ekki við það unað að hlýða á þau orð og best að snúa sér að umræðunni um byggðamál.

Það vill svo til að byggðamálin voru lengi undir valdsviði hæstv. forsrh. Ég vék að því í fyrri ræðu minni í dag að fyrir tíu árum, árið 1991, hefði verið gefin út sérstök skýrsla og tillögur í byggðamálum. Þegar maður lítur á þær tillögur sem birtust í febrúar árið 1991 þá er ótrúlega margt líkt með þeim og því sem birtist í þessu plaggi nú og í raun og veru má segja að þau atriði sem birtast í núverandi þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005, sem talin eru upp í fimm liðum frá a til e, að nánast öll þau orð sem þar standa í þessum fimm liðum má finna í skjali frá 1991 þar sem voru tillögur um fyrstu aðgerðir í byggðamálum, að vísu taldar upp í tíu liðum þá. Meðal annars var þar sagt að meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu yrði til á landsbyggðinni.

Þar var stefnumótun um áætlanagerð, að virk þátttaka heimamanna yrði tekin upp á sviði byggðamála, komið yrði á fót héraðsmiðstöðvum og talið upp hvar þær ættu að vera staðsettar, m.a. á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og nokkrum fleiri stöðum á landinu, þannig að sú umræða sem er hér í dag um að efla ákveðin svæði og ákveðna staði á landinu er mjög gömul, hún er meira en tíu ára gömul.

Þar sagði líka í 5. lið þeirra tillagna frá 1991 að sveitarfélög yrðu sameinuð og stækkuð og efld verulega, að atvinnuþróunarfélög yrðu efld og atvinnuþróunarsjóðir styrktir í kjördæmum landsbyggðarinnar, jöfnun raforkuverðs o.s.frv. Megnið af þeim orðum sem standa í þeirri byggðaáætlun sem við erum nú að ræða hafa því verið okkur kunn a.m.k. í tíu ár. Hins vegar hefur skort eftirfylgni, eftirfylgni um þá framkvæmd að viðhalda byggð í landinu og að framkvæmdin snúist ekki öll að því að þegar til verða ný störf í opinberri þjónustu þá verði þau öll á höfuðborgarsvæðinu eins og verið hefur á undanförnum árum og áratugum.

Því miður er það svo, eins og komið hefur fram í umræðunni í dag, varðandi eflingu ríkisstarfa úti á landi, flutning stofnana út á land eða starfa út á land á vegum hins opinbera, að þar er ekki um mikinn árangur að ræða. Þó ber ekki að lasta það fáa sem tekist hefur.

Það eru auðvitað nokkur atriði sem ég vildi ræða í þessari áætlun en á átta mínútum gefst ekki langur tími til þess að fara yfir stefnu og horfur í byggðamálum. Ég hef margoft sagt að mín skoðun sé sú að fyrir hinar dreifðu og veikari byggðir, og þá er ég að tala um sjávarútvegs- og landbúnaðarbyggðir landsins á Norðvesturlandi, Vestfjörðum, við Breiðafjörð, á Norðausturlandi og víðar reyndar, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni í dag, þá skiptir atvinnulífið mestu máli. Það var segin saga að þegar uppsveifla var í atvinnulífinu almennt á landsbyggðinni, á árunum milli 1970 og 1980, þá fjölgaði á landsbyggðinni. Síðan hefur fólki á landsbyggðinni fækkað jafnt og stöðugt þó að örlítið hafi dregið úr því á síðasta ári.

Það er auðvitað svo að fólk vill vera nokkuð tryggt um atvinnu sína og að það hafi nokkuð góðar tekjur á landsbyggðinni, einkum þar sem það er almennt dýrara að búa á þar. Búsetukostnaður hefur lengstum verið meiri þar en á höfuðborgarsvæðinu. Það verður að segjast eins og er að stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum hefur ekki verið til þess að laga þennan búsetukostnað eða jafna hann nema að sáralitlu leyti. Lengi vel borgaði landsbyggðarfólk jafnhá fasteignagjöld af eignum sínum þó að eignirnar væru að raunvirði lægri en í Reykjavík og var þá miðað við fasteignamat á Reykjavíkursvæðinu.

Nú hefur þetta verið fært til betri vegar og er nú miðað við raunverð fasteigna á viðkomandi stöðum. Það er hins vegar svo að vegna þróunar í atvinnumálum hefur fasteignaverð hrunið víða á þessum stöðum þannig að fólk, þótt það vildi færa sig á milli svæða, á ekki létt með það þar sem verð fyrir fasteignir þeirra er miklu lægra en á þeim svæðum sem það kannski teldi sig geta flutt á vegna atvinnu- og byggðaþróunar, t.d. á suðvesturhornið eða á Akureyrarsvæðið.

Menntun á landsbyggðinni hefur batnað að mínu viti og samgöngur hafa batnað, samt ekki nóg. Vil ég sérstaklega í því sambandi vekja athygli á því að samgöngur innan Vestfjarða milli norður- og suðursvæðis eru aðeins hluta úr ári. Það er algjörlega óviðunandi ástand að búa við og ef á að vera hægt að efla byggð og styrkja samvinnu Vestfirðinga varðandi þjónustu og annað, þá þarf að tengja þau svæði saman með heilsársvegasamgöngum. Að vísu er komið inn í jarðagangaáætlun að gera skuli göng úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð og er það vel, en því máli þarf virkilega að hraða. Einnig þarf að hraða því að suðurhluti Vestfjarða búi við eðlilegt vegakerfi allan ársins hring og sé ekki eins og eyland þó að það sé fast við landið eins og Vestfjarðakjálkinn að öðru leyti, vegna þess að samgöngurnar eru eingöngu sumarsamgöngur. Þessu þarf að breyta sem allra fyrst.

Fjöldamargt er hægt að gera til að styrkja atvinnu á landsbyggðinni og búsetu þar. Það má jafna námslánakostnað og jöfnun kostnaðar vegna náms. Það má gera betur í því að jafna húshitunarkostnað. Þungaskatturinn hefur oft verið til umræðu, hann hækkar vöruverð á landsbyggðinni, hann hækkar

kostnað fyrirtækja á landsbyggðinni og virðisaukaskatturinn vegur að sumu leyti eins varðandi flutningskostnaðinn.

Hins vegar er alveg bráðnauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að í dreifðum byggðum landsins, einkum þeim sem ég hef gert hér að umræðuefni, er sjávarútvegurinn að stórum hluta undirstaðan og landbúnaðurinn er bakland sem þarf að vera til staðar fyrir þær byggðir ef þær eiga að halda velli. Það sem þarf að gera er að tryggja að ekki verði frekari samdráttur í sjávarútvegi og tryggja þarf til framtíðar vissu fólksins á þessum svæðum fyrir því að geta lifað af landsins gæðum til sjós og lands.

[19:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ýmislegt hefur komið fram í umræðunni sem ástæða væri til að ræða nánar um. Ég hyggst hins vegar bæta pínulítið við það sem ég var að tala um í fyrri ræðu minni vegna þess að ég varaði mig ekki á því hvað ég hafði stuttan tíma. Ég var að ræða um að í þessari tillögu er á tveimur stöðum talað um byggðarlögin í tengslum við veiðiheimildir. Og það stendur skýrum stöfum að stefna stjórnvalda megi ekki draga úr möguleikum til nýliðunar í sjávarútvegi. Það er að vísu ekki sagt sjávarútvegi heldur í atvinnuvegunum, en sjávarútvegur hlýtur að vera þar undir, því að hann er auðvitað aðalatvinnuvegur þeirra byggðarlaga sem við erum að tala um í þessari umræðu.

Ég er út af fyrir sig afar sáttur við það að þetta orðalag skuli vera í tillöguni, einfaldlega vegna þess að í því er fólgin yfirlýsing um að núgildandi stefna sé óheppileg, stórhættuleg og henni eigi að breyta, a.m.k. ef maður les það sem þarna stendur eins og venjulega íslensku. En maður fær svolitla bakþanka þegar maður er kominn yfir á bls. 8 af bls. 3, því að þar er talað um að huga þurfi að stöðu nokkurra fámennra byggðarlaga sem eru háð útgerð smábáta og viðkvæm eru fyrir áhrifum af flutningi aflamarks milli byggðarlaga. Og við endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða er mikilvægast að tryggja þessum byggðarlögum áframhaldandi aðgang að aflamarki. Þarna er verið að tala um að koma einhverjum veiðiheimildum, byggðakvóta eða einhverju slíku, (Gripið fram í.) 1.500 tonnum, sennilega úr frv. sem verið var að deila út hér í dag, í hendurnar á einhverjum sem eiga í erfiðleikum á þessum stöðum.

Mér finnst hart að þurfa að standa í þessum sporum til að benda á að í þessu máli, þessari till. til þál., er í raun og veru á öðrum staðnum verið að benda á að stjórnvöld eigi að breyta stefnu sinni til að gera þeim atvinnuvegi kleift að lifa og til að nýliðun geti orðið í atvinnuveginum. Síðan er annars staðar í þáltill. talað um eitthvert lítilræði til þess að bjarga málum þar sem allt er komið í öngþveiti og vandræði. Það er ekki hægt að bjóða upp á svona plagg.

Ég ætla að nefna annað dæmi úr þessu plaggi. Það er landbúnaðarkaflinn og ég ætla ekki að eyða mínum stutta tíma í að lesa hann upp en í honum stendur nákvæmlega ekki neitt. Það er einungis lýsing á ástandi sem nú er í landbúnaði. Það er í sjálfu sér umhugsunarefni að í byggðaáætlun, till. til þál. um byggðaáætlun á Íslandi, sé ekkert um hvað eigi að gera í landbúnaði. Það er umhugsunarefni. En úr því að menn ætluðu ekki að leggja til að gera nokkurn skapaðan hlut í landbúnaðarmálunum í tengslum við byggðaáætlun, hvers vegna í ósköpunum voru menn þá með þessar klásúlur þarna inni til að lýsa ástandinu?

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég les það út úr því að um þetta mál hafi verið fjallað en ekki hafi náðst neitt samkomulag um hvað ætti að gera og þess vegna standi þessi orð þarna inni sem vitnisburður um það að stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um eitt eða neitt.

Síðan finnst mér ástæða til að nefna það hér, vegna þess að lítið tóm gafst til andsvara við hv. 5. þm. Vestf. þar sem hann fór hér mikinn og talaði um sjávarútvegsmálin og þar sem hann leyfði sér að gera lítið úr því sem er mesti vandi byggðarlaganna á Vestfjörðum sem er það gífurlega háa gjald sem menn þurfa að borga ef þeir ætla að fara í útgerð. Hann leyfði sér að gera lítið úr því eins og það skipti engu máli. Hv. þm. talaði þannig að það skipti bara engu máli hvert þessir peningar færu og hvernig þeir rynnu því að þeir skiluðu sér inn í þjóðfélagið.

Skyldu ekki ýmsum af sveitungum hans á Vestfjörðum og kjósendum hans jafnvel og öðru fólki í byggðarlögum á Vestfjörðum finnast það undarlegt þegar hv. þm. talar á þennan hátt, eins og það skipti bara engu máli að það kosti svo mikla peninga að hefja útgerð frá þessum byggðarlögum að það sé engin glóra í því. Hvers lags málflutningur er þetta eiginlega?

Ég hefði viljað hlusta á hv. þm. útskýra afstöðu sína til þessara mála með einhverjum öðrum hætti. En hann kýs að flýja í það að breyta þurfi sjálfu þorskveiðikerfinu, þ.e. stjórn fiskveiðanna sjálfra, sem er út af fyrir sig allt annað mál og ég get alveg fallist á rök hans í því að menn geti haft þá skoðun að hætta eigi við þetta kerfi sem fiskveiðistjórnarkerfi. En að flýja í að tala um annað, þegar verið er að tala um að eignarhaldið á réttinum til þess að stunda sjó er selt á þvílíku verði að ekki er hægt að hefja rekstur á þeim stöðum, það finnst mér ekki merkilegur málflutningur. Og þar er hv. þm. illa fjarri að geta ekki hlustað á orð mín en ég hafði ekki tækifæri til þess að tala við hann um þetta mál í stuttum andsvörum og ég get ekki látið ómótmælt þvílíkri dellu sem það er að ætla að líta fram hjá því sem stendur þeim byggðarlögum fullkomlega fyrir þrifum til að þau geti dafnað.

[20:01]

Útbýting þingskjala:

Evrópuráðsþingið 2002, 556. mál, skýrsla ÍÞER, þskj. 874.

Stjórn fiskveiða, 562. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 882.

[20:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni um þessa till. til þál. um stefnu í byggðamálum fjallaði ég aðallega um skólamál og menntamál. Þar kom ég einmitt inn á að í tillögunni eru góð fyrirheit og góð orð sett á blað um að hverju bæri að vinna. (**GAK:** Þau voru það líka 1991.) Þau voru það líka 1991, segir hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. Já, þau voru það nefnilega líka 1991.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstfl. og a.m.k. á köflum stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar, sagði að ekki væri nokkur naglfesta í þessari till. til þál. um byggðamál, að þetta væri bara fallegt snakk. Eitthvað í þá veruna orðaði hv. þm. það.

Sú er einmitt staðan í menntamálunum. Þar er langt milli orða og athafna og við upplifðum það við gerð fjárlaga fyrir þetta ár að framlög til menntamála, til skólamála voru skorin niður og þegar verið var að samþykkja frv. um sérstaka tekjuöflun fyrir ríkissjóð var einmitt fundin sú leið að skattleggja nemendur, hækka skólagjöld og skattleggja

nemendur og sérstaklega hækka skólagjöld á nemendum í verk- og starfsnámi. Það sýnir huginn varðandi menntun.

Lítum á fleiri mál. Hér hefur verið rætt að það þurfi að styrkja stöðu sveitarfélaganna. Það er alveg hárrétt. Það þarf að efla hlutverk þeirra og gefa þeim möguleika, kost og svigrúm til þess að axla aukna ábyrgð svo þau geti veitt íbúum sínum sterkari og betri þjónustu. Þetta er líka mjög fallegt og göfugt markmið. En hver er staðan?

Staðan er sú að skuldir sveitarfélaganna vaxa og vaxa. Færð eru til þeirra aukin verkefni frá ríkisvaldinu en tekjustofnar fylgja ekki með og vandi þeirra eykst. Til hvers er þá gripið? Jú, það er boðist til þess að kaupa af þeim eignirnar. Ríkissjóður, meiri hlutinn hér, býðst til þess að kaupa af þeim eignir til þess að létta á bráðaskuldavandanum. Hvað var gert fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum sem höfðu mátt búa við það að m.a. fiskveiðistjórnarkerfið hafði rúið þau, íbúana þar, rétti sínum og möguleikum og forgangi að fiskimiðunum meðfram ströndum Vestfjarða? Fiskveiðiheimildir voru fluttar í aðra landshluta og fyrirtæki þeirra höfðu þar ekki lengur lífsgrundvöll og tekjur sveitarfélaganna höfðu líka hrunið.

Hvað er gert? Jú, ríkisvaldið er reiðubúið að hjálpa þeim. „Við skulum kaupa af ykkur eignir. Hvernig er með orkubúið ykkar? Við höfum trú á því að orkubúskapur sé búskapur framtíðarinnar. Við höfum trú á því. Þess vegna skulum við kaupa af ykkur orkubúið til þess að létta á skuldum ykkar."

Hér á suðvesturhorninu eru Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja að styrkja sig og efla. Það er ekki verið að tala um að selja þær eða láta ríkið hafa þær. Nei, það er verið að styrkja þær og efla til átaks í atvinnumálunum fyrir viðkomandi byggðarlög. En úti á landi þar skal bara kaupa þetta upp í skuldir sveitarfélaganna.

Hvað er gert við Sauðárkrók, Skagafjörð? Sveitarfélagið Skagafjörður á í fjárhagsvandræðum m.a. vegna álaga sem til eru komnar vegna stjórnvaldsaðgerða. Jú, það er sjálfsagt að bjóðast til þess að kaupa af þeim rafveituna, létta af þeim skuldunum í bili, rafveituna sem var afskrifað fyrirtæki og skilaði íbúunum bæði öruggri þjónustu og margháttuðum beinum og óbeinum arði. Nei, það er sjálfsagt að taka þetta af þeim upp í skuldir. Núna stendur sveitarfélagið kannski frammi fyrir því að þurfa að senda steinullarverksmiðjuna sína sömu leið til þess að létta af sér skuldum.

Svo sjáum við hér í till. til þál. að það þurfi að efla sveitarfélögin til að geta tekið að sér aukin verkefni. Fyrir nokkru síðan var hér lagt fram lagafrv. um að heimilt væri að hlutafélagavæða vatnsveiturnar, gera sveitarfélögunumn kleift að hlutafélagavæða vatnsveiturnar, einkavæða þær og síðan mögulega að selja vatnsveiturnar. Kannski fáum við að upplifa það næsta vetur að ríkið bjóðist til að kaupa vatnsveiturnar af sveitarfélögunum á Vestfjörðum eða á Norðurlandi eða annars staðar sem sveitarfélög eiga í vandræðum.

Þessi einkavæðingarleið er sú leið sem ríkisstjórnin býður. Svo er sagt fagurlega: „Við stefnum að því að efla sveitarfélögin." Já, það er stefnt að því með því að rýja þau eignum sínum, möguleikunum til atvinnulífs og nýsköpunar.

Virðulegi forseti. Þessari stefnu erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á móti. Við erum á móti þessari tegund af byggðastefnu sem ríkisstjórnin iðkar.

Lítið hefur farið fyrir landbúnaðarmálunum í þessari till. til þál. Það er rétt svona skautað yfir þau. Þó er nefnt í aðgerðaáætluninni, sem er svo sem gott, að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hafi verið stofnaður 1999. Það stendur hér einhvers staðar í aðgerðaáætluninni. Það er gott og blessað. En þar hefur starfað landbúnaðarháskóli síðan 1947 og útskrifað landbúnaðarkandídata, háskólamenntað fólk í landbúnaði. Það varð bara tæknileg breyting 1999. En þetta er tíundað þarna og það er gott. Að öðru leyti eru menn fátalaðir um aðgerðir í landbúnaðarmálum.

Það er von að heilu landshlutarnir telji sig verða út undan og telji að málefnum þeirra sé lítill gaumur gefinn. Hvammstangi hefur verið nefndur. Einmitt núna í fréttum var tilkynnt að þar væri verið að loka mjólkurbúinu með sjö fasta starfsmenn plús aðra starfsemi sem því tengist. Já, en samt er ekki minnst á þetta í byggðaáætluninni. Á Hvammstanga er líka verið að tala um að loka pósthúsinu. Þar eru a.m.k. tvö ef ekki fleiri heil störf. Ekki er minnst á þessa almannaþjónustu í byggðaáætluninni. Nei, þar er forðast að nefna neitt sem er naglfast, neitt sem í rauninni kemur byggðunum til góða við að styrkja grunnþjónustuna sem þar er með því að vera með þá lagaumgjörð að sveitarfélögin geti (Forseti hringir.) sjálf stýrt sér og verið fjárhagslega sjálfstæð en þurfi ekki að láta hirða eignir sínar upp í skuldir eins og ríkisvaldið iðkar gagnvart þeim.

[20:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla að nota seinni ræðu mína til þess að ljúka því máli sem ég hóf hér við fyrri ræðuna, þ.e. að leggja áherslu á stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég ítreka það sem ég sagði áður að sitthvað í tillöguflutningi ríkisstjórnarinnar rímar ágætlega við þær áherslur sem við höfum haft uppi. Þar vegur að sjálfsögðu þyngst þar sem talað er um fjölbreytni í atvinnulífi, að það eigi að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og einnig er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Þetta er mjög í þeim anda sem við höfum talað hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og gott væri ef saman færu orð og efndir, orð og athafnir. Nægir þar að minna á þau áform sem eru stærst hjá ríkisstjórninni nú um stundir, þ.e. að virkja við Kárahnjúka og reisa þar stærstu orkustöð í landinu og sjá risavaxinni álbræðslu fyrir orku. Það á hvorki að gera á sjálfbæran hátt né mun það stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi á Austurlandi nema síður sé.

Það sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum talað fyrir til að tryggja fjölbreytni í atvinnulífi er í rauninni þrennt. Í fyrsta lagi leggjum við áherslu á að styrkja velferðarþjónustu og stoðþjónustu í landinu. Með velferðarþjónustu vísum við til skóla, við vísum til heilbrigðisstofnana og annarrar ámóta þjónustu. En með stoðkerfinu vísum við til samgangna, fjarskipta og annars af því tagi. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni hefur þessi stoðþjónusta verið að veikjast eða öllu heldur hefur hún verið veikt með aðgerðum ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum. Ég vitnaði þar í tölur varðandi póstþjónustuna. Menn hóta reyndar í greinargerð með þessari þáltill. að halda áfram á sömu braut því vísað er sérstaklega í áform um að færa verkefni frá opinberum aðilum til fyrirtækja, með öðrum orðum að halda áfram að einkavæða.

Taka má fjölmörg dæmi um aðgerðir ríkisstjórnarinnar og kerfisbreytingar á liðnum árum sem hafa komið mjög illa við landsbyggðina. Ég nefni þar t.d. einkavæðingu rafmagnseftirlits í landinu. Rafmagnseftirliti var áður sinnt af starfsmönnum í raforkugeiranum víðs vegar um landið. Síðan var farið yfir í nýtt kerfi. Löggildingarstofu var fengið það verkefni að hanna almennar reglur sem áttu að gilda um

þennan geira. Síðan var komið á fót svokölluðum skoðunarstofum sem áttu að fylgjast með því með úrtaki að farið væri að settum reglum.

Og hvað gerist? Skoðunarstofurnar, sem eru nú ekki ýkja margar reyndar, eru allar á höfuðborgarsvæðinu og senda síðan fulltrúa sína út á landsbyggðina með miklum tilkostnaði til þess að ráðast í þessar úrtaksskoðanir sem reyndar eru af svo skornum skammti að menn kvarta um það víðs vegar um landið að rafmagnseftirliti sé mjög áfátt. Ég nefni þetta sem dæmi um kerfisbreytingar sem hafa komið í bakið á landsbyggðinni og eru byggðafjandsamlegar í þeim skilningi.

Annað atriði sem við leggjum áherslu á er að auka aðgengi að ódýru fjármagni eða fjármagni á hagstæðum kjörum og fjármagni til nýsköpunar og uppbyggingar í atvinnulífi. Hér fyrr á tíð höfðu ýmsir sjóðir þessu hlutverki að gegna og ég nefndi nokkra hér áðan, Fiskveiðasjóð, Iðnþróunarsjóð og fleiri sem voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem var einkavæddur. Þegar sá banki hafði lokið sínu verki á vegum ríkisstjórnarinnar höfðu aðgerðir hans leitt til meiri samþjöppunar í vörudreifingu en dæmi voru um áður.

Nú er talað um að Byggðastofnun fái það verkefni að hafa forustu á þessu sviði. Það á að gera Byggðastofnun að eins konar fjárfestingarbanka. Ekki ætla ég að leggjast gegn því nema síður væri. En þetta sýnir okkur bara að þörfin er þarna fyrir hendi, ekki síst þegar búið er að einkavæða ríkisbankana og þeir eru farnir að starfa í þeim anda að þeir eigi fyrst og aðeins að hugsa um arðsemi af fjármagni en hætti að líta á sig sem þjónustustofnanir við samfélagið. Ég er ekki að tala fyrir því nema síður sé að ráðist sé í einhver óarðbær eða óskynsamleg verkefni. En auðvitað eiga fjármálastofnanir að líta á sig sem þjónustustofnanir í bland. Nú eru menn að tala um að efla þurfi Byggðastofnun í þessu efni.

Hvaða form sem við finnum þessu þá teljum við mikilvægt að tryggja atvinnulífinu aðgengi að ódýru og tryggu uppbyggingarfjármagni.

Í þriðja lagi leggjum við áherslu á að styrkja sveitarfélögin og skapa þeim traustari undirstöður en þau hafa haft. Á þetta er allt saman minnst í þessum tillögum og greinargerðum. En eins og ég rakti í fyrri ræðu minni hefur hagur sveitarfélaganna verið að versna allan undanfarinn áratug. Það birtist okkur m.a. í því að hlutfall rekstrar af skatttekjum hefur verið að aukast. Það var árið 1995 77,9% en á árinu 2000 komið í 83,3%. Þetta þýðir að sveitarfélögin hafa miklu minna fjármagn til uppbyggingar en þau áður höfðu. Þessu hefur fylgt aukin skuldsetning sveitarfélaganna sem hefur meira en tvöfaldast á síðasta áratug. Ríkið hefur verið að færa verkefni frá sjálfu sér og yfir á herðar sveitarfélaganna án þess að tryggja nægilega tekjustofna til að rísa undir kostnaði við þennan rekstur. Má nefna grunnskólann í því sambandi, sem hefur reynst sveitarfélögunum erfiður.

Þetta eru þær áherslur sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum og á þennan hátt teljum við að hægt sé að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi Íslendinga, fjölbreytni um allt land.

[20:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hef verið fjarverandi frá umræðunni í dag vegna þess að ég var búinn að ráðstafa mér í kjördæminu í dag og í gær. En ég átti þess kost þegar ég kom í bæinn áðan að blanda mér í hana þar sem ég sá að henni var ekki lokið. Mér heyrist reyndar að nokkuð sé ósagt miðað við það sem fram kom í ræðum þingmanna, t.d. hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem ég tel að hafi oft flutt betri ræður en þá sem ég heyrði brot úr. (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

Ég vil segja um þessa tillögu að það er ljóst að hér er afar stórt mál á ferðinni sem snertir marga. Því er eðlilegt að um það séu miklar meiningar, sérstaklega í ljósi þess að íbúaþróun innan lands hefur verið í afar miklu ójafnvægi og hefur því komið illa við mjög marga, bæði þá sem búa á landsvæðum þar sem fólksfækkun hefur verið nokkuð viðvarandi en kannski ekki síður, þó að mönnum sé það meira hulið í augnablikinu, komið illa við þá þar sem fjölgun er mjög hröð því að það hefur ýmsar neikvæðar hliðarverkanir.

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að stjórnvöld eigi að hafa ákveðna stefnu sem kalla megi byggðastefnu og snúist fyrst og fremst um tvennt, þ.e. annars vegar um hlut opinberra aðila í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu og hins vegar um þátttöku og hlutverk stjórnvalda til að jafna búsetuskilyrði um landið þannig að röskunin verði minni en nú er þannig að af þeim sökum verði síður ástæða fyrir fólk til að færa sig á milli landshluta til að sækja opinbera þjónustu eða menntun. Ég tel að slík stefna verði að ná yfir landið allt en ekki bara landsbyggðina eins og verið hefur.

Ég held að það fyrsta sem við þurfum að gera sé að mynda heildstæða stefnu fyrir landið allt. Í því felst að stjórnvöld þurfa líka að skilgreina og skýra hvað þau ætlist fyrir með höfuðborgarsvæðið, hvaða hlutverk þau ætli höfuðborginni og hvaða hlut hið opinbera ætli sér í þeim þætti.

Ég held að það sem að hluta til hafi skapað neikvæða afstöðu til byggðaumræðu af hálfu þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu sé að menn líta svo á að byggðastefna sem nái aðeins yfir landsvæðið utan höfuðborgarsvæðisins sé einhvers konar stefna gegn því og líta svo á að hið opinbera sé að beita sér með ýmsum aðgerðum, sem á hverjum tíma eru taldar þar upp, gegn þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst stundum að viðbrögð fólks á þessu svæði mótist af því að það skilur stefnumörkunina þannig.

Þess vegna held ég að til að fyrirbyggja misskilning sé nauðsynlegt að stefnan nái yfir landið allt, líka til þess að draga inn í umræðuna það sem hið opinbera er að gera í dag og hefur gert mjög lengi til þess að styrkja höfuðborgarsvæðið. Og það er býsna margt. Niðurstaðan af aðgerðum hins opinbera hefur gríðarlega mikil áhrif á búsetuþróun og vegna þess að hið opinbera hefur beitt sér mjög mikið á höfuðborgarsvæðinu um marga áratugi þá hefur íbúaþróunin þar verið langsamlega hagstæðust miðað við landið í heild.

Ég er því sammála þeim viðhorfum sem ég hef heyrt á undanförnum vikum að það þurfi að marka stefnu fyrir höfuðborgarsvæðið líka. Ég tel að við eigum að gera slíkt. Ég held hins vegar, og það finnst mér jákvætt í þessu plaggi, að menn deili ekki lengur um að aðgerðir hins opinbera hafa áhrif. Á þeim tíma sem ég hef tekið þátt í stjórnmálum hafa þau viðhorf löngum verið uppi af hálfu ýmissa í stjórnmálunum að opinber afskipti eða opinber stefna skipti engu máli vegna þess að þróunin væri óstöðvandi og enginn fengi rönd reist við henni. Nú sýnist mér á þeim skjölum sem hér liggja fyrir og umræðunni sem farið hefur fram að engar raddir séu uppi um það lengur að þetta sé svona, heldur tala menn þvert á móti út frá þeim veruleika að aðgerðir stjórnvalda skipti máli og geti breytt þróun. Ég tel það jákvæða breytingu á hinni pólitísku umræðu um byggðamál á undanförnum þremur árum.

Ég held t.d. að áherslurnar sem lagðar eru upp í skjali ríkisstjórnarinnar um að styrkja Eyjafjarðarsvæðið endurspegli þá trú stjórnmálamanna að hægt sé að breyta þróuninni á þann veg sem þar er lýst, úr 20 þúsund manna héraði í 50 þúsund manna hérað á tilteknu árabili. Í því felst þá líka að þeir sem hafa þessa trú gera sér grein fyrir því að hægt er að stýra íbúaþróun á öðrum svæðum landsins og ná árangri í samræmi við þau markmið sem þeir setja sér og í samræmi við þær aðgerðir sem þeir beita. Ég tel að stefna sem við eigum að hafa, þ.e. hið opinbera, eigi að ná yfir landið allt, ekki bara landsbyggðina og ekki bara höfuðborgarsvæðið og ekki bara eitt svæði á landsbyggðinni. Stefnan á að lýsa viðhorfum hins opinbera og stefnu til allra svæða landsins.

Ég hef talað fyrir því að menn drægju upp þessa mynd í mörkun stefnu í byggðamálum. Ég bendi á að fram hafa komið áherslur í þessa veru mjög víða, bæði innan Sambands íslenskra sveitarfélaga og innan verkefnisstjórnar um mótun nýrrar byggðastefnu og undirhópa sem störfuðu á vegum þeirrar verkefnisstjórnar. Þessi sjónarmið hafa því mjög víða verið sett fram og ég tel að mjög vaxandi stuðningur sé við þau viðhorf að menn eigi að hafa heildstæða stefnu sem nái yfir landið allt. Ég hef ekki heyrt á ráðherrum ríkisstjórnarinnar að þeir andmæli þessum sjónarmiðum eða tali beinlínis gegn þeim. Ég tel að í ríkisstjórninni hljóti að vera samherjar mínir varðandi þau viðhorf sem ég lýsi.

En það er alveg ljóst að skjalið er ekkert heilagt og þolir vel að það megi bæta og því breyta. Ég tel alveg fullvíst að þingið muni athuga það og gera á því breytingar eftir atvikum.

Herra forseti. Ég vildi aðeins láta í ljós með nokkrum orðum miðað við þennan skamma ræðutíma almenn viðhorf mín til málsins. En ég vil líka segja að ég tel að menn geti með markvissum aðgerðum náð verulegum árangri og það er kannski meginlærdómurinn sem við getum dregið af þeirri umræðu sem fram hefur farið að undanförnu.

[20:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjuefni að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skuli kominn í þingsalinn og geta tekið þátt í umræðum. Hans hefur verið sárt saknað hér í dag vegna þess að víða hefur umræðan farið og m.a. nálgast nokkuð stofnun sem hann er í formennsku fyrir, þ.e. Byggðastofnun. Sérstaklega hafa verið áberandi ummæli tveggja hv. þm. Sjálfstfl. um Byggðastofnun. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort hann sé sammála því mati þessara tveggja hv. þm. að Byggðastofnun, eins og annar hv. þm. sagði, væri að liðast í sundur eftir flutning til Sauðárkróks. Og ef ég vitna svo til hins þingmannsins, þ.e. hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þá sagði hann að ljóst lægi fyrir að ríkisstjórnin treysti ekki Byggðastofnun fyrir ákveðnum sjóði. Hann var ekki nefndur en væntanlega hefur það verið nýsköpunarmiðstöð. Lítur hv. þm. þannig á að ríkisstjórnin treysti ekki Byggðastofnun fyrir nýsköpunarmiðstöðinni með því að leggja fram tillögu um að hún verði sett upp á Akureyri?

[20:28]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ummælin sem hv. þm. vitnar hér til að hafi fallið um að Byggðastofnun sé að liðast í sundur séu nú ómakleg. Ég hef þær fréttir úr umræðunni að tveir hv. stjórnarmenn í Byggðastofnun sem eru báðir þingmenn Sjálfstfl., hafi borið til baka allar ávirðingar af því tagi og því skyldu.

Ég vil segja um nýsköpunarmiðstöðina að í gildandi lögum um Byggðastofnun sem eru frá því í desember 1999 er stofnuninni falið það hlutverk að hafa forgöngu um nýsköpun í atvinnulífinu og ætlað fé í því skyni þannig að það að ætla sér að koma á fót sérstakri nýsköpunarmiðstöð á Akureyri með þetta verkefni og hugsanleg verkefni atvinnuþróunarfélaganna er að mínu viti ekki skref fram á við. Ég tel að það eigi auðvitað að efla þá stofnun sem flutt var út á land til þess að sinna þeim verkefnum sem lög kveða á um að hún eigi að gera.

[20:29]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir að hluta það sem hv. þm. sagði hér um byggðastefnuna sem þyrfti að ná til landsins alls. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. hefur nokkrum sinnum bent á að það hefur verið rekin mjög öflug byggðastefna á höfuðborgarsvæðinu sem hafi náð ótrúlega miklum árangri. Ég held að það séu áherslur sem eigi fullt erindi inn í þessa umræðu.

Herra forseti. Hvað varðar umræðuna um nýsköpunarmiðstöðina og ummæli hv. þm. um hana þá hlýt ég að spyrja hv. þm. hvort hann hafi, eins og ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. sem hér hafa talað í dag, haft fyrirvara varðandi þessa þáltill. þegar hún var afgreidd í þingflokknum. Það kom fram hjá nokkuð mörgum hv. þm. Sjálfstfl. að þeir hafa fyrirvara, að vísu á mismunandi stigi, sumir mikinn og sumir algjöran. En ég held að sé nauðsynlegt vegna þeirrar gagnrýni sem hér kom fram í máli hv. þm. að spyrja hvort það sama hafi gerst í þingflokki Framsfl., að hann og jafnvel fleiri hv. þm. Framsfl. hafi fyrirvara gagnvart þessari þáltill.

[20:30]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil út af fyrir sig ekki svara fyrir aðra en sjálfan mig um afstöðu til málsins. Ég sat í verkefnisstjórninni og þegar hún skilaði af sér voru í þeirri skýrslu hlutir með öðrum hætti en ég hefði kosið, m.a. orðalag á ýmsum stöðum í grg. sem ég sá strax að var mjög óheppilegt svo ekki sé fastar að orði kveðið. Ég tók því saman eigin greinargerð sem ég sendi ráðherra og lýsti þeim sjónarmiðum sem ég hafði til ýmissa atriða í þeirri skýrslu.

Ég vil hins vegar nefna varðandi nýsköpunarmiðstöðina að hún var ekki tillaga frá verkefnisstjórninni. Sú tillaga varð til í meðförum ríkisstjórnar og er ekkert við að segja því að ríkisstjórnin gengur frá skjalinu og leggur það fram. Hún var bara ekki tillaga verkefnisstjórnar.

[20:32]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók sérstaklega eftir því í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að hann talaði um samstarf höfuðborgarsvæðis og þingsins eða landsbyggðarinnar um þróun mála á Íslandi. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann átti sig ekki á því að sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins leggja náttúrlega gríðarlega vinnu í skipulag svæðisins hvert fyrir sig og hafa nú til ráðstöfunar skipulag og lóðir fyrir obbann af því fólki sem býr á landsbyggðinni en það byggir á úttekt og vinnu sem er grundvölluð á ástandi og horfum í stjórn landsmála. Það endurspeglar bara það sem sérfræðingar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins telja að ríkisstjórnin meini í framtíðinni, gefur þeim tölur þar að lútandi og fram-

kallar þau viðbrögð sem þeir hafa í frammi.

[20:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. sé að vísa til framtíðarsýnar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til líklega um tuttugu ára eða svo. Þar er gert ráð fyrir mjög mikilli fjölgun — ég man ekki tölurnar svo glöggt í þessu svæðisskipulagi en mig minnir að gert sé ráð fyrir fjölgun um 60 þús. manns á einhverju árabili, tuttugu eða þrjátíu árum, og af því stafi helmingurinn af aðflutningi fólks af landsbyggðinni inn á höfuðborgarsvæðið. Og ég er út af fyrir sig alveg sammála honum og fleiri sveitarstjórnarmönnum á landsbyggðinni sem hefur brugðið dálítið við þessa framtíðarsýn. Hún er kannski ekki svo vitlaus eða óraunhæf í ljósi liðins tíma en nú eru hins vegar uppi önnur viðhorf eins og fram kemur í afstöðu ríkisstjórnarinnar. Hlutir eru breytanlegir og þróunin er ekkert lögmál heldur er hægt að breyta þessari framtíðarsýn.

[20:34]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að kannski erum við þess vegna að tala um þessa áætlun í dag, og af því að þingmaðurinn var ekki við umræðuna vil ég segja að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lýst okkur tilbúin til að vinna að þessari áætlun af fullum heilindum, á okkar forsendum að vísu, og lýsum ánægju með ýmislegt sem kemur fram í þessu plaggi. En ég lýsti því í ræðu minni og stend við það og fékk stuðning hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, varaformanns fjárln., að ekki þýðir að setja hluti bara á blað, það verður að tala með peningum og það skýrist og framkallast í gerð fjárlaga hverju sinni. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að menn marki sér stefnu og eitthvað sé í hendi með hvað á að gera sem endurspeglast þá í því hvernig menn standa að fjárlagagerð, og þá við næstu fjárlagagerð.

[20:35]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er út af fyrir sig alveg laukrétt hjá hv. þm. Þegar menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að stýra þróuninni með aðgerðum og stefnumörkun eru menn búnir að stíga stærsta skrefið. Hitt er svo mönnum líka ljóst þegar þeir fara að skoða málið að þau tæki sem duga best til að stýra þróuninni lúta að því að dreifa fjármagni, jafna lífskjör og byggja upp atvinnulíf.

Í þessari þáltill. sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að setja 1.000 millj. á fjögurra ára tímabili til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert þótt það sé minna fé en var á síðasta fjögurra ára tímabili. En það þarf miklu meira fé. Gleymum því ekki að Landsbankinn fjárfesti í Íslandssíma fyrir 1.000 millj. á síðasta ári, í einu fyrirtæki í atvinnuuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf miklu meira fé og þá líka náum við miklu meiri árangri.

[20:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er vísað í fjármuni. Engu að síður var það áberandi í gagnrýni ýmissa stjórnarþingmanna á þáltill. og stefnumótun ríkisstjórnarinnar í byggðamálum að það skorti nokkuð sem væri naglfast. Þannig orðuðu það ýmsir. Tekur hv. þm. undir þá gagnrýni?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort ekki megi rekja þá byggðaröskun sem hér hefur orðið til stefnu stjórnvalda í fiskveiðimálum, í skattamálum, þá með hliðsjón af flutningum verkefna frá ríki til sveitarfélaga og með einkavæðingu sem óumdeilanlega hefur grafið undan stoðþjónustu í landinu.

Nú ætla ég ekki að hafa það af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hann hefur verið mjög einarður talsmaður landsbyggðarinnar og gagnrýnt stefnu stjórnvalda í fiskveiðimálum og í þeim þáttum öðrum sem ég hef nefnt. En er þetta ekki áfellisdómur, sú byggðaröskun sem hér hefur átt sér stað, yfir þeirri stefnu sem hér hefur verið fylgt í rúman áratug?

[20:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig sammála því að fleiri tillögur þarf í skjalið. Það er of mikið um athuganir á hlutum sem búið er að athuga býsna mikið og menn vita nokkuð mikið um. Ég gæti rakið í löngu máli þær tillögur sem liggja fyrir frá aðilum eins og þingnefnd sem starfaði á vegum forsrn. og skilaði af sér í mars 1999, frá Byggðastofnun og fleiri aðilum. Við erum búin að gera tvær byggðaáætlanir áður, 1994 og svo 1999. Í t.d. einni skýrslunni voru margar beinar aðgerðatillögur sem sumar hverjar hafa náð fram að ganga.

Ég tel að styrkja þurfi það skjal sem hér liggur fyrir í þá veru að það séu beinar og ákveðnar tillögur sem lúta að atvinnuuppbyggingu og jöfnun lífskjara.

[20:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir þetta svar. Ég er honum algerlega sammála.

Þá er komið að síðari hluta spurningarinnar sem er um áfellisdóminn yfir stjórnarstefnunni undangenginn áratug. Er ekki nokkuð til í því að rekja megi byggðaröskunina til þeirra þátta sem ég nefndi?

Að lokum ef hv. þm. hefur tíma til andsvaranna: Er það líklegt til að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi og sjálfbærri nýtingu auðlinda að ráðast í Kárahnjúkavirkjun fyrir málmbræðslu á Reyðarfirði?

[20:40]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningunum um Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði er fljótsvarað. Fyrir liggja trúverðugar athuganir sem leiða í ljós að ef ráðist verður í álverksmiðju á Reyðarfirði með tilheyrandi virkjun við Kárahnjúka má vænta þess að íbúafjöldi á Miðausturlandi verði í lok framkvæmdatímans 10 þús. manns en ef ekkert verður gert má vænta þess að íbúafjöldinn verði 7 þús. Þetta er því aðgerð sem skilar miklum árangri í þessu skyni. (**ÖJ:** Það má gera eitthvað annað en þetta.)

Ég vil svara hv. þm. um fiskveiðimálið. Ég tel að þróun í sjávarútvegi hafi haft veruleg áhrif á þróun byggðar á Íslandi, og hluti af þeirri þróun hefur verið stjórn fiskveiða þótt hún hafi ekki verið eina ástæðan, t.d. hefur þessi mikla samþjöppun í sjávarútvegi síðan 1997 leikið ýmsar byggðir mjög grátt. Það er algjörlega kristaltært. Og ég tel að við einkavæðingu ríkisfyrirtækja eins og Landssíma verði menn að gæta að því að sú aðgerð dragi ekki úr uppbyggingu og jöfnun á þjónustu.

[20:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður æ fróðlegra að fylgjast með þessari umræðu. Hér hefur hv. formaður þingflokks Framsfl. og formaður Byggðastofnunar um leið lýst því yfir að hann sé algerlega andvígur því hvernig þetta plagg er sett upp. Þetta plagg hefði að hans mati átt að vera um landið allt og aðalgrunnurinn undir plagginu er þess vegna vitlaus. Bullandi ágreiningur kemur fram milli hv. þm. og hæstvirts ráðherra og ríkisstjórnarinnar vegna framkominna tillagna um að taka verkefni frá Byggðastofnun og flytja þau til Akureyrar. Það er greinilegt að hann tekur undir gagnrýni stjórnarþingmanna á þessi mál frá því í dag. Ég spyr hv. þm. bara: Sér hann fyrir sér að þetta plagg taki slíkum breytingum að hann geti stutt það? Mönnum þættu aldeilis fréttir ef formaður þingflokks Framsfl. gæti ekki stutt ráðherra sinn í þessu máli þegar þar að kemur.

[20:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel alveg víst að hv. iðnn. sem ég vænti að fái þetta skjal til meðferðar muni fara vandlega yfir það og þau sjónarmið sem fram hafa komið í umræðunni og munu koma fram í umsögn um málið.

Eins og ég gat um í upphafi míns máls held ég að enginn vafi leiki á því að það eru býsna ólík sjónarmið í málinu. Það verður auðvitað list þeirra sem fá málið til meðhöndlunar á vegum þingsins að leiða fram þau sjónarmið og leita að niðurstöðum sem flestir geti sætt sig við. Ég ber því fullt traust til þeirra sem fara með þetta starf í þingnefnd.

En ég leyni því ekki og hef ekki gert, hvorki í þessari umræðu né áður, að ég tel að að sumu leyti megi áherslurnar vera öðruvísi og mér finnst ekkert að því þó að þingmenn úr sama flokki hafi ekki að öllu leyti sömu sjónarmið. Ég tel þvert á móti eðlilegt að ef menn hafa ekki sömu sjónarmið setji þeir þau fram og leiti síðan leiða til að ná niðurstöðu.

[20:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er æðimikill munur á því hvort menn hafa mismunandi sjónarmið eða hvort forustumenn stjórnarflokka, í þessu tilfelli annars vegar ráðherra og hins vegar form. þingflokks viðkomandi flokks og forustumaður fyrir Byggðastofnun — við erum að tala um byggðamál — eru algjörlega ósammála um það hvernig aðalgrunnurinn eigi að vera undir þessu og ósammála um tillögur sem hafa komið frá ríkisstjórninni um það að taka verkefni frá Byggðastofnun. Mér finnst ekki að hér sé verið að tala um nein smámál. Og ég verð að segja alveg eins og er að það kemur mér mikið á óvart ef hv. þm. er svo barnalega bjartsýnn að hann haldi að iðnn. muni kippa öllu í liðinn sem honum hefur ekki tekist að fá í gegn í viðræðum við ráðherra sinn og við þá ríkisstjórn sem hann styður. Ég held að miklu erfiðara mál sé á ferðinni en svo að hægt sé að ná niðurstöðu með því að ræða það í iðnn.

[20:45]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vék að því í ræðu minni áðan að ég væri hissa á að Reykjavíkurborg hefði ekki komið að gerð þessarar byggðaáætlunar. Ég tek heils hugar undir með hv. 3. þm. Vestf. með að byggðastefnan í landinu hlýtur að lúta að landinu öllu og byggðinni þar. Það er ekki ávinningur höfuðborgarinnar að allir flytjist af landsbyggðinni þangað. Borgaryfirvöld hafa ekki haft undan að reisa skóla og byggja ný hverfi. Þau hafa að staðið sig mjög vel í því og við lýsum ánægju með það mörg hver í þingsölum. Engu að síður er betra að fólk búi víðs vegar um landið.

Meðal þess sem talað er um í byggðamálum er fjarnám. Fjarnám er mjög mikilvægt, sérstaklega þar sem framhaldsskóla verður ekki við komið, þar sem fólk getur verið í sambandi við skóla í fjarlægum landshlutum og tekið hina ýmsu áfanga í framhaldsskólum. En það má ekki kosta óhemju fé. Ég þekki verkakonu sem langar í fjarnám en það er töluvert dýrt. Ég vildi gjarnan sjá þess stað í þessari þáltill., þegar hún kemur fullbætt frá þingmönnum Framsfl. og Sjálfstfl. og fleiri þingmönnum sem ætla sér greinilega miklar breytingar á þessu skjali, að þeir sem eru í fjarnámi, jafnvel á aldrinum 16–18 ára, þurfi ekki að borga skólagjöld eins og nú er greitt fyrir að stunda fjarnám, sérstök gjöld.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún sjái fyrir sér að tryggingagjald verði lækkað á næstunni á fyrirtækjum úti á landi. Það hefur verið rætt víðs vegar um land að tryggingagjaldið, breytingin sem varð á því fyrir *fáeinum vikum með lögum frá Alþingi, komi verr út fyrir* landsbyggðina og landsbyggðarfyrirtækin.

Ég spyr líka: Verður það að veruleika innan þriggja ára, hæstv. forseti, að þeir sem greiða námslán og búa úti á landi þurfi ekki að greiða jafnháar afborganir af þeim og þeir sem búa á Reykjavíkursvæðinu? Verður þetta áþreifanleg byggðaaðgerð eða er þetta draumsýn eins og kemur fram í kvæðinu: „Stóð ég úti í tungsljósi, stóð ég út við skóg“? Hvað er hér á ferðinni?

Í grg. með þáltill. kemur fram að huga þurfi að stöðu nokkurra fámennra byggðarlaga sem háð séu útgerð smábáta. Hvað er átt við með þessum orðum? Ég ítreka þær spurningar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur borið hér fram. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að við munum gefa frelsi á veiðar smábáta sem róa frá byggðum sem eru gjörsamlega háðar þeim atvinnuvegi, smábátaútgerð? Eða þýðir þetta að það eigi bara að huga að því og gera ekkert? Er þessi sögn, „að huga“ til huggunar, til að skapa vonir eða er það raunverulegt?

Talað hefur verið um að íbúar Akureyrarsvæðisins eigi að verða 45 þús. Þá vaknar spurningin: Hvenær á þetta vaxtartakmark að nást? Hvenær er gert ráð fyrir því að íbúar Akureyrarsvæðisins verði orðnir 45 þús. og er þá reiknað með því að þeir muni fjölga sér svona mikið sjálfir, sem búa á þessu svæði, eða er gert ráð fyrir því að fólk flytji af öðrum landshlutum til svæðisins, t.d. úr Skagafirði? Munu þeir sem búa í Skagafirði flytja til Akureyrar og þeir sem búa í Þingeyjarsýslum streyma þangað, eða Vestfirðingar? Það er ýmislegt sem vekur spurningar í þessu.

*Ég tek undir að í þessari till. til þál. um stefnu í byggða*málum eru mörg háleit markmið. En hver á að vera framkvæmdin? Hvaðan á fjármagnið allt að koma og hvernig ætla menn að framkvæma þessa hluti? Það kom fram í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að gert væri ráð fyrir minni fjármunum *í þessa byggðaáætlun en hina fyrri, ef ég tók* rétt eftir. Það vekur mann til umhugsunar um hvort áhugi á byggðamálum hjá ríkisstjórninni sé enginn. (**Iðnrh.:** Það er ekki rétt.) Þá verður að leiðrétta það hér.

En mig langar til að spyrja að lokum: Hvað eru ráðherrar Sjálfstfl. að hugsa? Eru þeir ekki í neinu sambandi við þingmenn sína, félaga sína í Sjálfstfl.? Tala menn bara

út og suður? Þær ræður sem hafa verið fluttar hér af sjálfstæðismönnum hafa vakið furðu mína. Mörgum hafa jafnvel fundist þær dónalegar í garð hæstv. iðnrh. þar sem ráðist hefur verið á hana og margoft ómaklega að mínu viti.

[20:53]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er orðið áliðið og ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en get ekki látið hjá líða að fara yfir vissa þætti málsins.

Ég vitna sérstaklega í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem er lykilmaður í vinnu ríkisstjórnarinnar að þessum málum, varaformaður fjárln. og talsmaður Sjálfstfl. í fjármálum, þegar kemur að fjárhag ríkisins. Hann lýsti því yfir í dag að menn stæðu frammi fyrir því að geta ekki haft áhrif á hvernig stjórnkerfi landsins virkaði.

Ég held að eitt af því sem við þurfum að taka til alvarlegrar umræðu í hv. iðnn. og komast að einhverri niðurstöðu um sé hvort yfir höfuð sé áhugi á að stjórna málum í þessu landi. Eins og þróunin hefur verið sl. tíu ár stendur það upp úr hverjum manni á hv. Alþingi, þ.e. stjórnarliðum, að þetta sé þróunin, eitthvað óumflýjanlegt og óviðráðanlegt. Þróunin verður vegna breytinga sem gerðar hafa verið í þessu samfélagi, klárlega, breytinga til markaðsvæðingar á grunnstoðkerfi landsins. Ég er ekki í neinum vafa, virðulegi forseti, um að það er stóri þátturinn í þeirri hröðu byggðaröskun sem orðið hefur í þessu landi ásamt fiskveiðistjórnarkerfinu. Það eru svo hræðileg skilaboð til fólks í hinum dreifðu byggðum að dregið sé úr þessari félagsþjónustu í stoðkerfinu. Menn eru hræddir um að missa þjónustuna, sem er einkavædd. Þeir horfa fram á það þessa mánuðina og missirin, og það eru e.t.v. verstu skilaboðin sem við stöndum frammi fyrir.

Ég held að í allri þessari umræðu um framtíðarsýn okkar varðandi þróun byggðarinnar verðum við að fara ofan í þessi mál vegna þess, virðulegi forseti, að blómlegt líf í hinum dreifðu byggðum landsins mun ekki endast nema þar sé grunnur til að menn geti unnið þar, starfað og dafnað á eigin forsendum. Í umræðunni í dag hafa stjórnarliðar gripið til þess ráðs að tala um framlög, framlög ríkisins, til að milda sársaukann af því sem menn hafa gert á síðustu tíu árum. Það er ekki sú sýn sem okkur ber að hafa.

Menn verða að byggja á sjálfstæði, á grunni sem getur leitt þá til framfara á eigin forsendum. Það verður ekki gert með styrkjum. Þess vegna er mikilvægt að leiðrétta það sem farið hefur aflaga í samfélaginu. Við getum þar nefnt t.d. flutningamálin. Í því efni eru menn mjög uggandi, jafnvel í þeim fyrirtækjum sem starfa úti á landi í dag. Við vitum hverjar afleiðingarnar urðu af því að hleypa frjálsum markaðsöflum í flugið á sínum tíma. Það setti bæði félögin sem kepptu harðast hér um bil á hausinn. Afleiðingin er hrikaleg fyrir hinar dreifðu byggðir og náttúrlega sérstaklega fyrir ferðaþjónustuna. Það var vitað að ef menn hleyptu markaðsöflunum inn á þennan hátt mundu þessir tveir aðilar éta sig upp. Afleiðingarnar eru náttúrlega að flogið er til færri staða úti á landi fyrir óheyrilegt verð. Þetta er það sem við uppskárum.

Við höfum aldrei verið feimnir við að segja það hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við viljum stýra svona hlutum. Við viljum byggja á sérleyfum og einkaleyfum þar sem fyrirséð er að markaðsöflin þjóna ekki þeim tilgangi sem við sækjumst eftir. Það sem gerðist í fluginu er himinklárt dæmi. Í rauninni er það líka himinklárt dæmi, sjóflutningarnir þar sem aukinn kostnaður fyrirtækjanna úti á landi verður til vegna samkeppninnar. Ríkisskip eru farin út, hætt er að sigla á ströndina og menn standa í gríðarlegum vandræðum við að fá til sín afurðir og vörur og senda frá sér verðmæti. Við það er gríðarlegur kostnaður.

Ríkisstjórn sem framkallar svona kerfisbreytingar í grunnstoðkerfinu hefði auðvitað átt að koma með eitthvað á móti. Ég held að það hefði gerst í öllum öðrum löndum, a.m.k. gerist það suður í Þýskalandi ef menn framkalla svo stórkostlegar breytingar sem hafa fyrirsjáanlegar afleiðingar. Það væri svo sem virðingarvert ef menn segðu bara á móti: Ja, við ætlum að gera þetta svona en þið fáið peninga á móti á annan hátt vegna þess að við trúum á markaðinn.

En það er ekki gert. Það er heilög trú hér í þinginu að sem minnst megi skipta sér af þessu, heilög trú. Þess vegna birtist vilji stjórnvalda í smápeningum í framlög til hinna dreifðu byggða, hvort sem það er til uppbyggingar eða aukningar á starfsemi á vegum ríkisins í grunnþjónustu eða til uppbyggingar í atvinnulífinu. Það eru smápeningar.

Á sama tíma loka menn augunum fyrir því að á höfuðborgarsvæðinu er beint og óbeint verið að nota opinbert fé. En það er aldrei talað um það. Landssíminn er búinn að fjárfesta á þessu tímabili fyrir hundruð milljóna í sprotafyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu, ætli þau séu ekki 10–15? Eftir því sem ég best veit er það ígildi alls framlagsins til atvinnuuppbyggingar úti á landi, bara það dæmi. (**Iðnrh.:** Það er ekki opinbert fé.) Er það ekki opinbert fé? Auðvitað er það opinbert fé. Á þeim tíma sem þær fjárfestingar eru ákveðnar hefur ríkisstjórn Íslands og hið háa Alþingi full yfirráð yfir öllum hlutabréfum í Landssíma Íslands, auðvitað eru það opinberir aðilar. Hvað eru opinberir aðilar? Hverjir hafa stjórnað? Það er bara þannig.

Fjárfesting Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, á grunni sjóðanna sem landsbyggðin að langmestum hluta byggði upp og settir voru inn í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, hundruð milljóna króna og milljarðar, hvar er hún? Þær fjárfestingar eru allar á þessu svæði en vegna kerfisbreytinganna telur hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðar sig hafa algjöra fjarvistarsönnun, eins og hér kom fram í frammíkalli hæstv. iðnrh. Það að hlutafélagavæða gefur hæstv. ríkisstjórn fjarvistarsönnun og þannig kemst hún hjá því að stjórna. Það eru aðrir sem eiga að stjórna, aðrir sem eiga að ráðstafa og er gefið umboð til þess. Þeir sem ráðstafa þessum fjármunum eru hér. Það er hluti af þensluvandanum.

Ég er ansi hræddur um, virðulegi forseti, að við þurfum að taka þessi mál algjörlega heildstætt og ræða þau augliti til auglitis og taka allan pakkann undir, minna dugir ekki. Annars fer illa fyrir Íslandi. Það er borðleggjandi. Það eru færri ár í að við stöndum frammi fyrir gríðarlegum vanda ef við getum ekki sameinast um að hefja til vegs og virðingar leikreglur sem byggja á nýjum grunni hvað varðar stjórn þessara mála.

[21:01]

Útbýting þingskjals:

Stjórnsýsluendurskoðun á tollframkvæmd, 508. mál, skýrsla efh.- og viðskn., þskj. 800.

[21:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mig langar að vekja athygli á einum kafla í greinargerð þessarar till. til þál. Hann er á bls. 23 og fjallar um atvinnu- og samfélagsþróun. Ég tel að þar sé vakin athygli á þróun sem er mjög mikið umhugsunarefni.

Fram kemur í þessum kafla að miklar breytingar hafi orðið á meðaltekjum í landinu eða á landsbyggðinni má segja, einstökum svæðum þess, og að vaxandi munur er orðinn á atvinnu- og eignaþróun síðustu árin. Það kemur fram, eins og segir í skýrslunni, að tekju- og eignabil milli manna virðist hafa aukist í þjóðfélaginu. Þar segir líka, með leyfi forseta:

„Margt bendir til að tekju- og eignabilið í þjóðfélaginu muni halda áfram að aukast á næstu árum. Það eykur hættuna á að þjóðfélagslegt misrétti aukist og að ýmis þjóðfélagsleg vandamál verði erfiðari úrlausnar. Meðal annars eykur þetta bilið milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar þar sem eignarhald á fyrirtækjum og hlutabréfum þjappast í æ ríkari mæli saman á fyrrnefnda svæðinu. Fyrirtæki á landsbyggðinni eru nú í mun meira mæli en áður í eigu annarra en heimamanna. ... Eignaskiptingin í landinu tengist orðið æ meira búsetu. Þeir eignameiri búa flestir á höfuðborgarsvæðinu."

Þetta er þróun sem er mikið umhugsunarefni og ég tel afar ískyggilega. Þetta tengist mjög mikið þróuninni í sjávarútvegi þar sem samþjöppunin í sjávarútvegi hefur verið mjög hröð á síðustu árum og hún kemur mjög berlega fram í þessu mati skýrsluhöfundar.

Ég held að stjórnvöld verði að taka þessar viðvaranir mjög alvarlega því þegar tekjubil og eignabil eykst í þjóðfélaginu þá er vaxandi hætta á að misrétti aukist í kjölfarið. Þá er líka vaxandi hætta á óeiningu í kjölfar vaxandi misréttis. Það er afleitt í sjálfu sér og enn verra er þegar það fær þann svip að vera staðbundið. Ég held því að þarna séu dregnar upp viðvaranir sem stjórnvöld og við alþingismenn eigum að taka eftir og taka mjög alvarlega.

Nefnt er dæmi um þessa þróun á Vestfjörðum sem um langt árabil hafa verið það svæði landsins þar sem meðaltekjur hafa verið þær hæstu. Árið 1995 voru meðaltekjur þá sem oft áður þær hæstu á landinu á Vestfjörðum og voru 11% yfir landsmeðaltali eða 111 miðað við vísitölu atvinnutekna. Aðeins fimm árum seinna, árið 2000, var þessi vísitala atvinnutekna 92. Meðaltekjur voru þá 8% undir landsmeðaltali. Þannig að breytingin á aðeins fimm árum er úr því að vera 11% yfir landsmeðaltali í að vera 8% undir landsmeðaltali. Þetta er gríðarlega hröð þróun og m.a. ástæðan fyrir þessum viðvörunarorðum sem ég var að vekja athygli á í skýrslunni. Engum blöðum er um það að fletta að á Vestfjörðum er ástæðan fyrir þessari þróun breytingar í sjávarútveginum.

Önnur skýrsla sem hér er ekki til umræðu en kom út á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands heitir ef ég man rétt Tekjuskipting á Íslandi, eða eitthvað slíkt. Af þeirri skýrslu má sjá að skýrsluhöfundar benda á að tilflutningur kvóta á milli byggðarlaga hafi mikil áhrif á jöfnuð og ójöfnuð tekna í viðkomandi byggðarlagi á þann veg að í þeim byggðarlögum sem kvóti fluttist frá jókst jöfnuður tekna með því að þeir sem voru tekjuháir fóru út, meðaltekjurnar lækkuðu og munurinn minnkaði. En aftur í þeim byggðarlögum sem bættu við sig kvóta jókst tekjuójöfnuðurinn vegna þess að við bættust einstaklingar í kjölfar flutningsins sem höfðu atvinnu af því í sjávarútvegi og höfðu mjög háar tekjur. Það eru að koma fram gögn frá opinberum aðilum sem leiða einmitt í ljós áhrifin af flutningi fiskveiðikvóta milli byggðarlaga á tekjur þeirra byggðarlaga sem koma svo mjög sterkt fram í þessum upplýsingum um meðaltekjur á Vestfjörðum vegna þess að sá landshluti er svo mjög háður sjávarútvegi.

Það er einmitt líka í sjávarútvegi sem samþjöppun á eignarhaldi hefur orðið svo hröð. Það er svo ástæðan fyrir viðvörunarorðunum í skýrslunni, þ.e. að eignarhald á fyrirtækjum og hlutabréfum séu að þjappast í æ ríkara mæli saman á höfuðborgarsvæðinu. Ég held því að stjórnvöld eigi í aðgerðum sínum í framhaldi af þessu einmitt að taka mið af þessum viðvörunarorðum og þeim upplýsingum sem fram hafa komið um ástæður fyrir þessari tekjuþróun og leitast við að taka á þessum áhrifaþáttum til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum sem gætu orðið ef þróunin heldur áfram eins og verið hefur.

Herra forseti. Ég vil einnig segja að ég tel að stoðkerfi atvinnulífsins þoli verulega uppstokkun. Vakin hefur verið athygli á því á undanförnum árum, m.a. af hálfu Byggðastofnunar, og vel hefur undir það verið tekið og m.a. hafa þau viðhorf notið stuðnings í ríkisstjórninni. Ég tel að við eigum við þessi tímamót þegar við erum að móta okkur nýja stefnu að taka á því að breyta stoðkerfi atvinnuveganna á þann veg að það skili meiri árangri en það gerir í dag. Við erum með marga sjóði sem sumir eru litlir og við eigum að huga að sameiningu þeirra. Með því að sameina suma þeirra gætum við augljóslega náð miklu betri árangri í að beita þeim til atvinnuuppbyggingar en við gerum nú.

Ég vek athygli á því að með því að sameina Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (Forseti hringir.) yrði til sjóður og stofnun sem hefði verulega aukið bolmagn á við þessar tvær stofnanir hvora í sínu lagi.

[21:10]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú mynd sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson dró hér upp og hafði úr greinargerðinni, athugasemdum við þáltill., var frekar dapurleg og undirstrikar það sem ég sagði hér fyrr í umræðu í kvöld að allt þetta plagg væri áfellisdómur yfir þá byggðastefnu sem rekin hefur verið hér undanfarin ár. Ég vil spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að allt það fólk sem flutt er hingað til Reykjavíkur sé ekki komið í startholurnar til að flytja af landi brott.

[21:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig hugsanlegt að fólk flytji af landi brott. Við þekkjum tímabil í Íslandssögunni þar sem atvinnuástand hefur verið slíkt að fólk hefur leitað í verulegum mæli til útlanda eftir atvinnu, t.d. eftir síldarleysisárin 1967–1968. Þá fluttu mjög margir og fengu sér vinnu erlendis, m.a. á Norðurlöndum. Slíkt getur komið fyrir á nýjan leik. Við getum aldrei útilokað það.

Hins vegar hefur staðan á síðustu árum verið slík að höfuðborgarsvæðið hefur verið mjög öflugt. Það hefur dregið til sín fólk frá útlöndum frekar en hitt, m.a. fyrir tilstuðlan opinberra aðila. Við skulum ekki gleyma því að það fyrirtæki sem hefur átt stóran þátt í því að þessi þróun hefur verið jákvæð varðandi flutning menntaðs fólks til landsins er Íslensk erfðagreining. Það fyrirtæki á tilvist sína fyrst og fremst að þakka opinberum aðilum.

[21:12]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er ánægjulegt ef svo er. Ég dreg ekki í efa að fólk hafi getað flust til Íslands frá útlöndum, á þetta svæði, vegna nýrra fyrirtækja hér á þessu svæði, m.a. Íslenskrar erfðagreiningar sem nefnd var. En þar vinna nú ekki allir. Ástandið sem hefur skapast núna vegna þess hvernig verðbætur og vextir vinna gegn fólki sem skuldar mikið vegna íbúðakaupa og annars getur vakið ugg þannig að fólk hugsi sem svo að þar sem svo óstöðugt ástand ríki í

vaxtamálum og mikið óöryggi þá langi það hreinlega til að koma sér úr skuldafeninu og flytja af landi brott.

[21:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað ræður efnahagsástand á hverjum tíma mestu um viðhorf fólks í þessum efnum því að það ræður því hvert vaxtastig er, hver kostnaðurinn er við framfærslu o.s.frv. Á meðan stöðugleiki er í efnahagslífinu þá er tiltölulega auðvelt að hafa stjórn á þessum þáttum. En þegar verðbólgan fer á skrið á nýjan leik getur orðið afar erfitt fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að hafa áhrif á stöðu atvinnumála til betri vegar. Þess vegna hefur verkalýðshreyfingin, eins og menn þekkja, lagt gríðarlega mikla áherslu á að allir aðilar komi að því að ná niður verðbólgunni sem fór af stað á síðasta ári. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að það er aðalatriðið, þ.e. að halda verðbólgunni í skefjum. Með því móti tekst að halda niðri fjármagnskostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á framfærslukostnað heimilanna.

[21:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að vaxandi tekjumun á milli íbúa suðvesturhornsins og hinna dreifðu byggða. Sá tekjumunur hefur aukist stórkostlega, sérstaklega núna sl. fimm ár, þannig að fyrir fimm til tíu árum var óverulegur munur hálft vegið en er núna kannski 10–15% og meiri í einstökum byggðarlögum. Ég er alveg sammála hv. þm. um að þetta er mjög alvarlegt og segir okkur alvarlega hluti.

En sér hv. þm. einhver naglföst atriði, einhverjar naglfastar aðgerðir sem greint er frá í þessari byggðaáætlun sem eru líkleg til að snúa þeirri þróun við, eitthvað raunhæft, naglfast, sem hægt er að benda fólki á að sé ætlun ríkisvaldsins að gera til að snúa þessu við? Hvar eru þau naglföstu atriði í byggðaáætluninni? Ég sé þau ekki en getur hv. þm. bent á þau?

[21:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir í þessu eins og öðru mestu máli að atvinnutekjur geti fylgt almennri þróun í landinu. Við sjáum það að atvinnutekjur á landsbyggðinni hafa að meðaltali lækkað á síðustu árum en atvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu hækkað. Þess vegna er mikilvægt að auka fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni og sérstaklega í þeim greinum atvinnulífs þar sem tekjur eru háar. Það gera menn m.a. með því að styrkja þau svæði sem eru líklegri en önnur til að laða til sín slíka starfsemi og fólk sem býr yfir þeirri þekkingu sem þarf til að inna þau störf af hendi.

[21:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð ekki var við að hv. þm. benti á naglföst atriði, og ég er sammála hv. þm. að engin naglföst atriði eru í þessari byggðaáætlun sem hægt er að benda á fyrir það fólk sem horfir á þann vanda sem nú er.

Samfara þessum mikla tekjumun hafa orðið miklir flutningar og samrunar í fyrirtækjum. Oftrú, trúin á mátt stærðar fyrirtækjanna hefur leitt til þess að fyrirtæki hafa horfið af vettvangi og sameinast öðrum stærri og þar hafa þá líka stjórnendur, hátekjufólkið, farið burt með togurunum, með skipunum.

Ég hef áhyggjur af fjárhag sveitarfélaganna en þeim er einmitt ætlað stórt hlutverk í hinni nýju byggðaáætlun. En verði ekki snúningur hér á þá eiga þau engan annan kost en að selja eignir sínar til þess að standa undir brýnustu þjónustu.

Ég sé ekki í byggðaáætluninni neitt sem bendir á naglfasta lausn eða leið fyrir sveitarfélögin í landinu.

[21:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom kannski sjálfur að því atriði sem segja má að sé naglfast, naglföst aðgerð ríkisstjórnarinnar til að styrkja hag sveitarfélaga á veikum svæðum landsins. (**JB:** Kaupa Orkubúið?) Ég minni á að ríkisvaldið er að kaupa hlut sveitarfélaganna á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða fyrir mjög hátt verð. Sú aðgerð gjörbreytir stöðu sveitarfélaga, fjárhagslegri stöðu þeirra og gefur þeim færi á að sækja fram til sóknar, m.a. í atvinnumálum sinna sveitarfélaga.

Það hefur nú jafnan þótt mikil snilld og vel að verki staðið af hálfu sveitarfélaga eða þess aðila sem selur að geta selt sama hlutinn tvisvar. Sveitarfélög á Vestfjörðum eru í þeirri stöðu að þau eru í raun að selja ríkisvaldinu hlut sem þau eiga skuldlaust vegna þess að það sama ríkisvald yfirtók allar langtímaskuldir Orkubús Vestfjarða fyrir nokkrum árum.

[21:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að fram hefur komið að hv. þm., formaður þingflokks Framsfl., hefur komið að því að undirbúa þetta plagg þá langar mig til að spyrja um það sem stendur á bls. 3 undir fyrirsögninni Traust og fjölbreytt atvinnulíf, en þar stendur í seinni hluta þeirrar klásúlu:

„Þá er nauðsynlegt að stefna stjórnvalda í atvinnugreinum sem eru þýðingarmiklar á landsbyggðinni, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, dragi ekki úr nýliðun, frumkvæði og fjárfestingum í fámennum byggðarlögum þar sem fárra annarra atvinnukosta er völ."

Ég sé hvergi í aðgerðaáætluninni hvernig á að fylgja þessu fram. En þetta virðist eiga beint við t.d. sjávarútveginn, þetta vísar á stefnubreytingu, ef ég kann að lesa íslenskt mál. Ég óska eftir því að hv. þm. upplýsi með hvaða hætti menn hugsa sér að standa að þessari stefnubreytingu.

[21:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna er verið að benda á það sem skiptir miklu máli, að atvinnulíf þarf að vera fjölbreytt og traust, eins og segir í yfirskrift kaflans. En í fámennum byggðarlögum sem byggja afkomu sína mikið á sjávarútvegi eða á landbúnaði þá er nauðsynlegt, eins og þarna kemur fram, að möguleikar séu á nýliðun í atvinnugreininni, á frumkvæði og fjárfestingum þannig að búsetan geti haldið áfram, a.m.k. í því horfi sem hún hefur verið, þannig að þeir sem hafa atvinnu sína af því að starfa í þeim atvinnugreinum geti haft það áfram eða aðrir sem koma í þeirra stað.

Þarna eru mjög skýr skilaboð frá þeim sem stóðu að því að undirbúa þetta plagg til ríkisstjórnarinnar og ég vænti þess að þeir ráðherrar sem fara með þessa málaflokka taki mark á slíkum skilaboðum.

[21:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem hv. þm. sagði um þetta. Mér finnst þetta skipta afar miklu máli og ég ætla bara að vona að hæstv. ráðherra hafi hlýtt á það sem hv. þm. var að segja um þetta og komi hér í sinni ræðu á eftir og taki undir

og útskýri nánar hvernig eigi að standa að þessu. Því að það sem ég sagði hér áðan líka var það að þess er hvergi getið í aðgerðaáætluninni hvernig eigi að framfylgja þessu.

En það er náttúrlega auðséð að eigi menn að koma á því ástandi að nýliðun geti orðið í útgerð á Íslandi þýðir það að gjörbreyta þarf fiskveiðistefnunni og losa sjávarútveginn undan því ástandi sem er, þar sem menn þurfa að kaupa veiðiheimildir á himinháu verði, sem þýðir að það er ekki nokkur vegur að nýliðun geti orðið í sjávarútvegi í þeim byggðarlögum sem þarna er verið að lýsa.

[21:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta öðru en að mér skilst að umræða verði hér síðar í vikunni um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem hæstv. sjútvrh. mælir fyrir. Hann mun væntanlega þá skýra það hvernig hann hyggist ná fram eða mæta þeim ábendingum sem þarna koma fram í skýrslunni til ríkisstjórnarinnar.

[21:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt sem dregið var hér fram af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um tekjuþróunina á Vestfjörðum. Við henni var varað í aðdraganda alþingiskosninganna 1999 og ég held að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi mjög sterklega tekið undir það sem ég sagði þá, m.a. að sú hætta sem steðjaði að Vestfjörðum með því að þeir misstu frá sér veiðiheimildir, m.a. fyrirtækis eins og Básafells, gæti haft afgerandi áhrif á stöðu byggðanna.

Ég get sagt það hér í þessum ræðustól að því miður virtust bæjarstjórnarmenn á Ísafirði á þeim tíma ekki átta sig á því hvað verið var að tala um og töldu að það væri allt í lagi með fyrirtækið Básafell og að aflaheimildir þess yrðu áfram til staðar á Ísafirði. Því miður fór það ekki svo.

Ég verð hins vegar að segja að búið er að skrifa nóg af skýrslum. Skýrsla kom fram frá Byggðastofnun 1999 í nóvember um breytingar á kvótaeign á landsbyggðinni og fleiri skýrslur hafa komið fram sem hér hefur verið vitnað til. Herra forseti. Búið er að skrifa marga texta um það hvernig ríkisstjórnin gæti lagað ástandið á landinu en því hefur ekki verið fylgt eftir.

[21:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þá er nú komið að lokum fyrri umræðu um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Hér hefur mikið verið rætt eins og eðlilegt er og margt ágætt verið sagt. Almennt séð lít ég svo á að viðhorf hv. þingmanna séu tiltölulega jákvæð gagnvart þeim tillögum sem hér eru kynntar og vil þakka fyrir það.

En eins og augljóst var fyrir fram er ekki algjör samstaða um þetta mál og mjög skiljanlegt að það sé ekki vegna þess að þetta er þannig málaflokkur að allir eru með miklar skoðanir á því hvernig bregðast eigi við þessum vanda. Almennt eru menn með miklar skoðanir sem tengjast heimahögum þeirra, kjördæmi þeirra, og hefur það mjög svo komið fram í umræðunni og ekki laust við að myndast hafi samkeppni á milli ákveðinna þingmanna, sérstaklega þingmanna Vestfjarða.

En það er nú þannig með þennan málaflokk eins og svo marga aðra að það er ekki svo þægilegt að ná samstöðu nema menn séu tilbúnir að gefa eitthvað eftir. Og þannig er þetta í stjórnmálunum að við náum sjaldnast öllu því fram sem við viljum en allir reyndir stjórnmálamenn vita að til þess að hafa áhrif þurfa þeir yfirleitt að gefa eftir.

Ég greindi frá því fyrr í dag að þetta væri ekki nákvæmlega eins og ég hefði skrifað þetta ein en ég hef unnið að því að ná samstöðu við þá einstaklinga sem hafa unnið vinnuna og þar að auki náttúrlega fyrst og fremst náð samstöðu við ellefu ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Það getur verið erfitt að ná samstöðu við sjö menn eða sex og erfitt getur verið að ná samstöðu við ellefu menn og enn þá erfiðara að ná samstöðu við 62 menn ef þeir eru ekki tilbúnir til þess að gefa neitt eftir.

En fram undan er vinna í iðnn. í sambandi við tillöguna og mér finnst jákvætt hvað fólk hefur sýnt henni mikinn áhuga, hvað sveitarstjórnarmenn hafa sýnt henni mikinn áhuga, hvað margar hugmyndir og væntingar hafa borist um það að taka þátt í verkefnum, t.d. eins og verkefni sem ekkert hefur verið nefnt hér í dag, verkefnið um rafrænt samfélag. Borist hafa þó nokkrar umsóknir um að fá að vera með í því verkefni og það finnst mér sýna hugarfar sem ég kann vel að meta þegar fólk lítur á plagg sem þetta sem tækifæri til að bæta úr í sínum ranni, og það vona ég að flestir vilji.

En þeir sem hafa gagnrýnt hafa ekki endilega allir bent á úrræði eða úrbætur heldur talað almennt um það að eitthvað meira bitastætt vanti, eitthvað sem meira er hönd á festandi, eitthvað naglfast, og það er kannski von að þau sjónarmið komi fram vegna þess að tillagan er sett fram á allt annan máta en áður hefur verið gert og þá þurfa hv. þm. að venjast því. Ég hef líka trú á að eftir því sem þeir lesa þetta plagg betur þá átti þeir sig á að hér er svo sannarlega um metnaðarfullar tillögur að ræða og það sem er líka nýjung og ég hef nefnt er það að þessu sinni er aðgerðaáætlun þar sem eitt ráðuneyti er gert ábyrgt eða ein stofnun fyrir því að viðkomandi tillaga nái fram að ganga og eins er reiknað með að verkefnisstjórn muni starfa hér sem verði skipuð fulltrúum ráðuneytanna og hún haldi utan um framkvæmdina. Mér finnst að betur sé staðið að því að reyna að láta málið ganga eftir heldur en almennt hefur verið, en auðvitað verður þetta allt saman að koma í ljós.

Að það vanti eitthvað naglfast í tillöguna til þess að fjárln. geti komið málum til framkvæmda finnst mér vera byggt á misskilningi, og það hef ég tekið fram áður í umræðunni, vegna þess að að sjálfsögðu munu þessar tillögur verða fluttar í tengslum við fjárlagafrv., í tengslum við fjárlögin. Þess vegna verður ekki eins mikil þörf fyrir það og hefur verið að fjárln. reddi málum. Ég geri ekki lítið úr því sem fjárln. hefur verið að vinna í sambandi við byggðamál og tel að það hafi verið margt mjög gott og alveg full ástæða er til þess að þakka það. Engu að síður er það þannig að vegna þess að fjárlagafrv. hefur ekki verið nægilega metnaðarfullt hvað varðar byggðamál þá hefur það ekki síst verið fjárln. sem hefur komið með tillögur þar til úrbóta. Því getur vel verið að einhver missi spón úr sínum aski við þetta. En við skulum vona að það verði bara jákvætt fyrir landsbyggðina.

Í þessum tillögum er reynt að komast út úr farvegi smáskammtalækninga. Þetta eru því almennar tillögur sem ná til landsins alls. Tuttugu af þeim 22 sem eru settar hér fram sem aðgerðatillögur ná til landsins alls. Tvær eru meira staðbundnar. Það held ég að hljóti að vera jákvætt og þess vegna tek ég ekki undir það sem kom hér fram um að betra væri að gera svæðisbundnar áætlanir en að hafa þær almennt orðaðar. Að sjálfsögðu fara svo úrræðin oft og tíðum eftir aðstæðum á viðkomandi stað. Það er náttúrlega augljóst í sambandi við tillöguna um milljarðinn að það fer eftir

aðstæðum og hugmyndum viðkomandi aðila í byggðarlögunum hvert fjármagnið leitar. Þess vegna er mjög mikilvægt að landsbyggðarfólk geri sér grein fyrir því að það fær þetta ekkert endilega upp í hendurnar. Það þarf sjálft að móta tillögur og vinna að þeim með þeim fagaðilum sem þarna munu halda utan um fjármagnið.

Ég vil ekki taka undir það sem kom hér fram hjá einum hv. þm., að í raun mætti segja að tillögugreinin sjálf lýsti hörmulegu ástandi landsbyggðarinnar. Ég get alveg ómögulega tekið undir það að þetta sé svona alvarlegt, vegna þess að það er það ekki. Til eru staðir þar sem erfitt er. En heilt yfir þá er ástandið langt frá því að vera hörmulegt. Ég tel mig alveg vera í stakk búna til þess að segja þetta vegna þess að ég ferðast mikið um landsbyggðina, fyrir utan það að ég á heima þar. Það er ekki hægt að nota þessi orð um ástandið þó svo að við viljum að sjálfsögðu gera betur og þess vegna eru þessar tillögur settar fram.

Ég vil heldur ekki taka undir það þegar hv. þm. segja að beinar tillögur vanti. Hins vegar er rétt að sumt af því sem við ætlum okkur að gera er sett í athugun vegna þess að ekki eru til nægilega miklar upplýsingar um það t.d. hver munurinn á starfsaðstæðum fyrirtækja á landsbyggðinni sé miðað við höfuðborgarsvæðið og eins búsetuskilyrðum fólks á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæðið. Eins má segja að ástandið sé mjög mismunandi á landsbyggðinni þegar við lítum á búsetuskilyrði. Svæði á landsbyggðinni standa mjög sterkt að vígi hvað þau varðar, en önnur lakar. Ég held að ekki sé hægt að gagnrýna það að við viljum fara vandlega í þetta til að vita meira um ástandið áður en beinar tillögur koma fram um aðgerðir.

Þó nokkuð mikið er talað um það, sérstaklega af hálfu Vinstri grænna, að einkavæðingarstefnan sé bölvaldur alls. Þetta hljómar býsna vel í eyrum margra sem eru tregir til að fallast á að rétt sé að selja ríkisfyrirtæki. En mér finnst þetta ekki sanngjarnt og ekki vel rökstutt. Ekki er nú búið að selja Póstinn t.d. neitt. Þar hefur óneitanlega verið samdráttur og fólki hefur fækkað vegna þeirrar byltingar sem hefur átt sér stað hvað varðar þennan málaflokk. Fólk er bara ekkert að senda bréf eins og það gerði í gamla daga. Sá tími er bókstaflega liðinn. Eins og við vitum fóru þingmenn landsbyggðarinnar aldrei í kjördæmi sín allan heila veturinn, allt heila þingið, en sendu hins vegar bréf og fengu líka mikið af bréfum. Við þingmenn fáum bréf en við fáum þau ekki í pósti almennt heldur miklu meira í gegnum tölvur eða faxtæki. Bara þetta t.d. breytir mjög þessari þjónustu. Ég veit að fólkið á landsbyggðinni vill ekkert vera á opinberu framfæri ríkisins. Það vill það ekki. Það vill hafa störf. Við getum ekkert boðið þessu fólki upp á að sitja á pósthúsunum án þess að hafa starf. Ég var nýlega stödd á tiltölulega litlum stað úti á landi, fyrir eins og tveimur dögum síðan. Þar sagði ágætur starfsmaður Póstsins einmitt frá því að þarna hefði gjörsamlega verið um byltingu að ræða í sambandi við þessa þjónustu. Að sjálfsögðu hefði líka verið um fækkun að ræða í starfsmannahaldi. En hún leit nú á það sem hlut sem ekki væri hægt að horfa fram hjá að yrði að eiga sér stað miðað við það hvað umsvif starfsins höfðu minnkað.

Hvað varðar Símann, þá hafa verið teknar ákvarðanir um það af hálfu stjórnarflokkanna að í tengslum við söluna á Símanum verði verulegu af því fjármagni varið til þess að byggja upp fjarskiptakerfið. Eins er myndarlega tekið á þeim málum í tillögunni sem ég tel að sé nú ein af mikilvægari tillögum.

Það er náttúrlega talað um sjávarútvegsstefnuna í tengslum við byggðamál og það er ekki óeðlilegt þó svo að umræða um þann málaflokk eigi nú fyrst og fremst eftir að fara fram síðar í vikunni. En það er rétt að halda því til haga að með þeim tillögum sem nú hafa verið kynntar af hæstv. sjútvrh. eru pottarnir orðnir þrír til þess að takast á við þann vanda sem kemur upp á landsbyggðinni þegar um það er að ræða að kvóti fer úr byggðarlögunum. Það er gamli 1.500 tonna potturinn sem Byggðastofnun úthlutaði. Það er 2.300 tonna pottur í tengslum við smábátalögin. Og síðan er nýr 1.500 tonna pottur í tengslum við það frv. sem nú hefur verið kynnt. Allt er þetta hugsað til þess að bregðast við á þeim stöðum þar sem erfiðleikar koma upp vegna sjávarútvegsstefnunnar og vegna þess að ákveðin markaðshugsun er drifkrafturinn í því sjávarútvegsfyrirkomulagi sem við búum við í dag. Ég held því fram að þannig verði það að vera til þess að þessi atvinnugrein geti rekið sig og hún þarf að geta rekið sig með hagnaði til þess að aðrir þættir samfélagsins gangi upp og ekki síst á landsbyggðinni.

Ég neita því að það fari minna fé til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni með þessum tillögum en hefur verið, vegna þess að það er ekki bara að líta á þennan milljarð sem kemur fram í tillögunni um nýsköpunina heldur eru margar aðrar tillögur sem kosta líka peninga og eru hugsaðar til þess að styrkja landsbyggðina.

Ég er ekki sammála þeim sem tala um sérstaka byggðastefnu fyrir höfuðborgarsvæðið. Kannski er það bara vegna þess að það er ekkert sérstakt áhugamál mitt. Hins vegar vil ég ítreka það sem ég hef áður sagt að að sjálfsögðu er það skylda stjórnvalda númer eitt að sjá til þess að Ísland sem slíkt sé samkeppnishæft. Að því höfum við framsóknarmenn verið að vinna síðan við komum í þessa ríkisstjórn. (Forseti hringir.) Við höfum náð miklum árangri með Sjálfstfl. í því. Síðan kemur þar strax á eftir að standa fyrir öflugri byggðastefnu.

[21:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talaði um jákvæð viðbrögð hér í þinginu, það hafi að vísu ekki verið algjör samstaða. Ég heyrði ekki betur, herra forseti, en að hér hefði verið bullandi ágreiningur og að fram kæmi mikil og hörð gagnrýni ekki síst af hálfu stjórnarliða á þessa þáltill. og stefnumótun ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Það sem var gagnrýnt einna mest var að ekkert er naglfast. En í huga ráðherrans er eitt greinilega alveg naglfast og það er kjördæmapotið sem hún sakaði þingmenn Vestfirðinga um að hafa haft í frammi hér við þessa umræðu og beindi þar greinilega orðum sínum til formanns þingflokks Framsfl. og formanns stjórnar Byggðastofnunar sem gekk úr salnum undir ræðu hæstv. ráðherra.

Varðandi stefnumótunina er það staðreynd að undirstöður fjölbreytni í atvinnulífi, sem ríkisstjórnin gumar af að vera að styrkja, er traust velferðar- og stoðþjónusta. Hún hefur verið veikt á undanförnum árum. Og þetta undarlega tal hæstv. ráðherra um póst- og símaþjónustuna er aldeilis alveg furðulegt. Staðreyndin er sú að póstþjónustan (Forseti hringir.) hefur veikst stórlega fjárhagslega. Hún var í góðu sambýli við símafyrirtækin í landinu. Ég mun koma nánar að því í seinna andsvari mínu.

[21:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja í sambandi við Póstinn, og Símann reyndar líka, að ekki er hægt að horfa fram hjá því að þarna hefur átt sér stað mikil þróun og mikil breyting. Ég geri mér líka alveg grein fyrir því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti allri svona þróun og á móti jafnvel framförum líka. Vel má vera, ef þeir hefðu ráðið meiru hér og orðið fyrr til, að við hefðum kannski bara gamla sveitasímann enn þá.

[21:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega svo ómálefnalegt að það er varla svaravert. Við erum búin að vera að reyna að greina hér frá dæmum og koma með rök í okkar máli. Staðreyndin er sú að um áratuga skeið var póstþjónustan niðurgreidd af Símanum. Þau voru í sambýli í einu fyrirtæki. Nú hefur verið greint þarna á milli og Pósturinn á í erfiðleikum af þeim sökum. Það er alveg rétt að það hafa orðið ágætar og miklar tækniframfarir í fjarskiptum og í póstþjónustunni líka og þeim ber að fagna. En þetta er staðreynd málsins sem kom hér m.a. rækilega fram í umræðu um póstþjónustuna í gær. Þar kom fram að póstþjónustan veiti núna aðeins 60% af þeirri þjónustu sem hún veitti fyrir tveimur árum. Þetta eru bara staðreyndir. Við erum að reyna að bera hér á borð staðreyndir og efna til einhverrar vitlegrar og uppbyggilegrar umræðu en fáum síðan þessi undarlegu útúrsnúningasvör frá hæstv. ráðherra sem síðan ætlar að láta taka sig alvarlega í umræðu um stefnumótun í byggðamálum. Þetta er varla svaravert.

[21:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur leitt í ljós að bullandi ágreiningur er um þetta stefnuplagg sem hér liggur fyrir og hæstv. ráðherra stendur frammi fyrir því að í þessari umræðu hefur hv. formaður þingflokks Framsfl. komið og gagnrýnt grundvallarstefnuna á bak við plaggið. Hann hefur kvartað undan því að verið sé að gelda og lama Byggðastofnun með aðgerðum sem hæstv. ráðherra stendur fyrir. Þetta gerir sjálfur formaður stjórnar Byggðastofnunar og formaður þingflokks Framsfl.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það ekki mjög björgulegt þegar þetta opinberast með slíkum hætti í þessari umræðu. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að útskýra nánar hvort vonir hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að iðnn. muni gjörbreyta þessu frv. þannig að hann geti stutt það eigi við einhver rök að styðjast, hvort hæstv. ráðherra telji að svo sé.

[21:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það væri mjög lítið diplómatískt af mér sem ráðherra að halda því fram við 1. umr. að ekki verði gerðar neinar breytingar á þessum tillögum því að sjálft Alþingi Íslendinga á eftir að fjalla um þær, og eflaust mun iðnn. fara sem best í gegnum það allt og reyna að bæta. Ég get ekki séð fyrir mér að gerðar verði grundvallarbreytingar á plagginu þannig að hryggurinn verði ekki sá sami enda er búið að vinna mjög vel að þessu máli að mínu mati. Ég er mjög ánægð með starf stýrihópsins og þeirra hópa sem skipaðir voru að auki og auðvitað eru það fyrst og fremst þær tillögur sem birtast í þessari þáltill. þó að þar hafi einhverju verið breytt eins og gengur til að ná samstöðu.

[21:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé full ástæða til að hafa miklar áhyggjur af framgangi þessara mála. Hér liggur fyrir að það er bullandi ágreiningur milli þeirra tveggja aðila sem bera mesta ábyrgð á byggðamálum í landinu, hæstv. byggðamálaráðherra, sem hér hefur talað, og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, formanns stjórnar Byggðastofnunar og formanns þingflokks Framsfl.

Telja menn virkilega líklegt að þegar þeir sem eiga að stjórna og bera ábyrgð á þessum málum og ganga þar fremstir í flokki en geta ekki náð saman um hvað á að gera heldur opinbera ágreining sinn í þingsölum eftir að búið er að takast á um þetta mál milli ríkisstjórnarráðherranna og við þingflokka stjórnarflokkanna að það verði einhver sátt eftir að málið er komið inn í iðnn.? Ég sé ekki annað en að þessi mál séu öll í upplausn og það er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig framgangurinn verður síðan í framhaldinu.

[21:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil hugga hv. þm. og segja við hann að hann þurfi ekki að hafa svona óskaplega miklar áhyggjur. Það er fjöldinn allur af hv. þm. sem hefur ekki tjáð sig í dag og ég er þeirrar skoðunar að það sé kannski fyrst og fremst vegna þess að þeir eru sáttir við þessar tillögur og telja enga ástæðu til að halda ræður. (Gripið fram í.)

En það eru nokkrir sem hafa tjáð sig og hafa fyrirvara vegna þess að þeir reikna með því að málið geti batnað í meðförum þingsins þannig að þeir geti þá stutt það við lokaafgreiðslu. Eins og ég sagði hér í upphafi eru margar og miklar skoðanir á þessum málaflokki, þetta er mikilvægur málaflokkur og ég er mjög ánægð með að þingmenn almennt hafa áhuga á byggðamálum á Alþingi. Það er mikilvægt.

[21:48]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra byggðamála átti við þegar hún viðhafði þau orð að þingmenn Vestfjarða væru hér í einhverri samkeppni um að setja fram athugasemdir eða aðrar skoðanir en birtast í plagginu um stefnu í byggðamálum.

Ég ætla a.m.k. að lýsa því yfir fyrir mína parta að ég hef svipaðar skoðanir á þessum byggðamálum og ég hef haft í nokkur ár, að byggðastefnan væri ágætisyfirlýsing en það vantaði alltaf í hana eftirfylgnina og væri búið að vanta lengi. Ég hef gert grein fyrir því í ræðum mínum í dag að megnið af því sem stendur í þessu plaggi stóð líka í plaggi sem fæddist 1991 og í mörgum plöggum sem hafa síðar komið varðandi stefnu í byggðamálum. En iðulega hefur eftirfylgnina vantað og síðan er það auðvitað það að stefna ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum hefur grafið undan byggðunum.

[21:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt alveg eðlilegt að menn óttist að lítið verði um efndir. En ég hef haldið því fram að það sé líklegra að um efndir verði að ræða vegna þess að verði það ekki efnt sem samþykkt verður hér á Alþingi er alveg ljóst hvers hlutverk það hefur verið að efna samþykktina. Og eigum við ekki að binda einhverja von við að það skili árangri?

[21:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Guð láti gott á vita. Ég ætla þá að vona að textinn sem stendur hér á síðu 3 um að í atvinnugreinum sem eru þýðingarmiklar á landsbyggðinni, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, verði ekki dregið úr nýliðun, frumkvæði og fjárfestingum í fámennum byggðarlögum þar sem fárra annarra atvinnukosta er völ, og þetta sé þá sú stefnumótun að það eigi að snúa frá því að grafa undan hinum dreifðu byggðum landsins og vinna að því í stefnumótun og fylgja því eftir að hinar dreifðu sjávarbyggðir fái að njóta strandkosta sinna, bæði til fiskveiða og fiskvinnslu, og að byggðirnar og strandveiðiflotinn fái einhvern forgang til þess að viðhalda byggðunum í landinu og tryggja að hinir stærri byggðakjarnar eigi bakland í hinum stærri byggðarlögum. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt og ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra sé að taka undir þau viðhorf sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti varðandi þetta atriði.

[21:52]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sá ástæðu til þess að nefna sérstaklega þátttöku þingmanna Vestfjarða í umræðunni um byggðamál áðan og vék að samkeppni (Gripið fram í.) okkar þar í millum. Það er kannski ýmislegt til í því — eru ekki stjórnmálamenn oft í samkeppni? — og sjálfsagt ekkert ljótt við það. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. iðnrh. sé í samkeppni við ýmsa og þannig gerast kaupin á eyrinni. Hitt held ég þó að liggi því frekar til grundvallar að við komum hér upp að við höfum áhyggjur af því hvernig komið er fyrir ýmsum byggðum á Vestfjörðum. Kvótinn hefur streymt þaðan burt og mannfjöldinn sömuleiðis. Og ástæðan fyrir því að maður segir ekki að ástandið sé hörmulegt á landsbyggðinni eða að þar vanti atvinnu er einfaldlega sú að fólkið hefur bara flutt í burtu. Þess vegna hefur ekki orðið atvinnuleysi.

[21:53]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm., auðvitað erum við öll í bullandi samkeppni á þessum vinnustað. Ég er það líka við ákveðna einstaklinga, t.d. starfandi forseta.

En ég hef líka áhyggjur af ákveðnum byggðarlögum og ekki síst Vestfjörðum og eins og ég greindi hér frá átti ég góðan fund með forsvarsmönnum þaðan nýlega þar sem við ræddum þessi mál. Sá fundur var málefnalegur og var a.m.k. mér mikils virði. Ég tek bara undir með hv. þm. að við verðum að róa að því öllum árum að bæta ástandið þar.

[21:54]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra annarrar spurningar. Nú hefur byggðakvótinn aukist um 250% frá árinu 1999, úr 1.500 tonnum í 5.300 tonn og hæstv. ráðherrar tala um markaðshugsun í sjávarútvegi. Sér ráðherra fyrir sér að hægt væri að láta þennan kvóta fara á uppboð innan byggðarlaganna eins og t.d. sveitarstjórn Vesturbyggðar óskaði eftir á sínum tíma þegar verið var að deila út byggðakvóta þangað? Og sér hæstv. ráðherra fyrir sér að markaðshugsunin nái lengra inn í sjávarútvegskerfið þannig að aflaheimildir verði boðnar upp í einhverjum mæli?

[21:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki verið hlynnt því að aflaheimildir verði boðnar upp og ég veit ekki betur en að það sé ekki samstaða um það meðal stjórnarandstöðuflokkanna. En þessi sjónarmið hafa vissulega heyrst og þeir sem hafa talað fyrir fyrningarleið hafa ekki verið búnir að útfæra það mjög vel hvernig eigi svo að fara með þann kvóta sem yrði kallaður inn. Þó að við eigum kannski ekki að vera að fara hér djúpt ofan í sjávarútvegsumræðuna vildi ég segja þetta. En byggðakvótinn hefur aukist og ég held að það sé jákvætt. (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–14. mál.

Fundi slitið kl. 21:58.

---

83. FUNDUR

miðvikudaginn 27. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Stefna í byggðamálum 2002–2005, stjtill., 538. mál, þskj. 843. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

Athugasemdir um störf þingsins.

Málefni Landssímans.

[13:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hélt því fram í umræðum á hinu háa Alþingi í fyrradag að upplýsingar sem millistjórnandi hjá Símanum veitti fjölmiðli réttlættu að fullu brottvikningu hans. Þar vorum við hæstv. forsrh. ósammála. Látum það þó liggja á milli hluta í bili.

Í sexfréttum Ríkisútvarpsins í gær kom fram að stjórnarformaður Símans og forstjóri hefðu sameiginlega komið á framfæri upplýsingum úr bókhaldi Símans um fyrrv. forstjóra fyrirtækisins. Þótt enginn eðlismunur sé á þessum upplýsingum er talsverður munur á tilgangi þeirra. Annars vegar er um að ræða upplýsingar sem voru veittar sökum þess að réttlætiskennd manns var misboðið en hins vegar var komið á framfæri upplýsingum um sérstakan áhuga fyrrv. forstjóra á trjárækt og fjarskiptum.

Í Kastljósi í gær lýsti hæstv. forsrh. því yfir að margt í rekstri Símans væri honum ekki að skapi. Má í því sambandi nefna hlutafjárkaup, lántöku og jarðasölu, auk þess að hann fann samkomulagi stjórnarformanns og hæstv. samgrh. um laun þess fyrrnefnda ýmislegt til foráttu.

Þá lýsti hæstv. forsrh. því enn fremur yfir að hann væri argur og pirraður yfir því að ýmsir menn sem hann hefði bundið vonir við hefðu komið óbragði í munn þjóðarinnar með störfum sínum. Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., sitjandi samgrh., sem hefur verið ósínkur á traustsyfirlýsingar við stjórnarformann Símans og hæstv. samgrh. hingað til hvort það traust sé enn að fullu til staðar.

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. lagði mér ýmis orð í munn sem ég kannaðist ekki við. Hann gerði það strax í upphafi ræðu sinnar, lagði mér orð í munn og sneri reyndar út úr vissum ummælum mínum í Kastljósi í gær. Ég veit ekki af hverju hann þarf að gera það en það gerði hann að ástæðulausu.

Samgrh. situr í ríkisstjórn með mínum atbeina. Ég hef fullt traust á honum. Aðrir sem nefndir voru sitja ekki í stjórnum fyrir minn atbeina.

[13:35]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur með skýrlega lýst trausti á samgrh. og þar með á störfum hans og verkum sem tengjast Símanum. Það er merkileg yfirlýsing, ekki síst í ljósi viðtalsins við hæstv. forsrh. í Kastljósi í gær. Af því gátu sjónvarpsáhorfendur ekki skilið annað en að mörg þau atriði sem misfarist hefðu við stjórn Símans mætti rekja til sjálfs samgrh. Þessu munum við halda til haga.

Ég vil hins vegar árétta þá spurningu sem hv. 6. þm. Suðurl. lagði einnig fyrir hæstv. ráðherra og varðar stöðu stjórnarformanns Símans og stjórnenda hans. Þau mál eru á borðum hæstv. forsrh. um þessar mundir. Hann er sitjandi samgrh. og mitt mat er að ekki megi langur tími líða þangað til hreinsað verður út í Símanum og gert hreint fyrir dyrum á þeim vettvangi.

Hæstv. forsrh. lét þess getið í nefndu Kastljóssviðtali að hann væri maður sem tæki á hlutunum og hreinsaði til. Hann kvartaði raunar yfir slettuganginum og hneykslismálunum hjá Símanum og að af hálfu stjórnarandstöðunnar hefði verið gerð sérstök tilraun til þess að klína einhverju á hann. Herra forseti. Stjórnarandstaðan þarf ekkert að koma þar að málum. Veruleikinn er þessi: Sérstakir trúnaðarmenn Sjálfstfl. og forustu hans, hvort heldur þar er um að ræða fyrrv. formann einkavæðingarnefndar, núv. stjórnarformann Símans, fyrrv. framkvæmdarstjóra og forstjóra Símans ellegar samgrh., hafa algerlega séð um sléttuganginn einir og óstuddir. Hafi slest á einhvern í þessari orrahríð allri verður hæstv. forsrh. að líta sér nær.

En eftir stendur spurningin: Hvað hyggst forsrh. gera í þessum málum? Hvar ætlar hann að láta til sín taka næst?

[13:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit þarf töluvert til þess að ég falli frá trausti á mínum ráðherrum þó að þeim sé sótt. Ég geri það mjög seint. Ég tel að menn eigi að standa með sínum mönnum en ekki grafa undan þeim, sérstaklega þegar að þeim er sótt. Það hefur verið venja hjá mér og ég held þeirri venju eins og hv. þm. þekkir.

Að öðru leyti er það svo að ég er um hríð starfandi samgrh. Því lýkur á morgun. Ég hef beðið um að kannað verði hvort ekki megi hafa aðalfund í fyrirtækinu fyrr, t.d. 8. mars í stað 19. mars. Það er verið að kanna það og ég vænti að það geti gengið eftir.

[13:38]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Svör hæstv. ráðherra voru skýr. Hann hefur fullt traust á hæstv. samgrh. en vildi síðan ekki tjá sig um aðra sem ekki heyra undir hann.

Hins vegar hélt hann því fram í ræðu sinni að ég hefði í upphafi snúið út úr orðum hans. Ég mótmæli þessu harðlega. Í fyrsta lagi sagði hæstv. ráðherra í umræðu í fyrradag að ef hlutir eins og þeir sem um var rætt hefðu komið fyrir í einkareknu fyrirtæki, hæstv. ráðherra tilgreindi sérstaklega Dagblaðið, væri viðkomandi ekki starfandi þar deginum lengur. Það voru þessi orð sem ég túlkaði þegar ég sagði að hæstv. ráðherra hefði ekkert við brottvikningu starfsmanns Símans að athuga.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, hef ég útprentun úr Kastljóssþættinum þar sem viðtal var við hæstv. forsrh. Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Auðvitað er ég argur og sár — þó menn eigi ekki að láta það stjórna sér — þegar menn sem maður batt vonir við gera svona hluti, svona skelfilega hluti og koma þessu óbragði í munn þjóðarinnar."

Virðulegi forseti. Þessar tvær tilvitnanir í orð hæstv. forsrh. stend ég að fullu við og mótmæli því harðlega að hér hafi verið um einhverja útúrsnúninga að ræða.

[13:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. forsrh. áðan, um að hann væri þeirrar gerðar að hann styddi sína ráðherra þegar hann bæri til þeirra traust, þá skal ég skrifa undir það. Ég tel að hæstv. forsrh. sé maður að meiri í þeim efnum. Ég vakti hins vegar athygli á því hér að þetta mál er allt þannig vaxið að það er ekki eingöngu samgrh. heldur einnig hæstv. forsrh. sjálfur og Sjálfstfl. sem bera ábyrgð á þeim axarsköftum sem gerð hafa verið. Það er engin tilviljun og enginn tilbúningur af hálfu stjórnarandstöðunnar að lykilmenn í öllum þessum farsa eru einstaklingar, sem hafa verið handvaldir úr innstu klíku Sjálfstfl. og hafa gengið þannig um dyr og ganga sem alþjóð er kunnugt um. Það er veruleikinn sem við blasir.

Á hinn bóginn var það merkileg yfirlýsing og út af fyrir sig, ákvörðun sitjandi samgrh. sem ég fagna í sjálfu sér, að hann skuli hafa beitt er fyrir því að ekki líði á löngu þar til gerðar verða upp sakir í Landssímanum á aðalfundi sem þar verður haldinn. Ég vænti þess að þá gangi eftir það sem gefið hefur verið til kynna, að þá renni upp hinn stóri D-dagur og þá verði nauðsynleg hreinsun gerð til að þetta stóra og mikilvæga þjónustufyrirtæki verði starfhæft á nýjan leik. Þar má engan tíma missa.

Stefna í byggðamálum 2002–2005, frh. fyrri umr.

Stjtill., 538. mál. — Þskj. 843.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:42.

---

84. FUNDUR

miðvikudaginn 27. febr.,
að loknum 83. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Kærur vegna læknamistaka, fsp. MF, 368. mál, þskj. 564.
2. Ákvæði laga um skottulækningar, fsp. RG, 397. mál, þskj. 654.
3. Vandi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, fsp. RG, 416. mál, þskj. 675.
4. Lyf sem falla út af sérlyfjaskrá, fsp. SJS, 447. mál, þskj. 716.
5. Sjálfstætt starfandi sálfræðingar, fsp. ÁMöl, 467. mál, þskj. 749.
6. Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar, fsp. ÁMöl, 468. mál, þskj. 750.
7. Framkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands, fsp. MF, 530. mál, þskj. 834.

Til félagsmálaráðherra:

8. Ferðakostnaður foreldra barna á meðferðarstofnunum, fsp. ÁRJ, 398. mál, þskj. 655.
9. Fjárhagsstaða sveitarfélaga, fsp. SJS, 413. mál, þskj. 672.
10. Húsaleigubætur foreldra með sameiginlegt forræði barna, fsp. ÁRJ, 534. mál, þskj. 838.

Til sjávarútvegsráðherra:

11. Tilraunaveiðar með gildrum, fsp. SvanJ, 401. mál, þskj. 658.
12. Hafsbotninn við Ísland, fsp. KF, 436. mál, þskj. 703.
13. Útræðisréttur strandjarða, fsp. ÁSJ og JB, 486. mál, þskj. 770.

Til iðnaðarráðherra:

14. Útibú Matra á Ísafirði, fsp. JB, 499. mál, þskj. 789.

Til landbúnaðarráðherra:

15. Jarðalög, fsp. ÁRJ, 429. mál, þskj. 689.
16. Grænmeti og kjöt, fsp. ÞBack, 497. mál, þskj. 787.

Til dómsmálaráðherra:

17. Meðferð við vímuvanda fanga, fsp. KF, 434. mál, þskj. 701.

Til fjármálaráðherra:

18. Innkaup Ríkisspítala, fsp. LB, 541. mál, þskj. 846.

Til umhverfisráðherra:

19. Skipan matvælaeftirlits, fsp. MF, 514. mál, þskj. 812.

Til menntamálaráðherra:

20. Aðstaða til fjarnáms, fsp. MF, 516. mál, þskj. 814.

Kærur vegna læknamistaka.

Fsp. MF, 368. mál. — Þskj. 564.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Við undirbúning fjárlagagerðar fyrir þetta ár kom m.a. fram í erindi landlæknisembættisins til heilbr.- og trn. að landlæknir teldi nauðsynlegt að fá heimild til þess að ráða í stöðu læknis sem hefði það hlutverk að sinna afgreiðslu kærumála sem berast embættinu. Farið var fram á rúmar 6 millj. kr. til þessa verkefnis. Eftir því sem best verður séð rúmast þessi beiðni ekki innan þess fjárlagaramma sem landlæknisembættið hefur á árinu og sýnist mér að landlækni en þó fyrst og fremst aðstoðarlandlækni sé ætlað að sinna þessari vinnu ásamt öðrum veigamiklum verkefnum sem þessum tveimur einstaklingum innan landlæknisembættisins er ætlað að vinna.

Í erindi landlæknis kom fram að umfang kvartana og kæra vegna meðferðar og meintra mistaka hjá heilbrigðisstofnunum, einstökum læknum og/eða öðrum heilbrigðisstarfsmönnum hefur vaxið gífurlega á undanförnum árum og ekkert benti til annars en að sú þróun héldi áfram. Reynt hefur verið að fá verktaka til að sinna hluta starfsins en að mati embættisins hefur það ekki gefist nógu vel. Benda má á að heildarfjöldi þeirra kvartana og kæra sem bárust landlæknisembættinu á síðasta ári var 358, mun fleiri kvartanir og kærur en þær sem bárust til umboðsmanns Alþingis sem voru 248. Þar munar 110 málum. Auðvitað er ekki um algjörlega sambærileg mál að ræða en engu að síður má ljóst vera að hér er að stærstum hluta um að ræða flókin mál og mjög erfið úrlausnar, ekki síst faglega en einnig tilfinningalega. Það er fráleitt að ætla landlæknisembættinu að leysa þessi mál án þess að til komi fleira starfsfólk en nú er. Má jafnvel draga í efa að eitt viðbótarstöðugildi læknis dugi til ef horft er til þess hversu margar og flóknar kærurnar eru. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hver er fjöldi þeirra kærumála vegna læknamistaka sem komið hafa til kasta landlæknisembættisins árin 1990, 1995, 2000 og 2001? Ef um fjölgun er að ræða, hver er meginástæða hennar?

Hver er þróun heildarkostnaðar landlæknisembættisins vegna meðferðar þeirra kvartana og kærumála sem embættinu hafa borist, skipt niður á sömu ár?

[13:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um kærur vegna læknamistaka sem komið hafa til kasta landlæknisembættisins, fjölda þeirra og hugsanlegan kostnað.

Í samantekt landlæknisembættisins eru taldar saman kvartanir og kærur og verða því formlegar kærur ekki greindar sérstaklega frá. Samanlagður fjöldi kvartana og kæra var sem hér segir:

Árið 1990: 188, árið 1995: 261, árið 2000: 373, árið 2001: 356.

Í samantekt embættisins eru kvartanir og kærur á þessum árum ekki flokkaðar eftir starfsheitum eða heilbrigðisstéttum en slík flokkun er fyrirhuguð hjá embættinu. Athugun embættisins hefur sýnt að í um þriðjungi tilfella teljast kvartanir

og kærur eiga við rök að styðjast og er um helmingur þeirra tilvika vegna meintra mistaka. Um tíundi hluti tilfellanna er vegna meintra samskiptaörðugleika.

Hv. þm. spyr um ástæður fjölgunar tilvikanna. Tel ég vera margar skýringar á því. Í fyrsta lagi hefur orðið grundvallarbreyting á réttarstöðu sjúklinga með lögum um réttindi sjúklinga frá 1997.

Í öðru lagi hefur heilbr.- og trmrn. lagt sig fram um að upplýsa um réttindin með dreifingu bæklings á hvert heimili í landinu.

Í þriðja lagi hefur verið brýnt fyrir heilbrigðisstarfsmönnum að upplýsa sjúklinga um rétt sinn og var gefinn út bæklingur um þann þátt.

Í fjórða lagi er fólk orðið meðvitaðra um rétt sinn en áður, m.a. vegna aukinnar fræðslu og umræðu í þjóðfélaginu um réttindi sjúklinga.

Viðhorf til mistaka í heilbrigðisþjónustu hafa breyst, bæði hérlendis og erlendis. Meiri kröfur eru gerðar til þess að heilbrigðisstarfsmenn standi skil á gjörðum sínum, kröfur um upplýsingar og fræðslu um aðgerðir og hugsanlegar afleiðingar eru meiri en áður. Væntingar um gott gengi fyrir allar aðgerðir heilbrigðisþjónustunnar hafa vaxið og eiga brostnar væntingar stóran þátt í auknum kærufjölda að mínu mati.

Hv. þm. spyr einnig hver heildarkostnaður landlæknisembættisins sé vegna meðferðar þeirra kvartana og kærumála sem embættinu hafa borist undanfarin ár. Árið 2001 taldist kostnaður embættisins vegna þessa vera tæpar 13 millj. kr. Kostnaður fyrri ára vegna kvartana og kæra er hins vegar ekki greinanlegur í kostnaðarbókhaldi embættisins vegna annarrar bókhaldsaðferðar. Að mati landlæknisembættisins hefur hann verið hlutfallslega svipaður og árið 2001. Breyttar bókhaldsreglur munu hins vegar gera þennan kostnað auðsjáanlegan í framtíðinni.

Í þessu sambandi vil ég einnig nefna nýleg lög nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, en búast má við að hluti þessara mála fari beint til afgreiðslu samkvæmt þeim lögum. Á árinu 2001, sem var fyrsta ár sjúklingatryggingarinnar, var 31 tilvik tilkynnt samkvæmt þeim lögum.

Herra forseti. Ég vona og vænti þess að ofangreindar upplýsingar hafi svarað fyrirspurn hv. þm.

[13:49]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur borið fram ágæta fyrirspurn um læknamistök. Ég tek undir með ráðherra að á síðustu árum hefur réttarstaða sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins verið verulega bætt, bæði með lögum um réttindi sjúklinga og ekki síður með lögum um sjúklingatryggingu. Með þeim lögum var horft til réttar einstaklinga burt séð frá því hvort einhver sérstakur aðili innan heilbrigðiskerfisins ætti þar sök. Í stað þess að finna blóraböggul er reynt að leiðrétta mistök og koma í veg fyrir þau eftirleiðis. Fjölgun kæra sem kom fram í svari hæstv. ráðherra þarf ekki endilega að þýða að mistökin séu fleiri þótt það sé náttúrlega ekki útilokað heldur miklu fremur að fólk er meðvitaðra um rétt sinn og hvernig það getur leitað hans ef mistök hafa orðið. Það er vel.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör við þeim spurningum sem hér voru bornar fram. Eins og ég sagði áðan kom þetta fram á fundi í heilbr.- og trn. í aðdraganda þess að fjárlög voru afgreidd. Mig undraði hins vegar að landlæknisembættið kom ekki á fund fjárln., m.a. vegna þess að landlækni var beint með erindi sín til heilbr.- og trn. Stofnanir virðast halda að fagnefndirnar hafi töluvert um það að segja hvernig fjárlögin eru afgreidd.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða vel starfsaðstæður embættisins til að taka á þessum kærum. Eins og hér kom fram eru kærurnar á síðasta ári töluvert á fjórða hundrað. Þær eru 110 fleiri en þær sem berast til umboðsmanns Alþingis. Þessi mál geta verið mjög flókin, líka stjórnsýslulega, og mikil nauðsyn er á því að ráðið verði í stöðu læknis og jafnvel lögfræðings við embættið til að vinna að úrlausnum þessara mála þó að þau séu ekki alveg sambærileg við það sem gerist hjá umboðsmanni Alþingis. Því er ekki heldur hægt að líkja saman enda eru þar fleiri aðilar til að fjalla um og leysa þau mál sem koma upp. Grundvallarbreytingin er kannski fyrst og fremst sú að sjúklingar eru upplýstari, eins og hér hefur komið fram, um réttindi sín og fara þess vegna af stað með kvartanir eða kærur til landlæknisembættisins en það máttum við vita við afgreiðslu þeirra laga. Það er þá eðlilegt að Alþingi bregðist við og komi inn strax á þessu ári með 6–7 millj. kr. til landlæknisembættisins og síðan verði tekið á þessu heildstætt við afgreiðslu fjárlaga fyrir 2003 og þá með tilliti til þess að e.t.v. þarf fleiri starfskrafta en læknismenntaða til landlæknisembættisins þannig að hægt sé að sinna þessu svo að vel fari.

[13:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu því að hér er um þarft mál að ræða. Ég vil láta það koma fram að landlæknisembættið er ein af undirstöðustofnunum heilbrigðisþjónustunnar. Það er ráðgjafarstofnun við heilbrrn. Samskipti heilbrrn. við það embætti eru í mjög föstum skorðum. Ég á vikulega fundi með landlækni um þau mál sem þar eru efst á baugi hverju sinni. Ég hef fullan vilja til þess að fylgjast mjög grannt með því hvaða möguleika landlæknisembættið hefur til að gegna hlutverki sínu. Þar hafa verið fjárhagslegir erfiðleikar á undanförnum árum. Þeir erfiðleikar hafa verið yfirstignir og fjármál embættisins eru komin í jafnvægi þannig að nú er lag að meta og greina hvernig embættið er í stakk búið til að gegna þessu mikilvæga hlutverki sem og öðrum hlutverkum sem það á að gegna. Ég þakka fyrir þau hvatningarorð sem hafa fallið í þessu sambandi.

Auðvitað stendur ætíð styr um fjármuni í þessum efnum eins og öðrum. Við hv. fyrirspyrjandi þekkjum þá hlið málsins nokkuð vel. Ég endurtek að ég tel þetta málefni afar mikilvægt, að sinna þessum þætti, og ég vil ræða grannt hvernig það verður best gert.

Ákvæði laga um skottulækningar.

Fsp. RG, 397. mál. — Þskj. 654.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst fagna ég því að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé nú tilbúinn að svara þessari fyrirspurn. Hún var lögð fram 23. janúar og var ég orðin nokkuð langeygð eftir því að fá þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er um skottulækningar og hljóðar svo:

1. Hefur ráðherra einhverjar áætlanir um endurskoðun á ákvæðum læknalaga er fjalla um skottulækningar?

2. Telur ráðherra koma til greina að endurskoða umrædd lagaákvæði með það að markmiði að opna fyrir að óhefðbundnar lækningaaðferðir geti hlotið viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum? Og þær lækningaaðferðir eru skilgreindar í fyrirspurninni.

Herra forseti. Þegar ég kynnti þessa fyrirspurn í þingflokknum mínum var mér vinsamlega bent á að nota annað orð en skottulækningar, það væri svo óviðfelldið. Það vakti því undrun og athygli þegar ég upplýsti að orðið skottulækningar væri að finna á allnokkrum stöðum í læknalögum en auk þess í lögum um iðjuþjálfun og lögum um sjúkraþjálfun.

Það sem ræður fyrirspurn minni er sú staðreynd að þegar fólk hefur komið heim til Íslands eftir nám, oft margra ára nám og viðurkennt af Lánasjóði íslenskra námsmanna, í svokölluðum óhefðbundnum lækningum rekst það á vegg. Veggurinn sá er heimildarleysi til að nýta nám sitt og veggurinn ber nafnið skottulækningar.

Ég er ekki að mæla fyrir opnum heimildum til að iðka það sem í flestra huga eru raunverulegar skottulækningar en hér þarf sannarlega að taka til hendinni. Ég er meðflm. að þáltill. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, um stöðu óhefðbundinna lækninga, að nefnd beri saman stöðu þeirra lækninga hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum, í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum og tek fram að hún var mjög meðmælt þessari fyrirspurn en báðar höfum við verið vondaufar um framgang tillögunnar sem hún er 1. flm. að. Í þeirri tillögu er vísað í nálarstungumeðferð, smáskammtalækningar, lið- og beinskekkjulækningar, hnykklækningar og nudd svo dæmi séu tekin. Þessar stéttir hafa líklega allar rekið sig á skottulækningavegginn en víst er að hvorki nám né störf á þessu sviði eru viðurkennd. Þess vegna getur hver sem er sagst vera hvað sem er.

Mikil þróun hefur átt sér stað í þessum fræðum, bæði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum, og fólk leitar í æ ríkari mæli til þeirra aðila, bæði vegna kvilla og ekki síður til að fyrirbyggja sjúkdóma. Talið er að 70–80% Dana nýti sér á einhverjum tíma óhefðbundnar lækningaaðferðir og samkvæmt enska dagblaðinu Daily Telegraph er talið að 13 milljónir Englendinga nýti sér þær árlega. Á Norðurlöndum hafa opinberir aðilar staðið að rannsóknarverkefnum í þessum efnum og samvinnu milli þeirra og viðurkenndu heilbrigðisstéttanna.

Herra forseti. Á dögunum var greint frá því að heilbr.- og trn. hefði tekið fyrir tillöguna. Formaður nefndarinnar var mjög jákvæður og nú spyr ég ráðherrann: Er ekki kominn tími til að taka á í þessum málum og afnema orðið skottulækningar úr lögum?

[13:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram varðandi þessa fyrirspurn og þetta svar sem hér um ræðir að ég er búinn að ganga með svarið tilbúið í nokkurn tíma en einhverra hluta vegna var fyrirspurnin tekin út af dagskrá þegar ég ætlaði að svara henni síðast. Mér er því ekkert að vanbúnaði að svara.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn, annars vegar hvort uppi séu áætlanir um endurskoðun á ákvæðum læknalaga um skottulækningar, hins vegar hvort ég telji koma til greina að endurskoða lagaákvæði með það að markmiði að ýmsar óhefðbundnar lækningaaðferðir gætu hlotið viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum.

Sem kunnugt er eru ákvæði um skottulækningar í 22. og 23. gr. núgildandi læknalaga nr. 53/1988. Áður voru nokkur sambærileg ákvæði í eldri læknalögum. Þó var sú breyting á að samkvæmt fyrri lögum gátu læknar líka stundað skottulækningar en þetta breyttist við gildistöku núverandi laga.

Nokkur umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um viðurkenningu á ýmsum óhefðbundnum lækningaaðferðum. Má þar nefna nálarstungur, smáskammtalækningar, lið- og beinskekkjulækningar en um leið má geta þess að hnykklækningar eru að hluta viðurkenndar hér á landi og hnykkjar eru ein af viðurkenndum heilbrigðisstéttum.

Mín skoðun er sú að mál af þessum toga þurfi sífellt að vera í endurskoðun og mati. Augljóst er að svipað hefur átt sér stað í nágrannalöndunum og hafa íslensk heilbrigðisyfirvöld fylgst vel með úttekt nágrannalandanna á þessum aðferðum. Við mat á þessum þáttum tel ég mikilvægt að haft sé í huga og sannarlega metið að þær hafi ekki skaðleg áhrif, ekki sé haldið fram ósönnuðum áhrifum af þessum aðferðum, fólk sé ekki haft að féþúfu í leit sinni að lækningu eða betri líðan og að þeir sem þetta bjóða villi ekki á sér heimildir.

Það hefur verið til umræðu og kom fram þegar ég svaraði fyrirspurn um þetta efni síðast að ég hef haft hug á því að leggja vinnu í að skoða þessi mál og m.a., eins og kom fram, er tillaga til umfjöllunar í heilbr.- og trn. þingsins um það að skipa nefnd til að gera úttekt á stöðu þessara mála, bæði hérlendis og erlendis, og kanna aðra mikilvæga þætti þess frekar. Ég er efnislega sammála því að skipa slíka nefnd og kanna stöðu þessara mála frekar. Ég vil þá meta að lokinni þeirri niðurstöðu hvort tekin verður ákvörðun um endurskoðun á ákvæðum laga um skottulækningar.

Herra forseti. Í ljósi þess sem ég hef sagt vona ég að ég hafi svarað fyrirspurn hv. þm. að einhverju leyti.

[14:02]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að kortleggja þessa óhefðbundnu starfsemi innan heilbrigðissviðsins. Nú liggur fyrir þáltill. um slíka kortlagningu hjá heilbr.- og trn. Ég óska eftir því að nefndin afgreiði tillöguna hið allra fyrsta því hún hefur fengið mjög góðar undirtektir. Til þess að geta fjallað um þetta á vitrænan hátt þurfum við auðvitað að vita hvað er í gangi, hvað verið er að stunda annars vegar af fólki sem hefur til þess viðhlítandi menntun og hins vegar af öðrum sem hafa litla sem enga menntun. Við eigum að nýta alla kosti sem þessar óhefðbundnu lækningar fela í sér, eru ódýrir og geta skilað góðum árangri í heilbrigðisþjónustunni.

[14:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að þetta er í þriðja eða fjórða sinn á stuttum tíma sem þingið ræðir um óhefðbundnar lækningaaðferðir og skottulækningar, en þó með svolítið öðrum hætti. Hér er verið að tala um þetta á jákvæðan hátt þannig að sú kortlagning sem kemur til með að eiga sér stað á óhefðbundnum lækningaaðferðum geti m.a. leitt til þess að einhverjar þeirra hljóti viðurkenningu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ég held að nauðsynlegt sé að draga hér inn eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur gert vegna þess að þær hafa sannarlega skilað árangri margar hverjar.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að þetta er í annað sinn sem hæstv. ráðherra lýsir yfir stuðningi við þá tillögu sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir er 1. flm. að. Heilbr.- og trn. hlýtur því, að fengnum jákvæðum umsögnum, að afgreiða hana hið fyrsta.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég tek undir þessi orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og ég gleðst yfir því að hæstv. ráðherra hefur skilning á frjálsu meðferðarvali fólks og að hann er efnislega sammála því að skipa nefnd til að skoða þessi mál.

Ég varð líka bjartsýn þegar ég sá örstutt viðtal við formann heilbr.- og trn. sem lýsti jákvæðu viðhorfi til tillögunnar eftir að gestir höfðu komið á fund nefndarinnar. Ég minni líka á það út af orðum hæstv. ráðherra að hnykkjar, sem nú eru viðurkenndir, rákust sannarlega á skottulækningavegginn þegar þeir komu hér fyrst og höfðu ekki heimild til að starfa þó að því hafi verið breytt síðar.

Herra forseti. Mig langar að segja frá því að í haust var opnað í Kaupmannahöfn svokallað „sundhedshus", heilbrigðishús. Tilkoma hússins hefði ekki orðið nema fyrir tilstilli opinberra styrkja sem áður hafa eingöngu runnið til hefðbundinna læknavísinda, en nú var loks komið að stuðningi við óhefðbundnar lækningar. Við opnunina hélt fyrrverandi heilbrigðisráðherra ræðu og kveðjur bárust frá þingmönnum. Þetta er eitthvað annað en hjá okkur þó að hugmyndin sé aðeins að kvikna núna um að taka á í þessum málum.

Þetta „sundhedshus" hýsir fjölmargar greinar óhefðbundinna lækninga, auk þess aðstöðu fyrir samtök þeirra og skólann ásamt rannsóknadeild. Þar er m.a. í gangi rannsóknarverkefni um beinþynningu með 100 konum um það hvort rétt matarræði geti byggt upp bein á ný. Að sjálfsögðu er allt samkvæmt vísindakröfum og sagt er að rannsóknin lofi góðu. Á næsta ári fer fram rannsókn á næringarþerapíu og sjúkdómi í öndunarfærum hjá þessu fólki,við þessa tegund meðferðar og þær niðurstöður verða birtar 2003. Það er brýnt, herra forseti, að við tökum okkur á, komum á samvinnu milli þessara hópa og að hér rísi heilbrigðishús.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég geri mér alveg fullljóst að vaxandi umræða er í samfélaginu um óhefðbundnar lækningar og óhefðbundnar lækningaaðferðir. Í ljósi þess er ég fylgjandi því að fara yfir þau mál, en ég hef lýst þeirri skoðun minni að gera það með þeim aðferðum sem ég tók fram í svari mínu, þ.e. að skipa fyrst nefnd. Ég veit ekki hvort samþykkt verður tillaga í þinginu um það. Ég sé til með það hvort hún verði afgreidd frá nefnd. Ég hef ekki forræði á því. En ég hef hug á að fara þannig að og í ljósi þeirrar niðurstöðu að ákveða hvort lagabreyting verður flutt á Alþingi. Það er sú aðferð sem ég vil hafa í þessu. Ég hef í sjálfu sér enga fordóma gagnvart þessum aðferðum. Hins vegar verður viðurkenning þeirra auðvitað að byggjast á viðurkenndum skilyrðum sem ég tók fram í svari mínu í grófum dráttum hver væru.

Vandi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. RG, 416. mál. — Þskj. 675.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í fjárlagatillögum fyrir árið 2000 var óskað eftir að ráða í 12 stöður heilsugæslulækna. Í tillögum fyrir árið 2001 var óskað eftir 11 stöðum heilsugæslulækna. Niðurstaða var fimm og hálft stöðugildi. Í fjárlagatillögum vegna ársins 2002 er óskað eftir að ráða í 15,5 stöðu heilsugæslulækna en í fjárlögunum eru 37 millj. ætlaðar til að styrkja heilsugæsluna, auka þjónustuna og stytta biðtíma, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er ljóst hve mikið af þeirri fjárhæð fer til að fjölga heilsugæslulæknum en varla eru þeir margir miðað við fjárhæðina og önnur verkefni sem hún á að dekka. Þessar upplýsingar koma allar fram í svari heilbrrh. við skriflegri fyrirspurn minni fyrir jól en samkvæmt svarinu er mikill skortur á heilsugæslulæknum og vissum við það fyrir.

Miðað við þær tölur sem fram komu í fyrirspurninni er meðaltal sjúklinga í Reykjavík 2.041 á lækni og hef ég þá tekið með sjálfstætt starfandi heimilislækna í borginni. Í Hafnarfirði er þessi tala 2.092 og í Kópavogi 2.202. Læknaskortur er áþreifanlegur. Ófremdarástand er í Kópavogi og hefur bæjarstjórn beint tilmælum til heilbr.- og trmrh. vegna þessa. Stutt er síðan stjórnarmaður í heilsugæslu Kópavogs upplýsti að 6.000 manns væru án heimilislæknis í Kópavogi. Heilsugæslan í Mjódd sagði upp öllum Kópavogsbúum sem þar voru. Nú segir Kópavogur upp öllum sjúklingum sem búsettir eru utan Kópavogs, sennilega um 2.000 manns, og flyst vandinn þannig til á milli staða á höfuðborgarsvæðinu á meðan viðunandi lausn er ekki í sjónmáli.

Fólk sem hringir á heilsugæslu getur fengið tíma eftir marga daga og álag eykst á Læknavaktina og bráðaþjónustur. Reikna má með að ásókn í sérfræðinga hafi jafnframt aukist því fólk fer milliliðalaust til þeirra. Í skýrslu sem mér barst frá Hafnarfirði í haust hefur skortur á stöðugildum og starfsaðstöðu fyrir Hafnarfjörð og Bessastaðahrepp komið mjög niður á þjónustunni og íbúarnir leita á bráðavaktir í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík auk þess sem frumheilsugæslu er nú í vaxandi mæli sinnt af sérfræðingum á stofu úti í bæ.

Herra forseti. Nú hafa tveir læknar opnað einkarekna læknastofu í Kópavogi. Þar borgar fólk í mánaðargjald, eftir því sem upplýst er, tæplega 3 þús. kr., þ.e. fyrir einstakling á mánuði fyrir þjónustuna.

Herra forseti. Þetta viljum við ekki. Ég trúi ekki að við séum að renna í ameríska farveg og það með frumheilsugæsluna. Ætlum við ekki að standa vörð um þá hugmyndafræði að allir eigi rétt á góðri heilbrigðisþjónustu sem mismuni fólki ekki eftir efnahag? Hvað ætlar hæstv. heilbrrh. að gera í þessum efnum?

[14:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur beint til mín þeirri spurningu hvernig ráðherra hyggist bregaðst við vanda heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil í upphafi geta þess að ég tel heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu mjög öfluga og jafnframt mikilvægan þátt í því grunnhlutverki sem heilsugæsla um allt land hefur samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég tel fyrirkomulag heilsugæslu hafa reynst okkur vel, bæði í þéttbýli og ekki síð-

ur í dreifbýli. Ég tel það grundvallaratriði og afar mikilvægt að við stöndum vörð um heildarskipulag heilsugæslunnar.

Á undanförnum árum hefur borið á auknum erfiðleikum við að komast að í heilsugæslunni og hafa ýmsar skýringar verið taldar liggja þar að baki. Liggur ljóst fyrir að aukin aðsókn í heilsugæslunni á þar stóran þátt að máli, einnig auknar kröfur um þjónustu utan hefðbundins vinnutíma. Breytingar á launaumhverfi heilsugæslulækna með úrskurði kjaranefndar 1998 hafa einnig verið nefndar sem hluti þessarar skýringar. Samhliða þessu hefur orðið veruleg fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu sem skapar þörf fyrir enn frekari uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í nýjustu hverfum höfuðborgarsvæðisins.

Ég hef fullan áhuga á því að áfram verði stutt af miklu afli við heilsugæsluna og henni gert kleift að sinna hlutverki sínu sem grunnþjónusta í heilbrigðiskerfi allra landsmanna. Í þessu sambandi vil ég minna á að fjöldi nýrra heilsugæslustöðva og viðbætur við fyrri stöðvar hafa risið á undanförnum árum. Má í þessu sambandi nefna heilsugæslustöð í Efstaleiti í Reykjavík, í Kópavogi, Mosfellsbæ, Garðabæ og Hafnarfirði og fyrir nokkrum dögum síðan tók til starfa ný heilsugæslustöð í Grafarvogshverfi í Reykjavík og mun hún bæta mjög úr brýnni þörf fyrir aukna þjónustu í þeim hluta borgarinnar. Þá hef ég leitað heimilda til þess að auglýsa eftir húsnæði fyrir nýja heilsugæslustöð í Salahverfi í Kópavogi og einnig er brýnt að bæta úr þörfum heilsugæslunnar í Voga- og Heimahverfi í Reykjavík og í Hafnarfirði, en á öllum þessum stöðum er mjög brýnt að bæta framboð í heilsugæsluþjónustu.

Í lok síðasta árs skipaði ég nefnd til að koma með tillögur um eflingu heilsugæslunnar í dreifbýli og þéttbýli. Vænti ég þess að niðurstöður þeirrar nefndar liggi fyrir núna á vormánuðum. Mér er fyllilega ljóst að margir þættir tengjast beint og óbeint starfsemi heilsugæslunnar, bæði innan hennar og í umhverfi hennar, svo sem starfsemi sérfræðinga, sjúkrahúsanna sem og aðrir þættir heilbrigðisþjónustunnar. Samstarf og samþætting allra þessara nauðsynlegu þátta er mjög mikilvæg. Nýliðun allra stétta innan heilsugæslunnar er mikilvæg og einnig hef ég lagt áherslu á að þau mál verði skoðuð sérstaklega.

Hluti af erfiðleikum heilsugæslunnar tengjast mönnun. Í þessu sambandi er mikilvægt að grunnmenntun heilbrigðisstétta, lækna sem hjúkrunarfræðinga, taki fullt tillit til þessarar grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins sem okkur er jafnmikilvæg og öðrum þjóðum og að full sátt sé um hornstein þessarar þjónustu. Í þessu sambandi hefur nokkuð borið á umræðu um einkavæðingu. Ég hef áður lýst yfir þeirri skoðun minni að ég tel ekki koma til greina að bjóða upp á tvenns konar þjónustu fyrir íbúa landsins. Það sama gildir um höfuðborgarsvæðið. Ég tel hins vegar ekkert standa í vegi fyrir því að ýmiss konar rekstraraðferðir verði hafðar við líkt og er í dag. Það vill oft gleymast í umræðunni. Ég hef áhuga á því að við þá viðbót í heilsugæslunni sem ég hef áður nefnt verði fullt tillit tekið til allra rekstrarmöguleika.

Ég vil aftur ítreka að ég tel heilsugæsluna einn af mikilvægustu hornsteinum íslenskrar heilbrigðisþjónustu og ég hef fullan hug á því að styrkja hana eins og mögulegt er.

Herra forseti. Ég vona að þær upplýsingar sem ég hef reitt fram hér svari fyrirspurn þingmannsins að einhverju leyti.

[14:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að vekja athygli á því ófremdarástandi sem sannarlega ríkir í heilsugæslumálum á höfuðborgarsvæðinu. Á sama hátt trúi ég því vel að hæstv. ráðherra segi satt og rétt frá þegar hann lýsir yfir áhuga sínum á að efla þennan þátt heilbrigðiskerfisins. Á hinn bóginn er veruleikinn sá sem við blasir og hér hefur verið lýst að það er mikil vöntun á læknum á öllu höfuðborgarsvæðinu og eftirspurn er eftir því að ráðherra láti verkin tala. Því miður gat hann þess ekki í yfirlýsingu sinni með hvaða hætti yrði farið í aðgerðaáætlun til að fjölga heilsugæslustöðvum og læknum þannig að enn þá liggur það eilítið óljóst fyrir hvernig þessi áhugi hans muni endurspeglast í framkvæmdum á þessum vettvangi.

Ég þekki það úr heimabyggð minni, Hafnarfirði, að þar er ófremdarástand. Ég hef hvergi séð það á blaði eða heyrt því lýst yfir að neitt fast liggi fyrir um það hvenær þar verði tekið á vandanum. Ég lýsi eftir svörum ráðherra í þeim efnum.

[14:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa fyrirspurn sem getur upplýst okkur svolítið frekar um framtíðarhorfur í heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann muni ekki styðja það að tvö heilbrigðiskerfi verði í gangi langar mig til að biðja hann í þessari umræðu að útskýra betur fyrir okkur hvernig greiðslum Tryggingastofnunar verður háttað til þeirra einstaklinga sem munu skrá sig í hina nýju heilsugæslustöð, Læknalind, sem verður opnuð formlega á morgun. Eins og kunnugt er verður þar um að ræða fasta kúnna sem munu greiða fast mánaðargjald, og svo geta komið inn einstaklingar án þess að vera þar skráðir. Hvernig verður greiðslu vegna þeirra háttað? Það er mikilvægt að fá upplýsingar um þetta því að á meðan hæstv. ráðherra lætur líka afskiptalaust að heilsugæslustöð eins og Læknalind starfi er hann í raun að leggja blessun sína yfir tvöfalt kerfi.

[14:19]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég tek undir með fyrirspyrjanda að aðstaða heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu er alvarleg og ýmsar skýringar hafa verið færðar fyrir því ástandi, m.a. úr ræðustól í dag. Fram hjá því verður ekki litið að lélegt aðgengi er að heilsugæslulæknum hér í borg — talað hefur verið um allt að viku til 10 daga bið eftir tíma — og það hefur orðið til þess að fólk hefur farið að leita kosta sem eru bæði því og þjóðfélaginu dýrari, m.a. með því að leita á slysamóttöku. Ég hef nýlegt dæmi um mann sem gat ekki, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, komist í samband við heimilislækni sinn, og hvað gerði hann? Jú, auðvitað fór hann á slysadeildina sem er dýrari kostur fyrir alla. Sjálfsagt er að skipa þannig málum að fólk hafi tök á að velja ódýrasta kostinn hverju sinni, að teknu tilliti til gæða.

Að lokum vil ég einnig varpa fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra: Hvað líður Voga- og Heimahverfi? Hvernig verður hagað uppbyggingu heilsugæslu þar?

[14:20]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Hún taldi upp allmikinn fjölda fólks sem vantaði heilsugæslulækni, 6 þús. að mér skilst í höfuðborginni og 2

þús. í Kópavogi. (Gripið fram í.) Nú, 6 þús. í Kópavogi, þess þá heldur, en það segir mér að eitthvað verulega mikið vantar á. Og hv. þm. er á móti þeim nýjungum sem eru að ryðja sér til rúms í þjóðfélaginu, þ.e. að heilsugæslulæknar geti stofnað sínar eigin heilsugæslustöðvar, fullmenntaðir læknar með fullkomin leyfi, og tali um að borga þurfi eitthvert fast mánaðargjald sem mér skilst að sé eins og áskrift að RÚV í dag. Þetta er algjört bannorð í augum hv. þingmanns þó að vitað sé að 6 þús. manns í Kópavogi vantar heilsugæslulækni. Mér finnst þetta mjög einkennileg afstaða til þess sem verið er að reyna að gera.

[14:21]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Eins og fram hefur komið er heilsugæslan grunnþjónusta í heilbrigðisþjónustu, hvort heldur er á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu.

Ég er ekki talsmaður einkavæðingar í heilbrigðisþjónustu. Ég tel hins vegar að þessi tilraun læknanna sem eru að setja á stofn Læknalind — ég lít á það sem tilraun og ef ég skil þetta rétt tekur Tryggingastofnun ekki þátt í kostnaði þeirra sjúklinga sem þangað koma. Þess vegna er hér ekki um neinn pilsfaldakapítalisma að ræða eins og stundum vill verða þegar menn eru að tala um einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni, og mér finnst sjálfsagt að menn fái að reyna þetta rekstrarform. Þess vegna fagna ég þessari tilraun.

[14:22]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Að flestu leyti er staðið vel að heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu þar sem stöðvar eru fyrir hendi. En nefnt var að stöð vantaði í Heima- og Vogahverfi, og ég tek undir fyrirspurn til ráðherra um hana.

Fólki á höfuðborgarsvæðinu fjölgar ótt og þótt starfsfólk stöðvanna sé samviskusamt og vel menntað ræður það ekki við endalausa fjölgun viðskiptavina. Það skiptir máli að grunnmenntun lækna sé slík að þeir laðist yfir í sérgreinina heimilislækningar en líka þarf að tryggja að kjör heimilislækna séu sambærileg við kjör annarra sérgreinalækna og þar með eftirsóknarverð. Að faglegum skilyrðum uppfylltum skiptir rekstrarform í mínum huga afar litlu máli. Aðalatriðið er að laða fólk inn í heimilislækningar og hjúkrunarfræðinga jafnframt inn í heilsugæsluna og þá held ég að málið sé leyst.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherranum svör og ég þakka þessar athyglisverðu umræður sem hér hafa farið fram.

Ég ætla að taka undir að það er góð starfsemi á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og það er vegna þess að þar starfar gott fólk en oft og tíðum við mjög erfiðar aðstæður. Það gengur ekki að svelta heilsugæsluna, gera henni ómögulegt að ráða þá lækna sem eru tilbúnir að koma og starfa eins og verið hefur og hrekja þá í dýra kosti. Menn skulu gera sér grein fyrir því að þó að verið sé að gera auknar kröfur um þjónustu utan vinnutíma er þeim kröfum sinnt annars staðar. Heilsugæslulæknar koma ekki lengur í vitjun. Við erum að tala um hefðbundna heilsugæsluþjónustu.

Þegar þúsundir eru án læknis leita menn leiða. Menn láta sér jafnvel detta í hug að opna einkastöð og selja þá þjónustu. Ég hafna alfarið að það sé kostur og hann viðunandi að fjögurra manna fjölskylda eigi að greiða 130 eða 140 þús. á ári fyrir að hafa grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu. Ef það er rétt sem kom fram í blöðum að það kosti 2.850 á mánuði fyrir manninn... (**Gripið fram í:** 3.500 á fjölskyldu.) 3.500 á fjölskyldu, segir umhvrh. Þá er það sem betur fer ekki jafnhátt og ég hafði óttast — þá eru það 50 þús. aukalega á ári. Engu að síður erum við að tala um veruleg útgjöld fyrir fjölskyldu, veruleg útgjöld í frumheilsugæslunni, og ég hafna því gjörsamlega að fara þessa leið.

Ég vil hins vegar spyrja ráðherrann varðandi þá heimild sem hann hefur til að auglýsa í Salahverfi: Hvað þýðir hún? Þýðir hún nýtt fjármagn? Hvað eru margir læknar inni í þeim 37 millj.?

[14:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mikilvæga mál og fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á því.

Ég vil koma nokkrum atriðum til skila í þessari seinni ræðu minni. Ég bendi í fyrsta lagi á að það er ekki alger fylgni milli fjölda þeirra sem eru skráðir án heimilislæknis og aðgengisins. Það er ekki skylda að skrá sig hjá heimilislækni. Hins vegar er fullljóst að víða á höfuðborgarsvæðinu er bið of löng, það vitum við ósköp vel. Þar liggur vandinn. En það er líka rekin öflug starfsemi á læknavaktinni sem þjónar utan hefðbundins vinnutíma.

Vegna biðarinnar skapast jarðvegur fyrir annars konar starfsemi eins og Læknalind sem opnar á morgun. Mér er sagt það. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga að þessi tilraun sé gerð en hún samrýmist auðvitað ekki þeirri stefnu sem ég hef í þessum málum. Ég vil að allir hafi aðgang að þessari grunnþjónustu á vægu verði, og á sama verði. Þess vegna vil ég leggja mjög mikið kapp á að byggja upp heilsugæsluna. Þetta rekstrarform ætti að reka á eftir okkur að leggja þær áherslur. (**RG:** Hvað þýðir heimildin?) Hvað þýðir heimildin, spyr hv. fyrirspyrjandi. Ég hef hugsað mér að koma upp heilsugæslustöð í Salahverfi í Kópavogi á þessu ári. Ég get ekki sagt til um það enn hve löng biðin eftir henni verður. Ég vona að það gerist sem fyrst.

Ég vona að ég fái fjármuni — ég get ekki sagt um það á þessari stundu — til að halda svo áfram í Heima- og Vogahverfi og í Hafnarfirði í framhaldi af því. Það er takmarkið hjá mér en ég vil ekki lofa neinu í því efni á þessari stundu.

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar.

Fsp. ÁMöl, 467. mál. — Þskj. 749.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Sálfræðingar hafa um nokkurt skeið leitað eftir samningum við Tryggingastofnun ríkisins um að almannatryggingakerfið taki þátt í kostnaði sjúkratryggðra vegna sálfræðiþjónustu. Fram til þessa hefur Tryggingastofnun hafnað slíkum samningum á þeim grundvelli að stofnuninni sé það ekki heimilt samkvæmt lögum um almannatryggingar. Um það hefur hins vegar verið deilt.

Ljóst er að þjónusta sem sálfræðingar veita skarast að nokkru leyti við þjónustu geðlækna sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða fyrir sjúkratryggða samkvæmt samningum stofnunarinnar við sérfræðilækna. Þótt menntun

geðlækna annars vegar og sálfræðinga hins vegar sé ólík að uppbyggingu er óumdeilt að þeir veita sömu sjúklingahópum viðlíka meðferð og beita sams konar úrræðum vegna tiltekinna geðrænna vandamála. Sjúklingar hafa ýmist leitað til geðlækna eða sálfræðinga vegna tiltekinna geðvandamála.

Hins vegar er staða þessara tveggja faghópa og sjúklinga þeirra ólík að því leyti að meðan sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við meðferð hjá geðlækni þarf að greiða fullu verði fyrir meðferð hjá sálfræðingi. Hefur skjólstæðingur jafnvel þurft að hætta meðferð hjá sálfræðingi af fjárhagsástæðum og flytja sig til geðlæknis þar sem meðferð er hafin að nýju frá byrjun. Augljóslega er því um skekkta samkeppnisstöðu að ræða þar sem hallar á sálfræðinga auk þess sem um mismunun milli sjúklinga við val á þjónustu er að ræða. Með hliðsjón af þessu kærði Sálfræðingafélag Íslands á árinu 1997 synjun Tryggingastofnunar um þátttöku í kostnaði við sálfræðimeðferð til Samkeppnisstofnunar. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar var að þessir tveir hópar sérfræðinga störfuðu á sama markaði í skilningi samkeppnislaga og beindi stofnunin þeim tilmælum til heilbrrn., og ég les, með leyfi forseta: „... að beita sér fyrir því að lagaheimildar sé aflað ef nauðsyn beri svo hægt sé að ganga til samninga við klíníska sálfræðinga um greiðsluþátttöku TR í kostnaði sjúkratryggðra við heimsókn til þeirra“ eins og segir í úrskurðinum.

Þessi niðurstaða Samkeppnisstofnunar var fengin 12. febrúar 1999 eða fyrir réttum þremur árum.

Skoðun hins háa Alþingis varðandi ágreining um lagalega hlið málsins kom hins vegar berlega í ljós í nál. heilbr.- og trn. vegna breytinga á lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu fyrir jól. Þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í b-lið 4. gr. frumvarpsins er talað um sérfræðinga sem samningar skv. 39. gr. taka til. Þetta ákvæði laganna hefur hingað til verið skýrt þannig að það eigi einungis við sérfræðilækna. Nefndin telur að svo þröng lögskýring eigi ekki rétt á sér og leyfir nefndin sér að skýra ákvæðið þannig að samninganefnd skv. 39. gr. almannatryggingalaga sé á þessum grundvelli heimilt að semja við fleiri stéttir heilbrigðisstarfsmanna um greiðsluþátttöku almannatrygginga eftir því sem henta þykir til að framfylgja stefnu í heilbrigðismálum hverju sinni.“

Í ljósi þessa varpa ég þeirri fyrirspurn til heilbrrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að gerður verði samningur við sjálfstætt starfandi sálfræðinga.

[14:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller hefur beint til mín fyrirspurn hvort ég hyggist beita mér fyrir því að gerður verði samningur um sjálfstætt starfandi sálfræðinga en sem kunnugt er hefur Tryggingastofnun ríkisins hingað til ekki gert samninga við sálfræðinga.

Staða þessara mála hefur verið töluvert til umræðu innan heilbrigðisþjónustunnar undanfarin ár. Hefur það verið skoðun Tryggingastofnunar ríkisins að lagaheimild hafi skort innan almannatryggingalaganna fyrir samningum af þessum toga þar til þeim var breytt við lok síðasta árs samhliða breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu. Í þessari umræðu hefur einkum verið rætt um starfsemi svokallaðra klínískra sálfræðinga. Ég tel að áðurnefndar lagabreytingar hafi rýmkað möguleikana til að semja um störf þeirrar stéttar.

Ég hef þegar rætt möguleikana á slíkum samningum við formann og fulltrúa mína í samninganefndinni. Tel ég að það hafi verið í anda heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 sem Alþingi samþykkti í maí á síðasta ári. Einkum er ég með í huga að heimila samninga um meðferð á börnum þar sem þörf er fyrir aðstoð klínískra sálfræðinga. Í framhaldi af því mun ég leita eftir auknum fjárlagaheimildum við komandi fjárlagagerð til að unnt verði að gera samninga af þessu tagi. Aðkoma nýrrar stéttar að heilbrigðisþjónustunni með samningum við Tryggingastofnun ríkisins er háð þeim fyrirvara að fjáveitingar fáist til þeirrar auknu þjónustu. Það hefur áður verið leitað eftir því en þá hefur fjármagn ekki fengist. En ég mun halda áfram að beita mér fyrir því og get svarað fyrirspyrjanda jákvætt. Ég mun beita mér fyrir því og hef til þess fullan vilja að leita samninga við klíníska sálfræðinga um afmörkuð verkefni og eins og áður segir að leita eftir heimildum til að standa undir því.

[14:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gefur og ítreka einungis hér að þjónusta sálfræðinga er þess eðlis að hún kemur til á fyrri stigum veikinda sjúklings, þ.e. áður en sjúklingur er kannski orðinn það veikur að hann þurfi að fara að leita sér aðstoðar geðlækna eða lyfjameðferðar við vandræðum sínum. Þar af leiðandi er þjónusta sem sálfræðingar veita fyrirbyggjandi þjónusta og þess vegna í fullu samræmi við heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir að hann ætli að beita sér fyrir því að samningum af þessu tagi verði komið á og sömuleiðis vil ég hvetja þingheim til að standa vörð um það að slíkt geti átt sér stað þegar þingið fær til meðferðar fjárlög fyrir næsta fjárhagsár.

[14:35]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Ástu Möller, þessa ágætu fyrirspurn og mig langar að segja að mikilvægi sálfræðiþjónustu dylst engum sem til þekkir.

Lengi hefur verið rætt um hve gagnlegt það væri sjúklingum að heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa nyti starfskrafta sálfræðinga, bæði sjálfstætt starfandi og einnig að þeir yrðu í ríkari mæli ráðnir til starfa t.d. í heilsugæslunni. Það er í anda heilbrigðisáætlunar eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Ég hef lagt fram þáltill. um aukið samstarf fagstétta í heilsugæslunni vegna þess að aðkoma klínískra sálfræðinga þar að mundi gera heimilislæknum auðveldara að vísa sjúklingum sem á þurfa að halda til klínískra sálfræðinga og það er mjög mikil þörf á því.

[14:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil svo sannarlega þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka þetta upp hér og fagna því að hún skyldi gera það vegna þess að hún á sæti í nefnd sem búin er að fjalla um frv. sem ég hef lagt fram nokkur þing. Hv. þm. hefur verið í nefndinni sem fjallaði um frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem kveðið er á um viðurkenndar greiðslur til þeirrar stéttar, þ.e. sálfræðinga og félagsráðgjafa vegna sálfræðiþjónustu við börn og ungmenni 18 ára og yngri, og hefur tekið upp ítrekað vegna þeirrar auknu þarfar sem er á þjónustu við þau börn.

Ég fagna sérstaklega þeim sjónarmiðum sem komu fram hjá hæstv. ráðherra um að taka þetta til skoðunar og að ætla til þess fjárveitingu. Fyrir þremur árum var reiknað með að þessi kostnaður næmi um 50 millj. Það væri hægt að sinna allri sálfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni 18 ára og yngri fyrir þá fjárhæð. En það gleður mig sérstaklega að hv. þm. stjórnarliða hafa tekið þetta mál upp á sína arma, þá er því sjálfsagt borgið.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Góð mál fá vonandi yfirleitt góða framgöngu en ég vil fagna svörum hæstv. ráðherra í þessum efnum og ég vil einnig þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Ég tel að hér hafi verið brotið í ákveðið blað. Það kemur afdráttarlaus yfirlýsing frá ráðherra um þjónustu sálfræðinga sem hefur verið á sama sviði og geðlækna, en greitt hefur verið niður fyrir geðlækna en ekki sálfræðinga. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ákveðið jafnræði sé þarna á milli. Sérstaklega er þetta náttúrlega mikilvægt fyrir einstaklingana sem slíka þjónustu hljóta. Ég fagna þessu og spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti svarað því hvenær hægt er að hefja samninga við sálfræðinga í samræmi við þessa niðurstöðu hans.

Það er alveg ljóst að þetta hjálpar verulega til varðandi þau markmið sem sett eru í heilbrigðisáætlun. Það opnar á að ríkið kaupi þjónustu eftir sínu eigin vali, eftir því hvar heilbrigðisyfirvöld telja að þau fái mest fyrir sína peninga og þrátt fyrir að sálfræðingar og geðlæknar séu á sama sviði er líka alveg ljóst að sálfræðingar hafa ekki t.d. heimild til að ávísa lyfjum. Það gefur því einnig ákveðna möguleika á að bera saman mismunandi form þar sem annars vegar er eingöngu beitt meðferð sem mundi falla undir sameiginlegt svið og hins vegar jafnframt meðferð með lyfjum því að við vitum náttúrlega að kostnaður vegna lyfja hefur farið fram úr öllu sem hægt hefði verið að vænta. Ég tel því að þetta hafi víðari tilvísun en nákvæmlega það sem við vorum að tala um áðan.

[14:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég hef í rauninni litlu við hana að bæta. Ég endurtek að viljinn er fyrir hendi í heilbrrn. og hjá mér til að taka upp þessa samninga. Ég verð auðvitað að sjá hvaða möguleika ég hef til þess og get ekki sagt um það hvenær það verður gert fyrr en ég sé úr hverju við höfum að spila í þessum efnum.

Ég heyri að hér er þverpólitísk samstaða um auknar fjárveitingar en eigi að síður vil ég sjá hver ramminn verður hjá okkur. Hér er talað um 50 millj. Það eru 50 millj. hér og 50 millj. þar sem heilbrrn. vantar til að sinna þeirri þjónustu eins og hefur komið fram í fyrirspurnatímanum í dag. En viljinn er fyrir hendi til að taka upp slíka samninga og við munum leita eftir fjármagni til þess.

Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar.

Fsp. ÁMöl, 468. mál. — Þskj. 750.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Sjúkraþjálfarar gegna mikilvægu hlutverki í heilbrigðiskerfinu við hæfingu, endurhæfingu og forvarnir. Starf þeirra getur skipt sköpum um hvort viðkomandi er starfshæfur eða hann dæmist til örorku. Sterk hefð er fyrir sjálfstæðri starfsemi sjúkraþjálfara enda er stór hluti af þjónustu þeirra þess eðlis að ekki er þörf innlagnar á sjúkrahús. Þá er það sjálfsögð stefna að beina sjúklingum á þjónustu á lægsta þjónustustigi sem unnt er að teknu tilliti til gæða.

Umfang sjúkraþjálfunar í greiðslum almannatrygginga vegna sjúkratryggðra hefur aukist verulega á síðustu árum eða um 100% í krónum talið milli áranna 1995 og 2000 og er nálega um 700 millj. kr. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu, m.a. styttri legutími fólks á sjúkrahúsum, fækkun legudaga á endurhæfingarstofnunum, flutningur á þjónustu við fatlaða og þroskahefta frá stofnunum í sambýli, fjölgun slysa, ekki síst íþróttaslysa, aukin vitund lækna og fólks almennt um þjónustu sjúkraþjálfara og þátt þeirra í bættri líðan.

Á síðustu árum hefur færst í vöxt að sjúkraþjálfurum starfandi á sjúkrahúsum sé heimilað að stunda sjálfstæða starfsemi í aðstöðu vinnustaðarins gegn vægu eða engu aðstöðugjaldi utan eða innan vinnutíma viðkomandi. Hér er um nokkurs konar ferliverk að ræða. Stofnunin sendir síðan Tryggingastofnun reikning fyrir hönd starfsmanna samkvæmt umsaminni gjaldskrá TR og Félags sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Þessir sjúkraþjálfarar fá því hærri hlut af gjaldi í sinn vasa en sá sem starfar á stofu úti í bæ þar sem viðurkennt er að um 40% taxta vegna meðferðar standi undir rekstrarkostnaði á launatengdum gjöldum o.s.frv.

Þá hefur TR gert samninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir þar sem einingarverð fyrir hverja meðferð er um 40–70% hærri en hjá þeim sem starfa á stofum úti í bæ.

Herra forseti. Augljóslega er samkeppnisstaða sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara verulega skert og er svo komið að þeir treysta sér vart lengur að starfa við fag sitt utan stofnana. Þeir hafa nú kært þessa mismunun til Samkeppnisstofnunar og vil ég segja með réttu.

Í desember sl. samþykkti hið háa Alþingi lög um breytingu á heilbrigðisþjónustulögum sem tók afdráttarlaust af skarið með að heilbrigðisþjónusta fellur undir samkeppnislög og að ekki sé gert upp á milli rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu.

Herra forseti. Þrengt hefur verið að sjálfstæðri starfsemi sjúkraþjálfara. Þetta er hagkvæm og góð þjónusta fyrir ríkið sem auk þess þarf ekki að leggja í stofnkostnað við uppbyggingu á aðstöðu fyrir þetta fagfólk. Stefna heilbrigðisyfirvalda er óljós varðandi þessa starfsemi. Við þær aðstæður sem nú eru uppi er veruleg hætta á að grundvelli verði kippt undan þeirri starfsemi utan sjúkrahúsa og hún verði færð inn á stofnanir ríkisins með þeim aukna tilkostnaði sem það hefur í för með sér og það að óþörfu. Því spyr ég um stefnu hæstv. heilbrrh. varðandi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Mun hæstv. heilbrrh. beita sér fyrir því að hlúð verði að þeirri góðu starfsemi sjúkraþjálfara sem fram fer utan stofnana og henni sköpuð eðlileg rekstrarskilyrði eða verður stofnanavæðingin ofan á?

[14:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller hefur beint til mín fyrirspurn um stefnu ráðherra varðandi starfsemi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Sem kunnugt er sögðu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar upp samningi sínum við Tryggingastofnun ríkisins um síðustu áramót og tekur uppsögnin gildi 1. mars. Hefur sú deila verið nokkuð í fjölmiðlum eins og kunnugt er.

Nú hefur samninganefnd sjúkraþjálfara slitið viðræðum við samninganefnd ráðuneytisins og hafa sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar ákveðið að starfa eftir eigin gjaldskrá frá 1. mars og vera utan samnings og hafa sumir þeirra tilkynnt um hækkun á taxta sínum gagnvart sjúklingum. Ég tel ekki þörf á að ræða þessa samningaumræðu frekar á þessu stigi en vil víkja að spurningunni og vil ítreka það sem ég hef áður sagt að ég tel það höfuðnauðsyn að samningar séu í gildi um starfsemi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Ég hef enga stefnu í þá átt að sjúkraþjálfarar starfi eingöngu á stofnunum og ég tel starfsemi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara afar mikilvæga. Ég tel að þeir hafi innt af hendi mjög mikilvægan þátt í heilbrigðisþjónustunni. Ég tel eðlilegt að sjúkraþjálfarar utan og innan stofnana starfi á svipuðum grunni og ég vil vinna að því. Þótt alltaf geti verið um einhvern aðstöðumun að ræða jafnt innan sem utan stofnana um land allt vil ég undirstrika það að ég vil vinna að því að sá grunnur verði sambærilegur.

Herra forseti. Ég tel ekki rétt að tjá mig um efnisatriði þeirrar kjaradeilu sem stendur nú yfir milli samninganefnda af hálfu hins opinbera og sjúkraþjálfara en ég vil vona og vona einlæglega að það takist að leysa þá hnúta sem þar eru uppi og ná sátt og starfsemi þessi falli í þann farveg sem báðir aðilar geta verið sáttir við.

[14:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það ástand sem við blasir og brestur á 1. mars er algjörlega óviðunandi. Ég treysti því að hæstv. heilbrrh. beiti sér sjálfur í því að lausn fáist á þessari kjaradeilu þannig að unnt sé að veita þessa mikilvægu heilbrigðisþjónustu eins og verið hefur.

Hins vegar er annar þáttur þessa máls sem vakið hefur athygli mína ekki síður og það er sú ákvörðun heilbrrn. að breyta regluverki þegar kemur að rétti sjúklinga til að njóta þessarar þjónustu, því að á sama tíma hefur heilbrrn. og Tryggingastofnun ákveðið að þrengja mjög þá skilgreiningu sem verið hefur þegar kemur að rétti sjúklinga til að njóta þeirrar grundvallarþjónustu og a.m.k. fá þá hlutdeild sem ráðuneytið sjálft ákveður, kostnaðarhlutdeild sem ráðuneytið sjálft hefur ákveðið og búið við. Þá vísa ég til þess að nú eru það eingöngu langveikir sjúklingar og öryrkjar og örfáir aðrir sem fara í gegnum þetta nálarauga.

Ég spyr: Af hverju var þetta tækifæri notað til að þrengja rétt manna þegar þetta ófremdarástand í kjaradeilunni er annars vegar?

[14:48]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við blasir að hér mun skapast mjög alvarlegt ástand vegna þeirrar stöðu sem er í samningamálum sjúkraþjálfara og nýrrar samninganefndar heilbrrn. og Tryggingastofnunar varðandi kjör sjúkraþjálfara sem vinna sjálfstætt og er mikilvægt að sú deila leysist. Ekki er fyrirsjáanlegt að hægt sé að vísa öllum þeim sem hafa verið hjá sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfurum inn á heilbrigðisstofnanir, það er ekki hægt, við vitum það, þar er allt fullt fyrir.

En við þurfum að horfa til framtíðar því líklegt er að meiri þörf verði fyrir störf sjúkraþjálfara í framtíðinni, það gerir lífsstíll okkar, það gerir kyrrsetan. Börn hreyfa sig minna, fólk sem fer í aðgerðir útskrifast fyrr o.s.frv. Allt lýtur þetta að því að við munum njóta þjónustu sjúkraþjálfara meira en við gerum í dag. Við verðum að koma því svo fyrir að við metum störf þeirra og það verði sjálfsagt að nýta þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og að kjör þeirra fylgi þá kjörum annarra sambærilegra starfsstétta.

[14:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Öflugasta leiðin til að ná niður óhóflegum lyfjakostnaði í samfélaginu er að efla fyrirbyggjandi aðgerðir. Það skiptir mestu máli að almenningi sé gert kleift að leita eftir þjónustu sjúkraþjálfara áður en vandamál þeirra er komið á það stig að senda þurfi sjúkrabíl eða sjúkraflugvél eftir viðkomandi og gera á honum rándýra aðgerð á hátæknisjúkrahúsi.

Það er til skammar fyrir ráðuneyti heilbrigðismála að ekki skuli hafa verið gengið frá nýjum samningi við sjúkraþjálfara fyrir löngu. Ég veit að starfsemi þeirra víða um land er í slíkri hættu að þeir sem þurfa á þjónustunni að halda fá hana ekki. Það eru næg verkefni en af því að sjúkraþjálfarar fá ekki nýjan samning þá stefnir í óefni í rekstri þeirra. Á hverjum bitnar það? Jú, á þeim sjúklingum sem eru svo fyrirhyggjusamir að leita eftir bótum meina sinna áður en þau eru komin á það stig eða orðin þess eðlis að þau kosti samfélagið milljónir eða milljónatugi.

[14:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Sjúkraþjálfarar inna mjög mikilvægt starf af hendi, hafa fjögurra ára háskólanám á bak við sig. Hér er búið að draga upp við hvað þeir starfa og er því óþarfi að endurtaka það. Hins vegar er nú svo komið að þeir reka 45 stofur og hafa fært rök fyrir því að rekstrarkostnaðurinn hafi aukist talsvert og launakjör rýrnað. Þeir telja sig ekki geta búið við það lengur og þess vegna stöndum við frammi fyrir þeirri vondu stöðu sem er í dag.

Það er rétt sem kom fram hjá fyrirspyrjanda að meðhöndlunin hefur aukist, það eru fleiri sem fara í gegnum þetta kerfi. Ég vil hins vegar draga fram að þetta er mjög hagkvæm meðhöndlun og það sannast best á því að 60% af þeim fjölda sem fer í gegnum sjálfstætt starfandi stofur fara í 15 skipti eða færri og 40% af þeim fara í 10 skipti eða færri. Það er því mjög hagkvæmt að reka stofurnar. Ég vil taka undir það sem hæstv. heilbrrh. sagði áðan að mikilvægt er að bjóða upp á endurhæfingu bæði á stofnunum og hjá sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfurum og að vonandi náist samningar sem fyrst sem báðir aðilar geta sætt sig við.

[14:52]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Búið er að vera dálítið dapurlegt að fylgjast með því hve erfiðlega hefur gengið að ná samningum milli Tryggingastofnunar og sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem hafa reyndar gengið frá Heródusi til Pílatusar, að mér hefur fundist að undanförnu, og m.a. rætt við fjárln. og fleiri aðila til þess að koma málum sínum á framfæri. Það virðist lítið duga.

Allar staðreyndir liggja þó á borðinu. Með vinnu sinni hafa þessir sérfræðingar náð að byggja upp alveg gríðarlega stóran hóp fólks sem leitar til þeirra en það hefur komið niður á þeirra eigin vinnulaunum. Ég ætla ekki að halda því fram að verið sé að reyna að drepa sjálfstætt starfandi aðila í heilbrigðisgeiranum með þessu háttalagi, ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. heilbrrh. hugsi þannig. En sú hugsun leitar samt á mann að í augum margra sé ekki talin ástæða til þess að ná samkomulagi við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara vegna þess að þeir eru ekki inni í heilbrigðiskerfinu.

[14:54]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka þetta mál hér upp og einnig svör ráðherra. Afar miklu máli skiptir að tryggja framtíð þessarar stéttar og menn viti að hverju er stefnt. Það er alveg augljóst af öllum þeim gögnum sem sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar hafa sent okkur að þeir hafa dregist verulega aftur úr í samanburði við aðrar stéttir og við þurfum auðvitað að sjá leiðréttingu á því. En við gerum enga samninga hér eða semjum um kjör, ekki í sölum Alþingis.

Hins vegar hljótum við að taka til umræðu kjör þeirra sjúklinga sem þurfa og eiga að leita til þeirrar stéttar, bæði vegna þess að þeir eiga við alvarlega sjúkdóma að etja og einnig sem fyrirbyggjandi aðgerðir. Ég hafði, virðulegi forseti, fyrir hálfum mánuði síðan beðið um utandagskrárumræðu og sú beiðni hefur verið ítrekuð a.m.k. tvisvar í viku við hæstv. forseta, um það hver staðan verður 1. mars, hver yrði staða þeirra sjúklinga sem leita til sjúkraþjálfara. Og ég mun auðvitað viðhalda þeirri beiðni.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir hans ágætu svör og þeim sem hafa einnig tekið hér til máls. Það sem skiptir mestu máli í svörum hæstv. ráðherra er að hann telur eðlilegt að sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar starfi á svipuðum grunni og þeir sem eru starfandi annars staðar og að þetta verði leiðrétt. Þetta þykir mér vera meginpunkturinn í umræðunni og ég fagna því, því að þetta er einmitt það sem sjúkraþjálfarar hafa verið að óska eftir og þetta er í rauninni það sem heilbrigðisþjónustulögin, þ.e. þetta nýja ákvæði sem sett var í lögin núna fyrir jól kveður á um, að ekki sé gert upp á milli rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu.

En eins og kom fram í ræðum ýmissa hv. þm. og hæstv. ráðherra er yfirstandandi launadeila milli sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Tryggingastofnunar ríkisins. Þetta er launadeila sem varðar um 180 sjúkraþjálfara á 45 stofum sem veita tæplega 25 þúsund einstaklingum þjónustu, alls yfir 400 þúsund meðferðir á ári. Umfangið er því gríðarlegt. Eins og málin standa núna, næsta föstudag, er augljóst að það ástand sem hér hefur verið lýst mun leiða til þess að sjúklingum verður í auknum mæli beint til sjúkrahúsa og endurhæfingarstofnana og Tryggingastofnun mun áfram greiða meðferð sjúklinga sem leita til sjúkraþjálfara sem starfa á opinberum stofnunum, þó að þessir sjúkraþjálfarar hafi raunverulega ekki aðild að þeim samningum sem þeir starfa eftir. Ég vil því ítreka það, eins og kemur hér fram, að taxti sjúkraþjálfara gagnvart Tryggingastofnun hefur ekki fylgt eðlilegri launaþróun og verðlagsvísitölu á undanförnum árum og þeir hafa bent á að þeir hafa setið eftir, bæði gagnvart þeim sem eru á samningi hjá Tryggingastofnun og jafnframt starfsfélögum sínum inni á stofnunum.

Ég vil því hvetja hæstv. heilbrrh. til að beita sér fyrir því, sem ég veit að hann mun gera, að leysa þessa deilu.

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Ég er í rauninni sammála meginmáli því sem hér hefur verið flutt um mikilvægi sjúkraþjálfunar almennt í samfélaginu. Ég tel að það sé afar mikið og fari vaxandi og sé einn af grundvallarþáttum í heilbrigðisþjónustunni.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að stefnan var mörkuð með lögunum sem við vorum að samþykkja, að gera ekki upp á milli rekstrarforma. Við erum með nýsamþykkt lög að því leyti.

Þriðja viðkvæma málið í þessu er hvað gerist 1. mars. Auðvitað hef ég miklar áhyggjur af því eins og hv. 6. þm. Reykn. kom inn á og var síðan ítrekað hér. Ég hef miklar áhyggjur af því ef það verður svo að þessi mál verða í hnút áfram. Ég vil auðvitað fara yfir alla þætti þess.

En tryggingaráð brást við þessum hugsanlegu breyttu aðstæðum ef samningar eru ekki í gildi á þennan hátt. En ég vona að það takist að leysa úr þeim hnút sem þetta mál er í og ná samningum. Það er meginmálið í mínum huga. Ef hægt er að stuðla að því, þá vil ég gera það. En það er eins með þessa kjarasamninga og aðra, það geta ekki allir fengið sitt fram. Hins vegar er nauðynlegt að leysa þann hnút sem hér er uppi og til þess verða auðvitað allir að leggja eitthvað á sig.

[14:59]

Útbýting þingskjala:

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 564. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 884.

Lögskráning sjómanna, 563. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 883.

Tilraunaveiðar með gildrum.

Fsp. SvanJ, 401. mál. — Þskj. 658.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Forsaga þessa máls er sú að eigendur krókaaflamarksbáts óskuðu eftir því að fá að reyna þorskveiðar í gildrur. Hugmyndin var að leggja fjórar til sex gildrur og gæti tegund gildranna verið valin í samráði við Hafrannsóknastofnun, sem einnig fengi allar þær upplýsingar sem farið yrði fram á. Markmiðið með tilrauninni átti að vera að komast að veiðihæfni gildranna og hvort hægt væri að forðast smáfisk.

Í svari ráðuneytisins kemur stutt og laggott fram að óheimilt sé að nýta krókaaflamark á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar og að með vísan til þess gæti ráðuneytið ekki orðið við óskum umsækjenda.

Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. sjútvrh. hafi fengið aðstöðu til að tjá sig um afgreiðslu þessa máls. Það verður hins vegar ekki séð, ef 13. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er lesin, að þeir aðilar sem fengið geta leyfi til tilrauna með veiðarfæri þurfi að gera út báta með tilteknum veiðileyfum. Það er meira að segja gert ráð

fyrir því í þeirri grein að um geti verið að ræða aðila sem eru ekki einu sinni með veiðileyfi í íslenskri lögsögu. Þess vegna kom svo afdráttarlaust svar nokkuð á óvart. En hér var um að ræða tilraun með gildrur til að kanna veiðihæfni og hvort forðast mætti smáfisk. Það var ekki verið að biðja um neina umbun en því heitið að samstarf yrði við Hafró eftir því sem beðið yrði um.

Miðað við það svar sem sjútvrh. gaf við fyrirspurn minni fyrr í vetur um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra er ekki að sjá að neinar rannsóknir séu í gangi með gildrur hér við land. Þær eru þó þekkt veiðarfæri sem talið er að geti haft ýmsa kosti, ekki síst vistfræðilega.

Ég hef því lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. sjútvrh. á þskj. 658:

1. Hvaða tilraunir hafa verið gerðar á Íslandsmiðum með veiðar botnfisks í gildrur?

2. Væri 13. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nægjanleg lagaumgjörð um slíkar tilraunir ef þær yrðu gerðar nú?

3. Hver eru viðhorf ráðherra til slíkra tilrauna?

[15:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Svar við fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur er svohljóðandi:

Við 1. lið fyrirspurnarinnar um hvaða tilraunir hafi verið gerðar á Íslandsmiðum með veiðar botnfisks í gildrur er því til að svara að ekki liggja fyrir í ráðuneytinu verulega bitastæðar upplýsingar um gildruveiðar á botnfiski. Kemur þar einkum til að slíkar veiðar hafa lítt verið stundaðar hér við land. Þá eru slíkar veiðar ekki háðar sérstökum leyfum ráðuneytisins.

Ráðuneytið leitaði upplýsinga hjá Hafrannsóknastofnuninni um gildruveiðar og upplýsti stofnunin að á tímabilinu september 1992 til maí 1995 hafi Hafrannsóknastofnunin gert tíu veiðitilraunir með gildrum á þorski á rannsóknaskipum stofnunarinnar og ýmsum bátum. Er gerð grein fyrir niðurstöðum þessara tilrauna í fjölriti Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 49.

Hér má geta þess að Hafrannsóknastofnunin vinnur að undirbúningi tilrauna með sviflaga þorskgildru sem hefur þann kost að snúast eftir straumi þannig að op gildrunnar snýr ávallt undan straumi og vonast stofnunin eftir samstarfi við hagsmunaaðila varðandi þær tilraunir.

Við 2. lið fyrirspurnarinnar, væri 13. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nægjanleg lagaumgjörð um slíkar tilraunir ef þær yrðu gerðar nú, er svarið eftirfarandi:

Í 13. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands segir að ráðherra geti veitt leyfi til veiðitilrauna og vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ekki er sérstök þörf að beita þessari grein vegna gildruveiða því að öllum skipum sem aflamarksleyfi hafa er heimilt að fara til gildruveiða án sérstakts leyfis ráðuneytisins eða Fiskistofu. Dagabátum og krókaaflamarksbátum er hins vegar ekki heimilt að stunda botnfisksveiðar með gildrum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þar sem þessir bátar eru bundnir línu og handfærum eða handfærum eingöngu.

Svar við 3. lið spurningarinnar, um hver séu viðhorf ráðherra til slíkra tilrauna, er svohljóðandi:

Viðhorf til gildruveiða eru jákvæð. Enda þótt ljóst sé að gildruveiðar á þorski séu vart líklegar til að verða þýðingarmikil veiðiaðferð gætu slíkar veiðar orðið árangursríkar á grunnslóð þar sem þekking á staðháttum og atferli þorsks er fyrir hendi. Þá má sérstaklega nefna að gildruveiðar hljóta að teljast hagkvæmar við veiðar á smáþorski til eldis.

[15:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri framsýni sem mér fannst birtast í niðurlagsorðum hæstv. ráðherra. Ég er þeirrar skoðunar eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir að gildruveiðar séu veiðiaðferð sem í framtíðinni gæti nýst landsmönnum ákaflega vel. Ég held að í framtíðinni eigi menn að reyna að stefna að því að búa til tækni sem gerir okkur kleift að fara niður í hafið og velja þar tegundir til veiða og líka stærðir. Þannig, herra forseti, verður hægt að nýta stofnana eins vel og fræðilega er unnt frá sjónarhóli veiðitækni. Þess vegna finnst mér gott að heyra að hæstv. ráðherra er ákaflega jákvæður gagnvart þessu.

Herra forseti. Ég held reyndar að við ættum að breyta lögum um stjórnkerfi fiskveiða með þeim hætti að hægt væri að veita mönnum eins konar nýsköpunarkvóta. Í því felst ívilnun handa þeim sem beita sér fyrir nýjungum. Ég tel að þannig væri hægt að hvetja menn til þess að fara í vaxandi mæli út í gildruveiðar, sem fara best með stofnana, og koma með hráefni að landi sem leiðir til hæsts verðs.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég rakti í fyrirspurn minni forsögu þessa máls sem var einmitt sú að aðilar sem eru með krókaaflahámarksbát höfðu áhuga á því að reyna gildruveiðar, reyndar í samráði við Hafrannsóknastofnun þannig að öllu væri til skila haldið og ekki var í sjálfu sér verið að biðja um neina umbun af neinu tagi aðra en þá að fá að gera þessa tilraun, m.a. til þess að forðast smáfisk.

Nú kemur það fram í annars ágætu svari hæstv. sjútvrh. að einmitt það sem er forsenda fyrir því neikvæða svari sem þeir fengu frá ráðuneytinu, þ.e. að um krókaaflamarksbát er að ræða, ræður úrslitum.

En spurningin er þessi: Jafnvel þó að hér eigi í hlut krókaaflamarksbátur sem bundinn er að jafnaði línu- og krókaveiðum væri samt ekki möguleiki að veita undanþágu af því að hér er um tilraun að ræða þar sem menn vilja gjarnan kanna heimaslóð sína betur með þessum hætti og þar sem þetta veiðarfæri sem menn eru sammála um að fari vel með botninn og sé vistfræðilega jákvætt, gæti skilað öðrum árangri, jafnvel óvæntum árangri? Hér eru aðilar ekki að biðja um að fá að stunda þessar veiðar að jafnaði heldur einungis sem tilraun. Spurningin er hvort hæstv. ráðherra væri tilbúinn til að beita sér fyrir slíku.

[15:08]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka ágæta umræðu. Varðandi spurningu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um undanþágu þá hef ég nú ekki lögin hérna við hliðina á mér til þess að vitna í þau orðrétt, en ég held ég fari efnislega rétt með að bátum sé einungis heimilt að vera með eina tegund veiðileyfis með þó þeirri undantekningu að bátar geta verið með grásleppuleyfi ásamt annarri tegund veiðileyfis. Þar af leiðandi er handfæra- og línubátum í krókaaflamarkskerfinu óheimilt að nota aðra tegund veiðarfæra. Það eru engin undanþáguákvæði frá þessu í núgildandi lögum þannig að jafnvel þótt hugur minn stæði til þess að veita slíka undanþágu þá hefði ég ekki lagaheimild til þess og efast jafnvel um á þessum

grundvelli að þótt Hafrannsóknastofnunin beinlínis leigði viðkomandi bát að hún gæti notað hann til veiða með öðrum veiðarfærum en handfærum og línu. Ákvæði laganna held ég að séu það afdráttarlaus að undanþága væri ekki heimil.

Hafsbotninn við Ísland.

Fsp. KF, 436. mál. — Þskj. 703.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Nýlega lagði ég fram fyrirspurn til umhvrh. um náttúruminjar á hafsbotni, svo sem kórallasvæði, og hvort friða þyrfti fleiri svæði við Ísland en hluta af hafsbotni Eyjafjarðar.

Vitað er að á síðustu 50 árum hefur maðurinn valdið miklum spjöllum sem stefnt hafa í hættu lífinu í sjónum og skaðað hafið. Má nefna ofveiði, mengun frá landi og breytingar á skipulagi þar sem strandlengjum hefur verið breytt í byggð eða iðnaðarsvæði. Margt af þessu er talið hafa breytt lífsskilyrðum í sjónum. Víða um heim eru stjórnvöld að átta sig á þessu og grípa til ráðstafana til þess að draga úr spjöllum af mannavöldum. Svo er einnig hér á landi og er það vel. Um slíkar aðgerðir hljóta menn að sameinast.

Í fréttum hér á landi síðasta haust kom fram að Rannsóknasetrið í Eyjum hefur í félagi við Líffræðistofnun Háskóla Íslands fest kaup á svonefndum dvergkafbát sem farið getur niður á 2 km dýpi. Í viðtali við forstöðumann Rannsóknasetursins í Eyjum í Fréttablaðinu 1. október sl. segir hann að þeir reyni að gefa sér ekki niðurstöður fyrir fram en hafi sérstakan áhuga á að skoða ástand kóralrifjanna úti fyrir landi, vitandi að þau eru einkar mikilvægur hlekkur í öllu vistkerfi sjávar.

Gert hefur verið opinbert myndband með myndum af gömlum djúpsjávarkóröllum sem vaxa undan strönd Nova Scotia í Kanada. Vísindamenn vilja að þessir kórallar verði friðaðir sem uppeldisstöðvar fyrir fisk en einnig vegna þess að þeir geymi í sér verðmætar upplýsingar um veðurfarsbreytingar. Leiðangur sem tók myndirnar fór um svæði sem liggur á milli Browns Bank og Georges Bank og vísindamennirnir vilja að sundið þar á milli, Norðaustursund, verði friðlýst svæði.

Ég legg því eftirfarandi fyrirspurn fyrir sjútvrh.:

1. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á ástandi hafsbotnsins umhverfis landið?

2. Hafa verið unnin umhverfisspjöll á hafsbotni? Er vitað hvaða skemmdir hafa orðið á hafsbotni af völdum veiðarfæra?

3. Hvaða áhrif geta skemmdir á hafsbotni haft á klak og uppvaxtarskilyrði lífvera í sjónum?

[15:12]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted spyr:

„1. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á ástandi hafsbotnsins umhverfis landið?"

Hafrannsóknastofnunin hefur á undanförnum árum unnið að margvíslegum rannsóknum er tengjast hafsbotninum umhverfis Ísland. Þótt þessar rannsóknir hafi ekki verið sérstaklega skipulagðar með tilliti til þess að veita upplýsingar um ástand hafsbotns er í þeim að finna niðurstöður sem varpað geta þar nokkru ljósi á.

Meðal fyrri rannsókna eru athuganir á botngerð á hrygningarstöðvum síldar og loðnu fyrir sunnan og vestan land. Einnig hefur stofnunin unnið að endurvarpsmælingum í þeim tilgangi að kortleggja útbreiðslu og þykkt setlaga og fá upplýsingar um harðan botn. Mælingarnar voru umfangsmestar á Faxaflóasvæðinu, í Breiðamerkurdýpi, við Vestmannaeyjar og í Ísafjarðardjúpi, en einnig voru gerðar rannsóknir á afmörkuðum svæðum á grunnsævi í flestum öðrum landshlutum.

Með nýjum tækjabúnaði í RS Árna Friðrikssyni hefur aðstaða til hafsbotnsrannsókna gerbreyst og nú er unnið eftir viðamikilli áætlun um kortlagningu hafsbotnsins umhverfis landið með svonefndum fjölgeisladýptarmæli. Lokið hefur verið kortlagningu u.þ.b. 12 þúsund km .

Á undanförnum árum hefur verið unnið að ýmsum rannsóknum sem varða vistfræði botnlífvera sem jafnframt gefa upplýsingar um ástand hafsbotnsins. Þar má m.a. nefna hið umfangsmikla verkefni Botndýr á Íslandsmiðum. Þá hafa einnig verið stundaðar langtímarannsóknir á landnámi lífríkis við Surtsey og afmarkaðar rannsóknir á lífríki á hörðum botni í öllum landshlutum. Rannsóknir á áhrifum botnvörpuveiða á samfélag botndýra hófust fyrir nokkrum árum og í því sambandi hefur m.a. verið kannað umfang og dreifing botnvörpuveiða á Íslandsmiðum. Jafnframt er Hafrannsóknastofnun um þessar mundir að vinna að verkefni innan norrænu umhverfis- og fiskveiðiáætlunarinnar. Meginmarkmið þess er að afla þekkingar á áhrifum veiða með botnvörpu og skelplóg á lífríki og gera yfirlit yfir þekkta útbreiðslu kóralla, stórsvampa, kalkþörunga og neðansjávarhvera á Íslandsmiðum.

„2. Hafa verið unnin umhverfisspjöll á hafsbotni? Er vitað hvaða skemmdir hafa orðið á hafsbotni af völdum veiðarfæra?"

Með orðinu umhverfisspjöll er væntanlega átt við sýnileg ummerki um skemmdir og/eða eyðileggingu á náttúru hafsbotnsins. Hafrannsóknastofnunin hefur ekki fram til þessa stundað sérstakar rannsóknir sem beinlínis lúta að umhverfisspjöllum á hafsbotni. Því er til að svara að erfitt er um vik að bera saman núverandi ástand og svo eitthvað sem var t.d. áður en togveiðar hófust og tækni til rannsókna var ekki tiltæk. Togveiðar hafa verið stundaðar á Íslandsmiðum um langt skeið en erfitt er um vik að sýna fram á spjöll sem kunna að hafa verið unnin á hafsbotni þeirra vegna og meta hugsanleg áhrif til langs tíma.

Eldri sjómenn hafa fullyrt að á Halamiðum og kóralsvæðum undan suðurströndinni hafi veiðislóð verið sléttuð með togveiðum en mjög erfitt er að meta í hve miklum mæli þetta hafi átt sér stað. Þetta hefur hins vegar ekki verið staðfest með rannsóknum.

Kortlagning sjávarbotns við Ísland sem Hafrannsóknastofnun hóf nýlega með svonefndum fjölgeislamæli mun hins vegar gefa nákvæmari mynd af landslagi sjávarbotns. Slík kort munu því mynda mikilvægan grunn sem gera mun kleift að fylgjast með breytingum á landslagi sjávarbotns og hugsanlegum áhrifum togveiða í því sambandi.

„3. Hvaða áhrif geta skemmdir á hafsbotni haft á klak og uppvaxtarskilyrði lífvera í sjónum?"

Flestar sjávarlífverur við Ísland hrygna miðsævis eða við yfirborð og hrogn þeirra rekur þar með straumum. Þó hrygna nytjastofnar eins og síld, loðna og steinbítur við

botn og líma hrogn við hann. Togveiðar þær sem róta upp seti kunna því að hamla eðlilegri framvindu klaksins. Af þessum sökum hafa nokkur hrygningarsvæði síldar verið lokuð fyrir togveiðum meðan á hrygningu stendur og nýlega hefur Hafrannsóknastofnunin gert tillögur til sjútvrn. um bann við öllum veiðum á hrygningartíma á Látragrunni, aðalhrygningarsvæði steinbíts. Almennt eru botndýr, fiskar og hryggleysingjar, á ákveðnum búsvæðum og útbreiðsla þeirra endurspeglar oft og tíðum tilvist slíkra búsvæða.

Veiðarfæri sem dregin eru eftir sjávarbotni geta brotið niður lífsform sem sem vaxa upp á botninum. Jafnframt geta veiðarfæri rótað upp botnseti og velt stórgrýti. Með tíð og tíma breytist botninn og slíkar breytingar geta leitt til þess að búsvæði henti ekki lengur dýrum sem þar þrífast. Af þessum sökum hefur Hafrannsóknastofnunin lagt á það áherslu að mikilvægt sé að efla eins og kostur er allar þær rannsóknir er tengjast áhrifum veiðarfæra á sjávarbotn og botndýralíf.

[15:16]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Ég þekki sögur af því frá gömlum togarasjómönnum sem stunduðu veiðar á Halamiðum að þegar veiðar hófust á þessum stað þá fylltist trollið af osti og alls konar gróðri samfara því að það var góð veiðislóð. Í dag kemur ekki einn einasti ostur í troll á þessum stöðum og botninn er eins og hefluð fjöl. Þetta er ekki hægt að rannsaka eftir á. Þetta eru bara sögur. Þetta er bara sagnfræði. Það er engin spurning um að trollið hefur haft gríðarleg áhrif á lífríki og aðstæður á sjávarbotni.

Þessar sögur heyrir maður einnig frá Reykjaneshrygg þar sem stórir og þungir hlerar hafa verið notaðir til þess að slétta út hraunin svo hægt væri að draga þar eftir trollin. Sama er með Jökuldýpi. Það er engin spurning að stórkostlegar breytingar hafa orðið á sjávarbotni. Ég tek undir nauðsyn þess að láta rannsaka þetta. Það er mjög brýnt og ég fagna því að hæstv. sjútvrh. hefur áhuga á því.

[15:18]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Á allra síðustu árum hafa sjónir manna beinst að þeim möguleika að breytingar á hafsbotni af völdum stórvirkra veiðitækja kunni að hafa verulega mikil áhrif á útbreiðslu ýmissa nytjastofna. Austan Kamtsjatka t.d. og reyndar líka í Okhotskhafi hafa menn með gervitunglamyndum á síðustu áratugum greint verulegar breytingar á hafsbotni og tengja við þær breytingar sem menn sjá í samsetningu tegunda í afla.

Herra forseti. Ég er sannfærður um að spjöll á botni vegna veiðitækja hafa veruleg áhrif á útbreiðslu sumra fiskstofna. Ég er líka sannfærður, herra forseti, um að sú þróun sem við höfum séð í Norður-Atlantshafi varðandi ýmsa nytjastofna tengist að einhverju leyti því að búið er að eyðileggja búsvæðin sem þessir fiskar þurfa til þess að hafa góða vist í hafinu. Ef búsvæðin eyðileggjast, hvert á þá fiskurinn að leita? Hann hefur þá ekkert svæði fyrir sig að leggja, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að ráðast í umfangsmiklar rannsóknir á þessum þáttum nú þegar við höfum yfir stóru og góðu skipi að ráða.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. ítarleg svör. Fyrir nokkrum árum munu Norðmenn hafa komist að því að veiðarfæri fiskiskipa þeirra hafi unnið óbætanlegar skemmdir á kóralrifjum úti fyrir ströndum landsins. Þar hafa verið friðuð stór svæði til að vernda fiskstofna sem tengjast kóralnum með ýmsum hætti. Líklegt er að skemmdir hafi einnig orðið hér við land. Leiði rannsóknir hér á landi í ljós að slíkar kóralbreiður sé enn að finna í sjónum umhverfis landið þá ættum við e.t.v. að gera slíkt hið sama.

Ég þakka ráðherranum fyrir svörin og hvet hann til þess að stuðla að frekari rannsóknum á ástandi hafsbotns umhverfis landið út frá því sem hér hefur verið rætt og grípa til hverra þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að vernda klak- og uppeldisstöðvar fisks.

Hv. þm. Kristján Pálsson sagði áðan að hafsbotninn væri sem „hefluð fjöl". Það er illt ef satt reynist og skiptir miklu að reyna að koma í veg fyrir að fleiri fjalir verði heflaðar.

Útræðisréttur strandjarða.

Fsp. ÁSJ og JB, 486. mál. — Þskj. 770.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Beinn eignarréttur eigenda sjávarjarða til fiskveiða í netlögum nær 115 metra frá stórstraumsfjörumáli. Þessi eignarréttur féll ekki niður við setningu laga um fiskveiðistjórn og eignarréttur fyrnist ekki. Hann verður ekki af eigendum tekinn nema fram fari lögmætt eignarnám og það hefur ekki farið fram.

Fyrir liðin ár eiga eigendur sjávarjarða bótakröfur fyrir það tjón sem þeir kunna að hafa orðið fyrir, en skaðabótakröfur fyrnast á tíu árum. Í hugtakinu útræði eða útræðisréttur sjávarjarða felst í fyrsta lagi einkaréttur landeigenda til að veiða í netlögum og síðan í öðru lagi sérstakur réttur til að veiða í friðhelgi og á hefðbundnum nálægum miðum utan netlaga. Útræði eða útræðisréttur hefur verið metinn til eignar í fasteignamati 1.090 sjávarjarða í landinu. Útræðisrétturinn hefur verið metinn til verðs í fasteignamati og þar með verið skattstofn, er í senn eignarréttarlegs eðlis og atvinnuréttarlegs eðlis og því varinn bæði af 72. og 75. gr. stjórnarskrár.

Um fyrningu þessa veiðiréttar að því er varðar fiskihelgi utan netlaga og hefðbundin mið er það sama að segja og um fyrningu veiðiréttar í netlögum, svo og um fyrningu bótakrafna. Ég hef því talið eðlilegt, virðulegi forseti, að beina spurningu til hæstv. sjútvrh. um útræðisrétt strandjarða:

„Mun ráðherra beita sér fyrir því að fundin verði leið til þess að tryggja að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og að sá réttur verði endurskilgreindur og staðfestur í nýjum lögum um stjórn fiskveiða?"

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar og Jóns Bjarnasonar er eftirfarandi:

„Mun ráðherra beita sér fyrir því að fundin verði leið til þess að tryggja að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og að sá réttur verði endurskilgreindur og staðfestur í nýjum lögum um stjórn fiskveiða?"

Því er til að svara, herra forseti, að það hefur verið skilningur ráðuneytisins að eigendur strandjarða hafi einir rétt til

veiða innan netlaga jarða sinna en verði við þær veiðar að fara að öllu leyti að þeim reglum sem um viðkomandi veiðar gilda, m.a. um veiðileyfi og veiðiheimildir.

Hér má benda á að hafi eigendur strandjarða stundað veiðar á þeim viðmiðunartímabilum sem hverju sinni eru lögð til grundvallar við úthlutun veiðiheimilda þá hafa þeir notið þess í veiðiheimildum með sama hætti og aðrir sem gert hafa út á sama tíma. Gildir þetta um heimildir til botnfiskveiða og t.d. grásleppuveiða. Hins vegar eru veiðiheimildir sem þannig eru til orðnar ekki bundnar við jarðir heldur báta þeirra.

Í þessu sambandi má nefna að nefnd sú um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem skilaði tillögum sínum í september sl. tók rétt sjávarjarða sérstaklega til skoðunar og fór hún þess á leit við Skúla Magnússon, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, að hann kannaði hvaða heimildir eigendur sjávarjarða hefðu til veiða úr nytjastofnum innan netlaga jarða sinna og hvort þeir gætu í einhverjum tilvikum átt rétt til fiskveiða utan netlaga sem teldist eign þeirra samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Komst Skúli að því að fræðilega væri ekki hægt að útiloka bótarétt landeigenda vegna skerðingar laga á fiskveiðiétti í sjó innan netlaga. Hins vegar yrði að teljast ólíklegt að unnt væri að sýna fram á bótaskyldu í einstökum tilvikum svo og að slíkur bótaréttur væri ekki fallinn niður fyrir fyrningu.

Varðandi það hvort eigendur sjávarjarða gætu í einhverjum tilvikum átt rétt til fiskveiða utan netlaga sem teljist eign þeirra samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar komst Skúli Magnússon að því að með hliðsjón af því hvernig staðið hafi verið að úthlutun veiðiheimilda og öðrum takmörkunum á fiskveiðirétti í sjó verði að teljast líklegt að tekið hafi verið nægt tillit til hagsmuna útgerðarmanna sem stunduðu veiðar þegar þessar takmarkanir voru teknar upp. Gilda sömu sjónarmið um atvinnuhagsmuni eigenda sjávarjarða að þessu leyti og annarra þeirra sem stundað hafa útgerð. Ekki sé þó útilokað að reglur um úthlutun veiðiheimilda eða aðrar sérreglur um veiðar, svo sem reglur um veiðar krókabáta eða hrognkelsi, hafi af einhverjum ástæðum komið óvenjulega þungt niður á tilteknum aðila svo að hann teljist eiga bótarétt. Skilyrði fyrir slíkri kröfu væru þó enn sem fyrr að hún væri ófyrnd, en sökum þess hvað umræddar takmarkanir hafa verið lengi í gildi er ólíklegt að svo hátti til í dag.

Í áliti Skúla Magnússonar segir enn fremur að svonefndur útræðisréttur sjávarjarða vísi til nota af þeirri aðstöðu í landi sem nauðsynleg var útgerð fyrr á tímum, svo sem lendingu eða höfn. Þessi útræðisréttur landeigenda hafi ekki haggað meginreglu íslensks réttar um almannarétt til veiða utan netlaga. Þær reglur sem settar hafi verið á síðustu áratugum um fiskveiðistjórn hafi því með engum hætti skert útræðisrétt sjávarjarða og gera megi ráð fyrir að þessi réttur hafi ekki þá fjárhagslegu þýðingu sem hann hafði fyrr á tímum sökum breyttra atvinnuhátta og uppbyggingar hafna í þéttbýli.

Samkvæmt þessu segir að ekki verði séð að útræðisréttur sjávar hafi gefið tilefni til álitamála um bótaskyldu íslenska ríkisins samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Meiri hluti nefndarinnar taldi ekki ástæðu til að leggja til breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða um rétt strandjarða. Ekki eru uppi nein áform í ráðuneytinu um að staðfesta að skilgreina sérstaklega útræðisrétt strandjarða í lögum um stjórn fiskveiða.

[15:27]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Nauðsynlegt er að fá niðurstöðu um hvort hið gamla útræði frá strandjörðum skapi rétt til hlutdeildar í veiðum úr fiskstofnum. Þess vegna vil ég þakka hv. fyrirspyrjendum þessa fyrirspurn.

En ekki er síður ástæða til þess að huga að efnistöku af hafsbotni þar sem hún hefur áhrif á landgrunnið 115 metrum frá stórstraumsfjöruborði. Þetta held ég að hafi ekkert komið upp í umræðunni og er mikil ástæða til þess að athuga það.

Það má minna á að keypt voru laxveiiréttindi jarða, m.a. í Hvalfirði, fyrir fáum árum. Þar fer nú sums staðar fram efnistaka.

Herra forseti. Í mínum huga er alveg skýrt að réttindi strandjarða verður að skilgreina að nýju út frá sögulegri hefð varðandi veiðar og ekki síst hvað varðar efnistöku miðað við það sem var fyrr á tímum.

[15:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að í nýjum lögum um stjórn fiskveiða eigi að skilgreina ákveðinn rétt strandjarða til fiskveiða utan netlaga. Ég tel að þessi réttur hafi verið helgaður í fornum lögum og var undirstaða byggðar mjög víða á öldum fyrri. Ég er þeirrar skoðunar að með því að *tryggja þennan rétt áfram í nýjum lögum megi skjóta stoðum* undir dreifða byggð meðfram ströndum landsins. Þetta þarf að vera hóflegur réttur og vera bundinn við fasta búsetu.

Herra forseti. Ég vísa til þess að Már Pétursson hæstaréttarlögmaður hefur skilað greinargerð sem virðist hníga að því að strandjarðirnar eigi ákveðinn rétt í krafti hins forna útræðisréttar. Sú röksemdafærsla sem hæstv. ráðherra fór með áðan eftir Skúla Magnússyni var að sönnu eftirtektarverð en ég var algjörlega ósammála niðurstöðunni af þeim röksemdum lögspekingsins sem hæstv. ráðherra flutti hér.

[15:29]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er að sönnu mjög áhugavert mál til umræðu. Margir jarðeigendur hafa haft orð á því að réttur þeirra til útræðis sé ekki minni en hann var áður. Ég verð að taka undir með hæstv. sjútvrh. að það er mjög hæpið að geta fundið það út að réttur strandjarða sé orðinn sérstakur út af kvótakerfinu af því að þar hafi verið útræði til forna. Réttur jarðeigenda, eftir því sem ég hef lesið í bókum, fólst fyrst og fremst í því að þeir áttu lendingarnar þannig að þeir sem áttu báta og vildu róa þurftu að semja við landeigandendur um að fá að lenda í þeirra vör. Fyrir það tóku jarðeigendur oft verulega peninga. Þeir tóku skatt fyrir að leyfa mönnum að lenda í lendingu sinni.

Í dag er þetta allt öðruvísi. Komnar eru hafnir í eigu sveitarfélaga þar sem allir eiga rétt til þess að fá sitt lægi fyrir sanngjarnt gjald.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin sem mér voru að vísu ekki með öllu ókunn vegna þess að ég sat í endurskoðunarnefnd um sjávarútvegsstefnuna. En ég tel ákaflega mikilvægt að menn átti sig á að samtök eigenda sjávarjarða hafa unnið í sínum málum og fengið m.a. álitsgerð *frá Má Péturssyni héraðsdómslögmanni* sem hefur farið yfir mál þeirra. Búnaðarþing hefur tekið undir sjónarmið eigenda sjávarjarða þannig að ég held að öllum

væri fyrir bestu að málið yrði tekið upp og reynt að leysa það á farsælan hátt. Eftir því sem manni sýnist um niðurstöður í álitsgerðinni er þar grunnur til málssóknar og, eins og ég sagði, heppilegra væri fyrir allra hluta sakir að málið yrði tekið upp á þeim forsendum sem settar eru fram í álitsgerð Más Péturssonar og reynt að leysa það á farsælan hátt og að ráðuneytið hefði þá frumkvæði að þeirri vinnu.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma þeim sjónarmiðum að og árétta að Búnaðarþing samþykkti árið 1999 að fela stjórninni að reyna að fá virtan útræðisrétt strandjarða á ný og staðfesta hann í fiskveiðilögum. Ég fer þess því á leit við hæstv. sjútvrh. að málið verði tekið upp og forðast verði það fyrirkomulag að eigendur sjávarjarða þurfi að leita réttar síns eftir dómstólaleiðinni.

[15:32]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég hef átt fundi með fulltrúum eigenda strandjarða og lögmanni þeirra, Má Péturssyni. Við höfum fengið álitsgerð þeirra, hún er til athugunar í ráðuneytinu og tillit hefur verið tekið til hennar við undirbúning þessa svars. Þeir munu fá formlegt svar frá ráðuneytinu á næstunni.

Það er hins vegar talsvert erfitt fyrir ráðuneytið þegar nefndir sem starfa á vegum þess hafa leitað til lögfræðinga um álit í máli sem þessu, og þeir hafa komið með skýr og greinargóð svör, og ef ráðuneytinu líkar ekki svörin sé annaðhvort leitað til einhverra annarra lögfræðinga til þess að fá einhver önnur svör eða þá svörin einfaldlega hunsuð og farið gegn þeim í tillögum á hinu háa Alþingi. Þess vegna held ég að það verði að leita einhverra annarra leiða en að snúa sér til ráðuneytisins í þessu máli. Niðurstaða Skúla Magnússonar er mjög skýr, af hálfu ráðuneytisins hefur ekki verið talin ástæða til að vefengja þá niðurstöðu og því verða þeir aðilar sem hér um ræðir, ef þeir vilja halda áfram með málið, að leita að niðurstöðu eða leita réttar síns, eins og það er kallað, á annan hátt.

Grænmeti og kjöt.

Fsp. ÞBack, 497. mál. — Þskj. 787.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Fyrir stuttu lagði Katrín Andrésdóttir varaþm. fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um upprunamerkingar á kjöti og grænmeti og um merkingar matvæla sem innihalda erfðabreyttar lífverur. Hv. þm. fékk greinargóð svör frá hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn en ég vil fylgja henni eftir og beina fyrirspurn til hæstv. landbrh. um merkingar á grænmeti og kjöti, svohljóðandi:

„Mun ráðherra beita sér fyrir því að neytendur fái upplýsingar um

1. upprunaland grænmetis í verslunum,

2. upprunaland kjöts í verslunum og veitingahúsum?“

Ástæðan fyrir því að ég tek þetta aftur upp er sú að þær breytingar hafa orðið að það á að fella niður svokallaða verndartolla af grænmeti á þeim tegundum sem eru framleiddar hér á landi. Tilgangur þessa er að lækka vöruverð og auka neyslu grænmetis. Ég ætla að vona að svo fari en ég tel að það geti líka haft þau áhrif að verð til íslenskra garðyrkjubænda verði hreinlega pínt niður, að verð á innfluttu grænmeti geti verið það lágt, tímabundið, að það píni niður verð íslenskra framleiðenda sem sé umfram það sem þeir fái beingreiðslu fyrir.

Ég vil sem neytandi geta séð hvort grænmetið er íslenskt eða erlent. Ég vil gera það, ekki bara út af verðinu heldur vegna heilbrigðissjónarmiða líka. Ég veit hvernig íslenskt grænmeti er ræktað. Ég veit ekki hvernig það er gert erlendis.

Kjöt er flutt inn frá Írlandi eins og er. Ég vil sem neytandi fá að vita hvort það kjöt sem er í kjötborðinu er íslenskt eða kemur erlendis frá. Ég er að vísa til þess hvort við getum fljótlega sett upp merkingar sem væru þó ekki eins ítarlegar og strangar og við þyrftum að hafa ef við færum eftir reglum ESB.

[15:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er heillandi verkefni að ræða um matvæli á þessum glæsilega degi. Ég er að koma af miklum blaðamannafundi Flugleiða á Hótel Sögu. Hér á Íslandi eru að hefjast miklir matvæladagar, „festival“ eins og gerist í mörgum löndum, sem er nýtt skref af þeirra hálfu til að draga hingað fjölda blaðamanna, stóran hóp meistarakokka úr veröldinni sem líst mjög vel á íslenska hráefnið og lýsa yfir miklum áhuga á að vinna með það. Margir blaðamenn og ferðamenn munu koma til að vera á þessum matvæladögum þannig að það verður hátíð á Íslandi næstu dagana í kringum þessa miklu matvælasýningu.

Það er að sannast að matvælaauðlindirnar á Íslandi eru tvær. Það er ekki bara hafið með sinn góða fisk heldur er landið að gefa af sér gríðarlega góðar afurðir. Íslensk náttúra er hrein og í ofanálag eigum við hér frábæra bændur, góðar afurðastöðvar og ekki síður frábæra kokka og veitingahús og hótel sem leggja rækt við þessa auðlegð íslensku þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Þú ert þokkalega ánægður ... landbúnaðarins.) Þakka þér fyrir, hv. þm. Landbrh. er þess vegna í góðu skapi og það er tilhlökkun að lifa næstu daga í kringum það að íslenskur landbúnaður og þessar afurðir eru að vekja mikla athygli um víða veröld. Það er nánast bein útsending héðan frá Íslandi til að segja frá grænmetinu, ostunum, kjötinu o.s.frv. (Gripið fram í.) og fiskinum auðvitað líka. Ekki má gleyma honum þegar ég sé hér hæstv. sjútvrh. Hér er hátíð því hafin og stigið eitt skref í íslenskri ferðaþjónustu sem verður skref til framtíðar. Hér verður árlega keppt á þessum grunni í kringum íslensk matvæli og þessa auðlind okkar.

Hv. þm. spyr hvort landbrh. muni beita sér fyrir því að neytendur fái upplýsingar um upprunaland grænmetis í verslunum. Samkvæmt núgildandi reglum um innflutning á grænmeti er ekki krafist vottorða um upprunaland. Við frágang aðflutningsskýrslu þarf hins vegar að geta um upprunaland vörunnar. Því ætti að vera hægur vandi fyrir verslanir að geta um upprunaland við framsetningu vörunnar ef vilji stendur til þess.

Þá hafa íslenskir garðyrkjubændur sjálfir gert átak í því að merkja framleiðslu sína til að aðgreina hana frá innfluttri og um leið til þess að upplýsa neytendur. Ef ég man þetta rétt sér maður þetta fallega íslenska merki með fánalitunum á þessum vörum og greinir að það er íslensk afurð frá íslenskum garðyrkjubændum, og skilur sig frá öðru að því leyti.

Augu neytenda hafa á síðustu árum verið að opnast fyrir nauðsyn þess að vera betur upplýstir um þær vörur sem þeir neyta og er það því umhugsunarefni hvort ekki eigi að skerpa reglur hér á landi um þetta efni. Reglur sem varða spurningu

þessa heyra undir þrjú ráðuneyti: fjármála-, umhverfis- og landbúnaðarráðuneyti.

Hvað aðra spurninguna varðar um uppruna kjöts í verslunum og veitingahúsum vil ég segja þetta: Í mars árið 2000 skipaði ég nefnd til að gera tillögur um merkingar búfjár sem tryggðu rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð og/eða fæðingu viðkomandi dýrs til sölu afurðar. Nefndin hefur skilað áliti og ég hef verið að vinna með reglugerð í þessu efni sem ekki hefur verið sett enn og reynt að ná um hana samkomulagi. Tekið skal fram að samkvæmt gildandi lögum heyra mál sem varða eldi sláturdýra, slátrun og kjötvinnslu í sláturhúsi svo og kjötvinnslu til útflutnings undir landbrn. en kjötvinnsla og söluverð fyrir innanlandsmarkað eftir að sláturmeðferð lýkur heyrir undir umhvrn. Merkingar innfluttra kjötvara heyra undir umhvrn. og sé ég mér til gleði að hæstv. umhvrh. situr í stól sínum og þekkir þetta mál.

[15:43]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á skorti á upprunamerkingum matvæla af erlendum uppruna. Ég vil taka undir með hæstv. landbrh. að hér er að fara af stað matvælaveislan mikla. Verið er að kynna með sennilega öflugasta hætti íslenskar landbúnaðarafurðir, ekki bara kjöt heldur mjólkurafurðir og hvers konar íslenskar landbúnaðarafurðir, á næstu dögum og verður hátindur veislunnar innan fárra daga í Smáralind.

En það er að verða meira knýjandi að upprunamerkingar matvæla, eiginlegar merkingar matvæla frá haga í maga, séu aðgengilegar og auðskiljanlegar fyrir neytendur. Þetta á að mínu viti við um öll matvæli. Gæðavottun og upprunamerking íslenskra matvæla er svo það sem ber að koma sem fyrst á hér á landi hvort sem um er að ræða matvöru til útflutnings eða sem ætluð er á innanlandsmarkað. Því vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja hæstv. landbrh. og reyndar sjútvrh. og iðnrh. til að hraða þessum þarfamálum, herra forseti.

[15:44]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda Þuríði Backman fyrir þessa fyrirspurn og þá umræðu sem hér hefur átt sér stað.

Það sem ég vil koma á framfæri er að allri matvöru sem flutt er til landsins ber að fylgja upprunavottorð. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að við fylgjum þeim upprunavottorðum til verslunar og til neytenda, ekki síst vegna þess að við erum að opna okkar innlenda markað í æ meira mæli fyrir innfluttum vörum. Þess vegna verðum við að aðgreina okkar ágætu íslensku matvöru, ekki síst fyrir það að það er þekkt að innfluttar vörur eru settar í íslenskar umbúðir. Það er verið að blekkja neytendur með því að setja innfluttar vörur í ágætar íslenskar umbúðir og koma þannig villandi upplýsingum til neytenda og það má ekki gerast.

[15:45]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að vekja athygli á þessu mjög svo mikilvæga máli sem að hluta til kom inn á fyrirspurn sem Katrín Andrésdóttir, varaþm. Samfylkingarinnar á Suðurlandi sem átti hér sæti fyrir skemmstu, lagði fram um erfðabreytt matvæli. Ég held að það skipti mjög miklu máli, ekki bara fyrir neytendur heldur líka íslenska framleiðendur, að um réttar merkingar á matvælum sé að ræða og að upprunavottorðin fylgi í verslanir. Við vitum að Evrópusambandið hefur sett neytendavæna reglugerð um þetta en hins vegar flytjum við inn mjög mikið af vörum frá Bandaríkjunum sem ekki eru merktar á sama hátt. Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að setja sem fyrst þá reglugerð sem liggur á borði hans svo að við séum örugg um að við séum með íslensk matvæli þegar við kaupum inn.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið og vona að sú kynning á íslenskum matvælum sem nú stendur fyrir dyrum gangi vel og skili góðum árangri. En við eigum einmitt að merkja okkur enn frekar og þegar kemur að grænmetinu hefur það því miður átt sér stað að verið er að villa um fyrir neytendum með því að setja erlenda vöru í íslenskar umbúðir. Þetta er auðvitað brot á siðferði og samkeppnisreglum.

Ég vil sem neytandi geta valið í grænmetisborðinu á milli íslenskrar og innfluttrar vöru og það er ekki eingöngu vegna verðsins. Þó að íslenska hvítkálið sé dýrara er ég samt tilbúin til að borga meira fyrir það en þá verð ég að vita að það sé íslenskt. Ég veit við hvaða skilyrði það er ræktað og er tilbúin til að borga meira fyrir það en þá óhollustu sem getur verið í innfluttri vöru vegna þeirra varnarefna og eiturefna sem notuð eru í ræktun erlendis. Við eigum að eiga mjög auðvelt með þetta því að allar merkingar koma erlendis frá nema þá frá Bandaríkjunum. Það strandar á því að koma merkingunum frá tolli, frá innflytjendum, yfir í verslunina. Íslenskt kjöt er upprunamerkt alveg þangað til það kemur í verslunina. Það skilar sér ekki í kjötborðið. Við eigum að bæta úr þessu og númer eitt, tvö og þrjú hvað varðar innflutning á kjöti eigum við að geta valið sjálf hvort við tökum þá áhættu að neyta kjöts frá Norður-Englandi, Írlandi eða annars staðar frá.

[15:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda og hv. þingmönnum. Það er mjög mikilvægt að neytendur séu ekki blekktir og þeir viti hvaða vöru þeir eru að kaupa. Það er mikið neytendamál að ekki sé falsað með umbúðum og því er auðvitað mjög mikilvægt að fylgja þessu eftir.

Hv. þm. Gísli Einarsson ræddi um ferlið frá haga til maga og upprunamerkingar. Evrópskur landbúnaður er nú mjög að taka sig á vegna mikilla sjúkdóma þannig að þeir eru að fara í miklar upprunamerkingar. Íslenskur landbúnaður er mjög sérstakur og á mikla möguleika í flóru heimsins í matvælum hvort sem það er í Evrópu eða í Ameríku. Við sjáum þrisvar og fjórum sinnum hærra verð á íslenskri kjötvöru, af lambinu og fleiru, í Bandaríkjunum en við höfum hér heima. Við eigum mikla möguleika. En gagnvart neytendum er krafa dagsins frá haga til maga. Íslenskir bændur eiga tækifæri í gegnum þessa sölumeðferð. Þeir geta lagað að sér neytendur, ekki bara hér heima þar sem þeir eiga óskipta aðdáendur sína, heldur geta þeir náð í neytendur sem gera kröfur um að kaupa vörur frá löndum eins og Íslandi, hollar, heilbrigðar og upprunavottaðar. Þess vegna er mjög mikilvægt að þingheimur allur átti sig á þessum staðreyndum, að menn tali ekki tungum tveim í þessu efni eins og ég hef orðið var við í mörgum þingflokkum heldur leggist á eitt að styðja landbrh. í því að koma ýmsu í kring, einföldum góðum reglum sem skapa öryggi fyrir íslenska neytendur en ekki síður reglum

sem gefa íslenskum bændum tækifæri til að selja afurðir sínar á heimsmarkaði á hæsta verði sem gerist í dag.

Ég hvet þingheim til liðsinnis.

Meðferð við vímuvanda fanga.

Fsp. KF, 434. mál. — Þskj. 701.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Nýlega fór hv. allshn. Alþingis í heimsókn að Litla-Hrauni til að kynna sér aðstæður. Heimsóknin var afar fróðleg. Nefndarmönnum varð ljóst að almennt er staðið vel að aðbúnaði fanga og starfsmenn eru vel menntaðir, áhugasamir og valda vel verki sínu.

Heilbrigðisþjónustu við fanga er sinnt af Heilbrigðisstofnun Suðurlands auk þess sem geðlæknir frá Sogni er í hlutastarfi í fangelsinu. Allir fangar fara í læknisskoðun og verður læknisþjónusta á Hrauninu að teljast mjög góð, svo og þjónusta hjúkrunarfræðinga. Frá árinu 1996 hefur sálfræðingur verið þar í fullu starfi og samningur við Sogn er frá 1998. Fyrirspurn mín beinist að því hvernig meðferð við áfengis- og vímuvanda fanga er háttað.

Ég hef kynnt mér hvernig staðið er að slíkri meðferð á hinum Norðurlöndunum ásamt Kanada, Bretlandi og Írlandi og veit að mikið samstarf hefur verið milli íslenskra fangelsisyfirvalda og nágrannaþjóðanna. Módel Kanadamanna hefur verið talið áhugavert, t.d. er stuðst við það í Finnlandi, en það snýst m.a. um að þeir sem dæmdir eru til lengri tíma en tveggja ára fara fyrst á sérstaka deild þar sem margir þættir eru metnir, þar á meðal hvort meðferð við vímuefna- eða áfengismisnotkun sé við hæfi og hvenær henni skuli beitt. Þetta er nýlega farð af stað og sama prógramm er farið af stað í þremur fangelsum í Noregi.

Talið er að jafnvel $^3/_4$ þeirra sem fremja brot séu undir áhrifum en inni í þessari tölu sem er reyndar ekki glæný eru einnig þeir sem frömdu umferðarlagabrot. Nýjar aðferðir hafa verið teknar upp við ölvunarakstursbrotum, svo sem meðferð og samfélagsþjónusta, þannig að þeim sem þurfa að afplána fangelsisvist eftir slík brot hér á landi hefur verulega fækkað. En ég beini eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmrh.:

1. Hve stór hluti fanga sem afplána dóm á Litla-Hrauni er talinn háður áfengi eða ólöglegum vímuefnum?

2. Hve stór hluti fanga fær meðferð við vímuvanda sínum fyrir lok afplánunar?

3. Hvað kostar slík meðferð og hver ber kostnaðinn af henni? Þá vísa ég til annaðhvort fangelsisyfirvalda eða heilbrigðisþjónustunnar.

4. Kemur til greina að bjóða upp á slíka meðferð í upphafi fangelsisvistar, a.m.k. fyrr en nú er, í stað þess að bíða þar til henni er að ljúka?

[15:54]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hreyfir hér mikilsverðu máli og spyr í fyrsta lagi:

„Hve stór hluti fanga sem afplána dóm á Litla-Hrauni er talinn háður áfengi eða ólöglegum vímuefnum?"

Því er til að svara að árið 1996 gerðu dr. Jón Friðrik Sigurðsson og dr. Gísli Guðjónsson rannsókn á áfengis- og fíkniefnaneyslu fanga og gaf hún til kynna að stór hluti fanga ætti við neysluvandamál að stríða. Rannsóknin náði til 359 íslenskra fanga. Þar af sögðust 17% hafa verið í daglegri neyslu áfengis eða einhverra fíkniefna síðasta hálfa árið fyrir afplánun, og tæplega fjórðungur eða 23% sagðist einhvern tíma hafa sprautað sig með fíkniefnum. Aðspurðir töldu 29% fanga sig eiga við áfengis- og/eða fíkniefnavandamál að stríða. Þess má einnig geta að 57% aðspurðra fanga sögðust einhvern tíma hafa farið í vímuefnameðferð. Þessar tölur ná til allra fangelsa landsins en vænta má að niðurstöður fyrir Litla-Hraun séu ekki betri.

Frá því að niðurstöður úr rannsóknninni voru birtar hefur ekki verið formlega kannað hversu stór hluti fanga er háður áfengi og/eða ólöglegum vímuefnum. Eins má geta þess að þegar vímuefnaneysla er könnuð er það gert á þeirri forsendu að fanginn sjálfur meti hvort hann eigi við vandamál að stríða en ekki rannsakandinn.

Í öðru lagi er spurt: „Hve stór hluti fanga fær meðferð við vímuvanda sínum fyrir lok afplánunar?"

Frá árinu 1990 hefur Fangelsismálastofnun í samstarfi við SÁÁ gefið föngum kost á að ljúka afplánun í meðferð og á árunum 1990–2001 fóru 246 fangar í áfengis- og/eða fíkniefnameðferð á vegum SÁÁ. Árið 2001 fóru fjórir fangar í vímuefnameðferð á meðferðarstofnunina Hlaðgerðarkot og frá áramótum 2002 hafa þrír fangar hafið meðferð í afplánun þar. Að öllu jöfnu eiga fangar kost á því að ljúka síðustu sex vikum afplánunar í vímuefnameðferð. Í sumum tilvikum hafa vímuefnameðferðarstofnanir sem Fangelsismálastofnun á í samstarfi við talið að ákveðnir fangar þurfi langtímameðferð og hefur Fangelsismálastofnun veitt leyfi til þess að fangar sæki slíka meðferð meðan á afplánun stendur.

Fangar í fangelsinu á Litla-Hrauni eiga kost á því að sækja vímuefnameðferð á öllum stigum afplánunar. Sálfræðingur fangelsisins sem og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem starfa þar hafa veitt föngum með vímuefnavanda meðferð meðan þeir eru í afplánun. Þess má einnig geta að haustið 2001 fóru þrír fangaverðir frá fangelsinu Litla-Hrauni í starfsþjálfun til þriggja viðurkenndra áfengis- og/eða vímuefnameðferðarstofnana á höfuðborgarsvæðinu gagngert til að læra hvernig best má styðja og hvetja einstaklinga sem vilja hætta í vímuefnaneyslu.

Erfitt er að gefa upplýsingar um hlutfall þeirra fanga sem fá meðferð við vímuefnavanda sínum þar sem sumir fangar vilja ekki þiggja neina meðferð. Hins vegar má að öllu jöfnu segja að þeir fangar sem vilja aðstoð við að hætta í vímuefnaneyslu eiga kost á því að fá meðferð meðan á afplánun stendur. Þá má geta þess að reglulegir AA-fundir eru haldnir í fangelsinu á Litla-Hrauni og hjálpar það mörgum föngum að styrkja sig og efla.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvað kostar slík meðferð og hver ber kostnaðinn af henni?"

Kostnaður af meðferð sem fram fer inni í fangelsum er borinn sem hver annar kostnaður af fangelsismálakerfinu sjálfu. Ekki hefur verið um gjaldtöku að ræða fyrir þá fanga sem fara í Hlaðgerðarkot. Samkvæmt samningi sem hefur verið í gildi við SÁÁ greiddi Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðna fjárhæð, kr. 10 þús. fyrir hvern fanga sem fór í meðferð hjá SÁÁ, óháð því hvort um lengri eða skemmri dvöl, allt upp í sex vikur, væri að ræða. Þessi samningur er nú til endurskoðunar. SÁÁ fær greitt fyrir hvern vistmann sem kemur til meðferðar samkvæmt sérstökum samningum við heilbrigðisyfirvöld og er dóms- og kirkjumrn. ekki kunnugt um hvað kveðið er á um í þeim samningi.

Í fjórða lagi er spurt: „Kemur til greina að bjóða upp á slíka meðferð í upphafi fangelsisvistar í stað þess að bíða þar til henni er að ljúka?“

Undirbúningsvinna að meðferð í fangelsinu að Litla-Hrauni hefur miðað að því að fangar geti byrjað í meðferð hvenær sem er á afplánunartímanum, líka í upphafi fangavistar. Í meðferðaráætlun í fangelsinu er ekki aðeins miðað við áfengis- og fíkniefnameðferð samkvæmt 12 spora kerfinu sem notað er hjá SÁÁ. Áætlanirnar í fangelsinu ná líka til þess að fangar geti unnið bug á ýmsum öðrum vandamálum sem margir eiga við að stríða, svo sem kenna þeim reiðihömlun o.fl.

Af fjárhagsástæðum hefur ekki enn tekist að skipuleggja fulla meðferð í fangelsinu og raunar hefur því miður orðið að fresta henni. Vonandi tekst þó að bæta þar úr áður en langt um líður og mun ég leggja áherslu á að málið nái fram að ganga

Í ýmsum nágrannalöndum hafa fangelsin á undanförnum árum skipulagt meðferð innan veggja fangelsanna sem hafa gefið góða raun og við undirbúninginn á Litla-Hrauni er tekið mið af svipaðri eða sams konar meðferð.

[15:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp hér og einnig allshn. fyrir að fara þessa í heimsókn austur á Litla-Hraun. Ég held að hún geti skilað okkur svolítið áfram í umræðunni um stöðu fangelsismála í landinu. Við vitum að frá því að þessi könnun sem gerð var 1996 og hæstv. dómsmrh. nefndi áðan, hefur sigið á ógæfuhliðina. Enn fleiri eru afbrotamenn vegna þess að þeir hafa verið í neyslu eiturlyfja. Þeir þurfa á mjög strangri meðferð að halda. Umræðan um það hvernig hægt er að mæta þessari þörf innan veggja fangelsins hefur tekið stökkbreytingum frá því sem var. Það er af hinu góða og ber að þakka hæstv. dómsmrh. M.a. eru uppi hugmyndir um að fangarnir sjálfir taki að sér að reka einhvers konar stuðningsdeild innan veggja fangelsa og mér finnst það hugmynd sem er alveg þess virði að skoða, þ.e. að þeir sem eru búnir að vera í meðferð gætu þá stutt aðra og fengið þar ákveðið hlutverk. Ég held að taka mætti það inn í umræðuna.

[16:01]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted að taka þetta mál upp. Eins og fram hefur komið fór allshn. í góða heimsókn á Litla-Hraun. Þar fengum við margvíslegar upplýsingar. Samkvæmt þeim upplýsingum fá fangar í vímuefna- og áfengisvanda meðferð eða er boðið upp á meðferð í lok afplánunar.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að fangar sem eiga við þetta vandmál að stríða geti hafið afplánunarferil sinn með því að fara í meðferð. Þá væri sama hvort meðferðin væri í sérstakri deild innan fangelsisveggjanna á Litla-Hrauni eða í sérstakri meðferðarstofnun þar fyrir utan. Fangana skiptir máli að geta nýtt afplánunartímann til þess að byggja sig upp og koma út af stofnuninni sem betri manneskjur.

Ég gleðst því yfir orðum hæstv. ráðherra um að verið væri að vinna að því að koma á slíkri meðferðardeild. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra að huga að ofvirkum fíkniefnaneytendum í því sambandi.

[16:02]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil líkt og aðrir þingmenn hér á undan þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að hafa vakið máls á þessu tiltekna máli, vímuefnavanda fanga. Það er rétt sem fram kom að allshn. fór í heimsókn á Litla-Hraun í janúar. Margt athyglisvert, að mínu mati, kom þar fram. Aðbúnaður þar hefur stórlega batnað, a.m.k. síðan ég kom þangað á sínum tíma þegar ég var í laganámi. Engu að síður vakti margt mann til umhugsunar. Það er eitt að dæma menn til refsingar. Síðan er annað hvað tekur við þegar inn fyrir fangelsismúrana er komið. Ég held að margt hafi verið vel gert. Það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að verið er að vinna markvisst að ákveðnum málefnum. Við verðum engu að síður að gera okkur grein fyrir því að endurkoma fanga, ef svo má að orði komast, er hærri á Íslandi en annars staðar. Ég tel að við eigum að setja okkur markmið líkt og gert hefur verið til að mynda í heilbrigðisáætlun. Við eigum að reyna að lækka það hlutfall fanga sem kemur inn í fangelsin hér líkt og annars staðar.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður.

Talið er að um 9 milljón manns sitji í fangelsum um veröld víða, þar af eru 2 milljónir í Bandaríkjunum og um 70 þúsund í Bretlandi. Við erum náttúrlega dvergríki hvað þetta varðar til allar hamingju og ættum þess vegna að geta náð vel utan um málið og mér sýnist allt stefna í að það sé gert.

Í nýlegri yfirlitsgrein í tímaritinu Lancet kom fram að geðraskanir eru mjög algengar meðal fanga. Persónuleikatruflanir eru þar líklega efst á blaði en þunglyndi og ýmsir aðrir sjúkdómar hrjá þennan hóp manna sömuleiðis. Miklu skiptir að meðferðarsjónarmið og refsisjónarmið fari sem mest saman. Meðferð við áfengis- og vímuefnavanda skilar sér ekki í öllum tilvikum eins og kunnugt er og því þarf að velja vel þá sem meðferð er talin geta gagnast.

Lengið hefur verið rætt um að koma á fót meðferðardeild við fangelsið og þar er talið að alla vega þurfi að vera um tíu pláss. Meðferðin gæti tekið um þrjá mánuði, alla vega mætti leggja upp með það. Fangar sem vistast á Litla-Hrauni eru margir hverjir háðir áfengi og/eða vímuefnum og gætu útskrifast sem heilbrigðari menn ef þeim tækist að losna úr þeim viðjum. Markmiðið með því að menn taki út refsingu fyrir brot sín er að þeir geti orðið nýtir þjóðfélagsþegnar að henni lokinni. Meðferð við sjúkdómum sem í mörgum tilvikum eru liður í því að brot var framið, þar með talin fíkn þótt fleira komi til, skiptir þar miklu máli.

Ég skil hæstv. dómsmrh. svo að hún vilji að meðferðardeild verði komið á við Litla-Hraun hið fyrsta og ég styð hana eindregið í því. Einnig þarf markviss langvarandi eftirmeðferð að vera fyrir hendi til þess að fylgja hlutunum eftir. En ég held að af því að við erum lítil þjóð eigum við möguleika á að gera enn betur í þessum efnum en flestir aðrir og ég veit að hæstv. ráðherra ætlar sér það.

[16:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessum þætti í fangelsismálum og hv. þingmönnum fyrir ábendingar þeirra við þessa umræðu.

Það er óneitanlega áhyggjuefni hve vímuefni koma oft við sögu í alvarlegum afbrotum. Meðferð getur því í mjög

mörgum tilfellum verið lykilatriði svo brotamaður geti breytt um lífsstíl og komið sér á réttan kjöl að afplánun lokinni. Þetta skiptir því verulegu máli fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og þjóðfélagið allt.

Ég tel rétt að skoðaðar verði nýjar áherslur í fangelsismálum og hef lagt drög að því að endurskoðuð verði núgildandi löggjöf um fangelsi og fangavist. Ég bind líka vonir við að nýtt gæsluvarðhaldsfangelsi sem til stendur að reisa á höfuðborgarsvæðinu, þar sem gert er ráð fyrir bæði móttöku og greiningu, geti orðið til mikilla bóta í þessu sambandi.

Innkaup Ríkisspítala.

Fsp. LB, 541. mál. — Þskj. 846.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Það þarf svo sem ekkert að hafa um það mörg orð að innkaup ríkisins á því sem það þarf að kaupa eru mikil og miklu máli skiptir að vel sé með farið í þeim efnum. Hlutur Ríkisspítalanna er ekki lítill í þessum efnum.

Eins og lögum er nú háttað er skylt að bjóða út öll innkaup nema þau séu undir 5 millj. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10 millj. skal bjóða sérstaklega út. Það eru því ákveðnar reglur um hvað skuli bjóða út þótt það í sjálfu sér takmarki ekki á neinn hátt að önnur innkaup séu einnig boðin út.

Ég hef því leyft mér að beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. þar sem ég spyr:

Hversu hátt hlutfall, tiltekið í prósentum eða krónum af heildarfjárhæð, af innkaupum Ríkisspítalanna er samkvæmt útboði?

[16:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það mun vera um 80%, eða á að giska 2,1 milljarður kr.

Skipan matvælaeftirlits.

Fsp. MF, 514. mál. — Þskj. 812.

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Nýlega var gerð opinber skýrsla ráðgjafarnefndar um framtíðarskipan opinbers matvælaeftirlits. Mér skilst að skýrslan og niðurstöður nefndarinnar hafi legið fyrir um nokkurn tíma áður en hún var birt opinberlega, en í niðurstöðunum er m.a. lagt til að ýmis svið matvælaeftirlits sem dreifist á nokkrar stofnanir verði sameinuð í eina stofnun, Matvælastofu, og að hugmyndin sé jafnvel sú að stofnunin heyri undir sjútvrn. Hér er ekki eingöngu um að ræða að sameina verkefni sem unnin eru af hálfu ríkisstofnana heldur einnig eftirlit sem framkvæmt er af heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Á fundi þingmanna með fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi og fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kom fram veruleg óánægja með niðurstöður skýrslunnar og þeirra tillagna sem þar eru. Ef þau verkefni sem unnin eru í dag af heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og sem í tillögunum er gert ráð fyrir að verði tekin frá þeim og færð undir nýja ríkisstofnun þá er ljóst að á eftir standa aðeins óburðugar einingar sem gera það að verkum að erfitt verður fyrir sveitarfélögin að halda úti öflugu, faglegu eftirliti eins og þau gera nú. Það er einkennilegt í ljósi allrar þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um að efla sveitarfélögin og verkefni þeirra að þarna eru á ferðinni tillögur um að taka frá þeim mikilvæg verkefni sem hlýtur að vera betur sinnt af fagfólki sem hefur sérþekkingu á aðstæðum á hverjum stað, auk þess sem sveitarfélögin hafa eflt þennan þátt í starfsemi sinni verulega á undanförnum árum.

Því er með öllu óskiljanlegt að þegar skýrsla nefndarinnar var samin var ekkert samráð haft við þá aðila sem framkvæma matvælaeftirlit á vegum sveitarfélaganna eða við samtök sveitarstjórnarmanna til þess að afla upplýsinga um starfsemi þeirra eða skoða hvort sveitarfélögin væru til í að taka að sér stærri þátt en nú er. Þó fór stjórn samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sveitarfélaganna á fund formanns nefndarinnar og vakti athygli hans á nauðsyn þessa samráðs. Því var ekki sinnt en þess í stað voru settar fram örökstuddar fullyrðingar um framkvæmd þessa þáttar eftirlitsins. Þetta eru slæm vinnubrögð því ég tel að hér sé um að ræða verkefni sem eru vel til þess fallin að færa enn frekar verkefni til sveitarfélaganna.

Því spyr ég: Hefur verið skoðuð sérstaklega og metin hagkvæmni þess að flytja allt matvælaeftirlit á vettvangi til stofnana sveitarfélaganna en sameina stjórnsýsluþátt málaflokksins í eina Matvælastofu? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar athugunar? Ef ekki, mun hæstv. ráðherra í samstarfi við sveitarfélögin beita sér fyrir því að hagkvæmni slíks fyrirkomulags verði athuguð?

[16:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Því er til að svara að mér er ekki kunnugt um að skoðuð hafi verið hagkvæmni þess að flytja allt matvælaeftirlit til stofnana sveitarfélaganna, þ.e. þá eftirlit yfirdýralæknis og Fiskistofu, vegna þess að mikill hluti af þessu eftirliti er nú þegar hjá sveitarfélögunum. Mér er ekki kunnugt um að slík athugun hafi verið gerð og mun ekki beita mér fyrir því að hún verði gerð á þessu stigi. Ekki hefur komið fram ósk um það sérstaklega. Ef hún kæmi þyrfti að skoða þá ósk — hún kæmi þá væntanlega frá sveitarfélögunum — og gera það þá í samræmi við aðra ráðherra.

Hins vegar er það rétt að nefnd á vegum forsrn. hefur skoðað, eftir að umhvrh. flutti tillögu um það í ríkisstjórn, að einfalda matvælaeftirlit í landinu. Þetta var nefnd um opinberar eftirlitsreglur og hún komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að sameina allt matvælaeftirlit í landinu undir eina stofnun, Matvælastofu.

Í dag er það þannig að samkvæmt matvælalögum er yfirstjórn matvælamála í höndum þriggja ráðuneyta, umhvrn., landbrn. og sjútvrn. Umhvrn. fer með yfirstjórn mála að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðuneytum, þ.e. landbrn. eða sjútvrn. Því heyrir hið almenna matvælaeftirlit undir umhvrn. en sérhæft matvælaeftirlit, annars vegar mál er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings undir sjútvrn., og mál er varða eftirlitsstörf dýralækna, innflutning og útflutning búfjárafurða, smitsjúkdóma búfjár, meðferð og skoðun og mat á sláturafurðum og heilbrigðisskoðun eldisfisks undir landbrn. Þessu eftirliti er skipt þannig að hið hefðbundna matvælaeftirlit sem fellur undir verksvið umhvrn. er rekið á vegum heilbrigðis-

nefnda sveitarfélaganna að frátöldu innflutningseftirliti með matvælum sem er í höndum Hollustuverndar ríkisins.

Það eftirlit sem fellur undir landbrn. annars vegar og sjútvrn. hins vegar er því í höndum ríkisins og annast stofnanir þessara ráðuneyta það, annars vegar yfirdýralæknir og hins vegar Fiskistofa. Samkvæmt þessu er matvælaeftirlitinu í reynd skipt á milli sveitarfélaganna og ríkisins eftir því um hvers konar eftirlit er að ræða.

Mér er kunnugt um þá óánægju sem endurspeglaðist hér í málflutningi hv. fyrirspyrjanda, þ.e. að sveitarfélögin hafa ekki stutt þær tillögur sem hafa verið í umræðunni. Það er alveg ljóst að ef farið verður í að hrinda þeim í framkvæmd þá þarf auðvitað samráð við sveitarfélögin. Það hefur alltaf komið fram. Ég tel að það sé mun einfaldara að taka skref hjá ríkinu, þ.e. að sameina hjá ríkinu annaðhvort undir eina eða tvær stofnanir. Í dag er þetta undir þremur stofnunum. En engin ákvörðun hefur verið tekin um það hvort fara eigi út í slíkt og þá hvenær. Málið er því óljóst eins og stendur.

Miðað við þær umræður sem hafa orðið tel ég að flestir séu sammála því að æskilegt væri að taka skref í þessu, m.a. vegna þróunar sem á sér stað í Evrópu þar sem er verið að koma upp matvælastofnun Evrópu. Hins vegar er ekki ljóst hvað sé skynsamlegast að gera og með hvaða aðferð. Málið stendur þannig í dag að á meðan ekki verða tekin önnur skref verður matvælaeftirlitið í óbreyttum farvegi.

Ekki hafa komið fram neinar óskir um þessa skoðun sem hv. fyrirspyrjandi spurði hér um. En ef slík ósk kemur fram þarf að skoða hana.

[16:15]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að á meðan á þessu nefndarstarfi stóð var þeirri ósk ítrekað komið til a.m.k. formanns nefndarinnar að haft yrði samband við bæði þá sem starfa að eftirliti á vettvangi á vegum sveitarfélaganna og eins samtök sveitarstjórnarmanna. En það er ekki að sjá á skýrslunni að slíkt samráð hafi verið haft. Það kemur m.a. fram í skýrslunni þar sem fjallað er um þetta „samstarf" við sveitarfélögin en þar segir, með leyfi forseta: „Formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið kynntar helstu niðurstöður nefndarinnar." Að ekki skuli hafa verið haft samstarf við eftirlitsnefndir sveitarfélaganna, heilbrigðiseftirlitið hjá sveitarfélögunum, gerir það að verkum að það eru ýmsar rangfærslur í skýrslunni sem nauðsynlegt er að taka á.

Að mínu viti er eðlilegra að sveitarfélögin bæti frekar á sig verkefnum en að matvælaeftirlitið, sá þáttur sem þau sinna, verði tekið frá þeim vegna þess að það dregur í raun og veru úr þeim allan mátt. Og samt verður áfram um tvíverknað að ræða því önnur verkefni eru skilin eftir hjá sveitarfélögunum sem þau munu ekki geta sinnt jafnötullega og þau gera núna. Það verður dýrara, óþjálla og um skörun á eftirliti verður að ræða.

Ég held að miðað við þær óskir sem fram hafa komið og í viðræðum okkar, þingmanna Sunnlendinga, við sveitarstjórnarmenn sé fullur hugur hjá þeim að fara fram á að þessi niðurstaða, þessi skýrsla, verði endurskoðuð og þá tekið meira tillit til þess verkefnis sem er hjá sveitarstjórnunum, og að sveitarstjórnirnar vilji frekar fá til sín aukin verkefni á þessu sviði en að stjórnsýsluþátturinn verði samræmdur í eina stofnun.

Fyrirspurnir hér í dag og reyndar fyrirspurn um merkingar matvæla í síðasta fyrirspurnatíma á hv. Alþingi sýna bara hvað þetta er flókið í framkvæmd eins og það er.

[16:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi gagnrýnir verklag nefndarinnar. Ég þekki það ekki nákvæmlega en veit þó að hún fór m.a. til annarra Norðurlanda til að skoða hvernig menn hafa verið að breyta matvælaeftirlitinu í nágrannaríkjum okkar. Þá kom í ljós að menn hafa verið að einfalda það allverulega hjá öðrum nágrannaþjóðum og m.a. fært matvælaeftirlit frá sveitarfélögum til ríkisins en menn hafa verið að færa ýmislegt annað til sveitarfélaganna. Talið hefur verið eðlilegt að færa matvælaeftirlitsþáttinn til ríkisins til að hafa hann sem einfaldastan og til að auka gegnsæi þessa eftirlits.

Mér er kunnugt um þessa óánægju sveitarfélaganna og að heilbrigðisfulltrúarnir þar telji að þannig verði hluta af starfsemi þeirra kippt burt og til ríkisins og þeir sitji þá eftir með mengunarvarnaeftirlitið og annað. Hins vegar er hægt að sjá fyrir sér þjónustusamninga við sveitarfélögin varðandi þennan þátt þannig að ekki þurfi að koma til uppsagna eða neins slíks ef menn taka þetta skref. Samt er ekki verið að boða það úr þessum ræðustóli hér og nú heldur komst nefndin að þeirri niðurstöðu að líka ætti að skoða matvælaþáttinn sem fellur undir heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna. Það eru ýmis sterk rök með því eins og sú nánd sem núna er milli stórra fyrirtækja í sveitarfélögum. Það getur verið erfitt að hafa eftirlit með þeim þegar maður er með eftirlit á vegum sveitarfélaganna.

Eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, er ekki búið að ákveða hvort frekari skref verða stigin. Það er mat mitt að ef þau skref snúa að sveitarfélögunum þurfum við að hafa samráð við þau.

[16:20]

Útbýting þingskjala:

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, 567. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 888.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, 565. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 886.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, 566. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 887.

Út af dagskrá voru tekin 4., 7.–10., 14.–15. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 16:21.

---

85. FUNDUR

fimmtudaginn 28. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 563. mál, þskj. 883. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 539. mál, þskj. 844. — 1. umr.

3. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, stjfrv., 549. mál, þskj. 857. — 1. umr.

4. Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun, stjfrv., 553. mál, þskj. 868. — 1. umr.

5. Norræna ráðherranefndin 2001, skýrsla, 490. mál, þskj. 775. — Ein umr.

6. Norrænt samstarf 2001, skýrsla, 483. mál, þskj. 767. — Ein umr.

7. Alþjóðaþingmannasambandið 2001, skýrsla, 390. mál, þskj. 646. — Ein umr.

8. VES-þingið 2001, skýrsla, 509. mál, þskj. 801. — Ein umr.

9. NATO-þingið 2001, skýrsla, 510. mál, þskj. 803. — Ein umr.

10. ÖSE-þingið 2001, skýrsla, 519. mál, þskj. 817. — Ein umr.

11. Vestnorræna ráðið 2001, skýrsla, 543. mál, þskj. 848. — Ein umr.

12. Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, þáltill., 458. mál, þskj. 738. — Fyrri umr.

13. Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 459. mál, þskj. 739. — Fyrri umr.

14. Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, þáltill., 460. mál, þskj. 740. — Fyrri umr.

15. Fríverslunarsamtök Evrópu 2001, skýrsla, 544. mál, þskj. 849. — Ein umr.

16. Evrópuráðsþingið 2001, skýrsla, 556. mál, þskj. 874. — Ein umr.

17. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur beiðni frá efh.- og viðskn. um að þessum fundi verði frestað í hálftíma þar sem nefndarstörf rekist á við störf þingsins. Ósk hefur komið fram frá einstökum nefndarmönnum um að þingfundi verði frestað þar sem þessi fundur nefndarinnar sé mjög áríðandi. Ég verð við þessu en vil áminna formenn nefnda um að láta ekki slíkan árekstur verða í framtíðinni. Fundi er frestað til kl. 11.

[Fundarhlé. — 10:33]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:17]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Málefni Ísraels og Palestínu.

[11:18]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Nú hefur það borið til tíðinda í Austurlöndum nær að Sádi-Arabar hafa lagt fram tillögu til að reyna að stuðla að friði á milli Ísraela og Palestínumanna. Ástæða er til þess að fagna þessum málatilbúnaði, ekki síst vegna þess að með honum er reynt að fylkja nágrannaríkjum Ísraels á bak við hugmyndir sem gætu leitt til sátta og friðar fyrir botni Miðjarðarhafs.

Í Fréttablaðinu í morgun mátti lesa um jákvæð viðbrögð utanrrh. við þessum tíðindum. Mig fýsir að vita, herra forseti, hvort hæstv. utanrrh. hyggist beita sér í þessu máli og þá hvernig. Þingflokkur Samfylkingarinnar skoraði í gær á ríkisstjórn Íslands að leggja sitt af mörkum til að tillögurnar fái nauðsynlega umfjöllun á alþjóðlegum vettvangi. Það skiptir miklu máli að við, jafnt sem aðrir á Vesturlöndum, beitum okkur af alefli fyrir friði í Ísrael og Palestínu. En eins og alkunna er þá er brottkvaðning herliðs frá hernumdu svæðunum forsenda þess að friður komist á fyrir botni Miðjarðarhafs.

Ég spyr hæstv. utanrrh. hvort hann muni beita sér í þessu máli og til hvaða ráðstafana hann muni grípa.

[11:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir að það er mikið fagnaðarefni þegar fram koma tillögur í þessu stóra og viðkvæma máli þegar einhver von er til að koma hreyfingu á málin. Við höfum lýst skoðunum okkar í þessu máli. Þær hafa verið mjög skýrar. Ég hef tjáð mig um það að ég telji þessar tillögur með þeim hætti að Ísraelsmenn hljóti að taka í útrétta sáttarhönd Arabaríkjanna. Íslendingar munu beita sér, innan þeirra alþjóðastofnana sem þeir starfa að, fyrir því að haldið verði áfram að prýsta á málin.

Hingað til lands kemur sendiherra Ísraels hér á landi í byrjun marsmánaðar og mun eiga viðræður við okkur um ástandið í Ísrael. Það liggja líka fyrir heimboð til utanrrh., bæði til Ísraels og Palestínu. Verið er að kanna hvenær það geti orðið að veruleika. Það stóð til að það yrði í september sl. en gat ekki orðið af því vegna ýmissa ástæðna. Það er hins vegar í áframhaldandi athugun og við munum leggjast á sveif með öðrum Norðurlöndum með að þrýsta á að samningar hefjist á nýjan leik eins og svo mörg önnur ríki Evrópu. Með þeim hætti getum við Íslendingar best lagt okkar af mörkum til þess að skriður komist á málin.

Hins vegar er ljóst að þeir sem þarna skipta mestu máli eru að sjálfsögðu Arabaríkin og Bandaríkjamenn og ekki má gleyma Evrópusambandinu. Það eru þessir sterku aðilar sem koma til með að skipta meginmáli varðandi framhaldið fyrir utan, að sjálfsögðu, Ísraelsmenn sjálfa og Palestínumenn. Yasser Arafat, sem réttkjörinn leiðtogi Palestínumanna, verður að sjálfsögðu að standa við skuldbindingar sínar eins og aðrir.

[11:21]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var áhugavert að heyra svar hæstv. utanrrh. en mér fannst það ekki nógu afgerandi. Þetta er þýðingarmikið mál sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, tekur hér upp. Vissulega væri það sómi fyrir okkur Íslendinga ef Alþingi og stjórnvöld mundu aðhafast í málefnum Palestínu. Við, Norðurlönd og

Evrópuþjóðir, höfum öll verið sammála um að ástandið sé óviðunandi fyrir botni Miðjarðarhafs.

Góð orð hafa verið látin falla um að pressa eigi á Bandaríkin. Það hefur vakið vonir að öll þessi lönd, allir utanríkisráðherrar þeirra hafi verið sammála um það. Pressan á Bandaríkin hefur hingað til verið máttlaus. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Er ekki kominn tími til að þessar þjóðir beiti sér af hörku við stjórnvöld í Bandaríkjunum og reyni að fá stuðning þeirra við þær tillögur sem fram hafa komið og þær aðgerðir sem stjórnvöld í Evrópu hafa viljað grípa til svo að leysa megi deiluna?

Það vita allir sem vilja vita að Sharon fer sínu fram í trausti þess að Bandaríkin fari ekki gegn honum. Það hefur komið fram og verið vakin athygli á því að Bandaríkin lýsa ekki enn þá stuðningi við tillögurnar. Þau lýsa aðeins yfir að gott sé að þær hafi komið fram en afstaða þeirra er lykill að lausninni.

Herra forseti. Við erum öll sek. Við höfum horft á það í áratugi, án afskipta, að þjóð hefur verið undirokuð. Hún er núna afgirt á 220 víggirtum smásvæðum. Nú virðist hægt og sígandi eiga að tortíma þessari þjóð og það er gesturinn í landinu sem er tortímandinn. Þessu eigum við ekki að una.

[11:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vil ég taka undir hvatningu til ríkisstjórnarinnar og hæstv. utanrrh. um að beita sér í þágu friðar í Miðausturlöndum. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra, að horft er til hinna sterku aðila, Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og fleiri ríkja. Hins vegar er mikilvægt að við tölum skýrt og höfum sterka siðferðilega rödd í þessum efnum.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ályktaði um Palestínu á sunnudaginn. Þar beindum við enn á ný til ríkisstjórnar Íslands að koma á framfæri mótmælum vegna ofbeldisverka gegn varnarlausu fólki. Með leyfi forseta, segir orðrétt í ályktun VG:

„Harðnandi átök fyrir botni Miðjarðarhafsins hafa leitt til víxlverkandi ofbeldis sem bitnar á saklausum borgurum á svæðum Palestínumanna og einnig í Ísrael. Við slíkar aðstæður ber alþjóðasamfélaginu að beita sér í þágu friðar. Íslandi er skylt að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir sjálfstæðu ríki Palestínumanna, enda er það í samræmi við ályktun Alþingis um málefni Palestínu frá 1988. Þar til sjálfstætt ríki Palestínumanna er orðið að veruleika ber að tryggja palestínsku þjóðinni alþjóðlega vernd."

[11:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að íslenska ríkisstjórnin, undir forustu Halldórs Ásgrímssonar hæstv. utanrrh., hafi talað með mjög afgerandi hætti í þessu máli og látið rödd Íslands hljóma mjög sterkt, tekið harða afstöðu til málsins sem honum hefur borið að gera og gert með miklum ágætum. Starfsmenn utanrrn. fylgja hvarvetna þessari stefnu eftir. Auðvitað er það ekki gert með einhverjum básúnuhljómi eða lúðrablæstri. Það fer ekki vel á því að þjóð eins og Ísland standi þannig að málum. En þessu er fylgt mjög fast eftir, þ.e. þeim sjónarmiðum sem hæstv. utanrrh. hefur kynnt.

Hins vegar vil ég vara við ummælum af því tagi sem féllu áðan hjá hv. 4. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, þegar hún segir að það sé gesturinn í landinu sem svona hagar sér. Í þeim orðum felst væntanlega að gesturinn eigi að koma sér burtu til síns heima, hvar sem það er nú. Ef hæstv. utanrrh. talaði með þessum hætti, að Ísraelsmenn væru gestir í þessu landi og ættu að fara á brott, kannski á haf út eins og var í tísku að tala um forðum tíð, yrði ekki mikið á hann hlustað. Slík ummæli eru stórvarasöm, að tala um Ísraelsríki sem gest á þessu svæði. Hvert á gesturinn að fara fyrst svo óvarlega er talað? (**RG:** Af hernumdu svæðunum.) Nei, það er gesturinn í landinu, sagði hv. þm.

Ég heyri að þingmaðurinn hefur bersýnilega áttað sig á því að þessi orð voru afskaplega gáleysislega sögð. Ég heyri á því frammíkalli sem þarna kom að sem betur fer hefur þingmaðurinn áttað sig á því.

[11:27]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Það er mjög margt sem bendir til þess, herra forseti, að hér á hinu háa Alþingi sé þverpólitísk samstaða um stuðning við sjálfstæði Palestínu og friðarumleitanir fyrir botni Miðjarðarhafs.

Það sem er nýtt í stöðunni og mikilvægt að halda til haga í þessari umræðu er að nú virðast Arabaríkin ætla að reyna að sameinast um tillögur sem gætu leitt til friðar í Austurlöndum nær. Enn mikilvægara er því að ríkisstjórn Íslands tali enn skýrar en hún hefur þegar gert. Hún hefur talað skýrt, því skal einnig haldið til haga, en þarf að beita sér gagnvart vinaþjóðum og bandalagsþjóðum. Við þurfum að beita okkur í þessu máli ásamt Evrópusambandinu og Bandaríkjastjórn. Það liggur fyrir, herra forseti, að hæstv. utanrrh. þarf að fara þess sérstaklega á leit við stjórnvöld, bæði í Bandaríkjunum og við yfirmenn Evrópusambandsins, að þessir aðilar beiti sér fyrir því að tillögur Arabaríkjanna verði ræddar af fullri alvöru á alþjóðlegum vettvangi. Þannig getum við lagt okkar litla lóð á vogarskálarnar og stuðlað að friði í Ísrael.

[11:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Málið sem við ræðum hér er svo alvarlegt að við eigum ekki að draga það niður á plan hártogana eins og hæstv. forsrh. var með hér áðan. Það er honum ekki sæmandi að koma með þessum hætti inn í umræðuna þar sem menn eru á málefnalegum grunni og hafa málefnaleg rök að vopni, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, við að reyna að glöggva sig á því með hvaða hætti Íslendingar geti lagt sitt lóð á vogarskálarnar. Forsendan er auðvitað sú sem kemur fram í tillögu krónprinsins frá Sádi-Arabíu, um að hinn óboðni gestur dragi sig brott frá hernumdu svæðunum. Sumir hafa kallað þetta land fyrir frið.

Herra forseti. Okkur rennur blóðið til skyldunnar vegna þess að Ísland, hið litla ríki, kom að upphafi þessa máls. Íslendingar áttu stóran hlut að máli þegar Ísraelsríki var stofnað eins og við munum eftir. Við höfum þess vegna sögulegan rétt en líka sögulegar skyldur.

Mér hefur þótt hæstv. utanrrh. tala af nokkrum skörungsskap í þessu máli og ég hef yfirleitt verið ánægður með málflutning hans varðandi Palestínu. Mér hefur fundist hann taka nokkuð skýrt á því með hvaða hætti þeir hafa verið ofurliði bornir og beittir ranglæti. Mér fannst hins vegar sem hæstv. ráðherra talaði ekki nógu skýrt í þessu máli í dag. Ég er þeirrar skoðunar að miðað við þróunina sé vel við hæfi að hið háa Alþingi tjái, eins og svo oft áður, skoðun sína með einhverjum hætti. Þess vegna mun ég kanna hvort ekki sé rétt, í fyrsta lagi, að utanrmn. verði kölluð saman til þess að ræða með hvaða hætti Ísland eigi að beita rödd sinni

á alþjóðavettvangi hvað þetta mál varðar. Ég spyr í öðru lagi hvort ekki sé rétt að þingheimur sameinist um sérstaka ályktun til að styðja það frumkvæði sem komið hefur frá Sádi-Arabíu.

[11:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þingmenn hafa talað um að ekki sé talað nægilega skýrt í þessu máli og við þurfum að beita okkur af meiri krafti og aðhafast. Við höfum verið að beita okkur og munum halda áfram að beita okkur í þessu máli.

Það er hins vegar nýtt að síðustu daga hefur allt í einu kviknað ákveðin von. Tillögur arabaríkjanna kveikja von í brjósti heimsbyggðarinnar um að þarna geti á nýjan leik hafist friðarferli og við þurfum að einbeita okkur að því. Við sjáum líka að í Ísrael eru skiptar skoðanir. Það eru skiptar skoðanir innan ríkisstjórnar Ísraels. Það eru meira að segja skiptar skoðanir innan hersins og varnarmálaráðherrann þarf að leggja sig allan fram við að halda hernum saman. Þannig er alveg ljóst að stórkostlegt tækifæri hefur skapast til að koma á friðarviðræðum á nýjan leik. Við eigum að leggjast á þá sveif og munum leggjast á þá sveif.

Ég veit ekki hvernig á að tala skýrar. Ég hef áður fordæmt atferli Ísraelsmanna en ég geri mér vonir um að nú muni Ísraelsmenn snúa við blaðinu vegna þess að þarna kemur útrétt hönd. Ég sé ekki að þeir eigi neinn annan kost. Úr þeirri stöðu þarf að vinna og ég er viss um að allir friðelskandi menn í heiminum, hvort sem það er hér á Alþingi Íslendinga eða annars staðar munu leggjast á þá sveif.

[11:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Núna þótti mér kveða við annan tón í ræðu hæstv. utanrrh. Hann sagði réttilega að opnast hefði stórkostlegt sögulegt tækifæri. Hann sagði réttilega að það hefði kviknað von. Hann sagði réttilega að nú væri komið fram frumkvæði sem menn þyrftu að reyna að vinna með. Það er nákvæmlega það sem ég vildi heyra frá hæstv. utanrrh.

Þegar hæstv. ráðherra kemur og spyr hvernig hægt sé að tala skýrar þá svara ég: Það er hægt að tala skýrar með því að segja hvernig hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn Íslands ætla að beita áhrifum sínum á alþjóðavettvangi til þess að styrkja þetta frumkvæði.

Það vill svo til að hæstv. forsrh. hefur mörgum sinnum lýst því hversu góð tengsl forusta ríkisstjórnarinnar hefur t.d. við háttsetta áhrifamenn í Evrópusambandinu. Væri ekki ráð að hæstv. forsrh. sem oftar en ekki hefur sýnt áhuga sinn á utanríkismálum, jafnvel í þeim mæli að sumum hefur þótt nóg um, notfæri sér þessi tengsl til þess að leggja áherslu á þessar skoðanir sem sá sem mótar utanríkisstefnu íslenska ríkisins, hæstv. utanrrh., tjáir okkur hér.

Er það ekki svo, herra forseti, að Ísland hefur sérstök tengsl við Bandaríkin í krafti aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamnings við Bandaríkin? Að sjálfsögðu. Við vitum af reynslu að við náum eyra Bandaríkjamanna betur heldur en margar stærri þjóðir. Hvernig væri, herra forseti, að hvísla nú í það eyra þeim skoðunum sem við höfum á þessum málum?

Herra forseti. Þingsköpum samkvæmt á utanrmn. að vera hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn til ráðuneytis um hvernig við fylgjum fram stefnu okkar á alþjóðavettvangi. Ég held að það sé einboðið að stjórnarandstaðan óski eftir því að þau ráð komi fram ríkisstjórninni til liðsinnis, að utanrmn. verði kvödd og hæstv. utanrrh. líka til fundar til að hægt sé að leggja saman höfuð um hvernig hægt verði að styðja þetta frumkvæði.

[11:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta var nú meira galgopatalið um alvarlegt mál og merkilegt, að menn geti ekki komið sér hjá því að tala um jafnalvarlegt mál með öðrum hætti en galgopahætti af því tagi sem hér var um að ræða.

Auðvitað vekur það sérstaka athygli varðandi Ísland, ef menn hefðu einhvern minnsta snefil af vitsmunum eða þekkingu á utanríkisstefnu Íslendinga fyrr og síðar, þá vekur það mestu athygli að hæstv. utanrrh. skuli tala með þeim hætti sem hann gerir með stuðning allrar ríkisstjórnarinnar á bak við sig vegna þess að ríkisstjórn Íslands hefur gegnum tíðina viljað styðja fast og hart við bakið á Ísrael. Að Ísrael hefur verið þrengt. Ísland á forsögu, langa sögu, langt samstarf og hefur lengi stutt Ísraelsríki. Þess vegna er eftir því tekið þegar hæstv. utanrrh., ekki með neinum hávaða eða hrópum eins og sumir virðast kalla eftir, lætur í ljósi efasemdir frá Íslands hlið um framgöngu þessa vinaríkis okkar, Ísraels.

Menn taka eftir því að þetta ríki, Ísland, sem jafnan og ætíð hefur stutt fast við bakið á Ísrael, að meira að segja það og talsmaður ríkisins í þessum málaflokki talar með þeim hætti sem íslenski utanrrh. gerir. Eftir því er tekið. Það þarf ekkert að hvísla í eyru manna um slíka hluti. Með þessu er fylgst af þeim þjóðum sem í hlut eiga. Evrópusambandið hefur verið á réttu róli í þessum málum. Við þurfum ekki að koma því á neitt spor. Það hefur algerlega verið á réttu róli í þessum málum og Javier Solana hefur fylgt málinu fram með mjög kröftugum hætti. Þeir þurfa ekkert á okkar aðstoð að halda enda á réttri leið. Menn mega ekki tala hérna eins og þeir séu í menntaskóla, með galgopahætti um þessi mál í þingsalnum.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 563. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 883.

[11:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Árið 1997 var lögfest það skilyrði í lögum um lögskráningu sjómanna að til að fá lögskráningu yrði viðkomandi að hafa sótt námskeið í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum sambærilegum viðurkenndum aðila. Jafnframt var sett ákvæði til bráðabirgða þar sem veittur var frestur til að gefa mönnum tíma til að sækja slíkt námskeið. Þessi frestur hefur verið framlengdur í tvígang. Reynslan er sú að menn hafa frestað því að sækja námskeið á meðan lögin veittu svigrúm til þess.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að sá sem sækir um lögskráningu og hefur ekki sótt tilskilið öryggisfræðslunámskeið fái einn frest fram að þeim tíma sem hann er skráður á námskeið. Sæki hann ekki það námskeið sem honum hefur verið úthlutað fær hann ekki lögskráningu eftir það tímamark fyrr en hann hefur lokið námskeiðinu.

Frv. er unnið í samráði við hagsmunasamtök sjómanna og útgerðarmanna, skólastjóra Slysavaraskóla sjómanna og

Siglingastofnun Íslands. Í frv. er gert ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands veiti undanþágur samkvæmt lögum þessum og annist jafnframt eftirlit með því að þeim sé framfylgt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[11:39]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur hér í umboði samgrh. flutt mál sem ég held að ekki þurfi að eyða miklum tíma í að ræða. Mér sýnist þetta sjálfsagt mál og eiga að fá hálfgerða hraðferð í gegnum hv. samgn. sem ég sit í ásamt öðrum.

Hér á að festa í lög, réttara sagt verið að þrengja það svigrúm sem hefur verið í lögum um það að veita skipverjum sem sækja um lögskráningu á skip undanþágu frá að sækja öryggisfræðslunámskeið. Ég held að það sé af hinu góða.

Það kemur fram í athugasemdum með frv. að menn hafi nýtt þessa fersti mjög mikið og fram kemur að nokkur námskeið hafi fallið niður vegna þess að sjómenn hafi ekki sótt þau námskeið. Það kemur fram að ekki hafi tekist að fylla hátt í 200 námskeiðspláss frá ársbyrjun 2000 til loka mars 2001. Ég held að það segi allt sem segja þarf um þetta en hér er sem sagt þrengt að þessu, þ.e. að þeir sem sækja um lögskráningu en hafa ekki farið í Slysavarnaskóla sjómanna fái ekki lögskráningu nema þeir hafi fast námskeiðspláss.

Sá frestur sem hefur verið í lögunum hefur gert það að verkum að námskeið hafa verið illa sótt en núna þegar lögskráningarmenn eru farnir að ganga eftir þessu hlaðast biðlistar upp í Slysavarnaskóla sjómanna. Nú er því svo komið að verið er að skrá nemendur á námskeiði í desember eins og kemur fram í athugasemdum. Einnig er verið að jafna mun á milli þeirra sem eru að hefja sjómennsku eða koma aftur til þeirra starfa og hinna sem eru á sjó í dag.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan held ég að ekki þurfi að ræða þetta frv. mjög mikið. Hins vegar blandast óneitanlega inn í þetta mál, vegna þess að við höfum auðvitað heyrt af sjómönnum sem hafa lent í skipsskaða, að við höfum heyrt sjómenn lýsa því hvernig Slysavarnaskóli sjómanna og sá lærdómur sem þeir fengu í þeim skóla hafi bjargað lífi þeirra. Það hefur sannarlega komið oft fram að í slysavarnaskólanum læra menn mjög mikið, t.d. um þyrlubjörgun, eldvarnir, flotbúninga o.s.frv.

Í velflestum tilfellum er það sennilega útgerðin sem hefur borgað þessi námskeið sem taka 5–6 daga. Mér er ekki kunnugt um hve hátt gjaldið er en vonandi munu Slysavarnaskóli sjómanna og gamla Akraborgin fara um landið og halda námskeiðin á viðkomandi svæðum. Þannig verður sjómönnum gert kleift að halda sig í sinni heimabyggð eða í námunda við heimabyggð sína meðan þeir sækja námskeiðið.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan blandast ýmis fleiri mál inn í þetta, t.d. þeir skipskaðar sem hafa orðið að undanförnu. Umræða um tilkynningarskyldu hefur einnig farið hátt að undanförnu en ég ætla ekki að fjalla um þau atriði hér.

Án þess að hafa verið búinn að skoða þetta mál mjög vel held ég, með smáfyrirvara, að hv. samgn. eigi ekki að þurfa að taka langan tíma í það.

[11:43]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er þarft mál á ferðinni. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller, að það ætti ekki að taka langan tíma hjá hv. samgn. að afgreiða þetta mál. Ég átti því láni að fagna í jólahléi Alþingis að fara á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna.

Þannig háttaði til að þar voru skráðir 16 aðilar. Ég hafði orð á því við skólastjóra Slysavarnaskólans að ég væri þá ekki að taka pláss frá öðrum. Talað var um að ég yrði þá yfirskips ef svo bæri undir en það gerðist að af þeim 16 sem þá voru búnir að bóka sig á námskeiðið mættu aðeins 14. Það sýnir í hversu miklum vanda menn hafa verið. Í þessu máli var ekki fastar tekið á málum en raun bar vitni og þess vegna gerðist þetta æ ofan í æ eins og hér hefur komið fram og kemur fram í greinargerðinni að sjómenn voru eitthvað að lufsast við að mæta á þessi námskeið af því að þeir áttu undanskotsleið. En nú hefur þetta verið fest svo í sessi að nánast hvert rými er upptekið fram í desember.

Þess vegna er eðlilegt að tekið sé á þessu og enn fremur, eins og hér kemur fram, áttu þeir nýliðar sem voru að stíga í fyrsta skipti á skipsfjöl möguleika á undanþágu frá því að fara í skólann. Þeir sem hins vegar höfðu verið til sjós í áraraðir áður en höfðu verið í landi ákveðinn tíma áttu ekki möguleika á slíkum fresti sem nýliðarnir. Hér er það leiðrétt og lagað.

Ég vildi aðeins taka fram, í framhaldi af því sem hv. þm. Kristján Möller kom inn á varðandi þau sjóslys sem mikið hafa verið í umræðunni, að ég mun sem formaður samgn. beita mér fyrir því að á næsta fund hv. samgn. verði kallaðir til okkar þeir aðilar sem hafa fjallað um og sýslað með sjálfvirka tilkynningarskyldu og jafnframt þeir sem eru í hvers konar þjónustu við eða móttöku hjá neyðarlínu, loftskeytastöðvum o.s.frv. Ég held að það sé full ástæða til að hv. samgn. kanni af eigin rammleik hvernig á þessu máli er haldið. Ég held að það sé ekki eðlilegt, varðandi þessa sjálfvirku tilkynningarskyldu, að menn séu farnir að hugsa um að leita einhverra annarra leiða í sjálfvirkum tilkynningarskyldubúnaði heldur en þess sem lögfestur hefur verið. Það er full ástæða til að þetta mál verði skoðað í heild sinni og það munum við gera í hv. samgn.

[11:46]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna kveður á um að styrkja enn frekar lagastoð fyrir því að sjómenn sæki tilskilin námskeið sem sérstaklega lúta að öryggisfræðslu vegna vinnu á sjó. Þetta er hið besta mál og Alþingi er að sjálfsögðu skylt að tryggja með lögum sem bestan grunn fyrir því að fræðsla og þekking um öryggismál sjómanna sé sem best og öruggust, þannig að hafi þótt vankantar á þeim lögum sem um það gilda nú, þá er alveg sjálfsagt að flýta fyrir því að þar verði bætt úr. Mér finnst þó mikilvægt að í meðferð málsins verði skoðað hvers vegna þetta hefur ekki gengið upp með þeim hætti sem vænst hafði verið. Í grg. með frv. er rakið að sjómenn og þeir sem hefðu átt að sækja þessi námskeið hafi ekki gert það eða skráð sig af námskeiðunum og þetta hafi ekki gengið eftir með þeim hætti sem við hafði verið búist.

Það hlýtur líka að þurfa að skoða hvers vegna það er. Það er ekki nóg að setja lög um að gera það skylt. Það verður líka að kanna hvers vegna þetta gekk ekki upp eins og vænst var, því að ég hef þá trú og þykist þess fullviss þar sem ég þekki til, að sjómenn vilja í sjálfu sér fyrstir manna standa sem best að þekkingu og færni í öryggismálum á sjó. Mér finnst þurfa að skoða og kanna framkvæmdina og hvað hefur brugðist í þeirri framkvæmd sem er hvatinn að því að hér er aukin lagaskylda til að sækja þessi námskeið. Er það vegna þess að

Slysavarnaskóli sjómanna hefur ekki fjármagn, búnað eða aðstöðu til að reka þetta mál nægilega vel og með öruggum hætti? Er þetta vegna þess að of mikill kostnaður leggst á sjómenn í formi beins námskostnaðar og ferðakostnaðar og vinnutaps? Mér finnst afar mikilvægt að farið sé í gegnum alla þá þætti sem hafa áhrif á og tryggja að þetta geti gengið upp eins og til er vænst.

Ég legg áherslu á að sjálfsagt er að hraða þessu máli en það sé unnið í nánu samráði við sjómenn og þá hagsmunaaðila sem hér koma að, auk Slysavarnaskóla sjómanna og þegar gengið verði endanlega frá þessum lögum, þá sé það tryggt að þarna sé verið að skapa betri umgjörð.

Ég dreg enga dul á þá skoðun mína að í þessum atriðum gagnvart einum mikilvægasta atvinnuvegi landsmanna sem byggir á sjómennsku sé mjög mikilvægt að kostnaður og aðrir slíkir mikilvægir grunnþættir í framkvæmdinni sé sameiginlegur af þjóðinni allri og eigi ekki að verða til þess að hamla starfi og öryggisfræðslu, ekki síst á þessum sviðum. Ég veit ekki hvort svo sé í þessu tilviki en mikilvægt er að það sé tryggt. Það legg ég áherslu á, virðulegi forseti, jafnframt því sem ég á sæti í hv. samgn. og mun að sjálfsögðu stuðla að því að málið fái bæði ítarlega og góða framgang í gegnum nefndina eftir slíka efnislega meðferð.

[11:50]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta inn í og þakka hv. formanni samgn., Guðmundi Hallvarðssyni, fyrir skjót viðbrögð. Við ræddum í morgun um þessi mál sem hafa verið mikið í umfjöllun, sjálfvirku tilkynningarskylduna og það allt saman. Út af skipsskaðanum síðasta við Vestmannaeyjar þá þarf hv. samgn. að taka á því máli. Ég þakka formanni fyrir að bregðast svo skjótt við og vænti þess að fundur verði boðaður sem allra fyrst og tekið á málinu og aðilar kallaðir til.

Ég vil geta þess að ég tel að fara þurfi yfir ýmis fleiri mál og segja frá því að sl. sumar þegar Una í Garði fórst fyrir norðan land, þá gerðist þar ýmislegt sem sýndi brotalamir í kerfinu. Það var greinilegt að björgunarbátur t.d. á Siglufirði, björgunarsveitin þar var ekki kölluð út og skip, rækjutogarar og aðrir sem voru í námunda við slysstað vissu ekki af því. Það var ýmislegt skulum við segja óheppilegt sem gerðist sem full ástæða er til að ræða um. Ég óskaði þá strax eftir fundi í samgn. til að ræða það mál en málið féll niður út af öðrum ástæðum, millibilsástandi sem var í samgn. Ég tel, herra forseti, að það þurfi að fara í gegnum þetta vegna þess að ég minnist þess þegar ég, nýorðinn þingmaður, var boðaður til að mæta niður í Slysavarnahús þegar sjálfvirka tilkynningarskyldan var formlega tekin í notkun, hvað ég var ákaflega stoltur sem Íslendingur yfir því kerfi sem við værum að búa til og hvað þetta væri mikið öryggiskerfi fyrir sjómenn. En svo virðist vera sem einhverjar brotalamir séu í því kerfi, vonandi byrjunarörðugleikar sem rétt er að fara yfir. Ég vildi rétt í lokin segja að ég held að þetta þurfi að ræða í hv. samgn. og vona að það verði gert og tel að við samgöngunefndarmenn allir munum flýta okkur að finna tíma til að sá fundur geti orðið sem allra fyrst.

Ég vil líka skjóta því að að ég mun óska eftir því að ýmsir aðilar sem vinna að björgunarmálum á landsbyggðinni verði kallaðir til þess fundar til að ræða björgunarmál og sérstaklega þar sem ég veit um menn sem hafa geysilega margt fram að færa varðandi sjóslysið fyrir norðan land síðasta sumar sem ég gerði að umræðuefni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vísinda- og tækniráð, 1. umr.

Stjfrv., 539. mál. — Þskj. 844.

og

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, 1. umr.

Stjfrv., 549. mál. — Þskj. 857.

og

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun, 1. umr.

Stjfrv., 553. mál. — Þskj. 868.

[11:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Vísinda- og tækniráð sem er eitt þriggja lagafrumvarpa sem ríkisstjórnin flytur um nýskipan mála á sviði vísinda, rannsókna og tækniþróunar. Auk þessa frv. er um að ræða frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sem hæstv. menntmrh. flytur og frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins sem hæstv. iðnrh. flytur en mál þessi verða rædd saman eins og kom fram í ákvörðun hæstv. forseta.

Í samræmi við ákvæði í lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994, hefur endurskoðun þeirra staðið yfir að undanförnu í samráði við ýmsa þá sem gerst þekkja til starfsemi þess og þeirra breytinga sem orðið hafa á rannsóknarumhverfinu á síðustu árum. Niðurstaða þessarar endurskoðunar liggur nú fyrir og felur í sér tillögur um að verulegar breytingar verði gerðar á stjórnskipulagi Rannsóknarráðs og tengdrar starfsemi. Ábyrgð á málum rannsókna og þróunar í þágu atvinnulífsins hefur um langt skeið hvílt á herðum einstakra fagráðuneyta að mestu án heildarsamræmingar þar á milli. Rannsóknarráði Íslands var þó falið að gegna ákveðnu samræmingarhlutverki á sínu sviði eftir að Rannsóknaráð ríkisins og vísindaráð voru sameinuð í því árið 1994 og hefur í því skyni annast ýmis alþjóðatengsl, safnað upplýsingum um framlög til rannsókna og lagt áherslu á samstarf opinberra rannsóknastofnana, háskóla og atvinnulífs.

Með hliðsjón af þeirri reynslu, alþjóðlegri þróun og vaxandi mikilvægi þessa málaflokks þykir nú tímabært að færa samræmda umfjöllun um málefni vísinda og tækni á efri stig stjórnsýslunar. Ljóst er að framlög atvinnulífsins til rannsókna fara ört vaxandi og jafnframt eykst metnaður vísindasamfélagsins í réttu hlutfalli við góðan árangur þess. Þótt framlög ríkisins til mennta- og vísindamála hafi lengst af verið hlutfallslega mikil miðað við framlög atvinnuveganna

má nú búast við að kröfur til stjórnvalda um aukin framlög til vísinda og tækni og til stuðnings við nýsköpun aukist á næstu árum. Því verður æ mikilvægara að ákvarðanir séu teknar með heildarsýn í fyrirrúmi á grundvelli stefnu sem mörkuð er af stjórnvöldum. Taka þarf mið af þörfum sem varða starfssvið margra ráðuneyta því vísindaframfarir og ný þekking nýtist þvert á þá skipan. Ljóst er að skipan opinberra rannsóknastofnana þarfnast endurskoðunar og örar breytingar eru að verða á verkaskiptingu milli opinberra aðila og einkageirans á sviði rannsókna og þróunar um þessar mundir. Þá breytast viðhorf á sviði vísinda og tækni sem og atvinnulífsins mjög hratt og mikilvægt að stjórnvöld séu vel upplýst og í aðstöðu til að bregðast við með breyttum áherslum.

Aukin samkeppni, breyttar aðstæður og ytri skilyrði gera kröfu til þess að fjármunir sem varið er til vísindarannsókna og tækniþróunar séu nýttir á markvissari hátt en áður og dugi til að ryðja nýrri þekkingu braut. Með markvissri stefnumótun, aukinni samvinnu og samhæfingu rannsóknastofnana og skýrri verkaskiptingu þeirra er hægt að nýta betur opinbert fjármagn sem rennur til rannsókna og þróunar og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Jafnfram er mikilvægt að stefna í vísindum, rannsóknum og þróun setji ótvíræðan svip á almenna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum, enda getur verið erfitt fyrir Ísland að halda stöðu sinni í fremstu röð þjóða nema málaflokkurinn fái þann sess sem honum ber í stefnumótun stjórnvalda hverju sinni.

Í samræmi við þessi markmið fela tillögur ríkisstjórnarinnar það í sér að stefnumótun á sviði vísinda, rannsókna- og tækniþróunar verði í höndum sérstaks Vísinda- og tækniráðs. Til að tryggja starfsemi þess, þá pólitísku athygli sem viðfangsefnið verðskuldar, er lagt til að fjórir ráðherrar eigi þar föst sæti en auk þeirra verði ráðið skipað 14 fulltrúum tilnefndum af stjórnvöldum, samtökum í atvinnulífinu og vísindasamfélaginu. Gert er ráð fyrir að þessir fulltrúar skipti síðan með sér verkum á þann hátt að helmingur þeirra taki sæti í vísindanefnd og annar helmingur í tækninefnd sem undirbúi stefnumótun og starfsemi ráðsins. Er sú verkaskipting jafnframt í samræmi við þá tilhögun sem frv. tvö gera ráð fyrir, frv. tvö sem hæstv. ráðherrar munu kynna hér á eftir, en hún felst í meginatriðum í því að undir menntmrn. heyri opinber stuðningur við vísindarannsóknir, en undir iðnrn. opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Í því skyni gerir frv. menntmrh. ráð fyrir að á hans vegum verði starfræktur Rannsóknasjóður sem ætlað er að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir en frv. iðnrh. að starfræktur verði Tækniþróunarsjóður til að styrkja tækniþróun og nýsköpun. Hvorum sjóðnum um sig er aftur ætlað að starfa í samræmi við þá stefnu sem mótuð verður af Vísinda- og tækniráði sem jafnframt er ætlað að tryggja nauðsynlega samhæfingu í starfi sjóðanna.

Mun ég þá, herra forseti, víkja stuttlega að einstökum greinum frv. eftir því sem þörf er á en vísa að öðru leyti til athugasemda sem með frv. fylgja.

Í 1. gr. frv. er mælt fyrir um þau markmið sem stefnumótun Vísinda- og tækniráðs skv. 2. gr. og undirbúningur hennar í vísindanefnd og tækninefnd hlýtur að taka mið af. Stefnumótun á þessu sviði varðar starfsemi opinberra rannsóknastofnana og opinberra úthlutunarsjóða, áherslur á sviði vísinda og tækni, þar með talið vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun. Þannig er gert ráð fyrir að umfjöllun ráðsins taki til almennrar þróunar á sviði vísinda og tækni og samhæfingar opinberra stofnana á sviði vísindarannsókna, aðgerða sem miða að þróun tækni og aukinnar nýtingar hennar og skiptingar fjármuna ríkisins til vísinda- og tæknimála. Í 3. gr. er mælt fyrir um skipan Vísinda- og tækniráðs og í 4. gr. um skipan vísindanefndar og tækninefndar. Loks er í 5. gr. gert ráð fyrir að viðeigandi ráðherrum verði heimilað að mæla nánar fyrir um starfsemi ráðsins og nefndanna með reglugerðum, enda er frv. sjálft fáyrt um starfshætti þeirra.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. að svo stöddu, herra forseti, enda er það einfalt í eðli sínu en vænti þess að menntmrh. og iðnrh. geri ítarlega grein fyrir öðrum breytingum hvor á sínu sviði.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[12:02]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða fyrir þeirri skipan vísinda og rannsókna sem hér hefur verið mælt fyrir og felur í sér m.a. aukna aðkomu ráðherra og stjórnmálamanna er ekki síst rakin til þess í greinargerðum þeirra frumvarpa sem hér liggja fyrir að hefðbundin skil milli atvinnugreina séu að hverfa með tilkomu nýrrar þekkingar og nýrra atvinnugreina sem byggja á þeirri þekkingu.

Vísindamenn og ýmsir fleiri hafa líka bent á að stofnanakerfi atvinnulífsins þarfnist endurskoðunar vegna þess að skipulag eftir hefðbundnum atvinnuvegasviðum og skipting í ráðuneyti sé ekki sérstaklega hagkvæm lengur. Mig langar þess vegna til að spyrja hæstv. forsrh. sem er með fyrirsvar í þessum málum hvort fyrirhugað sé að endurskoða skipulag Stjórnarráðsins á sömu forsendum og hér er verið að huga að skipulagningu vísinda- og rannsóknasamfélagsins. Mér sýnist að sömu rök eigi við og ég veit að hæstv. forsrh. þekkir þá umræðu sem aftur og aftur fer hér fram um það hvað t.d. þau mál sem koma til atvinnuveganefnda þingsins og þá væntanlega atvinnuvegaráðuneytanna einnig hafa orðið á mörgum sviðum mikla skörun, ekki síst þegar um nýjar atvinnugreinar er að ræða. En spurningin er sem sagt þessi: Er verið að endurskoða skipulag Stjórnarráðsins með sambærilegum rökum og menn eru hér að fara í breytingar á vísinda- og rannsóknarsamfélaginu?

[12:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kom við stjórnarmyndun og í niðurstöðum stjórnarmyndunarviðræðna 1999 að ríkisstjórnin og forráðamenn stjórnarflokkanna teldu nauðsynlegt að fara yfir skipulag Stjórnarráðsins, skiptingu þess í ráðuneyti og að því hefur nokkuð verið unnið innan forsrn. Sennilegast verður þó að við það verði miðað að þær tillögur geti legið fyrir við þinglok fyrir næstu kosningar en ekki verði gerð stökkbreyting eða uppstokkun á ráðuneytunum í samræmi við þær tillögur sem menn eru að vinna að fyrr en dregur að lokum kjörtímabilsins af ýmsum ástæðum sem ég hygg að skýri sig flestar sjálfar.

[12:05]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna þeim svörum sem hér hafa komið fram, að menn horfi á þetta í þessu stóra samhengi. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að við horfum til þess hvernig við skipum málum okkar á vegum Stjórnarráðsins, í ráðuneyti og stjórnarstofnanir með tilliti til

þeirra breytinga sem eru að verða. Eins og ég sagði áðan hefur það margoft verið rætt hér hver skörun er gjarnan á milli atvinnuvegaráðuneytanna ekki síst, þar sem nýjar atvinnugreinar eru nánast heimilislausar og menn eru að vandræðast með þær og verkefni nefnda þingsins skarast líka.

Þó að ég tali svona um uppstokkun ráðuneytanna, herra forseti, sem mér hefur lengi þótt brýn, þá er ekki þar með sagt að ég sé að leggja blessun mína yfir þær breytingar á vísinda- og rannsóknasamfélaginu sem hér á að fara að ræða. Ég rak einfaldlega augun í það að þessi rök eru notuð en ég er ekki viss um að sú niðurstaða sé rétt sem hæstv. ríkisstjórn virðist hafa komist að en það ræðum við síðar í umræðunni.

[12:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og er það hluti af þeim frumvörpum sem við, þrír ráðherrar, flytjum í tilefni af nýskipan á vísinda- og tækniskipulagi á vegum ríkisstjórnarinnar.

Þetta mál hefur verið lengi á döfinni og það eru um tvö ár síðan ég hóf umræður um þetta á vettvangi Rannsóknarráðs Íslands innan vísindasamfélagsins og eftir því sem málið hefur verið meira rætt, þeim mun meiri stuðningur hefur orðið við þá skipan sem hér er lögð til. Hún á rætur í rannsóknum sem voru gerðar í upphafi síðasta áratugar. Eins og menn sjá á greinargerð frv. til laga um Vísinda- og tækniráð sem hæstv. forsrh. flytur, þá var það þegar árið 1992 sem fram komu ábendingar frá OECD þess efnis að skynsamlegt væri fyrir Íslendinga að sameina kraftana við stefnumótun með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. til laga um Vísinda- og tækniráð. Það skref var ekki stigið með breytingum á lögum um Rannsóknaráð ríkisins og vísindaráðs árið 1994 en er stigið núna því að ljóst er að vilji Íslendingar njóta sín sem framsækin þjóð í þekkingarsamfélaginu og á alþjóðavettvangi, þá er nauðsynlegt hér eins og annars staðar að laga starfsumhverfi slíkra stofnana að breyttum aðstæðum.

Ég tel ákaflega mikilvægt að þessi frv. komi fram og að þau endurspegli þá þróun sem hefur orðið í íslenska þekkingarþjóðfélaginu og séu til marks um það að ríkisstjórnin leggur megináherslu á að þessir þættir setji svip sinn á þróun efnahags- og atvinnulífs þjóðarinnar.

Frv. sem ég flyt er um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Markmið frv. og laganna ef frv. verður samþykkt er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleik og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir í landinu. Þegar litið er til nýmæla frv. þá er lagt til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands. Stjórn Rannsóknasjóðs tekur við hlutverki því sem úthlutunarnefndir höfðu áður og þá er lagt til að Tækjasjóður taki við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum. Einnig er lagt til að þjónustumiðstöð vísindarannsókna taki við meginhluta þeirrar starfsemi sem nú er unnin af skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands samkvæmt þessum sömu lögum. Hins vegar er lagt til að Rannsóknarnámssjóður starfi áfram.

Rannsóknasjóður hinn nýi mun gegna lykilhlutverki varðandi styrkveitingar til vísindarannsókna, bæði grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Sjóðurinn mun styrkja rannsóknir samkvæmt skýrum kröfum um vísindalegan framgang, birtingu og skil á vísindalegum niðurstöðum hvort sem tilgangur er hagnýtur eða ekki. Hin óþörfu mörk milli sjóðanna sem hindrað hafa samanburð umsókna vegna mismunandi uppruna þeirra munu hverfa. Áhersla verður lögð á að rannsóknir séu styrktar eftir gæðum sem metin verða samkvæmt faglegum kröfum á viðkomandi sviði. Með þessu er verið að tryggja að sambærileg viðmið gildi við mat á umsóknum um styrki hvort sem um er að ræða grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir.

Þá er gert ráð fyrir að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs. Lagt er til að hlutverk Tækjasjóðs verði að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Það er nýlunda í þessu frv. að sömu aðilar sitji í stjórn Rannsóknasjóðs og stjórn Tækjasjóðs og úthluti styrkjum á þann hátt sem hér er lagt til. Með því að hafa sömu stjórn í báðum sjóðunum er leitast við að samþætta úthlutanir Tækjasjóðs við úthlutanir úr Rannsóknasjóði.

Í frv. er gert ráð fyrir að Rannsóknarnámssjóður styrki rannsóknatengt framhaldsnáms til meistara- og doktorsgráðu við íslenska skóla á háskólastigi sem bjóða framhaldsnám og stunda vísindalegar rannsóknir. Gert er ráð fyrir að einungis nemendur sem stunda framhaldsnám við íslenska háskóla geti fengið styrk úr sjóðnum. Þetta er nýlunda. Í núverandi reglum um Rannsóknarnámssjóð nr. 974/2000 er unnt fyrir nemanda að fá styrk úr sjóðnum þó hann stundi nám í erlendum háskóla svo framarlega sem rannsóknarverkefnin fjalli um íslenskt viðfangsefni. Framboð framhaldsnáms í háskólum hér á landi hefur aukist mjög frá því að Rannsóknarnámssjóðurinn var settur á fót árið 1995 og mun fleiri stunda framhaldsnám hérlendis en áður. Mikilvægt er að styrkir Rannsóknarnámssjóðs nýtist til að efla framhaldsnám á Íslandi. Þessi skilyrði hindra ekki að nemendur geti tekið hluta af námi sínu við erlenda háskóla, enda sé nemandinn skráður í háskóla hér á landi. Menn sjá það t.d. á grein í Morgunblaðinu í dag hve hlutur framhaldsnáms hefur stóraukist hér á landi á undanförnum missirum og þar hefur orðið gjörbreyting og frv. tekur mið af því. Að sjálfsögðu er um álitamál að ræða þegar hugað er að því hvernig staðið er að styrkveitingum að þessu leyti en ég tel að það markmið og sá rammi sem hér er skilgreindur sé í góðu samræmi við þá þróun sem hefur verið hér á landi. Hitt þarf að sjálfsögðu að hafa í huga og er markmið í sjálfu sér að auðvelda Íslendingum að stunda framhaldsnám við alþjóðlegar háskólastofnanir eins og tíðkast hefur lengi og skilað hefur góðri raun en við verðum að haga skipulaginu í samræmi við þróunina og taka þá mið af því umhverfi sem við viljum skapa í kringum íslenska háskóla því að þeir sem stunda framhaldsnám og rannsóknarnám í háskólum erlendis eiga yfirleitt greiðan aðgang að styrkjum þar með sama hætti og hér eru veittir styrkir til rannsókna og framhaldsnáms við íslenska háskóla. Hafa verður þetta umhverfi í huga. Við erum að skapa sambærilegt umhverfi í kringum háskólastigið á Íslandi og menn hafa skapað erlendis með framhalds- og rannsóknarstyrkjum við skóla erlendis sem Íslendingar geta að sjálfsögðu notið eins og aðrir sem stunda slíkt nám í slíkum menntastofnunum erlendis. Nauðsynlegt er að líta til þessa þegar menn velta þessu fyrir sér en að sjálfsögðu er um nýmæli að ræða sem sjálfsagt er að ræða. Hv. menntmn. mun vafalaust kynna sér mismunandi sjónarmið varðandi þetta en við töldum skynsamlegt að leggja frv. fram með þeirri áherslu sérstaklega til að undirstrika mikilvægi þess

að standa vel að framhalds- og rannsóknarnámi við íslenska háskóla.

Samkvæmt frv. tekur þjónustumiðstöð vísindarannsókna að mestu leyti við hlutverki núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands en tekur þó ekki þátt í stefnumótunarstarfi Vísinda- og tækniráðs á annan hátt en að veita ráðgjöf og upplýsingar sé eftir því óskað. Er það í samræmi við markmið endurskoðunar á lögum nr. 61/1994 sem byggist á því að skýrari mörk verði dregin á milli stefnumótunar á sviði rannsókna annars vegar og úthlutunar styrkja og þjónustu við rannsóknaraðila hins vegar. Munu menntmrn. og iðnrn. því annast umsýslu fyrir vísindanefnd og tækninefnd, svo sem að annast undirbúning og boðun funda og ritun fundargerða.

Ég vil að lokum, herra forseti, aðeins geta þess varðandi þann þátt því menn hafa talið, og því hefur verið slegið fram án þess að fyrir því séu nokkur rök, að í þeirri nýskipan sem verið er að taka upp hér sé verið að auka íhlutunarvald stjórnmálamanna inn á hinn faglega þátt við úthlutun á styrkjum og öðru slíku. Svo er alls ekki því að eins og menn sjá þegar þeir lesa 4. og 5. gr. frv. þá er ítarlega fjallað um það hvernig komið er að því að úthluta styrkjum og einnig eru þar ákvæði um fagráð sem eiga að koma að því að gera tillögur um úthlutun úr styrkjum. Það er því ekki verið að seilast af hálfu stjórnmálamanna eða annarra aðila inn á styrkveitingarnar sjálfar heldur er markmiðið með þeirri pólitísku stefnumótun sem gert er ráð fyrir að þessari mikilvægu starfsemi og sívaxandi starfsemi sé skapaður sá sess innan efnahags- og atvinnukerfis þjóðarinnar sem nauðsynlegur er til að slík starfsemi nái að vaxa og dafna enn frekar.

Með þessum orðum, herra forseti, legg ég frv. fram og óska eftir því að eftir umræðuna verði því vísað til hv. menntmn.

[12:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra lýsti hér nýstárlegu umhverfi rannsókna sem tengjast doktors- og meistaraprófsnámi. Ég ætla ekki á þessu stigi að lýsa því yfir að ég sé honum sammála um það. Það má deila um það fyrirkomulag. Ég áskil mér rétt til að vera það á síðari stigum málsins. En mig langar þá til þess að spyrja hann: Leiðir þá ekki af sjálfri röksemdafærslu hæstv. ráðherra að erlendir námsmenn við Háskóla Íslands muni vera jafnvígir til styrkveitinga og íslenskir námsmenn? Ég tel að það sé óhjákvæmilegt miðað við röksemdafærslu hæstv. ráðherra en vildi gjarnan heyra hann útfæra það nánar.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann beita sér fyrir því að ná því markmiði sem lýst er í 1. gr. frv. um að styrkja grunnrannsóknir? Ég er þeirrar skoðunar að það sé ákaflega farsælt fyrir framvindu þjóðarhags hjá sérhverri þjóð til langs tíma að styrkja grunnrannsóknir en þær verða jafnan í hættu á að verða út undan. Í þeim frv. sem liggja hérna fyrir er öll megináherslan lögð á svokallaðar hagnýtar rannsóknir. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig telur hann að verið sé að styrkja grunnrannsóknir sérstaklega í þessu frv. og frumvörpum?

Í þriðja lagi: Hyggst hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin beita sér fyrir því að þessari breytingu fylgi aukið fjármagn? Hvergi í þessum frv. sé ég merki um aukið fjármagn. Víða er þó bent á að mikill hagvöxtur þjóða eins og Íra og Finna helgist af auknum fjárfestingum í rannsóknum.

Í fjórða lagi: Í framhaldi af athyglisverðum yfirlýsingum hæstv. forsrh. áðan um uppstokkun á verkaskiptingu Stjórnarráðsins spyr ég hæstv. menntmrh.: Telur hann ekki þörf á því að kanna rækilega svipaða uppstokkun á rannsóknastofnunum innan lands?

[12:18]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessar fyrirspurnir. Varðandi erlenda námsmenn hér á landi þá lít ég þannig á að þeir standi að sjálfsögðu jafnfætis íslenskum námsmönnum. Við erum í alþjóðlegri samkeppni. Við erum í alþjóðlegu umhverfi og okkur ber skylda til þess að mismuna ekki námsmönnum eftir uppruna ef þannig má að orði komast, eða þjóðerni. Það er akkur fyrir íslenska vísindastarfsemi að fá hingað frábæra og góða erlenda vísindamenn eins og við sjáum t.d. hjá fyrirtæki eins og Íslenskri erfðagreiningu. Okkur vantar fleiri starfsmenn í raunvísindagreinum og verðum þess vegna að skapa það umhverfi að við löðum hingað líka menn í doktors- og framhaldsnám á þessum sviðum. Það erum við að gera og út frá því göngum við í að styrkja líka það umhverfi á þann hátt sem lagt er til hér.

Varðandi grunnrannsóknirnar þá er í frv. eins og þessum hæpið að forgangsraða með almennum hætti og fara inn á forgangsmarkmið í sambandi við einstaka rannsóknarþætti. Það hefur verið nefnt í umræðunni um þetta hvort unnt væri að gera það. Ég tel að svo sé ekki. Hv. þm. getur kynnt sér allar vangaveltur um gildi rannsókna og grunnrannsókna og muninn á grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum og eins og hann veit sjálfur sem vísindamaður er oft mjög erfitt að draga þarna skil á milli. En ég tel að frumvörpin og áherslurnar í þeim séu þess eðlis að það eigi að verða til þess að efla stuðning við grunnrannsóknir umfram hagnýtar rannsóknir, að mínu mati, þegar litið er til þessara mála.

Varðandi fjármagnið þá er rétt að við erum ekkiað flytja fjárlög. Við erum að flytja frumvörp um önnur málefni en fjárhagsleg málefni. En ég tel, og rökstuðningurinn fyrir þessu er sá, að með því að setja frumvörpin fram með þessum hætti og breyta skipulaginu þá séu líkur á því að aukið fé fáist frá opinberum aðilum og einkaaðilum.

Varðandi uppstokkun á rannsóknastofnunum þá tek ég undir með hv. þm. að nauðsynlegt er að huga að því ekki síður en þessum þáttum.

[12:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti mikilvægt að heyra þá yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra að það er enginn vafi á því að erlendir námsmenn muni njóta jafnræðis á við íslenska námsmenn varðandi rannsóknastyrki við íslenska háskóla. Ég er algerlega sammála hæstv. ráðherra um að það er mikill akkur í því fyrir íslenskt rannsóknalíf og háskólalíf að fá erlenda námsmenn til þess að taka þátt í rannsóknum hér á landi. Hæstv. ráðherra styður fingri sínum á þróun sem er að verða vandamál í íslensku atvinnulífi, þ.e. skorti á hámenntuðum raunvísindamönnum. Við sjáum t.d. að ef svo fer að Íslensk erfðagreining, sem er spútnikfyrirtæki á tveimur sviðum íslensks atvinnulífs, setur hér upp lyfjaframleiðslufyrirtæki á næsta áratug þá kann að skorta 100–150 íslenska eða útlenda rannsóknavísindamenn, þ.e. fyrir þetta fyrirtæki. Það er að koma í ljós að verulegur skortur er á hámenntuðum vísindamönnum sem hafa farið í langt nám. Eitt af því sem við þurfum að skoða til framtíðar er að innan skamms munum við sjá fram á miklu alvarlegri vanda vegna þess að námslánakerfi okkur og styrkjakerfi er slíkt að það kallar ekki á það, eins og í þá daga þegar ég fór til náms og var ákaflega

lengi í námi, að menn geri það. Þetta verður vandamál eftir því sem atvinnulífinu fleygir fram og það verður flóknara.

Ég vil svo hvetja hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn til að vinda sér í að kanna möguleikana á því að stokka upp íslenskar rannsóknastofnanir. Skipting þeirra í dag er úrelt og hún þjónar ekki þörfum atvinnulífsins. Hún þjónar ekki heldur þörfum grunnrannsókna. Ég held að hægt væri að spara og fá miklu meira út úr því ef menn færu í að kanna möguleikana á sameiningu og jafnvel taka sum verkefni sem þarna eru og setja þau út á markað.

[12:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta það sem ég sagði í lok máls míns um rannsóknastofnanirnar og hv. þm. nefndi sérstaklega. Ég tel nauðsynlegt að huga að þessu og það er liður í þeim skipulagsbreytingum sem við erum að leggja til hér til að auðvelda það verk sem hv. þm. nefndi.

Ég tel einnig varðandi þá nýskipan sem verið er að taka upp t.d. í Háskóla Íslands um samstarf við einkaaðila um uppbyggingu á þekkingarþorpi og vísindagörðum, að þar sé líka með dramatískum hætti, ef þannig má að orði komast, verið að skapa ný skilyrði fyrir vísindastofnanir til þess að starfa saman við nýjar og spennandi aðstæður. Ég held að það sé nauðsynlegt og ég hef lagt mikla áherslu á að það sé skylda ríkisvaldsins að standa vel að grunnrannsóknum og menntun ungra vísindamanna. Rannsóknastofnanir sem eru ekki þátttakendur í því að efla grunnrannsóknir og taka þátt í að mennta unga vísindamenn munu hverfa og gufa upp þegar fram líða stundir. Því er mjög nauðsynlegt að mínu mati að efla tengslin á milli háskólanna og rannsóknastofnananna og gjörbreyta þessu umhverfi líka. Ég tel að með nýjum háskólalögum og nýjum samningum við Háskóla Íslands um rannsóknir innan vébanda háskólanna sé verið að ýta undir þessa þróun og að við séum markvisst að stefna að því að skilin á milli vísindasamfélagsins og háskólasamfélagsins falli betur saman og þar með líka að stofnanaumhverfið breytist.

[12:24]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er um afskaplega viðamikið mál að ræða. Áður en eiginlegar umræður um þau hefjast í þingsal að loknum framsöguerindum sem hæstv. ráðherrar flytja nú, er rétt að óska eftir því við hæstv. menntmrh. að hann varpi ljósi á eitt efnisatriði úr frv. því er hann fylgdi úr hlaði í ræðu sinni. Það varðar 5. gr., herra forseti, sem fjallar um fagráð Rannsóknasjóðs. Það kemur ekki fram í greininni hversu mörg fagráð er gert ráð fyrir að stofnuð verði, en upphaf greinarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Rannsóknasjóðs skipar fagráð til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda sem skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn Rannsóknasjóðs ...“

Það kemur sömuleiðis fram í greinargerð með frv., eða réttara sagt fylgiskjali, þ.e. umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn., að ekki sé hægt að lesa af frv. hversu mörg þessi fagráð séu en þau eigi greinilega að vera nokkur.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, áður en almennar umræður um þetta mál hefjast að hæstv. ráðherra varpi ljósi á hversu mörg fagráð hann sér fyrir sér.

[12:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það hefði verið vilji ráðuneytisins að binda þetta í lögum þá hefðum við lagt það til. Ég tel hins vegar mjög óskynsamlegt í lögum af þessu tagi að segja að ráðin eigi að vera fjögur, fimm eða átta eða hvað menn vilja hafa þau mörg. Ég held að það sé lykilatriði þegar menn fjalla um þessi mál að hafa löggjöfina almenna sem síðan verði hægt að móta betur þegar menn standa frammi fyrir því að taka afstöðu til þess með hliðsjón af þróun vísindanna í landinu hvað ráðin eigi að vera mörg. Í upphafi athugsemda um 5. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Rannsóknasjóðs er ætlað að skipa 5–7 manna fagráð til tveggja ára á helstu sviðum vísinda. Fagráðum er ætlað að veita faglega ráðgjöf og meta umsóknir um styrki. Skipan í fagráð til tveggja ára veitir möguleika á að endurnýja þau reglulega. Þau fagráð sem vænta má að stjórn Rannsóknasjóðs skipi fjalla um hug- og félagsvísindi, líf- og læknisfræði, raunvísindi og verkfræði. Stjórn Rannsóknasjóðs setur fagráðum erindisbréf.“

Þarna er markaður rammi en það á ekki að setja það endanlega inn í löggjöfina hvað þessi fagráð eiga að vera mörg, enda á það náttúrlega að fara eftir því hvernig vísindin þróast og hvaða fagsviðum menn telji að sérstök ráð þurfi að sinna. Ég held að nálgast verði málið frekar með þeim opna huga en ætla með löggjöf að loka sig inni í einhverjum ramma sem kannski dugar ekki nema til skamms tíma.

[12:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal standa á mér að taka þessi mál til umfjöllunar með opnum huga og það var ekki meining mín að ætla að loka fyrir eitt eða neitt með þessu andsvari. Mér þykir hins vegar gott að hafa heyrt það frá hæstv. ráðherra að hér sé ekki verið að njörva hlutina niður í fjögur til fimm fagráð heldur sé jafnvel möguleiki að sjá þau fyrir sér átta. Það er talan sem hæstv. ráðherra nefndi í andsvari sínu þannig að við skulum bara halda áfram að hafa hugann opinn og láta hina fersku vinda blása. Mér þykir samt mikilsvert að heyra að hér sé ekki verið að hugsa um örfá fagráð heldur mögulega allt upp í átta og jafnvel fleiri. En við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir því að gífurlegur kostnaður er samfara því að stofna fagráð af þessu tagi og því fleiri sem þau verða því meiri kostnaður fellur til. Ég er alls ekki að segja að ekki eigi að auka verulega kostnað hins opinbera við þær breytingar sem hér verða. Ég vil bara segja að mér sýnist hæstv. ríkisstjórn hafa lokað augum sínum fyrir því, af því að við erum að tala um lokaða hluti og opna, að þessar tillögur hljóti að hafa í för með sér umtalsvert aukinn kostnað frá því sem verið hefur.

[12:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér ekki grein fyrir því að þessar tillögur um fagráðin hafi í för með sér aukinn kostnað. Þá verða menn að bera saman kostnað við úthlutun styrkja núna á vegum Rannsóknarráðs Íslands, hvernig þau fagráð starfa og hvaða kostnaður þar er. Ég held að umgjörðin í þessu sé ekki þess eðlis að menn séu að stefna að því að stórauka kostnaðinn.

Hins vegar eru ákvæðin um fagráðin ákaflega mikilvæg í ljósi allra þeirra umræðna sem fram hafa farið um þessi mál og uppbyggingu þeirra því að hér er lagt til að fagráðin verði öflug og að vísindamenn komi þar að einmitt til þess að styrkja hina faglegu hlið við úthlutun á styrkjunum þar sem, eins og segir í 2. gr. þessa frv., eru gerðar mjög

strangar kröfur og lögð höfuðáhersla á að lagt sé mat á einstaklinga. Og þessir einstaklingar, fullyrði ég, starfa í meira samkeppnisumhverfi en nokkrir aðrir í íslensku þjóðfélagi, samkeppnisumhverfi innan lands og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Það er mjög mikilvægt að búa þannig um hnúta að þeir séu öruggir um að fjallað sé faglega, vel og skipulega um þeirra mál til þess að komast að niðurstöðu.

[12:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem er 553. mál þingsins á þskj. 868.

Frv. þetta er hluti af þeirri nýskipan vísinda- og tækniþróunar sem grunnur er lagður að í frv. til laga um Vísinda- og tækniráð sem forsrh. hefur mælt fyrir. Í því frv. er gert ráð fyrir að til verði nýtt ráð, Vísinda- og tækniráð, sem starfi undir yfirstjórn forsrh. og fari með heildarstefnumótun um málefni er tengjast vísindarannsóknum og tækniþróun. Ávinningur þess er einkum sá að vægi málaflokksins vex og að stefnumótunin og framkvæmd hennar verður markvissari en áður.

Eitt helsta inntak þessarar nýskipunar er að stefna í vísindarannsóknum og tækniþróun verði tengd stefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma í efnahags- og atvinnumálum. Þetta mun geta leitt til þess að ný fræðasvið með sterka atvinnutengda tilvísun nái að gefa af sér efnahagslegan ávinning fyrir þjóðina fyrr en ella hefði verið. Vísinda- og tækniráðinu er ætlað að fjalla bæði um vísindarannsóknir og nýsköpunarmálefni. Vísindarannsóknir heyri undir menntmrh. samanber frv. það sem hann hefur mælt fyrir um opinberan stuðning við vísindarannsóknir en nýsköpun og tækniþróun í þágu efnahagslegra framfara fari undir iðnrh. samanber frv. þetta.

Frv. hefur að markmiði að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Því markmiði verður best náð með því að byggja upp tæknilega getu fyrirtækja og frumkvöðla til að takast á við tækniþróun sem leitt geti til nýsköpunar atvinnulífsins. Frv. fjallar um þær aðgerðir sem beita þarf til þess að vísindaleg þekking geti orðið að söluhæfum afurðum vöru og þjónustu og þannig skilað fjárfestingum í vísindarannsóknum út í atvinnulífið. Farvegur þessara aðgerða er annars vegar nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og hins vegar tækniþróunarsjóður.

Kveðið er á um nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í 3. og 4. gr. frv. Henni er ætlað að verða vettvangur fyrir miðlun þekkingar til fyrirtækja og frumkvöðla þar sem m.a. verður veitt leiðsögn um stofnun og rekstur fyrirtækja, tæknileg úrlausnarefni leyst og nýrri þekkingu miðlað til atvinnulífsins. Þessi þekkingarmiðlun er forsenda þess að atvinnulífið geti fylgst með alþjóðlegri þróun og staðist aukna samkeppni á alþjóðamarkaði. Að auki er nýsköpunarmiðstöðinni ætlað að hafa frumkvæði um gagnvirkt samstarf á milli vísindamanna, stofnana og fyrirtækja um málefni er lúta að nýsköpun. Hér er ekki um nýja starfsemi að ræða heldur fyrst og fremst verið að festa í sessi starfsemi sem rekin hefur verið í nokkur ár sem reynsluverkefni hjá Iðntæknistofnun undir nafninu IMPRA. Þessi starfsemi fær nú víðtækara hlutverk við miðlun vísindalegrar þekkingar og umbreytingu hennar í söluhæfar afurðir.

Um Tækniþróunarsjóð er fjallað í 4.–7. gr. frv. Tækniþróunarsjóði er ætlað að koma að fjármögnun þróunar nýsköpunarverkefna í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Um er að ræða aðkomu á frumstigi nýsköpunarinnar við lok hagnýtra rannsókna. Á frumstigi nýsköpunar eiga sér stað markvissar rannsóknir og tækniþróun með markaðs- og notendatengdum áherslum. Það er á því stigi sem reynir á hvort hin vísindalega þekking getur orðið að söluhæfri vöru.

Áherslur Vísinda- og tækniráðs á hverjum tíma verða ráðandi um starfsemina en mikilvægt er að ráðið geti tryggt að vísindaþekkingin fái eðlilega útrás og leiði í reynd til eflingar atvinnulífinu og til efnahagslegra framfara fyrir þjóðina. Sjóðnum er ætlað að vera brú á milli þess er stuðningur Rannsóknarsjóðs samkvæmt frv. menntmrh. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sleppir og þess að framtaksfjárfesta fýsir að koma að nýjum nýsköpunarverkefnum. Mjög hefur skort á opinberan stuðning við þetta frumstig nýsköpunarinnar.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. Ég vil þó benda á að mikilvægt er að frumvörpin þrjú sem hér hafa verið lögð fram verði skoðuð sem heild.

[12:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Með þessum þremur frumvörpum sem nú hefur verið mælt fyrir er verið að leggja drög að nokkurri breytingu á því stjórnkerfi og rannsóknarumhverfi sem verið hefur og við hljótum að spyrja: Hver er ástæða þess? Við veltum því fyrir okkur af hverju nú er verið að breyta því umhverfi? Er það vegna þess að sú staða sem við höfum haft, sá uppbyggingarstrúktur sem verið hefur hefur ekki gagnast okkur? Höfum við ekki náð nægjanlega langt vegna þess að Rannís hefur ekki staðið sig? Hefur verið óánægja í vísindaheiminum með það fyrirkomulag sem við búum nú við? Hefur verið óánægja hjá atvinnulífinu með þetta fyrirkomulag eða af hverju er verið að breyta?

Herra forseti. Viðhorf til starfsemi Rannsóknarráðs Íslands hefur verið kannað, ekki bara einu sinni heldur í tvígang. Bæði hefur vísindasamfélagið verið spurt, svo og atvinnulífið og stjórnvaldsstofnanir hafa líka verið spurðar hvernig þessir aðilar telja að ráðið hafi sinnt hlutverki sínu nú á síðari árum og jafnframt hversu trúverðugt það er í störfum sínum.

Herra forseti. Viðhorfin hafa verið mjög jákvæð og mál flestra að ráðinu hafi farið fram, ef má orða það þannig, og menn séu sífellt að gera betur. Hins vegar hefur það verið harðlega gagnrýnt að það fjármagn sem ráðið hafi til að styrkja vísindastarf sé allt of lítið. Þar hefur gagnrýnin legið. Gagnrýnin hefur sem sé ekki verið á fyrirkomulagið, hvorki hjá vísindasamfélaginu, atvinnulífinu eða þeim stjórnvaldsstofnunum sem hefur verið rætt við. Gagnrýnin hefur verið á það að fjármagn sé of lítið. Þess vegna veltir maður því fyrir sér, af hverju er verið að breyta? Hver er ástæða þeirra breytinga sem hæstv. menntmrh. eignar sér hugmyndina að vegna þess að eins og segir á heimasíðu hæstv. ráðherra þar sem hann fjallar um Tækni- og vísindaráð, þá er nú um eitt og hálft ár liðið síðan hann sagðist hafa hreyft því fyrst á fundi með Rannsóknarráði Íslands að nauðsynlegt væri að skapa vísinda- og tæknistarfsemi í landinu nýjan lagaramma.

Ástæða hans var sú að hann vildi auka hlut vísinda og tækni við mótun almennrar efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar. Þá hljótum við að leita þar að ástæðunni. Er þá ástæðan sú að áherslur Rannís hafi ekki fylgt nægjanlega eftir almennri efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar

eða ekki verið nægjanlegur hluti atvinnu- og efnahagsstefnu þjóðarinnar.

Herra forseti. Þegar farið er yfir greinargerð þess frv. sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir áðan, þá segir, með leyfi forseta:

„Eitt helsta inntak þessarar nýskipunar er að stefnumótun í vísindarannsóknum og tækniþróun byggist á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma.“

Þegar við skoðum þetta allt og leggjum saman, þá blasir það einfaldlega við að hæstv. ríkisstjórn vill breyta uppbyggingu þessara mála vegna þess að hún vill að vísindarannsóknir í landinu séu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma.

Ég spyr, herra forseti: Er þetta nútímaleg nálgun? Er þetta sú nálgun sem við teljum rétta og eðlilega á 21. öldinni, að stjórnmálamenn taki að sér að segja vísindunum hvað þau eigi að rannsaka vegna þess að það er einfaldlega það sem hér liggur fyrir, herra forseti? Þetta er ekki flóknara. Hér liggja fyrir þrjú frumvörp hverra tilgangur er að breyta hlutunum á þann veg að stjórnmálamenn geti haft áhrif á það langt umfram það sem verið hefur í hvaða farvegi vísindarannsóknir á Íslandi eiga að vera.

Ég verð að segja, herra forseti, að það fer um mig léttur hrollur þegar ég les setningar eins og þá sem hér er að finna í greinargerð frv. hæstv. iðnrh. vegna þess líka að eins og ég gat um áðan og margoft hefur komið fram, þá er það ekki hvað síst fjárskortur sem menn hafa kvartað um og enn þá hefur ekkert það komið fram sem segir okkur að þessi breyting leiði til þess að stjórnvöld setji meiri peninga til þessara hluta. Það sem ég óttast, herra forseti, er að þær breytingar sem hér er verið að leggja til leiði einfaldlega til þess að þeim fjármunum sem til ráðstöfunar verða — og ég óttast að muni ekki aukast að ráði — verði beint til svokallaðra hagnýtra rannsókna, rannsókna sem koma að beinu gagni, hverra sést beinn árangur fljótlega í samræmi við efnahags- og atvinnustefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma en að grunnrannsóknir verði útundan.

Af því að hæstv. menntmrh. sagði áðan að stundum væri erfitt að greina á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, þá er það út af fyrir alveg rétt og auðvitað geta rannsóknir sem menn töldu að ættu að vera hagnýtar orðið grunnrannsóknir af því að þær eru kannski fyrst og fremst að afla nýrrar þekkingar sem nýtist ekki augljóslega og svo öfugt. En það er samt ein aðferð sem er líklega óbrigðul þegar menn vilja greina á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna og hún er sú að markaðurinn er tilbúinn að fjármagna hagnýtar rannsóknir. Það er alveg ljóst. Þess vegna hefur það auðvitað verið hlutskipti hins opinbera að sjá um grunnrannsóknir í stærra mæli en hagnýtar. Og ég spyr, herra forseti: Hvernig verður umhverfið hér eftir einhver ár ef sú stefna sem verið er að boða að vísindasamfélagið eigi að beygja sig undir efnahags- og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og þar með verði áherslan á hagnýtar rannsóknir í fyrirrúmi, hvernig verður ástandið þá ef við horfum á rannsóknir sem við köllum grunnrannsóknir, rannsóknir sem leita þekkingar, ef við horfum á þær þorna upp? Hvert stefnum við þá í nútímanum þegar menn eru á einu máli um það, flestir, sem koma að þessari umræðu að rannsóknir séu alfa og ómega hagvaxtar. Að hagvöxtur byggi fyrst og fremst á mannauði, þ.e. fólki sem hefur aflað sér nýrrar þekkingar.

Herra forseti. Þessar áhyggjur mínar varð ég að láta í ljósi. Ég vona að hæstv. ráðherrar geti komið hér og bætt um betur frá því sem verið hefur í morgun og sannfært mig og aðra sem ég veit að hafa nákvæmlega þessar sömu áhyggjur um það að þær séu ekki á rökum reistar, að það sem hér stendur sé klaufalega orðað, auðvitað eigi þetta að vera allt öðruvísi, og þó að stjórnmálamenn, ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar, ætli sér að ráða meiri hluta í hinu nýja Vísinda- og tækniráði ætli þeir sér samt sem áður ekki að beita þeim meiri hluta með þeim hætti sem hér er þó því miður sagt að eigi að gera. Ég ætla að vona, herra forseti, að þeir sannfæri okkur um eitthvað annað í dag.

En af því að ég er farin að tala um það sem er ástæða til að hafa áhyggjur af ætla ég að nefna annað. Ég tók eftir því fyrst þegar farið var að reifa þessar hugmyndir að ýmsir fulltrúar vísindasamfélagsins, ef má orða það þannig, létu í ljósi nokkrar áhyggjur. Síðan hefur orðið ákveðin þöggun, og ég hef áhyggjur af því, herra forseti, að einhverjir þeir aðilar sem gagnrýna þessa hluti, gagnrýna það sem þeir óttast að hér sé að gerast, komi gagnrýni sinni ekki opinskátt á framfæri eins og vera bæri í frjálsu samfélagi. Ég hef áhyggjur af því ef þetta er að gerast, sem virðist vera, vegna þess að það segir mér að vísindamenn á Íslandi hafa áhyggjur af stöðu sinni, þeir hafa áhyggjur af því í þessu þrönga samfélagi sem við búum í að ef þeir beita sér gegn stjórnvöldum muni það segja til sín einhvers staðar síðar. Þetta varð ég að segja, herra forseti, af því að það verður að koma fram í þessari umræðu, einfaldlega vegna þess að þetta er skýring mjög margra á því hvers vegna umræðan um þessi mál er í þeim farvegi sem hún er.

Eðlilega hafa menn áhyggjur af þeim breytingum sem hér standa fyrir dyrum. Menn hafa áhyggjur af því þegar stjórnmálamenn telja sig til þess bæra að mynda meiri hluta í Vísinda- og tækniráði þegar tilgangurinn er sá sem ég hef rakið að efnahags- og atvinnustefna ríkisstjórnar ráði síðan ferðinni. En eins og ég sagði áðan, herra forseti, vænti ég þess að hæstv. ráðherrar vindi ofan af þeim áhyggjum sem ég hef viðrað, ekki bara fyrir mig heldur fyrir býsna marga sem eru tilbúnir til að ræða þessi mál einhvers staðar annars staðar en opinberlega einhverra hluta vegna.

Ég fór aðeins yfir það áðan, herra forseti, hver staða okkar er í rannsóknaheiminum. Á undanförnum árum hefur fé til rannsókna á Íslandi verið að stóraukast, ekki vegna þess að opinberir aðilar hafi verið að setja svo mikið fé til rannsókna heldur hafa einkafyrirtæki, ekki síst líftæknifyrirtæki, sett mjög mikla peninga til rannsókna. Hins vegar leiðir það líka hugann að því hvernig staðan væri hér í menntamálum ef málum hefði verið stýrt eftir þeirri efnahags- og atvinnustefnu sem ríkisstjórnir á hverjum tíma fylgdu. Ég er alveg handviss um það að ef þeir sem hafa viljað stýra því hversu margir fá að stunda tiltekið nám hefðu fengið að ráða hefðum við ekki menntað eins marga líffræðinga og við gerðum fyrir svona einum til tveimur áratugum. Þá ættum við heldur ekki þá vísindamenn sem við eigum á þessu sviði í dag og þá hefðum við heldur ekki stöðu til þess að byggja upp líftækniiðnað með þeim hætti sem við höfum gert. Þetta nefni ég í þessu samhengi vegna þess að ég held að okkur sé öllum hollt — og þegar ég segi okkur öllum er ég að tala um okkur stjórnmálamenn — að átta okkur á því að það er okkar að móta hinar breiðu línur en við erum ekki miklir sjáendur á öllum sviðum. Það er ekki hollt fyrir samfélag okkar ef stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar, ríkisstjórnir, taka utan um þróunina og gefa sér að nokkrir sterkir aðilar innan

þeirra vébanda hafi réttast fyrir sér og hafi þá forsagnargáfu að geta séð fyrir hvernig samfélag okkar muni þróast. Þar eiga og þurfa miklu fleiri að koma að á hverjum tíma.

Í því tilfelli sem við ræðum hér er afar farsælt, herra forseti, að vísindin fái að vera sem frjálsust, að menn fái að leita þekkingar þekkingarinnar vegna, að menn fái svigrúm til þess að komast að hinum óvæntu niðurstöðum. Með þessu er ég ekki að kasta rýrð á hagnýtar rannsóknir. Þær eru vissulega mjög nauðsynlegar en eins og ég gat um áðan sýnist mér að því miður teikni allt til þess í þessum frv. að þeim verði veittur óeðlilegur forgangur vegna þess, herra forseti, að það sem hefur verið helsta umkvörtunarefnið hingað til, þ.e. fjárskortur, hefur ekki verið ræddur af hálfu hæstvirtra ráðherra sem vandi heldur virðist fyrst og fremst sá vandi sem þeir vilja takast á við vera að stjórnmálamenn hafi ekki haft hér næg áhrif.

Herra forseti. Þetta er stórt mál og ég veit að það verður rætt fram eftir degi. Ég vænti þess að geta komið inn í umræðuna aftur síðar þegar hæstv. ráðherrar hafa skýrt nokkuð það sem fyrir mér vefst sem, eins og ég sagði áðan, ég er svo bjartsýn að trúa að hljóti að liggja einhvern veginn öðruvísi. Ég ræddi í upphafi þessa fundar í andsvari við hæstv. forsrh. um skil milli atvinnugreina sem eru alls ekki eins og áður, og það finnum við í þinginu þegar nýjar atvinnugreinar koma inn. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að verið er að endurskoða reglugerð Stjórnarráðsins þannig að þær hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi ættu að liggja fyrir við lok kjörtímabilsins. Það er mjög praktískt og gott og mér finnst því að hæstv. ríkisstjórn ætti að vinna að því. Það er óþolandi með öllu fyrir þá sem vinna hér í málum að atvinnugreinar sem við lítum á sem vaxtarsprota séu hér sem eins konar munaðarleysingjar í kerfinu en þyrftu ekki að vera það ef við ríghéldum ekki í hina gömlu atvinnuvegaskiptingu.

Herra forseti. Hér er hæstv. menntmrh. mættur sem er, ef marka má orð á heimasíðu hans, hugmyndasmiðurinn á bak við þessi frv. og ég vænti að hann muni þá sannfæra okkur um að hér sé ekki einungis um það að ræða að vilji ríkisstjórnar á hverjum tíma í efnahags- og atvinnumálum nái fram að ganga með atbeina meiri hluta stjórnmálamanna í Vísinda- og tækniráði. Ég vænti þess jafnframt að hann hafi meðtekið þau stærstu umkvörtunarefni sem hafa verið á undanförnum árum varðandi umhverfið sem við búum við, sem er ekki Rannís eða faglegir möguleikar þess, heldur fyrst og fremst fjárskortur og að við fáum að heyra eitthvað frekar um það á eftir.

[12:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi þessarar umræðu um hin mjög svo merku frv. sem hér liggja fyrir vil ég fagna því að stefnumörkun skuli nú eiga að fara fram því að það er sannarlega alveg tímabært að stefnumörkun í þessu vísinda- og rannsóknastarfi okkar öllu saman sé komið á. Ég fagna sömuleiðis fyrirheitum hæstv. ríkisstjórnar um eflingu rannsókna á ýmsum sviðum, hvort sem er á sviði grunnrannsókna eða hagnýtra rannsókna. Hér er greinilega í orði kveðnu um það að ræða að ríkisstjórnin vill efla rannsóknirnar. Á hinn bóginn tek ég undir þau orð sem hér féllu hjá fyrri ræðumanni, hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, og ítreka sömuleiðis mín eigin orð í andsvari við hæstv. menntmrh. áðan, að það er eðlilegt að við beinum sjónum okkar að fjármununum því að eflingin getur varla farið fram án þess að fjármálin komi þar aðeins við sögu.

Í annan stað vil ég segja, herra forseti, að forskrift sú sem ríkisstjórnin gefur Alþingi og vísindasamfélaginu er sannarlega afar varhugaverð. Ég tek undir þau orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur sem talaði á undan mér að það er alveg eðlilegt að tortryggni okkar vakni þegar þessi efling er beinlínis tengd efnahags- og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma, herra forseti, því að það má til sanns vegar færa að vísindin efli alla dáð að því tilskildu að þau séu frjáls og óháð. Allir sem um slík mál fjalla vita að vísindin mega aldrei vera bundin á klafa pólitískra hagsmuna eða vera ofurseld velvilja einkarekinna fyrirtækja úti á markaði. Vissulega eru ákveðnir tónar í þeim greinargerðum sem fylgja þessum frv. og þeir segja okkur að þarna sé hætta fólgin. Þess vegna er algerlega nauðsynlegt að þingmenn stigi varlega til jarðar, hafi hugann opinn, láti ferska vinda blása en skoði jafnframt inn í öll þau skúmaskot sem hér geta leynst.

Herra forseti. Varðandi fjármálin er það alveg vitað að gagnrýni þeirra sem hafa talað um þessa málaflokka síðustu missirin hefur fyrst og fremst beinst að því að Rannsóknarráð Íslands og úthlutunarnefnd hefur ekki haft þá fjármuni sem eðlilegt gæti talist miðað við þann mikla vilja sem greinilegur er í vísindasamfélaginu og miðað við þá miklu ásókn sem er í þetta fé, miðað við þær öflugu umsóknir sem berast á hverju einasta ári. Þessi gagnrýni hefur verið hávær og málefnaleg. Það er auðvitað alveg ljóst að við fjöllum ekki um þennan málaflokk án þess að ræða af alvöru hvað hæstv. ríkisstjórn er tilbúin til að fara út í mikla aukningu á fjárframlögum til þessarar starfsemi. Einhvers konar viljayfirlýsing verður að liggja fyrir frá hæstv. ríkisstjórn varðandi þau mál. Ekki er hægt að una við það að umsagnir fjmrn. sem fylgja frumvörpunum skuli vera með þeim hætti sem þar gefur að líta. Fjmrn. telur ónógar upplýsingar liggja fyrir til þess að hægt sé að segja fyrir um hvort þau hafi yfir höfuð í för með sér aukningu á útgjöldum ríkissjóðs eða ekki. Við vitum öll að Írar og Finnar hafa eflt mjög rannsóknir og þess er getið í greinargerðum frumvarpanna. Við vitum jafnframt að það hafa Finnar og Írar ekki gert án þess að setja í rannsóknirnar aukið fé. Eða hyggst ríkisstjórnin varpa af sér ábyrgðinni á því að vísindarannsóknir séu efldar með auknum fjármunum frá hinu opinbera yfir á einkaaðila úti á atvinnumarkaði? Er það ábyrg stefna, herra forseti?

Ég vil að lokum segja það, herra forseti, að í þessum frv. sem eru þrjú talsins tengjast hlutirnir auðvitað nánast órjúfandi böndum þannig að það er algerlega eðlilegt eins og hér hefur verið gert að spyrða þau saman. Nú hefur framsaga farið fram um þau öll þrjú og ég tel þess vegna eðlilegt og vil leggja það til, herra forseti, að þau fái áfram að halda þessum tengslum, verði bundin í þessa kippu þannig að þær nefndir þrjár, sem nefndar hafa verið til sögu og fá þessi frv. til umfjöllunar, fjalli um þau öll jafnt, það verði ekki þannig að það frv. sem hæstv. forsrh. fjallaði um og talaði fyrir og óskaði eftir að beint yrði til hv. allshn. fái ekki jafnframt umfjöllun í hv. menntmn. heldur fái þau að halda þessum tengslum. Frv. eru bundin nánast órjúfanlegum böndum og ég tel eðlilegt að þau fái að halda þeim tengslum í umfjöllun nefndanna.

Að öðru leyti vil ég einungis segja það að umræðan í dag verður að öllum líkindum efnismikil og kemur til með að verða gott veganesti inn í störf nefndanna. Ég treysti því að hæstv. ráðherrar komi til með að varpa frekara ljósi á þau gagnrýnisorð sem koma til með að falla og hafa þegar fallið.

[13:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess að þegar menn tala um áhrif á efnahags- og atvinnustefnu er ekki verið að fjalla um hana í því ljósi að hún eigi að ráða styrkveitingum. Það á að leggja faglegt og vísindalegt mat á þær. En bæði hér á landi, í Evrópusambandinu, á norrænum vettvangi, alls staðar þar sem menn sinna þessum málum vill fjárveitingavaldið, Alþingi hér á landi og ríkisvaldið, hafa afskipti af því hvaða meginstraumar ráða þegar þessu fé er ráðstafað. Við erum þátttakendur í rammaáætlunum Evrópusambandsins þar sem þetta er mótað. Við erum jafnframt þátttakendur í norrænu samstarfi sem leggur þessar línur. Mismunandi áherslur eru lagðar á ýmsar greinar vísinda á ýmsum tímum til þess að þróunin sé með skipulögðum og góðum hætti. Það er þessi stefnumörkun sem ég held að okkur sé akkur í að fá hingað inn á Alþingi í meira mæli en áður hefur verið og líka á vettvang ríkisstjórnarinnar.

Varðandi aukið fé vil ég láta þess getið að á næstu þremur árum er í fjárlögum ríkisins gert ráð fyrir 450 millj. kr. aukningu til rannsóknarmála.

[13:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér má segja að þetta sé afar jákvætt innlegg frá hæstv. ráðherra. Hins vegar má ekki draga úr því að hér er hætta á ferðum sem við þurfum að vera meðvituð um. Hér eru gryfjur sem við þurfum að girða fyrir og við þurfum að vera viss um að við dettum ekki ofan í. Þess vegna ítreka ég það sem ég hef sagt, það verður auðvitað að sjá til þess að starf fagráðanna og Rannsóknarráðsins sé hafið yfir allan vafa þannig að fólk þurfi ekki að sitja undir þeirri gagnrýni að um pólitísk tengsl eða hagsmunagæslu sé að ræða sem verði of sterk og stjórni styrkveitingum í vísindasjóðina. Auðvitað verður að ræða það á Alþingi og taka af, eins og ég segi, allan vafa til þess að vísindastefna ríkisstjórnarinnar geti notið fyllsta trausts, bæði hjá þjóðinni og innan vísindasamfélagsins.

[13:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í þessu tilviki eigi annars vegar að hugsa um þá meginstefnu sem við gerum ráð fyrir að verði mótuð í Vísinda- og tækniráðinu og hins vegar úthlutunarkerfið. Ég er viss um að þegar þingmenn fara í gegnum það í menntmn. eða nefndum þingsins átta þeir sig nákvæmlega á því hvernig þetta er uppbyggt og þessi ótti sem hv. þm. reifaði mun hverfa úr huga þeirra.

Hitt er aðalatriðið að að sjálfsögðu eiga stjórnvöld landsins, bæði Alþingi og ríkisstjórn og einstök ráðuneyti, að koma að þeirri stefnumörkun sem ræður því á hverjum tíma í hvaða meginþætti við viljum beina rannsóknum okkar og starfi á þessum sviðum. Aðeins þannig verður stefnumörkunin skýr og þá getur fjárveitingavaldið fylgst með því hvert aukið fé rennur. Þess vegna tel ég þennan ramma vera nauðsynlega forsendu fyrir því að við látum aukið fé renna til rannsókna.

[13:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að lægja öldur óttans í huga mínum og sjá til þess að þar verði lýst inn í öll þessi mál en vil einungis segja að við verðum að vera okkur meðvituð um þessa hluti. Við verðum að sjá til þess að umfjöllun nefndanna verði það yfirgripsmikil að við sjáum vel til botns í þessu máli. Mér finnst í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að alþingismenn hreyfi svona efasemdum þegar til þess er horft að gagnrýni sú sem höfð hefur verið uppi hingað til á það fyrirkomulag sem við þekkjum hefur fyrst og fremst beinst að því litla fjármagni sem ríkjandi stjórnvöld hafa sett í málaflokkinn. Ég tel því ekki að hér sé verið að mála hlutina sterkari litum en eðlilegt getur talist. Og ég er sannfærð um að hv. nefndir Alþingis fara mjög vel ofan í saumana á hlutunum og lýsa með sínu skæra ljósi til botns í þessu máli.

[Fundarhlé. — 13:05]

[13:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að beina þeirri fyrirspurn til forseta þingsins hvort einhver af þeim þremur ráðherrum sem flytja þessi mál sé viðstaddur í húsinu.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. forsrh. er í húsinu. Óskar hv. þm. eftir að honum séu send boð?)

Ég hefði haldið að viðeigandi væri, meðan umræða fer fram um þessi mál sem skipta miklu fyrir íslenskt vísindaumhverfi, að þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á málinu væru viðstaddir.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. forsrh. hafa verið send boð um að nærveru hans sé óskað í þingsal.)

Hæstv. forseti. Það mun hafa verið 9. apríl í fyrra sem hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason gerði í mjög ítarlegu máli, á aðalfundi Rannís, grein fyrir hugmyndum sínum um nýtt skipulag í vísindaheiminum á Íslandi, ef svo má orða það. Það fór nokkur hrollur um ýmsa, verður að segja, og margir höfðu samband við mig í framhaldi af þessum fyrirlestri, sem ég gat því miður ekki verið viðstödd. Ég bað þá um utandagskrárumræðu um málið. Þær fóru fram í aprílmánuði. Ég átti þar orðastað við hæstv. menntmrh. Síðan við áttum orðaskipti hefur orðið nokkur breyting á því sem hæstv. ráðherra hafði í huga. Alla vega horfir þar sumt til hins betra. Mér virðist sem hér sé ekki eins afdráttarlaust að orði komist með að aðeins einstaklingar geti notið þessara styrkja. Þetta hefur verið orðað þannig að nú er vinnandi vegur að þeir sem sækja um þessa styrki geti verið stofnanir, sem sækja t.d. líka um styrki frá norrænum aðilum eða frá Evrópusambandinu. Ég verð að segja að það er auðvitað til mikilla bóta. Þó finnst mér að það hefði mátt orða þetta afdráttarlausar.

Hér er talað um að á undanförnum áratug hafi blásið nýir vindar í íslensku atvinnulífi. Það er eins og fleira í þessum frumvörpum. Mér finnst sterk framtíðarsýn í þeim en hins vegar hefur ekki enn orðið af öllu því sem hæstv. ráðherrar virtust binda vonir við að gerðist á árunum eftir að þeir væru farnir að móta stefnuna. T.d. er talað um aukið frelsi á fjármálamarkaði á Íslandi. Það má auðvitað til sanns vegar færa. Einnig er vísað sérstaklega í einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Þegar maður fer að hugleiða það þá hefur hún kannski ekki gengið alveg eins og til var stofnað. Það hefur ekki tekist að einkavæða nema Stofnfisk og Áburðarverksmiðjuna. Ef við lítum enn þá lengra til baka þá var SR-mjöl einkavætt. Önnur einkavæðing sem áformuð var á þessu kjörtímabili hefur ekki gengið eftir, ekki eins og áformað var. Það verður kannski breyting á því, ég er ekki að segja það geti ekki orðið.

Margt í þessu virðist hins vegar miðað við einhverja framtíðarsýn ráðherrans og mikla bjartsýni. Að sumu leyti

vil ég deila þeirri bjartsýni með honum. Ég held að fjárfesting í menntun, vísindarannsóknum og tækniþróun sé afar mikilvæg. Ég held að þessi mál hafi aldrei borið svo á góma á hv. Alþingi að ég hafi ekki reynt að koma þeirri sýn minni að. Ég tel mjög mikilvægt að hlúa að þeim vaxtarsprotum sem eru í þjóðfélaginu en ég tel að það sé skot yfir markið að breyta grundvallarskipulagi vísindasamfélagsins eins og hér er ráð fyrir með þessum tillögum.

Hér er vísað til þess að Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunin hafi nýlega bent á að menntun, rannsóknir, nýsköpun og framtakssemi séu drifafl hagvaxtar í þekkingarþjóðfélaginu. Ég tek heils hugar undir þau orð. Ég tel að þau hafi verið sögð margoft á Alþingi, m.a. af nokkrum hv. þingmönnum sem hér sitja í salnum og ekki þurfi að leita langt út fyrir landsteinana eftir þeim vísindum.

Ísland hefur á síðustu árum staðið sig allvel í alþjóðlegum samanburði. Eins og með annað er það töluvert háð þeim viðmiðunum sem við höfum. Hér kemur fram að umtalsverðar breytingar hafi orðið frá því sem áður var að þjóðin varði hlutfallslega litlum fjármunum til vísindarannsókna og umhverfi til nýsköpunar var óhagstætt fyrir aðrar greinar en sjávarútveg. Ég vil segja að samkvæmt skýrslu Vilhjálms Lúðvíkssonar á nýliðnum fundi Reykjavíkurakademíunnar hefur framlag til Vísindasjóðs á undanförnum árum því miður ekki farið hækkandi. Framlag Vísindasjóðs var árið 1994 um 90 mannár, en árið 2000 er framlag Vísindasjóðs ekki nema rúmlega 50 mannár. Samkvæmt þeim reikningskúnstum sem ég hef reynt að tileinka mér um dagana eru þetta ekki aukin framlög til vísindarannsókna, a.m.k. ekki á vegum Vísindasjóðs. Ég veit auðvitað að tala má um að vísindarannsóknir í landinu, t.d. á vegum fyrirtækja eins og Íslenskrar erfðagreiningar. Þar hefur auðvitað orðið gríðarlegur vöxtur. En það er ekki beint hægt að heimfæra það undir fjármuni frá ríkinu.

Hér segir að „þótt framsækni nýrra fyrirtækja á nýjum sviðum veki mesta athygli má ekki gleyma því að hefðbundnir atvinnuvegir byggja einnig á nýrri þekkingu sem fæst með rannsóknum og þróunarstarfi og aðgangi að menntuðu fólki sem tryggt getur endurnýjun á þekkingarinnviðum fyrirtækja og stofnana. Þörf fyrir vísindalega þekkingu og þjálfun fer vaxandi á öllum sviðum þjóðlífsins, ekki síst í mörgum þjónustugreinum, bæði á vegum hins opinbera og í einkageiranum.“ Þetta er mjög vel sagt í þessu frv. eins og raunar ýmislegt annað því að að samningu þessa frv. hafa komið margir og miklir gáfumenn. En ég ekki alveg sammála hæstv. ráðherrum í hvaða samhengi þetta er sett og hvað er talin forsenda fyrir því að þessi þróun geti átt sér stað.

Hér er vísað til þess að Rannsóknarráð Íslands, sem tók við árið 1994 eftir sameiningu Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs, sé samkvæmt lögum sjálfstæð stofnun sem hefur ítarlega skilgreint hlutverk. Það á að vera til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda og tækni og gera árlega tillögur um útdeilingu framlaga úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála, móta úthlutunarstefnu og veita styrki úr þeim sjóðum sem eru í vörslu ráðsins, annast kynningu á rannsóknastarfsemi, mat á árangri rannsóknastarfs og samvinnu við hliðstæðar stofnanir erlendis, beita sér fyrir, í samráði við rannsóknastofnanir og atvinnulíf, áætlun um rannsóknir og þróun og skila árlega skýrslu til menntmrn. Þetta starf hefur verið unnið í gegnum fagráð þannig að margir hafa komið að því. Fagráðin gera m.a. stefnumótandi tillögur um mál sem varða verksvið þeirra hvers um sig. Að þessu starfi hafa fjölmargir vísindamenn komið og fyrirkomulagið hefur reynst gegnsætt, lýðræðislegt og opið eins og vera ber. Þess vegna hefur ríkt góð sátt um starfið undanfarin ár, öfugt við það sem var áður þegar mikillar tortryggni gætti oft og tíðum um starfsemi Rannsóknaráðs ríkisins. Ég verð að segja að mér kom á óvart að einmitt núna skyldi þurfa að fara að gera meiri háttar skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi þessara mála á Íslandi. Svo mikil sátt hefur í rauninni verið um skipanina undanfarin ár þrátt fyrir að fjármagnið hafi verið allt of lítið og farið minnkandi. Vandinn sem hefur verið við að etja hefur fyrst og fremst verið vegna fjársveltis.

Nú þykir tímabært, segir í frv., „að færa samræmda umfjöllun um málefni vísinda og tækni á efsta stig stjórnsýslunnar“. Ég tek undir með mörgum sem hafa haft samband við mig og þessi mál varða að þarna gætir ákveðinnar tortryggni. Ég veit að hæstv. menntmrh. telur það ástæðulausa tortryggni eftir því sem hann sagði í andsvörum áðan og telur að ekki verði reynt að hafa áhrif frá þessum æðstu stöðum stjórnsýslunnar á úthlutun styrkja. En með því að þarna er ætlað að hafa áhrif á stefnumótun er náttúrlega um leið verið að hafa áhrif á það hvert styrkirnir renna.

Svo kemur ein af þessum bláeygu fullyrðingum um að „framlög atvinnulífsins til rannsókna fari ört vaxandi“. Ég hef heyrt marga efast um þetta og segja að framlög atvinnulífsins yfirleitt til rannsókna hafi síst farið vaxandi. Það eru ákveðin rannsóknarfyrirtæki eins og ég hef áður getið um sem hafa gert góða hluti og auðvitað veitt mikið fé til rannsókna en atvinnulífið yfirleitt er lítt tilbúið til að veita fé til rannsókna nema það sé í rauninni algjörlega gulltryggt að þar séu niðurstöður á borðinu, a.m.k. innan tveggja ára. Atvinnulífið á Íslandi er ekki og hefur ekki hingað til verið tilbúið til að taka áhættu í fjárveitingum til rannsókna. Þetta er ein af þeim fullyrðingum í frv. sem ég dreg í efa.

Þótt framlög ríkisins til mennta- og vísindamála hafi lengst af verið hlutfallslega mikil miðað við framlög atvinnuveganna má búast við að kröfur til stjórnvalda um aukin framlög til vísinda og tækni og til stuðnings við nýsköpun aukist á næstu árum. Þurfti þess vegna að taka þetta algjörlega í greip sér þannig að ekkert færi annað en það sem ríkisvaldinu kæmi best?

Hér er setning sem veldur okkur mörgum svolitlu hugarangri sem eigum að fara að fjalla um þessi frv. í framhaldinu. Hér stendur: „Með markvissri stefnumótun“ — sem fer fram í ráðherranefndinni, og aumingja ráðherrarnir sem ekki fá að koma að þeirri stefnumótun hljóta náttúrlega að missa töluvert af sinni „prestige“ þá þegar. — „Með markvissri stefnumótun, aukinni samvinnu og samhæfingu rannsóknastofnana og skýrri verkaskiptingu þeirra er hægt að nýta betur opinbert fjármagn sem rennur til rannsókna og þróunar og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.“ Það á sem sagt að taka þetta núna föstum tökum. Ráðherrarnir móta skýra og ákveðna stefnu um hvert fjármagn til vísindarannsókna á Íslandi á að fara svo að það skili snöggum árangri og markvissum. Ef ég stundaði rannsóknir á t.d. nýrri gerð lygamæla, svo að ég segi bara það, hvernig stendur þá á því að hæstv. dómsmrh. fær ekkert að koma að málinu og þess vegna fæ ég kannski engan styrk? Mér finnst þetta bara verulegt áhyggjuefni og þannig geta fjöldamörg atriði snert aðra ráðherra en einmitt þá sem þarna er ráðgert að komi að. (**ÖJ:** Þetta getur nú snert mörg ráðuneyti.) (**Gripið fram í:** Já.)

Niðurstaða þeirrar endurskoðunar sem hefur farið fram á undanförnu einu og hálfu ári — og hugmyndafræðinni gerði hæstv. menntmrh. grein fyrir á aðalfundi Rannsóknarráðs 9. apríl sl. — liggur fyrir þannig að hér er reiknað með að lögð verði fram þrjú frv. Þetta frv. sem ég hef verið að vitna í greinargerðina með lagði hæstv. forsrh. fram og það er um Vísinda- og tækniráð. Þar á stefnumótunin að fara fram, stefnumótun í málefnum vísinda-, rannsókna- og tækniþróunar, og þar eiga fjórir ráðherrar sæti. Þar koma einnig að vísindamenn og fulltrúar atvinnulífs. Ég sé hins vegar hvergi njörvað niður að þeir fulltrúar sem ráðherrarnir tilnefna þurfi endilega að vera vísindamenn. Ég hefði áhuga á því að við meðferð í hv. nefnd yrði heldur betur hnykkt á þessu því að, eins og við vitum, geta ýmsir verið stjórnskipaðir hér á landi til að sitja í hinum merkustu ráðum eins og nýleg dæmi sanna. Við gætum sem best raðað okkur þar niður, þingmennirnir, við hliðina á ráðherrunum okkar til að gulltryggja stefnumörkunina.

Það er ýmislegt vel sagt í þessu frv. og það eru mörg spök ummæli sem ég vildi gjarnan taka undir. Ég sé hins vegar ekki að þörf sé á þessari skipulagsbreytingu, sérstaklega þar sem samkvæmt sérstakri umsögn fjmrn. í þessum þremur frv. er ekki gert ráð fyrir einni krónu til viðbótar í þennan málaflokks. Og finnst mér vera fugl í skógi þar sem flogið hefur fyrir, hæstv. forseti, að það að ráðherrarnir beri orðið meiri ábyrgð leiði til þess að þeir tryggi betur fjármagn.

[13:57]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að nálgast þetta mál að nokkru frá leikmannssjónarmiði og velta fyrir mér styrkleika og veikleika þeirra hugmynda sem hér eru á ferðinni í frumvarpsformum þessara þriggja frv. sem eru til umræðu. Ég nálgast þetta mál, virðulegi forseti, í heilu lagi. Ég geri ekki greinarmun á því eða tala t.d. um vísindarannsóknir.

Í fyrsta lagi er ástæða til að velta því fyrir sér sem er í frv. sem hæstv. forsrh. lagði fram og talaði fyrir. Þar er um að ræða gjörbreytingu á Rannsóknarráði Íslands sem felst í því að ráðherrar forsrn., menntmrn., sjútvrn., landbrn., umhvrn. og fjmrn. verði í ráðinu auk vísindamanna og fulltrúa atvinnulífsins. Þetta er það sem frv. fjallar í fyrsta lagi um og það sem ég velti fyrir mér og er mér umhugsunarefni er hvort menn séu á réttri leið með aðkomu ráðherranna í Vísinda- og tækniráði. Mér fyndist farsælli leið að frekar yrði myndað ráðherraráð sem hefði það hlutverk með höndum að fara yfir tillögur og ákvarðanir varðandi verkefni sem vísindamenn leggja til að hafin verði vinna við. Ég óttast að skilin verði ekki nógu skörp milli vísindarannsókna og nýsköpunar með því lagi sem verið er að leggja til að vinna eftir. Mín skoðun er að þetta þurfi að vera algjörlega aðskilið í grunni. Á síðari stigum nýsköpunar, svo dæmi sé nefnt, komi vísindarannsóknir frekar og meira inn í dæmið. Rannsóknastarf þarf að vera eins sjálfstætt og óháð og mögulegt er. Þetta tel ég vera mjög mikið lykilatriði og ítreka að rannsóknastarf þurfi að vera eins sjálfstætt og óháð og mögulegt er.

Vísindasamfélagið getur að mínu mati líklega best skipað sínum málum með tilliti til árangurs og ég segi að aðkoma ríkisstjórnar ætti að byggjast á ráðgjöf varðandi fjárveitingar og val verkefna. Ríkisstjórn á hverjum tíma er skylt að móta stefnu í tækni-, mennta- og vísindamálum ef við orðum þetta þannig og hún verður að vera opin fyrir þeim stórfelldu möguleikum sem felast í framþróun tækni og vísinda.

Virðulegur forseti. Ég hef tekið eftir mjög athyglisverðum framförum hjá frændþjóð okkar, Finnum, og nágrannaþjóð og frændþjóð okkar Írum. Þeir hafa náð mjög langt á síðustu árum á sviði vísinda og tækni. Mér finnst að hægt sé að styðjast við þann grunn sem þeir hafa byggt upp á síðustu árum. Mér finnst ekki að finna þurfi upp grundvallaratriði, þ.e. skipan og framkvæmd á hverju sviði. Við eigum að nota okkur reynslu annarra þjóða á þessu sviði sem öðrum.

Ég geri mér grein fyrir því, virðulegur forseti, að í frv. sem hæstv. forsrh. mælti fyrir er stuðst við reynslu að einhverju leyti en við erum samt að setja hér á nýskipan eins og ég skil málið. Þess vegna er mér til efs að sú skipan Vísinda- og tækniráðs sem hér er fyrirhuguð sé í samræmi við þær aðferðir sem ég var að vitna til.

Ég hef reynt að kynna mér þessi málefni eftir föngum með hliðsjón af þeirri þekkingu sem ég hef út frá tæknimenntun og fróðleik sem maður óhjákvæmilega nálgast í þessu starfi. Til að koma skoðunum mínum að í sem stystu máli, þá væri líklegt til árangurs og samstöðu um þetta málefni að ríkisstjórnin skipaði nefnd sem fjallaði um vísinda- og tæknimál. Líklega væri hægt að fallast á það og skynsamlegt að í þeirri þröngu nefnd sætu forsrh. og menntmrh. ásamt þremur fulltrúum vísindaakademíunnar og sú nefnd mundi móta stefnu og verkaskiptingu milli ráðuneyta og gerði tillögu um fjárveitingar til fjárln. og fjmrh. því að þar er endapunkturinn, hjá fjárln., hvaða fjármunir eru veittir til þessarar starfsemi.

Með þessum orðum er ég að undirstrika að ég er ekki á móti breytingum. Því ber að fagna sem hér kemur fram í frv. að stefnt er að því að þessi mál séu til endurskoðunar á þriggja ára fresti þannig að unnt sé að aðlaga stefnumótun að þeim aðstæðum sem eru á hverjum tíma. Það er ekki síst vegna setu minnar í fjárln. sem ég tek þátt í þessari umræðu því að framlög ríkisins sem stöðugt þurfa að vaxa hafa mjög mikil áhrif á umfjöllun um fjárlagagerð og framtíðarafkomu.

Herra forseti. Raunaukning hefur að vísu orðið í útgjöldum til rannsókna og þróunar á Íslandi ef litið er beint til krónutölunnar eins og hún er sett fram og þá er ég að miða við þau fjárlagafrv. sem ég hef verið með í að fjalla um og þekki til á síðustu árum. Ég nefni að í síðasta fjárlagafrv. var um að ræða tæpa 9 milljarða samtals í fjárframlögum úr ríkissjóði að meðtöldu sjálfsaflarfé frá öllum stofnunum. Þetta er frá öllum ráðuneytunum samtals.

Ég hef ekki eins og ég sagði áðan aðgreint þessi þrjú frv. Ég horfi í raun á þetta allt saman sem eina heild.

Herra forseti. Það er almennt viðurkennt að mikla fjármuni þarf til rannsókna og vísindastarfa, ekki síður til þróunar tækninýjunga og það eru margir í samfélagi okkar sem telja að allt of litlum fjármunum sé varið til þessa. Menn verða að ákvarða á hverjum tíma hvernig fjármunum er ráðstafað til framtíðarfjárfestinga. Vísinda- og tæknirannsóknir eru ekki verkefni sem leyst verða með áhlaupum en til lengri tíma litið er víst að ef við drögumst aftur úr öðrum í frumkvöðlastörfum og vísindarannsóknum, þá drögumst við einnig aftur úr efnahagslega.

Virðulegur forseti. Þar sem hér er líklega um að ræða lokamálflutning hæstv. menntmrh. að sinni, þá er ástæða til að þakka honum samstarf og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi og ég geri það hér með.

[14:07]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um frv. þrjú sem hér eru til umræðu einungis til þess að hnykkja á nokkrum

atriðum sem flest hafa þegar komið fram í málflutningi hv. þingmanna Samfylkingarinnar. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða eins og ég hygg að allir hafi sagt við þessa umræðu og ekki síst vegna þess að stefnumótun í þeim efnum skiptir okkur miklu máli hér á landi um langa framtíð.

Því skiptir miklu að ákveðin skilaboð fylgi inn í nefndirnar sem eiga að fjalla um málin og ég leyfi mér að byrja á því, herra forseti, að gera nokkrar athugasemdir við það hvernig sú umfjöllun verður eða lítur út fyrir að verða verði þessum frv. vísað til hv. allshn., iðnn. og menntmn., hvort í þessu máli, eins og kannski öðrum stórmálum af þessum toga, sé ekki nær að grípa til þess að nefndirnar reyni með einhverjum ráðum að funda saman og halda sameiginlega fundi og kveðja til sín fólk og fá umsagnir sameiginlega.

Ég leyfi mér einnig að benda á í þessu máli eins og reyndar í öðru sem var til umræðu um daginn og varðaði frv. til laga um Kárahnjúkavirkjun, að slík stórmál í samfélaginu þyrftu auðvitað að ræðast á opnum nefndarfundum og mættum við að því leyti taka aðrar þjóðir okkur til fyrirmyndar þannig að sem flestir eigi þar aðgang að og geti hlýtt á mál manna og þær athugasemdir sem fram koma. En ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að vinnulagið er auðvitað í höndum meiri hlutans og forsn. og nefndarformannanna, en ég vildi koma þessu á framfæri í byrjun.

Hvað fyrsta frv. varðar, frv. til laga um Vísinda- og tækniráð sem hefur kannski hlotið mesta umfjöllun hér, þá vil ég taka undir með hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur um hverjir verði tilnefndir af ráðherrunum, þ.e. hér er verið að ræða um sex fulltrúa sem eru tilnefndir af sex ráðherrum í Vísinda- og tækniráðið og svo sitja þar einnig fjórir hæstv. ráðherrar samkvæmt þessari tillögu, átta manns koma frá Alþýðusambandinu og samstarfsnefnd háskólastigsins, fjórir og fjórir. Það liggur alveg fyrir að hér er um að ræða meiri hluta í nefndinni sem skipaður er af þeim meiri hluta sem ræður á Alþingi hverju sinni, verði þetta frv. samþykkt og gert að lögum. Ég hygg að það skipti mjög miklu máli að einhver skilyrði séu sett um það hverjir fulltrúar ráðherranna séu, þ.e. hvers konar menntun þeir hafi, hvers konar bakgrunn hvort heldur er í vísindasamfélaginu, atvinnulífinu eða annars staðar. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að við blasi að hér hljóti að vera um vísindamenn að ræða, við hljótum að leita þangað þar sem þekkingin býr í hverjum málaflokki og í þessu ráði.

Mér skilst einnig, herra forseti, að hér sé farið að erlendri fyrirmynd að einhverju leyti, finnskri, um það hvernig svona ráð eru upp sett og því hefur verið haldið fram að það auki mjög pólitíska þyngd málaflokksins að ráðherrar séu í Vísinda- og tækniráði og ég ætla ekki að mæla því mót. En það eykur auðvitað líka, herra forseti, hið beina pólitíska vald yfir vísindasamfélaginu. Við komumst ekkert fram hjá því. Þetta er þannig uppbyggt mál. Því hlýtur maður líka að benda á að það skiptir mjög miklu máli að Vísinda- og tækniráð, svo og þeir einstaklingar sem í því sitja hafi vinnureglur og temji sér starfshætti sem eru að sjálfsögðu í takt við góða stjórnsýslu, en að starfsreglur ráðsins liggi fyrir og þær séu mótaðar nú þegar, að það sé ekki látið fylgja einhvern tíma síðar. Það er nokkuð sem þarf að halda til haga í umræðunni.

Herra forseti. Frv. til laga um Vísinda- og tækniráð fylgir fylgiskjal frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þar eru leiddar líkur að því eða gengið er út frá því að í heildina hafi breytingin, þ.e. fyrirhuguð breyting sem lögð var fram í frv., ekki áhrif á útgjöld ríkisins þótt þau muni augljóslega skiptast öðruvísi en nú hefur verið, þ.e. útgjöldin.

Hinum frv. tveimur fylgja álíka klásúlur frá fjmrn., frv. til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem hæstv. menntmrh. mælti fyrir. Þar er tekið fram að það geti leitt til lægri stjórnsýslukostnaðar, verði frv. að lögum, en þó liggi ekki nægar upplýsingar fyrir til að meta fjárhæðir í því sambandi.

Síðan rak ég augun í eitt, herra forseti, að það muni leiða til 28,5 millj. kr. sparnaðar árlega eftir að stöður rannsóknarprófessora hafi verið lagðar niður. Nú er mér ekki kunnugt, herra forseti, hversu margar stöður rannsóknarprófessora eru við háskólann en ég hygg að þær séu allnokkrar og væri fróðlegt að fá við því svör hvort eitthvað eigi að koma á móti eða hvort hér sé beinlínis um niðurlagningu þessara prófessorsstaðna að ræða.

Í þriðja og síðasta lagi, hæstv. forseti, segir í frv. til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir, með leyfi forseta: „Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs."

Ég geri mér fulla grein fyrir því að hér er auðvitað ekki verið að leggja fram frv. til laga um fjárlög, að sjálfsögðu ekki. Hins vegar hafa þessar tillögur ekki þá þyngd sem þær þurfa að hafa í umræðunni ef engin loforð eða fyrirheit um stóraukið fjármagn til rannsókna fylgir. Það er til lítils að breyta skipaninni með svo gagngerum hætti og hér er lagt til ef ekki fylgja peningarnir. Að sjálfsögðu reiknar maður með því, herra forseti, að peningarnir fylgi en maður skyldi samt ekki alveg gera ráð fyrir því að þeir komi sisvona, herra forseti, og sérstaklega ekki, eins og komið hefur fram í máli flutningsmanna, að hér er verið að tengja vísindastefnuna í raun og veru, stefnumótun í rannsóknum og vísindum á Íslandi, við stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma í efnahags- og atvinnumálum. Og taki hv. þingmenn og hæstv. forseti eftir því að ekki er verið að tengja þetta stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma í vísindum og rannsóknum, heldur í efnahags- og atvinnumálum. Þetta tvennt þarf ekkert endilega alltaf að fara saman. Það eru, eins og fram hefur komið áður, grunnrannsóknir, rannsóknir sem kannski skila ekki árangri fyrr en eftir ár eða jafnvel áratugi. Það getur oft reynst mjög erfitt að fá fé til slíkra rannsókna og það hlýtur þá að vera undir stefnumörkun stjórnvalda komið hvernig fé er veitt til slíkra rannsókna. Sé það vilji stjórnvalda að styrkja grunnrannsóknir af öllu tagi þá hlýtur að þurfa að marka stefnu þar um en ekki segja berum orðum eins og hér kemur fram að á hverjum tíma skuli rannsóknir tengdar efnahags- og atvinnumálum. Það þýðir ekkert annað en það, herra forseti, að svokallaðar hagnýtar rannsóknir hafa alltaf forgang, eitthvað sem skilar árangri fljótt og vel, eitthvað sem markaðurinn er tilbúinn til þess að styðja, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir benti á í upphafi umræðunnar.

Ég ætla að láta máli mínu lokið, herra forseti, við 1. umr. um þessi þrjú frv. en ítreka að það er til lítils að ganga í stórkostlegar breytingar af þessu tagi á starfsumhverfi íslenskra vísindamanna og rannsóknarmanna ef ekki er algerlega tryggt að þeim fylgi fjárhæðir sem duga.

[14:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um þrjú frv. í senn sem kveða á um nýskipan á sviði vísindarannsókna. Eins og fram

hefur komið við umræðuna eru allir sammála því að mjög mikilvægt er að búa vel að vísindarannsóknum í landinu þannig að þær gagnist samfélaginu sem best og þar með atvinnuvegunum.

Með þessum frv. er verið að samtvinna vísindin hagsmunum atvinnulífsins í ríkari mæli en verið hefur áður, en ekki nóg með það, það á ekki að samtvinna þau atvinnuvegunum eins og þeir þróast heldur eins og ríkisstjórnin vill þróa atvinnuvegina því að í athugasemdum með þessum lagafrv. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eitt helsta inntak þessarar nýskipunar er að stefnumótun í vísindarannsóknum og tækniþróun byggist á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma."

Á síðustu öld urðu geysilegar framfarir á nánast öllum sviðum samfélagsins. Þessar framfarir áttu fyrst og fremst grunn í samfélagslegu átaki. Í nánast öllum löndum heims sem höfðu einhverja efnahagslega burði var lögð áhersla á kröftugar grunnrannsóknir. Þessar grunnrannsóknir skiluðu sér til samfélagsins á tvennan hátt, annars vegar í beinum uppgötvunum á sviði lækninga, lyfja og á ýmsum sviðum tækninnar. Hins vegar skiluðu þær sér út í atvinnulífið í vel menntuðu fólki sem var fært um að takast á við verkefni sem þar buðust. Hvernig þróuðust þessar rannsóknir sem skiluðu eins miklum framförum og dæmin sanna? Hver var sá farvegur sem stjórnvöld mótuðu? En það er einmitt slíkur farvegur sem er til umfjöllunar í þessum þremur frv. ríkisstjórnarinnar. Við erum að fjalla þar um stefnu stjórnvalda í þessum málum.

Farvegurinn, þ.e. hin opinbera stefna, byggði á einu grundvallaratriði, frelsi. Hún byggði á frelsi, frelsi vísindamanna, frelsi akademískra stofnana. Þetta hefur verið grundvallaratriðið.

Menn hafa oft tekist á um það að hvaða marki sé rétt að takmarka frelsi vísindanna. Á sínum tíma, fyrir ekki mjög mörgum árum, var um það rætt hvort við ættum að innleiða þann sið hér að tryggja fólki atvinnuleysisbætur sem ekki fengi störf við sitt hæfi eins og það var kallað. Slíkt fyrirkomulag viðgekkst alla vega erlendis, á Norðurlöndunum einhvers staðar, þ.e. að fengirðu ekki starf í þínu takmarkaða, afmarkaða fagi þá ættirðu rétt til atvinnuleysisbóta.

Ég hafði alltaf miklar efasemdir um þetta, mjög miklar efasemdir. Hvers vegna? Ég hafði áhyggjur af því að þetta mundi leiða til takmörkunar á frelsi. Ef ríkið eða hið opinbera væri gert ábyrgt fyrir einstaklingnum að loknu námi þá væri sú hætta fyrir hendi að ríkið vildi líka ráða hvað hver og einn tæki sér fyrir hendur í sínu námi. Þetta er varasamt sjónarmið, mjög varasamt sjónarmið. Hér eigum við að treysta á frjálsar akademískar stofnanir og frelsi einstaklingsins til að velja og til að vera leitandi og leyfa sér að vera leitandi. Það er í þessu andrúmi sem framfarirnar hafa orðið. Það er hér sem ríkisstjórnarfrumvörpin koma við sögu því að nú er gert ráð fyrir að fara inn á nýjar brautir, að takmarka frelsið og samtvinna stefnu í vísindarannsóknum hagsmunum atvinnulífsins. Ég hef miklar efasemdir um það þó að ég vilji að vísindarannsóknir komi atvinnulífinu að gagni. Að sjálfsögðu vil ég það. Ég er sammála því. En ég tel þetta ekki heppilega leið til slíks. Það er alveg rétt sem segir í fylgigögnum með þessu frv. að það blása nýir vindar. Hverjir eru þessir nýju vindar? Mjög víða — menn vísa hér í reynslu erlendis frá, því miður ekki alltaf góð fordæmi — er verið að draga úr grunnrannsóknum og setja þær út á markaðinn sem hefur fyrst og fremst gegnt svokölluðum hagnýtum rannsóknum. Það var ágætlega sagt hér áðan í ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að línan þarna á milli, milli hagnýtra og grunnrannsókna, væri oft óglögg. Hæstv. menntmrh. kom reyndar að því líka í sínu máli. Ein skilgreining heldur þó og hún er sú að markaðurinn fæst fyrst og fremst við svokallaðar hagnýtar rannsóknir eðli máls samkvæmt, rannsóknir sem er talið fyrirsjáanlegt að muni skila gróða og hagnaði.

Þegar hins vegar litið er á framfarirnar og sögu vísindanna kemur í ljós að margar merkustu uppgötvanir, t.d. í læknavísindum og í ýmsum öðrum rannsóknum, hafa orðið til nánast fyrir tilviljun í kröftugu rannsóknarumhverfi að vísu. Þær byggja á því að búa við kröftugt rannsóknarumhverfi. Mér finnst að við eigum frekar að fara inn á slíka braut og efla þá braut, frjálsræði og frelsi akademískra stofnana og búa betur að þeim aðilum sem hafa séð um styrkveitingar til þessa vegna þess að vandinn hefur ekki verið skipulagslegur fyrst og fremst. Hann er fjárhagslegur. Rannís hefur einfaldlega ekki haft nægilega fjármuni til að ráðast í rannsóknir. Menn horfa nú til fyrirtækja t.d. í líftækniiðnaði. Menn horfa til Íslenskrar erfðagreiningar. Bent var á að ekki hefði verið nægur mannafli ef ekki hefðu verið grunnrannsóknir bæði hér á landi og annars staðar til að sjá fyrir vinnuafli. Menn skyldu ekki halda að þeir peningar sem þar eru til hagnýtra rannsókna komi af himnum ofan. Auðvitað eru þeir teknir út úr íslensku atvinnulífi og þar erum við að tala um milljarða. Þessir aðilar, fyrirtæki á markaði, hafa milljarða að spila úr á sama tíma og kreppt hefur verið að öðrum grunnrannsóknum í landinu. Þetta er mergurinn málsins. Á Íslandi hafa verið stundaðar mjög merkilegar rannsóknir á ýmsum sviðum í mörgum stofnunum um áratugaskeið. Ég hef stundum furðað mig á, þó ég dáist í bland að því, að hógværð íslenskra vísindamanna yfir sínum afrekum og sem hafa oft verið unnin í kyrrþey á þessum vísindastofnunum. Við eigum að hlúa að þessu. Við eigum hlúa að og styrkja þennan grunn. En sú stefna að gera tvennt í senn, að færa rannsóknir út á markaðinn og njörva rannsóknirnar síðan undir pólitískt fagráð meira og minna — þeir ætla sér að sitja þarna fjórir hæstv. ráðherrar — tel ég mjög vafasama og tel að þetta muni ekki þjóna þeim göfugu markmiðum sem menn kveðast vissulega vera að reyna að ná í sínum skýrslugerðum sem fylgja þessum frv. Ég hvet því mjög eindregið til þess að þetta verði skoðað mjög rækilega og leitað mjög víða fanga áður en ákvarðanir verða teknar.

Ég studdi það að þessi frv. væru rædd öll saman vegna þess að þau eru að sjálfsögðu nátengd. Öll þessi frv. eru nátengd. En þannig eiga þau líka að fylgjast að í frekari vinnslu í þinginu. Þau þurfa öll að fara inn í menntmn. og eiga öll að skoðast af hverri nefnd og helst fleiri nefndum einnig.

Þetta voru þær meginátherslur sem ég vildi að kæmu fram í mínu máli við 1. umr. málsins.

[14:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hugsa að við hv. þm. teljum álíka nauðsynlegt að leggja mikla áherslu á grunnrannsóknir. Við erum sammála um að markaðurinn skirrist heldur við að setja fjármagn í þróunarstarf sem skilar ekki árangri í beinhörðum verðmætum fyrr en eftir mörg ár. Því tel ég, eins og mér skildist að hv. þm. gerði líka, ákaflega nauðsynlegt að veita fjármagn til grunnrannsókna og ég deili áhyggjum hv. þm.

um að í þeim þremur frv. sem hér liggja fyrir sé áherslan á grunnrannsóknum ekki nógu skýr.

Ég kem hér upp til þess að lýsa því viðhorfi mínu að ég tel að uppgötvanir sem gerðar eru í krafti vísindalegrar vinnu verða ekki fyrir tilviljun, síður en svo eins og hv. þm. sagði. Þær verða að sönnu til í kröftugu rannsóknarumhverfi vegna skipulegrar rannsóknarvinnu. Það er ekki þannig að sú vinna skili af sér stökum miklum uppgötvunum. Þetta er stöðug framþróun nýrrar þekkingar á nýjum sviðum. Það er hins vegar tilviljanakennt eða kannski mætti frekar segja að það ráðist af framvindu markaðar hvenær uppgötvanir sem gerðar hafa verið og menn hafa ekki endilega fundið sérstaka nauðsyn fyrir verða skyndilega hagkvæmar. Allt í einu stendur markaðurinn frammi fyrir verkefnum sem þarf að leysa og þá blasir við oftar en ekki að lausnirnar eru fyrir hendi. Þær er að finna í niðurstöðum sem hafa komið fram við grunnrannsóknir. Því vil ég leggja fram þann skilning minn að nauðsynlegt er að styrkja grunnrannsóknir og vera með skipulega rannsóknarvinnu vegna þess að þær leiða af sér flaum nýrra uppgötvana. Síðar er það okkar og markaðarins að nýta þær.

[14:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Maður þarf að gæta að sér í orðavalinu þegar sagt er að uppgötvanir verði til fyrir tilviljun. Þannig held ég að það hafi nú reyndar oft verið. En ég bætti því við, eins og hv. þm. gerði reyndar einnig, að ég talaði um kröftugt rannsóknarumhverfi. Auðvitað eru menn ekki í einhverju hugsunarleysi í sinni vinnu. Menn eru ekki bara að þjóna markaði, þeir eru að sækja fram, leita inn á ný svið upplýsinga og tækni til þess að bæta heiminn, bæta samfélagið, sækja fram í lækningum o.s.frv. Það er ekki bara markaðurinn sem þarna stýrir för. Ég held að það hafi verið styrkur vísindasamfélagsins á síðustu öld hve þessi heimur var í rauninni óháður markaðnum. Það er ekki þar með sagt að menn séu ekki markvisst að sækja fram til framfara.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Grunnrannsóknir skapa stöðugan straum nýrrar þekkingar sem við getum sagt að samanstandi af einstökum uppgötvunum. Ég held ekki að uppgötvanir séu gerðar fyrir tilviljun heldur í krafti skipulegrar vinnu.

Markaðurinn þróar þekkingu með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi stendur hann andspænis skilgreindum vandamálum sem hann reynir að leysa og tekst oft að leysa, en jafnan á grundvelli þekkingar sem búið er að skapa áður einhverju sinni með grunnrannsóknum. Í öðru lagi getur hann stundum gengið beint að lausnum sem eru til í krafti grunnrannsókna.

Mikilvæg svið á sviði tölvuvísinda tengjast Íslendingum að því leyti að íslenskur stærðfræðiprófessor sem starfaði í Bandaríkjunum, Sigurður Helgason, hafði áratugum unnið að ákveðnum mjög flóknum stærðfræðilegum rannsóknum sem höfðu áratugum saman ekkert hagnýtt gildi. En skyndilega stóð markaðurinn frammi fyrir vissum vandamálum og gat nánast tekið lausnirnar af hillu þessa íslenska stærðfræðiprófessors, sem lengi vel bjó við Ægissíðuna, ekki langt frá hv. þm.

Þetta er til marks um að framþróun á markaði helst alltaf í hendur við framþróun grunnvísinda. Þetta er kannski ekki pólitískur ágreiningur en hann er vísindapólitískur milli mín og hv. þm. að því leyti að ég legg áherslu á að ég er andstæðrar skoðunar varðandi það hvernig nýþekking verður til. Hún verður ekki til fyrir tilviljun eins og hv. þm. sagði heldur í krafti skipulegrar rannsóknarvinnu.

[14:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða skiptir vissulega miklu máli. Hér erum við að fjalla um grundvöllinn sem við reisum vísindarannsóknir á. Við erum sammála um það, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það er mjög mikilvægt að styrkja grunnrannsóknir. Ég hef af því áhyggjur að þessi frv. og stefnubreytingin sem þau boða leiði til þess að grunnrannsóknir veikist þegar fram líða stundir.

Að sjálfsögðu er mikilvægt að grunnrannsóknir séu í markvissum farvegi. Ég held því hins vegar fram að til að tryggja markvissa vinnu verðum við að tryggja frelsi þeirra sem stunda þessa vinnu, hvort sem það eru stofnanir eða einstakir vísindamenn, til þess að fara sínu fram. Þá getur líka verið mikilvægt að frelsa þá undan oki markaðarins. Markaðurinn gerir þá kröfu að við sækjumst fyrst og fremst eftir hámarksarðsemi sem er síðan allt önnur blaðsíða. Það er varasamt sjónarmið og hefur ekki verið sá drifkraftur sem hefur fært okkur tækniframfarir 20. aldarinnar.

[14:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er kannski ekki hefðbundið og ekki mikil kurteisi af mér að taka upp þráðinn þar sem hann slitnaði í andsvörum okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Ég tel að það sem greinir á milli okkar, sé að ég er þeirrar skoðunar að markaðurinn gegni miklu hlutverki við að búa til nýja þekkingu, ekki bara að setja hana í hagnýtt form heldur held ég að starfsemi markaðarins og sú vísindalega viðleitni sem hann er knúinn til að sýna í krafti hagnaðarvonar leiði oft af sér nýja þekkingu, stundum þekkingu sem segja má að falli með vissum hætti í sama pott og sú sem verður til í krafti grunnrannsókna. Oft og tíðum er þar um að ræða þekkingu sem ekki nýtist fyrr en eftir dúk og disk en hún nýtist. Öll þekking nýtist einhvern tíma.

Ég tel að það sem við erum að ræða um núna sé mjög mikilvægt mál. Verðugra hlutskipti finna stjórnmálamenn vart en einmitt að velta fyrir sér heppilegri og farsælli stefnu á sviði mennta og vísinda. Það er athyglisvert, ef maður skyggnist aftur í tímann, að sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafði framan af síðustu öld og jafnvel þarsíðustu, vissan vísindalegan undirtón. Jón forseti, sem við höfum steypt í eir hér úti á Austurvelli, skrifaði lítinn bækling 1848 um nýsköpun í sjávarútvegi. Hann lagði þar áherslu á nauðsyn þess að efla vísindalegar rannsóknir vegna þess að þær ásamt verslunarfrelsinu væru undirstaða framfara þjóðar okkar. Það er merkilegt að skoða sögu okkar á síðustu öld og verða þess áskynja að Íslendingar hófu mjög snemma að byggja upp kerfi til að treysta grundvöll þekkingar sem menn notuðu til nýsköpunar í atvinnuvegunum. Ég nefni nöfn frumherja eins og fiskifræðinganna Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar. Ég nefni Björn Sigurðsson á Keldum, af því að ég veit að sú rannsóknastöð stendur hjarta hv. þm. nær.

Við erum að velta fyrir okkur heppilegri pólitík til að laða fram, í krafti þess fjármagns sem við höfum yfir að ráða, sem mesta þekkingu. Þessi frv. sem við erum að ræða eru allrar athygli verð. Ég sagði áðan að ég hefði ekki mótað mér endanlega skoðun á þeim. Ég áskil mér rétt til þess að leggjast gegn þeim eða vera þeim samþykkur eftir að hafa skoðað málið betur og séð þau rök sem liggja þessum

frumvörpum til grundvallar. Í stórum dráttum, herra forseti, sýnist mér að reyni maður að draga saman það sem fram kemur í þessum frv. þá sé það að gerbreyta uppbyggingu vísindarannsókna á Íslandi.

Hið nýja kerfi sem lagt er til er þannig að gert er ráð fyrir því að hinu endanlega valdi um stefnumótun sé í reynd komið fyrir í höndum forsrh. Segja má að á öld valddreifingarinnar stríði þessi viðleitni gegn straumnum. Sumir kynnu að kalla þetta miðstýringarárattu. Undir forsrh. eða með honum sitja nokkrir ráðherrar sem eiga að koma að mótun stefnu um vísindi og rannsóknir. Undir þeim er síðan 14 manna Vísinda- og tækniráð. Undir því eru síðan tvær nefndir, vísindanefnd sem forsrh. skipar eftir tilnefningum menntmrh. og síðan er sérstök tækninefnd, einnig sjö manna, sem hæstv. iðnrh. kemur að með sama hætti.

Þá er eftir fjármögnunarþátturinn. Nýbreytnin sem þarna má segja að komi fram varðandi fjármögnunina er að undir iðnrh. verður til sérstakur Tækniþróunarsjóður en undir menntmrh. verða til tveir sjóðir, Rannsóknasjóður og Tækjasjóður. Áherslan á fjármögnun verkefna, sýnist mér af lestri þessara frv., mun liggja nokkuð þungt á það sem kalla má hagnýtar rannsóknir. Af því leiddi sú fyrirspurn sem ég varpaði til hæstv. menntmrh. í upphafi þessarar umræðu: Með hvaða hætti á að tryggja það að grunnrannsóknir verði ekki út undan? Ég segi það hreinskilnislega að ég óttast að svo verði. Það er svo mikil áhersla innan rannsóknageirans í dag að framkalla þekkingu sem hægt er að nýta svo að segja strax að mér sýnist vægi grunnrannsókna alltaf að minnka. Þeir sem stunda hreinar grunnrannsóknir eiga alltaf örðugra með að verða sér úti um fjármagn.

Sérstök áhersla er lögð á það, í þeim frv. sem hér liggja fyrir, að styrkja einstaklinga án þess að taka sérstaklega tillit til þeirra stofnana sem þeir starfa við. Það kann að vera að með þeim hætti megi fremur hjálpa þeim einstaklingum sem eru að berjast í grunnrannsóknum en ég er ekki sannfærður um það. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða rækilega í nefnd.

Ég er eins og hér hefur fram komið alfarið þeirrar skoðunar að þjóð okkar verði að verja umtalsverðum peningum til grunnrannsókna vegna þess að þær eru stökkpallurinn sem við notum til þess að kasta okkur áfram inn í iðu hinnar hagnýtu tækniþróunar. Ég ætla á þessu stigi ekki að gera miklar athugasemdir við þá sjóði sem eru undir menntmrh. Þó vildi ég spyrja hæstv. menntmrh. hvernig þeir styðja betur en hið fyrra fyrirkomulag það yfirlýsta markmið sem hefur komið fram í ræðum ráðherrans og í andsvari áðan, að efla unga vísindamenn. Ég tel í fyrsta lagi nauðsynlegt að skapa umhverfi hér á landi sem kallar unga íslenska vísindamenn heim. Í öðru lagi finnst mér nauðsynlegt að hvetja þá sem eru hér við nám og rannsóknarstörf og hafa ekki hleypt heimdraganum til að kasta sér út í frekari rannsóknir innan lands. Þar, herra forseti, er verið að stytta ferilinn á milli uppgötvana og hagnýtingar þeirra í framleiðslunni. Hvernig stuðlar það fyrirkomulag sem hér er lagt til að því að fjölga og efla unga íslenska vísindamenn?

Ég verð síðan, herra forseti, að gera nokkrar athugasemdir við frv. sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fram varðandi stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Þar er lagt til að á vegum Iðntæknistofnunar verði rekin sérstök nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Nú er það svo, herra forseti, að ég er því hlynntur að fyrirtæki af þessum toga verði studd. Minn flokkur, Samfylkingin, hefur lagt sérstaka áherslu á að ríkisstjórnir beiti sér hverju sinni fyrir aðgerðum til að styrkja þau. Við höfum t.d. lagt fram hugmyndir í þinginu, herra forseti, í umræðum um skattalagabreytingar, um að stjórnvöld taki upp sérstakt fyrirkomulag á skattgreiðslum sem ívilni litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Það kom mér á óvart þegar helstu skattasérfræðingar þingsins töldu að þar væri ókleift fjall við að eiga, ekki væri hægt að finna fyrirkomulag sem leyfði og gerði tæknilega mögulegt að ívilna litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem við í Samfylkingunni höfum síðan viðað að okkur fara fjölmörg lönd þessa leið. Eitt þeirra er t.d. Írland. Ef ég man rétt, herra forseti, þá er að finna þriggja laga kerfi í Írlandi þar sem örsmá fyrirtæki greiða mjög lítinn skatt og síðan stighækkar hann. Það er alveg ljóst að ef við ætlum að bera okkur saman við Íra þá er hægt að fara skattalagaleiðina til að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki.

Hlutverk nýsköpunarmiðstöðvarinnar virðist mér í reynd að taka við Impru, sem var verkefni innan Iðntæknistofnunar. Þá vil ég, herra forseti, koma að því sem ég drap á í andsvari mínu við hæstv. ráðherra menntamála fyrr í dag. Iðntæknistofnun er ágæt stofnun. Hún hefur lengi verið til. Stundum hefur mér ekki þótt tilgangur hennar mjög augljós. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort ekki sé nauðsynlegt að ráðast í róttæka uppstokkun á rannsóknastofnunum íslenska ríkisins. Sé svo, þá er alveg ljóst að Iðntæknistofnun er ein þeirra stofnana sem hlýtur að leggjast í það púkk. Ég hefði talið, herra forseti, áður en menn fara þessa leið, sem mér sýnist að leiði af því að Iðntæknistofnun breytist í einhvers konar nýsköpunarmiðstöð, þá hefðu menn átt að skoða þetta betur.

Innan Iðntæknistofnunar eru ýmsir geirar sem færa má rök fyrir að eigi heima annars staðar. Ég tel að þessa stofnun, hluta af Orkustofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og mögulega hluta af fleiri íslenskum vísindastofnunum eigi að sameina. Ég held að menn eigi að skoða með róttækum hætti tilgang slíkrar sameinaðrar stofnunar. Sum af þeim verkefnum sem þarna eru unnin væri hægt að flytja út á markaðinn. Ég er þeirrar skoðunar og ég skoðaði þetta talsvert fyrr á árum og komst að þessari niðurstöðu.

Ég spurði hæstv. menntmrh. áðan hvort hann teldi ekki, í framhaldi af þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf hér um að fyrir lok þessa kjörtímabils kæmu fram tillögur um breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins, að einnig ætti að fara í uppstokkun á rannsóknastofnunum. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða hugmyndir hefur hann gert sér um uppstokkun á hinum opinberu rannsóknastofnunum íslenska ríkisins?

Þegar ég skoða Tækniþróunarsjóðinn sem lagt er til að stofnist af samþykkt þessa frv. hæstv. iðnrh. kemur í ljós að hvergi er talað um fjárframlög til hans. Hann er nýr sjóður og hlutverk hans er reifað með nokkrum fögrum orðum. En það er tekið fram í fylgiskjali frá fjmrn. að ekki sé gert ráð fyrir neinu sérstöku framlagi sem eigi að fylgja þessu. Þar eru reifaðir fyrri styrkir eða fyrri smásjóðir sem er að finna hér og hvar.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. iðnrh.: Er það svo að hinum nýja Tækniþróunarsjóði fylgi ekki neitt nýtt framlag? Mig langar í annan stað að spyrja hæstv. iðnrh.: Hversu mikið fjármagn leggur hún af stað upp með fyrir sjóðinn? Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því af lestri greinargerðar frv.

hversu miklir þessir litlu sjóðir og peningar sem áður var veitt til ýmissa verkefni undir iðn.- og viðskrn. og eftir atvikum Iðntæknistofnun, eru þegar þeir eru allir lagðir saman.

Herra forseti. Hverju vilja menn helst ná fram með þessu breytta skipulagi? Vel kann að vera að það sé, svo maður sletti erlendu orði, ákveðinn „prestige" fyrir forsrh. að hafa þessa tauma í sínum höndum. Það kann líka að vera hægt að rökstyðja þessa skipan mála með því að í nútímaþjóðfélagi má ekki rekja nema u.þ.b. helming verðmætasköpunarinnar beint til fastra fjármuna og vinnuafls, náttúruauðlinda eða hinna hefðbundnu framleiðsluþátta hagkerfisins. Hinn helmingurinn, raunar rífur helmingur, sprettur fram af nýrri þekkingu. Þar með má halda því fram að rannsóknir séu orðnar hagstjórnartæki. Það er ein röksemd sem hægt er að nota til þess að styðja þessa skipan mála.

Ég tek hins vegar eftir því að í þeim greinargerðum sem frumvörpunum fylgja er ekki orð um það. Ég fann heldur ekki þann skilning í máli hæstv. menntmrh. eða forsrh. er þeir mæltu fyrir þessum frv. að þeir litu svo á að eðlilegt væri að rannsóknir lytu endanlegu valdi hæstv. forsrh. sökum þess að þær væru á nýjum tímum tæki til þess að stýra framvindu efnahagslífsins. Þær eru í reynd tæki til þess að skjóta burðugri stoðum undir hagvöxt. Það eru rök, finnst mér.

Mér sýnist samt að ástæðan fyrir þessari tillögu sé fyrst og fremst von þeirra sem hafa afl og burði í vísindaheiminum um að nánari tengsl stefnumótunar á sviði rannsókna og fjárveitingavaldsins leiði til þess að auðveldara verði að draga fjármagn til rannsókna. Þó að hæstv. menntmrh. tali oft um að framlög til rannsókna- og þróunarmála hafi aukist mjög þá held ég að það sé umdeilanlegt. Það kom fram áðan að ef ráðstöfunarfé Vísindasjóðs er skipt niður í fjölda kostaðra mannára þá hefur þeim fækkað frá dögum þeirrar ríkisstjórnar sem ég sat í úr 90 mannárum til svona tæplega 60, 55–60 mannára, svo að ég leyfi mér að lesa hér út úr grafi sem ég hef frá Rannís. Samkvæmt því, herra forseti, hefur nú heldur sigið á ógæfuhliðina.

Stundum er vísað til þess að Finnar hafi náð mjög miklum árangri með því að fara þá leið sem hér er lögð til. Ég hjó eftir því að í ræðu sem rakin var í fjölmiðlum í apríl á síðasta ári taldi hæstv. menntmrh. að tillögur sínar byggðu á því sem hann taldi vera skipulag Finna í þessum málum. Það er rétt að Finnar hafa svipaða ráðherranefnd og hér er lögð til að móti stefnu í vísindum og tækni. Þeir hafa hins vegar sér til hliðar finnsku akademíuna sem hefur starfað í meira en 100 ár og undir henni eru a.m.k. fjögur rannsóknaráð. Þeir hafa líka ýmsa sjóði sem veita styrki til rannsókna og þróunar.

Það sem skiptir máli í Finnlandi er að fjárveitingar til rannsókna- og þróunarverkefna hafa árum saman aukist um 15%. Nú ber ekki að lasta það, herra forseti, að vel kann að vera að þau nánu tengsl sem í hinu finnska líkani eru á milli stjórnvalda, vísindamanna og atvinnulífsins hafi leitt til þess að opinberir fjármunir til vísindarannsókna hafi eflst sem þessu nemur. Þetta er eitt af því sem við hljótum að hafa í huga sem viljum treysta straum fjármagns úr opinberum sjóðum til rannsókna.

Herra forseti. Ég tek eftir að hér er rætt um rannsóknarnám og ég er eindreginn stuðningsmaður þess að rannsóknarnám við íslenska háskóla verði eflt. Eins og ég sagði áðan þá styttir það leiðina mjög á milli framleiðslu nýrrar þekkingar og hagnýtingar. Samkeppnishæfni atvinnulífs og samfélags í dag helgast mjög af því að leiðin á milli framleiðslu á þekkingu og síðan hagnýtingar hennar í einhvers konar framleiðslu verði eins stutt og hægt er. Ég er stuðningsmaður þess og því tel ég nauðsynlegt að styrkja rannsóknartengt framhaldsnám, meistarapróf og doktorsnám. Það er mín reynsla sem gamals vísindamanns og hafandi starfað um skeið með fjölmörgum vísindamönnum að þessi partur hinnar vísindalegu ævi sé sá frjóasti. Fjölmargir heimsþekktir vísindamenn, sem alla ævi sína eru að framleiða nýja þekkingu sem hægt er að nýta með ýmsum hætti eru að vinna úr hugmyndum sem verða til á þessu frjóasta skeiði háskólamannsins.

Þess vegna skiptir miklu máli að við höldum fólkinu í landinu á meðan það er að framleiða þessa þekkingu í staðinn fyrir að það hverfi til útlanda og komi e.t.v. ekki aftur eða skilji obbann af sínum góðu hugmyndum eftir. Þetta er mjög jákvætt og við þurfum að gera það sem hægt er til þess að styrkja þetta rannsóknartengda nám. Farið er fögrum orðum um það hér í frv. en ekkert er talað um að það eigi að efla fjárveitingar til þess.

Að lokum, herra forseti. Þrátt fyrir áherslu mína á að stytta ferlið á milli framleiðsluþekkingar og hagnýtingar hennar verð ég að leggja endanlega í máli mínu áherslu á að það sem skiptir ekki síður máli er að við gleymum ekki grunnrannsóknunum.

[14:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræddum aðeins í andsvari hér áðan samhengið á milli vísindarannsókna, markaðar og framfara og hvernig þetta tvinnaðist saman. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að öll þekking nýtist einhvern tíma. Ég held að þetta kunni að vera rétt. Þannig hefur verið bent á að nýjungar í tengslum við vopnaiðnað hafi komið að notum á alls óskyldum sviðum. Nú vitum við að vopnaiðnaðurinn hefur löngum verið arðvænlegur vegna stefnu stjórnvalda í herveldunum.

Vandinn er hins vegar sá að ef við beinum rannsóknarstarfi fyrst og fremst í þágu markaðar og hámarksarðsemi erum við komin út á mjög hála braut. Það hefur t.d. verið bent á að á sviði lyfjarannsókna beini lyfjafyrirtækin fyrst og fremst kröftum að því að finna lyf sem lækna sjúkdóma þeirra sem eru aflögufærir en beini síður sjónum sínum að sjúkdómum fátæks fólks í Asíu og Afríku. Af þessu hafa menn miklar áhyggjur og á þetta hefur verið bent og um þetta fer fram mikil umræða.

Þetta vildi ég segja um þessa tengingu milli markaðar, arðsemi og rannsókna.

[14:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fleira en hjörtunum svipar saman í Súdan og Grímsnesinu. Öllum mannslíkamanum svipar saman á þessum tveimur ólíku slóðum.

Ég dreg í efa að þeir sjúkdómar sem landlægir eru í Afríku og Asíu séu mjög frábrugðnir þeim sem hrjá okkur á Vesturlöndum. Hvaða sjúkdómar eru efst á baugi í þessum álfum? Eyðni, svipað og hjá okkur. Lyfjaiðnaðurinn er alltaf að framleiða nýja þekkingu sem gagnast þessum löndum líka. En það er að vísu rétt að hann hefur sett upp hátt verð og skapað þannig kínamúra sem hafa komið í veg fyrir að lyfin nýtist sem skyldi.

Ég vísa þá til þess hvað brasilíska ríkisstjórnin gerði og til þess sem við jafnaðarmenn allra flokka, allra landa erum að berjast fyrir, þ.e. að þessir alþjóðlegu lyfjarisar verði knúnir til þess að láta af höndum lyf á skaplegu verði.

Það vill svo til að ég þekki örlítið til lyfjaiðnaðar í einu vanþróuðu landi í Suður-Ameríku. Ég varð þess áskynja þar — ég þekki menn sem starfa þar við framleiðslu — að framleiðslukostnaðurinn er ótrúlega lítill þar þannig að verðið er ótrúlegt. Tengslin milli ólíkra rannsóknarsviða geta hins vegar verið ótrúlega rík.

Sá kimi vísindasamfélagsins í dag sem fleygir hvað örast fram er erfðafræði og erfðatækni. Það er hins vegar ómögulegt að brjóta út jaðar þeirra í hagnýtum tilgangi nema að þróa um leið gerólíka vísindagrein sem er siðfræði. Þarna eru tvær algjörlega ólíkar vísindagreinar sem nánast verða að ganga hönd í hönd. Við getum ekki leyft ákveðna hluta innan erfðafræðinnar nema vera búin að kanna hinar siðfræðilegu afleiðingar. Það gerum við með því að efla grunnrannsóknir á sviði siðfræði.

[14:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að lokum þetta: Ég var að vekja athygli á því hvernig rannsóknarfjármagni er beint inn í vopnaiðnað þar sem rannsóknirnar og fjárfestingin gefur mest af sér. Ég er einnig að benda á umræðu sem fram fer innan vísindasamfélagsins þar sem því er haldið fram að hlutfallslega meira fjármagn fari í rannsóknir á þeim sjúkdómum sem hrjá okkur hér í hinum ríkari hluta heimsins en til að lækna mannslíkamann í hinum fátækari hluta. Þetta er nokkuð sem menn hafa áhyggjur af.

En menn ræða líka hitt, og vísa ég þar í greinar í erlendum læknatímaritum nýlega þar sem menn hafa af því áhyggjur að verið sé að draga úr grunnrannsóknum og færa rannsóknir í ríkari mæli yfir á markaðinn. Þetta er hlutur sem er að gerast og ég hef af því áhyggjur að við séum að byrja að feta okkur inn á þessar brautir.

Menn dáðust mjög að japanska módelinu hér fyrir nokkrum árum þar sem menn samtvinnuðu á „korpórótíska" hátt ríki og markað og atvinnulíf. Við erum svolítið að feta okkur inn á þessa braut. Ég spyr: Verður e.t.v. opnuð ný deild í tengslum við áliðnað í háskólanum núna á komandi mánuðum? Hver veit?

[14:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þannig að þegar alúmíníum losnar úr jarðvegi og streymir t.d. út í straumvötn þá getur það við vissar aðstæður drepið allt kvikt þannig að ég tel ekkert mæla á móti því að í tengslum við nýtt álver og ný álver verði einmitt reitt af höndum fjármagn til þess að rannsaka slíkt.

Hv. þm. verður að reyna að skoða hlutina af fordómaleysi. Ég og hann erum báðir á móti stríði. En hergagnaiðnaðurinn hefur samt ýmislegt gott af sér látið leiða. Má ég taka dæmi?

Öll þjónusta og verslun í dag er í æ ríkari mæli, eins og öll mannleg samskipti, háð samskiptum okkar um netið. Hvernig varð netið til? Með vissum hætti tengdist þróun netsins hergagnaiðnaðinum að því leyti að það varð til sem upplýsingaveita innan Pentagon, sem er auðvitað angi af hergagnaiðnaðinum þó að það megi segja að það sé hluti af ... (**ÖJ:** Nú förum við að nálgast tilviljunarkenninguna.) Nú erum við ekki að nálgast tilviljunarkenninguna, herra forseti, heldur var í þessu tilviki um að ræða skipulega rannsóknarvinnu sem beindist að því að leysa ákveðin vandamál, þ.e. samskipti innan húss. Þau voru leyst svo frábærlega að þegar upp var staðið fólu þau í sér lausnina að ótrúlega hagkvæmum samskiptum ekki innan húss heldur um allan heiminn, milli allra húsa í heiminum.

Þetta má kalla afsprengi þess sem hv. þm. mundi sennilega kalla „hernaðarbrölts Bandaríkjamannanna" af því að hann er alltaf fullur fordóma gagnvart öllu slíku. (**ÖJ:** Lifi Pentagon.) Það er ekki ályktunin, herra forseti. Ég dreg ekki þá ályktun. En það er hægt að benda á svo fjölmargt jákvætt sem hefur hlotist af rannsóknarvinnu sem menn hafa ráðist í í ekki mjög göfugum tilgangi.

Herra forseti. Ég er að öðru leyti sammála hv. þm. um að við verðum að reyna að gæta þess að misbeita ekki rannsóknarfé. Við eigum að nota það naumt skammtaða fé sem við höfum í eins jákvæðum og göfugum tilgangi og hægt er.

[15:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þær góðu umræður sem hér hafa farið fram um þessi frumvörp og tel mjög mikilvægt að þessi mál, vísinda- og tæknimál, séu rædd í sölum Alþingis og áhrif þeirra á þróun samfélagsins. Það var einmitt einn tilgangurinn með frumvörpunum að skapa grundvöll fyrir slíkar umræður í þinginu. Hér hafa farið fram umræður um frumvörpin en ég er sannfærður um að verði frumvörpin að lögum muni verða hér umræður um framkvæmd þeirra áætlana sem menn munu setja fram og inntak og hvernig að þessum málum verður staðið. Og það verður til þess að efla þennan málaflokk og styrkja forsendur fyrir fjárveitingu til málaflokksins og þar með ná þeim markmiðum sem við setjum okkur með frumvörpunum.

Rætt hefur verið um fjármagn og það er vissulega rétt að huga þarf að því hvernig unnt er að efla rannsóknir hér á landi og rannsóknaumhverfið með opinberu fé. Aukið opinbert fé hefur verið veitt til þessara málaflokka á undanförnum árum. Við sjáum það líka í frv. og í grg. sem fylgir frv. hæstv. forsrh. Þar koma fram þær upplýsingar um útgjöld til rannsókna og þróunar á Norðurlöndunum frá 1999 að Ísland var með hæstu árlegu raunaukningu á Norðurlöndum á síðasta áratug eða um 12,6%.

Einnig kemur fram ef menn líta á hlutfallstölur og samanburð á hlutfalli af landsframleiðslu til rannsókna að orðið hefur stórstökk hér á landi. Áður vorum við í neðstu sætunum, nú erum við að komast upp í efstu sætin þegar litið er á slíkar hlutfallstölur. Það er sama hvernig menn líta á þetta, við höfum verið að auka okkar hlut en spurningin er: Hver á að vera hlutur ríkisins og hvernig á að standa að fjárveitingum á vegum ríkisins? Gert er ráð fyrir því að móta þann farveg í þessum frumvörpum og það hefur síðan líka verið gert með samningum við háskólana um rannsóknafé til þeirra.

Og þar kem ég að því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi þegar hann spyr: Hvar kemur það fram í þessum frumvörpum að menn tali um að efla sérstaklega unga vísindamenn og menntun ungra vísindamanna? Það kemur vissulega fram þegar menn fjalla um Rannsóknarnámssjóðinn, en ég vil lesa úr grg. með frv. til laga um vísinda- og tækniráð þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Krafan um að vel sé fylgst með nýtingu opinbers fjár felur í sér að skilgreina verður hlut ríkisins í stuðningi við vísindi og tækni með skarpari hætti en gert hefur verið. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að á sviði menntamálaráðuneytisins verði höfuðáherslan lögð á að styrkja og styðja við bakið á vísindarannsóknum, án tillits til þess hvort þær megi flokka

undir grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir, jafnframt því að stuðla að menntun ungra vísindamanna. Hlutverk ríkisins á þessu sviði verður samkvæmt því annars vegar að fjármagna öfluga sjóði til þess að styrkja vísindarannsóknir og hins vegar að stuðla að meistara- og doktorsnámi á háskólastigi."

Það er gert með samningum við háskólana, bæði um kennslufé til háskólanna og líka rannsóknarfé. Menn verða því að líta á það í heild þegar menn átta sig á heildarstefnumörkuninni að líta bæði á það sem við höfum verið að gera í þessum málum varðandi þá sjóði sem hér eru til umræðu og hins vegar þá samninga sem við höfum verið að gera við háskólana og hvernig við höfum nálgast það að gera þeim kleift að auka framhaldsnámið og rannsóknarnámið, ekki síst Háskóla Íslands, sem á að vera í fararbroddi. Þar vil ég leggja áherslu á að gæði til háskólanáms verður náttúrlega að tryggja og kröfurnar verða að vera skýrar. Í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem við erum má ekki slaka á kröfunum sem menn gera til náms á háskólastigi, hvort sem háskólarnir eru ríkisreknir eða einkareknir. En Háskóli Íslands er í fararbroddi sem rannsóknaháskóli hér á landi og stendur á 90 ára starfi eins og við vitum. Það minnir okkur á að bera saman við 100 ára starf akademíunnar í Finnlandi og þróun þar.

Að sjálfsögðu getum við ekki sett okkur í sömu spor og Finnar miðað við þeirra langa tíma og hvernig þeir hafa byggt upp kerfi sitt í grunninn með vísindaakademíu sem við höfum ekki. Við höfum 90 ára gamlan háskóla og við höfum rannsóknakerfi sem má rekja 70 ár aftur í tímann eða svo þegar menn fóru fyrir stríðið að velta fyrir sér hvernig Íslendingar gætu staðið á eigin fótum ef til styrjaldar kæmi. Þá var það eitt af því sem þeir ákváðu að gera að fara út í rannsóknir og efla rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Við erum ekki í sambærilegri stöðu að þessu leyti en við getum sett okkur markmið og byggt upp skipulag sem gerir okkur kleift að nálgast úrlausnarefnin með svipuðum hætti og gert er í Finnlandi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddi um grunnrannsóknir og það er vissulega mál sem við höfum tekið afstöðu til í þessum frumvörpum og greinargerðum og ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, úr grg. um frv. til laga um Vísinda- og tækniráð þar sem segir:

„Í núverandi skipulagi sjóða í vörslu Rannsóknarráðs eru mörkin dregin milli grunnrannsókna annars vegar og hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna hins vegar. Þessi skilgreining er hefðbundin en að margra mati úrelt. Einkum hafa hugtökin grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir nálgast mjög í hugum þeirra sem fást við rannsóknir. Það er til dæmis tímanna tákn að rannsóknir á ýmsum sviðum hátækni og líftækni eru oftar en ekki grunnrannsóknir í þeim skilningi að aflað er nýrrar þekkingar á meginundirstöðum fyrirbæra, þótt þær séu hagnýtar í þeim skilningi að þeim er beint að sérstökum hagnýtum markmiðum. Mörkin eru einnig óljós í jarðvísindum svo annað dæmi sé tekið. Markmið tækniþróunar og nýsköpunar lýtur hins vegar fyrst og fremst að hagnýtingu vísindalegrar þekkingar til að skapa nýjar afurðir og aðferðir eða bæta þær sem fyrir eru."

Sú skilgreining sem við erum með í grg. byggist að sjálfsögðu á mati þeirra sem að þessu verki hafa komið, sem eru færir vísindamenn ásamt lögfræðingum og sérfræðingum á vegum ráðuneytisins og þannig tekið mið af því hvernig menn skilgreina þetta í samkeppnislöndum okkar og leggja upp með þegar rætt er annars vegar um grunnrannsóknir og hins vegar um hagnýtar rannsóknir. En ég tek undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að meginatriðið í öllu þessu máli er, og vikið er að hér einnig, að skapa tengslin á milli þessa rannsóknastarfs og hins vegar að nýta þekkinguna, nýta rannsóknirnar til þess að það skili okkur út í þjóðfélagið, að fara út úr rannsóknaumhverfinu yfir í þekkingarþjóðfélagið og verði verðmæti í þekkingarþjóðfélaginu með þeim hætti sem við getum lagt annars konar mælistiku á. Það tel ég að sé grunnþáttur í því kerfi sem við erum að byggja upp, að leiðin á milli þess sem menn eru að rannsaka og þess sem menn eru að framleiða á grundvelli rannsóknanna er að styttast.

Það á að verða tengingin á milli þessara sjóða, annars vegar þess starfs sem unnið er undir forræði sjóðanna sem menntmrn. fer með og hins vegar sjóðsins sem iðnrn. fer með. Og dæmið gengur ekki upp að mínu mati nema gráa svæðið þarna á milli verði sem minnst og það verði leið sem menn sjá með sínar uppgötvanir og rannsóknir og niðurstöður, það verði leið sem sé skýr og það er lykilatriði og ég tek undir þau orð sem hv. þm. lét falla um það. En ég tel að hugmyndir hans um muninn á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, ótti hans í því efni eigi kannski rætur að rekja til þess að hann nálgast skilgreiningarnar á annan hátt en við gerum í þessum frumvörpum, en í því felst ekki að við séum að draga úr áherslunni á grunnrannsóknir. Menn verða einnig að líta á hvaða hugtök það eru sem við notum og þau hugtök eru skilgreind nánar í grg. En allt eru þetta *mál sem mér finnst eðlilegt að menn ræði um, einnig á* vettvangi nefndanna og kalli til sín sérfræðinga til þess að átta sig á þessum hugtökum sem eru ákaflega mikilvæg í þessu sambandi.

Ég var spurður um rannsóknarprófessorana. Það er rétt að gert er ráð fyrir að stöður þeirra leggist niður. Það eru fimm rannsóknarprófessorar sem voru skipaðir fyrir fimm árum og skipunartímabilið er að renna út. Heimild er í lögum að framlengja tímabil þeirra um tvö ár ef svo ber undir. Viðræður hafa farið fram varðandi tvo af prófessorunum sem jafnframt eru prófessorar við Háskóla Íslands, og verið er að vinna í því að fara yfir óskir þeirra. Háskóli Íslands mun taka það verkefni með þeim hætti sem honum ber lögum samkvæmt, en ekki er gert ráð fyrir því í þessum frv. að stöður rannsóknarprófessora verði áfram heldur er áherslan flutt yfir á það sem við köllum „öndvegisrannsóknir" þar sem menn stuðla þá frekar að því að veita stóra styrki líkt og verið er að gera á vegum Rannsóknarráðs Íslands nú þegar, að búa til rannsóknaumhverfi með stærri styrkjum.

Varðandi uppstokkun á hinum opinberu rannsóknastofnunum þá ætla ég ekki í sjálfu sér að fara út í það í smáatriðum, enda er tími minn að renna út hér, ég verð að fá tækifæri til að gera það með öðrum hætti. En ég er sammála því að það þarf að endurskipuleggja og ég hef oft talað um það á ársfundum Rannsóknarráðs Íslands að smákóngaveldið í rannsóknaheiminum hér sé of mikið, það verði að stækka þessar einingar og að auka verði samstarfið. Við vitum að þverfaglegar rannsóknir eru hvað mest spennandi rannsóknir núna og þær ná ekki að þróast nema menn séu reiðubúnir til þess að starfa saman að ólíkum rannsóknasviðum og skapa þar með eitthvað nýtt.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvennt lagði ég áherslu á í ýmsum ræðum mínum um þetta frv. hér fyrr í dag. Í fyrsta lagi að fyrirsjáanlegur skortur væri á hámenntuðum ungum vísinda-

mönnum í tilteknum greinum raunvísinda sem gæti staðið þróun atvinnulífsins á vissum sviðum fyrir þrifum.

Í öðru lagi lagði ég áherslu á að nauðsynlegt væri að reyna að stytta tímann frá framleiðslu þekkingar yfir í umbreytingu hennar sem afurðar á markaði. Og þá langar mig, herra forseti, að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann telji ekki að hægt væri að ráða einhverja bót á hvoru tveggja með því t.d. að reyna að laða fyrirtæki eins og Íslenska erfðagreiningu til þess að ráða unga vísindamenn sem þau fá til að sinna ákveðnum rannsóknum sem gagnist þeim til meistaraprófs og doktorsnáms. Nú er ég sannfærður um að slíkt prógramm er að einhverju leyti í gangi undir forsjá menntmrn. og í samvinnu við slík fyrirtæki.

Með því hins vegar að veita þeim fyrirtækjum skattalegar ívilnanir þá hlýtur að vera hægt að örva þau til þess að ráða ungt fólk til starfa á tilgreindum sviðum. Það er mín reynsla að ekkert vinnuafl á sviði vísindanna er jafnódýrt og er jafnframsækið og framleiðið og einmitt ungir vísindmenn sem eru búnir með fyrsta hluta háskólanáms síns og eru að hefja rannsóknarnám. Það er frjóasta skeið ævinnar og það yrði öllum til hagsbóta, íslenska ríkinu, viðkomandi fyrirtæki, ég tala nú ekki um þeim sjálfum og jafnvel hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem sendir mér ýmis svipbrigði undir þessari framsæknu ræðu.

[15:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menntmrn. í sjálfu sér er ekki með slíkar áætlanir á sínum snærum, þær eru á vegum háskólanna og milli háskóla og einstakra stofnana. En Rannsóknarnámssjóðurinn hefur stofnað til slíkra samstarfsverkefna einnig og hann hefur aflað fjár bæði af fjárlögum og einnig frá fyrirtækjum og hann hefur verið hvataaðili til þess að stofna til slíks samstarfs á milli fyrirtækja og stofnana og háskóla. Hv. þm. þekkir þetta af eigin reynslu enda menntaður vísindamaður frá útlöndum.

En það sem er að gerast hér er að þetta er að byrja núna á síðustu fáeinum árum. Og það er hin mikla breyting sem er að verða á umhverfi okkar að þessu leyti að það er ekki eins og menn sjá í grein sem þeir geta lesið í Morgunblaðinu í dag að það er kannski á síðasta áratug sem þessi þróun hefst fyrir alvöru og menn setja sér það mark að efla hér rannsóknar- og framhaldsnám í þeim tilgangi einmitt sem hv. þm. nefnir. En vöxturinn hefur líka verið miklu örari en menn óraði fyrir. Það er því alveg greinilegt að góður grundvöllur er undir þessa starfsemi og það ber að leggja rækt við hana.

Hins vegar verðum við líka að hugsa í þessu eins og ég sagði hér í ræðu minni áður — við búum líka að því, Íslendingar, að margir okkar fremstu vísindamenn hafa numið við bestu háskóla í heimi og það er ekki markmið okkar í sjálfu sér að einangrast í þessu tilliti. Við viljum að þetta flæði haldi áfram og það er styrkur íslenska vísindasamfélagsins hvað margir vísindamenn koma úr ólíkum áttum og skapa eitthvað nýtt með því. En þekkingarþorp Háskóla Íslands mun t.d. ekki byggjast upp nema okkur takist að fjölga kandídötum í raunvísindagreinum. Það er alveg ljóst. Og þörfin fyrir hámenntað raunvísindafólk mun aukast hér í réttu hlutfalli við þróun þjóðfélagsins í átt til þess að meiri þekkingar verði krafist í öllum atvinnurekstri.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að mikil breyting hefur orðið í vísindasamfélaginu vegna þessa rannsóknatengda náms. Ég var einmitt í ríkisstjórninni sem hratt því af stað sem hæstv. ráðherra hefur síðan sinnt af miklum dugnaði. Nú búum við hins vegar við sérstakar aðstæður. Þær speglast m.a. í því að við sjáum fram á skort á langmenntuðum mönnum á sviði ákveðinna raunvísinda. Hann mun standa t.d. þróun lyfjaiðnaðar á Íslandi fyrir þrifum, sérstaklega þeirrar tegundar lyfjaiðnaðar sem tengist erfðafræði. Við munum þurfa að ráða bót á þessu. Við erum búin að kalla heim alla Íslendingana sem völ er á. Jú, við erum að flytja inn útlenda vísindamenn og það er mjög gott. En ég held að þróunin sé slík að við þurfum að ráðast til atlögu við þetta vandamál, og þá er tvennt til, herra forseti. Við þurfum e.t.v. í framtíðinni að beita styrkjum til að laða fólk í nám af þessu tagi eða í öðru lagi, herra forseti, getum við gert fyrirtækjunum kleift að ráða þetta fólk fyrir tiltölulega lágt verð með því að veita þeim skattaívilnanir. Það er leið sem ég bið hæstv. ráðherra að íhuga líka.

Að öðru leyti, herra forseti, er ég algjörlega sammála hæstv. ráðherra í því að alþjóðleiki hins íslenska vísindasamfélags er einn helsti styrkur þess og meginauðlind. Það vill svo til að Ísland er á mörkum tveggja heima og við höfum sótt nýjustu þekkingu, sökum smæðar okkar, bæði vestur og austur um haf og hér hefur verið ákveðinn suðupottur þessara tveggja vísindalegu menningarheima sem er mikill styrkur okkar. Þó að við förum þá leið sem ég sting upp á þýðir það samt ekki að úr því verði dregið. Þróunin er einfaldlega slík að við sem áður hleyptum heimdraganum og komum heim með doktorspróf erum ekki nema miðlungi menntuð í dag því það er frekara nám sem skiptir máli, það er hin ítarlega sérhæfing sem í dag skiptir allra mestu máli.

[15:18]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn ágreiningur á milli okkar um þetta þótt við skiptumst hér á andsvörum því við höfum sömu markmið í þessu efni. Ég tel t.d. mjög mikilvægt þegar ég lít á þetta að það umhverfi sem við ætlum að skapa með þessum frv. og þær breytingar sem hafa orðið á háskólastiginu eru ákveðnir grunnþættir sem við höfum unnið að hér heima fyrir og gera bæði vísindasamfélaginu og háskólasamfélaginu betur kleift en áður að taka þátt í þessari samkeppni.

Annar þáttur sem ekki má gleymast er mikilvægi þess að við keppum á alþjóðlegum mörkuðum um styrki eins og í Evrópusambandinu þar sem við fáum mælikvarða á það starf sem við vinnum hér og við komum vel út úr því. Við höfum líka látið framkvæma rannsóknir á gildi grunnrannsókna á Íslandi eins og unnt er að meta þær í alþjóðlegu samhengi og við komum vel út úr því. Við verðum að halda fast í þessar kröfur.

Á sama tíma og við höfum þetta nána samstarf við Evrópuþjóðirnar í rannsókn á menntamálum höfum við einnig verið að styrkja tengsl okkar vestur um haf. Íslensk erfðagreining og fyrirtækin sem byggja á þeirri tækni eru náttúrlega að keppa við öflugustu fyrirtæki í heimi á þessu sviði, sem eru í Bandaríkjunum, og við höfum gert samninga um vísindasamstarf við Bandaríkin. Kanadamenn hafa áhuga á vísindasamstarfi við okkur þannig að við erum einnig að opna ný tengsl í vísindasamvinnu með opinberum samningum, og með því að vekja áhuga á samstarfi erum við að opna þessi tengsl. Ég tel að hvergi sé mikilvægara fyrir okkur Íslendinga — um það erum við hv. ræðumaður líka sammála — að standa vel að alþjóðlegu samstarfi en á þessum sviðum. Ef við gerðum það ekki væri hætta á að við drægjumst aftur

úr. Við verðum að fá menntað fólk og við verðum líka að gera stofnunum okkar kleift að þróast og starfa í nánu samstarfi við öflugustu alþjóðlegu stofnanir á þessum sviðum.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ljótt að vera að trufla samkvæmið þegar menn eru að hefja sig upp í mikla stemmningu. Staðreyndin er hins vegar sú að vísindarannsóknir á Íslandi búa við mjög þröngan kost, og allt of þröngan kost. Nú erum við að ræða hér þrjú frv. til laga sem munu þrengja að vísindunum í þeim skilningi að þau verða niðurnjörvuð á stefnu stjórnvalda. Það eru vissulega ýmsir vaxtarsprotar hér, til marks um það er Íslensk erfðagreining sem menn hafa haft ýmsar skoðanir á en við blasir í Vatnsmýrinni sá munur sem annars vegar er á högum þess fyrirtækis og hins vegar Háskóla Íslands. Hér hefur staðið hálfkarað í Vatnsmýrinni glæsilegt hús Náttúrufræðistofnunar. Því er ekki lokið og háskólanum hefur ekki verið heimilað að taka lán til að ljúka við þá byggingu, eða var a.m.k. ekki til skamms tíma. Hún stóð því hálfkláruð á sama tíma og glæsilegt húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar var reist. Rannís hefur haft allt of takmarkaða fjármuni. Þeir hefðu þurft að margfaldast til að koma að notum. Ef við berum saman það fjármagn annars vegar og hitt sem Íslensk erfðagreining hefur haft til ráðstöfunar er himinn og haf á milli. Og allt eru þetta fjármunir sem eru teknir út úr íslensku efnahagskerfi, við skulum ekki gleyma því.

Ég vara við þeirri hugsun og þeirri stefnu sem hér hefur verið fylgt, að lækka stöðugt skatta á fyrirtækin og núna hugsanlega að fara að ívilna fyrirtækjum sem ráða vísindamenn til starfa, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson stakk upp á áðan, í stað þess að tryggja þessum vísindastofnunum framlag sem þær síðan ráðstafa sjálfar. Hér er verið að færa valdið yfir rannsóknunum undir markaðinn og undir þessi arðsemissjónarmið sem við ræddum lítillega áðan, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég tel að hér sé verið að fara inn á rangar brautir. Það er verið að þrengja, það er verið að draga úr og skerða frelsi vísindamanna til rannsókna og því miður getur ríkisstjórnin ekki hælt sér af því framlagi sem látið er af hendi rakna úr almannasjóðum til vísindarannsókna á Íslandi.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í öllum atriðum ósammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Mér finnst viðhorf hans vera furðu forstokkað og afturhaldssamt að ekki sé meira sagt að því er varðar viðhorf til atvinnulífs í upphafi 21. aldar. Ég get ekki fallist á að þeir peningar sem hafa farið í Íslenska erfðagreiningu séu teknir út úr íslensku efnahagskerfi, síður en svo. Ég tel að með því sé verið að taka peninga og verja þeim tiltölulega vel til að byggja upp nýja tegund af atvinnulífi á Íslandi. Fyrir tilstilli þess fyrirtækis, hvað sem okkur kann að þykja um einkaleyfi þess og tilurð, hefur dregist til Íslands sennilega á þriðja hundrað hámenntaðra ungra Íslendinga. Ég hygg, herra forseti — af því að hv. þm. er yfirleitt á móti álverum — að Íslensk erfðagreining sé ígildi u.þ.b. eins og hálfs, jafnvel tveggja, meðalálvera. Það er heldur betur orkustöð. Þarna er verið að framleiða nýja þekkingu, þekkingu sem hv. þm. sagði í fyrri ræðum sínum að beindust aðallega að því að lækna sjúkdóma einhverra tiltölulega vel stæðra Vesturlandabúa. Ég er algjörlega ósammála því líka.

Í grunninn var hv. þm. að mótmæla því sem ég sagði um að það ætti að beita íslenska skattkerfinu, í fyrsta lagi til að stytta ferilinn milli framleiðsluþekkingar og hagnýtingar hennar og í öðru lagi til að bæta úr fyrirsjáanlegum skorti á hámenntuðum Íslendingum. Ég tel það mjög jákvætt skref ef menn stíga einhver spor í þá átt. Ég held að rétt sé að beita skattalegum ívilnunum til að lyfta undir nýjar greinar í atvinnulífinu. Það hef ég margsinnis sagt og Samfylkingin líka. Í engri grein í heiminum er í dag jafnstutt á milli hagnýtingar þekkingar og framleiðslu hennar eins og í erfðafræði og erfðagreiningartækni. Við eigum að notfæra okkur það og ríða þennan öldufald til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.

[15:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það fagnaðarefni að fyrirtæki á borð við Íslenska erfðagreiningu skuli hasla sér völl þótt ég hafi verið mjög ósammála þeim grunni sem fyrirtækið er að hluta til reist á, þ.e. upplýsingagrunninum úr heilbrigðiskerfi Íslendinga. Það er önnur saga. Hitt er náttúrlega staðreynd, og menn eiga að geta rætt það alveg reiðilaust og fordómalaust, að auðvitað hafa þessir peningar verið teknir út úr íslensku atvinnulífi. Hvaðan heldur annars hv. þm. að peningarnir hafi komið sem keyptu ameríska áhættufjárfestana út þar sem Búnaðarbankinn hafði forgöngu og aðrir bankar? Þetta eru bara staðreyndir sem blasa við, að við ráðstöfum að sjálfsögðu peningum úr íslensku atvinnulífi. (**Gripið fram í:** Tóm vitleysa.) Tóm vitleysa, segir einhver. Við skulum fara í saumana á þessum málum. Þetta eru bara staðreyndir sem fram hafa komið. Ég vísa t.d. í skýrslu Byggðastofnunar þar sem þetta er rækilega tíundað.

Okkur greinir á um grundvallarstefnu í skattamálum og á hvern hátt eigi að styðja við rannsóknir og vísindastarf. Ég tel mjög mikilvægt að við styðjum dyggilega við bakið á þeim stofnunum sem hafa með mjög góðum árangri stundað hér ýmsar grunnrannsóknir í hjartasjúkdómum, svo ég nefni bara dæmi. Það var vísað í Keldur. Það er hægt að vísa í fjölmargar aðrar og síðan höfum við smíðað okkur sjóði og þar erum við með Rannís sem veitir fjármagn til rannsóknarverkefna, bæði á markaði og á vegum opinberra aðila. Ég tel heppilegri leið að styrkja þessar stofnanir heldur en að fara skattalækkunarleiðina. Ég held að hin muni hins vegar gagnast atvinnulífinu og að sjálfsögðu vil ég búa svo um hnútana að vísindarannsóknir komi að notum í atvinnulífinu. Ég vona að enginn sé að reyna að snúa út úr orðum mínum á þann veg.

[15:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að reyna að snúa út úr orðum hv. þm. að þessu leyti. Ég er honum sammála um þetta.

Herra forseti. Það sem ég vil draga hérna fram er hin gjörólíka afstaða mín andspænis afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um beitingu skattkerfisins til að örva íslenskt atvinnulíf. Ég hef margoft sagt að það sé allt í lagi að beita skattaívilnunum, t.d. til þess að styðja ákveðin fyrirtæki á landsbyggðinni. Ég hef sagt að það eigi að beita sérstökum skattalækkunum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og skammast mín ekkert fyrir það. Hv. þm. fer algjörlega villur vegar ef hann telur að með þessum hætti sé verið að skerða framlag til samneyslunnar. Af hverju fer hann villur vegar? Út af eftirfarandi: Ef við getum með skattaívilnunum fengið fyrirtæki eins og Íslenska erfðagreiningu til að ráða

unga vísindamenn til þess að hámennta sig innan vébanda þeirra gagnast það í fyrsta lagi íslenska vísindasamfélaginu, í öðru lagi þeim háskóla sem viðkomandi ungi vísindamaðurinn tengist og í þriðja lagi íslensku samfélagi fyrst og síðast, vegna þess að atgervi viðkomandi Íslendings tapast ekki til útlanda. Hann verður á Íslandi. Hann fullnumar sig hér. Hann verður að hálaunamanni hér og greiðir skatta sína og skyldur til íslenska samfélagsins í staðinn fyrir að greiða það til Bandaríkjanna eða einhverrar annarrar þjóðar. Þegar upp er staðið og við gerum upp þessa reikninga verður lítil en dálagleg summa eftir í vösum íslenskra skattborgara til að standa undir því velferðarsamfélagi sem ég og hv. þm. teljum nauðsynlegt að halda uppi.

[15:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er að sjálfsögðu mjög flókin umræða, hvernig beita eigi skattkerfinu til að örva atvinnulífið. Það hefur verið rætt, m.a. hér í þingsölum á undanförnum dögum, hvernig eigi að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni. Ég ber fulla virðingu fyrir þeim sem vilja leita þar einhverra ráða í skattalegu tilliti. Ég hef hins vegar haft þá skoðun sjálfur að ekki eigi að fara þá leið, hinu opinbera beri að stuðla að góðri stoðþjónustu á landsbyggðinni og síðan aðgangi að ódýru fjármagni, tryggu, ódýru fjármagni. Það er þetta sem stendur mörgum fyrirtækjum fyrir þrifum og einnig nýsköpunarfjármagni, og um þetta höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sett fram ýmsar hugmyndir og tillögur.

Það sem þessi mál sem hér eru til umræðu snúast um í grundvallaratriðum núna er á hvern hátt við getum tryggt frelsi vísindanna, frelsi vísindarannsókna. Og ég vara við því að færa valdið yfir þeim í of ríkum mæli í hendur markaðarins. Um það snýst málið frá mínum sjónarhóli.

[15:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í skattadeilur þeirra hv. þm. sem hér skiptust á skoðunum. Hins vegar vil ég segja að ég skil ekki almennilega það sjónarmið hv. þm. Ögmundar Jónassonar að styrkja beri stofnanir þegar við erum að fjalla um stuðning við vísindamenn og eflingu vísindanna. Við eigum að sjálfsögðu að halda þannig á málum að styrkirnir renni til vísindamanna, að lagt sé vísindalegt, faglegt mat á hvernig þetta fé er nýtt og vísindamennirnir fái styrkina en ekki stofnanirnar.

Ég skil heldur ekki að hv. þm. telji annars vegar að hann geti ekki samþykkt þessi frv. vegna þess að það sé gert ráð fyrir því að ráðherrar komi að því að móta meginstefnu í vísindamálum en talar hins vegar um nauðsyn þess að hækka skatta til að meira fé komi í ríkissjóð til að verja til stofnana sem starfa að vísindum. Hann mælir gegn því að öflug einkafyrirtæki fái þróast hér á landi á sviði vísinda og rannsókna og talar eins og að Íslensk erfðagreining sé ekki hluti af íslenska efnahagskerfinu heldur einhver aðskotahlutur í þjóðfélaginu sem ekki beri að líta til þegar við tölum um efnahagsþróun í landinu.

Mér finnast öll þessi sjónarmið þingmannsins mjög einkennileg og bera þess vott, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur bent á, að hann er á róli í þessu máli sem stangast á við almenna þróun í þjóðfélaginu hér og annars staðar. Það kemur mér ekki á óvart þegar Vinstri grænir eiga í hlut. Þeir virðast vera á móti hvort sem það eru einkafyrirtæki sem starfa að þróun og rannsóknum og vísindum eða opinber fyrirtæki sem sinna orkuöflun. Allt sem tilheyrir nútímanum í huga okkar flestra virðist stangast á við hugmyndafræði þeirra. Mér finnst að þetta sjónarmið, að það eigi að hækka skatta á einkafyrirtæki til þess að auka styrki til opinberra stofnana, mjög gamaldags viðhorf sem stangast á við það sem verið er að leggja til með þessum frv. sem við erum að fjalla um hér í dag.

[15:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst áðan hæstv. menntmrh. vera kominn í mikla stemmningu og miklar hæðir. Nú er hann kominn niður á jörðina og mér heyrist hann kominn alveg niður í kjallara.

Ég hef aldrei andæft því að Íslensk erfðagreining sé hluti af íslensku efnahagskerfi (**Menntmrh.:** Jú.) Það var það sem ég var að segja. Ég var að segja að það væri hluti af íslensku efnahagskerfi, þetta væru fjármunir sem væru hluti af því. Það var það sem ég var að sjálfsögðu að segja.

Ég var að lýsa stuðningi við og ánægju með að fyrirtæki á þessu sviði væru að hasla sér völl á Íslandi, þó að ég væri að gagnrýna stefnu stjórnvalda varðandi gagnagrunn á heilbrigðissviði, sem er allt önnur saga. Menn skulu ekki snúa út úr orðum mínum að þessu leyti.

Varðandi stofnanirnar er ég að vísa til Háskóla Íslands. Ég nefndi stofnanir og starfsemi á borð við Hjartavernd, ég nefndi Keldur og ég get nefnt fjölmargar aðrar. Þar starfa að sjálfsögðu vísindamenn sem sinna vísindarannsóknum. Að sjálfsögðu mælist ég til þess að fjármagnið renni til þeirra og að vísindamennirnir hafi aukið frelsi en ekki skert frelsi. Þetta var ég að leggja áherslu á og ég vildi að þeir kæmu meira og betur að allri stefnumótunarvinnu en ekki stofnunin, ríkisstjórn Íslands, sem ætlar að hlussa sér þarna í formi fjögurra hæstv. ráðherra í stjórnun þessa batterís. Sú stofnun er mér ekki að skapi í þessu samhengi.

[15:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki á því þegar hv. þm. var að ræða um stofnun að hann væri þá að tala um ríkisstjórnina. Ég hef nú aldrei heyrt hv. þingmenn tala um ríkisstjórnina sem sérstaka stofnun í þjóðfélaginu.

Það sem við erum að fjalla um hér eru frv. til laga um umhverfi í rannsóknum og tækniþróun sem gerir ráð fyrir að stefnumörkunin sé unnin hér á þessum vettvangi, á Alþingi, með tilstyrk ríkisstjórnar og Vísinda- og tækniráðs. Það er ekki flóknara en svo. Mér finnst hv. þm. því kominn í hring þegar hann fjallar um þessi mál.

Hv. þm. hefur nú dregið í land núna varðandi Íslenska erfðagreiningu o.fl. en kjarninn í máli hans var: Það ber að hækka skatta á fyrirtæki, ég er á móti hugmyndum um að lækka skatta á fyrirtæki, ég vil að þeir séu hækkaðir til þess að hægt sé að láta meira fé renna til opinberra stofnana. Þetta var það sem hann sagði.

Nú segir hann: Ja, ég vil að það renni til vísindamanna sem starfa hjá opinberum stofnunum, ágætum stofnunum eins og á Keldum.

Í þessum frv. er gert ráð fyrir því að menn keppi. Það er mikil samkeppni. Ég endurtek það hér og hef sagt það margsinnis áður: Ég held að hvergi sé samkeppni meiri á Íslandi um nokkurn hlut en þetta rannsóknafé sem vissulega er takmarkað. Það er ekki aðeins samkeppni innbyrðis meðal vísindamanna á Íslandi heldur er hún háð í alþjóðlegu umhverfi sem er mjög kröfuhart og samkeppnin hörð á þeim

vettvangi líka. Ég held að hvergi sé meira samkeppnishugarfar nokkurs staðar en meðal þeirra vísindamanna sem keppa um það fé sem við ræðum hér um. Þessi lög og frumvörpin sem við erum að kynna mæla fyrir um að settar verði skýrar reglur um hvernig þessu fé sé úthlutað, sanngirni gætt og faglegra sjónarmiða. Markmiðin þurfa að vera skýr og menn verða að vita að hvaða marki er stefnt með ráðstöfun á opinberu fé.

Ég tel því að umræðurnar í dag hafi gert mér kleift að skýra hvað í þessum frv. felst. Ég sé ekki annað, og dreg þá niðurstöðu af umræðunum, en að menn séu sammála um meginniðurstöðuna þó að við getum náttúrlega aldrei náð jafnlangt til vinstri og Vinstri grænir eru.

[15:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Það er ekkert nýtt, herra forseti, að ríkisstjórnin vilji ekki teygja sig í skynsemisátt og í átt til sanngirni. Það er ekki nýtt. En það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh., að ég er hlynntur háum og miklum sköttum. Ég vil hins vegar réttláta skatta. Ég er ekki hlynntur stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem hefur lækkað skatta á aflögufær fyrirtæki og þá einstaklinga sem hafa mestar tekjur í þjóðfélaginu en aukið skattaálögur á hina sem standa höllum fæti, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki. Ég er því ekki hlynntur þessari ríkisstjórnarstefnu í skattamálum.

En minnisvarðarnir um þessa ríkisstjórn standa m.a. í Vatnsmýrinni. Ég vísaði til hálfkaraðs Náttúrufræðihúss sem hefur staðið lengi í fjársvelti og ekki verið hægt að ljúka því. Ég vísaði til Rannís og fjármuna sem varið er til rannsókna hér á landi, hve mjög þær eru af skornum skammti.

Hvað hin faglegu sjónarmið varðar, sem þessi ríkisstjórnarfrumvörp eru sögð hvíla á, eru þau nú ekki faglegri en svo að stefna ríkisstjórnarinnar sem nú situr er að ráða vísindarannsóknum á Íslandi. Og ég hef miklar efasemdir um að sú stefna sé hyggileg, en fagleg er hún alla vega ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:39]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, 406. mál, nál. utanrmn., þskj. 889.

Kennsla á réttargeðdeildinni að Sogni, 568. mál, fsp. SJóh, þskj. 890.

Póstþjónusta, 168. mál, þskj. 875.

Úthlutun listamannalauna árin 2000, 2001 og 2002, 569. mál, fsp. KolH, þskj. 891.

Verð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun, 570. mál, fsp. ÖJ, þskj. 892.

Norræna ráðherranefndin 2001, ein umr.

Skýrsla samstrh., 490. mál. — Þskj. 775.

[15:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar árið 2001.

Finnland fór með formennsku í ráðherranefndinni það ár og beindi í formennskuáætlun sinni, Norðurlandabúa 2001, kastljósinu að einstaklingnum sem norrænum borgara. Í samstarfinu var því lögð áhersla á starfsemi sem snýr að réttindum almennings, aðallega þess hluta sem flyst milli norrænu landanna. Meðal annars var kannað hvernig þeir norrænu milliríkjasamningar reynast sem ætlað er að bæta hag þessa hóps.

Könnunin leiddi í ljós að þeim sem fara á milli landanna til lengri eða skemmri tíma er margvíslegur vandi á höndum. Ein ástæða þess er að stjórnvöld virðast ekki þekkja nægjanlega vel til þeirra skuldbindinga sem felast í þessum norrænu samningum. Því verða í næsta mánuði lagðar fram tillögur til úrbóta. Hugmyndin er m.a. að opnuð verði aðgengileg upplýsingaveita, bæði fyrir almenning og stjórnvöld, þar sem unnt verði að nálgast upplýsingar um flest af því sem brennur á þeim sem flytja milli landa.

Annar þáttur, sem trúlega er enn mikilvægari þessum hópi Norðurlandabúa, er þjónustusíminn Halló Norðurlönd. Starfsemi hans var styrkt á árinu og hugmyndir eru um að styrkja þá starfsemi frekar enda sýnir mikil aðsókn að þörfin er ótvíræð.

Starfsemi ráðherranefndarinnar er bæði víðtæk og fjölbreytt. Allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar komu að henni á einn eða annan hátt. Þó að forsætis- og utanríkisráðherrar norrænu ríkjanna sitji ekki í ráðherranefndum eiga þeir sem aðrir ráðherrar með sér reglubundið norrænt samstarf og hafa bein tengsl, bæði við ráðherranefndina og Norðurlandaráð. Að starfseminni koma og æðstu embættismenn ráðuneytanna og fjöldi annarra.

Ráðherranefndirnar áttu gott samstarf við Norðurlandaráð á samstarfsárinu. Sérstök alúð var af hálfu beggja lögð við að vinna úr athyglisverðri skýrslu hins svokallaða vitringahóps „Norðurlönd 2000 – umleikin vindum veraldar". Niðurstöður ráðsins og ráðherranefndarinnar um viðbrögð við skýrslunni birtust á árinu undir formerkjunum „Ný norræn dagskrá" og voru tillögurnar samþykktar á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn haustið 2001.

Ráðið breytti þegar í kjölfarið nefndarskipan sinni sem nú samræmist betur en fyrr skipan mála hjá ráðherranefndinni. Viðbrögð ráðherranefndarinnar við skýrslunni snúast nánast alfarið að þeim áherslum samstarfsins. Samkvæmt þeirri stefnumótun sem lögð var fram í Nýrri norrænni dagskrá verður megináherslan næstu ár lögð á fimm víðtæk og þverfagleg svið.

Þessi svið eru:

1. Tækniþróun, sérstaklega hvað varðar upplýsingasamfélagið og rannsóknasvið þar sem Norðurlöndin skara fram úr.

2. Velferðarkerfi, þar með talin réttindi íbúa Norðurlanda og möguleikar þeirra til að búa, starfa og stunda nám í norrænu nágrannaríki, *ásamt málefnum sem tengjast lýðþróun* og fólksflutningum.

3. Innri markaður á Norðurlöndum, að meðtöldu samstarfi sem beinist að afnámi landamærahindrana.

4. Samstarf við nágrannalönd og -svæði.

5. Umhverfismál og sjálfbær þróun.

Af áherslusviðunum, sem ég tel öll vera mikilvæg við núverandi aðstæður, vil ég gera að umræðuefni þrjú, þ.e. samstarf við grannsvæðin, tækniþróun og sjálfbæra þróun. Áherslusviðið Samstarf við nágrannalönd og -svæði tekur í raun til alls svæðisins kringum Norðurlönd, þ.e. grannsvæð-

anna við Eystrasalt, Evrópusambandssvæðið auk norðlægra og vestlægra grannsvæða.

Um samstarfið við ESB segir eftirfarandi í skýrslunni Ný norræn dagskrá:

„Samrunaferlið í Evrópu og sér í lagi stækkun ESB og framtíðarþróun þess er einn mikilvægasti viðmiðunarrammi fyrir aðgerðir Norðurlanda og norrænt samstarf. Þegar þörf og sameiginlegir hagsmunir krefjast, munu málefni sem ofarlega eru á baugi innan ESB og EES hafa áhrif á skipulag alls samstarfs innan norrænu ráðherranefndarinnar í formi upplýsingaflæðis, samráðs, samræmingar og sameiginlegra aðgerða. Þetta starf mun í framtíðinni verða nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í norrænu samstarfi."

Vestlæg grannsvæði Norðurlandanna hafa hingað til ekki verið meðal þeirra svæða sem skilgreind hafa verið sem hluti þeirra grannsvæða sem norrænt samstarf nær til. Það er því nýmæli, sem ég met mikils, að slíkt skuli fært í letur í skýrslunni þó að orðalagið sé varfærið. Reyndar er þegar fyrir hendi vísir að slíku samstarfi. Í fyrra var haldin í Færeyjum gagnleg ráðstefna um verndun sjávar og sjálfbæra auðlindanýtingu í Norður-Atlantshafi. Auk ráðherra frá öllum norrænu ríkjunum sátu ráðstefnuna ráðherrar frá Skotlandi og Kanada auk fulltrúa frá ESB og Hjaltlandseyjum. Fyrirhugað er að sömu aðilar hittist á ný á Hjaltlandseyjum árið 2003. Ég bind vonir við að þetta samráð geti leitt til gagnlegra viðbragða til hagsbóta fyrir Norður-Atlantshafssvæðið.

Annað áhersluatriði sem ég vil nefna hér, virðulegur forseti, er tækniþróunin. Það svið tekur m.a. til samstarfs um málefni upplýsingasamfélagsins og samstarfs um rannsóknir þar sem Norðurlöndin skara fram úr, en það er mikilvægt nú á tímum þar sem hnattræn samkeppni ríkir nánast á öllum sviðum að styrkja samkeppnisfærni Norðurlandanna. Við á Norðurlöndum erum þegar í hópi þeirra þjóða sem fremstar standa í flokki á sviði upplýsingatækni og á ýmsum öðrum sviðum vísinda og hátækni. Ætlunin er að stuðla í sameiningu að frekari framgangi á þessum sviðum en huga jafnframt að verndun tungu og menningar og jafnræði þegnanna hvað varðar möguleika á að tileinka sér þá tækni.

Undir formerkjum tækniþróunar eru einnig athyglisverð áform um stofnun norrænna öndvegissetra. Þannig gengst ráðherranefndin í samstarfi við rannsóknaráðin í löndunum fyrir áætlun um nettengingu milli vísindahópa á Norðurlöndunum sem skara fram úr. Þeir hópar sem í upphafi munu starfa saman sem norræn öndvegissetur stunda grunnrannsóknir á áhrifum hnattrænna breytinga á veðurfræði, loftslag og hafstrauma. Áætlun sú sem gerð hefur verið um norræn öndvegissetur nær til áranna 2002–2007.

Þriðja áherslusviðið sem ég vil nefna er sjálfbær þróun. Norðurlandaráð samþykkti á starfsárinu áætlun ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum fram til ársins 2020. Þetta er að mínu mati merkur áfangi sem vert er að fylgja eftir innan og utan Norðurlandanna enda hafa norrænu umhverfisráðherrarnir nú þegar ákveðið að kynna áætlunina og leggja fram á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem haldinn verður í Jóhannesarborg í september nk. Áætlunin er sú fyrsta sem samþykkt hefur verið í heiminum um sjálfbæra þróun á svæði sem nær yfir fleiri lönd. Jafnframt er nú unnið af hálfu umhverfisráðherranna að Staðardagskrá 21 fyrir Norðurlönd og Eystrasaltslöndin.

Fjárlög ársins 2001 voru 774 milljónir danskra kr. eða um 9,3 milljarðar ísl. kr. Fjárveitingarnar skiptast þannig að $^3/_4$ fjárlaganna runnu til hefðbundins norræns samstarfs, 17% til starfs um málefni grannsvæðanna og 8% til samstarfs um Evrópumál.

Eins og fram kemur í skýrslunni sem mælt var fyrir árið 2000 var gerð úttekt á norrænu fjárlagagerðinni og lagðar fram fjölmargar tillögur til úrbóta. Markmiðið var að nýta fjárlögin betur en áður til að stýra fjármagninu til pólitískra forgangsverkefna. Breytingar þær sem gerðar voru í kjölfarið komu að fullu til framkvæmda við fjárlagagerðina fyrir árið 2003. Meðal helstu markmiða er að bæta forsendur Norðurlandaráðs til áhrifa á fjárlagagerðina jafnframt því sem ábyrgð fagráðherranefndanna verður aukin. Sátt ríkti í stórum dráttum um tillögur úttektarinnar nema um þann þátt er sneri að rekstri norrænu stofnananna. Hvað þær varðaði var lagt til að teknar yrðu upp af hálfu samstarfsráðherranna samningaviðræður við forsvarsmenn stofnana um róttækar breytingar á rekstrarforminu. Í stað slíkrar heildarendurskoðunar ákváðu samstarfsráðherrarnir að fela fagráðherranefndunum, hverri á sínu sviði, að meta ef ástæða þætti til, í samstarfi við stjórnir stofnananna möguleika þess að bæta eða breyta rekstrinum.

Ég hef hér gripið niður í ýmsa þætti skýrslunnar án þess að hafa gefið heildarmynd af samstarfinu sem er of fjölþætt til að þess sé kostur. Þess í stað vísa ég til skýrslunnar, sem að venju er gerð í samstarfi allra ráðuneytanna og er afar efnismikil.

Ég tel að norrænt samstarf liðins árs hafi verið frjósamt og gagnlegt. Meðal mikilvægra áfanga tel ég vera sameiginlega niðurstöðu Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar um viðbrögð við „vitringaskýrslunni" svokölluðu sem náðist í góðu og trúnaðarfullu samstarfi þeirra.

Að endingu, virðulegi forseti, vil ég segja að ég bind vonir við þær breytingar sem Norðurlandaráð og ráðherranefndin ákváðu og tóku til framkvæmda á árinu og ég bind vonir við að þær leiði til aukins samráðs á næstu árum þeirra á millum, bæði um norrænu fjárlögin og um markmið og innihald starfsins á hinum fjölmörgu fagsviðum þess.

[15:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég þakka samstarfsráðherra Norðurlandanna, Siv Friðleifsdóttur, fyrir þessa ágætu skýrslu. Ég hugsaði með mér þegar ég fletti henni hversu mikill fróðleikur um fjármögnun verkefna, um verkefni, um gott samstarf Norðurlandanna og þýðingarmikið væri að finna í samantekt af þessu tagi og hvað það væri í raun og veru mikilvægt að skýrsla eins og þessi færi víðar, væri ekki bara dreift hér til þingmanna sem eru fyrir u.þ.b. að drukkna í pappír og fæstir gefa sér tíma til að lesa slíka skýrslu nema þeir sem eru í samstarfinu fyrir og þekkja þar af leiðandi mun betur til þess en aðrir, og svo þeir sem leita til ráðherraskrifstofunnar. Ég ætla að vona að einhverjir fjölmiðlar gefi sér tíma til að glugga í gegnum slíkar skýrslur eins og ræddar eru hér í dag vegna þeirra upplýsinga sem þar er að finna og að umfjöllun um það sem hér er að finna geti vakið áhuga fólks á norrænu samstarfi í ríkari mæli en er.

Það er fyrst og fremst tvennt sem mig langar að koma inn á í stuttri ræðu minni. Annars vegar það sem ráðherrann drap á í inngangi ræðu sinnar sem eru réttindi Norðurlandabúa, verkefni sem sett var af stað af Finnum og þar átti að beina kastljósinu að einstaklingnum sem norrænum borgara og kanna réttarstöðu Norðurlandabúa. Eins og kemur fram

í skýrslunni sýndu niðurstöðurnar að mjög margir þættir eru í löggjöf landanna og í framkvæmd löggjafar sem gerir fólksflutninga erfiðari en fólk hefur haldið fyrir fram.

Við höfum alla tíð síðan norræna samastarfið varð virkt hreykt okkur af því að að það að flytja á milli Norðurlandanna væri tilsvarandi því að flytja til annarra bæja í okkar eigin landi, réttindi fylgdu með og réttindin væru jöfn. Þetta væri það sem skildi Norðurlöndin að frá öðrum þjóðum og samskipti okkar innbyrðis markaði öðruvísi samvinnu, nánari, og í henni fælist meiri virðing fyrir einstaklingnum en þekktist annars staðar.

Nú kemur það í ljós þegar við förum að skoða niðurstöður í skýrslunni hverju er ábótavant. Það eru miklar landamærahindranir og sérstaklega kemur það fram varðandi fólk á vinnumarkaði, en það kemur líka fram á öðrum sviðum. Það kemur fram hjá námsmönnum sem búa við öðruvísi búsetu, hafa kannski lent í þriðja landi, og það kemur fram líka hjá ellilífeyrisþegum sem af einhverjum orsökum búa annars staðar en í heimalandinu og búa við allt önnur kjör.

Í skýrslunni er lögð mikil áhersla á það að um leið og við beinum athygli að vandamálum þá verðum við að skoða stjórnsýsluna og að meðlimir ráðsins eigi möguleika á að fylgja ákvörðunum eftir í þjóðþingunum. Ég hef velt því fyrir mér að hvaða leyti þetta er rétt. Á þessu eru miklar takmarkanir vegna þess að við erum oft að taka ákvarðanir í ráðunum um samvinnu á ákveðnum sviðum og að sameina löggjöf, en í raun og veru höfum við engar forsendur til að vita hver löggjöf hinna landanna er þegar löggjöfin í framhaldi af slíkum samþykktum kemur til okkar lands.

En sífellt fleiri vinna og búa í fleiri en einu landi eða fara til annars lands til að nema eða starfa. Þá koma þessi vandamál upp sem skapa svo mikið ergelsi og fer í taugarnar á fólki. Munur er á skattlagningu, munur er á velferðarkerfinu, sérstaklega hvað varðar ellilífeyri og stefnu í fjölskyldumálum, það er munur á stefnu í menntamálum og kvartað hefur verið yfir símakostnaði og flókinni bankaþjónustu. Sérstaklega vil ég taka fram að Norðurlandaráð tók á þessu með bankaþjónustuna á síðasta fundi sínum núna á útmánuðum og gerði samþykktir ráðherranefndarinnar um að bæta þar úr, hversu gífurlega dýrt það er að flytja fjármuni á milli landa og að það getur kostað 100 danskar kr. að flytja 100 danskar kr. á milli svæða.

Ég gleðst yfir því að ráðherrann lýsir því yfir að í næsta mánuði liggi fyrir tillögur um úrbætur út af því sem kom fram í skýrslunni en ég velti því fyrir mér hvernig það verði hjá okkur að hrinda því í framkvæmd. Þegar Ole Norrback, sem leiddi starfið við réttindi Norðurlandabúa, fylgdi skýrslunni úr hlaði á vettvangi Norðurlandaráðs fyrir skömmu nefndi hann hversu mikilvægt væri að setja tímasetningar um hvenær samþykkt ætti að vera komin til framkvæmda, hann fór ekki nánar inn á hvað framkvæmdin getur í raun og veru verið flókin. Hann taldi að hvert land yrði að kynna ákvarðanir eða skort á framkvæmdum í ráðinu og að sameina yrði eða samtvinna lagaákvæði sem varða frjálsa för fólks og þar sem ólíkar reglur og ólík réttindi væru, í rauninni yrðu þingin að bera saman ný lög með tilliti til laga í öðrum norrænum löndum.

Af því að ég ætla að tala um annað málefni samhliða þessu þá get ég ekki leyft mér að fara mjög djúpt í þetta mál en það er alveg ljóst — og það benti ég á í umræðu um skýrsluna — að þarna er ekki bara umræða uppi um að lagfæra eða sameina reglur. Þarna er í raun og veru um að ræða pólitíska stefnumörkun vegna þess að ástæðan fyrir því að ólík staða er hjá ellilífeyrisþegum í löndunum er af því að ólík lög eru hjá okkur, það eru ólík réttindi í okkar landi í fjölskyldumálum miðað við t.d. Danmörku.

Það eru mjög ólíkar reglur um lánasjóð námsmanna í okkar landi og hinna. Eitt af því sem er nefnt er að einstaklingur sem býr í landinu og er í þeirri stöðu að hann eigi í raun og veru að sækja rétt sinn í landinu þar sem hann býr, það eigi að tryggja að hann geti fengið sömu styrki og námsmenn í heimalandi hans, verður mjög flókið af því að við, Íslendingar, búum ekki við sams konar lánamöguleika og styrki og t.d. námsmaður í Danmörku. Þetta vil ég benda á vegna þess að það er þýðingarmikið að taka á þessum málum en það er ekki einfalt vegna þess að við erum að tala um grunnpólitík, við erum að tala um stefnumörkun og viðhorf til velferðarþjóðfélagsins, hvort heldur sem það varðar nám eða starf, félagsleg réttindi, eftirlaun eða annað. Þetta vildi ég sagt hafa um þá skýrslu sem væri í raun og veru ástæða til að taka til umræðu í heild sinni.

Annað sem ég vil víkja að, herra forseti, er Norræni menningarsjóðurinn. Það er vegna þess að þar á ég sæti í stjórn sjóðsins og geri mér mjög vel grein fyrir því hvað þessi sjóður er mikilvægur og hann er mikilvægur fyrir okkur á Íslandi. Hann er mikilvægur fyrir menningarlíf á Íslandi og fjárveitingar sem fara til Íslands hafa skipt mjög miklu máli fyrir þá menningarstarfsemi sem á sér stað hér og á milli Norðurlandanna og fólk sem á möguleika á að fá stuðning úr þeim sjóði.

Í skýrslunni kemur fram að á síðasta ári bárust 826 umsóknir í sjóðinn og af þeim voru 135 óstyrkhæfar en styrkir voru veittir til 247 verkefna, sem þýðir að tæpur þriðjungur af umækjendum fékk styrk. Hins vegar bárust 28 styrkhæfar umsóknir frá Íslandi og styrkveitingarnar voru 14, sem þýðir að helmingur þeirra sem leituðu fengu styrk. Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því að það er ekki öllum sem finnst að það eigi að renna jafnmikið eða meira til Íslands en til stóru landanna en það er mikilvægt fyrir okkur að það sjónarmið sé uppi að það beri að styrkja ekki bara Ísland heldur Vestur-Norðurlöndin. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að Ísland og önnur Vestur-Norðurlönd fá góða styrki úr þeim sjóði.

Ég vil líka nefna það, af því að verið er að gera breytingu á samþykktum sjóðsins, að nú er það að gerast að Færeyjar, Grænland og Áland, sem áður hafa sameinast um einn fulltrúa í sjóðnum, fá hvert land um sig fulltrúa inn í sjóðinn með fullum réttindum þannig að þau sjálfstjórnarsvæði eru nú meðlimir í stjórn sjóðsins.

Það er einn galli á Norræna menningarsjóðnum, umsóknir í hann eru mjög flóknar eins og umsóknir í aðra sjóði svo sem eins og hjá Evrópusambandinu. Fólki finnst flókið að fylla þær út, það áttar sig ekki alveg á hvað þarf að vera í umsóknunum og þess vegna hefur verið reynt að fá einhvern í viðkomandi landi til að vera með góðar upplýsingar. Sjóðurinn hefur leitað eftir því að upplýsingaskrifstofan á Akureyri, sem er líka tiltölulega ný starfsemi, taki að sér að veita þeim sem ætla að sækja um í Norræna menningarsjóðinn þessar upplýsingar. Ég tel að þetta geti verið mjög þýðingarmikið fyrir það fólk sem er í menningarstarfi hér og þarf að fá aðstoð. Auðvitað erum við sem erum í stjórn sjóðsins alltaf tilbúin að veita þær upplýsingar og aðstoð sem við getum en þetta er flóknara en svo, fólk þarf aðstoð við umsóknirnar.

Hér er sagt frá tvennu. Annað er sérstök áhersla á norræn sýningarverkefni sem sjóðurinn hefur ákveðið að setja peninga í, að annað hvert ár verði veittur sérstakur styrkur, allt að 3 millj. danskra kr. til yfirgripsmikils verkefnis sem verður þá hin norræna sýning þess árs. Fyrsta verkefnið getum við sagt að sé vestnorrænt verkefni sem unnið er í Færeyjum og heitir „Fangst í Vest-Norden". Stórt framlag var veitt til þessarar sýningar í fyrra og þó að það væri ekki af sömu stærð og vísað er til í þessum texta er litið svo á að þetta sé fyrsta verkefnið. Sú sýning verður farandsýning og kemur til Íslands og Grænlands, hún verður líka sýnd í Skotlandi og hugsanlega á fleiri stöðum. Menn eru síðan að láta sig dreyma um að ferill hennar endi á Íslandsbryggjunni í fyllingu tímans.

Hitt verkefnið er sérstakt átak varðandi norrænt tungumálasamstarf. Þar á líka að veita upphæð 3 millj. danskra kr. til að gera yfirgripsmikla rannsókn. Fyrir 25 árum fór slíkt rannsóknarverkefni fram og var mjög athyglisvert. Nú, 25 árum síðar, á að fara í slíkt verkefni og veita til þess fjármagn og bera saman tungumálaskilning í löndunum. Þetta verkefni mun að sjálfsögðu líka ná hingað til Íslands. Og þá hlýt ég að segja frá því sem við heyrum æ oftar núna á Norðurlandavettvangi, hvað málskilningur á Íslandi hafi breyst gífurlega á einum áratug. Fyrir einum áratug hafi það fólk sem kemur hingað til funda á vettvangi Norðurlandaráðs eiginlega getað snúið sér hvert sem var, hvort heldur var í verslunum, til unglinga eða varðandi leigubíla eða á hótelinu og talað Norðurlandamál, en nú sé alltaf svarað á ensku. Enska er orðin samskiptamálið á Íslandi. Það verður fróðlegt að vita hvað kemur út úr norrænu rannsókninni á málskilningi. Ég hlakka mjög til að sjá það vegna þess að ég vona að staðan sé betri en það sem félagar mínir segja að sé orðin staðreynd hér.

Það síðasta sem ég vil nefna varðandi sjóðinn, herra forseti, er að hann er orðinn sjálfstæður lögaðili og ég vil sérstaklega þakka þeim ráðherrum sem að því máli komu, Siv Friðleifsdóttur sem samstarfsráðherra, og Birni Bjarnasyni sem menntamálaráðherra, fyrir þeirra þátt. Þetta var ekki einfalt mál, það var þýðingarmikið að sjóðurinn hefði ákveðið sjálfræði og það skipti miklu máli í vinnunni sem í hönd fór að þessir tveir ráðherrar brugðust vel við umleitunum okkar, íslensku fulltrúanna í sjóðnum, og við gátum verið stolt af því þegar við mættum á fund í sjóðnum hvernig ráðherrar okkar höfðu tekið fyrstu málaleitan um þetta.

Við höfum nú fullt sjálfræði til að vinna með sjóðinn, m.a. að skoða hvort hægt sé að breyta umsóknartímasetningum. Bara er unnt að sækja um tvisvar á ári og það er mjög vont fyrir Ísland vegna þess að Íslendingar eru svo oft að vinna áætlanir um að gera eitthvað stórt með stuttum fyrirvara og reka sig þá á að næsti fundur verður haldinn kannski eftir að verkefnið kemur til og þá má ekki veita til þess. Fleiri umsóknartímasetningar henta Íslandi því vel og við munum skoða þessi mál og hafa heimildir til að vinna að þeim eins og okkur þykir best.

[16:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir ágæta ræðu frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem hefur staðið vaktina í norrænu samstarfi um árabil með miklum ágætum. Hv. þm. kom inn á þessa yfirgripsmiklu skýrslu sem við fjöllum hér um og það er rétt sem kom fram hjá henni að það eru auðvitað geysimiklar upplýsingar sem felast í svona skýrslugerð þar sem öll ráðuneytin sem eru í norrænu samstarfi leggja í púkkið, og áhugavert er að fara í gegnum skýrsluna. Vera má að við getum kynnt hana enn frekar en við gerum í dag en hún fer þó á fjölmarga staði. Hún fer til fjölmiðla og til þeirra ráðuneyta sem hafa með norrænt samstarf að gera. Hún er líka send í Norræna félagið og Norræna húsið og ekki bara hér á Íslandi heldur jafnframt í nágrannaríkjum okkar, t.d. í Færeyjum og á norrænu upplýsingaskrifstofurnar annars staðar á Norðurlöndunum. Hún er send í stærstu bókasöfnin á Íslandi og liggur að sjálfsögðu frammi á skrifstofunum hjá norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Alþingi sendir út nokkur hundruð eintök og síðan munum við einnig láta hana liggja frammi á þemaráðstefnunni sem haldin verður í Reykjavík núna í apríl um lýðræði í tilefni af því að norrænt samstarf er 50 ára í ár. Hún fer því nokkuð víða en vera kann að menn geti enn frekar kynnt hana, a.m.k. er hún hafsjór af fróðleik um norrænt samstarf.

Hv. þm. kom líka inn á skýrsluna sem Ole Norrback vann að ásamt hópi fólks, um réttindi Norðurlandabúa. Og það er rétt eins og hér kom fram að það voru nokkuð óvæntar niðurstöður úr þeirri skýrslu sem sýndu að mál eru ekki í eins góðum farvegi og menn kannski höfðu haldið um það að flytja á milli landa og halda réttindum sínum og greiða úr þeim málum. Þess vegna stendur til að bregðast við með ýmsum hætti, m.a. gegnum gagnabanka. Og það hefur líka sýnt sig, ekki bara í þessari skýrslugerð sem unnin var núna varðandi réttindi Norðurlandabúa, heldur líka í upplýsingum sem menn hafa fengið í gegnum símann „Halló Norðurlönd" sem rekinn er í samstarfi við norrænu félögin. Þar hefur fjöldi fólks hringt inn eða sent tölvupóst með alls konar spurningum þannig að það er virkileg þörf á að bregðast við.

Auðvitað er lagaumgjörðin mjög flókin og lög sem snúa að réttindum manna geta verið mjög flókin, og þó að við höfum haft langvarandi samstarf við Norðurlöndin á öllum stigum, m.a. á embættismannastigi, hefur þessari lagaumgjörð mikið til skolað hingað annars staðar að af Norðurlöndunum. Okkar lagaumgjörð er mjög lík lagaumgjörð annarra landa, m.a. í gegnum norrænt samstarf, en samt eru séráherslur milli landa og mismunandi stjórnmálalegar áherslur líka sem valda því að það er ekki nógu mikið samræmi í réttindum og því að flytja yfir réttindi eins og gæti verið.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom einnig inn á lauslega úttekt Norræna félagsins á bankaþjónustu og það þegar ákveðin upphæð er flutt milli landa. Það er mjög mismunandi hvað bankarnir taka mikið fyrir þá þjónustu og sumar niðurstöðurnar voru þannig að það kostaði tvöfalt meira að senda fjármagnið heldur en upphæðin sem senda átti hljóðaði upp á. Strax komu viðbrögð við þessari könnun norrænu félaganna frá nokkrum bönkum sem gagnrýndu hana. Könnunin stendur samt alveg fyrir sínu. Hún var mjög einföld og gekk ekki út á að spyrja í hverjum einstökum banka: Hvað kostar að senda þessa upphæð? Manneskja af holdi og blóði kom bara inn í bankann með ákveðna upphæð og sagði: Ég vil senda þessa peninga á ákveðinn stað í öðru landi, hvað kostar það? Og sú manneskja fékk þá leiðbeiningar um eitthvað ákveðið. Þannig var þetta bara raunveruleg staða þessa tiltekna íbúa með þetta fjármagn sem vildi senda það á milli landa og útkoman var mjög sérstök.

Samstarfsráðherrarnir ræddu þetta á sínum síðasta fundi og þetta mál er í frekari skoðun hjá ráðherrum bankamála og neytendamála. Vonandi koma því einhver viðbrögð við þessum niðurstöðum þannig að upplýsingagjöf til fólks sem

kemur inn í bankakerfið verði meiri um möguleikana sem það hefur á að senda fjármagn á milli.

Ég þakka líka hv. þm. sérstaklega fyrir umfjöllun hennar um Norræna menningarsjóðinn sem er afar mikilvægur fyrir okkur Íslendinga, eins og hér kom fram, og þungavigtarstoðin í norrænu samstarfi er auðvitað þessi hefðbundna stoð sem tekur til sín meginstarfið og meginfjármagnið og lýtur m.a. að menningarmálum. Það er alveg ljóst að miðað við þær upplýsingar sem hér komu fram fáum við Íslendingar helmingsskor þegar við sækjum um í þennan sjóð, má segja, miðað við umsóknir en við borgum 1% inn í norrænt samstarf og þar á meðal þennan sjóð. Það er því afar gott fyrir okkur sem lítið land að vera í þessu samstarfi í sjóðnum. Það var ágætt líka að koma inn á það við þetta tækifæri að búið er að leysa farsællega þær hálfgerðu deilur sem voru um lögformlega stöðu sjóðsins og vonandi er það mál frá.

Ég vil að endingu, virðulegur forseti, taka undir það sem kom fram í umræðunni um stöðu tungunnar. Það er áhyggjuefni hvernig staða og þróun hinnar norrænu tungu er og maður rekur sig bara á það sjálfur þegar maður fer um að það virðist vera stutt í að menn grípi til enskunnar og mun styttra en áður fyrr. Það er ekki bara hér á Íslandi, ég hef líka fundið það í vaxandi mæli á hinum Norðurlöndunum, t.d. fór ég um daginn í gegnum Kaupmannahöfn, þurfti að bera mig eftir einhverri þjónustu úti á Kastrup og spurði tvisvar sinnum um ákveðnar upplýsingar á norrænni tungu en fékk svörin í bæði skiptin á ensku. Það fannst mér mjög ankannalegt þar sem ég var ekki að biðja um flóknar upplýsingar en það var eins og starfsfólkið þar hefði fengið — hugsanlega af því að þetta er alþjóðaflugvöllur — upplýsingar um að það ætti að reyna að svara sem mest á ensku. Manni auðvitað krossbregður þegar svona er komið. Það er því ástæða fyrir okkur til að reyna að halda eins vel og við getum utan um menningarsamstarf og tungumálasamstarf við norrænu þjóðirnar.

Að lokum, virðulegur forseti, þakka ég fyrir þessar umræður og þátttöku hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í þeim sem stendur hér enn vaktina í norrænu samstarfi.

Norrænt samstarf 2001, ein umr.

Skýrsla ÍNR, 483. mál. — Þskj. 767.

[16:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í upphafi þakka ég hæstv. samstarfsráðherra, Siv Friðleifsdóttur, fyrir hennar góðu skýrslu og það öfluga starf sem hún hefur beitt sér fyrir í norrænu samstarfi. Reyndar þakka ég líka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir umræðuna áðan en Rannveig er einmitt fulltrúi Íslands í Norræna menningarsjóðnum. En ég kynni hér sem formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs útdrátt úr skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2001. Að öðru leyti vísa ég til skýrslunnar sem í heild birtist á þskj. 767 sem er 483. mál. Þar er annars vegar fjallað um störf Íslandsdeildar og hins vegar er farið stuttlega yfir störf fagnefnda Norðurlandaráðs í heild.

Helstu einkenni starfsársins 2001 voru miklar skipulagsbreytingar. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs, stefnumótunarhópurinn, vann tillögur um nýtt skipulag Norðurlandaráðs sem samþykkt var á 53. þingi ráðsins í Kaupmannahöfn sem haldið var 29.–31. október sl. Horfið var frá þremur svæðisnefndum sem voru Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd, en í stað tekið upp skipulag með fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar, þ.e. menningar- og menntamálanefnd, velferðarnefnd, borgara- og neytendanefnd, umhverfis- og náttúruverndarnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd.

Árið 1999 setti Norræna ráðherranefndin á fót sérstaka nefnd til að fara ofan í saumana á norrænu samstarfi, svokallaða aldamótanefnd, undir forustu Jóns Sigurðssonar, forstjóra NIB, eða Norræna fjárfestingarbankans, en hann var einnig fyrrverandi ráðherra og þingmaður hér á Íslandi. Nefndin skilaði gagnmerkri skýrslu, „Norðurlönd 2000 – umleikin vindum veraldar", en skýrslan var kynnt og rædd á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík, en það þing þótti takast einstaklega vel. Niðurstöður birtust í sameiginlegri skýrslu þessara aðila undir nafninu „Ný norræn dagskrá – svar við skýrslu aldamótanefndar". Einnig lagði stefnumótunarhópurinn fram forsætisnefndartillögu um breytingar á vinnutilhögun Norðurlandsráðs. Þær tillögur voru einnig samþykktar á 53. þingi Norðurlandsráðs. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, sem er fyrrverandi forseti Norðurlandaráðs, mun segja nánar frá starfi stefnumótunarhópsins.

Næst vík ég að starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Alls voru haldnir tíu formlegir fundir deildarinnar. Að venju var þátttaka í þemaráðstefnu og þingi Norðurlandaráðs undirbúin. Skipulagsbreytingar Norðurlandaráðs voru í brennidepli. Meðlimum Íslandsdeildar var umhugað um að tryggja þátttöku sem flestra í hinum nýju nefndum. Málefni eins og sjálfbær þróun og gagnkvæm upplýsingatækni, voru ofarlega á baugi. Einnig hófst og stendur nú yfir undirbúningur að þemaráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík 14.–16. apríl nk. um lýðræði.

Í upphafi árs skipuðu Íslandsdeildina þau Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður, Sigríður Jóhannesdóttir, varaformaður, Sigríður A. Þórðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Jónsson og Steingrímur J. Sigfússon. Varamenn voru Árni Johnsen, Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller og Þuríður Backman. Þegar Sighvatur Björgvinsson lét af þingmennsku 13. febrúar 2001 tók Rannveig Guðmundsdóttir sæti hans í Norðurlandaráði og varð Guðrún Ögmundsdóttir nýr varamaður. Hinn 1. október 2001 voru þingmennirnir endurkjörnir til setu í Norðurlandaráði, þó með þeirri breytingu að Drífa Hjartardóttir var kjörin aðalmaður í stað Hjálmars Jónssonar sem skömmu áður hvarf af þingi. Í laus varamannasæti Drífu Hjartardóttur og Árna Johnsens voru valin þau Kjartan Ólafsson og Katrín Fjeldsted. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar hinn 8. október var Ísólfur Gylfi Pálmason endurkjörinn formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 6.–8. nóvember 2000 var Sighvatur Björgvinsson kjörinn til setu í forsætisnefnd, Sigríður A. Þórðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason í Norðurlandanefnd en Sigríður A. Þórðardóttir var jafnframt kjörin varaformaður nefndarinnar. Hjálmar Jónsson var kjörinn í nærsvæðanefnd og kjörnefnd, Arnbjörg Sveinsdóttir í Evrópunefnd og eftirlitsnefnd, og Steingrímur J. Sigfússon í Evrópunefnd. Þessi nefndaskipan hélst út starfsárið 2001 nema Rannveig Guðmundsdóttir tók sæti Sighvats Björgvinssonar í forsætisnefnd, Drífa Hjartardóttir tók við af Hjálmari Jónssyni í nærsvæðanefnd og

Sigríður A. Þórðardóttir tók sæti Hjálmars í kjörnefnd.

Auk nefndarsetu sátu meðlimir Íslandsdeildar í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs, auk þess sem þeir sátu í stjórnum stofnana og ráða tilnefndir af Norðurlandaráði. Sigríður A. Þórðardóttir sat í stefnumótunarhópnum sem mótaði tillögur um framtíð norræns samstarfs og nýtt skipulag Norðurlandaráðs. Sighvatur Björgvinsson sat í vinnuhópi um friðargæslu og aðgerðir til að koma í veg fyrir átök en Rannveig Guðmundsdóttir tók síðar sæti hans. Steingrímur J. Sigfússon sat í vinnuhópi um byggðastefnu Evrópusambandsins á vegum Evrópunefndar og Arnbjörg Sveinsdóttir var í vinnuhópi um matvælaöryggi. Steingrímur J. Sigfússon gegndi stöðu áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs hjá þingmannanefnd um norðurskautsmál og sat í stjórn Norræna ráðsins um málefni fatlaðra. Ísólfur Gylfi Pálmason átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og Rannveig Guðmundsdóttir í stjórn Norræna menningarsjóðsins.

Íslandsdeildin hélt tvo fundi með Siv Friðleifsdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda. Skipst var á skoðunum um helstu mál er snerta starfsemi Norðurlandaráðs, m.a. sjálfbæra umhverfisstefnu, þing Norðurlandaráðs, framtíð norrænnar samvinnu og margt fleira bar á góma.

Íslandsdeild þáði boð Norðurlandaráðs um að senda þingmenn á ýmsar alþjóðaráðstefnur sem tengjast starfsemi ráðsins. Um þær ráðstefnur verður nánar fjallað síðar í skýrslunni.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs að upphæð 90.000 danskra kr. voru veittir á fundi Íslandsdeildar 25. júní sl. Eftirfarandi fréttamenn hlutu styrki: Sigríður Hagalín Björnsdóttir hlaut 26.000 danskar kr., Hjálmar Jónsson og Björn Ingi Hrafnsson 21.000 danskar kr. hvor, og Óðinn Jónsson og Haukur Holm 11.000 danskrar kr. hvor.

Í byrjun maí tók Stígur Stefánsson við starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs af Einari Farestveit. Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs, hafði þó yfirumsjón með rekstri Íslandsdeildar og sinnti málefnum forsætisnefndar. Þessu góða fólki eru þökkuð góð störf í þágu Norðurlandaráðs. Stígur Stefánsson er boðinn velkominn til starfa um leið og við þökkum Einari Farestveit fyrir farsælt starf.

Herra forseti. Næst vík ég að starfsemi Norðurlandaráðs og einstakra nefnda en viðkomandi þingmenn munu fjalla ítarlegar um störf nefndanna. Sighvatur Björgvinsson sat í forsætisnefnd en Rannveig Guðmundsdóttir, sem er gamalreyndur nordisti, tók við starfi hans. Daninn Sven Erik Hovmand, núverandi skattamálaráðherra Danmerkur, tók við embætti forseta Norðurlandaráðs af Sigríði Önnu Þórðardóttur, en bæði gegndu þau því starfi með stakri prýði. Finninn Outi Ojala tók við starfi forseta ráðsins eftir kosningar í Danmörku nú í nóvember.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs. Rannveig Guðmundsdóttir mun á eftir fara yfir störf nefndarinnar.

Eins og ég gerði grein fyrir í upphafi ræðu minnar var settur á fót sérstakur stefnumótunarhópur um framtíðarskipan norræns samstarfs. Sighvatur Björgvinsson sat í vinnuhópnum fyrir hönd jafnaðarmanna en þegar hann hætti í febrúar 2001 urðu breytingar á skipan hópsins. Í kjölfar þeirra breytinga tók Sigríður Anna Þórðardóttir sæti í hópnum sem fulltrúi hægri manna. Sigríður Anna Þórðardóttir mun segja frá starfi nefndarinnar hér á eftir.

Norðurlandanefnd var skipuð þremur fulltrúum Íslandsdeildar, þeim Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Sigríði Jóhannesdóttur og Sigríði Önnu Þórðardóttur, sem jafnframt var varaformaður nefndarinnar. Sigríður Jóhannesdóttir er varaformaður Íslandsdeildar og mun segja frá starfi nefndarinnar hér á eftir.

Í nærsvæðanefnd var Hjálmar Jónsson en síðar Drífa Hjartardóttir. Hún tók í raun við starfi Hjálmars er hann hætti á þingi.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefnd voru Arnbjörg Sveinsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Hlutverk nefndarinnar er að sinna starfsemi Norðurlanda og EES/ESB-ríkja.

Arnbjörg Sveinsdóttir sat í eftirlitsnefnd sem kannaði m.a. aðgang erlendra ríkisborgara sem búsettir eru á Norðurlöndum að hinum ýmsu stofnunum Norðurlanda. Einnig kannaði nefndin hvernig styrkir til rannsókna á verkefnum norrænu ráðherranefndarinnar hefðu nýst.

Þá vík ég að verðlaunum sem úthlutað er á vegum Norðurlandaráðs. Verðlaun Norðurlandaráðs eru þrenn: bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun. Bókmennta- og tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs var úthlutað í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs sem haldin var í Ósló í apríl. Umhverfisverðlaunin voru hins vegar afhent í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Kaupmannahöfn í lok október.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2001 hlaut norska skáldið Jan Kjærstad fyrir skáldsögu sína Oppdageren.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2001 komu í hlut danska trompetleikarans, hljómsveitarstjórans og tónskáldsins Palle Mikkelborg.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð veitti árlega náttúru- og umhverfisverðlaun. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðlum, fyrirtækjum eða stofnunum sem hafa í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni aðdáunarverða tillitssemi. Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2001 voru afhent á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn og hlaut Svíinn Mats Segenstram verðlaunin. Verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þúsund dönskum krónum.

Herra forseti. Þá vík ég næst að ráðstefnum og þingum á vegum Norðurlandaráðs.

Þemaráðstefna Norðurlandaráðs 2001 fór fram í Ósló dagana 2.–3. apríl. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd".

Norræna áætlunin tekur til þriggja sviða. Í fyrsta lagi þverfagleg viðfangsefni eins og loftslagsbreytingar, líffræðilegur fjölbreytileiki, hafið, efni og efnavörur, og matvælaöryggi. Í öðru lagi orkumál, samgöngur, landbúnað, atvinnulíf og framleiðsluvörur, fiskveiðar, veiðar á sjávarspendýrum og nýting skóga. Í þriðja lagi þróun þekkingargrunns, stjórntækja og hagkvæmrar nýtingar náttúruauðlinda.

Þriðji sameiginlegi fundur Norðurlandaráðs og Eystrasaltsríkjanna var haldinn 31. maí og 1. júní sl. Rætt var um stækkun ESB til austurs. Þá var rætt um svæðisbundna

samvinnu. Einnig var rætt um þátttöku þingmanna í hinni norrænu vídd. Þá var og mikil umræða um stækkun NATO.

6. aukaþing Norðurlandsráðs var haldið dagana 25.–26. júní í Kungälv í Svíþjóð. Til þingsins var boðað til þess að afgreiða tvær tillögur Norrænu ráðherranefndarinnar um norræna umhverfisáætlun annars vegar og hins vegar um norræna áætlun um sjálfbæra þróun.

53. þing Norðurlandaráðs var haldið í Kaupmannahöfn dagana 29.–31. október sl.

Tveir málaflokkar voru sérstaklega í brennidepli á þinginu. Annars vegar framtíð norrænnar samvinnu og hins vegar utanríkismál, en atburðir í Bandaríkjunum þann 11. september voru mönnum eðlilega ofarlega í huga. Þá var einnig fjallað um Evrópu og grannsvæðin. Fjallað var um kynþáttafordóma, samstarf þvert á landamæri og margt fleira.

Eins og ég greindi frá í upphafi ræðu minnar var ákveðið að hverfa frá landfræðilegri skiptingu í þrjár nefndir eins og Norðurlandaráð hafði áður starfað frá 1995, þ.e. að hverfa frá því að vera með nærsvæðanefnd, Evrópunefnd og Norðurlandanefnd. Á þinginu var samþykkt að taka upp skipulag með fimm málefnanefndir auk forsætisnefndar, þ.e. menningar- og menntamálanefnd, velferðarnefnd, borgara- og neytendanefnd, umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd.

Miðvikudaginn 31. október fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta Norðurlandaráðs. Forseti var kjörin finnski þingmaðurinn Outi Ojala og tók hún formlega við embætti 1. janúar 2002 en hún hafði verið starfandi forseti í þrjár vikur eftir að Sven Erik Hovmand fráfarandi forseti sagði af sér til að taka við ráðherradómi. Outi Ojala er fyrsti forseti í sögu Norðurlandaráðs sem kemur úr flokkahópi vinstri sósíalista. Eftir kosningar til hinna nýju nefnda Norðurlandaráðs er nefndaseta Íslandsdeildar sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir heldur sæti sínu í forsætisnefnd. Í menningar- og menntamálanefnd sitja Sigríður Jóhannesdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason sem jafnframt er varaformaður nefndarinnar. Í efnahags- og viðskiptanefnd sitja Sigríður A. Þórðardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Arnbjörg Sveinsdóttir var kosin í borgara- og neytendanefnd en flutti sig um set yfir í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd í lok janúar 2002. Jafnframt heldur Arnbjörg sæti sínu í eftirlitsnefnd. Drífa Hjartardóttir situr í velferðarnefnd.

Næsta þing Norðurlandaráðs, sem jafnframt er 50 ára afmælisþing, verður haldið í Helsingfors 29.–31. október 2002.

Í lokin vil ég þakka nefndarmönnum fyrir afar gott samstarf, bæði því reynda Norðurlandaráðsfólki sem hefur setið um árabil í Norðurlandaráði og er þar afar virkt og einnig þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í norrænu samstarfi. Samstarfsráðherra Norðurlanda, Siv Friðleifsdóttur, þakka ég fyrir hönd Íslandsdeildar mjög gott samstarf og því góða starfsfólki sem við höfum hér í hinu norræna samstarfi.

Fram undan er 50 ára afmæli Norðurlandaráðs og verður þeirra tímamóta minnst við hæfi. Ég tek undir orð samstarfsráðherra hér áðan um að norrænt samstarf er mjög frjósamt og starfsamt.

[16:33]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar einkenndist norrænt samstarf af miklum breytingum starfsárið 2001. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs, stefnumótunarhópurinn, vann tillögur um nýtt skipulag Norðurlandaráðs og voru þær samþykktar á 53. þingi ráðsins sem haldið var í Kaupmannahöfn dagana 29.–31. okt. sl. Í stuttu máli sagt fólust breytingarnar í uppstokkun á nefndaskipulagi Norðurlandaráðs þar sem horfið var frá þremur svæðisnefndum og þess í stað tekið upp skipulag með fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Vil ég nú gera grein fyrir bakgrunni þessara breytinga.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs setti á laggirnar stefnumótunarhóp um framtíðarskipulag norræns samstarfs í ársbyrjun 2001. Stefnumótunarhópnum var falið að undirbúa umfjöllun forsætisnefndar um skipulag norræns samstarfs og leggja fyrir forsætisnefnd tillögur um væntanlegar breytingar á störfum Norðurlandaráðs, m.a. varðandi skipulag og tengsl við aðildarríkin. Markmið stefnumótunarhópsins var að móta nýtt skipulag Norðurlandaráðs sem væri í betra samræmi við skipulag norrænu ráðherranefndarinnar og væri skiljanlegt utanaðkomandi aðilum, svo sem öðrum alþjóðlegum stofnunum. Jafnframt var lögð áhersla á að nýtt skipulag tryggði sveigjanleika og möguleika til að fjalla um þverfagleg efni og til að veita sérstökum málum flýtimeðferð. Sú sem hér talar átti þar sæti fyrir flokkahóp hægri manna.

Í álitsgerð stefnumótunarhópsins með tillögum að breyttu nefndakerfi kemur m.a. fram að gömlu svæðisnefndirnar þrjár, Evrópunefnd, Norðurlandanefnd og nærsvæðanefnd, hafi gegnt mikilvægu hlutverki við að gera þrískiptingu norræns samstarfs sýnilega en hinar þrjár stoðir samstarfsins eru samvinna innan Norðurlanda, samvinna Norðurlanda og Evrópu auk samvinnu Norðurlanda og nærsvæða. Hins vegar hafi skapast vandamál varðandi samstarf við nefndir þjóðþinganna og norrænu ráðherranefndina. Markmið hins nýja nefndakerfis fimm málefnanefnda og forsætisnefndar er að tryggja betra samspil við norrænu ráðherranefndina, þjóðþingin og alþjóðastofnanir, segir í álitsgerðinni. Þetta er gert til að skýrara sé hvar einstök málefnasvið eru vistuð þannig að samskiptin við t.d. nefndir þjóðþinga verði gagnsærri. Þrátt fyrir að vikið sé frá svæðisbundnum nefndum er lögð áhersla á að svæðisbundnu stoðirnar verði áfram þáttur í starfi málefnanefndanna en þeim ber að fjalla um mál frá sjónarhóli Norðurlanda, Evrópu og nærsvæða.

Í hinu nýja nefndakerfi annast forsætisnefnd víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni, m.a. fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Hún ber jafnframt ábyrgð á utanríkis- og öryggismálum sem eru á síðustu árum orðinn mikilvægur þáttur í starfi Norðurlandaráðs. Málefni sem nú eru ofarlega á baugi eru friðargæsla og málefni hinnar norðlægu víddar ESB. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir þó að einstakar fagnefndir komi inn í það samstarf þar sem við á.

Ég vil geta sérstaklega um fyrirvara flokkahóps hægri manna varðandi nýju nefndaskipunina, en hægri menn telja að skynsamlegra hefði verið að búa til sérstaka utanríkis- og öryggismálanefnd og það hefði þá mátt gera með þeim hætti að sameina verkefni borgara- og neytendanefndar og velferðarnefndina þannig að fagnefndirnar yrðu þá fimm en ein af þeim yrði þá sérstök utanríkis- og öryggismálanefnd.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að fagnefndirnar fimm eru: Menningar- og menntamálanefnd, velferðarnefnd, borgara- og neytendanefnd, umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd, en utanríkis- og öryggismálin eru, eins og ég nefndi hér fyrr, hjá forsætis-

nefndinni. Til viðbótar eru síðan sérstök eftirlitsnefnd og kjörnefnd.

Tengsl Norðurlandaráðs við aðildarríkin voru mikið til umræðu í stefnumótunarhópnum og var sérstök áhersla lögð á að hinar nýju málefnanefndir Norðurlandaráðs ættu samstarf við hliðstæðar nefndir þjóðþinganna. Tengslin við ríkin byggjast á mörgum þáttum en stefnumótunarhópurinn nefndi eftirfarandi samverkandi þætti, þ.e. samræmi á milli sérsviðs þingmanna í þjóðþingum og nefndarsetu þeirra í Norðurlandaráði, að dagskrá Norðurlandaráðs endurspegli aðkallandi málefni í aðildarríkjunum og ESB, að ríkisstjórnir geri þjóðþingunum grein fyrir því hvernig tilmælum Norðurlandaráðs er fylgt eftir, gagnkvæmt upplýsingastreymi á milli ritara landsdeilda og nefndaritara Norðurlandaráðs um störf ráðsins og störf þjóðþinganna.

Stefnumótunarhópurinn fjallaði um hvort Norðurlandaráð skyldi halda eitt eða fleiri þing árlega. Niðurstaðan varð sú að Norðurlandaráð héldi eitt þing árlega en hægt væri að boða til aukaþings ef sérstök ástæða þætti til.

Stefnumótunarhópurinn ræddi ekki um breytingar á flokkahópsfyrirkomulaginu sem komið var á 1995. Það var almenn ánægja með það fyrirkomulag. Áður komu fulltrúar Norðurlandaráðs til funda fyrst og fremst sem fulltrúar sinna landsdeilda en eftir að flokkahópunum var komið á hafa fulltrúarnir í auknum mæli undirbúið sig fyrir fundi í Norðurlandaráði í flokkahópunum. Stefnumótunarhópurinn lýsti yfir ánægju með flokkahópsfyrirkomulagið og telur að aukið vægi flokkahópanna í frumkvæði, undirbúningi og meðferð mála hafi átt þátt í því að gera innra starf Norðurlandaráðs þróttmeira. Eftir sem áður munu flokkahóparnir sjá um tilnefningar við nefndakjör á Norðurlandaráðsþingum.

Herra forseti. Norðurlandaráð byrjaði að starfa eftir nýja nefndakerfinu nú um áramótin þannig að lítil reynsla er enn þá komin á það. Ég held hins vegar að þetta nýja fyrirkomulag verði til mikilla bóta fyrir starfsemi ráðsins. Það er auðvitað mikil vinna fram undan við að treysta grundvöll hinna nýju nefnda og tryggja skilvirkt samstarf við ráðherrana. Sú vinna er öll á réttri leið og það er enginn efi í mínum huga að Norðurlandaráð mun standa sterkara eftir þessar breytingar en áður.

[16:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í yfirgripsmiklu erindi formanns Íslandsdeildar hefur verið farið mjög vel yfir þetta mál og eins af hálfu hv. alþingismanns Sigríðar Önnu Þórðardóttur. Ég mun því bara stuttlega greina frá því sem mér var falið. Ég vil þó í uphafi segja að mér hefur fundist mjög fróðlegt að fylgjast með þeim breytingum sem hafa orðið á störfum Norðurlandaráðs. Þegar ég tók þátt í því á árum fyrr þá voru nefndir starfandi sem voru sambærilegar við nefndir ráðherrasamstarfsins og þá nokkuð sambærilegar við þjóðþingin. Síðan var breytingin gerð í þá þrjá stólpa sem Sigríður Anna Þórðardóttir hefur rakið hér og ég get fallist á að kastljósið hafi með því farið á þessa þrískiptingu í starfi Norðurlandaráðs. En ég er afskaplega ánægð með að nú hefur þessu verið breytt til baka í nefndir og forsætisnefnd. Ég var alltaf efins um norðurnefndina og ánægð núna með að búið er að samræma nefndarstarfið í Norðurlandaráði við ráðherrasamstarfið og ég er sannfærð um að það er til góðs.

Formaður Íslandsdeildar bað mig að fara nokkrum orðum um forsætisnefndina. Hún er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem eru kosnir á þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir og allir flokkahópar eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Það er ekki langt síðan við Íslendingar vorum með þrjá fulltrúa í forsætisnefndinni og vorum þar með nokkuð vel skipuð, ef hægt er að orða það svo. Nú er fulltrúinn aðeins einn. En þetta breytist auðvitað frá einum tíma til annars. Íslendingar hafa almennt gert sig mikið gildandi í umræðu í norræna samstarfinu og eru, að ég held, mjög virkir í því samstarfi.

Hér voru nefnd sérstaklega tvö stór verkefni á vettvangi forsætisnefndar á síðasta ári. Annað var norræna víddin, sem starfshópur skilaði skýrslu um, og hitt var friðargæslan. Sjálf átti ég sæti í friðargæsluhópnum. En hvað varðar norrænu víddina var lögð mjög mikil áhersla á að — já, ég vil taka það fram að hún var upphaflega stefna Evrópusambandsins og hún tekur til Eystrasaltslandanna og norðvesturhluta Rússlands og hefur það markmið að styðja lýðræðisþróun, öryggi, stöðugleika og sjálfbæra þróun. Það var Paavo Lipponen, þegar hann var formaður Evrópusambandsins, sem fékk þessa stefnumörkun inn í Evrópusambandið og vildi með því beina sjónum Evrópuríkjanna að Norður-Evrópu og ég held að það hafi verið mjög farsælt að ná þeirri stefnummörkun inn. Hún skiptir máli fyrir samstarfið í Norður-Evrópu og á Norðurlöndunum við vesturhluta Rússlands og við Eystrasaltslöndin. Norðurlönd hafa átt mjög yfirgripsmikið samstarf við Eystrasaltslöndin fyrst og fremst á jafnræðisgrundvelli þar sem þau hafa sitt baltneska ráð og samstarfið er ráðanna í milli.

Með norðlægu víddinni vilja menn ýta undir frelsi, lýðræði, öryggi, stöðugleika og sjálfbæra þróun og helstu svið sem Norðurlandaráð leggur áherslu á innan norðlægu víddarinnar eru t.d. kjarnorkuöryggi, umhverfis- og félagsmál, hagþróun, uppbygging innviða hagkerfis, barátta gegn skipulagðri glæpastarfsemi þvert á landamæri og stuðningur við lýðræðisþróun.

Eins og kom fram hér í ræðum þeirra sem á undan mér hafa talað er nú aukin áhersla lögð á utanríkis- og öryggismál í starfi forsætisnefndarinnar. Þannig er að margir óttuðust á sínum tíma að Norðurlandaráð mundi gliðna eða missa kraft við að þrjú af Norðurlöndunum urðu aðilar að Evrópusambandinu. Frekar miklar hrakspár heyrðust um framtíðina á sínum tíma. Niðurstaðan hefur orðið sú að starfið er ekki kraftminna. Það hefur sinn sess. Enginn vafi er á því að það var þýðingarmikil ákvörðun að taka upp umræðuna um öryggis- og utanríkismál og þær umræður marka mjög þing Norðurlandaráðs nú, ekki síst liðið haust miðað við atburði haustsins.

Ég mundi vilja nefna aðeins það samstarf sem ég tók þátt í fyrir hönd Norðurlandaráðs og forsætisnefndar sem var starfshópur um „krishantering" eða friðargæslu. Skýrsla um það var lögð fram á þinginu í haust og féll mjög að umræðum um utanríkis- og öryggismál sem þá fóru fram í kjölfar atburðanna 11. september og þá eftir upphaf hernaðar í Afganistan sem mótaði mjög umræðuna á þinginu. Niðurstaða starfshópsins um friðargæslu var að auka þyrfti norrænt samstarf hvað varðar sameiginleg verkefni, þjálfun og uppbyggingu sérþekkingar á sviði friðargæslu, og því var beint til ríkisstjórna Norðurlanda að kanna möguleika á að koma á samnorrænu hraðliði á sviði borgaralegrar friðargæslu.

Þegar talað er um friðargæsluna á norrænum vettvangi er í raun verið að tala um aðgerðir til að fyrirbyggja átök, áhættustjórnun eða „krishantering" þegar átök eru á einhverju svæði og svo uppbyggingarstarf á eftir. Allt þetta

heyrir undir það sem við köllum borgaralega friðargæslu hér.

Norðurlöndin hafa áralanga reynslu af alþjóðasamstarfi og sameiginlegu átaki í friðar- og mannréttindamálefnum. Starfshópurinn fór yfir stefnumörkun og verkefni hjá þeim alþjóðasamtökum og -stofnunum sem Norðurlöndin tengjast og sú vinna studdi þá afstöðu starfshópsins sem Norðurlandaráð gerði að sinni, að Norðurlönd ættu að auka samvinnu á þessu sviði, ekki síst við fyrirbyggjandi aðgerðir. Ef löndin samtvinna bæði mannskap og sérfræðiþátttöku í löndunum verður unnt að auka og efla sameiginlega þátttöku og gera hana breiðari.

Niðurstaða starfshópsins var að leggja fram tillögu um tvær samnorrænar vinnunefndir, önnur skyldi kanna möguleika á að samtvinna þátttöku í því sem kallast friðargæsla eða aðgerðir til að fyrirbyggja átök og hin að kanna forsendur og möguleika á sameiginlegu norrænu hraðliði. Þessar tillögur voru samþykktar á þinginu og það er ánægjulegt frá því að segja að á fundi, sem forsn. hélt með utanríkisráðherrum Norðurlandanna meðan á þinginu stóð, sem sóttur var af Siv Friðleifsdóttur í fjarveru Halldórs Ásgrímssonar utanrrh., fengu þessar tillögur afar góðar undirtektir og kastljósinu var mjög beint að átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs sem við ræddum reyndar í upphafi fundar í morgun og það kom fram í máli utanrrh. að utanríkisráðherrar Norðurlanda mundu beita sér í samstarfi alls staðar í Evrópu, og Evrópulönd mundu saman þrýsta á Bandaríkin um að taka á með þeim í stefnumörkun varðandi svæði fyrir botni Miðjarðarhafs. Þess vegna er svo mikilvægt, og ástæða til að árétta það enn á ný með tilliti til þess sem þar var rætt, að það er vilji utanríkisráðherra Norðurlandanna og utanríkisráðherranna í Evrópu að fá Bandaríkin með sér í að taka á í málum fyrir botni Miðjarðarhafs til að reyna að stuðla að því að Palestína verði sjálfstætt ríki.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að eftir að hafa unnið að þessum málum fyrir hönd forsn. í Norðurlandaráði og tekið þátt í umræðum um utanríkismál fyrir hönd forsætisnefndar og þeim fundi sem ég hef vísað hér til, þá er ég afskaplega sátt við að þessi mál séu rædd á vettvangi Norðurlandaráðs og að við vinnum saman að þessum þýðingarmikla málaflokki sem aldrei var ræddur og ekki mátti ræða fyrir nokkrum árum vegna eðlis samvinnunnar þá.

Herra forseti. Ég ætla að láta mér nægja að fara þessum orðum um skýrsluna. Henni hafa verið gerð góð skil og við eigum margar skýrslur eftir svo ég lýk máli mínu núna.

[16:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í kjölfar ræðu formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, vil ég greina örstutt frá því starfi sem ég hef komið að í tveimur nefndum Norðurlandaráðs, Evrópunefnd og eftirlitsnefnd, á síðasta starfsári.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefndinni voru sú sem hér stendur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hlutverk Evrópunefndar var að sinna samstarfi Norðurlanda og EES/ESB-ríkja og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málaflokki. Nefndin hefur einkum fjallað um atvinnumál, hagstjórnarmál, neytendamál og meðferð evrópskrar löggjafar á Norðurlöndum, auk þess að fjalla um starfsáætlanir formennskuríkja og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Nefndin hélt sex fundi árið 2001.

Evrópunefndin fór í fræðslu- og fundaferð til Strassborgar í mars. Hélt nefndin fundi með varaforseta Mannréttindadómstóls Evrópu, Elisabet Palm, þar sem rætt var um réttindaskrá ESB og þau mál sem lágu fyrir dómstólnum. Þá kynnti Evrópunefnd sér starfsemi Rannsóknarmiðstöðvar um Evrópumál og ræddi stöðuna í samrunaþróun Evrópu eftir Nice-sáttmálann. Enn fremur voru haldnir fundir Evrópunefndar með þingmönnum Evrópuþingsins og loks með umboðsmanni ESB, Jacob Söderman. Á síðastnefnda fundinum var m.a. aðgangur almennings að skjölum ESB til umfjöllunar en opin stjórnsýsla hefur verið sérstakt baráttumál þeirra Norðurlandaþjóða sem eru í Evrópusambandinu.

Sumarfundur Evrópunefndar var haldinn í Dyflinni. Nefndin átti m.a. viðræður við Evrópunefnd írska þingsins og fulltrúa írsku ríkisstjórnarinnar um stefnu landsins í Evrópumálum og þá staðreynd að Írar höfnuðu Nice-sáttmálanum. Einnig voru Iðnþróunarstofnun Írlands og Evrópustofnunin um lífs- og starfsskilyrði heimsóttar. Í viðræðum við forsvarsmenn þessara stofnana voru rædd vinnumarkaðs- og skattamál á Írlandi auk félagslegra afleiðinga sameiginlegs gjaldmiðils Evrópusambandslanda og áhrif stækkunar ESB á vinnumarkaði sambandsins.

Auk setu í Evrópunefnd var ég eins og fyrr segir fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2001. Nefndin tók tvö málefni til sérstakrar skoðunar á starfsárinu. Í fyrsta lagi kannaði hún aðgang erlendra ríkisborgara frá ríkjum utan ESB/EES, sem eru búsettir á Norðurlöndum, að hinum ýmsu stofnunum, verkefnum og styrktarsjóðum á vegum Norðurlandaráðs. Niðurstaða athugunarinnar varð sú að umræddir erlendir ríkisborgarar hafa óskoraðan aðgang að starfsemi á vegum ráðsins ef undan er skilin Nordjobb-áætlunin um sumarvinnu fyrir ungt fólk. Á 53. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í október sl. brást ráðið við þessari niðurstöðu og beindi þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að tryggja ungum íbúum Norðurlanda með erlent ríkisfang aðgang að Nordjobb-áætluninni. Seinna verkefni eftirlitsnefndar var úttekt á norrænum styrkjum til rannsókna sem veittir eru í gegnum fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar. Það verkefni er nú á lokastigi og verður kynnt menningar- og menntamálanefnd Norðurlandaráðs á næsta nefndarfundi. Sá fundur verður haldinn í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um lýðræði sem fram fer í Reykjavík þann 15. og 16. apríl nk.

Herra forseti. Ég tek undir með fyrri ræðumönnum sem greint hafa frá breyttu nefndakerfi Norðurlandaráðs um að þar sé breyting til batnaðar. Með því að hverfa frá skipulagi þriggja stórra svæðisnefnda og taka upp málefnanefndir er verkaskipting Norðurlandaráðs skýrari en áður. Tel ég því að hin nýja nefndaskipan muni styrkja ráðið og starf þess í framtíðinni.

Að lokum má geta þess að eftirlitsnefnd hefur ákveðið að fylgjast grannt með því hvernig starf Norðurlandaráðs gengur samkvæmt hinu nýja skipulagi á þessu fyrsta starfsári. Að ári liðnu getur mat eftirlitsnefndar legið til grundvallar frekari fínstillingu á skipulagi ráðsins ef þurfa þykir.

[16:55]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun koma hér örstutt inn á starfsemi Norðurlandanefndar sl. ár en í Norðurlandanefnd sátu hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sem hér situr sem forseti þingsins og er formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, sú sem hér

stendur og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir. Hún var jafnframt annar tveggja varaformanna nefndarinnar á síðasta ári. Nefndin hélt fimm fundi á árinu. Auk þess hittust vinnuhópar og formenn nokkrum sinnum.

Málefni Norðurlandanefndar voru — ég segi voru vegna þess að skipulagið gjörbreyttist alveg um áramótin — fyrst og fremst norræn samstarfsmálefni, menning, menntun, félagsmál, jafnréttismál og réttindamál. Norðurlandanefnd gerði vinnuáætlun fyrir starfsárið 2001 og ákvað að sérstaklega yrði unnið að eftirfarandi málefnum: byggðastefnu og fjölmenningu á Norðurlöndum. Þar var unnið afskaplega gott starf sem lofaði góðu og verð ég að segja að þegar ég heyri síðustu fréttir frá Danmörku óttast ég mjög um þann árangur sem hafði náðst í starfsemi Norðurlandanefndar varðandi fjölmenningu á Norðurlöndum. Þar var fjallað um lífskjör og rannsóknir, eins og við höfum verið að gera í allan dag, rannsóknaumhverfið í landinu, vísindarannsóknir og tungumálastefnu á Norðurlöndum. Varðandi byggðastefnu var einkum rætt um landamærahindranir á Norðurlöndum sem hefur komið í ljós að eru meiri en fólk hafði gert sér grein fyrir. Það hefur aukist mjög á síðustu árum, sérstaklega með tilkomu brúarinnar yfir Eyrarsund, að fólk býr í öðru landinu og starfar í hinu. Í ljós hefur komið að þarna er gríðarlegt misræmi í nánast öllum sköpuðum hlutum, meira að segja þar sem menn töldu sig hafa samið um sérstakar norrænar ívilnanir. Þá virðast embættismenn ekki þekkja þá samninga. Þetta hefur m.a. komið fram í símanum „Hallo Norden" sem fólk alls staðar að af Norðurlöndunum hringir í og þar eru því miður ekki fluttar lofgerðarrullur um norrænt samstarf heldur mjög ljótar sögur um hvernig fólki er mismunað milli landa og ég held að það sé alveg einboðið að þarna verði að taka fast í taumana og auka aðgerðir sem gera hreyfanleika milli landanna auðveldari.

Þessi sérstaki vinnuhópur sem fjallaði um kynþáttahatur og útlendinga, andúð og baráttu gegn kynþáttahyggju á Norðurlöndum sem ég gat um áðan hafði skilað alveg sérstaklega góðu starfi sem ég batt miklar vonir við. Nú er ég svolítið uggandi um framhald þess starfs eftir það sem gerst hefur í Danmörku síðan. Tekið var á lífskjörum á Norðurlöndum og margs konar málum sem varða borgararéttindi og jafnrétti. Þar voru t.d. lagðar fram tillögur og samþykktir gegn verslun með konur og börn og aðgerðir gegn nauðungarhjónaböndum og um áætlanir til verndunar vitna í réttarhöldum. Á rannsóknasviðinu var lögð fram tillaga um að gera Norðurlönd að einu rannsóknasvæði.

Um áramótin varð svo þessi gagngera breyting á starfi Norðurlandaráðs og hluti af þeim málum sem enn þá höfðu ekki verið afgreidd voru þá afgreidd til annarra nefnda og sum þeirra til menningar- og menntamálahóps sem ég hef þá ánægju að sitja núna í ásamt hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni sem er varaformaður þeirrar nefndar. Þar verður fjallað um málefni er varða menningu og listir á Norðurlöndum og fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannasamskipti. Maður sér á þessari upptalningu að búið er að afmarka mjög starfsemi nefndarinnar en það var áður galli á starfinu að t.d. Norðurlandanefnd var með of mörg verkefni og of óskyld. Verkefnin voru svo mörg að það var ekki hægt að vinna hvert þeirra um sig nægilega vel.

Mig langar að geta um eitt sem er til umræðu núna í menningar- og menntamálanefnd, var rætt á þessum eina fundi sem er búið að halda í þeirri nefnd, og það er að koma á stofn nýjum verðlaunum á vegum Norðurlandaráðs, kvikmyndaverðlaunum. Þá erum við að tala um verðlaun sem verða veitt fyrir bestu kvikmynd á Norðurlöndum, ekki leikstjórn eða besta leik í aukahlutverki eða eitthvað slíkt heldur bestu kvikmynd á Norðurlöndum. Um þetta fór fram mikil umræða og ef þessi tillaga verður samþykkt mun forsn. í framhaldinu annast úthlutun verðlaunanna.

Ég hef farið í stórum dráttum yfir það sem þessar tvær nefndir hafast að og ætla ekki að lengja umræðuna frekar.

[17:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. utanrrh. mundi verða viðstaddur mína örstuttu ræðu sem fjallar um tiltekið en afmarkað svið í samstarfi Norðurlandaþjóðanna.

Fyrr í dag, herra forseti, fóru fram umræður um málefni Palestínu. Málefni Palestínu tengjast Norðurlandaráði á ýmsan hátt. Þau hafa oft komið til umræðu innan vébanda ráðsins. Í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur kom fram að forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefði í haust átt sérstakan fund með utanríkisráðherrum Norðurlanda þar sem fjallað var um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Þar var því komið á framfæri við utanríkisráðherrana að þeir mundu hvarvetna á vettvangi samstarfs landa sinna við aðrar Evrópuþjóðir beita sér fyrir því að Evrópuþjóðirnar reyndu að nýta sér áhrif sín gagnvart Bandaríkjamönnum til þess að hvetja þá til að hafa áhrif á ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs.

Herra forseti. Ég tel að þarna hafi verið vel ráðið af hálfu forsætisnefndar Norðurlandaráðs og gladdist yfir þeim upplýsingum hv. þm. að utanríkisráðherrarnir tóku vel í þetta. Danski ráðherrann sem þá var í forsvari, Lykketoft, lýsti því yfir á fundinum að þetta yrði gert. Síðar endurtók hann þau ummæli sín í dönskum fjölmiðlum. Ég vildi því gjarnan af því hæstv. utanrrh. er viðstaddur umræðuna varpa fram þessari spurningu til hans: Hafa íslensk stjórnvöld, hefur íslenski utanríkisráðherrann orðið við þeim tilmælum sem þarna voru samþykkt þó óformleg væru?

Íslendingar eiga í margvíslegu og flóknu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir. Ég nefni sérstaklega Evrópska efnahagssvæðið sem veitir okkur beinan aðgang að æðstu stjórn Evrópusambandsins og þó ekki síður hins gamalgróna ráðherraráðs EFTA. Þarna er um að ræða tvær stofnanir sem eru í tengslum, mismunandi miklum, við Bandaríkin. Því er ljóst að hæstv. ráðherra hefur haft tækifæri til að koma þessu viðhorfi, hinu sameiginlega viðhorfi utanríkisráðherra Norðurlanda á framfæri. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra með hvaða hætti það hefur verið gert.

[17:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við komum viðhorfum okkar á framfæri á þeim fundum þar sem við höfum aðstöðu til þess. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að íslenska utanríkisþjónustan kemur líka slíkum sjónarmiðum á framfæri þegar við höfum tækifæri til þess. Við höfum hins vegar ekki átt neinn sérstakan fund með Bandaríkjamönnum út af þessu máli. Það hafa ekki verið neinir tvíhliða fundir milli Íslands og Bandaríkjanna á undanförnum mánuðum. Þannig gengur þetta fyrir sig og hefur alltaf gengið þannig fyrir sig. Evrópusambandið hefur að sjálfsögðu miklu betri aðstæður til þess að beita sér í slíku máli sem þessu og gerir það. Ísland og Noregur

taka undir ályktanir Evrópusambandsins í ýmsum málum og pólitísk samráð eiga sér stað þótt í litlum mæli sé milli Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þau pólitísku samráð mættu vera meiri og áttu að vera meiri samkvæmt samningnum í upphafi en dregið hefur úr því. Á þann hátt komum við sjónarmiðum okkar á framfæri. Ég tel að við höfum gert það mjög skýrt og ekkert standi upp á okkur í þeim efnum.

[17:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segir að hann hafi fyrir hönd íslensku þjóðarinnar komið þessum sjónarmiðum ríkisstjórnarinnar tryggilega á framfæri, ég dreg það ekki í efa. Hitt er ljóst að í máli hæstv. ráðherra kom fram að engir tvíhliða fundir hafa átt sér stað millum Íslands og Bandaríkjanna frá því fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs og utanríkisráðherra Norðurlandanna var haldinn. Það hefur því ekki gefist tækifæri til að koma þessum málum og þeim viðhorfum sérstaklega á framfæri við Bandaríkjamenn. Nú er ljóst að það eru þeir sem skipta meginmáli við lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs. Mætti því spyrja, herra forseti, hvort hæstv. utanrrh. teldi ekki ástæðu til þess að koma viðhorfum íslensku ríkisstjórnarinnar beint á framfæri bréflega eða með samræðum við sendiherra Bandaríkjanna hér á landi.

Vera kann auðvitað að einhvers konar blæbrigðamunur sé millum æðstu manna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Óneitanlega hjó ég eftir því í dag, herra forseti, að meðan afstaða hæstv. utanrrh. var skýr þegar leið á þá umræðu að því er varðaði þróunina fyrir botni Miðjarðarhafs, þá var hæstv. forsrh. þeirrar skoðunar að það eitt að við hefðum látið í ljósi andúð á aðgerðum Ísraelsstjórnar væri nóg. Afstaða forsrh. byggðist á því að við hefðum jafnan fylgt Ísraelsmönnum að málum sökum þess sögulega hlutverks sem við gegndum þó smáþjóð værum við stofnun Ísraelsríkis, þá væri það í sjálfu sér nóg. En það er ekki svo, herra forseti. Íslendingar þurfa með skýrum hætti að láta heyra í sér í þessum efnum. Hæstv. utanrrh. skortir ekki viljann til þess en mér finnst hins vegar, herra forseti, að ríkisstjórnin sé ekki fyllilega samstiga í þessum efnum. Ég held þess vegna að það væri alveg tímabært að taka af skarið og ríkisstjórnin talaði beint við Bandaríkjamenn um þetta.

[17:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gefst tækifæri til þess að ræða um málefni Palestínu á ýmsum fundum. Til dæmis er fundur Eystrasaltsráðsins í Kaliningrad í næstu viku. Þar mun ég hitta ýmsa ráðherra og mun m.a. eiga sérstakan fund með utanríkisráðherra Rússlands. Þetta mál mun koma þar á dagskrá. Mjög margir ráðherrar hér á landi verða í tengslum við fund Atlantshafsbandalagsins í vor. Ljóst er að þessi mál verða þar á dagskrá með tvíhliða hætti milli margra ríkja og það liggur alveg ljóst fyrir að á þeim fundi munu Íslendingar eiga tvíhliða viðræður við mjög margar þjóðir, m.a. Bandaríkjamenn. En ég held að hv. þingmenn vanmeti það að mjög lítið sé fylgst með umræðum hér á landi. Hér eru mörg sendiráð. Þau taka vel eftir því hvað Íslendingar segja í þessu máli. Og því er komið skilmerkilega á framfæri við viðkomandi þjóðir.

Það er líka alveg ljóst að Ísraelsmenn fylgjast með þeirri umræðu sem á sér stað hér á landi. Ég held því að hv. þingmenn þurfi ekkert að óttast um það að bæði sjónarmið þeirra og íslenskra stjórnvalda komast fyllilega til skila.

[17:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör sem voru tvímælalaus. Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir að hann mundi í næstu viku á vettvangi Eystrasaltsráðsins taka upp málefni Palestínu í tvíhliða viðræðum við aðra forustumenn sem hann hittir þar. Mér þykir það mikils um vert. Þó þykir mér sýnu meira virði að hæstv. utanrrh. lýsir því yfir að á hinum mikilvæga og fjölmenna fundi Atlantshafsbandalagsins sem haldinn verður hér í vor, þá mun hann fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar í tvíhliða viðræðum við Bandaríkin og við önnur forusturíki innan Atlantshafsbandalagsins, taka upp málefni Palestínu. Mér þykir það drengilega mælt af hæstv. utanrrh. og þakka honum fyrir það.

Það er nú ekki rétt hjá hæstv. að við gerum okkur ekki grein fyrir því að fylgst sé með umræðum um þessi mál hér á hinu háa Alþingi. Við erum þess mætavel meðvitaðir, þingmenn sem hér sitjum, að erlend sendiráð fylgjast með þeim og viðhorf okkar sem tökum til máls um málefni Miðjarðarhafslandanna eru færð til viðkomandi ríkisstjórna. Ég ímynda mér að hæstv. utanrrh. skilji að það er einmitt þess vegna sem við erum að leita eftir viðhorfum hans og fá þau fram með skýrum hætti. Mér fannst hæstv. forsrh. ekki tala skýrt þegar við ræddum þetta fyrr í dag en hæstv. utanrrh. hefur talað skýrt um þessi mál.

Ég vil síðan varpa því fram sem hugmynd, herra forseti, að hæstv. utanrrh. velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að hann fari í opinbera heimsókn til Palestínu til þess að ítreka á skýran og skýlausan hátt þann mikla stuðning sem hefur vaknað með íslensku þjóðinni gagnvart Palestínumönnum andspænis því gríðarlega ofbeldi sem þeir sæta nú af hálfu Ísraels og sér í lagi ísraelska forsætisráðherrans.

[17:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að samskipti okkar í ýmsum alþjóðasamtökum skipta sköpum um að rödd Íslands heyrist. Það er m.a. ástæðan fyrir því að við höfum lagt á það áherslu að ríki Atlantshafsbandalagsins og allra samstarfsþjóða þeirra, 46 talsins, komi saman hér á Íslandi. Það gefur ákveðinn þunga. Það vekur athygli á Íslandi. Það vekur athygli á því að við höfum eitthvað að segja. Þess vegna er það mikilvægt að við tökum virkan þátt í alþjóðasamtökum. Það eru ýmsir sem leggja ekki endilega mikið upp úr því að við tökum þátt í samtökum eins og Eystrasaltsráðinu. Við erum ekki við Eystrasaltið, en þar höfum við tækifæri til þess að hitta samstarfsaðila okkar og það er ekki á hverjum degi sem eiga sér stað tvíhliða fundir milli Íslands og Rússlands. En það verður einn slíkur fundur í næstu viku. Ekki er langt síðan að ég var í opinberri heimsókn í Rússlandi. Fram undan er heimsókn forseta Íslands til Rússlands. Fram undan er að utanríkisráðherra Rússlands komi hingað til lands og einnig að utanríkisráðherra Bandaríkjanna komi hingað til lands. Í þessu samhengi höfum við möguleika á því að hafa áhrif. Ég vil sérstaklega þakka það hve flokkur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, Samfylkingin, hefur haft fullan skilning á mikilvægi þess að við höldum þennan stóra fund í vor, sem er stærsti alþjóðlegi fundur sem hér hefur verið haldinn. Einnig er mikilvægt að hv. alþingismenn sem koma að utanríkismálum séu í nálægð þess fundar og hafi möguleika á því að fylgjast með honum og hitta aðila sem kynni vera

áhugavert fyrir þá að hitta og komast í snertingu við. Hins vegar liggur fyrir að þessi fundur tekur nokkurn tíma. Hann byrjar snemma að morgni og endar seint að kvöldi. En ég tel að mikilvægt sé að utanrmn. kynni sér þá dagskrá sem þar liggur fyrir þannig að þingmenn sem sitja í utanrmn. geti komið að fundinum með viðeigandi hætti.

Að því er varðar heimsókn til Palestínu þá hef ég lýst yfir áhuga mínum á því að fara bæði til Palestínu og Ísraels. Það liggur alveg ljóst fyrir að af slíkri heimsókn getur ekki orðið nema heimsóknin sé bæði til Ísraels og Palestínu. Ég tel það vera mikilvægt. Legið hefur fyrir heimboð frá Ísrael og verið er að kanna hvenær hægt er að koma því við. Ég hef lýst yfir vilja mínum til að gera það við fyrstu hentugleika. Það liggur líka fyrir heimboð til Palestínu til að heimsækja bæði Vesturbakkann og Gazasvæðið. Þannig hafa heimsóknir utanríkisráðherra Evrópuríkjanna verið að undanförnu. Þær hafa bæði verið til Ísraels og Palestínu. Utanríkisráðherrar Evrópuríkjanna leggja á það áherslu að sem flestir fari þangað því að með því sé skapaður ákveðinn þrýstingur í sambandi við málið. Ég tel að Íslendingar eigi að taka þátt í því með öðrum Evrópuríkjum. Við höfum lýst yfir vilja okkar til þess. Þetta var sérstaklega rætt á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna fyrir stuttu. Þar kom fram að ríki Evrópusambandsins ætla sér að halda áfram stöðugum heimsóknum ti Palestínu og Ísraels til þess að koma sem best skoðunum sínum á framfæri.

Það vill nú þannig til að Evrópuríkin eru mjög samstiga í þessu máli sem er e.t.v. merkilegasta dæmið um það hvernig Evrópusambandsríkin hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu á sviði utanríkismála. Það er ekki langt síðan að Evrópuríkin voru sitt á hvað í afstöðunni til Miðausturlanda.

Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. í umræðu í morgun þá erum við mjög samstiga ríkjum Evrópusambandsins í þessum málum. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi í morgun talað afskaplega skýrt þegar hann sagði að full samstaða væri innan ríkisstjórnarinnar um þann málflutning sem utanrrh. hefur haft í frammi um þetta mál að undanförnu. Milli okkar er enginn skoðanamunur í þessu máli. Það vill líka svo vel til að mjög lítill skoðanamunur er milli Evrópuríkjanna í málinu.

Hins vegar hef ég orðið var við að þjóðir vilja tala af varkárni í þessu máli, t.d. Noregur. Noregur hefur gegnt ákveðnu lykilhlutverki og haft forustu í málefnum Miðausturlanda á undanförnum árum og þeir fylgjast mjög grannt með öllu sem þar er að gerast. Ég hef orðið var við að það gengur áfram með svipuðum hætti þó nýir flokkar komi í ríkisstjórn í Noregi, hvort sem hafa verið Verkamannaflokkurinn, Hægri flokkurinn eða Kristilegi þjóðarflokkurinn þá hefur málflutningur Norðmanna verið mjög svipaður til margra ára. Þeir gera sér hins vegar grein fyrir því að þeir hafa ákveðnu lykilhlutverki að gegna og þurfa því að ganga fram af varfærni og gera kröfur til beggja aðila því þeim er mikið í mun að koma deiluaðilum inn á sporið á nýjan leik í samræmi við Óslóarsamkomulagið.

Það sama má segja um Bandaríkjamenn. Þó okkur finnist að þeir hafi nú talað oft og tíðum af einum of mikilli varfærni þá líta þeir á sig sem mikilvægan aðila sem hafi mesta möguleika til þess að ná fram sáttum. Það er nú svo undarlegt í þessu máli að margir segja að Bandaríkjamenn séu með allt of mikil afskipti í utanríkismálum og af málefnum heimsbyggðarinnar, líti á sjálfa sig sem sjálfskipaða sáttaaðila og jafnvel lögreglu í ýmsum viðkvæmum utanríkismálum. En í þessu máli kallar heimsbyggðin á afskipti Bandaríkjanna. Heimsbyggðin kallar ekki á afskiptaleysi Bandaríkjanna. Hún kallar á afskipti Bandaríkjanna. Það sýnir að þrátt fyrir allt gera menn sér vonir um að Bandaríkin séu líklegust til þess að hnýta ákveðinn endahnút í þessum málum og það gerist að sjálfsögðu ekki nema fyrir tilstuðlan Arabaríkjanna. Nú hafa Arabaríkin stigið fram og þar með hafa skapast alveg nýir möguleikar í málinu. Þar með skapast líka nýir möguleikar fyrir Bandaríkin til þess að stíga fram því þeim er mikið í mun að halda vinsamlegum samskiptum við arabaheiminn og jafnframt viðhalda nánum tengslum við Ísrael. Við vitum það mjög vel að margir áhrifaríkir hópar eru innan Bandaríkjanna þar sem gyðingar hafa mikil áhrif og þeir hafa mikil áhrif inn í pólitíska umræðu í Bandaríkjunum og í reynd miklu meiri áhrif inn í Demókrataflokkinn en í Repúblikanaflokkinn.

Hér er því um afskaplega flókna mynd að ræða og það er mikilvægt að rödd okkar heyrist, skoðanir okkar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þrátt fyrir allt þá hjálpar það þeim sem eru líklegastir til að vera þyngsta lóðið á þessa vogarskál til þess að beita sér í málinu og það sem mest er um vert er að ísraelska þjóðin kallar líka á slíka lausn. Það er því ekki svo að ísraelska þjóðin sé að biðja um afskiptaleysi í þessu máli. Það eru skiptar skoðanir þar, þannig að öll þessi umræða hjálpar vonandi til að finna lausn. En það verða hv. þingmenn að skilja líka að þarna þurfa menn að stíga fram af mismunandi varfærni því þegar upp er staðið verða einhverjir að vera eftir sem hafa nægilegt traust beggja aðila til þess að sáttin náist fram.

[17:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rödd Íslands þarf að heyrast, sagði hæstv. ráðherra. Ég hvet þess vegna hæstv. ráðherra til þess að fara hið skjótasta í opinbera heimsókn til Palestínu og til Ísraels eins og boð standa til samkvæmt því sem hann hefur hér upplýst. Ég vissi ekki að fyrir lægi heimboð bæði frá Ísrael og Palestínu til hæstv. utanrrh. Ég held að það mundi þjóna tvenns konar tilgangi. Í fyrsta lagi mundi það undirstrika þá miklu samstöðu sem er óvanalega breið hér á landi með Palestínumönnum. Í öðru lagi mundi það veita möguleika á að koma skýrum skilaboðum beint á framfæri við forustumenn í Ísrael. Ég tel reyndar að hæstv. utanrrh. ætti að íhuga hvort ekki væri rétt að láta þá sendiför með einhverjum hætti endurspegla þá breiðu samstöðu sem er hér á hinu háa Alþingi í þessu máli.

Hæstv. ráðherra ræddi hér líka gagnsemi þess að eiga í alþjóðlegum samskiptum. Um það erum við alveg hjartanlega sammála. Ég og minn flokkur stóðum að nauðsynlegum samþykktum hér í þinginu til þess að greiða fyrir því að sá fundur sem hæstv. ráðherra nefndi hér yrði haldinn eins og um var samið.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra skuli með þessum hætti taka af öll tvímæli um að sá fundur verði nýttur sömuleiðis til þess að koma þessum skýru skilaboðum á framfæri og þigg það auðvitað með þökkum ef hæstv. ráðherra er að bjóða það hér að þeir sem fara með utanríkismál í öðrum flokkum og sitja í utanrmn. eigi kost á því að koma að þeim fundi með það fyrir augum að koma að sjónarmiðum eins og þeim sem ég er að túlka hér varðandi Palestínu á framfæri.

[17:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það komi mjög til álita, ef af þessari heimsókn verður, að fulltrúar Alþingis verði með í þeirri heimsókn. Ég tel mjög af hinu góða ef slíkt þykir henta að það verði samhæft og sjálfsagt er að ræða það. Hins vegar liggja ekki fyrir neinar ákveðnar dagsetningar. En ég hef lýst yfir vilja mínum að fara sem fyrst. Utanríkisráðherra Ísraels, Simon Peres, bauð mér í opinbera heimsókn með sérstöku bréfi í sumar og var gert ráð fyrir að sú heimsókn ætti sér stað í byrjun september. En ég gat ekki komið því við. Síðan hafa borist boð um að koma til Palestínu. Þetta er því í vinnslu og það mun skýrast á næstunni hvenær af þessu getur orðið.

Ég mun að sjálfsögðu upplýsa utanrmn. um það þannig að hægt verði að ræða hvort áhugi sé fyrir því að einhverjir fulltrúar Alþingis verði með í slíkri för. Það er algjörlega opið af minni hálfu og ég mundi fagna því.

[17:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Þessi stutta frásögn mín af fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs og utanríkisráðherra Norðurlandanna á þingi Norðurlandaráðs í haust — og ég gat þess að hæstv. utanrrh. okkar gat ekki setið þann fund — var tilefni ágætrar umræðu milli formanns Samfylkingarinnar og hæstv. utanrrh. Ég verð að segja, herra forseti, að ég er ánægð með þessi skoðanaskipti. Þeir eru sammála um stöðuna og að þörf sé á að láta í sér heyra.

Ég kem sérstaklega upp til að árétta það sem ég komst ekki til að árétta í dag þegar við ræddum þessi mál í upphafi fundar, að við gerum ekki lítið úr rödd utanríkisráðherra, þvert á móti. Það er þvert á móti vegna þess að hann hefur þau sterku sambönd sem raun ber vitni og vegna þess að hann sem formaður Evrópuráðsins á sínum tíma náði ýmsu fram og hlaut virðingu annarra fyrir að við erum sannfærð um að rödd Íslands sé þýðingarmikil á alþjóðavettvangi, ekki síst í þeim löndum sem starfa saman í Evrópu, innan og utan Evrópusambandsins.

Það er rétt hjá utanrrh. að nú er kallað eftir afskiptum Bandaríkjanna og það er athyglisvert hvernig hann setur það fram, þ.e. af því að meðan þau tjá sig ekki með afgerandi hætti er líklegt að Sharon telji sig vera í skjóli þeirra með réttu eða röngu. Þess vegna er svo mikilvægt að Bandaríkin sláist í hóp stjórnvalda í Evrópu, innan og utan Evrópusambandsins, sem vilja tryggja sjálfstæða Palestínu og að landamæri milli þessara þjóða verði virt. Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegi forseti, í tilefni þess að þessi umræða spannst undir umræðu um skýrslu Norðurlandaráðs.

[17:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til að ræða um norrænt samstarf og ætla ekki að hafa um það langt mál. Það er búið að ræða þær skýrslur sem liggja fyrir þinginu allítarlega. Í upphafi vildi ég aðeins segja örfá orð um þá umræðu sem hefur farið fram síðustu mínúturnar, um Palestínu. Ég vil lýsa stuðningi við að utanríkisráðherra Íslands fari í heimsókn til Palestínu og til Ísraelsríkis og láti þar rödd Íslands heyrast skýrt og afdráttarlaust í þágu friðar.

Það er alveg rétt sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. að að sjálfsögu þarf að tala af varkárni. Það gera Evrópuríkin og hann talaði um það, hæstv. ráðherra, að Bandaríkin gerðu það einnig. Ég held að skýringin á þessu sé af tvennum toga, annars vegar vilja Evrópuríkin ekki styggja Bandaríkjastjórn, sem hefur að mínum dómi illu heilli hefur verið of ráðandi í mótun utanríkisstefnu vestrænna ríkja á undanförnum árum, þótt margt bendi til að þar sé að verða nokkur breyting á og Evrópuríkin að taka upp sjálfstæðari afstöðu eins og ummæli ýmissa ráðamanna í Evrópu síðustu daga og vikur benda til. Vísa ég þar t.d. í ummæli Solana sem fer með stjórn utanríkismála innan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Hins vegar er ekki undarlegt að þjóðir heimsins tali einum rómi í þessu máli. Svo skefjalaust og grímulaust er hernaðarofbeldið sem Ísraelsher hefur beitt vopnlaust fólk undanfarnar vikur og mánuði með hörmulegum afleiðingum. Að mér hefur sótt hugsunin um hvort heimurinn hefði ekki hrópað enn hærra en hann þó hefur gert væru Palestínumenn svartir á hörund, ef menn sæju hlutina í því samhengi. Síðan hefur ofbeldið kallað á ofbeldi og við höfum orðið vitni að víxlverkandi stigmögnun sem hefur bitnað á saklausu fólki, bæði í Palestínu og í Ísraelsríki.

Hin ástæðan fyrir því að menn vilja tala af varkárni er að sjálfsögðu sú að til að binda enda á stríðið og þessar deilur þarf tvo til. Til þess þarf bæði Palestínumenn og einnig Ísraelsríki. Auðvitað vilja menn beina þessari umræðu inn í uppbyggilegan farveg og af þeim sökum vilja menn nálgast þessi mál af varkárni.

En varðandi afskipti og afskiptaleysi Bandaríkjanna, sem aðeins var komið inn á í umræðunni, er það staðreynd að Bandaríkin hafa um mjög langt árabil haft mjög mikil afskipti af deilum fyrir botni Miðjarðarhafs og t.d. veitt óhemjustuðning til vopnakaupa fyrir Ísraelsríki. Án stuðnings Bandaríkjastjórnar væri Ísraelsríki ríki ekki eins vel vopnum búið og raun er á.

Hins vegar er það alveg rétt sem kom fram í greiningu hæstv. utanrrh. — alla vega held ég að það sé rétt — að það hefur komið mörgum á óvart að ekki yrði meiri stefnubreyting en raun bar vitni við valdatöku repúblikana. Demókratarnir hafa verið heldur hallari undir Ísraelsstjórn en repúblikanar hafa verið.

En ég vil lýsa ánægju minni og stuðningi við að hæstv. utanrrh. heimsæki þessi ríki fyrir botni Miðjarðarhafsins og leggi okkar lóð á vogarskálar friðarins.

Varðandi NATO-fundinn sem fyrirhugað er að halda er greinilega komin tilhlökkun í menn út af honum, þótt menn sjái að hann verði langur og strangur, fundahöld hefjist snemma á morgnana og standi langt fram á kvöld. Ég held að tilhlökkunin hjá íslenskum skattborgurum verði ekki eins mikil að þurfa að greiða fyrir þessi fundahöld en nóg um það að sinni.

Ég vil lýsa ánægju minni með þær skýrslur sem liggja fyrir þinginu um norrænt samstarf. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum mjög eindregið fylgjandi þessu samstarfi og höfum viljað styrkja það á allan hátt. Sú var tíðin, fyrir fáeinum árum, að menn spáðu norrænu samstarfi ekki langra lífdaga. Menn töldu að ekki yrði rúm fyrir norrænt samstarf í nýrri Evrópu þar sem Evrópusambandið yrði fyrirferðarmikið. Þessar raddir hljómuðu aldrei hátt á Íslandi. Ég held að margir hafi tekið undir, svona í hjarta sínu, með Einari Má Guðmundssyni rithöfundi í Háskólabíói á sínum tíma þegar hann sagði fyrir okkar hönd „Norden er i orden". Hann mun hafa verið að taka við bókmenntaverðlaunum Norðurlandsráðs.

Menn hafa tekið sig á í að endurskipuleggja hið norræna samstarf. Eins og fram kemur í skýrslunni voru þær skipulagsbreytingar sem hér hafa verið tíundaðar samþykktar á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í októbermánuði árið 2001, en þessi skýrsla tekur einmitt til þess árs.

Það er ekki bara í hinu formlega samstarfi á vegum Norðurlandaráðs sem ég held að við höfum ávinning af þessu starfi heldur einnig í þeim viðræðum sem fram fara í tengslum við Norðurlandaráð, svona svipað og vikið var að varðandi NATO-fundinn, þó ég sé ekki eins hrifinn af því kompaníi. Eins og hér hefur komið fram komu saman á vettvangi Norðurlandaráðs, í tengslum við fund forsætisnefndar ráðsins, utanríkisráðherrar Norðurlandanna til þess að ræða Palestínumálið, svo dæmi sé tekið. Í þetta norræna samstarf held ég að við getum sótt mikinn ávinning. Ég þekki þetta sjálfur vel af vettvangi verkalýðsbaráttu og verkalýðssamstarfs. Þar koma verkalýðssamtökin á Norðurlöndunum öllum saman í samtökum sem nefnast NFS, Norrænu verkalýðsamtökin. Þau fara líkt að og í Norðurlandaráði að þau skipuleggja sig m.a með tilliti til Evrópusambandsins. En á vegum Norðurlandaráðs hefur verið starfandi Evrópunefnd eins og hér kemur fram í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Hlutverk Evrópunefndar var að sinna samstarfi Norðurlanda og EES/ESB-ríkja og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málaflokki. Nefndin hefur einkum fjallað um atvinnumál, hagstjórnarmál, neytendamál og meðferð evrópskrar löggjafar á Norðurlöndum, auk þess að fjalla um starfsáætlanir formennskuríkja og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins."

Fulltrúi okkar í þessari nefnd og í þessu norræna samstarfi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hann hefur einnig starfað á ýmsum öðrum sviðum á þessum vettvangi og má nefna að hann sat í stjórn norræna ráðsins um málefni fatlaðra, sem er málaflokkur sem hefur verið talsvert til umræðu og umfjöllunar í Norðurlandaráði.

Einu atriði vil ég sérstaklega vekja athygli á og lýsa ánægju með, þ.e. vinnuhópur sem hefur starfað að því að ræða aðgerðir til að fyrirbyggja átök og stjórnun hættuástands, það sem á norrænni tungu er kallað „konfliktförebyggande och civil krishantering", með leyfi forseta, en sá hópur var skipaður í nóvember árið 2000. Þetta er dæmi um starf á vegum Norðurlandaráðs sem gæti borið ávöxt. Við eigum að reyna að láta að okkur kveða í heiminum, bæði ein á báti en ekki síður í samstarfi við Norðurlandaþjóðir eða aðrar þjóðir til að hafa áhrif í þágu friðar.

Alþjóðaþingmannasambandið 2001, ein umr.

Skýrsla ÍAÞ, 390. mál. — Þskj. 646.

[17:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2001.

Hlutverk Alþjóðaþingmannasambandsins, IPU, er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. Aðild að sambandinu eiga nú 142 þing en aukaaðilar að sambandinu eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök.

Starfsemi okkar Íslendinga á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins snýr fyrst og fremst að þeim ráðstefnum eða þingum sem haldin eru tvisvar á ári samkvæmt stofnskrá sambandsins. Vegna eðlis sambandsins, sem eru vitaskuld alþjóðleg samtök, eru þessi þing haldin í ýmsum heimshornum. Svo var á sl. ári. Fyrra þingið var haldið 1.–6. apríl í Havana á Kúbu. Það sóttu auk þess sem hér stendur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta Möller, auk Belindu Theriault, ritara deildarinnar. Síðara þingið var haldið 9.–14. september í Ouagadougou í Afríku. Auk þess sem hér stendur sóttu þingið hv. þm. Gísli S. Einarsson og Drífa Hjartardóttir, auk ritara Íslandsdeildarinnar, Belindu Theriault.

Í sjálfu sé er engin ástæða til að rekja það starf sem fram hefur farið á okkar vegum. Undirritaður sótti líka sérstakan fund Alþjóðaþingmannasambandsins um alþjóðleg viðskipti sem haldinn var í tengslum við WTO í Genf í júní á sl. ári. Sá fundur var afar gagnlegur og er viðleitni af hálfu þessara samtaka til að taka upp aukið samstarf. Þeirrar viðleitni hefur þó reyndar gætt, sem ég tel miður, hjá ýmsum alþjóðlegum stofnunum að reynt hafi verið að setja á laggirnar pólitíska eða þinglega deild slíkra samtaka. Dæmi um þetta er auðvitað Alþjóðaviðskiptastofnunin og raunar fleiri stofnanir, Alþjóðabankinn og fleiri sem hafa þróað sig nokkuð í þessa átt. Það er að mínu mati varhugavert vegna þess að það er kostnaðarsamt og eins held ég að hin eðlilegu þinglegu samskipti verði ekki eins og eðlilegast væri.

Því er ekki neita að Alþjóðaþingmannasambandið hefur gengið í gegnum nokkuð erfitt tímabil á undanförnum árum. Það stafar fyrst og fremst af því að Bandaríkjamenn drógu sig út úr samtökunum, fyrst með því að draga við sig greiðslur og síðan með því að draga sig út úr samtökunum. Það olli 15% tekjutapi og það er erfitt fyrir samtök af þessu tagi að aðlaga sig því í ljósi þess að það er enginn vilji til þess að auka greiðslur einstakra ríkja heldur frekar að reyna að draga úr umfanginu. Íslendingar hafa haft mikið frumkvæði í þessum efnum, að reyna að leggja fram tillögur sem snúa að því að draga úr kostnaði og höfðu að því frumkvæði meðal Norðurlandaþjóðanna og reyndar hóps vestrænna lýðræðisríkja sem starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins á þessu sviði. Ég held að óhætt sé að segja að margar af tillögum okkar hafi fengið talsvert mikinn hljómgrunn meðal þessara þjóða og litla Ísland hafi látið í sér heyra svo um munar á þessum sviðum. Markmið okkar hefur verið tvenns konar. Annars vegar að tryggja aukna skilvirkni og hagkvæmni í starfi samtakanna og hins vegar að gæta þess að ekki sé dregið úr þeim pólitísku áhrifum sem þingmenn hafa í gegnum samtök af þessu tagi. Við verðum auðvitað að gæta þess að ganga ekki svo nærri samtökunum að það dragi úr hinni pólitísku virkni þeirra.

Það er hins vegar athyglisvert og undirstrikar kannski þá breytingu sem hefur orðið í heiminum frá 11. sept., frá hinum hræðilegum hryðjuverkum sem þá voru framin, að Bandaríkjamenn hafa sýnt töluverðan áhuga á að koma aftur til liðs við samtök Alþjóðaþingmannasambandsins. Það sýnir kannski að Bandaríkjamenn, sem höfðu að sumu leyti aukið einangrun sína á fyrri árum, hafa áttað sig á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs. Það er enginn vafi á því að á margan hátt töldu Bandaríkjamenn að hið alþjóðlega samstarf þjóðþinga á þessum vettvangi þjónaði ekki sínu hlutverki fyrir þá sem stórveldi. En ég held að atburðirnir 11. sept. hafi kannski dregið það betur fram eða undirstrikað að það er mikilvægt fyrir þetta öfluga ríki að eiga sem víðtækast samstarf við sem flestar þjóðir í því skyni að treysta áhrif sín og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að orðlengja þetta mál frekar. Ég tel að hlutur okkar Íslendinga í þessu mikla samstarfi sé býsna mikill. Við látum til okkar taka á fundum, flytjum tillögur og fylgjum þeim eftir og ég held að það undirstriki að hlutverk okkar í alþjóðlegu samstarfi getur verið mikið.

[17:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þessa ítarlegu skýrslu sem hann flutti um starfsemi Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins. Ég er sammála þingmanninum um að Bandaríkjastjórn og Bandaríkjaþing hefur á undanförnum árum einangrast um of á alþjóðavettvangi. Bandaríkjaþing hefur til að mynda ekki tekið þátt í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins eins og kemur fram í skýrslunni. Má ég spyrja hv. þm. hvort einhverjar breytingar séu yfirvofandi varðandi þátttöku þeirra. Ég er sammála honum um að eins og alþjóðamál hafa þróast eftir 11. september þá er það auðvitað í þeirra þágu og okkar allra að þeir taki sem mestan þátt í alþjóðlegu samstarfi eins og fer fram innan Alþjóðaþingmannasambandsins.

Að öðru leyti, herra forseti, langaði mig aðeins að spyrja hv. þm. út í starfsemi sambandsins. Fram kemur að Íslandsdeildin hefur stutt þá hugmynd að fækka þingum Alþjóðaþingmannasambandsins í eitt á ári. Sömuleiðis var hún þeirrar skoðunar að fækka ætti nefndunum sem starfa innan samtakanna úr fjórum í þrjár og vildi ekki fjölga nefndafundum. Íslandsdeildin taldi sömuleiðis að stytta mætti kvennafund sem er haldinn sérstaklega innan vébanda samtakanna án þess að það kæmi mjög niður á starfi samtakanna. Er það þá svo að mati hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, formanns Íslandsdeildarinnar, að það sé að draga úr mikilvægi þessa merka sambands, að starfið sem þar fer fram og þau tengsl sem menn hnýta á fundum og þingum þess sé ekki eins mikilvægt og áður?

Aðalatriðið í máli mínu og ástæðan fyrir því að ég kem hingað upp tengist Palestínu, sem við höfum rætt nokkrum sinnum í dag. Fram kemur, herra forseti, að á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins var sérstök utandagskrárumræða um ástandið á hernumdu svæðunum. Síðan var samþykkt ályktun á þinginu þar sem þess er krafist að bæði Ísrael og heimastjórn Palestínumanna virði það samkomulag sem hefur verið í gildi, hætti öllum ofbeldisverkum og snúi aftur að samningaborðinu. Þetta er ákaflega göfug ályktun sem ég get í einu og öllu tekið undir. Það sem vekur eftirtekt mína, ekki undrun, en talsvert mikla aðdáun er að þar er gengið lengra en íslenskir fulltrúar hafa yfirleitt gert, því að í ályktuninni er farið fram á að samningaviðræður milli stríðandi aðila hefjist aftur, með eitt atriði að markmiði sem sérstaklega er nefnt og það er að stofna sjálfstætt ríki Palestínu með Jerúsalem sem höfuðborg. Ég er auðvitað fylgjandi þessu ef hægt væri að koma því í kring. Ég og minn flokkur er í fyrsta lagi fylgjandi því að sjálfstætt ríki verði stofnað í Palestínu. Í öðru lagi, herra forseti, finnst mér það vera djarflega lagt til og djarflega mælt að leggja til að það verði gert með Jerúsalem sem höfuðborg.

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, miðað við efni skýrslunnar að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og aðrir þeir þingmenn sem þarna voru með honum hafi stutt þessa ályktun. Þeir tveir þingmenn sem þarna voru auk hans voru stallsystir mín úr Samfylkingunni, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem innan Samfylkingarinnar hefur beitt sér mjög sterklega fyrir málefni Palestínu, og hv. þm. Ásta Möller. Ber að skilja það svo að Sjálfstfl. sem hefur nú svo sem ekki látið sitt eftir liggja í þessu máli, eigi að síður hef ég talið mig kenna ákveðinn blæbrigðamun á afstöðu þess flokks og t.d. flokks hæstv. utanrrh., sé eftir allt saman hinn framsæknasti í málefnum Palestínu? Er það stefna Sjálfstfl. að hið sjálfstæða ríki Palestínu eigi að hafa Jerúsalem sem höfuborg? Um þetta vildi ég spyrja hv. þm.

Það eru mikil tíðindi ef varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna sem á morgun kann að vera orðinn formaður þingflokksins sé þeirrar skoðunar. Enn meiri tíðindi eru þau ef fulltrúar Sjálfstfl. hafa tekið upp baráttu fyrir þessu góða máli á erlendri grundu. Og mest eru þó tíðindin ef það yrði í reynd þannig að hv. þm. sé þarna einungis að fylgja fram stefnu flokksins. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að svo kynni að vera búið í þann pott.

[17:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég get svo sem farið fljótt yfir sögu varðandi þær breytingar sem við höfum verið að leggja til á starfi Alþjóðaþingmannasambandsins. Eins og ég sagði áðan verðum við að aðlaga okkur þeim breytingum sem hafa orðið með minnkandi tekjum sambandsins og það höfum við verið að gera með því að leggja til þær breytingar sem hv. þm. vakti athygli á og eru út af fyrir sig ekki mjög mikil tíðindi. Það út af fyrir sig endurspeglar ekkert mat okkar á stöðu Alþjóðaþingmannasambandsins að einu eða neinu leyti. Við vorum einfaldlega að reyna að bregðast við ákveðnum veruleika og reyna að gera það á þann hátt að það dragi sem minnst úr mikilvægu starfi sambandsins að öðru leyti.

Varðandi þau pólitísku álitamál sem hv. þm. ræddi um, þá var það þannig að þarna var tekist mjög harkalega á. Og þetta atriði var mál sem ég hygg að íslenska deildin hafi ekki stutt, a.m.k. ekki í heild sinni. Greidd eru atkvæði um einstök atriði og það er stundum þannig í ýmsum málum að þó menn séu að leita málamiðlunar þá eru slíkar málamiðlunar auðvitað afar erfiðar á þingi þar sem yfir 140 ríki eiga fulltrúa og við höfðum okkar fyrirvara um þetta atriði sérstaklega, eins og hefur reyndar komið fyrir á ýmsum öðrum vettvangi, að við höfum ekki stutt einstök atriði sem hafa komið fram þó það hafi orðið niðurstaða þingsins. Og ég verð að hryggja hv. þm. með því að það eru engin stórpólitísk tíðindi af vettvangi Sjálfstfl. sem endurspeglast í þessari niðurstöðu.

[17:54]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hryggir mig. Ég hafði vænst þess að hinn vaski Vestfirðingur sem hér mælti áðan hefði fyrir sína hönd og sinna nánustu pólitísku vandamanna stigið það mikla skref að lýsa því yfir að ekki ætti einungis að stofna sjálfstætt ríki Palestínu heldur líka með Jerúsalem sem höfuðborg. Það er meiri kjarkur en margir hafa haft.

Ég kom hins vegar í ræðustól áðan og gerði þetta að umtalsefni vegna þess að sá fyrirvari sem hv. þm. segir að a.m.k. þingmenn Sjálfstfl. í þessari för hafi gert við þetta atriði kemur ekki fram í greinargerðinni. Það veldur því að ég kem hér upp en ég sætti mig fullkomlega við skýringar hv. þm. en óska þess auðvitað að hann megi í framtíðinni þenkja um þetta mál aftur og komast að þeirri niðurstöðu sem ég réði af greinargerð hv. þm. að hann hefði gert í ferð sinni á ársfund Alþjóðaþingmannasambandsins.

Batnandi mönnum er best að lifa eins og enginn veit betur en hv. þm. og ég vænti þess að í þessu efni fari honum batnandi.

[17:55]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í þessum fylgiskjölum eru bornar þarna upp gríðarlega margar ályktanir. Eins og ég sagði áðan hefur viðleitnin mjög verið sú að reyna að ná einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Það tekst oft en alls ekki alltaf. Menn gera sér grein fyrir hvar mörkin liggja og stundum kjósa menn einfaldlega að láta skerast í odda eins og varðandi Palestínumálið.

Því er ekki að neita að þetta er eitt erfiðasta og vandasamasta málið sem rætt er á þessum vettvangi. Ég geri t.d. ráð fyrir að á þinginu sem fram fer núna um miðjan eða eftir miðjan næsta mánuð verði þetta eitt erfiðasta málið í ljósi þeirra deilna sem uppi eru fyrir botni Miðjarðarhafs. Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir okkur Íslendinga að tala þar eins og íslenska ríkisstjórnin hefur gert annars staðar, þannig að enginn vafi er á því að það verður.

Annað mál sem oft hefur verið rætt eru t.d. viðhorf varðandi umhverfismálin og þá höfum við haldið uppi okkar sérístenskú afstöðu og reynt að gera það skilmerkilega. Hins vegar eru málin dálítið flókin í svona stórum samtökum. Þau eru afgreidd í undirnefndum og síðan borin upp, þannig að í skýrslunni er ekki alltaf hægt að gera nákvæmlega grein fyrir öllum þeim atkvæðagreiðslum sem þar fara fram.

VES-þingið 2001, ein umr.

Skýrsla VES, 509. mál. — Þskj. 801.

[17:57]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég geri grein fyrir skýrslu VES-þingsins, eða Vestur-Evrópusambandsins, fyrir árið 2001. Á vegum VES-nefndarinnar voru sótt tvö árleg þing í París og var hið fyrra í júnímánuði og það síðara í desember. Þar fyrir utan sótti formaður nefndarinnar aukaþing á vegum stjórnmálanefndar Vestur-Evrópusambandsins sem haldið var í Stokkhólmi.

Á fundum VES árið 2001 voru fyrst og fremst framtíðarhorfur Vestur-Evrópusambandsþingsins sjálfs efst á baugi í umræðum auk þess sem þær snerust að töluverðu leyti um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á því sviði og í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

Þær breytingar má rekja til fundar Breta og Frakka í St. Malo í desember 1998 er öryggismálum álfunnar var beint inn á ótroðnar slóðir. Þar var ákveðið að Evrópusambandið kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldi af því var ákveðið á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að Evrópusambandið tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok 2000.

Á fundi leiðtoga aðildarríkja ESB í Helsinki síðar sama ár urðu leiðtogarnir sammála um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu Evrópusambandsins þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja Evrópusambandsins hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar" Evrópusambandsins og auk þess hefur hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör, en stefnt er að því að það hafi á að skipa 50.000–60.000 manna evrópsku liði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand skapast. 50.000–60.000 manna evrópskt herlið þýðir í raun nær 200.000 manna herlið, því hér er talað um svokallað Rapid Reaction Force, sem þýðir í rauninni að til reiðu sé allan sólarhringinn lið af þeirri stærðargráðu, sem þýðir að stöðug vakt er.

Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í Washington lágu til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofnanir öryggis- og varnarmála álfunnar hafa færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO. Því er ljóst að nauðsynlegt er að Ísland tengist VES nánari böndum og gæti þannig að stöðu landsins í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

Það gerist fyrst og fremst, herra forseti, með því að VES-umræðan þróist á þann hátt sem VES-þingið hefur lagt til, þ.e. að Evrópuþingið og VES myndi samstöðu um að hvernig framtíð þessa samstarfs og sambands verður.

VES-þingið hefur verið mikilvægur þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið lagt til að nýja þingið yrði grundvallað á ESB-sáttmálanum og að þingmenn þjóðþinga ESB-ríkjanna 15 tækju þar sæti, auk þjóðkjörinna þingmanna evrópsku aðildarríkja NATO sem eru ekki aðilar að ESB. Þá var ákveðið að VES-þingið tæki upp viðbótarheitið: Tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu, eða The Interim European Security and Defence Assembly.

Íslandsdeildin hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaaðildarríki VES geti tekið þátt í þróun öryggis- og varnarmálasamstarfs álfunnar, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þingmannasamkundu eins og VES-þingsins. Er því óhætt að segja að VES-þingið er afar mikilvægur vettvangur til að árétta hagsmuni Íslands og hugsanlega eini möguleikinn til að komast inn í hina evrópsku umræðu um varnar- og öryggismál á næstu áratugum.

Herra forseti. Ég vil minna stuttlega á þátttöku Íslandsdeildarinnar í VES-þinginu en það kemur saman tvisvar á ári á reglulegum þingfundum eins og ég sagði áðan.

Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum fundunum sem haldnir voru, þ.e. 18.–20. júní sem fyrri hluti 47. fundar VES-þingsins var haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson formaður, Katrín Fjeldsted varaformaður og Lúðvík Bergvinsson, auk ritara. Á

þessum fundi var einna mest var fjallað um niðurstöður leiðtogafundar ESB í Nice fyrr á árinu og hvernig ákvarðanir þess fundar snertu hlutverk VES og VES-þingsins. Í umræðum á þinginu var stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum fagnað og einnig því að Evrópusambandið hefði einsett sér að stefna að því að verða fært að takast á við Petersberg-verkefnin svonefndu. Ályktun þingsins um framhald þróunar öryggis- og varnarmála álfunnar eftir Nice-fundinn kvað hins vegar á um að ESB yrði hið allra fyrsta að leita leiða til að koma þessum málaflokki í fastan farveg bæði með hliðsjón af hernaðarmætti ESB og þingræðislegri yfirsýn. Er jafnframt ályktað í þá veru að harmað sé að niðurstaða leiðtogafundarins í Nice hafi ekki getað leyst úr því að hin ýmsu verkefni á sviði öryggis- og varnarmála, samanber sameiginlegar varnir og hættuástandsstjórnun, séu í verkahring óskyldra, samevrópskra stofnana, sem margar hverjar hafi ekki sömu aðildarríki innan borðs. Í þeirri ályktun þingsins og fleirum var ítrekað að afar mikilvægt væri að tryggja náið samráð við aukaaðildarríki, líkt og Ísland, auk áheyrnarríkja, hvað öryggis- og varnarstefnu ESB varðar. Þá var mælst til þess við ráðherraráð VES að aukin áhersla yrði lögð á að styðja VES-þingið í hlutverki sínu sem breiður umræðugrundvöllur fyrir öryggis- og varnarmál í álfunni. Á þinginu var m.a. samþykkt ályktun er varðaði stöðu aðildarríkja og þingræðislega umfjöllun um öryggis- og varnarmálastefnu ESB þar sem þjóðþingin voru hvött til þess að tryggja að þingmenn gerðu sér grein fyrir nauðsyn þess að fjalla um þennan málaflokk, einkum með tilliti til þess hve hnattræn málefni á borð við alþjóðlega glæpastarfsemi og alþjóðleg viðskipti hefðu mikil áhrif á öryggis- og varnarmál álfunnar.

Í upphafi þingfundar ávarpaði Klaus Bühler, forseti VES-þingsins, þingmannasamkunduna og vék hann máli sínu að NATO-ríkjunum sex sem standa utan Evrópusambandsins og sagði afar mikilvægt að leiða til lykta hvernig samskiptum NATO og ESB verði háttað með tilliti til þessara ríkja. Nefndi hann Tyrkland sérstaklega í þessu sambandi og minnti á að í hinu evrópska öryggiskerfi sem ríkt hefði, hefðu Tyrkir verið þátttakendur á jafningjagrundvelli. Sagði hann það vera óásættanlega afstöðu að hin fjölmörgu evrópsku NATO-ríki sem stæðu utan ESB yrðu að bíða fullrar aðildar að ESB uns þau gætu orðið þátttakendur í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB.

Í ávarpi Javiers Solana, framkvæmdastjóra VES og yfirmanns utanríkis- og varnarmála hjá ESB, kom fram að ráðherraráð ESB tækist á hendur allar þær skuldbindingar sem VES-þingið hefði lagt áherslu á undanfarin missiri. Lagði hann áherslu á að þrátt fyrir að þátttaka ríkja sem ekki væru með fulla aðild að VES í ákvörðunartöku innan ráðherraráðsins mundi minnka, þá yrði formleg staða þeirra tryggð með sama hætti og áður. Sagði hann það vera ætlun sína að setja ofuráherslu á að viðhalda góðum samskiptum við VES-þingið.

André Flahaut, varnarmálaráðherra Belgíu, sem fór með formennsku í VES og ESB seinni hluta árs 2001 — hann tók við af sænska varnarmálaráðherranum — sagði í ávarpi sínu að eitt af forgangsverkefnum Belga í formennskutíð hans hafi verið að auka vitund almennings í Evrópu um nauðsyn sameiginlegs öryggis og varna. Sagði hann að þjóðþingin væru einn mikilvægasti hlekkurinn í þessari umræðu og því væri VES-þingið, þar sem sæti eiga þingmenn þjóðþinga ríkja ESB, afar vel til þess fallið að leiða þessa umræðu áfram.

Dagana 3.–6. desember var seinni hluti 47. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson formaður, Katrín Fjeldsted varaformaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir, auk ritara. Mikið var fjallað um afleiðingar hinna hörmulegu atburða í Bandaríkjunum 11. sept. sl., stríðið í Afganistan og stöðuna í Evrópu með tilliti til baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Hvatti þingheimur til þess að efnt yrði til leiðtogafunda á næstu missirum þar sem fjallað yrði um getu Evrópuríkja til að sporna gegn ógn af hugsanlegum árásum hryðjuverkamanna sem hefðu gereyðingarvopn undir höndum. Hvatti þingið jafnframt til þess að Evrópuríkin leituðu allra leiða til að verja íbúa sína fyrir árásum af þessu tagi og að aðildarríki VES legðust á eitt við að eyða efnavopnabirgðum sínum hið fyrsta. Nokkrar umræður urðu um afleiðingar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum og þá sérstaklega um viðbúnað öryggis- og varnarmálaarms Evrópusambandsins í þessu tilliti. Í málflutningi margra þingmanna komu glögglega fram áhyggjur af úrræðaleysi Evrópuríkjanna á þessu sviði sem og ósætti innan ráðherraráðs ESB um afstöðu til baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Var jafnframt varað við því að afstöðuleysi ESB kynni að veikja samstöðuna innan Atlantshafsbandalagsins.

Fyrr á árinu hafði ráðherraráð VES ákveðið að óska ekki eftir fjárframlögum aukaaðildarríkja VES líkt og gert hafði verið um árabil og jafnframt hafði fjármálanefnd ráðherraráðsins gert ráð fyrir yfir 25% niðurskurði til VES-þingsins árið 2002. Ollu þessar ákvarðanir ráðherraráðs VES afar mikilli gremju meðal þingmanna sem gagnrýndu þessar ráðstafanir harkalega á fundinum.

Nokkrar umræður urðu um leiðtogafund ESB sem haldinn var í Laeken í Belgíu síðar í desember og voru leiðtogar aðildarríkja ESB hvattir til að tryggja þingræðislegt aðhald með sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Á þinginu var samþykkt ályktun belgíska þingmannsins Mark Eyskens, fyrir hönd stjórnmálanefndar VES-þingsins, þess efnis að ráðherraráð VES hvetti leiðtoga ESB til að taka á þeim vanda sem stafar af skorti á þingræðislegu aðhaldi í þessum málaflokki og er einkum til kominn af því að þjóðþing Evrópuríkja hafa ekki bein áhrif á sameiginlega stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Var hvatt til þess að á leiðtogafundinum yrði lagður grunnur að varanlegri lausn sem fæli í sér sameiginlegt hlutverk Evrópuþingsins og þjóðþinga Evrópuríkja í þessum málum og að þeirri lausn yrði unnt að hrinda í framkvæmd árið 2004 á næstu ríkjaráðstefnu ESB. Ályktunin gerði enn fremur ráð fyrir að ákveðið yrði að efna til reglulegra funda fulltrúa Evrópuþingsins, VES-þingsins og ESB þar sem málefni sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB yrðu rædd. Þá kvað ályktunin einnig á um að tveir áheyrnarfulltrúar VES-þingsins sætu fundi nefndar sem legði drög að hlutverki þjóðþinganna í þessum málaflokki. Var ítrekað að sú framtíðarlausn sem ríkt þörf væri á að finna hið fyrsta fæli ekki í sér skert þingræðislegt aðhald miðað við það aðhald sem VES-þingið hefur veitt stjórnvöldum til skamms tíma.

Af hálfu íslensku sendinefnarinnar var tekið þátt í umræðu um áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og hernaðaaðgerðir í Afganistan á varnar- og öryggismál í Evrópu. Þar var lýst yfir áhyggjum af þróun mála á alþjóðavettvangi og jafnframt því að samstaðan innan Atlantshafsbandalagsins kynni að vera í hættu. Þar var ítrekað að finna yrði hið fyrsta varanlega lausn á stöðu NATO-ríkjanna sex sem stæðu ut-

an Evrópusambandsins hvað hina sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnu ESB varðaði. Mikilvægt var talið að áhrif þessara ríkja minnkuðu ekki innan VES. Eins kom fram að öll ríkin hefðu lýst yfir óánægju sinni með að VES skyldi leyst upp án þess að staðið væri við loforð leiðtogafundar frá Washington frá 1998 um hið gagnstæða. Fjallað var um afleiðingar af hryðjuverkunum í Bandaríkjunum, ákvörðun NATO, í ræðu formanns á VES-þinginu, þ.e. að hrinda 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans í framkvæmd.

Í ljós voru látnar áhyggjur yfir að aðildarríki ESB sem einnig væru í NATO hefðu margsinnis fundað sín í milli án þess að efna til funda með utanríkisráðherrum Evrópuríkja utan ESB. Það bæri þess merki að ekki væri mikill vilji til að halda í þá samstöðu sem í fyrri tíð hefði skapast á vettvangi VES í samstarfinu við NATO. Afstaða hlutlausu ríkjanna innan ESB til málefna sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins flækti þessa stöðu enn frekar. Niðurstaðan varð sú að ráðherraráð Evrópusambandsins hefði ekki getað sammælst um eina afstöðu hvað viðbrögð við alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi varðar. Bent var á að hvorki ESB né NATO ættu beinan þátt að hernaðaraðgerðunum í Afganistan heldur hefði niðurstaðan orðið sú að að þeim stóðu aðeins Bandaríkin og Bretland, sem gæti leitt til einangrunar þessara ríkja á þessu sviði þegar til lengri tíma er litið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um hið fjölþætta starf sem unnið er af hálfu fulltrúa Alþingis í Vestur-Evrópusambandsþinginu. Ég vil leyfa mér að þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ánægjulega samvinnu og gott samstarf. Ég vil einnig þakka ritara nefndarinnar, Andra Lútherssyni, og jafnframt starfsmönnum utanríkisráðuneytisins og hæstv. utanrrh. fyrir gott samstarf á þessu sviði.

NATO-þingið 2001, ein umr.

Skýrsla ÍÞNAA, 510. mál. — Þskj. 803.

[18:14]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Á þskj. 803 liggur fyrir skýrsla frá Íslandsdeild NATO-þingsins fyrir árið 2001 og vil ég fylgja skýrslunni úr hlaði með nokkrum orðum.

Árið 2001 var tímamótaár. Hugtökin ógnir, öryggi og varnir tóku á sig áður óþekkta mynd að morgni dags 11. sept. þegar liðsmenn hryðjuverkasamtaka gerðu fólskulega árás á New York og Washington D.C. þar sem þúsundir saklausra borgara létu lífið. Árásirnar á Bandaríkin vógu að hjarta hins frjálsa og lýðræðislega samfélags þjóðanna og þar með að öllum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins, meginstoðar öryggis og varna Atlantshafssamfélagsins. Viðbrögð öryggis- og varnarkerfis vestrænna þjóða, undir forustu Bandaríkjanna, einkenndust af yfirvegun.

Nokkrum dögum eftir árásirnar var söguleg ákvörðun tekin á fundi Norður-Atlantshafsráðsins er 5. gr. stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins var beitt í fyrsta sinn í 52 ára sögu þess, en hún kveður á um að vopnuð árás á eitt aðildarríki í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þau öll. Yfirlýsing Norður-Atlantshafsráðsins markaði straumhvörf í hálfrar aldar farsælli sögu bandalagsins. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum, hernaðurinn í Afganistan, hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi og hin breytta heimsmynd eftir hryðjuverkaárásirnar höfðu óhjákvæmilega mikil áhrif á öll alþjóðasamskipti og þar með talið starf NATO-þingsins seinni hluta ársins 2001. Sýnt þykir að áhrif þessi verði til langframa og hefur NATO-þingið þegar skipulagt nefndarstörf sín með það að markmiði að fjalla heildrænt um alla þætti hinnar umfangsmiklu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Af öðrum málefnum sem bar hátt á árinu má nefna hin nýju verkefni á sviði Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum en áframhald varð á gagngerri umfjöllun NATO-þingsins í þeim málaflokki. Sem fyrr hefur Íslandsdeild NATO-þingsins lagt áherslu á sem ríkasta þátttöku Íslands og annarra evrópskra aðildarríkja NATO sem standa utan Evrópusambandsins í Petersberg-verkefnunum svonefndu og hefur áréttað hagsmuni Íslands á því málefnasviði. Stækkun NATO til austurs bar enn fremur hátt í störfum NATO-þingsins á árinu. Fyrir liggur að á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag haustið 2002 mun verða tekin ákvörðun um næstu lotu stækkunar til austurs. Eystrasaltsríkin þrjú binda miklar vonir við að gerast aðildarríki í næstu stækkun og hefur Íslandsdeild NATO-þingsins lagt ríka áherslu á það í málflutningi sínum að Eistlandi, Lettlandi og Litháen verði boðin formleg aðild. Áframhald varð á umræðum nefnda NATO-þingsins um eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar og stöðu mála í suðausturhluta Evrópu, einkum þó í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Segja má þó að málefni Balkanskaga, sem borið hefur hátt á dagskrá þingsins undanfarin missiri, hafi fallið í skugga annarra verkefna og nýrra ógna á árinu.

Íslandsdeild NATO-þingsins var þannig skipuð á árinu: Aðalmenn Íslandsdeildar NATO-þingsins árið 2001 voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Jón Kristjánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks. Í kjölfar þess að hv. þm. Jón Kristjánsson tók við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 14. apríl tók Jónína Bjartmarz sæti hans í Íslandsdeildinni 26. apríl. Magnús Stefánsson tók þá sæti sem varamaður.

Ritari Íslandsdeildarinnar var Andri Lúthersson.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega ár hvert, ýmist í mars eða apríl.

Árið 2001 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum svonefndu í Brussel og fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Rómaborg, vor- og ársfundum þingsins í Vilnius og Ottawa, auk átta nefndafunda sem efnt var til utan þingfunda. Ekki verður fjallað um þessa fundi hér, enda liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um þátttöku og framlag Íslandsdeildarinnar í ársskýrslu.

Vil ég þá víkja stuttlega að ársfundi NATO-þingsins sem haldinn var í Ottawa dagana 6.–9. október. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich formaður, Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Jónína Bjartmarz, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Formaður sat fundi stjórnarnefndar og stjórnmálanefndar. Guðmundur Árni Stefánsson sat fundi félagsmálanefndar og Jónína Bjartmarz sat fundi varnar- og öryggismálanefndar.

Sem fyrr sagði var fundurinn haldinn í skugga hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og bar þinghaldið þess merki.

Í upphafi fundar stjórnmálanefndarinnar var efnt til opinnar umræðu um áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og tóku margir þingmenn til máls og lýstu yfir samúð með bandarísku þjóðinni og fullum stuðningi við aðgerðir Bandaríkjastjórnar. Fundurinn hófst á því að bandarískri þingmaðurinn Porter Goss, varaformaður nefndarinnar, þakkaði fyrir þann stuðning sem bandaríska þjóðin hefði fengið á undangengnum vikum og ítrekaði mikilvægi þess að allar þjóðir störfuðu saman í baráttunni gegn hryðjuverkum. Í umræðunum sem á eftir fylgdu lýsti formaður Íslandsdeildarinnar yfir fullum stuðningi við Bandaríkjastjórn og sagði að fyrstu viðbrögð hennar eftir árásirnar hefðu einkennst af ákveðnum, yfirveguðum og ábyrgum viðbrögðum við áður óþekktum aðstæðum. Kom þar fram að með árásunum á Bandaríkin þann 11. september hefði í raun verið vegið að hinu frjálsa og lýðræðislega samfélagi ríkjanna og þar með öllum aðildarríkjum NATO. Bandaríkin gætu því reitt sig á stuðning þjóðþinga aðildarríkjanna. Í ræðunni kom fram að hryðjuverkin hefðu ófyrirséðar afleiðingar á mörgum sviðum og að NATO yrði að taka á mörgum álitamálum og hrinda sameiginlegum aðgerðum í framkvæmd. Í fyrsta lagi var bent á hve mikið áfall hryðjuverkin hefðu verið fyrir leyniþjónustur þar sem ekki hefði verið unnt að sjá fyrir í hvað stefndi og bregðast við í tæka tíð. Í þessu tilliti var talið mikilvægt að alþjóðaþing aðildarríkja NATO yrðu í auknum mæli að axla þá ábyrgð að koma almenningi í skilning um mikilvægi samstilltrar baráttu gegn hryðjuverkum og að þjóðaröryggi til lengri tíma litið vægi þyngra en skammtímasjónarmið. Þá var einnig í þessari ræðu greint frá því að viðsjárvert væri hve efnahagslega háð Bandaríkin og raunar vestræn ríki einnig væru Miðausturlöndum hvað orkuframboð varðar. Svæðið fyrir botni Miðjarðarhafs einkenndist oftar en ekki af pólitískum óstöðugleika og hin nýja heimsmynd sem skapaðist eftir hryðjuverkin 11. september gæfi öfgaöflum sem andsnúin væru lýðræði og frelsi markaðarins aukið vægi ef litið væri til orkuforðans sem Miðausturlönd hefðu að geyma. Var því hvatt til þess að ráðamenn hygðu að þeim leiðum sem væru færar til að snúa þessari þróun við, ella stæðu Vesturlönd berskjaldaðri en hægt væri að sætta sig við frammi fyrir miklum og nýjum vanda.

Meðan á haustfundinum stóð hófust hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og Breta í Afganistan sem beint var gegn þeim sem taldir voru sekir um hryðjuverkin í Bandaríkjunum. Atburðir þessir höfðu óhjákvæmilega mikil áhrif á haustfundinn í Ottawa og voru málefni alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi og hinnar breyttu heimsmyndar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum rædd í öllum málefnanefndum þingsins. Var jafnframt ákveðið í stjórnarnefnd þingsins að umræðan um hryðjuverk skyldi tekin upp í öllum nefndum NATO-þingsins og er ljóst að á komandi starfsári munu pólitísk, efnahagsleg, tæknileg og samfélagsleg viðbrögð við alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi bera mjög hátt í störfum NATO-þingsins. Af öðrum málefnum sem rædd voru á þinginu bar hæst umræðuna um stækkun NATO til austurs. Þá var þróun Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum til umræðu í stjórnmálanefnd og í öryggis- og varnarmálanefnd. Í báðum málaflokkum gerði Íslandsdeildin grein fyrir sjónarmiðum sínum. Öll þessi atriði koma fram í skýrslunni sem hér hefur verið lögð fram, en ég taldi rétt, herra forseti, að gera grein fyrir þeim í stuttu máli.

ÖSE-þingið 2001, ein umr.

Skýrsla ÍÖSE, 519. mál. — Þskj. 817.

[18:22]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2001.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, áður Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Undanfarin ár og missiri hefur framkvæmd Daytonsamkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu og friðargæsluverkefni í Kosovo-héraði verið langveigamestu verkefni ÖSE, en á þessum stöðum hefur stofnuninni verið falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum, byggja upp réttarkerfi og frjálsa fjölmiðla og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Þá hefur ÖSE tekið virkan þátt í framkvæmd stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu sem tók gildi 10. júní 1999 og ÖSE á aðild að, einkum þeim hluta framkvæmdar sáttmálans er snýr að mannréttindum og lýðræðisþróun en jafnframt í öryggismálahlutanum. Umsvif ÖSE í Kosovo-héraði eru afar fyrirferðarmikil í starfi stofnunarinnar en hlutverk ÖSE þar hefur aðallega miðast að lýðræðisþróun, góðri stjórnsýslu, framkvæmd kosninga og kosningaeftirliti, og stuðningi við frjálsa fjölmiðla.

Pólitískur órói og vopnuð átök milli stjórnarhers fyrrum Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu og skæruliðasveita albanska minni hlutans í landinu ógnuðu mjög stöðugleika í suðausturhluta álfunnar framan af árinu. ÖSE átti stóran þátt í því, ásamt NATO, Evrópusambandinu og öðrum fjölþjóðastofnunum, að koma í veg fyrir að umfangsmikil átök brytust út milli þjóðernishópanna sem landið byggja. Í lok ársins hafði stofnunin aukið mjög við viðbúnað sinn í landinu og sinnti þar eftirlitsverkefnum á borð við m.a. afvopnun skæruliða og réttindi minnihlutahópa. Af öðrum málefnum sem bar hátt í störfum ÖSE á árinu má nefna stöðu mála í Norður-Kákasushéraðinu og lýðræðisþróunina í Hvíta-Rússlandi. Þá höfðu afleiðingar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í septembermánuði mikil áhrif á störf ÖSE líkt og annarra samevrópskra stofnana og á fundum ráðherranefndar og ÖSE-þingsins var lýst yfir eindregnum stuðningi við hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Viðvarandi átök á Balkanskaga, hryðjuverk og mannréttindi í Evrópu, voru jafnframt meginmálin á vettvangi ÖSE-þingsins. Þema ársfundar þingsins, sem haldinn var í París í júlí sl., var umfjöllun um öryggismál og hættuástandsstjórnun í Evrópu og hlutverk ÖSE í þessum málaflokki á nýrri öld.

Skipan Íslandsdeildar ÖSE-þingsins var sem hér segir á árinu 2001:

Fram til 26. apríl voru aðalmenn Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks, varaformaður, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingar. Varamenn voru Pétur Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingar, og Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks.

Eftir að Magnús Stefánsson tók sæti á Alþingi, tók hann jafnframt sæti Jónínu Bjartmarz í Íslandsdeildinni og tók þá Ásta R. Jóhannesdóttir við varaformannsstöðu.

Kosið var í nýja Íslandsdeild í upphafi 127. þings. Fulltrúar í *Íslandsdeild voru hinir sömu og á afstöðnu þingi en* 10. október tók Magnús Stefánsson við formennsku af Guðjóni Guðmundssyni. Frá og með 10. október voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar því Magnús Stefánsson formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður og Guðjón Guðmundsson.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Um starfsemi Íslandsdeildarinnar á árinu 2001 er það að segja að dagana 22.–23. febrúar sl. fundaði stjórnarnefnd ÖSE-þingsins í Vín. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Guðjón Guðmundsson, þáv. formaður, auk ritara. Helsta málefni fundarins voru fyrirhugaðar breytingar á starfsreglum ÖSE-þingsins en fyrir fundinn höfðu verið lögð drög að umfangsmiklum breytingum sem m.a. gerðu ráð fyrir að auka umfang starfs þingsins með þeim hætti að breyta hinum árlegu stjórnarnefndarfundum í febrúarmánuði í eiginlegan þingfund þar sem stjórnarnefndin og allar málefnanefndir þingsins kæmu saman og ræddu brennandi mál og ættu þann kost að geta lagt spurningar fyrir embættismenn ÖSE.

Á fundinum fluttu embættismenn ÖSE framsögur þar sem farið var yfir árangur starfs stofnunarinnar í nokkrum aðildarríkjum, svo sem kosningaeftirlit í Aserbaídsjan, Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu, og á hinum ýmsu málefnasviðum, svo sem fjölmiðlun og mannréttindum. Á fundinum var og talsvert rætt um þá ógn sem stafaði af starfsemi skipulegra skæruliðahópa í Suðaustur-Evrópu.

Á fundinum greindi forseti ÖSE-þingsins stjórnarnefndinni frá áhersluatriðum sínum og lagði mikla áherslu á að taka yrði starfsemi þingsins til gagngerrar endurskoðunar þar sem grundvallarspurningum líkt og hvert hlutverk þess ætti að vera yrði svarað. Þá taldi hann að mun meira yrði að gera til að tengja ályktanir ÖSE-þingsins við löggjöf í aðildarríkjum ÖSE meðal annars með þeim hætti að á þjóðþingum inntu þingmenn ráðherra eftir svörum um málefni sem falla undir verksvið ÖSE. Sagðist hann og binda miklar vonir við að með breytingum á starfsháttum þingsins styrktist starf þess til muna.

Fyrir fundinn höfðu verið lagðar fram umfangsmiklar breytingartillögur framkvæmdastjórnar við starfsreglur þingsins og voru þær samþykktar samhljóða á stjórnarnefndarfundinum. Ákveðið var að efna til sérstakra vetrarfunda þar sem málefnanefndir þingsins kæmu saman auk hinna hefðbundnu stjórnarnefndarfunda. Fundir þessir yrðu í Vínarborg og stæðu ekki lengur en þrjá daga í senn. Megintilgangur fundanna yrði að ræða og meta starf ÖSE á því tímabili sem liðið er frá ársfundinum og væri ætlunin að fundahöldin yrðu til þess að styrkja tengsl stofnunarinnar og þingsins. Þá ákvað stjórnarnefndin að breyta starfsreglum um breytingartillögur og utandagskrárumræður. Var ákveðið að breytingartillögur við ályktanadrög yrðu lagðar fram 14 dögum fyrir ársfund og að tillögur að utandagskrármálum yrðu lagðar fram tímanlega fyrir ársfund. Var það mat embættismanna ÖSE-þingsins að samkvæmt tímamörkum þeim sem áður giltu hefði starfsfólk þingsins verið ófært um að afgreiða skjöl í tæka tíð. Þá var enn fremur samþykkt að fulltrúar á ÖSE-þinginu gætu hvenær sem væri sent formanni ráðherraráðsins eða öðrum fulltrúum þess allt að þrjár fyrirspurnir árlega.

Dagana 6.–10. *júlí var tíundi ársfundur ÖSE-þingsins* haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðjón Guðmundsson formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður og Magnús Stefánsson, auk ritara. Þema fundarins var evrópsk öryggismál og hættuástandsstjórnun og hlutverk ÖSE á nýrri öld og tóku skýrslur og ályktanir nefndanna þriggja mið af meginþemanu, þar sem fjallað var m.a. um öryggis- og varnarmál Evrópu, samspili efnahagsþátta og umhverfisþátta í öryggismálum álfunnar og stöðu minnihlutahópa í aðildarríkjum ÖSE.

Á fundinum samþykktu þingmenn aðildarríkjanna samhljóða ályktun, sem lögð var fram að frumkvæði forseta ÖSE-þingsins, sem kvað á um að stefna bæri að því að styrkja gagnsæi og skilvirkni stofnunarinnar. Í ályktuninni kom fram að áður en ÖSE tæki mikilvægar ákvarðanir mundu ályktanir ÖSE-þingsins liggja til grundvallar og að skýrt yrði fyrir þinginu hvernig ákvörðunum yrði fylgt eftir. Þá mæltist ÖSE-þingið til þess að svo fremi sem ÖSE starfaði eftir samstöðureglunni yrði ógerlegt fyrir ríki að taka þátt í ákvörðunartökuferlinu með leynilegum hætti og að fyrirvara sem tiltekin ríki gerðu yrði að kunngera fyrir fundi. Ályktunin kvað jafnframt á um að þingið yrði upplýst um fjármál stofnunarinnar og að fundir fastanefndar ÖSE í Vínarborg yrðu opnir almenningi. Í þessu augnamiði hefur ÖSE-þingið samþykkt að koma á fót nefnd sem hefur gagnsæi og skilvirkni í sínum verkahring og mun hún starfa náið með embættismönnum ÖSE.

Ályktanir Parísarfundarins voru sameinaðar í eina stóra ályktun, Parísar-yfirlýsingu ÖSE-þingsins, sem samþykkt var á þingfundi 10. júlí. Auk ályktana málefnanefndanna þriggja innihélt Parísar-yfirlýsingin ályktanir um afnám dauðarefsingar, bann við notkun pyndinga, leiðir til að stemma stigu við mansali, baráttuna gegn alþjóðlegri skipulegri glæpastarfsemi og um fjölmiðlafrelsi. Í yfirlýsingunni var enn fremur vikið að aðstæðum og þeim vanda sem steðjar að í Suðaustur-Evrópu, Norður-Kákasushéraðinu, Moldavíu og Úkraínu.

Í fyrstu nefnd, nefnd um stjórnmál og öryggismál, var fjallað um skýrslu ungverska þingmannsins András Bársonys um öryggis- og varnarmál álfunnar og hlutverk ÖSE. Í ályktuninni var hvatt til þess að hugað yrði að því að ÖSE og jafnvel Sameinuðu þjóðunum yrði gert kleift að nýta getu Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum, samanber friðargæslu, hættuástandsstjórnun og framfylgd friðar. Nokkur umræða varð á nefndarfundum um inntak skýrslunnar og kom m.a. fram nokkur gagnrýni hjá formanni nefndarinnar á fyrirætlanir ESB í þessum málaflokki. Ræddi hann sérstaklega um stöðu þeirra sex aðildarríkja NATO sem stæðu utan ESB, t.d. Íslands. Þá var einnig vikið að mikilvægi þess að öryggis- og varnarmálastefna ESB lyti þingræðislegri stjórn og var fast kveðið á um að sú stjórn heyrði undir þjóðþing aðildarríkja ESB. Í ályktuninni var einnig kveðið á um að leitað yrði ýtrustu leiða til að styrkja eftirlit með viðskiptum með léttvopn. Þá urðu miklar umræður um fyrirætlanir Bandaríkjastjórnar í eldflaugavörnum en í ályktunardrögum fyrstu nefndar voru aðildarríki ÖSE hvött til að brjóta ekki í bága við ABM-sáttmálann, sem kveður á um bann við gagneldflaugum. Meginhluti bandarísku sendinefndarinnar sat hjá við atkvæðagreiðslu um greinina.

Í annarri nefnd, nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál, var fjallað um skýrslu svissneska þingmannsins Barböru Haering um efnahagslega þætti öryggis- og varnarmála í álfunni. Í ályktuninni var hvatt til þess að

aðildarríki ÖSE hygðu frekar að samspili umhverfislegra og efnahagslegra þátta við öryggi í Evrópu. Var kveðið sérstaklega á um að ríkari þjóðir Evrópu styddu við bakið á fátækari þjóðum Mið- og Austur-Evrópu með það fyrir augum að þau tækju fullan þátt í hinu hnattræna hagkerfi á jafnræðisgrundvelli. Var lögð sérstök áhersla á að hugað yrði sérstaklega að eflingu smárra og meðalstórra fyrirtækja og lagt til að alþjóðleg fjármagnsaðstoð tæki mið af þessum markmiðum. Þá var lagt til að löggjöf ríkja yrði löguð að forsendum kvenna og þeim gert unnt að stunda viðskipti til jafns á við karla. Enn fremur var vikið að alþjóðlegri glæpastarfsemi og mansali og aðildarríkin hvött til þess að gera sitt ýtrasta til að sporna við þeirri þróun. Jafnframt var ÖSE hvött til að efla samstarf við NATO, ESB, Sameinuðu þjóðirnar og frjáls félagasamtök til að ná þessum markmiðum.

Í þriðju nefnd, nefnd um lýðræði og mannréttindamál, var fjallað um skýrslu rússneska þingmannsins Elönu Mizulina um stöðu minnihlutahópa í Evrópu. Í ályktuninni voru stjórnvöld þeirra aðildarríkja ÖSE sem enn hafa ekki breytt löggjöf sinni um ríkisborgararétt og dvalarleyfi til samræmis við alþjóðlega staðla um vernd einstaklingsins og minnihlutahópa hvött til að gera það hið fyrsta. Var þar sérstaklega vikið að lagasetningu um forsendur þess að einstaklingar fengju ríkisborgararétt eða missi rétt til ríkisfangs. Í ályktun annarrar nefndar var enn fremur vikið að því að ÖSE bæri að styrkja úrbætur í dómskerfum aðildarríkja í Mið- og Austur-Evrópu og hvatt til þess að stofnunin styrkti enn fremur samstarf sitt við Evrópuráðið í þessum málaflokki. Þá var enn fremur hvatt til þess að öll aðildarríki ÖSE hrintu skuldbindingum sínum um fjölmiðlafrelsi og málfrelsi í framkvæmd hið fyrsta og styddu sjálfstæði fjölmiðla og fjölræði. Ásta R. Jóhannesdóttir var meðflutningsmaður nokkurra breytingartillagna í nefndinni og bar tvær þeirra fram á nefndarfundi. Voru þær samþykktar samhljóða.

Í Parísaryfirlýsingunni var ályktað um stöðu mála í Suðaustur-Evrópu og þar fordæmdi ÖSE-þingið ofbeldisverk albanskra skæruliðahópa í fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu, Kosovo-héraði og suðurhluta Serbíu. Hvatti þingheimur til að lögmætir pólitískir fulltrúar slavneskra og albanskra íbúa Makedóníu, auk fulltrúa annarra minnihlutahópa, settust að samningaborði hið allra fyrsta og greiddu þannig fyrir úrlausn hinnar afar brýnu ágreiningsefna þjóðernishópanna sem staðið hefðu friðarferlinu fyrir þrifum. Þá vék ályktunin einnig að mikilvægi stöðugleikasáttmálans fyrir frið, hagsæld og stöðugleika í þessum hluta álfunnar. Í ályktun þingsins um stöðu mála í Norður-Kákasushéraðinu voru hlutaðeigandi aðilar hvattir til að virða landamæri og leita allra leiða til að komast hjá svæðisbundnum óstöðugleika. Fagnaði þingið því að sendinefnd ÖSE í Tsjetsjeníu skyldi hafa snúið aftur til héraðsins og voru vonir bundnar við að það gæti orðið til friðsamlegrar úrlausnar mála. Í ályktun þingsins um Úkraínu var lýst yfir áhyggjum um þróun og úrbætur í lýðræðis- og efnahagsmálum landsins.

Adrian Severin var endurkjörinn forseti ÖSE-þingsins á lokadegi þingsins og mun hann gegna stöðunni til næsta þingfundar sem haldinn verður í Berlín í júlí 2002. Þá var kosið í þrjár stöður varaforseta þingsins. Flest atkvæði hlutu bandarískí þingmaðurinn Alcee Hastings, finnski þingmaðurinn Kimmo Kiljunen og tyrkneski þingmaðurinn Ahmet Tan.

Loks héldu þingkonur sérstakan fund þar sem m.a. var fjallað um stöðu kvenna innan þingsins. Fram kom að konur væru einungis í um helmingi landsdeildanna og voru konur sérstaklega hvattar til að gefa kost á sér í laus embætti innan þingsins. Á fundinum vakti Ásta R. Jóhannesdóttir athygli á átaksverkefni því sem íslensk stjórnvöld stóðu fyrir árið 1995 og miðaði að því að auka hluta kvenna í stjórnmálum. Átakið vakti mikla athygli fundarmanna.

ÖSE-þingið hefur frá upphafi tekið virkan þátt í kosningaeftirliti og lagt áherslu á mikilvægi þess að efla lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til að sinna þessu starfi. Árið 2001 tók ÖSE-þingið m.a. þátt í kosningaeftirliti í Serbíu, Kosovo-héraði, Aserbaídsjan og Svartfjallalandi.

Íslandsdeildin tók þátt í kosningaeftirliti ÖSE-þingsins í Svartfjallalandi á liðnu ári og annaðist Jónína Bjartmarz það verkefni. ÖSE lagði það mat á framkvæmd kosninganna að þær hefðu uppfyllt alþjóðleg skilyrði um lýðræðislegar kosningar.

Þá stóð ÖSE-þingið fyrir málþingi um mansal og skipulagða glæpastarfsemi í Portúgal dagana 4.–5. okt. 2001 í samvinnu við portúgalska þingið. Var stjórnarnefndarfundur haldinn jafnhliða málþinginu og var þar samþykkt einróma ályktun um stuðning við Bandaríkjastjórn í viðleitni sinni að uppræta alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Í ályktuninni voru ríkisstjórnir allra aðildarríkja ÖSE jafnframt hvattar til að leggja sitt af mörkum í þessari baráttu.

Þess ber að geta að nýverið var í fyrsta sinn efnt til vetrarfundar ÖSE-þingsins í Vínarborg. Tókst framkvæmd hans með miklum ágætum. Árangur af fundum þessum er einkum að efla tengslin milli embættismanna ÖSE og fulltrúa ráðherraráðsins og þingmanna. Á þetta hefur þótt skort á undanförnum árum og er ljóst að vetrarfundirnir eru markviss leið til að auka upplýsingaflæði milli þingsins og stofnunarinnar og vettvangur til að finna sameiginlegan flöt á ágreiningsmálum.

Herra forseti. Að lokum má geta þess að afar farsælt samstarf hefur verið milli Íslandsdeildarinnar og fastanefndar Íslands hjá ÖSE. Fastanefndin er staðsett í sendiráði Íslands í Vínarborg og innir fastanefndin þar af hendi afar mikilvægt starf. Þykir Íslandsdeildinni rík ástæða til að vekja athygli á því jafnframt því að þakka fyrir þau störf.

Ég vil að lokum þakka samnefndarmönnum mínum í Íslandsdeildinni og starfsmanni deildarinnar fyrir ánægjulegt samstarf og vænti góðs af því framvegis.

[18:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka formanni Íslandsdeildar ÖSE fyrir skýrslu hans. Ég tel gott starf unnið á vegum ÖSE, enda starfað í anda göfugra markmiða, á grundvelli Helsinkisáttmálans. ÖSE er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Ég átti þess kost að sinna eftirlitshlutverki í Kosovo á vegum ÖSE á sl. hausti og kynntist þá af eigin raun hve ágætt starf er þar unnið. En tilgangurinn með að koma upp í andsvar er að inna hv. þm. formann Íslandsdeildar ÖSE eftir áherslum Íslendinga innan þessara samtaka. Hann greindi frá fjölmörgum fundum, skipulagsbreytingum og ályktunum, en er það eitthvað öðru fremur sem Íslendingar hafa lagt áherslu á á þessum samstarfsvettvangi?

[18:40]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfsemi ÖSE, m.a. á Balkanskaga eins og fram kom í framsögu minni. Ég hygg að það sem Íslandsdeildin muni leggja áherslu á í starfsemi ÖSE sé það sem snýr að mannréttindum, þ.e. þeim brýnu málefnum sem fjallað hefur verið um varðandi mannréttindi barna, kvenna og um mansal. Það er ljóst að ÖSE hefur ýmis úrræði til þess að beita sér í þessum málum. Það er mín skoðun og reyndar Íslandsdeildarinnar að þarna sé kjörinn vettvangur fyrir okkur til að beita áhrifum okkar. Við getum lagt margt gott af mörkum í þeirri umræðu og þetta er verðugt verkefni sem ég hygg að við munum leggja áherslu á í starfi ÖSE á næstunni.

[18:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. Nú hefur verið talað um að efla hlut Íslendinga í fjölþjóðlegu samstarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna og hugsanlega þá innan ÖSE einnig. Hefur það fengið einhverja umræðu? Er þetta aukna framlag Íslendinga á einhvern hátt komið fram á vettvangi ÖSE?

[18:41]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðkoma Íslandsdeildarinnar er fyrst og fremst í gegnum ÖSE-þingin. Þar höfum við aðgang að umræðum, tillögugerð og slíku varðandi öll þessi mál. Síðan er ljóst að fastanefnd Íslands hjá ÖSE í Vínarborg tekur virkan þátt í starfsemi ÖSE. Það er ljóst að okkar menn leggja þar mikið af mörkum og taka virkan þátt í því starfi. Ég hygg þannig að Ísland komi áherslum sínum skýrt fram í þessu starfi, enda er ljóst að á vettvangi ÖSE getum við Íslendingar látið verulega til okkar taka. Það er líka ljóst að starfsemi ÖSE hefur vaxið og mun eflaust vaxa og eflast á næstu árum. Það er góð reynsla t.d. þar sem ÖSE hefur látið til sín taka á Balkanskaga og við slíkar aðstæður. Við Íslendingar tökum virkan þátt í því og þar er okkar fólk að störfum. Við eigum brýnt erindi á vettvangi ÖSE og getum eins og ég sagði lagt ýmislegt af mörkum í bæði umræðum og verklegri starfsemi.

[18:43]

Útbýting þingskjals:

Fjarskiptasamband á Hólmavík og í nærsveitum, 571. mál, fsp. JB, þskj. 894.

Vestnorræna ráðið 2001, ein umr.

Skýrsla ÍVN, 543. mál. — Þskj. 848.

og

Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, fyrri umr.

Þáltill. EOK o.fl., 458. mál. — Þskj. 738.

og

Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, fyrri umr.

Þáltill. EOK o.fl., 459. mál. — Þskj. 739.

og

Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, fyrri umr.

Þáltill. EOK o.fl., 460. mál. — Þskj. 740.

[18:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í ræðu minni kynni ég skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins um störf ráðsins á árinu 2001, en skýrslan í heild sinni er lögð fram sem þskj. 848, 543. mál.

Með leyfi hæstv. forseta, mun ég einnig mæla fyrir þremur þáltill. í beinu framhaldi af skýrsluflutningnum, það eru þáltill. sem Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hefur lagt fyrir Alþingi en tillögurnar voru allar samþykktar sem ályktanir á ársfundi Vestnorræna ráðsins í september sl.

Meginmarkmið Vestnorræna ráðsins er eins og öllum er kunnugt að starfa að hagsmunum grannríkjanna þriggja, Grænlands, Færeyja og Íslands, en þessar smáþjóðir norðursins ganga oft undir nafninu Vestur-Norðurlönd. Ráðinu er ætlað að gæta auðlinda, velferðar og menningar þjóðanna á sem víðtækastan hátt. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landstjórna með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila og samtök á Vestur-Norðurlöndum og skipulagningu á ráðstefnum og öðrum verkefnum. Vestnorræna ráðið rekur sérstaka skrifstofu og er framkvæmdastjóri ráðsins Færeyingurinn Ernst Olsen, sem hefur starfstöð hér á hv. Alþingi.

Ég vík nú, herra forseti, að skipan og störfum Íslandsdeildar á liðnu ári.

Í byrjun árs 2001 skipuðu Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins þingmennirnir Árni Johnsen formaður, Hjálmar Árnason varaformaður, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Svanfríður Jónasdóttir og Einar Oddur Kristjánsson. Varamenn voru Einar K. Guðfinnsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Birgisson, Ólafur Örn Haraldsson, Guðjón A. Kristjánsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Í ágúst sl. urðu þær breytingar á skipan Íslandsdeildar að Árni Johnsen sagði af sér þingmennsku og tók þá sá er hér stendur tímabundið við formennsku. Frá og með 8. október sl. tók Einar Oddur Kristjánsson við formennsku og sá er hér stendur við varaformennsku, auk þess sem Kjartan Ólafsson tók sæti aðalmanns af hálfu þingflokks Sjálfstæðisflokks. Jóhanna H.

Halldórsdóttir var ritari Íslandsdeildar til 31. mars, Stígur Stefánsson gegndi þá starfi ritara tímabundið þar til í byrjun ágúst en þá tók Guðfríður Lilja Grétarsdóttir við starfinu.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Fyrri hluta árs bar hæst skipulagningu og innlegg Íslandsdeildar til ráðstefnu Vestnorræna ráðsins um veiðimennsku Vestur-Norðurlanda, en ráðstefnan var haldin á Akureyri dagana 11.–14. júní. Íslandsdeildin tók virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og ræddi ýmsar tillögur að dagskrá, fyrirlesurum og erindum. Auk þess hafði deildin náið samráð við sérfræðinga hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Akureyrarbæ til að gera ráðstefnuna sem best úr garði.

Kappkostað var að fá gesti úr sem flestum áttum til þess að taka þátt í ráðstefnunni. Veiðimenn, vísindamenn, náttúruverndarsinnar, stjórnmálamenn og aðrir sem sinna veiði og nýtingu lífríkis landanna voru sérstaklega boðnir svo að opin og gagnrýnin umræða mætti skapast ólíkra hópa á milli. Þrjú stór mál voru tekin fyrir á ráðstefnunni. Í fyrsta lagi var fjallað um framtíðarhorfur hins vestnorræna veiðimannasamfélags og stað þess í nútímanum, í öðru lagi var fjallað um tengsl veiðimennsku og ferðamannaiðnaðar og í þriðja lagi um alþjóðlegar umhverfisstofnanir og náttúruvernd og tengsl þeirra við vestnorrænan veruleika. Ráðstefnan þótti einkar vel heppnuð og var einn liður í að halda á lofti þessum sérstæðu einkennum Vestur-Norðurlanda, veiðimennsku og veiðimenningu. Eins og ég mun koma að síðar, herra forseti, fjallar ein þáltill. sem ég mæli fyrir á eftir einmitt um veiðimenningu landanna.

Á fundum sínum hefur Íslandsdeild einnig lagt fram tillögur um aukið samstarf landsdeildanna á vefnum og hvernig nýta megi tölvutæknina betur til að styrkja samstarf og upplýsingaflæði milli landanna þriggja. Í samráði við framkvæmdastjóra vann deildin auk þess að tillögum um hvernig heimasíða ráðsins yrði betrumbætt og uppfærð, en sú vinna er enn í fullum gangi.

Íslandsdeild ræddi einnig tillögur að ýmsum verkefnum sem auka eiga þekkingu almennings á menningararfleifð landanna og styrkja eiga samstarf landanna í æskulýðs- og íþróttamálum.

Íslandsdeild lagði metnað sinn í að ígrunda vel tillögur að ályktunum fyrir ársfund. Nefndarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að fylgjast betur með afdrifum ályktana ráðsins og að tryggja þyrfti skilvirkara upplýsingaflæði og eftirfylgni við framkvæmd þessara ályktana. Tilgangslaust væri að eyða orku og tíma í samningu og samþykkt ályktana sem aldrei yrðu að veruleika.

Ársfundur ráðsins var haldinn í Nuuk dagana 10.–14. september. Þá var kosin ný forsætisnefnd Vestnorræna þingmannaráðsins. Hana skipa Hjálmar Árnason, formaður Vestnorræna ráðsins og varaformaður Íslandsdeildar, Jógvan Durhuus, fyrsti varaformaður, og Ole Lynge, annar varaformaður. Sem nýkjörinn formaður ráðsins lagði sá sem hér stendur á það áherslu í ræðu sinni að samkomulag samstarfsráðherra Vestur-Norðurlanda um eftirfylgni og upplýsingaflæði um framkvæmd ályktana ráðsins yrði undirritað sem fyrst. Auk þess fjallaði ég í ræðu minni um ýmsa þætti vestnorrænnar samvinnu og leiðir til að efla þá vinnu, einkum á sviði menningarmála, íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Fundurinn fagnaði nýfenginni áheyrnaraðild Vestnorræna ráðsins að þingmannanefnd um norðurskautsmál, en sú aðild var samþykkt á fundi þingmannanefndarinnar á Akureyri í ágúst sl. Ljóst er að málefni Vestur-Norðurlanda og málefni annarra ríkja við norðurskaut skarast á margvíslegan hátt og því ætti náið samstarf að vera beggja hagur.

Ársfundur samþykkti samhljóða þrjár tillögur um samvinnu ríkjanna. Ég mun síðar í máli mínu, herra forseti, kynna þessar ályktanir sérstaklega og mæla fyrir þeim.

Síðla hausts átti forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins fundi með ráðherrum Vestur-Norðurlanda en fundirnir voru haldnir þann 30. október sl. samhliða þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Fundirnir þóttu einkar árangursríkir að þessu sinni og gáfu tækifæri til að fylgja eftir ýmsum áherslumálum sem rædd höfðu verið á ársfundi ráðsins.

Af fundunum mætti fyrst nefna að samstarfsráðherrar landanna samþykktu að skrifa undir yfirlýsingu sem tryggja á betra upplýsingaflæði og eftirlit með framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins. Formleg undirskrift er ráðgerð um miðjan apríl nk. á meðan þemaráðstefna Norðurlandaráðs stendur hér í Reykjavík og er það vissulega fagnaðarefni og langþráð baráttumál Vestnorræna ráðsins þá í höfn.

Á fundi með menntamálaráðherrum landanna lýstu ráðherrar yfir stuðningi sínum við barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins en ráðið samþykkti árið 1999 að efna til slíkra verðlauna. Verðlaunin skulu veitt annað hvert ár og ein bók er útnefnd í hverju landi. Ráðuneyti landanna ábyrgðust að sjá um og borga allar þýðingar á verkunum sem tilnefnd væru. Menntamálaráðherrarnir sögðu einnig frá ýmiss konar ánægjulegu samstarfi landanna á milli, svo sem í tölvumálum grunnskóla, íþróttamótum, ráðstefnu vestnorrænna ungmennahreyfinga og öðru slíku. Þeir sögðu margt vera að gerast á þessu sviði og þökkuðu það m.a. ályktunum Vestnorræna ráðsins á liðnum árum.

Á sérstökum fundi með forstöðumönnum Norrænu húsanna var farið yfir stöðu mála varðandi veiðimenningarsýningu sem opnuð verður á vegum Vestnorræna ráðsins hinn 15. júní 2002 í Þórshöfn í Færeyjum. Undirbúningur gengur mjög vel og tölvulíkan af sýningunni mæltist vel fyrir. Ráðgert er að sýningin verði sett upp í ýmsum norðlægum löndum og margir hafa sýnt verkefninu áhuga og stuðning. Sýningin er þegar bókuð á öllum Norðurlöndum, sem og á Írlandi, Skotlandi og víðar.

Að lokum má nefna að samhliða öðrum fundum efndi forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins til blaðamannafundar vegna útgáfu bókarinnar „Viljen til Vestnorden". Í þessari stuttu og handhægu bók, undir ritstjórn Ole Lindboes og Ernst Olsens, framkvæmdastjóra Vestnorræna þingmannaráðsins, er að finna margvíslegar ritgerðir og vangaveltur um vestnorrænu löndin og einkenni þeirra. Bókinni er ætlað að vekja athygli á sameiginlegum einkennum vestnorrænu landanna og vekja umræðu um stöðu þeirra. Forsætisnefnd og Ole Lindboe sátu fyrir svörum á vel sóttum blaðamannafundi um bókina, en bókinni hefur m.a. verið dreift til bókasafna og skóla á Vestur-Norðurlöndum auk þess sem þingmenn ættu allir að hafa fengið hana í hendur.

Margvísleg verkefni bíða Vestnorræna ráðsins á árinu 2002. Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins verður haldin í Þórshöfn dagana 13.–14. júní nk. og mun að þessu sinni verða fjallað um samgöngumál. Samgöngur landanna á milli eru, eins og vitað er, bæði dýrar og stopular og ráðstefnunni er ætlað að kanna frá sem flestum sjónarhornum hvaða úrbætur koma til greina í þessum málaflokki. Íslandsdeild hefur þegar hafið undirbúning að framlagi Íslands til ráðstefnunnar og hafið viðræður við aðila hérlendis sem lagt gætu málefninu lið.

Þá munu barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins verða veitt í fyrsta sinn á ársfundi ráðsins hér á landi í ágúst nk. Verðlaunin eru að upphæð 60.000 danskar krónur en verðlaunin skulu veitt annað hvert ár og ein bók er tilnefnd í hverju landi. Íslenska dómnefndin sem tilnefnir fulltrúa Íslands hefur nú þegar hafið störf og úrskurðar nefndarinnar að vænta þann 15. apríl nk.

Meginmarkmið verðlaunanna er að styðja við bókmenntahefð Vestur-Norðurlanda og hvetja barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu, og gert er ráð fyrir því að bækurnar komi að gagni í fræðslu- og skólastarfi landanna.

Það er því ljóst, herra forseti, að margvísleg málefni eru á döfinni innan Vestnorræna ráðsins sem snerta hagsmuni, velferð og menningu þjóðanna þriggja. Það er von Íslandsdeildar að þessum málum verði áfram gert hátt undir höfði hér á Alþingi.

Að þessu orðum sögðum, herra forseti, læt ég lokið tölu minni um skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2001 en vík að þeim þáltill. sem liggja fyrir Alþingi af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Fyrsta þáltill. sem ég mæli fyrir á þskj. 738, 458. mál, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að koma á fót níu manna samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda. Nefndina skipi þrír fulltrúar frá hverju vestnorrænu landanna."

Í grg. með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Vestur-Norðurlönd búa yfir stórum haf- og landsvæðum þar sem fjölbreytilegar náttúruauðlindir er að finna. Afkoma vestnorrænu þjóðanna byggist öðru fremur á skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu þessara auðlinda. Augu flestra beinast í þessu samhengi einkum að þeim auði sem býr í fiski og sjávarafurðum, en löndin eiga einnig margs konar aðrar nýtanlegar náttúru- og orkulindir sem gætu síðar meir orðið afar dýrmætar fyrir afkomu þeirra.

Aukið samstarf og upplýsingaflæði landanna á milli í þessum efnum gæti reynst þeim einkar notadrjúgt, ekki síst þar sem sérfræðingar þeirra búa að þekkingu á mismunandi sviðum auðlindanýtingar. Færeyingar hafa til dæmis mikla reynslu af olíuleit og ýmsum þáttum er lúta að uppbyggingu olíuiðnaðar, Íslendingar geta aftur á móti miðlað af reynslu sinni í orkumálum. Það gefur því augaleið að þjóðunum væri mikill akkur í skipulegri samræðu um auðlindanýtingu. Þannig mundu þær ekki einungis læra hver af annarri, heldur einnig koma í veg fyrir tvíverknað og mistök. Sérstök vestnorræn samráðsnefnd sérfræðinga, stjórnmálamanna og annarra sem reynslu hafa af auðlindanýtingu mundi gegna því hlutverki að tryggja upplýsingaflæði, þekkingarleit og samstarf landanna á milli. Þar eð mikilvægt er að sem flestir komi að þessari vinnu og úr sem flestum áttum yrði nefndin skipuð níu manns með þremur fulltrúum frá hverju landi. Nefndin kysi sér formann."

Önnur þáltill. sem ég mæli hér fyrir á þskj. 739, 459. mál, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að halda alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum. Tilgangur með ráðstefnuhaldinu væri að efna til opinnar og gagnrýnnar umræðu á milli sem flestra fylkinga um þessi málefni og ráðstefnugestir kæmu úr mismunandi áttum, þar yrðu fulltrúar stjórnmálamanna, vísindamanna, leikmanna og ólíkra hagsmunasamtaka, svo sem dýra- og náttúruverndarsamtaka."

Herra forseti. Á þskj. 739 er nokkuð ítarleg greinargerð og hygg ég að frekari orð þurfi ekki um tillöguna, hún skýrir sig í rauninni sjálf. Markmiðið er að leiða saman ólíka menningarhópa ef svo má segja, þá menningu sem einkennir Vestur-Norðurlönd og svo aftur það sem kalla mætti borgarmenninguna og reyna að finna sameiginlega lausn á árekstrum sem oft hafa komið upp á milli þessara tveggja ólíku menningarhópa.

Þriðja þáltill. sem ég mæli fyrir, herra forseti, er á þskj. 740, 460. mál. og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs um heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda svo að þekking á þessari sameiginlegu arfleifð gleymist ekki."

Herra forseti. Ég hygg að þessi þáltill. skýri sig einnig nokkuð sjálf. Svo sem kunnugt er hefur þróun orðið nokkuð hröð á Vestur-Norðurlöndum sem og annars staðar í heiminum. Við sjáum á Íslandi hvernig veiðimenning okkar hefur verið að víkja fyrir tæknivæðingu, ekki síður á það við um Færeyjar og Grænland. Markmið þessarar þáltill. er í rauninni ekki annað en það að skrá niður eða taka myndir af, nema hvort tveggja sé, og tryggja með því heimildaöflun um þá veiðimenningu sem einkennt hefur Vestur-Norðurlönd en kann að vera á undanhaldi vegna tæknivæðingar. Þess vegna teljum við afskaplega brýnt að ná þessari menningu, að afla heimilda til þess að varðveita fyrir óbornar kynslóðir.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég vil að síðustu þakka Íslandsdeildinni, félögum mínum í Íslandsdeild og ekki síður starfsfólki, riturum Íslandsdeildarinnar, gott samstarf á liðnu ári og lýsa ánægju minni með störf nefndarinnar. Ég læt með þessum orðum lokið máli mínu um starfsemi og þáltill. Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og vonast til að þeim þremur þáltill. sem ég hef mælt fyrir verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamtök Evrópu 2001, ein umr.

Skýrsla ÞEFTA, 544. mál. — Þskj. 849.

[19:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2001. Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, hefur starfað frá árinu 1977 og hefur það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefndinni. Umsvif og starfsemi nefndarinnar jukust til muna þegar viðræður hófust um Evrópska efnahagssvæðið, EES, árið 1989 og mikilvægi nefndarinnar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi hinn 1. janúar árið 1994. Með gildistöku samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því

annars vegar í þau fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þau þrjú aðildarríki EFTA sem heyra undir EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-hluta nefndarinnar eingöngu eru tekin fyrir.

Eins og þing annarra aðildarríkja á Alþingi fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA. Nefndin heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári auk þess sem hún fundar tvisvar á ári með ráðherraráði EFTA.

Árið 2001, en þessi skýrsla tekur til þess árs, skipuðu Íslandsdeildina Vilhjálmur Egilsson formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Kristinn H. Gunnarsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks og Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru hv. þingmenn Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson. Fulltrúi Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES var hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Jóhanna Helga Halldórsdóttir var ritari Íslandsdeildar til 31. mars, Belinda Theriault gegndi starfinu til 8. ágúst en þá tók Guðfríður Lilja Grétarsdóttir við. Fyrir hönd þingmanna nefndarinnar þakka ég starfsmönnum nefndarinnar fyrir afar vel unnin störf.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu. Þingmannanefnd EES hélt tvo fundi og þingmannanefnd EFTA þrjá auk tveggja funda með ráðherraráði EFTA. Þingmannanefnd EFTA hélt einnig fjölsótta ráðstefnu um stækkun ESB. Þá má geta þess að þingmannanefnd EFTA átti sérstakan fund með ráðgjafanefnd EFTA, en samstarf nefndanna hefur í seinni tíð verið að styrkjast. Vilhjálmur Egilsson gegndi formennsku bæði í þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES á árinu og í heild var Íslandsdeildin nokkuð virk, held ég að sé óhætt að segja, og létu fulltrúar Íslandsdeildarinnar að sér kveða á þessum vettvangi.

Meðal þeirra málefna sem nefndin beindi sjónum að var stækkun Evrópusambandsins, áhrif EFTA/EES á ákvarðanatöku og nefndavinnu. Verulega var fjallað um endurskoðun EES-samningsins enda hafa spunnist af því umræður, m.a. á Alþingi. Frammistöðumat Eftirlitsstofnunar EFTA, þ.e. ESA, kom einnig til umfjöllunar og rætt var um þróun fríverslunarsamninga.

Í þessari skýrslu sem hefur verið dreift á þinginu er að finna frásagnir af fundum þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu, ítarlegar frásagnir af þessum fundum og, herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlegar í þær nema fram komi sérstök beiðni af hálfu hæstv. forseta þingsins þar að lútandi. En þar sem hún kemur ekki fram læt ég máli mínu lokið.

Evrópuráðsþingið 2001, ein umr.

Skýrsla ÍÞER, 556. mál. — Þskj. 874.

[19:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég flyt hér skýrslu þeirra þingmanna sem sækja Evrópuráðsþingið þar sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður sendinefndarinnar, er erlendis og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður sendinefndarinnar, er einnig erlendis, bæði að störfum fyrir Evrópuráðið.

En skýrsla formanns hljóðar svo:

Sem kunnugt er er Evrópuráðsþingið þingræðislegur vettvangur 43 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess, enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja nú 602 fulltrúar sem skiptast til helminga, í aðalmenn og varamenn. Aðalmenn Íslandsdeildarinnar á árinu voru hv. þingmenn Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokksins, og sú sem þetta flytur frá þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru hv. þm. Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Hinn 3. október tók hv. þm. Kristján L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar, sæti hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem varamaður Margrétar Frímannsdóttur.

Ritari Íslandsdeildarinnar er Andri Lúthersson.

Um þessar mundir gegnir Evrópuráðið m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, meðal annars með laga- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört og eru þau nú 43 talsins, auk þess sem fjöldi ríkja hefur sótt um aðild. Pólitískt vægi Evrópuráðsþingsins hefur því aukist verulega undanfarin ár.

Átökin í Tsjetsjeníu bar hátt á dagskrá Evrópuráðsþingsins árið 2001, líkt og árið áður, og á fyrsta þingfundi Evrópuráðsins í janúar var efnt til sérstakrar umræðu um stöðu rússnesku sendinefndarinnar vegna stríðsins í Tsjetsjeníu. Var ákveðið að veita rússnesku sendinefndinni aftur atkvæðisrétt sinn á þinginu þrátt fyrir að ástand mála í Tsjetsjeníu væri langt frá því að vera ásættanlegt en Evrópuráðsþingið taldi að samvinna við rússnesku Dúmuna væri farsælust til að ná fram því markmiði þingsins að bæta stöðuna í héraðinu. Af lýðræðis- og réttarfarsmálum má nefna að staðan í Júgóslavíu, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi var ofarlega á baugi á þinginu og samkundan hvatti ráðherraráð Evrópuráðsins til að nýta allar færar leiðir til að leysa úr þeim vanda sem skapast hefði í þessum ríkjum á undanförnum árum. Auk umræðunnar um átökin og ástand mála í Tsjetsjeníu kom hinn pólitíski órói sem einkenndi suðurhluta Balkanskaga mjög til umræðu á þinginu á árinu. Vopnuð átök albanskra skæruliðaafla í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu og í suðurhluta Serbíu stefndu, framan af árinu, í voða þeim stöðugleika sem náðst hafði á svæðinu á undanförnum árum. Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hörðnuðu mjög verulega á seinni hluta ársins og var fjallað um þau sérstaklega á þinginu og ofbeldisverk öfgafullra afla meðal Ísraela og Palestínumanna harðlega fordæmd.

Evrópubúar fóru ekki varhluta af afleiðingum hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í septembermánuði. Efnt var til sérstakrar utandagskrárumræðu á Evrópuráðsþinginu um afleiðingar hryðjuverkanna á evrópskt samfélag og í ályktun þingsins og umræðum þingmanna var áhersla lögð á að hinni nýju ógn hryðjuverka þyrftu að fylgja breytt viðbrögð. Þingheimur sammæltist um að rík nauðsyn væri á því að þjóðir Evrópu tækju sig saman til að ráða niðurlögum alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi en jafnframt að ráðast yrði að rótum vandans með auknum skilningi á félagslegum, efnahagslegum og trúarlegum forsendum hans. Aðildarríki

Evrópuráðsins voru jafnframt hvött til þess að undirrita þá samninga sem taka til hryðjuverkastarfsemi og þegar væru til svo sem alþjóðlegan sáttmála um bann við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Hér á eftir fara svo ítarlegri upplýsingar um starfsemi Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins á árinu 2001.

Dagana 22.–26. apríl var fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Aðildarríkjum Evrópuráðsins fjölgaði um tvö 25. janúar þegar fáni Armeníu og Aserbaídjsan var dreginn að húni fyrir utan Evrópuráðshöllina í Strassborg. Ríkin urðu þar með 42. og 43. aðildarríki stofnunarinnar.

Málefni Júgóslavíu voru á meðal þess sem hæst bar á fundinum. Í ályktun stjórnmálanefndar var því fagnað að stjórnarandstöðuöflin í Serbíu hefðu unnið afgerandi sigur í þingkosningunum og stuðningi lýst yfir við lýðræðisöflin í landinu. Jafnframt var minnt á að uppbyggingarstarfið sem fram yrði að fara í landinu á næstunni væri gríðarlegt að umfangi og að alþjóðasamfélaginu bæri að sýna lýðræðisþróuninni í landinu stuðning sinn í verki.

Málefni Tsjetsjeníu voru tekin til umræðu og voru rússnesk stjórnvöld gagnrýnd fyrir að hafa ekki tekið nægjanlegt tillit til ályktana Evrópuráðsþingsins hvað varðar hernaðaraðgerðir rússneska hersins í héraðinu. Voru fyrri ályktanir ítrekaðar og rússnesk stjórnvöld eindregið hvött til að virða mannréttindi og alþjóðleg lög um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Kjörbréf rússnesku sendinefndarinnar við Evrópuráðsþingið var tekið fyrir í tengslum við umræðuna um stöðu mála í Tsjetsjeníu og ályktaði þingið í þá veru að þrátt fyrir að staðan í Tsjetsjeníu væri afar alvarleg og litlar umbætur hefðu orðið í héraðinu þrátt fyrir tilmæli Evrópuráðsins ætti sendinefndin skilið að fá annað tækifæri til að sýna og sanna vilja sinn til að hafa áhrif á stjórnvöld í þá veru að bæta úr ástandi mannréttindamála í héraðinu. Ályktunin var samþykkt og tók rússneska sendinefndin því sæti sitt á þinginu að nýju eftir nokkurra missira hlé.

Að venju var kosið að nýju til embætta þingsins og málefnanefnda þess á fundinum og lét þar með Lára Margrét Ragnarsdóttir af embætti varaforseta þingsins. Lára Margrét var kjörin formaður félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsþingsins.

Ólafur Örn Haraldsson tók til máls í sameiginlegri umræðu um kosningaeftirlit á vegum Evrópuráðsins og í máli sínu vék hann að nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum í Kosovo-héraði og hrósaði íbúum héraðsins fyrir þátttöku þeirra. Lagði hann áherslu á að kosningarnar hefðu verið stórt skref í þekkingar- og þróunarferli því sem færi fram meðal íbúa héraðsins sem áratugum saman hefðu sætt kúgun stjórnvalda í Belgrad.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók til máls í umræðu þingsins um átökin í Tsjetsjeníu og sagðist harma hversu lítið hefði áunnist í því að koma mannréttindamálum til betri vegar. Í ræðu sinni hvatti hún rússnesk stjórnvöld til að leita tafarlaust allra leiða til að finna varanlega lausn mála í héraðinu.

Dagana 23.–27. apríl var annar hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Meðal þess sem tekið var fyrir á þingfundinum var ástand mála í Kosovo-héraði og lýsti Evrópuráðsþingið yfir fullum stuðningi við varanlega pólitíska lausn á málefnum héraðsins og fordæmdi jafnframt þau ofbeldisverk sem höfðu verið unnin af fulltrúum öfgasinna í röðum þeirra þjóðernishópa sem héraðið byggja. Í málflutningi þingmanna var lýst yfir miklum áhyggjum af því að viðvarandi skærur og átök í Kosovo-héraði kynnu að breiðast út til grannríkisins Makedóníu.

Af öðrum málefnum sem tekin voru til umræðu á þinginu má nefna umræður um nauðsyn alþjóðlegrar samstöðu um Kyoto-bókunina. Í umræðum var afstaða Bandaríkjastjórnar til bókunarinnar harðlega gagnrýnd og í ályktun þingsins, sem var samþykkt samhljóða af þingheimi, var sagt að Bandaríkin vægju að Kyoto-áætluninni og bæru ábyrgð á því að fæla önnur ríki frá því að takast á hendur þær pólitísku skuldbindingar sem í bókuninni fælust. Var Bandaríkjastjórn hvött til að endurskoða afstöðu sína hið allra fyrsta og voru stjórnvöld aðildarríkja Evrópuráðsins enn fremur hvött til að þrýsta á Bandaríkjastjórn um að gangast við skuldbindingum sínum hvað Kyoto-bókunina varðar.

Þá má geta þess að ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs var tekið til umræðu á þingfundinum og hvatt til þess að stríðandi fylkingar settust að samningaborði og að forustumenn Ísraelsstjórnar og Palestínumanna sýndu fulla ábyrgð í friðarumleitunum sínum. Var Ísraelsstjórn sérstaklega hvött til að losa um takmarkanir á ferðafrelsi Palestínumanna og að sama skapi var heimastjórn Palestínu hvött til að stemma stigu við hryðjuverkum harðlínuafla og fordæma slíkar aðgerðir.

Ólafur Örn Haraldsson tók til máls í umræðum um stöðu mála í Kosovo-héraði og grannríkjum þess og lýsti yfir miklum áhyggjum af ófriðvænlegu ástandi í héraðinu. Sagði hann að alþjóðasamfélagið hefði vaknað upp við vondan draum er hópar skæruliða ollu því að átök tóku að magnast í norðvesturhluta Makedóníu fyrr á árinu. Í því tilliti yrði að árétta að einn lykillinn að farsælli lausn mála væri að fulltrúar stjórnvalda í Júgóslavíu, Makedóníu og ábyrgir stjórnmálamenn í Kosovo-héraði hæfu viðræður þar eð stöðugleiki í Kosovo-héraði væri afar mikilvæg forsenda friðar í grannríkjunum.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók einnig til máls í umræðunni um þróun mála við Tsjernóbíl-kjarnorkuverið og sagði í ræðu sinni að greinilegt væri að lítið hefði þokast í framfaraátt á þeim átta árum sem liðin væru frá því að hún lagði fram skýrslu félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar þingsins um heilsufarsvandann sem fylgdi Tsjernóbíl-slysinu.

Á þinginu tók Lára Margrét Ragnarsdóttir sæti flokkahóps hægri manna í vinnuhópi Evrópuráðsþingsins um málefni Tsjetsjeníu. Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum allra flokkahópa innan Evrópuráðsþingsins og þingmönnum úr Dúmunni, neðri deild rússneska þingsins.

Dagana 25.–29. júní var þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Á fundinum var m.a. mikil umræða um ástand mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu þar sem stjórnarher og skæruliðasveitir skipaðar mönnum úr albanska minni hlutanum höfðu eldað saman grátt silfur á undangengnum vikum með þeim afleiðingum að tugir manna, þar á meðal saklausir borgarar, höfðu fallið í valinn.

Þá var tekin fyrir skýrsla jafnréttisnefndar þingsins, sem sú sem hér talar á sæti í, um heimilisþrældóm eða það sem nefndin nefnir nútímaþrældóm og birst hafi með ýmsum hætti í álfunni undanfarin ár og áratugi. Er þar átt við einstaklinga, oftlega flóttafólk frá ríkjum Afríku, Suðaustur-Evrópu eða Austurlöndum nær og fjær, sem gert er að starfa á heimilum efnaðs fólks án greiðslu. Samkvæmt rannsóknum viðgangist slík starfsemi í auknum mæli í stærri borgum álfunnar og

ekki síst á heimilum stjórnarerindreka og embættismanna fjölþjóðastofnana. Ályktað var í þá veru að aðildarríki Evrópuráðsins ættu að skilgreina heimilisþrældóm sem glæp og að í slíkum tilfellum, sem skilgreindust sem einkamál tjónvalda, yrðu stjórnarerindrekar á erlendri grund sviptir friðhelgi.

Sú sem hér stendur á einnig sæti í laga- og mannréttindanefnd, en tekin var til umræðu skýrsla laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins um afnám dauðadóms í áheyrnaraðildarríkjum Evrópuráðsins. Mæltist þingið til þess að ráðherraráðið hæfi þegar í stað viðræður við stjórnvöld í Bandaríkjunum og Japan um úrbætur með það fyrir augum að í náinni framtíð verði dauðadómar afnumdir í báðum ríkjum. Þá mæltist þingið til þess að ráðherraráðið veitti aðeins þeim ríkjum áheyrnaraðild sem tækju í gildi tímabundið bann við fullnustu dauðadóma eða hefðu þegar afnumið dauðarefsingar. Skuldbindingar Tyrklands á vettvangi Evrópuráðsins voru teknar til umræðu á þingfundinum og fagnaði þingið þeim framförum sem orðið hefðu á undanförnum missirum hvað varðar m.a. stjórnarskrárbreytingar, bættar starfsaðferðir lögregluyfirvalda og aukin mannréttindi. Hins vegar var ályktað í þá veru að enn væri fjölmörgum endurbótum á stjórnkerfi landsins ólokið, þar með talið stjórnarskrárbreytingum sem gerðu ráð fyrir þingræðislegri stjórn á öryggisráði landsins, vernd lýðréttinda, svo sem tjáningarfrelsis, afnámi dauðarefsingar og að fullt félagafrelsi yrði tryggt, svo nokkuð sé nefnt. Mæltist Evrópuráðsþingið til þess við ráðherraráðið að það legði meiri áherslu á að aðstoða Tyrklandsstjórn við úrbætur sem enn hafa ekki komið til framkvæmda í landinu.

Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir tók þátt í umræðum um stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu og sagði í ræðu sinni að það væri hryggilegt að átök hefðu brotist út þar eð miklar vonir hefðu verið bundnar við að átök undangenginna ára á Balkanskaga næðu ekki að hrófla við friðnum í landinu. Sagði hún að stjórnvöld í landinu yrðu að gera sér grein fyrir nauðsyn þess að bæta úr stöðu albanska minni hlutans og fagnaði þess vegna myndun þjóðstjórnar með fulltrúum allra þjóðarbrotanna í landinu.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sagði í innleggi sínu í sömu umræðu að alþjóðasamfélagið yrði að gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir að það hefði látið mikið fé af hendi rakna til að treysta frið í landinu virtist margt benda til þess að sá friður kynni að vera úti. Sagði hann að þetta væri hryggileg þróun og jafnframt hættuleg þar eð mikil hætta væri á því að ófriður í Makedóníu breiddist út til grannsvæða. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sagði að félagslegur kostnaður slíkra átaka yrði mikill, ekki síst í ljósi þess að samfélagsgerðin öll mundi riðlast á skömmum tíma.

Þess má geta að fyrir fund fastanefndar var lögð tillaga að ályktun, að frumkvæði Láru Margrétar Ragnarsdóttur, um hjúkrunarmeðferð þeirra sem orðið hafa fyrir mænuskaða. Tillagan, sem var undirrituð af á sjötta tug þingmanna, þar á meðal annarra fulltrúa íslenska þingsins hjá Evrópuráðinu, var samþykkt á fundi fastanefndarinnar og verður tekin fyrir á vettvangi félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsþingsins á næsta ári, en þar er hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, eins og áður sagði, formaður.

Dagana 24.–28. september var fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Þingfundurinn í Strassborg var að þessu sinni haldinn í skugga hryðjuverkanna í New York og Washington D.C. í Bandaríkjunum og settu þessir atburðir sitt mark á fundinn. Ákveðið hafði verið, nokkrum dögum fyrir þingfundinn, að taka umræðu um hryðjuverk á málefnadagskrá fundarins. Í ályktunardrögunum var megináherslan lögð á það að hinni nýju ógn hryðjuverka þyrftu að fylgja ný viðbrögð þar eð hætturnar sem stafa af einbeittum hryðjuverkahópum þekki engin landamæri. Nauðsyn væri því á alþjóðlegum viðbrögðum og ætti eitt markmiða alþjóðasamfélagsins að vera að ráðast að rótum vandans með auknum skilningi á félagslegum, efnahagslegum og trúarlegum forsendum hans. Í ályktunardrögunum var hvatt til þess að komið yrði á alþjóðlegum sáttmála um leiðir til að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi þar sem alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi yrði jafnframt skýrt skilgreind og kveðið yrði á um tilteknar skuldbindingar ríkja til að koma í veg fyrir hryðjuverk. Aðildarríki Evrópuráðsins voru jafnframt hvött til þess að undirrita þá samninga sem taka til hryðjuverkastarfsemi og þegar væru til svo sem alþjóðlegan sáttmála um bann við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Ályktunin og tilmæliin voru samþykkt samhljóða.

Í innleggi hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur um ógnina sem lýðræðisríkjum stafar af hryðjuverkastarfsemi kom fram að þrátt fyrir þá reiði og angist sem ríki eftir árásirnar og framdar hefðu verið af huglausum mönnum mætti ekki ráðast í skjótar aðgerðir nema að vel yfirlögðu ráði. Ræddi hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttur um þróun öryggishugtaksins á undangengnum árum og áratugum og nauðsyn þess að endurskilgreina það með tilliti til hryðjuverkanna. Taldi hún að aðeins með samstilltu átaki á alþjóðavettvangi tækist að koma í veg fyrir þá ógn sem stafar af hryðjuverkastarfsemi. Í máli hennar kom fram að í allt of mörgum tilfellum sprytti hryðjuverkastarfsemi upp í jarðvegi fátæktar, eymdar og óréttlætis og bæri alþjóðasamfélaginu að takast á við slíkan vanda. Þá lagði Lára Margrét áherslu á að ekki bæri að líta á baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem árekstur tveggja menningarheima og jafnframt hvatti hún ríki heims til þess að leggjast á eitt og sameinast um að sporna við þessari nútímaógn.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg eða París eða einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í hátt á annan tug slíkra funda á árinu 2001 og var það einungis lítið brot af þeim fundum sem haldnir voru. Alls stjórnaði hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sex fundum félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndarinnar á árinu. Þá sótti hún þrjá fundi í stjórnmálanefnd þingsins og tvo fundi stjórnarnefndar. Þá stýrði hún, sem formaður félagsmálanefndarinnar, fundum á ráðstefnu umhverfis- og landbúnaðarnefndarinnar um lífshætti á nýju árþúsundi, sem haldin var á grísku eyjunni Santorini. Auk þessa var hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttir boðið í heimsókn til Króatíu í júní sem formaður félagsmálanefndarinnar. Sérlegur starfshópur Evrópuráðsþingsins í málefnum Tsjetsjeníu hélt í tvígang til Rússlands eftir að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir tók sæti í honum, í september og í desember. Auk ferðanna tveggja var efnt til þriggja samráðsfunda með fulltrúum Tsjetsjena í Strassborg og Prag.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sótti einn fund í eftirlitsnefnd Evrópuráðsþingsins sem haldinn var í Strassborg í nóvember. Þá sótti hann einnig ráðstefnu umhverfis- og landbúnaðarnefndarinnar um lífshætti á nýju árþúsundi sem haldin var á Santorini.

Sú sem hér stendur sótti einn fund í laga- og mannréttindanefnd Evrópuráðsþingsins sem fram fór í París í

marsmánuði. Þá tók ég þátt í tveimur fundum jafnréttisnefndarinnar sem báðir voru haldnir í París. Einnig sat ég fundi flóttamannanefndar þingsins í Genf í septembermánuði. Samhliða nefndarfundinum heimsóttu fulltrúar nefndarinnar skrifstofur alþjóðaráðs Rauða krossins og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Að lokum vil ég minnast á að á undanförnum árum hefur tekist afar farsælt samstarf með fulltrúum Íslandsdeildarinnar og fastanefndar Íslands við Evrópuráðið og vill Íslandsdeildin koma á framfæri þökkum sínum fyrir samstarfið, aukinheldur hið mikilvæga starf sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar inna daglega af hendi í Strassborg. Fastanefndinni undir dyggri stjórn Sveins Björnssonar og reyndar í samstarfi við hans ágætu konu, Sigríði Hrafnhildi Jónsdóttur, fórst verk sitt afar vel úr hendi í formennskutíð Íslands í Evrópuráðinu og jók það mjög veg landsins og virðingu á alþjóðavettvangi. Farsælt framhald hefur orðið á þeirri þróun undir forustu nýs sendiherra, Harðar Bjarnasonar. Það er lítilli þjóð eins og Íslandi algjörlega ómetanlegt að eiga jafnhæft starfsfólk á alþjóðavettvangi og það sem valist hefur til starfa í Strassborg.

Ég vil einnig fyrir hönd fastanefndarinnar þakka frábært starf starfsmanns nefndarinnar, Andra Lútherssonar, og samskiptin við alþjóðadeildina. Ég vil einnig ljúka þessu með því að skila þakklæti frá formanni fastanefndarinnar til annarra nefndarmanna og starfsmanna alþjóðaskrifstofunnar fyrir samstarfið.

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég hafði ekki búið mig undir að flytja hér skýrslu formanns eða varaformanns fastanefndarinnar í Strassborg eða nefndar þingsins í Strassborg þá langar mig aðeins til þess í framhaldi af þessu að ítreka það sem ég hef áður sagt við umræðu um skýrslur að það er alveg forkastanlegt að þær skuli ekki hafa meiri sess í störfum þingmanna en raun ber vitni. Er þar ekki við stjórnendur þingsins að sakast, sem setja skýrslurnar hér á dagskrá, heldur fyrst og fremst okkur sjálf sem sinnum þessari umræðu ekki meira en raun ber vitni.

Ég hefði gjarnan viljað taka hér til umræðu hvað gert er við þau tilmæli og þær ályktanir sem eru samþykktar í Evrópuráðinu, hver sé meðferðin og hver sé skylda okkar við að koma þeim á framfæri á Alþingi Íslendinga en jafnframt hvernig utanrrn. fari með þau tilmæli sem koma frá Evrópuráðinu. Því miður er sú umræða í sjálfu sér dauð þar sem sá ræðumaður sem hér stendur talar að mestu leyti við sjálfa sig. Ég get auðvitað rætt þetta við hv. þm. Ögmund Jónasson og forseta þingsins og yfir þeim ágæta starfsmanni utanrrn. sem hér situr í hliðarherbergi og öðrum starfsmönnum þingsins. En það hefur kannski ekki mikinn tilgang.

Það skiptir miklu máli hvernig við stöndum að verki í alþjóðlegu samstarfi. Það skiptir mjög miklu máli vegna þess að samfélag þjóðanna hefur breyst mjög mikið á undanförnum árum. Þess vegna verðum við að leggja ríkari áherslu en við höfum gert hingað til á þetta alþjóðlega samstarf. Þingið mun á næstu árum þurfa að setja í það meira fjármagn til þess að við getum sinnt því betur. Ég er til að mynda í þremur nefndum Evrópuráðsins. Það er algjörlega útilokað fyrir mig að sækja nema fjóra til sex nefndarfundi á hverju ári vegna þeirrar fjárveitingar sem Evrópuráðssamstarfið hefur og það þýðir að engin samfella verður í starfi einstakra þingmanna. Aðeins formaður okkar hefur sótt fleiri fundi en aðrir hv. þm., þ.e. hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og ég.

En það skiptir líka máli hvað verður um þær samþykktir og ályktanir sem frá Evrópuráðinu koma. Ekki síður en aðrir sem hér hafa talað fyrir hönd þeirra hópa sem starfa á alþjóðavettvangi á vegum þingsins þá höfum við verið með í nefndarstarfi með mjög mikilvæg málefni, ekki bara í umræðu á þinginu þar sem haldnar eru venjubundnar fimm mínútna ræður. Það hafa verið unnar mjög merkilegar skýrslur þar sem beint er tilmælum til aðildarþjóða sem við þyrftum svo sannarlega að taka meira til umræðu hér en við höfum gert.

En ég hefði líka gjarnan viljað lýsa skoðun minni á því að Rússarnir fengu að sitja áfram í Evrópuráðinu þrátt fyrir þau mannréttindabrot sem þar eru framin. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli Evrópuráðsins hafa þeir sýnt mjög litlar framfarir. Ég hefði líka gjarnan viljað ræða hér viðhorf íslenskra þingmanna til þess að þetta þing mannréttindanna, Evrópuráðið sjálft sem á að vera merkisberi mannréttinda, tekur inn 42. og 43. aðildarríkið, Armeníu og Aserbaídjsan. Ég hefði gjarnan viljað heyra viðhorf þingmanna almennt til þess og hvernig við gætum lagt okkar af mörkum til þess að styrkja Evrópuráðið í því sem hlýtur að vera meginmarkmiðið, þ.e. að standa vörð um mannréttindi. Það er mín skoðun að það verði ekki gert nema að það fari að beita aukinni hörku gagnvart aðildarríkjum sínum og þá strangari skilyrðum gagnvart þeim ríkjum sem eru tekin inn.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum íterka þakkir okkar fyrir það samstarf sem við höfum átt við starfsmenn utanrrn. sem hefur verið hreint alveg frábært. Við sáum það svo vel hvað það skiptir miklu máli að búa vel að hinu mikilvæga starfi utanríkisþjónustunnar. Áður en við tókum við formennsku í Evrópuráðinu, áður en hæstv. utanrrh. gegndi formennskuhlutverki hjá Evrópuráðinu, bjó fastanefnd okkar eða þeir starfsmenn utanríkisþjónustunnar við afar léleg kjör þarna úti og höfðu mjög takmarkaða möguleika til þess að efla veg Íslands á þessum vettvangi. Það breyttist þegar við fórum með formennskuna og meiri áhersla var af hálfu utanríkisþjónustunnar lögð á starfið sem fram fer í Strassborg. Þá kom til starfa Sveinn Björnsson sendiherra og kona hans, Sigríður Hrafnhildur Jónsdóttir. Við sem vorum þarna þau fjögur ár sem þau störfuðu horfðum á þá jákvæðu breytingu sem varð gagnvart Íslandi og þeim viðhorfum sem við stöndum fyrir í Evrópuráðinu. Ekki bara stóð hæstv. utanrrh. sig mjög vel í formennsku sinni heldur og ekki síður stóðu sendiherrann, starfsmenn utanríkisþjónustunnar og aðrir sem tóku þátt í þessari vinnu sig frábærlega vel og öfluðu landi og þjóð virðingar sem við munum búa að áfram í starfi þarna. Ég vil bara ítreka þakkir okkar til þessa starfsfólks alls þar sem þannig fór að síðasta skýrsla var aldrei flutt, aðeins lögð fram. Umræða fór ekki fram á þinginu. Það hefði kannski, virðulegi forseti, mátt gera það eins núna. En þetta er þó alla vega tilraun okkar til þess að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem þarna er unnið.

Út af dagskrá var tekið 17. mál.

Fundi slitið kl. 19:35.

86. FUNDUR

mánudaginn 4. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 539. mál, þskj. 844. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, stjfrv., 549. mál, þskj. 857. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun, stjfrv., 553. mál, þskj. 868. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, þáltill., 458. mál, þskj. 738. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 459. mál, þskj. 739. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, þáltill., 460. mál, þskj. 740. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 882. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögfræðingi.

Breyting í ríkisstjórn.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Svo sem sjá má hefur orðið breyting á skipan ríkisstjórnar. Í stól menntmrh. er sestur hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, og vil ég af þessu tilefni árna honum heilla í nýju og ábyrgðarmiklu starfi.

Jafnframt vil ég við þetta tækifæri þakka fráfarandi ráðherra, Birni Bjarnasyni, 2. þm. Reykv., samstarfið við hann sem ráðherra en hann sest nú á þingmannsbekk að nýju.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[15:03]

Útbýting þingskjals:

Einhverf börn, 421. mál, svar félmrh., þskj. 893.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fangelsismálastofnun.

[15:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna upplýsinga sem fram hafa komið þess efnis að Fangelsismálastofnun sé í verulegum vandræðum og fyrir liggi að fangelsin verði hugsanlega lokuð um tíma, deild á Litla-Hrauni verði hugsanlega lokað og jafnvel að Skólavörðustígnum verði lokað í sumar.

Það sem vekur sérstaka athygli mína, virðulegi forseti, er að í fréttum af þessum lokunum hefur komið fram að hæstv. dómsmrh. hefur heimilað 50% hækkun á almennum númeraplötum og það hlýtur að teljast dálítið sérstætt í ljósi þess að hæstv. forsrh. hefur gengið milli manna, kaupmannsins á horninu, verkalýðshreyfingarinnar og fleiri, þeirra erinda að tryggja það að verðhækkunum verði haldið í lágmarki.

Einnig hefur komið fram að ástæða þessarar hækkunar er m.a. sú að bílainnflutningur hefur dregist saman. Enn fremur hefur þetta haft áhrif vegna þess að smábátar hafa verið kvótasettir því að Fangelsismálastofnun hefur tekjur annars vegar af bílainnflutningi sökum þess að þeir eru með númeraplöturnar og hins vegar að fangar hafa verið að beita fyrir smábáta. Því beini ég því til hæstv. dómsmrh. hvaða innlegg það sé í baráttu verkalýðshreyfingarinnar og annað til þess að tryggja að verðlagsþróun hér verði í samræmi við þau markmið sem náðst hafa, og enn fremur, virðulegi forseti, hvaða verðlagshækkanir búa að baki því að nauðsynlegt hefur verið að hækka verð á númeraplötum um 50% því að það hefur ekki komið fram í umræðunni að laun fanga sem að þessu standa hafi hækkað eða nokkur annar kostnaður.

Virðulegi forseti. Ég beini þessu til hæstv. dómsmrh.

[15:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil segja að ég hef einmitt beðið um sérstakar upplýsingar út af þessu máli og þeim fréttaflutningi sem hv. þm. spyr um. Það er alveg ljóst að fjárhagsstaða fangelsanna er afar slæm og ástæður eru ýmsar eins og forstjóri Fangelsismálastofnunar hefur útskýrt. Við höfum m.a. brugðist við með því að auka tekjur fangelsanna af númeraplötum í samræmi við kröfur fjárlaga um sértekjur fangelsanna en það eitt og sér er því miður ekki nægilegt til þess að tryggja að ekki þurfi að grípa til lokana eins og forstjórinn gerði tillögur um til að mæta rekstrarvandanum.

Þessar upplýsingar um stöðu fangelsanna eru tiltölulega nýjar og eiga auðvitað eftir að fá meiri umfjöllun innan stjórnkerfisins. Ég hef fundað með fjmrh. sérstaklega út af stöðu fangelsanna og verið er að vinna í þessu máli.

Númeraplötur hafa verið framleiddar á Litla-Hrauni um 12 ára skeið og þær hafa reynst ákjósanlegt verkefni fyrir fanga. Meginreglan er sú að selja plöturnar á kostnaðarverði en verðákvörðun hefur verið gerð á nokkurra ára fresti. Þegar síðasta breyting var gerð hafði kostnaðarverð hækkað óvenjumikið frá síðustu verðákvörðun sökum verðhækkana á efni sem kemur erlendis frá.

Í tilefni af ummælum framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda hef ég beðið um verðútreikninga og ég get látið þá hér í té. Þess skal getið að framleiðsla bílnúmera er algengt verkefni í fangelsum erlendis og byggir það m.a. á því að það þarf að hafa strangt eftirlit með slíkri framleiðslu.

Út af öðrum ummælum hv. þm. get ég líka upplýst að haft var samband við Hagstofuna í sambandi við áhrif á vísitöluútreikninga og þau reyndust hverfandi en þá útreikninga og upplýsingar hef ég undir höndum ef hv. þm. hefur áhuga á að fá það afhent.

[15:07]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Vissulega er alvarleg staða uppi varðandi Fangelsismálastofnun eins og við heyrðum í hádegisfréttum í dag. Fjármagn skortir til að halda úti eðlilegri starfsemi þar og ef endar eiga að ná saman fjárhagslega hjá stofnuninni á þessu ári verður hún að loka í 3–4 mánuði yfir sumartímann.

Fjárhagsvandi Fangelsismálastofnunar var ljós í haust og var einmitt ræddur þá. Það kom fram á fundi fjárln. þannig að það þarf í sjálfu sér ekki að koma neitt á óvart. Bæði ber stofnunin skuldir frá fyrri árum og auk þess er rekstur hennar m.a. háður rekstrartekjum eins og hér hefur komið fram.

Það hlýtur, herra forseti, að vera óeðlilegt að stofnun sem gegnir svo veigamiklu hlutverki og á að vinna á samfelldan hátt sé í sjálfu sér háð rekstrartekjum. Það er afar eðlilegt að reynt sé að skapa sem fjölbreyttust störf á þessum stofnunum fyrir þá sem þar þurfa að dvelja, afar eðlilegt, brýnt og nauðsynlegt, en jafnfáránlegt er það að starfsemi hennar sem slík skuli vera háð þessum rekstrartekjum og sveiflast þar, eins og gerð hefur verið grein fyrir, eftir bílainnflutningi eða hversu oft bátar fara á sjó.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hún hafi ekki í hyggju í fyrsta lagi að slíta í sundur þau tengsl sem þarna eru og tryggja þar með samfelldan rekstur Fangelsismálastofnunar, og hvernig er ætlunin að taka á þeim skuldabagga sem stofnunin ber og hefði átt að leysa úr á sl. ári.

[15:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það var eins með mig og marga aðra hv. þm. að mér brá eilítið í brún að heyra fréttir helgarinnar sem sneru að stöðu fangelsismála og fjárhagserfiðleikum við rekstur fangelsa. Hæstv. ráðherra hefur reynt að skýra stöðu þeirra mála en eftir standa engu að síður, að minni hyggju, tvær veigamiklar spurningar sem ég óska eftir að fá skýrari svör við.

Í fyrsta lagi. Þykir hæstv. ráðherra það eðlilegt að framleiðsla númeraplatna sem fangar inna af hendi og er hið besta mál í sjálfu sér, vegi svo þungt í fjárhagslegu tilliti í rekstri fangelsanna sjálfra að þar þurfi menn að hækka og lækka verð þeirra eftir hendinni og það sé í beinu samhengi við umfang í starfsemi fangelsanna? Það þykir mér alls ekki og geri ég þó að engu leyti lítið úr þessari mikilvægu framleiðslu og það að fangarnr hafi eitthvað nýtilegt fyrir stafni og fái jafnframt einhverja aura fyrir.

Í annan stað vakti hæstv. ráðherra athygli á því að hann hefur nú þegar óskað eftir viðræðum við fjmrh. vegna þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um að loka verði deildum sökum þess að ekki eru fjármunir til staðar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra þar sem tveir mánuðir eru liðnir af yfirstandandi fjárhagsári og ástandið blasir nú þegar við: Hefur eitthvað gerst á þessum tveimur mánuðum frá því að fjárlög voru samþykkt og frágengin sem gerir það að verkum að þetta eru alveg nýjar fréttir í herbúðum ríkisstjórnarinnar?

[15:11]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn hafa komið hér og lýst áhyggjum yfir því að fara eigi að loka deildum í fangelsunum. Ég velti því fyrir mér að ekki hefur komið fram hvort hv. þm. hafi áhyggjur af því hvort fangarnir væru lokaðir úti eða inni. En það sem mér finnst kannski vanta í umræðuna er hvað verið er að dæma marga í fangelsi og hversu lengi og hver þörfin er fyrir öll þessi fangelsi. Getur ekki verið að allar þessar herðingar sem menn eru að tala um á refsingum og þörf fyrir sífellt harðari refsingar fyrir hin og þessi brot leiði til þess að farið sé að dæma allt of marga í allt of langa fangelsisdvöl og að skoða þurfi þessi mál í heildarsamhengi og velta því fyrir sér hvort þetta sé raunveruleg ástæða fyrir þessu öllu saman?

[15:13]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil taka skýrt fram að ég er alveg sammála hv. þingmönnum um að þetta er ekki nógu gott ástand og ég vil svo sannarlega að við fáum úrbætur í þessu máli. Það eru auðvitað ýmsar ástæður fyrir því að upp kemur slæm fjárhagsstaða hjá Fangelsismálastofnun akkúrat á þessum tíma. Því miður komu þær upplýsingar heldur seint fram. Vera má að skýringa sé að leita í því að ákveðin mannaskipti hafa orðið hjá stofnuninni og ýmsir reikningar komu seint fram. En það hefur átt sér stað m.a. fjölgun fanga, það er rétt, en það er ekki vegna þess að verið sé að herða refsingar heldur m.a. vegna þess að við höfum verið í vandræðum t.d. með gæsluvarðhaldsfanga. Ekki er enn þá búið að reisa nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu fyrir gæsluvarðhaldsfanga, því miður, þannig að þá verður að vista líka á Litla-Hrauni. Vart hefur orðið við aukinn fjölda útlendinga sem hingað koma í vafasömum tilgangi og því miður hafa þeir lagst í afbrot hér á landi þannig að ýmsar ástæður eru fyrir því að þessi kostnaður eykst svo verulega og fer fram úr fjárlögum.

Ég hef ekki bara óskað eftir viðræðum við hæstv. fjmrh. Ég hef þegar átt ítarlegan fund með honum og embættismönnum hans og embættismönnum úr dómsmrn. þannig að verið er að skoða þetta mál og fara yfir þessa hluti nákvæmlega.

Varðandi það sem hv. þm. Jón Bjarnason spurði um í sambandi við númeraplöturnar, þá held ég að allir séu sammála um að mjög mikilvægt sé að fangar hafi ákveðin verkefni og það hefur verið nokkuð erfitt að finna verkefni við hæfi. Þessi fyrirmynd var sótt erlendis frá. Mjög víða í fangelsum í Evrópu eru slík verkefni eins og að búa til númeraplötur og þess vegna var sú leið farin. Það eru bein fyrirmæli í fjárlögum um að afla skuli sértekna með þessu móti og auðvitað verður að bregðast við því.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um stjórn fiskveiða.

[15:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í dag mun fara fram umræða um stjórnkerfi fiskveiða, eitt mesta hita- og átakamál í íslenskri efnahags- og stjórnmálaumræðu um langt árabil. Það er ekki að undra

því að gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir einstaklinga, fyrirtæki og byggðarlög. Í athugasemdum með frv. ríkisstjórnarinnar, sem nú verður tekið á dagskrá, er vísað í störf nefndar sem ríkisstjórn fól að undirbúa þetta frv. Hún átti að ná sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið eins og segir í erindisbréfi til nefndarinnar.

Þetta tókst nefndinni því miður ekki. Hún margklofnaði og komu fram nefndarálit, tvö frá ríkisstjórnarmeirihlutanum og tvö frá stjórnarandstöðu. Einum flokki, Frjálslynda flokknum, hafði verið haldið utan við nefndina.

Nú gerist það, herra forseti, að stjórnarandstaðan sameinast í þáltill. um að enn verði leitað sátta sem byggist á uppstokkun kerfisins í þeim anda sem margir stjórnarsinnar á Alþingi og yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar virðist vilja.

Herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt að þótt þingsköp bjóði ekki upp á að þessi mál, frv. og þáltill., verði rædd í einu hefðu þau bæði átt að vera á dagskrá í dag. Hér er um að ræða mismunandi nálgun til að leysa þennan sama vanda.

[15:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki við öðru að búast en þeim vinnubrögðum sem hér hefur verið lýst. Við höfum séð hvernig stjórnarliðar hafa tekið á þessu máli frá upphafi og fylgst með ferlinu frá því fyrir kosningar, þegar þjóðinni var lofað sátt í þessu máli. Síðan höfum við fylgst með þeim nefndum sem fjölluðu um málið og hvernig stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um þennan feril allan. Þegar svokölluð sáttanefnd skilaði af sér í pörtum sem lýst var áðan lá ljóst fyrir að meiningin var aldrei að ná neinni sátt nema milli stjórnarflokkanna við LÍÚ um þetta mál. Það er þess vegna keyrt áfram.

Þegar sambærilegt mál stjórnarandstöðunnar er lagt fram í þinginu hefði maður náttúrlega talið eðlilegt að það væri tekið til umræðu og menn fengju að ræða hvort einhver flötur væri á samstarfi um að leysa málið á grundvelli þeirrar tillögu. En ekki aldeilis. Það er ekki meiningin að taka það á dagskrá áður en niðurstaða stjórnarflokkanna, sem er ekki einu sinni orðin niðurstaða, verður tekin til umræðu.

Hæstv. forsrh. hefur þegar lýst því yfir að sjútvrh. eigi mikið verk fyrir höndum til að ná samkomulagi við menn í stjórnarliðinu um þetta mál og vilji hann ná einhverju samkomulagi við stjórnarandstöðuna sé það verkefni líka eftir.

Svona hafa þessi vinnubrögð verið alla tíð og með þeim er engin von til að nokkurn tíma náist sátt í þessu mikla deilumáli sem hér hefur verið bryddað á umræðum um.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræðuefni undir þessum lið.

[15:19]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Í 50. gr. þingskapa segir m.a., með leyfi forseta:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins."

Mér finnst það mikið umhugsunarefni hvernig þessi ákvæði þingskapanna eru nýtt hér í þinginu af stjórnarandstöðunni. Mér fannst alveg einstaklega glöggt dæmi um það í upphafi þessa fundar þegar fyrirspurnum var beint til dómsmrh. Þær áttu ekki heima undir þessum lið þingskapa. Þarna var um fyrirspurnir að ræða til ráðherra sem annaðhvort hefði átt að svara í óundirbúnum fyrirspurnum eða í fyrirspurnatíma, þ.e. skriflegri fyrirspurn.

Af þessu tilefni verð ég að segja að það er engu líkara en að sumir hv. þm. lesi blöðin á morgnana og nefni síðan það sem þar er í fréttum hér undir liðnum athugasemdir um störf þingsins. Það er afskaplega mikið umhugsunarefni. Ég verð að viðurkenna að mér finnst menn vera komnir út fyrir öll mörk varðandi hvað hægt er að ræða undir liðnum athugasemdir um störf þingsins.

[15:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta var dálítið sérstæð ræða hjá hv. formanni þingflokks sjálfstæðismanna, Sigríði Önnu Þórðardóttur.

Þrátt fyrir skýr ákvæði þingskapa hefur ákvæðið fengið á sig hefð og menn hafa unnið samkvæmt því um nokkuð langt skeið. Undir þessum lið hafa menn tekið upp þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni til að ná til hæstv. ráðherra. Það næst ekki til þeirra á hverjum degi.

Hins vegar vill svo til í þessu tilviki að ráðherra er m.a. borin þeim sökum í fjölmiðlum að hafa með þessum hækkunum lagt á skatta en ekki þjónustugjöld. Ég held að það sé mjög eðlilegt að menn taki það upp hér við umræður um störf þingsins. Það er einmitt hér sem þinginu er ætlað að veita ráðherrunum aðhald. Það er einmitt hér sem við getum borið upp fyrirspurnir við hæstv. ráðherra, einmitt undir þessum lið. Sú hefð hefur skapast að menn beiti þessum lið til að ræða þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ræða hv. þm. ber þess vott að ekki eigi að fylgja þeirri hefð sem hér hefur skapast heldur beygja af leið. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér þótti miður að sú ræða var flutt.

[15:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar frá því áðan, að í dag stendur til að við ræðum hér um stjórn fiskveiða, svokallaða sáttaleið. Ég hefði talið eðlilegt að tekin hefði verið til umræðu tillaga sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna lögðu fram, um að hugsanlega væri hægt að leita frekari leiða til að ná sátt með stjórn og stjórnarandstöðu í þessu máli. Það var því miður ekki gert.

Ég veit ekki alveg hvernig á að skilja þau ummæli hæstv. forsrh. í fréttum nýverið að hlutverk sjútvrh. sé m.a. að leita sátta við eigin flokk og reyndar stjórnarflokkana báða en jafnframt við stjórnarandstöðuna.

Ég hefði talið að þessi tillaga sem flutt var af formönnum þingflokka hefði verið útrétt hönd til að reyna að finna flöt á þessu máli. Ég harma að það skuli ekki hafa verið reynt.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í almennri umræðu um störf þingsins gerði hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður þingflokks Sjálfstfl., alvarlega athugasemd við stjórn forseta á þessum fundi. Ég vil leyfa mér að bera hönd fyrir höfuð hæstv. forseta — þó að hann geti yfirleitt svarað fyrir sig sjálfur — vegna túlkunar hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur á þeirri

venju sem hér hefur skapast á síðustu mánuðum, að hefja þingfund á litlum eldhúsdegi.

Það er hárrétt að þingsköp standa til þess að ræða hér, ef menn vilja svo við hafa, störf þingsins. Það hefur verið samþykkt í forsn. og eftir því sem ég best veit á formannafundum með forseta, þ.e. formönnum þingflokka þar sem hv. þm. situr gjarnan, að túlka þessa grein dálítið rúmt. Þannig hefur það verið. Það kemur mér því mjög spánskt fyrir sjónir, herra forseti, að formaður þingflokks Sjálfstfl. sé að vakna til lífsins núna.

Ég hef hins vegar treyst hæstv. forseta vel í þessum efnum sem öðrum og mér finnst hann ekki eiga skilið af hálfu formanns þingflokks Sjálfstfl. að á hann skuli ráðist með þessum hætti.

[15:25]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Athugasemdir mínar lutu fyrst og fremst að því að við þingmenn hefðum önnur ákvæði í þingsköpum til að taka upp mál sem þessi, t.d. utandagskrárumræður og fyrirspurnir, bæði óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra og skriflegar fyrirspurnir. Við höfum næg tækifæri og farvegi til að fara vandlega í málin án þess að gera það undir liðnum athugasemdir um störf þingsins.

Ég beini athugasemdum mínum fyrst og fremst til stjórnarandstöðunnar sem mér finnst hafa gengið lengra og lengra í túlkun sinni á þessu ákvæði og á því hvað sé hægt að taka fyrir undir liðnum athugasemdir um störf þingsins.

Vísinda- og tækniráð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 539. mál. — Þskj. 844.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 549. mál. — Þskj. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 553. mál. — Þskj. 868.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, frh. fyrri umr.

Þáltill. EOK o.fl., 458. mál. — Þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, frh. fyrri umr.

Þáltill. EOK o.fl., 459. mál. — Þskj. 739.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, frh. fyrri umr.

Þáltill. EOK o.fl., 460. mál. — Þskj. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 882.

[15:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það mál sem ég fylgi úr hlaði á sér langan aðdraganda, jafnlangan og núverandi skipulag fiskveiðistjórnar hér við land ef grannt er skoðað. Hvorki er tími né ástæða til að rekja þá sögu alla. Mun ég því fyrst bregða niður fæti þar sem er samþykkt þáltill. sem þingmenn þáv. Alþýðubandalags fluttu á 122. löggjafarþingi 1997–1998, um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald. Þáltill. var samþykkt án mótatkvæða og var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 m dýpi. Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Nefndin kanni

möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.

Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð í landinu."

Skipan auðlindanefndarinnar og síðan niðurstaða hennar var meginvendipunktur í öllum þessum málum. Í ljósi þessa er sérstök ástæða til að gefa niðurstöðum auðlindanefndarinnar sérstakan gaum. Hlutverki sínu lýsir nefndin með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur talið hlutverk sitt felast fyrst og fremst í því að gera tillögur um samræmda meginstefnu í stjórn auðlinda með sérstakri áherslu á stjórn og nýtingu auðlinda í þjóðareign en í samræmi við þingsályktun þá sem nefndin starfar eftir hefur hún gengið út frá því að þær eignir sem taldar eru upp í ályktuninni og nú eru í þjóðareign verði það áfram. Nefndin hefur hins vegar ekki talið það verkefni sitt að útfæra tillögur sínar í smáatriðum eða í formi fullbúinna frumvarpa."

Um nytjastofna á Íslandsmiðum segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað rækilega um fiskveiðar Íslendinga og telur að byggja eigi stjórn þeirra áfram á núverandi grunni þótt hún telji ýmsar breytingar á núgildandi reglum í átt að auknu frjálsræði í meðferð og handhöfn aflaheimilda æskilegar. Nefndin er þeirrar skoðunar að greiðsla fyrir afnot af auðlindinni geti stuðlað að því að sátt geti tekist um stjórn fiskveiða, enda verði sú gjaldtaka ákveðin með hliðsjón af afkomuskilyrðum og uppbyggingu sjávarútvegsins og þeirri óvissu sem hann á við að búa, m.a. vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á aflabrögðum og vegna alþjóðlegrar samkeppni, þar á meðal þau skilyrði sem sjávarútvegur annarra þjóða býr við. Til viðbótar slíkum rökum fyrir því að fara með gát í þessum efnum vísar nefndin til þess að í þingsályktun þeirri sem hún starfar eftir er beinlínis tekið fram „að um verði að ræða hóflegt gjald"."

Og enn fremur, herra forseti:

„Varðandi greiðslu fyrir afnot af auðlindinni hefur nefndin tekið tvær meginleiðir til skoðunar. Fyrri leiðin, sem nefnd hefur verið fyrningarleið, byggist á því að allar aflahlutdeildir verði skertar árlega um fastan hundraðshluta en síðan verði þær endurseldar á markaði eða með uppboði. Síðari leiðin, nefnd veiðigjaldsleið, felst hins vegar í beinni gjaldtöku ásamt ákvæðum um að breytingar á aflahlutdeildum krefjist ákveðins lágmarksaðdraganda."

Ég skipaði nefnd í september 1999 til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og lauk hún störfum sl. haust. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.

Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni."

Eins og sjá má af tilvitnuninni sem ég las voru nefndinni á engan hátt settar skorður í störfum sínum, t.d. hvað val leiða eða annað varðar. Eins og við mátti búast reyndust skoðanir skiptar en rétt eins og raunin varð í auðlindanefndinni var meiri hluti nefndarinnar hlynntur veiðigjaldsleiðinni. Endurskoðunarnefndin útfærði þá leið hins vegar öllu nánar og lagði til að gjaldinu yrði skipt í kostnaðargjald og sérstakt afkomutengt gjald. Þannig yrði innheimt gjald sem tæki mið af stjórn fiskveiða og breytilegur hluti sem tengist afkomunni í greininni. Með því móti var reynt að nálgast auðlindarentuna sjálfa sem mundi tryggja almenningi sýnilega hlutdeild í arði að auðlindinni.

Á veiðigjaldsleið og fyrningarleið sem rétt er að kalla uppboðsleið er grundvallarmismunur því að eftir veiðigjaldsleið er reynt að tryggja þeim sem nytja auðlindina mikilvægt rekstraröryggi án þess að þeir séu á nokkurn hátt firrtir þeim aga og aðhaldi sem samkeppni á frjálsum markaði tryggir. Með uppboðsleiðinni yrði rekstraröryggi hins vegar sett í uppnám, enda var það svo að tveir nefndarmenn í auðlindanefndinni skiluðu sérbókun gegn uppboðsleiðinni og sá þriðji skiladi bókun sem fólst í grundvallarafstöðu sem er ósamrýmanleg þeirri leið. Við frekari úrvinnslu málsins þótti sýnt að leið sú sem endurskoðunarnefndin lagði til yrði á ýmsan hátt torfær í framkvæmd af skattalögfræðilegum ástæðum. Í fyrirliggjandi frv. er því lagt til að innheimt verði eitt magn og afkomutengt veiðigjald og nær þetta eina gjald þeim meginmarkmiðum sem endurskoðunarnefndin leitaðist eftir að ná í tillögum sínum.

Vík ég nú, herra forseti, að frv. sjálfu. Í greinargerð þess segir m.a.:

Í frv. er gert ráð fyrir að lagt verði á magn- og afkomutengt veiðigjald. Með því móti næst fram hvort tveggja í senn, tenging við afkomu og magn veiðiheimilda hverju sinni. Er hér um að ræða útfærslu á hugmyndum nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Er gjaldið fundið út með því að draga helstu kostnaðarliði útgerðarinnar, olíu, laun og annan rekstrarkostnað ákveðins tímabils, frá aflaverðmæti sama tímabils. Gerir frv. ráð fyrir að 9,5% þeirrar fjárhæðar sem eftir stendur, reiknað í krónum á þorskígildiskílógrömm, verði lagt á þorskígildiskílógrömm komandi fiskveiðiárs. Til þess að fyrirtæki geti aðlagað rekstur sinn að breytingum er lagt til að veiðigjaldið verði tekið upp í áföngum á árunum 2004–2009.

Afkomutengingin sem gert er ráð fyrir í frv. er útfærð þannig að miðað er við að frá heildaraflaverðmæti ákveðins liðins tímabils séu dregnir stærstu kostnaðarliðir útgerðarinnar, þ.e. reiknuð laun, olíukostnaður og annar rekstrarkostnaður. Þær tekjur sem eftir standa þegar þessi kostnaður hefur verið greiddur verða notaðar sem grundvöllur gjaldtökunnar á komandi fiskveiðiári. Með þessu móti er tekið tillit til þeirra þátta sem mest áhrif hafa á afkomu útgerðarinnar, þ.e. sveiflna í fiskverði og afla og sérstaklega skilgreindra kostnaðarliða útgerðarinnar.

Magntenging gjaldsins samkvæmt frv. kemur til með tvennu móti. Annars vegar sem hluti af afkomutengingunni þar sem aflamagn mun hafa mikil áhrif og hins vegar við álagningu gjaldsins þar sem miðað er við að fast gjald sé lagt á hvert þorskígildiskílógramm. Með þessu er tryggt að álagning gjaldsins taki tillit til breytinga sem kunna að verða á afla og aflaheimildum.

Eins og sjá má af töflu sem birt er í almennum athugasemdum frv. má gera ráð fyrir að aflaverðmæti á viðmiðunartímabili veiðigjalds sem lagt yrði á 1. september nk. ef frv. væri að fullu komið til framkvæmda næmi 78 millj. kr. Þegar launa-, olíu- og annar kostnaður við veiðarnar er dreginn frá tekjunum standa eftir 22,3 milljarðar kr. Af þeirri fjárhæð er

gert ráð fyrir að útgerðin greiði 9,5% veiðigjald eða rúmlega 2,1 milljarð kr.

Rétt er að hafa í huga að þá á útgerðin eftir að greiða allan fjármagnskostnað, arð til hluthafa og skatta og einnig á eftir að gjaldfæra afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum. Þannig er sýnt að verði frv. að lögum hefur það auknar álögur á útveginn í för með sér. Það sýnist vera í samræmi við fyrirliggjandi stefnumótun, bæði auðlinda- og endurskoðunarnefndar, sem m.a. styðst við þann skilning að almenningi beri sýnileg hlutdeild í hagnaði af nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Jafnframt kemur þar til sá skilningur að atvinnugreinum beri hverri fyrir sig að taka aukinn þátt í útgjöldum sem hljótast beint af starfsemi þeirra.

Í frv. er jafnframt gert ráð fyrir að lagagrunnur að rannsóknaveiðum Hafrannsóknastofnunarinnar sé gerður afdráttarlaus. Tillaga er um að sjútvrh. geti að höfðu samráði við Byggðastofnun ráðstafað allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Er gert ráð fyrir að þessar 1.500 lestir verði teknar af þeim heimildum sem ráðherra hefur nú samkvæmt 9. gr. laganna um stjórn fiskveiða til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru.

Eins og kunnugt er lagði meiri hluti endurskoðunarnefndar til að rýmka kvaðir á veiðiskyldu en eins og málum er háttað er hún 50%, þ.e. að ef fiskiskip veiðir minna en helming af úthlutuðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur hlutdeildin niður. Meiri hlutinn taldi að gera ætti fyrirtækjum enn frekar kleift að nýta sér þann sveigjanleika sem aflamarkskerfið býður upp á í þeim tilgangi að bæta afkomuna og minnka þessa veiðiskyldu í 25%.

Eftir áramót tóku allir stærstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sig saman og lögðu til, þvert á hugmyndir meiri hluta nefndarinnar, að lögunum yrði breytt á þann veg að sveigjanleikinn yrði minnkaður til muna. Gengu tillögurnar út á það að takmarka mjög það magn sem skip geta framselt og það sem kannski var sérstakara að einnig var lagt til að takmarka bæri möguleika skipa til að flytja til sín aflamark. Jafnvel þótt það gæti á margan hátt verið góður kostur að breyta lögum í þá veru sem hagsmunaaðilar hafa óskað eftir tel ég það ekki ráðlegt. Hugmyndir hagsmunaaðila stríða gegn hagsmunum margra einstaklinga og fyrirtækja í sjávarútvegi og því er 180° beygja í þessa veru ekki til þess fallin að auka sátt um stjórn fiskveiða. Ég er hins vegar sammála þeirri greiningu hagsmunasamtakanna að það skapi margan vanda að fiskiskipaflotinn skuli vera að stækka á ný sem rekja má til dóms Hæstaréttar frá því í desember 1998. Dómurinn hefur síst orðið til þess að hjálpa til við stjórn fiskveiða. Þá hefur hann dregið úr hagkvæmni í greininni og gert okkur erfiðara með að ná tökum á auknum útblæstri fiskiskipa eins og okkur er uppálagt samkvæmt alþjóðasamningum.

Flestum tillögum endurskoðunarnefndarinnar um stjórn veiða krókabáta hefur þegar verið hrint í framkvæmd með lagabreytingum. Fyrirliggjandi frv. gerir þó ráð fyrir að lögfest verði sú tillaga að takmarkanir á stærð krókabáta verði rýmkaðar úr 6 brúttólestum eða brúttótonnum eins og nú er í 15 brúttótonn. Þá er í frv. lagt til að tillögum meiri hluta nefndarinnar um hámarksaflahlut verði fylgt en meiri hluti taldi ákvæði 11. gr. laga um stjórn fiskveiða óþarflega þröng hvað þetta varðar. Að mati meiri hlutans koma þessar reglur í veg fyrir að hagkvæmni stærðarinnar sé nýtt og hamla sérhæfingu fyrirtækja. Er því lagt til að hámarkshlutdeild einstakra aðila í þorski verði 12% en hámarkshlutdeild í öðrum bolfiskstegundum verði 50%, og 20% í uppsjávarfiski. Enn fremur er lagt til að samanlögð aflahlutdeild einstakra aðila verði 12% óháð því hvort fyrirtæki eru í dreifðri eignaraðild.

Í frv. er lagt til að settar verði ákveðnar reglur um hvenær unnt verði að flytja aflamark á milli skipa. Samkvæmt þessari grein er það fyrst unnt þegar aflamarkinu hefur verið úthlutað og lýkur fresti til þess 15 dögum eftir að veiðitímabilinu lýkur. Þá er lagt til að heimild til flutnings sé takmörkuð þannig að aflaheimildir séu ekki bersýnilega umfram veiðigetu skipsins. Gerðar eru tillögur um breytingar á þeim reglum sem nú heimila Fiskistofu að samþykkja að vikið sé frá takmörkunum á heimild til flutnings aflamarks. Þá er gert ráð fyrir að heimild ákvæðis til flutnings aflaheimilda milli skipa innan sömu útgerðar verði rýmkuð.

Hér að framan hafa helstu atriði frv. verið rakin en í því er einnig að finna aðrar breytingar á nokkrum greinum og eru þessar helstar.

Í 2. gr. frv. er lagt til að felldir verði út hlutar málsliða sem ekki þjóna lengur tilgangi í lögunum en hafa dagað uppi í kjölfar eldri breytinga laganna. Hefðu breytingar samkvæmt greininni því ekki efnislega þýðingu við framkvæmd laganna en gerðu texta þeirra skýrari.

Í 3. gr. er lagt til að eiganda skips sem aflareynsla er bundin við vegna veiða á viðmiðunartímabili í 1. mgr. 8. gr. verði heimilað að ráðstafa hlutdeildinni sem skip hans hefði fengið við úthlutun á það skip sem hann kýs hafi skip hans horfið úr rekstri áður en til úthlutunar kom. Samkvæmt 8. gr. er lagt til að 14. gr. núverandi laga verði felld úr gildi en þar segir að sérstök samráðsnefnd sem skipuð skuli einum fulltrúa sjómanna, einum fulltrúa útgerðar auk formanns sem skipaður sé af ráðherra skuli fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

Í 9. gr. er lagt til að gert verði að skyldu að tilkynna Fiskistofu um eigendaskipti að fiskiskipi eða aðrar breytingar á útgerðaraðild fiskiskips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Þetta er gert til að gera Fiskistofu betur kleift að gegna því eftirliti sem stofnuninni er ætlað að hafa með þeim sem veiðar stunda hér við land.

Í lokagrein frv. er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Þó er lagt til að þau ákvæði laganna er varða veiðigjald taki ekki gildi fyrr en 1. sept. 2004. Með þessu verði veittur aðlögunarfrestur að gjaldtökunni í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Til að veita frekari aðlögunarfrest er lagt til að álagningu gjalda samkvæmt 4. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 24. gr., verði komið á í jöfnun þrepum 2004–2009. Þannig verði veiðigjald miðað við 6% í stað 9,5% árið 2004 og hækki síðan í jöfnum þrepum árlega og endi þannig í 9,5% árið 2009.

Herra forseti. Hér hef ég fylgt úr hlaði frv. sem m.a. felur í sér að leggja skuli veiðigjald á sjávarútveginn, sem er í samræmi við þál. þá sem Alþingi samþykkti og kvað á um að innheimta skyldi hóflegt veiðigjald. Síðan verður fjallað um það í auðlinda- og endurskoðunarnefndum.

Ég gat þess í upphafi ræðu minnar að þál. um auðlindagjald hafi verið samþykkt á Alþingi mótatkvæðalaust. En auðvitað vitum við að ýmsir voru á móti gjaldtöku af þessu

tagi og það eru því einmitt þeir sem mest hafa gefið eftir í því skyni að skapa sátt um stjórn veiða á Íslandsmiðum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. sjútvn.

[15:45]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig knúinn til að leiðrétta rangfærslur í máli hæstv. sjútvrh. en hann sagði í ræðu sinni að meiri hluti auðlindanefndar hefði verið þeirrar skoðunar að fara ætti svokallaða veiðigjaldsleið.

Meginniðurstaða auðlindanefndar var sú að auðlindir eins og þær sem hér um ræðir ættu að vera í þjóðareign. Aðgang að þessum auðlindum ætti að afhenda tímabundið og í þeim efnum ætti að fara svokallaða uppboðsleið. Þetta er meginniðurstaða auðlindanefndar þegar þessi skýrsla er lesin. Sá er hér stendur sat í auðlindanefnd.

Frá þessari meginlínu víkja síðan þrír hv. nefndarmenn af níu og gera þann fyrirvara að þegar kemur að sjávarútvegi — vegna þess að sjávarútvegurinn var tekinn sérstaklega út — vildu tveir þeirra ekki sjá að farin yrði svokölluð uppboðsleið en einn þeirra gerði fyrirvara um að auðlindir af þeim toga sem auðlindanefndin fjallaði um væru í þjóðareign. Þrír af níu gera sem sagt fyrirvara við almenna niðurstöðu nefndarinnar. Almennt komst því nefndin að þeirri niðurstöðu að þessi auðlind væri í þjóðareign, aðgang að henni ætti að afhenda tímabundið og úthlutun að aðgangi ætti að fara samkvæmt svokallaðri uppboðsleið. Það er meginniðurstaða nefndarinnar, virðulegi forseti.

[15:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einkennileg árátta hluta þeirra sem störfuðu í auðlindanefndinni að þeir eru eftir á að reyna að túlka textann allt öðruvísi en hægt er að lesa úr honum. Þetta er alveg ótrúlegt og ég man eiginlega bara ekki eftir að þetta hafi áður gerst í nefndarstörfum.

Staðreynd málsins er sú að meiri hluti nefndarinnar lagði tvær leiðir að jöfnu, veiðigjaldsleiðina og það sem kalla má uppboðsleið en reyndar er hún kölluð fyrningarleið. Þrír nefndarmanna greiddu síðan sératkvæði þar sem þeir studdu einungis veiðigjaldsleiðina. Síðan er þráfaldlega verið að reyna að telja manni trú um að meiri hluti hafi verið fyrir uppboðsleiðinni, og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er enn eina ferðina að gera þetta. (Gripið fram í.) Ég held að það hljóti að vera vegna þess að það þjónar hagsmunum þessara hv. þm. einfaldlega betur að tala sig frá sáttinni sem varð í auðlindanefndinni. Ég hef gert athugasemdir við það en hef jafnframt af ákveðnu umburðarlyndi reynt að skilja þá afstöðu vegna þess að stjórnarandstöðunni ber að vera gagnrýnin og henni ber að benda á valkosti. En að reyna að halda þessu fram hér hvað eftir annað fellur ekki einu sinni að því hlutverki stjórnarandstöðunnar að benda á valkosti í mikilvægum málum.

[15:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var reyndar nefnt við mig áður en ég fór í andsvarið að ekki þýddi að ræða þetta við hæstv. sjútvrh. Hann hefði haldið þessu fram um nokkuð langt skeið og hann neitaði algerlega að skilja það sem fram kemur í skýrslu auðlindanefndar og hann neitaði að taka þessum rökum. Hins vegar er kannski að mörgu leyti eðlilegt að hann grípi hvert það hálmstrá sem hann getur fundið til að tengja fleiri við þær hugmyndir sem hann leggur hér fram. Það er út af fyrir sig eðlilegt hjá manni sem er upp við vegg og hefur í sjálfu sér ekkert annað fram að færa en að snúa út úr niðurstöðu auðlindanefndar.

Ég sat hins vegar í nefndinni, sat þá rúmlega 70 fundi sem voru haldnir. Við ræddum þetta fram og til baka og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að sá er hér stendur var á vettvangi og tók þátt í þessari umræðu. Og ég frábið mér bara — ég ætla nefnilega ekki að gera hæstv. ráðherra það upp að hann geri sér ekki grein fyrir því að þeir sem voru á vettvangi eru betri vitni eða vætti um hvað átti sér stað heldur en þeir sem sitja úti og ætla nú að túlka þetta eins og hér hefur verið reynt.

[15:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson geri sér ekki grein fyrir því að það eru nokkur hundruð ár síðan prentlistin var fundin upp. Og niðurstöður nefndarstarfsins birtast á prenti í skýrslu auðlindanefndarinnar sem er þingskjal. (**LB:** Þá ættirðu að hafa lesið þetta.) Ef þingmaðurinn ætlar síðan að halda því fram að vegna þess að hann var á staðnum, hafi verið innan borðs í nefndinni, sé hann betur til þess fallinn að túlka það sem stendur í þingskjalinu vandast nokkuð málið því þá þýðir það einfaldlega að við getum ekki treyst því sem frá slíkum nefndum kemur.

En það sem kemur upp í huga minn er hvort þessi afneitun hv. þingmanna á niðurstöðu hluta nefndarinnar standi í einhverju samræmi við það að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson greiddi ekki atkvæði með því að auðlindanefndin yrði sett á laggirnar. Hann sat hjá eins og aðrir þingmenn Alþýðuflokksins á þeim tíma.

[15:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur vísað í störf þeirra nefnda sem hafa fjallað um sjávarútvegsmál og leitað sátta, auðlindanefndarinnar og nefndar um stjórn fiskveiða. Það er ekki annað að skilja á hæstv. ráðherra en að hann sé að fara að því sem hann álítur ásættanlega niðurstöðu þessa nefndarstarfs en það er umdeilt og um það verður rætt í þessari umræðu. Hins vegar taldi auðlindanefndin það meginhlutverk sitt að leggja til hvernig skýra mætti réttindi þjóðarinnar, eigandans, til auðlindanna og notendanna og taldi það mikilvægan lið í að sættir gætu náðst milli þjóðarinnar og notenda auðlinda að nýtt stjórnarskrárákvæði yrði sett, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar."

Herra forseti. Það þýðir hvorki að vísa til prenttækninnar, uppfinningar hennar, né mismunandi skilnings fólks á niðurstöðum auðlindanefndar varðandi þetta ákvæði. Þetta ákvæði er skýrt. Þetta er niðurstaða nefndarinnar en það hefur ekki bólað á því að tillaga væri sett fram um að festa þetta ákvæði í stjórnarskrá. Nú spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hvað líður framkvæmd þessa ákvæðis? Má vænta stjórnartillögu á grundvelli þessarar meginniðurstöðu auðlindanefndarinnar?

[15:54]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málefni stjórnarskrárinnar heyra ekki undir sjútvrn. heldur forsrn. og ég verð því að vísa öllum fyrir-

spurnum um þau málefni til hæstv. forsrh.

[15:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Afskaplega var þetta dapurt svar. En það segir okkur ýmislegt. Það segir okkur að hæstv. sjútvrh. hefur ekki treyst sér í aðdraganda þessa frv. til að taka þetta meginatriði upp í ríkisstjórninni og fylgja því eftir að samhliða tillögum hans um stjórn fiskveiða verði gengið til þess verks sem samhljóða niðurstaða var um í störfum auðlindanefndarinnar. Það segir okkur að ráðherrann hefur annaðhvort ekki sinnt þessu eða ekki lagt í það. Það segir okkur jafnframt að hann vísar ábyrgð á svo veigamiklum þætti sem varðar sjávarútvegsmálin yfir á hæstv. forsrh. Ég mun að sjálfsögðu ganga beint í að ganga frá fyrirspurn til forsrh. varðandi þetta atriði. En þingmenn skulu gera sér grein fyrir því að í þessari umræðu kemur ekki fram svar við þessari meginspurningu varðandi íslenskan sjávarútveg.

[15:56]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir reyndar svolítið furðulegt að hv. þm. skuli ekki átta sig betur á tilurð þessara mála þegar hún veit að auðlindanefndarstarfið fór fram á vegum forsrn. Þar af leiðandi heyra gríðarlega stórir hlutar þeirrar skýrslu ekki undir sjútvrn.

Eins kemur mér á óvart að hv. þm., sem er reyndar fyrrv. hæstv. ráðherra, skuli ekki gera sér betur grein fyrir því hvernig störfum er skipt í Stjórnarráði Íslands. (**RG:** Ekki það?)

[15:56]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh. aðeins út í 4. gr. frv. sem varðar úthlutun 1.500 lesta byggðakvóta til aðila úti á landi og á að úthluta í samráði við Byggðastofnun.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að úthlutun byggðakvótans sem úthlutað hefur verið af hálfu Byggðastofnunar hefur gengið afskaplega illa og sveitarfélögin sem hafa fengið þennan kvóta hafa logað stafna á milli í deilum um það hvernig honum hafi verið úthlutað, hverjir hafi fengið ráðstöfun og hvernig. Þegar farið er að úthluta 1.500 tonnum af þessum 12 þús. tonna kvóta sem verið hefur í höndum ráðherrans velti ég því fyrir mér hvort það sé byrjunin á því að þessi 12 þús. tonn verði einhver byggðapottur sem smám saman verði alfarið til ráðstöfunar til byggðarlaga úti um allt land og sjútvrn. muni sjá um það.

Mig langaði til að fá að vita hvaða hugmyndir væru þarna á bak við og einnig hvort hæstv. ráðherra gæti þá upplýst um það hvernig þessum 12 þús. tonnum hefði verið varið, t.d. á síðasta ári. Eftir því sem ég veit best hefur fram að þessu ekki miklu verið úthlutað af þessum heimildum og því er spurningin hvort þetta sé ný stefna sem farin er í sambandi við ráðstöfum á þessum potti.

[15:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tólf þúsund tonnin í 9. gr. eru að mínu mati afskaplega mikilvæg til að geta brugðist við því þegar uppi eru breyttar aðstæður. Sem betur fer hefur á undanförnum árum ekki þurft að nota stóran hluta af þessum 12 þús. tonnum. Frá því að ég kom í sjútvrn. hefur árlega verið úthlutað ríflega 2 þús. tonnum vegna brests í innfjarðarrækju. Vegna þeirrar umræðu sem uppi hefur verið um erfiðleika byggðanna og vegna þeirra erfiðleika sem gætu verið fyrirsjáanlegir vegna breytinga í sjávarútvegi og jafnvel erfiðleika sem tengdust því að lagt væri á veiðigjald eða veiðileyfagjald taldi ég nauðsynlegt að rýmka það svið sem heimilt væri að bregðast við með þessum 12 þús. tonnum og að hluta þeirra væri heimilt að nota til að bregðast við vanda byggðanna vegna breytinga í sjávarútvegi.

Eðli málsins samkvæmt hefur þessi grein ekki verið samþykkt og ekki hafa verið mótaðar neinar reglur um hana. Engar fyrirætlanir eru uppi um það að breyta eðli allra þessara 12 þús. tonna í þessa veru, einungis hluta þeirra. Það sem þá stendur eftir yrði eftir sem áður byggt á þeim grundvelli sem þegar er getið um í 9. gr.

[16:00]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þetta svar.

Mig langar til þess að spyrja einnig um 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að 6 brúttólesta skip geti orðið 15 brúttótonn. Mín skoðun er sú að þetta sé gott ákvæði og ég held að það sé mjög þarft hvað varðar öryggismál og möguleika manna til þess að nýta afla sinn betur eða heimildir sínar betur.

Mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort til athugunar sé að heimila svokölluðum krókabátum að nota net eða önnur veiðarfæri en króka til þess að ná í þann kvóta sem þeir fá úthlutað. Ég held að það sé mikilvægt mál og geti auðveldað mönnum að ná aflaheimildum sínum með öruggum hætti.

[16:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að heimila krókabátum að ná afla sínum með netum hefur ekki komið til álita í þessari vinnu og ég á ekki von á því að ég muni leggja fram slíka tillögu.

[16:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þrjú ár eru liðin síðan loforðin stóru voru gefin um að koma á einhverri sátt um þetta stóra deilumál og formenn stjórnarflokkanna róuðu þjóðina með þessum loforðum. Nú eru efndirnar að koma í ljós og menn hljóta að spyrja: Er verið að taka á deilumálinu sjálfu? Var það þetta sem þjóðin var óánægð með? Svarar tillaga hæstv. sjútvrh. kallinu um að koma á réttlæti í sjávarútvegi?

Svar mitt við því er alveg klárt nei. Það er ekki verið að taka á neinu af því sem skiptir mestu máli í þessu deilumáli, þ.e. það er ekki verið að koma á jafnræði til þess að nýta þessa auðlind. Um það hefur deilan staðið frá upphafi að fólki eða þeim sem vilja taka þátt í þessum atvinnurekstri er mismunað og hér er ekki verið að taka á því máli.

Þessi niðurstaða mun leiða til þess að kerfið lokast enn frekar einfaldlega vegna þess að þeir sem fyrir eru í kerfinu fá þessar veiðiheimildir áfram á silfurfati, þurfa ekki að kaupa veiðiheimildir af öðrum. Þeir eru auðvitað í enn þá betri stöðu í samkeppninni við hina sem þurfa að kaupa veiðiheimildir af þeim sem fyrir eru og borga nýtt gjald ofan á. Þó að það sé út af fyrir sig ekki hátt gjald sem hér er verið að tala um þá bætist það ofan á hið raunverulega auðlindagjald sem er í gildi í sjávarútvegi. Hið raunverulega auðlindagjald kom á strax í upphafi þegar framsal veiðiheimilda var leyft og kvótinn kom til framkvæmda, auðvitað. Verðmæti eru fólgin í því að fá að veiða fisk á Íslandsmiðum og öll verðmæti taka verð á markaði.

Áður en ég held áfram mínu máli vil ég koma aðins að því sem hæstv. ráðherra var að tala um áðan. Hann talaði um afneitun þeirra manna sem hefðu átt aðild að svokallaðri auðlindanefnd. Ég ætla ekki að fara mjög nákvæmlega yfir það mál. Þó verð ég að nefna það að hæstv. ráðherra virðist vera sjálfur í fullkominni afneitun. Hann neitar gjörsamlega að lesa yfir þennan texta aftur sem hann hefur greinilega mislesið á sínum tíma þegar hann las yfir álit auðlindanefndar og neitar að taka mark á því sem þeir sem voru í auðlindanefndinni hafa verið að segja. Þó liggja fyrir yfirlýsingar frá þó nokkrum þeirra sem voru í auðlindanefndinni um hvaða leið þeir hefðu kosið að farin væri. Mér finnst það vera hinn ömurlegasti útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að reyna að fela sig á bak við túlkun hæstv. forsrh. þegar nefndin skilaði af sér á sínum tíma, en þá var auðvitað ljóst hvernig sjálfstæðismenn ætluðu sér að túlka málið. Við þá rullu hefur hæstv. sjútvrh. haldið sig allan tímann þó að hæstv. forsrh. hafi greinilega lesið allan textann með eitthvað skrýtnum gleraugum.

Það kann ekki vel að fara þegar svona er að verki staðið. Það kann ekki vel að fara þegar menn lofa þjóð sinni sáttum og skilja svo það sáttatal þannig að þeir eigi að ná sáttum hverjir við aðra. Hæstv. ráðherrar voru fyrst og fremst að ná sáttum hverjir við aðra, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og sáttum við LÍÚ, því að þó að þeir kvarti undan þessu veiðigjaldi sem verið er að leggja á þá hafa þeir þó samþykkt slíkt gjald á fundum sínum. Enginn skyldi halda að þeir hafi ekki talið að sú niðurstaða væri þokkalega viðsættanleg frá þeirra sjónarmiði. Aðalatriðið í þeirra huga er nefnilega að viðhalda einokunarkerfinu, að allir sem vilja taka þátt í þessum atvinnurekstri þurfi að kaupa réttindin af þeim sem fyrir eru, en ekki af þjóðinni sem á fiskimiðin.

Ferlið sem var sett í gang í upphafi er orðið svo virkilega greinilegt núna þegar kemur að lokasprettinum. Eftir að auðlindanefndin skilar af sér kemur í ljós að hæstv. forsrh. er búinn að lesa niðurstöðuna eins og honum líkar hún. Það er vitað að þegar leið að lokum starfsins í auðlindanefndinni komu hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. til nefndarinnar skilaboðum um hvers konar niðurstöðu þeir vildu fá þaðan út. Og hún birtist þar í formi veiðigjaldsleiðarinnar.

Síðan er þessu áliti skilað og hæstv. ráðherra skipar nýja nefnd. Það var enn þá meiri farsi en hæstv. forsrh. hafði þó sett upp vegna þess að í þeirri nefnd voru fyrst og fremst húskarlar hæstv. sjútvrh. og þeim var aldrei ætlað annað en að koma í gegnum nefndina niðurstöðunni sem hæstv. forsrh. lýsti þegar auðlindanefnd hafði lokið sínum störfum. Þegar á átti að herða kom þetta auðvitað í ljós. Einungis einn stjórnarliði lét ekki beygja sig í þeirri nefnd, hv. þm. Kristinn Gunnarsson, og kom með sérálit út úr henni. En hinir skrifuðu upp á hjá hæstv. sjútvrh. eftir að vísu lítils háttar leikþátt sem fólst í því að kannað var hvort einhver sáttaflötur væri við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni og síðan var hlaupið frá öllu saman.

Hæstv. sjútvrh. birtist nú eftir þrjú ár á stóli sjútvrh. hafandi verið að fást við sáttina við þjóðina. Og hver er niðurstaðan? Tillagan gengur út á það að hafa kerfið óbreytt, að enginn eigi að fá að taka þátt í þessum atvinnurekstri í þessu landi öðruvísi en að kaupa réttindin af þeim sem fyrir eru. Það er niðurstaðan og þessi niðurstaða er síðan kölluð einhvers konar sáttaniðurstaða og það er nánast verið að núa mönnum því um nasir að þeir hafi hlaupið frá einhverju loforði og svikist undan því að styðja þessa niðurstöðu.

Hverjir lofuðu því að styðja þessa niðurstöðu? Ég hef engan heyrt kannast við það. Það er nú dálítið undarlegt — og það get ég sagt af eigin reynslu þar sem ég átti sæti í þessari nefnd — að taka þátt í nefndarstarfi og vera síðan sakaður um hafa hlaupið frá einhverjum skyldum í þeirri nefnd af því að maður var ekki tilbúinn að skrifa upp á niðurstöðu meiri hlutans eins og hann ætlaði að hafa hana. En það er nánast það sem hæstv. sjútvrh. hefur verið að segja.

Eins og ég sagði áðan kom auðlindagjaldið á strax í upphafi þegar ákveðið var að setja á kvóta og að kvótinn skyldi tilheyra skipunum. Það er eðli máls samkvæmt og auðvitað hefðu menn þurft að taka á því þá hvernig framtíðin átti að birtast hvað varðar þessi verðmæti. Það var ekki gert og við erum að súpa seyðið af því og þessar deilur standa um aðganginn að auðlindinni þess vegna. En það er ekkert of seint, það er auðvitað hægt, að koma á fyrirkomulagi sem hægt er að sætta sig við í framtíðinni. En vilji manna í stjórnarflokkunum til að gera það er ekki fyrir hendi.

Hver yrði nú framtíðin ef menn tækju ekkert á þessu máli? Full ástæða er til að velta því fyrir sér. Við sáum það t.d. í Dagblaðinu fyrir tveim dögum að ritstjórinn velti því fyrir sér hvað eigi að gera úr því að þessi tillaga er komin fram. Hann segir að þá kröfu eigi augljóslega að gera að útgerðarmenn geti farið að vild með veiðiheimildirnar, framselt þær og selt þær eins og þeim sýnist úr því að þeir séu farnir að borga veiðileyfagjald. Hann tekur svona mikið upp í sig þó að þetta veiðileyfagjald sé nú ekki hærra en þarna er um að ræða.

Hvaða framtíð sjá menn fyrir sér ef útgerðin í landinu sem fyrir er fær leyfi til þess að selja veiðiheimildir hömlulaust? Mín framtíðarsýn er svona: Það sem gerist þann dag sem hömlunum verður létt af verður að til verða fáein fyrirtæki sem yfirtaka allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum og þessar veiðiheimildir verða seldar hæstbjóðanda á markaði. Og þeir sem selja þessar veiðiheimildir munu keppa hatramlega um kvótann sem verður til ráðstöfunar, þ.e. með þeim hætti að bjóða þeim sem eiga kvóta að ávaxta nú pundið fyrir þá. Og þeir munu slást á þessum markaði. Um hvað? Um að hámarka verðið fyrir kvótann. Hver fær svo afraksturinn? Auðvitað þessi hlutafélög sem koma til með að eiga Íslandsmið. Hver treystir sér til að mótmæla því? Ef það verður niðurstaðan sem barist hefur verið um undanfarin ár, að útgerðarmenn á Íslandi eigi að fá að eiga Íslandsmið, kaupa og selja veiðiheimildir eins og þeim sýnist, hver treystir sér þá til að halda því fram að þetta verði öðruvísi þegar eignarhaldið hefur fengið að grafa um sig í framtíðinni? Þetta verður einokunarfyrirbrigði, lénsskipulag þar sem auðlindin verður í eigu örfárra aðila og þeir munu selja aðganginn.

Ég tel að fyrir löngu sé kominn tími til þess að menn sjái í gegnum þetta allt saman. Hvernig er þetta núna? Núna eru eigendur auðlindarinnar að selja á leigu veiðiheimildir í þorski fyrir 164 kr. í vetur. Þau fyrirtæki sem hafa þurft á því að halda að leigja þessar veiðiheimildir til sín ramba mörg hver á barmi gjaldþrots vegna þess að verðið á fiskinum sem er undirstaða þessara útgerða hefur verið að falla. Samt er þessu verði á veiðiheimildunum haldið uppi.

Það er hægt að velta því líka fyrir sér hverjir borga. Við fengum nú smánasasjón af því í sumar þegar LÍÚ fór í herferð til þess að sýna mönnum fram á hverjir þyrftu að borga ef sett yrði á veiðileyfagjald eins og hæstv. ráðherra ætlar að setja á. Ég var á fundi um hagsmuni sveitarstjórna í Borgarfirði með hæstv. félmrh. á laugardaginn var. Þar kom hann því að í ræðu sinni að hann væri nú ekki aldeilis hrifinn

af þessu veiðileyfagjaldi sem væri ekkert annað en landsbyggðarskattur. Hæstv. ráðherrar hafa tekið undir það þó þeir séu að leggja til þetta sem þeir kalla landsbyggðarskatt.

En hver er hinn raunverulegi landsbyggðarskattur? Halda menn virkilega að það skipti einhverju máli fyrir þann sem ætlar í útgerð eða vantar meiri veiðiheimildir hverjum hann borgar fyrir þær? Hvað eru menn að borga fyrir þær í dag? Menn eru að borga hæsta verð. Það fær enginn veiðiheimildir fyrir minna en hæsta verð. Auðlindagjaldið hefur verið lagt á og það er ekki þær krónutölur sem hæstv. ráðherra er hér að lýsa. Það er markaðsverð á veiðiheimildunum.

Ég minnist einnar upphæðar úr plöggum LÍÚ. Þeir lýstu því að t.d. Grindvíkingar þyrftu að borga, ef þetta gjald sem hæstv. ráðherra er að leggja til yrði sett á, 76 þús. kr. á hvern einstakling í því byggðarlagi. Ég gerði það að gamni mínu að gá hvað Grindvíkingar borguðu raunverulega á síðasta ári. Þeir borguðu ekki 76 þús. kr. fyrir veiðileyfaleiguna — ekki fyrir það sem þeir keyptu síðan af varanlegum heimildum heldur bara fyrir það sem þeir leigðu. Þeir borguðu ekki 76 þús. kr. fyrir það. Nei, hver einn og einasti Grindvíkingur borgaði 172 þús. kr. sé því deilt á hvern og einn, eins og LÍÚ-forustunni fannst við hæfi að reikna það til að koma því til skila að byggðarlögin í landinu mundu borga þetta.

Ég held að menn þurfi að tala um málið eins og það er. Veiðileyfagjaldið er á og fyrir það borgar útgerðin. Hver einasti útgerðarmaður sem þarf á veiðiheimildum að halda til viðbótar við það sem hann hefur eða sá sem ætlar að stofna til nýrrar útgerðar borgar veiðileyfagjaldið í botn.

Það er alveg klárt mál að 1.500 tonnin sem hæstv. ráðherra var að lýsa áðan að nýta ætti til að koma til hjálpar byggðarlögum í vanda munu ekki duga í framtíðinni til að hjálpa til í þeim byggðarlögum sem þurfa á hjálp að halda. Þetta fyrirbrigði, þetta einokunarfyrirbrigði sem er í gangi í sjávarútveginum á Íslandi, mun leggja sjávarbyggðirnar í kringum landið í rúst hverja á fætur annarri. Þeir sem eru sterkastir munu, eins og þeir hafa verið að gera, sjúga til sín veiðiheimildirnar og selja hinum afganginn.

Það er nærtækast að benda á svar sem hæstv. ráðherra gaf við fyrirspurn frá mér hér um daginn. Þar sést greinilega hvernig veiðiheimildir streyma til hinna sterkari fyrirtækja og hvernig þau nota síðan veiðiheimildirnar til að fá tekjur. Sum þessara fyrirtækja sem hafa kannski selt einna mest frá sér eru í þannig stöðu að þau hafa líklega verið nálægt gjaldþroti og væru að öllu eðlilegu kannski gjaldþrota. Úr þessum fyrirtækjum hafa verið búnar til peningavélar með leigu veiðiheimilda.

Menn ættu t.d. að athuga hvernig Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hefur rétt sig af. Hún hefur leigt frá sér á síðustu fimm árum í kringum 7 þús. þorskígildistonn. Ekki stóð hún vel á þeim tíma sem útleigan hófst. Og hvernig er með Tjaldsútgerðina sem keypti Básafell vestan af fjörðum? Skyldi það fyrirtæki hafa staðið lengi eða átt möguleika ef það hefði átt að gera út eins og skuldirnar voru á því? Líklega ekki. En þetta fyrirtæki hefur t.d. verið að leigja frá sér hátt á fimmta þúsund tonn á síðasta ári fyrir markaðsverð. Ekki get ég ímyndað mér að menn á þessum markaði geri annað.

Ég ætla að nefna það sem byrjað var að ræða hér á fundinum þegar hann var að hefjast. Þá voru menn að kvarta undan því að hæstv. forseti hefði ekki tekið á dagskrá tillögu frá formönnum flokkanna í stjórnarandstöðunni um það að reyna að leita sátta í þessu máli. Þrátt fyrir niðurstöðuna úr þessari svokölluðu sáttanefnd settust formenn stjórnarandstöðuflokkanna niður og veltu fyrir sér möguleikunum til að draga menn að sáttaborði í þessu máli. Niðurstaða þeirra var sú að þeir voru sammála, það var borið undir þingflokka stjórnarandstöðunnar og allir voru sammála um að möguleiki væri til að finna sátt í þessu máli á grundvelli fyrningarleiðar. Tillagan var síðan borin fram hér á hv. Alþingi. Hún hefur ekki fengist tekin á dagskrá.

Ég verð að segja eins og er að auðvitað er enginn sem til þekkir hissa á því sem menn ætla sér í þessu máli. Það hefur ekki vafist fyrir mér síðan nefndarstarfinu í svokallaðri sáttanefnd lauk hver niðurstaðan yrði. Ég hafði reyndar mjög skýran grun, þegar hæstv. forsrh. tók að lesa upp túlkun sína á niðurstöðu auðlindanefndar, um hvað menn ætluðu sér að gera. Það hefur ekki breyst. Nákvæmlega það sem hæstv. forsrh. lýsti er hæstv. sjútvrh. að draga hér að landi. En hæstv. sjútvrh. á náttúrlega eftir að útskýra fyrir okkur hve mikið af þessu braki sem hann er að draga hér að landi verður svo í farteskinu þegar málefninu lýkur á hv. Alþingi. Hæstv. forsrh. heldur því fram að hæstv. sjútvrh. eigi mikla vinnu eftir við að sætta menn við þetta plagg.

[16:22]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er komið að umræðu um viðamikið mál sem var eitt af stærstu málunum í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Það hefur verið býsna áberandi í þjóðfélagsumræðu síðan þá og ég spái því að þeim tíma sé ekki lokið og málið verði ofarlega á baugi í stjórnmálunum. Ákveðnir hlutir gera það að verkum að það er veruleg óánægja með núverandi fyrirkomulag. Þangað til að á þeim annmörkum verður tekið með þeim hætti að stór hluti þjóðarinnar geti unað við, verður þetta mál ofarlega á baugi eins og skilja má.

Ég tel að einkum tvö atriði standi upp úr þegar reynt er að átta sig á því sem óánægjan er um. Fyrra atriðið er að mínu viti þeir miklu peningar sem í dag eru fólgnir í veiðiheimildunum. Útgerðarmenn fengu þessar veiðiheimildir í upphafi til afnota — réttilega segi ég — vegna þess að þegar ákveðið var að takmarka veiðarnar var auðvitað engin önnur skynsamleg viðmiðun en miða við reynslu áranna á undan takmörkuninni.

En með framsalinu fara sömu útgerðarmenn að geta fénýtt þessar heimildir og aflað sér tekna, ekki með því að veiða fisk og selja hann heldur með því að leigja eða selja þessar veiðiheimildir þriðja aðila og hafa tekjurnar af því fyrir sig. Þetta hygg að ég sé önnur stærsta undirrót þeirrar óánægju sem er um kerfið í dag. Fjárhæðirnar eru gríðarlega miklar, eins og margoft hefur komið fram, og þegar menn hafa selt þessar veiðiheimildir hafa menn séð að einstakir aðilar hafa getað haft gríðarlega háar fjárhæðir í tekjur af viðskiptunum.

Þetta er undirstrikað í áliti auðlindanefndar sem að mínu viti var vandað álit og vel að því staðið. Þar er lagt mat á verðmæti veiðiheimildanna og komist að þeirri niðurstöðu að það geti verið tæplega 300.000 millj. kr. Það er engin smáfjárhæð. Það er meira en ein milljón króna á hvert mannsbarn í landinu. Menn hafa nú deilt um minni fjárhæðir en þetta. Þegar fáum eru veitt þau forréttindi að hafa þessar tekjur fyrir sig er eðlilegt, segi ég, að hinum sem ekki eru í þeim hópi líki það ekki. Ég tel að það verði enginn friður um þetta kerfi. Ég er ekki að tala um kvótakerfið, ég tel ekki að ófriðurinn standi um aflamarkskerfið en ég held að það verði enginn friður fyrr en menn hafa tekið á þeim vanda sem þessi tekjudreifing hefur í för með sér.

Því er ég kominn á þá skoðun — sem ég hef ekki alltaf verið á og fjarri því — að eina leiðin til að koma á fyrirkomulagi sem almennt megi telja að menn sætti sig við sé að útgerðarmenn greiði fyrir veiðiheimildirnar það verð sem þeir hafa sjálfir ákveðið að þegar þeir hafa átt viðskipti sín í milli. Þannig er það ekki í dag. Mikið af veiðiheimildunum á uppruna sinn að rekja til frumúthlutunar og tekjur af viðskiptum með þær veiðiheimildir, renna til þeirra sem fengu þeim úthlutað. Þetta er að mínu viti leiðin til að skapa viðunandi sátt um það mál, þ.e. að útgerðarmenn afli sér veiðiheimilda eins og hvers annars nauðsynlegs þáttar í útgerð sinni og greiði fyrir það það verð sem ræðst á markaði. Ég sé enga betri leið til að ákvarða verð fyrir veiðiheimildirnar en markaðslögmálið.

Ég er að sumu leyti dálítið undrandi á því hve margir af þeim sem almennt eru stuðningsmenn markaðsbúskapar eru andstæðingar þess að beita markaðslögmálunum við að ákvarða verð á réttindum eins og þessum. Sama má auðvitað segja eins og með viðskipti með fisk, það sem viðkomandi er á endanum að selja. Verðlagningin á fiski skiptir miklu máli í þessu samhengi og þar má ætla að menn hneigist til þess, eða ættu að hneigjast til þess umfram annað, að beita markaðslögmálunum við ákvörðun á verði þess fisks.

Eina leiðin sem ég sé til að ná niðurstöðu sem menn geta búið við áfram er að veiðiheimildum verði ráðstafað af ríkisvaldinu, sem er skilgreindur eigandi þeirra, til þeirra sem eru útgerðarmenn og þeir greiði fyrir þær það verð sem ræðst á markaði eftir þeim leikreglum sem menn setja um það. Það er eins gengur og gerist, á hverjum og einum markaði eru settar ákveðnar leikreglur sem afmarka hvernig viðskipti eiga sér stað.

Hitt atriðið sem ég tel að valdi óróa, ekki eins miklum og fyrra atriðið en það er samt verulega umdeilt, er byggðaröskunin sem verður í kjölfarið á núverandi fyrirkomulagi. Því miður eru allt of mörg dæmi um byggðarlög sem hafa farið mjög illa út úr ákvörðunum einstakra útgerðarmanna án þess að þeir sem eru þolendur þeirrar ákvörðunar eigi nokkurn möguleika á að hafa áhrif á framvindu málsins. Þeir þurfa þá að búa við það að því loknu að hafa annaðhvort enga vinnu, að verðmæti eigna þeirra hafi minnkað ef þau á annað borð eru seljanleg, eða þá að afla sér nýrra veiðiheimilda með kaupum. Þetta atriði tel ég vera annað af þeim tveimur sem valda því að ekki verði friður um fyrirkomulagið fyrr en á því hefur verið ráðin bót.

Um þá leið sem hefur orðið ofan á á milli stjórnarflokkanna má segja að á hvorugu þessara atriða hafi verið tekið. Þess vegna tel ég þessa niðurstöðu ekki líklega til að verða langlífa. Ég tel einfaldlega að hún verði niðurstaðan að sinni en málið muni halda áfram að reka hér á fjörur alþingismanna og inn á borð þeirra og verða deiluefni að óbreyttu.

Ég sat í endurskoðunarnefndinni, herra forseti, og ég vildi kannski gjarnan segja fáein orð um þau sjónarmið sem ég setti þar fram til viðbótar því sem fram hefur komið um afstöðu mína til málsins almennt. Eins og ég sé þróunina fyrir mér eða stöðuna eins og hún er hafa orðið veruleg eigendaskipti á þeim veiðiheimildum sem úthlutað var í upphafi en þó ekki í þeim mæli sem haldið hefur verið fram af hálfu LÍÚ. Þannig liggur fyrir samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands að þær veiðiheimildir sem hafa verið seldar frá 1995, án þess að hafa verið seldar með skipum, séu um 50 milljarða kr. virði frá árinu 1995 til 2001. Til viðbótar eru þær veiðiheimildir sem hafa verið seldar með skipi og hafa því ekki verið aðgreindar við sölu. Í þriðja lagi eru veiðiheimildir sem voru seldar fyrir 1995. Síðan er í fjórða lagi það sem er selt óbeint í gegnum sölu á hlutabréfum. Þar hafa menn auðvitað haft möguleika á að ná út verðmætum veiðiheimildanna án þess að um beina sölu þeirra hafi verið að ræða.

Ég hef ekki nákvæmt mat á því hvað þetta allt samanlagt getur verið mikið en ég hygg að ekki sé meira en þriðjungurinn af öllum veiðiheimildum sem úthlutað var í upphafi sem þannig hefur verið fénýttur og eftir standi enn um 2/3 þeirra sem á eftir að innleysa af þeim eigendum sem hafa þær undir höndum. Það passar nokkuð vel við það mat sem kemur fram í auðlindanefndinni að verðmæti veiðiheimildanna séu tæpir 300 milljarðar kr. Við sjáum á upplýsingum að skuldir sjávarútvegsins hafa aukist á þessu bili, frá 1995 til 2001, um tæplega 60 milljarða kr., þ.e. um 50%. Það bendir til þess að viðskipti með veiðiheimildirnar hafi verið í svipuðum mæli og skuldaaukningin og það segir okkur líka að viðskiptin fóru þannig fram að menn skuldsettu fyrirtækin fyrir kaupunum, tóku peningana út úr greininni. Sú kenning stenst því ekki að viðskiptin skipti ekki máli í greininni í heild vegna þess að kaupandinn væri í atvinnugreininni eins og seljandinn þannig að þegar menn legðu saman debet og kredit í efnahagsreikningum fyrirtækjanna kæmi ekki út nein skuldaaukning á móti eignaaukningu. Það virðist þvert á móti vera alveg ljóst af þeim upplýsingum sem fyrir liggja að verulegur hluti af andvirði seldra veiðiheimilda hefur runnið út úr greininni. Ég tel að að óbreyttu muni menn halda áfram að innleysa þann hagnað sem liggur í óseldum veiðiheimildum.

Það er ekki gott að segja hvað menn geta skuldsett atvinnugreinina mikið en fyrirsjáanlegt er að mínu viti að skuldir sjávarútvegsins muni halda áfram að vaxa. Það er líka fyrirsjáanlegt þó að við vitum ekki hvað það er langt þangað til að allar veiðiheimildir muni hafa verið seldar og þar með allar veiðiheimildir keyptar. (**SvH:** Á 300 milljarða þá eða svo?) Hvort sem það eru 300 milljarðar, ef það mat er rétt eða hver sem niðurstaðan verður, ég þori ekki að fullyrða neitt um það. Fyrir liggur mat auðlindanefndar um að þetta séu um 300 milljarðar kr. Ef það er rétt er það þetta fjármagn sem menn munu á endanum geta tekið út úr greininni.

Hvað er það mikið á hverju einasta ári sem menn munu greiða fyrir veiðiheimildirnar? Þetta eru ekki viðskipti í eitt skipti fyrir öll, ekki í eitt skipti fyrir ókomna framtíð, því menn eru jú að kaupa út frá ákveðnum forsendum. Þegar við skoðum þær í viðskiptunum eins og þau hafa verið hafa menn keypt veiðiheimildir á verði sem er sjö- til áttfalt leiguverð. Svokallaðar varanlegar veiðiheimildir eru því verðlagðar þannig að menn þurfa að leigja aflamarkið í sjö til átta ár til að hafa fyrir kaupverðinu sem þýðir að menn eru kannski að gera ráð fyrir tíu árum ef ekki meira til að standa undir kaupunum. Á þeirri forsendu hefur verðið verið ákveðið eins og það hefur verið.

Með þessar vísbendingar má ætla að menn séu að greiða marga milljarða á ári nú þegar fyrir veiðiheimildirnar. Ef við tökum bara töluna 60 milljarða sem er skuldaaukningin og gefum okkur að þeir sem stofnuðu til þeirra skulda ætli sér að borga þær upp á tíu árum þýðir það einfaldlega 6 milljarðar á ári í afborganir auk vaxta af þessu fé sem er líklega ekki lægri tala. Því má leiða rök að því að í dag séu menn að ráðstafa a.m.k. 10 milljörðum kr. árlega út úr greininni sem greiðslu fyrir veiðiréttindin. Við sjáum því til viðbótar að

leigukvótinn er nokkrir milljarðar á ári, a.m.k. 3–4 milljarðar eftir þeim tölum sem við getum fengið um það efni. Staðan er orðin þannig í dag að verið er að greiða mjög háar fjárhæðir af tekjum sjávarútvegsins í heild á hverju ári fyrir það að nota þessar veiðiheimildir. Það fyrirkomulag er komið á og það verð sem menn greiða er miklu hærra en frv. gerir ráð fyrir að renni síðan í ríkissjóð.

Miðað við tölur frv. má ætla að útgerðinni sé ætlað að greiða svona um 3 kr. á hvert kíló þorskígildis á árinu 2004, eftir tvö ár, sem hækki síðan upp í 5 kr. og það er ekki nema mjög lítill hluti af því verði sem útgerðarmenn eru í dag tilbúnir til að greiða fyrir þessar veiðiheimildir. Það verður því ekki sagt að frv. sé verulega íþyngjandi fyrir útgerðina frá því sem nú er.

Auðvitað hefur verið tekist á um þetta mál í öllum flokkum, líka í Framsfl. Á síðasta ári fjallaði nefnd um efnið sem samþykkt var á síðasta flokksþingi í mars í fyrra en á því þingi var farið yfir þetta mál. Tveir valkostir urðu á endanum uppi, hvort menn ættu að velja svokallaða veiðigjaldsleið sem frv. mælir fyrir um eða hvort innkalla ætti veiðiheimildirnar og ráðstafa þeim á markaði, þ.e. beita svonefndri fyrningarleið.

Sjútvn. flokksins komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að taka upp auðlindagjald, meiri hluti hennar studdi það. Nefndin skiptist hins vegar í tvo jafna hópa um það hvort fara ætti fyrningarleið eða styðjast við veiðigjaldsleið. Stuðningurinn við fyrningarleiðina var því, og er, verulega mikill innan Framsfl. Þá ber að hafa í huga að í sjávarútvegshópi flokksins voru nokkuð margir útgerðarmenn sem ekki eru í flokknum en störfuðu með hópnum og höfðu þar fullan rétt, þar með talið atkvæðisrétt, og beittu sér allir fyrir veiðigjaldsleiðinni. (**Gripið fram í:** ... líka?) Ég dreg því þá ályktun og hef leyft mér að segja það að ég tel að flokksmenn Framsfl. hafi sent mjög sterk skilaboð um að þeir vildu breytingar á sjávarútvegsstefnunni og að þeir teldu fyrningarleiðina vænlega í þeim efnum.

Það kom í hlut miðstjórnar að kveða upp úr um það með hvorri leiðinni flokkurinn skyldi mæla. Niðurstaða miðstjórnarfundar í nóv. sl. varð sú að samþykkja að auðlindagjald verði tekið upp eins og meiri hluti nefndarinnar hafði komist að niðurstöðu um, og að farin yrði að þessu sinni veiðigjaldsleið en á fundi miðstjórnar var fyrningarleiðinni ekki hafnað. Ég vek athygli á því að Framsfl. hefur ekki hafnað fyrningarleiðinni en hann komst að þeirri niðurstöðu nú að beita skyldi því sem kallað er í ályktun flokksins „magntengt veiðigjald". Sú varð niðurstaðan og því mælum við í þessu ríkisstjórnarsamstarfi með því að innheimt verði magntengt veiðigjald, og frv. sem sjútvrh. lagði fram fer mjög nærri þeirri niðurstöðu miðstjórnar Framsfl.

Ég vek hins vegar athygli á því líka að í ályktun miðstjórnarinnar er kveðið á um að staðfesta beri í stjórnarskrá að auðlindir sjávar séu sameign þjóðarinnar. Og ég geri ráð fyrir því að ríkisstjórnin muni efna þá ályktun miðstjórnar Framsfl. og flokkarnir hafi náð samkomulagi um að standa að því að uppfylla ályktun miðstjórnar flokksins að þessu leyti líka eins og um magntengt veiðigjald.

Ég vildi, herra forseti, gera grein fyrir niðurstöðu Framsfl. þannig að það lægi alveg ljóst fyrir hver hún hefði verið og eins líka hver afstaða mín hefur verið í málinu, og er, þannig að ekkert fari á milli mála í þeim efnum.

Ég tel, herra forseti, að í núverandi frv. sé eitt og annað sem þurfi að skoða betur auk þess sem ég vek athygli á því að ég sakna nokkurra atriða úr áliti endurskoðunarnefndar sem ekki er að finna í þessu frv. Fyrst og fremst held ég að til að mæta þeim sjónarmiðum sem miðstjórn Framsfl. var með í nóv. sl. þurfi að koma skýrt fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að sett verði í stjórnarskrá ákvæði um að fiskstofnarnir séu þjóðareign og enn fremur að verulega verði aukið við byggðakvóta en um það voru mjög sterkar kröfur á miðstjórnarfundi okkar.

[16:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að spyrja hv. þingmann og formann þingflokks Framsfl. hvort þær athugasemdir sem hann var að gera við þetta frv. — að ríkisstjórnin ætti í raun og veru að flytja líka frv. um breytingu á stjórnarskránni og jafnframt að breyta þurfi frv. í ýmsum atriðum, hækka t.d. byggðakvótann — þýði að hv. þm. muni ekki styðja þetta mál. Hv. þm. skilaði séráliti þegar hann var í þessari nefnd sem umtöluð hefur verið hér og þess vegna er full ástæða til að spyrja um þetta. Ekkert hefur komið fram, svo ég hafi nokkurn tíma heyrt, sem bendir til þess að Sjálfstfl. ætli sér eða vilji breyta stjórnarskránni. Í þeim flokki eru menn líka afar mikið á móti byggðakvóta. Þau 1.500 tonn sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frv. eru sennilega 1.500 tonnum of mikið miðað við hvernig margir af sjálfstæðismönnum hafa talað sem hafa verið á móti byggðakvóta.

Þess vegna er ástæða til að spyrja hv. þm.: Mun hann styðja þetta frv. ef það vantar upp á í þessum breytingum sem hann er hér að lýsa?

[16:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að mér sé bæði rétt og skylt að vinna að því að uppfylla þau sjónarmið sem minn flokkur hefur sett fram í þessu máli. Það er eins og ég hef rakið einkum þrennt. Í fyrsta lagi að það verði magntengt veiðigjald en menn voru ekki sammála um að hafa það afkomutengt. Í öðru lagi að auka við byggðakvóta. Í þriðja lagi að fá ákvæði í stjórnarskrána um þjóðareign fiskstofna.

Það liggur fyrir að verulega hefur verið komið til móts við sjónarmið okkar um magntengt veiðigjald. Ég álít að það sé þannig mjög nærri þeim viðhorfum sem miðstjórn Framsfl. setti fram.

Það er líka gengið til móts við þessi sjónarmið í auknum byggðakvóta með því að taka upp sérstakan byggðakvóta í smábátaútgerðum upp á 2.300 tonn og örlítið í þessu frv., um 1.500 tonn til sjútvrh., sem þýðir þá a.m.k. að á næstu tveim fiskveiðiárum verða 3.000 tonn í byggðakvóta. Ég tel hins vegar að mjög skammt sé gengið í þeim efnum og vil vinna að því að það verði aukið, hvort sem það verður með beinum tillögum eins og er í frv. um byggðakvóta eða með því að ívilna línuveiðum eins og við þekkjum frá fyrri tíð. Út af fyrir sig hefur það, hvað mig varðar, sömu áhrif og sömu þýðingu. Í þriðja lagi verður auðvitað gengið eftir því að vinna fylgi við það sjónarmið að setja í stjórnarskrá það ákvæði að fiskstofnarnir verði þjóðareign. Ég vek athygli á að niðurstaða auðlindanefndar var að svo skyldi gert.

[16:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðséð að hæstv. sjútvrh. hefur aldeilis verk fyrir höndum eins og hæstv. forsrh. tók til orða, ef hann á að ná samkomulagi um þetta plagg því að hv. þm. er að gera hér grein fyrir verulegum annmörkum á málinu

frá sjónarmiði hans séð og verulegum breytingum sem hann óskar eftir, bæði á frv. sjálfu og síðan því að hér komi fram frv. sem margir aðrir hafa kallað eftir líka, um breytingar á stjórnarskránni. Þetta hlýtur þá allt að þurfa að liggja fyrir þegar menn afgreiða það mál sem hér liggur til grundvallar og í umræðunum vonandi í framhaldinu fáum við líka að sjá hvaða glímu hæstv. sjútvrh. þarf að eiga við sína eigin menn, því hæstv. forsrh. tók þannig til orða að ná þyrfti samkomulagi við menn í hans flokki og hafði það meira að segja á undan þegar hann var að ræða um þessi mál. Ég geri því ráð fyrir að honum hafi ratast satt orð á munn þegar hann sagði að hæstv. sjútvrh. ætti verk fyrir höndum við að ná stjórnarliðinu saman um málið, að maður tali nú ekki um stjórnarandstöðuna sem gerir sér tæplega miklar vonir um að mikið verði komið til móts við hana um þetta mál eða umfjöllun um það miðað við forsögu þess eins og hún er komin fram á þennan dag.

[16:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin launung að málið er ekki útrætt. Það hefur komið fram opinberlega eins og hv. þm. gerði grein fyrir með því að vitna í orð hæstv. forsrh. og ýmis atriði sem menn eiga eftir að ræða til enda eða eru með beina fyrirvara um. Ég vil nefna atriði sem eru fyrirvarar um og það er ákvæðið í frv. um að auka rétt fyrirtækja til að eiga stærri hlut aflahlutdeilda í einstökum fiskstofnum en nú er. Ýmsir eru á þeirri skoðun að ekki sé rétt að stíga það skref og ég hef lýst yfir efasemdum um það og hef fyrirvara hvað það atriði varðar, svo ég nefni dæmi.

Ég vil einnig minna á atriði sem meiri hluti endurskoðunarnefndar gerði tillögu um og ég sakna að ekki er getið um í frv. eða það muni koma fram á öðrum vettvangi síðar, eins og t.d. þá tillögu að setja verulegt fé til atvinnuuppbyggingar í þeim byggðarlögum sem mjög hafa stuðst við sjávarútveg, einkum til að efla atvinnu í öðrum atvinnugreinum. Það var mjög afdráttarlaus tillaga sem ég held að geti leitt ýmislegt gott af sér ef menn fara að henni.

Einnig má nefna þá tillögu meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar sem er efnislega sú sama og auðlindanefndin gerði tillögu um, þ.e. að hluti af því fé sem fæst fyrir veiðiheimildirnar renni til sveitarfélaga til að styrkja þau. Ég er mjög sammála því viðhorfi en sé að það er ekki í frv.

[16:50]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson notaði drjúgan tíma af ræðutíma sínum í að lýsa viðhorfum manna í Framsfl. hvað varðar endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Nú er alveg ljóst að hér er á ferðinni frv. sem gerir engar stórkostlegar breytingar á því, heldur framkallast kannski enn þá verri gallar en hafa verið til þessa. Þess vegna leikur manni forvitni á að vita hvort hv. þm. getur stutt þetta frv. eins og það er núna. Eða megum við búast við því að í báðum stjórnarflokkunum þar sem uppi eru háværar raddir um að grundvallaruppstokkun þurfi að eiga sér stað, meti hann það svo að menn muni í báðum flokkunum bara lyppast gagnvart málinu? Þetta er verulegur hópur innan Framsfl. og ég tala nú ekki um innan Sjálfstfl. sem er í grundvallaratriðum gjörsamlega andvígur því kerfi sem við byggjum á. Ég hefði gaman af því að þingmaðurinn svaraði því eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði hann um, hvort hann gæti stutt frv. eins og það er núna eða með einhverjum minni háttar breytingum.

[16:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. að í frv. er ekki um að ræða neinar verulegar breytingar frá núverandi fyrirkomulagi. Breytingin við að taka upp veiðigjald frá því sem við höfum verið með, er ekki mjög mikil. Að sumu leyti má segja að það sé grundvallarbreyting en þegar það er skoðað að efni til, í fjárhæðum, þá er ekki um verulega breytingu að ræða og úthlutunarkerfinu er haldið óbreyttu. Það er niðurstaða sem varð á milli flokkanna og ég vek athygli á því eins og ég rakti, að það var niðurstaða miðstjórnar Framsfl. að leggjast ekki á þá sveifina að þessu sinni að gera róttækar breytingar á kerfinu aðrar en þær sem ég hef þegar rakið og við það verður auðvitað að búa. Við fylgjum ekki öðru eftir fyrir hönd flokksins en því sem flokkurinn hefur samþykkt.

Ég tel hins vegar ekki líklegt að sú niðurstaða sem hér er borin fram í frv. verði varanleg. Ég tel hana ekki líklega til að lægja öldurnar um kerfið. Það eru aðrir sem eru annarrar skoðunar og trúa því að þetta geti orðið ásættanleg niðurstaða, en tíminn verður að leiða í ljós hver hefur rétt fyrir sér í þeim efnum.

Ég tel hins vegar rétt að halda áfram að vinna málið í samræmi við þau sjónarmið sem ég hef rakið.

[16:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hefur verið tíðrætt um byggðakvóta í ræðu sinni. Ég vil því spyrja hv. þm. af því hann er einnig stjórnarformaður í Byggðastofnun, hvort hann telji byggðakvóta sem slíkan, sem úthlutað er miðstýrt úr ráðuneyti vænlegan kost eða góðan kost fyrir þau byggðarlög sem standa illa. Tillögur hafa komið fram um byggðatengingu sem væri þá tenging á grundvallarréttindum til þess að afla fiskjar frá sjávarplássum landsins. Er það ekki að mati þingmannsins heppilegri leið en að vera með kvótaúthlutun sem byggir á því að slökkva elda þegar vandræðin koma fram vegna sölu á kvóta frá byggðarlögum o.s.frv.? Þetta er í sjálfu sér mjög mikið mál í frv. vegna þess að það stefnir í að menn ætli að beita þessu tæki meira en verið hefur og hér er um verulegar veiðiheimildir eða möguleika að ræða. Ég held að gott væri fyrir umræðuna að hv. þm. gerði svolitla grein fyrir skoðun sinni á þeim málum.

Hvað varðar sjávarbyggðirnar, þá er það mat flestra að það sé öryggisleysið sem fær fólk til þess að flýja, jafnvel frá stöðum þar sem um stundarsakir er ágætisatvinnuástand. Það sanna tölur sem sýna manni ásókn fyrirtækja í að fá erlent vinnuafl, að fólk hefur hreinlega farið af stöðunum, Íslendingar, og flutt vegna þess að þeir hafa ekki talið grundvöllinn nógu tryggan og notað fyrsta tækifæri til þess að flytja búferlum.

[16:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Meðan menn styðjast við núverandi kerfi með þeim göllum sem á því eru, sem m.a. leiða til mikillar samþjöppunar aflaheimilda og vandamála sem því fylgja í ýmsum byggðarlögum sem verða fyrir því að kvóti fer þaðan, þá tel ég nauðsynlegt að menn taki frá úthlutuðum aflaheimildum ákveðinn hluta til þess að geta ráðstafað til þeirra sömu byggðarlaga til að tryggja ákveðinn atvinnulegan grunn. Ég hef sett fram þau sjónarmið að í þessu skyni mundi þurfa svo

vel væri u.þ.b. 5% af úthlutuðum aflaheimildum. Miðað við að úthlutaðar aflaheimildir séu um 400 þúsund þorskígildi, þá mætti reikna út að þetta þyrftu að vera um 20 þúsund tonn árlega, fyrst og fremst í botnfiski, sem væru til ráðstöfunar aðilum í útgerð í þeim tilgreindu byggðarlögum sem féllu undir það mál.

Úthlutun getur auðvitað verið með ýmsum hætti. Byggðastofnun hefur spreytt sig á því verkefni að ráðstafa 1.500 tonnum og hafði í leiðarvísi ákveðin markmið sem menn skyldu setja sér, annars vegar að tryggja atvinnu og hins vegar að byggja upp ný fyrirtæki. Segja má að reynslan sem þegar liggur fyrir af því fyrirkomulagi sé að vel sé hægt að gera þetta með almennum og skilgreindum hætti. Það hefur að mörgu leyti tekist vel til, sérstaklega það að tryggja atvinnu. Sú reynsla á ekkert að fæla menn frá í þeim efnum. Ég tel hins vegar ekki endilega nauðsynlegt að það sé Byggðastofnun eða ráðuneytið sem úthluti, heldur geti menn sett almennar reglur sem hægt er að styðjast við í ráðstöfun veiðiheimilda.

[16:57]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Við erum að ræða hér eitt stærsta mál sem uppi hefur verið á hinu háa Alþingi árum eða áratugum saman og hæstv. ráðherrar, utan einn, sýna því málefni slíka virðingu að enginn þeirra er viðstaddur. Maður hefði kannski haldið að hingað ætti erindi hæstv. forsrh. sem dró sáttafánann að húni á úthallandi vetri 1999. Þegar skoðanakannanir bentu til að tveir þriðju hlutar þjóðarinnar væru andvígir því kerfi sem verið hefur við lýði, þá þurfi að finna aðferð til þess að slá ryki í augu fólks og það var gert með því að taka upp tillögu sem stjórnarandstaðan þáverandi hafði flutt um skipan auðlindanefndar. Öll vegferð þessa máls frá upphafi til enda hefur verið á eina bókina lærð. Mörkuð í upphafi að viðhalda nákvæmlega án þess að nokkur breyting væri sem skipti máli, því kerfi sem upprunalega var sett á.

Ég hef leitað í þessu frv. með logandi ljósi að einhverri þeirri breytingu sem teldist geta verið bitastæð í þessu sambandi og ekki fundið. Auðlindagjald á að vera skálkaskjólið, á að sýna breytinguna, einhverja nýja byltingu í þessum málum, en allt annað í kerfinu á að vera óbreytt. Ég hef margspurt og aldrei fengið svör: Vantar skattalagaákvæði í íslensk skattalög til þess að leggja á atvinnurekstur, hvort heldur útgerð og þá sérstaklega útgerðina, þá skatta sem hún getur borið eða sanngjarnt er að á hana séu lagðir? Ekkert svar.

Auðlindagjaldshugmyndin er notuð til þess að skjóta skildi fyrir allt hitt sukkið, að nú eigi að fara að borga fyrir að fénýta sjálfum sér þessa auðlind. Og hvert er svo gjaldið? Menn greinir dálítið á um það. Sumir segja að til að byrja með verði þetta 300 milljónir. Þá yrði ríkið í tíu ár að ná þeirri fjárhæð sem Samherjafrændinn fór með út úr þeirri útgerð. Það er nú öll hnyskjan.

En tökum eitt lítið dæmi um þá fjárhæð sem þeim er gert að greiða. Sjómannaafsláttur inn, skattafsláttur sjómanna, er talinn nema 1.200–1.300 millj. kr., 1,2–1,3 milljörðum. Þeir sem predika nú um víða veröld að Ísland sé í fararbroddi þeirra sem vilja leggja af styrki í sjávarútvegi sneiða alltaf hjá þessari staðreynd. Auðvitað á útgerð að borga þetta. En ef útgerðin borgaði þannig að sjómaðurinn héldi sömu kjörum og áður, þá væri það ekki 1,2 eða 1,3 milljarðar heldur nærri tvöföld sú upphæð, allt upp að 2,2 milljörðum a.m.k. Og þá er talan komin yfir það sem menn í þykjustunni ætla að láta menn borga í auðlindagjald. Vegna þess að þetta munar ríkið eða hið opinbera þeirri fjárhæð, 1,2–1,3 milljörðum, sem það kostar ríkið í eftirgjöf á sköttum og svo vextir og skattar af allri þeirri fjárhæð sem ella þyrfti að greiða. Svo augljóst má þetta vera.

Síðan horfum við á leikritið sem þeir setja upp kvótahöfðingjarnir, leikrit Landssambands íslenskra útvegsmanna og ríkisstjórnar, þar sem LÍÚ-menn lýsa því yfir að þeir séu algjörlega andvígir þessu auðlindagjaldi. Eitt vita allir sem vilja vita með fullri vissu að ekkert slíkt frv. eins og þetta hefði verið lagt fram nema með fullu samþykki, vitund og vilja Landssambands íslenskra útvegsmanna og auðjöfranna þar, sem Sjálfstfl. hefur gengið á hönd. Samt eru menn að tala um sættir þegar málið virðist svo standa að allir séu eiginlega á móti þessu. Þjóðin er á móti því, þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar og menn í Framsfl., í sjálfum þingflokki þar. Samt stendur þann veg á að sættir eigi að takast af því að tilviljun virðist ráða því að aðeins einn hópur manna fylgi þessu af alhug og það er þingflokkur Sjálfstfl. Og þetta eru kallaðar sættir. Alveg frá upphafi var enginn sáttahugur í mönnum. Þetta var kosningabrella sem formaður Sjálfstfl. fann upp. Og alveg frá upphafi er hægt að fylgja vegferðinni eftir.

Innan auðlindanefndar var haldið á floti þeirri aðferð sem menn komust frá upphafi að niðurstöðu um, óbreyttu kerfi, skeytt við auðlindagjaldi sem allir vissu að yrði aðeins til málamynda. Auðvitað voru fulltrúar auðvaldsins látnir gera fyrirvara um útfærslu auðlindanefndarinnar þar sem þeir kusu sér gömlu aðferðina, aðferðina sem frá upphafi átti alltaf að viðhafa og hefur alltaf verið í gildi og er í gildi og á að vera í gildi samkvæmt þeim endapunkti sem nú virðist eiga að reka á málið.

Og svo kom endurskoðunarnefndin og passað var upp á að meiri hluta hennar skipuðu sauðtryggir fylgjendur sömu óbreyttu kvótalaga og sömu framkvæmdarinnar sem menn sjá hvernig hefur reynst og ég mun víkja að stuttlega síðar.

Svo ég bæti því við, upptalninguna um þessa nýju áþján, þessa nýju skattareglu sem mun kosta ekkert smáræði að setja upp, þá á að fella niður þróunarsjóðsgjald upp á einar 600 eða 700 millj. kr. Og það ætla ég að biðja menn að hafa í huga og muna að ef þessir menn sem nú stjórna landinu stjórna áfram, þá mun ekki líða á löngu þangað til hið svokallaða auðlindagjald verði gert frádráttarbært frá skatti. Þannig er þessu stjórnað af þeim sem þykjast ráða í landinu. Þann veg er þeim stjórnað.

Menn eru komnir eftir þrjú ár frá því hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., hóf sáttabikarinn á loft að því er virðist á leiðarenda, án allra breytinga, ekkert hefur verið rétt fram til sátta heldur þrælast á sömu þrælalögunum sem nú á að lögfesta.

Jú, eitt hefur breyst. Smábátunum hefur verið þrælað inn í stóra þjófakerfið svo hægt sé að þjarma að þeim og enginn vafi er á því að það mun leiða til þess a.m.k. helmingurinn af þeim kemst ekki af, enda er það tilgangurinn að þessir stóru nái öllu undir sig. Það er ekkert verið að dylja þess, menn eru ekkert að dylja þess þegar þeir segja að þeir vilji gjarnan enda á fimm til sjö fyrirtækjum útgerðar í landinu og í því birtist líka byggðastefnan þeirra.

Tilgangur kerfisins hlýtur að vera óbreyttur enn. Hver var hann? Að sjá um vöxt og viðgang fiskstofna. Að gefa kost á stórfelldri hagræðingu í útgerð. Að efla byggð í landinu og tryggja búsetu. Að minnka fiskiskipaflotann sem talinn var

a.m.k. einum þriðja of stór. Þessi tilgangur, þau markmið öll hljóta að vera enn í gildi. Og hvernig hefur tekist til? Það er skellt skollaeyrum við því þó menn rifji upp æ ofan í æ hvernig tekist hefur til með þessi markmið. Hvernig hefur tilgangur kerfisins nýst sem við höfum verið með óbreytt í framkvæmd í nærri 20 ár?

Staðreyndirnar um fiskstofnana eru að botnfiskstofnunum hefur stórkostlega hrakað. Það er óþarft að nefna tölur í því sambandi, en gjarnan má minna á að á 22 árum frá 1950–1972 var jafnstöðuafli þorsks á Íslandsmiðum 438 þúsund tonn. Hvað er hann orðinn núna eftir að ríkt hefur yfir okkur það kerfi sem nú á endanlega að lögfesta? 150 þúsund tonn. Ekki einn þriðji af því sem hann var um 22 ára skeið og maður skyldi halda að full reynsla hefði þá verið komin á að íslenska þorskslóðin gat gefið þetta af sér. Og þannig er um alla botnfiskstofnana.

Það átti að gefa kost á stórfelldri hagræðingu. Í hverju birtist hún? Í stórkostlegri skuldaaukningu útgerðarinnar, svo grimmilegri að það hefur orðið að láta gengið hrapa til þess að hún færi ekki alveg á hliðina. Og hver er orsökin til þess í ágætu verði afurða og yfirlýsingum stjórnvalda um stórkostlega hagræðingu? Ástæðurnar rakti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hér áðan. Þetta er braskið. Út úr útgerðinni eru sognir ekki milljarðar heldur tugir milljarða og menn sjá hvert stefnir. Það er líka rétt að það endar auðvitað með því að þjóðin sjálf hefur keypt allar veiðiheimildirnar. Og herrarnir sem fénýta þetta og maka krókinn eru komnir með þetta í aðra atvinnuvegi, mikið af því, og/eða úti í Lúxemborg skattfrjálst eins og þeim var gefinn kostur á.

Kerfið átti að styrkja og styðja byggirnar í landinu og tryggja búsetuna. Hv. formaður þingflokks Framsfl. lýsti þessu líka, svo ég sæki nú röksemdir mínar og upplýsingar þangað sem þeirra er helst að leita, hjá mönnunum sem ráða, sem stjórna þessu öllu saman.

Hvernig hefur gengið með að draga úr veiðiafköstum flotans, minnka flotann? Á þann veg að ný fiskiskip sigla til landsins eins og á færibandi frá Kína, sérstaklega byggð með það fyrir augum að komast með trollið sitt inn að 4 sjómílum. Lengdin upp á sentimetra við það miðuð. Og aflmikil skip. Inn að 4 mílum og ég heyrði hv. 5. þm. Vestf., Einar Odd Kristjánsson, upplýsa að vélarafl hefði þrefaldast á þessum tíma og það hefur þrefaldast en samt hefur botnfisksaflinn minnkað um tvo þriðju.

Síðan þetta gamla deiluefni af því að þeir sem ráða ferðinni vilja ekki kannast við staðreyndir, allt er blekkingum hulið. Hæstv. forsrh. talar svo varla í nokkru máli að ekki sé farið til hliðar við staðreyndir og sannleika. Honum helst það uppi því að allir fjölmiðlar ganga undir þessum ósóma, en það er brottkast aflans. Ég hef margoft rifjað það upp að einn af þekktustu fiskiskipstjórum þjóðarinnar, Hrólfur Gunnarsson, hefur látið þá skoðun í ljós að brottkastið næmi um 200 þúsund tonnum. Menn vita kannski að inni í reiknilíkani Hafrannsóknarstofnunar eru 10 þúsund tonn sem þann veg er reiknað með að brottkastið nemi. Menn hafa ekki þorað að nefna þetta upphátt, þessa ógn, en mér sem að líkum lætur er fullkunnugt um sóðaskapinn í þessu sambandi. Á öllum höfnum er reynt að svindla og svindlað fram hjá vigt, breytt um tegundir. Ungir menn sögðu mér frá því hvernig snurvoðarbátarnir af Snæfellsnesinu höguðu sér. Það var mikil fiskgengd og mikið smælki og af 5 tonnum í hali mátti þakka fyrir að 500 kíló færu í lestina.

Menn hafa fyrir augum að aldrei kemur að landi neinn dauðblóðgaður fiskur. Ekki heldur af netum sem þó drepa um 40% af fiski fyrstu nóttina sem þau eru í sjó. Það hefur meira að segja hent að skip hafi aðeins komið með hrogn að landi og ég nefni þetta án þess að mér sé hlátur í hug.

Sóðaskapurinn, braskið, svindlið og menn segja við mig í ávítunartóni: Þú ert að svívirða íslenska sjómannastétt. Þú, gamli útgerðarmaðurinn og fæddur á sjó. Ég er ekki að því. Þeir eiga engra annarra kosta völ undir þessu kerfi, menn sem þurfa að leigja sér þorskinn á 150–160 kr. kílóið, eiga engra kosta völ en að henda öllu öðru en því sem gefur mest verðið, engra kosta völ. Og allir þessir menn eru að bjarga lífi sínu og sinna, framfærslu sinni. Eru neyddir af kerfinu til þess að haga sér svona.

Það er síðan mál sem ég hef áður komið að í sambandi við þá mismunun sem menn eru beittir, upp úr og niður úr. Það má líka nefna hvernig var farið að með skipstjórakvótann. Þegar Samherja voru á silfurfati rétt 4.000 þorskígildistonn. Hvernig meta þeir það, útgerðarfurstarnir? Kynnu það að vera eitthvað liðlega 4 milljarðar króna?

Formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar fékk afhent nærri 3.000 þorskígildistonn. (**Gripið fram í:** Heitir hann Stefán Jón Hafstein?) Nærri 3.000 þegar hann fékk skipstjóra af Örfirisey yfir á Viðey. (**GAK:** Fyrrverandi framkvæmdastjóri.) Og hann fer auðvitað létt með það að borga ... Hvað sagði hv. þm.? (**GAK:** Fyrrverandi framkvæmdastjóri.) Fyrrverandi já, en hann var ekki settur af þess vegna þar. En það er, eins og ég segi, ekki að undra þótt sá maður fari létt með að borga pólitískan herkostnað hvort heldur það er Þjóðvaki eða annað þar sem hann fylkir liði, og er búinn að eignast málgagn sem hann stjórnar með þeim hætti sem stundum má sjá merki á.

Til að bjarga útveginum, útflutningsatvinnuvegunum, var gripið til þess ráðs að kolfella gengið. Og hverjir borga þegar fjármagnið er flutt með þessum hætti yfir til útflutningsatvinnuveganna? Hverjir borga? Þeir sem þurfa að kaupa sér í matinn. Allur almenningur borgar. Það er verið að færa peninga til útgerðarinnar sem þeir svo í hinu orðinu segja að gangi afbragðsvel.

Þegar þetta frv. sá fyrst dagsins ljós á hinu háa Alþingi tóku kollegar mínir í stjórnarandstöðunni fram að hér væri kastað stríðshanska. Það er rétt og við honum verður tekið, á því er ekki nokkur minnsti vafi.

Hitt er svo annað mál að þótt kjafti og klóm verði beitt höfum við þau dæmi fyrir augum að það hefur komið í einn stað niður. Menn taka ekki rökum. Þeir eru svínbeygðir af þessu útgerðarauðvaldi og fara í öllu að vilja þeirra, og auðvitað er reyndar hæstv. varaforsætisráðherrann einn dæmigerðasti kvótahöfðinginn frá Höfn í Hornafirði.

Ég hygg að sagnfræðingar framtíðarinnar muni kveða upp þyngstan dóm yfir núverandi ríkisstjórn, þyngri en yfir öllum öðrum íslenskum ríkisstjórnum, vegna þessara ódæma sem íslensk stjórnvöld leyfa sér að hafa í frammi.

[17:17]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Af því að hæstv. sjútvrh. fór í sögu málsins langar mig til að fara örfáum orðum um aðdragandann. Mjög mikið er vitnað til niðurstöðu auðlindanefndar en

hún lagði jú til tvær leiðir, svokallaða fyrningarleið og síðan veiðigjaldsleið með hóflegu veiðigjaldi, eins og sagt er.

Virðulegi forseti. Við mörg tækifæri á hinu háa Alþingi hafa þeir hv. þm. sem voru í svokallaðri auðlindanefnd útlalað sig um nefndarstörf sín og sagt að nefndin hafi verið með hina svokölluðu fyrningarleið á borðinu nánast alveg fram á síðustu metra vinnunnar. Síðan hefði möguleikinn á veiðigjaldsleið komið frá þremur aðilum í nefndinni og henni hafi verið þrýst inn í þetta nál. Hv. þm. sem voru í þessari nefnd hafa hver á fætur öðrum komið upp og sagt sína túlkun á því hver var niðurstaða auðlindanefndarinnar í raun og veru. Menn höfðu alltaf fyrningarleiðina að leiðarljósi þó að líka væri talið koma til greina í nefndaráliti að fara hina svokölluðu veiðigjaldsleið.

Virðulegi forseti. Ég var skipaður af mínum flokki í svokallaða sáttanefnd eða endurskoðunarnefnd um sjávarútvegsstefnuna sem var að störfum í tvö ár, eins og fram hefur komið í ræðum margra hv. þm. Alþjóð er kunnugt um að sú nefnd skilaði fjórum nefndarálitum, þ.e. meiri hlutinn skilaði nefndaráliti sem þetta frv. er síðan byggt á að sumu leyti en þó ekki öllu, og síðan voru þrjú minnihlutaálit þar sem menn voru nokkuð samstiga, hv. þm. Jóhann Ársælsson fyrir Samfylkingu og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fyrir Framsfl. Ég tel miður, virðulegi forseti, að ekki var tekið í þá sáttarhönd sem var rétt fram fyrir nokkrum mánuðum þar sem stjórnarandstaðan lagði til í þál. að nú yrði sest niður eina ferðina enn og þess freistað að ná einhverri niðurstöðu sem gæti byggt á svokallaðri fyrningarleið til að framkalla breytingar á því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við núna. Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við núna hefur á engan hátt skilað þeim árangri sem að var stefnt þegar þessi lög voru sett. Um tíu ára skeið höfum við keyrt á fiskveiðistjórnarkerfi sem skilar okkur lakara ástandi mikilvægustu fiskstofna okkar að frátöldum uppsjávarfiskum, lakara ástandi en þegar kerfið var sett á. Þetta hlýtur að gefa tilefni til umhugsunar um það hvort við höfum ekki verið og séum ekki á kolvitlausri leið í sambandi við stjórn fiskveiðanna. Það er jú mat margra.

Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, að það verði að koma skýrt fram í umræðunni að þau lög sem hér er verið að fjalla um breyta fiskveiðistjórnarkerfinu í sjálfu sér í engu, þau stuðla frekar að því að framkalla frekari ágalla þess kerfis sem við höfum búið við og erum svo óánægð með, frekari samþjöppun í útgerðinni, færri og stærri fyrirtæki, gríðarlegan byggðavanda og möguleika manna á því að fara með verulegar fjárhæðir út úr greininni. Þetta eru hlutir sem þjóðin getur engan veginn sætt sig við. Þess vegna er nauðsynlegt að koma fram með tillögur sem menn hafa trú á að geti á taktfastan hátt í rólegheitum fært okkur til betra fiskveiðistjórnarkerfis, og þá á ég sérstaklega við hvað það varðar að byggja upp fiskstofnana. Það er jú númer eitt, tvö og þrjú sem ekki hefur tekist, a.m.k. ekki í dýrustu tegundunum. Í uppsjávarfisktegundunum er að vísu miklu betra ástand.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gengum inn í þessa vinnu með mjög opnum huga, við tókum stefnuskrá okkar og útfærðum í nefndaráliti þar sem ég skilaði áliti sem minnihlutaaðili, skilaði áliti sem ég og minn flokkur töldum að gæti verið nálgun, gæti verið á þá lund að við kæmum til móts við þá sem vilja keyra óbreytt núverandi kerfi áfram. Við lögðum gríðarlega vinnu í þessar tillögur okkar en þær byggja á því að við viljum nota hina svokölluðu fyrningarleið, nota hana til að losa kvóta til endurúthlutunar eftir sérstakri formúlu.

Í þeim tillögum sem við höfum lagt fram gerum við ráð fyrir því að við innköllum kvótann á 20 ára tímabili með 5% fyrningu á ári. Við keyrum með svokallaðan biðkvóta til aðlögunar fyrir útgerðina þannig að 3% af fyrningunni geta núverandi útgerðaraðilar leigt til sín aftur gegn hóflegu gjaldi, og síðan fari fyrningin að koma fram af fullum þunga á sjöunda ári.

Þessar tillögur byggja á því að við gerum okkur fulla grein fyrir stöðu útgerðarinnar í dag og við gerum okkur fulla grein fyrir því að það er ekki hægt að kúvenda í þessum málaflokki, okkar mikilvægustu atvinnugrein. Menn verða að framkalla aðlögun að nýju kerfi á löngum tíma. Það hefur komið fram hjá mörgum hv. þm. að sjávarútvegurinn er náttúrlega gríðarlega skuldsettur fyrir margra hluta sakir en að stórum hluta vegna þess að menn hafa getað selt veiðiheimildir og farið með gríðarlegar fjárhæðir, tugi milljarða, út úr greininni. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þessu.

Þegar við tölum um breytingar á sjávarútvegsstefnunni er sú staða sem við erum í hvað varðar ástand fiskstofnanna allt of lítið inni í umræðunni. Við verðum að setja þá umræðu á nýjar brautir og fá breytingarhugmyndum veglegri sess. Alls staðar annars staðar í löndunum í kringum okkur eru menn með þetta efst á blaði, samanber t.d. vinnu Evrópusambandsins í sambandi við grænu bókina, ástand staðbundinna stofna og umræður um hvernig eigi að skipta í útgerðarflokka, hverjir eigi að fá að veiða o.s.frv. Það er mjög mikilvægt en þessi umræða um friðunina og ástand fiskstofnanna er allt of lítil hérlendis og við þurfum að hefja hana til vegs og virðingar.

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þær tillögur sem koma fram í frv. gera ekkert annað en að viðhalda núverandi kerfi og þær gera það að verkum að enn frekari samþjöppun veiðiheimilda verður heimiluð og stækkun útgerðarfyrirtækja mun leiða af sér fækkun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í greininni. Tillögurnar endurspegla oftrú á hagkvæmni stærðarinnar og það viðhorf að stækkun fyrirtækja sé ein helsta leiðin til það auka arðsemina í útveginum.

Stóra málið, virðulegi forseti, er að eðli málsins samkvæmt hefur þessi stefna í för með sér að áfram verða erfiðleikar í hinum dreifðu byggðum landsins. Það kemur fyrir lítið þótt menn fari þá leið hér að vinna með svokallaða byggðakvóta upp á allt að 12 þús. tonn. Þeir eru ekki einu sinni virkir — það hafa verið 1.500 tonn — og engu að síður væri það að mínu mati læknisaðgerð sem skilar ekki árangri til lengri tíma litið. Hún byggir ekki þann grunn sem er nauðsynlegur fyrir byggðarlögin til að fólk hafi trú á því að einhverjir framtíðarmöguleikar séu við sjávarsíðuna í byggðarlögunum. Ég tel það algjöra nauðsyn, eins og kemur fram í hugmyndum okkar um endurskoðun, að fara fyrningarleiðina og endurúthluta, að veiðiréttur sjávarbyggðanna verði tryggður og sömuleiðis veiðiréttur sjávarjarða.

Þegar menn ræða þessi mál er ekki verið að tala um öðruvísi kerfi eða hugsun sem er frábrugðin hugsun margra annarra. Ef við tökum stærri einingar eins og t.d. Evrópusambandið byggir þetta stóra samband veiðitillögur sínar að stórum hluta á veiðireynslu þeirra landa sem mynda bandalagið þannig að menn hafa fengið úthlutað kvótum innan Evrópusambandsins á grunni veiðireynslu sinnar. Í tillögum

okkar er ekki verið að leggja neitt annað til en að þeim sjávarbyggðum sem hafa átt allt sitt undir sjávarútvegi svo áratugum skiptir verði tryggður einhvers konar grunnveiðiréttur þannig að sett sé undir þann leka að hægt sé að fara með veiðiheimildirnar úr byggðarlögunum á einni nóttu. Þetta eru grundvallarviðhorf sem þarf að hafa í heiðri ef menn vilja á annað borð treysta sjávarbyggðirnar og gefa fólkinu möguleika á að lifa áfram á þeim grunni sem því er algjörlega nauðsynlegur til að vöxtur og viðgangur byggðanna geti haldið sér. Í umræðunni hefur komið fram að ein af tillögum endurskoðunarnefndarinnar var að verulegir fjármunir yrðu settir til hliðar og þeir yrðu notaðir til að byggja upp í sjávarbyggðum landsins. Menn voru mjög uppteknir af því við nefndarstörfin en nú sér þess hvergi stað að slíkt eigi að gera. Mig minnir að í nefndarvinnunni hafi menn verið að tala um 800 milljónir.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum teygt okkur langt að mínu mati til þess að koma á móti sjónarmiðum annarra í þessu sambandi eða þeirra sem vilja viðhalda kerfinu. Þegar við tölum um fyrningarleið okkar er hún mjög skilyrt og endurúthlutun veiðiheimildanna er gerð á varfærnislegan hátt þannig að aðlögunin að nýju kerfi verði sem sársaukaminnst og menn þurfi ekki að upplifa neinar kúvendingar. Í tillögum okkar varðandi fyrninguna gerum við ráð fyrir því að endurúthlutun fyrndra aflaheimilda eigi sér stað á þrennan hátt. Við erum ráð fyrir að þriðjungur þeirra aflaheimilda sem fyrnast á hverju ári verði boðinn upp á landsmarkaði og útgerðunum gefinn kostur á að leigja þær til allt að sex ára í senn. Fiskvinnslum sem stunda frumútgerð sjávarafurða gefst einnig kostur samkvæmt þessu kerfi á að bjóða í veiðiheimildir í hlutfalli við raunverulega vinnslu þeirra undangengin ár samkvæmt nánari reglum, og leigutekjum vegna þessarar úthlutunar eða leigu verður skipt á milli ríkis og sveitarfélaga eftir nánari reglum. Síðan erum við með annan þriðjung fyrndra veiðiheimilda og þar kemur byggðatengingin og hugmyndin um hana inn.

Við gerum ráð fyrir að öðrum þriðjungi þeirra aflaheimilda sem fyrnast á hverju ári verði varið til byggðatengdrar ráðstöfunar fyrir sjávarbyggðir umhverfis landið. Við skiptingu veiðiréttindanna milli sveitarfélaga verði byggt á vægi sjávarútvegs, veiða og/eða vinnslu í atvinnulífi viðkomandi sjávarbyggða og hlutfallslegu umfangi innan greinarinnar að meðaltali í 20 ár. Um skiptinguna verði síðan settar nánari reglur að viðhöfðu víðtæku samráði þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Síðan eru það hugmyndir okkar að hlutaðeigandi sveitarfélög sem fá þannig ráðstöfunarrétt yfir kvótanum geti ráðstafað þeim þriðjungi veiðiheimildanna fyrir hönd þeirra sjávarbyggða sem til þeirra heyra og sveitarfélögin geta leigt út veiðiheimildir eða ráðstafað þeim með öðrum almennum hætti á grundvelli jafnræðis, en þeim er einnig heimilt að verja hluta veiðiheimildanna tímabundið til að styrkja hráefnisöflun eða efla fiskvinnslu innan viðkomandi byggðarlaga. Þannig fá þau tækifæri til að efla vistvænar veiðar, styrkja staðbundna báta og dagróðraútgerð, gæta hagsmuna sjávarjarða innan sveitarfélagsins og auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti í sjávarútvegi. Við gerum ráð fyrir að óheimilt verði að framselja byggðatengd veiðiréttindi varanlega frá sveitarfélagi. Kjósi sveitarfélagið — þeim er það í sjálfsvald sett — að innheimta leigugjald fyrir aflaheimildir renna tekjurnar í viðkomandi sveitarfélag.

Síðasti þriðjungur eftir okkar formúlu, þriðjungur fyrndra aflaheimilda á hverju ári, verður boðinn þeim handhöfum veiðiréttarins sem fyrnt er frá til endurleigu gegn hóflegu kostnaðargjaldi á grundvelli sérstaks afnotasamnings til sex ára í senn. Samningnum fylgir sú kvöð að rétturinn verði aðeins nýttur af viðkomandi aðila. Ráðstöfun þessa hlutar aflaheimilda verði tekin til endurskoðunar að 20 ára fyrningartímabili liðnu.

Við höfum líka lagt í tillögu okkar mjög mikla áherslu á að reyna að þróa útgerðina meira til vistvænna veiða og höfum í því sambandi lagt fram tillögur um að vinna með nýtingarstuðla og umbuna þeim sem nota vistvæn veiðarfæri frekar en öðrum þannig að hugmyndir um nýtingarstuðla sem settar hafa verið fram eru að afli tekinn á handfæri reiknist ekki nema 0,8% í kvóta og afli tekinn á línu 0,85% og afli í önnur kyrrstæð veiðarfæri 0,95% og síðan í dregin veiðarfæri 1%.

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum staðið að víðtækri tillögugerð til að koma á móti andstæðum sjónarmiðum og reyna með þeim hætti að færa okkur inn á réttar brautir hvað varðar fiskveiðistjórnarkerfið. Við höfum stutt öll góð mál sem hafa komið upp í þinginu frá hæstv. sjútvrh. og t.d. í vetur studdum við tvö mál til þess að reyna að minnka eða hamla gegn brottkasti afla. Það var 5% meðaflareglan og síðan um möguleikana á því að hægt væri að landa skemmdum fiski, selbitnum fiski o.s.frv. Þessi mál höfum við stutt og við viljum styðja slík mál og veita þeim brautargengi.

En ljóst er, virðulegi forseti, að ef stjórnarmeirihlutinn ætlar að keyra sjávarútvegsstefnuna áfram á þeim grunni sem hér er lagt upp með, þá verður enginn friður um þetta kerfi. Það er augljóst mál. Hér eru á ferðinni óverulegar breytingar og þær breytingar sem eru gerðar leiða að mínu mati frekar til þess að ýta enn undir þann vanda sem við höfum séð framkallast vegna sjávarútvegsstefnunnar. Þá bendi ég sérstaklega á byggðamálin. Það er alveg augljóst í mínum huga að þetta mun áfram leiða til byggðaröskunar í landinu, mikils óöryggis þess fólks sem vinnur bæði við útgerðina og vinnsluna og það er eitt af okkar aðalmeinum í dag, því að ekki er nóg með að byggðavandi skapist vegna þess að fyrirtækið hreinlega loki, byggðavandinn er líka að koma fram núna vegna þess að fólk er óttaslegið og það veit ekki sitt rjúkandi ráð hvað varðar stöðugleika í þessari grein. Það hefur engan grunnrétt. Jafnvel þeir sem ekki hafa verið að hugsa sér til hreyfings frá hinum dreifðu byggðum landsins eru farnir að flytja vegna þess að öryggisleysið er algert að mati fólksins. Við höfum mörg dæmi um það þar sem á einni nóttu er verið að selja lífsbjörgina undan fólki í smáum sjávarbyggðum og afleiðingarnar eru öryggisleysi sem leiðir til þess að fólk flytur sig um set.

Þetta er afleit þróun, virðulegi forseti, og með nýrri sýn á fiskveiðistjórnarkerfi, með nýtt fiskveiðistjórnarkerfi að leiðarljósi sem stuðlar að viðhaldi byggðarinnar og grunni þeirra út um allt land, stuðlar að því að rétta kúrs varðandi ástand fiskstofnanna, vernda þá, viðhalda þeim og byggja þá upp í rólegheitum, til þess verðum við að finna leið. Þetta sem hér liggur á borðum er ekki leið til þess að fara inn á nýjar brautir. Þetta er leið til að viðhalda gömlu kerfi sem ekki hefur skilað neinum árangri hvað varðar það meginmarkmið að byggja upp fiskstofnana í kringum landið.

[17:37]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Frumvarp það sem við ræðum snýst í meginatriðum um þann lagaramma sem verið er að setja um

veiðigjaldið. Ég held að mjög mikilvægt sé að menn átti sig á því að þetta er kjarni þess frv. sem við ræðum nú og þó að það gefi í sjálfu sér tilefni til almennrar umræðu, þá er þetta auðvitað meginefni frv.

Menn hafa spurt á síðustu dögum og vikum: Hvernig má það vera að þegar lagt er fram frv. sem átti að hafa það að leiðarljósi að auka sættir í sjávarútvegi og auka sættir almennt meðal þjóðarinnar um þetta mikilvæga mál, að útkoman er sú að menn hafa gagnrýnt niðurstöðu hæstv. sjútvrh.? Í raun held ég að ekki hafi verið við öðru að búast vegna þess að málið er einfaldlega þannig vaxið. Við erum að fjalla um hugmyndafræði, um að leggja álögur á sjávarútveginn í einu eða öðru formi. Til þess eru í rauninni tvær leiðir eins og ég mun koma að á eftir. Og auðvitað var við því að búast að niðurstaðan í sjálfu sér kallaði á ágreining milli annars vegar þeirra sem telja í meginatriðum að rangt sé að leggja gjöld eða aðrar álögur sérstaklega á sjávarútveginn, hvort sem farin er veiðigjaldsleið eða fyrningarleið og hins vegar þeirra sem hafa verið hörðustu talsmenn slíkrar leiðar ekki bara árum saman heldur jafnvel áratugum saman og hafa verið að tala fyrir því að ganga mjög langt í að leggja með einum eða öðrum hætti sérstök gjöld á sjávarútveginn í því skyni, að sagt hefur verið, að auka í senn réttlætið í þjóðfélaginu og skilvirkni sjávarútvegsins. Þegar niðurstaðan er sú að setja sérstaka gjaldtöku á sjávarútveginn án þess að ganga það langt að það ógni tilverugrundvelli greinarinnar, þá er ekki við öðru að búast en þeir sem annars vegar hafa verið á móti þessari gjaldtöku í einu eða öðru formi í prinsippinu og hins vegar þeir sem hafa viljað ganga mjög langt verði ekki ýkja hrifnir. Þetta er samt sem áður málamiðlun milli tveggja mjög ólíkra póla og það út af fyrir sig gerir það ekki að verkum að þeir sem lengst hafa viljað ganga í hvora áttina sem er séu yfir sig hrifnir. En þetta er hins vegar málamiðlunarleið í eðli sínu sem fetar þetta þrönga einstigi.

Glögglega kemur fram bæði í skjölum auðlindanefndar og eins í niðurstöðum þeirrar nefndar sem fjallað hefur um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða að í raun eru til tvær aðferðir að því marki að innheimta auðlindagjald af sjávarútveginum. Annars vegar sú leið sem kölluð hefur verið veiðileyfaleiðin eða sú leið sem við erum að fara, þ.e. veiðigjaldsleiðin, og hins vegar fyrningarleiðin.

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að fara yfir seinni leiðina í ljósi þess að ekki er niðurstaða hvorki meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar né stjórnarmeirihlutans að fara þá leið. Því langar mig að fara yfir það mál vegna þess að ég held að það verðskuldi að við fjöllum efnislega um þá hugmynd um fyrningarleiðina.

Í fyrsta lagi tel ég mikinn galla á þeirri leið að augljóst er að hún tekur ekki á þeim ólíku aðstæðum sem kunna að vera uppi í rekstri einstakra fyrirtækja. Fyrirtæki eru ung eða eldri og eru að vaxa. Önnur fyrirtæki eru kannski að draga saman seglin og þess vegna er það frá þeirra sjónarhóli kannski ekki svo alvarleg staða þó að menn standi frammi fyrir því að veiðirétturinn sé á einhvern hátt rýrður með fyrningu. Hins vegar er þetta alveg augljóslega leið sem kemur harðar niður á þeim sem vilja auka veiðirétt sinn með t.d. kaupum á aflakvótum o.s.frv. Það er alveg augljóst að sú leið er þeim mun verri fyrir þá sem eru að reyna að efla sig í greininni og það út af fyrir sig finnst mér vera alvarlegur vankantur vegna þess að í eðli sínu hljótum við að reyna að hafa fyrirkomulag sem leiðir til þess að sjávarútvegurinn og sjávarútvegsfyrirtækin geti frekar stækkað, dafnað og eflst.

Einnig er ljóst þegar við fjöllum um þessi mál að við verðum að átta okkur á þeim veruleika sem sjávarútvegurinn hefur staðið frammi fyrir alltaf og ævinlega að miklar sveiflur eru í afkomu sjávarútvegsins. Sjávarútvegurinn er í eðli sínu sveiflukennd grein vegna þess að starfsumhverfið er slíkt. Það eru sveiflur í aflabrögðum. Það eru sveiflur í mögulegum veiðum. Það eru sveiflur á ytri mörkuðum o.s.frv. Efnahagslífið tekur líka sveiflur. Þetta verður að hafa í huga þegar á einhvern hátt er verið annaðhvort að fyrna aflaheimildir eða leggja sérstök gjöld á.

Ég tel líka að ef menn fara þá leið, þ.e. hreinræktaða fyrningarleið, má segja, með uppboði eins og sérstaklega talsmenn Samfylkingarinnar hafa talað mjög fyrir, þá er augljóst að það mun leiða til aukinnar samþjöppunar. Ég tek að vísu eftir því í plöggunum um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða að Samfylkingin, sem hefur gagnrýnt frv. sjútvrh., treystir sér ekki til að fara tæra uppboðsleið. Þeir tala að vísu mjög fyrir uppboðsleiðinni en þegar til kastanna kemur kjósa þeir samt sem áður að segja sem svo: Við verðum að mæta ýmsum sérþörfum, þörfum byggðanna, þörfum einstakra útgerðarflokka eða einhvers annars og fara síðan einhverja mixleið eftir að búið er að festa inni meginprinsipp um uppboðin. Það er líka mjög eftirtektarvert, ef maður les til að mynda álit talsmanns Vinstri grænna í þessari umræðu, að þar, eins og reyndar kom skýrlega fram í máli hans áðan, eru þeir alls ekki að tala um neina uppboðsleið í þessum efnum. Þeir tala um fyrningu á veiðirétti. En þeir vilja ganga mjög langt í því síðan að stýra handvirkt án afskipta markaðarins nákvæmlega hvernig eigi að ráðstafa þessum heimildum. Við sjáum af þessu að jafnvel talsmenn fyrningarleiðarinnar sem hafa verið að stilla málunum upp þannig að þetta sé fyrning á móti veiðigjaldi, eru með mjög skiptar skoðanir um hvernig eigi að fara í málið. Manni sýnist því þegar vel er skoðað og farið er yfir plöggin að talsmenn fyrningarleiðarinnar eigi fátt annað sameiginlegt nema nafnið því að ráðstöfun fyrningarréttarins er meginatriðið. Það skiptir a.m.k. miklu máli getum við örugglega sagt, hvernig menn ætla að fara að því að ráðstafa því sem losnar um í gegnum fyrninguna. Það er vegna þess að menn eru búnir að átta sig á því þegar farið er ofan í málið að venjulegt uppboð á aflaheimildum, á veiðirétti, á þessum fyrningum, mundi auðvitað hafa ýmsa aðra vankanta í för með sér.

Ég tel t.d. að uppboð og útboð af öllu tagi geti verið mjög skynsamlegt til skilgreindra þarfa en þar með er ekki sagt að það sé eina leiðin sem komi til greina á öllum sviðum þótt menn fallist á það á einu sviði. Ef við erum þeirrar skoðunar að það þjóni ekki okkar fjöldamörgu markmiðum um fiskveiðistjórn, bæði varðandi útgerðarflokkana og byggðirnar, enn fremur við uppbyggingu fiskstofna — ef við erum þeirrar skoðunar að uppboð á veiðigjaldi eða á fyrningarrétti sé ekki líklegt til að þjóna öllum þessum fjöldamörgu markmiðum getum við auðvitað ekki fallist á það. Það sýnist mér reyndar vera þá hin eiginlega niðurstaða þeirra sem hafa gert fyrningarleiðina að sínu máli, að þeir treysta sér ekki til að fara uppboðsleiðina hreina og tæra heldur einhverja aðra leið, eins konar mixleið.

Það er líka athyglisvert og alveg augljóst mál þegar maður veltir því fyrir sér að uppboð af einhverju tagi sem menn hafa verið að tala fyrir, með hálfum huga þó eins og ég hef verið að rekja, mun auðvitað til lengri og skemmri tíma valda óvissu. Í auðlindagjaldsniðurstöðunni — þó að ég hafi ekki setið fundi nefndarinnar held ég að ég verði a.m.k. að

treysta á hið prentaða mál þar — komast menn að þeirri niðurstöðu að óvissan sé mjög skaðleg, hvort sem menn fari veiðigjalds- eða fyrningarleiðina og að mikilvægt sé að draga úr óvissunni. Á bls. 41 segir um arð af gjaldtöku, með leyfi virðulegs forseta:

„Hve mikill sá arður verður er þó m.a. háð því hve varanlegar og öruggar aflaheimildirnar eru."

Það sem menn eru einfaldlega að segja er að ef að breyttu breytanda allt annað er eins er leiðin sem felur í sér meiri óvissu líklegri til að leiða til minni tekna hins opinbera af gjaldheimtunni. Það þýðir að ef farin er óvissuleiðin sem ég vil færa rök fyrir að fyrningarleiðin sé fremur en veiðigjaldsleiðin koma minni peningar í kassann.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma almennt inn á þetta við 1. umr. Það er tilefni og ágætistóm til þess.

Menn hafa verið að tala um að litlar breytingar séu í sjálfu sér með þessari hugmynd um veiðigjald. Það fer eftir því hvernig menn skoða málið. Í fyrsta lagi verð ég að vekja athygli á því að á undanförnum árum hefur orðið ansi mikil breyting þegar við skoðum málin. Það er ekki mjög langt síðan við tókum upp veiðigjaldið og við höfum á undanförnum árum stigið mjög stór skref í því að hækka þetta gjald. Ég fletti upp í fjárlögunum áðan. Á árinu 1999 voru veiðieftirlitsgjöld af hvaða tagi sem er tæplega 200 millj. kr. en eru áætluð á þessu ári 315 millj. kr. Eins og menn muna ákváðum við að hækka þau um 50 millj. milli 2. og 3. umr. við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár. Hér er um að ræða 50% hækkun á aðeins þremur árum þannig að það er auðvitað ljóst að hugmyndafræðin sem liggur þessu til grundvallar hefur smám saman verið að festa sig í sessi. Það er auðvitað ljóst að ef við skoðum þetta í þessu samhengi er það alls ekki rétt sem menn hafa verið að halda fram, að þessi gjaldtaka sé eitthvað sem ekki munar um og ekki muni neinu breyta. Það er auðvitað ljóst mál að þetta mun ýmsu breyta.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að fá að koma inn á tvö önnur mál sem eru álitamál í mínum huga og eru í þessu frv. þó að ég, eins og ég sagði áðan, telji þau ekki þungamiðju þess. Það er í fyrsta lagi um stækkun smábáta. Ég vil segja það sem mína skoðun að ég tel eðlilegt að þróunin feli í sér að bátarnir séu stækkaðir frá því sem núna er. Ég væri út af fyrir sig sjálfur til í að taka skrefið aðeins lengra.

Ég tók eftir því í fjölmiðlum að menn veltu fyrir sér hvaða áhrif þetta hefði á hagsmunasamtökin. Ég tel alveg einsýnt að fari menn þá leið sem mörkuð er í frv., að stækka þessa báta, ber að tryggja að það raski ekki tekjugrundvelli hagsmunasamtakanna. Það er auðvitað ekki markmiðið með þessum breytingum. Ég tel alveg augljóst mál að menn yrðu auðvitað að afmarka tekjugrundvöllinn þannig að króka-aflamarkið tilheyrði þá Landssambandi smábátaeigenda og annað einhverjum öðrum. Þetta er auðvitað mál sem enginn vandi er að vinna út frá ef menn vilja það.

Ég tel einfaldlega að í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á smábátakerfinu, þ.e. að hverfa frá gamla þorskaflahámarkinu og taka upp þetta krókaaflamark og auka um leið veiðirétt smábátanna frá því sem ella hefði orðið við gildandi lög frá árinu 1999, sé það lógískt í sjálfu sér að gefa mönnum kost á að þróa þennan útgerðarflokk áfram. Í þessum útgerðarflokki er róið við ysta haf, oft við mjög erfiðar aðstæður og það er mjög eðlilegt að heimildir séu opnaðar fyrir menn til að stækka bátana sína þannig að menn geti róið með tiltölulega öruggum og skynsamlegri hætti, farið betur með hráefni o.s.frv. Það eru til hundrað rök fyrir því.

Í öðru lagi vil ég gera að umtalsefni þetta ákvæði varðandi stærð fyrirtækjanna. Ég sat á sínum tíma í nefndinni sem samdi frv. sem var til grundvallar þegar ákveðið var að setja svokallað kvótaþak í fiskveiðistjórnarlögin. Ég tel að þetta hafi almennt talað virkað vel. Það voru að vísu miklar hrakspár uppi þegar þetta frv. fór fram á sínum tíma og menn gerðu mikið grín að því að útgerðarmenn mundu fljótlega snúa á þessa vitlausu þingmenn sem væru að reyna að setja þessi lög. Annað kom á daginn. Lögin höfðu þann tilgang að tryggja tiltekna dreifingu og sá tilgangur hefur náðst.

Ég get hins vegar vel fallist á að skoða þurfi þessi mál aðeins upp á nýtt vegna þess að ýmis ákvæði í gildandi lögum eru úrelt, t.d. að gerður er greinarmunur á einhverju sem menn kalla dreifingu eignaraðildar innan fyrirtækjanna. Það held ég að sé að mestu leyti úrelt. Stóru fyrirtækin sem eru að ráði í þeirri stöðu að nálgast kvótaþakið eru yfirleitt í eigu mjög margra aðila. Þau eru í fjármagnsfrekum rekstri og hafa þess vegna orðið að kalla eftir fjármagni víða að. Þá breytir í raun engu hvort þetta ákvæði er þarna inni eins og það er í gildandi lögum þannig að mér finnst eðlilegt að hafa þetta eina prósent hvort sem menn eru að tala um einhverja tiltekna samsetningu eignaraðildar eða ekki.

Í annan stað tel ég út af fyrir sig nægjanlegt að hafa ákvæði um heildarkvótaþak í einstökum tegundum. Í raun hefði ég verið tilbúinn til að fallast á að afnema heildarkvótaþakið. Ég held hins vegar að of langt hafi verið gengið í því að fara upp í 50% í nokkrum tegundum eins og ýsu, grálúðu, karfa og einhverjum fleiri tegundum sem kemur fram í þessu frv. Ég tel að þar hafi menn einfaldlega gengið of langt, það sé ekki viðunandi að tvær útgerðir geti í teoríunni átt allan ýsukvótann eða allan karfakvótann. Þetta er mál sem ég held að við í sjútvn. Alþingis verðum sérstaklega að íhuga.

Það eru ákveðin rök fyrir ákvæðum um dreifða eignaraðild, sérstaklega í þessum sjávarútvegsbálki. Í fyrsta lagi eðlis málsins vegna, þetta er takmörkuð auðlind og takmarka þarf aðganginn að henni með einhverjum hætti. Út af fyrir sig þýðir það að aðgangur manna að viðkomandi atvinnugrein er ekki eins frjáls og í öðrum atvinnugreinum. Þess vegna er eðlilegt að við höfum einhver lög sem tryggja dreifingu. Við vitum að þegar aðgangurinn er ekki beinn og óheftur leiðir það til þess að lokum — það segja fræðin okkur — að um meiri söfnun valds verði að ræða. Í öðru lagi hefur tíminn einfaldlega leitt í ljós — við vitum það sem erum komin á þann aldur að geta horft til baka — að hin mikla fjölbreytni sjávarútvegsins hefur verið styrkur hans. Sagan segir og sýnir að það er þessi mikla fjölbreytni sem hefur haldið lífinu í greininni þegar á hefur bjátað. Það er kannski ekki við hæfi að vitna í Mao Zedong í þessari ræðu en hann sagði einhvern tíma að það væri gott að láta þúsund blóm spretta. Ég held satt að segja að það eigi við í þessari umræðu, virðulegi forseti, að gott sé að hafa þúsundir blóma í þessari atvinnugrein eins og svo mörgum öðrum.

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er við þessa umræðu ekki tilefni til að fara nánar ofan í málið. Mig langaði aðeins í upphafi hennar að fara yfir nokkur álitamál sem ég hef verið að velta fyrir mér á undanförnum mánuðum í tengslum við þessa sjávarútvegsumræðu. Ég vil láta í ljósi skoðanir mínar á þeim málum sem hafa risið hæst í umræðunni. Það er ekki þar með sagt að ég telji þau mál skipta mestu máli. Það er allt önnur saga. Þetta er hins vegar kjarni þessarar umræðu,

kjarni þessa frv., og þess vegna fannst mér ástæða til að fara yfir þau atriði sem hafa verið áberandi í umræðunni.

[17:55]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fór yfir svokallaða fyrningarleið sem stjórnarandstaðan hefur viljað beita fyrir sig. Það er alveg rétt hjá honum að við lítum svo á að fyrningarleiðin sé verkfæri til að fara yfir í breytingar.

Ég kom hér upp, virðulegi forseti, til að spyrja hv. þingmann nokkurs. Hann telur mjög mikilvægt að gefa fyrirtækjum möguleika á að stækka og eflast eins og hann orðaði það, og að það sé gert með þessu frv. Þá gefur það náttúrlega augaleið að einhvers staðar veikjast menn og grunnurinn fer undan þeim eins og sagan sýnir. Mig langar þá að spyrja hv. þm. hvaða leið hann vilji fara í sambandi við byggðirnar. Er hann hlynntur byggðakvótauppsetningu af einhverju tagi? Stjórnarformaður Byggðastofnunar nefndi hér tölu sem hann taldi hæfilega, þ.e. 5%, 20 þús. tonn sem væru byggðatengd. Er hv. þm. inni á þeirri leið eða vill hann bara með þessu frv. gefa þann tón að byggðin grisjist áfram, fyrirtækin stækki og eflist og verði kannski bara, eins og sumir hafa sagt í umræðunni um sjávarútvegsmál, 5–7 öflug fyrirtæki á landinu öllu?

Þá stangast það á við það sem hv. þm. var svo hrifinn af þegar hann vitnaði í Mao Zedong um að þúsund blómin ættu að spretta. Ég er honum hjartanlega sammála um það. Eins og þetta er sett upp í frv. með 50% möguleika á aflahlutdeild í grálúðu og karfa og ýsu er náttúrlega verið að framkalla þvílíka einhæfni að það hálfa væri nóg.

[17:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta að ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög nauðsynlegt fyrir sjávarútveginn að þar geti verið stór og öflug fyrirtæki. Það er bara eðli málsins samkvæmt. Sjávarútvegurinn er í eðli sínu mjög fjármagnsfrek atvinnugrein. Hann þarf stundum að takast á við mjög stór, erfið og fjármagnsfrek verkefni. Við getum tekið dæmi af kolmunnaveiðum sem eru greinilega ekki á færi nema öflugri fyrirtækja vegna þess að þær kalla á öflug og dýr skip. Ég vil ekki misskiljast með það að ég tel mjög öflug, stór og góð fyrirtæki þurfa að vera til staðar og við höfum líka verið að þróa okkur í þá átt.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé of langt gengið þegar menn fara upp í þessi 50% mörk og talaði fyrir því áðan að því þurfi að breyta.

Hv. þm. spurði þá, sem var ósköp eðlileg spurning: Er það ekki á kostnað einhvers ef fyrirtækin stækka og potturinn ekki? Það er út af fyrir sig rétt. Við höfum séð að aflaheimildir hafa verið að færast til. Það er ein meginástæðan fyrir því að ég hef verið mjög harður talsmaður þess að efla sérstöðu smábátaflotans. Ég hef séð í henni heilmikla vörn fyrir byggðirnar.

Eins og menn vita var ég mikill talsmaður gamla þorskaflahámarksins. Þegar það mál varð einfaldlega úr sögunni lagði ég mig fram um að auka veiðirétt smábátanna sem mér sýnist að hafi skilað sér mjög vel til tekjuauka úti um landið.

Hins vegar er alveg rétt að ég hef ekki verið sérstaklega mikill talsmaður byggðakvóta sem hv. þm. nefndi, einfaldlega vegna þess að ég hef séð vandamál samfara því að útdeila þeim kvótum. Ég tel hins vegar að slíkur byggðakvóti þurfi að vera til í einhverjum mæli þó að ég geri það ekki að grundvallaratriði varðandi fiskveiðistjórnina. Þegar þetta er skoðað í þessu samhengi tel ég mig hafa svarað spurningu hv. þm.

[17:59]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil áfram spyrja hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formann sjútvn. Eins og kom fram í ræðu hans erum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði með hugmynd í tillögum okkar um byggðatengingu á þeim kvóta sem fyrnist. Ég spyr hv. þm. af hverju hann hafi áhyggjur af því að þetta vegi að einhverju leyti að stóru fyrirtækjunum vegna þess að þar höfum við allt aðra reynslu, t.d. úr Eyjafirði þar sem Grenivík á kvóta en stórfyrirtækið ÚA notar hann í ágætissamkomulagi við viðkomandi byggðarlag eða hreppsnefnd. Telur þingmaðurinn að byggðatenging muni rugla á einhvern hátt samningsmöguleika stórra útgerða til að nýta eða nota auðlindina sem er eyrnamerkt sem grunnur fyrir viðkomandi byggðarlag? Ég hef ekki þær áhyggjur. Ég tel að reynslan hafi sýnt allt annað, stórfyrirtæki í samvinnu við hreppsnefndir og fyrirtæki í minni byggðum. Ég tel að það skapi bara heppilega flóru í þessum sjávarútvegsmálum, veiðum og vinnslu, og get þess vegna ekki skilið áhyggjur hv. þm. af því að á einhvern hátt sé vegið að stórfyrirtækjum og möguleikum þeirra þó að byggðatenging eigi sér stað. Reynslan sýnir annað.

[18:01]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég hef beinlínis sagt að slík byggðatenging mundi vega sérstaklega að stórfyrirtækjum. Ég held einfaldlega að stóru fyrirtækin spjari sig einmitt best í samanburði við annað við þær aðstæður þegar verið er að sverfa að sjávarútveginum með óhóflegri gjaldtöku eða miklum fyrningarkröfum. Ég held að sá aðili sem þurfi helst að hafa áhyggjur við þær aðstæður sé einyrkinn, sá sem er nýjastur í greininni. Þess vegna kom ég m.a. að því áðan í máli mínu þegar ég var að reyna að fara efnislega yfir hugmyndina um fyrninguna, að ég teldi að eitt af því versta við þessa fyrningarleið væri að hún væri óhagkvæm, óhagstæð og neikvæð fyrirtækjum sem væru að vaxa, stækka og þyrftu að glíma við það að kaupa sér aukinn veiðirétt og berjast við fyrningu veiðiréttarins á sama tíma. Þess vegna var ég að reyna að færa fyrir því rök áðan að þetta væri sérstaklega óhagkvæmt fyrir þessi fyrirtæki.

Ég er svo alveg sammála hv. þm. um að víða hefur tekist prýðilega til þar sem hefur orðið samstarf milli stórra fyrirtækja og einstakra byggðarlaga þó að hin dæmin séu líka til, mjög sár og mjög vond, um að menn hafi — ég veit ekki hvernig best er að orða það — komið með ótrúlega óskammfeilnum hætti fram við einstök byggðarlög og svipt þau veiðiréttinum eins og dæmi eru um. Það er hins vegar rétt sem hv. þm. segir að við þekkjum mjög góð dæmi um að tekist hefur mjög gott samstarf milli byggðanna og stórra fyrirtækja. Hann nefndi Grenivík sem dæmi. Ég get nefnt annað dæmi, þ.e. samstarf Útgerðarfélags Akureyringa og heimamanna á Hólmavík þar sem menn hafa staðið að fullu við sín gefnu fyrirheit og haldið þar uppi öflugum atvinnurekstri. Raufarhöfn er væntanlega þriðja dæmið og athyglisvert er að öll þessi dæmi eiga eitt sameiginlegt, þ.e. að þar er um að ræða samstarf við fyrirtækið Útgerðarfélag Akureyringa og það tel ég það mjög til hróss.

[18:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um tillögur okkar og hélt því fram að þær mundu valda samþjöppun í greininni. Mér finnst fráleitt að halda því fram vegna þess að fyrningarleiðin sem við leggjum til og aðferðin við að setja þessar veiðiheimildir á markað eru settar fram bókstaflega til þess að allir geti setið við sama borð. Gert er ráð fyrir því að menn geti meira að segja greitt jafnóðum, nánast jafnóðum og þeir nýta veiðiheimildirnar, þær veiðiheimildir sem þeir fá á markaðnum og að markaðurinn verði fyrst og fremst hugsaður sem þjónusta við útgerðina í landinu en ekki aðferð til þess að kreista út hæsta verð á markaðnum eins og einkaeignarréttur á veiðiheimildunum hefur sýnt sig að vera notaður. Að halda því fram að þetta muni valda mikilli samþjöppun er fráleitt vegna þess að þetta gefur öllum sem vilja taka þátt í þessum atvinnurekstri tækifæri til þess að keppa á jafnræðisgrundvelli.

Síðan langar mig til þess að spyrja hv. þm. hvort hann sé sammála því að setja eigi ákvæði í stjórnarskrá um eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni.

[18:05]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fyrst varðandi fyrninguna og samþjöppunina. Ég hélt að það væri nokkuð ljóst að ef menn færu þessa tæru fyrningarleið með uppboðum væri mjög líklegt, þó maður geti auðvitað ekki sannað það fyrir fram, að það mundi við allar gefnar aðstæður leiða til aukinnar samþjöppunar, einfaldlega vegna þess að ef við færum þá leið eins og hún er tærust, er gert ráð fyrir því að menn gangi til uppboðs með einum eða öðrum hætti. Þá er auðvitað ljóst að sumir eru einfaldlega öflugri en aðrir. Mér finnst því þegar við skoðum þetta í þessu samhengi að þetta blasi alveg við.

Þetta er líka viðurkennt af báðum þeim aðilum sem eru að fjalla um málið í endurskoðunarnefndinni. Menn komast að þeirri niðurstöðu að það að nota þessa uppboðsleið eingöngu gangi ekki upp vegna þess að það stangist á við önnur markmið sem menn eru líka að reyna að setja sér í þessari stefnumótun. Það er nákvæmlega það, virðulegi forseti, sem ég var að reyna að segja hérna áðan, að þrátt fyrir allt tal manna á síðustu vikum um að fyrningarleiðin sé mjög hlutlaus og að hönd ríkisins komi þar nánast hvergi nærri og að þess vegna sé þess gætt að fyrst og fremst liggi til grundvallar viðskiptaleg sjónarmið, þá treystir enginn þeirra sem talar fyrir fyrningarleið í endurskoðunarnefndinni sér samt sem áður til þess að leggja hana fram hreina og tæra. Þeir segja: Fyrningarleið plús, og plús veruleg ríkisafskipti, fyrir fram ákvarðanir um hvernig eigi síðan að ráðstafa þessum veiðiheimildum og þá er það gert á grundvelli einhvers sem menn telja skynsamlegt, t.d. byggðanna, bátastærða o.s.frv. Ef við skoðum tillögur Samfylkingarinnar þá gerir hún ekki ráð fyrir öðru en því að innan gamla aflamarkshópsins geti farið fram þessi algeru uppskipti. Því er alveg ljóst að þó að talað sé um að smábátarnir séu sér, þá eru innan þessa stærri hóps minni útgerðir sem auðveldlega geta orðið undir í samkeppninni.

[18:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alfarið rekstur viðkomandi fyrirtækis sem ræður hvaða veiðileyfi það fær á markaðnum miðað við þær tillögur sem við höfum verið að leggja til. Það er alveg fráleitt að halda því fram að þetta valdi einhverri samþjöppun og valdi því að þeir sem eru að koma nýir inn verði í meiri vanda. Þvert á móti er alveg augljóst að ef veiðiheimildir koma inn á markaðinn eins og við erum að lýsa þá mun það auðvelda nýjum aðilum að koma inn í greinina. Þetta finnst mér liggja í augum uppi.

Mig langar til þess að hverfa að öðru atriði úr því að ég hef tíma til. Ýmislegt breytist í sjálfu sér með því sem kemur hérna fram. Auðvitað má segja það. Eina eðlisbreytingu tel ég að menn þurfi að ræða í þessari umræðu og mig langar til þess að spyrja hv. þm. um hana. Hvernig lítur hann á það þegar ríkið tekur ákvörðun um að fara að úthluta veiðiheimildum gegn gjaldi? Þrátt fyrir að ekki sé um hátt gjald að ræða þarna þá felst samt ákvörðun í því um að fara að úthluta veiðiheimildum gegn tilteknu gjaldi fyrir afnot af veiðirétti.

Hvað má segja um jafnræðisregluna þegar sumir hafa aðgang að því að fá úthlutað gegn gjaldi? Mun það breyta einhverju, að mati hv. þm., gagnvart jafnræði annarra sem munu koma og vilja fá að kaupa veiðiheimildir gegn gjaldi eins og þessir menn sem nú er verið að gera samninga við? Áður hefur ekki verið úthlutað gegn gjaldi eins og þarna er fyrirhugað. Menn hljóta að þurfa að svara því hvort þessi breyting hafi einhver áhrif á rétt annarra til þess að fá tækifæri til þess að eiga viðskipti við ríkið um veiðiheimildir.

[18:09]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fellst alveg á það með hv. þm. að þetta sé spurning sem við skulum velta fyrir okkur og það er eitt af því sem við reynum auðvitað að ræða þegar málið kemur til sjútvn. síðar í þessari viku. Auðvitað er sjálfsagt mál að velta upp þessari spurningu. Ég sé hins vegar ekki að þetta breyti neinu um efnisatriði málsins. Tekist var á um þessa jafnræðishugsun á sínum tíma í tveimur dómsmálum sem fóru fyrir Hæstarétt, bæði í Valdimarsdómnum og Vatneyrardómnum. Niðurstaða Valdimarsdómsins var mjög skýr. Sérstaklega var hún skýr þegar maður var búin að lesa niðurstöðu Vatneyrardómsins. Þá var Valdimarsdómurinn skýrari eins og menn muna, svo sérkennilegt sem það nú er. En þar var niðurstaðan sú það væri tvímælalaust krafa um að menn sem ættu bát sem uppfyllti tiltekin skilyrði sem löggjöfin hefði heimild til að setja, ættu sjálfkrafa rétt á veiðileyfi og greiddu þá fyrir það. Og við skulum ekki gleyma því virðulegi forseti að við höfum verið að greiða. Forsendan fyrir því að menn geti eignast veiðileyfi hefur verið greiðsla á sérstöku veiðileyfagjaldi sem kveðið er á um í fjárlögunum hverju sinni. Ég sé því ekki að þessi ákvörðun hér og nú breyti þessu grundvallarprinsippi sem var fest og skýrt mjög vel í þessum tveimur dómum. Hversu ósáttir sem menn kunna annars að vera við dómana þá eru þeir skýrir að því leytinu að alveg er ljóst að rétturinn til veiðileyfis er fyrir hendi en menn verða síðan að afla sér aflaheimildanna með öðrum hætti.

[18:11]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í þessari umræðu eru ýmis mál þegar byrjuð að skýrast nokkuð. Þó vil ég þegar gera eitt að umræðuefni og það er orðanotkun, vegna þess að það skiptir máli hvaða orð menn nota þegar verið er að fjalla um þessa hluti.

Hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnin hafa kosið að nota orðið veiðigjald yfir þau gjöld sem fyrirhugað er að leggja á samkvæmt þessu frv. Áður hefur í þessari umræðu verið talað

um auðlindagjöld. Talað hefur verið um veiðileyfagjöld og það hefur verið talað um kostnaðargjöld. Það má kannski virða venjulegu fólki sem ekki er á kafi í þessari umræðu það til vorkunnar þó það kannski átti sig ekki alveg á því hvað hér sé á ferðinni. Ég hef litið svo á að þetta skiptist annars vegar í kostnaðargjöld, þ.e. gjöld sem útgerðin, eins og annar atvinnurekstur, greiðir fyrir skilgreindan kostnað sem fellur til vegna atvinnugreinarinnar. Þannig hef ég litið á þau gjöld sem þegar eru greidd. Það er sama hvort það er veiðileyfagjaldið eða gjöld fyrir veiðileyfi, að baki því hlýtur að liggja ákveðin skilgreining kostnaðar við það að gefa út leyfið. Það sama á við um veiðieftirlitsgjaldið, þessar 250 millj. Það kom fram nú fyrir jólin þegar því gjaldi var breytt að þar töldu menn sig hafa ákveðnar forsendur, ákveðinn útreikning, að baki.

Hvað varðar hins vegar þróunarsjóðsgjaldið þá er skilgreindur tilgangur með því. Hann er reyndar ekki sá sami og hann var upphaflega. En það er skilgreindur tilgangur og það er eðlilegt að flokka það gjald sem kostnaðargjald eða þátttöku útvegsins í hafrannsóknum við Ísland þar sem um er að ræða nú fyrst og fremst greiðslur vegna smíða á nýju hafrannsóknaskipi.

Svo hafa menn hins vegar verið að ræða um skilgreinda greiðslu fyrir afnot af sameiginlegri auðlind. Þar erum við komin í annan fasa. Þar erum við að tala um gjöld sem einungis mundu leggjast á þær atvinnugreinar sem fá að nýta þær náttúruauðlindir sem hafa verið skilgreindar með einhverjum hætti sem sameiginleg eign þjóðarinnar.

Það er alveg ljóst að fiskstofnarnir við landið eru með ákveðnum hætti viðurkenndir sem sameign í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Sömuleiðis gera þjóðlendulögin ljóst með ákveðnum hætti að þær náttúruauðlindir sem eru í þjóðlendum eru sameign þjóðarinnar. Í þjóðlendufrv. kemur fram að það þurfi í rauninni að semja um afnot og greiðslu vegna nýtingar þeirra auðlinda. Hins vegar sjáum við því miður að ekki er um samræmda auðlindastefnu að ræða vegna þess að ef menn bera saman löggjöf og tillögur sem fyrir liggja, allar um nýtingu sameiginlegra auðlinda, þá er þetta dálítið út og suður. Og það er bagalegt, herra forseti, í þessari umræðu að ekki skuli liggja fyrir skilgreind stefna sem einstakir ráðherrar geta þá stutt sig við þegar verið er að leggja fram tillögur um nýtingu auðlinda og greiðslu fyrir slíka nýtingu. Þegar við erum að tala um gjöld, ég tala ekki um ef menn vilja eins og hæstv. sjútvrh. í þessu tilfelli að horft sé til gjaldsins sem gjalds fyrir nýtingu auðlindarinnar, þá er mjög nauðsynlegt, herra forseti, að menn líti til þess ákvæðis sem var meginniðurstaða auðlindanefndarinnar og kveður á um að sett verði nýtt stjórnarskrárákvæði sem fjalli um sameiginlegar auðlindir þar sem hugtakið þjóðareign verði skilgreint, vegna þess að í rauninni vantar okkur hugtak sem gæti rímað við það sem sumar aðrar þjóðir eru með og kallast „public trust" á ensku, þ.e. auðlindir í forsjá þjóðarinnar með einhverjum hætti sem menn fá að nýta eftir því hvernig á stendur. Í tilfelli okkar gerði auðlindanefndin tillögu um að menn fengju að nýta slíkar auðlindir gegn gjaldi.

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt, herra forseti. Mér finnst bagalegt að þegar fyrir þingið kemur frv. eins og frv. um virkjun við Kárahnjúka sé hvorki minnst á gjald fyrir nýtingu auðlindarinnar né gjald fyrir nýtingu þess lands sem fellur undir áhrifasvæði þeirrar virkjunar. Það er reyndar svo í tilfellum orkufyrirtækjanna að þau greiða að stærstum hluta fyrir þær rannsóknir sem fara fram. Það eru háar upphæðir eins og við þekkjum. Það er slæmt, ég hef látið það koma fram bæði í umræðu og blaðagreinum sem ég hef skrifað og á öðrum vettvangi, þ.e. galli á málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar að menn skuli ekki hafa samræmda stefnu í þessum málum og að ekki skuli tekið á málunum eins og lagt hefur verið til og nokkur vinna var lögð í, að móta vinnubrögð þannig að hér gæti á endanum ríkt eins konar sátt um auðlindastefnu.

Herra forseti. Þetta er afar mikilvægt fyrir þjóð sem lifir af nýtingu náttúruauðlinda í þeim mæli sem Íslendingar gera. Það eru ekki margar þjóðir sem nýta náttúruauðlindir sem svo stóran hlut af framleiðslu sinni, ef svo má orða það, og við gerum. Þess vegna skiptir kannski meira máli hvernig við förum í þessi mál en margur annar.

Herra forseti. Meginefni þessa frv. er, eins og kannski segir skýrast í fskj. sem geymir umsögn fjmrn., að leggja á gjald fyrir veiðiheimildir sem veiddar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Það kemur fram í grg. með frv. hvernig menn hafa hugsað sér að skipta þessu gjaldi, til hvaða þátta. Þetta eru bæði kostnaðargreiðslur og annað ef marka má greinargerðina.

Ég hef haldið því fram að hér væri fyrst og fremst um nafnabreytingu að ræða, þ.e. hið nýja í málinu væri að menn væru búnir að finna upp reikniaðferð sem hægt væri að nota á bak við þær tölur sem nú eru lögbundnar og menn greiða og þeir væru síðan að teygja þetta út yfir greiðslu fyrir afnot af auðlind. Það hef ég kannski fyrst og fremst gert, herra forseti, vegna þess að mér finnst númer eitt að við fullnægjum þeirri kröfu að kostnaðargjöldin séu greidd að fullu og svo sé það annað mál hvernig við látum útveginn eða útgerðina greiða fyrir aðgang sinn að auðlind. En hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að fara þessa leið. Eins og fram hefur komið er ég andvíg henni. Þar tala ég líka fyrir flokk minn. Við teljum að það eigi að fara með öðrum hætti í að láta menn greiða fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Umræður um gjald fyrir afnot af auðlind hafa staðið mjög lengi á Íslandi. Fyrir nokkrum áratugum komu fram hugmyndir um að nýta greiðslur, svokallaða auðlindaskatta eins og þeir voru kallaðir á þeim tíma, beinlínis til að stýra hér aðgangi að auðlindinni. Síðan hefur orðið ákveðin þróun í þessari umræðu. Sú þróun sem orðið hefur í umræðunni hefur átt sér stað í samræðum stjórnmálamanna, þeirra sem starfa í sjávarútvegi og fólksins í landinu. Inn í þetta hafa síðan spilað hæstaréttardómar sem hér hafa þegar verið nefndir. Það skiptir t.d. miklu máli fyrir umræðuna og hafði veruleg áhrif á hvaða stefnu hún tók að svokallaður Valdimarsdómur gerði meiri kröfu til þess að menn litu til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en verið hafði. Sérfræðinganefnd sem ríkisstjórnin setti í málið komst að þeirri niðurstöðu að jafnræðinu yrði fullnægt með því að afnema flotastýringarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna, þ.e. jafnræðið mundi felast í að allir mættu kaupa sér skip, allir gætu fengið veiðileyfi og síðan yrðu menn að kaupa sér aflaheimildir.

Síðan féll svokallaður Vatneyrardómur. Segja má að hann hafi enn skerpt á umræðunni vegna þess að með þeim dómi er sérstaklega undirstrikað hver óvissa fylgir óbreyttu ástandi, því ástandi sem hæstv. ráðherra ætlar að framlengja með frv. sínu. Því ástandi fylgir óvissa vegna þess að þar komast menn að þeirri niðurstöðu að löggjafinn geti á hverjum tíma breytt grundvelli fiskveiðistjórnarlaganna, breytt þeim úthlutunarreglum sem farið er eftir ellegar geti þau kallað eftir frekara gjaldi í samræmi við þær hugmyndir sem uppi hafa verið meðal þjóðarinnar.

Herra forseti. Þetta vil ég nefna vegna þess að sú ákvörðun sem hér liggur fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er ekki bara afurð einhverra nefnda þar sem sú meginniðurstaða lá fyrir að taka bæri gjald fyrir afnot auðlinda heldur er þetta miklu lengra ferli þar sem ýmis atvik, bæði dómar, umræða og svo þær hugmyndir sem menn hafa kastað á milli sín, hafa leitt til tiltekinnar niðurstöðu.

Fyrir síðustu alþingiskosningar setti Samfylkingin fram í kosningastefnuskrá sinni að það bæri að fara í einhvers konar fyrningu. Segja má að þar hafi hugmyndin verið mörkuð með tilteknum hætti án þess að hún væri mjög útfærð. Á þeim tíma vildum við með þeim hætti segja hvaða hugmyndir væru að gerjast með okkur og á stofnfundi Samfylkingarinnar var síðan samþykkt að flokkurinn teldi rétt að fara svokallaða fyrningarleið. Þar erum við í raun bæði að svara spurningunni um hvernig við teljum að gjald fyrir afnot af auðlindinni eigi að koma og sömuleiðis hvernig eigi að taka á stærsta deilumálinu, þ.e. hvernig veiðiréttinum er úthlutað.

Í stuttu máli er okkar hugmynd sú að úthlutun veiðiheimilda án endurgjalds verði afnumin í jöfnum áföngum en að útgerðum fiskiskipa verði þess í stað gefinn kostur á aflahlutdeildarsamningi á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur. Ég undirstrika þetta með aflahlutdeildarsamninginn. Það er mjög mikilvægt að þeir sem fá úthlutað veiðiheimildum og hafa greitt fyrir þær hafi ákveðið öryggi.

Menn tala svolítið um óöryggi. Ég tók eftir því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður sjútvn., talaði mikið um það óöryggi sem fylgdi fyrningarleiðinni. Hv. þm. hefur ekki kynnt sér málið nægjanlega fyrst hann talar svona vegna þess að hann horfir þá algerlega fram hjá því hvernig lögin sem við búum við í dag eru. Í fyrsta lagi er veiðirétturinn einungis til árs í senn. Honum er úthlutað til árs í senn og ekki til lengri tíma. Hann er ekki varanlegur í neinum skilningi og Vatneyrardómurinn undirstrikar í raun þetta óöryggi.

Í öðru lagi hefur fyrningarleiðin þann stóra kost í för með sér að þegar menn kaupa til sín veiðiréttinn eftir þeirri aðferð eru þeir að tryggja sig til einhverra ára. Hversu mörg þau ár eiga að vera getur að sjálfsögðu orðið samkomulagsatriði, herra forseti, og mun að sjálfsögðu fara eftir því hvernig ástandið er í samfélagi okkar þegar að því kemur og við hvaða stöðu útvegurinn býr. En það held ég að menn hljóti að gera sér ljóst ef þeir horfa á þessar tvær aðferðir og til þess ástands sem við búum við í dag að fyrningarleiðinni fylgir ótvírætt meira öryggi fyrir handhafa veiðiheimildanna.

Herra forseti. Mér finnst menn líka skauta nokkuð léttilega fram hjá því að í raun er hægt að fá allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum keyptar. Framsal er leyfilegt þó að ákveðnar hömlur séu á aflamarki. Það eru engar hömlur á kaupum og sölum á aflahlutdeild. Menn hafa þannig nánast getað keypt og selt að vild. Menn hafa talið að í því fælist ákveðið óöryggi líka þannig að við skulum ekki tala eins og við búum við pottþétt öryggisástand, hvort sem er fyrir útgerðina, fyrir byggðarlögin eða fyrir einstaklingana. Við skulum bara tala um hlutina eins og þeir eru og vega það síðan og meta. Það varð niðurstaða okkar í Samfylkingunni, eftir að við vorum búnin að vega þetta mál og meta, að sú fyrningarleið sem auðlindanefnd gerir tillögu um í áliti sínu og við útfærum með okkar hætti væri í rauninni vel fær. Þannig ætti að vera ljóst, herra forseti, hvernig við höfum litið á málin.

Vandinn við frv. ráðherra, svo ég komi aftur að því, er sá að það framlengir í sjálfu sér eingöngu núverandi ástand. Með því er engri óvissu eytt og ekki verið að mæta þeim ágreiningsatriðum sem uppi hafa verið þannig að hægt sé að tala um sátt.

Óöryggið sem menn hafa kannski fyrst og fremst horft til hefur verið pólitískt óöryggi. Umræðan úti í samfélaginu og þrýstingurinn á stjórnmálamennina, umræðan á Alþingi, þeir varnaglar sem menn hafa sett við hverja þá umræðu sem haldin hefur verið um sjávarútvegsmál, hafa gefið útgerðarmönnum tilefni til að álykta sem svo að ekkert öryggi sé í því kerfi sem er við lýði, enda er svo ekki. Það verður að segjast, herra forseti, að ýmislegt af því sem menn hafa verið að gera á undanförnum árum hefur ekki orðið til að létta á þeirri spennu eða tappa af með neinum marktækum hætti. Þess vegna endurtek ég það álit okkar í Samfylkingunni að þetta frv. losi ekki um þessa spennu vegna þess að það tekst ekki á við þá megingagnrýni sem uppi hefur verið sem í grundvallaratriðum felst í því hvernig úthlutað er.

Ég hef tekið eftir því í skoðanakönnunum að menn eru ekki að mótmæla aflamarkskerfinu sem slíku. Menn geta haft á því ýmsar skoðanir eins og margoft hefur komið fram, m.a. hafa menn velt því fyrir sér hvers lags tæki til fiskverndar það kerfi er. Ég hef ekki tekið mikinn þátt í þeirri umræðu vegna þess að ég hef aldrei litið svo á að aflamarkskerfið væri sérstakt fiskverndarkerfi. Ég hef litið svo á að það væri fyrst og fremst kerfi sem tryggt gæti ákveðinn stöðugleika og hefði hagfræðilegan bakgrunn. Þjóðin hefur í sjálfu sér ekki verið að mótmæla því kerfi ef marka má skoðanakannanir. Ágreiningspunkturinn hefur fyrst og fremst verið úthlutunin.

Gjaldið sem hér á að leggja á og ég sagði áðan að væri kannski fyrst og fremst útreikniaðferð bak við þær greiðslur sem í grófum dráttum hafa verið inntar af hendi hingað til er í sjálfu sér ekki hátt, miðað við þær upphæðir sem nefndar hafa verið um virði auðlindarinnar, þ.e. upphæðir sem fram hafa komið varðandi kaup og sölu á þessum aðangi að auðlindinni. Þær eru slíkar, jafnvel upphæðir sem menn tala um að einungis leiga á aflamarki færi handhöfum þess, að við erum ekki að tala um háa upphæð í þessu tilviki.

Það sem meira er, hæstv. ríkisstjórn er í þessu frv. að tala um að þetta sé trappað inn með tilteknum hætti frá árinu 2004 til ársins 2009. Þá fyrst á gjaldið að geta náð fullri virkni. En þá, herra forseti, með þeim fyrirvörum hversu vel hefur árað, hvert verð á olíu hefur verið á Rotterdam-markaði og útreiknuðu verði á kostnaði. Þannig tekur gjaldið kannski ekki nægilegt tillit til þess ef framleiðniaukning verður í sjávarútvegi. Þarna eru ákveðnar frosnar stoðir sem eiga að halda utan um þetta. Þetta eru mál sem við hljótum að þurfa að skoða mjög vandlega í sjútvn. ásamt öðrum þeim leiðum sem færar eru til breytinga á málinu.

[18:31]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Með þó nokkurri eftirvæntingu hefur verið beðið eftir þessu frv. og mikil og góð vinna liggur að baki þeim tillögum sem hér eru settar fram og víst er að reynt er að koma til móts við sem flest skynsamleg sjónarmið og rök. Helstu eða öllu heldur afdrifaríkustu breytingar þess felast í að á útgerðirnar í landinu verði lagt magn- og afkomutengt veiðigjald og þetta gjald muni verða fundið út á þann hátt að helstu kostnaðarliðir útgerðarinnar, olía, laun og annar rekstrarkostnaður ákveðins tímabils, verða dregnir frá aflaverðmæti sama tímabils

og 9,5% þeirrar fjárhæðar sem eftir stendur verður lagt á. Þannig er þetta gjald tengt við afkomuna, þ.e. lagt á það sem eftir er þegar búið er að greiða fastan kostnað.

Þetta gjald mun fara beint í ríkissjóð og þaðan er því síðan úthlutað í gegnum fjárlögin til stofnana sjútvrn. Eins og kunnugt er setti hæstv. sjútvrh. á laggirnar nefnd í september 1999 sem átti m.a. að leitast við að koma með tillögur um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem mundi skapa sem víðtækasta sátt meðal landsmanna um þennan grunnatvinnuveg þjóðarinnar en taka þó tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna sem og almennings í landinu.

Eins og allir vita náðist ekki heildarsátt í þeirri nefnd og skilaði minni hluti hennar frá sér þrenns konar niðurstöðum en í þessu frv. er unnið í megindráttum eftir tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Herra forseti. Ég hef hingað til verið mikill talsmaður þess að reynt skuli eftir fremsta megni að ná sátt um stjórn fiskveiða greininni til heilla en ég er nú að færast á þá skoðun að það sé varla gerlegt. Því miður er svo mikil þröngsýni ríkjandi og ólíkir sérhagsmunir að baki að menn sjá ekki skóginn fyrir trjánum.

Auðvitað er það hagur allra landsmanna að sjávarútvegsfyrirtækin gangi vel. Mér skilst að það séu um 200 þús. Íslendingar sem eiga beinna hagsmuna að gæta varðandi gengi sjávarútvegsfyrirtækja og eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum í gegnum lífeyrissjóði, hlutabréfasjóði eða á annan hátt. Mikið er búið að reyna til að ná sátt í þessum málum, en það er orðin stór spurning í mínum huga hvort raunverulegur vilji til sátta sé fyrir hendi hjá stjórnarandstöðunni.

Formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, kallar þetta frv. óskadraum útgerðarmanna og stjórnarandstaðan hefur lýst því yfir að frv. sé stríðsyfirlýsing úr smiðju LÍÚ. Ég satt að segja skil ekki hvernig hægt er að koma fram með slíka firru þegar hér er á ferðinni frv. til laga sem kveður á um það að lagðir sé aukaskattur á útgerðina auk hinna hefðbundnu skatta og gjalda sem eru þó ærin fyrir.

Miðað við tekjur útgerðarinnar á síðasta ári næmi gjaldið um 2,1 milljarði kr. sem skiptist á ca. 390 þús. þorskígildistonn og er þá gjaldið á hvert úthlutað þorskígildiskíló rúmlega 5 kr. Gert er ráð fyrir að þau gjöld sem aflögð yrðu á móti nemi um 1,50 kr. á hvert kg svo það sér hver sem sjá vill að þarna er um verulega aukna gjaldtöku á sjávarútveginn að ræða. Í morgunpunktum Kaupþings þann 27. febrúar sl. komu fram útreikningar á hvernig þetta gjald, sem hér um ræðir, kemur niður á nokkur útgerðarfélög og ætti að einhverju leyti að gefa raunhæfa mynd af því sem koma skal miðað við að þessi umtalaði liður frv. verði að lögum. Sé tekið dæmi af nokkrum útgerðum og ég byrja þá á Samherja, þá eru álögur núna rúmar 56 millj. á ári en gjaldaaukningin verður 127 millj. Hjá Útgerðarfélagi Akureyrar eru gjöldin núna 41 millj. á ári, en gjöldin munu aukast um 92 millj. Þorbjörn er með 32,5 millj. nú en fær á sig 72,5 millj. gjaldaaukningu. Og Þormóður rammi greiðir 29,7 millj. nú en hækkunin mun nema 67 milljónum.

Mér finnst eðlilegt að sjávarútvegurinn fjármagni þann kostnað sem að honum snýr líkt og hann hefur verið að gera en helst vildi ég ekki leggja á neinn auðlindaskatt eða veiðileyfagjald og leyfa þannig sjávarútvegsfyrirtækjum að sitja við sama borð og önnur fyrirtæki í landinu en þó er það skárri kostur að fara þessa leið en þá leið sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram, þ.e. með fyrningu eða innköllun veiðiheimilda. Ég spyr hvort vert sé að taka þá áhættu að gera samkeppnisstöðu sjávarútvegsins verri í alþjóðlegri samkeppni með því að láta hann einan bera auðlindagjald. Nokkuð sem er óþekkt í samkeppnislöndum okkar.

Það er því miður staðreynd að ýmsir áróðursmeistarar, t.d. úr hópi stjórnarandstöðunnar, hafa náð að sá frjóu sæði meðal almennings, og eins og þeir kjósa að nefna það að t.d. „sægreifar", „kvótakóngar", „handhafar gjafakvótans" og fleira í þeim dúr séu að nýta auðlindirnar á kostnað okkar hinna og þannig skuldi þeir hinum almenna borgara sem vinnur kannski skrifstofustörf í landi og hefur aldrei tekið áhættu við kvótakaup eða rekstur útgerðar fúlgur fjár og skulu því borga það til samfélagsins. Þannig hefur sú krafa verið að magnast að útgerðinni beri að borga hærra gjald til þjóðarinnar fyrir afnotin af auðlindum hafsins, enda fólk gjarnan til í að styðja auknar álögur ef það þarf ekki sjálft að standa undir þeim. Þarna erum við að tala um eina atvinnugrein sem ætlað er að auka skattlagningu á á meðan verið er að minnka skattálagningu á alla aðra atvinnustarfsemi í landinu og hér er ég einnig að tala um þá atvinnugrein sem nánast heldur flestum byggðarlögum á landsbyggðinni gangandi.

Meðal þorra sjálfstæðsmanna tel ég að þessar kröfur um auknar álögur á útgerðina hafi átt hvað minnstan hljómgrunn. En þarna er sem sé verið að láta undan þeim þrýstingi og enn finnst stjórnarandstöðunni allt of skammt gengið og vill enn hærri álögur.

Sem betur fer var afkoma hjá flestum sjávarútvegsfyrirtækjum mjög góð á síðasta ári og það eru miklir peningar í greininni. En ekki þarf að horfa mörg ár aftur í tímann til að sjá hið gagnstæða og finna afleit ár hvað afkomu greinarinnar varðar, enda er sjávarútvegurinn í eðli sínu mjög sveiflukennd grein. Þó svo að það veiðileyfagjald sem hér um ræðir sé í sjálfu sér slæmt þar sem um auknar álögur er að ræða er þó bót í máli að það tekur að hluta mið af afkomu greinarinnar á hverjum tíma. Einnig verður að standa vörð um að þetta gjald muni ekki hækka á komandi árum því að sjávarútvegurinn er slíkur drifkraftur í landinu að ef hann er þurrmjólkaður með ofsköttun er ljóst að bresta mun harkalega í öllu okkar hagkerfi.

Sjávarútvegurinn þarf á stöðugleika að halda. Öll óvissa og öll göt gera það að verkum að ákvarðanir og framtíðaruppbygging verður ómarkvissari. Ef löggjafinn getur gefið sjávarútveginum mikinn stöðugleika, lög til margra ára, mun það án efa hafa afskaplega góð áhrif á þjóðarbúið í heild. Tökum sem dæmi að vegna góðrar afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna nú sem og vegna þeirrar miklu óvissu sem ríkir varðandi lagalega framtíð sjávarútvegsfyrirtækjanna, þá hefur sjávarútvegurinn verið að borga skuldir sínar afskaplega hratt niður því betra er að vera við öllu búinn. En á meðan hann borgar skuldirnar svona hratt niður er hann ekki að endurfjárfesta eða byggja upp. Ef hann borgar skuldirnar hægar niður, t.d. á 15 árum í staðinn fyrir 5–10 árum, þá yrði minni eftirspurn eftir gjaldeyri og fjármagnið færi í endurfjárfestingar í nýsköpun í byggðarlögunum sem væri í raun besta byggðastefnan. Þannig hefði e.t.v. verið meiri skynsemi í því að í staðinn fyrir að leggja aukin gjöld á þennan atvinnuveg að ýta undir að hann fjárfesti og færði út kvíarnar og í þessu samhengi er líka dálítið skondið að hugsa um það að á sama tíma og sumir stjórnarandstöðuþingmenn hafa verið að kalla á hærri skatta á sjávarútvegsfyrirtækin eru þeir að dylgja með skattafríðindi fyrir landsbyggðina. En gera menn sér ekki grein fyrir að 92% kvótans er staðsettur

á landsbyggðinni? Þarna er að sjálfsögðu verið að tala um álögur sem að langmestu leyti munu lenda á landsbyggðinni.

Menn skulu einnig gera sér grein fyrir að um 40% af innkomu útgerða fer í laun og launatengd gjöld. Sjávarútvegsfyrirtækin verða að sjálfsögðu að reyna einhvers staðar að lækka kostnað á móti auknum álögum. Skapa verður sjávarútveginum þann stöðugleika og starfsumhverfi til að hann þori að horfa til langs tíma og fjárfesta í nýsköpun og þróun.

Varðandi hagræðingu á móti þeim auknu álögum sem í frv. er kveðið á um, þá er mjög jákvætt að þar er líka lagt til að reglur um hámarksaflahlutdeild fyrirtækja verði rýmkaðar. Þannig er lagt til að hámarkshlutdeild einstakra aðila í þorski verði 12% en hámarkshlutdeild í öðrum bolfisktegundum verði um 50%. Enn fremur er lagt til að samanlögð aflahlutdeild einstakra aðila verði 12% óháð því hvort fyrirtækin eru í dreifðri eignaraðild eða ekki. Þannig fá sjávarútvegsfyrirtækin aukið svigrúm til vaxtar og möguleika á aukinni hagkvæmni.

Í stuttu máli að öðrum atriðum tengdum lögum um stjórn fiskveiða er ég ánægð með að framsalstakmarkanirnar náðu ekki fram að ganga. Ég hef ekki trú á slíkri U-beygju varðandi það mál en hins vegar hefði ég viljað sjá tillögur endurskoðunarnefndarinnar um fiskvinnslukvótann verða að veruleika.

Herra forseti. Það þarf að búa svo um hnútana að sjávarútvegsfyrirtækin verði á ný eftirsóttur fjárfestingarkostur. Það er hagur allra landsmanna að tryggja sjávarútveginum öruggt rekstrarumhverfi þannig að vöxtur og viðgangur sjávarútvegsfyrirtækjanna geti haldið áfram þjóðarbúinu öllu til heilla.

[18:43]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að byrja á að leiðrétta hv. þm. þegar hún talar um að stjórnarandstaðan sé að tala um hærri skatta á sjávarútveginn. Ég kannast ekki við að minn flokkur hafi nokkurs staðar komið fram með þá hugmynd að sjávarútvegurinn ætti að greiða hærri skatta. Við lögðum t.d. ekki til hærra tryggingagjald á sjávarútveginn fyrir áramótin eins og flokkur hv. þm. heldur lögðumst við gegn slíkum álögum þannig að þarna hafa upplýsingar eitthvað runnið á skjön.

Síðan finnst mér líka full ástæða til þess að rifja það upp hér að íslenskar útgerðir greiða fyrir veiðirétt alls staðar annars staðar og finnst það sjálfsagt. Það er meira að segja þannig að íslenskar útgerðir greiða fyrir veiðirétt í úthafinu, veiðirétt sem íslenskar útgerðir hafa áunnið þessum flota. Það er því ekkert nýtt við það og menn þekkja það mjög vel að menn greiði fyrir veiðiréttinn fyrir utan þá löngu reynslu sem útgerðarmenn á Íslandsmiðum hafa af því að greiða hver öðrum fyrir veiðiréttinn og eru þá ekki mjög sínkir á upphæðirnar og er þá minna talað um það hversu erfitt þetta sé, enda er það svo að það er eftirsókn eftir því að gera út á Íslandsmiðum. Til þess þarf ekki að lokka menn með neinum hætti.

Aðeins, herra forseti, vegna þess að hv. þm. sagði að sér fyndist eðlilegt að útgerðin greiddi kostnaðargjöld, þá er það svo að menn telja að ef sjómannaafslátturinn er meðtalinn, þá séu kostnaðargjöldin a.m.k. 4,5 milljarðar. Með frv. er verið að tala um að á góðum degi geti þetta mest orðið rúmir tveir. Hvar finnst hv. þm. eðlilegt að stoppa við með kostnaðargjöldin? Vill hún fara með þau alveg upp í 4,5 eða finnst henni eðlilegt að skattgreiðendur haldi áfram að greiða hluta þess kostnaðar sem til fellur vegna útgerðar?

[18:45]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, núna vilja fáir kannast við krógann. Það finnst mér ósköp eðlilegt. Varðandi spurninguna um hvað ég mundi vilja held ég að það hafi komið mjög skýrt fram hjá mér. Ég vil að sjávarútvegsfyrirtæki fái að sitja við sama borð og önnur fyrirtæki, þ.e. borgi skatta og skyldur eins og önnur fyrirtæki. Með góðum rekstri og auknum hagnaði borga þau að sjálfsögðu meira inn til þjóðarbúsins. Þegar vel árar hjá þeim eins og núna eykst áhugi þeirra á að fjárfesta í hliðargreinum við sjávarútveginn, og ég get tekið sem dæmi fiskeldi víða um land og kítosanverksmiðjuna á Siglufirði. Það er auðvitað eitthvað sem kemur okkur öllum til góða. Það er einmitt byggðastefna sem mun skila sér ef við búum vel að sjávarútveginum þannig að hann geti fjárfest til framtíðar.

[18:47]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála einum af þingmönnum Sjálfstfl., hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, um að besta byggðastefnan fælist kannski í að gengið fengi að vera rétt skráð. Svo held ég að það væri gott að sjávarútvegurinn sæti við sama borð og aðrar atvinnugreinar. Það þýðir að hann greiðir fyrir öll aðföng. Það gera aðrar atvinnugreinar. Það að greiða fyrir aðgang að auðlindinni er að greiða fyrir aðföng. Það er ekki þannig með aðrar atvinnugreinar að þær fái ókeypis hluta sinna aðfanga. Þær greiða fyrir það allt.

Við erum að tala um, herra forseti, að sjávarútvegsfyrirtækin sitji við sama borð og aðrir. Þar með viljum við líka að óvissunni sé aflétt, ófriðnum linni, það verði meiri sátt um útveginn. Þegar upp er staðið er það hin ágætasta byggðastefna sem ég veit að mörg okkar berum fyrir brjósti þó við séum ekki tilbúin að fara sömu leiðina. Hins vegar er ekki örgrannt um að ég treysti mér til að geta talað hv. þm. nær okkar sjónarmiðum en mér heyrist hún vera nú.

[18:48]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan eru margir á móti því að leggja á veiðileyfagjald og einnig á móti því að fara fyrningarleiðina. Í þessu frv. er þó, eins og kom fram í máli hv. þm., gert ráð fyrir að innheimta veiðileyfagjalds skili rúmum 2 milljörðum árlega til þjóðarbúsins. Ég held, líkt og sjútvrh. kom inn á í lok ræðu sinnar áðan, að einmitt þessir aðilar gefi mest eftir til að leita sátta og samþykki þar með þetta gjald.

[18:49]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst eins og hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir talaði eins og við öll hin værum á móti því að sjávarútvegsfyrirtækin gerðu það gott. Ég vil bara benda hv. þm. á að vinna okkar hér snýst ekki um það. Við erum eflaust öll sammála um það. Það sem við erum að ræða er umgjörðin fyrir þennan rekstur. Þar greinir okkur á.

Mér fannst þingmaðurinn ansi kokhraust þegar hún vændi stjórnarandstöðuna á einu bretti um þröngsýni. Það ber ekki vott um að menn á þeim bæ vilji leita sátta. Ég vil spyrja hv. þm.: Eru þá þeir aðilar þröngsýnir sem innan hennar eigin

þingflokks vilja breyta sjávarútvegsstefnunni í grundvallaratriðum eins og þráfaldlega hefur komið fram í þinginu? Eru kannski 20% eða meira í Sjálfstfl. menn sem eru þvílíkt þröngsýnir að þeir eigi væntanlega að skipa sér á bekk með stjórnarandstöðunni?

[18:50]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að væna alla um að vera þröngsýnir. Ég sagði að það gætti víða þröngsýni og ég stend alveg við þau orð. Hins vegar veit ég að auðvitað viljum við sjávarútvegsfyrirtækjunum sem og fyrirtækjunum öllum í landinu sem bestan hag. Það kemur þjóðinni allri til góða. Við erum hins vegar ósammála um þær leiðir sem á að fara.

Ég tel að með þessu hóflega veiðigjaldi sé skásta leiðin valin, ef á annað borð á að leggja gjald á sjávarútveginn og sé það gjald markað til framtíðar og hækki það ekki þannig að allir viti að hverju þeir ganga verði mikilvægt rekstraröryggi tryggt. Hins vegar er í mínum huga ekki hægt að segja það sama um fyrningarleiðina. Þar held ég að rekstraröryggið sé sett í uppnám og framkvæmdin verði ansi torveld.

[18:51]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í málflutningi hv. þm. að hún talaði um að inni í endurskoðunarnefndinni hefði verið talað um fiskvinnslukvóta. Hv. þm. sagðist sakna þess að hafa ekki séð það í þessum breytingum á lögunum. Þá vil ég spyrja hv. þm., úr því að hún telur okkur í stjórnarandstöðunni svona þröngsýn, hvort þingmaðurinn hafi kynnt sér tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni. Þar er einmitt að finna tillögur sem væru þingmanninum að skapi, um möguleika fiskvinnslunnar til að hafa kvóta.

[18:52]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég hef kynnt mér þær tillögur. Eins og ég sagði áðan taldi ég að sú tillaga sem fram kom hjá endurskoðunarnefndinni um fiskvinnslukvóta væri af hinu góða. Við vitum að eitt af því sem telja mætti óviðunandi fyrir hin ýmsu byggðarlög er sú óvissa sem ríkir varðandi atvinnustarfsemina. Ég held að með fiskvinnslukvótanum kæmi kannski meiri stöðugleiki í byggðirnar.

[18:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Æðimargir fyrirtækjaeigendur á Íslandi mundu vilja sitja við sama borð og sjávarútvegsfyrirtækin og fá úthlutað einkarétti til að nýta auðlind eins og núna tíðkast hér.

Mig langaði til að koma því að — af því að hv. þm. segist vera á móti veiðileyfagjaldi — að veiðileyfagjald er það þegar menn selja aðgang að veiðiheimildum eða veiðirétti. Veiðileyfagjald er tekið á Íslandsmiðum fyrir hvern einasta fisk sem kemur að landi. Það er tekið af þeim sem fá veiðiréttinum úthlutað frá ríkinu. Það er t.d. þannig að fyrirtækið Þormóður rammi frá Siglufirði, sem ég veit að hv. þm. þekkir vel, seldi aðgang að miðunum fyrir ekki minna en 250 millj. á síðasta ári. Einhver hefur þurft að borga það.

Það þýðir ekki fyrir menn að halda því fram að veiðileyfagjald sé ekki til staðar á Íslandsmiðum. Við erum að tala um að breyta kerfinu. Við erum ekki að tala um að auka gjald fyrir veiðiréttindi á Íslandsmiðum, síður en svo. Það er ekki hægt að hækka veiðileyfagjaldið sem núna er innheimt með aðgangi að auðlindinni. Markaðurinn hefur séð um að hafa það í toppi, miklu hærra en nokkur skynsemi virðist í þannig að mér finnst skorta svolítið á að menn tali skýrt og greinilega um þessa hluti og að gerð sé grein fyrir þeim af hálfu hv. þm. og fleiri stjórnarþingmanna. Mig langar til þess að fá svör við því hvort hv. þm. telji ekki að það skipti litlu máli fyrir þann sem þarf að fá veiðiheimildir hverjum hann borgar fyrir þær. Skiptir ekki mestu máli að hann fái þær?

[18:55]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanni Ársælssyni var tíðrætt um einkaréttinn til að nýta auðlindina í upphafi andsvara sinna. Ég vil bara minna á að þegar kvótakerfið var sett á upphaflega var verið að úthluta réttindum sem menn höfðu alltaf haft nema hvað sá réttur var takmarkaður. Síðan er búið að skerða ár frá ári þau réttindi sem menn höfðu upphaflega.

Hv. þm. segist ekki heldur málsvari þess að aukagjald verði sett á fyrir veiðiréttindin heldur verði svokölluð fyrningarleið farin. Ég spyr á móti: Verði fyrningarleið farin og veiðiréttindin boðin upp á uppboði eða aflaheimildirnar, er það ekki stór biti að kyngja fyrir útgerðina?

[18:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stór biti að kyngja? Það er örugglega minni upphæð en sú sem menn þurfa að greiða í dag. Ég er sannfærður um það að ef menn koma á eðlilegu kerfi sem væri hugsað sem þjónusta við útgerðina, fyrna veiðiheimildir og koma þeim á markað með þeim hætti, mun útgerðin fá miklu hagstæðari aðgang að veiðiheimildum en hún hefur í dag. Það verður ríkjandi jafnræði í greininni.

Það skortir fyrst og fremst og hefur valdið mörgum byggðarlögum og fólki af landsbyggðinni mestum skaða, að hafa ekki aðgang að veiðiheimildum til jafns við aðra í greininni. Það er sko ekki jafnræði fólgið í að þurfa að kaupa réttindin á hæsta verði af þeim sem fyrir eru í greininni eða leigja þau af þeim, jafnvel réttindi sem fyrirtækin hafa ekki nýtt sjálf árum saman en nota til að selja og hafa peninga út úr þeim sem þurfa að veiða.

[18:57]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Útgerðarmenn keyptu einfaldlega kvóta í þeirri góðu trú að þeim sem settu lögin væri treystandi. Þeir keyptu varanlegar veiðiheimildir í skjóli lagareglna sem mörkuðu meginreglur um framtíðarskipan stjórnar fiskveiða, eins og það hét í athugasemdum sem fylgdu frv.

Hvaða réttlæti væri í að hrifsa síðan aftur þessar veiðiheimildir til ríkisins og bjóða þær síðan hæstbjóðanda? Hverjir hefðu þá bolmagn til þess að kaupa þær veiðiheimildir? Hefðu þeir sem nýlega eru búnir að fjárfesta í veiðiheimildum og eru þegar skuldsettir möguleika á að koma inn í greinina aftur? Ég bara spyr.

[18:58]

Útbýting þingskjala:

Atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, 577. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 904.

Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 575. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 902.

Fjármögnun vetnisrannsókna, 574. mál, fsp. RG, þskj. 901.

Sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum, 438. mál, svar viðskrh., þskj. 898.

Takmarkanir á tóbaksreykingum, 573. mál, fsp. ÞBack, þskj. 900.

Útboð og samningar um verkefni við vegagerð, 572. mál, fsp. JÁ, þskj. 899.

[Fundarhlé. — 19:00]

[20:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fer fram umræða um stórmál, mál sem óhætt er að segja að hafi verið eitt mesta hita- og átakamál í íslenskri efnahags- og stjórnmálaumræðu undanfarin tíu, *tuttugu* ár.

Í upphafi þingfundar í dag vakti ég máls á því að fyrir hönd stjórnarandstöðunnar hefði ég óskað eftir því að á dagskrá fundarins, samhliða þessu máli, væri till. til þál. sem stjórnarandstaðan hefði sameinast um. Frv. sem hér er til umræðu, stjfrv. um stjórn fiskveiða, byggir á nefndarstarfi að hluta til. Að sögn ríkisstjórnarinnar alla vega byggir það á starfi nefndar sem skipuð var haustið 1999 til þess að freista þess að skapa sátt um fiskveiðikerfið. Í athugasemdum með þessu lagafrv. er vísað í erindisbréf sem þessi nefnd fékk. Þar segir m.a. á þá leið að nefndinni beri að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið."

Þetta var tilvitnun í erindisbréf sem þessi svokallaða sáttanefnd átti að byggja starf sitt á.

Eins og kunnugt er náði nefndin ekki að sættast á eitt sjónarmið. Hún klofnaði reyndar í fernt. Stjórnarandstaðan skilaði tveimur álitum og sama gildir um stjórnarmeirihlutann. Hann klofnaði einnig. Einum stjórnmálaflokki, Frjálslynda flokknum, var haldið fyrir utan þetta nefndarstarf sem mönnum fannst nú æði hart, ekki síst í ljósi þess að sá flokkur hefur flestum flokkum framar staðið í baráttunni um breytt fiskveiðistjórnarkerfi.

Síðan gerist það, eins og ég sagði áðan, að stjórnarandstaðan, Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn sameinast um það hér á þinginu að bera fram þáltill. sem byggir á því að enn skuli leitað sátta. Og það er ljóst að þessir flokkar hafa allir verið að færast nær hverjir öðrum um leiðir. Menn hafa þar sameinast um leið sem kennd hefur verið við fyrningu.

Í greinargerð með þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Formenn þeirra stjórnmálaflokka sem eru í stjórnarandstöðu telja afar mikið í húfi fyrir þjóðina og fyrir sjávarútveginn að friður komist á um nýtingu auðlindarinnar og vilja því freista þess að gera tilraun til að forða mönnum frá enn hatrammari deilum en staðið hafa til þessa. En í það stefnir ótvírætt verði þeim stríðshanska kastað í andlit þjóðarinnar sem það er að ætla að festa í sessi óbreytt kerfi, eignarhald útgerðarinnar í reynd, með málamyndagjaldtöku."

Og það er þetta frv. sem við höfum hér núna til umfjöllunar.

Það er ljóst að ríkisstjórnin lítur ekki lengur svo á að um stjórn fiskveiða eigi að leita sátta. Ef til vill hafa þeir sem trúðu því að það stæði til yfir höfuð alltaf vaðið villir vegar. Fiskveiðistjórnarkerfið er mikið hagsmunamál og ljóst er að ríkisstjórnin ætlar að taka afstöðu með stórútgerðinni í landinu og handhöfum kvótans. Það má segja að það sé í rauninni gott að ríkisstjórnin skuli koma til dyranna eins og hún er klædd, en um þetta er nú að tefla.

Ég hef fylgst með umræðunni hér í dag og fundist hún fróðleg fyrir margra hluta sakir. Ég lagði mjög eyrun við málflutningi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hér í dag, formanns þingflokks Framsfl. Hann fór orðum um ýmsar fjárhagslegar stærðir og ef ég skildi málflutning hans rétt þá vísar hann þar í stærðir sem fram hafa komið hjá Seðlabankanum að því er mér skilst, þar sem því er haldið fram að á árabilinu 1995–2001 hafi veiðiheimildir verið seldar fyrir 50–60 milljarða kr. Á sama tímabili, á þessum rúma hálfa áratug, hafi skuldsetning sjávarútvegsins verið að aukast um 60 milljarða kr.

Síðan gengur rökstuðningurinn út á það að vegna þessarar lántöku hafi streymt út úr sjávarútvegi inn í fjármagnskerfið 9–13 milljarðar kr. Og hvernig reiknast þetta út? Jú, ef við gefum okkur að samsvörun sé á milli þess að sjávarútvegurinn hefur verið að auka skuldsetningu sína um 60 milljarða á sama tíma og veiðiheimildir ganga kaupum og sölum fyrir 50–60 milljarða og ef við gefum okkur að útgerðin þurfi að greiða þessi lán á tíu árum þá mundi það þýða 6 milljarða ári. Og ef við gefum okkur vaxtaprósentu upp á 10% þá eru það 6 milljarðar, að jafnaði 3 milljarðar. Þar er summan orðin 9 milljarðar, 6 milljarðar í afborganir og 3 milljarðar í vexti. Síðan bætti hv. þm. því við að að auki væri verið að leigja aflaheimildir fyrir 3–4 milljarða á ári.

Ef þetta er rétt, 9 milljarðar plús 3–4 milljarðar þá erum við komin upp í 13 milljarða sem renna þarna út úr greininni inn í fjármagnskerfið. Menn hafa reyndar skoðað ýmsar aðrar stærðir og ég kem að því síðar. Ekki má gleyma því að hv. þm. hefur bætt því við að þetta byggi á því að aðeins sé þó búið að selja um inn þriðja af aflaheimildum í landinu, enn eigi eftir, ef svo vindur fram sem horfir, að selja tvo þriðju af aflaheimildunum og ef það verði gert þá muni enn meira fjármagn renna út úr greininni inn í fjármagnskerfið.

Önnur stærð sem menn hafa verið að velta upp er heildarverðmæti kvótans. Þar hafa ýmsar stærðir verið nefndar. 300 milljarðar eru ein stærð sem nefnd hefur verið. Ég veit að það er mjög umdeilt. Bent hefur verið á að menn þurfi að gæta sín á því að heimfæra ekki rándýran jaðarkostnað upp á allt kerfið og ofreikna þessar stærðir, menn þurfi að gæta sín á því.

En færum þessar stærðir verulega niður og tökum annað viðmið. Menn eru að kaupa kvóta á sjö- til áttföldu leiguverði og þar með geta kvótakaupin borgað sig upp á átta til tíu árum, ef við reiknum fjármagnskostnað inn í það dæmi. Færum síðan þá formúlu upp á þessi heildarverðmæti. Við skulum ekki halda okkur við hinar hærri tölur, 300 milljarðana. Förum með það niður í 200 milljarða. Ef þessar formúlur ganga allar upp gæti sjávarútvegurinn keypt þessi verðmæti á tíu árum. Hann gæti verið að kaupa þessi verðmæti á tíu árum. Ef við höfum viðmiðið 200 milljarða, heildarverðmætin, þá væru þetta 20 milljarðar kr.

Hvað er ég að reyna að segja með þessu? Ég er að segja að kerfið sem við búum við núna byggir á þessari gjaldtöku eða gjaldtöku af þessari stærðargráðu. Við erum þegar búin að smíða kerfi sem byggir á gjaldtöku af þessari stærðargráðu. Ég nefndi 20 milljarða. Ég nefndi í fyrra tilvikinu, og vitnaði þar í útreikninga hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, 13 milljarða sem þegar hafa farið út úr greininni inn í fjármagnskerfið. Þetta eru þær stærðir sem sjávarútvegurinn og það kerfi sem við höfum búið við núna er þegar að greiða

þannig að við búum við geysilega gjaldtöku. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er því ekki hvort það eigi að vera gjaldtaka í sjávarútveginum heldur í hvaða formi hún eigi að vera og í hverra vasa þetta gjald eigi að renna. Það er spurningin sem við stöndum frammi fyrir. Á þetta gjald að renna í vasa núverandi kvótaeigenda eða kvótahafa eða eigum við að reyna að smíða kerfi sem beinir þessari gjaldtöku í vasa ríkis og sveitarfélaga? Eigum við frekar að fara þá leið?

Ég segi það fyrir mína parta að ég hef aldrei verið talsmaður þess að blóðmjólka sjávarútveginn. Sjávarútvegurinn hefur staðið undir íslensku efnahagslífi svo lengi sem menn muna. Arðurinn hefur skilað sér í margvíslegri veltu, skattheimtu og atvinnu, blómlegu atvinnulífi. Þannig hafa þessir fjármunir skilað sér inn í atvinnulífið. Sú hætta sem við stöndum öðru fremur frammi fyrir núna er að of mikil samþjöppun eigi sér stað. Eins og við vitum hefur átt sér stað mikill flutningur á kvóta frá ýmsum byggðarlögum þannig að það hefur ekki orðið jöfn dreifing á þessum verðmætum upp úr sjónum. En síðan erum við að færa okkur yfir í kerfi þar sem þessi mikla gjaldtaka er við lýði, þar sem þessi mikla prívatgjaldtaka er við lýði. Spurningin er: Hvernig getum við komist út úr því kerfi og beint þessum fjármunum í ríkari mæli í vasa almennings í gegnum sveitarfélögin og ríkissjóð? Út á það ganga tillögur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þ.e. að finna leið til að komast út úr þessari sjálfheldu sem er þessi prívatgjaldtaka, þetta prívatveiðileyfagjald, og færa okkur inn á samfélagsvinsamlegri brautir.

Þar viljum við ekki fara nein heljarstökk. Við viljum taka þetta í áföngum. Við erum að leggja til að við fyrnum þetta kerfi sem við búum við núna á 20 árum. Við viljum fara mjög varlega fyrst í stað og fyrna 5%, en láta hluta kvótans sofa hjá viðkomandi fyrirtæki í ein sex ár og síðan herða á þessari þróun að þeim árum liðnum.

Hvað viljum við síðan gera við þennan kvóta sem við höfum fyrnt? Jú, við viljum skipta honum í þrjár einingar, láta hann renna í gegnum þrjár brautir. Í fyrsta lagi viljum við láta þriðjunginn renna inn á sameiginlegan markað fyrir landið. Í öðru lagi viljum við byggðatengja kvótann að þriðjungi. Þriðjung viljum við byggðatengja og við erum með ákveðna reikniformúlu fyrir því hvernig hægt er að binda kvótann við tiltekin byggðarlög og horfa þar til veiðisögu síðustu 20 ára ef ég man rétt samkvæmt okkar tillögum. Byggðarlögin gætu síðan farið ýmsar leiðir til þess að ráðstafa þessum kvóta. Þau gætu þess vegna sett hann á uppboð. Þau gætu einnig ráðstafað honum með öðrum hætti eða farið blöndu af þessari leið með uppboði á einhvern skilyrtan hátt. Í þriðja lagi á síðasti þriðjungurinn að okkar mati að hvíla hjá útgerðinni, en gegn umsömdu gjaldi. Þetta er hugsunin sem við erum að reyna að feta okkur inn á.

Síðan viljum við einnig fara aðrar leiðir, leggja áherslu á aðra þætti einnig. Við viljum nefnilega stuðla að aukinni smábátaútgerð sem við teljum umhverfisvænni og einnig vænni fyrir byggðarlögin. Við teljum að smábátaútgerðin sé mjög mikilvæg fyrir byggðarlögin. Við viljum þess vegna hafa pundið misþungt í kvótanum þannig að sá sem dregur fisk á línu fái leyfi til að draga fleiri fiska að landi en sá sem aflar þeirra á stórvirkum togurum. Þetta teljum við umhverfisvæna leið.

Herra forseti. Við viljum með öðrum orðum finna leið til að beina þeirri milljarða gjaldtöku sem þegar á sér stað í sjávarútvegskerfinu og rennur í vasa þeirra sem hafa kvótann, til samfélagsins með þessum hætti, til sveitarfélaganna og ríkisins. Út á það ganga tillögur okkar. Það verður ekki búið við það til framtíðar að fyrirtækjum og einstaklingum verði mismunað eins og með núverandi kerfi. Það gengur ekki. Hvernig sem á málin er litið, hvort sem það er út frá jafnræðisreglu eða sanngirnissjónarmiðum, þá gengur það kerfi sem við búum við núna einfaldlega ekki upp og tillögur okkar ganga út á það að finna heppilegri leiðir. Ég vona að menn gefi sér tíma og dragi andann djúpt, láti ekki freistast til að böðla þessu í gegnum þingið heldur gefi sér enn betri tíma til þess að kanna hvort ekki sé hægt að ná sátt sem heldur.

[20:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði að hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að stjórnarandstöðuflokkarnir væru tilbúnir til þess að rétta sig fram til sátta og það væru ýmsir aðilar sem vildu styðja við bakið á þeirri viðleitni. Ég held að flestallir sem hafa verið að vinna við sjávarútveginn og reynt að skipta sér eitthvað af þessum málum hafi einmitt verið að gera þetta, að reyna að leita leiða til sátta.

Nú tel ég að það hafi verið mjög ofarlega í hugum flestra sem voru á móti núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að sú sáttaleið sem væri hægt að fara væri svokölluð auðlindagjaldsleið og þeir sem hafa stutt kvótakerfið voru alfarið á móti auðlindagjaldinu sem slíku, það ætti kannski að borga sannanlegan kostnað sem félli til vegna veiðanna af hálfu opinberra aðila, en að leggja einhverja sérstaka skatta á útgerðina væri af og frá því að hún hefði hingað til ekki haft nein efni til að borga umframskatta.

Síðan kemur þessi tillaga að fara svona millileið, að fara út í eitthvert smáauðlindagjald. Þá bregður allt í einu svo við að þeir sem höfðu áður talið þetta vera einhverja leið vilja nú nýtt og þá heitir það fyrningarleið. Ég velti því fyrir mér hvort menn haldi virkilega að hægt sé að ná einhverri sátt í sjávarútvegi þegar menn hlaupa stöðugt frá einu í annað. Ég er ekki að segja að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi verið einn af þeim mönnum sem vildi endilega auðlindagjald. En ég er bara að velta fyrir mér þessari einlægni, ef menn vilja í einlægni ná sáttum telja þeir það heppilegt til sátta að vera sífellt, í stjórnarandstöðunni eða hvar sem er, og skipta sífellt um skip?

[20:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að reyna að færa rök fyrir því að við byggjum þegar við veiðileyfagjald og reyndar byggði ég rökstuðning minn að verulegu leyti á málflutningi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem sýndi fram á í mjög ágætu máli að sjávarútvegurinn eða hluti hans greiddi yfir 10 milljarða á hverju ári að verulegu leyti inn í fjármagnskerfið fyrir veiðiheimildir, allt að 13 milljarða kr. og kæmi til með samkvæmt líkindareikningum að greiða enn meira. Með öðrum orðum ef þetta er rétt, sem ég held að sé, þá búum við þegar við þetta kerfi. Vandinn er sá að það eru sum fyrirtæki sem þurfa að standa undir þessum kostnaði en önnur ekki þannig að við búum ekki við jafnræðisreglu. Annað er að það er líka ranglátt í samfélagslegu tilliti vegna þess að þessir fjármunir renna til kvótahafanna en ekki samfélagsins í þeim mæli sem æskilegt væri. Þess vegna ætti sáttaleið að byggja á því að finna farveg til þess að stuðla að samfélagslegri lausn. Út á það gengur málflutningur okkar.

[20:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er alveg fastur í þessari hugmyndafræði um fyrningu. Ég hef ekki skilið það enn þá hvernig þetta á að geta gengið upp. Frá örófi alda hefur sú regla ríkt þegar einhver hefur viljað gera út og senda skip á sjó að útgerðarmaðurinn hefur ráðstafað aflanum og hann hefur átt það sem hefur komið inn. Síðan hefur því verið skipt á ákveðinn hátt milli útgerðar og eigandans. Þetta hefur alltaf verið svona.

Nú gera þeir hv. þm. sem vilja fyrningarleið ráð fyrir því að allar aflaheimildirnar séu teknar eignarnámi í rauninni og sendar til sveitarfélaganna og einhverra hagsmunaaðila, einhverra óskyldra aðila í dag og þeir aðilar eiga síðan að fara að úthluta þessum aflaheimildum. Hvernig hefur gengið að úthluta byggðakvótanum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur haft yfirráð yfir og verið að reyna að ná sátt um hingað og þangað um landið? Ég get ekki heyrt annað en það sé alveg ömurleg niðurstaða. Þetta er bara ömurleg niðurstaða. Ég hef ekki heyrt annað en að það logi stafnanna á milli í öllum þessum sveitarfélögum í ófriði út af því hvernig staðið hefur verið að þeirri úthlutun.

Nú ætla hv. þm. að leggja til að stórum hluta kvótans verði úthlutað á þennan hátt. Ég veit ekki til hvaða óvinafagnaðar menn ætla sér að bjóða upp á með því. En eitt er alveg augljóst að svona róttækar ríkisframkvæmdir eða við skulum segja eignaupptaka af ríkinu hefur aldrei nokkurn tíma komið fram í þinginu fyrr, svo ég viti til. Það má kannski segja að þegar ákveðið var að taka eignarnámi allt land sem ekki teldist eignarland og samþykkt voru lög um að ríkið eignaðist allt land á hálendinu, þá var það út af fyrir sig mikil sósíalísering sem menn áttuðu sig ekki einu sinni á.

[20:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mundi ekki gera lítið úr byggðakvótanum. Vandinn er sá að hann hefur verið af of skornum skammti og vandinn hefur verið mikill, einkum hjá þeim byggðarlögum sem hafa þurft að sjá á eftir kvóta í önnur byggðarlög.

Hins vegar er alveg rétt að mjög erfitt er að finna leiðir til að úthluta kvóta. Ég á erfitt með að sjá hvernig hægt er að gera það á annan hátt en með einhvers konar markaðstækjum. Það er hægt að skilyrða slíka markaðssetningu kvótans. En það er tæknilegt úrlausnarefni sem menn þurfa að setjast yfir.

Varðandi fyrirtækin í landinu þá er ég að leggja áherslu á að það ríkir ekki jafnræði með þeim. Einstaklingar og fyrirtæki sem vilja hasla sér völl í sjávarútvegi eiga mjög erfitt um vik og standa óneitanlega höllum fæti gagnvart þeim sem hafa þegar komist yfir kvóta.

Herra forseti. Ég man ekki betur en við umræðu á fyrri þingum hafi hv. þm. Kristján Pálsson verið óþreytandi að troða hér upp í pontu og tala um kvótann sem eign þjóðarinnar, ég man ekki betur en að hann kæmi hér flestum mönnum fremur og segði að það mætti aldrei gleymast að kvótinn væri eign þjóðarinnar. Nú kemur hann hingað og talar um eignaupptöku þegar talað er um að láta kvótann í hendur eiganda síns.

[20:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að reyna að átta mig á ræðu hv. 13. þm. Reykv. Ég átta mig ekki alveg á framan í hvern þessum stríðshanska var hent og hvers vegna. Hvaða ógæfa er það sem verið er að flytja þjóðinni með þessu? Í öðru lagi, er hv. þm. með eða móti þessu auðlindagjaldi? Það kom ekki heldur fram.

Sá sem hér stendur hefur allt frá upphafi efast mjög um það og reyndar verið mjög sannfærður um að aflakvótakerfið, sérstaklega í þorskveiðunum, bolfiskveiðunum, væri röng og slæm aðferð við stjórn fiskveiða. Við höfum talið okkur geta sýnt fram á það með mjög mörgum sterkum rökum að sóunin í því kerfi væri skelfileg. Svo hafa ýmis rök bæst við, einmitt reynslan úr Norður-Atlantshafi þar sem kvótakerfið er alls staðar notað og reynslan frá Kanada þar sem menn hafa ástæðu til að óttast um það hvernig komið er fyrir fiskstofnunum. Þess vegna spyr ég: Er það ljóst sem kemur fram hjá hv. þm. að hann á sér þann draum að þjóðnýta þessar aflaheimildir, sem við skulum láta liggja á milli hluta, liggur ekki nær að reyna þá að búa til fiskveiðistjórnarkerfi sem gæti náð einhverjum árangri? Við höfum verið með þetta kerfi í 18 ár og niðurstaðan er sú að við veiðum núna um helminginn af því sem við veiddum áður. Er ekki nær að reyna að búa til eitthvert kerfi, reyna að fikra okkur áfram til þess að búa til arð í sjávarútveginum? Það tekur ábyggilega langan tíma og er ekkert auðvelt. Er ekki nær að snúa sér að því? Svo geta menn duddað sér við að þjóðnýta það ef hugsjónir þeirra standa til þess þá og þegar, ef árangur næst.

[20:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagðist vera að reyna að átta sig á ræðu minni. Ég reyndi að tala sæmilega skýrt. Ég er hins vegar að reyna að átta mig á afstöðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hver er afstaða hans? Styður hann þetta frv.? Ég stóð meira að segja í þeirri trú þegar hann spurði framan í hvern verið væri að kasta stríðshanska að það væri m.a. framan í hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. (**EOK:** Nei, alls ekki.) Nú, ég hélt að hann hefði talað fyrir gagngerri uppstokkun á því kerfi sem við búum við núna. Þannig hefur hann talað. Ég er að mælast til þess og stjórnarandstaðan er að mælast til þess að menn reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu og sátt í þessu máli en gefist ekki upp þótt ekki blási byrlega. Ef menn hafa staðfestu og sagan sýnir það að þegar menn sýna staðfestu og vilja til að ná sameiginlegri niðurstöðu, þá gengur það.

[20:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur legið fyrir frá upphafi, svo ég upplýsi það, að ég styð ekki þetta frv. Það hefur legið fyrir frá upphafi að ég hef haft allar efasemdir um aflakvótakerfið í þorskveiðunum. Það hefur legið fyrir frá upphafi að ég er algjörlega á móti auðlindagjaldi, bæði á sjávarútveg svo og aðrar greinar, þannig að það er allt ljóst um afstöðu mína og hefur alltaf verið.

Hv. þm. svaraði ekki spurningum mínum, ekki einni einustu. Kannski hefur hann ekki heyrt hvað ég var að segja. Ég spurði hvort ekki væri nær að reyna að ná einhverjum tökum á sjávarútveginum þannig að einhver auðlindarenta skapaðist í samfélaginu. Svo geta menn deilt um það eftir á hver á eða

hvernig skipt er. En þannig er svo ég fari yfir það aftur að við höfum ekki náð neinum árangri í stjórn bolfiskveiða. Við erum hins vegar að ná ágætisárangri í stjórn uppsjávarfiskanna og fleiri tegunda sem eru sannarlega að skila þjóðfélaginu mjög miklum arði að ég held. Eins og hv. 13. þm. orðaði það áðan, hin hagstæða afkoma sjávarútvegsins hefur skilað geysilega blómlegu þjóðfélagi hér á Íslandi alla þessa öld. Það fer ekki milli mála, auður og arður í sjávarútvegi hrískast um allt samfélagið, öll síðastliðin öld ber vitni um það.

Þá spyr ég hv. þm. aftur: Er ekki nær að reyna að snúa sér að því að ná einhverjum tökum á stjórn fiskveiða þannig að um arð verði að ræða, heldur en halda áfram með þetta kerfi, aflakvótakerfi í þorski? Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en hann væri kvótasinni. Hann ætlar bara að ná fyrst aflaheimildunum af útgerðarmönnunum og síðan ætlar hann að úthluta — hverju? Jú, hann ætlar að úthluta kvótanum. Hann ætlar að halda áfram sama kerfi. Er ekki kerfið jafnslæmt ef það hefur sýnt okkur á sl. 18 árum að það nær engum árangri, þó að við þjóðnýtum það? Hverju erum við þá nær? Þó að Byggðastofnun eignist það eða sparisjóður eða bankar, hreppsnefndir, bæjarstjórnir, borgarstjórn eða hvað sem er, erum við einhverju nær? Ég get ekki skilið það.

[20:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að gera þurfi ýmsar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. En fiskveiðistjórnarkerfi þurfum við að hafa. Við þurfum stýra sókninni á fiskimiðin.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talar um nauðsyn þess að skapa skilyrði fyrir því að renta skapist í sjávarútvegi. Hún er fyrir hendi. Sýnt hefur verið fram á að milljarðar króna streyma út úr þessari grein að verulegu leyti inn í fjármagnskerfið í landinu. Við umræðuna í dag hefur því verið haldið fram, m.a. af einum talsmanni stjórnarmeirihlutans sem hefur farið mjög vel í saumana á þessum málum, að ætla megi að um 13 milljarðar séu teknir út sem renta. Tillögur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ganga út á að láta þá rentu, láta þennan hagnað, streyma til almennings, til sveitarfélaganna og til ríkisins í stað þess að það fari til þeirra útvöldu sem hafa kvótann á sinni hendi, kvótahafanna. Það er því spurningin um að beina fjármagninu í aðra vasa en þá sem þeir streyma í núna með hörmulegum afleiðingum fyrir samfélagið allt.

[20:34]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt heilmikla ræðu um fiskveiðistjórnarkerfið. Ég ætla ekki að fara að ræða mikið um hana. Ég tók aftur á móti eftir því að hv. þm. sagði í lokaandsvari sínu að ég hefði fram að þessu, eða hér á árum áður, verið með miklar ræður um að þjóðin ætti fiskinn í sjónum eða kvótann, ég man ekki hvort þingmaður sagði heldur. Ég sagði að ég liti svo á að fiskurinn í sjónum væri eign þjóðarinnar og það er þannig samkvæmt 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, að fiskurinn eða fiskstofnarnir eru sameign íslensku þjóðarinnar. Þannig er það. Aftur á móti er aflahlutdeildin annað. Aflahlutdeildin er það sem er úthlutað til útgerðarmanna og það er sú aflahlutdeild sem hv. þm., sem mælir með fyrningarleið, er að tala um að þjóðnýta og færa yfir til annarra. Í þessu erum við í grundvallaratriðum algjörlega ósammála. Þess vegna vildi ég, herra forseti, koma þessu á framfæri hér strax svo hv. þm. áttaði sig á því hvað ég meinti þegar ég talaði um að þjóðin ætti fiskinn í sjónum. Og það er mikill munur á því annars vegar og aflahlutdeildinni hins vegar sem kemur af því að stýra þarf veiðunum vegna þess að stofnarnir eru takmarkaðir. Herra forseti. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram svo þessi misskilningur milli okkar þingmannsins væri þegar leiðréttur og ég hef ekkert í sjálfu sér breytt þeirri afstöðu minni.

Ég hef aftur á móti orðið var við það að ýmsir þeir sem núna eru að tala um breytingar á kerfinu og biðja um fyrningarkerfi eða fyrningarleið, þeir hinir sömu og töluðu hér, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, samþykktu á sínum tíma að það mætti veðsetja aflaheimildir í sjávarútvegi (**KHG:** Það væri bannað að veðsetja þær.) og hann samþykkti það, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hann samþykkti að veðsetja mætti aflaheimildir með skipi. Hefur reyndar aldrei áttað sig á því að með því að heimila veðsetningu aflaheimilda með skipi var verið að veðsetja kvóta. Það var öllum ljóst nema kannski hv. þm. Fyrir vikið eru allar leiðir til að breyta þessu kerfi mjög erfiðar og mjög langvarandi ef menn á annað borð ætla sér að reyna einhverjar breytingar.

Þetta veðsetningarmál var á sínum tíma mjög mikið til umræðu hér og veðsetningar hafa haft miklar afleiðingar því að stór hluti aflaheimildanna var veðsettur fyrir vikið á mjög skömmum tíma.

En þetta er nú gömul saga og ég ætla ekkert að rifja hana frekar upp, nema vegna þess að þeir sem eru að ræða um þetta fyrningarkerfi voru með allt aðrar hugmyndir og festu þær í rauninni með ákvörðun sinni fyrir nokkrum árum.

Ég er í meginatriðum sammála því frv. sem hæstv. sjútvrh. leggur hér fram sem sáttaleið í sjávarútvegsmálum. Ég er a.m.k. sammála því sem hæstv. ráðherra er að reyna að gera. Ég tel alla vega að þetta sé skref í rétta átt, þó ýmislegt megi gera öðruvísi en hér er lagt til.

Ég vil leyfa mér að segja í upphafi varðandi frv. sjálft, þá eru þrjú atriði sem ég hefði viljað hafa öðruvísi. Ég tel m.a. að það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í 4. gr., að fara út í frekari byggðakvóta heldur en nú þegar er gert, verði einungis til þess að skapa óróleika og í rauninni andstöðu við kerfið því ég hef ekki orðið var við að þær úthlutanir sem hafa verið á byggðakvótum fram að þessu hafi leitt til neinna sátta um fiskveiðistjórnarkerfið. Það er varla hægt að segja að það hafi leyst mikinn vanda heldur á þeim stöðum sem því hefur verið beitt. Ég man eftir því þegar kvótakerfið var á sínum tíma til umræðu og sveitarfélögin voru beðin um að skoða það hvort þau ættu að taka að sér slíkar úthlutanir og það var að mati flestallra sem þá komu nálægt þessu talinn alveg ógjörningur að láta sveitarfélögin standa í þeim slag að reyna að sætta menn við það að einn fengi meira en annar og það væri ekki einu sinni samfella í því milli ára, enda kannski ekki hægt að ætlast til þess að menn í svo mikilli nálægð séu að standa í slíkri úthlutun, sem er í rauninni ákvörðun ríkisvaldsins og það er ríkisvaldið sem á að bera hitann og þungann af því. Ég efast því um að þessi 4. gr. um 1.500 lesta byggðakvóta verði til neinna sátta. (**GE:** En 12.000 tonnin?) Það eru 1.500 tonn, hv. þm. Gísli S. Einarsson. Það eru 1.500 tonn af 12.000. Það eru 12.000 tonn sem ráðherra hefur til ráðstöfunar samkvæmt 1. málsl., en ráðherra er heimilt samkvæmt þessu ákvæði að úthluta 1.500 tonnum með sérstöku samráði við Byggðastofnun til svæða sem hafa orðið illa úti í sjávarútvegi, þannig að það sé á hreinu. (**GE:** En 10.500?)

Í 5. gr., herra forseti, er talað um heimild til þess að stækka megi svokallaða krókabáta úr sex tonnum í hámarki upp í 15 tonn í hámarki. Ég er mjög sammála því að stækka

eigi bátana í krókaaflamarkskerfinu, enda var það þegar ég var ungur maður á sjó draumur allra sjómanna að komast á stærri skip. Þá dreymdi alla um að komast um borð í togara. Þetta voru skipin sem fóru vel með áhöfn sína. Þar var góð aðstaða og menn gátu staðið uppréttir í lestinni. Eftir að farið var um borð í þessar trillur, þá var eiginlega horfið aftur til þeirra ára þegar menn voru hokrandi ofan í þröngu rými við lítið öryggi og þurfa núna að leggja nótt við dag til að halda sínu gangandi, þó það sé ekki endilega út af smæðinni, heldur er það fyrst af því að menn eru útkeyrðir á svona litlum bátum í veiði. Ég hefði sagt að það hefði mátt réttlæta að fara upp í 30 tonn, því 15 tonna bátur er mjög lítill bátur. Mörg þessara skipa eru með gríðarlega mikinn kvóta miðað við stærð og hreint ótrúlegt hvað hægt hefur verið að fiska á þessar litlu fleytur. Ég hefði þá um leið talið eðlilegt að heimila ætti þessum krókabátum að ná aflahlutdeild sinni með þeim veiðarfærum sem þeir kysu sjálfir, að þeir mættu nota dragnót, net eða þær veiðiaðferðir sem þeir kysu, þó svo að þetta kerfi væri þá áfram kallað smábátakerfi, þá eru það í mínum huga smábátar sem eru undir 30 tonnum.

Ég hefði haldið að þar mætti ganga lengra. Þó að ég geri ekki ágreining um það, þá finnst mér það vera athugunarefni í nefndinni hvort fara ætti með þetta mark hærra, því þar er ég fyrst og fremst með öryggissjónarmið í huga og þau sjónarmið sem lúta að mannskapnum sjálfum um borð.

Varðandi 6. gr., herra forseti, þá vil ég lýsa yfir dálitlum áhyggjum mínum yfir því að festa eigi í lög að hámarksaflahlutdeild einnar útgerðar geti verið 50% af einstökum fisktegundum. En samkvæmt þeirri grein, þá má ýsa og ufsi vera í eigu tveggja útgerðarmanna á landinu. (**ÁSJ:** Karfi líka.) Já, karfi líka. Þökk fyrir, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Það eru þrjár tegundir, þ.e. ýsa, ufsi og karfi. (**ÁSJ:** Og grálúða.) Og grálúða líka, 50%. Það eru fjórar tegundir sem gætu verið í eigu tveggja útgerðarmanna á landinu, á tveimur skipum þess vegna, ef út í það væri farið, það er reyndar kannski dálítið mikið.

Mér finnst þetta of langt gengið í úthlutun aflaheimilda til einnar eða tveggja útgerða til að það geti talist ásættanlegt. Þá fyrst mundi ég segja að skörin væri nú farin að færast upp í bekkinn og við værum farin að tala um lénsfyrirkomulag í kvótaútgerðinni. Ég lít ekki svo á að það sé til staðar núna en við erum að bjóða upp á það með þessari heimild. Ég held því að við eigum að fara mjög varlega og þetta mætti færa niður í það sem áður var. Við eigum ekki að taka þessa áhættu því að ég stórefast um að það muni skapa nokkra sérstaka sátt meðal þjóðarinnar að gera tveimur útgerðarmönnum á landinu það kleift að eiga allan afla sem leyft er að veiða í þessum tegundum. Ég held, herra forseti, að þarna sé eitthvað sem hv. sjútvn. eigi að skoða.

Herra forseti. Að öðru leyti get ég samþykkt þetta frv. Ég get aftur á móti sagt varðandi veiðileyfagjaldið að ég hef alla tíð verið ósammála því að útgerðin greiði eitthvert veiðileyfagjald eða að leggja eigi á útgerðina einhverja skatta umfram aðra. Ég leit aftur á móti á þetta sem sáttaleið sem útgerðin hefði fallist á. Sáttanefndin svokallaða og hvað þær heita allar þessar nefndir sem búið er að skipa um þetta komust smám saman að þessari niðurstöðu og ég féllst á þetta á þeirri forsendu að verið væri að ná sátt í sjávarútveginum. Það er náttúrlega spurning hvað þetta gjald eigi að vera hátt en segja má að um leið og farið er að leggja þetta gjald á útgerðina þá megi gera ýmislegt annað í leiðinni. Mér fyndist t.d. að nefndin ætti að skoða sjómannaafsláttinn samhliða þessu.

Sjómannaafslátturinn hefur verið meðgjöf með útgerðinni í gegnum síðustu áratugi. Ég held nærri 50 ár séu síðan sjómannaafslættinum var komið á. Ég hef alltaf verið mjög hlynntur því að sjómenn fengju sérstakan afslátt. En það er náttúrlega spurning hvort það sé eðlilegt í ljósi þess hversu tekjurnar hafa breyst gríðarlega um borð í skipum vegna samþjöppunar aflaheimilda og vegna mjög hás fiskverðs sem endurspeglast náttúrlega í mjög háum launum sjómanna. Við sjáum að launamunur í sveitarfélögum í dag liggur allur í því að sjómennirnir eru hátekjumenn á hæsta stigi á meðan fiskverkunarfólkið er á lægstu launum og samkvæmt könnunum er mesti munur á launum í dag í sjávarútvegsplássunum. Því er spurning hvort þetta sé réttlætanlegt lengur.

Herra forseti. Vegna mótmæla Landssambands íslenskra útvegsmanna út af auðlindagjaldinu ætti að kanna hvað hafi í rauninni falist í þeirri sátt sem ég hélt að hefði verið komin frá útvegsmönnum um að leggja hóflegt auðlindagjald á útgerðina og að það yrði ásættanlegt af hálfu þeirra. Ef það hefur eitthvað breyst þá finnst mér að það eigi að taka til sérstakrar skoðunar.

Ég get aftur á móti ekki séð að það samkomulag sem sjómenn og Landssamband ísenskra útvegsmanna komust að fyrir nokkrum vikum síðan og mér skildist að hefði átt að koma inn í þetta frv., um að banna leiguframsal eða takmarka það svo mjög að það væri nánast bannað, geti nokkurn tíma orðið til neinna sátta því að það mundi hafa gríðarleg áhrif á sjávarútvegspláss alls staðar á landinu og áhrif bæði á fiskvinnslu og útgerðarfélög sem hafa byggt sig upp í kringum þessar heimildir. Að kippa því í burtu í einu vetfangi eða banna það bara yfir höfuð þýðir í raun ekki nema eitt í mínum huga, þ.e. að verið sé að gelda kvótakerfið, verið sé að vængstýfa kvótakerfið algjörlega. Hagræðingin og nýliðunin í kvótakerfinu hefur verið í gegnum leiguframsalið og ef það er ekki leyfilegt lengur þá er búið að loka þessum klúbbi. Ég hef fullyrt að aðgangseyririnn að þeim klúbbi mundi þá kosta 100 millj.

Ég held því að það hafi verið mjög skynsamlegt af hæstv. sjútvrh. að taka ekki inn í frv. þær hugmyndir þessara aðila. Ég held að þær hafi að mörgu leyti ekki verið hugsaðar til enda af þessum aðilum því það er nokkuð augljóst, herra forseti, að þessi hugmynd stangast á við stjórnarskrána og atvinnufrelsi í stjórnarskránni og hinn svokallaða Valdimarsdóm sem hefur nú tröllriðið þinginu síðan hann féll. Ég held því að þegar upp er staðið hefði sennilega aldrei verið hægt að koma þessu í lög. Þó að ég hafi ekki gert neina sérstaka könnun á því sjálfur kom strax upp í huga mér hvort þetta yrði ekki niðurstaðan. Ég hef ekki heyrt neina opinbera skýringu á þessu en ég held að þetta sé samt eitt af því sem hljóti að ráða nokkru.

Herra forseti. Ég fékk svar frá hæstv. sjútvrh. um viðskipti með aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2000–2001 sem dreift var hér í þinginu. Þar kemur í ljós hvað þetta er gríðarlega umsvifamikið kerfi. Það eru 58 þúsund þorskígildistonn leigð á milli sveitarfélaga allt í kringum landið. Til dæmis leigja Akureyringar frá sér 9.377 tonn umfram það sem þeir leigja til sín. Ef við tökum fleiri dæmi um að mikið er leigt frá sveitarfélögum þá eru leigð frá Hafnarfirði 1.500 tonn umfram það sem þeir leigja til sín. Frá Hornafirði eru leigð 1.700 tonn, frá Neskaupstað 560 tonn, frá Rifi 5.600 tonn, frá Siglufirði 1.100 tonn, frá Skagaströnd 1.300 tonn og frá

Þórshöfn 1.600 tonn (**Gripið fram í:** Umfram ...?) Umfram það sem þeir leigja til sín. (**KHG:** Hvað ætli menn borgi?) Hv. þm. spyr hvað þeir borgi fyrir það. Ég veit að sumir leigja til sín aflaheimildir fyrir 160 kr. kílóið af þorski. Og ég veit dæmi þess að þeir sem leigja til sín fyrir 160 kr. eru að hagnast á því, eru mjög ánægðir með það. Þetta heldur uppi vinnslu hjá þessum aðilum. Þeir geta gert út skipin sín og þeir geta skaffað tugum manna vinnu. (Gripið fram í.) Og ef þeir hefðu ekki þennan möguleika þá þyrftu þeir að loka sínu fyrirtæki og leggja skipum. (Gripið fram í.) Ég get sagt ykkur það, hv. þm., að það er nefnilega fullt af sveitarfélögum sem hafa notið þessa, t.d. Garður sem leigir til sín 2.700 tonn, Grenivík 800 tonn, þ.e. umfram það sem þau leigja frá sér, Grindavík 2.700 tonn, Grundarfjörður 280 tonn og Grímsey 220 tonn. Keflavík leigir til sín 200 tonn umfram það sem þeir leigja frá sér. Húsavík leigir til sín 2.000 tonn og Patreksfjörður leigir til sín 1.100 tonn umfram það sem þeir leigja frá sér. Svo ég taki eitt dæmi í viðbót þá leigir Ólafsvík til sín 4.700 tonn umfram það sem þeir leigja frá sér. Þetta eru stórar tölur og segja okkur hvað þessi viðskipti eru mikilvæg.

[20:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að leiðrétta missögn sem kom fram í máli hv. þm. og hefur reyndar heyrst áður frá honum. Hún er sú að ég hafi samykkt hér á Alþingi að heimila veðsetningu kvóta. Vegna þess að þetta er ekki rétt þykir mér nauðsynlegt að leiðrétta hv. þm. enn einu sinni og minna á að þegar frv. um samningsveð var til afgreiðslu hér á Alþingi voru tvær atkvæðagreiðslur um það atriði sem hv. þm. nefnir.

Sú fyrri var um texta í frv. sem efnislega hljóðaði þannig að óheimilt væri að veðsetja aflaheimildir. Allir viðstaddir þingmenn greiddu atkvæði með því að lögfesta þennan texta. Þar á meðal ég.

Síðari atkvæðagreiðslan var um annan texta sem efnislega var á þá leið að óheimilt væri að flytja aflaheimildir af skipi nema með samþykki veðkröfuhafa skipsins. Það þýddi að óbeint væri hægt að veðsetja verðmætin í kvótanum með því að festa þau á skipið og þeir sem hefðu veð í skipunum gætu gengið út frá því sem vísu að aflaheimildir yrðu ekki fluttar í burtu nema þeir samþykktu.

Þessi atkvæðagreiðsla fór þannig að þessi texti var samþykktur. En ég greiddi atkvæði gegn honum eins og reyndar fleiri hv. þm. þannig að ég ber alveg af mér, herra forseti, þessa fullyrðingu sem hv. þm. bar hér fram í minn garð og fer fram á að þingmaðurinn fari nákvæmar með þessar staðreyndir í framtíðinni. (**Gripið fram í:** Rétt skal vera rétt.)

[20:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki með atkvæðagreiðslublaðið fyrir framan mig og ætla mér ekki að fullyrða neitt um að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi greitt atkvæði með veðsetningunni ef hann segist ekki hafa gert það. Ég er tilbúinn til að biðja hann afsökunar á því ef þetta er misminni hjá mér.

En málið snýst náttúrlega um það að á þeim tíma þegar samningsveðin voru til umræðu í þinginu þá greindi menn mjög á um hvað verið væri að gera með þessum lögum. Sumir héldu því fram að ekki væri verið að heimila veðsetningu aflaheimilda með skipi og sögðu að það hefði verið bannað og það er rétt. Það var bannað með einu ákvæði að veðsetja aflaheimildir. En með næsta ákvæði var heimilað að veðsetja aflaheimildir með skipi. (**Gripið fram í:** Þú tókst þátt í þessari vitleysu?) Ég greiddi atkvæði gegn þessu. (Gripið fram í.) Það er alveg á hreinu hvernig ég greiddi atkvæði. Mig minnti að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefði gert öfugt við mig, en ég bið hann afsökunar á því aftur ef það er misminni hjá mér og það leiðréttist hér með.

Niðurstaðan í málinu er samt sem áður sú að aflaheimildirnar eru veðsettar með skipum og þess vegna er nánast ógjörningur að hreyfa mikið við núverandi aflaheimildakerfi öðruvísi en að greiða upp allar skuldir sem á útgerðinni hvíla. Það er augljóst að það er ekki hægt að gera nema á óskaplega löngum tíma. Svo geri ég ráð fyrir því, eins og ég hef komið inn á hér áður, að þeir sem leggja til fyrningarleið hafi áttað sig á að það er ekki hægt að gera þetta öðruvísi en að borga þetta upp á mjög löngum tíma og þess vegna séu þeir að leggja þetta til. En ég er aftur á móti alfarið á móti því að nota fyrningarleið því að hún hlýtur að fara mjög illa með landsbyggðina.

[20:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði það við hv. þm. að hann dregur ummæli sín til baka og biðst velvirðingar á þeim þannig að það er meðtekið af minni hálfu og engir eftirmálar verða af því.

En ég vil víkja að öðru atriði sem fram kom í máli hv. þm. Hann ræddi aðeins um frv. og það í því sem fjallar um auðlindagjald. Ef ég skildi hann rétt er hann andvígur því að taka upp það gjald sem í frv. er og mun vera um 3 kr. á hvert kíló við samþykkt frv. eða eftir tvö ár og fer upp í 5 kr. á kíló.

En ég minni á að í umsögn fjmrn. með þessu frv. segir um byggðakvótann, 1.500 tonnin, að miðað við meðalverð þorskígilda árið 2001 séu aflaverðmæti 1.500 lesta um 170 millj. kr. Þá er reiknað með að greiddar séu um 112 kr. á hvert veitt kíló. En hv. þm. vakti réttilega athygli á því að menn greiða allt upp í 160 kr. á hvert kíló og hagnast samt.

[21:00]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að leiðrétta það að ég sagðist ekki vera andvígur þeirri tillögu sem sjútvrh. hefði lagt hér fram um veiðileyfagjald. Ég sagðist ávallt hafa verið andvígur því en sætti mig hins vegar við það vegna þess að ég liti á þetta sem leið til sátta. Ég hef alltaf litið svo á að það þyrfti að teygja sig eitthvað til að ná sáttum. (Gripið fram í.) Það verða ekki allir ánægðir.

Ef allir ætla að sættast verða ekki allir ánægðir með allt sem þeir fá. Það er ástæðan fyrir því að ég samþykki veiðileyfagjald. Ég hef aftur á móti verið andvígur því að leggja sértakan skatt á útgerðina. Ég reikna með að hv. þm. hafi heyrt það.

Ég lít svo aftur á móti svo á að þegar um er að ræða leigu aflaheimilda á frjálsum markaði sé það allt öðruvísi á milli tveggja einstaklinga en þegar það væri boðið upp í gegnum sveitarfélög eða opinbera aðila, þ.e. ríkisumsvif í kringum úthlutun aflaheimilda.

[21:01]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson kom víða við í sinni ræðu og styður þetta frv. sem hér er til umræðu, með örfáum fyrirvörum þó. En ég vil spyrja hv. þm., af því að kollegi hans, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn

á það að meginmálið varðandi fiskveiðistjórnarkerfið í dag væri að ná fiskstofnunum upp. Bara í þorskinum hallar á um 100–150 þúsund tonn. Telur hv. þm. að með því að styðja þetta frv., sem byggir á óbreyttri stefnu, muni fiskveiðistjórnarkerfið skila þeim virðisauka í framtíðinni sem efni standa til? Ef hv. þm. telur að svo sé verður gaman að fylgjast með að örfáum árum liðnum hvernig til tekst með að byggja upp stofnana.

Það er nú einkennandi fyrir þessar umræður hér í dag að menn tala mest um praktíska hluti gagnvart útgerðinni en minna um það markmið að byggja upp fiskstofnana sem er algjört grundvallaratriði til að útgerðin geti dafnað og þjóðarbúið hagnast á veiðiskapnum.

[21:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að það hefur gengið illa að ná upp fiskstofnunum með kvótakerfinu. Ég er ekki að segja að það mundi samt ganga betur með öðrum aðferðum. Ég hef nokkrum sinnum lýst því yfir í þessum ræðustóli að ég hef verið með í að gera út, bæði á frjálsum veiðum, með skrapdagakerfi, kvótakerfi, sóknardagakerfi og svo eingöngu kvótakerfi. Ef ég á, samkvæmt þeirri reynslu minni, að meta hvað mundi skila okkur mestu þegar upp er staðið þá held ég að þetta aflaúthlutunarkerfi sem við erum með í dag sé það besta. Svo ég líti á umgengnina um aflaheimildirnar þá er ekki nokkur spurning að umgengnin um aflann gjörbreyttist með kvótakerfinu. Við sem vorum á vertíðarsvæðum í gamla daga þekkjum það þegar aflinn barst á land á örskömmum tíma og ekki náðist að vinna hann. Þá varð þetta skreiðarmatur og lítil verðmæti fyrir þjóðina. Þessar miklu sveiflur í veiðinni sem urðu vegna þess að menn áttu bara daga urðu til þess að gengissveiflur urðu sambærilegar og erfiðleikar við rekstur samfélagsins miklir. Ég tel að með kvótakerfinu hafi náðst mikill stöðugleiki í efnahagslífinu sem við hefðum ekki náð annars.

En þetta kerfi er samt sem áður ekki fullkomið. Það má örugglega bæta það. Menn hafa fyrst og fremst gengið of nálægt stofnunum, það er vandamálið. Ég vona að menn finni að endingu einhverja lausn en það þarf trúlega að styrkja Hafrannsóknastofnun og sjávarrannsóknir miklu betur ef við eigum að ná tökum á þessu.

[21:05]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. Kristjáni Pálssyni á að hann fór hér með leigutölur úr Eyjafirði upp á 9 þús. tonn. Það sýnir nú hve erfitt er fyrir okkur þingmenn að fjalla um þessi mál. Ég þekki t.d. til Samherjasamstæðunnar og veit hvernig þau mál liggja. Það dæmi er þannig að það fyrirtæki er rekið á tveimur kennitölum og þar er því er ekki um neina kvótasölu sem heitið getur að ræða. Fyrirtækið er að selja kvóta fyrir 20 milljónir, sem eru smápeningar miðað við veltu félagsins upp á vel á annan tug milljarða. Við eigum náttúrlega að setja okkur inn í það hvernig málin hanga saman. Þannig er þetta varðandi þessa kvótatilfærslu á milli fyrirtækja og kemur ekki fram í tekjum til viðkomandi fyrirtækis. Eftir því sem mér er tjáð kappkosta þessir aðilar að hafa þetta nokkurn veginn á núlli þótt þeir séu að skipta út tegundum sín á milli.

[21:06]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áfellist ekki Akureyringa fyrir að hafa leigt frá sér aflaheimildir eða flutt þær frá Akureyri til Grindavíkur, eða frá Akureyri til Ólafsvíkur. Mér finnst það bara allt í lagi. (**ÁSJ:** Þetta er innan samstæðunnar.) Já, hvort sem það er innan samstæðunnar eða ekki þá er það allt í lagi. *Ég sé ekkert athugavert við að menn leigi aflaheimildir* á milli útgerða, á milli svæða og nái þannig fram meiri hagkvæmni í rekstri sínum en ella.

Þetta kerfi hefur skapað mikla möguleika fyrir fólk sem annars hefði enga möguleika. Það hefur skapað þá möguleika að inn í þessa grein hafa komið nýir aðilar í fiskvinnslu, í útgerð og ýmsir aðilar, eins og ég kom inn á áðan, leigt til sín aflaheimildir fyrir 160 kr. kílóið í þorski og verið ánægðir með það. Þeir eru ánægðir með það því að þeir halda uppi atvinnu og græða á því.

[21:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni ummæla hv. þm. Kristjáns Pálssonar hér áðan um að það þyrfti að skoða hvort ekki bæri að fella niður sjómannaafsláttinn og útgerðin tæki yfir að greiða það, ef ég hef skilið hann rétt, er rétt að vekja athygli á að skattafsláttur sjómanna nemur u.þ.b. 1,2–1,3 milljörðum á ári, þ.e. beinn skattafsláttur. Beinar tekjur ríkisins minnka sem því nemur. Ef taka ætti þetta í gegnum laun, útgerðin ætti að greiða þetta og þetta ætti að fellast niður, þyrfti útgerðin að greiða laun til sjómanna upp á 2,2–2,3 milljarða til að sjómenn stæðu jafnir eftir út frá sömu reglu og notuð var gagnvart forseta Íslands þegar skattfrelsi hans var afnumið.

Varðandi *það sem hv. þm. sagði áðan varðandi það* að sjómenn hefðu mjög há laun og hefðu hækkað verulega í launum á undanförnum árum. Ég er því miður ekki með tölur fyrir síðasta ár en á árinu 2000 voru meðallaun sjómanna talin vera 2,9 millj. kr. rúmar, 2.950.000. Það voru talin meðallaun 6.967 sjómanna samkvæmt Þjóðhagsstofnun. Ef *þeir voru skoðaðir sérstaklega sem höfðu starfað lengur en* 274 daga á ári á sjó voru meðallaunin 4,3 millj. rúmlega. En, nota bene, tekjurnar höfðu í báðum tilvikum lækkað, annars vegar um 75 þús. kr. á milli ára og hins vegar um 125 þús. á milli ára. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst þetta ekki mikil laun fyrir að vera 275 daga úti á sjó.

[21:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að gera þetta að tillögu minni. Ég aftur á móti sagði sem svo að spurning gæti verið um það, séu menn að ímynda sér að ná einhverjum sáttaleiðum og það hafa verið verulegar deilur um þennan sjómannaafslátt, hvort það væri ein leiðin. Ég hef heyrt þetta frá forsvarsmönnum sjómannasamtaka sem hafa viljað skoða þetta sérstaklega. Ef þetta gæti leitt til einhverra sátta í þjóðfélaginu væri þetta skoðunarvert.

Ég er alveg sammála hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um að 2,9 millj. í meðallaun eru engin svakaupphæð, ég tala ekki um ef menn eru 275 daga á sjó yfir árið. Aftur á móti vitum við báðir tveir að þessi laun eru meðaltal og hámarkið í þessu, þegar við erum að tala um laun sjómanna, er ekki eins og tvöfalt þetta eða þrefalt þetta, það er kannski tífalt þetta. Hæstu skipstjóralaun, ef sá hinn sami er á sjó allt árið, gætu vel numið tífaldri þessari upphæð. Þannig erum við náttúrlega að tala um alveg feiknalega mikinn mun. Sums staðar eru laun sjómanna orðin gríðarlega há, annars staðar eru þau lág. Það er spurning með þetta aflahlutdeildarkerfi, hvort í rauninni er hægt að halda því til streitu mikið lengur. Ég hef komist að því á ferðum mínum um landið að það

er farið að gera báta út í verktöku þannig að það er ákveðinn aðili sem leigir bátinn af eigandanum sem ræður síðan verktaka um borð til þess að ná í aflann.

[21:12]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi launin sem hér hafa orðið að umræðuefni er það svo að vafalaust má finna dæmi í flotanum um að skipstjórar á albestu skipum geti komist upp í að vera með, ég mundi segja svona áttföld meðallaunin. Ég þekki a.m.k. ekki dæmi um meira, en það kann þó að vera.

Ég held hins vegar að þegar menn eru að skoða þetta verði alltaf að skoða meðallaunin í greininni. Það er einfaldlega þannig að sumir afkasta meira en aðrir og sumir hafa betri kvótastöðu en aðrir. Það er ekki hægt að fella dóm yfir mönnum út frá því. Þetta eru ágóðalaun og ef mennirnir hafa góð laun þá hlýtur útgerðin að hafa afar góða afkomu.

[21:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að öfundast út af þessum launum, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, og sem gamall sjómaður hef ég alltaf talið standa mér næst að verja það sem sjómenn hafa. Ég er aftur á móti dálítið hræddur um að af stað fari þróun sem við eigum eftir að þurfa að ræða um hér í þinginu, þ.e. að útgerðirnar ráði einfaldlega til sín verktaka þannig að þær losni undan því að greiða þessi miklu laun og verktakarnir fái bara ákveðna prósentu sem er ekki í neinum takti við hlutaskiptaregluna sem við höfum notað í áratugi. Ég held að við horfum fram á allt annan veruleika innan skamms tíma með sama áframhaldi.

[21:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum hér að ræða frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram og það hlýtur að skoðast sem sáttaleið, alla vega hefur það verið kynnt þannig að þetta sé sáttaleið fyrir sjávarútveginn.

Ég vil við upphaf máls míns við þessa umræðu taka fram að ég lít svo á að kvótastjórn botnfiskveiða sé vafalítið vond aðferð til að skammta aðgang að blönduðum botnfiskveiðum. Aðferðin er því verri sem fleiri meðaflabotnfisktegundum, sem ekki er aðalmarkmið að veiða með tilteknum veiðarfærum, er blandað inn í fiskveiðistjórnina með kvótasetningu. Kvótakerfin eru viðráðanleg að mínu viti og geta jafnvel verið næsta drjúg til síns brúks við stjórn veiða þegar veiðin beinist að einni fisktegund, t.d. loðnu, síld eða kolmunna. Það skiptir hins vegar miklu máli þegar við erum að tala um kosti og galla við að stjórna fiskveiðum að menn þekki galla þeirra veiðarfæra sem notuð eru við veiðarnar. Það á m.a. við um torfufisk. Það er áríðandi að veiðarfærin eyðileggi ekki og skemmi aflann — veiðarfærunum er ætlað að skila afla um borð til vinnslu.

Ég vil líka segja að kvótakerfið hefur ekki verndað lífríki sjávar neitt sérstaklega. Og það hefur ekki byggt upp fiskstofnana. Árangurinn af uppbyggingu botnfisksstofnanna sl. 18 ár er akkúrat enginn. Það vita jú allir sem hafa fylgst með þróun botnfiskveiðanna og fiskveiðum og störfum og skýrslum Hafrannsóknastofnunar í gegnum árin. Því miður held ég að þetta séu staðreyndir. Við höfum ekki náð neinum sýnilegum árangri við stjórn botnfiskveiðanna. Við erum með stýrikerfi þar sem við erum með algjörlega framseljanlegan kvóta og fyrri aðferð fylgja mjög margir gallar. Það reynir á hvað menn vilja koma með að landi upp í hina dýru kvóta sína, hina dýru kvótaleigu, og það reynir verulega á umgengnina.

Það er samt rétt að taka fram í þessu sambandi að lög voru nýverið sett sem að hluta til hafa verið ætluð til að taka á þessu vandamáli eins og meðaflareglan um að landa megi 5% af afla á tímabili eða vertíð eða yfir árið og tilkynna það utan kvóta. Þar segir að landa megi selbitnum fiski eða skemmdum úr veiðarfærum utan kvóta og undirmálsafla að hálfu utan kvóta. Á undanförnum missirum, eftir hina miklu umræðu sem hefur orðið um þetta kvótakerfi, brottkast og fleiri afleiðingar sem það hefur leitt yfir okkur, hefur verið tekið á hluta af þessu vandamáli og vonandi duga þau ráð til þess að minnka vandamálið. Ég er hins vegar alveg viss um að þau munu ekki eyða því.

Eftir stendur samt sem áður að við höfum ekki náð neinum sýnilegum árangri við að byggja upp botnfisksstofnana. Það er auðvitað mikið áhyggjumál að við skulum að langmestu leyti hafa stýrt fiskveiðunum þennan tíma með framseljanlegu aflakvótakerfi en stöndum svo ekki uppi með neinn árangur af þeirri stjórnun.

Ég mun eftir ýmsum leiðum víkja betur að göllum og kostum kvótakerfisins um leið og ég ræði það frv. sem hér er til umræðu. Mig langar aðeins að víkja að því að þetta kerfi er kallað „sátt í sjávarútvegi“, eða frv. til sátta í sjávarútvegi. Sáttin liggur þá í því að ákveðið veiðigjald er lagt á veiðarnar. Útfærslan á því er að mínu viti með ýmsum annmörkum fyrir utan það að í sjálfu sér hef ég ekki litið svo á að það væri neitt sérstakt markmið að vera með gjaldtöku í sjávarútvegi ef menn ætluðu ekki með neinum hætti að nota gjaldtökuna til að hafa áhrif, m.a. á stýringu veiðanna, stýringu þess hvernig menn gera út og hvernig aflinn tryggist á útgerðarflokka og hvernig hann eflir byggðir í landinu. Ég hef alltaf talið að nota mætti gjaldtöku og í því tilviki fyrningarleið til þess að hafa áhrif á það hvernig við stundum fiskveiðarnar og hvaða markmiðum við viljum ná í þessu sambandi, bæði með nýtingu grunnslóðar og tryggingu fyrir byggð í landinu.

Að þeim forsendum gefnum hefði ég alveg getað fallist á að einhver gjaldtaka væri notuð, og ég hef fallist á það með öðrum í stjórnarandstöðunni að til þess mætti nota fyrningarleið og stýrðar leiðir, m.a. í uppboði skipt eftir gerð útgerðar. Ég hef margsagt það og ætla að ítreka það hér í upphafi að ég álít að brýna nauðsyn beri til að skipta útgerðinni eða fiskveiðiflotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka. Þessi nauðsyn er m.a. brýn miðað við þá gjaldtöku sem verið er að leggja til og þá aðferð sem á að nota við hana. Mun ég gera það að umræðuefni.

Mér sýnist það upplegg sem hér er á gjaldtökunni miða við afkomuna árið á undan en greitt árið á eftir. Það sem draga á frá skv. 23. greininni er reiknaður olíukostnaður, reiknaður annar rekstrarkostnaður og reiknaður launakostnaður. Hér eru sýnd dæmi um þetta. Síðan skal gjaldið greitt miðað við þær forsendur að ákveðinn afgangur hafi orðið í útgerðinni. Þá getur það mest orðið 9,5%, að vísu ekki fyrr en árið 2009, en ég geri ekki sérstakan ágreining um það hvernig þessi þrep eru sett upp. Ég geri hins vegar athugasemdir við að gjaldið skuli svona útfært úr því að menn eru að leggja þetta upp. Ég vil láta það koma fram í máli mínu þó að ég sé alls ekki sérstaklega að mæla með þessari gjaldtöku eins og hún er útfærð ef hún er eingöngu notuð til þess að tryggja kerfið í sessi. Í mínum huga eru íslenskir útgerðarmenn að gangast

undir þessa gjaldtöku til að festa sér óbreytt kerfið, þeir eru að kaupa sér festu kerfisins.

En aftur að því hvernig útfærslan á þessari gjaldtöku er. Hún er byggð upp miðað við árið á undan og síðan er það sem er talið geta verið gjaldstofn fært yfir á gjalddaga árið á eftir, 1. september ef ég man rétt og í janúar. Síðan er þriðji gjalddaginn sennilega í apríl, er það ekki? Það sem ég vil benda á varðandi þessa útfærslu er það sem ég vék að í máli mínu í upphafi, þegar ekki er um neina útgerðarflokkaskiptingu að ræða á gjaldið að koma út á meðaltalshagnað sem var fundinn út árið á undan og lagður síðan á þorskígildisreikning árið á eftir. Nú hefur það iðulega skeð í sjávarútvegi okkar að afkoman árið á eftir hefur fallið harkalega. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að þessi útfærsla á gjaldtökunni gæti komið illa út. Setjum upp eitthvert dæmi: Loðnuflotinn gæti lent í mjög slakri vertíð, ég tala ekki um ef saman færi slök vertíð og verulega lækkandi verð loðnuafurða, bæði lýsis og mjöls, og afkoman hjá loðnuflotanum væri bara afar döpur — samt sem áður ætti þessi flotaeining að bera gjaldið sem væri fundið út árið á undan og lagt á úthlutuð þorskígildi árið á eftir.

Þó að ég hafi tekið þetta dæmi með loðnuflotann má alveg eins þess vegna færa þetta yfir á hluta af smábátaflotanum sem á að byrja að greiða gjald í september og svo aftur í *janúar en lendir í því að haustið er afar erfitt til sjósóknar*, aflabrögð léleg og þá kemur nákvæmlega sama staða upp og með loðnuflotann, að viðkomandi flotaeining — ef ég skil þetta rétt, ég verð þá leiðréttur ef þetta er misskilningur — lendir í því að eiga að fara að greiða gjald sem er miðað við árið á undan en er lagt á þorskígildin.

Þessu er öðruvísi farið þegar verið er að leggja gjald á landaðan afla eins og hér þarf að gera, t.d. varðandi krókabátana, þ.e. 23 daga bátana, því þar verða menn bara að leggja gjaldið á landaðan afla. Þar af leiðandi mun gjaldið endurspegla rauntekjur manna á viðkomandi tímabili. Það gerist þegar menn eru í sóknarstýrðu kerfi eins og 23 daga smábátakerfið er en það gerist ekki þegar reikna á gjaldið ofan á þorskígildin árið á eftir.

Ég held að ég skilji þetta rétt, ég fæ ekki annað út en að svona sé þetta hugsað. Það hefði kannski verið athugandi til þess að reyna að milda áhrifin að skoða með hvaða hætti — og það verður kannski skoðað í sjútvn. — menn ætla að mæta því ef það verður skyndilegur tekjubrestur í einu ákveðnu útgerðarformi. Hvernig ætla menn þá að mæta því? Mönnum getur ekki verið það áhugamál, þrátt fyrir þessa gjaldtöku, að setja þannig kerfi af stað að það hafi afgerandi áhrif á það að útgerðarmynstrið í einni atvinnugrein sé verr statt en ella, ekki síst ef um svona áföll eins og ég tók dæmi af er að ræða.

Þessu vildi ég vekja athygli á almennt þannig að menn staldri aðeins við þetta. Fari ég villur vegar og einhvers staðar kemur fram í frv. að þessu verði mætt vonast ég til þess að hæstv. sjútvrh. leiðrétti þetta en mér sýnist útfærslan vera svona. *Það má vel hafa áhyggjur af því hvernig hún* kemur út.

Síðan er hér í 1. gr., svo ég vaði úr einu í annað í þessu frv., vikið að því að afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunar einnar fellur ekki undir ákvæði kvótalaganna. Ég skil vel að við þurfum að setja svona ákvæði inn gagnvart Hafrannsóknastofnun en mér er spurn: Á að setja það sérstaklega í lög að eingöngu Hafrannsóknastofnun geti stundað rannsóknir á fiskstofnum undir þessum formerkjum?

Ég er ósammála því að búin sé til einkaeign á hafrannsóknum hér á landi með þessu lagi. Flestar rannsóknir sem stundaðar eru kalla á einhvers konar veiðar, tilraunaveiðar eða eitthvað, og afli fæst. Ég tel að þeir sem á annað borð fara út í rannsóknir og eru með fiskifræðimenntaða menn með sér og verkefni sem þeir geta sýnt fram á að eru hrein rannsóknaverkefni eigi að sitja við sama borð og Hafrannsóknastofnun. Annað gengur ekki upp í mínum huga. Ég mótmæli því eindregið að Hafrannsóknastofnun, þótt hún vissulega annist flestar rannsóknir hér við land, einni og sér sé markaður sá bás að geta stundað rannsóknir og þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af aflabrögðunum. Þetta held ég að þurfi að skoða.

Ég hef engar sérstakar athugasemdir við 2. gr. og 3. gr. Þarna er verið að gera breytingar sem eru eðlilegar miðað við það að menn séu að festa eða setja þetta kerfi inn eins og verið er að gera. Ég er hins vegar andvígur því eins og kom fram í upphafi máls míns að við skulum við heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða — ef ég skil það svo að hér sé sjútvrh. að leggja til það sem hann álítur að geti verið í gildi a.m.k. til 2009 eins og þetta er útfært í frv., þó ég ætli að leyfa mér að vona að það verði ekki og hægt verði að lagfæra þessi lög eftir næstu kosningar og gera á þeim ýmsar breytingar, þó vissulega sé það svo að eftir því sem lengur er verið með þetta kerfi við stjórn fiskveiða, þá verður auðvitað örðugra og fara þarf varlegar í að breyta því.

Það er ekki markmið eins eða neins, hvort sem hann er hlynntur kvótakerfinu eða ekki með þessari stýriaðferð, að setja útgerðina hér á annan endann einn, tveir og þrír. Þó að menn vilji breytingar og vilji nálgast þetta út frá annarri hugsun en fest hefur í sessi með framseljanlegu kvótakerfi, þá tel ég að það verði að gerast með þeim hætti að meiri líkur séu fyrir því en minni að það skaði ekki atvinnurekstrinn stórkostlega, enda hefur það ævinlega verið þannig í mínum huga að tekjur útgerðarinnar eigi fyrst og fremst að ráðast af fiskveiðum.

Þess vegna var það í mínum huga aldrei nauðsyn að láta útgerðina hafa sölurétt á aflahlutdeild eða aflamarki. Útgerðin þurfti aldrei annað en öruggan veiðirétt, vitandi einhverja sína framtíð í því, og auðvitað nýtingarrétt á því sem þeir veiddu. Hún þurfti aldrei leigu- og söluréttinn. Ég er alveg sannfærður um að við værum miklu betur staddir og miklu meiri sátt væri um stjórn fiskveiða í landinu ef við hefðum aldrei hleypt allri þessari verslun af stað. En um það erum við hæstv. *sjútvrh. ábyggilega ósammála, því ég hef oft heyrt* hann segja í þessum ræðustól að hann liti svo á að framsalið væri drifkraftur kerfisins. Ég er ekki á þeirri skoðun og tel að hér væri vel hægt að stunda arðbærar fiskveiðar, jafnvel undir kvótakerfi, án þess að hið frjálsa framsal væri þar inni.

Mig langar að gera að umræðuefni 4. gr. frv. sem kveður á um að í 9. gr. laganna komi nýjar málsgreinar. Þar er í *fyrsta lagi talað um 12.000 lestirnar af óslægðum botnfiski í* þorskígildum til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Síðan er talað um að taka megi hugsanlega 1.500 lestir að höfðu samráði við Byggðastofnun til þess að ráðstafa óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ég fletti upp á athugasemdum um 4. gr., og þar segir, með leyfi forseta: „Í síðari málslið er lögð til sú breyting að ráðherra verði heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af þessum 12.000 lestum til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi."

Mér finnst skorta á skýringar við þessa grein. Um hvers konar vanda er hér verið að tala? Er það vegna tilfærslu á aflamarki eða er það vegna tekjusamdráttar eða aflabrests eins og greininni er núna ætlað að mæta og hefur mætt m.a. á rækjusvæðum við landið? Eða er verið að leggja til eitthvað annað?

[21:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem hv. þm. hefur beint til mín spurningum, þá tel ég rétt að reyna að svara þeim strax.

Það er auðvitað rétt hjá honum að gjaldið er lagt á vegna afkomu liðins árs en á magn ársins sem veiðarnar standa yfir á. Það kemur til af því að ekki er hægt að leggja gjaldið á vegna áætlunar viðkomandi árs sem gjaldið er greitt af skattalegum ástæðum. Það má ekki framselja skattlagningarvaldið, það verður að byggja á tölulegum staðreyndum eða staðtölum og gjaldið verður að vera fyrirsjáanlegt þannig að sá sem greiðir gjaldið þarf að geta vitað fyrir fram hvað hann á að greiða hátt gjald.

Hins vegar tekur þetta að vissu leyti tillit til afkomu ársins vegna þess að það er magnbundið. Ef mikil minnkun er á úthlutun t.d. í loðnu þegar kemur fram á veturinn, þá verði úthlutunin ekki eins mikil og áætlað var. Og þá verður innheimt þeim mun lægra gjald vegna þess að það er minna sem verið er að úthluta. Magnið hefur auðvitað gríðarlega mikið að segja um afkomuna þó það hafi ekki allt að segja.

Ekki er tekið tillit til mismunandi útgerðarforma, enda eru þau afar fjölbreytileg. Á þá bara að taka tillit til tegundaveiða eða á líka að taka tillit til veiðarfæra, svæða eða þar fram eftir götunum? Það væri held ég að æra óstöðugan ef tekið væri tillit til allra þeirra atriða sem þar gætu komið til álita.

Varðandi það sem snýr að Hafrannsóknastofnuninni og rannsóknaveiða þeirra, þá er einungis verið að styrkja grunninn að þeirri framkvæmd sem hefur verið til þessa, það er ekkert verið að koma með neitt nýtt inn í þá framkvæmd eða þá umræðu.

[21:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það nýja í 1. gr. er auðvitað það að það liggur bara skýrt fyrir að Hafrannsóknastofnun má stunda veiðar samfara rannsóknum sínum, en það liggur hins vegar ekki fyrir að aðrir aðilar geti stundað rannsóknir og þá jafnframt veiðar.

Varðandi 23. gr., um útreikning veiðigjalds, þá er það nú einfaldlega svo að stundum er til sýnd veiði en ekki gefin. Þó að úthlutað sé aflaheimildum, þá er ekki þar með sagt að veiðiheimildirnar veiðist, þó að oftast nær sé það eitthvað í námunda við það. En það er nú samt sem áður svo að við gætum alveg lent í því að eitthvert útgerðarform næði bara alls ekki aflaheimildum sínum. Þess vegna spurði ég, að farið gæti saman minnkandi afli miðað við úthlutun, eða mun minni afli en úthlutunin gefur tilefni til og líka mun minni tekjuinnkoma. Ég held því að gjaldið svona útfært geti verið mjög íþyngjandi í sumum tilvikum.

[21:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg örugglega hægt að finna fjölmörg dæmi um hvað og hvernig gjaldið leggist á einstakar útgerðir á íþyngjandi hátt, enda hefur það legið alveg ljóst fyrir frá upphafi allrar þessarar umræðu og allrar þessarar vinnu að gjaldið yrði íþyngjandi fyrir útveginn og ætti því ekki að koma hv. þm. neitt á óvart eða öðrum hv. þm. sem hér eru staddir.

[21:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði talað alveg skýrt. Ég var að tala um að gjaldið gæti verið mismunandi íþyngjandi eftir útgerðarformum eða veiðiaðferðum sem snúa að nýtingu ákveðinna tegunda eða ákveðnum útgerðarflotum eins og smábátunum.

Mér finnst að ráðherrann sé hálfpartinn að reyna að snúa út úr þessu fyrir mér og ég trúi því ekki að hann skilji ekki hvað ég á við. (**Gripið fram í:** Ekki útiloka það.) Ég á kannski ekki að útiloka það, er gripið hér fram í af einum hv. þm., en ég ætla samt að leyfa mér að hafa þá skoðun að ráðherrann skilji þetta, en sé nú hálfpartinn að reyna að snúa út úr þessu.

[21:39]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það er skelfilegt að þurfa að byrja ræðu sína á þessum orðum, að hluti þess sem situr eftir í heildina síðan núverandi lög nr. 38/1990 voru samþykkt er að stofnar allra eða flestra botnlægra tegunda virðast vera á undanhaldi. Þetta er slæmur dómur.

Hvað hefur verið að gerast? Heimiluð hefur verið notkun stórmöskva í þorskanetum og með þeirri aðferð hefur líklega verið drepinn allt of stór hluti hrygningarstofnsins. Leyft hefur verið að vera með stórvirk tæki í formi veiðarfæra og sem hafa að sögn straujað eða heflað stór svæði á veiðislóð og þannig raskað lífríkinu. Netaflotanum hefur verið hleypt upp í fjörur. Brottkast fisks er og hefur verið óhugnanlegt. Þetta, ásamt með mörgu öðru válegu, er fylgifiskur þess kerfis sem við höfum búið við.

Herra forseti. Halda menn að það frv. sem nú liggur fyrir um breytingar á þessum lögum sé á einhvern hátt til þess fallið að vernda fiskstofna eða breyta umgengni um auðlindina? Ég hef því miður komist að þeirri niðurstöðu með því að lesa frv. yfir og skoða það að það er ekki á neinn hátt til þess fallið að bæta úr þeim vanda sem við er að etja.

Ég ætla að fjalla aðeins um þetta mál sem verið er að leggja fram í þinginu. Í fyrsta lagi á þann hátt að það er dapurleg niðurstaða fyrir núverandi stjórnarflokka eftir allar þær væntingar sem gefnar höfðu verið um sættir um það hvernig aðgangi skuli stýrt að takmarkaðri auðlind sjávar og hve mikið á að greiða fyrir að nýta auðlindina. Málið er þannig að meiri hluti þjóðarinnar telur eðlilegt og viðurkennir að eðlilegt sé að þeir sem nýti sameiginlegar auðlindir greiði fyrir eðlilegt afgjald og þá geta menn farið að velta fyrir sér hvað er eðlilegt afgjald.

Ef unnt er að gera út með því að leigja til sín aflaheimildir, eins og hér var sagt af hv. þm. Kristjáni Pálssyni, hægt er að gera út með hagnaði með því að leigja til sín aflaheimildir á 160 kr. kílóið, hvað er þá óeðlilegt við að reyna að finna út eitthvert normalgjald sem væri t.d. $^1/_5$ af þessu gjaldi, $^1/_5$ af 160 krónunum sem hv. þm. Kristján Pálsson ræddi um og var í rauninni að hæla að hægt væri að gera út með því að leigja

til sín þessar aflaheimildir. Segir það þá okkur ekki að þeir sem eru með gefins aflaheimildir hljóta að vera annaðhvort að stinga undan stórgróða, einhvers staðar er stórgróðinn falinn, eitthvað er farið með peningana, eða þá að þeir gera vitlaust út? Það hlýtur að vera þannig.

Það eru allir sammála um að greiða eigi eðlilegt gjald, meiri hluti þjóðarinnar telur að það beri að greiða fyrir afnot af auðlindinni. Af hverju er ég að þrugla um þetta? Vegna þess að hér er ég með skjal fyrir framan mig sem er gefið út í september 2000 og er álitsgerð með fylgiskjölum frá auðlindanefnd.

Með leyfi forseta ætla ég að rifja það upp:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita. Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.

Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð í landinu."

Þá er komið að fyrstu spurningu, virðulegur forseti. Ég sé ekki hæstv. sjútvrh. og kannski væri æskilegt að hann væri hér. Ef hann heyrir til þá kannski kemur hann í ljós. Virðulegur forseti, ég spyr um hæstv. sjútvrh. Ég hef spurningar fram að færa og bið um að hann sé hér viðstaddur og tíminn sem fer í að bíða eftir honum verði dreginn frá.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vænti þess að hv. þm. geti vikið að öðrum málefnum á meðan náð er í hæstv. sjútvrh.)

Ætlar hæstv. forseti að sjá til þess að hann verði hér á mínum ræðutíma? Ætlar hæstv. forseti að sjá til þess að sá tími sem fer í að bíða eftir hæstv. sjútvrh. verði dreginn frá?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vænti að hv. þm. hafi heyrt það sem ég sagði. Ég óskaði eftir því að náð yrði í hæstv. sjútvrh. Hann virðist hafa verið hér í hliðarsal.)

Það er fínt, það er gott. Takk fyrir, hæstv. forseti.

Er þetta frv. í samræmi við þá stefnumörkun, hæstv. sjútvrh., sem sett var hér við skipan nefndarinnar? Svo er ekki. Ég sé að hæstv. sjútvrh. hneigir höfuðið. Svo er ekki og ég skal rekja það í skjótheitum með því að vitna í grg. á bls. 7. Í þessari ályktun segir, með leyfi forseta:

„Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna ...".

Í frv. stendur hins vegar, með leyfi forseta:

„Gangi frumvarp þetta eftir og veiðigjaldið skili þeim tekjum sem við er búist í lok aðlögunartímans þegar það er komið til fullra framkvæmda má gera ráð fyrir að það geti staðið undir $^3/_4$ hlutum af núverandi rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunarinnar að viðbættum þeim kostnaði sem hlýst af þeim auknu rannsóknum sem að framan greinir."

Gjaldið stendur aðeins undir $^3/_4$ í staðinn fyrir að hér er ályktað um að standa undir þeim kostnaði sem verður til vegna greinarinnar. Þannig að strax í upphafi vega er kominn innbyrðis árekstur. Þó að farið sé þessi ár aftur í tímann, þegar gjaldið á að vera að fullu komið á, 9,5%, þá vantar mikið á að það standi undir þeim kostnaði, ef að líkum lætur, sem skapast við rekstur greinarinnar.

Náttúruauðlindir og landréttindi sem ekki eru í einkaeign eru þjóðareign samkvæmt skilgreiningu laga. Löggjafar- og framkvæmdarvaldi er skylt að fara með forsjá og ráðstöfunarrétt auðlindanna í umboði þjóðarinnar.

Virðulegur forseti. Ég vitna aftur til álitsgerðar sem ég nefndi í upphafi máls míns. Á bls. 13, með leyfi forseta, hefur nefndin tekið tvær meginleiðir til skoðunar varðandi greiðslu fyrir afnot af auðlindinni. Fyrri leiðin er fyrningarleið sem byggist á því að allar aflahlutdeildir verði skertar árlega um fastan hundraðshluta en endurseldar á markaði með uppboði.

Síðari leiðin, nefnd veiðigjaldsleið, felst hins vegar í beinni gjaldtöku ásamt ákvæðum um breytingar á aflahlutdeildum sem krefjist ákveðins lágmarksaðdraganda.

Hvað er ég að fara með því að vitna í þetta? Ég er að sýna fram á að önnur leiðin hefur verið valin. Mér hugnast sú leið ekki og ég hygg að það sé sennilega meiri hluti gegn þessu á Alþingi ef grannt er skoðað. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Hvað er að gerast í þessu kvótakerfi? Það er búið að afhenda varanlega, þó að það sé bannað samkvæmt lögum, aflaheimildir til ákveðinna aðila.

Það sem við viljum er að heimilt sé að veita afnot eða hagnýtingu á auðlindum og réttindum gegn gjaldi tímabundið þó svo að því megi breyta með fyrirvara eftir því sem nánar yrði ákveðið með lögum. Ég held að slík heimild njóti verndar sem óbein eignarréttindi.

Ég hygg að það geti allir verið sammála um að það beri að nýta auðlindir þjóðarinnar á sem hagkvæmastan hátt, að arði skuli varið til þess vernda auðlindirnar og svo til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti. Mín skoðun er sú, eins og ég kom rækilega að hér áðan, að þeir sem nýti auðlind, hver sem hún er, eigi að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af rekstri þeirrar greinar sem um er að ræða í hverju tilviki. Ég hef frá upphafi verið þeirrar skoðunar að það gjald sem lagt er á verði að lágmarki það hátt að það standi undir þeim kostnaði sem hlýst af atvinnugreininni. Með þessu móti ættu aðilar að vera öruggir um sína stöðu. Á þessum grundvelli væru lögin síðan sett.

Ef litið er á niðurstöður endurskoðunarnefndar og auðlindanefndar, það eru tvær af þeim mörgu nefndum sem hafa fjallað um sjávarútvegsmálin á undanförnum árum má sjá að það er ekki alveg samhljómur í áliti þessara nefnda. Meiri hluti endurskoðunarnefndarinnar er alla vega ekki sömu skoðunar og auðlindanefnd varðandi mikilvægi þess að réttindi séu skýrð. Þess vegna held ég að það sé brotalöm í þessu máli í heild. Það er slæmt því að grundvöllur þess að báðir geti unað við sinn hlut, þjóðin og þeir sem nýta auðlindirnar, er að þeim séu ljós réttindi og skyldur sem afnotunum fylgja, alla vega þeim sem nýta auðlindirnar.

Ef við veltum fyrir okkur áliti auðlindanefndar þar sem samkeppnisforsendur eru fyrir hendi er talað um að bjóða afnotarétt þjóðareigna út. Ef ekki þá eigi að semja um gjald með hliðsjón af mögulegum arði af auðlindinni. Ég held að það sé rétt að minna á það varðandi fiskveiðar að nefndin benti á að hún væri sammála um tvær meginleiðir, þ.e. fyrningarleið og veiðigjaldsleið. Það kom fram eftir því sem ég kemst næst með því að skoða álit hennar.

Í umfjöllun um leiðirnar tvær í áliti auðlindanefndar kemur fram að hluti nefndarmanna — þetta höfum verið að deila um og ræða frá því að álitin voru lögð fram — að hluti nefndarmanna taldi aðeins aðra leiðina ásættanlega. Síðan er lagt hér fram, virðulegur forseti, þetta frv., sáttafrumvarp sem gert er án þess að ræða við þá aðila sem voru ósáttir. Þeim er bara gerð upp skoðun ef því er að skipta.

Ég er mörgum sinnum búinn að segja, virðulegur forseti, á liðnum árum að nauðsynlegt sé að ná sátt um nýtingu auðlindarinnar í hafinu. Ég hef líka sagt að það sé þörf fyrir öll þau útgerðarmunstur sem í gangi eru við nýtingu fiskimiðanna. Það verður að vera möguleiki á reglulegri endurnýjun í atvinnugreininni og sá möguleiki er alltaf að þrengjast. Ég tel að menn verði að komast til sátta varðandi smábátana sem núna hafa 0,67% aflaheimilda í þorski, þ.e. sá floti smábáta sem rær eftir dagakerfi. Ég tel að þessir bátar þurfi allt að 4% af úthlutuðum afla til að hafa raunverulegan rekstrargrundvöll. Þá er ég að tala um þorsk.

Svo ég fari yfir það virðist mér aðeins hægt að fallast á 1. gr., þó með þeim litlu breytingum varðandi þau skip sem tekin verði til rannsókna, að heimilt verði að láta rannsóknir sem fara fram af öðrum skipum en frá Hafrannsóknastofnun eftir þessari grein og allur veiddur afli sem komi á slík skip falli ekki undir ákvæði þessara laga.

Það er ótrúlegt hvað upp kemur í tengslum við þessi mál. Ef maður skoðar hvernig veiðiheimildir í aflamarks- og þorskaflahámarkskerfinu á Vestfjörðum og Austfjörðum eru sem hlutfall heildarveiðiheimilda á hverjum tíma má sjá, á grafi sem ég hef hér undir höndum, að árið 1992 voru samtals á Vestfjörðum og Austfjörðum 31% þorskígilda. Hlutfallið hjá þessum byggðum er hins vegar komið niður í 26,3% í þorskígildum árið 1992. Árið 2000 er þorskurinn kominn niður í 23,5% og heildarþorskígildin komin niður í 22%. Hlutfall þorskígildis hjá þessum byggðum hefur lækkað um 6,5% og þetta eru byggðirnar sem eiga helst í vök að verjast. Þetta segir okkur hvernig þetta kerfi hefur í raun unnið gegn byggðunum og það verð ég að segja að það þykir mér mjög slæmt.

Það er líka hægt að fara yfir úthlutað aflamark eftir heimahöfnum skipa, umreiknað í þorskígildistonn veiðiársins 2000–2001 skipt eftir landshlutum, fara aftur í samanburðinn og fara aftur til ársins 1992. Þá höfðu Vestfirðir 59.064 þorskígildistonn. Núna árið 2000–2001 hafa Vestfirðir með 26.496 tonn, það er meira en helmingsminnkun. Ég veit að ég er ekki að segja neitt nýtt en þetta sýnir okkur hvernig kerfið hefur unnið gegn byggðunum.

Ég get tekið Austurland fyrir. Austurland hafði 1992 í úthlutuðu aflamarki 53.790 tonn í þorskígildi en 2000–2001 voru þar 41.575 tonn. Þetta er vísindalega reiknað út og farið nákvæmlega yfir. Þetta sýnir okkur hvað hefur verið að gerast í þessu kerfi og mér þykir það mjög miður.

Í lokin vil ég spyrja um það sem er í 4. gr. frv. og velta fyrir mér því að 1.500 tonn af þeim 12 þús. tonnum sem þar eru heimiluð til ráðherra eru ætluð Byggðastofnun til úthlutunar. Hvað með þessi 10.500? Til hvers ætlar hæstv. ráðherra að nota þessar heimildir? Er þetta vegna einhverra sérstakra þarfa sem ráðherra veit um? Er þetta vegna smábáta, vegna loðnuflotans, vegna frystitogaranna, vegna dagróðrabátanna eða vegna 50–200 tonna bátanna sem var gamli vertíðarflotinn?

Ég bara spyr: Hvar kreppir helst að og hvar sýnist hæstv. ráðherra nauðsyn á að grípa inn í? Veit hann um það? Ef ekki horfir þannig þá eru þessi 10.500 tonn mikill afli.

[22:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson hefur, eins og fleiri félagar í Samfylkingunni, áhyggjur af því að gjaldið sé ekki nægilega hátt (**Gripið fram í:** Já.) og að kostnaðurinn sé ekki nægjanlega vel skilgreindur, það vanti eitthvað í þegar verið er að skilgreina kostnaðinn og hann gerir athugasemd við að einungis er talað um það í greinargerðinni að þegar allt verði komið til skila standi gjaldið einungis undir þremur fjórðu af kostnaði við rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar.

Það er nú einu sinni svo að hluti af þeim rannsóknum sem fara fram hjá Hafrannsóknastofnuninni stendur ekki í beinu samhengi við atvinnugreinina, við útveginn, heldur er um að ræða grundvallarrannsóknir á lífríkinu í kringum Ísland sem við sem fullvalda þjóð leggjum auðvitað metnað okkar í að framkvæma alveg á sama hátt og við framkvæmum rannsóknir á öðru í lífríkinu í kringum okkur án þess að það tengist neitt einum einstökum atvinnuvegi. Enda er það reyndar líka einstakt að við ætlum einum atvinnuvegi að standa undir svo stóru hlutfalli af kostnaði við rannsóknir sem honum tengjast á einhvern hátt.

Hann spyr jafnframt um 1.500 tonnin sem eiga að vera í 9. gr. frv. og eru hluti af 12 þús. tonnunum. Hluti af því sem fram hefur komið í sambandi við alla þessa vinnu er að gert er ráð fyrir því að breytingar verði í sjávarútvegi í framtíðinni, hagræðing og að störfum muni fækka, að það geti komið niður á einhverjum byggðum og að það þurfi að einhverju leyti að bregðast við því. Ég get ekki svarað því nákvæmlega nú hvar það verður eða hvenær. En ég geri ráð fyrir að að því muni koma.

Síðan er ég ekki tilbúinn að skrifa nákvæmlega upp á tölfræðina sem hv. þm. fór með hérna. Mér heyrðist hann vera með tölur, beinar tölur, en ekki hlutföll sem þarf að vera ef bera á saman þróun milli tímabila þar sem aflinn í heild er mismunandi.

[22:02]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg sjálfsagt að leggja í hendur hæstv. sjútvrh. öll þau gögn sem ég hef undir höndum. Ég vitna til Haralds Líndals Haraldssonar sem vann þessa skýrslu. Ég tel að hún sé mjög marktæk og að eðlilegt sé að vitna til hennar. Ég held að þetta sé unnið á vísindalegan máta.

Aðeins vegna lífríkisrannsókna Hafrannsóknastofnunar. Ég tel að þær rannsóknir séu beint í þágu greinarinnar, sjávarútvegsins. Þess vegna tel ég eðlilegt að sjávarútvegurinn standi undir þeim kostnaði. Það er beint í þágu sjávarútvegsins að fram fari sem bestar rannsóknir á lífríkinu. Það kemur ekki bara sjávarútveginum beint til góða heldur auðvitað þjóðinni allri. En mér finnst eðlilegt að þetta sé greitt með því gjaldi sem á að leggja á vegna veiðanna.

Hv. þm. Kristján Pálsson kom að því í ræðu sinni að sumir leigðu til sín aflaheimildir fyrir 160 kr. kílóið og gerðu út með hagnaði. Það er á þeirri forsendu sem ég benti á að það væri jafnvel eðlilegt þó ekki væri farið í nema einn fimmta af því gjaldi og það lagt á, þ.e. að það væri arðurinn sem hugsanlega væri tekinn. Þá mundu þeir komast vel af með því að fara fyrningarleiðina. Aflaheimildum yrði skilað inn og menn fengju að leigja til sín afla. Þá mundu þeir skila

fínum hagnaði sem græða nú í dag með því að gera út og leigja til sín heimildir á 160 kr. kílóið.

[22:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. skuli vera svona hreinskilinn í tillögum sínum um að hækka gjaldið.

Varðandi hins vegar þær tölur sem hann nefndi og vitnaði í Harald Líndal Haraldsson þá veit hv. þm. örugglega að ég hef gagnrýnt mjög skýrslu hans og meðferð hans á þessum tölum.

[22:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vekur undrun mína að hv. þm. Gísli S. Einarsson skuli ganga svo hart fram og tala svo um að þetta aflagjald eða þessi auðlindaskattur sem hér er lagt til að settur verði inn í fiskveiðistjórnina sé ekki nógu hár. Hann vill hafa hann hærri.

Því langar mig til að spyrja hv. þm.: Hver skyldi nú borga þennan skatt? Hvað með þessa atvinnugrein, sjávarútveginn, hvað verður nú um það sem hún framleiðir og gerir? Er það ekki 100% flutt út? Hvað er þessi grein að gera? Er hún ekki í samkeppni við alla matvælaframleiðslu heimsins? Og ef menn leggja á þessa grein sérstakan skatt umfram aðrar atvinnugreinar, hver skyldi þá borga hann? Skyldi það nú ekki vera, herra forseti, að það væru engir aðrir en það fólk sem vinnur við þá atvinnugrein, fiskverkafólk og sjómenn? Og honum þykir ekki nóg að gert. Það þarf að hækka gjaldið. Það á að láta þetta fólk borga meira. Honum finnst það liggja þannig fyrir. Sjávarútvegurinn er svo blómlegur, þorpin í kringum landið eru svo blómleg að það þarf endilega að leggja sérstakan skatt á þessa atvinnugrein eina. Hvernig má vera, herra forseti, að menn geti verið slegnir slíkri blindu?

[22:06]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakkaði nú ekki áðan hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vil gera það hér með. Og það var gott að fá tækifæri til að ræða þetta mál við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson.

Staðreyndin er þessi: Aflaverðmætin eru sennilega yfir ein milljón á hvert einasta mannsbarn í landinu. Þessi aflaverðmæti eru sett í hendur örfárra aðila. Það er eðlilegt samkvæmt þeirri tilvitnun sem ég veit að hv. þm. heyrði ekki — ég fór með tilvitnun í niðurstöður endurskoðunarnefndar um fiskveiðistjórnina um að greitt væri eðlilegt afgjald. Ég sagði að ef hægt væri að gera út með hagnaði með því að leigja til sín veiðiheimildir á 160 kr. kílóið þá fyndist mér eðlilegt að miða við u.þ.b. fimmtungs hlut af því sem þar um ræðir, að það gæti verið eðlilegt afgjald.

Virðulegur forseti. Ég get sagt það hér að fjöldi manna, öll smábátaútgerðin eins og hún leggur sig — þá tala ég um smábáta frá 200 tonnum og niður úr — mundi bera sig með því að leigja til sín aflaheimildir á því verði sem ég er að tala um, úr því að menn reka sig með hagnaði með því að leigja til sín aflaheimildir á 160 kr. kílóið.

[22:08]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú missti ég alveg þráðinn. (**Gripið fram í:** Já, þú varst svo utan við þig ...) Ég hlýt að hafa misst hann alveg hreint vegna þess að ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo að aflagjaldið, þessi auðlindaskattur, eigi að bætast hér ofan á. Mun leigan lækka við að leggja auðlindagjaldið á? Verður þetta auðveldara þá eða léttara? Hvaðan í ósköpunum kom sú hugmynd? Hún kom hvergi fram. Þetta liggur alveg fyrir. Það er verið að leggja hér til viðbótarskatt, aukaskatt, sérstaklega á þessa einu atvinnugrein. Ég endurtek spurninguna um eina atvinnugrein sem er í bullandi samkeppni við alla matvælaframleiðslu heimsins: Hver borgar? Ég spyr aftur: Hver borgar? Getur nokkur annar borgað en fólkið sem vinnur í þessari atvinnugrein? (**GE:** Þeir sem nýta.) (Gripið fram í.) Getur einhver annar borgað en þeir? Ég segi að það liggur alveg fyrir að verið er að skattleggja hér sjómenn og fiskverkafólk sérstaklega. Þess vegna er öll þessi aðferðafræði, öll þessi hugmyndafræði sem kemur frá þessari auðlindanefnd eða hvað hún hét, eða endurskoðunarnefnd, byggð á misskilningi, miklum ranghugmyndum og mjög hættulegum hugmyndum.

Herra forseti. Það liggur fyrir að ég er andsnúinn þessu auðlindagjaldi, hef alltaf verið og ætla alltaf að vera. En síðan kemur stjórnarandstaðan, hver þingmaðurinn á fætur öðrum, og er ekki á móti auðlindagjaldinu eins og ég. Nei, hún telur auðlindagjaldið ekki nógu hátt. (Gripið fram í.) Mig er ekki að dreyma þetta, herra forseti. Ég þarf ekki að klípa í handlegginn á mér til að vita að þetta er raunverulegt. Ég er að upplifa þetta. Þetta er svona. (Gripið fram í.) Þetta er ekki draumur. Þannig er þetta. Hér stend ég og mótmæli gjaldinu en stjórnarandstaðan telur það of lágt, að það eigi að vera hærra.

[22:10]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að veiðiheimildum eigi að úthluta til manna sem eru í þessari grein og að þeir eigi að greiða fyrir aflaheimildirnar samkvæmt markaðslögmáli. Það getur vel verið að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson geri sér ekki grein fyrir því hvað ég er að tala um þegar ég tala um markaðslögmál. Ég vil fara fyrningarleiðina. Ég vil að aflaheimildum sé skilað inn á ákveðnum tíma samkvæmt því frv. sem við samfylkingarmenn höfum lagt fram. Síðan vil ég gera öllum jafnhátt undir höfði þannig að menn hafi frjálsan aðgang að markaðnum og að farið verði eftir markaðslögmáli.

Síðan vil ég bara benda á, eins og ég gerði í ræðu minni, virðulegur forseti, að afleiðing þess kerfis sem við höfum búið við blasir við. Ég fór yfir það áðan að aflahlutdeild minnkaði um meira en helming á Vestfjörðum í þorskígildistonnum frá 1992–2000. Þessu vil ég breyta og ég tel og veit að Vestfirðingar eru tilbúnir og geta gert út á mjög hagkvæman máta miðað við markaðinn eins og hann leggur sig ef aflaheimildirnar yrðu settar á markað. Þetta veit ég og er sannfærður um og engu breytir hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er á móti mínum skoðunum eða ekki. Hann er á móti frv. Það er vitað. Ég vil fara markaðsleið en hann vill fara aðra leið en þá.

[22:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta mál er margrætt og þau rök sem við höfum heyrt hér í dag hafa öll meira eða minna verið sögð áður. Megininntakið í þessu frv. og það sem ég ætla að ræða er eignarhaldið, hvernig eigi að fara með þá eign sem myndast þegar aðgangur að auðlindinni er takmarkaður. Og eins og ég sagði í þingflokki mínum þá bíð ég eftir að láta sannfærast.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um gallað kerfi, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á, sem hefur ekki skilað þeim árangri í veiðistjórn sem við væntum. Ég ætla heldur ekki að ræða um byggðakvótann sem hér er talað um. Ég hef miklar efasemdir um hann. Þetta minnir mig á þegar Egil Skallagrímsson langaði mikið til að dreifa silfrinu og láta menn slást um það. Nákvæmlega það gerist þegar á að útdeila og gefa peninga eða verðmæti. Ég er á móti því að einhver aðili sé settur í þá stöðu að dreifa og gefa verðmæti.

Herra forseti. Þrjár leiðir eru til þess að taka á eignarhaldinu. Fyrsta leiðin er sú að taka upp veiðigjald eins og hér er lagt til. Það rennur til ríkisins og er háð áætlun um hagnað, þ.e. ekki hagnaði einstakra útgerða heldur heildarhagnaði greinarinnar. Það má líta á þetta þannig að ríkið ætli í heildarríkisútgerð. Ríkið ætlar í heildarríkisútgerð og búið er að reikna út hver hagnaðurinn er. Það er búið að reikna út kostnaðinn, laun og annað slíkt og síðan leigir það útgerðunum aðgang að þessari ríkisútgerð fyrir 90,5%. Þannig má líta á þetta. Þetta gjald, 9,5%, mun, eins og hér kom fram áðan, að sjálfsögðu hækka vegna þess að það er eðli skatta að þeir hækka með tímanum.

Önnur leiðin er svokölluð fyrningarleið þar sem ákveðinn hluti af aflaheimildum er boðinn upp. Sú hugmynd sem rædd var í nefndinni frægu fólst í því að ríkið byði upp, þ.e. að hagnaðurinn eða afgjaldið rynni til ríkisins. Báðar þessar tillögur ganga út frá því að ríkið fái arð af auðlindinni, segja má að ríkið sé að slá eign sinni á auðlindina með báðum þessum tillögum. Veiðigjaldið innheimtir ekki annar en sá sem hefur yfir veiðinni að segja (Gripið fram í.) og þar af leiðandi er þetta frv. á ákveðinn hátt ríkisvæðing kvótans.

Svo hefur verið bent á enn eina leið og það er mín leið sem fólst í því að dreifa veiðiheimildum á alla þjóðina. Hún er líka markaðsvæðing eins og fyrningarleiðin en munurinn er sá að afgjaldið af kvótanum rennur ekki til ríkisins heldur til einstaklinganna sem búa í landinu, til þjóðarinnar, en það er líka markaðsvæðing.

Herra forseti. Hver er munurinn á þessum leiðum? Ef mín leið er farin, þá er kvótinn einstaklinganna sem búa í landinu. Varðandi hinar báðar, hvort sem er veiðigjaldsleiðin eða fyrningarleiðin, þá yrði hann eign ríkisins og bætist við þá ríkisvæðingu sem hefur átt sér stað á undanförnum árum. Ég nefni ríkisvæðingu hálendisins, þ.e. þjóðlendurnar, þar sem ríkið sló eign sinni á 40% af landinu, gífurlegar fjárfestingar ríkisfyrirtækja eins og Landsvirkjunar fyrir 5–10 milljarða á ári, sem er líka ríkisvæðing og ég nefni gífurlega aukningu á ógreiddum lífeyrisskuldbindingum upp á fleiri tugi eða hundruð milljarða sem er ekkert annað en ríkisvæðing, það er skuld skattgreiðenda framtíðarinnar. Á móti þessu stendur afskaplega fátækleg einkavæðing.

Herra forseti. Hver er munurinn á veiðigjaldi og fyrningu eða markaðsvæðingu? Munurinn er sá að veiðigjaldið er lagt á greinina óháð getu hennar. Hún er ekki spurð að því sjálf hvað hún geti greitt heldur eru það embættismenn eða alþingismenn sem ákveða hvað hún eigi að geta greitt. Hins vegar er markaðsvæðingin, hvort sem það er uppboð af hendi ríkisins eða dreifing kvótans til þjóðarinnar, sem þýðir að útgerðin býður í kvótann það sem hún getur greitt. Þeir sem geta veitt ódýrast safna til sín veiðiheimildum. Ég hygg að með því að skoða reikninga stórútgerðarfyrirtækja sem skila upp undir 20 kr. á hvert kíló í hagnað og eiga samt allan kvótann, leigja ekkert til sín, þær útgerðir geta ekki borgað meira en 20–30 kr. á kíló.

Ég hygg að margur útgerðarmaðurinn á Vestfjörðum, á smábátum og trillum, væri nú glaður að fá að kaupa kvótann á 20–30 kr. og allur kvóti mundi sennilega fara þangað, enda hugsa ég að þeir veiði hvað ódýrast.

Með fyrningarleiðinni og með því að dreifa kvótanum um alla þjóðina, þá mundi verð á árlegum veiðiheimildum lækka mjög hratt, en það er núna yfir 120 kr. á kíló.

Herra forseti. Ég er með spurningar til hæstv. sjútvrh., en ég veit ekki hvort hann heyrir spurningar mínar.

(**Forseti** (HBl): Hann hefur góða heyrn.)

Allt í lagi.

Fyrsta spurningin: Er veiðigjaldið skattskylt? Það hef ég ekki nægilega skilið í þessari umræðu, hvort útgerðin geti dregið veiðigjaldið frá skatti eins og annan kostnað, eða er þetta eins og oft áður að t.d. eignarskattur er ekki frádráttarbær frá skatti?

Önnur spurning: Er gott að auka tekjur ríkissjóðs, er það betra en að auka tekjur einstaklinga? Þá er ég að velta fyrir mér hvort sé betra að fara fyrningarleiðina og/eða veiðigjaldsleiðina á móti því að dreifa kvótanum á þjóðina.

Þriðja spurning: Er betra að hafa fastan skatt sem er óháður getu fyrirtækja en markaðsvætt gjald og fyrirtækin ákveði sjálf hvað þau geta borgað mikið? Er betra að stýra þessu ofan frá, frá grænum skrifborðum í Reykjavík, hvað útgerðin eigi að greiða eða hvort hún ákveði það sjálf miðað við getu?

Síðasta spurningin: Er eðlilegt að vera með sjómannaafslátt, sem hæstv. fjmrh. sagði að væri styrkur til útgerðar, á sama tíma og við erum bæði að takmarka veiðar útgerðarinnar — við höfum minnkað veiðarnar en styrkurinn að sjálfsögðu eykur getuna til að veiða — og leggja veiðigjald á þá sömu útgerð? Væri ekki ráð að fella niður sjómannaafsláttinn og minnka þá þetta veiðigjald sem því nemur?

[22:20]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru þrjár spurningar sem ég nam frá hv. þm., þ.e. hvort gjaldið væri frádráttarbært frá skatti. Það er kannski ekki alveg rétt að orða það þannig. Það telst auðvitað til útgjalda fyrirtækisins og dregst frá tekjunum sem kostnaður áður en hann kemur til skattlagningar.

Síðan spurði hv. þm. hvort betra væri að fara þá veiðigjaldsleið sem væri í frv. gagnstætt því að fara þá leið sem hann hefur verið að kynna með því eða dreifa þessu til einstaklinganna, þá held ég að svo sé. Ég held að meiri stöðugleiki sé fólginn í þeirri tillögu sem hér er lögð til og að það skipti gríðarlega miklu máli fyrir atvinnugreinina sem slíka, fyrir hagkerfi þjóðarinnar og auðvitað fyrir þær byggðir sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi.

Í þriðja lagi spurði hann um sjómannaafsláttinn. Það má auðvitað margt um sjómannaafsláttinn segja. Hann er fyrst og fremst skattamál á sviði fjmrh., en ég lít ekki á sjómannaafsláttinn sem styrk til útgerðarinnar. Ég á mjög erfitt með að sjá það, jafnvel þótt sjómannaafslátturinn yrði lagður niður, að þá mundi það hafa þau áhrif að einhverjir hættu að sækja sjó. Mér sýnist að sjómenn á Íslandsmiðum svona almennt og yfirleitt hafi það góðar tekjur að sjómannaafslátturinn ríði ekki baggamun í því tilfelli.

[22:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin.

Það er dálítið athyglisvert að hann er á öndverðri skoðun við hæstv. fjmrh. varðandi eðli sjómannaafsláttar sem styrks til útgerðar. En það kom fram í svari hæstv. fjmrh. að sjómannaafsláttur væri styrkur til útgerðar. (**Gripið fram í:** Nei, það passar nú ekki.)

Síðan sagði hæstv. ráðherra að það yrði meiri stöðugleiki með veiðigjaldinu. Ég er ósammála því vegna þess að veiðigjaldið er ákveðið ofan frá og verður hækkað eins mikið og útgerðin þolir með tímanum. Þá er það alveg óháð getu útgerðarinnar til að greiða þetta gjald. Hins vegar mundi markaðsvæðing á kvótanum verða til þess að útgerðin byði í kvótann það sem hún gæti greitt á hverjum tíma. Það er miklu meiri stöðugleiki. Ef illa gengur á mörkuðum erlendis eða erfitt er að ná í fiskinn og dýrt, þá mundi verðið á kvótanum lækka. Útgerðin býður að sjálfsögðu ekki meira í kvótann heldur en hún getur veitt fyrir. Ég er því ekki sammála þessari niðurstöðu.

Síðan svaraði hæstv. ráðherra ekki því hvort gott sé að auka tekjur ríkissjóðs á móti því að auka tekjur einstaklinga sem minn ágæti flokkur stefnir nú alltaf að.

[22:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að það er mjög sjaldgæft að við hæstv. fjmrh. séum ósammála og því rétt hjá hv. þm. að vekja athygli á því, en eins og hv. þm. væntanlega gerir sér grein fyrir miðað við niðurstöðu þessara orðaskipta, þá er það algengara að við hv. þm. séum ósammála.

[22:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur gagnrýnt þetta frv. á málefnalegan hátt finnst mér og við erum honum að mörgu leyti sammála um hvernig eigi að innkalla veiðiheimildir. Við höfum hins vegar verið ósammála um hvernig eigi að koma þeim til þeirra sem nota þær. Ég vil segja einu sinni enn um það mál að ég tel að ef úthlutað verður veiðiheimildum til allra Íslendinga með þeim hætti sem hv. þm. leggur til, þá verði það býsna snúið og erfitt í framkvæmd þegar 270–280 þús. kvótaeigendur eru farnir að koma kvóta sínum á markað á hverju einasta ári til þess að hann verði nú veiddur. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann hafi ekkert endurskoðað þessar hugmyndir og hvort hann geti ekki fallist á að þær tillögur sem við hjá Samfylkingunni höfum t.d. verið að leggja fram séu út af fyrir sig miklu framkvæmanlegri og einfaldari en að fara þessa leið, þó ég geti út af fyrir sig skrifað upp á það að afraksturinn af því sem kemur þarna inn, sem mér finnst ekki aðalatriðið í þessu máli, þ.e. hvað útgerðin borgar, heldur finnst mér aðalatriðið, eins og hv. þm. hefur sjálfur sagt, að koma á jafnræði til þess að nýta auðlindina og útgerðin mun síðan borga það sem hún telur sannvirði fyrir að fá að veiða fiskinn og taka þátt í þeim atvinnurekstri.

[22:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar átti að fara að taka upp frjálsa verslun með gjaldeyri, þá heyrði ég nákvæmlega þessi sömu rök. Er þetta framkvæmanlegt? Er þetta hægt? Þegar átti að fara að taka upp verslun með húsbréf, þá heyrði ég nákvæmlega það sama. Er þetta framkvæmanlegt? Verður einhver markaður með þetta? Verður þetta hægt? Ég vil benda hv. þm. á að við lifum á öld verðbréfamarkaða og við lifum á öld tölvunnar og netsins. Það er ekkert mál lengur að versla með kvóta, ekki nokkur skapaður hlutur. Það er ekkert liprara í heiminum en það að einstaklingar seldu veiðirétt sinn einu sinni á ári sem þeir fengju og jafnvel mætti gera það framvirkt fram í tímann og útgerðin mundi á sama tíma kaupa þennan kvóta eða stofnaðir yrðu kvótasjóðir sem sérhæfðu sig í því að halda utan um og taka áhættu með því að eiga svona kvóta. Þannig að þetta er ekkert mál.

Ég held að þeir menn sem ég hef talað við á verðbréfamarkaðnum telji það enga fyrirstöðu í því að dreifa kvótanum á þjóðina að ekki sé hægt að selja hann.

[22:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alls ekki að halda því fram að ekki verði hægt að selja hann, því það er sannarlega eftirspurn eftir kvóta og auðvitað mundi hann seljast. Ég held því hins vegar fram að þetta sé ekki skynsamleg aðferð við það. Ég tel að tillögur okkar séu einfaldari og þær muni koma á meiri stöðugleika og gera útgerðunum í landinu auðveldara að nálgast veiðiheimildirnar og skipuleggja sína útgerð. Það er það sem mér finnst skipta verulega miklu máli. Ég held líka að eftirmarkaður með veiðiheimildir gæti orðið til þess að mergsjúga útgerðina í landinu meira en yrði með þeim hætti sem við erum að leggja til. Við leggjum til að markaðurinn verði fyrst og fremst þjónusta við útgerðina í landinu sem útgerðin nýtir beint. Það er munur á því eða að búa til eftirmarkað með veiðiheimildir eins og hv. þm. leggur til.

[22:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrningarleiðin byggist á því að ríkið bjóði upp kvótann. Ríkið er afskaplega sterkur aðili. Á móti ríkinu stendur svo fjöldinn allur af útgerðarmönnum allt niður í trillukarla. Og það er ekkert jafnræði þar á. Ríkið getur t.d. með ofbeldi boðið allan kvótann í einu og látið menn kaupa hann allan á einum degi sem einstaklingar í útgerð réðu mjög illa við.

Hins vegar ef allir landsmenn færu að selja kvótann, þá mundi verða miklu meira jafnræði, því fjöldinn allur myndi selja alla daga ársins og útgerðin gæti keypt hvenær sem er, jafnvel á stíminu heim gæti hún keypt kvóta fyrir fiskinn sem hún væri nýbúin að veiða.

Varðandi það að kvótasalan sé að mergsjúga útgerðina, þá geri ég ráð fyrir að þau viðskipti verði á jafnréttisgrundvelli eins og öll önnur viðskipti og útgerðin borgi nákvæmlega það gjald sem hún vill og hún telur sig geta veitt fisk fyrir með hagnaði.

[22:29]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum hér hefur það markmið að ná einhvers konar sátt, eins og margoft hefur komið fram í umræðunni. Við hvern liggur ekki fyrir, eða hverjir hafa setið við það borð, það liggur ekki fyrir.

Ég hef hlýtt á a.m.k. tvo hv. stjórnarþingmenn Sjálfstfl. sem hafa komið hér upp í umræðunni í kvöld. Þeir eru ósáttir. Landssamband íslenskra útvegsmanna er ósátt. Sjómannasambandið er ósátt. Vélstjórafélagið er ósátt. Stjórnarandstaðan, það þarf svo sem ekki að hafa um hana mörg orð í þessum efnum, hún kannski botnar ekkert í þeirri vegferð sem hæstv. sjútvrh. er á. Í rauninni er það þannig, virðulegi forseti, án þess að ég sé að gera hæstv. sjútvrh. upp nokkra skoðun, að þessi hugmynd um sátt er dæmd til að mistakast

vegna þess að það er enginn sáttur. Og það er ekkert í þessu máli sem getur orðið grundvöllur að sátt.

Umræða um þessa hluti hefur nokkrum sinnum komið upp og einhvern veginn hefur það æxlast þannig að sá er hér stendur hefur nokkrum sinnum þurft að skiptast á orðum við hæstv. sjútvrh. um þær hugmyndir sem auðlindanefnd setti fram á sínum tíma. Og það hefur einhvern veginn æxlast þannig í umræðunni að hæstv. sjútvrh. þekkir meira og betur til þeirrar nefndar en sá er hér stendur, sem þó sat í nefndinni. Hæstv. sjútvrh. hefur ætíð í þessari umræðu sagt líkt og litlu krakkarnir segja á köflum: Víst. Víst er þetta svona. Víst er þetta með þessum hætti. Það hefur engu breytt hversu oft þetta hefur verið rætt við hæstv. sjútvrh., hann hefur í engu látið haggast.

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram, virðulegi forseti, að þetta orsakist ekki af því að hæstv. sjútvrh. skilji ekki málið heldur fyrst og fremst af því að það hentar honum að hafa þennan skilning á hlutunum. Ég ætla ekkert að gera hæstv. sjútvrh. það upp að hann átti sig ekki á því út á hvað þetta gengur. Það er langur vegur þar í frá. Hins vegar er ágætt að tala um hlutina eins og þeir eru en ekki eins og maður vildi hafa þá. Ég held að það sé mikilvægt. Ég kem að þessu málefni aftur síðar í ræðu minni.

Ég held að rétt sé að byrja á því að segja að það sem við ræðum í tengslum við þetta frv. er náttúrlega ekki hvernig veiðunum skuli stjórnað heldur fyrst og fremst hvort lagt skuli sérstakt gjald á veiðiréttinn og ekki síst, og kannski er það aðalatriðið, hver eignarrétturinn er í þessum efnum. Það finnst mér því miður hafa allt of lítið verið rætt í þessari umræðu, ef undan er skilin ræða hv. þm. Péturs Blöndals — reyndar er ég algerlega ósammála í greiningu hans — vegna þess að ég met það svo að verði þetta frv. að lögum þá muni það smám saman gerast að ekki verði aftur snúið, þ.e. að með lögfestingu þessa frv. sé verið að lögfesta varanlega eignarrétt útgerðanna á auðlindinni.

Þau rök sem ég færi fyrir því eru einkum þau að verði frv. að lögum og þetta lifi í einhvern tíma þá myndist smám saman slíkt réttarástand að ekki verði gengið til baka. Í þeim efnum ber ég fyrir mig sérstaklega greinargerð Sigurðar Líndals og Þorgeirs Örlygssonar sem þeir unnu fyrir auðlindanefnd. Þar sögðu þeir að enn væri möguleiki að innkalla þessar heimildir, en það yrði ekki gert í einu vetfangi. Af hverju? Jú, fyrst og fremst af því að myndast hefur ákveðið réttarástand, af því að ákveðin atvinnuréttindi gera það að verkum að vegna eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar verði það ekki gert nema bætur komi fyrir. Það eru, virðulegi forseti, ekki nema 12 ár síðan þau lög voru lögfest sem festa þetta í sessi. Ef við gefum okkur að það verði óbreytt réttarástand næstu 10–15 árin þá held ég að þetta hafi fest enn frekar í sessi. Það gerir það að verkum að við munum ekki eiga möguleika á því að innkalla þetta aftur nema að bætur komi fyrir. Ég held að tíminn, ef þetta verður óbreytt, muni leiða af sér þetta réttarástand. Ég er alveg sannfærður um það.

Ég geri ráð fyrir því að hér geti einhverjir 40–45 menn í stjórnarliðinu keyrt þetta frv. í gegn og ég geri líka ráð fyrir því að menn séu að setja lög sem eigi að standa. Því miður hefur mér þótt lög standa allt of oft í allt of skamman tíma, að um sé að ræða skammtímaaðgerðir. En gefum okkur að þetta muni standa og lifa ákveðinn tíma, til að mynda 10–15 ár, þá held ég að skapast hafi það réttarástand að mjög erfitt verði að draga þetta til baka. Því vil ég halda því fram að hér sé verið að lögfesta eignarrétt útgerðanna á þessum veiðiheimildum varanlega, að gefnum þeim forsendum sem ég hef hér rakið.

Þess vegna lagði auðlindanefndin ríka áherslu á að áður en ráðist yrði í þessar aðgerðir yrði fest í sessi ákvæði í stjórnarskrá sem kvæði á um að þessi réttindi, auðlindin við Íslandsstrendur, yrði ákveðin þjóðareign. Í því fælist að afhenda mætti með ákveðinni aðferðafræði þessi réttindi í tiltekinn tíma, en ekki varanlega. Auðlindanefndin sagði þetta vegna þess að það verður að segjast alveg eins og er að lögin, eins og þau eru í dag, eru mjög óviss. Þrátt fyrir hæstaréttardóminn árið 2000 — ég man nú ekki dagsetninguna á honum — liggur það alveg fyrir að lögin eins og þau eru í dag tryggja þetta ekki. Þau gera það ekki. Til þess að treysta það að þetta sé þjóðareign eða slík réttindi að hægt sé að innkalla þau án þess að bætur komi fyrir, þá þarf að treysta lagagrundvöllinn. Það er algert grundvallaratriði í þessu.

Sú leið sem hér er farin, sem hér er lagt upp með, er að það á að afkomutengja gjaldið. Í sjálfu sér er það ekkert annað en skattur. Menn greiða einfaldlega bara skatt af hagnaði. Menn skattleggja ekki annað en eignir. Það er einfaldlega þannig. Ég vil meta það þannig að með lögfestingu þessa frv. sé verið að festa í sessi varanlegan eignarrétt útgerðanna á þessari auðlind.

Það er einmitt þarna sem greindi á milli meiri hluta auðlindanefndarinnar og til að mynda Ragnars Árnasonar prófessors. Hann sagði eitthvað á þá leið að hann vildi ekki gera þetta að þjóðareign. Hann vildi einkavæða þetta með tilteknum hætti þannig að þetta yrðu eignarréttindi útgerðarinnar. Það var fyrirvari hans í auðlindanefndinni. Þess vegna skrifaði hann upp á þetta með fyrirvara. Hann gerði ekki fyrirvara um hvor leiðin yrði farin, þ.e. fyrningarleið eða veiðigjaldsleið, heldur fyrst og fremst um eignarréttinn. Skilningur auðlindanefndarinnar á sínum tíma var alfarið sá að þetta ákvæði þyrfti að festa í stjórnarskrá og að treysta þyrfti lagagrundvöllinn frá því sem nú er. Hér er á engan hátt lagt upp með það, ekki á neinn hátt. Það er engin tilraun gerð til þess að treysta þennan lagagrundvöll, treysta það að hér sé um það að ræða að ríkisvaldið þurfi ekki, komi til breyttra aðgerða á síðari tímum, að greiða bætur. Þetta finnst mér vera grundvallaratriðið sem þetta snýst um.

Af þessum sökum er ég algerlega ósammála Pétri Blöndal sem heldur því fram að hér sé um einhvers konar ríkisvæðingu að ræða ...

(**Forseti** (ÁSJ): Hv. þm.)

Hv. þm. Því ef svo væri þá hefði þurft að setja ákvæði í stjórnarskrána um að þetta væri þjóðareign. Þá auðvitað ætti að treysta enn betur lagagrundvöllinn sem nú er því verði þetta að lögum og gildi þetta í ákveðinn tíma þá er náttúrlega alveg ljóst að menn fara að ganga út frá því sem vísu að þessi eignarréttindi séu til staðar. Þess vegna sögðu prófessorarnir Sigurður Líndal og Þorgeir Örlygsson í skýrslu auðlindanefndar á bls. 155, með leyfi forseta:

„Hins vegar er það álit okkar, að það fengi ekki staðist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að svipta þá, sem fengið hafa úthlutað veiðiheimildum á síðustu árum, heimildum sínum fyrirvaralítið og bjóða þær upp og úthluta til hæstbjóðenda vegna þeirrar röskunar," — og á það legg ég ríka áherslu — „sem slík breyting gæti haft í för með sér á hagsmunum þeirra, sem fyrir eru."

Röskunin er í raun á réttarástandi sem hefur varað í tíu ár.

(**EOK:** Átján.) „Átján", kallar hv. þm. Einar Oddur Krist-

jánsson fram í. Ég vil leggja hins vegar upp með lögin frá 1990. Þetta eru 12 ár, ef við göngum út frá því að við séum að tala um lögin frá 1990, því þar er þetta fest betur í sessi en í ákvæðum frá 1984. Ég vil því fyrst og fremst tala hér um tímann frá 1990–2000, ef ég man rétt hvenær skýrsla auðlindanefndarinnar kom út. Það er í raun ekki nema í tíu ár sem þeir telja þetta ástand hafa verið. Þetta held ég sé eitt af þeim atriðum sem menn verða að hafa í huga.

Hér er því ekki verið að leggja upp með þeim hætti að tryggja þjóðareignina. Það er langt í frá. Hér er bara hugmyndin sú að leggja á skatt, afkomutengdan skatt, þ.e. að ef tiltekin framlegð sé þá skuli hún skattlögð með tilteknum hætti eins og eignir eru skattlagðar almennt. Verði þetta frv. að lögum þá er það *mín skoðun að hér sé í raun verið* að einkavæða auðlindina með ákveðinni aðferðafræði. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég held líka þegar þetta er skoðað að smám saman sé verið að festa í sessi að fleiri og fleiri tegundir eigi að koma inn í kvótann. Menn hafa leyft sér að færa þetta örlítið til eða skerða menn hlutfallslega jafnmikið þegar verið er að taka upp þennan byggðakvóta og alls konar kvóta sem menn vilja eiga möguleika á. En ég held að ef þetta réttarástand sem hefur verið við lýði núna í ein 12 ár, ríki í 10–15 ár í viðbót þá verði þetta mjög erfitt. Ég horfi því dálítið á það hvernig verið er að festa eignarréttinn í sessi. Þetta er a.m.k. minn skilningur. Ég er tilbúinn að ræða þetta og kannski hafa aðrir menn önnur og betri rök en ég. En ég skil þetta svona og leiði það af því sem þessir prófessorar í lögfræði skrifuðu á sínum tíma fyrir auðlindanefndina.

Virðulegi forseti. Hins vegar get ég ekki, úr því við erum farin að ræða þetta á annað borð og hæstv. sjútvrh. er viðstaddur, annað en farið einu sinni enn, enn og aftur, yfir muninn á veiðigjaldsleið og fyrningarleið og því sem hér er lagt til. Ég held, virðulegi forseti, að það sé algerlega nauðsynlegt að gera eina tilraun enn til þess að útskýra fyrir hæstv. sjútvrh. í hverju þessi munur er fólginn. Í fyrsta lagi er það náttúrlega grundvallaratriði að auðlindanefndin lagði til að ákvæðið um þjóðareign yrði sett í stjórnarskrá. Þar með væri eignarrétturinn tryggur. Það er náttúrlega grundvallarmunur frá þeirri leið sem hér er verið að fara. Hér er ekki verið að leggja til neinar breytingar á stjórnarskránni. Hér er ekki verið að treysta lagagrundvöllinn fyrir þjóðareign með nokkrum hætti. Hér er bara verið að leggja fram hugmyndir um að skattleggja tiltekna framlegð, ekkert annað. Frv. snýst í raun ekki um neitt annað. Svo eru hér einhverjar tæknilegar útfærslur á því að draga frá olíu, einhvern kostnað o.s.frv. eins og menn þekkja. En það er ekki kjarnaatriði. Hér er bara verið að skattleggja framlegðina.

Fyrningarleið og veiðigjaldsleið byggja síðan á þessum forsendum, þ.e. þegar búið er að treysta lagagrundvöllinn, þegar búið er að festa í stjórnarskrá ákvæðið um þjóðareign, þá er lagt til að þessar leiðir verði farnar. Annars vegar er um að ræða fyrningarleið og um hana deilum við hæstv. sjútvrh. Við erum sammála um að sú leið sem hæstv. sjútvrh. er hér að leggja til sé ekki sú fyrningarleið sem auðlindanefndin hefur lagt til.

Ágreiningur okkar hefur fyrst og fremst lotið að því hvort hér sé um að ræða sömu veiðigjaldsleið og auðlindanefndin lagði til. Ég hef haldið því fram að svo sé ekki og að í raun sé langur vegur frá því. En hæstv. sjútvrh. hefur algerlega barið höfðinu við steininn og sagt: Víst, víst, víst. Víst er þetta með þessum hætti.

Ég rakti það áðan að grundvallarmunurinn felst náttúrlega í því að hugmyndir auðlindanefndar voru að veiðigjaldsleiðin kæmi eftir á og að eitt af því sem yrði tryggt væri að ákvæðið yrði sett í stjórnarskrá.

Í öðru lagi þá er varðandi veiðigjaldsleið auðlindanefndar líka lagt til á bls. 44 í minni skýrslu — ég er ekki viss um að blaðsíðutalið sé alltaf það sama í öllum skýrslum. En í skýrslunni sem ég hef hér segir á bls. 44, með leyfi forseta:

„Sveigjanleika og aðgengi að greininni má samfara þessu [þ.e. veiðigjaldsleiðinni] leysa með því að taka upp þá reglu að allir handhafar aflahlutdeilda skuli setja ákveðinn hundraðshluta aflahlutdeilda sinna árlega á opinberan markað þar sem þær verði seldar hæstbjóðanda. Söluandvirðið félli til *handhafa hinna seldu aflahlutdeilda en þeim væri frjálst* að kaupa á markaðnum meira eða minna en þeir selja. Þannig yrði tryggt lágmarksframboð aflahlutdeilda á markaðnum sem bæði nýir aðilar og þeir sem eru að auka umsvif geta boðið í."

Með öðrum orðum, rauði þráðurinn í gegnum allt starf auðlindanefndar er að menn hafi jafnan aðgang að auðlindum í þjóðareign. Það er algjört grundvallaratriði. Menn geta lesið það, hvort sem menn eru að tala um raforku eða hvaða auðlindir sem nefndin tók fyrir, eins og rafsegulbylgjur, umhverfisgæði o.s.frv. Rauði þráðurinn er að þegar kemur að því að úthluta aðgangi að þessum auðlindum skuli fara fram einhvers konar uppboð, þ.e. öllum verði gefin jöfn tækifæri.

Hins vegar gengu menn skrefinu lengra í sjávarútvegi og útfærðu þessar hugmyndir, m.a. til að ná þessari margumræddu sátt sem hæstv. sjútvrh. hefur talsvert gert að umtalsefni í ræðum sínum. En veiðigjaldsleiðin og uppboðs- og fyrningarleiðin hafa sammerkt að þær eiga að tryggja að á markaðnum sé alltaf tiltekið framboð. Út á það gekk niðurstaða auðlindanefndarinnar svokölluðu.

Hins vegar, þegar kom að niðurstöðunni, voru það tveir menn af níu sem vildu einvörðungu fara veiðigjaldsleiðina. Jafnvel þó að hæstv. ráðherra reyni að finna út að níu mínus tveir séu minna en tveir, að *allir hljóti* að vera sammála veiðigjaldsleiðinni því þar sé enginn fyrirvari, en bara sjö eða sex sammála hinni leiðinni, eins og hann hefur verið að reyna að gera, þá er það náttúrlega algerlega fráleit röksemdafærsla. Satt best að segja, virðulegi forseti, nenni ég ekki að halda þeim debatti áfram. En sú veiðigjaldsleið sem hér er lögð til hefur ekkert með þær hugmyndir að gera sem hæstv. ráðherra leggur fram. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Enda er grundvallarmunur á þessum tveimur aðferðum — eðlismunur.

Hæstv. ráðherra hefur sí og æ reynt að bera fyrir sig auðlindanefnd í þessum efnum. Eins og hann sé að gangast inn á eitthvað sem þar kom fram. Því hefur verið mótmælt hér sí og æ. Ég segi það, virðulegi forseti, að ég ætla að láta þetta verða síðustu ræðu mína í að mótmæla þessu. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. sjútvrh. skilur þetta alveg. Hann áttar sig vel á þessu en það hentar honum bara ekki. Það hentar bara að skilja þetta eins og hann vill og veruleikinn er jafnvel sá að með því að kasta fram þessu frv. sé í raun og veru engin meining, ekki nokkur, önnur en að henda þessu fram . Síðan dagar þetta uppi í nefnd. Skýringarnar á því gætu hljómað eitthvað á þessa leið: Stjórnarandstaðan var á móti þessu. Við réðum ekkert við stjórnarandstöðuna. *Þeir eru tuttugu og þrír og við fjörutíu.* Það er ekki ólíklegt, miðað við hvernig röksemdafærsla íhaldsins hefur verið á köflum, að einhvern tímann í óskilgreindri framtíð munum

við heyra röksemdafærslu af þessum toga, þ.e. við réttum fram sáttarhönd en þeir vildu hana ekki.

Virðulegi forseti. Það sem hér liggur fyrir er engin sátt og um það getur engin sátt orðið. Hér er grundvallarbreyting frá þeim hugmyndum sem menn lögðu upp með og töldu að gætu verið sáttalending. Hæstv. ráðherra hefur ákveðið að hunsa það og fara síðan prívatleið í málinu sem má svo sem kalla fjórðu leiðina. Auðlindanefndin er með tvær leiðir. Hv. þm. Pétur Blöndal er með eina leið og síðan má segja að hæstv. sjútvrh. sé með fjórðu leiðina. Það má þá segja sem svo að fjórða leiðin, aðferð hæstv. sjútvrh., geti ekki verið grundvöllur sátta, a.m.k. ef sáttin á að ná til stjórnarandstöðunnar og annarra sem hafa komið að þessu máli.

[22:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef farin hefði verið sú leið sem hv. þm. var að nefna, að breyta fyrst stjórnarskránni og leggja síðan fram frv. um aðra hvora leiðina sem auðlindanefndin var tilbúin í, þá værum við bara ekki komin þetta langt í þessu ferli. Það þarf að kjósa einu sinni á milli þess sem stjórnarskrárbreytingar eru gerðar. Stjórnarskrárbreytingin hefur ekki verið lögð til og þar af leiðandi væri það ekki mögulegt. Við værum því ekki komin þetta langt.

Ef ég man rétt þá var ein ástæðan fyrir því að Alþýðuflokkurinn, sem hv. þm. var einu sinni þingmaður fyrir, vildi ekki samþykkja auðlindanefndina sú að áhyggjur voru af því að málið mundi tefjast, nefndinni voru ekki sett nein tímaskilyrði og þar af leiðandi mundi málið tefjast og ekki komast nægilega snemma til þings. Nú vill þm. hv. enn tefja málið.

Varðandi það að þetta sé ekki veiðigjaldsleiðin sem nefndin lagði til og hann vitnaði til bls. 44. Þar er leiðin nefnd og sagt að hana megi taka upp „samfara þessu" — þetta má sjá í seinasta paragrafi kaflans á bls. 44. Þessi tillaga er ekki merkilegri í augum auðlindanefndarinnar sjálfrar en svo að hennar er ekki getið í samantektinni yfir helstu niðurstöður nefndarinnar og ekki getið þegar veiðigjaldsleiðin (Gripið fram í.) er kynnt í samantekt nefndarinnar.

Þessi leið er auk þess algjörlega tilgangslaus því þeir sem á að taka frá geta tekið þátt í uppboðinu og keypt það til baka. Þannig verður engin hreyfing á neinum aflaheimildum með þessari leið og hrein sýndarmennska að leggja til eitthvað eins og þetta, sérstaklega, herra forseti, þar sem um er að ræða frjálst framsal. Þar af leiðandi ætti að vera jafn aðgangur með því ekki síður en með einhverju svona tilbúnu uppboði.

[22:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þó okkur greini nú á um ýmislegt, okkur hæstv. sjútvrh., greini okkur ekki á um að þetta er áætlað að taki gildi árið 2004. Nú verða alþingiskosningar árið 2003, árið á undan árinu 2004. Því mundi t.d. lögfesting stjórnarskrárákvæðis, sem þyrfti að samþykkja á tveimur þingum, ekki tefja þetta með nokkrum hætti. Til þess kæmi á árinu á undan. Ég held að rétt sé að halda því til haga. Því er náttúrlega ekki sanngjarnt að bera upp á þann sem hér stendur að fyrir honum liggi að tefja málið. Hér er hins vegar verið að leggja til að eignarréttarskipanin verði fest í sessi. Ég held að spurningin um það sé mikilvægari en að ana áfram og í því sambandi skipta mánuðir til eða frá ekki miklu máli. Það finnst mér ekki aðalatriðið.

Í öðru lagi vil ég segja þetta: Það sem stendur í skýrslunni það stendur í skýrslunni, hvort sem það er í samantektinni eða ekki. Það kemur líka fram, virðulegi forseti, í skýrslunni að auðlindanefndin er ekki með tæknilegar útfærslur á þeim leiðum sem hún leggur til. Það veit ég að hæstv. ráðherra veit, sérstaklega vegna þess að það kom fram í framsögu hæstv. ráðherra hér fyrr í dag. Hæstv. ráðherra er því alveg með það á hreinu. Þannig er ekki sanngjarnt, virðulegi forseti, að leggja það upp þannig að útfærsla á veiðigjaldsleiðinni með tiltekinni hlutdeild í uppboði mundi ekki geta tryggt að fleiri kæmust að. Ég eiginlega ætla nú ekki að henda mér í slíka röksemdafærslu.

[22:54]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem stendur í skýrslunni það stendur í skýrslunni. Það stendur í skýrslunni að veiðigjaldið eigi að ákvarðast með hliðsjón af afkomuskilyrðum. Það er fjallað um afkomutenginguna í skýrslunni, svo hv. þm. sé leiðréttur.

Varðandi það sem hv. þm. sagði hins vegar um stjórnarskrána: Af hverju er hann að gera þetta að umtalsefni hérna núna? Hann sagði að fyrst ætti að breyta stjórnarskránni og svo ætti að leggja á gjaldið. Ef þetta er svona auðvelt, í þeirri tímaröð sem hann er að leggja til, af hverju skiptir það einhverju máli í þessari umræðu? Af hverju gerir hann það þegar hv. þm. veit að hæstv. sjútvrh., samkvæmt skiptingu starfa í Stjórnarráðinu, fer ekki með málefni stjórnarskrárinnar? Ef hv. þm. segir réttilega og vitnar í mín orð þar sem ég vitna í skýrsluna, að auðlindanefndin hafi ekki útfært tæknileg atriði — hann er að vitna til þessarar sérstöku setningar um það að ákveðnum hluta verði skilað inn í pott sem síðan verði boðinn út og þeir sem skili inn í pottinn þeir megi líka bjóða í og hann telur það bara sjálfsagt að sjútvrh. útfæri þetta á tæknilegan hátt — til hvers þá að útfæra einhver atriði sem ekki skipta nokkru máli og ekki að hafa nokkur áhrif? Ef viðkomandi aðilar vilja ekki láta hlutdeildina af hendi á þennan hátt þá bjóða þeir bara í hana aftur. Þeir eiga hvort sem er að fá greitt fyrir hana í fyrra skiptið og nota bara sömu peningana til að kaupa hana aftur. Þetta höfum við séð og af þessu höfum við reynslu á Kvótaþinginu. Það er einfaldasti hlutur í heiminum að kaupa aftur það sem menn setja inn á svona markaði og ráða því á hvaða verði þeir ná því aftur án þess að einhver annar geti keypt það.

Þannig er hreinn barnaskapur hjá hv. þm. að finna sér eitthvert skjól í þessari hugmynd sem stenst ekki raunveruleikann og skiptir engu máli, herra forseti.

[22:56]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Einhvern veginn finnst mér eins og við séum aftur dottnir inn í menntaskólaumræðuna eða menntaskólapólitíkina. Það sem ég var að reyna að segja — ég ætla að reyna að segja þetta aftur og jafnvel hægar: Grundvallaratriðið er að festa eignarréttarskipunina í sessi svo menn viti nákvæmlega um hvað er verið að ræða. Auðlindanefndin skilaði af sér árið 2000. Síðan er liðinn nokkur tími. Hæstv. ráðherra reynir enn og aftur að útfæra leið, skilgreina hana og fjalla um hana, veiðigjaldsleiðina, sem er ekkert útfærð í skýrslu auðlindanefndarinnar. Í skýrsluni er gert ráð fyrir að með þessu megi bæta aðgengi nýrra aðila. Halda menn að það verði útfært með þeirri aðferð hæstv. sjútvrh. að enginn komist inn? Þessi leið er ekki útfærð heldur eru þarna settar fram hugmyndirnar sem áttu að verða grundvöllur sátta.

Grundvallaratriðið var að eignarréttarskipanin væri skýr. Það er boðið upp á tvær leiðir, báðar þessar leiðir gera ráð fyrir ákveðnu uppboði þannig að aðgengi nýrra aðila væri tryggt. Það er ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur, í hugmyndum hæstv. sjútvrh., í frv. sem hann hefur lagt fram, sem gerir ráð fyrir þessum grundvallaratriðum.

Ég ætla að segja í lokin, virðulegi forseti, af því að ég er í andsvari við hæstv. sjútvrh. og hef rætt þetta nokkrum sinnum við hæstv. ráðherra — ég ætla að láta þetta verða lokaorð mín í þessari umræðu — og lýsa því yfir enn og aftur að hæstv. ráðherra skilur þetta en hefur ákveðið að skilja þetta með sínum hætti og ég ætla að skilja þann bolta eftir í fanginu á honum.

[22:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að reyna að átta mig á þessum skrýtnu umræðum.

Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hann muni þetta ekki eins og ég og skilji þetta ekki eins og ég? Það var 1984 sem kvótarnir voru fyrst settir á. Þeir voru settir á á grundvelli veiðireynslu. Það gekk nú á ýmsu. Ég get vel tekið undir að í þeim úthlutunum hafi verið mörg valdníðslan og margir hafi kannski fengið óverðskuldaða úthlutun o.s.frv. en allir stjórnmálaflokkar stóðu að þessu ár eftir ár og alls konar ríkisstjórnir. Það stóðu allir að því að láta útgerðina hafa þetta á grundvelli reynslu, enda hef ég engan heyrt geta þess hvernig þetta hefði verið hægt öðruvísi.

Hefðu menn viljað selja útgerðunum þetta gátu þeir náttúrlega gert það í upphafi. En þá þurfti að húrra stórkostlega niður genginu til að láta útgerðina kaupa sinn eigin rétt aftur. Ég fæ ekki skilið hvað menn eru núna að tala um, 18 árum seinna, að þeir ætli að gera við þessar veiðiheimildir. Ég tel það ekki skipta neinu máli í sjálfu sér hver eigi veiðiheimildirnar. Aðalatriðið er að þær nýtist samfélaginu (Gripið fram í.) og af því á þjóðfélagið að hafa áhyggjur. Þannig stöndum við á þjóðarréttinum að við stöndum þannig að fiskveiðistjórnarkerfinu að það skili árangri.

Því miður hefur kerfið sem við höfum notað í 18 ár við þorskveiðarnar ekki skilað okkur neinum árangri. Við erum bara að veiða helminginn af því sem við veiddum áður af bolfiskinum. Það er vandamál Vestmannaeyja. Vandamál Vestmannaeyja er bara eitt, þ.e. að aðeins helmingurinn af þeim afla kemur að landi sem kom þar áður. Ég hélt að þetta væri það sem við þyrftum að hafa áhyggjur af, sem við þyrftum að tala um, leggja okkur niður við og leggja okkur fram um að finna lausn á — ekki hvort við ætlum að þjóðnýta þetta eða skattleggja sjómenn og fiskverkafólk.

[23:01]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal nú bara játa það á mig góðfúslega að ég áttaði mig ekki alveg á því á hvaða vegferð hv. þm. var. Ég verð að segja það alveg eins og er.

Ef ég skil þetta frv. rétt þá er verið að horfa til framtíðar. Það er rétt hjá hv. þm. að 1984 varð sá grunnur til sem núverandi kvótakerfi byggir á. Hins vegar eru lögin að meginstofni til frá 1990. Þetta er alveg rétt. Þetta er fortíðin. Ég held að við deilum ekki um það. Ég held að við þekkjum þetta. Hins vegar liggja núna fyrir hugmyndir um hvernig við ætlum að skipa þessum hlutum til lengri tíma, fram á við, fram í tímann, hvernig við ætlum að festa þetta í sessi. Við hv. þm. erum sammála, og flestir, um að það þarf að stjórna þessum veiðum með einhverjum hætti. Um það er ekki deilt. Fram að 1984 voru mestan part frjálsar veiðar þó einstaka tegundir hafi verið í kvóta. Um það er ekki deilt.

Ég verð að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst við núna árið 2002 standa á ákveðnum tímapunkti hvað það varðar hvernig við ætlum að hafa þessa hluti í framtíðinni, en ekki hvernig hlutirnir voru í fortíðinni, hvort fella hefði þurft gengið í fortíðinni eða varðandi það hvernig menn ætluðu að hafa hlutina í fortíðinni. Við erum að horfa núna fram í tímann. Við erum komin inn á ákveðið kerfi. Hv. þm. sneri því síðan einhvern veginn á haus í röksemdafærslu sinni og sagði að það kerfi sem við værum komin inn í hefði ekki skilað neinum árangri. Hann vildi hafa kerfi sem skilar árangri en var þó andvígur því að leita nýrra leiða í því að stjórna fiskveiðunum.

Virðulegi forseti. Hv. þm. opnaði þessa umræðu á því að segja að hún væri dálítið skrýtin, en ég verð að segja það alveg eins og er að hafi hún verið skrýtin áður en hv. þm. tók til máls þá er enn erfiðara að botna í henni núna.

[23:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta verður alltaf skýtnara og skrýtnara.

Ég vil benda á að við gátum ekki annað en látið útgerðina hafa veiðiréttinn á Íslandsmiðum. Öðruvísi hefði hún misst veiðiréttinn og þá hefði hún náttúrlega orðið gjaldþrota samdægurs. Ég vil benda á að útgerðin var þá mjög skuldug, nákvæmlega eins og hún er í dag. Ef við tökum veiðiréttinn af henni í dag þá yrði hún bara samdægurs gjaldþrota, ekkert þyrfti um að binda. Það liggur alveg fyrir.

Ég hef alltaf haldið því fram að aflakvótakerfi við bolfiskveiðar væri mjög hættulegt kerfi, að mjög vafasamt væri að hægt væri að nota það og þess vegna yrðum við að leita nýrra leiða. Mér er alveg nákvæmlega sama hvaða orðalag menn nota, hvort menn nota veiðiréttarhugtakið, nýtingarréttarhugtak, eignarréttarígildi eða eignarrétt. Það skiptir mig engu máli hvaða hugtak menn nota. Ef við náum ekki árangri með einni aðferð þá verðum við að endurskilgreina þennan veiðirétt eða nýtingarrétt eða hvað menn vilja kalla það. Það getur verið mjög erfitt. Það kann enginn þá leið í heiminum. En við verðum að leggja í þá vegferð. Við vitum að Færeyingar eru að reyna sínar aðferðir. Ég veit ekkert um þær svo sem. Aðrir, t.d. Bandaríkjamenn, horfast í augu við að verða að fara að leita nýrra leiða, reyna að átta sig á hvaða veiðarfæri eigi að nota, hvar og hvenær verið er að veiða.

Þetta eru menn að horfast í augu við vegna þess að í Norður-Atlantshafinu öllu eru þorskstofnarnir að visna upp. Sú hætta steðjar að okkur, sú ógnvænlega hætta. Ég hélt að það væri aðalatriði þessa máls en ekki að þrátta um hvort að skattleggja eigi þessa atvinnugrein eitthvað sérstaklega umfram aðrar til þess að eyðileggja möguleika hennar til að borga verkafólki og sjómönnum kaup.

[23:05]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt hjá mér að reyna þrátt fyrir allt að halda áfram þar sem frá var horfið. Þessi umræða er ekki um stjórn fiskveiða. Þessi umræða er um gjaldtökuna, svo ég haldi því til haga. Ég held að hv. ... (**EOK:** Frv. heitir um stjórn fiskveiða.) Nákvæmlega. Efnisatriði frv. lúta að gjaldtöku en ekki breytingu á stjórn fiskveiða. Ég vil halda þessu áfram. Hv. þm. sagði hér að núverandi fyrirkomulag hefði algerlega mistekist, að ekki

hefði tekist að ná þeirri stjórn á veiðunum sem tryggði tiltekinn lágmarksárangur. Það hefur hann fullyrt hér margoft. Við skulum halda áfram með þetta. Án þess að ég sé að leggja neinum orð í munn þá hafa þeir aðilar sem hafa fjallað um þetta og hafa kannski mesta þekkingu á þessu, sagt: Það er ekki hægt að breyta þessu kerfi nema innkalla veiðiheimildirnar með ákveðnum hætti vegna þess að það eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar tryggir þó það.

Ég spyr þá hv. þm. ... (Gripið fram í.) Ég held að hv. þm. eigi nú möguleika á því að fjalla um það hér í ræðu síðar. Hvernig í veröldinni ætlar hann að breyta þessu kerfi ef hann ætlar ekki að innkalla aflaheimildirnar? Allir helstu lögspekingar þessa lands sem hafa fjallað um þetta telja að þessar heimildir verði ekki kallaðar inn nema í áföngum því þær séu varðar af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Hvernig í veröldinni ætlar hv. þm. að gera þetta? (**EOK:** Ég mun koma að því.) Það þýðir ekki að standa alltaf og blaðra og fjalla um þetta og æpa og góla á mannamótum þegar menn hafa síðan kannski engar hugmyndir um það. Við þurfum að vinna okkur út úr þessu kerfi áður en við förum inn í næsta kerfi. (**HBl:** Hvernig er hægt að vinna sig út úr kerfinu með nýjum sköttum?) Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér frv. sjútvrh. Það er rétt að hv. þm. Halldór Blöndal ræði það við sjútvrh. en ekki þann sem hér stendur því við erum að ræða um skattlagningu sjútvrh. en ekki þess sem hér stendur, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:08.

---

87. FUNDUR

þriðjudaginn 5. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 882. — Frh. 1. umr.
2. Póstþjónusta, stjfrv., 168. mál, þskj. 875. — 3. umr.
3. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 690, brtt. 861. — 3. umr.
4. Skylduskil til safna, stjfrv., 228. mál, þskj. 254, nál. 858, brtt. 859. — 2. umr.
5. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392, nál. 869. — 2. umr.
6. Endurskoðendur, stjfrv., 370. mál, þskj. 566, nál. 870, brtt. 871. — 2. umr.
7. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 550. mál, þskj. 863. — 1. umr.
8. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[Fundarhlé. — 13:30]

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Tollalög, 576. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 903.

Umræður utan dagskrár.

Framkvæmd búvörulaga og staða sauðfjárbænda.

[13:38]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Tilefni þessarar utandagskrárumræðu er nýkomin skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem í gildi var frá 1. október 1995 til 31. desember 2000. Nýr samningur tók gildi 1. janúar 2001 eða fyrir rúmu ári og þar sem núgildandi samningur byggir að miklu leyti á sömu meginútfærslu þá þótti okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs ástæða til að fara yfir úttekt Ríkisendurskoðunar og ræða sérstaklega afkomu og stöðu sauðfjárbænda eins og hún birtist í skýrslunni, reyna að gera okkur ljósa stöðuna í dag og spá í framtíð sauðfjárbúskapar, m.a. með tilliti til núgildandi samnings.

Herra forseti. Helstu markmið beggja sauðfjársamninganna eru eftirfarandi: Að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu, að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda, að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða og að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd. Þessu til viðbótar eru ný markmið í núgildandi samningi um að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda. Landnýtingarsjónarmið hafa komið inn með gæðastýringu og að efla beri fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

En í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að tekjur sauðfjárbænda hafa ekki fylgt almennri launaþróun og eru langt undir meðaltali og að tekjugrunnur bænda var, miðað við aðrar viðmiðunarstéttir á tímabilinu 1995–2000 eins og ég sagði, langt undir meðaltali. Það er ljóst að afkoma sauðfjárbúanna dugði engan veginn til að greiða eigendum þeirra né öðrum þau launakjör sem verðlagsgrundvöllurinn gerði ráð fyrir. Ef tekjur bænda hafa fylgt almennri launaþróun á síðasta ári má þrátt fyrir það gera ráð fyrir að líklegt sé að kjör sauðfjárbænda hafi ekki batnað frá því sem fram kemur í skýrslunni vegna hækkana á ýmsum rekstrarþáttum, aukinnar útflutningsskyldu og minnkandi sölu innan lands. Verð á kindakjöti hefur verið lágt og er enn lágt miðað við framleiðslu- og launakostnað og möguleikar til hækkunar á kindakjöti eru takmarkaðir vegna samkeppni við verksmiðjuframleitt kjöt af alifuglum og svínum.

Herra forseti. Því má gera ráð fyrir að tekjugrundvöllur sauðfjárbænda sé jafnótraustur og áður þrátt fyrir stækkun búanna og því standi sauðfjárræktin enn höllum fæti.

Herra forseti. Rekstur sauðfjárbúanna er mjög veikur og mega bændur ekki við að taka á sig ógreidd útflutningsgjöld sem falla nú til vegna brota á útflutningsskyldu afurðastöðva á síðasta ári. Fækkun afurðastöðva, bæði í sauðfjárslátrun og mjólkurvinnslu, veldur bændum auknum útgjöldum og

tekjutapi þegar vinna við afurðastöðvarnar verður ekki lengur fyrir hendi. Sameining og fækkun afurðastöðva veldur óöryggi og hefur áhrif á áframhaldandi búsetu og búskap á þeim svæðum sem eru nú þegar í vörn. Fækkun afurðastöðva eigum við að skoða með tilliti til sjálfbærrar þróunar en ekki eingöngu út frá rekstrarlegum grunni einstakra afurðastöðva.

Herra forseti. Félagslegir þættir eru einnig sauðfjárbændum í hinum dreifðu byggðum mótdrægir. Fækkun sauðfjárbúa, en það er m.a. eitt af markmiðum sauðfjársamningsins, veikir félagslega stöðu þeirra bænda sem eftir stunda búskap. Sérstaklega er smalamennska orðin erfið á mörgum stöðum. Menntun barna og ungmenna er bændum dýr og menntunarmöguleikar bændanna sjálfra eru takmarkaðir. Þar kemur bæði til bindingin við búskapinn og tæknilegir fjarskiptaerfiðleikar. Af þessu tilefni vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. landbrh.:

Er ráðherra sáttur við hvernig tókst til við að ná markmiðum sauðfjársamningsins frá 1995 um að treysta afkomu og tekjugrundvöll sauðfjárbænda og hvernig telur ráðherra að þessi markmið hafi náðst í nýjum samningi?

Til hvaða aðgerða mun ráðherra grípa til þess að tryggja sauðfjárbændum sambærileg launakjör og þeim stéttum sem gjarnan er miðað við?

Mun landbrh. beita sér fyrir því að ríkissjóður taki á sig ógreidd útflutningsgjöld sem féllu til vegna brota á útflutningsskyldu afurðastöðva sem hætt hafa rekstri?

Mun ráðherra beita sér fyrir því að Byggðastofnun ábyrgist áfram bakábyrgðir vegna afurðalána?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir mótvægisaðgerðum vegna þeirra markmiða að fækka sauðfjárbúum og ef svo er, hvaða mótvægisaðgerðum verður beitt svo búseta veikist ekki enn frekar í hinum dreifðu byggðum?

Hvernig mun ráðherra tryggja áfram viðunandi rekstrargrundvöll sauðfjársláturhúsa svo og ullar- og skinnaiðnaðar í landinu?

Mun ráðherra beita sér fyrir því að bæta samkeppnishæfni landbúnaðarins og úrvinnslugreina hans, svo sem með því að lækka raforkuverð og tryggja bændum aðgang að þriggja fasa rafmagni?

[13:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og þá athygli sem skýrslan fær.

Ég vil í upphafi máls míns segja að sauðfjárbændur eru ein fátækasta stétt landsins, að vísu misvel efnum búnir. Lífskjör þeirra eru mismunandi. Það fer eftir stærð búskaparins og ekki síður eftir hinu hvað þeir geta stundað með sauðfjárbúskapnum. Sauðfjárræktin er góð aukabúgrein. En hitt er annað mál að það er enginn vafi í mínum huga að á enga atvinnugrein í landbúnaðinum hefur skollið jafnhörð kreppa og þegar það varð niðurstaða um 1990 að klippa á útflutningsbætur með einu handbragði. Þá skall kreppa á íslenskum sauðfjárbændum. Ég hefði ekki viljað vera landbrh. í þeirri stöðu sem að því stóð á þeim tíma fyrir hönd ríkisvaldsins.

Segja má að sauðfjárbændur séu ekki enn komnir út úr þeirri kreppu. Við verðum auðvitað að reyna að vinna með þeim með nýjum samningum, og ég mun fara hér yfir spurningar hv. þm.

Árið 1995, þegar Guðmundur Bjarnason tók við landbúnaðarráðherrastörfum, blasti í rauninni þrot við sauðfjárræktinni. Samningur frá 1990 gekk ekki upp, birgðir höfðu safnast og þörf var á að fækka aðilum í sauðfjárrækt til að þeir sem eftir yrðu hefðu tekjur. Þá var framleiðslutakmörkunum hætt þannig að þeir sem höfðu hey og hús gætu aukið við framleiðsluna. Þá var birgðum komið í eðlilegt horf með markaðsaðgerðum, aðallega útflutningi, en verulegt markaðsátak fór fram innan lands og var m.a. ráðstafað 110 millj. kr. í því átaki. Því fóru birgðir úr 2.675 tonnum árið 1995 í 550 tonn árið 1998, reyndar 900 tonn árið 2000 vegna óútfluttra birgða.

Þetta var ekki auðvelt því allar útflutningsuppbætur höfðu verið skornar af, eins og ég sagði, árið 1990. Þá voru töluverðir fjármunir settir í umhverfismál enda var hluti markmiða samningsins í samræmi við umhverfisvernd. Sá þáttur samningsins tókst vel. Staða þeirra sem eru í greininni er miklu betri eftir samninginn frá 1995 þó að hún sé ekki góð. Þess vegna tókst það markmið að hluta vil ég segja.

Í sauðfjársamningi sem núv. ríkisstjórn gerði árið 2000 er megininntakið bætt sauðfjárrækt og að þeir peningar sem ríkisvaldið lætur af hendi verði sem mest til bændanna til að styrkja stöðu þeirra. Með gæðastýrðu framleiðsluferli er við því að búast að tekjur bóndans af eigin rekstri aukist auk þess sem ríkið greiðir álag vegna þessa ferils sem annars hefði ekki gerst og þeir peningar ekki komið inn í samninginn. Þá er í samningnum ákvæði um jöfnunar- og álagsgreiðslur sem auðvitað nýtast best þeim sem stunda þetta sem aðalatvinnu.

Hins vegar er samkeppni á kjötmarkaði grimm og neysla kindakjöts hefur örlítið dregist saman. Bændur og afurðastöðvar vinna eftir ákveðnum lögum hvað varðar útflutning dilkakjöts og ber að fara eftir þeim. Ekki er hægt að ætlast til þess að ríkið komi til bjargar í hvert sinn sem illa fer, menn verða auðvitað að bera ábyrgð á afurðastöðvum sínum og rekstri og þeir eiga sinn samning við ríkisvaldið.

Hins vegar mun ég beita mér fyrir því að ábyrgð bænda verði takmörkuð með því að heimilt verði að taka lögveð í útflutningsskyldum birgðum kindakjöts til að tryggja að þetta endurtaki sig ekki. Það verður gert með breytingu á búvörulögum.

Þá vil ég þakka hv. þm. sérstaklega fyrir að minna á þá aðgerð sem ég beitti mér fyrir síðasta sumar gagnvart sauðfjárbændum og sauðfjárræktinni þegar útlit var fyrir að ekki yrði hægt að slátra og að menn hefðu ekkert tryggt í þeim efnum. Þá kom ríkisstjórnin þar til hjálpar og tryggði það í gegnum Byggðastofnun að afurðalán yrði tryggt á betri kjörum en annars hefði gerst. Þetta hefur auðvitað skilað bændunum peningum og gerði kleift að lóga fé í haust.

Síðan eru í gangi margar mótvægisaðgerðir. Þar nefni ég ferðaþjónustu, hestamennsku, landgræðslu og gleggsta mótvægisaðgerðin vegna minnkandi byggðar eru landshlutabundin skógræktarverkefni sem Alþingi hefur stutt mjög vel. Þessi atriði eru hv. þm. að góðu kunn, og kannski skógræktin á Austurlandi gleggsta dæmið um gott verkefni sem er að skila byggðinni miklu.

Ég kemst ekki yfir að svara öllum þessum spurningum hér, hæstv. forseti, fyrr en þá í síðari ræðu, en ég vil segja að ég horfi bjartari augum fram á veginn með nýjan búvörusamning, nýjan þrótt í atvinnugreininni og góða samstöðu þjóðarinnar um íslenskan landbúnað.

[13:49]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd búvörusamnings 1995–2000 er komist að þeirri niðurstöðu að markmið samningsins hafi náðst að hluta.

Samningurinn kostaði ríkissjóð 10,5 milljarða og þar af fóru 7,4 milljarðar í beingreiðslur til bænda. Í lok samningstímans var staðan sú að sauðfjárbúum með greiðslumarki hafði fækkað um 208 en greiðslumarkið hafði færst til þannig að bú hafa stækkað í greininni en framleiðslan í landinu ekki minnkað.

Engu að síður er það niðurstaða Ríkisendurskoðunar að afkoma sauðfjárbænda sé afleit og afrakstur búanna dugi engan veginn til að greiða eigendum þeirra mannsæmandi laun.

Því miður er það svo að síðan árið 2000 hefur dregið úr neyslu á kindakjöti og nú á þessu ári hafa birgðir hrannast upp. Ekki hjálpaði Goðaævintýrið upp á stöðuna en þeir klykktu út með því að dengja öllu útflutningsskylda kjötinu sínu, eða sem var á þeirra vegum, út á innanlandsmarkað og selja það þar á fullu verði þó að ekki virðist það hafa dregið þá að landi í þeirri makalausu stöðu sem þeir voru búnir að koma sér og stórum hluta bænda í landinu í.

Næsta haust er útlit fyrir að þurfi að auka útflutningsskylduna hjá sauðfjárbændum og ekki lagast afkoma bænda við það. Það er illt til þess að vita að þessi gæðavara sem bændur fá tiltölulega mjög lágt verð fyrir sé orðin svo sliguð af milliliðakostnaði þegar hún nær á markað að verð hafi nánast þrefaldast þó að miðað sé við verð í heilum skrokkum. Það hlýtur að að vera markmiðið að lækka milliliðakostnaðinn svo neytendur fái tækifæri til að kaupa lambakjöt á verði sem er nær því sem þarf að borga bændum og hlutur bænda verði þá einnig réttlátari. Þannig mundi að mínum dómi ekki standa á fólki að velja sér lambakjöt á sinn disk.

[13:51]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Samkvæmt uppgjöri Hagþjónustu landbúnaðarins var afkoma sauðfjárbænda árið 1999 lakari en nokkru sinni fyrr og enn hefur afkoman farið versnandi eftir því sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Sauðfjárbúum með virku greiðslumarki hefur fækkað um 208 á árunum 1995–2000 en þrátt fyrir það jókst framleiðsla á kindakjöti um rúmlega 1.600 tonn og birgðir eru enn að aukast.

Það er staðreynd að kjörum sauðfjárbænda hefur hrakað ár frá ári. Meðaltekjur sauðfjárbónda á árinu 2000 með 300 fjár eru um 1.050 þús. kr. Afkoma sauðfjárbúa sýnir að hún nægir ekki til að greiða eigendum laun í samræmi við vinnuframlag og þau launakjör sem verðlagsnefnd gerir ráð fyrir. Framleiðsla hefur aukist þrátt fyrir að innanlandsmarkaður hafi ekki stækkað og hefur í raun dregist saman.

Þegar útflutningur bregst leggst útflutningsgjald á það kjöt sem ekki selst á innanlandsmarkaði, sem er mjög óhagstætt fyrir greinina. Allt útlit er fyrir að útflutningsskyldan verði a.m.k. 25% næsta haust og bændur fá mjög lágt skilaverð á útfluttu kjöti eða um 160 kr. á kíló sem nægir ekki fyrir breytilegum kostnaði við framleiðsluna.

Gjaldþrot Goða var mikið áfall og kemur illa niður á bændum en fjöldi sauðfjárbænda tapar að meðaltali milli 200 og 300 þús. kr. Markmiðum samningsins var ekki náð. Er ekki rétt að staldra við og athuga hvað hefur farið úrskeiðis? Það er viðurkennt að þegar vanda ber að höndum í einstökum greinum atvinnulífsins er forsjárhyggjan þekkt leið til úrlausnar. Að mínu áliti hefur miðstýring og ofstjórn hins opinbera gert illt verra. Hefði ekki verið betra að gefa heimildir til að framselja greiðslumark strax í upphafi og þannig gefið færi á hagræðingu eins og hefur orðið í mjólkurframleiðslunni?

Herra forseti. Ég vil frelsi til athafna fyrir íslenska bændur og hafna helsi miðstýringar og forsjárhyggju.

[13:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eitt helsta markmið samnings um framleiðslu sauðfjárafurða var að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda. Markmið um að sauðfjárbændur hafi tekjur sem dugi þeim til sambærilegs lífs og landsmenn almennt gera kröfu til, þ.e. framfærslu fjölskyldu og eðlilegs frítíma, hafa ekki náðst.

Um það segir svo í nýlegri skýrslu frá Ríkisendurskoðun, með leyfi forseta:

„Afkoma sauðfjárbúa sýnir að hún nægir ekki til að greiða eigendum þeirra né öðrum laun í samræmi við vinnuframlag og þau launakjör sem verðlagsnefndin gerir ráð fyrir. Bændur geta því ekki vænst þess að hafa sambærileg launakjör og þær stéttir sem gjarnan er miðað við."

Haldi svo fram á næstu árum að meiri hluti sauðfjárbænda verði viðvarandi láglaunahópur er lítil von til þess að ungt fólk fáist til þess að hefja búskap og þar með verður framhald á eyðibýlastefnu í sveitum landsins. Mér finnst að Íslendingar megi margt á sig leggja þegar horft er til framtíðar, m.a. til framtíðar ferðaþjónustu, til þess að halda landinu í byggð. Óbyggt land á stórum svæðum er ekki aðlaðandi í mínum huga, við eigum nóg af ónumdu landi og óbyggðum. Gæðaátaki nýs sauðfjársamnings er m.a. ætlað að efla tekjugrunn bænda. Vonandi er að svo takist til að tekjur sauðfjárbænda aukist með gæðastýringu og að ávinningurinn skili sér til bænda en fari ekki í aukinn kostnað við skriffinnsku.

[13:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Á árunum 1995–2000 hefur sauðfjárbúum fækkað um 208. Á sama tíma hefur verð til bænda lækkað um 6%. En þrátt fyrir meinta hagræðingu í slátrun, kjötvinnslu og smásölu hefur verð til neytenda samt hækkað um 17,5% á sama tíma á föstu verðlagi.

Það dylst því engum að hér er eitthvað alvarlegt að. Talað er um fákeppni og sjálftökurétt stórfyrirtækja á að ná afsláttum frá framleiðendum og afurðasölum. Talað er um einokunarstöðu í sölu á vörunni til neytenda.

Ég leyfi mér að spyrja: Hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við þeirri þróun til einokunar sem virðist vinna svo berlega gegn hagsmunum bæði bænda og neytenda?

Enginn efast um hollustu þessarar náttúruvænu afurðar. En vandinn er sá að tekjur þeirra sem þennan atvinnuveg stunda eru allt of lágar og á því verður að taka raunhæfum og föstum tökum. Sauðfjárræktin þarf að búa við einfaldar gæðakröfur sem mótast fyrst og fremst af óskum neytenda og kröfum um sjálfbæra nýtingu auðlindanna og markaðurinn fyrir þessar afurðir er fyrst og fremst hér innan lands. Dilkakjötið okkar á að vera hluti þess sem ferðamenn upplifa og njóta og þar þarf aukna markaðssókn. Vöruþróunar- og markaðsstarf á því fyrst og fremst að beinast að innanlandsmarkaðnum og mín tilfinning sem neytanda er sú að þar mætti vinna miklu meira, betra og markvissara starf.

Herra forseti. Það mega ekki verða örlög íslenskrar sauðfjárræktar að hún kafni í reglugerðaverki og skriffinnsku að kröfu Evrópusambandsins og að henni verði gert að standa undir auknu, stórauknu umfangi eftirlitsiðnaðarins, eins og nú gæti stefnt í. Herra forseti. Ég vildi ekki vera sá land-

búnaðarráðherra sem bæri ábyrgð á því ferli.

[13:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er rétt að undirstrika að samningurinn sem gerður var 1995 og hér er verið að taka út var samkomulag milli ríkisvaldsins annars vegar og Bændasamtakanna hins vegar, sameiginleg niðurstaða beggja aðila, sem menn féllust á, sem fólst í því að ríkisvaldið lagði til miklar fjárhæðir inn í atvinnugreinina. Og vilji menn frelsi þá eru menn væntanlega að hafna því að ríkisvaldið leggi fram fé til stuðnings þeirri atvinnugrein. (**Gripið fram í:** Alls ekki.)

Ég vil segja, herra forseti, að það sem mér finnst kannski athyglisverðast í skýrslunni er hve staða kindakjötsins er að mörgu leyti sterk. Þrátt fyrir að verð á kindakjöti eða smásöluverð hafi hækkað um 17,5% þá hefur sala aukist um 4%. Það segir manni að íslenskir neytendur eru mjög tryggir kindakjötinu og það gefur vonir um að hægt sé að sækja aukna markaðshlutdeild á nýjan leik fyrir kindakjötið með markvissu markaðsátaki innan lands þrátt fyrir mikla samkeppni annarra atvinnugreina sem eru að framleiða kjöt.

Ég bendi á að þrátt fyrir að framleiðni aukist mjög verulega í alifuglarækt og svínarækt þá er kindakjötsneysla, kíló per íbúa, nánast hin sama í lok samningstímans og í upphafi. Þrátt fyrir mjög harða samkeppni á vöru sem verður ódýrari með árunum á þessum samningstíma þá heldur kindakjötið sínum hlut að þessu leytinu til. Það gefur íslenskum bændum sóknarfæri sem ég tel að menn eigi að nýta sér og leggja verulega rækt við markaðsátak innan lands. Auk þess á ríkisvaldið að mínu viti að halda áfram því starfi sem verið hefur á undanförnum árum, að leggja fé og vinnu í atvinnuuppbyggingu til sjávar og sveita sem bændur geta hagnýtt sér til framfærslu og búsetu á jörðum sínum.

[14:00]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að hafa vakið þessa umræðu. Hin síðari ár hafa sauðfjárbændur mátt þola gífurlega mikla skerðingu. Framlag til greinarinnar hefur minnkað stórlega og neysla lambakjöts hefur einnig minnkað. Þetta hefur bitnað mjög illa á afkomu sauðfjárbænda.

Þegar við lítum til þess sem hefur verið að gerast á sviði sauðfjárslátrunar sjáum við það helst að sláturhúsum hefur fækkað til muna. Þessi fækkun hefur leitt til þess að bændur hafa *í mörgum tilfellum þurft að senda fé sitt mörg hundruð* kílómetra leið til slátrunar. Jafnvel fór engin slátrun fram sl. haust í heilum landshlutum. Þetta hefur haft í för með sér að fé hefur verið flutt þvers og kruss um landið en með auknum flutningum fjár á milli svæða vex hættan á smiti séu sjúkdómar fyrir hendi. Eru ekki til reglur, herra forseti, sem banna þennan samgang milli svæða?

Ég hallast æ meir, herra forseti, að þeirri skoðun að allt of löng leið sé *nú á milli* bænda og neytenda. *Spurningar* vakna hvort ekki þurfi að gefa upp á nýtt, hvort ekki verði hreinlega að athuga þann möguleika að bændur megi slátra fé sínu sjálfir. Það er hægt að hugsa sér að nokkrir bændur í samvinnu komi meira að sölunni á framleiðslu sinni, bæði til neytenda og kjötvinnslunnar.

Herra forseti. Þótt heilmiklum fjárhæðum hafi verið varið til að koma lambakjöti á erlendan markað virðist sú viðleitni ekki hafa borið þann árangur sem við vildum sjá. Ég spyr hæstv. landbrh. að því hvort hann telji að sala lambakjöts á erlendum mörkuðum verði svo mikil í nánustu framtíð að það geti skipt sköpum fyrir afkomu þessarar atvinnugreinar sem framleiðir einn þann albesta mat sem um getur.

[14:02]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ríkisvaldið gerði samning við landbúnaðinn um styrki til sauðfjárræktarinnar. Það eru verulegir styrkir. Sumum þykja þeir miklir, sumir kalla þá byggðastyrki. Það má alveg kalla þá byggðastyrki mín vegna. Þeir eru það kannski. Ég tel þá ekki vera mjög háa því að ég er sannfærður um að ef sauðfjárræktin í landinu flosnaði upp mundi ríkisvaldið hafa miklu meiri kostnað af þeirri upplausn. Ég tel því ekki að við séum að fórna miklum peningum fyrir þessa sauðfjárrækt.

Það voru tvö atriði sem ríkisvaldið gekk fram fyrir skjöldu með við gerð síðasta samnings. Annað atriðið var að stuðlað skyldi að hagræðingu í sauðfjárræktinni og að dómi ríkisstjórnarinnar var það lykilatriði að leyfa frjálst framlag beingreiðslnanna. Bændasamtökin voru því mjög mótfallin, því miður, og hafa tafið það mál íslenskum bændum til mikils skaða. Það verður ekki tafið mjög mikið lengur. Beingreiðslurnar verða framseljanlegar innan tíðar.

Hin krafan frá ríkisvaldinu var sú að menn skyldu hugsa til landnýtingarinnar sem væri grundvallaratriði. Vinstri höndin yrði að vita hvað sú hægri væri að gera. Það er eðlilegt að þetta valdi töluverðum titringi. Þetta er mjög viðkvæmt mál og skiljanlegt að menn taki þetta nærri sér. Það er allra dómur og allra vilji að við förum þannig fram að það séu ekki neinar Ceausescu-aðferðir við það að ryðja heilu sveitirnar heldur skal fara fram varlega þannig að menn geti við það unað og haft tækifæri til að aðlaga sig nýjum tímum. Þannig eigum við að vinna þetta.

[14:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Um dagana hef ég um margt verið sammála hæstv. landbrh. Guðna Ágústssyni. Þess vegna tekur mig sárt að vita til þess hve þjakaður hann er nú um stundir af áratugagamalli fortíðarhyggju. Stöðugt vísar hann í samninga sem gerðir voru árið 1990 og kenndir hafa verið við þjóðarsátt. Nú vill hann hengja þessa samninga á einn ráðherra sem þá sat en ég vil upplýsa hæstv. ráðherra um að þessir samningar voru mjög skynsamlegir við þær aðstæður sem við bjuggum þá við. Aðild að þeim áttu verkalýðshreyfingin, Alþýðusamband Íslands, BSRB, Bændasamtökin, samtök atvinnurekenda og að sjálfsögðu áttu þeir sér bakhjarl í þeim stjórnarflokkum sem þá sátu, Alþýðuflokknum, Alþýðubandalaginu og Framsfl. Í aðdraganda þessara samninga bjuggum við við verðbólgu sem nam næstum því 30% og samningarnir gengu út á að ná verðbólgunni niður og treysta grunninn til framtíðarsóknar. Nú er þessi framtíð orðin að nútíð og nú heitir núverandi hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson. Er ekki *kominn tími* til að hann horfist í augu við eigin verk og eigin ábyrgð, og axli þá ábyrgð? Ef hann er óánægður með samninga sem gerðir voru í fortíðinni eða þau lög sem landbúnaðurinn býr nú við vil ég benda honum á að það er ekki bannað með lögum að breyta lögum.

[14:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin og eins þá umræðu sem hér hefur orðið. Mér finnst mikilvægt að

draga þessa skýrslu fram og ræða stöðu sauðfjárbúskapar, og að við getum átt í umræðu um stöðu einstakra stétta, að það gerist ekki eingöngu þegar komið er til verkfalla og allt í upplausn að við ræðum jafnalvarlega stöðu eins og er hjá sauðfjárbændum þó að nú standi ekki yfir samningar. Það er alveg ljóst að staða þeirra er veik.

Við stöndum frammi fyrir því að samkvæmt núgildandi samningi verður frjálst framsal beingreiðslna innan skamms tíma og það mun hafa áhrif til fækkunar jarða í ábúð. Við skulum þá skoða líka hvaða áhrif það hefur á samfélagið því að fækkun jarða í ábúð hefur margfeldisáhrif út í öll sveitarfélög og samfélögin verða önnur. Þetta er þróun sem þarf að skoða miklu betur og kortleggja, m.a. með tilliti til annarra atvinnugreina eins og ferðaþjónustu. Hvert landsvæði hefur sína menningarlegu sérstöðu og möguleika til að nýta kosti lands og sjávar. Þessa kosti eigum við að virða, draga fram og svo efla nýsköpun í atvinnulífinu sem byggir á sérstöðu hverrar sveitar. Sauðfjárbúskapur getur verið ein af þessum greinum og því eigum við að styrkja hann áfram.

Herra forseti. Hér hefur margt komið fram sem áhugavert væri að ræða betur. En ég vara við því að við séum stöðugt að horfa til samnings sem var gerður árið 1991 undir fyrirsögninni „þjóðarsátt". Þetta var hluti af því að ná þjóðinni saman um ákveðnar aðgerðir til þess að bæta almennt lífskjör í landinu. Fallið var frá útflutningsbótum og farið í beingreiðslur og ég vil beina því til hæstv. landbrh. að við horfum frekar fram á veginn en að festa okkur í 10 ára gömlum samningi.

[14:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Þingmenn mega auðvitað ekki gleyma því að við erum að leita orsakanna. Ég var fyrst og fremst að vekja athygli á því. Það var ekki samstaða lengur um útflutningsuppbætur. 3.000 sauðfjárbændur á Íslandi lentu í því á einu augnabliki að 3.000 tonn af framleiðslu þeirra voru ekki lengur söluvara. Það var vissulega kreppa sem á þeim skall. Ég sagði einungis það sem ég meinti frá hjarta mínu. Ég hefði ekki viljað vera í sporum landbrh. á þeim tíma.

Ég hef hins vegar verið í sporum þess landbrh. sem hefur verið að byggja sauðfjárræktinni nýja framtíð, framtíð með nýjum samningi, framtíð sem skírskotar til neytandans. Ég sá það gleggst núna á matvæladögum sem hér eru haldnir hátíðlegir þar sem bestu kokkar heimsins komu að þessi vara á ekki aðeins möguleika ef við þróum hana, tökum okkur langan tíma og göngum skref fyrir skref, á að halda markaði sínum á Íslandi heldur jafnframt ná sókn á erlendum mörkuðum þar sem fólk spyr eftir vörum frá landi eins og Íslandi og finnst íslenska lambakjötið meyrara og betra en nokkurt annað.

Ég gladdist yfir því á matvæladögum og setningu búnaðarþings að heyra forstjóra Flugleiða halda svo magnaða ræðu um hlutverk íslenska hestsins að allar ræður mínar um þann mikla grip eru fölnaðar og fallnar. Ég vil segja hér að ég legg bara áherslu á að vinna með nýjan samning. Norður-Þingeyingar hafa keyrt í tvö ár eftir þessum samningi. Þeir segja að hann sé ekki reglugerðarverk frá Brussel, hann sé skynsamleg búfjárræktartilraun, auðveldur í framkvæmd og gefi bóndanum betri arð og betri afkomu. Þess vegna trúi ég því að þingið standi með mér í því frelsi sem íslenskir bændur hafa fengið með búvörusamningi og við afgreiðum hann hér fyrst og í gegnum hann eignast íslenskur landbúnaður og sauðfjárrækt nýja möguleika sem hún átti ekki í gær en sem hún á á morgun.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 882.

[14:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við tökum til við umræðu um þetta mál þar sem frá var horfið í gærkvöldi. Það er heldur fjölmennara í salnum núna en þá og fleiri líklega sem ætla að taka til máls enda nógur tími og full ástæða til að ræða þetta mál vandlega í þinginu. Hér eru á ferðinni að mínu viti helstu pólitísku tíðindi þessa kjörtímabils en það er sú ákvörðun stjórnarflokkanna að ætla að svíkja loforðin sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar um að ná sátt í sjávarútvegsmálum.

Sú niðurstaða sem hér er komin fram hefur ekki hlotið sérstaklega blíðar viðtökur neins staðar. Nánast allir sem hafa rætt þetta mál hafa verið á móti því. LÍÚ vill þetta ekki, sjómannasamtökin, fiskvinnslan og ég veit eiginlega ekki hverjir hafa lýst yfir stuðningi við það. Þeir hafa ekki mætt í þennan þingsal og þeir hafa ekki mætt í ræðustól nema hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Kristján Pálsson. Ég held að þeir séu einu formælendur þessa fyrirbrigðis sem hér liggur fyrir þinginu sem hafa mætt í ræðustól til að vitna með og hafa uppi stuðning við þetta frv. En ráðherrann segir að þetta sé til marks um það að frv. sé gott, þetta sé nefnilega sáttafrv. Þetta lýsi best því sem sátt sé um, að það sé besta niðurstaðan ef allir eru á móti henni. Það þætti svolítið skrýtin röksemdafærsla ef ekki væri verið að tala um þetta mál. Ég segi ekki meira.

Auðvitað er þetta ekki gott frv. Það snýst í raunveruleikanum um að viðhalda óbreyttu ástandi, reyna að halda í það að útgerðarmenn eigi áfram fiskinn í sjónum og megi versla með hann að vild sinni. Það tekur sem sagt ekki á deilumálinu sem þjóðinni var lofað að skyldi tekið á af stjórnarherrunum. Það á að reyna að festa þetta kerfi í sessi og breiða yfir nafn og númer, halda því fram að nú sé farið að taka gjald fyrir þetta og það eigi þá að vera nóg til þess að menn séu sáttir við allt saman. Þjóðin hefur að mínu viti aldrei verið á þeirri skoðun að það væri eitthvert sérstakt keppikefli að hafa sem mesta fjármuni af þeim sem standa í útgerð á Íslandi. Það hefur hins vegar verið stór meiri hluti fyrir því á Íslandi að ekki væri vansalaust að það væri ekki jafnræði til að nýta þá auðlind sem hér er til umræðu. Það er sú krafa sem var uppi. Það var ekki krafa uppi um það að búa til eitthvert gjald eða breyta nöfnum á einhverjum reikningum frá hinu opinbera til útgerðarmanna. Það var krafa um að tekið yrði á aðaldeilumálinu sem var þetta sem ég er að lýsa.

Sjálfstfl. styður þetta mál eins og það liggur hér fyrir þó að nánast hver einasti þingmaður Sjálfstfl. hafi marglýst því yfir að hann sé á móti gjaldi eins og því sem þarna er verið að leggja til að verði lagt á. Samt sem áður ætlar Sjálfstfl. að styðja málið. Til hvers? Til þess að reyna að festa í sessi eignarhald útgerðarmanna á veiðiheimildunum. Tilgangurinn getur ekki verið annar. Og Framsfl. lufsast með í þessu máli. Helmingurinn hans er algerlega sammála Sjálfstfl. um að vilja viðhalda þessu eignarhaldi. Hinn helmingurinn vill fara aðra leið. Niðurstaðan er sú að það á að samþykkja þetta. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti því í umræðunum hér í

gær að svo sem væri hægt að fara aðra leið á eftir þessari. Það er sjálfsagt það sem á að hugga einhverja framsóknarmenn sem vilja ekki fara þessa leið, þ.e. að hægt sé að beygja af henni síðar og fara inn á aðra. Ég fyrir mitt leyti sé ekki nokkurn tilgang með því að láta þetta mál fara í gegn á Alþingi. Mér finnst það algjörlega ástæðulaust. Hvers vegna ætti hv. Alþingi að samþykkja þessa niðurstöðu sem enginn vill og leysir ekki aðaldeilumálið? Það er ekki hægt að sjá nein rök fyrir slíkum vinnubrögðum. Þau hafa ekki verið tínd hér fram.

Ég tel hins vegar að sjálfstæðismenn geti sumir hverjir kannski sæmilega við þetta unað vegna þess að þeir standa í þeirri meiningu að með þessu séu þeir að festa eignarhaldið í sessi og sjá til þess að einkaeignarréttur á veiðiheimildunum verði staðfestur til frambúðar. Því trúa þeir. Hv. þm. Kristján Pálsson kom hér upp og dásamaði þetta kerfi og talaði um að þess væru dæmi að menn græddu á því jafnvel að leigja sér veiðiheimildir á 150–160 kr. og það væri bara gott. En hverju lýsir það? Það lýsir því að auðvitað er verið að innheimta fullt gjald fyrir aðgang að auðlindinni. Það gera þeir sem selja aðgang að henni og þeir selja þann aðgang á fullu verði.

Ég verð satt að segja að nefna annan hv. þm., þ.e. hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem kom í ræðustól og hélt ræðu sem ég er búinn að heyra áður frá honum og gengur út á það að okkur hafi mistekist að stjórna fiskveiðum. Síðan fer hann í ræðu sinni út í það að lýsa því að allar tillögur annarra séu tóm vitleysa, allar tillögur um innköllun veiðiheimilda séu tóm vitleysa. Við verðum bara að gera eitthvað annað. Hann segir okkur ekki hvað eigi að gera, en að það eigi að hætta núverandi stefnu. Hann hefur ekki útskýrt hvernig hann ætli þá að leggja af það eignarhald á veiðiheimildum sem er núna við lýði og hlýtur að þurfa að leggjast af ef það á að stjórna fiskveiðum öðruvísi en nú. Ég tel að hv. þm. skuldi þinginu skýringar á því hvernig hann ætlar sér að kollvarpa því kerfi sem er án þess að fara fyrningarleið og fara inn á annað fiskveiðistjórnarkerfi. Hann þarf að skýra það í umræðum á hv. Alþingi. Ég tel að full ástæða sé til þess að gera þá kröfu og ég efast ekkert um að hv. þm. muni gera það. Hann er *prýðilega skynsamur maður og kann að koma fyrir sig orði* og hlýtur að geta útskýrt fyrir okkur hinum hér hvaða leið hann vill fara.

Svo er einn enn hv. þm., hv. þm. Halldór Blöndal. Hann hefur oft tekið þátt í umræðum um þessi mál. Ég sakna þess að hann komi ekki hér til umræðunnar. Hann hefur marglýst því yfir að hann telji það hina mestu fásinnu að koma á slíku gjaldi sem hér til umræðu. Hann hefur setið hljóður undir þeirri umræðu sem hefur verið hér og ekki sagt eitt einasta orð. Hann hlýtur að koma og lýsa því yfir, hæstv. forseti, hvort hann styðji þetta mál eða hvort hann sé á móti því. Það verður býsna fróðlegt að vita það því að hv. þm. á ekki lítið undir sér, sjálfur forseti Alþingis. Ég held að það þurfi mikla umræðu um þetta mál. Menn þurfa að koma hér og útskýra sína afstöðu. Það er mikil ástæða til þess vegna þess að í nefndinni sem á að fjalla um málið er ætlunin að ræða málið út frá ýmsum sjónarmiðum. Talað hefur verið um að hæstv. ráðherra ætti mikið verk fyrir höndum við að sætta menn. Sætta við hvað? Hvaða breytingar eru þetta sem þarf að gera? Þessar breytingar hafa ekki komið fram í umræðum á milli manna í umræðunni sem fer fram núna.

Mér finnst ástæða til þess að menn geti ætlast til þess að fá að heyra um hvað málið eigi að snúast. (**Gripið fram í:** Eru þeir á móti?) Eru menn á móti? Eru menn með eða ætla menn að styðja ef eitthvað gerist og hvað þarf til þess að hv. þingmenn muni styðja þetta? Eða verður það kannski alls ekki þannig að þeir styðji það og fá þeir kannski aðra í lið með sér? Hefur ríkisstjórnin í meiri hluta fyrir þessu máli? (Gripið fram í.) Umræðan sem við höfum fylgst með fram að þessu bendir ekki til þess.

[14:21]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ljóst af þessari umræðu að nokkuð góð sátt er um að leggja gjald á sjávarútveginn, auðlindagjald eða veiðigjald. Það hefur hins vegar komið fram í umræðunni að ekki eru allir sammála þessu. Ég held að enginn hafi svo sem búist við því í upphafi að allir yrðu sammála. Deildar meiningar hafa reyndar komið fram í umræðunni og auðvitað sérstaklega frá stjórnarandstöðunni um það hvernig eigi að leggja þetta gjald á. Einnig hefur nokkuð verið rætt um hversu hátt gjaldið eigi að vera.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur í umræðunni komið fram sem talsmaður Samfylkingarinnar, fyrsti ræðumaður Samfylkingarinnar, og ég leyfi mér að draga þá ályktun að hann sé talsmaður þess flokks í þessari umræðu. Ég vil leyfa mér að spyrja hann hvort hann telji að gjaldið sé of hátt, hvort gjaldið sé of lágt eða hvort hann telji gjaldið u.þ.b. hæfilegt.

[14:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessari spurningu eiga útgerðarmenn á Íslandi að svara, ekki ég því engir aðrir geta svarað því hvort útvegurinn beri það gjald sem um er rætt eða á að vera. Það er fráleitt að hér á Alþingi eigi menn að ákveða það, eða við ríkisstjórnarborðið, hversu hátt gjald útgerðin á Íslandi getur borið sem auðlindagjald. Það mun hún gera sjálf ef hún fær tækifæri til þess með reglum sem settar verða með þeim hætti að útgerðin geti haft aðgang að auðlindinni og að jafnræði sé til þess aðgangs. Þannig vil ég svara því.

Ég tel mig vera málsvara Samfylkingarinnar í þessu máli og hjá okkur er full samstaða. Það getur hver sem er talað fyrir Samfylkinguna í þessu máli vegna þess að við höfum rætt okkur til niðurstöðu í málinu. Hjá okkur er full samstaða um hvernig eigi að taka á því. Við höfum lagt þau mál fyrir á Alþingi og þess vegna þarf svo sem ekki að útnefna einn eða neinn sem fyrirsvarsmann fyrir málflutningi okkar. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að svara því betur sjálfur hvort hann sé sá sem talar fyrir heilum flokki hvað þá stefnu varðar sem hér er lögð fram. (Gripið fram í.) Mér finnst ástæða til þess að spyrja eftir því hversu mikinn stuðning hæstv. ráðherra hafi við þetta frv., hvort hann telji að gera þurfi miklar breytingar á því og hvað vanti mikið upp á þennan stuðning.

[14:24]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið forláts ef ég hef verið að gera mönnum rangt til með því að útnefna hv. þm. Jóhann Ársælsson talsmann Samfylkingarinnar. Ég skal ekkert vera að gera upp á milli þingmanna í því efni. Hins vegar var svar hans mjög skýrt. Hann er ekkert að gera sérstakan ágreining um upphæð gjaldsins. Hann er sammála því að leggja eigi á veiðileyfagjald og hann er ekkert að gera sérstakar athugasemdir við upphæðina. Hann vill hins vegar að gjaldið sé lagt á á einhvern annan hátt og að upphæðin ákvarðist öðruvísi. Hann tók sér orðið sanngirni í munn þannig að mér finnst ekkert

sérstaklega mikil ósanngirni í því sem hann hefur þá verið að segja. Við erum sammála um nokkur mjög mikilsverð atriði hvað þetta varðar.

Herra forseti. Hins vegar lýsti annar þingmaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Gísli Einarsson, því yfir hér í gær að hann teldi að gjaldið ætti að vera hærra. Ég skal ekki gera mikið úr því.

En þar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði hver væri talsmaður Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum þá er ég talsmaður Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum og jafnframt talsmaður ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum sem sjútvrh., ef hv. þm. hefur ekki gert sér grein fyrir því fyrr.

[14:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar skrýtilega er spurt þá getur verið skrýtilega svarað á móti. Það er kannski meiri ástæða til þess að efast um að fullt hús sé á bak við stefnu ráðherrans en okkar í Samfylkingunni.

Það sem ég ætla að segja um þetta gjald og það sem ráðherrann er að tala um í sambandi við það að við séum sammála um að leggja megi gjald á, er að auðvitað er reginmunur á hugmyndum okkar um hvernig eigi að hafa aðganginn að þessari auðlind og því sem hér er og hefur verið lýði og menn ætla sér að halda áfram að hafa. Við viljum mynda jafnræði til þess að nýta þessa auðlind og höfum lagt fram tillögur okkar um hvernig eigi að gera það. En hér fara menn fram með það að halda áfram að mismuna mönnum eins og hefur verið gert í gegnum tíðina og eru að reyna að festa það í sessi með þessu frv. hérna. Þeir eru í raun og veru að svíkja loforðin frá því fyrir síðustu kosningar um að koma á einhverri sátt um þessi málefni.

[14:27]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á þingmenn Samfylkingarinnar í þessu máli. Það vill svo heppilega til að fyrir þinginu liggur till. til þál. um nefnd er leiti sátta um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og eru flutningsmenn hennar þeir formenn hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Sverrir Hermannsson. Í þessari tillögu segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Veiðiheimildum verði endurráðstafað í formi aflahlutdeildarsamninga á grundvelli jafnræðis byggðanna og útgerðar til nýtingar þeirra."

Nú liggur fyrir að þessir aflahlutdeildarsamningar verða auðvitað á sama grundvelli og kvótakerfið nú sem auðvitað svarar því hvort þeir sem flytja þessa tillögu telja skynsamlegt að viðhafa kvótakerfi til að stjórna veiðunum, og er afdráttarlaust samkvæmt þessari tillögu að svo er, og þá einnig sá þingmaður sem ég er nú í andsvari við því að hann segir að allir þingmenn Samfylkingarinnar séu sammála um þessi efni.

Jafnframt liggur fyrir samkvæmt ummælum hv. 5. þm. Vesturl. í gær að þær heimildir sem hér er verið að tala um eigi að njóta verndar sem óbein eignarréttindi, eins og hv. þm. sagði í gær, sem þýðir þá um leið að með því er verið að festa þessar veiðiheimildir til þeirra nýju útgerða sem við þeim taka.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að hér er gert ráð fyrir að taka veiðiheimildirnar af þeim útgerðum sem nú hafa þær en endurúthluta þeim síðan á byggðaforsendum. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hann búist við því að Akranes muni þá fá frekari veiðiheimildir en nú er eða hvort hér sé gert ráð fyrir því að svipta Akranes veiðiheimildum.

[14:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aflahlutdeildarsamningarnir sem þarna er verið að tala um eru sambærilegir við þá aðferð sem við samfylkingarmenn lýsum í frv. okkar. Þessir aflahlutdeildarsamningar eru hugsaðir til fimm ára þannig að ekki er um það að ræða að verið sé að festa til framtíðar eins og hv. þm. talar um. Þessi tillaga sem hv. þm. vísar til er ekki fullkomlega útfærður texti, en ég hef séð fyrir mér framkvæmdina mjög svipaða því sem hún er útfærð í tillögu okkar þar sem við innköllum veiðiheimildir með tilteknum hætti sem gengur jafnt og almennt yfir. Síðan er þessum veiðiheimildum úthlutað á markaði og mestu máli skiptir að tryggja að jafnræði sé til þess að nýta þessa auðlind. Það er hægt að tryggja þann markað á landsvísu. Það er líka hægt að tryggja hann innan tiltekinna byggðarlaga ef menn kjósa að fara þá leið og halda veiðiheimildum á einhverju slíku svæði. Það er mögulegt. Við höfum ekki lagt það til hjá Samfylkingunni en það er mögulegt að gera slíkt. Við höfum hins vegar lagt til að í einstaka tilfellum sé hægt að koma til móts við tiltekin byggðarlög ef á þurfi að halda. En það á við um undantekningartilvik.

[14:30]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir og hv. þm. mótmælti því ekki að samkvæmt hugmyndum þeirra er gert ráð fyrir að kvótakerfið verði áfram og þær eignarheimildir sem hér er talað um njóti óbeinna eignarréttinda, svo að það er afdráttarlaust.

Þetta er auðvitað mjög athyglisvert, einnig í ljósi þess að einstakir þingmenn Samfylkingarinnar hafa talað um að hið nýja kerfi eigi að lúta lögmálum markaðarins. (**Gripið fram í:** Já.) Það er auðvitað alveg augljóst, ef svo á að vera að þetta nýja kerfi á að lúta lögmálum markaðarins og mér skilst að bæði þingflokksformaður Frjálslynda flokksins og formaður Samfylkingarinnar séu því sammála, að þá er auðvitað ekki hægt að ráðstafa því fyrir fram hvert aflaheimildirnar fari, nema í mjög litlum mæli eins og hv. þm. sagði sem sýnir auðvitað að hans hugmyndir hafa enga byggðalega þýðingu.

[14:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég minnast á þessi óbeinu eignarréttindi. Þau gilda bara um tiltekinn samning, t.d. til fimm ára. Þann samning hafa menn þá í höndunum og á honum óbein eignarréttindi. Um það snýst málið. Mér finnst hv. þm. reyna að gera meira úr því en efni standa til. Ég tel að hugmyndir okkar um að koma á almennu jafnræði til að nýta auðlindina muni fyrst og fremst gagnast í byggðalegu tilliti. Það er vandi byggðarlaganna í dag að það er ekki jafnræði til aðgangs að þessari auðlind.

Ég er sannfærður um að þau byggðarlög sem hafa fyrst og fremst byggst upp vegna nálægðar við góð fiskimið fá betri aðstöðu ef jafnræði verður til að nýta auðlindina. Það er vandi þeirra í dag, hafi þau misst frá sér veiðiheimildir, að það er ekki möguleiki til þess að bæta sér það upp. Það er ekki samkeppnisaðstaða fyrir hendi í þessu kerfi.

[14:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að taka fram, vegna ummæla síðasta ræðumanns, að ég kom seint til leiks í gær. Þess vegna er ekki komið að mér í umræðunum. Ég fæ minn rétt til að tala rétt á eftir. Þá skulum við fara yfir það sem ég hef þó verið að tala um allt síðan 1984 þegar þessi umræða hófst. Ég lét þá þegar í ljós miklar efasemdir um að aflakvótakerfið væri rétta aðferðin til að stjórna bolfiskveiðunum.

En vegna ummæla hv. þm. og þeirra ræðuhalda sem hér hafa verið hlýt ég að spyrja enn og aftur: Telur hann að þetta veiðigjald sem lagt er til í frv. að sett verði á og ég er á móti — það liggur fyrir skjalfest að ég er á móti því og hefur ekki frést af öðrum úr Sjálfstfl. sem er sama sinnis, svo að ég taki það fram og það sé alveg skýrt — eigi að koma og telur hann eins og hv. þm. Gísli S. Einarsson að það sé ekki nógu hátt? Telur hann að það eigi að hækka það, eins og samflokksmaður hans lagði til í gær?

Telur hann líka að einhverjir aðrir geti borgað þetta gjald, verði frv. að lögum eins og hér er gert ráð fyrir, en þeir sem vinna í þessari atvinnugrein, sjómenn og verkamenn? Bætist það ekki ofan á annan kostnað? Telur hann það til styrktar byggðunum eða hvað? Er það hans meining? Ég er að reyna að skilja hvað menn eiga við með þessu, að vilja íþyngja sjávarútveginum með þessu gjaldi. Hverjir í ósköpunum geta borgað það aðrir en starfsmenn sjávarútvegsins? Hvernig stendur á því, herra forseti, að menn sjá ekki í gegnum þetta? Af hverju á sjávarútvegurinn einn og sér að standa undir einhverjum kostnaði eins og t.d. varðandi Hafrannsóknastofnun? Er þetta óviðkomandi einhverju flibbafólki í Reykjavík? Kemur það ekki stjórnarráðsflibbunum, kennurunum eða heilbrigðisstéttunum eða neinum við? Eru það sjómenn sem eiga að standa undir þessum rannsóknum sérstaklega með þessum sérstaka viðbótarskatti?

[14:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta gjald gerir ekki gagn að mínu viti. Þetta gjald er fyrst og fremst hugsað til gagns fyrir hv. þm., meðflokksmenn hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, í því skyni að reyna að viðhalda kerfinu sem komið hefur verið á við úthlutun veiðiheimilda til þeirra sem hafa verið í útgerð á Íslandi og hleypa engum öðrum að. Þeir aðilar eru að taka fullt gjald fyrir aðgang að auðlindinni.

Ég spyr hv. þm. á móti: Hverjir heldur hann að borgi aðganginn að auðlindinni með því að kaupa veiðiheimildir af þeim sem eru fyrir í útgerð eða leigja af þeim veiðiheimildir? Hverjir borga það? Halda menn að veiðiheimildir muni eitthvað hækka í verði við að verða eign annarra en þessara útgerðarmanna? Það er markaðurinn sem ákveður hvers virði þessar veiðiheimildir eru og það er okkar bjargfasta skoðun að það eigi í raun og veru að vera útgerðarmenn sjálfir sem ákveða hvers virði það er að sækja sjó á Íslandi. Það ætti ekki að vera nein önnur aðferð við að meta slíkt.

Vitaskuld erum við ekki hrifin af þessu fyrirbrigði sem hér er. Hv. þm. veit það ósköp vel. Auðvitað eru þessar spurningar fyrst og fremst óbeint til annarra en okkar. Þeim er óbeint vísað til félaga hans sem eiga að hlýða á þessi svör. Hann hlýtur að ætlast til þess að þeir dragi af þeim þann lærdóm að þeir eigi eins og hann að vera bara á móti þessu máli.

[14:37]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk hálft svar. Hv. þm. telur að gjaldið sé ekki til gagns. Jæja, það var þó aðeins skárra. En hví ætlar hann þá að styðja það og sagði fyrir nokkrum mínútum að það væri kannski sanngjarnt? Hann er þá ósammála samflokksmanni sínum Gísla S. Einarssyni sem taldi að gjaldið væri ekki nógu hátt, það þyrfti að hækka það. Svo sagði hann líka að það væri samstaða í þeim þingflokki um stöðuna. Það virðist aldeilis ekki vera samstaða. (**Gripið fram í:** Jú, jú.)

Ég spyr að þessu aftur og aftur. Hvernig getur það verið að þetta gjald hafi önnur áhrif á útgerðina en að auka kostnað hennar? Það er enginn sem getur borgað það nema sjómenn. Séu menn að borga í Grindavík 172 þús. kr. á ári, hver einasti íbúi, og eigi að bæta 76 þús. kr. ofan á, er það betra? Er það ekki verra? Hvort er það betra eða verra? Það hlýtur að vera verra. Af hverju eru menn þá ekki á móti þessu veiðigjaldi ef það er verra?

[14:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki af hverju hv. þm. er með þessa útúrsnúninga. (**EOK:** Útúrsnúninga?) Já, útúrsnúninga. Við höfum lýst því yfir að við viljum ekki fara þessa leið. Okkar tillögur liggja hér fyrir. Við höfum tekið þær hér til umræðu og þær eru ekki um að fara þá leið sem hér er á ferðinni. Við erum á móti þessari leið og það liggur fyrir. Hv. þm. hlýtur að hafa hlustað á málflutning okkar, hann hefur verið það mikið í þingsal. Það er óþarfi að snúa út úr því sem sagt er.

Það hefur ekki verið niðurstaða okkar að styðja þetta frv. Hv. þm. hlýtur að hafa verið annars staðar ef hann hefur fengið þá flugu í höfuðið, að meiningin hjá okkur sé að styðja við þetta. Við erum vitaskuld á móti þessu máli. Við höfum bent á aðrar leiðir og viljum að þær séu farnar. Það liggur fyrir í tillögum frá öllum aðilum í stjórnarandstöðunni sem báru fram tillöguna sem hér var til umræðu áðan. Ég veit ekki til þess að það liggi fyrir að einn einasti stjórnarandstöðuþingmaður ætli að styðja þetta. Meiri hluti þeirra sem hafa talað fyrir stjórnarflokkana eru á móti þessu líka, fram að þessu.

[14:39]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Í upphafi máls míns ætla ég að rifja upp hvað stendur í 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Herra forseti. Ég held að það sé afar mikilvægt, við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, að gleyma ekki og horfa ekki fram hjá þessum fyrstu setningum laganna sem munu áfram standa óbreytt. Þá er líka rétt að líta til hvernig hefur til tekist. Þessi lög eru að stofni til frá 1990. Skoða þarf reynsluna af þeim, bæði hvernig þau hafa nýst til að ná markmiðum í verndun og hagkvæmri nýtingu fiskstofnanna og að treysta atvinnu og byggð í landinu, og eins gera sér grein fyrir og meta áhrif breytinganna sem verið er að leggja til á lögunum varðandi þessa grundvallarþætti.

Það var ágreiningur um hvort framkvæmd laganna færi eftir þessum meginmarkmiðum þeirra eða ekki. Um það hefur verið ágreiningur sem hefur skipt þjóðinni upp í andstæðar fylkingar um framkvæmd stefnunnar í sjávarútvegsmálum. Þessi staða var ástæðan fyrir því að hæstv. forsrh. lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar að eitt brýnasta málið væri að ná sátt um stjórn fiskveiða, meðferð og nýtingu þessarar auðlindar. (**LB:** Ekki Einar Oddur?) Það var hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., sem mælti þau orð og einnig hæstv. utanrrh., formaður Framsfl. Fyrir þeim báðum var þetta eitt mikilvægasta málið fyrir síðustu kosningar. (Gripið fram í.) Spurt er hvernig þeir ætluðu að leysa það, virðulegi forseti.

Við sjáum hvernig verið er að efna þau loforð og þau fyrirheit sem þá voru gefin þjóðinni um brýnasta verkefnið. Við sjáum hvernig verið er að efna þau loforð og þau fyrirheit í þeim frv. til laga sem hér eru lögð fram. Þau gera einmitt þveröfugt. Þau taka ekki á því sem mestur ágreiningur er um, verndun og hagkvæmri nýtingu fiskstofnanna. Staða þeirra hefur síður en svo skánað, við stöndum ekki í sömu sporum og fyrir nokkrum árum hvað varðar afkastagetu. Þau markmið laganna hafa ekki náðst. Einnig hefur framkvæmd laganna haft mikil áhrif á byggð og búsetu í landinu og sett byggðir í mikla erfiðleika og fjárhagslega erfiða stöðu, þ.e. breytingar sem orðið hafa á útgerðarmunstrinu í landinu.

En víkjum aðeins að einstökum greinum þessa lagafrv. Í 1. gr. frv. er, með leyfi forseta, lagt til að við bætist svohljóðandi málsliður:

„Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar fellur ekki undir ákvæði laga þessara.“

Sá afli reiknast ekki inn í aflakvóta og er frjálst að veiða hann af þeim sökum. Meginmarkmið þessarar greinar er í sjálfu sér gott og blessað en í fyrsta lagi sé ég ekki að þessi skylda eigi alveg klippt og skorið að gilda fyrir Hafrannsóknastofnun heldur ætti sá afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum opinberra aðila eða á ábyrgð opinberra aðila að vera undanþeginn. Ég tel að menn ættu ekki að einskorða sig við Hafrannsóknastofnun í lögunum þó að hún beri að sjálfsögðu meginþungann og ábyrgðina af þeim rannsóknum sem gerðar eru er fjarri því að svo þurfi að vera. Margir aðrir aðilar geta líka komið að þessum rannsóknum og ætti því ekki að binda þetta í lög með þessum hætti.

Auk þess finnst mér líka, virðulegi forseti, að þessi setning ásamt fleirum í frv. skírskoti til þess að rannsóknir og þjónusta við þennan mikilvægasta atvinnuveg landsins, sjávarútveginn, eigi að greiðast af þeim sem stunda þennan atvinnuveg. Samfélagsleg ábyrgð, samfélagslegar skyldur og samfélagsleg þjónusta við þann atvinnuveg eigi nánast engin að verða. Því sjónarmiði er ég andvígur. Ég er andvígur því og tel að sjávarútvegurinn sé einmitt ein af mikilvægustu atvinnugreinum landsins og þjóðarinnar og það eru sameiginlegir hagsmunir hennar að þar sé best að staðið og þess vegna á hún að taka ábyrgð með þeim hætti en ekki að krefjast þess að atvinnugreinin sjálf afli tekna og greiði gjöld til að standa undir nauðsynlegri þjónustu og þróunarstarfi í þeim atvinnuvegi. Þeirri þróun sem hér er lagt upp með er ég andvígur og tel að þarna eigi að koma inn hrein og klár samfélagsleg ábyrgð í að rannsaka og þróa þennan atvinnuveg.

Annað meginmarkmið í þessu frv. til laga er að afnema eða rýmka stærðarmörk útgerða. Þar er meira að segja lagt til, virðulegi forseti, að sami aðili megi hafa allt að 50% af ýsuaflanum, 50% af ufsanum, 50% af karfanum og 50% af grálúðunni. Það geti sem sagt tveir aðilar í landinu tekið að sér og fengið yfirráðarétt yfir öllum kvóta í þessum fiskveiðitegundum. (**JÁ:** Er ekki rétt að ráðherrann sé í salnum?) Hæstv. ráðherra er nálægur, virðulegi forseti, og fylgist með og ég mun einmitt beina til hans spurningum viðvíkjandi þessu.

Sama er líka, herra forseti, varðandi þorskinn. Þar eru að vísu stærðarmörkin enn sett 12% af hámarksaflahlutdeild sem megi vera í eigu einnar útgerðar en þó er það hækkun frá því sem áður var. Verið er að rýmka það að útgerðirnar megi stækka mjög verulega. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða rök liggja að baki því að heimila slíka stækkun á útgerðunum? Fyrir því verða að vera veigamikil rök, því að þarna er um takmarkaða auðlind að ræða og stækki ein útgerðin getur það ekki gerst öðruvísi en aðrar minnki eða leggist af. Ég tel að veigamikil rök þurfi að vera fyrir því að slík lagaheimild sé veitt, veigamikil rök sem hvergi er að finna í frv. Talað er almennum orðum um hagkvæmni stærðarinnar sem segir ekki neitt og með því að setja ó fyrir framan, þá verður óhagkvæmni stærðarinnar jafnrétt þegar rökstuðningurinn er enginn fyrir þessu, þannig að bara með þeirri einu breytingu gæti frv. staðið gersamlega óbreytt með því að setja ó fyrir framan. Ég tel að í svo veigamiklum atriðum eigi að rökstyðja svona mikla kerfisbreytingu sem hér er verið að leggja til. Ekki síst, virðulegi forseti, þegar maður sér hvað hefur verið að gerast undanfarin ár.

Útgerðirnar hafa fyrst og fremst verið að stækka á síðustu fjórum, fimm árum, þá fyrst fer þetta raunverulega stækkunarferli í gang. Ef við horfum jafnframt á hvernig launaþróun og tekjur í hinum ýmsu byggðarlögum sem hafa byggt alla afkomu sína á sjávarútvegi og fiskveiðum, hvernig tekjur þessara byggðarlaga sumra hverra hafa hrapað á móti, og eðlilega þegar kvótinn flyst burt frá hinum minni til hinna stærri í önnur byggðarlög, þá missa þeir náttúrlega tekjur sínar sem hæstar tekjur höfðu, sjómenn og þeir sem stóðu í forsvari fyrir viðkomandi atvinnufyrirtæki á staðnum og tekjur sveitarfélaganna minnka. Fólkið sem hafði hærri tekjur flytur burt og möguleikar sveitarfélaga og viðkomandi byggðar til þess að skapa ný atvinnufyrirtæki eða standa klár á þjónustu verða lakari. Stækkun útgerðarfyrirtækjanna hlýtur því að leiða til þess að önnur fyrirtæki minnka eða leggjast af.

Hvaða áhrif hefur þetta á byggðirnar? Að mínu viti, herra forseti, gengur þessi tillaga og sú stefna sem hér er lagt upp með þvert á þá málsgrein í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem markmiðið er að treysta atvinnu og byggð í landinu. Hún gengur þvert á þá grein, og er gersamlega órökstudd dýrkun á hagkvæmni stærðarinnar sem hér er látin reka þróunina áfram. Það tel ég ábyrgðarhluta í meðferð þessa máls, verulegan ábyrgðarhluta og óska eftir því að í meðferð nefndarinnar komi fram rækileg rök fyrir því að þetta sé í raun hagkvæmt fyrir íslenska byggð og búsetu í landinu og fyrir nýtingu þessara auðlinda að leyfa stöðugt stækkun fyrirtækjanna sem leiðir til þess að önnur minnka. Þessi ofdýrkun, órökstudda dýrkun á hagkvæmni stærðarinnar í þessu máli.

Þá er og lagt til að tekið verði upp fast og skilgreint veiðigjald. Hlutverk þess virðist vera að festa í sessi það fiskveiðistjórnarfyrirkomulag sem við höfum búið við á undanförnum árum og stefna að því að eignfæra fiskveiðiheimildirnar beint eða óbeint á fyrirtækin. Þetta veiðileyfagjald hefur að mínu viti fyrst og fremst þann tilgang í lagafrv.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvernig verður skattaleg meðferð á þessu veiðileyfagjaldi? Verður gjaldið frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi útgerðum? Hvernig reiknast það sem slíkt? Það kemur ekki fram í frv. En sé litið á þetta sem hluta af rekstrargjöldum eða veiðigjöldum þá er um allt aðra stöðu þess að ræða. Að mínu viti er ekki um það að ræða og ég hef á tilfinningunni, virðulegi forseti, að hér sé bara um beina skattlagningu að ræða á þennan atvinnuveg sem ég tel að ekki eigi að fara að með þeim hætti.

Ekki er tekið á stöðu fiskvinnslunnar. Fiskvinnslan er áfram í sama óöryggi og áður. Fiskvinnslufyrirtæki sem ekki hafa útgerð að baki fá ekki rétt með þessu frv. til að geta leyst til sín eða eignast kvóta til að styrkja fiskvinnslu sína og það tel ég vera mikinn veikleika í því sem hér er lagt fram.

Herra forseti. Að vísu er gert ráð fyrir því að á móti veiðileyfagjaldinu verði felld niður ákveðin gjöld sem núna eru lögð á sjávarútveginn. Gert er ráð fyrir að gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði fellt niður á móti. En í farvatninu er líka lagafrv. sem felur í sér aukin gjöld á sjávarútveginn sem eru fólgin í nýjum hafnalögum þar sem gert er ráð fyrir að hafnirnar vítt og breitt um landið, þessar litlu hafnir, hafnir sem eru lykilatriði fyrir þjónustu við veiðiflotann, þjónustu fyrir atvinnulífið á viðkomandi stöðum, eigi núna að fara að heimta hærri gjöld, þær eiga að fara að reka sig, bera sig fullkomlega af þeirri umferð sem er um hafnirnar sem er fyrst og fremst fiskveiðiflotinn. Það þýðir þá hærri löndunargjöld á fiskveiðiflotann. Mig minnir að hæstv. sjútvrh. hafi nefnt að þar gæti verið um að ræða 700–900 millj. miðað við óbreyttar aðstæður sem mundu leggjast þar til viðbótar á flotann. Ég tel að í þeim hafnalögum sem er angi af stefnu stjórnvalda í atvinnu- og byggðamálum felist mikil hætta og röng stefna gagnvart atvinnulífinu, gagnvart sjávarútveginum vítt og breitt um landið og vara við því sem þar er verið að leggja til.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram skýra stefnu í sjávarútvegsmálum og tekið mið af þeim höfuðmarkmiðum sem voru sett við setningu laganna í upphafi um að nytjastofnar á Íslandsmiðum skuli vera sameign þjóðarinnar og markmið þeirra sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Við leggjum til, virðulegi forseti, að auðlindir sjávar verði í raun sameign þjóðarinnar og einstökum byggðarlögum verði tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi.

Við leggjum líka áherslu á það, virðulegi forseti, að sjávarútvegurinn aðlagi sig markmiðum sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni um náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna, vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan og að rannsóknir í fiskveiðum og í lífríkinu miðist að því að líta á þetta sem eina heild en ekki hvern stofn og hvert dýr út af fyrir sig heldur að líta á lífríkið sem heila heild og nýtingu þess út frá þeim sjónarmiðum.

Það er líka markmið sjávarútvegsstefnunnar að treysta byggð og atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstri auðlindanna innan lands á grundvelli þeirrar stefnu sem við leggjum hér til. Við leggjum líka til og ég leyfi mér að vitna til stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsstefnan stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæðanna ásamt jöfnum og góðum lífskjörum þeirra sem við greinina starfa og veita henni þjónustu. Markmiðið er að afraksturinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda dreifist með réttlátum hætti til landsmanna allra.

Sjávarútvegurinn, ekki síst fiskvinnslan, þróist og verði fær um að bjóða vel launuð og eftirsóknarverð störf og standa sig í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hvað launakjör, starfsaðstæður, vinnuumhverfi og aðra slíka þætti snertir."

Ég tel, herra forseti, að frv. og þær breytingar sem hér eru lagðar til miði í þveröfuga átt. Þær miða að aukinni misskiptingu þessarar auðlindar milli landsmanna. Þær stuðla ekki að verndun fiskimiðanna og þeirra auðlinda. Þær tillögur sem hér eru miða ekki að því að treysta byggð og búsetu í landinu öllu. Því miður, herra forseti, er ríkisstjórnin á kolrangri leið í fiskveiðistjórnarmálum.

[14:59]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason beindi til mín spurningu um hvort farið yrði með veiðigjaldið sem rekstrargjöld hjá útgerðinni. Ég hef gert ráð fyrir því að það yrði gert og þar af leiðandi verði það dregið frá tekjum áður en kemur til þess að hagnaður fyrirtækisins verði skattlagður. Þessari spurningu hefur reyndar verið beint til mín áður í umræðunni og ég hef svarað henni á sama hátt.

Aðeins til þess að glöggva mig á afstöðu hv. þm. til málsins þá hefur mér skilist að Vinstri grænir, flokkur hv. þm., væri fylgjandi því að lagt væri á veiðigjald og það yrði gert samkvæmt einhvers konar fyrningarleið, reyndar með flóknari útfærslum á fyrningarleiðum sem ég hef séð. Mér heyrist á ræðu hv. þm. að hann sé sammála þeirri stefnu og þá muni útgerðin á þeim grundvelli greiða til alls almennings í landinu hluta af auðlindarentunni og greiða meira af þeim kostnaði sem til fellur vegna greinarinnar hjá hinu opinbera, en síðan lýsir hv. þm. yfir andstöðu við hafnalagafrv. Þar lýsir hann yfir andstöðu við það að greinin greiði kostnað sem til fellur vegna útvegsins. Ef ég lýsi afstöðunni rétt og ég bið hv. þm. að leiðrétta mig, herra forseti, ef ég er ekki að gera það, þá er um þversögn að ræða og nauðsynlegt að það sé þá skýrt hvers vegna þversögnin er komin upp eða að ég hafi lýst afstöðu hv. þm. rangt.

[15:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að sjávarútvegurinn sé atvinnuvegur allra landsmanna, að þjónusta við hann eigi að vera á ábyrgð allrar þjóðarinnar og það sé ekki sanngjarnt að sjávarútvegurinn einn beri beint rekstrarkostnað af einstökum löndunarhöfnum. Eins og verið hefur undanfarin ár er ríkissjóður ábyrgur fyrir stórum þáttum, bæði í stofnkostnaði og eins líka við að tryggja ákveðna jöfnun í gjaldtöku í hinum ýmsu höfnum vítt og breitt um landið, en samkvæmt frv. til hafnalaga sem nú er verið að leggja fram er gert ráð fyrir því að sjávarútvegurinn, þeir sem landa í viðkomandi höfnum, greiði þennan kostnað beint. Það tel ég ekki vera rétta nálgun. Sjálfsagt getur hann greitt einhvern hluta en ekki er sanngjarnt að setja þessa kvöð á sjávarútveginn einan eins og er í mörgum höfnum, að hann einn beri þennan kostnað, nánar til tekið einungis þeir sem þar landa. Í gildi hafa verið lög sem tryggja ákveðinn jöfnuð og þátttöku ríkisins hvað þetta varðar en hafnirnar eru meðal grunnþjónustu viðkomandi byggðarlaga og mikilvægt er að þar sé fullur jöfnuður.

Varðandi veiðileyfagjaldið, virðulegi forseti, er af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs heimild til ákveðinnar tegundar veiðileyfagjalds hluti af heildarstefnu. Það er því mjög erfitt að stökkva inn og segja: Veiðileyfagjald í þessu kerfi sem hæstv. sjútvrh. leggur hér til er ekki með sama hætti og veiðileyfagjald sem verður hluti af einhverri annarri heildstæðri stefnu þannig að það má ekki setja beint samasemmerki þar á milli.

[15:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég sé eiginlega fjær því að skilja afstöðu hv. þm. eftir þessa ræðu en fyrir. Þó finnst mér eins og hv. þm. sé að segja að hann sé fylgjandi veiðigjaldi, ekki svona veiðigjaldi heldur einhvern veginn annars konar veiðigjaldi, og að hann vilji að kostnaður sjávarútvegsins sé greiddur sameiginlega af sjávarútveginum, líka hafnagjöldin, (**Gripið fram í:** Af þjóðfélaginu.) já, ef frammíkallið hjá hv. þm. er rétt er ég orðinn enn þá ruglaðri í því sem hv. þm. Jón Bjarnason var að segja. Þá er hv. þm. ekki fylgjandi því að útvegurinn greiði kostnaðinn sem af útveginum hlýst og þá er hann ekki fylgjandi þeirri stefnu sem var mörkuð með ályktun Alþingis um hóflegt gjald sem færi til þess að greiða kostnað greinarinnar sem var flutt af tveimur þingmönnum í hans þingflokki, annars vegar formanni flokksins, Steingrími J. Sigfússyni, og hins vegar formanni þingflokksins, Ögmundi Jónassyni, á sínum tíma þegar þeir voru meðlimir í Alþýðubandalaginu. Hann er þá ekki sammála niðurstöðu auðlindanefndarinnar og þá get ég heldur ekki skilið að hann sé sammála niðurstöðu fulltrúa Vinstri grænna í endurskoðunarnefndinni um fyrningarleiðina sem þar var lögð til.

[15:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. sjútvrh. að hann lesi stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum. Ég tel það bara hreina skyldu hans sem ráðherra að gera það þannig að hæstv. ráðherra geti þá farið rétt með þegar hann vitnar til hennar.

Já, ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að það eigi ekki að láta hverja atvinnugrein bera allan þann kostnað sem að henni snýr. Við höfum líka samfélagsskyldur, m.a. gagnvart sjávarútveginum. Við höfum samfélagsskyldur gagnvart byggðunum vítt og breitt um landið. Við höfum samfélagsskyldur og kannski greinir okkur á, mig og hæstv. sjútvrh., um þessar samfélagsskyldur. Þegar hæstv. sjútvrh. getur ekki sett sig inn í þann hugarheim getur hann í sjálfu sér ekki heldur skilið hvað verið er að fara í þeim tillögum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur fram. Við leggjum áherslu á að það sé samfélagsleg ábyrgð í þessu þjóðfélagi en ekki bara að einkaframtakið hafi þar óheftan rétt.

Gallinn er sá, virðulegi forseti, að það sem hér er lagt til í stefnu hæstv. sjútvrh. er stærsta einkavæðing á auðlindum Íslendinga sem hér er verið að keyra fram og því er ég á móti.

[15:07]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákveðin atriði í ræðu hv. þm. vöktu athygli mína sérstaklega. Annað hefur nú þegar komið hér nokkuð til umræðu en það er viðhorf hv. þm. og, eftir því sem hann segir, flokks hans til þess að atvinnuvegirnir greiði þann kostnað sem af þeim hlýst. Mér fannst, herra forseti, nánast eins og hv. þm. talaði um sjávarútveginn meira sem samfélagslegt úrræði en að hann væri alvöruatvinnugrein. Ég vildi gjarnan fá aðeins skýrari sýn hv. þingmanns á þessa hluti. Er hann sem sé þeirrar skoðunar að okkur beri að fara með sjávarútveginn eins og velferðarkerfið? Leggur hann þetta tvennt að jöfnu?

Í öðru lagi harmaði hv. þm. að fiskvinnslukvótinn skyldi ekki vera í frv. hæstv. ráðherra. Þá langar mig til þess að spyrja hv. þm. hvort hann sé búinn að leysa þá þverstæðu sem komi upp gagnvart sjómönnum og samningum þeirra ef kvóti verður settur á fiskvinnsluhús vegna þess að það er alveg ljóst að ef fiskvinnsluhúsin eignast kvóta verða þau að fá einhvern til að veiða upp í þennan kvóta fyrir sig. Hvaða aðferðir heldur hv. þm. að fiskvinnsluhúsin noti til þess að finna þá sem eru heppilegastir til þess? Ætli þess megi ekki vænta að þau bjóði veiðina út? Hvað er þá orðið um samninga sjómanna?

[15:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að hafrannsóknir, rannsóknir á lífríkinu meðfram ströndum landsins, eigi ekki að vera eingöngu eða nánast eingöngu bornar uppi af gjöldum á sjávarútveginn sjálfan. Að mínu viti er það hluti af velferð þessa lands að við rannsökum og umgöngumst þessar náttúruauðlindir okkar meðfram ströndum landsins til framtíðar á sem bestan hátt. Það gerum við með samfélagslegri ábyrgð. Mér finnst ekki rétt nálgun að stefna að því að sjávarútvegurinn beri þann kostnað að mestu eða öllu leyti. Það er rangt og ég tel að svo eigi ekki að vera.

Ég hef áhyggjur, virðulegi forseti, af stöðu fiskvinnslufólks í landinu, já, ég hef það, af óöryggi þess. Ég sé ekki að þær breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum sem hér eru lagðar til bæti eða styrki eða treysti stöðu fiskvinnslufólks hvort sem það er í sjávarbyggðum á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi eða suður með sjó. Ég sé það ekki, herra forseti. Ég hef áhyggjur af stöðu fiskvinnslunnar og fiskvinnslufólksins og kjörum þess vítt og breitt um landið. Því fer fjarri að á því sé tekið í því frv. sem hér er lagt fram. Þvert á móti.

[15:11]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki miklu nær eftir svör hv. þm. Það kann að vera að hann hafi misskilið spurningar mínar en vegna síðustu orða hans vil ég benda á að þótt kvóti yrði leyfður á fiskvinnsluhús jyki það ekki aflann og sá afli sem þegar er dreginn að landi er unninn af fiskvinnslufólki einhvers staðar. Við höfum líka komið okkur upp fiskmörkuðum til að sá afli sem er aflögu geti skipst með þeim hætti að þeir séu að verka aflann hverju sinni sem hæfastir eru til þess. Það er alveg ljóst að þær tæknibreytingar og sá minnkandi afli sem við höfum mátt horfa upp á undanfarið hafa gert það að verkum að það er ekki nóg fyrir alla en sér hv. þm. að það breytist eitthvað þó að hann sjái fyrir sér kvóta á fiskvinnsluhús? Auk þess svaraði hann ekki spurningu minni um sjómennina.

Síðan aðeins varðandi þessa samfélagslegu ábyrgð. Jafnaðarmenn hafa haft þá lífsskoðun að eðlilegt væri að við beittum hinni samfélagslegu ábyrgð í velferðarkerfinu. En til þess að geta verið með öflugt velferðarkerfi verðum við líka að leyfa markaðnum að ráða þegar við komum út í atvinnu- og efnahagslífið. Það hefur verið okkar lína. Þess vegna á ég kannski svolítið erfitt með að skilja hvar hv. þm. dregur

sína línu. Ég held að ég spyrji aftur og ítreki spurninguna: Er hann þeirrar skoðunar að við eigum að fara eins með atvinnulífið og með velferðarkerfið, þ.e. að við eigum ekki að gera kröfu til þess að atvinnulífið standi sjálft undir þeim kostnaði sem af því hlýst?

[15:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég var að ræða um að mér hefði fundist að það ætti að skoða það að fiskvinnslurnar fengju rétt til veiðiheimilda innan þess kerfis sem verið er að leggja til var það einungis innan þeirrar umræðu sem hér er og í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir.

Mér er ekki, virðulegi forseti, sama hvar fiskurinn er unninn. Ég vil að hann sé hluti af atvinnulífinu vítt og breitt um landið og tel að beita verði öllum aðferðum til að tryggja að svo verði. Ein leiðin innan núverandi kerfis gæti verið sú að veita fiskvinnslum heimild til að eiga aðgang að slíkum veiðiheimildum.

Ég hef miklar áhyggjur af stöðu íbúanna og fiskvinnslufólksins í þeim byggðum sem verið er að flytja kvótann burt úr. Það frv. sem hér er lagt fram er með auknar heimildir til stækkunar á sjávarútvegsfyrirtækjum sem getur ekki leitt til annars en þess að fiskveiðiheimildir fara frá einu byggðarlagi til annars, annars geta þau ekki stækkað. Ég hef áhyggjur af því að það lendi þá áfram á þessum sömu veiku byggðum sem við erum í hinu orðinu að tala um að við ætlum líka að standa vörð um og það verðum við þá að gera í raun en ekki bara í orði. Það tel ég einn alvarlegasta ágallann við frv. að það gerir það ekki. Það leyfir áfram að gengið verði á stöðu og atvinnulíf margra. (**LB:** Hvernig á að breyta þessu?) Virðulegi forseti. Besta breytingin yrði að taka upp stefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í sjávarútvegsmálum sem er hér á blaði og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ætti líka að kynna sér.

[15:15]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það hefur komið fram við þessa umræðu að frv. sem við ræðum nú hróflar í engu við því kerfi sem nú er við lýði. Með því eru kostnaðargreiðslur útgerðarinnar auknar lítillega og hæstv. ráðherra hefur kosið að kalla það veiðigjald. Ekki er farið fram á að útgerðin greiði fyrir aðgang að auðlindinni, herra forseti, og það kerfi verður áfram við lýði að þeir sem kaupa sér veiðiheimildir þurfa að leita á náðir þeirra sem ríkið afhendir þær án endurgjalds. Þetta liggur fyrir.

En af því að hér hefur verið rætt dálítið um þessi gjöld ætla ég, herra forseti, að fara aðeins yfir það. Ég held að það sé nauðsynlegt í þessari umræðu. Ekki síst er það nauðsynlegt vegna þess að í grg. með frv. segir, með leyfi forseta, eftir að búið er að fjalla um það hvernig ákveðið var að einfalda gjöldin frá því sem endurskoðunarnefndin hafði lagt til:

„Þrátt fyrir það var við ákvörðun og útfærslu gjaldsins í frumvarpinu horft til þess og við það miðað að útgerð stæði undir kostnaði sem ríkið hefur af nýtingu auðlindarinnar."

Það er út frá þessu, herra forseti, sem ég vil leggja í seinni ræðu minni.

Við höfum talað um kostnaðargjöldin. Ég hef haldið því fram og rökstutt að þeir rúmu 2 milljarðar sem þetta gjald getur hæst orðið á góðum degi — munum að það getur líka orðið til muna lægra — dekkar ekki nema hluta þess kostnaðar sem menn eru almennt sammála um að fylgi útgerðinni. Auðlindanefndin fékk á sínum tíma nokkra sérfræðinga til að skrifa fyrir sig skýrslur um upptöku auðlindagjalda í sjávarútvegi. Einn þeirra var Phil Major sem var ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti Nýja-Sjálands þegar þarlendir tóku upp gjöld í sjávarútvegi. Þegar hann hafði verið hér á landi um hríð, átt fundi með ýmsum hagsmunaaðilum og skynjað andrúmsloftið af samtölum við fjölmarga aðila, gerði hann auðlindanefndinni grein fyrir hugmyndum sínum og skilaði skýrslu með tillögum. Eitt af því sem hann fjallaði sérstaklega um voru kostnaðargreiðslur þar sem hann tiltók hvar skattgreiðendur hlypu undir bagga með útgerðinni. Að hans mati var það vegna þjónustu sjútvrn., Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, strandgæslu og vegna sjómannaafsláttar. Með því að taka þróunarsjóðsgjaldið inn fær hann út að hér sé um að ræða heildartölu upp á samtals 5,5 milljarða, hvar af hátt í einn milljarður væri þegar greiddur af greininni. Þá erum við með veiðieftirlitsgjaldið hér inni, herra forseti.

Phil Major segir í skýrslu sinni að ef framangreind endurgreiðsla kostnaðar sé ekki næg til að samfélagið telji sig fá sanngjarnan ábata þá gæti verið viðeigandi að leggja á frekari gjöld. Hann er að tala um 5,5 milljarða, herra forseti. Stundum er sagt að glöggt sé gests augað.

Það vill þannig til að þessar kostnaðartölur sem þessi maður, sem kom á vegum auðlindanefndar og skilaði henni áliti, fann út eru mjög sambærilegar við það sem Sveinn Agnarsson kemst að í umfjöllun sinni fyrir auðlindanefndina. Hann byggir á upplýsingum sem nefndin fékk frá fjmrn. hérna um kostnað vegna auðlindanýtingar. Niðurstaða hans er að kostnaður sem hlutfall af ríkisútgjöldum hafi að meðaltali verið 1,9% vegna útgerðar og 1,1% vegna stjórnar fiskveiða á árunum 1990–1996. Hann skoðar líka hvað þetta hafi verið sem hlutfall af lönduðum afla. Sé horft til sambærilegs hlutfalls af ríkisútgjöldum þeirra fjárlaga sem við erum nú að vinna eftir, fyrir árið 2002, er með þessari aðferð verið að tala um um ríflega 4 milljarða. Því segi ég, herra forseti, að ef menn eru að tala um kostnaðargjöld, eins og virðist vera skv. greinargerð með frv., eigi gjöldin að standa undir kostnaði sem ríkið hefur af nýtingu auðlindarinnar, af hverju eru menn þá að fella niður veiðieftirlitsgjaldið? Af hverju ganga menn ekki alla leið og rökstyðja þetta þá betur? Af hverju eru menn að kalla þetta veiðigjald? Er ekki best að hlutirnir heiti sínum réttu nöfnum og við tölum um þá þannig? Ég held að það mundi skýra umræðuna mikið, einfaldlega vegna þess að það er til þess eins að rugla það fólk í ríminu sem vill fylgjast með að menn séu einlægt að nota mismunandi heiti yfir það sem í raun eru bara kostnaðargreiðslur.

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að menn skoði þetta í réttu ljósi. Ef við ætlum að komast áfram með þessa umræðu og ef við viljum vita hvert við stefnum þá þarf hæstv. ráðherra, væntanlega mun það skýrast betur í sjútvn., að skýra betur hver tilgangurinn er. Hver er t.d. tilgangur ráðherra með því að kalla þetta gjald veiðigjald? Af hverju kallar hann það ekki kostnaðargjald eins og það er?

Í skýrslu auðlindanefndar er fjallað um kostnaðargjöld, ekki bara vegna sjávarútvegs heldur einnig vegna annarrar auðlindanýtingar eins og t.d. vegna virkjana eða orkunýtingar. Þar segir mjög afdráttarlaust að eðlilegt sé að ríkið innheimti gjöld vegna þess kostnaðar sem það verður fyrir vegna rannsókna og annarra atriða í þágu orkunýtingarinnar. Sama á auðvitað við í sjávarútvegi. Sama á við um aðrar atvinnugreinar þar sem um er að ræða nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda. Það er jafneðlilegt að einkaaðilar greiði fyrir þá þjónustu sem þeir fá frá ríkinu og í mörgum tilfellum

gera þeir það auðvitað. Orkuiðnaðurinn greiðir þegar mikið af þeim rannsóknum sem fara fram í þeim geira.

Herra forseti. Menn hafa velt því svolítið fyrir sér því að hæstv. sjútvrh. vill nú að kostnaðargreiðslur séu kallaðar veiðigjald og séu skilgreindar sem greiðsla fyrir aðgang að auðlindinni. Þegar þróunarsjóðsgjaldið var sett á á sínum tíma lögðu menn af stað með þá hugmynd að það ætti að vera skilgreind greiðsla fyrir afnot af auðlindinni. Það endaði hins vegar í því að vera afmörkuð greiðsla vegna tiltekinna þátta. Hefur hæstv. ráðherra látið skoða muninn á þessu tvennu? Annars vegar kostnaðargjöldum, gjöldum sem koma fyrir skilgreinda afmarkaða þjónustu og hins vegar því að opna þetta og segja: Við erum að taka gjald fyrir afnot af auðlindinni. Breytir það með einhverjum hætti réttarstöðu þeirra sem nýta auðlindina? Sér hann það fyrir sér að með þessari breytingu, að segja að hér sé verið að greiða fyrir aðgang að auðlindinni, gæti komið upp veikleiki gagnvart jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, þ.e. ef reynslurökin ein gilda ekki, að veiðirétturinn reki sig aftur til þeirra sem héldu úti skipum á tilteknum tíma hvort sem hann hefur gengið kaupum og sölum í millitíðinni, heldur sé búið að skilgreina greiðslu fyrir aðgang að auðlindinni þarna inn í? Gerir hann ráð fyrir að það geti breytt þessari réttarstöðu með einhverjum hætti? Lét hann skoða það þegar þetta frv. var unnið og ákvörðun tekin um að kostnaðargjaldið yrði látið heita þetta og skilgreint með þessum hætti? Lét hæstv. ráðherra skoða hvort þessi breyting breytti með einhverjum hætti því öryggi, eða öllu heldur óöryggi, sem handhafar veiðiréttarins búa við í dag? Eins og hæstv. ráðherra er mætavel kunnugt er aflahlutdeildum einungis úthlutað til eins árs í senn og samkvæmt Vatneyrardómi er hægt að breyta því fyrirkomulagi. Getur verið að hæstv. ráðherra gangi erinda þeirra sem vilja láta kerfið malla nánast óbreytt til þess að á það myndist enn meiri hefðarréttur? Er hæstv. ráðherra fullkomlega meðvitaður um, og hefur hann þá pottþétt rök að baki því, hvernig hann leggur tillögur sínar fram, undir hvaða formerkjum og hvaða heiti?

[15:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. er hægt að leggja ýmiss konar mat á hvað teljist til kostnaðar hins opinbera vegna útvegsins. Hún nefndi til tvö dæmi, annars vegar Phils Majors og hins vegar Sveins Agnarssonar. Endurskoðunarnefndin kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að kostnaðinn beri að meta sem 1,5 milljarða og þar sé annars vegar um að ræða Hafrannsóknastofnunina og hins vegar fiskveiðieftirlit Fiskistofu.

Hv. þm. spyr hvers vegna nafnið sé veiðigjald, af hverju það sé ekki kostnaðargjald. Það er vegna þess að gjaldið snýst um meira en kostnað, það snýst líka um sjáanlega hlutdeild alls almennings í auðlindarentunni svokölluðu. Til einföldunar er reynt að hafa þetta eitt gjald. Því er nafnið veiðigjald að það er ekki bara kostnaðargjald heldur líka gjald fyrir aðgang að auðlindinni ótengt kostnaðinum. Þetta er í fullu samræmi við það sem kemur fram í skýrslu auðlindanefndarinnar en þar segir:

„Efnislega skiptir það vafalaust litlu máli hvort gjaldtakan verður tvískipti eða í einu lagi, en líklega gæti verið heppilegt að lagt verði á frekar lágt kostnaðargjald vegna eftirlits og beins kostnaðar við stjórnkerfi fiskveiða sem greitt verði við úthlutun aflamarks ár hvert, en stærsti hluti kostnaðarins yrði greiddur ásamt gjaldi fyrir afnot af auðlindinni eins og síðar verður að vikið."

Ég held að þessi framsetningarmáti í frv. sé því í fullu samræmi við niðurstöðu auðlindanefndarinnar.

Varðandi spurninguna um breytta réttarstöðu þá sé ég ekki að það snerti neitt réttarstöðuna hvernig gjaldinu er fyrir komið. Ég vísa þar til Vatneyrardómsins.

Varðandi spurningar hv. þm. um hverra erinda ráðherrann gangi er svarið að ráðherrann gengur erinda allrar þjóðarinnar en ekki einstakra aðila.

[15:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherra vitnar til þess sem endurskoðunarnefndin komst að niðurstöðu um varðandi kostnaðargreiðslur. Ég held að hann hljóti að hafa heyrt það sjálfur þegar hann las upp hvaða gjöld það voru að það er langt frá því að vera tæmandi. Veiðieftirlitsgjaldið er t.d. ekki þar inni sem er sannanlega kostnaður og ugglaust mætti áfram telja. Það vitum við bæði. En niðurstaðan er væntanlega að enda þarna og auðvitað geta menn náð samkomulagi um ýmsa hluti. Niðurstaðan er sú að gjaldið eigi að snúast um meira en kostnað, eigi að ná í auðlindarentu í góðu ári því að ég geri ráð fyrir að eitthvað verði látið mæta afgangi. Spurningin er þessi: Var þetta skoðað? Ráðherra vísar í Vatneyrardóminn. Var skoðað hvort þetta mundi breyta réttarstöðu manna og mundi í einhverju ýta við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar?

Svo langaði mig af því að hæstv. ráðherra var að vitna í auðlindanefndarskýrsluna. Eftir að búið er að reifa þau gjöld sem til skoðunar koma vegna kostnaðar tengdum sjávarútveginum er rætt um beina álagningu gjalda og talað um að gjöldin þyrftu að hækka verulega frá því sem þá var:

„... þyrftu því gjöldin að hækka verulega til að þau stæðu undir öllum kostnaðinum. Aðrar leiðir en álagning kostnaðargjalds kæmu einnig til greina. T.d. mætti hugsa sér að ríkið seldi hluta af aflaheimildum hvers árs á markaði og notaði afraksturinn til að standa undir kostnaði við fiskveiðistjórnunina." — Síðan kemur það sem hæstv. ráðherra vitnaði í. — „Þá er einnig álitamál hvort greiða skuli kostnaðargjöldin ein og sér eða hvort þau væru hluti af almennu auðlindagjaldi."

Í öllu falli, herra forseti, sýnist mér nokkuð ljóst að menn voru auðvitað að tala um að útvegurinn stæði að stórum hluta eða öllu leyti undir kostnaði sínum.

[15:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé mjög vel í lagt að atvinnugreininni sé gert að greiða þennan kostnað sem um er að ræða, þ.e. fiskveiðieftirlit Fiskistofu og stjórn fiskveiðanna þar, en Fiskistofa hefur reyndar fleiri hlutverk en þessi tvö, og síðan rannsókn Hafrannsóknastofnunar sem varðar nýtingu fiskstofnanna. Ég sé ekki að rétt sé að þessi atvinnugrein sérstaklega greiði þar að auki opinbera stjórnsýslu frekar en gera þá kröfu til annarra greina, hvað þá að hún greiði sérstaklega löggæslu sem í þessu tilfelli er þá á hendi Landhelgisgæslunnar.

Eins og kom fram við umræðuna í gær lít ég ekki á sjómannaafsláttinn sem eitthvert tillegg til útvegsins. Ég á ekki von á því að margir sjómenn muni hætta að sækja sjó vegna þess að sjómannaafslátturinn verði lagður af og þar af leiðandi hefur þetta lítil eða nokkur áhrif á það hvernig útgerðinni tekst að manna fiskiskipaflotann.

Fyrst hv. þm. hefur farið út í greiningu á kostnaðinum og komið með þessar tölur, 5,5 milljarða og 4 milljarða, þá

hlýtur það að vera vegna þess að henni finnist það a.m.k. koma til greina að gjaldið fyrir kostnaðinn sé einhvers staðar nálægt þessum tölum eða þarna á milli og þar að auki ætti að koma sjáanleg hlutdeild í auðlindarentunni. Því vil ég spyrja hv. þm.: Telur hún að gjaldið sem lagt er til í frv. sé of lágt, of hátt eða einhvers staðar nærri lagi?

[15:32]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi þær tölur sem hæstv. ráðherra vitnaði í áðan vegna þess að mér finnst eðlilegt að hv. þingheimur fái að vita hvað hefur verið reiknað út í þessu sambandi og að hvaða niðurstöðum þeir komust sem auðlindanefnd og fleiri hafa treyst til að skoða þessa hluti. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að þeir skoði þær tölur. Svo kunna menn að semja sig niður á einhverja aðra tölu. Ég hef sjálf talað um 3 milljarða. Mér finnst það eitthvað sem hægt er að horfa á ef menn eru bara að tala um kostnaðargjöld.

Ég vil hins vegar segja, herra forseti, að ef sú leið væri farin sem Samfylkingin leggur til, þ.e. að veiðiheimildir væru innkallaðar í jöfnum áföngum og síðan boðnar út aftur, þá lít ég svo á að kostnaðargjöld gætu verið innifalin í þeim peningum eða þeim fjármunum sem þannig innheimtust. Þá álít ég að menn gætu litið á kostnaðargjöldin sem hluta af greiðslu fyrir aðgang að auðlindinni. En á meðan menn eru að tala um þessa hluti á þann hátt sem hér er lagt til, þá held ég að nauðsynlegt sé að við horfum á það hvernig menn hafa verið að skilgreina þennan kostnað undanfarið og líti til þess einfaldlega vegna þess að ef menn ætla sér að láta gjaldið standa undir kostnaði, eins og segir í greinargerð frv. hæstv. ráðherra, þá hljótum við að tína fram þau gjöld sem áður hafa verið tiltekin sem hluti af þeim kostnaði sem skattgreiðendur nú taka að sér að greiða fyrir útgerðina.

[15:34]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Mann gæti grunað að menn væru orðnir dálítið leiðir á þessari umræðu. Menn eru oft að endurtaka sjálfa sig. Mér finnst ég hafa heyrt margar ræðurnar áður og sumir hafa kvartað yfir því að þeir hafi heyrt mína ræðu líka. Þetta er svona eins og gengur. En þetta er málefni sem varðar okkur og ég held að fáir hlutir varði okkur meira þannig að við verðum samt að þreyta bæði okkur og almenning á því að halda áfram þessu tali.

Þrátt fyrir þetta er rétt að fara aðeins yfir stöðuna örfáum orðum. Við hófum að stjórna fiskveiðum, fyrst loðnuveiðunum, 1979 að ég ætla og bolfiskveiðunum 1984. Það voru allir flokkar sem stóðu að því, alls konar ríkisstjórnir stóðu að því. Því var mótmælt mjög víða. Ákveðinn hluti útvegsmanna mótmælti því, ákveðnir landshlutar mótmæltu því o.s.frv.

Ég var í þeim hópi manna sem höfðu í upphafi alls ekki trú á því að aflakvótakerfi, sérstaklega í bolfiskinum, gæti dugað okkur til að ná þeim árangri sem við vorum að reyna að ná og það er rétt að rifja upp hvaða árangri menn eru að reyna að ná með fiskveiðistjórn. Frá því að fyrsta ritgerðin var skrifuð um þessa grein þjóðhagfræðinnar sem kallast fiskihagfræði, hefur það verið gegnumgangandi að menn eru að sækjast eftir að ná því sem þeir kalla „Maximum Sustainable Yield", þ.e. við ætlum að reyna að hámarka sjálfbæra nýtingu fiskveiðistofnanna. Út á það gengur þetta allt og það hefur enginn skrifað neitt annað. Við erum að reyna, viljum reyna, þykjumst vera að reyna að hámarka auðinn og arðinn af þessari auðlind. Út á það gengur þetta.

Ég hef sannfærst um það í gegnum árin að fiskveiðistjórnarkerfið gengur ágætlega á sumum sviðum. Það hefur heppnast ágætlega með uppsjávarfiskinn, bæði loðnu og síld, heppnast prýðilega. Það er góð nýting á framleiðslutækjunum, bæði á sjó og landi og arðsemin mjög vel viðunandi sem þjóðfélagið nýtir nú í stórum og góðum mæli.

Ég held líka að rækjuveiðarnar, skelfisksveiðarnar og krabbaveiðarnar komi alveg þokkalega út í mjög mörgum tilfellum og þurfi kannski engar breytingar þar við sérstaklega. En hitt er alveg ljóst að með bolfiskveiðarnar, þorskinn og þorskfiskana, höfum við ekki náð árangri. Við höfum farið aftur á bak, ég hef farið yfir það margsinnis. Við veiðum innan við helminginn af þeim þorski sem við töldum okkur geta veitt. Meira að segja var markmiðið á sínum tíma að reyna að koma þeim í 500 þús. tonn. Þetta er alvarlegasta byggðavandamál Íslands í dag, langsamlega alvarlegast. Það ógnar allri byggð á Íslandi og það er líka mjög alvarlegt efnahagsvandamál fyrir Ísland því þetta er grein sem hefur staðið alla öldina undir útflutningsframleiðslu okkar.

Ég tel líka að allar upplýsingar af Norður-Atlantshafi gangi í eina veru. Þar höfum við verið að stjórna einmitt með aflakvótakerfum og það hefur gengið mjög illa. Við Kanada hrundu slíkar veiðar fyrir 12 árum og það sem verra er, þeir hafa ekki náð þeim á strik þrátt fyrir algert veiðibann á annan áratug. Það gengur mjög illa alls staðar og það er ástæða til að óttast um þetta. Mjög margir vísindamenn fjalla um þetta og mjög margir hafa látið í ljós ótta sinn. Það versta af öllu finnst mér í þessari umræðu er sá ótti sem menn hafa gagnvart því að við séum að úrkynja þennan stofn, við séum að veiða ofan af honum, vaxtarhraði hans fari minnkandi, kynþroskinn fari niður, þessi stofn geti ekki framleitt það magn af fiski sem við áður náðum á Íslandsmiðum. Þetta er uggvænleg sýn og að sjálfsögðu með reynslu Kanadamanna í huga vofir það sverð yfir okkur.

Ég hef viljað benda mönnum á að Bandaríkjamenn eru núna í síauknum mæli að beina sjónum sínum að því að þetta sé ekki svona nákvæmlega eins og við höfum haldið í þessu kerfi að við eigum að beina sjónum okkur eingöngu að magninu, þ.e. massa af fiski og með því að taka bara ákveðinn massa þá sé þetta allt í lagi. Ég vil líka minna á að sjálfur höfundur nýliðunarprógrammsins sem við byggjum þetta allt á, Lord Bermington, varaði við aflakvótakerfinu, hann gerði það í Apenu fyrir tíu árum, árið 1992, sjálfur höfundurinn og sagði: Þetta kerfi mun vera hættulegt við svona veiðar. Það mun nýtast við uppsjávarfiskana þegar við erum að fara í einsleita stofna af sama árgangi. Hann varaði við þessu.

Ég held að menn sem hafa verið að tala um þetta í alvöru geri sér allir grein fyrir því að þetta er ekki ein vídd, það er ekki eingöngu það að taka ákveðinn massa út úr stofninum. Það verður að líta til þess að a.m.k. fjórar víddir eru í þessu.

Við verðum að líta til þess hvernig við veiðum, þ.e. hvaða veiðarfæri við notum. Við verðum að líta til þess hvar við veiðum, á hvaða fiskislóð við veiðum. Við verðum að líta til þess hvenær við veiðum. Ég held að menn séu að gera sér grein fyrir því mjög víða við Norður-Atlantshaf að við komumst aldrei hjá því að stjórna sókninni í fiskveiðunum. Það var ákaflega bagalegt og mjög stórt skref aftur á bak þegar við lentum í dómi frá 3. des. 1998 þar sem menn vildu túlka þetta svo að þar sem við værum með aflakvótakerfið þá gætum við ekki stjórnað flotanum. Ég held að einhver albrýnasti hlutur sem við þurfum að snúa okkur að núna

sé að ná þeim lögum fram sem gera stjórnvöldum kleift að stjórna stærð og afkastagetu flotans. Það er lykilatriði.

Við höfum horft á, eins og ég benti á áðan, að Bandaríkjamenn eru núna að gera miklar rannsóknir einmitt á gildi veiðarfæranna, hvar og hvenær við notum veiðarfærin. Færeyingar frændur okkar hættu við aflakvótakerfið eftir tæplega tveggja ára notkun og töldu það svo augljóst sem margir hafa haldið fram hér á Íslandi að sóunin í kerfinu væri svo skelfileg að ekki væri hægt að búa við það. Þeir hafa farið út í það að stjórna sókninni, að þeir telja, með ýmsum brögðum. Þeir hafa verið að skipta flotanum niður í ákveðna hópa, þeir hafa verið að beina þeim að ákveðnum svæðum o.s.frv. Ég ætla alls ekki að halda því fram, herra forseti, að Færeyingar hafi náð einhverjum endanlegum tökum á þessu. En þeir eru að reyna að þreifa sig áfram í þessu myrkri og þeir eru sannarlega að gera það í mikilli alvöru. Ég hef sjálfur efasemdir um að þeir hafi nógu strangar reglur um flota sinn. Ég held að þeir þurfi að setja upp miklu strangari reglur um flotann. Ég vil einnig minna á og benda á að á vegum tæknideildar Fiskifélags Íslands var búið fyrir mörgum árum, áður en Fiskifélagið var lagt niður í þeirri mynd sem það starfaði, að reikna út togveiðistuðla og reyna þá og þeir virtust passa mjög vel þannig að við eigum þá aðgang að þeim.

Við eigum líka nýja tækni sem er að ryðja sér til rúms og við tókum inn í lögin um stjórn fiskveiða þegar við ræddum um smábátana í síðasta mánuði. Það eru þessi nýju staðsetningartæki sem gera stjórnvöldum kleift að vita nákvæmlega hvar og hvenær hvert skip er. Ég er því sannfærður um að það sem bíður okkar núna og það sem við verðum að snúa okkur að er að endurskilgreina veiðirétt, nýtingarrétt, eignarrétt eða hvað sem við viljum kalla það, núverandi handhafa fiskveiðileyfa. Þeim var úthlutað á grundvelli reynslu. Ég veit ósköp vel, herra forseti, að þar var pottur brotinn. Ég veit að þar fór fram alls kyns valdníðsla en ég ætla ekki að rifja það sérstaklega upp. Það var sérlega átakanlegt á sumum sviðum eins og við úthlutun á rækjunni þegar frumkvöðlarnir allir voru sviptir leyfi til þess að veiða, enda urðu þeir allir gjaldþrota.

Ég lít þannig á burt séð frá því hvort þær veiðiheimildir sem menn fengu voru vel eða illa fengnar, að það sé fásinna, hreinn barnaskapur að láta sér detta í hug að þær veiðiheimildir verði teknar af núverandi handhöfum. Ekki vegna þeirra, herra forseti, heldur vegna þess að það liggur alveg fyrir að skuldir útgerðarinnar eru slíkar að efnahagslífið mundi hreinlega hrynja á einum degi, þannig að þá eru menn að tala um enn meiri hermdarverk. Allt tal um að við þurfum fyrst að þjóðnýta eða taka veiðiheimildirnar af útgerðinni svo við getum farið að breyta stjórnkerfinu er fjarstæða. Það getur aldrei gengið og getur aldrei orðið vegna þess að við munum aldrei geta gert það, aldrei. Það liggur fyrir að við verðum að reyna að endurskilgreina þennan veiðirétt til þess að reyna að ná árangri, til þess að reyna að hámarka þá nýtingu sem við vissum að Íslandsmið gátu gefið okkur. Við verðum að trúa því að Íslandsmið séu þau sömu reyndar í dag og þau voru, svo við getum gengið þannig fram og umgengist náttúruna og fiskstofnana á þann hátt að sú von að við náum fyrri markmiðum sem við höfðum rætist. Þetta er mikið starf og það liggur ekkert einfalt fyrir um það hvar og hvernig við eigum að gera það. En við gerum það ekki nema byrja á því. Við verðum að byrja einhvers staðar.

Ég er alveg viss um að menn munu ekki verða sammála um hvernig við förum fram. Hitt vitum við að það er mjög óhugnanlegt að við erum sannanlega að vinda ofan af fiskstofnunum. Við erum sannanlega að nýta stofnana illa. Við erum sannanlega að sóa mjög miklu. Við horfum framan í hina óhugnanlegu staðreynd að það hægir á vaxtarhraða fisksins og kynþroska hans og það eru óhugnanlegar samlíkingar við það munstur sem við sáum síðustu árin sem veitt var við Kanada áður en allt hrundi. Við eigum að gera þetta og okkur ber skylda til þess vegna þess að á þessari spýtu hangir öll okkar velferð. Það getur allt orðið að ösku þess vegna ef við ætlum að lenda á sömu hrakhólum og Nýfundnalandsbúar. Ekki sækjum við peninga til Ottawa eins og þeir gerðu.

Herra forseti. Aðalumræðuefnið hér hefur verið tillögur um veiðigjald og skattlagningu á sjávarútveginn. Tíminn hefur nú mest farið í það. Ég er einn af þeim sem frá upphafi hafa mótmælt og verið andsnúnir allri þeirri hugmyndafræði sem kemur fram í skýrslu auðlindanefndar frá upphafi til enda, allri. Ég hef harmað að sum samtök atvinnurekenda hafa verið að styðja þessi sjónarmið, t.d. Samtök iðnaðarins. Ég er alveg viss um að bara eitt sé jafnvitlaust og jafnhættulegt íslensku atvinnulífi og að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega, og það er að leggja skatta á innlenda orku. Ég er sannfærður um að þegar við erum búin að koma þeirri löggjöf þokkalega fyrir sem leyfir frelsi í viðskiptum með orku og byggingu orkuvera, muni hin sanna iðnbylting á Íslandi hefjast, hin nýja. Þegar við förum að nota hitahverflana til þess að koma hér upp efnaiðnaði hefst 21. öldin. Ef við ætlum að horfa til þess með þeim augum að byrja á að skattleggja þetta þá erum við að éta okkar eigið útsæði. Það er rangt að skattleggja atvinnugreinar sérstaklega. Það er mjög vont fyrir efnahagslíf þeirra, og það fólk sem talar hér í nafni réttlætisins, er nú eins og þeir sem veifa þeim fána oftast, hefur versta málstaðinn.

Það er engin skylda að atvinnugrein fari endilega að borga tilfallinn kostnað ríkisins. Það er allt í lagi. Það er allt í lagi að setja á einhver kostnaðar- eða þátttökugjöld hingað og þangað. Ríkið hefur fulla heimild til þess. Það er enginn að mótmæla því og ríkið gerir það mjög víða. En það er engin skylda til þess að halda því fram að sjómönnum beri sérstaklega að borga hafrannsóknir frekar en bankaþjónunum. Það er algjör fjarstæða.

Svo segja menn í þessari skýrslu og vitna í auðlindanefndina og étur það hver eftir öðrum: Það er svo nauðsynlegt að gera arðinn af sjávarútveginum sýnilegan. Þetta er einhver mesta blinda sem ég hef heyrt talað um á Íslandi. Ég veit ekki hvað menn ættu að sjá á Íslandi nema einmitt arðinn af sjávarútvegi því að allt það sem hér er er byggt fyrir fisk, allt. Svo þarf að gera arðinn af sjávarútveginum sýnilegan. Þeir eru skemmtilegir svona frasar sem menn taka hver eftir öðrum og éta. Hann er ekki í felum og verður ekki í felum.

Ágætur fulltrúi auðlindanefndarinnar sem talaði hér áðan, Svanfríður Jónasdóttir, flutti þeirra mál og þeirra sjónarmið mjög vel og glæsilega. Ég þekki þau sjónarmið vel. Þau hafa mjög oft komið fram í gegnum tíðina, sérstaklega hjá formanni nefndarinnar meðan hann var seðlabankastjóri og hjá öðrum nefndarmanni sem er mjög áhrifamikill, ritstjóri Morgunblaðsins. Hann hefur skrifað ótrúlega mikið magn af þessum fræðum. Þessir menn trúa því að arðsemin í sjávarútvegi hafi alltaf keyrt þá út af þegar þeir voru að reyna áratugum saman að handstýra íslensku samfélagi með því að handstýra genginu, með því að handstýra fiskverðinu og öllu klabbinu eins og þeir margreyndu og stóðu að áratugum

saman með þeim árangri að þjóðfélagið fór alltaf út í móa á nokkurra missira fresti. (Gripið fram í.) Við höfum besta dæmið um það meðan Ísland var frjálst, meðan Ísland var með frjálsan gjaldeyri og frjáls viðskipti. Þá efndum við til mestu erlendu fjárfestinga sem nokkurn tíma hafa þekkst í sögu þjóðarinnar. Það var þegar við stofnuðum Íslandsbanka hinn fyrri í upphafi aldarinnar. Aldrei hefur komið annar eins auður inn í þetta land miðað við stærð þjóðfélagsins eins og þá. (Gripið fram í.)

Hvað gerðist svo? Vöxtur þjóðarteknanna hefur aldrei verið meiri en á þessum árum. Hvað gerðist? Verðbólgan var núll allan tímann. Hún var bara núll. Það var engin verðbólga vegna þess að við vorum hér með opinn gjaldeyrismarkað. Menn gátu verslað hér frítt og frjálst með hvaða gjaldeyri heimsins sem var. Arðurinn kom hér upp. Hann varð eftir hér á Íslandi. Hann byggði upp þetta land og það hefur haldið áfram alla þessa öld. Allar þessar villukenningar um að arður geti ekki skapast í sjávarútvegi eru því alveg skelfilegar.

Ég hef lýst því yfir í mínum flokki — það liggur fyrir — að ég geti ekki stutt þetta. Það er algjört prinsippatriði að styðja ekki auðlindagjald. Ég veit að það er ekki íþyngjandi fyrir sjávarútveginn í dag eða á morgun eða á þessu ári, heldur er það algjört prinsippatriði. Ég geri mér grein fyrir því að það er heldur hvimleitt fyrir hæstv. sjútvrh. þegar einn flokksbróðir hans og vinur vill ekki styðja hann í slíku máli. En svo verður að vera.

Hins vegar vil ég taka það fram, herra forseti, að ég hef ástæðu til að ætla að hæstv. sjútvrh. hafi mikinn vilja og heilmikla getu til þess að höndla hið gríðarlega stóra vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Ég veit að einmitt líffræðimenntun hans gerir honum það kleift langt umfram bókhaldarana tvo sem sátu þar í 16 ár á undan honum og trúðu því að þetta gilti þannig: Einn fiskur upp úr sjónum, einum fiski minna í sjónum. Ég veit að þeir tímar eru liðnir. Ég veit að hann gerir sér grein fyrir því að þessir hlutir eru flóknir, viðamiklir, og að við þurfum að vanda okkur gríðarlega til þess að ná árangri. (Gripið fram í.)

[15:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. notaði orðin: þjóðnýta auðlindina, að þjóðnýta aðganginn að auðlindinni. Af hverju notaði hann þau? Hann var að tala um að ef farið yrði að innkalla veiðiheimildir og úthluta þeim öðruvísi þá væri það þjóðnýting. Hvers konar skilningur felst í þessu? Það er sá skilningur að þeir sem eru núna í útgerð á Íslandi eigi auðlindina og ef nokkuð verði hróflað við því þá sé það þjóðnýting, þá sé verið að taka þetta frá þeim sem eiga auðlindina.

Þjóðin er á allt öðru máli. Hv. þm. er í miklum minni hluta með þá skoðun að handhafar kvótans núna séu eigendur hans. Við höfum lagt til breytingar á þessu og erum gjörsamlega andstæðrar skoðunar um að hægt sé að kalla það þjóðnýtingu þó að þjóðin ákveði að fara einhvern veginn öðruvísi að við þessa úthlutun. Hv. þm. hefur tekið þátt í því trekk í trekk að gera breytingar á því hvernig þessu er úthlutað, taka veiðiheimildir af mönnum, þjóðnýta þær þá samkvæmt hans eigin orðalagi, og láta einhverja aðra hafa. Hann hefur viljað gera miklu meira af því en gert hefur verið. Hann hefur þá sem sagt verið að þjóðnýta veiðiheimildir til þess að láta aðra hafa. (**Gripið fram í:** Smábátamenn.) Já, já, í stórum stíl, til smábáta og svo breytingar á kerfinu. Það er eiginlega svolítið merkilegt að hv. þm. skuli setja þessa skoðun fram.

En það sem mig langar mest til að vita betur er hvernig hv. þm. sjái fyrir sér þá stórkostlegu breytingu að fara út úr kvótakerfinu án þess að hafa til þess einhvers konar fyrningarleið eða aðlögunartíma handa þeim sem fyrir eru í greininni ef svona stórkostlegar breytingar eiga að verða á veiðistjórninni eins og hann er að lýsa, því að ekki er gott að sjá það fyrir sér að það muni ekki koma misjafnlega niður á þeim útgerðarfyrirtækjum sem verða við lýði þegar þær breytingar ríða yfir.

[15:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vel kann að vera að það komi misjafnlega niður á útgerðum ef menn breyta því að hafa ákveðinn kvóta, ákveðinn kílóafjölda og fá í staðinn fyrir það ákveðnar söknareiningar. Auðvitað getur það komið mismunandi niður.

Færeyingar gerðu þetta og gátu komist að þokkalegri sátt um það. Ég ætla að það sé ekki svo mikill vandi sem hv. þm. vill vera láta að umreikna þetta. Ég held að það megi gera nokkurn veginn á nokkrum árum, megi menn þoka sér áfram í þá átt.

Gagnvart nýtingarréttinum þá er hann bara staðreynd hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, eins og ég tók fram áðan. Hvort sem menn vilja kalla þetta eignarrétt eða eignaréttarígildi eða nýtingarrétt þá er hann til staðar. Það er leyfilegt að veðsetja hann. Hann er veðsettur. (**Gripið fram í:** Hann er veðsettur en það er ekki leyfilegt.) Það er vissulega leyfilegt, hv. þm. Það er sérstaklega tekið fram í lögum að það sé leyfilegt. Hann er veðsettur. Allur sjávarútvegurinn er yfir sig skuldsettur nákvæmlega eins og hann var 1984 þegar við tókum þetta kerfi upp fyrst. Þá var mönnum úthlutað þessu á grundvelli veiðireynslu eða þannig ætluðu menn að hafa það.

Ef við tökum þennan rétt af hrynur efnahagskerfið. En gagnvart eignarréttinum þá vil ég benda á ritgerð eftir læriföður eins annars ágæts þingmanns, Sigurð Líndal, sem birtist í afmælisriti Davíðs Oddssonar, Davíð Oddsson 50 ára, um eignarrétt þar sem hann fer nákvæmlega í gegnum þetta. Þetta eru nú ekki nema 30–40 blaðsíður. Hann fer nákvæmlega í gegnum þetta og skilgreinir nákvæmlega hvernig beri að skilja þjóðareignina og hvernig beri að skilja ábyrgð ríkisins á þessu. Ég vitna til þessarar greinar ef ég fæ tækifæri til þess við 2. umr. þegar tíminn er ótakmarkaður. Þá get ég svo sem lesið þessa grein Sigurðar Líndals hér úr ræðustól.

[15:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að hv. þm. hafi tekið þátt í því að samþykkja lög þar sem stendur að bannað sé að veðsetja veiðiheimildir. (Gripið fram í.) Það stendur já. Í lögunum um samningsveð stendur að það sé bannað að veðsetja veiðiheimildir. (**Gripið fram í:** Ekki með skipi.) Það stendur að bannað sé að veðsetja veiðiheimildir, (**Gripið fram í:** Ekki með ...) hv. þm. og þú samþykktir það, hv. þm. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Ég truflast nú ekkert við þessi frammíköll. En málið er að svona eru lögin. Í þeim stendur að bannað sé að veðsetja veiðiheimildir. Síðan er annað ákvæði í lögunum sem gerir það kleift að menn nýta skipin sem veð og veiðiheimildirnar eru fastar á þeim. En

þannig er nú lagasetning á Íslandi og það er henni svo sem ekki til mikils hróss að svona skuli hafa verið farið að.

En ég verð að tala betur við hv. þm. um þau málefni sem við vorum að ræða hér áðan síðar (Gripið fram í.) í þessari umræðu.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það mundi greiða fyrir þingstörfum ef einn talaði í einu hér í salnum og æskilegast væri að það sé sá sem er í ræðustólnum hverju sinni.)

[15:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við horfumst í augu við þetta og það þýðir ekkert að vera að berja hausnum við steininn: Hvers virði væri íslensk útgerð ef hún hefði ekki þennan veiðirétt á Íslandsmiðum? Hún væri einskis virði nánast. Það er brotajárnsverð. Og hvað yrði þá um veðin?

Við skulum bara horfast í augu við þetta, alveg sama hvort mönnum líkar betur eða verr við einhverja útgerðarmenn eða telja það réttlátt eða óréttlátt. Ef við tökum veiðiréttinn á Íslandsmiðum af íslenskri útgerð þá bókstaflega hrynur íslenskt efnahagskerfi. Þetta er nú ekkert mjög flókið.

Verkefnið sem liggur fyrir er alveg augljóst þó það sé erfitt. Við verðum að reyna að endurskilgreina þetta þannig að við göngum um auðlindina í þeirri von að hún geti skilað okkur meiri arði, þeim arði sem við höfum vænst að hún gæti skilað og hefur reyndar skilað okkur í ár og áratugi.

[15:58]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talar um að endurskilgreina þurfi veiðiréttinn. Það væri nú kannski betra að fá það aðeins nánar fram hvað eigi að felast í þeirri endurskilgreiningu sem hv. þm. er að tala um vegna þess að við í mínum flokki höfum sett fram hugmyndir um endurskilgreiningu á veiðiréttinum. Menn hljóta að hafa einhverja formúlu fyrir því hvernig þeir vilja gera það.

Reyndar var ég nú hjartanlega sammála mörgu í málflutningi þingmannsins. Ég tel t.d. ákaflega hæpið að vera með kvótasetningu á massa. (**Gripið fram í:** Á massa?) Þrátt fyrir bjartsýni hans varðandi uppsjávarfiskana þá eru nú reyndar blikur á lofti í þeim veiðiskap líka því að það er farið að draga stórvirk veiðarfæri í gegnum torfurnar sem að margra mati kann ekki góðri lukku að stýra til lengri tíma litið.

Ég mundi vilja heyra í örstuttu máli hvernig þingmaðurinn sér fyrir sér þessa endurskilgreiningu því að til þess að hún geti farið fram þá þurfum við á einhvers konar formúlu að halda til þess að fara í hana.

[16:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg öfugt. Að sjálfsögðu er engin formúla til um það. Við verðum bara að hafa eitt að leiðarljósi: Hvernig ætlum við að hámarka nýtinguna af Íslandsmiðum, af bolfiskinum? Við verðum að þoka okkur áfram til að ná þeirri hámörkun, við verðum að átta okkur á því hvernig við umgöngumst náttúruna þannig að hún sé sjálfbær. Við verðum að geta treyst því að fiskstofnarnir verði áfram í þeim mæli sem við vissum að þeir voru langt fram eftir öldinni þegar við gátum veitt yfir 400 þús. tonn af þorski hér á Íslandsmiðum. Þess vegna verðum við að þoka okkur áfram, enginn handhafi þessarar visku er til.

Við höfum hins vegar þá reynslu af núverandi aðferðum okkar og núverandi aðferðum í öllu Norður-Atlantshafi, þar sem menn nota einmitt þessa magnkvóta við bolfiskveiðarnar, að þær skila allar sömu niðurstöðu, við erum að fara niður og aftur niður. Það er mjög margt, eins og ég rakti í máli mínu, sem er óhugnanlegt í þeim tölum. Þess vegna er starfið flókið og erfitt. En við megum ekki gefast upp og segja: Þetta er svo flókið, þetta er svo erfitt, við viljum ekki koma nálægt því. Við eigum einmitt að láta það hugann herða að fara í verkefnið og gera okkur grein fyrir því hvernig við gerum þetta, hvernig við lifum í mestri sátt við þessa náttúru. Það er aðalatriðið.

[16:01]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er býsna skrýtið að koma upp í andsvar við hv. þm. út af þeirri sýn sem hann setur fram hér vegna þess að í raun og veru er ég alveg sammála henni. En hnífurinn stendur þar í kúnni sem við erum að leita leiða til að ná þeim markmiðum sem við höfum með sýn okkar og þar erum við alls ekki sammála.

Ég vil spyrja hv. þm. eins, ég held reyndar að hann sé sammála mér: Finnst honum ekki sorglegt að við skulum nota megnið af þessari umræðu í að tala um upphæðir sem útvegurinn þarf að borga í staðinn fyrir að ræða um leiðir, verkfæri og formúlur sem við getum notað til að ná þeim árangri sem við öll auðvitað stefnum að? Viljum við ekki öll byggja upp fiskstofnana og, eins og hv. þm. benti á, koma veiðinni úr 150–200 þús. tonnum upp í — ja, við skulum vera hógvær og segja 400 þús. tonna veiðigetu á ári hvað varðar þorskinn?

[16:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt til getið hjá hv. þm., ég er alveg innilega sammála honum. Mér finnst mjög sorglegt að við séum að þrasa um þetta veiðigjald í stað þess að reyna að einbeita okkur að því að vinna að þessum málum því að allt annað sem varðar framtíð Íslands er hreinn hégómi miðað við það að við stöndum eins vel og við getum og vöndum okkur eins mikið og við getum við það að varðveita þessa auðlind.

[16:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það er alltaf hressilegt að fá hv. þm. Einar Odd Kristjánsson í ræðustól. Hann talar a.m.k. frá hjartanu.

En ég verð enn fremur að viðurkenna og kannski endurtaka frá því í gær að ég átti dálítið erfitt með að fá einhvern botn í það sem hann sagði. Það kom þó alveg skýrt fram hjá hv. þm. að hann er andvígur kvótakerfinu — ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum — og sérstaklega vegna þess að ekki hefur tekist að byggja upp fiskstofnana. (**EOK:** Ha?) Þá er hv. þm. ekki síður andvígur stjórnarandstöðunni. Hún fær ekki háa einkunn hjá hv. þm. eða þær hugmyndir sem þaðan koma fram. Hugmyndir sjútvrh. fá falleinkunn, að mati hv. þm. skítfalla þær alveg ef svo má að orði komast, virðulegi forseti.

En svo heldur hv. þm. áfram og lýsir því yfir að ef kvótakerfið verði á einhvern hátt fellt niður eða veiðiréttinum af þeim tekinn sem nú hafa hann hrynji efnahagslífið. Smám saman áttar maður sig því á að maður áttar sig eiginlega ekki á nokkurn hátt á því hvað hv. þm. er að fara. Það má ekki brjóta niður kvótakerfið því að þá hrynur efnahagslífið en hann er andvígur kvótakerfinu, hann er andvígur hugmynd-

um stjórnarandstöðunnar og enn fremur er hann andvígur hugmyndum hæstv. sjútvrh.

Síðan vísaði hv. þm. í eignarréttarumfjöllun prófessors Sigurðar Líndals, sem ég þekki, þannig að mér sýnist á öllu, virðulegi forseti, að niðurstaða hv. þm. sé sú að setja þetta vandamál í nefnd, að einhver hópur komi að þessu máli í nokkur ár og leiti svara við erfiðum spurningum. Hann talaði sjálfur um að láta erfið verkefni „hugann herða" o.s.frv. Mér sýnist því að hugmynd hv. þm. um þau vandamál sem nú er við að etja sé sú að setja málið í nefnd.

[16:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef oft heyrt þegar menn lýsa fótboltaleik og gjarnan er sagt að menn hafi sparkað langt frá, „gróflega fram hjá" segja þá þeir sem eru að lýsa leiknum, gróflega fram hjá þegar boltinn er allt annars staðar en í markinu. Ég held, herra forseti, að þessi ræða hafi skotist gróflega fram hjá.

Ég er búinn að fara yfir það, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur ótal sinnum, hvert verkefnið sé. Íslenska verkefnið er það að við náum árangri í fiskveiðistjórn. Án þess að ná árangri í fiskveiðistjórn verður aldrei sátt. Meðan við náum engum árangri og förum aftur á bak verður, eðlilega, bullandi ósátt. (**LB:** En hvað á að gera?) Þess vegna segi ég að við verðum að endurskilgreina þetta, við verðum að úthluta mönnum. Við verðum fyrst og fremst að horfa til þess að við séum að úthluta hér sóknareiningum, fara nákvæmlega ofan í það hvaða veiðarfæri við notum, hvenær við notum þau og hvar.

Ég hélt að ég hefði farið nákvæmlega yfir þetta og alveg óþarfi væri að þykjast misskilja það. Hv. þm. fór hins vegar mjög vendilega yfir það og fór réttilega með það að ég hefði gefið stjórnarandstöðunni falleinkunn í þessu. Það er alveg hárrétt, hann misskildi það ekki neitt, þannig að hann var að leita að því hvort einhver væri mér sammála.

Þar sem ég verð að yfirgefa þennan sal bráðlega dettur mér í hug að benda honum á að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson situr hér og er á mælendaskrá. Hingað til höfum við haft ákaflega svipaða skoðun í nærri því öllum sköpuðum hlutum varðandi fiskveiðistjórnina þannig að hann tekur þá við af mér þegar ég fer úr salnum og heldur uppi merki þess sem við höfum verið sammála um langa ævi.

[16:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta kallar ekki á langt andsvar en mér heyrðist á svari hv. þm. að hugmyndir hans gangi út á að einhvers konar vinnuhópur verði skipaður, einhvers konar nefnd, til að breyta kerfinu á þann hátt að upp verði tekið einhvers konar sóknareiningakerfi þannig að það er alveg hárrétt niðurstaða hjá mér að hv. þm. vilji setja þetta vandamál í nefnd.

[16:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í umræðunni í gærkvöldi fór ég yfir það sem er meginefni þessa máls, þ.e. frv. sjútvrh. um það að hér skuli tekin upp ákveðin gjaldtaka af sjávarútveginum og kölluð veiðigjald. Ég fór nokkrum orðum um það hvernig þetta væri uppbyggt og hvaða afleiðingar það gæti haft eins og það er útfært. Ég held að hæstv. sjútvrh. hafi alveg áttað sig á því hvað ég var að fara en gerði ekki mikið úr því vandamáli.

Ég held hins vegar að vandamálið geti verið talsvert eins og útfærslan er uppbyggð. En nóg um það að sinni, ég ræddi það í gær og var það aðeins til ábendingar fyrir þá sem hafa mikinn áhuga á að keyra þetta mál í gegn. Ég verð hins vegar að lýsa því yfir að ég hef engan áhuga á að keyra þetta mál í gegnum þingið og tel það alls ekki til bóta eins og það er uppsett.

Ég hef ævinlega litið svo á að ef menn ætluðu að taka upp gjaldtöku í sjávarútvegi væri m.a. hægt að gera það með því að fyrna veiðiheimildir en því aðeins að menn næðu þá einhverjum markmiðum í því að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu, hverfa frá því sem við höfum verið að gera, eins og það hefur verið útfært, og ná öðrum og betri markmiðum en við höfum búið við undanfarin ár og áratugi. Það er vissulega alveg rétt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði í gær, og ég sagði reyndar í gærkvöldi líka, að við höfum engum árangri náð við það að byggja hér upp veiði á fiskstofnunum eða að byggja þá upp, þ.e. hina almennu botnfiskstofna. Það eru vissulega líka ákveðin varúðarsjónarmið sem við þurfum að huga að varðandi nýtingu á íslenska síldarstofninum.

Það sem mig langar að víkja aðeins að núna áður en ég fer í almenna umræðu um þetta mál er m.a. 4. gr. þessa frv., sem ég ræddi ekki í gær, og tekur á því að hér eigi að auka byggðakvótann. Ég er í sjálfu sér ekki hissa á því þó að menn komi hér með tillögu um að auka byggðakvótann því að slík vandamál hafa fylgt útfærslunni á þessu kvótakerfi okkar og hinu frjálsa framsali aflamarksins og aflahlutdeildarinnar að það er ekki furða þó að menn komi fram með 1.500 lestir í viðbót til e.t.v. að bæta í brestina þar sem þeir verða. Ég ætla að segja það um byggðakvótann að sums staðar hefur tekist ágætlega með útfærslu hans en það er hins vegar mjög misjafnt hvernig til hefur tekist.

Ég er almennt á þeirri skoðun að þegar byggðakvóti kemur inn á svæði þar sem atvinnumissir hefur orðið vegna þess að frjálsa framsalið hefur gert það að verkum að atvinnuréttur hefur verið seldur frá fólkinu eigi að bjóða þeim sem í byggðinni búa, gera út og stunda fiskvinnslu aðgang að þessum heimildum. En um það á að setja almennar reglur þannig að þeir sem eru í útgerð á svæðunum geti nálgast heimildirnar eftir einhverju ákveðnu fyrirframkerfi en það sé ekki fyrir fram markað á einn útgerðaraðila sem síðan hafi alræðisvald um það hvernig heimildirnar eru nýttar eða færðar til. Þetta vil ég segja almennt og nálgast þá það almenna sjónarmið sem stjórnarandstaðan hefur sett, þegar aflaréttindi standi til boða nálgist menn það með einhverju kerfi og einhverju útboði.

Ég held að þannig ætti að útfæra byggðakvótann en láta byggðirnar að sjálfsögðu njóta forgangs þegar hann er færður til enda hefði hann ekki fengið þetta nafn ef ekki væri verið að færa hann tímabundið inn á svæði sem hafa lent í skakkaföllum. Skakkaföllin hafa m.a. stafað af því hvernig kerfið hefur verið útfært og því að ekkert jafnræði er um það milli manna að nálgast aflaheimildir í þessu kerfi. Þeir sem e.t.v. vilja gera út og geta gert út, hafa til þess burði, hafa ekki aðgang að heimildunum nema að leigja þær frá öðrum.

Í gærkvöldi kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar að hann taldi að sumar útgerðir græddu vel á því að leigja þorskkvótann á 160 kr. kílóið, það væri bara ágætisafkoma af því. Út af fyrir sig get ég fallist á að finna megi afkomu út úr því að leigja fiskkílóið á 160 kr. Það á einkum við á vertíðarsvæðunum þar sem stærsti fiskurinn veiðist og sérstaklega á þeim tíma þegar fiskurinn er hrognafullur og lifrarmikill

eins og hagar til yfirleitt á vetrar- og vorvertíð hér sunnan og vestan lands. Þess vegna er það alveg nákvæmlega eins og ég hef margbent á úr þessum ræðustól að útgerðin mun færast öll inn á ákveðið svæði landsins og veiða ofan af fiskstofnunum þar sem stærsti fiskurinn býðst, ég tala nú ekki um ef hann býðst jafnframt hrognafullur og lifrarmikill, og það er alveg ljóst að í kvótakerfi hins frjálsa framsals aflamarksins þar sem leiguverð er 160 kr. mun útgerðin smátt og smátt, ef menn ætla að halda þessu óbreyttu, færast inn á þessi svæði landsins. Sér er nú hver byggðastefnan ef menn ætla að hafa kerfið áfram þannig útfært.

Ég held að við þurfum að nýta stofnana með því að veiða úr öllu safninu. Þó að vissulega verði áherslan oft sú að veiða stærsta og besta fiskinn megum við ekki gera kerfið þannig úr garði að sóknin sé beinlínis sérhönnuð til að fara öll í þá sókn. Það er að mínu viti kolvitlaus nýting á fiskstofni.

Gjaldtaka hefur líka verið gerð hér að umræðuefni, m.a. spurði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem var í ræðustól áðan, hverjir borguðu ef það gjald sem núna væri að koma til legðist á hvert fiskkíló. Ég get svarað því: Auðvitað fiskvinnslufólk og sjómenn. Á móti spyr ég: Hverjir hafa borgað leiguverðið í dag? Þetta gjald sem núna er e.t.v. verið að leggja til að taka gæti numið um 5 kr. á kíló í heildina en rétt er þó að taka fram að á móti því verða niðurfelld gjöld sennilega um tæpar 2 kr., þ.e. Þróunarsjóðurinn og þau gjöld sem núna eru vegna aflaheimilda, þannig að raunhækkun gjaldsins væri þá 3 kr.

Eins og kerfið er upp byggt hafa íslenskir útgerðarmenn nýtt sér það til að búa til sérstakt leigukerfi. Ég spyr: Séu áhyggjurnar af þessum 3 krónum, sem ég er út af fyrir sig ekkert sérstaklega að mæla með, svona rosalega miklar, hvað þá um 160 krónurnar? Af hverjum hafa þær verið teknar og hvernig stendur á því að ríkisstjórnin hefur sætt sig við að þessi gjaldtaka skuli eiga sér stað í sjávarútvegi, eingöngu til annarra útgerðarmanna, þeirra eignarréttarhafa sem núna hafa aflaheimildirnar?

Þá held ég við séum í raun komin að stærsta efni þessa máls, þ.e. að með því að leggja þetta mál upp eins og hæstv. sjútvrh. hefur lagt það upp hér er hann fyrst og fremst að festa eignarrétt íslenskra útgerðarmanna, þeirra sem nú eiga veiðiréttinn, í sessi. Íslenskir útgerðarmenn, Landssamband íslenskra útvegsmanna, telja þetta kerfi gott og að aðalmarkmiði þeirra verði náð með því að festa kerfið í sessi. Þeir eru tilbúnir að borga gjaldið sem ráðherrann hefur lýst hér í frv. sínu til þess að festa eignarhaldið hjá sér. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Það fer ekkert á milli mála.

Ég tel að frv. sem við erum að ræða hér, þó í því séu nokkrar aðrar greinar, sé fyrst og fremst þess efnis að festa eignarréttinn í sessi til framtíðar varðandi aflaheimildirnar svo að þeir geti fénýtt þær fram og til baka sem hafa fengið þær í sinn hlut.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom að því í gær og ég held að það sé rétt ályktun hjá honum að u.þ.b. einn þriðji veiðiheimildanna hafi gengið kaupum og sölum en tveir þriðju séu ennþá óseldir. Þá peninga eiga þeir sem þær heimildir hafa fengið eftir að taka út úr sjávarútveginum. Sjávarútvegurinn skuldar núna tæpa 200 milljarða kr. og skuldirnar hafa farið vaxandi um 60 milljarða á örfáum árum.

Mér finnst því allt í þessu máli neikvætt eins og það er upp byggt. Þess vegna er ekki undarlegt að stjórnarandstaðan hafi sýnt þá ábyrgð að reyna að ná saman um að bjóða upp á sáttaleið. Auðvitað höfum við í stjórnarandstöðunni haft mismunandi skoðanir á því hvernig bæri að vinna sig frá þessu kerfi. Ég og minn flokkur höfum ævinlega haft þá skoðun að ekki þurfi endilega að byggja á aflakvótakerfi heldur beri að færa sig frá því þar sem það er hægt og byrja á að útfæra sérstaka útgerðarflokka, að strandveiðiflotanum og byggðunum verði tryggður ákveðinn forgangur til að njóta staðarkosta sinna.

Þetta held ég að sé mikið mál. Þegar kerfi eins og kvótakerfið hefur lengi verið við lýði þá er ekki auðvelt að breyta því á einum degi. Það þarf ákveðna aðlögun.

Það sem upp úr stendur í þessu frv. er að verið er að færa varanlega eignabönd útgerðarmanna á auðlindinni um langa framtíð.

[16:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson leggur til ásamt mörgum öðrum hv. þm. að þjóðnýta aflaheimildir Íslendinga og telur sig með því vera að tryggja byggð í landinu og betri afkomu í sjávarútvegi, þ.e. með fyrningarleið sem eigi að vara í yfir 20 ár, velti ég fyrir mér: Hvernig telur hv. þm. að ástandið verði hjá þeim byggðarlögum þar sem útgerðarfyrirtækin eru helst? Hvernig kemur þetta til með að líta út? Það á að taka 5% á hverju einasta ári af helstu fyrirtækjum svæðanna. Á einu kjörtímabili eru tekin af þeim 20% og svona höldum við áfram.

Við sjáum t.d. Hraðfrystihúsið Gunnvöru á Ísafirði, gamla Hraðfrystihúsið í Hnífsdal sem hv. þm. starfaði fyrir í áratugi. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að leggja þetta fyrirtæki smám saman niður, um 20% á kjörtímabili. Hvert á að færa aflaheimildir þessa fyrirtækis? Hv. þm. vann nú við að afla fyrir þessa aðila. (Gripið fram í.) Hvert á að færa þessar aflaheimildir? Það á að færa þessar aflaheimildir til ríkisins, til sveitarfélaganna. (**Gripið fram í:** Fékk hann kvóta?) Hv. þm. hefur sjálfur verið kvótaeigandi.

Ég er mjög hissa á að þingmaður eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sem er mjög kunnugur þessu kerfi, kunnugur staðháttum úti á landi, skuli yfirleitt leggja svona til.

[16:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stórt er spurt. Það er spurt um hvernig framtíðin líti út. Ég verð að segja að ég treysti mér nú ekki til að sýna fram á hvernig framtíðin muni líta út. Ég er hins vegar jafnviss um að hv. þm. Kristján Pálsson getur með engum hætti fest hendur á því hvernig framtíðin verður í núverandi kerfi. Hefði hann t.d. getað sagt okkur það fyrir sex til átta árum að í dag yrðu svo til allar aflaheimildir horfnar úr Sandgerði? Hefði þingmaðurinn verið svo spámannlega vaxinn að geta spáð fyrir um það? Hefði hann getað spáð fyrir um að mestur hluti af aflakvóta Vestfirðinga í stóra kvótakerfinu hefði farið af svæðinu og stór hluti af honum til Akureyrar og annar hluti til Grindavíkur? Er nokkur vegur að spá fyrir um það í núverandi kerfi hvernig muni fara? Ég held að svo sé ekki. Ég held að það sé miklu nær að skoða hvernig við gætum skipað þessum málum upp á nýtt.

Ég er ekki talsmaður þess að vega þannig að fyrirtækjum í landinu að þau geti ekki gert út. Ég tel að þær tillögur sem m.a. stjórnarandstaðan hefur reifað séu alls ekki í þá veru. Hins vegar er frekar verið að tala um að menn þurfi að sitja við sama borð við að nýta veiðiheimildirnar og þurfi að nálgast þær m.a. með útboði. Við höfum lýst því

í þáltill. okkar, Frjálslynda flokksins, sem við fluttum hér með Vinstri grænum á síðasta þingi, hvernig við sæjum þetta fyrir okkur. Ég hef ævinlega talið grundvallaratriði að skipta flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka og að nýtingarréttur byggðanna væri tryggður í veiðirétti strandveiðiflotans.

Ég hef oft gert grein fyrir því í þessum ræðustól hvernig ég sæi fyrir mér skilgreiningu strandveiðiflotans annars vegar og hvernig ætti að reyna að skipta flotanum upp. En ég get ekki fullyrt um hvernig framtíðin lítur út eftir tíu, tuttugu ár. Ég treysti mér ekki til þess, hv. þm.

[16:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. upplýsir að hann viti ekki hvernig þetta kerfi muni virka. Hann er búinn að lýsa því yfir að kvótakerfið eins og það er í dag virki ekki. Hann leggur síðan til alveg nýtt kerfi sem hann veit heldur ekki hvernig á að virka. Ég átta mig ekki á svona röksemdafærslu. Við vitum nákvæmlega hvernig kvótakerfið hefur virkað á síðustu árum. Við ættum að geta ímyndað okkur hvernig það virkaði þá á næstu tíu, tuttugu árum til viðbótar. Það á reynslan að segja okkur.

Fyrningarleiðin sem hv. þm. er að leggja til með öðrum byggist á að þjóðnýta fyrirtækin sem núna starfa í sjávarútvegi og færa eignir þeirra, þ.e. aflahlutdeildina, til sveitarfélaganna, til verkalýðsfélaganna eða einhverra allt annarra. Hvað ætlar hv. þm. að gera við fyrirtækin í sínu kjördæmi? Hvaða framtíð sér hann fyrir fyrirtæki eins og Hraðfrystihúsið Gunnvöru á Ísafirði sem er einn máttarstólpa atvinnulífs í kjördæmi hans? Hv. þm. hlýtur að hafa einhverjar áhyggjur af þessu. Hann getur ekki lagt svona til án þess að átta sig á stöðu þessa höfuðfyrirtækis í byggðarlagi sínu.

[16:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki miklar áhyggjur af Hraðfrystihúsinu Gunnvöru sem hv. þm. gerði hér sérstaklega að umtalsefni. Það fyrirtæki stendur ágætlega, hefur gert það á undanförnum árum og mun örugglega pluma sig í hvaða kerfi sem við tökum upp. Ef hæfir menn eru við stjórnvölinn þar, bæði til lands og sjávar, mun það pluma sig á sama hátt og Samherjafrændur hefðu plumað sig án tillits til þess hvaða fiskveiðikerfi við hefðum tekið upp. Þeir sem hafa hæfileika til að stunda fiskveiðar og gera út ná árangri, hvaða kerfi sem við búum til.

Hins vegar er það svo að ef, eins og hv. þm. orðaði það hérna, reynslan á að segja okkur hvert við stefnum þá vil ég bara fara fram á það við hv. þm. að hann komi hér síðar í ræðustól og lýsi fyrir okkur, svo það sé einhvers staðar til skjalfest, hvaða byggðir muni á næstunni missa frá sér veiðiheimildirnar. Hvaða byggðir munu lenda í erfiðleikum? Það er miklu betra fyrir þingið að vita það, ég tala nú ekki um stjórnvöld.

Ef hv. þm. sér svona vel fyrir um hvernig kerfið þróast í dag og hvaða afleiðingar það muni hafa þá finnst mér ábyrgð hans mikil ef hann getur ekki sagt okkur fyrir um næstu skref.

Ég tel að núverandi kerfi sé algjört handahófskerfi og við munum ekki hafa hugmynd um hvernig það þróast. Við vitum að það er kvóti á skipum og útgerðarmenn ráða honum, þó kvótinn eigi að heita eign þjóðarinnar. Við höfum hins vegar ekki hugmynd um hvort atvinnuréttur fólksins er til staðar í annarri byggðinni eða hinni nokkrum dögunum seinna eða vikunni seinna.

[16:26]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað mjög fróðlegt að hlusta á það sem hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, hefur að segja um sjávarútvegsmál. Hann var um tíma einn af kunnustu aflamönnum landsins og hefur reynslu af því að vinna hjá sterku og traustu fyrirtæki í sjávarútvegi. Hraðfrystihúsið í Hnífsdal var náttúrlega eitt af þeim fyrirtækjum í sjávarútvegi sem víða var horft til. Hann gerir sér þess vegna vel grein fyrir því hvaða kostir fylgja því að slíkt fyrirtæki skuli vera í byggðinni sem stendur traustum fótum og getur byggt sig upp með hliðsjón af framtíðinni, þarf ekki að óttast að gripið verði inn í með einhverjum hætti. Fyrirtækið gat skipulagt sig fram í tímann.

Þess vegna er mjög athyglisvert, nú þegar hv. þm. stendur hér upp, að málflutningur hans skuli aðallega ganga út á það, eins og ég skil hann, að nauðsynlegt sé að draga afl úr stórútgerðunum. Þannig er þessi hv. þm. þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa fjárhagslegan aðskilnað á veiðum og vinnslu.

Þetta er auðvitað ekki í samræmi við reynslu hans á meðan hann var hjá fyrirtækinu sem ég nefndi. Þetta er heldur ekki í samræmi við þá uppbyggingu sem orðið hefur í fiskvinnslunni, t.d. á Dalvík, Akranesi og Akureyri eða ef við tölum um Neskaupstað, þegar sterkur frystiiðnaður hefur verið byggður upp. Af einhverjum sökum telur þessi hv. þm. að fyrirtækin sem ég hef hér drepið á veiki byggðirnar og séu andstæð eðlilegri byggðastefnu, þ.e. sterk fyrirtæki í sjávarútvegi út um landið sem geta staðið á traustum rekstrargrunni og lagt í dýra fjárfestingu sem horfir til framtíðar.

[16:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna er hv. þm. Halldór Blöndal að gera mér upp orð. Hann sagði að ég væri andstæður sterkum fyrirtækjum. Ég lýsti því í ræðu minni að ég teldi að fyrirtæki sem væri vel stjórnað, bæði til sjós og lands, hvort sem það er stórt eða lítið, ætti ævinlega möguleika og nefndi m.a. Samherja í því sambandi. Ég hef því ævinlega verið þeirrar skoðunar að þeir sem eru útsjónarsamir og duglegir við útgerðarrekstur muni pluma sig í hvaða stýrikerfi sem við búum til.

Mér finnst hins vegar miklu máli skipta að fyrirtækin séu á jafnréttisgrundvelli. Menn þurfa að horfast í augu við það. Það er ekkert launungarmál að þeim fyrirtækjum sem fengu úthlutað kvóta á sínum tíma var veittur ákveðinn forgangur. Mig undrar ef hv. þm. Halldór Blöndal telur það ekki forgang til veiða á Íslandsmiðum að fá úthlutaðan aflakvóta.

Síðan vil ég víkja að því sem hv. þm. vék að um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Ég er þeirrar skoðunar að fara eigi fram fjárhagslegur aðskilnaður veiða og vinnslu. Ég ætla að upplýsa hv. þm. Halldór Blöndal um að ég starfaði lengst af hjá fyrirtæki í Hnífsdal þar sem veiðar og vinnsla voru aðskildar. Þetta voru tvö fyrirtæki, þ.e. útgerðarfyrirtæki sem hét Miðfell og síðan Hraðfrystihúsið í Hnífsdal, tvö aðskilin fyrirtæki með aðskilið bókhald.

Sú tillaga sem ég hef lagt fram er um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Ég held að það væri þjóðinni til farsældar ef málum væri þannig fyrir komið.

[16:30]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti sorglegt að heyra það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði hér síðast vegna þess að í þeirri till. til þál. sem hann flytur segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði fyrir eðlilega verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði, heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði."

Svo mörg voru þau orð. Það var ekki á þessum forsendum sem unnið var í Hnífsdal og það veit hv. þm. Ég hélt satt að segja að hann mundi tala um það fyrirtæki sem hann vann svo lengi hjá með réttum hætti, en ekki að vera að snúa út úr fyrir mér með því að gefa í skyn að þar hafi öðruvísi verið staðið að en ég lýsti.

Hv. þm. er með tillögu sinni að leggja til að slík vinnubrögð og slíkt samstarf sem þar var haft um hönd megi ekki ganga í framtíðinni. Það er það sem hv. þm. er að leggja til. Og hann á að vera hreinskilinn og sannur í málflutningi sínum í þessu máli vegna þess að hann telur að hann sé kominn hingað inn á Alþingi einmitt til þess að vera með heiðarlegan málflutning í sjávarútvegsmálum. Þess vegna hlýtur maður að ætlast til þess að svo sé.

Ég vil í annan stað segja að ef við horfum hringinn í kringum landið, þá sjáum við að víða standa sterk fyrirtæki í sjávarútvegi undir nýsköpun í atvinnurekstri. Þegar þessi hv. þm. er að tala fyrir því að hann vilji treysta byggðirnar, þá er hann ekki að hugsa um þær byggðir þar sem þessi sterku sjávarútvegsfyrirtæki eru vegna þess að tillögur hans og málflutningur hans gengur út á það að flytja aflaheimildir frá þessum sterku fyrirtækjum til annarra aðila. Út á það gengur í raun hans málflutningur. Mér finnst að hann eigi að viðurkenna það í orði hér beinlínis að sá sé tilgangur hans með tillöguflutningi sínum.

[16:33]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að hv. þm. Halldór Blöndal er úr Norðurlandskjördæmi eystra og sækir að stórum hluta stuðning við flokk sinn í það kjördæmi og þar eru tveir hv. þm.

Hv. þm. talar eins og hann viti ekki hvaðan kvótarnir sem eru á Akureyri hafi komið. Ég get upplýst hann um það að Guðbjargarkvótinn í heilu lagi er staðsettur á Akureyri. Og ef hann heldur að núverandi tilflutningur á aflaheimildum hafi ekki haft nein áhrif á byggðirnar, þá veit ég bara ekki í hvaða landi hv. þm. býr eða hvaða hugsun hann hefur.

Ég hef ekki talað gegn því að sterk fyrirtæki mættu starfa í byggðunum. Ég hef einmitt talið að sterk fyrirtæki hafi forskot til þess að starfa í byggðunum. Og ef hv. þm. Halldór Blöndal heldur að útgerð Miðfells hf. sem gerði út Pál Pálsson í áratugi hafi ekki selt fisk á markaði, þá er það algjör misskilningur. Ég hygg einmitt að útgerðin hafi byggt upp stöðu sína með því að selja stóran hluta af afla sínum á markaði, bæði innan lands og þó sérstaklega erlendis, m.a. í gámum.

Það er mikill misskilningur ef hv. þingmenn Sjálfstfl. sem nú eru staddir hér í salnum, Kristján Pálsson og Halldór Blöndal, halda að Hraðfrystihúsið í Hnífsdal hafi verið stóreignafyrirtæki þegar ég hóf þar störf, það er mikill misskilningur.

[16:35]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þá er búið að leggja fram frv. sem þjóðin hefur beðið eftir, frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta frv. er ávöxtur loforðs sem hæstv. forsrh. gaf rétt fyrir síðustu alþingiskosningar um að skipuð skyldi nefnd í samfélaginu sem átti að vera til að skapa sættir í sjávarútveginum. Hvers vegna þurfti að skipa nefnd um sættir í sjávarútvegi? Það hlýtur að vera vegna þess að það var ekki sátt um sjávarútveginn. Og um hvað var ekki sátt? Hvers vegna sá sjálfur hæstv. forsrh. sig knúinn til að gefa þetta loforð, forsrh. ríkisstjórnar sem var búin að stjórna landinu við þetta fiskveiðistjórnarkerfi og svo allt í einu þegar kemur að kosningum þá er farið að ræða um þessi mál, á þeim tíma? Ástæðan fyrir því að skipa þurfti sáttanefnd var sú að byggðir víða um land voru að leggjast af vegna þess að fólkið sem bjó á stöðunum missti möguleikann til að veiða fisk, vegna þess að einn og einn aðili á þessum stöðum sem var ábyrgur fyrir útgerð hafði selt aflaheimildirnar burt frá byggðunum án þess að fólkið sem þar bjó, verkafólk, hásetar, vélstjórar á skipum, stýrimenn og jafnvel skipstjórar, hefði nokkuð um það að segja og það missti vinnuna.

Svo rammt kvað að þessu að jafnvel eitt byggðarlag, þorp sem hafði státað af tveimur togurum og mörgum bátum varð algjörlega kvótalaust, nánast. Og hvað átti til bragðs að taka? Sú staða sem kom upp bæði í þessu þorpi og víðar var mjög gagnrýnd, og einnig að það kerfi skyldi hafa verið sett á að þeir sem höfðu fengið aflaheimildir gátu leigt öðrum til að veiða. Þetta var helsta gagnrýnin að mínu viti, herra forseti. En sáttanefndin, að því er ég best skildi þetta allt saman, var sett á laggirnar til að koma inn í þá stöðu með einhver orð sem breyttu ástandinu. Hér er niðurstaðan komin og í raun og veru er um harla litlar breytingar að ræða þegar upp er staðið.

Reyndar er talað um að leggja á gjald en í staðinn verða önnur gjöld afnumin. Ég fæ ekki betur skilið þessa umræðu. En ekki er talað um að afnema þann möguleika að þeir sem hafi undir höndum aflaheimildir megi leigja þær öðrum. Sú staða gæti hæglega komið upp. Við getum hugsað okkur svæði eins og Breiðafjörðinn, að þeir sem eru að leggja net sín fyrir fiskinn þar þessa dagana séu að greiða fyrir það fleiri hundruð milljónir króna, tugi milljóna til útgerða sem eru kannski staðsettar á allt öðrum stað á landinu. Og ástæðan fyrir því að hæstv. sjútvrh. og ráðgjafar hans hafa ekki séð sér fært að fara að ráðum LÍÚ og Sjómannasamtakanna um algjöra eða mjög mikla takmörkun á kvótaleigu er náttúrlega sú að það hefði þótt alldapurt ef enginn eða lítill fiskur hefði verið veiddur úr Breiðafirði á vorvertíðinni af því að það væri kannski enginn til að veiða hann, enginn mætti veiða hann af því að ekki væri hægt að leigja hann og að togaraútgerðir hefðu einar haft heimildir til að veiða fiskinn.

Við þekkjum þá tíma úr Íslandssögunni þegar við lesum hana að þeir sem höfðu aðgang og leyfi til að veiða fisk við Íslandsstrendur voru þeir sem höfðu útræði. Það voru stórbændur og kirkjan átti ítök á ýmsum stöðum. Þeir sem máttu veiða voru þessir eigendur. Þetta breyttist. Á tímabili var það svo að hver sem vildi gat róið og stofnað til útgerða. En nú er öldin önnur, nú er þetta að hverfa í gamla farið. Það sem við sjáum líka er að aflaheimildirnar og möguleikarnir til að veiða eru að færast á æ færri hendur.

Við sjáum í frv., herra forseti, að sá möguleiki getur verið fyrir hendi að ein útgerð hafi heimild til að veiða 50% af

ýsustofninum við landið og ufsa, karfa og grálúðu. Ég spyr, herra forseti, og beini spurningu minni til flm. frv., hæstv. sjútvrh.: Er sá möguleiki fyrir hendi að ein útgerð geti átt helminginn í þessum fiskstofnum, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu og að þetta geti skipst á milli tveggja útgerða í landinu og ef einhverjir aðrir vilja veiða, þá þurfi þeir að fá leyfi hjá þeim og leigja af þeim?

Mér sýnist stefnan vera sú að það eigi að reyna að fækka útgerðum eins og mögulegt er í landinu. Þess vegna eru þessar heimildir rýmkaðar. Með þorskkvótann er það þannig að ein útgerð má eiga 12%. Hér er verið að hækka þetta hlutfall. Er það hagkvæmast, er það kannski álit hæstv. sjútvrh. að það sé bara best að ein útgerð sé í landinu og einn aðili sem eigi? Er það hagkvæmast? Er það hagkvæmni stærðarinnar sem menn eru að einblína á með þessu?

Ég segi, herra forseti, að við erum á mjög háskalegri braut með því að fara slíka leið. Ég vona að menn hugsi vel hvaða afleiðingar það getur haft að aðeins ein útgerð eða tvær, kannski þrjár, sem síðan eru meira og minna tengdar eftir einhverjum ósýnilegum þráðum geti ráðskast með auðlind íslenska samfélagsins.

Herra forseti. Þetta er ekki frv. sem leiðir til sátta. Menn hafa notað orðið stríðshanski frekar í þessu sambandi. Heilu byggðarlögin geta farið í uppnám vegna þessa frv. og þess ástands sem er fyrir hendi í sjávarútveginum í dag og þeirra laga sem gilda. Sú nótt getur komið að hin glæstu fyrirtæki, sem menn hafa verið að tala um hér, t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu lendi í rekstrarerfiðleikum eins og gerðist með gott fyrirtæki á Ísafirði sem gerði út Guðbjörgina. Hvað segja menn þá? Ætla þeir að segja að það sé réttlætið? Það er ljóst að heyrast munu ramakvein ef til þess kæmi.

Ég er ekki að óska þess, síður en svo, en ég bendi á, herra forseti, að margt gerist í viðskiptaheiminum og útgerðarheiminum. Við höfum séð útgerðir fara á höfuðið, jafnvel stórar, sterkar og stæðilegar svo ekki hvarflaði að einum einasta manni að yrði. Þá er ég hræddur um að annað hljóð mundi heyrast í sumum hv. þm. Norðurl. e. ef til þessa kæmi.

Herra forseti. Rétt fyrir áramótin voru lög um smábáta samþykkt. Þar var gert ráð fyrir því að nánast allt yrði kvótasett í þeim flokki. Nú er gert ráð fyrir að þeir bátar muni geta stækkað og að þeir megi vera meira en 6 tonn. Það getur verið ágætt. En það dapurlega er að sú skerðing sem átti sér stað með þeim lögum, á ýsuveiði og steinbítsveiði, er þegar farin segja til sín með þeim afleiðingum að fjöldi manna hefur ekki vinnu lengur við að beita og róa eins og var.

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að byggja þurfi upp þannig sjávarútvegskerfi að sem flestir hafi möguleika til þess að koma að því. Það á ekki að byggja upp þannig kerfi að alltaf færri og færri ráði yfir auðlindinni. Við getum velt fyrir okkur hver séu einkenni þeirra ríkja þar sem grimmd er landlæg og fátækt. Eru ekki einkenni þeirra ríkja þau, herra forseti, að fáir ráða yfir auðlindum þeirra og menntun er ekki almenn? Ég tel það vera hættumerki ef sú staða getur komið upp að örfáir aðilar, örfáir einstaklingar í raun, ráði yfir og hafi alla fiskveiði íslenska samfélagsins undir sínum höndum.

Auðvitað er æskilegast að útgerðirnar séu sem flestar og að sem flestir hafi aðgang og möguleika til að veiða, að sem flestir geti séð möguleika á að stofna til útgerðar, eins og var. Hvar er hugsjónin um hinn sjálfstæða mann sem getur stofnað til útgerðar og farið að róa? Hvaða möguleika hafa menn til þess að stofna til útgerðar og róa á sjóinn? Hvaða möguleiki hefur, við skulum segja, maður sem mundi langa til þess að veiða fisk í Faxaflóanum eða Breiðafirðinum? Hvaða möguleika á hann til að stofna til útgerðar? Hann þarf að kaupa bát og síðan þarf hann að leigja veiðiheimildir af öðrum.

Er ekki skrýtið, herra forseti, að úgerðarfyrirtæki sem á kvóta skuli geta leigt hann frá sér en veiði hann bara ekki sjálft? Hvað veldur því? Eru þá komnar of miklar veiðiheimildir til þeirra fyrirtækja? Vita menn ekki að margir staðir og margar litlar útgerðir eru að greiða hundruð milljóna í veiðileyfagjald, í auðlindagjald, en þó ekki til samfélagsins heldur til annarra útgerða í landinu? Þetta lýsir ójafnræði á milli þeirra.

Það er líka umhugsunarefni í sjálfu sér af hverju einn skuli hafa veiðiheimild en annar ekki, að einn sem var skipstjóri í einhvern tíma, jafnvel skamman tíma, hafi orðið sér úti um veiðiheimild á meðan annar skipstjóri sem veiddi mörgum sinnum meiri fisk á sinni veiðitíð, skuli ekki fá neitt og hafi ekki nokkurn möguleika til þess. Er þetta ekki ójafnræði? Og af hverju er miðað við einn dag eða eitt eða tvö ár frekar en einhver önnur? Þessar spurningar eru náttúrlega alltaf áleitnar þegar við hugsum um sjávarútvegsmálin.

Það sem mér finnst merkilegast í þessu er að fram skuli koma tillögur um þetta, þ.e. að eitt fyrirtæki geti jafnvel verið í þeirri stöðu að það eigi 50% af aflaheimildum þessara stofna, ýsu, ufsans, karfans og grálúðunnar. Það finnst mér alveg með ólíkindum þó að ákveði séu um að sjávarútvegsfyrirtæki megi þó ekki eiga meira en 12% af heildarverðmæti allra tegundanna. Þetta finnst mér skrýtið og ég skil ekki tilganginn með því að setja þetta í lögin nema þá að það lýsi þeirri hugsjón að aðeins eigi að vera örfá fyrirtæki í sjávarútveginum og að verið sé að reyna að útrýma litla *manninum, litlu sjálfstæðu mönnunum, mönnunum sem hafa* þrá og löngun til að vera bara með lítil útgerðarfyrirtæki, kannski bara með fjölskyldu sinni, nágrönnum eða vinum. Slík fyrirtæki eru greinilega illa séð miðað við þetta.

Herra forseti. Ég vona að í umfjöllun sjútvn. um þetta frv. verði þetta tekið út og þessar tölur lækkaðar til muna.

[16:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf., Karl V. Matthíasson, hefur lýst því yfir að hann sé á móti því frv. sem hér er til umræðu um að leita sátta um stjórn fiskveiða með þeim aðferðum sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt hér fram. Hann hefur samt sem áður lagt fram ákveðnar hugmyndir ásamt þingflokki Samfylkingarinnar, hugmyndir um það hvernig eigi að ná sátt að þeirra dómi. Sú sátt felst í því, samkvæmt því frv. sem lagt var hér fram og er 3. mál á þskj. 3, að á tíu árum verði allar aflaheimildir útgerða landsins teknar eignarnámi, þjóðnýttar, og síðan yrði þeim úthlutað með ákveðnum reglum sem koma hér fram.

Ég velti því fyrir mér hvernig það geti gengið upp í augum hv. þm. að kippa þannig stoðunum undan öllum stærstu fyrirtækjum í sjávarútvegi í kjördæmi hans bara með einu pennastriki. Við erum hér að tala um Útgerðarfélag Skagfirðinga, stærsta fyrirtækið í Skagafirði, Skagstrending, eitt stærsta fyrirtækið í Húnavatnssýslum, Hraðfrystihúsið í Hnífsdal sem er stærsta fyrirtækið á Vestfjörðum, Hraðfrystihúsið á Hellissandi, Guðmund Runólfsson í Grundarfirði, Soffanías Cecilsson í Grundarfirði og Harald Böðvarsson á Akranesi. Öll þessi fyrirtæki eru undir. Hv. þm. er að leggja til að þessi

fyrirtæki verði svipt eignum sínum á næstu tíu árum. Er þetta sú sátt sem hv. þm. sér fyrir sér um íslenskan sjávarútveg, þ.e. að gera eignalaus öll stærstu fyrirtækin í því kjördæmi sem hann ætlar sér að vinna í?

[16:57]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkurs misskilnings gætir hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða er sérstaklega tekið fram að fiskurinn í sjónum og nytjastofnar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Það er líka tekið fram í þeirri sömu grein, herra forseti, að enginn einn geti átt þetta heldur hafi það bara til umráða. Áttu þessi fyrirtæki ekki neitt fyrir kvótakerfið? Voru þetta bara eignalaus fyrirtæki? Ég veit ekki betur en að eignir fyrirtækjanna séu það sem þau hafa fjárfest í, þ.e. skipin og húsin og annað sem lýtur að útgerðinni. Ég get sagt það að ef fiskveiðiheimildirnar fara smám saman á markað, alveg eins og þegar skapaður var markaður þegar fiskur var sendur á markað, þá muni þessi fyrirtæki pluma sig. Við erum að ræða um dugmikið og kraftmikið fólk sem mun geta tekið þátt í samkeppni og baráttu. Þetta er fólk sem kann að veiða, getur veitt og mun geta veitt. Mér finnst það bara alveg með eindæmum að þingmaðurinn skuli halda því fram að þessi fyrirtæki muni afleggjast þó þau þurfi að taka þátt í smákeppni um fiskinn. Er ekki fullt af útgerðum í dag að borga milljónir, hundruð milljóna, jafnvel milljarða fyrir að veiða fisk? Ég veit ekki betur og gengur bara vel sumum.

[16:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega alveg augljóst mál að dugmikið fólk hefur stjórnað þessum fyrirtækjum. Það er akkúrat málið. Þetta dugmikla fólk hefur lagt allt undir árum og áratugum saman. En það hefur staðið frammi fyrir þeirri óvissu núna á undanförnum árum að það veit ekki hvort það er að koma eða fara í þessari starfsgrein en eitt það versta sem atvinnugrein getur staðið frammi fyrir er að vita ekki neitt um framtíð sína.

Með þeim hugmyndum sem hv. þm. hefur lagt hér fram er verið að skapa þá óvissu að eigendum verði nóg boðið og bara standi ekki í svona rekstri lengur. Þetta er ekki ásættanlegt eða eftirsóknarvert umhverfi fyrir neinn rekstraraðila að búa við.

Þess vegna segi ég að með þessum hugmyndum er verið að setja atvinnu hundruða, jafnvel þúsunda manna í hættu í því kjördæmi sem hv. þm. ætlar að vinna fyrir, það er verið að setja í hættu það starf og þau fyrirtæki sem þetta dugmikla fólk hefur byggt upp á síðustu áratugum. Það er nefnilega enginn misskilningur í því hvernig ég skil þessa tillögu, herra forseti. Í greinargerð þessarar tillögu stendur, með leyfi forseta:

„1. Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum ...“

Herra forseti. Hér stendur að það eigi að afnema á næstu tíu árum eignir þessara útgerðarfyrirtækja og þjóðnýta þær. Ef það verður einhvern tímann að veruleika getur ekkert annað gerst, því miður, herra forseti, en að þeir aðilar sem hafa staðið í þessum atvinnurekstri munu ekki una við þetta lengur og sennilega, því miður, flestir hverjir snúa sér að einhverju öðru þar sem hægt er að starfa í friði að því að byggja upp fyrirtæki.

[17:01]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er mjög hugleikið að nefna hér ýmsar útgerðir á nafn og ýmis svæði. En svo kýs hann að nefna ekki aðrar útgerðir sem hafa verið miklar og gildandi en hafa þurft að lúta í gras vegna ríkjandi kerfis. Það er rétt að útgerðarfyrirtæki hafa ekki vitað á liðnum árum hvað framtíðin bæri í skauti sér, sérstaklega undanfarin 12 ár, í stjórnartíð Sjálfstfl. Og ég skil ekki að það sé þjóðnýting þó að farin verði fyrningarleið og útgerðinni gefinn kostur á að bjóða í veiðiheimildir. Íslenska samfélagið á fiskstofnana við Ísland. Ég vona að hv. þm. sé sammála mér í því. (**KPál:** Það er í lögum.) Það er í lögum, já. Ég vona að þingmaðurinn sé sammála lögunum og skilningi þeirra. (**KPál:** Að sjálfsögðu.) Já, að sjálfsögðu, segir hann, og þá erum við sammála þar.

En hvernig á að útdeila þessu? Vitaskuld má líta á það sem þjóðnýtingu ef þjóðin nýtir aflann sem allra best með því að láta þá hæfustu veiða hann á samkeppnisgrundvelli en ekki ef aflanum er úthlutað til einstakra útgerða og jafnvel þannig að örfáar útgerðir geti bara átt kvótann, ein útgerð geti átt t.d. helminginn af öllum ýsustofninum við Ísland. Það er algjörlega fáránlegt og heimskulegt og bara ótrúlegt að þetta skuli standa hér á þessum blöðum.

[17:03]

Útbýting þingskjala:

Fjárreiður ríkisins, 581. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 910.

Tollalög, 583. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 912.

Tryggingagjald o.fl., 582. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 911.

Vistvænt eldsneyti, 585. mál, fsp. RG, þskj. 914.

Þjóðareign náttúruauðlinda, 578. mál, fsp. RG og SvanJ, þskj. 905.

[17:04]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum áfram um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Ég fór í fyrri ræðu minni, virðulegi forseti, yfir meginlínur í stefnu okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í sjávarútvegsmálum. Þau lög sem hér eru til umfjöllunar eru byggð á nál. meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar um sjávarútvegsstefnuna og ég ætla aðeins að fara í frv.

Í 1. gr. er talað um að afli sem veiddur sé í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunar falli ekki undir ákvæði þessara laga. Það hefur komið fram hjá nokkrum öðrum hv. þm. í umræðunni að þetta væri of þröngt og ég held að við þurfum að skoða það í hv. sjútvn. Að mínu mati þurfa mögulega að koma inn í þetta lagafrv. aðilar frá t.d. sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri.

Ég hef úttalað mig áður á grunni 4. gr. um þessa svokölluðu byggðakvóta. Ég held að við séum komin út á afar óheppilegar brautir, að þurfa að leggja til hliðar kvóta sem notaður er til að slökkva elda sem á brenna í þeim byggðarlögum sem missa frá sér fyrirtæki, og ég hef lýst því áður hér í ræðustóli, virðulegi forseti, að það er ömurlegt hlutskipti að þurfa að koma til ráðuneytis með betlistaf og skæla út lífsbjörg þegar allt er farið frá manni. Einhvers konar sjálfvirk byggðatenging, sjálfvirkur og sjálfsagður réttur grunnur til framfærslu og til þess að draga fram lífið í hinum dreifðu byggðum, verður að vera tryggður með öðrum hætti en miðstýrðri úthlutun á ölmusu þegar illa gengur, eins og segir í

tillögum okkar. Það vil ég að komi fram og ég mun ræða það í hv. sjútvn.

Síðan tölum við um hámarksaflahlutdeild. Það er náttúrlega umhugsunarefni en kom greinilega fram sem áhersluatriði stjórnarliða í vinnunni í endurskoðunarnefndinni að menn vildu gefa fyrirtækjunum möguleika til þess að stækka enn meir frá því sem hægt var. Nú eru komnar á blað í þessu frv. alveg ótrúlegar tölur þar menn mega fara upp í 50% í ýsu, ufsa, karfa og grálúðu og tæknilega séð geta tveir aðilar skipt á milli sín öllum aflaheimildum í þessum tegundum. Ég held að þetta séu hlutir sem við getum á engan hátt stefnt að og verðum að fara ofan í í vinnu nefndarinnar.

Umræðan hefur samt snúist mest um þetta veiðigjald. Ég held að við gerum okkur öll grein fyrir því að það var á sínum tíma útspil útgerðarinnar til þess að friðþægja almenning sem hefur um langt árabil verið mjög óánægður með fiskveiðistjórnarkerfið. Ég hef lýst því yfir hér að mér finnst ekki aðalatriði að skattleggja útveginn og hef aldrei verið talsmaður þess. Ég hef talið að það væri númer eitt, tvö og þrjú að vinda ofan af kerfinu og finna nýja leið sem miðaði okkur eitthvað áfram til þess að byggja upp fiskstofnana. Ég hef talið það megingallann á kerfinu og svo náttúrlega það sem við stóðum frammi fyrir um árabil, að tugir milljarða króna fóru út úr greininni vegna þess að menn gátu selt sig eða selt aflaheimildir sem framkallaði gríðarlega aukna skuldastöðu sjávarútvegsins.

Þess vegna finnst mér það meginmál, og það hefur komið fram hér í umræðunni, að við stöldrum við og gerum okkur grein fyrir því hvers vegna í ósköpunum við erum enn þá að hjakka í sama farinu hvað varðar veiðigetu í þessum dýrustu og mikilvægustu tegundum fyrir okkur eins og þorskinum. Það er algjörlega óásættanlegt og við verðum að fara í þá vinnu sem getur mjakað okkur upp á við. Það er stærsti bónus nánustu framtíðar að við berum gæfu til að finna kerfi sem byggir upp fiskstofnana.

Það er út í hött að tala um gjaldtöku af greininni og leggjast yfir hana eins og hún er í dag, hverjir fá og hverjir borga. Mér finnst það aukaatriði miðað við þær svörtu staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir varðandi veiðiþolsgetu stofnanna. Það er aðalmálið. Og þess vegna finnst mér aðalmálið að finna einhverja formúlu til þess að vernda lífríkið á vistvænan hátt þannig að það geti gefið af sér það sem efni standa til. Margir hafa nefnt tölur og þeir bjartsýnustu segja, eða sögðu á árunum, að við ættum að geta tekið 500 þús. tonn úr þorskstofninum en helmingsaukning horfði strax til framfara.

Ég vil vara menn við því að vera of uppteknir af gjaldtökunni. Gjaldtaka af útgerðinni er ekkert aðalatriði í mínum huga. Aðalatriðið er að finna leið til þess að stjórna veiðunum á þann hátt að við getum stundað sjálfbærar veiðar sem til langs tíma litið gefa okkur gríðarlega mikinn ábata vegna aukinna veiða. Vonandi. Og þar stendur hnífurinn í kúnni.

Menn hafa verið að velta sér upp úr tölum hér, hvort þetta eigi að vera 2 milljarðar eins og útgerðin hefur gengist inn á að borga, hvort hóflegt gjald sé 3 milljarðar eða hvort það eigi að vera 5,5 milljarðar samkvæmt úttekt einhverra sérfræðinga á tilkostnaði við útgerðina. Við þurfum aðeins að athuga okkar gang vegna þess að hvert einasta missiri samþykkjum við hér lög sem auka reiknaðan kostnað frá mánuði til mánaðar.

Við samþykktum lög um daginn til að minnka brottkast og þau lög gera það að verkum að ráða þarf einhverja menn að auki á Fiskistofu. Sú stofnun hefur vaxið á örfáum árum um 40 manns, upp í 100 manns, sem byggir að hluta til á þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem við ræðum hér. Það er augljóst. Þessi afleiddi kostnaður sem samfélagið, að sumra mati, þarf að bera af útgerðinni er því að mörgu leyti bundinn, og afleiðing af því regluverki sem við höfum sett á hinu háa Alþingi. Það líður varla það missiri eins og ég segi að ekki komi fram einhver frv. út af eftirliti og því um líku sem eykur tilkostnaðinn.

Virðulegi forseti. Ég tel að við þurfum að skoða þetta í heildarsamhengi og við megum ekki vera of upptekin af þessari gjaldtöku eins og mér finnst öll umræðan hér snúast núna allt of mikið um. Meginmarkmiðið núna er — við megum ekki missa sjónar á því — að finna leiðir til þess að við getum byggt upp okkar mikilvægustu fiskstofna þannig að þeir geti gefið okkur hámarksafrakstur. Það varðar veiðarfæri. Það varðar hvernig sótt er í stofnana. Það varðar útgerðarmunstrið. Og það varðar heildarregluverkið, hvernig við ætlum að nýta auðlindina á vistvænan hátt. (**Gripið fram í:** Veiðarfæranotkun.) Veiðarfæranotkun er þar stórt atriði eins og menn vita.

Ég tel því að þetta frv. viðhaldi bara núverandi ástandi. Ég mun leggja til þessar breytingar sem ég nefndi eins og í sambandi við Hafrannsóknastofnun og möguleika annarra, t.d. Háskólans á Akureyri o.s.frv., eins og ég gat um. En veiðileyfagjald hefur ekki verið sett á oddinn sem verkfæri til þess að stjórna fiskveiðum á Íslandi af okkar hálfu í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

[17:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hái okkur að veiðileyfagjaldið er svo stór hluti, ef ekki stærsti hlutinn, af þessari umræðu. Upphafið að því ferli sem við sjáum hilla undir lokin á hófst með þáltill. um auðlindanefndina þar sem meginatriðið er hóflegt veiðigjald. Það vill bara þannig til að formaður þess flokks sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson tilheyrir og formaður þingflokksins voru flutningsmenn þeirrar tillögu sem hér um ræðir. Þeir komu verulega að því að hefja þetta mál. (**Gripið fram í:** Meðal annarra.) Meðal annarra. Hv. þm. Gísli Einarsson sat hins vegar hjá við afgreiðslu þessa máls. (**Gripið fram í:** Nei.) Þess vegna finnst mér svolítið einkennilegt að helsti talsmaður Vinstri grænna í umræðunni skuli leggja svona mikla áherslu á að ekki eigi að fjalla svona mikið um veiðileyfagjaldið og vilji leggja áherslu á einhver önnur atriði. Það er eins og að menn færi sig núna frá þessari áherslu á gjaldið og séu að missa kjarkinn á endasprettinum, þeim sé að snúast hugur. Auðvitað eru mörg önnur atriði, herra forseti, sem skipta miklu máli í fiskveiðistjórninni og hafa verið rædd fyrr á þinginu í vetur og verða auðvitað rædd í framtíðinni líka.

Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hann telji að það gjald sem verið er að leggja hér á sé of hátt eða of lágt eða hvort það sé einhvers staðar nálægt lagi. Eins og menn vita er auðvitað gert ráð fyrir innheimtu í gegnum fyrningu og uppboð í þeim tillögum sem hv. þm. lagði fram í séráliti sínu vegna endurskoðunarnefndarinnar.

[17:16]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðlindanefndin eins og hæstv. sjútvrh. gat um skilaði formúlu fyrir tveimur aðferðum, þ.e. veiðileyfagjaldi og síðan að skipta um kerfið með fyrningarleið. Menn hafa náttúrlega rætt þessar aðferðir. Það hefur ekki

farið fram hjá hæstv. ráðherra að minn flokkur hefur mótað endurbætta og nýja sjávarútvegsstefnu fyrir flokkinn með því að nota þá leið að fyrna, að vísu á löngum tíma og síðan að endurúthluta afla með vissum skilyrðum, þannig að fyrningarleiðin er notuð sem tæki til þess að breyta um áherslur hvað varðar sjávarútvegsstefnuna.

Ég sem alþingismaður eftir að hafa verið hér í þrjú ár svara svo sem ekki fyrir það sem hv. þingmenn, þó svo þeir séu í mínum flokki, hafa rætt hér um þessi mál áður, en flokkurinn sem er fjögurra ára gamall hefur mótað þá sjávarútvegsstefnu sem við keyrum samhuga og samhent í dag. Hún hefur verið kynnt ítarlega hér í þinginu og eru allir sammála um að það sé sú leið sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum fara til þess að leiðrétta þau mistök sem átt hafa sér stað hvað varðar stjórn fiskveiða. Það er meginmálið hvað varðar stöðuna eins og hún er núna.

[17:17]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski svo sem ástæðulaust að vera að gera mjög mikið úr skoðunum sem hv. þingmenn í þingflokki Vinstri grænna höfðu áður eða málatilbúnaði þeirra þá. En hins vegar hélt þingflokksformaðurinn ansi glögga ræðu í gær þar sem hann lagði talsvert mikið upp úr þeim verðmætum sem væru fólgin í kvótanum, í aflahlutdeildinni og hversu mikil verðmæti væru fólgin í viðskiptum með aflahlutdeildina. Ég gat ekki betur skilið en hann vildi nálgast að einhverju leyti þá fjármuni. Ég get þess vegna ekki skilið þá ræðu hv. þm. öðruvísi en svo að hann sé ekki að leggjast gegn því að lagt verði á veiðileyfagjald, hann sé sammála því að það sé gert, hann hefði viljað gera það einhvern veginn öðruvísi, og að hann geri engar sérstakar athugasemdir við þá upphæð sem lagt er til að verði innheimt á þennan hátt.

[17:18]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði á ræðu þingflokksformanns míns í gær með mikilli athygli og þar kom fram hjá honum að þegar farin er þessi svokallaða fyrningarleið, enda er það svo í tillögum okkar, að við erum með þríliðun á því hvernig útdeiling aflaheimilda fer fram á grunni fyrningarinnar. Það er alveg augljóst og það kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það skapar gjaldtöku í sjálfu sér, vegna þess að einn þriðji af þeim aflaheimildum sem eru fyrndar samkvæmt þeim hugmyndum fer á markað, og einn þriðji af aflaheimildunum er byggðatengdur sveitarfélögunum og þeim er í sjálfsvald sett og þau geta ákveðið að setja hann á markað eða endurúthlutað til fyrirtækjanna, það er þeim í lófa lagið. Það er því alveg rétt að við tölum fyrir gjaldtöku sem myndast í krafti þess að verið er að bjóða upp á nýtt fyrndar aflaheimildir og síðan mundu e.t.v. sum sveitarfélögin ákveða að innheimta einhvers konar gjald eða fara uppboðsleið.

[17:20]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún var mjög athyglisverð sú ríka áhersla sem hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Steinar Jóhannsson, lagði á það að flokkur hans vildi ekki auðlindagjald eða neitt þvílíkt á sjávarútveginn á sama tíma og flokkur hans stendur fyrir tillögum um að leggja mjög þungar álögur á sjávarútveginn með því að gera aflaheimildir fyrirtækjanna upptækar á svo og svo mörgum árum án endurgjalds. Auðvitað er það alveg augljóst að fiskveiðistjórn af því tagi veldur því að fyrirtæki sem nú hafa byggt sig upp á síðustu árum muni veikjast. Það veldur því líka að verð slíkra fyrirtækja mun lækka og að þessi fyrirtæki muni veikjast með margvíslegum hætti.

Eins og hv. þm. hefur lagt upp mál sitt er líka auðséð og auðheyrt að hann vill draga úr sókninni eins og hún er núna og verður varla skilin öðruvísi en svo að hann hugsi sér að færa veiðiheimildir frá t.d. togurunum. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi hér alveg skýrt fram hjá hv. þm.: Hugsar hann sér það eins og hann sér tillögur sínar að veiðiheimildir verði færðar frá fyrirtækjum við Eyjafjörð og í Fjarðabyggð til annarra staða?

[17:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú tekið eftir því að hv. þm. meiri hlutans finnst alveg sérstaklega spennandi að stilla öðrum tillögum upp þannig að verið sé að taka frá öðrum. Hv. þm. Halldór Blöndal áttar sig náttúrlega á því að á hverjum degi er verið að taka frá öðrum í krafti markaðarins en ekki með stjórnvaldsaðgerðum, málið snýst því ekki um það.

En trúi maður því að nýjar tillögur hvað varðar stjórn fiskveiða leiði til þess að hægt sé að byggja upp fiskstofnana, þá er það augljóslega þvílíkur ábati fyrir allar þær útgerðir sem eru í gangi á tímabilinu, að það mundi ekki veikja stöðu þeirra heldur styrkja, því útgerðin hefur staðið frammi fyrir því varðandi allar þessar tegundir langflest árin að þurft hefur að draga úr veiðiheimildum, þeir hafa veitt minna. Það hlýtur að vera markmið okkar allra með því að horfa til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu númer eitt, tvö og þrjú að byggja upp veiðistofnana þannig að sóknin geti aukist og menn geti borið meira úr býtum og menn geti styrkt sig. Það er meginmálið.

En það horfir auðvitað allt öðruvísi við ef menn vilja bara fljóta sofandi að feigðarósi og halda við því ástandi sem að margra mati er að leiða til þess að við förum neðar og neðar hvað afrakstursgetu fiskstofnana varðar. Og þá erum við náttúrlega stödd í allt, allt öðru ljósi og framkallar það ástand sem hv. þm. bendir á. En við erum að leita leiða til þess að sækja fram og fá stofnana upp og það leiðir augljóslega til aukinna sóknarfæra og aukinna möguleika þeirra sem eru í greininni.

[17:23]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lagði áherslu á það í ræðu sinni að aðalatriðið væri að finna leið til þess að stjórna veiðunum eins og hann komst að orði og er þá að hugsa um opinbera stýringu. Í annan stað talaði hv. þm. um einhvers konar sjálfvirka byggðatengingu til að fólk geti dregið fram lífið, það væri ekki ölmusa, eitthvað því um líkt. Með þessum hætti hefur hv. þm. verið að tala um að nauðsynlegt sé að færa aflaheimildir frá þeim stöðum sem þær eru nú til annarra staða. Eins og hann flutti mál sitt hér með öllum þeim vífilengjum sem fram komu í hans máli, er auðheyrt að það sem raunverulega vakir fyrir þessum hv. þm. er að færa aflaheimildir frá þeim sterku fyrirtækjum sem eru t.d. við Eyjafjörð, í Fjarðabyggð, á Ísafirði, og er að reyna að sannfæra sjálfan sig um að ef hann nái þessu fram, þá muni fiskum fjölga í sjónum.

[17:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nú átt orðaskipti við hv. þm. á svipuðum nótum áður. En ég lít ekki þannig á málin að verið

sé að tala um að færa frá einum eða neinum. Við höfum mjög góða reynslu af því að stórfyrirtækin eru í prýðilegri samvinnu við þá sem hafa umráðarétt yfir kvóta og ég þarf ekkert að fara út í neina kjördæmayfirferð til þess að lýsa því. Halda menn virkilega að þeir sem standa sig vel í útgerð og eru klárir á því sviði fóti sig ekki í nýju umhverfi? Það er svo augljóst að þeir gera það að sjálfsögðu og finna leiðir til uppbyggingar eftir sem áður. Það á því ekki að þurfa að breyta neinu nema að leiða til þess að það verður fjölbreyttara og betra atvinnulíf út um allt land eins og dæmin sanna.

Hin leiðin er áframhaldandi grisjun eins og kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni eftir lögmálum markaðarins þar sem menn eru settir út á klakann.

[17:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e., heldur því fram að helstu markmið hans og annarra þingmanna sem mæla fyrir svokallaðri fyrningarleið sé að auka afrakstursgetu fiskstofnanna og það sé aðalatriðið.

Ég ætla ekki að efast um þann ásetning að reyna að auka þá afrakstursgetu, það er nauðsynlegt. Það eru allir sammála um að auka þarf fjármagn til Hafrannsóknastofnunar og til sjávarrannsókna yfirleitt til að átta sig á því hvernig lífríkið breytist með veiðinni og breyttum veiðiaðferðum o.s.frv. Þetta er verið að gera. Það er enginn ágreiningur um það, það er verið að reyna þetta.

Vegna þess að hv. þm. er að reyna að tala um einhverjar sáttaleiðir og kemur með þá hugmynd eins og hefur verið rætt um hér að fyrningarleiðin sé það eina rétta, að þjóðnýta allar eigur þeirra sem núna standa í þessu, til þess að úthluta þeim með einhverjum öðrum hætti, til einhverra allt annarra aðila sem bjóða þá hæst væntanlega eða sveitarfélögunum býður svo við að horfa að fá að veiða. Hver heldur hv. þm. að nenni að standa í atvinnurekstri undir slíkum kringumstæðum? Það er nógu erfitt eins og þetta er í dag.

Ég sé fyrir mér að Akureyri sem stærsta útgerðarfyrirtæki á landinu gæti þess vegna orðið það minnsta og orðið landbúnaðarhérað eins og það var hér í eina tíð. Ég sé þann árangur af þeirri tillögu sem hv. þm. er að leggja til með foringja sínum, að þetta geti leitt til hruns á Eyjafjarðarsvæðinu og Samherji og Útgerðarfélag Akureyringa, sem skaffa hundruðum manna vinnu, að það fólk verði í rauninni á vonarvöl ef þessar hugmyndir ná fram að ganga.

[17:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg makalaust að hlusta á þingmenn stjórnarinnar. Málefnafátæktin er svo mikil að ef Vestfirðingur talar, þá talar hann um einstök fyrirtæki á Vestfjörðum, helst Gunnvöru. Ef þingmaður Norðurl. e. talar, þá er talað út frá Samherja. Ekki af mikilli þekkingu finnst mér eða mikilli virðingu fyrir þeim sem þar stjórna. Halda menn virkilega að stjórnendur þessara fyrirtækja geti ekki unnið eftir nýjum leikreglum? Ég efast ekkert um það. Ég hef tröllatrú á þessum mönnum.

Menn skulu bara átta sig á því að það er alltaf verið að hreyfa eftir lögmálum markaðarins í dag. Það er alveg eins og hv. þm. átti sig ekki á því að yfir nótt er lífsbjörgin tekin frá heilu byggðarlögunum, það er nú bara þannig. Og að stilla svo upp einhverri formúlu um að menn séu með tillögur sem byggja á hugsuninni um atlögu gegn fyrirtækjunum í landinu sem eru í þessari grein, ég frábið mér svona málflutning. Ég hef margfarið í gegnum það í sambandi við okkar tillögur. Af hverju halda menn að tillaga sé um fyrningu á 20 árum? Heldur hv. þm. að það sé ekki vegna þess að okkur er fullljóst hver skuldastaða útvegsins er og ekki er hægt að breyta um kerfi á stuttum tíma? Það er búið að fara ofan í öll þessi mál. Þannig er staðan og við vitum það. En við vitum jafnframt nauðsynina á því að fara aðrar leiðir sem leiða til þess að byggja upp fiskstofnana. Það er meginmálið. Það eru hagsmunir allra, ekki síst þeirra stóru sem eru í greininni núna. Ætli þeim fyndist ekki mikið hagsmunamál að geta hugsað til þess kannski á næstu tíu árum að geta aukið veiðiheimildir um nokkra tugi þús. tonna á ári?

[17:30]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. ekki almennilega átta sig á því alltaf þegar verið er að ræða um þessi mál að það hangir svo margt á þessari spýtu. Við getum ekki einangrað okkur við einhverja hugmyndafræði. Við verðum að sjá að það er fólk á bak við þetta. Það er fólk að vinna á bak við þetta. Hvernig líður því í þessu umhverfi sem verið er að tala um? Umhverfið verður einfaldlega slíkt, miðað við þær hugmyndir sem hv. þm. hefur lagt hér til, að 20% verða á hverju kjörtímabili teknar eignarnámi af fyrirtækjunum á Eyjafjarðarsvæðinu eins og reyndar alls staðar annars staðar. En við getum nefnt t.d. það sem er nálægt hv. þm. Hvað þýða 20% mikið í aflahlutdeild fyrir Eyjafjarðarsvæðið? Ætli það gæti ekki þýtt svona 15–20 þús. tonn á kjörtímabilinu (Gripið fram í.) sem hv. þm. ætlar að gera upptæk á Eyjafjarðarsvæðinu og úthluta einhverjum öðrum þess vegna? Það er engin trygging fyrir því að Eyfirðingar mundu ná þessu. Það er mikil bjartsýni og óskhyggja, því miður, að ímynda sér að framsýnir menn kæri sig um að vinna undir svona kringumstæðum.

[17:32]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson hefur hreinlega alls ekki kynnt sér þær tillögur sem við höfum lagt fram í sjávarútvegsmálum. Varðandi fyrninguna þá er ég margbúinn að segja hv. þm. að einn þriðji hluti fer á markað. Útgerðin heldur einum þriðja. Byggðatenging er einn þriðji. Hefur hv. þm. ekki meiri trú á markaðsöflunum? Heldur hann ekki að menn muni kaupa á markaði það sem er sett á markaðinn? Það er alveg furðuleg framsetning. Ég veit að það væri annað hljóð í strokknum ef verið væri að tala hér um verslun eða innflutning. Þá væri hann sammála formúlunni. Að tala um þjóðnýtingu er náttúrlega af og frá. Það er verið að tala um byggðatengingu og það er verið að tala um samninga við útgerðirnar að stórum hluta á 20 árum og það er verið að tala um markaðstengingu. Þetta er mjög greið formúla sem engum er vorkunn að vinna eftir. Það er búið að bera þetta undir fleiri manns. Þeim finnst þetta aðgengilegt. Þeir telja sig geta unnið í þessu umhverfi. **(Gripið fram í:** Hvaða útgerðarmenn ...) Margir.

[17:33]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um að nauðsynlegt sé að byggja upp veiðistofnana vil ég byrja mína ræðu á því að taka undir þau orð. Um er að ræða grundvallaratriði. Það veiðistjórnarkerfi sem við höfum búið við hefur leitt til þess að veiðistofnarnir hafa síminnkað, sérstaklega hafa botnlægar tegundir minnkað. Það er að einhverju leyti vegna kerfisins. Því segi ég: Kerfið

er rangt og því þarf að breyta. Ég tek þar með undir orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem segir að leggja þurfi þetta kerfi af og taka upp nýja hætti. Ég tek einlæglega undir það. En ef menn segja þetta þá verða þeir auðvitað að líka hvað þeir vilja gera.

Í upphafi máls í gær sagði hæstv. sjútvrh. þegar hann mælti fyrir þessu lagafrv. að það ætti sér langan aðdraganda. Það er rétt því frá því lögin nr. 38/1990 voru afgreidd hafa stöðugt aukist deilur um þau. Menn hafa verið að lappa upp á þær gjörðir frá 1990 á liðnum árum. Ég vitna því enn til orða hæstv. ráðherra um tillögu um skipan nefndar til að fjalla um auðlindir til lands og sjávar. Það er mikilvægt að þetta hefur verið undirstrikað af sjálfum hæstv. ráðherra. Ósátt ríkti um fiskveiðistjórnina. Ósáttin hefur farið vaxandi. Það sem verið er að gera með þeim tillögum sem núna liggja fyrir er að enn er verið að auka og bæta stöðu þeirra sem hafa notið mest gjafakvótans og rýra stöðu litla mannsins sem er að reyna að koma undir sig fótunum í útgerð.

Í frv. sem við ræðum hér felst ekki jöfnuður. Í því felst ekki jöfnuður. Þess vegna er ég á móti frv., svo það komi alveg skýrt fram. Við samfylkingarfólk viljum fyrningarleið.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til þess að fara yfir fyrningarleiðina. Það hefur margsinnis komið fram hjá fólki úti í samfélaginu að það áttar sig ekki á því hvaða leið þessi fyrningarleið er. Þó svo að allir hér inni á þingi skilji líklega mætavel hvað fyrningarleið er — líklega — er ástæða til þess að fara yfir það, virðulegur forseti, eina ferðina enn hver fyrningarleiðin er og, með leyfi forseta, ég ætla að fara hér yfir álitsgerð auðlindanefndar þar sem fyrningaleiðin er skýrð. Það hljóðar svona:

„Meginatriði þessarar leiðar er fólgið í því að allar aflahlutdeildir fyrnist um fastan hundraðshluta á ári — þ.e. gangi til ríkisins — en með því er komið á festu um varanleika hlutdeildanna um leið og umráðaréttur þjóðarinnar yfir auðlindinni er skýrt skilgreindur. Með hinum tímabundna en skýra afnotarétti sem í þessu felst er greitt fyrir því að handhafar aflahlutdeilda geti farið með þær sem óbein eignarréttindi, t.d. varðandi framsal og veðsetningu.“

Virðulegur forseti. Það er sérstök ástæða til að fara með þetta vegna orða hv. þm. Halldórs Blöndals hér í dag þegar hann vitnaði í orð mín frá því í gær. Þetta var nauðsynlegt. Síðan segir í framhaldi:

„Síðan er gert ráð fyrir því að fyrndar aflahlutdeildir verði seldar jafnóðum aftur á markaði eða á uppboði. Með því fyrirkomulagi að fyrningin sé fastur hundraðshluti allra aflahlutdeilda á hverjum tíma verða þær einsleitar og því allar jafnverðmætar á markaði en það ætti að greiða mjög fyrir viðskiptum. Þegar hinar fyrndu aflahlutdeildir bætast við venjulegt framboð á hlutdeildum ár hvert má telja víst að um verði að ræða mjög virkan markað með aflahlutdeildir, sem mun auka sveigjanleika innan sjávarútvegsins og bæta aðgengi nýrra aðila og vaxtarmöguleika hagkvæmustu fyrirtækjanna.“

Þessu erum við að tala fyrir sem sem höfum verið meðmælt fyrningarleið. Þó að aðeins sé mismunur í skoðunum á útfærslu þá er þetta grundvallaratriði, virðulegur forseti. Fyrir því erum við að tala, en ekki hefur verið hlustað á skoðanir okkar. Frv. formanna stjórnarandstöðuflokkanna hefur ekki einu sinni verið tekið til umræðu, hvað þá heldur að nokkurt tillit sé tekið til þess í því frv. sem hér er verið að ræða.

Svona í lokin held ég að enn sé rétt að velta fyrir sér 12.000 tonna magninu sem ætlað er hæstv. ráðherra til ráðstöfunar til að mæta þörfum einhverra sérstakra. 1.500 tonn af því eru reyndar skilgreind til Byggðastofnunar. En 10.500 tonnin eru til ráðstöfunar hjá hæstv. ráðherra. Því er spurningin, eins og ég kom að í gær: Eru einhverjar vangaveltur um hvernig eigi að nýta þessi 10.500 tonn? Jú, hugmyndin er að þau fái einhver sem er í þörf. Ég spyr, virðulegur forseti: Hverjir þeirra sem í útgerð eru og kvótalitlir þurfa ekki að ná sér í meiri kvóta? Þegar aflahlutdeildir í þorski eru leigðir á 160 kr. kílóið, eins og hv. þm. Kristján Pálsson sagði hér í gær og lýsti því fjálglega hvernig menn hefðu hagnað af því, þá er kannski komið tækifæri fyrir hæstv. ráðherra til þess að spila inn í það kerfi og keyra niður þetta háa verð sem er auðvitað að drepa ýmsar smáútgerðir vegna þess að þær hafa ekki nægar heimildir til þess að veiða.

Ég spyr aftur: Eru það smábátarnir eða eru það vertíðarbátarnir? Ákveðnir útgerðarflokkar eru verr settir en aðrir. Það er staðreynd. Ég hygg, og ég treysti því, að hæstv. sjútvrh. nýti þessa heimild upp á 10.500 tonn til að jafna á milli útgerðarmunstranna. Hæstv. ráðherra sagði í gær að hann væri ekki með ákveðnar hugmyndir þar að lútandi. Ég virði það. En ég verð að treysta því, verði þetta frv. að lögum sem ég vona reyndar að verði ekki, að hann nýti þær heimildir skynsamlega.

Ég velti því hér upp í gær hvert verðmæti aflaheimildanna gæti verið. Það er líklega rúmlega 1 millj. á hvert mannsbarn á Íslandi. Verðmætið er nærri 300 þús. millj. Og hvert er afgjaldið sem stefnt er á að taka? Það er ekki einu sinni svo að það eigi að greiða fyrir þann kostnað sem þjóðin ber sameiginlega að sjálfsögðu og útgerðarmenn þar með, þ.e. það sem það kostar að nýta heimildirnar eða veiðistofnana við landið. Líklega er verið að tala um helming kostnaðar. Ef af þessu verður tel ég að það gjald sé of lágt og ég get ítrekað það hér, líklega ekki nema helmingur af þeim kostnaði sem fylgir nýtingu auðlindarinnar vegna rannsókna, eftirlits, öryggisþjónustu og ýmislegs annars sem ber að veita.

Ástæða til að vitna í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að réttlæti muni felast í því að veiðiheimildir gangi til þeirra sem greiða fyrir þær samkvæmt markaðslögmáli. Þessi skoðun fer mjög nærri því sem ég tel að unnt yrði að ná sátt um til lengri tíma litið. En þá verður líka að fara að þeim tillögum um fyrningu sem við samfylkingarmenn og aðrir höfum talað fyrir og það þarf að taka upp nýjar aðferðir við úthlutun aflaheimilda. Það mun réttlátast gert með því að bjóða upp aflaheimildirnar eða gefa mönnum samkvæmt fyrningarleiðinni möguleika á sem hagkvæmustu útgerðarmynstri sem kemur allri þjóðinni til góða.

[17:43]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram eru hefðbundnar. Hér er verið að leggja til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og eins og hæstv. sjútvrh. hefur gert grein fyrir er hér verið að leggja til ýmislegt sem verður til sátta í greininni eins og hv. þingmönnum er kunnugt þó svo enginn sé alls kostar ánægður með frv. eins og það liggur fyrir. Svo er raunar aldrei um frv. og lög sem fjalla um það hvernig eigi að skipta jarðneskum gæðum. Þá reyna auðvitað allir hagsmunaaðilar að halda fast um sitt og reyna að færa rök fyrir því að þeirra hlutur sé skertur og rétt sé að taka meira tillit til þeirra sjónarmiða. Því þarf ekki að koma á óvart þó víða heyrist raddir í þjóðfélaginu um að hér sé ekki nógu langt gengið. Eftir sem áður liggur fyrir að hæstv. sjútvrh.

hefur lagt mikið á sig og náð árangri í því með þessu frv. að hvetja til sátta í greininni.

Rauði þráðurinn í málflutningi stjórnarandstæðinga er sá að fyrirtæki í sjávarútvegi, stórfyrirtæki í sjávarútvegi, myndarleg fyrirtæki, hafi átt of mikilli velgengni að fagna á umliðnum árum og mikil hætta sé í því fólgin hversu öflug og sterk þau eru og nauðsynlegt sé af þeim sökum að lögfesta einhvers konar gjaldtöku, réttara sagt upptöku á þeim aflaheimildum sem þessi fyrirtæki hafa.

Eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Steinari Jóhannssyni, gerir hann ráð fyrir því í tillögum sínum og síns flokks að aflaheimildir verði gerðar upptækar á 20 árum. Það er kallaðar fyrningar. Ef við horfum á þetta dæmi og veltum fyrir okkur hvað þetta raunverulega þýðir erum við að tala um að nærri því einn og hálfur togari við Eyjafjörð verði gerður upptækur á hverju ári. Það er ekki lítil blóðtaka fyrir þessar byggðir. Ef við horfum til þess hversu mörg störf færu í súginn eða til spillis á þessu svæði þá erum við að tala um 80 störf, kannski 100. Í sumum tilvikum væri kannski um að ræða fleiri störf. Menn ættu að velta fyrir sér hvaða áhrif það hefur á byggðirnar við Eyjafjörð, bæði Dalvík, Akureyri og Grenivík, þar sem rekin eru frystihús af miklum dugnaði, þegar fiskvinnslufólki í þessum húsum verður sagt upp vinnunni þannig að það hafi ekki lengur neitt sér til framfæris.

Hv. þm. reyndi að verja tillögur sínar með því að hann gerði ráð fyrir að taka upp annað kerfi. Eins og við höfum rekið okkur á í sambandi við vinstri græna þá eru rökin venjulega sú að fara að tala um náttúruna og vistvæn vinnubrögð. Aðalatriðið er að finna leið til þess að stjórna veiðunum á vistvænan hátt. Þetta er sá tónn sem var í ræðu hv. þm. Eins og orð hafa fallið er varla hægt að skilja þetta öðruvísi en svo að draga eigi úr togveiðum, draga úr veiðum togara. Ég heyri að þingmaður Akurnesinga, hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, hefur góðan skilning á því og er mjög glaðhlakkalegur yfir því að nú takist með einhverjum hætti að draga úr veiðum togara. Hann hefur náttúrlega atvinnu af því í fyrirtæki sínu að þjóna bátunum en hugsar þá minna um Harald Böðvarsson.

Það sem kemur fram hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni — orð hans verða varla skilin öðruvísi — er að rétt sé að færa veiðiheimildir með afli frá Eyjafirði á þá staði sem liggja betur við línu- eða krókaveiðum. Þess vegna er alveg augljóst að það hrun í atvinnustarfsemi yrði á Eyjafirði við tillögur af þessu tagi er síst ofmetið í þeim málflutningi sem ég legg hér fram. Við erum þess vegna að tala hér um grafalvarlega hluti, ef heilir stjórnmálaflokkar hafa það á stefnuskrá sinni að beita sér fyrir lagasetningu sem sérstaklega beinist gegn atvinnuhagsmunum á tilteknum svæðum, án þess að gera glögga og skýra grein fyrir því sem á bak við liggur.

Ef við horfum með sama hætti til Fjarðabyggðar áttum við okkur á því að það yrði verulegt áfall fyrir byggðirnar þar ef ráðast ætti að og skerða togaraflotann þar með sama hætti og ég gerði hér grein fyrir varðandi Eyjafjörð. (Gripið fram í.) Þess vegna er mjög athyglisvert að velta því upp, velta því fyrir sér, hvað fyrir þessum hv. þm. vakir. Aðalatriðið í þeirra huga er auðvitað að ná peningum út úr sjávarútveginum. Þeir sjá fyrningarleiðina fyrir sér sem réttu leiðina, svo ég upplýsi hv. þm. 3. þm. Vesturl. um það sem hér er verið að ræða.

Þá skulum við víkja að þessum málum með öðrum hætti. Hér hefur mikið verið rætt um hvernig eigi að styrkja byggðirnar og byggðarlögin úti á landi. Þá er verið að tala um byggðirnar við Ísafjarðardjúp. Það er verið að tala um byggðirnar á Austurlandi og líka verið að tala um byggðir t.d. í Norður-Þingeyjarsýslu, svo dæmi séu tekin. Ef við skoðum ástandið úti á landi sjáum við að þau fyrirtæki sem veita mestan stöðugleika á sínu svæði eru sterk sjávarútvegsfyrirtæki. Við getum tekið Þormóð ramma á Akureyri, við getum tekið Útgerðarfélag Akureyringa, við getum tekið Samherja við Eyjafjörð, við getum horft til Fjarðabyggðar á sambærileg fyrirtæki þar sem verulegir fjármunir hafa verið lagðir í að byggja fullkomin frystihús sem vinna úr aflanum með allri þeirri þekkingu og tækni sem menn ráða yfir. Þvílíkt hús er líka á Akranesi.

Við vitum að útilokað er að er að standa undir rekstri á slíkum húsum, nema sá afli sem berst að landi sé stöðugur og á bak við hann séu togarar, þetta er okkur kunnugt, eða skip í eigu þeirra rekstraraðila sem standa fyrir frystihúsunum. Ef þessir rekstraraðilar frystihúsanna réðu ekki yfir slíkum skipum er augljóst að þeir mundu ekki leggja í þá fjárfestingu sem nauðsynleg er til að byggja og reka slík frystihús og halda við þeirri þekkingu, tækni og kunnáttu sem nauðsynleg er til að reksturinn geti gengið þar. Forsendan fyrir svo fullkomnum frystihúsum, landvinnslu á nútímagrundvelli, er auðvitað sú að sterk sjávarútvegsfyrirtæki standi þar á bak við.

Við getum líka velt öðru fyrir okkur, þ.e. spurningunni: Hvaða fyrirtæki eru það úti á landsbyggðinni sem nú standa fyrir miklu og öflugu þróunarstarfi, byggja upp nýjar atvinnugreinar og styrkja byggðirnar með þeim hætti?

Nú hlýtur það að vera sérstakt áhugamál fyrir Vinstri græna, sem hafa lýst sig mjög andvíga því að stóriðja rísi risið og flutt um það mjög mælskar ræður hér úr þeim stól sem ég nú stend í, að reyna að finna einhver ráð til þess að skapa atvinnutækifæri á öðrum forsendum en álvinnslu. Maður skyldi ætla að þeir tækju því fagnandi ef til væru í landinu fyrirtæki úti á landsbyggðinni sem væru rekin með þeim myndarbrag að þau hefðu ráð á að þróa fiskeldi frá grunni. Við höfum séð hvað slík samvinna hefur þýtt og gilt við Eyjafjörð, samvinna sjávarútvegsfyrirtækjanna þar og raunar víðar á landinu við Hafrannsóknastofnun og við sjútvrn., í sambandi við lúðueldið. Við fáum alltaf miklar og góðar fregnir af því hvernig það hefur gengið, þeirri framúrskarandi vinnu sem þar hefur verið unnin. Þar erum við fremstir í veröldinni sem veldur því að nú erum við að færa út kvíarnar og fjárfesta *í öðrum löndum, einmitt í lúðueldinu.*

Hið sama er nú uppi á teningnum í sambandi við laxeldið. Þessi sterku sjávarútvegsfyrirtæki eru að þreifa fyrir sér með að hefja laxeldi í stórum stíl á Austurlandi og með þeim hætti að breikka grunninn sem þar er fyrir fiskvinnslunni. Við getum sérstaklega talað um Neskaupstað og laxeldið í Mjóafirði í því sambandi, Síldarvinnsluna í Neskaupstað og frystihús þeirra þar, þó svo að hugmyndin sé að flytja laxinn út ferskan þá yrði hann unninn þar. Í síðustu viku var haldin merkileg ráðstefna á Ísafirði og það sem menn stefna að nú er að þróa þorskeldi frá grunni, seiðaeldi og hvaðeina, til að við Íslendingar getum einnig á þeim vettvangi verið á undan öðrum þjóðum vegna þess að a.m.k. ég trúi því — ég á mér marga skoðanabræður í þeim efnum — að eina leiðin til að við getum rekið þorskeldi með árangri sé að byrja á byrjuninni, ná tökum á hrygningunni og ferlinum frá grunni.

Hvaða fyrirtæki og hvaða menn standa þarna í broddi fylkingar? Enn komum við að því að þar ganga þeir sem

stjórna hinum góðu, stóru sjávarútvegsfyrirtækjum fram fyrir skjöldu. Þeir eru reiðubúnir til þess að leggja það mikið fé í þessar tilraunir að þeir vilja gjarnan sjá fyrir sér að eftir 10 ár verðum við kannski menn til að framleiða 100–200 þúsund tonn af eldisþorski. Skýringin á því að við eigum sérstaklega að þreifa fyrir okkur á þessu sviði er sú að Íslendingar kunna flestum þjóðum betur að verka og meðhöndla þorsk og kunna á markað með þorsk. Þarna erum við, það sem kallað er, á heimavelli. Ég veit að Akurnesingar skilja hvað heimavöllur er. Þarna búum við yfir mikilli þekkingu sem við eigum að nýta okkur. En auðvitað er forsendan fyrir því að menn séu reiðubúnir til að leggja fram fjármuni og vinnu í slíkt þróunarstarf og rannsóknastarf að þau fyrirtæki sem starfa á þessum vettvangi hafi traustar rekstrarforsendur og hægt sé að byggja á þeim til framtíðar.

Það gefur augaleið að ef það sjónarmið yrði ofan á hér á Alþingi að á næsta ári yrði tekin ákvörðun um að taka tuttugasta hvern þorsk af öllum útgerðum á landinu og úthluta eftir pólitískum geðþótta, eða leyfa mönnum að kaupa þennan þorsk með öðrum hætti. — Hv. 5. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson, talaði um það í gær að það væri hæfilegt að auðlindaskatturinn, eins og hann sá fyrir sér, væri kannski 36 kr. á kíló. — Þá sjáum við það auðvitað undir eins. Það er útilokað að slík fyrirtæki hafi bolmagn til að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er, leggja í þá fjárfestingu sem nauðsynleg er, í rannsókna- og þróunarstarf sem ég var að tala um áðan og byggja upp þorskeldi sem gæti orðið grundvallaratvinnuvegur hér á landi. Slíkt mundi styrkja okkur til að standa betur að vinnslu sjávarafla en við nú gerum, eyða sveiflum og styrkja stöðu okkar á alþjóðlegum matvæla- og fiskmarkaði. Þetta er auðvitað vinna sem við þurfum að ráðast í.

Ég er sammála því sem hér hefur verið sagt að auðvitað er líka jafnbrýnt að við reynum að leita allra ráða til að afla upplýsinga um lífríki hafsins og reyna að stilla veiðum svo í hóf að þorskstofninn og aðrir fiskstofnar geti styrkst og við göngum ekki of hart að stofnunum.

Þekking okkar er auðvitað vafasöm. Ég tók eftir því og hygg að ástæða sé til að gefa því gaum að hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, talaði um að önnur lögmál giltu um bolfisk en uppsjávarfisk í sambandi við það hvernig veiðum er stjórnað. Á hinn bóginn er augljóst, af þeirri tillögu sem hér liggur fyrir frá formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, hv. þingmönnum Össuri Skarphéðinssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Sverri Hermannssyni, að þeir hugsa sér að veiðiheimildir allra Íslendinga verði gerðar upptækar á næstu 20 árum, ríflega einn togari á Eyjafirði á ári og síðan verði þessum veiðiheimildum endurráðstafað í formi aflahlutdeildarsamninga á grundvelli jafnræðis byggðanna og útgerðar til nýtingar þeirra. Hér er beinlínis gert ráð fyrir því að halda kvótakerfinu eins og það er, þ.e. með hliðsjón af því hvernig eigi að stjórna veiðunum, ef við horfum ekki til þess hverjir eiga þessar aflaheimildir. Þetta er athyglisvert í ljósi ummæla hv. 4. þm. Vestf., Guðjóns A. Kristjánssonar um þessi efni.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé fyrir okkur að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Mér hefur á stundum dottið í hug og spurt sjálfan mig hvort kannski væri gerlegt að segja bara: Nú skulum við gefa allar veiðar frjálsar. Þegar ég var í Menntaskólanum á Akureyri var settur fram fyrri partur:

Augum renna ungir menn
upp á kvennavistir.

Og 1. bekkingur botnaði:

Kapphlaupið mun byrja senn,
hverjir verða fyrstir?

Það er auðvitað hugsanlegt að stjórna veiðum með þeim hætti að hér séu einungis sóknarkerfi. Þá komum við hins vegar að því sem hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, sagði. Það er nauðsynlegt, ef menn velta fyrir sér annar slags stjórn á fiskveiðum en nú er, að unnt og hægt sé að fækka skipunum. Samkvæmt þeim hæstaréttardómi sem fallið hefur er það hins vegar ekki gerlegt. Þannig þýðir ekki að tala um það sem einhverja leið í þessum efnum enda er sá málflutningur sem hér hefur verið allur á þeim forsendum og á þeim grundvelli að halda eigi kvótakerfinu í grófum dráttum. Spurningin sem menn hafa aðallega sett fram er um það sem kallað er eignarréttur. Menn geta svo sem velt vöngum yfir því hvernig þeir sjá það fyrir sér en aðalatriðið er að stjórnarandstaðan vill ekki hugsa sér að stöðugleiki sé í fiskveiðum hér á landi og leitar allra ráða til þess að brjóta þann stöðugleika niður sem hér hefur verið síðustu ár og vinna með því þjóðinni mikið tjón og brjóta niður arðbæran sjávarútveg á Íslandi.

[18:03]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði lítið úr tillögum Vinstri grænna hvað varðar breytingar á sjávarútvegsstefnunni. Þá vil ég spyrja hv. þm.: Nú vill hann standa fyrir óbreyttu kerfi og það horfir ekkert vel með okkar verðmætustu tegundir, er hann reiðubúinn að keyra málin óbreytt áfram næstu tíu árin? Eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um í ræðustóli fyrr að við værum að fljóta að feigðarósi og stæðum e.t.v. við frammi fyrir því að eyðileggja þorskfiskstofnana ef við breyttum ekki um kerfi, er hv. þm. þá tilbúinn að bíta það í sig að keyra þetta áfram þangað til allt fer í þrot hvað varðar fiskinn í sjónum?

[18:04]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var síður en svo að gera lítið úr tillögum Vinstri grænna. Ég benti þvert á móti á að þeir eru að ræða um að taka einn til einn og hálfan togara frá Eyjafirði á ári, mér finnst það ekki lítið, síður en svo.

Á hinn bóginn hef ég lagt áherslu á það að nauðsynlegt sé fyrir okkur að efla hafrannsóknir og ég er einn af þeim þingmönnum sem hafa viljað fara eftir því sem fiskifræðingar hafa talað um og hef ekki sagt styggðaryrði um þá. Aftur á móti vitum við vel að auðvitað er þekking manna stopul og við getum ásakað okkur fyrir það að hafa ekki lagt meiri fjármuni fram til þessara hluta en hitt er ég viss um að það er meiri trygging fyrir því að gætilega sé sótt í fiskimiðin ef einstaklingar eiga að ráða þar ferðinni sem hafa hagsmuna að gæta heldur en ríkishöndin.

[18:06]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það sorglegt að hv. þm. skuli ekki geta gengið leiðina með mér og okkur félögunum í því að styrkja byggðir Eyjafjarðar úr því að mikið er rætt um Eyjafjörð af hans hálfu. Til framtíðar litið er það stórt hagsmunamál byggðanna við Eyjafjörð að þar sé veiðiréttur sem ekki verði frá þeim tekinn og tillögur okkar miðast við það. Útgerðarform eða útgerðarmunstur er ekki aðalatriðið. Allar byggðir við Eyjafjörð hafa upplifað það að búa við mismunandi útgerðarform en stöðugleiki til framtíðar byggir

á rétti fólksins sem þar býr til þess að komast í auðlindina og út á það ganga tillögur okkar.

Síðan vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér, hann taldi upp fyrirtæki á svæðinu sem hann var svo stoltur af. Ástæðan fyrir því að þau eru stór og sterk á svæðinu að mínu mati er sú að þetta eru fyrirtæki sem byggðu á félagslegum grunni, bæjar eða kaupfélags, og njóta þess enn um sinn.

[18:07]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki á þessu síðasta, að Samherji og þeir Ólafsfirðingar hafi byggt á félagslegum grunni er náttúrlega ekki rétt en látum það nú eiga sig. Samherji er náttúrlega ekki bæjarfyrirtæki.

Ég vil líka minna hv. þm. á það að Útgerðarfélag Akureyringa var ekki rekið sem bæjarútgerð eins og gert var á Ísafirði, eins og gert var í Reykjavík og eins og gert var í Hafnarfirði þannig að þetta er satt að segja mjög hæpin samlíking.

Ég ætla heldur ekki að fara út í það hvernig samvinnuhreyfingunni hefur gengið upp á síðkastið að halda uppi störfum á Akureyri en hitt get ég sagt hv. þm. að ég er sammála honum um að Eyfirðingar eiga að fá að hafa tryggingu fyrir því að þeir geti unnið áfram á þeim forsendum sem þeir nú gera þar sem þeim hefur vel tekist.

[18:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held ég hafi aldrei hlustað á ræðu sem í hefur verið fólgin jafnmikil vantrú á fyrirtækjum í heimabyggð og hjá hv. þm. Hann er sannfærður um að ef einhvers konar jafnræði komist á til aðgangs að auðlindinni, þá muni Akureyringar og Eyfirðingar tapa öllum veiðiheimildum sem verði í boði á því svæði. Það fari allt eitthvað annað og þeir geti ekki verið með í þessu. (**Gripið fram í:** Einn og hálfur togari.) Einn og hálfur togari. Í þessu felst ekkert annað en vantrú á því að hægt sé að reka fyrirtæki almennilega á þessu svæði. Ég efast ekkert um að þeir geti gert hlutina jafn vel og aðrir þó að þeir hafi safnað til sín veiðiheimildum með 25% forskoti á undanförnum árum þegar sú regla var í gildi, fengu þorskinn plús 25% ef þeir keyptu hann til sín. Þeir hafa leigt frá sér veiðiheimildir á síðustu árum upp á líklega 28 *þúsund þorskígildistonn. Það eru ekki veiðiheimildir* sem menn hafa verið að nýta sjálfir í heimabyggð.

[18:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. hefur sagt um veiðiheimildir sem menn leigja frá sér í Eyjafirði hefur verið leiðrétt mjög rösklega og myndarlega og er satt að segja undarlegt að hv. þm. skuli halda þessu áfram en auðvitað er það svo að menn geta svo sem haldið áfram að endurtaka það sem ekki er rétt eða segja hálfsannleik, en vaxa ekki af því.

Á hinn bóginn liggur það fyrir og mér finnst að hv. þm. eigi að tala um þetta efni eins og það er, að Vinstri grænir hafa lagt fram stefnu sem byggir á því að draga verulega úr togaraútgerð og hv. þm. sem hér var í andsvari nikkaði til mín þegar ég minntist á það áðan og þess vegna er ástæðulaust fyrir hann að reyna að tala nú um það í andsvari með öðrum hætti.

[18:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel fulla ástæðu til að fara yfir það hvort við séum að umgangast miðin á sem bestan hátt og það gæti vel þýtt það að við teldum ástæðu til að draga úr togveiðum. Við töldum fulla ástæðu til þess þegar við færðum út landhelgina að draga úr togveiðum af því að við töldum að útlendingar væru að beita of mikið af togveiðarfærum í kringum Ísland. Við kölluðum þetta ryksuguskip þá. Við eigum margfalt öflugri skip sem beita togveiðarfærum í kringum landið núna og það er full ástæða fyrir okkur að fara yfir það hvort við séum að ganga of nærri lífríkinu með þessum skipum. Það er ekkert athugavert við það sjónarmið. Það er eitthvað sem í er falin ákveðin ábyrgð.

En mig langar til þess að spyrja af því að hv. þm. hélt hér 20 mínútna ræðu. Hann kom aldrei að því hvort hann styður málið sem er til umræðu. Hann kom aldrei að því, en það væri svolítið nýtt að heyra einhvern stjórnarþingmann annan en hv. þm. Kristján Pálsson koma upp og styðja málið því að hv. þm. Kristján Pálsson er sá *eini fyrir utan ráðherrann* sem hefur látið svo lítið að mæta í þingsal til að styðja við bakið á ráðherra sínum í þessu máli. Það verður fróðlegt að heyra hvort hv. þm. styður málið vegna þess að svo margar ræðurnar hefur hann flutt þar sem hann hefur lýst yfir fullri andstöðu við það sem nú er verið að ræða hér, þ.e. að setja veiðigjald á útgerðina.

[18:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. byrjaði andsvar sitt með því að reyna að gera lítið úr því að störfum fækkaði við Eyjafjörð þótt togurum fækkaði. Nú hélt ég að hv. þm. vissi það sem er kunnugur sjávarútvegi að nútímalegum frystihúsum verður ekki haldið uppi með því að afla hráefnis með handfærabátum eða línubátum við Eyjafjörð. Ef honum er ekki kunnugt um það, þá er ekkert við því að gera.

Á hinn bóginn vil ég rifja upp og minna hv. þm. á að í upphafi máls míns hafði ég einmitt mörg orð um það að hæstv. sjútvrh. hefði unnið mjög vel að því að leggja fram frv. sem mætti vera til sátta. Ég sagði að auðvitað væru ekki allir ánægðir með frv. og kannski enginn því hér er verið að tala um hvernig skipta skuli verðmætum og í orðum mínum fólst auðvitað fullt traust á vinnubrögð hæstv. sjútvrh. og þeim tillögum sem hann hefur lagt fram.

[18:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt um tíma meðan hv. þm. Halldór Blöndal hélt ræðu sína, að dagskrármálið hefði verið tekið út af dagskrá og menn tekið að ræða eitthvað annað því hv. þm. flutti 20 mínútna ræðu án þess að koma nokkurn tíma að þessu máli þannig að spurningar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar voru mjög eðlilegar.

En ég hef aðeins eina spurningu til hv. þm. vegna þess að mér fannst hann koma aðeins að kjarna málsins í lok ræðu sinnar en svaraði ekki spurningunni. Mig langar að beina þeirri spurningu til hv. þm.: Telur hann að eignarréttur að veiðiheimildunum eigi að vera í höndum ríkisvaldsins eða í svokallaðri þjóðareign eða vera í höndum einkaaðila? Þetta er grundvallarspurning sem hv. þm. kom að en svaraði síðan ekki sjálfur.

[18:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur þrásinnis komið fram í máli mínu að ég tel að aflakvótar eigi að ganga kaupum og sölum og ég er þeirrar skoðunar að handhafi aflakvótans eigi að ráða yfir honum og hægt sé að veðsetja hann og honum eigi að vera heimilt að selja hann. Ég tel að þetta sé nauðsynlegt til

þess að hér sé hægt að reka sterka útgerð til að þeir sem fyrir henni standa geti horft fram í tímann og byggt sig upp eins og þeir hafa gert.

Nú er þessi hv. þm. auðvitað mjög kunnugur sjávarútvegi. Hann þarf ekki annað en horfa hringinn í kringum landið og bera ástandið saman við það sem það var fyrir 20 árum og sér auðvitað að margt hefur áunnist og sér m.a. að sjávarútvegsfyrirtækin núna leggja mikið af mörkum til hliðar við þá atvinnustarfsemi sem þau beinlínis reka til að efla byggðirnar þar sem þær eru.

[18:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður ekki langt, andsvarið hjá mér. Ég hafði hugsað mér að rökræða svolítið við hv. þm. Halldór Blöndal en hann endaði ræðu sína á því að segja að stjórnarandstaðan vildi ekki stöðugleika, og vildi brjóta niður öflugan sjávarútveg á Íslandi. Mér finnst eiginlega engin efni til að ræða efnislega um ýmislegt sem hann sagði í ræðunni þegar hann dregur þá ályktun í lok hennar að við í stjórnarandstöðunni höfum sérstakan áhuga á því að rústa íslenskan sjávarútveg.

[18:16]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl., Guðjón A. Kristjánsson, er sérstakur áhugamaður um smábáta og nú getum við velt fyrir okkur smábát sem ræður yfir kannski 80 tonnum — hvað hyggur hann að hægt sé að taka mörg tonn af þessum smábát á hverju ári til þess að útgerðin geti staðið undir sér, til þess að það borgi sig fyrir útgerðarmann þessa smábáts að reka hann áfram? Hvað finnst honum hæfilegt að taka mörg tonn af þessum 80? Eða hugsar hann sér að trillukarlinn kaupi tonnin aftur? Hvernig hugsar þessi hv. þm. sér það?

Hann hefur á umliðnum árum þóst vera fremstur þeirra sem vilja tryggja rétt trillukarlanna. Hvað vill þessi hv. þm. taka mörg tonn af trillukarli sem er með 80 tonn á ári?

[18:17]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur dregist talsvert en hún er smám saman að skýrast. Mér fannst hún skýrast til mikilla muna í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals og í andsvari sem hv. þm. átti áðan.

Þar einmitt kom hann inn á það grundvallaratriði sem umræðan hefur að hluta til farið í, þ.e. hvernig eignarrétti að auðlindinni er háttað og hvernig menn ætla að skipa þeim málum til lengri tíma. Í þessari umræðu hefur komið fram að Sjálfstfl. með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar hefur ekki áhuga á að fara þá leið sem auðlindanefnd lagði til, þ.e. að festa ákvæði um þjóðareign á auðlindinni í stjórnarskrá.

Hv. þm. Halldór Blöndal svaraði þessu með mjög skýrum hætti áðan. Hann telur að eignarréttindin séu betur komin í höndum útgerðarmanna og ég held að mjög mikilvægt sé að þetta liggi fyrir. Það er farið að draga upp mjög skýrar línur um það hvar ágreiningurinn í þessari umræðu liggur. Hann liggur að stórum hluta í því að við í stjórnarandstöðunni — samkvæmt því sem hv. þm. Halldór Blöndal orðaði svo skemmtilega — hefðum mikinn áhuga á að brjóta niður greinina, sjávarútveginn, mikinn áhuga á að brjóta niður stöðugleikann og mikinn áhuga á því að koma þjóðinni almennt á kaldan klaka, ef ég reyni að endursegja þau orð með mínum hætti. Þetta kom fram í ræðu hv. þm. áðan, og þetta er einmitt grundvallaratriði.

Í umræðu í gær gerði ég tilraun til þess að fá fram hjá hæstv. sjútvrh. af hverju leið auðlindanefndar í þessum efnum hefði ekki verið farin. Þar kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann hefði ekki áhuga á því að fara þá leið þó að hann svaraði ekki jafnskýrt og hv. þm. Halldór Blöndal gerði áðan. Nú liggur hins vegar alveg ljóst fyrir hver vilji Sjálfstfl. er í þessum efnum. Hann vill koma eignarréttindunum á auðlindinni varanlega í hendur útgerðarmanna. Annars hefðu menn farið leið auðlindanefndar í þessum efnum. Það er mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir.

Þá hefur það ekki síður vakið athygli mína í þessari umræðu að þeir hv. þm. Sjálfstfl. sem tekið hafa til máls hafa yfir höfuð, að einum þingmanni undanskildum, ekki viljað ræða það mál sem hér er á dagskrá. Þeir hafa ekki viljað ræða þá hugmynd sem hér er uppi um að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega. Að hv. þm. Kristjáni Pálssyni undanskildum hefur enginn rætt þessa hugmynd heldur farið almennt yfir það hvað stjórnarandstaðan er vond, hvað hún hefur slæmar hugmyndir og þær áherslur sem hún hefur í efnahagslífinu um að brjóta niður stöðugleikann o.s.frv. En enginn hefur viljað ræða þær hugmyndir sem ríkisstjórnin er hér að bera fram um að sjávarútvegurinn skuli skattlagður sérstaklega. Þessi hugmynd gengur ekki út á annað en að viðbótarskattar séu lagðir á sjávarútveginn. Því kom það mér sérstaklega á óvart í umræðum áðan að menn skyldu telja að sú leið sem hér er farin væri sérstaklega uppbyggileg fyrir útgerð og vinnslu við Eyjafjörð. Það kom einnig fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að ef sú leið yrði farin sem til að mynda Samfylkingin hefur lagt upp með og lagt á áherslu mundi að hans mati tapast einn og hálfur togari á hverju ári. Það segir okkur að hv. þm. hefur ekki næga trú á heimabyggð sinni og þeim fyrirtækjum sem þar starfa því að okkar hugmyndir ganga út á það eitt að koma á jafnræði í þessum efnum, að auka aðgengi að auðlindinni og tryggja hagkvæmni eins og kostur er.

Okkar hugmyndir eru ekki fullkomnar frekar en aðrar hugmyndir, og verða það ekki. Hins vegar eru þetta hugmyndir okkar um hvernig koma megi þessum málum í varanlegt horf því að við verðum að átta okkur á því í þessari umræðu að við þurfum smám saman að festa í sessi hvernig við ætlum að stjórna, og skipuleggja sjávarútveginn til frambúðar.

Menn er sammála um að með einhverjum hætti verði að stjórna sjávarútveginum. Menn eru almennt sammála um að verði það ekki gert sé hættan á ofveiði slík að við það verði ekki unað. Þess vegna erum við komin að ákveðnum tímapunkti í þessum efnum, til að mynda vangaveltum um hvernig við ætlum að haga eignarrétti að auðlindinni. Það er grundvallarspurning. Menn geta verið sammála um að fara tiltekna leið. Það kom fram í mjög heiðarlegu og skýru svari hv. þm. Halldórs Blöndals að hann telur að þessi eignarréttur eigi að vera á hendi útgerðarinnar. Við í stjórnarandstöðunni höfum hins vegar lagt á það ríka áherslu að þessi réttur sé í þjóðareign en verði úthlutað með ákveðnum hætti tímabundið. Mér finnst mjög gott að þessi ágreiningur skuli vera kominn fram. Mér finnst dálítið gott að þetta sé smám saman að skýrast.

Ég skal taka undir að það geta verið rök fyrir báðum leiðum. En ég held að það sé mjög hættulegt að afhenda eignarréttinn að veiðiheimildum með þeim varanlega hætti sem mjög líklega verður afleiðingin ef þetta frv. verður lögfest. Þá gef ég mér það líka eins og ég sagði í umræðunni

í gær — það er kannski óraunhæft mat ef svo má að orði komast vegna þess að í ljósi sögunnar sést að menn breyta helst þessum reglum tvisvar sinnum á vetri — en ég gef mér það að þeim hugmyndum sem hér eru settar fram sé ætlað að standa. Þeim sé ætlað að skapa varanlega festu og ég met það þannig að það leiði til þess að smám saman muni þessi eignarréttur festast varanlega í sessi eins og hér hefur komið fram.

Það kemur mér líka dálítið spánskt fyrir sjónir, og þá ekki síður að hlýða á, þegar hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa talað sérstaklega um að einhverjar breytingar á stjórn fiskveiða muni hugsanlega skaða smærri sjávarbyggðir. Ég held að það kerfi sem nú er við lýði tryggi að þessar smærri byggðir muni halda áfram að skaðast. Ég held að ekki þurfi nýtt kerfi til í þeim efnum þannig að mér finnst dálítið sérstakt að leggja það þannig upp að verði einhverjar breytingar gerðar á þessum reglum muni þær leiða til skaða smærri byggða. Við vitum alveg hvernig fólksflóttinn hefur verið. Við vitum alveg að þegar tækifærin hafa verið tekin frá þessum smærri byggðum með því að loka aðganginum að auðlindinni fara tækifærin úr byggðunum og fólkið færir sig náttúrlega um set. Það er sjálfgefið. Þegar tækifærin fara situr fólkið ekki eftir heldur leitar á ný mið. Það er mjög eðlilegt. Það er leiðinlegt þegar menn setja fram röksemdir af þeim toga sem við höfum hlýtt hér á að hugsanlegar breytingar kunni að skaða smærri sjávarbyggðir eins og núverandi ástand hafi ekki gert nóg í þeim efnum.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að ég held að við séum komin að þeim tímapunkti að við þurfum að reyna að ákveða til lengri tíma hvernig við viljum haga þessum málum. Hæstv. sjútvrh. hefur komið fram með sínar hugmyndir. Ég held að ekki sé á neinn hallað þó að því sé haldið fram að þær geti seint orðið grundvöllur sátta, en þetta eru a.m.k. hugmyndir hæstv. sjútvrh., þetta eru hugmyndir ríkisstjórnarinnar um það hvernig eigi að skipa þessu til lengri tíma. Það er ekki hægt að lesa öðruvísi í þessar hugmyndir en þannig að ætlunin sé að festa varanlega eignarheimildir á veiðiréttindum í höndum útgerðarmanna. Það er einfaldlega þannig. Í þessum efnum skilur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og í mínum huga er mjög gott, mjög skynsamlegt fyrir umræðuna, að þessi ágreiningur sé með skýrum hætti kominn fram í dagsljósið.

[18:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einu sinni var sagt að ef menn læsu bara eitt tiltekið nafngreint dagblað fengju þeir einkennilega sýn á heiminn í kringum sig. (**Gripið fram í:** Er það Mogginn?) Ég held að hægt sé að segja það um ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að ef menn hlustuðu á lýsingar hans á umræðunni fengju þeir harla einkennilega sýn á það hvernig þessi umræða hefur farið fram og langt frá þeirri sýn sem birst hefur þeim sem hafa setið undir henni.

Ég á afskaplega erfitt með að skilja vangaveltur hv. þm. um eignarréttinn og þær ályktanir sem hann dregur af þessu frv. og ummælum einstakra þingmanna um einhverjar fyrirhugaðar breytingar á eignarréttinum. Það er ekki verið að leggja til neinar breytingar á 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, alls ekki. Ég held að ég fari rétt með það að 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna hafi ekkert verið breytt frá því að hún var samþykkt 1990, a.m.k. ekki svo að það hafi nein áhrif á þá stöðu að fiskimiðin og fiskstofnarnir séu í þjóðareign. Ég á erfitt með að átta mig á hvaða tilgangi þessar vangaveltur eiga að þjóna nema kannski einhverjum stundarpólitískum hagsmunum hv. þm.

Því sem hann segir um stjórnarskrána og auðlindanefndarskýrsluna hef ég svarað, reyndar oftar en einu sinni í þessari umræðu, en stjórnarskrármálefni falla einfaldlega ekki undir mitt ráðuneyti og það er ekki í mínum verkahring að flytja slík mál inn á Alþingi. Þau verður hann þar af leiðandi að ræða við aðra þá ráðherra, herra forseti, sem með þau fara samkvæmt skiptingu starfa í Stjórnarráði Íslands.

[18:29]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. á aðild að þeirri ríkisstjórn sem nú situr og fer með ráðuneyti sitt. Þess vegna geri ég ráð fyrir því að í þessari umræðu komi hann fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Engar hugmyndir hafa verið uppi um það að festa ákvæði í stjórnarskrá um þjóðareign og það hefur líka endurspeglast í þessari umræðu. Hins vegar hafa flestir, ef ekki allir, lögspekingar sem hafa fjallað um þá stöðu sem nú er uppi fjallað um það hversu mikil óvissa sé í þeim málum er lúta að eignarrétti veiðiheimilda og á hvern hátt með þau skuli farið.

Ég vitnaði til þess í gær í ræðu minni að prófessorarnir, annar reyndar fyrrverandi, Sigurður Líndal, hinn Þorgeir Örlygsson, ítrekuðu það í þeirri vinnu sem fram fór í auðlindanefndinni, í skýrslu sem þeir sendu þangað, að það væri algerlega nauðsynlegt að undirstrika með hvaða hætti þessum málum yrði skipað til frambúðar, og það ætti að styrkja ákvæði 1. gr. sökum þess að hún ein segði svo lítið. Þeir hafa sagt að þróunin, þ.e. ef engar breytingar yrðu, leiddi til þess að smám saman yrði eignarréttur útgerðarmanna viðurkenndur. Af þessum sökum er það einmitt hárrétt hjá hæstv. sjútvrh. að hér er ekki verið að leggja til neinar breytingar. Hér er einmitt verið að leggja til óbreytt ástand. Það var það sem þessir prófessorar sögðu, að óbreytt ástand mundi á endanum leiða til þessarar niðurstöðu. Þess vegna hef ég dregið þær ályktnair sem ég hef greint frá í þessari umræðu.

[18:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að gera lítið úr skoðunum lögfræðinganna Sigurðar Líndals og Þorgeirs Örlygssonar. Hins vegar held ég að við verðum að hafa það í huga þegar við fjöllum um þessi atriði sérstaklega að frá því að þeir skiluðu skýrslu sinni til auðlindanefndarinnar hefur gengið dómur í Hæstarétti sem almennt gengur undir nafninu Vatneyrardómurinn sem skýrir mjög vel stöðu þessarar löggjafar, hvað heimilt er að gera, hvað hinu opinbera er heimilt að gera og hvað ekki. Ég held þar af leiðandi að staðan sé miklu skýrari en áður. Ef teknir eru aðrir dómar inn í þetta líka, þá hefur auðvitað mjög mikið gerst í dómskerfinu frá því að við höfum þessa vinnu þegar þál. um auðlindanefndina var samþykkt og auðlindanefndin hóf sín störf. Ég held því að hv. þm. þurfi ekki að hafa svo miklar áhyggjur af þessum atriðum. Það er ekki verið að gera neinar breytingar og Vatneyrardómurinn hefur skýrt þessa stöðu mjög vel.

[18:33]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að sá dómur sem hæstv. ráðherra vitnaði til hafi ekki breytt neinu í þessum efnum og það sé alveg ljóst að smám saman er þessi eignarréttur að

festast í sessi í höndum útgerðarmanna. Ég held að enginn dragi það í efa að undanskildum hæstv. ráðherra.

Ég hefði haldið og ég met það þannig að nú séum við að horfa til lengri tíma, við séum komin á þann tímapunkt í umræðu um sjávarútvegsmál að við þurfum að fara að ákveða með hvaða hætti þetta á að vera. Þetta skiptir miklu máli að því er varðar skipan efnahagsmála. Það skiptir miklu máli hvað varðar efnahagslífið að þessir hlutir komist á hreint og ég met það þannig þó að illa gangi að fá hæstv. ráðherra til að viðurkenna það að markmiðið með þessu sé fyrst og fremst það að tryggja varanlegan eignarrétt útgerðaraðila á veiðiheimildum. Ég get ekki lesið öðruvísi í þetta mál og ræður hæstv. ráðherra hér hafa engu breytt þar um.

[18:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls í þessari umræðu en ástæðan er sú að aftur og ítrekað hefur hæstv. sjútvrh. vikið að málflutningi mínum og einnig hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann hefur minnst á að á sínum tíma hefðum við staðið að þáltill. sem leiddi til þess að sett var á laggirnar svokölluð auðlindanefnd. Í framhaldinu hefur hæstv. ráðherra komist að þeirri niðurstöðu að við hljótum að vera sammála stjórnarfrv. sem hér liggur fyrir þinginu. Þetta er fráleitur málflutningur því að ekki eru tengsl milli þessara mála að öðru leyti en því að ákveðinni atburðarás var hrundið af stað með umræddri þáltill.

Þá var ákveðið að setja á laggirnar svokallaða auðlindanefnd og áður hefur verið vitnað í erindisbréf þeirrar nefndar sem átti að smíða nýtt fiskveiðistjórnarkerfi eða freista þess að ná sem víðtækastri sátt um slíkt kerfi þar sem tekið yrði tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu. Eins og menn þekkja klofnaði nefndin, hún fjórklofnaði. Annars vegar stjórnarandstaðan og hins vegar ríkisstjórnarflokkarnir sem skiluðu einnig tveimur álitum.

Síðan gerist það í framhaldinu að stjórnarandstaðan sameinast um þáltill. þar sem þess er enn freistað að leita sátta í málinu. Síðan höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði talað fyrir okkar áherslum við þessa umræðu og ég ætla ekkert að fara að endurtaka það.

Hitt atriðið sem hæstv. sjútvrh. hefur vikið að varðandi mig og minn málflutning snýr að þeim efnahagsstærðum sem ég hreyfði í umræðunni og kvaðst hæstv. ráðherra telja að ráða mætti af málflutningi mínum að ég væri ginnkeyptur fyrir því að skattleggja sjávarútveginn rækilega. Staðreyndin er sú að ég reyndi að sýna fram á að sjávarútvegurinn væri skattlagður og að í reynd byggi hann við veiðileyfagjald. Ég vitnaði þar m.a. í rök sem komu frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem byggði á tölum Seðlabankans og öðrum og síðan ýmsum vangaveltum hagfræðinga um verðmæti kvótans og hvað mætti ráða af því.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á að Seðlabankinn áætlaði að á árunum frá 1995–2001 hefði verið verslað með kvóta á milli 50 og 60 milljarða kr. og á sama tíma hefðu skuldir sjávarútvegsins aukist um 60 milljarða. Hann taldi samhengi þar á milli og reiknaði það út að ef þessar skuldir væru borgaðar á tíu árum, þá mætti ætla að þar rynnu út úr sjávarútveginum inn í fjármagnskerfið um 9 milljarðar, 6 milljarðar í afborganir og 3 milljarðar í vexti, ef við reiknuðum með 10% vöxtum mætti ætla að að jafnaði væri um að ræða 3 milljarða, og þannig yrðum við komin upp í 9 milljarða. Síðan benti hann á að á ári hverju væri leigður kvóti fyrir um 3–4 milljarða kr. og þar yrðum við komin upp í 13 milljarða eða þar um bil. Þetta byggist á því að búið er að selja um $^2/_3$ kvótans og ef við reiknum með að áfram verði haldið á þeirri braut, þá erum við komin í enn hærri upphæðir.

Önnur reikningsaðferð sem ég vék að var að nefna tölur sem menn hafa verið að henda á milli sín um verðmæti kvótans. Menn hafa talað þar um 300 milljarða. Bent hefur verið bent á að þetta séu allt of háar upphæðir. Við megum ekki reikna með dýrum jaðarkostnaði og heimfæra það upp á allt kerfið, það sé miklu minna, en menn séu engu að síður að kaupa kvóta sem þeir síðan leigi á áttföldu verði og af þessu mætti ráða að menn gætu keypt kvótann og hagnast á honum á tíu ára tímabili. Ef við værum að tala þar um 300 milljarða, þá væru þetta um 30 milljarðar sem mundu renna út úr greininni. Ef við förum neðar í tölunum, þá værum við sjálfsagt að tala um minna.

Með öðrum orðum samandregið, þá væri það að gerast núna að út úr sjávarútveginum væru teknir á milli 10 og 20 milljarðar kr. sem væri eins konar veiðileigugjald. Spurningin sem við stöndum þá frammi fyrir er: Hvert viljum við að þessi verðmæti renni, til hverra eiga þessi verðmæti að renna? Eiga þau að renna til þeirra sem hafa kvótann á sinni hendi eða á að reyna að beina þessum fjármunum í ríkari mæli en nú er í vasa almennings, til sveitarfélaganna og til ríkissjóðs? Þetta eru þær hugmyndir sem við höfum verið að velta fyrir okkur. Nálgun okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er ekki sú að verið sé að leita leiða til að skattleggja sjávarútveginn. Það er ekki svo. Við erum hins vegar að benda á að svo sé í reynd núna og við viljum sanngjarnara kerfi. Þess vegna höfum við lagt fram tillögur sem byggja á því að fyrna kvótann á 20 ára tímabili, þrískipta hinum fyrnda kvóta, láta þriðjunginn fara á landsmarkað, þriðjunginn til byggðarlaga og þriðjunginn viljum við láta hvíla hjá útgerðinni en taka fyrir það veiðileyfagjald. Þetta er hin þrískipta leið sem við leggjum til og þar að auki erum við einnig með tillögur sem lúta að því að stuðla að vistvænum veiðum með því að vigta kílóið misþungt eftir því hvernig það er dregið á land. Þetta eru þær hugmyndir sem við höfum verið að setja fram og óska eftir umræðu um.

Við höfum orðið vör við að mikill áhugi er á að ræða þessar hugmyndir og ég held að menn eigi ekki að gefast upp við þetta verk núna, jafnvel þótt nefnd hæstv. ráðherra hafi fjórklofnað, þá eigum við að gefa okkur enn betri tíma. Ég minnist þess að á sínum tíma urðu hatrammar deilur um lífeyrismál og framtíð í lífeyrismálum, hvert við ættum að stefna í þeim efnum. Þetta var á 9. áratugnum og undir lok hans og síðan deildu menn um nokkurra ára skeið og það var ekki fyrr en komið var fram yfir miðjan 10. áratuginn að sátt náðist, víðtæk sátt í samfélaginu um hvert skyldi fara. Ég veit ekki betur en menn séu bara nokkuð ánægðir með þá niðurstöðu sem varð og það er nánast sama hver er spurður um það. En menn gáfu sér tíma, menn gáfust ekki upp þótt á móti blési og ég ætla að vona að ríkisstjórnin geri það ekki í þessu efni.

[18:43]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi farið býsna nákvæmlega með afstöðu hv. þm. í þeim örfáu orðum sem ég lét um það falla. Að minnsta kosti sé ég ekki neinn mismun á því sem hann hefur verið að fara yfir í dálítið löngu máli. Ég held

hins vegar að sú talnaleikfimi sem hann og aðrir þingmenn hafa verið með sé vafasöm þótt ég ætli ekkert að fetta fingur út í það þótt menn séu í slíkri hugarleikfimi ef þeir telja að það hafi eitthvert gildi fyrir þessa umræðu.

Það sem ég var að tala um er að hv. þm. er einn af þeim sem með flutningi þáltill. hófu þetta ferli þar sem þyngdarpunkturinn snerist um auðlindagjald, veiðigjald eða veiðileyfagjald á útgerðina, flokkur hans er með tillögur um veiðigjald eins og hann var einmitt að lýsa rétt áðan í sínum tillögum. Ég hef bara verið að reyna að átta mig á því hvort flokkurinn væri ekki enn þá á þeirri stefnu og ef svo er, þá er það út af fyrir sig bara gott, þá er víðtæk sátt um að leggja á veiðigjald. Menn deila hins vegar um hvernig eigi að gera það og út af fyrir sig er það skiljanlegt.

En það sem ég hef líka verið að reyna að komast að er hvort þeir telji að það gjald sem lagt er til í frv. sem hér er til umræðu sé of hátt, of lágt eða hvort það sé nokkuð nærri lagi. Ég held að það skipti auðvitað máli fyrir umræðuna að fram komi hvort þeir aðilar sem styðja það að lagt sé á veiðileyfagjald telji að tillagan um það hversu hátt gjaldið eigi að vera sé eitthvað nærri lagi eða ekki. Þess vegna vil ég spyrja þingmanninn: Telur hann gjaldið vera of hátt, of lágt eða telur hann það vera nokkuð nærri lagi?

[18:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir því sem ég kemst næst þá erum við tala um upphæðir af svipaðri stærðargráðu og nú eru lagðar á sjávarútveginn þannig að það er engin stórfelld breyting sem verður með þessu frv. að því leyti.

Ég er hins vegar að vekja athygli á að gjaldið sem lagt er á útgerðina af hálfu fjármagnskerfisins og kvótaeigandans er miklu hærra en þessu nemur. Viðleitni okkar á að beinast í þá átt að beina því fjármagni, að fá það fjármagn, í vasa almennings. Tillögur okkar ganga út á að það fjármagn renni til sveitarfélaganna í byggðatengdum kvóta og til ríkisins einnig í gegnum uppboð á kvóta.

[18:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að út frá því reikningsdæmi sem hv. þm. var með hér í upphafi geti hann fært rök fyrir því að þetta séu einhverjar umtalsverðar upphæðir sem hann á þeim forsendum vill ná í og koma eitthvert annað. Ég ætla ekkert að fara að deila við hann út frá þeim forsendum sem hann hefur verið að gefa sér. Ég er einungis að spyrja hann að því hvort hann telji það gjald sem verið er að leggja til að lagt verði á, sé of hátt eða of lágt eða hvort það sé nærri lagi.

Hins vegar er ekki rétt hjá honum að gjaldið sé einungis svipað og það gjald sem lagt er á í dag. Fyrst er auðvitað til að taka að þróunarsjóðsgjaldið mun renna út innan tveggja ára og þá þyrfti að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort það ætti að halda áfram eða ekki.

En miðað við það gjald sem lagt er á nú yrði auðlindagjaldið eða veiðigjaldið sem lagt yrði á samkvæmt þessu frv. þegar allt verður komið til framkvæmda, tvisvar og hálfum sinnum hærra en núverandi gjald. Ég spyr því hv. þm.: Telur hann það vera of hátt, of lágt eða nokkuð nærri lagi?

[18:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að við reynum að stilla dæminu rétt upp. Við erum að leggja til breytt kerfi í grundvallaratriðum miðað við það sem við búum við nú. Við teljum ekki að frv. hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar komi til móts við þær hugmyndir sem við og stjórnarandstaðan byggir á.

Það sem ég er að reyna að sýna fram á er að nú þegar eru lögð á útgerðina í landinu miklu hærri gjöld en gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Þessi gjöld og þessar upphæðir, þetta gríðarmikla fjármagn, rennur hins vegar í ranga vasa. Það rennur í vasa kvótahafans og inn í fjármagnskerfið. Við viljum hins vegar beina því til samfélagsins í ríkari mæli en nú er.

[18:49]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér erum við að fjalla um frv. til laga um stjórn fiskveiða. Mig langar til að varpa fram nokkrum spurningum í þessari umræðu um 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að Hafrannsóknastofnun veiði afla í rannsóknarskyni.

Mun Hafrannsóknastofnun samkvæmt þessari grein hafa leyfi til að veiða þorsk, lítinn þorsk í þorskeldi? Ég spyr vegna þeirrar umræðu sem hefur verið í þinginu og samfélaginu um þorskeldi og mikilvægi þeirrar atvinnugreinar, hvort Hafrannsóknastofnun muni hafa heimild til þess að úthluta jafnvel fyrirtækjum sem eru í þorskeldi eða hyggja á þorskeldi, heimildum til að veiða í þorskeldi, jafnvel seiði. Við getum t.d. hugsað okkur að rækjubátar í Ísafjarðardjúpi fái leyfi hjá Hafrannsóknastofnun til þess að veiða seiði og koma þeim í þorskeldi. Um þetta langar mig til að spyrja varðandi 1. gr., þ.e. þessar spurningar vakna hjá mér, herra forseti.

4. gr. fjallar um kvóta, sérstakan aukakvóta. Þar er talað um 10.500 tonna kvóta vegna aflabrests, að mér skilst. Þetta er í 4. gr. Með henni er líka gert ráð fyrir því að menn bæti við 1.500 lestum af óslægðum fiski til viðbótar við þau 1.500 tonn sem nú eru byggðakvóti. Þá er byggðakvótinn orðinn að 3.000 tonnum. Síðan er sérstakur smábátakvóti, ýsukvóti og steinbítskvóti, ef ég man rétt, herra forseti, upp á 2.300 tonn.

Hjá mér vakna þær spurningar hvaða aðferðum eigi að beita við útdeilingu þessa kvóta. Sérstaklega hugsa ég til 5.300 tonna kvótans því að frv., herra forseti, gerir í raun ráð fyrir því að það verði vandamál í byggðunum vegna þessara laga.

Í frv. segir, með leyfi herra forseta:

„Af þeim 12.000 lestum sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl. er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.“

Þetta má túlka sem svo að hæstv. ráðherra sem leggur frv. fram geri ráð fyrir því að framkvæmd laganna hafi það í för með sér að vandi verði í byggðarlögunum. Þetta er ákaflega hóflega orðað. En það er gott að menn gera sér grein fyrir því svona kannski svolítið í húmi að frv. leysir ekki þann vanda sem því er ætlað að leysa.

Önnur spurning vaknar hjá mér: Hvernig á að útdeila þessu? Þegar byggðakvóta var úthlutað óskaði eitt sveitarfélag eftir því, herra forseti, að fá að deila aflaheimildunum þannig að þær yrðu settar á uppboð. Það hefði verið mjög snjallt hjá stjórnvöldum að taka þessari beiðni byggðarlagsins sem vildi hafa þennan máta á þannig að allir hefðu jafnan

rétt til þess að keppa að þessari aflaheimild á jafnréttisgrundvelli í frjálsri samkeppni og með eðlilegum viðskiptaháttum. Það hefði verið gaman að sjá það gerast. Og um það vakna spurningar. Er ekki bara eðlilegt að þessum 5.300 tonna byggðakvóta verði úthlutað með þessum hætti? Óttast menn uppboð? Er ráðherrann banginn við það að þessi takmarkaði kvóti muni fara á uppboð? Ég sé ekki hvaða ótti ætti að skapast vegna þess því að nú þegar er náttúrlega fullt af bátum að kaupa veiðiheimildir eða leigja veiðiheimildir á uppboðum.

6. gr. fjallar um hámarksaflahlutdeildir í ákveðnum fisktegundum sem ég nefndi hér áðan og talaði um. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, og þætti mér vænt um að heyra svör við því fyrst hann er hér í salnum, hvort sá möguleiki geti verið fyrir hendi að ein útgerð eigi 50% í öllum ýsustofninum, ufsa, karfa og grálúðu. Og ég spyr: Hvers vegna eru þessar tölur bara 50%? Af hverju ekki 60% eða 70%? Hvað ákveður það að þetta eigi að vera 50%? Er kannski 60%-talan hættuleg? Er þá komið fram yfir hættumörk, samanber umræðuna um hlutdeild á matvörumarkaðnum? Talan 60% var nefnd af einhverjum, ef ég man rétt, í umræðunni um þau mál.

Þetta eru nú svona vangaveltur sem hljóta að vakna hér og kvikna.

Ég vona, herra forseti, að þetta frv. til laga, eins og það er lagt fram, lendi í góðu salti sem geymi það til langs tíma og að menn snúi sér að annarri verkun í staðinn.

[18:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þær spurningar sem hv. þm. Karl V. Matthíasson beinir til mín þá er það sjálfsagt túlkunaratriði hvort það heimilt væri að veiða seiði eða smáþorsk til þorskeldis samkvæmt breyttri eða nýrri grein um veiðiheimildir Hafrannsóknastofnunar. En þar sem þetta kemur upp hér þá teldi ég rétt að nefndin fjallaði einfaldlega um það.

Síðan varðandi byggðakvótann. Ef frv. verður samþykkt verður byggðakvótinn orðinn 5.300 tonn og það er nú allumtalsverður byggðakvóti vil ég meina. Ég held að það sé rétt ályktað hjá hv. þm. að vandamál eru líkleg til að koma upp, ekki bara vegna þessa frv. heldur vegna þeirrar þróunar sem nú þegar er í gangi, þ.e. að störfum fækkar í sjávarútvegi og við það koma upp vandamál í minni byggðum. Álagning gjalda á útveginn mun frekar ýta undir slíka þróun heldur en hitt.

Ég held að uppboð á þessum heimildum sé ekki rétta leiðin. Það má vel orða það svo að ég óttist uppboð því að ég held að uppboðin séu til þess fallin að knýja menn til þess að greiða síðustu krónuna til þess að ná í kílóin og þar af leiðandi muni þau ekki lenda á réttum stað.

Varðandi hins vegar kvótaþakið þá er auðvitað alltaf mjög erfitt að setja svona mörk og spurningar eins og hv. þm. velti upp eru auðvitað raunhæfar í því samhengi. En það er verið að reyna að ná þarna málamiðlun á milli ákveðinna sjónarmiða. Þetta varð niðurstaðan hjá endurskoðunarnefndinni. Ég hef út af fyrir sig ekki séð ástæðu til þess að gera neinar breytingar á þessu.

[18:59]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa tekið vel í þær spurningar og vangaveltur sem ég lagði fram áðan í umræðunni og gleðst ég yfir jákvæðu viðhorfi hans til þorskeldis sem ég reynar vissi að hann hafði. Ég sé hér ákveðna möguleika opnast fyrir þá sem eru í þeirri grein og tel að það muni efla og styrkja byggðir landsins og jafnvel verða til þess að rétta hlut okkar nokkuð í sjávarútveginum.

Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan er byggðakvótinn nú kominn upp í 5.300 tonn. Upphaflega var hann 1.500. Í raun er þetta nokkuð skuggalegt í mínum huga og þær spurningar vakna hvort ráðherra hafi ekki áhyggjur af því að hér er um 180% aukningu að ræða. Ef svo heldur fram sem horfir þá gæti þessi byggðakvóti verið orðinn 10–15 þús. tonn eftir fjögur, fimm ár. Ég vil hvetja til þess að menn skoði hvaða afleiðingar þessi lagasetning getur haft ef af verður.

[19:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. að þróunin í byggðamálunum er að mörgu leyti skuggaleg. Hún er hins vegar ekki að öllu leyti breytingum í sjávarútvegi að kenna. Allra síst er hún kvótakerfinu að kenna því að ef eitthvað er hefur kvótakerfið styrkt fjölmargar byggðir. Ég á hins vegar ekki von á að byggðakvótar verði miklu stærri en þeir verða ef þetta frv. verður að lögum. Ég held að það séu einfaldlega takmörk fyrir því til hve mikilla ráðstafana er hægt að grípa á þessum grundvelli.

Vonandi reynist hins vegar úthlutun á þeim kvóta sem hér um ræðir, eða þessara 5.300 tonna, vel til að hjálpa til við aðlögun að breyttum aðstæðum í hinum veikari byggðum.

[19:02]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. heldur því fram að kvótakerfið hafi styrkt byggðirnar. Vissulega er hægt að færa það til sanns vegar en ég held því líka fram að það hafi lamað aðrar byggðir. Það er þess vegna sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson lofaði á sínum tíma og stóð við það að skipuð yrði sáttanefnd um sjávarútveginn. Það var einmitt vegna þeirrar miklu röskunar sem átt hafði sér stað, gott ef hæstv. forsrh. var þá ekki ráðherra byggðamála líka. Hann sá að þetta var ekki gott og því var sáttanefndin skipuð. Ég verð að segja það að ég tel að árangur og niðurstaða þeirra starfa sé ekki í samræmi við markmiðin með skipan sáttanefndarinnar.

Að lokum hefði ég glaðst mjög, herra forseti, að sjá ef það hefðu verið heimildir í þessu frv. fyrir litla báta, með vélar 26 hestafla og minni, kvótalausa en með leyfi til að veiða í soðið, þ.e. að þeir mættu veiða 3–4 tonn, þó ekki væri nema fyrir skoðanagjöldum, hafnargjöldum og öðru sem af hlýst. Ég sæi fyrir mér að menn mundu skreppa, t.d. fyrir norðan, út á Pollinn og veiða fáeina fiska í soðið, sálu sinni til hressingar og holdinu líka.

[19:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram og tekið hefur tvo þingdaga. Hún hefur verið merkileg og að flestu leyti mjög málefnaleg. Auðvitað hafa einstaka skrýtin atriði komið upp, sérstaklega varðandi eignarréttinn og hugsanlega eignarréttarþróun. Umræðan hefur að mínu mati ekki verið eins og menn hefðu getað búist við miðað við yfirlýsingar stjórnarandstöðunnar frá því í síðustu viku, um að hér væri allt í báli og brandi og engin sátt um eitt eða neitt í sjávarútveginum.

Mér finnst hafa komið mjög skýrt fram í umræðunni að það er víðtækur stuðningur við að leggja á auðlindagjald eða leggja á veiðigjald þó að sá stuðningur sé ekki algildur. Það er auðvitað er lýsandi fyrir það hversu umdeilt þetta atriði

hefur verið og það hversu mikið þeir sem hafa verið á móti auðlindagjaldi hafa þurft að gefa eftir til að nálgast þá sem hafa verið hvað ákafastir í að leggja á veiðigjaldið.

Hins vegar greinilegt að menn greinir á um hvernig eigi að leggja gjaldið á. Fyrst og fremst er auðvitað um að ræða veiðigjaldsleiðina sem lýst er í frv. og hins vegar er um að ræða ýmis afbrigði af fyrningarleið þar sem uppboð eru ríkjandi þáttur. Eins og fram kom í umræðunum fyrir stuttu eru uppboð á veiðiheimildum nokkuð sem ég óttast. Ég tel þau vera til þess fallin að knýja seinustu krónuna úr buddu fiskimannanna til þess að viðhalda aflaheimildum sínum og geta verið sérstaklega hættuleg hinum veikari byggðum og að þeir sem búa í þéttbýlinu, þar sem betri veð eru, muni eiga miklu auðveldara með að keppa um heimildirnar en þeir sem búa í hinum smærri byggðum úti á landsbyggðinni.

Ég hef hins vegar leitað eftir því sérstaklega í umræðunni að fá fram sjónarmið hv. þm. varðandi upphæð gjaldsins. Það hefur komið greinilega fram hjá þingmönnum þingflokks Vinstri grænna að þeir eru almennt fylgjandi því að leggja á auðlindagjald, leggja á veiðigjald, en að þeirra eigin sögn er það ekki útgangspunktur í þeirra hugsun. Ég hef ekki orðið var við að þeir geri sérstaka athugasemd við upphæðina, hvorki í þá veru að hún sé of há né of lág. Þó að þeirra útfærsla væri kannski öðruvísi og gæti komið út á annan hátt mundi maður ætla að uppboð á stórum hluta heimildanna yrði til þess að gjaldið yrði hærra vegna eðlis uppboðanna eins og ég fór yfir áðan. En þeir hafa ekki gert athugasemdir við upphæð gjaldsins.

Hins vegar hefur verið annað uppi á teningnum hjá hv. þm. Samfylkingarinnar, sem á annað borð hafa svarað þegar ég hef leitað eftir þessu. Hv. þm. Gísli S. Einarsson telur gjaldið of lágt og að ekki sé gengið nægjanlega langt í að láta atvinnugreinina greiða kostnað Hafrannsóknastofnunarinnar. Væri farið út í það að láta gjaldið greiða allan kostnað Hafrannsóknastofnunar, eins og hann yrði þegar þetta frv. yrði að fullu komið til framkvæmda, þyrfti gjaldið væntanlega að vera svo sem 600 millj. kr. hærra. Hv. þm. Gísli S. Einarsson væri þá að tala um gjald, miðað við stöðu á yfirstandandi fiskveiðiári, upp á 2,7–2,8 milljarða.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir velti hér upp tölum um kostnaðinn og talaði um tölur á bilinu 4 milljarðar til 5,5 milljarða, sem nefndar hefðu verið í þessari umræðu og koma fram í gögnum auðlindanefndarinnar. Hún vildi hins vegar ekki gera þessar tölur að sinni tillögu og sagði í ræðunni að hún hefði sjálf nefnt 3 milljarða sem kostnaðinn. Þá ætti væntanlega eftir að bæta ofan á það einhverju sem menn mundu skilgreina sem sjáanlega hlutdeild alls almennings í auðlindarentunni.

Gjaldið sem frv. gerir ráð fyrir að yrði greitt ef lögin væru komin til framkvæmda á þessu ári er hins vegar upp á ríflega 2,1 milljarð. Ég get ekki séð eðlismun á þeim upphæðum sem annars vegar frv. gerir ráð fyrir og þeim upphæðum sem hv. þm. hafa verið tilbúnir til að nefna við þessa umræðu. En þó ber auðvitað að halda því til haga að hv. þm. Samfylkingarinnar hafa haft uppi umræðu um að gjaldið ætti að vera hærra.

Ég verð að öllu samanlögðu að segja að það er mun meiri samstaða um þessa útfærslu en ætla hefði mátt í upphafi. Sé meiningarmunurinn um hvernig eigi að útfæra hlutina ekki meiri en þetta, að gjaldið ætti að vera 3 milljarðar í staðinn fyrir 2 milljarðar, held ég að við séum komin nálægt því að ná sátt um þessi mál, a.m.k. víðtækari sátt en áður var um fiskveiðistjórnina. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu hefur helsti ásteytingarsteinninn verið veiðigjald.

Auðvitað hafa fleiri atriði í þessu frv. komið til umræðu, t.d. hafa atriði eins og kvótaþakið og stærð smábátanna sérstaklega verið nefnd og örlítið fyrr í umræðunni var fjallað um breytinguna varðandi rannsóknir Hafró. Þetta eru atriði sem auðvitað verða skoðuð í nefndinni. Þó ættu menn að hafa í huga, varðandi kvótaþakið, að með því er atvinnugreininni auðveldað að bregðast við þeim aðstæðum að þurfa að greiða gjald sem hún hefur ekki greitt áður svo að hún geti hagrætt og aukið arðsemi sína til þess að standa undir þessari gjaldheimtu. Ég held að það væri rétt fyrir hv. þm. að hafa það í huga við störf sín í hv. sjútvn.

Ég ætla því að leyfa mér að vona að starfið í nefndinni og í síðari umræðum þingsins verði á málefnalegum nótum og að þá muni skýrast enn betur hve víðtæk sátt er um þessi grundvallaratriði þó að menn deili auðvitað um aðferðafræði. Ég sé út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við að deilt sé um hvernig þessir hlutir gerast en vonast til að vinnan á næstu vikum muni skila okkur vel áfram.

[19:13]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tillögum Samfylkingarinnar er gert ráð fyrir því að ein útgerð leigi ekki annarri útgerð kvóta með þeim hætti sem nú er gert. Ég bendi á að þeir fjármunir sem útgerðir kvótalítilla báta eða jafnvel kvótamikilla greiða eins og er til annarra útgerða eru alveg gífurlega miklir. Ég er ansi hræddur um að það skipti hundruðum milljóna, jafnvel milljörðum, a.m.k. á þeim tíma sem þetta hefur verið við lýði.

Eru ekki uppboð í gangi núna á veiðiheimildum? Ég spyr. Eru ekki kvótalitlar útgerðir sem sækjast eftir afla að kaupa leyfi til að veiða fisk hjá öðrum útgerðum eftir uppboðsleiðum? Ég spyr að því. Ég hélt að það væri þannig. Þannig er komið uppboðskerfi inn í sjávarútveginn, alveg bullandi. Því mun ekkert ljúka verði þetta frv. að lögum, herra forseti.

Að lokum spyr ég hæstv. ráðherra aftur hvort hann telji ekki eðlilegt að byggðakvótinn fari á uppboð og að andvirði hins selda fari í sjóði viðkomandi sveitarfélaga. Ekki veitir þeim af.

[19:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki rétt athugað hjá hv. þm. að uppboð séu í gangi. Veiðiheimildir ganga kaupum og sölum á markaði og það er munur á því og uppboði. Það er auðvitað reginmunur á því og tillögum Samfylkingarinnar, þá væri verið að fyrna heimildirnar og taka þær af þeim sem eru með þær og þeir væru því neyddir til þess að fara og taka þátt í uppboðinu til að halda heimildunum sem þeir eru með í dag. Þeir væru neyddir til þess til að geta haldið áfram þeirri starfsemi sem þeir eru með í dag. Það væri verið að raska því sem þeir eru að gera núna. Þeir sem taka þátt í viðskiptum með aflamark og aflahlutdeild í dag gera það ekki vegna þess að verið sé að fyrna og taka af þeim. Þeir gera það til þess að bæta stöðu sína væntanlega út frá sínum eigin efnahagslegum forsendum og vonandi eru þær byggðar á traustum grunni og báðir aðilar hafi hag af. En það eru allt önnur formerki sem eru fyrir viðskiptum sem þessum en fyrir viðskiptum sem byggjast á því að fyrna veiðiheimildirnar og bjóða þær svo upp aftur.

[19:16]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, auðvitað er um allt annað að ræða. Tillögur Samfylkingarinnar og fleiri um fyrningarleiðina byggjast náttúrlega á því að aflaheimildir verði smám saman settar á markað og að allar útgerðir geti boðið í eftir ákveðnum leikreglum. Þær útgerðir sem eru góðar og standa sig vel munu náttúrlega aðlagast þessu og bera góðan hlut frá borði. Hinir sem eru slappir og kunna kannski illa til útgerðar munu ekki gera það.

Sjávarútvegur á Íslandi líður vonandi aldrei undir lok og þó að umhverfi hans verði breytt til hins betra, að mínu mati, með fyrningarleið, þá þýðir það ekki að heilu útgerðirnar muni afleggjast og heilu byggðarlögin. Það hefur verið talað þannig um ágætar tillögur Samfylkingarinnar að ef þær nái fram að ganga muni útgerð afleggjast í landinu. Ég held að þetta sé algjör misskilningur og ég held það ekkert, ég veit það. Þetta er náttúrlega algjör misskilningur. Menn munu leita í að sækja fisk og veiða fisk og þegar það er svona takmarkað, þá verður að nota réttlátar aðferðir til þess.

Ég vil líka taka fram að það er mín skoðun, herra forseti, að þeim sem lagt hafa fram gífurlegt fjármagn til veiðiheimildakaupa verður bætt það á einhvern hátt. Sú umræða hófst mjög fljótlega eftir að kvótakerfið kom á og þegar menn vildu fara að vinda ofan af því.

[19:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að það hversu vel menn standa að rekstri útvegsfyrirtækja muni ráða því í einhverjum mæli hverjir gætu eignast heimildirnar í fyrningar- og uppboðskerfi. En ég er hræddur um að staðan í dag og hverjar fasteignirnar eru og hver veðin eru muni ráða mun meira og þá sérstaklega fyrsta kastið, að þeir sem eiga veð í hinum stærri byggðum, sérstaklega á suðvesturhorninu, muni eiga miklu betri möguleika á að kaupa heimildirnar og að það muni einmitt geta orðið til þess að sjávarútvegur leggist af í einhverjum af hinum smærri byggðum úti um landið. Við vitum að margar þeirra standa illa og ef aflaheimildirnar fara niður fyrir eitthvert ákveðið mark, þá eru fyrirtækin ekki lengur rekstrarhæf og það getur haft veruleg áhrif á stöðu þeirra. Þess vegna erum við með byggðakvótann, því við vitum að að einhverju leyti mun svona þróun verða áfram. En ég held að það væri afar misráðið ef við færum að auka á þennan vanda með því að taka heimildirnar af þessum byggðarlögum og bjóða þær upp á uppboði. Við værum hreinlega að leggja það upp að þær legðust af.

[19:20]

Útbýting þingskjala:

Landgræðsla, 584. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 913.

Mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áhrifa Noralverkefnisins, 455. mál, svar forsrh., þskj. 895.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–8. mál.

Fundi slitið kl. 19:21.

---

88. FUNDUR

miðvikudaginn 6. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 882. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 882.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:32.

---

89. FUNDUR

miðvikudaginn 6. mars,
að loknum 88. fundi.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Ferðakostnaður foreldra barna á meðferðarstofnunum, fsp. ÁRJ, 398. mál, þskj. 655.

2. Fjárhagsstaða sveitarfélaga, fsp. SJS, 413. mál, þskj. 672.

3. Húsaleigubætur foreldra með sameiginlegt forræði barna, fsp. ÁRJ, 534. mál, þskj. 838.

Til samgönguráðherra:

4. NMT-farsímakerfið, fsp. EKG, 407. mál, þskj. 666.

5. Lagning Sundabrautar, fsp. KF, 435. mál, þskj. 702.

6. Samstarf við Grænlendinga í flugmálum, fsp. SJS, 448. mál, þskj. 717.

7. Jarðgöng undir Almannaskarð, fsp. GunnS, 485. mál, þskj. 769.

8. Úrbætur í fjarskiptamálum á Norðausturlandi, fsp. SJS, 498. mál, þskj. 788.

Til landbúnaðarráðherra:

9. Jarðalög, fsp. ÁRJ, 429. mál, þskj. 689.

Til heilbrigðisráðherra:

10. Lyf sem falla út af sérlyfjaskrá, fsp. SJS, 447. mál, þskj. 716.

11. Skipting stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana, fsp. MF, 531. mál, þskj. 835.

Ferðakostnaður foreldra barna á meðferðarstofnunum.

Fsp. ÁRJ, 398. mál. — Þskj. 655.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég spyrst fyrir um stuðning við foreldra sem eiga börn á meðferðarstofnunum fjarri heimili, meðferðarstofnunum, sem heyra undir félmrn. en þessir foreldrar bera oft verulegan kostnað af dvölinni, m.a. vegna ferðalaga í sambandi við meðferðina. Allnokkrir foreldrar barna í þessari stöðu hafa leitað til mín og er ljóst að stuðningur við þau er lítill sem enginn og fjárhagslega illa staddir foreldrar hafa lent í fjárhagsvanda og erfiðleikum vegna þessa.

Hæstv. heilbrrh. staðfesti í fyrirspurnatíma á dögunum að ekki ættu þau rétt hjá Tryggingastofnun eins og foreldrar langveikra barna þó svo að vímuefna- og áfengissýki teljist til sjúkdóma. Ég hef undir höndum bréf frá foreldrum drengs sem hefur verið í meðferð á þriðja ár, meðferð sem þau eru mjög þakklát fyrir, enda segir drengurinn sjálfur að án hennar væri hann ekki á meðal vor í dag. Þetta er grafalvarlegt ástand og er foreldrum skylt að taka þátt í meðferðinni, oftast fjarri heimili. Þau þurfa að bera ferðakostnað að fullu sjálf og ferðir allt að einu sinni í mánuði og svo ferðir drengsins heim til að aðlagast heimili sínu um helgar.

Þessir foreldrar sem skrifuðu mér þetta bréf þurftu að fljúga austur á land nokkrum sinnum og síðan að keyra 700 km eftir að barnið var flutt og hafa auk þess allir sumarleyfisdagar þeirra farið í meðferðina. Kostnaðurinn er hundruð þúsunda króna. Ekki eru foreldrarnir að telja þetta eftir sér en finnst á sig hallað í samanburði við aðra foreldra alvarlegra veikra barna sem heyra undir heilbrigðiskerfið og fá greiddan ferðakostnað frá velferðarkerfinu. Efnalitlir foreldrar geta illa eða ekki staðið undir þessu. Foreldrarnir segja í bréfinu, með leyfi forseta:

„Stuðningur Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndar er ómetanlegur en þó hlýtur að verða að veita meðferðina þannig að foreldrar hafi ráð á að þiggja hana. Ferðakostnaðurinn er allt of mikill fyrir meðallaun þó aðeins sé eitt barn á framfæri, hvað þá ef fleiri börn eru á heimili."

Það er greinilegt að aðstoð hins opinbera verður að koma til í þessum tilvikum. Ég spyr hæstv. ráðherra:

1. Hvaða rétt eiga foreldrar barna á meðferðarstofnunum til greiðslu ferðakostnaðar vegna dvalar þeirra fjarri heimili og þátttöku þeirra í meðferð barnanna?

2. Eru uppi áform um að auka stuðning við foreldra þessara barna?

[13:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er spurt um ferðakostnað á meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu. Slíkum heimilum er ætlað að veita börnum sérhæfða meðferð þegar úrræði á vegum sveitarfélags hefur ekki dugað til. Í barnaverndarlögum er ekki að finna heimildir til greiðslu ferðakostnaðar foreldra barna vegna dvalar barna fjarri heimilum sínum og þátttöku þeirra í meðferð barnanna.

Ákvæði sjúkratrygginga um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra eiga ekki við vegna dvalar barna á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu, enda takmarkast þau við sjúkrastofnanir. Vistun barns á meðferðarheimili er gerð að beiðni forsjáraðila barns og viðkomandi barnaverndarnefndar að fengnu samþykki Barnaverndarstofu. Gerður er svokallaður vistunarsamningur um meðferðina sem segja má að sé þríhliða samningur milli foreldra, meðferðarheimilis og viðkomandi barnaverndarnefndar. Þar er að finna skilmála um þátt foreldra við framfærslu barns á meðferðarheimili, þar á meðal varðandi ferðir og fer um það atriði eftir reglum sem Barnaverndarstofa setti í mars árið 2001 um samskipti barnaverndarnefnda og meðferðarheimila. Í þeim reglum segir m.a.:

„Vistunaraðili skal gera forsjáraðilum og börnum grein fyrir starfsemi langtímameðferðarheimila um leið og sótt er um þangað. Meta skal í hverju tilviki þörf fyrir heimsókn á meðferðarheimili áður en meðferð hefst."

Í samningnum kemur einnig fram að vistunaraðili sem yfirleitt er starfsmaður barnaverndarnefndarinnar sem hefur vistað barnið og foreldrar mæta á samráðsfundi sem halda skal á meðferðarheimili nema sérstaklega standi á. Samráðsfundirnir skulu haldnir eigi sjaldnar en 4–5 sinnum á ári að meðtöldum inn- og útskriftarfundum.

Í reglunum er sérstaklega fjallað um kostnað vegna barna sem njóta meðferðarúrræða á vegum Barnaverndarstofu. Þar segir m.a.:

„Forsjáraðilum ber almenn skylda til að framfæra barn sitt með hliðsjón af þörfum barnsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992. Vistunaraðila ber að sjá til þess að forsjáraðilar greiði eða að meðferðarheimili berist fjárhæð með barni sem svarar einu meðlagi eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins í upphafi hvers mánaðar meðan vistun barns á meðferðarheimili varir."

Í 15. gr. er sérstaklega fjallað um ferðakostnað. Forsjáraðilum ber að mæta á reglubundna samráðsfundi með vistunaraðila og starfsmönnum meðferðarheimila meðan á meðferð barns varir og þeir bera þann ferðakostnað sem af því hlýst. Sama gildir um ferðakostnað í tengslum við umgengni. Foreldrar bera því allan ferðakostnað vegna heimsókna barns til foreldra og þátttöku foreldra í meðferðarstarfinu. Foreldrar geta leitað til barnaverndarnefndar eða eftir atvikum félmn. um sérstaka fjárhagsaðstoð vegna þessara ferða. Barnaverndarnefndin metur umsóknina með hliðsjón af markmiðum áætlunar í máli barns, stöðu foreldris og einnig með hliðsjón af þörfum barnsins að höfðu samráði við meðferðarheimili.

Í 2. lið fsp. er spurst fyrir um hvort áform séu um að auka stuðning við foreldrana vegna ferðakostnaðar. Til þess að unnt sé að auka þennan stuðning er nauðsynlegt að fyrir liggi skýr lagaheimild og nauðsynlegar fjárveitingar til þess að mæta slíkum kostnaði. Rök mæla gegn því að sjálfkrafa sé fyrir hendi réttur foreldra til greiðslu vegna ferðakostnaðar. Benda má á að á meðan barn dvelur á meðferðarheimili er verulegum hluta af framfærslu barnsins létt af foreldrum án þess að réttur þeirra til bóta, barnabóta eða barnabótaauka skerðist og ekki þarf að greiða skólagjöld vegna framhaldsskóla meðan á meðferðardvöl stendur og ýmis frístundaiðkun er foreldrunum að kostnaðarlausu.

Að mati Barnaverndarstofu eru langflestir foreldrar sáttir við að greiða þennan ferðakostnað og telja hann ekki mikinn í samanburði við þá þjónustu sem barnið njóti og létt sé samhliða á ýmsum útgjöldum fjölskyldunnar vegna barnsins. Þrátt fyrir þetta kann að vera ástæða til að gerð verði sérstök athugun á þessu með hliðsjón af þeim reglum sem gilda um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands.

[13:41]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Að mínu mati snýst þetta mál ekki eingöngu um það hvort þarna er um að ræða mikinn kostnað sem fellur á foreldra eða ekki. Það getur vissulega reynst þeim erfitt. Þetta snýst líka um þann tvískinnung sem er í löggjöfinni varðandi túlkun á því hvort fíkniefnaneysla telst vera til veikinda eða ekki. Ef einstaklingar eru á meðferðarstofnun sem rekin er af heilbrrn., þá er um að ræða greiðslu á ferðakostnaði eins og um önnur alvarleg veikindi væri að ræða, langvarandi alvarleg veikindi, en þegar meðferðarstofnunin heyrir undir félmrn. þá er ekki um það að ræða. Ég held að þetta sé í þriðja, fjórða eða fimmta sinn sem þetta mál er tekið fyrir á þingi. Talað er um þessi gráu svæði, þessa skörun á milli félmrn. og heilbrrn. og nú er kominn tími til að þessu linni og það sé gert upp í eitt skipti fyrir öll. Er hér um að ræða sjúkdóm, menn geri það þá lagalega og túlkunin sé sú sama hvort sem um er að ræða sjúklinga á vegum heilbrrn. eða félmrn.

[13:42]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki í fyrsta og ekki í annað sinn sem ég tek þátt í umræðum um þetta mál hér á þingi. Sýndur hefur verið mjög mikill skilningur á þessu máli frá fólki úr öllum flokkum nánast og mig undrar að ekkert skuli hafa gerst í þá áttina sem hæstv. ráðherra ýjaði hér að að ekki væru fyrir hendi lagaheimildir og ekki væru fyrir hendi fjárveitingar til að leysa úr þessu máli. Þetta er auðvitað eitthvað sem þarf að taka á vegna þess að ef eitthvað er brýnt í sambandi við meðferð unglinga, þá er það samráð og samvinna við foreldra og það má ekki láta fólk gjalda búsetu í slíkum tilfellum. Það verður að taka frí úr vinnu, það verður að leggja á sig langar ferðir og miklar fjarvistir frá heimilum til að geta tekið þátt í samráði þó að meiri háttar fjárhagsleg áföll lendi ekki á því líka. Mér finnst vera tímabært að á þessu sé tekið.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim sem tóku þátt í umræðunni. Vissulega er foreldrum gerð grein fyrir þeim útgjöldum sem falla á þá þegar börn þeirra fara í meðferð og foreldrar gera sér grein fyrir þeim útgjöldum. En það er ekki jafnræði með þessum foreldrum og öðrum foreldrum sem eiga veik börn. Þeir foreldrar sem eiga veik börn sem heyra undir heilbrrn. fá greiddan ferðakostnað. Þessi veiku börn, og það er viðurkennt að áfengissýki og fíkniefnasýki eru veikindi, fá ekki sambærilegan stuðning frá velferðarþjónustunni.

Það sama má auðvitað segja um foreldra veikra barna. Þeir lenda líka í því, þeir þurfa að vísu ekki að bera mikinn kostnað af börnunum sínum meðan þau eru inni á sjúkrastofnun. Aftur á móti bera foreldrar þessara sjúku barna verulegan kostnað, t.d. af ýmsum kvillum sem fylgja fíkniefnaneyslunni. Ég veit að þeir foreldrar sem skrifuðu mér bera verulegan kostnað vegna afleiðinga af fíkniefnaneyslu barns síns.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra telur ástæðu til að gera athugun á þessu. Hæstv. heilbrrh. talaði um það fyrir nokkrum vikum þegar ég spurði hann um þessi sömu mál að hann teldi að athuga ætti þessi mál því að auðvitað á fólk ekki að gjalda búsetu sinnar þegar svona er. Þetta eru yfirleitt börn héðan úr þéttbýlinu, héðan af Reykjavíkursvæðinu sem þurfa að sækja út á land. Aftur á móti er greitt þegar foreldrar veikra barna þurfa að sækja hingað þjónustu þannig að ég tel orðið löngu tímabært að þetta verði skoðað og gætt verði samræmis og jafnræðis með þessum hópum. Þetta eru veik börn sem þurfa þjónustu hvort sem þau eru á meðferðarstofnunum eða á sjúkrastofnunum. Ég hvet því hæstv. ráðherra, bæði hæstv. félmrh. og heilbrrh. að taka höndum saman og leysa þennan vanda. Við erum búin að tala um þetta margoft eins og kom fram bæði hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur, en við eigum ekki að þurfa að vera að tala um þessa hluti alla tíð og ég treysti hæstv. ráðherra, herra forseti, til að taka á þeim vanda í sameiningu.

[13:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um fíkniefnaneytendur að ræða nema í tiltölulega fáum tilfellum, sem betur fer. Yfirleitt eru þetta börn með annars konar hegðunarvanda og ekki sjúk af fíkniefnaneyslu. Þau eru að vísu til á einu heimili sem var sérstaklega sett á fót til þess að veita fíkniefnaneytendum meðferð en það er ekki hið almenna.

Færa má rök að því að fjárhagur heimilanna beri ekki skaða af því þó að barn sé vistað á meðferðarheimili af því að náttúrlega sparast ýmis kostnaður á móti. Langflest þessara barna sem vistuð eru fá einhvern bata, jafnvel góðan. Ég þekki þetta dæmi sem hv. fyrirspyrjandi nefndi og þar var um að ræða, ef ég veit rétt, barn sem vistað var austur á landi en nú hefur því heimili verið lokað þannig að sá kostnaður sem óneitanlega var af því að ferðast þangað fellur ekki til framvegis. En eins og Barnaverndarstofa orðar það eru langflestir foreldrar sáttir við að greiða þennan ferðakostnað.

Meginatriðið við þetta meðferðarstarf er náttúrlega það að börnin fái bata.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga.

Fsp. SJS, 413. mál. — Þskj. 672.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Í janúarmánuði sl. birti svokölluð eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skýrslu um árlega athugun sína á fjárhagslegum málefnum sveitarfélaganna. Það vakti nokkra athygli að á listanum sem bréf fékk frá nefndinni fjölgaði verulega, og 31 af um 120 sveitarfélögum landsins var skrifað vegna þess að annað tveggja var framlegð sveitarsjóðs, samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hafði, ekki fullnægjandi eða aðrar lykiltölur sem hafðar eru til hliðsjónar og skoðaðar af eftirlitsnefndinni gáfu tilefni til að haft væri samband við viðkomandi sveitarfélög. Að sjálfsögðu ber að taka skýrt fram að það þýðir ekki þar með að þau séu öll á heljarþröminni en þarna má segja að hafi blikkað gul ljós eða hringt viðvörunarbjöllum, og nefndin skrifaði þar af leiðandi eftirtöldum sveitarfélögum, í fyrra tilvikinu vegna framlegðarathugana: Hvalfjarðarstrandarhreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi, Fellahreppi og Laugardalshreppi. Vegna þess að almennar lykiltölur gáfu tilefni til fengu eftirtalin sveitarfélög bréf frá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga: Hafnarfjarðarkaupstaður,

Bessastaðahreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Leirár- og Melahreppur, Borgarfjarðarsveit, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Saurbæjarhreppur, Kirkjubólshreppur, sveitarfélagið Skagafjörður, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Höfðahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarbær, Aðaldælahreppur, Raufarhafnarhreppur, Þórshafnarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Vestmannaeyjabær, Rangárvallahreppur, Villingaholtshreppur og Biskupstungnahreppur.

Hér á í hlut, herra forseti, eins og heyra má mjög fjölbreytt flóra sveitarfélaga. Í hópnum eru bæði nokkrir af stærstu kaupstöðum landsins, þó ekki Reykjavík sem sjálfstæðismenn hafa miklar áhyggjur af eins og kunnugt er, og líka mörg nýlega sameinuð sveitarfélög sem greinilega glíma við mikla fjárhagserfiðleika. Allar helstu mælingar á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna, svo sem eins og útgjöld til rekstrar sem hlutfall af skatttekjum eða heildarskuldir sem miða við peningalegar eignir, hringja líka viðvörunarbjöllum, herra forseti. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna fer versnandi. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. félmrh. eftirtalinna spurninga:

1. Hverjar telur ráðherra vera helstu skýringar á versnandi fjárhagsstöðu fjölmargra sveitarfélaga, samanber mat eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga?

2. Hyggst ríkisstjórnin grípa til sérstakra aðgerða í ljósi nýjustu upplýsinga um afkomu sveitarfélaganna?

Spurt er að gefnu tilefni, herra forseti, vegna þess að ákaflega lítið virðist hafa gerst í þessum efnum undanfarin ár.

[13:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun varð rekstrarhalli sveitarfélaganna árin 1998–2000 þannig, á áætluðu verðlagi ársins 2002, að 1998 var hann 5,2 milljarðar, 1999 3,8 milljarðar og 2000 3,6 milljarðar. Þjóðhagsstofnun áætlar að hallinn árið 2001 verði aðeins 138 millj. kr. og 275 millj. á yfirstandandi ári. Þarna er sem sagt gert ráð fyrir því að afkoma sveitarfélaganna fari mjög batnandi.

Það má ekki álykta út frá þeim bréfum sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sendi að þarna sé um mjög vonda stöðu að ræða. Það er hægt að nefna ýmsa þætti sem hafa áhrif til hins verra á fjárhagsstöðu margra sveitarfélaganna. Ég hygg þó að þrír þættir vegi þar þyngst, þ.e. búsetubreytingar, launahækkanir og aukinn vaxtakostnaður.

Varðandi búsetubreytingarnar vil ég benda á þrennt:

Í fyrsta lagi áhrifin fyrir þau sveitarfélög þar sem fólki fækkar sem eru einkum þau að tekjur þessara sveitarfélaga dragast saman án þess að rekstrarútgjöldin lækki sem því nemur. Færri eru hins vegar til þess að bera uppi það þjónustustig og þau útgjöld sem mörkuð hafa verið.

Í öðru lagi skapast aukinn rekstrarkostnaður hjá sveitarfélögum þar sem fólki fjölgar. Eftirspurn eftir félagslegri þjónustu eykst og aukinn kostnaður er við fræðslumál o.s.frv. Á móti hækka tekjur þeirra og möguleikar eru á stærðarhagkvæmni í þessum sveitarfélögum.

Í þriðja lagi aukast fjárfestingar í kjölfar snöggra breytinga á byggðamynstri og það sést vel í þeirri aukningu sem er í fjárfestingum á höfuðborgarsvæðinu. Eins hafa lagaáform um einsetningu grunnskólans áhrif til ársins 2002 ásamt auknum fjárfestingum vegna umhverfismála.

Launahækkanir í kjölfar kjarasamninga hafa leitt til meiri hækkunar á útgjöldum sveitarfélaganna heldur en tekjuauki þeirra vegna aukinna útsvarstekna í kjölfarið hefur numið. Mikill hallarekstur sveitarfélaganna á árunum 1997–2000 leiddi til aukinnar skuldasöfnunar sem hefur síðan haft í för með sér stóraukna vaxtabyrði. Rétt er að benda á að þessi fjögur ár voru framkvæmdir sveitarfélaganna mjög miklar og áttu þátt í hallarekstri þeirra.

Fyrirspyrjandi spurði hvort ríkisstjórnin hygðist grípa til sérstakra aðgerða í ljósi nýjustu upplýsinga um afkomu sveitarfélaganna. Varðandi aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bæta afkomu sveitarfélaganna er rétt að benda á að á árinu 2000 skilaði nefnd, sem ég skipaði til að endurskoða tekjustofna sveitarfélaganna, áliti og tillögum. Breytingar sem gerðar voru á tekjustofnalögunum í kjölfarið áttu að skila sveitarfélögunum tekjuauka á árinu 2001 upp á 3.200 millj. og árið 2002 3.750 millj. Þetta kemur glögglega fram í áætlunum Þjóðhagsstofnunar um stórbætta afkomu sveitarfélaganna á þessum árum.

Kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða hefur gjörbreytt fjárhagsstöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum. Eins og ég nefndi áður hafa miklar búsetubreytingar haft mjög neikvæð áhrif á fjárhag margra sveitarfélaga og fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnar í byggðamálum geta því haft jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaganna. Það er ekki ástæða til að gera mikið úr almennum vanda sveitarfélaganna. Nokkur sveitarfélög eru í vanda. Af þeim sveitarfélögum sem fengu bréf í fyrra eru 10 þeirra núna komin fyrir vind.

Ástæður þess að sveitarfélögin eiga við fjárhagserfiðleika að etja eru náttúrlega mismunandi eftir staðháttum. Ef ég fer í það sem ég er kunnugastur er t.d. skýringin á erfiðri fjárhagsstöðu Blönduóss sú að þar er búið að koma fráveitumálum í gott horf, eitt fárra sveitarfélaga á landinu. Skagaströnd þurfti að verja hagsmuni útgerðarfélagsins og kaupa hlutabréf og svona mætti lengi telja.

[13:57]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Mér þykir oft gleymast hvað stendur á bak við skuldasöfnun sveitarfélaganna. Það er t.d. uppbygging á íþróttamannvirkjum, skólabyggingum og að sjálfsögðu er staðan ekki góð meðan verið er að greiða af lánum og borga niður lán til stofnkostnaðar. Fyrir 800 manna sveitarfélag er mjög mikið að byggja íþróttahús upp á 120–130 millj. Það er því eðlilegt að það komi fram sem skuldasöfnun á sveitarsjóði og ég vil líka taka fram að það eru miklar framkvæmdir í vatnsveitumálum, hitaveitumálum og fráveitumálum sem eru afar kostnaðarsamar þannig að það má ekki líta á þetta sem óráðsíu. Í flestum tilvikum er verið að bæta aðstöðu fólksins sem býr í sveitarfélögunum.

[13:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka þetta upp. Þetta er vissulega þörf umræða og þyrfti lengri tíma en þessar örfáu mínútur sem gefast í fyrirspurnatíma enda hefur staða sveitarfélaganna versnað til muna. Þau hafa verið að bregðast við þeirri fólksfækkun sem blasir við á mjög mörgum svæðum og síðan hafa verið lagðar á þau mjög ríkar lagalegar og skuldbindandi skyldur sem hafa fylgt EES-samningnum.

Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort vitað sé hver staðan er gagnvart húsaleigubótunum, greiðslum inn í jöfnunarsjóðinn, hvort þær standi undir skuldbind-

ingum vegna húsaleigubótanna og ef ekki, hvort þá eigi að bregðast við með einhverjum hætti.

[13:59]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi upp öll þau sveitarfélög sem fengið hefðu bréf frá félmrn. út af fjárhagsmálum og taldi sérstaka ástæðu til að nefna að Reykjavík hefði ekki fengið slíkt bréf. Þar með var búið að setja öll hin sveitarfélögin á einhvern bekk sem væri óvirðulegri en R-listinn væri á í fjármálum sínum. Ég velti því nefnilega fyrir mér þegar ég heyrði þessa upptalningu hjá hv. þm. — ég hélt fyrst að hann hefði áhyggjur af fjármálum sveitarfélaganna en sá svo að þetta var að sjálfsögðu hápólitísk aðferð til að vekja athygli á R-listanum í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Reyksprengja.)

Ég vil aftur á móti upplýsa að mörg þessara sveitarfélaga sem fengu bréf eiga gríðarlegar eignir sem ekki voru taldar upp eða teknar til greina þegar félmrn. var með þetta til skoðunar. Ég vil t.d. nefna að Reykjanesbær á 3 milljarða í hitaveitunni í eignum sem voru settar inn á reikningana eftir áramót og voru ekki taldar með þrátt fyrir að að þessir 3 milljarðar mundu duga til að greiða upp allar skuldir sveitarfélagsins.

[14:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að heyra þær tölur sem hæstv. ráðherra flutti um rekstrarhalla sveitarfélaga sem ég skildi svo að væri halli að meðtöldum fjárfestingum vegna þess að halli minnkar verulega þegar líður á kjörtímabil sveitarstjórnanna. Í fyrra og á þessu ári sem er kosningaár er gert ráð fyrir því að hallinn verði aðeins brot af því sem hann var á fyrri hluta kjörtímabils sveitarstjórnanna. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á þessu því að það bendir líka til ábyrgrar fjármálastjórnar sveitarfélaga auk þess að upplýsa að afkoma sveitarfélaganna fer greinilega batnandi og því er ekki ástæða til að ætla að afkoma þeirra sé almennt slæm heldur afmarkist fremur við ákveðin svæði landsins. Þar vildi ég nefna eitt mál sem ég tel ákaflega þýðingarmikið að koma í höfn, þ.e. að gera sveitarfélögum kleift að færa niður verð og selja á almennum markaði félagslegar íbúðir sem ekki eru lengur notendur fyrir.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hæstv. ráðherra og þingmenn stjórnarliðsins hafa átt það sammerkt hér í athugasemdum sínum að gera lítið úr vandanum. Hv. þm. Kristján Pálsson spýttist hér upp eins og stigið hefði verið ofan á líkþorn hjá íhaldinu þegar það var nefnt í framhjáhlaupi að Reykjavík væri ekki í hópi þeirra stóru kaupstaða sem þarna eru á listanum.

Í öðru lagi vil ég segja að kannski er hlutfall skatttekna sem fara til reksturs málaflokka besti mælikvarðinn á hvað raunverulega er að gerast í fjárhag sveitarfélaganna. Það hlutfall hefur farið hækkandi ár frá ári núna um langt árabil og gerir enn. Aðrir mælikvarðar gefa að mínu mati ekki jafngóða raun við að mæla hallann því að það sem ósköp einfaldlega gerist er að þegar sveitarfélög eru komin að endimörkum skuldsetningarmöguleika sinna þá hætta þau að fjárfesta og þá minnkar í sjálfu sér kannski hallinn þannig mælt.

Hæstv. ráðherra nefnir fólksfækkun sem skýringu. En skýtur þá ekki skökku við að einmitt núna um áramótin féll niður fólksfækkunarframlagið sérstaka sem greitt hefur verið til þeirra sveitarfélaga undanfarin þrjú ár? Í öðru lagi nefndi ráðherra rekstrarkostnað hjá sveitarfélögum sem fá til sín fólk og fjárfestingar hjá þeim. Þar erum við að mæta hinum endanum af herkostnaði byggðaröskunarinnar sem hæstv. ríkisstjórn ætti þá að manna sig upp í að taka á og gera eitthvað gagnvart en ekki væla undan eins og hér er í raun og veru gert.

Ráðherra sleppti því að nefna vanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðarhúsnæðiskerfisins nema ef vera skyldi að það hefði átt að skiljast þannig þegar hann nefndi sveitarfélög á Vestfjörðum sem eins og kunnugt er voru þvinguð til þess að selja eina verðmætustu eign sína til að greiða upp í þá hít. En engar almennar aðgerðir hafa litið dagsins ljós til að taka á þeim vanda. Það er til skammar hvað dregist hefur úr hófi, herra forseti, að fara í almenna uppstokkun á fjárhagslegum málefnum ríkis og sveitarfélaga.

Auðvitað eiga sveitarfélögin miklar eignir. Skárra væri það nú. En þær eru ekki afsetjanlegar nema í draumaríki frjálshyggjunnar. Ég held því að menn ættu að endurtaka ferðir sínar til Farum í Danmörku og læra betur, þeir sem þangað hafa streymt undanfarin ár, til að kynna sér þá paradís sem þar hefur verið byggð upp í anda nýfrjálshyggjunnar.

[14:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ef litið er á meðaltal sveitarfélaganna þá fer hagurinn batnandi, verulega mikið batnandi. Hitt er svo annað mál og ber að hafa það í huga, að þarna er um meðaltal að ræða. Sumir eru að græða og sumir að tapa. Unnið er að tillögugerð. Nefnd sem fjallar um félagslegt húsnæði sveitarfélaganna er að ljúka störfum. Ég vonast eftir því að fá í hendur alveg á næstu dögum endanlegar tillögur nefndarinnar þannig að við getum tekið á því verkefni. En það er orðið mjög brýnt að gera það. Það er alveg réttmæt ábending sem hér hefur komið fram að okkur ber að reyna að klára það mál.

Varðandi sveitarfélögin á Vestfjörðum þá er á biðreikningi lítill hluti af söluverði orkubúsins sem þau gætu notað til ráðstöfunar eða haft handbæran, ef til kæmi, til að leysa þessi félagslegu húsnæðismál. Það var ekkert aðalatriði eða meginþáttur í því að þau þurftu að selja orkubúið.

Varðandi húsaleigubæturnar þá er ekki komin niðurstaða í það mál sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði um. En sú niðurstaða þarf að liggja fyrir samkvæmt samkomulagi við sveitarfélögin fyrir 1. maí.

Það er ekkert leyndarmál að Reykjavík er vel sett fjárhagslega. Hún er með best settu sveitarfélögum landsins fjárhagslega. (Gripið fram í.) Reyndar eru fleiri sveitarfélög vel sett. En af stóru sveitarfélögunum er best ástand í Reykjavík.

Sem betur fer er mjög ábyrg fjármálastjórn í mörgum sveitarfélögum og ég held að hún hafi farið batnandi á undanförnum árum.

Húsaleigubætur foreldra með sameiginlegt forræði barna.

Fsp. ÁRJ, 534. mál. — Þskj. 838.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Færst hefur í vöxt að foreldrar sem ekki búa bæði með barni eða börnum sínum eru með sameiginlega forsjá eða sameiginlegt forræði. Oft er fjárhagsstaða foreldra slæm eftir skilnað eða sambúðarslit og annað eða jafnvel bæði þurfa að fara á húsaleigumarkað.

Í lögum um húsaleigubætur segir að aðeins það foreldri sem barn eða börn hafa lögheimili hjá fái greiddar viðbótargreiðslur eða hærri bætur vegna barnsins eða barnanna, sbr. 5. gr. laga um húsaleigubætur. Hitt foreldrið sem er einnig með forsjána fær ekki þessa viðbót þó svo barnið eða börnin séu jafnmikið hjá því foreldri. En barn getur eins og við vitum aðeins verið með lögheimili á einum stað eins og aðrir samkvæmt lögum.

Ég þekki dæmi þess að foreldrar — oft eru það feður — geta ekki sinnt skyldum sínum og foreldrahlutverki almennilega vegna bágrar fjárhagsstöðu, skulda og lágra tekna og geta m.a. ekki leigt sér íbúð vegna þessarar stöðu. En ef tekið væri tillit til barna við greiðslu á húsaleigubótum væri staðan önnur.

Félagsmálayfirvöld sem ég hef rætt þetta mál við hafa tekið undir að þetta ástand sé óviðunandi og að breyta þurfi lögum um húsaleigubætur til að koma til móts við þessa foreldra þannig að foreldrar sem eru með sameiginlega forsjá standi jafnt að vígi hvað þetta varðar. Ég veit að því hefur verið komið á framfæri við félmrh. eða félmrn. að það þyrfti að gera þessar breytingar. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Eru áform um að breyta lögum í þá veru að foreldrar, sem hafa sameiginlegt forræði yfir barni eða börnum sínum sem ekki eru með lögheimili hjá þeim, geti fengið hærri húsaleigubætur í samræmi við fjölda barna þeirra?

[14:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á vegum félmrn. er starfandi samráðsnefnd um húsaleigubætur sem skipuð er fulltrúum félmrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk samráðsnefndarinnar er m.a. að fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Með bréfi Félagsþjónustunnar í Reykjavík, dagsettu 29. desember 2000, var óskað eftir áliti ráðuneytisins og samráðsnefndar um húsaleigubætur á því er varðar skilyrði um lögheimili og hvernig fara skuli með húsaleigubætur fyrir foreldra sem hafa sameiginlega forsjá barna eftir skilnað. Í bréfinu kom fram að Félag ábyrgra feðra sendi Félagsþjónustunni bréf, dagsett 20. október 2000, varðandi afgreiðslu húsaleigubóta til foreldra þar sem barn á ekki lögheimili. Í umræddu bréfi átaldi félagið vinnubrögð starfsmanns Félagsþjónustunnar sem ekki tók til greina umsókn um að greiða húsaleigubætur vegna barns á heimili foreldris þar sem barnið átti ekki lögheimili en dvelur þar samt sem áður jafnlangan tíma og á heimili móður. Enn fremur fór félagið fram á að Félagsþjónustan breytti vinnureglum sínum í þessum efnum og virti samkomulag foreldra um sameiginlega forsjá. Í bréfinu er því haldið fram að þrátt fyrir að foreldrum beri að skrá barn hjá öðru hvoru foreldri hljóti raunveruleg búseta barns hjá báðum foreldrum að skipta máli við úthlutun húsaleigubóta.

Í svarbréfi Félagsþjónustunnar í Reykjavík til Félags ábyrgra feðra kom fram að túlkun Félagsþjónustunnar sé sú að skilyrði fyrir greiðslu húsaleigubóta vegna barns væri að það hefði lögheimili hjá umsækjenda og hefur greiðslum verið hagað samkvæmt því.

Um mál þetta var fjallað í samráðsnefndinni og í bréfi félmrn., dagsettu 5. apríl 2001, til Félagsþjónustunnar í Reykjavík og Félags ábyrgra feðra kom eftirfarandi fram:

2. mgr. 5. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, er svohljóðandi:

„Bætur vegna barna greiðast frá næsta mánuði eftir fæðingu barns eða lögheimilisskráningu og þar til ungmenni nær 18 ára aldri eða flytur."

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 6. gr. eldri laga um húsaleigubætur, nr. 100/1994, og í greinargerð með frumvarpi þeirra laga segir eftirfarandi:

„Í 3. mgr. er greint frá því tímabili sem bætur greiðast fyrir börn leigjenda. Til þess að hægt sé að taka tillit til barna leigjanda við útreikning og ákvörðun fjárhæða verða þau að eiga lögheimili í leiguíbúðinni."

Einnig má benda á meðferð barnabóta þegar um sameiginlegt forræði er að ræða. Barnabætur fá þeir sem hafa barn hjá sér og annast framfærslu þess. Skattyfirvöld fylgja þeirri reglu að hafi foreldrar sameiginlegt forræði fær einungis það foreldri barnabæturnar þar sem börnin eiga lögheimili, sjá m.a. umfjöllun um barnabætur á heimasíðu ríkisskattstjóra.

Með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, og framanritaðs staðfestir ráðuneytið þá niðurstöðu Félagsþjónustunnar í Reykjavík að skilyrði fyrir greiðslu húsaleigubóta vegna barns er að það hafi skráð lögheimili hjá umsækjanda húsaleigubóta. Sú sérstaka staða þeirra foreldra sem hafa sameiginlegt forræði yfir barni eða börnum sínum og börnin eru ekki með lögheimili hjá þeim, hefur bæði verið rædd í félmrn. og hjá samráðsnefnd um húsaleigubætur. Það sama má segja um foreldri sem hefur umgengnisrétt með barni eða börnum sínum. Hvorki hafa verið teknar ákvarðanir né eru áform um að breyta lögum um húsaleigubætur í þá veru að foreldrar sem hafa sameiginlegt forræði yfir barni eða börnum sínum sem ekki eru með lögheimili hjá þeim, fái bætur í samræmi við fjölda þeirra.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég vissi ekki um þetta erindi Félags ábyrgra feðra vegna þessa máls. Aftur á móti hafa foreldrar komið að máli við mig vegna þessa eins og kom fram í máli mínu áðan. Ég heyri að hæstv. ráðherra hyggst ekki breyta lögum um húsaleigubætur til að koma til móts við þá foreldra þar sem börn eiga ekki lögheimili, en þurfa samt að sinna þeim.

Komið hefur í ljós að foreldrar hafa ekki getað sinnt foreldrahlutverki sínu vegna bágrar fjárhagsstöðu og vegna þess að þeir fá ekki þessar viðbótarhúsaleigubætur. Þó svo þeir fái ekki barnabætur og þetta samræmist kannski ekki öðrum lögum þá hefði ég talið að hægt væri að koma þarna til móts við þessa foreldra þannig að þeir geti sinnt hlutverki sínu. Ég vonaði að ég mundi heyra það frá hæstv. ráðherra að hann hygðist breyta 5. gr. laga um húsaleigubætur þannig að hægt væri að greiða þessum foreldrum sem sannanlega eru með börnin sín jafnt á við það foreldri sem er með hærri

húsaleigubæturnar, eða að hægt væri að greiða þeim meira. Ég efast um að um marga sé að ræða, að mikil útgjöld mundu skapast af þessu. En þetta mundi auðvelda samskipti barna og þess foreldris sem er í þessari stöðu og það er mjög mikilvægt fyrir þau börn sem búa við þær aðstæður að foreldrar þeirra búa ekki saman. Ég mun því hugleiða það að leggja fram frv. um þessar breytingar þannig að hægt verði að koma til móts við þessa foreldra því að ég tel það skyldu velferðarþjónustunnar og velferðarkerfisins að styðja við foreldra þannig að þeir geti sinnt foreldrahlutverki sínu við þessar aðstæður.

[14:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Auðvitað eru vafaatriðin mörg og ástæða til þess að velta vöngum yfir mörgum atriðum í sambandi við húsaleigubætur, þ.e. hvenær eigi að greiða þær og hvenær ekki. Nú nýlega kom t.d. upp umræða í þjóðfélaginu um að verið sé að mismuna námsmönnum sem leigja eitt herbergi og fá ekki húsaleigubætur eða námsmönnum sem búa á stúdentagörðum. Námsmenn hafa að vísu þann möguleika ef þeir ekki komast inn á stúdentagarða að slá sér saman og leigja saman fullkomna íbúð. En það er erfitt að komast fyrir öll nes í þessu efni. Mörg tilvik eru þannig vaxin.

Bara svo menn hafi hugmynd um hvaða upphæðir við erum að tala vil ég segja að ef árstekjur viðkomandi eru 1 milljón þá fá þeir 11 þús. kr. í húsaleigubætur á mánuði. Ef þeir eru með eitt barn fá þeir 18 þús., þ.e. viðbót upp á 7 þús. kr. En ef þeir eru með tvö börn eða þrjú fá þeir til viðbótar þessum 11 þús. 9 þús. kr. Ef viðkomandi er með 2,2 millj. í árstekjur fær einstaklingurinn 9 þús. Ef hann er með eitt barn fær hann 7 þús. kr. meira og 9 þús. kr. meira ef hann er með tvö.

NMT-farsímakerfið.

Fsp. EKG, 407. mál. — Þskj. 666.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram svohljóðandi spurningar til hæstv. samgrh.:

1. Hvernig verður staðið að uppbyggingu NMT-farsímakerfisins um landið á næstu árum?

2. Hafa verið sett fram markmið um útbreiðslu þess í framtíðinni?

Ástæðan fyrir því að ég spyr þessara spurninga er sú að menn reiða sig mjög mikið á þetta kerfi þegar farið er um landið og í öðru lagi er þetta kerfi sem sjómenn nota. Þó að GSM-símakerfið hafi vaxið að útbreiðslu á undanförnum árum, þá breytir það ekki því að víða í landinu eru gloppur og þá er það NMT-kerfið sem gildir fyrir utan það að legið hefur fyrir að GSM-kerfið verður ekki byggt upp þannig að það dekki landið í heild sinni. Þvert á móti er fyrst og fremst gert ráð fyrir því að þetta sé kerfi sem sé til staðar á þéttbýlisstöðum, sumarbústaðasvæðum þar sem fólk leggur gjarnan leið sína um, að einhverju leyti kannski við þjóðveginn þó að það sé fjarri því að sú uppbygging hafi átt sér stað nema þá að litlu leyti. Við þær aðstæður er það auðvitað NMT-kerfið sem gildir.

Á ferð um landið tökum við eftir því að NMT-kerfið er það eina sem dugir. Sums staðar eru hins vegar gloppur í kerfinu og á ýmsum stöðum eru menn nánast fjarskiptalausir. Þess vegna er áríðandi að átta sig á því hvernig hægt sé að bæta úr þessu.

Þetta er í grundvallaratriðum sú hugsun sem bjó að baki þessum tveimur spurningum mínum um hvernig staðið verður að slíkri uppbyggingu, hvort menn hafi hugsað sér að halda áfram þessu kerfi, ef ekki hvort eitthvað annað komi í staðinn. Og í öðru lagi hvernig verði hægt að tryggja það að þetta farsímakerfi nái yfir það landsvæði sem menn eru almennt að ferðast um, t.d. í fjarðarbotnum sums staðar á Vestfjörðum, bæði í Austur-Barðastrandarsýslu og reyndar stundum í Ísafjarðardjúpi, þar er NMT-kerfið dálítið veikt. Þess vegna er mjög mikilvægt að bæta úr þar sem svo háttar til.

[14:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spyr um NMT-farsímakerfið og fyrsta spurningin er: „Hvernig verður staðið að uppbyggingu NMT-farsímakerfisins um landið á næstu árum?“

Svar mitt er svohljóðandi:

Landssími Íslands hf. hefur eitt fjarskiptafyrirtækja leyfi til þess að starfrækja farsímaþjónustu á 450 MHz tíðnisviðinu. Leyfið var veitt af samgrh. og staðfest við breytingar á Póst- og símamálastofnun í Póst og síma hf. í lok ársins 1996. Leyfið var án skilyrða. Eftir að Póst- og fjarskiptastofnun tók til starfa var hafist handa við að endursemja leyfi Landssíma Íslands hf. með sundurliðaðri ákvæðum en áður var að finna í leyfinu og var nýtt leyfi gefið út í lok júlímánaðar árið 1998. Þar er ákvæði um að þjónustusvæði NMT-farsíma skuli vera a.m.k. eins og það er við útgáfu leyfisins en einnig segir frá því hvernig staðið skuli að málum ef Landssími Íslands hf. óskar eftir því að draga úr þjónustu eða leggja hana niður.

Leyfisbréf Landssíma Íslands hf. var endurnýjað 5. júní 2001 og er þar skerpt á ákvæðum um lokun þjónustu. Í fyrsta lagi skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun með tveggja ára fyrirvara um ósk um lokun en þó má ekki leggja fram slíka beiðni fyrr en 1. janúar 2004. Póst- og fjarskiptastofnun getur frestað lokun um tvö ár til viðbótar við fyrrnefndan tveggja ára uppsagnarfrest, enda standi notendum ekki til boða annar kostur á farsímaþjónustu í 450 MHz tíðnisviðinu.

Enn sem komið er hefur Póst- og fjarskiptastofnun ekki borist ósk frá Landssímanum um að veita heimild til þess að draga úr þjónustu eða loka henni. Ekki er hægt að áætla með neinni nákvæmni hversu stór hluti af landinu fellur undir þjónustusvæði NMT-450. Landssími Íslands sýnir á vefsíðu sinni útbreiðslumynd NMT-þjónustu og sjást þar nokkur svæði sem NMT nær ekki til. NMT-þjónustan nær hins vegar út á haf og þjónar vel skipum á nærmiðum með fáum undantekningum.

Á því tíðnisviði sem hér um ræðir er útbreiðsla á radíóbylgju í sem næst beinni línu og í íslensku landslagi er óhjákvæmilegt að göt séu í þjónustusvæðinu á mörgum stöðum umfram þau svæði sem sýnd eru á kortinu.

Fjöldi notenda í NMT-þjónustunni hefur verið milli 25–30 þúsund undanfarandi ár sem er býsna há tala. Samkvæmt upplýsingum frá Landssíma Íslands voru notendur 26.604 í lok þriðja ársfjórðungs 2001 og hafði fækkað nokkuð frá því sem mest var.

Ég vil, herra forseti, undirstrika að ég tel að sjálfsögðu að þetta sé afskaplega mikilvæg þjónusta og það þurfi að líta til þess hvað kæmi í staðinn ef breytingar yrðu.

Í annan stað er spurt: „Hafa verið sett fram markmið um útbreiðslu þess í framtíðinni?"

Svar mitt er að talsverðar umræður eru í gangi erlendis og hér innan lands um framtíð NMT-450 farsíma sem notar hliðræna tækni öfugt við GSM sem byggir á stafrænum aðferðum sem gerir erfiðara að hlera símtöl og svindla á kerfinu. Líklegast er það einungis spurning um það hvenær NMT verður lagt niður í þeim fáu löndum sem enn reka NMT-þjónustu. Í Noregi hefur eitt fyrirtæki leyfi til að reka NMT-þjónustu. Leyfi þess rennur út í árslok 2003 og það hefur sótt um framlengingu í allt að tvö ár. Norska póst- og fjarskiptastofnunin hefur lýst því yfir að umræddu tíðnisviði verði úthlutað í *bútum og opnað nýjum notendum einhvern* tíma á tímabilinu 2004–2005. Hugmyndir hafa komið upp t.d. í Svíþjóð um að hanna GSM-450 farsímakerfi og annars staðar hefur verið rætt um að TETRA-farsímakerfi gæti komið að einhverju leyti í stað NMT-450. Innan Alþjóðafjarskiptasambandsins hafa komið fram hugmyndir um að leggja 450 MHz tíðnisvið undir 3. kynslóð farsíma. Engar ákvarðanir liggja fyrir í þessum málum. Framleiðsla á farsímum fyrir NMT hefur dregist mikið saman. Ljóst má vera að þar eð notendur NMT-farsíma eru aðeins rúmlega 25 þús. getur ekki verið fjárhagslega hagkvæmt að halda áfram uppbyggingu netsins að mati þeirra sem best þekkja. Póst- og fjarskiptastofnun sér ekki grundvöll til að gera slíka kröfu til Landssíma Íslands hf. nema opinbert framlag standi til boða.

Einnig ber að hafa í huga að á mörgum þeim stöðum sem eru utan þjónustusvæðis er engin aðstaða fyrir hendi til þess að reka radíóstöðvar auk þess sem mjög dýrt getur verið að koma slíkum stöðvum í samband við miðstöð kerfisins. Efasemdir eru uppi um að frekari uppbygging NMT-450 netsins sé líkleg nema aðstæður breytist verulega frá því sem nú er. Þessar upplýsingar eru vissulega slæmar í raun og veru fyrir notendur NMT-kerfisins og ég mun á næstunni láta Póst- og fjarskiptastofnun fara rækilega yfir það hvernig við getum tryggt þessa þjónustu til frambúðar og hvaða leiðir við getum farið því að ljóst er að mjög er treyst á NMT-kerfið og þess vegna þarf að finna lausnir sem koma í staðinn fyrir það ef *það gengur sér til húðar.*

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir afar greinargóð svör sem eru fyllilega svör við þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Ég held að það sem skiptir mestu máli úr svörum hæstv. ráðherra séu þær upplýsingar að ekki sé þess að vænta að breytingar verði hér á landi á allra næstu árum. Fyrir liggur að ætlunin er að reka þetta kerfi núna um fyrirsjáanlega framtíð og greinilegt að ekki eru uppi áform um annað hjá Landssíma Íslands og ljóst að þó svo væri, þá eru ýmsir möguleikar á því að framlengja þann tíma sem rekstrinum yrði haldið áfram.

Það kom hins vegar greinilega fram hjá hæstv. ráðherra að þetta mál er í ákveðinni deiglu vegna þess að tæknibreytingar hafa gert það að verkum að eftirspurnin eftir þessari þjónustu hefur minnkað og grundvöllurinn þar af leiðandi versnað fyrir þessa tilteknu þjónustu. Ég held hins vegar að það sé alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra segir að þetta kerfi er mjög mikilvægt og ég held að fáum sé það jafn vel ljóst og þingmönnum af landsbyggðinni sem aka um vegina og þurfa oft að grípa til þessa símakerfis og vita hversu mikilvægt tæki þetta er.

Ég vil líka í þessu sambandi sérstaklega árétta og leggja mjög mikla áherslu á að menn mega auðvitað ekki gleyma því í þessu sambandi að NMT-kerfið er grundvallarfjarskiptakerfi fyrir báta og skip í kringum landið og þó að menn séu ánægðir með GSM-símasambandið á landi, þá liggur fyrir að ekki er slíku til að dreifa úti á sjó. Þess vegna verða menn að skoða það mál mjög vel í því ljósi, mikilvægi þess fyrir okkur Íslendinga. Við erum auðvitað háðari þessu kerfi en flestar aðrar þjóðir vegna legu landsins, vegna dreifbýlisins og vegna stöðu sjávarútvegsins. Ég fagna þess vegna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að ofan í þessi mál verði rækilega farið með það fyrir augum að tryggja til frambúðar þá þjónustu sem NMT-kerfið hefur veitt okkur.

Lagning Sundabrautar.

Fsp. KF, 435. mál. — Þskj. 702.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ein allra stærsta ákvörðun í skipulagsmálum Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins á næstu árum er lagning Sundabrautar en hún á að tengja núverandi byggð vestan Elliðaáa við framtíðarbyggð í Geldinganesi og við Vesturlandsveg. Þar með þarf hún að liggja yfir Kleppsvík og er þar vegna áætlaðs umferðarálags gert ráð fyrir fjórum akreinum til að byrja með en gæti síðar þurft að breikka í sex akreinar.

Við gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið og aðalskipulags Reykjavíkur 2001–2014 á síðasta ári breyttust skipulagsforsendur á leið Sundabrautar verulega þar sem nú er gert ráð fyrir blandaðri byggð með um 3.200 íbúum á svæði Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Þar hefur verið hafnar- og iðnaðarsvæði.

Einnig hafa áætlanir um uppbyggingu í Álfsnesi frestast og eru nú áætlaðar í lok skipulagstímabilsins. Í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur einkum verið litið til fimm valkosta en þeir eru hábrú yfir víkina, botngöng, tvær útfærslur af lágbrú og loks jarðgöng. Stýrihópur um verkið hefur einsett sér að leggja fram eina útfærslu á lagningu brautarinnar yfir Kleppsvík sem aðaltillögu í matsskýrslu og gæti þar orðið um að ræða annaðhvort hábrú eða lágbrú.

Í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir að reist verði hábrú yfir Kleppsvík en stofnkostnaður er þar mun hærri en ef tillaga yrði gerð um lágbrú sem Vegagerðin hefur einkum horft til. Hábrú og lágbrú eru verkfræðileg heiti, okkur flestum ekki svo töm en lýsa því hvernig brýr eru hannaðar og hvort brýr hefja sig á loft eða liggja í plani. Af því ræðst að sjálfsögðu hversu sýnilegar þær verða í umhverfi sínu.

Miklu varðar að vel takist til þegar ákvörðun er tekin í svo mikilvægu skipulagsmáli í höfuðborginni og að skipulagsyfirvöld borgarinnar eigi sem mesta samleið með samgönguyfirvöldum. Því vil ég spyrja hæstv. samgrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hvað líður ákvörðun um legu og lagningu Sundabrautar sem á að tengja núverandi byggð vestan Elliðaáa við framtíðarbyggð í Geldinganesi og síðan tengjast Vesturlandsvegi?

2. Er samkomulag í sjónmáli milli samgönguyfirvalda og borgaryfirvalda um þessar framkvæmdir?

3. Hvað er áætlað að framkvæmdirnar kosti miðað við þær tillögur Vegagerðarinnar sem fyrir liggja?

[14:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Rétt er að gera nokkra grein fyrir sögu þessa máls vegna fyrirspurnar hv. þm.

Árið 1984 voru uppi hugmyndir um hliðarveg við Vesturlandsveginn sem lægi upp Korpúlfsstaðaland og yfir Leirvog. Það ár kom Sundabraut fyrst inn í aðalskipulag Reykjavíkur. Vegurinn var teiknaður milli Kleppsspítala og Miklagarðs eins og svokölluð leið I var teiknuð síðar. Veturinn 1994–1995 var Sundabraut tekin í tölu þjóðvega á Alþingi sem þjóðvegur nr. 450. Í vegáætlun 1995–1998 var ákveðin fjárveiting upp á 2 millj. kr. til undirbúnings á árinu 1996. Við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1997–1998 var 10 millj. kr. fjárveiting til Sundabrautar hvort ár.

Haustið 1995 var myndaður vinnuhópur Vegagerðarinnar og borgarverkfræðings í Reykjavík til þess að annast undirbúning verksins. Að lokinni skilgreiningu verkefnisins var ákveðið að ráða verkfræðistofu til að gera þær forathuganir sem næstar voru á dagskrá. Næstu mánuðir fóru í gagnasöfnun, áætlunargerð og skipulagningu verkefnisins. Skilgreindir voru þeir kostir sem til greina kæmu varðandi legu og fyrirkomulag. Jafnframt var hafin vinna á sviði jarðtækni, umferðartækni og umhverfismála, þar á meðal líffræði og straummælinga. Þessi vinna var að mestu á hendi aðalráðgjafa en heyrði að hluta beint undir verkefnisstjóra.

Í október 1997 var gefin út áfangaskýrsla, Þverun Kleppsvíkur. Skýrslan var kynnt á fundi með þingmönnum Reykjavíkur og borgarstjórn og endar á þessum orðum:

„Tillaga aðalráðgjafa er sú að fækka valkostum niður í tvo grunnvalkosti, þ.e. lágbrú á leið III og hábrú á leið I.“

Farið var að þessari tillögu og þessir tveir valkostir skoðaðir betur. Í nóvember 1998 var gefin út áfangaskýrsla 2, tillögur vinnuhóps. Í útdrætti skýrslunnar kemur fram að að öllu samanlögðu leggur vinnuhópurinn það til að leið III verði farin, þ.e. innri leið. Áfangaskýrsla 2 fór til umfjöllunar í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Skoðaðir voru nokkrir viðbótarmöguleikar, m.a. jarðgöng frá Gufunesi að Kringlumýrarbraut. Einnig var kannað hvað þriggja hæða gatnamót Sæbrautar og Sundabrautar gætu kostað en þá var umferðin suður Sæbraut tekin í jarðgöng í sveig undir Skeiðarvog og Kleppsmýrarvegur tengdur Sundabraut. Þar með voru allir umferðarstraumar í fríu flæði.

Kostnaðarmunurinn á leið I og III var alltaf um 3 milljarðar kr. Mjög erfitt var að fá fram markverðan mun á umferð um leið I og leið III með þeim umferðarspálíkönum sem notuð voru sem er mjög merkileg niðurstaða út af fyrir sig.

Ákveðið var með samkomulagi milli mín og borgarstjórans í Reykjavík veturinn 1999–2000 að halda verkefninu áfram og undirbúa greinargerð um mat á umhverfisáhrifum. Í greinargerðinni skyldi gera grein fyrir helstu áhrifum hvors kosts fyrir sig en ekki var ætlunin að leggja hana fram fyrr en annar hvor kosturinn yrði valinn. Greinargerð þessi var unnin eins langt og hægt var án þess að ákveðinn kostur væri valinn og þeirri vinnu var lokið um áramótin 2000–2001.

Árið 1999 hófu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinnu við sameiginlegt svæðisskipulag. Lokavinna við svæðisskipulagið stendur nú yfir. Talsverðar breytingar hafa orðið í forsendum Sundabrautar. Helsta breytingin er að uppbygging Álfsness er ekki fyrirhuguð fyrr en eftir 2024 en var áður fyrirhuguð eftir 2010. Niðurstöður ýmissa athugana vegna Sundabrautar hafa verið gefnar út í sérstökum skýrslum.

Í skrá aftast í áfangaskýrslu 2 eru taldar upp 35 skýrslur sem unnar hafa verið fyrir verkefnisstjórnina þannig að af mörgu er að taka. Umfjöllun um legu Sundabrautar hefur að verulegu leyti legið niðri frá því að matsáætlun var gerð í febrúar 2001. Ástæðan er fyrst og fremst vinna við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og endurskoðun á umferðarlíkani svæðisins sem fór fram samhliða því. Undirbúningur að greinargerð um mat á umhverfisáhrifum hefur þó verið í gangi enda verður gerð grein fyrir fleiri möguleikum í þeirri greinargerð. Nú liggur endurskoðað umferðarlíkan fyrir og vinna við svæðisskipulagstillöguna er á lokastigi. Ætlunin er að vinnuhópur Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar láti fara fram arðsemismat á þeim kostum sem helst hafa komið til greina á forsendum svæðisskipulagstillögunnar en þær forsendur eru talsvert öðruvísi en aðalskipulagið gerði ráð fyrir áður. Ein helsta breytingin er að uppbygging í Álfsnesi er ekki fyrirhuguð fyrr en eftir 2024 eins og fyrr kom fram.

Í öðru lagi er spurt: „Er samkomulag í sjónmáli milli samgönguyfirvalda og borgaryfirvalda um þessar framkvæmdir?“

Svar: Borgaryfirvöld hafa frekar horft til svokallaðrar leiðar I, þ.e. ytri leiðarinnar yfir Kleppsvík, en Vegagerðin leiðar III sem er innri leiðin. Verulegur kostnaðarmunur er á þessum leiðum eins og áður sagði og þó er ekki hægt að sjá nema ákaflega lítinn mun á umferðarflæði milli þessara tveggja leiða. Vegagerðin hefur sem sagt lagt áherslu á innri leiðina.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvað er áætlað að framkvæmdirnar kosti?“

Svarið er: Kostnaður við 1. áfanga leiðar I, þ.e. Sæbraut við Kleppsvík að Hallsvegi, er áætlaður á bilinu 10–13,5 milljarðar kr. en áfangi 1 7–8,5 milljarðar á leið III. Kostnaðurinn við síðari áfangann, þ.e. frá Hallsvegi að Vesturlandsvegi, er áætlaður 7 milljarðar kr. Þessi kostnaður miðast við fjögurra akreina vegi þannig að hér er um mjög mismunandi kostnað að ræða sem er óhjákvæmilegt að taka tillit til að mínu mati þegar valin verður sú leið sem þarna á að byggja upp.

[14:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Bæði meiri og minni hluti borgarstjórnar í Reykjavík hefur verið sammála um að fara skuli leið I yfir eða undir Sundabrautina að Kleppi eða yfir Kleppsvíkina, þ.e. móts við Klepp. Ég heyri að hæstv. ráðherra er á þeirri skoðun að fara eigi leið III en eins og komið hefur fram í þeim skýrslum sem hafa verið gerðar um þessi mál bæði ógnar sú leið umferðaröryggi, þ.e. að allri umferð sé beint úr Grafarvogi inn Miklubrautina, auk þess sem það mun hafa áhrif á Elliðaárnar sem laxveiðiá og þá náttúruperlu sem hún er.

Það er mjög mikilvægt að fá þessa tengingu yfir Kleppsvíkina sem fyrst og það dugar að fá hana frá Hallsvegi eins og umferðarspár eru í dag. Þó að þetta sé dýrari leið, leið I, erum við að fjárfesta til framtíðar og það er mikilvægt að við horfum til þeirra þátta. Verðmunur milli leiðar I og leiðar III er ekki það stór. Ég legg mikla áherslu á, herra forseti, að menn líti til þess og ég veit að bæði borgaryfirvöld í Reykjavík og sömuleiðis minni hlutinn eru mjög fylgjandi því að leið I verði farin.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. hans vönduðu svör. Ábendingar sem komu frá hv. síðasta ræðumanni eru alveg réttar, borgaryfirvöld hafa frekar horft á leið I án þess þó að komin sé niðurstaða í því máli. Rétt er að halda því til haga.

Eins og komið hefur fram í máli mínu er um eina stærstu ákvörðun í skipulags- og samgöngumálum höfuðborgarinnar að ræða. Sundabraut á að liggja yfir Kleppsvík, um Gufunes og yfir Eiðsvík á Geldinganes, þaðan um Leiruvog og Álfsnes og að lokum yfir í Kollafjörð. Í fróðlegri grein eftir Árna Hjartarson jarðfræðing fyrir á að giska tveimur árum kemur fram að óskaleið jarðfræðinga séu 4 km jarðgöng frá Kirkjusandi og yfir í Gufunes en hagkvæmni þeirra fari þó eftir gerð jarðlaga, og svara þurfi mörgum jarðfræðilegum spurningum áður en kostnaðaráætlun er gerð.

Í núverandi kostnaðaráætlun telja menn að hábrú muni kosta rúma 16 milljarða kr., þ.e. heildarkostnaður, og lágbrú með landmótun rúma 13 milljarða. Stofnkostnaður getur því legið á bilinu 13–20 milljarðar þegar á allt er litið.

Þegar teknar eru ákvarðanir af þessari stærðargráðu blasir ekki við að ávallt sé æskilegt að velja ódýrasta kostinn þótt það hljóti auðvitað að hafa áhrif að verulegu leyti. Taka þarf tillit til afar margra þátta þegar þessi ákvörðun er tekin og í þessu tilviki gætu ódýrari kostirnir verið fýsilegir, og lágar brýr og landmótun á þessu svæði ekki orðið eins yfirþyrmandi í umhverfinu eins og hábrú svo dæmi sé tekið. Jarðgöng og botngöng eru verulega erfiðari í framkvæmd og jafnframt mun dýrari kostir. En höfuðborgin á að sjálfsögðu skilið að besti kosturinn sé valinn hver sem kostnaðurinn er. Þetta er stórmál sem heldur lítið hefur farið fyrir í umræðunni og það er nauðsynlegt að þingmönnum sé gert kleift að kynna sér málið, svo og að taka afstöðu til þess enda eru miklir hagsmunir í húfi, bæði fyrir Reykvíkinga og þorra annarra landsmanna.

[14:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þau viðbrögð sem urðu við þessu svari mínu við fyrirspurn hv. þm. en vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, 15. þm. Reykv., vil ég bara undirstrika að það er rangt mat hjá henni að ég hafi komist að niðurstöðu um val á leið. Ég tel að það sé ekki tímabært. Ég fór mjög vandlega og rækilega yfir þá kosti sem þarna er um að ræða og að sjálfsögðu þarf að taka ákvörðun á grundvelli umhverfismatsins og þeirrar skipulags- og tæknivinnu sem er nú unnið að og er algerlega nauðsynlegt. Eins og fram kom hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted er stórmál fyrir höfuðborgarsvæðið hvernig til tekst með að tengja Sundabraut, hvernig tekst til að fara þarna um umhverfið því að þarna er ein af náttúruperlunum á svæðinu, Elliðaárnar, og að sjálfsögðu þarf að taka tillit til þess þannig að ég hef ekki bundið mig, hvorki í eitt né neitt.

Hins vegar er það auðvitað afar æskilegt fyrir blessaðan ríkissjóðinn okkar, og þar með Vegasjóð, að ekki sé valin dýrasta leiðin bara vegna þess að hún er dýrust og flottust. Við þurfum, Íslendingar, að meta leiðirnar kalt og ákveðið og horfa til þess að við þurfum að skipuleggja höfuðborgarsvæðið þannig að sem best sé til lengri tíma. Þess vegna er unnið að þessu á vegum Vegagerðarinnar. Vegagerðin hefur teflt fram þessum ódýrari kosti til skoðunar og það er ekkert óeðlilegt. Það er af mörgu að taka í uppbyggingu vegakerfisins um allt land, bæði hér í þéttbýlinu og annars staðar, þannig að það þarf að nýta fjármuni vel. En við skulum sjá hvað setur, hvað kemur út úr allri þessari undirbúnings- og rannsóknarvinnu og taka ákvarðanir þegar niðurstöður liggja fyrir.

Samstarf við Grænlendinga í flugmálum.

Fsp. SJS, 448. mál. — Þskj. 717.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. samgrh. vegna umræðna sem orðið hafa á Grænlandi og skýrslu sem þar hefur nýlega komið út þar sem sá möguleiki er til skoðunar ásamt með fleiri kostum að gera Keflavíkurflugvöll að eins konar skiptistöð fyrir millilandaflug til og frá Grænlandi. Hér er ekki um nýjar hugmyndir að ræða. Mig rekur minni til þess að a.m.k. tvisvar sinnum áður sl. 10–15 ár hafi þessi sama hugmynd verið á kreiki. Þegar Flugmálastjórn Íslands aðstoðaði Grænlendinga við úttekt á flugmálum í kringum 1990 var sama hugmynd á ferðinni og aftur nokkrum árum síðar þegar Grænlendingar undurbjuggu allmikla framkvæmdaáætlun í flugmálum og uppbyggingu flugvalla á vesturströnd Grænlands. Ástæðan er einfaldlega sú að landfræðilegar aðstæður á Grænlandi eru erfiðar og þar er aðeins um að ræða einn góðan alþjóðlegan millilandaflugvöll, flugvöllinn í Syðri-Straumsfirði eða Kangerlussuaq eins og bærinn mun heita á máli þarlendra. Þar er hins vegar engin byggð og sá flugvöllur er því nánast eingöngu rekinn til þess að safna saman flugi frá þéttbýlisstöðum Grænlands og umskipa því yfir í flugvélar til að fljúga til Kaupmannahafnar. Þar af leiðandi er mjög margt sem bendir til þess að hagstæður kostur gæti verið fyrir Grænlendinga að ná samstarfi við Íslendinga um að Keflavíkurflugvöllur yrði skiptistöð og að reglubundið áætlunarflug væri þaðan til nokkurra fjölmennustu svæða Grænlands, þá einkum og sér í lagi til höfuðborgarinnar Nuuk, til Suður-Grænlands eða Narsarsuaq og mögulega til Diskósvæðisins eða Ilulissat.

Það þarf ekki blöðum um það að fletta, herra forseti, að um stórt sameiginlegt vestnorrænt hagsmunamál gæti orðið að ræða ef samstarf á þessum nótum gæti tekist, og það væri tvímælalaust rétt og skynsamlegt af hálfu Íslendinga að leggja þar nokkuð af mörkum. Það mundi gagnast bæði okkar ferðaþjónustu sem og Grænlendinga, bæta samgöngur almennt á þessu svæði og opna þar heilmikla möguleika báðum aðilum til hagsbóta ef þarna gæti tekist vel til.

Gjarnan mætti líta til þeirra möguleika sem felast í að tengja flug til og frá Færeyjum einnig saman í þessu samhengi, hvort sem það yrði gert með því að færa allt vestnorrænt flug til Keflavíkurflugvallar og tengja það þar eða með öðrum hætti nýta möguleika Reykjavíkurflugvallar eða jafnvel Akureyrar- eða Egilsstaðaflugvalla í þessu sambandi. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. samgrh.:

1. Hefur ráðherra boðið eða hyggst hann bjóða grænlenskum samgönguyfirvöldum til viðræðna um samstarf í flugmálum í framhaldi af hugmyndum um að gera Keflavíkurflugvöll að skiptistöð fyrir millilandaflug til og frá Grænlandi?

2. Hvaða möguleika sér ráðherra á því að auka vægi Íslands sem tengipunkts samgangna á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu og notkun flugvalla eins og á Akureyri, Egilsstöðum og í Keflavík í því sambandi?

[14:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr tveggja spurninga:

Fyrst spyr hann: Hefur ráðherra boðið eða hyggst hann bjóða grænlenskum samgönguyfirvöldum til viðræðna um samstarf í flugmálum í framhaldi af hugmyndum um að gera Keflavíkurflugvöll að skiptistöð fyrir millilandaflug til og frá Grænlandi?

Svar mitt er þetta: Að undanförnu hefur samgrn. tekið þátt í viðræðum við grænlensk yfirvöld um samstarf í flugmálum og m.a. um að gera Keflavíkurflugvöll að skiptistöð fyrir millilandaflug til og frá Grænlandi. Í september sl. átti ég ásamt embættismönnum ráðuneytisins og ferðamálastjóra fund í Nuuk með ráðherra ferðamála og samgönguráðherra Grænlands um þessi mál. Þetta mál var einnig rætt við samgönguráðherra Grænlands þegar hann var í heimsókn á Íslandi í febrúarmánuði sl. Ákvörðun um þessi mál liggur hjá grænlenskum yfirvöldum og hafa þau boðið til ráðstefnu á morgun — það hittist nú svo vel á — þar sem þessi mál verða til umræðu og verður ráðuneytisstjóri samgrn. mættur þar ásamt fulltrúum íslenskra flugfélaga.

Í annan stað er spurt: Hvaða möguleika sér ráðherra á því að auka vægi Íslands sem tengipunkts samgangna á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu og notkun flugvalla eins og á Akureyri, Egilsstöðum og í Keflavík í því sambandi?

Svar mitt er þetta: Á fyrri hluta síðasta árs komu fulltrúar frá samgönguráðuneyti Grænlands og frá Grænlandsflugi til viðræðna um að nota Akureyrarflugvöll sem tengipunkt í flugi milli Danmerkur og Grænlands. Bæði fulltrúar samgrn. og bæjaryfirvöld á Akureyri héldu fundi með þeim. Á fyrrnefndum fundi í Nuuk var þetta mál einnig rætt mjög ítarlega og í framhaldi af þeim fundi var málið sent til Grænlandsflugs sem hefur það til skoðunar og meðferðar af sinni hálfu.

Ég vil af þessu tilefni undirstrika sérstaklega að ég tel að við eigum að leita allra leiða til samstarfs við nágranna okkar Grænlendinga um samgöngumál og þá ekki síst flugið og leita leiða til þess að nýta íslensku flugvellina í því augnamiði að auka umferð hér um og bæta samgöngur til Grænlands héðan um Ísland. Ég tel að þetta skipti afar miklu máli fyrir okkur og sé liður í því að efla ferðaþjónustuna og ekki síst að efla samskiptin milli þessara landa og auðvelda flutninga til og frá Grænlandi með flugi. Ég hef því lagt mjög ríka áherslu á gott samstarf við Grænlendinga í starfi mínu og svo verður áfram.

Rétt er að minna á að við höfum átt í samstarfi við Grænlendinga í þeim tilgangi að bæta flugvallaraðstöðu við bæinn Ittoqqortoormiit þar sem Íslendingar hafa verið að sinna ferðaþjónustu, byggt upp ágæta þjónustu sem hefur verið gerð út frá Akureyri. Þar voru tilteknir fjármunir teknir frá til þess að koma að því máli á sínum tíma. Það er hins vegar í höndum Grænlendinga. En vonandi tekst okkur í góðu samstarfi við yfirvöld á Grænlandi að byggja upp og efla þessar flugsamgöngur. Það er bæði í þágu Íslendinga og Grænlendinga.

[14:49]

Útbýting þingskjals:

Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, 586. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 915.

[14:49]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þessu máli skuli vera hreyft af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og er ánægður með það að af hálfu hæstv. samgrh. og hans manna sé verið að vinna að því að ná samkomulagi við Grænlendinga um miðstöð tengiflugs á Íslandi.

Það er að sjálfsögðu hagur allra, beggja þessara landa, að sem nánast samráð verði haft í ferðamálum og samgöngumálum þjóðanna, þ.e. eins og kostur er.

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hversu langt þetta sé komið og hvort samráð hafi þegar verið haft við utanrrn. og flugmálayfirvöld í Keflavík og hvort einhverjar hugmyndir séu um að bjóða Grænlendingum aðstoð og aðstöðu sem þeir þurfa á að halda ef af þessu verður.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Ég vil lýsa ánægju minni með þau í öllum aðalatriðum. Það er mjög gott að þessi mál skuli vera komin á rekspöl og vonandi sjá Grænlendingar sér hag í því að ganga þarna til samstarfs við okkur.

Ég vil hiklaust hvetja hæstv. samgrh. til að vera ófeiminn við að bjóða fram af hálfu Íslands verulegan stuðning ef það má verða til þess að smyrja hjólin og koma þessu samstarfi á. Ég tel alveg sjálfgefið við þessar aðstæður að við byðum mjög hagstæð samskipti hvað varðar t.d. lendingargjöld og jafnvel framlög til sameiginlegrar markaðssetningar ferðaþjónustunnar á Vestur-Norðurlöndum ef takast mætti að koma þessum skipulagsbreytingum við báðum þjóðunum til hagsbóta.

Mér er kunnugt um það að grænlenska heimastjórnin t.d. hefur tekið frá mikla fjármuni á þeirra mælikvarða til þess að styrkja áætlunarleiðina Narsarsuaq–Akureyri–Kaupmannahöfn ef af því samstarfi verður. Og ef þeir geta lagt jafnmikið af mörkum og þeir hyggjast gera í þessu sambandi ætti ekki að standa á okkur. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta gæti verið verulega álitlegur kostur hvað varðar framtíðarmarkaðssetningu Vestur-Norðurlanda sem markaðar á sviði ferðaþjónustu. Þar erum við með sameiginlegu ferðakaupstefnuna og fleiri hluti í gangi. Ég minni reyndar á Færeyjar. Hæstv. ráðherra kom ekki inn á það. En það hefði ótvíræða kosti ef hægt væri að bæta samgöngurnar við Færeyjar einnig og tengja þær eftir atvikum með einhverjum hætti inn í þetta. Ég sé þrátt fyrir allt ekki vænlegri kost en þann að reyna að gera Keflavík að þessari skiptistöð og þessari tengistöð flugsamgangna í norðvestanverðu Atlantshafi. Það hefði mikla kosti. Það kann að valda flugrekendunum einhverjum erfiðleikum, Flugfélagi Íslands, Atlantsflugi eða hverjum sem það nú er. En þetta þyrfti að kanna og ræða við flugrekendurna. Ég vona í öllum bænum að samgrh. sé ekki feiminn við að leita eftir fjárstuðningi hér á Alþingi ef það má verða til þess að liðka fyrir þessu.

[14:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem svar mitt hefur fengið í þessari umræðu. Það er alveg ljóst sem

fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta eru sameiginlegir hagsmunir okkar og við eigum að leita þeirra leiða sem við höfum til þess að bæta flugsamgöngur milli Grænlands og Íslands.

Við eigum í samstarfi við Grænlendinga undir sérstökum samningi sem SAMIG er nefndur. Á vegum SAMIG er staðið að ýmiss konar styrkveitingum til þess að efla þessi samskipti. Ég er alveg sammála því sem kom fram hjá hv. þm. að við þurfum að reyna að efla þau því það er í þágu beggja landanna.

Hv. þm. Kristján Pálsson spurði hvort um þetta hefði verið rætt við forsvarsmenn Keflavíkurflugvallar. Þetta mál er ekki komið á þann rekspöl. Ég tel að eftir fundinn sem er í Grænlandi núna verði að stíga næstu skrefin í þessu máli. Við þurfum að fara yfir það þegar niðurstöður þess fundar liggja fyrir og það verður gert. Það er mikill vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að eiga gott samstarf við Grænlendinga og þegar og ef til þess þarf að koma verður að sjálfsögðu leitað eftir þeim fjármunum sem við teljum þurfa til þess að geta komið til móts við það verkefni sem okkur er til hagsbóta.

Út af dagskrá voru tekin 7.–11. mál.

Fundi slitið kl. 14:55.

---

90. FUNDUR

miðvikudaginn 6. mars,
að loknum 89. fundi.

Dagskrá:

Skipun rannsóknarnefndar í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar, þáltill., 554. mál, þskj. 872. — Fyrri umr. (útvarps- og sjónvarpsumræður).

[Fundarhlé. — 14:56]

Skipun rannsóknarnefndar í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 554. mál. — Þskj. 872.

[15:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðan fer fram á grundvelli 77. gr. þingskapa. Samkomulag er milli þingflokka um að ræðutími verði 20 mínútur á hvern þingflokk, sbr. 80. gr. þingskapa. Meðan umræðunni er útvarpað skiptist hún í tvær umferðir, tíu mínútur í hvorri umferð. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstfl., Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsfl. og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Samfylkinguna talar í fyrri umferð Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv., en í síðari umferð Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., og Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn. Fyrir Sjálfstfl. talar í fyrri umferð Sturla Böðvarsson samgrh. en í síðari umferð Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn., og Vilhálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v. Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð verða í fyrri umferð Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv., og Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v., í síðari umferð. Fyrir Framsfl. talar Guðni Ágústsson landbrh. í fyrri umferð en Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Frjálslynda flokkinn talar í fyrri umferð Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., en Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., í síðari umferð.

[15:02]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Megintilgangur þessarar tillögu um skipan rannsóknarnefndar sem þingflokkur Samfylkingarinnar flytur er að öll stjórnsýsla stjórnenda Landssímans, einkavæðingarnefndar og valdhafa sem ábyrgð bera á meintum óeðlilegum rekstrar- og viðskiptaháttum og klúðri í einkavæðingu Símans verði rannsökuð. Tilefnið er ærið. Stærstu einkavæðingaráform sögunnar hafa beðið alvarlegt skipbrot og stórskaðað hagsmuni almennings. Ábyrgðin liggur hjá ráðherrum, stjórnendum fyrirtækisins og einkavæðingarnefnd. Sérhver þessara aðila sakar hina með alls konar ásökunum um fjárfestingarmistök, óstjórn, svik og trúnaðarbrest, hagsmunaárekstra og misnotkun á almannafé. Allt er þetta á kostnað almennings og skattborgara. Fólk er reitt. Því er stórlega misboðið og vill að þeir sem misfara með það vald sem þeim er trúað fyrir sæti ábyrgð. Fólk upplifir að aðrar leikreglur gilda um almenning en valdhafana og toppana í þjóðfélaginu.

Langstærsti hluti embættismanna og stjórnenda sem starfa hjá hinu opinbera er heiðvirt fólk. Það líður fyrir það að ekki er tekið af festu og ábyrgð á málum um misbrest á góðum stjórnsýsluháttum því margir líta nú svo á að mikið sé um spillingu og illa meðferð fjármuna í stjórnsýslunni.

Eitt af því gagnrýnisverðasta í öllu símamálinu eru óeðlilegir stjórnhættir sem viðhafðir voru af hæstv. samgrh. vegna ráðningarsamnings við fyrrv. forstjóra. Ekki síður er vítaverður samningur sem ráðherrann gerði við stjórnarformann Símans um ráðgjafarstörf fram hjá stjórn Símans sem ráðuneytið lét svo fyrirtækið greiða. Ráðgjöf stjórnarformannsins vék m.a. að kaupum á 300 millj. kr. hlut í fyrirtæki sem lýst er svo að hafi verið í tómu rugli og sukkað með fé. Hæstv. samgrh. er með þessu athæfi sakaður um meint brot á hlutafélagalögunum sem er afar alvarlegt brot hjá ráðherra. Það er því sérlega ótrúverðugt þegar hæstv. samgrh. segist vera sammála hæstv. forsrh. um að öll stjórnin eigi að víkja hjá Símanum en fráleitt sé að hann sjálfur hafi misfarið með vald sitt.

Spurning sem hæstv. ráðherra þarf að svara er líka þessi: Voru þeim 5% hluthafa sem keypt hafa hlutabréf í fyrirtækinu seld bréfin á fölskum forsendum? Fyrrverandi formaður einkavæðingarnefndar hefur sagt að öll stjórn fyrirtækisins hafi verið í molum eins og áætlunargerð, markaðskannanir og upplýsingakerfi, stjórnin hafi verið veik og að rangar ákvarðanir hafi verið teknar.

Þessi sami maður, Hreinn Loftsson, sem starfaði á ábyrgð forsrh., hafði samt stuttu áður skrifað upp á útboðslýsingu á fyrirtækinu sem segir að allt sé í fullkomlega eðlilegu horfi í fyrirtækinu. Hvers vegna lét hann ekki yfirmann sinn, hæstv. forsrh., vita um óráðsíuna í fyrirtækinu?

Það sætir líka furðu að hæstv. forsrh. hafi yfirleitt talið eðlilegt að í forustu fyrir einkavæðingarnefnd væri maður

sem er innherji í fyrirtæki sem er á verðbréfamarkaði. Er ekki hætta á að þar hafi skarast hagsmunir við að vera á sama tíma líka stjórnarformaður í Baugi, Tryggingamiðstöðinni og a.m.k. einu fjárfestingarfyrirtæki? Fróðlegt væri t.d. að vita hvort hæstv. forsrh. sem er í forsæti ráðherranefndar um einkavæðingu hafi tryggt að nefndarmenn í einkavæðingarnefnd væru ekki sjálfir að sýsla með hlutabréf í þeim 25 fyrirtækjum sem hafa verið einkavædd á liðnum árum.

Formaður einkavæðingarnefndar sagði í sjónvarpsþætti í september sl. að Síminn hefði verið 65–70 milljarða virði ári fyrr. Aðspurður hví Síminn hafi ekki verið seldur þá svaraði Hreinn Loftsson, með leyfi forseta:

„Það var ákveðið að fara ekki af stað vegna þess að þá voru fyrirhuguð útboð annarra fyrirtækja."

Hreinn Loftsson segir sem sagt að það hafi verið ákveðið af einkavæðingarnefnd að hliðra til fyrir öðrum fyrirtækjum. Vissi ráðherranefnd um einkavæðingu af þessari ákvörðun? Þetta þarf að rannsaka til að komast til botns í því hver beri hina pólitísku ábyrgð á að eign skattborgaranna í fyrirtækinu féll um a.m.k. 30 milljarða kr. Þetta er e.t.v. mesta klúðrið. En ábyrgðarmenn þessa klúðurs hafa verið í því að kenna öllum öðrum um en sjálfum sér, eins og lífeyrissjóðum og bönkum, og tapið var jafnvel skrifað á Framsfl.

Það er líka athyglisvert að hæstv. forsrh. hefur tekið undir hvernig það skarast að hæstv. samgrh. túlkar hlutafélagalögin eins og honum hentar hverju sinni, rýfur öll stjórnsýslutengsl þegar þingmenn spyrja óþægilegra spurninga en tekur sér óeðlileg völd í bága við hlutafélagalög með því að taka ráðningar- og ráðgjafarsamning út úr fyrirtækinu þegar hann þarf að semja um kjör og fríðindi við hollvini Sjálfstfl.

Hæstv. forsrh. hefur líka sagt að hann hafi margoft látið samgrh. heyra það að hann væri ekki ánægður með það hvernig Símanum væri stjórnað. Þetta segir að hæstv. forsrh. hafi vitað um klúðrið sem viðgekkst í fyrirtækinu og kvartað við samgrh., sem gerði hvað? Ekki neitt að sýnt verður. Þetta er ráðherrann sem forsrh. lýsir nú fullu trausti á. Það vekur eftirtekt, herra forseti, svo ekki sé meira sagt. Líka það að hæstv. forsrh., sem er einn þeirra sem rannsóknin á að beinast að, skuli vera fjarverandi þessa umræðu.

Ráðherrar Sjálfstfl., ekki bara einn heldur tveir, koma líka mjög óeðlilega að ráðningu fyrrverandi forstjóra sem hæstv. forsrh. segir að hafi breytt sér í einhvers konar sjóðstjóra í starfi hjá Símanum. Það er líka af og frá að samgrh. geti flúið í það skjól að hann hafi þurft að taka við erfðagóssi frá fyrrv. samgrh., núv. forseta Alþingis, sem hafi lofað forstjórastólnum fyrir kosningar. Ráðherrann ber sjálfur ábyrgð á embættisgerðum sínum en það eru afar sérstæð vinnubrögð að stjórnmálaflokkur lofi mönnum að þeir komist að kjötkötlunum komist þeir til valda.

Skýr ábyrgð í stjórnsýslunni, strangar reglur um meðferð opinberra fjármunma, opin og gegnsæ stjórnsýsla, öflugt og skilvirkt eftirlitskerfi, jafnræði í refsingum við brotum í þjóðfélaginu hver sem á í hlut, þetta eru lykilatriði. Þetta eru leikreglurnar sem við verðum að innleiða í þjóðfélagið. Það er eina leiðin til að endurreisa fyrirtækið og skapa á ný traust milli þess og þjóðarinnar. Út á það gengur sú rannsókn sem hér er lögð til. Það er ekki hægt að þroska ábyrgð í stjórnmálum og stjórnsýsluháttum valdhafanna ef ávallt er slegin skjaldborg af meiri hluta þingsins um þá ráðherra eða þá sem treyst er til trúnaðarverka í stjórnsýslunni og liggja undir ámæli um að misfara með vald sitt. Skipan rannsóknarnefndar er það vald sem stjórnarskráin færir þingmönnum til að rannsaka mál af þessum toga. Það er því vissulega varasamt ef þingmenn gera lítið úr sjálfum sér, þinginu og stjórnarskránni sem beinlínis gerir ráð fyrir að þingmenn rannsaki svona mál sem er í beinu samræmi við það sem þekkist í öðrum þjóðþingum.

Það er t.d. mjög athyglisvert að ráðherrar í Danmörku, sem hafa þurft að víkja á grundvelli sérstakrar rannsóknar á embættisfærslum þeirra, hafi gert það á grundvelli brots á upplýsingaskyldu gagnvart þinginu.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til allshn. Þar reynir á þingræðið og lýðræðið að meiri hlutinn setjist ekki á málið heldur verði málið afgreitt úr nefnd og fái hér lýðræðislega meðferð í atkvæðagreiðslu sem fyrst.

[15:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu tillaga þingmanna Samfylkingarinnar um skipun rannsóknarnefndar til að rannsaka embættisfærslu ráðherra í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar og meinta óeðlilega rekstrar- og viðskiptahætti stjórnenda fyrirtækisins.

Landssími Íslands er öflugt fyrirtæki sem hefur yfirburðastöðu á íslenskum fjarskiptamarkaði. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er traust. Tæknileg uppbygging þess er með því besta sem gerist og innan þess er mikil þekking á fjarskiptamarkaðnum. Fyrirtækið hefur á að skipa góðu starfsfólki sem hefur ásamt stjórn fyrirtækisins þrátt fyrir mikið öldurót náð mjög góðum árangri líkt og rekstur þess og afkoma sýnir.

Hins vegar þarf fyrirtæki eins og Landssíminn sífellt að endurskoða markmið sín og stefnu. Það er hlutverk stjórnar fyrirtækisins í samráði við eigendur að móta stefnuna og sjá til þess að rekstur fyrirtækisins gangi fram með eðlilegum og farsælum hætti.

Í þessu ölduróti kringum Landssímann völdu tveir stjórnarmenn sem jafnframt eru forustumenn innan Samfylkingarinnar að segja sig frá stjórnarstörfum. Aðrir stjórnarmenn hafa lýst því að eðlilegt væri að víkja á næsta aðalfundi og fært fyrir því fullgild rök. Í þessu ljósi og til þess að leitast við að skapa frið um félagið hef ég lýst því opinberlega að heppilegast sé að kjósa fyrirtækinu nýja stjórn á næsta aðalfundi sem haldinn verður nk. mánudag. Nýrrar stjórnar og forstjóra bíður það verkefni að stýra fyrirtækinu áfram á kröfuhörðum markaði svo það fái haldið forustuhlutverki sínu meðal íslenskra fjarskiptafyrirtækja, auki verðgildi sitt og haldi áfram að veita mikilvæga þjónustu við landsmenn alla. Því er það fullkomið vindhögg af hálfu Samfylkingarinnar að telja nauðsyn á því að skipa sérstakan pólitískan rannsóknarrétt sem eigi að hafa það að markmiði að endurreisa fyrirtækið eins og segir í greinargerð með tillögunni. Það sýnir ábyrgðarleysið hjá flutningsmönnum tillögunnar að tala um að endurreisa Landssímann, þetta fyrirtæki sem þekktir einstaklingar úr forustuliði Samfylkingarinnar sem sátu í stjórn Símans hafa lýst sem einstaklega vel reknu og öflugu og góðu fyrirtæki.

Með tillögu þeirri sem hér er til umræðu í dag er ekkert annað á ferðinni en pólitískur leikur til þess eins fallinn að koma höggi á ráðherra, draga úr trausti almennings á fyrirtækinu og sniðganga þann lögmæta vettvang sem Alþingi hefur sjálft ákveðið að sé eðlilegur í máli sem þessu, sem er meðferð Ríkisendurskoðunar.

Afstaða mín í þessu máli er skýr. Ég er andvígur því að skipuð verði pólitísk rannsóknarnefnd líkt og hér er til

umræðu. Ástæðan er sú að Ríkisendurskoðun er að fara yfir öll þau atriði sem varða Símann og einkavæðingarnefnd og tiltekin eru í þáltill. Það er vilji minn, og ég legg á það áherslu, að skýr svör fáist við þeim álitaefnum sem hér eru til umfjöllunar og ég treysti Ríkisendurskoðun fullkomlega til að fara vandlega ofan í þessi mál í heild sinni.

Ríkisendurskoðun er um þessar mundir að fara yfir fjárhagsleg samskipti stjórnar fyrirtækisins við forstjóra og stjórnarformann. Þá liggur einnig fyrir að Ríkisendurskoðun er að skoða fjárhagsmálefni einkavæðingarnefndar í tengslum við einkavæðingu Landssímans. Því er nú þegar hafin yfirgripsmikil skoðun á öllum þeim þáttum þessa máls sem þáltill. nær til. Velta má fyrir sér hvort Samfylkingin sé meðvitað með þessari tillögu að draga athygli frá úttekt Ríkisendurskoðunar á málinu og hvort Samfylkingin sé með málflutningi sínum hér í dag að gera Ríkisendurskoðun, þessa mikilvægu stofnun Alþingis, tortryggilega í augum almennings.

Ég get tekið undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð með þáltill. að nauðsynlegt sé að rannsaka þetta mál til hlítar, en undirstrika jafnframt og enn og aftur að lögum samkvæmt er Ríkisendurskoðun falið það hlutverk. Hún hefur sinnt þessu hlutverki sínu með miklum sóma. Stofnunin hefur reyndar sýnt það og sannað að hún er með mjög virkt og öflugt eftirlit líkt og henni er ætlað.

Vissulega má velta fyrir sér hvers vegna slíkar rannsóknarnefndir hafa ekki verið skipaðar í þinginu oftar en raun ber vitni en síðast mun það hafa gerst á miðjum 6. áratug síðustu aldar. Þingið hefur ekki valið þá leið heldur treyst Ríkisendurskoðun. Ég hef miklar efasemdir um það, með fullri virðingu fyrir þingmönnum, að þingmenn séu réttu einstaklingarnir til þess að rannsaka embættisfærslur ráðherra, einkavæðingarnefndar og verkstjórnenda fyrirtækja, og spyrja má þeirrar spurningar hvort líklegt geti talist að sátt geti náðst um niðurstöður slíkrar nefndarskipunar.

Herra forseti. Miklar breytingar hafa orðið á fjarskiptamarkaðnum á undanförnum árum, bæði í lagasetningu, tækniþróun og þjónustu. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að samgrh. hafi öfluga forustu á sviði fjarskipta og upplýsingatækni og ég hef lagt á það ríka áherslu í starfi mínu. Með gildandi fjarskiptalögum sem ég beitti mér fyrir og tóku gildi 1. janúar 2000 var lagður grunnur að raunverulegri samkeppni í fjarskiptum á Íslandi, samkeppni sem nú er orðin að veruleika. Enn fremur tryggir fjarskiptalöggjöfin jafnan aðgang allra landsmanna að almennri fjarskiptaþjónustu á sambærilegum kjörum og ég tel mjög mikilvægt að tryggja það einnig í gagnaflutningum og þar hefur Landssíminn gengið á undan og styrkt stöðu okkar mjög hvað það varðar.

Í samræmi við lög hef ég sem samgrh. farið með eignarhlutinn í Landssímanum. Ég hef lagt mig fram um að skapa með löggjöf svigrúm og trausta aðkomu nýrra símafyrirtækja sem þurfa að keppa við Símann sem markaðsráðandi fyrirtæki. Ég tel að þetta hafi tekist sem sést best á vaxandi markaðshlutdeild nýju símafyrirtækjanna. Í ljósi þess að einkavæðingu Símans seinkar og vegna þess að fram undan eru miklar breytingar á fjarskiptasviðinu sem samgrh. verður að standa fyrir, m.a. með úthlutun leyfa fyrir þriðju kynslóð farsíma og aukinnar nýtingu ljósleiðara til sjónvarpssendinga, tel ég eðlilegt að meta það á næstunni hvort ekki sé fram undan rétti tíminn til þeirra breytinga að fjmrh. taki við eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands og fari með hann meðan ríkið á yfir höfuð hlut í þessu fyrirtæki. Þar með verði undirstrikaður sá skýri vilji stjórnvalda að ekki ríki tortryggni annarra fjarskiptafyrirtækja vegna eignarhluts ríkisins í Landssímanum. Hlutverk samgrh. verði enn sem fyrr að móta stefnu og skapa framtíðarlausnir á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni. Um slík grundvallaratriði er ég reiðubúinn að ræða við þingmenn en tel tíma Alþingis illa varið að ræða tillögur eins og þá sem hér er til umræðu frá Samfylkingunni og er sýndarmennska ein og til þess eins fallin að skaða Landssímann, þessa mikilvægu eign okkar.

Jafnframt vil ég árétta að það er ekki aðeins eðlilegt heldur beinlínis nauðsynlegt að ríkið hætti samkeppni við þá einstaklinga og fyrirtæki sem starfa á fjarskiptamarkaði. Því er stefna stjórnvalda um einkavæðingu Landssíma Íslands óbreytt. Sölu hlutabréfa ríkisins verður haldið áfram um leið og aðstæður á fjármálamarkaði leyfa og viðunandi verð fæst. Það er hins vegar mikilsvert verkefni stjórnar og stjórnenda að verja Símann og skapa starfsfólki hans vinnufrið.

[15:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. kom fram í sjónvarpsviðtali fyrir síðustu helgi. Hann var að skýra frá því hverjir þá hefðu vikið eða verið látnir víkja að sinni kröfu úr forstjórastólum, nefndum og ráðum. Þann daginn var það ekki úr einkavæðingarnefnd heldur yfirstjórn Landssímans hf. Hæstv. forsrh. sagði orðrétt, *með leyfi forseta*:

„Það er bersýnilega eðlilegast, heilbrigðast og hreinlegast að ný stjórn komi að Símanum, nýr forstjóri komi síðan að Símanum, ráðinn af þeirri stjórn og menn hendi þessum syndum bak við sig eins og sagt var."

Herra forseti. Hvar var það aftur sagt að maður gæti losnað við syndirnar með því að henda þeim á bak við sig? Er þetta ekki úr ágætum sálmi Hjálpræðishersins að með hjálp himnaföðurins geti maður hent syndum sínum á bak við sig. Og Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., hefur greinilega skilið sálminn á þann veg að geri maður þetta, þá sé maður laus allra mála.

Ekki er ég viss um að þetta sé alveg rétt útlegging á þessum gamla hjálpræðissöng. Reyndar held ég að það hafi átt að vera þannig að Drottinn tæki syndir okkar og veitti okkur aflausn. Og þegar allt kemur til alls, þá eru það ekki syndirnar sjálfar heldur meintir syndarar sem hæstv. forsrh. hendir nú aftur fyrir sig hverjum á fætur öðrum en greinilegt er að þannig vill hann þvo sig af öllum gjörðum þeirra.

Herra forseti. Svo einfalt er þetta mál ekki. Allt tengist þetta meira og minna einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Vissulega kemur mannlegur breyskleiki við sögu en ekkert af því sem gerst hefur þarf að koma á óvart og við þessu var varað aftur og ítrekað.

Staðreyndin er sú að með einkavæðingarstefnunni bæði hér á landi og í útlöndum þar sem mjög stórar stofnanir hafa verið teknar undan almannavaldi og þeim breytt úr þjónustustofnunum í markaðsfyrirtæki hafa fylgifiskarnir jafnan verið lakari réttindakjör fyrir almennt starfsfólk og síðan himinhá laun fyrir forstjóraveldið að ógleymdum ráðgjöfunum. Þessu tengt er svo peningahugsunin sem er fylgifiskur einkavæðingar og grundvöllur hennar, og breyskleikann, við skulum ekki gleyma því, átti einnig að virkja.

Nú er það ekki lengur almannaþjónusta sem á að vera í fyrirrúmi heldur ábatavon og arðsemi. Virkjum eignagleðina

sagði Davíð Oddsson og gaf í skyn að hún væri sá drifkraftur sem leiddi til framfara. Skyldu menn muna þá umræðu sem fram fór í þingsölum þegar Póstur og sími var gerður að hlutafélagi? Þá sögðu talsmenn einkavæðingarinnar að hlutafélagaformið hentaði mun betur en þjónustufyrirkomulagið sem var við lýði og hvers vegna? Jú, m.a. vegna þess að í hlutafélagi væru menn frjálsari til að bregðast við með leifturhraða á markaði. Þetta hafa menn vissulega gert og allt hefur verið í botni, eignagleðin í algleymi.

Landssíminn sem áður hugsaði fyrst og fremst um að veita landsmönnum þjónustu á hagstæðu verði var nú gerður að fjárfestingarfyrirtæki með sæg af ráðgjöfum og sérfræðingum í peningatækni og svokallaðri nútímavæðingu.

Landssími Íslands var rekinn eins og hlutabréfasjóður segir Hreinn Loftsson, formaður einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar til margra ára. Samkvæmt frásögn fyrrv. forstjóra, Þórarins V. Þórarinssonar, fjárfesti Landssíminn fyrir 11 milljarða og því var ekki mikið að tapa á einu ævintýrinu, u.þ.b. 400 millj. kr. fyrir um 11 milljarða kr. Auðvitað hljótum við eigendur Landssímans að furða okkur á þessu ábyrgðarlausa tali og spyrja enn fremur: Hvernig standa þessar milljarðafjárfestingar í dag? Er nema von að spurt sé þegar forsrh. þjóðarinnar upplýsir að Landssíminn hafi tekið 5 milljarða kr. erlent lán til að fjárfesta fyrir og forstjórinn fyrrverandi, Þórarinn V. Þórarinsson, kemur með þá skýringu að fjárfestingaráætlunin hafi m.a. ekki komið jafn vel út og ráð var fyrir gert vegna mikils gengisfalls krónunnar frá því að lánin voru tekin.

Einnig þarf að gera grein fyrir því hvaða ástæða lá að baki sölu höfuðstöðva Landssímans og hvert Síminn ætlaði að flytja sig, en nú er hann á götunni sem kunnugt er og borgar nýjum eigendum sem nemur 1% af andvirði söluverðsins, 8,2 millj. kr. í leigu á hverjum mánuði. Einnig er upplýst að þegar höfuðstöðvarnar verða fluttar, hvenær sem það nú verður, þá verði a.m.k. um 15 ára skeið að leigja gamla húsnæðið að hluta undir miðbæjarstöð Símans. Á hvaða taxta var ráðgjafinn sem ráðlagði þetta? Var það e.t.v. stjórnarformaður fyrirtækisins og var þetta borið undir hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn? Með öðrum orðum: Höfuðstöðvar Landssímans voru seldar á 820 millj. kr., síðan endurleigðar í a.m.k. tvö ár fyrir yfir 100 millj. á ári og síðan er fyrirséð að í a.m.k. 15 ár til viðbótar verður að leigja húsnæði af hinum nýju eigendum fyrir samtals um 270 millj. kr. Ég ætla ekki að fara nánar út í þessi makalausu viðskipti en ég vil leggja áherslu á að upplýsa verður hverjir keyptu höfuðstöðvar Landssímans þar sem opinberlega hefur verið skýrt frá því að byggingarverktakar hafi keypt þær en ótilgreindur fjöldi fjárfesta sé þar að baki. Hverjir eru þeir?

Þá þarf að upplýsa um fjárfestingu Landssímans í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur og væntanlegum byggingarframkvæmdum en fram hefur komið samkvæmt viðtali við hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, að fyrirsjáanlega verði tap á þeirri fjárfestingu fyrir Landssímann en samstarfsaðilinn, Íslenskir aðalverktakar, munu hagnast. Er það ekki rétt munað hjá mér að í stjórn Íslenskra aðalverktaka sitji Jón Sveinsson, fulltrúi Framsfl. í einkavæðingarnefnd? Voru það ekki Aðalverktakar sem reistu einkavætt öldrunarheimili án þess að einu sinni væri eðlilega staðið að útboði? Og er þá komið að samlíkingunni við hina drukknu sjómenn.

Í frétt DV frá 18. febrúar segir Anand Kumar, stjórnarformaður í bandarískra fyrirtækinu IP Bell, að stjórnendur þess fyrirtækis hafi hent 18 millj. dollara í tómt rugl á aðeins sex mánuðum. Áætlanir hafi verið í molum og enginn hafi vitað í hvað peningarnir fóru. Stjórnendurnir hafi verið eins og drukknir sjómenn. Þetta segi ég með fullri virðingu fyrir sjómönnum, einnig drukknum sjómönnum. En þetta var samlíking þessa stjórnarmanns í fyrirtækinu en í því fjárfesti Landssími Íslands fyrir 4 millj. dollara og nú er upplýst að forstjóri Landssíma Íslands, sem ásamt öðrum átti stjórnarsetu í fyrirtækinu, hafi ekki sakir anna haft tíma til að fylgjast með þróun mála vestra. Væntanlega gildir hið sama um ráðgjafana íslensku sem að eigin sögn unnu dag og nótt og um helgar. Þetta, herra forseti, er einkavæðingin á Íslandi.

Landssími Íslands skilaði frá 1988 og fram undir lok 10. áratugarins á rúmum tíu árum um 20 milljörðum kr. í ríkissjóð Íslands. Hann skilaði líka góðri þjónustu og var í stöðugri framfarasókn. Þessi gamalgróna þjónustustofnun er vegna stefnu ríkisstjórnarinnar, ekki vegna breyskleika einstakra manna heldur vegna stefnu ríkisstjórnarinnar orðinn leiksoppur á fjármálamarkaði. Það er staðreynd að þegar gullgerðarvélar á borð við símafyrirtæki hafa verið markaðsvæddar, þá fara fjármunir sem áður runnu til almennings í aðra vasa. Þess eru ófá dæmin að einkavæddar stofnanir hafna í höndum manna sem gera sér aðstöðu sína að féþúfu á kostnað almennings. Yfirstjórn Landssímans reynist nú dýrari en laun heillar ríkisstjórnar. En þær tölur blikna þó þegar dæmið er gert upp í stærra samhengi því þessi ríkisstjórn og sú ábyrgðarlausa stefna sem hún rekur í þessum málum í tengslum við markaðsvæðingu og einkavæðingu og sú spilling sem þrífst í skjóli hennar er orðin þjóðinni dýr. Sú ríkisstjórn sem nú fer með stjórn landsins er orðin þessari þjóð allt of dýr.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur þegar óskað eftir rannsókn á einkavæðingunni sérstaklega með tilliti til Landssímans og munum við einnig styðja þá tillögu sem hér er til umfjöllunar um sérstaka rannsóknarnefnd. Því miður skortir okkur hefð til sjálfstæðra rannsókna af hálfu Alþingis en þessi tillaga er tilraun til að treysta þá hefð og það styðjum við heils hugar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur að sjálfsögðu jafnframt upp úr því að Ríkisendurskoðun, sem starfar á ábyrgð Alþingis, ljúki rannsókn sem þingflokkur okkar fór fram á vegna einkavæðingarnefndar með sérstakri hliðsjón af Landssíma Íslands. Hitt er svo alveg ljóst og þar þarf enga rannsókn til að finna hvar pólitísk ábyrgð liggur, hún liggur í þessu sérstaka tilviki hjá hæstv. samgrh. og hæstv. forsrh. Þeir bera ábyrgð á málefnum Landssímans og síðan er að sjálfsögðu að því að hyggja að einkavæðingarnefnd starfar á vegum ríkisstjórnarinnar. Hún er starfsnefnd fjögurra ráðherra, hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes, hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar og hæstv. iðnrh. Valgerðar Sverrisdóttur. Þessir ráðherrar Sjálfstfl. og Framsfl. og ríkisstjórnin öll bera pólitíska ábyrgð á þeirri stefnu sem hún hefur þröngvað fram og birtist okkur nú með þessum hætti. Þessum syndum mun þjóðin ekki gleyma. Því miður þarf hún að súpa af þeim seyðið um sinn, en þá er líka gott til þess að vita að nú styttist í kosningar á Íslandi.

[15:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þótt óheppileg röð atvika og mikil neikvæð umræða hafi um sinn skaðað Landssímann sem fyrirtæki mun þeirri orrahríð linna. Landssíminn mun rísa á ný

sem eitt besta og sterkasta fyrirtæki landsins. Landssíminn hefur á að skipa öflugu starfsfólki og samstæðu. Kúrsinn verður réttur af. Þótt ríkisvaldið verði að draga sig út af samkeppnismarkaði og selja hlut sinn í Landssímanum og ríkisbönkunum á næstu árum, þarf það ekki að gerast í hasti. Við framsóknarmenn teljum að mikilvægt sé nú að hægja ferðina og selja ekki við þessar aðstæður heldur styrkja innviði Landssímans, ráða öflugan forstjóra til fyrirtækisins og hreinsa allt þetta andrúmsloft. Sala Landssímans á ekki að fara fram við þessar aðstæður. Við bíðum betri tíma.

Það hefur aldrei staðið til að selja Landssímann nema fyrir sanngjarnt verð. Ég sakna þess að lífeyrissjóðir fólksins skuli ekki hafa komið sem kjölfestufjárfestir inn í þetta fyrirtæki, sjóðir fólksins sem eiga 700 milljarða og hafa eina 130 milljarða til þess að fjárfesta ár hvert. Þessi fyrirtæki fólksins eiga auðvitað í mörgum stórum þjónustufyrirtækjum samtímans að taka við hlutverki ríkisvaldsins.

Ég vil segja hér að það er hagur íslenskrar þjóðar að ábyrgur, traustur og óháður aðili eignist ráðandi hlut í þessu góða fyrirtæki og fleyti landsmönnum þannig á upplýsingahraðbraut inn í nýja öld. Ég vil lýsa því yfir að Framsfl. ber fullt traust til sinna manna í stjórn Landssímans. Þótt fulltrúar Samfylkingarinnar reyndu að skapa pólitískt moldviðri með því að stökkva út úr stjórninni var sýnd meiri ábyrgð við að hlaupa ekki frá borði enda fjarri öllu lagi að skella skuldinni á stjórnina. Fulltrúar Framsfl. hafa sjálfir ákveðið að hverfa úr stjórninni á aðalfundi og vil ég þakka þeim góð störf í þágu Landssímans. Þau hafa fullt traust en við virðum þá skoðun þeirra að kjósa á aðalfundi að hverfa af vettvangi. Stjórnarformaðurinn Friðrik Pálsson hefur sjálfur viðurkennt að það hafi verið óheppilegt að aðrir stjórnarmenn hafi ekki vitað um einkasamning hans við samgrn. Þarna má segja að pottur hafi verið brotinn. En Friðrik Pálsson, formaður stjórnar, viðurkenndi þessi mistök sín, bað stjórnina afsökunar á þeim og útskýrði málavöxtu sína.

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir átök um Landssímann skilaði hann mjög góðri afkomu á síðasta ári sem stjórnendur hans, starfsfólk og stjórn fyrirtækisins geta verið stolt af.

Hæstv. forseti. Mér sýnist að flest það sem skiptir máli sé upplýst og muni komast á hreint. Ekkert er jafnmikilvægt og að fyrirtækið fái starfsfrið sem fyrst. Mjölið var ekki alveg hreint en nú hefur grein verið gerð fyrir flestum mistökum og Ríkisendurskoðun mun vinna sitt innra eftirlit. Við berum öll nokkra ábyrgð, Alþingi og ríkisstjórn, þar af samgrh. mesta, enda ríkisstjórn ekki fjölskipað stjórnvald, einkavæðingarnefnd og stjórnendur Landssímans. Ég harma ummæli Hreins Loftssonar um Landssímann og tel ómaklegt af ágætum manni sem gegnt hafði miklum trúnaði fyrir ríkisstjórnina að tjá sig í fjölmiðlum með þeim hætti sem hann gerði um Landssímann. Það var slæm opnun um viðkvæm innri mál fyrirtækisins á skráðum almennum markaði. Svona eiga menn ekki að gera eftir margra ára trúnaðarstörf þótt þeir hafi látið af störfum. Það á að draga af þessu öllu saman lærdóm en Samfylkingin veit að pólitísk rannsóknarnefnd verður bara pólitísk. Allir landsmenn vita hver pólitíkin er. Þeir þekkja pólitíkina. Þeir þekkja deilurnar úr þessu húsi. Þeir þekkja hvað stjórn og stjórnarandstaða eiga oft auðvelt með að ná saman um mál, eða hitt þó heldur.

Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi. Hún er armleggur Alþingis í þessum málefnum. Það voru fulltrúar Framsfl. fyrir 24 árum sem fyrstir tóku að berjast fyrir þessari stofnun. Halldór Ásgrímsson og Ingvar Gíslason fluttu þáltill. um þetta mál, líklega 1978. Ríkisendurskoðun hefur gegnt miklu hlutverki og staðið vörð sem eftirlitsstofnun fyrir Alþingi og þjóðina. Þess vegna treysti ég henni best allra. Við eigum að styrkja hana fremur en veikja. Við eigum að trúa á hana í þessum verkefnum og fela henni að vinna þessi verk.

Nú ætla ég að vera svo grófur að taka mér sjálfdæmi og býð stjórnarandstöðunni upp á slíkt hið sama hvað Framsfl. varðar. Ég ætla að skipa hæfustu menn stjórnarandstöðunnar til þess að sitja í rannsóknarnefndinni eða öllu heldur gera tillögu um það. Ég mundi leggja til að frá Vinstri grænum kæmu hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Frá Samfylkingunni veldi ég hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Síðan yrði stjórnarliðið að koma með fimm. Sjá nú allir menn að erfitt gæti orðið fyrir þetta fólk, þó að stjórnarliðarnir bætist ekki við, að ná sameiginlegri niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Af hverju telur þú á ekki upp líka?) Þess vegna er það svo að níu manna þingnefnd kemst ekki að niðurstöðu í svona flóknu máli. (Gripið fram í.) Ég fullyrði það, aldrei.

Átök á milli stjórnar og stjórnarandstöðu héldu áfram um langa hríð. Á meðan blæddi Landssímanum út, þessu dýrmæta fyrirtæki þjóðarinnar. Það mundi halda áfram að engjast í málinu. En Ríkisendurskoðun mun vinna sitt verk fyrir hv. þingmenn eins og þeir hafa falið henni og hin margvíslega löggjöf sem Alþingi hefur sett á síðustu árum, upplýsingalöggjöf, samkeppnislöggöf, starfsmannalöggjöf o.s.frv., mun tryggja það. Þingið hefur staðið vel að þessum málum á síðustu árum og á ekki að láta sér detta í hug að slík nefnd, pólitískt skipuð, gæti farið ofan í saumana á Landssímamálinu. Ríkisendurskoðun mun gera það.

Þeir menn sem hafa lent í þeim vondu málum sem upp hafa komið upp á síðkastið og tengjast sjálftöku og spillingu í meðferð fjármuna almennings, verða auðvitað að sæta ábyrgð og taka afleiðingum gerða sinna. Slíkt á ekki að þrífast og ég fullyrði að eftirlitskerfi Alþingis og Ríkisendurskoðunar, sem ég hef nefnt, er það gott eftirlitsfyrirtæki í dag að málin upplýsast. Ég ítreka enn að við þurfum að huga að því, miðað við gang mála, að styrkja þessa stofnun enn frekar.

Fjölmiðlar eru jafnan mikilvægir og opna, upplýsa og rannsaka spillingarmál. Þeim ber að þakka alveg sérstaklega. Þeir gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélaginu okkar.

Við framsóknarmenn höfnum því þáltill. Samfylkingarinnar og viljum fremur styrkja og efla Ríkisendurskoðun sem hlutlausa og markvissa í því að veita aðhald og eftirlit svo að allir þeir sem ábyrgð bera og stjórna og starfa fyrir samfélagið fari að lögum og vinni af heiðarleika, ella verði þeir gerðir ábyrgir gerða sinna.

Hæstv. forseti. Ég lýk máli mínu með því að líta svo á að tillagan sem nú er flutt um þessa rannsóknarnefnd sé fyrst og fremst sýndarmennskumál til þess að halda umræðunni gangandi. En stjórnarandstaðan veit það jafn vel og ég að þessi níu manna nefnd mundi aldrei ná árangri í störfum sínum. Ég hygg að það tæki hana langan tíma að skipa formann fyrir hópinn.

[15:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í 39. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt

nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“

Samkvæmt laganna hljóðan er umboðið mjög víðtækt ef Alþingi kýs svo með samþykki sínu. Meginefni tillögu samfylkingarþingmannanna er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Rannsóknarnefndin hafi það hlutverk að rannsaka fjárhagsleg málefni, viðskiptahætti og embættisgjörðir fulltrúa eigenda og stjórnenda Landssímans auk tengdra mála er varða sölu fyrirtækisins og hagsmuni almennings.“

Þetta efni er mjög skýrt og almennt orðað enda byggir það á því víðtæka umboði sem Alþingi getur veitt nefndum af þessu tagi eins og tilvitnun mín í upphafi máls í stjórnarskrána ber með sér. Sú upptalning sem þar kemur á eftir í 11 tölusettum liðum í þáltill. þingmanna Samfylkingarinnar er í raun óþörf og ætti í besta falli heima í greinargerð að mínu viti.

Tillaga Samfylkingarinnar endar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til.

Nefndin hefur rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og fá skýrslur, munnlegar og skriflegar, frá embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum og ráða sér til aðstoðar sérfróða aðila sé þess þörf.

Nefndinni er heimilt að láta rannsóknina eða einstaka þætti hennar fara fram fyrir opnum tjöldum.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og kostur er og skila niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. október 2002.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Ég tel að þetta sé eðlileg viðbót og þannig uppsettan texta ætti Alþingi að geta samþykkt. Ef menn svo kjósa er síðan sjálfsagt að taka þau atriði sem vikið er að í efnispunktunum 11 og greinargerð tillögunnar til umræðu því vissulega hefur þetta Símamál allt saman sett mikinn svip á umræðu með þjóðinni að undanförnu. Söluferli Landssímans hefur vissulega orðið að einu endemisklúðri og best er að láta það ógert að selja eins og málum er nú komið. Þrátt fyrir allan vandræðaganginn við stjórn fyrrtækisins og söluáætlun er eitt víst, og það lá alltaf ljóst fyrir, að engin sala gat átt sér stað ef kaupandi vildi ekki fyrirtækið á því verði sem upp var sett eða að mat hans á fyrirtækinu og framtíð þess fór ekki saman við sýn okkar á verðmæti og kostum Landssímans.

Ég ætla ekki að hafa þetta langt mál en get þó ekki orða bundist um þau skilaboð sem forstjórar og stjórnarformenn sem starfað hafa í umboði ríkisstjórnar við stjórn og sölu Landssímans hafa sent þjóðinni með athöfnum sínum á undanförnum missirum. Er Þórarinn Viðar Þórarinsson einhver venjulegur meðaljón sem lifað hefur áhrifalítill í þjóðfélagi okkar? Nei, alls ekki. Hann var um árabil framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og flutti þjóðinni og samninganefndum verkalýðsins tölur um að þjóðin yrði að sníða sér stakk eftir vexti og að óhóflegar launakröfur væru aðför að þjóðinni. Stundum var það jafnframt svo orðað að verkalýðshreyfingin yrði að sýna ábyrgð og jafnvel herða sultarólarnar svo hag lands og þjóðar væri borgið til framtíðar.

Svo komast menn í störf fyrir ríkið, þjóðina, fólkið í landinu, og fá laun og sporslur sem nema tugum milljóna og finnst allt þeim sjálfum til handa svo ósköp einfalt og sjálfsagt. Allt þetta ferli er gengisfelling á trúverðugleika þeirra manna sem nú stjórna verkum í okkar litla þjóðfélagi.

Sama má segja um Friðrik Pálsson sem komst í sjálftökuaðstöðu hjá Landssímanum með sérfræðiráðgjöf í gegnum sín Góðráð ehf. Hann var heldur ekki neinn meðaljón í íslensku samfélagi, forstjóri stórfyrirtækja sem stjórnvöld leituðu oft ráðgjafar hjá í áratugi þótt ráð hans þá væru ekki orðin góð ráðin dýr. Það er ömurlegt að finna hvað ráðamenn ríkisstjórnar og aðrir ráðamenn hafa sett niður almennt í áliti hjá venjulegu fólki, en engan þarf það að undra. Til þess eru ærnar ástæður eins og dæmin sanna. Við getum vissulega öll misstigið okkur og eigum þá að viðurkenna það. Það er mannlegt að skjátlast en ásetningur til slæmra verka er allt annað mál.

[15:45]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið mjög fróðlegt að hlýða á ræður hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar þar sem þeir hafa fjallað um 39. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir hafa fullyrt að þetta úrræði sé með öllu tilgangslaust, með öðrum orðum að stjórnarskrárgjafinn hafi í upphafi augljóslega haft rangt fyrir sér og þessi leið sem stjórnarskrárgjafinn bendi á sé tilgangslaus og aðeins til þess fallin að stjórnarandstæðingar geti verið með upphlaup á þingi og þegar menn bendi á að rétt sé að fara þessa leið sé um að ræða pólitíska loddaraskap, sýndarmennsku og ekkert annað. Þetta er mat hæstv. ráðherra á 39. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Þetta er sú virðing sem þeir bera fyrir þeirri leið sem stjórnarskráin býður upp á.

Stjórnarskráin býður upp á að þegar um mikilvæg mál er að ræða sem varða almenning sé hægt að skipa nefnd alþingismanna til þess að fjalla um þau mál. Ég held að það sé miklu eðlilegra að menn spyrji í þessari umræðu: Hvers vegna förum við ekki þá leið að þingið gangi í að veita framkvæmdarvaldinu það aðhald sem það á að veita framkvæmdarvaldinu? Hver eru rökin sem hafa komið fram? Jú, hæstv. utanrrh. og annar þingmaður Framsfl. áttu á sínum tíma þátt í tilurð Ríkisendurskoðunar. Það er það skjól sem ríkisstjórnin ætlar að hafa í þessu máli. Ríkisendurskoðun sem í þessu tilviki hefur endurskoðað reikninga Landssímans ár eftir ár. Ríkisendurskoðun sem gerði engar athugasemdir við að hæstv. samgrh. og núverandi stjórnarformaður Símans gerðu með sér samninga. Þeir gerðu engar athugasemdir við það sem þó hefur verið dregið fram í dagsljósið. Er einhver hér inni sem trúir því í hjarta sínu að það sem fjölmiðlar hafi dregið fram sé tæmandi talning á því sem þarna hefur átt sér stað? Er einhver hér inni sem trúir því í alvöru?

Nei, virðulegi forseti. Vitaskuld hefðum við átt að nota tækifærið nú og setja á stofn þessa nefnd til þess að Alþingi rísi nú upp og sinni því hlutverki sem það hefur, að veita framkvæmdarvaldinu nægt aðhald.

Hvers vegna erum við að leggja þessa tillögu fram, virðulegi forseti? Jú, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi hefur komið fram að stjórnun fyrirtækisins hefur ekki verið sem skyldi, ráðning forstjóra og brottför hans, óljósar ástæður, trúnaðarbrestur, yfirlýsingar ráðherra o.s.frv. Hvernig hefur fyrirtækið staðið að einkavæðingunni? Hvað hefur fyrirtækið lagt margar milljónir í einkavæðinguna sjálfa sem ekki hefur komið fram? Persónulegar fjárfestingar fyrrverandi forstjóra sem hæstv. forsrh., sem ekki treystir sér til þess að vera við þessa umræðu, hefur talað um að hafi þurft skoðunar við. Ekkert hefur komið fram um þær. Kannski

að Ríkisendurskoðun finni eitthvað í því máli sem þeir ekki hafa fundið áður. Ákvarðanir um fjárfestingar, yfirlýsingar fyrrverandi formanns einkavæðingarnefndar um að stjórnin hafi verið allt að því meðvitundarlaus allan tímann. Hringir þetta engum bjöllum? Er þetta bara pólitískur loddaraskapur Samfylkingarinnar? Hvers konar yfirlýsingar eru þetta? Afskipti ráðherra af stjórninni eru vafasöm o.s.frv. Það er sama hvar borið er niður. Allt ber þetta að sama brunni.

Virðulegi forseti. Það vegur ekki síður þungt að dregið hefur verið fram í dagsljósið með skýrum hætti að hæstv. samgrh. braut gegn ákvæðum hlutafélagalaga. Hann braut gegn ákvæðum 72. gr., 74.–76., 80. og 134. gr. sem allar draga það með skýrum hætti fram, hver og ein einasta, að *stjórnin sem á að taka þær ákvarðanir sem hæstv. samgrh.* gerði. Hann hafði ekkert umboð til þess. Þetta þýðir, virðulegi forseti, að það er brotið gegn b-lið 9. gr. laga um ráðherraábyrgð. Svo segja menn hér fullum fetum að Samfylkingin sé bara í einhverjum loddaraskap og sýndarmennsku o.s.frv. Að menn skuli leyfa sér slíkt við þessa umræðu. Hér eru gríðarlegir hagsmunir í húfi.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að það þarf enginn að segja mér að það sem fjölmiðlar hafa dregið fram sé tæmandi talning á því sem þarna hefur átt sér stað.

Landssíminn er gríðarlega mikilvægt fyrirtæki. Hann er hornsteinn okkar í upplýsingabyltingunni. Við verðum að umgangast þetta fyrirtæki mjög varlega. Dreifikerfið, þjóðvegurinn um landsbyggðina o.s.frv. Það er gríðarlega mikilvægt að við gerum þetta skynsamlega. Fyrirtækið veltir 18 milljörðum. Þetta er ekki lítið fyrirtæki. Nú er lykilatriði að þingið sinni skyldu sinni og fari ofan í þetta mál.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég hef ólíkt meiri trú á stjórnarskrárgjafanum en þeir hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað og gert lítið úr þeim möguleikum sem stjórnarskráin býður upp á.

[15:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það er mikill misskilningur sem heyra má í málflutningi stjórnarliða í þessari umræðu að tilgangur hennar af hálfu Samfylkingarinnar sé sá að þyrla upp moldviðri og reyna hafa pólitískan ávinning af þeim vandamálum, því klúðri, þeirri óstjórn og þeirri misnotkun á almannafé sem trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar í ríkiskerfinu hafa orðið uppvísir að. Málin eru einfaldlega alvarlegri en svo að Samfylkingin þurfi eða vilji taka á málinu með þeim formerkjum. Við viljum taka á þessu máli af festu og yfirvegun. Hér erum við að ræða um hvernig Alþingi, við hér inni, aðilar sem kjörnir eru til þess og ber skylda til þess samkvæmt stjórnarskrá ættum að taka á þeim viðfangsefnum sem hrannast hafa upp á síðustu vikum, mánuðum og árum hjá framkvæmdarvaldinu. Sú skylda stendur á okkur og við eigum að axla hana.

Það er ljóst, þegar ferli Landssímaklúðursins er skoðað, að ríkisstjórnin og þeir ráðherrar sem einkanlega hafa komið að málinu, samgrh. og forsrh., hafa hrakist undan frá fyrsta degi. Þeir byrjuðu á að tala málið niður, gera lítið úr þeim athugasemdum sem ýmsir gerðu við ýmis atriði í rekstri Símans og öllu utanumhaldi varðandi tilraunir til sölu þessa þjóðarfyrirtækis. Því til viðbótar hefur Alþingi meira og minna verið neitað um umbeðnar upplýsingar sem máli skipta um Símann og hagsmuni hans. Hefur samgrh. því miður fetað þá slóð og vísað til forskriftar sem forsrh. sjálfur hefur sett, að neita Alþingi um upplýsingar. Þetta er gjörsamlega óviðunandi með öllu. Betur hefði verið að málefni Símans hefðu verið uppi á borðum. Það hefði hugsanlega getað komið í veg fyrir eða a.m.k. dregið úr ýmsum þeim axarsköftum sem blasa nú við.

Rannsóknarnefnd, spyrja menn. Hvers vegna? Við þekkjum það frá nágrannalöndum okkar, til að mynda frá Danmörku, svo ekki sé talað um Bandaríkin, að þetta úrræði kjörinna fulltrúa er mjög mikið notað. Er þetta ekki bara eitthvert pólitískt hanaat af hálfu stjórnarandstöðunnar, eitthvað sem hægt er að gera gys að við útvarpsumræðu eins og hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar leyfa sér? Nei, auðvitað ekki. Hér er einfaldlega um að ræða úrræði sem stjórnarskráin sjálf leggur okkur á herðar, hvernig tryggja megi aðkomu *Alþingis að eftirliti með framkvæmdarvaldinu.*

Herra forseti. Því miður hafa hvorki stjórnfesta né öryggi einkennt viðbrögð stjórnvalda við þeim ávirðingum sem upp hafa komið. Þvert á móti hafa viðbrögðin verið lítil sem engin, því miður. Það einasta sem yfirstjórn Símans, í umboði ráðherranna, hefur lagt til málanna er að reka þann einstakling einan sem upplýsti um alvarlega þætti málsins.

Svo er hitt. Hvenær hefst og hvenær lýkur ábyrgð kjörinna fulltrúa, ráðherra í ríkisstjórninni? Ef það er rétt að reka forstjóra, stjórnarformann, heila stjórn, losa sig við formann einkavæðingarnefndar, er þá mjög rökrétt að þeir ráðherrar sem völdu þessa einstaklinga til starfa og röðuðu þeim á jötuna — þeir voru sérlega handvaldir af þessum sömu ráðherrum — beri enga ábyrgð, hvorki pólitíska né aðra? Er það mjög rökrétt, herra forseti? Að þessu leyti hefur formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, rétt fyrir sér. Hann segir það ekki réttlátt að gera almenna stjórnarmenn ábyrga fyrir hlutum sem þeir vissu ekki af, svo sem fimm ára óuppsegjanlegum samningi Þórarins Viðars Þórarinssonar forstjóra ellegar ráðgjafarsamningi sem gerður var við stjórnarformann Símans. Formaður þingflokks annars stjórnarflokksins, Framsfl., sagði orðrétt í viðtali við útvarpið í gær, með leyfi forseta:

„*Það verður að snúa sér að þeim sem þeim málum réðu* til lykta."

Hverjir eru það, herra forseti? Það er hæstv. samgrh. annars vegar og hæstv. forsrh. hins vegar. Bragð er að þá barnið finnur. Meira að segja Framsfl. er farinn að átta sig á því að það er eitthvað til sem heitir pólitísk ábyrgð.

Í þessu ljósi hafði ég ímyndað mér, herra forseti, og vonast til að stjórnarliðar, bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, fögnuðu því sérstaklega tillögu okkar samfylkingarmanna, að þeir hefðu nú tækifæri og vettvang til þess að gera hreint fyrir sínum dyrum. En því er ekki að heilsa, því miður, eftir fyrstu viðbrögðum stjórnarliða. Enn og aftur á að reyna að halda áfram feluleiknum, forðast með öllum tiltækum ráðum að hið sanna og rétta komi í ljós. Enn á að reyna að dylja veruleikann. Við samfylkingarmenn, herra forseti, erum ekki með blóðbragð í munninum. Við erum ekki að heimta pólitískar aftökur. Við erum ekki að hrópa: Úlfur, úlfur! Það sem við viljum hins vegar er opið og heiðarlegt stjórnkerfi. Við viljum einfaldlega að hið sanna komi í ljós. Þjóðin á rétt á því. Þjóðin á kröfu á því. Samsæri þagnarinnar er að hruni komið. Sannleikurinn finnur sér farveg á endanum hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, herra forseti.

[15:58]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Eftirlitshlutverk Alþingis er mikilvægur hlekkur sem tryggir að við sem lifum og hrærumst í þessu samfélagi getum treyst því að grundvöllur lýðræðisþjóðfélags okkar sé reistur á styrkum stoðum. Því eru heimildir í lögum og stjórnarskrá um rétt þingmanna til upplýsinga afskaplega nauðsynlegar. Þessar heimildir eru ríkar og hafa í auknum mæli birst okkur í fyrirspurnum, skriflegum sem munnlegum, og skýrslubeiðnum frá þingmönnum.

Á síðustu árum hafa þessar heimildir verið styrktar og má til að mynda benda á þær breytingar sem gerðar voru á þingskapalögum árið 1991. Getur þingnefnd nú tekið upp mál án þess að því hafi áður verið vísað til hennar, ólíkt því sem var fyrir breytinguna. Þá getur nefnd einnig innt ráðherra svara um ákveðin málefni líkt og hv. samgn. gerði nýverið þegar hún sendi ítarlegt spurningabréf til samgrh. út af tilteknu máli. Þetta eru að mínu viti jákvæð skref, herra forseti, sem tekin hafa verið í þá átt að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis. Ekki síst hafa tvö embætti átt mikinn þátt í því á síðustu árum að efla upplýsingarétt almennings og Alþingis, þ.e. umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun. Hún hefur verið gerð mjög sjálfstæð og með starfsemi sinni sýnt að hún gegnir mikilvægu hlutverki í því að efla, styrkja og styðja við hv. Alþingi, gera samfélagið opnara og treysta enn betur réttaröryggi almennings.

Umræðan í dag snýst eða á að snúast um það hvort Alþingi skipar rannsóknarnefnd níu þingmanna vegna málefna Símans og sölu hans. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að þegar ég las fyrst þessa tillögu hvarflaði að mér hvort Samfylkingin væri að lýsa yfir vantrausti á störf Ríkisendurskoðunar. Ég vona að svo sé ekki. Það verður athyglisvert að fylgjast með því hvort aðrir hv. þm. Samfylkingarinnar lýsi yfir sama vantrausti og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði áðan í ræðu sinni í þessum sama ræðustóli.

Um rannsóknarnefndir ríkir ekki hefð á Íslandi. Frá því að slík nefnd var síðast að störfum árið 1955 hefur eftirlitshlutverk Alþingis verið eflt til muna eins og ég gat um áðan. Er því ólíku saman að jafna. En gott og vel. Ef farin yrði sú leið að rannsóknarnefndir yrðu heimilaðar, vakna upp spurningar eins og t.d.: Hvaða rannsóknarheimildir munu gilda? Hvaða málsmeðferðarreglur munu gilda? Hvaða réttarstöðu hafa gestir nefndanna? Svo má lengi telja. Það þarf með öðrum orðum skýrari reglur um vinnu og störf rannsóknarnefnda. Við á hinu háa Alþingi þurfum að vinna heimavinnuna okkar áður en við beitum þessu úrræði. Ég tel að í sjálfu sér geti rannsóknarnefndir verið ágætt tæki til að rannsaka mál sem þarf að upplýsa án þess að pólitískt moldviðri skapist og tækifærismennska sé í broddi fylkingar. Dæmi um þetta er frá Danmörku, svokallað Nørrebro-mál.

Ef farin yrði sú leið sem boðuð er í þessari þáltill., herra forseti, er ég hrædd um að flokkar noti þetta tæki til að rétta vondan kúrs í skoðanakönnunum eða þingmenn beiti því í krossferðartilgangi fyrir sitt prívatego eins og dæmin vestan hafs sanna. Er Monicu Lewinsky málið það sem menn vilja miða sig við hér og þann farsa sem fylgdi því máli?

Nei, herra forseti. Hér er á ferðinni sýndartillaga, pólitísk brella — ég segi það fullum fetum — sem eykur ekki virðingu Alþingis. Það skiptir miklu að allt sé upplýst og ekkert dregið undan í jafnmikilvægum málum og þeim sem við ræðum nú og snerta málefni Símans, stjórn hans og sölu. Það þarf að leggja allt á borðið til að skapa traust og aðhald. Leiðin til þess liggur hins vegar ekki í gegnum tækifærissinnaða tillögu um rannsóknarnefnd. Þessi matreiðsla Samfylkingarinnar er frekar til þess fallin að fara öfugt niður, magafylli verður lítil og helst að eitthvert óbragð verði eftir í munni.

Herra forseti. Mér sýnist að mikið af því sem rætt er um í tillögunni sé þegar upplýst. Við megum heldur ekki gleyma því að Ríkisendurskoðun er að fara ítarlega yfir þessi mál og henni verðum við að gefa svigrúm. Er betra að skipa rannsóknarnefnd í málið sem enginn veit hvernig á að fúnkera í stað Ríkisendurskoðunar sem starfrækt er á traustum lagagrundvelli og býr að margra ára reynslu og þekkingu og athugun af þessu tagi.

Við Íslendingar, líkt og aðrir Norðurlandabúar, búum við skilvísa stjórnsýslu og opið stjórnkerfi þar sem öflugt aðhald fjölmiðla er einnig lykilatriði. Þær meinsemdir sem upp kunna að koma, bæði í stjórnsýslu og úti á hinum almenna markaði, verða ekki liðnar. Á undangengnum vikum hafa komið upp ýmis mál sem hafa reynt á þanþol þess kerfis sem við höfum byggt upp, m.a. á hinu háa Alþingi. Það hefur sýnt sig, herra forseti, að það kerfi stenst þrýsting og virkar vel.

[16:03]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það kom hér fram í upphafi hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hún teldi að þingmenn stjórnarflokkanna væru að gera lítið úr sjálfum sér og stjórnarskránni ef þeir samþykktu ekki þessa tillögu. Ég verð að segja að ég er algjörlega þveröfugrar skoðunar. Mér finnst að einmitt þingmenn Samfylkingarinnar séu að gera lítið úr sjálfum sér og lítið úr stjórnarskránni með því að leggja þessa tillögu fram. Ég tel að þessi grein stjórnarskrárinnar eigi við um mjög veigamikil atriði sem komið geta upp og þurfi að taka á. Ég tel að þetta mál flokkist ekki þar undir.

Ég tel líka að innan þingsins séu leiðir til þess að fjalla um málið. Ég bendi t.d. á að í samgn. er hægt að taka þetta mál upp. En mér vitanlega og að því er formaður nefndarinnar best veit hefur engin tillaga komið upp um það í samgn. að nefndin fjalli um málið. Þá spyr maður: Treysta fulltrúar Samfylkingarinnar ekki sínum eigin fulltrúum í samgn. til að fjalla um þetta mál? Þarf að skipa einhverja sérstaka nefnd í þinginu samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að tryggja að fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni fái ekki að koma að málinu? Hvað er eiginlega að ske hérna? (**LB:** Bara að fá Verslunarráðið í þetta.)

Síðan hefur það líka verið upplýst margoft í umræðunni að Ríkisendurskoðun er að vinna í þessu máli og skoða þetta mál. Ég hef fullt traust á því sem hún er að gera. Mér finnst það sýna mikið vantraust á þá aðila sem eru að vinna í þessu máli að koma með tillögu um að skipa sérstaka rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Síðan er annað mál hvað eigi að koma út úr þessari rannsókn. Mér virðist að býsna margt liggi ljóst fyrir samkvæmt þeim sem hér hafa talað fyrir hönd Samfylkingarinnar. Við höfum heyrt orð eins og klúður, óstjórn og misnotkun. Er eitthvað sem menn halda að muni koma í ljós í einhverri rannsókn níu manna þingmannanefndar sem gæti breytt þessum skoðunum hv. þm. Samfylkingarinnar? Ég held að okkur öllum hér inni sé ljóst að þeir eru búnir að mynda sér skoðun í þessu máli. Þeir eru búnir að komast að sannleikanum og ekkert getur breytt honum í þeirra augum.

Við heyrðum líka hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fullyrða að ráðherra hefði brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga. Þarf þá eitthvað sérstaklega að rannsaka það mál frekar? (Gripið fram í.) Er eitthvað sem hugsanlega gæti komið upp í rannsókn málsins sem mundi breyta þeirri skoðun hv. þm.? Ég held ekki. Menn segja að hið sanna komi í ljós í rannsókninni. Mér finnst að þingmenn Samfylkingarinnar séu bara býsna sannfærðir um hvað komi út úr þessari rannsókn. Ég skil ekki af hverju þeir eru að tala um þetta allt saman. (**Gripið fram í:** Er það niðurstaða?) Í raun væri það eina sem kæmi út úr þessari rannsókn ákveðin rannsókn á skoðunum þingmanna Samfylkingarinnar.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson er farinn að kynna sér fræði Hjálpræðishersins. Mér fannst það ágætt og ég held að hv. þm. ætti að sinna þeim fræðum meira. Ég er viss um að það gerir honum mjög gott. Hann ætti að hafa það til fyrirmyndar hjá Vinstri grænum þegar þeir mynda stefnuskrá sína og þar fram eftir götunum.

Ég tók eftir einu sem hv. þm. sagði. Hann talaði um Póst og síma á sínum tíma sem þjónustustofnun. Svo talaði hann líka um Landssímann sem þjónustustofnun. Það sem ég hjó eftir var hugtakið stofnun. Málið er að fyrir líklega 13–14 árum þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gegndi embætti samgrh. hóf hann einmitt þá þróun að breyta fyrirkomulaginu á Pósti og síma sem þá var Póst- og símamálstofnun. Þá var Póst- og símamálastofnun allt í senn, fyrirtæki, eftirlitsstofnun og stjórnsýsluaðili. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hóf þá þróun að kljúfa þetta upp, aðskilja fyrirtækjarekstur inn frá eftirlits- og stjórnsýsluhlutverkinu. Ég velti því fyrir mér þegar ég heyri hv. þm. alltaf tala um þessa þjónustustofnun hvort þetta mál sé nokkuð óuppgert innan Vinstri grænna, hvort þeir eigi ekki að fara að skoða þetta mál, ræða þetta. Síðan getur hv. þm. komið hér og rætt um stofnun eða fyrirtæki þegar það mál er upp gert. (**Gripið fram í:** Fá Hjálpræðisherinn í málið?) Það gæti verið ágætt já, að fá Hjálpræðisherinn í málið. (Gripið fram í.)

Síðan hafa komið ýmsar fullyrðingar um að einkavæðing hafi beðið skipbrot og að verð á Símanum hafi fallið um 30 milljarða á stuttum tíma. Og fyrst það er svona slæmt að verðið á Símanum hafi fallið um 30 milljarða þá vaknar spurning: Telja menn að það sé eitthvað til að hrópa húrra fyrir ef Síminn hefði verið seldur á einhverju verði og kaupendur hefðu mátt þola þetta verðfall? Hefðu þingmenn talið að þjóðin væri þá betur sett? Segjum t.d. að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefði tekið sig til og fjárfest í Símanum, keypt hlutabréf í Símanum á háu verði og markaðsverðið síðan lækkað um 30 milljarða, hefði einhver verið betur settur við það?

Málið snýst um að við höfum verið að vinna í þessari einkavæðingu að undanförnu á hlutabréfamarkaði sem er fallandi. (Gripið fram í.) Þá gerist það einfaldlega þegar menn setja upp tiltekið verð að þeir standa oft frammi fyrir því að fá ekki það verð. Ef við hefðum hins vegar verið að vinna við þetta mál, þ.e. við verðmat og ákveðið það verð sem við vildum selja Símann á og markaðurinn hefði verið stígandi þá hefði þetta ekki verið neitt mál. Þá hefðum við losnað við bréfin og þeir sem hefðu keypt þau hefðu horft á bréfin hækka. En hlutabréfamarkaðarnir eru þannig að þeir ganga upp og niður og þarf ekkert sérstakt rannsóknarbattarí í þinginu samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að finna það út. (**ÖJ:** Þetta er allt í góðu lagi.)

[16:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Vilhjálmur Egilsson, kom einmitt inn á kjarna málsins. Vandinn er einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar. Vandinn er sá og hann gat ekki, virðulegi forseti, komist betur að orði. Þar liggur hundurinn grafinn og veitir ekki af að kalla á allar góðar vættir til að hjálpa ríkisstjórninni út úr þeim ógöngum sem hún hefur stefnt sér í og meira að segja leita stuðnings Verslunarráðsins ef út í það væri farið, ef það gæti hjálpað til.

Virðulegi forseti. Fjarskipti eru ein grunnstoð almannaþjónustu í landinu. Þessi þjónusta má ekki lúta þeim lögmálum einum saman að arðsemiskrafa fjármagnsins sé eini drifkrafturinn í rekstri og þjónustu. Sjálfsagt er að gæta allrar almennrar hagkvæmni og rekstrarsjónarmiða og gera kröfur um aukna þjónustu. En Landssími Íslands, þetta fyrirtæki fólksins, á áfram að vera í sameign þjóðarinnar og styrk hans á að nýta til hins ýtrasta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum þjónustu. Virðulegi forseti. Þetta er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi Landssímann.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg einkavæðingaræði ríkisstjórnarinnar á almannaþjónustunni hvort sem það er í heilbrigðiskerfi, í menntun eða í grunnfjarskiptum. Þess vegna, virðulegi forseti, er Vinstri hreyfingin – grænt framboð andvíg því að Landssímin verði seldur. En þrátt fyrir varnarorð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs keyrði ríkisstjórnin, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., sölu Landssímans áfram og draumur hennar var að selja ráðandi hlut í þessari þjónustustofnun, í þessu þjónustufyrirtæki, Landssímanum, úr landi. Það var draumurinn. Að selja fyrirtækið erlendu stórfyrirtæki, það var draumurinn. Íslendingar áttu því á hættu að verða fullkomin bráð einokunarstöðu alþjóðlegs stórfyrirtækis á íslenskum fjarskiptamarkaði.

Virðulegi forseti. Er þetta sú framtíð og er þetta sú sýn sem þetta litla eyríki, Ísland, á skilið? Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagðist einn flokka gegn sölu Landssímans á Alþingi og þætti sjálfsagt mörgum betur að hafa hlustað á þau mörgu varnaðarorð sem við höfðum frammi á Alþingi í þeirri umræðu. Það er því okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fagnaðarefni að ríkisstjórnin mun nú vonandi leggja á hilluna frekari tilraunir við sölu Landssímans, a.m.k. í bili. Við höfum ekki áhyggjur af því hvort Landssíminn hafi fallið í söluverði í öllu söluklúðrinu og því einstaka pólitíska umróti sem Landssíminn hefur mátt þola á síðustu vikum og mánuðum. Fyrir þjóðina er hann jafnmikils virði og áður og skilaði meira að segja arði á liðnu ári.

Sá harmleikur og það sjónarspil og það furðulega dómgreindarleysi forstjóra og stjórnenda Landssímans sem birtst hefur þjóðinni á undanförnum mánuðum og vikum hefur verið tíundað hér. Menn skyldu þó gæta sín að missa ekki sjónar á aðalatriðunum, grunninum fyrir þessu öllu, en það er, virðulegi forseti, hin hömlulausa einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar. Allt er falt, allt skal selja, allt skal á uppboð og helst að seljast úr landi. Þessi stefna veldur slíku umróti í hugum fólks að það missir fótana. Siðferðismatið truflar og ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. er sjálf orðin fullkomlega ringluð og gildismat hennar brenglað. Þetta sér öll þjóðin. Auðvitað sér hún þetta.

Virðulegi forseti. Það sem mér blöskrar er hve hver reynir að þurrka sér á öðrum. Gildir þar einu um fyrrverandi

eða núverandi forstjóra Símans, formann stjórnar eða aðra stjórnarmenn, fyrrverandi formann einkavæðingarnefndar eða einstaka ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Allir lifa þeir samkvæmt setningunni: Þurrkaðu ekki á þér ef annar stendur hjá þér. Enginn vill axla ábyrgð nema sá eini sem hefur goldið, þ.e. starfsmaður Landssímans sem veitti upplýsingar um viðskipti stjórnarformannsins við fyrirtækið sem urðu fyrst og fremst alvörumál af því að þeim var leynt og að því er virtist af ráðnum hug. Auðvitað ber ríkisstjórnin í heild alla ábyrgð.

Herra forseti. Hinn 30. janúar sl. sendi þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs forseta Alþingis svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fer þess hér með á leit, með vísan til 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun, að farið verði fram á það að hún geri ítarlega úttekt á störfum einkavæðingarnefndar með sérstakri hliðsjón af einkavæðingu Landssímans hf. sem um leið verði könnuð sérstaklega. Athuguð verði vinnubrögð, verklag og stjórnskipuleg staða einkavæðingarnefndar, kostnaður við störf hennar, bæði vegna eigin verkefna og aðkeyptrar vinnu, hvort útgjöld nefndarinnar hafi verið í samræmi við fjárheimildir, hvernig staðið er að ákvarðanatöku af hálfu nefndarinnar og annað sem efni standa til. Sérstaklega verði könnuð samskipti nefndarinnar við stjórn Landssíma Íslands vegna undirbúnings sölu hlutafjár félagsins og hvort nefndin hafi haft afskipti af innri málefnum Landssíma Íslands."

Undir þetta ritar Ögmundur Jónasson f.h. þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Þetta bréf, virðulegi forseti, hefur nú borist Ríkisendurskoðun og hennar vinna er nú í gangi.

Hefði Landssíminn áfram verið fullkomlega opinbert fyrirtæki, hefði þessi leynd í viðskiptum innan fyrirtækisins og við forstjóra eða einstaka stjórnarmenn ekki viðgengist. Þeim hefði borið að leggja allt sitt bókhald og allar sínar ráðstafanir undir reglubundna skoðun Ríkisendurskoðunar og þá kæmist allt upp á borð svipað og átti sér stað við reglubundið eftirlit með bókhaldi Þjóðmenningarhússins og Þjóðskjalasafnsins nýverið sem er í sjálfu sér dapurlegt. Þar þurfti enga rannsóknarblaðamennsku til til að uppgötva sem hefur þó verið raunin í þeim tilvikum sem snúið hafa að Landssímanum.

Sú till. til þál. sem við hér ræðum og flutt er af þingmönnum Samfylkingarinnar um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka embættisfærslu samgrh. og forsrh. í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar og meinta óeðlilega rekstrar- og viðskiptahætti stjórnenda fyrirtækisins er að mati þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fullkomlega eðlileg og vonandi er að hún fái skjóta afgreiðslu í þinginu. Samþykkt hennar mun styðja enn frekar þá ítarlegu rannsókn á þessu ferli öllu sem Ríkisendurskoðun stendur nú að samkvæmt beiðni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og mun skila sér til þingsins. En skýrsla Ríkisendurskoðunar mun skila sér til þingsins þó svo að ríkisstjórnarmeirihlutinn bregði fæti fyrir þessa þáltill. sem hér er til umræðu, sem ég vona þó að hann geri ekki.

Herra forseti. Til kasta Alþingis mun koma þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar kemur. Þá er það Alþingis að bregðast við og axla þá ábyrgð sem hún getur haft í för með sér og þar tel ég að Alþingi megi búa sig undir að taka á og jafnvel betur en það hefur gert við ýmsar skýrslur og ábendingar sem Ríkisendurskoðun hefur lagt fyrir Alþingi. Þar er okkar hlutverk að standa vörð.

Virðulegi forseti. Ég bið þess að þegar búið er að hreinsa hér út, eins og hæstv. forsrh. greindi frá í fréttum áður, og þeir sem þar eiga hlut að máli hafa axlað ábyrgð á þessu klúðri sem nefnt hefur verið með Landssímann þá vona ég að Landssíminn fái frið til að efla og styrkja starf sitt út um allt land fyrir þjóðina alla og verði áfram um ókomna tíð í eigu þjóðarinnar allrar. Það er vilji Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[16:20]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Í niðurlagi greinargerðar með þáltill. þeirri sem hér er til umræðu segir að tilgangur hennar sé að rannsökuð verði öll stjórnsýsla þeirra sem ábyrgð bera á málinu, stjórnenda fyrirtækisins, einkavæðingarnefndar og valdhafa. Flutningsmenn tillögunnar halda því fram að þetta sé eina leiðin til þess að skapa traust á milli Landssímans og þjóðarinnar og forsenda fyrir þeim trúverðugleika sem fyrirtækið þurfi til að rekstur þess geti gengið eðlilega. Á þetta get ég ómögulega fallist heldur virðist mér þvert á móti einsýnt að þessi leið sem lögð er til í tillögunni, að skipa sérstaka pólitíska rannsóknarnefnd, þjóni allra síst þeim tilgangi sem flutningsmenn leggja af stað með. Þessi leið getur aldrei leitt til annars en aukinna pólitískra deilna og ágreinings og er því jafnt í bága við hagsmuni þjóðarinnar og fyrirtækisins. Það hefur ríkt mikil sátt og traust á því eftirlitskerfi stjórnsýslunnar sem komið hefur verið á fót með upplýsingalögum, stjórnsýslulögum og samkeppnislögum, með embætti umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðun.

Geysimikilvægum þætti fjölmiðla og hins almenna borgara má heldur ekki gleyma sem hluta af því eftirlitskerfi sem við styðjumst við.

Sú umræða sem hér fer fram sýnir einmitt í hnotskurn að það kerfi sem við höfum komið á fót virkar vel. En það má auðvitað sífellt gera betur. Hvað Ríkisendurskoðun varðar sérstaklega er ljóst að mikil og víðtæk sátt ríkir um starfsemi og verk þeirrar stofnunar, eða hefur alla vega gert til þessa. Það er hins vegar óheppilegt að ríkisendurskoðandi, sá aðili sem sinnir jafnframt endurskoðun Landssímans, skuli hafa verið með í ráðum á fyrstu stigum um samkomulag handhafa hlutabréfsins í Landssímanum og stjórnarformannsins. En Ríkisendurskoðun hefur margsannað mikilvægi sitt og varðandi stjórnsýsluendurskoðun á Landssímanum þá er hún eini rétti aðilinn til að annast þá stjórnsýsluendurskoðun.

Umræðu um málefni Landssímans má nálgast út frá tveimur mismunandi forsendum. Það má annars vegar nálgast hana út frá faglegri umræðu um stefnu, starfsemi og stjórnun þessa fyrirtækis. Síðan má nálgast hana út frá pólitískum sjónarmiðum. Umræðan sem átt hefur sér stað upp á síðkastið hefur í miklum mæli byggst á pólitískum forsendum, miklu fremur en faglegum. Slík nálgun veldur því að þetta mikilvæga og dýrmæta fyrirtæki þjóðarinnar hefur orðið fyrir áföllum sem hafa ekki síst komið niður á rekstri þess og starfsemi auk þess að hafa haft áhrif á samskipti fyrirtækisins og þjóðarinnar sem hefur í langan tíma notið góðrar þjónustu fyrirtækisins.

En Landssímamálið er auðvitað ekkert eitt mál, herra forseti, heldur heil saga og röð atburða og atvika sem sum hver tengjast með því einu að sögupersónurnar snerta fyrirtækið á einn eða annan hátt, en á mjög misjafna vegu sem séð verður ef yfir söguna er litið.

Nú er hins vegar svo komið að flest er tortryggt og flestir gerðir tortryggilegir sem koma nærri Landssímanum. En starfsfriður og hagsmunir fyrirtækisins hafa skaðast fyrir þetta.

Framan af snerist Landssímamálið um einkavæðingu ríkisfyrirtækis á samkeppnismarkaði sem hluti stjórnarandstöðunnar hér á þingi fann auðvitað allt til foráttu og grætur vitaskuld þurrum tárum yfir því hvernig fór fyrir söluferlinu. Síðan fór málið að snúast um það hver bæri ábyrgð á því að ekki tókst að selja og þegar frá leið og enginn bauðst til að axla ábyrgð fóru menn að kasta henni á milli sín og alvarlegar ávirðingar hafa gengið á víxl.

Á hinn bóginn, í hugum fólksins í landinu, snýst Landssímamálið fyrst og fremst um seinni kafla sögunnar. Það snýst um ráðningarkjör og starfslokasamning fyrrverandi forstjóra og samkomulagið sem hæstv. samgrh. gerði við stjórnarformann fyrirtækisins. Og það snýst um flutning á trjám og sérstakar símalínur í sumarbústað. Það er augljóst að ýmsar þær fjárhæðir fyrir verk og vinnu sem greiddar hafa verið í tengslum við einkavæðingu Landssímans eru auðvitað ofar skilningi allflestra launamanna.

Herra forseti. Almenningur gerir þá kröfu, að ég tel, að þeir sem hafi brugðist trúnaði, brotið starfsskyldur sínar eða lög axli ábyrgð á því. Hæstv. forsrh. hefur sagt að hann telji það langskynsamlegast miðað við allt það sem á undan er gengið að það komi hrein, ný stjórn að málefnum Símans. Ég ætla í sjálfu sér ekki að deila við hæstv. forsrh. um það mat hans. Málefni undanfarinna vikna og mánaða hafa vissulega orðið til þess að veikja tiltrú almennings m.a. á stjórnvöldum og á Landssímanum. Orð hæstv. forsrh. hef ég skilið svo að hann telji að það að hreinsa út alla stjórn Símans sé helst og best til þess fallið að byggja þá tiltrú upp aftur. Annað þurfi þar ekki að koma til. Hins vegar getur það ekki verið ætlun hans að fella ábyrgðina á því sem heitir í hugum alls almennings Landssímamál á þá fáu menn sem eftir sitja í stjórn fyrirtækisins. Störf þeirrar stjórnar og þeirra sem þar sitja eru auðvitað ekki hafin yfir gagnrýni en meiri hluti stjórnarinnar hefur ekkert það sér til sakar eða vansa unnið að fá frá hæstv. forsrh. þessa kveðju. Á hinn bóginn hafa margar lykilákvarðanir verið teknar af öðrum og fram hjá þessari stjórn, svo sem samningur hæstv. samgrh. við stjórnarformanninn um greiðslur fyrir ráðgjafarstörf við fyrirtæki hans og fimm ára ráðningarkjör forstjórans fyrrverandi.

Því hefur verið haldið fram, og m.a. í umræðu inni á þingi, að þessar ákvarðanir og ráðstafanir séu ólöglegar. Því hefur líka verið haldið fram að þó að stjórn Landssímans hafi ekkert um þetta fengið að vita þá beri hún samt sem áður samkvæmt hlutafélagalögum alla ábyrgð á þessum ákvörðunum. Það hlýtur að koma nokkuð spánskt fyrir sjónir að stjórninni sé ætlað, ef svo má að orði komast, að bera ábyrgð upp fyrir sig. Hún ber ekki ábyrgð á íhlutun handhafa hlutabréfsins, fulltrúa eina hlutabréfsins til skamms tíma, í þau störf eða viðfangsefni sem í öllum venjulegum hlutafélögum heyra undir verksvið og ábyrgð stjórnar. Staðhæfingar um að slíkar ákvarðanir séu ólöglegar verður líka að skoða í því ljósi að hluthafinn er einn. Ákvæði hlutafélagalaga taka meira og minna mið af því að verja hluthafana innbyrðis og horfa eftir atvikum öðruvísi við í tilvikum eins hluthafa. Þannig er ekki óeðlileg sú túlkun að þeim sem fór með eignaraðild ríkisins hafi verið heimilt að taka ákvarðanir um tiltekin málefni sem samkvæmt lögum og samþykktum félagsins voru ekki undan valdsviði hluthafafundar tekin, enda væri formkröfum fylgt og ákvörðunin sannanleg og skjalfest.

Samkvæmt hlutafélagalögum ber stjórn Landssímans fyrst og fremst ábyrgð gagnvart fyrirtækinu. Hún fer með æðsta vald í málefnum fyrirtækisins á milli hluthafafunda, annast stefnumótun og sér til þess að starfsemi sé í réttu og góðu horfi. Hún hefur eftirlit með fjármunum og bókhaldi félagsins. Hæstv. samgrh. og stjórnarformanni bar vegna eftirlitsskyldu stjórnar með framkvæmdum auðvitað að segja stjórninni frá samkomulaginu sem þeir gerðu með sér um ráðgjafarstörf þess síðarnefnda og í rauninni hefði verið eðlilegast að forstjórinn, sem samkvæmt starfi sínu ber ábyrgð á framkvæmd þessa samnings, hefði kynnt stjórninni efni hans. Með því hefði mátt koma í veg fyrir þann trúnaðarbrest sem varð á milli stjórnarinnar annars vegar og aðila að þessu samkomulagi hins vegar. Á sama hátt ber stjórnarformaður ábyrgð á því að hafa ekki upplýst stjórnina um að honum hafi verið falið af handhafa hlutabréfsins að semja við nýjan forstjóra til fimm ára.

En í umfjöllun um ábyrgð á mismunandi ólíkum málum sem tengjast Landssímanum ber líka að varast að blanda saman störfum og ábyrgð einkavæðingarnefndar og störfum og ábyrgð stjórnar Landssímans. Á höndum stjórnenda fyrirtækisins var að undirbúa það fyrir sölu og það voru fjölmargir starfsmenn sem unnu undir miklu álagi vikum og mánuðum saman að því að ljúka þeim verkþáttum sem undir fyrirtækið sjálft heyrðu svo hægt væri að standa við þau tímamörk sem því voru sett í öllu einkavæðingarferlinu. Ríkisstjórnin, að ráðum einkavæðingarnefndar, tók síðan þá ákvörðun að slá sölunni á frest. Formaður nefndarinnar gaf m.a. upp þá ástæðu fyrir að leggja frestunina til að hann hafði ekki viljað láta sölu Landssímans rekast á við útboð annars fjarskiptafyrirtækis. Hann hlýtur að bera ábyrgð á hagsmunamatinu sem lá til grundvallar þeirri ráðgjöf. Á hinn bóginn mælir öll sanngirni með því að menn hafi það hugfast að margar ástæðurnar fyrir því að einkavæðingaráform Landssímans hafa enn ekki gengið eftir eru án allrar ábyrgðar eða sakar nokkurs þess sem til sögunnar hefur verið nefndur.

Herra forseti. Öll starfsemi og rekstur Landssímans hefur breyst og þróast mikið á liðnum árum og hún mun gera það áfram á næstu missirum og árum. Stjórnendur fyrirtækisins þurfa að vera óháðir pólitískum afskiptum og fá tækifæri til að stjórna fyrirtækinu án þess að standa sífellt í pólitískri orrahríð. Stofnanaímynd fyrirtækisins verður að breytast og dreifðari eignaraðild á Símanum er ein leið til þess að ná þessum markmiðum þannig að fyrirtækið geti betur starfað líkt og gerist með önnur stór og öflug almenningshlutafélög.

Herra forseti. Í stað þess að Alþingi fallist á þessa tillögu um pólitískan rannsóknarrétt á að halda áfram að byggja á því eftirlitskerfi sem hefur verið í mótun á undanförnum árum. Það hefur virkað vel og engin ástæða er til að víkja frá því með því að setja upp pólitíska leiksýningu.

[16:30]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson tók fram að einkavæðing Landssímans hefði ekki beðið skipbrot. Vera kann að það sé ekki algert skipbrot en skútuna þessa hefur rekið á reiðanum og borið upp á sker hvort sem tekst að ná henni út aftur eður ei. En á Guðna Ágústssyni hæstv. landbrh. var ekki að heyra að það stæði til í bráð.

Það má með sanni segja að þessar einkavæðingartilraunir með Landssíma Íslands séu orðnar ærið skrautlegar svo ekki sé meira sagt. Hefur maður þó dæmi um ýmislegt sem

sérkennilega hefur verið framkvæmt í þeim sökum og nægir að nefna gjafasölur SR-mjöls, Síldarverksmiðja ríkisins og Þormóðs ramma á Siglufirði. Af fleiru er að taka af því sem menn hafa ekki gætt sín. Við skulum kenna því um að menn hafi ekki haft nóga undirstöðuþekkingu á framkvæmd málanna.

En hér gefur að líta dæmi sem er alveg dæmalaust, a.m.k. í íslenskri stjórnmálasögu og í viðskiptasögu landsins. Viðhorf manna til markaðsbúskapar er orðið mjög mikið breytt frá því sem áður var. Meira að segja vinstri menn, sem lengi trúðu á miðstýringuna, hafa breytt um stefnu. Vinstri grænir eru nú þeirrar skoðunar að það eigi að markaðsvæða sjávarútveginn og fylkja þar liði með Samfylkingunni og Frjálslynda flokknum.

En hverjir skyldu ekki vilja fallast á þá aðferð árið 2002? Þegar ég átti heima í Sjálfstfl. var frjáls markaðsbúskapur talinn undirstaða velferðarríkisins, hvorki meira né minna. Frjálst framtak einstaklingsins var höfuðboðskapur og hin frjálsa samkeppni. Þetta voru höfuðstefnumál Sjálfstfl. — í orði kveðnu virðist vera eins og nú er komið. Ég hirði ekki um að nefna viðhengið, Framsfl., í þessu sambandi. Þar er allt á eina bókina lært hvort sem er. En svo við nefnum aðalatvinnuvegina, hvernig hefur tekist til með einkavæðinguna í þeim, um markaðsbúskapinn, markaðssetninguna? Þar flytur stjórnarandstaðan á Alþingi tillögu um að bjóða veiðiheimildir upp, að markaðsvæða þetta með eðlilegum hætti, en Sjálfstfl. og viðhengi hans vilja útdeila þessu, miðstýra þessu.

Ekki nóg með að þeir vilji miðstýra þessu heldur stjórna því á þann veg að aðeins fáir fái notið afrakstursins, að einstaka menn og gæðingar fái fénýtt sér til eigin handa þessa aðalauðlind landsins. Það sýnir ekki mikinn áhuga hjá hæstv. ráðherrum að hér voru umræður á mánudag og þriðjudag um þetta mikla örlagamál íslensku þjóðarinnar en sjútvrh. var aleinn mættur allan tímann, aleinn mættur. Kannski er formsatriði að leggja þetta fyrir Alþingi. Forráðamenn þjóðfélagsins eru búnir að semja við LÍÚ-herrana.

Hæstv. landbrh. var við annan ráðherra í gær að ræða mikið örlagaatvinnumál, sauðfjárbúskapinn í landinu. Hann lýsti yfir í byrjun máls síns að sauðfjárbændur væru fátæk stétt í landinu. Hann hefði kannski mátt aðeins bæta við þessa yfirlýsingu, t.d. því að Framsfl. hefði haft meginstefnumótun með höndum frá því að hann var stofnaður, í 85 ár, og góða samvinnu og nákvæma við Sjálfstfl. frá 1940. Þá hefðu menn vafalaust sperrt eyrun því þannig er þetta. Þannig er það að Framsfl. hefur borið meginábyrgð á mikilvægustu hagsmunamálum þessarar stéttar og samt er komið sem komið er og Sjálfstfl. hefur gengið undir það jarðarmen.

Hér er sótt mjög að hæstv. samgrh. Það er óþarft. Hann hefur ekkert af sér brotið að minni hyggju. Hann hefur verið leiðitamur og gengið fyrir fyrirskipunum og fyrirmælum allsherjargoðans, Davíðs Oddssonar. Hverjir eru það sem þarna hafa aðallega um vélt? Allt saman ungar úr eggjum Davíðs Oddssonar, allir fyrirsvarsmennirnir sem bera höfuðábyrgð á þessu og raunar veit samgrh. hvað biði hans ef hann ekki hlýddi í einu og öllu. Ungar úr eggjum hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, hugsjónafræðings og hugmyndasmiðs Sjálfstfl., sem kennir nýfrjálshyggjuna, hina nýju auðvaldsstefnu, sem allt á að sveigja undir.

Sá sem hér stendur er einkavæðingarsinni en ekki skilmálalaust. Ég ætla að rifja upp þegar rætt var um einkavæðingu Landssímans og bankanna. Þá var því lýst yfir mjög skilmerkilega að það væri stefna ríkisstjórnarinnar núverandi að eignaraðild að þessum fjármálastofnunum yrði dreifð. Því var einnig lýst yfir í sambandi við einkavæðingu Landssímans. Hvernig er þessum málum komið? Þetta var eitt af grundvallarskilyrðum þess að sá sem hér stendur gæti fylgt einkavæðingu þessara fyrirtækja. Allt hefur þetta farið á annan veg. Síðast var sóst eftir erlendum fjárfesti til að reka og eignast stjórnarmeirihluta í Landssímanum sjálfum þótt ekki væri þar nema um 25% eignaraðild að tefla. Þetta er fráhvarf frá boðaðri stefnu, stefnu sem olli því til að mynda á sínum tíma að starfsmenn bankanna tóku vel við sér að vinna að einkavæðingunni.

Menn minnast þess kannski þegar samgrh. okkar sté í pontu til að svara gagnrýni á það að Landssíminn hefði ekki verið seldur þegar gengi hans var hæst. Þá lýsti hann því yfir að hann hefði helst ekki getað hugsað sér að standa frammi fyrir mönnum sem hefðu keypt á hágengi og hefðu svo tapað á hlutabréfunum sínum rétt á eftir. Forsrh. tók undir þetta og ég heyrði ekki betur en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson væri að kyrja sama söng. Hvers fulltrúar eru þessir menn? Eru þeir fulltrúar eignar landsmanna sem verið er að selja eða eru þeir með augun á hag og velferð þeirra sem kaupa? Ætli það gildi þá líka um þann útlenda?

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gat þess að ef lífeyrissjóðirnir hefðu keypt hefði það leikið þá illa. En hvers vegna ekki að gefa þeim Landssímann til þess að efla þá svo að um munar? Þessi rök standast ekkert, þau ganga öll á misvíxl eins og sjá má ef menn íhuga málið kostgæfilega. Landssímamálið og einkavæðingartilraunir hans eru heiftarklúður hvernig sem á það er litið. Svo kemur allsherjargoði og tilkynnir: 150 millj., við vinnum það bara upp seinna. Við græðum á honum seinna. Þetta er allt í besta lagi og það er eiginlega betur af stað farið en heima setið, eftir því sem mér heyrist á honum. Til lukku með það og ég bið hæstv. landbrh. að skila þeim hamingjuóskum mínum.

Nei, þetta er heiftarklúður sem vandséð er hvernig verður greitt úr. Fulltrúi Framsfl., hæstv. landbrh., lýsti því að hér yrði öllu slegið á frest. Sá frestur getur varla orðið skemmri en til næstu kosninga og þá er að sjá hvernig á málinu verður tekið.

Það er afstaða okkar í Frjálslynda flokknum að vilja fylgja þessari tillögu sem hér liggur fyrir. Við teljum að hún gæti mjög greitt úr þessu máli og eigandi þessa stóra fyrirtækis á kröfu á að fá allt málið upp á borðið og það skýrt í smáatriðum. En ég veit hins vegar, og ætla að gerast spámaður að því leyti sem það er sannfæring mín, að þetta mál verður aldrei tekið úr nefnd ef því verður þá vísað þangað. Það sýnir í sjónhendingu sannleiksást og frjálslyndi valdhafanna en þó kannski öllu fremur hræðslu þeirra við að allur sannleikurinn í þessu máli komi upp á borðið og verði lýðum ljós.

[16:42]

Útbýting þingskjals:

Lögskráning sjómanna, 563. mál, nál. samgn., þskj. 920.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:42.

91. FUNDUR

fimmtudaginn 7. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skipun rannsóknarnefndar í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar, þáltill., 554. mál, þskj. 872. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Póstþjónusta, stjfrv., 168. mál, þskj. 875. — 3. umr.
3. Loftferðir, stjfrv., 252. mál, þskj. 690, brtt. 861. — 3. umr.
4. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 563. mál, þskj. 883, nál. 920. — 2. umr.
5. Skylduskil til safna, stjfrv., 228. mál, þskj. 254, nál. 858, brtt. 859. — 2. umr.
6. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392, nál. 869. — 2. umr.
7. Endurskoðendur, stjfrv., 370. mál, þskj. 566, nál. 870, brtt. 871. — 2. umr.
8. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 550. mál, þskj. 863. — 1. umr.
9. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884. — 1. umr.
10. Tollalög, stjfrv., 576. mál, þskj. 903. — 1. umr.
11. Landgræðsla, stjfrv., 584. mál, þskj. 913. — 1. umr.
12. Landgræðsluáætlun 2003–2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873. — Fyrri umr.
13. Stimpilgjald, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
14. Fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
15. Lagaráð, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
16. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr.
17. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Mannabreytingar í fastanefndum og alþjóðanefndum.

[10:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ákveðið eftirfarandi breytingar á skipun þingmanna Sjálfstfl. í fastanefndir og alþjóðanefndir Alþingis, sbr. 16. gr. þingskapa:

Í staðinn fyrir Tómas Inga Olrich koma í utanrmn. Sigríður A. Þórðardóttir, í heilbr.- og trn. Einar Oddur Kristjánsson, í fjárln. Ásta Möller.

Í menntmn. kemur Gunnar Birgisson í stað Sigríðar A. Þórðardóttur.

Í Íslandsdeild NATO-þingsins aðalmaður Árni R. Árnason, varamaður Gunnar Birgisson, í Íslandsdeild Evróputáðsins varamaður Kjartan Ólafsson.

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Eiturefni og hættuleg efni, 587. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 917.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 473. mál, svar utanrrh., þskj. 897.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 479. mál, svar sjútvrh., þskj. 896.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 480. mál, svar landbrh., þskj. 916.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 579. mál, frv. KPál og EOK, þskj. 906.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 919.

Samgönguáætlun, 384. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 918.

Athugasemdir um störf þingsins.

Mótvægisaðgerðir í efnahagsmálum.

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í svari hæstv. forsrh. sem dreift var í gær á Alþingi um mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áhrifa af Kárahnjúkavirkjun og álversframkvæmdum kemur fram að ekki sé ósennilegt að á árunum 2002–2005 þurfi stýrivextir að jafnaði að vera 1–2,5% hærri en ella vegna verðbólguáhrifa og þenslu sem af framkvæmdunum leiðir og um 2,5% hærri í upphafi tímabilsins, þ.e. þegar á þessu ári. Þetta er miðað við að ríkisstjórnin grípi ekki til neinna aðhaldsaðgerða á ríkisfjármálasviðinu og að verðbólgumarkmið Seðlabankans um 2,5% verðbólgu haldi. Verði þetta niðurstaðan getur það haft veruleg áhrif á skuldir fyrirtækja og heimila, ekki síst íbúðakaupenda því áhrifin geta m.a. komið verulega fram í afföllum á húsbréfum.

Ótækt er að Alþingi verði ekki gerð grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa mats Seðlabankans á vaxtahækkun áður en frv. um Kárahnjúkavirkjun sem nú liggur fyrir þinginu verður afgreitt en efh.- og viðskn. fjallar nú um efnahagslega hluta málsins og mun væntanlega afgreiða málið frá sér á næstu dögum. Áður en það verður afgreitt spyr ég því hæstv. forsrh. hvort hann muni gera þinginu grein fyrir því til hvaða mótvægisaðgerða í efnahagsmálum ríkisstjórnin hyggist grípa. Með verkalýðshreyfinguna í broddi fylkingar eru menn að glíma við að halda verðbólgunni innan rauðu strikanna í maímánuði nk., og m.a. er ákaft kallað eftir vaxtalækkun. Því gengur það ekki ef miklar vaxtahækkanir eiga svo kannski að ganga yfir síðsumars með afar slæmum afleiðingum fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu.

Ég spyr líka hæstv. forsrh. hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að Seðlabankinn svari þeirri spurningu sem ekki er svarað í fyrirspurninni vegna tímaskorts, hversu umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar þurfi að vera í opinberum rekstri og framkvæmdum til að verðbólgumarkmiðin haldi og komið verði í veg fyrir vaxtahækkanir.

[10:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Nauðsynlegt er vegna þessarar spurningar hv. þm. að ítreka það sem segir í svari Seðlabankans — það sem þingmaðurinn nefndi varðandi vexti er háð miklum fyrirvörum því að í plaggi Seðlabankans segir, með leyfi forseta:

„Leggja verður ríka áherslu á að það mat sem hér fer á eftir er afar mikilli óvissu háð og aðeins til viðmiðunar. Áhrifin geta að verulegu leyti ráðist af ástandi þjóðarbúskaparins þegar framkvæmdir hefjast og öðrum ytri áhrifum sem þjóðarbúið verður fyrir meðan á þeim stendur."

Síðan er farið yfir þetta og einnig vakin athygli á því, sem miklu máli skiptir, með hvaða hætti fjármögnunin verður, hvenær hún kemur, hvort hún er innlend eða erlend o.s.frv. Hér eru margir fyrirvarar gerðir. Þess vegna er óviðunandi að hv. þm. slái því föstu að vaxtastigið verði 1–2,5% hærra þó að það sé nefnt sem möguleiki ef ekkert annað gerist á móti. Ég legg á það áherslu að um leið og menn sjá fyrir endann á ákvörðunarferlinu varðandi virkjun fyrir austan hafi menn tíma og tök til að stuðla að því að jafnvægi náist með því að hafa áhrif á aðrar framkvæmdir ríkissjóðs og einnig beina því til einkaaðila, stórra fjárfesta og annarra slíkra aðila, að þeir með sama hætti hafi aðgát á þeim tíma sem slík verkefni standa yfir enda er það í þágu allra annarra að vera ekki að spenna upp atvinnulífið meðan slík stórframkvæmd stendur yfir. En við skulum athuga eitt og vera klár á því að þetta er ekki enn þá í hendi. Við bindum vonir við þetta en þessar framkvæmdir eru ekki enn þá í hendi. Samningar hafa ekki verið undirritaðir enn þá og fyrr en það er gert er ekki ástæða eða efni til þess að fara að grípa til mótvægisaðgerða.

[10:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir skriflegt svar forsrn. sem liggur fyrir þinginu þótt það sé um margt mjög mótsagnakennt. Í munnlegu svari sínu leggur hæstv. forsrh. núna áherslu á alla þá óvissuþætti sem málinu tengjast.

En um eitt eru menn sammála: Verði ráðist í þessar framkvæmdir eru talsmenn Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka á einu máli um að við þyrftum að brjótast í gegnum mikinn öldufald. Síðan segja þeir: Fram undan er lygn sjór. Þegar við komumst þangað verður allt í himnalagi. En er þetta svoleiðis? Ég held ekki.

Á þessu ári hafa vextir verið lækkaðir einu sinni, um 0,8%. Bæði atvinnulífið og heimilin kalla á miklu meiri vaxtalækkun. Nú er verið að tala um mögulega vaxtahækkun upp á 2–2,5%. Vita menn hvað þetta þýðir fyrir skuldsett heimili, fólk sem skuldar um 10 millj. kr. íbúðalán? Það er 200 þús. kr. aukaskattur á hverju einasta ári. Til hvaða mótvægisaðgerða ætlar ríkisstjórnin að grípa fyrir hönd heimilanna ef þessi yrði raunin?

Síðan verð ég að segja það, herra forseti, að í því svari sem hér liggur fyrir þinginu er margt mjög mótsagnakennt. Þannig eru annars vegar leiddar að því líkur að í aðdraganda og á fyrstu stigum framkvæmda muni gengi krónunnar hækka og verðbólga lækka. Annars staðar í svarinu er hnykkt á því að umtalsverðar gengisbreytingar verði fylgifiskur framkvæmdanna. Síðan segir að í útreikningum Þjóðhagsstofnunar sé stuðst við óbreytt gengi.

Herra forseti. Hér er um svo mótsagnakenndar yfirlýsingar og fullyrðingar að ræða að það er ljóst að við þurfum að fara miklu betur í saumana á þessum málum í efh.- og viðskn. þingsins áður en þau verða tekin út úr nefnd og send þinginu til afgreiðslu.

[10:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Svör Seðlabankans við spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur lýsa í hnotskurn vanda sem efnahagslífið á Íslandi á við að glíma. Bankinn sér engin önnur úrræði en himinháa vexti til að halda sjó og koma í veg fyrir nýjar gengisfellingar og verðbólguöldur. Það á að halda áfram að stýra með neyðarstýrinu eins og gert hefur verið viðvarandi, í mörg ár. En það er umhugsunarefni hvort það virkar nokkurn skapaðan hlut vegna þess að allir sem taka þátt í leiknum eru hættir að trúa því að vextir lækki nokkurn tíma á Íslandi. Vegna þess að allir sem taka þátt í leiknum eru hættir að trúa þessu halda menn áfram að fjárfesta út frá því að svona verði þetta áfram. Það er orðið ljóst að bankinn ætlar ekki að nýta tímann fram að næsta spennutíma í efnahagslífinu til að lækka vexti og koma á einhverju ásættanlegu horfi.

Þessi hávaxtastefna er orðin þjóðinni dýr á undanförnum árum. Almenningur er skuldsettari en gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Hann er reyndar skuldsettari en fyrirfinnst í vestrænum samfélögum. Hávaxtastefnan kemur þess vegna við íslensk heimili af miklum þunga en almennt atvinnulíf í landinu hefur þó mest skaðast af þessu. Í því óstöðuga hagkerfi sem hér ríkir eru þessir vextir óásættanlegir. Himinháir vextir, gengisfellingardýfur og gengishækkunarhrinur eru það umhverfi sem íslensk hagstjórn færir íslenskum fyrirtækjum til að lifa í. Ætlast er til að þessi fyrirtæki geti svo keppt við innflutning frá öðrum löndum og í útflutningi við fyrirtæki sem búa við lága stöðuga vexti og trausta gjaldmiðla. Það að stjórnvöld skuli ekki geta stjórnað efnahagsmálum betur en raun ber vitni er mikið umhugsunarefni og helsta ástæða þess að margir hallast að því að betra væri að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Þessi krafa mun magnast og verða sérstaklega sett af atvinnulífinu með vaxandi þunga ef svo fer fram sem horfir í þessum efnum. Tíminn er að renna út hjá stjórnvöldum á Íslandi.

[10:42]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að taka undir þakkir til forsrh. fyrir það svar sem hér hefur birst. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í efh.- og viðskn. um nokkurt skeið og við stefnum að því í þeirri nefnd að ljúka umfjöllun um hinn efnahagslega þátt málsins á fundi í fyrramálið og skila þá af okkur umsögn til iðnn.

Þegar fólk hefur rætt um hugsanleg vaxtaáhrif áttar það sig ekki á að Seðlabankinn er að tala um áhrif á stýrivexti. Stýrivextirnir hafa fyrst og fremst áhrif á skammtímavexti og kjör á skammtímalánum en miklu síður áhrif á langtímavexti eða áhrif á vexti af verðtryggðum lánum. Þess vegna er það algerlega út í loftið hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að tala um að 2% hækkun á stýrivöxtum hafi svo og svo mikil áhrif eða sambærileg áhrif á vaxtakjör af húsnæðislánum eða slíkum lánum. Það mat sem kemur þarna fram á aukningu á vaxtabyrði heimilanna er algerlega út í loftið miðað við þau tilefni sem hér er verið að ræða um.

Eins verður að hafa í huga að þessi framkvæmd fer inn á svæði þar sem erfiðleikar eru í atvinnulífi og í rauninni víða mjög dulið atvinnuleysi. Þensluáhrif af slíkri framkvæmd

ef hún fer inn á slíkt svæði eru hvergi nærri því þau sömu eins og þegar verið er að fara með svona framkvæmd inn á yfirspenntan vinnumarkað. Þess vegna tel ég að ástæða sé til að búast við því að þensluáhrif af þessari framkvæmd verði tiltölulega miklu minni en annars mætti búast við, og það að þessi framkvæmd muni nýtast ekki bara Austfirðingum heldur þjóðinni allri og vera til mikilla heilla.

[10:44]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þó að þakka megi það svar sem hér liggur fyrir ber að gagnrýna það um leið. Það gerir fátt annað en að staðfesta þá gífurlegu óvissu sem ríkir um þessar fyrirhuguðu framkvæmdir sem ríkisstjórnin ætlar nú að ana út í.

Það er Seðlabankinn sem svarar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur en ekki hæstv. forsrh. og á því ber að vekja athygli. Seðlabankinn notar í þessu svari sínu minnisblað frá Þjóðhagsstofnun um meinta arðsemi eða efnahagsleg áhrif Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði. Seðlabankinn tekur fram í svari sínu að það sé ekki mögulegt að svara til fullnustu þeim spurningum sem lagðar eru fram af hv. þm. á þeim skamma tíma sem er til stefnu. Ekki hafi tekist að fá í tíma aðgang að öllum gögnum sem nauðsynleg séu til að leggja sjálfstætt mat á áhrif verkefnisins, og nú spyr ég hæstv. forsrh.: Ætlar hæstv. forsrh. að samþykkja það sem hv. formaður efh.- og viðskn. gaf yfirlýsingu um hér áðan að nefndin afgreiði efnahagslegan þátt málsins frá sér á morgun áður en þau gögn sem Seðlabankinn segir að vanti til þess að hægt sé að meta áhrif þessara framkvæmda liggja fyrir? Við verðum, herra forseti, að fá svör við því frá hæstv. forsrh.

Sömuleiðis vil ég vekja athygli hv. þingmanna á greinargerð um efnahagslega og samfélagslega þætti matsskýrslu um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands segir fullum fetum í niðurlagi þessarar greinargerðar að áætluð áhrif Noral-verkefnsins ráðist að verulegu leyti af því hvernig efnahagsástand í landinu verði þegar framkvæmdir hefjast. Þar kemur líka fram að stjórnvöld þurfa að móta stefnu sem tryggi stöðugleika og dragi úr verðhækkunum áður en verkefninu verður hrint í framkvæmd. Hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn gera það? Um það verða að liggja fyrir upplýsingar áður en mál af þessari stærðargráðu eru rifin út úr þingnefndum.

[10:46]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hér eru til umræðu. Það hlýtur að vekja furðu að hv. þingmenn stjórnarandstöðu skuli koma og gagnrýna að óvissa liggi í málinu. Hér er verið að ræða um milljarða fjárfestingu sem í fyrsta lagi liggur ekki í hendi. Það er verið að semja, verið er að reyna að landa einu af mikilvægustu málum þjóðarinnar.

Vissulega eru þar óvissuþættir í mikilli fjárfestingu sem munu, ef af verður sem við sannarlega skulum vona, taka langan tíma. Hvernig á ríkisstjórn og Alþingi að bregðast við? Það hlýtur að verða skoðað af ástandi efnahagsmála og atvinnulífinu almennt á hverjum tíma því framkvæmdin tekur mörg ár. Það hlýtur því að verða að skoða mótvægisaðgerðir í fjárlagagerð hvers árs sem þessar miklu framkvæmdir taka. Stýrivextir eru það sem á í rauninni að horfa á og hafa langtímaáhrif fyrir þjóðarbúið í heild sinni. Rétt er að draga það fram að því er m.a. spáð að ef af framkvæmdum verður muni það auka landsframleiðslu um allt að 1,5% sem dregur jafnframt úr þeim sveiflum sem hafa einkennt efnahagslíf Íslendinga. Þar af leiðandi hlýtur þetta ekki aðeins að vera jákvæð byggðaaðgerð heldur líka jákvæð efnahagsaðgerð til lengri tíma.

Ég vil vekja athygli á því vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að á miðstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands var eindregið mælt með því að farið yrði út í þessar framkvæmdir vegna þess að Alþýðusambandið sér hið jákvæða fyrir efnahagslífið, fyrir atvinnulífið og fyrir byggðarlögin í landinu.

[10:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er rangt sem hæstv. forsrh. hélt fram að ég væri að slá því föstu að vextir mundu hækka um 1–2,5% frá árinu í ár fram til ársins 2005. Það sem ég sagði var — og vitna þar í svar Seðlabankans — að ekki sé ósennilegt að vextir muni þurfa að hækka um 1–2,5% og það þegar í sumar eða haust um 2,5% ef verðbólgumarkmiðin sem Seðlabankinn hefur sett sér eiga að haldast og ef ekki koma til aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar á ríkisfjármálasviðinu. Þar erum við að tala um á mannamáli niðurskurð á opinberum framkvæmdum eða niðurskurð á velferðarkerfinu ef á annað borð verði ráðist í þessar framkvæmdir.

Það sem við erum að kalla eftir sem eigum að fara að taka afstöðu til þessa máls er hvort og hvaða aðgerða ríkisstjórnin muni grípa til ef til kemur að ráðist verði í þessar framkvæmdir og ef til kemur að slíkar vaxtahækkanir þurfi að ganga fram. Mun ríkisstjórnin bregðast við með þeim hætti til að slíkar vaxtahækkanir upp á allt að 2,5% þurfi ekki að ganga fram, að koma með aðgerðir á ríkisfjármálasviðinu? Og hverjar verða þá þær aðgerðir? Það er ekkert óeðlilegt, herra forseti, að þingmenn séu að kalla eftir slíkum upplýsingum. Þetta er ekkert smátt ef vextirnir eiga að fara að hækka um 2,5% kannski þegar í haust. Menn eru með væntingar núna um vaxtalækkanir upp á 0,5–1%. Þær ganga kannski fram og svo skömmu síðar þurfa vextir að hækka kannski um 2,5%. Ég spyr: Hvað segir ASÍ sem hefur verið að kalla eftir vaxtalækkunum um það ef þetta hefur þessi áhrif? Við erum að tala um að ef verðbólgan þarf að hækka um 2% ef ekkert verður að gert, þá munu skuldir heimila og fyrirtækja hækka um 20 milljarða ef við sjáum 2% verðbólgu og bregðumst ekki við á ríkisfjármálasviðinu eða með vaxtabreytingum. Þess vegna er eðlilegt að kallað sé eftir þessum upplýsingum og ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hann bregðast við og svara því til hvaða aðgerða þurfi að grípa? Og ég spyr um það sem ráðherrann svaraði ekki áðan: Mun því verða svarað um tölulið 4a sem ég nefndi hér áðan?

[10:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Varðandi þann lið sem hv. þm. nefndi síðast, þá tók ég fram að það yrði nægur tími þegar þessar upplýsingar lægju fyrir til að fjalla nánar um mótvægisaðgerðir.

Varðandi það hvort efh.- og viðskn. eigi að afgreiða málið eða ekki, þá gef ég engin fyrirmæli um það. Það er nefndarinnar að ákvarða það. En ég hlýt að vekja athygli á því að það sem nefndin er að skoða eru auðvitað langtímaáhrif þessara virkjana en ekki þær sveiflur sem kunna að verða meðan 200 milljarða framkvæmd gengur yfir. Þær sveiflur hafa ekki áhrif á þá endanlegu ákvörðun hvort við styðj-

um þessa virkjun eða ekki heldur langtímaafleiðingar slíkra framkvæmda.

Þegar menn tala um að þessar framkvæmdir geti leitt til þess að gengið falli og hrynji, þá er það auðvitað hrikalegt bull að láta slíkt út sér vegna þess að hér erum við að leggja drög að því að stofna til stórkostlegs atvinnureksturs sem leggur útflutningi Íslendinga lið. Það er algerlega augljóst að slík framkvæmd til lengri tíma litið er til þess fallin að styrkja íslenska gengið en ekki veikja það. Það held ég að hver maður sjái í hendi sér. Öflugur útflutningsiðnaður sem rís á Íslandi er til þess fallinn til lengri tíma að styrkja stöðu íslenska gengisins en ekki veikja það. Það er alveg fráleitt að halda öðru fram.

Eins og komið hefur fram áður, þá er það svo þegar slík framkvæmd gengur yfir á einhverjum ákveðnum tímabilum, þegar 200 milljarða framkvæmd stendur yfir, þá verða einhverjar sveiflur til og frá í efnahagsstöðu okkar af því að efnahagskerfi okkar er opið og frjálst. Það er ekkert við því að segja. Það er ekkert nema gott um það að segja. Meginatriðið er að þessi framkvæmd komist á. En eins og ég segi og ítreka, hún er ekki enn þá í hendi. Við erum hins vegar að reyna að leggja grundvöll að þeirri framkvæmd en hún er ekki enn þá í hendi. Við verðum að hafa það í huga.

Tilhögun þingfundar.

[10:53]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess varðandi þinghald í dag að að því er stefnt að atkvæðagreiðsla um nokkur fyrstu dagskrármálin, að undanskildu því fyrsta sem nú fer fram atkvæðagreiðsla um, verði eftir matarhlé, þ.e. um kl. 13.30.

Skipun rannsóknarnefndar í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 554. mál. — Þskj. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Póstþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 875.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 563. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 883, nál. 920. [10:55]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 920 er nál. frá samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum. Þar segir svo:

Með frumvarpinu er lagt til að frestur sjómanna til að sækja lögboðna öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum aðila verði bundinn við þá dagsetningu sem sjómaður er skráður á námskeið í skólanum.

Námskeið í öryggisfræðslu er eitt af skilyrðum lögskráningar. Erfiðlega hefur þó gengið að fá sjómenn til að sækja þessi námskeið og hafa margir hverjir oft frestað töku þess og komist upp með það framan af svo sem rakið er í athugasemdum við frumvarpið.

Frumvarpið er lagt fram til að bregðast við því ástandi sem skapast hefur eftir að lögskráningarumdæmi fóru að synja mönnum um lögskráningu á þessum grundvelli um síðustu áramót, en síðan þá hafa orðið til miklir biðlistar á námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna.

Ljóst er að þau tilvik geta komið upp þar sem óviðráðanlegar aðstæður valda því að sjómaður sem fengið hefur frest samkvæmt frumvarpinu getur ekki sótt námskeið sem hann hefur skráð sig á. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem málið varðar bregðist við slíkum aðstæðum þannig að það valdi sem minnstri röskun á stöðu og högum viðkomandi sjómanns og mælist nefndin til þess að þetta verði haft í huga.

Nefndin leggur til smávægilega orðalagsbreytingu á 1. gr. frv. sem kemur fram á þingskjalinu.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málins en þeir sem undirrita nál. eru hv. þm., sá er hér stendur, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Sigríður Ingvarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jónas Hallgrímsson, Kristján L. Möller og Jón Bjarnason með fyrirvara.

[10:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna er hér til 2. umr. og hv. formaður samgn. hefur mælt fyrir nál. frá samgn. Ég er með nokkurn fyrirvara við nál. sem ég vil gera örstutta grein fyrir.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að að mínu mati eins og kemur fram í nál. og í frv. eru öryggismál og fræðsla í öryggismálum afar mikilvæg og eitt af grundvallaratriðum fyrir okkar mikilvæga atvinnuveg allra landsmanna að bæði sé stöðug og öflug grunnfræðsla fyrir þá sem eru að fara að stunda þennan atvinnuveg og starfa í honum. Það er forsenda fyrir því að hann geti blómgast og dafnað og orðið við þeim væntingum sem við berum til hans.

Einnig ber að leggja áherslu á aukna endurmenntun í þessari grein, í öryggismálum sjómanna. Það ber að efla og auka alla menntun á þessu sviði og þar verður seint of vel gert.

Frumvarpið sem nú er til umræðu leggur einmitt áherslu á að það verði skylda að sjómenn sæki slík námskeið áður en þeir fá fulla og endanlega lögskráningu á skip og ég styð það sjónarmið og finnst eðlilegt að gerðar séu þær kröf-

ur í þessum atvinnuvegi sem öðrum og ekki síst í þessum atvinnuvegi.

Það sem ég vil leggja áherslu á og gera athugasemd við er að rekstur slíkra námskeiða á að meginhluta að standa undir sér með gjöldum af þátttakendum. Að meginhluta er lagt til að svo sé. Þetta er töluverður kostnaður. Bæði námskeiðsgjald og einnig líka atvinnutöf fyrir þá sem verða af atvinnu á meðan þeir fara á námskeið og fyrir þá sem þurfa kannski að sækja slík námskeið langan veg, þá getur þetta verið umtalsverður kostnaður. Ég tel að það eigi að gjalda varhug við því að byggja öryggisfræðslu sjómanna nánast eingöngu á námskeiðsgjöldum þeirra sem þau stunda.

Mér er kunnugt um að fjárveitingar til Slysavarnaskóla sjómanna eru í miklu lágmarki og standa aðeins undir því sem nemur brýnum grunnrekstrarkostnaði þess starfs. Þar er ekki fjármagn til að byggja upp eða efla og endurbæta starfsemina, bæta við nýjum tækjakosti og láta hana fylgja með tímanum. Það skortir mikið á að svo sé. Ég hefði talið að það hefði átt að vera áhersla í þessum lagabreytingum á að fjárhagsgrundvöllur Slysavarnaskóla sjómanna væri styrktur þannig að hann gæti axlað á fullan hátt þá ábyrgð sem við berum gagnvart þessari fræðslu fyrir sjómannastéttina. Það er haft áfram opið í frv. að fræðslan skuli fjármögnuð með skólagjöldum. En ég hefði viljað sjá áherslu á að þetta væri ein af frumskyldum ríkisins, okkar sameiginlegu skyldum að styrkja og efla slysavarnafræðslu sjómanna, bæði grunnmenntun og endurmenntun. Það ætti ekki að byggjast í svo ríkum mæli á þátttökugjöldum sjómanna sjálfra heldur ætti það í auknum mæli að vera stutt af hálfu ríkisins og við mundum standa enn þá betur við starf Slysavarnaskóla sjómanna og að þeir fengju aukið fjármagn til þess að byggja sig upp. Þá sýn finnst mér skorta í frv. sem hér er verið að leggja fram, og þá áherslu á þær skyldur sem samfélagið ber í þessu máli því þetta er svo sannarlega mikilvægt mál að öryggisfræðsla sjómanna sé með því allra besta sem við getum staðið að.

[11:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem nú er komið til 2. umr., um að gefa mönnum enn einn aðlögunartímann til að sækja námskeið í slysavörnum, er sjálfsagt komið inn af illri nauðsyn. Hins vegar ber að draga skýrt fram í þessari umræðu að 1997 voru sett þau skilyrði í lög að til að fá lögskráningu þyrfti viðkomandi sjómaður að hafa sótt námskeið í öryggisfræðslu við Slysavarnaskóla sjómanna eða önnur sambærileg viðurkennd námskeið.

Þessar reglur voru settar og í tvígang er búið að fresta þeim. Nú erum við að gefa í raun og veru lokafrest sem ég get fyrir mitt leyti fallist á vegna þess að hann er þannig fram settur að fresturinn tengist beinni undanþáguveitingu til þess eins að menn fari á námskeið. Ég tel að þannig verði það að vera. Menn verða að enda þennan feril með því að gefa þá þessa einu aðlögun í viðbót en því aðeins eins og hér er lagt til, að undanþágan fáist eingöngu gegn því að menn séu skráðir á námskeið.

Auðvitað kunna samt sem áður að koma upp einhver slík tilvik að menn geti af einhverjum ástæðum alls ekki sótt námskeið. Menn geta veikst eða slasast eða eitthvað annað borið við og auðvitað verða menn þá kannski að horfa fram hjá því um einhvern tíma en það er mjög nauðsynlegt samt að reyna að halda þessa reglu. Þessu ferli verður að ljúka því að síðan er auðvitað að því stefnt að menn fari í endurþjálfun og haldi við þekkingu sinni á slysavörnum og viðbrögðum við slysum. Til þess þarf Slysavarnaskóli sjómanna auðvitað að halda úti öflugum og reglulegum námskeiðum fyrir sjómenn á komandi árum og áratugum.

Ég segi eins og hv. síðasti ræðumaður vék að í máli sínu að auðvitað þarf að tryggja að þessi öryggisfræðsla haldi velli með því að henni séu veittar þær fjárveitingar sem þarf til að reka Slysavarnaskólann. Oft hefur verið á brattann að sækja í fjárveitingum vegna öryggisfræðslunnar og kemur þá út á eitt hvort um er að ræða þau námskeið sem hafa verið boðin í Slysavarnaskóla sjómanna eða þau sem almennt eru veitt í Sjómannaskólanum þegar menn mennta sig í störfum til sjós, vélstjórnar- og skipstjórnarfræðum. Sjálfsagt er að láta það koma fram í þessari umræðu að í Stýrimannaskóla Íslands m.a. eru núna ákveðin tæki sem notuð hafa verið til endurþjálfunar orðin úr sér gengin. Þau þarf nauðsynlega að endurnýja til þess að við getum staðist þá alþjóðastaðla sem við höfum gengist undir varðandi kröfur frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni um þjálfun, vaktstöðu og öryggisfræðslu til sjómanna. Þar eiga menn auðvitað að eiga kost á því að fá ákveðna endurþjálfun í ákveðnum námskeiðum. Nú stendur þannig á í Stýrimannaskólanum að þau tæki sem þar hafa verið notuð á undanförnum árum við að halda námskeið, m.a. í svokölluðum Arpasiglingum í ratsjárkerfum, eru ekki lengur í lagi og talið illmögulegt að halda þeim við. Ekki er hægt að halda námskeið í þessu núna í Stýrimannaskólanum vegna tækjaskorts. Brýna nauðsyn ber til að þar verði gripið inn í.

Svo vel vill til að skólastjóri Stýrimannaskólans og skólanefndarmenn hafa verið fræddir um það að fyrir liggi tilboð frá Norðmönnum um að endurbæta þann búnað sem notaður hefur verið, mjög áhugavert tilboð að mínu viti, og í stað þess að reyna að halda þessum gömlu tækjum við með ærnum kostnaði og tíma hafa Norðmenn boðið fram ný tæki í stað þeirra gömlu og þess viðhaldssamnings sem þeir hafa gengist undir. Þar með losnuðu þeir frá því viðhaldi sem í samningnum er en við hins vegar fáum þessi tæki á afar góðu verði. Ég tel tvímælalaust að þessu tilboði eigi að taka, einn, tveir og þrír, og dreg mjög í efa að við fáum nokkurn tíma annað eins tilboð. Það byggist auðvitað á því að Norðmennirnir gengust undir það að halda tækjunum í Stýrimannaskólanum við með þeim samningi sem gerður var fyrir nokkrum árum um þau tækjakaup. Það er auðvitað orðið afar dýrt að halda við gömlum tækjum í þeirri öru tækniþróun sem á sér stað og þess vegna er afar brýnt að við tökum því tilboði sem okkur hefur verið boðið í þessa veru vegna þess að Norðmenn sjá sér hag í því að losna frá viðhaldssamningnum og bjóða þar af leiðandi mjög mikinn afslátt af hinum nýjum tækjum sem geta svo vonandi þjónað okkur til margra ára.

Þessa vildi ég láta getið vegna þess að þetta er hluti af öryggisfræðslunni. Ég get t.d. líka látið það koma fram að ef þessi tæki í Stýrimannaskólanum hefðu verið biluð á síðasta vetri þegar Siglingastofnun tók út kennslugæði Stýrimannaskólans hefðum við ekki staðist kröfur hvítlistans hjá Alþjóðasiglingamálastofnun um að við séum með fullkomið skólakerfi fyrir skipstjórnarmenntun sem standist alþjóðlegar kröfur. Við hefðum hreinlega ekki staðist það. Þess vegna ber auðvitað brýna nauðsyn til að þarna verði gripið inn í og fjárveitingar fáist til þess að endurnýja þennan tækjakost enda ber okkur skylda samkvæmt alþjóðasamþykktum til að uppfylla þjálfunarkröfur okkar, jafnt í Stýrimannaskólanum sem Slysavarnaskóla sjómanna, og ég vonast til þess að það

sem við erum að gera hér verði ekki til þess að rýra öryggi sjómanna eða öryggisfræðslu. Ég vildi bara láta þessa getið og ég vonast til þess að stjórnvöld þessa lands sjái sér hag í því að styðja við Stýrimannaskólann í þessa veru og að hægt verði að taka þessu tilboði fyrr en seinna því að það er tímasett og ganga þarf til þess verks mjög fljótlega. Ég vonast til að menntmrh. horfi þannig á málið að þetta sé hagkvæmt fyrir íslenska þjóð.

[11:11]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hér hafa tekið til máls undir þessum lið um öryggismál sjómanna. Ég tek heils hugar undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, um menntunarmál almennt. Lengi hefur verið deilt um aðbúnað, sérstaklega Stýrimannaskólans. Vélskólinn hefur verið sæmilega settur hvað áhrærir menntun en ég tel að auðvitað þurfi að líta til fleiri átta en eingöngu Slysavarnaskóla sjómanna hvað áhrærir öryggismál. Þau felast auðvitað í því að góður búnaður sé í Stýrimannaskólanum til að kenna þar nemendum með tilliti til þess að tækjakostur í stýrishúsi og einu fiskiskipi sem gæti verið tveggja milljarða virði sé tilhlýðilegur. Það er náttúrlega ábyrgðarhluti að ætla þeim sem læra í Stýrimannaskólanum að vera með mikið lakari tæki til meðferðar í skóla en þeir fara síðan að vinna með.

Ég hef alltaf talið að Stýrimannaskólinn ætti að vera betur búinn tækjum en raun ber vitni. Þar hafa þó orðið verulegar bætur á á umliðnum árum og er það af hinu góða. Hins vegar er það alvarlegt eins og hér var komið inn á áðan ef ekki er fylgst með tímanum, þeim framförum og þeirri tækni sem búið er við til sjós í dag. Það þarf auðvitað að vera vakandi fyrir því.

Síðan vildi ég aðeins víkja að því sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á áðan í sambandi við öryggismálin sem við erum alveg sammála um. Slysavarnaskóli sjómanna er afar mikilvægur. Ég hef sagt það áður að ég fór á vikunámskeið í byrjun janúar í þennan skóla. Ég ætla að taka það fram að ég tók ekki pláss frá neinum sjómanni á því námskeiði enda var um það talað að ég væri þá yfirskips eins og sagt var ef 16 menn væru bókaðir á námskeiðið. En það gerðist ekki. 16 menn voru bókaðir en bara 14 mættu og það er það sem hefur áður gerst, því miður. Þess vegna er verið að flytja þetta frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna. Vissulega höfum við þó mjakast áfram a.m.k. tvisvar sinnum varðandi þetta mál, tveir frestir hafa verið gefnir varðandi lögskráninguna og þá skilyrtir, að menn færu í Slysavarnaskólann, en einhverra hluta vegna hafa menn því miður ekki enn þá komið því við. Nú vakna menn hins vegar alvarlega til vitundar við það að fá ekki lögskráningu á skip nema þeir hafi farið í Slysavarnaskólann. Við höfum orðið vitni að því er sjóslys hafa orðið og sjómönnum bjargað að yfirleitt er vitnað til þess að þeir gátu staðið öðruvísi að verki. Jafnvel hafa þeir þakkað björgunina því að þeir höfðu farið í Slysavarnaskóla sjómanna. Málið er mikilvægt og auðvitað er grafalvarlegt að menn fari í skólann og komist ekkert undan því. Enda er ekki verið að víkja frá því með þessari breytingu á lögskráningu sjómanna heldur verður sjómönnum nú aðeins gefinn einhverra vikna frestur til að klára sín mál og þá með þeim hætti sem ég gat um áðan í framsögu nál.

Síðan talaði hv. þm. Jón Bjarnason um menntunina, að það mundi kosta menn eitthvað, þeir yrðu að fara frá vinnu, yrðu að borga námskeiðið og grundvöllur þess að námskeiðin yrðu haldin væru tekjur frá sjómönnunum sjálfum sem borguðu þessi námskeiðsgjöld.

Nú er mjög misjafnt hvernig á þessum málum er haldið. Yfirleitt borga útgerðirnar námskeið og jafnvel einhverja dagpeninga til uppihalds sjómanna þegar þeir fara í Slysavarnaskólann. En það er bara með þessa menntun eins og aðra, yfirleitt þurfa menn eitthvað að leggja með sér ef þeir ætla að mennta sig og bæta þekkingu og reynslu sína. Það er ekkert frávik heldur í þessu máli.

Ég vildi til upplýsinga geta þess að núna á fjárlögum er gert ráð fyrir því að Slysavarnaskóla sjómanna verði veittar 47,3 millj. sem er allveruleg upphæð. Og ég vil geta þess þótt það sé engin mælistika á upphæðina að hún er samt hærri en sú sem rennur til Stýrimannaskólans. Sjómannamenntunin almennt er svo kapítuli út af fyrir sig eins og við komum inn á áðan.

En ég tel að vel hafi verið að þessu staðið og ég held að fjármunir þeir sem ætlaðir eru til Slysavarnaskólans dugi og auðvitað koma námskeiðsgjöldin líka til. Þar fer fram mjög gott, þarft og merkt starf. Eins og ég sagði áðan komast 16 manns á hvert námskeið og nú er búið að bóka á þau líklega fram í nóvemberlok. Nú ætla sjómenn — og verða líka — að mennta sig og taka sér tak í þessu gagnmerka starfi sem fer fram í Slysavarnaskóla sjómanna.

[11:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um fjárveitingar til Slysavarnaskóla sjómanna, þær eru 47,5 millj., af því eru 3 millj. eyrnamerktar æfingum með þyrlunni. Samkvæmt upplýsingum mínum kostar ein æfing, t.d. að fara með þyrlunni austur á land og æfa þar, 700 þús. kr. þannig að peningarnir eru fljótir að fara og þessar upphæðir hafa staðið í stað. Þær upplýsingar sem ég hef frá skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna eru að fjárveitingar rétt dugi til að halda rekstrinum í þokkalegum gangi en ekki til endurnýjunar eða til þess að færa búnaðinn upp. Það er alvarlegt mál.

Ég legg áherslu á, virðulegi forseti, að í mínum huga er starfsmenntun nauðsynleg til þess að stunda mikilvæg störf eins og sjómennskuna, verklegt nám eða verkleg námskeið. Hún er alveg jafnmikilvæg og hvert annað nám sem við stundum í þjóðfélaginu. Ég er ekki sáttur við þá stefnu að þegar kemur að verklegri þjálfun, verklegri menntun eða beint starfstengdri menntun í svo mikilvægum atvinnugreinum, skuli sú sýn vera sjálfsögð að þar skuli nemendur borga. Ef nemandi sest hins vegar á skólabekk með bók fyrir framan sig, sem líka er gott nám, horfir þar öðruvísi við. Í sjálfu sér er eðlilegt að greiða hugsanlega eitthvert staðfestingargjald en þessi sýn gagnvart starfsmenntuninni, að þar skuli nemendur borga, er sýn sem ég er ekki sáttur við. Alltaf skal sá borga sem er í starfsmenntun og ég er andvígur þeirri sýn stjórnvalda.

[11:19]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta varðandi þyrluna er mál út af fyrir sig. Ég hef litið svo á að áhafnir þyrlu Landhelgisgæslunnar hafi nánast slegið tvær flugur í einu höggi þegar þær hafa tekið þátt í starfi Slysavarnaskóla sjómanna því að þá hafa þær um leið verið að þjálfa sig líka til að bregðast við mismunandi aðstæðum. Reikningur frá Landhelgisgæslunni er eins og hann er vegna þess, eftir því sem mér er sagt, að tillit var

tekið til þeirra tekna við fjárlagagerð þegar veitt var fjármagn til Slysavarnaskólans.

Við heyrum hins vegar af því að víða erlendis þar sem svona skólar eru reknir eru þyrlur ekki notaðar heldur er búið til svipað ástand, nánast æft í sundlaug með tilheyrandi miklum blásturstækjum sem búa til mikinn vind og hávaða og menn eru hífðir þar upp í gálga. Ég tel hins vegar eðlilegt að menn æfi við sem raunhæfastar aðstæður hverju sinni svo lengi sem við getum staðið fyrir slíkum æfingum þótt þær kosti okkur mikla peninga.

Hvað áhrærir hins vegar greiðslur vegna hinna verklegu þátta get ég verið alveg sammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Þar er bara vandinn miklu stærri og meiri. Þar stendur þjóðfélagið allt frammi fyrir þeirri staðreynd að yfir 60% ungmenna sækja í háskóla en tæplega 40% í verkmenntaskóla. Það hlýtur að vekja spurningar á hinu háa Alþingi: Hvernig má það vera að á Íslandi sé þessi þróun algjörlega öndverð við það sem er að gerast á hinum Norðurlöndunum? Leggjum við sjálf svo mikla áherslu á að öll ungmenni skuli fara í háskólanám, langskólanám? Er það kannski af því að yfirvöldum menntamála þyki of dýrt að reka verkmenntaskólana og leggi ekki eins mikla áherslu á þann þátt náms ungmenna? Þetta er miklu stærra og meira mál en svo að við getum fundið einhverja lausn á því sem felst í námi Slysavarnaskóla sjómanna.

[11:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson erum sammála um mikilvægi þess að efla, auka og styrkja þá menntun sem Slysavarnaskóli sjómanna veitir eins og allt annað nám sem lýtur að sjávarútveginum og reyndar allri starfsmenntun í landinu eins og hv. þm. kom inn á.

Ég tel því að eitt mikilvægasta málið fyrir íslensk stjórnvöld sé að breyta um stefnu og áherslu í menntamálum, að leggja meira upp úr starfs- og tæknimenntun en nú er gert en að hún sé ekki það fyrsta sem skattlagt er eins og gert var um síðustu áramót þegar aukið fé skyldi sótt handa ríkissjóði. Þá var starfsmenntunin fyrst og fremst skattlögð og nemendur sem voru í starfsnámi, verklegu námi, voru skattlagðir umfram aðra. Sama má segja um Slysavarnaskóla sjómanna og annað sem lýtur að sjómennskunni. Það er afar mikilvægt að þetta nám sé sem best og þróist í takt við tímann hvað varðar tækni og kröfur. Þess vegna ber okkur, íslenska ríkinu, skylda til að byggja þetta nám upp með myndarlegum hætti. Það er sú sýn sem ég kalla eftir varðandi öryggismál og menntun sjómanna. Ég styð frv. sem hér er lagt fram því að það er þó liður í þeim málum. Sú sýn, að það sé samfélagsleg ábyrgð að efla og styrkja menntun sjómanna, mætti koma skarpari fram í þessu frv. sem við fjöllum hér um.

[11:23]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hefur þó komið fram við úttekt á Stýrimannaskóla og Vélskóla eru ánægjuleg tíðindi eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom inn á. Alþjóðasiglingamálastofnunin fór yfir kennsluhætti margra landa og þar var m.a. verið að vinna að svokölluðum hvítlista, lista Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar yfir þjóðir sem standast þær kröfur sem gerðar eru til sjómannamenntunar. Það var ánægjulegt í þessu öllu þó að við viljum auðvitað gera betur enda er undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis okkar jú fiskveiðar og siglingar. Við viljum auðvitað gera betur í því. En það er þó ánægjulegt í öllu talinu um verkmenntunina að skólarnir standast þessar kröfur. Við Íslendingar erum komnir á blað Alþjóðasiglingamálastofnunar vegna þessa svokallaða hvítlista hvar við höfum staðið okkur vel. Hitt er kapítuli út af fyrir sig hvernig við getum aftur aukið aðsókn sjómanna að þessum skólum.

Ég held að við séum öll sammála um — það kom fram líka í hv. samgn. — að menn vilja auðvitað vinna að þessu máli farsællega. Þetta mál þarf virkilega afgreiðslu við og ég vona að við klárum þetta mál, jafnvel í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bindandi álit í skattamálum, 2. umr.

Stjfrv., 316. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 392, nál. 869.

[11:25]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um bindandi álit í skattamálum. Nál. er frá efh.- og viðskn. sem hefur farið yfir þetta mál, sent það til umsagnar og fjallað um það á fundum. Málið er ekki flókið og nefndin gerir tillögu um að það verði afgreitt og samþykkt hér óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðendur, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur). — Þskj. 566, nál. 870, brtt. 871.

[11:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur.

Mál þetta var sent til umsagnar og fjallað var um það á fundum með fulltrúum frá fjmrn. Tillögur nefndarinnar til breytinga á frv. eru tvær og þær eru tæknilegs eðlis.

Í fyrsta lagi að notað sé orðið: endurskoðunarfyrirtæki í stað orðsins „endurskoðendafyrirtæki".

Í annan stað er lögð til breyting á gildistökuákvæði. Með þessum breytingum leggur nefndin til að málið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 3. umr.

Stjfrv., 252. mál (eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, flugvernd, gjöld o.fl.). — Þskj. 690, brtt. 861.

[11:27]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Nú er komin til 3. umr. frv. um breytingu á lögum um loftferðir sem hefur verið um nokkurt skeið til umfjöllunar í þinginu og hv. samgn. Við 2. umr. málsins gerðum við í minni hlutanum skýra grein fyrir því að við höfum miklar efasemdir um þær miklu valdheimildir

sem ætlunin er að færa til Flugmálastjórnar. Við efumst um að skynsamlegt sé að fara þá leið. Við gerðum mjög skýra grein fyrir sjónarmiðum okkar og afstöðu í því máli, þ.e. sá þingmaður sem hér stendur og hv. þm. Kristján L. Möller og Jón Bjarnason.

Hér við 3. umr. leyfum við okkur, tveir hv. þm., ég og Kristján L. Möller, að leggja fram brtt. við þetta frv. en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Öll gjöld sem innheimt hafa verið á grundvelli 4. mgr. 71. gr. a laga nr. 60/1998, frá því að lög nr. 74/2000 tóku gildi, skulu endurgreidd án ástæðulauss dráttar frá gildistöku laga þessara.

Virðulegi forseti. Rætt er um gjöld sem hafa gengið undir nafninu flugmiðaskattur. Þau voru lögð á með þeim lögum sem vitnað var til og hafa verið mjög íþyngjandi fyrir innanlandsflugið. Þau voru mjög umdeild þegar þau voru lögð fram þar sem sá er hér stendur og hv. þm. Kristján L. Möller lögðust eindregið gegn þeim ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni, fulltrúa Vinstri grænna. Með þessari tillögu er því lagt til að þau gjöld sem innheimt hafa verið samkvæmt þessum lögum verði endurgreidd en í frv. því sem hér liggur fyrir og er til afgreiðslu er ætlunin að hætta við innheimtu á þessum gjöldum. Með tillögu okkar er lagt til að gengið verði skrefi lengra og þau gjöld sem hafa þegar verið innheimt og lagst þungt á innanlandsflugið verði endurgreidd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skylduskil til safna, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (heildarlög). — Þskj. 254, nál. 858, brtt. 859.

[11:30]

Frsm. menntmn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir hönd hv. menntmn. fyrir nál. á þskj. 858 um frv. til laga um skylduskil til safna. Þetta er að mínu mati athyglisvert frv. og í nefndinni náðist mjög góð sátt um það.

Tilgangur löggjafar um skylduskil er að tryggja að sá hluti þjóðararfsins og menningar okkar sem lögin ná til varðveitist fyrir komandi kynslóðir, verði skráður og sé aðgengilegur til rannsókna og skoðunar. Sé litið til alþjóðlegra viðmiðana er það hlutverk þjóðbókasafna að safna skráðri menningarsögu þjóðar sinnar.

Við verðum að átta okkur á því að ný tækni hefur rutt sér til rúms og er þetta frv. þar af leiðandi mótað af því. Núgildandi lög um skylduskil til safna frá árinu 1977 kveða á um skylduskil á prentuðum og fjölfölduðum texta og myndefni. Einnig eru hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skilaskyldar. Aðrar tegundir hugverka en hér hafa verið taldar eru ekki skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum um skylduskil til safna en ákvæði eru um slík skil í ýmsum sérlögum. Með fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að skilaskylda taki nú einnig til kvikmynda, útvarpsefnis, efnis á rafrænum miðlum, auk örgagna og myndefnis á skyggnum. Eðli málsins samkvæmt er afar erfitt að láta skilaskylduna ná til alls efnis sem út hefur komið og þar af leiðandi er ekki ætlast til þess í þessu frv. að hún nái út yfir allt. Mig minnir að í 19. gr. frv. sé einmitt fjallað um undanþágur frá skilaskyldunni.

Ný löggjöf um skylduskil til safna leggur ríkari skyldur á hlutaðeigandi stofnanir. Mikilvægt er að við fjárlagagerð verði tekið tillit til þess viðbótarkostnaðar sem af þessu leiðir þannig að hin metnaðarfullu markmið frv. nái fram að ganga.

Við ræddum einmitt ítarlega 2. mgr. 19. gr. frv. en þar segir:

„Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um frekari undanþágur frá skylduskilum."

Við fórum vel ofan í þetta og nefndin leggur á þskj. 859 fram brtt. sína varðandi þessa grein þar sem lagt er til að þessi málsgrein falli brott. Í nál. er það rökstutt ítarlega með tilvísun í 77. gr. stjórnarskrárinnar sem var breytt árið 1995 en greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Í síðari málslið 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar er beinlínis tekið fram að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort skattur verði lagður á, honum breytt eða hann afnuminn. Efnislega er þessi regla nokkuð skyld þeirri sem kemur fram í upphafsmálslið 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um að engan skatt megi á leggja, breyta né af taka nema með lögum. Dómstólar hafa orðið að leysa úr því í allnokkrum málum hvort eða hvernig þau fyrirmæli útiloki eða takmarki heimildir löggjafans til að framselja með lögum ákvörðunarvald um þessi atriði til stjórnvalda. Með orðalaginu í þessu ákvæði frv. er leitast við að taka af skarið með miklu ákveðnari hætti en gert er í 40. gr. stjórnarskrárinnar um að löggjafinn megi ekki framselja til framkvæmdarvaldsins ákvörðunarrétt um fyrrnefnd atriði heldur verði að taka afstöðu til þeirra í settum lögum.

Ég vil einnig benda á brtt. frá hv. menntmn. við 11. gr. laganna en þar bætast þrjár skilgreiningar við, í fyrsta lagi skilgreining á orðinu „kvikmynd", í öðru lagi er lagt til að við bætist skilgreining á orðunum „íslensk kvikmynd" og að lokum er lagt til að við bætist skilgreining á „íslenskum framleiðanda" og í rauninni skýrir hún sig sjálf.

Herra forseti. Fyrir hönd menntmn. mæli ég með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar eru á þskj. 859.

[11:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sem finna má á þskj. 858 í þessu máli rita ég undir það með fyrirvara og mun nú gera grein fyrir þeim fyrirvara mínum.

Herra forseti. Þessi löggjöf um skylduskil til safna kemur til með að leggja mun ríkari skyldur á þær stofnanir sem heyra undir þessi lög en áður hefur tíðkast. Í viðbótarupplýsingum sem nefndin kallaði eftir frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu, kemur fram að nánast sé ógerlegt að gefa nákvæmar upplýsingar um þann kostnaðarauka sem þetta frv. hefur í för með sér fyrir þær stofnanir sem hlut eiga að máli. Í viðbótarupplýsingum sem nefndin kallaði eftir segir að ógerlegt sé að ákvarða þessar upphæðir nánar vegna fjölmargra ópekktra stærða.

Ég ber sérstaklega hag Ríkisútvarpsins fyrir brjósti í þessum efnum, herra forseti. Ríkisútvarpið býr við afar bágan fjárhag. Ríkisútvarpið hefur hingað til safnað dagskrárefni sem safnadeildin og dagskrárgerðarmenn hafa metið þess virði að heyri undir menningararf okkar en því fer fjarri að

Ríkisútvarpið hafi safnað öllu dagskrárefni sem út fer eins og þessi lög leggja því á herðar.

Tvennt gerist við það að Ríkisútvarpið þurfi að fara að fara eftir þessum lögum. Í fyrsta lagi þarf að fjölga fólki sem starfar við skráningu hjá Ríkisútvarpinu umtalsvert og í öðru lagi þarf að auka umtalsvert við húsnæði safns Ríkisútvarpsins því að samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því að stofnanir eins og Ríkisútvarpið geti sjálfar safnað og geymt safnefni sitt í húsnæði sínu þó að safnið eigi formlega að heyra undir Kvikmyndasafnið.

Sannleikurinn er sá að Ríkisútvarpið kemur ekki til með að geta staðið undir þeim kröfum sem þessi lög leggja því á herðar nema umtalsvert aukið fjármagn komi til, og m.a. aukið húsnæði. Ég hef gagnrýnt í nefndinni, herra forseti, og finnst ekki til fyrirmyndar að hér skuli vera samþykkt lög sem fyrirsjáanlega hafa í för með sér gífurlega aukningu ófyrirséðs kostnaðar, og ekki liggur fyrir pólitísk yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um hvort fjármunir verði settir í þennan málaflokk í fjárlagagerð komandi ára.

Ég vil benda á, herra forseti, að Ríkisútvarpið á við gífurlegan fjárhagsvanda að etja. Nú er svo komið að umtalsvert hefur verið skorið niður af fjármagni sem fer í dagskrárgerð. Því spyr ég hv. frsm. nál. menntmn.: Er það ásættanlegt að Ríkisútvarpinu skuli vera gert ókleift að standa undir menningarhlutverki sínu í dagskrárgerð en ríkisstjórnin ætli síðan að leggja útvarpinu það á herðar að þurfa að skrá og geyma allt bullið sem farið er að senda út á öldum ljósvakans í beinum útsendingum af því að ekki eru til fjármunir til að framleiða almennilegt dagskrárefni?

Er þetta rétt forgangsröðun, herra forseti? Skiptir ekki meira máli að við útvegum Ríkisútvarpinu fjármagn til að standa vörð um menningararfinn með gerð metnaðarfulls dagskrárefnis heldur en að við útvegum því fjármuni til að skrá og geyma það sem sent er út? Ég hefði haldið að það væri í verkahring Alþingis að sjá til þess að Ríkisútvarpið hefði fjármuni í öfluga dagskrárgerð sem geri okkur kleift að varðveita menningararfinn okkar sem út fer á öldum ljósvakans. Við fáum ekki rétta mynd af menningu þjóðarinnar með því dagskrárefni sem við heyrum í Ríkisútvarpinu í dag því að þar er allt gert af miklum vanefnum og margar beinar útsendingar eru afleiðing af fjárskorti.

Ég segi því, herra forseti, að ég vil frekar að aukið fé verði sett í dagskrárgerð Ríkisútvarpsins heldur en að útvarpinu verði lagðar þær lagalegu skyldur á herðar að skrá allt dagskrárefni og hýsa það í híbýlum sínum sem ekki eru til staðar í dag.

Þetta mál snertir síðan aðra þætti í starfsemi útvarpsins. Ríkisútvarpið er svo illa sett að það býr við svokallað analog-kerfi. Það er nokkuð úrelt kerfi og þýðir að allt dagskrárefni Ríkisútvarpsins er framleitt og geymt á segulböndum. Stærri útvarpsstöðvar á Vesturlöndum eru farnar að nota stafrænt kerfi þar sem unnið er inn á tölvur og geymslumöguleikar þannig gjörólíkir. Hjá Ríkisútvarpinu hafa ekki verið til fjármunir til að fjármagna kaup á nýju útvarpsgerðar- eða útsendingarkerfi. Útvarpið okkar kemur til með að þurfa að búa við analog-kerfið í mörg komandi ár ef að líkum lætur, ef ekkert breytist afgerandi í stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar málefni Ríkisútvarpsins.

Ég fullyrði, herra forseti, að hér er verið að leggja gífurlega auknar byrðar á þessa stofnun sem vantar aukna fjármuni frá fjárveitingavaldinu til annarra þarfa en þeirra að skrá og geyma allt dagskrárefni sem út fer.

[11:41]

Frsm. menntmn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var með fyrirvara á þessu nál. Ég geri ráð fyrir að sá fyrirvari, eins og hún gerði grein fyrir, lúti eingöngu að þessu tiltekna ákvæði varðandi skylduskilin til Ríkisútvarpsins.

Ég vil sérstaklega benda á það sem ég las áðan upp úr nál. en þar segir, með leyfi forseta:

„Ný löggjöf um skylduskil til safna leggur ríkari skyldur á hlutaðeigandi stofnanir." — Við erum mjög meðvituð um það. „Mikilvægt er að við fjárlagagerð verði tekið tillit til þess viðbótarkostnaðar sem af þessu leiðir þannig að hin metnaðarfullu markmið frumvarpsins nái tilgangi sínum."

Þetta er rammalöggjöf um skylduskil til safna. Ég tel afskaplega mikilvægt að þetta frv. nái fram að ganga og akkúrat þetta tiltekna atriði stoppi ekki þetta mikilvæga frv. Engu að síður ítrekar menntmn. hið mikilvæga, að aukið fjármagn verði sett til þeirra hlutaðeigandi stofnana sem þurfa að taka á sig ríkari skyldur út af þeim kvöðum sem getið er um í frv.

Síðan þurfum við náttúrlega miklu meiri umræðu um Ríkisútvarpið sem slíkt. Ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir höfum báðar mjög mikinn metnað fyrir hönd Ríkisútvarpsins og við erum sammála um ákveðin atriði. Ég efast þó um að við séum sammála um hvernig rekstrarfyrirkomulagið eigi að vera á Ríkisútvarpinu. Ég vil að stokkað verði upp hjá Ríkisútvarpinu, að við förum svolítið með nýja sýn — Ríkisútvarpið verður áfram í eigu ríkisins, í eigu þjóðarinnar — en það er lífsnauðsynlegt að mínu mati, og segi ég það að fenginni reynslu eftir að hafa starfað hjá Ríkisútvarpinu, að stokka upp í því kerfi sem þar er við lýði. Eitt markmiðið á að vera að aukið fjármagn fari til metnaðarfullrar dagskrárgerðar.

Herra forseti. Tími minn er að renna út núna í þessu fyrra andsvari mínu. Ég tel afar mikilvægt að þetta frv. sem við erum að ræða akkúrat hér nái fram að ganga.

[11:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki tími eða tilefni til að ræða hér til hlítar skoðanaágreining okkar hv. þm. á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Það gerum við að sjálfsögðu á öðrum vettvangi.

Það er rétt hjá hv. þm., það er einungis þetta atriði í þessu frv. sem ég er mótfallin og sem ég vara við. Ég vil benda á að það er ekki góður siður hjá stjórnvöldum að samþykkja lög, ekki bara ein eða tvenn heldur þrenn, fern og kannski lög sem skipta tugum, sem leggja ákveðnar skyldur á herðar fjárveitingavaldinu sem er svo ekki staðið undir þegar til kastanna kemur.

Hér nægir að nefna stofnanir sem ég hef sjálf borið fyrir brjósti — ég hef í umfjöllun um fjárlagafrv. gert athugasemdir við að ríkisvaldið geri stofnunum ekki kleift að standa undir lögbundnum kröfum sínum vegna þess að stofnanirnar fá ekki frá fjárveitingavaldinu þá fjármuni sem það kostar að standa undir kröfunum — t.d. Skipulagsstofnun og Hollustuvernd ríkisins. Framhaldsskólarnir á sviði menntmrh. eru náttúrlega mjög skýrt dæmi, Náttúruvernd ríkisins og svona mætti áfram telja. Hér er enn eitt dæmi um lög sem við á Alþingi samþykkjum ef að líkum lætur og við vitum að ekki verða fjármunir í næstu fjárlagagerð eða á næstu árum

til að sjá til þess að Ríkisútvarpinu verði gert kleift að fara eftir þeim.

Jafnvel þó að þessir fjármunir komi er miklu mikilvægara að auka fjármuni til dagskrárgerðar hjá Ríkisútvarpiunu en að auka þá til að skrá og geyma allt dagskrárefnið sem þaðan fer út.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til sveitarstjórna, 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (erlendir ríkisborgarar o.fl.). — Þskj. 863.

[11:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 5 frá 1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frumvarpið er samið í félmrn. og flest ákvæði frv. miða að því að tryggja að ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna verði í samræmi við ákvæði nýrra laga um kosningar til Alþingis, sem eru nr. 24/2000. Lög um kosningar til sveitarstjórna byggðust að verulegu leyti á eldri lögum um kosningar til Alþingis, sem voru nr. 80/1987, og það er eðlilegt að breytt verði ýmsum ákvæðum sem varða framkvæmd laganna til þess að samræmis sé gætt. Engu að síður hafa sveitarstjórnarkosningar ákveðna sérstöðu svo full ástæða er til þess að hafa í gildi sérstök lög um þær kosningar.

Í frv. er lagt til það nýmæli að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir, sem hafa átt lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag njóti framvegis kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. gildandi laga njóta einungis danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar kosningarréttar í sveitarstjórnarkosningum, enda hafi þeir átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands uppfylltu alls 880 einstaklingar þetta skilyrði um kosningarrétt 1. desember 2001. Það voru sem sagt 880 norrænir ríkisborgarar sem höfðu hér kosningarrétt 1. desember 2001. Samkvæmt sömu upplýsingum, sem miðaðar eru við alla erlenda ríkisborgara sem átt höfðu lögheimili hér á landi samfleytt frá 1. desember 1998 til 1. desember 2001, hefði þetta í för með sér fjölgun á kosningarbærum mönnum um 1332. Þá yrðu alls 2.212 erlendir ríkisborgarar sem nýtt gætu sér kosningarrétt ef þetta ákvæði frv. nær fram að ganga. Með auknum fjölda útlendinga í íslensku samfélagi hafa þær raddir orðið æ háværari sem kallað hafa á aukin réttindi fyrir þennan hóp. Það verður að telja að aukin pólitísk réttindi séu til þess fallin að auðvelda aðlögun erlendra ríkisborgara og lagt er til í frv. að þetta skref verði stigið í þá átt að bjóða þennan hóp velkominn til þátttöku í íslensku samfélagi og gefa honum tækifæri til að hafa áhrif á nánasta umhverfi sitt.

Varðandi kosningar til Alþingis þá fylgir kosningarétturinn ríkisborgararétti og meginreglan er sú að ríkisborgararétt geta menn öðlast eftir sjö ára búsetu í landinu.

Miðað er við það í frv. að sömu skilyrði verði gerð til allra erlendra ríkisborgara, annarra en danskra, finnskra, norskra og sænskra, um dvalartíma, þ.e. að viðkomandi hafi átt lögheimili hér í fimm ár samfellt. Hins vegar er gert ráð fyrir að gildi auðvitað skilyrðið um þriggja ára samfellda búsetu norrænna ríkisborgara. Rétt er að taka fram að í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð gildir sú regla að ríkisborgarar annarra Norðurlanda og ESB-landa hafa kosningarrétt og kjörgengi sem miðast við sömu búsetuskilyrði og innlendir ríkisborgarar. Sama regla gildir í Noregi varðandi norræna ríkisborgara. Kosningarréttur og kjörgengi annarra erlendra ríkisborgara í Danmörku, Noregi og Svíþjóð miðast við að þeir hafi dvalið í landinu í þrjú ár en í Finnlandi er gerð krafa um tveggja ára búsetu þessa hóps.

Önnur nýmæli í frv. byggjast að mestu á ákvæðum nýrra laga um kosningar til Alþingis, eins og áður hefur verið nefnt. Þó skal þess getið að í b-lið 5. gr. frv. er lagt til að ekki verði gerð krafa um meðmælendur á framboðslistum í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri. Það getur orðið örðugt að uppfylla kröfu gildandi laga um meðmælendur þannig að lítill meiri hluti í sveitarfélagi getur tæknilega náð öllum fulltrúum í sveitarstjórn með listakosningu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um frv. og geri tillögu um að að lokinni þessari umræðu verði það sent hv. félmn. til athugunar.

[11:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Áður en lengra er haldið í umræðunni um þetta mjög svo þarfa frv. sem hæstv. félmrh. hefur nú mælt fyrir væri rétt að fá að heyra rökstuðning hæstv. ráðherra fyrir því hvers vegna þetta árabil er valið, þ.e. þriggja ára búseta eða lögheimili þeirra íbúa sem hér eru frá Norðurlöndunum og fimm ára búseta annarra erlendra íbúa sem eiga hér lögheimili. Ég vil heyra röksemdafærsluna eða rökin fyrir því hvers vegna þetta er valið, því að það kemur í ljós í grg. að þetta er ekki í samræmi við það sem er t.d. á öðrum Norðurlöndum.

[11:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að aðrar Norðurlandaþjóðirnar eru rýmilegri en við. Við höfum haft þessa reglu fyrir Norðurlandabúa um allnokkurt skeið og það er ávöxtur af norrænu samstarfi. Þessi fimm ára regla varð niðurstaða, við fjölluðum um annan hugsanlegan árafjölda í upphaflegu uppkasti, en í upphaflegum drögum að frv. var ég með þrjú ár fyrir alla en það þótti sumum vera helst til rúmt og ákveðið var að stíga þetta skref svona.

[11:53]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þingmenn þurfi að fá að vita niðurstaða hverra þetta var. Það kemur í ljós í andsvari hæstv. ráðherra að hann hafi upphaflega lagt til þriggja ára lögheimili fyrir alla. Ég hefði gjarnan viljað sjá frv. þannig lagað að ekki sé verið að gera upp á milli íbúa, Norðurlandabúa eða annarra íbúa sem koma frá öðrum þjóðlöndum. Ég held að við þurfum að fá aðeins meira að heyra. Niðurstaða hverra var það að hafa þetta fimm ár en ekki jafnt?

Og fyrst hæstv. ráðherra getur hér um ávöxtinn af norrænni samvinnu, við vitum öll að sá ávöxtur hefur verið safaríkur og sætur en ávöxturinn af samvinnu við önnur lönd á að vera jafnsafaríkur og jafnsætur.

[11:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því. Ég tel að mörg rök hnígi að því að Norðurlandaþjóðirnar standi okkur nær að menningu og tungu og lífsviðhorfi heldur en aðrar þjóðir og það sé ekki óeðlilegt að gera greinarmun þar á.

Það varð samkomulag um að fara í fimm ár með aðra en Norðurlandaþjóðirnar. Að sjálfsögðu kom ekki til greina frá minni hálfu og reyndar heyrði ég enga tillögu þar um að lengja þann frest sem Norðurlandaþjóðirnar hafa haft því að þær voru búnar að fá þessi þriggja ára réttindi.

En ég lít svo á að þetta sé viðunandi niðurstaða, þessi fimm ára regla.

[11:55]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu gagnmerkt frv. um margt um kosningar til sveitarstjórna og hefur það tækifæri verið nýtt núna að laga ýmislegt sem þykir ábótavant í lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Það er tvennt sem ég vil gera verulegar athugasemdir við. Það er annars vegar varðandi hina erlendu borgara og norræna borgara og hins vegar varðandi rafrænar kosningar. Það eru þau tvö meginmál sem ég vil gera athugasemdir við, öðru er skortur á, þ.e. rafrænu kosningunum, og hins vegar varðandi blessaða útlendingana hvort sem þeir eru norrænir, úr Evrópu eða hvaðan þeir koma.

Mér finnst afar sérstætt, ég verð að segja það alveg eins og er og vil spyrja hvort við erum að segja okkur úr samlagi við hinar norrænu þjóðir, því að hinar norrænu þjóðir gera mikið úr því að jafnstaða sé meðal norrænna borgara á milli landa. Við getum farið til hvaða Norðurlanda sem er og kosið um leið og við komum þangað og þetta er þannig í allri Skandinavíu hvað varðar norræna borgara. Norrænir borgarar þurfa hins vegar að bíða hér í þrjú ár. Mér finnst það ekki ganga og mér finnst það ekki vera í samræmi við þann ávöxt af hinu norræna samstarfi sem við erum tala um. Við erum að leyfa okkur meiri þrengingar en aðrar norrænar þjóðir. Ég set stórt spurningarmerki við það og ég vil að það verði tekið upp í Norðurlandaráði vegna þess að mér finnst þetta ekki ganga. Mér finnst við ekki geta hagað okkur þannig að við eigum að eiga réttinn okkar allan alls staðar annars staðar en við skulum takmarka rétt annarra hér hjá okkur, mér finnst það ekki ganga.

Í samþykkt Evrópuráðsins frá 1992 — ég vil benda á að hér kom fram frv. 1998, því var ekki breytt þá, þeim tilmælum að ganga að því að efla kosningarrétt annarra útlendinga til sveitarstjórna. Það var ekki gert þá því miður. Hinir norrænu borgarar, hið norræna samfélag er yfirleitt með tvö til þrjú ár núna, eins og hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir, það eru tvö til þrjú ár.

Nei, við veljum einhvern veginn fimm ár. Það eru ekki nokkur rök á bak við það önnur en þau að það skal vera lengri tími án þess að hann sé rökstuddur. Ég vil að við séum þar líka í samræmi við önnur Norðurlönd og það eru sérstök tilmæli, það kemur fram í grg., að ef þetta ákvæði verður að lögum þá er uppfyllt lágmarksskilyrði sáttmála Evrópuráðsins frá 1992 um þátttöku útlendinga í opinberu lífi á sveitarstjórnarstigi. Lágmarksskilyrði, en það segir líka heldur ekkert um það að við getum ekki verið með önnur skilyrði.

Og ég vil, úr því að við erum alltaf að tala um að við séum í góðu heildarsamstarfi við Norðurlöndin, þar liggi okkar rætur, þá vil ég líka að við séum á svipuðu róli. Það væri mjög gaman og ég mun biðja um upplýsingar um það í hv. félmn. hversu margir mundu bætast við ef við værum bara með það að norrænir borgarar gætu greitt hér atkvæði um leið og þeir yrðu með lögheimili hér, alveg eins og við getum gert þegar við komum annars staðar. Hversu margir yrðu það þá? Og hversu margir ef við værum með þrjú ár fyrir aðra erlenda borgara, því að það er afar mikilvægt að útlendingar — við erum líka með búseturéttinn, hann er til þriggja ára, af hverju erum við að búa til nýja reglu? Af hverju nýtum við ekki bara þessa þriggja ára reglu í gegnum öll kerfi, t.d. í atvinnuréttindunum. Við sjáum það núna í útlendingafrv., þar erum við að tala um búsetu- og dvarleyfi, það eru þrjú ár. Við erum alltaf að tala um þrjú ár. En allt í einu núna upp á það að fólk geti verið virkt í sínum sveitarfélögum, tekið þátt í því sem að því snýr og við vitum vel að sveitarstjórnir eru þau mál sem standa fólki næst, af hverju á þetta fólk ekki, þegar það er komið með búsetuleyfi og sitt græna kort, af hverju má það ekki taka þá fullan þátt í samfélaginu með því að kjósa og bjóða sig fram? Þetta er fólkið sem heldur uppi heilu sveitarfélögunum úti á landi. Nei, fimm ár skal það vera og það er ekkert, það er enginn rökstuðningur á bak við það.

Ég boða hér með að lagðar verða fram brtt. í þessa átt, a.m.k. frá okkur samfylkingarfólki og vonandi fleirum, því þetta er ekkert system og líka gagnvart norrænum borgurum, að við högum okkur nákvæmlega eins og aðrir norrænir borgarar haga sér gagnvart okkur. Það er svo einfalt í mínum huga. Þetta snýr hreinlega að jafnræði borgaranna og jafnræðisreglu meðal norrænna borgara. Það er mjög skýrt í mínum huga. Ég er hér með öll lögin frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi sem er hægt að leggja fram í hæstv. félmn.

Annað vildi ég gera að umtalsefni sem hefði verið löngu tímabært að koma með inn því það hefur margt gerst frá 1998 og það er spurningin um að hafa möguleika á rafrænum kosningum.

Því miður hefur einn flokkur ályktað um það á landsfundi sínum að ekki skuli heimila rafrænar kosningar. Það er afar sérstakt ef skoðuð eru öll prófkjör sem hafa átt sér stað núna vegna sveitarstjórnarkosninganna, þá er það sá flokkur sem hefur notað rafræna kosningu og gengið afspyrnuvel og fólk í hans ranni þrýstir afar mikið á að sá möguleiki sé til staðar. Og þetta á sérstaklega við um minni sveitarfélög. Lýtur þetta að því að kostnaður verður minni og minna umfang verður, hægt er að fækka kjörstjórnarfulltrúum í kjördeild, hægt er að stækka kjördeildir, og að dómsmrn. skuli ekki hafa heimilað að hafa einhvers staðar tilraun í gangi í landinu er náttúrlega þvílík afturhaldssemi, afsakið, herra forseti, að eiginlega fer um mann hálfgerður hrollur. Þetta er eins og að vera hestur með skjól og neita að horfa á þann raunveruleika og þá þróun sem er að gerast í kringum okkur. Og ég vil enn ítreka að það er samt sem áður sá flokkur sem er búinn að nota rafrænar kosningar hvað mest í tengslum við prófkjör og það hefur lukkast mjög vel og allt gengið eins og átti að gera.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessa umræðu miklu lengri því við eigum eftir að ræða þetta í nefndinni. Auðvitað vil ég að þetta frv. fari í gegn, það er mjög margt sem verið er að laga sem þarf að laga fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, og ég vil ekki tefja það, það er alveg af og frá, en boðaðar verða brtt. varðandi þetta mál og einnig um að hægt verði að vera með rafrænar kosningar.

Ég hef þetta ekki lengra í bili, herra forseti, og mun ræða þetta áfram í hv. félmn.

[12:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um kosningar til sveitarstjórna og ég verð að segja að hv. þm. Guðrún

Ögmundsdóttir kom með öll helstu atriðin sem athugaverð eru við frv.

Mér kom ákaflega á óvart að lesa frv. í gegn og sjá að ekki er minnst á rafrænar kosningar og engin heimild til slíkra kosninga í frv. Það er sérkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur ályktað sérstaklega um upplýsingasamfélagið og stefnumótun í málefnum þess og hefur gert því hátt undir höfði á tyllidögum. Ef kíkt er t.d. á heimasíðu forsrn., þá er þar langur bálkur um mikilvægi upplýsingasamfélagsins og hvaða vinna sé í gangi. Nefndir eru að störfum og verið er að vinna í verkefnastjórnum út og suður að upplýsingasamfélaginu. Síðan þegar á að fara að koma til framkvæmdanna, þá er ekki eitt einasta orð um neitt í þessa veru, ekki minnst á rafrænar kosningar þó svo, eins og komið hefur hér fram, að þetta hafi verið reynt hér víða og gefist mjög vel. Ég vil nú bæta við af því að fram kom hjá síðasta ræðumanni að þetta væri mikilvægt fyrir litlu sveitarfélögin, það er ekki síður mikilvægt fyrir stóru sveitarfélögin að vera með rafrænar kosningar.

Kosturinn við rafrænar kosningar er margvíslegur. Það er t.d. ekki nauðsynlegt að allir fari í ákveðna kjördeild, hægt er að fara í hvaða kjördeild sem er. Og það er auðvitað áhyggjuefni að þátttaka í kosningum hefur farið minnkandi og það má búast við því að rafrænar kosningar mundu vega upp á móti þar sem fólk getur farið í hvaða kjördeild sem er og á ekki að þurfa að bíða eftir að komast að. Þær eru afkastameiri. Niðurstöður koma fljótar. Auðveldara er að safna saman efni í skýrslur. Menn vita alltaf hvernig staðan er á hverjum tímapunkti.

Ég verð auðvitað að segja það líka að það er sérkennilegt í ljósi þess að Sjálfstfl., annar stjórnarflokkurinn, hefur ályktað um það á landsfundi að ekki skuli heimila notkun rafrænnar kjörskrár. Engu að síður vill Sjálfstfl. að Ísland verði áfram í fararbroddi þjóða heims við hagnýtingu og þróun upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Þetta er beint upp úr ályktun um stefnu Sjálfstfl. sem er slík mótsögn við niðurstöðu landsfundarins að það er fyndið, maður gæti haldið að maður væri í Spaugstofunni þegar ályktunin er lesin og síðan niðurstaðan. Þeir vilja að Ísland verði í röð fremstu þjóða í rafrænni stjórnsýslu. Lögð er áhersla á að hún þróist eðlilega við hlið hinnar hefðbundnu — það er nú alls ekki gert ráð fyrir því í frv. — og að flýtt verði eins og kostur er setningu laga og reglugerða sem ryðja úr vegi þeim hindrunum sem nú eru fyrir notkun upplýsingatækni í gagnvirkri þjónustu. Þetta er niðurstaða Sjálfstfl. á landsfundi. Svona gæti ég lengi lesið upp úr ályktunum sem allar eru í þá veru að það eigi að koma hér á rafrænni kosningu en síðan er niðurstaðan fáránleg í ljósi þess.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að hann nefndi áðan að það hefði orðið niðurstaða, það var nú reyndar í sambandi við kosningarréttinn sem ég ætla að koma að síðar, en ég velti fyrir mér hverjir komust að niðurstöðu um að ekki ætti að nefna rafræna kosningu eða heimila hana. Hvernig stendur á því að þetta er ekki í frv., sérstaklega í ljósi stefnu ríkisstjórnarinnar og stefnu stjórnarflokkanna og bara eðlilegrar þróunar í upplýsingatækni? Mér kemur ákaflega á óvart að sjá þetta.

Síðan vil ég taka undir þá gagnrýni heils hugar sem kom fram á réttindi útlendinga til kosningaþátttöku hér. Hvernig stendur á því að við ætlum að fara að draga okkur svona út úr norrænum þjóðum með því að heimila ekki norrænum ríkisborgurum að greiða hér atkvæði í sveitarstjórnarkosningum á sama hátt og við eigum rétt á að gera á Norðurlöndunum? Það er með ólíkindum að ætla að bjóða upp á þetta og í rauninni móðgun við norrænt samstarf að ætla að fara þessa leið. Ég hefði talið eðlilegt að norrænir íbúar hér hefðu sama rétt og við höfum á Norðurlöndunum og síðan að aðrir útlendingar hefðu þá jafnvel þessa þriggja ára búsetu sem verið er að leggja til fyrir norrænu íbúana.

Það er auðvitað ekki boðlegt að ætla að fara þessa leið og ég tek undir það að við munum leggja fram brtt. í félmn., fulltrúar Samfylkingarinnar þar, því við getum alls ekki sætt okkur við þessa niðurstöðu. Frv. er allt of íhaldssamt og afturhaldssamt í þessum efnum. Sömuleiðis varðandi heimildina til rafrænna kosninga. Ég geri ráð fyrir að við munum líka koma með brtt. þar, því það er ekki boðlegt að samþykkja frv. sem er í þessa veru og ekki er tekið á þessum þáttum.

Ég vil minna á að í félmn. liggur fyrir frv. frá sex hv. þm. Samfylkingarinnar um sama efni, um réttindi fyrir útlendinga til að taka þátt í kosningum til sveitarstjórna, sem gengur lengra en þetta frv. Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni en ég held ég hafi komið helstu athugasemdum mínum á framfæri hér.

[12:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessu frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna eru sjálfsögð atriði. Verið er að gera fínar leiðréttingar á ýmsum málum, færa atriði varðandi kosningar til sveitarstjórna til betri vegar á mjög margan hátt. Hins vegar er nýmælið, stærsta nýmælið í frv. það sem lýtur að kosningarrétti erlendra ríkisborgara sem eiga lögheimili á Íslandi.

Það kom í ljós í andsvari hæstv. ráðherra áðan að hann var þeirrar skoðunar þegar málið var til vinnslu í ráðuneytinu að það ætti að gilda sami frestur, þriggja ára frestur, fyrir alla erlenda ríkisborgara sem ættu lögheimili á Íslandi. Það er ekki forsvaranlegt, herra forseti, að hæstv. ráðherra segi okkur ekki hér á Alþingi hvað það var sem gerði það að verkum að hann skipti um skoðun. Hver er röksemdafærsla hæstv. ráðherra í þessu máli? Hún verður að koma fram áður en málið fer til nefndarinnar, því það er alveg ljóst að vilji samfélagsins og greinilega vilji stjórnarandstöðunnar stendur til þess að hér fái fólk að búa við jafnrétti.

Þegar við tölum um jafnrétti, þá hefur verið bent á það í umræðunni, herra forseti, að Íslendingar njóta þess réttar annars staðar á Norðurlöndunum, að fá kosningarrétt um leið og þeir öðlast lögheimili. Hæstv. ráðherra verður að svara því hér áður en málið fer í nefnd: Hvers vegna var ekki tekin sú ákvörðun að hafa þetta eins hér? Hvers vegna leggur félmrh. hæstv. það til að norrænir íbúar á Íslandi búi við lakari rétt en íslenskir ríkisborgarar á öðrum Norðurlöndum? Hæstv. ráðherra þarf að svara þessum spurningum.

Greinargerðin með frv. hvað þetta varðar er afar óskýr og eins og kom fram í málflutningi hæstv. ráðherra þegar hann var að reyna að þræla sér í gegnum grg., þá er hún illa samin. Ekki er vandað til hennar. Hún er ekki gerð nægilega gegnsæ til þess að alþingismenn og þeir sem kynna sér þingmál, á netinu t.d., geti skilið hvað liggur að baki og hvers vegna hlutirnir eru lagðir fram með þessum hætti.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir benti réttilega á að verið er að búa til í þessu kerfi okkar sem lýtur að réttindum útlendinga hér á landi ákveðna reglu. Hún nefndi hana þriggja ára reglu. Hún varðar búsetu og dvalarleyfi. Hæstv. ráðherra

verður líka að svara því við umræðuna hvers vegna ekki er samræmi á milli þessa frv. og hins frv. sem er núna í umfjöllun í hv. félmn. og varðar réttindi og skyldur útlendinga. Það er alveg nauðsynlegt að við fáum einhvern rökstuðning með því hvernig þetta er lagt hér fram og ekki sé hægt að segja „af því bara".

Varðandi hitt atriðið sem hér hefur verið gagnrýnt, þ.e. skort á ákvæði um rafrænar kosningar, þá er það auðvitað alveg rétt sem bent hefur verið á, það er bara sérstök forpokun, herra forseti, að ekki skuli vera gert ráð fyrir heimildum til rafrænna kosninga í frv. Hvar eru Framsfl. og hæstv. félmrh. staddir? Ekki í nútímanum. Hefur hæstv. félmrh. ekki kynnt sér stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum? Hvar er hann staddur í dag með tilliti til nútímans og þeirra tækniframfara sem hafa orðið? Og er hæstv. ráðherra ekki kunnugt um að hér hefur fólk verið að þróa hugbúnað í þessum efnum til þess að auðvelda okkur að innleiða rafrænar kosningar? Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera? Hann ætlar ekki að gefa heimild í frv. til þess að þær verði mögulegar. Er þetta nú til fyrirmyndar að tala við okkar merka uppfinningafólk á þessu sviði, á sviði hugbúnaðar og tæknibúnaðar, að við ætlum ekki að heimila þessu fólki að sjá afrakstur erfiðisins sem það er búið að vera að vinna að með, eftir því sem það hefur haldið, fulltingi ríkisstjórnarinnar því það hefur lesið stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið? Hvers vegna eru ekki hér heimildir fyrir rafrænum kosningum? Hæstv. ráðherra verður að svara því.

Það er því alveg ljóst að við þurfum að fá frekari röksemdafærslu af hálfu hæstv. ráðherra áður en málið fer til nefndar. Ef ekki, þá treystir maður náttúrlega bara á góðan vilja hv. alþm. í nefndinni og að þessum málum verði kippt í liðinn og þau færð til betri vegar í umfjöllun nefndarinnar.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem að efni til er lagfæring á lögum um kosningar til sveitarstjórna til samræmis við þær breytingar á kosningalögum sem tengdust kjördæmabreytingu sem hér var lögtekin í kringum síðustu alþingiskosningar. Þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt verk og ef eitthvað er tilefni gagnrýni, þá er það helst að slíkum lagfæringum á lögum um kosningar til sveitarstjórna skyldi ekki lokið fyrir löngu. Það er kominn líklega 7. mars, ef ég man dagatalið rétt, og utankjörfundaratkvæðagreiðsla í komandi sveitarstjórnarkosningum hefst núna innan tveggja vikna, eftir u.þ.b. hálfan mánuð, þannig að þau koma ansi seint af fjalli þessi lömb hæstv. félmrh. að hann skuli vera hér að baksa með kosningalagabreytingar svo seint sem núna í marsmánuði, á útmánuðum þess vetrar þegar sveitarstjórnarkosningar fara í hönd. Þess þá heldur er rétt og skylt að taka til hendinni og ég sé ekki annað en að félmn. eigi að drífa í að skoða frv. og reyna að tryggja afgreiðslu þess sem allra fyrst því að auðvitað er það ekki eins og við viljum hafa hlutina, að hér væru þessi lög opin og í meðhöndlun þingsins þegar t.d. utankjörstaðaatkvæðagreiðslan í komandi sveitarstjórnarkosningum er beinlínis hafin.

Að langmestu leyti sýnist mér, herra forseti, sem hér sé um að ræða tæknilegar lagfæringar sem ekki er ástæða til að gera miklar athugasemdir við. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að lesa frv. saman og fara yfir það. Á einstöku stöðum eru efnisbreytingar sem ekki eru endilega sjálfgefnar þó að almennum kosningalögum hafi verið breytt með tilteknum hætti, t.d. má nefna ákvæðið þar sem ákveðið er að fella niður meðmælendur í sveitarfélögum með innan við 100 íbúa. Auðvitað eru það hrein jaðartilvik sem þar er þá verið að reyna að sjá fyrir, mögulegar listakosningar í svo fámennum sveitarfélögum. Sjálfsagt er rétt að reyna að róa fyrir sem flestar víkur í þessu og ég skal ekki segja annað en að þetta efnisatriði geti vel átt rétt á sér.

Hér er ekki hróflað við þeim þáttum sem þó er langalgengast að heyra gagnrýni um varðandi framkvæmd kosninga, tilhögun utankjörstaðaatkvæðagreiðslu, rétti til að kjósa utan kjörfundar á sjúkrastofnunum og öðru sem því tengist. Algengast er að hnökrar verði í framkvæmd eða deilumál komi upp og umkvartanir vegna framkvæmdaatriða sem slíkum hlutum tengjast. Hér er ekki verið, að því ég fæ best séð, að hrófla við þessu á einn eða neinn hátt þannig að kannski er ekki í sjálfu sér tilefni til að taka það mikið upp en ég nefni þetta þó hér vegna þess að það er mjög algengt að fólk kvarti undan því og finnist að réttur þess sé takmarkaður að þessu leyti. Og ef einhverjir helst sæta því að eiga í erfiðleikum með að nýta kosningarrétt sinn eru það gjarnan þeir sem ekki sjá fram á að geta kosið á kjörstað, eru illa ferðafærir þannig að þeir geta ekki með auðveldum hætti nýtt sér utankjörstaðaatkvæðagreiðslur þar sem þær eru til staðar hjá sýslumönnum eða annars staðar, og svo náttúrlega þeir landar sem staddir eru á erlendri grund þegar kosningin fer fram eða í aðdraganda hennar. Enginn vafi er á að veruleg brögð eru að því að þá sé kosningarréttur af mönnum tekinn einfaldlega vegna þess að það geta verið miklir erfiðleikar fyrir menn að neyta atkvæðisréttar síns eins og þá er í pottinn búið. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort ekki væru einhverjar leiðir til að opna einhvers konar póstkosningamöguleika fyrir Íslendinga sem eru staddir erlendis. Hér í sveitarstjórnarkosningum á það við um þá sem tímabundið eru staddir erlendis en ekki varanlega búsettir af augljósum ástæðum, og enn frekar auðvitað gildir þetta í alþingiskosningum þar sem Íslendingar eru oft varanlega búsettir erlendis en kjósa að halda ríkisborgararétti sínum, eiga hér kosningarrétt í þingkosningum.

Þá er náttúrlega stutt yfir í að ræða spurninguna um rafrænar kosningar sem hér hefur borið á góma. Væri mögulegt með fullnægjandi öryggi að opna leiðir fyrir rafræna kosningu væri náttúrlega stórri, efnislegri hindrun rutt úr vegi fyrir þá sem ekki eru staddir á landinu á kjördag eða í aðdraganda hans.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að óneitanlega er nokkuð sérstakt að alls ekki skuli vera minnst á þá möguleika sem tengjast rafrænum kosningum, ég tala nú ekki um rafræna kjörskrá. Maður hafði vænst þess a.m.k. í þessari umferð að opnaður yrði sá möguleiki að sveitarfélögin mættu halda rafræna kjörskrá. Hagræðingarmöguleikar í uppfærslu á kjörskránni eru alveg augljósir, varðandi aðgang að henni o.s.frv. Viss sveitarfélög hafa óskað eftir að fá að hafa rafræna kjörskrá og ég hlýt að leyfa mér að trúa því að það sé eitt af því sem félmn. ætti að taka til skoðunar, hvort einhverjir meinbugir séu á því sjáanlegir að ekki sé unnt að opna það sem valkvæðan möguleika að sveitarfélög geti haft rafræna kjörskrá. Að sjálfsögðu er ekki við því að búast að menn skipti á einni nóttu alfarið úr hefðbundnum kosningum með kjörseðlum og prentaðri kjörskrá og yfir í algjörlega rafræna framkvæmd að öllu leyti. Slíkt mundi væntanlega og ósköp eðlilega gerast í áföngum og ég held að eðlilegur fyrsti áfangi hefði verið að heimila þeim sveitarfélögum sem

það kysu að viðhafa rafræna kjörskrá, og mögulega hvetja til þess að rafrænir kjörstaðir yrðu opnaðir til hliðar við hina hefðbundnu. Þannig gætu þeir sem það vildu æft sig í að kjósa rafrænt á tilteknum kjörstöðum þar sem öllu öryggi væri fullnægt og þannig væru menn að þróa kerfið eitthvað áfram í áttina að því að nýta sér þessa kosti.

Eitt áhyggjuefni er ástæða til að nefna í þessu sambandi og það er ósköp einfaldlega minnkandi kosningaþátttaka, hér eins og víða annars staðar. Þannig hefur það t.d. gerst að kosningaþátttaka hefur verið á verulegri niðurleið í Reykjavík, bæði í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum að undanförnu. Undanfarnar tvennar, þrennar kosningar hefur hlutfallið lækkað um ein 5% eða svo, 5–8%, úr tæpum 90% eins og þetta var gjarnan um og fyrir 1990 og vel niður fyrir 80% núna miðað við síðustu alþingiskosningar en þá var kjörsókn í Reykjavík 77,6%. Ef rafrænar kosningar eða a.m.k. sá möguleiki til hliðar við hefðbundnar aðferðir væri opnaður mætti binda vissar vonir við að með öðru gæti það nýst mönnum í baráttu gegn þessari þróun. Auðvitað hljótum við að andæfa doðanum sem þarna er á ferðinni.

Að síðustu, herra forseti, vil ég einnig taka upp eitt sem ég held að allir fyrri ræðumenn hafi rætt og við sem höfum tekið þátt í umræðum um þetta frv. virðumst sammála um, enn sem komið er. Þó að breytingarnar í frv. sem lúta að kosningarétti fólks af erlendu bergi brotið sem hingað er flutt séu vissulega til bóta og mikil framför frá því fráleita ófremdarástandi sem gilt hefur í þessum efnum hingað til vekur undrun að svo skammt eigi að ganga sem raun ber vitni. Hvers vegna ætti Ísland t.d. að skera sig frá hinum Norðurlöndunum í því og ganga mun skemmra, bæði gagnvart norrænum borgurum og öðrum sem hér hafa sett sig niður? Ég hefði viljað sjá, ef menn vilja halda ákveðinni aðgreiningu, að við stigjum skrefið til fulls gagnvart öðrum norrænum borgurum og veittum þeim fullan kosningarrétt til sveitarstjórna um leið og þeir uppfylltu almenn skilyrði um að hafa sett sig niður og fengið lögheimilisfang í tilteknu sveitarfélagi. Það væri í samræmi við þróun sameiginlegs norræns vinnumarkaðar og búsetumarkaðar sem ég hélt að við hlytum að styðja eindregið ekki síður en aðrir, og færa þá frekar mörkin vegna annarra ríkisborgara niður í eins og þrjú ár í staðinn fyrir að hanga í þessari lágmarksviðmiðun, fimm árum, sem mun vera samkvæmt evrópskum viðmiðunum sem við ætlum okkur að innleiða eða fullgilda hér, viðmiðum frá Evrópuráðinu.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að vera á mjög rúmum nótum. Ég hefði t.d. talið að tveggja ára regla, svipað og gildir í Finnlandi, væri alveg nóg. Ég bendi bara á þær aðstæður sem eru orðnar í mörgum íslenskum sveitarfélögum, sérstaklega sjávarbyggðum á landsbyggðinni. Þar er drjúgur hluti íbúa með varanlega og fasta búsetu af erlendu bergi brotinn. Þetta eru góðir liðsmenn í viðkomandi samfélögum og atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga. Þegar fólk hefur flutt þangað lögheimili, jafnvel keypt hús og komið sér upp fjölskyldu finnst mér að það eigi að gera í því einmitt að hvetja það til virkrar þátttöku í málefnum síns sveitarfélags en ekki öfugt, og gera það m.a. með því að láta það hafa kosningarrétt svo fljótt sem þessum skilyrðum er fullnægt. Það er beinlínis algjörlega fráleitt að fólk sem er búið að setja sig niður í viðkomandi byggðarlagi, eins og ég þekki mörg dæmi um, t.d. pólskt verkafólk á mínum heimaslóðum, búið að kaupa hús, komið með börn í skóla en fær ekki að kjósa til sveitarstjórna, hefur náttúrlega alls ekki getað það eins og málin hafa verið. Að því leyti er frv. auðvitað framför. En þarna hefði mér fundist að mætti ganga lengra.

Svo koma einhverjir farandverkamenn, þótt íslenskir séu, og eru staddir tímabundið, kannski í hálft ár í viðkomandi sveitarfélagi og þar gildir lögheimilisfestin ein. Svo getur það fólk verið farið en hitt sem er búið að setja sig niður á staðnum hefur ekki sama rétt. Þetta er engum til góðs og engum til framdráttar og mér fyndist þar af leiðandi að þarna hefði átt að reyna að finna aðrar skilgreiningar, aðrar viðmiðanir. Auðvitað má þetta ekki heldur vera of flókið þannig að lögheimilisfangið og einhver viðmiðun í árafjölda er kannski einföldust þarna. Mér fyndist t.d. lögheimili og tveggja ára föst búseta í viðkomandi sveitarfélagi vera yfrið nóg og gagnvart norrænum ríkisborgurum gilti sami réttur og gildir um Íslendinga sjálfa. Í reynd finnst mér þurfa að færa miklu gildari röksemdir en tilburðir eru til í frv. til að hafa þar yfir höfuð nokkra mismunun.

Er búið að fara nógu vel yfir það í félmrn. að það sé hreinlega eðlilegt, miðað við grunnreglur norræns samstarfs sem ganga í mörgum tilvikum lengra en EES-rétturinn gerir, að ekki skuli bara vera um algjörlega sambærilega réttarstöðu að ræða? Við keppumst eftir því í sambandi við félagsleg réttindi að menn öðlist slík um leið og þeir flytja milli landa og tapi í engu þeim rétti sem þeir hafa fyrir að lögum síns lands og svo aftur búsetulandsins. Þarna skýtur allt í einu upp kollinum skerðing sem við mundum ekki taka fagnandi og ekki vilja sjá ef um væri að ræða t.d. atvinnuleysisbótarétt, barnabætur, húsaleigubætur eða önnur slík réttindi sem við ætlumst til að séu algjörlega yfirfæranleg og/eða að menn öðlist umsvifalaust með búferlaflutningum innan Norðurlandanna, fullgildan rétt sem þegn eða íbúi viðkomandi sveitarfélags og ríkis um leið og þeir hafa með formlegum hætti flutt heimilisfang sitt. Og kosningarrétturinn til sveitarstjórna ætti að mínu mati að meðhöndlast með sama hætti. Það gerir hann á hinum Norðurlöndunum þar sem kjörgengi og kosningarréttur miðast við sömu búsetuskilyrði og hjá innlendum ríkisborgurum. Þetta atriði eigum við að taka til skoðunar. Sem félagsmaður í félmn. áskil ég mér a.m.k. rétt til að skoða þetta og eftir atvikum leggja til breytingar því að ég sé í því sambandi bókstaflega engar hættur. Ég sé ekki hverju við værum að hætta með því að rýmka þetta að þessu leytinu til þó að mér sé ljóst að það er ekki langur tími til stefnu til að ljúka afgreiðslu málsins úr því að það er svona óheppilega seint fram komið sem raun ber vitni.

[12:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tel að frv. sé til bóta en mér finnst það ekki nútímalegt og ekki taka mið af því sem ég hefði talið að væru þau skref sem við ættum að taka í þessu máli núna.

Ég tek undir með öðrum ræðumönnum, hv. þm. sem hafa komið í þennan ræðustól, að mér finnst að rétturinn gagnvart Norðurlandaþjóðunum eigi að vera alveg nákvæmlega eins hér á landi og hann er fyrir okkur í þeirra löndum. Ég hefði einnig talið að eðlilegt væri að færa rétt til kosninga í sveitarstjórnum niður í þriggja ára búsetu en ekki fimm eins og hér er lagt til og að við færum þar að sömu reglu og almennt gildir annars staðar á Norðurlöndum, þó svo að Finnar séu þar með tvö ár. Ég hefði talið að við færum a.m.k. í það far sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa kosið að velja sér að þessu leyti.

Ég vil líka vekja athygli á því að í lögum um útlendinga er talað um að ótímabundið atvinnuleyfi sé miðað við þrjú ár. Mér finnst óþarfi að setja upp alls konar mismunandi viðmiðanir í árum varðandi réttindi fólks sem hér sest að, hefur lögheimili, nýtir sér þjónustu samfélaga sem það býr í, byggir undir þau samfélög með atvinnu sinni og viðveru og eignast þar hús. Ég tel alveg tvímælalaust að það eigi að færa þessu fólki félagsleg réttindi að því leyti að fá að taka þátt í kosningum til sveitarstjórna þar sem það býr. Ég legg þess vegna alveg eindregið til að frv. verði breytt í þá veru að útlendingar sem koma frá öðrum löndum en Norðurlöndunum fái að lágmarki að taka þátt í kosningum til sveitarstjórna eftir þriggja ára dvöl. Mér fyndist það alveg lágmark að við færum a.m.k. á sama stað og aðrar þjóðir sem við miðum okkur við, Norðurlandaþjóðirnar, gera að þessu leyti. Einnig tel ég að eigum við að fara nákvæmlega eins að gagnvart Norðurlandaþjóðunum og þar er gert, að fólk sem hér hefur sest að og á lögheimili hér á landi frá þeim löndum, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, eigi hér sama rétt og við eigum í þeirra löndum.

Aðrar greinar frv. eru lagfæringar miðað við þær breytingar sem verða að teljast eðlilegar að flestu leyti, eins og kosningalögin, og ætla ég ekki að gera þær mikið að umræðuefni.

Ég vil hins vegar aðeins víkja að rafrænum kosningum. Ég tel að við eigum að innleiða þann möguleika í kosningalögin og mér finnst virkilega tilefni til þess að taka það hér inn í frv. um réttinn til sveitarstjórnarkosninga. Og ég vil taka undir það sem hér hefur líka komið fram varðandi rafræna kjörskrá að ég tel að það væri til mikilla bóta.

Ég held ég þurfi ekki að hafa miklu lengra mál um frv. Ég er almennt hlynntur þeim breytingum sem hér eru lagðar til en geri þessa skýru fyrirvara að frv. gengur alls ekki nógu langt í því að auka lýðréttindi erlendra borgara sem hér eiga lögheimili og stunda hér atvinnu og byggja upp þetta þjóðfélag með okkur.

[12:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég verð að vekja athygli á því að hér er um stjfrv. að ræða. Þetta er ekki þingmannafrv. eða persónulegt frv. frá mér heldur er þetta stjfrv. og þar af leiðandi þurftu báðir stjórnarflokkar að standa saman að málinu. Við erum í samstarfi við Sjálfstfl. Sjálfstfl. ályktaði á landsfundi sínum einhverra hluta vegna gegn rafrænum kosningum og þess vegna eru ekki rafrænar kosningar inni í frv. vegna þess að Sjálfstfl. hefur það á prógrammi sínu að vera á móti rafrænum kosningum. Ég er hins vegar nokkuð undrandi á þeirri afstöðu.

Að vísu eru rafrænar kosningar ekkert sjálfsagðar og ég er ekkert viss um, þó að opnuð hefði verið heimild, að þær hefðu nokkurs staðar verið teknar upp því að samkvæmt upplýsingum sem koma fram í grein Gunnars Eydals, skrifstofustjóra Reykjavíkurborgar, í ágætri grein um rafrænar kosningar í síðasta hefti Sveitarstjórnarmála þá er 40% dýrara að hafa rafræna kjörskrá en þessa venjulegu — ég viðurkenni hins vegar að hún er talsvert þægilegri — og ef kosningar eru framkvæmdar rafrænt séu þær helmingi dýrari en með gamla laginu. Þetta eru þær tölur sem standa í Sveitarstjórnarmálum. Og ég held að sveitarfélög hefðu almennt ekki lagt í það að sinni að fara út í rafrænar kosningar þó að þær hefðu verið heimilaðar.

Kosningaþátttaka er góð á Íslandi. Að vísu hefur hún dalað nokkuð í Reykjavík en hún er feiknamikil í samanburði við önnur lönd og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því eða að fara út í rafrænar kosningar vegna þess að við eigum í vandræðum með að fá fólk á kjörstað, ég hef ekki trú á því. Hér var framkvæmd rafræn kosning um flugvöllinn í Reykjavík. Það var háðulega lítil þátttaka í þeirri kosningu, það var rúmur þriðjungur af kosningarbærum aðilum sem tók þátt, gott ef það voru ekki 37% frekar en 36%.

Varðandi dvalartímann, lögheimilistímann, þá var það eins, að ekki var samstaða í stjórnarliðinu um að fara lægra en í þessi fimm ár og þess vegna varð niðurstaðan sú. En við uppfyllum samt lágmarksskilyrði Evrópuráðsins. Ákvæðið um norræna borgara er óbreytt frá gildandi lögum og við höfum búið við það í mörg eða allnokkur kjörtímabil og þó að öðruvísi meiri hlutar hafi verið við stjórn landsins þá hefur því ekki verið breytt.

Það eru sem sagt þrjú atriði sem frv. snýst um, þ.e. verið er að færa framkvæmd sveitarstjórnarkosninga til samræmis við alþingiskosningar, verið er að slaka á kröfunni um meðmælendur í minnstu sveitarfélögunum og síðan er verið að rýmka rétt erlendra ríkisborgara til að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum. Og náttúrlega ber að taka fram að með því að fá kosningarrétt þá hafa þeir líka kjörgengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 564. mál. — Þskj. 884.

[12:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

Í frv. er lagt til að embætti héraðslækna verði lagt niður, en meginákvæðin um þau eru í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Flestir héraðslæknar eru í 20% starfi samhliða 80% störfum sem heilsugæslulæknar. Reynslan hefur verið sú að heilsugæslan sinnir flestum störfum sem héraðslæknum eru falin með lögum og þykir því eðlilegt að flytja þessi verkefni til hennar. Í Reykjavík hefur verið héraðslæknir í fullu starfi en núverandi héraðslæknir gegnir jafnframt störfum lækningaforstjóra heilsugæslunnar í Reykjavík. Einnig hefur verið héraðslæknir í fullu starfi á Norðurlandi eystra.

Lagt er til að verkefni þau sem enn eru í höndum héraðslækna færist til yfirlækna heilsugæslunnar. Auk laga um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um verkefni héraðslækna í fjölmörgum lögum og er í frv. lögð til breyting á þeim flestum. Undanskilin eru lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, þar sem kveðið er á um hlutverk héraðslæknis í heilbrigðisnefndum. Gert er ráð fyrir að tillaga til breytinga á því fylgi frv. umhvrh. um breytingu á þeim lögum.

Þau verkefni héraðslækna sem lagt er til yfirlæknar heilsugæslunnar sinni eru aðallega sóttvarnir undir stjórn sóttvarnalæknis, seta í svæðisráði fatlaðra og almannavarnanefnd, umsjón með heilsuvernd í framhaldsskólum og nokkur verkefni sem tengjast andláti og meðferð líka. Eru yfirlæknar heilsugæslustöðva, heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana og

heilsugæslunnar í Reykjavík nefndir í frv. til einföldunar einu nafni yfirlæknar heilsugæslu.

Flestar breytingar sem lagðar eru til í frv. eru í samræmi við ofangreint og skýra sig sjálfar. Þó er ástæða til að fara nánar yfir þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Hvað varðar lög um heilbrigðisþjónustu, samanber I. kafla frv., er lagt til að felld verði á brott ákvæði 6.–9. gr. laganna um læknishéruð, héraðslækna, héraðshjúkrunarfræðinga og heilbrigðismálaráð. Þegar felld verða niður embætti héraðslækna verður skipting landsins í læknishéruð óþörf. Í staðinn er gert ráð fyrir að landinu verði eingöngu skipt í heilsugæsluumdæmi og það verði gert með reglugerð. Það felur ekki í sér efnisbreytingu frá núgildandi lögum því að samkvæmt þeim er heimilt að breyta skiptingu á heilsugæsluumdæmum með reglugerð. Þykir bæði skýrara og aðgengilegra að eingöngu sé kveðið á um skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi í reglugerð.

Enn fremur er lagt til að embætti héraðshjúkrunarfræðinga verði felld niður og ákvæði um skipan heilbrigðismálaráða verði felld brott. Heimild til að skipa héraðshjúkrunarfræðinga hefur nær ekkert verið notuð og heilbrigðismálaráð hafa mjög lítið starfað á undanförnum árum.

Þá er lagt til að Læknishéraðasjóður verði lagður niður. Gert er ráð fyrir að það fé sem merkt er sjóðnum renni til uppbyggingar heilsugæslu í landinu eins og verið hefur.

Í I. kafla frv. eru einnig lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum í lögum um heilbrigðisþjónustu vegna sameiningar Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur í Landspítala – háskólasjúkrahús. Eru þær breytingar lagatæknilegs eðlis.

Loks er lagt til að við 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu bætist ákvæði um heimild til að ráða yfirmenn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, sem jafnframt hafi á hendi starf kennara við Háskóla Íslands, tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Er þetta lagt til í samræmi við ósk frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem hefur bent á að mismunandi form ráðningar geti valdið vandkvæðum þegar ráðið er tímabundið í kennarastarf en ótímabundið í yfirmannsstarf.

Í IV. kafla frv. er kveðið á um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997. Lagt er til að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða yfirlæknar heilsugæslunnar verði ábyrgir fyrir sóttvörnum undir stjórn héraðslæknis, en ljóst er að mikilvægt er fyrir sóttvarnalækni að hafa slíka tengiliði úti um landið.

Síðan er lagt til að þessum tilteknu yfirlæknum verði falin flest þau verkefni á sviði sóttvarna sem áður voru í höndum héraðslækna. Einnig er lagt til að læknar tilkynni einungis sóttvarnalækni um að einstaklingar hafi smitast af tilkynningarskyldum smitsjúkdómi, sbr. 17. gr. frv. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast í framkvæmd.

Þá er lagt til að heimild til að beita sóttvarnaráðstöfunum til bráðabirgða verði eingöngu hjá sóttvarnalækni, sbr. 20. gr. frv.

Loks er lagt til í 22. gr. frv. að heimild til að grípa til sérstakra ráðstafana nái einnig til annarrar vár en ekki einungis til náttúrhamfara eins og nú er. Er þetta lagt til í ljósi hryðjuverkanna í Bandaríkjunum þann 11. september 2001 og þeirra atburða sem fylgdu í kjölfarið. Er þessi breyting lögð til samkvæmt ósk sóttvarnalæknis.

Herra forseti. Ég hef nú fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og öðrum lögum varðandi héraðslækna o.fl. Þar sem frv., ef að lögum verður, leiðir til sparnaðar og hagræðingar tel ég mikilvægt að það nái fram að ganga sem fyrst. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[12:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið kynnt frv. til laga um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl. og eru það að mörgu leyti eðlilegar breytingar. Störf héraðslæknanna hafa verið að breytast og störf í heilsugæslunni að mörgu leyti líka. Meðal annars hafa heilbrigðisstofnanir innan sama héraðslæknisumdæmis sameinast, t.d. á Austurlandi þar sem allar heilbrigðisstofnanir á svæði héraðslæknisins eru orðnar að einni stofnun. Er því starf fyrrverandi héraðslæknis í raun orðið það sama og yfirlæknis þessarar heilbrigðisstofnunar að mörgu leyti.

Það sem mér finnst vera til umhugsunar hvað varðar frv. snýr að samræmingu og þeim þáttum þar sem embætti héraðslæknis hefur komið inn á mörg svið og þar sem hægt er að samræma aðgerðir innan hvers læknishéraðs. Þetta mun þá enn þá eiga við um þau svæði þar sem heilbrigðisstofnanirnar eru enn margar innan hvers héraðslæknissvæðis. Ég er að hugsa til samræmingar og þess hlutverks héraðslæknis að koma á sáttum, þ.e. vera málamiðlari og raun að mörgu leyti framlengd hönd bæði landlæknis og ráðuneytis sem embættismaður í héruðum. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvernig þessu hlutverki verður sinnt ef lögin taka gildi.

Eins hefur þróunin orðið á annan veg en ég t.d. óskaði að hefði gerst fyrir nokkrum árum síðan, þ.e. að hér yrði í hverju læknishéraði komið á öflugri miðstöð héraðslækna, héraðshjúkrunarfræðinga, til þess einmitt að efla þetta starf heima í héruðunum, færa frumkvæðið meira heim og ná meiri dreifingu í stjórnsýslunni. Það er uppbygging sem mér finnst rétt bæði út frá heilbrigðissjónarmiðum og stjórnun en ekki síður út frá byggðarsjónarmiðum. Þessi þróun hefur því miður ekki orðið. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra komi inn á samræmingar- og samþættingarþáttinn í störfum héraðslæknanna nú við 1. umr. um frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:51]

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 576. mál (tollar á grænmeti). — Þskj. 903.

[13:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 903, 576. mál. Um er að ræða frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Frv. þetta er samið af ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara samkvæmt beiðni minni en hún starfar á grundvelli 75. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, heyra að meginstefnu undir fjmrh. Forsrh. tók hins vegar ákvörðun í febr. 2002 um að þetta frv. skyldi flutt af landbrh. en ekki fjmrh. þar sem það varðar breytingar á ákvæðum laga sem hafa að geyma nánar tilgreindar valdheimildir landbrh. til að hafa áhrif á

tolla á landbúnaðarvörum. Með frv. þessu er stefnt að því að breyta ákvæði 6. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987, á þann veg að landbrh. verði veitt aukið svigrúm við ákvörðun um tollvernd grænmetis sem tilgreint er í viðaukum IVA og B við tollalögin.

Í frv. eru lagðar til breytingar sem byggðar eru á tillögum starfshóps um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta sem skipaður var af landbrh. á fyrri hluta árs 2001, öðru nafni grænmetisnefndar landbrh., sem skilaði lokatillögum til ráðherra í jan. 2002. Þarna komu að aðilar vinnumarkaðarins og Bændasamtökin og síðan menn úr landbrn. og fjmrn.

Í áfangatillögu starfshópsins til landbrh., dags. 30. apríl 2001, var lagt til að tollar á afurðir í 7. kafla tollskrár, sem ekki eru framleiddar hér á landi, yrðu felldir niður við framkvæmd 53. gr. A í lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Þau lög hafa að geyma ákvæði fyrir landbrh. til að úthluta tollkvótum á tilteknar vörutegundir sem tilgreindar eru í viðaukum IVA og B í tollalögunum. Með reglugerð nr. 439/2001 kom þessi tillaga til framkvæmda með niðurfellingu á 30% verðtolli sem lagður var á þessar afurðir auk nokkurra magntolla. Lokatillaga starfshópsins gerir ráð fyrir að 30% verðtollur verði við úthlutun á tollkvótum felldur niður af öllum grænmetistegundum 7. kafla tollskrár með setningu nýrrar reglugerðar þess efnis.

Þá er gert ráð fyrir að landbrh. geti áfram við úthlutun á tollkvótum stjórnað álagningu magntolls með setningu reglugerða. Er lagt til að sveigjanleiki í því efni verði aukinn þannig að heimilt verði að skipta verð- og/eða magntolli upp í fleiri gjaldflokka á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B við tollalög. Núverandi lagarammi er með þeim hætti að verð- og/eða magntollur getur verið hæstur eins og hann er tilgreindur í tollskrá en ráðherra er heimilt að hreyfa við tollinum í 25% þrepum, þ.e. unnt er að lækka hann eða hækka þannig að hann nemi 0, 25, 50 eða 75% af þeim verð- og/eða magntolli sem tilgreindur er í tollskrá. Samkvæmt þeirri breytingu sem lögð er til í frv. getur tollurinn verið hæstur eins og hann er tilgreindur í tollskrá en heimilt er við úthlutun á tollkvótum að lækka hann eða hækka í minni þrepum en áður þannig að hann nemi 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90% af verð- og/eða magntolli sem tilgreindur er í tollskrá eftir því hvað hentar hverju sinni.

Verðtollurinn hefur þegar verið felldur niður með setningu reglugerðar sem sett var samkvæmt heimild í lögum nr. 86/2001, um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, en þær lagabreytingar voru og gerðar á grundvelli áfangatillögu grænmetisnefndar landbrh. sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Magntollum verði hins vegar beitt þegar framboð af innlendri framleiðslu er nægilegt að magni og gæðum. Með þessu móti er leitast við að tryggja markaðsmöguleika og samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu þegar hún er nægileg að magni og gæðum. Magntollurinn dregur úr áhrifum verðsveiflna á erlendum mörkuðum á verð innan lands og hindrar undirboð. Við álagningu magntolls verða þau sjónarmið höfð að leiðarljósi að magntollurinn myndi ekki umframvernd sem kann að leiða til tímabundinna hækkana á verði innan lands ef ekki er fyrir hendi nægilegt framboð af viðkomandi vöru, eins og getur orðið í byrjun eða lok framleiðslutímabils. Einnig er gert ráð fyrir að fyrir innlendar afurðir til framleiðslu og sölu allt árið verði magntollurinn ákveðinn á þann hátt að hann veiti sanngjarnt verðlagsaðhald og möguleika á samkeppni.

Ef frv. þetta verður að lögum munu áfram gilda sömu lagareglur og áður um þau sjónarmið sem landbrh. skal hafa til hliðsjónar við beitingu ákvæðisins. Við ákvörðun sína verður landbrh. áfram bundinn af 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. A þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði.

Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.“

Þessi sjónarmið voru lögfest í 6. gr. A með lögum nr. 86/2001, um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987.

Þegar framangreindri áfangatillögu grænmetisnefndar landbrh., dags. 30. apríl 2001, var veittur lagagrundvöllur — en ég hef áður gert grein fyrir því — skal landbrh. eins og áður segir gæta að framangreindum sjónarmiðum um að tollurinn myndi ekki umframvernd fyrir framleiðendur og stuðli með þeim hætti að tímabundnum hækkunum á verði innan lands ef ekki er nægilegt framboð á viðkomandi vöru.

Í fskj. með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til grg. þeirrar er fylgir frv.

Hæstv. forseti. Frv. þetta er lagt fram í þeim tilgangi að veita landbrh. aukið svigrúm við ákvörðun um tollvernd grænmetis en ef frv. verður að lögum getur það haft töluverð áhrif á verðmyndun þessarar mikilvægu neysluvöru landsmanna og þar með áhrif á framboð og eftirspurn hennar. Jafnframt verður leitast við að tryggja hagsmuni og samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda. Ég bind vonir við að ef frv. verður að lögum eigi það eftir að skila sér í lækkuðu söluverði grænmetis til neytenda og leiða þannig til aukinnar neyslu landsmanna á þessum hollu fæðutegundum en eins og allir vita er það afar æskileg þróun út frá heilbrigðis- og manneldissjónarmiðum.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. eða eftir atvikum efh.- og viðskn.

[13:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er kynnt frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Frv. tekur á landbúnaðarvörum eins og hæstv. landbrh. kynnti og er frv. sniðið í framhaldi af vinnu títtnefndrar grænmetisnefndar vegna breytinga á vernd íslenskra grænmetisframleiðenda og framleiðslu þeirra.

Við hljótum öll að vilja hafa manneldissjónarmið að leiðarljósi og að við sem þjóð aukum neyslu á ávöxtum og grænmeti, og þá er bara spurning með hvaða hætti við gerum það. Við getum ekki að svo komnu máli framleitt nægilegt grænmeti til að anna eftirspurn því framleiðslan er árstíðabundin hjá okkur enn þá. Þegar ég segi „enn þá“ á ég við að við lítum líka til þess að nýta betur ylræktina og lengja hugsanlega framleiðsluferlið í framtíðinni.

Ef við höldum okkur við daginn í dag óska ég eftir því að hæstv. landbrh. skýri svolítið betur nokkuð sem kemur fram í grg., en þar stendur:

„Verði frumvarp þetta að lögum gilda sömu lagareglur og áður um þau sjónarmið sem landbúnaðarráðherra skal

hafa til hliðsjónar við beitingu ákvæðisins. Við ákvörðun sína verður ráðherra áfram bundinn af 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. A þar sem segir: „Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði.““

Og þá vil ég spyrja: Hvað er hæfilegt verð? Hvernig á að skilgreina það? Er það til samanburðar við erlenda markaði eða hvað telst hæfilegt verð?

En ég er ákaflega fegin því að sjá viðmiðun við íslenskt framboð áfram inni því að að mínu viti eigum við auðvitað að stýra magntollunum, þeirri álagningu sem við setjum á, eftir framleiðslumagninu hér innan lands og það er til bóta að geta hreyft hundraðshlutana eða álagninguna í minni skrefum en verið hefur þannig að ég tek undir það.

Síðan segir líka: „Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.“

Og þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Á „í samkeppnislegu tilliti“ eingöngu við um verðlag eða á það einnig við um gæði vörunnar? Hvað er „samkeppnislegt tillit“ í þessu sambandi?

[13:47]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Í sambandi við frv. vil ég segja að ég hef oft velt fyrir mér stöðu landbúnaðarins í tengslum við það þegar niðurgreiðslur nema orðið hundruðum þúsunda á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu.

Í nýlegum fréttapósti Samtaka verslunar og þjónustu, að mig minnir, ég held það heiti það, kom fram að líklegt væri að aðgerðir vegna breytinga sem verið er að gera í tengslum við grænmetisverð muni nema um 3,2 millj. á hvert garðyrkjubú miðað við 60 búa fjölda. Þetta er mjög umhugsunarvert og segir manni að það er eitthvað sem þarf að skoða.

Ég er ekki hér með að segja, virðulegur forseti, að ég ætli að leggjast gegn frv. Ég ætla að styðja frv. og mér sýnist að það sé nauðsyn. En ég vil bara vekja athygli á því að ég tel brýna nauðsyn bera til að taka í heildina allt kerfið til gagngerrar endurskoðunar, ekki síst með hagsmuni bænda fyrir augum og að sjálfsögðu hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

Mér er ljóst að þetta eru ekki auðveldir hlutir sem ég er að nefna og ekki auðveldir hlutir að fást við en samt sem áður er nauðsyn á að bæta stöðu íslenskra bænda. Þess vegna verður að leggja á ráðin að nýju um það á hvern hátt hægt sé að skapa bændum viðunandi afkomu og síðan íslenskum neytendum bærilegt vöruverð fyrir íslenska gæðavöru. Ég er ekki þar með að segja, virðulegur forseti, að sú vara eigi endilega að vera á lægstu verðum. Við erum með hágæðavöru og við eigum að líta á hana sem slíka, en það sem ég er að velta fyrir mér, virðulegur forseti, er sú staða sem við erum komin í ef þær tölur sem hafa verið sýndar nema hundruðum þúsunda sem hver fjögurra manna fjölskylda leggur í púkkið við að greiða niður það verð sem við erum að borga fyrir landbúnaðarvörurnar og þá er ég að tala um þær alveg í heild sinni. Það er vandi að stefna í rétta átt en ég held að taka verði kerfið upp og það er ekki með gagnrýni á sitjandi landbrh. eða ríkisstjórn heldur með tilliti til, eins og ég sagði áðan, bænda og neytenda.

[13:50]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta frv. er komið fram. Ég tel að það sé ákaflega neytendavænt og muni koma landsmönnum öllum mjög til góða.

Varðandi það sem hv. þm. Gísli Einarsson ræddi hér áðan um stuðning við íslenskan landbúnað, þá er það mín skoðun að ekki sé hægt að stunda landbúnað á Íslandi án stuðnings, og landbúnaður er studdur um allan heim, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim og það er einfaldlega neytendum til góða að bændur fái stuðning. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé nú ekki rétt að við förum í Evrópusambandið því að þá ... (**LB:** Láta ...) Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, ég held að ég hafi hér orðið, hæstv. forseti, er það ekki?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. 1. þm. Suðurl. hefur orðið og forseti biður aðra þingmenn að setja sig á mælendaskrá ef þeir þurfa að halda ræðu um þetta.)

Virðulegi forseti. Ég mun þá halda áfram ræðu minni. Eftir að þessi breyting á tollalögum verður mun verð á grænmeti til neytenda lækka um 15% að meðaltali og allt að 55% í sumum tegundum og hér er um að ræða margar tegundir grænmetis. Samkvæmt tillögunum má reikna með að árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna þeirra sé um 280 millj. og þar af um 195 millj. vegna beingreiðslna til bænda. Tillögurnar miða við að gerður sé tíu ára aðlögunarsamningur milli stjórnvalda annars vegar og Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda hins vegar. Forsendur upphæða í samningnum byggjast á verðbólgumarkmiðum Seðlabankans og breytast þá að sjálfsögðu eftir því sem verðlag þróast.

Þegar við lítum á þessar tillögur og afnám 30% verðtolls þá eru þær að tryggja markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu. Niðurfellingu verð- og magntolla af agúrkum, tómötum og paprikum er ætlað að lækka verð til neytenda og taka beingreiðslurnar til um 60 framleiðenda og greiðslurnar nema um 195 millj. kr. á ári.

Herra forseti. Ég tel að grænmetisbændur séu mjög ánægðir með þennan samning og neytendur líka. Þarna er verið að styrkja samkeppnisgrundvöll garðyrkjubænda og verður til þess að greinin fær að hagræða hjá sér.

[13:53]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Það sem fyrst og fremst er um að ræða er að verið er að breyta prósentuhlutfalli sem lagt hefur verið á innfluttar garðyrkjuafurðir aðrar en þær sem koma inn í aðlögunarsamning sem landbrh. er að undirbúa núna, og fara niður í 0% tolla. Þeir tollar sem getið er um samkvæmt b-lið hafa verið með þeim hætti að þeir hafa einungis verið í fjórum stigum, verið hafa fjögur þrep tolla og fimmta þrepið er núlltollur. Nú er verið að breyta hlutföllunum þannig að ekki er um að ræða fjögur mismunandi stig heldur verða stigin tíu.

Þetta þýðir að hægt er að stýra betur saman verðlagi og vernd á viðkomandi greinar, sem eru útiræktaðar grænmetistegundir, hægt er að stýra því frekar en áður var þannig að munur á innflutningsverði og tollum verður ekki eins mikill og gat orðið. Það má því segja að með breytingunni á tollalöggjöfinni verði hún meira straumlínulaga, ef ég má nota það orð, við þau verð sem framleiðendur eru að keppa við. Ég tel að þetta komi bæði neytendum og framleiðendum í raun að gagni, vegna þess að gríðarlega mikil óánægja hefur verið eins og við þekkjum á vorin, í kringum 15. mars,

þegar þessir tollar hafa verið að leggjast á. Þeir hafa oft lagst óhóflega á, m.a. vegna þess að heimildirnar voru með þeim hætti að þær voru í svo háum þrepum. Nú er verið að auðvelda þetta.

Þar að auki er verið að taka af 30% toll af þeim vörum sem eru í samkeppni við innflutning og í framhaldi af þeim aðlögunarsamningi sem nú er verið að ljúka við falla niður magntollar af tilteknum tegundum, sem eru tómatar, gúrkur og paprikur. Þessu vildi ég koma á framfæri.

Umræðu frestað.

Póstþjónusta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 875.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb.

2 þm. (KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, EMS, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 927).

Loftferðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 252. mál (eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, flugvernd, gjöld o.fl.). — Þskj. 690, brtt. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]

Brtt. 861 felld með 23:13 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, KVM, KolH, LB, SJóh, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HGJ, JónK, JHall, JBjart, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG.

27 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, EMS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 24:9 atkv. og sögðu

já: DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HGJ, JónK, JHall, JBjart, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, JóhS, KVM, LB, SJóh, ÞSveinb.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, EMS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 928).

Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 563. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 883, nál. 920.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Brtt. í nál. 920 samþ. með 36 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Skylduskil til safna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (heildarlög). — Þskj. 254, nál. 858, brtt. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 859,1 samþ. með 38 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, PHB, SI, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (SJóh*) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BH, EMS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

7.–8. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 859,2 samþ. með 35 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 859,3 samþ. með 39 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

12.–18. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 859,4 samþ. með 40 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

20.–22. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Bindandi álit í skattamálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 316. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 392, nál. 869.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Endurskoðendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur). — Þskj. 566, nál. 870, brtt. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Brtt. 871,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 871,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Kosningar til sveitarstjórna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (erlendir ríkisborgarar o.fl.). — Þskj. 863.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 564. mál. — Þskj. 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 11.–17. mál.

Fundi slitið kl. 14:06.

---

92. FUNDUR

fimmtudaginn 7. mars,
að loknum 91. fundi.

Dagskrá:

1. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 563. mál, þskj. 883 (með áorðn. breyt. á þskj. 920). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Skylduskil til safna, stjfrv., 228. mál, þskj. 254 (með áorðn. breyt. á þskj. 859). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 316. mál, þskj. 392. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Endurskoðendur, stjfrv., 370. mál, þskj. 566 (með áorðn. breyt. á þskj. 871). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Tollalög, stjfrv., 576. mál, þskj. 903. — Frh. 1. umr.
6. Landgræðsla, stjfrv., 584. mál, þskj. 913. — 1. umr.
7. Landgræðsluáætlun 2003–2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873. — Fyrri umr.
8. Stimpilgjald, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
9. Fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
10. Lagaráð, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
11. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr.
12. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 563. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 929.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HGJ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
24 þm. (ArnbS, ÁSJ, BH, EKG, EMS, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KLM, LMR, MF, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 932).

Skylduskil til safna, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (heildarlög). — Þskj. 930.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (ArnbS, ÁSJ, BH, EMS, GunnB, HBl, ÍGP, JÁ, JB, KF, KLM, LMR, MF, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:08]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef fyrirvara við frv., sem þó er í heild sinni hið besta mál, en þann fyrirvara hef ég þegar haft við 2. umr. að hér er verið að leggja talsvert ríkar skyldur á þær stofnanir sem hlut eiga að máli. Ég hef áhyggjur af Ríkisútvarpinu með tilliti til þessa þar sem það er ljóst að Ríkisútvarpið þarf með þessum lögum að bæta umtalsvert við mannskap til skráningar dagskrárefnis og kemur heldur ekki til með að geta geymt allt dagskrárefnið í því takmarkaða húsnæði sem það hefur til umráða.

Ég vil að hv. þm. geri sér grein fyrir því að hér er verið að samþykkja talsvert mikil fjárútlát til Ríkisútvarpsins í næstu fjárlagagerð og ég hefði frekar viljað sjá fjárútlát til dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins en til þess að skrá og geyma það dagskrárefni sem stofnunin hefur með naumindum efni á að framleiða.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 933).

Bindandi álit í skattamálum, 3. umr.

Stjfrv., 316. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 392.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ArnbS, ÁSJ, BH, EMS, GunnB, HBl, ÍGP, JÁ, JB, KF, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 934).

Endurskoðendur, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur). — Þskj. 931.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JHall, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ArnbS, ÁSJ, BH, EMS, GunnB, HBl, ÍGP, JÁ, JB, KF, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 935).

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 576. mál (tollar á grænmeti). — Þskj. 903. [14:11]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á tollalögum frá 1987. Það fjallar um breytt prósentuhlutfall tolla, að stigin verði tíu í stað fjögurra og umtalsverðar tilfærslur á tollum. Í tengslum við þessar breytingar verða síðan teknar upp niðurgreiðslur til garðyrkjubænda.

Niðurgreiðslur til bænda, hvort sem það eru bændur eða garðyrkjubændur, eru hugsaðar sem niðurgreiðslur á vöruverði til neytenda. Því miður hefur það gerst og við höfum dæmi um það úr landbúnaðinum — ég bendi bara t.d. á kindakjöt — að bændur fá niðurgreiðslur og tiltölulega lágt verð greitt fyrir vöru sína en í millitíðinni, áður en varan kemst til neytenda, koma aðrir aðilar til sögunnar og smyrja mjög duglega á sinn hlut þannig að verðið til neytenda verður tiltölulega hátt miðað við það sem bændur fá greitt fyrir vöruna.

Við samþykkjum þessar breytingar á tollalögum og í tengslum við þær munum við taka upp niðurgreiðslur til garðyrkjubænda og þess vegna vil ég taka fram að ég er hlynnt frv. Mér finnst þetta hið besta mál. Ég tel þó mjög brýnt að því verði fylgt fast eftir að þær niðurgreiðslur sem hér eru viðhafðar og ætlaðar til þess að greiða vöruna niður til neytenda fari ekki í milliliði. [14:13]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er rætt um frv. til laga um breyting á tollalögum, með síðari breytingum, sem lýtur að því að fjölga tollaflokkum á grænmeti.

Mikið hefur verið fjallað um grænmeti í samfélaginu á undanförnum árum, einkum og sér í lagi með tilliti til þess hvaða áhrif það hefur haft á annað verðlag, á svokallaða vísitölu og lánskjaravísitölu. Því hærra sem grænmetið verður í verði, því hærri verða lán manna. Því hærri sem tollar eru á grænmeti, þeim mun meira hækkar verð á grænmeti, og hefur það þau áhrif að skuldir manna hækka. Það er ánægjulegt til

þess að vita ef þetta verður til þess að lækka verð á grænmeti vegna þeirra sem kaupa og neyta grænmetis. Líka hefur verið talað mikið um hollustu, um góðan mat og heilbrigðan, og hefur verið rætt mikið um það í þessum sölum, t.d. hversu góðar vörur hefðbundnar landbúnaðarafurðir okkar eru. Þá er ég að vísa til vara sem eru mun eldri en grænmetisframleiðslan, lambakjöt, nautakjöt og mjólkurafurðir ýmiss konar. Við getum verið mjög hreykin af og ánægð með hvað íslenskar landbúnaðarvörur eru góðar, og því hefur m.a.s. verið haldið fram að það sé gæðum íslenskrar mjólkur að þakka að sykursýki í börnum er miklum mun minni hér á landi en í nálægum löndum. Það er mikið gleðiefni að svo sé. Þess vegna tel ég að við og manneldisráð eigum að reyna að ýta undir neyslu íslenskra landbúnaðarafurða, þá ekki síst mjólkur með tilliti til þess sem ég sagði áðan, til að efla heilbrigði og hreysti Íslendinga.

Um daginn var hér umræða um grænmeti og íslenskar landbúnaðarafurðir. Ég man þá ekki betur en að hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson kæmist svo að orði að hann sæi fyrir sér í einhvers konar draumsýn, að ég held að hafi verið, að hægt væri jafnvel að flytja út íslenskt grænmeti vegna þess hversu gott það væri og heilnæmt. Það hefur verið rætt mikið um útflutning á öðrum íslenskum landbúnaðarafurðum, t.d. lambakjöti, og ef svo fer fram sem horfir að sögn þeirra manna sem staðið hafa að markaðsmálum þar sýnist geta verið mun bjartari tími fram undan í því að menn kaupi meira íslenskar landbúnaðarafurðir. Ef hægt væri að binda þetta saman við íslenskt grænmeti, þó að dýrt sé að margra mati, og hægt væri að selja það sem sérstaka gæðavöru þá er alls ekkert fráleitt að hugsa sér að við gætum jafnvel undir vissum kringumstæðum flutt út grænmeti.

En auðvitað skiptir mestu máli að verð á matvörum sé lágt hér á landi. Það skiptir líka máli hvernig það er verðlagt. Það er náttúrlega hluti af verðlaginu sjálfu eins og hv. 9. þm. Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir, sagði áðan. Ég held að það sé gott og ávallt tilefni að minna menn sem versla með grænmeti, selja grænmeti og aðra matvöru, á að reyna að hafa vöruna á eins lágu verði og hægt er. Það hlýtur að skipta miklu máli fyrir barnafjölskyldur, fyrir fólk sem er með mörg börn, að geta keypt grænmeti á góðu verði. Ég tel þess vegna ágætt að hægt sé að lækka tollana á því eins og fram kemur í frv. sem við erum nú að ræða.

Þetta tengist líka niðurgreiðslum. Rætt er um að að greiða eigi niður, taka þátt í að greiða niður. Það er dýrt að framleiða grænmeti undir vissum kringumstæðum. Ef menn skoða tómataframleiðslu hér og kannski í Hollandi, þá er tómataframleiðslan í Hollandi náttúrlega nánast verksmiðjubúskapur í mun ríkara mæli en hér. Það er auðveldara og ódýrara að framleiða þar auk þess sem ýmis önnur skilyrði koma inn sjálfsagt, t.d. birta í mörgum tilvikum, sólarljósið og annað. Mér finnst koma til greina, herra forseti, að menn fari alvarlega að hugsa um að grænmetisbændur geti fengið raforku mun ódýrar en þeir fá í dag til þess að geta framleitt grænmeti á ódýrari hátt og það vakna upp spurningar um hvort hægt hefði verið að gera starfsskilyrði garðyrkjubænda auðveldari með einhverjum öðrum aðgerðum en beinum niðurgreiðslum, hvort hægt hefði verið að skapa þau skilyrði fyrir þessa atvinnugrein. Slíkar spurningar hafa reyndar vaknað í sambandi við fleiri atvinnugreinar, þ.e. hver skilyrði og hverjar aðstæður þar eru.

Í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar, þ.e. í uppkastinu sem við sáum á netinu frá iðnrh. og ríkisstjórnin hafði samþykkt, kemur fram að til álita komi að lækka tryggingagjald á fyrirtækjum úti á landi. Það vakna spurningar um hversu hátt tryggingagjald garðyrkjubændur greiða vegna starfsemi sinnar, hvort ekki hafi verið farið of geyst í þessu máli og hvort það hafi ekki verið mikil mistök hjá ríkisstjórninni, herra forseti, að samþykkja lög um að hækka tryggingagjaldið til mikillar mæðu fyrir þá sem greiða það. Ég held að bændur séu í þeim hópi, herra forseti. Ég reikna með því að hæstv. landbrh. muni taka þátt í þeirri baráttu bænda og margra annarra fyrir því að lækka tryggingagjald og vona ég að hann muni í umfjöllun sinni um frv. í lokin lýsa því yfir að hann muni berjast fyrir því að tryggingagjald á fyrirtæki verði lækkað á landsbyggðinni, sem bæði lýtur þá að garðyrkjubændum og öðrum bændum. (Gripið fram í.)

Það sem skiptir máli er að þessi atvinnugrein fái að dafna, eflast og vaxa og það er jákvætt að þessi grein vaxi. Þetta skapar náttúrlega mikla atvinnu. Eins og ég var að tala um áðan er varan sem íslenskir garðyrkjubændur framleiða mjög góð. Ég leyfi mér, herra forseti, að segja frá því að ég var á ferð á Reykhólum þar sem einn bóndi er með ylrækt. Hann ræktar tómata og hann notar, svo ég segi það til upplýsingar, mjöl úr verksmiðjunni á Reykhólum sem vinnur úr þangi. Þeir tómatar eru sérstaklega sætir og góðir og þeir albestu sem ég hef smakkað. (**Gripið fram í:** Er saltbragð af þeim?) Þeir eru sætir, ekki saltir, herra forseti. Það vakti furðu mína. Þeir eru mjög vinsælir af þeim sem komast í þá. (**SJóh:** Það eru nú ekki allir.) Það vildi ég segja hér, herra forseti, að full ástæða er til að styðja við íslenska garðyrkjubændur.

Á ákveðnum tímum ársins eru bændur í samkeppni við erlenda framleiðslu og horfa framan í það hvernig aukin samskipti eru á milli þjóða og hvað viðskipti eru að aukast. Menn reyna að minnka viðskiptahindranir með því að fella niður tolla þó að við sjáum oft í umhverfi okkar allt annað gerast, eins og núna í Bandaríkjunum þegar settir eru háir tollar á stálinnflutning frá Evrópu. En hver vill verja sitt og að vinna sé hjá sér. Það vilja ráðamenn hvers lands.

Herra forseti. Spurning hefur vaknað hjá sumum þingmönnum í sambandi við niðurgreiðsluna — sérstaklega einum hv. þm. — þ.e. um hvort niðurgreiðslur til grænmetisbænda séu réttlætanlegar og hvort stöðugt sé hægt að bæta við. Jafnvel hefur verið spurt hvort ef menn fara að rækta banana eða vínber í stórum gróðurhúsum, þá komi sjálfkrafa niðurgreiðslur á þá framleiðslu. Ég tel ekki líkur á því, herra forseti, að menn fari að snúa sér mikið að vínberjarækt hér á landi.

Herra forseti. Ég vona að ef frv. verður að lögum þá verði það til þess að fólk sjái sér fært að neyta meira grænmetis, bæði innlends og erlends. Ég vona líka að fólk fái jákvæðari mynd af allri umsýslunni í kringum þetta því að þau mál sem komu upp í sambandi við grænmetissöluna, verðsamráð og annað, sköpuðu ekki góðan orðstír og sumir fengu jafnvel vegna einhvers misskilnings ranga mynd af grænmetisbændum, héldu að þeir ættu einhvern þátt í einhvers konar samráði í verðlagningu á grænmeti. Ég á von að grænmetisneysla og grænmetisnotkun í matvælagerð eflist hér og verði meiri en nú.

Þegar við tölum um matvælaframleiðslu á Íslandi almennt hljóta hins vegar þessar spurningar að vakna: Hvernig getum við aukið framleiðsluna og þá þannig að við komum henni á markað þannig að fólk sé að vinna við atvinnugreinar sem efla því dug, gleði og ánægju og að það finni að sú atvinna sem það starfar við sé nýt og góð? Í umræðu um daginn um

bændur kom einmitt fram að staða sauðfjárbænda væri ekki góð og margt var sagt í þeirri umræðu.

Mig langar til að nota tækifærið, herra forseti, til að geta þess í sambandi við sauðfjárræktina, sem ég sagði og sumir misskildu, héldu að ég væri að mæla alfarið með heimaslátrun, en það sem ég átti við var að bændur á sumum svæðum tækju sig saman og slátruðu fé sínu sjálfir, kæmu meira að vinnslunni og væru nær markaðnum. **(Gripið fram í:** Er verið að ræða búvörusamninginn?) Hér er verið að ræða um tolla á grænmeti og tengist sú umræða landbúnaði á Íslandi. Verið er að tala um atvinnugrein sem er mjög mikilvæg hjá grænmetisbændum og tel ég að hana ætti að efla. Í því sambandi benti ég, herra forseti, á að í landbúnaði væri önnur atvinnugrein, þ.e. sauðfjárrækt, og hana bæri að efla líka. Það er mín skoðun og var ég að segja að smámisskilnings hefði gætt vegna orða sem ég viðhafði um daginn, herra forseti. Sumir skildu orð mín þannig að ég væri að mæla sérstaklega með heimaslátrun án eftirlits en það sem ég sagði var að bændur ættu að koma meira að slátrun á fé sínu, náttúrlegu undir eftirliti og eftir öllum góðum heilbrigðisreglum til að þeir gætu nálgast og verið nær markaðnum sjálfir. Það hefur kannski verið vandi hjá grænmetisbændum, sem og sauðfjárbændum og öðrum bændum, að á milli bændanna og þeirra sem neyta vörunnar hafa verið mörg hundruð herbergi eða salir eða skrifborð. Það held ég að sé staðreyndin og þess vegna hafa sláturhúsamál jafnvel farið í hinn versta fasa eins og við höfum séð.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta frv. um breytingar á tollalögum. Það gefur tilefni til vangaveltna um íslenskan landbúnað. Ég held, herra forseti, að það væri gott ef menn hugsuðu á jákvæðari nótum um landbúnaðinn í stað þess að hugsa um að þetta sé allt vonlaust. Horfum heldur á það sem hefur verið að gerast í sambandi við markaðssetningu á íslenskum landbúnaðarafurðum, í lambakjöti, ostum og ýmsu öðru. Hver veit nema að við gætum jafnvel farið að hugsa okkur það að koma íslensku grænmeti á erlendan markað vegna þess hversu góð varan er, vegna lífrænnar ræktunar og ýmissa annarra góðra kosta. Ég tala nú ekki um ef við erum með, eins og ég var að segja frá áðan, t.d. þangmjölið sem gæti orðið okkur til framdráttar í því að markaðssetja svo góða vöru sem íslenskt grænmeti er.

[14:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er svo sem ekki miklu við það að bæta sem hv. þm. Karl V. Matthíasson hefur sagt hér um þessi mál. Hann fór mjög ítarlega yfir svið þeirra og þá tillögu sem liggur fyrir enda er það frv. til laga sem við ræðum hér kannski minna að efni og umfangi en maður hefði ætlað og vonast til í aðdraganda þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um grænmetismál, verðlag á grænmeti, stöðu grænmetisbænda, samráð birgja og heildsala og allt það sem á hefur gengið. Í raun og sanni er eingöngu verið að leggja til með þessu frv. eftir allt það sem á undan hefur gengið að ráðherra hafi heimild til að lækka eða hækka í 10 prósentum í einu í staðinn fyrir 25, 50, 75, 100% eða 0. Það er öll breytingin í raun og sanni.

Með fullri virðingu, herra forseti, fæ ég ekki séð að Alþingi Íslendinga setji með mjög myndarlegum hætti mark sitt á þróun þessara mála með samþykkt frv. Eftir sem áður er það þannig og það er auðvitað galli málsins og hefur verið lengi, með fullri virðingu fyrir þeim einstaklingi sem situr í sæti landbrh. hverju sinni, að landbrh. þjóðarinnar er verðlagsstjóri og ræður raunverulega verðlagi á grænmeti á disk neytenda, a.m.k. til heildsala skulum við segja, á degi hverjum. Það er fyrirkomulag — og ég bið hæstv. ráðherra að leggja við eyrun af því ég á orðastað við hann — sem við sjáum í hendi okkar að getur ekki verið við lýði til langframa. Við getum ekki lagt það á hæstv. landbrh. hverju nafni sem hann nefnist að hann sé verðlagsstjóri í þessum efnum og að hann eigi að hafa tæki og tól til að finna hinn gullna meðalveg þegar kemur að því að finna línuna milli sanngjarns verðlagsaðhalds og möguleika á samkeppni. Um það hefur deilan snúist hvenær verndinni á innlendri framleiðslu sleppir og hvenær gáttin fyrir samkeppni erlendis frá opnist sem aftur á að leiða til þess að verðið til neytenda sé sem allra lægst til að þessir ólíku hagsmunir geti farið saman.

Í þessu eru alltaf og ævinlega, herra forseti, þverstæður og það eru þær þverstæður sem birtast í þeirri niðurstöðu sem við höfum fylgst með. Við sem neytendur höfum auðvitað þurft að horfast í augu við að stundum hefur verðlag á þessum mikilvæga varningi verið algjörlega út úr fasa. Því miður er það þannig, herra forseti, og það verður að segja þá sögu eins og hún er, að þessi tillaga ein og sér leysir ekki vandamálið. Hún leysir það hreint og klárt ekki neitt.

Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að hæstv. ráðherra leggi við eyrun í þessum efnum því að hann hefur svo sannarlega þörf fyrir að heyra viðhorf í þá veru sem ég er að lýsa. Ég bið þess að hæstv. ráðherra ljúki samtalinu við aðstoðarmann sinn enda á ég nógan tíma eftir.

Herra forseti. Ég sagði að ekki væri lítið á hæstv. ráðherra lagt í þessum efnum. Ég hafði satt að segja reiknað með því að samfara tillögum til breytinga, og ég vil segja lækkunar á tollum á grænmeti þar sem skýrt kæmi fram í anda þessa frv. að hér væri sú vegferð hafin að lækka verndartollana gagnvart innlendum grænmetisframleiðendum, yrði fyrirliggjandi samkomulag við greinina, sem er svo mikilvæg sem hún er, um niðurgreiðslur og aðlögunartíma. — Er hvað? Hvað sagði hæstv. ráðherra? Var hæstv. ráðherra að segja eitthvað, herra forseti? Ég veit það ekki. Hann muldraði eitthvað í gaupnir sér enda ekki skrýtið.

Það er þetta, herra forseti, sem þarf auðvitað að fara saman því það er ekki á vetur setjandi, eins og reynslan hefur verið, að gera hæstv. landbrh. að verðlagsstjóra grænmetis, að hann þurfi að standa fyrir svörum og ákvörðunum í viku hverri eða mánuði og finna hinn gullna meðalveg milli þess að íslenskir framleiðendur geti fengið rétt verð, verð sem þeir geta búið við, og að neytendum sé gert að greiða viðunandi verð og eðlilegt — nú er hægt að toga það og teygja hvað er rétt og hvað er eðlilegt — og í þriðja lagi að það verði einhvers konar samkeppni til staðar í greininni. Þetta eru afskaplega erfið viðfangsefni.

Ég segi það enn og aftur, herra forseti, og ég spyr hæstv. ráðherra: Treystir hann sér til þess að gegna störfum verðlagsstjóra í þessum efnum og undirgangast það sem er gerð krafa um í grg. með hans eigin frv., að hann finni þennan eina rétta tón?

Ég hef af því dálitlar áhyggjur, herra forseti, og ég hef svo sem ekki, frekar en nokkur annar e.t.v., hrein og klár svör við því hvernig við getum leyst úr þeim erfiðu þverstæðum sem til staðar eru. En því miður verð ég að segja eins og er að ég held að sú nálgun viðfangsefnisins sem hér er lögð til geri í raun það eitt að auka svigrúm ráðherrans til að hækka eða lækka minna í hvert skipti. Það er í rauninni eina efnisatriði

frv. Það leysir ekki þann vanda sem við neytendum blasir. Það leysir ekki vanda garðyrkjubænda. Það býr ekki til þá samkeppni sem eftir hefur verið kallað.

Herra forseti. Það vantar talsvert mikið upp á að þessum málum sé komið í viðunandi horf fyrir alla þá aðila sem hlut eiga að máli. Hér er enn og aftur farið með hraða snigilsins. Hélt ég, herra forseti, að hæstv. landbrh. hefði þegar verið búinn að setja í gírinn eftir mjög hægfara byrjun sem ráðherra og að hér fæddist eitthvað eilítið meira á þessu stigi máls en er á borðum þingmanna.

[14:41]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins fara í sögu þessa máls vegna ummæla hv. þm. Guðmundar Árna þar sem hann talar um ...

(**Forseti** (ÁSJ): Stefánssonar.)

... Stefánssonar, fyrirgefðu, herra forseti, verðlagsstjóra Íslands sem hann nefndi áðan.

Í landbúnaðinum og hvað garðyrkjuna varðar giltu fyrir nokkuð mörgum árum lög í þessu landi um boð og bönn á innflutningi á slíkum afurðum, garðyrkjuafurðum. Þá voru boð og bönn. Nefnd ákvað hverju sinni hvort innflutningur væri heimill eða ekki. Þessi lög breyttust við gerð EES-samningsins. Þá breyttust þau úr boðum og bönnum, sem ákváðu hvort innflutningur væri heimill, í tolla. Það voru annars vegar prósentutollar, sem voru 30% fastir, og svo magntollar sem voru breytilegir eftir tegundum og árstímum. Þessa magntolla var hægt að hreyfa eftir vörutegundum. Nú er stjórnvöldum gefin heimild til að færa þessa magntolla til í tíu þrepum í stað fjögurra.

Það gildir eingöngu um þessa grein landbúnaðarins að yfirleitt skuli innflutningur vera leyfður. Í öðrum greinum landbúnaðarins en garðyrkjunni er innflutningur ekki leyfður í jafnmiklum mæli. Þetta er sú grein sem býr við mesta frjálsræðið í innflutningi. Í þeim aðlögunarsamningi sem er í undirbúningi og sem er unninn að tillögu þeirrar grænmetisnefndar sem hefur unnið á síðasta ári er tekið frekar á þessu máli. Þá erum við að innleiða í þessari grein meiri samkeppni en í nokkurri annarri landbúnaðargrein.

[14:43]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kjartani Ólafssyni fyrir þessa yfirferð. Í raun og sanni var hann með öðrum orðum að segja það sama og ég, að lýsa því ástandi sem verið hefur og verið er að breyta, hefur kannski gert það skilmerkilegar en ég, og ég þakka honum það. Það er alveg hárrétt, sem hann gat hér um, að grænmetisbændur eru kannski bænda helst í samkeppni við erlenda aðila og það er hárrétt að það er ekki mjög langt síðan að innflutningsbanni var létt af grænmeti. Maður lifandi, ég held að ekki nokkrum hér inni dytti í hug að fara að snúa til baka á þeirri vegferð. Ég hef ekki heyrt þá tillögu neins staðar, ekki einu sinni hjá hörðustu framsóknarmönnum sem hafa gjarnan talað í þá veru. (**Landbrh.**: Gæti nú verið ...) Þetta er fagnaðarefni og okkur miðar mjög fram á veg í þeim ... (**Landbrh.**: ... Samfylkingunni.) Hvað sagði hæstv. ráðherra, herra forseti? (**Landbrh.**: Þeir gætu verið í Samfylkingunni.) Sem? (**Landbrh.**: Vildu banna.) Já, já, hæstv. forseti, margur heldur mig sig. Það þarf ekki annað en líta á sögu aðildarflokka Samfylkingarinnar til að átta sig á því að frelsi og samkeppni í þessum efnum hefur verið aðalsmerki okkar, þó þannig að við viljum auðvitað gæta að innlendri framleiðslu. Við viljum hins vegar fara bil beggja og gæta að hagmunum allra aðila í þeim efnum. Ég leyni þeirri skoðun minni ekki neitt, herra forseti, og ég hef lengi verið þeirrar skoðunar í landbúnaðarmálum að það væri ekki spurning um hvort heldur hvenær við þyrftum að etja kappi við erlenda samkeppni á nákvæmlega sama hátt og grænmetisbændur hafa gert á síðari árum.

Ég var hins vegar að leggja áherslu á, herra forseti, að þetta frv. eitt og sér gerir hæstv. landbrh. að enn þá meiri verðlagsstjóra en fyrr, og raunar er gert ráð fyrir inngripum hans oftar en áður og fyrr. Það mun auðvitað ekki laga ástandið sem blasir við okkur og hefur birst í ógnarverði á grænmeti frá degi til dags og vanda grænmetisbænda þrátt fyrir það.

[14:46]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrðist koma fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að grænmetisverð til neytenda mundi ekki lækka við þessa aðgerð. Ljóst er að það mun lækka um allt að 15% að meðaltali og upp í 55%. Þá kemur hins vegar að smávöruversluninni, álagningu hennar á vöruna. Þarna er verið að lækka. Nú er spurningin hvernig smávöruverslunin tekur við þessu og stendur að álagningunni.

Það felst meira í þessu samkomulagi. Það á að lækka rafmagnsverð til lýsingar hjá ylræktendum. Það á að bjóða styrki til úreldingar gróðurhúsa, styrkja ýmis verkefni í yl- og garðrækt, endurskoða stofnlán til garðyrkju og taka upp öflugt eftirlit með verðlagi grænmetis og ávaxta í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar, bænda, vinnuveitenda og stjórnvalda. Einmitt þessir aðilar komi að þessu samkomulagi.

Ég tel að hv. þm. geri heldur lítið úr þessu. Ég held að þetta skipti neytendur afar miklu máli ef verslunin stendur við sitt.

[14:47]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. er að fjalla um allt annað en það sem í þessu frv. stendur. Það getur vel verið að það sé allt satt og rétt sem hún tíndi til úr samkomulagi sem er í burðarliðnum, hefur verið gert eða á að gera milli viðkomandi aðila. Hún nefndi úreldingar, rafmagnsverð o.s.frv. Um það fjallar ekki þetta frv. Það er ekki aukatekið orð um það hér. Það er engin ávísun í frv. á að styrkja grænmetisbændur í samkeppni við erlenda aðila. Það er ekkert í þessu frv. sem tryggir það. Það er ekkert í þessu frv., hæstv. ráðherra, sem tryggir að verð til neytenda lækki. Ég vil fá að ... (**Landbrh.**: Skoðaðu málið í heild, maður.) Skoða málið í heild, segir hæstv. ráðherra. Ja, það er vandinn í þessum málaflokki, herra forseti, að þegar menn skoða málin í heild kemur í ljós að neytendur þessa lands þá sendingu frá stjórnvöldum trekk í trekk að verð á þessum varningi fer upp úr öllu valdi. Við skulum þá skoða málið í heild með þeim formerkjum.

Auðvitað veit ég, herra forseti, að framsóknarmönnum líður illa undir þessari umræðu (**Landbrh.**: Sérlega vel.) þar sem ekkert er að gerast. Það er ekkert að gerast sem mark er á takandi og neytendur verða varir við í þeim málaflokki. Hæstv. landbrh. er í myljandi vörn í hverju málinu á fætur öðru.

Ég er hér í andsvari við ágætan hv. þm., Drífu Hjartardóttur. Ég vakti einfaldlega athygli á að í frv. sem hér um ræðir, sem við erum að fjalla um og við tökum ákvörðun um og Alþingi kemur að, er ekkert handfast um það sem hún ræddi um áðan.

[14:49]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er bara einfaldlega rangt hjá hv. þm. Hér er um að ræða frv. um tollalækkanir. Við erum að ræða hér um breytingu á tollalögum, með síðari breytingum, sem gefur hæstv. ráðherra þetta svigrúm. Þarna er aukið svigrúm til tollalækkana. Það mun vissulega koma neytendum til góða og alla vega leiða til 15–55% lækkunar á vöruverði. Ég endurtek að það er á valdi verslunarinnar hvernig til tekst, þ.e. verðlagningarinnar í borðinu hjá kaupmönnum.

[14:50]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Guð láti gott á vita. Vonandi leiðir frv. til þeirrar niðurstöðu sem hér var lýst. Ég vek hins vegar athygli hv. þm. á því að í gildandi lögum hefur verið heimild til að fella niður tolla — með öllu, 100% niðurfellingar. Svigrúmið er jafnmikið og áður, frá 0 upp í 100%. Hins vegar eru flokkarnir fleiri. Þeir eru tíu í staðinn fyrir fjóra.

Herra forseti. Það er ekkert handfast í frv. Ég bið hv. þm. og hæstv. ráðherra að sýna mér fram á hvar það stendur í frv. að þessi ákvörðun Alþingis, þessi breyting á lögum, leiði sjálfkrafa til lækkunar á grænmetisverði. Það er ákvörðunarefni ráðherrans hins vegar og hann er að axla þá ábyrgð enn og aftur að lofa því að hér verði varanlega lækkað verð á grænmeti. Hæstv. ráðherra bendir á hv. 1. þm. Suðurl. og segir: Ég er ekki að lofa neinu. Það er hinn stjórnarflokkurinn.

Herra forseti. Þetta er auðvitað veruleiki málsins og við bíðum og sjáum hvað setur. Þessi fyrirvari er alltaf látinn fylgja og kannski ekki að ástæðulausu. Það getur hins vegar vel verið að það skili sér ekki alveg því verslunin getur samt sem áður aukið álagninguna. Á sínum tíma, þegar birgjarnir og heildsalarnir fóru í samráðið, var það þeim að kenna?

Vissulega eru ýmsir þættir sem við ráðum ekki við í samkeppnisþjóðfélagi okkar og ber að hafa fullan fyrirvara á því. En, herra forseti, hér erum við að setja lagaramma um þessa grein, um þessa vöru sem við viljum svo gjarnan að íslenska þjóðin neyti. Við erum að fjalla um það en ekki samninga sem gerðir eru uppi í ráðuneyti, ekki eitthvað sem gerist einhvers staðar annars staðar. Hvernig á lagaramminn að líta út og til hvers leiðir hann? Því miður er allt óljóst í þeim efnum. Þetta frv. svara því miður engum þeirra stóru spurninga sem leitað er svara við.

[14:52]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Aðdragandi þessa máls er dálítið sérstæður. Ég held það hafi verið í fyrra að ljóstrað var upp um verulegt verðsamráð í þessum geira. Í framhaldi af því voru settar á fót nefndir, a.m.k. ein nefnd sem taka átti á því sem þar kom fram og benda á leiðir sem hugsanlega gætu leitt til lækkunar á vöruverði á þessum afurðum.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þó verið sé að ganga frá samningi um þessi mál er það ekkert sem liggur á okkar borðum. Það liggur ekki á borðum þingmanna. Þetta er allt og sumt, þetta ákvæði í tollalögum sem hér er verið að leggja til breytingu á, sem kemur út úr þessu og við getum rætt hér á hinu háa Alþingi þannig að þingið geti tekið þátt í að ákveða hver eigi að vera framtíðarstefnan í þessu. Það hefur ekkert annað komið fyrir þingið.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að það hefur ekkert komið fyrir þingflokk Samfylkingarinnar sem gefur okkur til kynna á hvaða vegferð þessi samningur er. Við erum hér því að ræða þetta mál út frá þeim forsendum sem hér eru gefnar. Í þessu er ekki að finna neina tryggingu fyrir lækkun á tollum, ekki nokkra. Ég held að nauðsynlegt sé að halda því til haga í þessari umræðu.

Hins vegar hefur hæstv. landbrh. sagt að þegar öll kurl verði komin til grafar muni neytendur sjá verulega verðlækkun á nokkrum grænmetistegundum, paprikum, gúrkum og þá sérstaklega tómötum. Að öðru leyti, virðulegi forseti, er ekkert í frv. sem við getum lagt út af þannig að lækkun á vöruverði verði tryggð. Í raun og veru vitum við ekki hver þróunin verður. Það segir t.d. í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Skal landbúnaðarráðherra tryggja að tollur verði ákveðinn á þann hátt að hann skapi sanngjarnt verðlagsaðhald og möguleika á samkeppni."

Við höfum oft heyrt svona áður. Við höfum oft heyrt lýsingar á því að hverju er stefnt. En svo bankar veruleikinn upp á — ískaldur. Við höfum séð verðlagsþróunina í grænmetinu undanfarin ár.

Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um þetta, virðulegi forseti. Ég vil bara halda því til haga í þessari umræðu að ekkert í þessu frv. tryggir að verðlækkun verði á grænmeti til neytenda. Ekki neitt. (**Gripið fram í:** Hvað með starf bænda?) Þetta kemur ekkert aðstöðu bænda við því hér er bara verið að fjalla um tollalög. Hér er bara verið að fjalla um innflutning. Þær breytingar eru gerðar að í stað þess að hæstv. landbrh. geti ákveðið að magntollurinn lækki um 0%, 50%, 75% eða 100%, er boðið upp á fleiri valkosti, eina tíu í staðinn fyrir fjóra. Það er allt og sumt. Í því felst engin trygging á að verð á grænmeti muni lækka, ekki nokkur. Ég vil bara halda þessu til haga.

En ég hvet hæstv. landbrh. til að sýna drögin að þessum samningi í þingflokki okkar svo við séum betur í stakk búin til að takast á við þá umræðu sem hér fer fram. Í þessu, virðulegi forseti, er ekki að finna nokkra tilraun eða áætlanir um verðlækkanir.

[14:56]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar vil ég koma nokkrum punktum að. Hann nefndi það sem má segja að sé rétt, að sú tollalagabreyting sem við erum að ræða hér er afmörkuð hvað þetta verkefni varðar. Það er rétt. Hann minntist hins vegar á að hann vissi að nefnd sem hefur starfað á vegum landbrh. undir vinnuheitinu „grænmetisnefnd" hafi unnið að málinu í eina tíu mánuði. Aðilar vinnumarkaðarins starfa í þeirri nefnd. Hún komst að ákveðinni niðurstöðu varðandi þetta mál í heild sinni, um hvernig skyldi fara með þessi mál. Þetta er hluti af þeirri niðurstöðu. Tillögugerð nefndarinnar er opinbert plagg og hefur verið kynnt í fjölmiðlum og hefði öllum þingmönnum verið auðvelt að komast yfir hana. Hluti af niðurstöðu hennar er að 30% tollur sé tekinn af öllu grænmeti sem flutt er til landsins, þ.e. að fastur tollur upp á 30% sé tekinn af öllu. Magntollinum er breytt með þeim hætti að hann er settur í tíu þrep en ekki í fjögur þrep eins og áður var. Þetta er meginniðurstaðan, þ.e. hluti af niðurstöðu nefndarinnar.

Það má svo sem segja að rétt sé, þægilegra og betra, að ræða niðurstöðu nefndarinnar og aðlögunarsamning í heild sinni. Ég hygg hins vegar að landbrh. muni hafa hann í handraðanum innan skamms.

[14:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka flestum þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** En ekki hverjum?) Ja, það er erfitt að fá menn skapvonda og geðvonda sem ausa úr skálum reiði sinnar en þegar kemur að því að svara þeim eru þeir horfnir af vettvangi. Þetta er dálítið einkenni á þinginu. Ég undra mig á því að hafa fengið svart og hvítt frá Samfylkingunni í þessu máli, annars vegar mjög jákvæðar undirtektir frá öðrum armi hennar en niðurrif frá hinum arminum, sem sér allt svart og ekkert gerast í þessu máli.

Það er haf og himinn innan Samfylkingarinnar í þekkingu á þessu máli. Sumir þingmenn Samfylkingarinnar hafa sett sig vel inn í þetta mál og töluðu vel í dag. Aðrir komu skapvondir fyrir hádegi, hæstv. forseti, til að gera lítið úr öllu því sem er að gerast í þessu máli. Þetta er það sem ráðherrar mega búast við og þetta er það sem þjóðin horfir upp á í þingsalnum og furðar sig á að málefnaleg umræða drukknar kannski oft í þessum svip af þinginu. Hins vegar er það gott, eins og er í mörgum erlendum þingum, þegar málsvarar flokkana í málunum tala við umræðunar.

Ég get tekið undir að sjálfsagt hefði verið full ástæða til að taka þetta mál fyrir í heild sinni eins og það hefur þróast í þinginu þar sem þingmenn ættu kost á að ræða í heild sinni allar þær aðgerðir sem hafa leitt af störfum svokallaðrar grænmetisnefndar. Nú veit ég að Samfylkingin treystir vel þeim mönnum sem koma að þessu, a.m.k. frá verkalýðshreyfingunni. Mér var það mikið kappsmál og fagna því að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusamband Íslands lögðu mikla vinnu í þetta mál fyrir umbjóðendur sína og neytendur í landinu og um leið gáfu þeir mjög góðar yfirlýsingar um að þeir vildu ekki að íslenskri garðyrkju yrði fórnað eða samningur sem hún hafði um tollvernd eftir alþjóðasamninga yrði rofinn. Ég er sérlega þakklátur verkalýðshreyfingunni og fyrir þau góðu störf Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í rauninni var Alþýðusambandið að koma á nýjan leik inn í samstarf um verðlagningu á landbúnaðarvörum. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur aldrei rofið það við landbúnaðinn. Það hefur alltaf tekið þátt í þessu og verið með sína menn í þeirri vinnu sem ber að virða og þakka.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að tala við þá sem hafa verið skapvondir hér því það er svo leiðinlegt að tala við þá. Hér hafa komið fram nokkrar spurningar. Ég vil kannski minna hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á og Guðmund Árna Stefánsson, fjarverandi nú eftir sínar heitu ræður og skammir ... (**Gripið fram í:** Hv. þm.) Hv. þm., já. Ég vil halda því til haga. (Gripið fram í.) En það liggur fyrir að þetta mál hefur verið að smákoma. Ef minni hv. þm. er í lagi, þá hljóta þeir að minnast þess að strax á síðasta þingi komu frv. um tollalækkanir á 30 tegundum, niðurfellingu tolla, sem voru fyrstu gjörðir mínar með bráðabirgðatillögur frá nefndinni, og það afgreiddi þingið í fyrravor og það kom til framkvæmda þá strax.

Síðan liggur fyrir, til þess að menn átti sig á þessu máli, að samningurinn sem nú er að klárast við garðyrkjubændur og skýrt hefur verið frá skapar beingreiðslur og aðferðir á ýmsum sviðum.

Í hinni jákvæðu ræðu samfylkingarmannsins, hv. þm. Karls V. Matthíassonar, kom fram að hann var að tala um rafmagnið. Ég minni á 30 milljónir í rafmagnið. Ég minni á þann samning að rafmagn verður mjög ódýrt fyrir garðyrkjuna á nóttunni o.s.frv. Þetta er tímamóta langtímasamningur garðyrkjunnar um ódýrt rafmagn, fyrir utan hitt að beingreiðslurnar munu koma gegn því að menn fallast á að samningi á alþjóðavettvangi er breytt, tollarnir eru lagðir til hliðar og bændur eru í rauninni settir í samkeppni, í heimsmarkaðsbaráttu um verð sem er ný staða.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að við munum sjá og erum farin að sjá verulegar lækkanir á grænmetisafurðum. Deilurnar hafa alltaf staðið fyrst og fremst um hátt verð í kringum 15. mars sem oft stafar af því að þá er hæsta heimsmarkaðsverðið í heiminum. Þá eru að koma nýjar afurðir úti í Evrópu. Þetta hefur oft valdið miklum átökum um 15. mars.

Hins vegar höfum við einnig séð að neytendur Íslands, Íslendingar, borða langmest af grænmeti þegar markaðirnir eru fullir af íslensku grænmeti. Ég ætla ekki að fara að deila um hvað er best í þessum efnum. Við erum vanir afurðum okkar. Við treystum þeim og það sýnir að þær eru sterkari á markaði.

30% tollur er lagður af. Magntollunum verður breytt. Komið er á beingreiðslum og ýmsum aðgerðum fyrir garðyrkjuna. Ég heyrði það í einhverjum fjölmiðli þegar þetta var kynnt að búið væri að reikna út að þrátt fyrir beingreiðslur og þessar aðgerðir sem eru upp á 283 milljónir ef ég man rétt, þá þýddi þetta fyrir íslenska neytendur kjarabætur upp á 600–700 millj. kr. á ári. Það er töluverð búbót fyrir heimilin að fá þessar hollu vörur lækkaðar verulega og þessa kjarabót.

Mér kom svolítið á óvart ræða hv. þm. Gísla S. Einarssonar þar sem hann tók fyrir þetta atriði og talaði með öðrum hætti en hann hefur oft gert. Ég minni hv. þm. á, af því Samfylkingin vill í Evrópusambandið, að 80% af útgjöldum Evrópusambandsins eru til landbúnaðar, 80%.

Þegar menn fara út í þann meðaltalsreikning sem hv. þm. var í og segja að hin fátæka fjölskylda borgi skattana, þá vitum við að það eru ýmsir sem ekki borga háa skatta. Við erum enn þá sem betur fer með það jafnréttisþjóðfélag að þeir sem hafa hærri tekjur borga hærri skatta og þeir sem hafa betri afkomu. Það er því tilfærsla frá þeim sem hafa meira til þeirra sem hafa minna, svo því sé haldið til haga.

(**Gripið fram í:** Farðu nú að hætta þessu.) Já, það er eiginlega óhætt fyrir mig að hætta þessu, það er rétt hjá hv. þm., og ég sé að hann brosir orðið. Hinn hv. þm. sést ekki hér enn þá. Ég er kannski að treina ræðu mína til að bíða eftir honum. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Þuríður Backman ræddi um greinargerðina og spurði mig hvað væri hæfilegt verð. Hér er verið að ræða um að landbrh. fari með ákveðið vald. Auðvitað verða menn að muna það sem hafa verið í Alþýðuflokknum gamla, þó hann sé dáinn og gleymdur, að hann var nú flokkurinn sem ... (**LB:** Hann er ekki gleymdur.) Ekki gleymdur, nei, en flokkurinn sem segist hafa landað GATT-málinu (**Gripið fram í:** EES-samningnum.) EES-samningnum og jafnvel öllu því góða sem gert hefur verið. (**LB:** Því flestu.) Svo dó hann sæll á eftir (**Gripið fram í:** Að loknu dagsverki.) að loknu dagsverki, en hann var flokkurinn sem stóð að þessu á þeim tíma og ég hygg að alþýðuflokksmenn og samfylkingarmenn séu ekki á þeirri skoðun að það eigi að rjúfa þessa leið, menn eigi að halda áfram á þessari braut með 120–130 þjóðum. Nú er nýtt ferli hafið í því, í WTO-samningum sem eru að fara af stað. Þar hefur verið mörkuð leið. Þar ætla menn að auka samkeppni o.s.frv. þannig að leiðin er alveg ljós.

Að halda utan um þetta er alltaf dálítið erfitt mál, en það var mörkuð leið í þessum samningum og síðan var það

markað að þetta yrði hjá landbrh. og hann verður auðvitað að hafa tæki og tól til að fylgja eftir þeim samningi sem kom á íslenska bændur út af GATT-samningnum og það er auðvitað reynt að gera af lipurð.

En hv. þm. Þuríður Backman spurði um ákvörðun landbrh. um lækkun tolls og hvað væri hæfilegt verð sem þyrfti að vera til staðar á innanlandsmarkaði. „Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.“ Þetta er náttúrlega hugsunin um að hér ríki samkeppni en ekki einokun og menn hagi þessu af mikilli skynsemi. Ég get í rauninni ekki svarað því með öðrum hætti.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson talaði um verðlagsstjóra sem er auðvitað alrangt því eins og hefur komið fram hjá mörgum hv. þm. verður þessi grein í mikilli samkeppni. Mér finnst mjög rangt að draga inn í umræðuna þau átök sem urðu í Öskjuhlíð út af grænmeti o.s.frv. Það var út af samkeppnismálum. Og menn mega ekki gleyma því að Samkeppnisstofnun er stundum líka fósturbarn gamla Alþýðuflokksins, ekki satt? Við verðum að treysta á Samkeppnisstofnun og hún stendur oft í stórræðum. Hún stóð í stórræðum þá og hún þarf að halda hér uppi verðlagseftirliti og samkeppni milli aðila. Það er í rauninni hlutverk hennar.

Ég vona sannarlega að þetta mál skili því að við sjáum nú í sumar verulega verðlækkun á grænmeti, ekki síst þeim vörum sem fólki hafa þótt dýrar, gúrkum, tómötum og paprikum. Ég trúi því að samningurinn skili því að íslenskir bændur geti sótt fram, þeir muni vonandi sjá meiri neyslu, meiri frið um sinn atvinnuveg. Ég trúi því að bjartari tímar séu fram undan um þennan samning.

Síðan vil ég segja við hv. þm. Karl V. Matthíasson sem hélt ágæta ræðu og talaði um draumsýn landbrh. um útflutning o.fl. Auðvitað á ég mér draumsýn. Ég held að getum við auglýst íslenska náttúru á mörgum sviðum og við eigum möguleika. Við erum hreint land. Við erum jarðhitaland. Þess vegna orkuland. Við eigum land og við eigum góða ræktendur. Við eigum mjög viðurkenndar vörur á heimsmarkaði þannig að við eigum möguleika. Ég er ekkert að segja að það sé allt í hendi. Það er langtímamarkaðsstarf sem þarf að fara fram. Þetta gerist ekki eins og hendi sé veifað. Þarna eru miklir möguleikar, finnst mér, sem þarf að vinna að og ég hef verið að taka þátt í að gera það með bændum og þingmönnum sem mér finnst vera mjög jákvæðir í garð landbúnaðarins yfir höfuð og þakka ég það samstarf og óska að lokum þess að þetta mikilvæga mál verði sem fyrst að lögum og um það ríki mikil samstaða. Ég er tilbúinn að koma á fund Samfylkingarinnar og kynna málið í heild eða senda mína menn á þann fund ef þeir vilja ekki að ég komi sjálfur.

[15:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það boð sem hann setti fram og ég er ekki í nokkrum vafa um að við munum nýta okkur það og fá hæstv. landbrh. á okkar fund til að kynna okkur þetta mál í heild sinni.

Hins vegar sögðum við í umræðunni, a.m.k. ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, að þetta tiltekna mál tryggði enga lækkun og ég held að hæstv. landbrh. hafi staðfest það. Ég held að það sé svo sem ekki deilan í málinu. Eins viðurkenndi hæstv. ráðherra að það hefði að mörgu leyti verið betra að ræða allt þetta mál í heild sinni.

Hins vegar var kannski eftirtektarverðust í ræðu hæstv. ráðherra sú fullyrðing að tilteknir flokkar væru á fullri ferð inn í Evrópusambandið sem hefði mátt skýra sem svo að aðrir væru það þá væntanlega ekki. Mér þótti þetta vera dálítið sérstæð yfirlýsing því ég held að það sé svo sem ekki stórt upp í sig tekið þó menn haldi því fram að hæstv. utanrrh. hafi verið á nokkurri siglingu í þá átt. Þess vegna þykir mér það merkilegt að hæstv. landbrh. talaði á þann hátt sem hann gerði hér, að a.m.k. væri eitthvað í það að menn mundu ganga í Evrópusambandið. Ég held að það hafi verið dregið fram að ekki séu allir samstiga í Framsfl. um hvert halda skuli.

Í lok ræðu sinnar nefndi hæstv. landbrh. að þetta mál hefði ekkert með það sem átti sér stað í Öskjuhlíðinni á sínum tíma að gera, en hér er um það að ræða að verið er að óska eftir því að Alþingi veiti hæstv. ráðherra heimild til þess að ákveða tolla með öðrum hætti en gert hefur verið. Með því er hann í sjálfu sér að taka að sér það verkefni að verða einhvers konar verðlagsstjóri á innflutt grænmeti.

[15:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Verðlagsstjórnin er í því fólgin að fylgja eftir þeim samningum sem íslensk stjórnvöld hafa gert á erlendum vettvangi og veitir innlendri samkeppni atvinnu.

Ég minntist á Evrópusambandið. Það hefur enginn íslenskur stjórnmálaflokkur nema Samfylkingin haldið því fram að við ættum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Framsfl. hefur ekki haldið því fram. Framsfl. hefur mótað þá stefnu að EES-samningurinn sé brú okkar, hann sé viðskiptabrú okkar til Evrópu. Hins vegar hefur formaður Framsfl., sem jafnframt er utanrrh., auðvitað margsagt að við verðum að skoða málin, halda umræðunni gangandi og halda vöku okkar út af framtíð Íslands og viðskiptahagsmunum.

[15:15]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem hér til andsvara vegna þess að hæstv. landbrh. gerir sér það að leik að afbaka það sem ég sagði hér í stólnum. Ég benti sérstaklega á slæma stöðu fjölmargra bænda sem berjast í bökkum og ná ekki endum saman. Ég sagði að ástæða væri til þess að huga vel að hag þeirra ekki síður en neytenda. Mér þykir miður að þau orði séu afbökuð hér. Þess vegna kem ég upp til að leiðrétta það. Ég sagði líka, og vitnaði til þess sem stóð í fréttapósti Samtaka verslunar og þjónustu, að reikna mætti með að 3,2 milljónir færu í niðurgreiðslur vegna þess samnings sem er verið að gera. Ég er ekki að vitna í neitt annað en það sem hefur borist til manna.

Síðan sagði hæstv. ráðherra að ég væri kominn í ESB. Það er rangt. Hið rétta er að ég krefst þess að Íslendingar fái að vita og þekkja kosti þess og galla að eiga aðild að ESB. Það hefur ekki verið dregið fram og ég hygg að fjölmargir Íslendingar séu á sömu skoðun og ég, þ.e. að þeir vilji fá t.d. á sitt hvoru A-4 blaðinu kostina og gallana til þess að geta gert sér grein fyrir hvað sé rangt og hvað rétt. Munurinn á hæstv. utanrrh. og landbrh. varðandi þessi mál er alveg skýr. Annar vill ekki ræða málin. Hinn vill fara í opna umræðu og kynna málið fyrir fólki og athuga hver staða okkar er gagnvart því. Til að leiðrétta það líka, þá hefur Samfylkingin látið í ljós þá skoðun að greidd verði atkvæði um hvort sækja eigi um aðild eða ekki.

[15:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Loksins þekki ég í dag hv. þm. Gísla Einarsson. Það mætti eiginlega halda að árshátíð Samfylkingarinnar hefði verið í gær því tveir þeir skapvondu tókust á við mig í dag og svo sé ég að ég hef ekki skilið fyrri ræðu hv. þm. Gísla Einarssonar, en mér þykir miður hafi ég móðgað þennan ágæta vin minn. Hann segir að ég hafi gert það mér að leik að afbaka ræðu hans. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hann afsökunar á því því það vil ég sannarlega ekki gera. Ég hef átt gott samstarf við hann. Hins vegar held ég að það sé best að láta öðrum eftir að lýsa hver munur er á mér og hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni. (**Gripið fram í:** Varðandi ESB?) (Gripið fram í.) Það verður hver að túlka fyrir sig, en ég held það sé best að vera ekkert að túlka það hér í ræðustólnum.

Ég held ég standi ekki meira í þessu. Mörg önnur mál eru á dagskrá. Ég þakka fyrir þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landgræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 584. mál (heildarlög). — Þskj. 913.

[15:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um landgræðslu. Frv. er flutt á þskj. 913 og er mál nr. 584 á þessu þingi.

Núverandi landgræðslulög eru að stofni til frá árinu 1965 og löngu er orðið tímabært að endurskoða landgræðslulöggjöfina. Síðan hún var sett hér á hinu háa Alþingi hafa orðið gríðarlegar breytingar á öllum sviðum starfseminnar og miklar viðhorfsbreytingar í þjóðfélaginu til verndunar auðlinda landsins. Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að löggjafinn fjallaði um verndun auðlinda sem felast í gróðri og jarðvegi. Upphaf landgræðslulöggjafar hér á landi má rekja allt aftur til ársins 1907, en þá áttu enn eftir að líða áratugir þar til aðrar þjóðir tóku að setja sér slíka löggjöf. Landgræðsla ríkisins er talin elsta stofnun í heiminum sem starfað hefur óslitið á þessum vettvangi.

Landgræðsla er samheiti yfir aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg með ákveðið markmið að leiðarljósi. Tilgangur landgræðslu getur verið mismunandi. Sums staðar hefur þurft að stöðva öra landeyðingu, sem hefur ógnað forsendum byggðar. Annars staðar er markmið landgræðslu að gróður verði öflugri en hann er nú, en víða er framleiðsla vistkerfa langtum minni en náttúrufar gefur tilefni til. Enn annar tilgangur landgræðslu er að stefna að tilteknu gróðurfari á landsvæðum, allt eftir því til hvers á að nota þau. Þar getur verið um að ræða tún eða beitiland til landbúnaðar, útivistarsvæði ýmiss konar eða varðveislu fágæts náttúrufars.

Landgræðsla undanfarinna áratuga hefur tvímælalaust skilað miklum árangri. Stórar landspildur sem áður voru örfoka eru nú þaktar gróðri. Fjölmargir vinna að því að bæta landkosti. Enn er þó langt í að náðst hafi markmið gildandi landgræðslulaga um að stöðva jarðvegseyðingu og koma í veg fyrir að gróður eyðist. Til að þau megi nást er m.a. nauðsynlegt að efla rannsóknir á landgræðslu, virkja betur landnotendur og umráðahafa lands og koma á skilvirkara eftirliti með landnýtingu. Landeyðing og uppblástur verður enn þá víða um land og það allt of víða. Þrátt fyrir árangursríka landgræðslu og mikinn áhuga landsmanna á henni eru gríðarleg vandamál tengd jarðvegsrofi og gróðureyðingu. Ofbeit er enn vandamál að hluta til og skort hefur úrræði til að bregðast við þessari alvarlegu orsök gróður- og jarðvegseyðingar. Þau úrræði sem hafa verið fyrir hendi hafa verið meingölluð og af þeim sökum óvirk. Þetta hefur m.a. mjög neikvæð áhrif á möguleika á fæðuframleiðslu. Mikilvægt er að lagaramminn um landgræðsluna og fjárlög miðist við að tryggja enn betri árangur í landgræðslustarfinu og taki mið af breyttum vinnubrögðum í stjórnsýslunni á síðustu árum.

Ýmsar þjóðir hafa á síðustu árum stigið stór skref í þá átt að bæta árangur af landgræðslu og endurskoða löggjöf um hana. Þar má t.d. nefna Bandaríkin, Ástralíu og Nýja-Sjáland. Hér á landi hefur þróunin á sviði umhverfismála og bættrar landnýtingar m.a. leitt af sér ný lög um náttúruvernd, nýja skipulagslöggjöf og lög um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki síður mikilvægt að endurskoða landgræðslulöggjöfina. Mikilvægt er að koma í framkvæmd nýjum viðhorfum um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda sem felast í jarðvegi og gróðri. Enda þótt starf Landgræðslunnar hafi haft sjálfbæra nýtingu landsins að leiðarljósi frá upphafi var það hugtak ekki til þegar núgildandi lög um þennan málaflokk voru samin. Í dag eru flestir sammála um að þennan hugsunarhátt eigi að taka upp í allri umgengni við landið og auðlindir jarðar.

Meðfylgjandi frumvarp er að stofni til samið af nefnd sem Guðmundur Bjarnason, þáverandi landbúnaðarráðherra, skipaði síðla árs 1998 til að gera tillögur um langtímastefnu í landgræðslu og gróðurvernd. Nefndin skilaði skýrslu sinni til landbúnaðarráðherra í október 1999 og hefur ráðuneytið gefið hana út undir nafninu „Í sátt við landið". Frumvarpið hefur þó tekið þónokkrum breytingum í meðförum ráðuneytisins samkvæmt tillögum Landgræðslunnar og athugasemdum sem hafa komið fram víða að.

Enda þótt frumvarpið sé að verulegu leyti í anda gildandi landgræðslulaga er ýmis nýmæli að finna í því. Þar má nefna að skýrar er kveðið á um verkaskiptingu en nú og samkvæmt frv. á að vera alveg ljóst hver ber ábyrgð á landi. Frumvarpið mun leiða til skýrari stefnumótunar í landgræðslu og felur í sér úrræðaferli sem á að stuðla betur að sjálfbærri landnýtingu en núverandi lög gera. Því er ætlað að endurspegla þá þróun sem orðið hefur í umhverfismálum á síðustu áratugum og efla landgræðslu á Íslandi. Leitast var við að hafa frumvarpið stutt, hnitmiðað og auðskiljanlegt. Það er samtals 33 greinar auk bráðabirgðaákvæða og er skipt niður í fjóra kafla:

Í I. kafla, 1.–3. gr., er fjallað um tilgang laganna og helstu hugtök skilgreind sem notuð eru í frumvarpinu og talin er ástæða til að skýra sérstaklega. Þar er einnig mælt fyrir um skipulag landgræðslumála innan stjórnsýslunnar.

Í II. kafla, 4.–15. gr., er fjallað um landgræðsluverkefni. Þar er að finna yfirlit yfir verkefni Landgræðslunnar og nánari lýsingu á þeim helstu. Einnig er fjallað um hlutverk sveitarfélaga í landgræðslu og hvernig einkaaðilar geta komið að landgræðsluverkefnum í samstarfi við hið opinbera.

Í III. kafla, 16.–25. gr., er fjallað um ábyrgð á landnýtingu og því lýst hvernig unnt sé að bregðast við illri meðferð á landi. Einn helsti gallinn við núgildandi lög um landgræðslu, nr. 17/1965, er að í þeim eru ekki nægjanlega

skýr lagaleg úrræði til að hægt sé að bregðast við þegar land hefur verið ofbeitt og umráðahafi landsins hefur ekki viljað draga úr beitarálaginu. Lögin hafa heldur ekki veitt viðunandi úrræði til að bregðast við þegar búfé hefur ítrekað verið sleppt inn á afgirt landgræðslusvæði með tilheyrandi tjóni. Þó svo að umrædd tilvik séu ekki mjög mörg eru þau engu að síður alvarleg. Skortur á úrræðum hefur m.a. leitt til þess að Landgræðsla ríkisins hefur ekki getað sinnt gróðurverndarhlutverki sínu sem skyldi. Einnig er bagalegt að þeir landnotendur sem leggja metnað í bætta landnýtingu, en staðhættir valda því að erfitt er að setja upp gripheldar girðingar, hafa orðið fyrir miklum ágangi búfjár af ofbeittu landi yfir á þeirra eigið land. Eðlilega leitar búfénaður af ofbeittu landi yfir á grösugri svæði. Við þessum vandamálum, þ.e. ofbeitinni eða ósjálfbærri landnýtingu, er brugðist í III. kafla frumvarpsins. Höfundar frv. hefðu þegið að hafa þennan kafla fyrirferðarminni og einfaldari í sniðum, enda er þess vænst að það muni nánast heyra til undantekninga að beita þurfi úrræðaákvæðunum. En þau þurfa engu að síður að vera fyrir hendi og kveða á um ferli sem er eins skýrt og mögulegt er til þess að leysa megi þau vandamál sem upp kunna að koma vegna ofbeitar eða annarrar slæmrar meðferðar á landi. Ástæða kann að vera til að huga að endurskoðun lagaákvæða um ágang búfjár í lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en um það er ekki fjallað í þessu frumvarpi. Ekki er heldur í þessu frumvarpi hróflað við vörsluákvæðum laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991.

Í IV. kafla, 26.–33. gr., eru tekin saman ýmis ákvæði. Þar er m.a. að finna ákvæði um gildistöku og þar segir að með brot á lögunum fari að hætti opinberra mála. Einnig er þarna að finna ákvæði um kostnað við framkvæmd laganna, um útgáfu reglugerða og um stjórnsýslukæru til landbrh. Síðast en ekki síst er í IV. kafla að finna heimildir fyrir Landgræðsluna til að leggja á dagsektir og til eignarnáms. Þetta eru úrræði sem nauðsynlegt er að kveða á um í lögunum, þó svo þess sé að vænta að mjög sjaldan þurfi að grípa til þeirra.

Að lokum eru bráðabirgðaákvæði vegna samninga sem Landgræðsla ríkisins og áður Sandgræðsla Íslands hafa gert og ákvæði vegna ákvarðana um ítölu sem kunna að vera í gildi.

Frv. það sem hér er lagt fram miðar að því að gera Landgræðsluna að þekkingar-, framkvæmda- og þjónustustofnun á sviði landgræðslu til hagsbóta fyrir land og þjóð. Ég held að engum blandist hugur um að Landgræðslan hefur á síðustu öld unnið gríðarlega mikilvægt starf fyrir Íslendinga og flestir eru nú meðvitaðir um að mikilvægt er að hún hafi samstarf við t.d. bændur landsins og að hún geti stöðvað, eins og kemur fram í þessu frv., að níðst sé á landi. Sem betur fer erum við í mjög fáum tilfellum nú að ofbeita land. Kannski ber meira á því þar sem hrossum hefur verið ofbeitt en sauðfé í seinni tíð. Yfir þessu öllu verðum við að vaka. Það er ljótur svipur á því að fara illa með land.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um frv. við 1. umr. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er sannarlega lagt fram mál sem tímabært var orðið að leggja fram, frv. til laga um landgræðslu. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra höfum við búið við landgræðslulöggjöf sem sett var 1965 og er auðvitað orðin úrelt og hefur verið kallað eftir nýrri löggjöf um landgræðsluna og er það sannarlega fagnaðarefni að hún skuli nú hafa litið dagsins ljós. Þetta er eitt af stórmálum þessa þings og kannski hægt að segja að það hefði mátt koma fram fyrr. Nú er það hér og við hv. þm. höfum svo sem haft ágætan tíma til að kynna okkur það því málið var lagt fram á síðasta þingi en ekki náðist að fjalla um það.

Varðandi hina formlegu afgreiðslu, þá tel ég þetta mál vera þeirrar ættar að ekki væri óeðlilegt að umhvn. Alþingis fengi það til yfirlestrar og yrði kannski fengin til að gefa hv. landbn. einhvers konar umsögn um málið því hér er vissulega um málaflokk að ræða sem heyrir undir bæði ráðuneytin, þ.e. ráðuneyti landbúnaðarmála og ráðuneyti umhverfismála.

Borið hefur á góma í hv. umhvn. að hún hafi lýst yfir fullum vilja til að fjalla um gróðurverndina og jarðvegsverndina og sömuleiðis viljað hafa þekkingu á málefnum skógræktarinnar og þar sem þetta mál kemur inn á öll þessi atriði tel ég ekki óeðlilegt að landbn. óski eftir því að umhvn. fari yfir málið og það verði því rækilega kynnt í þeirri nefnd.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að víða hefur pottur verið brotinn hingað til og auðvitað hafa markmið landgræðslulaganna, sem við þó höfum búið við, ekki náðst nægilega vel. Okkur hefur gengið mjög illa að halda utan um þennan málaflokk og skýringarnar sjálfsagt ótal margar. Hins vegar hefur umhverfið í þessum málaflokki breyst gífurlega mikið og nægir þar að nefna að við búum núna við mjög marga öfluga alþjóðlega samninga sem getið er um í greinargerð frv. sem auðvitað leggja okkur skyldur á herðar. Með gömlu löggjöfinni hefur okkur verið allsendis ómögulegt að framfylgja þeim ákvæðum sem þessir alþjóðasamningar hafa lagt okkur á herðar. Þess vegna er ný löggjöf, eins og ég sagði áðan, orðin sannarlega tímabær.

Nauðsynlegt er að lesa frv. rækilega saman við lög um náttúruvernd og skipulags- og byggingarlögin því auðvitað er þetta nýja frv. það skylt þeirri löggjöf að eðlilegt er að rýnt sé í það í nefndastarfinu, að náttúruverndarlögin séu þannig höfð til hliðsjónar að ljóst sé að þeim verði framfylgt út í æsar og þau harmóneri og milli þessara tveggja laga, þriggja laga reyndar sem ég nefndi, sé fullkominn samhljómur.

Varðandi það hvernig skörun málaflokksins er, þá hefur því verið hreyft á þessum vettvangi oftar en einu sinni að kannski þurfi að skoða með hvaða hætti umhvrn. fjalli um gróður- og jarðvegsvernd. Það kemur fram í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld að umhvrn. ætlar á nýrri öld að láta til sín taka í þessum efnum.

Fyrsti kafli í stefnumörkuninni, sem reyndar hefur nú ekki litið dagsins ljós og er enn þá í vinnslu í umhvrn., fjallar um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Sá kafli kemur beint inn á mjög veigamikil atriði í frv. Þar er getið þeirra alþjóðlegu samninga sem eru helstu stjórntækin í þessum málaflokki, þ.e. samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, náttúruverndarlöggjöfin okkar, lögin um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og náttúruverndaráætlun sem hæstv. umhvrh. hefur sagt okkur að komi til með að líta dagsins ljós og verða kynnt fyrir Alþingi á hausti komanda. Af því náttúruverndaráætlunin heyrir undir umhvn. og umhvrn. er það eitt af lykilatriðunum sem þarf að hafa í huga þegar við skoðum undir hvaða ráðuneyti og undir hvaða nefndir þessi málaflokkur fellur.

Annar kafli í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun á nýrri öld varðar þann málaflokk sem hér er til um-

fjöllunar, þ.e. landgræðsluna. Það er 8. kafli í áætluninni og ber heitið „Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða".

Ljóst er að Ísland hefur misst stóran hluta gróðurþekju sinnar og kannski allt upp í 95% síns upphaflega skóglendis og þjóðin hefur verið sammála um að við verðum að snúa þeirri óheillaþróun við. Til þess hefur verið kallað eftir nýrri löggjöf sem nú liggur hér á borðum þingmanna.

Enn einn kaflinn í stefnumörkun stjórnvalda á nýrri öld, sem umhvrn. hefur verið að móta, fjallar um vernd og endurheimt votlendis sem sömuleiðis má segja að falli undir frv. sem við fjöllum um, frv. um landgræðslu.

Langtímamarkmiðin sem frv. gerir ráð fyrir að séu sett þyrftu kannski að vera skýrari. Það er alveg ljóst að langtímamarkmið í landgræðsluáætlun þurfa að vera mjög skýr. Þau þurfa að vera tímasett og þau þurfa að vera raunhæf. Ég mundi segja að í nefndastarfinu kæmi til með að verða litið nánar á hvernig landgræðsluáætlun ætti að líta út, þ.e. hvernig markmið hennar verða sett þannig að tryggja megi að t.d. gróður og allur jarðvegur í úthaga fái að þróast eftir umhverfisskilyrðum í landinu, til þess sömuleiðis að tryggja að tekið verði á málefnum hins villta gróðurríkis, að beitarstjórn verði skilvirk og sett séu markmið sem við getum á hverjum tíma skoðað hvernig okkur gengur að standa við. Sömuleiðis að endurnýjunarhæfni gróðurríkisins verði skoðuð á hverjum tíma.

Auðvitað verður líka að hafa í huga að í allri ræktun utan húss verði tekið tillit til hinnar líffræðilegu fjölbreytni sem við erum skuldbundin samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninga og sérstakt tillit þarf auðvitað að taka til íslenskra aðstæðna og það þarf að byggja á okkar íslensku rannsóknum og íslensku þekkingu.

Ekki er hægt að forðast það í þessari umfjöllun að fjalla um innfluttar tegundir og þátt þeirra í landgræðslunni. Það er eðlilegt að þær nefndir sem um málið fjalla fari vel ofan í saumana á því hvað samningurinn um líffræðilega fjölbreytni leggur okkur á herðar og hvaða afstöðu við eigum að taka varðandi ræktun innfluttra tegunda.

Eins og menn þekkja hafa staðið um það talsverðar deilur með hvaða hætti erlendar lífverur hafa verið fluttar inn í lífríkið og þá ekki síst hvað varðar gróðurríkið. Nægir þar að nefna hinn alkunna slag um lúpínuna. Það er eðlilegt, þegar Alþingi fjallar um þessi mál á yfirgripsmikinn hátt og hér er um stefnumörkun til framtíðar að ræða, að við förum vel ofan í saumana á þessum atriðum, enda ber okkur skylda til þess samkvæmt samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Sömuleiðis þarf að gæta vel að því að skipulag allra aðgerða, rannsóknir, stjórnun og vöktun, fari fram svæðisbundið og gera þarf áætlanir um slíkt til þess að tryggja lýðræðislega aðild hlutaðeigandi og það er mjög mikilvægur þáttur í þessum málum, þ.e. lýðræðisleg aðild íbúa landsins að þeim. Og af því að við höfum verið að rækta skóg og jafnvel græða upp land á vegum frjálsra félagasamtaka, þá er þetta enn eitt málið sem gerir okkur skylt að fara að lögfesta Árósasamninginn sem fjallar um aðkomu og réttláta málsmeðferð frjálsra félagasamtaka í sambandi við umhverfismál. Hér er um umhverfismál að ræða og þess vegna er mjög mikilvægt að tryggð sé lýðræðisleg aðkoma íbúa á hverju svæði þegar gerðar eru svæðisbundnar áætlanir. Má þar til dæmis nefna landshlutabundnar áætlanir um skógræktarverkefni.

Sömuleiðis má hugsa sér að framkvæmdaáætlun yrði sett þar sem markmið næstu fimm ára yrðu skilgreind mjög svo náið, ítarlega tímasett og á raunhæfan hátt þannig að við séum að tryggja það að hér fari af stað öflug áætlun um gróður- og jarðvegsvernd. Marka þarf skýra markmiðssetningu varðandi beitarstýringu og alla vöktun á ástandi gróðurs og jarðvegs og nauðsynlegt að áætlun verði gerð í víðtækri samvinnu hlutaðeigandi hagsmunasamtaka, áhugafélaga, opinberra stofnana og rannsóknaraðila á sviði gróður- og jarðvegsverndar, um aðferðir til að stilla saman nýtingu og verndun á þessu sviði með tilliti til markmiða um sjálfbæra þróun.

Auðvitað er það gleðiefni, herra forseti, að í frv. til laga um landgræðslu skuli það nú gert að meginmarkmiði að stuðla eigi að sjálfbærri nýtingu þessara auðlinda. Þá skulum við vera okkur alveg meðvituð um það, herra forseti, að íslenska þjóðin þarf að skilgreina það algjörlega fyrir sjálfri sér hvað við eigum við með því þegar við setjum svonalagað inn í lagatexta, eins og segir í 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að vernda, endurheimta og auka þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í jarðvegi og gróðri landsins og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra."

Ljóst er að ríkjandi stjórnvöldum hefur reynst harla örðugt að skilgreina þetta hugtak fyrir þjóðinni svo sómi sé að og það hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra oftar en einu sinni að þeir bera lítið skynbragð á þá hugmyndafræði sem liggur að baki þessari hugtakanotkun. Það er algerlega ljóst að hv. íslenskir alþingismenn og hæstv. ríkisstjórn verða að ná að botna í þeirri hugmyndafræði sem segir í frumvarpstextanum að eigi að fylgja.

Af því ég nefndi fyrr í máli mínu, herra forseti, stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld vil ég gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það og kannski hæstv. umhvrn. ekki hvað síst að ekki skuli hafa gengið hraðar að hrinda þessari stefnumörkun af stað því eins og menn vita er núgildandi framkvæmdaáætlun, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til aldamóta, útrunnin. Eftir henni ætluðu stjórnvöld sér að vinna til aldamóta. Þeim gekk það mismunandi vel. Það er til mikil og góð skýrsla sem unnin var af starfshópi eða nefnd um endurskoðun þessarar framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun. Sú skýrsla heitir „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – mat á stöðu framkvæmdaáætlunar" og hún sýnir glögglega að stjórnvöldum gekk ekki allt of vel að standa við markmið sín sem þau settu sér með framkvæmdaáætlun til aldamóta. Og það hversu við höfum þurft að bíða eftir hinni nýju stefnumörkun er auðvitað ekki til fyrirmyndar og segir meira en mörg orð um vilja stjórnvalda í þessum efnum, hversu sannfærð þau stjórnvöld sem nú ríkja eru um að innleiða þurfi hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Ég held að ekki sé seinna vænna fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. umhvrh. að fara að slá í hesta sína til að stefnumörkun um sjálfbæra þróun á nýrri öld verði tilbúin sem allra fyrst. Meðan sú áætlun er eingöngu til í drögum er auðvitað eðlilegt að hv. landbn. og vonandi að öllum líkindum hv. umhvn. lesi þetta frv. saman við þó þau atriði sem felast í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld því þar er vegvísirinn.

Herra forseti. Vegvísirinn til sjálfbærrar þróunar er í stefnumörkuninni sem er unnin hjá umhvrn. Í frv. til laga um landgræðslu eru ákveðnir þættir sem ætla má að geti stangast á við markmiðin í stefnumörkun um sjálfbæra þróun þannig að mjög nauðsynlegt er að lesa þetta allt rækilega saman. Enn fremur er nauðsynlegt að fylgja því eftir að við framkvæmd þessara laga sé byggt á vistfræðilegri þekkingu

sem við eigum mikið af í þessu landi. Í því sambandi má reka enn einu sinni á eftir því að náttúruverndaráætlun líti dagsins ljós, og ekki síður skráning Náttúrufræðistofnunar á búsvæðagerðum á landinu því gífurlega umfangsmiklar áætlanir og kortlagningar eru í gangi hjá stofnunum sem hafa veg og vanda af því starfi, þ.e. Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands, og allir sem í þessum sal eru vita að ríkisstjórnin hefur ekki sett þá fjármuni í þau verkefni sem þau hafa í raun og veru kallað á. Það segir líka sitt um áherslur ríkjandi stjórnvalda í þessum málaflokki.

Það má gagnrýna að varúðarreglunnar skuli í engu vera getið í frv. til laga um landgræðslu en við framkvæmd laga af þessu tagi þarf að taka mið af varúðarreglunni. Hún leit dagsins ljós í Ríó-yfirlýsingunni, í Ríó-ferlinu, og er hluti af undirstöðunni fyrir samninginn um líffræðilega fjölbreytni og Dagskrá 21 sem Íslendingar hafa samþykkt að fara eftir. Við erum þannig skuldbundin til að miða við að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni í gróðurríki landsins og hinum náttúrulega gróðri.

Í þessum drögum sem fjalla um sjálfbæra þróun á nýrri öld eru markmiðin enn þá harla óljós og nauðsynlegt að laga betur að okkar veruleika. En sú vinna er í gangi eins og ég segi og ástæða er til að hvetja hv. alþm. til að kynna sér hana og taka í henni beinan þátt því umhvrn. hefur boðið almenningi og þeim sem vilja koma að því máli þátttöku í þessari vinnu.

Kannski er ekki tilefni til að fara í smáatriðum ofan í einstakar greinar frv., herra forseti, en maður verður einungis að láta í ljósi þá von að hér verði tekið þannig á málum að þegar löggjöfin kemur til með að verða samþykkt taki hún mið af annarri löggjöf sem við höfum sett upp á síðkastið, ég nefni náttúruverndarlögin og skipulags- og byggingarlög, og algerlega nauðsynlegt að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld verði höfð að leiðarljósi því hún er nauðsynlegt vinnuplagg. Kannski ætti maður að segja betrumbætt stefnumörkun því hún er ekki tilbúin eins og ég hef ítrekað sagt. Ég held að hér sé gífurlega mikið verk að vinna, eitt af stærstu málum þessa þings, og ég treysti því að það fái mikið svigrúm í nefndum og að um það komi til með að verða öflug málefnavinna á þeim vettvangi.

[15:49]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um að áætlun um landgræðslu vanti vil ég segja að hún liggur fyrir. Hér er til umræðu á eftir till. til þál. um landgræðsluáætlun fyrir árin 2003–2014 þar sem fyrir tímabilið 2002–2005 eru ætlaðir fjármunir 1.800 milljónir, 2006–2009 2 milljarðar og á tímabilinu 2010–2013 er 2,1 milljarður.

Aðeins varðandi orð hv. þm. um lúpínuna vil ég koma því hér að að hún hefur gefist afar vel til landgræðslu á eyðisöndum Suðurlands og hefur breytt þar flórunni úr svörtum söndum í gróna reiti. Vissulega hafa miklar deilur verið um lúpínuna en á Suðurlandi hefur hún gefist vel til að hefta sandfok. Má þar geta t.d. um Mýrdalssand þar sem lúpínu hefur verið sáð í mörg ár. Þar er sandbylur nánast hættur nema í verstu rokum, eins mikill og hann átti til að verða, þannig að þar hefur hún gefist afar vel. Nú eru Íslendingar farnir að flytja lúpínufræ út til Kanada. Mjög merkilegt starf er unnið hjá Landgræðslunni í Gunnarsholti, þ.e. við að flytja út þennan erfðagenabanka sem við eigum til á Íslandi og þeir eru kannski að glata frá sér. (**Gripið fram í:** Við styðjum lúpínuna.)

[15:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir segir. Hér er næsta mál á dagskrá till. til þál. um landgræðsluáætlun. Megininntak hennar er þó fjárhagsramminn, þ.e. með hvaða hætti stutt verði við Landgræðsluna á komandi árum. Í henni eru reyndar líka markmið og áherslur. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að ég hef ekki lesið þá grg. frá orði til orðs en ítreka einungis það sem ég sagði áðan, það er alveg nauðsynlegt að markmiðin verði tímasett, raunhæf og á grundvelli Dagskrár 21, þeirra pappíra sem við samþykktum í Ríó-ferlinu. Í Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 er mjög greinargóð lýsing á því hvernig sveitarfélög og þjóðir geti sett sér raunhæf markmið og búið til raunhæfa framkvæmdaáætlun.

Varðandi hitt í andsvari hv. þm. sem varðar lúpínuna skal ég ekki segja styggðaryrði um lúpínuna hér er varðar uppgræðsluna á Mýrdalssandi. Það er alveg rétt að hún hefur verið öflug til þeirra nota sem hún hefur verið nýtt þar en það verður líka að segjast eins og er að hún er afskaplega frek til rýmisins og það er alveg eðlilegt að fólk deili um hana og tilverurétt hennar í íslenskum lággróðri því ekki eru allir sáttir við að sjá mikið af lúpínu í Skaftafelli eða öðrum þjóðgörðum okkar.

[15:53]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar landgræðsluáætlunina er ákveðin aðferðafræði tíunduð hér. Aðalatriðin eru náttúrlega að stöðva hraðfara jarðvegseyðingu sem er allt of mikil, gróðurvernd, stjórn landnýtingar, uppgræðsla lands, einkum á láglendi, hefting landbrots, upplýsingaöflun, rannsóknir, þróun, fræðsla og ráðgjöf. Í þessari áætlun er líka rætt um að halda áfram þeim mikilvægu verkefnum sem hafa verið unnin í samstarfi við íslenska bændur sem skiptir ekki litlu máli. Það eru verkefni sem heita „Betri bú“ og „Bændur græða landið“. Ég tel þau mjög mikilvæg og sérstaklega góð fyrir samstarf bænda og Landgræðslunnar þar sem þetta starf styrkir bændurna í heimasveit þeirra.

[15:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki sanngjarnt að við hv. þm. þjófstörtum umræðunni um landgræðsluáætlunina sem ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra mæli fyrir eftir skamma stund en það er alveg rétt sem hv. þm. segir, að í grg. með þeirri áætlun er markmiðssetning. Það sem ég var að ítreka var að markmiðin yrðu sett, þau væru skýr, einföld og aðgengileg fyrir alla og gerð á forsendum Staðardagskrár 21 og með markmið Dagskrár 21 og samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika að leiðarljósi. Ég sé ekki að við séum að deila um nokkurn hlut, við hv. þm., en hlakka einungis til þess að taka þátt í hinum eiginlegu umræðum um landgræðsluáætlunina þegar hún verður tekin á dagskrá á eftir.

[15:55]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum frv. til laga um landgræðslu sem hefur komið fyrir hv. Alþingi áður, á síðasta þingi ef ég man rétt, en varð ekki útrætt og hefur ekki tekið miklum breytingum. En ég ætla að fara nokkrum orðum um þetta frv.

Fyrst langar mig að taka fram að það eru ákveðin vonbrigði fyrir mig að frv. um landgræðslu skuli vera lagt fram í þessu formi vegna þess að ég bind vonir við að í framtíðinni verði landgræðslan og skógræktin sameinuð og ein löggjöf látin gilda fyrir landgræðsluna og skógræktina í landinu. Mér finnast þessi verkefni of skyld til að yfir þeim gnæfi tvær ríkisstofnanir með tilheyrandi pýramídum. Ég held að þetta væri hægt að sameina og það yrði til mikillar farsældar.

Gildandi landgræðslulög eru frá 1965. Áður voru hér í gildi lög um landgræðslu frá 1907 sem er í sjálfu sér mjög merkilegt vegna þess að slíkt mun ekki hafa gerst annars staðar í heiminum, að svo lengi hafi verið lög um að græða upp landið og reyna að endurheimta land sem hafði orðið uppblæstri að bráð. Sandgræðslulög voru þau kölluð til ársins 1965 en frá og með þeirri lagasetningu hafa þau verið kölluð landgræðslulög.

Landgræðslan er auðvitað til þess að bæta gróður og jarðveg, stöðva landeyðingu eins og ég nefndi áður og jafnframt gera gróður öflugri. Víða hér á landi er gróður alls ekki í samræmi við náttúrufar viðkomandi staða, einkum og sér í lagi vegna þess að stór landsvæði hafa eyðst, t.d. vegna öskufalls eða jökulhlaupa og náttúran hefur ekki náð að bæta það sjálf hjálparlaust.

Það er líka tilgangur landgræðslu að stefna að tilteknu gróðurfari á landsvæðum, t.d. eru landsvæði skilgreind sem beitarlönd og önnur landsvæði skilgreind sem útivistarsvæði og þá er gert ráð fyrir annars konar landgræðslu þar. Einnig eru enn önnur landsvæði þar sem kappsmálið er að halda öllum gróðri í sem upprunalegustu horfi. (Gripið fram í.) Ja, það er nú það, hv. þm. Að okkur hefur hefur nefnilega á undanförnum áratugum steðjað hætta mikil sem er samfara innfluttum tegundum jurta sem geta verið afskaplega góðar til síns brúks eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist á vegna landgræðslu á Mýrdalssandi. Þar hefur t.d. sú innflutta tegund, lúpínan, gefist vel en á öðrum stöðum er hún vægast sagt til vansa. Ég verð að segja að það stingur mjög í augu að sjá lúpínu innan um mjög sterkan upprunalegan gróður eins og í ákveðnum þjóðgörðum sem við erum mjög stolt af. Þótt ég telji að lúpína, svo ég nefni þá tegund af því hún var til umræðu, eða Alaskaösp eigi rétt á sér við ákveðnar aðstæður þar sem ekki er hætta á að þær breiði úr sér og skaði það plöntusamfélag sem fyrir er tel ég að við eigum að fara mjög varlega í að nota slíkar tegundir.

Það eru vissulega mikið gleðiefni, eins og hér var minnt á, að sjá stórar landspildur þaktar gróðri sem áður voru örfoka. Það er t.d. ánægjulegt og ég vísa til Mýrdalssands og annarra sanda á Suðurlandi í því sambandi. Fyrir kannski 10–15 árum, þegar ég keyrði sem oftar austur á Kirkjubæjarklaustur, lenti ég þar mjög skyndilega í sandstormi sem ekki hafði verið varað við. Ég lenti í því að lakkið fór algerlega af bílnum mínum og rúðurnar urðu gjörsamlega mattar. Ég tel að það sé ekki mikil hætta á að slíkt gerist í dag því einmitt á þessu svæði hefur Landgræðslan staðið sig afskaplega vel. Þegar maður keyrir núna um Mýrdalssand er fátt sem minnir á það umhverfi sem þar var fyrir mjög stuttu og ortar hafa verið um frægar ballöður sem mikið hafa verið sungnar og spilaðar.

Þó margt hafi tekist vel er þó afskaplega langt í land með að markmið gildandi landgræðslulaga, þ.e. laganna frá árinu 1965 um að stöðva jarðvegseyðingu í landinu, hafi náð fram að ganga. Við eigum þar mjög langt í land og þurfum mjög að herða okkur. Við þurfum t.d., eins og stendur í þessu frv., að efla rannsóknir á þessu sviði og virkja betur landnotendur og umráðahafa lands sem nú hefur samt að nokkru leyti verið gert. Áðan var vísað til samstarfssamninga við bændur sem hafa gefið afskaplega góða raun og er sjálfsagt og æskilegt að halda áfram á þeirri braut. Það þarf líka að koma á mun skilvirkara eftirliti með landnýtingu en hingað til hefur verið viðhaft.

Enn er uppblástur víða um land og verður sjálfsagt um mörg ókomin ár. Því miður búum við í þannig landi að við þurfum stöðugt að vera á verði í þessu sambandi. Verkefnið er kannski endalaust vegna þess að það verða alltaf einhver þau áföll í náttúrunni, svo sem eldgos eða gríðarlegar hamfarir jökla sem auka jarðvegseyðingu.

Ofbeit er einnig mikið vandamál. Sérstaklega vil ég tiltaka ofbeit hrossa og tek þar undir orð hæstv. landbrh., sem hann lét falla áðan. Ég veit ekki hvað á þar að taka til bragðs. Lengi hefur verið talað um þetta en ég sé ekki annað en vandamálið fari alltaf vaxandi og jafnvel á viðkvæmum svæðum sem eru í hættu gangi hundruð útigangshrossa sem einhverjir telja sig eiga. Ég hef aldrei skilið hvers vegna haldið er við stofnum sem ég get ekki séð að gagnist nokkrum manni eða neinn hafi tekjur eða framfærslu af. Ég held að það verði að setja einhver lög í landinu sem takmarki þetta, taki mun fastar á þessum hrossamálum en hingað til hefur verið gert. (**Gripið fram í:** Er þetta villtur stofn?) Ja, það má segja að þetta séu villtir stofnar, gríðarstórir og kannski mun stærri nokkur maður gerir sér grein fyrir vegna þess að sjaldnast eru gefnar upp réttar tölur í þessu sambandi. Eigendur gera gjarnan lítið úr, segjast eiga nokkur hross í stóði. Hins vegar getur það hlaupið á hundruðum sem þarna er um að ræða.

Það hefur verið minnst á samning Sameinuðu þjóðanna um baráttu gegn eyðimerkurmyndun sem við erum aðilar að. Þetta verkefni snertir það auðvitað sérstaklega. Það hefur líka verið minnst á lög um náttúruvernd, skipulagslög og lög um mat á umhverfisáhrifum sem einnig snerta þetta mál. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að ég styð eindregið að þetta mál fari til athugunar og umsagnar umhvn. Auðvitað eru hér atriði sem varða sjálfbæra nýtingu, sem heyra undir umhvn. og löggjöf sem bæði hefur verið samin þar og íhuguð mjög gaumgæfilega. Þetta snertir og lög sem þar eru í vinnslu eða eru væntanleg til vinnslu. Ég tel mjög brýnt að þetta frv. fái meðferð hjá hv. umhvn.

Í athugasemdum með frv. er minnst á að það eigi uppruna sinn í niðurstöðum nefndastarfs sem var skilað til landbrh. 1999 og gefnar voru út undir heitinu „Í sátt við landið". Þó er sagt að frv. hafi tekið nokkrum breytingum.

Í frv. er einkum gert ráð fyrir þeim breytingum að kveða skýrar á um verkaskiptingu en áður og það eigi að vera alveg ljóst samkvæmt frv. hver beri ábyrgð á landi. Þetta frv. hefur verið sagt leiða til skýrari stefnumótunar í landgræðslu og fela í sér úrræðaferli sem stuðli að sjálfbærri landnýtingu, sem er auðvitað hugtak sem á eftir að skilgreina betur og vonandi fáum við góða leiðsögn í því máli frá hv. umhvn.

Ég minni hins vegar á ákvæði til bráðabirgða með þessu frv., um að allir samningar sem Landgræðsla ríkisins og áður Sandgræðsla Íslands hafa gert haldi gildi sínu þó þessi lagabreyting verði. Ég tel að í raun sé það sjálfsagt mál. Einnig vil ég ítreka að ég tel mikilvægt að umhvn. fjalli um frv. jafnframt því sem hv. landbn. fjallar um það. Ég tel að ýmislegt eigi eftir að skýrast þegar nefndirnar fara dýpra í þetta mál.

Að lokum vil ég segja að ég tel að farsælla hefði verið að þessi lagasetning hefði beðið og hér sett samræmd löggjöf um landgræðslu þar sem skógræktin væri tekin með í reikninginn.

[16:10]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur um landgræðslu og skógrækt. Ég tel alveg hárrétt að þessar tvær stofnanir eigi að vera í einni stofnun og ef til vill verður það einhvern tímann.

En hvað varðar lúpínuna er það ekki aðeins á Mýrdalssandi sem hún hefur reynst vel heldur og í kringum Þorlákshöfn og alla Rangárvelli. Mig langar að geta þess að þegar Landgræðslan hóf starf í Gunnarsholti á sínum tíma var þar aðeins einn hektari af grónu landi. Landið var einn eyðisandur. Það eru miklar sögur um marga bæi á Rangárvöllum sem hopuðu undan sandinum. Á þeirri jörð sem ég bý á var mikil og hörð barátta við sandfokið. Það var svo slæmt að oft sást ekki til sólar dögum og vikum saman.

Ég fagna því mjög að í þessu frv. er fastsett að höfuðstöðvar Landgræðslunnar skuli verða í Gunnarsholti á Rangárvöllum og þeirri staðsetningu verði ekki breytt nema með lögum.

Ef við lítum hins vegar til þess hvað eru upprunalegar jurtir þá er það spurning sem við getum velt fyrir okkur. Hvaða jurtir voru hér þegar numið var land á Íslandi og hvaða jurtir hafa tapast? Eins er mjög gaman að fylgjast með því hvaða jurtir nema land í Surtsey, sem kom upp í gosinu 1963, en þar hafa æðimargar tegundir numið land síðan sú eyja myndaðist. (Gripið fram í.)

[16:12]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum sammála um margt varðandi þetta mál, við hv. þm. Drífa Hjartardóttir. Ég tek undir með henni, að það er afskaplega ánægjulegt að sjá allan þann árangur sem blasir við af starfi Landgræðslunnar á Suðurlandi. Þó mér finnist ég ekki vera gömul manneskja þá blasir við mér, þegar ég keyri um hérað, stórkostlegur árangur frá því sem ég man eftir á árum áður. Seint verður fullþakkað þeim mönnum sem hafa unnið, með stuðningi stjórnvalda, að landgræðslu hér á Íslandi.

Ég held hins vegar að varðandi upprunalegar jurtir eigum við eftir að ræða það mjög ítarlega í hv. landbn. Vonandi verður það rætt í hv. umhvn. líka í tengslum við þetta frv.

Þó ég hafi ekki tekið upp neina andstöðu gegn lúpínu eða gegn innfluttum jurtum þá held ég að við eigum að fara mjög varlega með þær þar sem fallegur upprunalegur gróður er fyrir.

[16:13]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til nýrra laga um landgræðslu. Ég fagna því að frv. skuli koma fram. Það eru nýir og breyttir tímar og full ástæða til að leggja Landgræðslunni til ný lög, það er ljóst.

Það eru örfá atriði sem ég vil tiltaka sérstaklega varðandi frv. sjálft, einmitt varðandi þá nýju tíma sem blasa við okkur. Þjóðfélagið leggur sífellt meiri fjármuni til landgræðslu- og skógræktarmála. Ég vil leyfa mér að tengja þau mál saman. Þetta er sami málaflokkur að meginhluta.

Skógræktarmálin hafa þróast þannig að Skógrækt ríkisins hefur dregið saman framkvæmdir sínar. Það hafa orðið til landshlutabundin verkefni í skógrækt undir sjálfstæðum stjórnum. Þær eru nokkrar á landsvísu. Ég hefði viljað sjá lög sem hefðu náð yfir alla þessa starfsemi þannig að þeir fjármunir sem Alþingi samþykkir að veita til þessara málaflokka séu undir einni stjórn. Ég tel að með þeim hætti nýtist fjármunir betur og að meiri samhæfing náist meðal þess starfsfólks sem vinnur að þessum greinum. Þekkingaröflun yrði markvissari og rannsóknastarfið og framkvæmdirnar sömuleiðis.

Ég vil koma að 3. gr. frv. þar sem talað er um yfirstjórn landgræðslu. Auk þess að taka yfir skógrækt og landshlutabundnu verkefnin ætti a.m.k. að vera stjórn yfir þeirri landgræðslu og þeim lögum sem hér er getið um.

Það mun hafa verið niðurstaða þeirrar nefndar sem vann fyrstu drög að frv. um landgræðslu og var skipuð 1998 af þáv. landbrh., Guðmundi Bjarnasyni. Sú nefnd lagði til að það yrði stjórn yfir þessari stofnun. Það er skoðun mín að við eigum að halda okkur við það. Jafnframt kemur fram í 3. gr. að landgræðslustjóri skuli hafa háskólamenntun í landgræðslu. Maður getur spurt: Er það eðlilegt í lögum sem þessum, þegar um er að ræða stofnanir eins og Landgræðsluna, Skógrækt ríkisins og fleiri viðlíka stofnanir, að forstöðumenn þurfi endilega að hafa sérmenntun á því sviði sem viðkomandi stofnun vinnur á? Ég held að ekki sé ástæða til að binda slíkt í lögum. Það er til að mynda ekki gert í hinum opinbera geira. Mér er ekki kunnugt um að forstjóri Flugleiða sé flugmaður og nefna má ýmis dæmi úr þjóðfélaginu.

Ég heyrði og veit reyndar að skógræktarstjóri sænsku skógræktarinnar er lögfræðimenntaður og svo má lengi telja. Þó að menn vilji hafa það sem meginreglu að ráða í slíkar stöður eftir menntun, þá held ég að ekki sé rétt að hafa það bundið í lögum, menn eigi að hafa þar opið rými fyrir aðra sambærilega menntun, jafnvel viðskiptamenntun. Þarna er um að ræða mikið stjórnunarstarf og þess vegna þarf að leita inn á það svið.

Mikið hefur verið unnið, eins og ég sagði í upphafi, í þessum málaflokki og því ber að fagna. Hér hefur svolítið verið rætt um einstakar aðferðir í uppgræðslu og örlítið hefur verið rætt um lúpínuna. Ég ætla aðeins að koma inn á þau mál. Ég vil nefna að það var fyrrum skógræktarstjóri, Hákon heitinn Bjarnason, sem flutti Alaska-lúpínuna til landsins og hóf uppgræðslu víða á landinu. Sennilega hefur Haukadalurinn í Árnessýslu verið sá staður sem fyrst var ræktuð lúpína á og síðan í Þjórsárdal og svo hafa þeir sandar komið sem hér hafa verið nefndir áður. Þetta er undurfögur planta. Hún hefur þá eiginleika að hún fer í ógróið land sem er snautt og hún sest þar að, breiðir úr sér og framleiðir köfnunarefni. Hún framleiðir áburð fyrir þær jurtir sem á eftir koma. Þegar lúpínan hefur verið lengi í slíku landi hopar hún fyrir öðrum jurtum. Hvort sem um er að ræða gras eða skóg hörfar hún frá og er búin að gera sitt gagn. Þetta er stórmerkileg planta og við eigum að hlúa að henni eins og við mögulega getum. Þetta er ódýr kostur í landgræðslu, fyrir utan þann fallega bláa lit sem hún setur á þekjuna. Það er til bóta líka. Það eru fánalitirnir okkar sem koma þar fram og það er fallegt.

Taldar hafa verið upp fleiri tegundir eins og Alaskaöspin. Við þurfum ekkert að hræðast hana eða aðrar jurtir frá Alaska, sitkagreni eða hvað það nú er. Þetta eru allt saman tegundir sem hæfa vel okkar veðurfari og landi og við eigum að nýta þær okkur til hagsbóta.

[16:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja að athyglisverð var sú tillaga hv. þm. að hann telji stofnunina þurfa að hafa stjórn yfir sér og lagði til viðbót við 3. gr. í þeim efnum. Ég er alveg sammála því að sú tilhneiging ríkisstjórnarinnar að þurrka út stjórnir allra stofnana er nefnilega orðin dálítið athugunarverð. Það er sannarlega þess virði að skoða það mál í heild sinni nánar. (Gripið fram í.) Ég fagna því auðvitað að hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem er stjórnarþingmaður og þingmaður Sjálfstfl., skuli þarna vera á öndverðum meiði við stjórnarherrana.

Varðandi hins vegar lúpínuna, þá er eiginlega ekki hægt annað en koma í létt andsvar vegna hennar. Ég segi sem Reykjavíkurbúi: Esjan þarf ekki lúpínuna til að verða blá. Mér þykir alveg skelfilegt að keyra fram hjá Esjunni sem orðin er blá í návígi vegna mikils lúpínuakurs sem hefur náð bólfestu í henni. Það er ekki rétt, sem hv. þm. segir, að lúpínan hopi undantekningarlaust þegar hún hefur kallað til sín grasið. Það er alls ekki rétt. Hún dreifir sér áfram og fer á þá staði sem við viljum jafnvel alls ekki sjá hana á. Það sem skiptir mestu máli í notkun lúpínunnar á Íslandi er að hún sé ekki nýtt stefnulaust heldur að um hana og aðrar erlendar tegundir, svokallaðar innrásartegundir eins og margir hafa viljað nefna þær, verði mótuð mjög skýr stefna og það verði algerlega eftir ákveðnum reglum hvar slíkar plöntur eru notaðar, í hvaða tilgangi og hvenær við förum að berjast gegn þeim því það er líka þörf á að berjast gegn lúpínunni á ákveðnum svæðum þar sem hún hefur rutt sér til rúms í óþökk þeirra sem um landið fara.

[16:22]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að enginn vafi sé á því að lúpínan hopar í landi þar sem hún hefur verið tiltekinn tíma. Þegar aðrar tegundir gróðurs koma hopar hún en það tekur mislangan tíma eftir þeim gróðri sem um er að ræða, eftir jarðvegi líka, þannig að við þurfum ekki að óttast að hún verði viðvarandi á þessum stöðum.

Í sambandi við innrásartegundir, þá er það eiginlega spurning sem við verðum að skilja eftir hér: Hvernig á Ísland að líta út? Hvaða tegundir eru innrásartegundir? Eru það jurtir sem bændur nota á tún sín og akra? Við erum að fá ýmsar tegundir bæði með fuglum og með auknum ferðum útlendinga til landsins, t.d. með ferjum. Það eru því ótal þættir sem gera það að verkum að nýjar tegundir koma til landsins. Og auðvitað verðum við í nytjalandbúnað okkar og nytjaskóga að flytja til landsins þær jurtir sem best reynast, skila mestum hagnaði og árangri í ræktun.

[16:23]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum hér í landinu nú þegar mjög yfirgripsmikla rannsókn um lúpínuna og hvernig hún dreifir sér. Það er Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem hefur gefið út rit þriggja vísindamanna sem heitir „Gróðurframvinda í lúpínubreiðum". Þetta er fjölrit RALA nr. 207 og ég hvet hv. þm. til að kynna sér niðurstöður sem þar koma fram, en þar eru dregnar saman niðurstöður úr tólf ára rannsóknum sem staðfesta í meginatriðum má segja þau varnaðarorð sem hafa verið höfð uppi varðandi þessa duglegu jurt, lúpínuna. En ég ætla að vitna í þessa skýrslu. Það vill svo til að ég er með grein sem vitnar í hana. Það er grein eftir fyrrv. hv. þm. Hjörleif Guttormsson þar sem hann er að vitna í þetta rannsóknarit, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hún getur einnig numið land og breiðst yfir algróin svæði með lágvöxnum mólendisgróðri þar sem hún gerbreytir gróðurfari."

Ég hvet til þess að í slíkri umræðu sé notuð varúðarnálgun og tekið mið af þeim rannsóknum sem við eigum nú þegar í landinu og stefnan sé mörkuð með tilliti til þeirra niðurstaðna sem vísindamenn okkar hafa komið af stað.

[16:25]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þær rannsóknir sem hv. þm. nefnir vil ég geta þess að í þeim breiðum þar sem lúpína hefur numið land er sennilega hvergi betra að planta m.a. skógi. Þar sem menn planta trjám — það þekkir hæstv. landbrh. — verður skógur. Við væntum að svo verði. (**KolH:** Við viljum líka velja hvað við viljum fá.)

[16:26]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Vegna síðustu orða sem féllu í sal þessum. Talað var um skóg. Þar sem tré koma saman er skógur, hefur verið sagt, og er það rétt. (**SJS:** Þrjú tré eða meira?) Eigi veit ég gjörla hvenær hægt er að skilgreina skóg, hversu mörg tré þurfa að vera fyrir hendi til að skógur sé, en það er misjafnlega skoðað eftir því í hvaða landi talað er.

Hér er komið fram frv. til laga um landgræðslu og er það vel að fram komi nýtt frv. um landgræðslu sem tekur á og kemur með ýmsar greinar sem hefur ekki verið fjallað um í þeim lögum sem gilda nú um þessi mál. Ég tek undir þau orð sem hafa fallið í sambandi við 3. gr., herra forseti, þar sem talað er um yfirstjórn landgræðslumála. Spyrja má hvort ekki fari vel á því að það sé ákveðin stjórn Landgræðslunnar, það sé ákveðinn hópur manna sem móti og leggi fram tillögur um aðgerðir, stefnu og tillögur um fjárhag og annað hjá Landgræðslunni. Einnig vakna spurningar um hvort nauðsynlegt sé, eins og spurt var um áðan og velt upp, að landgræðslustjóri þurfi endilega að hafa háskólapróf í landgræðslu. Þessu má velta fyrir sér. Geta líffræðingar ekki alveg eins orðið góðir landgræðslustjórar eða ... (**Landbrh.:** Prestar?) Prestar, segir hæstv. landbrh., og er ég nú sannfærður um að margir þeirra mundu nýtast vel í það að vera landgræðslustjórar, enda var einn frægasti landgræðslumaður Íslandssögunnar prestur, Björn í Sauðlauksdal, sem fyrstur manna ræktaði kartöflur, og veit ég ekki betur en Landgræðslan sé einmitt með starfsemi þar sem þessi ágæti klerkur var og væri kannski einmitt ágætt að hæstv. landbrh. kæmi með tillögu um að í það minnsta væri í þessum lögum ákvæði um að aðrir en háskólamenntaðir menn í landgræðslu ... (**Landbrh.:** Og prestar þá.) Já, fyrst gripið er svona fram í, að það væru þá háskólamenntaðir menn í landgræðslu eða guðfræðingar. Svona er nú talað. En ég vek athygli á því hvort þurfi að vera skilyrði að háskólamenntun í landgræðslu þurfi til að vera landgræðslustjóri.

Hér er líka talað um verkefni sveitarfélaganna og að sveitarfélög skuli stuðla að landgræðslu, og er það vel. Í mörgum sveitarfélögum er einmitt mikil vakning um landgræðslu og meðvitund um að nauðsynlegt sé að klæða landið gróðri sem mest.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir landgræðsluáætlun. Hér segir: „Landgræðslan skal í samráði við landbúnaðarráðherra ..." Hér er þá samkvæmt 3. gr. frv. væntanlega átt við landgræðslustjóra. Eða hvað er annars átt við með Land-

græðslunni? Er það kannski starfsfólkið í Landgræðslunni eða landgræðslustjórinn sjálfur og landbrh.? Hér kemur einmitt spurningin um hvort rétt sé að hafa sérstaka stjórn Landgræðslunnar þar sem fleiri koma saman og ræða um þessi mál. Ég tel mjög gott að landgræðsluáætlanir skuli vera gerðar til 12 ára í senn, og er vel að menn hugi að framtíðinni enda tekur það gróðurinn meira en bara eitt ár að festa rætur og eflast.

Þær vangaveltur sem hafa einnig komið fram í sambandi við Landgræðsluna og Skógræktina hlutu að vakna. Hv. landbn. hlýtur að fjalla um það þegar hún tekur þessi mál fyrir hvernig tengsl Landgræðslunnar og Skógræktarinnar eiga að vera. Í sambandi við landgræðsluáætlanir gætu t.d. Landgræðslan og landbrh. gert tillögu um landgræðslu á ákveðnum svæðum þar sem um skógrækt yrði að ræða. Skógræktin er með skjólbelti — verður Landgræðslan það líka? Stofnanirnar skarast á ákveðnum sviðum, og spurningar vakna eins og ég segi, herra forseti, um það hvort við ættum ekki að taka skörunina til umfjöllunar eins og vikið var að í ágætri ræðu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur áðan.

Talað er um héraðsáætlanir í 7. gr. um landgræðslu. Það er gott að sveitarstjórnir hafi áætlanir um hvernig gróðurfar skuli vera í byggðum þeirra og að fólk almennt í byggðum landsins hafi líka um það að segja í gegnum sveitarstjórnir sínar hvernig gróðurfari fólk vill beita sér fyrir, hvort ekki þurfi að bæta einhvers staðar eða laga til. Fjallað hefur verið um erlendar jurtir. Auðvitað er svo sem hægt að segja að allar jurtir séu erlendar í vissum skilningi. Einu sinni var landið algjörlega ógróið og gróðurinn verður náttúrulega til upphaflega með — ja, foki væntanlega og fuglar bera með sér fræ. Síðan hafa menn náttúrlega gert það síðar. En það þarf að gæta þess að einkenni landsins, íslenskrar náttúru, fái að njóta sín sem allra best og mest og að menn fari ekki offari í að gróðursetja á kostnað viðkvæmra íslenskra jurta sem hafa verið hér um aldir. Þetta þarf allt að hafa í huga í þessum áætlunum.

Þá er í frv. fjallað um ábyrgð á landnýtingu, ofbeit hefur nokkuð verið nefnd og ágangur hrossa í beitarlönd og að sums staðar séu allt of mörg hross sett á sum svæði þar sem þau valda skemmdum á gróðri og jafnvel landinu. Fleiri hafa eyðilagt gróðurinn hér en dýrin. Við höfum séð sár í landinu eftir þá sem kunna ekki að aka á réttum stöðum, aka á jeppum og stórum farartækjum, spæna jafnvel upp viðkvæman gróður og setja í landið sár sem tekur fleiri áratugi að laga, jafnvel aldir segja sumir. Það er því ágætt að ákvæði séu um þetta og líka talað um ábyrgð. Ég vona að þetta verði til þess að fólk vakni betur til vitundar um að ganga vel um landið. Ég tel gott að menn geri það. Síðan er rætt um viðbrögð við þessu, að sveitarstjórnir komi að ef menn hafa verið með skemmdir, og einnig að Landgræðslan komi þar inn í.

Eins og þetta kemur mér fyrir sjónir, herra forseti, verður gífurlega mikill kostnaður ef farið verður alveg eftir þessum lögum. Þá vakna spurningar um hvað hæstv. landbrh. sér fyrir sér að þurfi að auka framlög mikið til landgræðslunnar í þessu sambandi. Enn fremur vakna spurningar í sambandi við rannsóknir á gróðri, hvort ekki þurfi að auka þær til muna undir skipulagi landgræðslumála.

Eins og ég segi erum við að tala um landið okkar og gróðurinn, gróðurvernd og uppgræðslu og það er gott. Jafnframt vakna hugrenningatengsl við gróður sjávarins og hvernig gengið er um hafið, um botn hafsins. Munum við einhvern tíma í framtíðinni sjá lög um það, herra forseti, að ákveðin svæði hafsbotnsins verði algjörlega friðuð? Er hægt að hugsa sér í framtíðinni að ákveðin svæði í landhelgi okkar verði hreinlega þjóðgarðar sjávarins? Ekki held ég að það sé óhugsandi, að við eigum eftir að sjá svoleiðis í framtíðinni þar sem veiðarfæri eru orðin stórvirkari. Hef ég heyrt marga ræða, herra forseti, um að jafnvel snurvoð sem margir gagnrýndu áður fyrr sé orðin mjög eyðileggjandi fyrir gróður á hafsbotnum. Það er reyndar ekki til umræðu hér en hugsanir um það hljóta að vakna því að gróður í landhelgi okkar og örfáa metra frá landsteinum er náttúrlega mikilvægur í lífríki okkar og gegnir hlutverki eins og annar gróður.

En ég býst við því, herra forseti, að þegar þetta frv. kemur til umfjöllunar landbn., sem ég reikna með að þingið vísi því til, verði rætt um það sem nefnt hefur verið, bæði úr mínum munni og annarra hér, og margt fleira.

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu að miklu ráði en mig langar að koma aðeins inn á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi tek ég undir það sem ýmsir ræðumenn hafa sagt, að Landgræðslan er hin merkasta stofnun og hún og forverar hennar hafa unnið mikið starf. Íslendingar voru snemma minntir á mikilvægi þess að stöðva eyðingaröflin. Segja má að vakningin í sambandi við endurheimt gróðurlands og heftingu sandfoks og jarðvegseyðingar hafi verið tengd sjálfstæðisbaráttunni í landinu og uppbyggingu innlendrar stjórnsýslu.

Um næstsíðustu aldamót og áratugina í kringum þau stóð líka þannig á að menn voru heldur óþyrmilega minntir á það í allmörgum héruðum landsins að landkostirnir, gróðurlandið, voru ekki endilega óforgengileg auðlind. Þá hafði verið kalt í ári og kuldatímabil gengið yfir landið, lítil ísöld má segja, og það er enginn vafi á að það markaði hina miklu eyðingu og framrás eyðimerkurinnar. Sandbyljir geisuðu, bæði í uppsveitum Suðurlands, á Rangárvöllum, og á Hólsfjöllum upp af Öxarfirði og víðar enda horfði til landauðnar í heilum sveitum. Góðar bújarðir urðu óbyggilegar á þessum árum, allmargar bújarðir á Rangárvöllum eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir kom inn á, og svipaða sögu mætti segja af ákveðnum svæðum norðan og norðaustan lands. Þannig varð t.d. að flytja stórbýlið Grímsstaði á Fjöllum, eða bæjarhúsin þar, upp úr næstsíðustu aldamótum vegna þess að sandurinn sem sótti að bænum úr suðvestri var kominn inn fyrir túngarðinn. Bæjarhúsin voru flutt nokkra kílómetra norðar í landið, norðar og lægra, niður á sterkara gróðurlendi á votlendissvæðum sem þar var. Og fram á síðustu ár hefur mátt sjá hluta af tæftum gamla Grímsstaðabæjarins á háum rofabörðum suður af núverandi bæ.

Þess vegna var engin tilviljun að menn tóku snemma við sér á Íslandi, og strax á fyrstu áratugum 20. aldar, síðustu aldar, hófust skipulegar tilraunir til að hefta eyðinguna. Ekki síst tóku menn til hendi á Rangárvöllum sem síðan hafa hýst höfuðstöðvar Sandgræðslunnar og seinna Landgræðslunnar.

Þetta var um söguna, herra forseti. Nú ætla ég aðeins að víkja að tvennu sem hefur verið gert að umtalsefni og lýtur að skipulagi þessara mála. Annars vegar er spurningin hvort landgræðslustjóri skuli hafa háskólamenntun í landgræðslu. Ég verð að segja að einustu rökin sem ég hef heyrt virkilega góð gegn því eru að slík krafa kunni að koma í veg fyrir að velmeinandi guðfræðingar geti gegnt þessu starfi. Það er að sönnu rétt að þeir gætu örugglega verið hinir nýtustu framkvæmdastjórar á þessu sviði en ég sé ekkert að

því að hafa þetta svona. Það er auðvitað pólitísk ákvörðun hvort menn vilja binda starfið við þessa menntun en það er vel þekkt í lögum að tryggja ákveðnar fagkröfur, og nefna má mýmörg dæmi þess að það auðveldi mönnum valið að umsækjendur þurfi að uppfylla fyrirframtilteknar fagkröfur, menntunarkröfur, til þess að koma til greina í slík störf. Auðvitað þýðir það ekki að menn úr öðrum áttum gætu ekki reynst gagnlegir stjórnendur á þessu sviði. En þetta er ákveðin viðmiðun sem er þó þarna að hafa. Við skulum ekki gleyma því að svona hefur oft reynst ágætlega til þess að koma í veg fyrir að flokksskírteini ráði meiru en menntun og fagleg hæfni, að menn séu í sama flokki og sá ráðherra sem í hlut á hverju sinni eða jafnvel bræður hans. Sumir ráðherrar eiga marga bræður eða flokksbræður. (**Landbrh.:** Fjölgandi flokksbræður.) Það sveiflast nú upp og niður. Það er ekkert leyndarmál hygg ég að menn hafa líka oft séð í þessu þá kosti að þetta tryggi að ákveðnar faglegar kröfur séu í öllu falli uppfylltar.

Hitt er um stjórn eða ekki stjórn yfir Landgræðslunni. Ég verð að segja eins og er að yfir Landgræðslunni sem hreinni ríkisstofnun sé ég ekki endilega ástæðu til að hafa stjórn, ef um er að ræða venjulega, hreina og beina ríkisstofnun sem er þá undir viðkomandi ráðherra og lýtur þeim leikreglum. Auðvitað kemur vel til greina að svona stofnun hafi stjórn enda sé þá hlutverk hennar skilgreint. Ég velti hins vegar frekar fyrir mér hvort ekki væri ástæða til þess að á vegum ríkisins starfaði einhvers konar landverndar- eða landnýtingarráð, jafnvel skógræktar- og landverndarráð sem hefði stefnumótandi hlutverki að gegna og væri sjálfstætt og væri ekki stjórn í venjulegum skilningi, hvorki fyrir Skógræktinni né Landgræðslunni, væri ekki með puttana í daglegum rekstri þessara opinberu stofnana sem eiga að mínu mati alveg eins að vera hreinar ríkisstofnanir og starfa sem slíkar þar sem yfirmaður heyrir beint undir ráðherra, er skipaður af honum og um er að ræða venjubundinn ríkisrekstur.

Ég sæi hins vegar ýmsa kosti við að landgræðslu- og skógræktaráætlanir, hvort sem þær tækju til landsins í heild eða einstakra héraða, væru unnar af eða mótaðar í samráði við einhvers konar stefnumótandi ráð sem hefði yfirsýn yfir þennan málaflokk og gæti verið stjórnvöldum til ráðuneytis og komið að stefumótun til lengri tíma á þessu sviði. Þar með væru líka með vissum hætti tryggð stefnumótandi tengsl þessara systurstofnana sem Skógræktin og Landgræðslan eru. Auðvitað er sú umræða eðlilega uppi hvort ekki væri heppilegt að sameina þessar stofnanir. Það eru rök bæði með því og á móti. Þetta eru systurstofnanir. Þær þurfa að sjálfsögðu að vinna saman og ég sé engin sérstök vandkvæði á því að þær geri það þó að þær séu að lögum stjórnskipulega sjálfstæðar, heyri báðar undir sama ráðuneyti og sama ráðherra og hafi tveimur aðgreindum og aðskildum verkefnum að gegna.

Síðan vil ég aðeins víkja að einu atriði í efni frv. og það er það sem mér finnst kannski helst vanta á í þessa löggjöf þó að ég viðurkenni að það er ekki einfalt endilega þar um að búa. Það er að í samræmi við þá skipan mála að Landgræðslan og Skógræktin heyri undir landbrn. en ekki umhvrn. sem auðvitað eru líka rök fyrir, finnst mér að það skorti á tenginguna, ef niðurstaðan er sú að þetta skuli áfram tilheyra landbrn. skorti á tenginguna við landbúnaðinn í lögunum um þessar stofnanir. Helstu rökin í mínum huga fyrir því að Landgræðslan tilheyri landbrn. en ekki umhvrn., sem auðvitað kæmi einnig mjög vel til greina, eru tengslin við landbúnaðinn, þ.e. að menn séu með uppgræðslustarf sem sé skylt hlutverki bóndans sem græðara og að verið sé að auka landgæðin með nýtingu í þágu búskapar m.a. í huga. Þetta eru alveg gild rök.

Einu enn má bæta við og það er auðvitað þáttur bænda í landgræðslustörfunum og uppgræðslunni og hlutur bænda sem landgræðslumanna, vörslumanna og vaktmanna landsins. En hvar sér þess þá stað í lögunum? Ætti það þá ekki að vera hér? Ég segi hiklaust jú. Mér finnst það veikleiki á þessu frv. og því hefði ég átt von á í ljósi þróunarinnar eins og hún hefur verið undanfarin ár, að bændur hafa verið að stórauka þátttöku sína í landgræðslu og hlutverk sitt á því sviði í samstarfi við hið opinbera, að það væri búið um það með afdráttarlausari hætti í lögunum en þarna er gert. Í reynd held ég að orðið bóndi eða bændur komi aðeins fyrir á einum einasta stað í þessu frv. og það er í 9. gr. þar sem fjallað er um möguleg samstarfsverkefni Landgræðslunnar við aðra aðila. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Landgræðslunni er heimilt að taka þátt í og styðja landgræðsluframkvæmdir eða -verkefni sem eru á ábyrgð bænda eða annarra einstaklinga, landgræðslufélaga, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra."

Þarna kemur orðið fyrir. En ég sé það eiginlega ekki annars staðar. Mér hefði fundist að það ættu beinlínis að vera greinar eða kafli um þátt bænda og ábúenda á jörðum í landgræðslustarfinu, verktöku þeirra fyrir hið opinbera og að það beri tvímælalaust að stefna að því að stórauka þennan þátt.

Herra forseti. Sömuleiðis er að mínu mati veikleiki í þessu fyrirkomulagi hjá okkur, þessu kerfi hjá okkur og þessu lagafrv. þar með að hina efnislegu tengingu við landbúnaðinn vantar, við búskapinn, við nytjarnar og við landbúnaðarstefnuna á hverjum tíma. Tökum sem dæmi nýjasta búvörusamninginn og gæðakerfið sem þar á að innleiða. Það er heldur betur mál sem varðar landnýtingarstefnuna og kemur inn á viðfangsefni og svið landgræðslunnar. En um það er ekki búið á einn eða neinn hátt hvert sé þá hlutverk bændanna og hvernig landbúnaðarstefnan og búskaparhættirnir koma inn í þetta. Hvað með t.d. stefnumótun hvað varðar samþjöppun búvöruframleiðslunnar í landinu? Það er hlutur sem á lóðbeint heima í stefnumótun á sviði landnýtingar, landgræðslu og landverndar, heldur betur. Tökum bara sauðfjárræktina sérstaklega. Það skiptir máli upp á landnýtingarsjónarmið heldur en ekki hvaða stefna er þar keyrð. Þarna þyrfti að koma við frekari samþættingu en orðið er, tryggja t.d. þó ekki væri annað en eitthvert lögbundið samráð um þessa hluti þannig að landgræðslan væri fyrir sitt leyti virkari þátttakandi í og meira ráðgefandi í sambandi við áherslur þegar lagðar eru línur fyrir þróun búgreinanna, sérstaklega þeirra sem nýta landið beint eins og sauðfjárrækt, hrossarækt og auðvitað aðrar beitargreinar og öfugt, að stefnan á þessum sviðum væri felld einhvern inn í eða samþætt við áherslur í landnýtingar- og landgræðslumálum. Þetta fyndist mér a.m.k. mega hugleiða og skoða. Ég viðurkenni alveg að það er ekki einfalt mál að búa um þetta. En það er svolítið tómlegt að lesa í gegnum nýtt frv. til laga um landgræðslu og á þessa hluti er ekki minnst. Orðið bændur kemur einu sinni fyrir í frv., ef ég hef lesið rétt, og í raun er ekkert minnst á vægi stefnunnar í landbúnaðarmálum og áherslur af þessu tagi, spurningu um t.d. samþjöppun versus að dreifa beitarálaginu. Og ef við ætlum að gera það má ekki reka bara blinda stefnu sem miðar að því að fækka búunum og stækka

þau og þjappa framleiðslunni saman á færri bletti. Því fylgja ókostir í landnýtingartilliti. Það er enginn vafi á því.

Herra forseti. Það er auðvitað fjölmargt fleira sem m.a. hv. 17. þm. Reykv. kom inn á. Ég tek undir að þetta frv. á fullt erindi til umhvn. og það væri held ég heppilegt að umhvn. sæi um að lesa þetta í samhengi við þá hluti sem hafa verið að koma til sögunnar í formi alþjóðasamninga, fara yfir t.d. hluti eins og varúðarreglur Ríó-samningsins, skilgreiningu hugtaka, sjálfbæra þróun og annað því um líkt, líffræðilegan fjölbreytileika og fleira þar fram eftir götunum.

Herra forseti. Ég held að það sé enginn ágreiningur í landinu um hlutverk Landgræðslunnar hvað varðar það að hefta landeyðingu, jarðvegseyðingu, gróðureyðingu, stöðva hana og snúa í þeim efnum vörn í sókn. Það er miklu frekar að deildar meiningar verði uppi þegar kemur að því hvert sé svo markmiðið. Hvað með uppgræðsluna sjálfa, að hverju á hún að stefna, hvaða viðmið eiga menn að setja sér í þeim efnum? Er það að klæða landið skógi þannig að gamla setningin fallega úr Landnámabók verði að lokum sönn á ný, að landið verði viði vaxið frá fjöru til fjalls? Eða er það kannski eftir atvikum að tryggja að gróðursamfélagið þróist á eigin forsendum? Er það endilega að bera áburð og sá fræjum út um allar trissur eða er það að tryggja að gróðursamfélagið eins og það er í dag komist í jafnvægi og geti þróast á *sjálfstæðum forsendum*?

Hvað er átt við með hugtökunum „uppgræðsla“ í 11. tölul. og „vistheimt“ í 13. tölul. 2. gr.? Þetta mætti gjarnan fara yfir og útfæra betur. Eru menn þá t.d. komnir niður á það í hvaða mæli þeir vilja stunda uppgræðslu sem eins og þarna segir er framkvæmdir í þeim tilgangi að auka gróðurþekju? En hvaða gróðurþekju? Er það hin náttúrlega sem samrýmist ákvæðum 13. tölul. um vistheimt sem snýr að endurmyndun horfinna náttúrlegra vistkerfa? Hvað eru náttúrleg vistkerfi í þessu? Er það innlent gróðursamfélag? Eru það grös, lyng, birki, fjalldrapi eða er það sitkagreni og lúpína? Þetta eru spurningar sem eiga *fullt erindi inn í þessa umræðu*.

Þá get ég ekki annað en látið það eftir mér, herra forseti, aðeins að koma inn á erlendar tegundir, lúpínuna og aðrar slíkar. Mér finnst menn stundum lenda alveg öfganna á milli í umræðum um þau mál. Lúpína og aðrar níturbindandi tegundir eins og elri eða ölur, smári þess vegna og fleiri slíkar eru auðvitað mjög góðar til síns brúks. Þær auka jarðveginn og þær geta búið í haginn fyrir annan gróður. En þær eiga ekki endilega alls staðar heima.

Það er þannig með íslenskan jarðveg að hann er magur og við getum haft á gróðurþekju á landi sem er þannig að lúpínan leggur hana undir sig eins og að drekka vatn. Það er t.d. þannig að á rýrum þurrlendisjarðvegi víkur lúpínan ekki skapaðan hlut. Hún veður yfir lyng, berjalyng og fjalldrapa ef jarðvegurinn er magur undir og jafnágæt og hún getur verið á melum og söndum á Suðurlandi þá á hún að mínu mati jafnilla heima í þurrlendisjarðvegi sem kannski er gróinn. Vandinn við að flytja erlendar tegundir, hvort heldur eru plöntur eða dýr, inn í framandi vistkerfi er sá að hegðun þeirra er ekki alltaf fyrirsjáanleg og það er áhættan sem menn taka ef þeir koma með framandi gest og skella honum inn í lífríki sem hefur þróast á tilteknum forsendum í um þúsundir ára að við breyttar aðstæður, annað hitastig, annað rakastig, annan jarðveg er hegðun hins erlenda gests ekki endilega fyrirsjáanleg. Þetta hafa menn lært af biturri reynslu víða annars staðar. Engar þjóðir hafa jafnmikla reynslu af þessu og sumpart slæma og þjóðir Nýja heimsins svokallaða, Ástralíu og Nýja-Sjálands því þar voru fluttar inn bæði dýrategundir og plöntur í mjög framandi og einangruð lífkerfi sem þróast höfðu um áratugþúsundaskeið án mikillar snertingar við umhverfið. Ástralir eiga sínar sögur af kanínuplágum og öðrum slíku. Nýsjálendingar fluttu inn frá Skotlandi limgerði, runna, þyrnirunna sem þar var prúður og er. Í hinu svala loftslagi Skotlands er þyrnirunninn „gorse“ mjög prúður. Þetta er svona hugguleður runni í hallargörðum í Skotlandi sem menn klippa til og dreifir hann sér lítið. En hvað gerist þegar þessi tegund kemur í hið raka hlýja Nýja-Sjáland, land hins langa hvíta skýs? Þá gengur allt af göflunum af því að við framandi og hagstæðari vaxtarskilyrði héldu þessari plöntu engin bönd og hún veður yfir gróðurlendi, beitarland og akra Nýja-Sjálands og er einn versti skaðvaldurinn í nýsjálenskum landbúnaði í dag. Það kostar stórfé með eitrun og öðrum aðgerðum að halda niðri þessari plöntu sem gerir engum nokkurt mein í Skotlandi.

Þetta verða menn að hafa í huga. Lúpínan er alveg ágætt dæmi um þetta. Hitastigið og rakastigið og jarðvegurinn á Íslandi er annar en á mörgum þeim svæðum í Alaska þar sem ein og ein lúpína vex á stangli prúð og pen. Þetta er náttúrlega það sem hefur sýnt sig. Þess vegna þarf að fara varlega þegar menn flytja inn framandi gesti í sitt lífríki. Við Íslendingar höfum verið glannalegir í þessum efnum hingað til. Sem betur fer held ég að meðvitund manna að þessu leyti sé að aukast. Ég spái því að að lokum muni menn hafa gott af umræðunni um lúpínuna og stundum hinni tilfinningaþrungnu deilu með henni og móti sem ég hef aldrei getað tekið þátt í því að ég sé bæði kost og löst í því máli og hef séð augljósa kosti lúpínunnar eins og fleiri níturbindandi tegunda til uppgræðslu á svæðum þar sem það á við. En hættur eru augljóslega því samfara að koma með svona framandi gest inn í lífríkið. Hann getur orðið of frekur til fjárins og ræðumaður er einn af þeim sem eyða ófáum klukkustundum á sumri hverju í að slá lúpínu þar sem hún á ekki heima.

Að lokum minni ég á að svo góð sem lúpínan er er það gamli góði íslenski melurinn sem einn stoppar ægisandinn þar sem hann er á fullri ferð.

[17:00]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í niðurlagi ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar var dregin upp frekar neikvæð mynd af því hvernig gróður getur haft áhrif og skildist mér að hann væri að tala um ákveðnar stefnur í gróðurrækt í tengslum við það hvernig eigi að græða land sem ekki er gróður á, með hvaða gróðri í sambandi við endurheimtuna. Umræðan um hvaða skilyrði landgræðslustjóri á að uppfylla kemur einmitt inn á þetta. Menn mennta sig til landgræðslu og þá geta þeir aðhyllst ákveðna skóla eða stefnur. Spurning er hvort það geti jafnvel orðið varasamt og til skaða. Segjum að maður sem aðhyllist einhvern mjög strangan skóla í eina eða aðra áttina yrði ráðinn landgræðslustjóri. Við vitum að stjórnunarsvið landgræðslustjóra hlýtur að vera mjög víðfeðmt. Það krefðist mjög mikilla samskipta við fjöldann allan af fólki um allt land ef frv. næði fram að ganga. Ég vil spyrja hvort hv. þm. sé alfarið þeirrar skoðunar að það verði bara að vera menntaður maður í landgræðslu. Þetta með að draga guðfræðinginn inn í var náttúrlega bara út frá sögunni um Björn í Sauðlauksdal. Auðvitað á ekki að vera með útúrsnúninga í sambandi við þetta.

[17:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta eigi ekki að vera okkur að misklíðarefni. Öll viljum við heiðra minningu Björns í Sauðlauksdal og fleiri góðir prestar hafa verið miklir landbótarmenn og landræktarmenn. Prestarnir höfðu víða forustu um það í sínum sveitum að bera upplýsinguna þangað inn og standa fyrir umbótum, t.d. framræslu, áveitum og öðru slíku, enda var það þannig á þeim dögum sem hv. ræðumaður Karl V. Matthíasson kannski saknar að prestarnir voru helstu héraðshöfðingjarnir. Þá höfðu þeir þegar vel tókst til ákveðið frumkvæði í framfaramálum eins og gengur.

Um uppgræðsluna og að ég hefði dregið upp neikvæða mynd þá kannast ég ekki við það og vil alls ekki sitja undir því. Ég tel þvert á móti að landgræðslan sé áfram gríðarlega mikilvægt verkefni. Ég sé fyrir mér að mikil áhersla verði á komandi árum lögð á t.d. endurheimt gróðurs og landgæða á láglendissvæðum. Ég tel og hef lengi talið að melar og sandar á láglendi eða sem liggja lægra yfir sjó og þar sem skilyrði eru betri ættu að vera forgangsverkefni númer tvö þegar eyðingin hefur verið stöðvuð því að þar er til mikils að vinna að endurheimta og auka beitarland og hlífa þar með öðru gróðurlendi sem kannski er undir of miklu álagi sem stendur.

Að lokum varðandi fagkröfur til ráðningar landgræðslustjóra þá viðurkenni ég að vísu að það að taka sérstaklega fram að um háskólamenntun í landgræðslu skuli vera að ræða virkar nokkuð þröngt. Ég hefði alveg getað séð fyrir mér að þarna væri t.d. sagt „háskólamenntun á sviði náttúruvísinda" því að þarna gæti komið til vistfræðingur, líffræðingur eða grasafræðingur. Það er kannski svolítið þröngt að binda þetta bara við landgræðslu. Ég spyr nú: Er sú skilgreining alveg klár? Hvað er háskólanám nákvæmlega í landgræðslu?

[17:04]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þessi orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég var einmitt að leita eftir að það kæmi fram að við horfðum á þetta embætti með opnari huga en bara að þetta væri maður með háskólamenntun í landgræðslu.

Svo má líka segja að það gæti verið að einhverjir menn hafi aflað sér menntunar á þessu sviði og viðurkenningar þó að þeir hafi ekki endilega farið í háskóla. Til eru líka menntaðir skógfræðingar og má spyrja hvort þeir gætu ekki alveg eins passað í þetta. Eins og frv. kemur fyrir er nokkuð ljóst að landgræðslustjóri er meira embætti stjórnsýslu og umsýslu um allt land og ég á erfitt með að sjá fyrir mér að landgræðslustjóri muni sitja á sínum kontór og strika út í landakorti hvernig gróðurfar skuli vera á hinum og þessum stöðum. Það verða aðrir sem gera það og er það sjálfsagt svoleiðis í dag. (Gripið fram í.) Já, en ég held að það sé bara að sjá hvar plönturnar eigi að vera og svona. Ég er að segja að svo margt annað kemur inna á svið landgræðslustjórans. Ef það á svo að vera að landgræðslustjóri sé með þessa fagmenntun vaknar aftur spurningin um landgræðsluráð.

Að lokum vil ég taka fram að með orðum mínum hef ég alls ekki verið að kasta rýrð á núverandi landgræðslustjóra, enda er hann kunnur atorkumaður á sínu sviði sem ekkert hefur verið nema gott um að segja. Hann og fleiri góðir fyrrverandi og núverandi starfsmenn á þeim bæ eru upp til hópa hugsjónafólk sem hefur unnið mikið starf.

En þetta fólk hefur auðvitað ekki verið eitt í verkum. Við skulum ekki gleyma því að grettistökum hefur verið lyft í bæði skógrækt og landgræðslu á Íslandi með tilstuðlan áhugamannasamtaka, einstaklinga, hópa og samtaka og drjúgur hluti af fjármunum og reyndar hreinlega starfsorku á þessu sviði hefur lengi vel verið lagður til í sjálfboðavinnu. Það er góð staðreynd sem sýnir tilfinningar þjóðarinnar til landsins.

Varðandi fagkröfurnar dettur mér í hug, án þess að ég ætli að fara að gera um það einhverja formlega brtt., að hv. landbn. gæti velt því fyrir sér hvort þarna færi kannski betur að segja að landgræðslustjóri skuli hafa háskólamenntun á sviði búvísinda eða náttúrufræða. Þá væri það haft opið og orðið tiltölulega vítt svið. Undir það fellur að sjálfsögðu sérstök fagmenntun í landgræðslufræðum, mikil ósköp, en það breikkar þetta út þannig að búfræðikandídatar og líffræðingar og grasafræðingar gætu komið þarna til greina. (**KVM:** Og jarðfræðingar?) Jarðfræðingar gætu jafnvel haft vit á þessu. Alla vega þar sem plönturnar sitja fastar, þeir hafa eitthvað um það mál að segja. Þeir vita sitthvað um efnafræði jarðvegsins o.s.frv.

Síðan endurtek ég að ég teldi fróðlegt að nefndin fari yfir það hvort kannski ætti frekar að horfa á að til yrði einhvers konar skógræktar- og landverndarráð sem gæti samanstaðið af fulltrúum úr ýmsum áttum, frá bændum, frá náttúruverndarsamtökum og fleiri slíkum aðilum. Það væri þá stefnumótandi og ráðgefandi batterí.

[17:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að enginn hafi skilið það svo að þessi umræða tengdist á nokkurn hátt núverandi land-

[17:09]

Útbýting þingskjala:

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 593. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 926.

Bakkaflugvöllur, 592. mál, fsp. LB, þskj. 925.

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, 347. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 907; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 908.

Geislavarnir, 344. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 939; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 940.

Kísilvegur, 591. mál, fsp. KLM, þskj. 924.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 595. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 937.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 594. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 936.

Samkeppnislög, 596. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 938.

Svört atvinnustarfsemi, skattsvik og eftirlit, 589. mál, fsp. MF, þskj. 922.

Úrelt skip í höfnum landsins, 588. mál, fsp. LB, þskj. 921.

Viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar, 590. mál, fsp. ÖJ, þskj. 923.

Virðisaukaskattur og tryggingagjald, 580. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 909.

[17:10]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að frv. til laga um landgræðslu skuli vera lagt fram. Mikil samstaða er í landinu um landgræðslumál og endurheimt landgæða og það er mjög nauðsynlegt að til séu um þau heildarlög.

Tengslin við landbúnaðinn eru afar mikilvæg og samstarf við bændur. Nefnt hefur verið hér fyrr í dag samstarfsverkefnið „Bændur græða landið“ og ég tel að 9. gr. taki alveg á því máli.

Varðandi 3. gr. um yfirstjórn landgræðslumála þykir mér sjálfsagt að landbn. skoði hvort það sé ekki heldur þröngt að landgræðslustjóri skuli hafa háskólamenntun í landgræðslu og hvort ekki þurfi að líta á það betur.

Ég mundi vilja spyrja hæstv. landbrh. um nokkur atriði. Þau eru í 10., 11. og 12. gr. frv. Þar eru samningar um friðun lands. Þá spyr ég: Ef landeigandi fer fram á það við Landgræðsluna að hefja uppgræðslu á landinu, missir hann þá eignarrétt sinn á landinu? Í 10. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Landgræðslunni er heimilt að taka landsvæði til uppgræðslu, friðunar eða annarra landgræðsluframkvæmda þegar það samrýmist tilgangi laga þessara.“

Síðar í greininni segir:

„Samningar um friðun lands skulu ávallt vera skriflegir og þeim skal þinglýst. Í samningunum, sem kveða á um umráð Landgræðslunnar yfir viðkomandi svæði, skulu tilgreind skilyrði fyrir því að fyrri umráðahafi fái landið afhent að nýju.“

Í 11. gr. stendur:

„Afhending og sala landgræðslusvæða.

Þegar land sem Landgræðslan hefur umráð yfir er svo vel gróið að mati stofnunarinnar að eigi er ástæða til frekari aðgerða af hendi Landgræðslunnar er heimilt að afhenda landið til nytja.“

Svo er getið um skilyrði um meðferð og nýtingu sem mér finnst alveg sjálfsögð.

Svo kemur í 12. gr.:

„Eigandi jarðar á forkaupsrétt að landgræðslusvæði sem selt er hafi það svæði verið hluti af viðkomandi jörð áður en Landgræðslan fékk umráð yfir svæðinu.“

Er það virkilega þannig — ég get ekki lesið annað út úr þessum frv. — að í raun sé verið að taka land eignarnámi með því að hefja á því landgræðslu? Ef svo er þá þykir mér það ekki nógu gott.

Svo hef ég miklar efasemdir um IV. kaflann, Ýmis ákvæði, þ.e. hvað varðar dagsektir. Ég undrast dálítið hversu mikið er orðið um dagsektir, fangelsisvist og annað þess háttar í lagasmíði ef menn uppfylla ekki ákvæði í lögum. Það er spurning hvort þetta eigi ekki frekar að vera í almennum hegningarlögum en sérstökum lögum eins og um landgræðslu.

Í 26. gr. segir:

„Landgræðslunni er heimilt að beita dagsektum í því skyni að knýja umráðahafa lands til að gera ráðstafanir sem honum ber skylda til að mati Landgræðslunnar samkvæmt lögum þessum eða til að láta af atferli sem Landgræðslan telur andstætt lögunum. Dagsektir geta numið frá 5.000–25.000 kr. á dag. Dagsektir samkvæmt þessari grein má innheimta með aðför, sbr. lög um aðför, nr. 90/1989, án undangengins dóms eða sáttar. Dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.“

27. gr. er um eignarnám:

„Landgræðslunni er heimilt að taka land eignarnámi ef stofnunin álítur það nauðsynlegt með hliðsjón af tilgangi laga þessara. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.“

Ég hefði aðeins viljað fá viðbrögð frá hæstv. ráðherra um þessar greinar.

Að lokum vil ég lýsa ánægju minni með framlagningu þessa frv. Eins og ég sagði áðan tel ég mjög nauðsynlegt að til séu góð heildarlög um landgræðslu. Ég er mjög ánægð með að nú er það fastsett í lögum að höfuðstöðvar Landgræðslunnar skuli vera í Gunnarsholti á Rangárvöllum þar sem hún hefur haft starfsemi sína í nokkra áratugi.

[17:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram um hið mikilvæga frv. sem hér er lagt fram til meðferðar þingsins. Auðvitað hafa ýmis atriði og athugasemdir komið upp í umræðunni. Mig langar að minnast á nokkur atriði.

Hv. þm. hafa velt dálítið fyrir sér stjórn yfir Landgræðslunni og menntun landgræðslustjórans. Ég er þeirrar skoðunar, og tek undir með Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda og um leið með fyrrv. landbrh. sem hér talaði, Steingrími J. Sigfússyni, að yfir fyrirtæki eins og Landgræðslunni ætti ekki að vera stjórn. Sigurður Þórðarson fór ræki lega yfir það í dag að ábyrgðin ætti að vera hjá stofnuninni og í ráðuneytinu og óljóst væri um hvað stjórn gerði í slíkum fyrirtækjum. Þetta á kannski við um Landgræðsluna, Skógræktina og Vegagerðina. Í sjálfu sér þarf ég ekki að bæta neinu við það. Ég tel þetta eðlilega stjórnsýsluhætti miðað við daginn í dag og fannst sem Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi staðfesti það í hádeginu.

Síðan er það spurningin um menntun landgræðslustjórans. Það kann vel að vera að það eigi að vera víðtækara hugtak. Ég tek líka undir með Steingrími J. Sigfússyni varðandi það að menntun á þessu sviði sé nauðsynleg þó hún gæti verið víðtækari. Maður sem engan skilning hefði á þessum málum, væri t.d. bissnissmaður og harður karl, valinn til að reka svona fyrirtæki, hefði heldur engan skilning á aðalhlutverki þessa mikilvæga fyrirtækis í landinu. Hann gæti skaðað starfsemi þess. Ég held að maður með þessa menntun sé miklu líklegri til að leiða það áfram í farsæld og friði. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að setja inn ákvæði um einhvers konar menntun á þessu sviði þó að vel megi, nefndin auðvitað skoðar það, orða það víðtækar. Það kann vel að vera.

Síðan hafa menn minnst á sameiningu við skógrækt og skógræktarverkefni. Auðvitað er það eitthvað sem menn verða að meta. Þessar gömlu góðu stofnanir okkar og fyrirtæki, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, eiga sér marga góða talsmenn í landinu og eru heilög fyrirtæki í hugum margra. Mönnum finnst að þessi fyrirtæki hafi staðið sig vel og eigi þess vegna að fá að vinna áfram sem nokkurs konar systkin í samfélagi samtímans, vinna mikið saman. En það er auðvitað mat þingsins hvernig það vill sjá þetta fyrir sér.

Auðvitað er það svo í þessu, eins og svo mörgu öðru, að menn vinna sams konar verkefni. Menn eru að vinna að gæðum og endurheimt landsins, að sá til trés eða grasfræi. Þetta eru sams konar verkefni og sams konar vísindamenn og ráðgjafar sem koma að þessu á öllum sviðum. Menn þurfa því að meta hvort þessar stofnanir eigi að vera svona áfram. Ég hef sjálfur ekki viljað leggja út í neinn hanaslag um það atriði heldur varðveita farsæl störf þessara fyrirtækja áfram

með þessum hætti um hríð alla vega, í hvoru fyrirtækinu um sig.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon telur að hér skorti tengingu við landbúnaðinn og að þáttur bænda þurfi að vera betur tilgreindur. Í sjálfu sér tel ég að þetta sé fullnægjandi í frv. Ég bið þó hv. landbn. að fara yfir það atriði. Hins vegar finnt mér að starfsemi Landgræðslunnar nú um langa hríð sanna að hún vinnur gríðarlega mikið með bændum. Ætli það séu ekki um 550 bændur, verktakar í samstarfi við Landgræðsluna sem taka þátt í „Bændur græða landið". Landgræðslan hefur haft það fyrir reglu að fela fleiri og fleiri bændum stór verkefni fyrir sig og gera þá að vaktmönnum í náttúru landsins. Fyrir því hefur vel verið séð í störfum Landgræðslunnar fram að þessu og betur og betur með hverju árinu að mér finnst. Hins vegar er sjálfsagt að fara yfir hvort slíkt vanti inn í þetta frv.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir ræðir um og gagnrýnir dagsektir. Ég held að þingheimur og þjóðin séu nokkuð sammála um að tæki verði að hafa til að taka á þeim sem níða land og fara illa með dýr. Næmasta líffæri mannsins er stundum sagt að sé veskið hans. Það er stundum eins og menn skilji ekki fyrr en þeir verða að borga fyrir afglöp sín. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að hægt sé að fylgja eftir, og ekki bara hlegið framan í menn, og heimilt að sekta menn með einhverjum hætti ef þeir brjóta lög landsins. Mér finnst það mjög heiðarlegt að það sjáist í þessum lögum — þeir munu auðvitað skoða þessi lög sem fást við náttúruna o.s.frv. — að löggjafinn geri ráð fyrir að sá sem brýtur þessi lög geti búist við að þurfa að borga fyrir mistök sín. Til að herða hann í að komast ekki upp með slíkt gagnast þessar sektir og geta verið dagsektir. Það væri óráð að taka þann kafla út úr þessu frv.

Mér fannst greinarnar sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist á skýra sig nokkuð vel þegar menn lesa skilgreiningar á þeim, þ.e. á 9.–12. gr. Landgræðslan ætlar ekki að hirða eða stela af mönnum landi. En það getur vel verið að Landgræðslan, vinni hún fyrir einstaklinga, vilji fá umbun fyrir þau störf sín. Eða finnst mönnum það óeðlilegt? Segjum að ég væri bóndi og ætti land sem búið væri að níðast á og eyðileggja og Landgræðslan segði: Ég skal taka landið að mér í tíu ár og mundi skapa þar gríðarlegan gróður sem yrðu tekjur fyrir mig. Ætti ég ekki að borga eitthvað fyrir þann árangur þegar frá liði? Enda segir í 11. gr. að þegar landgræðslu er lokið af hálfu Landgræðslunnar sé almennt ekki ástæða til að stofnunin hafi lengur umráð yfir landgræðslusvæðinu.

Í greininni er heimilað að afhenda slík svæði til nytja, t.d. með leigu eða sölu. Tekið er fram að í þess konar samningum skuli ávallt kveðið á um endurgjald, leigu, uppsetningu og viðhald girðinga, meðferð og nýtingu lands. Þetta er m.a. nauðsynlegt til að unnt sé að rifta leigusamningi ef leigutakinn spillir landinu með ofnýtingu og illri meðferð. Þinglýsa skal samningum um afhendingu lands.

Til að fyrirbyggja að gróðri taki aftur að hnigna á því landsvæði sem Landgræðslan hefur haft umráð yfir en selur er heimilt að ráðstafa landinu með kvöðum um meðferð þess eða nýtingu. Landgræðslan skal mæla fyrir um slíkar kvaðir. Að sjálfsögðu skulu þær samrýmast tilgangi laganna.

Í ágætum ræðum hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur var síðan komið inn á alls konar sáttmála sem við höfum undirritað og umhvrn. kemur að að litlum hluta. Landgræðslan er auðvitað landbúnaðarmál þó að það sé viðurkennt að umhvrn. heldur þar um ákveðinn þátt. Ég mun ekki leggjast gegn því að landbn. sendi málin umhvn. og umhvn. fjalli um þann þátt sem snýr að henni. Það er bara þingsins að meta það o.s.frv.

Ég hef farið yfir þá kafla sem hér hefur verið minnst á. Ég get tekið undir þá hugsun sem komið hefur fram hjá mönnum að þeir þurfi að skilgreina hvernig þeir ætli að nýta þetta land og til hvers menn ætlast. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að reyna að endurheimta landgæði. Við eigum að fara mjög varlega með innfluttar plöntur í náttúru Íslands. Menn hafa minnst á lúpínuna og ég tek undir að er ekki sama hvar hún er nýtt. Ég vil ekki sjá hana inni á öræfum þegar ég er þar á ferð. Sumir hafa farið mjög óvarlega með þessa jurt og jafnvel trúað of heitt á hana að mínu mati. En hún hentar, eins og hefur verið rakið, við ákveðnar aðstæður.

Eins er mjög mikilvægt í endurheimt skóga að við gætum þess að þeim verði plantað þar sem það á við, að menn taki ekki dýrmætt gróðurlendi, akra og tún og noti frekar land sem hentar. Oft henta rýrir melar vel undir skóga og eru fallegir lundir í hlíðum. En þetta þarf allt saman að skipuleggja vel og fara varlega með náttúru þessa lands.

Menn vitna nú í ummæli mín um trén og hafa sjálfsagt í huga þjóðsöguna úr áramótaskaupinu og trúa því orðið að ég hafi sagt þetta sjálfur en auðvitað var það eftirherman góða sem sagði að þar sem fleiri en tvö tré komi saman, þar sé skógur. Ég hef aldrei sagt þessa setningu.

Hins vegar gladdi það hjarta mitt að hitta Kínverja sem voru gestir mínir á dögunum og heimsóttu mig hér. Kínverjarnir komu komu til að kynna sér skógræktarmálefni. Ég borðaði með þeim í einu hádegi, þeim ágætu mönnum. Ég vildi auðvitað fræðast um skóga og ég spurði: Getið þið sagt mér hvernig er tré á kínversku? Þeir sögðu: Það er su. Þá vildi ég fræðast áfram og spurði: Hvað er þá skógur? En skógur er þrjú su. Su, su, su. Þetta gladdi mitt hjarta.

Ég vil segja, af því að menn hafa rætt aðeins um náttúruna og fegrun hennar og hvernig menn fara með beitina, að sem betur fer eru menn ekki að ofbeita sauðfé mikið í þessu landi. Einstaka maður kann ekki að fara með hrossin og hefur of mikið af hrossum sem eru mjög landfrek. Ég sé það núna í gegnum hina bestu hrossabændur að þeir sem hafa undirgengist gæðastýringu á jörðum sínum og farið í samráð og samstarf við Landgræðsluna hafa náð gríðarlegum árangri á stuttum tíma.

Auðvitað þurfa bændur að átta sig á því að Landgræðslan, búnaðarsamböndin og ráðunautarnir þekkja vel til á þessu sviði. Þess vegna eiga menn að ganga til samstarfs við þessa aðila. Ég sá t.d. í Noregi, þar sem er afar fallega umgengið land, að þar eru bændurnir svo metnaðargjarnir t.d. í umhirðu býla sinna eða búanna að varla sést dráttarvél úti við eða drasl. Það er kannski inni í skógi, ég veit ekkert um það. En ég spurði hvernig þeir færu að þessu. Þeir sögðu: Ef einn maður ekki stendur sig hér þá leggjum við hann í einelti. Norskur landbúnaður hefur ekki efni á að líða illa umgenginn búgarð.

Íslenskur landbúnaður og íslensk náttúra hefur heldur ekki efni á slæmri umgengni. Þess vegna er gæðastýring á öllum sviðum landbúnaðarins mjög mikilvæg. Víða er skilningur á því mikill í sveitum þessa lands. Slíkur metnaður er að skila landbúnaðinum til nýrra tíma og í gegnum þetta ná bændurnir betra samstarfi og skilningi þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég hef minnst á einhver þau atriði sem þingmenn hafa komið inn á og vil að lokum þakka fyrir þessa umræðu. Ég treysti hv. landbn. til að taka þetta mál í

sínar hendur og fjalla um það í þinginu. Vonandi sjáum við ný landgræðslulög í vor.

[17:31]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hæstv. landbrh. hafi e.t.v. misskilið spurningu mína. Hún gengur eiginlega út á jörð sem liggur við sandfoki en er ekki ofbeitt. Það var aðallega það sem ég hafði í huga. Það getur orðið einum bónda eða landeiganda ofviða að kosta uppgræðslu á landi þegar það er þó öllum til hagsbóta að sé grætt upp. Ef landnytjar liggja kannski við því að verða fyrir skaða, þá er það spurning mín, því mér finnst það ekki koma skýrt fram í frv., hvort bændur verði að kaupa landið til baka eftir uppgræðsluna og séu þá í rauninni búnir að missa eignarrétt sinn á landinu. Víða háttar þannig til á Suðurlandi að land er mjög illa farið, ekki af ofbeit heldur af ágangi sands og eldgosa, og sú saga á sér langan tíma, alveg frá því um 1700, að land fór eð eyðast, kannski fyrst af ofbeit en síðan meira og minna af eldgosum og sandfoki. Það þarf í rauninni ekki nema eitt ofsarok til þess að tæta upp landið. Það horfðum við á í miklu ofsaroki sem gerðist í febrúar upp úr 1990 þar sem heilu flygsurnar af jarðvegstorfum fuku í burtu.

[17:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, kannski hef ég misskilið hv. þm. að hluta til. Ég er henni alveg hjartanlega sammála. Það hlýtur að vera skýrt og á að vera skýrt að Landgræðslan geti gert samninga við landeigendur um aðgerðir á landi þeirra og það er þess vegna þjóðfélagsins alveg eins og Landgræðslunnar sem fær heimild í lögum til að skipta sér af öllum eignum manna sem snúa að landi. Ég hef álitið að það væri alveg skýrt og óhjákvæmilegt í mörgum tilfellum þar sem gróðureyðing á sér stað og jörðin er einkaland að Landgræðslan geti þar komið til, auðvitað í samstarfi við eigandann.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er formaður landbn. og mun fara yfir þessi atriði. Við þekkjum það á Suðurlandi og víðar að eldgosin og hinn harði tími margra alda olli því að hér gerðust þau tíðindi að landið er grátt leikið, ekki síst á eldgosasvæðunum. Þetta verður auðvitað að vera alveg skýrt eins og mér finnst það vera. Landgræðslan er þjónustustofnun þjóðfélagsins, hún er þjónustustofnun við eigendur lands og ber að vera það.

[17:34]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér aðeins til að þakka hæstv. landbrh. fyrir svarið. Við höfum skilið hvort annað núna í þessari umræðu.

[17:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hæstv. landbrh. fyrir það að hann skuli hafa tekið svo vel í þá hugmynd mína að gróður- og jarðvegsverndarþáttur þessa máls fari til skoðunar í umhvn. Ég tel það mjög mikilvægt og tel það mikils virði að hæstv. ráðherra skuli hafa tekið undir það með þeim hætti sem hann gerði í ræðu sinni og óska þá eftir því hér um leið formlega við hæstv. forseta að það verði séð svo til að hv. landbn. óski umsagnar umhvn. um gróður- og jarðvegsverndarþáttinn því að auðvitað verður að segja sem svo að það er verndarþátturinn sem fyrst og fremst er sá þáttur sem skarast við störf umhvrn. og það eru kannski hin sértækari mál er varða beit og aðra landnýtingu sem eðli málsins samkvæmt eru þá á forræði landbn. og hæstv. landbrh.

Ég vil að fram komi varðandi stjórnarumræðuna sem hér fór fram áðan að ég mælti aldrei með því að sett yrði stjórn yfir stofnunina, en var í andsvari við hv. þm. Kjartan Ólafsson að ræða um þá tilhneigingu ríkisstjórnarinnar að leggja niður stjórnir stofnana. Ég er algerlega sátt við að Landgræðslan skuli ekki þurfa að búa við einhvers konar stjórn, en hæstv. ráðherra svaraði engu varðandi þær hugmyndir sem komu í framhaldinu um mögulegt fagráð sem ég held að sé hugsun sem hægt sé að skenkja öllum til sátta.

[17:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja hvað fagráð varðar að Landgræðslan bjó við fagráð fyrir nokkrum árum. Það voru ágætir einstaklingar sem sjálfsagt hafa lagt mikið á sig, ég efast ekki um af góðum vilja og lögðu margt gott til. En um leið og ég segi að slíkt fyrirtæki þurfi ekki að búa við stjórn heldur þann aga sem kerfið og þingið gefur tilefni til, þá eigum við margar og frábærar stofnanir á þeim sviðum sem eru að marka stefnu, Náttúrufræðistofnun og fleiri og fleiri, þannig að mér finnst að við séum vel sett í samfélaginu og eigum frekar að byggja á ábyrgð þeirra fyrirtækja sem Alþingi hefur í mörgum tilfellum á þessum sviðum sett á stofn, en fara að búa til yfirfrakka yfir frakka.

[17:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Gott og vel. Ég andmæli ekki þeirri skoðun hæstv. ráðherra í sjálfu sér, en það er mjög vandmeðfarið að hafa ráð sem eiga að vera stjórnendum stofnunarinnar til halds og trausts. En það gleður mig þó að heyra hæstv. ráðherra segja að eðlilegt sé að vel sé staðið að sambandi og tengslum Alþingis og þessara stofnana. Í því sambandi vil ég einungis nefna, svo ég hafi sagt það, að það er sjálfsagt mál að nefndir Alþingis fylgist grannt og reglulega með störfum þeirra stofnana sem undir þær heyra og það er ágæt brýning til okkar alþingismanna að sjá til þess að sá farvegur sé einlægt opinn og verið sé að stunda skapandi samstarf á sviði þeirra málaflokka sem viðkomandi nefnd á að starfa á.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hv. þm. á að hv. þm. skal ávallt víkja ræðu sinni til forseta.)

[17:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. að það er náttúrlega ein af meginskyldum þingnefndanna, ekki síst eftir hið breytta þinghald, og ég held reyndar að slíkt eftirlitshlutverk og samstarf hafi aukist á síðustu árum. Ég get beint því til hæstv. forseta að þingið á einmitt að leggja mikið upp úr sambandi þingnefndanna við þau verkefni sem undir nefndirnar heyra og gefa þeim frelsi bæði til ferðalaga og heimsókna til að fræðast um starfið, til að veita því aðhald, til að fá nýjar hugsjónir og standa vel að verki í kringum ég segi svona mikilvægt fyrirtæki eins og Landgræðsluna. Ég hef auðvitað lengi fundið það í starfi mínu sem þingmaður og landbúnaðarnefndarmaður að ferðirnar sem við förum til að heimsækja svona fyrirtæki, einnig til að heimsækja fólkið, hitta bændurna o.s.frv. voru mjög gefandi og ég fann að viðhorf manna breyttust. Mér finnst að hugsunin hafi kannski eftir breytingu þinghaldsins, þegar farið var að leggja upp úr þessu, töluvert breyst og sambandið sé víða betra af hálfu

þingsins til þess að kynna sér mál eins og hv. þm. rakti í andsvari sínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:40]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðendur, 370. mál, þskj. 931.

Lögskráning sjómanna, 563. mál, þskj. 929.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins, 597. mál, fsp. JóhS, þskj. 941.

Landgræðsluáætlun 2003–2014, fyrri umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 873.

[17:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um landgræðsluáætlun 2003–2014. Með áætluninni er verið að skapa umgjörð um þá þjónustu sem Landgræðsla ríkisins fyrir hönd landbrn. veitir landinu og þegnum þess fyrir almannafé.

Landgræðsla ríkisins hefur unnið árangursríkt landgræðslustarf í nær heila öld. En verkefnið við varðveislu þeirra auðlinda sem felast í gróðri og jarðvegi er það risavaxið að enn á sér stað mikið jarðvegsrof auk þess sem ástand gróðurs er víða í ósamræmi við möguleg gróðurskilyrði. Markmið þessarar landgræðsluáætlunar eru fjölþætt. Henni er ætlað að herða sóknina gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs og jafnframt að styrkja byggðir og bæta landkosti með hag allrar þjóðarinnar að leiðarljósi.

Landgræðsluáætlunin mótar ramma um landbætur og verndun landkosta til ársins 2014. Hún markar áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu ásamt öðrum nauðsynlegum verkefnum, svo sem eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun. Þessari tólf ára áætlun er skipt í þrjá áfanga og er gert ráð fyrir að hún verði endurskoðuð fyrir árslok 2005.

Meginmarkmið landgræðslustarfsins eru í aðalatriðum þessi:

1. Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll.

2. Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf.

3. Að stuðla að því að öll landnýting verði sjálfbær.

Þessum verkefnum fylgir mikil binding kolefnis í gróðri og jarðvegi og því mun landgræðsluáætlunin hafa mikil áhrif til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi.

Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt að auka þekkingu vegna þeirra verkefna sem fram undan eru og leita hagkvæmustu leiða við lausn þeirra. Enn fremur þarf að auka fræðslu og ráðgjöf til bænda og almennings um landgræðslustarfið til að efla verkþekkingu þeirra á leiðum til að bæta land og skilning á verndun landkosta og sjálfbærri landnýtingu. Þá þarf að auka þátttöku landnotenda og almennings í landgræðslustarfinu og sjá til þess að allir notendur og eigendur lands axli ábyrgð á meðferð gróðurs og jarðvegs.

Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að auka fjárveitingar til landgræðslu verulega frá því sem verið hefur. Forgangsröðun verkefna í landgræðsluáætluninni byggist m.a. á rannsóknum og kortlagningu á jarðvegsrofi og gróðri á landinu öllu og markmiðum um vistfræðilega, sjálfbæra landnýtingu. Gróðurskilyrði versna yfirleitt eftir því sem land hækkar og kostnaður við landgræðslu eykst að sama skapi. Því er gert ráð fyrir að landgræðsluverkefni til 2014 verði að mestu á láglendi og ekki er gert ráð fyrir uppgræðsluverkefnum ofan við 500 m hæð nema þar sem jarðvegsrof ógnar mannvirkjum eða náttúruminjum. Megináhersla verður lögð á eftirfarandi:

1. Stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar, einkum þar sem rof er í grónu landi og þar sem sandur getur borist að byggð eða öðrum mannvirkjum.

2. Gróðurvernd og stjórn landnýtingar. Gerðar verði gróður- og jarðvegsverndaráætlanir fyrir verst förnu afréttina og unnið með bændum og sveitarstjórnum um framkvæmd þeirra. Einnig verður unnið að því að koma í veg fyrir ofnýtingu lands og stefnt að því að öll landnýting verði vistfræðilega sjálfbær.

3. Uppgræðslu lands. Meðal annars verði stuðlað að auknu frumkvæði og þátttöku heimamanna og stofnaður sérstakur sjóður, Landbótasjóður, í þessu skyni og samstarfsverkefnið Bændur græða landið verði eflt enn frekar. Samstarf við skógræktaraðila verður aukið þar eð víða þarf að undirbúa land til skógræktar með uppgræðslu.

4. Varnir gegn landbroti vegna ágangs fallvatna. Gerð verði heildaráttekt á þörfinni og verkefnum forgangsraðað.

5. Upplýsingaöflun. Haldið verði áfram kortlagningu landgræðslusvæða og uppbyggingu landupplýsingakerfis. Áhersla er lögð á náið samráð við aðra aðila sem vinna að sömu upplýsingaöflun sem komið getur að notum í landgræðslustarfinu.

6. Rannsóknir og þróun til að auka hagkvæmni og bæta árangur í landgræðslustarfinu. Stefnt er að því að fjölga úrræðum við landbætur, m.a. með aukinni notkun innlendra tegunda. Rannsókna- og þróunarstarf sem unnið verður að samkvæmt landgræðsluáætluninni tengist landgræðslustarfinu beint. Áhersla er lögð á náið samstarf við aðra rannsóknaraðila til að tryggja sem best þekkingu á undirstöðu landgræðslustarfsins.

7. Fræðslu og ráðgjöf. Unnið verður áfram að fræðslu um landgræðslustarfið og landnýtingu í sátt við landið svo og aukinni ráðgjöf fyrir bændur, hestamenn og aðra umsjónarmenn lands.

Sérstakur ávinningur við áætlunina er sú mikla binding kolefnis sem fylgir þessu nýja sóknarfæri í landbótum með landgræðslu. Hún er nauðsynleg fyrir verndun loftslags og hagkvæm leið til að mæta hluta af skuldbindingum Íslands vegna Kyoto-bókunarinnar. Hér á landi eru óvenjulega góðar aðstæður til að binda kolefni og árangur af átaksverkefni ríkisstjórnarinnar í bindingu koltvísýrings með landgræðslu og skógrækt var mjög góður. Það markmið, að auka árlega bindingu um 100 þúsund tonn af koltvísýringi, liðlega 27 þúsund tonn af kolefni, umfram það sem var árið 1990, náðist eins og stefnt var að. Þar af náðist að binda 17.500 tonn af koltvísýringi á nýjum landgræðslusvæðum sem er mun meira en vænst var. Þrátt fyrir að átaksverkefninu sé formlega lokið er lögð rík áhersla á að halda áfram aðgerðum til að auka bindingu kolefnis. Binding kolefnis í gróðri og jarðvegi með landgræðslu og öðrum landbótum eykur frjósemi landsins til lengri tíma litið og styrkir búsetuskilyrði þjóðarinnar. Vegna alþjóðlegra skila í niðurstöðum er mikilvægt að halda gott bókhald um kolefnisbindingu og verður stuðlað að því.

Hæstv. forseti. Landgræðslustarfið er mjög fjölþætt og hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Fjölmörg verkefni hafa verið færð til bænda og annarra verktaka og verður stuðlað enn frekar að því að landgræðslustarfið veiti aukna atvinnu í sveitum landsins. Frá árinu 1907 hefur Landgræðsla ríkisins girt af alls um 160 svæði. Um 65 uppgrædd svæði hafa verið afhent eigendum á nýjan leik. Nú eru um 304.000 ha innan landgræðslugirðinga. Þá hafa fyrirhleðslur á undanförnum árum og áratugum ekki aðeins bjargað hundruðum eða jafnvel þúsundum hektara gróins lands heldur hafa einnig gróið upp þúsundir hektara af gróðurvana landi í skjóli þeirra varnargarða sem gerðir hafa verið, t.d. í Austur-Skaftafells- og Rangárvallasýslu.

Landgræðsluáætlun þessi byggir á því að græða og fegra ásýnd byggða og endurheimta frjósemi landsins. Sérstök áhersla er lögð á að efla sókn gegn hraðfara jarðvegseyðingu. Jarðvegur er hér óvenjuviðkvæmur vegna eldvirkninnar og náttúruöflin máttug eins og hv. þm. þekkja. Miklu skiptir því að byggja upp gróður sem veitir varanlega vörn gegn eyðingaröflunum.

Þá er einnig lögð áhersla á að virkja þjóðina til dáða í verndun landkosta og til landbóta og stytta boðleiðir milli stjórnvalda og almennings. Héraðssetrum Landgræðslunnar verður fjölgað og samstarf aukið við landnotendur. Reynt verður að tryggja að landnýting verði alls staðar vistfræðilega sjálfbær og stuðningur við alhliða landbætur efldur. Mjög góð reynsla hefur verið af slíku samstarfi, svo sem í verkefninu Bændur græða landið, en þar taka um 600 bændur þátt í að bæta jarðir sínar í góðu samstarfi við Landgræðsluna. Já, þeir eru fleiri en ég gat um í andsvari áðan þar sem ég talaði um 550. Þetta eru um 600 bændur. Áætlunin miðar að betri stjórn beitar í sátt við landið og gefur bændum aukið hlutverk í landbótum og sem vörslumenn landsins.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn.

[17:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að spara tímann og koma sjónarmiðum mínum að í andsvari við ræðu hæstv. ráðherra. Þær lúta ósköp einfaldlega að einum þætti þessa máls og það eru þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru til landgræðsluverkefna.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það séu ekki hæstv. ráðherra nokkur vonbrigði að ekki skuli stefnt að meiri fjármunum í þetta brýna verkefni með sérstakri vísan til aukinnar þátttöku bænda í þessum verkefnum. Verkefnið Bændur græða landið, á þrátt fyrir öll hin fögru orð og þá staðreynd að þátttakendur eru nú um 600, ekki að fá nema 40–45 millj. á ári á fyrsta áætlunartímabili þessarar landgræðsluáætlunar og það eru mjög litlir peningar. Það er ekki nokkur vafi á því að með tiltölulega litlum viðbótarfjármunum í þennan lið mundu menn sjá gríðarlega mikið gerast. Ég fullyrði það að af þeirri þekkingu sem ég hef á þessu og reynslu. Ég hef fylgst með þessum verkefnum hjá nokkrum tugum bænda, t.d. um norðaustanvert landið, og ég fullyrði að það verður mjög mikið úr þeim litlu fjármunum sem ganga til þess að kaupa áburð og aðstoða bændur við að taka þátt í þessu verkefni vegna þess að bændur leggja fram gríðarlega mikið á móti, vinnu sína, vélakost sinn og auðvitað land sem þeir taka í fóstur sérstaklega og eru að bæta.

Herra forseti. Ef við lítum líka á fylgiskjal á bls. 3 í athugasemdum með tillögunni þá sjáum við að í raunverulegum fjárhæðum á núgildandi verðlagi er ekki verið að verja í dag nema svipuðum fjárhæðum og til komu með tilkomu stóru landgræðsluáætlananna upp úr 1975, þ.e. svona 350–400 millj. kr. á núgildandi verðlagi. En þjóðartekjur Íslendinga hafa auðvitað aukist gríðarlega á þessum 25 árum frá því að fyrstu stóru landgræðsluáætlanirnar komu til sögunnar. Ef við mældum þetta í hlutfalli við þjóðartekjur er alveg ljóst að við erum að leggja sorglega lítið til þessara verkefna í dag.

[17:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. að gríðarlegur árangur er af samstarfi Landgræðslunnar og Bændur græða landið og því kann að vera rétt, sem hv. þm. segir, að hér sé of naumt skammtað eða þeir peningar sem hér eru markaðir valdi vonbrigðum, 560 millj. á tímabilinu. Alþingi setur fjárlög ár hvert og hefur frelsi til að auka fjármagn til þessa þáttar.

Við munum fara yfir það hér hvort þessi skipting sé rétt og hvort menn eigi að gefa meira í þarna. Ég tek undir með hv. þm. að ég held að þessir peningar, þar sem ég þekki til, hafi skilað sér mjög vel í landgræðslustarfinu. Eins og hv. þm. sagði koma bændurnir með þekkingu sína, vélar og tækni og fólk sitt oft og tíðum í stórum stíl, þess vegna frændfólk og vini og börn úr þéttbýlinu. Þetta er skemmtilegt verkefni sem við eigum að gefa enn þá meiri gaum en gert hefur verið. Ég er tilbúinn að skoða hvort of naumt sé skammtað í þessari áætlun.

[17:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau orð. Út af fyrir sig þyrfti maður kannski ekki að reikna með öðru en hæstv. ráðherra væri velviljaður því að þarna kæmu til meiri peningar og vildi það gjarnan. En mér finnst það eiginlega vera í dálítilli mótsögn við bæði mikilvægi málaflokksins sem við erum að tala um og annað sem snýr að stöðu sveitanna og landbúnaðarins, að þegar menn hafa í höndunum jafnkjörið borðleggjandi verkefni og það er að auka þátt bænda á þessu sviði, skuli ekki vera reynt að gera þar aðeins betur og myndarlegar. Það finnst mér vera svolítið mótsagnakennt. Þetta eru nánast smáaurar, 40–45 millj. á ári, sem þarna eiga að dreifast á 600 aðila. Það gefur augaleið að það eru orðnir ansi litlir fjármunir.

Það er annað sem mér býður í grun að komi til sögunnar og þurfi og það er ákveðið viðhald á þeirri uppgræðslu sem bændur hafa staðið fyrir undanfarin ár. Þá kemur til sögunnar þörfin fyrir einhvern tilbúinn áburð vegna þess að grunnuppgræðsluna stunda bændur gjarnan með moði og heyafgöngum og jafnvel húsdýraáburði og eru oft árangursríkustu meðulin, segja kunnugir, að blanda þessu saman og nota a.m.k. á mel, þá áburði og fræi. Síðan getur verið mjög árangursríkt og gert þetta að góðu beitilandi að viðhalda þessu uppgræddu landi, t.d. örfoka melum og örsnauðum jarðvegi á melum, með því að gefa honum smánæringu kannski annað hvert, fjórða hvert ár í nokkur skipti eftir að frumuppgræðslunni lýkur og þá þarf fjármuni í það. Þess vegna óttast ég að það verði minna til nýrra verkefna en menn skyldu ætla nema það takist að hækka þessa upphæð. Ég tel að Alþingi eigi að lýsa vilja sínum við afgreiðslu þessarar landgræðsluáætlunar með því að hækka þennan lið verulega, a.m.k. á síðari árum tímabilsins.

[17:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og getið var um í ræðum þingmanna áðan þegar við vorum að fjalla um frv. til laga um landgræðslu, kom auðvitað landgræðsluáætlunin sem hæstv. ráðherra hefur nú mælt fyrir líka til tals.

Það er alveg ljóst af þeirri landgræðsluáætlun sem hér er til umræðu að markmiðssetning er í því sambandi afskaplega mikilvæg. Í athugasemdum með þáltill. er fjallað um markmiðssetningu, þau markmið sem stefnt er að að ná, ákveðna áherslu til árins 2014 og svo er sömuleiðis farið í að telja upp helstu verkefni og aðgerðir til ársins 2006.

Mér finnst tímabært hér í umræðunni, herra forseti, að vekja máls á markmiðssetningu sem slíkri og því hvernig markmiðssetning verður best formuð þannig að hún verði marktæk og árangursrík. Það vildi svo til, herra forseti, að ég var stödd á ráðstefnu fyrir rúmum tveimur vikum norður á Akureyri sem haldin var að tilstuðlan staðardagskrárverkefnisins á Íslandi. Einn af ræðumönnum á þeirri ráðstefnu var Stefán Gíslason, verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 á Íslandi.

Hann hafði afar merkilega lexíu fram að færa varðandi markmiðssetningu og hann hefur komið sér upp ákveðnu módeli sem mig langar að miðla til hæstv. landbrh. Hann kallar það SMART-módelið. Í markmiðssetningu þurfum við nefnilega að vera smart.

Stefán Gíslason notar þetta hugtak, „smart", sem er auðvitað sletta í íslensku máli en flestir vita hvað þýðir, til að skilgreina hvernig markmið við þurfum að setja okkur til þess að ná árangri. Við þurfum að setja okkur SMART-markmið. Í SMART stendur s-ið fyrir sértæk markmið, m-ið fyrir mælanleg, a-ið fyrir aðgengileg eða ásættanleg, r-ið fyrir raunhæf markmið, raunhæf en samt ögrandi segir Stefán, og t-ið stendur fyrir tímasett markmið.

Út frá þessari formúlu væri mjög gagnlegt að líta á þá áætlun sem hér er gerð grein fyrir. Sú markmiðssetning sem við höfum á borðum okkar er ekki mjög „smart". Þarna vantar ákveðna þætti til þess að hún geti kallast „smart". Markmiðin eru ekki sértæk og þau eru ekki mælanleg. Þau eru mörg raunhæf og mörg aðgengileg en mismunandi þó og það er erfitt að sjá tímasetningarfaktorinn í áætluninni varðandi verkefnin.

Markmið verða alltaf að fela í sér lýsingu á ástandi. Það er alveg ljóst. Hvernig viljum við að ástandið verði þegar við teljum markmiðinu náð? Það er í sjálfu sér ekki markmið lestrarkennslu að kenna börnum lestur heldur hlýtur markmiðið að vera að börnin verði læs. Það er því mjög mikilvægt að við ákveðum í markmiðssetningunni hvaða ástandi við sækjumst eftir þegar við stefnum að þessum markmiðum.

Í því sambandi, herra forseti, langar mig til að minna á afskaplega þarfa ádrepu frá Ólafi Arnalds sem hann flutti á samráðsfundi Landsvirkjunar 23. apríl 1999 en svo sem kunnugt er hefur Ólafur Arnalds verið meira en liðtækur, hann hefur verið þungvigtarmaður, í allri umræðu um jarðvegssrof og gróðurvernd á seinni árum. Hann fjallaði í þessu erindi sínu um jarðvegsrof og ábyrgð á umhverfinu. Ólafur heldur því fram að við stöndum á tímamótum í umhverfismálum vegna þeirrar stefnu sem mótuð var með Ríó-samningnum og þeim samningum sem búnir voru til í Ríó-ferlinu en hann segir meira, herra forseti, og langar mig til að vitna beint í þetta erindi hans, með leyfi forseta:

„Á Íslandi hefur orðið meiri jarðvegseyðing og hnignun vistkerfa en þekkist annars staðar á jörðinni utan eyðimerkursvæða. Auðnir þekja nú stóran hluta landsins og enn á sér stað mikið jarðvegsrof. Jarðvegsrof á Íslandi var kortlagt í landinu öllu á árunum 1991–1996. Niðurstöðum hefur verið skilað með margvíslegum hætti, m.a. með ítarlegu riti um eyðinguna, og fræðslubæklingi sem dreift er ókeypis meðal almennings í landinu. Niðurstöðurnar sýna greinilega bága stöðu íslensku jarðvegsauðlindarinnar en einnig að víða eru stór samfelld landsvæði og rof er lítið. Þessar upplýsingar mynda viðtækan gagnagrunn um ástand landsins sem nota má til að taka markvissar ákvarðanir um þróun landnýtingar svo hún verði með sjálfbærum hætti. Niðurstöðurnar sýna ljóslega að stór hluti miðhálendisins telst fullkomlega óhæfur til beitar en þó má tryggja sjálfbæra nýtingu á mörgum afréttanna með því að aðgreina auðnir og rofsvæði sem standa hátt frá vel grónum hlutum afréttanna nær byggð. Frá því að niðurstöður voru kynntar árið 1997 hefur lítið miðað í þessa átt," segir Ólafur Arnalds. Og hann bætir við: „Óveruleg breyting hefur verið á beitarnytjum, og ofbeit hefur víða aukist vegna fjölgunar hrossa."

Af þessum orðum Ólafs er ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Sér hann fyrir sér að við komum til með að skipta beitarlandi upp í nytjaland annars vegar og auðnir og rofsvæði hins vegar sem yrðu þá algerlega friðuð fyrir beit? Ég sé ekki að það sé innifalið í þeirri áætlun sem fylgir með í plagginu sem hæstv. ráðherra talaði fyrir.

Varðandi síðan það sem Ólafur Arnalds kemur inn á í erindi sínu, þ.e. aukna beit hrossa, vil ég minna á þál. sem Alþingi samþykkti þann 16. mars 1998 um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, kannski í krafti ókunnugleika míns, en sannarlega væri orðið tímabært að fá að heyra hvað sú þál. hefur haft í för með sér. Hún var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að móta tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Tillögurnar verði kynntar Alþingi á haustþingi 1998."

Má vera að þetta hafi allt saman gengið eftir, herra forseti, en ég held að rétt sé að spyrja um þetta hér í tilefni af tilvitnun minni í erindi Ólafs Arnalds.

Auðvitað vill enginn eyðileggja land. Við stöndum saman, hv. alþm., um að búa til öfluga landgræðsluáætlun og við stöndum við bakið á hæstv. ráðherra í þeim efnum.

[18:06]

Útbýting þingskjals:

Stjórnsýslulög, 598. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 942.

[18:07]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér fjöllum við um till. til þál. um landgræðsluáætlun til ársins 2014 frá árinu 2003. Í þessari tillögu kennir margra grasa og í upplýsandi grg. með henni. Markmið koma þar einnig fram sem eru háleit og góð að mínu viti. Bæði koma þau úr okkar eigin ranni en einnig vegna alþjóðlegra sáttmála, m.a. er sáttmáli um varnir gegn myndun eyðimarka sem samþykktur var 1994 en tók að vísu ekki gildi á Íslandi fyrr en 1997. Þá er einnig rammasamningur um loftslagsbreytingar sem á að stuðla að því að halda styrk gróðurhúsalofttegunda innan hættumarka. Þá er einnig sáttmáli um líffræðilega fjölbreytni sem samþykktur var 1992 en tók gildi hér á landi 1994.

Í markmiðunum er talað um að hér þurfi fyrst að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll. Einnig er talað um að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf og að öll landnýting verði sjálfbær.

Mörg eru markmiðin og háleit og góð eins og kemur fram hér. Í almennan rekstur er talað um að fari 615 millj. kr. á næstu þremur árum og í uppgræðsluverkefni 995 millj. En ég vil taka undir það sem fram hefur komið um verkefnið „Bændur græða landið", miðað við allan þann fjölda sem tekur þátt í því er fjárhæðin heldur lág, og er ég ánægður með að heyra góðar undirtektir hæstv. landbrh. þegar hann tók í andsvörum tillit til þess sem nefnt var um það í umræðunni.

Þá má einnig spyrja um Landbótasjóðinn. Miðað við verkefni sem blasa við eru fjárhæðirnar frekar lágar. Spurningar vakna um hvort landbrh. sé í raun og veru ánægður með það fjármagn sem ætlað er til þeirra stórkostlegu verkefna sem gert er ráð fyrir að verði unnin. Við verðum að gæta okkur á því að ætla okkur ekki um of fyrir of litla peninga, að við reiknum ekki með því að við getum gert gífurlega mikið og sjáum í hillingum svarta sanda verða græna en þegar til á að taka segja menn allt í einu að ekki séu nægir peningar til verkefnanna. Ég vona að hæstv. ráðherra sé sannfærður um það og trúi því einlæglega að þessar fjárhæðir dugi. Samt gaf hann í skyn að framlögin í „Bændur græða landið" mætti hækka, og ég spyr um Landbótasjóðinn, hvort ekki sé fulllítill peningur í hann settur, t.d. 5 millj. 2003. Í þessu sambandi vakna líka spurningar um varnir gegn landbroti — þær hljóta að vera í landbótunum líka — og hvort ekki sé gert ráð fyrir vörnum gegn landbroti sem eru ekki einungis af völdum fljóta, áa og vatna heldur líka sjávarins. Vissulega væri fróðlegt að heyra um það frá hæstv. landbrh., herra forseti, hvað Landgræðslan sér í framtíðinni um landbætur á sjávarjörðum því að þess eru dæmi að sjór gangi á jarðirnar til ógnunar þar sem gróður er. En þetta fer til umfjöllunar hv. landbn. og er ég viss um að þar verður fjallað mikið um þessi mál því að þau varða alla þjóðina, hvernig gróðurfar landsins er. Það er nauðsynlegt að við stöndum okkur vel í því að hindra að landið fjúki upp, ofbeit sé mikil og ágangur. Í þessu sambandi má t.d. tala um að við væntum aukningar í komum ferðafólks hingað á næstu árum. Þetta eru allt atriði sem skipta miklu máli í viðkvæmu gróðurríki Íslands, sérstaklega uppi á hálendinu og í efri stöðum, ekki síst þegar menn fara um landið á stórvirkum bílum og hugsa ekki af nægjanlega mikilli virðingu um landið.

Ég hlakka til, herra forseti, að taka þátt í umræðum um till. til þál. um landgræðsluáætlun. Ég vona að markmið hennar gangi eftir og jafnvel meira en það því að þau eru háleit og ekki veitir af að setja þau.

Síðan lýsi ég yfir ánægju minni að lokum, herra forseti, með að Landgræðslan auki fræðslu og miðli þekkingu til almennings. Mættu skólarnir jafnvel koma meira inn í með sérstök verkefni.

[18:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. um að skólarnir komi inn í þau verkefni, þá rifjast það upp fyrir mér sem ég hef oft hugsað um í svefni og vöku að það er kannski eitt sem hvern Íslending dreymir um í dag, ekki síst ungan, að komast í meiri snertingu við náttúru landsins. Aðstæður hafa mjög breyst frá fyrri tíð því þá fóru börn þéttbýlisbúa gjarnan og dvöldu í sveit. Nú hafa í rauninni slík tengsl því miður verið rofin og eru breyttir tímar sem ég harma að mörgu leyti þó að borgin leggi nú rækt sína við Húsdýragarðinn sem er mjög myndarlegt fyrirtæki og fjölskyldurnar í höfuðborginni sækja dag hvern og um helgar og njóta samvista þar við að fylgjast með búskap og dýrum. En þá er það sem hv. þm. minntist á kannski umhugsunarefni fyrir Alþingi Íslendinga: Hvernig mótar það stefnu til að tryggja sem flestum Íslendingum það að hafa einhvern tímann starfað í náttúru landsins, farið nánast í nokkurs konar hernað til þess að kynnast náttúrunni og vinna þar einhvern smáhluta úr ævi sinni, fara í sveit, róa til fiskjar, stunda skógrækt eða landgræðslu eða landvörslu? Þetta væru verðug verkefni til að móta og koma til framkvæmda með einhverjum hætti því að ég er sannfærður um að margur mundi græða á þessu og hjálpa mörgum.

Til mín kom ágætur maður á dögunum sem ræddi það við mig í fullri alvöru að í okkar eftirsóttu náttúru gæti það meira að segja styrkt ferðaþjónustu í veröld sem núna hefur breyst, ekki síst eftir 11. september, því depurð og áhyggjur sækja að ungmennum margra þjóða. Ekki að það sé óregla, vímuefni eða vín heldur einhver óhamingja. Víða er staðan sú að fólk, foreldrar, hjón eiga bara eitt barn og kannski er barnið leitt á foreldrum sínum og foreldrarnir á barninu og hjónin hvort á öðru. En það gæti verið verðugt verkefni að fara í samstarf við skóla, þess vegna erlendis, um að hingað kæmi fólk sem íslensk ferðaþjónusta tæki þátt í að efla samstarf við, t.d. erlenda skóla, um að fá hingað fólk sem kæmi í slík verkefni að kynnast þessu undarlega landi okkar og dvelja hér um hríð. Það er margt sem hægt er að gera þegar maður hugsar til þess, t.d. að efla hér atvinnu og þarf margt að gera til að ræktun lýðs og lands sé með þeim hætti sem hún þarf að vera.

Hin gamla, stóra hugsjón ungmennafélaganna, ræktun lýðs og lands, á enn fullt erindi og ég finn það á ræðum hv. þingmanna að þannig er það enn að þingið er meðvitað um þetta stóra hlutverk sitt.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gagnrýndi í dag þá fallegu tillögu sem ég tala fyrir og sagði að hún væri ekki „smart". En það rifjar upp fyrir manni að það er svo óskaplega misjafnt hvað fólki finnst smart. Það sem einum finnst smart finnst öðrum ekki. Mér finnst tillagan dálítið smart. Og þegar ég fletti henni finnst mér — ja, það má kannski segja sem menn hafa velt hér fyrir sér: þarf meira fjármagn til þess að ná árangri? Aðalatriðið er kannski að fara vel með það fjármagn og ná árangri með það fjármagn sem við höfum. En mér finnst að hér sé verið að setja fram dálítið smart þingsályktunartillögu sem lýsir langt fram á veginn, sem keyrir á háum ljósum langt fram á veginn, en beitir síðan lágu ljósunum á brýnustu verkefni fram undan. Það er vissulega gert með aðgerðaráætlunum í öllum landsfjórðungum þegar maður flettir tillögunni. Ekki það að ég ætli að fara í háværar deilur um þetta. Það er svo misjafnt hvað fólki finnst. Það sem einum finnst gott finnst öðrum vont og það verður bara að sæta því. En alltaf má betur gera og sjálfsagt hefði þessi þáltill. getað litið þess vegna enn betur út og verið hægt að leggja í hana meiri vinnu, en þingið tekur við henni og gerir hana kannski enn þá „smartari" þannig að ég verð að binda vonir við það.

Hv. þm. minntist hér á þann ágæta mann Ólaf Arnalds, starfsmann Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þekktan doktor og mikinn vísindamann á þessu sviði, og taldi að hér væru of fá úrræði til margra hluta og spurði eftir því

hvort kæmi til greina að aðgreina auðnir og rofsvæði, t.d. á afréttum. Nú er ekki allt sett í lög. Ég vil segja fyrir mig að bændur landsins gera sér mjög góða grein fyrir hvað mikilvægt er að fara vel með land í dag og hvað almenningur er meðvitaður um það. Þeir hafa verið ræktunarmenn Íslands í gegnum aldirnar. Þeir vilja halda því forustuhlutverki sínu. Þess vegna minni ég á nýjan búvörusamning sem sauðfjárbændur gerðu árið 2000 og nú er mjög deilt um. Þar var tekin inn í gæðastýring á mörgum sviðum til að efla ræktunina og búskapinn. Á öðrum sviðum var skrifað undir landnotaþátt og Landgræðslan kemur mjög að þeim búvörusamningi og samstarfi við bændur um hann. Til þess að þeir geti verið með í gæðastýringu mega þeir ekki beita land, þ.e. ekki sé verið að níðast á því, annaðhvort standi það í stað eða sé í framför. Þarna mun Landgræðslan vinna á næstu árum í samráði við bændur alls konar úrbótaáætlanir. Það kemur mjög til greina á mörgum afréttum að leysa þetta mál með einföldum hætti.

Ég minnti á það við setningu búnaðarþings á dögunum að fyrir rúmum tuttugu árum — eða þegar ég var barn, við skulum bara fara þangað fyrst, þar sem ég var barn að alast upp, þá þótti það t.d. alveg sérstök hamingja hvers manns sem átti svo fótfráa og fríska á að hún sækti inn í Þjórsárverin fögru og vildi bíta þar sumarlangt. Þegar nýir bændur komu í sveitina voru þeim gjarnan gefnar gimbrar undan þessum ám sem gengu í Þjórsárverum eða Arnarfelli hinu mikla. Það var heiður hvers bónda að eiga slíkar kindur.

Fjallkóngur Gnúpverja, Sveinn heitinn Eiríksson í Steinsholti, sá að þetta var ekki rétt stefna, þótt hann væri fjallkóngurinn og elskaði þetta svæði eins og menn gera sem himnaríki á jörð, þá sá hann að ekki var rétt að beita þetta land við nútímaaðstæður og þá breytingu sem var að verða. Hann lagði því til við bændurna og þeir hlýddu kalli foringja síns að það fé sem þarna gengi yrði skorið niður. Og menn tóku síðan upp á því að skera niður og gáfu engum nýjum bónda gimbrar af þeim stofni sem þangað sótti. Nú er svo komið að telja má þær kindur sem finnast þarna innfrá á fingrum annarrar handar, áður skiptu þær hundruðum. Þetta sýnir að bændur eru verndunarmenn náttúrunnar og svona eiga þeir að vinna. Og svona er hægt að vinna á mörgum afréttum og á að gera því það er hagur bóndans að kindurnar eða skepnurnar séu ekki á landi sem ekki þolir það og er vont að láta þær meira að segja sjást þar.

Þarna hefur því orðið mikil breyting og ég sé og trúi því að gæðastýringin og þessi sáttmáli um landnot muni skila því að nú hefjist langtímastefnumörkun og samvinna á milli bændanna í landinu og Landgræðslunar um hvernig með þessi landsvæði verður farið og hvernig staðið verður að vernd þeirra og staðið að því að forðast að skepnur séu ekki að bíta land sem ekki þolir það eða auðnir landsins.

Í gegnum þennan sauðfjársamning sé ég að mikil breyting er fram undan og bændurnir búa nú við sáttmála sem ég held að geti skilað þeim miklu við landgræðsluna og aukið samstarf um hana skiptir þá miklu máli. Það skiptir þá miklu máli að hafa hina öruggu hönd Landgræðslunnar sér við hlið til ráðgjafar og hjálpar í stefnumótun og hvernig að þessum málum verður staðið. Ég vil koma þessu á framfæri. Þetta er eitt af því sem ég vil kalla smart í dag til viðbótar.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson vill sjá svarta sanda verða græna. Við verðum líka að fara varlega í því. Svartur sandur er gríðarlega fallegur líka. Ég man eftir því þegar ég var með einum fremsta vísindamanni Íslendinga á akstri um línuveginn. Landsvirkjun hefur byggt upp marga fallega vegi til þess að geta notið hálendisins. Norðan Skjaldbreiðar námum við staðar og hann gekk út og sagði: Hér sjáum við þennan svarta sand. Þetta er ævintýraland í dag. Það er hvergi til svona land í Evrópu. Það er mikill gróður hér í melunum. Hingað megum við aldrei koma með lúpínu eða vinna nein spjöll á þessu landi.

Það er því svo margt í náttúru okkar sem er sérstætt og við eigum að varðveita, eins og hefur komið fram í ræðum hv. þingmanna. Varðmenn þessa lands, hvort sem það eru alþingismenn, Landgræðslan eða bændurnir, verða að gæta hófs og gá að því að náttúran er dýrmætust með sínum séreinkennum. Þess vegna getur svartur sandur í sjálfu sér verið auðlegð sem okkur ber að varðveita. En auðvitað ber okkur að hefta að sandurinn fjúki yfir og eyðileggi annað land.

Þetta kann Landgræðslan allt saman betur en ég, alveg eins og hún kann betur en sá er hér stendur um varnir gegn landbroti sjávar. Vestfirðingar hafa aldrei verið hræddir menn, en ætli það séu ekki einhver erfiðustu stríðandi öfl sem maður fæst við, þ.e. brimið, boðarnir og aldan sem lemur hina ísköldu strönd, náttúran vinnur sitt verk og verður ekki alltaf hamin. En hins vegar bið ég hv. þm. að ræða þetta í næstu för hans með landbn. í Gunnarsholt við landgræðslustjóra og fara yfir það.

Við höfum í sjálfu sér lagt mesta áherslu á, eins og kemur fram í þáltill., að glíma við stóru fljótin. Það er ekki auðveld glíma heldur. Þau bylta sér á allar hliðar, færa sig á 50–100 ára tímabili á milli bakkanna og brjóta. Og þó að menn setji garða á einum stað bregst náttúran kannski með ólíkindum við því alveg eins og var sagt í dag um erlenda jurt sem hér væri sett, að hún getur brugðist öðruvísi við við íslenskar aðstæður. Náttúran er vandlesin, en þeir kunna best á hana sem með henni hafa lifað og þekkja þessi náttúruöfl.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag um landgræðsluáætlunina og frv. til landgræðslulaga. Þetta mál hefur komið áður fyrir þingið og verið fjallað um það, en ég vona sannarlega að þessi tvö mál verði afgreidd hér í vor.

[18:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki verður allt bundið í lög, segir hæstv. landbrh. og vitnar í gjörðir Sveins heitins í Steinsholti og það hversu miklir græðarar og verndarsinnar bændur eru. Ég er sammála honum um það. Það má allt til sanns vegar færa að bændur hafa verið vörslumenn landsins og þeir hafa haft tilfinningu og ríkar tilfinningar til landsins og þeir lesa það og ég dreg sannarlega ekki úr þeim mikla auði og þeim mikla fjársjóði sem býr í hjörtum, hugum og gjörðum bænda.

Hins vegar er það alveg ljóst að okkur hefur gengið afskaplega illa og við erum öll sammála um að það þurfi að gera svo miklu, miklu meira og aðgerðir okkar þurfi að vera svo miklu róttækari. Og af því að ég vitnaði til orða Ólafs Arnalds áðan og hvatningar hans um að við friðuðum hreinlega auðnir og rofsvæði, þá finnst mér mjög mikilvægt að það sé rætt í samhengi við þessa umræðu, að ekki sé nóg að treysta á vel innréttaða og vel meinandi bændur, kannski þurfi að setja reglurnar í lögin og gera þær stífar, sérstaklega meðan við erum að ná fótfestu með einhvers konar árangur, þá þurfum við e.t.v. að sjá til þess að auðnir og rofsvæði verði hreinlega vernduð.

Einnig er vert að hafa í huga að gróðurvinjar hálendisins sem eftir standa eru dýrmætar. Þær hafa mjög mikið vernd-

unargildi og það er umhugsunarefni í sjálfu sér að hæstv. landbrh. skuli eftir þau fögru orð sem hann hefur mælt hér standa að því að stórum hlutum gróðursvæða hálendanna verði eytt í væntanlegri Kárahnjúkavirkjun.

[18:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi orð voru auðvitað stórum ýkt, þ.e. að Kárahnjúkavirkjun muni valda því að stórum hlutum gróðursvæða hálendisins verði eytt. Hitt er annað mál að við höfum búið við að þurfa að velja og meta. Við verðum að halda uppi atvinnu og þrótti í þessu þjóðfélagi til að fólk vilji búa hér. Um það snýst glíman en ég er sammála hv. þm. um að auðvitað þarf að fara í það verkefni af hálfu Alþingis að marka skýra stefnu, ekki síst um hvaða paradísum skuli þyrma og aldrei taka til umræðu að fórna fyrir virkjun eða sökkva. Það eru þau verkefni sem ég tel að Alþingi þurfi að fara í.

Hv. þm. tók undir að bændur væru vörslumenn þessa lands. Ég vakti athygli á þessari umræðu af því mér finnst að bændur hafi stundum viljað hlaupa upp þegar hefur átt að taka á mönnum sem fara illa með land. Þess vegna vakti ég athygli á þessu með Þjórsárverin og Svein heitinn í Steinsholti. Það þurfa fleiri að hugsa þannig.

Mér hefur stundum gramist að þegar á að beita sér gagnvart einhverjum sem er að misfara með land eða dýr eru næstu menn að búa sig til að berjast með þeim manni í staðinn fyrir að reyna að koma fyrir hann vitinu. Í bændastétt er einnig til fólk sem ekki skilur þessar miklu kröfur nútímans.

Ég vek hins vegar athygli á því að sem betur fer eru bændur að átta sig á þessu og Landgræðslan skynjar vel að hún á að rétta bændum framrétta hönd og getur orðið mikill leiðtogi og hjálpað í því starfi.

[18:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í síðara andsvari mínu vil ég aftur fara út í að tala um það sem er smart og ekki smart. Það er alveg rétt sem hæstv. landbrh. segir, að menn eru misjafnir að gerð og hafa misjafnan smekk en það módel sem ég var að rétta honum upp í hendurnar, frá Stefáni Gíslasyni, verkefnisstjóra Staðardagskrár 21, er afskaplega gagnlegt verkfæri.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða það nánar og líka landbn., og mögulega þá umhvn. sem kannski fær einhvern þátt þessara mála til umfjöllunar, að skoða það að markmiðin verði sértæk, mælanleg, aðgengileg, raunhæf og tímasett — sem sagt SMART.

Af því að við höfum talað um gagnsæi hugtakanotkunar og nauðsyn þess að hugtakanotkun sé skýr vil ég benda á og spyrja hæstv. ráðherra út í orðalag á bls. 4 í þingmálinu þar sem fjallað er um forgangsröðun landgræðsluverkefna sem byggist m.a. á úttekt og kortlagningu á jarðvegsrofi á öllu landinu og markmiðum um — nú spyr ég hann um þýðingu á því sem á eftir kemur — vistfræðilega sjálfbæra nýtingu. Hvað er, í huga hæstv. landbrh., vistfræðileg sjálfbær nýting? Ég vona sannarlega að hæstv. landbrh. lendi ekki í sama öngstræti og hæstv. utanrrh. lenti í fyrr í vetur þegar hann var að fjalla um utanríkismál og fjallaði í ræðu sinni um margvíslegar auðlindir sem Íslendingar ættu sem allar ættu það sameiginlegt að vera sjálfbærar.

[18:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég hélt að hv. þm. ætlaði að gefa mér módelið hans Stefáns Gíslasonar eftir umræðuna til þess að ég gæti lært af því.

Síðan er best að landbrh., sem talar hina fornu íslensku, sé ekkert að rugla með hvað þessi hugtök þýða, vistfræðileg og sjálfbær.

[18:37]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra virðist hafa skilið orð mín svo að ég vildi græða alla svarta sanda upp. Það sem ég átti við var að taka undir þáltill. um að stöðva gróðureyðingu. Ég var í raun að vísa til orða í kvæði eftir Jóhann Sigurjónsson sem hæstv. landbrh. þekkir og hefst svo „Sofðu unga ástin mín," þar sem Halla segir: „Oft ég svartan sandinn leit, svíða grænan engireit." Hún harmaði það og var að lýsa ákveðnu ástandi, sjálfsagt bæði mannlífi og gróðurfari landsins. Þetta kemur þá inn á þann skilning að það átti sér stað gróðureyðing þegar svartur sandur þaut yfir grænan engireit. Þetta er úr kvæði Jóhanns Sigurjónssonar, Sofðu unga ástin mín, sem er ákaflega fagurt kvæði.

[18:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo fallegt kvæði og vel flutt í lok dags veitir manni hamingju og gerir að verkum að þrátt fyrir erfiði dagsins gengur maður léttstígur heim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 49. mál. — Þskj. 49.

[18:38]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þannig háttar til með umræðu um þetta þingmál, till. til þál. um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu, að um það varð ágæt umræða fyrir allmörgum vikum ef ekki mánuðum. Þá stóð þannig á að ekki tókst að ljúka þeirri umræðu og voru enn nokkrir menn á mælendaskrá, a.m.k. tveir fyrir utan þann sem hér stendur. Síðan hefur tekist þannig til að nokkrir atburðir hafa breytt aðstæðum. Næstur á mælendaskrá, ef ég man rétt, var hv. þáv. þm. og formaður utanrmn., Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e. Hann hefur nú horfið til annarra starfa eins og kunnugt er, er orðinn menntamálaráðherra, og við gratúlerum að sjálfsögðu með það.

Hann hafði samband við mig og hafði ekki tök á að fylgja þessu máli frekar eftir enda aðrir menn komnir til þeirra starfa í utanrmn. sem hv. þm. gegndi áður. Ég ætla ekki að viðhafa getgátur um hvað hv. fyrrv. formaður utanrmn. hefði um málið sagt né leggja honum orð í munn. Ég hefði þó gert mér vonir um að hann talaði á svipuðum nótum og aðrir sem á undan honum höfðu komið og tekið þátt í umræðu um þetta mál og lýsti a.m.k. nokkrum stuðningi við það. Ég hygg að svipað hefði átt við um hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur sem einnig var á mælendaskrá en varð að hverfa héðan af fundi.

Að öðru leyti ætlaði ég fyrst og fremst að þakka þá umræðu sem fram fór um tillöguna og þær jákvæðu undirtektir

sem hún fékk hjá þingmönnum flestra ef ekki allra þingflokka. Það vekur mér vonir um ákveðna bjartsýni um að möguleiki sé á að Alþingi mótaði stefnu af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir, þ.e. setti nærsvæðamál og vestnorræna samstarfið sérstaklega í tiltekinn farveg.

Tillagan gerir í raun og veru, samkvæmt orðanna hljóðan, ráð fyrir tvenns konar aðgerðum, annars vegar eflingu vestnorræns samstarfs sérstaklega og hins vegar að mótaðar verði áherslur og stefna, íslensk nærsvæðastefna, sem taki þá ekki aðeins til samskipta við hin vestnorrænu löndin heldur svæðisins í okkar heimshluta við norðanvert Atlantshafið getum við sagt, bæði eyþjóðir og strandríki. Ísland gerði þannig eins og margar þjóðir í kringum okkur, legði niður fyrir sér með skipulögðum hætti hvernig menn hyggjast byggja upp og efla samskipti og samstarf við nágranna sína í allar áttir. Þetta hafa mörg ríki í kringum okkur, bæði smærri og stærri, gert. Þetta gera sum hinna Norðurlandanna. Þetta gera Kanadamenn, Bandaríkjamenn, Evrópusambandið og fleiri aðilar. Þeir móta svæðisbundnar áherslur eða stefnu sem tekur til þeirrar pólitíkur, samvinnu og stjórnsýslu gagnvart aðilum á tilteknum nálægum svæðum.

Norðurlandaráð hefur t.d. um langt árabil, að hluta til byggt á svokallaðri nærsvæðastefnu, sem er samheiti, heiti á þeirri pólitík sem Norðurlandaþjóðirnar, sameiginlega á vettvangi Norðurlandaráðs og í gegnum Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina, reka gagnvart Eystrasaltsríkjunum.

Í gær bar hér á góma í fyrirspurnartíma, herra forseti, fyrirspurn frá mér til hæstv. samgrh. um samskipti Íslendinga og Grænlendinga á sviði flugmála eða flugsamgangna. Þar kom fram að þar eru viðræður í gangi um mögulegt samstarf sem byggi á að Grænlendingar nýti sér íslenska flugvelli, þá fyrst og fremst Keflavíkurflugvöll, sem tengistöð í millilandaflugi. Þetta gæti jafnvel teygt anga sína víðar á Vestur-Norðurlöndum. Þetta er lítið dæmi um hluti af því tagi sem íslensk nærsvæðastefna gæti tekið til ef við hefðum mótað hana og sett í framkvæmd og beittum okkur meðvitað til að efla samskiptin við nágranna okkar öllum aðilum til hagsbóta og okkur sjálfum auðvitað ekki síst. Þannig mundum við horfa á hlutina út frá stöðu okkar hér í miðju Norðvestur-Atlantshafinu, sem samstarfstengipunkts fjölbreytts samstarfs á sviði stjórnmála, efnahags- og atvinnulífs, menningarmála, samgangna o.s.frv.

Ég ætla ekki að fara aftur í efnisatriði tillögunnar. Ég vil þó nefna eitt atriði sérstaklega til sögunnar sem er áhugavert í þessu sambandi. Ég held að við Íslendingar ættum að gefa aukinn gaum að því. Það er sú þróun, sem aðeins er komin af stað, að strandeyþjóðir og strandríki við norðanvert Atlantshafið byggi upp samstarf sérstaklega á grundvelli einhvers konar svæðishugtaks sem við gætum kallað að væri Norður- eða Norðvestur-Atlantshafssvæðið, eyþjóðir og strandsvæði.

Málið er svo langt gengið að á ráðstefnu númer tvö þar sem þessum aðilum er safnað saman og haldin var í Færeyjum fyrir rúmlega ári var komin einhvers konar nafngift á þessa svæðishugmynd, þetta svæðishugtak. Þar var það kallað NAICA fyrir North-Atlantic Island and Coastal Association á enskri tungu. Þarna mættust á ákaflega áhugaverðum vettvangi, í framhaldi af sambærilegum fyrsta fundi sem haldinn var í Reykjavík fyrir þremur árum, sjálfstæð fullvalda ríki eins og Ísland, heimastjórnarsvæði eins og Færeyjar og Grænland og sjálfstjórnarsvæði eða héruð eins og skosku eyjarnar. Þarna voru t.d. Hjaltlendingar undir eigin nafni og fána. Þarna voru fulltrúar frá skosku strandsvæðunum, frá vesturströnd Noregs, frá strandríkjum Kanada o.s.frv. Ég held að liður í meðvitaðri íslenskri nærsvæðastefnu ætti tvímælalaust að vera að við Íslendingar stuðluðum að því, fyrir okkar leyti, að til yrði skipulögð svæðisbundin samvinna við norðanvert Atlantshaf, samvinna eyþjóða og strandríkja á þessu svæði. Það eru gríðarlega miklir sameiginlegir hagsmunir sem þar eru á ferð sem menn ná ekki almennilega utan um í því hefðbundna mynstri alþjóðasamstarfs sem við búum við í dag.

Þannig er t.d. ekki mikill samgangur eða skipulagt alþjóðlegt samstarf á milli Íslendinga, svo dæmi sé tekið, og skosku eyjanna hins vegar. Í raun er það sorglega og merkilega lítið í ljósi bæði sögulegra tengsla og sameiginlegra hagsmuna á sviði sjávarútvegsmála, ferðaþjónustu, menningarmála og fleiri slíkra hluta.

Í þessu sambandi er líka til að dreifa aðilum sem mun meira jafnræði er með þegar litið er til fólksfjölda og efnahagslegra umsvifa. Þetta eru svæði, héruð eða eyjar sem gjarnan telja nokkra tugi þúsunda eða í mesta lagi hundruð þúsunda íbúa sem gætu með margvíslegum hætti notið góðs af auknu samstarfi og samskiptum ef þau koma til.

Menn kunna að segja að ekki sé á bætandi einu laginu enn í alþjóðlegri samvinnu. Það hefur vissulega mikið bæst við á undanförnum fáeinum árum. Sérstaklega hefur frá því að múrinn féll og klakaböndin losnuðu af Austur-Evrópu og kalda stríðinu lauk margs konar svæðisbundin samvinna verið möguleg sem var óhugsandi áður vegna járntjaldsins og annarra gaddavírsgirðinga sem á kaldastríðstímanum skildu löndin að. Samstarf eins og það sem á sér stað í dag á vettvangi heimskautaráðsins hefði t.d. verið óhugsandi á dögum kalda stríðsins og alls engin samskipti áttu sér stað, t.d. milli strandþjóðanna á norðurströnd Rússlands, fyrrverandi Sovétríkja, sem blómstra í dag, samskipti frumbyggja þessara svæða sem og héraða og fylkja.

Að mínu mati á hiklaust að forgangsraða og við ættum að leggja aukna áherslu ef eitthvað er á að efla samstarfið við okkar næstu nágranna. Það mun gefa okkur mikið og skila okkur miklu. Þó það kosti að við verðum í einhverjum mæli að draga úr útgjöldum til annars alþjóðasamstarfs er þar af ýmsu að taka sem ég held að að ósekju mætti trappa niður heldur en hitt ef menn telja sig ekki hafa efni á því að leggja hreinlega sérstaklega fjármuni og krafta í að byggja upp svæðisbundið samstarf eða að stuðla að uppbyggingu svæðisbundins samstarfs af því tagi sem ég mæli hér fyrir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð en legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn. Eins og áður sagði bind ég, í ljósi góðra undirtekta sem tillagan hefur fengið, vonir við, hvort sem það næst á þessu þingi eða þó síðar verði, að Alþingi móti áherslur eða taki þá ákvörðun að hrint verði af stað vinnu af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–10. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 18:50.

93. FUNDUR

föstudaginn 8. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tollalög, stjfrv., 576. mál, þskj. 903. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Landgræðsla, stjfrv., 584. mál, þskj. 913. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Landgræðsluáætlun 2003–2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Staða jafnréttismála, munnleg skýrsla félagsmálaráðherra — Ein umr.
6. Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, stjtill., 406. mál, þskj. 663, nál. 889. — Síðari umr.
7. Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjtill., 551. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.
8. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, stjtill., 565. mál, þskj. 886. — Fyrri umr.
9. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, stjtill., 566. mál, þskj. 887. — Fyrri umr.
10. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, stjtill., 567. mál, þskj. 888. — Fyrri umr.
11. Einkahlutafélög, stjfrv., 546. mál, þskj. 854. — 1. umr.
12. Hlutafélög, stjfrv., 547. mál, þskj. 855. — 1. umr.
13. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 545. mál, þskj. 853. — 1. umr.
14. Líftækniiðnaður, stjfrv., 548. mál, þskj. 856. — 1. umr.
15. Stimpilgjald, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
16. Fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
17. Lagaráð, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
18. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.
19. Almenn hegningarlög, frv., 491. mál, þskj. 778. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að kl. 13.30 í dag, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um útboð í heilbrigðisþjónustu. Málshefjandi er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Hæstv. heilbrrh. verður til andsvara. Atkvæðagreiðslur verða á undan þeirri utandagskrárumræðu, þ.e. kl. 13.30 í dag.

Staða jafnréttismála, munnleg skýrsla félagsmálaráðherra, ein umr.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er samkomulag milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar, sbr. 72. gr. þingskapa. Umferðir verða þrjár, 7 mínútur í hinni fyrstu en 4 mínútur í annarri og þriðju umferð. Ráðherra hefur þó fyrir hönd síns þingflokks 10 mínútur til framsögu. Gera má ráð fyrir að umræðan standi í rúma klukkustund.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Framsfl., Samfylkingin, Sjálfstfl., Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.

[10:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka forseta fyrir að ég skuli fá tíma til að flytja Alþingi munnlega skýrslu um stöðu jafnréttismála á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars. Jafnframt vil ég nota tækifærið og óska konum á Íslandi til hamingju með daginn.

Á yfirstandandi kjörtímabili hafa verið samþykkt nokkur lög sem vonir standa til að stuðli að auknu jafnrétti kynjanna. Má þar helst nefna ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um fæðingar- og foreldraorlof og lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

Í nýjum jafnréttislögum sem tóku gildi fyrir tæpum tveimur árum er áhersla lögð á samþættingu þannig að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum samfélagsins. Í því skyni hafa ráðuneytin skipað sér jafnréttisfulltrúa en hlutverk þeirra er að fjalla um og hafa eftirlit með að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum málasviðum viðkomandi ráðuneytis og undirstofnana þess. Jafnréttisstofa hefur haldið nokkra fundi með jafnréttisfulltrúum þar sem m.a. hefur verið farið yfir hlutverk þeirra. Enn fremur hafa verið haldin sérstök námskeið fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna þar sem þeim var kynnt mikilvægi þess að tekið sé mið af jafnréttissjónarmiðum við alla ákvarðanatöku og áætlanagerð. Þá er starfandi nefnd á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð og taka fulltrúar Jafnréttisstofu og fjmrn. þátt í starfi nefndarinnar. Síðast en ekki síst þurfa sveitarstjórnir að gæta jafnréttissjónarmiða við hvers konar ákvarðanatöku. Í undirbúningi hjá Jafnréttisstofu er hringferð um landið með námskeið fyrir jafnréttisnefndir sveitarfélaganna og annað sveitarstjórnarfólk til að vekja athygli á mikilvægi samþættingar.

Í því skyni að fylgja eftir ákvæðum jafnréttislaga um að fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri setji sér jafnréttisáætlanir eða kveði sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni hefur Jafnréttisstofa í samræmi við fyrirtækið Skref fyrir skref skipulagt námskeið um gerð jafnréttisáætlana sem haldið var í tvígang á sl. ári. Er nú fyrirhugað að starfsfólk Jafnréttisstofu fari hringferð um landið með sambærilegt námskeið á yfirstandandi ári.

Þá hefur Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í samstarfi við Rannsóknastofu í kvennafræðum, námsbraut í kynjafræðum við háskólann og Jafnréttisstofu haldið námskeiðið „Í orði og á borði“ þar sem farið er yfir undirbúning og gerð slíkra áætlana. Fyrir vorið mun ég leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar 1998–2000 til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í félmrn.

stendur nú yfir vinna við gerð jafnréttisáætlunar og er von til að henni ljúki á sumarmánuðum.

Enda þótt kveðið hafi verið á um launajafnrétti kynjanna í íslenskum lögum í 40 ár stöndum við enn frammi fyrir þeirri staðreynd að hér viðgengst launamunur sem verður ekki skýrður með öðru en kynferði. Um það er engum blöðum að fletta að stjórnvöld vilja eyða þessum kynbundna launamun. Við höfum fengið ákúrur frá nefnd sem starfar á grundvelli samningsins um afnám allrar mismununar gegn konum, svokallaðri Z-nefnd, bæði árið 1996 og aftur í ár. Baráttan hefur staðið lengi, bæði hér og annars staðar á Norðurlöndunum, og henni er ekki lokið.

Í síðasta mánuði var haldið málþing um kynbundið launamisrétti þar sem fram komu athyglisverð erindi og umræður urðu fjörugar. Ástæða er líka til að hafa áhyggjur af hraðri þróun til búsetubundins launamunar. Samkvæmt kjararannsóknarnefnd er kynbundinn launamunur að minnka en búsetulaunamunur eykst hröðum skrefum. Tekjur allra viðmiðunarhópa eru orðnar 10–20% hærri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, að sérfræðingum undanskildum.

Markmið stjórnvalda er að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Það er ósk mín að Jafnréttisráð leggi í starfi sínu megináherslu á að finna leiðir til að hraða þróuninni í átt að launajafnrétti. Ég tel Jafnréttisráð góðan vettvang til þessara umræðna þar sem fulltrúar stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins eiga þar sæti. Jafnréttisráð er nú þegar þátttakandi í jafnlaunaverkefni á vettvangi Evrópusambandsins í samstarfi við aðila frá öðrum Evrópuríkjum, m.a. Noregi og Danmörku. Þá tekur Jafnréttisstofa þátt í starfi nefndar um kynbundinn launamun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Í nefndinni er það markmið að koma fram með aðgerðaáætlun í því skyni að vinna gegn kynbundnum launamun. Er áætlað að nefndin ljúki störfum síðar á þessu ári.

Eins og kunnugt er binda stjórnvöld miklar vonir við að fæðingar- og foreldraorlofslögin dragi úr kynbundnum launamun en þau koma að fullu til framkvæmda um næstu áramót. Þau eru til þess fallin að jafna foreldraábyrgð og þá um leið að jafna stöðu foreldra á vinnumarkaði. Það er ánægjulegt að geta upplýst ykkur um að flestir nýbakaðir feður tóku mánuðinn sinn á árinu 2001, og svo virðist sem þeir sem eiga von á barni á þessu ári muni nýta rétt sinn. Það er eðlilegt að fjölskyldan vilji vera saman fyrst eftir að hinn nýi fjölskyldumeðlimur hefur litið heiminn augum en ég hvet feður eindregið til þess að vera jafnframt einir með börnum sínum eftir að mæðurnar eru farnar aftur út á vinnumarkaðinn. Á þann hátt kynnast þeir börnum sínum betur og tengjast þeim nánari tilfinningaböndum að því ógleymdu að barnið fær þannig tækifæri til að vera lengur hjá foreldrum sínum.

Í þessu sambandi minni ég einnig á sveigjanleikann sem er heimilaður í töku fæðingarorlofs þar sem foreldrar geta m.a. tekið fæðingarorlof samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Í janúar sl. fóru fulltrúar félmrn. og Jafnréttisstofu á fund Z-nefndarinnar til að kynna þriðju og fjórðu skýrslu íslenskra stjórnvalda um framkvæmd samningsins um afnám allrar mismununar gegn konum. Þar var stjórnvöldum hrósað fyrir hve margt hefði áunnist í jafnréttisátt frá árinu 1996 þegar við, fulltrúar íslenskra stjórnvalda, fórum og kynntum fyrstu og aðra skýrslu Íslands. Nýjum jafnréttislögum var fagnað sérstaklega auk allra þeirra verkefna og rannsókna sem hafa verið gerðar hér á landi á sviði jafnréttismála sl. ár. Enn fremur vakti athygli nefndarinnar sú áhersla sem lögð er á að karlar taki þátt í aðgerðum sem eru til þess fallnar að auka jafnrétti kynjanna. Var sérstaklega vísað til jafnra réttinda til fæðingarorlofs sem er til þess fallið að hvetja til jafnari foreldraábyrgðar. Engu að síður gagnrýndi nefndin hið háa hlutfall kvenna í hlutastörfum hér á landi sem hún telur benda til að konur axli meiri ábyrgð á fjölskyldunni í samanburði við karlmenn. En í flestum tilfellum mun þó hlutastarfið vera eigið val konunnar.

Enn fremur þótti eftirtektarvert að þrátt fyrir hátt menntunarhlutfall íslenskra kvenna væru færri konur en karlar þátttakendur í stjórnmálum og væru síður í efri stöðum innan fyrirtækja og stofnana, þar á meðal innan utanríkisþjónustunnar. Í þessu tilliti má minnast á störf nefndar sem ætlað er að auka hlut kvenna í stjórnmálum sem ég skipaði í sept. 1998. Hlutfall kvenna á þingi nú er 36,5% en var 25% á síðasta kjörtímabili.

Þessi nefnd hefur unnið ötullega að því að hvetja konur til þátttöku í stjórnmálum og hafa m.a. verið haldin námskeið fyrir konur í þessum tilgangi í öllum landsfjórðungum. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnarkosningum er nú 28,2% en vonir standa til að það verði hærra í vor. Það er mikilvægt að fólk sé meðvitað um kynjajafnrétti þegar ráðið er í störf innan fyrirtækja eða stofnana og er þá ekki nægilegt að telja hausa heldur þarf að skoða stöðurnar sem um er að ræða.

Eins og við öll vitum er ofbeldi gegn konum staðreynd í öllum samfélögum. Um er að ræða margþætt vandamál sem á sér djúpar rætur í samsetningu þeirra. Það er ljóst að margar hindranir eru í veginum sem koma í veg fyrir framþróun í baráttunni gegn þessu vandamáli og tilætluð áhrif úrræða. Hvatti Z-nefndin íslensk stjórnvöld til að halda áfram baráttunni gegn þessu vandamáli, m.a. með því að styrkja innlenda löggjöf til að tryggja réttarúrræði og vernd fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi. Vildi hún enn fremur vekja athygli stjórnvalda á vægum refsingum hér á landi fyrir glæpi er fela í sér kynferðislegt ofbeldi og þá sér í lagi í nauðgunarmálum.

Í síðasta mánuði tók ég þátt í evrópskum ráðherrafundi í Santiago de Compostela um ofbeldi gegn konum. Reynslan hefur sýnt að afleiðingar ofbeldis gegn konum eru mjög kostnaðarsamar fyrir samfélagið. Værum við betur sett ef unnt væri að verja þeim fjármunum í forvarnir og annað uppbyggingarstarf konum til handa. Þess vegna er nauðsynlegt að ráðist verði í markvissar forvarnaaðgerðir þar sem m.a. borgararnir eru gerðir meðvitaðir um tilvist ofbeldis gegn konum. Enn fremur þarf að efla fræðslu um ofbeldi gegn konum á öllum skólastigum. Þar sem vandamálið er til staðar verður ekki hjá því komist að bregðast við því. Mikilvægt er að tryggja þolendum viðeigandi aðstoð og umönnun, bæði lögreglu og starfsfólks heilbrigðisstétta og félagsþjónustu, svo fátt eitt sé nefnt. Þá þurfa dómarar, sækjendur og verjendur að vera meðvitaðir um sérstöðu þessara mála. Gerendur ofbeldis gegn konum þurfa oft einnig á aðstoð að halda. Í samræmi við framkvæmdaáætlun frá árinu 1998 um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var hleypt af stokkunum tilraunaverkefni sem nefndist „Kallað til ábyrgðar". Verkefnið var unnið í samvinnu félmrn., heilbrrn. og karlanefndar Jafnréttisráðs en því lauk á árinu 2001. Nú er til athugunar hjá þessum tveimur ráðuneytum hvernig unnt sé að standa að framhaldi sambærilegra meðferðarúrræða til að aðstoða gerendur ofbeldis gegn konum.

Ísland er aðili að svokallaðri Daphne-verkefnaáætlun sem Evrópusambandið, EFTA- og EES-ríki standa að. Um

er að ræða fjögurra ára verkefnaáætlun um aðgerðir til að vinna gegn ofbeldi gagnvart konum, ungmennum og börnum en það hófst árið 2000. Meginmarkmiðið er að hvetja til framkvæmda við verkefni sem ætlað er að vernda börn, ungmenni og konur fyrir hvers konar ofbeldi og efla stuðning við þolendur ofbeldis til að stuðla megi að bættri líkamlegri og andlegri velferð þessara hópa. Áhersla er m.a. lögð á samskiptanet þeirra sem vinna að þessum málum, upplýsingamiðlun um samhæfingu aðgerða, samvinnu milli landa og því að gera almenning meðvitaðri um tilvist ofbeldis í umhverfi sínu. Árlega er unnt að sækja um styrki fyrir verkefni en umsóknarfrestur í ár rennur út þann 26. apríl nk.

Þá hefur fulltrúi Jafnréttisstofu tekið þátt í vestnorrænum vinnuhópi sem er að vinna tillögur að þverfaglegum aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi, bæði innan lands og í samvinnu landanna þriggja.

Að auki tökum við þátt í vinnuhópi norrænu ráðherranefndarinnar og Eystrasaltsríkjanna um upplýsingaherferð um mansal til kynlífsþrælkunar. Vonir standa til að umræddar herferðir hefjist í ríkjunum í næsta mánuði.

Þegar litið er heildstætt á ofbeldi gegn konum liggur ljóst fyrir að margir ólíkir aðilar koma að þessum málum, bæði opinberir og einkaaðilar. Þar er verðugt að nefna hið ötula starf kvennahreyfinga sem hafa lagt málefninu lið, m.a. með stofnun og rekstri Kvennaathvarfs. Til þess að stjórnvöld nái sem mestum árangri í baráttunni verður að telja nauðsynlegt að samhæfa aðgerðir þeirra á ólíkum fagsviðum. Mun ég því beita mér fyrir stofnun samráðsnefndar félmrn., heilbrrn. og menntmrn. ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga svo unnt sé að styrkja þverfaglega samvinnu á þessu sviði. Það er mikilvægt að sveitarfélögin taki virkan þátt í þessu fyrirhugaða samstarfi þar sem íbúarnir eru oft í nánum tengslum við stofnanir þeirra. Óhjákvæmilegt er að meiri nánd sé innan smærri samfélagseininga sem oft gerir þó þolendum ofbeldis erfiðara fyrir þar sem skammartilfinningin getur verið sterkari. Þessu þarf engu að síður að breyta. Þar sem aðrir íbúar sveitarfélagsins eru uppfræddir um ofbeldi gegn konum munu þeir veita þolandanum stuðning fremur en fordæma hann enda er sökin ekki þolandans. Ekki síður mikilvægt er að slík samráðsnefnd efni til náins samstarfs við frjáls félagasamtök sem starfa að málefninu. Þannig er von um að barátta stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi verði á allan hátt markvissari.

Ég þakka fyrir, herra forseti.

[10:46]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir þá munnlegu skýrslu sem hann hefur flutt hér. Það er afar ánægjulegt að fá að ræða málið á þessum degi og ég óska konum þessa lands til hamingju með daginn og okkur hér.

Það er alltaf þörf á því að fara yfir stöðuna í málefnum kvenna. Þau mál eru margþætt og teygja anga sína víða og verða seint útrædd. Við sjáum það á þeim fundum sem haldnir eru víða um borgina og úti um land í dag og á morgun að baráttumálin eru mörg og enn þá er margt ógert þrátt fyrir áratuga baráttu kvenna hér á landi fyrir bættum kjörum og rétti kvenna.

Mál sem eru afar ofarlega í umræðunni eru að sjálfsögðu ofbeldi gegn konum, en það vandamál er stöðugt og varanlegt og mikilvægt að gera þau mál enn sýnilegri en þau eru í dag. Það var afar ánægjulegt á dögunum þegar ungt fólk í landinu kallaði á umræðu á svokölluðum V-degi. Segja má að ný kynslóð sé komin fram á sjónarsviðið með nýjar áherslur og nýja sýn á þessi mál. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá að þar fóru fremst í flokki bæði ungar konur og ungir karlmenn og kannski er löngu tímabært að virkja karlmenn til þessarar baráttu sem nauðsynleg er í jafnalvarlegu máli.

Kynferðislegt ofbeldi er jafnframt angi af þessu sama máli og eru Stígamót með afar áhugaverðan fund á morgun um þau mál. Við hér í þingsölum þekkjum vel til umræðunnar um vændi og vonandi verður ekki langt í það að við getum rætt nýja skýrslu um stöðu þeirra mála hér á landi. Það er beðið eftir henni.

Ekki er það svo að barátta íslenskra kvenna sé öðruvísi en barátta kvenna um allan heim. En vandamál eru að hluta til breytileg allt eftir því hvaða heimshluta við horfum á. UNIFEM á Íslandi vekur sérstaka athygli í dag á stöðu kvenna í Afganistan. Umheimurinn hefur vaknað til meðvitundar og orðið vitni að valdaleysi og kúgun kvenna þar í landi. Talið er að 3% afganskra kvenna séu læs og 16% afganskra kvenna deyja af barnsförum. Það er mikilvægt að alþjóðasamfélagið leggi þessu málefni lið. Við erum hluti af alþjóðasamfélaginu og ég vona að íslenskar konur, af öllum þeim krafti sem í þeim býr, leggi þessu málefni lið.

Við höfum líka fylgst með fréttum af stöðu kvenna á Írlandi, en þar hafa fóstureyðingar verið enn á dagskrá. Konur unnu sigur í gær þegar felldar voru tillögur um enn frekari þrengingar í þessum málum og voru þær þó afar þröngar fyrir. En það var varnarsigur samt og slíkt ber ekki að vanmeta.

Ef við lítum hingað heim á ný virðast vandamál okkar ekki stór í samanburði við það sem hér er reifað, en samt höfum við okkar klassísku vandamál og ber þar hæst launamálin. Launamálin, eins og hæstv. ráðherra hefur reyndar m.a. gert að umtalsefni hér, ætla að verða okkur afar drjúg í umræðunni um stöðu kvenna. Kannski er það svo innprentað í þjóðarsálina máltækið að góðir hlutir gerist hægt að við finnum ekki réttan viðsnúning í baráttunni. Þetta á svo sannarlega við í samhengi við launamun kynjanna.

Í ávarpi frá ASÍ, BSRB, Reykjavíkurborg og fleirum í tilefni dagsins segir m.a., með leyfi forseta:

„Kynbundið launamisrétti er einkenni á íslenskum vinnumarkaði. Konur njóta mun lakari kjara en karlar, þar sem verulegur hluti launamunarins verður eingöngu skýrður með misrétti kynjanna, óháð félagslegum þáttum eins og ólíku vinnuframlagi, mismunandi verðmæti vinnunnar og öðrum ástæðum.

Launamisrétti kynjanna er svartur blettur á íslensku samfélagi sem verður að uppræta. Það er krafa um grundvallarmannréttindi. Jafnréttislögin eru mikilvægt verkfæri í þessari baráttu. Þau setja skýr markmið um launajafnrétti."

Já, mikið rétt. Jafnréttislögin ættu að vera öflugt tæki, en til þess þarf að fylgja þeim öflugt eftir. Við höfum tæki eins og jafnréttisáætlanir sem sannarlega hafa reynst vel, t.d. hjá sveitarfélögum. Það fer minna, einhverra hluta vegna, fyrir þeim hjá ríkinu. Við höfum starfsáætlanir í starfsmannastefnu stofnana sem ættu auðvitað að taka á þáttum eins og fjölskyldustefnu og samþættingu. En er þetta gert í nægilega ríkum mæli? Ég held að þarna mætti verulega gefa í og gera betur.

Það er því miður svo enn í dag að konur búa við margfalt vinnuálag og bera enn stærstan hluta ábyrgðar á fjölskyldulífinu með öllu sem í því felst. Atvinnuþátttaka kvenna á

Íslandi er afar mikil. Hún er um 79–80% á móti 88% karla. Þær vinna að vísu aðeins færri greiddar stundir. En á móti kemur að ábyrgðin er enn á heimilishaldi og barnauppeldi.

Það er hins vegar afar sláandi að sjá tölur um launamuninn sjálfan. Ef skoðað er hlutfall atvinnutekna kvenna af atvinnutekjum karla eru konur með 55% af þeirra launum. Ég segi þetta aftur: 55%. Ef skoðuð eru landsbyggð og höfuðborgarsvæði þá er þetta svona: Konur á landsbyggðinni eru með 49,9% af launum karla, en konur á höfuðborgarsvæðinu 57,9%. Við erum sem sagt enn hálfdrættingar. Þá spyr ég: Er þetta bjóðandi? Hér þarf virkilega að taka til hendinni og ég vil meina að tækin séu til staðar. Það er bara spurning um að nýta þau í ríkari mæli og vilji er kannski allt sem þarf.

Hvað skyldi framlag kvenna til heimilis og uppeldis barna vera margar vinnustundir á mánuði? Hvernig skyldi þetta hlutfall líta út í samanburði við framlag karla? Ég held að þetta hafi því miður ekki breyst mikið í áranna rás. Ekki hafa verið gerðar kannanir en það er löngu orðið tímabært að gera langtímarannsókn á þessum þætti til að skoða hvort eitthvað hafi breyst og þá hvernig.

Í sjónmáli eru þrátt fyrir allt ýmis teikn á lofti um að karlar óski eftir að taka meiri ábyrgð á fjölskyldulífi og eru nýju fæðingarorlofslögin eitt af þeim tækjum sem koma verulega að gagni þar, vil ég meina. Einnig sjáum við að almenni vinnumarkaðurinn er líka að setja sér sínar áætlanir og er með virka fjölskyldustefnu og kannski vilja karlmenn fá nýja sýn, aðra en feður þeirra höfðu, og er það ekki slæmt.

Lilja Mósesdóttir hagfræðingur hefur tekið saman eftirfarandi upplýsingar um hlutfall á vinnuframlagi íslenskra kvenna miðað við stallsystur okkar í Evrópu. Þar kemur fram að íslenskar konur eru með 80% vinnuþátttöku, eins og ég sagði áður, á móti 55% evrópskra kvenna. Ef íslenskar konur mundu vera með sama vinnuframlag og kynsystur þeirra í Evrópu, þýddi það 16% kjaraskerðingu og í krónum talið fyrir árið 1999 þýddi þetta 366.309 kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu. Slíkt er framlag okkar kvenna. Ekki er það metið til launa, því miður, né vinnuframlagið til samfélagsins.

Það er staðreynd að framlag íslenskra kvenna og atvinnuþátttaka er mjög mikil og konur vinna mikið. Með því að launa körlum stöðugt betur má segja að karlar séu í sérmeðferð og þurfum við því ekki að láta af þessari jákvæðu mismunun gagnvart þeim. Það hefur oft verið talað um jákvæða mismunun gagnvart konum. En er þetta ekki of jákvæð mismunun gagnvart körlum?

Að þessu sögðu blasir við að spyrja hæstv. félmrh. einungis einnar spurningar og væri gott að fá svar við henni. Mun félmrh. beita sér sérstaklega fyrir því að vinna gegn þeim launamun sem hér um ræðir? Ef svarið er játandi, sem ég vona, þá hvernig?

[10:54]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Í dag höldum við hátíðlegan alþjóðlegan baráttudag kvenna sem var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1911. Þegar við stöndum hér í dag, árið 2002, ber okkur að horfa aðeins til baka og líta á það sem hefur gerst um leið og við horfum til framtíðar.

Því hefur oft verið haldið fram að íslenskar konur hafi verið seinar til að krefjast aukinna réttinda sér til handa. En þessu er ekki alveg þannig farið og má geta þess að fyrstu félög kvenna á Íslandi voru stofnuð á Norðurlandi. Það fyrsta var stofnað í Ríðurhreppi árið 1869 og er það elsta starfandi félag kvenna í heiminum í dag. Þessi félög stofnuðu konur um hagsmunamál sín og fyrir atbeina þeirra var farið að kenna stúlkum skrift og reikning áratug áður en hið opinbera fór að hafa afskipti af þeim málum. Konur hér á landi voru því óneitanlega snemma á ferðinni og leikur enginn vafi á því að konur höfðu mikil áhrif með ýmsum hætti áður en þær hlutu pólitísk réttindi. Konur sendu Alþingi áskoranir sem fjölluðu einkum um bindindismál, launamál yfirsetukvenna og kvenréttindamál. Í bókinni Veröld sem ég vil eftir Sigríði Th. Erlendsdóttur kemur m.a. fram að Bríet Bjarnhéðinsdóttir varð fyrst kvenna til að skrifa ritgerð sem birtist í blaðinu Fjallkonunni. Bar ritgerðin nafnið: Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna (eftir unga stúlku í Reykjavík). Þetta var í júní 1885. Ekki var nafn Bríetar undir greininni heldur dulnefnið Æsa. Þessi grein er sú fyrsta sem birtist á prenti eftir íslenska konu svo að vitað sé. Í greininni furðar Bríet sig á áhugaleysi kvenna um réttindamál sín og hvetur konur til að afla sér menntunar. Bríet segir:

„Það er vonandi, að konur sjái nú sjálfar, að hér er um heill og réttindi þeirra að tefla, og að þær sitji ekki lengur aðgerðarlausar og horfi þegjandi á, ef einhver ber fram merki þeirra, heldur gangi örugglega fram og berjist við deyfð og doða, ófrelsi og hleypidóma, sem hingað til hafa staðið í vegi fyrir öllum andlegum og verklegum framförum þeirra."

19. júní 1915 staðfesti kongungur stjórnarskrána og þar með grundvallarlög um kosningarrétt kvenna, en áður höfðu konur fengið kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna.

En karlar hafa lagt konum lið í kvennabaráttunni. Í bókinni Um konur og kosningarrétt eftir Gísla Jónsson menntaskólakennara segir frá því að norður á Akureyri sest Matthías Jochumsson upp áttræður og yrkir kvæði er hann nefnir Fullrétti kvenna, en áður hafði Matthías ort ljóð sem heitir Ég veit eina ambátt. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

Í sálarþroska svanna
býr sigur kynslóðanna,
því hver er menning manna,
ef menntun vantar snót?

Menntunin var það fyrsta sem gerðist í réttindabaráttu kvenna og svo sannarlega hafa konur tekið þessari áskorun. Þær hafa menntað sig og meiri hluti stúdenta í háskólanum er konur.

Herra forseti. Á síðustu árum hefur mikill árangur náðst í jafnréttismálum. Við búum að mínu mati við mjög góð jafnréttislög og nú eru bundnar miklar vonir við fæðingar- og foreldraorlofslögin, þ.e. að þau dragi úr kynbundnum launamun, en þau munu að fullu koma til framkvæmda um næstu áramót. Þeim er ætlað að jafna foreldraábyrgð og þá um leið að jafna stöðu foreldra á vinnumarkaði.

Hlutur kvenna hefur aukist á flestum sviðum þjóðfélagsins. Hlutur kvenna á þingi er nú 36,5% en var 25% á síðasta kjörtímabili. Nefnd kvenna um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur staðið fyrir auglýsingaherferð sem ætluð er til þess að hvetja konur til að gefa kost á sér í komandi sveitarstjórnarkosningum. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hér á landi er 28,2%. Staðan hefur batnað til muna á síðustu áratugum, en hlutfall kvenna í sveitarstjórnum var 12,4% árið 1982 og er núna 28,2%. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum á Norðurlöndum er mjög svipað og hér á landi. Hlutfall kvenna í Svíþjóð er þó meira. Það er 41,6%. En í Suður-Evrópu er það í kringum 5–7%.

Í 15 sveitarfélögum á landinu er engin kona í sveitarstjórn. Nú er tækifæri þegar verið er að stilla upp á lista eða kjósa

til sveitarstjórna í vor til að bæta þar verulega úr. Enginn listi ætti að koma fram til sveitarstjórnar án þess að þar sé kona nema að engin kona sé í sveitarfélaginu. Því miður er orðið æ erfiðara að fá fólk til þess að sinna þessum störfum, bæði konur og karla, ekki síst í smærri sveitarfélögum því að verkefnin eru orðin viðameiri og launin eru ekki há fyrir þá vinnu.

Í upphafi aldarinnar börðust konur fyrir æ hærri launum, bættum aðbúnaði á vinnustöðum og kosningarrétti. Kjör kvenna á Vesturlöndum hafa mikið breyst síðan þá, en samt sem áður hafa konur ekki náð sömu launum og karlar.

Í svari fjmrh. til hv. varaþm. Stefáníu Óskarsdóttur kemur fram að meðaltekjur framteljanda voru um 173 þús. kr. á mánuði. Meðaltekjur karla voru 217 þús. kr. og meðaltekjur kvenna 130 þús. kr.

Jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði er hagsmunamál samfélagsins alls. Þjóðfélagið er í örri þróun og þarf á öllum vinnandi höndum að halda til að halda við þeirri velmegun sem við viljum búa við. Þjóðfélagið kallar eftir nýjum þegnum og atvinnulífið eftir hugviti og sérhæfðara vinnuframlagi. Á Íslandi eru rúm 80% kvenna í vinnu og er það meira en víðast annars staðar í hinum vestræna heimi. Mikilvægi fjölskyldulífs og samspil þess við atvinnulífið gerir kröfu til þess að bæði konum og körlum séu sköpuð sömu skilyrði. Við verðum að uppræta launamun karla og kvenna.

Ég óska okkur öllum til hamingju með daginn.

[11:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Já, til hamingju með 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna. Þegar þingmenn koma til umræðu á þessum degi um jafnréttismál og stöðu kvenna er úr vöndu að ráða því að af mörgu er að taka. Um hvað ætti maður að fjalla? hugsaði í gærkvöldi sú sem hér stendur þegar til átti að taka. Ætlarðu að semja ræðu? Eigum við að fjalla um þá staðreynd að 97% kvenna í Afganistan eru ólæs, í kannski stríðshrjáðasta landi heims í dag? Eigum við að fjalla um stöðu kvenna í Afríku, um alnæmisplágunа sem kemur skelfilega niður á afrískum konum og börnum? Eigum við að fjalla um misrétti sem konur verða fyrir vegna fjölþjóðlegra fyrirtækja í þriðja heiminum sem starfa undir merkjum alþjóðavæðingar? Eða eigum við að fjalla um réttindi vændiskvenna, réttleysi þeirra öllu heldur? Eigum við að fjalla um veruleika íslenskra vændiskvenna? Eigum við að fara að kröfu UNIFEM, fara í aðgerðir og ganga til þess að reyna að láta kröfur af þessu tagi hljóma hátt, berast víða og ná einhverjum árangri eða eigum við kannski að ganga út frá umræðunni sem er vakin í Morgunblaðinu í dag og lýst í grein á baksíðu þar sem fjallað er um mismunandi viðhorf drengja og stúlkna í íslensku samfélagi til kynlífs? Það er afar merkileg umfjöllun sem leiðir í ljós að ungar stúlkur verða fyrir sífellt meiri þrýstingi frá drengjum, körlum, samfélaginu um að láta undan, vera þokkafullar, hefja snemma kynlíf og taka þátt í þvinguðum kynlífsathöfnum.

Hér er afar merkilegum hlutum hreyft, herra forseti. En hér í okkar eigin ranni er nú mjög mikil umræða um launamun. Við þekkjum öll að umræðan um þann málaflokk hefur verið yfirgripsmikil og við höfum farið víða. Umræðan um jafnan rétt karla og kvenna á Íslandi hefur verið umfangsmikil og gripið hefur verið til margra aðgerða. Við þekkjum kenningar um límgólf og glerþök. Við vitum heilmargt um það hvernig samþætta á jafnréttismálin við aðra málaflokka. Við höfum gert stórátak í fæðingarorlofsmálum með því að koma á fæðingarorlofi fyrir feður. Við höfum sett lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Okkur hefur tekist að stytta biðlista eftir leikskólaplássum og skóladagar yngstu barnanna eru orðnir samfelldari en áður. Við höfum stofnað fjölskylduráð, við höfum Jafnréttisstofu, fjölda nefnda og ráða um jafnréttismál, bæði á vettvangi atvinnulífsins og opinberra aðila, og við þekkjum öll nefndina um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum. Við vitum að sveitarfélög og fyrirtæki hafa í auknum mæli sett sér framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum. Við tökum þátt í erlendu samstarfi á sviði jafnréttismála, eigum aðild að norrænum nefndum, t.d. nefndinni um samþættingu jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð. Við höfum haldið ótal námskeið og erum með enn fleira á prjónunum.

Nú í dag, 8. mars, á baráttudegi kvenna heyrum við hæstv. félmrh. Pál Pétursson segja að markmið stjórnvalda sé að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Hæstv. ráðherra segir þjóðinni að hann vonist til þess að okkar nýja og öfluga löggjöf stuðli að auknu jafnrétti kynjanna.

Ég minnist þess, herra forseti, að hafa lesið bók sem heitir „Þegar vonin ein er eftir". Þessi titill kom mér í hug þegar ég hlustaði á ræðu hæstv. ráðherra og lái mér hver sem vill, herra forseti, að ég er ekkert sérlega vongóð. Hæstv. ráðherra tók svo til orða þegar hann fjallaði um fæðingarorlof feðra: „Flestir nýbakaðir feður tóku mánuðinn sinn á árinu 2001." Og hvað? Eru þeir lausir allra mála þegar þeir eru búnir að taka „mánuðinn sinn"? Þá getur konan haldið áfram að vera heima með barnið á meðan það þarf mest á umönnun foreldra sinna að halda, helst í tvö ár, a.m.k. eitt, og svo þegar hún getur aftur farið að huga að atvinnumöguleikum sínum blasir við henni blákaldur raunveruleikinn. Með því að ala barn í þennan heim og annast það á viðkvæmasta skeiði hafa möguleikar hennar til frekari starfsframa verið skertir verulega. Vinnukraftur hennar hefur verið gengisfelldur og allar tilraunir hennar til að ná því að vera jafngóð fyrirvinna og maðurinn hennar eru dæmdar til að mistakast. Svo heyrir þessi kona hæstv. félmrh. segja að stjórnin vilji eyða kynbundnum launamun. Hvað á þessi unga kona að gera? Kjósa Framsfl. í næstu kosningum?

Herra forseti. Á málþingi um launamun kynjanna sem haldið var á vegum félmrh., Vinnumálastofnunar, Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu fyrir rúmri viku var flutt ansi vekjandi erindi um rauðu strikin í fjölskyldulífinu. Valgerður Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri fjölskylduráðs, hélt þetta erindi og hún lýsti þar þeirri skoðun sinni að það ættu að vera til jafnskýrt skilgreind hættumörk á sviðum tengdum fjölskyldumálum og við höfum gagnvart verðbólgu og kjarasamningum. Það væri hollt fyrir ríkisstjórnina að lesa erindi Valgerðar sem er að finna á heimasíðu félmrn. Það hristir upp í manni að lesa um fólkið sem „þegir, þraukar og þolir". Sérstaklega er athyglisverð umfjöllun hennar um goðsögnina um fjarvistir mæðra en það hefur sem sagt komið í ljós að frá árinu 1996 mælist enginn munur á fjarvistum mæðra og barnlausra kvenna eða karla, og segir Valgerður orðrétt í erindi sínu, með leyfi forseta:

„Það þarf sem sagt ekki lengur að óttast að mæður séu meira frá vinnu en aðrir, móðurábyrgðin eða ábyrgðarkvöðin truflar ekki vinnuframlagið með fjarvistum, og þessi staðreynd hlýtur að kalla á leiðréttingu launa og auðveldari starfsframa fyrir mæður og aðrar konur en nú er."

Já, herra forseti, það skyldi maður ætla. Enn eitt atriði þar sem við getum huggað okkur við vonina sem hæstv. félmrh. talaði um í ræðu sinni.

Herra forseti. Kannski fáum við aukna von um þetta allt með vorinu því að þá kemur fram skýrsla hæstv. ráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Vonandi kemur hún fram í vor og vonandi kemur jafnréttisáætlunin í haust. Svo fáum við vonandi þverfaglega samráðsnefnd einhvern tíma, vonandi sem fyrst. Já, herra forseti. Hvatning hæstv. ráðherra gengur út á að við höldum í vonina um að bráðum komi betri tíð með blóm í haga. En ég heiti á okkur hér í þessum sal og þá þingmenn sem á eftir okkur koma að tryggja það með aðferðum sem duga að ekki líði önnur 40 ár, hlaðin kynjamisrétti af því tagi sem við höfum búið við frá því að krafan um jafnan rétt karla og kvenna kom fyrst inn í íslensk lög.

[11:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls óska okkur til hamingju með þennan dag, og sérstaklega íslenskum konum. Það er vel við hæfi að félmrh. skuli í dag, á alþjóðabaráttudegi kvenna, leggja fram skýrslu um jafnréttismál. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er yfir 80% á vinnumarkaðnum. Efnahagur landsins væri allur annar og verri ef konur væru ekki svo virkar á vinnumarkaði sem raun ber vitni.

Ég vil nota þetta tækifæri og gera nokkra grein fyrir stefnu og störfum Frjálslynda flokksins í jafnréttismálum. Á landsþingi Frjálslynda flokksins árið 2000 var skipuð sérstök jafnréttisnefnd flokksins og á næsta þingi þar á eftir lagði sú nefnd fram tillögu að jafnréttisáætlun flokksins. Í slíkri áætlun felst viðurkennig á því að nauðsynlegt sé að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til að raunverulegt jafnrétti og jöfn staða kvenna og karla náist. Auk þess sem hlutverk jafnréttisnefndar flokksins er skilgreint er enn fremur í jafnréttisáætluninni, með leyfi forseta, svohljóðandi:

„Áætlun og markmið jafnréttisáætlunar fyrir stjórnmálaflokk þarf að vera samin með hliðsjón af aðstæðum innan flokksins og er ætlað að bæta hag flokksins og flokksfélaga. Jafnréttisáætlunin skal styðja jafnrétti innan flokksins."

Síðan eru talin upp fimm markmið, svohljóðandi:

„Vinna að jafnrétti kvenna og karla verði skipulögð og markviss. Markmiðin séu skýr þáttur í heildarstefnu flokksins. Unnt verði að meta árangur. Unnt verði að koma með úrbætur ef fyrirhugaðar aðgerðir skila ekki árangri. Jafnrétti og jöfn staða kynjanna stuðli að réttlátri skiptingu valda og áhrifa.

Landsþing Frjálslynda flokksins, sem haldið var í Reykjavík 19. og 20. jan. árið 2001, lýsir þeim vilja sínum að jafna stöðu karla og kvenna á vettvangi stjórnmálanna með sérstökum aðgerðum. Í því skyni þarf að auka hlut kvenna. Áætlunin kveður á um það hvernig Frjálslyndi flokkurinn getur unnið að jafnrétti kvenna og karla í stjórnmálum. Markmiðið er að ná jafnri þátttöku kvenna og karla í starfi á vegum flokksins í ákvarðanatöku og í ábyrgð."

Síðan segir á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Við skipan í nefndir og starfshópa og stjórnir á vegum flokksins skal leitast við að hlutföll kynja séu sem jöfnust. Við röðun á framboðslista skal reynt að tryggja að hlutur kynjanna verði sem jafnastur í fulltrúatölu á Alþingi og í sveitarstjórnum. Þessi tillaga að jafnréttisáætlun var samþykkt einróma. Frjálslyndi flokkurinn telur mikilvægt að auka hlut kvenna innan flokksins vegna þess að jafn hlutur kynja við ákvarðanatöku í þjóðfélaginu er eitt af grundvallaratriðum lýðræðisins. Mikilvægar ákvarðanir í þjóðfélaginu skulu teknar af konum jafnt sem körlum. Það er því brýnt að konur hasli sér völl til jafns við karla í stjórnmálum, bæði hvað varðar sæti á framboðslistum sem og önnur ábyrgðarstörf."

Í stefnuskrá Frjálslynda flokksins segir enn fremur að flokkurinn vilji jafna laun karla og kvenna og gera jafnréttisfræðslu að skyldunámsgrein í skólum.

Herra forseti. Enn þá er mikill kynbundinn launamunur til staðar því að í upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun í nóvember 2001 voru meðaltekjur kvenna aðeins 55,3% af tekjum karla. Baráttan fyrir auknu launajafnrétti er því afar mikilvæg.

Í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna í dag hafa ASÍ, BSRB og SÍB ásamt Jafnréttisstofu, Kvenréttindafélagi Íslands og Reykjavíkurborg sameinast um sérstakt ávarp með yfirskriftinni „Framlag kvenna gerir gæfumuninn". Í ávarpinu er vakin athygli á mikilvægu framlagi kvenna á vinnumarkaði til hagsældar hér á landi. Í aðalávarpinu segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Bent er á þann kynbundna launamun sem er til staðar og áréttað mikilvægi baráttunnar fyrir launajafnrétti. Þess er krafist að vinnutími sé hóflegur og starfsskilyrði og vinnuskipulag taki tillit til hagsmuna kvenna á vinnumarkaði. Þá er þess krafist að samfélagið virði og meti mikilvægi framlags kvenna á vinnumarkaði og mæti þeim þörfum sem almenn atvinnuþátttaka kvenna skapar."

Fulltrúi Frjálslynda flokksins, Margrét Sverrisdóttir, á sæti í nefnd þeirri sem félmrh. skipaði árið 1998 um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin hefur eins og félmrh. gat um í skýrslu sinni staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, t.d. með því að halda námskeið og fræðslufundi víða um land og standa að auglýsingaherferðum fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar og gefa út fræðsluefni auk þess að eiga samstarf við aðra aðila sem vinna að sama markmiði.

En hver er staða kvenna í stjórnmálum á Íslandi? Hlutur kvenna á Alþingi var 25% eftir kosningarnar 1995, varð 35% eftir kosningar til Alþingis 1999 og er núna 36,5%. Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar var hlutur kvenna í sveitarstjórnum aðeins 29%. Af 124 sveitarfélögum var hlutfallið þannig að 16 sveitarstjórnir voru eingöngu skipaðar körlum og í 56 sveitarstjórnum átti aðeins ein kona sæti. Af þessu má ráða að enn frekar þarf að vinna að jafnri þátttöku kynjanna í stjórnmálum.

Frjálslyndi flokkurinn árnar kvenþjóðinni heilla á þessum baráttudegi.

[11:15]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Í upphafi máls míns óska ég öllum til hamingju á alþjóðlegum baráttudegi kvenna sem er í dag. Það er viðeigandi að fá tækifæri til að ræða hér á Alþingi stöðu jafnréttismála almennt og ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þá skýrslu sem hann flutti hér.

Til marks um áherslur ríkisstjórnarinnar og hæstv. félmrh. í jafnréttismálum hafa á þessu kjörtímabili verið samþykkt nokkur lög sem miða að því að auka jafnrétti kynjanna í samfélagi okkar. Sem dæmi um það eru lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna og síðast en ekki síst lög um fæðingar- og foreldraorlof. Öll þessi lög miða

að jafnrétti kynjanna og því ber að fagna. En fleira mætti auðvitað telja.

Eins og fram kom í skýrslu hæstv. félmrh. er mikið starf í gangi í stjórnkerfinu sem miðar að því að ná fram jafnrétti kynjanna og byggir það m.a. á nýju jafnréttislögunum. Ég tel ástæðu til að vekja sérstaka athygli á því að verið er að koma upp atvinnu- og jafnréttisfulltrúum á landsbyggðinni, m.a. til að vinna að bættri stöðu kvenna á vinnumarkaði á landsbyggðinni. Þó svo áratugir séu síðan íslensk lög kváðu fyrst á um launajafnrétti kynjanna viðgengst enn þá launamisrétti hér á landi. Það liggur fyrir að við þurfum að taka okkur verulega á til að ná þeim sjálfsögðu markmiðum sem felast í launajafnrétti kynjanna. Þar verða allir að leggjast á eitt. Það sem veldur ekki síður áhyggjum er sá búsetubundni launamunur sem fram er kominn hér á landi. Samhliða því að kynbundinn launamunur hefur þrátt fyrir allt minnkað er ljóst að búsetubundinn launamunur hefur aukist mjög að undanförnu. Það er því full ástæða til að beina sjónum sérstaklega að þeirri þróun í umfjölluninni um kynbundinn launamun.

Nýleg lög um fæðingar- og foreldraorlof munu valda ákveðnum þáttaskilum varðandi jafnrétti kynjanna og stöðu fjölskyldna í samfélagi okkar. Meðal þess sem felst í þeirri löggjöf er að jafnframt því að jafna stöðu foreldra á vinnumarkaði mun foreldraábyrgð jafnast. Það er mikið framfaraspor og er mikilvægt innlegg til að bæta stöðu fjölskyldna og mun það án efa leiða til fjölskylduvænna samfélags þegar fram líður.

Herra forseti. Umræða og vinna okkar að jafnrétti kynjanna er ekki og á ekki að vera bundin eingöngu við Ísland. Í skýrslu hæstv. félmrh. kom m.a. fram að á alþjóðlegum vettvangi hefur íslenskum stjórnvöldum verið hrósað fyrir að margt hafi áunnist í jafnréttisátt hjá okkur á síðustu árum. Í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði fáum við nauðsynlegan samanburð við aðrar þjóðir og jafnframt nauðsynlegt aðhald til þess að halda áfram á okkar braut. Á alþjóðavettvangi verður að halda uppi umræðu og aðgerðum til þess að berjast gegn ofbeldi gegn konum og börnum. Við Íslendingar eigum að gera okkur gildandi í þeirri umræðu hvar sem við komum því við í alþjóðlegu samstarfi.

Í þessu sambandi vek ég athygli á þeirri áherslu sem þingmannanefnd ÖSE leggur og mun leggja á málefni kvenna og barna. Á vettvangi ÖSE munum við leggja sérstaka áherslu á mannréttindi kvenna og barna og baráttu gegn mansali. Tengist það m.a. baráttunni gegn kynlífsiðnaðinum sem breiðist út nánast eins og eldur í sinu um okkar heimshluta og felur í sér ofbeldi og niðurlægingu kvenna og barna.

Hér á Íslandi höfum við orðið vör við þróun kynlífsiðnaðarins með beinum og óbeinum hætti. Því miður virðist mikil eftirspurn vera fyrir hendi og nægir þar að nefna nektardansstaðina sem sprottið hafa upp á síðustu árum. Þessu fylgja óæskilegar fyrirmyndir sem við viljum ekki að blasi við æsku landsins. Slíkt hefur vond áhrif á stöðu kvenna eins og reynsla annarra þjóða sýnir.

Ástæða er til að vekja athygli á þeirri yfirlýsingu sem fram kom hjá hæstv. félmrh. að hann muni beita sér fyrir stofnun samráðsnefndar ráðuneyta og sveitarfélaga með atbeina félagasamtaka til þess að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Þau markmið sem fram koma í skýrslu hæstv. félmrh. og lúta að þessum málum fela í sér að íslensk stjórnvöld ætla sér að berjast gegn kynbundnu ofbeldi á markvissan hátt og því ber að fagna.

[11:19]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Með óbreyttum hraða munu 114 ár líða þar til tekjur karla og kvenna á Íslandi verða þær sömu, þ.e. sömu laun fyrir sambærilega vinnu, ef mið er tekið af þeim breytingum sem orðið hafa á þeim vettvangi á síðustu 20 árum. Ég minnist þess að í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar 1995 var mikið rætt um skýrslu um kynbundinn launamun sem þá var ný. Nú, sjö árum síðar, virðist lítið hafa breyst til batnaðar í þeim efnum. Þá ræddu ráðamenn þjóðarinnar um viðhorfsbreytinguna svokölluðu sem væri nauðsynleg. Hvar er hún, herra forseti? Enn situr sama ríkisstjórnin, sami forsrh. og sami hæstv. félmrh. Enn hreyfist barátta kvenna fyrir sömu launum fyrir sömu störf með hraða snigilsins í íslensku samfélagi. Sporslurnar, bílastyrkirnir, óunnin yfirvinna o.þ.h. fer að stærstum hluta til karla. Launaleynd á vinnumarkaði kemur körlum helst til góða. Þeir hafa forskotið. Þeir bera sig saman. Laun þeirra eru ekki leyndarmál þeirra á milli. Niðurstaðan er þeim í hag.

Gamaldags viðhorf til kvenna á vinnumarkaði eru því miður enn ríkjandi og goðsagnirnar lifa góðu lífi, samanber þá að konur séu meira frá vinnu vegna veikinda barna. Vonir hafa verið bundnar við ný fæðingarorlofslög. Nú er það svo, herra forseti, að karlmenn eru að verða jafnóstabíll vinnukraftur, eins og það hefur stundum verið orðað, og konur og það verður fróðlegt að fylgjast með þróuninni, herra forseti, þegar atvinnurekendur verða áreiðanlega áþreifanlega varir við þá staðreynd að karlmenn eru í barneign svo að segja allt sitt líf. Samfélagsgerðin er slík að enn raða konur sér í hlutastörf í stað þess að vinnuálagið, bæði á vinnumarkaði og inni á heimilum, sé jafnara.

Herra forseti. Það er fáar konur að finna í efstu lögum samfélagsins. Þær eru ekki forstjórar fyrirtækjanna. Þær eru ekki framkvæmdastjórar þeirra heldur. Þær eru ekki í stjórnum stóru fyrirtækjanna á Íslandi, nema í örfáum undantekningartilfellum.

Yfirlit tímaritsins Frjálsrar verslunar yfir tekjur 2.100 Íslendinga á síðasta ári er skyldulesning fyrir þá sem vilja gera sér grein fyrir stöðu kvenna í íslensku samfélagi árið 2002 með tilliti til launakjara. Í þessu yfirliti, þó að það sé unnið með handahófskenndum hætti, ég geri mér grein fyrir því, kemur skýrt fram að milljónkrónamennirnir á Íslandi eru karlmenn. Það er varla konu að finna í þeim hópi. Þær eru teljandi á fingrum annarrar handar, herra forseti. (**ÖJ:** Milljón á mánuði?) Já, ég er að tala um milljón á mánuði, herra forseti, það kemur skýrt fram í yfirlitinu.

Kynjagleraugna er þörf við allar ákvarðanir sem eru teknar á hinu háa Alþingi og við allar ákvarðanir framkvæmdarvaldsins, við fjárlagagerðina, við setningu skattalöggjafar, við vegáætlun, við ákvarðanir um umhverfis- og öryggismál og svo mætti lengi áfram telja. Það er nefnilega þannig að það er ekki nóg að vona, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir tók fram hér áðan. Það þarf skýra stefnu og stefnumörkunin er í höndum þeirra sem með valdið fara, höndum hins háa Alþingis, í höndum hæstv. ríkisstjórnar. Án kynjagleraugnanna, herra forseti, erum við í raun blind á það samfélag sem við búum í.

[11:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að óska konum eða karlmönnum til hamingju með daginn, alþjóðlegan baráttudag

kvenna. Ég vildi svo gjarnan að við þyrftum ekki að hafa svona dag, en því miður þurfum við að hafa þennan dag vegna hræðilegrar stöðu kvenna víða um heim og líka hér á landi.

Hvers vegna viljum við jafnrétti? Það er í fyrsta lagi réttlætismál. Við karlmenn viljum að mæður okkar, konur, systur og dætur séu ekki meðhöndlaðar eins og annars flokks fólk. En við viljum líka nýta allra krafta. Og jafnrétti snýst um að hæfasti einstaklingurinn fái stöðu, þannig að jafnrétti þýðir að við ætlum að nýta alla krafta þjóðfélagsins. Við ætlum ekki bara að ráða óhæfari karlmann sem skaðar þjóðfélagið, þannig að jafnréttismál er ekki bara réttlætismál, það er líka efnahagsmál. Jafnréttisbarátta er ekkert einkamál kvenna, langt í frá.

Herra forseti. Hver er raunveruleikinn? Lítum á aðalfund Seðlabankans. Ég skora á menn. Lítið á aðalfund Seðlabankans. Þar eru nánast eingöngu karlmenn sem segir mér að það er ekki bara að mismunandi laun séu fyrir sama starf heldur fá konur ekki æðstu stöður í þjóðfélaginu.

Könnun VR, sem er stærsta verkalýðsfélagið í landinu og sennilega stærsta kvennaverkalýðsfélag í landinu, hefur sýnt að mikill munur er á kjörum karla og kvenna og þeir hafa reyndar birt mjög athyglisverðar auglýsingar til að hvetja konur til að krefjast réttra launa.

Við höfum sett sömu lög fyrir karla og konur, að öllu leyti. Við erum með alls konar jafnréttisáætlanir og þvílíkt. Ég hef enga trú á slíku. Það eru aðrar ástæður fyrir mismuninum. Það eru t.d. fordómar. Karlar gegn konum. Það eru fordómar kvenna gegn konum. Og það eru fordómar kvenna gegn sjálfum sér. Þær vantar ímyndir. Þær vantar fyrirmyndir. En það er líka, sem ég tel að sé aðalástæðan, skortur á kröfu um arðsemi. Það vantar að krefjast arðsemi í fyrirtækjum. Af hverju getum við frekar ráðið óhæfari karlmenn en hæfari konur?

Hér hefur verið nefnt samband jafnréttis og fæðingarorlofs. Það er mjög mikilvægt að gera karla jafndýra og konur og jafnvíga á vinnumarkaði. En það þarf meira til. Ég held að það þurfi að skoða kröfuna um arðsemina og þar kemur inn í verðbréfamarkaðurinn, sem gerir kröfu um arðsemi. Þar kemur inn í einkavæðing o.s.frv. þar sem gerð er krafa um arðsemi þar sem krafist er þess að hver starfsmaður skili fullu starfi, þ.e. að alltaf sé ráðinn hæfasti einstaklingurinn í hvert starf. Það er krafan um arðsemi. Þar sé ég einmitt hlutabréfamarkaðinn sem þátt í því að koma að jafnrétti kynjanna.

En við þurfum líka að breyta sambandinu á heimilunum, t.d. með afstöðu til heimilisstarfa, jafnrétti í uppeldi. Er drengjum kennt að skúra til dæmis? Er þeim kennt að þrífa klósett? Það efast ég um.

Herra forseti. Hvað mundi ég ráðleggja ungum konum til að ná vopnum sínum í starfi og í stjórnmálum? — Stefndu á að verða deildarstjóri, forstjóri, ræktaðu hæfileika þína og trúðu á þá. Í stjórnmálum skaltu sérhæfa þig í sérstökum karlamálum, sérstaklega fiskveiðistjórn, fjármálum, efnahagsmálum, skattamálum, skrifa greinar, alltaf ein, aldrei með öðrum. Sýndu hugrekki í starfi þínu með því að verða deildarstjóri eða fara í pólitík þó að þig vanti fyrirmyndir. Og ef þú ætlar í pólitík, þá skaltu byrja á því að velja þér góðan flokk. Ég get mælt með einum.

[11:27]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég held áfram þar sem síðasti ræðumaður lauk máli sínu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er stjórnmálaflokkur sem byggir á hugsjónum jöfnuðar, kvenfrelsis og umhverfisverndar. Kyndbundið jafnræði, heilbrigt umhverfi og félagslegt réttlæti eru lykilhugtök sem við byggjum stefnu okkar á. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur þá sýn og vill sjá samfélag þar sem gagnkvæm virðing ríkir milli einstaklinga og hver og einn fær sem mestu ráðið um eigið líf. Mannréttindi og grundvallarfrelsi hvers einstaklings á að vera réttur hans frá vöggu til grafar. Breytt efnahagsskipan alþjóðasamfélagsins nægir ein sér ekki til að ná þessu markmiði. Það verður einnig að vinna bug á kúgun og undirokun kvenna í öllum samfélögum. Á því augnabliki sem við fæðumst eða þegar vitað er um kyn okkar ófæddra erum við líffræðilega ákvörðuð sem kvenkyns eða karlkyns. En frá sömu stundu byrjum við að mótast sem félagsverur. Við fáum félagslegt kyn. Við verðum að konum eða körlum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð lítur ekki á það sem vandamál hvað kynin eru ólík, þvert á móti. En það eru hinar neikvæðu afleiðingar þessa mismunar sem við höfnum og berjumst gegn. Ólíkt þarf ekki að vera það sama og ójafnt. Íslenskur réttur hvílir á þeirri reglu að allir skuli jafnir fyrir lögum óháð kynferði og jöfn staða kynjanna hefur verið stjórnarskrárbundin síðan 1995. Auk þess hafa verið í gildi sérstök jafnréttislög frá árinu 1976. Vissulega eru þetta mikilvæg skref. En alvarlegustu skilaboðin eru þau að kynbundin mismunun er raunveruleiki og það hallar á konur og við hér á Alþingi neyðumst til að setja lög um það sem flestum eða öllum okkar finnst sjálfsagt og eðlilegt. Það eru hin alvarlegu skilaboð til okkar í dag.

Ef litið er á kynbundna stöðu einstaklinganna er ljóst að konur eru mun háðari fjölbreyttu og þróuðu velferðarkerfi en karlar. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi er góð félagsleg þjónusta forsenda þess að stúlkur og konur geti sótt menntun, stundað launavinnu og verið efnalega sjálfstæðar. Og hin síðari er að opinbera velferðarkerfið er stærsti vinnuveitandi kvenna. Þar sinna konur miklu af þeirri ósýnilegu vinnu sem þær áður unnu inni á heimilunum í stórfjölskyldusamfélaginu þar sem launagreiðslur skiptu ekki sama máli og nú eða launatekjur deildu fólki ekki í virðingarstiga. Þessi ósýnilega vinna og ábyrgð inni á heimilunum er þó áfram mikilvægur hornsteinn í öllum fjölskyldusamfélögum.

Herra forseti. Skref fyrir skref höfum við unnið áfram sigra en allar aðgerðir stjórnvalda til að rýra hlut og stöðu velferðarkerfisins eru skref aftur á bak. Margt bendir nú til að grundvelli velferðarkerfisins standi ógn af hugmyndum og aðgerðum sem munu auka mun milli ríkra og fátækra í samfélaginu. Háværar kröfur eru uppi um aukna hagræðingu og arðsemi fjármagnsins og einkavæðingu í velferðarþjónustunni. En niðurskurður í velferðarkerfinu hefur óhjákvæmilega áhrif á stöðu kvenna og hann mun leiða til lakari þjónustu og gera konum erfiðara að sameina launavinnu, umönnun barna og annarra fjölskyldumeðlima sem þurfa á umönnun að halda. Einkavæðingu velferðarkerfisins verður að stöðva því hún er ein mesta ógn kvenfrelsis á Íslandi.

[11:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í skýrslu þeirri sem hæstv. félmrh. flutti okkur í upphafi umræðunnar vék hann m.a. að sveitarstjórnum og sagði að þær þyrftu að leggja aukna áherslu á jafnréttismál. Ég tek undir það heils hugar, virkileg þörf er á því að í sveitarstjórnunum verði hlutur kvenna efldur.

Launamunur milli karla og kvenna er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hann er undir 50% af launum karla eins og fram hefur komið í umræðunum. Búsetubundinn launamunur fer vaxandi eins og hæstv. félmrh. vék að í skýrslu sinni, og samkvæmt upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd fer kynbundinn launamunur minnkandi en búsetubundinn launamunur eykst sem sagt mjög ört. Er athyglisvert að í upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd er þessi munur á öllum viðmiðunarhópum nema sérfræðingum, en hann fer að auki vaxandi og núna eru laun 10–20% lægri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Þessi þróun er að mínu viti afar hættuleg og gæti aukið á fólksflutninga frá landsbyggðinni, gæti ýtt undir búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins, og er ekki á bætandi varðandi stöðu landsbyggðar almennt.

Í skýrslu sinni sagði hæstv. félmrh., með leyfi forseta: „Í flestum tilfellum mun þó hlutastarfið vera eigið val konunnar.“ Á landsbyggðinni búa hlutfallslega fleiri eiginkonur sjómanna en á höfuðborgarsvæðinu. Ég lít svo á að eiginkonur sjómanna eigi ekki það val — þótt þær vilji — að taka þátt í atvinnulífinu. Auðvitað getur margt komið til, starf eiginmannsins úti á sjó vikum og mánuðum saman og einnig það hvernig fjölskylda sjómanns og eiginkonunnar er saman sett, þ.e. á hvaða aldri börnin eru. Það fer samt ekki á milli mála að sjómannskonur eiga almennt erfiðara með að taka þátt í atvinnulífinu en eiginkonur þeirra sem í landi starfa. Það er mun auðveldara fyrir hjón ef bæði vinna landvinnu — ég tala nú ekki um ef vinnutíminn er reglulegur, frá átta til fjögur eða níu til fimm — að taka þátt í uppeldi barnanna og skipuleggja málin með þeim hætti að eiginkonan hafi það val að vinna á vinnumarkaði ef hún svo kýs. Þar sem fiskurinn leggur til stóran hluta af tekjum á landsbyggðinni og oft sinna fiskveiðunum menn í hátekjustörfum er það sjálfsagt að hluta til skýringin á þeim launamun sem er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vek svo athygli á því í lok ræðu minnar að í þeim málum sem hafa verið í umræðunni um sérstakan forgang manna til launa í þjóðfélaginu hafa konur ekki verið þátttakendur, t.d. í símamálunum og öðru slíku. Þar hafa karlar leikið aðalhlutverkið.

[11:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka þessa góðu umræðu. Hún hefur yfirleitt verið jákvæð og uppbyggileg þótt kannski séu undantekningar frá því.

Ég leyfi mér að fullyrða að jafnréttisstarf skilar árangri. Við búum hér á landi við betra lagaumhverfi í jafnréttismálum en aðrar þjóðir, erum í fremstu röð í heiminum að því leyti til. Ég nefni fæðingarorlofslögin. Í þeim er, þegar þau eru komin að fullu til framkvæmda, meiri jafnréttishugsun en í löggjöf annarra þjóða. Þar er jafn réttur karla og kvenna til töku fæðingarorlofs og það hlýtur að verða til þess að launamunur minnki. Reynslan sýnir að feður taka fæðingarorlofið. Það vissum við ekki fyrir víst. Þegar við settum lögin vissum við ekki að yfir 90% karla mundu nota sér þann rétt sem þeir fengu og það er mjög mikilvægt. Engin ástæða er til að gera lítið úr því þó að karlarnir taki „mánuðinn sinn“ eins og ég orðaði það í upphafsræðu minni. Atvinnurekandinn veit þegar hann ræður karl að hann getur misst hann í fæðingarorlof ekki síður en konuna.

Við gerum jafnréttisáætlanir, og úr þeim hefur verið gert lítið í umræðunni. Ég er ekki á sama máli. Við erum að skoða hvað hafi gengið fram af þeim verkefnum sem sett voru upp í síðustu jafnréttisáætlun og þau hafa gengið býsna vel fram.

Félmrn. fékk það hlutverk að framkvæma 21 verkefni og við erum vel á vegi með að leysa þau af hendi. Ég nefni sérstaklega tvö eða þrjú af þeim sem við höfum verið að sýsla með. Við höfum sett upp þriggja ára tilraunaverkefni um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra og því var ýtt úr vör af hálfu ráðuneytisins 1998. Meginverkefni ráðgjafans var að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu og jafnréttisráðgjafinn hefur unnið feiknarlega gott starf. Nú erum við að færa þetta starf út um landsbyggðina í samstarfi við Byggðastofnun, og jafnréttisráðgjafar koma í öll kjördæmi.

Við höfum látið vinna verkefni um kynhlutlaust starfsmat. Það var unnið undir forustu hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur. Búið var til módel til að gera kynhlutlaust starfsmat, og það er fyrir hendi. Verkalýðshreyfingin hefur unnið gott starf að jöfnun launa og ég nefni sérstaklega Verslunarmannafélag Reykjavíkur sem hefur verið afar vakandi yfir þessu verkefni.

Ég hef áhyggjur af sveitarstjórnarkosningunum vegna þess að mér sýnist sem það verði örðugt að fá konur til að taka sæti í sveitarstjórnum. Mér sýnist það á þeim listum sem eru að myndast.

Það dregur sem sagt saman með kynjunum. Menntun kvenna er að verða meiri en karla. Starfsval þeirra er reyndar þáttur í þessu. En launamisréttið er ekki eingöngu körlum að kenna. Konur verðleggja vinnu sína ekki með sama hætti og karlar og gildismat þeirra er að einhverju leyti annað en karla.

[11:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var mikil gleði í kvennasókninni á áttunda áratugnum, mörg glerþök voru sprengd. Og konurnar sem það gerðu urðu öðrum konum fyrirmynd í baráttunni. En í dag höldum við á lofti verkum þeirra kvenna sem háðu kvennabaráttu á öldinni sem leið og horfum jafnframt til framtíðar á ný og breytt viðfangsefni.

Ég lít svo á að barátta okkar, kvennanna, í framtíðinni sé tvíþætt, hvergi að láta deigan síga í verkefnum heima fyrir en jafnframt að vinna yfir landamæri. Baráttan á nýrri öld á að vera „konur án landamæra“. Það er gífurleg mismunun kynja í fátækari löndum og stuðningur við sjálfstæði kvenna þar er mikilvægur í öllu uppbyggingarstarfi. Það má segja að stuðningur við konur sé mikilvægasti þáttur allrar þróunaraðstoðar.

Ég kýs að beina sjónum að stöðu kvenna í Afganistan. Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, vakti máls á kúgun þeirra í utandagskrárumræðu á Alþingi fyrir rúmu ári, að konur bjuggu við réttindi eins og best gerðust áður en talibanar tóku völdin, hátt menntunarstig og mikla atvinnuþátttöku, og mannréttindi voru í hávegum höfð í landinu. Talibanar bönnuðu atvinnuþátttöku, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menntun, og ferðafrelsi og sjálfstæði var hrifið burt. Nú stendur uppbygging fyrir dyrum í

stríðshrjáðu landinu. Konur í Afganistan þurfa á stuðningi að halda, líka frá okkur, konum á Íslandi. En hvað getum við gert? Getum við t.d. á einhvern hátt fetað í fótspor Svía?

Í frétt frá utanríkisráðuneyti Svía er sagt frá fundi í ráðuneytinu með um tuttugu fulltrúum frá sænskum kvenna-, mannréttinda- og hjálparsamtökum. Tilefnið var að fylgja eftir stefnumörkun á landsvísu frá janúarmánuði um að styðja afganskar konur. Til umræðu á fundinum var m.a. að þýðingarmikið væri að veita svokölluð smálán, mikrokreditter, sem beinast að málum kvenna, menntun, upplýsingum um mannréttindi, átaki í mæðra- og ungbarnavernd og stuðningi við almenna þátttöku kvenna á öllum sviðum samfélags. Sextán þúsund konur deyja á ári vegna ófullnægjandi mæðraþjónustu. Möguleiki til að vinna og framfæra sig er hverfandi. Okkar þáttur er að vinna með grundvallarþáttinn, sagði sænski ráðherrann eftir fundinn. En ákvörðun fundarins var að sænsk og afgönsk kvennasamtök muni hittast í Kabúl í vor.

Af hverju er ekki svona fundur haldinn á Íslandi? Af hverju erum við ekki að gera eitthvað? Af hverju eru það ekki norræn kvennasamtök og afganskar konur sem hittast í Kabúl í vor? Erum við rænulaus hópur fólks sem horfir bara á sjálfan sig og í sinn eigin rann? Af hverju er ekki á vegum utanríkisþjónustu Íslands verið að tala um með hvaða hætti við tökum á í málum sem skipta miklu máli, eins og uppbyggingin í Afganistan?

Myndin frá Afganistan er annars vegar mynd af ofboðslegri eyðileggingu, hins vegar af kraftmiklu fólki, ekki síst konum sem staðráðnar eru í að byggja upp landið sitt á ný. Sá kraftur kvenna er auður landsins í dag eftir allt sem á undan er gengið. Sænsk stjórnvöld, konur og mannréttindasamtök, taka höndum saman til aðgerða. Getum við það?

[11:44]

Helga Guðrún Jónasdóttir:

Virðulegi forseti. Um leið og ég óska okkur öllum til hamingju með daginn langar mig til að benda á að séð með augum samtímans eru jöfn réttindi kynjanna að margra mati sjálfsögð, og staðreynd í hugum enn fleiri. Því máli til stuðnings er iðulega bent á að lagalega séð halli hvergi á réttindi karla og kvenna. Árangur fer á hinn bóginn ætíð eftir þeirri mælistiku sem notuð er hverju sinni. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna hljótum við því að staldra við til að meta hinn áþreifanlega árangur jafnréttisbaráttunnar.

Mannréttindi mynda frá fornu fari grunn þessarar áratuga og aldalöngu baráttu. Um það er vart deilt að þessi nálgun hefur skilað gífurlegum árangri á síðustu áratugum, a.m.k. hvað löggjöf varðar. Þegar litið er til mælikvarða af hagrænum toga blasir því miður við allt annar veruleiki. Hér er að sjálfsögðu átt við þá mynd sem blasir við þegar hinum almenna lagaramma sleppir og sjónir okkar beinast að afmörkuðum sviðum þjóðfélagsins. Má þar nefna sem dæmi atvinnu- og launamarkaðinn, stjórnkerfið og valdahlutföll innan þjóðfélagsins, eins og þessar óáþreifanlegu stærðir birtast þegar þær hafa verið kannaðar með aðstoð kyngreindrar tölfræði. Konur reynast þannig hálfdrættingar á við karla í meðallaunum. Kynbundinn launamunur hefur á undanförnum árum mælst á bilinu 11–18% körlum í vil og hlutur kvenna í æðstu stjórnlögum er hvarvetna grátlega lítill. Þá gín hin hefðbundna kynhlutverkaskipting við nánast hvert sem litið er. Má þar nefna sem dæmi verkaskiptingu heimilanna, námsval ungs fólks og skiptingu vinnumarkaðarins í annars vegar karlagreinar og hins vegar kvennagreinar.

Virðulegi forseti. Markmið mitt með þessari upptalningu, sem getur vart talist ný af nálinni, er að vekja athygli á þeim gildu rökum sem færa má fyrir því að grunnur jafnréttisbaráttunnar, sjálfur kjarni hennar, hefur tekið breytingum. Sá þáttur sem hvílir á mannréttindum er ekki lengur sú þungamiðja sem hann var. Lykillinn að varanlegum árangri á þessu sviði er að við beinum sjónum okkar í ríkari mæli að hinni huglægu birtingarmynd misréttisins sem endurspeglast hvað skýrast í hefðbundnu kynhlutverkaskiptingunni. Svo sem kunnugt er sprettur hún fram af viðhorfum sem frá alda öðli hafa gegnsýrt þjóðfélagið og tileinkað konum og körlum ólíka eiginleika og getu. Þessi viðhorf mynda þannig það bráðlifandi afl sem beinir konum og körlum í jafnaðskilda farvegi og raun ber vitni, hvort heldur litið er til starfslauna, framamöguleika eða fjölskylduábyrgðar.

Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki við að halda lífinu í þessum kynhlutverkum horfinna tíma eins og nefnd um konur og fjölmiðla hefur fjallað ítarlega um. Nefndin, sem skipuð var af hv. þm. Birni Bjarnasyni, páv. menntmrn. og skrifstofu jafnréttismála, innihaldsgreindi á árinu 1998–2001 helstu fjölmiðla hér á landi með tilliti til hluts kynjanna. Skemmst er frá því að segja að kannanir leiddu í ljós mynstur sem á í stórum dráttum mjög skýra hliðstæðu í hefðbundnu kynhlutverkaskiptingunni. Rétt er jafnframt að geta þess að þessar niðurstöður eru mjög í takt við sambærilegar kannanir sem Evrópusambandið lét gera á sínum vegum.

Hversu undarlegt sem það hljómar, herra forseti, leiða þær allar í ljós að hlutur kvenna í fjölmiðlum er gegnumgangandi þvert á landamæri um 30% á móti 70% hlut karla, nánast óháð fjölmiðli og efni. Því verður á hinn bóginn ekki á móti mælt að þótt rót tiltekins vanda sé fundin er ekki þar með sagt að hann verði auðveldur viðfangs. Hin nánu orsakatengsl á milli viðhorfa og kynbundins misréttis gera jafnréttisbaráttu samtímans að sérlega viðkvæmu viðfangsefni. Viðhorf geta auðveldalega myndað viðkvæman eldivið sem nærir loga pólitísks rétttrúnaðar. Af þessum sökum er að mínu mati sérlega mikilvægt að þau ytri mörk séu skýr sem stjórnvaldsaðgerðir eðlis síns vegna styðjast óhjákvæmilega við í þessum efnum.

[11:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í dag, hinn 8. mars, er alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Af því tilefni efna samtök launafólks og ýmis önnur almannasamtök, þar á meðal Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, til fræðslu- og baráttufunda, til að vekja athygli á hlutskipti kvenna í stjórnmálum, í efnahagslífinu og á heimilinu. Síðar í dag verður efnt til fundar um áhrif hnattvæðingar á stöðu kvenna.

Það er vel við hæfi að Alþingi skuli efna til þessarar umræðu í tilefni af þessum degi og að hæstv. félmrh., sem fer með jafnréttismál í ríkisstjórninni, skuli gera grein fyrir stöðu mála. Í umræðunni staðnæmast menn við ýmsa þætti. Menn staðnæmast við launamálin og langar mig til að lesa nokkrar línur úr ályktun sem Alþýðusamband Íslands, BSRB, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra bankamanna sendu frá sér í morgun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kynbundið launamisrétti er einkenni á íslenskum vinnumarkaði. Konur njóta mun lakari kjara en karlar, þar sem verulegur hluti launamunarins verður eingöngu skýrður með misrétti kynjanna, óháð félagslegum þáttum eins og ólíku

vinnuframlagi, mismunandi verðmæti vinnunnar og öðrum ástæðum."

Þetta er vert að hafa í huga og vert að íhuga, þ.e. með hvaða hætti við getum tekið á þessu á markvissan hátt. Við erum ekki að ræða þetta í fyrsta sinn. Það er umhugsunarefni hve lítið hefur þokast á undangengnum árum.

Menn staðnæmast við ofbeldi. Hæstv. félmrh. vakti athygli á því að ofbeldi gegn konum væri samfélaginu dýrt en þar er fyrst og fremst um að ræða ranglæti og mannréttindabrot sem er blettur á samfélagi okkar, blettur sem ber að afmá.

Menn staðnæmast við jafnrétti í stjórnmálum. Vakin hefur verið athygli á því að þar hafi nokkuð þokast. Hér í þessum sal var hlutur kvenna 25%, en er kominn í 36,5% nú. Þar þarf enn að gera betur og rétta hlut kvenna. Sama gildir um sveitarstjórnarmálin. Þar er hlutur kvenna á yfirstandandi kjörtímabili 28,2%, en þarf að sjálfsögðu að verða 50%.

Menn hafa bent á það við umræðuna að í stjórnum ýmissa stofnana samfélagsins, Seðlabanka og öðrum ámóta stofnunum, sé ekki konur að finna, þetta sé karlasamfélag. Það er vissulega verðugt verkefni að rétta þessa mynd.

Ég hvet hins vegar til þess að við glötum ekki hinum róttæku þáttum kvennabaráttu níunda áratugarins. Þá töluðu konur um að fella valdastólana og skapa jöfnuð og jafnrétti í þjóðfélaginu. Við megum ekki gerast kvótasinnar í þessum efnum og staðnæmast við þá hugsun eina að það verði jafnmargar konur og karlar á forstjórastólum ef forstjóraveldið byggir á misrétti. Ekki hugnaðist mér sú mynd, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal dró hér upp, að konur ættu að einblína á það eitt að setjast á slíka stóla. Við eigum að einblína á hitt að láta gott af okkur leiða í samfélaginu, konur og karlar.

Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, síðari umr.

Stjtill., 406. mál. — Þskj. 663, nál. 889.

[11:53]

Frsm. utanrmn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Skjaldarson og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd tvo alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum. Annars vegar er það alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. desember 1997 og hins vegar alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 9. desember 1999.

Markmið alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkasprengingum og stefnir að því að refsiviðurlögum verði komið yfir þá sem fremja hryðjuverk með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum, t.d. útbreiðslu eiturefna eða smitandi sjúkdóma, geislavirkni og öðrum áþekkum aðferðum.

Markmið alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkum og fjölga úrræðum til þess að unnt verði að koma fram refsiviðurlögum gagnvart þeim sem fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Fullgilding samninganna kallar á lagabreytingar á Íslandi. Fyrir nefndina hefur verið lagt frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á almennum hegningarlögum sem ætlað er að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt samningunum. Nefndin vekur athygli á því að svo virðist sem b-liður 2. gr. frumvarpsins gangi lengra en 2. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem birtur er sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögunni. Skv. 2. gr. samningsins er skilyrði refsinæmis að ásetningur þess sem leggur fram fé til samtaka hafi staðið til að styrkja afbrotastarfsemi þeirra. Hins vegar virðist í frumvarpinu gert ráð fyrir að refsivert geti talist að leggja fram fé til samtaka án þess að ásetningur hafi staðið til að styrkja tiltekna brotastarfsemi. Mælist nefndin til að þetta verði skoðað nánar við meðferð málsins í allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta nál. skrifa, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Tómas Ingi Olrich, fyrrv. formaður nefndarinnar, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Vilhjálmur Egilsson, Steingrímur J. Sigfússon og Jónína Bjartmarz.

[11:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fjöllum við um till. til þál. um fullgildingu alþjóðasamninga um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Um er að ræða samning sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 5. des. árið 1997 og eins og fram kom í máli hv. frsm. rita undir nál. fulltrúar allra stjórnmálaflokka.

Ég vek sérstaklega athygli á niðurlagi nefndarálitsins, sem kom reyndar einnig fram í máli hv. frsm. Það er rétt að staldra þar sérstaklega við. Þar er vakin athygli á að fullgilding samninganna kalli á ýmsar lagabreytingar á Íslandi og að fyrir nefndina hafi verið lagt frv. dómsmrh. um breytingu á almennum hegningarlögum sem ætlað væri að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt samningunum. Þar er vísað í þskj. 687.

Nú ætla ég að vitna í niðurlag nefndarálitsins, með leyfi forseta:

„Nefndin vekur athygli á því að svo virðist sem b-liður 2. gr. frumvarpsins gangi lengra en 2. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem birtur er sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögunni. Skv. 2. gr. samningsins er skilyrði refsinæmis að ásetningur þess sem leggur fram fé til samtaka hafi staðið til að styrkja afbrotastarfsemi þeirra. Hins vegar virðist í frumvarpinu gert ráð fyrir að refsivert geti talist að leggja fram fé til samtaka án þess að ásetningur hafi staðið til að styrkja tiltekna brotastarfsemi. Mælist nefndin til að þetta verði skoðað nánar við meðferð málsins í allsherjarnefnd."

Hvað erum við að tala um hér? Við erum að tala um að einstaklingur gæti gerst brotlegur með því að styrkja samtök

sem væru í senn hryðjuverkasamtök en stunduðu jafnframt aðra starfsemi og án þess að menn geri sér grein fyrir þessu láti þeir fé af hendi rakna. Hér er verið að leggja áherslu á að aðeins verði refsinæmt að menn styðji samtök til illra verka af ásetningi.

Ég vek sérstaklega athygli á að við skoðum þetta rækilega þegar málið verður tekið til umfjöllunar og afgreiðslu í allshn. Alþingis.

[11:59]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið ritaði öll hv. utanrmn. undir þetta nál. Ég er ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur í þeim hópi. Ég er hér í sömu erindagjörðum og sá sem talaði á undan mér. Það er mjög mikilvægt við meðferð þessa máls og framhald þess í hv. allshn. að hér á landi sé ekkert sett í lög sem gengur lengra en alþjóðasamningar kveða á um. Við erum að sjálfsögðu samþykkar því að þessir tveir samningar séu fullgiltir, en það er full ástæða til að ítreka þann varnagla sem er sleginn í nál. hv. utanrmn. og beina því til allshn., í meðferð frv. hæstv. dómsmrh., að ekki verði gengið lengra en þörf þykir. Þannig má það ekki vera.

Herra forseti. Í því andrúmslofti sem ríkt hefur frá 11. september sl. eru þær skilgreiningar mjög á reiki hvað sé hryðjuverkastarfsemi og hvað ekki, hvaða samtök leggi stund á slíka glæpi og hver ekki. Þetta var rætt ítarlega í hv. utanrmn. þar sem ég benti ásamt fleirum á að það færi kannski eftir skilgreiningu stjórnvalda í hvert og eitt skipti hvað teldust hryðjuverkasamtök og hvað ekki. Má á það minna að Hamas rekur t.d. öfluga heilsugæslu á hernumdu svæðunum í Ísrael. Svo gæti farið að einhverjum dytti í hug að skilgreina læknasamtök Moustafa Barghoutis sem samtök sem ekki færu fram með friði.

Allt getur gerst, herra forseti. Því er mjög mikilvægt að þetta atriði sé skoðað vandlega í hv. allshn. og þess gætt að því verði ekki þannig fyrir komið í löggjöfinni að áhöld verði um ásetninginn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, fyrri umr.

Stjtill., 551. mál. — Þskj. 864.

[12:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. sem er að finna á þskj. 864 óskar ríkisstjórnin heimildar Alþingis til að fullgilda nýjan stofnsamning fyrir Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, sem var undirritaður í Vaduz í Liechtenstein 21. júní sl.

Eins og kunnugt er var EFTA stofnað með svokölluðum Stokkhólmssamningi árið 1960. Ljóst hefur verið um langt skeið að þörf er á að endurskoða Stokkhólmssamninginn til að aðlaga hann betur að nútímanum og þörfum aðildarríkjanna, enda mikið gerst síðan sá samningur var gerður. Það voru einkum þrír þættir sem knúðu á um endurskoðun Stokkhólmssamningsins. Hann er fyrst og fremst samningur um fríverslun með vörur. Nútímasamningar um fríverslun taka hins vegar einnig til annarra þátta, eins og þjónustu og verndar hugverkaréttinda.

Í öðru lagi eru öll aðildarríki EFTA einnig aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO og því var talin þörf á að EFTA-ríkin létu það endurspeglast í stofnsamningi sínum. Eftir að Sviss gekk frá tvíhliða samningi við Evrópusambandið voru gagnkvæm réttindi EFTA-ríkja og ESB-ríkja hvort hjá öðru orðin mun meiri en milli EFTA-ríkjanna sjálfra og því ástæða til að færa þau til samræmis við samningana við ESB. Samningaviðræðurnar stóðu í um tvö ár og var hinn endurskoðaði samningur undirritaður í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001 og er nú almennt farið að kenna samninginn við þá borg.

Eins og hv. þm. sjá á þáltill. er samningurinn ásamt viðaukum allmikill að vöxtum, en fæst þessara ákvæða hafa að geyma ný efnisákvæði fyrir íslenskan rétt. Breytingin er því helst sú að Vaduz-samningurinn veitir svissneskum aðilum svipuð réttindi í hinum EFTA-löndunum og EES-samningurinn veitir aðilum í EES/EFTA-ríkjunum. Íslendingar, Norðmenn og Liechtensteinar fá sams konar réttindi í Sviss.

Rétt er þó að taka fram að Sviss fær fimm ára aðlögunartíma gagnvart frjálsri för fólks frá öðrum EFTA-ríkjum. Fram að þeim tíma útdeilist kvóti til EFTA-ríkjanna um fjölda þeirra ríkisborgara sem árlega getur sest að í Sviss á grundvelli samningsins. Þeim kvóta má breyta með ákvörðun EFTA-ráðsins, en að liðnum fimm árum falla allar slíkar takmarkanir niður. Svissneskir ríkisborgarar öðlast hins vegar ótakmarkaðan rétt til frjálsrar farar til annarra EFTA-ríkja við gildistöku samningsins.

Með Vaduz-samningnum er starfsemi EFTA ekki lengur takmörkuð með fríverslun með vörur. Hún tekur nú einnig til þjónustu, þar með talið þjónustuviðskipti, frelsi fólks til flutninga og fjárfestingar, samkeppnismála, auk annarra sviða sem nauðsynleg eru til að markmið samningsins náist.

Stofnanaþáttur EFTA er óbreyttur með Vaduz-samningnum. EFTA-ráðið er enn sem fyrr æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. EFTA-ráðið fær hins vegar nú vald til að breyta vissum viðaukum samningsins. Ákvarðanir innan ráðsins eru teknar samhljóða þannig að ekki kemur til breytinga sé eitthvert aðildarríki andvígt breytingunni. Vaduz-samningurinn er samstarfsgrundvöllur EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Það hefur verið EFTA fjötur um fót í viðræðum við þriðju ríki um viðskiptasamninga að geta ekki sýnt viðmælendum sínum að þau höfðu sameiginlegan grundvöll fram yfir fríverslun með vörur. Úr því er bætt með Vaduz-samningnum.

Fullgilding samningsins mun kalla á nokkrar breytingar á íslenskum lögum til þess að veita svissneskum borgurum jafnstöðu á við einstaklinga og lögaðila frá EES/EFTA-ríkjunum. Frumvarp þessa efnis, svokallaður bandormur vegna þess að hann kemur við allmikið af lögum, hefur verið undirbúið í samvinnu við önnur viðkomandi ráðuneyti og það verður væntanlega lagt fram innan skamms.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þáltill. verði vísað til hv. utanrmn. og síðari umræðu.

[12:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki ítarlega ræða þessa miklu bók sem er till. til þál. um fullgildingu stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, heldur fyrst og fremst bera ákveðnar spurningar fram við utanrrh. Þar sem ég er fulltrúi Samfylkingarinnar í utanrmn. mun ég fá tækifæri til þess að fara yfir hvað tillagan þýðir og hvaða breytingar verða

gerðar á lögum í kjölfar þess að við samþykkjum tillöguna. Hins vegar vakna nokkrar spurningar við stuttan inngang utanrrh. um málið.

Í fyrsta lagi að þegar stofnsamningur EFTA-samtakanna er gerður gildir hann aðeins um fríverslun með vörur og aðra samvinnu milli aðildarríkjanna, segir hér. Síðan segir á öðrum stað í inngangi að greinargerðinni að þrátt fyrir hin nýju efnissvið Vaduz-samningsins ber að hafa í huga að Ísland, Liechtenstein og Noregur höfðu sem aðilar að EES-samningnum þegar komið á sín í millum þeim reglum sem samningurinn geymir. Sviss og Evrópusambandið höfðu einnig samið um sömu reglur. Þá getur maður skilið þetta þannig að af því að Sviss er ekki aðili að EES og þar sem Sviss og Evrópusambandið höfðu sérreglur og við hins vegar tekið reglur inn í EES-samninginn, þá hafi núna þótt eðlilegt að taka reglur inn í þessa Vaduz-samþykkt sem og breytingar vegna þeirra fríverslunarsamninga sem taldir eru hér upp og í kjölfar samninga um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. En sú spurning vaknar hjá mér hvort við hefðum, ef Sviss hefði verið aðili að EES-samningnum, samt sem áður þurft að fara í þessa uppstokkun og gera þessa samþykkt eða er í raun og veru farið í að vinna þessa Vaduz-samþykkt vegna þess að EFTA-ríkin hafa ólíka aðkomu að málum sem tengjast Evrópu?

Hér kemur fram að nokkrar nýjungar verði. Í máli hæstv. utanrrh. kom fram að við munum þurfa að breyta einhverjum lögum. Er það gagngert vegna þess stofnsamnings sem við erum hér með tillögu um eða er það kannski að einhverju leyti vegna þess að við höfum átt eftir að taka inn einhver ákvæði sem tengjast þeim þremur atriðum sem eru lögð til grundvallar stofnsamningsins? Þetta er hugsun og spurningar sem vakna hjá mér.

Í öðru lagi langar mig að koma með ákveðna ábendingu. Í mörgum samningum okkar er talað um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina. Gagnkvæm viðurkenning prófskírteina er í norrænum samningum. Gagnkvæm viðurkenning prófskírteina hefur fengist með EES-samningnum. Undir kaflanum „Frjáls för fólks – almannatryggingar og gagnkvæm viðurkenning prófskírteina" er enn á ný komið að þessu máli. Staðreyndin er hins vegar sú að það reynist mjög sjaldan vera gagnkvæm viðurkenning prófskírteina. Ég hef sjálf komið að málum fólks á Norðurlöndum þar sem próf á Íslandi er ekki viðurkennt í Danmörku af því námsefnið er með einhverjum tilteknum hætti lagt öðruvísi upp á Íslandi og þrátt fyrir að það gefi fulla viðurkenningu hér, þá er það ekki viðurkennt í Danmörku. Ég hef líka kynnst því að á Norðurlöndum eru ákvæði um viðurkenningu prófskírteina oft og tíðum sterkari ef þau hafa fengist með EES-samningnum heldur en með norræna samningnum. Það svíður nokkuð undan því, því að grunnhugsunin í norræna samstarfinu er að gagnkvæmur réttur sé á öllum sviðum. Hvergi höfum við jafnmikil réttindi og á Norðurlöndunum, það að búa í öðru norrænu landi sé eiginlega það sama og að búa á einhverjum tilteknum stað í sínu eigin landi, en staðreyndin er sú að varðandi prófskírteini er EES-rétturinn í raun og veru sterkari og hefur gefið fólki meiri rétt á Norðurlöndunum en hinn norræni réttur.

Þá vaknar sú spurning, þegar maður hefur á mörgum ólíkum stöðum fjallað um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina, hvort þetta sé nægilega grundað, hvort þetta sé fyrst og fremst góður vilji en þegar á reyni hengi löndin sig í ýmis smáatriði sem hljóta að koma upp á borðið hverju sinni vegna þess að nám er á ólíkan hátt uppbyggt á Íslandi, á Norðurlöndum, í ólíkum löndum Evrópu og ef samanburður er ævinlega hafður uppi gildir ekki þessi gagnkvæmni.

Ég ætlast ekki til að hæstv. utanrrh. fari í djúpa umræðu við mig undir þessari tillögu um viðurkenningu prófskírteina, en það er orðið mjög mikilvægt að þeir ráðherrar sem fara með samningagerð fyrir Íslands hönd á þessu sviði fari nægilega vel ofan í það hvort í raun sé verið að skapa gagnkvæman rétt vegna þess að vonbrigðin eru svo gífurlega mikil þegar fólk telur að hér gildi réttindi sem reynast engin vera.

Herra forseti. Ég hef borið fram ákveðnar spurningar til hæstv. utanrrh. og komið að athugasemdum um viðurkenningu prófskírteina. Að öðru leyti hef ég hugsað mér að fara í utanrmn. vel yfir þetta mál, en var að velta því fyrir mér þegar ég opnaði þessa stóru og miklu bók — auðvitað vitum við sem höfum unnið við þessi mál á Alþingi að ekki er ætlast til að við lesum hana, það er bara ákveðinn kafli hennar sem er þess eðlis að við förum ítarlega yfir hann. Þannig er með svona mál að eingöngu er farið ofan í þau af fulltrúum utanrmn. Ég var að velta því fyrir mér þegar ég hlustaði á framsögu hæstv. ráðherra að það gæti verið afskaplega þýðingarmikið fyrir aðra hv. þm. ef við með slíkum þingsályktunum fengjum eins og eina síðu sem greindi frá hver meginatriði breytinga yrðu í íslenskum lögum með staðfestingu eða samþykkt slíkrar tillögu. Ég velti því fyrir mér þegar ég las inngangskaflann að tillögunni.

[12:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það virðist hálfógnvekjandi verkefni að fara í gegnum þessa till. til þál. sem telur hátt á sjöunda hundrað blaðsíðna. En málið er þó tiltölulega einfalt. Um er að ræða fullgildingu samnings sem að vísu mun leiða til nokkurra breytinga á lögum, einkanlega í þá veru að sams konar réttindi nái til samskipta við Sviss og nú eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Eins og kunnugt er eiga fjögur ríki aðild að EFTA, Liechtenstein, Sviss og Noregur, auk Íslands. En eitt þessara ríkja, Sviss, á hins vegar ekki aðild að EES. Það sem þessi þáltill. gengur út á er að samþykkja viljann til að breyta lögum sem færa samskipti Sviss og EES-ríkjanna í sama horf og eru gagnvart ESB.

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs er að vekja í örfáum orðum athygli á því að við þurfum jafnan að fara varlega, löggjafinn, þegar við fáum slík verkefni í hendur að samþykkja þáltill. eða lög sem taka til þessa samstarfs. Ég vil minna á það þegar við hér eitt vorið samþykktum viðamikla þáltill. um vilja okkar til að breyta ýmsum grundvallarlögum. Ein sú löggjöf sem við þá samþykktum, eða öllu heldur sem við lýstum vilja okkar til að samþykkja, laut að raforkumálum. Þetta fór allt of hljóðalaust í gegnum þingið. Að vísu vöktu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs athygli á málinu og efndu til talsverðrar umræðu. En hún hefði betur orðið meiri. Hvað var þar um að ræða? Þar var um það að ræða að við lýstum vilja okkar til að samþykkja tilskipun Evrópusambandsins um að gera grundvallarbreytingar á raforkumálum Íslendinga og þessar breytingar áttu að taka gildi og eiga að taka gildi á miðju þessu ári, 1. júlí í sumar, ef ég man rétt.

Út á hvað ganga þær breytingar? Þær ganga út á það að við föllumst á að aðgreina í raforkugeiranum framleiðsluna, dreifinguna og í þriðja lagi verslunina með rafmagn. Þetta er

undirbúningur Evrópusambandsins að því að markaðsvæða raforkugeirann og orkugeirann allan í Evrópu. Þá gerist það náttúrlega að Íslendingar samþykkja þetta líka, því miður, að því að ég tel án nægilegrar yfirvegunar. Það er nefnilega ekki endilega það sama sem á að gilda á meginlandi Evrópu og á Vestfjörðum, svo dæmi sé tekið. Ég átti á sínum tíma ágætan fund með ýmsum starfsmönnum Orkubús Vestfjarða og spurði hvort þeir teldu til hagsbóta fyrir sína stofnun, fyrir sína starfsemi, að fara að þessari tilskipun, að aðgreina framleiðsluna, dreifinguna og söluna á rafmagni eins og tilskipunin gengur út á. Þeir töldu þetta vera af hinu illa og ekki til hagsbóta fyrir notandann eða fyrir fyrirtækið. Ég held að þarna hefðu Íslendingar átt að standa vaktina betur og leita eftir undanþágu frá þessari tilskipun. Ég held að við hefðum átt að gera það og vekja athygli á því að íslenski raforkumarkaðurinn er alla vega ekki enn sem komið er hluti af raforkukerfi Evrópu sem er að stefna hratt til markaðsvæðingar.

Reyndar er ég mjög gagnrýninn á þær breytingar sem Evrópusambandið er að koma í gegn á þessu sviði og tel þar um að ræða allt of mikla miðstýringarárättu. Í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið, þar sem að verulegu leyti er stundaður markaðsbúskapur með orkuna, hafa menn farið allt aðra leið. Í sumum ríkjum eða fylkjum Bandaríkjanna er raforkurframleiðslan og dreifingin á hendi einkaaðila, fyrirtækja. Reyndar á það við í allflestum tilvikum. En þó eru dæmi um annað. Í Los Angeles t.d. eru orkuveiturnar á hendi borgarinnar. Los Angeles slapp þannig við Enron-ævintýrið eða hrollvekjuna, martröðina.

Það sem ég er að vekja athygli á engu að síður er að í markaðsvæddu fyrirkomulagi Bandaríkjanna ráða einstök ríki og borgir hvaða fyrirkomulag þau búa við. Þetta kemur ekkert í veg fyrir að markaðurinn fái að njóta sín þar sem menn vilja svo við hafa. En miðstýrt vald, hin miðstýrða reglustika, er ekki fyrir hendi eins og er í Evrópu og því miður í allt of ríkum mæli.

Herra forseti. Ég kom hingað fyrst og fremst til að vekja athygli á því að okkur ber alltaf, ævinlega, að standa vaktina. Við eigum aldrei að samþykkja neitt með bundið fyrir augun, að sjálfsögðu ekki. Það hafa því miður orðið slys hér og ég tel ástæðu til enn og aftur að vekja athygli á því stórslysi sem varð þegar við samþykktum þáltill. — öllu heldur stjórnarmeirihlutinn. Við gerðum það ekki í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði — þáltill. stjórnarinnar sem skuldbindur okkur til þess að aðgreina raforkugeirann með þessum hætti, raforkugeiranum á Íslandi til mikillar óþurftar.

[12:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson orðaði það svo að menn ættu ekki að nálgast hlutina með bundið fyrir augun. Mér finnst þess vegna hv. þm. eigi að svipta hulunni frá augum sínum þegar hann les forsendur þessa samnings. Að verulegu leyti byggir þessi samningur á þeim breytingum sem hafa orðið á stöðu Sviss. Sviss, eins og kunnugt er, ákvað að gerast ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, hefur síðan árum saman reynt að ná svipuðum fríðindum og í þeim samningi er að finna með gerð tvíhliða samninga. Sviss hefur gert sjö tvíhliða við ESB. Þó það hafi lagt í það mikið atgervi og mikla fjármuni til að gera vissar breytingar á innviðum sínum til þess að ná fram þessum samningum, kostað til miklum fjármunum, er eigi að síður staðreyndin sú að niðurstaðan er þannig að það sem Sviss nær fram er í raun ekki alveg jafngott og það sem við Íslendingar og aðrar EFTA-þjóðir náðum fram í samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta geri ég ekki að umræðuefni hér, herra forseti, til þess að rifja upp fortíð hv. þm. og skoðanastraums hans varðandi Evrópska efnahagssvæðið heldur til þess að vekja eftirtekt á því að hv. þm. tilheyrir stjórnmálahreyfingu sem vill í framtíðinni að Ísland taki upp sérstaka stöðu gagnvart Evópusambandinu sem á að byggjast á tvíhliða samningum. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það sé ákaflega óhagkvæmt Íslendingum. Ég er þeirrar skoðunar að ef hv. þm. tæki huluna frá augum sínum og skoðaði þá samninga sem Sviss hefur gert við Evrópusambandið, kæmist hann líka að því — hér er um greindan þingmann að ræða, svo ég grípi nú til þess sem hæstv. forsrh. hefur stundum beitt á þingmenn — þá kæmist hann að því (Gripið fram í.) að aðferðin og nálgunin sem felst í tvíhliða samningnum yrði ekki hagkvæm fyrir Ísland ef maður dregur einhvern lærdóm af þeim árangri sem Sviss náði.

Herra forseti. Ég vil að öðru leyti fyrir hönd Samfylkingarinnar, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur gert, lýsa stuðningi við fullgildingu þess stofnsamnings sem hér liggur fyrir. Mér finnst talsvert mikill áfangi liggja fyrir í þeim miklu textum sem eru til umræðu. Starfsmenn utanrrn., sem hafa líka komið að starfi EFTA, eiga hrós skilið fyrir þá vinnu sem í þessu felst. Við sem eigum sæti í EFTA/EES-nefndinni höfum notið þeirra forréttinda að fá að fylgjast örlítið með framvindu þessarar samningsgerðar og höfum þar af leiðandi kynnt okkur þetta örlítið. Sú nefnd var einmitt stödd í Vaduz þegar þessi samningur var fullgiltur á síðasta ári.

Mér sýnist sem hér séu stigin ákaflega heilladrjúg skref. Það sem mér finnst skipta verulegu máli varðandi innihald þessa samnings er m.a. að stofnanaþátturinn er svolítið breyttur. EFTA-ráðið fær nú aukin völd og svigrúm til þess að staðfesta og breyta viðaukum þannig að samningaferli EFTA gagnvart öðrum ríkjum hvað varðar fríverslunarsamninga og ýmislegt fleira verður miklu sveigjanlegra og það verður auðveldara að vinna samningana.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að EFTA hafi ekki sungið sitt síðasta. EFTA hefur reynst okkur ákaflega vel. Það hefur orðið okkur stökkpallur til áhrifamesta samnings og besta samnings sem hefur verið gerður af Íslands hálfu um áratuga skeið. Enn þá er alveg ljóst að EFTA hefur hlutverki að gegna. Við sjáum að þeir fríverslunarsamningar sem EFTA er að gera hefðu aldrei náðst ef við Íslendingar hefðum einir farið í þá samninga. Það er hinn samanlagði kraftur EFTA-þjóðanna í gegnum samtökin sem gerir það að verkum að slagkraftur okkar í samningum er miklu meiri en ef ríkin væru hvert fyrir sig að reyna að ná þessum samningum.

Ástæðan fyrir því að þessi samningur er nú gerður í þessu breytta formi er þríþætt eins og hæstv. utanrrh. nefndi hérna áðan. Það er í fyrsta lagi sú staðreynd að gildissvið fríverslunarsamninganna, sem við erum stöðugt að gera fyrir atbeina EFTA, er miklu yfirgripsmeira en áður. Það nær ekki bara til hinna hefðbundnu fríverslunar. Þar af leiðir, má segja, að stofnsamningurinn endurspegli ekki að öllu leyti þetta víðtækara og breytta gildissvið samninganna. Það er ein ástæðan fyrir þessum breytingum.

Í öðru lagi höfum við gert marga fjölþjóðasamninga vegna aðildar okkar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og það er ein ástæða. En meginástæða þessa samnings er auðvitað sú, að

því er mér finnst, að með þeirri aðferð sem Sviss kaus að taka upp í samskiptum sínum við Evrópusambandið voru gerðir tvíhliða samningar, sjö talsins ef ég man rétt, og þegar upp var staðið var sú sérkennilega staða komin upp að réttindi milli EFTA-ríkjanna voru minni en milli einstakra ríkja og Evrópusambandsins. Þetta er auðvitað hrópandi misræmi sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Herra forseti. Eins og ég sagði skiptir miklu máli að EFTA-ráðið hefur þetta aukna svigrúm og þar af leiðir þýðir það einnig að stofnsamningurinn, eins og ég skil þetta, er í reynd stöðugt í endurskoðun og verður endurskoðaður nokkrum mánuðum hið fyrsta sinnið eftir fullgildingu hans.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. að einu örsmáu atriði. Einn af þeim samningum sem Sviss gerði við Evrópusambandið, og við erum líka að breyta réttindum okkar gagnvart Sviss að því leytinu til, varðaði samgöngur. Það var þríþættur samningur, þ.e. varðandi samgöngur með járnbrautum og á vegum, sem varðar nú ekki Ísland mjög miklu, en jafnframt í lofti. Þetta þýðir í reynd að frelsi okkar til flugsamgangna gagnvart Sviss er talsvert annað en áður, þ.e. flugfélög frá EFTA-ríkjunum eiga samkvæmt þessu að fá fullan aðgang að mörkuðum hvers annars. Við höfðum þetta frelsi gagnvart öðrum Evrópuríkjum þannig að þetta ákvæði að því er Ísland varðar snertir eingöngu Sviss, flugrekstur milli Sviss og Íslands. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Hefur þetta einhver afgerandi áhrif á rekstur Flugleiða eða annarra íslenskra flugfélaga og þá eftir atvikum svissneskra milli þessara tveggja landa?

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti. Ég tel að hérna sé vel að verki staðið. Þessi drög eða þetta frv. að stofnsamningi sem hér liggur fyrir þjónar breyttum þörfum EFTA-ríkjanna og það svarar líka breyttum þörfum sem stafa af því að samningatækni er öðruvísi og við höfum tekið upp önnur vinnubrögð. Ég held þess vegna að hér sé um ákaflega þarft og gott mál að ræða.

[12:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er fyrri umræða um þáltill. en eins og hér hefur komið í ljós er í rauninni um að ræða tæknilega útfærslu á samningi sem við þegar höfum gert og ekkert nema gott um það að segja.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson dásamaði mjög EFTA sem ég er honum sammála um að hefur gert marga góða hluti eða við höfum gert ýmislegt sem hér hefur horft til framfara á þeim vettvangi, þótt ég sé ekki sammála honum um að besti samningur í sögu íslenskrar þjóðar hafi verið samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég hef oft gagnrýnt það að sá samningur hafi á ýmsan hátt þrengt að fullveldi okkar. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að við höfum ekki nýtt okkur sem skyldi alla þá fyrirvara sem við hefðum getað og það var það sem ég var fyrst og fremst að vekja athygli á í umræðunni áðan og vísaði þar til þáltill. þar sem þingið samykkti án mikillar umræðu því miður, nema af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, tillögu þess efnis að við yrðum að gera grundvallarbreytingar á raforkukerfi okkar.

Ég á mjög erfitt með að sætta mig við að okkur sé þröngvað til að gera breytingar af slíku tagi sem stríða beinlínis gegn hagsmunum okkar. Þar tók ég sem dæmi Orkubú Vestfjarða, sem er gert að fara að dæmi risavaxinna orkuveitna á meginlandi Evrópu og aðgreina framleiðsluna, dreifinguna og söluna á raforku, þótt allir þar á bæ hafi verið því andvígir.

[12:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðli flókinna og mikilvægra alþjóðlegra samninga að menn ná ávinningum á sumum sviðum en á öðrum sviðum þurfa þeir að gefa eftir. Menn leggja hins vegar í þá sjóferð að ljúka slíkum samningum af því þeir telja að þegar upp er staðið sé ávinningurinn meiri. Í þessu tilviki held ég hann sé miklu, miklu meiri en þeir ágallar sem má finna á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég er þeirrar skoðunar að grundvöllurinn að góðæri síðustu ára og grundvöllurinn að framsókn okkar Íslendinga á ýmsum sviðum, til að mynda á sviði sjávarútvegs, fiskvinnslu, hafi að verulegu leyti mátt rekja til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Hv. þm. segir að hann telji að sá samningur hafi þrengt að fullveldi Íslands. Þá ber að rifja það upp, herra forseti, að á sínum tíma var nefnd fjögurra lögspekinga falið að kanna hvort það fullveldisafsal sem mátti með rökum telja að væri að finna í samningnum stríddi gegn stjórnarskrá Íslands. Niðurstaða þeirra var að svo væri ekki. Þeir sögðu hins vegar að það væri alveg á mörkunum. Nú hefur það hins vegar gerst sökum breytinga á innviðum Evrópusambandsins, að þau áhrif sem við höfðum áður eru ekki jafnmikil og við töldum. Þannig má segja að án þess að við höfum gert ráð fyrir því hafi ákveðin atburðarrás farið af stað sem gerir það að verkum að við erum hægt en bítandi enn að tapa fullveldi. Það má vera að með því séum við komin út yfir þau mörk sem æskilegt væri. Ef það er svo, herra forseti, þá verður hv. þm. að taka afstöðu til tveggja hluta. Í fyrsta lagi: Vill hann fara í að breyta stjórnarskránni til þess að gera þetta heimilt? Eða vill hann taka ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem sannanlega mundi auka áhrif okkar innan Evrópusambandsins og þar með draga úr þessum fullveldishalla og gera það líklegra að samningurinn eða staða okkar gagnvart Evrópu stæðist stjórnarskrá eins og hún er í dag?

[12:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að þegar maður gerir samninga þá þarf að vega og meta ávinninginn og eftirgjöfina. Ef eftirgjöfin hins vegar er fullveldi landsins, þá þurfum við að hyggja vel að því.

Ég er fyrst og fremst að vekja athygli á því að við nýtum okkur alla þá fyrirvara sem við getum haft gagnvart Evrópusambandinu og innan EES-samningsins. Ég er ekki að mælast til að við segjum honum upp, síður en svo, vegna þess að samningsstaða okkar þar yrði með allt öðrum hætti en hún hefði verið ef við hefðum nálgast þetta utan frá.

Varðandi efnahagsáhrifin af EES-samningnum, þá hélt ég að það væri á margra vitorði að um allan heim hefur orðið uppsveifla í efnahagslífinu og ég held að ekki sé rétt að rekja það til þessa samnings með þeim hætti sem hv. þm. gerir.

Nú eru menn sem voru á sínum tíma hlynntir EES-samningnum farnir að tala um það á sama hátt og við gerðum sem höfðum efasemdir um að hann hefði þrengt að fullveldinu og leiðin væri þá hugsanlega að ganga inn. Þetta er mjög þekkt úr heimi alkóhólismans. Þegar menn eru búnir að taka einn sopa þá telja menn gjarnan að menn leysi allan vandann með því að tæma úr flöskunni. Ég held að það sé ekki góð lausn.

[12:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirra forréttinda aðnjótandi að mega sitja með hv. þm. í EFTA/EES-nefndinni, þannig að ég er því gerla kunnur að hv. þm. veit mjög mikið og margt umfram aðra þingmenn um eðli EES-samningsins. Auðvitað veit hann það jafn vel og ég, vegna þess að við höfum báðir svo oft tekið þátt í umræðum á vettvangi þeirrar nefndar, að breytingar hafa orðið á innviðum Evrópusambandsins. Þær breytingar hafa dregið úr þeim möguleikum sem hinn upphaflegi samningur gerði ráð fyrir varðandi áhrif Íslendinga. Þess vegna er það engin rökvilla að segja að framvindan innan Evrópusambandsins hafi skert fullveldið, meira en ýmsir sáu fyrir.

Við hljótum auðvitað að taka mið af því, herra forseti, og þá er tvennt uppi, það er reyndar þrennt uppi. Það er í fyrsta lagi að leggja af þátttöku okkar í EES og gera tvíhliða samning við Evrópusambandið, eins og flokkur hv. þm. vill, í öðru lagi gera breytingar á stjórnarskránni þannig að því megi halda fram að þátttakan stríði ekki gegn stjórnarskránni, og í þriðja lagi, sem ég held að sé hallkvæmast, að sækja um aðild að Evrópusambandinu á grundvelli vel skilgreindra samningsmarkmiða.

Ég er algjörlega ósammála hv. þm. að þá uppsveiflu sem hefur orðið hér á landi megi að öllu leyti rekja til alþjóðlegrar uppsveiflu. Hv. þm. má ekki horfa fram hjá því að við ruddum úr vegi ákveðnum hindrunum með aðild okkar að EES, sem gerir það að verkum að jákvæð áhrif þessarar uppsveiflu flæða miklu rýmra til Íslands en ella. Þetta skiptir miklu máli og hv. þm. verður auðvitað skoða þetta í því ljósi.

Svo hvet ég hann til þess að kynna sér innihald samninga Sviss við ESB, þá sér hann að Sviss nær ekki jafnmiklum árangri og við höfum með aðild okkar að EES.

[12:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og þau jákvæðu viðhorf sem hafa komið fram hjá hv. þm. í garð þessa samnings.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði hvort hefði verið farið út í þessa endurskoðun ef Sviss hefði verið aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eins og þeir ætluðu sér upphaflega. Já, það hefði verið nauðsynlegt. Það er rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það er meginástæða þessa samnings og var beðið með að ljúka honum þar til þetta lægi ljóst fyrir milli Evrópusambandsins og Sviss. Það var ástæðan fyrir vissum drætti á málinu. Hins vegar, eins og kom fram í máli mínu, var samningurinn orðinn mjög úreltur vegna þess að hann var frá 1960 og vegna þróunar alþjóðaviðskipta og alþjóðasamstarfs að öðru leyti hefði verið nauðsynlegt að endurskoða samninginn, en meginástæðan var, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, staðan milli Sviss og Evrópusambandsins.

Að því er varðar væntanlegt lagafrv. þá verður það flutt vegna þessa samnings og á grundvelli hans og ég vænti þess að það muni sjá dagsins ljós alveg á næstunni, þannig að það liggi fyrir við meðferð málsins svo að hv. þingmenn geti áttað sig á því.

Að því er varðar gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina, þá er ljóst að það er mjög stórt mál og þar höfum við viss réttindi samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Við höfum líka ákveðin réttindi á grundvelli samninga við Norðurlöndin, en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er að sjálfsögðu meginsamningur í því máli, vegna þess að hann nær til allra Norðurlandanna. Og þar af leiðandi skiptir hann sköpum í sambandi við Norðurlöndin jafnframt.

Ef upp kemur ágreiningur um slík mál, þá er það ESA sem á að úrskurða í slíku máli. Það er á grundvelli þess stofnanafyrirkomulags sem hefur verið komið fyrir að það er ESA sem á að úrskurða, en hins vegar hefur það komið upp í einu tilteknu máli sem varðar arkitektaskóla í Liechtenstein, að þrátt fyrir úrskurð ESA um að það beri að viðurkenna prófgráður frá þeim skóla á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, þá hefur Evrópusambandið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins neitað að taka prófgráður frá þeim skóla gildar.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem við höfum á hv. Alþingi nefnt í sambandi við umræður um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu og tilhneigingu Evrópusambandsins að virða ekki stofnanakerfi EES-samningsins eins og hér hefur komið skýrt fram í umræðum og einnig í umræðum sem við höfum átt í hv. utanrmn.

Að lokum út af því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi í sambandi við flugmálin, þá kemur fram á bls. 13 í þáltill. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram til þessa hefur ekki verið í gildi tvíhliða loftferðasamningur á milli Íslands og Sviss og því hefur flug milli ríkjanna verið háð sérstökum leyfum. Breytingarnar fyrir Ísland og íslenska hagsmuni eftir fullgildingu Vaduz-samningsins eru að íslensk flugfélög geta hafið flug til Sviss og byrjað starfsemi þar vegna tryggðs staðfesturéttar og sama gildir um svissneska flugrekendur hér á landi."

Hins vegar er ljóst eins og kom fram hjá hv. þm. að Noregur og Liechtenstein gerðu ýmsa fyrirvara um fjárfestingu svissneskra borgara í löndum sínum, en Ísland veitir hins vegar svissneskum borgurum sömu stöðu og borgurum frá hinum EES/EFTA-ríkjunum, að því frátöldu að svissneskir ríkisborgarar hafa ekki heimild til að eiga hlut í íslenskum flugfélögum og Sviss hefur einnig fyrirvara um vissa fjárfestingu og koma þeir fram í viðauka O.

Það sem sagt liggur fyrir að samkvæmt þessum samningi hefðum við ekki haft heimild til að eiga hlutabréf í Svissair og það er nú kannski gott dæmi um ákveðna þröngsýni á þessu sviði að heimila ekki aðilum að eiga hlutabréf í slíkum fyrirtækjum, því það hefði væntanlega getað leitt til þess að gripið hefði verið til sameiningar, hagræðingar og annarra aðgerða á sviði þess ákveðna flugfélags, sem hefði hugsanlega getað leitt til þess að ekki hefði farið jafnilla. Alþjóðasamkeppni kallar á mikinn sveigjanleika. Hún kallar á mikið frelsi. Hún kallar á frelsi í fjárfestingum og reynslan er sú að það er besta leiðin til að viðhalda bæði samkeppni og þjónustu, að slíkur sveigjanleiki sé fyrir hendi. En þegar menn byrja að reyna að einangra sig, einangra sig frá þeirri þróun sem alls staðar blasir við, þá verður það viðkomandi aðilum ekki til framdráttar, heldur þvert á móti getur það leitt til stórslysa, eins og ég held að dæmið með Svissair sanni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, fyrri umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 886.

og

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, fyrri umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 887.

og

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, fyrri umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 888.

[12:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þremur tillögum til þál. um heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamninga milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og ríkjanna Jórdaníu, Makedóníu og Króatíu. Þeir samningar sem hér um ræðir eru hliðstæðir samningum sem gerðir hafa verið á undanförnum árum á vegum EFTA og komið hafa til umfjöllunar á hinu háttvirta Alþingi. Þannig ná samningarnir til fríverslunar með iðnaðarvörur, fisk og unnar landbúnaðarvörur. Jafnframt voru gerðir tvíhliða samningar um tollalækkanir fyrir ýmsar óunnar landbúnaðarvörur. Auk þess ná samningarnir til ýmissa annarra þátta sem nánar er getið í tillögunum. Þær tollalækkanir sem hér um ræðir taka gildi í áföngum svo sem nánar er gerð grein fyrir.

Við gerð samninga af þessu tagi er ekki einvörðungu verið að skapa forsendur til aukinna og greiðari viðskipta milli aðildarríkjasamninganna heldur eru þeir ekki síður af pólitísku tagi. Þannig eru samningarnir við Makdeóníu og Króatíu liður í viðleitninni til að styðja við lýðræðislega þróun og efnahagslegar framfarir í þessum löndum og á viðkomandi svæði. Samningurinn við Jórdaníu er í samræmi við þá stefnumörkun EFTA, og reyndar Evrópusambandsins líka, að stuðla að viðskiptalegri tengingu landa norðaustur-strandar Miðjarðarhafs og Miðausturlanda við Evrópu og þróun í átt til fríverslunar við þetta svæði allt þannig að það geti þróast með eðlilegum hætti og vonandi stuðlað að betri samskiptum og friði á þessu svæði.

Að fullgiltum þessum samningum eru gildandi fríverslunarsamningar EFTA orðnir 18 að tölu. Samningur við Singapúr bíður undirritunar. Samningaviðræður við Chile og Kanada eru langt komnar og þær eru hafnar við Túnis og Egyptaland. Vonir standa til að viðræður hefjist innan tíðar við Suður-Afríku sem er vaxandi markaður, og mikilvægt að Evrópuríkin hafi eðlilegan aðgang að þeim markaði enda á margan hátt lykill að sunnanverðri Afríku.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[12:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki þarf mikið að segja um þessar tillögur. Ég vil þó í upphafi máls míns taka það fram að mér fannst mjög jákvætt að fulltrúar Alþingis í alþjóðasamstarfi EFTA skyldu vera hér við umræðuna um fríverslunarsamninginn áðan. Það er mjög mikilvægt að sjónarmið þeirra komi inn í umræðuna á Alþingi af því að þau eru þeir fulltrúar okkar sem vinna að þessum málum á erlendum vettvangi. Því miður er allt of lítið um að fulltrúar okkar sem hafa kannski átt einhvern þátt í að vinna slík mál eða koma að þeim í erlendu samstarfi komi inn í umræðuna þegar við erum að fjalla um afmörkuð mál undir öðrum hatti.

Við í Samfylkingunni erum fylgjandi gerð fríverslunarsamninga og ég get líka fullyrt að það er fullur pólitískur stuðningur Samfylkingarinnar við þá vinnu hæstv. utanrrh. sem snýr að stuðningi við lýðræðislega þróun í Evrópu. Sjálf er ég sannfærð um að ýmiss konar alþjóðlegt samstarf sem við erum m.a. aðilar að sé ríkur þáttur okkar í bæði friðaruppbyggingu og þróun í þeim þætti Evrópu þar sem menn eiga enn þá langt í land. Og sérstaklega finnum við það sem störfum í Norðurlandaráði og eigum samskipti við Eystrasaltsríkin hvað þeim finnst skipta gífurlegu máli að geta verið með í Evrópu og verið viðurkenndur hluti Evrópu. Ég get því lýst yfir stuðningi okkar við þessa meginþætti.

Ég tek eftir því við skoðun á þessum tillögum að áhersla er lögð á tvennt, annars vegar að það eru undantekningar í viðauka III og að tollar samkvæmt þeim viðauka munu falla niður í áföngum, allt að níu árum, og svo hinu að það er sameiginlegt með öllum tillögunum, held ég, að löndin verða að gera tvíhliða samninga um landbúnaðarmál, að landbúnaðarmál eru ekki hluti af þessum samningum heldur semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við hvort heldur er Makedóníu eða Króatíu. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra sér ástæðu til að nefna eitthvað frekar hvers vegna ekki er hægt að ná þeim samningum hér, hvort þetta gildir almennt um að undantekningarnar séu gerðar hér á iðnaðarvörum, og í þeim tilfellum þar sem undantekningar eru falla tollar niður í áföngum á allt að níu ára tímabili. Það er bara gengið frá því að það er aðlögun á ákveðnum sviðum en þegar kemur að viðskiptum með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða. Fróðlegt væri að heyra hvort það er almennt þannig eða hvort þetta á sér sérstakar skýringar.

[12:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég styð að sjálfsögðu fullgildingu þessara þriggja samninga. EFTA hefur staðið sig ákaflega vel við að gera fríverslunarsamninga á síðustu árum, og má segja að þeir samningar sem við erum að fullgilda hér hafi auðvitað verið gerðir eða unnið að gerð þeirra í tíð Kjartans Jóhannssonar meðan hann var yfir þeirri ágætu stofnun.

Ég kem hingað til að spyrja hæstv. utanrrh. um þá samninga sem nú eru í farvatninu. Ég tek eftir því, herra forseti, að í grg. með öllum þessum þremur þáltill. er vísað til þess að á lokastigi séu samningar við Singapúr. Síðan er tekið svo til orða að viðræður hafi staðið yfir við Kanada, Túnis og Chile. Ég stóð í þeirri trú, herra forseti, að við værum u.þ.b. að ljúka gerð samninga við Kanada. Þeir samningar hafa áður verið ræddir á hinu háa Alþingi að frumkvæði hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Ég minnist þess að ég stýrði sjálfur sem varaformaður utanrmn. fyrsta fundinum sem við, fulltrúar þingsins, áttum við Kanadamenn. Þá lýstu frændur

okkar frá Kanada því yfir með miklum fögnuði að þeir legðu mikla áherslu á að ljúka þessum samningi. Ég held að fimm, sex, jafnvel sjö ár séu liðin síðan þetta var, ég man ekki hvenær það var.

Í framhaldi af umræðum sem ég hef átt við aðra þingmenn og ráðherra EFTA-ríkjanna á vettvangi EFTA-/EES-nefndarinnar og í framhaldi af þeim umræðum sem hér urðu fyrir nokkrum vikum um Kanada langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé misskilningur minn að samningurinn við Kanada sé á lokastigi. Ef það er misskilningur minn, hvað er það þá sem stendur í vegi fyrir því að ljúka þeim mikilvæga samningi? Sá samningur er ákaflega mikilvægur vegna þess að hann er eini samningurinn sem er ekki bókstaflega hliðstæður samningum ESB, held ég. Ég held að ESB sé ekki búið að ljúka samningum við Kanada og það skiptir máli fyrir okkur að stíga þar skrefi framar en þeir.

Ég lýsi líka ánægju minni með að í bígerð skuli vera að hefja viðræður um gerð samnings við Suður-Afríku. Mig langar þá jafnframt að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki skoðun hans að við ættum líka að leggja net okkar á þessu sviði fyrir Japan. Ég ímynda mér að í því gæti verið slægur.

[12:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af þeirri staðreynd, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði hér um, að samið sé tvíhliða um landbúnaðarvörur, þ.e. hreinar landbúnaðarvörur, er það einfaldlega vegna þess að þarna er gætt samræmis við þá samninga sem við gerum við t.d. Evrópusambandið. Það er samið sameiginlega um unnar landbúnaðarvörur en sérstaklega, hvert ríki fyrir sig, um það sem við getum kallað hreinar landbúnaðarvörur eins og kjöt, mjólkurafurðir og slíkar vörur. Sama reglan hefur verið í þessum fríverslunarsamningum við öll ríkin og með sama hætti eru samningar Evrópusambandsins við þessi ríki. Þarna er því gætt samræmis, og við teljum að við náum betur utan um landbúnaðarvörurnar með þessum hætti. Þessi er ástæðan fyrir því að þetta er gert svona.

Út af fríverslunarsamningum öðrum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á erum við væntanlega núna að ganga frá fríverslunarsamningnum við Singapúr. Fulltrúar á okkar vegum eru í Singapúr vegna þess að við förum með formennsku í EFTA, eins og hv. þm. veit, og við höfum lagt mikið upp úr því að ljúka því máli. Þar hafa verið ákveðin vandkvæði sem snerta aðrar þjóðir og ég veit ekki betur en að það sé u.þ.b. að leysast. Þótt ég vilji ekki taka dýpra í árinni með það voru síðustu fréttir þær að það væri að leysast.

Út af Kanada höfum við áður rætt hér að þar eru vandkvæði út af skipasmíðaiðnaði. Við höfum lagt mikla áherslu á að ljúka því máli og erum stöðugt að vinna að því. Við munum leggja mikið upp úr því í íslensku utanríkisþjónustunni að reyna að ljúka því máli núna áður en formennskutímabili okkar í EFTA lýkur þannig að það liggi ljóst fyrir á vorfundi EFTA. Það hefur því miður dregist allt of lengi af ástæðum sem ég hef áður rakið hér á Alþingi en við leggjum mikið upp úr því að ljúka því máli.

Út af Japan tókum við það mál upp við marga ráðherra í opinberri heimsókn sem ég var í nýlega í Japan og lögðum á það áherslu að EFTA-ríkin vildu gera fríverslunarsamning við Japan. Það er ekki mikill áhugi fyrir því í Japan að gera fríverslunarsamninga. Þeir vilja leysa sín mál fyrst og fremst á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og hafa ekki verið áhugasamir um að fara út í fríverslunarsamninga við einstök lönd þó að þar virðist vera ákveðin breyting í uppsiglingu. Þess vegna munum við halda þessu áfram því við teljum mikilvægt að ná slíkum samningum við Japan sem er næststærsta efnahagsveldi í heimi á eftir Bandaríkjunum, og tel ég þá ekki Evrópusambandið sem eitt ríki heldur mörg ríki af sjálfsögðum ástæðum. Mjög mikilvægt er að ná slíkum samningum við Japan og EFTA-ríkin leggja á það mikla áherslu og munu halda áfram að gera það. Því munum við halda því á lofti áfram í samskiptum okkar við Japan, og strax og jákvæð viðbrögð koma þaðan erum við tilbúin til þess að fara að vinna frekar að málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 600. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 946.

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, 599. mál, stjtill. (dómsmrh.), þskj. 945.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 576. mál (tollar á grænmeti). — Þskj. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Landgræðsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 584. mál (heildarlög). — Þskj. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Landgræðsluáætlun 2003–2014, frh. fyrri umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 873.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JHall, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, TIO, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ArnbS, ÁMM, BBj, GHH, GAK, GÖ, GunnB, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KF, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Í umræðunum í gær um þau tvö mál sem við nú höfum afgreitt til hv. landbn. kom fram ósk um að nefndin sendi gróðurverndar- og jarðvegsverndarþáttinn til umsagnar umhvn. Mig langar til að óska eftir því formlega að hv. landbn. geri það þannig að umhvn. hv. hafi tækifæri til að fjalla um þá þætti þessa frv. og þeirrar landgræðsluáætlunar sem hér liggur fyrir þannig að sem best og yfirgripsmest umfjöllun fáist um þetta í nefndum þingsins.

Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 49. mál. — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Alþjóðasamningar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, frh. síðari umr.

Stjtill., 406. mál. — Þskj. 663, nál. 889.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JHall, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, TIO, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ArnbS, BBj, GHH, GAK, GÖ, GunnB, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KF, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 948).

Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 551. mál. — Þskj. 864.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 886.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 887.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 888.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Útboð í heilbrigðisþjónustu.

[13:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ungur læknir skrifaði á dögunum um stríðsástand á Landspítalnum. Læknirinn bendir á að vegna þess að bið eftir vistun á hjúkrunarrýmum aldraðra geti skipt mánuðum, liggja aldraðir á sjúkradeildum og bráðveikir sjúklingar komast ekki inn á spítalann, þar sem fá og engin laus pláss eru fyrir hendi. Fresta þarf aðgerðum og biðlistar lengjast. Læknirinn segir að öldrunar- og endurhæfingarþjónustan sé enn annar flöskuháls og hann bendir á að þar sem 20–30 þús. manns á höfuðborgarsvæðinu séu án heimilislæknis flytjist vandamál sem hægt væri að leysa innan heilsugæslunnar inn á sjúkrahúsin, á bráðamóttökur og slysadeildina.

Þetta þekkjum við og þessi frásögn er ekki af nýjum tíðindum. En hún vekur verðskuldaða athygli vegna þess að fagmaður sem starfar á Landspítalanum setur vandamálin þar í samhengi. Lausnina á vandamálinu telur læknirinn vera einkarekstur, m.a. í heilsugæslunni, en það finnst mér vafasöm staðhæfing. Gífurleg þörf er fyrir hjúkrunarrýmí

og frjáls félagasamtök sem reka hjúkrunarheimili víða um land hafa barist í bökkum fjárhagslega. Þau hafa ekki getað fengið sambærilegan samning og gerður var í kjölfar útboðs á Sóltúni. Þangað var veitt meira af almannafé, enda þótti Sóltúnssamningurinn milljónavirði eins og frægt varð þegar hann varð söluvara. Þá ályktun má draga af þeirri einkavæðingu að þegar ríkisstofnun eða sjálfseignarstofnun mannúðarsamtaka á í hlut er fjármagn skorið við nögl, en þegar um alvörueinkaframkvæmd er að ræða er allt annað verðlag á þjónustunni.

Frumstig heilbrigðiskerfisins, heilsugæslan, hefur verið vanrækt. Nauðsynleg uppbygging hefur ekki átt sér stað. Ofboðsleg þörf hefur myndast í heilsugæslunni sem ekki hefur fengið nauðsynlegt fjármagn og keyrt hefur um þverbak tvö undangengin ár. Þekkt atburðarás verður til. Málaflokkurinn er sveltur fjárhagslega og svo kemur lausnin: Einkavæðing. Þannig hefur hæstv. heilbrrh. fyrirvaralaust boðað útboð á rekstri nýrra heilsugæslustöðva, húsnæði og öllum rekstri — miðað við fréttir — þar með talinni læknisþjónustu, fyrst í Salahverfi í Kópavogi og sennilega síðar í Hafnarfirði og Heimahverfi, miðað við fréttir. Þetta eru næstu heilsugæslustöðvar sem fyrirhugað er að opna. Ekki er ljóst hvers konar útboð er hér á ferðinni eða hvernig eigi að tryggja þjónustu. Engin rök liggja fyrir um að einkaframkvæmd í heilbrigðisþjónustu sé hagkvæmari. Þvert á móti bendir reynsla erlendis frá til þess að einkarekstur sé dýrari. Erfitt er að sjá mikinn sparnað í rekstri, þar sem 70–80% kostnaðar er laun, nema ef draga á úr þjónustu. En meginmál er að það á ekki að vera hagnaðarvon í heilsugæslunni. Grunnþjónusta í heilbrigðiskerfinu lýtur ekki lögmálum framboðs og eftirspurnar. Samfylkingin leggur höfuðáherslu á að tryggja jafnrétti til heilbrigðisþjónustu og einkarekstur hefur ekki tryggt öllum sama rétt.

Fréttin um útboðið kom eins og þruma úr heiðskýru lofti fyrir þá sem mánuðum saman hafa staðið í samningaviðræðum við heilbrrn. Þannig hafði heilsugæslan í Hafnarfirði átt í viðræðum um tilteknar sértækar lausnir og í Kópavogi hafa alvarlegar viðræður við heilbrrn. verið í gangi í níu eða tíu mánuði. Í Kópavogi er áformað að taka húsnæði í Salahverfi á leigu og þörfin er sex lækna stöð. Sú stöð verður þriðja stöðin í Kópavogi þar sem íbúar nálgast óðfluga 25.000.

Á skömmum tíma hefur biðin eftir lækni farið úr þremur í tíu daga, meðan áður var hægt að komast til læknis fyrirvaralítið. Þetta er léleg þjónusta og ömurlegt ástand sem fólk vill ekki una.

Margar spurningar vakna um einkavæðingaráform heilbrigðisráðherrans. Í fyrsta lagi:

Hvers vegna útboð heilsugæslunnar núna?

Hverju hyggst ráðherrann ná fram og hvernig verður jafnrétti til heilsugæslu tryggt?

Með hvaða hætti verða stöðvarnar tengdar stjórnum heilsugæslustöðvanna, stefnu þeirra og áherslu?

Verða sambærilegar kröfur gerðar til rekstraraðila um alla þjónustu eins og stöðvanna sem fyrir eru?

Verður þeim gert að veita sömu upplýsingar og finna má um heilsugæslustöðvarnar í verkefnavísum?

Í Salahverfi í Kópavogi á fólki eftir að fjölga um helming. Hvernig verður þessi stighækkandi þjónustuþörf skilgreind og tryggð?

Hvernig kemur Læknalind, sjálfstæða einkarekna stöðin, inn í það þjónustumat?

Hvernig mun heimaþjónusta í Sölum tengjast heimaþjónustumiðstöð núverandi heilsugæslustöðva?

Herra forseti. Verður Salastöðin tengd miðlægri vörslu upplýsinga sem starfrækt er hjá hinum heilsugæslustöðvunum í Kópavogi?

[13:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að nokkurs misskilnings gætir vegna orða sem ég lét falla um heilsugæsluna og rekstrarform á því sviði og því fagna ég sérstaklega að hv. 4. þm. Reykn. skuli taka málið upp hér á Alþingi. Hún beindi til mín nokkrum spurningum sem ég kýs að svara, en ræði síðan nokkur almenn atriði varðandi heilsugæsluna.

Verði heilsugæslustöð boðin út í einu lagi, t.d. í Salahverfinu, þá mun heilbrrh. í þessu tilfelli með samningi tryggja í fyrsta lagi að þjónustan gagnvart almenningi verði ekki síðri, í öðru lagi að gjöldin fyrir þjónustuna verði ekki meiri og að útgjöldin fyrir okkur sem skattgreiðendur verði ekki hærri en á heilsugæslustöðum sem reknar eru með hefðbundnum hætti á vegum heilsugæslunnar í Reykjavík. Verði útboðsleiðin farin er bæði sjálfsagt og fullkomlega eðlilegt að heilsugæslunni í Reykjavík yrði falin framkvæmdin, enda stefna, áherslur í rekstri og kröfur í samræmi við þá stefnu ráðuneytisins sem mörkuð hefur verið með uppbyggingu glæsilegra stöðva á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.

Þá er spurt um Salahverfið sérstaklega. Þar eins og víðar hefur vaxið hratt upp blómlegt hverfi sem þarfnast ekki bara heilsugæslu í hverfinu heldur á rétt á henni. Uppbyggingin þar snertir á engan hátt fyrirtækið Læknalind. Það er algjörlega óháð fyrri áformum um hina almennu uppbyggingu í Salahverfinu, alveg á sama hátt og ágæt þjónusta Læknavaktarinnar handan Reykjanesbrautar er óháð uppbyggingunni í nýja hverfinu. Þar er sjaldnast löng bið eftir fimm á daginn og yfirleitt komast menn að innan klukkutíma eftir að þeir mæta á staðinn. Verði heilsugæslustöðin í Salahverfinu boðin út gerum við sömu kröfu til heimaþjónustunnar þar og gerðar eru annars staðar og allar upplýsingar verða vistaðar með sama hætti og annars staðar er gert.

Með þessum yfirlýsingum tel ég mig hafa svarað beinum fyrirspurnum hv. 4. þm. Reykn. en vegna umræðna um heilsugæsluna almennt tel ég rétt að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri svo við getum rætt þessi mál á faglegum grundvelli áfram.

Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 178.000 manns í desember síðastliðnum. Á svæðinu öllu eru starfandi 103 heilsugæslu- og heimilislæknar, sem þýðir að hér eru rúmlega 1.700 manns á hvern starfandi heilsugæslu- og heimilislækni. Ég nefni þessa tölu til að menn átti sig á grunni þess sem við erum að tala um.

Menn hafa langa reynslu fyrir því að Íslendingar vilja ekki bíða lengi eftir að ná fundi læknis þegar þeir telja sig þurfa þess með. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að menn hafa kvartað undan þjónustu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sagt er að leiðin til læknis sé ekki nægilega greið. Sumir hafa bundið saman biðlistana og rekstrarformið og fengið út úr því að einkarekstrinn eða einkavæðingin væri lausnarorðið, með slíkri breytingu hyrfu biðlistarnir. Ég set mikinn fyrirvara við þetta. Þeir sem hafa talað hæst um þetta tala aldrei um langa biðlista hjá einkastofum. Ég hafna því að rekstrarformið skipti hér máli. Læknum fjölgar ekki með því að breyta rekstrarforminu og sömu menn vinna ekki fleiri

læknisverk nema þá að þeir sem vinna verkið fái meira fyrir sinn snúð.

Hér erum við kannski komin að kjarna óánægju heilsugæslulæknanna, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Kjör þeirra ákvarðast nú af kjaranefnd í samræmi við eindregnar óskir þeirra frá því fyrir fimm árum. Ég hef lýst því yfir að það sé og hafi ekki verið fyrirstaða hjá mér, hjá forvera mínum eða hjá heilbr.- og trn. að endurskoða þessa skipan mála, ef það mætti verða til þess að lægja óánægjuraddir í heilsugæslulæknahópnum. Ég hef því miður ekki fengið viðbrögð enn við þessum yfirlýsingum mínum frá samtökum lækna, en ítreka hér það sem ég hef áður sagt um það, að ég er reiðubúinn að skoða allar þær hugmyndir sem mega verða til að slá á ónægju manna með breyttu launafyrirkomulagi þar sem hagsmunum beggja er til skila haldið, sem þýðir að fyrir aukin afköst í heilsugæslunni fá menn eitthvað fyrir snúð sinn.

Ég kem frekar inn á rekstrarformið almennt hér á eftir. En það sem ég hef sagt í þeim efnum er engin breyting frá þeirri stefnu sem sátt hefur verið um. Eina breytingin er að bjóða læknum upp á aðstoð við að losna undan kjaranefnd ef þeir vilja.

Við erum þegar með mismunandi rekstrarform í heilsugæslunni. Útboð eins og ég hef sagt að kæmi til greina er því engin nýlunda. Við erum þegar með hinar hefðbundnu stöðvar. Við erum með sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna. Við höfum gert eins konar þjónustusamning um rekstur heillar stöðvar og við höfum þar fyrir utan gert eins konar þjónustusamning um rekstur Læknavaktarinnar. Gagnvart einstaklingum er kostnaðurinn alls staðar sá sami og leiðin að læknum á að vera jafngreið fyrir alla. Fyrir heilbrigðisyfirvöld, lækna og skattgreiðendur er hins vegar hollt að geta borið saman hin mismunandi form á rekstri, meta þannig kosti og galla og það hyggjumst við gera án þess að hverfa frá neinum grundvallaratriðum sem ég hef ætíð hamrað á varðandi þessi mál.

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á meðal bisnessmanna, bæði á meðal þeirra sem klæðast hvítum læknasloppum og einnig hinna sem eru bara á jakkafötum eða í drögtum og halda til í verðbréfahöllinni, eru nú uppi tvær kenningar um hvernig eigi að einkavæða heilbrigðisþjónustuna. Annars vegar eru þeir sem vilja nýta markaðinn að fullu. Fyrirtækið Læknalind er af þessum toga. Hugmyndin er að einstaklingar og fjölskyldur borgi eins konar áskriftargjald og reiði sig á eigið peningaveski og síðan einkatryggingar. Það var held ég engin tilviljun að sama dag og Læknalindin opnaði hófu tryggingafyrirtækin að auglýsa heilsufarstryggingar.

Hin leiðin sem einkavæðingarsinnar vilja nú fara er sú sem kennd hefur verið við einkaframkvæmd, þ.e. að fela einkaaðila að reisa og reka heilsugæslustöðvar eða sjúkrahús eða sjá um einstaka þætti starfseminnar. Hér er meiningin að skattborgarinn greiði að fullu fyrir allt og kosturinn er, segja menn, að sjúklingum verður ekki mismunað því ríkið borgi brúsann.

Þetta virðist hæstv. heilbrrh. hafa keypt því hann hefur lýst því yfir að þetta sé ekki einkavæðing. Jú, hæstv. heilbrrh., þetta er einkavæðing því gagnstætt ýmsum sjálfseignarstofnunum á heilbrigðissviði, er hér verið að gera heilbrigðisþjónustuna að atvinnustarfsemi sem ætlað er að gefa af sér arð. Það er verið að breyta þjónustustarfsemi í bisness og það er grundvallaratriði.

Gagnvart skattborgaranum er þetta fullkomið ábyrgðarleysi því þetta fyrirkomulag hefur alls staðar þar sem það hefur verið reynt reynst miklu dýrara, miklu kostnaðarsamara. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er þrýst á hæstv. heilbrrh. af einkavæðingarsinnum í sloppi og án slopps, og vil ég eindregið hvetja hann til að standa vaktina fyrir hönd sjúklinga og einnig skattborgara og að hann gæti betur að hagsmunum ríkissjóðs en gert var þegar samningurinn var gerður við Öldung hf. um Sóltúnsheimilið. Ég held að ýmsir alþingismenn, bæði úr stjórnarandstöðu og einnig stjórnarsinnar sem hafa haft fyrir því að kynna sér þann samning, viti hvað ég er að fara.

En eitt finnst mér áhyggjuefni, þ.e. að heyra á hvernig hæstv. heilbrrh., sem hefur viljað standa þessa vakt og hefur lýst góðum vilja í því efni, er farinn að tala á tungumáli markaðshyggjunnar.

[13:51]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umræðu útboð í heilbrigðisþjónustu með hliðsjón sérstaklega af uppbyggingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir góðan vilja hefur miðað of hægt. Í Reykjavík eru u.þ.b. 20.000 manns án heimilislæknis. Hið sama á við um 6.000 Kópavogsbúa og nokkurn fjölda Hafnfirðinga. Ákvörðun um byggingu heilsugæslustöðvar í Voga-, Heima- og Sundahverfi liggur ekki fyrir og er orðið afar brýnt að taka á því máli. Til að anna þörf er talið að á milli 20 og 30 lækna vanti til starfa til viðbótar þeim um 100 sem nú eru starfandi á höfuðborgarsvæðinu og öllum er kunnugt um langan biðtíma eftir viðtali hjá lækni.

Því er ánægjuefni að nýtt húsnæði heilsugæslustöðvarinnar í Grafarvogi var opnað fyrir stuttu og í þessari viku var tilkynnt um útboð á byggingu og rekstri heilsugæslustöðvar í Salahverfi í Kópavogi. Hér er tekinn upp þráðurinn frá því samið var um rekstur heilsugæslustöðvarinnar í Lágmúla við einkaaðila fyrir nokkuð löngu síðan. Hæstv. heilbrrh. er hlynntur ýmsum rekstrarformum í heilbrigðisþjónustu eins og hann hefur margoft sagt. Þessi ákvörðun er svar við ítrekuðum óskum fagaðila um aukið sjálfræði í störfum. Meginatriðið er að heilsugæsluþjónusta sé til staðar, að hún sé góð, aðgengileg, á viðráðanlegu verði og að jafnræði sé milli þeirra sem leita þjónustu sem kostuð er af opinberu fé. Þá má einu gilda fyrir þann sem sækir þjónustuna hvort ríkisstarfsmaður eða einkaaðili veiti hana.

Í því sambandi langar mig að benda á að R-listinn í Reykjavík hefur ákveðið að bjóða út læknisþjónustu við öldrunarstofnanir borgarinnar. Á þeirri ákvörðun og ákvörðun hæstv. heilbrrh. nú er enginn eðlismunur. Í báðum tilvikum eru yfirvöld að semja við einkaaðila um ábyrgð á rekstri sem þau samkvæmt lögum eiga að sjá um að standi fólki til boða.

[13:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þau grundvallarmarkmið sem góð heilsugæsla á að byggjast á og hæstv. ráðherra rakti í máli sínu. Ég geri ekki athugasemd við einkarekstur í heilsugæslu eins og hún er rekin t.d. hér í Reykjavík í Lágmúlastöðinni. Mismunandi rekstrarform geta vel farið saman í velferðarþjónustunni. Aðalatriðið er að hafa jafnan aðgang að grunnþjónustunni, góða og greiða þjónustu og að fólki

sé ekki mismunað eftir efnahag. Það er grundvallaratriði. Samfylkingin hafnar tvöföldu kerfi í heilbrigðisþjónustunni.

En ég spyr: Hvers vegna er fyrirhugað að bjóða fyrst út heilsugæslustöð á þessum stað í Kópavogi? Hvað ræður því? „Ekki er það Læknalindin", sagði hæstv. ráðherra hér í máli sínu, þ.e. einkavæðingin í Kópavogi. Hvað þá?

Voga- og Heimahverfi í Reykjavík hafa beðið lengi eftir heilsugæslustöð og íbúum þar var lofað að þeir yrðu næstir til að fá þessa þjónustu. Hvers vegna er það ekki svo?

Það er líka vitað að ástandið er einna verst og þörfin mest í Hafnarfirði. Hvað ræður þessari forgangsröðun?

Ég spyr, herra forseti: Er ekki skortur á heimilislæknum? Gerir hæstv. ráðherra sér vonir um að margir heimilislæknar séu á lausu til að bjóða í þessa starfsemi?

Undanfarin þrjú ár hefur verið beðið um 12–15 nýjar stöður í heilsugæslunni við fjárlagagerðina og á síðasta ári voru aðeins veitt 5,5 stöðugildi. Allir þekkja ástandið í heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Það er löng bið, ekki er hægt að anna eftirspurn og fólk leitar í dýrari þjónustustig. Það er ekki bjóðandi. Heilsugæslan í dag er ekki mönnuð til að anna eftirspurninni. Það þarf að grípa til annarra ráða til að bæta heilsugæsluþjónustuna. Hvað ætlar ráðherra að gera í heimilis- og heilsugæslulæknaskortinum? Hann er einn stærsti vandinn. Ungir læknar sækjast ekki eftir þessari sérgrein. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að breyta því? Margir heilsugæslulæknar eru að huga að því að hverfa að öðrum störfum og engin viðbrögð berast við tillögum ráðherrans. Þetta útboð leysir ekki þann stóra vanda sem heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu stendur frammi fyrir og mörgum spurningum er ósvarað.

Herra forseti. Því miður er verið að svelta heilsugæsluna til einkavæðingar.

[13:55]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Um hvað snýst það mál sem hér er til umræðu? Það snýst einfaldlega um að veita Kópavogsbúum þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa og eiga rétt á. Þá er rétt að minna á að ekkert bæjarfélag hefur vaxið jafnhratt og ört eins og Kópavogur á síðustu árum og þess vegna er mikilvægt og skylda hins opinbera að bregðast skjótt við til þess að veita grunnþjónustu í velferðarkerfinu. Það er einmitt það sem verið er að gera.

Hins vegar er ekki verið að breyta neinu í grundvallaratriðum um rekstur á heilbrigðiskerfinu. Það er einfaldlega verið að veita Kópavogsbúum glæsilega þjónustu. Það eru þau metnaðarfullu markmið sem hæstv. heilbrrh. hefur lýst hér.

Líka er rétt að minna á að hvergi eru þjónustusamningar jafnalgengir og á heilbrigðissviði. Þar nægir að nefna ýmis dvalarheimili fyrir eldri borgara, sérfræðinga á sjúkrahúsum, krabbameinsleit, heimahjúkrun og þannig mætti lengi áfram telja. Menn hafa einfaldlega notað ólík rekstrarform til þess að veita sem besta þjónustu fyrir almenning.

Það sem skiptir meginmáli og er grundavallaratriði hér, herra forseti, er að veita Kópavogsbúum góða grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu án þess að mismuna íbúunum eftir efnahag og án þess að slíkt form sé hinu opinbera dýrara en önnur form. Þetta er í rauninni grundvallaratriðið í heilbrigðismálum og ég treysti engum betur en hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni til að standa vörð um þá stefnu.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það voru mikil vonbrigði þegar hæstv. heilbrrh. gaf það út að hann hygðist bjóða út eitt stykki nýja heilsugæslustöð. Hæstv. ráðherra hefur áður talað skynsamlega í þessum efnum og ekki tekið undir nýfrjálshyggju og gróðahyggjusjónarmið um aukinn einkarekstur og einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, í kjarna heilbrigðiskerfisins. Hér er haldið inn á þá braut sem leiðir til og endar í mismunun þegnanna, meiri kostnaði, meiri heildarkostnaði fyrir hið opinbera og tvöföldu dýru kerfi. Sú reynsla blasir við hjá þeim þjóðum sem hafa farið inn á þessa braut.

Herra forseti. Einkarekstur í hagnaðarskyni sem velur sér verkefni, sendir reikninginn til ríkisins og skilur ríkið eftir með þau verkefni sem ekki er ábatasamt að sinna, er versta fyrirkomulagið sem hægt er að hafa í þessum efnum. Heilsugæslan sem fyrsta og mikilvægasta þrepið í heilbrigðisþjónustu landsins, er afar mikilvæg og hana ber að efla. Það er leiðsögn þeirra þjóða sem eru að reyna að halda aftur af og utan um útgjöldin í heilbrigðiskerfinu, þ.e. að efla grunnheilsugæsluna og reyna að leysa sem flest viðfangsefni þar. Ég er sannfærður um að það verður best gert með skipulögðu kerfi öflugra heilsugæslustöðva þar sem öll grunnheilsugæslan, eftirlitið, sóttvarnirnar, mæðra- og ungbarnaeftirlit o.s.frv., er á einni hendi. Ég fullyrði að ástandið er til fyrirmyndar á t.d. svæði einnar stærstu heilbrigðisstöðvar landsins, þ.e. á Akureyri þar sem upp undir 20.000 manns, bæði á Akureyri og í Eyjafirði, njóta allrar þessarar þjónustu á einum stað. Það er ódýrt, skilvirkt og skilar góðum árangri og mikil ánægja er með þá þjónustu meðal íbúanna. Hvers vegna þá að hverfa frá fyrirkomulagi sem þannig hefur sýnt gildi sitt? Gallinn er að þessa uppbyggingu skortir á höfuðborgarsvæðinu. Þá á ekki að fara úr öskunni í eldinn heldur ljúka því verkefni að byggja hér upp skilvirkt heilsugæslukerfi fyrir alla íbúa þessa svæðis.

[14:00]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Mér finnst stundum umræðan um heilbrigðismálin dálítið ruglingsleg. Ég er nefnilega alveg viss um að meðal íslenskra stjórnmálaflokka eru menn alveg samstiga í grundvallaratriðum og hafa verið það áratugum saman. Allir íslenskir stjórnmálaflokkar eru fylgjandi því að við stöndum að þessu með samhjálp. Það hafa aldrei verið neinar deilur um það og eru ekki neinar deilur. Þegar menn tala um einkavæðingu eða einkarekstur, þá eru menn að tala um þá eðlilegu hluti að á hverjum tíma leiti menn leiða til þess að gera hluti svo hagkvæma sem þeir helst trúa.

Auðvitað geta samningar sem ríkið er að gera verið misgóðir. Auðvitað getur ríkinu orðið á í samningum rétt eins og hverjum öðrum. Það sem við verðum að athuga í þessu sambandi er að Ísland og íslensk stjórnvöld eru að eyða tiltölulega mjög hárri upphæð miðað við verga landsframleiðslu í heilbrigðismál. Sérstaklega með tilliti til þess hvað þjóðin er ung. Vandamálið á Íslandi er hins vegar nákvæmlega það sama og er í öllum öðrum vestrænum ríkjum, að erum við að missa allan kostnaðinn upp í hátækniþjónustu og grunnþjónustan verður eftir. Þetta er vandamál um alla Vestur-Evrópu. Ég hef minnst á þetta áður og ég vil sérstaklega hvetja menn til að átta sig á því að Frakkland hefur gengið fram fyrir skjöldu í að reyna að vinna á þessu vandamáli, Hollendingar líka, og þetta er hlutur sem við verðum að fara mjög gaumgæfilega í gegnum á næstu árum til að hafa

stjórn á þessu, til að halda þeirri góðu heilbrigðisþjónustu sem við höfum og allir eru sammála um að við viljum hafa.

[14:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Umræðan um rekstrarform í heilbrigðisþjónustu snýst um leiðir að tilteknum markmiðum. Eitt af þeim er aukin hagkvæmni. Það er eðlilegt að leitað sé leiða til að ná fram sem mestri hagkvæmni í rekstri heilbrigðisþjónustu og hafa nú þegar verið stigin mörg skref til þess. Samfylkingin hefur ekki lagst gegn því að slíkra leiða sé leitað, eins og útboða á ýmiss konar stoðþjónustu við sjúkrahúsin eða aðrar heilbrigðisstofnanir, en við leggjum á það höfuðáherslu að við slíkar ákvarðanir missi stjórnvöld ekki sjónar á þeim grundvallareinkennum sem prýða góða heilbrigðisþjónustu. Hún þarf að nýtast öllum án tillits til efnahags- eða félagslegrar stöðu að öðru leyti. Hún þarf að taka mið af þörfum neytandanna. Hana þarf líka að reka þannig að sem best þjónusta fáist fyrir sem minnst fé og að þeir sem um buddurnar halda hafi yfirsýn yfir útgjöldin.

Maður veltir því fyrir sér, herra forseti, hvort hæstv. heilbrrh. treystir sér til þess að tryggja slík markmið í því hvert svo sem rekstrarformið er. Góð heilbrigðisþjónusta á umfram allt að byggjast á samfélagslegum grunni.

Samfylkingin hafnar tvískiptu heilbrigðiskerfi sem býður þeim sem fjáðir eru betri þjónustu en hinum sem minna hafa. Slíkt kerfi er ekki í anda jafnaðarstefnunnar.

Þegar við leggjum mat á kostnað og sparnað í heilbrigðisþjónustunni verðum við alltaf hafa það í huga að grunnheilbrigðisþjónusta lýtur ekki lögmálum markaðarins. Hún snýst um heilsu fólks, um líf og dauða, siðferði og mannlega reisn. Sá sem sækir heilbrigðisþjónustuna gerir það ekki af fúsum og frjálsum vilja, hann er neyddur til þess. Hann á oftar en ekki ekkert val og getur ekki leitað eitthvert annað eftir þjónustu.

Munum því, herra forseti, eftir þessum sérkennum heilbrigðisþjónustunnar þegar við veljum rekstrarformin. Samfylkingin hafnar þeim rekstrarformum sem hafa í för með sér mismunun í heilbrigðisþjónustu eða stjórnlaus útgjöld sem ríkisvaldið hefur enga yfirsýn yfir.

[14:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. heilbrrh. Hann segir að þjónusta verði ekki verri, gæði ekki minni. Hann talar líka um Læknalind og Læknavaktina sem aðra kosti sem hafa komið inn í heilbrigðisþjónustuna. Það er grundvallarmunur á þessu. Við erum að tala um hverfisstöð fyrir stórt hverfi. Við erum að tala um þriðju heilsugæsluna í Kópavogi sem tengist starfsemi hinna stöðvanna, hvort heldur er heimaþjónusta, að hægt sé að tengja saman upplýsingar, ungbarnaeftirlit og hvaðeina. Það er bara einn staður sem kemur til greina fyrir heilsugæslustöðina og Kópavogur er að reyna að fá leigusamning um þennan stað. Bíðum við, hvað á að bjóða út? Það er bara einn staður sem hægt er að fara á. Hvað er það þá? Af hverju er verið að skoða útboð þar sem níu mánaða samningaumleitanir við heilbrrn. liggja að baki og hægt er að fara á staðinn og ráða lækna?

Kjarni óánægju heilsugæslulækna, segir ráðherrann sem vill skoða allar hugmyndir, er að þeir vilja fá eitthvað fyrir sinn snúð og hann vill aðstoða þá við að komast undan kjaranefnd. Er þetta leiðin til þess? Við verðum líka að vita hvert við ætlum að stefna. Í upphafi skyldi endinn skoða. Hver er langtímastefnan? Ætlum við að enda þannig að öll heilsugæsla verði einkarekin með þeim hætti sem hér er talað um? Þá tel ég mikla hættu á því að byrðin af rekstrinum verði smám saman færð af ríkissjóði í vasa sjúklinga á svipaðan hátt og gerst hefur þegar sjálfstætt starfandi læknar komu til sögunnar. Við verðum að skoða þessi mál. Við verðum að ræða þau og við verðum að vita hvar við ætlum að enda, ekki bara gera tilraun af því læknana langar að ráða.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ummæli mín á fundi heilsugæslulækna um útboðið hafa vakið athygli. En hins vegar var það fleira sem ég sagði á þeim fundi og ég held að sé rétt í ljósi umræðna hér, sem ég þakka fyrir og voru málefnalegar, að nefna að á þeim fundi sagði ég eftirfarandi: „Ég er ekki til viðtals um að gera neinar þær breytingar á grunnþjónustu heilbrigðisþjónustunnar sem fela í sér að horfið verði frá því að þjónustan sé almenn, aðgangur greiður, óháður tekjum, eignum eða félagslegri stöðu manna. Ég hafna hugmyndum þeirra stjórnmálamanna og lækna sem með tillögum sínum eru í rauninni að leggja grunninn að tvöföldu heilbrigðiskerfi fyrir tvær þjóðir í sama landinu. Það gengur ekki þar sem það er praktíserað og það gengur enn síður hér á Íslandi.“ Og ég sagði enn fremur, með leyfi forseta: „Þetta segi ég ekki vegna þess að ég sé á móti einkarekstri, síður en svo. Ég segi þetta vegna þess að fagleg lýðheilsurök mæla gegn fyrirkomulagi af þessu tagi, almenn fjárhagsleg rök mæla gegn því og einu rökin sem mögulega mætti tína til með svona kerfi eru þröngir sérhagsmunir.“

Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil taka fram að sé það mat hv. þingmanna og hv. 3. þm. Norðurl. e. að ég hafi talað skynsamlega í málinu (**SJS:** Fram að þessu.) fram að þessu, þá hefur engin breyting orðið á málflutningi mínum, nákvæmlega engin. Því ég hef ætíð haldið því fram að einkarekstur og einkavæðing í heilbrigðisþjónustu væri sitt hvað. Það er ekkert nýtt að ég segi það úr þessum ræðustól. (**SJS:** Þú ert að byrja að vænkast.) Og þetta útboð, ef af því verður, verður það á forsendum heilsugæslunnar. Það er lykilatriðið í málinu. Ég er mikill fylgismaður þess að efla þá grunnþjónustu og m.a. hv. 3. þm. Norðurl. e. talaði skynsamlega um verkefnin, hvernig þau ættu að vera. En ég hef talað í þessu máli nákvæmlega á sama hátt og ég hef áður gert.

Einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 854.

[14:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta tengist frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Það frumvarp var samið í viðskiptaráðuneytinu í kjölfar þess að ábendingar bárust úr atvinnulífinu um að æskilegt væri

að unnt yrði að skrá hlutafé í íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum í erlendum gjaldmiðli. Nánari athugasemdir um bakgrunn málsins er að finna í því frumvarpi og í framsöguræðu minni með hlutafélagafrumvarpinu. Benda má á að í fjármálaráðuneytinu hefur verið unnið að því að fá breytt löggjöf þannig að færa megi bókhald og semja ársreikninga félaga í erlendum gjaldmiðli og liggur frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Gert ráð fyrir strangari reglum um einkahlutafélög en þau hlutafélög, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, til að geta ákveðið hlutafé í erlendum gjaldmiðli. Einkahlutafélögin, sem voru um 15.000 í árslok 2001, þurfa með öðrum orðum að hafa fengið heimild ársreikningaskrár sem vistuð er hjá ríkisskattstjóra til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og fullnægja ýmsum skilyrðum í því sambandi.

Meðal skilyrða sem nægja er að félög séu með meginstarfsemi sína erlendis eða hafi meginstarfsemi sína hér á landi, en séu með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Öll hlutafélög og öll einkahlutafélög þurfa að halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum. Þar eð heimild ársreikningaskrár er grundvallarskilyrði fyrir erlendum gjaldmiðli í einkahlutafélögum fela ákvæði frumvarpsins í sér að íslensk einkahlutafélög þurfa að byrja með hlutafé í íslenskum krónum.

Auk íslensku krónunnar má samkvæmt frumvarpinu ákveða hlutafé í átta erlendum gjaldmiðlum, þ.e. evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Kveðið er á um að í ákvörðun hluthafafundar skuli greina frá nafnvirði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli og jafnframt er kveðið á um umreikning milli gjaldmiðla.

Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram. Þá er kveðið á um refsingu við broti á reglum. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júní 2002.

Breytingar þessar á löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög, eru taldar geta aukið samkeppnishæfni íslenskra félaga gagnvart fyrirtækjum í evrulöndunum og öðrum ESB-löndum en búast má við að í þeim ESB-löndum, sem eru utan evrusvæðisins, verði unnt að færa bókhald og semja ársreikninga í evrum og jafnframt tilgreina hlutafé í þeirri mynt. Nánari grein er gerð fyrir kostum þess að geta skráð hlutaféð í erlendri mynt í athugasemdum með frv.

Félögin yrðu ekki skylduð til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli eða hafa hlutafé í erlendum gjaldmiðli heldur er um val þeirra að ræða. Það er því ekki verið að leggja sérstakar byrðar á þau með löggjöf.

Ekki er talið að frv. muni hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að að lokinni umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 855.

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem viðskrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu í kjölfar þess að ábendingar bárust úr atvinnulífinu um að æskilegt væri að unnt yrði að skrá hlutafé í íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum í erlendum gjaldmiðli. Í því sambandi má benda á að í fjármálaráðuneytinu hefur verið unnið að því að fá löggjöf breytt þannig að færa megi bókhald og semja ársreikninga félaga í erlendum gjaldmiðli og liggur frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Í Danmörku var þessi leið farin 1998, þ.e. ýmsum lögum var breytt, m.a. lögum um ársreikninga og ýmis gjöld, svo og lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

Hreyfing komst á þessi mál í Danmörku og víðar í Evrópusambandinu vegna upptöku sameiginlegs nýs gjaldmiðils, evrunnar, í flestum ESB-ríkjanna 1. janúar 1999 en evran kemur í staðinn fyrir gjaldmiðla viðkomandi Evrópusambandslanda og í stað evrópskra mynteininga, Evrópumyntar. Um áramótin 2001–2002 standa aðeins þrjú Evrópusambandslönd utan við evruna, þ.e. Bretland, Danmörk og Svíþjóð, og halda þau gjaldmiðlum sínum. Danska krónan er þó tengd evrunni. Töldu Danir að athuguðu máli að rétt væri að gera ýmsar nauðsynlegar breytingar á löggjöf sinni en aðalbreytingarnar voru fólgnar í því að félög fengu heimild til að færa ársreikninga í evrum og tilgreina hlutafé í þeirri mynt. Færi var gefið á tilgreiningu í öðrum gjaldmiðlum samkvæmt nánari reglum þar að lútandi Ekki hefur enn reynt á það í Danmörku.

Við samningu frumvarps þessa var í upphafi gert ráð fyrir að hafa ætti íslensk lagaákvæði um hlutafé í erlendum gjaldmiðli svipuð og í Danmörku, þ.e. að heimild til ákvörðunar þar um væri alfarið á valdi félaganna. Að fengnum athugasemdum var þó talið rétt við samningu frumvarps þessa að hafa heimildirnar misvíðtækar. Reynslan kann að leiða í ljós að ganga þurfi lengra síðar. Um hlutafélög munu gilda mismunandi reglur. Frjálslegri reglur skulu gilda um skráð hlutafélög, sem eru um tíundi hluti hlutafélaga, á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. annars vegar í kauphöll og hins vegar á skipulegum tilboðsmarkaði. Um önnur hlutafélög, sem voru innan við 1.000 á sama tíma, er gert ráð fyrir strangari reglum til að geta ákveðið hlutafé í erlendum gjaldmiðli. Þessi félög þurfa með öðrum orðum að hafa fengið heimild ársreikningaskrár sem vistuð er hjá ríkisskattstjóra til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og fullnægja ýmsum skilyrðum í því sambandi. Meðal skilyrða sem nægja er að félög séu með meginstarfsemi sína erlendis eða hafi meginstarfsemi sína hér á landi en séu með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en í íslenskum krónum. Bæði skráð hlutafélög og önnur hlutafélög þurfa að halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum. Þar eð grundvallarskilyrði fyrir erlendum gjaldmiðli er samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði eða heimild ársreikningaskrár fela ákvæði frumvarpsins í sér að íslensk hlutafélög þurfa að byrja með hlutafé í íslenskum krónum.

Hér má nefna að hlutafélög fá ekki skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði fyrr en eftir nánar tiltekinn starfstíma.

Auk íslensku krónunnar má samkvæmt frumvarpinu ákveða hlutafé í átta erlendum gjaldmiðlum, þ.e. evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Kveðið er á um að í ákvörðun hluthafafundar skuli greina frá nafnvirði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli og jafnframt er kveðið á um umreikning milli gjaldmiðla.

Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram. Þá er kveðið á um að innkalla skuli útgefin hlutabréf og gefa önnur út í stað þeirra í nýja gjaldmiðlinum. Sambærilegar breytingar skal gera sé um rafræna skráningu að ræða. Þá er kveðið á um refsingu við broti á reglum. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júní 2002.

Breytingum þessum á löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög, geta fylgt ýmsir kostir. Breytingarnar eru taldar geta aukið samkeppnishæfni íslenskra félaga gagnvart fyrirtækjum í evrulöndunum og öðrum ESB-löndum en búast má við að í þeim ESB-löndum sem eru utan evrusvæðisins verði unnt að færa ársreikninga í evrum og jafnframt tilgreina hlutafé í þeirri mynt. Jafnframt eru breytingarnar taldar geta komið í veg fyrir vissar hindranir á starfsemi fyrirtækja hér á landi og þar með laðað að fjárfestingu erlendra aðila. Auðveldara getur verið fyrir erlenda fjárfesta að meta félög á Íslandi vegna fyrirhugaðra fjárfestinga í þeim. Þá geta líkurnar á því aukist að alþjóðafyrirtæki, sem vinna á grundvelli evrunnar, fjárfesti hér á landi með því að stofna dótturfyrirtæki á Íslandi án þess að breyta um gjaldmiðil. Auðveldara getur orðið fyrir íslensk félög að afla fjár á hinu stóra evrusvæði eða frá öðrum ESB-löndum. Félögin geta jafnvel fengið ódýrara fjármagn. Ná má í fjármagn m.a. með útgáfu verðbréfa á þeim markaði og lán frá erlendum aðilum sem geta á einfaldari hátt metið stöðu félaganna. Loks gætu breytingarnar jafnvel greitt fyrir fjárfestingu íslenskra félaga í útlöndum.

Félögin verða ekki skylduð til að færa ársreikninga í erlendum gjaldmiðli eða hafa hlutafé í erlendum gjaldmiðli heldur geta þau valið um það. Ekki er því verið að leggja sérstakar byrðar á þau með löggjöf. Í umræðum í danska þjóðþinginu töldu fulltrúar þingflokka mikilvægt að um val væri að ræða

Ekki er víst að mörg félög muni notfæra sér þetta valfrelsi en sum geta verið í slíkri starfsemi að mikilvægt teljist að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Þótt einhver kostnaður geti hlotist af hjá félögum kemur hagræði á móti svo sem áður segir.

Mér þykir ekki ástæða til þess að fara nánar út í minni háttar breytingar sem snerta þetta mál, t.d. er hugtakið „evrópskar mynteiningar" fellt úr lögunum, en evra sett í staðinn, enda tekur lágmarkshlutafé visst mið af EES-samningnum.

Taka má fram að gert er ráð fyrir stuttum aðlögunartíma vegna breytinga á tölvukerfi hlutafélagaskrár. Frv. er ekki talið hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Samfara þessu frv. er lagt fram annað frv. um breytingu á lögum um einkahlutafélög.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:25]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Að meginefni er Samfylkingin hlynnt þeim tveimur frv. sem hæstv. ráðherra hefur hér mælt fyrir. Um síðustu áramót var staðan þannig að aðeins þrjú lönd Evrópusambandsins stóðu utan við evruna, þ.e. Bretland, Svíþjóð og Danmörk. Eitt þessara landa, Danmörk, hefur þegar breytt löggjöf sinni þannig að mögulegt er að færa ársreikninga í evrum og jafnframt tilgreina hlutafé í þeirri mynt.

Fyrir þessu þingi liggur nú þegar frv. um að íslenskum fyrirtækjum verði gert kleift að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Þetta frv. hefur legið fyrir hv. efh.- og viðskn. og nefndin hefur farið í þaula ofan í það frv. og kallað til fjölmarga menn. Ég held að ég fari ekki með rangt mál þegar ég segi að nefndin hefur öll orðið ásátt um tilteknar breytingar á því frv. Að öðru leyti mun nefndin leggja til við þingið að frv. verði samþykkt með þeim breytingum. Þetta er nauðsynlegt til að viðhalda samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum bæði á evrusvæðinu og í löndum innan Evrópusambandsins og utan evrusvæðisins þar sem gert er ráð fyrir, utan Danmerkur sem ég hef þegar nefnt, að einnig verði teknar upp svipaðar breytingar, þ.e. í Bretlandi og Svíþjóð. Til þess að íslensk fyrirtæki geti haldið samkeppnishæfni sinni þarf þess vegna að gera þessar breytingar.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, liggur þetta frv. fyrir sem tekur til heimildar um að íslensk fyrirtæki megi færa bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Með þessum tveimur frv., um einkahlutafélög og hlutafélög, er óskað eftir heimild handa íslenskum fyrirtækjum til þess að skrá jafnframt hlutafé sitt í evrum og tilteknum erlendum myntum.

Ég held, herra forseti, að það sé einboðið að það sé farsælt fyrir íslenskt viðskiptalíf. Ég held að það geri það mögulegt fyrir íslensk fyrirtæki að verða sér út um fjármagn á alþjóðlegum mörkuðum en jafnframt ættu að aukast möguleikar á að laða hingað til lands erlend fyrirtæki. Þess vegna held ég, herra forseti, að þetta mál horfi mjög til bóta og eins og ég sagði styður Samfylkingin það í meginatriðum, en áskilur sér að sjálfsögðu rétt til að leggja fram og fylgja breytingum á því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 853.

[14:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Frv. gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkisins er taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og yfirtaki eignir þess og skuldir, réttindi og skuldbindingar.

Rafmagnsveitur ríkisins voru stofnaðar með raforkulögum árið 1946. Fyrirtækið tók til starfa 1. janúar 1947 og var hlutverk þess að annast vinnslu á raforku handa íbúum landsins, veita orkunni um landið og selja hana í heildsölu til Héraðsrafmagnsveitna. Með lögunum voru enn fremur stofnaðar Héraðsrafmagnsveitur ríkisins en hlutverk þeirra

var að dreifa og selja raforku til neytenda á afmörkuðum orkuveitusvæðum.

Með setningu laga um Landsvirkjun árið 1965 urðu þáttaskil í sögu orkumála landsins og Rafmagnsveitna ríkisins. Í kjölfar þess voru raforkulögin endurskoðuð með setningu orkulaga árið 1967. Með orkulögunum voru Rafmagnsveitur ríkisins og Héraðsrafmagnsveitur ríkisins formlega sameinaðar í eitt fyrirtæki en þær höfðu verið reknar sameiginlega frá upphafi.

Á árinu 1978 tók Orkubú Vestfjarða við rekstri Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum og árið 1985 tók Hitaveita Suðurnesja við rekstri Rafmagnsveitnanna á Reykjanesi. Þá hafa Rafmagnsveiturnar á undanförnum árum keypt nokkrar orkuveitur sem voru í eigu viðkomandi sveitarfélaga, svo sem Hitaveitu Hafnar í Hornafirði, Rafveitu Borgarness, Rafveitu Hveragerðis og nú síðast Rafveitu Sauðárkróks.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins skiptist í fimm rekstrarsvæði. Fyrirtækið rekur umdæmisskrifstofu í Stykkishólmi, Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og á Hvolsvelli en aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík.

Á orkuveitusvæðinu búa um 48 þús. manns.

Háspennukerfi fyrirtækisins er um 8.500 km að lengd. Enn fremur eiga og reka Rafmagnsveiturnar dreifikerfi í um 50 þéttbýlisstöðum og um 60 aðveitustöðvar.

Vatnsaflsvirkjanir fyrirtækisins sem flestar eru fremur litlar eru níu talsins en auk þeirra eiga Rafmagnsveiturnar 30 dísilaflstöðvar. Sveitakerfi fyrirtækisins eru talin með í afskriftagrunni þess þannig að rekstrarreikningur endurspeglar tekjuþörf vegna endurnýjunar þessara kerfa. Styrking og endurnýjun hefur hin síðari ár eingöngu verið fjármögnuð af sölutekjum fyrirtækisins og hefur það valdið viðvarandi hallarekstri og hærri gjaldskrá en hjá öðrum rafveitum. Starfshópur sem skipaður var til að meta kostnað vegna óarðbærra rekstrareininga í aðveitu- og dreifikerfi hefur skilað tillögum um hvernig mæta beri þeim kostnaði og verður frv. um það efni lagt fram á næstunni.

Breytingar á rekstrarformi raforkufyrirtækja hafa verið mjög til umræðu undanfarin ár. Árið 1996 var skipuð sérstök viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Urðu eignaraðilar sammála um að fyrir 1. janúar 2004 skyldi endurskoða sameignarsamning um Landsvirkjun, m.a. hvort ástæða væri til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun.

Á 122. löggjafarþingi lagði þáv. iðnrh. fram till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála sem hlaut eina umræðu og var afgreidd úr hv. iðnn. en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Í tillögunni var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið ætti eignarhlut í yrði yfirfarið.

Á síðasta löggjafarþingi voru afgreidd lög um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Orkubú Vestfjarða hins vegar. Þá var Orkuveitu Reykjavíkur breytt í sameignarfyrirtæki um síðustu áramót í kjölfar lagasetningar.

Um allnokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag og í tengslum við þær breytingar sem nú standa fyrir dyrum á skipulagi raforkumála hafa vaknað spurningar um rekstrarform Rafmagnsveitna ríkisins. Í breyttu skipulagi raforkumála er gert ráð fyrir að samkeppni myndist í framleiðslu og sölu á raforku. Rafmagnsveitur ríkisins framleiða árlega nokkurt magn raforku auk þess sem fyrirtækið hefur í samstarfi við aðra aðila unnið að undirbúningi frekari virkjunarframkvæmda. Má sem dæmi nefna jarðgufuvirkjun í Grændal ásamt Hveragerðisbæ og sveitarfélaginu Ölfusi og undirbúning vatnsaflsvirkjunar í Héraðsvötnum við Villinganes ásamt heimamönnum í Skagafirði. Verður að telja eðlilegra að við slíkar aðstæður sé fyrirtækið rekið í einkaréttarlegu formi eins og önnur fyrirtæki sem koma til með að keppa á markaðnum. Þá er hlutafélagsformið mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan. Í greinargerð frv. eru raktar röksemdir fyrir því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja einstakar greinar frv. en bendi þó á að í 9. gr. hafa orðið mistök sem leiðrétt verða í meðförum iðnn.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[14:34]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin er ekki andvíg því í sjálfu sér að gera Rarik að hlutafélagi. Eins og hæstv. iðnrh. nefndi áðan er verið að búa fyrirtækið undir þá samkeppni sem koma skal á orkumarkaði og úr því að hæstv. ráðherra nefndi það sérstaklega hér, væri fróðlegt að fá að heyra það frá henni, hæstv. ráðherranum, hvernig gangi með raforkulaga-frv., hvort til standi að það fari að birtast í einhverju formi þannig að hægt sé að taka það til umræðu í hv. iðnn. Ef ég man rétt var settur í það nokkur kraftur fyrir jólahlé að mæla fyrir frv. En við bíðum enn eftir því að þeim krafti verði fylgt eftir á þinginu og væri fróðlegt að vita hvað veldur að málið skuli ekki hafa komið hingað inn aftur.

Frv. gengur sem sagt út á það og röksemdirnar fyrir því að gera Rarik að hlutafélagi eru vel raktar í greinargerð með frv. Meginröksemdin, eins og ráðherra nefndi, er að þarna sé um að ræða hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan. Þetta snýst líka um það að um hlutafélagaformið hefur verið sett vel skilgreind löggjöf þar sem fram kemur skýr verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda, stjórnar og framkvæmdastjórnar. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst o.s.frv.

Í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur síðustu vikurnar um málefni Landssímans held ég að nauðsynlegt sé að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún sjái ekki ástæðu til þess að sett verði sérstök löggjöf um hlutafélög í meirihlutaeigu ríkisins, kannski í anda þess sem gert hefur verið í Danmörku þar sem Danir stóðu frammi fyrir sama vanda og við þegar þeir voru að hlutafélagavæða sín stóru ríkisfyrirtæki, að það gekk ekki, skulum við segja, á einum degi upp að skilja á milli þessara tveggja forma. Hin pólitísku afskipti sem í raun er verið að reyna að forðast með hlutafélagaforminu eru til staðar áfram. Það virðist a.m.k. gerast og kannski er það ekkert óeðlilegt vegna þess að ríkissjóður er handhafi hlutabréfanna eða meiri hluta hlutabréfanna og það er ráðherra sem fer með þá handhöfn. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hún sjái ekki ástæðu til þess að skoða þetta, þ.e. að þetta verði skoðað í hæstv. ríkisstjórn því að miðað við röksemdirnar fyrir því að stofna hlutafélög, hvort sem það er um Rafmagnsveitur ríkisins eða önnur fyrirtæki, þá virðist sem ekki gangi að ná fram tilganginum með því einu að gera fyrirtækið að hlutafélagi. Áfram eru þessi pólitísku afskipti við lýði. Hlutafélagaformið virkar ekki í reynd eins og það á að gera. Ábyrgðin er ekki skýr og ekki nógu vel skilgreind á milli stjórnar og framkvæmdastjórnar, milli hluthafa- og

aðalfunda o.s.frv. Því vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það hafi kannski verið skoðað í ljósi umræðunnar um Landssímann að gera eitthvað slíkt. Mér er ekki nákvæmlega kunnugt hvernig Danir gerðu þetta en mér skilst að það hafi verið sett um þetta alveg sérstök lög, sérlög sem gilda almennt um hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkisins.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta frv. að sinni nema ég tel mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því, og væntanlega munum við líka skoða það ítarlega í hv. iðnn., hvernig hagur starfsmanna þessa fyrirtækis verður tryggður. Hefur hæstv. ráðherra hafið einhverja undirbúningsvinnu að því hvernig best sé að tryggja réttindi starfsmanna við þessa yfirfærslu? Við skulum orða það þannig. Er verið að ræða við fulltrúa starfsmanna eða stendur til að ræða við fulltrúa starfsmanna um það hvernig þessi breyting mun koma niður á starfsmönnum og hvar þeirra réttur verður tryggður í því ferli? Þetta held ég að sé mjög mikilvægt, herra forseti, að sé gert því eins og við þekkjum gilda ólíkar reglur um réttindi starfsmanna annars vegar á almennum markaði og hins vegar á opinberum markaði og mjög mikilvægt er að ríkisvaldið standi ekki þannig fyrir skertum og hugsanlega lítt eða óbættum réttindum starfsmanna við slíka yfirfærslu. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig hún hafi séð það fyrir sér.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni og geri ráð fyrir því að fá einnig frekari svör við ýmsum spurningum í hv. iðnn.

[14:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það vekur nokkra athygli og er umhugsunarefni að hæstv. iðnrh. leggur nú fram, þegar komið er alllangt fram í marsmánuð, frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Það bólar hins vegar ekkert á löggjöf, frv. um breytingar á skipulagi orkumála. Þó mun standa þannig á að 1. júlí nk. eiga Íslendingar að fullgilda hér að lögum og hér á að ganga í gildi orkutilskipun Evrópusambandsins, sú sem menn illu heilli kusu að undirgangast, en till. til þál. var tekin í gegnum þingið fyrir um ári til þess að heimila að falla frá svonefndum stjórnskipulegum fyrirvara á þessari ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þar með féllu niður möguleikar Íslands til þess endanlega eða síðustu möguleikar Íslands til þess að taka ekki upp þessa orkutilskipun.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þar með undirgöngumst við, jafnfáránlegt og það nú er að ýmsu leyti vegna þess að Ísland er einangraður orkumarkaður og selur ekki orku til annarra landa, margs konar samkeppnisreglur sem innleiða á á orkusviðinu vegna einkavæðingar og samkeppni í orkumálum sem er auðvitað trúboðið í Evrópu eins og víðar, t.d. vestan hafs með alkunnum og glæsilegum árangri. Þetta þýðir að hér þarf að gera grundvallarbreytingar bæði á skipulagi orkumála, lagaumgjörð orkumála og fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði.

Herra forseti. Umsvifalaust vaknar auðvitað sú spurning af hverju hæstv. ráðherra taki þetta í öfugri röð. Af hverju er verið að krukka í skipulag Rafmagnsveitna ríkisins áður en hér bólar á frv. um nýskipan orkumála? Í hvaða samhengi koma Rafmagnsveitur ríkisins til með að starfa eftir eitt ár, hálft ár, tvö ár eða hvenær það nú verður? Væri ekki nær að byrja á því að setja lögin, framtíðarlögin, leggja starfsgrundvöll og starfsumhverfi orkufyrirtækjanna niður með þeirri framtíðarlöggjöf sem uppfyllir þá skilmála orkutilskipunar Evrópusambandsins? Og svo geta menn snúið sér að því að skoða rekstrarform og skipulag einstakra fyrirtækja? Hér er augljóslega verið að fara aftan að hlutunum og taka þetta í vitlausri röð, herra forseti.

Það hljóta náttúrlega að vakna spurningar. Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin kemur ekki með þetta frv.? Hvar er það? Hvað veldur? Hvað dvelur orminn langa? Skyldi það vera svo að ríkisstjórnin ráði ekki við það, annaðhvort vegna pólitískra deilna innbyrðis eða vegna þess að stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar ganga engan veginn upp ef fyrst á að vera búið að gera þær breytingar á skipulagi orkumála sem orkutilskipunin felur í sér, þar með talið og ekki síst að skipta upp Landsvirkjun í framleiðendaþátt og orkudreifingarþátt og innleiða samkeppnisreglurnar, opna samkeppni á notendamarkaði þannig að önnur orkufyrirtæki geti farið að keppa við Landsvirkjun um heildsölu á raforku til almenningsveitna, til Rafmagnsveitna ríkisins þar með talið og til almenningsveitna? Það skyldi ekki vera að þar væru óleyst, herra forseti, vandamál, svo stór í sniðum og erfið úrlausnar í ljósi þeirra gríðarlegu skuldbindinga sem fyrirtækin og sérstaklega Landsvirkjun hafa á herðunum vegna orkusölusamninga, núverandi og ég tala ekki um tilvonandi, til stóriðju, að það dæmi gangi ekki upp. Ætlar hæstv. ráðherra þá að reyna að lauma þessu frv. í gegnum þingið í fullkominni þögn um hvað bíði okkar að öðru leyti í þessum efnum? Það gengur auðvitað ekki. Það er algerlega fráleitt því að Rafmagnsveitur ríkisins og það hlutverk sem það fyrirtæki hefur með höndum í raforkudreifingu í landinu skiptir miklu máli og er mjög viðkvæmt vegna þess að það er dreifing orkunnar út á strjálbýlustu svæði landsins. Það skiptir aldeilis máli fyrir búsetuskilyrði á þeim svæðum hvernig það verk er af hendi leyst. Hvað verður um hluti eins og verðjöfnun á raforku og annað því um líkt í þessu nýja umhverfi?

Herra forseti. Ég tel í fyrsta lagi algerlega ótímabært að henda þessu frv. inn við þessar aðstæður og ráðherra á auðvitað ekkert annað að gera en að leggja það á ís þangað til spilin hafa verið lögð á borðið og hér er a.m.k. komið fram frv. sem sýnir þetta framtíðarstarfsumhverfi í orkugeiranum. Þá er hægt að fara að ræða þetta af einhverju viti og í einhverju samhengi en ekki fyrr.

Auðvitað er það allt saman algerlega fráleitt, herra forseti, að það frv. og sú lagasetning skuli ekki koma fyrst, áður en hvort heldur verður að Alþingi á að veita heimildir til virkjunar við Kárahnjúka eða til þess að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag eða hvaðeina annað sem það væri sem lýtur að einstökum ákvörðunum á sviði orkumála við þessar aðstæður. Ætlar ríkisstjórnin að vanefna — að trassa það að gera nauðsynlegar lagaráðstafanir til að uppfylla ákvæði orkutilskipunar Evrópusambandsins? Hvaða réttarfarslegar afleiðingar hefur það? Hvaða réttaráhrif hefur það í ljósi þess að búið er að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara í kjölfar sérstakrar ályktunar Alþingis? Þessum spurningum, herra forseti, verður hæstv. ráðherra auðvitað að svara.

Síðan aðeins um það að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag. Það setti næstum að mér hlátur, herra forseti, þegar ég heyrði í útvarpinu á dögunum haft einmitt eftir hæstv. iðnrh. í miðju Landssímamálinu tuggin upp helstu rökin fyrir því að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag. Gamla ryðgaða einkavæðingarplatan glóðvolg úr smiðju frjálshyggjunnar var sett á fóninn og hæstv. iðnrh. varð ekki flökurt að fara með tugguna um það hvað þetta allt saman

yrði miklu þægilegra, ábyrgara, skilvirkara, hagkvæmara, betra, óspilltara í hlutafélagaforminu. Og fengnir hafa verið lánaðir gömlu frasarnir frá einkavæðingarnefnd, frá Hreini Loftssyni & Co. og þeim smellt inn í greinargerðina á bls. 5 og þar eru tuggnar upp röksemdirnar fyrir því að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag og segir þar, með leyfi forseta:

„Meginröksemdin er sú að hlutafélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutafélaginu."

Hvar er röksemdafærslan? Þetta er auðvitað þessi gamla fullyrðing út í loftið. Hvað er það sem er svona sérstaklega erfitt við rekstrarfyrirkomulag Rafmagnsveitna ríkisins í dag miðað við það hlutverk sem það fyrirtæki hefur og á að sinna? Er það að geta ekki stundað hlutabréfabrask eða borgað forstjóranum hærra kaup eða keypt undir hann dýrari jeppa eða keypt vandaðri ráðgjöf? Hvað er það sem sérstaklega háir Rafmagnsveitum ríkisins í dag? Vill hæstv. iðnrh. rökstyðja það?

Síðan segir: „Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt." Það er nefnilega það, já. Þetta eru svo sem ekki nýjar fréttir kannski. En er ekki ríkisfyrirtækjaformið það líka? Er það ekki fastmótað og þrautreynt að reka ríkisfyrirtæki með skyldur og hlutverk eins og það getur verið að sjá þeim svæðum landsins sem ekki hafa eigin veitur eða virkjanir fyrir rafmagni? Er það ekki afmarkað og skilgreint hlutverk? Hafa engar efasemdir læðst að hæstv. iðnrh. Íslands eftir að hafa fylgst með því hvernig einkavæðing orkugeirans hefur leikið raforkumarkaðinn t.d. í Vesturheimi? Hæstv. ráðherra hefur sennilega ekki verið upptekin af því t.d. að lesa um Enron-hneykslið, lesa um orkumálin í Kaliforníu, lesa um orkumálin í New York fylki og annars staðar þar sem menn hafa lent í þvílíkum hremmingum og ógöngum þegar starfsemi af þessu tagi, sem í reynd býr eðli sínu samkvæmt við ákveðna landfræðilega eða „físíska" einokun, hefur verið einkavædd þannig að menn hafa neyðst til þess að almannavæða aftur orkuveitur í hverju tilvikinu á fætur öðru, dæla í þær peningum til þess að tryggja að menn hefðu rafmagn. Hvað hafa menn orðið að gera í Kaliforníu? Og hvernig fór með Enron? Það var aldeilis að Enron ætti ekki að vera fáninn í einkavæðingu orkugeirans vestan hafs og Enron-menn voru svo seint sem á síðasta ári ráðgjafar Bandaríkjastjórnar í því hvernig ætti að móta hinn einkavædda orkugeira. Og hvernig tókst til?

Hver er reynslan af einkavæðingu veitnanna og orkuveitnanna í Bretlandi? Hún er herfileg. Hefur hæstv. ráðherra kynnt sér árangurinn af einkavæðingu og einkareknum orkufyrirtækjum á Nýja-Sjálandi? Veit hæstv. ráðherra hvernig menn hafa t.d. orðið að hlaupa þar undir bagga vegna þess að þar hafði verið byggður upp einn sameiginlegur orkumarkaður þar sem framleiðslan var að miklu leyti á suðureyjunni en stærstu markaðarnir á norðureyjunni? Þegar þetta var einkavætt og brotið upp þá skutu upp kollinum alls konar vandamál sem enginn hafði áttað sig á áður vegna þess að þau voru leyst í hinu samtengda og sameiginlega orkukerfi landsins. Svo brotnar það sundur með einkavæðingu. Allt í einu situr framleiðslan á einum stað en markaðurinn á öðrum og það er allt í hafarí, þriðji aðili kominn með rekstur dreifikerfisins o.s.frv. Verst fóru sveitirnar og strjálbýlið að sjálfsögðu út úr einkavæðingunni í því tilviki eins og öðru.

Síðan koma alveg dásamlegar þenkingar, herra forseti, í þessari klisjuupptalningu í greinargerðinni þegar þær eru lesnar saman við afrekin í hinum „háeffuðu" fyrirtækjum ríkisins á undanförnum árum. Ég man hvað stóð í greinargerðinni um einkavæðingu Landssímans og ég man hvað stóð í skýrslum einkavæðingarnefndar um það, hvað þetta yrði allt saman sveigjanlegt og þægilegt. (Gripið fram í.) Og það var svo þungt í vöfum, ákvarðanatakan svo seinvirk. Já, menn þurftu að geta verið fljótir að ákveða svona hluti eins og að fjárfesta í IP Bell o.s.frv. Það vantaði ekki. Það þurfti ekki stóran fund með fjölmiðlum og hann þurfti ekki að standa lengi þegar strákarnir fóru að leika sér með peningana okkar og tapa þeim. Hér stendur að í löggjöf, hinu þrautreynda og fastmótaða hlutafélagsformi sem ráðherra talar um, sem um það hefur verið sett, þ.e. hlutafélagsformið, er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda, þ.e. eigandans, ráðherrans. Hvar var verkaskiptingin þegar verið var að gera starfslokasamningana? Síðan kemur: ... stjórnar og framkvæmdastjórnar. Ja, heyr á endemi. Það er ekki eins og ríkisstjórn Íslands hafi mikið skammast sín og séð að sér eftir einkavæðingarklúðrið. Menn trúa klisjunum eða setja þær a.m.k. niður á blað gagnrýnislaust og fyrirvaralaust með allt á hælunum og ekki vantar að það voru hlutafélagalög og verkaskipting milli aðalfundar og stjórnar, framkvæmdastjóra. En hvernig gekk það í reynd? Ráðherrann var með puttana í því sem honum sýndist, svarar því þegar honum hentar að öll stjórnsýslutengsl milli ríkisins og fyrirtækisins hafi verið rofin en kássast svo í því sem honum sýnist. Það er niðurstaðan. Svo koma menn hér, herra forseti, og setja svona blaður á prent, hæstv. iðnrh.

Áfram mætti halda. Í 3. tölul. er það sérstaklega talið til ágætis þessu að með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutafélagsformi verði reksturinn sveigjanlegri. Reksturinn sveigjanlegri. Ja, það verður sennilega fljótlegra að henda út peningum, sveigjanlegra þetta með starfskjörin og fríðindin, jeppann og fjárfestingar í öðrum hlutafélögum. Og minna aðhald. Lok, lok og læs og allt í stáli ef mönnum skyldi detta í hug hér á Alþingi á komandi tíma að biðja um upplýsingar um hlutafélagið Rafmagnsveitur ríkisins, þá hleypur allt í vörn, allt í leynd, allt leyndó. Og þá verður að treysta á að það verði einhver lítill maður í Rafmagnsveitunum til að upplýsa um hluti ef á þarf að halda.

Það vantar náttúrlega ekki að þetta stuðli að nýjungum í rekstri. Nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd. Nýjungar í rekstri reyndust heldur betur auðveldari í framkvæmd í Landssímanum. Og „fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri". Já. Við höfum heldur betur séð það hvernig „háeffunin" stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri. Það blasir aldeilis við okkur, er það ekki? Nú er ég ekki að segja að þetta geti ekki gerst en ég segi: Það er algerlega barnalegt að setja þessa texta svona frá sér í ljósi þess sem gerst hefur fyrirvaralaust eins og um náttúrulögmál sé að ræða. Það er eins og sanntrúaðir menn telji sig hafa frá guði almáttugum óskeikul lögmál sem ekki þurfi að rökstyðja, ekki þurfi að rökræða. Þegar reynslan segir hið gagnstæða, a.m.k. í ákveðnum tilvikum, er það þá trúverðugt að menn gangi svona fram? Væri ekki betra að hæstv. ráðherra rökstyddi þetta með einhverjum öðrum og hógværari hætti ef menn telja þessa kerfisbreytingu nauðsynlega af einhverjum ástæðum?

Síðan kemur í 4. tölulið og það er kannski rúsínan í

pylsuendanum, það gæti verið að eitthvert hik hafi runnið á menn með að boða grímulausa einkavæðingu Rafmagnsveitna ríkisins. Það er ekki gert með beinum hætti. Það er ekki sagt að til greina komi að selja á næstu árum. Því er heldur reyndar ekki lofað að gera það ekki. Það er framför því að venjan hefur verið að lofa að gera það ekki og svíkja það svo. Það hefur nánast verið reglan þegar einkavæðingin hefur verið undirbúin á undanförnum árum og fyrirtækjum breytt í hlutafélög. Dæmi: Landssíminn. Dæmi: Bankarnir. Það voru gefin loforð á Alþingi um að hrófla ekki við eignarhaldinu. Í Símanum var sagt að það yrði bara gefið út eitt hlutabréf til þess að ekki væri hægt að skipta því upp. Bankarnir, engin sala fyrstu fjögur árin. Þau loforð voru ekki orðin köld þegar þau voru svikin. Hér er að vísu engu slíku lofað en gefið undir fótinn með að hefja einkavæðingu með því að leita eftir nýjum hluthöfum. Það er sagt í 4. tölul. röksemdafærslunnar fyrir því að breyta Rafmagnsveitunum í hlutafélag.

Herra forseti. Ég tel hins vegar og vil láta það koma fram að það skipulag sem við höfum búið við að þessu leyti og er fólgið í núverandi verkaskiptingu milli Rafmagnsveitna ríkisins, annarra orkufyrirtækja og veitna og svo Landsvirkjunar, er ekki gott. Rafmagnsveitur ríkisins sitja eftir með erfiðasta hlutskiptið og það er ekki í þágu hagsmuna þeirra sem verða að reiða sig á viðskipti við það fyrirtæki. Rarik situr eftir með nánast enga framleiðslu en það verkefni að kaupa af öðrum orkuna í heildsölu og dreifa henni út á strjálbýlustu og erfiðustu markaðssvæði landsins. Það er auðvitað erfitt hlutskipti. Ég held að annað tveggja hefði verið betra, að Rarik hefði fengið að vera með mun meiri eigin framleiðslu eða við hefðum stokkað þetta kerfi upp og sameinað framleiðendaþáttinn hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun og þá í ljósi þeirra breytinga sem hvort sem er stendur til að gera í orkugeiranum, stofna eitt dreifingarfyrirtæki um orkurekstur línukerfanna. Þá á að sjálfsögðu að taka línukerfi Landsvirkjunar og Rariks þar saman. Það eru engin rök fyrir því að skipta þessu upp eins og gert er í dag og það er ekki hagstætt.

Hinn kosturinn væri að stofna landshlutaveitur, stofna orkubú í landshlutum sem hefðu svipaða stöðu og svipað hlutverk og Orkubú Vestfjarða hefði haft, hefði það nú fengið að vera í friði, og skilað sínu verkefni ágætlega. Það hefði verið og væri líka vissulega freistandi kostur. En ég held að það sé eins og hvert annað spark út í loftið, hvert annað klór og fálm í myrkri meðan lög hafa ekki verið sett og hið nýja skipulag hefur ekki komið til sögunnar að fara út í það eitt og sér að breyta Rarik í hlutafélag sem er auðvitað í raun og veru bara hálfkák út í loftið, ekki í tengslum við neina stefnumótun eða endurskipulagningu þessara mála.

Hæstv. ráðherra kom með þau stórtíðindi fyrir einhverju síðan að flytja ætti Rarik til Akureyrar, höfuðstöðvar Rariks. Það gæti vel verið skynsemi í því að stokka upp t.d. raforkumálin á norðan- og austanverðu landinu þannig að stofnað yrði öflugt landshlutafyrirtæki og Rarik kæmi inn í þá mynd. En það gerist ekki eitt og sér með því að búa til eitthvert hlutafélag út í loftið úr Rarik. Ég held að menn ættu betur að láta það bíða og takast á við stóru drættina í þessum málum, lögfesta skipulagið. Hvernig verður þetta til framtíðar litið þannig að fyrirtækin Rarik, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og aðrir aðilar sem kunna að vilja spreyta sig í þessu nýja umhverfi viti allir að hverju þeir ganga. Þetta er að byrja á öfugum enda og er auðvitað alveg röng nálgun, herra forseti, fyrir utan það að hér skuli enn ganga aftur þessi blinda, hráa trú frjálshyggjunnar á óskeikulleik og guðdómleik þess að „háeffa“ fyrirtæki sem er náttúrlega eins og argasti brandari að lesa ofan í það sem á undan er gengið síðustu vikur og mánuði, herra forseti. Þeim er ekki klígjugjarnt sem setja slíka texta á blað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, verð ég að segja, að láta þarna eins og ekkert sé og setja slíka texta frá sér.

Ég tel, herra forseti, að það sé tímasóun og algerlega fráleitt að ætla nefndum þingsins að fara að vinna í þessu máli fyrr en hæstv. ráðherra hefur komið frá sér orkulagafrv. og eitthvað hefur skýrst um framhald þessara mála.

[15:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða var mjög ómálefnaleg — ég verð að segja það — vegna þess að hv. þm. þandi sig mjög en aðallega út af málefnum sem ekki tengjast þessu frv. Ég heyri það reyndar að hann er á móti hlutafélögum almennt. Ég vissi það áður að hann er á móti samvinnufélögum. Hann styður ríkisrekstur og það er þessi gamli áætlunarbúskapur Stalíns sem er stefnan og ríkið á að eiga atvinnulífið og reka það. Þetta er hugmyndafræðin á bak við ræðuna sem hv. þm. hélt hér. Í sjálfu sér kemur það mér ekkert á óvart. En rökin gegn því að þetta mikilvæga fyrirtæki, Rarik, verði rekið í hlutafélagaformi voru engin. Það er ekki eins og það sé verið að gjörbreyta þessu fyrirtæki og það er ekki eins og verið sé að hætta þjónustu við landsbyggðina. Það mátti helst skilja hv. þm. þannig að það ætti bara að hætta að veita rafmagn um landsbyggðina vegna þess að það væri dýrt. Hv. þm. hlýtur að vita að það tengist ekki þessu máli. Ég hef margsinnis látið koma fram að sá kostnaður, þær óarðbæru einingar sem eru til staðar og Rarik hefur þurft að bera, þ.e. að það mál verður leyst vegna þess að í hinu nýja umhverfi raforkumála verður óheimilt að ákveðin fyrirtæki þurfi að bera slíkan kostnað vegna þess að þetta verður í samkeppni.

Vitnandi í Ameríku og guð má vita hvað, Kaliforníu — hann er óskaplega vel að sér í því öllu saman — í tengslum við að breyta Rarik í hlutafélag er bara fáránlegt.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra byrjaði á því að gefa máli mínu einkunn og sagði að hér hefði verið flutt ómálefnaleg ræða. Síðan sagði hæstv. ráðherra að ræðumaður hefði þanið sig mjög. Það er mjög málefnalegt auðvitað að taka þannig til orða. Síðan sagði hæstv. ráðherra að ég hefði rætt allt annað en efni þessa frv. Síðan sagði hæstv. ráðherra að ég væri á móti hlutafélögum. Síðan sagði hæstv. ráðherra að ég væri á móti samvinnufélögum, að ég væri stuðningsmaður ríkisrekstrar í anda Stalíns. Þetta er allt ákaflega málefnalegt, herra forseti, er það ekki, hjá hæstv. ráðherra? Hún sagði að mig hefði mátt skilja þannig að það ætti að hætta að dreifa rafmagni úti á landsbyggðinni.

Nokkur fleiri gullkorn komust hér fyrir í stuttu andsvari hæstv. ráðherra og þau voru nú málefnaleg eða hitt þó heldur, var það ekki? Þetta kalla ég að fella sig á eigin bragði. Ég held að hæstv. ráðherra hefði ekki átt að bera sér í munn orðið málefnalegheit og koma svo með tuggur af því tagi sem hæstv. ráðherra gerði hér.

Því sem ég spurði um og er auðvitað fullgilt, herra forseti, svaraði hæstv. ráðherra hins vegar ekki einu orði. Hvenær kemur frv. til laga um nýskipan orkumála? Í hvaða samhengi

verða Rafmagnsveitur ríkisins og önnur orkufyrirtæki hér eftir hálft ár, eitt ár, tvö ár? Er ekki verið að byrja þetta á öfugum enda?

Herra forseti. Þetta eru fullgildar spurningar. Er það stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar sem kemur í veg fyrir að ríkisstjórnin komi sér saman um og geti lagt fram frv. til laga um nýskipan orkumála? Það fást engin svör við því, kannski vegna þess að þau eru ekki til eða vegna þess að þau eru þannig að hæstv. ráðherra getur ekki flutt þau hérna. Það er fleinn í holdi hæstv. ríkisstjórnar því að trúaratriðið mikla, Kárahnjúkavirkjun, er auðvitað þannig að hún setur það allt úr skorðum. Landsvirkjun þolir ekki að gerðar verði ráðstafanir í lögum til þess að innleiða ákvæði orkutilskipunarinnar ef hún á að geta ráðist í Kárahnjúkavirkjun o.s.frv. Vill ekki hæstv. ráðherra upplýsa okkur aðeins um stöðu þessara mála?

[15:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. ber sig illa yfir andsvari mínu áðan og það má kannski kalla það að gjalda í sömu mynt. En hvað varðar nýtt frv. um hið nýja umhverfi raforkumála þá reikna ég með að því verði dreift í þinginu í næstu viku eða a.m.k. í þar næstu viku. Hv. þm. þekkja það mál nokkuð vel vegna þess að því hefur verið dreift hér áður og hv. iðnn. hefur fengið tækifæri til þess að fjalla um málið. Það er rétt að þar eru miklar breytingar gerðar á raforkukerfi okkar. Það hefur verið umfangsmikið að vinna þetta verk og undirbúa frv. Ég vona að það fái góðar móttökur í þinginu.

Það sem hv. þm. gerði að umtalsefni m.a. var að það kæmi sér betur, heyrðist mér, fyrir landsbyggðina ef þar væru ákveðnar landshlutaveitur. Ég ætla ekki að fullyrða að það sé neitt fáránlegt. Hins vegar breytir það því ekki að það form sem Rarik hefur verið rekið í, sem sagt sem ríkisfyrirtæki, er ekki besta aðferðin við að reka fyrirtæki. Ég get alveg kinnroðalaust talað um það hér að ég tel að þetta fyrirtæki eigi betur heima í umhverfi hlutafélagaformsins. Þess vegna er þetta mál flutt. Það tengist ekkert nákvæmlega því að við séum að fara út í breytt raforkulagaumhverfi. Það er ekki svo. Ég skil hins vegar vel að hv. þingmenn vilji fara að sjá hið nýja frv. til nýrra raforkulaga.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki svo að ég kveinki mér yfir aumlegum andsvörum hæstv. ráðherra. Ég hef satt best að segja gaman af þeim. Ég geri mér það bara að íþrótt að vekja athygli á því hversu hróplega mótsagnakennd framganga hæstv. ráðherra var hér áðan, að saka aðra menn um ómálefnalegan málflutning og leggjast svo jafnlágt og hæstv. ráðherra gerði í stuttu andsvari er hún tíndi til alls konar klisjur og eignaði mér sem hvergi var að finna í ræðu minni.

Ég minntist lítið á Stalín eða orkubúskap hans (Gripið fram í.) svo dæmi sé tekið. Sameignarfélög eða samvinnufélög bar aldrei á góma og annað þar fram eftir götunum.

Hæstv. ráðherra neyddist til að viðurkenna að kannski ætti nýskipan orkumála eitthvert erindi inn í þetta samhengi og það er framför. En það var í véfréttastíl boðað að eftir viku, í næstu viku eða þar næstu viku kynni þetta frv. að líta dagsins ljós hér á þinginu. Ég segi að við ættum þá að bíða eftir því. Það er ekki víst að það eigi greiða leið í gegnum þingið á þeim örfáu vikum sem þá verða eftir af starfstíma Alþingis á þessu vori því ekki er eins og þar séu smámál á ferðinni.

Það sem ég nefndi í sambandi við stöðu Rarik-svæðanna var ósköp einfaldlega þetta: Núverandi fyrirkomulag er ekki gott og hefur ekki verið. Það hefur farið versnandi með því að verðmætir markaðir hafa gengið undan Rafmagnsveitum ríkisins sem áður hjálpuðu til við að jafna út kostnaðinum af dreifingu raforkunnar út á strjálbýlu svæðin. Það fór t.d. vænn spónn úr aski Rariks þegar Suðurnesin gengu undan þeim markaði. Þar af leiðandi nefndi ég tvo kosti í stöðunni sem ég tel að báðir kæmu til greina, annars vegar að stokka upp og sameina framleiðsluþátt og dreifingarþátt Rafmagnsveitnanna og Landsvirkjunar. Það væri einn kostur sem ætti einmitt að skoða í samhengi við nýskipan orkumála. Hinn kosturinn væri landshlutaveitur eða landshlutaorkubú. Ég tel að báðir þessir kostir komi vel til greina og gætu hvor um sig verið hagkvæmari fyrir landsbyggðina og strjálbýlið en það fyrirkomulag sem við búum við núna.

[15:09]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég kalla ræðu hv. þm. ómálefnalega en verð þó að segja að mér fannst hvað reka sig á annars horn í henni, enda komu fyrir í ræðu hans orðin stóriðjustefna, einkavæðing og hlutafélög. Hleypur hv. þm. stundum kapp í kinn þegar þessi hugtök eru nefnd.

Þetta frv. sem hér er til umræðu um breytingu á Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag, snýr ekki að stóriðjustefnu. Það snýr ekki að einkavæðingu. Það hefur hvergi komið fram eins og kom fram bæði í greinargerð og ræðu hæstv. iðnrh.

Mér fannst hv. þm. vera á gráu svæði svo ekki sé fastar að orði kveðið þegar hann dregur fram þau mistök sem hafa orðið við stjórn Landssímans og alhæfir út frá því að þar með sé hlutafélagaformið búið að afsanna sig í eitt skipti fyrir öll.

Hins vegar langar mig til að spyrja hv. þm. og biðja hann um að svara því afdráttarlaust, hvort hann leggist almennt og afdráttarlaust gegn breytingu á ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Ég spyr svo hv. þm. í framhaldi af því að hann lýsti einum möguleikanum í framtíðarsýn sinni, þ.e. að stofna landshlutafélög um raforkuframleiðslu og dreifingu og get ég deilt þeirri hugsun með hv. þm. og hef gert það áður í ræðustóli. En hvernig ætlar hv. þm. að nálgast það því að í þessu frv., eins og skýrt kemur fram í greinargerð og kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra, er einmitt ein röksemdin fyrir því að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag sú að opna fyrir þennan möguleika, að einstakir hlutar Rariks geti runnið inn í landshlutaveitur?

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram að stóriðjustefnan, sala raforku til stóriðju, sé ekki angi af því máli sem við erum að fjalla um, nema hvað? Rarik er einn stærsti kúnni Landsvirkjunar, kaupir af Landsvirkjun nánast alla sína orku í heildsölu. Hvað er Landsvirkjun? Landsvirkjun er fyrirtæki sem framleiðir og selur orku bæði til almennra notenda og stóriðju. Hangir þetta ekki eitthvað saman? Kunna menn ekki stafrófið í þessu? Vita menn ekki hvernig þetta er? Af hverju er ekki hægt að stofna sjálfstætt fyrirtæki um virkjun og framleiðslu á raforku til stóriðjufyrirtækisins á Austfjörðum? Það er af því að Landsvirkjun ræður ekkert við það. Það dæmi gengur ekki upp nema setja að veði allar eigur Landsvirkjunar og tekjur Landsvirkjunar

í framtíðinni af sölu, m.a. til almenna markaðarins, þannig að það er heldur betur skylt skeggið hökunni.

Í öðru lagi snýst þetta um einkavæðingu því að boðuð er einkavæðing í 4. tölul. greinargerðarinnar á bls. 5. Þar er gefinn upp boltinn með að hægt sé að byrja að breyta eignarhaldi fyrirtækisins með því að taka inn nýja meðeigendur og auðvitað er það ákveðin einkavæðing á þessu fyrirtæki. Ég stend því við hvort tveggja sem ég kom inn á í ræðu minni. Það er fullgilt að ræða þetta í samhengi við nýskipan orkumála, stóriðjuorkusöluna og líka spurningu um einkavæðingu orkugeirans. Þetta er allt uppi á borðinu og þetta er allt á fullri ferð, herra forseti. Ég er ekki að halda hér almennar ræður gegn hlutafélagaforminu. Ég var að benda á að það að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag hefur ekki reynst einhlít og óumdeilanleg aðferð til þess að bæta þar rekstur og koma þar á skilvirkni og hindra þar spillingu og fjárfestingarmistök. Reynslan sýnir annað. Samt tala menn eins og heilagir munkar, eins og sanntrúað fólk, um að þetta séu náttúrulögmál samanber textann í greinargerðini á bls. 5.

[15:13]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svarar ekki þeirri fyrirspurn minni hvernig hann hyggist þá vilja fara þá leið sem hann boðaði í ræðu sinni um að Rarik rynni inn í landshlutaveitur. Því var ekki svarað hér.

Ég er allsendis ósammála hv. þm. um að þetta frv. hafi eitthvað með stóriðju að gera. Hér er ekki um það að ræða að leggja niður Rarik. Hér er einungis verið að ræða um breytt rektrarform á Rarik. Hvers vegna? Það er rétt enn og aftur að vísa í framsöguræðu hæstv. ráðherra og í greinargerðina, þ.e. til þess að styrkja Rarik í þeirri hörðu samkeppni sem nú þegar ríkir á raforkumarkaðnum og mun ugglaust eflast enn frekar ef og þegar ný raforkulög verða samþykkt.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að Rarik hefur verið að reyna að hasla sér völl í þessari hörðu samkeppni með því að taka þátt í byggingu virkjana fyrir norðan og á Suðurlandi og á fleiri stöðum. Þetta form auðveldar Rarik einmitt slíka stöðu.

Ég ítreka fyrri spurningu mína: Hvernig sér hv. þm. að Rarik geti runnið inn til nýrra eigenda, þ.e. þeirra orkufyrirtækja sem þegar eru til í einstökum landsfjórðungum, og náð þannig fram samlegðaráhrifum ef ekki með því að breyta Rarik í hlutafélag? Því er ósvarað frá fyrri fyrirspurn minni.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega gaman að taka þátt hér í rökræðum við framsóknarmenn sem eru orðnir svo sanntrúaðir og heilagir hlutafélagasinnar að það kemst engin önnur hugsun að í þeirra kolli. Einhvern tíma hefði nú einn og einn framsóknarmaður munað eftir því að til væri mögulegt samvinnuform. Það væri hugsanlega spennandi að sjá hvort samvinnuformið gæti gengið í endurnýjun lífdaga og tekið þátt í endurskipulagningu orkumarkaðarins. (**HjÁ:** ... ég spurði.)

Ég skal svara spurningu hv. þm. Það eru mýmörg og einmitt nærtæk fordæmi fyrir því hvernig þetta gæti gerst. Ég held að eðlilegasta leiðin væri sú að til yrði sameignarfélag ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga um þau orkubú eða þær svæðisveitur sem til yrðu. Dæmið er nú nærtækt, þ.e. Landsvirkjun. Landsvirkjun er sameignarfélag ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrar. Af hverju? Af því að þessir aðilar lögðu saman eignir sínar, Akureyri Laxárvirkjun, Reykjavík Sogsvirkjanirnar og ríkið sitt og úr varð sameignarfélag þessara aðila (**HjÁ:** Á að þvinga Hitaveitu Suðurnesja ...?) sem hefur gengið ágætlega. Hitaveita Suðurnesja er ekkert endilega á leið inn í þetta dæmi. Þetta gæti prýðilega gerst t.d. þar sem orkuveitur og orkufyrirtæki eru enn í óskiptri eigu sveitarfélaga auk þess sem má hugsa sér ýmsar fleiri aðferðir í þessu sambandi. Ég er ekki að bannfæra hlutafélagaformið. Það getur vel verið að það yrði niðurstaðan að búa þetta til sem hlutafélag úr þegar starfandi fyrirtækjum af hálfu sveitarfélaganna og ríkisins. Það er ekkert bannorð í mínum huga. Aðalatriðið er að menn séu ekki að einkavæða þessa þjónustu þannig að einhverjir einkaaðilar fari að hirða út úr henni arð, verðið hækki og allt fari svo á rassgatið eins og gerst hefur t.d. í Vesturheimi. Þannig þróun viljum við ekki sjá. Það eru því engin sérstök vandkvæði í þessu sambandi og að breyta Rafmagnsveitunum í hlutafélag er alls ekki endilega heppilegasti undirbúningur undir það. Gáfulegast er auðvitað að láta fyrirtækið þá bíða í óbreyttri stöðu þangað til framtíðin skýrist.

[15:17]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 605. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 952.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, 533. mál, svar menntmrh., þskj. 943.

Lyfjalög, 601. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 947.

Starfsemi öldungadeilda, 532. mál, svar menntmrh., þskj. 885.

[15:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Umræðan um þetta frv. hlýtur auðvitað að taka lit af því að það er hluti af miklu stærra máli sem er endurskipulagning á öllu raforkukerfinu í landinu gagnvart eignarhaldi þar sem hugmyndirnar eru að koma á einhvers konar samkeppnisumhverfi. Ég tel að stjórnvöld hafi staðið sig illa í undirbúningi þessara mála og það skortir sannarlega á að stefnumörkun hafi verið birt og rædd á opinberum vettvangi eins og hefði þurft að gera.

Hér kemur hæstv. iðnrh. með þetta frv., en raforkulagafrv. hefur ekki komið fram og stefna stjórnvalda í afar stórum og mikilvægum málum sem þetta varðar liggur alls ekki fyrir. Það vantar sem sagt þá heildarsýn og heildarstefnumörkun sem stjórnvöldum ber skylda til að gefa mönnum tækifæri til að ræða í tengslum við þetta mál allt saman.

Ég þarf t.d. á því að halda, hæstv. forseti, að fá að vita afstöðu hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnarinnar til þeirra hugmynda sem hafa komið fram hjá forráðamönnum sveitarfélaga í landinu um eignarhald á Rafmagnsveitum ríkisins eða þessu fyrirtæki sem verið er að tala um. Það hafa verið settar fram kröfur um það og þær hafa verið rökstuddar með gildum rökum að sveitarfélög í landinu ættu að eiga þetta fyrirtæki. Ég tel að ástæða sé til að fara yfir það og ekki bara það. Ég tel að full ástæða sé til þess að velta fyrir sér eignarhaldinu á Landsvirkjun í því samhengi og ég tel að mjög nauðsynlegt sé að menn horfi yfir þetta mál í heild og reyni að gera sér grein fyrir því hvernig sé hægt að mynda þetta samkeppnisumhverfi og hverjir það eru sem eðlilega eiga að eiga þessi fyrirtæki í upphafi þessarar samkeppni sem menn ætla að koma á. Mér finnst fráleitt að þurfa að horfa framan í þá stöðu sem nú er, að ríkið eigi hálfa Landsvirkjun,

Reykjavíkurborg 45% og Akureyri 5%. Þær eignir sem hafa verið myndaðar í Landsvirkjun með því að gefa því fyrirtæki aðgang að orkulindum landsins fyrir ekki neitt og hafa þannig myndað eignarhald tveggja sveitarfélaga í landinu langt fram yfir aðra eru óhafandi. Ríkið verður að rétta þetta af í tengslum við þetta mál. Auðvitað er hægt að gera það. Að mínu viti á að taka umræðuna um Rarik inn í það mál líka og eignarhaldið á því fyrirtæki.

Það er vel hægt að hugsa sér að þeim hluta Landsvirkjunar sem er í eigu ríkisins verði að hluta til skipt upp til sveitarfélaga sem ekki hafa átt eignir þar inni. Það er hægt að líta á eignarhlut ríkisins í Rarik með sama hætti. Þannig þarf að meta hvað sé sanngjarnt og skynsamlegt að sveitarfélögin í landinu eigi í þessum orkufyrirtækjum og dreififyrirtækjum þegar það umhverfi kemst á sem verið er að tala um.

Mér finnst ekki þolandi að þessi umræða fylgi ekki umræðunni um þær breytingar sem hér er verið að tala um. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra fjalli um þetta þegar hann fer yfir þetta mál á eftir því það hlýtur að vera að í ríkisstjórninni hafi verið fengist við þetta mál, svo stórt er það. Það getur ekki verið að menn hafi litið fram hjá stöðunni hvað þetta varðar, eignarhaldi á Landsvirkjun, eignarhaldi á Rarik, þeirri stöðu sem kemur upp ef menn breyta þessum fyrirtækjum í hlutafélög, hvernig menn ætla að skipta þessum markaði upp og hvaða stöðu Landsvirkjun á að fá á þeim markaði þegar hann verður til.

Það þarf líka að liggja fyrir hvernig menn ætla að sjá til þess að hægt verði að verðjafna raforku ef á þarf að halda og hvernig eigi að koma til móts við þau dreififyrirtæki sem koma til með að starfa á þessum markaði ef á þarf að halda í sambandi við verðjöfnun.

Þetta frv. snýst um að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Samt sem áður er sett þarna inn að gert sé ráð fyrir því að aðrir aðilar geti orðið eignaraðilar að þessu fyrirtæki. Hvernig á að vera hægt að taka afstöðu til þess öðruvísi en það liggi líka fyrir hvað menn ætla sér að gera með almennum hætti? Ég tel að til greina komi að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag en ég vil sjá það gerast í samhengi við það að Landsvirkjun verði breytt í hlutafélag og að eignarhlutunum verði skipt upp með sanngjörnum hætti í báðum þessum fyrirtækjum.

Ekkert bannar það síðan ef vel er að verki staðið og samstaða næst um að koma þessum hlutum í sanngjarnt horf að það geti ekki verið að hlutir sveitarfélaganna verði síðan venjulegir hlutir sem megi þá ganga kaupum og sölum ef þau kæra sig ekki um að eiga sinn hlut. En að byrja samkeppni á þessum markaði án þess að ganga þessa göngu til enda finnst mér fráleitt.

Síðan er það auðvitað umhugsunarefni sem hæstv. ráðherra hlýtur að þurfa að fara yfir hér á eftir hvort — af því líka sérstaklega að hæstv. ráðherra er ekki bara iðnrh. Hún er líka viðskrh. Við höfum staðið frammi fyrir mjög alvarlegum málum í tengslum við hlutafélög, ríkisfyrirtæki sem nú eru orðin hlutafélög. Að undanförnu hafa menn verið að horfast í augu við að ýmislegt hefur komið þar upp. Upplýsingar eru um að ekki hafi verið vel staðið að málum, eftirlitskerfi hafi brugðist og það kemur í kjölfar þess að á Alþingi hefur mönnum verið neitað um upplýsingar frá þessum fyrirtækjum. Það getur ekki verið að hæstv. viðskrh. sé sátt við að til séu þrjár tegundir af fyrirtækjum, að til séu ríkisfyrirtæki sem verði að leggja allar upplýsingar á borðið, að til séu hlutafélög í almenningseigu undir almennum hlutafélagalögum þar sem hluthafarnir geta kallað fram þær upplýsingar sem þeim sýnist og að svo séu til hlutafélög í eigu ríkisins sem þurfa ekki að segja einum eða neinum neitt, þar eigi leyndin að vera skjól fyrir hvað sem er og menn þurfi að brjóta trúnað jafnvel til þess að koma upplýsingum á framfæri út úr slíkum fyrirtækjum og þurfi svo að taka pokann sinn á eftir. Það er auðvitað staða sem ég get ekki ímyndað mér að hæstv. viðskrh. sé sátt við, þ.e. að slík fyrirtæki séu undir slíkum reglum.

Ekki þarf að leita lengra en í svar hæstv. samgrh. við fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur um starfslokasamninga hjá Landssímanum o.s.frv. til að sjá varðandi þessi fyrirbrigði, þ.e. ríkisfyrirtæki sem hefur verið breytt í hlutafélög, að ráðherrann komst að þeirri niðurstöðu að hann mætti ekki segja nokkrum manni nokkurn skapaðan hlut af því sem þar færi fram. Þar skyldi leyndin hvíla yfir öllu.

Ég tel þess vegna að það sé alveg gild spurning hvort hæstv. viðskrh. ætli ekki að beita sér fyrir því að opnaður verði klár möguleiki, ekki bara möguleiki heldur réttur þingmanna til þess að fá algjörlega sambærilegar upplýsingar frá þessum fyrirtækjum sem breytt er í hlutafélög á meðan þau eru í eigu ríkisins að meiri hluta til, og ef þau væru ríkisstofnanir. Ég sé ekki hvað ætti að hamla því því að almennir hluthafar hafi rétt á upplýsingum í fyrirtækjum sínum. Ég sé ekki heldur að nein rök séu fyrir þessari leynd sem þarna hefur skapast.

Hæstv. forseti. Að mínu viti mætti ræða ýmislegt í tengslum við sjálft frv. Það verður auðvitað gert í nefndinni. Mig langar þó til að nefna það sem mér finnst umhugsunarefni og kemur fram í fylgiskjali frá fjmrn. Ef ég má, með leyfi forseta, vitna í það fylgiskjal þá stendur þar á einum stað:

„Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveitur ríkisins greiða arð í ríkissjóð, sem nemur tveimur hundraðshlutum af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Vegna þessa ákvæðis mun arðgreiðsla til ríkissjóðs nema 214 millj. kr. árið 2002."

Svo stendur á öðrum stað:

„Rarik hefur verið rekið með tapi undanfarin ár og hefur því tvisvar á sl. fimmtán árum verið mætt með yfirtöku ríkissjóðs á hlut af skuldum fyrirtækisins. Í sjóðstreymisáætlun er gert ráð fyrir að taka þurfi 480 millj. kr. rekstrarlán árið 2002 og 415 millj. kr. lán árið 2003 vegna tapreksturs fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til raforkulaga verði lagt til að tapi vegna óarðbærs reksturs verði mætt með sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu til almenningsnota."

Mér finnst dálítið undarlegt að ákveða að hlutafélagi sem þarna er verið að stofna, þar sem gert er ráð fyrir að aðrir hluthafar geti komið inn líka með einhverjum tilteknum hætti, sé gert að greiða arð til ríkisins burt séð frá því þó að tap sé á fyrirtækinu. Ég velti því dálítið fyrir mér hvort menn hafi ekki verið einhvern veginn uppteknir af einhverju haltu mér, slepptu mér sjónarmiði þegar þeir voru að semja þessa hluti því að vitanlega lít ég þannig á að úr því að menn eru að ákveða hér að þeir vilji breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag þá þurfi þeir bara að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag og leggja því til þá fjármuni sem þarf ef það getur ekki staðið undir sér. En hér virðist hvort tveggja eiga að gera. Það á að breyta því í hlutafélag. Seinna á að taka ákvörðun um að veita því einhverja peninga til þess að standa undir taprekstri, en um leið er tekin ákvörðun um að fyrirtækið sem á að fara að reka með taprekstri eigi að borga arð til ríkisins. Þetta er svolítið skringileg leikfimi sem mér finnst vera í þessu.

Gaman væri ef hæstv. ráðherra færi yfir það í ræðu sinni á eftir hvaða rök séu fyrir því að gera þetta eins og þarna er tekin ákvörðun um eða lagt til.

Ég verð að segja að aðalatriðið í þessu máli öllu saman er að þetta stóra mál fæst ekki rætt pólitískt. Menn fá ekki að tala um það. Hæstv. ráðherra hefur ekki fram að þessu treyst sér til þess að koma og segja hv. þingmönnum og landsmönnum hvaða stefnu ríkisstjórnin hafi í málinu, hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér. Hvað ætlar hún með eignarhaldið á Landsvirkjun? Hvað ætlar hún með eignarhaldið á Rarik? Hvernig á þessi framtíð að vera? Hverjir verða á þessum raforkumarkaði? Hvernig sér hæstv. ráðherra þá hluti alla saman fyrir sér? Það er auðvitað það sem við þurfum á að halda að tala um til þess að við getum tekið afstöðu til þessara mála. Ég verð að segja það alveg eins og er að ef slík umræða fylgir ekki raforkulagafrv. þegar það kemur hér til umræðu þá sé ég ekki hvernig ábyrgir stjórnmálamenn treysta sér til þess að standa að því að samþykkja þessi frv. því ef hætta er á öngþveiti á markaði eins og þessum þá hlýtur sú hætta að vera fyrir hendi ef menn taka ekki á þessum hlutum sem ég hef verið að nefna.

Ég minni bara á eignarhald Reykjavíkurborgar á orkufyrirtækjum hér og útþenslu á því eignarhaldi sem er á fullri ferð. Ég er ekkert að kvarta yfir því. En ætla menn virkilega ekki að taka á eignarhaldinu gagnvart Landsvirkjun þegar Reykjavíkurborg á 45% í því fyrirtæki, á svo annað stærsta orkufyrirtæki landsins og rekur það í þessu sama umhverfi? Það væri auðvitað fráleitt annað en að gera það. Ég er ekki að láta mér detta annað í hug en að ríkisstjórnin og hæstv. ráðherrar hafi rætt þetta og velt þessu fyrir sér. En þeir fara vel með það. Þeir segja ekkert frá því hvað fer milli þeirra í þessu máli. Hvers vegna er það? Er það vegna þess að þeir hafi ekki náð samkomulagi um hvernig eigi að vinna að þessum málum? Ef það er þannig þá þarf það auðvitað að koma fram vegna þess að ekki er boðlegt að leggja af stað í þessa göngu nema menn viti hvert þeir ætla. Það þarf sannarlega að teikna þessa leið vel upp því gífurlegir hagsmunir eru í húfi og þeir hagsmunir eru hagsmunir allra Íslendinga því öll eigum við hlut í þessum fyrirtækjum sem hér er verið að tala um. Við eigum rétt á því að vita hvert menn ætla og hvaða umhverfi hæstv. ríkisstjórn sér fyrir sér í framtíðinni á þessum nýja markaði.

Það er því miður allt of margt óljóst í þessari framtíð og mér finnst hæstv. ráðherra eiga að skýra það mál allt miklu betur en gert hefur verið. Ég tel ekki boðlegt að menn ræði um þessi mikilvægu málefni á hv. Alþingi óðruvísi en að taka umræðuna um þau atriði sem ég hef verið að fara yfir í ræðu minni.

[15:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er rætt um frv. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, um að einkavæða Rafmagnsveiturnar. Herra forseti. Sannast sagna hélt ég að menn hefðu ekki ímyndunarafl til að setja á blað þær röksemdir sem tilgreindar eru í athugasemdum með frv. fyrir þessum kerfisbreytingum. Ég hélt að menn hefðu ekki ímyndunarafl til þess. Alla vega hlýtur þetta að hafa verið skrifað, alla vega hljóta þessar athugasemdir að hafa verið settar á blað áður en fjármálaóreiðan hjá Landssímanum hf. var upplýst því að í athugasemdum við frv. segir, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Röksemdirnar fyrir því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins eru margvíslegar:

1. Meginröksemdin er sú að hlutafélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutafélaginu. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt."

— Það er nú svo. — „Í löggjöf sem um það hefur verið sett er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda), stjórnar og framkvæmdastjórnar. Þá eru reglur um endurskoðun og ársreikningsgerð, bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning, mjög fastmótaðar og skýrar.

2. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst."

Herra forseti. Hér heyrði ég að hæstv. iðnrh. tók undir. Hún mælti held ég á enskri tungu.

„3. Með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutafélagsformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd" — verður manni nú hugsað til Landssímans hf. — „og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.

4. Vilji ríkissjóður ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutfallinu í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkissjóður taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu hans þurfa að ráðast í framkvæmdir.

5. Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því. Með því gæti náðst aukin hagræðing í orkudreifingu. Í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minni hluta eigenda. Ef ríkið gengur til samstarfs við aðra aðila um atvinnurekstur er hlutafélagsformið því sérstaklega viðeigandi."

Herra forseti. Hér hef ég lesið upp í fimm liðum meginástæðurnar sem ríkisstjórnin tilgreinir fyrir því að umbylta rekstrarformi á Rafmagnsveitum ríkisins og gera þær að hlutafélagi. Ég ætla að víkja að þessum þáttum sem hér eru tilgreindir.

Ég ætla að byrja aftan frá á fimmta liðnum:

„Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því."

Til þess að auðvelda þetta eru til ýmsar leiðir, t.d. byggðasamlag. Það er leið sem hefur verið farin og er reynd. Þess má geta t.d. að slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu er rekið í því formi. Þar hafa bæjarfélögin sammælst um samrekstur á slökkviliðinu, Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur, að því er ég hygg, þannig að þarna eru ýmsir möguleikar fyrir hendi um sveigjanleika. Reyndar er einnig hægt að gera slíka samstarfssamninga þótt við búum við núverandi rekstrarform.

Í fjórða liðnum, af því að ég er að telja mig upp eftir röksemdunum sem svo eiga að heita, er talað um möguleika á að fá aukið fé inn í fyrirtækið og að sérstaklega sé slæmt að sitja uppi með ríkisábyrgðir. En hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að fara að gera á Austurlandi í tengslum við Kárahnjúka? Ætlar ekki ríkið að koma þar eitthvað við sögu? Ég hefði haldið það þannig að hér eru menn að ganga í gagnstæða átt hvað það snertir.

Í þriðja liðnum segir:

„Með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutafélagsformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri."

Þessu höfum við fengið að kynnast svolítið í tengslum við Landssímann. Ég minnist þess þegar umræða fór fram á Alþingi um hlutafélagavæðingu Landssímans að menn sögðu að hún væri minni háttar mál til þess að ná fram meiri háttar markmiðum og þar á meðal þessum, þ.e. að auðvelda fyrirtækinu að bregðast við á fjármálamarkaði, að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og að starfsemin yrði öll opnari fyrir nýjungum í rekstri eins og það hét og þetta er aftur tilgreint hérna.

Staðreyndin er sú að ef litið er til Símans, alla þá öld sem hann hefur verið við lýði og í ríkiseign undir almannastjórn, þá hefur þetta verið mjög framsækin stofnun sem hefur tryggt landsmönnum lægstu símgjöld innan lands sem fyrir finnast á byggðu bóli. Þessi stanslausi áróður sem hefur verið rekinn gegn Símanum og er núna greinilega hafinn gegn rafmagnsgeiranum um að hann sé ófær um að takast á við nýjungar og framfarir nema í breyttu rekstrarfyrirkomulagi er gersamlega út í hött og við höfum fengið að kynnast því núna að undanförnu hvernig þessi sveigjanleiki hefur verið notaður og þessi mikla fjárfestingagleði. Eru menn búnir að gleyma því að Landssíminn hf. er undir forsjá ríkisstjórnarinnar, einkavæðingarnefndarinnar sem hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir á sæti í — og það er kominn tími til að fara að ræða þá hlið málanna, hina pólitísku ábyrgð í einkavæðingunni, og það er kominn tími til að hæstv. ráðherra og Framsfl. horfist þar í augu við eigin verk og axli sína pólitísku ábyrgð því að sjálfsögðu er það sem við höfum orðið vitni að í Landssímanum, fjárreiðuóráðsían öll, á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega einkavæðingarnefndarinnar en þar eiga sæti fjórir ráðherrar, tveir frá Sjálfstfl. og tveir frá Framsfl. Það eru formenn beggja flokka. Það eru hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson. Svo situr hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir í einkavæðingarnefnd ásamt hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde.

Það er sú nefnd sem hefur lagt á ráðin um einkavæðingu Landssímans og nú eru menn að hefja þá göngu með Rafmagnsveitur ríkisins.

Landssíminn hf., þetta afsprengi einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar, Sjálfstfl. og Framsfl., tók 5 milljarða kr. lán, útlent lán og fjárfesti að auki aðra milljarða. Fjárfestir voru 11 milljarðar. Þegar fyrrv. framkvæmdastjóri fyrirtækisins var spurður um 400 millj. sem höfðu glatast, fjárfestingu sem hafði glatast, þá sagði hann: Þetta eru svo litlir peningar í samanburði við allar fjárfestingarnar, 11 milljarða. Þetta er ekki neitt, 400 millj. Hvað eru menn að hafa áhyggjur af slíkum smáaurum? Síðan á að bjóða manni upp á röksemdir af þessu tagi að með því að einkavæða, og hér hræða dæmin, þá sé auðveldara að fjárfesta og á ábyrgari hátt vegna þess að öll stjórnsýslan verður ábyrgari. Það segir í 2. lið, með leyfi forseta:

„Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutafjáreign og ábyrgð stjórn enda eykst."

Það er enginn reiðubúinn að axla ábyrgð. Það var enginn reiðubúinn að axla ábyrgð í Landssímanum hf. Ríkisstjórnin hefur ekki verið reiðubúin til að axla ábyrgð. Hæstv. samgrh. var ekki reiðubúinn að axla ábyrgð. Hæstv. forsrh. var ekki reiðubúinn að axla ábyrgð. Einkavæðingarnefndin var ekki reiðubúin að axla ábyrgð. Þeir stjórnmálaflokkar sem standa að þessu, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa ekki verið reiðubúnir að axla ábyrgð. Nú á að bjóða manni upp á þetta. Nú á að halda með orkugeirann út á þessa braut líka. Og allt til þess að stuðla að aukinni ábyrgð, aukinni ábyrgð í stjórnsýslunni. Hvers konar rugl er þetta eiginlega?

Hér segja menn, með leyfi forseta:

„Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt."

Það er alveg rétt, það er þrautreynt. (**JóhS:** Þrautlokað.) Það er þrautreynt hlutafélagsform með einu hlutabréfi. Það er það sem ríkisstjórnin segist ætla að gera, er það ekki, a.m.k. fyrst um sinn? Síðan vitum við náttúrlega að það verður selt. En það er verið að taka þessa stofnun, þá starfsemi undan almannastjórn og færa alla starfsemina bak við lokuð tjöld og niður í læstar skúffur. Það er reynsla okkar af hlutafélagavæðingunni. Þegar spurt hefur verið um innviðina, um hvernig fjármunum hefur verið ráðstafað, um launakjörin hjá forstjóraveldinu, þá skýlir ríkisstjórnin sér jafnan á bak við hlutafélagalögin. Þetta er reynslan. Það er margoft búið að reyna þetta. Er það þetta sem menn eiga við kannski þegar talað er um hið þrautreynda form? Já. Í að fela staðreyndir.

Síðan er hitt náttúrlega, hvað blasir við okkur þegar er búið að einkavæða þessa starfsemi? Þegar einkavæðingin hófst fyrir fáeinum árum, fyrir um tíu árum fyrir alvöru, þá var byrjað á að einkavæða ýmsa atvinnustarfsemi. Við einkavæðingu sumra fyrirtækja hafði enginn neitt að athuga. Menn töldu það eðlilegt. Ég man ekki eftir nokkurri gagnrýni t.d. þegar Ferðaskrifstofa ríkisins var sett á markað eða Gutenberg. Þessu var ekki mótmælt. Síðan þegar SR-mjöl var markaðsvætt, þá var það gagnrýnt fyrst og fremst á þeim forsendum að salan hefði verið á gjafaprís. Gagnrýnin var fyrst og fremst í þá veru. En þegar kemur að stoðþjónustunni, rafmagninu, vatninu og öðru af því tagi, þá vilja menn staldra við. Þetta eru þættir sem eiga að vera í almannaeign og sama gildir um velferðarþjónustuna. Fyrr í dag var utandagskrárumræða um heilsugæsluna sem ríkisstjórnin ætlar að byrja að bjóða út og vikið var að því í ræðustól að tvær leiðir væru farnar í því efni, annars vegar hin hreinræktaða markaðslausn að brjóta niður tryggingakerfið og fara inn á markað með það, að einkavæða tryggingarnar. Tryggingafélögin eru núna að reyna að þrengja sér inn í það kerfi með þeim hætti og Læknalindin er af þessum meiði.

Og síðan er hin leiðin sem ríkisstjórnin hefur valið, það er einkaframkvæmdin. Hún er líka þrautreynd svo notað sé orðfæri ríkisstjórnarinnar. Hún er þrautreynd í Bretlandi og hefur alls staðar gefið mjög slæma reynslu. Fyrir hverja? Fyrir notandann og fyrir skattgreiðandann vegna þess að þetta er miklu dýrara, þetta er kostnaðarsamara. (**Iðnrh.:** Nei.) Nei, segir hæstv. ráðherra. Þá vil ég að hún komi með rök. Ég vil að hæstv. ráðherra komi með rök. Ég hef nefnilega kynnt mér þetta nokkuð vel. Það er stofnun við University College London sem hefur sérhæft sig í rannsóknum á þessu sviði. Ég heimsótti þessa stofnun og ég hef mikil gögn um þetta efni. Sama gildir um háskólana í Greenwich og Manchester. Þetta eru stofnanir sem hafa sérhæft sig í rannsóknum á þessu og niðurstaða þeirra er sú að einkaframkvæmdin er miklu dýrari, hún er dýrari fyrir skattborgarann, enda benti Ríkisendurskoðun á það á sínum tíma þegar Sóltúnssamningurinn var gerður. Það væri eðlilegt að hann væri

dýrari vegna þess að það þyrfti að reikna með arðgreiðslu til nýrra eigenda. Menn eru að fara með þessa starfsemi út á markað til þess að fá fjármagn frá fjárfestum, ekki satt? Það er hugmyndin. Halda menn að fjárfestar vilji ekki fá eitthvað fyrir sinn snúð? Ég hefði haldið það, enda er reynslan þessi að sjálfsögðu. Menn verða að ganga með opin augu að þessu. Það gera verkalýðssamtökin líka. Þau ganga alveg með opin augu að þessu.

Verkalýðssamtökin í Evrópu hafa núna verið að rannsaka afleiðingar af markaðsvæðingu á rafmagni. Verið er að rannsaka það. Hér er ég með fréttatilkynningu frá Unison, bresku verkalýðssamtökunum sem hafa verið að rannsaka einkavæðingu í orkugeiranum. Þeir segja að búast megi við því að innan fárra ára megi reikna með því að um sex fyrirtæki, „half a dozen" segja þeir, fjölþjóðleg risafyrirtæki muni hafa skipt raforkumarkaðnum í Evrópu á milli sín. Síðan eru þeir að horfa til reynslunnar í Bretlandi og þeir segja að í Bretlandi hafi það nú gerst að fátækari hluti þjóðarinnar greiði meira fyrir rafmagn sitt en hinir rafmagnsfreku og ríku. Þetta er bara staðreynd. Þeir segja að þetta hafi komið í bakið á þjóðinni — ég á nú eftir að skoða þetta nánar. Hér eru ýmsar aðrar upplýsingar sem að sjálfsögðu verður farið mjög rækilega í þegar kemur að því að ræða þetta mál við 2. og 3. umr. ef ríkisstjórnin ætlar virkilega að reyna að þröngva þessu í gegnum þingið í vetur. Ég á sannast sagna eftir að trúa því að það verði gert. Og ég á eftir að trúa því að það verði meiri hluti fyrir þessu á Alþingi. Getur það bara verið að allir þingmenn Framsfl. muni styðja einkavæðingu raforkugeirans? Ég er ansi hræddur um að kjósendur flokksins muni ekki gera það. Mér finnst mikilvægt að Framsfl. tali mjög skýrt í þessum efnum.

Í dag er hann búinn að tala fyrir einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni og sannast sagna fannst mér það vera slæmt vegna þess að þar er á ferð ráðherra sem er andvígur slíkri þróun og hefur staðið vel í fæturna, það verður að segjast eins og er, gagnvart þeim öflum sem þrýsta á og ég vil fyrir mitt leyti styðja hann í þeirri viðleitni vegna þess að ég tel að hann vilji ekki fara inn á þessa braut. En getur verið að þessi armur í Framsfl. sem hæstv. iðnrh. fer fyrir, Valgerður Sverrisdóttir, og náttúrlega formaður flokksins og hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, félagarnir í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, ætli að þröngva þessu í gegnum þingið og er það þá í samræmi við vilja flokksmanna og þingmanna almennt? Ég bara spyr.

[15:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Ég verð að segja, herra forseti, að ég veit ekki hvort á að dást að kjarkinum eða láta í ljós vonbrigði við dómgreindarleysinu að bera þetta frv. fram núna þessa dagana. Þessa dagana þegar við erum að fjalla um hvert stjórnsýsluhneykslið á fætur öðru í hlutafélagavæddum og einkavæddum ríkisfyrirtækjum. Ég veit ekki hvort á að dást að hugrekkinu eða harma dómgreindarleysið. Það ganga meira að segja hnútuköst á milli ráðherra og einstakra þingmanna stjórnarliðsins, milli hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, og hv. formanns þingflokks framsóknarmanna um hvort það eigi að láta þá framsóknarmenn sem núna sitja í stjórn Landssímans fá að sitja þar áfram eða ekki. Þetta er það sem umræðan snýst um í dag.

Mér finnst það vera býsna mikil kokhreysti að koma síðan með frv. af þessum toga, að ganga í spor hlutafélagavæðingar Landssímans. Það er ekki von á góðu, herra forseti, þegar dómgreindin hjá hæstv. ríkisstjórn, og hæstv. iðnrh. er með þeim hætti sem hún birtist okkur þessa dagana. Hefði málið ekki mátt aðeins kólna, hefði ekki mátt ljúka aðalfundi Landssímans sem hefur verið flýtt til þess að ljúka þeirri deilu sem núna er á milli stjórnarflokkanna um það hvort þingmenn Framsfl. skuli fara út úr stjórninni á Landssímanum eða ekki. Mér finnst þetta vera kokhreysti.

Herra forseti. Lítum á 3. gr. þessa frv. til laga þar sem stendur, með leyfi forseta: „Við stofnun skulu öll hlutabréf í hlutafélaginu vera eign ríkissjóðs." — Og svo stendur: „ Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu." Hvað ætli sé langt síðan þessi texti var saminn? Hann hefur a.m.k. ekki verið saminn í gær því þá hefði þetta ekki staðið, geri ég ráð fyrir. Nei. (**Iðnrh.:** Hef ég eitthvað gert af mér?) Ekkert gert af þér? Nei, hæstv. ráðherra gerir náttúrlega ekkert af sér, hæstv. ráðherra er persónulega heiðvirð eftir því sem ég best veit. En við skulum samt ekki loka augunum fyrir þeirri umræðu sem á sér stað þessa dagana um heitustu málin í þjóðfélaginu. Það þýðir hvorki fyrir hæstv. ráðherra né aðra sem fara með stjórn í landinu að skella skollaeyrum við því sem sagt er og lagt til. Var það ekki einmitt hæstv. samgrh. sem greindi í ræðustól á hinu hv. Alþingi frá því að lagt hefði verið til við hann, hæstv. ráðherrann, að hlutabréfið og meðferð hlutabréfsins í Landssímanum færi undir fjmrh.? Var það ekki hæstv. samgrh. sem gat um það hér? Sagði hann það ekki óheppilegt að fagráðherrann, sá ráðherra sem færi með hin faglegu málefni, færi með eftirlit, stjórnsýslu hins faglega hluta málsins, færi jafnframt með hlutabréfið? Ég veit ekki betur en að þessum tilmælum hafi verið nokkuð vel tekið í þeirri erfiðu stöðu sem ríkisstjórnin var í þar sem því var berlega lýst yfir að hún treysti ekki hæstv. samgrh. til að fara með bréfið. Er eitthvað eðlilegra að hæstv. iðnrh. fari með hlutabréf í Rarik? Hæstv. iðnrh. hefur jafnframt hinar faglegu skyldur gagnvart dreifingu á raforku og öryggi hennar um allt land. Þar liggja hinar faglegu ábyrgðir hæstv. ráðherra.

Eru ekki hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar brenndir á því hvernig málum hefur til þessa verið hagað? Á engan lærdóm hér af að draga? Þetta er fyrir mér, virðulegi forseti, alveg furðulegt dómgreindarleysi. Það hefði ábyggilega verið svigrúm þótt ekki væri nema að breyta þessari grein í ljósi umræðnanna sem nú hafa farið fram. Fagráðherranum er ekki treyst til að fara með hlutabréf Landssímans og hví skyldi þá sú kvöð lögð á hæstv. iðnrh. að axla þá ábyrgð sem ekki hefur verið talið rétt að fela öðrum ráðherra? Ég bendi á þetta og vil inna hæstv. iðnrh. eftir því hvort þetta hafi ekki komið til tals í ríkisstjórn. Hvers vegna á að fela hæstv. iðnrh. að fara með eignarhlut ríkisins í Rarik þegar hæstv. samgrh. er ekki trúað fyrir slíku lengur, og lagt er til að eignarhluturinn fari undir fjmrh. til að forðast hagsmunaárekstra? Flumbrugangurinn og dómgreindarleysið við samningu þessa frv. er með endemum.

Nú skyldum við ætla, virðulegi forseti, þegar flutt er frv. um svo veigamiklar breytingar á mikilvægu þjónustufyrirtæki eins og Rafmagnsveitum ríkisins að verið sé að gera það vegna þess að eitthvað sé að, úr einhverju þurfi að bæta, eitthvað hafi farið úrskeiðis. Það hlýtur að vera einhver þörf. En sú þörf hefur ekki verið nefnd hér. Ekki hefur verið nefnt að neitt stórvægilegt sé að. Jú, það er vitað að fjárhagur Rariks er ekki góður, að kvaðirnar um að dreifa rafmagni um allt land geta verið fyrirtækinu erfiðar og að ríkið hefur hvað

eftir annað þurft að koma með fjármagn inn í fyrirtækið til að stuðla þar að jöfnuði á raforkuverði til einstakra neytenda. Það er vitað en mér vitanlega er ekki um nein hneyksli að ræða, nein stjórnunarhneyksli eða stjórnunarvandamál eða rekstrarhneyksli eða rekstrarvandamál. Annars væri ágætt að hæstv. ráðherra upplýsti okkur, ef þarna væri verulegur stjórnunarvandi á ferðum. En ég hef ekki heyrt minnst á slíkt. Og þegar gengið er til svo veigamikilla grundvallarbreytinga á lagaumhverfi svona mikilvægrar þjónustustofnunar og þjónustuviðfangsefnis eins og Rafmagnsveitur ríkisins eru, grundvallarbreytinga á rekstrarumhverfi þess, hlýtur það að verða að vera af einhverjum ástæðum, að eitthvað sé að, en það hefur ekki verið nefnt. Hins vegar er næg reynsla, eins og vikið er að í frv., af þessari hlutafélagavæðingu á almannaþjónustufyrirtækjum og hún er býsna kotroskin í umræðu þessara daga, setning sem stendur á bls. 5, og sem ég les nú með leyfi forseta: „Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt."

Jahá, það er svo rækilega þrautreynt. Er ekki allur Landssíminn og rekstrarumgjörð hans, einkavæðingarnefnd og stjórn Landssímans, þessa hlutafélagavædda fyrirtækis, í skoðun hjá Ríkisendurskoðun? Hefur fátt verið meira umtalað undanfarna daga en hylmingar og áburður einstaklinga sem þar hafa verið í stjórnum eða forsvari, áburður hvers á annan um að hafa ekki gefið upplýsingar eða komið fram á fullnægjandi hátt við stjórnun fyrirtækisins. Ræddum við ekki einmitt nýverið þáltill. um að skipa sérstaka rannsóknarnefnd um málefni Landssímans, það sem gerst hefur í stjórnun hans og meðferð á því valdi sem stjórnendum hefur verið falið? Og það er býsna kotroskið að koma með svona frv. beint í kjölfarið.

Ég man ekki betur, virðulegi forseti, en þess sé einmitt getið í áliti Ríkisendurskoðunar að gjalda beri varhuga við því að vera með ríkisfyrirtæki með ráðherraskipuðum stjórnum. Það bjóði upp á hagsmunaárekstra og óeðlilega stjórnsýslu eins og við höfum upplifað með Landssímann. Það er býsna kotroskið að fara sömu leið.

Í þessu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins er hvergi að finna setningu sem gefur til kynna í hvaða átt ríkisstjórnin stefnir í þjónustumálum, í raforkumálum. Hvernig á að efla og styrkja dreifingu rafmagns út um land, hvernig á að lækka verð þar til neytenda, hvernig á að efla og auka framboð á þriggja fasa rafmagni úti um sveitir landsins sem vitað er að háir verulega allri starfsemi þar? Það er ekki orð um þjónustu eða þjónustuskyldur í þessa veruna. Hins vegar er rækilega tíundað að gjaldskráin skuli taka mið af arðsemissjónarmiðum. Já, það vantar ekki að þar liggur krafan skýr. En hvað gerist þegar neytendur norður og austur um land fara að spyrja sig: Hvar stendur í þessu frv. að þjónustan við okkur eigi að batna eða verðið að lækka? Ekki eitt einasta orð stendur þar um það.

Þegar stofnað er hlutafélag um þjónustu sem þessa er það til þess að í því verði til hlutabréf og þau hlutabréf geta verið eitt eða fleiri í áföngum eins og hér er vikið að á bls. 5 í frv., í 4. gr. Þar er þess getið að nýir hluthafar geti komið inn í fyrirtækið, og það gerist ekki nema með því að þeir fái þá hlut og hlutabréf í viðkomandi fyrirtækjum. Það er því ljóst varðandi þetta hlutabréf sem talað er um að sé bara eitt í fyrstunni að náttúrlega er ætlunin að þau verði fleiri og verði til ráðstöfunar.

Þegar maður stofnar hlutafélag er það, eins og kemur rækilega fram í frv., í fyrsta lagi til að geta gert skilgreindar arðsemiskröfur og vikið sér undan þjónustukröfum. Það er númer eitt enda kemur það fram í þessu frv.

Í öðru lagi stofnar maður hlutafélag til þess að geta selt hlutabréf. Þessi ferill sem hér er því verið að hefja með því að leggja til að Rafmagnsveitur ríkisins verði gerðar að hlutafélagi er bara skref til einkavæðingar þessa fyrirtækis og þessarar þjónustu, einkavæðingar sem ef að líkum lætur og ýjað er að verður síðan seld, og væntanlega hæstbjóðanda. Þá er engin trygging fyrir því að það verði hérlendur kaupandi. Hann getur orðið erlendur. Við þekkjum söguna um Landssímann. Þar hófst það með nákvæmlega sama hætti. Það var nauðsynlegt að hlutafélagavæða Landssímann. Ekki átti að selja hann. Eitt bréf í hendi samgrh. og bara að bæta rekstrarumgerðina og rekstrarskilyrðin en að öðru leyti átti hlutafélagavæðingin ekki að hafa nein áhrif. En hvað varð síðan? Jú, næsta skref var að heimila sölu á Landssímanum, og meira að segja nánast gert að skilyrði eða haft að markmiði að selja ráðandi hlut hans úr landi. Það var meira að segja talin forsenda fyrir því að salan heppnaðist, eins og það var kallað, að selja ráðandi hlut úr landi.

Eru nokkrar líkur til þess að eitthvað annað vaki fyrir hlutafélagavæðingu á Rafmagnsveitum ríkisins? Nei, það eru engar líkur til annars en að svo verði.

Það er fróðlegt, herra forseti, að líta á umsagnir fjmrn. og fjárlagaskrifstofunnar. Ég leyfi mér hreinlega að inna hæstv. iðnrh. eftir því hvort hún hafi í raun lesið umsögnina sem þar er því að hún er á vissan hátt mjög afgerandi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveitur ríkisins greiða arð í ríkissjóð, sem nemur tveimur hundraðshlutum af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Vegna þessa ákvæðis mun arðgreiðsla, til ríkissjóðs nema 214 millj. kr. árið 2002."

Var þetta fyrirtæki aflögufært? Er það aflögufært í dag? Hvernig á það að fjármagna þessar arðgreiðslur? Jú, það á ekki möguleika á að fjármagna þær á annan hátt en að hækka verð á rafmagni til notenda eins og kemur fram í umsögninni, taka aukin lán til þess að skila þeim arði sem þarna er krafist. Þjónustuskyldan, hvergi er í umsögn fjmrn. minnst á að fyrirtækið hafi neinar þjónustuskyldur. Nei, hins vegar hefur það arðsemiskröfu. Það hefur arðsemiskröfu. Er þetta nú sjónarmið og sýn sem hæstv. iðnrh. vill fara með út um byggðir landsins þegar hæstv. ráðherra fer að kynna tillögur sínar um breytingar á rekstrarumgjörð Rariks? Þjónustan er háð því að hún kemur á eftir arðsemiskröfunni, enda er hún ekki nefnd á nafn.

Í umsögn fjmrn. er líka tekið fram, með leyfi forseta, að:

„Rarik hefur verið rekið með tapi undanfarin ár og hefur því tvisvar á sl. fimmtán árum verið mætt með yfirtöku ríkissjóðs á hlut af skuldum fyrirtækisins. Í sjóðstreymisáætlun er gert ráð fyrir að taka þurfi 480 millj. kr. rekstrarlán árið 2002 og 415 millj. kr. lán árið 2003 vegna tapreksturs fyrirtækisins."

En samt á að krefja það um arð, 214 millj. kr. árið 2002.

Og áfram segir í umsögn fjmrn. þar sem talað er á margan hátt skýrar en gert er í frv. sjálfu:

„Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til raforkulaga verði lagt til að tapi vegna óarðbærs reksturs verði mætt með sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu til almenningsnota."

Það er alveg klárt hver á að borga. Það er almenningur. Er þetta sú sýn sem hæstv. ráðherra ætlar að leggja hér á borð fyrir neytendur?

Herra forseti. Mig tekur sárt að sjá hvernig hæstv. iðnrh., ráðherra Framsfl., gengur hér erinda hömlulausrar einkavæðingar í almannaþjónustu, almannaþjónustu sem er svo mikilvægur hluti af grunnþjónustu fyrir landsmenn alla.

[16:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú leitt ef hv. þm. tekur það svona nærri sér að ég skuli leggja þetta frv. fram. Mér heyrðist það á lokaorðum hans. Hann talaði þó fyrir því í upphafi ræðu sinnar að betur færi á því að fjmrh. færi með þetta hlutabréf en iðnrh. Hann virtist því ekki treysta iðnrh. mjög vel fyrir því. Ég skildi það þannig.

Það sem mér finnst vera alveg grundvallarmisskilningur í málflutningi hv. þm. og annarra hv. þm. Vinstri grænna, er að þeir telja að með því að breyta Rarik í hlutafélag sé verið að skerða þjónustu við landsmenn. Svo finnur hv. þm. að því í lok ræðu sinnar að það eigi að taka á hinum óarðbæru einingum í raforkukerfinu með sérstöku gjaldi þannig að því verði dreift á alla. Hann er að tala gegn því að þessi kostnaður sem fellur á dreifðustu byggðirnar verði leystur með almennu gjaldi. Ég skil hann ekki öðruvísi. Það rekur sig hvað á annars horn í málflutningi hans.

Hann talar um þennan gamla samning um arðgreiðslur sem núna á að afnema vegna þess að við erum að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Það er að fara inn í nýtt raforkulagaumhverfi þar sem fyrirtækið getur ekki borið þennan kostnað og getur ekki staðið undir kröfu um arðgreiðslur. Þess vegna er það afnumið. Það kemur fram í umsögn fjmrn. að fyrirtækið hefur verið rekið með tapi og að þurft hefur að yfirtaka skuldir með einhverju ára millibili vegna þessara óarðbæru eininga sem nú á að taka frá fyrirtækinu þannig að það þurfi ekki lengur að standa skil á þeim.

Í sjálfu sér heyri ég því ekkert hvað sé að málinu, en menn tala hér auðvitað um Landssímann í pólitískum tilgangi.

[16:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar eðlilegt að tala um Landssímann því ein rökin fyrir fyrir þessu frv. sem eru á bls. 5 og ég las upp gefa tilefni til þess. Ég get endurtekið þau fyrir hæstv. ráðherra:

„Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt."

Ja, það hefur aldeilis verið þrautreynt á síðustu vikum. Því er svo sem eðlilegt að þar sé leitað fordæmis.

Ég vil leiðrétta þann misskilning hjá hæstv. ráðherra að ég hafi verið að leggja til að fjmrh. færi með hlutabréfið. Það er mesti misskilningur. Ég vitnaði aðeins í orð hæstv. samgrh. hér á Alþingi og var þá að velta þessu fyrir mér í sambandi við það að hæstv. samgrh. sagði að til greina kæmi að fjmrh. færi með hlutabréfið í Símanum og hefur hann sjálfsagt verið þar brenndur mjög þegar hann sagði þessi orð.

Þá velti ég fyrir mér, og vil inna hæstv. iðnrh. eftir því, hvort umræða hafi verið tekin upp í ríkisstjórn um hver eigi að fara með hlutabréfið í Rafmagnsveitum ríkisins ef þetta frv. verður samþykkt. En ég vona, virðulegi forseti, að þessi spurning þurfi ekki að koma til, því frv. verði aldrei samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég vil enn fremur spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna hvergi séu tíundaðar þjónustuskyldur í þessu frv., en arðsemiskrafan er hvað eftir annað tíunduð.

[16:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál er ekki eins umfangsmikið og hv. þm. eru að reyna að láta líta út fyrir því einungis er um það að ræða að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Það er nú ekki stærra en það. Hlutafélagaformið þekkja allir. Eru hv. þm. á móti því að fyrirtæki séu rekin í þessu rekstrarformi? Ég skil þá þannig. Og hvaða form á þá að nota? Þá á bara ríkið að eiga fyrirtæki í samkeppnisrekstri eins og þetta fyrirtæki kemur til með að vera, það er þá bara gamla fyrirkomulagið og engu má breyta. Þetta er málflutningurinn sem ég er ósammála. Ég tel að þetta fyrirtæki eigi heima í því rekstrarformi sem kallað er hlutafélagaform. Svo einfalt er nú þetta.

Þessi málflutningur er settur hér fram einungis til þess að reyna að villa um fyrir fólki og villa um fyrir hv. þingmönnum, um að hér sé einhver stórkostleg breyting á ferðinni sem muni þýða skerta þjónustu á landsbyggðinni og ég veit ekki hvað og hvað, þegar einmitt er verið að taka á því vandamáli sem dreifðu byggðirnar hafa átt við að stríða í sambandi við þann mikla rekstrarkostnað sem allir sjá að er samfara því að reka raforkukerfi í dreifðustu byggðunum. Það er verið að taka á þessum vanda. Þá koma Vinstri grænir og eru á móti.

[16:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra á erfitt með að koma með málefnaleg andsvör. Það er svo sem eðlilegt. Ég hefði þó mjög gaman af því að heyra hæstv. samgrh. nú í dag segja að eðlilegt sé að hæstv. iðnrh. fari með hlutabréfið í Rarik, þegar verið er að knýja hann til þess að afhenda fjmrh. það hlutabréf.

Ég óska þess ekkert að þetta hlutabréf verði gefið út. Ég óska þess helst að þetta verði alls ekki einkavætt eins og Framsókn er að leggja hér til, svo sannarlega.

Engu að síður er fróðlegt að vita hvað fer fram á þeim bæ sem heitir ríkisstjórnarheimilið.

Herra forseti. Ekki neitt hefur komið fram hér, og ég innti hæstv. ráðherra eftir því, sem hæstv. ráðherra hefur fundið að stjórn núverandi kerfis. En við þekkjum reynsluna af hlutafélagavæðingu Símans og við þekkjum líka hlutafélagavæðingu á Póstinum. Hún hefur leitt til skertrar þjónustu víða um land. Pósturinn er að lækka þjónustustigið og loka pósthúsum, færa þau að hluta til inn í einhverja aðra starfsemi, en að meginhluta er verið að lækka þjónustustigið á mörgum sviðum hjá Póstinum eftir að hann var hlutafélagavæddur.

Rarik er núna beint á vegum ríkisins og ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að þar sé svo mikið að að nauðsynlegt sé að láta Rarik feta í fótspor Landssímans. (**LB:** Er nokkuð búið að skoða fyrirtækið?) Ætli nokkuð sé búið að skoða fyrirtækið? Þetta fyrirtæki lýtur eðlilegri stjórnsýslulegri endurskoðun og er algjörlega á vegum ríkisins og þarf enga rannsóknarblaðamennsku til þess að kafa ofan í það. Það er kannski vilji hæstv. ríkisstjórnar að láta Rarik fylgja í kjölfar Landssímans. Þá vegferð harma ég.

Umræðu frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. EKG og ÖS, 491. mál (reynslulausn). — Þskj. 778.

Enginn tók til máls.

[16:26]

Útbýting þingskjala:

Evrópusamstarf um sjaldgæfa sjúkdóma, 602. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 949.

Heilbrigðisþjónusta fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma, 603. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 950.

Kostnaður við varnaðarmerkingar á tóbaki, 496. mál, svar fjmrh., þskj. 944.

Kostun á stöðum við háskóla, 604. mál, fsp. SvanJ, þskj. 951.

Verslunaratvinna, 607. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 954.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–18. mál.

Fundi slitið kl. 16:28.

94. FUNDUR

mánudaginn 11. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Einkahlutafélög, stjfrv., 546. mál, þskj. 854. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Hlutafélög, stjfrv., 547. mál, þskj. 855. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög, frv., 491. mál, þskj. 778. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnsýslulög, stjfrv., 598. mál, þskj. 942. — 1. umr.
6. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910. — 1. umr.
7. Tryggingagjald o.fl., stjfrv., 582. mál, þskj. 911. — 1. umr.
8. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 912. — 1. umr.
9. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 594. mál, þskj. 936. — 1. umr.
10. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 595. mál, þskj. 937. — 1. umr.
11. Samkeppnislög, stjfrv., 596. mál, þskj. 938. — 1. umr.
12. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 587. mál, þskj. 917. — 1. umr.
13. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 593. mál, þskj. 926. — 1. umr.
14. Búnaðargjald, stjfrv., 600. mál, þskj. 946. — 1. umr.
15. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947. — 1. umr.
16. Verslunaratvinna, stjfrv., 607. mál, þskj. 954. — 1. umr.
17. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 545. mál, þskj. 853. — Frh. 1. umr.
18. Líftækniiðnaður, stjfrv., 548. mál, þskj. 856. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. EKG og ÖS, 491. mál (reynslulausn). — Þskj. 778.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Þjóðgarður norðan Vatnajökuls.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við höfum rætt í þinginu nokkrum sinnum tillögu um virkjun við Kárahnjúka. Nú er sú tillaga komin á lokaafgreiðslustig í þinginu. Ljóst er að um þessa tillögu hafa staðið deilur. Engum dylst að hún gengur með nokkrum hætti á náttúruna en þeir eru margir sem telja hins vegar að ávinningurinn sem af henni hlýst vegi upp þær skemmdir sem af þessu verður. Hitt er þó líka ljóst, herra forseti, að norðan Vatnajökuls eru margar ómetanlegar náttúruperlur. Ég nefni Nýjadal, Kverkfjöll, Krepputungu, Vestur-Öræfi, Eyjabakka, Lónsöræfi og þó gæti ég nefnt fjölmörg til viðbótar.

Verði af virkjun eru ákaflega margir sem bera kvíðboga fyrir því að ekki verði látið staðar numið við Kárahnjúka heldur muni gengið áfram á þessi fögru og dýrmætu flæmi. Það er vissulega tilefni til, herra forseti. Í ýmsum opinberum gögnum, m.a. frá Orkustofnun og Landsvirkjun, er að finna áform og hugmyndir um frekari virkjanir sem gefa tilefni til þess að menn óttist. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að með einhverjum föstum og formlegum hætti verði slegið vernd á þessi svæði.

Ég hef talið, herra forseti, að heppilegasta leiðin til þess væri að leggja þessi ósnortnu flæmi norðan og norðaustan Vatnajökuls undir þjóðgarð, annaðhvort sérstakan þjóðgarð eða bæta þeim við hinn fyrirhugaða Vatnajökulsþjóðgarð. Ég tel að það mundi ekki aðeins tryggja vernd svæðisins heldur líka auka möguleika almennings á því að komast um þessi svæði og njóta þeirra. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. umhvrh. hvaða afstöðu hún hefur til hugmynda um þjóðgarð norðan og norðaustan Vatnajökuls.

[15:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Við höfum einmitt verið að huga að þessum málum. Ég hef kynnt í ríkisstjórn þær fyrirætlanir að setja upp nefnd til að skoða alla hugsanlega möguleika í þessu sambandi. En möguleikarnir eru nokkrir. Það er hægt að stækka Vatnajökulsþjóðgarð sem er fyrirhugað að stofna. Reyndar vitum við ekki nákvæmlega hvort okkur tekst að stofna hann núna í ár vegna þess að bændur í Höfn í Hornafirði hafa gert tilkall til hluta af jöklinum, en það er hægt að stækka Vatnajökulsþjóðgarð. Einnig er hægt að stofna sérþjóðgarð norðan Vatnajökuls eða að hugsa sér einhvers konar aðra verndun.

Ég hef tekið eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur einmitt rætt þessi mál opinberlega áður í blaðagreinum og hér á þinginu og tekið sérstaklega fram að verði stofnaður þjóðgarður á þessu svæði, þá verði um stærsta ósnortna víðerni í Evrópu að ræða þrátt fyrir virkjun og það er alveg rétt.

Nú er það þannig að þjóðgarðar hjá okkur flokkast undir flokkun 2 hjá Alþjóðanáttúruverndarsamtökunum. Ef af virkjun verður þá er hægt að stofna þjóðgarð á öllu þessu svæði. Þá yrði blönduð flokkun á því svæði, þ.e. flokkun 2, en virkjunin yrði í minni flokki. En það er líka hægt að hugsa sér þjóðgarð í flokki 2 þar sem sneitt er hjá virkjunarsvæðinu verði af virkjun. Ég er því opin fyrir öllum þessum möguleikum en við ætlum að skoða möguleikana betur. Ég tel ekki rétt að rasa um ráð fram í þessu. Það þarf að skoða alla þessa möguleika í einhvers konar nefndarstarfi og við erum einmitt að huga að því um þessar mundir hvernig slíkt starf gæti farið fram og á hvaða tíma nefndin gæti unnið.

[15:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tek það svo að hæstv. ráðherra a.m.k. fyrir hönd ráðuneytis síns og þá síns flokks sé þeirrar skoðunar að það sé sterkur möguleiki að þarna verði gerður þjóðgarður um þessi mikilvægu svæði. Ég tel að það yrði ákaflega farsælt, herra forseti, og ég er líka sammála þeirri skoðun hennar að það mundi falla undir skilgreiningu Alþjóðanáttúruverndarráðsins á þjóðgarði, hvort sem af virkjun yrði eða ekki.

Ég tel hins vegar nauðsynlegt, herra forseti, að afstaða ríkisstjórnarinnar í þessum efnum komi skýrar fram. Það hafa staðið mjög harðar deilur um þessa framkvæmd. Ég er þeirrar skoðunar að ef ríkisstjórnin mundi lýsa því yfir að hún hygðist leggja öll þessi svæði eða einhver þeirra undir þjóðgarð, þá gæti það með vissum hætti verið leið til sátta um þetta mál. Það er a.m.k. alveg ljóst að margir í mínum flokki mundu líta svo á og ég verð var við það að sú skoðun á sér hljómgrunn í samfélaginu.

Ég er líka þeirrar skoðunar, herra forseti, að tryggja ætti að heimamenn hefðu yfirráð yfir slíkum þjóðgarði og færu með stjórn hans og vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hyggist beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í því skyni ef af stofnun þjóðgarðs verður.

[15:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég útiloka enga möguleika á þessu stigi en það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun varðandi Vatnajökulsþjóðgarð, að stefna að opnun hans. Ég tel því að fyrsta skrefið sé að fara í að koma þeim þjóðgarði í gagnið. Síðan tel ég eðlilegt að við skoðum hugsanlegar stækkanir á þeim þjóðgarði. Ég ímynda mér að það sé það skref sem blasir kannski helst við, að stækka síðan Vatnajökulsþjóðgarð þannig að hann nái yfir þessi svæði. En ég tel ekki eðlilegt að við klárum það mál hér og nú á þessu missiri eða neitt slíkt. Ég tel að mjög margir þurfi að koma að þessari stefnumótun og þar á meðal heimamenn eins og hv. þm. sérstaklega nefnir. Ég tel reyndar að heimamenn eigi að koma í auknum mæli að þjóðgörðum almennt á Íslandi. En hvort við gerum einhverjar breytingar á lögum skal ég ekki segja um hér og nú, en við höfum þegar breytt reglugerðum, m.a. um þjóðgarðinn Jökulsárgljúfur og þjóðgarðinn í Skaftafelli, þar sem við tökum fleiri heimamenn að samráði varðandi þá þjóðgarða.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. umhvrh. að heimamenn eiga í ríkari mæli að koma að stjórnun þjóðgarða. Ég skil hins vegar núverandi lög um náttúruvernd með þeim hætti að breyta þurfi um til þess að hægt sé að gera slíkt. Ef yrði af slíkum þjóðgarði sem við höfum verið að ræða, þá mundi hann tengjast átta sveitarfélögum. Það yrði aðkoma í hann úr fjórum kjördæmum og þess vegna yrði það nokkurt verk að reyna að ráða til lykta hvernig ætti að fara með stjórn hans. Ég tel að það ætti að gera með íbúaþingi en það er ný aðferð sem hefur rutt sér til rúms til að komast að niðurstöðu í flóknum málum sem varða fólk af stóru svæði þannig að ég held að þetta sé eitt af því sem við hljótum að velta fyrir okkur.

Það skiptir hins vegar máli að stefnumótun liggi fyrir. Hæstv. ráðherra talaði um það áðan að setja þyrfti nefnd í málið, m.a. með aðkomu heimamanna og ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvenær verður sú nefnd sett upp og hverjir munu aðrir eiga aðild að henni?

[15:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um hvenær við setjum þá nefnd af stað en ég vona að það verði bráðlega. Það eru aðallega tvær hugmyndir sem við höfum verið að skoða. Á þetta að vera mjög stór nefnd með aðkomu samgrn. út af ferðamálum, landbrn. út af ríkisjörðum, iðnrn. út af orkugeiranum, fjölmargra sveitarfélaga sem hér voru talin upp áðan, náttúruverndarinnar af því að hún fer með þjóðgarða o.s.frv.? Á þetta að vera mjög stór nefnd eða eigum við að setja málin í farveg minni nefndar, hugsanlega þriggja þingmanna, til að skoða helstu kosti? Þetta erum við núna að reifa. Það er því ekki búið að ákveða hvernig þessi nefnd verður samansett né nákvæmlega hvenær hún tæki til starfa. En það er alveg ljóst að það er mikill vilji bæði okkar og líka hæstv. samgrh. til að skoða með hvaða hætti bæði heimamenn og ferðamálageirinn geta komið meira að stjórnun þjóðgarða og haft aðkomu að friðlýstum svæðum vegna þess að það eru hagsmunir margra sem þar tvinnast saman. Við höfum átt viðræður um það, ég og hæstv. samgrh., hvernig hægt væri að taka á þeim málum.

Lánshæfi Íslands.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil beina spurningum til hæstv. forsrh. vegna frétta sem borist hafa af því að undanförnu að fleiri en eitt matsfyrirtæki hafi breytt lánshæfiseinkunn eða lánshæfismati Íslands. Þannig hefur fyrirtækið Fitch nýlega endurmetið álit sitt á lánshæfi Íslands og breytt lánshæfiseinkunn vegna langtímalána en þar eru nú horfur taldar neikvæðar en voru áður stöðugar.

Hér koma að sjálfsögðu til hinar gríðarlegu erlendu skuldir þjóðarbúsins sem hafa aukist. Það gerðist á sl. hausti að erlendar skuldir fóru í fyrsta sinn fram úr landsframleiðslu og nú um áramótin eru erlendar skuldir tæplega 270% af útflutningstekjum landsins. Það tæki með öðrum orðum meira en tveggja og hálfs árs útflutning að borga niður þær skuldir og yrði þá ekki annað keypt á meðan.

Fleira gæti átt eftir að hafa áhrif á þetta mat, svo sem veikleikar í fjármálakerfinu. Ég bendi á þá miklu samþjöppun í bankakerfinu sem virðist þar notuð til að raka óheyrilegum gróða að fjármálastofnunum þrátt fyrir mikið tap á hlutabréfamarkaði. Að síðustu tala ég ekki um ef ráðist yrði í allar þær stóriðjuframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru eða eru á teikniborðinu og skuldsetning þjóðarbúsins af þeim sökum aukin um hundruð milljarða, þá er algerlega óhjákvæmilegt að það hlýtur að hafa áhrif á lánshæfiseinkunn Íslands. Það sér maður á því að matsfyrirtækin nefna sérstaklega vaxandi erlendar skuldir þjóðarbúsins sem áhyggjuefni í því sambandi.

Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Hefur staða Íslands verið skoðuð sérstaklega af innlendum aðilum? Hefur verið reynt að átta sig á þeim breytingum sem þarna eru að verða í ljósi athugasemda og ummæla hinna erlendu matsfyrirtækja?

Í öðru lagi: Verður gerð sérstök úttekt á líklegum áhrifum stóriðjuframkvæmdanna, ef í þær verður ráðist, á lánshæfiseinkunn Íslands?

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. nefndi eitt af þremur matsfyrirtækjum sem mest hafa um Ísland fjallað. Reyndar hefur það fyrirtæki sem hv. þm. nefndi til sögunnar minnst fjallað um Ísland og minnsta þekkingu haft á Íslandi. Hin tvö fyrirtækin sem þekktari eru hafa áfram mjög mikið álit á hinu íslenska hagkerfi, hinni íslensku efnahagslegu stöðu.

Ef það álit sem hv. þm. vitnaði til er lesið, þá er ljóst að það er byggt í veigamiklum atriðum á gömlum forsendum. Ef menn horfa til viðskiptahalla sem þar var talað um, þá hefur orðið á honum alger breyting frá því að þær spár lágu fyrir sem það fyrirtæki hlaut að leggja til grundvallar sínu tali þannig að ég hygg að þau fyrirtæki hafi miklu fremur heldur en þetta fyrirtæki sem hv. þm. nefndi til sögunnar meiri reynslu af því að meta lánshæfismat Íslands og meta það afar sterkt áfram. Ég hygg að við eigum að horfa meira til þeirra hluta.

Ég hef nýverið svarað skriflega fyrirspurn um áhrif framkvæmdanna fyrir austan, ef til koma sem við skulum svo sannarlega vona, á spennu í þjóðfélaginu á hverjum tíma fyrir utan skriflegt álit sem unnið var af Seðlabankanum, þá höfum við jafnframt átt umræður um málið í framhaldinu. Þar kemur fram að við munum auðvitað hafa nægan tíma þegar sú ákvörðun liggur fyrir til að huga að öllum þeim mótvægisaðgerðum sem Seðlabankinn bendir á að æskilegt sé að til komi. Ég hygg því að ekki sé nokkur ástæða fyrir þingmanninn né nokkra aðra að hafa áhyggjur af íslensku efnahagsástandi eins og við sjáum. Sá þátturinn sem menn hafa haft mestar áhyggjur af, viðskiptahallinn, er allur annar en hinir svartsýnustu menn höfðu haldið sem mest á lofti.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að hættulegt sé að nálgast þetta af ekki meiri alvöru en hæstv. forsrh. gerði vegna þess að þó svo að hin matsfyrirtækin Standard & Poor's, eða hvað þau nú heita, hafi ekki breytt lánshæfiseinkunn Íslands sem slíkri, þá liggur alveg ljóst fyrir að þau eru að lesa yfir þessa hluti og horfa á sömu hlutina og þetta fyrirtæki sem ég nefndi. Það mun ekki fara fram hjá þessum aðilum hin gríðarlega aukning á skuldabyrði þjóðarbúsins út á við á síðustu missirum. Þær skuldir muni taka í að borga þær niður jafnvel þó svo viðskiptahallinn hafi minnkað og vöruskiptajöfnuðurinn sé nálægt því að komast í jafnvægi. Sú staðreynd að eftir sem áður er tugmilljarðaviðskiptahalli segir sína sögu. Af hverju er hann? Hann er vegna þess að greiðslubyrðin af erlendum skuldum hefur þyngst svo gríðarlega á undanförnum missirum að viðskiptajöfnuðurinn í heild er neikvæður um tugi milljarða þó að vöruskiptajöfnuðurinn sé nálægt því að komast í jafnvægi. Það kann líka að reynast tímabundið ástand vegna þess að menn munu vilja fara að flytja hér inn aftur bíla og annað í þeim dúr þannig að ég hvet hæstv. forsrh. til að þessi mál verði sérstaklega skoðuð og metin og það er skylda okkar að mínu mati að gera það.

[15:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef kynnt mér þessa skýrslu afar vel og þá síðustu sem hv. þm. nefndi afar vel. Þess vegna gat ég svarað því til að hún er bersýnilega byggð upp á dálítið fornum tölum nú orðið og kannski vegna þess að þeir aðilar eru tiltölulega nýir gagnvart Íslendingum sem hafa verið að véla þarna um á vegum þessa fyrirtækis núna. Þeir hafa ekki byggt upp þá innri þekkingu sem hin tvö stóru matsfyrirtækin hafa gert. Það skiptir auðvitað meginmáli að viðskiptahallinn hefur minnkað miklu, miklu örar en íslenskar efnahagsstofnanir þorðu að vona og spá. Reyndar var það þannig að ríkisstjórnin og fjmrn. hafði hið rétta fyrir sér miðað við margar þær efnahagsstofnanir sem aðrir kusu að hafa meiri trú á varðandi þróun á viðskiptahalla.

Hins vegar hefur einnig komið okkur til góða varðandi viðskiptahallann að meðan á honum hefur staðið og mesti kúfurinn verið, þá hafa vextir erlendis verið með óvenjulega bærilegum brag vegna þess að menn hafa lækkað vexti þar mjög hratt til þess að reyna að koma á nokkurri spennu á nýjan leik þar á bæ. Þar hafa sem sagt aðstæður verið allt aðrar og við sem betur fer ekki þurft að lúta þeim sömu lögmálum eins og ef við til að mynda værum í Evrópusambandinu og byggjum við evru, þá þyrftum við að lúta slíkum lögmálum og búa við vaxtastig sem væri okkur óhagstætt.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að við megum ekki gera því erlenda matsfyrirtæki sem hér hefur borið á góma rangt til. Það kemur fram í skýrslunni að þeir átta sig á að viðskiptahallinn er á niðurleið. En þeir telja engu að síður að aðlögunin muni verða mjög erfið og þessar miklu skuldir muni taka í á komandi árum þannig að það sé fullkomlega ástæða til

að hafa áhyggjur af stöðu Íslands í þessu efni. Þess vegna breyta þeir mati sínu hvað varðar horfur um langtímalán.

Við þekkjum það líka úr hagsveiflum okkar, herra forseti, að þær eru oft býsna stórar á Íslandi. Það er oft þannig að hlutirnir eru í ökkla eða eyra. Með nákvæmlega sama hætti og viðskiptahallinn minnkaði snöggt sökum þess að það dró snöggt úr innflutningi, þá getur hann aukist snöggt aftur. Og ef hæstv. forsrh. ætlar upp með sólgleraugun til að reyna að fá þjóðina til að trúa því að hér sé allt í himnalagi og nú eigi að kjósa hann einu sinni enn, hvaða áhrif mun það þá hafa? Er ekki tilgangurinn m.a. sá að reyna að tala eyðsluna aftur í gang og þá muni viðskiptahallinn aukast á nýjan leik? Munurinn er bara sá að þjóðarbúið er skuldsettara en nokkru sinni fyrr.

[15:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér fannst niðurstaðan síðast ánægjuleg. Hv. þm. telur að bjartsýnt fólk og upplitsdjarft kjósi mig en svartsýnt og niðurdregið muni vonandi kjósa hann.

Landverðir.

[15:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú liggur fyrir að Náttúruvernd ríkisins ætlar að draga úr landvörslu á hálendinu og það hefur komið fram að líklega muni verða dregið úr og jafnvel lagðar niður stöður landvarða á Lónsöræfum, friðlandi að Fjallabaki, og í Öskju og í Vatnsfirði, a.m.k. að mati Landvarðafélagsins. Þetta eru nokkuð nýjar fréttir fyrir alþingismenn því þegar verið var að ræða fjárlög í vetur, þá lá ekkert fyrir um að svona þyrfti að fara. Ég tel því ástæðu til að gefa hæstv. ráðherra tækifæri til að svara því hér í sölum Alþingis hvort hæstv. ráðherra hafi vitað að svona mundi fara miðað við þau fjárframlög sem lágu fyrir í vetur og hvort það sé í samráði við hæstv. ráðherra eða hvort hún ætli að beita sér fyrir því að hægt verði að halda þessari starfsemi áfram eins og verið hefur undanfarin ár og jafnvel að auka hana eins og orð hafa verið uppi um og áskoranir reyndar erlendis frá líka um að gert verði.

Það er full ástæða til að hæstv. ráðherra upplýsi þetta í sölum Alþingis eftir þá umræðu sem hefur verið að undanförnu um þessi málefni.

[15:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég heyrði að þingmönnum var brugðið við þessar fréttir og mér sjálfri var líka brugðið. Við fengum til okkar rekstraráætlun Náttúruverndar ríkisins og þeir vildu fá viðbrögð okkar við henni þar sem fram kom að þeir ætluðu að draga úr landvörslunni. Það er alveg ljóst að ég mun ekki samþykkja það. Það er ekki í anda þeirrar stefnumörkunar sem við höfum haft að draga úr landvörslu.

Landvarslan er mjög mikilvæg og það ber ekki að draga úr henni. Við höfum svarað Náttúruvernd ríkisins því til að þeir verði að finna aðrar leiðir varðandi rekstur sinn en að draga úr landvörslunni. Náttúruvernd ríkisins veltir um 140 millj. kr. á ári., landvarslan er eitthvað um 10 millj. af því. Við fengum rekstraráætlunina inn núna fyrir viku og höfum verið að fara yfir hana síðan. Það er alveg ljóst að við munum ekki samþykkja það að draga úr landvörslunni. Ég hef ekki hug á því. Reyndar höfum við verið að auka hana ef eitthvað er.

Við höfum nýlega stofnað þjóðgarðinn Snæfellsjökul sem hv. þm. kannast ágætlega við, enda aðstoðaði hann við það mál eins og aðrir þingmenn Vesturlands. Þannig að við höfum verið að ráða inn þjóðgarðsvörð sem m.a. á að passa upp á náttúruna og þar er einnig landvarsla. Mitt svar er því það að ég vil ekki hagræða þannig að landvarsla verði skert. Ég vil alls ekki skerða landvörsluna. Menn verða að finna aðra leiðir, t.d. að hagræða á skrifstofunni í Reykjavík ef þeir telja sig ekki geta lifað við óbreytt ástand. Landvarslan er mikilvæg og hún snýr að fólkinu, hún er þjónusta við fólkið sem fer um landið og ferðamannastraumurinn er að aukast þannig að við drögum ekki úr landvörslunni.

[15:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna því sem hæstv. ráðherra sagði um að ekki yrði dregið úr landvörslunni. En ég verð að segja alveg eins og er að það er óþolandi að mál komi upp með slíkum hætti eins og nú er hvað þetta varðar. Það er ekki svo langt síðan menn fjölluðu um fjárlögin og að ekki skuli hafa verið farið betur yfir það með þessari stofnun hvað hægt væri að gera fyrir þá peninga sem eru til staðar, það er ekki nógu gott. Þess vegna tel ég ástæðu til að gerð verði grein fyrir því og það mjög skýrt og helst sem allra fyrst með hvaða hætti menn ætla þá að standa að niðurskurði hjá þessari stofnun því það var greinilegt á viðtölum við starfsmenn stofnunarinnar að menn höfðu klórað sér nokkuð í höfðinu yfir því hverng ætti að fara að því að takast á við þann niðurskurð sem þarna var til staðar. Ég tel að það sé ekki endilega víst að sú niðurstaða sem verður þá verði vinsælli.

[15:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að ekki er eðlilegt hvernig að þessu hefur verið staðið, það er alveg ljóst. Við fengum senda rekstraráætlun fyrir viku síðan þar sem í ljós kom að hugsanlega stæði til að skerða landvörsluna. Við erum algerlega ósátt við þá tillögu og höfum svarað Náttúruvernd ríkisins því til að við munum ekki samþykkja slíkt. En það er ljóst að stofnunin býr við vanda þó að hún hafi fengið mjög umtalsverða aukningu á fé upp á síðkastið, úr rúmlega 80 millj. árið 1999 upp í 140 millj. á þessu ári. Stofnunin flutti nýlega og þeir flutningar kostuðu mun meira en áætlað var. Menn tóku t.d. ákvarðanir um að fjárfesta í húsgögnum sem hlupu á mörgum milljónum. En það er alveg ljóst að stefnumörkun okkar og vilji minn í umhverfismálum miða ekki að því að skerða landvörsluna. Menn verða að finna aðrar leiðir til að hagræða.

[15:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að hæstv. ráðherra ætlar að koma í veg fyrir að landvarslan verði skert. Flutningur milli húsa hjá þessari stofnun hefur kostað peninga. Það hljóta menn að hafa vitað þegar fjallað var um fjárlögin.

Ég verð bara að segja alveg eins og er að mér finnst þetta ekki nógu gott. Mér finnst að þarna hafi einhvers staðar verið pottur brotinn þegar verið var að fjalla um þessi atriði úr því að málið kemur upp núna eftir svona stuttan tíma. Ég tel að hæstv. ráðherra verði að gera betur en þetta, hún þurfi að leggja á borðið hvernig að þessu hefur verið unnið og upplýsa líka hvers vegna menn vissu ekki þá hluti sem

virðast vera að koma upp á borðið núna þegar verið var að fjalla um fjárlög í vetur.

[15:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Stofnanirnar gera rekstraráætlanir og við höfum nýlega fengið þessa til okkar eins og fram hefur komið. Það er alveg ljóst að okkur komu í opna skjöldu tillögur um samdrátt í landvörslunni, sérstaklega vegna þess að við höfum einmitt viljað auka hana ef eitthvað er, höfum m.a. stofnað nýjan þjóðgarð þannig að verið er að auka þessa landvörslu og það að passa upp á náttúruna.

Ég fór í fyrrasumar eða sumarið þar áður, a.m.k. er ég tiltölulega nýlega búin að fara, um hálendið og heimsótti landverði. Ég hef séð þá starfsemi sem þeir hafa með höndum, og í ljósi þess að ferðamannastraumur upp á hálendið er vaxandi og aukinn átroðningur er á náttúru okkar tel ég mikilvægt að við skerðum ekki landvörsluna. Ég mun því standa vörð um hana og tel alveg ljóst að Náttúruvernd ríkisins þurfi að koma með nýja rekstraráætlun sem tekur tillit til pólitísks vilja ráðherra síns.

Reiknilíkan fyrir framhaldsskóla.

[15:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hinn 11. júní árið 2000 skipaði menntmrh. starfshóp til þess að fara yfir svokallaðar reiknireglur sem notaðar hafa verið til þess að skipta og deila út fjármagni til framhaldsskólanna. Þessi starfshópur skilaði áliti að ég held sl. haust. Starfshópurinn lagði til að þessar reiknireglur yrðu endurskoðaðar með tilliti til ákveðinna þátta.

Á sl. hausti komu fram miklar og eindregnar óskir frá framhaldsskólum vítt og breitt um landið og stéttarfélögum kennara og skólastjóra sem starfa í framhaldsskólum um að þessar reiknireglur yrðu endurskoðaðar, og fjármagni til skólanna yrði ráðstafað á grundvelli endurskoðaðra reiknireglna. Það tókst því miður ekki á sl. hausti áður en fjárlög voru afgreidd. Þess vegna mættu allmargir framhaldsskólar þessu ári með skuld frá fyrri árum og auk þess í mikilli óvissu um rekstur sinn á þessu ári. Ég vil því beina þessum spurningum til hæstv. menntmrh.: Hvað líður þessari endurskoðun, hvenær er þess að vænta að nýjar reglur um deilingu fjár á framhaldsskólana sjái dagsins ljós og hvað verður gert nú, á þessu ári, bæði vegna skulda þeirra frá fyrri árum og eins líka til að tryggja þeim nýjan og öruggari rekstrargrundvöll fyrir næsta ár? Nú eru nemendur þegar byrjaðir að sækja um skólavist, og skólunum er afar brýnt að fá að vita stöðu sína til að meta hversu marga nemendur þeir geta tekið inn á næsta ári.

Ég ítreka: Hvað líður framkvæmd endurskoðunar á reiknireglu fyrir útdeilingu á fjármagni til framhaldsskólanna og hvenær er að vænta niðurstöðu í þeim efnum?

[15:35]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Vandi framhaldsskólanna er vissulega bundinn reiknilíkaninu að hluta til en að öðru leyti eru vandkvæði í ákveðnum framhaldsskólum sem ekki verða beinlínis tengd reiknilíkaninu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að fyrstu gagnrýnisraddir sem beindust að reiknilíkaninu voru frá smáum skólum. Fyrir sennilega tveimur árum var gerð athugun á þessu. Sú athugun leiddi til þess að sérstök jöfnunarframlög komu til hinna smærri skóla, þá var miðað við 300 ársnemendur, og bætti sú breyting á líkaninu mjög verulega stöðu þessara fámennu skóla.

Inni í þessu reiknilíkani eru enn einhverjir veikleikar sem við þurfum að leiðrétta og í ráðuneytinu hefur farið fram athugun á þessu. Þeirri athugun er lokið og nú koma til framkvæmda breytingar í fjárlögum sem rekja má beint til þessarar endurskoðunar. Engu að síður eru enn eftir vandamál í sambandi við reiknilíkanið sem á eftir að skoða nánar í ráðuneytinu. Ég vil samt taka mjög skýrt fram vegna þessarar fyrirspurnar að það að setja upp reiknilíkan og miða greiðslu við það tel ég að hafi verið mjög skynsamleg ráðstöfun og hafi ýtt undir aðhald og festu í rekstri framhaldsskólanna.

[15:37]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti sem hæstv. menntmrh. Tómas Ingi Olrich tekur til máls sem ráðherra og ég vil óska honum farsældar í starfi.

Ég vil áfram ítreka það að allmargir framhaldsskólar, sérstaklega þeir sem eru með verklegt nám og þeir sem eru með heimavistir, bera mjög skarðan hlut frá borði í reiknilíkaninu eins og sakir standa, og bitnar nú þegar orðið á kennslu þeirra og námsframboði. Auk þess sem þessir skólar bera skuldir frá fyrri árum eru þeir jafnframt með mjög veikan rekstrargrunn til starfans. Ég get nefnt dæmi úr Menntaskólanum í Kópavogi sem er með hótel- og veitinganám, og honum er ætlaður sami hlutur í matvælakaup eins og um almennan skóla væri að ræða. Hver og einn sem ber hag menntunar fyrir brjósti sér að þetta ráðslag gengur ekki upp og verður að leiðréttast.

[15:38]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að reiknilíkanið verður áfram til athugunar. En vegna þess hve mikið er lagt upp úr því sem verkfæri til þess að fylgjast með rekstri framhaldsskólanna og stuðla að því að rekstur þeirra innbyrðis verði sambærilegur, rekstur smærri skólanna verði sambærilegur innbyrðis og rekstur stærri skólanna verði það einnig, er einnig mikilsvert að hv. þingmenn sýni því skilning að allar breytingar á reiknilíkani verða menn að gera mjög varlega. En ég held að hv. þm. megi búast við því að þessi endurskoðun haldi áfram, og ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að hlýða á raddir þingmanna að því er þetta reiknilíkan varðar og leita til þeirra um það hvernig sú endurskoðun fari fram.

[15:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta reiknilíkan er mannanna verk og er sjálfsagt að gefa sér ákveðnar reikniforsendur til þess að deila út fjármagni. En eins og önnur mannanna verk getur þar verið veikleiki á sem þarf að bæta úr, og nauðsyn þess að bæta hér úr hefur verið til umræðu tvö eða þrjú síðustu ár. Og þessi dráttur sem hér er á er óþolandi, herra forseti.

Ég tel að nú þegar hefði átt að liggja fyrir endurskoðað reiknilíkan til þess að ráðstafa fjármagni, og að við gætum hreinlega tekið það fyrir á fjáraukalögum fyrir vorið að veita fjármagn til þeirra skóla sem eru í vandræðum núna og vita ekki hvernig þeir geta tekið inn nemendur í haust. Ég tel afar brýnt að á þessu verði tekið. Ég skora á hæstv. menntmrh. að beita sér nú þegar fyrir því að þessi leiðrétting komist á og að á þessu máli verði tekið þannig að skólarnir fái traustan,

öruggan og sannan rekstrargrundvöll nú á vordögum áður en inntaka nýrra nemenda hefst.

[15:41]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu hefur þetta reiknilíkan verið endurskoðað og afleiðingarnar af þeirri endurskoðun munu koma fram í fjárlögum. Ég vil hins vegar nota tækifærið hér til að þakka hv. þingmanni alveg sérstaklega fyrir hversu skeleggur stuðningsmaður reiknilíkansins hann er orðinn hér á þingi. Það er gleðilegt og ég vona að fleiri þingmenn gangi í lið með hv. þm. Jóni Bjarnasyni og gerist sterkir stuðningsmenn reiknilíkansins.

Stjórnsýslulög, 1. umr.

Stjfrv., 598. mál (vanhæfi). — Þskj. 942.

[15:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, sem nauðsynlegt hefur reynst að flytja til að árétta tiltekið ákvæði þeirra um sérstakt hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar, og eyða með því ákveðinni óvissu sem skapast hefur um áhrif vanhæfis innan stjórnsýslunnar.

Forsaga máls þessa er sú að í Hæstarétti var hinn 23. maí sl. kveðinn upp dómur í máli sem fyrirtækið Stjörnugrís hf. hafði upphaflega höfðað gegn ríkinu til að fá úrskurði umhvrh. um tiltekna ákvörðun heilbrigðisnefndar Vesturlands hnekkt. Málavöxtum er nánar lýst í athugasemdum við frv. en í niðurstöðu sinni féllst rétturinn á þá niðurstöðu með héraðsdómi að ráðherrann hefði verið vanhæfur til að fara með málið og felldi úrskurð hans á þeim grundvelli úr gildi.

Vanhæfi ráðherrans var þó ekki bundið persónu hans sjálfs eins og vanhæfisástæður stjórnsýslulaga gera þó almennt ráð fyrir heldur kom það til af því að tveir starfsmenn ráðuneytis hans höfðu gert þau mistök þegar leitað var eftir leiðbeiningum þeirra við úrlausn málsins, sem ráðherrann síðan úrskurðaði í, að taka gagngera afstöðu til þess álitaefnis sem lá fyrir heilbrigðisnefndinni að leysa úr. Starfsmennirnir gættu með öðrum orðum ekki að því að varðveita hæfi sitt til að leysa úr málinu á kærustigi og voru því vanhæfir til að annast meðferð þess í ráðuneytinu þegar ákvörðun heilbrigðisnefndarinnar var kærð þangað. Þeir komu því ekki nálægt úrlausn þess þar og voru út af fyrir sig engar brigður á það bornar fyrir dómstólum. Á hinn bóginn komst Hæstiréttur að þeirri sérkennilegu niðurstöðu að vanhæfi þessara starfsmanna hefði jafnframt gert yfirmann þeirra, ráðherrann, vanhæfan til að úrskurða í því og þar með allt starfslið ráðuneytis hans.

Út af fyrir sig hefur verið óumdeilt að vanhæfi yfirmanns getur smitað út frá sér til þeirra sem undir stjórn hans eru settir. Með nokkurri einföldun má hins vegar segja að Hæstiréttur láti sömu reglu einnig gilda á hinn veginn, hann snýr henni eiginlega á hvolf og lætur vanhæfi undirmannanna einnig smita upp fyrir sig og taka til yfirmannanna.

Sá einfaldi munur er þó á yfirmanni og undirmanni að undirmaðurinn er undir stjórn yfirmannsins settur, hann getur því lagt fyrir hann boð og bönn og skipað honum fyrir um afgreiðslu mála. Slíkar heimildir hefur undirmaðurinn aftur á móti ekki gagnvart yfirmanninum. Hann getur að vísu hugsað sitt en getur ekki haft nein sambærileg áhrif á gjörðir hans eða breytni og yfirmaðurinn getur haft á undirmanninn. Í því er kjarni málsins fólginn og þess vegna hefur fram til þessa verið litið svo til að ástæður sem valdið geta vanhæfi til úrlausnar máls í stjórnsýslunni geti aðeins smitað niður á við en ekki upp á við, aðeins haft áhrif á hæfi undirmanna vanhæfs yfirmanns en ekki öfugt. Svo augljóst má það vera að naumast ætti að þurfa að taka fram að svona væru hlutirnir vaxnir.

Þessi sjálfsagða og auðskilda regla gilti og lengst af um samband dómara og dómarafulltrúa, sem þá voru, í réttarfari og var margstaðfest í dómaframkvæmd, svo sem rakið er í 6. kafla athugasemda við frumvarpið, allt þar til Hæstiréttur sneri henni við í dómi frá árinu 1996 og taldi héraðsdómara í máli, sem fulltrúi hans var vanhæfur til að fara með, einnig vanhæfan út frá hlutlægu sjónarmiði. Hvað svo sem segja má um þessa niðurstöðu er þó til þess að líta að hún er byggð á réttarheimildum sem gilda um dómstólana en ekki stjórnvöld og sjónarmiðum um hlutleysi dómara sem ekki verða heimfærð á stjórnvöld með sama hætti og á dómstólana, eins og ítarlega er rakið í athugasemdunum. Engu að síður virðist sem dómstólar hafi hér fallið í þá gryfju að yfirfæra þessa dómstólasköpuðu reglu úr réttarfari sem næst hráa yfir á stjórnsýsluna án þess að sjást fyrir um afleiðingarnar.

Eftir að dómur Hæstaréttar gekk síðastliðið vor var þegar í stað leitast við að koma í veg fyrir að atvik af því tagi sem dómsmálið tók til gætu endurtekið sig. Af hálfu forsætisráðuneytisins var þá þegar gefið út umburðarbréf til allra ráðuneyta þar sem áréttað var, að leiðbeiningar til lægra settra stjórnvalda vegna mála sem þar væru til meðferðar ættu eingöngu að vera almenns eðlis og ekki fela í sér álit á efnislegri niðurstöðu mála sem kæranleg væru til ráðuneytanna eða eftir atvikum annarra stjórnvalda á kærustigi.

Þegar fordæmisgildi dómsins er metið kemur hins vegar í ljós — og er það sýnu alvarlegra — að niðurstaða réttarins er alls ekki bundin við atvik þessa máls eingöngu. Í dómi réttarins er nefnilega enginn varnagli sleginn við því í hvaða tilvikum hin óvenjulega túlkun hans á vanhæfisreglum stjórnsýsluréttarins eigi við. Hún getur því átt við um hvaða vanhæfisástæðu sem er. Sérhver starfsmaður getur þannig með vanhæfi sínu gert ráðherra vanhæfan til að gegna embætti sínu algerlega án tillits til þess af hvaða ástæðu vanhæfi hans er sprottið. Án þess að ég vilji gera starfsmönnum stjórnsýslunnar illt til eða upp neina þá hugsun, er sá möguleiki þá fræðilega — ég undirstrika það — fræðilega fyrir hendi að starfsmaður gæti af ásetningi komið sér í þá stöðu að hann mætti ekki fara með mál vegna vanhæfis og þar með slegið ráðherrann og um leið allt starfslið heils ráðuneytis út af borðinu við töku ákvörðunar í því máli. Þannig gæti það síðan gengið koll af kolli ef um samantekin ráð væri að ræða þar til öll ríkisstjórnin væri afmunstruð og úr leik. Þetta er nú eingöngu fræðilegt dæmi. Ég tek það nú aftur fram til að forðast allan misskilning. (**Gripið fram í:** Það er freistandi.) Ég skil vel hugsun hv. þm., svona pólitíska hugsun. Ég ætla hins vegar ekki Hæstarétti þá dul að hafa hugsað þessi áhrif dómsins til enda, en það hljótum við hins vegar að gera sem ábyrgð þurfum að axla á öryggi og rekstri ríkisins frá degi til dags.

Ekkert í lögskýringargögnum við stjórnsýslulögin bendir til að Alþingi hafi ætlað reglum þeirra um sérstakt hæfi starfsmanna ríkisins að vera jafnstrangar þeim sem gilda um dómara eða hafa jafnvíðtæk áhrif og Hæstiréttur hefur

lagt til grundvallar, enda myndi þá fljótlega flæða undan því stjórnskipulagi sem stjórnsýsla ríkisins byggist almennt á með þeim gífurlega fjölda mála sem hún hefur til meðferðar á hverjum tíma. Þvert á móti var í lögskýringargögnum við stjórnsýslulögin sérstaklega áréttað — og greinilega ekki að ófyrirsynju — að með þeim væru ekki gerðar eins strangar hæfiskröfur til starfsmanna stjórnsýslunnar og gerðar eru til dómara.

Allt að einu hefur dómur Hæstaréttar þau áhrif að til stjórnsýslunnar eru skyndilega gerðar jafnstrangar kröfur, ef ekki strangari kröfur, um hæfi starfsmanna hennar og gilda um dómara jafnvel þótt augljóst megi vera að það var alls ekki ætlun löggjafans við setningu stjórnsýslulaga fyrir hartnær tíu árum og skapar það í raun réttarástand sem er óviðunandi að búa við í stjórnsýslunni. Þess vegna er mér óhjákvæmilegt að flytja frumvarp þetta hér til að eyða þeirri réttaróvissu sem upp er komin og árétta þá löggjafarstefnu sem hæfisreglur laganna byggðust á.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um frumvarp þetta í framsögu með því. Frumvarpinu fylgja mjög ítarlegar athugasemdir því til skýringar, í raun lögfræðileg greinargerð sem nauðsynlegt þótti að taka saman til að komast til botns í því fordæmi sem dómur Hæstaréttar setur, og kann sumum að þykja með ólíkindum að hafa þurfi svo mikið við út af niðurstöðu sem vart telur meira en þrjár línur í dómi réttarins.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir athyglisverðu máli og það er kannski þörf áminning um það að menn sjá sjaldan alla hluti fyrir þegar þeir eru að vinna að lagasetningu. Nú er engin deila um, geri ég ráð fyrir, tilkomu stjórnsýslulaganna á sínum tíma 1993 og þar á meðal það að í fyrsta skipti komu í lög ein samræmd ákvæði um vanhæfi sem áður hafði ekki verið að finna í íslenska lagasafninu, nema einstök ákvæði á víð og dreif sem tóku þá yfirleitt til þeirra atvika hvenær einstakir aðilar gátu orðið vanhæfir eins og t.d. í fjármálastofnunum eða af öðrum ástæðum. En stjórnsýslulögin breyttu þessu og tóku ekki síst til þess sem lýtur að hæfi manna eða vanhæfi í hinni opinberu stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Nú er augljóst mál að ef fordæmisgildi þessa dóms, sem hæstv. ráðherra drap á og er meginástæða þess að þetta frv. er flutt, væri óumdeilt og verkaði þannig að aðkoma undirmanna t.d. í ráðuneytum eða opinberum stjórnsýslustofnunum gæti gert alla yfirmenn þeirra vanhæfa sjálfvirkt, þá væri það hið versta mál og þær aðstæður gætu orðið uppi að einhver afskipti af máli leiddu bara til þess að allt stjórnkerfið þar fyrir ofan væri vanhæft og yrði þá sjálfsagt mikið um að menn yrðu að víkja sæti og setja yrði inn menn til þess að úrskurða í viðkomandi málum. Ég er þess vegna alveg sammála því fljótt á litið að það sé alveg óumflýjanlegt að bregðast við. Væntanlega verður að gera það með einhverjum þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. að taka fram að vanhæfi undirmanns vegna aðkomu að meðferð máls leiði ekki sjálfkrafa til þess að yfirmenn hans verði vanhæfir. Hitt er svo spurningin hvort ekki verði jafnframt að taka fram að þær aðstæður geti þó stofnast að slíkt vanhæfi smiti upp á við eða gangi upp á við og það er eiginlega meginspurning mín í tengslum við meðferð þessa máls hvort búið sé að kemba það og hvort menn séu alveg vissir um að skynsamlegt sé að orða þetta nákvæmlega eins og gert er í síðasta málslið 1. gr. frv.:

„Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni."

Spurningin er þá eiginlega þessi: Skiptir ekki máli hvað það er sem stofnar til vanhæfis undirmannsins? Geta ekki skapast þær aðstæður að draga megi í efa að rétt sé t.d. að ráðherra komi að máli. Segjum að ráðuneytisstjóri hans, næsti undirmaður hans, hafi farið með mál eða að háttsettur deildarstjóri eða annar slíkur í ráðuneytinu hafi átt aðkomu að máli, farið með það, það hafi verið á hans verksviði og hann hafi fjallað um það í umboði síns ráðherra. Er þá ekki hægt að hugsa sér þær aðstæður að þetta megi ekki vera of altækt?

Mér sýnist vandinn einfaldlega vera sá að þarna verði menn að gæta sín að fara ekki offari í hina áttina einnig. Það er spurning hvort það eigi þá kannski að taka það fram. Kannski er það einfaldlega lögskýring. En alla vega virðast þarna fljótt á litið vera aðstæður sem menn þurfa að huga mjög vel að.

Nú er það t.d. þannig að í sumum tilvikum geta ráðuneyti eða stjórnsýslustofnanir þurft að hafa afskipti af máli, hafa jafnvel lögbundnu hlutverki að gegna á einhverjum forstigum máls þar sem að endingu liggur endanlegt vald, úrskurðarvald, í afdrifaríkum hagsmunamálum hjá viðkomandi ráðherra. Það er kannski ekki tilviljun að þarna var á ferðinni mál sem varðaði umhvrn. vegna þess að t.d. lög um mat á umhverfisáhrifum hafa fært í hendur ráðherra þess málaflokks gríðarlega afdrifaríkt vald til að fella úrskurði sem geta skipt miklu máli og haft mikið hagsmunatengt gildi. Þá sýnist manni fljótt á litið að það hljóti að geta komið upp þær aðstæður að ástæða sé til að meta hvort aðkoma undirmanna vegna efnis máls geti mögulega leitt til slíks vanhæfis upp á við þó að að sjálfsögðu sé ljóst að það gengur tæpast upp í framkvæmdinni að það gerist sjálfkrafa, að það sé sjálfvirkt. Það verður, held ég, að aftengja og það er væntanlega meginhugsun þessa frv. að sjá um að svo sé, að ekki fari að skapast sú hefð hér í framhaldi af þessum dómi að menn líti svo á að allt stjórnkerfi ofan við einhverja undirmenn geti bara sjálfvirkt orðið vanhæft og verði að segja sig frá málum ef þeir hafa átt einhverja aðkomu að því á undirbúningsstigi.

Þetta eru svona hugleiðingar, herra forseti, sem ég hef svo sem ekki haft aðstöðu til að setja mig í einstökum smáatriðum ofan í. En mér þætti fróðlegt að heyra hvort hæstv. forsrh. treysti sér á þessu stigi málsins að hafa einhverjar hugleiðingar uppi um þennan þátt málsins, verandi löglærður maður og reyndur í stjórnsýslunni og sá sem bar ábyrgð á undirbúningi setningar stjórnsýslulaganna á sínum tíma. Því geri ég ráð fyrir því að ekki verði farið í geitarhús að leita ullar þó að lagðar séu spurningar fyrir hæstv. forsrh. um þetta efni.

[15:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er að mörgu leyti mjög athyglisvert mál á ferðinni þó að það sé ekki stórt eða mikið að burðum. Þó er greinargerðin með því nokkuð ítarleg.

Eins og hér var rakið í framsögu þá er vitnað til dóms sem féll á síðasta ári og laut að vanhæfi umhvrh. Ég hef ekki

kynnt mér þetta mál í þaula. En eins og ég hef lesið þetta þá finnst mér eins og einhvers misskilnings gæti í því frv. sem hér hefur verið lagt fram.

Hér er fyrst og fremst verið að fjalla um aðgerðir tiltekinna undirmanna í ráðuneyti, að í þessu tilviki, eins og ég skil málið, hafi verið kveðinn upp úrskurður á æðra stjórnsýslustigi þegar tilteknu atriði var vísað þangað, þ.e. að efnisatriði bréfs umhvrn. til heilbrigðisnefndar Vesturlands hafi verið á þá leið að í því bréfi hafi verið kveðinn upp efnislegur úrskurður og sá úrskurður var þá væntanlega kveðinn upp í umboði ráðherra því eins og segir í 14. gr. stjórnarskrárinnar þá ber ráðherra ábyrgð á stjórnvaldsathöfnum öllum.

Virðulegi forseti. Ég les út úr þessu fyrst og fremst að það breytir í sjálfu sér engu hvaða starfsmaður ráðuneytisins tekur ákvörðun eða hvernig hann bregst við tilteknum erindum. Hann er alltaf að svara fyrir hönd ráðherra eða í umboði ráðherra. Enginn tiltekinn starfsmaður tiltekins ráðuneytis hefur neitt umboð eða vald sérstaklega heldur sækja allir vald sitt til ráðherra og þess umboðs sem hann hefur þannig að þegar menn eru að svara þessum bréfum þá skiptir reyndar miklu máli hvert efni þessara bréfa er og hvernig menn taka á því, en þá er kjarninn að mínu viti sá að þessir tilteknu starfsmenn eru þá að svara í umboði ráðherra, enda er það yfirleitt þannig að menn svara fyrir hönd ráðherra o.s.frv. En tilteknir starfsmenn hafa ekkert sérstakt vald. Skrifstofustjórar hafa ekkert afmarkað vald. Venjulegir starfsmenn hafa ekkert afmarkað vald og ekki ráðuneytisstjórinn heldur, heldur fara allir þessir menn með vald sitt í umboði ráðherra og sækja umboð sitt þangað.

Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, við lestur frv. að maður hafi á tilfinningunni að einhvers misskilnings gæti í þessu vegna þess að verið er að fjalla um það að tiltekinn undirmaður geti gert yfirmann vanhæfan. Ég met það þannig og lít svo á og ber þá a.m.k. stjórnarskrána fyrir mig hvað það varðar að allir þessir starfsmenn starfi fyrir hönd ráðherrans, hver og einn einasti þannig að þeir koma fram fyrir hönd ráðherrans og þar af leiðandi ef ráðuneytið hefur tekið afstöðu, ég tala nú ekki um kveðið upp úrskurð eins og það hefur verið metið í þessu tilviki, þá tel ég ofureðlilegt að hann sé vanhæfur komi þetta mál á nýjan leik til ráðuneytisins. Ég átta mig satt best að segja ekki alveg á því hvað verið er að fara í þessu tilviki.

Hins vegar hef ég séð umburðarbréf það sem hæstv. forsrh. sendi út í kjölfar þessa dóms og ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst mjög skynsamlega og vel á málum tekið þar og hefði talið að það hefði dugað. En hér er ætlunin að ganga lengra og a.m.k. er komið fram hér í þinginu frv. þess efnis, eða kjarni þess er sá, að verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verður næsti yfirmaður hans aftur á móti ekki vanhæfur til meðferðar þess af þeirri ástæðu.

Af því sem ég hef áður sagt og vitnað til niðurstöðu héraðsdóms sem er staðfestur í Hæstarétti, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Að mati dómsins skiptir því ekki máli um vanhæfi umhverfisráðherra til meðferðar kærumáls [stefnanda], hvort hann sjálfur eða einhverjir starfsmenn fyrir hans hönd undirrituðu umrætt bréf, þar sem álit ráðherra kom fram, eða aðrir starfsmenn en þeir, er undirrituðu bréfið, kváðu upp úrskurð í því á æðra stjórnsýslustigi.“

Það er því niðurstaða dómsins að hæstv. umhvrh. hafi með framangreindum hætti tekið afstöðu í máli stefnanda meðan mál hans var til meðferðar á lægra stjórnsýslustigi. Leiðir það til þess að umhvrh. var vanhæfur til meðferðar málsins á æðra stjórnsýslustigi, samanber meginreglu og er vitnað þar til stjórnsýslulaga. Er því þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að fella úr gildi umræddan úrskurð stefnda frá 5. desember árið 2000.

Mér finnst því, virðulegi forseti, koma skýrt fram í þessu að valdi ráðherra verður ekki skipt upp á milli starfsmanna heldur komi menn fyrst og fremst fram fyrir hönd ráðuneytisins. Menn sækja umboð sitt til ráðherra en ekki einstakra starfsmanna og þegar starfsmenn hafa sent frá sér álit eða niðurstöðu, þá hljóta þeir að gera það í umboði ráðherra. Og því held ég að þessi umræða eða það er mitt mat, og hef nú kannski ekki legið yfir þessu sem skyldi, en við fyrstu sýn er það mitt mat að hér sé á ferðinni misskilningur að einhverju leyti í frv. Ég sit hins vegar í hv. allshn. og fæ því tækifæri til að fjalla um málið á síðari stigum, en ég get ekki séð annað við fyrstu sýn. Ég vil líka, virðulegi forseti, vekja athygli á því sem fram kemur í þeirri greinargerð sem hér fylgir að niðurstaða Hæstaréttar, þ.e. niðurstöður dómstóla, bæði undirréttar og Hæstaréttar, sé sérstaklega til þess fallin að kalla fram eitthvert sérstakt óöryggi á þessu sviði. Ég held að í gegnum tíðina hafi menn litið svo á að menn sæki umboð sitt til ráðherra, allir starfsmenn, og því eru ákvarðanir þeirra teknar í umboði ráðherra og þegar ein ákvörðun hefur verið tekin eða kveðinn upp úrskurður þá held ég að það í sjálfu sér leiði ekki til vanhæfis heldur hins fyrst og fremst að í þessu tilviki hafi menn skipt sér af úrskurði, af því að við erum að tala um tiltekinn dóm, menn höfðu kveðið upp úrskurð um mál sem var til meðferðar á lægra stjórnsýslustigi og því ofur eðlilegt að þegar málið kom þangað síðar, að þá væri viðkomandi ráðherra vanhæfur.

[16:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Þetta er náttúrlega mál sem í eðli sínu er ekki pólitískt mál heldur stjórnsýslulegt mál sem æskilegt væri að ræða á þeim nótum.

Vegna þess sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði um umburðarbréf ráðuneytisins, þá var nauðsynlegt að slíkt bréf færi þar til að lagaskilyrðum hefði verið breytt. Á því tímabili sem stóð frá dómi Hæstaréttar og þar til að lagaskilyrðum hefði verið breytt var óhjákvæmilegt að menn löguðu sig að þeim staðreyndum. Eins og við gerum öll beygjum við okkur undir dóm Hæstaréttar eins og okkur ber. Dómur Hæstaréttar byggir á tilteknum lagaskilyrðum sem hann túlkar með tilteknum hætti. Við getum verið ósátt við þá túlkun og eins og kom fram í framsöguræðu minni hafði ég efasemdir um þá túlkun. En það breytir ekki því að þó að ég hafi efasemdir um þá túlkun þá er niðurstaða Hæstaréttar niðurstaða Hæstaréttar og henni lútum við. Það eru leikreglurnar. Og meðan sá dómur stóð, byggður á þeim lögum sem í landinu voru með þeim hætti sem Hæstiréttur túlkaði þau, þá var óhjákvæmilegt af ráðuneytisins hálfu að gefa út umburðarbréf sem gerði það að verkum að starfsmenn ráðuneyta gættu sín á því að koma sér ekki í þá stöðu sem leitt gæti til þess að þeir væru þar með búnir að gera alla yfirmenn sína og ráðuneytisstjóra og upp í ráðherra, allt heila galleríið svo maður segi þetta eins og það er, óvirkt til að taka á málum í okkar litla íslenska stjórnkerfi.

Það er út af fyrir sig alveg rétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson segir að valdið í ráðuneytunum leitar að ofan og niður eftir og það má segja að ráðuneytið hafi ekki aðra

stöðu en það vald sem ráðherrann hefur og búi ekki við neitt sjálfstætt vald umfram það. Það getur hins vegar ekki þýtt það að lágt settur starfsmaður, til að mynda í ráðuneyti, sem túlkar einhverja hluti og gefur út einhver fyrirmæli, sé þar með búinn að koma í veg fyrir að æðra settir starfsmenn og allt upp í ráðherrann séu þar með orðnir vanhæfir til þess að grípa í taumana. Það gengur þvert á þá stjórnskipun sem við búum við og við getum ekki búið við og það er m.a. ástæðan fyrir því að við leggjum þetta frv. fram.

Í framsöguræðu minni kom fram að við erum í sjálfu sér ekki að breyta þeim grundvallarreglum sem við töldum að stjórnsýslulögin byggðu á en það má segja að við höfum ekki með nógu afgerandi hætti tekið það fram í lögunum sjálfum. Ég vitnaði til þess í framsöguræðu minni að lögskýringargögn með stjórnsýslulögunum gáfu til kynna þann vilja hvernig bæri að túlka lögin.

Nú vitum við að í lögfræðinni eru sjónarmið uppi og hafa verið skrifaðar um það lærðar ritgerðir og lærðar bækur, til að mynda af einum fremsta dómara í hæstarétti Bandaríkjanna, dómaranum Scalia, sem heldur því mjög fram að lögin sjálf verði að lifa sínu lífi. Það þýðir ekki með öðrum orðum að gefa lögunum aukið gildi og jafnvel annan skilning en lesa má úr orðum laganna sjálfra með orðum í lögskýringum. Okkur hefur löngum verið kennt annað í lagadeild Háskóla Íslands, að menn eigi að líta til nefndarálita, menn eigi að líta til framsögu nefndarformanns, ráðherrans og greinargerða til þess að fá fram réttan skilning á lögum.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að ef allt þetta, framsaga ráðherrans, greinargerðin, nefndarálit meiri og minni hluta og sérstaklega framsögumanns meiri hluta, sem okkur var kennt að horfa til, ef öll þessi orð og lögskýringar ganga þvert á textann sjálfan, þá ber að fara eftir textanum en ekki þessum lögskýringargögnum því almennt séð er almenningi aðeins textinn aðgengilegur en ekki allir þessir þættir sem þarna eiga í hlut. Við erum þess vegna að bregðast við þessu með því að gera þann skilning sem við töldum að lægi í stjórnsýslulögunum og m.a. er vitnað til í lögskýringargögnum alveg skýran með hreinu og beinu ákvæði í þessum efnum til að taka af öll tvímæli í málinu. Það er það sem verið er að gera og ég hygg að það sé algerlega nauðsynlegt.

Ef við tökum dæmi vegna ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, af stóru ráðuneyti eins og í Bandaríkjunum, til að mynda Pentagon. Mér er sagt að þar vinni 25 þúsund manns, það er ekki nákvæm tala en því sem næst. Getur það verið að ef einhver starfsmaður þar á bæ gefur út einhverja yfirlýsingu, þá séu þessi 25 þúsund manns upp úr og niður úr, allt upp í ráðherra öll vanhæf til að fjalla um málið? Það finnst mér með ólíkindum ef svo væri. Við verðum að taka þá reglu yfir okkar litlu ráðuneyti líka. Það lýtur út af fyrir sig sömu lögmálum.

Hitt er annað mál og var alveg rétt ábending sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom með að með þessu orðalagi er verið, eins og hann eiginlega dró þá ályktun sjálfur, að koma í veg fyrir sjálfkrafa vanhæfi af þeim ástæðum sem ég áðan nefndi og dómurinn tekur til. En auðvitað er það svo að það gætu komið til vanhæfisástæður engu að síður þótt í hlut ætti undirmaður og menn ættu að skoða það sérstaklega í hverju falli. En sjálfkrafa vanhæfi eins og virðist mega lesa út úr þessum dómi getur ekki gengið því að það veikir svo stjórnsýsluna sem gerir hana nánast óskilvirka.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á 6. kafla í greinargerðinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Annað mál er að yfirmaður getur að sjálf sögðu einnig orðið vanhæfur ef aðrar vanhæfisástæður 3. gr. stjórnsýslulaganna eiga við um hann sjálfan.“

Auðvitað getum við hugsað okkur líka að það geti komið fram við meðferð máls að undirmaðurinn, hver sem hann væri, þótt það kæmi ekki fram í úrskurði, hefði borið sig saman við ráðherrann, að það kæmi síðan fram. Við þær aðstæður yrði ráðherrann væntanlega bundinn af úrskurði um vanhæfi í framhaldinu, geri ég ráð fyrir. En sjálfkrafa vanhæfur getur hann ekki orðið. Það getur í raun ekki gengið ef okkar stjórnsýsla á að ganga, fúnkera eins og sagt er, að undirmenn geti gert yfirmenn sína vanhæfa án nokkurs atbeina þeirra og án nokkurra sérstakra vanhæfisástæðna sem sé að finna í meðferð málsins. Það segir á bls. 8, með leyfi forseta:

„Þá var loks minnt á að sú meginregla gilti að vanhæfi undirmanns til starfa sem hér væri fyrir hendi, sbr. 2. málsl. 6. gr. laga nr. 19/1991, ylli ekki sjálfkrafa vanhæfi yfirmanns ...“ Þetta er áréttað víðar í þeim köflum sem við höfum farið yfir.

Ég vek sérstaka athygli á bls. 12, næstneðstu greinarskilum, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ef ráðherra og allir starfsmenn ráðuneytis eru samsamaðir við túlkun allra tilvika sem fallið geta undir 3. gr. stjórnsýslulaga er ljóst að hæfisreglur stjórnsýslulaga verða á mörgum sviðum ekki aðeins jafnstrangar og hæfisreglur dómara heldur í sumum tilvikum mun strangari.“

Það stóð aldrei til og ég hygg ekki að nokkur þingmaður hafi ætlast til að þetta væri með þeim hætti. Hér eru því vel rökstuddar lögfræðilegar greinargerðir sem liggja til grundvallar þessum tillögum. Að málinu hafa komið vandaðir lögfræðingar og ég er sannfærður um að þetta mál muni fá vandaða og faglega meðferð í hv. allshn. sem hefur alla burði til þess að fjalla um málið með þeim faglega hætti sem nauðsynlegur er til afgreiðslu þess.

[16:14]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hlustun á ræðu hæstv. forsrh. vegna þessa máls komu ýmsar spurningar upp í hugann og þá kannski ekki síst sú að það gæti skipt máli ef ráðuneytið sendi frá sér eitthvert erindi, hvort sá er undir erindið ritar hafi ráðfært sig við ráðherrann eður ei að því er varðar úrlausn þess máls.

Í öðru lagi fannst mér líka eins og hæstv. ráðherra skautaði aðeins fram hjá því að það skipti máli hvers eðlis eða hvert efni þessara bréfa væri því að vissulega held ég að almenn fyrirmæli um eitthvað tiltekið geti ekki gert nokkurn mann vanhæfan, en hins vegar, eins og í þessu tilviki, var það metið svo að í bréfinu sem sent var heilbrn. fælist ákveðinn úrskurður.

Spurning mín til hæstv. forsrh. er þessi: Er hugsanlegt að þeir sem fá þessi bréf send geti ekki endilega treyst því að efni þeirra sé niðurstaða ráðuneytisins, þ.e. að hafi menn ekki haft samráð við tiltekinn ráðherra, borið sig upp við hann o.s.frv., þá geti menn ekki endilega treyst efni bréfsins, að það sé í raun og veru niðurstaða ráðuneytisins, niðurstaða ráðherrans? Ef svo er þá held ég að hér sé hugsanlega verið að búa til miklu meiri réttaróvissu en þá sem hér er verið að gera tilraun til þess að eyða, ef ég skil málið rétt.

[16:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega á öndverðri skoðun við hv. þm. Ég teldi varhugavert ef borgarar sem fengið hefðu niðurstöðu undirritaða af lágtsettum starfsmönnum ráðuneytis, sem þeir út af fyrir sig eiga að taka fullt mark á, mundu þar með komast að þeirri niðurstöðu að þar sem bréfið væri undirritað af starfsmönnum ráðuneytisins væri ekki nokkur leið að þeir gætu borið málin undir ráðherra, æðra stjórnvald. Ég held að það væri hið versta mál ef þau yrðu þannig túlkuð. Stjórnsýsla okkar byggir á því almennt séð að menn hafi málskotsrétt til æðri stjórnvalda.

Við höfum reynt að gæta þess við lagasetningu í ríkisstjórninni að ráðherrar komi sér ekki undan því að fjalla um mál með því að vísa þeim til úrskurðarnefndar, og síðan mætti ekki kæra úrskurði hennar til ráðherra. Ég get sagt það hér, og það er ekkert leyndarmál, að við höfum í ríkisstjórn iðulega stöðvað frumvörp frá fagráðherrum sem hafa byggst á því að ráðherrarnir hafa gjarnan viljað losna við að bera hina stjórnskipulegu ábyrgð á erfiðum og kannski ekki alltaf skemmtilegum úrlausnarefnum og viljað skipa alls konar stjórnsýslunefndir sem bæru endanlega ábyrgð í málinu. Við höfum sagt að það bryti í bága við uppbyggingu á íslensku stjórnsýslunni að ráðherra viki sér þannig undan því að fara rétt með vald sitt.

[16:18]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki nákvæmlega á öllu því sem hér á sér núna stað. Í 14. gr. stjórnarskrárinnar segir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, og eins og segir í niðurstöðu Héraðsdóms „... þar með ákvörðunum sem teknar eru af einstökum starfsmönnum ráðuneyta í umboði hans."

Samkvæmt þessari skýringu hæstv. ráðherra virðist sem hann komist að þeirri niðurstöðu að hann beri þá ekki ábyrgð á öllum starfsmönnunum, þ.e. ekki lágtsettum starfsmönnum, því að hæstv. ráðherra heldur því fram að þessir tilteknu starfsmenn geti ekki gert ráðherrann vanhæfan. Í því ljósi held ég að þetta þurfi að skýra örlítið betur því að ég held að ekki sé hægt að gera þannig greinarmun á starfsmönnum ráðuneyta að ráðherra beri ábyrgð á sumum þeirra en öðrum ekki, þ.e. á aðgerðum eða ákvörðunum sumra þeirra en annarra ekki. Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram og eftir þær skýringar sem hæstv. forsrh. hefur gefið er það enn skoðun mín að hér sé um einhvers konar misskilning að ræða eða þá að hér sé ætlunin að breyta frá þeirri stjórnarframkvæmd sem hefur verið stunduð lengi. A.m.k. óttast ég niðurstöðuna ef borgararnir geta ekki treyst því að niðurstaða ráðuneytis sem er rituð í umboði ráðherra sé meining ráðherrans eða ráðuneytisins sem þar kemur fram. Ef svo er geta menn ekki treyst að fullu þeim erindum sem frá ráðuneytinu koma.

[16:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. þjaki einhver reginmisskilningur og kannski er sökin mín, mér hefur e.t.v. ekki tekist að útskýra nægilega vel það mál sem ég er að flytja. Þá verð ég að vísa til grg. með frv. sem liggur fyrir, hvetja hv. þingmann til að lesa hana vel yfir ef mér hefur mistekist að koma megininntaki hennar til skila. Ég hygg að við lestur hennar átti menn sig mjög fljótt á því að það er afar þýðingarmikið að sú skipan verði ekki fest í sessi í framhaldi af dómi Hæstaréttar að undirmenn í ráðuneyti sem gefa til að mynda leiðbeinandi úrskurði eða ráðgjöf geti gert æðsta aðila viðkomandi stjórnsýslu og allt hans starfslið í einu vetfangi vanhæft til að fjalla um málið. Það mundi algerlega snúa íslenskri stjórnsýslu á hvolf frá því sem verið hefur.

Hæstiréttur virðist hafa litið svo á að lögin væru ekki nægilega skýr og þá er ráðið að gera þau það. Það er nákvæmlega það sem vakir fyrir okkur og hafi mér mistekist að gera nægilega vel grein fyrir þessu verð ég að biðjast forláts á því en ég veit það, af því að ég hef lesið það rækilega yfir, að grg. sem með málinu fylgir er vel samin, mér finnst hún glögg og gefa góða mynd af þeim rökum sem bak við breytinguna búa.

[16:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mikilvægt atriði sem hér hefur borið á góma og ég tel alveg nauðsynlegt að reynt verði að ganga frá þessu máli með mjög skýrum hætti. Mín niðurstaða af því að hlusta á skoðanaskipti og svör hæstv. forsrh. er sú að það skipti máli hvers eðlis aðkoma undirmanna er að hverju máli. Ef þátttaka undirmanna í máli á forstigum er eingöngu fólgin í einhvers konar leiðbeiningu um túlkun á lagagrundvelli eða því að veita upplýsingar eða eiga slíka aðkomu að máli — þótt það sé gert í nafni ráðuneytis eins og allir pappírar sem frá ráðuneytum fara og þeir undirritaðir fyrir hönd ráðherra ætti það ekki að stofna sjálfkrafa til vanhæfis ráðherra. Sé hins vegar aðkoman í því formi að álit er látið í ljósi eða afstaða tekin, þ.e. einhvers konar ígildi úrskurðar af hálfu ráðuneytisins, þótt á forstigum máls sé og það undirritað með venjubundnum hætti, f.h.r., geta vanhæfisástæður stofnast. Mér sýnast skoðanaskiptin hafa leitt þetta í ljós.

Svona sýnist manni eðlilegast að líta á málið eftir að hafa farið yfir þessi gögn og þá er líka mjög nauðsynlegt að það sé alveg skýrt. Ég held að það hljóti að vera alveg ljóst að ekki er ætlunin með þessu litla frv. um breytingu á stjórnsýslulögum að breyta sjálfum grundvallarreglum stjórnskipunar landsins, að ráðherra sé ábyrgur fyrir stjórnarathöfnum í ráðuneyti sínu, heldur hljóti það að vera spurning um að draga upp landamærin og lagaskilyrðin hvað það varðar að stofnast geti vanhæfi upp á við í vissum tilvikum, málefnalegum skilgreindum tilvikum, ef það gerir það ekki sjálfkrafa. Það fari eftir eðli máls.

[16:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það er ekki tilgangurinn með þessu frv. að breyta meginþáttum sem gilt hafa í stjórnsýsluréttinum. Þvert á móti er verið að koma í veg fyrir að niðurstaða Hæstaréttar leiði framvegis til þeirrar niðurstöðu að þessum stjórnsýsluhætti verði breytt varanlega. Og það er algjörlega ljóst í mínum huga að það er rétt sem hv. þm. sagði, það getur skipt miklu máli hver aðkoma embættismanna að málum eru, og við erum að setja undir þann leka eins og hér segir. Ég hef áður útskýrt að menn verði ekki sjálfkrafa vanhæfir af þeirri ástæðu einni að undirmenn þeirra hafi með einhverjum hætti komið að málum. Við slíkt væri ekki búandi og ég hygg að það sé mjög vel undirbyggt og rökstutt í þeirri lögfræðilegu grg., fremur en venjulegri grg., sem með þessu máli fylgir. Ég held að þessi niðurstaða sé mjög vel undirbyggð þannig að við erum ekki að kollvarpa stjórnsýslu með þessu frv. Frekar má segja að við séum að koma í veg fyrir að henni verði kollvarpað í kjölfar þess dóms sem upp var kveðinn með því

að hafa lögin skýr og láta ekki eingöngu við lögskýringargögnin sitja sem við töldum að hefðu verið mjög afgerandi með stjórnsýslulögunum, sá skilningur sem fylgdi lögunum í framsöguræðu í lögskýringargögnum komi glöggt fram í textanum sjálfum.

Eins og ég hygg að hv. þm. hafi sagt sjálfur í upphafi athugasemda sinna rekum við okkur á það í lífsins gangi að þótt við reynum að hafa texta sem héðan fara sem skýrasta — þeir eru kannski ekki alltaf mjög skýrir en sem skýrasta — getur þurft að laga eitt og annað í meðferðinni og er sjálfsagt að gera það og hafa á því glögga skoðun. Ég treysti nefndinni og þeim sem hér hafa talað um málið í þinginu til að eiga góðan atbeina að því.

[16:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður verður að viðurkennast að textar sem héðan ganga eru stundum umdeilanlega skýrir og maður gæti jafnvel freistast til að halda að mönnum miði stundum heldur afturábak en áfram í því að kunna að orða hugsun sína skýrt. Ef borin er saman eldri löggjöf og yngri er gjarnan einn sláandi munur þar á og það er að í eldri textum var tilhneigingin að hafa textann knappan en skýran. Það skilur auðvitað oft eftir ákveðin túlkunaratriði sem ekki er þá fjallað um en það sem sagt er í lögunum er mjög skýrt. Ég bendi mönnum t.d. á að lesa lagabálka sem enn eru í gildi frá því upp úr aldamótunum næstsíðustu þar sem lög voru gjarnan stutt, lagagreinar stuttar, en mjög skýrt það sem þar var sagt. Það er kannski að breyttu breytanda gott fordæmi til þess að reyna að hafa til eftirbreytni.

Nú er uppi sú staða að mér sýnist nauðsynlegt að hv. þingnefnd fari rækilega yfir þá þætti sem hér hafa orðið að umtalsefni og skýri jafnvel enn betur og enn frekar í grg. eða nál. en ráðið verður af tillögugreininni sjálfri og síðasta málslið 1. gr. Nákvæmlega hvaða áhrifum er þessari breytingu á stjórnsýslulögunum ætlað að ná fram, þessari sem við höfum verið hér að ræða? Hugleiðingar af því tagi sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var með áðan geta alveg stofnast ef menn fara út á þá braut að túlka að verið sé að hrófla við orsakasamhengi eða ábyrgðartengslum ráðherra og undirmanna. En svo er ekki ef ég hef náð niðurstöðunni í þessu rétt heldur hitt að það eigi að ráðast af eðli máls hver áhrifin af aðkomu undirmanna að máli á forstigum geta orðið.

[16:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski er ekki besti vettvangurinn til að fara í einstakar orðaskýringar, flóknar jafnvel á viðkvæmum lagatexta, hér í salnum heldur geyma þær til nefndarstarfs.

Vegna þess sem verið var að ræða almennt um lagasetningu áðan þykir mér mestur galli á mörgu sem frá okkur kemur miðað við það sem stundum áður var — ég get alveg viðurkennt að sumt af því kemur frá ríkisstjórninni eins og verða vill — að söguþráðinn vantar í lögin. Þau mættu rekja sig skýrar fram svo að menn væru ekki á stöðugum hlaupum milli ákvæða, 13. gr. skiljist ekki nema maður horfi á 4. gr. og fái ekki fullan botn í hana nema hlaupa í 26. gr. o.s.frv. En suma þá sem semja lög fyrir þingmenn, ríkisstjórn og aðra slíka skortir aðgengilegan sannfærandi söguþráð í lagafrv. Það hljómar kannski sérkennilega að ég sé farinn að blanda tómstundagamni mínu saman við veruleikann hér en engu að síður er nauðsynlegt að lögin séu sem einföldust, ekki eingöngu gerð í hendurnar á lögfræðingum. Og meira að segja lögfræðingar þurfa söguþráð til að skilja sum þeirra frv. sem að lögum verða hjá okkar ágæta hv. Alþingi.

[16:30]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hæstv. forsrh. vil ég taka undir það að ég held að við getum vandað okkur betur við löggjöf á mörgum sviðum og eitt þeirra er það sem hæstv. forsrh. nefndi, þ.e. að menn skyldu halda sögunni til haga við setningu laga og tengsl ákvæða innbyrðis. Við getum líka haldið langar ræður um það að við erum kannski allt of gjörn á að breyta lögum. Lög eru varla byrjuð að virka í samfélaginu áður en við tökum upp á því að breyta þeim. Má t.d. nefna lög um stjórn fiskveiða. Varla líður svo vetur að ein, tvær, þrjár, fjórar breytingar líti ekki dagsins ljós, og það segir sig sjálft að erfitt getur verið að starfa í slíku umhverfi. Það er reyndar ekki umræðan hér, en út af tvennu, virðulegi forseti, óskaði ég eftir að fá að taka enn einu sinni til máls.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. forsrh. að Hæstiréttur hefði metið lögin óskýr. Það er hins vegar ekkert í dómi Hæstaréttar sem bendir til þess heldur byggir hann algerlega á forsendum héraðsdóms sem kemst að þeirri niðurstöðu að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum og því valdi það efnisatriði, þ.e. þegar ráðuneytið sendir frá sér bréf — en í því felist annaðhvort bindandi álit eða úrskurður, því að ráðherra sé vanhæfur til þess að koma að málinu á síðara stigi. Þetta finnst mér vera ofur eðlileg skýring og ekki fela í sér á neinn hátt ávísun á nokkra réttaróvissu í þessum efnum. Lykilatriðið er vitaskuld hvert efni þessa bréfs er. Ef um væri að ræða almenn leiðbeinandi atriði sem binda ekki ráðuneytið á nokkurn hátt gerir það náttúrlega ekki nokkurn aðila vanhæfan á síðara stigi. Ef í efni bréfs felst hins vegar bindandi álit ráðuneytisins eða kveðinn er upp úrskurður er um allt annað eðli að ræða. Því held ég að einnig þurfi að horfa á þetta í þessu samhengi.

Hitt atriðið sem gerði það að verkum að ég bað um orðið var eindregin hvatning hæstv. ráðherra til að lesa grg. sem fylgdi þessu frv. Ég held að rétt sé að upplýsa hann um að það hef ég einmitt gert og á þeim lestri byggi ég þá skoðun mína að í þessu frv. gæti einhvers misskilnings sem við eigum eftir að fara betur yfir í allshn. Það er a.m.k. mat mitt eftir að hafa hlýtt á þessa umræðu og lesið grg. sem fylgdi þessu máli.

[16:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að ýja að því að hv. þm. hefði ekki lesið grg. Ég var hins vegar í mikilli auðmýkt, sem kannski hefur farið mér illa, að ráðleggja honum að ef mér hefði mistekist að gera grein fyrir forsendunum væri honum hollast að fara nákvæmlega yfir grg., þar væru rökin a.m.k. mjög vel sett fram. Ég talaði um að hugsanlega hefði mér ekki tekist nægilega vel að koma röksemdum til skila en ég tók fram að í grg. væru þær ákaflega vel settar fram og ráðlagði hv. þm. að styðjast frekar við hana en það sem ég væri að reyna að segja málinu til skýringar. Ég var ekki að gefa í skyn að hann hefði ekki lesið grg. Hún er þess eðlis að jafnvel þótt við séum lögfræðimenntaðir, við tveir hv. þm., þurfum við að rýna töluvert í hana og liggja yfir henni, ekki bara hlaupa yfir hana einu sinni, heldur rýna töluvert í hana enda hefur verið lögð í hana mikil vinna og mikil pæling, eins og það er kallað.

Varðandi hitt atriðið, að ég hefði sagt að dómstólunum hefðu ekki þótt lögin nægilega skýr. Þetta er ekki orðalagið sem ég notaði. Ég hamraði á því að svo virtist vera sem dómstóllinn hefði ekki talið þau stjórnsýslulög nægilega skýr sem við byggðum skilning okkar á, sem við töldum í samræmi við lögin og að ættu að liggja þessum dómi til grundvallar. Ef sú hugsun sem við vildum orða þar hefði komið fram með nægilega skýrum hætti hefði dómurinn fallið á annan veg. Þess vegna er í þessu frv. leitast við að tryggja að lögin séu klár og skýr þannig að dómur af þessu tagi geti ekki fallið á nýjan leik.

[16:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ekki miklu við þetta að bæta. Ég nefndi það áðan í ræðu minni að ég hefði lesið þessa grg. yfir og komist að þeirri niðurstöðu að ég a.m.k. áttaði mig ekki nákvæmlega á því við yfirferð hvað þar væri verið að fara. Ég reiknaði jafnvel með því að hæstv. forsrh. mundi skýra þetta frekar í umræðunni. Hann lýsti því sjálfur yfir að kannski hefði honum ekki tekist nægilega vel upp í þeim efnum en í sjálfu sér er engu við það að bæta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 581. mál (Fjársýsla). — Þskj. 910.

[16:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, en jafnframt nokkrum breytingum á öðrum lögum sem fyrir skyldleika sakir eiga heima í frv. þessu.

Frv. þetta er til komið, herra forseti, vegna þess að ákveðið hefur verið að breyta um nafn á stofnun þeirri sem í dag nefnist Ríkisbókhald en hefur á undanförnum árum tekið að sér nokkur ný verkefni þannig að það heiti er ekki lengur réttnefni. Nú síðast var ákveðið að Ríkisbókhald tæki að sér verkefni ríkisfjárhirslunnar og var sú ákvörðun tekin á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, þar sem segir m.a. að fjmrn. fari með mál er varða ríkisféhirslu og ríkisbókhald. Þessar skipulagsbreytingar tóku gildi hinn 1. mars sl. og hafa Ríkisbókhaldinu þegar verið falin þau verkefni sem áður var sinnt af ríkisfjárhirslunni. Þetta var gert í framhaldi af úttekt ráðuneytisins á starfsemi fjárhirslunnar og Ríkisbókhaldsins sem framkvæmd var á síðasta ári. Niðurstaða hennar var m.a. sú að ná mætti fram auknu hagræði með sameiningu verkefna þessara stofnana. Sú hagræðing kemur m.a. fram í einfaldara ferli skjala, bættu greiðsluferli og uppgjöri bókhaldsins. Nýtt fjárhags- og mannauðskerfi sem ætlunin er að taka í notkun á næsta ári ýtir enn frekar undir þessa hagræðingu en þar er um að ræða mjög flókið og fullkomið tölvukerfi.

Í kjölfar sameiningar þessara verkefna og í ljósi þess að hlutverk Ríkisbókhalds hefur tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum eins og ég áður gat um er ljóst að breyta þarf lögum um fjárreiður ríkisins þar sem kveðið er á um stöðu og hlutverk Ríkisbókhalds. Jafnframt þykir núgildandi nafn stofnunarinnar hafa of þrönga skírskotun miðað við breytt hlutverk. Því er í frv. þessu lagt til að heitið Fjársýsla ríkisins verði framvegis notað í stað Ríkisbókhalds og forstöðumaður stofnunarinnar gegni heitinu fjársýslustjóri.

Markmið frv. er þess vegna tvíþætt. Í fyrsta lagi að leggja til breytingar á ákvæðum fjárreiðulaganna um hlutverk Fjársýslu ríkisins með vísan til þess sem að framan greinir, en í öðru lagi eru lagðar til nauðsynlegar og afleiddar breytingar vegna nafnabreytingarinnar, bæði á lögum um fjárreiður ríkisins og sömuleiðis öðrum lögum sem nefnd eru til sögunnar í frv. þessu.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:39]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir, um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, er í sjálfu sér ekki stórt í sniðum í eðli sínu en þó er með því verið að opna þennan lagabálk, lögin um fjárreiður ríkisins.

Ég vildi aðeins spyrja hæstv. ráðherra um eitt sem ég er sjálfur ekki alveg klár á, um stöðu ríkisfjárhirslunnar. Það getur hafa farið fram hjá mér en ég hélt að við værum enn þá með starfsheitið „ríkisféhirðir“. Við höfum verið með það til skamms tíma og ég hélt að starfsheitið ríkisféhirðir hefði ekki verið lagt niður, a.m.k. hugnast mér það starfsheiti ágætlega í umfjöllun um ábyrgð á fjármálum ríkisins hvað þetta varðar, eða á ríkiskassanum. Þetta orð sem er komið þarna inn, „fjársýslustjóri“, sem mér skilst að eigi að sameina bæði starfsheiti ríkisbókara og ríkisféhirðis — hæstv. fjmrh. leiðréttir mig þá ef svo er ekki — finnst mér að hefði þurft nánari skoðunar við. Ég hef enga athugasemd við það þótt verið sé að sameina þessi verkefni sem eru eiginlega orðin á margan hátt sameiginleg nú þegar en ég velti fyrir mér hvort starfsheitið ríkisféhirðir sé horfið út úr þessu stjórnsýslusviði.

Síðan var annað sem ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra út í. Það varðar 47. gr. laganna þar sem lögð er til sú breyting að í stað orðsins „ríkisbókari“ komi „fjársýslustjóri“, þ.e. í ríkisreikningsnefnd. Í 46. gr. laganna um fjárreiður ríkisins er kveðið á um hlutverk hennar og, með leyfi forseta, vil ég vitna til hlutverks hennar eins og stendur þar:

„Fjármálaráðherra skipar ríkisreikningsnefnd er skal vera honum til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreikninga og annars er þýðingu hefur fyrir það reikningslega kerfi er lögum þessum er ætlað að tryggja.“

Ríkisreikningsnefnd er fjmrh. til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreikninga og annað varðandi reikningsleg kerfi. Samkvæmt 47. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ríkisreikningsnefnd skal skipuð sex mönnum. Í henni skulu sitja ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari“ — sem yrði þá fjársýslustjóri — „ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri, auk tveggja fulltrúa sem fjármálaráðherra skipar eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.“

Það sem ég set spurningarmerki við og teldi rétt að skoða úr því að þessi grein er opnuð er hvort eðlilegt sé að ríkisendurskoðandi, sem er jafnframt hlutlaus aðili gagnvart þinginu við meðferð og skoðun á framkvæmdarvaldinu, veiti því eftirlit og sé eins konar trúnaðaraðili þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Er þá eðlilegt að ríkisendurskoðandi sé jafnframt í ríkisreikningsnefnd, sem er fjmrh. til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars

er þýðingu hefur fyrir það reikningslega kerfi er lögum þessum er ætlað að tryggja? Væri ekki eðlilegra að hann væri bara hreinn og beinn hlutlaus aðili og kæmi ekki að því að vera ráðgjafi í nefnd sem hann verður síðan hugsanlega að fara yfir eða taka út einstök framkvæmdaratriði sem byggja á tillögum og vinnulagi sem ríkisreikningsnefnd leggur til? Mér finnst athugandi að það sé hreinlega skoðað að ríkisendurskoðandi sé gerður fullkomlega hlutlaus gagnvart framkvæmdarvaldinu hvað viðvíkur meðferð og framkvæmd fjárlaga og reikningsskil hvað það varðar.

Ég vil víkja aðeins örstutt að lögum um fjárreiður ríkisins. Þau taka á fleiri atriðum en hér eru tilgreind og vil ég inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort ekki hefði verið ástæða til af hálfu ráðuneytisins að beita sér fyrir því að taka upp fleiri ákvæði þessara laga, og þar á ég t.d. við ákvæði um þær greinar sem lúta að gerð fjáraukalaga, þar sem í lögunum er kveðið á um að ef veittar eru fjárheimildir á milli fjárlagaafgreiðslna, þ.e. ef fjárlög eru afgreidd að hausti fyrir næstkomandi ár og síðan kemur fjáraukalagafrv. haustið eftir, eins og það hefur tíðkast til þessa, en innan ársins er framkvæmdarvaldið að gera breytingar á fjárlögunum, bæði á gjaldahlið og jafnvel stundum á tekjuhliðinni ef tekjuhliðin breytist það verulega að hún þarf gagngerrar uppstokkunar við.

Ég hef lagt til í frv. til laga um breytingar á sömu lögum, um fjárreiður ríkisins, að leggja skuli fram frv. til fjáraukalaga oftar en nú er gert og það skuli vera skylt að leggja slíkt frv. fram að vori í lok vorþings þannig að þingið geti þá tekið ákvarðanir og afgreitt þær breytingar sem orðið hafa eða komið upp á vorþinginu. Einnig geta verið breyttar forsendur bæði varðandi tekjur og gjöld ríkisins sem ástæða er til að taka upp með formlegum hætti af þingsins hálfu eins og reyndar lög kveða á um. Ég nefni dæmi eins og umræðuna í dag um brýna fjárþörf Greiningarstöðvar ríkisins sem hefði kannski verið ástæða til að Alþingi gæti komið beint að, ef vilji hefði verið til, með beinum fjárframlögum í fjáraukalögum. Ég tel að úr því að þessi lög eru opnuð, þá eigi að fara ofan í þau og gera á þeim fleiri breytingar en hér er lagt til.

Ég vil einnig minnast á 30. gr. í lögunum, með leyfi forseta:

„Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa undir kostnaði af eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt."

Þessi grein hefur verið túlkuð æ víðar og víðtækar með hverju árinu og síðasti samningur sem gerður hefur verið samkvæmt þessari grein — eða ég hef ekki séð annars staðar lagaforsendur fyrir honum sem eru reyndar ekki fyrir samningnum við Sóltúnsheimilið um rekstur á því þar sem gerður er rekstrarsamningur til nærri 30 ára, sem er að mati Ríkisendurskoðunar hæpið að standist þessi fjárreiðulög. Ég tel því að hæstv. fjmrh. hefði átt að beina sjónum sínum að enn fleiri greinum í frv. sem greinilega eru ekki í takt í fyrsta lagi við þennan veruleika eins og hann er í reynd og í öðru lagi væri þá hreinlega rétt að þingið taki á þeirri þróun sem þarna er að eiga sér stað.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. varðandi 30. gr. laganna um fjárreiður ríkisins: Var samningurinn við Sóltún gerður á grundvelli hennar? Eða á hvaða heimild í lögum um fjárreiður ríkisins var sá samningur gerður? Fyrir mér er það enn þá stærra mál úr því að þessi lög eru opnuð heldur en að breyta nafni á forstöðumanni í stofnuninni, þó að eðlilega þurfi að gera það samkvæmt lögum.

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á að það eru fleiri atriði í þessum lögum sem þarf að taka upp heldur en hér er gert og vil hvetja til þess að ráðherra hafi frumkvæði að því að þau séu tekin upp, annars að beina því þá til fjárln. sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að skoða fleiri greinar frv. og ekki síst í tilefni þess að hér hefur hæstv. ráðherra opnað lagabálkinn með því sem hér er lagt fram.

Að endingu vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið hægt að finna eitthvert fallegra eða penna orð en fjársýslustjóri þó það sé svo sem ágætt, en þó hugnaðist mér betur ef hægt hefði verið að nota orðið ríkisféhirðir áfram. Við tölum um sýslumenn en ekki sýslustjóra. Í sjálfu sér er ástæða til þess, þegar framkvæmdarvaldið er að búa til eða reyna að laða fram nýyrði sem nauðsynlegt er að það geri, að þá sé jafnframt leitað til Íslenskrar málnefndar sem að ég best veit hefur einmitt það hlutverk að samræma nýyrðasmíð, bæði í þeirri meiningu sem ætlunin er að það hafi og einnig þá að öðrum orðum sem í notkun eru.

Virðulegi forseti. Ég varpa þessum spurningum til hæstv. fjmrh. og einnig varðandi stöðu ríkisendurskoðanda í þessari nefnd sem er fjmrh. til ráðuneytis um fjárlagagerð og fleiri hluti og einnig hvort hann telji ekki eðlilegt að fjárln. taki upp fleiri greinar frv. eins og ég hef verið að rekja hér.

[16:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Aðeins örstutt innlegg inn í umræðuna sem lýtur aðallega að einni eða tveimur fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. Ég missti því miður af framsöguræðu hæstv. ráðherra, þannig að vel má vera að hann hafi komið inn á það sem ég vildi gjarnan spyrja hann um nú við 1. umr. málsins.

Fljótt á litið virðist vera um eðlilegar breytingar að ræða að því er tekur til efnisatriða frv. og að hér sé fyrst og fremst verið að reyna að ná fram ákveðinni hagræðingu eins og hér kemur fram og að samhæfa betur vinnuferli skyldra verkefna og fela ríkisbókhaldi þau verkefni sem ríkisfjárhirslan hefur haft með höndum.

Ég velti fyrir mér áhrifunum af þessu að því er varðar sparnað í útgjöldum af því að talað er um að reiknað sé með sparnaði í útgjöldum í þeirri umsögn sem liggur fyrir frá fjárlagaskrifstofunni. Ég velti því fyrir mér hvað hann er mikill eða hvort hægt sé að leggja eitthvert mat á hann þar sem einungis er hægt að reikna út að því er varðar þann sparnað að ekki verði endurráðið í starf ríkisféhirðis eins og hér kemur fram, að væntanlega er þá hugmyndin sú að leggja niður starf ríkisféhirðis. Ég velti þá fyrir mér hvort aðrir sem hafa starfað með ríkisféhirði haldi allir sínu starfi áfram. Ég velti líka fyrir mér gildistökunni að því er varðar það að ríkisféhirðir láti af störfum. Er það bara hefðbundinn uppsagnarfrestur, eða verður gerður við hann einhvers konar samningur? Það rifjaði líka upp fyrir mér svar hæstv. ráðherra til mín á síðasta þingi almennt um starfslokasamninga og reyndar fyrirspurn sem hæstv. forsrh. svaraði á þessu

þingi. Þar kom fram, og reyndar hjá fjmrh. líka á síðasta þingi, að verið væri að vinna að samræmdum leiðbeinandi reglum sem mundu gilda fyrir ráðuneyti og stofnanir þegar um væri að ræða starfslok. Ég vil því nota tækifærið fyrst það gefst hér að þessu gefna tilefni að spyrja hæstv. ráðherra hvort þeirri vinnu sé lokið sem boðuð var í ráðuneyti hans um að setja samræmdar reglur um starfslokasamninga.

Af því að við erum að fjalla um frv. um fjárreiður ríkisins, þá vildi ég líka spyrja hæstv. ráðherra þótt það tengist ekki beint eða tengist ekki efni þessa frv. en tengist þó lögum um fjárreiður ríkisins, mál sem ég hef haft áhuga á að væri í fastari búningi í stjórnsýslunni en verið hefur til þessa, þ.e. að við hv. þm. fengjum meiri upplýsingar um það efni, þannig að þar væri meira aðhald og stjórnfesta á ferðinni en til margra ára, í ársreikningi fylgdi t.d. sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, ferða- og risnukostnað. Ég spurði reyndar hæstv. fjmrh. um það mál á síðasta þingi og það var í tilefni frv. sem ég flutti um það efni á 125. löggjafarþingi, þar sem efh.- og viðskn. fjallaði um það mál og hafði afgreitt það með ákveðnum hætti þar sem hún beindi tilmælum til fjmrh. um að hann hlutaðist til um að unnið yrði að samningu reglugerðar á grundvelli laganna þar sem kveðið verði á um þau efnisatriði sem komu fram í frv. mínu, þ.e. að það fylgdi með sem fylgirit með ríkisreikningi, það yfirlit sem ég hef hér nefnt, um sundurliðaðan bifreiða-, ferða- og risnukostnað. En í skriflegu svari hæstv. ráðherra til mín á síðasta þingi kom fram að ráðherrann teldi að móta þyrfti reglur um það hvernig þessar upplýsingar yrðu aðgengilegar og hér segir orðrétt í svari ráðherrans, með leyfi forseta:

„Í samræmi við þau tilmæli sem fram koma í nefndarálitinu er nú unnið að samningu reglugerðar á grundvelli laganna þar sem nánar verður kveðið á um þessa þætti."

Ég vildi líka, herra forseti, nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvað þeirri vinnu liði, hvort samningu þeirrar reglugerðar væri lokið og hvort í henni mætti finna einhver fyrirmæli um hvernig með slíkar upplýsingar verði farið í ríkisreikningi og gagnvart þinginu.

[16:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er í eðli sínu svokallaður bandormur, þ.e. hér er lögð til breyting á einum sex lagabálkum og því er öllu steypt í eitt frv. Það þýðir ekki endilega að verið sé að opna umræðu um öll þessi aðskiljanlegu málefni, t.d. lögin um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

Það sem er verið að leggja til í þessu frv. er að einu tilteknu heiti sem skilgreint er í lögunum um fjárreiður ríkissjóðs, en einnig nefnt í nokkrum öðrum lögum, verði breytt. Tilkoma málsins, eins og ég gat um í framsögu minni, er sú að fjmrn. gerði á síðasta ári úttekt á því hvort unnt væri að hagræða og spara í rekstri þessara tveggja stofnana, Ríkisfjárhirslunnar og Ríkisbókhaldsins. Niðurstaðan varð sú að það væri hægt og þess vegna ákváðum við að gera það. Þær breytingar tóku gildi 1. mars sl. og kölluðu í sjálfu sér ekki á lagabreytingar vegna þess að það því er Ríkisfjárhirsluna varðar þá gilda ekki nein sérstök lög um hana. Hins vegar er fjmrn. í stjórnarráðsreglugerðinni falið að fara með mál er varða ríkisféhirslu og ríkisbókhald.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hvað þarna væri um mikinn sparnað að ræða. Við vildum fara varlega í að fullyrða um það. En það er alveg ljóst að það eru nokkrar milljónir á ári hverju, að því er við vonum, sem þarna er hægt að spara með þessari hagræðingu. Fyrrverandi ríkisféhirðir náði sjötugsaldri í síðasta mánuði og lét af störfum. Sá mikli sómamaður sem gegnt hefur embætti sínu í ríflega 22 ár af mikilli skyldurækni og samviskusemi er sem sagt hættur og um hann gilda bara almennar reglur um menn sem ná eftirlaunaaldri. Niðurstaðan í þessu varð sú að næstráðandi í ríkisfjárhirslunni, sem hafði jafnan leyst ríkisféhirðinn af, tekur við sem ríkisféhirðir en verður jafnframt skrifstofustjóri í hinni nýju ríkisfjársýslu, Fjársýslu ríkisins, þ.e. gamla Ríkisbókhaldinu. Það fækkar með öðrum orðum um einn forstöðumann í kerfinu vegna þess að hann verður skrifstofustjóri en ekki forstöðumaður í sinni gömlu stofnun. En titillinn sem hv. þm. Jón Bjarnason gerði að umtalsefni mun áfram verða til, enda er þetta gamall og virðulegur titill. Að vísu í örlítið breyttri mynd nær hann alveg aftur til ársins 1904 þegar Stjórnarráð Íslands tók til starfa en þá bar viðkomandi titilinn landsféhirðir. Sá titill breyttist í ríkisféhirðir rúmum tíu árum síðar, ef ég man þetta nú rétt. Aðrir starfsmenn í stofnuninni halda sínum störfum óbreyttum. Þetta er gert í ágætri sátt og samkomulagi við starfsmenn stofnunarinnar sem hafa að sjálfsögðu góðan skilning á því að rétt sé að reyna að hagræða þarna eins og annars staðar.

En það kom upp eitt vandamál sem enginn hefur nefnt í þessu sambandi, þ.e. að það er ekki góð latína að láta bókara og gjaldkera vera allt of nálægt hvor öðrum, en það gerist við þessa breytingu að nálægðin verður meiri. Þess vegna verður reynt að hafa þarna eins konar kínamúr á milli inni í þessari stofnun þannig að ekkert fari nú á milli mála að því er það varðar. En líka vegna þessa máls þótti eðlilegt að breyta heiti stofnunarinnar til að gefa það skýrt til kynna að hún er ekki lengur bara bókhaldsstofnun. Hún er líka með þetta gjaldkera- eða féhirðishlutverk, en einnig þau verkefni sem henni hafa áður verið færð, t.d. á vettvangi launaumsýslu og launaútborgunar. Við þekkjum öll hér sem erum starfsmenn ríkisins að launagreiðsluseðlarnir okkar og uppgjör um hver áramót kemur nú frá ríkisbókhaldinu. Það heiti var því talið of þröngt, hafa of þrönga skírskotun, miðað við þær breytingar sem þarna hafa orðið og eru að verða. Þetta er skýringin á þessu máli sem er í eðli sínu alveg sáraeinfalt og ætti að vera pólitískt óumdeilt, eins og ég hygg að það sé nú, og gefur ekki tilefni að mínum dómi til sérstakra vangaveltna um önnur atriði í einhverjum af þessum sex lagabálkum sem hér er verið að breyta.

Við ákváðum að vera ekkert að hrófla við öðrum ákvæðum. Sjálfsagt má um það deila hvort ríkisendurskoðandi eigi að vera í ríkisreikningsnefnd. Þannig hefur það nú verið áratugum saman, alveg frá því lögin um ríkisbókhald voru sett 1966 að ég held, að ríkisendurskoðandi hefur tekið þátt í þessu kerfi og því var ekki breytt árið 1986 þegar Ríkisendurskoðun var flutt frá fjmrh. til þingsins. Það er eflaust vegna þess að ríkisendurskoðandi býr yfir svo mikilli tæknilegri þekkingu á þessum málum að hann var talinn ómissandi í slíka fagnefnd sem ríkisreikningsnefndin er. Um þetta má eflaust deila fram og aftur. En það var bara ákveðið að þetta frv. fjalli ekki um neitt annað en þetta tiltekna tilefni, sem ég tel mig nú hafa útskýrt nokkuð rækilega, og þess vegna eru þar ekki neinar fleiri breytingar með í för, hvorki á lögunum um fjárreiður ríkisins né öllum hinum lögunum sem hér eru sérstakir kaflar um í þessu frv. eins og áður er nú komið fram.

Þess vegna er kannski ekki tilefni fyrir mig til þess að ræða mikið hér um önnur atriði. En ég get upplýst hv. þm.

Jóhönnu Sigurðardóttur um að ekkert nýtt er að frétta af málinu sem hún tók hér sérstaklega upp, hvorki að því er varðar starfslokasamningana né þá reglugerð sem hún hefur hér óskað eftir og yfirlit um bifreiðakostnað og annað þess háttar, í það minnsta ekki sem hefur rekið á mínar fjörur frá því við skiptumst síðast á skoðunum um þetta mál hér skriflega í fyrirspurnarformi á síðasta þingi.

Síðan vildi ég leiðrétta hv. þm. Jón Bjarnason. Mín tillaga var sú að þetta mál færi til efh.- og viðskn.

[17:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að starfsheitið ríkisféhirðir skuli ekki lagt niður, heldur verði áfram við lýði. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína að ég tel að það hefði átt að skoða að yfirmannsstaðan yfir þessu verkefni öllu væri ríkisféhirðir því ríkisféhirðir og öll fjárhirsla byggir á traustu og góðu bókhaldi, ekki bara því að greiða út peninga og taka á móti, heldur á traustu og góðu bókhaldi. Því hefði verið mjög athugandi að æðsta yfirmannsstaðan fyrir þessu verkefni öllu hefði verið ríkisféhirðir og síðan hefðu verið deildarstjórar á bókhaldssviði og einhverjum öðrum slíkum sviðum. Ég vil bara varpa því fram að það verði skoðað.

Ég vil líka ítreka að ég tel að Íslensk málnefnd eða aðrir slíkir eigi að fara yfir nýyrðasmíð sem þessa, t.d. þetta orð, fjársýslustjóri sem hér er verið að taka upp. Mér hugnast það ekki, finnst það þunglamalegt og tel að það eigi a.m.k. að skoða hvort ekki séu möguleikar á öðru.

Varðandi orð hæstv. ráðherra um að þetta sé bandormur þá er það svo sem rétt. En meginbreytingin er á lögunum um fjárreiður ríkisins. Það er grunnurinn að breytingunni þó svo hún komi síðan inn í önnur afleidd lög. Ég tel því að það eigi að taka upp þessi lög öll.

Varðandi það að þetta fari til efh.- og viðskn. þá ræð ég því ekki í sjálfu sér. Ég minni bara á að eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá fóru hin nýju lög um fjárreiður ríkisins í gegnum fjárln. og þegar ég lagði fram frv. mitt um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins þá var talið eðlilegt að það færi til fjárln. því þessi lagabálkur heyrði undir fjárln.

[17:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skiptir kannski ekki höfuðmáli í hvaða þingnefnd svona (**JB:** Nei, það er rétt.) einfalt mál leggur leið sína. Að því er varðar heiti hinnar nýju stofnunar eða hið nýja heiti hinnar gömlu stofnunar þá er ég í sjálfu sér opinn fyrir öllum hugmyndum um góð heiti í þeim efnum. Auðvitað er ekkert fyrir fram gefið. En við gerum þessa tillögu. Ráðuneytið og ég gerum þessa tillögu. Ef þingnefndin eða hv. þm. Jón Bjarnason getur komið með betri tillögu má eflaust ræða hana. Ef hann vill tala við Íslenska málnefnd eða einhverja aðra aðila eða koma frá sjálfum sér með einhverja slíka tillögu þá gerir hann brtt. við frv. og við leggjum dóm á hana.

[17:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil draga sterklega inn í umræðuna þetta með nýyrðasmíðina á Alþingi í lagafrv. sem hér eru lögð fram. Ég tel að almennt þurfi þar að bæta vinnulag varðandi nýyrðasmíðina. Við höfum íslenska málnefnd sem ég veit ekki betur en að sé starfandi og væri ekkert óeðlilegt að kæmi að þessu. Þar með er ég ekkert sérstaklega að finna að þessari nýyrðasmíð sem hæstv. fjmrh. er að leggja til þó ég telji þetta orð, fjársýslustjóri, þunglamalegt. En ég vildi nota tækifærið hér og koma þeirri skoðun minni á framfæri að það þurfi skipulagða vinnu og aðkomu Íslenskrar málnefndar eða annarra sem geta komið fram sem samræmingaraðilar og matsaðilar í nýyrðasmíð sem birtist í mörgum lagafrv. sem hérna hafa verið lögð fram.

[17:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau staðfestu náttúrlega að hér er um einfaldar og sjálfsagðar lagabreytingar að ræða sem ekki ættu að verða neinar deilur um. Ég notaði tækifærið af þessu tilefni eins og iðulega er gert til að spyrja hæstv. ráðherra um tvö mál sem mér eru nokkuð hugleikin af því ég veit að þau eru búin að vera í töluvert langan tíma í vinnslu í ráðuneytinu. Annað tengist lögunum um fjárreiður ríkisins. Hæstv. ráðherra upplýsti að hann vissi ekki hvar þessi mál væru stödd á vettvangi ráðuneytis síns eða hvernig þeirri vinnu yndi fram. Ég hygg að þetta sé nú búið að vera töluvert lengi í skoðun í ráðuneytinu, sérstaklega það sem snýr að því sem móta þarf reglur um í tengslum við lagabreytingu sem var gerð 1997, um fjárreiður ríkisins. Þá féll niður það sem hafði viðgengist um margra ára bil, þ.e. að setja þessi fylgirit inn í ríkisreikningana sem ég nefndi um ferða-, risnu- og bifreiðakostnað. Ég hygg því að það ætti nú að fara að sjá fyrir endann á því starfi. Er það ekki svo, herra forseti, — ég spyr hæstv. ráðherra um það — að þessari athugun á reglugerðarsmíðinni sé ekki lokið? Eða er henni lokið án þess að í henni séu upplýsingar um þessi atriði sem ég er hér að kalla fram að fylgi ríkisreikningi? Við því vil ég raunverulega fá skýrari svör, þ.e. að reglugerðarsetningunni sé þá ekki lokið, en ekki að það hafi verið ákveðið að hafa þessa þætti ekki í reglugerðinni og þar með upplýsingaskyldu ráðherrans til þingsins um þetta efni.

Varðandi starfslokasamningana þá hafa leiðbeiningareglur náttúrlega verið ansi lengi í undirbúningi. Ég hefði gjarnan viljað að ráðherrann upplýsti okkur um hvenær þeirri vinnu yrði lokið, enda vitum við að það á að setja nefndum skýrari tímamörk um viðfangsefni sem þær eru að fjalla um þannig að það taki ekki mörg ár að setja reglugerðir eða leiðbeiningar um brýn verkefni sem þarf að móta reglur um.

[17:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þannig með bæði þessi mál að þeim er ekki lokið. Það er ekki komin niðurstaða í þau. Því má segja að það hafi e.t.v. dregist of lengi. En þetta er staðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 582. mál (reiknað endurgjald, breyting ýmissa laga o.fl.). — Þskj. 911.

[17:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta mál er á þskj. 911.

Eins og rakið er í greinargerð með frv. snerta flestar þær breytingar sem hér eru lagðar til breytingar sem gerðar voru sl. haust á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en þær miðuðu m.a. að því að styrkja þá framkvæmd að maður sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila, þar sem hann er sjálfur ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, skuli reikna sér endurgjald sem talið er til tekna.

Í þessu frv. er um þrenns konar breytingar að ræða: Í fyrsta lagi er lagt til að í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og í lögunum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði kveðið skýrar en áður á um að reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er sjálfur ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, myndi stofn til tryggingagjalds, og lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs.

Eitt af markmiðunum með lögum nr. 133/2001, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er samþykkt voru á Alþingi í desember sl., var að styrkja þá framkvæmd að vinna manns í atvinnurekstri lögaðila sem hann eða fjölskylda hans á eignar- eða stjórnunaraðild að yrði skattlögð með sambærilegum hætti og vinna hans í eigin rekstri. Reiknað endurgjald manns í eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi myndar samkvæmt lögum um tryggingagjald og lögum um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða stofn til tryggingagjalds og lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs. Hins vegar þykir ekki nægilega skýrt kveðið á um það í lögunum um tryggingagjald og í lögunum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að endurgjald sem lögaðila ber að reikna manni sem hjá honum starfar, ef sá er jafnframt ráðandi þar vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, myndi stofn til tryggingagjalds og lágmarksiðgjalds í lífeyrissjóði.

Í öðru lagi er lagt til að ákvörðun skattstjóra um fjárhæð reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu verði kæranleg til ríkisskattstjóra. Ákvörðun reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu er bráðabirgðaákvörðun þar sem ákvörðun um fjárhæð reiknaðs endurgjalds verður ekki endanleg fyrr en við álagningu. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að kæra ákvörðun skattstjóra um fjárhæð reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu til yfirskattanefndar. Málsmeðferð hjá yfirskattanefnd tekur hins vegar oft langan tíma og því er hagkvæmara fyrir gjaldandann að eiga kost á skjótvirkara réttarúrræði þar sem um tímabundna ákvörðun er að ræða.

Í þriðja lagi er í frv. þessu lögð til breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem leiðir af samningsskuldbindingum okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í 36. gr. laga nr. 129/1997, er lífeyrissjóðum veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á skipulegum markaði innan aðildarríkja OECD sem og óskráðum verðbréfum sem gefin eru út af aðilum innan OECD. Sökum þess að Liechtenstein er ekki aðili að OECD nær heimild lífeyrissjóðanna ekki til verðbréfa sem skráð eru á skipulegum markaði í Liechtenstein né heldur til óskráðra bréfa sem gefin eru út af aðilum þar í landi. Það er í ósamræmi við samningsskuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og því er lagt til að 36. gr. laganna verði breytt þannig að lífeyrissjóðirnir hafi sömu heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á skipulegum markaði í Liechtenstein, eða eftir atvikum eru gefin út af aðilum í Liechtenstein, eins og ef þau væru skráð á skipulögðum markaði innan OECD eða gefin út af aðilum innan OECD.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að umræðu lokinni vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[17:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að inna hæstv. ráðherra eftir því, vegna umfjöllunar hér í greinargerð um þetta frv. og sömuleiðis þess sem fjallað er um í III. kafla og varðar lífeyrismál eða skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Það má eiginlega ráða af þessari umfjöllun að einhver brögð hafi verið að því að sjálfstætt starfandi aðilar hafi ekki fullnægt þeirri ótvíræðu lagaskyldu að greiða til lífeyrissjóðs af öllum tekjum sínum. Hér er lagt til, með leyfi forseta: „... að í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, verði afdráttarlaust kveðið á um að reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar myndi stofn til lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs."

Það væri væntanlega ekki ástæða til að taka þetta sérstaklega fram eða fara í þessa breytingu nema vegna þess að menn hafi ástæðu til að ætla að einhver brögð hafi verið að því að greiðslur af þessu tagi hafi ekki alltaf myndað þennan stofn til greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða. Ef svo er þá er þar auðvitað um alvarleg frávik að ræða frá þeirri reglu sem ætlunin var að gera altæka, það ég best veit, að af öllum launatekjum manna skyldu greiðast þessi iðgjöld. Mig fýsir þannig að vita hvort hæstv. fjmrh. geti gefið einhverja nánari skýringar á því hvað þarna liggur að baki.

[17:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú ekki fullyrða um það að mikil brögð hafi verið að því sem hv. þm. spyr hér um. En við viljum taka af allan vafa, sérstaklega ef um er að ræða störf manns í þágu lögaðila þar sem hann er sjálfur ráðandi, annaðhvort sem eigandi eða stjórnandi, að það fari ekkert á milli mála að af því endurgjaldi sem ber að reikna og viðkomandi maður innir af hendi, í samræmi við reglur ríkisskattstjóra um það efni og hugsanlega vel yfir þeim mörkum sem ríkisskattstjóri setur, sé tryggt að bæði sé greitt í lífeyrissjóði viðkomandi af reiknuðu endurgjaldi og einnig hið lögmælta tryggingagjald.

Ég tel ekki síður fram á veginn horft í þessu máli, til þess að afstýra vandræðum hjá þeim sem kunna að eiga hlut að máli en aftur í tímann. En vafalaust er hægt að finna dæmi um undanbrögð í þessu efni í fortíðinni þó lagaákvæðin hafi auðvitað verið skýr eins og hv. þm. gat um. Hingað til hefur öllum borið að greiða af launum jafnt sem reiknuðu endurgjaldi, bæði tryggingagjald og í lífeyrissjóð. Hér eru tekin af öll tvímæli ef um er að ræða fyrirtæki sem viðkomandi aðili er sjálfur ráðandi í.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar skýringar. Ég tek þær fullgildar. Vonandi er þetta nær því að vera öryggisráðstöfun heldur en að menn hafi ástæðu til að ætla að af þessu hafi verið veruleg brögð, að þarna hafi greiðslur sloppið fram hjá ákvæðum um lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða af öllum launatekjum.

En það er, herra forseti, ýmislegt af þessu tagi sem ég held að ástæða sé til að fara yfir. Það kemur líka inn á fyrstu ákvæði 1. gr. frv. Þar var annað atriði sem ég hef verið að skoða, þ.e. ósköp einfaldlega sú mikla aukning sem við

sjáum á því að menn búi um starfsemi sína í einkahlutafélögum. Þá verða mörkin óglögg á milli eiginlegra launatekna viðkomandi aðila, eins og nýleg og fræg dæmi sanna um einkahlutafélög sem menn stofnuðu í raun um sjálfan sig, selja síðan öðrum aðilum vinnu þess einkahlutafélags og færa sem rekstrartekjur inn í félagið. Síðan geta menn stofnað til útgjalda á móti og útkoman verður jafnvel sú að enginn eða lítill hagnaður verður af starfrækslu einkahlutafélagsins sem menn stofnað utan um sjálfa sig.

Það er ansi hætt við að mörkin geti orðið óljós á milli þess sem eru eiginlegar tekjur viðkomandi aðila og annarra útgjalda í þessum félögum. Þá er ekkert við að styðjast annað en þessi ákvæði um hið reiknaða endurgjald sem myndar einhvern lágmarksgrunn. Hins vegar er afar hætt við því að tilhneigingin verði sú að taka inn viðbótartekjur og búa um það með þessum hætti. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort ráðuneytið hafi farið eitthvað yfir þessi mál í heild sinni í ljósi þeirrar þróunar sem við sjáum á þessu sviði.

[17:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Breytingin sem hér er verið að mæla fyrir á lögum um tryggingagjald og önnur atriði, skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er auðvitað í samhengi við aðrar breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum mánuðum í þinginu á skattalögum. Það er auðvitað nauðsynlegt, eins og þá kom fram, að reglurnar um einkahlutafélög séu skýrar öllum mönnum sem ákveða að fara út í slíkan rekstur.

Einkahlutafélög eru fyrirbæri sem koma til sögunnar með EES-samningnum. Ég tel að þau hafi miklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu og við höfum í skattalögum fyrr í vetur gert þannig félögum enn auðveldara um vik að starfa heldur en áður var. En það breytir ekki því að misnotkun á þessu félagsformi í skattalegu tilliti verður ekki liðin. Við viljum koma í veg fyrir misnotkun á þessum félögum með því að hafa þessar reglur allar saman skýrar.

Ég vil þó bæta því við að það er ekki þar með sagt að þó að menn stofni einkahlutafélag komi þeir betur út en í öðru formi. Menn geta auðvitað lagt þetta niður fyrir sér, kostnaðinn við að stofna einkahlutafélagið, reiknað endurgjald sem skattstjóri ákveður sem lágmarkstekjur í slíku félagi og borið saman við önnur félagaform sem geta átt við eða einstaklingsrekstur, sem væntanlega er þá samkeppnisrekstrurinn eða hitt módelið sem menn geta notað ef þeir eru í atvinnurekstri. Þannig er ekki þar með sagt að einkahlutafélag henti öllum betur. Hins vegar er ástæðulaust annað en að reglur um tryggingagjöld og lífeyrisiðgjöld séu alveg skýrar.

[17:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hæstv. fjmrh. mælir hér fyrir, um breytingu á lögum um tryggingagjald, staðgreiðslu opinberra gjalda og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er m.a. flutt í tengslum við það stóra skattalagamál sem fjallað var um hér fyrir jólin, þ.e. þær miklu breytingar sem gerðar voru á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og samþykkt voru fyrir jólin. Þetta frv. felur m.a. í sér að skýra betur í lögum um tryggingagjald hvernig farið skuli með reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila sem hann er ráðandi í vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

Allt er þetta gott og blessað, herra forseti. Ekki veitir af að styrkja ákvæðin um skattalega framkvæmd. Ég vil í því sambandi rifja upp að nokkuð hart var tekist á um það fyrir jólin, í þessu stóra skattalagafrv., að með breytingunni sem þá var gerð hafi yfirfærsla á einkarekstri í einkahlutafélög verið auðvelduð með því að heimila breytinguna án þess að sú yfirfærsla hefði í för með sér skattskyldar tekjur fyrir einstaklinga eða hlutafélag.

Það var líka mikið rætt og margir tjáðu sig um það í umsögnum, bæði ríkisskattstjóri og Þjóðhagsstofnun, að þessi mikla lækkun á tekjuskatti lögaðila eins og hún var þá fyrirhuguð mundi hvetja einstaklinga í rekstri til að breyta rekstrinum í einkahlutafélög og færa með því hluta launa yfir á hagnað og arð og greiða þannig lægri skatta. Um þetta var hart tekist á eins og menn muna. Menn töldu að hér væri verið að opna leið til skattalegs hagræðis með því að opna fyrir einkahlutafélögin með þeim hætti sem þarna var gert. Því var haldið fram að skattalegt hagræði og möguleikar til skattsniðgöngu væru mjög miklir með þessari breytingu og leiða mætti líkur að því að einstaklingsrekstur legðist af með flutningi hans yfir í einkahlutafélög.

Það er auðvitað nokkuð fróðlegt að skoða þá aukningu sem orðið hefur á þeim skamma tíma sem liðinn er frá samþykkt þessara laga. Manni sýnist, herra forseti, af þeim fjölda sem hefur stofnað til einkahlutafélaga bara í janúar og febrúar að það gangi eftir sem við héldum fram, að þetta yrði gífurlegur hvati, einmitt vegna skattahagræðisins, til þess að breyta einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög. Þannig hefur komið fram, herra forseti, að ef litið er til nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga í janúar og febrúar 2001 og 2002 og þessir tveir mánuðir á árunum 2001 og 2002 bornir saman hefur heildarfjöldinn aukist úr 336 félögum í 664 félög. Um er að ræða nærri tvöfalt fleiri einkahlutafélög heldur en í sambærilegum mánuðum á síðasta ári. Reyndar fækkaði skráningum einkahlutafélaga um 10% allt árið í fyrra, á árinu 2001, samanborið við árið 2000. Auðvitað er þetta bein afleiðing af þeirri skattabreytingu sem átti sér stað fyrir jólin og ég held að varla sé hægt að halda öðru fram, herra forseti, en að þessa miklu fjölgun á einkahlutafélögum megi beinlínis rekja til þess skattahagræðis sem varð af þessari lagabreytingu fyrir jólin.

Það er einmitt fróðlegt að skoða í hvaða atvinnugreinum þessi fjölgun hefur átt sér stað á þessum fyrstu tveimur mánuðum ársins. Fjölgunin hefur mest orðið í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Þar hefur félögunum fjölgað úr 31 félagi á þessum fyrstu tveimur mánuðum árið 2001 fram til fyrstu tveggja mánaðanna á þessu ári þannig að þar er um verulega fjölgun að ræða. Í fasteignaviðskiptum fjölgar einkahlutafélögunum úr 96 í 170 á þessum tveim tímabilum og í heilbrigðis- og félagsþjónustu hefur enn fremur orðið gífurleg aukning, þeim hefur á þessum tveimur samanburðartímabilum fjölgað úr 7 í 52 og töluverð fjölgun hefur orðið í fiskveiðum, úr 21 í 72.

Ég held því, herra forseti, að alveg óhætt sé að segja að allt hafi gengið eftir sem við héldum fram fyrir jólin. Það er alveg ljóst að fyrst verið var að opna fyrir slíka skráningu á annað borð er mjög brýnt að halda vel utan um hana, herra forseti. Reisa verður nauðsynlegar girðingar til að ekki sé verið að misnota þetta félagaform eins og hæstv. ráðherra vék lítillega að í máli sínu áðan.

Án þess að ég hafi skoðað það ítarlega býst ég við að þessi atriði í I. og II. kafla frv., þ.e. um breytingu á stað-

greiðslu opinberra gjalda og tryggingagjaldi, og reyndar líka í þeim kafla sem fjallar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda séu tilraun til að reisa þær girðingar sem þarf.

Engu að síður vil ég halda til haga og ítreka það sem ég sagði fyrir jólin, ég tel að opnað hafi verið fyrir þessa breytingu á einkahlutafélögunum með óeðlilegum hætti eins og það var gert. Auðvitað væri áhugavert, herra forseti, nú við 1. umr. um þetta mál að heyra álit hæstv. fjmrh. á því hvað hann teldi að reynslan af þessum tveimur mánuðum sýndi okkur, hvort hann teldi fjölgunina óeðlilega mikla eða hvort hún væri í samræmi við það sem hann teldi eðlilegt miðað við þá breytingu sem þarna var gerð. Það liggur fyrir að á tveim fyrstu mánuðum þessa árs samanborið við tvo fyrstu mánuðina á síðasta ári er um nærri tvöföldun að ræða, og gífurlega fjölgun í sumum atvinnugreinum.

Ég held því, herra forseti, að ástæða sé til að fylgjast nokkuð grannt með þeirri þróun sem hér er á ferðinni og, eins og ég segi, að reisa þær skorður sem þarf til þess að tryggja að vel sé haldið utan um það sem snýr að skattlagningunni hvað þessi fyrirtæki varðar. Ég sé að gerð er tilraun til þess með þessu frv. og því ber að fagna.

[17:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir undirtektina við þetta frv. Hún hreyfði hér nokkrum mikilvægum atriðum í ræðu sinni að því er varðar fjölgun einkahlutafélaga. Ég treysti mér ekki til að fullyrða að sú fjölgun sé með einhverjum hætti óeðlileg. Ég minni á að eitt ákvæðið í lögunum sem við samþykktum fyrir jól fól beinlínis í sér að fólki var boðið upp á að flytja rekstur úr einkarekstrarforminu yfir í einkahlutafélag án þess að af því væri reiknaður skattskyldur söluhagnaður. Það var alveg markvisst gert, hugmyndin var sú að hjálpa ýmsum aðilum að brjótast út úr þeim viðjum sem viðkomandi rekstur gat verið kominn í, kannski í útgerð, kannski í vinnuvélarekstri, kannski í einhverjum öðrum rekstri tengdum persónu viðkomandi atvinnurekanda en sem viðkomandi gat ekki hætt að reka eða komið yfir til afkomenda sinna eða með öðrum hætti losað sig út úr án þess að greiða heilmikinn skatt af hinum ímyndaða útreiknaða söluhagnaði. Við vissum mætavel að þessum félögum mundi fjölga töluvert og þeim hefur vissulega fjölgað. Þó að tveir mánuðir séu kannski of skammur tími til að draga víðtækar ályktanir tel ég ekki að þær tölur þurfi í sjálfu sér að vera neitt óeðlilegar.

Ég tek undir það sem þingmaðurinn sagði, við þurfum að halda vöku okkar gagnvart þeim aðilum sem hyggjast reyna að nota þetta kerfi og misnota það sér til ávinnings með óeðlilegum hætti. Þetta frv. er liður í því að tryggja að menn fái ekki tækifæri til þess, hvorki að því er varðar tryggingagjald né greiðslur í lífeyrissjóði. Og síðan hefur auðvitað ríkisskattstjóri gefið út mjög ákveðnar reglur um viss lágmörk að því er varðar reiknað endurgjald.

[17:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki með orðum mínum áðan að gagnrýna þetta félagaform varðandi einkahlutafélögin. Þau eiga sjálfsagt rétt á sér í ýmsum tilvikum, m.a. þeim sem hæstv. fjmrh. nefndi áðan. Það sem ég var einungis að segja, herra forseti, var að mér fannst vera opnað á þetta óeðlilega mikið fyrir jólin, og við þurfum ekki að fara af þessu tilefni í gegnum þá umræðu. Ég held að þær tölur sem ég sýni hér fram á í heildina, þar sem þessum félögum hefur fjölgað um helming í ýmsum greinum, sýni okkur að töluvert sé til í því sem ég og fleiri stjórnarandstöðuþingmenn og raunar ríkisskattstjóri og skattstjórar um allt land, sem tjáðu sig um þetta mál, höfðum verulegar áhyggjur af. Ég held að það komi einmitt fram í þessum tölum, og þessi fjöldi á örugglega eftir að vaxa.

Það er verulegt áhyggjuefni, herra forseti, hve mikill munur er orðinn á skatthlutfalli launafólks og fyrirtækja sem getur þegar hátekjuskatturinn er tekinn með orðið yfir 20%, 23% ef ég man rétt. Það er gífurlega mikill munur og það eitt og sér hvetur mjög til þess að menn fari út í að stofna einkahlutafélag utan um hitt og þetta sem alls ekki er eðlilegt að sé gert og þá sé það gert í þeim tilgangi að það leiði til skattalegs hagræðis. Þetta fólk sem er kannski ekkert annað en venjulegt launafólk er þá með því að borga lægri skatta en því ella bæri. Ég held að það sé það sem við sjáum fyrst og fremst í þessum tölum og það er það sem er verulegt áhyggjuefni, herra forseti. Það er rétt að við skoðum þetta mál vel í efh.- og viðskn., einmitt út frá þeim tölum sem hér liggja fyrir.

[17:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð í viðbót um efni þessa frv., svona beint eða óbeint. Hér hafa orðið skoðanaskipti sem eðlilegt er um þær skattabreytingar sem þessu máli tengjast, eða þetta mál tengist öllu heldur. Auðvitað er ljóst að hér hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á undanförnum árum og segja má að kannski sé með þessu frv. verið að stoppa í tiltekin göt, ef göt skyldi kalla, sem kunna að vera á lögum um tryggingagjald, skyldutryggingu lífeyrisréttinda, staðgreiðslu opinberra gjalda og fleira. Þetta er þá í samhengi við þær breytingar sem hafa komið til með tilurð einkahlutafélaga og svo þeim álagningarbreytingum, skattprósentubreytingum, sem teknar voru í gegn fyrir síðustu áramót.

Hæstv. ráðherra kom aðeins inn á það sem rétt er, að þetta hefur auðvitað haft talsverð áhrif á rekstrarform sem menn velja sér, og nú ber á því sem margir spáðu reyndar þegar einkahlutafélögin komu til sögunnar, svona einfaldara og ódýrara form á því að búa um atvinnurekstur í hlutafélagi, að þeim mundi fjölga mjög og það þyrfti að vera á verði gagnvart þeim tilhneigingum að menn færu að flytja hefðbundna launavinnu sína sem sjálfstætt starfandi launamenn yfir í slíkt form til þess að hagnast á því í skattalegu tilliti.

Áður en einkahlutafélögin komu til sögunnar var fyrst og fremst um að ræða atvinnurekstur í eigin nafni án þess að um fyrirtæki væri að ræða, eða þá hlutafélög. Við höfðum hér á köflum býsna umsvifamikla atvinnurekendur sem gerðu atvinnureksturinn upp í eigin nafni. Ég hygg að á engan sé hallað þótt það sé sagt að einn sá merkasti þeirra var lengi skattakóngur Íslands, Þorvaldur í Síld og fisk, sem rak sinn umfangsmikla atvinnurekstur í eigin nafni og borgaði tekjuskatt eins og um launatekjur væri að ræða af endanlegum hagnaði fyrirtækisins. Þar var oft um myndarlegar fjárhæðir að ræða sem hann sem skattgreiðandi skilaði þá í ríkissjóð og borgaði sömu prósentu af og launamenn af sinni vinnu.

Nú er þetta form auðvitað gjörsamlega að líða undir lok af augljósum ástæðum og þar kemur ekki síst til sú mikla breyting sem orðið hefur á skömmum tíma á álagningarprósentu, annars vegar venjulegra launatekna að uppurnum persónufrádrætti og hins vegar skattlagningu lögaðila, og þá

einkum og sér í lagi einkahlutafélaga. Þar var heldur betur tekið til hendi, ef svo má að orði komast, hér fyrir jólin þegar ákveðið var að lækka skattlagninguna á einkahlutafélög eða lögaðila, álagningu á hagnað fyrirtækja niður í 18%, í stað þeirra 38–45% sem launamenn borga af öllum launum sínum eftir að persónufrádráttur er fullnýttur.

Og það sem meira er, herra forseti, menn kunna jafnvel að fara út í æfingar af því tagi sem ég kom aðeins að í andsvari áðan, að færa launavinnu sína í raun og veru inn í einkahlutafélög og selja vinnu sína út úr þeim og taka þetta inn sem rekstrartekjur viðkomandi félags með það að markmiði á grundvelli tiltekinna æfinga að ná hagnaðinum að lokum út með 10% skattlagningu sem arði. Þá er auðvitað orðinn svo gríðarlegur munur á annars vegar tæplega 40% skattlagningu venjulegra launatekna og hins vegar slíkum möguleikum (**JóhS:** 45.) 45% ef um hátekjuskatt er að ræða, sem oft mundi nú vera í þessum tilvikum, að það sjá auðvitað allir menn í hendi sér að þarna er hætta á ferðum. Ég held að hæstv. fjmrh. verði að horfast í augu við það af raunsæi hvað sem líður hugmyndafræði um skattprósentur og gildi þess að lækka skatta t.d. á fyrirtæki sem margir halda hér hátíðlegar ræður um, að þarna er ósköp einfaldlega orðið svo mikið bil á milli að tilhneigingar í þessa veru munu örugglega verða uppi. Þær gömlu þumalputtareglur sem oft voru nú uppi hafðar og varnaðarorð í þessum efnum, að óheppilegt væri að slíkur munur yrði mjög mikill, helst ekki meiri en svona 5–10%, ég held að þau séu fullgild enn þann dag í dag.

Augljóst er að það eru fjölmennar stéttir sem gætu valið að færa sig yfir að þessu leyti ef menn sæju möguleika á því í skattalegu tilliti að losna undan skattgreiðslum í stórum stíl. Það eru stéttir manna í landinu sem telja þúsundir á þúsundir ofan sem gætu valið að hverfa alfarið yfir í þetta rekstrarform. Iðnaðarmenn margir hverjir gætu sjálfsagt í mjög almennum mæli farið að færa öll umsvif sín yfir í rekstur einkahlutafélags og selja sig út sem slíka. Bændur landsins eru náttúrlega með rekstur sem fullkomlega gerir það gilt að þeir gætu ákveðið almennt að fara út í þá breytingu að stofna einkahlutafélög um rekstur sinn og auðvitað hafa einstöku bændur gert það og stærri bú hafa stundum valið hlutafélagaform eða einkahlutafélagaform í staðinn fyrir félagsbú eða venjulegan rekstur. Það er að vísu því miður svo að þeir bændur eru allt of fáir sem borga umtalsverða skatta einfaldlega vegna þess að afkoman í þeirri grein er svo léleg, en ég nefni það sem dæmi að eðli málsins samkvæmt gætu slíkar stéttir, margar hverjar, með nákvæmlega sömu rökum og ýmsir aðrir sjálfstætt starfandi „atvinnurekendur" eða launamenn þar sem það er oft í raun og veru bara skilgreiningaratriði hvort menn kjósa frekar að telja sig, fært allan sinn rekstur yfir í þetta form. Stundum hefur það nú verið þannig að staðið hafa deilur um hvort stéttir ættu að teljast launamenn í hefðbundnum, klassískum skilningi eða atvinnurekendur. Við getum nefnt sem dæmi bílstjóra þar sem þetta hefur nú stundum valdið illindum og þar hafa kannski verið svolítið óljós landamæri.

Þetta er auðvitað angi af býsna stóru máli, herra forseti, þannig að ég vildi aðeins koma þessu hér að og endurtaka það sem ég sagði fyrr í máli mínu að ég held að hæstv. fjmrh. ætti að láta fara mjög rækilega yfir það hvað er að gerast í þessum efnum og vera vel á varðbergi gagnvart þeirri tilhneigingu sem við sjáum, að einkahlutafélög spretti upp eins og gorkúlur út um allt þar sem verið er að færa í stórum stíl það sem ætti í reynd að vera venjuleg launuð vinna, yfir í slíkan rekstur. Þá erum við náttúrlega að tala um býsna stóra hluti og miklu stærri en þá í sjálfu sér sem hér er ætlunin að setja undir með þessum breytingum á lögum um tryggingagjald, skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.s.frv. Úr því að þessa hluti, herra forseti, hefur borið hér á góma á annað borð leyfi ég mér að blanda mér aðeins í þá umræðu og fyrst og fremst með þeim varnaðarorðum að menn verði nú vel á varðbergi og sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það muni verða endalaus núningur uppi í þessum efnum svo lengi sem svona mikill munur er á skattlagningarprósentunum.

Það ætti að taka skattlagningu eigna- og fjármagnstekna til skoðunar á nýjan leik. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum þar ekki lent á rétt ról á sínum tíma. Það hefði verið betra að reyna að koma þar við skattlagningu rauntekna með hærri prósentu sem væri meira í takt við þá sem greidd er af almennum launum eða af hagnaði fyrirtækja og þar hafi menn líka farið offari að dúndra því úr 30% niður í 18%. Það hefði verið betra að fara þar a.m.k. hægar í sakirnar og reyna að hafa það í huga að munurinn þarna á milli yrði ekki ótæpilegur til þess að ekki stofnaðist til tilhneiginga hjá mönnum að reyna að fara út í einhverjar æfingar og losna undan því að greiða keisaranum það sem keisarans er, sem menn eiga auðvitað að gera og ekki mun veita af hjá hæstv. fjmrh. sem finnur nú fyrir því á sínum hrygg að góðærið er ekki eins óumdeilanlegt og hér var einu sinni talið. Og ætli það verði ekki ærinn hausverkur hjá hæstv. ráðherra að ná ríkissjóði saman á árinu án þess að þar verði stórfelldur halli á þannig að einhverjir þurfa nú að muna eftir því að það þarf tekjur til að standa undir útgjöldum ríkissjóðs. Það er stundum sagt að ríkissjóður eigi fáa eða enga vini en það er nú ekki rétt því að til eru þeir stjórnmálamenn sem hafa jafnan reynt að halda því til haga að afla verður tekna ef hér á að reka öflugt samábyrgt velferðarkerfi og standa undir þeim sameiginlegu útgjöldum sem ríkissjóður gerir og þá þarf að vera vel á verði að menn séu ekki búnir að bora þar allt of mörg göt þar sem tekjurnar leki út í allar áttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 583. mál (sektir, barnabílstólar). — Þskj. 912. [17:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. sem er með tveimur efnisatriðum. Hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, á þskj. 912.

Tilefni frv. eða tilgangur er annars vegar að rýmka heimildir tollstjóra til þess að ljúka málum með sektarboði til samræmis við heimildir lögreglustjóra í sambærilegum málum en hins vegar er tilgangur frv. að lækka gjaldtöku ríkisins á barnabílstólum sem eru nauðsynlegur öryggisbúnaður fyrir börn sem eru farþegar í bifreiðum.

Nánar tiltekið er í 1. gr. frv. lagt til að 2. mgr. 139. gr. tollalaga verði breytt þannig að tollstjóra verði heimilað að ljúka máli vegna brota á tollalögum með sektarboði ef brot er skýlaust sannað og það varðar ekki hærri sekt en 300 þús. kr. Í núverandi lagaákvæði er tollstjóra heimilt að ljúka máli með sátt ef brot varðar ekki hærri sekt en 75 þús. kr.

Tilefni þessarar breytingar er að dómsmrh. hefur með heimild í 115. gr. einkamálalaga, nr. 19/1991, heimilað með

reglugerð að lögreglustjórar ljúki máli með sektarboði ef það er þeirra mat að málið varði ekki þyngri refsingu en sekt að fjárhæð 300 þús. kr. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til í frv. næst samræmi milli þessara tveggja lagabálka og vænta má þess að minni háttar málum ljúki nú frekar en áður með sátt eftir að heimildir tollstjóra hafa verið rýmkaðar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Í 2. gr. frv. er lagt til að tollur á barnabílstólum verði felldur niður ef stólarnir eru viðurkenndir samkvæmt öryggisstöðlum frá Evrópusambandinu, Bandaríkjunum eða Kanada. Samkvæmt núgildandi tollskrá er lagður 10% almennur tollur á barnabílstóla ef þeir eru upprunnir í löndum utan Evrópusambandsins. Tilefni þeirrar breytingar er að fjmrn. hefur orðið þess áskynja að nokkrir evrópskir framleiðendur barnabílstóla hafa flutt framleiðslu sína til Asíu og þar með hafa tollar á framleiðslu þeirra hækkað. Um er að ræða vörur sem eru tengdar notkun öryggisbelta í bifreiðum en barnabílstólar eru ýmist búnir öryggisbeltum eða eru notaðir með öryggisbeltum sem fyrir eru í bifreiðum. Slík belti bera engan toll.

Í umferðarlögum er kveðið á um að skylt sé að nota barnabílstóla þegar börn eru farþegar í bílum enda er um nauðsynlegan öryggisbúnað fyrir þau að ræða. Samkvæmt framansögðu er því lagt til að almennur tollur verði felldur niður af stólunum fullnægi þeir öryggisstöðlum.

Ástæðulaust er, herra forseti, að fjalla frekar um þetta stutta frv. en ég vænti þess að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og ég legg til að málið fari til efh.- og viðskn.

[17:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. er eiginlega algerlega tvískipt og varðar tvo alls óskylda hluti í tollalögum ef ég hef rétt lesið. Fyrra atriðið er að lykta sektarfjárhæð sem heimilar tollstjóra að ljúka málum með sátt eða með því að menn greiði sekt í stað þess að málin gangi þá lengra og það hljómar í sjálfu sér skynsamlega að rýmka það svigrúm. Ég tel mig hins vegar ekki dómbæran á það hvar nákvæmlega þessar fjárhæðir liggja því að ég átta mig ekki alveg á því hversu alvarleg brot eða ágreiningsatriði liggja þar að baki þegar sektarupphæðir eru annars vegar eins og þær hafa verið, 75 þús. kr. eða þá 300 þús. kr. sem kæmu þar í stað.

Það er fyrst og fremst hitt atriði frv. sem varðar niðurfellingu tolla á barnabílstólum sem mig langar til að víkja að og fagna að sjálfsögðu og þó fyrr hefði verið. Sá tollur sem þarna hefur verið er kannski ekki ýkja mikill, eða 10%, en fer nú niður í núll. En það er fyrst og fremst grundvallaratriði, prinsippatriði sem þar er á ferðinni sem skiptir máli að mínu mati og hefði náttúrlega fyrir löngu átt að meðhöndla sjálfsögð og bráðnauðsynleg öryggistæki eins og barnabílstóla, viðurkennda barnabílstóla, með sambærilegum hætti og öryggisbelti eða annan slíkan búnað.

Mig langar hins vegar til að spyrja hæstv. ráðherra í þessu sambandi hvort farið hafi verið yfir það hvernig ýmis annar öryggisbúnaður er meðhöndlaður í tollalegu tilliti. Almennt séð er kannski leitun að betri fjárfestingu en þeirri að reyna að hvetja til notkunar hvers kyns búnaðar sem getur aukið öryggi í umferðinni og dregið úr slysum. Mér er nær að halda, eða ég óttast að það kunni að vera svolítið tilviljanakennt samt hvernig slíkur búnaður er meðhöndlaður og að jafnvel í sumum tilvikum lendi öryggisbúnaður í tollum sem hluti af bifreiðum, af einhverjum staðalbúnaði bifreiða, og kannski er ekki alltaf auðvelt að koma við einhverri aðgreiningu í þeim efnum. En engu að síður leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra að þessu því að ég geri ráð fyrir að ráðuneytið leggi til grundvallar ákvörðunum sínum að þessu leyti einhver vísindi sem ráðuneytið er með frá aðilum sem því eru innan handar, t.d. Umferðarráði eða dómsmrn. eða öðrum slíkum aðilum.

Það þarf auðvitað ekki að minna á, herra forseti, hversu aftarlega á merinni við Íslendingar erum, því miður, hvað varðar umferðaröryggi og sorglegt til þess að vita hversu hægt gengur að bæta þar úr. Því miður eru fréttirnar allt of oft á hinn veginn að við erum ekki að ná neinum þeim árangri sem menn hafa bundið vonir við hvað það varðar að draga úr alvarlegum slysum o.s.frv. og þá getur búnaður af þessu tagi, ef hann er sem ódýrastur og m.a. með stjórnvaldsaðgerðum af því tagi að fella niður tolla og aðflutningsgjöld, hvatt til notkunar hans, því að í því eru auðvitað fólgin ákveðin skilaboð í leiðinni að stjórnvöld séu að reyna að stuðla að því að slíkur búnaður sé notaður. Það væri því fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti aukið einhverju við þekkingu okkar á því hvort þessi mál hafi verið yfirfarin af ráðuneytinu, hvort menn telji að gott samræmi sé í þeirri tollaframkvæmd sem viðhöfð er í þessum efnum eða hvort þar sé enn verk óunnið sem lyti þá að því að fara yfir og samræma þetta.

[17:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal nú viðurkenna að slík heildaruttekt hefur ekki farið fram, sem hv. þm. spurði um, að því er varðar tolla á ýmiss konar öryggisbúnað. Hins vegar er það almennt þannig að tollar eru mjög á undanhaldi og skipta miklu minna máli í heildartekjuöflun ríkissjóðs en áður var. En þetta frv. eða það mál sem er umfjöllunarefni þess er hins vegar til komið af alveg sérstöku tilefni sem er rakið í greinargerðinni og ég gat um í framsögu minni að sú breyting hefur orðið að framleiðendur þessara stóla hafa flutt framleiðslu sína út af frítollasvæðinu, sem við erum annars aðilar að, og til fjarlægari landa þar sem lagður er tollur á innflutning á vörum frá og þess vegna kemur upp misræmi, bæði miðað við það sem áður var og eins ef um er að ræða stóla sem þó koma frá fríverslunarlöndum okkar eftir sem áður. Þetta er því kannski ekki síst samkeppnisspursmál fyrir þá sem selja slíka stóla að þeir séu ekki af opinberri hálfu skattlagðir með mismunandi hætti eftir uppruna sem þó er að vísu gert með margar vörur. En vegna þess að hér er um að ræða lögboðið öryggistæki í bíla og það fyrir lítil börn þá þótti okkur einboðið að bregðast við því erindi sem barst út af þessu máli á þennan hátt án þess þó að það sé á grundvelli einhverrar heildaruttektar á því máli sem þingmaðurinn spurði hérna um.

[18:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég tel þau alveg fullnægjandi hvað þennan þátt málsins varðar og tek það að sjálfsögðu fram aftur og til að fyrirbyggja allan misskilning að mér finnst þetta sjálfsögð og góð breyting og ráðuneytið á hrós skilið fyrir það að taka á málinu. Það er nú oft sem menn eru ekkert að flýta sér þegar verið er að leiðrétta í þessa áttina, að lagfæra eða lækka álögur þar sem ekki standa efni til þess að hafa þær eins og í þessu tilviki. Auðvitað varðar þetta væntanlega mjög óverulega fjárhagslega hagsmuni fyrir ríkissjóð. En þetta er meira svona táknræn

aðgerð og sjálfsögð aðgerð og líka til að hafa þessa hluti í samræmi.

Þetta er gott svo langt sem það nær. En ég endurtek, og skal ekki hafa um það fleiri orð, að ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til þess að láta líta á það í ráðuneyti sínu hvort ekki væri skynsamlegt að fara í úttekt á þessum málum og kalla kannski til fróða aðila sem kæmu að þessu frá t.d. dómsmrn., Umferðarráði og jafnvel víðar að þannig að farið væri yfir m.a. tolla og reglur um skattalega meðferð mikilvægs öryggisbúnaðar. Það þarf að vísu líka að fara yfir notkunarreglur. Mér er kunnugt um það t.d. að í gildi eru furðulegar reglur sem banna tiltekinn öryggisbúnað nema um sé að ræða atvinnutæki. Einstaklingar hafa lent í því að þeir hafa ætlað að setja öryggisbúnað í einkabíla sína og þeim hefur verið meinað að gera það, svo sem eins og ýlur þegar sett er í bakkgír og ekið aftur á bak, vegna þess að einhverjar reglur tilgreina að þetta megi ekki nota nema um atvinnutæki sé að ræða o.s.frv.

Ýmislegt af þessu tagi þarf að fara yfir. Mér er ljóst að það heyrir ekki undir fjmrh. En manni þætti vænt um að sá þáttur málsins sem er á hans könnu yrði skoðaður og það væri sómi að því að hæstv. fjmrh. hefði um þetta frumkvæði.

[18:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er efni þessa frv. tvíþætt, annars vegar hækkun sektarheimilda tollstjóra og hins vegar niðurfelling á tolli á barnabílstólum.

Mig langar aðeins að víkja að fyrra ákvæðinu fyrst en það vekur nú upp eina eða tvær spurningar. Í fyrsta lagi er verið að heimila fjmrh., líkt og dómsmrh. hefur heimild til, þ.e. tollstjóri getur lokið minni háttar málum með sátt ef brot er skýlaust sannað og það varðar ekki hærri sekt en 75 þús. kr. en lagt er til að þessi heimild verði hækkuð í 300 þús. kr. og rökin eru þau að verið sé að samræma það því sem gerist varðandi sektarheimildir hjá lögreglustjóra, en þar er heimild til þess að ljúka máli með lögreglustjórasátt telji hann fjárhæð sektar ekki fara fram úr 300 þús. kr.

Það sem í fyrsta lagi vekur athygli mína er að samkvæmt tollalögum og lögum um meðferð opinberra mála virðist svo vera að dómsmrh. geti hækkað þessa heimild sem hann hafði í 300 þús. kr. — það gerði hæstv. ráðherra með reglugerð 22. des. árið 2000, þ.e. hækkaði úr 35 þús. kr., eins og það var þá, í 300 þús. kr. og í einhverjum tilfellum var hækkunin úr 100 þús. kr. í 300 þús. kr. — þarna virðist hæstv. dómsmrh. hafa heimild til þess að hækka þessar greiðslur — sem mér sýnist nú að sé ekkert annað en skattlagningarvald eða vald til þess að ákveða fjárhæð sekta — með reglugerðarheimild, en hæstv. fjmrh. þarf að leita eftir því að fá lagaheimild til þess að fara sambærilega leið, þ.e. að hækka sektir vegna ákvæða í tollalögum úr 75 þús. kr. í 300 þús. kr.

Á því hefði ég viljað fá frekari skýringu hvort þetta sé eðlilegt því að ég tel ekki eðlilegt að hæstv. dómsmrh. hafi þessa heimild án þess að hún hafi stoð í lögum, sem ég get ekki séð að hún hafi eftir að hafa farið yfir þetta.

Í annan stað velti ég fyrir mér hvernig þessar fjárhæðir innbyrðis eru ákveðnar vegna þeirra mála sem upp koma og kalla á að það sé sektað í. Þarna er einhver rammi sem hæstv. dómsmrh. hefur, allt upp að 300 þús. kr. vegna ýmissa brota, og með þessu frv. er verið að heimila tollstjóra að ljúka máli með sekt sem hægt er að hafa allt að 300 þús. kr., sjálfsagt eftir því hver brotin eru.

Herra forseti. Ég hefði nú haldið að þegar slík heimild er fengin með lögum upp að ákveðinni, tiltekinni fjárhæð þá hefði átt að gefa út reglugerðir um það í hvaða tilvikum heimilt sé að sekta miðað við tiltekið brot, en að þetta sé ekki alfarið á hendi viðkomandi aðila eins og tollstjóra í þessu tilviki sem við fjöllum hér um og hins vegar lögreglustjóra. Eða hvernig er þessu háttað? Veit hæstv. ráðherra hvernig með svona heimildir er farið? Eitthvað hlýtur að vera lagt til grundvallar þeim sektum sem ákveðnar eru í hverju tilviki fyrir sig og 300 þús. kr. sekt er nokkuð há sekt þannig að maður veltir fyrir sér hvaða forsendur búi þar að baki, hvaða athuganir liggi þar að baki, við hvað sé miðað. Þetta, herra forseti, vildi ég gjarnan fá fram. Ég geri út af fyrir sig ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra geti svarað þessu hér við umræðuna en mun kalla eftir því við meðferð málsins í efh.- og viðskn., þ.e. annars vegar af hverju fjmrh. þurfi lagastoð til þess að fara með þessar heimildir fyrir tollstjórann upp í 300 þús. kr. en dómsmrh. virðist einungis styðjast við reglugerð til þess að fara með þessar heimildir upp í 300 þús. kr., ef ég skil málið rétt. Vera má að á þessu sé einhver önnur skýring.

Ég fagna því sem hér er gert varðandi hitt meginákvæði frv., þ.e. niðurfellingu tolla á barnabílstólum sem er öryggisbúnaður fyrir börn og sjálfsagt er og eðlilegt að ekki sé lagður tollur á þá. Reyndar finnst mér líka að ekki eigi að leggja skatta á þá. Er það ekki rétt, herra forseti, og ég spyr hæstv. ráðherra að því, að af þessum barnabílstólum hafi ríkið ákveðnar tekjur t.d. í formi virðisaukaskatts? Þegar um svona öryggisatriði er að ræða finnst manni nú að það eigi að afnema líka virðisaukaskattinn af barnabílstólum sem eru öryggistæki, að ríkisvaldið eigi ekki að hafa af þessu tekjur vegna þess að barnabílstólar eru öryggistæki. Þetta er dýr vara sem á ekki að vera að skattleggja þannig að allir, líka þeir sem hafa ekki mikla peninga milli handanna, geti keypt sér slík öryggistæki sem barnabílstólar eru.

Þetta minnir mig á annað frv. sem við erum að fjalla um og snertir breytingar á virðisaukaskattslögum. Við erum með það til meðferðar í efh.- og viðskn. Þar liggur nú fyrir umsögn fjölskylduráðs um það mál og fjölskylduráð á lögum samkvæmt að vera stjórnvöldum til halds og trausts og ráðgjafar um öll málefni sem snúa að fjölskyldunni. Í umsögn fjölskylduráðs um það mál, virðisaukaskattslögin sem eru fyrir efh.- og viðskn., er lagt til að afnema virðisaukaskatt af vöruflokkum sem snerta börn, þ.e. að virðisaukaskattur verði ekki tekinn af vöruflokkum eins og bréfbleyjum, barnabílstólum, barnavögnum og kerrum, eins og þar er nefnt. Einmitt af því tilefni að fjölskylduráð á nú að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í þessu efni þá óskaði ég eftir minnisblaði frá fjmrn. um hvað það kostaði að lækka eða afnema virðisaukaskattinn af þessum hlutum eins og barnavögnum, kerrum, barnabílstólum og bréfbleyjum. Það var um 87 millj. kr. sem það kostaði að afnema virðisaukaskattinn á þessum brýnu hlutum. Ég held að fjármagni væri mjög vel varið ef sú leið yrði farin að afnema virðisaukaskatt af þessum hlutum sem svo miklu máli skipta fyrir barnafjölskyldurnar í landinu.

Herra forseti. Í þeirri sundurliðun kemur fram að það að afnema virðisaukaskatt af barnabílstólum og vegna annarra sæta sem þeir töldu sig ekki geta sundurliðað frekar í fjmrn., kostar um 8,5 millj. þannig að ég held að þarna sé nú ekki um verulegar upphæðir að ræða eða mikið í húfi fyrir ríkissjóð þó að það yrði skoðað líka að afnema virðisaukaskatt af

barnabílstólum.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki tilbúinn að skoða það í ljósi þess að við erum að fjalla hér um mikið öryggistæki að afnema einnig virðisaukaskattinn af barnabílstólunum til þess að verðlagningin á þeim geti verið slík að frekar verði mögulegt að allar fjölskyldur með ung börn geti fest kaup á slíkum stólum.

Þessu vildi ég nú koma á framfæri, herra forseti, við þessa umræðu og mun auðvitað taka þau atriði sem ég hef hér nefnt upp í efh.- og viðskn. En að sjálfsögðu mundi það greiða fyrir málinu ef hæstv. ráðherra tjáði sig um þau efnisatriði sem ég hef nefnt í þessari umræðu.

[18:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem þingmaðurinn sagði að ég get ekki útskýrt hvers vegna reglugerðarheimildir í lögum um meðferð opinberra mála eru eitthvað rýmri en hér er um að ræða í tollalögum. Hins vegar er það ekki rétt — ég held að það hljóti að vera misskilningur — að líkja þessu við skatt. Þar af leiðandi er þetta ekki framsal skattlagningarvalds.

Það sem um er að ræða er að annars vegar lögreglustjórar og hins vegar tollstjóri hafa heimild til að ljúka málum, þ.e. án þess að senda þau í kærumeðferð eða senda þau lengra, eins og sagt er, ef þeir telja að endanleg refsing í málinu yrði ekki meiri en sekt sem nemur í þessu tilfelli 300 þús. kr. Því er ekki um það að tefla hér að þeim sé framselt skattlagningarvald. Þeir hafa hins vegar heimildir til þess að klára mál með sektarboði svokölluðu og koma því út úr heiminum ef viðkomandi játar sekt sína og er tilbúinn að borga sektina strax. Um það snýst málið. En ég get svo sem tekið undir það með hv. þm. að kannski er dálítið ankannalegt að þetta sé í öðrum lögunum heimilað með reglugerð en hins vegar þurfi lagabreytingar til, þ.e. að gera breytingar á þessum fjárhæðum.

Að því er varðar virðisaukaskattinn, hvort sem er á barnabílstólum eða einhverjum öðrum varningi þá er sá listi að sjálfsögðu endalaus sem hv. þm., ég sjálfur sem ráðherra eða hver sem er hér í salnum, gæti tínt til um nauðsynjavörur sem eðlilegt væri að lækka eða fella niður virðisaukaskatt á. Svar mitt við þessari tilteknu spurningu er nei. Ég er ekki tilbúinn að ganga þá götu að fella niður virðisaukaskattinn á þessum tiltekna varningi sem hér er til umræðu frekar en öðrum. Það verður að hafa þetta kerfi skothelt. Því miður er ekki grundvöllur fyrir því að tína út einhvern varning sem mér líst persónulega vel á eða hv. þm. líst persónulega vel á. Þá erum við komin í miklar ógöngur með þetta kerfi.

[18:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra um að það er vandmeðfarið að veita undanþágur frá virðisaukaskatti. Aftur á móti eru víða undanþágur í virðisaukaskattskerfinu. Við erum hér að fjalla um mjög sérstakt mál sem hefur að mínu viti algjöra sérstöðu, vegna þess að hér er um öryggisatriði að ræða varðandi börn í bílum. Þetta er mikið atriði fyrir barnafjölskyldur, að þetta sé ekki munaðarvara sem fáir geti keypt, þegar um slíkt öryggistæki er að ræða. Ég tel að öryggið hafi algjöra sérstöðu að því er varðar barnabílstóla og þar með sé réttlætt að ekki sé greiddur af honum virðisaukaskattur. Það væri fróðlegt að fara yfir ýmsar undanþágur á virðisaukaskatti, hvort þar sé fremur réttlætanlegt að hafa undanþágur en að því er varðar barnabílstóla.

Varðandi hitt atriðið þá verður það auðvitað skoðað sérstaklega í nefnd sem ráðherrann hafði ekki svar við, sem ég get ekkert ætlast til, þ.e. af hverju hann þarf að leita lagastoðar út af sektunum varðandi tollamálin en ekki dómsmrh., líkt og varðandi lögreglusektir. Ég tel, herra forseti, að þó að það sé út af fyrir sig örugglega rétt að kannski sé ekki hægt að kalla þetta skattlagningarvald þá er þó verið að veita heimild til þess að ákveða gjaldtöku eða sekt, herra forseti. Mér finnst að við þurfum að fá miklu betri skýringu á því en hæstv. ráðherra getur veitt okkur í þessari umræðu, þ.e. hvaða forsendur liggja að baki þeirri ákvarðanatöku sem tekin er varðandi hvert og eitt brot fyrir sig.

Hér er um að ræða háar fjárhæðir. Þetta er ákveðin gjaldtaka eða sekt eða hvað sem menn vilja kalla það. Þó að ekki sé hægt að flokka þetta undir skattlagningu verðum við að fá skýringu á því við meðferð málsins í nefnd hvernig þessar fjárhæðir eru ákveðnar innan þessara 300 þús. kr. marka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:19]

Útbýting þingskjala:

Kindakjötsframleiðsla, 611. mál, fsp. DrH, þskj. 958.

Sauðfjárframleiðsla, 613. mál, fsp. DrH, þskj. 960.

Útflutningur kindakjöts, 612. mál, fsp. DrH, þskj. 959.

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, 610. mál, fsp. ÖJ, þskj. 957.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 594. mál (viðmiðunarlaun, réttur barna og maka o.fl.). — Þskj. 936.

og

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 1. umr.

Stjfrv., 595. mál (réttur barna og maka). — Þskj. 937.

[18:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Eins og rakið er í grg. með frv. þessum eru með þeim lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur sérstaklega óskað eftir að gerðar verði. Þar er fyrst og fremst um að ræða breytingu á lögunum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en til samræmis er lögð til ein breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 2. mgr. 5. gr. laga nr. 1/1997 varðandi þær aðstæður sem skapast þegar iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins falla niður.

Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að breyta ákvæði þessu til að koma til móts við þarfir sjóðfélaga, einkum kennara, en algengt er að þeir taki sér launalaust leyfi sem varir í tólf mánuði. Þegar viðkomandi vill hefja greiðslur

til B-deildarinnar að nýju er honum það ekki heimilt eins og ákvæðið er nú en þar segir að ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falli niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, eigi viðkomandi ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

Hafa sjóðfélagar lýst yfir óánægju með þetta ákvæði en með þeirri breytingu sem lögð er til í þessu frv. verður sjóðfélögum heimilt að láta iðgjaldagreiðslur falla niður í allt að tólf mánuði án þess að réttur þeirra til aðildar að B-deild sjóðsins falli niður.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 6. mgr. 23. gr. laganna um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ákvæði 6. mgr. 23. gr. laganna var ætlað að koma í veg fyrir sjálfdæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum starfsmanna í lífeyrissjóðnum. Stjórn sjóðsins hefur, með stoð í ákvæðinu, metið það svo að henni beri skylda til að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris þegar sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Framangreinda framkvæmd stjórnar LSR við beitingu á ákvæði 6. mgr. 23. gr. má að sjálfsögðu rekja til tilgangs löggjafans sem er að fela stjórn sjóðsins ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda til að koma í veg fyrir sjálfdæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum í sjóðnum. Kemur þetta skýrt fram í athugasemdum við ákvæði d-liðar 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996, en til þess ákvæðis má rekja 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Þessum tilgangi verður ekki náð nema ákvæðinu sé beitt jafnt fyrir ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda sem og við ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu lífeyris úr sjóðnum.

Með 2. og 3. gr. þess frv. sem hér er lagt fram, um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er verið að skjóta styrkari stoðum undir fyrrgreinda framkvæmd stjórnar sjóðsins við ákvörðun á viðmiðunarlaunum og taka af allan vafa um að hún hafi fullnægjandi lagastoð í 6. mgr. 23. gr. laganna.

Í kjölfar ofangreindrar breytingar er jafnframt lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 35. gr. laga nr. 1/1997 í tengslum við svokallaða „eftirmannsreglu". Nýja ákvæðið kveður á um að kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. 6. mgr. 23. gr., þá skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af.

Í þriðja lagi er lögð til breyting sem tekur á því hvenær barna- og makalífeyrisréttur úr sjóðnum verður virkur og í tengslum við það hvernig meðhöndla beri iðgjaldagreiðslur til sjóðsins sem eru til komnar eftir andlát sjóðfélaga. Tekur sú breyting til 1. mgr. 27. og 29. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en einnig 1. mgr. 11. og 12. gr. laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Með 4. og 5. gr. frv. um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og með 1. og 2. gr. frv. um breytingu á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, er lögfest sú venjuhelgaða framkvæmd stjórnar LSR að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum til eftirlifandi maka eða barna fyrr en launagreiðslur falla niður og iðgjaldagreiðslum til sjóðsins vegna viðkomandi er lokið. Í allflestum kjarasamningum sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs eða sveitarfélög eru aðilar að eru ákvæði þar sem kveðið er á um launagreiðslur í tiltekinn tíma eftir lát starfsmanns að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Forsögu slíkra ákvæða má rekja til ákvæðis í eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, þar sem kveðið var á um launagreiðslur til maka látins starfsmanns. Af launum þessum hafa verið greidd iðgjöld í lífeyrissjóðinn. Í slíkum tilvikum hefur LSR ekki greitt út lífeyri fyrr en iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið. Telja ber eðlilegt að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum á sama tíma og laun eru greidd vegna viðkomandi sjóðfélaga og iðgjöld greidd af þeim launum til sjóðsins. Á meðan iðgjöld eru greidd í sjóðinn er enn verið að reikna réttindaávinning á sjóðfélagann. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir launagreiðslum eftir andlát sjóðfélaga og má ætla að ekki hafi verið hugað að slíkum greiðslum við lögfestingu ákvæða um barna- og makalífeyri.

Núverandi framkvæmd styðst við áratugalanga hefð og er í fullu samræmi við þann tilgang með greiðslu barna- og makalífeyris að koma til móts við tekjutap sem aðilar verða fyrir við missi framfæranda en ekki reynir á það tekjutap fyrr en eftir að launagreiðslum lýkur. Með þessari lagabreytingu er skotið styrkari stoðum undir núverandi framkvæmd á greiðslu maka- og barnalífeyris.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessum verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 596. mál (EES-reglur, ríkisaðstoð). — Þskj. 938. [18:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í grg. með frv. þessu er með því verið að aðlaga XI. kafla samkeppnislaga að reglugerð Evrópusambandsráðsins nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 88. gr. Rómarsáttmálans.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 164/2001 frá 11. des. 2001, var gerð breyting á bókun 26 um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Með þeirri ákvörðun var reglugerð Evrópusambandsráðsins nr. 659/1999, um ítarlegar reglur um beitingu 88. gr. Rómarsáttmálans, felld inn í EES-samninginn. Ákvæði umræddrar 88. gr. Rómarsáttmálans er sambærilegt 62. gr. EES-samningsins og kveður á um að stöðugt skuli fylgjast með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni með það í huga að þau samrýmist 61. gr. EES-samningsins. Framkvæmdastjórn ESB og Eftirlitsstofnun EFTA sinna þessu eftirliti, annars vegar á grundvelli 88. gr. Rómarsáttmálans og hins vegar á grundvelli bókunar 26 við EES-samninginn. Í stuttu máli er markmiðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 26 að tryggja Eftirlitsstofnun EFTA sambærilegar heimildir og framkvæmdastjórn ESB er falin með reglugerð Evrópusambandsráðsins nr. 659/1999. Flestar þær heimildir sem um ræðir hefur Eftirlitsstofnun EFTA

haft áður en í reglugerðinni er kveðið skýrar á um nokkur atriði en verið hefur. Kallar reglugerðin því á minni háttar breytingar á XI. kafla samkeppnislaga um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Nánar tiltekið er í frumvarpi þessu kveðið á um eftirfarandi þrjú atriði:

1. gr. frv. byggir á 22. gr. reglugerðar Evrópusambandsráðsins nr. 659/1999. Samkvæmt greininni er Eftirlitsstofnun EFTA veitt heimild til vettvangsskoðunar enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 3 með samningnum um Eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar.

Í reglugerð Evrópusambandsráðsins nr. 659/1999 er kveðið á um að hafi Eftirlitsstofnun EFTA alvarlegar athugasemdir um að ákvörðunum hennar sé hlítt skuli hún eiga þess kost að grípa til frekari úrræða sem gera henni kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að sannreyna hvort ákvörðunum hennar sé hlítt með skilvirkum hætti. Vettvangsheimsóknir í eftirlitsskyni séu viðeigandi og nothæft úrræði, einkum í tilvikum þar sem aðstoð kann að hafa verið misnotuð. Því beri að heimila Eftirlitsstofnuninni að fara í vettvangsheimsóknir í eftirlitsskyni og skuli hún njóta samvinnu við lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum þar sem fyrirtæki er andvígt slíkri heimsókn.

Í því skyni að sannreyna hvort viðkomandi ákvörðun sé hlítt skulu embættismenn sem Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir hafa umboð til þess að:

a. fara inn á allt athafnasvæði og land hlutaðeigandi fyrirtækis;

b. fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;

c. rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl og taka afrit eða krefjast þeirra.

Annað meginatriði frv. lýtur að 2. gr. þess en hún byggir á 14. gr. reglugerðar Evrópusambandsráðsins, nr. 659/1999, og kveður á um endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar. Reglu þessa efnis hefur verið að finna í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð. Í reglugerðinni kemur fram að endurgreiðsla ólögmætrar ríkisaðstoðar skuli fara fram án tafar og í samræmi við fyrirmæli laga hlutaðeigandi aðildarríkis. Ásamt aðstoðinni, sem ber að endurgreiða samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, skal greiða hæfilega vexti sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður. Greiða ber vexti frá þeim degi að þiggjandanum var fengin hin ólöglega aðstoð til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Hlutaðeigandi stjórnvald ber ábyrgð á því að gerðar séu ráðstafanir til að endurheimta ólögmæta aðstoð frá þiggjanda hennar í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu.

Þriðja meginatriði frv., herra forseti, felst í því að lagt er til að fjmrh. verði í stað viðskrh. heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi, og er hér komin skýringin á því hvers vegna fjmrh. flytur þetta frv. en ekki viðskrh. Heimild fjmrh. lýtur eingöngu að reglum um ríkisaðstoð en viðskrh. mun eftir sem áður fara með aðra framkvæmd laganna. Er þessi breyting lögð til þar sem fjmrn. fer með þau mál er lúta að ríkisstyrkjum.

Vil ég leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð um frv. sem að öðru leyti bíður betri tíma að ræða nánar. Það fyrsta sem athygli vakti var að hér mælti hæstv. fjmrh. fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, sem eins og allir vita heyra undir viðskrh. Skýringin kom síðan fram og hana er að finna í 3. gr. frv. og það má út af fyrir sig mín vegna taka hana gilda en þetta er þó fremur óvenjuleg stjórnsýsla, að ráðherra mæli fyrir stjfrv. um mál sem ekki heyrir undir viðkomandi ráðherra og það er eingöngu vegna þess að í raun og veru er reglugerðarstoð til handa fjmrh. sett inn í samkeppnislög, í 48. gr. samkeppnislaga, um að ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi. Og það vekur náttúrlega strax þá spurningu: Hafa slíkar reglur verið settar, eru þær til í dag?

Í öðru lagi er hér verið að stofna til býsna afgerandi ákvæða þar sem er t.d. ákvæði um að endurgreiða skuli ríkisstuðning eða fjárhagsstuðning sem farið hafi úr opinberum sjóðum og flokkast sem ríkisaðstoð ef Eftirlitsstofnun EFTA ákveður að fyrir þeim hafi ekki verið stoð og þá skuli þeir veskú endurgreiddir og með vöxtum. Fljótt á litið virkar þetta sem nokkuð harkalegt ákvæði því að ég geri ekki ráð fyrir því að menn séu yfirleitt meðvitaðir um það að ef þeir fá fjárstuðning frá ríkinu, framlög eða styrki, þá geti mögulega skapast sú staða að þeir verði síðar krafðir um endurgreiðslu á þeim fjármunum og þá með vöxtum, vegna þess þá væntanlega að stjórnvöld, þau hin sömu og reiða af hendi ríkisstyrkina, hafi farið út fyrir ramma laga og reglna eða út fyrir þau ákvæði sem eiga þá að gilda um slíkan ríkisstuðning og samræmast ákvæðum EES-samningsins og evrópskum rétti á því sviði. Það er þess vegna, herra forseti, alveg ástæða til að farið sé vandlega yfir það að þarna sé a.m.k. ekki gengið lengra en óhjákvæmilegt er að gera á grundvelli ákvæða þessarar tilskipunar því að eins og ég segi þá gæti þetta verkað, a.m.k. við fyrstu sýn, sem nokkuð harkalegt ákvæði.

Í þriðja lagi, herra forseti, væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvaða tilvik gætu fallið hér undir kerfi eða undir fjárhagsstuðning eða ríkisaðstoð sem þarna gæti komið til. Í raun og veru hefði þurft að fylgja frv. einhvers konar kortlagning á því, herra forseti, hvað hér gæti átt í hlut. Erum við að tala um byggðatengdar aðgerðir? Gætu mögulega t.d. vaxtaniðurgreiðslur eða jöfnunaraðgerðir þar sem ríkið kemur til sögunnar eða er þátttakandi í einhverjum tilvikum flokkast undir slíka ríkisaðstoð? Ég vek athygli á því orðalagi sem er í athugasemdum að samkvæmt ákvæði 88. gr. Evrópusáttmálans sem sé sambærilegt við 62. gr. EES-samningsins skuli stöðugt „fylgjast með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, ...“ Þarna mætti því ætla að ýmislegt gæti komið til skoðunar.

Nú er það svo með t.d. framkvæmd byggðastefnu hér, þar sem að vísu er nú ekki um merkilega styrki að ræða kannski en þó gætu þar einhverjir hlutar flokkast undir ríkisaðstoð eða fjárhagsstuðning, t.d. framlög til fjárfestingarsjóða og nýsköpunarsjóða, til atvinnuþróunarfélaga eða þá þeir takmörkuðu styrkir til einhverra verkefna sem Byggðastofnun kann að veita, að þetta er ekki samræmt með sama hætti hér á landi við Evrópuréttinn og er gert t.d. í Noregi, það ég best veit. Vegna þess að Norðmenn eru aðilar að byggðaþróun-

aráætlunum Evrópusambandsins á sjálfstæðum forsendum, svokallaðri Interreg-áætlun, og það fyrirkomulag sem þeir viðhafa hefur þar af leiðandi hlotið úttekt og skoðun og verið tekið gilt að það fullnægi öllum reglum Evrópuréttarins að þessu leyti. Það sama á ekki endilega við um fyrirkomulag hjá okkur.

Oft er deilt um það hvað skuli teljast ríkisaðstoð, hvað skuli flokkast sem slíkt og þar af leiðandi hefði, herra forseti, verið áhugavert að sjá sem kortlagningu með frv., og ég beini því til hv. þingnefndar sem fær málið til skoðunar, að farið verði yfir það hvert gildissvið þessara ákvæða er, hvað gæti fallið undir þau, hversu víðtæk eru þessi ákvæði eins og þau eru hér samkvæmt orðanna hljóðan.

Eitt atriði enn er í frv., herra forseti, að verið er að taka inn ákvæði sem tengjast rétti Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, til að afla gagna og framkvæma vettvangsskoðanir. Það er áhugavert í því sambandi að nú nýlega hefur reynt með tímamótahætti á ákvæði íslensku samkeppnislaganna hvað varðar stöðu Samkeppnisstofnunar að þessu leyti og varð umdeilt mál þegar Samkeppnisstofnun fór í sína miklu rassíu gegn olíufélögunum. Ég ætla ekki að gera það sérstaklega að umtalsefni. Ég bendi á að það er ekki eins og það sé séríslenskt fyrirbæri og hér er einmitt verið að styrkja þau ákvæði Eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins, ESA, og reyndar dómstólsins, sem m.a. fela þessum aðilum vald á sviði þess að fylgjast með reglum um ríkisaðstoð og tryggja að þau geti sinnt hlutverki sínu eða skyldum á því sviði.

Í c-lið er t.d. talað um að Eftirlitsstofnun EFTA hafi umboð til þess að „rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl og taka afrit eða krefjast þeirra". Fara inn á allt athafnasvæði og land hlutaðeigandi fyrirtækis; fara fram á munnlegar skýringar á staðnum o.s.frv.

Ég man einmitt að þessi ákvæði bar hér á góma þegar þau voru sett á sínum tíma, tekin upp í tengslum við upptöku á Evrópuréttinum á þessu sviði og staðfestingu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, og það var líka vitnað til þessara ákvæða þegar samkeppnislög voru hér til umfjöllunar fyrir nokkrum árum. Og það er alveg ljóst að þessar eftirlitsstofnanir hafa þarna mjög sterkan rétt og hann helgast að sjálfsögðu af nauðsyn þess að þær geti vafningalaust sinnt skyldum sínum og kallað til sín allar upplýsingar eða borið sig eftir þeim eins og þeim er nauðsynlegt til að geta sinnt sínu mikilvæga hlutverki.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um frv. fleiri orð. Ég vænti þess að hv. þingnefnd fari yfir þessi atriði sem ég hef gert að umtalsefni. Ég endurtek að mér hefði þótt að með frv. hefðu mátt fylgja aðeins ítarlegri upplýsingar og aðeins nánari kortlagning á því hvað undir þessi ákvæði kann að falla af því tagi sem í gangi er eða viðgengst hér og heimfæra mætti undir ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning sem vörðuðu viðkomandi svið.

[18:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég skal út af fyrir sig ekki hafa mörg orð um það frv. til laga sem hér er til umræðu um breytingu á samkeppnislögum. Ég fæ þetta mál til meðferðar í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti.

Það eru nokkur atriði sem vekja athygli og þarf að skoða í nefndinni. Með frv. er verið að leggja til að aðlaga ákvæðinn kafla samkeppnislaga að reglugerð ráðsins, þ.e. um ítarlegar reglur um beitingu EB-sáttmálans, og þar er verið að tala um að EES-samningurinn kveði á um að „stöðugt skuli fylgjast með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. EES-samningsins".

Það vekur auðvitað athygli í 3. gr. að lagt er til að fjmrh. verði í stað viðskrh. heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi, og hér er verið að breyta samkeppnislögunum sem heyra undir viðskrh. en fjmrh. flytur þetta mál.

Ég hefði gjarnan viljað, eins og mér fannst koma fram í máli síðasta ræðumanns líka, að gerð yrði nánari grein fyrir í hvaða tilvikum væri um að ræða þessa ólögmætu ríkisaðstoð sem frv. kveður á um og er lagt fram í þeim tilgangi að innleiða reglur Evrópusambandsins sem kveða á um endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þannig að þingmenn gætu betur gert sér grein fyrir í hvaða tilvikum hér gæti komið til slíkrar endurgreiðslu á ólögmætri ríkisaðstoð. Maður hefði haldið að öll sú niðurgreiðsla og ríkisaðstoð sem fyrir hendi er í landbúnaði og sjávarútvegi, svo dæmi sé nefnt, sé eitthvað sem menn hafi farið yfir við gerð EES-samningsins, þannig að það gæti varla flokkast undir ólögmæta ríkisaðstoð og því þarf að skilgreina betur og lista upp í hvaða tilvikum gæti verið um endurgreiðslu á ólögmætri ríkisaðstoð að ræða.

Það er líka nokkuð athyglisvert í 2. gr. að það er Eftirlitsstofnun EFTA sem ákveður vaxtatöku af slíkri ólögmætri ríkisaðstoð og nokkuð furðulegt að það skuli vera með þeim hætti.

Það eru því nokkur atriði, herra forseti, sem efh.- og viðskn. þarf að fara í við skoðun á þessu máli og hefði farið betur á því, herra forseti, að hér hefði legið skýrar fyrir, annaðhvort í athugasemd með frv. sjálfu eða í framsöguræðu hæstv. ráðherra, sem þurfti að hverfa á braut, í hvaða tilvikum hugsanlega gæti komið til endurgreiðslna á ólögmætri ríkisaðstoð samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eins og frv. kveður á um.

Herra forseti. Vonandi skýrist þetta í efh.- og viðskn. áður en málið kemur aftur til 2. umr. þannig að þingmenn geti glöggvað sig betur á því en hér er hægt við þessa umræðu til hvaða tilvika ákvæði þessa frv. geti náð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 587. mál (EES-reglur, ósoneyðandi efni). — Þskj. 917.

[18:47]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir til breytinga á lögum um eiturefni og hættuleg efni er flutt vegna væntanlegrar innleiðingar reglugerðar Evrópuþingsins og -ráðsins um efni sem eyða ósonlaginu.

Samkvæmt reglugerðinni eru hertar takmarkanir á notkun vetnisklórflúorkolefna og verður notkun þeirra alfarið bönnuð árið 2010. Til að aðlaga innflytjendur og framleiðendur efnisins að banninu mun verða gert ráð fyrir að þeim verði veittar takmarkaðar undanþágur frá banninu þangað

til. Vetnisklórflúorkolefni eru ekki framleidd hér á landi en nokkrir aðilar flytja þau inn til notkunar í kælikerfum.

Í frv. er lagt til að teknar verði upp tvær nýjar málsgreinar í lög um eiturefni og hættuleg efni þar sem umhvrh. er veitt heimild til að banna innflutning og framleiðslu efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið. Jafnframt er lagt til að ráðherra geti falið Hollustuvernd ríkisins að veita tímabundnar undanþágur frá slíku banni. Rétt þykir að lögfesta heimildina en fram að þessu hafa ákvæði sem þessi verið í reglugerðum, settum af umhvrh. Einnig er lagt til að Hollustuvernd ríkisins verði heimilt að taka mið af markaðshlutdeild fyrirtækja þegar stofnunin veitir framangreindar undanþágur og geti hafnað umsóknum nýrra aðila á markaði þegar stefnt er að algjöru banni á innflutningi og framleiðslu efnisins. Með hliðsjón af íslenskri dómaframkvæmd er nauðsynlegt að lagastoð sé fyrir takmörkun af þessu tagi.

Þrátt fyrir að tilefni frv. sé ákvæði framangreindrar reglugerðar EB um bann við notkun vetnisklórflúorkolefna er ákvæðið orðað þannig að því megi beita um sams konar takmörkun annarra umhverfisskaðlegra efna í framtíðinni.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið meginefni frv. og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu sjálfsagt og hið besta mál að til komi ótvíræð lagastoð til þess að stjórnvöld geti eftir atvikum dregið úr eða bannað innflutning á hættulegum efnum, eiturefnum eða efnum sem stefnt er að að útrýma, og við það verður að sjálfsögðu ekki búið að ófullnægjandi lagaskilyrði séu til staðar til þess að framfylgja ákvæðum alþjóðasamninga eða öðru því sem við kunnum að ákveða sjálf í þessum efnum, eftir því hvort gengur lengra eða hvað á í hlut. Fljótt á litið virðist því efni þessa frv. sjálfsagt að þessu leyti.

Það sem ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra um er hvar við séum á vegi stödd varðandi það að ná markmiðum, t.d. um að draga úr eða helst hætta alveg notkun ósoneyðandi efna. Að einhverju leyti hefur þetta gengið þannig til að menn hafa fengið að starfrækja áfram kerfi sem nota efni sem er óheimilt að setja upp í nýjum kerfum eða kaupa inn til nýrrar starfsemi en eitthvað mun vera um það enn að menn noti kæliefni og starfræki kælikerfi sem ekki mundu fást samþykkt í dag, eða ætlunin er að útrýma úr rekstri. Að sjálfsögðu skiptir máli hvar við erum á vegi stödd í þessum efnum, bæði vegna þess metnaðar sem við eigum að hafa til að standa okkar plikt og til að uppfylla refjalaust ákvæði alþjóðasamninga að þessu leyti. Það getur líka skipt okkur máli einfaldlega hvað varðar orðstír landsins og vegna þeirra hagsmuna sem við eigum að gæta sem matvælaframleiðsluland o.s.frv. að frammistaða okkar í þessum efnum sé til fyrirmyndar.

Líka má spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað liggi fyrir um það hver þörfin sé fyrir þennan rúma aðlögunartíma sem í sumum tilvikum hefur verið veittur, og hvernig atvinnulífið sé á vegi statt með að uppfylla ströngustu ákvæði samninganna um að takmarka eða hætta notkun ósoneyðandi efna. Reyndar gilda sambærilegir hlutir á fleiri sviðum.

Það er merkilegt, herra forseti, ef ekki hafa verið ótvíræð lagaákvæði af því tagi sem hér er lagt til að bætist í tveimur nýjum málsgreinum inn í 29. gr. laganna, og ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa virkilega ekki verið til staðar nógu afdráttarlaus ákvæði til þess að ekki leiki neinn vafi á því að stjórnvöld gætu komið stefnu sinni fram í þessum efnum? Þá hlýtur mönnum að hafa yfirsést í þeim efnum á sínum tíma þegar þessir samningar voru fullgiltir hér af okkar hálfu. Ef marka má niðurstöðu þess hæstaréttardóms sem hér var vitnað til hafa menn ekki búið nógu rækilega um hnútana þarna, ef hvorki ákvæði eldri laga né þeir alþjóðasamningar sem þó hafa verið fullgiltir hér eða veitt lagastoð hafa dugað til.

Reyndar vekur það enn fremur spurningar um hvort dómaframkvæmd sé þarna ekki dálítið mótsagnakennd því að mig rekur minni til þess að hafa séð í öðrum tilvikum að dómar hafi fallið á þá leið að einmitt væri fullnægjandi að hafa veitt viðkomandi alþjóðasamningum lagastoð og þá hefðu menn þar með, með fullgildingu þeirra, undirgengist það að tryggja nauðsynlegar ráðstafanir í landsrétti til að framkvæma þá og fullnusta. Það væri þá vanræksla sem sneri að stjórnvöldum að hafa ekki gert slíkt en það vekur athygli að það stofni þolendum eða í þessu tilviki hugsanlega innflytjendum rétt að svo sé ekki.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra getur eitthvað upplýst um þau atriði sem ég hef gert hér að umtalsefni.

[18:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að þetta frv. sé nauðsynlegt og mér fannst það sem ráðherra sagði um það, þ.e. að hafa bannað þessa hluti með reglugerðum, benda eindregið til þess að menn hafi ekki verið með nægilega sterka lagastoð fyrir því að hafa slík bönn. Ég velti því dálítið fyrir mér hvort þessi aðferð gangi sem þarna er gert ráð fyrir, þ.e. að Hollustuvernd ríkisins geti út af fyrir sig ákveðið að einhver efni séu nægilega hættuleg og ráðherra staðfest það. Þannig væri í raun og veru ekki lagastoð fyrir því hvaða efni væru bönnuð heldur almenn lagafyrirmæli sem segja að ráðherra geti valið, eða staðfest val Hollustuverndar á þeim eiturefnum sem bönnuð væru. Mér finnst að það hefði verið öruggara að Alþingi hefði samþykkt lög sem væru betur skilgreind en þetta, og það ætti ekki að vera erfitt í framkvæmd að breyta slíkum lögum með tilliti til þess ef í ljós hefur komið að einhver eiturefni hafi verið flutt inn eða sú hætta stofnast að þau verði flutt inn.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er í sjálfu sér einföld: Er hún sannfærð um að þessi aðferð sem hér er viðhöfð standist, þ.e. að fela þetta vald fullkomlega í hendur Hollustuverndar ríkisins sem eigi síðan að velja þau efni sem mundu hljóta það heiti að vera hættuleg efni eða eiturefni, með staðfestingu ráðherra?

Ég er ekki sannfærður um að þetta gangi en út af fyrir sig tel ég skynsamlegt að setja lög um þetta efni. Mín skoðun er hins vegar sú að þau lög ættu helst að vera mjög skýr, skýrt hvaða efni væri átt við og ef upp kæmi að einhver efni væru talin hættuleg yrði tekið á þeim málum með lagasetningu en ekki eins og hér er gert ráð fyrir. Ég geri ráð fyrir að til séu skýringar á þessu og að hæstv. ráðherra geti þá útskýrt fyrir a.m.k. mér sem ekki átta mig alveg á því að þetta þurfi að gera með þessum hætti. Fram að þessum degi hefur dugað að hafa reglugerðarvald á bak við þessi mál.

Mér finnst eins og það að hverfa frá þeirri aðferð sem ég set út af fyrir sig ekki neitt út á kalli næstum á að menn setji lögin eins og reglugerðirnar voru settar áður, þ.e. með því að

telja upp bönnuð efni og það komi þá í hlut Alþingis að gera það.

Ég geri ráð fyrir því að fá tækifæri til að inna eftir útskýringum á málinu í nefndinni líka og ætla þess vegna ekki að lengja umræðuna núna. Ég tel samt ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra um það sem ég hef hér nefnt.

[Fundarhlé. — 18:59]

[19:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni sem hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir er ekki ýkja stórt í sniðum. Engu að síður er þetta í sjálfu sér stórmál og vaxandi áhyggjur fólks af eiturefnum og hættulegum efnum eru vissulega staðreynd. Stöðugt eru fleiri efni sem við áður töldum vera meinlaus eða hættulítil að koma í þennan flokk. Þess vegna er það markmið þessara laga að ráðherra geti í reglugerð bannað innflutning og framleiðslu eiturefna að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins góðra gjalda vert. Hins vegar er heimildin býsna opin. Í fyrsta lagi er það reglugerðarákvörðun hvaða efni það skuli vera sem um er að ræða, en ekki bundið í lögum. Þarna er heldur ekki um neina beina tilvísun að ræða til þess nákvæmlega um hvers konar efni verið er að tala, þó svo vísað sé til ósoneyðandi efna í greinargerð og nokkurra annarra efnaflokka.

Herra forseti. Ég tel að það hefðu átt að vera skýrari ákvæði í lögunum sjálfum um hvaða efni væri um að ræða, að reglugerðarákvæðið væri ekki svona rúmt eins og þarna er heldur væri ákvæði í lögunum sem tæki til þeirra efnaflokka sem um væri að ræða.

Sömuleiðis vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. umhvrh.: Hvaða tök hefur ráðuneytið til að fylgja þessu eftir? Hvaða tök hefur það til að sannreyna magn eða tilurð einstakra efna, hættulegra efna, sem gætu komist á þennan lista í innflutningi, því sjaldnast er þarna um hrein efni að ræða, hættuleg efni í hreinum efnasamböndum? Yfirleitt er þetta í einhverjum öðrum vörum. Ef ég skil frv. rétt þá er verið að tala um þessi hættulegu efni, eiturefni, hvort sem þau eru flutt inn í hreinu formi eða í öðrum vörutegundum. Til þess að geta sannreynt það þarf býsna mikið eftirlit til að það verði virkt.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig er staða okkar í raun til þess að standa að þeim upplýsingagrunni og rannsóknagrunni sem þarf að vera til staðar og hverjir eru möguleikar hans til að takast á við þetta verkefni sem hér er verið að tala um? Ég legg áherslu á að ég undirstrika mikilvægi þess að svo sé hægt.

Þá vil ég líka spyrja hæstv. ráðherra um niðurlag 1. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við veitingu innflutnings- og framleiðsluleyfa skv. 3. mgr. er heimilt að taka mið af markaðshlutdeild umsækjanda undanfarin fimm ár. Þegar stefnt er að algeru banni við innflutningi og framleiðslu efnis er heimilt að hafna umsókn aðila sem hefur ekki flutt inn eða framleitt efnið áður."

Mér finnst þessi setning standa svolítið á skjön við sjálfa sig: „Þegar stefnt er að algeru banni við innflutningi og framleiðslu efnis er heimilt að hafna umsókn aðila sem hefur ekki flutt inn eða framleitt efnið áður."

Var ekki meiningin að banna það? Þá skiptir ekki máli hvort einhver hefur flutt það inn í þessu eða þessu magni áður eða ekki. Mér finnst þessi setning vera svolítil þversögn. Auk þess tekur málsgreinin og frv. til algers banns við innflutningi en er ekki eins konar magnráðstöfun, þ.e. að tekið sé fram að það megi leyfa svo og svo mikið magn af efninu eins og þessar greinar virðast gefa tilefni til, að ekki eigi að banna það heldur takmarka það við eitthvert ákveðið magn. Þó stendur í upphafsmálsgrein að markmiðið sé að fá heimild til þess að banna innflutninginn. Ég sé einnig að í greinargerðinni er talað um magntengdan innflutning. Mér finnst því þetta bann og hins vegar magntengdur leyfilegur innflutningur, virðulegur forseti, stangast svolítið á í frumvarpstextanum og greinargerðinni líka.

Ég vil því fara þess á leit við hæstv. umhvrh. að hún skýri aðeins betur hvað sé átt við þegar annars vegar er talað um að fá heimild til að banna og hins vegar að leyfa einhvern magntengdan hluta innflutningsins, samanber greinargerðina á bls. 2, þar sem stendur ofarlega, með leyfi forseta:

„Heildarmagn efnis sem leyft er að flytja inn á ári hefur verið ákveðið í reglugerð og Hollustuvernd ríkisins hefur úthlutað innflutningsheimildum innan þeirra marka."

Þar er verið að tala um ákveðið magn sem má leyfa. En frumvarpsgreinin höfðar fyrst og fremst til bannsheimildar umhvrh., þ.e. til að banna innflutning á efnunum.

[19:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það veldur örlitlum vonbrigðum að lagt er fram enn eina ferðina frv. sem breytir að örlitlu leyti lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, en enn fáum við ekki að sjá heildarendurskoðun laganna. Eins og kunnugt er hefur verið boðað að heildarendurskoðuninni verði lokið árið 2002. Síðast, liðið vor, þegar við fengum frv. af þessu tagi hingað inn til Alþingis þá var það frv. í máli 369 á þskj. 585 þar sem verið var að gera smávægilegar breytingar á þessum sömu lögum. Í allri umfjöllun umhvn. á þeim tíma um það mál sem laut að snyrtivörum og hættulegum efnum í snyrtivörum var á það lögð mikil áhersla af starfsmönnum umhvrn. og raunar hæstv. umhvrh. sjálfum að heildarendurskoðun laganna stæði yfir og þegar ákveðin nefnd sem vann tillögur þær sem umhvn. hafði til umfjöllunar varðandi hættuleg efni í snyrtivörum tók til starfa kom fljótlega í ljós að nauðsynlegt væri að gera miklar lagfæringar sem fyrst á ákveðnum atriðum sem mundu þá ekki getað beðið heildarendurskoðunarinnar. Nú spyr ég: Er enn verið að gera hér smávægilegar lagfæringar á ákveðnum atriðum sem geta ekki beðið þessarar heildarendurskoðunar? Mér finnst líka alveg tilefni til að spyrja hvers vegna standi svo mikið á heildarendurskoðuninni. Hér er um gífurlega mikilvæga löggjöf að ræða og að sjálfsögðu er eðlilegt í ljósi breyttra tíma í umhverfismálum og í ljósi ákvæða sem við erum að gerast aðilar að í alþjóðasamningum að löggjöf af þessu tagi þurfi öfluga endurskoðun á þetta löngum tíma, eða frá 1988. Stofninn í þessari löggjöf er það gamall. Því er alveg tímabært að spyrja hvenær við hv. þm. getum átt von á því að þessari heildarendurskoðun ljúki.

Á hitt skal auðvitað ekki kastað neinni rýrð að það þarf að vera skýlaust í lögum hvernig með þau efni sem þetta frv. fjallar um skuli farið. Ástæðan fyrir því að frv. af þessu tagi er flutt er náttúrlega sá hæstarréttardómur sem getið er í greinargerðinni. Það er sannarlega alvarlegt þegar löggjafinn fær aftur og aftur á sig áminningar frá dómstólum landsins um að við stöndum okkur ekki í lagasmíðinni, þ.e. að við höldum ekki áætlun, höldum ekki nægjanlegum dampi til

þess að uppfylla eða innleiða þær tilskipanir sem samstarf okkar við Evrópulönd leggur okkur á herðar.

Í þessu sambandi má líka nefna samstarf okkar við Norðurlöndin því Norðurlöndin hafa lagt metnað sinn í það að gera eiturefnalöggjöf sína þannig úr garði að hún sé til fyrirmyndar og í fararbroddi. Ég segi að hæstv. ríkisstjórn Íslands hefði því að sjálfsögðu átt að taka sér stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndunum til fyrirmyndar hvað þetta varðar og setja meira afl og meiri metnað og þá fleira fólk, ef það hefði þurft, í að endurskoða þessa löggjöf því að við lestur á áætluninni um sjálfbær Norðurlönd sér maður svart á hvítu hversu langt Íslendingar eru að dragast aftur úr í þessum málum og þá á ég fyrst og síðast við eiturefnalöggjöfina.

Það hefur komið fram í máli starfsmanna Hollustuverndar á fundum með umhvn. að við verðum að fara að fá löggjöf um nokkuð mörg atriði og ekki eru það nú vinnubrögð til fyrirmyndar, herra forseti, að ætla að leiðrétta þessa löggjöf stöðugt með því að stoppa upp í götin. Ég held því að full ástæða sé til þess að hæstv. umhvrh. geri þingheimi frekar ljóst hvenær við getum átt von á því að þessari heildarendurskoðun laganna ljúki því alveg nauðsynlegt er að slík heildarendurskoðun fari að líta dagsins ljós.

[19:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta mál. Það er búið að beina til mín nokkrum spurningum sem ég mun freista að svara.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hvar við værum á vegi stödd varðandi þessi efni sem er verið að fasa út. Við erum þar stödd í dag varðandi þetta efni sem er hvatinn að frv. að það átti að fasa það út árið 2015. Það er sem sagt verið að herða á þeirri áætlun þannig að í stað þess á að fasa það út árið 2010. Það er verið að stytta þennan aðlögunartíma sem menn hafa til þess að fasa út efnið. Aðlögunartíminn er að styttast.

Bæði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Jóhann Ársælsson spurðu aðeins út í lagastoð varðandi þessi mál. Það er alveg skýrt varðandi fyrri málsgrein 1. gr. frv. sem við erum að fjalla hér um að samkvæmt dómi var talið að fullnægjandi lagastoð væri gagnvart þeirri framkvæmd að banna innflutning og framleiðslu ákveðinna hættulegra efna. Þó að dómurinn kvæði á um að orðalag mætti vera skýrara var talinn alveg fullnægjandi lagagrunnur á bak við það. Hins vegar varðandi seinni efnismálsgrein 1. gr. frv., þá var talið að skýrari lagastoð þyrfti. Þar koma inn ákvæði um að taka mið af markaðshlutdeild umsækjanda áður en farið er í að takmarka, þ.e. að menn geti sem sagt tekið mið af markaðshlutdeild. Það er auðvitað verið að úthluta takmörkuðum gæðum með því og úthlutað nokkurs konar kvóta miðað við hvað menn hafa verið að flytja inn á undanförnum árum. Því var talið að skýrari lagastoð þyrfti til þess að úthluta þeim gæðum. Og eftir hvaða reglum ætti þá að fara? En það kemur skýrt fram í seinni efnismálsgrein 1. gr. frv., með leyfi virðulegs forseta:

„Við veitingu innflutnings- og framleiðsluleyfa skv. 3. mgr. er heimilt að taka mið af markaðshlutdeild umsækjanda undanfarin fimm ár. Þegar stefnt er að algeru banni við innflutningi og framleiðslu efnis er heimilt að hafna umsókn aðila sem hefur ekki flutt inn eða framleitt efnið áður."

Hér er því verið að úthluta takmörkuðum gæðum, virðulegur forseti.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði einnig út í hvort þetta væri eðlileg aðferð sem hér er lögð til. Ég tel að svo sé, að eðlilegt sé að hafa skýrar reglur um að við getum takmarkað innflutning á hættulegum efnum í reglugerð, eftir að hafa fengið tillögur frá Hollustuvernd ríkisins með þeirri aðferð sem við setjum hér fram.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom í ræðu sinni inn á að hann teldi þetta of opna heimild, að það vantaði skilgreiningar. Ég tel að svo sé ekki. Það kemur fram í textanum ákveðin skilgreining sem er ekkert mjög opin, alls ekki. Það er verið að banna innflutning og framleiðslu eiturefna, hættulegra efna sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið. Þannig er alveg ljóst um hvaða efni hér er að ræða. Þetta verða að vera hættuleg efni, eiturefni sem geta haft skaðleg áhrif á umhvefið. Hins vegar eru efnistegundirnar sjálfar ekki nefndar. Hér er ákveðið að hafa þetta það opið að menn geti sett undir þessa heimild fleiri efni en einungis vetnisklórflúorkolefni.

Hv. þm. spurði einnig hvernig hægt væri að hafa eftirlit með þessu og sannreyna magn þessara efna. Ég tel að það sé ekki vandamál. Menn hafa upplýsingar um hverjir hafi verið að flytja inn þessi efni og þess vegna er sett inn í frv. að taka mið af innflutningi síðustu fimm ára. Af hverju til fimm ára, spyrja menn, en ekki sjö ára, þriggja o.s.frv.? Talið er nægilegt að taka síðustu fimm ár þannig að Hollustuvernd geti farið yfir þau fyrirtæki sem hafa verið að flytja inn þessi efni, þannig næst til allra innflutningsaðila og þeir fá þá allir aðlögunartíma, má segja.

Ég tel ekki að neina þversögn, virðulegur forseti, í seinni málsgrein þessa frv. Það að stefnt sé að banni þýðir ekki að menn hafni öllum umsóknum. Það er stefnt að banni í ákveðnum þrepum. Með því er veittur aðlögunartími þannig að menn minnka þrep fyrir þrep magnið sem flutt er inn. Í því felst ekki þversögn. Það kemur tiltölulega skýrt fram í textanum að verið er að veita magnbundnar og tímabundnar undanþágur sem verða svo smátt og smátt að engu. Þá yrði komið á algjört bann sem við stefnum að að sé árið 2010, eins og í öðrum Evrópuríkjum.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um heildarendurskoðun laganna. Það er rétt að heildarendurskoðun laganna hefur ekki verið endanlega unnin og þetta er smálagfæring á lögunum. Það kemur mjög skýrt fram í athugasemdum við þetta lagafrv. að vegna þess að ákvæði reglugerðar EB nr. 2037/2000 muni koma strax til framkvæmda sé ljóst að ekki sé hægt að bíða með þessa breytingu þar til nefnd skipuð af umhvrh. ljúki heildarendurskoðun laganna. Við erum að taka mjög lítinn part út úr þeirri heildarendurskoðun. Það blasir við að við teljum mikilvægt að hafa skýra lagastoð vegna þessarar aðferðar. Við ætlum tímabundið að veita undanþágur, magntengdar til ákveðinna aðila en ekki að hleypa nýjum inn. Því viljum við gera þessa breytingu og leggja fyrir þingið því að þótt hún sé smá er hún mikilvæg.

Við getum ekki beðið eftir heildarendurskoðun laganna. Í slíkri endurskoðun felst umfangsmikil vinna og ég verð að viðurkenna, og hef svo sem gert það áður í þessum ræðustól, að lögfræðingar okkar og sérfræðingar eru mjög uppteknir í öðrum málum í ráðuneytinu. Ég hefði gjarnan viljað ná að setja þá m.a. í þetta og aðra stefnumótun sem ég tel mikilvægt að fara í en lögfræðingar okkar hafa verið mjög uppteknir í umfangsmeiri kærumálum en menn hafa gert sér grein fyrir áður. Við erum nýbúin að úrskurða hér í Kárahnjúkavirkjun eins og menn þekkja. Við erum með úrskurð á Reyðarálið, það er á lokaspretti. Við erum með kæru inni sem við þurf-

um að úrskurða í varðandi jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Eins þurfum við að fjalla um kærumál gagnvart Villinganesvirkjun, Hallsvegi o.s.frv. Við erum fallin á tíma í öllum þessum kærum. Lögfræðingar okkar eru að vinna að þessu hratt og vel en við komumst ekki hraðar yfir þetta.

Varðandi það að við höldum ekki dampi við að innleiða Evrópusambandstilskipanir þá er það mál sem liggur þungt á umhvrn. af því að svo margar tilskipanir falla undir okkur og sérstaklega undir Hollustuvernd ríkisins. Umhvrn. er það ráðuneyti sem sinna þarf flestum tilskipunum af öllum ráðuneytum. Mig minnir að dómsmrn. komi þar á eftir. Við erum að fara yfir þessi mál núna og erum svo sem alltaf að því. Hins vegar er alveg ljóst að þegar við erum að miða okkur við önnur lönd þá erum við bara 280 þúsund manna þjóð og því með takmarkaðan fjölda til að vinna að þessum málum. Ég held að við stöndum okkur hins vegar þokkalega í þessum málum þrátt fyrir allt.

[19:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hæstv. umhvrh. gerir sér grein fyrir því að við erum bara 280 þúsund. Maður gæti stundum haldið að stjórnvöld teldu Íslendinga vera 2,8 milljónir.

Varðandi það hversu illa gengur að halda dampi í að innleiða tilskipanirnar þá er það hárrétt sem hæstv. umhvrh. nefnir hér, að flestar af tilskipunum Evrópusambandsins eru á sviði umhvrn. Í því sambandi má geta þess að flestar af þeim tilskipunum sem umhvrn. hefur með að gera eru síðan meðhöndlaðar í Hollustuvernd. Af því hv. umhvn. hefur nýverið heimsótt Hollustuvernd ríkisins og séð þann aðbúnað sem fólkið sem þar starfar vinnur við þá verð ég að segja að það hefur unnið kraftaverk. Ég horfi bjartsýn fram á veginn til nýrrar og bættrar aðstöðu Hollustuverndarinnar og vona auðvitað að bætt verði úr í þeim efnum fyrr en seinna. Ég veit sem er að þessi málaflokkur um eiturefni og hættuleg efni er nokkuð sem starfsfólk Hollustuverndar vill gjarnan standa sig betur í en mögulegt hefur verið, bæði vegna þess hversu erfitt er að ljúka þýðingu og innleiðingu allra þessara reglugerða. Sömuleiðis hefur staðið á endurskoðun laganna.

Það sem hæstv. umhvrh. nefnir síðan í ræðu sinni er hún ber við önnum starfsfólks ráðuneytisins — það er kannski kvikindislegt og ég vona að hæstv. forseti víti mig ekki fyrir að hafa orð á því — er kannski tilefni til að við fáum að heyra hvenær ráðuneytið ætti möguleika á að skila okkur úrskurði í kærumálum vegna Reyðaráls. Það er náttúrlega skammarlegt að ráðuneytið skuli ekki geta staðið við lögbundna fresti í máli eftir máli af þessu tagi á meðan vesalings Skipulagsstofnun er stöðugt gert að standast lögbundinn frest.

[19:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði um starfsfólk Hollustuverndar ríkisins, sem hefur mikinn áhuga á þessum eiturefnamálum og vinnur við þröngan kost. Húsnæðismál Hollustuverndar ríkisins eru í skoðun. Það voru settar til hliðar upphæðir til þeirra mála í fjárlögunum. Þar þarf meira til, en þetta er sem sagt í skoðun.

Það að bera við önnum. Maður er ekki að bera við önnum og það er ekki verið að sverta neitt þau mál. Það eru gífurlegar annir við úrskurði í kærumálum. Við erum að reyna að vinna þá vel og eðlilega. Stundum koma gögn seint inn til okkar og þá tefjast mál. Varðandi Reyðarálið, af því að sérstaklega er spurt um það, töldum við t.d. á fyrri stigum að við mundum geta klárað þann úrskurð um miðjan febrúar og miðuðum við þá dagsetningu. Síðan varð ljóst að við mundum ekki geta staðið við það þannig að núna stefnum við að því að klára þetta, vonandi fyrir miðjan mars.

Maður hefur brennt sig á að koma með einhverjar dagsetningar af því að svo dragast málin stundum en það er skoðun okkar að þrátt fyrir þessa fresti sem lagaramminn setur eru það auðvitað frestir sem við eigum að hafa til viðmiðunar. Okkur ber líka skylda til að fjalla eðlilega um málin og komast til botns í þeim, þannig að þess vegna stöndum við í þeim sporum að hafa ítrekað fallið á frestum og þetta er vaxandi vandamál. Maður spyr sig líka hvort eðlilegt sé að hafa mál í þessum farvegi yfirleitt. Maður hefur miklar efasemdir um það. Nú er nefnd að koma með tillögur varðandi endurskoðun á umhverfismatslögunum. Þannig getur vel verið að við förum í annað ferli sem er eðlilegra en það sem við sjáum í dag.

[19:55]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. ráðherra varðandi það að eðlilegt sé að endurskoða þessa lögbundnu fresti. Í öllu falli er það algjörlega óviðunandi sem hefur verið praktíserað, að svigrúmið skuli eingöngu vera ráðuneytisins og framkvæmdaraðila. Það eru ráðuneytið og framkvæmdaraðili, í þessi tilfelli Landsvirkjun, sem hafa tekið sér þá fresti sem þessir aðilar hafa talið sig þurfa. Eins og ég sagði áðan hefur Skipulagsstofnun ekki getað leyft sér að brjóta lögin að sama skapi. Hún hefur alltaf skilað af sér innan lögbundins frests.

Af því hæstv. ráðherra nefndi það hér, að við ættum von á þessum úrskurði um miðjan mars, eftir því sem hún vonaði, þá var það í lok nóvember sem frestur ráðuneytisins til að fjalla um kærurnar á Reyðarál rann út. Hæstv. ráðherra segist vera tilbúin til að skila úrskurðinum kannski um miðjan mars. Þetta er auðvitað ekki nógu gott.

[19:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sammála því að þetta er ekki nógu gott en þetta er bara staðreyndin. Svona eru málin. Það er annar úrskurður sem við erum enn þá seinni með, ef ég man rétt, þ.e. úrskurðurinn um Hallsveg. Þar erum við komin enn þá lengra yfir tímafrestinn. Og þetta er sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Það er mikið álag á lögfræðingum okkar sem vinna þessa úrskurði, lagalega séð. Við erum með aðra sérfræðinga sem fara yfir málin og við höfum ekki ráðið í stöður svo hratt að við gætum haldið í við þau mál sem hafa komið inn til ráðuneytisins. (Gripið fram í.) Það hafa komið inn kærur á fleiri mál en menn sáu fyrir þegar umhverfismatslögin voru sett.

Við munum núna endurskoða umhverfismatslögin. Það er ekkert víst að málin verði áfram í þessu ferli sem þau eru í núna, þar sem ráðuneytið þarf meira eða minna að fara yfir umhverfismat sem kemur inn í kæruferli og skoða alveg ofan í grunninn. Þannig að maður spyr sig hvort þetta séu eðlileg vinnubrögð. Ég er farin að stórefast um það.

Ég býst við því að við gerum talsverðar breytingar á umhverfismatslögunum þannig að allt samráðsferlið verði stóraukið. Hugsanlega verður úrskurðarvaldið ekki hjá Skipulagsstofnun eins og verið hefur verið. Mér skilst að svo sé það ekki í nokkru öðru Evrópuríki. Við munum því taka

djúpa umræðu um þetta á öðrum vettvangi og á þessum vettvangi líka síðar þegar þau mál koma fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Stjórnarfrumvörp á dagskrá.

[19:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er tilkynnt að 13. og 14. mál skuli tekið út af dagskrá, afréttamál, fjallskil og búnaðargjald. Málin eru á könnu hæstv. landbrh. en eins og alþjóð mun kunnugt, a.m.k. þeim hluta hennar sem les Morgunblaðið, hefur hæstv. landbrh. auglýst opinn stjórnmálafund austur í sveitum í kvöld.

Mér hefur verið kunnugt um það nokkuð lengi að búast mætti við kvöldfundi í kvöld á Alþingi. Ég spyr því hæstv. forseta: Er það alveg forsvaranlegt að hv. alþm. skuli binda sig yfir störfum þingsins, en hæstv. ráðherrar skuli ekki þurfa að binda sig með sama hætti?

[19:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hlýt að svara þessu svo að það hefur borið við, og er ekki bundið við ráðherra held ég, að þingmenn fari á fundi annars staðar meðan kvöldfundur er hér í þinginu. Menn eru oft uppteknir og geta af þeim sökum ekki verið hér. Eftir sem áður er nauðsynlegt að halda áfram þingstörfum.

Lyfjalög, 1. umr.

Stjfrv., 601. mál (rekstur lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 947.

[20:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Frv. er samið í samráði við Lyfjastofnun. Eru þar lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum lyfjalaga sem nauðsynlegar eru m.a. til að laga lyfjalög að þeirri þróun sem hefur átt sér stað í rekstri og starfsemi lyfjabúða á síðustu árum. Enn fremur er lögð til breyting á ákvæði 13. gr. laganna um auglýsingar, sbr. 1. gr. frv., en orðalag þess þykir víðtækara en efni standa til.

Hvað varðar meginefni frv. er rekstrarform lyfjabúðanna almennt breytt. Í stað þess að lyfjabúðir séu reknar eingöngu af viðkomandi lyfsöluleyfishafa eru nú flestar lyfjabúðir reknar í félagi eða margar reknar saman af einum aðila. Þegar rekstraraðili lyfjabúðar er ekki lyfsöluleyfishafi er ábyrgð hans samkvæmt lyfjalögum óljós. Þykir nauðsynlegt að slíkur aðili beri einnig ábyrgð á því að framfylgja lyfjalögum, ekki síður en lyfsöluleyfishafi.

Til þess að skýrt sé hvaða rekstraraðilar beri ábyrgð samkvæmt lyfjalögum er lagt til það nýmæli að þeir afli sér leyfis ráðherra til að mega starfa á þessu sviði, sbr. 2. gr. frv. Geta þá heilbrigðisyfirvöld haft yfirsýn um það hverjir þessir aðilar eru á hverjum tíma og kallað þá til ábyrgðar ef þörf krefur. Rekstraraðilar eru hins vegar ekki meðal þeirra sem eru eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögunum þótt sjálfar lyfjabúðirnar séu það. Þykja ekki efni til að Lyfjastofnun fari í eftirlit á skrifstofur rekstraraðilanna.

Við samningu frv. þótti enn fremur ekki nauðsynlegt að festa í lög hvaða skilyrði rekstraraðilar þyrftu að fullnægja til að fá leyfið. Ítarlegar kröfur eru gerðar við veitingu lyfsöluleyfis og lagt er til að það verði látið nægja eins og hingað til. Hafa ber einnig í huga að leyfisveitingin yrði eins og aðrar stjórnvaldsákvarðanir ávallt að vera bundin málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum.

Önnur breyting sem orðið hefur á rekstri og starfsemi lyfjabúða er sú að lyfjabúðum hefur fjölgað verulega undanfarið og opnunartími lengst. Hefur þá reynt á ákvæði 28. gr. lyfjalaga um fjölda starfsfólks lyfjabúða og því hefur verið haldið fram að nægjanlegt sé samkvæmt ákvæðinu að einn til tveir lyfjafræðingar séu við afgreiðslu lyfja. Lyfjastofnun hefur aftur á móti talið nauðsynlegt að lyfjafræðingarnir séu a.m.k. tveir. Slíkt er og í samræmi við vilja löggjafans við setningu laga nr. 108/2000, um breytingu á lyfjalögum. Til þess að koma í veg fyrir frekari vafa er nauðsynlegt að gera ákvæði 28. gr. skýrari, sbr. 3. gr. frv.

Annað nýmæli í þessu frv. er að heimild til beitingar dagsekta komi í lyfjalög. Í ljós hefur komið að Lyfjastofnun hefur takmörkuð úrræði þegar brotið er gegn lögunum, en það er veiting áminningar eða stöðvun starfsemi. Færa má fyrir því rök að stundum geti beiting dagsekta verið eðlilegra úrræði frekar en að stöðva starfsemi, samanber meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Þá eru varnaðaráhrif dagsekta mun meiri en veiting áminningar. Einnig má nefna að heimild til álagningar dagsekta er í lagaákvæðum um eftirlit með matvælum, lækningatækjum, rafföngum og leikföngum. Má færa fyrir því gild rök að dagsektir séu ekki síður nauðsynlegt réttarúrræði hvað varðar eftirlit með lyfjum.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim meginbreytingum sem frv. felur í sér. Þar sem þessar breytingar eru nauðsynlegar til að ráða bót á ákveðnum vanda við lyfjaeftirlit tel ég mikilvægt að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umræðu.

[20:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða breytingu á lyfjalögunum nr. 93/1994, með síðari breytingum. Hæstv. ráðherra hefur farið yfir helstu ákvæðin í frv. Í vetur fór hv. heilbr.- og trn. einmitt í heimsókn til Lyfjastofnunar til að kynna sér starfsemina þar og þar var farið yfir þessa þætti. Eftir þá heimsókn er ég nú sannfærð um að það er orðið nokkuð brýnt að gera þær breytingar á lögunum sem hér eru lagðar til. Það er nauðsynlegt að lögin verði í takt við tímann eða takt við þá þróun sem hefur orðið í rekstri lyfjabúða. Sömuleiðis, eins og við vitum, hefur reksturinn breyst að því leyti að lyfjaverslanir eru á höndum færri eignaraðila og sömuleiðis er opnunartíminn mjög langur. Auðvitað þarf að taka tillit til þess í lögunum. Meðal annars vegna þess er þörf á því að skýra betur túlkun á lögunum um fjölda starfsmanna. Þegar breytingin var gerð á lögunum árið 2000 kom það mjög ákveðið fram í heilbr.- og trn. að vilji væri fyrir því að a.m.k. tveir lyfjafræðingar væru við afgreiðslu og jafnvel fleiri. En það virðist ekki hafa verið nógu skýrt í þeim lögum og því miður hefur verið nokkuð um það að lyf hafi verið ranglega afgreidd í lyfjaverslunum, sérstaklega á annatímum. Auðvitað þarf að koma í veg fyrir að slíkt

gerist og tryggja að nægt starfsfólk sé til staðar til að sinna afgreiðslu svo vel sé.

Einnig er hér tekið á ákvæðinu um auglýsingar. Það hefur einnig verið rætt alloft og hvað eftir annað tekið upp í nefndinni. Við höfum velt því fyrir okkur hvernig við ættum að taka á því og hvort ekki væri hægt að breyta því ákvæði. En hér er sem sagt komin breyting í þessu frv. um auglýsingarnar. Ég geri mér ekki alveg fulla grein fyrir því hvort akkúrat þessi orðalagsbreyting nái því markmiði sem við höfum rætt að þurfi að koma fram, þ.e. að í staðinn fyrir orðalagið „hafi áhrif á líkamsstarfsemi" komi „lagi eða breyti líffærastarfsemi". Við þurfum að skoða það í nefndinni. En það er alveg ljóst að orðalagið sem er í lögunum í dag er allt of þröngt og hefur komið í veg fyrir auglýsingar sem eru alveg sjálfsagðar, t.d. „mjólk er góð" o.s.frv.

Varðandi 5. gr., þ.e. dagsektarákvæðin, þá er verið að færa Lyfjastofnun þarna verkfæri til að sinna eftirlitshlutverki sínu betur. Ég tel sjálfsagt að bæta þessu ákvæði við lögin þannig að Lyfjastofnun geti gripið til fleiri aðgerða en nú þegar lögin eru brotin.

Hæstv. ráðherra lagði til og taldi mikilvægt, herra forseti, að þetta frv. færi í gegnum nefndina fljótt og vel. Ég geri ekki ráð fyrir að mikið sé því til fyrirstöðu nema þá að þar eru ýmis önnur mál fyrir sem þyrftu líka að komast áfram. Ég vil minna á að t.d. þingmannamál hafa ekki fengið umfjöllun eða verið afgreidd úr þessari nefnd, mál sem eru mjög brýn líka. Engu að síður get ég ekki séð annað en að þetta sé mál sem ætti að geta fengið breiða og góða afgreiðslu í nefndinni og mun ég leggja mitt af mörkum til þess. Þó vil ég halda því til haga að ég tel fulla ástæðu til þess að fleiri málum verði sinnt og að fleiri mál fái afgreiðslu en aðeins stjórnarfrv.

Ég minni líka á að ekki er langt eftir af þinginu og þetta mál kemur mjög seint fram. En ég mun alla vega ekki láta það hamla því að ég leggi mitt af mörkum til þess að málið nái fram að ganga.

[20:10]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið kynnt frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Ég tel að í þessu frv. sé flest til bóta miðað við núverandi rekstur lyfjaverslana. Það er verið að aðlaga lyfjalögin að þeim breytingum sem hafa orðið á rekstri lyfjaverslana. Hvort sem þær breytingar í sjálfu sér eru svo til bóta eða ekki þá verður löggjöfin að vera það skýr að fyllsta öryggis sé gætt hvað varðar afgreiðslu lyfja. Því verður ábyrgðin skýrari með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í 2. gr. frv.

Það hefur orðið æ algengara, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, að einn lyfsöluleyfishafi reki margar lyfjaverslanir. Því verður auðvitað að gera hann ábyrgan. Í 2. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Nú er lyfjabúð rekin af öðrum en lyfsöluleyfishafa og veitir þá ráðherra leyfi til rekstursins. Leyfishafi rekstrarleyfis er ásamt lyfsöluleyfishafa ábyrgur fyrir því að farið sé að lögum þessum."

Hver rekstrarleyfishafi er því gerður ábyrgur. Þetta tel ég vera til bóta.

Hvað varðar 3. gr. frv. þá hefur verið vandkvæðum bundið að uppfylla þau skilyrði að ávallt séu tveir lyfjafræðingar að störfum. Það kemur til bæði vegna fjölda útsölustaða og ekki síður vegna þess að lyfjaverslanir hafa orðið lengur opið en áður, bæði á kvöldin og um helgar. Ég tel að allar undanþágur eigi að vera mjög takmarkaðar og tímabundnar til þess að varast það að rekstraraðilar gangi á lagið og reyni að komast hjá því að hafa tvo lyfjafræðinga. Ef við ætlum að gæta fyllsta öryggis þarf tvo lyfjafræðinga og þannig á það auðvitað að vera alls staðar þar sem hægt er að koma því við. Því verða allar undanþágur að vera mjög takmarkaðar.

Eins tek ég undir það að það mundi verða til bóta að beita dagsektum ef ekki er orðið við áminningu.

Mig langar til þess að benda á að í 28. gr. núgildandi laga um afgreiðslu lyfja, sem á nú að fara að gera breytingu við, er málsgrein sem hljóðar svo:

„Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr útibúi frá lyfjabúð enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af Lyfjastofnun eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala."

Herra forseti. Nú liggur fyrir frv. um að leggja niður embætti héraðslækna og hér kemur enn og aftur ábending um að við skulum skoða það mál mjög vel vegna þess að héraðslæknar hafa, eins og orðið bendir til, víðara verksvið en yfirlæknar hverrar heilsugæslustöðvar fyrir sig. Ef við lítum á þetta út frá Reykjavík þá þarf skoða Reykjavík sem heild og eins ákveðin svæði úti á landi. Við þurfum að horfa á þetta í samhengi. Hér er vísað til héraðslæknanna og þetta er eitt af mörgu sem við ættum að skoða varðandi héraðslæknafrv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Við förum vel yfir frv. í heilbr.- og trn. og skoðum það og ekki síður með tilliti til lyfjaverslana úti á landi og lyfjaafgreiðslu þar, þar sem oft hefur verið erfitt að ráða lyfjafræðinga, og með tilliti til þess að flestar pakkningar og merkingar eru orðnar þannig að það hefur verið, við getum sagt, öruggara að leyfa útibúum undanþágu frá ákvæðum um lyfjafræðinga við ákveðnar aðstæður eða við ákveðin skilyrði. En ég ítreka að allar slíkar undanþágur eiga að vera tímabundnar og algjör undantekning.

[20:16]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Varðandi það frv. til laga um breytingu á lyfjalögum sem hér er til umræðu dreg ég ekki í efa að þar sé í flestum tilvikum, ef ekki öllum, um að ræða breytingar sem eru heldur til bóta. Samt átta ég mig ekki á — og verð að viðurkenna hér og nú að ég er ekki með gildandi lög — 1. gr. frv. þar sem lagt er til að í stað orðanna „hafi áhrif á líkamsstarfsemi" komi: lagi eða breyti líffærastarfsemi. Að laga eða breyta líffærastarfsemi hlýtur að þýða það sama og að hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Ég átta mig ekki alveg á þeim mismun sem þarna er og ekki er ég viss um að þessi breyting nái þeirri hugsun sem er á bak við og lýst er í greinargerð með frv. Ég vildi því gjarnan biðja hæstv. ráðherra um að skýra fyrir mér í hverju mismunurinn liggur því ég hef haldið að eitthvað sem lagar eða breytir líffærastarfsemi hafi jafnframt áhrif á líkamsstarfsemina.

Síðan er í 3. gr. talað um heimild ráðherra til að „veita tímabundna undanþágu frá því að í lyfjabúð starfi tveir lyfjafræðingar, enda fáist ekki annar lyfjafræðingur til starfa og hætta er á að starfræksla lyfjabúðar falli niður á svæðinu". Mér finnst líka orka tvímælis að hafa texta eins og þennan í lagatexta. Hann ætti betur heima í skýringum því að lögin sjálf eiga að vera ákveðinn rammi um þær reglur sem eru í gildi á hverjum tíma.

Það kemur fram í greinargerðinni og eins í orðum hæstv. ráðherra að það hafi orðið mikil breyting á þessu umhverfi, starfsemi lyfjabúðanna, á undanförnum árum eða frá því að gerðar voru róttækar, ef svo má segja, breytingar á lyfjalögum 1994. M.a. segir hér í greinargerðinni að ákveðin samþjöppun hafi orðið, sami aðili reki margar lyfjaverslanir, þeim hafi samt fjölgað, opnunartíminn lengst og dæmi séu um að tveimur lyfjafræðingum sé ætlað að sinna 103 klst. opnunartíma á viku. Og síðan segir, með leyfi forseta: „Slíkt býður heim mistökum í miklu annríki og eru þess dæmi að lyf hafa verið rangt afgreidd."

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort mörg dæmi séu um það og hvort þau hafi þá komið til kasta landlæknisembættis eða ráðuneytis, hvort kvartanir hafi verið um að lyf hafi verið rangt afgreidd vegna óhóflegs vinnuálags þeirra sem starfa í lyfjaverslunum, lyfjafræðinga, og þá um hversu mörg tilvik er að ræða.

Þá segir einnig um þetta undanþáguákvæði sem ég tæpti á áðan: „Til viðbótar þessu reynist stundum óhjákvæmilegt að veita undanþágu frá kröfum um fjölda starfsfólks í lyfjabúðum úti á landi þegar ekki fást lyfjafræðingar til starfa. Hafa sumir lyfsöluleyfishafar talið að með þessu sé brotin á þeim jafnræðisregla þar sem gerðar séu minni kröfur til fjölda starfsfólks í lyfjabúðum úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að slíkar undanþágur eru aðeins veittar í algerum undantekningartilvikum ..."

Um hversu mörg tilvik er að ræða þar sem slíkar undanþágur hafa verið veittar og hver hefur þróunin orðið þegar talað er um fjölgun lyfjaverslana og lengri opnunartíma? Hver hefur þróunin orðið hér á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni? Eru einhver dæmi þess að lyfjaverslunum hafi verið lokað á landsbyggðinni þannig að þjónustan sé minni en hún var fyrir breytingarnar 1994 og í hve mörgum tilvikum er um skerta þjónustu að ræða eða að aðgengi að lyfjum sé minna en það var áður í lyfjaverslunum?

Síðan væri, virðulegi forseti, gott að fá sjónarmið hæstv. ráðherra á því að hér hefur að undanförnu verið dregið úr þjónustu. Mér skilst að á öllu höfuðborgarsvæðinu sé engin lyfjaverslun opin eftir tólf á miðnætti þannig að þessi sólarhringsþjónusta er í raun og veru ekki til staðar, og ég veit dæmi þess að erfitt hefur verið að nálgast lyf sem hefur verið brýnt að fá í neyðartilvikum. Það hefur verið erfitt að nálgast lyf á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjöldinn býr, og mætti ætla að það þyrfti að vera mögulegt að ná í lyf allan sólarhringinn. Mér hefur m.a. verið sagt af þeim sem starfa á bráðamóttöku að þetta hafi komið sér afar illa. Hefur það verið rætt í heilbrrn. að semja við einhverja lyfsala um að þessi þjónusta skuli vera til staðar, hún skuli vera sólarhringsþjónusta, og þá í ljósi þess að hér eru gerðar kröfur um að a.m.k. tveir lyfjafræðingar starfi þar sem álagið er mikið? Þetta er vissulega skerðing á þjónustu frá því sem var og hafði verið um tíma.

[20:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um frv. og góðar undirtektir við það. Í umræðunni var komið inn á nokkur atriði í 1. gr. frv. og hvað hún felur í sér. Því er til að svara að nokkuð hefur verið legið yfir þessu orðalagi. Orðalagið „að hafa áhrif á líkamsstarfsemi" er mjög vítt og samkvæmt áliti færustu manna þykir orðalagið „að breyta líffærastarfsemi" þrengra og gefa möguleika á að auglýsa ýmis náttúrulyf eða fæðubótarefni. Einstigið í orðavali er vandratað því að við viljum auðvitað ekki að ómarktækum fullyrðingum sé haldið fram í þessu efni. Hins vegar er ég viss um að hv. heilbr.- og trn. fer yfir þetta orðalag og ég tel að í þessari lagagrein verði að vanda mjög til.

Varðandi hlutverk héraðslækna, staðlaðar lyfjapakkningar og lyfjaafgreiðslu landsbyggðarinnar sem hefur komið hér til tals er til umræðu í heilbr.- og trn. frv. um héraðslækna sem ég efast ekki um að nefndin fer líka yfir og les saman við þetta. Hins vegar færist hlutverk héraðslækna til yfirlækna heilsugæslunnar eins og fram kom hjá hv. 5. þm. Austurl. Það er þá í rauninni hlutverk þeirra sem yfirtaka þetta hlutverk samkvæmt þeim frv. sem liggja fyrir. Ég hef hins vegar ekki upplýsingar um hve margar undanþágur hafa verið veittar en ég hef vitneskju um að afgreiðslu lyfja hefur verið breytt á landsbyggðinni þannig að þjónusta hefur í einstökum tilfellum verið minnkuð með samruna lyfjabúða, og lyf hafa verið afgreidd frá stærri lyfjaverslunum til smærri staða þar sem ekki hefur reynst mögulegt að halda opinni lyfjaafgreiðslu.

Varðandi þau ákvæði sem gilda um þetta eða eru sett fram um þetta í frv. er þarna tekin viss forskrift inn í lagatextann. Það er m.a. gert í þeim tilgangi að ráðherra hafi leiðsögn um þessi undanþáguákvæði, og ákveðin um vald ráðherra í þessum efnum eru gerð skýrari og ótvíræð sem þau voru ekki. Ég tel auðvitað þörf á þessu undanþáguákvæði en tek alveg undir að þau ber að spara, og veita þau ekki nema full ástæða sé til. Megininntakið í frv. er að auka öryggi í lyfjaafgreiðslu, og frv. fjallar um að samræma lög um lyfjaafgreiðslu þeim breytingum sem orðið hafa í þessari verslun, og auka öryggið. Lyfjaafgreiðslan er auðvitað alvarlegt mál, það er vandasamt að höndla með þessa hluti og þar þarf að vera fullt öryggi.

Ég var spurður um ranga afgreiðslu lyfja, hve mikið hefði komið af kvörtunum um slíkt. Því er til að svara að ég hef ekki móttekið slíkar kvartanir þá mánuði sem ég hef verið í starfi og í viðræðum mínum við landlækni hefur þetta mál ekki komið sérstaklega upp. Hins vegar er þessi hætta fyrir hendi. Þetta er auðvitað hlutur sem verður að girða fyrir en ég er ekki þar með að segja að í þessum efnum sé neyðarástand. Menn skulu varast að draga of algildar ályktanir af orðalaginu sem er, og ég vil ekki taka undir það.

Varðandi þjónustuna í lyfjabúðum á höfuðborgarsvæðinu og þá staðreynd að lyfjabúðir eru lokaðar frá klukkan tólf á miðnætti til fimm, ef ég man rétt, höfum við auðvitað fylgst með því og rætt þessi mál. Ég tek undir að auðvitað þarf að fylgjast grannt með því að þessi þjónusta sé fyrir hendi. Hins vegar höfum við fengið þær upplýsingar að hún hafi verið afskaplega lítið notuð á þessum tíma, vægast sagt, frá klukkan tólf til fimm. Með því er ég samt ekki að segja að þessi þjónusta sé óþörf, síður en svo. Við verðum auðvitað að fylgjast mjög grannt með því og ég hef reyndar beðið um að fylgst sé með í þessum efnum.

Varðandi svo dagsektarákvæðin eru þau auðvitað bæði til þess að létta og þyngja. Verið er að bæta þarna inn úrræðum, t.d. til þess að þurfa ekki að loka ef hnökrarnir eru þess eðlis og til þess þá að hafa eitthvert áhrifameira tæki en áminningu. Þetta dagsektarákvæði vinnur í báðar áttir.

Ég held að ég hafi farið yfir þau atriði sem fram komu í ræðum hv. þingmanna en ég endurtek að heilbr.- og trn. fer auðvitað yfir þetta frv.

[20:31]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég vil aðeins segja um það að lyfjaverslunum hefur verið lokað hér frá miðnætti til fimm, að sú þjónusta hafði verið lítið notuð. En við skulum ekki gleyma því að þeir sem nota þá þjónustu á þeim tíma gera það yfirleitt vegna þess að það er mikil þörf á því. Þeir sem eru með fjölnota lyfseðla sækja lyf sín að deginum til. En það er yfirleitt vegna þess að upp koma bráðatilvik að þörf er á þjónustu lyfjaverslana á næturnar. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að sú þjónusta sé til staðar.

Hæstv. ráðherra sagði að þetta frv., eins og lögin, miði að því að auka öryggi í lyfjaverslun landsmanna. Því er spurning mín til hæstv. ráðherra, þar sem hann veit dæmi þess að dregið hafi úr þjónustunni á landsbyggðinni undanfarin ár — lyfjalögin höfðu það í för með sér m.a. — hvort hæstv. ráðherra hafi í hyggju að auka þær öryggiskröfur sem gerðar eru vegna afgreiðslu á lyfjum sem á sér stað til dæmis í verslunum eða söluskálum þangað sem lyfin eru send frá lyfsölum til afgreiðslu, þ.e. í verslunum og söluskálum, geymd í pappakössum eða bréfpokum og afgreidd þar bara svona við afgreiðsluborðið um leið og bensínið eða matvaran, hvort ekki sé þörf á kröfum um auknum öryggi vegna þessa meðal annars.

[20:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykja þessar lýsingar á lyfjaverslun vera með nokkrum ólíkindum. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að fylgjast með og hafa eftirlit með afhendingu lyfja og hvaða aðili sem á í hlut. Ég trúi því nú ekki að þessi dæmi séu raunveruleg um að söluskálar séu að afhenda í rauninni lyf með bensíninu. Ég trúi því ekki. Það er þá verið að afgreiða pakka frá lyfjaverslunum. En það er alveg ljóst að ástæða er til þess að fylgjast mjög grannt með þessum viðskiptum. Ég hef reyndar ekki dæmi um þetta. Hins vegar held ég að þarna hljóti nú að vera um einhvers konar pakkaafgreiðslu að ræða, að menn séu ekki að telja pillur með bensíninu. En það er alveg sama. Ástæða er til þess að um þetta gildi mjög ákveðnar reglur og að Lyfjastofnun fari þá yfir það hvaða regla gildir um þetta. Ég er tilbúinn til þess að grennslast fyrir um það.

[20:34]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki er það nú þannig að bensínafgreiðslumennirnir eða þeir sem afgreiða í matvöruverslununum séu að telja pillurnar. En pillurnar eru afgreiddar frá lyfjafræðingum og sendar í viðkomandi söluskála eða verslun og afgreiddar þaðan. Hver fær sinn skammt og er hann merktur einstaklingum. Það sem ég á við er að þetta liggur í afgreiðsluborðinu í pappakössum og við vitum svo sem ekkert hvers konar lyf þetta eru. Það gæti einhver viljað taka þetta. Mér finnst það ekki beint bera vitni um öryggi í lyfjaafgreiðslu að hafa þetta svona og eðlilegt væri að lyfsalar gengju þannig frá því þegar þeir eru með afhendingarstaði annars staðar en í lyfjaverslunum, að þá sé a.m.k. um einhvers konar skápa, öryggisgeymslu að ræða þar sem lyf eru afhent. Auðvitað veit ég að afgreiðslufólk reynir að passa upp á lyf. En það þarf bara að gera margt annað þegar þetta er afgreitt í matvöruverslunum og í söluskálum. Þetta er ekkert nýtt. Þetta hefur verið svona í mörg ár. Þetta er sú lyfjaafgreiðsla sem ég t.d. þekki best úr heimabyggð minni.

[20:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í raun engu við þetta að bæta að öðru leyti en því að ég ítreka að einboðið er að fara yfir þær öryggiskröfur sem gerðar eru í þessu og m.a. það sem hv. þm. nefndi, þ.e. að geymsla pakkninga og lyfja sem hafa verið tekin til í lyfjabúðum og send, sé traust. Ég tek þessari ábendingu og endurtek að ég mun spyrjast fyrir um þann hátt sem hafður er á í þessu efni.

[20:36]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi breytingar á lyfjalögum hefur orðið mikil breyting á rekstrarumhverfi lyfjaverslananna og vaktþjónustu. Þó svo að verslanirnar séu opnar fram á kvöld og um helgar þá hefur, að því sem mér skilst, fallið niður afgreiðsla að næturlagi á höfuðborgarsvæðinu eins og var hér áður. Það eru ekkert mjög mörg ár síðan apótekin skiptu næturafgreiðslu á milli sín. Maður leit á þetta sem nokkurs konar þjónustuskyldu og það var alltaf auglýst hvar næturvaktin væri. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort í undirbúningi sé að koma á einhverri slíkri vaktskyldu þannig að á höfuðborgarsvæðinu verði fólki gert aðgengilegt að kaupa lyf að næturlagi, því það eru þá bráðnauðsynleg lyf sem þarf að nálgast með skömmum fyrirvara. Hvað varðar þessa þjónustu út um land þá tel ég að ekki séu sömu vandamálin þar því að í flestum tilfellum geti læknar afgreitt bráðnauðsynleg lyf að nætulagi.

[20:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að það var þannig að lyfjabúðirnar hér skiptu á milli sín vöktum. Eins og ég sagði áðan, og endurtek ég það, þá höfum við fylgst með þessari þróun og við munum gera það áfram. Við höfum þegar kallað eftir upplýsingum um hvernig þessi mál hafa þróast á þessum tíma þegar lyfjaafgreiðsla er ekki fyrir hendi. Ég mun fylgjast grannt með þeim málum og ráðuneytið þannig að öryggi sé ekki fórnað í þessum efnum. Hins vegar er þetta auðvitað vandamál út á landsbyggðinni. Ég verð nú því miður að segja að ég er ekki alveg tilbúinn til að taka undir það með hv. 5. þm. Austurl. að þetta sé ekkert mál þar vegna þess að læknar afgreiði. Því miður eru ekki læknar í öllum byggðarlögum. Þetta er því vandi sem fólk á við að etja og hefur ekki sambærilegan aðgang í þessum efnum. En varðandi lyfjalöggjöfina yfirleitt er ég tilbúinn að skoða alla hluti sem stefna til aukins öryggis í lyfjamálum. Það er hlutverk okkar að gera það. Það er hlutverk Lyfjastofnunar, það er hlutverk landlæknis, sem okkar ráðgjafarstofnun og það er hlutverk ráðuneytisins að fylgjast grannt með þeim málum. Og ég er tilbúinn til þess.

[20:41]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að ég er of bundin í huganum við afgreiðslu lækna úti á landsbyggðinni. Ég hef verið með hugann við útköll, þ.e. þegar kallað er á lækni. Vissulega eru ekki alls staðar starfandi læknar og því miður eru heldur ekki alls staðar reknar lyfjaverslanir. Mjög áhugavert væri því að gera úttekt á því hvernig munstrið hefur breyst frá því lögunum var breytt síðast.

Það sem mig langaði til að segja um vaktskyldu á milli hverfa er að í dag ráða hin rekstrarlegu sjónarmið. Trúlega hefur ekki verið mikill gróði af því að hafa opið á nóttunni.

Mér finnst þessi starfsemi í raun ekkert óskyld annarri heilbrigðisstarfsemi þó þarna sé um einkarekstur að ræða. Því tel ég að hægt sé að leggja ákveðnar skyldur á herðar þeim sem reka lyfjaverslanir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:42]

Útbýting þingskjals:

Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, 609. mál, frv. SJS og ÖJ, þskj. 956.

Verslunaratvinna, 1. umr.

Stjfrv., 607. mál (fylgiréttargjald, bifreiðasölur). — Þskj. 954.

[20:42]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Aðalmarkmiðið með frv. var upphaflega að stuðla að betri skilum á fylgiréttargjaldi skv. 6. mgr. 23. gr. laganna vegna sölu á listmunauppboðum.

Fylgiréttargjald er einnig lagt á endursölu listmuna í atvinnuskyni. Nauðsynlegt hefur verið talið að kveða á um skilagreinar og refsingu í höfundarlögum þar eð misbrestur hefur orðið á því að fylgiréttargjaldi sé skilað. Rétt þykir að gæta samræmis í lögum um verslunaratvinnu að því er varðar skilagreinar og refsingar vegna sölu listmuna á listmunauppboðum enda sama nauðsyn fyrir hendi þar.

Ákveðið var að nota tækifærið til að gera einnig aðrar breytingar á lögunum. Þær breytingar fela fyrst og fremst í sér að lögreglustjórar skuli veita leyfi til að reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki í umdæmi sínu, svo sem áður var, í stað viðskiptaráðherra og halda þá jafnframt skrá yfir leyfishafa í umdæmum sínum. Jafnframt geti leyfisveitendur, þ.e. lögreglustjórarnir, svipt leyfishafa starfsleyfi sínu. Ákvörðun um sviptingu starfsleyfis má skjóta til viðskiptaráðuneytis eða dómstóla. Þá er kveðið á um að í refsimáli megi krefjast sviptingar leyfis til sölu notaðra ökutækja í samræmi við 68. gr. almennra hegningarlaga. Ástæða breytingarinnar varðandi leyfisveitingar er einkum sú að samkvæmt 19. gr. laganna er lögreglustjórum falið eftirlit með starfsemi bifreiðasala hverjum í sínu umdæmi og jafnframt að gera tillögur til viðskrh. um sviptingu leyfa ef aðili fullnægir ekki skilyrðum laganna um starfsemi sína.

Ég tel eðlilegast að leyfisveiting og eftirlit sé á hendi sama aðila, enda tryggi það betri þjónustu við umsækjendur um leyfi, leiði til markvissara eftirlits og yfirsýnar hjá eftirlitsaðilum og minnkar óþarfa skriffinnsku milli leyfisveitanda og eftirlitsaðila.

Í lokin má nefna að slík tilhögun er enn fremur til þess fallin að styrkja starfsemi lögreglustjóraembætta, einkum utan Reykjavíkur.

Loks er gert ráð fyrir breytingum á hugtakanotkun varðandi skráningaraðila fyrir nákvæmnisakir.

Þegar litið er á einstakar greinar frv. sést að 1.–4. gr. auk 10. gr. fjalla um skráningaraðila. 5.–10. gr. fjalla um leyfi lögreglustjóra til sölu notaðra ökutækja, skilyrði fyrir veitingu leyfis, sviptingu leyfis og skrá yfir leyfishafa. Í 8. gr. er fjallað um skyldur til að senda skilagreinar vegna listmunauppboða og viðurlög ef út af er brugðið, svo og um það að lögreglustjóri veiti leyfi til að halda lokuð uppboð í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntun, vísindi og menningu. Í 9. gr. frv. er fjallað um málsmeðferð og viðurlög og felur hún í sér nokkrar breytingar. Í 11. gr. er síðan gildistökuákvæði.

Í athugasemdum við frv. kemur fram að því er varðar 1.–4. gr. og 10. gr. frv. að þar er kveðið nákvæmar á um en áður hvaða aðilar skrái verslun.

Varðandi 5. gr. eru tillögur um að flytja veitingu leyfa, sviptingu leyfa og skrá um leyfishafa frá viðskrh. til lögreglustjóra þar eð slíkt er að fenginni reynslu talið eiga betur heima hjá lögreglustjórum sem fara með eftirlit með sölu notaðra ökutækja hver í sínu umdæmi og þá tillögur um sviptingu leyfa. Þjónusta varðandi leyfisveitingar verður með öðrum orðum í heimahéraði umsækjanda, þar sem hin fasta starfsstöð bifreiðasölunnar er. Þetta tryggir eins og ég hef áður sagt betri þjónustu við umsækjendur um leyfi og leiðir til markvissara eftirlits og yfirsýnar hjá eftirlitsaðilum.

Þá er í 5. gr. frv. lagt til að heimild til að leggja inn útgefið leyfi til sölu notaðra ökutækja verði felld niður og er það einnig gert að fenginni reynslu. Sama gildir um það ákvæði að leyfisveitandi staðfesti uppsögn starfsábyrgðartryggingar. Ákvæðið hefur þótt íþyngjandi og lítt raunhæft. Þessu er nánar lýst í frv.

Taka má fram að í 7. gr. er kveðið á um að skjóta megi úrskurði lögreglustjóra um sviptingu starfsleyfis til viðskrh. eða leita til dómstóla.

Í 8. gr. er kveðið skýrt á um að lögreglustjóri geti veitt leyfi til að halda lokað uppboð til að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntun, vísindi og menningu. Er talið rétt að leyfi þurfi til að halda slík uppboð til að unnt sé að vekja sérstaka athygli á sérákvæðum laganna varðandi uppboð og reglur um fylgiréttargjald, þannig að tryggja megi betri skil á gjaldinu.

Varðandi heimild menntmrh. til að setja nánari reglur um fylgiréttargjald er í frv. tekið fram að í reglunum megi kveða á um viðurlög við brotum á þeim með stuðningi í lögum um verslunaratvinnu. Er þar vísað sérstaklega í 24. gr. laganna sem tilgreinir viðurlög.

Til samræmis við höfundarlögin er kveðið á um það í 8. gr. að uppboðsstjórar skuli senda skilagreinar um sölu listmuna ársfjórðungslega. Jafnframt þykir rétt að kveða á um að tilkynning til innheimtuaðila um að viðkomandi hafi hætt slíkum uppboðum leysi viðkomandi aðila undan þeirri skyldu að senda skilagreinar með þessum reglubundna hætti.

Taka má fram að við upptöku 10% fylgiréttargjalds á sínum tíma var felldur niður 24,5% söluskattur en síðar 22% virðisaukaskattur vegna sölu á listmunauppboðum. Hefur verð til kaupandans þannig lækkað til muna þótt til fylgiréttargjaldsins hafi komið. Gerir þetta enn eðlilegra en ella að fylgst sé vel með innheimtu fylgiréttargjaldsins vegna sölu á listmunauppboðum.

Í 9. gr. frv. er 24. gr. laganna umskrifuð og gerðar vissar breytingar á ákvæðum um viðurlög. Aðalbreytingin snertir 2. mgr. 24. gr. laganna. Ákvæði um refsingu fyrir vanrækslu á tilkynningu eru færð til samræmis við löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög og breytingar gerðar vegna niðurfellingar varðhalds sem refsingar hér á landi. Í

stað varðhalds kemur með öðrum orðum eins árs fangelsi. Þá er það nýmæli að gert er ráð fyrir sömu refsingu vegna brota á ákvæðum IV. kafla um sölu notaðra ökutækja. Kveðið er á um að gera þurfi kröfu um að verslun verði afmáð úr skrá í refsimáli en slíkt kemur ekki fram í lagagreininni nú. Þá er ekki einungis kveðið á um að fremja þurfi ítrekað brot heldur einnig alvarlegt brot. Enn gildir að aðilar þurfa að fullnægja skilyrðum laganna, t.d. að þeir séu fjár síns ráðandi. Í greininni er það nýmæli að kveða má á um það í refsimáli gegn aðila, sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt IV. kafla laganna, að heimilt sé að krefjast sviptingar leyfis til sölunnar í samræmi við ákvæði 68. gr. almennra hegningarlaga. Þetta er lagt til vegna ábendingar frá embætti ríkissaksóknara.

Ákvæðin um sviptingu leyfis af hálfu leyfisveitanda standa áfram.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 853.

[20:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er á nýjan leik tekið fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins en frv. var á dagskrá fyrir helgi. Urðu þá allnokkrar og snarpar umræður um það og meðal annarra atriða sem upp komu þar var að vinnubrögð hæstv. iðn.- og viðskrh. í málinu voru gagnrýnd mjög.

Auðvitað er sú gagnrýni réttmæt, herra forseti, sem þá kom fram, þ.e. að verið sé að leggja fram frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins áður en fyrir liggur hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að mótun framtíðarstefnu í raforkumálum og nýskipan raforkumála.

Það vekur nokkra furðu, herra forseti, að ekki skuli vera komið fram hér á nýjan leik á Alþingi frv. til raforkulaga sem, ef ég man best, var lagt fram rétt áður en þingi lauk síðasta vor og mig minnir að ekki hafi einu sinni verið mælt fyrir því heldur hafi því einungis verið vísað til nefndar — ég sé að hæstv. ráðherra kinkar kolli. Sú framtíðarstefna sem ríkisstjórnin vill sjá að því er varðar nýskipan orkumála er því alveg órædd hér í þingsölum og það hlýtur að vekja nokkra furðu að það frv. skuli ekki vera komið fram á þessu þingi, þó að ekki séu nema örfáar vikur til þingloka.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að málin eru ekki tekin hér í réttri röð af hæstv. ráðherra og það mál hefði átt að ræða hér fyrst áður en tekið er til við að ræða frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Vera má að einhver ágreiningur sé um það mál á milli stjórnarflokkanna og það sé e.t.v. skýringin á því að málið hafi ekki verið lagt fram og þyrfti það að koma nánar hér til umræðu áður en frv. sem hér er til umræðu verður sent til athugunar í nefnd.

Frv. til raforkulaga sem hæstv. ráðherra lagði fram á síðasta þingi fól í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku og þar kom einmitt fram að leggja átti fram frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði sem gera þarf vegna þeirra breytinga sem voru lagðar til í frv.

Í greinargerð með því frv. kom fram að best væri að gera endurskipulagningu á raforkubúskapnum á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku. Og aðskilnaður samkeppnis- og einokunarþátta sé þá höfuðatriði í tengslum við slíkar skipulagsbreytingar og mæli jafnframt margt með því að hlutafélagsformið taki við af núverandi rekstrarformi. Vinnubrögðin eru því vissulega gagnrýnisverð.

Ef ræða á þetta frv. eitt og sér, fyrir utan það að ekki liggi fyrir heildarframtíðarstefnumótun í raforkumálum, þá er ýmislegt sem vekur upp miklar spurningar að því er þetta frv. varðar, herra forseti.

Fyrir helgina voru ræddar hér m.a. þær röksemdir sem hæstv. ráðherra teflir fram í greinargerð fyrir stofnun hlutafélags. Mér finnst það, herra forseti, ansi bíræfið af hæstv. ráðherra að tefla fram þeim röksemdum sem hér eru settar fram fyrir stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins í ljósi þess sem við höfum verið að ganga í gegnum í þjóðfélaginu almennt að því er varðar hlutafélagavæðingu ríkisstofnana og einkavæðingu og sölu á ríkisfyrirtækjum. En því er einmitt teflt fram sem fyrstu röksemd fyrir stofnun á hlutafélagi um Rafmagnsveitur ríkisins þegar verið er að telja upp hve skynsamlegt sé nú að fara þá leið, að þá er sagt hér, með leyfi forseta: „.... hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt. Í löggjöf sem um það hefur verið sett er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda), stjórnar og framkvæmdastjórnar."

Ljóst er og það þekkja allir sem hafa fylgst með þessum málum og vonandi hæstv. viðskrh. líka að í framkvæmd hefur ekki verið „vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda), stjórnar og framkvæmdastjórnar." Ekki er hægt að selja okkur á þessum síðustu og verstu tímum slíka röksemd.

Herra forseti. Mér finnst, og ég ætla að koma að því strax, að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar geti varla leyft sér að koma hér til þings og biðja um heimild til hlutafélagavæðingar á ríkisfyrirtæki í ljósi þess hvernig ráðherrar haga sér gagnvart stjórnarskrárvörðum rétti þingmanna, sem er upplýsingaskylda framkvæmdarvaldsins til þingsins. Í mínum huga finnst mér málum vera svo komið, herra forseti, að í raun og sanni ættu þingmenn að manna sig upp í það að slá allri hlutafélagavæðingu á frest, hversu skynsamleg sem hún er, þangað til það er komið á hreint milli þingsins og framkvæmdarvaldsins hvernig upplýsingaskylda framkvæmdarvaldsins eigi að vera til þingsins vegna þess að það gengur ekki, herra forseti, öllu lengur að ráðherrar komist upp með það aftur og aftur, og viðskrh. ekkert síður en aðrir ráðherrar, m.a. að því er varðar bankana, að brjóta þennan stjórnarskrárvarða rétt á þingmönnum. Ég mun ekki standa að því, hversu skynsamlegt sem mér þykir þetta frv. vera, að samþykkja hlutafélagavæðingu á Rafmagnsveitum ríkisins sem hér eru á dagskrá, fyrr en þessi mál eru komin á hreint.

Mér finnst reyndar, herra forseti, standa upp á forsn. þingsins, og ég beini orðum mínum til forseta, að setjast yfir þetta mál og fá það í eitt skipti fyrir öll á hreint hvernig með þessi mál eigi að fara, þ.e. stjórnarskrárvarinn upplýsingarétt þingmanna.

Mér finnst það vissulega koma til greina, herra forseti, að setja sérstaka löggjöf um hlutafélög í ríkiseign þar sem tekið yrði með öðrum hætti á upplýsingaskyldu slíkra fyrirtækja,

sem eru að fullu eða að meiri hluta í ríkiseign, að því er þennan rétt varðar.

Þetta er hefðbundin klásúla sem við fáum hér. Þetta er staðlað og gengur á milli ráðherranna. Síðast kom fram í svari við fyrirspurn minni frá hæstv. samgrh. að öll stjórnsýslutengsl milli ráðuneytisins og viðkomandi félags hafi rofnað og því sé ekki fært að veita þingmönnum þær upplýsingar sem eftir er kallað. Þetta er ekki boðlegt, herra forseti, ekki síst samkvæmt reynslunni af hlutafélagavæðingunni og það hvernig ráðherrar haga sér og ganga um þessi fyrirtæki eins og þeim hentar er ekki í samræmi við ákvæði hlutafélagalaganna, eins og hæstv. samgrh. hefur verið uppvís að. Stjórnsýslutengslin rofna þegar ráðherranum hentar að svara ekki þinginu. En hann hefur alla sína hentisemi með það að taka mál út úr fyrirtækinu þegar svo ber undir.

Herra forseti. Það er raunverulega mjög sérstakt hvernig þessir ráðherrar ganga um þessi fyrirtæki, ekki síst í ljósi þeirra frétta sem við vorum t.d. að heyra í kvöld. Ég er aldeilis agndofa yfir þeim fréttum sem koma hér af aðalfundi hjá Símanum þar sem hæstv. ráðherrann skaut sig endanlega í fótinn. Það lýsir auðvitað engu öðru en veruleikafirringu og algjöru dómgreindarleysi að hæstv. samgrh. sem fer þarna með eigendaréttinn, 95% eða 98% í félaginu, skuli leyfa sér eftir allt sem á undan er gengið að leggja til á þessum aðalfundi að meira en tvöfalda — meira en tvöfalda — laun stjórnarmanna, hækka þau úr 65.000 kr. í 150.000 fyrir venjulegan stjórnarmann og úr 130.000 í 300.000 fyrir formanninn. Ég horfi á hæstv. viðskrh. vegna þess að þetta setur allt málið í það ljós að það veldur mikilli tortryggni að vera að afhenda ráðherrum slíka heimild sem þeir kunna ekki með að fara. Auðvitað kunna þeir ekki með hana að fara þegar þeir verða uppvísir að því að leggja til, eins og hæstv. samgrh. gerði greinilega á þessum aðalfundi, að tvöfalda laun stjórnarmanna. Það lýsir algjöru dómgreindarleysi og veruleikafirringu. Við erum kannski að tala um að hjá svona félagi eins og Símanum séu tveir stjórnarfundir í mánuði. Fær þá stjórnarformaðurinn 150.000 kr. fyrir hvorn fund og venjulegur stjórnarmaður 75.000? Við erum að tala um að venjulegur stjórnarmaður gæti hirt á einum slíkum tveggja tíma fundi nálægt einum lágmarkslaunum verkafólks í landinu.

Það er auðvitað ekki skrýtið að menn stoppi við það, herra forseti, að ráðherrunum sé ekki treystandi fyrir svona heimild sem þeir eru að kalla eftir frá þinginu. Ég hlustaði á nýskipaðan formann stjórnar í fréttunum í kvöld, í Kastljósi, og ekki var að heyra á þeim nýskipaða stjórnarformanni að hún hefði verið að kalla eftir þessum stjórnarlaunum eða gert þau að skilyrði fyrir því að hún tæki það sæti. Það var ekki annað á stjórnarformanninum nýskipaða að heyra, sem ég óska nú allrar velgengni í störfum, en að henni hafi hreinlega verið boðið þetta. Það þarf að upplýsast, herra forseti, hvort þetta hafi verið gert með vitund og vilja t.d. forsrh. eða annarra ráðherra.

Herra forseti. Það er þetta sem setur málið sem hæstv. iðnrh. kemur hér með inn í þingið í allt annað ljós og gerir þá kröfu sem ég er að setja hér fram enn háværari og sterkari, þ.e. að ráðherrar munu ekki fyrir minn atbeina a.m.k. verða studdir í því að fá heimild hér til að setja á stofn hlutafélög um ríkisrekstur fyrr en upplýsingaskylda til þingmanna er komin á hreint. Þetta vil ég að liggi klárt og kvitt fyrir, herra forseti, af minni hálfu að því er þennan þátt varðar.

Ég vil spyrja um nokkur atriði í tengslum við þetta frv. sem í fyrsta lagi ætti ekki að afgreiða af því það vantar þessa nýskipun eða framtíðarstefnumótun í raforkumálum sem við erum að kalla eftir og í annan stað vegna þess sem ég nefndi, að það vantar hreinlega að fá botn og niðurstöðu í upplýsingarétt þingmanna. Þó vil ég engu að síður ræða nokkur atriði sem tengjast þessu frv. við hæstv. ráðherra og spyrja hana um.

Það er í fyrsta lagi að því er varðar 3. gr. frv. þar sem segir að iðnrh. fari með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu. Herra forseti. Ég spyr: Getur hæstv. iðnrh. ekki verið sammála því, og tekið undir með hæstv. samgrh., að hæstv. fjmrh. eigi að fara með eignarhlut ríkisins í þessu fyrirtæki? Ég minni á það að þingmenn Samfylkingarinnar lögðu þetta til á síðasta þingi og þessu. Hér liggur fyrir frv. um að fjmrh. eigi að fara með hlutabréfið í því fyrirtæki sem Landssíminn er og eins varðandi bankana. Þetta hafa þingmenn Samfylkingarinnar lagt til. Mér finnst liggja algjörlega beint við að fjmrh. eigi líka að fara með eignarhlut ríkisins í því hlutafélagi sem við fjöllum um hér.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort og þá hvernig þetta frv. hafi verið unnið að því er varðar starfsmennina sem hjá þessu fyrirtæki vinna. Var það unnið í samráði við starfsmennina?

Ég tek eftir því að í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. er talað um að allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri sé greiddur af félaginu, þar með taldar hugsanlegar biðlaunagreiðslur. Ég stoppa við það hvers vegna sérstaklega verið er að taka þarna fram biðlaunagreiðslur. Ástæða er til þess að fá það fram hvort og með hvaða hætti þetta frv. hafi verið unnið í samráði við starfsmennina.

Ég vil líka spyrja um það sem fram kemur í 3. gr. frv. og í því sem sagt er um 3. greinina. Þar kemur fram að ekki komi til sölu á hlutum ríkisins í hlutafélaginu nema með sérstakri heimild Alþingis. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hugsanlegt sé að það muni teljast nægjanlegt að koma með slíka heimild eða kalla eftir henni í gegnum fjárlagafrv. Eða mun ráðherra sjá til þess, ef til þess kemur að menn vilja selja hlut í þessu fyrirtæki eins og verið er að gera skóna í 4. tölul. greinargerðarinnar þar sem taldar eru upp röksemdirnar fyrir að stofna þetta hlutafélag, að það verði gert með sérstöku frv. frá Alþingi? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki liggi alveg klárt og kvitt fyrir að það verði ekki gert á einhvern einfaldan hátt gegnum fjárlagafrv., heldur að það verði gert með fullboðlegu frv. sérstaklega um það mál, komi til þess. Í 4. tölul. stendur:

„Vilji ríkissjóður ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutfallinu í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé."

Um þetta er líka spurt, herra forseti, og í lokin, af því að ég sé að tími minn er að verða búinn, þá spyr ég um arðsemina. Það er athyglisvert sem fram kemur í athugasemdum við 6. gr. frv. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í greininni er kveðið á um að stjórn hlutafélagsins skuli setja gjaldskrá fyrir félagið og lagt til að við gerð gjaldskrár skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða."

Það er tekið fram: „arðsemissjónarmiða". Þau eiga greinilega að hafa forgang. En ég spyr: Hvað með raforku til almenningsveitna? Hvað með raforkuverð til almennings? Á það engan forgang að hafa eða hvaða vægi hefur það að því er varðar rekstur á slíku félagi?

Herra forseti. Tími minn er að verða búinn. Eins og ég segi þá kemur að mínu viti ekki til greina, hversu skynsamlegt sem þetta mál er, að veita því brautargengi í gegnum þingið eða standa að því að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag fyrr en fyrir liggur hvernig háttað er stjórnarskrárvörðum rétti þingmanna til að leita upplýsinga hjá framkvæmdarvaldinu að því er varðar fyrirtæki í ríkiseign. Það er orðið svo mikið forgangsverkefni hér í þinginu, herra forseti, að ég skora á forseta þingsins að beita sér fyrir því að slíkt sé gert þannig að mál geti fengið eðlilegan framgang, eins og hér er verið að tala um, án þess að það þurfi að þvælast fyrir.

[21:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ræða hvernig hæstv. forseti hefur hugsað sér að standa að frekari fundahöldum í kvöld og frekari meðferð þessa máls. Staðreyndin er sú að ég hefði helst viljað að þessari umræðu yrði frestað nema hæstv. ráðherrar, forsrh., fjmrh. og gjarnan einnig hæstv. samgrh., kæmu til umræðunnar.

Það er orðin ærin ástæða til þess að fá hér fram stefnu hæstv. ríkisstjórnar í málefnum ríkisfyrirtækja sem verið er að breyta í hlutafélög. Það er auðvitað ekki hægt að bjóða Alþingi að einstakir ráðherrar séu með hugmyndir um að færa eignarhaldið t.d. til fjmrh., eins og hæstv. samgrh. í sambandi við Landssímann. Ég held að dæmin sanni að ástæða sé til þess að fá einnig á hreint hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsi sér að fara almennt með stjórnir fyrirtækja sem settar eru yfir hlutafélagavædd eða einkavædd ríkisfyrirtæki. Þarf ekki að fá einhverja stefnu fram í þeim efnum? Hvernig verða þær í framtíðinni skipaðar? Hvað á að borga þeim fyrir lítilræðið að setjast í stjórnir fyrirtækja?

Herra forseti. Þessa hluti og fleiri hefði verið fróðlegt að ræða hér við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar. Þó þetta tiltekna mál sé á forræði hæstv. viðskrh. þá er þetta auðvitað hluti af heildarstefnu stjórnvalda í þessum efnum sem virðist vera í uppnámi svo ekki sé nú fastar að orði kveðið. Það er tæpast hægt að segja annað en að upplausn ríki í þessum efnum og síðustu sviptingar í málefnum Landssímans ættu náttúrlega að vera nægjanleg rök fyrir því að taka öll þessi mál til gagngerrar endurskoðunar eins og þetta er að birtast okkur.

Ég vil því spyrja hæstv. forseta: Er slíkt forgangsmál að hamast á þessu máli hér í kvöld og fram á nótt að ekki megi koma því við að fresta umræðunni og hlutast til um það þegar henni verður svo fram haldið að þá verði viðstaddir þessir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. ráðherrar sem fara með þessi mál eða eðlilegt er að séu til svara, þ.e. hæstv. forsrh. vegna samræmingar þessara mála og stefnu ríkisstjórnarinnar og auðvitað kæmi hæstv. fjmrh. til greina, þá sem vörsluaðili eða forsvarsaðili eigna ríkisins sem breytt hefði verið í hlutafélög? Síðan hefur hæstv. samgrh. tjáð sig um þetta mál og væri nú ástæða til að fá hann hér til þings af þeim ástæðum og fleirum.

Herra forseti. Í reynd er því meginósk mín sú að umræðunni verði frestað. Ef því verður ekki við komið þá spyr ég hvort þessir hæstv. ráðherrar séu á lausu — þeir eru kannski með auglýsta fundi einhvers staðar eins og fleiri — og hvort þeir gætu þá komið því við að verða hér við umræðuna því ég hefði gjarnan viljað bíða með að halda seinni ræðu mína við þessa umræðu þangað til þeir væru komnir til fundar.

[21:14]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það hefur legið fyrir síðan í morgun að hér yrði kvöldfundur og lokið umræðu um þau mál sem eru á dagskrá. Hæstv. iðnrh. hefur forræði þessa máls og er búin að sitja við þessa umræðu. Það hefði verið eðlilegt, þar sem óskað er eftir því að aðrir ráðherrar verði viðstaddir, að beðið hefði verið um það áður en umræðan hófst, en ekki í miðri umræðu.

[21:15]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það má svo sem færa góð og gild rök fyrir því að hugsanlega hefði mátt koma einhverjum tilmælum fram fyrr. Hins vegar vitum við aldrei hvernig umræðan þróast og þegar svona mörg mál eru á dagskrá sjáum við ekki fyrir hvernig þetta muni æxlast. Veruleikinn er nú sá, ef við bara lítum yfir veturinn, að þessi hlutafélagaumræða öll er orðin mjög skrýtin og hefur tekið mikinn tíma í þinginu. Menn hafa rætt heilu dagana til að mynda um upplýsingarétt þingmanna og sitt lítið af hverju sem þessu tengist.

Virðulegi forseti. Ég held líka að vegna eðlis 1. umr. sem er fyrst og fremst ætlað að draga fram meginlínurnar, væri mjög mikilvægt að forustumenn ríkisstjórnarinnar, þá sérstaklega forsrh. í þessu tilviki, sætu hér, hlýddu á umræðuna og tækju þátt í henni og skýrðu ýmislegt og þá ekki síst í ljósi þeirrar stefnubreytingar sem komið hefur fram og virðist, a.m.k. að því er varðar Símann, felast í því að einstakir ráðherrar eigi ekki að fara með hlutabréf í fyrirtækjum sem undir þá heyra þegar þeir eru líka um leið hugsanlega að setja reglur sem gilda á því tiltekna samkeppnissviði sem viðkomandi fyrirtæki er ætlað að starfa á.

Ég viðurkenni að kannski hefði verið við hæfi að biðja um þetta aðeins fyrr. En um leið vil ég nefna það að við vitum aldrei hvernig umræðan þróast. Við vorum ekkert viss um að þau mál sem voru á dagskránni í dag mundu ganga svo greiðlega fyrir sig að við kæmumst svona langt í dagskránni. Ég vil því taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og óska eftir því að þessir hæstv. ráðherrar verði viðstaddir.

[21:17]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef í hyggju að flytja seinni ræðu mína við þessa umræðu. Ég hefði viljað fá að beina orðum mínum til hæstv. landbrh. því fátt snertir meir hinar dreifðu byggðir landsins og landbúnað vítt og breitt um landið en einmitt fyrirhuguð hlutafélagavæðing Rariks. Bændasamtökin hafa ítrekað ályktað um rafmagnsmál. Mér datt ekki annað í hug, virðulegi forseti, þar sem að hæstv. landbrh. ætlaði að mæla hér fyrir 13. og 14. dagskrármálinu, en að eðlilegt væri að bera fram þá ósk að hann yrði einnig við umræðuna um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Ég fer þess á leit, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði frestað, tek undir ósk hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að þessari umræðu verði frestað. Þetta mál er allt of stórt til þess að láta það bara leika hér í gegnum þingið.

Eins má draga í efa hvert sé umboð hæstv. iðnrh. því ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi fyrstur nefnt að miklu réttara væri að fjmrh. færi með hlutabréfið í Símanum og hæstv. samgrh. þurfti síðan sjálfur að nefna það hér í ræðustól á hv. Alþingi. Hvaða umboð hefur hæstv. iðnrh. núna til að fara með þetta mál? Hefur það verið rætt í ríkisstjórninni? Mér er spurn. Alla vega væri eðlilegt að þetta væri rætt

saman þannig að það væri þá alveg klárt að hæstv. ráðherra hefði umboð í þessu máli frá forsrh. sem virðist fara með öll þessi einkavæðingarmál.

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað mér að óska eftir því að hæstv. landbrh. yrði hér viðstaddur þannig að ég gæti spurt hæstv. ráðherra nokkurra spurninga um áhrif hlutafélagavæðingar og einkavæðingar Rariks á landbúnað í landinu og bændur. Ég hafði einmitt hugsað mér að óska eftir því að hann yrði hér þegar að hans málum kæmi samkvæmt boðaðri dagskrá.

[21:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér var tjáð í dag að reikna mætti með kvöldfundi. Ég er í sjálfu sér ekki að gera athugasemdir við að hér sé fundað eitthvað fram eftir kvöldinu. Hitt vakti athygli mína að hæstv. forseti tók þannig til orða að eðlilegt hefði verið að koma óskum um viðveru annarra ráðherra en hæstv. viðskrh. á framfæri fyrr. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta: Felst í þessu orðalagi að óeðlilegt sé að koma með slíka ósk nú? Ber að gagnálykta af þessum orðum hæstv. forseta? Ég vona ekki. Ég veit ekki betur samkvæmt þeim þingsköpum sem ég hef lært en að ráðherrar og þingmenn, t.d. 1. þm. Reykv., hafi þingskyldur eins og aðrir menn. Það eru nýir hlutir fyrir mér ef það er eitthvað óeðlilegt við það og eitthvað athugavert við það að fara fram á að menn séu hér viðstaddir og sinni sínum þingskyldum, nema þeir hafi lögmæt og boðuð forföll. Ég ætla að vona að þetta sé ekki að þróast út á þá braut að forsetar þingsins mæli því beinlínis bót að menn séu fjarstaddir og ekki til staðar á fundum og að ráðherrabekkirnir séu galtómir þegar rædd eru hér hin mikilverðustu mál.

Þegar óskir af þessu tagi koma fram, hvenær sem þær koma fram í umræðunni, herra forseti, þá er ég þeirrar skoðunar að líta beri á efni máls og hvort sú ósk sé rökstudd og sanngjörn og flutt eðlilega fram og hvort fyrir henni standi efni. Svo tel ég að sé í þessu tilviki. Það eru ekki smámál þegar menn eru að henda á milli sín eignarhaldi í verðmætum ríkisfyrirtækjum. Það er ekki eins og það ætti að koma hæstv. forseta eða stjórnarliðum á óvart þó að ólga sé í þjóðfélaginu um þau mál og hvernig til hefur tekist.

Herra forseti. Að lokum endurtek ég það að ég ætla ekki að biðjast afsökunar á því að ætlast til þess að menn séu hér viðstaddir og sinni þingskyldum. Þau bráðum nítján ár sem ég hef verið hér hef ég reynt að leggja mig fram um að vera hér og sinna starfi mínu. Ég fæ fyrir það u.þ.b. það sama og nýskipaður stjórnarformaður Landssímans fær fyrir að mæta á einn til tvo stjórnarfundi á mánuði, eða tæpt þingfararkaup. Ég er ekkert að kvarta undan því, herra forseti. En ég ætlast til þess að menn vinni hér vinnuna sína. Ég endurtek að óskir mínar voru settar fram, að ég taldi, af hógværð. Þær voru rökstuddar og ég get fært frekari rök fyrir þeim, ef hæstv. forseti vill heyra þau. Ég vona að ekki hafi borið að skilja tóninn eða orðavalið hjá hæstv. forseta þannig hér áðan að honum þætti það eitthvað óefnislegt, óviðeigandi eða ekki við hæfi að fara fram á, ef því yrði við komið, að ráðherrar yrðu viðstaddir, hæstv. forsrh. eða aðrir sem færa má fullgild rök fyrir að æskilegt væri að hafa hér við þessa umræðu þannig að hægt væri að leggja fyrir þá spurningar og að þeir svöruðu til um stefnu ríkisstjórnarinnar og viðhorf sín gagnvart eignarhaldi á þessum ríkisfyrirtækjum og hvernig með skyldi farið. Ég vona að forseti sé (Forseti hringir.) ekki að amast við því að slíkar óskir komi fram. Frekar ætti maður von á og mundi ... (Forseti hringir.) um hitt, að forseti tæki undir slíkar (Forseti hringir.) sanngjarnar óskir.

[21:23]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti biður hv. þingmenn að virða tímamörkin. Ef menn eru að kvarta undan kvöldfundum þá er rétt að eyða ekki öllu kvöldinu í umræður um störf forseta. (**Gripið fram í:** Er einhver að kvarta undan kvöldfundum?) (**KolH:** Það er enginn að kvarta undan kvöldfundum.) (**Gripið fram í:** Það er verið að kvarta undan mætingunni.) Ef forseti mætti ljúka máli sínu. Vegna orða hv. þm. þá er ekki rétt að hér séu ráðherrabekkir tómir. Hæstv. iðnrh. situr í sæti sínu og hefur forræði þessa máls eins og áður hefur verið vakin athygli á.

[21:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Eins og forseti hefur greint frá og allir hv. þm. vita ákaflega vel þá fer iðnrh. með þennan málaflokk og hefur fullt forræði á því máli sem hér er til umfjöllunar. En eflaust er freistandi fyrir hv. þm. að tengja þetta mál öðrum málum og þá kannski sérstaklega málum sem varða allt annað fyrirtæki, þ.e. Landssímann. En ég held að það hljóti að gefast tækifæri til að ræða það mál, annaðhvort utan dagskrár eða við annað tækifæri. Hér erum við ekki að tala um jafnróttækt mál, finnst mér, eins og ýmsir hv. þm. vilja vera láta. Hv. þm. Jón Bjarnason telur t.d. að hann þurfi að tala við landbrh. í tengslum við þetta mál. Það finnst mér ekki vera á rökum reist vegna þess að ekki er verið að tala um að svipta sveitir landsins rafmagni eða neitt slíkt. Það er einmitt verið að reyna að koma þeim málum í betri farveg sem varða dreifingu rafmagns í hinum dreifðustu byggðum. Ég vonast því til þess að hv. þingmenn taki það eins og það er að sú sem hér stendur fer með þennan málaflokk.

[21:25]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. minnti á að hún færi með þennan málaflokk og vill greinilega tala fyrir ríkisstjórnina alla og stjórnarflokkana í málinu. Samt hefur hæstv. ráðherra ekki uppfyllt þær skyldur sem ég tel að hún hafi, þ.e. að gera þinginu grein fyrir heildarstefnumörkun hvað þessi mál varðar. Það vantar mjög upp á að það sé í raun hægt að ræða um það mál sem hér liggur fyrir öðruvísi en í samhengi við bæði raforkulagafrv. og hvað menn ætla sér með þessum málum öllum. Eignarhaldið á Landsvirkjun og eignarhaldið á Rarik eru hlutir sem þarf að fara hér yfir. Það er ótrúlegt að þurfa að taka þátt í umræðum á hv. Alþingi þar sem ríkisstjórnarflokkarnir koma með stór mál til umræðu en voga sér að hafa það þannig að ekki er minnst einu orði á það sem mestu máli skiptir, þ.e. hvernig menn ætla sér að fylgja þessum málum fram. Er meiningin t.d. að Reykjavíkurborg haldi áfram að eiga 45% í Landsvirkjun í samkeppnisumhverfi framtíðarinnar á raforkusviðinu og eiga orkufyrirtæki sitt, Orkuveitu Reykjavíkur? Er það meiningin? Það hefur ekki verið minnst einu orði á það hvernig þessir hlutir eru hugsaðir. Verður einhver eðlileg samkeppni á þessum markaði með þessa risa þarna?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir hv. þm. á að hann fékk orðið til að ræða fundarstjórn forseta.)

Já, hæstv. forseti. Mér finnst full ástæða til þess að nefna þetta hér vegna þess að ég tel þetta vera rökstuðning fyrir

því að þetta mál sé ekki nothæft til umræðunnar. Mér finnst hreinlega að hægt þurfi að vera að fara hér yfir þessi mál í heild og að það eigi að leggja þau þannig fram til umræðu og fylgja þeim þannig úr hlaði og að menn eigi að koma fram fyrir hönd ríkisstjórnarflokkanna með einhverja heildstæða stefnu sem hægt er að tala um. Það sem ég er að halda fram og ætla að segja er að mér finnst að fresta eigi þessu máli og taka það ekki á dagskrá fyrr en menn eru tilbúnir til þess að tala um málið í heild og segja frá því hvað þeir ætli sér með þessu öllu saman. Þar fyrir utan er líka ástæða til þess að menn sýni fram á hvernig þeir geri þá breytingar á lögum um þau hlutafélög sem hér eru á ferðinni, í kjölfar þeirra mála sem hafa komið upp upp á síðkastið þar sem hvert klúðrið hefur rekið annað. Ætla menn bara að halda áfram á sömu brautinni, búa bara til sömu vandamálin? Ætlar hæstv. iðnrh. að stíga í spor samgrh.? Er það hlutverk sem hana langar til að taka að sér?

[21:28]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki eins og þetta mál sé alveg nýtt af nálinni. Ef ég man rétt þá er þetta önnur atrenna sem verið er að gera að því að ræða málið þannig að ég held að flestum hefði átt að vera ljóst hvernig þeir vildu að þessi umræða gæti farið fram. Mér er ekki kunnugt um að komið hafi fram neinar óskir um að hún færi fram öðruvísi en núna. Hér er viðstödd hæstv. iðnrh. sem hefur forræði þessa máls eins og margoft hefur komið fram hér og liggur alveg í augum uppi. Hæstv. iðnrh. er ekkert að vanbúnaði að ræða þessi mál öll í heild sinni. Hér hefur verið talað um að það þyrfti að vera hægt að ræða þetta í öðru samhengi. Auðvitað getur hæstv. iðnrh. gert það og gerir það. Varðandi spurninguna um eignarhaldið á orkufyrirækjunum o.s.frv. þá mun hæstv. iðnrh. fara yfir þau mál.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er svolítið sérkennilegt að blanda gamalli yfirlýsingu hæstv. samgrh. í þessa umræðu. Hæstv. samgrh. gaf þá yfirlýsingu hér í umræðum í þinginu. Ef menn hefðu haft áhuga á því að ræða þessi mál við hæstv. samgrh. þá var tilefni til þess og tóm þegar hæstv. samgrh. var hér viðstaddur og tók þátt í þeirri umræðu. En einhverra hluta vegna telja menn sig ekki hafa getað gert það á þeim tíma, svo undarlegt sem það er, því umræðan út af fyrir sig gaf fullt tilefni til þess ef menn hefðu kært sig um það. Þá var tími til þess. Þá var tóm til þess. Þá var möguleiki á því. Ef hv. þm. iðrast þess síðan nú að hafa ekki notað tímann nægilega vel þá, er við þá eina að sakast og enga aðra og alls ekki hæstv. ráðherra sem eru ekki hér viðstaddir. (**SJS:** Eiga þeir ekki að mæta í vinnuna?) Auðvitað er það þannig. Hv. þm., svona gamalreyndur þingmaður, veit mætavel að á fundum eru ekki alltaf allir þingmenn mættir. Hv. þm. þarf ekkert að setja sig í eitthvert dómarasæti yfir öðrum þingmönnum hér, hvort sem það eru hv. þm. eða hæstv. ráðherrar. Þetta eru auðvitað bara látalæti í hv. þm. og hann veit það sjálfur.

Virðulegur forseti. Ég vil hvetja til þess að þessari umræðu verði haldið áfram eins og hún hófst hér, efnislegri umræðu þar sem menn geta farið yfir efnisþætti frv. Það er eðlilegt og þannig eigum við að vinna þetta mál.

[21:30]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka bara það sem ég lagði inn í þessa umræðu áðan, í 1. umr. er það eini möguleikinn til að ná fram þessum grundvallarviðhorfum. Umræðan um hlutafélög sem eru stofnuð utan um ríkisfyrirtæki hefur verið fyrirferðarmikil á þinginu. Ég held að það sé mikilvægt að í framhaldi af þeirri miklu umræðu liggi fyrir hvernig menn hyggjast taka á málunum.

Ég get alveg sagt fyrir mig að almennt er ég því fylgjandi að menn hugi að því að koma þessum málum í hlutafélagaform en það skiptir vitaskuld miklu ef það þýðir að möguleikar okkar, þingmanna, til að fylgjast með því hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig eru þar með fyrir bí. Þess vegna skiptir miklu máli að forustumenn ríkisstjórnarinnar hverju sinni upplýsi okkur um þessa hluti. Þetta skiptir máli í því hvaða afstöðu menn hafa. Má reikna með því að hæstv. forsrh. komi fyrir iðnn. og gefi skýringarnar þar? Finnst mönnum það líklegt? Það er það vitaskuld ekki. Við skulum ekki tala eins og þessi mál séu þess eðlis að ekkert hafi gerst í allan vetur. Ýmislegt hefur gerst og ýmislegt breyst. Menn hafa lagt á þetta ríka áherslu. Því hefði ég talið eðlilegt að hæstv. ráðherrar væru viðstaddir. Skal ég svo sem ekki fjalla neitt sérstaklega um það hvort menn séu alltaf mættir og hvernig þau ósköp ganga fyrir sig á köflum. En það breytir ekki hinu að mjög rík efnisrök eru til þess að forustumaður ríkisstjórnarinnar sé viðstaddur þessa umræðu.

Ég held að upplýsingar séu alveg grundvallaratriði og geti skipt sköpum fyrir marga stjórnarandstæðinga hvort þeir hugsi sér að skoða það að vera þessu fylgjandi eður ei. Ekki nema hæstv. ráðherra ætli að gefa þá yfirlýsingu að öll ríkisstjórnarhjörðin hæstv. muni mæta á fund í iðnn. og útskýra þessi mál. Það væri fróðlegt að fá yfirlýsingu um það.

[21:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseta þykir ekki við hæfi að hv. þm. tali um ríkisstjórnarhjörðina.

[21:33]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það verði að ítreka og vekja athygli á að í dag voru haldnir tveir aðalfundir, aðalfundur hjá Íslandsbanka-FBA og aðalfundur Landssímans. Hvort tveggja eru fyrirtæki sem fóru í einkavæðingarferli eins og núna er verið að hefja með Rarik. Það væri fróðlegt og hreinlega nauðsynlegt að fá lýsingu frá hæstv. samgrh. og hæstv. forsrh. um andrúmsloftið og framvindu mála hjá þessum tveimur fyrirtækjum sem hafa verið einkavædd með þeim hætti áður en við höldum áfram á sömu braut með Rarik.

Ég tel að það eigi að staldra við. Svo stórar fréttir bárust af þessum tveimur fundum að ég tel fulla ástæðu til að staldra við í því ferli sem hér er verið að fara fram á. Ég tel að það eigi að stöðva umræðuna um einkavæðinguna á Rarik.

Ég vil þá líka beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hann hafi látið kanna hvort ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu nærtækir til að koma inn í umræðurnar. Mér finnst hægt að gera þá kröfu til hæstv. forseta að það sé kannað. Að sjálfsögðu getur verið þannig ástatt um einstaka ráðherra að þeir komist ekki, séu t.d. veðurtepptir hér eða þar. En ég vil beina því til hæstv. forseta hvort ekki sé eðlileg krafa í svo stóru máli sem þessu að forsetinn verði við þeirri ósk og láti kanna hvort hæstv. ráðherrar geta komið eða ekki. Ég tel að þeir ættu að vera hér og óska eftir því að viðbrögð hæstv. forseta verði að grennslast fyrir um þetta.

Þetta er ekkert grínmál sem við erum að tala hér um. Staða þessa máls er í dag meira að segja önnur en hún var í gær eftir þessa tvo aðalfundi sem við höfum upplifað hér,

aðalfund Íslandsbanka-FBA og Landssímans. Það er ástæða til að staldra hér við og fá greinargerð um stöðu málsins, stöðu einkavæðingarferlis þessarar ríkisstjórnar eins og það hefur birst í dag á aðalfundum þessara tveggja fyrirtækja. Það er virkilega brýnt að einstakir ráðherrar komi hér og skýri málin fyrir þingheimi.

[21:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er rangt sem kom fram í orðum hæstv. forseta áðan að hér sé verið að kvarta undan því að nú sé kvöldfundur. Það er alls ekki rétt. Hér hafa þingmenn búið sig undir kvöldfund en hitt má í sjálfu sér gagnrýna, og það kannski harðlega, hvernig dagskránni er stillt upp í dag. Hæstv. forseti veit alveg eins vel og allir þeir sem í þessum sal eru að fjöldi þingmanna var á mælendaskrá í þessu máli, stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, og allir vissu það sem vita vildu að hér yrði löng og efnismikil umræða um þetta mál. Hvers vegna stýrir hæstv. forseti þá umræðunni á þessum nótum, að þetta mál er sett nánast aftast á dagskrána? Þegar ég gerði svo athugasemd við það áðan að tvö mál sem voru eignuð hæstv. landbrh. eru tekin út af dagskránni — ég vek athygli hæstv. forseta á því að hæstv. landbrh. er búinn að auglýsa fund austur í sveitum — er mér svarað í hálfgerðum skætingi út af og lítið gert með mína athugasemd.

Ég krefst þess, herra forseti, að mark sé tekið á framkomnum rökstuddum tillögum og ráðleggingum hv. þingmanna. Og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur í ræðu sinni lýst því afar skýrt hvernig öllu er steypt á stél í þessu máli. Auðvitað hefði málið sem gerir ráð fyrir gífurlegri uppstokkun og grundvallarbreytingu á raforkumálum og -markaði á Íslandi fyrst átt að koma til umfjöllunar þingsins. Auðvitað hefði átt að ræða það mál á undan þessu máli hér. Hv. þm. hafa lýst með rökum hvers vegna, og þess vegna er óþarfi hjá hæstv. forseta að gera lítið úr þeirri umræðu sem fer fram hér undir liðnum um fundarstjórn. Og hv. 1. þm. Vestf. á ekkert með það að koma í ræðustól og skamma hv. þingmenn fyrir að gera athugasemdir af þessu tagi, athugasemdir sem allar hafa verið vel rökstuddar og eru sannarlega skiljanlegar.

Það er niðurlægjandi hvernig hér er talað við okkur, hvernig dagskránni er raðað upp og að hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir situr hér og flissar og dæsir á ráðherrabekknum eins og hún vilji helst vera heima hjá sér en ekki hér. Því segi ég enn og aftur, herra forseti: Þessi umræða er eðlileg. (Gripið fram í.) Það sem er hins vegar óeðlilegt er hvernig málum er fyrir komið, það er óeðlilegt að hæstv. forseti skuli ekki hlusta á rökstuddar kröfur hv. þingmanna um að hér verði betri vinnubrögð viðhöfð.

[21:38]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti mótmælir því að hann hafi gert lítið úr þeirri umræðu sem hér fer fram. Það er einfaldlega ekki rétt.

Varðandi röð dagskrármála hefur þessi dagskrá legið fyrir síðan í morgun, líklega lengur. Henni mun ekki hafa verið mótmælt á fundi þingflokksformanna í morgun. Engin athugasemd við að dagskráin væri með þessum hætti hefur borist fyrr en núna.

[21:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Lykilatriði þessa máls — og það verður hæstv. forseti að skilja — er að það er algjör trúnaðarbrestur milli þingsins og ráðherra varðandi hlutafélagavæðingu. Auðvitað tók steininn úr í dag með síðustu uppákomu hæstv. samgrh., þeim ofurkjörum sem hann skammtar þar stjórnarmönnum ofan á allt sem hann hefur gert áður í því fyrirtæki. Hér er eðlilega verið að kalla til umræðunnar hæstv. samgrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Og af hverju er verið að kalla þessa menn til þessarar umræðu, herra forseti? Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að fá hingað oddvita ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., m.a. vegna þess að hér eru uppi hugmyndir sem er nauðsynlegt að hann taki afstöðu til við 1. umr. málsins, um að sett verði sérstök löggjöf um hlutafélagavæðingu fyrirtækja í ríkiseign, m.a. vegna þess hvernig hæstv. ráðherrar umgangast hér stjórnarskrárvarinn rétt þingmanna. Á því máli verður að taka og þess vegna er m.a. verið að kalla til hæstv. oddvita ríkisstjórnarinnar.

Jafnframt er kallaður til hæstv. fjmrh., herra forseti, vegna þess að hér hefur margítrekað verið kallað eftir því og höfð á því skoðun og um það spurt hvort ekki sé eðlilegt að hæstv. fjmrh. fari með eignarhald ríkisins að því er þetta fyrirtæki varðar, með líkum hætti og samgrh. telur eðlilegt að fjmrh. fari með eignarhlut ríkisins í landssímamálinu. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt frumvörp um það mál og við viljum auðvitað fá fram afstöðu fjmrh. og oddvita ríkisstjórnarinnar til þessa máls.

Herra forseti. Öll rök og efni standa til þess að annað tveggja verði þessari umræðu frestað þar til þeir hæstv. ráðherrar, sem hér hefur verið kallað eftir, gefi sér tíma til að mæta til þingsins. Það er alveg rétt sem hér hefur verið haldið fram að þeir hafa þingskyldur eins og aðrir þingmenn, og kannski ekki síður ráðherrarnir þegar verið er að afgreiða stjórnarfrumvörp sem að verulegu leyti er verið að kalla eftir afstöðu þeirra til. Eða þá, herra forseti, að smáhlé verði gert á þessum fundi meðan verið er að kalla hæstv. ráðherra til starfa. Ég sé ekki hvernig hæstv. forseti ætlar að halda áfram umræðum um þetta mál, eftir þá umræðu sem hér hefur orðið. Það væri að misbjóða þinginu og þingmönnum eftir þær óskir sem komnar eru fram.

[21:42]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að spyrja enn einu sinni hæstv. forseta hvort hann geti ekki með einhverju móti tryggt betri viðveru ráðherra í salnum í kvöld. Það er a.m.k. tilraunarinnar virði að vita hvort við fáum svör við því.

Ég verð að segja alveg eins og er að varla getur hæstv. iðnrh. annað en meðgengið það að í ríkisstjórninni hafi orðið til einhver stefna sem hún hafi ekki treyst sér til að koma með til umræðu í þinginu þó að ég efist ekki um að hún fari með málið eins og hún hefur margsagt í kvöld.

Ég verð að endurtaka að ég tel ekki hægt að ræða þessi mál af neinu viti öðruvísi en í samhengi. Hv. Alþingi þarf að vita hvað ríkisstjórnin ætlar sér í þessum málum öllum saman. Mér finnst óhafandi að ekki skuli vera hægt að fá svör við því hvort einhver stefna er orðin til, t.d. um eignarhaldið og hver eigi að fara með það, eftir að hæstv. samgrh. lýsti því yfir að hann teldi eðlilegt að eignarhaldið á Símanum yrði fært til fjmrh. Er þetta þá privatskoðun hjá honum, eða hefur ríkisstjórnin rætt málið? Eigum við kannski von á breytingum hvað þetta varðar? Ekki er það að sjá í þessu frv. En ég sé fulla ástæðu til að spyrja eftir þessu og mér finnst einhvern veginn að of mikið hafi gengið á undanfarna daga til þess að menn geti komið hér án þess að meðganga að taka þurfi á hlutum eins og þessum.

Mér finnst líka að hæstv. forseti — enn einu sinni ætla ég um það að spyrja — eigi að upplýsa okkur um það, skýrt og klárt, hvort hann treysti sér ekki til þess með einhverju móti að tryggja viðveru ráðherra í salnum til að ræða þessi mál og taka þátt í þeim umræðum sem eru hér. Mér finnst líka að ef hæstv. ráðherra ætlar virkilega að gera það sem hæstv. forseti var að segja að hann mundi gera, þ.e. að tala um þessi atriði sem ég var að nefna, þurfi það að gerast í umræðunni núna en ekki einhvern tímann í einhverri lokaræðu þannig að hægt sé að hlusta á það, taka tillit til þess, svara því og spyrja frekar ef þingmenn telja þess þörf.

[21:45]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti minnir enn á að hæstv. iðnrh. sem hefur forræði þessa máls er viðstödd þessa umræðu og hljóta nú hv. þingmenn að treysta því að hæstv. ráðherra geti túlkað stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Eigi að síður hefur forseti gert ráðstafanir til að koma þeim skilaboðum til þeirra hæstv. ráðherra sem hér hafa verið nefndir að þingmenn hafi óskað eftir að þeir kæmu hér, ef í þá næst að segja.

[21:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með að svo lítið er gert með þær óskir okkar sem settar hafa verið fram í umræðum undir liðnum um fundarstjórn forseta að hæstv. ráðherrar yrðu viðstaddir umræðuna eða henni yrði frestað ella. Mér fannst hæstv. forseti bregðast heldur seint við þó vottað hafi fyrir viðleitni loksins í því að farið var í að athuga hvar hæstv. ráðherrar væru niður komnir en umræðunni engu að síður haldið áfram án þess að þeir væru mættir hér til leiks eða upplýsingar veittar um það hvort þeir væru væntanlegir. Sá sem hér talar t.d. er að nota seinni ræðurétt sinn í þessari umræðu og augljóst að af mér er þá tekinn rétturinn til að ræða við þessa hæstv. ráðherra um málið. Mér þykir það miður, en hef ekki um þetta fleiri orð en verð að játa að ég hefði talið að hæstv. forseti hefði haft efni á því að taka betur í vel rökstuddar óskir sem hér voru fram settar og mér fannst hæstv. forseti gera óþarflega lítið með þær.

Í fyrsta lagi, herra forseti, ætla ég að nefna að það skiptir auðvitað miklu máli hvað í vændum er með fyrirkomulag þeirra hluta sem lúta að hlutafélögum í eigu ríkisins, alfarið eða að meiri hluta. Ég held að öllum sé ljóst sem hafa fylgst með þessu ferli undanfarin nokkur ár, og frá því einkavæðingarfaraldurinn skall á af fullum þunga hér á landi upp úr 1990, að við höfum ekki staðið að málum eins og skynsamlegast væri. Enda vantar mikið upp á að t.d. ábendingum Ríkisendurskoðunar, ítrekuðum ábendingum Ríkisendurskoðunar um verklag í þessum efnum hafi verið fylgt. Svo snemma sem 1994 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu, úttekt á einkavæðingunni sem þá hafði farið fram nokkur undangengin ár, og gagnrýndi að ekki hefðu verið sett lög eða a.m.k. mótaðar skýrar verklagsreglur í þessum efnum og framkvæmdin væri samræmd. Síðan hefur ekkert verið að gert. Niðurstaðan er sú að það hefur verið geðþóttakennt og tilviljanakennt hvernig með þessa hluti er farið.

Hér er gert ráð fyrir að hæstv. iðnrh., fagráðherra viðkomandi málaflokks, fari með eignarhaldið í hlutafélagavæddu raforkufyrirtæki. Samt er verið að undirbúa og boða samkeppni á markaði á þessu sviði. Er það þá gott fyrirkomulag að hæstv. iðnrh. sé eigandi eins af fyrirtækjunum sem keppa á markaði og svo sé hann jafnframt yfirmaður málaflokksins og fari með víðtækt og mikilvægt vald á þessu sviði? Mér finnst koma mjög vel til greina, m.a. af þessum sökum og af ýmsum fleiri sökum, að eignarhald á fyrirtækjum í eigu ríkisins sem búið er að breyta í hlutafélög verði fært saman undir fjmrh. Ég hygg að það væri einna best komið þar.

Hér vantar löggjöf um meðferð slíkra mála, bæði hvernig skuli farið með hlutafélög sem eru alfarið eða að meiri hluta í eigu ríkisins, hvernig á að kjósa þeim stjórnir og hvernig á að hafa þessa hluti að öðru leyti. Eitt af því sem kæmi til greina í því sambandi væri að setja sérlög og það hefur oft verið nefnt sem möguleiki, að setja sérlög sem væru þá lagarammi um slík fyrirtæki sem gilti alls staðar, tryggði samræmda meðferð, og þar væru ákvæði inni sem t.d. mæltu fyrir um það hvernig stjórnir skyldu skipaðar o.s.frv.

Annar möguleiki væri sá að stofna eignarhaldsfyrirtæki. Sums staðar hefur verið valin sú leið að stofnað er eignarhaldsfyrirtæki sem fer síðan með eignina í einstökum ríkisfyrirtækjum sem eru hlutafélagavædd eða eru á markaði. Þetta hafa sumar ríkisstjórnir eða sum lönd gert þar sem miklar breytingar hafa verið að eiga sér stað vegna breyttra stjórnmálaaðstæðna eins og í Austur-Þýskalandi svo dæmi sé tekið. Þetta hefur líka verið gert á Vesturlöndum, einfaldlega til þess að búa með skynsamlegum og formlegum hætti um þetta eignarhald ríkisins og skapa ákveðna fjarlægð og færa þetta meira til samræmis við það sem væri á markaði þegar ríkisfyrirtæki eiga í hlut.

Síðan, herra forseti, tek ég undir það sem hér hefur verið sagt. Það er auðvitað alveg yfirgengilegt að frv. um að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag og búa þar með í haginn fyrir væntanlega einkavæðingu þess fyrirtækis, sem ævinlega hefur fylgt í kjölfarið á slíkum breytingum, skuli hent hér inn við þær aðstæður að ekkert bólar á frv. til laga um nýskipan orkumála og við þær ævintýralegu aðstæður í sögu einkavæðingar og ríkisrekstrar í landinu sem við erum að upplifa þessa dagana og vikurnar. Maður spyr sig í forundran hvað valdi slíkri tímasetningu. Var iðnrn. ekki tilbúið með þetta mikla frv., þessi ósköp, fyrr en núna, eða er þetta bara til þess að skemmta sér að henda þessu inn í andrúmsloftið akkúrat eins og það er í dag? Það má spyrja sig hvort mönnum hafi fundist það vel til fallið að henda hérna inn frv. til laga um að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag akkúrat ofan í Landssímann og annað sem hefur verið að gerast. Spyr sá sem ekki veit. Vegir ríkisstjórnarinnar eru a.m.k. mér órannsakanlegir og óskiljanlegir í þessu máli, það verð ég að segja.

En einhvern tímann hefði manni dottið í hug pólitísk heimska að doka ekki við með þetta mál, fyrir utan að ég sé enga knýjandi nauðsyn á því að þetta nái endilega nú fram að ganga. Ég blæs á þær tímasetningar sem hér eru settar fram, að nokkur efnisleg rök séu fyrir því að þetta þurfi endilega að gerast svona að stofna þetta hlutafélag fyrir 1. sept. 2002 og það skuli taka til starfa um næstu áramót. Auðvitað er það út í loftið við þær aðstæður sem við búum við í þessum efnum. Sjáum a.m.k. fyrst hver lagagrundvöllur og hvert lagaumhverfi orkufyrirtækja í landinu verður á komandi árum og fáum botn í þessi mál með eignarhald á ríkisfyrirtækjum og meðferð þeirra mála í stjórnkerfinu og þá getum við farið að ræða um einstakar breytingar af þessu tagi eins og að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra úr því hér eru ekki aðrir við en hæstv. iðnrh., hvaða viðhorf séu þá uppi af hálfu hæstv.

ráðherra ef færi nú samkvæmt frv. og hæstv. ráðherra fengi þá ósk sína uppfyllta að fá í hendur eitt stykki Rafmagnsveitur ríkisins hf. til að ráðskast með — hvernig eru t.d. ákvæðin um stjórn í 6. gr. frv. hugsuð? Þar kemur ekkert fram um hversu fjölmenn stjórnin eigi að vera og þaðan af síður hvernig hæstv. ráðherra hyggst skipa hana. (**Gripið fram í:** Og ekki heldur launin.) Svo ekki sé nú minnst á launin.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er hægt að veita einhverjar upplýsingar um þetta atriði nú? Verður þarna þriggja, fimm manna, sjö manna stjórn? Verður einhver viðleitni uppi til þess að setja hana þannig saman að aðilar t.d. af landsbyggðinni verði, fulltrúar einhverra sem við getum kallað neytendasjónarmiða í þeim efnum eða byggðasjónarmiða, eða þá að þverpólitísk skipan mála verði þarna innleidd? Má búast við því að þarna verði einhverjir herrar settir til verka og þeir fái 300.000 kr. á mánuði t.d. fyrir að vera stjórnarformenn þess fyrirtækis? Er það hagræðing sem hæstv. ráðherra sér, t.d. að láta eitt stykki stjórnarformann fá 3,6 millj. á ári fyrir að sitja þarna í stjórn og stjórna kannski um 20 tveggja tíma fundum? Á að bjóða mönnum þetta sem við erum að upplifa þessa dagana, þennan veruleikafirrta hroka sem í raun og veru lýsir sér í tillögu samgrh. á aðalfundi Landssímans í dag, að rúmlega tvöfalda þá stjórnarþóknun sem fyrir var og þótti rífleg? Setja stjórnarformann í svona fyrirtæki á rétt tæplega þingfararkaup fyrir það að sinna því í hjáverkum að vera í stjórn fyrir slíkt fyrirtæki? Mér er ekki kunnugt um að það ágæta sómafólk sem þarna var valið — og ég tek fram að ég treysti fullkomlega og er alls góðs maklegt til að sitja í þessari stjórn, þannig að það skal enginn skilja mín orð þannig að ég sé að gagnrýna þessa einstaklinga sem slíka, en manni hlýtur auðvitað að blöskra þegar svona er á borð borið.

Hvað halda menn að almenningur hugsi nú, ofan í allt sukkið sem á undan er gengið, þegar þessar fréttir berast? Hvað eiga öryrkjar sem eiga að draga fram lífið af innan við 70.000 kr. á mánuði að hugsa, þegar menn fá þrefalda þóknun á við þeirra mánaðarframfærslulífeyri fyrir það að sitja í stjórn af þessu tagi í hjáverkum? Vill hæstv. ráðherra eitthvað sýna spilin og svara því hvernig hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að standa að verkum í þessum efnum?

Það er ástæða til, herra forseti, að þessu sé svarað hér. Að vísu verð ég að segja að það hvarflar ekki að mér að frv. fái afgreiðslu hér á þessu þingi því það er gjörsamlega út í hött eins og í pottinn er búið. En maður verður þó að taka það alvarlega geri ég ráð fyrir þegar stjfrv. er flutt með þessum hætti og þess vegna skuldar hæstv. ráðherra okkur svör í þessum efnum og auðvitað hefðu hér átt að vera fleiri hæstv. ráðherrar sem málið er skylt.

[21:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvort hv. þm. á að hafa svona miklar áhyggjur af þessum nýju skrefum ríkisstjórnarinnar. Ég held helst að hún sé að leggja upp með kosningastefnu og hafi ákveðið að kynna hana með þessum hætti (**SvanJ:** Fyrir Reykjavík þá eða ... ?) m.a. fyrir Reykjavík, hv. þm. Ég hygg að við, þessir venjulegu þingmenn, sem erum ekki alveg í takt við þessa útfærslu eigum að sýna þessu mikið umburðarlyndi og spyrja um þetta af tiltölulega mikilli hógværð, miklu meiri hógværð en hv. þm. gerði þegar hann var að spyrja um þetta.

Mér finnst líka að hæstv. ráðherra eigi að gera okkur þann greiða að skýra út fyrir okkur sem ekki skiljum alveg þetta samhengi nýstofnaðra hlutafélaga og launa. Ég held ég verði að minnast á það að nýskipaður stjórnarformaður í Símanum er vélstjóramenntuð kona. Nú er hún allt í einu komin með hærra kaup fyrir tvo fundi í mánuði en vélstjórar fá sem lágmarkslaun fyrir að vera úti á sjó í heilan mánuð. Ég hugsa að hún hafi nú ekki gert ráð fyrir því að framtíð hennar mundi þróast þannig þegar hún var vélstjóri á togara vestur á fjörðum. Ég held að við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verðum að líta á þetta sem alveg nýja áherslupunkta frá ríkisstjórninni, sérstaklega útfærða sem einkavæðingarhlutverk ríkisstjórnarinnar.

[21:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er afar áhugaverður vinkill á umræðuna og það kann vel að vera að ég hafi ekki tekið þessu eins og skynsamlegast væri, sérstaklega ekki ef hér eru að birtast okkur fyrstu skrefin af yfirvegaðri og markvissri stefnu hæstv. ríkisstjórnar, t.d. í launamálum, því það hlýtur náttúrlega að hafa sín áhrif ef hér er verið að boða nýja tíma af þessu tagi. Þetta er rúmlega tvöföldun á þóknun þessa fólks sem áður sat í stjórn Símans og það er kannski í vændum að þetta gangi yfir línuna, það kann vel að vera.

Það er líka alveg hárrétt hjá hv. þm. að stundum veit maður ekki alveg hvernig maður á að bregðast við þegar næstum að segja yfirskilvitlegir hlutir berja að dyrum hjá manni. Ég verð að segja alveg eins og er að mér eru þetta svo gjörsamlega óskiljanlegir hlutir sem þarna eru að birtast okkur að kannski þarf maður að hugsa þetta betur og klípa sig í handlegginn áður en maður eiginlega úttalar sig um þetta.

Ég verð þó að segja þangað til annað kemur í ljós, að ég er svo hvekktur á því sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir í þessum efnum, þó maður eigi auðvitað að trúa á hið góða í manninum, að ég gruna menn um að þetta sé nú ekki hugsað þannig t.d. að það eigi að tvöfalda upphæðir í almannatryggingakerfinu o.s.frv. í beinu framhaldi af þessari tvöföldun á stjórnarþóknun í Landssímanum. Ef það væri, þá værum við að tala hérna um merka hluti að sjálfsögðu.

Ég held að við hljótum að halda áfram að krefja hæstv. ríkisstjórn svara um hvað hérna sé virkilega á ferðinni, nema þetta sé orðið þannig sem líka læðist nú stundum að manni að ríkisstjórnin sé í rauninni að sanna það í verki að hún sé ekki fjölskipað stjórnvald eins og stundum er sagt, heldur bara syngi hver með sínu nefi.

[22:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki alveg úr lausu lofti gripið hjá mér þegar því skaut upp í kolli mér áðan að hér færi fram ný stefnumótun. Ég tók eftir því fyrir nokkru síðan í dagblaði — ég held það hafi verið í Morgunblaðinu — að ríkisskattstjóri hafði ákvarðað það að sérfræðingar og aðrir slíkir skyldu minnst reikna sér 375 þús. kr. í laun á mánuði og þaðan af meira og upp í 500 þús. Ekki var sérstaklega skilgreint hvernig störfum þeirra væri að öðru leyti háttað.

Ég leit svo á að þar væri kannski kominn grunnur að nýrri launastefnu og þeir aðilar á vinnumarkaði sem að undanförnu hafa barist fyrir launum sínum gætu farið að líta á þessa stefnumörkun ríkisskattstjórans varðandi laun. Ég held að það sem við höfum upplifað í dag varðandi þessi mál sé bara enn eitt skrefið í átt að því að sannfæra menn um að ríkisstjórnin hafi mótað nýja launastefnu.

[22:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta sjónarmið eigi alveg fullan rétt á sér og fullt erindi inn í umræðuna. Það vill svo til að hv. þm. er gamalreyndur í kjarasamningum og ber manna best skynbragð á að ákvarðanir af þessu tagi, merkjasendingar af þessu tagi út í þjóðfélagið frá hæstv. ríksstjórn hljóta auðvitað að vekja feikna athygli og hafa áhrif, það er alveg borðleggjandi.

Það sem verið er að innleiða hér og við sjáum birtast okkur í ýmsum myndum í þessum málum er hugarfarið sem býr að baki einkavæðingunni. Hvað er það sem ævinlega gerist þegar búið er að háeffa og einkavæða? Það má heita reglan að í fyrstu umferð er farið á toppana og laun þeirra stórhækkuð, rokhækkuð. Þar eru innleidd amerísk ofurforstjóralaun. Þar eru keyptir dýrir jeppar, aukið í alls konar fríðindi og reknir nokkrir sendlar í hagræðingarskyni. Þetta er eiginlega reglan. Er ekki alveg eðlilegt að menn fái svona eins og eitt stykki þingfararkaup fyrir stjórnarformennsku í svona fínum háeffuðum fyrirtækjum? (Gripið fram í.) Samgrh. hefur auðvitað sýnt að hann er á ýmsan hátt framúrstefnumaður í þessum einkavæðingarmálum, hefur afrekað margt í þeim efnum við gerð starfslokasamninga. Þetta er alveg í rökréttu framhaldi af því sem þar er á undan gengið, sporslur og ofurkjör af því tagi sem þar hafa verið ástunduð.

Það er fullkomið tilefni til að spyrja hæstv. ríkisstjórn, þetta er nátengt því sem við vorum að ræða hér fyrr í kvöld, þ.e. að forsvarsmenn hennar væru hér allir með tölu og formenn stjórnarflokkanna ekki síst, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og stæðu hér þingi og þjóð reikningsskil á því hvert ríkisstjórnin er að fara með þessi mál. Það dugar okkur ekki að hæstv. iðnrh. sitji bara hér þögul úti í sal. Hún hefur ekki einu sinni reynt að svara hér einni einustu spurningu enn þá í umræðunni í andsvari, hvað þá annað.

[22:04]

Svanfríður Jónasdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Áður en hv. síðasti ræðumaður hélt ræðu sína fór fram umræða um fundarstjórn forseta. Þar fóru menn fram á það að þessari umræðu yrði frestað sakir þess að kannski fengist ekki nógu breið umræða eða umfjöllun um þau mál sem helst brenna á og eðlilegt þykir að taka til umfjöllunar af því tilefni að hér er verið að ræða frv. um háeffvæðingu Rariks.

Það var sérstaklega kallað eftir því þá að hæstv. iðnrh. gerði þeim sem hér eru þátttakendur í umræðunni grein fyrir viðhorfum ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem væntanlega er hér staddur sem þingflokksformaður Sjálfstfl., kom í ræðustól og fullyrti að hér þyrftu þingmenn engu að kvíða því auðvitað mundi hæstv. iðnrh. gera grein fyrir þeim málum sem eftir væri kallað.

Ég spyr þess vegna, herra forseti, af því röðin er komin að mér að halda fyrri ræðu mína, hvort hæstv. iðnrh. hyggist ekki með neinum hætti blanda sér í þessa umræðu eins og eftir hefur verið óskað og raunar verið fullyrt af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. hér í kvöld. Mun hún ekki gera okkur grein fyrir því hvaða stefna hefur verið mótuð varðandi raforkumálin innan ríkisstjórnarinnar? Mun hún ekki gera okkur grein fyrir því í hvaða samhengi ætti að ræða þetta mál? Gerir hún sér ekki grein fyrir því að það er full þörf á að ræða þessi mál með öðrum hætti en verið hefði vegna frétta sem bárust hér í kvöld? Þingmenn eru gáttaðir og reiðir — ekki bara þingmenn, heldur tala þeir fyrir stærstan hluta þjóðarinnar sem veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið.

Verður því trúað, herra forseti, að hæstv. iðnrh. sé svo veruleikafirrt að henni komi ekki til hugar að hér sé í fullri alvöru kallað eftir umfjöllun um stefnumótunina, um það sem að baki býr og hvert ríkisstjórnin stefnir?

Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. iðnrh. geri okkur grein fyrir þessum málum áður en umræðan heldur áfram.

[22:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Óskað hefur verið eftir því að ég taki til máls og greini frá stefnu ríkisstjórnarinnar í raforkumálum. Ég geri það nú sennilega ekki á þremur mínútum en ef það styttir umræðuna get ég endurtekið það sem ég greindi frá á föstudag, að það styttist mjög í að raforkulagafrv. komi fram sem opinbert mál. Þar sem fundir verða ekki seinni part þessarar viku verður það ekki fyrr en í næstu viku að nýju frv. verður dreift. Það er mál sem hv. þm. þekkja vegna þess að frv. var dreift hér í vor. Ég veit að það styttir mjög umræðuna og vonandi þá umfjöllun sem þarf að eiga sér stað af hálfu hv. nefndar. En ég vil ekki taka undir það með ...

(**Forseti** (HBl): Hér er verið að ræða fundarstjórn forseta.)

Já, ég ætlaði reyndar að biðja um orðið en ræða mín var víst kynnt þannig að um fundarstjórn forseta væri að ræða. Ég veit ekki hvort ég hef farið meira út fyrir strikið en aðrir ræðumenn en ég get alla vega látið þessu lokið.

[22:08]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að hafa langt mál úr því hæstv. ráðherra er búin að biðja um orðið. Um það snerist málið að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um það sem er að gerast. Ég ætla sannarlega að vona að eitthvað meira hangi á spýtunni en þetta ...

(**Forseti** (HBl): Við erum að tala um fundarstjórn forseta.)

Hæstv. forseti. Ég tel mig nú ...

(**Forseti** (HBl): Ég óska eftir því að hv. þm. tali um fundarstjórn forseta. Hann er ekki að því.)

Já, hæstv. forseti, mér finnst fundarstjórn forseta fullharkaleg eins og er. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína mikið lengri. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur orðið við tilmælum okkar um að gera grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

(**Forseti** (HBl): Það er ekki um fundarstjórn forseta.)

Hæstv. forseti. Þetta er um fundarstjórn forseta. (Forseti hringir.) Ég fer fram á að mér sé sýnd sæmileg virðing hér í ræðustól.

[22:09]

Svanfríður Jónasdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að ítreka það sem áður hafði komið fram en virtist hafa farið fram hjá þeim sem málið varðaði, þ.e. að segja að hér hefur ítrekað verið óskað eftir því að hæstv. iðnrh., af því öðrum ráðherrum er þá ekki til að dreifa sem óskað var eftir að væru hér við umræðuna, gerði þeim þingmönnum sem hér eru þátttakendur í umræðunni grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar.

(**Forseti** (HBl): Má ég vekja athygli hv. þm. á því að hæstv. ráðherra hafði orð á því að hún hefði verið kynnt vitlaust í ræðustól og hefði skýrt frá því að hún óskaði eftir að fá að taka til máls.)

Ég treysti því þá, virðulegu forseti.

(**Forseti** (HBl): Ég óska eftir því að hv. þm. ræði fundarstjórn forseta ef sá var tilgangur hennar.)

Herra forseti. Ég treysti því þá að það verði næsta verk virðulegs forseta að gefa hæstv. iðnrh. orðið.

[22:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Undir þessum lið um fundarstjórn forseta er eðlilegt að hv. þm. verði svarað þeim óskum sem lagðar voru fram í umræðum sem áður fóru fram undir þessum lið, hvort hæstv. ráðherrar sem kallað hefur verið eftir til umræðunnar, eru á leiðinni eða hvort við eigum von á því að halda umræðunni áfram án viðveru þeirra ráðherra sem kallaðir hafa verið hingað, þ.e. hæstv. samgrh., fjmrh. og forsrh.

[22:11]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það liggur fyrir að hæstv. iðnrh. hafði kvatt sér hljóðs. Ástæðulaust er að biðja um orðið um fundarstjórn forseta nema hv. þm. hafi ætlað sér að tala um fundarstjórn forseta.

[22:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í 3. gr. frv. fer iðnrh. með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu sem talað er um að stofna til.

Hvað varðar Landssíma Íslands, sem hér hefur komið til umfjöllunar, er það algjörlega ótengt mál. Kannski er hægt að virða hv. þingmönnum það til vorkunnar að þeir vilji blanda því inn í þessa umræðu en það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um, að ég best veit, að gerð verði breyting á hvað það varðar. Eins og allir vita þá fer hæstv. samgrh. með eignarhlut ríkisins í því fyrirtæki. Ég sé ekki að því verði breytt öðruvísi en með lögum en það er þá seinni tíma mál ef svo verður.

Ég tel að hv. þingmenn hafi gert meira úr því en efni standa til að þetta einstaka frv. sem hér er til umfjöllunar sé svo tengt þeim breytingum sem nú eru í undirbúningi í tengslum við raforkumálin í landinu og ógerlegt sé að ræða það sem einstakt þingmál, burt séð frá því í hvaða búningi frv. til nýrra raforkulaga verður. Það er ekki svo að þessi breyting sé fyrst og fremst gerð út af þeim breytingum er lögð til á rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, sem hér er kveðið á um. Það er ekki þannig. Þessi tvö mál eru ekki nátengd í raun. Eins og ég greindi frá áðan mun frv. til nýrra raforkulaga vonandi verða hér til umfjöllunar fyrir páska. Ég vonast svo sannarlega til að það fái góðar viðtökur og hv. þingmenn hafi haft tíma til að kynna sér það frv. sem dreift var í vor.

Ég hyggst nú svara nokkrum spurningum sem komið hafa fram í umræðunni. Í fyrsta lagi þeim sem komu fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni varðandi viðhorfin til stjórnar þessa nýja hlutafélags sem vonandi verður myndað. Í dag er sjö manna stjórn í Rarik og hvort stjórnin verður sjö manna áfram hefur ekki verið tekin ákvörðun um. Mér finnst ekki ólíklegt að það yrði fimm manna stjórn í þessu fyrirtæki og tel að ágætt væri að skipa hana á þann hátt. Að sjálfsögðu verða stjórnarmenn ekki síður af landsbyggð en er nú. Ég held þeir séu nánast allir af landsbyggðinni eins og málum er skipað í dag. Ég tel það eðlilegt þar sem þetta fyrirtæki þjónar eingöngu landsbyggðinni. Það þjónar ekki höfuðborgarsvæðinu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði mikið úr því að erfitt væri að skilgreina verksvið stjórnar og svo aftur verksvið eigandans. Ég er ekki sammála þessu. Mér finnst að þessar línur liggi mjög ljósar fyrir og tel ekki að komið hafi til verulegra árekstra í þeim fyrirtækjum þar sem ég fer með eignarhlut í sambandi við þetta atriði. Það er ljóst að ráðherra sem fer með eignarhlut í fyrirtæki stjórnar ekki fyrirtækinu á milli aðalfunda og það er aðalatriðið.

Í sambandi við upplýsingar ég hef rekið mig á að hv. þm. er dálítið kröfuhörð í sambandi við upplýsingar og gengur stundum — hún er nú ekki stödd hér í salnum, nei, — lengra en er kannski eðlilegt og er samkvæmt lögum þegar hún biður um upplýsingar um ýmis fyrirtæki og jafnvel fyrirtæki sem eru á markaði. Ég hef a.m.k. stundum þurft að hafna því að svara þeim fyrirspurnum sem hún hefur lagt fram vegna þess að það hefur ekki verið talið eðlilegt þegar litið er til þess að um fyrirtæki sem skráð eru á markaði gilda sérstök lög og sérstakar reglur og það er ekkert hægt að horfa fram hjá því.

Það var haft samráð við starfsmenn við gerð þessa frv. og það að frv. kemur fram núna er einfaldlega af því að það var tilbúið núna. Við höfum ýmsum verkefnum að sinna í iðnrn. eins og allir hljóta að gera sér grein fyrir. Ýmis mál hefðu mátt koma fyrr fram en raun ber vitni, en ekki var við það ráðið því miður. Þingið er frekar stutt og þess vegna er þetta, skal ég alveg viðurkenna, svona með seinni skipunum.

Það að gætt sé almennra arðsemissjónarmiða í sambandi við þetta fyrirtæki er í samræmi við það umhverfi sem við erum að fara inn í og gjaldskrá verður þannig ákveðin að gert er ráð fyrir ákveðinni arðsemi af rekstrinum og til þess er tekið tillit þegar gjaldskrá er ákveðin. Þess vegna er þetta tekið fram hér með beinum orðum í frv.

Um það í hvaða búningi það frv. mun birtast sem mun hugsanlega kveða á um að selja einhvern hlut í þessu fyrirtæki, þá hefur að sjálfsögðu ekki verið tekin ákvörðun um það. Fjárlög mundu nægja. En það má líka alveg eins leysa þetta með sérstakri löggjöf. En ég held að það geti nú ekki verið aðalatriðið. Ég held að aðalatriðið hljóti að vera að málið fái umfjöllun á hv. Alþingi áður en til þeirra breytinga kemur.

Hér hefur verið fjallað um að gert sé ráð fyrir arðgreiðslum á árinu 2002 og er það að sjálfsögðu í samræmi við það að miðað við frv. þá verður því ekki breytt í hlutafélag fyrr en um áramót. En þegar til framtíðar er litið er ekki verið að tala um að fyrirtækið skili arði í ríkissjóð. Það er tap á Rarik og það hefur verið tap. Þess vegna er farin sú leið að koma til móts við óarðbærar einingar í dreifikerfinu með sérstöku gjaldi sem lagt verður á samkvæmt sérstökum lögum og frv. um það er einnig væntanlegt.

Ég held að ég hafi hlaupið á því sem er sérstaklega merkt við hjá mér. En ég mun að sjálfsögðu tala aftur í umræðunni eftir því hvernig henni vindur fram.

[22:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Svar hæstv. ráðherra varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar um eignarhaldið var að í þessu frv. væri gert ráð fyrir að iðnrh. færi með eignarhald fyrirtækisins og erum við þá auðvitað miklu nær.

Í öðru lagi þá mótmæli ég því að samanburður við málefni Landssíma Íslands hf. sé á nokkurn hátt óeðlilegur í þessu máli, en hæstv. ráðherra taldi að þar væri um aldeilis ótengd mál að ræða sem var helst á ráðherra að skilja að ekki væri

viðeigandi að draga inn í þessa umræðu. Nú er það svo að Landssíminn er einmitt hlutafélag sem er nærfellt alfarið í eigu ríkisins, 95 eða 97% eða hvar það nú stendur eftir að almenningur hefur í stórum stíl skilað inn þeim hlut sem hann var plataður til að kaupa í haust.

Í greinargerð með þessu frv. er gefið undir fótinn með hlutaeinkavæðingu fyrirtækisins. Það er gert í 5. tölulið greinargerðar á bls. 5. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„... svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því."

Á mannamáli þýðir þetta að þar með gæti komið upp nákvæmlega sama staða og nú er í Landssíma Íslands hf., að ríkið ætti fyrirtækið að langmestu leyti en að einhverjir meðeigendur væru komnir inn. Því er fullgilt að spyrja um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Varðandi lög um nýskipan orkumála og að það frv. skuli ekki vera komið fram hér þá bendi ég á að það er nú svo neyðarlegt að í athugasemd við 1. gr. frv. á bls. 5 er einmitt vitnað í almenn lög um skipulag raforkumála og hlutafélög. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er ekki kveðið á um önnur atriði en nauðsynlegt er vegna stofnunar félagsins en gert er ráð fyrir að almenn lög um skipulag raforkumála og hlutafélög taki til þess, ..."

Sem sagt þau hin sömu lög og stendur núna til með að breyta með frv. sem er ókomið en ráðherra boðar. Er þá óeðlilegt að þingmenn geri athugasemdir við þessa röð mála? Ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki getað verið óheppnari en að hafa einmitt þessa umfjöllun í greinargerð frv.

[22:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hljóti að vera aðalatriðið að á meðan þetta mál verður til umfjöllunar í nefndinni þá kemur hitt frv. Hv. þingmönnum er ákaflega vel ljóst inn í hvers konar umhverfi við erum að fara vegna þess að hér hefur (Gripið fram í.) verið til umfjöllunar þáltill. sem varðaði nýskipan raforkumála. Þar að auki hefur þessu frv. eða sambærilegu frv. verið dreift á hv. Alþingi og þingmenn hafa haft tækifæri til þess að kynna sér þessa nýskipan mjög vel. Því er nú kannski óþarflega mikið gert úr þessu atriði.

Hvað varðar það hver fari með eignarhald í þeim fyrirtækjum sem ríkið á og verið er að hlutafélagavæða þá hefur ekki verið tekin nein heildarstefna í þeim málum. Það er ljóst hver fer með eignarhaldið í dag. Ýmsir ráðherrar gera það og ekki hefur verið tekin ákvörðun um neina breytingu þar á. Svona er nú þetta.

Það að ætla að kalla hér til nánast alla ríkisstjórnina út af þessu máli tel ég mesta óþarfa. Mér hefði stórlega mislíkað ef þeir hefðu farið að birtast hér allir og tjá sig mikið um þetta mál.

[22:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski þannig að öðrum ráðherrum er bannað að vera viðstaddir þegar málefni eins fagráðherra eru á dagskrá. Þá verður nú að breyta heldur betur lögum og stjórnarskrá því það verður (Gripið fram í.) þá að veita ráðherrum undanþágur frá þingskyldum og taka það fram með pósitífum hætti að þeir eigi að vera fjarverandi þegar málefni samráðherra þeirra eru hér á dagskrá. Það mátti næstum skilja hæstv. iðnrh. þannig að hún teldi það æskilegast og hún hefði bara jafnvel móðgast, hæstv. ráðherra, ef einhverjir aðrir ráðherrar hefðu látið sjá sig hér í salnum.

Það er ekki þannig að mönnum sé vel ljóst inn í hvaða umhverfi í raforkumálum verið er að stefna. Þáltill. sem hér var sýnd af fyrrv. hæstv. iðnrh. var aldrei afgreidd. Og frv. sem hér var sýnt í fyrra birtist síðan ekki þó langt sé liðið á næsta vetur þar á eftir af einhverjum ástæðum. Getur verið að það sé vegna þess að einhverjar innantökur hafi verið í mönnum og einhver vandamál? Menn leyfa sér kannski að draga þær ályktanir.

Síðan kom rúsínan í pylsuendanum hjá hæstv. ráðherra: Það hefur engin heildarstefna verið mótuð um meðferð eignarhluta ríkisins í svona fyrirtækjum. Það er bara út og suður eftir „behag" og vilja hvers ráðherra.

[22:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki heyrt að hæstv. ráðherra segði neitt í raun um heildarstefnu í þessum málum, nákvæmlega ekki neitt. Mér finnst alveg ótrúlegt að boðið skuli upp á slíkan málflutning hér. Auðvitað er ekki boðlegt að menn skuli ekki vilja tala um það sem skiptir máli þegar verið er að fjalla um frv. af þessu tagi. Það að þetta frv. tengist ekki öðrum málum er hvílík della. Við höfum fylgst með því að sveitarstjórnarmenn í landinu t.d. hafa farið fram á að eignarhald sveitarfélaganna kæmi til gagnvart Rarik og fært fyrir því rök. Hæstv. ráðherra lætur ekki svo lítið að fara yfir það.

Fleiri en einn þingmaður á Alþingi hefur fært fyrir því rök líka að taka þurfi eignarhald Landsvirkjunar til endurskoðunar og að annað sé óboðlegt en að fyrir liggi einhver stefna um hvernig eignarhaldi verði háttað á þeim raforkufyrirtækjum sem eiga að taka þátt í þeirri samkeppni sem menn telja sig vera að búa til í þessum málum öllum saman. Hæstv. ráðherra fer engum orðum um þessa hluti.

Hæstv. ráðherra þarf líka í ljósi síðustu frétta að segja frá stefnu sinni hvað varðar stjórnarlaun. Hvað ætlar hún að leggja til á næsta aðalfundi Rariks að menn eigi að fá í laun fyrir að taka þátt í að stjórna því fyrirtæki? Mér finnst líka full ástæða til þess að spyrja betur um það.

Hæstv. ráðherra kvartar yfir því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi farið fram á of mikið af upplýsingum. Hafa menn séð og farið yfir það hvaða svör hafa fengist við spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem því er bara svarað til að ekki séu efni til þess og ekki megi segja frá því sem um er spurt?

[22:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég hafði ekki svarað hv. þm. Hann spurði einmitt um eign sveitarfélaganna í Rarik og þá kröfu sem komið hefur fram.

Raunin er sú að mínu mati að sveitarfélögin eiga ekkert sjálfkrafa í Rarik þó þau hafi skipt við þetta fyrirtæki. Ég held að allir hljóti að geta gert sér grein fyrir því. Hins vegar höfum við fjmrh. átt fund með fulltrúum sveitarfélaganna og hlustað á sjónarmið þeirra. Það er ekki ljóst á þessari stundu hvort formlegar viðræður muni fara fram um þetta atriði. En alla vega hefur fundur verið haldinn.

Hv. þm. sagði hérna í ræðu sinni á föstudaginn að erfitt væri að ræða þetta vegna þess að menn vissu ekki hverjir yrðu á raforkumarkaðnum. Hvernig eigum við að geta svarað því í dag hverjir verða á raforkumarkaðnum? Við skulum

vonast til þess að einhver þróun verði og að einhverjir nýir aðilar geti komið inn á þennan markað. Er ekki verið að opna þetta allt saman? Það gætu komið inn nýir aðilar bæði í sambandi við vinnslu og sölu. Því væri erfitt fyrir mig að fullyrða mikið um það á þessu stigi málsins.

Hv. þm. talar mikið um Landsvirkjun og eignaraðild sveitarfélaga að því fyrirtæki með ríkinu. Ég hef sagt hér fyrr í umræðu að ég tel að það sé mál sem þurfi að skoða.

Hvað varðar laun stjórnarmanna í hinu nýja fyrirtæki þá er ég frekar nísk að eðlisfari þannig að ég held að hv. þingmenn þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að það verði neinn skandall. (**SJS:** Sturla er ekki nískur.)

[22:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að vita að ekki skuli verða nýr skandall þegar skipað verður í stjórn Rariks með nýjum hætti. Ég sé ástæðu til þess að spyrja hverjir eigi Rarik. Ég held því ekki fram að það sé neitt sjálfkrafa svar að sveitarfélögin eigi að eiga í Rarik. Ég held líka að það verði að horfa á þetta allt saman í samhengi, þ.e. Rarik og Landsvirkjun, og fara yfir það hvort sveitarfélögin í landinu eigi að eignast einhvern hlut í þessum fyrirtækjum.

Hverjir verða á raforkumarkaðnum? Ég bið hæstv. ráðherra forláts ef hún hefur ekki skilið mig. Það sem ég átti við var þetta: Ef menn horfa framan í að sömu eigendur og eiga Landsvirkjun í dag verði á raforkumarkaðnum og að sömu eigendurnir eigi annað stærsta raforkufyrirtækið á svæðinu líka, þá held ég að sumum muni finnast hallast býsna mikið á og hafi áhuga á að vita hverjir aðrir muni taka þátt í samkeppninni.

[22:31]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér ofbýður þegar hæstv. iðnrh. setur þá skoðun sína fram hér að við hv. þingmenn gerum of mikið úr þessu máli, og það sé aðskilið frá Símanum. Ég vil bara spyrja hæstv. iðnrh. hvort hún geri sér ekki grein fyrir því að þeir hv. þm. sem hafa úttalað sig í dag eru að kalla eftir pólitískri stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar einkavæðingarmál á þessum stofngrunnþjónustufyrirtækjum landsins. Auðvitað er þetta hápólitískt mál og varðar öll fyrirtæki sem eru í svipaðri stöðu og Landssíminn, eins og Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins.

Telur hæstv. ráðherra virkilega ekki ástæðu til þess að staldra við og skoða stöðuna í ljósi síðustu atburða eins og menn hafa hvatt til í dag? Ég fullyrði að þjóðin er rasandi yfir því hvað hefur verið að gerast á síðustu dögum, tveir aðalfundir í dag þar sem flett er ofan af hlutum sem okkur öllum hlýtur að mislíka. Verið er að kalla eftir því í umræðunni að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvort ana eigi áfram með Rarik á sama hátt og gert hefur verið með þau fyrirtæki sem okkur misbýður öllum hvernig búið er að fara með.

[22:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ekki grein fyrir málum sem heyra undir aðra ráðherra. Og þar sem flokksbróðir hv. þm. sem talaði á föstudag, Ögmundur Jónasson, fór miklum orðum um það að ég sæti í þeirri ráðherranefnd sem fjallaði um málefni Landssímans er rétt að taka fram að það er ekki rétt. Ég hef aldrei setið neinn ráðherrafund sem fjallar um málefni Landssímans og það held ég að verði að koma fram þótt mér finnist það ekkert aðalatriði í þessu máli.

Pólitísk stefna já, og að hér sé um grunnfyrirtæki og grundvallarfyrirtæki að ræða — ég er alveg sammála því að Rarik er mjög mikilvægt fyrirtæki sem annast dreifingu á rafmagni. Í hinu nýja umhverfi verður þetta fyrirtæki fyrst og fremst í einokunarrekstri, það verður ekki í samkeppnisrekstri. Þau fyrirtæki sem verða í þeim rekstri verða engin sérstök gróðafyrirtæki, ég held að allir geti gert sér grein fyrir því. Þetta verða fyrst og fremst þjónustufyrirtæki og gjaldskrá þeirra mun miðast við ákveðna arðsemi en henni verður býsna þröngur stakkur skorinn. Ég lít því á þetta fyrirtæki, í hvers eigu sem það verður til langrar framtíðar litið, fyrst og fremst sem þjónustufyrirtæki og það er ekki hægt að krefja það um neinar félagslegar aðgerðir í sjálfu sér og þess vegna eru þessar óarðbæru einingar teknar frá.

Ég endurtek að mér finnst hv. þingmenn gera óþarflega mikið úr því að þessi mál séu svo nátengd að það sé nánast ekki hægt að tala um þau hvert í sínu lagi. Öll munu þessi mál mætast fyrr en varir í iðnn. þar sem hv. þm. situr og þá verður ekki erfitt fyrir hann að púsla saman.

[22:34]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. kemur hér með aldeilis ófullnægjandi svar. Auðvitað er þetta pólitísk lína sem öll ráðuneytin keyra. Og það er alveg óásættanlegt fyrir okkur, hv. þm., að hver og einn ráðherra geti bara komið og sagt: Þetta er mitt mál, ég keyri þetta svona, þetta er á mínu valdsviði, ég fer með peninga ríkisins af ráðdeild og hagsýni og þetta fer ekki svona hjá mér ... (**Gripið fram í:** Og verð nísk.) og verð nísk. (**Gripið fram í:** Það er ekki skammtað ...)

Hæstv. ráðherra verður að svara því hvort í grundvallaratriðum sé ekki verið að fylgja stefnu sem mótuð hefur verið fyrir öll ráðuneyti varðandi einkavæðingu grunnþjónustu. Ef svo er, telur ráðherrann ekki að í ljósi síðustu atburða, tveggja aðalfunda í dag, sé ástæða til að staldra við, hætta við þessi einkavæðingaráform og taka nýjan kúrs? Um meira er ekki verið að biðja að svo komnu máli. Hv. þingmenn hafa marglýst því yfir að þeir vilja að þessi stefna verði tekin.

[22:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og áður kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, og er hann formaður flokks hv. þm., er ríkisstjórn ekki fjölskipað stjórnvald. Þess vegna fer iðnrh. með þetta mál sem hér er til umfjöllunar, og það er allt sem segja þarf. Það er ekki búið að móta einhverja stefnu nákvæmlega í ríkisstjórninni um hvernig farið verður í einkavæðingu hvers fyrirtækis fyrir sig. (**Gripið fram í:** Við höfum orðið vör við það.) (**Gripið fram í:** Það er akkúrat það sem við höfum orðið vör við.) Þetta mál er alveg sjálfstætt og fjallar um Rarik og ég veit ekki betur en að einkavæðing sé mjög mikilvæg fyrir hagvöxt í landinu. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var svo glaður um áramótin ... (Gripið fram í.) Ég veit að þetta er aðeins á skjön — hann var mjög glaður um áramótin — þetta rifjast allt í einu upp fyrir mér — þegar Kínverjar ákváðu að ganga inn í Alþjóðaviðskiptastofnunina en þeir ætla einmitt að einkavæða.

[22:37]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Vegna síðustu orða hæstv. ráðherra sem hafa reyndar komið fram hjá henni fyrr í þessari umræðu

langar mig að fara yfir það hvaða regla gildir um það hver fer með hlut ríkisins í hlutafélögum.

Hæstv. ráðherra virðist ekki vera ljóst að það er til heildarstefna miðað við það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan. Þá fullyrti hún að ekki væri til heildarstefna heldur væri þetta „bara svona". Málið er hins vegar að til er reglugerð um Stjórnarráð Íslands frá árinu 1969 þar sem segir að fjmrn. fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, og að það fari með fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til „stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis". Það er sem sé undantekning. Meginreglan er sú að fjmrn. fer með hlut ríkisins, og það er undantekning sem við erum að tala um hér. Þegar verið er að gera undantekningu er ekkert óeðlilegt að kallað sé eftir rökstuðningi fyrir því.

Ég mun koma frekar að þessu máli á eftir, herra forseti, en hef hugsað mér að fara yfir það mál sem hér liggur fyrir á þeim tíma sem mér er ætlaður til þessarar ræðu, þessa frv. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Hæstv. ráðherra fullyrti áðan að af því að þetta mál væri á forræði iðnrn. væri það „bara svona" einangrað, væri hér bara eitt og sér, og helst mátti skilja að það væri fásinna af hálfu annarra hv. þm. að vera nokkuð að tengja þetta einhverju öðru sem væri að gerast, mundi gerast eða hefði gerst í þessum efnum. Þetta er auðvitað alveg fráleitur málflutningur, herra forseti, einfaldlega vegna þess að þótt ekki sé annað er a.m.k. á þremur stöðum í þessu frv. vísað til nýrra raforkulaga, a.m.k. á þremur stöðum sem segir okkur að þegar þetta frv. var smíðað voru menn sannarlega með hugann við það í hvaða umhverfi það fyrirtæki sem hér er verið að leggja drög að átti að starfa.

Hæstv. ráðherra þarf ekki heldur að vera undrandi á því þó að hv. alþingismenn dragi einhverjar ályktanir af því hvernig hæstv. ráðherrar hafa farið með það vald sem þeim hefur verið fengið með lögum hér á Alþingi, nú síðast hvernig hæstv. samgrh. hefur farið með vald sem honum var falið — samkvæmt undantekningu frá meginreglu — þegar honum sem samgrh. var falið að fara með hlut ríkisins í Landssímanum.

Það hefur reyndar komið fram að hæstv. samgrh. er ekki lengur sannfærður um að rétt sé að gera þessa undantekningu þegar hann á í hlut. Ég flutti frumvarp með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir tveimur árum þess efnis að á þessu yrði gerð breyting, þ.e. að meginreglan yrði látin gilda gagnvart Landssímanum og að hluturinn yrði hjá hæstv. fjmrh. eða í fjmrn. Sömuleiðis fluttum við sambærilegt frv. hvað varðaði bankana. Þessi frv. náðu ekki fram að ganga og hafa nú bæði verið endurflutt. Mér er mjög minnisstæð umræðan um það frv. sem laut að hlut ríkisins í Landssímanum vegna þess að hæstv. samgrh. tók virkan þátt í þeirri umræðu og varði það að bréfin hefðu verið skilin eftir í vörslu samgrn., en meginreglu ekki verið fylgt, varði það m.a. með því að til stæði að selja fyrirtækið. Það var á honum að skilja að bréfin mundu eiga lögheimili í samgrn. í tiltölulega stuttan tíma. Nú virðist hann hins vegar vera búinn að átta sig á að sá tími getur orðið mun lengri en nokkurn uggði, og hefur sjálfur sett inn í umræðuna að e.t.v. væri rétt að bréfin yrðu vistuð í fjmrn.

Auðvitað, herra forseti, er það hið rétta. Þannig á þetta að vera vegna þess að ef fagráðherra hefur metnað sem fagráðherra er hann fagráðherra allra fyrirtækja á markaðnum en lætur það ekki trufla samkeppnisstöðu þess fyrirtækis sem er í eigu ríkisins að bæði eignarhaldið og fagleg forsjá sé í höndum sama aðila.

Það hefur sannarlega truflað eins og kom strax fram um daginn þegar hæstv. samgrh. ræddi það að réttast væri að hlutabréfin væru vistuð hjá hæstv. fjmrh. Þá komu fram fulltrúar annarra símafyrirtækja og fögnuðu þessu vegna þess að þetta væri eðlilegt með tilliti til samkeppnisstöðu á markaði. Mér finnst því, herra forseti, mjög eðlilegt að það verði skoðað í hv. iðnn. hvort ekki sé rétt að gera breytingu á frv. hvað þetta varðar. Ef það er rétt sem hæstv. ráðherra fullyrðir, að fyrir vorið komi hér frv. til nýrra raforkulaga, stefnum við inn á samkeppnismarkað og þá er eðlilegt að bréfin í Rarik hf. séu vistuð annars staðar en hjá fagráðherra.

Af því að ég hef nefnt aftur og aftur frv. til nýrra raforkulaga er þó rétt að gjalda varhuga við því hvort það frv. muni yfir höfuð koma inn í þingið á þessu vori. Það átti að koma hér fyrir lok október eins og menn muna ef þeir eru tilbúnir til að rifja upp fyrirheit hæstv. ráðherra. Það er búið að vera á leiðinni allan tímann og nú fullyrðir hæstv. ráðherra að það verði komið í næstu viku. (Gripið fram í.) Ég tek slíkum yfirlýsingum afar varlega, a.m.k. sýnist mér alveg morgunljóst að það frv. verði aldrei afgreitt á þessu vori. Þó að þetta frv. hafi farið með hraðferð til nefndar sl. vor er samt alveg ljóst að með málið þarf að vinna. Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að það fer ekki óskoðað í gegnum þingið. Af því að það eru bara örfáar vikur eftir sýnast mér engar líkur á að það fái afgreiðslu. Það verður þá ekki núna en a.m.k. að ári má reikna með að það frv. geti orðið að lögum og hugsanlega verði þá komið það samkeppnisumhverfi sem kynnt var í fyrra en við vitum auðvitað ekki hvaða breytingum frv. hefur tekið frá því fyrir ári.

Það er alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn tók á einhverjum tíma ákvörðun um að sníða íslenskum raforkumarkaði sama stakk og raforkumarkaði er sniðinn í Evrópu, þó ekki sé um sameiginlegan markað að ræða, og við eigum eftir að sjá hvernig niðurstaðan hefur orðið hjá hæstv. ríkisstjórn varðandi hvernig það verður nákvæmlega gert.

Herra forseti. Það kom fram hér hjá hæstv. ráðherra að það fyrirtæki sem við ræðum, þ.e. Rafmagnsveitur ríkisins sem eiga að verða Rarik hf., verði fyrst og fremst þjónustufyrirtæki. Nú er kannski erfitt að fullyrða nokkuð í þá veruna einfaldlega vegna þess að, ef ég hef skilið málið rétt, ekki er hvað síst verið að breyta fyrirtækinu í hlutafélag til þess að auðvelda því aðlögun að breyttum markaði, til þess að auðvelda því, eins og fram kemur hér í upptalningu á röksemdum fyrir þessari breytingu, að það geti sameinast öðrum fyrirtækjum, tekið við öðrum fyrirtækjum sem inn í það gætu runnið og þannig breytt um eðli. Ég mundi því ekki gefa mér það fyrir fram að þó fyrirtækið sé núna fyrst og fremst þjónustufyrirtæki að slíkt gæti ekki breyst. Það er alla vega alveg ljóst að það hlýtur að verða vilji til þess hjá þessu fyrirtæki eins og öðrum að búa sig undir breytt umhverfi með ýmsum hætti eins og við höfum horft á og auðvitað er það þegar farið að gerast. Það sjáum við af þeim sameiningum sem m.a. hafa átt sér stað á raforkumarkaði þar sem Rarik hefur ekki látið sitt eftir liggja.

Herra forseti. Mig langar aðeins að gera 6. gr. að umræðuefni hér, þar sem mér finnst sérkennilegt að segja stjórn hlutafélags fyrir um að gæta skuli almennra arðsemissjónarmiða. Ég velti því fyrir mér af hverju verið sé að breyta fyrirtækinu í hlutafélag ef það þarf að halda áfram að segja því fyrir um hluti eins og þessa. Er þetta ekki eitt af því

sem liggur í augum uppi eða ætla menn að vera með fingurna svo ofan í ákvörðunum stjórnar að jafnvel það að gætt skuli almennra arðsemissjónarmiða þurfi að koma fram í lagatexta?

Síðan aðeins varðandi 7. gr., herra forseti. Ég velti fyrir mér því jafnvægi sem er á milli þeirra sem eiga að mæta á ársfund. Ég velti fyrir mér 5. tölulið um fulltrúa frá hverri héraðsnefnd. Ég þarf að fá upplýsingar um héraðsnefndir. Hvaða fyrirbæri eru það? Ég veit reyndar að sums staðar á landinu hafa sveitarfélög kosið að nýta sér til samstarfs það sem þau kalla héraðsnefndir. En héraðsnefndir eru ekki til samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Þær þurrkuðust út við síðustu breytingu. Það er bara á örfáum stöðum á landinu að sveitarfélög hafa kosið að kalla samstarfsvettvang sinn héraðsnefndir. Ég get ekki ímyndað mér að þær séu komnar með einhvern sess hér í þessu frv. Þetta hlýtur því að vera eitthvert allt annað fyrirbæri sem ég óska eftir skýringum á.

Ég spyr jafnframt: Er hugað að jafnvægi milli aðila þegar verið er að tína hér upp hverjir eigi að eiga seturétt á ársfundi? Í 6. tölulið 7. gr. segir:

„6. Einn fulltrúi frá hverri bæjarstjórn þeirra kaupstaða á orkuveitusvæði hlutafélagsins sem ekki eru aðilar að héraðsnefndum."

Herra forseti. Héraðsnefndir eru hér greinilega einhver apparöt sem skipta máli. En ég verð bara að viðurkenna vanþekkingu mína. Ég veit ekki hvaða fyrirbæri þetta eru og óska eftir skýringum. Vel kann að vera að hér sé fyllsta jafnræðis gætt og að þessar héraðsnefndir séu bara einhver stjórnunarapparöt í raforkugeiranum sem ég hef þó ekki rekist á enn.

Samkvæmt 8. gr. er hlutafélagið undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Við veltum því auðvitað fyrir okkur hversu lengi svo á að vera. Það er eitt af því sem tekið er fram annars staðar í frv. að sé til endurskoðunar vegna breytinga á raforkulögum. Þar er enn ein tilvísunin í frv. Það hlýtur að vera krafa þegar þessi fyrirtæki eru farin að keppa á markaði að þau borgi skatta og skyldur eins og önnur fyrirtæki. Annað væri mjög óeðlilegt, herra forseti.

Varðandi síðan stofnun hlutafélagsins, þá á að stofna það eigi síðar en 1. september 2002. Það á síðan að taka til starfa um áramótin. Ég vil spyrja um þennan tíma frá 1. september og til áramóta, þ.e. um réttarstöðu starfsmanna og stöðu fyrirtækisins almennt. Hver verður hún? Þetta verður eins konar bráðabirgðaástand sem þarna á að ríkja í einhverja mánuði á meðan verið er að koma þessari nýbreytni á. Verður réttarstaða starfsmanna á þessu tímabili eins og hún er í dag eða verður hún samkvæmt hlutafélagalögum?

Mig langar líka til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig samráði við starfsmenn var háttað þegar verið var að semja þetta frv. Það er alveg ljóst að starfsmenn Rariks hafa áhyggjur af stöðu sinni, ekki bara af því að verið er að breyta fyrirtækinu í hlutafélag heldur líka vegna þess að menn eiga allt eins von á því að þurfa að skipta fyrirtækinu upp með einhverjum hætti vegna nýrra raforkulaga og sjá ekki stöðu sína alveg fyrir. Sama á auðvitað við um önnur orkufyrirtæki í landinu. En spurningin er þessi: Hvernig samráð var haft við starfsmenn og var hægt að ganga að óskum þeirra varðandi tryggingar? Eru starfsmönnum sett einhver tímamörk varðandi það innan hvaða tíma þeir geta sagt upp og haldið sínum biðlaunarétti? Hvernig standa starfsmannamál svona umfram það sem fram kemur í 9. gr. og skýringum við hana sem eru fremur fátæklegar?

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur hér aftur og aftur vikið að stöðu sveitarfélaganna, ekki bara varðandi Rarik heldur líka Landsvirkjun. Ég tek undir það sem fram hefur komið hjá honum um mikilvægi þess að ræða þessi mál í samhengi.

Það er mjög skiljanlegt að fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið að sér að greiða niður hinar óarðbæru einingar með hærri orkugjöldum, og tala þar sem fulltrúar þeirra notenda sem búa í viðkomandi sveitarfélögum og hafa orðið að bera hærri raforkugjöld en aðrir til þess að greiða niður hinar svokölluðu óarðbæru einingar, og það er ekkert óeðlilegt þó þeir kalli eftir því núna að þessi hlutur verði reiknaður til verðs og viðkomandi sveitarfélög eða þá íbúar í þeim sveitarfélögum eigi hluti í Rarik sem því svarar. Á sama hátt geta menn auðvitað gert ákveðið tilkall til Landsvirkjunar. Þessa hluti ber að skoða í samhengi. Það getur ekki verið ásættanlegt að hlutur einhverra fyrirtækja sé metinn en annarra ekki og að búið sé til eignarhald fyrir tvö af sveitarfélögunum í landinu út á hluti sem þeim eru reiknaðir til eignar á tilteknum tíma, en önnur sveitarfélög sem tekið hafa þátt í því að greiða, að mörgum finnst, hátt raforkuverð í gegnum Rarik til Landsvirkjunar skuli síðan vera reiknuð út með allt öðrum hætti.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra segist tilbúin til að endurskoða þessa hluti og ég fagna því og endurtek að hér er eitthvað sem menn eiga að ræða í samhengi.

Það er fjallað um þessar óarðbæru einingar í frv. og fram kemur að menn eru búnir að reikna sig niður á tiltekna upphæð, hálfan milljarð, minnir mig, árlega sem hljóti að verða að greiða vegna þeirra. Það segir okkur þá væntanlega hvaða niðurstöðu menn hafa komist að um raforkulögin vegna þess að það fer auðvitað dálítið eftir því hvernig menn skoða dreifikerfið, hvað hið almenna dreifikerfi, landskerfið, er þanið langt út eða reiknað langt út, hversu mikið þarf að borga vegna hinna svokölluðu óarðbæru eininga. Þessi tala segir mér a.m.k. að ekki hefur breyst mikið í þeim efnum frá því frv. var lagt fram liðið vor.

Herra forseti. Ég er ekki á móti hlutafélagaforminu. Það er svo langt í frá. Ég er sammála því sem hér segir um það, þ.e. að það er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur eins og þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó ríkissjóður sé einn, þegar um er að ræða samkeppnisrekstur af þessu tagi, ég tala nú ekki um ef menn ætla að halda áfram á þeirri braut sem ég er heldur ekki á móti, að sameina fyrirtæki og reyna að búa til samkeppnisforsendur hér á markaði.

Hins vegar þá er það því miður rétt sem fram hefur komið í þessari umræðu að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar hafa komið þess háttar óorði á hlutafjárvæðingar ríkisfyrirtækja með því hvernig þeir hafa gengið fram — ég ætla ekki að vitna enn einu sinni í afrek hæstv. samgrh. — með því að nýta sér til hins ýtrasta þá möguleika sem eru til leyndar varðandi það hvað er að gerast í þessum fyrirtækjum, að menn hljóta að gjalda varhug við þessum breytingum. Það er nefnilega hægt að fara þannig með ágæta hluti að þeir séu ekki lengur boðlegir.

Þess vegna liggur það bara þannig, herra forseti, að þó svo að við þingmenn Samfylkingarinnar séum í sjálfu sé ekki á móti hlutafélögum og viðurkennum gildi þess forms í atvinnurekstri, hljótum við að hugsa okkur um eins og

málum er nú komið varðandi stuðning við þá breytingu sem hér er verið að leggja til.

Við hljótum að kalla eftir því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ítrekaði í umræðunni, þ.e. hvaða stefnu menn ætla að hafa í upplýsingagjöf varðandi þessi fyrirtæki og einnig hinu, hvort menn ætli sér ekki að vera hér með einhverjar samræmdar reglur.

Hæstv. ráðherra gerði lítið úr því áðan að það þyrftu að vera samræmdar reglur, menn væru bara eins og eylönd og tækju sínar ákvarðanir. En það er þannig að menn bera þetta eðlilega saman því að um samkynja hluti er að ræða.

Um daginn þegar við vorum að fjalla um virkjanafrv. gerði ég auðlindastefnu ríkisstjórnarinnar að umræðuefni og ekki að ósekju, herra forseti. Ég ætlast beinlínis til þess að ríkisstjórnin hafi einhverja slíka stefnu. Eins ætlumst við til þess að ríkisstjórnin hafi stefnu hvað það varðar hvernig farið er í að breyta félögum í eigu ríkisins í hlutafélög og hvernig síðan farið er með þann hlut. Og við ætlumst til þess að þegar vikið er frá meginlínu, sé það rökstutt frambærilega þannig að menn geti verið sáttir við þann rökstuðning, hann hafi efnisinnihald en sé ekki bara: Af því bara.

[22:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt væri kannski ágætt að fá svar við þeim spurningum sem voru bornar upp hér fyrr í kvöld þess efnis að fleiri hæstv. ráðherrar yrðu kallaðir til umræðunnar. Þess var farið á leit af mjög mörgum hv. þm. að það yrði gert. Engin svör hafa borist um það hvernig viðbrögð þeirra hafa verið þannig ég vildi beina því til hæstv. forseta hvort líklegt sé að hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh. geti verið viðstaddir þessa umræðu.

(**Forseti** (HBl): Það frv. sem hér liggur fyrir er stjfrv. sem flutt er af hæstv. iðnrh. sem hér er stödd í þingsal og svarar greiðlega þeim fyrirspurnum sem fram koma.)

Virðulegi forseti. Verður þetta þá skilið þannig að ekki verði eftir því leitað af hæstv. forseta að þessir tilteknu hæstv. ráðherrar verði viðstaddir umræðuna og svari þeim spurningum sem hv. þingmenn leggja fyrir þá?

(**Forseti** (HBl): Eins og ég sagði þá heyrir þetta mál undir iðnrh. Hún er hér viðstödd við málið og svarar, eins og ég sagði, þeim spurningum sem fram koma og veitir þær upplýsingar sem ástæða er til.)

Virðulegi forseti. Þetta verður þá væntanlega skilið þannig að hæstv. forseti telur ekki ástæðu til þess að hafa þessa ráðherra viðstadda þrátt fyrir skýlaus ákvæði þingskapa um hverjir skuli sitja þingfundi og taka þar þátt í umræðu o.s.frv. Vissulega er það ekki að tilefnislausu að hv. þingmenn hafa óskað eftir þessu. Má til að mynda nefna orð hæstv. viðskrh. í andsvari áðan þegar hún var spurð að því hver stefnan væri að því er varðaði stjórnarlaun í fyrirtækjum. Þá svaraði hæstv. ráðherra því til að hvað sig varðaði þá væri hún dálítið nísk, hæstv. ráðherra, og að enginn skandall yrði þegar að því kæmi að taka um það ákvörðun hvaða laun yrðu greidd þeim sem sætu í stjórn.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að það þarf ekkert hugmyndaflug til þess að túlka þau orð þannig að þær ákvarðanir sem voru teknar í dag hljóti að vera það viðmið sem um er talað. Ég hefði því haldið, virðulegi forseti, að mikilvægt væri að fá hæstv. samgrh. a.m.k. til þess að vera við umræðuna og þá ekki síst hæstv. forsrh. En hæstv. forseti hefur tekið þá ákvörðun að verða ekki við beiðni hv. þingmanna um að kalla þá til. Það liggur þá fyrir og gott er til þess að vita hvernig hæstv. forseti ætlar að stjórna þessum fundi.

Það mál sem hér liggur fyrir um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins ætti í eðli sínu að vera einfalt fyrir hv. þm. að taka afstöðu til. Eru menn fylgjandi því að rekstur fyrirtækja eins og Rafmagnsveitna ríkisins sé í hlutafélagaformi, fari að hlutafélagalögum og lúti þeim reglum sem um þau gilda? Í sjálfu sér ætti að vera mjög auðvelt að taka afstöðu til þess. Sú umræða hefur verið lengi við lýði og satt best að segja ættu flestir þingmenn að vera farnir að þekkja þá umræðu. Hér horfa bara hlutirnir allt öðruvísi við.

Í umræðum um hlutafélög og hlutafélagavæðingu og hvernig með þau hefur farið undanfarið hefur komið í ljós að það eru margar stefnur við lýði hjá hæstv. ráðherrum. — Virðulegi forseti. Ég ætla að biðja hæstv. ráðherra að sýna þá lágmarkskurteisi, í ljósi þess að hún hefur tekið að sér að svara fyrir alla ráðherrana, að sitja hér í salnum á meðan umræða fer fram.

(**Forseti** (HBl): Ég hygg að hæstv. ráðherra heyri það sem sagt er þótt hún aðeins rétti úr sér, það skerpir eftirtektina.)

Já, fundarstjórn forseta, hún er eins og hún er.

Í umræðum undanfarið hefur afstaða hæstv. ráðherra til hlutafélagaformsins birst á margvíslegan hátt. Í fyrsta lagi hefur komið fram hjá hæstv. samgrh. að það sé ekkert að því, ekki nokkur skapaður hlutur, að hæstv. ráðherra sé að gera samninga út um hvippinn og hvappinn, fyrir utan hluthafafund, fyrir utan aðalfund, við einstaka aðila og einstaka stjórnarmenn. Menn hafa talið og sagt sem svo að í því felist ekkert lögbrot, ekki nokkurt.

Hæstv. forsrh. hefur síðan komið með nýja stefnu, aðra stefnu, sem er í þá veru að þetta sé aðeins formsatriði og skipti ekki miklu máli og ekki sé ástæða til að gera mikið með það.

Hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh., sem í augnablikinu er sami einstaklingurinn, hefur sagt í umræðunni að að sjálfsögðu muni hún ekki koma að afskiptum af félaginu utan hluthafafundar og utan aðalfundar.

Hér liggja því fyrir þrjár mismunandi stefnur hjá þremur mismunandi hæstv. ráðherrum til þess hvernig menn hyggjast framkvæma vald sitt eftir að stofnunum eða fyrirtækjum í eigu ríkisins hefur verið breytt í hlutafélög. Svo segir hæstv. forseti hér í umræðunni um fundarstjórn að hæstv. viðskrh. geti svarað fyrir þetta allt saman. Er nema von að hv. þingmenn geri skýra kröfu til þess að þeir séu viðstaddir og dálítið sérstakt að hæstv. forseti skuli ekki verða við þeirri ósk þrátt fyrir skýlaus ákvæði þingskapa þess efnis að hæstv. ráðherrar eigi að vera viðstaddir þingfundi.

Nei, virðulegi forseti, þessi einfalda spurning sem við ættum að standa frammi fyrir er ekki svo einföld þegar nánar er að gáð, vegna þess að hver ráðherra fyrir sig praktíserar þessa hluti á sinn hátt.

Síðan hefur, sem er líka fróðlegt í þessu samhengi, virðulegi forseti, komið upp enn ein stefnan, sem er þá líklega fjórða stefnan, að því er lýtur að eignarhaldinu, að það skuli vera á höndum hæstv. fjmrh. Af hverju? Jú, vegna þess að í því tiltekna máli sem varðar hlutabréf Símans hefur komið fram að hæstv. samgrh. er að setja ýmsar reglur um það hvernig samkeppnisumhverfið verði á fjarskiptasviðinu. Og af því hæstv. ráðherra setur þær reglur, þá er óeðlilegt að hann fari einnig með eignarhaldið. Undir þau sjónarmið get ég tekið. En það er fróðlegt að taka þessi sjónarmið og skoða síðan verkefni hæstv. viðskrh. og líta hér aðeins í auglýsingu

um staðfestingu forseta á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, því þar segir svo m.a. að viðskiptaráðuneytið fari með mál er varða t.d. samkeppnismál og óréttmæta viðskiptahætti.

Ef svo fer, sem að er stefnt, að hæstv. viðskrh. virði hlutafélagalögin, virði það hvernig eignarhaldið eigi að vera og hvernig fara eigi með eignarhaldið á milli hluthafafunda, á milli aðalfunda, og fyrirtækið taki þátt í þessum markaði á réttum forsendum, þá er þetta allt í lagi. En ef hæstv. ráðherra mun beita sér að hætti samgrh., þá er ljóst að Samkeppnisstofnun, sem heyrir undir hæstv. ráðherra, ætti að hafa eftirlit með þessu og því er um að ræða nákvæmlega sömu röksemdafærslu og hæstv. samgrh. beitti þegar hann setti fram þá hugmynd að hann vildi losna við Símann úr sinni vörslu og skyldi nú engan undra í ljósi allrar þeirrar umræðu sem fram hefur farið og þeirra axarskafta sem hæstv. ráðherra hefur orðið á í þeim efnum, því hæstv. viðskrh. er yfirmaður samkeppnismála á Íslandi.

Og gildir þá þessi röksemdafærsla bara við um hæstv. samgrh. af því hann er sérstaklega til þess fallinn að ráða ekki við að fara með þetta eignarhald? Eða er hæstv. viðskrh. betur til þess fallin? Er hún ólíklegri til þess að vera með skandala þegar verið er að taka ákvörðun um stjórnarlaun o.s.frv.?

Svo koma menn og segja hér í umræðunni að hæstv. viðskrh. ein og sér geti svarað fyrir alla þessa vitleysu. Þó hæstv. viðskrh. hafi um margt staðið sig ágætlega í starfi, þá er það bara einfaldlega svo að hún á ekki möguleika á að reyna að skýra þann óskapnað sem margir hæstv. ráðherrar hafa látið frá sér fara um þessi mál.

Virðulegi forseti. Það er a.m.k. eitt atriði sem ég vil gera að sérstöku umræðuefni í þessu tiltekna frv. en kannski aðeins áður en að því kemur, þá held ég sé alveg nauðsynlegt að áður en til þessa hlutafélags er stofnað, að fyrir liggi nákvæm greinargerð um það hverjar séu eigur fyrirtækisins, hvernig launakostnaði er háttað, hvaða sporslur er um að ræða o.s.frv., því það er eiginlega ekki mögulegt að samþykkja það að þetta frv. eða stofnun þessa hlutafélags gangi fram fyrr en allt liggur fyrir. Reynslan hefur kennt okkur að það er algerlega nauðsynlegt og það er nánast að mínu viti ótækt í ljósi frammistöðu ríkisstjórnarinnar í þessum hlutafélagamálum að ætlast til þess að hv. þingmenn taki afstöðu til frv. fyrr en þessi mál liggja fyrir.

Að sama skapi er algerlega ótækt að þetta mál fari til nefndar áður en fyrir liggur hvort stefna hæstv. forsrh. í hlutafélagamálum, stefna hæstv. samgrh. í hlutafélagamálum, eða stefna hæstv. viðskrh. í hlutafélagamálum sé ofan á í þessari ríkisstjórn, eða hvort þeir ætla að koma fyrir hv. iðnn. þegar málið kemur til umræðu þar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég er mjög ósáttur við það hvernig fundarstjórn forseta hefur verið á þessum fundi.

Ég hef gert að meginefni ræðu minnar það sem fram kemur í 1. tölulið á bls. 5, þ.e. um þá löggjöf þar sem er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda, hún er nú ekki betur skilgreind en svo að enginn veit á hvaða vegferð ríkisstjórnin er í þessum málum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um 5. tölulið á bls. 5, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því. Með því gæti náðst aukin hagræðing í orkudreifingu.“

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort með þessu sé opnað fyrir það að hæstv. ráðherra og stjórn taki ein ákvörðun um slíka sameiningar eða hvort slíkt þurfi að koma fyrir Alþingi. Ákvörðun af þessum toga er mjög vandmeðfarin. Því með því að heimila samruna eða sameiningu og jafnvel það að ganga inn í einkarétt, þá er í mörgum tilvikum verið að afhenda tilteknar eignir. Þess vegna er mjög vandmeðfarið hvernig að þessu er staðið og ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún líti svo á að verði þetta frv. að lögum hafi hæstv. ráðherra sjálfdæmi um það og þá væntanlega stjórn fyrirtækisins hvort og hverjum fyrirtækið verði sameinað, eða hvort slíkt þurfi að koma fyrir þingið aftur. Því ekki má gleyma því að ríkið getur engar eignir látið af hendi nema lög standi þar til. Og hér duga því ekki orðin ein í greinargerð með frv. Ég held að sé mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, að þetta liggi fyrir.

Það hefur reyndar komið fram í umræðunni að hæstv. ráðherra, þó það komi ekki skýrt fram í frv. sjálfu, hefur um það talað að líklegast sé að stjórnarmenn í fyrirtækinu eða félaginu verði fimm og naumt verði skömmtuð launin, ef marka má orð hæstv. ráðherra hér fyrr í kvöld.

Það er ekki nema von, virðulegi forseti, að hv. þingmenn staldri aðeins við og velti því fyrir sér þegar þeir taka afstöðu til þeirrar einföldu spurningar hvort breyta eigi fyrirtækinu í hlutafélag eða ekki, að menn hugleiði hvers konar hlutafélag er verið að búa til. Er verið að búa til félag sem hefur fyrst og fremst það hlutverk að koma í veg fyrir að þingið geti veitt það aðhald sem það á að veita? Er verið að búa til félag þar sem ráðherrar, eins og hæstv. samgrh. hefur praktíserað, ætla að skipta sér af stóru og smáu í félaginu frá upphafi, eða ætla menn að láta stjórn þess stjórna félaginu og láta félagið fara að lögum og reglum eins og til stendur? Eða er verið að búa til félag sem fer bil beggja eins og hæstv. forsrh. hefur fjallað um og sagt sem svo að það sé nú aðeins formsatriði per se hvort eftir þessum reglum sé farið eða ekki? Þessir hlutir þurfa að liggja fyrir áður en menn geta tekið afstöðu til þess hvort menn eru þessu fylgjandi eða ekki.

Ástæða fyrir því, virðulegi forseti, að ég geri þetta að umræðuefni hér er að ég er almennt þeirrar skoðunar að hlutafélagaformið sé heppilegra form en það form sem nú er. Hins vegar hefur allur þessi bægslagangur og öll sú vitleysa, ef svo má að orði komast, sem við höfum horft upp á undanfarnar vikur og mánuði, gert það að verkum að búið er að koma óorði á hlutafélagaformið.

Þess vegna er það alveg grundvallaratriði að því er mig varðar að þessir hlutir liggi mjög skýrt fyrir áður en gengið verður til lokaafgreiðslu málsins. En þangað til að því kemur hef ég alla fyrirvara um að hægt sé að styðja þetta nema skýlausar yfirlýsingar liggi fyrir af hálfu hæstv. ráðherra.

[23:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það hefur nú gengið á ýmsu í þessari umræðu í dag og það er að sönnu ekki undarlegt því hér ræðum við frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins og einmitt í dag hafa borist tíðindi af því hvernig hlutafélag í eigu ríkisins afgreiðir sín mál. Hv. þm. hafa hér fleiri en einn og fleiri en tveir lýst hneykslan sinni, reiði og sárum tilfinningum yfir því hvernig nú sé komið hjá Landssímanum hf., að stjórnarmenn þar skuli fá helmingshækkun

launa sinna á aðalfundi í dag án þess að ráðherrar eða ráðamenn sjái nokkra ástæðu til þess að andæfa eða andmæla á nokkurn hátt slíku ráðslagi. Ráðslag af því tagi sem íslenska þjóðin horfði upp á í dag hjá Landssímanum hf. kemur auðvitað til með að verða viðhaft í hlutafélaginu sem stofna á um Rafmagnsveitur ríkisins. Jafnvel þó að hæstv. iðnrh. haldi því fram í umræðunni að hún sé nísk þá er alveg eðlilegt að spurt sé: Hvers eiga væntanlegir stjórnarmenn í hlutafélaginu sem hér er um fjallað að gjalda? Eiga þeir ekki að fá að sitja við sama borð og þeir sem sitja við borð allsnægtanna hjá Landssímanum hf.? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að réttlæta það að ólíkar reglur skuli gilda um stjórnarþóknanir í opinberum hlutafélögum, þ.e. hlutafélögum í eigu ríkisins? Á máli hæstv. ráðherrans var að skilja að hún ætlaði ekki að feta í fótspor þeirra sem ákvarðanir tóku um gífurlegar hækkanir á þóknunum til stjórnenda Símans.

Herra forseti. Þjóðin er bálreið yfir því hvernig ríkisstjórnin er að véla um þessi mál. Ríkisstjórnin leyfir sér stöðugt að tala um hlutafélagaformið sem svo opna og þægilega leið til þess að auka sveigjanleika og auka arðsemi, en það er ekki talað af virðingu til þjóðarinnar þegar við horfum upp á ráðslagið sem er viðhaft hjá fyrirtæki á borð við Landssímann hf.

Ekki er óeðlilegt þó að hér komi fram spurningar til hæstv. ráðherra um hvers sé að vænta í þessum efnum. Eigum við að búast við því í náinni framtíð að sett verði sérstök lög um hlutafélög í eigu hins opinbera? Eigum við að búast við því að slík lög verði á sömu nótum og sambærileg lög í nágrannalöndum okkar? Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að hlutafélög í opinberri eigu á Norðurlöndunum heyra á sama hátt undir upplýsingalög og opinberar stofnanir. En það hafa ekki þau hlutafélög sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur verið að stofna síðan 1991 í eigu hins opinbera gert hér á Íslandi. Þau heyra ekki undir upplýsingalög. Og það er í sjálfu sér skandall. Það er skandall að hér skulum við vera fengin til að ræða þessi mál, stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um stefnumótun eða framtíðarhugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um hlutafélög í eigu hins opinbera. Hvernig verður farið með upplýsingar í þeim fyrirtækjum í náinni framtíð? Ætlar hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir því að upplýsingalög gildi um þær stofnanir eða er henni bara alveg sama þó slíkt sé ekki?

Herra forseti. Annað sem gagnrýnt hefur verið í þessari umræðu og ekki að ófyrirsynju, er hið stóra mál sem kynnt var í þinginu síðasta vor og aldrei var talað fyrir, þ.e. frv. til raforkulaga. Það er að sönnu til í þingmálsformi og hv. þingmenn hafa að sönnu haft tækifæri til að kynna sér það. En hæstv. ráðherra hefur ekkert sagt í þessari umræðu um það á hverju stendur. Hvaða breytinga er að vænta á því frv. þegar það kemur hérna fram vonandi, í næstu viku trúlega eftir því sem hæstv. ráðherra sagði áðan? Það er auðvitað alveg ljóst að ástæðan fyrir því að það frv. er ekki komið fram enn, er að um það hafa staðið gífurlegar deilur.

Í orkugeiranum hafa verið miklar vangaveltur og deilur um frv. sem lagt var hérna fram í fyrravor. En það hefur ekki verið andað yfir okkur einu orði um hverra breytinga við megum vænta. Því er ekki sanngjarnt af hæstv. ráðherra að ætlast til þess að þingmenn í þessari umræðu taki mið af frv. sem verður lagt hér fyrir einhvern tíma og einhvern tíma, svo og svo mikið breytt. Við getum ekki í þessari umræðu tekið mið af því plaggi sem lagt var fram síðasta vor því ef það væri hægt þá væri þetta plagg á borðum þingmanna núna. En auðvitað er öllum kunnugt um að svo er ekki.

Herra forseti. Sú þjónusta sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa staðið fyrir að veita hér á landi heyrir til grunnþjónustu. Þess vegna er það algerlega forkastanlegt þegar lagt er fram hér frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveiturnar að ekki skuli vera orð um þjónustukröfu þessa væntanlega fyrirtækis, ekki orð. Það lýsir trúlega tilfinningum hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. iðnrh. til hlutverksins sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa gegnt til þessa. Þær hafa verið einn af máttarstólpum lífs í þessu landi, alveg eins og Landssíminn var til skamms tíma, og er auðvitað enn og á að vera. Það er ekki hæstv. ráðherra til fyrirmyndar, það er ekki góður vitnisburður fyrir ríkisstjórnina, að hér skuli lagt fram frv. sem hefur að geyma arðsemiskröfu — ekki vantar það. Arðsemiskrafan er alveg á sínum stað í 6. gr. — en ekki orð um þjónustukröfu, ekki orð.

Ef við förum að fabúlera með væntanlegar breytingar á raforkumarkaði hér úr ræðustóli hafandi ekkert frv. þá er alveg ljóst að ríkisstjórnin virðist ætla að sniðganga þá sjálfsögðu skyldu að gera þær langtímaáætlanir sem nauðsynlegt er að gera til þess að af þeim grundvallarbreytingum á raforkumarkaði geti orðið. Ég vil vitna hér, herra forseti, máli mínu til stuðnings í texta till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála sem lögð var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi, sennilega á árinu 1998 frekar en 1997. Í nál. meiri hluta iðnn. með þessari þáltill. kemur fram varðandi tímaáætlun og framgang þeirra verkefna sem iðnrh. yrðu falin með þeirri tillögu sem þarna var til umfjöllunar, en var reyndar, eins og hér hefur komið fram, aldrei samþykkt, að hann taldi eðlilegt að ótal viðmiðanir yrðu hafðar í undirbúningi og undanfara málsins. Og nú er tilefni, herra forseti, til þess að spyrja hæstv. *ráðherra nánar út í þann undirbúning* sem hefur verið unninn eða maður skyldi ætla að hafi verið unninn eftir því sem meiri hluti iðnn. óskaði eftir á sínum tíma í öllu falli. Vil ég í því sambandi fá að vitna í þetta nál. frá 17. apríl 1998, með leyfi forseta:

„Hvað varðar tímaáætlun um framgang þeirra verkefna sem iðnaðarráðherra yrðu falin með samþykkt þessarar tillögu telur meiri hlutinn eðlilegt að eftirfarandi viðmiðanir verði hafðar:

1998. Vinnsla, flutningur, dreifing og sala verði aðgreind í bókhaldi og reikningum raforkufyrirtækja.

Hafin verði könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum breytts fyrirkomulags á flutningi raforku um meginflutningskerfið.

Hafin verði hagkvæmnisathugun á lagningu sæstrengs til Evrópu.

Frumvarp til raforkulaga verði lagt fyrir Alþingi.

Samkeppni verði um orkuvinnslu og sölu til einstakra endanlegra notenda sem kaupa meira en 50 GWh á ári."

Herra forseti. Þetta eru atriðin sem hv. iðnn. vildi að yrðu framkvæmd 1998 áður en til þeirra breytinga kæmi sem frelsi á raforkumarkaði hefði í för með sér, að sjálfsögðu. En hér hefur sennilega fátt verið gert. Fróðlegt væri þó að fá að heyra frá hæstv. *iðnrh. hvað af þessum athugunum liggur nú* fyrir og hverjar þessara kannana hafa verið gerðar.

Svo ég vitni áfram í þetta sama nál., með leyfi forseta, þá gerði hv. iðnn. ráð fyrir því að árið 2000 lægi fyrir úttekt um tæknilegar og fjárhagslegar forsendur breytts fyrirkomulags á flutningi raforku um meginflutningskerfið.

„Hafnar verði viðræður milli eigenda flutningsmannvirkja sem í hlut eiga.

Stofnað verði sérstakt fyrirtæki um meginflutningskerfið, Landsnet, með dreifðu eignarhaldi orkuvinnslufyrirtækja, dreifiveitna, ríkisins og annarra fjárfesta."

Herra forseti. Það er auðvitað eðlilegt að spyrja hvort eitthvað af þessu liggi fyrir og hvort ekki sé eðlilegt, eins og iðnn. taldi árið 1998, að undirbúningurinn sé eins og hér er lýst en einkennist ekki af þeim flumbrugangi sem hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir hefur á málum og við höfum öll orðið vitni að hér.

Svo ég vitni áfram, með leyfi forseta, í nál. iðnn. frá apríl 1998 þá gerði hún ráð fyrir að á árinu 2001 yrði landsnet tekið til starfa og að innleiddar yrðu breytingar á fyrirkomulagi raforkuflutnings.

„Viðeigandi breytingar verði gerðar á sameignarsamningi um Landsvirkjun.

Raforkufyrirtækjum sem ríkið á eignarhlut í verði breytt í hlutafélög."

Þetta átti að gera á þremur árum eftir að gert var ráð fyrir að þáltill. yrði samþykkt. Allur þessi undirbúningur hefur verið í fullkomnu skötulíki hjá hæstv. ríkisstjórn.

Enn les ég, hæstv. forseti, úr nál. meiri hluta iðnn. sem gerði ráð fyrir að árið 2002 yrði samkeppni hafin til að mæta aukinni raforkuþörf til almenningsnota og í atvinnustarfsemi og að árið 2003 yrði komið á markaði með raforku.

Nefndin gerði ráð fyrir því að niðurstöður yrðu að liggja fyrir eins fljótt og mögulegt væri um tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla varðandi tengingu íslenska raforkukerfisins við Evrópu. Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að grunnur tilskipunarinnar frá Evrópusambandinu er auðvitað sá að orkunotendur hafi eitthvert val um orkusala.

Af því það var rætt fyrr í dag, herra forseti, að Íslendingar væru nú bara 280 þúsund, eins og hæstv. umhvrh. benti á, þá má kannski spyrja hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur hvort hún sjái fyrir sér að hinir 280 þúsund einstaklingar á Íslandi komi í alvöru til með að eiga eitthvert val um orkusala. Hvenær sér hæstv. ráðherra fyrir sér að íslenskir raforkunotendur geti keypt sér græna orku frá Þýskalandi, vindorku frá Danmörku eða lífmassaorku frá Bretlandi? Það er á svona hlutum sem tilskipun Evrópusambandsins byggir á, þ.e. að neytendur hafi raunhæft val.

Herra forseti. Ég fullyrði út frá því sem ég hef kynnt mér þessi mál að ég sé ekki að heil brú sé í því fyrir hina 280 þúsund manna þjóð sem býr á Íslandi að innleiða þessa tilskipun. Ég held að hæstv. ríkisstjórn sé á mjög hálum ís við þessa innleiðingu enda kemur á daginn, og það sjá allir sem sjá vilja, hversu illa hæstv. ríkisstjórn gengur það ætlunarverk sitt.

Herra forseti. Eitt af því sem maður skyldi ætla að gera þyrfti áður en til þeirra róttæku breytinga kemur sem hér eru í vændum, þ.e. að hrófla við rekstrarformi svo öflugs fyrirtækis sem Rafmagnsveitur ríkisins eru og koma á frjálsum markaði með orkusölu á Íslandi, er orkunýtingaráætlun. Það er ekkert óeðlilegt að krefja hæstv. ríkisstjórn um orkunýtingaráætlun og það er ekkert óeðlilegt að krefja hæstv. ríkisstjórn um orkusparnaðaráætlun sem hún hefur samkvæmt eigin plöggum gefið til kynna að hún ætli sér að búa til, leggja fram og fylgja.

Hvernig er ástatt í þeim málum, herra forseti? Enn er ekki til það land á byggðu bóli þar sem hver einstaklingur eyðir jafnmikilli eða meiri orku en hver Íslendingur gerir. Hefur hæstv. iðnrh. engar áhyggjur af því? Nei, greinilega ekki. Því það er alveg ljóst að því meiri orka sem framleidd er, því meiri orku vill hún að hver einstaklingur á Íslandi nýti og noti. En hverju eigum við þá að trúa varðandi orð ríkisstjórnarinnar um orkusparnaðaráætlunina? Hvenær ætlar hæstv. iðnrh. að sjá til þess að þjóðin fái rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma? Verður það áður en þær gífurlegu ákvarðanir sem fyrir ríkisstjórninni liggja verða teknar, um risavirkjanir á borð við Kárahnjúkavirkjun og að ég tali nú ekki um aðrar virkjanir sem greinilega eru í farvatninu hjá hæstv. ráðherra og lesa má um í því þingmáli sem hér hefur verið fjallað um varðandi virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal? Í grg. með því frv. kemur fram að hæstv. iðnrh. er á fullri ferð, fullri siglingu, með virkjanaplön upp á hálendinu á mjög viðkvæmum svæðum, ótal svæðum, kannski bara öllum viðkvæmustu svæðum á miðhálendi Íslands. Hún andar hins vegar ekki út úr sér einu orði um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Hæstv. fyrrv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, leyfði sér að halda því fram í ræðum að sú rammaáætlun kæmi til með að hafa forgang, kæmi til með að njóta fyrirgreiðslu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin ætlaði sér að sýna metnað í gerð þeirrar áætlunar. Hæstv. núv. iðnrh. hefur gert lítið úr þeim orðum sem sögð voru þegar þessari rammaáætlunarhugmynd var komið á koppinn.

Herra forseti. Þessari ríkisstjórn virðist gjörsamlega fyrirmunað að gera áætlanir til langs tíma. Það er í sjálfu sér móðgun við þingheim og þjóðina að leiða okkur inn í þessa umræðu hér án þess að fyrir liggi þær áætlanir sem ríkisstjórnin hefur fyrir löngu boðað að gera eigi.

Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera með hina eiginlegu hagsmuni landsbyggðarinnar og þjóðarinnar sem er að reyna eftir fremsta megni að halda landinu í byggð? Sér hæstv. ráðherra ekki fáránleikann í að ekkert orkusölufyrirtæki verður neitt rosalega áfjáð í, enda koma þau ekki til með að græða neitt á því, að koma þriggja fasa rafmagni til hinna strjálu byggða eða að sjá um úrbætur og öruggan markað í dreifbýlinu?

Það fer að síga á seinni hluta ræðu minnar, hæstv. forseti, en ég get samt ekki látið hjá líða að gera að umtalsefni orð hæstv. ráðherra sem féllu áðan í andsvari við hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson þar sem ráðherra hélt því fram að hún væri ekki í neinni einkavæðingarnefnd. Ég hlustaði á þegar fyrri hluti þessarar umræðu fór fram og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði hér að umtalsefni einkavæðingaræði ríkisstjórnarinnar og bað um skýringar hæstv. ráðherra sem sitja í ráðherranefnd um einkavæðingu á því á hvernig einkavæðingarnefndin hefði staðið ábyrg gerða sinna.

Málum er þannig háttað, alveg sama hvað hæstv. iðnrh. segir — ég trúi því að henni hafi verið tilkynnt um það, við getum lesið um það í skýrslum hér, hv. þingmenn — að í erindisbréfi nefndarmanna í einkavæðingarnefnd er þess klárlega getið að einkavæðingarnefndinni beri að standa ráðherranefnd um einkavæðingu skil á reikningsskap gjörða sinna og ákvarðana. Í ráðherranefnd um einkavæðingu sitja, samkvæmt þeim skýrslum sem hv. þingmönnum hafa verið birtar: hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. iðn.- og viðskrh. Ég sé ekki hvernig hæstv. iðnrh. ætlar að sverja af sér að hún sitji í þeirri nefnd og beri þar af leiðandi talsverða ábyrgð á vilja ríkisstjórnarinnar til að einkavæða. Sannleikurinn er einmitt sá að við sem hér sitjum og höfum

tekið þátt í þessari umræðu, trúum því ekki að hlutafélagið sem hér er verið að stofna verði ekki selt innan skamms.

[23:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur nú farið fram umræða um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Áður en ég hef ræðu mína, virðulegi forseti, vil ég lýsa megnri óánægju með að þingforsetinn hafi ekki orðið við því að fresta þessari umræðu. Þó hefur verið tilefni til þess. Ráðherrar eru ekki viðstaddir, mjög fáir þingmenn í salnum þó svo mikilvægt mál sé til umræðu. Eiginlega er það ekki boðlegt fyrir þjóðina að menn skuli ekki einhenda sér í að ræða slíkt stórmál frá grunni, sérstaklega í ljósi þess að einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar, á svo stórum skala sem hér er um að ræða, hafa gjörsamlega farið út um þúfur og eru eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. yjaði að í dag, algjör skandall. Þjóðin hefur upplifað það í dag og engan veginn hægt að sætta sig við það. Þess vegna höfum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sett fram þá skoðun okkar og tilmæli til hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra að þessi einkavæðingarlest verði stöðvuð, menn nái áttum, taki nýjan kúrs og skoði stöðuna upp á nýtt. Það er alveg bersýnilegt að hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert vald á þessum málum. Skandall eftir skandall. Þjóðinni og okkur hv. þm. er gjörsamlega misboðið hvernig til hefur tekist.

Hæstv. iðnrh. ætti að taka því fegins hendi að gera hlé á þessari umræðu og ræða þessi mál í nýju ljósi. Eins og margir hv. þm. hafa sagt hér dag ætti að stöðva þessi einkavæðingaráform um sinn og skoða stöðuna eins og heiðursmanna er siður þegar þeir átta sig á því að þeir hafi farið offari í málum. Ég held að allir átti sig á því að þannig er staða mála hér í dag, því miður. Þetta er stórmál. Hér er verið að fjalla um grunnþjónustufyrirtæki, ríkiseignir upp á milljarða króna, sem á að gambla með. Í krafti reynslunnar gerir þjóðin sér grein fyrir því hvar málin lenda, hjá örfáum mönnum sem leika sér eins og flar í postulínsbúð að eignum ríkisins. Þeim er gefið tækifæri til þess í skjóli valdhafanna sem engan veginn hafa tök á atburðarásinni og geta ekki stjórnað því hvernig fram fer, því miður.

Við höfum hneykslast á því, Íslendingar, eins og margir aðrir Vesturlandabúar, hvernig farið hefur verið með ríkiseignir í austantjaldslöndunum. Þá voru náttúrlega Rússar nefndir til sögunnar. Þar var á örskömmum tíma komið á nýrri valdastétt. Ég vil kannski ekki taka mér í munn hvað hún er kölluð núna, Rússarnir sjálfir kalla þessa valdastétt „Ný-Rússana" fólk með fullar hendur fjár sem komst yfir eignir ríkisins á örskömmum tíma. Við á Vesturlöndum höfum kallað þessa valdastétt mafíuna. Ég skal láta kyrrt liggja mafíuna í Rússlandi. Ég skal láta kyrrt liggja hvað fólki finnst um stöðuna hér. Ég skal láta það kyrrt liggja. En það er ekki eðlismunur á því sem er að gerast, það er stigsmunur. Menn fara offari í þessum málum og sjást ekki fyrir, vegna þess að umgjörðin, eins og ég segi, ætli menn sér að gera þetta, er engan veginn á þann hátt að ásættanlegt sé fyrir nokkurn mann.

Svo það fari ekki á milli mála þá erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði algjörlega á móti því að einkavæða grunnþjónustuþætti samfélagsins. Þar er rafmagnsframleiðsla og dreifing ofarlega á blaði. Við viljum ekki hlutafélagavæðingu. Við viljum hafa dreifinguna í félagslegum rekstri og umsýslu. Við bentum á, í umræðunni um raforkumálin og fórum fram á það þráfaldlega í ræðum, riti og tillögum að við fengjum undanþágu vegna sérstöðu okkar í raforkumálum í þessu landi varðandi tilskipun Evrópusambandsins um nýskipan orkumála.

Allir sem ég hef talað við telja að það hefði verið tiltölulega auðvelt fyrir okkur að fá þessa undanþágu vegna þess að hér er um algjörlega einangrað raforkukerfi að ræða sem byggt er upp miðað við okkar þarfir. Tilskipun Evrópusambandsins tekur engan veginn á okkar málum. Hún beinist að vandamálum sem þarf að leysa í Evrópu, þar sem orkukerfi Evrópusambandslandanna var með 20% yfirframleiðslu og nýskipan þeirra í raforkumálum byggist að verulegu leyti á hugsjóninni um að fá betri nýtingu í raforkukerfi Evrópu. Við eigum enga samleið með því stóra kerfi. Það er eðlilegt að þau lönd í Evrópu sem liggja saman og hafa að miklu leyti samtengt orkukerfi sín hugsi málin upp á nýtt til að koma á hagræðingu og þá sérstaklega sparnaði í orkukerfinu. Þessu var ekki til að dreifa hér.

Nú er það svo að vegna sögu sinnar eru Rafmagnsveitur ríkisins að stofni til að langmestu leyti dreifiveita. Það er á sögulegum grunni vegna þess að árið 1965 urðu þáttaskil í sögu raforkumála landsins og Rafmagnsveitnanna með setningu laga um Landsvirkjun. En eins og kunnugt er þá er Landsvirkjun stofnuð til þess að geta stuðlað að orkufrekum iðnaði í landinu. Á árinu 1967 voru raforkulögin endurskoðuð við samþykkt orkulaga á Alþingi. Með þeim voru gerðar ýmsar meiri háttar breytingar í stórum þáttum raforkulaganna. Sérstaklega þeim sem tengdust rannsóknum, framkvæmdum í virkjunarmálum og hagnýtingu jarðvarma eða jarðhita. Með orkulögunum var einnig gerð sú breyting að Rafmagnsveitur ríkisins og héraðsveiturnar voru sameinaðar í eitt fyrirtæki sem gert var að sjálfstæðu fyrirtæki og heyrði stjórn þess undir ráðherra sem færi með orkumál. Þetta er auðvitað algjör sérstaða Rafmagnsveitnanna. Rafmagnsveiturnar eru settar á laggirnar í þessum breytingum frá 1967. Það fyrirtæki er í raun skilið eftir í þessum endurbótum eða endurskipulagningu með litla sem enga framleiðslu. Það er ekki fyrr en Lagarfossvirkjun kemur inn löngu seinna að Rafmagnsveiturnar fara að framleiða örlítið af þeirri orku sem fyrirtækið dreifir.

Rafmagnsveitur ríkisins framleiða núna um 19 megavött á eigin vegum sem er undir 10% af því rafmagni sem veiturnar dreifa. Auðvitað er sérstaða þessa fyrirtækis algjör vegna þess að framleiðslutækin, virkjanirnar, sem settar voru í púkkið hjá Landsvirkjun voru nánast öll þau framleiðslutæki sem þá voru til í landinu. Rafmagnsveitur ríkisins þyrftu að öllum líkindum að byggja virkjanir í kringum 200 megavött til að vera sjálfum sér nógar um rafmagnsframleiðslu.

Rafmagnsveitur ríkisins standa fyrir orkudreifingu í öllu dreifbýlinu hér á landi eins og menn vita en Orkubú Vestfjarða sér dreifingu á orku í dreifbýli og þéttbýli á Vestfjörðum. Það er sérstaða Rafmagnsveitna ríkisins að þær hafa þurft að meira eða minna leyti upp á eigin spýtur á undanförnum árum, eða síðan orkulögunum var breytt 1967, að standa straum af því með jöfnun hjá sér að dreifa rafmagni til hins svokallaða félagslega þáttar, en það er hið algjöra dreifbýli þar sem í raun borgar sig ekki að dreifa rafmagni og þarf að niðurgreiða það. Það er sérstaða Rafmagnsveitnanna að þær hafa þurft að selja orkuna á yfirverði til þéttbýlisstaðanna sem eru á svæði Rafmagnsveitna ríkisins til þess að geta staðið straum af þessum kostnaði.

Þannig má segja að að miklu leyti hafi stærstu þéttbýlisstaðirnir á Íslandi verið fríaðir við að standa straum af hinum félagslega þætti. Að vísu hefur endrum og eins komið framlag úr ríkissjóði til Rafmagnsveitna ríkisins þegar illa hefur gengið. Það ber að nefna hér. En þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess alveg frá 1967 að raforkuverð í dreifbýlinu hefur verið miklu hærra en alls staðar annars staðar í landinu.

Það má taka Orkubú Vestfjarða með þar inn. Rafmagnsveitur ríkisins hafa þurft að selja rafmagn á miklu hærra verði fyrst og fremst vegna þess að Rafmagnsveiturnar hafa ekki haft nema hlutfallslega lítið af eigin framleiðslu til þess að keyra inn á kerfið. Þvert á móti hafði Orkubú Vestfjarða um 40% af eigin afli í forgangsorku þannig að þeir gátu þess vegna verið með lægra verð inn á sínu kerfi.

Það sem skortir á við þessa umræðu og verður þess valdandi að ekki er hægt að ræða þessi mál af neinu viti er að við vitum ekkert enn þá hvernig hið nýja raforkulagafrv. lítur út. Það er alveg órætt. Hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. hafa ekkert komið fram með það enn hér í þinginu og því síður í hv. iðnn. Hvernig í ósköpunum ætla menn að taka á þessum málum heildstætt og fá eitthvert vit í þessa hluti þegar allt virðist tekið í öfugri röð? Auðvitað eigum við að tala um hina stóru umgjörð áður en við förum að ræða um breytingar á heilu fyrirtækjunum sem inn í þessari umgjörð eiga að vera. Það gefur alveg augaleið. Við vitum t.d. ekkert enn þá hvernig hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstjórn hafa hugsað sér að taka á hinum félagslega þætti í dreifbýlinu þar sem ekki borgar sig að dreifa rafmagninu og það þarf jöfnun.

Við Íslendingar þurfum nú ekki að finna upp hjólið. Í löndunum í kringum okkur er mikið dreifbýli. Það eru farnar þrjár leiðir til þess að standa straum af orkudreifingu í dreifbýli. Sumir hafa sett framleiðslugjald á orkuframleiðsluna. Það er ein leiðin. Á hvert framleitt kílóvatt eða hvert framleitt megavatt er þá greitt í jöfnunarsjóð til þess að standa straum af kostnaði við raforkudreifingu í dreifbýli. Sumir hafa farið skattaleiðina með því að lækka skatta, t.d. söluskatt. Sumar þjóðir hafa farið blöndu þessara leiða með framleiðslugjaldi og niðurfellingu skatta. Hægt er að hugsa sér það. Síðan er náttúrlega hægt að fara þriðju leiðina, þ.e. að vera með bein framlög úr ríkissjóði til þess að greiða niður fyrir dreifbýlisveiturnar.

Það er algjörlega órætt hvernig með þessa hluti skuli fara. Auðvitað hefur það gríðarlega þýðingu t.d. fyrir Landsvirkjun ef menn hafa þær hugmyndir að leggja á framleiðslugjald. Stóriðjan gerir sig nú á 80% raforkuframleiðslunnar í framhaldi af ákvörðun t.d. um Kárahjnúkavirkjun og því er slegist um hvern einasta eyri hvað varðar verð rafmagnsins. Það getur verið afgerandi fyrir t.d. Landsvirkjun sem fyrirtæki hvort hún standi frammi fyrir pólitískri ákvörðun um að leggja á framleiðslugjald. Nágrannaþjóðir okkar eru með þetta. Þá verður Landsvirkjun komin algjörlega í nýtt umhverfi.

Virðulegi forseti. Þetta verður að ræða heildstætt. Við getum ekki tekið þessi mál algjörlega svona úr sambandi.

Síðan er annað atriði sem er auðvitað bara pólitískt mál og það er krafa sveitarfélaganna um eignarhlut ef til hlutafélagavæðingar kemur. Eins og manni sýnist þá er nú jafnvel í frv. krafa sveitarfélaganna um eignarhlut óbeint virt, því í 7. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Halda skal ársfund á vegum hlutafélagsins fyrir júnílok ár hvert. Rétt til setu á ársfundinum hafa eftirtaldir aðilar:" — Þarna eru viðurkennd tengsl.

„1. Stjórn hlutafélagsins.

2. Aðrir fulltrúar hlutafélagsins valdir af forstjóra þess.

3. Tveir fulltrúar tilnefndir af iðnaðarráðherra.

4. Einn fulltrúi tilnefndur að fjármálaráðherra.

5. Einn fulltrúi frá hverri héraðsnefnd á orkuveitusvæði hlutafélagsins.

6. Einn fulltrúi frá hverri bæjarstjórn þeirra kaupstaða á orkuveitusvæði hlutafélagsins sem ekki eru aðilar að héraðsnefndum.

7. Einn fulltúi frá hverri almenningsveitu sem kaupir orku af hlutafélaginu."

Í 7. gr. er hæstv. iðnrh. að segja berum orðum að sveitarfélögin og héraðsnefndirnar eigi beina aðkomu að þessu fyrirtæki. Það er mitt álit. Auðvitað er það bara pólitísk ákvörðun hvort hæstv. ríkisstjórn, hæstv. iðnrh. og hv. Alþingi viðurkenni það og vilji að sveitarfélögin eigi sinn hlut ef breytt verður um form á þessu félagi. Sveitarfélögin telja sig eiga þarna gríðarlegan hlut, sérstaklega þéttbýlissveitarfélögin úti á landi, bara í krafti þess að vegna uppsetningar Rariks frá 1967 hafi þéttbýlissveitarfélögin á orkuveitusvæði Rariks í raun borgað miklu hærra orkuverð en efni stóðu til vegna þess að Rarik var sjálft látið bera kostnað af félagslega þættinum á svæðunum þar sem í raun borgaði sig ekki að dreifa rafmagninu nema með framlögum. Framlögin komu bara frá þessum þéttbýlissveitarfélögum á Rariksvæðunum en ekki frá öðrum landsmönnum. Þetta er auðvitað í hæsta máta ósanngjarnt.

Við höfum hliðstæðu við svona mál hvað varðar sveitarfélögin þegar sveitarfélögin fengu sinn hlut t.d. í Brunabótafélagi Íslands þegar tilskipun kom um að ólöglegt væri að vera með það á opinberum vettvangi, í opinberum rekstri, þ.e. að vera með brunatryggingar af hálfu sveitarfélaganna. Þá fengu þau hlut í þessu félagi og gátu selt hann eða fengu arðgreiðslur. Nýskipan í þessum málum frá hv. Alþingi byggist bara á pólitískri ákvörðun að mínu mati um það hvernig með skuli fara ef menn eru inni á því að hlutafélagavæða skuli þetta fyrirtæki.

Í bollaleggingum um þetta fyrirtæki er auðvitað eins og endranær ekkert talað um stöðu starfsmanna sem hlýtur þó að vera stórt mál fyrir þá sem vinna við þetta fyrirtæki um allt land. Munum við ekki flest álíta að þróunin verði svipuð og í öðrum fyrirtækjum sem við höfum verið að hneykslast yfir þróuninni hjá núna undanfarið? Ef að líkum lætur verða gríðarlegar launagreiðslur til toppanna, gríðarlegar launagreiðslur til stjórnendanna en hagræðing og sparnaður hjá þeim sem lægst hafa launin hjá viðkomandi fyrirtæki. Ætli það verði ekki þróunin eins og við höfum horft á hana t.d. hjá Landssímanum núna?

Virðulegi forseti. Við þingmenn getum ekki sætt okkur við þessa málsmeðferð alla. Ég set fram kröfu enn og aftur um að umræðunni um þetta mál verði frestað og að við höldum henni frekar áfram á nýjum degi. Ég held að við þurfum svo sannarlega á því að halda. Ég árétta enn og aftur að það er krafa okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að öllum frekari áformum hæstv. ríkisstjórnar um einkavæðingu fyrirtækja í almannaþjónustu, grunnþjónustu í þessu landi, verði slegið á frest og þau skoðuð algjörlega upp á nýtt.

[23:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þó að hæstv. iðnrh. hafi ekki farið yfir það hvaða heildarstefnu ríkisstjórnin hefur í þessu máli þá sé ég ástæðu til þess að fara um það nokkrum orðum hvað

ég tel mikilvægt að slík heildarstefna verði til. Ég get ekki séð annað en menn verði að tengja umræðuna um Rarik við umræðuna um önnur orkufyrirtæki í eigu ríkisins og sveitarfélaganna.

Mig langar til að nefna að ég bar fram fyrirspurn til hæstv. iðnrh. á síðasta Alþingi og í svörum við þeim spurningum sem þar voru lagðar fram kemur ýmislegt athyglisvert í ljós, m.a. að eignarhlutur ríkisins og þeirra sveitarfélaga sem eiga í Landsvirkjun er í upphafi reiknaður út frá því að ríkið hafi lagt fram eignarhluti í Sogsvirkjun ásamt vatnsréttindum. Þau eru greinilega reiknuð inn í þetta líka, þ.e. vatnsréttindi í Þjórsá og undirbúningskostnaður vegna Búrfellsvirkjunar. Reykjavíkurborg hafði lagt fram eignarhlut í Sogsvirkjun ásamt vatnsréttindum og einhverfilsstöð borgarinnar við Elliðaár og spennistöð ásamt tilheyrandi lóðum. Síðan kemur fram að þeir aðilar sem eiga í Landsvirkjun hafi lagt fram fé á árunum frá 1966 og til 1980 til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Ég hef síðan undir höndum skýrslu þar sem fram kemur að árið 1995 hafi framreiknað framlagt eigið fé eignaraðilanna að Landsvirkjun verið um 14 milljarðar kr. Nú veit ég ekki hve hátt Landsvirkjun er metin í dag, en þykist þó vita að þar sé um að ræða æði miklu hærri fjárhæðir en þessa. Það liggur náttúrlega í augum uppi að þetta fyrirtæki, Landsvirkjun, hefur haft einokunaraðstöðu til þess að nýta orkulindir þjóðarinnar og bæði skyldur og einkarétt til þess að virkja og gera samninga við stóriðjufyrirtæki, virkja fyrir slíka raforkusölu og skaffa raforku til landskerfisins í heild. Þetta fyrirtæki hefur síðan eignast mjög miklar eignir á okkar mælikvarða á þessari aðstöðu.

Það er gjörsamlega fráleitt að menn ætli hér að fara í gegnum umræðu um að búa til samkeppnisaðstöðu á sviði raforkuframleiðslu og sölu í þessu landi öðruvísi en fyrir liggi hvað þeir ætli að gera með þessa hluti. Það er útilokað. Svo er það ekki heldur þannig að þau fyrirtæki sem hér um ræðir hafi ekki fengið til sín arð af þessu fyrirtæki, Landsvirkjun. Ég ætla að nefna hér hvað kom fram í svari sem ég fékk frá hæstv. iðnrh. þegar spurt var, með leyfi forseta:

„Hvaða greiðslur hefur Landsvirkjun innt af hendi til eignaraðila? Tegundir greiðslna og upphæðir á núvirði óskast tilgreindar."

Þetta er fyrirspurn frá því í fyrra.

Í svarinu kemur fram m.a.:

„Landsvirkjun greiddi eigendum sínum árlega arð á árunum 1986–1991 og nema þær greiðslur á verðlagi í september sl. [þ.e. í fyrra] 675 millj. kr. Í samræmi við eigendasamkomulag frá 28. október 1996 skal eigendum reiknaður 5,5% árlegur arður af eigendaframlögum. Útreiknaður arður hefur á árunum 1997–2000 numið 3.884 millj. kr. Af þessari fjárhæð hafa verið greiddar út 959 millj. kr. en ógreiddum arði að fjárhæð 2.925 millj. kr. hefur verið bætt við eigendaframlög. Samtals nemur því útgreiddur arður á árunum 1986–2000 1.634 millj. kr."

Síðan hefur Landsvirkjun greitt eigendum sínum líka aðrar greiðslur. Á árunum 1988–2000 var greitt í ábyrgðargjald vegna þeirra lána sem eigendurnir eru í ábyrgð fyrir. Samtals voru 1,5 milljarðar kr. greiddir í þetta ábyrgðargjald. Þó svo að eignaraðilarnir hafi lagt fram eigið fé þá hafa þeir því líka fengið greiddan arð og sveitarfélögin sem eiga hlut í Landsvirkjun hafa fengið ábyrgðargjald í sinn hlut. Skyldi nú einhver efast um að ábyrgð á þessum lánum og kjör þessara lána hafi fyrst og fremst ráðist af því að ábyrgðir ríkisins væru þarna á bak við en ekki sveitarfélaganna?

Það að eigendaframlögin skuli ekki vera stærri hlutur af hinni raunverulegu eign Landsvirkjunar hlýtur að kalla á að menn fari nákvæmlega yfir þetta mál í heild og taki afstöðu til þess hvernig eigi að fara með þær eignir sem Landsvirkjun er. Ég tel ástæðu til þess að tala um þetta í þessu samhengi hér vegna þess að það er mín skoðun að það eigi að meta hvernig eignir Landsvirkjunar hafa orðið til og að það eigi að rétta þessa hluti af gagnvart öðrum sveitarfélögum en þeim sem eiga í Landsvirkjun. Það fyrirkomulag sem þarna er til staðar er vitaskuld óboðlegt. Því þarf að breyta og það þarf líka að koma til móts við þau sveitarfélög sem ekki tóku þátt í þessu. Að mínu viti þarf þetta að liggja fyrir áður en menn taka afstöðu til þess hvernig eigi að haga eignarhaldi í Rarik. Ef bæði þessi fyrirtæki verða að hlutafélögum þá á að mínu viti að skoða vandlega hvort ekki eigi að skipta hlutafjáreign í þeim einhvern veginn upp í samræmi við útreikning sem byggðist á því að rétta eignarhaldið af gagnvart öðrum sveitarfélögum vegna þess að það er gjörsamlega fráleitt að einungis þau tvö sveitarfélög sem hafa átt aðild að Landsvirkjun eigi að sitja ein að því að eignast hlut sem hefur orðið til vegna aðgangs að þeirri auðlind sem þarna um ræðir og þeirrar einokunaraðstöðu og séraðstöðu sem Landsvirkjun hefur haft til þess að þjónusta raforkumarkaðinn í landinu.

Hæstv. forseti. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að ég tel óeðlilegt að ræða þessi mál öðruvísi en að stefnumörkun ríkisstjórnarflokkanna í þessum efnum komi fram og að gerð verði skýr grein fyrir henni. Mér finnst vanta æðimikið upp á að það hafi gerst. Hér hefur í raun ekki farið fram nein umræða um þessi atriði. En mér finnst þau svo mikilvæg í þessu máli að útilokað sé að taka afstöðu til hlutafélagsins sem hér á að taka afstöðu til, öðruvísi en að ræða þessi mál í samhengi.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–14. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 00:06.

---

95. FUNDUR

þriðjudaginn 12. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnsýslulög, stjfrv., 598. mál, þskj. 942. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tryggingagjald o.fl., stjfrv., 582. mál, þskj. 911. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 912. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 594. mál, þskj. 936. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 595. mál, þskj. 937. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Samkeppnislög, stjfrv., 596. mál, þskj. 938. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 587. mál, þskj. 917. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Verslunaratvinna, stjfrv., 607. mál, þskj. 954. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 593. mál, þskj. 926. — 1. umr.

12. Búnaðargjald, stjfrv., 600. mál, þskj. 946. — 1. umr.

13. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 545. mál, þskj. 853. — Frh. 1. umr.

14. Líftækniiðnaður, stjfrv., 548. mál, þskj. 856. — 1. umr.

15. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952. — 1. umr.

16. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902. — 1. umr.

17. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 460, nál. 939, brtt. 940. — 2. umr.

18. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468, nál. 907, brtt. 908. — 2. umr.

19. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 625, nál. 918. — 2. umr.

20. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 639, nál. 919. — 2. umr.

21. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.

22. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.

23. Vernd votlendis, þáltill., 201. mál, þskj. 215. — Fyrri umr.

24. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 234. mál, þskj. 261. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill láta þess getið að að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu 10 dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um ástandið á spítölunum. Málshefjandi er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir en hæstv. heilbrrh., Jón Kristjánsson, verður til andsvara.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, 615. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 963.

Starfsemi og staða Þjóðhagsstofnunar, 614. mál, þáltill. SJS og ÖJ, þskj. 961.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 616. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 964.

Athugasemdir um störf þingsins.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

[13:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel afar brýnt að svarað verði án tafar hvernig stjórnvöld ætla að leysa hinn mikla vanda Greiningarstöðvar ríkisins. Um 100 börn eru nú á biðlista eftir þjónustu og börn á grunnskólaaldri þurfa að bíða á annað ár til að fá þjónustu stöðvarinnar. Í þessum hópi eru yfir 50 einhverf börn, um 50–60 með alvarlega þroskahömlun á grunnskólaaldri en skóla- og félagsmálayfirvöld í sveitarstjórnum hafa alvarlegar áhyggjur af þessari þróun. Það er verið að brjóta skýlausan rétt á fötluðum börnum til þjónustu sem þau eiga að fá bæði samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni fatlaðra. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að einhverf börn fái ekki nauðsynleg lyf vegna skorts á ítarlegri greiningu eins og t.d. kom fram í Fréttablaðinu í gær.

Það er ljóst, herra forseti, að afleiðingarnar eru hræðilegar fyrir margar fjölskyldur verði ekki þegar í stað gripið á þessum vanda. Ábyrgð ráðamanna er mikil og þung í þessu máli. Það er til hreinnar skammar fyrir yfirvöld og hreinlega hættulegt að auka svo á vanda fjölskyldna einhverfra og þroskaheftra barna sem þurfa á þjónustu Greiningarstöðvarinnar að halda. Vandi þessara barna og fjölskyldna þeirra er ærinn fyrir.

Herra forseti. Það kostar engin ósköp að leysa þennan vanda. Það kostar 10–20 millj. að leysa bráðasta vandann, herra forseti. Því spyr ég nú starfandi félmrh. hvort stjórnvöld muni ekki fara tafarlaust í það að leysa þennan vanda vegna þess að það er til háborinnar skammar fyrir stjórnvöld að leysa hann ekki þegar.

[13:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef aflað mér upplýsinga um stöðu þessa máls. Í síðustu viku áttu embættismenn félmrn. og forsvarsmenn þess fund með Greiningar- og ráðgjafarstöðinni og fóru yfir rekstraráætlun hennar. Samkvæmt henni var reiknað með skerðingu á þjónustu við greiningu á sex ára börnum og eldri. Að mati fulltrúa Greiningarstöðvarinnar var talið að slík sparnaðaraðgerð hefði í för með sér um 10 millj. kr. útgjaldalækkun.

Farið var rækilega yfir rekstraráætlun stofnunarinnar á þessum fundi og þar kom fram vilji félmrn. til að reyna að leysa rekstrarvanda stöðvarinnar. Lagt var til að hætt yrði við þessa skerðingu á þjónustu og félmrn. mundi vinna að því að finna lausn á þessum rekstrarvanda með einhverjum hætti. Ég býst við að ráðuneytið muni leita eftir viðbótarheimild í fjárlögum til að leysa þennan vanda en ef hún fæst ekki reyni það aðrar leiðir í málinu. Þetta er sú staða sem málið er í nú. Ég tek undir að staðan sem upp er komin þarfnast lausnar.

[13:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það þarf engum að koma á óvart að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins skuli vera stödd í þeim vanda sem raun ber vitni. Um það ræddum við ítarlega í þingsal við umræðu um fjárlög þar sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar lögðu mikla áherslu á að gera þyrfti öfluga bragarbót í fjármálum stöðvarinnar. Í utandagskrárumræðum sem hér fóru fram viðurkenndi hæstv. félmrh., Páll Pétursson, að sjálfsögðu vanda stöðvarinnar.

Hins vegar virtist eiga að slá málunum á frest. Það var gert. Þess vegna erum við núna komin inn í það þrönga öngstræti sem stjórnarandstaðan varaði við í haust og fyrir áramótin. Sannleikurinn er sá að ríkisstjórnin hefur ekki gripið til þeirra aðgerða sem þó virtust vera í farvatninu þegar þessi mál voru rædd síðast á hinu háa Alþingi. Atgervisflótti er staðreynd hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og varanleg lausn á þessum vanda verður að finnast.

Stjórnarandstöðuþingmenn hafa verið tilbúnir að leggja ríkisstjórninni lið í þessum efnum. Við höfum verið með fleiri tillögur til úrbóta. Nú kemur í ljós af síðustu fréttum að það vanti ein fjögur stöðugildi til þess að stöðin teljist fullmönnuð miðað við það sem upphaflega var lagt upp með. Það er auðvitað til háborinnar skammar að börn sem eiga við alvarleg þroskafrávik að stríða skuli þurfa að bíða jafnvel á annað ár eftir greiningu til að hægt sé að fara að nálgast vanda þeirra og veita þeim einhverja úrlausn. Samfélag sem hefur ekki efni á að koma þessum börnum til hjálpar hefur ekki efni á því bruðli sem við heyrðum af í fréttum í gær og vorum að gagnrýna í þingsölum varðandi laun til stjórnar opinberra ríkisfyrirtækja.

[13:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli sem við höfum mjög oft tekið upp í sölum Alþingis. Vandinn byrjaði í raun meðan barna- og unglingageðdeild sinnti hluta af þeirri þjónustu sem Greiningarstöðin veitir í dag. Barna- og unglingadeildin hafði einhverf börn á sinni könnu á sínum tíma. Þá varð barna- og unglingadeild að hætta að veita þjónustu vegna þess að slíkt álag var á deildinni og ekki mannafli til að sinna þessum börnum. Þá var gripið til þess ráðs að flytja þjónustu við einhverfa yfir á Greiningarstöðina. Það á að gera áætlun um mannahald, byggja upp framtíðarsýn, byggja upp þjónustu og skoða hvernig þurfi að taka á þessu. Það er ekki gert. Greiningarstöðin tekst á við verkefni sem tvær stofnanir sinntu áður. Hins vegar hefur hún ekki fengið fjármagn til að fylgja þessu eftir.

Herra forseti. Það er gott að heyra hæstv. heilbrrh. segja að menn hafi sest niður og skoðað rekstraráætlun, það þurfi að leysa vandann og hætta að skerða þjónustu. Um þetta hefur verið rætt aftur og aftur og það eina sem var gert í desember var að skera halann af. Það sem þarf að gera er að horfa til framtíðar.

Það sem hefur verið að gerast eftir að Greiningarstöðin tók við þessum verkefnum er að meira að segja umboðsmaður barna hefur haft afskipti af þessum málum og lagt fyrir fyrirspurn um hvort rétt væri að einhverf börn fengju lakari þjónustu eftir að verkefnin voru flutt frá barna- og unglingageðdeild yfir á Greiningarstöðina. Þetta er ekki eitthvað sem stjórnarandstaðan er að finna upp eða rexa yfir. Þetta er grafalvarlegur vandi.

Það sem skiptir máli í dag, herra forseti, er að áður var verið að tala um tvö og þrjú börn með einhverfu í hverjum árgangi en nú er gert ráð fyrir allt að 9–10 börnum með dæmigerða einhverfu, þá eru ekki tekin með börn með Asperger-heilkenni sem bætast þarna við.

Það er mjög mikilvægt að hafa framtíðarsýn í þessu máli, að skipuleggja starfið og fjölga stöðugildum, herra forseti.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vandi Greiningarstöðvar ríkisins var ítrekað til umfjöllunar á Alþingi fyrir áramót. Sú staða sem nú er komin upp ætti því ekki að koma neinum á óvart. Nú er komið á daginn, eins og þá var fyrir spáð, að sú úrlausn sem stöðin fékk og sneri fyrst og fremst að fortíðarvanda, þeim rekstrarhalla og hala sem þar hafði myndast, var allsendis ónóg.

Félmn. Alþingis heimsótti Greiningarstöðina snemma vetrar. Ég leyfi mér að fullyrða það að engum sem kynnt hefur sér þá starfsemi sem þarna fer fram blandast hugur um hversu mikilvæg hún er. Staðreyndin er auðvitað sú að greining er forsenda þess að menn fái þjónustu og aðstoð sem lög eiga að tryggja þeim. Það er þess vegna, herra forseti, óásættanlegt að flöskuhálsinn í kerfinu sé þar, að menn verði af þjónustu og stuðningi sem þeir eiga að fá, t.d. börn og unglingar sem eiga í erfiðleikum og þurfa á aðstoð að halda, verði missirum saman af þeim lögbundna stuðningi sem ætlunin er að tryggja þeim vegna þess að vandinn er ekki greindur. Það er gersamlega óþolandi. Flöskuhálsinn í kerfinu má ekki vera þar.

Auðvitað vantar alls staðar peninga og allir telja sig þurfa meira en ég held að við hljótum að geta orðið sammála um það, herra forseti, að við ætlum ekki að halda aftur af útgjöldum, í heilbrigðis- eða velferðarkerfinu eða annars staðar við sambærilegar aðstæður, með því að fela vandann, með því að menn fái ekki vandamál sín greind þannig að þeir verði af þeim stuðningi sem þeir ættu að njóta um leið og sú greining hefði farið fram.

Þetta gengur ekki, herra forseti. Þessu sleifarlagi verður að linna.

[13:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það var alveg ljóst við fjárlagaumræðuna í vetur að þessi staða mundi koma upp fljótlega eftir áramótin. Í þeirri umræðu nefndi ég dæmi af móður átta ára drengs í Laugarnesskóla sem beðið hafði eftir meðferð fyrir drenginn eða greiningu á Greiningarstöðinni. Fyrir nokkrum dögum fékk ég aftur bréf frá þessari móður og ég ætla að leyfa mér að lesa úr þessu bréfi. Hún segir hér — hún hefur sent þetta bréf líka til hæstv. félmrh.:

„Ég er móðir átta ára drengs í Laugarnesskóla sem vísað var til greiningar á einhverfusviði Greiningarstöðvar ríkisins í fyrravor af skólasálfræðingi. Í haust var mér sagt að engin von væri um greiningu á þessu skólaári. Í fyrradag fékk ég svo bréf þar sem umsókn okkar var vísað frá vegna fjárskorts. Greiningarstöðin sinnir ekki lengur börnum á grunnskólaaldri.

Þetta er algerlega óviðunandi. Ef maður fer til læknis vegna gruns um sjúkdóm sættir maður sig ekki við að fá ekki sjúkdómsgreiningu því öll meðferð hlýtur að miðast við greininguna. Nákvæmlega það sama gildir um greiningu þá sem fer fram á Greiningarstöð. Fötluð börn verða að fá þessa þjónustu rétt eins og hver annar ófatlaður sem grunar að hann sé haldinn einhverjum kvilla. Öll aðstoð og meðferð miðast við greininguna. Ef hún liggur ekki fyrir er lítið hægt að gera.

Þess vegna spyr ég: Hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við þessari breyttu stöðu? Ég veit að ef barn greinist einhverft getur skólinn fengið miklu meiri stuðning fyrir það. Nú er ljóst að þessi greining fæst ekki og þar af leiðandi

engir peningar til stuðnings. Hvað verður þá um þessi börn sem grunur leikur á að séu einhvers staðar á einhverfurófinu eins og það er kallað? Ég vona að leikurinn sé ekki gerður til þess að þurfa ekki að setja neina peninga í stuðning."

Ég verð bara að taka undir með þessari móður og deili áhyggjum með henni. Ég bið hæstv. ráðherra að sjá til þess að þetta fólk fái þá greiningu sem þarf þannig að hægt sé að bregðast við og veita þá meðferð sem nauðsynleg er.

[13:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna mátti þessi staða í rauninni vera ljós við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári. Hjá Greiningarstöð ríkisins var þá þegar mikill rekstrarvandi, og meira þurfti til en eingöngu að gera upp þann gamla rekstrarvanda. Fyrirsjáanlegt var að meira fé þurfti til að koma til móts við aukinn fjölda skjólstæðinga stöðvarinnar og aukna vinnu sem er komin inn á Greiningarstöðina. Þá má nefna að nokkrar ástæður aukningarinnar eru ný verkefni á sviði einhverfu, aukinn fjöldi greindra á einhverfurófi, það er þörf fyrir aukna þjónustu fyrir grunnskólabörn og ungmenni, það er aukinn skilningur á þörf á markvissri íhlutun og aukin krafa um alþjóðlegar viðurkenndar aðferðir í greiningu og meðferð. Allt þetta hefur leitt til þess m.a. að fjöldi skjólstæðinga hefur farið sívaxandi frá 1994 en það ár voru skjólstæðingarnir 247. Á árinu 2000 voru þeir orðnir 511 en fjöldi stöðugilda hafði ekki aukist nema rétt um rúm tvö og hefur alls ekki fylgt þeirri þróun sem hefur verið í fjölda skjólstæðinga. Við erum að tala um börn og þá staðreynd að því fyrr sem misþroski er greindur hjá þeim, sama af hvaða toga hann er, þeim mun líklegra er að hægt sé að hjálpa þessum einstaklingum til meiri þroska svo að þeir nái einhverjum bata og fái þann stuðning og rétt sem þeim ber í þjóðfélaginu.

[13:47]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft afar alvarlegu máli og alvarlegri stöðu sem uppi er í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Ég minni á að í síðustu umræðum í fjárlögum var talað um að 24 millj. vantaði upp á að þetta gengi upp til að ná öllum endum saman.

Nú hefur það gerst að ekki er hægt að ráða í staðinn fyrir þá sem fara í fæðingarorlof eða námsleyfi, og það er afar alvarlegt mál.

Því má heldur ekki gleyma að þetta bítur í hinn endann, þ.e. við erum að búa til stærri vanda til framtíðar. Og ef börn hafa ekki þennan stimpil frá Greiningarstöðinni greiða skólaskrifstofur og aðrir ekki sérþjónustu í skólanum, ekki einu sinni þó að þeir sérfræðingar sem þar eru mundu vilja vinna þetta á sinni stofu og fólki greiddi fyrir þá þjónustu sjálft eins og er auðvitað að gerast um allan bæ. Ekki er það heldur tekið gilt hvað varðar sérkennsluna þannig að við erum að tala um mjög alvarlegan hlut.

Í fjárlögunum síðast var líka rætt um hvenær kæmi að því að Greiningarstöðin fengi nýju sérlögin sín eins og var á áætlun þegar félagsþjónusta sveitarfélaga og málefni fatlaðra var skoðað. Þá var meiningin að flytja Greiningarstöðina og setja hana undir algjör sérlög enda er um mjög sérhæfða stofnun að ræða. Ég spyr því hæstv. heilbrrh., sem er staðgengill hæstv. félmrh., hvenær sú lausn kemst í sjónmál. Þegar kemur að því verðum við að rétta þennan kúrs. Það er ekki hægt að bjóða börnum og foreldrum upp á þetta öllu lengur.

[13:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Alveg er með ólíkindum hvað það vefst fyrir stjórnvöldum að taka á þessum brýna vanda. Það kostar einungis 10–20 millj. að leysa brýnasta vandann, og þarna er neyðarástand ríkjandi. Það er ekki verið að spara nokkurn skapaðan hlut, herra forseti, með því að veita ekki þetta fjármagn til stöðvarinnar. Þvert á móti er það dýrara fyrir samfélagið allt að taka ekki á vandanum.

Það er alveg ljóst að verkefni Greiningarstöðvarinnar munu fara vaxandi á næstu mánuðum og árum, og ég nefni bara sem dæmi að fjöldi þeirra sem greinast með einhverfu hefur þrefaldast á stuttum tíma. Ég tel afar brýnt að félmn. taki málið aftur upp og finni á þessu heildarlausn í samráði við stjórnvöld, og ég skora á hæstv. starfandi félmrh. að vinna að því með ríkisstjórninni að leysa þetta mál. Það vefst ekki fyrir stjórnarflokkunum að setja 170 millj. í raunaukningu til sinna eigin aðalskrifstofa en þegar kemur að því að leysa vanda þeirra sem þurfa mjög á því að halda, eins og börn sem þurfa á þjónustu Greiningarstöðvarinnar að halda, er verið að kasta 10–20 millj. á milli stjórnvalda, hvort eigi að ráðstafa þessum peningum sem viðbótarheimild á fjárlögum. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka á þessu máli vegna þess að það þolir enga bið, og ég tel víst að félmn. eigi að taka málið upp aftur. Það verður að leysa þetta mál til frambúðar, finna á því framtíðarlausn í samráði við þingið og stjórnvöld. Annað er ekki hægt. Það neyðarástand sem nú ríkir í þessum efnum í Greiningarstöðinni er engum bjóðandi.

[13:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ítreka þann vilja félmrn. og félmrh. að taka þannig á málum Greiningarstöðvarinnar að þjónusta þar þurfi ekki að minnka. Ræður hv. þingmanna hafa gengið út á það að allt þetta hefði mátt sjá fyrir. Ég ætla ekki deila um það en hins vegar vil ég benda á að hingað hafa verið að berast upplýsingar um stöðuna í framtíðinni sem gera það að verkum að meta þarf störf og stefnu Greiningarstöðvarinnar. Það er alveg rétt sem kom fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv. að unnið hefur verið að nýrri lagasetningu um Greiningar- og ráðgjafarstöðina, og félmrh. hyggst leggja fram frv. um hana á komandi hausti.

Ég tek undir að hér er um mjög áríðandi mál að ræða. Menn þurfa að gera sér sem gleggsta grein fyrir þessum störfum til frambúðar og að því hyggst félmrh. og ráðuneyti hans vinna. Mikil vinna hefur verið lögð í þessi mál í ráðuneytinu, m.a. í tengslum við það að ætlunin var að þessi málaflokkur flyttist yfir til sveitarfélaganna. Af því varð ekki, þ.e. því var frestað, þannig að núna er tekið til við lagasetningu um þessa mikilvægu starfsemi sem ég undirstrika að er afar miklvæg. Ég vil láta það koma mjög eindregið fram að það á að leita leiða til þess.

Stjórnsýslulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 598. mál (vanhæfi). — Þskj. 942.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjárreiður ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 581. mál (Fjársýsla). — Þskj. 910.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tryggingagjald o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 582. mál (reiknað endurgjald, breyting ýmissa laga o.fl.). — Þskj. 911.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 583. mál (sektir, barnabílstólar). — Þskj. 912.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 594. mál (viðmiðunarlaun, réttur barna og maka o.fl.). — Þskj. 936.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 595. mál (réttur barna og maka). — Þskj. 937.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 596. mál (EES-reglur, ríkisaðstoð). — Þskj. 938.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 1. umr.

Stjfrv., 587. mál (EES-reglur, ósoneyðandi efni). — Þskj. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 601. mál (rekstur lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Verslunaratvinna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 607. mál (fylgiréttargjald, bifreiðasölur). — Þskj. 954.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Ástandið á spítölunum.

[13:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Undanfarið hafa komið neyðarköll frá starfsfólki í heilbrigðiskerfinu. Fullyrt er að mannréttindi séu brotin á sjúkrahúsum, sjúklingar liggi á göngum, skolherbergjum og salernum, stríðsástand og kreppa sé á háskólasjúkrahúsinu. Læknar benda ítrekað á að neyðarástand ríki, vinnuskilyrði séu nöturleg og þjónusta við sjúka á álagstímum langt fyrir neðan það sem eðlilegt geti talist.

Undir þetta tóku stjórnendur Landspítala í Kastljósi í fyrrakvöld en þar sagði Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri: „Já, ástandið hjá okkar hefur verið óvenjuslæmt undanfarna mánuði. Gangalagnir eru daglegt brauð, komum á spítalann fjölgar og íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgar jafnt og þétt." Hún sér fram á áframhaldandi fjölgun og aukið álag. Lækningaforstjórinn, Jóhannes Gunnarsson, sagði í sama þætti um útlitið fram undan: „Í haust eða undir árslok mun rýmkast svolítið." Í haust eða undir árslok, og nú er miður mars — má búast við þessu þjónustustigi næstu 8–10 mánuði? Er þetta viðunandi ástand að mati hæstv. ráðherra? Er verið að veita fullnægjandi þjónustu á spítölunum? Geta úrbætur beðið til haustsins eða jafnvel áramóta, hæstv. ráðherra?

Vinnuálag er orðið gífurlegt á spítalanum. Komum á bráðadeildir fjölgar, yfirlagnir eru viðvarandi vandamál, þ.e. mun fleiri sjúklingar eru lagðir inn á deildir en aðstaða og mannafli gera ráð fyrir. „Það er vitað að við þessar aðstæður, þrengsli og óviðunandi aðbúnað og örþreytt starfsfólk er meiri hætta á mistökum í starfi, og ástandið er mjög slæmt eins og er," sagði lækningaforstjórinn í sjónvarpinu í fyrrakvöld.

Læknir staðhæfir í grein í Morgunblaðinu á dögunum að verið sé að tefla lífi og heilsu sjúklinga í tvísýnu á álagstímum og að ekki sé hægt að halda uppi viðunandi þjónustu á spítalanum. Núverandi ástand auki stórlega hættu á mistökum við meðferð og eftirlit sjúklinga. Þetta er alvarleg staða sem ekki er hægt við að una eða líta fram hjá. Því spyr ég: Telur hæstv. ráðherra öryggismálin á sjúkrahúsinu viðunandi?

Yfir 100 manns eru á röngum stað í kerfi spítalans, þ.e. hafa lokið meðferð en komast ekki annað. Á hjartadeildinni eru 20% rúma teppt, sjúklingarnir komast ekki á öldrunardeild eða endurhæfingardeild, hjúkrunar- eða líknardeild. Þeir dvelja í rúmum sem kosta kerfið yfir 70 þús. kr. á sólarhring. Bráðveikir sjúklingar komast ekki að eða lenda á göngum. Sjö rúm voru þar á gangi fyrir nokkrum dögum.

Verið er að kæra dagmæður fyrir að vera með of mörg börn í gæslu og þeim bent á hættuna af því. Á sama tíma viðgengst þetta hjá okkur, hjá okkar opinbera háskólasjúkrahúsi, á bráðadeildum eins og hjartadeild.

Bráðarúmum hefur fækkað en bráðatilvikum fjölgar. Ástandið á geðdeildum er afleitt en þar hefur fækkun á rúmum orðið einna mest. Skurðdeildin getur ekki unnið með fullum afköstum, biðlistar standa því í stað eða lengjast þó að þeir gætu styst verulega ef fé fengist til þess. Ástand í öldrunarmálum á höfuðborgarsvæðinu er slæmt en um 300 aldraðir bíða í þörf fyrir hjúkrunarpláss, bara í Reykjavík, og þar af eru 250 í brýnni þörf. Rúm á sjúkrahótelum eru allt of fá og heimaþjónustan er á brauðfótum, segir lækningaforstjórinn. Þetta ástand kemur í veg fyrir útskriftir og veldur algerum flöskuhálsi í starfsemi spítalans.

Hvernig munu stjórnvöld bregðast við þessu ástandi? Hvernig og hvenær hyggst ráðherra leysa þann útskriftarvanda sem sjúkrahúsið býr við? Verður opnuð hjúkrunardeild á Vífilsstaðaspítala eins og talað er um? Hvenær má búast við að ástandið skáni? Mönnum ber saman um að hluti vandans sé sú sparnaðarkrafa sem gerð er til spítalans á sama tíma og sameiningin er í fullum gangi, sameining sem mun án efa skila hagræðingu en hún er kostnaðarsöm á meðan hún stendur yfir. 800 millj. kr. sparnaðarkrafa á þessum tímum er því allsendis óraunhæf.

Það er alveg ljóst að við þessu ófremdarástandi á Landspítala verður að bregðast skjótt. Landspítalinn verður að taka við öllum og getur ekki vísað annað. Það er orðið alvarlegt þegar læknar telja sér ekki gert kleift að standa við læknaeiðinn vegna ástandsins. Við verðum að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna og tryggja að hún standi undir nafni sem góð þjónusta. Ábyrgð stjórnvalda og hæstv. ráðherra er mikil í þessu máli og spyr ég því að síðustu: Hversu miklar fjárveitingar þarf til að leysa þennan vanda, og mun hann tryggja það fjármagn og/eða falla frá sparnaðarkröfum sínum?

[14:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. beinir til mín nokkrum spurningum er varða Landspítala – háskólasjúkrahús í tilefni af blaðagreinum tveggja lækna nú nýverið.

Spurt er hvort heilbrrh. telji að ástandið á spítölunum sé viðunandi og hvort þar sé veitt viðunandi þjónusta. Almennt séð er það skoðun mín að þjónustan sem starfsmenn Landspítala veita sjúklingum sé ekki bara viðunandi heldur mjög góð og í mörgum tilfellum er hún framúrskarandi. Það er hins vegar ljóst að flutningar, endurnýjun á aðstöðuhúsnæði sem verið er að gera upp og skipulagsbreytingar hafa valdið röskun á sumum deildum spítalans og óróa í hugum sumra starfsmanna. Margt af þessu var fyrirséð. Það hefur komið fram í samtölum mínum við starfsmenn og stjórnendur spítalans að strax sl. haust hafi menn verið varaðir við að þetta ástand kynni að koma upp og jafnframt voru menn beðnir að sýna skilning á þeim aðstæðum sem kynnu að skapast.

Í umræddum blaðagreinum hafa höfundar notað gífuryrði eins og mannréttindabrot og stríðsástand sem hv. þm. endurtekur hér. Ég vara við slíkri orðanotkun, hvort sem í hlut eiga hv. þm. eða starfsmenn, þegar um jafnviðkvæma þjónustu er að ræða og veitt er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Slíkt er engum til gagns, ekki stofnuninni, enn síður sjúklingum og enn síður aðstandendum.

Talað er um að gangalagnir og legur á skolherbergjum og er sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík kennt um. Ég minni á að því miður eru gangalagnir á sjúkrahúsum hér ekki nýtt fyrirbæri. Mörg undanfarin ár hafa komið álagstoppar með þeim afleiðingum að stjórnendur spítalans hafa neyðst til þess að leggja á ganga. Landspítali – háskólasjúkrahús vísar nefnilega engum frá sem þarf á bráðaþjónustu að halda. Það er nauðsynlegt að hafa það í huga. Hann er endastöð í heilbrigðiskerfinu og vísar engum frá.

Hitt er svo annað mál að íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað um 20% á síðustu árum eða um 1,8% á ári. Á sama árabili fjölgaði einstaklingum 67 ára og eldri um 26% eða 2,4% á ári. Slíkar breytingar í búsetu hafa mikil áhrif á álag á Landspítalann enda fjölgaði innlögnum á spítalann um 3,5% á milli áranna 2000 og 2001.

Sá misskilningur hefur komið fram að allar úrbætur í málefnum Landspítalans bíði haustsins. Það er fjarri lagi. Þar er nú unnið að sameiningu sérgreina og deilda sem þegar hefur sýnt sig að er til mikilla bóta fyrir sjúklinga, sérstaklega með tilliti til gæða þjónustunnar. Stærsta hluta sameiningarinnar verður lokið á þessu ári og reyndar hafa toppar í henni verið núna á undanförnum vikum. Seint á þessu ári standa vonir til þess, og er reyndar fullvíst, að nýr barnaspítali verði opnaður. Þá skapast umtalsvert rými á Landspítala.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að mikið og langvarandi álag á starfsfólk sem sinnir jafnmikilvægum og

viðkvæmum störfum og á Landspítala eykur hættu á mistökum. Hins vegar veit ég að stjórnendur spítalans gæta þess vel dag frá degi að fyllsta öryggis sé gætt og jafnvægi sé á milli mönnunar og álags. Ég ber fullt traust til stjórnenda og starfsfólks spítalans í þessum efnum sem öðrum.

Hv. þm. spyr um áætlun ráðherra vegna þess útskriftarvanda sem spítalinn glímir við. Ég viðurkenni það fyrstur manna að hér er um erfiðleika að ræða. Á hverjum tíma eru um og yfir 60 sjúklingar á bráðadeildum Landspítalans sem að mati sérfræðinga hafa lokið sinni meðferð en eru ekki færir að útskrifast heim. Flestir þessir sjúklingar bíða eftir vistun á öldrunarstofnunum.

Eins og ég nefndi fyrr er hlutfall aldraðra að hækka, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það kallar á sérstök úrræði fyrir þann hóp. Því miður hefur okkur ekki tekist að halda í við fjölgunina hvað byggingu stofnana fyrir aldraða varðar. Reyndar er það svo að í heilbrigðisáætlun, sem samþykkt var samhljóða á Alþingi fyrir tæpu ári síðan, er sett fram það markmið að árið 2010 verði um 75% 80 ára og eldra fólks við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið á eigin heimili. Til að stuðla að því að þetta markmið náist hef ég lagt áherslu á að efla heimahjúkrun, bæði með því að fjölga stöðum og einnig hefur verið sett á fót miðstöð heimahjúkrunar. Með því er ætlunin að veita enn betri og samhæfðari þjónustu en fyrr auk þess sem mannafli nýtist betur.

Á næstu dögum mun ég leggja fyrir ríkisstjórn skýrslu þar sem sett er fram áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu frá árinu 2002–2007.

[14:08]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mjög alvarlegar ábendingar hafa komið fram vegna rekstrarerfiðleika og starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss. Erfiðleikarnir eru af margvíslegum toga en ljóst er að framlög úr ríkissjóði hafa verið of lág á undanförnum árum og m.a. ekki verið tekið tillit til kostnaðar sem eingöngu er til kominn vegna sameiningar sjúkrahúsanna. Mikið rót hefur fylgt algerri uppstokkun á starfsemi sjúkrahúsanna, flutningi deilda og sameiningu þjónustusviða, sjúkraliðaverkfalli, löngum biðlistum, eilífum sparnaði á öllum sviðum, hagræðingu í rekstri, upp á 181 millj. kr. á þessu ári, og miklum kröfum um sértekjur.

Við þessar aðstæður hefur komið fram óöryggi hjá mörgum starfsmönnum, m.a. vegna breyttra starfshátta. Mikið álag hefur verið samfara þessu og því hefur innri starfsemi sjúkrahúsanna veikst og margir starfsmenn finna ekki fyrir sömu lífsfyllingu í starfi og áður. Ofan á þetta bætist sú staðreynd að ekki hefur tekist að útskrifa þá sem fengið hafa þá sérhæfðu þjónustu sem spítalinn á að veita. Enn eru langir biðlistar og sjúkrahúsin verða að taka á móti bráðveiku fólki sem ekki getur beðið eftir hentugum innlagningartíma. Því liggja sjúklingar á göngum og vistarverum sem ekki eru ætluð sem sjúkrastofur. Það er eins og við séum komin mörg ár aftur í tímann, herra forseti.

Herra forseti. Það sem skiptir máli er að þetta ástand bitni ekki á umönnun og meðferð sjúklinganna. Starfsmenn leggja sig allir fram þó aðstæður séu erfiðar, það veit ég.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvort gerður hafi verið nýr samningur við Rauða krossinn um rekstur sjúkrahótelsins og daggjaldagreiðslur auknar í samræmi við þann fjölda sem þiggur þar þjónustu. Ég spyr jafnframt: Er til framkvæmdaáætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila? Ef svo er væri mikilvægt að kynna hana og skerða ekki frekar og enn Framkvæmdasjóð aldraðra.

[14:10]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum sammála um að ástand á sjúkrahúsum með nokkur sjúkrarúm að jafnaði, staðsett á spítalagöngum, sé algerlega óviðunandi, einkum og sérlega ef slíkt er langvarandi eða viðvarandi ástand. Landspítali – háskólasjúkrahús er í mjög erfiðri aðstöðu hvað snertir húsnæðismál. Eftir sameiningu sjúkrahúsanna, sem var og er enn umdeild, hefur orðið að fara í gagngerar breytingar á byggingum sjúkrahússins. Legudeildir eru þar ekki undanskildar.

Einnig ber að hafa í huga að Landspítalinn er eina hátækni- og bráðasjúkrahúsið fyrir allt höfuðborgarsvæðið og það fullkomnasta á landsvísu. Um helmingur sjúklinga kemur af svæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Viðgerðir og umbætur hafa krafist lokunar á nokkrum legudeildum og valda miklum erfiðleikum. Vonandi eru það tímabundnir erfiðleikar. Brýn nauðsyn er á að veita þessum framkvæmdum forgang svo þeim ljúki sem fyrst og sjúkrahúsið verði í stakk búið til að taka á móti þeim sjúklingum sem þangað leita.

Heilbrrh. hefur nú þegar bent á skort á hjúkrunarrýmum. Ég tek undir það. Ég vil hins vegar benda á að heilbrigðisþjónustan byggist fyrst og fremst á þekkingu, menntun, góðri umönnun og tæknibúnaði. Alls staðar í nágrannalöndum okkar eru miklir umbrotatímar í heilbrigðisþjónustunni til hagsbóta fyrir sjúklinga. Mjög mikilvægt er að hafa sem fjölbreyttast framboð í heilbrigðisþjónustu til að sjúkum verði sem best þjónað og metnaðarfullt mið sé tekið af framförum hverju sinni.

Niðurstaða mín, nú á þessum tímum gífurlegs álags, breytinga og umbrota, er sú að forgangur verði veittur í fjármunum til að leysa bráðaerfiðleika, að starfsfólki undir miklu álagi, með menntun og metnað á heimsmælikvarða, verði veittur skilningur, hvatning og hlúð að því að það megi sinna störfum sínum. Ljúka þarf nauðsynlegum breytingum sem fyrst og að lokum verður að veita fjármuni til framtíðaruppbyggingar á þann hagkvæma hátt sem bent hefur verið á í Ementor-skýrslunni til ráðuneytisins um valmöguleika á þróun núverandi húsnæðis Landspítalans í stað þess að forgangsraða steypuframkvæmdum árum og áratugum saman.

[14:13]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það gerist ekki oft að starfsmenn sjúkrahúsa eða annarra heilbrigðisstofnana komi fram og ræði af hreinskilni um ástand mála á heilbrigðisstofnunum landsins. Það er ekki á nokkurn hátt vilji þeirra að auka óöryggi sjúklinga eða skaða orðstír heilbrigðisþjónustunnar og það þarf býsna mikið til að raska langlundargeði þessara stétta.

Nú hefur það hins vegar gerst að læknar á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi hafa opinberlega lýst ástandinu á sjúkrahúsinu og telja að jafnvel séu mannréttindi brotin á sjúklingum sem þar liggja, að raunveruleikinn sem birtist læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki spítalans sé sá að þjónusta við sjúka og aðstaða til aðhlynningar séu á álagstímum langt fyrir neðan það sem eðlilegt getur talist og auki stórlega hættu á mistökum við meðferð og eftirlit sjúklinga. Því er haldið fram að starfsmönnum sé boðið upp á nöturleg vinnuskilyrði og framkvæmdastjórnin sé neydd til aðhaldsaðgerða sem bitni á öryggi og gæðum þjónustunnar. Þetta

eru stór orð sem fallið hafa og enn hefur enginn treyst sér til að vefengja þau, aðeins dregið úr sterkustu orðunum.

Virðulegi forseti. Miðað við þær lýsingar sem fram hafa komið á ástandinu á Landspítalanum, stöðunni á heilsugæslunni, sem margoft hefur verið rædd á Alþingi, biðlistum aldraðra eftir plássum á hjúkrunar- og dvalarheimilum og stöðu heilbrigðismála úti á landsbyggðinni, nýlegar niðurstöður nefndar á áformum byggingarframkvæmda sem kosta tugi milljarða kr. er full ástæða til, áður en Alþingi lýkur störfum á þessu þingi, að heilbrrh. flytji okkur skýrslu um stöðu heilbrigðismála og framtíðarsýn í þeim. Þeirri kröfu Samfylkingarinnar hér með komið á framfæri. Umræðan snýst ekki um traust okkar á starfandi heilbrigðisstéttum. Hún snýst um vinnubrögð stjórnvalda og stefnu þeirra í þessum mikilvæga málaflokki.

[14:15]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Það er alkunn og viðurkennd staðreynd að íslensk heilbrigðisþjónusta er í hæsta gæðaflokki. Þrátt fyrir það kemur reglulega upp umræða um að ýmsu sé áfátt og margt þurfi að gera betur. Fyrir kemur að svo rammt kveður að þessum málflutningi að jaðrar við illdeilur. Slíkan málflutning grípur stjórnarandstaðan gjarnan fegins hendi og reynir að telja þjóðinni trú um að neyðarástand ríki og heilbrigðisyfirvöld séu ekki starfi sínu vaxin.

Þjónusta Landspítala – háskólasjúkrahúss við sjúklinga er mjög góð, enda er það markmið allra að svo sé. Það hefur einkennt starfsemi Landspítala að undanförnu að unnið hefur verið að miklum skipulagsbreytingum með það að markmiði að gera góða þjónustu enn betri til framtíðar. Allar slíkar breytingar kalla á röskun á starfsemi, aðstöðu og högum þeirra sem starfa hjá sjúkrahúsinu og þeirra sem njóta þjónustunnar. Það er því mikilvægt að allir aðilar máls taki virkan þátt í að markmiðum verði náð og skilningur ríki á öllum sviðum.

Heilbrigðisyfirvöld, stjórnendur og starfsfólk Landspítala hafa á undanförnum árum lagt áherslu á að byggja starfsemi og skipulag spítalans upp á myndarlegan og markvissan hátt þannig að best þjóni hagsmunum sjúklinga í bráð og lengd.

Hæstv. heilbrrh. fór í nokkrum orðum yfir þau mál og er ástæða til að vekja sérstaka athygli á því. Það er ljóst að heilbrigðisyfirvöld hafa skýra stefnu í þessum málum þar sem litið er til framtíðar.

Þegar umræða spinnst um hin ýmsu málefni hættir mönnum oft til að beita gífuryrðum og lita umræðuna sterkum litum. Það er ástæða til að hvetja til þess að varðandi málefni heilbrigðisþjónustunnar, í þessu tilviki málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss, gæti menn hófs í umræðunni og gleymi því ekki að heilbrigðisþjónustan snýst fyrst og síðast um sjúklingana og aðstandendur þeirra. Hins vegar er málefnaleg umræða um þessi mál af hinu góða, ekki síst ef hún leiðir til þess að hágæðaheilbrigðisþjónusta verði enn betri.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki svo eins og heyra mátti á síðasta hv. ræðumanni að vandinn á spítölunum sé bara uppspuni í stjórnarandstöðunni. Ástandið talar fyrir sig sjálft, frásagnir starfsfólks, myndir sem sýna sjúkrarúm á göngum í löngum röðum segja allt sem segja þarf um þetta ástand.

Það er því miður þannig, herra forseti, að margt bendir til að sameining stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki verið nægjanlega vel undirbúin og skipulögð. Reynslan annars staðar frá þar sem menn hafa hraðað sér um of í sambærilegum tilvikum er mjög slæm. Ég minni t.d. á að sameining stóru sjúkrahúsanna á Gautaborgarsvæðinu tókst svo hörmulega að hún varð að ganga til baka og það varð að hætta við þá sameiningu vegna þeirra miklu erfiðleika sem upp komu í rekstrinum og vegna þess að afköstin í kerfinu hrundu. Það er því miður margt sem bendir til þess að svipað sé upp á teningnum hér að nokkru leyti, að menn séu ósköp einfaldlega að fórna of miklu á þessu breytingaskeiði og afköstin minnki í kerfi sem þegar var drekkhlaðið fyrir, aðgerðum fækkar og rúmum fækkar á sviðum þar sem voru langir biðlistar. Það, herra forseti, nær auðvitað engri átt.

Til viðbótar bætist svo sá undirliggjandi vandi sem hér er í kerfinu, ónógt fjármagn, fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu þar sem um 20–25 þús. manns hafa bæst við á skömmum tíma án þess að afkastaaukning hafi orðið í kerfinu. Öldruðu fólki fjölgar sérstaklega, aðgerðir verða sífellt viðameiri o.s.frv. Lausnin er ekki sú að svelta sjúkrahúsin og gefa allt laust út í einkageirann. Ég minni að lokum á, herra forseti, þann möguleika að nýta betur afkastagetu sjúkrastofnana annars staðar í landinu. Það er alveg ljóst að hægt væri að nýta aðstöðu t.d. á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, í Neskaupstað, Akranesi og víðar og fjölga þar verulega aðgerðum og létta þannig þrýstingnum af kerfinu hér.

[14:19]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er segin saga að í hvert sinn sem málefni heilbrigðisþjónustunnar koma til umræðu, þá er það á neikvæðum nótum. Heldur lítið fer fyrir því jákvæða og merka starfi sem þar fer fram, bæði innan og utan sjúkrahúsa. Oftast eru það fjármálin sem komast í hámæli og er þá einkum rætt um að kostnaður fari fram úr hófi. Þó hefur með gríðarlegu aðhaldi tekist að halda kostnaði við íslenska heilbrigðiskerfið undir 8% af vergri þjóðarframleiðslu.

Talið er að kostnaður vestrænna sjúkrahúsa aukist um 2–4% á ári en þar fyrir utan má nefna að ný lyf hækka lyfjakostnað um 12% á ári hér sem annars staðar. Reikna þarf inn í kostnaðardæmið hvað sparast á móti því ný lyf og aðrar nýjungar geta stytt legutíma, dregið úr vanlíðan sjúklinga og komið þeim fyrr til vinnu á ný. Legutími hefur verið að styttast og hefur leguplássum fyrir bráðveika á lyflækna- og skurðdeildum fækkað um meira en helming á síðustu tíu árum.

Herra forseti. Til þeirra ráða var gripið í tíð síðasta heilbrrh. að sameina skyldi stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Stór hluti húsnæðis spítalanna er sniðinn að öðrum þörfum en þeim sem nú eru og er talið að um 16 þús. fermetra vanti til að uppfylla norræna staðla. Sameining spítalanna hefur fengið misjafnar undirtektir. Ávallt lá þó fyrir að vissar hremmingar mundu fylgja því að flytja til starfsemi milli spítala og er núverandi ástand lýsandi dæmi um það sem sjá mátti fyrir þótt yfirlagnir hafi lengi þekkst og sé ekki ný bóla. Álag á starfsfólk hefur verið langvarandi og veldur því að fólk verður þreytt og kulnar í starfi og hafa tveir læknar á Landspítala nýlega lýst aðbúnaði sjúklinga og starfsfólks og er sú lýsing einkar hryggileg.

Herra forseti. Á skal að ósi stemma. Það er í mínum huga ljóst sem aldrei fyrr hve miklu skiptir að leyst sé úr heilsufarsvanda á viðeigandi stað og hlutverk þess þáttar sé skilgreint út frá faglegum forsendum. Heilsugæslan mun

þá sinna þeim verkefnum sem henni tilheyra faglega séð. Sérfræðingar á stofum og göngudeildum taka við því sem fellur undir sérgreinar þeirra og sjúkrahús einungis því sem eftir er. Allar þær breytingar sem unnið er að stefna í rétta átt.

[14:22]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna að sú ágæta stofnun Landspítali – háskólasjúkrahús er oft til umræðu í þessum sal og því miður oft á neikvæðum nótum eða vegna vanda sem þar hefur komið upp. Hins vegar er óhjákvæmilegt að slík stofnun sé rædd í þessum sölum þegar læknar koma fram með jafnákveðnum hætti og gerst hefur nú að undanförnu, þar sem læknar skrifa greinar og nota orð eins og að mannréttindi séu brotin, að kreppa sé á stofnuninni og að neyðarástand ríki.

Það er auðvitað óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari til um hvernig á því standi að læknar telja sig neydda til þess að koma fram og nota slík orð. Það er eðlilegt að spyrja hæstv. heilbrrh. hvort sameiningarferli stofnananna eigi hér einhverja sök á, hvort sameiningarferlið sé á einhvern hátt að mistakast eða hvort aðrar ástæður ráði því að læknarnir velja þessi orð. Er áætlanagerð ábótavant? Eru rangar áherslur í starfinu? Hefur forgangsröðun verið röng eða er skortur á fjármagni? Hverjar eru meginástæðurnar og hvað er hægt að gera til þess að bæta úr?

Þá má ekki gleyma því að hér er að sjálfsögðu líka enn eitt birtingarformið á hinni óheillavænlegu íbúaþróun sem við höfum þurft að búa við of lengi í landinu því að það er ljóst að þjónustan hefur ekki haldið í við íbúaþróunina. Það er einnig eðlilegt að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að auðvitað er eðlilegt að reyna að horfa til þess að nýta þá þjónustu sem vannýtt er mjög víða um landið. Einnig ber að fjölga hjúkrunar- og endurhæfingarrýmum, auka pláss á sjúkrahótelum og þannig mætti áfram halda.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að draga fram hversu alvarlegt þetta ástand er þegar læknir ritar að því miður sé ástandið þannig nú að viðkomandi treystir sér vart til þess að standa við þann læknaeið sem undirritaður var við útskrift.

[14:24]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Af svörum hæstv. heilbrrh. er ljóst að unnið er markvisst að því innan ráðuneytisins og af stjórn og starfsfólki Landspítala – háskólasjúkrahúss að bregðast við þeim vanda sem við er að etja í starfsemi sjúkrahússins og hefur bitnað á gæðum þjóustunnar við sjúklinga. En svo sem hæstv. ráðherra gerði grein fyrir stafar vandinn m.a. af sameiningu sjúkrahúsanna en líka af mikilli fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu og fjölgun einstaklinga yfir 67 ára aldri. Þessi íbúafjölgun og breyting á aldurssamsetningunni hefur ekki aðeins aukið álagið á sjúkrahúsið, heldur kallar hún jafnframt jafnt og þétt á mikla aðlögun í starfsemi þess og líka breyttar áherslur í heilbrigðiskerfinu og það er eitt af því sem þarf stöðugt að vera að vinna að.

Skýrsla sú sem ráðherra nefndi um uppbyggingu og eflingu þjónustu við aldraða er einmitt eitt dæmi um þá vinnu sem er í gangi og hún gerir ráð fyrir fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldraða um á milli 400 og 500 pláss á næstu fimm árum m.a. til að mæta þeim mikla útskriftarvanda sem nú er víða fjálglega lýst og við er að eiga á sjúkrahúsinu.

En það má heldur ekki í þessu sambandi gleyma uppbyggingu annarrar félagsþjónustu og annarrar heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða til samræmis við þau markmið heilbrigðisáætlunar að fjölga þeim öldruðu einstaklingum sem geta búið heima hjá sér lengur heldur en verið hefur, svo sem heimaþjónustunni, heimahjúkrun og dagvistun. En samhliða því að bregðast við skammtímavanda er verið að horfa til lengri tíma litið með það að markmiði að draga úr þörfinni eftir hjúkrunarrýmunum.

Herra forseti. Í þeirri umræðu um vanda eins og þann sem nú er við að etja á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verða menn, bæði starfsfólk sjúkrahúsanna og þingmenn, að gæta þess að taka ekki of stórt upp í sig og vera með slagorð og stóryrði, a.m.k. ekki þannig að það trufli starfsemi sjúkrahúsanna og raski starfsfriði og ró starfsmanna. Fjölmörgum sjúklingum er engan veginn greiði gerður með slíkri umræðu heldur er hún þvert á móti til þess fallin að vekja hjá þeim óöryggi og vantraust sem er kannski síst ofan á veikindin bætandi.

Sameiningarferlið hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir og verið starfsmönnum og stjórn erfiðara en ætlað var.

[14:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu og þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum mínum. Í upphafi máls míns áðan nefndi ég nokkrar staðhæfingar frá starfsmönnum í heilbrigðiskerfinu, stór orð án þess að gera þau að mínum. Þau lýsa slæmu ástandi sem stjórnendur spítalans hafa að miklu leyti tekið undir í fjölmiðlum.

Hæstv. ráðherra fer fram á að menn sýni þessu skilning, verið sé að flytja og breyta. En það er erfitt fyrir sjúklinga sem eru fárveikir við óviðunandi aðstæður, t.d. á göngum eða skolherbergjum eða eru á biðlistum kvaldir og þjáðir, að þeir sýni þessu skilning.

Hæstv. ráðherra talaði um að rýmkast mundi um þegar barnaspítalinn yrði tekið í gagnið. Það verður í nóvember ef marka má orð stjórnenda spítalans. Ég spyr: Verður þetta ástand næstu 8–10 mánuði ef það á ekki að lagast fyrr en í nóvember? En allir voru sammála í umræðunni um að það væri orðið mjög áríðandi að taka á þessum málum.

Ég vil ítreka þá ósk og kröfu Samfylkingarinnar sem kom fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að ráðherra skili Alþingi skýrslu um ástandið fyrir þinglok, ástandið á Landspítalanum, ástandið í heilsugæslunni og ástandið í öldrunarþjónustunni.

Að lokum vil ég ítreka að þessi umræða er ekki til að draga úr trausti á heilbrigðisstarfsmönnum eða heilbrigðisþjónustunni, heldur til þess að auka og tryggja öryggi sjúklinga og góðan aðbúnað þeirra og ég vona að það verði árangurinn af þessari umræðu.

[14:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil taka fram í upphafi að ég tel alla umræðu af hinu góða. Ég er óhræddur við að taka hana, ég er óhræddur við að gefa skýrslu um þá stefnumótun sem er í heilbrigðisþjónustunni. Ég er alveg fullkomlega til í það.

Varðandi það hvort ástandið muni batna, hvort þetta muni haldast í 8–10 mánuði, þá er stöðugt verið að vinna að úrbótum þarna og sameiningarferlið náði í rauninni hámarki

núna á síðustu vikum. Mér finnst hv. þm. stundum tala eins og ekkert hafi gerst. Talað var um biðlista. Það er nýbúið að setja 80 millj. í að stytta biðlista og Landspítali – háskólasjúkrahús fær yfir 50 millj. af þeirri upphæð. Það er nýbúið að ákveða að hverfa frá 800 millj. kr. sparnaðarkröfu vegna sameiningarinnar og fara yfir sameiningarmálin aftur seinna á árinu og láta staðar numið við 400 millj. Þetta var í fréttum núna ekki alls fyrir löngu. Ég vil biðja hv. þingmenn að halda því til haga að það er stöðugt verið að vinna að þessum málum.

Ég hafna því að sameiningin hafi mistekist. Það er algerlega á skjön við þær viðræður sem ég hef átt við fjölda fólks á spítalanum og m.a. við fagfólk sem var á móti sameiningunni á sínum tíma, það segir nú að sameiningin skili miklu sterkari deildum en áður voru. Ég vil biðja hv. þingmenn að varast slíka umræðu. En ég vil vinna af fullum krafti að þessu vandamáli sem ég nefndi í inngangsræðunni en það er fráflæðisvandamálið á spítölunum og skorturinn á hjúkrunarrýmum.

Varðandi sjúkrahótelið þá vinnum við að því að tryggja þar 40 rými. Við vinnum að áætlunum um Vífilsstaði. Það liggur ekki fyrir ákvörðun í því máli en unnið er að því hver verður framtíð Vífilsstaða.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 593. mál (ítala o.fl.). — Þskj. 926.

[14:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Frv. er flutt á þskj. 926 og er 593. mál á þessu hv. þingi.

Það frv. sem hér er lagt fram um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., er lagt fram til samræmingar frv. sem lagt hefur verið fram um landgræðslulög.

Í frv. til laga um landgræðslu er sérstakur kafli sem fjallar um úrbætur. Því er lagt til að III. kafli laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., þ.e. ítölukafli laganna verði lagður niður. Lagt er til að þrjár nýjar greinar leysi kaflann af hólmi og er brtt. að finna í 3. gr. frv. Eins eru lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar á gildandi lögum.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um frv. við 1. umr. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn. og 2. umr.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri athugasemd við þessa framsöguræðu hæstv. ráðherra. Þetta var einstaklega ómyndarleg og ræfilsleg framsaga fyrir máli sem að sjálfsögðu verðskuldar það að fyrir því sé mælt með fullnægjandi hætti. Ekki er frv. svo ítarlegt, merkilegt eða vel unnið að það tali fyrir sig sjálft. Það nær ekki að fylla eina örk, herra forseti. Ég held að gróðurverndarmál og ástandið í afréttamálum og upprekstrarmálum og öðru slíku verðskuldi meira en þetta. Ég verð því að segja það alveg eins og er að mér fannst frammistaða hæstv. ráðherra hér honum heldur til minnkunar og framsagan í raun alls ekki standa undir nafni. Ég veit ekki hvort það var vegna þess að ráðherra kom seint til fundar og hafði gleymt framsöguræðunni eða eitthvað annað hafi komið yfir hæstv. ráðherra. En ég trúi því ekki að ráðherra landbúnaðarmála sem búinn er að vera það í nokkur ár sé svo fátæklega á vegi staddur hvað varðar þekkingu á þessum málaflokki að hann geti ekki gert betur en þetta.

Hæstv. forseti. Ég vil nú bjóða hæstv. ráðherra upp á að gera aðra tilraun og mæla sómasamlega fyrir þessu frv.

[14:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú skemmtileg ræða. Ég hygg að ég sé að verða búinn að vera jafnlangan tíma landbrh. og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var hér fyrr á síðustu öld. Ef ég man rétt þá mun hann líklega hafa verið landbrh. í um þrjú ár þannig að það er rétt hjá honum að ég hef dvalið þar um nokkra hríð.

Ræðan var stutt. Málið er lítið. Hæstv. forseti. Ég er albúinn að halda langa ræðu um málið ef því er að skipta og get gert það fljótlega eftir andsvör.

[14:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hæstv. ráðherra um að hér séu einhver smámál á ferð. Það er að vísu alveg rétt að ákvæðum um ítölu hefur ekki verið beitt í mjög ríkum mæli á undanförnum árum og það geta verið efasemdir um hversu árangursrík sú aðferð hafi verið. Þó leikur enginn vafi á því að tilvist þessara ákvæða hefur haft mikil áhrif. Mér er kunnugt um dæmi þar sem það eitt að komið hefur til skoðunar að taka upp ítölu hefur leitt til þess að úrbætur hafa orðið einfaldlega vegna þess að menn sáu að málin voru að fara í óefni og það að komið var á dagskrá að fara að beita ítölu á viðkomandi upprekstrarsvæði leiddi til þess að menn tóku málin í sínar hendur, drógu úr beitarálaginu o.s.frv.

Til eru nokkur svæði þar sem rekið hefur verið upp samkvæmt þaulskipulagðri ítölu. Í öðrum tilvikum liggja að baki langvinn deilumál um upprekstrarrétt sem síðan hafa verið sett niður og ítala eða upprekstrarréttur tengdur ítölu hefur komið þar við sögu.

Herra forseti. Síðan finnst mér að við þessar aðstæður, af tilefnum af þessu tagi, megi hæstv. ráðherrar gjarnan fara aðeins yfir stöðuna í viðkomandi málaflokki og leggja óumbeðið og að eigin frumkvæði fram upplýsingar um stöðu mála. Er það endilega þannig að alltaf þurfi að draga allt slíkt upp úr mönnum með töngum? Liggur mönnum alltaf þessi lifandis ósköp á að aldrei sé að fyrra bragði og að eigin frumkvæði notað tækifærið þegar málefni af þessu tagi ber á góma, þegar mál koma fyrir þingið þar sem verið er að breyta framkvæmd eða skipulagi á tilteknu sviði, og upplýst almennt um stöðu mála? Ég held að hæstv. ráðherra hefði haft alveg nægt tilefni til að fara hringinn um landið og gera okkur grein fyrir stöðunni í grófum dráttum eins og hún er á helstu afréttum.

[14:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hv. þm. og reyndar þingheimur allur ræddum hér fyrir nokkrum dögum mál Landgræðslunnar og langtímaáætlun í einar þrjár, fjórar klukkustundir. Þar fór fram allmikil umræða. Vera kann að hv. þm. sem alltaf er í umræðu hér hafi gleymt því að þetta gerðist fyrir nokkrum dögum. Ég hreri þá upp í minni hans.

Sannleikurinn er sá að ítalan hefur í rauninni verið lögð af. Nú er komið ferli þar sem Landgræðslan vill frekar beita úrbótaáætlunum og miklu meira samstarfi við bændur. Það má segja um nýgerðan sauðfjársamning að hann er varðaður

af slíku samkomulagi þar sem farið verður í úrbótaáætlanir í stað ítölu og menn vinna saman að þessum málum.

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað forseta fannst um ræðu mína, hvort hún væri of stutt. Það kann vel að vera. Ég get hér brugðið á miklu lengri ræðu um þessi málefni ef þess verður óskað. En hv. þm. eru læsir eins og ég og hér liggur þetta frv. fyrir. Ég hygg, þar sem það er ekki langt, að þeir margir hafi nú þegar lesið sér til um málið eftir mína stuttu ræðu, en greint er frá öllum aðalatriðum þessa máls í þessu þingskjali. Auðvitað getum við hv. þm. tekið hér langa ræðu og farið hringinn í kringum landið. Það væri að vísu miklu skemmtilegra að gera það í góðum bíl eða á glæstum gæðingum um hálendið og skoða afréttina. Ég spyr hv. þm. hvort hann óski þess enn að ég setji lengri ræðuna á.

[14:41]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er til 1. umr. er um breytingar á gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. sem eru að stofni til frá 1969. Þetta frv. er flutt samhliða frv. til laga um landgræðslu og ég tek undir með hæstv. ráðherra landbúnaðarmála að það var allítarlega rætt hér í síðustu viku. Þetta frv. er í raun aðeins flutt til samræmingar við það frv. til laga ef ég hef skilið málið rétt.

Ég lít náttúrlega svo á að við munum fara mjög nákvæmlega yfir málið í hv. landbn. og leiða þar fram alls kyns vitringa sem geta frætt okkur um ítölu þannig að við þekkjum betur til sjálf. Ég get t.d. upplýst það hér að ég hef aldrei orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að ríða um landið með hæstv. landbrh. — ekki enn — til að skoða ástand afrétta og athuga hvernig þar háttar til með beit. En ég vona að tækifæri gefist til þess á næstu missirum að bæta úr því.

Það er fært sem rök fyrir því að breyta þessum lögum að hin umrædda ítala sem hefur verið í lögum, hafi verið mjög erfið í framkvæmd og mjög íþyngjandi fyrir búfjáreigendur og að sett hafi verið ítala í um tug afréttasvæða. Eftir því sem hér er sagt — ég hef ekki aðrar heimildir til að styðjast við — hefur þessi ráðstöfun ekki leitt til umbóta í gróðurvernd því ef slíkar umbætur hafi gerst yfirleitt þá hafi þær gerst eftir öðrum leiðum. Ég tek undir það, ef það er niðurstaða málsins að frá 1969 þegar þessi lög voru fyrst sett hafi þau ekki valdið þeim úrbótum sem til var stofnað, að kannski sé ástæða til að breyta þeim. En auðvitað verður þar farið með mikilli varúð og ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það þarf að fara mjög vel yfir þetta mál þannig að ekki sé verið að rasa um ráð fram og grípa inn í eitthvað, ef það er rétt sem hann segir að á einhverjum stöðum hafi þetta leitt til úrbóta. Það mun þá upplýst í hv. nefnd.

Samkvæmt þeim lögum sem nú gilda og eru frá 1965 um landgræðslu, fer Landgræðsla ríkisins með gróðureftirlit og er samkvæmt þessu frv. gert ráð fyrir að svo verði áfram og að sett verði upp sérstakt ferli úrbótaáætlana sem sömuleiðis verður farið yfir af mikilli nákvæmni í hv. nefnd. Áætlað er að þessar ráðstafanir komi í stað fyrrnefndrar ítölu. Ég verð að segja í ljósi þess að núgildandi lög hafa ekki valdið úrbótum að mér finnst mjög gott að taka þetta til umræðu og gagngerrar endurskoðunar í hv. landbn. og athuga hvort kannski séu til einhverjar betri leiðir og gefst nú tækifæri til þess.

Það eru líka betri leiðir hér sýnist mér til þess að fylgja málinu eftir ef ekki er farið eftir ábendingum, þ.e. ef umráðamaður lands t.d. leggur ekki fram áætlun og fer ekki eftir slíkri áætlun sem Landgræðslan leggur fram þá er gert ráð fyrir því hér að lögregluyfirvöld geti framfylgt henni. Í athugasemdum við frv. er líka tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir að beita þurfi slíkum aðferðum oft. En það er greinilega gert ráð fyrir að þessar leiðir séu alla vega tiltækar. Það er því miður oft nauðsynlegt þegar lög eru sett að bent sé á skýrar leiðir til að framfylgja þeim ef fólk vill ekki hlíta þeim. Hér sýnist mér það vera gert. Hér kemur líka fram að ábyrgð umráðahafa lands sé með þessu frv. gerð mun skýrari en verið hefur áður í öðrum lögum.

En út af því sem hér hefur áður komið fram vil ég bara endurtaka að við munum auðvitað fara mjög vel yfir þetta mál, alveg frá orði til orðs og atriði til atriðis, í hv. landbn. og reyna að gera því sem allra best skil áður en við sendum það til 2. umr.

[14:47]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Herra forseti. Þó að þetta frv. sé ekki langt erum við að fjalla um breytingar á afréttamálefnum og fjallskilum sem eru mjög viðkvæm málefni, og lagaramminn þarf að vera skýr svo að menn búi saman í sátt og samlyndi og með lagarammanum þarf að vera hægt að forðast sem mest ágreining um rekstur á afréttir og rétt manna til að nýta þær.

Mig langar aðeins að tæpa á nokkrum atriðum. Í landgræðslulagafrv. sem hefur verið kynnt hér — umfangsmikið frv. eða a.m.k. fyrirferðarmeira en þetta hér — er landnýtingarþátturinn sterkur en landverndarþátturinn ekki að sama skapi. Það sjónarmið þarf að vera inni í báðum þessum frv.

Verið er að samræma þessi tvö frv. og nú á Landgræðsla ríkisins að heita Landgræðslan. Ég lýsi þeirri persónulegu skoðun minni að Landgræðsla ríkisins finnst mér gott heiti yfir Landgræðsluna, og styð þann titil áfram, að við séum ekki alltaf að stytta öll heiti og taka „ríkisins“ eða „Íslands“ aftan af. Það er þó aukaatriði í þessu sambandi.

Verið er að breyta 15.–30. gr. núgildandi laga þar sem fjallað er um ítölu, þá leið sem hefur verið farin til að draga úr beitarálagi til að meta land og í framhaldi af því að ákveða hversu margt fé eða annar búfénaður megi vera á viðkomandi landi. Þessu er verið að breyta yfir í úrbótaáætlanir sem Landgræðslan og sveitarstjórnir eiga að vinna saman. Ég ætla aðeins að rekja þá þætti sem hægt er að grípa til samkvæmt þessu frv. Þar segir í 3. gr., b-lið, sem verður 16. gr., með leyfi forseta:

„Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri að mati Landgræðslunnar er stjórnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða til að tryggja sjálfbæra landnýtingu:

a. að ákveða að fjallgöngur á hausti skulu færðar fram, eða smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur,

b. að ákveða hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt,

c. að láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit,

d. að banna að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum,

e. að eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við Landgræðsluna.“

Hér hefði ég talið gott að hafa ítöluna inni sem einn mögulegan lið til úrbóta þannig að þegar farið verður í þessa

úrbótaáætlun sé ítala hluti eða geti verið hluti af þessari áætlun. Það á ekki eingöngu að vera spurningin um það á hvaða tíma megi reka á afrétt eða hvenær eigi að smala á haustin, og það sé þá eingöngu hægt að girða á svæði, heldur að ítala sé hluti af þessu. Ég gæti trúað að ef við nefnum ekki ítöluna sem hluta af þessu mögulega ferli verði erfiðara að koma henni inn í úrbótaáætlun. Ég tel rétt að hafa ítölu þarna sem einn lið af mörgum mögulegum.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort hann geti nefnt dæmi um félagslegar aðgerðir sem eigi að grípa til í sambandi við þetta. Ítala hefur eins og hún er í núgildandi lögum ekki gengið upp, hver svo sem ástæðan hefur verið. Sums staðar hefur hún haft áhrif. Ég trúi því að bændur, rétt eins og allir Íslendingar, séu að verða meðvitaðri um mikilvægi þess að friða beitilönd, afréttir, eða beita varlega eftir beitarþoli. Því ætti að mörgu leyti að vera auðveldara að ná svona áætlunum í gegn miðað við það sem var fyrir þó nokkrum árum síðan. Hugarfar fólks hefur breyst og það kemur engum að gagni að ganga á landið.

Herra forseti. Það var eingöngu þetta sem ég vildi koma að, því að hafa ítöluna sem einn lið til þess að gera úrbótaáætlunina auðveldari. Og ég vil spyrja um félagslegar aðgerðir.

[14:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr um félagslegar aðgerðir. Ég þekki það auðvitað best úr mínu héraði að nánast hver einasta stjórn yfir afréttum og sveitarstjórn sem afréttur heyrir undir eru í stórkostlegum félagslegum aðgerðum til að bæta gróður og taka á saman. Það þekki ég vel af Suðurlandi þannig að það er auðvitað mjög algeng aðferð. Bændurnir hafa áhuga á afréttunum. Ég minni sérstaklega á t.d. Biskupstungnaafrétti þar sem menn hafa af miklum myndarskap staðið að félagslegum aðgerðum, og þannig er það reyndar á öllum sunnlensku afréttunum í samráði við Landgræðsluna þannig að á þeim vettvangi hefur verið unnið gríðarlega gott starf.

Hv. þm. heldur sig við ítöluna þó að glöggt komi fram í þessu máli og af hálfu Landgræðslunnar að hún hefur ekki reynst sem skyldi og menn eru að fara inn í annað og betra kerfi. Þó að gripið hafi verið til ítölunnar í ein 10 skipti hefur það ekki gefið góða raun, segir Landgræðslan mér, leggur til breytingu og lítur björtum augum til þeirra samninga sem hafa verið gerðir, til 10 ára í rauninni, þar sem menn búa við úrbótaáætlanir og geta tekið á saman í málefnunum eftir þeirri leið. Hér er verið að leggja til hliðar gamla leið sem ekki gekk upp, taka upp nýtt. Ég trúi ekki að það fari í taugarnar á hv. þm. að ný markvissari leið sé reynd sem ég heyrði að hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir studdi áðan, og ég bind vonir við að skili árangri, hæstv. forseti.

[14:57]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á engan hátt að draga í efa að þau vinnubrögð sem hér er lagt til að tekin verði upp, úrbótaáætlanir í staðinn fyrir ítölu, geti verið mjög til bóta. Fimm leiðir til að fara í þessa úrbótaáætlun eru taldar hér upp, og ég hefði talið gott að hafa ítöluna þarna með. Vissulega getur ástand gróðurs verið lélegt en e.t.v. ekki það slæmt að ekki sé hægt að hleypa einhverju fé á afrétt og því þurfi ekki alveg að loka eða girða. Ég er eingöngu að benda á að þetta gæti verið hluti af þessu úrbótaferli. Það mundi hugsanlega gera þessari úrbótaáætlun auðveldara að semja um takmörkun á fé inn á svæðin.

[14:58]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér ræðum við frv. til laga um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum. Í umræðunni hefur komið fram að þetta frv. er lagt fram vegna annars frv. sem var rætt um daginn, um Landgræðsluna og breytingar á lögum um hana. Því er ekki óeðlilegt að þetta frv. komi fram til samræmis.

Nokkuð hefur verið rætt um ítölu sem er í raun og veru kvóti sem segir hversu mikið búfé má vera á hverjum og einum stað. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er náttúrlega það að landið sé ekki ofbeitt og að ekki sé of mikill búfénaður á ákveðnum landsvæðum, hvort sem um hesta, sauðfé eða einhvern annan fénað er að ræða ... (**Gripið fram í:** Fiðurfénað.) Fiðurfénað, segir einn hv. þm. Sumir telja að gæsir og álftir hafi töluverð áhrif á gróður á hálendinu, og er ágætt að menn séu sér meðvitaðir um það hvernig slíkur fénaður getur unnið. En það er mikilvægt eins og ég segi, herra forseti, að um þetta sé sátt. Einnig skil ég ekki, herra forseti, ef gert er ráð fyrir því í þessu frv. að annaðhvort séu svæði algerlega afgirt eða ekki eins og hv. þm. Þuríður Backman nefndi áðan um möguleika á að takmarka beit á ákveðnum svæðum. Er hægt að gera það með einhverjum hætti, jafnvel þannig að á afgirtu svæði megi vera 100 kindur en alls ekki 200, o.s.frv.? Ég tek undir spurningu hv. þm. Þuríðar Backman um þessi efni, hvort hægt sé að hugsa sér að hafa einhvers konar ítölu á lokuðum svæðum, hvort það hafi komist til tals.

Svo má benda á að frá því að þessi lög voru samþykkt þar sem ítalan kemur fyrir, eða kvótinn — kannski mætti kalla hann beitarkvóta, það er allt í kvótum í dag — hefur fé fækkað alveg gífurlega en samt hefur landinu hrakað á sumum svæðum hvað varðar gróðurfar. (**Landbrh.:** Það er rangt.) Þá er spurning þar sem það hefur verið hvort aðrir þættir en bara fénaður valdi gróðureyðingu, t.d. uppblástur og jafnvel mannaferðir og umgengni um landið á stórum tækjum. Það er það sem ég vildi víkja að. Ef það er hins vegar ekki rétt eins og hæstv. landbrh. kallaði fram í gleðst ég yfir því, og er gott ef til eru tölur og gögn um það.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, að ég tel ósköp eðlilegt að þetta frv. komi fram og svo fer það væntanlega til hv. landbn. þar sem við munum fjalla um það og skoða öll þessi atriði sem hafa verið nefnd.

[15:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo með marga hv. þm. að þó að þeir þekki lífið þá þekkja þeir ekki sálina í sauðkindinni svo vel og átta sig ekki á öllum þeim möguleikum sem hægt er að fara í til þess að fást við hana.

Hv. þm. spyr hér eftir félagslegum aðgerðum, ræðir mikið um girðingar o.s.frv. Ég fór í síðustu viku, og þá var hv. þm. í salnum, t.d. yfir þá aðferð sem beitt hefur verið víða, að reka ekki fé á ákveðin svæði í afréttum sem eru rýr og þess vegna varðandi sum þau svæði að setja ekki á undan þeim ám sem þangað fara. Ég minnist á Þjórsárverin kæru í þessum efnum þar sem fyrir eitthvað um 20–25 árum gengu kannski nokkur hundruð sauðkindur hvert sumar en nú má telja þær á fingrum annarrar handar því að menn fóru í félagslegar aðgerðir en ekki í þá girðingarvinnu sem menn virðast alltaf horfa á.

Ég get nefnt það hv. þm. til upplýsingar um sauðkindina að henni er ekið inn á fjall á vörubílnum þar sem henni er

sleppt að vori og oft mætir hún þar einn góðan veðurdag að hausti eins og hún sé að fara til kirkju og vill heim. Svona er gáfnafar þessarar einstöku skepnu merkilegt.

Hv. þm. kemur inn á mörg fleiri atriði í sínu máli sem hafa má í huga. En ég vil vekja athygli á því að leiðirnar að markinu geta verið margar og af því að hv. þm. er félagslega sinnaður þá eru þessar félagslegu leiðir svo margvíslegar. Landgræðslustjóri var með mér á fjölmennum sauðfjárbændafundi á Hvolsvelli og upplýsti að hið góða tíðarfar og minnkandi beit hefði gert það að verkum að afréttum hefur farið verulega fram á síðustu tíu árum. Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu.

[15:05]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. kennslustund í greindarfari sauðkindarinnar. Það er rétt sem hann segir að sauðfé getur ferðast á milli svæða og veit ég líka um fé, svo ég segi reynslusögu eins og hæstv. ráðherra, úr einni sveit sem var selt yfir í aðra. Það skilaði sér í réttum í þeirri sveit sem það hafði verið selt frá.

Ég var bara að nefna girðingarnar sem dæmi í sambandi ítöluna. Ég var ekkert að halda því fram, herra forseti, að það ætti að fara að girða allt landið fram og til baka. En ég sé alveg fyrir mér að sum svæði séu girt eins og gert er í dag, enda er talað um það í þessu frv. í sambandi við hrossabeit að láta girða sérstök svæði á afréttum — það stendur í c-lið — eða í heimalöndum fyrir hrossabeit. Ég reikna með því að það eigi að vera ákveðinn fjöldi hrossa í þeim. Ekki má moka bara þangað inn hrossunum eða reka þau stanslaust inn bara af því að þar er girðing. Það eina sem ég var að hugsa um var að mögulega gætu verið slík svæði fyrir búfénað. Þetta var allt í góðu meint og sagt frekar til að styðja hæstv. landbrh. sem er að leggja fram þetta veigamikla frv.

[15:07]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér upp í andsvar vegna fullyrðingar hv. þm. um að landinu væri að hraka. Ég tel að það sé alls ekki rétt. Orðið hafa gríðarlega miklar landbætur og mikið hefur áunnist í landgræðslumálum hér á landi undanfarna áratugi.

Þar sem rætt hefur verið hér um ítölu þá tel ég að ekkert í þessu frv. banni að hægt sé að hafa ítölu því að í a-lið 3. gr. frv. stendur að sveitarstjórnum sé skylt að fylgjast með ástandi gróðurs og jarðvegs á afréttum og heimalöndum og skulu þær hafa um það samráð við Landgræðsluna. Það er ekkert sem bannar það í rauninni. Ef sveitarstjórnirnar vilja geta þær verið með ítölu.

Eftir sumu því sem er inni í þessu frv. er starfað í dag, t.d. hvenær megi reka hverja búfjártegund á afrétt. Það hefur t.d. viðgengist í Rangárvallahreppi að aldrei hefur verið rekið á afrétt nema eftir tilmælum frá landgræðslustjóra um hvenær það sé óhætt eftir því hvernig afrétturinn er undir það búinn á hverjum árstíma.

Varðandi félagslegu aðgerðirnar þá tel ég að líka sé hægt að útvega hagabeit annars staðar til að draga úr upprekstri. Ég tel því að ekki sé mjög flókið að ráða úr þessu máli.

[15:09]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að staðhæfingar hæstv. landbrh. og hv. þm. Drífu Hjartardóttur um að gróðurfar sé í betra horfi nú en var séu réttar og ég gleðst yfir því. Það sést t.d. þegar maður lítur á sumar hlíðar að það er rétt vegna þess að veðurfar hefur lagast mikið undanfarin ár. Það skiptir máli. Hins vegar hafa menn verið með sérstakt átak, talað um mikinn uppblástur, fok og að gróður hafi líka átt undir högg að sækja. Til þess er nú verið að setja lög um Landgræðsluna. Það er verið að reyna að efla hana vegna þess að við eigum í varnarbaráttu. Ég hef skilið það svo. Ef ástandið er orðið svona gott og verður sífellt betra og betra þá gleðst ég yfir því, herra forseti. En mjög mikið var rætt um það á sínum tíma hvað sauðfé færi illa með landið. Það sem ég vil helst vekja athygli á í þessari umræðu er að það var ekki eingöngu sauðfé sem gekk illa um landið, þ.e. að það sé ekki eina orsökin fyrir því að landið á undir högg að sækja hvað varðar gróðurfar. Það var ég helst að leggja áherslu á í þessari umræðu. Ég vildi ekki endilega vera með einhver áfellisorð, hvorki yfir landbrh. né öðrum.

[15:11]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru bara venjuleg skoðanaskipti á milli þingmanna þannig að það er ekki verið að fara með nein áfellisorð. Þetta er bara okkar háttur að ræða saman.

Ég tek undir með hv. þm. að ég held að sauðkindinni sé ekki um að kenna hvernig gróðri er háttað. Ég tel að miklu meiri hætta stafi af hrossabeit í dag en af sauðfénu.

Hvað varðar Landgræðsluna vil ég segja að þó að miklu hafi verið áorkað þá erum við ekki nærri búin að ljúka verkefninu. Mikið verk er fyrir höndum. En ég tel að við séum á réttri leið þar og við eigum að vinna að því eins vel og við getum. Það sem hæstv. ráðherra nefndi áðan um aðgerðir á Biskupstungnaafrétti er alveg til fyrirmyndar. Þar hafa bændur sjálfir lagt til hundruð þúsunda á hverju einasta ári, farið með fræ, áburð, gamlar heyrúllur og unnið verulegar bætur. Þetta eru bændur að gera um allt land, hver á sínu landi. Þeir eru virkilega að vinna með Landgræðslunni í því að græða landið upp aftur.

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Svo hefur náttúrlega farið eins og við mátti búast og er fullkomlega eðlilegt að hér upphófust nokkur skoðanaskipti um ástand beitarmála og upprekstrarmála og hluti því tengda. Það er nákvæmlega eins og ég tel að það eigi að vera. Þegar farið er yfir mál af þessu tagi á annað borð og þau koma til umfjöllunar hér á þingi er eðlilegt að menn reyni að glöggva sig á stöðu mála.

Ég vil aðeins koma inn á tvö atriði sem borið hefur á góma. Það fyrra er spurningin um almennt ástand landsins og hvort því sé að miða til réttrar áttar eða ekki. Mín tilfinning fyrir því er sú, og hún er að sjálfsögðu fyrst og fremst tilfinning og byggð á því að hafa reynt að fylgjast sæmilega með þessum málum í svona 25 ár eða svo, að víða sé land í framför sem betur fer. Sérstaklega gildir það um heimalönd sem víða voru ákaflega illa útleikin eftir mikla fjölgun sauðfjár og eftir mikla og harða vetrarbeit um áratuga og alda skeið. Enginn minnsti vafi leikur á því að breyttir búskaparhættir þar sem vetrarbeit hefur að verulegu leyti aflagst og talsverð uppgræðsla er af hálfu bænda í heimalöndum, hafa þarna skilað miklum árangri. Nærtækast til þess að sannreyna þetta er að fylgjast með ástandi víðis og gróðurs sem er svona sælkerafæði sauðkindarinnar og fleiri tegunda og lætur gjarnan fyrst á sjá eða tekur framförum ef landið er í góðu ástandi. Ég hygg að menn geti farið mjög víða um og séð að ástandið er víða að lagast. Þurrlendi, kjarrlendi, er í stórri framför en

það var einmitt það land sem fór gjarnan verst út úr vetrarbeit miðað við fyrri búskaparhætti, ég tala ekki um þegar mokað var ofan af og fé stóð í krafstri á hörðum vetrum og eftir stóðu svartir móar að vori.

Tíðarfarið hefur auðvitað þarna líka mikil áhrif, ekki bara búskaparhættirnir og fjöldi búpenings heldur líka tíðarfar. Menn þóttust víða merkja afturför í landinu eftir litla kuldaskeiðið sem hér ríkti á árunum um það bil frá 1965 og fram yfir 1980. En nú hefur aftur brugðið til hins betra og meðalhiti hefur verið sæmilega mikill og hlýr. Reyndar er hnötturinn að hitna eins og kunnugt er. Fáir deila nú lengur um að gróðarhúsaáhrifin láta á sér bera.

Þetta held ég, herra forseti, að sé ástæða til að nefna og í sjálfu sér er það jákvætt. Það er alveg ástæða til að ætla að land sé víða frekar í framför en hitt. Það breytir þó ekki því að enn eru til svæði þar sem mikil jarðvegseyðing geisar og enn eru dæmi þess að land sé illa ofnýtt. Þar hefur hrossabeit sums staðar tekið alveg við og yfirskyggir það sem menn höfðu áður meiri áhyggjur af, þ.e. sauðfjárbeitinni.

Í öðru lagi, herra forseti, kannski meira til gamans vegna þess að hæstv. ráðherra upplýsti um gáfaðar kindur á Suðurlandi sem skiluðu sér að hausti á þann blett þar sem þeim hafði verið hleypt ofan af vörubílum eða vögnum sunnlenskra bænda sem gjarnan aka fé sínu upp á afréttir á dráttarvél og vagni. Þetta kann allt að vera rétt og einkennandi fyrir gáfnafar sunnlenskra kinda. En ég verð að segja að af mínum heimaslóðum eru sagðar meiri sögur af gáfnafari þeirra fjallafála sem nota greind sína til að sleppa undan smalamönnum og njóta frelsisins í fjallasal en ekki til að skila sér heim. Og vekja þær gjarnan meiri aðdáun smalamanna þrátt fyrir allt, þær sem hafa betur, vinninginn, í þeirri viðureign þó að mönnum geti hitnað í hamsi meðan á leiknum stendur.

Herra forseti. Ég vil ekki að menn misskilji orð mín. Um efni þessa frv. að öðru leyti er sitthvað gott að segja. Það kann að vera hin ágætasta breyting, fyrirhuguð, að taka upp ákvæðin í landgræðslulögum um úrbótaáætlun, og það hljómar um margt skynsamlega að reyna að vinna skipulega og í góðu samstarfi við bændur því allt byggir á því að sæmilega vel takist til. Það vekur mér samt nokkra undrun þegar ég fer að skoða betur frv. sem hér er flutt, um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Það breytir ekki hinu að sveitarstjórnum og heimaaðilum er að sjálfsögðu áfram ætlað mjög afdrifaríkt og mikilvægt hlutverk í sambandi við gróðurvernd enda hlýtur það svo að vera. Það er engum öðrum til að dreifa sem er alls staðar á vettvangi og engum stendur nær að reyna að fylgjast með þeim málum en stjórnum fjallskiladeilda og sveitarstjórnum, eða þá héraðsnefndum eða öðrum sem um slík mál kunna að fjalla.

Það má einmitt segja að kjarninn sé skilinn eftir í þessu frv. til laga um afréttamálefni og fjallskil í hlutverki sveitarstjórnanna að þessu leyti en ég verð að segja að ég er nokkuð undrandi á því hvernig þetta er gert. Það er gert með því að henda III. kaflanum eins og hann leggur sig út úr lögunum þar sem fjallað er um verndun beitilands og um ítölu. Einmitt þar eru skilgreind verkefni þessara aðila og réttur manna, hvers um sig, eins og hann hefur verið, t.d. til þess að tilkynna um áhyggjur af ástandi gróðurlendis og knýja fram aðgerðir á því sviði. Ég er ekki viss um að allt sé sem sýnist í þeim efnum. Í orði kveðnu heitir það svo að hér séu felld brott öll ákvæði um ítölu en þegar betur er að gáð er það ekki svo. Það er alveg hárrétt sem Drífa Hjartardóttir, hv. 1. þm. Suðurl., sagði áðan, að eftir stendur það í reynd að ítölu verður við komið og hún getur beinlínis verið grunnurinn að aðgerðaáætlun eða úrbótaáætlun Landgræðslunnar þegar betur er að gáð. Munurinn verður bara sá að lagaákvæðin um ítöluna verða ákaflega fátækleg.

Ef við förum aðeins yfir þetta, herra forseti, er greinilega meiningin að skilja eftir þrjár greinar þar sem áður var allur III. kafli laganna, 15.–30. gr., og þetta er í töluliðum a–c í 3. gr. þessa frv. Í a-liðnum sem verður 15. gr. segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnum er skylt að fylgjast með ástandi gróðurs og jarðvegs á afréttum og heimalöndum og skulu þær hafa um það samráð við Landgræðsluna."

Þetta er sambærilegt ákvæði og áður hefur verið í 15. gr. nema að þar var talað um stjórnir fjallskiladeilda og sveitarstjórnir. Þar var sömuleiðis fjallað um hlutverk gróðurverndarnefnda og ég spyr: Hver verður staða gróðurverndarnefnda eftir þessa breytingu? Út úr lögunum hverfur heilmikið sem sagt er nú um þetta hlutverk.

Í b-lið er komið að 16. gr. Hún er að stofni til sambærileg við 16. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um möguleika aðila til að grípa til aðgerða nema að nú er þar talað um sveitarstjórnir aftur eða stjórnir fjallaskiladeilda þar sem áður var talað um gróðurverndarnefndir Landgræðslu ríkisins og stjórnir fjallskiladeilda sameiginlega. Síðan koma þessi ákvæði, að færa fram göngur að hausti, að ákveða hvenær megi reka búfé á afrétt, hrossabeitin og annað.

Síðan er í c-lið lagt til efni væntanlegrar 17. gr. og þar kemur rúsínan í pylsuendanum fyrir utan að taka það fram sem ég hélt að þyrfti ekki beinlínis, að bóndi skuli sá teljast sem hafi lögbýli til ábúðar. Ég hélt að frá því væri rækilega gengið í öðrum lögum eins og jarðalögum, ábúðarlögum og víðar, og sú skilgreining væri algjörlega hefðarhelguð, en látum gott heita. Svo segir, með leyfi forseta:

„Réttur hvers lögbýlis til upprekstrar búfjár á afrétt, í úrbótaáætlun Landgræðslunnar, skal ákveðinn af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum þegar fleiri en eitt sveitarfélag eiga upprekstur á sama afrétt."

Hvað er verið að segja hér? Hér er verið að tala um ítölu, ekkert annað. Ef úrbótaáætlun Landgræðslunnar byggir á því að takmarka fjölda búfjár á eitthvert upprekstrarsvæði er það orðin ítala og þá skal sveitarstjórnin ákveða hana og rétt hvers lögbýlis. Nánari ákvæði um útreikning og framkvæmd þeirrar ítölu hverfa hins vegar öll brott úr lögum af því að III. kaflinn fellur niður eins og hann leggur sig fyrir utan þessar þrjár stuttu greinar sem eftir standa.

Hvers vegna er þetta gert svona, herra forseti? Er þetta mjög hyggileg lagaráðstöfun? Ég bendi sérstaklega á að það á að fella úr gildi 4. mgr. 24. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. En þar er hin gamla regla um það á hvaða grunni upprekstrarréttur hvers lögbýlis skuli byggja og þar mun vera um að ræða að stofni til ákvæði frá 1932.

Hins vegar segir í athugasemd um 3. gr. frv.: „Til viðmiðunar skal litið til núgildandi 4. mgr. 24. gr. laga ..." Með öðrum orðum er skilin eftir sú lögskýring að þegar sveitarstjórnir skuli í reynd ákveða ítöluna inn í hina nýju úrbótaáætlun Landgræðslunnar skuli til viðmiðunar nota þetta gamla lagaákvæði. En er þetta þá mjög traustur lagaumbúnaður? Hefur hæstv. landbrh. engar áhyggjur af því að af þessu gætu risið deilur? Hvað þýðir þarna „til viðmiðunar"? Er ekki betra að hafa þetta þá alveg skýrt?

Nú kann að vera að gamla ákvæðið sé ekki að öllu leyti heppilega úfært. Það geta vel verið tilefni til að fara aftur yfir það hvort þarna væri hyggilegt að breyta að einhverju leyti um viðmiðun sem var sú að $^1/_3$ skyldi vera jafn réttur jarðanna og $^2/_3$ skyldu ákvarðast í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Síðan koma ákvæðin um landverð, mat o.s.frv. En eitt er víst og það er að hér gætu vaknað upp alveg óskaplega viðkvæm mál ef deilur fara af stað, og ég er ekki viss um að sveitarstjórnum landsins, sem í þessu kynnu að lenda á komandi árum, sé greiði gerður með því að lagaleiðsögnin sem áður var skýr og til staðar í III. kafla þessara laga hverfi og eftir standi þessi fátæklegu ákvæði og síðan sú lögskýring að til viðmiðunar skuli líta til núgildandi 4. mgr. 24. gr. sem hins vegar er felld úr gildi og verður ekki lengur lög heldur eingöngu gamall texti sem menn munu á komandi tímum ef á reynir finna með því að lesa greinargerð með þessu frv.

Svona sýnist mér þetta mál liggja, herra forseti, eftir að hafa skoðað það hér um stund. Þá verð ég að segja að ég er alls ekki viss um að menn hafi hér höndlað sannleikann eða að þessi ákvæði séu að öllu leyti mjög skynsamleg.

Ráðherra sagði einmitt að verið væri að leita að skilvirkari og betri aðferðum heldur en gildandi ákvæði hafi verið. Það er auðvitað alveg rétt að það hefur ekki alltaf gengið átakalaust. Menn muna kannski eftir áralöngum átökum milli Landgræðslunnar og bænda í Mývatnssveit um upprekstrarmálefni þar, ákaflega viðkvæmum deilum, sem stofnuðust að hluta til af mismunandi mati manna á því hvernig ástand gróðurlandsins væri og hvaða áhrif t.d. upprekstur í mellöndin á vori hefði. Ég ætla ekki að gerast dómari í þeirri deilu en leyfi mér að halda að kannski hafi báðir haft nokkuð til síns máls, heimamenn sem tefldu fram staðkunnugleika sínum og langri reynslu af umgengni við þetta land en líka auðvitað Landgræðslan sem horfði á að þarna var um að ræða eitt af viðkvæmustu og stærstu uppblásturssvæðum eða gróðureyðingarsvæðum landsins, Mývatnsöræfin.

Þó er þetta þannig að í gildandi lögum er með mjög skýrum hætti kveðið á um að þessir aðilar skuli allir koma saman og eiga samráð um þær aðgerðir sem þarna eru á ferðinni. Ég hef svo sem enga sérstaka tilfinningu endilega fyrir því að menn finni þessu betri farveg ef deilumál stofnast. Eitt er víst og það er að ef ekki er samkomulag og gripa þarf til þvingunaraðgerða, eins og gefið er í skyn auðvitað og liggur í orðanna hljóðan að getur orðið niðurstaðan, getur Landgræðslan með lögreglutilstuðningi — með atbeina lögreglu — hrint úrbótaáætlun sinni í framkvæmd, og sveitarfélögum er þá ætlað það hlutverk í þeim samskiptum að ákveða hinn ákaflega vandasama þátt málsins sem er upprekstrarréttur hvers einstaks lögbýlis. Er mönnum þá endilega greiði gerður með því að taka að mestu leyti út úr lögum þá leiðsögn sem þar hefur áður verið varðandi hvernig vinna skuli að slíkum hlutum?

Síðan spyr ég um áhrifin af breytingunum, t.d. á réttarstöðu einstakra aðila. Í 17., 18. og 19. gr. gildandi laga er t.d. fjallað um hvernig menn skuli bera sig að og hvernig réttarstaða manna sé ef menn hafa áhyggjur af ástandi gróðurlands og vilja að það sé skoðað. Þar er talað um að ítölu megi gera jafnt í afrétt sem heimalönd, fyrir heilar sýslur, einstök sveitarfélög eða hreppshluta. Í 18. gr. er talið upp hverjir hafi rétt til þess að koma því til leiðar að athugun sé gerð á ástandi gróðurlendis og það sé metið hvort þörf sé fyrir ítölu. Þessu mætti að sjálfsögðu breyta yfir í að athuga hvort nauðsynlegt sé að setja í gildi úrbótaáætlun ef menn vilja nálgast málið frá þeirri hlið. En mætti ekki standa þarna áfram að ósekju eins og verið hefur í lögum að þennan rétt hafi í fyrsta lagi einstakir bændur, í öðru lagi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir, í þriðja lagi héraðsnefndir, í fjórða lagi gróðurverndarnefndir og í fimmta lagi Landgræðsla ríkisins? Allir þessir aðilar hafa haft þennan rétt. Einstakir bændur hafa getað knúið fram á sínu svæði að svona athugun færi af stað. Tapast sá réttur með því eða hættir a.m.k. að vera sjálfvirkur ef öll þessi ákvæði detta út? Ég spyr. Spyr sá sem ekki veit. Ég hef ekki þaullesið hin nýju væntanlegu ákvæði um úrbótaáætlun. Það getur verið að eitthvað sambærilegt komi þar í staðinn en a.m.k. finnst mér rétt að fara rækilega yfir það hvað tapast þarna endanlega út úr lagatexta og hvaða réttaráhrif það hefur.

Út af fyrir sig, herra forseti, mætti nálgast málið ósköp einfaldlega með því að spyrja: Gerði það nokkuð til í sjálfu sér þó að ítöluákvæðin væru áfram til staðar til hliðar? Þótt ekki reyndi oft á þau væru þau þarna og réttinum væri ekki breytt að þessu leyti. Mér finnst stundum að þessi árátta, að hreinsa alla hluti út úr lagasafninu og vera alltaf að finna upp hjólið, beri menn ofurliði. Guði sé lof að menn hafa ekki alltaf verið haldnir þessari þráhyggju og að ekki er t.d. búið að hreinsa út alla Jónsbók úr lagasafninu. Það er gaman að lesa hin merku ákvæði, t.d. um reka og annað slíkt sem eru enn í fullu gildi, skýrt orðuð og skynsamlega útfærð og hafa haldið gildi sínu í mörg hundruð ár. Stundum þurfa menn ekki að hafa neinar óskaplegar áhyggjur af því þótt til staðar séu ákvæði í lögum sem ekki reynir dagsdaglega á en þau eru þarna ef á þyrfti að halda. Og þá hefði verið rétt og einfalt að samræma ósköp einfaldlega þessi ákvæði eftir því sem til þyrfti þessari nýju framkvæmd sem ég ætla ekki að tala gegn, nema síður sé, þessum hugmyndum um að byggja þetta á einhvers konar úrbótaáætlunum sem Landgræðslan stendur þá aðallega fyrir en ýmis nálgun í þessum efnum finnst mér orka tvímælis, herra forseti.

Ég spyr svo að lokum: Hvaða heimildir standa þá eftir í lögum til að kveða á um þessa hluti í fjallskilasamþykktum? Lagastoðin fyrir þeim hefur verið í þessum kafla, III. kafla laganna, m.a. um að setja ákvæði um ítölur í fjallskilasamþykktir. Hún verður felld niður með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Þá verður staðan sú að engin sjálfstæð lagastoð verður fyrir því að hafa í fjallskilasamþykktum ákvæði um ítölu en eftir sem áður eiga viðkomandi sveitarstjórnir í reynd að annast um það mál ef á þarf að halda inni í aðgerðaúrbótaáætlun Landgræðslunnar. Ég er ekki alveg viss um, herra forseti, að menn hafi náð að róa fyrir hverja vík. Spurningin er hvort menn ættu ekki að flýta sér hægt og fara rækilega yfir það hvort verið sé að ganga nógu skynsamlega frá þessari lagaumgerð í heild sinni.

[15:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta frv. er ekki stórt í sniðum eins og það lítur út á blaði. Hins vegar hafa spunnist um það nokkrar umræður og til þess er fullt tilefni. Ýmislegt hefur komið fram í umræðunni sem rétt hefði verið að víkja að en óþarft er að endurtaka. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. landbrh. muni víkja að þeim atriðum í lokaræðu sinni.

Ég vil aftur á móti nefna það sem stendur í hinni nýju 15. gr. eða a-lið 3. gr. þessa frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnum er skylt að fylgjast með ástandi gróðurs

og jarðvegs á afréttum og heimalöndum og skulu þær hafa um það samráð við Landgræðsluna."

Nú kann að vera — ég er ekki með lögin fyrir framan mig — að þetta hafi verið með þessum hætti í lögunum. Ég sé hins vegar á umsögn fjmrn. að það telur að frv. hafi ekki í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð. Ég spyr þess vegna: Er verið að leggja nýjan kostnað á sveitarstjórnir í landinu? Eða hver greiðir kostnað sveitarstjórna við það að fylgjast með ástandi gróðurs og jarðvegs á afréttum og heimalöndum?

Ég tel að menn verði almennt að fara nokkuð varlega þegar verkefni eru færð yfir til sveitarstjórna. Það er þekkt að margar sveitarstjórnir standa illa fjárhagslega og hefur svo verið um nokkurra ára bil. Ég held að menn verði að skoða það vandlega, þegar verið er að færa verk yfir á herðar sveitarfélaganna, hvar þau eiga að taka tekjur fyrir því í staðinn.

Nú kann að vera að sveitarfélögunum hafi áður verið markaður tekjustofn fyrir þessum aukna kostnaði sem mér virðist í frv. Alla vega er ekki litið svo á í umsögn fjmrn. að hann færist á ríkissjóð. Þess vegna spyr ég og hæstv. landbrh. getur þá svarað eða komið með ábendingar um hvernig þessum málum hefur verið háttað.

[15:36]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel áhyggjur hv. þm. af álögum á sveitarfélögin. Ég vil hins vegar taka fram að við erum að ræða um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Hvað varðar fjallskilin þá varða þau eingöngu bændur á lögbýlum sem greiða fjallskil. Þeir greiða fjallskil þó að þeir reki aldrei kind á fjall. Þetta er misjafnt eftir landshlutum. Sums staðar greiða þeir minna og þeir sem reka á fjall greiða þá álag á hverja kind.

Að sjálfsögðu hafa sveitarfélögin umráðarétt yfir afréttunum og verða því að taka þátt í því að líta eftir ástandi gróðursins á þeim svæðum því að það þarf að skoða svæðin, t.d. áður en rekið er á fjall. Það hlýtur á einhvern hátt að lenda á sveitarstjórnunum.

[15:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að samkvæmt frv. lendir þetta á sveitarstjórnunum. Það sem ég var að velta fyrir mér var hvort sveitarstjórnunum hefðu verið tryggðar tekjur á móti þeim kostnaði sem þær eiga að taka á sig.

Nú átta ég mig ekki nákvæmlega á hversu mikið umfangið er. Vafalaust er það misjafnt eftir landsvæðum og afréttum. Ég er að leita eftir svari við því hvort sveitarstjórnunum séu tryggðar tekjur á móti þessum aukna kostnaði.

[15:38]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sums staðar er því þannig háttað að sveitarstjórnin ber allan kostnað við afrétti, bæði upprekstur, smölun og allan kostnað sem þar að lýtur og hefur svo lengi verið. Eins og ég sagði áðan er þessum kostnaði annars staðar deilt niður á bændur sem búa á lögbýlum.

Þetta frv. til laga mun sent til umsagnar til sveitarstjórna og við munum skoða þetta allt vel í hv. landbn.

[15:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss en ég held að ég fari með rétt mál þegar ég held því fram að afgreitt hafi verið mál frá Alþingi um að þegar frumvörp um að auka kostnað sveitarfélaganna komi til umfjöllunar skuli hafa um það samráð við sveitarfélögin. Ef ég man rétt átti einnig að kostnaðarmeta slíkt hjá Byggðastofnun, varðandi það hvaða áhrif þetta gæti haft á byggð í landinu.

Ég vil ítreka spurningu mína og spyrja hvort við samningu þessa frv. hafi þessa samráðs verið leitað.

[15:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Það hefur komið í ljós í máli þingmanna sem hafa tekið til máls að hér kann að vera um viðameira mál að ræða en framsöguræða hæstv. ráðherra gaf til kynna. Vísa ég þar til orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þar sem hann bendir réttilega á að heill kafli, upp á annan tug greina, á að falla brott úr lögunum, þ.e. kaflinn um verndun beitilands og ítölu og í stað þess kafla eiga að koma þrjár greinar sem gerð er grein fyrir í þessu frv. Ég vil bara taka undir með þeim þingmönnum sem hér hafa greint málið og bætt úr þeim upplýsingaskorti sem var til staðar þegar hæstv. landbrh. fylgdi málinu úr hlaði.

Annað sem hæstv. landbrh. hefur ekki gert mikið úr í sínum málflutningi, þ.e. þegar hann mælti fyrir frv. til laga um landgræðslu og sömuleiðis um landgræðsluáætlun og líka núna, er sú staðreynd að nú eigi að breyta nafninu á Landgræðslu ríkisins. Nú vil ég hvetja hv. landbn., af því að hér eru hv. þm. úr nefndinni staddir, til að skoða þessi mál ofan í kjölinn. Þetta er tilhneiging hjá ríkisstjórninni og greinileg stefna hennar, að ganga svo um lagasetningu að nöfnum ríkisstofnana sé einlægt breytt á þeim nótum að ekki má lengur standa „ríkisins" í nafni opinberra stofnana.

Ég skil ekki, herra forseti, þessa makalausu fælni við að stjórnvöld innrammi það að okkar sameiginlega auðlegð sé fólgin í stofnunum sem við kennum við ríkið. Mér fyndist fullt gagn að því að fá hæstv. landbrh. til að fara um það nokkrum orðum hvers vegna þessi tillaga er sett inn í lagatexta. Reyndar var þetta í frv. til laga um Landgræðslu. Mér hafði yfirsést þegar ég var að kynna mér það mál en það er hnykkt á því hér í frv. til laga um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Nú skal breyta nafni Landgræðslu ríkisins í Landgræðsluna. Mér finnst þetta flatneskjulegt og lýsa skorti á skilningi. Mér finnst þetta satt að segja langt frá því að vera ögrandi nafnbreyting. Ég hef áður gagnrýnt stjórnvöld úr þessum stól fyrir óyfirvegaðar tillögur af þessu tagi. Ég treysti því að landbn. taki þetta til ítarlegrar skoðunar og athugi hvort hér séu einhver rök til að gera nafn Landgræðslu ríkisins lágkúrulegra eins og þessi lög gera ráð fyrir.

Eitt af því sem ég orðaði í umræðunum við hæstv. ráðherra, þegar við vorum að fjalla um Landgræðsluna, var ástandið í beitarmálunum. Hæstv. ráðherra hefur í ræðu sinni og andsvörum varað menn við að gera of mikið úr slæmu ástandi gróðurs og jarðvegs. Hann fer um það fögrum orðum að ástand þessara mála hafi batnað mikið á seinni árum samfara fækkun búfjár. Það er að sönnu rétt hjá hæstv. ráðherra að slíkt á auðvitað við í ákveðnum tilfellum. Þar með er þó ekki sagt að ástandið á auðnum landsins og rofsvæðum hafi batnað svo nokkru nemi í samræmi við fækkun búfjár.

Ég vil því aftur og enn hefja máls á því alvarlega ástandi sem ríkir varðandi jarðvegsrof og fok á Íslandi. Ég hef ákveðið að taka með mér í ræðustól, herra forseti, þetta öndvegisrit, Jarðvegsrof á Ísland, sem gerir grein fyrir öflugu rannsóknarverkefni sem stóð á árunum 1991–1996 þar

sem farið var yfir allt landið og ástand þess mælt á afar faglegan og vísindalegan hátt. Verkefnið sem gerð er grein fyrir í þessari bók er unnið af Ólafi Arnalds, Elínu Fjólu Þórarinsdóttur, Sigmari Metúsalemssyni, Ásgeiri Jónssyni, Einari Grétarssyni og Arnóri Árnasyni. Það gerir okkur grein fyrir því að ástand mála á auðnum og rofsvæðum landsins árið 1997 var afar alvarlegt.

Í erindi sem Ólafur Arnalds hélt á samráðsfundi Landsvirkjunar 23. apríl 1999 fer hann nokkrum orðum um þetta alvarlega ástand, sem ég fullyrði að hefur ekki breyst mikið síðan niðurstöður þessa verkefnis voru kynntar. Hann segir í erindi sínu, með leyfi forseta:

„Þegar kemur að beitarafnotum af auðnum og rofsvæðum landsins virðast stjórnmálamenn og aðilar stjórnsýslunnar slá skjaldborg um ímyndaða hagsmuni með aðgerðarleysi sínu án tillits til þekkingar á vistkerfum landsins og þeirrar kröfu samfélagsins að öll nýting landsins skuli vera sjálfbær."

Ólafur Arnalds spyr, herra forseti, í lok þessa erindis síns: „Hver ber ábyrgð á velferð gróðurs og jarðvegs? Hver hefur kjark til að höggva á hnútinn sem nú reyrir beitarnýtingu hálendisins í aldagamlan hugsunarhátt?"

Ég vil, herra forseti, hvetja hv. þingmenn, sérstaklega þá sem sæti eiga í landbn., til að skoða þessi mál af mikill alvöru og festu. Hafi það verið svo árið 1997 eða 1999 að beitarnýting hálendisins hafi verið reyrð í aldagamlan hugsunarhátt þá hefur sá hnútur ekki verið leystur í dag, árið 2002. Þá hlýtur sá hnútur enn að vera til staðar. Þá er það akkúrat núna þegar hv. þingmenn fá mál af þessu tagi til umfjöllunar að okkur ber að skoða hvort ekki sé tilefni til að hugleiða tillögur sem komið hafa frá vísindamönnum okkar um algera friðun auðna og rofsvæða á landinu fyrir beit.

Þetta vildi ég leggja í pottinn, herra forseti. Að öðru leyti treysti ég því að hv. landbn. fari yfir þetta mál af mikilli natni. Þetta eru auðvitað mikil og stór mál og sjálfsagt að þau verði skoðuð ítarlega og brotin til mergjar.

[15:47]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi orðin Landgræðsla ríkisins, þá er það ekki „ríkisins". Landgræðslan hefur heitið Landgræðsla Íslands. Við í hv. landbn. munum örugglega biðja um rökstuðning fyrir þessari breytingu í „Landgræðslan".

Að sjálfsögðu eigum við hvergi að líða ofbeit á Íslandi. Í frv. sem mælt var fyrir um daginn um Landgræðsluna er alveg tekið af skarið með að þar er hægt að loka bæði afréttum og þeim svæðum sem eru ofbitin. Ég tel að það sé mjög mikilvægt. Í 3. gr. hér er líka einmitt komið tæki til að hjálpa til við að vinna að því að hlúa að og passa upp á að landið verði ekki ofbitið. Við eigum aldrei að líða ofbeit.

[15:48]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það rétt sem hv. 1. þm. Suðurl. segir. Við eigum aldrei að líða ofbeit. Að sjálfsögðu eru hér tæki eða verið að reyna að koma á ákveðnum tækjum. En kannski er ástandið bara þannig á auðnum og rofsvæðum landsins — ég legg enn áherslu á það, herra forseti, að ég er tala um auðnir og rofsvæði. Ég er ekki að tala um beitarland. Ég er að tala um svæði sem sauðfé hefur komist inn á vegna þess að aðgerðirnar hafa ekki verið nægilega sterkar eða þeim ekki beitt nægilega markvisst. Ég er að tala um að landbn. skoði möguleikana á að friða þessi landsvæði algerlega fyrir beit. Auðvitað má segja að tæki af því tagi sem þetta frv. leggur upp í hendur stjórnvalda geti gert sitt gagn. En ég held að það breyti því ekki að hugleiða megi spurninguna um friðun.

Hitt sem hv. þm. gerði að umtalsefni í andsvari sínu er því miður rangt, herra forseti. Landgræðsla ríkisins hefur aldrei heitið Landgræðsla Íslands. Svo virðist sem prentvillupúkinn hafi hins vegar komist í lög um afréttamálefni og fjallskil á sínum tíma. Í athugasemdum við 2. gr. frv. sem við erum með til umfjöllunar stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Landgræðsla ríkisins hefur ekki heitið Landgræðsla Íslands. Hér er því lagt er til að heiti stofnunarinnar verði breytt í samræmi við frumvarp til laga um landgræðslu sem lagt er fram samhliða og nafninu verði breytt í „Landgræðslan".

Landgræðsla ríkisins heitir því Landgræðsla ríkisins og hefur aldrei heitið Landgræðsla Íslands eins og þó er nefnt í lögunum um afréttamálefni og fjallskil.

[15:50]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi bara það sem stóð í 2. gr. frv. En auðvitað er þetta alveg hárrétt. Ég tel að lagabálkur um Landgræðsluna sem liggur nú fyrir þinginu sé mjög góð heildarlöggjöf um landgræðslu á Íslandi þannig að ég held að hún taki á þeim þáttum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var að ræða. En við eigum að sjálfsögðu eftir að fara vel yfir þessi mál bæði tvö og eigum eftir að fá sérfræðinga á þessu sviði til okkar og fá allar þær upplýsingar sem við getum og munum nýta okkur þær.

[15:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara rétt í lokin. Ég er ekki alveg sammála hv. 1. þm. Suðurl. um að frv. sem slíkt taki nægilega vel á þessum málum. Ég tel að landbn. hafi mjög mikið verk að vinna við að kynna sér sjónarmið um sjálfbæra landnýtingu og sérstaklega kannski um áhrif foks og jarðvegseyðingar. Ég held að frv. um landgræðslu taki þar ekki nægilega vel á málum og að það sé alveg tilefni fyrir landbn. að kalla til það fólk sem hefur besta og yfirgripsmesta þekkingu í þessum efnum. Ég er sannfærð um að landbn. á eftir svo gott sem að setjast á háskólabekk í þessum efnum og fara af kostgæfni yfir þessi mál til hlítar. (**Gripið fram í:** Það munum við gera.)

[15:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þá umræðu sem varð um þetta litla mál. Hér hefur farið fram ágæt, málefnaleg og mikilvæg umræða og hér hafa vissulega komið nokkrar spurningar.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var hér síðust á mælendaskrá og minntist á nokkur atriði. Hv. þm. ræddi um ástand gróðurs og jarðvegs og um fækkun búfjár. En annað kemur líka til sem hv. þm. skilur nú vel, þ.e. að hitastigið hefur verið hærra. Hitastig hefur mikil áhrif á gróðurfarið og gróðurlínan hleypur upp og niður. Ef hér hitnaði um 2–3 stig mundi ástandið breytast mikið hvað gróðurinn varðar. (Gripið fram í.) Já, og svo er vatnið, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skilur manna best sem gamall íþróttakennari, guðsgjöf og manninum mikilvægt ekki síður en jarðveginum þannig að staða grunnvatnsins og úrkoman hafa auðvitað mikil áhrif.

Hv. þm. ræddi líka um rofsvæði og auðnir. Ég er sammála henni um að þær eru víða. Menn ætla að reyna að hafa ekki búfé á slíkum svæðum og reyna að marka stefnu í samræmi

við þær úrbótaáætlanir sem nú verða settar í gang um að slíkum svæðum verði að mestu hlíft. Ég held að það sé líka gríðarlega mikilvægt fyrir landbúnaðinn að búfé gangi ekki á slíkum svæðum. Það skapar ekki góða ímynd.

Hv. þm. saknaði eðlilega þess að Landgræðslan verður ekki áfram Landgræðsla ríkisins heldur Landgræðslan. Þetta er kannski það sem hefur verið að þróast. Vegagerð ríkisins er Vegagerðin. Landgræðsla ríkisins verður Landgræðslan. Þetta er orðið málvenja. Ég skil vel að hv. þm. sakni þessa nafns. Ríkið er ríkið í hennar huga og heilagt nafn eins og auðvitað í huga okkar allra. Við vitum samt sem áður að við viljum fylgja þeirri málvenju sem er að þróast og kannski skiptir hitt ekki minna máli að margir vilja koma að fyrirtæki eins og Landgræðslunni, styðja hana með ráðum og dáð. Það kann að hjálpa líka að hið fagra, göfuga orð, ríkið, hverfi aftan frá. (**Gripið fram í:** Háeff.) Ég vil ekki háeffa Landgræðsluna eins og hér er kallað fram í. Ég vil að hún verði aldrei háeffuð. Hún verði mikilvæg þjónustu- og vísindastofnun sem við þurfum að varðveita frá því að fá háeff aftan við. (Gripið fram í.) Það er engin stjórn. Það hefur komið fram í frv. um Landgræðsluna að engin stjórn er sett yfir hana. Hún heyrir beint undir landbrh. Ég heyrði í Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda á dögunum sem telur það mjög eðlilegt því að hlutverk stjórnar í slíku fyrirtæki sé allt of óljóst.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson var að kalla fram í. Hann var þar næst síðastur á undan með sína stuttu og ágætu ræðu. Hann hafði áhyggjur af sveitarstjórnunum, að verið væri að leggja á þær nýjar álögur. Svo er ekki. Ekki er verið að leggja neinar nýjar álögur á sveitarstjórnir í gegnum þetta. Þær hafa haft skyldur og vilja hafa skyldur og munu hafa þær og hlutverk í kringum gróðurvernd og Landgræðslu þannig að þar er ekki um neitt nýnæmi að ræða í þessu máli.

Hv. þm. Steigrímur J. Sigfússon flutti ágæta og langa ræðu um málefni sem honum bar að gera. Hann sagði að fjallafálur fyrir norðan væru það sem þeim þætti vænst um. Frægasta fjallafála allra tíma er sennilega Herdísar-Surtla sem var sunnlensk og ég held að eigi að fara að gera kvikmynd um núna. Hún lenti í þeim ósköpum að lagt var fé til höfuðs henni ef ég man rétt. Hún var síðan skotin. Þetta var fræg fjallafála sem lifði lengi af niðurskurð og var í Selvoginum ævintýrakind.

Okkur Sunnlendingum þykir miklu meira varið í forustuféð með sína miklu vitsmuni. Það er einn sérstæðasti stofn sauðkinda í veröldinni. Að slíkir vitsmunir á veður og forustuhæfni og skilningur skuli þrífast í dýri á þessari jörð (**KolH:** ... að fækka í þeim stofni.) er eiginlega stórmerkilegt fyrirbæri og rannsóknarefni. Svona sauðfjárkyn er hvergi til í raun í veröldinni. Það er mikil leiðsögn fyrir sauðkindina að eiga slíkt í hjörð sinni. Við Sunnlendingar höfum dálítið ræktað þetta forustufé til þess að hemja fjallafálurnar og þurfa hvorki að sprengja klárana né okkur sjálfa í smalamennsku og það hefur reynst vel. Ekki það að við höfum okkar fjallafálur og viltu kindur líka innan um sem setja sinn svip á og af eru sagðar sögur enn þann dag í dag.

Af því að hér var talað um vitsmuni sauðkindarinnar þá er best að halda því áfram. Ég minnist þess að hafa lesið í þjóðsögum frá því er sauðabeitin var uppi. Það var auðvitað ekki gott fyrir landið á sinni tíð þegar þeir gengu nánast úti sumar og vetur. Ef ég man þá var það svo að á vegginn á fjárhúsunum á Húsafelli komu gjarnan fyrsta sumardag hvers árs glæsilegir sauðir austan úr Árnessýslu. Það var alltaf sama daginn sem þeir heimsóttu þennan bæ á ferðalagi sínu um öræfin, en þeir gengu úti. Þessi gamla beit er sem betur fer horfin. Núna er ræktunarbúskapur og öðruvísi búskapur stundaður.

Ég verð að segja um þessi mál, bæði þetta frv. um afréttamálefni og ekki síst það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi um, að menn verða auðvitað að lesa þetta saman við landgræðslufrv. Það vil ég gjarnan biðja hv. nefndarmenn í landbn. að gera, að lesa þessi frv. saman. (**DH:** Það verður gert.) Þar er verið að samræma hlutina. Heyri ég að formaður landbn. segir að það verði gert. Það er verið að samræma þessi frv. þannig að þau stangist ekki á.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði um gróðurverndarnefndirnar. Samkvæmt þessum tillögum eru þær lagðar af. Þær verða ekki starfandi ef frv. verður að lögum heldur munu Landgræðslan og landgræðslufulltrúar, sveitarstjórnir eða þá sérstaklega tilnefndir menn, taka við því hlutverki. Þessar nefndir heyra því sögunni til verði frv. að lögum í vor.

Síðan er spurning um þetta sem hér hefur verið gagnrýnt með ítöluna. Hún hverfur út eins og ég sagði. Hún hefur ekki reynst eins og vonir stóðu til. Aftur á móti verður reynt að einfalda hlutina og fara í aðgerðir eins og ég hef lýst, þ.e. úrbótaáætlanir koma í staðinn.

Hvað varðar rétt einstakra bænda til upprekstrar og hlutdeildar í afrétti, þá er hér ekki verið að breyta því að neinu leyti. Ef ég skil málið rétt þá er sá réttur manna óbreyttur eins og glögglega kemur fram í 3. gr.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að hafa fleiri orð um þetta, hæstv. forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða um málið. Ég ítreka að það er alltaf vandi að breyta lögum og tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þar eiga menn að fara varlega, ekki gera breytingar breytinganna vegna heldur marka lögin þannig að þau verði skilvirk og að auðvelt verði að vinna eftir þeim og stefnan þarf að vera skýr. Það er verið að reyna að gera hér um leið og ábyrgðin er skýr og hlutirnir verða í einfaldari búningi.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu að ráði en ég vil þó koma inn á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi um nafngiftina. Auðvitað má til sanns vegar færa að ef ekkert annað er fólgið í þessari breytingu en nafngiftin ein sé Landgræðslan hið ágætasta nafn og það sem dagsdaglega er notað. Menn tala gjarnan um Landgræðsluna. En það hefur lengi verið venja að kenna hreinar ríkisstofnanir við ríkið til að það komi fram í nafni þeirra og heiti að viðkomandi starfsemi sé rekin af ríkinu og á ábyrgð ríkisins. Þess vegna er talað um Landgræðslu ríkisins eða annað í þeim dúr. Út úr því á ekki að lesa einhverjar pólitískar meldingar, merkingar eða meiningar. Mér finnst ósköp barnalegt ef menn eru enn á því stigi að láta það hafa áhrif á sig.

Er það þannig að ríkið sé orðið skammaryrði? Er það afraksturinn af puði nýfrjálshyggjumanna í ein 20 ár, að búið sé að koma þvílíku óorði á allt sem ríkið fyrir hönd allra okkar sem í landinu búum stendur sameiginlega fyrir, að ríkið sé orðið skammaryrði? Eru menn orðnir feimnir við að láta það koma fram í nafngiftum stofnana að þær séu á vegum ríkisins? Verða þá ekki sveitarfélögin næst? Það er auðvitað óskaplegur sósíalismi að sveitarfélög í landinu skuli standa fyrir einhverri starfsemi. Það verður að stroka það út úr lögum samkvæmt sömu stefnu og láta ekki koma

fram að neitt sé á vegum sveitarfélaganna. Ég veit ekki hvar svona della endar.

Svo lengi sem þetta er lögbundið verkefni ríkisins og rekin er stofnun sem annast þar tiltekið hlutverk finnst mér það í góðu lagi og gjarnan vera skýrt í nafninu, að þetta sé Landgræðsla ríkisins. Ég vona að það sé ekkert annað sem standi hér til. Hæstv. ráðherra talar þannig að ekki sé smyglgóss með í ferðinni, að nafngiftin sé ekki undirbúningur undir eitthvað annað sem kæmi svo í næstu umferð, töfrastafirnir miklu, háeff fyrir aftan eða bara jafnvel einkavæðing starfseminnar, hvernig sem menn ætluðu að græða á því. Ætli það yrði ekki einhver bið á því því. Frjálshyggjan hefur ekki haft mikinn áhuga á að taka að sér þau verkefni sem hafa í för með sér útgjöld og peningaútlát, þ.e. mál sem ekki er ljóst hvernig menn geti makað krókinn. Það vantar *hins vegar ekki að þeir hafa mikinn áhuga á öllu því sem* hægt er að græða á.

Í öðru lagi, í sambandi við sveitarstjórnirnar, sýnist mér ástæða til að skoða hin nýju landgræðslulög í þessu sambandi og ég held að sú ábending hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar sé fullgild. Við fljótan yfirlestur sýnist mér að verið sé að þyngja talsvert skyldur sveitarfélaganna, t.d. hvað varðar áætlanagerð og ýmiss konar skipulagsvinnu sem lýtur að landnýtingu. Gott og vel, til sanns vegar má færa að ærin þörf sé á að þessi mál séu tekin fastari tökum. Ég tek það fram að ég skil ekki hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson svo að hann sé andvígur því að þessum málum sé sinnt heldur hafi hann bent á að ef um er að ræða viðbótarútgjöld þá eigi það að vera uppi á borðinu.

Ég sé ekki að þau ákvæði sem nú koma inn í frv. til laga um landgræðslu, í 584. máli þessa þings, og lúta að gerð úrbótatillagna og áætlana sem sveitarfélagið skuli standa fyrir eigi sér hliðstæðu í dag. Auðvitað hafa sveitarfélögin haft ákveðnar skyldur. Þau hafa haft eftirlitsskyldu og vissa vöktunarskyldu en þarna er jafnvel verið að gera ráð fyrir viðameiri verkefnum. Í stað gróðurverndarnefndanna sem hæstv. ráðherra hefur staðfest að eigi að leggja niður virðast sveitarfélögin eiga að koma sér upp nefnd til að fara með þessi mál á sínum vettvangi. Það er auðvitað alveg fullkomlega eðlilegt að spurt sé: Hvað þýðir þetta? Hefur þetta í sér *fólgin viðbótarútgjöld? Þá eigum við að ræða það og eins þó* að við gætum verið sammála um að þörf gæti verið á þeim breytingum.

Eftir stendur, herra forseti, að mér finnst varhugavert að búa svo um það kjarnaatriði að til þess geti þurft að koma að grípa til að takmarka upprekstur og fjölda búfjár á beitarsvæðum. Menn viðurkenna það. Í frv. til laga um landgræðslu stendur það eftir á einum stað, í 21. gr., um efni úrbóta áætlunar Landgræðslunnar. Þar kemur setning, ósköp stutt og sakleysisleg sem er auðvitað alveg mergurinn málsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að í úrbótaáætlun sé kveðið á um friðun lands fyrir beit."

Það hlýtur líka að eiga að skiljast sem möguleiki á takmörkun beitar. Það getur verið alfriðun eða hlutafriðun lands eins og ég kýs að lesa þetta. Þetta er eini staðurinn að ég finn þetta ákvæði í þessum greinum sem fjalla um úrbótaáætlanir Landgræðslunnar. Væntanlega er vísað í það hér í 3. gr. þess frv. sem nú er á dagskrá, 593. máls, þar sem segir:

„Réttur hvers lögbýlis til upprekstrar búfjár á afrétt, í úrbótaáætlun Landgræðslunnar, skal ákveðinn af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum þegar fleiri en eitt sveitarfélag eiga upprekstur á sama afrétt."

Þetta er allt og sumt sem eftir stendur, ef ég hef lesið rétt saman ákvæði þessara tveggja frv., um það sem áður var heill kafli í lögum um afréttamál og fjallskil, þ.e. allt sem laut að ítölu, framkvæmd hennar og rétti einstakra aðila til þess að knýja á um að hún yrði gerð o.s.frv. Er þetta endilega mjög skynsamlegt, herra forseti? Það kynni þó ekki að fara svo að Landgræðslan yrði dálítið loppin ef ekkert stendur eftir annað en þetta hér. Menn gætu átt eftir að lenda í talsverðum núningi með framkvæmd þessara mála þegar öll leiðsögn er horfin úr lögum og ekkert stendur eftir annað en þessi einföldu atriði.

Ég held að það verði aldrei neinn botn í úrbótaáætlunum þar sem ekki er hægt að taka á þessu kjarnaatriði, ef óum*flýjanlegt er að takmarka beinlínis eða friða ákveðin svæði* fyrir upprekstri. Ég held að allt hitt verði við það heldur máttleysislegt. Ég er enn þá, herra forseti, ekki viss um að þarna hafi menn rambað á alveg rétta leið. Ég mæli eindregið með því að hv. landbn. sem nú fær frv. til skoðunar taki þetta atriði sérstaklega fyrir og skoði.

Hæstv. ráðherra fór með nokkra lofgjörð um forustufé. Hér hafa blandast inn í umræðurnar fallegar lýsingar manna á gáfnafari sauðkindarinnar, á fjallafálum og viðureign við þær. Ekki ætla ég að lasta forustuféð. Það þekkja allir sem hafa verið í erfiðum göngum að það getur gegnt lykilhlutverki. Þá var ég að hugsa um að enda mál mitt með því að fara með eins og eina vísu úr Kofabragnum eða Kofavísum eftir Jón Samsonarson, skáld og bónda á Hávarsstöðum, sem var kveðin um næstsíðustu aldamót. Sá var reyndar langafi þess sem hér talar. Það er komið aftarlega í göngurnar þegar þarna er komið sögu. Við sögu koma líka forustumórar og fleira fallegt úr göngunum.

Upp gefast rakkar en alsveittir jóar
ærast und mönnum að hlaupa við féð.
Ferð hvetja á undan forustumórar,
fallega renna þeir hjörðina með.

Þannig gekk þetta til í göngunum á Hvammsheiði í þá daga.

[16:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var skemmtileg vísa hjá hv. þm. og viðeigandi við umræðuna hér. Hv. þm. ræðir mikið um Landgræðslu ríkisins og ég fullvissa hann um að það eru engar annarlegar hvatir sem liggja að baki hvað þetta varðar. Landgræðslan gæti auðvitað heitið Landgræðslan í Gunnarsholti eða Landgræðsla þjóðarinnar. Það eru ekki bara frjálshyggjumenn sem komið hafa óorði á ríkið. Það eru *fremur kommarnir sjálfir, hvar sem þeir hafa verið í veröld*inni. Þeir hafa sóst eftir að vera ríkið, að ríkið verði allt, ríkið verði hafið yfir fólkið og ríkið eigi alla hluti. Þeir hafa lagt auðug lönd í rúst með stjórnmálaskoðun sinni. Kommarnir eiga þannig sinn þátt í því hvernig farið hefur fyrir þessu göfuga nafni, ríkinu. Þeir hafa breytt því mikið blessaðir, hvort sem þeir voru rauðir eða rauðgrænir, hvar þeir voru í veröldinni.

Ég minnist þess samt sem áður þegar við unnum að lögunum — til að gleðja hv. þm. í Vinstri grænum — um Garðyrkjuskóla ríkisins að hann fékk að halda nafni sínu áfram, Garðyrkjuskóli ríkisins. Ég vona að í lok þessarar umræðu gleðji þetta hv. þm., að það fékk að haldast.

En Landgræðslan gengur orðið undir þessu nafni eins og hv. þm. nefndi, Landgræðslan eða Landgræðslan í Gunnarsholti. Það er verið að fylgja þeirri málþróun eftir. Hér stendur ekki til að koma aftan að neinum, háeffa hana eða selja, en hitt er annað mál að fleiri og fleiri bændur koma að verkefnum Landgræðslunnar. Það eru einir 600 bændur sem græða landið og áhugi fyrirtækja á að koma að þessu er mikill.

[16:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum farið yfir það við betra tækifæri hverjir hafi aðallega komið óorði á ríkið og ríkisrekstur í gegnum tíðina. Ætli það hafi ekki verið menn sem hafa samsamað sig ríkinu og komist á þá skoðun eftir langvarandi valdasetur að þeir væru ríkið. Mætti vitna til ýmissa frægra spakmæla úr sögunni í þeim efnum.

Svo mikið er víst að ég vissi það ekki fyrr en núna að það væru kommúnistar sem hefðu verið að koma óorði á ríkisrekstur á Íslandi upp á síðkastið í Þjóðmenningarhúsi eða Landssíma. Það eru mér alveg nýjar fréttir ef kommúnistar hafa þar sérstaklega vélað um. Hafi einhverjir virkilega lagt sitt af mörkum til þess að koma óorði á slíkan rekstur sem áður var í góðum skorðum eru það þeir sem þar hafa um vélað upp á síðkastið.

Varðandi Landgræðsluna, þ.e. nafn hennar, þá er það auðvitað ekki til að pexa um. Ég verð hins vegar að segja að mér finnst stundum þessi árátta til hátíðlegheita í þessum nafngiftum beinlínis brosleg, þegar allt í einu er komið upp skilti í bænum á ónefndri stofnun sem maður keyrir stundum fram hjá og þar stendur: Ríkislögreglustjórinn. Ríkislögreglustjórinn, með ákveðnum greini. Það vantar ekki annað en sett sé kóróna aftan við nafnið.

Ég þakka þó fyrir að í 3. gr. frv. um landgræðslu stendur að yfirmaður Landgræðslunnar nefnist landgræðslustjóri. Sýkin hefur þá ekki náð þarna inn, hann á ekki að heita landgræðslustjórinn með ákveðnum greini. Ég hefði haldið að þetta mætti vera í friði eins og það var. Þetta hefði mátt heita Landgræðsla ríkisins. Síðan tala menn í daglegu máli gjarnan um Landgræðsluna eða Landgræðsluna í Gunnarsholti. Það er allt á sínum stað og ágætt. Ég sé ekki hver ósköpin menn ætla að vinna með þessu.

Þó má í sjálfu sér segja að meðan menn geri ekki meira ógagn og vitleysur í lagasetningunni en þetta eitt þá megi þakka fyrir það.

[16:16]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Enn er rætt um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Það hefur verið talað um nafngiftina Landgræðslu Íslands. Það stóð í þessum lögum, Landgræðsla Íslands. Nú mun hún eiga að heita Landgræðslan ef frv. verður samþykkt. Þetta er svo sem til samræmis við heitið Landhelgisgæslan. Það má leika sér á ýmsan máta með nafngiftir á stofnunum. (**Landbrh.:** Þjóðkirkjan.) Þjóðkirkjan, já er eitt, ekki Þjóðkirkja Íslands. En við vitum alveg að Landgræðslan er í eigu samfélagsins og á að þjóna íslenska samfélaginu. Frv. er gert til þess að styrkja hana og ég vona að það verði líka til þess að fleiri komi að landgræðslumálum og að fleiri í samfélaginu fái áhuga á því að klæða landið gróðri þar sem það á við sem best. Ég er ekki að segja að það eigi að klæða allt landið gróðri, t.d. eru sums staðar svartir sandar sem mega vera ógræddir þó aðrir þeirra hafi sviðið græna engireiti eins og segir í kvæði einu.

Herra forseti. Það vakti athygli mína áðan að hæstv. landbrh. tók þannig til orða að það væri ekki hyggja neins að koma aftan að neinum með því að háeffa Landgræðsluna, ef ég skil rétt ... (Gripið fram í.) Já, að Landgræðslan fengi háeff fyrir aftan. En við orðalagið „að koma aftan að neinum" vakna ýmsar spurningar um hvað það merki þegar hæstv. ráðherra tekur svona til orða. Kannski tengist það eitthvað Landssímanum.

Þá vík ég aftur að frv., herra forseti. Eins og fram hefur komið er þetta gert til þess að koma fram með reglur og ákvæði í samræmi við nýja frv. sem lagt hefur verið fram um Landgræðsluna og til að minna okkur á að ofbeit sé ekki til staðar. Þegar talað er um ofbeit held ég að við hljótum að hugsa sérstaklega til hrossa enda er sérstaklega kveðið á um þær skepnur í frv. Eins og menn vita eru sum svæði stórlega ofbeitt og jafnvel innan girðinga er hrossum stundum beitt á allt of lítinn skika. Þetta kemur náttúrlega líka inn á ákvæði annars frv. um búfjárhald sem einnig liggur fyrir þinginu þannig að hæstv. landbrh. stendur í ströngu við að leggja fram ýmis frv. um málefni landbúnaðarins. Er það vel þegar lögð eru fram mál sem eru til góðs og til framdráttar fyrir íslenskan landbúnað.

Þessi orð komu í huga mér sérstaklega út frá hugleiðingum hæstv. landbrh. þegar hann sagði að ekki væri verið að koma aftan að neinum. Ég átti heldur ekki von á því, herra forseti, að hæstv. landbrh. mundi gera það.

[16:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessi síðustu ummæli og vona að þau standi til eilífðar, þ.e. að ég muni aldrei koma aftan að neinum, því ekki er gott að það búi í eðli manna að svíkjast aftan að mönnum og fara öðruvísi að en þeir segja. Þetta var sagt svona í beinu svari við fyrirspurn frá öðrum hv. þm.

Hv. þm. ræðir ofbeit hrossa. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. er hestamaður. Eitt sem hestamenn verða að hafa eru lítil sveltihólf (**Gripið fram í:** Mér finnst hrossakjöt gott.) til þess að halda þeim grönnum og góðum til reiðar. Þar geta verið ljótir blettir. En hitt er annað mál að við sjáum því miður illa beitta hrossahaga sem ber að taka á.

Svo er annað sem við verðum að hafa í huga og ráðum kannski betur við en margt annað. Við erum að greina skemmdarverk manna. Ég sá það síðast í sjónvarpsfréttatíma, í Ríkisútvarpinu líklega, að inni á Landmannalaugum ristu menn jarðveginn á stórum jeppa og skildu eftir blóðug sár í holdi landsins. Þau geta fætt af sér uppblástur og eyðileggingu þannig að það er mjög mikilvægt fyrir alla Íslendinga sem unna landi sínu og ekki síst þá sem vilja vera á ferðalögum á hálendinu og hvar sem er að gæta að því að fara ekki út af slóðum og gæta þess að rista ekki landið eins og við sjáum allt of mörg dæmi um að er gert með hinum stóru jeppum sem þar fara um. Þetta hrekkir auðvitað náttúruunnendur. Þarna þurfum við sjálf að veita mikið aðhald og einangra þessa eyðileggingarmenn og segja frá þeim þannig að hægt sé að taka á þessum málum og skapa þjóðarsamstöðu, hæstv. forseti.

[16:23]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. landbrh. um að þjóðarsamstaða þurfi að vera um það hvernig við göngum

landið okkar. Ég held að þetta sé það málefni sem við erum öll sammála um, þ.e. að það beri að ganga vel um landið og yrkja það á sjálfbæran hátt, eins og sagt er í dag, í staðinn fyrir að ganga á það með græðgi eins og við höfum séð gerast í veröldinni. Maðurinn hefur gengið stórlega á sköpunarverkið, eyðilagt það og ekki hugsað um afleiðingarnar eða komandi kynslóðir heldur bara um stundargróðann. Gott væri ef við gætum verið til fyrirmyndar í þeim efnum að byggja upp landið okkar hvað varðar gróðurinn og náttúrufar, að hlúa vel að náttúrunni og ganga vel um náttúru landsins.

Herra forseti. Ég vildi bæta því við í sambandi við það sem hæstv. ráðherra vék að hér áðan og ég þar á undan, að auðvitað eru þetta undantekningar sem ég er að ræða um þar sem hross eru látin vera í allt of litlum hólfum og beit er ekki næg fyrir þau. Ég er ekki mikill hestamaður og á ekki hross sjálfur. Engu að síður vil ég að farið sé vel með þau dýr.

[16:25]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég efast ekki um að hér séum við að ræða mikilvæg mál. Þau tengjast mörgum þáttum, landbúnaði, samgöngumálum og ekki hvað síst umhverfi og reyndar ferðaþjónustu ef maður vill líta á málin þannig. Þetta tengist auðvitað réttindum og skyldum sveitarfélaga og síðan samskiptum sveitarfélaga og ríkisins.

Kannski er rétt að hefja málið á því, virðulegur forseti, að beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort hér sé um að ræða einhverja tilfærslu á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga eða hvort skyldur sveitarfélaganna séu að aukast á einhvern hátt. Í fylgiskjali með frv. er spurt um áhrif og sagt:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð."

En ástæða er til þess, herra forseti, að spyrja: Hefur þetta frv. í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin? Ég spyr hæstv. landbrh. ekki síst með það í huga að fámenn lítil sveitarfélög þurfa að standa undir þessum skyldum sem afréttin og fjallskilin bera með sér. Þetta skiptir örugglega mjög miklu máli. Ég treysti því og veit að hæstv. landbrh. hefur ekki í huga að leggja auknar byrðar á fámennar sveitir í tengslum við þetta.

Þetta leiðir hugann að stöðu einstakra bænda, hver sé staða landbúnaðarins, þá ekki síst með sauðfjárræktina í huga, þar sem þetta kemur að sjálfsögðu inn á hvernig háttar til með girðingar meðfram vegum og þau svæði sem sveitarfélögin bera ábyrgð á. Ef með þessum breytingum er verið að leggja eitthvað meira á sveitarfélögin en nú þegar þá þarf að fara mjög varlega einmitt með tilliti til þess sem ég var að nefna hér. Ég veit að sjálfsögðu og þekki mætavel hversu erfitt það er fyrir lítil sveitarfélög að standa bæði við smalamennsku og fjallskil eins og gert er ráð fyrir í lögum.

Auðvitað má velta því fyrir sér að í landinu eru núna um 465 þúsund fjár. Einnig má velta því fyrir sér hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig því að fækkað hefur um 208 sauðfjárbú í landinu frá 1996 til ársins 2000. Hlutfallslega mesta fækkunin var á Vesturlandi. Þar fækkaði um 44 sauðfjárbú á tíma samnings um framleiðslu sauðfjárafurða. Það er eftirtektarvert að landsbyggðin, hinar dreifðu sveitir, þær veikustu, láta mest undan í þessum málum. Meginmarkmiðið var þó að reyna að styrkja sauðfjárrækt á þann veg að einstök bú gætu borið sig. En með tilvitnun, virðulegur forseti, í skýrslu um framkvæmd búvörulaga kemur í ljós að sauðfjárbú standa aðeins undir helmingi, ef farið er í meðaltal, af framleiðslukostnaði. Það vantar hálf laun til að standa undir framleiðslunni. Það er ekki góð niðurstaða.

Hins vegar mun það vera rétt að nokkurn veginn hefur náðst að standa við þær áætlanir og þær fyrirætlanir sem fólust í búvörusamningnum sem gerður var á sínum tíma. Leitað var eftir samningum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Bændasamtök Íslands um magn sauðfjárafurða, og framleiðendum átti að tryggja fullt verð á samningstímanum. Það sem veldur áhyggjum er það sem er að gerast, að birgðir hafa aukist um 1.600 tonn á sama tíma og verulega hefur fækkað í búfjárstofninum, og að verð til bænda hefur lækkað um 23,5% á þessum tíma. Verð til neytenda hefur hins vegar hækkað, í sumum tilvikum um 17% og má rekja allt upp í 29% hækkun. Og þá er eðlilegt að velta fyrir sér hvað sé að. Ég veit að erfitt er fyrir hæstv. landbrh. að svara því hvað er að þegar svona er komið.

Allt tengist þetta afkomu og möguleikum sveitarfélaganna til að standa við lög um afréttamálefni og fjallskil. Það er því eðlilegt að um þessa hluti sé fjallað enda sé jafnframt fjallað um hina veiku stöðu einstakra bænda og einstakra sveitarfélaga til að standa undir þeim lögum sem rædd eru.

Það er áhyggjuefni að birgðir skuli hafa aukist um 63% frá árinu 1998 og það er skelfilegt, virðulegur forseti, að geta ekki fengið svör við því í hverju þessi birgðaaukning felst. Er það vegna þess að útflutningsskylt kjöt hefur ekki verið selt út? Er það vegna þess að gamalkjöt safnast upp á afurðastöðvunum? Eða er það vegna þess að lélegri varan situr eftir? Þessu hef ég ekki fengið svör við. Ég er búinn að spyrja eftir því hvort það hafi verið greint hvers konar kjöt safnast upp í birgðastöðvunum. Þetta er áhyggjuefni. Það er áhyggjuefni ef það kjöt sem er að safnast upp er af gömlu fé. Það er líka áhyggjuefni ef það er vegna þess að kjöt sem átti að flytja út situr enn þá í birgðastöðvunum. Það er áhyggjuefni. Við þessu hef ég ekki getað fengið svör.

Mér er ljóst að verð til bænda er of lágt. Það veit ég að við erum sammála um, ég og hæstv. landbrh.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill benda hv. þm. á að hér er til umræðu 11. dagskrármálið, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.)

Virðulegur forseti. Ef horft er á málið um afréttamálefni, fjallskil o.fl. tengist það einmitt á þann hátt sauðfjárræktinni að það hljóta að koma upp, virðulegur forseti, spurningar sem lúta að afkomu bænda í tengslum við þær spurningar sem ég setti fram í upphafi vega: Er verið að leggja auknar skyldur á sveitarfélögin? Er verið að leggja auknar skyldur á bændur? Þetta tengist að sjálfsögðu umhverfismálum, virðulegur forseti, og reyndar ferðaþjónustu og samgöngum líka þannig að það er eðlilegt að menn spyrji um þá hluti.

Ég geri mér grein fyrir því að eitt af þeim málum sem koma upp í hugann eru beitarmálin. Einstök svæði á landinu eru ofbeitt, önnur eru vanbeitt. Þetta vitum við, og þá kem ég aftur að því sem ég nefndi í upphafi vega að frá 1996 til ársins 2000 hefur fækkað um 44 sauðfjárbú á Vesturlandi einu. Svo ég rifji þetta upp fækkaði reyndar aðeins um tvö sauðfjárbú á Reykjanesi en skýringin er að sjálfsögðu sú að þar eru svo fá sauðfjárbú, en þar hefðu þau kannski helst átt að hverfa. Á Suðurlandi fækkaði um 43 sauðfjárbú, og 37 sauðfjárbú, ef ég man rétt, á Norðvesturlandi. Miklar breytingar hafa orðið en þetta tengist samt sem áður allt því frv. sem við erum að ræða, hvort fækkunin í sauðfjárbúum hefur orðið á réttum stöðum. Það sem stendur eftir er að á árinu 2000 voru í öllum kjördæmum landsins, eins og þau eru nú, 2.414 sauðfjárbú á móti 2.522 sem var fjöldi lögbýla

með greiðslumarki árið 1996. Þetta er hluti af þessu öllu saman, virðulegur forseti, og eðlilegt að nefna.

Ferðaþjónustan krefst ákveðins rýmis á landinu. Sú hugsun kemur beint inn á það frv. sem hér er verið að ræða, um afréttamálin, og það er spurning hvernig eigi að fara með það. Hvaða ábyrgð bera sveitarfélögin, virðulegur forseti? Það er ástæða til að spyrja hæstv. landbrh. út í þetta mál. Hvaða ábyrgð bera sveitarfélögin á þeim ferðum sem farnar eru um afréttalönd þeirra og þeim ferðamönnum sem þar fara um og hvernig þau lönd eru nýtt? Ef ég man rétt voru fyrir örskömmu síðan sýndar á þekktum ferðamannastöðum slóðir eftir hestamenn þar sem viðkvæmt land, mýri, var troðið í svað. Maður veltir fyrir sér hver beri ábyrgðina þar. Hverjir bera ábyrgðina? Er verið að varpa henni á ríkið eða á sveitarfélögin? Felst eitthvað því um líkt í því frv. sem hér liggur fyrir?

Ég get, virðulegur forseti, tengt þetta miklu meira samgöngumálum einnig og spurt um girðingarmál. Hvernig stendur verkefnið í að koma í veg fyrir að sauðfé og aðrar skepnur hlaupi út á vegina í veg fyrir bifreiðar þar sem er nauðsyn að girða? Þetta tengist allt saman þessum afréttamálum og ég vonast til þess að a.m.k. í lokin fái ég svör frá hæstv. landbrh. þar að lútandi.

[16:39]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Við þetta frv. til laga um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, sem hér hefur verið mælt fyrir, og umræður um það hef ég í sjálfu sér ekki miklu að bæta. Þó vil ég tjá mig um 2. gr. frv. þar sem lagt er til að í stað orðanna „Landgræðsla Íslands" komi orðið Landgræðslan. Mér finnst ágætt að hafa orðið Landgræðsla Íslands eða Landgræðsla ríkisins eins og var áður þannig að það sé alveg ótvírætt verkefni á ábyrgð þjóðarinnar allrar, landgræðslan. Þegar verið er að klippa af þessu nafni, stýfa það með því að taka Ísland úr heitinu, Landgræðsla Íslands, og í staðinn komi bara Landgræðslan, finnst mér að staða hennar innan samfélagsins sé veikt. Í nafninu Landgræðsla Íslands sem áður var Landgræðsla ríkisins er svo klár skírskotun í að þetta viðfangsefni er á ábyrgð þjóðarinnar og að ekki er ætlunin að einkavæða eða selja það. Þegar Ísland er tekið úr heitinu og stofnunin kölluð bara Landgræðslan er þeirri hættu boðið heim að hugtakið hafi ekki sama sess og áður var í huga þjóðarinnar. Kannski verður þessi mikilvæga starfsemi síður meir ekki í sama mæli á ábyrgð þjóðarinnar og nú er. Þess vegna er ég andvígur tilhneigingunni sem þarna er dregin fram í nafngiftinni, að vera að stýfa hana og fjarlægja undan ábyrgð og skyldum þjóðarinnar.

Ég vil síðan aðeins örstutt víkja að 3. gr. þessa nýja frv. þar sem kveðið er á um auknar skyldur sveitarstjórna þar sem segir, með leyfi forseta: „Sveitarstjórnum er skylt að fylgjast með ástandi gróðurs og jarðvegs á afréttum og heimalöndum og skulu þær hafa um það samráð við Landgræðsluna." Síðan eru talin upp allmörg verkefni og áhersluverkefni sem sveitarstjórnir eiga að hafa eftirlit með og bera ábyrgð á. Það er alveg ljóst að þessum auknu verkefnum fylgir kostnaður, tvímælalaust. Það er vandi með að fara þegar lög eru samþykkt á Alþingi — þótt margt gott megi segja um meiningu þeirra — ef þau fela í sér auknar fjárhagslegar kvaðir á þriðja aðila eins og í þessu tilviki á sveitarfélögin. Alþingi getur auðveldlega samþykkt lög og kveðið á um auknar kvaðir, skuldbindingar og kostnaðarhlutdeild sem Alþingi ber þá sjálft ábyrgð á og ríkissjóður, en það er vandasamara þegar lög eru sett sem færa ábyrgð yfir á annan opinberan aðila sem ekki getur komið að þeirri lagasetningu. Ég hygg að mörgum sveitarstjórnum finnist það orðinn ærinn kostnaður og ábyrgð sem þær hafa af þessum verkefnum. Það er þá spurt hvort ríkissjóður eigi ekki að koma með sérstökum hætti inn í þessa vörslu og eftirlitið til að varpa þessu ekki nánast einhliða yfir á sveitarstjórnirnar. Ég vildi varpa þessari skoðun inn í umræðuna.

Auk þess fer ekki hjá því að manni verði hugsað til annarra auðlinda en bara þeirra sem eru á landi. Hér er skýrt kveðið á um að viðkomandi sveitarstjórnir skuli bera mikla ábyrgð og hafa mjög náið eftirlit með nýtingu auðlindanna á landi hvað varðar grasnytjar, beit og meðferð og verndun þessara auðlinda. Það er í sjálfu sér vel að heimaaðilar beri þessa ábyrgð. En hvers vegna er það þá ekki líka sett inn að sveitarstjórnirnar beri hliðstæða ábyrgð og ráðstöfun á nýtingu auðlindanna meðfram ströndum landsins? Hvers vegna er þá allt í einu annar lagabálkur og allt annað fyrirkomulag? Auðlindirnar meðfram ströndum landsins eru jafndýrmætar hvað varðar nýtingu, umhverfisvernd og verndun og meðferð þessara náttúruauðlinda, eru alveg jafndýrmætar þeim íbúum sem þar búa og þessar auðlindir á landi. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. landbrh. hvort honum finnist ekki verulegt ósamræmi í þessu, að auðlindirnar meðfram ströndum landsins lúti allt annarri forsjá en sveitarstjórnanna. En auðlindirnar á landi eru rækilega tíundaðar á ábyrgð viðkomandi sveitarstjórna og viðkomandi íbúa sem mér finnst vel. Væri ekki ráð að hæstv. ráðherra beitti sér í þessa veruna og færði ráðstöfun á auðlindum sjávarins og auðlindunum meðfram ströndum landsins, á strandmiðunum og strandgrunninu, undir sveitarstjórnirnar og undir heimafólk með líkum hætti og hér er gert með auðlindir á landi? Ég held að það væri ein sterkasta og besta búsetuaðgerðin sem stjórnvöld gætu gert auk þess sem það mundi í miklu ríkara mæli tryggja vernd og skynsamlega og sjálfbæra nýtingu auðlindanna meðfram ströndum landsins.

Ég vil láta það vera mín síðustu orð, virðulegi forseti, í þessari umræðu að eitthvert brýnasta verkefni í meðferð á náttúruauðlindum okkar er að meðferð þeirra, nýting, verndun og ræktun verði sjálfbær á ábyrgð þess fólks sem býr við þær auðlindir, og það á að gilda jafnt á landi sem meðfram ströndum landsins. Ég skora á hæstv. landbrh. að beita sér í þeim efnum.

[16:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna þess er hæstv. forseti greip inn í umræðuna hjá hv. þm. Gísla Einarssyni langar mig að segja að það er dálítið skemmtilegt að vera málflytjandi á Alþingi Íslendinga. Það er dálítið sérstakt þegar ráðherra flytur mál sín sem í dag hafa verið frv. um afréttamálefni og fjallskil. En þá finnst manni allt í einu eins og maður sé staddur á brúsapalli einhvers staðar á þjóðveginum.

Ég þakka þeim sem hafa setið við þessa umræðu, fylgst með henni frá upphafi og verið við hana. En þegar líður á umræðuna koma nýir og nýir óþreyttir menn inn til að tala við manninn sem stendur við brúsapallinn og spyrja hann sömu spurninga og hann hefur margsvarað fyrr um daginn. Þetta hefur lengi verið siður í þinginu og er kannski ósiður. Síðan leyfa menn sér auðvitað að tala um allt önnur málefni, hæstv. forseti, en á dagskrá voru.

Þar sem þetta voru afréttamálefni og fjallskil þá fannst mér þessir tveir hv. þm. sem síðast komu — annar er nú horfinn — óþreyttir inn í umræðuna hafi komið úr allt annarri átt og jafnvel talið að hér væri allt annað málefni á dagskrá, t.d. rétturinn til strandveiða. Það hefði mátt skilja á hv. síðasta ræðumanni en það er allt annað mál. Kannski eru þingmenn líka í því hlutverki að koma hér að brúsapallinum og hrópa til vegfarenda skoðanir sínar undir hverju máli sem er til að koma baráttu sinni á framfæri. Það er í sjálfu sér virðingarvert.

Ég vek að gamni mínu athygli á þessu í lok umræðunnar um leið og ég reyni að svara hv. þm. Nú bý ég við að einn þeirra sem spurði mig heilmargra spurninga er fjarri, hv. þm. Gísli Einarsson. Ég á von á því að þegar ég hef lokið ræðu minni, hæstv. forseti, spretti hann enn fram og hafi ekki heyrt svör mín. Hins vegar er það kannski stundum svo að menn varðar ekkert um hvað ráðherrann segir. Þeir eru bara að koma sínu á framfæri, spyrja og spyrja án þess að svörin í sjálfu sér skipti máli.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom þó aðeins inn á málefnið og talaði um Landgræðslu Íslands. Landgræðslan hét og heitir Landgræðsla ríkisins, ekki Landgræðsla Íslands. Það er nú verið að breyta því heiti í landgræðslufrv. sem hér var rætt fyrr í vikunni eða í síðustu viku og verður bara Landgræðslan. En hv. þm. vildi hafa þetta Landgræðsla Íslands eða, eins og félagar hans ef ég þekki hann rétt, Landgræðsla ríkisins. Ég veit það ekki. Ég er búinn að margfara yfir það í dag af hverju verið er að breyta þessu. Það er til samræmis og einföldunar. Landgræðslan er Landgræðslan í Gunnarsholti og Landgræðslan er Landgræðslan. Bændaskólinn á Hólum er ekki Bændaskóli ríkisins eða Bændaskóli Íslands — ég minnist á þetta af því að hv. þm. þekkir það — en hann er auðvitað bændaskóli þjóðarinnar. Hann er ríkisstofnun þó hann heiti Bændaskólinn á Hólum. Ég hef farið yfir þetta allt saman áður í dag. Ég kýs svo, hæstv. forseti, að ræða auðlindir sjávarins undir þeim lið þegar þau mál eru á dagskrá. Það er bara allt annað mál og heyrir ekki undir málefni afréttanna sem við erum að kynna.

Hv. þm. Gísli Einarsson fór mikinn um sauðfjárbúin, fækkun þeirra á Vesturlandi og um allt land, um kjötmálin o.s.frv. Það er umræða sem hér hefur farið fram og auðvitað ágætisumræða. Hins vegar er best að hún sé undir sínum lið. Ég er alla daga að ræða þessi málefni og er tilbúinn til þess hvenær sem er en kýs að koma þessu frv. um afréttamálefni og fjallskil áfram til nefndarinnar án þess að blanda öllu sem undir mig heyrir inn í þá umræðu. Það er svo aftur sérmál.

Hv. þm. minntist á vanbeitt svæði í landinu. Það er sjálfsagt hárrétt. — Hv. þm. kemur nú inn í salinn þegar líður á ræðu mína. Nú á ég 28 sekúndur eftir. — Það er ekki verið að leggja neinar auknar byrðar á sveitarfélögin hér, ekki auknar byrðar. (**GE:** Gott.) Og ég vil að lokum segja, þar sem hv. þm. minntist á vanbeitt svæði, að það eru líka til svæði eins og t.d. eyjarnar í Vestmannaeyjum sem haldast algrónar af því að þar er sauðfé og þær eru nýttar. Sauðkindin gerir líka gagn í gróðurvernd og það er gaman að fara um eyjarnar og sjá hvernig hinir hamingjusömu sauðfjárbændur þar hafa þetta fyrir hobbí og yndi fjölskyldurnar, að verja úteyjarnar og gróður þeirra með því að beita sauðfé þar.

[16:52]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vildi ég koma því sjónarmiði mínu á framfæri að ég teldi miklu nær hug Íslendinga og þeirri ábyrgð sem við viljum bera sameiginlega á landgræðsluverkefnum í landinu að stofnunin héti Landgræðsla ríkisins eða Landgræðsla Íslands.

Ég get líka upplýst hæstv. landbrh. um að vissulega verða breytingar á nafngiftum. Bændaskólinn á Hólum fékk nafn sitt einungis af því að þjóðskránni datt í hug að skrá hann með þeim hætti en hefur nú aftur fengið sitt formlega og gamla nafn, Hólaskóli. Þannig að hann heitir núna Hólaskóli, til leiðréttingar fyrir hæstv. ráðherra.

Ég vil draga athyglina að því að ég og margir aðrir erum aldir upp við að nytjar jarðarinnar þar sem við ólumst upp á fólust jöfnum höndum í landi og sjó. Í mínum uppvexti var ekki gerður greinarmunur á meðferð, nýtingu eða mikilvægi auðlindanna hvort sem þær voru í sjó, við ströndina eða í dalverpinu fyrir ofan bæinn. Ég tel að það væri betra ef litið væri á auðlindirnar frá þessum samræmda sjónarhóli. Enn eru jarðir og búskapur metin, verðmæti þeirra og möguleikar metnir út frá báðum þessum þáttum, auðlindunum meðfram ströndum landsins og á landinu sjálfu.

Þegar menn meta búskaparhæfni jarða á einmitt að horfa til þessara beggja hátta og líka verndunar og meðferðar þeirra auðlinda sem þar liggja undir. Þess vegna tel ég og vildi koma því sjónarmiði á framfæri við hæstv. ráðherra að þessu yrði snúið í þann veg stjórnsýslulega séð.

[16:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Landbrh. hefur ekkert á móti því að verða landbrh. sjávarjarðanna og tekur undir þau sjónarmið sem hv. þm. setur hér fram, að það var réttur jarðanna til forna og fram eftir allri síðustu öld að eiga sinn reka og veiðirétt. Það eru auðvitað stórmál sem verið er að fjalla um núna á meðal bænda og þeir eru að vinna sín gögn í því. En það mál er ekki til umræðu í dag. Þó að maðurinn við brúsapallinn vilji láta sjónarmið sín koma fram við þessa umræðu þá ræður sá sem hér er engu um það en hæstv. forseti brosir og hefur auðvitað gaman af þessari umræðu eins og aðrir þegar hún fer út um víðan völl en þannig er nú lífið. Kannski auðgar það umræðuna fyrir þá sem fylgjast með í sjónvarpinu að hér er lifandi umræða. Kannski má maður ekki kallan þennan virðulega stól brúsapall heldur er þetta ræðustóll í Alþingi Íslendinga sem er hátíðlegur ræðustóll og hin alvarlegustu mál eru hér krufin og rædd.

Ég skil það ósköp vel að hv. þm. sakni ríkisins úr nafngiftinni. Það er í eðli hans flokks, vinstri grænna, rauðra grænna. Ég var búinn að fara yfir þetta fyrr í dag og sagði þá að kommarnir hefðu komið svo miklu óorði á ríkið í mörgum þjóðlöndum að eiginlega vildi enginn hengja það aftan á sig. Þeir hafa lagt auðug lönd, nytjalönd, í auðn og skapað fátækt með kerfi sínu og stjórnmálastefnu. Við deildum um þetta hér, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem taldi reyndar að frjálshyggjan hefði komið óorði á nafn ríkisins. Það er auðvitað umræðuefni. Ég vil að Landgræðsla ríkisins heiti Landgræðslan, Landgræðslan í Gunnarsholti eins og skýrt var tekið fram hér, hæstv. forseti.

[16:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það þurfi að setja sérstök lög um afréttamálefni til þess að smala hæstv. landbrh. að brúsapallinum og láta hann vera þar. Hæstv. ráðherra fór um víðan völl og vildi meira að segja að draga kommúnista til ábyrgðar fyrir landbúnaðarstefnu hans og í ríkisrekstur. Ég held að það sé annað vandamál sem hæstv. landbrh. hefur

núna við að glíma, alla kommúnistana í Sjálfstfl. og Framsfl. sem eru að takast á í einkavæðingarherferð ríkisstjórnarinnar, hvort sem það er Landssíminn eða bankarnir, miðað við þær sögur sem af því berast. Það er einmitt gott dæmi um það hvernig hæstv. ríkisstjórn fer vill vegar á vegferð sinni. Hún ætti að fara sem fyrst frá, a.m.k. ef þessu heldur áfram.

En ég ítreka, herra forseti, að ég tel að það væri kostur að horfa sameiginlega á hag búsetunnar bæði út frá kostum landsins og líka út frá gæðunum meðfram ströndum landsins. Ég treysti því að hæstv. landbrh. hafi þau áhrif sem honum er mögulegt innan ríkisstjórnarinnar til að þeir hagsmunir geti þannig farið saman.

[16:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað mjög merkilegt. Hv. þm. heldur sig áfram langt fyrir utan málefnið því að hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um afréttamálefni og fjallskil. Hann heldur sig hins vegar áfram við ströndina í ræðum sínum en við því er auðvitað ekkert að gera.

Hins vegar hef ég alltaf jafngaman af því þegar ég minnist á kommana, þá fer titringur um menn. (**JB:** Síberíukommana í Sjálfstfl.?) Ég minnist á þetta hlutverk ríkisins og geri svo að gamni mínu að tala um kommana og vinstri græna í því sambandi og held að þeir séu vinstri grænir og eitthvert nýtt afl. En þeir verða alltaf eins og feimin rjóð dama á dansiballi ef minnst er á kommana. (**JB:** Kommissarana í Framsfl.?) Hjartað fer að slá örar og þeir stökkva í vörnina. Það segir mér að kannski eru þeir bara refir í sauðargæru, enn þá með rótina í gömlu stefnu þess flokks sem áður var til en nú er fallinn frá, Alþýðubandalagsins. En við skulum ekki deila um það.

Ég vil bara í lokin, hæstv. forseti, þakka þessa umræðu, þá málefnalega umræðu sem ekki síst fór fram framan af degi. Við hinu er ekkert að gera. Þingmenn hafa málfrelsi og vilja koma að sjónarmiðum sínum. Ég þakka þeim að lokum fyrir þann áhuga sem þeir hafa í dag sýnt málaflokki mínum og málefnum landbúnaðarins yfirleitt þó ég sé að vísu miklu sáttari við þá sem settust við brúsapallinn eða ræðustólinn þegar umræðan hófst, fylgdu henni eftir í sókn og vörn og héldu sig við umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 1. umr.

Stjfrv., 600. mál (gjaldstofn). — Þskj. 946.

[17:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 946 í máli nr. 600, en um er að ræða frv. til laga sem mun hafa í för með sér breytingar á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Með frv. þessu er leitast við að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, í þeim tilgangi að tryggja að búnaðargjald greiðist eingöngu af framleiðslu en ekki af öðrum þáttum, t.d. heildsöluverði, þannig að búnaðargjald reiknist aðeins einu sinni af sömu framleiðslu. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að við lög nr. 84/1997 bætist nokkur ákvæði sem feli í sér eftirtaldar breytingar á lögunum.

Í fyrsta lagi bætist sérstakt ákvæði við 2. gr. laganna þar sem fram kemur að ef framleiðandi annast sjálfur vinnslu og/eða sölu afurða sinna, eða annar aðili í hans nafni, er framleiðanda heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kostnað/virðisauka af þeirri starfsemi. Enn fremur er heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kaupverð lífdýra sem keypt eru til áframeldis til framleiðslu búfjárafurða.

Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framleiðendum verði gert skylt að sundurgreina framleiðslu sína eftir starfsstöðvum ef aðsetur þeirra er annað en lögheimili framleiðandans og á starfssvæði annars búnaðarsambands.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að innheimtuhlutfalli fyrirframgreiðslu verði breytt á þann veg að það verði jafnt skatthlutfalli búnaðargjaldsins.

Í fjórða lagi er í frumvarpinu að finna ákvæði um gildistöku þess við innheimtu fyrirframgreiðslu og við álagningu gjaldsins.

Ljóst er að tilgangur laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, er sá að búnaðargjaldið leggist eingöngu á framleiðslu. Framkvæmdin hefur hins vegar verið misjöfn til þessa vegna mismunandi túlkunar á 2. mgr. 3. gr. laganna og mismunandi fyrirkomulags í afurðasölu. Í framkvæmd hefur í einhverjum tilvikum orðið misbrestur á að búnaðargjald sé eingöngu lagt á framleiðslu í samræmi við tilgang laganna. Einnig hefur þess orðið vart að í einstökum búgreinum sé búnaðargjald lagt á sömu framleiðslueiningar oftar en einu sinni. T.d. háttar þannig til með garðyrkjuafurðir að meiri hluti þeirra er seldur í umboðssölu hjá afurðafyrirtækjum. Bændur fá þá afreikning sem sýnir heildsöluverð en síðan er dregin frá söluþóknun, u.þ.b. 20%. Heildsöluverðið myndar síðan stofn til búnaðargjalds vegna þessa fyrirkomulags. Slík gjaldtaka er ekki tilgangur laganna og er ekki í samræmi við gjaldtöku af mjólk og kjöti, þar sem framleiðendaverðið myndar gjaldstofninn.

Þar sem framleiðendur annast vinnslu eða heildsölu afurða sjálfir liggja oft ekki fyrir skýrar upplýsingar um sundurgreiningu verðmyndunar. Hér er því lagt til að farin verði sú leið að ríkisskattstjóri setji matsreglur um hámarksfjárhæð vegna vinnslu og/eða sölu afurða sem komið geti til frádráttar við ákvörðun stofns til búnaðargjalds. Við ákvörðun þeirrar fjárhæðar skal ríkisskattstjóri taka mið af markaðsverði viðkomandi þjónustu hverju sinni. Jafnframt er í greininni kveðið á um að kaup lífdýra skuli ekki mynda stofn til búnaðargjalds þegar um er að ræða áframeldi til framleiðslu búvara. Vegna mismunandi framleiðsluskipulags í eggja- og kjúklingabúskap er misjafnt hve þungt búnaðargjaldið vegur í kostnaði einstakra framleiðenda.

Í nokkrum tilvikum hefur átt sér stað umframgjaldheimta hjá minni framleiðendum en hjá þeim stærri, sem annast allt uppeldi sjálfir, hefur það m.a. komið fram í hækkun á eggjaverði. Dæmi er um það í fleiri búgreinum að sérhæfing á mismunandi stigum framleiðslunnar valdi sams konar mismunum í álagningu búnaðargjaldsins.

Í frv. er sú skylda lögð á framleiðendur að sundurgreina framleiðslu sína við uppgjör til búnaðargjalds. Hún er byggð á að nokkur dæmi eru um að framleiðendur reki starfsstöðvar á fleiri stöðum en einum og njóti þar þjónustu viðkomandi búnaðarsambands. Eðlilegt þykir að greiðsla búnaðargjalds fari fram á sama starfssvæði og framleiðslan. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður búnaðargjald sundurgreint eftir starfsstöðvum þannig að hvert búnaðarsamband nýtur tekna af þeim starfsstöðvum sem eru á starfssvæði

þess, enda er gert ráð fyrir að þessar stöðvar njóti þjónustu viðkomandi búnaðarsambanda.

Í frv. er lagt til að breyting verði gerð á innheimtuhlutfalli búnaðargjalds í fyrirframgreiðslu samkvæmt 4. gr. laganna til samræmis við skatthlutfall. Í frv. er hún til komin vegna þess að skatthlutfallið var lækkað úr 2,65% í 2,55% með lögum nr. 112/1999, um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Innheimtuhlutfalli í fyrirframgreiðslu var hins vegar ekki breytt með sama hætti og er því lagt hér til að innheimtuhlutfallið verði fært til samræmis við skatthlutfallið en ekki þykir eðlilegt að innheimtuhlutfallið sé hærra en skatthlutfallið.

Gildistökuákvæði frv. skýrir sig að mestu sjálft en samkvæmt því er gert ráð fyrir að ef frv. verði að lögum komi ákvæði 1. og 2. gr. frv., um heimild til frádráttar frá stofni til búnaðargjalds og um sundurliðun gjaldstofnsins til búnaðargjalds eftir starfsstöðvum, til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árunum 2003. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði 3. gr. um breytingu á innheimtuhlutfalli fyrirframgreiðslu búnaðargjalds komi til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2002.

Um búnaðargjald af búvöruframleiðslu fyrir þann tíma fer hins vegar eftir eldri lögum eða ákvæðum laganna eins og þau eru í dag. Á fylgiskjali með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar og athugasemdar er fylgja frv.

Hæstv. forseti. Frv. þetta er lagt fram í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, í þeim tilgangi að tryggja að innheimta búnaðargjalds samrýmist tilgangi laganna, þ.e. að gjaldið greiðist eingöngu af framleiðslu.

Einnig eru lagðar til breytingar sem miða að því að búnaðargjaldið renni til þeirra búnaðarsambanda sem viðkomandi framleiðandi nýtur þjónustu hjá auk þess sem gerðar eru nauðsynlegar lagfæringar á innheimtuhlutfalli fyrirframgreiðslu búnaðargjalds og það samræmist skatthlutfalli gjaldsins. Hér er einungis um að ræða breytingar á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, sem komið hefur í ljós við framkvæmd laganna að eru nauðsynlegar til þess að tilgangi laganna verði náð og innheimta búnaðargjalds verði sanngjörn og á þann veg sem kveðið er á um í lögunum. Hér er, eins og gerð hefur verið grein fyrir, einungis verið að renna styrkari stoðum undir framkvæmd laga sem lögfest voru á Alþingi árið 1997 og hafa að öðru leyti reynst vel í framkvæmd.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[17:09]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Árið 1997, það er ekki lengra síðan, gerðum við síðast breytingar á lögum um búnaðargjald. Nú hefur komið í ljós, þegar reynt hefur á þessi lög, að þau hafa ekki virkað að öllu leyti. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að leggja fram frv. til breytinga á lögum til að styrkja lögin og ítrekað að einungis sé ætlast til að búnaðargjald sé greitt af framleiðslu en ekki öðrum þáttum, t.d. heildsöluverði. En því miður hefur orðið misbrestur á þessu við framkvæmd laganna.

Það er aðeins ætlast til að gjaldið sé reiknað einu sinni af sömu framleiðslu. Samkvæmt því sem hér stendur skilst mér að það hafi líka borið við að búnaðargjald hafi verið tvíreiknað og kannski margreiknað af sömu framleiðslu. Þetta sáum við náttúrlega ekki fyrir þegar við vorum að vanda okkur við að gera þessi lög árið 1997 en ef þetta er rétt er náttúrlega um að gera að reyna að grípa inn í málið og breyta lögunum þannig að þau virki eins og til er ætlast.

Talað er um að framleiðandi sem annast sjálfur vinnslu eða sölu afurða sinna eigi aðeins að þurfa að borga af framleiðslukostnaðinum og draga eigi frá stofni búnaðargjalds kostnað eða virðisauka af þeirri starfsemi hans til viðbótar við framleiðsluna. Einnig er ætlast til að kaupverð lífdýra sem notuð eru til áframeldis sé dregið frá framleiðslunni. Ég tek undir að ef það er rétt, að misbrestur hafi verið á framkvæmd þessara laga af þessum sökum, er auðvitað rétt og skylt að ítreka það með þessum breytingum. Einnig er lögð áhersla á að framleiðslan sé sundurgreind eftir starfsstöðvum og innheimtunni breytt til að jafna skatthlutfall búnaðargjaldsins.

Í þessu frv. ákvæði um gildistöku og innheimtu fyrirframgreiðslu við álagningu gjaldsins. Það er talið að í einhverjum tilvikum hafi orðið misbrestur á að búnaðargjald væri eingöngu lagt á framleiðslu í samræmi við tilgang laganna eins og hér stendur. Einnig er tekið fram að fyrir hafi komið að búnaðargjald væri lagt á sömu framleiðslueiningar oftar en einu sinni. Ég verð að segja að þetta fer fram úr mínum villtustu fantasíum þar sem ég vann að samningu þessara laga á sínum tíma. Mér fannst að það væri einmitt séð við öllu slíku í lögunum en svo hefur ekki reynst vera.

Búnaðargjald á að greiða á starfssvæðinu þar sem framleiðslan fer fram, sem er náttúrlega sjálfsagt mál. Að lokum er lögð til breyting á innheimtuhlutfalli búnaðargjalds í fyrirframgreiðslu til samræmis við skatthlutfall en skatthlutfallið var lækkað með lögum nr. 112/1999, um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins, án þess að innheimtuhlutfalli fyrirframgreiðslu væri breytt með sama hætti.

Eftir því sem mér virðist af frv. sem ég hef reynt að fara vel í gegnum, þetta er ekki mjög margort frv., er ekki annað að sjá en að þetta sé bara sjálfsagt mál. Ég geri ráð fyrir að eftir að hv. landbn hefur farið vel yfir málið munum við leggja til að frv. verði samþykkt. En auðvitað munum við fara mjög vel ofan í efnisatriði málsins í hv. nefnd.

Í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu stendur að ekki verði séð að frv. hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Þá freistast ég til að draga þá ályktun að það hafi ekki verið mjög algengt eða víðtækt að búnaðargjald hafi verið innheimt af öðrum þáttum en átti samkvæmt lögunum að innheimta, fyrst fjmrn. telur ekki að þetta frv., sem á að setja undir þann leka sem hér hefur verið minnst á, hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

[17:16]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum. Verið er að samræma greiðslur allra búgreina, þ.e. að fyrirframgreiðsla búnaðargjalds verði sama og skatthlutfall búnaðargjaldsins. Það sem skiptir máli er að sömu reglur gildi um allar búgreinar. Hér er einnig verið að leiðrétta það að ekki verði tvískattað, bæði á grunnframleiðsluna og eins á vinnslu afurðanna og að sama regla gildi hjá öllum búgreinum.

Þegar þetta er skoðað aðeins betur kemur í ljós í 1. gr. sem segir: „Annist framleiðandi sjálfur vinnslu og/eða sölu afurða

sinna, eða annar aðili í hans nafni, er framleiðanda heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kostnað/virðisauka af þeirri starfsemi samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra." Það á við nokkrar greinar og þá sérstaklega garðyrkjuna en gæti eins verið í hænsnarækt og loðdýrarækt.

Það er kannski ekki mikið um frv. að segja annað en að hér er um leiðréttingar að ræða og verið er að gæta að búvörugjaldið fari til viðkomandi búnaðarsambands þar sem framleiðslan er, en með breyttum búskaparháttum hefur borið á því að einstakir framleiðendur, ég nefni þá hænsnarækt og svínarækt, að sami bóndi eða framleiðandi sé með starfsstöðvar á fleiri en einu búnaðarsambandssvæði. Hér er verið að tryggja að greiðslur þessa gjalds renni til viðkomandi búnaðarsambands þannig að tryggt sé að það hafi réttmætar tekjur en ekki eins og er í dag að nú geti lögheimili viðkomandi framleiðanda verið á einum stað, hjá einu búnaðarsambandi, en hann verið svo með framleiðslu á nokkrum stöðum sem eru innan mismunandi búnaðarsambanda og þau fá þá í dag ekkert gjald. Verið er að samræma gjaldið, að fyrirframgreiðslan verði sú sama og skatthlutfall búnaðargjaldsins.

Við förum svo vel yfir frv. í hv. landbn. og berum saman mismunandi framleiðslugreinar, eins og garðyrkjuna sem hefur tekið á sig hærra greiðsluhlutfall en aðrir, og kynnum okkur þetta vel þannig að um leiðréttingar verði að ræða og ekki þurfi að koma að breytingum í bráð á þessum lögum.

[17:21]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nú ræðum við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum. Komið hefur fram í máli hæstv. landbrh. sem fylgir frv. úr hlaði að markmið þessarar lagasmíðar sé að búnaðargjaldið eigi að greiðast af framleiðslunni en ekki þegar búið er að bæta ýmsum kostnaði á framleiðsluna, eins og t.d. heildsöluálagningu eða smásöluálagningu eða öðrum kostnaði sem kemur á landbúnaðarvörur.

Þá er gert ráð fyrir í frv. að ekki sé hægt að leggja sama gjaldið tvisvar á sömu framleiðsluna. Þetta er því í réttlætisátt.

Þetta búnaðargjald rennur eftir því er ég kemst næst til Bændasamtakanna og í búnaðarsamböndin, eins og kom fram, í búgreinafélög, Bjargráðasjóð landbúnaðarins og Lánasjóð landbúnaðarins. En þá vakna spurningar, herra forseti, sem ég vil beina til hæstv. landbrh. hvort hafi verið hafi í umræðunni við samningu laganna að jafna þessa greiðslu til búnaðarsambandanna. Við getum séð fyrir okkur svæði, herra forseti, þar sem er mikill landbúnaður og gífurlega mikill vöxtur verður í við skulum segja t.d. í kjúklingarækt og eggjaframleiðslu og það komi töluvert fjármagn í það. Þá hlýtur viðkomandi búnaðarsamband að fá töluvert fé. Spurningin er hvort það hafi verið í umræðunni að það gjald sem rennur til búnaðarsambandanna jafnist út á milli búnaðarsambandanna, að það fari eftir fjölda þeirra, því að þó að um sé að ræða minni búnaðarsambönd standa þau í ýmiss konar starfsemi sem er kannski ekkert miklu minni starfsemi en hjá þeim stærri sem eru svo heppin að vera staðsett á svæðum þar sem mun meira fjármagn kemur til vegna innheimtu þessa gjalds.

Það kemur fram, herra forseti, að hæstv. landbrh. aðhyllist jafnaðarmennsku og hann vill láta eitt yfir alla ganga í þessu sambandi og að ekki sé verið að láta suma greiða tvisvar sama gjaldið eða af sömu vöru og tel ég það vera vel. Líka að ekki sé verið að hækka þetta gjald, hafa gjaldið hærra á sumar afurðir en á aðrar.

Frumvarpið fer vænti ég til hv. landbn. og ég á von á því að það fái góða umfjöllun þar og sjálfsagt verða brúsapallsumræður, eins og hæstv. landbrh. talar um í líkingamáli, í þinginu um hin ýmsu gjöld sem lögð eru á landbúnaðinn og til hvers þau eru og hverjir fá þá fjármuni og hvernig moðað er úr þeim fyrir hvern og einn.

[17:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér sýnist að það sem verið er að lagfæra með frv. þessu um breytingu á lögum um búnaðargjald, sé í raun og veru sjálfsagt mál, þ.e. að tryggja það betur en kannski er gert í núgildandi lögum að búnaðargjald greiðist eingöngu af framleiðslu en ekki af öðrum þáttum eins og kannski sölukostnaði vöru eða einhverri umsýslu með hana. Það er þannig sem lögin hljóða og sú hefur framkvæmdin átt að vera að þessi gjaldstofn miðaðist við verðmæti vörunnar á framleiðslustigi eða eftir framleiðslu en kostnaður sem þar bættist við myndaði ekki stofn til greiðslu búnaðargjalds.

Sama gildir um hitt atriðið, að koma í veg fyrir að einhvers konar uppsöfnun geti orðið, ef svo má að orði komast, í gjaldstofninum og aldrei sé lagt á gjald nema einu sinni á sama stofninn. Ég hef að vísu ekki heyrt af því miklar sögur að þarna hafi verið gölluð framkvæmd á en það kann þó að vera með hliðsjón af því sem hér er vísað til, m.a. varðandi skattalega meðferð hlutanna, að nauðsynlegt sé að gera þessar breytingar til að taka af allan vafa í þessum efnum.

En það sem ég vildi aðeins gera að umtalsefni, herra forseti, úr því að málefni sem varða búnaðargjaldið eru til umfjöllunar á annað borð, er ósköp einfaldlega framtíð þessa fyrirkomulags og það er gjaldtakan sem slík og þá sérstaklega sá þáttur hennar sem enn rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins og myndar tekjustofn til niðurgreiðslu vaxta hjá þeim sjóði. Ég spyr m.a., herra forseti, að því gefna tilefni að á nýafstöðnu búnaðarþingi var samþykkt ályktun þar sem skorað er á Alþingi að taka lög um búnaðargjald, þ.e. þau hin sömu og við erum með í höndunum, til endurskoðunar og breyta þeim þannig að gjaldið verði lækkað í 2% af þessum álagningarstofni, framleiðsluverðmæti búnaðargjaldsskyldra búvara.

Frumvarpið sem hér er flutt kemur ekki inn á þetta atriði. Að vísu er hér um 10 punkta lækkun á gjaldinu að ræða úr 2,65% í 2,55% en ljóst er að þar er ekki á ferðinni sú lækkun sem búnaðarþing var að ályktа um, sem gerði ráð fyrir að gjaldið lækkaði niður í heil 2% og væntanlega að það yrði fyrst og fremst Lánasjóður landbúnaðarins sem yrði þá af tekjum vegna þeirrar lækkunar. Mér þykir ekki trúlegt að menn telji að aðrir aðilar þarna séu vel aflögufærir þó að það kunni að koma til greina að t.d. Bjargráðasjóður þyldi einhverja lækkun en a.m.k. hef ég engar fregnir haft af því að Bændasamtökin eða búnaðarsamböndin telji sig aflögufær til að taka þátt í lækkun þessara tekjustofna sinna sem búnaðargjaldið er.

Herra forseti. Þetta mál er býsna stórt vegna þess að hin félagslega uppbygging landbúnaðarins, ef svo má að orði komast, í gegnum sameiginlegan fjárfestingarlánasjóð, áður Stofnlánadeild landbúnaðarins, nú Lánasjóð landbúnaðarins, hefur auðvitað byggt á þeirri millifærslu, þeirri gjaldtöku sem búnaðargjaldið er. Þær tekjur hafa gert sjóðnum kleift

að greiða niður vexti svo munar talsverðum fjárhæðum. Vaxtakjörin eru þar af leiðandi nokkrum prósentustigum lægri en ef um fulla markaðsvexti væri að ræða. Ætli vextir séu ekki einhvers staðar í kringum 3% núna af þeim lánum sem eru með niðurgreiddum vöxtum. Þeir hafa að vísu hækkað undanfarin ár vegna þess að dregið hefur úr tekjum stofnlánadeildar og síðan lánasjóðsins af þessum sökum. En þannig eru vextirnir í staðinn fyrir 6–7% sem vænta mætti af verðtryggðum lánum ef markaðsvextir væru þarna á ferðinni.

Ég verð að segja eins og er, að maður er dálítið hugsi yfir því þegar ályktanir berast frá búnaðarþingi um að ganga enn lengra í þessa átt og draga úr tekjuöflun sem runnið hefur til þessa sameiginlega fjárfestingarlánasjóðs greinarinnar.

Nú má að sjálfsögðu horfa á þetta frá þeim sjónarhóli að gott sé að þessi gjaldtaka lækki þannig að framleiðslukostnaður sé sem minnstur og það leggist sem minnst ofan á vöruverðið á því stigi. En þá verða menn líka að horfa á hina hliðina, að hin hagstæðu lán sem bændum sem standa í uppbyggingu og fjárfestingum hafa staðið til boða upp að vissum stærðarmörkum í búskap sínum hafa skipt gríðarlega miklu máli fyrir þessa atvinnugrein. Nógu erfiður er þröskuldurinn sem kynslóðaskipti í landbúnaði þurfa að klofast yfir í dag þó að ekki bættist við að fjárfestingarlánin yrðu dýrari og erfiðara að ráðast í þær framkvæmdir sem oft eru samfara kynslóðaskiptum og nýju uppbyggingarskeiði á bújörðum. Þar hefur vaxtaniðurgreiðslan skipt miklu máli og sú millifærsla sem þar er á ferðinni hjálpað til. Hún felur í raun og veru í sér að rótgrónir bændur með uppbyggð bú sem ekki standa í miklum fjárfestingum taka í gegnum greiðslu búnaðargjaldsins, þann hluta sem rennur til lánasjóðsins, þátt í að greiða niður fjárfestingarkostnað hinna sem standa í fjárfestingum og uppbyggingu hverju sinni. Þannig styðja kynslóðirnar við bakið hver á annarri. Þetta er að mínu mati fyrirkomulag sem á margan hátt er til fyrirmyndar, er félagslegt og hefur þjónað þessari stétt vel. Menn verða að huga að öllum endum, köntum og hliðum málsins áður en hrapað er að breytingum í þessum efnum.

Staðreyndin er auðvitað sú að ef mikið lengra verður gengið á þessari braut, að lækka þann hluta gjaldsins sem rennur sem tekjustofn til lánasjóðsins, fer hver að verða síðastur að viðhalda því fyrirkomulagi. Þá munu án efa koma upp raddir um að réttast væri bara að hætta þessu alveg vegna þess að tekjurnar væru orðnar svo litlar að það taki því ekki að standa í þessu og halda utan um millifærsluna sem þarna er á ferðinni.

Mér finnst óeðlilegt annað, herra forseti, en þessi mál beri á góma úr því að svona stendur á. Alþingi hefur í höndunum frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðargjald. Sömuleiðis höfum við í höndunum glænýja ályktun frá búnaðarþingi þar sem skorað er á þingið að taka þessi mál til skoðunar. Það má vel vera að í þessu frv. séu fólgin ákveðin skilaboð um að hæstv. ráðherra hyggist flýta sér rólega í þessum efnum og aðhafast ekki, a.m.k. ekki á þessu þingi. Það hlýtur að teljast verjanlegt út frá þeim sjónarmiðum að menn vilji í öllu falli skoða málin en hitt er ljóst að menn hljóta að taka alvarlega ályktun búnaðarþings af þessu tagi og taka hana til skoðunar. Það er ekki þar með sagt að löggjafinn sé bundinn af henni eins og hún kemur fyrir. Því ræður að sjálfsögðu Alþingi sem skipar þessum málum með lögum. En ég hygg að venjan sé að hlusta á það sem kemur frá atvinnugreininni þegar um afgerandi stefnumótandi ályktun af þessu tagi er að ræða.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað heyra hvað hæstv. ráðherra hefur um þetta mál að segja á þessu stigi. Er það viðhorf hans að bíða eigi með þessar breytingar og halda þeim aðgreindum og afgreiða þetta frv. eins og það kemur hér fyrir? Eða er ætlunin að hv. landbn. taki þetta hvort tveggja til skoðunar, þá mögulega með það í huga að gera einhverjar frekari breytingar á þessu þingi umfram það sem frv. gerir ráð fyrir?

[17:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. minnist á ályktun búnaðarþings og þá tillögu að lækka sjóðsgjöld nokkuð verulega, bæði gjöld til ráðunautastarfsemi og ekki síður til Lánasjóðs landbúnaðarins. Ég tel það hafa í för með sér sparnað í greininni upp á 100 millj. en á móti koma auðvitað vaxtahækkanir og annað. Ég er eins og þingheimur nýbúinn að fá þetta mál í hendur og hef ekki undirbúið frv. eða látið ráðuneytið undirbúa neitt frv. hvað það varðar. Það má auðvitað fara yfir það hvort landbn. taki það að sér, ég skal ekki segja um það. Auðvitað er eðlilegt, með svo stórt mál, að það fái pólitíska umræðu í þinginu. Mér fannst á búnaðarþingsfulltrúum að þeir teldu ólíklegt að ég kæmi þessu máli áfram í vor. En það er auðvitað undir viðhorfum þingmanna komið.

Ég tek undir með hv. þm. Ég vil ekki hunsa skilaboð búnaðarþings. Ég vil líka fara að þeim samningum sem bændur gera, t.d. eftir 66% atkvæða þeirra um að samþykkja sauðfjársamninga, svo ég minnist á það. Ég vil fara að þeirri stefnu þannig að ég er góður hlustandi þegar bændur álykta. Ég tel að þeir geri það yfirleitt af yfirvegun og vandvirkni. Ég er yfirleitt opinn fyrir því, ef hv. þm. eru þeirrar skoðunar, stjórnarflokkanir ekki síst, að menn eigi að hraða þessu máli, að ræða við formann landbn. og landbn. um þau mál á vorþinginu.

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held alla vega að til bóta væri að menn áttuðu sig á því hvernig þessi mál standa og í hvaða samhengi þetta frv. er við ályktun búnaðarþings og hvort menn ætli að taka hana upp í tengslum við þetta mál eða ekki.

Ég er ekki að mæla með því eða hvetja til að menn flýti sér um of og fari fram úr sjálfum sér. Ég tel t.d. óhjákvæmilegt að áður en farið sé út í þessa breytingu verði upplýsinga aflað frá Lánasjóði landbúnaðarins um hvaða áhrif þessi breyting hefði á hin eiginlegu vaxtakjör. Það þyrfti væntanlega að fá þaðan gögn um það mál, þ.e. hversu mikil vaxtahækkun skylli á bændum um leið og tekjur Lánasjóðsins til vaxtaniðurgreiðslna minnka, um þessar 100 millj. eða hvað það nú væri sem þessi lækkun gjaldsins úr 2,65% niður í 2% leiddi af sér.

Ég held að við komumst ekki lengra með þetta að sinni á þessu stigi málsins en hingað er komið, en málið verði þá skoðað í hv. landbn.

[17:39]

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 968.

Lyfjakostnaður lífeyrisþega, 617. mál, fsp. JóhS, þskj. 969.

Samgönguáætlun, 384. mál, brtt. minni hluta samgn., þskj. 966; nál. minni hluta samgn., þskj. 967.

Skipulag sjóbjörgunarmála, 619. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 971.

[17:40]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum. Búnaðargjald er greitt af framleiðslu á búvörum en í þessu frv. er verið að leiðrétta gjaldið, ef ég skil það rétt, þannig að gjald verði ekki greitt af sömu vöru nema einni sinni. Reiknað er með að heildsöluverð myndi gjaldstofninn. Af frv. má skilja að koma eigi í veg fyrir, eins og ég nefndi áðan, tvísköttun og það er vel. Það er ástæða til að fagna því ef vel er gert.

Innheimtuhlutfall fyrirframgreiðslu búnaðargjalds og skatthlutfall gjaldsins er skv. þessu frv. sett í sömu prósentu, þ.e. áætlað er að það verði 2,55%, eins og frv. er fram lagt, hvort heldur um fyrirframgreiðslu eða skatthlutfall er að ræða. Eins og ég skil búnaðargjald var það endurnýjað til þjónustu við landbúnaðinn sem eins konar þjónustugjald en hluti af því rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins og þar þyrftu menn kannski að skoða hlutina upp á nýtt. Í því sambandi má vitna til samþykktar nýafstaðins búnaðarþings.

Að þessu sögðu, herra forseti, er ástæða til að velta fyrir sér hversu mörg gjöld eru lögð á framleiðendur búvara. Eftir því sem ég man best er t.d. lagt verðmiðlunargjald á lambakjöt. Það var 7 kr. en hefur sennilega lækkað niður í 5 kr. Verðmiðlunargjald er innheimt á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár og telst til heildsölu- og dreifingarkostnaðar, sé það ákveðið af verðlagsnefnd búvöru. Þannig er þetta gjald ákveðið. Mig minnir að gjaldið hafi átt, ef ég man rétt — ráðlegt væri að spyrja hæstv. landbrh. hvort það sé ekki rétt — að virka sem jöfnun á flutningskostnaði að afurðastöð, þ.e. verðmiðlunargjaldið. Fróðlegt væri að fá að vita hjá hæstv. landbrh. hvort hann hefur í landbúnaðarkolli sínum, ef þannig má að orði komast, samantekt á þeim gjöldum sem bóndi með blandað bú, sauðfé, hross, kýr og garðyrkju gæti þurft að standa undir. Ég veit að þetta er flókið mál en ég hef grun um að gjöldin sem leggjast á bóndann séu af ýmsu tagi og ástæða sé til að fara yfir þá þætti.

Ég hygg að mörgum sé farið eins og mér, að gera sér ekki að fullu grein fyrir hversu margir kostnaðarliðir falla á framleiðsluna hjá bændum. Ég held að bændur, sem framleiðendur og neytendur, þurfi ásamt öðrum neytendum að fá glöggt yfirlit yfir það sem greitt er til bænda og hver skattlagningin á framleiðandann í heild er, m.a. á einstakar greinar ekkert síður en eilíflega að draga fram þann stuðning sem reiknaður er til landbúnaðarins í heild sinni. Aftur sjást sjaldan þau gjöld sem lögð eru á framleiðsluna fyrir utan þá skatta sem koma þar að auki, ýmiss konar neysluskattar sem bændur verða fyrir.

Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég tel að það sé til bóta og vil ítreka það. Vonandi verður hægt að komast að samkomulagi um jafnvel enn betri stöðu ef því er að skipta, ef menn telja að það komi til greina. Spurningarnar sem ég lagði fram lúta að þeim kostnaði sem er lagður á framleiðendur, ég tala ekki um þá sem reka blönduð bú.

[17:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil svara hv. þm. hreint út. Ég treysti mér ekki til að draga hér upp úr hatti mínum þær tölur, en það liggur auðvitað allt hreint fyrir hvaða gjöld þetta eru. Þetta hefur nú verið skorið mikið niður á síðustu árum og þessar tölur hafa lækkað. Auðvitað finnst mönnum þær of háar og vega þungt í kannski lélegri afkomu búsins að þurfa að borga svo mikið til þjónustugjalda. Ég tek því undir það með hv. þm. að á hverjum tíma þurfa menn að fara yfir þetta og reyna að hafa það í eins miklu hófi og hægt er. Þó vil ég samt minna á að félagshyggja er mikilvæg og samstaða bændanna og að þeir standi saman og komi saman að ákveðnum málum hvort sem það snýr að ráðgjöf, að því að jafna út einhverja flutninga eða að sameiginlegu átaki, kannski því að rétta unga fólkinu sem vill setjast að í sveitinni hjálparhönd, t.d. með sterkum Lánasjóði landbúnaðarins. Það er lífgjafi sem hjálpar mönnum til að takast á við að byggja upp bú sín og er það mikilvægt. En því miður hef ég ekki, hv. þm., þessar tölur hér og vil ekki fara með rangt mál í þeim efnum þannig að við verðum að gera það í annan tíma og betri að fara yfir þau mál.

[17:47]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. hreinskilnina í þessum efnum. Ég gerði mér það kannski ekki í hugarlund að hann hefði á hraðbergi það sem ég var að spyrja um. Hins vegar finnst mér ástæða til þess að neytendum sé ljóst að fjölmörg gjöld eru til alls konar félagslegrar jöfnunar, t.d. vegna vegalengdar frá einstökum búum til afurðastöðva sem eru tekin af framleiðendum til þess að jafna. Síðan er þetta sem við erum að tala um, búnaðargjaldið. Það er misjafnt eftir því hvort það er lagt á heildsöluna eða hvort það er lagt á eftir á sem skattur. Það er verið að leiðrétta. En ég hygg að neytendum sé fleirum farið eins og mér, að gera sér ekki grein fyrir því hve margs konar gjöld eru lögð á framleiðslu í landbúnaði.

Annað var það ekki, virðulegur forseti. Ég tel að ég hafi fengið svar við því sem ég nefndi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Frumvarp um Rafmagnsveitur ríkisins.

[17:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að hæstv. iðnrh. þurfi að skýra hvers vegna ákvörðun er tekin um að taka 13. dagskrárefnið af dagskrá fundarins, þ.e. stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Það hafði komið fram krafa í upphafi þessarar umræðu að þetta mál yrði látið bíða þar til ný orkulög koma fram og mér finnst eðlilegt að hæstv. iðnrh. gefi Alþingi skýringu á því hvers vegna þetta er gert. En ég fagna því að svo skuli gert enda er þetta í samræmi við óskir og kröfur sem héðan höfðu komið frá stjórnarandstöðunni.

[17:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er ágætt að það komi hér fram að ég taldi rétt að taka tillit til þessarar óskar stjórnarandstöðunnar og tel að hún sé réttmæt að nokkru leyti. Þó svo ég hafi litið þannig á þetta mál þegar ég mælti fyrir því að það gæti algerlega að skaðlausu farið til nefndar án þess að frv. til nýrra raforkulaga væri komið fram þá tel ég að stjórnarandstaðan hafi nokkuð til síns máls hvað það varðar að betra sé að tala um þessi mál í samhengi. Því óskaði ég eftir því við hæstv.

forseta að þetta mál yrði tekið út af dagskrá núna og þá tekið fyrir í tengslum við umræðu um ný raforkulög.

[17:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessar skýringar. Ég er sammála hæstv. ráðherra að það er eðlilegt að skoða þessi mál heildstætt. Hér er um að ræða grundvallarbreytingar á orkugeiranum. Ríkisstjórnin er að leggja til að raforkugeirinn verði gerður að hlutafélagi og þá væntanlega með það fyrir augum að innleiða einkavæðingu á því sviði. Ég er sammála hæstv. ráðherra að eðlilegt sé að við skoðum þessi mál heildstætt og fáum áður inn á borð frv. til raforkulaga sem ríkisstjórnin mun hafa í smíðum.

Líftækniiðnaður, 1. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 856.

[17:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um líftækniiðnað. Það er 548. mál þingsins á þskj. 856.

Frv. þetta er nú lagt fram í annað sinn eftir að nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því frá vorþingi 2001. Í breytingunum felst fyrst og fremst þrenging á gildissviði frv. af hreinum iðnaðarhagsmunum og eru þær gerðar eftir ábendingar frá þeim sem stunda vísindalegar grunnrannsóknir í líftækni.

Með frv. þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um stjórnsýslu og eftirlit með líftækniiðnaði hér á landi. Frv. er lagt fram í samræmi við þau fyrirmæli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, að endurskoða skuli ákvæði 34. gr. fyrir 1. janúar 2001, en samkvæmt tilvitnuðu ákvæði eru rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum óheimil án leyfis iðnrh. Hins vegar er gengið lengra með þessu frv. Lagt er til að leyfi iðnrh. þurfi til hvers kyns atvinnustarfsemi sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og notkun líftækni. Það felur í sér hagnýtar rannsóknir og hagnýta framleiðslu eða úrvinnslu á líftækniafurðum unnum úr örverum, plöntum og dýrum.

Rétt er að taka fram að frv. tekur ekki til lífsýna úr vefjum manna eða almennra náttúrufræðilegra rannsókna, t.d. rannsókna á lífríki sjávar.

Ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, kom inn í frv. við meðferð þess á Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998. Ákvæðið var m.a. rökstutt með því að brýna nauðsyn bæri til að setja á næstu árum heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta. Mótun slíkrar löggjafar tæki þó nokkurn tíma. Því væri lagt til að bætt yrði við ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum, en sú aðferðafræði sem frv. byggði á við um rannsóknir og nýtingu félli vel að verndun þeirrar auðlindar sem fælist í örverum.

Þó að rannsóknir og nýting örvera á hverasvæðum falli ágætlega að lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, verður ekki sagt að rannsóknir og hagnýting á ýmsum öðrum líffræðilegum erfðaauðlindum falli með sama hætti vel að lögunum. Ákvæði laganna eru sniðin að þeim auðlindum sem finna má í jörðu. Þær líffræðilegu erfðaauðlindir sem unnið er með í líftækniiðnaði eru miklu fjölbreyttari og eiga m.a. uppruna sinn að rekja til dýra. Þess vegna er eðlilegt að frv. það sem hér er lagt fram taki til líftækniiðnaðarins í heild án tillits til þess hvar hinar líffræðilegu erfðaauðlindir eiga uppruna sinn.

Sú leið sem farin er í 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, að miða leyfisskyldu eingöngu við rannsóknir og nýtingu á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum, átti rætur að rekja til þess að rannsóknir á hveraörverum höfðu verið stundaðar á Iðntæknistofnun allt frá árinu 1985. Þær rannsóknir voru komnar nokkuð lengra en sams konar rannsóknir í líftækni með annað erfðaefni. Aðgangur vísindamanna hvaðanæva að úr heiminum að jarðhitasvæðunum hafði verið óheftur með öllu og lítil vitneskja var til um hvar sýni hefðu verið tekin. Þó var vitað að afurðir örvera sem teknar höfðu verið á íslenskum jarðhitasvæðum voru verðmætar í alþjóðaviðskiptum, án þess að nokkur arður af viðskiptunum félli Íslendingum í skaut.

Þróun líftækninnar hefur verið mjög ör hin síðari ár. Nýr hátækniiðnaður sem byggist á samtvinnun líftækni og upplýsingatækni er nú í miklum vexti um allan heim, m.a. hér á landi. Líftækniiðnaðurinn er orðinn þverfaglegur í þeim skilningi að ekki skiptir sérstöku máli hvaðan erfðaefnið er upprunnið. Af þessu leiðir að ekki er ástæða til að flokka líftækniiðnaðinn eftir hefðbundinni atvinnuvegaskiptingu, t.d. að binda hann við sjávarútveg eða landbúnað.

Í frv. þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um stjórnsýslu og eftirlit með líftækniiðnaði. Jafnframt er iðnrh. falið að gæta hagsmuna líftækniiðnaðarins, t.d. gagnvart erlendum fyrirtækjum sem sækjast eftir hagnýtingu íslensks erfðaefnis og gagnvart löggjöf og stjórnvaldsfyrirmælum sem við kunnum að þurfa að lúta vegna alþjóðlegra samninga, t.d. í tengslum við ESB. Ekkert eitt stjórnvald gætir þessara hagsmuna nú og er frv. ætlað að bæta úr þeirri þörf. Þó skal áréttað að frv. er ekki ætlað að vera heildstæð löggjöf á sviði líftækniðnaðar heldur fyrst og fremst að mæla fyrir um stjórnsýsluþáttinn, þ.e. yfirstjórn og eftirlit iðnrh.

Í frv. er miðað við að iðnrn. fari með þann þátt sem snýr að nýtingu erfðaauðlinda en að umhvrn. hafi með höndum þá hlið sem snýr að vernd lífveranna eins og verið hefur. Þannig er ekki hróflað við gildandi fyrirkomulagi.

Frv. þetta er í reynd annað tveggja samstæðra frv. um erfðaauðlindir í íslenskri náttúru. Á vegum umhvrh. er unnið að gerð frv. um þau verndarviðmið sem nauðsynlegt er að gæta vegna nýtingar erfðaauðlinda.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir efni frv. sem skiptist í þrjá kafla.

Í I. kafla frv. eru ákvæði um gildissvið og skilgreiningar, en frv. tekur til líftækniiðnaðar sem er atvinnustarfsemi sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og notkun líftækni. Í atvinnustarfseminni felast rannsóknir og framleiðsla eða úrvinnsla á líftækniafurðum unnum úr örverum, plöntum og dýrum. Utan gildissviðs frv. falla því vísindalegar grunnrannsóknir og hvers konar náttúrufræðilegar rannsóknir þótt beitt sé líftæknilegum aðferðum í þeirri rannsóknarstarfsemi. Þetta getur m.a. átt við um greiningu mismunandi stofna, tegunda, dýra og plantna.

Í II. kafla frv., sem er mikilvægasti kaflinn, eru ákvæði um stjórnsýslu líftækniiðnaðarins og er lagt til grundvallar að iðnrh. fari með yfirstjórn málaflokksins. Þar eru einnig ákvæði um rannsóknar- og nýtingarleyfi, umsóknir og tilkynningar, skilyrði rannsóknar- og nýtingarleyfis, endurgjald

fyrir nýtingu auðlinda, efni rannsóknar- og nýtingarleyfis, afturköllun leyfis og eftirlit ráðherra.

Í III. kafla frv. eru ýmis almenn ákvæði, þ.e. bann við framsali, stjórnvaldsfyrirmæli, refsiákvæði og gildistökuákvæði.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum leggja áherslu á að meginefni þessa frv. felst í því að settar eru meginreglur um stjórnsýslu líftækniðnaðarins. Hér er því verið að bæta úr brýnni þörf á reglum á þessu sviði. Hins vegar er ekki verið að leggja til að lögfestar verði heildstæðar efnisreglur um líftækni.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[17:59]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem mjög brýnt er að taka á, þ.e. löggjöf um líftækniiðnað. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er hér ekki um að ræða heildstæða löggjöf á þessu sviði heldur er fyrst og fremst farið inn á stjórnsýsluþáttinn er þetta svið varðar.

Í greinargerð með frv. er vísað til rannsókna sem hafa verið stundaðar á Iðntæknistofnun. Jafnframt kemur fram að vísindamenn hvaðanæva að úr heiminum hafi haft óheftan aðgang að þessari auðlind hér á landi og að fyrir hendi væri lítil vitneskja um hvar sýni hafi verið tekin, en að hins vegar sé vitað að þau hafi verið rannsökuð erlendis og skilað sér inn í framleiðslu.

Það kemur jafnframt fram að samvæmt Ríó-sáttmálanum hafi ríki fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegum auðlindum og að þetta frv. sé smíðað til að tryggja hagsmuni Íslands hvað þetta snertir.

Eitt atriði vildi ég koma lítillega inn á og það lýtur að stjórnsýsluþættinum. Hér er um það rætt að iðnrh. fari með vald yfir þessum málaflokki. Reyndar kemur einnig fram að leyfi sem veitt séu samkvæmt þessu frv. skuli veitt að höfðu samráði við umhvrh. og að Náttúrufræðistofnun Íslands fari með eftirlit með rannsóknum og nýtingu samkvæmt lagafrv.

Mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. hvernig þessum málum sé farið annars staðar og hvort þá sé að finna löggjöf í ríkjum sem búa yfir þessum auðlindum, t.d. Bandaríkjunum og Nýja-Sjálandi — manni dettur í hug þau ríki þar sem aðstæður eru svipaðar okkar — og þá undir hvaða þátt stjórnsýslunnar þessi málaflokkur taki. Ég hef heyrt þær áherslur uppi í umræðu um þessi efni að mönnum finnist mörgum að þáttur umhvrn. eigi að vera stærri en raun ber vitni í þessu lagafrv.

[18:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Málið var unnið í ágætu samstarfi við umhvrn. þannig að enginn ágreiningur er á milli ráðuneyta um að stjórnsýsluþátturinn heyri undir iðnrn. þó svo að kveðið sé á um það, eins og kom fram hjá hv. þm., að samstarf sé skilyrt við umhvrn. á ákveðnum sviðum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er þetta mjög í samræmi við það sem þekkist erlendis en ég tel samt alveg sjálfsagt að iðnn. kanni það frekar og fari ofan í það mál en þetta eru a.m.k. þær upplýsingar sem við höfum í ráðuneytinu.

Ég held að mjög mikilvægt sé að koma þessu máli fram og lögfesta stjórnsýsluþáttinn, ekki síst vegna þess að við bindum miklar vonir við þessa atvinnugrein og trúum því að hún geti skapað mörg störf til frambúðar og þar af leiðandi og ekki síst vegna þess sem hv. þm. nefndi og varðar sýnatöku og þann mikilvæga þátt að við Íslendingar höldum þar rétt á málum því að þarna eru vissulega mikil verðmæti. Með því að hafa ekki löggjöfina skýra og klára eigum við á hættu að tapa verðmætum og ég held að það sé kannski grundvallaratriðið í málinu öllu.

Þetta mál eins og öll önnur verður auðvitað skoðað í nefnd en ég tel að bætt hafi verið úr hvað varðar frv. frá því að það var lagt fram fyrst og það hafi verið þrengt, eins og kom fram í máli mínu áðan, að iðnaðarhagsmunum og það er nú sá málaflokkur sem við förum með í iðnrn. Auk þess förum við með mál sem varða nýsköpun og það held ég að séu kannski aðalrökin fyrir því að málið sé vistað hjá okkur.

[18:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og tek undir það að mikilvægt er að fara vel í saumana á þessum málum. En mig langar í andsvari að spyrja hæstv. ráðherra hvort hafi verið mikil brögð að því að einstaklingar og fyrirtæki vilji sækja um leyfi á þessu sviði. Hvernig sér hæstv. ráðherra það þróast? Gæti þar myndast einhvers konar einokunaraðstaða eða hvernig yrði tryggt að vísindamenn hefðu aðgang að slíkum rannsóknum? Er hætt við því að leyfi sem yrðu veitt yrðu takmarkandi að einhverju leyti hvað þetta snertir?

[18:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að óhætt sé að segja að þarna hafi ekki orðið nein stórslys og ég held að það hafi verið mikilvægt að árið 1998, þegar lög voru sett á hv. Alþingi um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, var sett inn grein, 34. gr., sem ég vitnaði til sem bjargaði því sem bjargað varð á þeim tíma. Reyndar voru þar ákveðin fyrirmæli samþykkt sem við því miður höfum ekki alveg getað staðið við vegna þess að þar var kveðið á um að sú grein skyldi endurskoðuð fyrir 1. janúar 2001 en það er fyrst núna sem okkur mun vonandi takast að setja lög til að taka af í raun þá grein þeirra laga.

Þegar um það er að ræða að taka sýni, þá er þetta miklu frekar í teskeiðarformi en í stærra formi þannig að það er ekki eins og það sé um mikinn uppgröft að ræða, en ég held að það geti alveg komið upp álitamál í sambandi við það sem hv. þm. nefndi eins og einokunaraðstöðu og ég tel mikilvægt að farið verði gaumgæfilega yfir það í meðförum þingsins í hv. nefnd.

[18:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki miklu við þetta að bæta á þessu stigi þar sem málið fer núna til nefndar til skoðunar. En það hefur verið aðall rannsókna í heiminum á síðari hluta 20. aldar og reyndar alla 20. öldina að aðgangur vísindamanna að rannsóknum hefur verið frjáls og óheftur.

Nú er þetta að breytast. Við þekkjum hinn alræmda, liggur mér við að segja, gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem einum aðila í krafti fjármuna er veitt einokun yfir upplýsingum sem aðrir þurfa síðan að kaupa sig inn í eða lúta náðarvaldi hans. Ég held því að þessir þættir allir séu þess virði að skoða mjög rækilega á hvern hátt við tryggjum frjálsar og óheftar rannsóknir.

[18:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins bregðast við þessu sem kom fram hjá hv. þm. í sambandi við gagnagrunn á heilbrigðissviði vegna þess að mér fannst hann taka kannski aðeins of mikið upp í sig að segja að ákveðið fyrirtæki hefði einokun á upplýsingum. Það er ekki þannig að mínu mati að fyrirtækið hafi einokun á öllum sjúkraskýrslum í landinu heldur hafa að sjálfsögðu aðrir aðgang að þeim þannig að málið er ekki nákvæmlega vaxið eins og hv. þm. tjáði sig í ræðustól.

[18:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Aðeins í tilefni af þessum orðum þá er það staðreynd að með lögunum um gagnagrunn á heilbrigðissviði er einu fyrirtæki veitt einokandi aðstaða. Það er staðreynd. Fyrir milligöngu íslenska heilbrigðiskerfisins eru því fyrirtæki veittar heilsufarsupplýsingar um íslenska þjóð. Menn hafa að sönnu rétt til þess að segja sig úr þeim grunni og þúsundir manna hafa þegar gert það en geri fólk það ekki renna upplýsingar til þessa fyrirtækis sem hefur síðan vald yfir því hvernig þær upplýsingar eru nýttar til rannsókna. Ef aðrir aðilar eða önnur fyrirtæki vilja komast inn í þær upplýsingar, þá gæti það verið gert þess vegna fyrir gjald eða það yrði að vera sýnt og sannað að það væri ekki í samkeppni við fyrirtækið eða mundi ekki skerða verslunarhagsmuni þessa fyrirtækis.

Þetta er löng saga eins og við þekkjum sem hefur verið rædd mikið og m.a. á Alþingi, allt of lítið þó því ég held að þarna hafi Íslendingar stigið skref sem þeir betur hefðu látið eiga sig.

Það eru mjög mikil átök í heiminum um hvert beri að stefna á sviði vísinda og menn hafa af því áhyggjur. Maður sér það í greinum sem eru núna birtar þessa dagana, mánuðina og missirin í vísindatímaritum, læknatímaritum þar sem menn hafa áhyggjur af því að verið sé að markaðsvæða allar rannsóknir. Menn hafa leitt getum að því að það sé þessi þátttaka samfélagsins í rannsóknum sem sé og hafi verið ein helsta driffjöður framfara á 20. öld. Nú sé það hins vegar að gerast að markaðsöflin séu að ná tökum á rannsóknum innan læknavísindanna og annars staðar og það kunni ekki góðri lukku að stýra.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna en ég vildi þó nefna þetta í því samhengi að tryggja þurfi að við bregðum ekki fæti fyrir vísindamenn og vísindarannsóknir með því að koma tilteknum aðilum í einokandi aðstöðu.

Síðan er að hinu að hyggja líka að sjálfsögðu að við þurfum að búa svo um hnútana að hægt sé að nýta þessa auðlind sem við búum yfir til góðs og þá til þess að framleiða vörur. Eins og ég gat um áðan og eins og hæstv. ráðherra nefndi í inngangsræðu sinni eru þess dæmi, telja menn, að rannsóknir sem eru upprunnar á Íslandi hafi skilað sér inn í verslunarvöru á erlendri grundu. Ég tek því að sjálfsögðu undir það að huga ber vel að þessu, það þurfi að búa vel um stjórnsýsluþáttinn en þetta var það atriði sem ég vildi koma á framfæri við 1. umr. málsins um frjálsar og óheftar rannsóknir vísindamanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 1. umr.

Stjfrv., 605. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 952.

[18:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli sem starfandi félmrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Eftir umfjöllun um það á þinginu var það tekið til endurskoðunar í félmrn. og hefur sætt nokkrum breytingum frá upphaflega frv.

Frumvarpið er m.a. lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 93/104 frá EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Lagt er til að lögfestar verði meginreglur tilskipunarinnar sem gera aðildarríkjum skylt að tryggja starfsmönnum rétt á:

a. 11 klst. samfelldum daglegum hvíldartíma,

b. hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en 6 klst.,

c. samfelldum 24 klst. hvíldartíma í viku hverri sem tengist daglegum hvíldartíma,

d. að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klst., að yfirvinnu meðtalinni,

e. árlegu fjögurra vikna launuðu orlofi,

f. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir 8 klst. á hverju 24 klst. tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag,

g. ókeypis heilsufarsskoðun næturvinnustarfsmanna og, sé þess kostur, tilfærslu í dagvinnustörf ef rekja má heilsufarsvandamál þeirra til næturvinnu.

Heimilt er þó að veita undanþágur frá meginreglu vinnutímatilskipunar. Slíkar heimildir byggjast m.a. á því að skipulag vinnutíma í ákveðnum starfsgreinum er eða kann að verða með þeim hætti að æskilegt sé að heimila tiltekinn sveigjanleika við breytingu þeirra.

Nokkrar starfsgreinar eru sem fyrr segir sérstaklega undanþegnar gildissviði vinnutíma tilskipunar. Þær eru:

a. flutningar á landi, sjó, í lofti, með járnbrautarlestum og á skipagengum vatnaleiðum,

b. veiðar og önnur vinna á sjó,

c. læknar í starfsnámi.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum taka almennt ekki til starfsemi á sjó og í lofti og er því ekki mælt sérstaklega fyrir um undanþágur varðandi þá starfsemi í frv. þessu. Hins vegar er lagt til að ákvæði frv. um vinnutíma gildi ekki um þá sem starfa við flutning á vegum og falla undir reglugerð dómsmrn. um akstur á hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og í flutningi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá er lagt til að meginreglur um daglega lágmarkshvíld og vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma muni gilda áfram um lækna í starfsnámi en að ekki verði mælt fyrir um vinnutíma þeirra að öðru leyti í frv.

Flest ákvæði um vinnutíma hér á landi er að finna í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins en þó eru nokkur ákvæði um þetta efni í gildandi löggjöf. Byggist löggjöf um vinnutíma einkum á því að vernda starfsmenn

gegn óhóflega löngum vinnutíma með því að tryggja þeim lágmarkshvíld.

Frv. þetta er enn fremur lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 89/391 frá EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Markmið heilsuverndar starfsmanna er að fyrirbyggja óþægindi, sjúkdóma eða slys sem rekja má til atvinnu fólks ásamt því að auka þekkingu atvinnurekenda og launafólks á áhættuþáttum í vinnuumhverfi. Þá er ekki síður tilgangurinn að draga úr fjarvistum starfsmanna og atvinnurekenda vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi, viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað og laga störfin að þeim starfsmönnum sem gegna þeim. Þessum markmiðum verður helst náð með áhættumati, fræðslu og ráðgjöf og heilsufarsskoðun. Er mælt með því í frv. að atvinnurekendur geri eða láti gera skriflegt áhættumat sem taki til þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta skapað áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Enn fremur er kveðið á um að atvinnurekendur skuli vinna að forvörnum og heilsuvernd innan fyrirtækja sinna. Krefjist gerð áhættumats áætlunar um forvarnir eða ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna færni sem atvinnurekendur eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila.

Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði sem banni innflutning og markaðssetningu á vélum, tækjum eða öðrum búnaði sem fullnægi ekki skilyrðum um öryggi og tilskildar merkingar og/eða yfirlýsingar um öryggi sem sett eru samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Hér er einkum verið að vísa til samnings um Evrópska efnahagssvæðið en þó nokkrar gerðir Evrópubandalagsins sem teknar hafa verið upp í samninginn kveða á um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi og heilsuvernd í tengslum við ýmsar vélar, tæki og annan búnað. Er hér einkum um að ræða svokallaðar nýaðferðargerðir. Í því skyni að tryggja að reglunum sé fylgt eftir er kveðið á um bann við markaðssetningu og notkun tækja sem fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið um öryggi og merkingar innan svæðisins.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna til viðbótar við það sem að framan greinir, svo sem ákvæði um dagsektir, stjórn Vinnueftirlits ríkisins, tekjur Vinnueftirlitsins o.fl. Þá er lögð til smávægileg breyting með hliðsjón af tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[18:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er um að ræða mikilvægt frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra var þetta eða svipað frv. lagt fram á síðasta þingi og síðan frestað en m.a. höfðu komið fram ábendingar og mótbárur frá verkalýðssamtökunum um ýmsa þætti frv.

Mér er kunnugt um að talsverð vinna hefur farið fram til þess að sníða vankanta af frv. og ætla ég ekki að hafa mörg orð um frv. núna fyrr en mér hefur gefist tóm til að kynna mér það betur. En ég vil vekja athygli m.a. á einni grein sem var talsvert umdeild, þ.e. 12. gr., þar sem kveðið er á um heilsufarsskoðun á vinnustöðum. Þannig er að þessi lög sem hafa verið í gildi frá árinu 1980 hafa hvað þetta snertir aldrei verið framkvæmd. Í lögunum frá 1980, 67. gr., er ákvæði þar sem kveðið er á um slíka skoðun og er þá gert ráð fyrir að heilsugæslustöðvar sinni því verkefni.

Síðan hefur talsvert verið tekist á um það hvernig eigi að haga slíkri skoðun og menn hafa leitað fanga víða um lönd og horft til þess sem gerist með öðrum norrænum þjóðum þá sérstaklega. Í Finnlandi hefur sú leið verið farin að taka slíka þjónustu út á markað og fá fyrirtæki sem hafa sérhæft sig í heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu til að sjá um heilu vinnustaðina. Það sem síðan hefur gerst þar er að fyrirtækin hafa smám saman verið að færa sig upp á skaftið, þ.e. þessi heilsufarsfyrirtæki og privatspítalar, og gert samninga við vinnustaði um að sinna allri heilsugæslu inni á vinnustaðnum. Ríkið hefur reynt að stuðla að þessari þróun fyrir sitt leyti með skattafslætti og öðru slíku.

Málflutningurinn hefur verið á þá lund að segja við fyrirtækin: Það er ykkar hagur að fólki líði vel í vinnunni og sé heilt heilsu. Það er ykkar hagur að fólk sé ekki að fara úr vinnu til að leita læknis og þess vegna er það ykkar hagur að gera samninga við heilsufarsfyrirtæki og við fyrir okkar leyti komum þá sífellt stærra hópi út úr biðröðum hinnar almennu heilsugæslu. Í Finnlandi má segja að þróast hafi tvenns konar heilbrigðisþjónusta, annars vegar fyrir vinnumarkaðinn og hins vegar fyrir aðra. Biðraðirnar eru enn fyrir hendi. Þar eru þeir sem eru atvinnulausir, aldraðir, börnin, heimavinnandi o.s.frv. og eru ekki allir sáttir við þá þróun en þetta hefur að nokkru leyti verið að eiga sér stað í Finnlandi.

Í Noregi hins vegar hefur verið valin önnur leið og einnig að ég best veit í Danmörku. Þar hafa menn einskorðað þetta heilbrigðiseftirlit á vinnustöðunum við það sem snertir vinnustaðinn sjálfan og ekki heilbrigðisþjónustu að öðru leyti. Það er sú leið sem farin er í þessu frv. og ég er mjög sáttur við það. Ég sé í athugasemdum um 12. gr. frv. að lögð er áhersla á þennan þátt. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þess ber að gæta að hér er einungis átt við heilsufarsskoðun sem tengist starfsskilyrðum starfsmanna en ekki almenna heilsugæslu vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda. Starfsmenn leita eftir sem áður til þeirrar heilsugæslustöðvar sem þeir tilheyra eða til heimilislæknis með almenna heilbrigðisþjónustu."

Hins vegar kemur ekki eins skýrt fram og ég taldi vera í fyrra frv. að ætlunin sé að fara með þessa þjónustu úr hinni almennu heilsugæslu. Ég kann eiginlega betur við þann tón sem núna er kominn í lagagreinina hvað þetta snertir því það mundi án efa gerast eins og gerst hefur þegar þjónusta af þessu tagi hefur verið einkavædd, að þá verða það örfá fyrirtæki sem sérhæfa sig í viðkomandi starfsemi og slá sér síðan niður á suðvesturhorninu. Það þekkjum við úr raforkugeiranum þar sem skoðunarstofurnar svonefndu — ég held að þær séu tvær eða þrjár talsins núna, ef þær eru þá það margar, allar á suðvesturhorninu — senda síðan með ærnum kostnaði sérfræðinga sína um allt land til þess að sinna hlutverki sínu.

Síðan er hitt náttúrlega að fólk vill hafa sitt prívatlíf og vera frjálst og óháð atvinnurekandanum hvað þetta snertir. Það vill eiga sjúkdóma sína og lækningu við sinn lækni, sína heilsugæslustöð eða sjúkrahús eftir atvikum en ekki vera háð duttlungum atvinnurekandans hvað þetta snertir. Ég legg áherslu á að ég tel þann farveg sem þeir eru að móta þarna heppilegan, gott ef ekki heppilegri en mig minnir að hafi verið í síðasta texta.

Þarna eru ýmis atriði sem snerta vinnutíma og tekið er á ýmsum greinum sem varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi

á vinnustöðum. Það þarf að fara mjög rækilega yfir frv. og að sjálfsögðu leita í smiðju verkalýðssamtakanna sem þó munu hafa komið eitthvað að endurskoðun á frv. En það getur stundum borgað sig að flýta sér hægt og gefa sér betri tíma eins og gert var varðandi þetta frv. Ég hef þó að sjálfsögðu fyrirvara á endanlegri afstöðu minni og mun hlusta grannt eftir því sem sérfræðingar verkalýðssamtakanna segja um frv.

[18:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta að bæta. Ég þakka undirtektir við frv. Það er rétt að það hefur verið endurskoðað frá fyrri útgáfu og m.a. þau ákvæði um heilsufarsskoðun sem er að finna í frv. Að öðru leyti vil ég vísa í það að félmn. fari rækilega yfir frv. Ég tel það vera rétt og skynsamlegt.

Varðandi hina almennu stefnu í heilbrigðis- og heilsufarsmálum sem snerta þetta frv., þá höfum við í heilbrrn. ekki fjallað um þau mál sérstaklega en þar stendur auðvitað okkar almenna stefnumörkun að hin almenna heilsugæsla sjái um hin almennu heilsufarsvandamál þannig að ég er samþykkur þeim ákvæðum frv. sem um þetta fjalla og hv. 7. þm. Reykv. gerði að umræðuefni í ræðu sinni. Að öðru leyti vísa ég til hv. félmn. varðandi það að fara yfir málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 1. umr.

Stjfrv., 575. mál (fiskiskip, varðskip, skemmtibátar o.fl.). — Þskj. 902.

[18:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþega- og flutningaskipa.

Með frv. þessu er lagt til að sett verði ein heildarlöggjöf um áhafnir og mönnun allra íslenskra skipa, þar með talið fiskiskipa. Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa. Við meðferð þess í þinginu var ákveðið að takmarka gildissvið þess við farþegaskip og flutningaskip. Ástæðan var sú að þau ákvæði frv. sem fjölluðu um fiskiskip voru talin hafa áhrif á gang mála milli sjómanna og útvegsmanna en þá stóðu yfir kjarasamningar. Var frv. samþykkt frá Alþingi sem lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001. Það var samkvæmt ósk og beiðni minni til hv. samgn. að samgn. flutti brtt. við frv. sem þá lá fyrir þinginu sem leiddi til þeirrar niðurstöðu.

Samgrn. hefur ásamt Siglingastofnun yfirfarið ákvæði frv. sem lutu að fiskiskipum og fengið til ráðgjafar sérfræðing á þessu sviði til að fara yfir allar hliðar málsins. Niðurstaða þeirrar vinnu er frv. sem hér er lagt fram, en auk þess hafa starfsmenn samgrn. og Siglingastofnunar unnið mikið að undirbúningi málsins.

Helstu breytingar frá frv. sem lagt var fram á síðasta þingi eru í 8. gr. Þar er nýjum kafla, III. kafla, bætt við gildandi lög. Þar eru einkum ákvæði um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sem hafa tekið breytingum. Auk þess eru ákvæði um skírteini áhafnar fiskiskips gerð mun ítarlegri.

Helstu breytingar frv. frá gildandi lögum eru að hlutverk Siglingastofnunar Íslands er aukið talsvert við ákvörðun um mönnun fiskiskipa. Nái frv. fram að ganga mun Siglingastofnun ákveða lágmarksfjölda stýrimanna á fiskiskipum sem eru 500 brúttótonn og stærri. Jafnframt mun Siglingastofnun ákveða lágmarksfjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum með 750 kílóvatta vél og stærri og gefa út öryggisskírteini um lágmarksmönnun, þar sem kveðið verður á um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna í áhöfn og skírteini fyrir einstakar stöður.

Samkvæmt gildandi lögum er lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á skipum af þessari stærð tiltekinn í lögunum sjálfum. Með frv. er lagt til að það verði á valdi Siglingastofnunar að ákveða með öryggisskírteini um lágmarksmönnun hver eigi að vera lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á stærri fiskiskipum. Í því efni mun Siglingastofnun taka mið af stærð, verkefnum, úthaldi og farsviði skipanna, sem og skipulagi vakta um borð og nauðsynlegum hvíldartíma í samræmi við reglur þar um.

Að vel athuguðu máli þykja öll rök standa til þess að hafa ekki lögbundin ákvæði um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á stærri fiskiskipum, heldur verði tekið mið af verkefnum þeirra hverju sinni. Niðurstaða þess getur jafnt orðið sú að gerðar verði auknar kröfur um lágmarksfjölda þessara manna. Mikilvægast er þó að jafnan verði þess gætt að manna stærri fiskiskip svo örugglega sé unnt að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafna og skips. Samkvæmt lögum nr. 76/2001 ákveður Siglingastofnun mönnun farþegaskipa og flutningaskipa.

Þá er hlutverk Siglingastofnunar aukið með því að undanþágunefnd og mönnunarnefnd fiskiskipa verða lagðar niður og verkefni þeirra færð til Siglingastofnunar. Siglingastofnun hefur á að skipa sérfræðingum á öllum sviðum siglinga og er að mínu mati eðlilegt að henni sé falið þetta verkefni. Vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar fram er gert ráð fyrir að Siglingastofnun verði efld og henni gert kleift að sinna þessu mikilsverða verkefni með þeim sérfræðingum sem hún hefur yfir að ráða.

Með frv. er lögfest sú regla að auk skipstjóra skuli vera einn stýrimaður að lágmarki á fiskiskipum sem eru 50–500 brúttótonn. Í frv. sem lagt var fram á síðasta þingi var miðað við að lögfesta mönnun á skipum allt að 700 brúttótonn. En í þessu frv. er viðmiðunin 500 brúttótonn. Jafnframt er í frv. gert ráð fyrir að fjöldi vélstjóra um borð í fiskiskipum sem búin eru aðalvél frá 375–750 kílóvött skuli vera einn en tveir þegar skip er stærra en 50 brúttótonn og útivera er lengri en 30 klukkustundir.

Með frv. þessu eru lögfest ýmis ákvæði alþjóðasamþykktar um menntun, þjálfun og vaktstöður og skírteini sjómanna á fiskiskipum, svokallaðrar STCW-samþykktar. Utanrrh. leggur fram till. til þál. þar sem óskað er heimildar Alþingis til að fullgilda alþjóðasamþykktina. Þessi samþykkt fjallar um skírteinisútgáfu til handa skipstjórum, stýrimönnum, vélstjórum og fjarskiptamönnum um borð í fiskiskipum sem eru 24 m að lengd og lengri. Samþykktin er fyrsta tilraun til þess að samræma bindandi lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa. Mikilvægt er að Ísland fullgildi þessa samþykkt og leggi sitt af mörkum til að hún öðlist gildi alþjóðlega. Sams konar samþykkt hefur öðlast gildi hvað varðar farþegaskip og flutningaskip. Vegna þeirrar

samþykktar hefur skapast grundvöllur fyrir gagnkvæmri viðurkenningu 100 ríkja á atvinnuskírteinum áhafna á farþega- og flutningaskipum.

Það frv. sem hér er lagt fram, hæstv. forseti, er afrakstur þeirrar vinnu sem ég vitnaði til í upphafi. Það er auðvitað alveg ljóst að það er afar viðkvæmt og vandasamt að setja lög um áhafnir og fjölda í áhöfnum skipa. Það er ekki svo að hægt hafi verið að ná algerri samstöðu milli útvegsmanna og samtaka sjómanna en ég tel að með þessari breytingu sé farin sú leið sem mest sátt getur orðið um og það er að sjálfsögðu afar mikilvægt.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. samgn. og til 2. umr.

[18:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það frv. til laga sem hæstv. samgrh. hefur hér fylgt úr hlaði og lagt var fram á síðasta þingi vil ég minna á að hluti af því, sem reyndar er svo settur fram í þessu frv., var kallaður til baka. Þá fengum við sem sitjum í samgn. bréf frá hæstv. samgrh. þar sem sagði m.a., með leyfi forseta, varðandi það að ákveðið var að draga þann hluta sem hér er út úr frv.:

„Ástæðan er m.a. sú að ákvæði frv. tengjast að nokkru leyti kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum. Í ráðuneytinu hafa verið óformlegir fundir með þeim aðilum sem að málinu koma en ekki hefur fundist viðunandi lausn."

Þess vegna vil ég leyfa mér, herra forseti, að spyrja hæstv. samgrh. sem flytur þetta frv., sem m.a. að hluta fjallar um fækkun stýrimanna í ákveðnum útgerðarflokkum og vélstjóra líka, hvort þessi viðunandi lausn sem getið er um í bréfinu frá 26. apríl í fyrra, hafi fengist og hvort viðkomandi stéttarfélög sjómanna séu orðin sátt við frv. eins og það liggur hér fyrir.

[18:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu minni þá er ekki einfalt mál að ná allsherjarniðurstöðu um þessi mál milli útvegsmanna og sjómannasamtaka. Ég tel eðlilegt að hv. samgn. kalli eftir umsögnum frá samtökum útvegsmanna og sjómanna og fái fram afstöðu þeirra. Ég hef átt viðræður við þessa aðila og hef leitað þeirrar leiðar sem hér er farin í þeirri von að sátt náist um frv. og þau lög sem afgreidd yrðu héðan frá þinginu.

Ég vil þess vegna ekki gefa neinar yfirlýsingar fyrir hönd annarra aðila. Það er niðurstaða samgrn. að frv. eins og það liggur fyrir feli í sér þá leið sem líklegust er til að ná þeim markmiðum að tryggja öryggi sjómanna og fiskiskipa. Það kæmi mér satt að segja mjög mikið á óvart ef sjómannasamtökin mundu leggast gegn þeirri leið sem hér er farin.

[18:41]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það afar mikilvægt sem kom fram í lok ræðu hæstv. samgrh. Ég vona að sem mesta sátt hafi náðst milli stéttarfélaganna um þetta mál.

Í umsögnum sem nefndinni bárust þegar þetta frv. var fyrst lagt fram, vegna þess að þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki í annað, heldur í þriðja skiptið sem við fjöllum efnislega um þetta, gagnrýndu stéttarfélögin þetta mjög harkalega. Auk þess kom fram sú gagnrýni að með þessu frv. væri verið að takmarka atvinnufrelsi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Viðbrögðin þeirra voru mjög hörð eins og ég sagði áðan. Þess vegna vildi ég fá fram strax við 1. umr. þessa máls hvort þessir óformlegu fundir, sem getið er um í bréfi samgrh. hæstv. til samgn. í fyrra, hafi leitt til viðunandi lausnar. Ég fagna því ef svo er og segi: Það er ákaflega mikilvægt þegar menn stíga þau skref sem boðuð eru í þessu frv., sem ég ætla ekki að úttala mig um á þessu stigi málsins, að gengið sé eins langt eins og hægt er til að ná fullri sátt við viðkomandi stéttarfélög um þær breytingar sem hér hafa verið gerðar.

Ég mun síðar í ræðu minni koma að þeim viðvörunarorðum sem hv. samgöngunefndarmenn hafa fengið í fjölmörgum bréfum sem þeim bárust í fyrra, t.d. frá vélstjórnarmönnum, um að þarna væri gengið allt of langt.

[18:43]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í framhaldi af þessu stutta andsvari mínu við ræðu hæstv. ráðherra um frv. sem hann hefur fylgt úr hlaði bendi ég á að eins og hér hefur komið fram er að megninu verið að boða það sem tekið var út úr frv. hætsv. ráðherra á síðasta löggjafarþingi, 126. löggjafarþingi. Þar var tekið út það sem ég gat um áðan í andsvari. Menn töldu að þær breytingar sem boðaðar höfðu verið hefðu mjög óheppileg áhrif á þá miklu kjaradeilu sem stóð um þær mundir milli sjómanna og útvegsmanna. Þessum ákvæðum var því skipt út.

Ég fletti upp í gögnum frá því málið var til umræðu síðast en þá barst okkur í samgn. skrautritað og gott blað þar sem gerðar voru ýmsar breytingar á frv. sem flutt hafði verið í upphafi þings um áhafnir íslenskra skipa. Þær breytingar sem þar átti að gera voru töluvert miklar. Mér sýnist efnislega að hér sé verið að taka þær inn að stórum hluta.

Auðvitað er það eins með ákvæðin varðandi þessa samþykkt á STCW og í fyrra. Menn voru sammála um þau í fyrra, sérstaklega vegna flutningaskipanna og farþegaskipanna, þ.e. að íslenskir sjómenn með þessi réttindi ættu ekki á hættu að verða stoppaðir í erlendum höfnum vegna þess að við værum ekki búin að staðfesta þetta. Það gekk sem sagt tiltölulega greitt í gegn að því er mig minnir.

Hins vegar staldra ég við þær breytingar sem hér eru boðaðar, t.d. á bls. 3, í 8. gr. frv. held ég að ég fari rétt með, í b-lið um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á fiskiskipum. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sérhvert íslenskt fiskiskip skal svo mannað að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé öllum lögum og reglum um verndun umhverfis og þá sérstaklega reglum er varða mengunarvarnir sjávar og lífríkis."

Það er sérstaklega fyrri hlutinn sem ég stoppa við um að sérhvert íslenskt fiskiskip skuli svo mannað að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips. Þá er spurning mín til hæstv. ráðherra: Hver á að meta þetta? Hverjir eru betur færir til þess að meta þetta en sjómennirnir sjálfir, skipstjórar og vélstjórar? Og kem ég kannski síðar að þeim aðvörunarorðum sem hafa beinst til okkar frá t.d. vélstjórum.

Mér finnst, eins og kom fram í framsöguerindi hæstv. ráðherra, Siglingastofnun fá ansi mikið vald til þess að vega þetta og meta. Ég spyr hvort það sé heppilegasta leiðin, hvort það séu ekki einmitt skipstjórnarmenn og vélstjórnarmenn sem þurfa að vega þetta og meta og hvort Siglingastofnun sé best til þess fallin og hinir aðilarnir hafi ekkert um það að segja. Það er nefnilega svo eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, um 8. gr., að þar eru boðaðar breytingar sem munu

fækka stýrimönnum og vélstjórum. Ég hygg að það sé þar sem mesti ágreiningurinn var á sínum tíma sem ég gat um í upphafi, en tek að sjálfsögðu undir og fagna því heils hugar ef það mun koma í ljós þegar nefndin fær þá fulltrúa frá þeim stéttarfélögum til sín, að þeir séu orðnir sammála því, þá fagna ég því ef svo er og vona innilega að tíminn hafi þá leitt það í ljós miðað við það sem ég sagði áðan og miðað við það sem kom fram áðan þar sem fjallað var um beiðni samgrh. um að þetta yrði tekið út úr frv. í fyrra meðan kjaradeilan stóð yfir var vegna þess að talið var að þessi ákvæði hefðu óheppileg áhrif þar á.

Eins og ég sagði áðan hafa ýmsir vélstjórar á fiskiskipum sent samgn. bréf og útskýrt mál sitt. Það á bæði við þegar málið var lagt fram í byrjun og eins þegar það nálgaðist núna. Hér segir, með leyfi forseta:

„Starf vélstjóra hefur í gegnum árin tekið miklum breytingum sem allar lúta að því að auka vinnu þeirra. Meiri tækni um borð í skipum leiðir ekki aðeins af sér aukin afköst heldur líka meiri og flóknari búnað sem vélstjórum er ætlað að sinna. Hefðbundin vélstjórastörf, þ.e. eftirlit og viðhald á vélum skipa, hefur að sjálfsögðu ekki minnkað með árunum en er samt sem áður varla helmingur af því sem vélstjórar á fiskiskipum þurfa að sinna í dag. Allur búnaður tengdur vinnslu á fiski þarfnast mikils eftirlits og viðhalds og sú vinna mæðir að mestum hluta á vélstjórum skipanna.

Eins og flestum er kunnugt fylgir hverjum frystitogara sams konar og ekki minni búnaður og er í hverju meðalfrystihúsi. Frystikerfi, frystitæki, fiskvinnsluvélar, flokkarar, rafmagnskerfi, glussakerfi, ótal færibönd, sjó- og vatnslagnir ásamt mörgu fleiru eru í stanslausri notkun allan sólarhringinn meðan á veiðiferð stendur. Ekkert af þessu má stöðvast ef nást á að vinna þann afla sem um borð berst og kemur það í hlut vélstjóra að sjá um að halda búnaðinum gangandi."

Síðan er farið yfir þetta og þeir leggja það mat á eftir áratuga störf að þessi vinna hafi ekki minnkað heldur aukist þrátt fyrir mikla tækni. Menn spyrja hvað gerist ef aðeins tveir vélstjórar eru um borð og annar vélstjóri veikist og miðað við það að þetta eru þvílíkar verksmiðjur sem keyrðar eru allan sólarhringinn, hvar erum við þá stödd? Þetta verður vafalaust eitt af þeim atriðum sem verður farið vel yfir í hv. samgn. þegar málið kemur þangað og rætt við þessa hagsmunaaðila.

Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, eins og ég sagði áðan, að ég tel það afar mikilvægt og mundi telja það mjög gott og málinu til framdráttar ef það er þannig að seinkunin, þessi bið og þessi frestun sem ég hef gert að umtalsefni hefur gert það að verkum að stéttarfélög sjómanna eru orðin sammála þessum atriðum.

Herra forseti. Það er kannski ekki mjög margt fleira sem ég vildi ræða við 1. umr. en ítreka það og segi sem var kannski aðalatriðið í frv. í fyrra og að hluta til núna, þ.e. samþykktin á alþjóðareglum STCW, þá er það stærsti hlutinn af þessu eins og það var í fyrra, en við mönnunarþáttinn sem hér er boðaður í 8. gr. hef ég ákveðinn fyrirvara.

Jafnframt vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra út í 2. gr. þar sem skilgreining er varðandi orðaskýringar. Þarna eru tekin inn fiskiskip, skemmtiferðaskip og önnur skip og ég man eftir því í lögunum sem við samþykktum í fyrra að þar var tekið inn í ýmislegt annað eins og varðskip o.fl., og hvernig þetta var allt saman í þeim. Ég vil því spyrja um það sérstaklega hvort ástæða væri til að hafa eitthvað sérstakt þarna um björgunarskip. Á síðasta fundi samgn. var einmitt rætt um það, þegar verið var að ræða um björgun sjómanna úr sjávarháska og um nokkur slys sem hafa orðið upp á síðkastið, sjóslys, að þá kom m.a. fram í orðum formanns Landsbjargar að mig minnir, að getið var um það að á landinu núna eru níu sérútbúin björgunarskip sem keypt hafa verið af Landsbjörg frá Þýskalandi. Ég vil aðeins spyrja um það í lokin hvort til greina hafi komið að hafa einhver sérstök ákvæði um þessa björgunarbáta eða hvort það falli hreinlega inn í það sem hér er talið upp. Ég spyr af því að varðskip er tekið fyrir sérstaklega og skemmtibátar eru teknir sérstaklega og önnur skip og fiskiskip o.s.frv., hvort ástæða hefði verið til að skilgreina eitthvað frekar björgunarbátana sem eru mjög sérútbúin skip.

[18:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við tökum til við að ræða frv. sem var dregið út úr þinginu í fyrra til þess að reyna að ná frekari sátt um málsmeðferðina og ég vona svo sannarlega að það hafi tekist með því frv. sem hæstv. samgrh. kynnir hér, þ.e. að um það ríki sátt varðandi mönnun og annað slíkt og þá framsetningu sem hér birtist.

Svo mátti skilja á máli hæstv. samgrh. að hann teldi að frv. væri nú lagt fram í sátt við sjómannasamtökin og hagsmunasamtök þeirra.

Það er svo sem hægt að hafa um frv. langt mál en ég ætla ekki að gera það við 1. umr. vegna þess að eins og eðlilegt er verður frv. sent m.a. til sjómannasamtakanna og útgerðarmanna og viðhorf þeirra koma þá fram varðandi þau atriði sem í frv. eru. Það eru þó nokkur atriði sem ég vil gera að umræðuefni og spyrja um. Fyrsta spurning mín snýr að 1. og 2. gr. Hún er sú hvort hæstv. samgrh. viti hversu mörg ríki hafi þegar staðfest STCW fyrir fiskimenn, STCW-F sem er alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna sem við erum nú að fara að samþykkja fyrir fiskiskip og staðfesta.

Ekki voru mjög mörg ríki búin að staðfesta þetta í fyrra þegar við vorum að ræða frv. Ég held að þau hafi bara verið tvö, svei mér þá, Danmörk og Rússland, ef ég man rétt. Gæti þó verið að það sé misminni. Fróðlegt væri að vita hvort fleiri hafa bæst þar í hópinn því að ef ég man rétt öðlast samþykktin ekki gildi sem alþjóðasamþykkt fyrr en ákveðinn fjöldi ríkja hefur staðfest hana.

Síðan langar mig að spyrja um eldri atvinnuréttindi manna sem menn öðluðust við að fara í gegnum Stýrimannaskólann og hafa síðan uppfyllt ákvæði um siglingatíma þess tíma sem þá var í lögum og fengu útgefin skírteini í samræmi við það sem lög kváðu á um á sínum tíma. Haldin voru m.a. námskeið þar sem menn gátu fengið 80 rúmlesta réttindi ef ég man rétt fyrir nokkuð mörgum árum. Ég spyr: Hvar er tekið á þeim réttindum í frv.? Ég hef ekki komið auga á það. Kannski hefur mér sést yfir það. En ég sé ekki í lok lagagreinanna að það sé t.d. ákvæði um að eldri réttindi sem mönnum hafa áskotnast með námi sínu og starfi haldi gildi sínu a.m.k. að því er varðar innanlandssiglingar. Þetta finnst mér að þurfi að koma fram og eigi í raun og veru alltaf að koma fram í lögum þegar verið er að breyta atvinnuréttindum manna, að taka það skýrt fram að eldri réttindi hver svo sem þau voru á hverjum tíma haldi gildi sínu þannig að menn tapi ekki niður eldri réttindum sem þeir hafa haft til siglinga á ákveðnum stærðum eða gerðum skipa. Þessi námskeið um 80 tonnin minnir mig að hafi verið sérstaklega til að fækka undanþágum á ákveðnum stærðum flotans fyrir fiskiskip-

stjóra. Síðan var í lögum áður fyrr að skipstjórnarmenn sem tóku hinn svokallaða fiskimann, þ.e. annan bekk eða annað stig Stýrimannaskólans, öðluðust sérstök réttindi til siglinga á farskipum innan lands upp að 400 rúmlestum. Mér fyndist þurfa að taka það fram í frv. að þau réttindi héldu gildi sínu.

Auðvitað er það svo að eldri réttindi geta ekki haldið gildi sínu út fyrir landsteinana í millilandasiglingum því að við erum að undirgangast alþjóðareglur í þá veru. En þau ættu a.m.k. að geta haldið gildi sínu í strandsiglingum og innanlandssiglingum. Mér finnst að það þurfi að taka skýrt fram eins og oftast nær hefur verið þegar menn hafa verið að breyta lagabálkum, að eldri áunnin réttindi manna sem þeir hafa haft um langan aldur falli ekki niður því að löggjöf okkar að því er snýr að okkur sjálfum innan lands hefur haldið við þeim réttindum og ekki er ástæða til að fella niður réttindi manna sem þeir hafa einu sinni áunnið sér með menntun og starfi. Þetta vildi ég láta koma fram. Mér finnst vanta, eða ég hef þá ekki komið auga á það í frv., að slík ákvæði séu í því. Í gildistökunni segir bara að ákveðin lög falli úr gildi, bæði skipstjórnarmanna og vélfræðinga og vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, þ.e. lögin frá 1984 nr. 112 og 113. Ég vil benda á það strax í umræðunni að þetta atriði finnst mér að eigi tvímælalaust að vera inni.

Síðan er það auðvitað efni frv. Hér er talað um að breyta 30 rúmlesta réttindum í 50 brúttótonnaréttindaviðmiðun. Síðan er verið að breyta ýmsum viðmiðunum í 500 brúttótonn. Ég hygg að sú breyting, þ.e. að breyta viðmiðun t.d. varðandi stöðu 2. stýrimanns þannig að ekki þurfi 2. stýrimann á skip undir 500 brúttótonnum, þýði að á íslenska fiskiskipaflotanum séum við að fækka störfum skipstjórnarmanna um á bilinu 20–30 störf, þ.e. stöðum 2. stýrimanns. Þar með er ekki lengur bundið í löggjöfinni nákvæmlega að þarna skuli vera 2. stýrimaður. Eins og reglurnar eru í dag er hins vegar á fjöldamörgum fiskiskipum minni en 300 brúttórúmlestum 2. stýrimaður starfandi og ég veit að hæstv. samgrh. er það fullkunnugt. Ég held að örugglega sé hægt að finna lögskráningu þar sem skráður er 2. stýrimaður á skip sem er jafnvel ekki nema 150 brúttórúmlestir. Það hefur auðvitað verið ákvörðun útgerðarmanna á hverjum tíma hvort þeir vildu ráða á skip sín, ekki bara 1. stýrimann eins og skylt er samkvæmt núverandi reglum heldur einnig 2. stýrimann. Fjölmargir slíkir hafa verið starfandi á flotanum. Þess vegna er ekki sjálfgefið, þó að þessi lagabreyting verði, að störfunum fækki sem nemur því sem ég vék að áðan, þ.e. vegna þeirra breytinga að við förum að miða við brúttótonn í staðinn fyrir brúttórúmlestir. Eftir því sem mér sýndist á sínum tíma þegar ég skoðaði þetta þá komst margfeldið af 1,5 næst því að breyta brúttórúmlestum, miðað við réttindastig manna, í brúttótonn, þ.e. að 300 rúmlestir væru sama og 450 brúttótonn. Auðvitað lenda einhver skip þarna á milli, frá 450 og upp í 500 brúttótonn, og þá er ekki skylda að hafa 2. stýrimann þar.

Hins vegar á Siglingastofnun samkvæmt þessu frv. að taka sérstakt tillit til þess hvernig skip skuli mönnuð út frá öryggissjónarmiðum. Um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á fiskiskipum segir hér á bls. 3:

„Sérhvert íslenskt fiskiskip skal svo mannað að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé öllum lögum og reglum um verndun umhverfis og þá sérstaklega reglum er varða mengunarvarnir sjávar og lífríkis."

Hér er að vísu komið nýtt áhersluatriði inn í starfsskilyrðin sérstaklega varðandi mengunarvarnirnar. Að vísu hefur verið getið um það áður í lögum að mönnum bæri skylda til að framfylgja því. En hér er það komið inn í lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjóra.

Síðan er gerð hér grein fyrir skírteini áhafnar fiskiskips. Í fyrsta lagi er tilgreint hvaða skilyrði menn þurfi að uppfylla til að geta öðlast skírteini sem skipstjórar og stýrimenn og sagt að þau skuli gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn. Það sem eru hin almennu skilyrði þess að menn geti fengið réttindi að stjórna skipi. Þar til viðbótar kemur svo siglingatíminn sem er frá 18 mánuðum og upp í 27 mánuði í starfi eftir því hvaða réttindastig menn eru að innvinna sér, þ.e hvort menn reyna að vinna sér inn lægstu réttindi sem stýrimaður eða skipstjóri eða hins vegar mestu réttindi sem skipstjórnarmaður, þar sem tíminn getur farið allt upp í 27 mánuði eins og fram kemur í skilgreiningu E í a-lið 8. gr. frv. á bls. 3.

Síðan eru ákvæði um hvernig farið skuli með réttindi vélstjóranna og tekið sérstaklega fram um siglingatíma þeirra einnig í 8. gr. frv. og verður það í III. kafla laganna.

Ég ætla ekki að hafa mikið lengra mál um þetta. Ég vil bara vekja athygli á því að það þarf að skoða þetta frv. Menn þurfa líka að velta því vel fyrir sér hvort betra sé að taka upp það fyrirkomulag að Siglingastofnun ákveði öryggismönnunina og ákveði í rauninni þá lágmarksmönnun yfirmanna á skipum frekar en að hafa það í lögum.

Ég ætla að leyfa mér að hafa þá skoðun — ég tel að ég hafi fyrir henni full rök — að störf skipstjórnarmanna og störf vélstjórnarmanna á fiskiskipum hafi orðið umfangsmeiri á undanförnum árum frekar en að þau hafi verið einfölduð. Að vísu hefur komið til mikið af tæknimöguleikum við að annast þessi störf. En það þarf líka að viðhalda tækninni, kunna á hana og kunna að nota hana og vissulega hafa störf verið færð á yfirmenn skipa. Ég get nefnt sem dæmi að fyrir nokkuð mörgum árum síðan var starfandi loftskeytamaður um borð í mörgum þessara stærri skipa en skipstjórnarmenn hafa almennt tekið yfir öll þau störf og þar til viðbótar auðvitað notkun ýmissa tækja sem tengjast gervihnattastaðsetningu og gervihnattasamböndum vítt um veröldina.

Tæknin hefur vissulega orðið til þess að störf manna hafa breyst og ábyrgð þeirra vaxið fyrir svo utan t.d. þróunina í íslenska fiskiskipaflotanum, þ.e. í hinum stærstu skipum flotans á undanförnum árum. Hún hefur verið sú að bæði frystitogararnir og nú hin nýju nótaveiðiskip sem eru í raun fjölveiðiskip, veiða og vinna aflann um borð og frysta hann. Því fylgir auðvitað mikil tækni og mikil ábyrgð og þar fer fram mikil verðmætasköpun. Því er ekki verið að sýsla með neina smáaura þegar mönnum er trúað fyrir þeim tækjum sem þeir eru með í höndunum.

Ég lít almennt svo á varðandi það sem þarf að gera í öryggismálum um borð í fiskiskipum, að það þurfi að viðhalda og jafnvel efla almenna þjálfun manna í öryggismálum og viðhalda björgunaræfingum, enda gengur alþjóðasamþykkt um menntun, skírteini og vaktstöður út á að þjálfa eigi undirmenn. Og hverjir eiga að þjálfa undirmenn? Það eru vakthafandi skipstjórnarmenn. Ef hin stærri skip eru, eins og venja er, veiðandi allan sólarhringinn þá standa skipstjóri og 1. stýrimaður venjulega vaktir í brú skipsins svona 12 tíma hvor. Ég held að ekki sé bætandi mikilli vinnu á þá til að sjá um þjálfun mannskaps samhliða þeim störfum. Þjálfunarhlutverkið kemur því óhjákvæmilega í hlut 2. stýrimanns,

þ.e. að sjá til þess að áhöfnin njóti þeirrar þjálfunar sem hún þarf þannig að samþykktin sem við erum að fara að staðfesta hér verði ekki bara nafnið eitt. Við tökum á okkur miklar skyldur samkvæmt samþykktinni. Okkur ber að viðhalda öryggi skips sérstaklega og huga alveg sérstaklega að því að undirmenn hafi gengið vaktir undir handleiðslu stýrimanna og fengið sérstaka þjálfun og tekið þátt í þjálfunarferli um borð í skipunum sem yfirmönnum er ætlað að staðfesta að þeir hafi fengið.

Ég lít svo á að kröfurnar um öryggi skips og áhafnar fari vaxandi fremur en hitt og að ábyrgð manna fari vaxandi, eins og ég hef getið um áður. Reglur um mengun hafs eru auðvitað að verða stífari og meiri kröfur eru gerðar til þess að allir gangi vel um umhverfi sitt. Það leggur svo nýjar skyldur og viðbótarskyldur á sjómenn sem aðra. Að öllu samanlögðu mundi ég því telja fá færi hjá Siglingamálastofnun Íslands að fækka stöðugildum um borð í skipum miðað við að menn eigi að standast þær kröfur sem við ætlum hér að samþykkja að fiskimenn gangist undir.

[19:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa hefur komið fyrir Alþingi á undanförnum tveimur eða þremur þingum. Eins og hér hefur verið gerð grein fyrir var hluti þess afgreiddur á síðasta þingi, þ.e. sem sneri að þessum þætti, en hluti var kallaður til baka. Þau ákvæði sem hér er fjallað um snerta að sjálfsögðu kjaramál viðkomandi stétta. Því er afar eðlilegt og nauðsynlegt að þessi frv. og þær breytingar sem hugsanlega verða gerðar á gildandi lögum verði unnar í nánu samráði við viðkomandi stéttir og starfshópa.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar þegar hann sagði í lok ágætrar ræðu sinnar að kröfur um öryggi færu vaxandi á sjó sem og annars staðar. Okkur ber að stefna að kröfum um aukið öryggi. Stöðugt koma upp nýjar kröfur. Hv. þm. nefndi einmitt umhverfiskröfur og umgengni við hafið og auðlindir þess. Út af þessum tvennum sjónarmiðum er hvorki ástæða til þess að draga úr menntunarkröfum, færniskröfum né mönnunarkröfum. Ég tjái það sem mína skoðun og vara við tilburðum í þá átt að draga úr kröfum um mönnun, öryggi, þekkingu í skipstjórn og meðferð skipa, hvort heldur þau eru á fiskveiðum, í farþegaflutningum eða vöruflutningum. Menn þurfa að gæta sín á því að þetta frv. miði ekki að því.

Það er svo freistandi að keyra niður kostnað. Sá skammtímaávinningur er svo freistandi sem menn sjá í að keyra niður kostnað með því að slaka á mönnunarkröfum, öryggiskröfum og menntunarkröfum, en hann getur síðan orðið dýrkeyptur þegar á reynir. Við þekkjum þann þrýsting sem hefur verið beitt til að fækka ábyrgðarmönnum, yfirmönnum og kunnáttumönnum á skipum. Ég vil líka, eins og aðrir hv. þm. í umræðunum, vekja athygli á þætti Siglingastofnunar Íslands sem á að fá það hlutverk samkvæmt frv. að skera úr um undanþágur frá lágmarksfjölda stýrimanna á fiskiskipum og lágmarksmönnun fyrir þau og gefa út öryggisskírteini, þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda stýrimanna í áhöfn og skírteini fyrir einstakar stöður, eins og segir í lagagreininni.

Ég skil ekki alveg þessa nálgun málsins. Er verið að segja að Siglingastofnun verði að meta það þannig að sami bátur geti undir einhverjum kringumstæðum þurft að undirgangast eina mönnunarkröfu af hálfu Siglingastofnunar en svo við einhverjar aðrar aðstæður einhverja aðra mönnunarkröfu? Hvernig er ætlunin að beita þessu ákvæði? Getur bátur átt á hættu að til þeirra verkefna sem hann er að fara í á morgun þurfi hann að geta fengið undanþágu frá stífari ákvæðum laganna en svo til þeirra verkefna sem hann fer hinn daginn þá fái hann ekki undanþáguna?

Mér finnst það mjög hæpin nálgun á útfærslu þessara ákvæða að fela svona mikilvægar heimildir í hendur stofnunar frekar en að binda það bara í lög að bátum af ákveðinni stærð eða bátum með ákveðnum stærðum af vélum eða með ákveðnum útbúnaði sé skylt að vera með ákveðna mönnun. Þetta er gríðarleg ábyrgð stofnunar og þar er ekki öfundsvert að fara með þá ábyrgð í vafatilvikum. Þetta mál kemur að sjálfsögðu til umfjöllunar og meðferðar í hv. samgn. þar sem ég sit.

Ég vil bara spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða rök hafa leitt til þeirrar framsetningar og tillögugerðar sem þarna birtist og hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér að þessu verði beitt? Mér er ekki ljóst hvernig á að beita þessu. Er það t.d. þannig að eitt skip hafi undanþágu en að annað við hliðina sé ekki með undanþágu þó það sé af líkri stærð? Ég vil að menn gæti sín á hvaða braut er verið að fara við að slá af kröfum í öryggismálum og þekkingarmálum þeirra sem málið varðar, því öll hljótum við að hafa þá stefnu að fyllsta öryggis sé gætt og auk þess að vinnuálag sé hæfilegt og að ekki sé neinum íþyngt um of þó svo sparnaðaraðgerðir geti þrýst á um að draga úr mönnun og kröfum til þeirra sem eru í forsvari á skipum.

Ég vil vekja máls á nokkrum atriðum til viðbótar, t.d. skipulagðri endurmenntun í flotanum þar sem verið er að fjalla um menntun og menntunarkröfur og færniskröfur og síðan er stöðugt aukin tækni, nýjungar og ný atriði að koma inn. Hefði ekki átt að vera í frv. setning, ákvæði eða tilmæli um skipulagða endurmenntun fyrir þá starfsmenn sem verið er þarna að semja löggjöf fyrir? Ég tel að svo ætti að vera og skýrar áherslur hvað það varðar. Það ætti að vera hluti af svona þekkingar- og mönnunarkröfum.

Ég tek undir ábendingar og fyrirspurn hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um réttindi þeirra sem hafa langa og farsæla reynslu og kunnáttu án þess að vera með formleg próf, til þeirrar ábyrgðar sem þeir hafa axlað í gegnum árin. Ekki er vikið að því í þessu lagafrv.

Herra forseti. Frv. fer til hv. samgn. þar sem farið verður nánar í einstaka þætti þess. Ég legg áherslu á að hér sé ekki verið að slaka á í neinu hvað varðar kröfur um mönnun, færni, þekkingu og allt annað sem lýtur að öryggismálum um borð í skipum.

[19:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það vefst ekkert fyrir mér að hér er flókið mál á ferðinni. Þó er það ekki óyfirstíganlegt. Hv. þm. hafa komið inn á breytingar á skipum svo sem á stærð og búnaði og hvort sem átt er við vélbúnað eða tæknibúnað sem skipstjórnarmaðurinn situr við þá hafa eins og allir vita miklar breytingar orðið í þeim efnum, t.d. hefur vélin sjálf og umfang hennar minnkað en hinn mikli búnaður sem fylgir t.d. einum frystitogara, færibönd, frystitæki og vélar, er orðinn stór þáttur í hinu daglega starfi vélstjórans. Einnig má líta til hinna miklu tækja skipstjórnarmannanna sem eru í brú og síðast en ekki síst til hina tröllauknu tækja sem notuð eru við togbúnað og veiðarfæri. Ég vildi nú bara segja það hér við lok þessarar umræðu að við í samgn. munum auðvitað skoða þetta mál mjög vel.

Við gerum okkur alveg grein fyrir því að það þarf að horfa til margra átta þegar talað er um fækkun í áhöfn fiskiskipa. Á hinu hættulega hafsvæði við Ísland þarf auðvitað að sýna aðgát. Vonandi er hægt að vinna málið af sanngirni, af skilningi og í sátt og auðvitað þá með það að leiðarljósi að vinnutími og öryggi manna á hafinu sé ekki skert.

Ég vil líka segja eins og hv. samgrh. sagði áðan að ég hef haft samband við nokkra aðila sem þetta mál snertir og veit ég að þeir eru ekki fjarri sátt í málinu. Hvað þarf að koma til hef ég ekki farið ofan í. Það mun væntanlega koma í ljós þegar við köllum þá aðila til sem eru um borð í skipunum og þá sem gera þau út. Ég efa ekki að hægt er að vinna frekar í þessu máli.

Ég vil líka að lokum geta þess að nýlega komu menn saman á hinum alþjóðlega siglingadegi. Þar var sest niður og margir úr hópi úgerðarmanna og sjómanna og frá Siglingastofnun komu saman. Þar voru menn sammála um að nauðsynlegt væri að fullgilda svo fljótt sem mögulegt væri fyrir Íslands hönd hið svokallaða STCW-F samþykktina þar sem er að finna lágmarkskröfur um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa. Hvert sem litið er eru menn einhuga um að nauðsyn beri til að staðfesta þessa alþjóðasamþykkt til að koma í veg fyrir slys og árekstra á sjó og eins til að auka enn frekar öryggi áhafna.

Við þekkjum líka, eins og oft hefur komið fram, að slysatíðni meðal íslenskra sjómanna er áhyggjuefni. Hún er enn allt of há. Sé litið til Evrópu er slysatíðni hvergi eins mikil og enn gerist á íslenskum fiskiskipum og það er áhyggjuefni sem þarf að finna lausn á.

Málið mun síðan koma til hv. samgn. og þar munum við vissulega fara yfir hlutina.

[19:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem frv. hefur fengið hjá þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls. Ég vil þó koma inn á nokkur atriði vegna þess sem fram kom í ræðum hv. þm.

Hv. þm. Kristján L. Möller velti því fyrir sér hvort eðlilegt væri að Siglingastofnun færi með það hlutverk sem henni er ætlað samkvæmt þessu frv. og hvort ekki væri eðlilegt að áhafnir tækju ákvarðanir um það hvernig mönnun skyldi háttað. Þetta er nú ekki alveg svona einfalt því að tvo þarf til. Það eru auðvitað útvegsmenn sem gera út sín skip og lögin og reglurnar um áhafnir eru auðvitað settar til þess að gera tilteknar kröfur, m.a. öryggiskröfur, til þeirra útvegsmanna sem gera út skipin.

Að hinu leytinu, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, er út af fyrir sig fullkomlega heimilt og ekkert útilokað að um það geti verið samkomulag milli áhafnar eða sjómannasamtaka og útgerðar að mönnun sé háttað öðruvísi vegna tiltekinna verkefna en ströngustu reglur kveða á um. Þarna getur auðvitað jafnframt verið um samkomulag að ræða. Frv. sem við erum að fjalla um og reglurnar sem því fylgja eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til mönnunar og nauðsynlegt er að undirstrika það.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni hefur Siglingastofnun yfir góðu starfsfólki að ráða sem hefur mikla þekkingu á siglingamálum og öryggismálum sjófarenda. Það er afar mikilvægt að treysta starf hennar og ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt að fela henni þetta verkefni.

Hv. þm. spurðist fyrir um hvort ekki væru gerðar kröfur til björgunarbáta. Í greinargerð með frv. segir um f-lið 8. gr. frv., þ.e. 18. gr. laganna sem verið er að breyta, þar sem verið er að fjalla um önnur skip:

„Hér getur verið um að ræða sanddæluskip, dráttarbáta, hafnsögubáta, vinnubáta og björgunarskip."

Hins vegar tel ég afar mikilvægt að nefndin fari rækilega yfir þessa þætti þannig að tryggt sé að eðlilegar reglur gildi um mönnun allra skipa.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson spurðist fyrir um hvort þekkt væri hversu mörg ríki hefðu staðfest STCW-F tilskipunina. Ég hef þær upplýsingar ekki hérna hjá mér. En Íslendingar hafa verið í fararbroddi hvað varðar öryggiskröfur og öryggismál sjófarenda og ég tel að það sé afar jákvætt að við staðfestum þær reglur sem á alþjóðavettvangi hafa verið lagðar fram. Ég tel það mjög jákvætt. Hv. samgn. getur vafalaust farið rækilega yfir það hvernig þessu er háttað um staðfestingarnar.

Um eldri réttindi gildir það jafnan svo að réttindi eru ekki tekin af mönnum og skiptir það auðvitað afar miklu máli. Þess vegna var mikilvægt að skilgreina stærðir skipa skýrt þannig að ekki væri verið að skerða skírteinisréttindi sem menn hafa. En ég tel með sama hætti að yfir þetta þurfi að fara mjög vandlega í hv. nefnd þannig að ekkert fari á milli mála og að skipstjórnarmenn haldi þeim réttindum sem þeir hafa uppáskrifuð.

Hv. þm. velti fyrir sér þeim mörkum sem eru að breytast, þ.e. brúttótonnaviðmiðunin úr brúttórúmlestaviðmiðuninni. Þarna er stærðarviðmið notað. Það er alveg ljóst, og þess vegna er hlutverk Siglingastofnunar mjög mikilvægt, að ekki þarf eingöngu að hafa brúttótonnastærð skipa í huga heldur þarf að líta til vélarstærðar, veiðiskaps, úthalds og farsviðs þannig að þessar stærðarviðmiðanir geta aldrei verið algildar.

Hv. þm. vakti athygli á því að mikil þróun hefur orðið í búnaði fiskiskipa. Hann vakti m.a. athygli á því að loftskeytamenn eru ekki lengur mikið til staðar. Tækninni hefur fleygt fram og þeir hlutir eru leystir öðruvísi. Það sama þarf að skoða hvað varðar annan búnað. Það þarf að miða við aðstæður. Þess vegna er nú þessi leið farin, þ.e. fyrst og fremst til að leggja mat á öryggismönnunina. Þá vil ég geta þess og undirstrika vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að það er ekki verið að ganga út frá einhverjum undanþágum, að Siglingastofnun veiti undanþágu frá mönnun, heldur hinu að við setjum tilteknar reglur um mönnun. Síðan er verið að setja þessar öryggismönnunarkröfur þannig að tryggt sé að allar reglur séu uppfylltar miðað við vélarstærð, stærð skipa, veiðiskap o.s.frv.

Hv. þm. Jón Bjarnason spurði hvort sama skip gæti haft mismunandi kröfur til mönnunar. Út á það gengur m.a. hluti þessa frv. Hægt er að halda skipum til veiða við mjög mismunandi aðstæður og við mismunandi veiðiskap. Beitt getur verið til dagróðra á grunnmið þar sem ekki er þörf á jafnfjölmennri áhöfn. Sama skipi getur síðan verið beitt til lengra úthalds og veiða sem kalla á fleiri menn í áhöfn. Því liggur alveg fyrir að um mismunandi öryggismönnun getur verið að ræða. Miklu skiptir að það liggi fyrir.

Ég tek undir að mikil ábyrgð er lögð á Siglingastofnun með þessu verkefni. Það er alveg ljóst og við þurfum að gera okkur grein fyrir því. Því þarf að skapa henni góð skilyrði til þess að geta uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar til hennar hvað þetta varðar. Ég held að mjög gagnlegt og mikilvægt væri fyrir hv. samgn. að fara mjög vandlega yfir þau mál með fulltrúum Siglingastofnunar og átta sig á því hvernig staðið verður að meðferð málsins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta. Ég tel að hér hafi farið fram mjög gagnlegar umræður. Þær geta væntanlega haldið áfram í hv. samgn. Ég vil bara að lokum þakka fyrir málefnalegar og ágætar undirtektir, en legg áherslu á að hér er um afar mikilvægt mál að ræða. Okkur skiptir miklu að að mönnun íslenskra fiskiskipa sé staðið þannig að við getum verið viss um að bærileg sátt ríki þar um og að alls öryggis sé gætt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 17.–24. mál.

Fundi slitið kl. 19:37.

---

96. FUNDUR

miðvikudaginn 13. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 593. mál, þskj. 926. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Búnaðargjald, stjfrv., 600. mál, þskj. 946. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Líftækniiðnaður, stjfrv., 548. mál, þskj. 856. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Á fundi utanrmn. í gær var Sigríður Anna Þórðardóttir kjörin formaður og á fundi í menntmn. í gær var Gunnar Birgisson kosinn formaður.

Afturköllun þingmáls.

[13:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Fyrirspurn á þskj. 890 er kölluð aftur.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Athugasemdir um störf þingsins.

Dreifð eignaraðild í fjármálastofnunum.

[13:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hafði vænst þess að hæstv. viðskrh. yrði hér viðstödd og hafði gert henni boð um það sem hún féllst á. Ég sé að hæstv. forsrh. er hér og ég ímynda mér að hann geti tekið á árum í stað hæstv. viðskrh.

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs, herra forseti, er að engum duldist að í aðdraganda aðalfundar Íslandsbanka stigu ýmsir stórir hákarlar í viðskiptalífinu lítt geðslegan dans í kringum bankann. Ég tel að það sé ákaflega óæskilegt ef lagaumhverfi okkar er með þeim hætti að öflugir aðilar geta brotist til ráðandi áhrifa í fjármálastofnunum, ekki til þess að ávaxta sitt pund heldur beinlínis til þess að treysta völd sín í óskyldum greinum atvinnulífsins. Atburðarásin í kringum aðalfundinn sýndi að þetta er í reynd hægt. Þetta undirstrikar það sem hæstv. forsrh. hefur margsinnis sagt að dreifð eignaraðild og dreifð áhrif í fjármálastofnunum eru ákaflega æskileg.

Hæstv. viðskrh. hefur hins vegar nýlega sagt að ekki sé hægt að setja lög sem takmörkuðu stærð eignar í bönkum af því að þau brytu gegn 40. gr. EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Ég vil af því tilefni benda á, herra forseti, að álit ESA sem ráðherrann byggir á sagði að takmörkun eignaraðildar væri í sjálfu sér lögmætt markmið en Norðmenn sem álitið beindist að hefðu ekki sýnt fram á að nægilegs meðalhófs væri gætt.

Dreifð áhrif má hins vegar tryggja með öðrum hætti, herra forseti. Hægt væri með lögum að mæla fyrir um að einn eða tengdir aðilar mættu ekki fara með meira en t.d. 10% eða 15% af atkvæðamagni í fyrirtækinu á aðalfundi. Þetta takmarkar ekki möguleika á frjálsum fjármagnsflutningum. Þarna er því gætt meðalhófsins sem eftirlitsstofnunin kvað á um og þetta mundi því samræmast samningnum um EES. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. sem hér er staddur og hefur sýnt mikinn áhuga á því að koma á einhvers konar lögum og takmörkunum á eignarhaldi í bönkum hvort hann telji ekki að hákarladansinn í kringum Íslandsbanka hafi sýnt fram á

nauðsyn þess að setja lög sem með þessum hætti tryggja dreifð áhrif í fjármálastofnunum.

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það hefði betur farið á því að hæstv. viðskrh. tæki til máls eins og hv. málshefjandi ætlaðist til en hún var að koma í salinn þannig að ég skal aðeins fjalla um þetta en geri það auðvitað ekki af jafnmiklu viti og hæstv. viðskrh. mundi gera, en hún blandar sér kannski í málið hér á eftir.

Það er alveg rétt að ég hef haft áhuga á því í að okkar litla landi söfnuðust áhrif í bankaheiminum ekki á of fáar hendur og hef talað fyrir því að það væri kannað. Reyndar hefur verið sýnt fram á það að slíkt fyrirkomulag er víða til í löndum en þó ekki í flestum löndum. Í annan stað hefur komið á daginn, til að mynda í Íslandsbanka, að menn geta komist í kringum slíkar reglur með því að gera samninga milli einstakra hluthafa, samstarfssamninga innan banka o.s.frv. Að vísu hef ég skilið dæmið þannig að þeir hafi verið tímatakmarkaðir og eigi að renna út á tilteknum tíma. Mér finnst því mjög æskilegt, eins og ég segi, í okkar litla landi þar sem ráðandi bankastofnanir verði aldrei nema tvær til fjórar kannski í mesta lagi, þá verði meginvaldið nokkuð í dreifðri eignaraðild. Ég tel það vera æskilegt. Hvort hægt er að tryggja það, hvort reglur EES leiði til þess — ég hef ekki skoðað það sérstaklega — að það sé ekki hægt, það verður þá bara að fara yfir það nákvæmlega. Við verðum að lúta þeim reglum, eflaust taka mið af slíkum reglum ef þær eru fyrir hendi. En ég tel hins vegar að það sé í sjálfu sér æskilegt að tryggja slíka dreifða eignaraðild en það kann að vera annmörkum háð.

Nú veit hæstv. viðskrh. um hvað við erum að tala þannig að hún getur kannski blandað sér í málið.

[13:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það verður að stöðva að stórar fyrirtækjablokkir sem tengjast gagnkvæmu eignarhaldi nái hér undirtökum í fjármálastofnunum og hafi með því kverkatak á atvinnulífinu. Fákeppni og einokun víða í atvinnugreinum á olíu-, trygginga- og flutningamarkaði og ekki síður í bankakerfinu og matvöruverslunum er orðið stærsta vandamálið sem við er að glíma í viðskiptalífinu. Þessi fákeppni og einokun á markaði er síðan fullkomnuð með því að stórar einokunarblokkir í atvinnulífinu kaupa sér stjórnarsetu og ráðandi stöðu í fjármálastofnunum og það eitrar síðan allt heilbrigt markaðsumhverfi í atvinnulífinu. Vöxtum er svo þrýst upp í skjóli einokunar og sá vaxtamunur sem birtist okkur þessa dagana hjá bankastofnunum í milljarðagróða þeirra kemur fram hjá þeim einmitt í þeim okurvöxtum sem eru í bönkunum, sem eru þeir hæstu sem þekkjast á byggðu bóli og eru að sliga bæði heimilin og lítil og meðalstór fyrirtæki í landinu.

Það verður því, herra forseti, að taka með fullri hörku á stjórnar- og eignartengslum í íslensku atvinnulífi og setja reglur sem banni setu eigenda stórra fyrirtækjablokka t.d. í bankastjórnum eða a.m.k. að verulegar skorður séu settar á atkvæðisrétti þeirra eins og við í Samfylkingunni lögðum til en sú tillaga var felld á síðasta þingi. Það er auðvitað ekkert sem kemur í veg fyrir að eftirlit Fjármálaeftirlitsins taki til eftirlits með virkum eignarhluta fari hann t.d. yfir 5% en ekki 10% eins og nú er. Það eru líka óeðlilegir viðskiptahættir og hagsmunaárekstrar sem verður að stöðva ef stjórnarmenn í lífeyrissjóðum eins og í Lífeyrissjóði verslunarmanna sitja í stjórnum stórfyrirtækja og banka.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hún taka á þessu máli? Mun hún beita sér fyrir því að eftirlitsgeta Fjármálaeftirlitsins með virkum eignarhlut í fyrirtækjum miðist við 5% eignarhluta en ekki 10% eins og nú er? Mun hún taka á þeim hagsmunaárekstrum sem nú er að finna hjá stjórnum lífeyrissjóðanna?

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vakin er athygli á nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild í fjármálalífinu. Tilefnið er aðalfundur Íslandsbanka en þar voru uppi getgátur um að aðilar úr viðskiptalífinu í markaðsráðandi fyrirtækjum hefðu viljað treysta sinn hlut í bankanum og til hvers? Jú, til þess að ráða betur stefnu bankans og hugsanlega einnig til að treysta tök sín á atvinnulífinu. Samansúrruð völd í framleiðslu og vörudreifingu annars vegar og í fjármálalífinu hins vegar getað skapað þá hættu að fjármálastofnanir landsins verði notaðar í þröngu eiginhagsmunaskyni og þá hugsanlega almannahagsmunum.

Herra forseti. Ég vil benda á að á borðum þingmanna liggur frv. frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum landsins. Við leggjum til að einstökum aðilum öðrum en ríkissjóði og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum verði óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka.

Nú hafa ýmsir tekið undir þetta sjónarmið og ég minnist þess að hæstv. forsrh. gerði það á sínum tíma. En ég minnist þess jafnframt að hæstv. viðskrh. telur að þetta stangist á við heilaga ritningu Evrópusambandsins. Ef þetta er álitamál í því samhengi, þá spyr ég: Er nú ekki kominn tími til að Íslendingar reyni að standa í lappirnar og láti alla vega reyna á það hvort Evrópusambandið ætlar að setja okkur stólinn fyrir dyrnar í þessu efni? Þess vegna vil ég taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hæstv. forsrh. að það þurfi þá að skoða sérstaklega og láta reyna á það hvort Íslendingar hafi fullveldi til að fara sínu fram í þessu máli.

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þegar lagt var fram frv. á síðasta þingi um eftirlit með virkum eignarhlutum þá fylgdi því frv. mjög greinargóð greinargerð um þá kosti sem eru til staðar við þær aðstæður að reyna að koma fyrir takmarkaðri eignaraðild að fjármálastofnunum. Farið var yfir kosti og galla þess að takmarka aðildina og vissulega hefur það bæði kosti og galla. Það hefur þann kost að þannig er hægt að koma í veg fyrir óæskilega samþjöppun. Það hefur galla sem gætu verið þeir að það skerðir samkeppnisstöðu þessara fjármálastofnana og það gæti skert möguleika til hagræðingar og fleira mætti nefna. Þetta vildi ég segja í upphafi.

Síðan vil ég segja að það er ekkert álitamál að EES-samningurinn kveður á um að ekki skuli vera nein höft á þessu sviði á flutningi fjármagns. Hann kveður líka á um að ekki megi mismuna vegna þjóðernis. ESA hefur hafnað þeim takmörkunum sem Norðmenn hafa sett sem varða 10% skorður, ESA hefur hafnað þeim ákvæðum í lögum Norðmanna og það held ég að sé mikilvægt að komi fram.

Hvað varðar að takmarka atkvæðavægi, þá er fyrir fram erfitt að segja til um það hvernig dómur mundi falla í því máli en miðað við það sem ég hef sagt á undan þá held ég

að það séu í sjálfu sér meiri líkur á því að dómur mundi falla okkur í óhag varðandi það atriði.

[13:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það getur vart verið ólögmætt markmið að stefna að dreifðri eignaraðild í stofnunum eða fyrirtækjum eins og bönkum. Ég held að menn hljóti að geta fundið einhverja tæknilega útfærslu á því að tryggja það að vald safnist ekki um of á fáar hendur.

Mér finnst einmitt í umræðunni undanfarið ekki síst hafa komið fram hversu hættulegt það er þegar völdin eru á fárra höndum eins og til að mynda farið hefur verið með t.d. eiganda Landssímans undanfarið. Þar höfum við séð það hvernig menn geta hegðað sér í skjóli eignarhaldsins sem er grafalvarlegt mál og ég verð að segja það líka, virðulegi forseti, að ég hef ekki síður áhyggjur af því að misvitrir stjórnmálamenn sem kunna að komast til áhrifa kunni að beita sér í ríkisbönkunum einnig. Ég held því að mjög mikilvægt sé að takmarka eignarhaldið eða dreifa því eins og kostur er og við hljótum að geta fundið einhverja tiltekna aðferð til þess því að það er einu sinni þannig að mikið vald spillir og algert vald gerspillir og ég held að enginn sé að finna upp hjólið þó að því sé haldið fram. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að við förum í það og leitum leiða til þess að tryggja dreifða eignaraðild hvort heldur það er í einkabönkum, ríkisbönkum eða stórum fyrirtækjum því að það hefur sýnt sig undanfarna daga að líklega er það það versta sem á sér stað þegar misvitrir stjórnmálamenn fara að beita sér á slíkum vettvangi.

[13:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er vakin athygli á þeirri stöðu sem upp er komin í íslensku bankakerfi, einstökum bönkum, að vald er að þjappast þar saman á fárra hendur. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir því að það liggur fyrir þinginu, á borðum þingmanna, frv. til laga frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að tryggja dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum þannig að ef þetta frv. kæmist til umræðu og yrði samþykkt þá mundi það taka á því sem hér er verið að ræða.

Herra forseti. Vandinn sem blasir við okkur er sá að það einkavæðingarferli á bankakerfinu sem var lagt af stað með og var hryggsúlan í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hefur ekki gengið eftir þeim væntingum sem meira að segja þeir sem voru hrifnir af því og studdu það vonuðust eftir. Menn horfa því fram á aukna fákeppni í bankakerfinu, möguleika á því að það sé sami aðilinn sem bæði rekur fyrirtæki og á hlut í bankanum og kannski er sama fyrirtækið síðan einn aðalviðskiptaaðili bankans. Slík tengsl ganga einfaldlega ekki upp og eru til trafala í allri hagstjórn og í allri þróun efnahagslífsins. Þetta hefur átt sér stað einmitt í Þýskalandi á undanförnum árum þar sem slík krossbönd höfðu orðið að atvinnulífið og bankinn áttu hvort í öðru. Það leiðir til stöðnunar í atvinnulífinu og efnahagsþróuninni. Slíkt er bannað í Bandaríkjunum það ég best veit.

Það er fráleitt að við hér á hinu litla Íslandi séum að innleiða beint fákeppnisaðstöðu á fjármálamarkaði eins og nú stefnir í.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að í þessari umræðu eru þrír stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á þingi alveg samferða. Sjálfstfl., Samfylkingin og VG eru þeirrar skoðunar að mjög æskilegt sé að takmarka eignaraðild og æskilegt sé að skoða með hvaða hætti því er hægt að koma fyrir í íslenskum lögum án þess að það stangist á við 40. gr. EES-samningsins.

Hæstv. viðskrh. vísaði í greinargerð með frv. sem flutt var í fyrra. Ég leyfi mér að vísa í þau orð sem hæstv. ráðherra sagði þá sjálf í umræddri greinargerð. Hún sagði að það væri hætta á því að stórir hluthafar í fjármálastofnunum misnotuðu aðstöðu sína á kostnað fyrirtækjanna, annarra hluthafa og annarra viðskiptavina. Hún sagði líka að það væri meiri hætta á slíkri skaðlegri samþjöppun í litlum hagkerfum eins og Íslandi en annars staðar. Hæstv. ráðherra getur með öðrum orðum ekki annað en komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi með einhverjum hætti að finna leiðir til að koma í veg fyrir það sem hún sjálf telur óæskilegt.

Hæstv. ráðherra vísar til álits ESA varðandi lög Norðmanna. Það er rétt að draga það fram að efnislega kemur fram í því áliti að það sé lögmætur tilgangur að reyna að dreifa áhrifum og eignaraðild. Hins vegar var þar sagt að Norðmenn hefðu ekki sýnt fram á að þeir hefðu gætt nægilegs meðalhófs. Það er hugsanlegt að lægri hlutur en 10% feli í sér hæfilegt meðalhóf, kannski sá 3–5% hlutur sem hæstv. forsrh. hefur lagt til. Eða eins og ég tel, herra forseti, að það sé engum blöðum um það að fletta að hægt sé að takmarka eignaraðildina með því að dreifa áhrifum, með því að fara þá leið sem Samfylkingin hefur lagt fram á hinu háa Alþingi, að takmarka hámark atkvæða sem einn eða tengdir aðilar mega fara með á hluthafa- og aðalfundi fyrirtækis.

Ég tel, í framhaldi af orðum hæstv. forsrh., nauðsynlegt að skoða hvaða leið dugar án þess að hún brjóti í bága við EES-samninginn.

[13:49]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að velta fyrir sér þessari umræðu og tilefni hennar. Haldinn er aðalfundur í fyrirtæki í bænum og þar eru átök milli manna um hvert skuli stefna í fyrirtækinu og átök um stjórnarkjör. Þetta er nokkuð sem er ekki óeðlilegt. Það er ekkert nýtt í þessu. Slík átök eiga sér mjög oft stað hérlendis og erlendis. Samt telja menn þörf á að taka þetta sérstaklega upp hér undir umræðum um störf þingsins.

Við skulum aðeins spá í þetta. Íslandsbanki er í raun fyrirtæki með mjög dreifða eignaraðild. Þar standa ákveðnir hluthafahópar saman gegn öðrum hluthafahópum. Stofnanafjárfestar eru mjög sterkir í bankanum, einstaklingar eru mjög sterkir í bankanum og fyrirtæki eru mjög sterk í bankanum. En það er mjög athyglisvert að enginn hluthafi í Íslandsbanka hefur talað um það sem vandamál, enginn hluthafi í bankanum hefur beðið sérstaklega um að sett verði lög um að einhverjir aðrir hluthafar megi ekki fara með einhverja ákveðna prósentu í bankanum. (**ÖS:** Hvað með Fjármálaeftirlitið?) Fjármálaeftirlitið hefur ekki gert neina kröfu um það heldur. (**JB:** Hvað með neytendur?) Neytendur hafa viljað skipta um banka, leggja inn í hann eða fá hjá honum lán. Þetta er stærsti banki landsins. Hann hefur náð miklum árangri vegna mikillar hagkvæmni í rekstri sínum. Svo þarf þetta fyrirtæki að búa við að hv. þingmenn koma hér upp og tala um þetta sem eitthvert vandamál. (**GÁS:** Og forsrh.)

[13:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það sem mér hefur fundist áberandi í öllu þessu máli og athyglisvert er þessi sterka afkoma bankanna. Í kjölfar gengisfellingar á síðasta ári virðist hafa orðið aukinn vaxtamunur sem hafi skilað sér í miklu betri afkomu bankanna en annars hefði orðið. Ég dreg þá ályktun að skortur sé á samkeppni í fjármálaheiminum og neytendur og viðskiptavinir bankanna búi við þær aðstæður að það sé ekki nægileg samkeppni á fjármálamarkaðnum.

Ég held að stjórnvöld eigi að skoða leiðir til að koma þeirri samkeppni á með miklu öflugri hætti en verið hefur. Hvort leiðin til þess er sú að setja lög um dreifða eignaraðild aðila í þessum fjármálastofnunum er ég ekki sannfærður um. Ég er ekki viss um að hægt sé að setja samasemmerki á milli þess að eignaraðild skuli vera með einhverjum tilteknum hætti og að í kjölfarið verði vaxandi samkeppni á markaðnum neytendum til góða.

En það er annað atriði í þessu sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á, þ.e. vaxandi íhlutun og eignasöfnun aðila yfir atvinnugreinar. Við höfum séð, í því umróti sem verið hefur í kringum Íslandsbanka, að mjög umsvifamikill aðili í matvöruverslun, með sterk ítök í olíuverslun og tryggingaþjónustu er að seilast til aukinna áhrifa í bankaheiminum. Mér finnst það vera mikið umhugsunarefni hvort rétt sé að leyfa þeirri þróun að halda áfram óhindrað eða hvort ekki sé rétt að setja löggjöf sem takmarkar áhrif sterkra aðila í einni grein í öðrum atvinnugreinum, sérstaklega fjármálaþjónustu. Í gegnum ítök þar er hægt að hafa mjög mikil og slæm áhrif á samkeppnisstöðu samkeppnisaðila í annarri atvinnugrein.

[13:53]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir áhyggjur hv. þingmanna á þessari þróun sem orðið hefur en legg áherslu á að við verðum að fara að leikreglum í þessum efnum. Það skýtur að mínu mati skökku við þegar Samfylkingin, kratar sem hafa dýrkað og dásamað hvað mest EES-samninginn, tala nánast fyrir því að brjóta gegn honum. Þarna finnst mér ekki alveg fullt samræmi í hlutunum.

Eins og ég sagði áðan, varðandi takmörkun atkvæðavægis, er á þessari stundu óljóst hvernig dómur mundi falla um slíkt mál. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það. Enn hefur ekki fallið dómur hvað þetta mál varðar. Ég legg áherslu á það sem ég sagði áðan, að við í viðskrn. höfum lagt okkur fram um að finna leiðir til að taka á þessu máli. Ég bendi í því sambandi á ítarlega greinargerð sem hefur verið mjög til umfjöllunar í samfélaginu síðan hún var birt. Hún tók á þeim möguleikum sem til staðar geta verið í þessum efnum og niðurstaðan var að farin yrði sú leið að hafa eftirlit, að Fjármálaeftirlitið hefði möguleika á að hafa eftirlit með virkum eignarhlutum í fjármálastofnunum. Atburðir síðustu daga sýna að þetta virkar og skiptir máli.

Að öðru leyti finnst mér ekki miklu við þetta að bæta. Í sjálfu sér er ekkert um það að segja og ekki nema eðlilegt að þetta sé rætt en ég ítreka að með því að vera á hinu Evrópska efnahagssvæði eru okkur settar ákveðnar skorður sem við verðum að taka tillit til hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Það getur fallið vel í umræðuna að slá sér á brjóst í ræðustól á Alþingi og segja bara: Við förum bara okkar leiðir. Við látum á það reyna, en þeir sem bera ábyrgð hugsa þetta öðruvísi.

[13:55]

Útbýting þingskjala:

Einsetning grunnskóla, 618. mál, fsp. SvanJ, þskj. 970.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 475. mál, svar heilbrrh., þskj. 965.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 593. mál (ítala o.fl.). — Þskj. 926.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Búnaðargjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 600. mál (gjaldstofn). — Þskj. 946.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Líftækniiðnaður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 856.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 605. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 575. mál (fiskiskip, varðskip, skemmtibátar o.fl.). — Þskj. 902.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:58.

97. FUNDUR

miðvikudaginn 13. mars,
að loknum 96. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, fsp. KLM, 537. mál, þskj. 842.
2. Viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar, fsp. ÖJ, 590. mál, þskj. 923.

Til iðnaðarráðherra:

3. Þriggja fasa rafmagn, fsp. DrH, 423. mál, þskj. 683.
4. Smávirkjanir, fsp. DrH, 424. mál, þskj. 684.
5. Útibú Matra á Ísafirði, fsp. JB, 499. mál, þskj. 789.
6. Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, fsp. KLM, 536. mál, þskj. 841.

Til viðskiptaráðherra:

7. Vöruverð í dreifbýli, fsp. KVM, 517. mál, þskj. 815.

Til samgönguráðherra:

8. Jarðgöng undir Almannaskarð, fsp. GunnS, 485. mál, þskj. 769.
9. Skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa, fsp. LB, 542. mál, þskj. 847.

Til heilbrigðisráðherra:

10. Húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein, fsp. ÁRJ, 500. mál, þskj. 790.
11. Rekstur vistheimilisins að Gunnarsholti, fsp. MF, 515. mál, þskj. 813.
12. Framkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands, fsp. MF, 530. mál, þskj. 834.
13. Skipting stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana, fsp. MF, 531. mál, þskj. 835.

Til menntamálaráðherra:

14. Aðstaða til fjarnáms, fsp. MF, 516. mál, þskj. 814.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fsp. KLM, 537. mál. — Þskj. 842.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Í október 1999 var lögð fram skýrsla sem unnin var fyrir forsrn., Byggðastofnun og Iðntæknistofnun þar sem kortlögð voru tækifæri sem talin voru geta nýst til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni á sviði fjarvinnslu. Í Degi daginn eftir, 19. október, var m.a. haft eftir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Á blaðamannafundi í gær sagði forsætisráðherra að þarna væri á ferðinni ný hugsun og ný vinnubrögð sem ættu að gagnast landsbyggðinni til sóknarfæra í atvinnu- og byggðamálum, að þarna sé um að ræða virka byggðastefnu.“

Enn fremur sagði:

„Með upplýsingahraðbrautinni sé tæknin hins vegar að verða vinur landsbyggðarinnar öndvert við það sem haldið var fram á sínum tíma þegar tæknin leiddi til fækkunar starfa úti um land.“

Herra forseti. Í framhaldi af þessu hef ég lagt fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. forsrh.:

„Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.“

Ég hef leyft mér að leggja fram þessa fyrirspurn til hæstv. forsrh. með beiðni um að fá munnlegt svar. En áður hef ég verið að fá svör frá öðrum ráðherrum þar sem ég beindi þessari fyrirspurn til allra ráðherra með ósk um skriflegt svar. Þar kemur m.a. fram, ef gripið er niður í svar hæstv. menntmrh.: „Engin fjarvinnsluverkefni eða störf á vegum menntamálaráðuneytisins voru flutt út á land á árinu 2001.“

Hæstv. umhvrh.: „Fjarvinnsluverkefni voru ekki unnin fyrir ráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2001.“

Hæstv. dóms- og kirkjumrh.: „Árið 2001 voru hvorki verkefni né störf á vegum ráðuneytisins flutt frá höfuðborgarsvæðinu til staða utan þess.“

Hæstv. fjmrh.: „Engin fjarvinnsluverkefni voru flutt út á land árið 2001 á vegum ráðuneytisins eða stofnana og fyrirtækja þess.“

Frá hæstv. sjútvrh. kom sama svar: Engin störf. Og frá hæstv. utanrrh. kom sama svar: Engin störf.

Herra forseti. Þetta er aumur vitnisburður um árangur í þessum störfum. Þess vegna finnst mér rétt að spyrja hæstv. forsrh. út í það hvað hafi gerst á vegum hans vegna þess að skýrslan sem ég vitnaði til er glæsileg. Þar er mikil upptalning á mörgum störfum sem hægt væri að vinna. En ekkert hefur verið gert.

Ég las upp nokkur svör frá hæstv. ráðherrum fyrir árið 2001. Það sorglega við þetta er að nákvæmlega eins svar kom fram fyrir árið 2000: Því miður, engin störf.

Ég vænti þess, herra forseti, að fá skýr svör við þessari fyrirspurn frá hæstv. forsrh.

[14:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Varðandi forsrn. er svarið reyndar mjög svipað því sem hv. þm. las upp varðandi önnur ráðuneyti. Það er reyndar þannig að forsrn., þó að nafnið sé virðulegt, er hvorki stórt ráðuneyti né með mjög margar stofnanir undir sér. Þó að sagt sé að stofnanir eins og Alþingi og Seðlabanki heyri undir forsrn. þá verða menn nú að skilja það eins og það er. Það má frekar segja, svo að maður sletti, að það sorteri undir forsrn. í fjárlagatillögum til að mynda fremur en það heyri undir forsrn. Þó mun það vera svo að t.d. Seðlabankinn hefur haft símsvörun fyrir Seðlabankann staðsetta utan höfuðborgarsvæðisins. En það var ekki fyrir milligöngu eða meðalgöngu eða vegna fyrirmæla forsrn. heldur eingöngu Seðlabankans sjálfs þannig að hann á þá heiður fyrir það fremur en ráðuneytið, enda hefur ráðuneytið ekkert boðvald yfir Seðlabankanum fremur en Alþingi eða öðrum slíkum stofnunum þó að þær „heyri“ undir ráðuneytið.

Ég hlýt hins vegar að vísa sérstaklega til svars sem ég veitti hv. þm. Kristjáni L. Möller á 126. löggjafarþingi og var merkt sem 57. mál. Þar er fjallað nokkuð ítarlega um þessa starfsemi og hvaða reynsla hefur fengist af þessu hjá einstökum ráðuneytum. Þar er forsrn. nefnt sérstaklega. Ég get vísað í þá þætti sem þar eru nefndir, t.d. að forsrn. hafi stutt við bakið á tilraunaverkefni í fjarvinnslu sem fól í sér að munir í vörslu Þjóðminjasafns voru skráðir í fjarvinnslu á Bakkafirði og síðar af Landvist á Húsavík, notkun á þjónustu þýðenda úti á landi með slík verkefni og þess háttar. Þetta var allt saman tekið fyrir og skýrt frá þessu sérstaklega

í skriflegu svari, hygg ég að það hafi nú verið frekar en munnlegt, á sínum tíma til hv. þm.

Við þekkjum það að þingið sjálft hefur núna upp á síðkastið leitast við, og hlotist nokkur hávaði af, að sinna þjónustu eða starfsemi af þessu tagi. En ég get alveg tekið undir það með þingmanninum að þetta hefur ekki gengið eins vel fram og væntingar máttu standa til. Við þekkjum að í verki er erfiðara við þetta að eiga en menn mundu ætla í upphafi.

[14:05]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að draumurinn um fjarvinnsluna er í raun orðinn að martröð eins og við höfum heyrt í fjölmiðlum undanfarna daga. Öll loforðin og allar væntingarnar sem gefnar voru í kosningabaráttunni nú síðast hafa ekki ræst og ekki gengið eftir.

Það hefur líka algerlega skort á það, herra forseti, í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist að menn hafi tekið sér tak og reynt að þróa og skapa nýtt umhverfi fyrir fjarvinnsluna. Menn byrja smátt og kannski á einföldum verkefnum. Síðan í framhaldi af því á að vera hægt að þróa og skapa öflugri verkefni og mannaflafrekari. En því miður verður að segjast eins og er að loforð þeirra sem gengu um landið og lofuðu glæstri byggð með nýrri þekkingu og tækifærum í kringum hana, hafa alls ekki gengið eftir. Kannski stendur þetta loforð áfram.

[14:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Möller tímabærar fyrirspurnir og sömuleiðis hæstv. forsrh. fyrir hreinskilin svör, þrátt fyrir allt.

Ég vil á hinn bóginn ganga eftir því við hann sem forsrh. og oddvita ríkisstjórnarinnar hvort hann muni hafa frumkvæði að því að láta hendur standa fram úr ermum og setja í gang aðgerðaáætlun innan framkvæmdarvaldsins í þessa veruna þannig að ekki blasi bara við landsbyggðinni svikin loforð og tilbúnar væntingar sem ekki ganga eftir í þessum efnum. Ég held að reynslan sé sár. En það er ekki of seint að snúa við blaðinu og gera veruleika úr öllum þeim loforðum sem ausið var yfir landsbyggðina á sínum tíma.

Ég vil líka vekja athygli á því að í byggðaáætlun kveður enn við sama tóninn. Gefin eru vilyrði og búnar til væntingar. Því árétta ég þá spurningu mína til hæstv. forsrh. hvort til greina komi að sett verði í gang aðgerðaáætlun sem fylgt verði til hlítar.

[14:07]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir næstum tveimur árum fór ég á fund hjá Norðurlandaráði sem haldinn var Tornio/Haparanda norður í Lapplandi. Þegar ég kom þar inn í bæinn vakti athygli mína gríðarlega stór og reisuleg nýleg bygging. Ég fór að spyrja hvaða hús þetta væri og þá var mér sagt að þarna hefði verið komið fyrir símsvörun fyrir alla Svíþjóð, upplýsingasíma samsvarandi 118 á Íslandi. Þetta var gert til að skapa konum á þessu svæði atvinnutækifæri sem þar voru áður af skornum skammti.

Mér verður nú hugsað til þessa. Getum við ekki með þetta fyrirtæki okkar sem ríkið á 90% í enn þá, gert eitthvað slíkt og skapað atvinnutækifæri úti á landi á þessu sviði? (**Gripið fram í:** Og atvinnuleysi í Reykjavík?)

[14:08]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn einu sinni ræðum við á Alþingi þá ömurlegu staðreynd að nær algjörlega virðist hafa mistekist að koma fjarvinnslu við opinberar stofnanir um landið þrátt fyrir ýmis fögur fyrirheit og miklar væntingar sem stjórnvöld báru höfuðábyrgð á að skapa meðal fólks mjög víða um land. Hæstv. forsrh. orðaði það einhvern veginn þannig hér áðan að erfiðara hefði verið að eiga við þetta en menn höfðu talið í upphafi.

Herra forseti. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé rétt sem fram kemur á heimasíðu hæstv. viðskrh. að í raun hafi stjórnvöld sem sköpuðu þessar væntingar ekki vitað um hvað málið snerist. Er það skýringin? Treystir hæstv. forsrh. sér til þess að vera jafnhreinskilinn og hæstv. viðskrh. og segja að menn hafi í raun ekki vitað um hvað þeir voru að tala?

[14:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tel rétt að halda því til haga að stjórnvöld hafa komið að því að styðja við bakið á fyrirtækjum á landsbyggðinni í þessum geira. Eftir að Íslensk miðlun fór halloka í sínum rekstri ákvað stjórn Byggðastofnunar að leggja til fé til þess að styðja við endurreisn fyrirtækja á þessu sviði á nokkrum stöðum á landinu, þar á meðal á Stöðvarfirði og Raufarhöfn, í Eyjafirði og á Vestfjörðum. Ég tel að opinberir aðilar hafi þar með sýnt hug sinn í verki og stuðning við þessa atvinnustarfsemi.

Ég vil sérstaklega taka fram vegna fullyrðinga sem komið hafa núna síðustu daga um skort á stuðningi við uppbyggingu á slíku fyrirtæki á Stöðvarfirði að Byggðastofnun lagði því félagi til bæði lánsfé og hlutafé. Ég hygg að ekki sé hægt að fara fram á meiri stuðning við uppbyggingu á atvinnustarfsemi á stað en þar var gert af hálfu stofnunarinnar sem ég tel að hafi haft full rök fyrir að gera. En ég tel líka að menn eigi að segja satt og rétt frá þegar greint er frá hlut opinberra aðila í því.

[14:10]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og þakka fyrir þessa fyrirspurn. Ástæða er til að ræða þessi mál. Menn sáu nefnilega á fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni mjög mörg tækifæri í atvinnu- og byggðamálum í kjölfar orða stjórnmálamanna. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sagði m.a. á Alþingi 23. febrúar 2000 um flutning tiltekinna verkefna til Ólafsfjarðar:

„Ég tel að þessi vinna sem einkum hinir fjórir ráðuneytisstjórar hafa komið að sé í góðum farvegi. Þó að ég vilji ekki tímasetja á þessu augnabliki nákvæmlega hvenær starfsemin geti hafist, þá er vinnan komin vel af stað og ákvörðun af því tagi hefur því verið tekin."

Mér finnst að þessi orð segi meira en margt annað um hvernig staðan er. Sagt var að þessir hlutir væru að gerast. En það hefur ekkert gerst.

[14:11]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hygg að reynt hafi verið að vinna að því að flytja fjarvinnsluverkefni út á land. Vegna þess sem hv. 9. þm. Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir, sagði áðan vil ég minna á að tekið var verulega á í því að flytja svörun við 118 til Akureyrar á þeim tíma þegar ég var samgrh. Síðan hefur verið athugað um að flytja svörun til fleiri staða, Egilsstaða,

má ég segja, og til annarra staða einnig. Vil ég minna á í þessu sambandi að Seðlabankinn er með símsvörun á Raufarhöfn. Það hygg ég að heyri undir forsrn. Ég vil jafnframt minna á að ákvörðun hefur verið tekin um skönnun Alþingistíðinda á Ólafsfirði. Í athugun er einnig að símsvörun geti orðið á Stöðvarfirði.

Þegar unnið hefur verið að þessum málum veit ég að forsrh. hefur komið mjög fast að þeim og ýmsu öðru sem gert hefur verið á þessu sviði. En auðvitað er nauðsynlegt að standa betur að því að reyna að fjölga þessum verkefnum eins og kostur er og ég þykist sjá merki þess að hreyfing sé í þá átt.

[14:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst eins og stjórnarandstæðingar geri í að reyna að skapa slæma umræðu um það sem verið er að gera fyrir landsbyggðina. (Gripið fram í.) Það er nokkuð ljóst að búið er að setja verulega mikla peninga í að reyna að halda fjarvinnsluverkefnum gangandi úti um allt land, ekki bara af Byggðastofnun og samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar heldur líka vegna ákvarðana Alþingis sjálfs. Alþingi lagði fjármuni að tillögu fjárln. bæði í SMS-fjarvinnslufyrirtækið á Stöðvarfirði og fleiri fjarvinnslufyrirtæki á landsbyggðinni.

Mér finnst einhvern veginn eins og það gleymist alveg að verið er að vinna að þessu og hjálpa þessum fyrirtækjum til að komast yfir fleiri verkefni, ekki bara frá opinberum aðilum heldur alls staðar að af landinu. Það er heldur ekki svona einfalt að þetta geti allt byggst á einum kanal. Möguleikarnir byggjast á fjölbreytni og opinberar aðilar hafa reynt að hafa það í huga.

[14:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Svo sannarlega er það dapurlegt hvernig til hefur tekist með flutning á fjarvinnsluverkefnum út um land eins og að var stefnt. Sérstaklega er það dapurlegt vegna þess að þetta verkefni var kynnt með svo miklum væntingum. Kannski er alvarlegasti hluturinn í þessu að það var kynnt með miklum væntingum án þess að nægilegur fótur væri fyrir því.

En ég vil líka vekja athygli á hversu mikilvægt er að standa vörð um þau störf og verkefni sem eru þar þegar og byggja þau upp og færa til þeirra aukin verkefni eða styrkja þau á einn eða annan hátt með stjórnsýslulegum aðgerðum, með lagalegum aðgerðum o.s.frv. Það er kannski málið. Þess vegna er svo dapurlegt að horfa nú á Íslandspóst segja upp fólki vítt og breitt um land, draga saman starfsemi sína, hætta með ákveðin verkefni og segja upp fólki. Landsbankinn er að loka útibúum og afgreiðslustöðvum vítt um land og segja upp fólki á stöðum þar sem mikil þörf er fyrir þessa þjónustu. Þessi þróun finnst mér líka alvarleg og á þessa þróun geta stjórnvöld líka haft áhrif.

[14:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunni hefur valdið vonbrigðum hve erfiðlega hefur gengið að flytja fjarvinnsluverkefni út á land. En þar sem það hefur verið reynt, á Raufarhöfn, símsvörun, á Akureyri, Hvammstanga, Siglufirði og víðar, hafa þessir hlutir gefist vel. Þess vegna á þessi reynsla, virðulegi forseti, að gefa okkur afl til að blása enn frekar í lúðrana og halda áfram.

Öll þessi verk, sem hafa þó í allt of smáum stíl verið flutt út á land, hafa gefist alveg prýðilega. Við eigum að halda áfram á sömu braut og fjölga störfum. Möguleiki er á að flytja störf í tugatali út á land. Reynslan sýnir okkur að þetta er gerlegt og reynslan á líka að sýna okkur að þetta sé praktískt. Það segir okkur reynslan á þeim fáu stöðum sem fjarvinnsluverkefni hafa verið unnin síðustu missiri og ár.

[14:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í nýlegri umræðu sem hér fór fram um byggðamál var m.a. komið inn á þessi mál eins og hér hefur verið gert í dag. Dregið er fram í dagsljósið að ekki hafi tekist að fylgja eftir þeirri stefnumótun sem stjórnarflokkarnir lögðu upp með í síðustu alþingiskosningum, að það væri mikill vaxtarbroddur í að færa störf út á land. Það hefur því miður ekki gengið eftir.

Iðulega verða til ný störf á vegum ríkisins. Það er líka verið að stofna nýjar stofnanir. Mér finnst mikið hafa skort á að menn horfi til þess að þau störf séu staðsett úti á landi.

[14:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem við höfum reyndar mjög oft rætt í þingsölum og hv. þm. Jón Bjarnason sagði að hefði verið kynnt með miklum væntingum í upphafi. Nákvæmlega þannig vinna Vinstri grænir þegar þeir leggja fram tillögur. Í þeim tillögum eru oft miklar væntingar þó að kannski sé ekki mjög mikið á bak við þær.

Það er auðvitað dapurlegt að ekki skuli hafa tekist betur til en raun ber vitni. Það er líka dapurlegt að fylgjast með því þegar einstök byggðarlög eru að naggast hvert út í annað þegar verkefni er flutt í ákveðin byggðarlög. Þá koma jafnvel forsvarsmenn annarra byggðarlaga og skammast yfir því að verkefnin lendi þar. En við alþingismenn viljum gjarnan færa þessi verkefni út á landsbyggðina. Þannig hefur fjárln. unnið eins og hv. þm. Kristján Pálsson benti réttilega á. Við viljum gjarnan flytja fleiri verkefni út á landsbyggðina.

[14:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ræða síðasta hv. þm. tók eiginlega alveg steininn úr í þessari umræðu. Hann hélt því fram að tiltekinn stjórnmálaflokkur kynnti hlutina með miklum væntingum. En hv. þm. hefur ásamt stjórnarliðinu verið að tala um það í mörg ár að flytja verkefni út á land þó að lítið sem ekkert hafi orðið úr því. Að reyna síðan að kenna hv. þm. stjórnarandstöðunnar um að ekkert hafi orðið úr er sennilega frumlegasta hugmyndin í þessari umræðu.

Hins vegar er dálítið fróðlegt að skoða nokkrar yfirlýsingar hæstv. ráðherra, Davíðs Oddssonar, Halldórs Blöndals og Valgerðar Sverrisdóttur, um tilflutning verkefna út á land. Mér sýnist sem svo að lítið sem ekkert hafi orðið úr því nema að forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, lýsti því yfir 6. mars árið 2000 að það væri verið að flytja verkefni til Ólafsfjarðar, það væri búið að ákveða það. Líklega er veruleikinn sá að Stöðfirðingar þurfi að líða fyrir það.

[14:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram. Það fengust smástyrkir, fjárveitingavaldið eða Alþingi samþykkti smástyrki til fyrirtækja í gegnum afgreiðslu fjárlaga og þá fyrst og fremst til að sinna verkefnum fyrir ríkisstofnanir. Hjá þessu fyrirtæki á Stöðvarfirði unnu á sínum

tíma 7–8 konur og þau verkefni voru studd mjög eindregið af sveitarstjórninni, ekki bara forsvarsmönnum fyrirtækisins heldur einnig af sveitarstjórninni á Stöðvarfirði. Fyrirtækið gegnir því afar mikilvægu hlutverki í þessu litla samfélagi.

Í þessari umræðu hefur ekki verið minnst á nokkuð sem mér finnst ég verða að koma inn á, að fjarkennslan er mjög mikilvægt fjarvinnsluverkefni sem hefur vaxið verulega á undanförnum árum.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hreinskilnisleg svör sem eru í takt við það sem aðrir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hafa svarað, að engin störf hafi verið flutt. Það er auðvitað sárt að svo skuli vera.

Ég tel hins vegar gott þegar menn tala af slíkri hreinskilni sem hér kemur fram en auðvitað var það þannig að eftir yfirlýsingar sem gefnar voru í upphafi árs 1999 og ég vitnaði til spruttu upp miklar væntingar. Í kjölfar þeirra voru fyrirtæki sett af stað. Þau hafa hins vegar lent í rekstrarerfiðleikum og það hefur verið verkefni Byggðastofnunar að lagfæra þann rekstur og koma honum aftur af stað. Verkefnin vantar hins vegar enn þá. Í því sambandi er sama hvort maður fer í Ólafsfjörð, Hrísey, Bolungarvík eða hvert sem er á landinu. Alls staðar er þetta eins.

Það er hægt að gera þetta. Ég hika ekki við að halda því fram. Á einum stað hefur þetta tekist mjög vel. Eitt einkafyrirtæki sem hefur gert þetta, þ.e. Kaupþing, hefur flutt mörg störf til Siglufjarðar. Ég held að þar séu nú um 15 störf og starfsemin gengur mjög vel. Ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að það mál verði skoðað í ljósi þess sem gert hefur verið á vegum þess fyrirtækis. Þetta er hægt. Ég held að viljann vanti í hið opinbera stjórnkerfi til að gera þetta. Þetta er hægt.

Ég vil bara rétt í lokin þakka enn og aftur fyrir þetta hreinskilnislega svar sem er um forsrn., það litla ráðuneyti eins og hæstv. forsrh. kallar það. En ég minni á hin svörin frá öðrum ráðuneytum. Ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir þessu þannig að þegar ég legg þessa spurningu fram í upphafi árs 2003 verði hægt að svara einhverju öðru en þessu. Ég vil reyndar ganga svo langt að bjóða hæstv. forsrh. í heimsókn til Siglufjarðar. Ég veit að það verður tekið vel á móti honum af Sparisjóði Siglufjarðar til að kynna honum þá starfsemi sem þar er og gerir það að verkum að þetta er hægt. Viljann vantar.

[14:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef fengið góðar móttökur á Siglufirði, m.a. hjá hv. þm. forðum tíð. Ég minnist þess með mikilli ánægju. En við skulum átta okkur á því sem hér hefur verið að gerast. Við horfðum á það í áraraðir og áratugi að störfum úti á landi var að fækka og við horfðum á það, hvar sem við vorum í flokkum, að hvar sem menn reyndu virtist vera afskaplega erfitt að spyrna við, jafnvel þó að miklum peningum væri tímabundið dælt hér og hvar í starfsemi á landsbyggðinni með góðum vilja en kannski var það ekki alltaf mjög vel undirbúið. Þess vegna fylltumst við öll miklum krafti og von þegar við sáum að ný tækni gerði kannski að verkum að landið yrði allt eitt atvinnusvæði og það mundi gerbreyta öllu fyrir fólkið á landsbyggðinni. Þetta sáum við.

Menn fylltust mikilli bjartsýni og upp spruttu fyrirtæki eins og við þekkjum, kannski ekki nógu vel undirbyggð. Mörg okkar þóttust sjá að með þessum nýju fyrirtækjum og auknum vilja yrði gerbreyting á slíkum stöðum, atvinnulífið gæti fengið starfskrafta sem það sárlega vantaði og fólk gæti fengið störf við hæfi án þess að þurfa að flytja burt frá átthögum sínum ef það kysi að vera um kyrrt. Þetta sáum við allt fyrir okkur og töldum að nú væru að opnast miklir möguleikar fyrir landsbyggðina.

Þetta hefur ekki gengið eftir með þeim hætti. Hv. þm. nefndi eitt fyrirtæki sem hefur tekist þetta myndarlega en ég er sannfærður um að ekkert stórt muni gerast í málinu jafnvel þrátt fyrir viðleitni af hálfu hins opinbera fyrr en allt atvinnulífið sér sjálft árangur og gildi fyrir fyrirtækin í að nýta fólkið úti á landi gegnum hina nýju tækni. Fyrr en það gerist með allsherjarhreyfingu allrar þjóðarinnar, fyrirtækjanna, þá gerist ekkert stórt, jafnvel þó að við sýnum viðleitni í hinum opinberu störfum. Það er mikilvægast af öllu. Þess vegna er dæmið sem hv. þm. nefndi gott.

Viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Fsp. ÖJ, 590. mál. — Þskj. 923.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Nýlega kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000. Þar kemur fram að á árinu 2000 voru starfandi 910 nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins en þær hafi verið 600 á árinu 1985 sem var tekið til samanburðar, þ.e. 52% fjölgun á þessu tímabili.

Embættið veltir því fyrir sér hvað valdi þessari fjölgun og vísar þar í ritgerð eftir Gunnar Helga Kristinsson háskólakennara. Hann nefnir þrjár ástæður:

Í fyrsta lagi að fjöldi nefnda kunni að endurspegla mikil áhrif þingsins innan stjórnsýslunnar og nefndarformið geti verið tæki til að takmarka ráðherravald. Ekki virðist því fyrir að fara því að í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að Alþingi skipi í aðeins 2% nefnda, ráða og stjórna.

Í öðru lagi telur hann að mikill fjöldi nefnda kunni að endurspegla takmarkaða möguleika til að útdeila verkefnum til fastra stjórnsýsluaðila vegna smæðar stjórnsýslueininga, skorts á samhæfingu, takmarkaðrar sérþekkingar eða veikleika sveitarstjórnarstigsins. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að á bls. 39 í skýrslunni kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar hefði líklega mátt leysa mörg þeirra verkefna sem þessum nefndum voru fengin innan stjórnsýslunnar án þess að nauðsynlegt hefði verið að skipa sérstaka nefnd til þess.“

Í þriðja lagi segir að nefndir gegni samstöðuskapandi hlutverki sem auðveldi störf embættismanna. Þær geti bæði stuðlað að samstöðu innan stjórnsýslunnar og með henni og þeim utanaðkomandi aðilum sem starfsemi hennar varðar mest.

Herra forseti. Ég tel mjög vafasamt að setja allt nefndarstarf undir einn hatt. Nefndarstarf getur vissulega verið mikilvægt. Það getur verið lýðræðinu mikilvægt og mikilvægt þekkingunni. Ég ætla ekki að gera lítið úr því nema síður sé.

Ég vil hins vegar vekja athygli á ýmsum aðfinnslum og ábendingum sem fram koma hjá Ríkisendurskoðun. Ég vil biðja hæstv. forsrh. að svara þeim athugasemdum:

Í fyrsta lagi, varðandi utanumhaldið, kemur í ljós að í úttekt á 51 nefnd kom fram að 18% þessara nefnda hafi ekkert starfað á árinu og ekki skilað neinum árangri. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að nefndum sé settur tímarammi. Þá vill það brenna við að nefndir eru sviptar verkefnum sínum án þess að þeim sé gert það ljóst. Þannig virðist vera samskiptaleysi og skortur á utanumhaldi um nefndastarf í stjórnsýslunni.

Hitt sem ég vildi nefna og beina til hæstv. forsrh. lýtur að þóknunum. Ég sé að tími minn er búinn og mun ég koma að því síðar þegar ég hef til þess færi. Þá ætla ég að ræða bæði um ofurlaunin og einnig um hinar vangreiddu nefndir.

[14:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. nefndi liggur skýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir, um nefndir, ráð og stjórnir sem störfuðu á vegum ríkisins á árinu 2000. Þessi skýrsla var tekin saman í ágætri samvinnu við ráðuneytin og stofnanir ráðuneytanna.

Það hefur vakið mikla athygli að nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins fjölgaði um 52% á milli áranna 1985 og 2000. Í þeim eigi sæti tæplega 4.500 manns og eru þá þeir sem sæti eiga í fleiri en einni nefnd margtaldir. Það er rétt að benda á að í samantekt Ríkisendurskoðunar eru taldar til allar nefndir, ráð og stofnanir hvert sem svo hlutverk þeirra er, hvernig sem þær hafa verið skipaðar, til hve langs tíma, hvort það er lögum samkvæmt eða „ad hoc" eins og kallað er. Þannig eru próf- og nemaleyfisnefndir um 6% af nefndunum eða 910 nefndir. Sumir kynnu að halda að þetta væru nefndir á vegum ráðuneytanna, bitlinganefndir o.s.frv. en því fer auðvitað fjarri að svo sé um að ræða. Þessar próf- og nemaleyfisnefndir eru 910 nefndir, 6%, stjórnir og stofnana- og skólanefndir, bankaráð og þess háttar eru 21% af nefndunum. Úthlutunarnefndir um 5%, úrskurðar- og kærunefndir samkvæmt lögum um 6%, byggingarnefndir um 1%, ráðgjafanefndir um 4% og verkefnanefndir um 57%.

Þessi fjölgun nefnda, ráða og stjórna er þó ekki að fullu skýrð þótt Ríkisendurskoðun setji fram tilgátur í skýrslu sinni um hvað henni valdi. Vafalaust er einhverjum þessara nefnda, ráða og stjórna ofaukið og sú niðurstaða Ríkisendurskoðunar að 18% nefnda, ráða og stjórna skili ekki árangri, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem stofnunin leggur til grundvallar, gefur auðvitað fullt tilefni til að kanna hvort ekki sé óhætt að fara í að fækka nefndum, ráðum og stjórnum hjá ríkinu. Ríkisendurskoðun mun gera okkur nánari grein fyrir því. Við höfum óskað eftir upplýsingum um hvaða nefndir um er að ræða og hvernig á þessu standi þannig að menn hafi þann þáttinn fyrir framan sig. Til eru nefndir sem eiga ekki að hittast þó að það hljómi undarlega, t.d. sú nefnd sem til staðar er í stjórnkerfinu og á aðeins að hittast ef upp kemur stórkostleg vá í tilverunni, þá er hún kölluð saman. Við skulum vona að hún verði ekki kölluð saman.

Það má hins vegar líka gera ráð fyrir að fjölgun nefnda, stjórna og ráða skýrist einnig af því að viðfangsefni stjórnsýslunnar séu fleiri, flóknari og margþættari en áður. Jafnvel góður hlutur eins og valddreifing gæti verið ein af ástæðum þess að menn hafi skipað nefndir, látið fleiri aðila í þjóðfélaginu koma að málunum. Einnig er algengt að ýmsum hagsmunaaðilum og þeim sem mál varða sé gefinn kostur á að taka þátt í nefndastarfi, stefnumótun og undirbúningi og með þeim hætti tryggja það að sjónarmið komist á framfæri strax á undirbúningsstigi en ekki á síðari stigum. Ég hygg að reynsla manna sé sú að það sé til bóta, að fagleg og félagsleg þekking aðila komi fram sem allra fyrst á vinnslustigum.

Alþingi hefur vissulega ekki látið sitt eftir liggja í þessum efnum með margvíslegri lagasetningu sem kveður beinlínis á um að skipa beri nefndir ráð og stjórnir. Reyndar berast ráðherrum ríkisstjórnarinnar árlega margar ályktanir um að setja á stofn nefndir til að vinna að hinum aðskiljanlegustu málum. Það eru fyrirmæli héðan úr þinginu sem ég er ekki að finna að. En Ríkisendurskoðun setur fram í skýrslu sinni ýmsar ábendingar og þær eru helstar:

1. Að kannað verði betur hvort starfsmenn ríkisins eigi að fá greitt fyrir setu í nefndum.

2. Að halda þurfi betur utan um launakostnað vegna nefndarstarfa.

3. Að þóknananefnd verði falið að meta þóknanir fyrir önnur störf nefndar- og stjórnarmanna sem þeir inna af hendi fyrir nefndir eða stjórnir sem þeir eiga sæti í og teljast falla utan þeirra starfssviðs sem nefndar- eða stjórnarmenn.

4. Að metið verði hvort nauðsynlegt sé að í öllum tilvikum verði nauðsynlegt að starfrækja stjórnir í stofnum ríkisins og ég tel að það komi fyllilega til greina að fækka slíkum stjórnum.

5. Farið verði reglulega yfir starf nefndanna og athugað hvort ekki megi leggja einhverjar þeirra niður.

6. Einnig er mikilvægt að nefndum sé ávallt eða nær ávallt, eftir því sem hægt er, settur ákveðinn tímarammi og því síðan fylgt eftir að sá tímarammi sé virtur.

Ég tel að þessar ábendingar Ríkisendurskoðunar séu jákvæðar og menn í ráðuneytunum eigi að fara yfir það og eftir þeim eins og frekast verður kostur.

Það liggur ekki fyrir hvernig þóknanagreiðslur hafa þróast á því tímabili sem haft er til samanburðar í skýrslunni. Hins vegar liggur fyrir að laun embættismanna sem núna eru ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd taka mið af setu þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum. Það hefur almennt færst í vöxt á síðari árum að gerðir séu heildarlaunasamningar við starfsmenn ríkisins þannig að laun þeirra byggist síður en áður, a.m.k. ekki í jafnríkum mæli, á nefndarþóknun, sérgreiðslum ýmiss konar og öðru slíku.

Varðandi aðra ábendingu Ríkisendurskoðunar þá tel ég fullvíst að ráðuneytin haldi svo vel um útgjöld vegna nefnda sem kostur er og almennt munu slík útgjöld verða bókuð á sérstaka lykla í ríkisbókhaldi þannig að auðvelt verði að fylgjast með þeim. Eins má ætla að ráðuneytin líti á það sem skyldu sína að halda ekki úti nefndum, ráðum og stjórnum að óþörfu og hljóti að fylgjast mjög vel með framþróun þeirra.

Eins og ég segi, tel ég þær ábendingar sem hafa komið fram í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar mjög jákvæðar og sjálfsagt að ráðuneytin, í góðu samráði við Ríkisendurskoðun og eftir atvikum við þá aðila sem að málinu koma, til að mynda Alþingi sjálft, fari ofan í málið í framhaldi af þessum ábendingum. Eins og ég segi hefur ríkisendurskoðandi tekið að sér að vinna þetta mál frekar þannig að menn hafi meira í höndunum um þær nefndir sem þarna er mest fjallað um.

[14:35]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni þessa fsp. Ég hef margsinnis rætt skýrslur Ríkisendurskoðunar á Alþingi, ekki bara þá skýrslu sem hér er sérstaklega verið að spyrja um heldur almennt.

Um ábendingar stofnunarinnar varðandi eitt og annað sem betur má fara almennt er þetta að segja: Ég tel að margar athugasemdir í skýrslum Ríkisendurskoðunar séu þannig vaxnar að þær knýi beinlínis á um eftirfylgni Alþingis og ráðuneyta sem í hlut eiga hverju sinni. Því hvet ég, og skora í rauninni á hæstv. forsrh., að beita sér fyrir því sem fyrsta skrefi, í samráði við forseta Alþingis, að fela á beinan hátt með fyrirskrifuðum verklagsreglum viðkomandi starfsnefndum þingsins í hverju tilviki að álykta og fylgja eftir þeim leiðréttingum sem þörf er á.

Vel að merkja, oftast er eftirfylgninnar þörf, virðulegur forseti.

[14:36]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ef til vill er mörgum þessara nefnda ofaukið en ég legg áherslu á að það sýnir nokkuð virkt lýðræði á Íslandi þegar 4.500 manns taka þátt í að móta samfélag sitt og hvað það er mikilvægt að óháð félagasamtök og hagsmunasamtök fái að koma að málum. Þar er náttúrlega valddreifing og fólk hefur þá sannarlega áhrif á samfélagið og á ríkisvaldið.

Í þessari endurskoðun var ekki tekið á því hvaða nefndir eru launaðar og hverjar ekki. Margar af þessum nefndum eru algjörlega ólaunaðar.

[14:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að Alþingi hefur samþykkt framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég vil líka vekja athygli á að í þeirri ályktun stendur, með leyfi forseta:

„Ráðuneytum og ríkisstofnunum verður sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni."

Það hef ég ekki séð í þessari skýrslu sem hér er verið að ræða um.

Sömuleiðis stendur í ályktuninni um átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins, með leyfi forseta:

„Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er."

Ég tel að í þessari skýrslu hefði einnig átt að nálgast þessar upplýsingar, hvernig kynjaskiptingin væri í nefndum og ráðum á vegum ríkisins, og ég beini því til hæstv. forsrh. sem hefur með umsýslu allra ráðuneytanna að gera hvort hann telji ekki eðlilegt að eftir þessum upplýsingum sé kallað.

[14:38]

Ásta Möller:

Herra forseti. Sú skýrsla sem hér er til umfjöllunar er gagnleg áminning til ráðuneyta um að skoða og meta árangur nefnda á hverjum tíma. Á fundi fjárln. í gær kom ríkisendurskoðandi og fjallaði um þessa skýrslu með nefndinni. Þar kom m.a. fram að þessar nefndir mætti flokka gróflega í tvennt, annars vegar stjórnsýslunefndir sem fá greidd föst laun í hverjum mánuði og hins vegar tímabundnar nefndir.

Sá misskilningur hefur verið í gangi að fólki sé skipað í nefndir á vegum ríkisins og fái greitt fyrir enga vinnu. Ég vil að fram komi að þær nefndir sem eru tímabundið skipaðar fá ekki greitt fyrr en að lokinni vinnu, þegar þær hafa skilað árangri og í samræmi við umfang starfanna. Ég bendi á að á bak við þær 450 millj. sem fóru í að greiða fyrir nefndastörf á árinu 2000 eru um 4.000 manns sem þýðir u.þ.b. 7.000 kr. á mánuði, og ekki er það mikið.

[14:39]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt að þessar skýrslur Ríkisendurskoðunar hafa ekki ljósan farveg í störfum okkar. Hins vegar hefur skapast sá háttur í fjárln. að taka þær til umfjöllunar og fá ríkisendurskoðanda á fund til að fara yfir þær. Þannig er með þá skýrslu sem hér er til umræðu. Hún hefur verið rædd á einum fundi með nefndinni og verður hugsanlega rædd áfram.

Það er mjög margt athyglisvert í þessari skýrslu en rétt er hins vegar að taka fram að þótt ákveðin gagnrýni sé í skýrslunni, og eins í þessum umræðum hér, held ég að enginn sé að ræða á þeim nótum að nefndir séu óþarfar. Þær gegna veigamiklu hlutverki í stjórnsýslu okkar.

Það er einn þáttur sem ég vildi vekja sérstaka athygli á. Hæstv. forsrh. kom líka inn á hann, þ.e. varðandi það að stór hluti nefndarmanna er opinberir starfsmenn sem sinna jafnvel þessum störfum í vinnutíma sínum. Eins og hæstv. forsrh. benti á er ljóst að ákveðinn hluti þeirra, þ.e. þeir opinberu starfsmenn sem taka laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar eða Kjaradóms, fær ekki sérstaklega greitt fyrir setu sína í þessum nefndum. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi ekki af því áhyggjur að þeim aðilum hefur fækkað nokkuð í nefndum eftir að sá háttur var upp tekinn.

[14:40]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Í umræðum um nefndastörf og annað á vegum ríkisins vil ég taka eitt dæmi í framhaldi af þeirri skýrslu og ábendingum sem Ríkisendurskoðun setti nýlega fram. Það snýr að hinu háa Alþingi sem gæti gefið fleirum kost á, sérstaklega landsbyggðarfólki, að taka þátt í nefndastörfum og ganga fyrir nefndir þingsins, svo og e.t.v., og kannski ekki síður, að spara kostnað, þá sérstaklega ferðakostnað. Á vegum Alþingis er, held ég, mjög erfitt að setja á svokallaða fjarfundi. Ef menn vildu kalla til sín einhverja menn, eða konur, úti á landi til fundar og gera það í gegnum fjarfundabúnað er það ákaflega erfitt.

Ég spurðist fyrir um þetta í samgn. um daginn til að ræða tiltekið mál, sjóslys og annað slíkt, þar sem óg óskaði eftir að menn utan af landi kæmu til fundar við nefndina til að veita upplýsingar sem þeir höfðu mjög miklar fram að færa. Mér var tjáð að Alþingi greiddi ekki ferðakostnað og þá spurði ég um fjarfundabúnaðinn. Á honum eru ýmis vandkvæði.

Ég vil, herra forseti, rétt í lokin hvetja hv. forsn., og treysti vel þeim forseta sem situr nú í forsetastóli til að færa það inn í hv. forsn. hvort ekki sé ástæða fyrir Alþingi til að taka upp þessi nýju vinnubrögð.

[14:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Áður tíðkaðist að nefndasetur fyrir hreppsnefndir og bæjarstjórnir væru ólaunaðar. Síðan var það talið há mjög þessu starfi öllu að fólk fékkst ekki lengur til að taka slíkt að sér vegna þess að ekkert var fyrir það að hafa. Fólk þurfti að fara úr vinnu og sinna þessari skyldu sinni. Þess vegna hefur smám saman verið farið út í að launa allar nefndir.

Á vegum ríkisins háttar samt svo til, sem ég held að sé kannski óvenjulegra að verða en hjá sveitarfélögunum, að

sumar nefndir eru árum saman ólaunaðar. Ég sit sjálfur í einni slíkri nefnd, hef setið þar í mörg ár, og ekki fengið eina einustu krónu fyrir þá setu. Ég hef haft ánægju af því starfi og hef ekki talið eftir mér að starfa launalaust í þeirri nefnd. Ég tel þetta líka spurningu um að þingmenn hafi tækifæri til að fylgjast með málum sem þeir hafa áhuga á og þá skipta peningarnir ekki máli.

[14:43]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því að þessi umræða um nefndir hefur verið mjög yfirveguð. Það er að sjálfsögðu vegna þess að í þessum sal virðast menn gera sér vel grein fyrir því að nefndir eru eitt af verkfærum lýðræðisins til að breikka umræðuna, leiða fagleg sjónarmið inn í hana og gefa kost á því að umfjöllunin verði sem best á faglegan máta. Það verður að viðurkenna að það er oft dýrt en lýðræðið er ekki alltaf ódýrt.

Í mjög mörgum tilfellum, t.d. innan menntmrn., er um að ræða skólanefndir, prófanefndir og úthlutunarnefndir. Um slíkar nefndir er mælt fyrir í lögum.

[14:44]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu. Nauðsynlegt er að fjalla um þau mál sem hér eru til umfjöllunar.

Ég tek undir með hæstv. menntmrh. að nefndastörf og það að fólk er skipað í nefndir geti verið lýðræðinu til styrktar.

Ég bendi jafnframt á orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að t.d. er ekki tekið fram í þessari skýrslu hver þáttur kvenna er. Það vekur okkur líka til umhugsunar um hvernig skipað er í nefndirnar, hvort menn reyni þá að hugsa á lýðræðislegan hátt þegar nefndasætum er úthlutað. Er úthlutað eftir því hvaða þekkingu fólk hefur á hlutunum eða t.d. hvar það býr? Er tekið tillit til einhverra slíkra sjónarmiða eða eru það kannski eingöngu pólitísk sjónarmið sem ráða ferðinni? Þannig getur það líka verið og það er ekki alveg nógu gott.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Nefndastarf getur verið mikilvægt fyrir lýðræðið og fyrir þekkinguna, verkfæri lýðræðisins eins og hæstv. menntmrh. orðaði það. Þetta er alveg rétt og þess vegna er mjög mikilvægt að nefndastarf sé jafnan markvisst og utanumhald gott. Að þessu vék ég í fyrri ræðu minni.

Nú ætla ég að koma að fjármálaþættinum. Sumar nefndir eru ólaunaðar og er beinlínis kveðið á um það í lögum að þær skuli ekki vera launaðar. Það á t.d. við um starfsgreinaráðin. Nú munu vera starfandi um 14 starfsgreinaráð. Í þeim sitja 7–8 manns að jafnaði og gert er ráð fyrir því að Samtök atvinnulífsins og þar á meðal verkalýðshreyfingin standi straum af kostnaði við þessa fundi. Þetta getur að mínum dómi leitt til þess að samtök og sérstaklega fjárvana samtök forgangsraði í samræmi við fjárhagslegar byrðar sem nefndastarf getur kallað á, og einnig getur þetta komið landsbyggðinni í koll ef ferðakostnaður er mikill og Samtök atvinnulífsins þurfa að standa straum af honum. Þetta er nokkuð sem ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. forsrh. á.

Hitt atriðið varðar ofurlaun nefndanna. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að utanumhald um launakostnaðinn þurfi að vera miklu betra og brögð séu að því að nefndarmenn ráði sjálfa sig sem sérfræðinga og kaupi auk þess rándýra sérfræðiþjónustu. Við minnumst þess þegar við ræddum svar hæstv. forsrh. um einkavæðingarnefndina þar sem menn voru á tímakaupi upp á 5.500 kr. og borguðu sér líka sérfræðitaxta þannig að dæmi voru um að einn og sami maðurinn tæki tæpar 5 millj. kr.

Voru þessi launakjör rædd við ráðherranefndina þar sem Sjálfstfl. og Framsfl. eiga fulltrúa? Var þetta með samþykki þeirrar nefndar?

[14:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var margt undir hjá hv. þm. í lokin sem tengist reyndar öðrum málum. Ég hef áður svarað því að þegar leitað var til þessara nefndarmanna sérstaklega voru þeir valdir vegna sérfræðiþekkingar sinnar og greiðslur til þeirra voru miðaðar við að þeir reka allir eigin stofur. Slíkir menn fást ekki til starfa nema með greiðslum eins og um var rætt því að þeir hverfa frá stofum sínum og þeim rekstri sem þeir verða að halda uppi. Þeir þurfa að tryggja að aðrir starfsmenn stofunnar haldi launum sínum þó að þeir séu annars staðar með sína sérfræðiþekkingu þannig að ... (**ÖJ:** Voru taxtarnir með samþykki ráðherranefndarinnar?) Nei, taxtarnir voru ekki bornir undir nefndina. Ég er samt ekki að segja að þó að það hefði verið gert hefðu þeir verið lægri þannig að ég er ekki að koma neinni sök frá okkur á nokkurn annan í þeim efnum.

Ég vek athygli á því aftur að í Tímariti lögfræðinga tala menn um að lögfræðingar eigi ekki að ráða sig í vinnu fyrir minna en 9 þús. kr. á tímann, sem er næstum helmingi hærri taxti en þarna er farið eftir, vegna þess fasta kostnaðar sem þeir bera hvar sem þeir verja tíma sínum.

Hv. þm. Karl Matthíasson talaði um úthlutun nefndasæta sem er dálítið gamaldags hugsun því að enginn úthlutar nefndasætum, a.m.k. oftast nær. Ég hef frekar lent í því í seinni tíð að eiga erfiðara en áður með að fá hæfa menn til að setjast í þessar nefndir. Ég hef meira að segja lent í því að menn sem ég hef fengið til nefndastarfa hafa haft samband við mig eftir að hafa fengið greitt frá svokallaðri þóknananefnd og sagt: Jú, jú, ég geri þetta fyrir þig einu sinni en miðað við þessa greiðslu geturðu aldrei beðið mig um þetta aftur. Það er nú bara þannig. Þetta hljómar undarlega en svona er þetta engu að síður.

Ég vil líka svara því varðandi breytingarnar um kjaranefnd og Kjaradóm að erfiðara er orðið að fá hæfustu embættismennina til að taka að sér jafnmikil störf utan hinnar hefðbundnu vinnu eins og maður kannski mundi kjósa vegna þess hvernig greitt er fyrir þetta. Í því efni hafa ráðherrar engin tök á að gera neitt hversu valdamiklir sem menn kunna að halda að þeir séu.

Varðandi það sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi um kynjagreininguna veit ég ekki betur en ráðuneytið svari reglubundið, ég held árlega, fyrirspurnum félmrn. um skipun í nefndir, karla og konur, og þar komi það fram og þess vegna sé ekki ástæða til að það komi fram hér.

Þriggja fasa rafmagn.

Fsp. DrH, 423. mál. — Þskj. 683.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Eins og flestum er kunnugt á landsbyggðin mjög í vök að verjast og atvinnuuppbygging er nauðsynleg

ef ekki á að verða enn meiri fækkun en orðin er. Störfum til sveita hefur fækkað vegna breytinga á búháttum og ef fólk ætlar sér að búa áfram í hinum dreifðu byggðum þarf það að finna sér verkefni.

Á 123. löggjafarþingi lagði sú sem hér stendur fram till. til þál. um að skipuð yrði nefnd um þriggja fasa rafmagn. Hún var samþykkt en hún fól í sér að gerð yrði úttekt á hve mikið vantar á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu, metin þörf atvinnulífsins fyrir það og lagt mat á kostnað til að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þá sem reka stór bú og smáiðnað í sveitum. Fyrir þá yrði mikil bragarbót að alvörurafmagni, þ.e. þriggja fasa í stað eins. Jafnframt er ljóst að ekki hafa allir þörf fyrir þriggja fasa rafmagn og þess vegna þarf að forgangsraða í þessum efnum.

Tilraunir hafa verið gerðar með svokallaða rafhrúta og væri fróðlegt að heyra hvernig þær tilraunir hafa gengið ef hæstv. ráðherra getur sagt okkur frá því.

Kostnaður er mun meiri við allar vélar fyrir eins fasa rafmagn en hinar. Þriggja fasa rafmagn er miklu öruggara rafmagn og íkveikjuhætta af því er miklu minni.

Öll nútímasmíði þarf stöðugt rafmagn, alvörurafmagn. Föstudaginn 14. des. sl. var viðtal í Morgunblaðinu við Kristján Björn Ómarsson sem er 32 ára gamall og frá Villingaholti, og langar mig að vitna í það, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann stundaði sveitastörfin fram að 15 ára aldri en þá fór hann á sjóinn og er vélstjóramenntaður. Hann var á sjó og starfaði sem vélstjóri til ársins 1996 en hefur síðan þá unnið að uppfinningu sinni. Hann kvaðst vera sem mest í sveitinni á Grund í Villingaholtshreppi þar sem hann er fæddur og uppalinn."

Og hann segir: „„Ég hefði alveg viljað starfa meira heima á Grund en ekkert þriggja fasa rafmagn er í sveitinni og því ekki hægt að vera með öflugar smíðavélar." Hann sagði þessa vöntun á almennilegu rafmagni víða vera hamlandi á landsbyggðinni."

Honum verður tíðrætt um aðstöðumun frumkvöðla hérlendis samanborið við nágrannalönd. Ég hafði tal af honum í morgun og þá sagði hann mér að á verkstæði í sveitinni þar sem ekki fæst þriggja fasa rafmagn hefði verið keypt ljósavél fyrir á þriðju milljón til að keyra stóra mótora og því vil ég spyrja hæstv. ráðherra:

1. Hver er niðurstaða nefndar sem skipuð var samkvæmt þingsályktun um þriggja fasa rafmagn sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999?

2. Hversu margir notendur hafa fengið aðgang að þriggja fasa rafmagni á svæði Rafmagnsveitna ríkisins sl. þrjú ár, flokkað eftir sýslum?

[14:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Forsrn. fól iðnrh. með bréfi, dags. 16. febr. 2000, framkvæmd þál. þeirrar sem hér var nefnd. Iðn.- og viðskrh. skipaði nefnd til að vinna að þessari úttekt og áttu sæti í henni Helgi Bjarnason úr iðn.- og viðskrn., formaður, Jakob Ólafsson tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða og Pétur E. Þórðarson tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Í upphafi aflaði nefndin sér nauðsynlegra gagna um stöðu þrífösunar hjá rafveitum landsins. Þar kom í ljós að hjá rafveitum í þéttbýli eiga nánast allir aðgengi að þrífösun enda eru stofnlínur rafveitnanna yfirleitt þriggja fasa. Þá eru dreifikerfi í þéttbýli öll þriggja fasa að undanskildum hluta heimtauga.

Nefndin kannaði einnig í framhaldinu sérstaklega hvernig aðgengi raforkunotenda að þriggja fasa rafmagni í dag í dreifbýli landsins er háttað og lagði mat á umfang þess að raforkukerfi landsins verði þannig úr garði gert að öllum sé tryggt aðgengi að þriggja fasa rafmagni.

Þá hefur nefndin reynt að meta hver þörf notenda sé fyrir þriggja fasa rafmagn þar sem það er ekki þegar fyrir hendi. Nefndin fékk til fundar við sig fulltrúa Bændasamtakanna og orkuspárnefndar til að vinna að því hvernig rétt væri að meta þörf einstakra búgreina og svæða fyrir þrífösun. Í framhaldi af því ákvað nefndin að leita eftir umsögnum og ábendingum frá sveitarfélögum um þörfina í hverju þeirra. Bárust umsagnir frá flestum sveitarstjórnum og hefur nefndin stuðst við þær við að greina þörf fyrir þrífösun og hvar hún er brýnust.

Fram að síðustu áramótum hafa verið að berast ábendingar sveitarstjórna um æskilega forgangsröðun á þrífösun í viðkomandi sveitarfélagi. Nefndin telur að þær upplýsingar sem nú eru komnar fram gefi raunhæfa mynd af þörf þrífösunar í sveitum landsins.

Nefndin hefur á síðustu vikum unnið að greinargerð um niðurstöður sínar sem gefin verður út á næstu dögum. Meginniðurstöðu nefndarinnar má telja vera eftirfarandi:

1. Einfasa aðveitu- og dreifilínur Rariks og Orkubús Vestfjarða eru í dag um 5.000 km að lengd og þriggja fasa línukerfi er um 2.800 km. Talið er að samtals nemi kostnaður við að breyta núverandi einfasakerfi að fullu yfir í þriggja fasa kerfi um 9.600 millj. kr.

2. Heildarkostnaður við allar nauðsynlegar aðgerðir sem leiðir af forgangsröðun samkvæmt óskum sveitarstjórna er áætlað að nemi samtals um 1.940 millj. kr. Ef haft er í huga að þrífösun alls landsins muni kosta um 9.600 millj. kr. eins og fram kom er þessi sértilgreindi kostnaður um 20% af þeirri upphæð. Því er ljóst að unnt er að forgangsraða nauðsynlegustu aðgerðum miðað við þarfir notenda.

3. Ef litið er á flokkun aðgerða eftir forgangsröðun sveitarstjórna kemur í ljós að afar brýnar aðgerðir nema aðeins 12–13% þessa kostnaðar eða 230–250 millj. kr.

4. Brýnir forgangsflokkar í röðum sveitarstjórna munu krefjast 1.200–1.300 millj. kr. fjárfestingar alls eða um 13% heildarkostnaðar við þrífösun landsins. Lausleg forgangsröðun framkvæmda samkvæmt óskum sveitarstjórna leiðir í ljós að heildarfjárþörf við þrífösun umfram þessa upphæð skilar nánast engum auknum ávinningi fyrir notendur miðað við óskir þeirra.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að Rarik verði falið að vinna sérstaka áætlun um endurbyggingu dreifikerfisins fyrir þrífösun miðað við ofangreindar niðurstöður könnunar nefndarinnar á þörf þrífösunar á landsbyggðinni.

5. Vanda þeirra notenda er hafa mikla þörf fyrir þriggja fasa rafmagn en búa utan þriggja fasa svæða má leysa tímabundið með öðrum og hagkvæmari aðgerðum, með uppsetningu á tíðnibreytum eða svokölluðum rafhrútum en slíkur búnaður breytir einfasa rafmagni í þriggja fasa.

Svar við spurningu 2 er eftirfarandi: Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki skrá um það hvaða notendur hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni eftir sýslum landsins enda er ekki fullljóst á hvern hátt það skuli skilgreint. Hjá Rafmagnsveitunum er þó talið að þeir notendur sem tengjast spennistöðvum í þriggja fasa kerfi háspennulína eða -strengja hafi aðgang að

þriggja fasa rafmagni. Þessar spennistöðvar eru nú um 1.250 og hefur þeim fjölgað um 204 á síðustu þremur árum eða frá nóvember 1998. Þessum stöðvum tengjast um 400 notendur en reynslan sýnir að aðeins um helmingur þeirra hefur talið sér hag í því að taka þriggja fasa rafmagn.

[14:59]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli fyrir dreifbýli landsins.

Við höfum verið með þessar tölur á borðinu að þrífösun á landsnetinu öllu mundi kosta 9–10 milljarða. Við höfum séð það áður en nefndin hlýtur núna að hafa fengið einhverja ábendingu um að hún ætti að vinna að forgangstillögum sem yrðu þá upp á þessa 1,2 milljarða. Ég vil í þessu samhengi spyrja hæstv. iðnrh. vegna tillagna nefndarinnar sem okkur verða væntanlega sýndar innan tíðar: Ber að skilja það svo að hæstv. ráðherra hafi falið nefndinni að vinna að forgangsröðun og tillögugerð um að þrífasa til þeirra sem þurfa á því að halda núna? Er hæstv. ráðherra þá fallin frá því, eða hæstv. ríkisstjórn, að stefna að því að þrífasa allt landsnetið í dreifbýlinu?

Þetta eru mikilvægar spurningar vegna þess að framþróun dreifbýlisins getur byggst á því að allt landsnetið sé þrífasað.

[15:00]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og þau svör sem við fengum við henni. Hér höfum við dæmi um nefnd sem skilar niðurstöðum, af því að við vorum að ræða um nefndir áðan sem ekki skiluðu niðurstöðum, en hér er órækt vitni um það að nefndir geta skilað góðum niðurstöðum. Um er að ræða mjög brýnt hagsmunamál fyrir landsbyggðina, fyrir iðnrekstur á landsbyggðinni, fyrir landbúnað og margt fleira.

Þess eru dæmi að bændur hafa greitt sérstaklega fyrir þrífösun og það verður að gæta að því að ekki verði um mismunun að ræða í þessum efnum, að sumir greiði og aðrir ekki. Auðvitað er líka um heilmiklar fjárhæðir að ræða. Þess vegna er mjög brýnt að forgangsraða og einnig að þar sem línur liggja og búið er að þrífasa og stutt í næstu býli, að menn þurfi ekki að bíða lengi eftir því að fá þriggja fasa rafmagn á bændabýli hér á landi.

[15:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í svari hæstv. ráðherra eins og ég skildi hana áðan er það niðurstaða nefndarinnar að rúman milljarð eða 1,2 milljarða kr. þurfi til þess að ljúka brýnum verkefnum og þar af séu í kringum 230–240 millj. kr. sem séu mjög brýn verkefni.

Á síðasta ári fóru um 80 millj. kr. í nýja þrífösun og á þessu ári reiknast mér til að rétt rúmar 100 millj. kr. eigi að fara til þessa verkefnis. Ef haldið er áfram á sömu braut erum við a.m.k. 15–20 ár að ljúka þessum brýnu verkefnum samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar. En allt í allt fóru samt til þessara verkefna á síðasta ári 205 millj. kr., 280 millj. kr. núna, en þær eru notaðar í önnur heldur en algerlega ný þrífasaverkefni.

[15:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Gott er að fá fram þá skýrslu sem hæstv. ráðherra var að greina frá um áætlun og þörf fyrir þriggja fasa rafmagn út um sveitir landsins, það er gott. Við vissum að vísu að þörfin er brýn. Þetta er stórt vandamál og eitt brýnasta verkefnið til að styrkja og efla atvinnulíf úti um sveitir landsins.

Það sem skortir á og ég vildi heyra um frá hæstv. ráðherra: Er hún eða mun hún innan skamms eða hefur hún þegar unnið tillögur um stóraukið fjármagn og stór skref til þess að bæta úr því? Það eru aðgerðirnar, það eru verkin sem skipta höfuðmáli. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvað hún ætlar að taka stór, öflug, sterk, markviss og góð skref í því að koma þriggja fasa rafmagni á sem flesta bæi og býli í landinu? Það er það sem við viljum fá að heyra.

[15:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það er oftast nær svo eða oft a.m.k. að nefndir skila skýrslu og þær skila niðurstöðum. En það er hins vegar þannig að framkvæmdina vantar oft á eftir þegar búið er að leggja til góðar tillögur.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði að nú yrði verkefnið sett í frekari skoðun hjá Rarik. Ég ætla að vonast til þess að það verði ekki sett í mjög langa nefndarskoðun á vegum Rariks. Það er auðvitað mjög brýnt fyrir dreifbýlið í landinu að úr þessu verði þannig að þeir sem virkilega þurfa á þriggja fasa rafmagni að halda fái það. Forgangsröðunin virðist nema 250 millj. kr. þ.e. sú forgangsröðun sem hæstv. ráðherra greindi frá. En mér er spurn: Er það forgangsröðun notenda eða var það forgangsröðun sveitarfélaga?

[15:05]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur vakið máls á. Það eru tvö atriði sem ég vildi koma inn á sem ekki hafa verið nefnd í umræðunni fyrir utan þrífösunina sem er auðvitað afskaplega mikilvæg eins og við vitum fyrir landsbyggðina, en það eru gæði rafmagns. Það eru orð sem við erum kannski ekki vön að tala um, þ.e. gæði rafmagns, en þá á ég við að það er afskaplega mikilvægt að spenna sé með þeim hætti sem hún á að vera. En því miður er brotalöm í því að spennan sé eins og hún á að vera samkvæmt stöðlum. Það getur farið afskaplega illa með tæki og búnað ef spenna er ekki í lagi.

Annað mál sem ég vildi aðeins koma inn á og það er varðandi afhendingu til Rariks frá byggðalínu. Á Suðurlandi háttar þannig til að þar er byggðalínan við virkjanir en kaupendur raforku á Suðurlandi þurfa í mörgum tilfellum að taka á sig tapið sem verður frá virkjunum til afhendingarstaða þar sem byggðalínan er svo langt frá kaupstöðum á Suðurlandi.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þm. fyrir að taka þátt í þessari fyrirspurn. Ljóst er að það er dýrt að leggja þriggja fasa rafmagn um alla króka og kima á landinu, enda engin ástæða til þess. Aðalatriðið er að farið sé eftir þeirri forgangsröðun sem komin er núna og unnið sé að því að þetta verði gert og komist í framkvæmd.

Ég hef líka orðið vör við það að þeir sem hafa áhuga á að selja rafmagn frá smávirkjunum verða að hafa þriggja fasa línu. Öðruvísi geta þeir ekki nýtt sér það.

Það stendur iðnaðarstarfsemi fyrir þrifum að hafa ekki þriggja fasa rafmagn, það þarf ekki annað en iðnaðarsaumavél til að sauma húðir eða eitthvað þess háttar, þá dugar ekki

að vera með einfasa mótora. Fyrir utan það hvað öll tæki eru miklu ódýrari og miklu endingarbetri með alvörurafmagni en ekki tómstundarafmagni eins og sumir vilja kalla einfasa rafmagnið.

Hvert starf sem hægt er að skapa í hinum dreifðu byggðum landsins skiptir afar miklu máli. Því skiptir miklu að fólk sem vill koma upp léttum smáiðnaði fái aðgang að þriggja fasa rafmagni.

[15:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil einnig þakka fyrir þessa ágætu umræðu og ábendingar og tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er iðnaðarstarfsemi á landsbyggðinni og stórbýli sem fyrst og fremst þurfa á þriggja fasa rafmagni að halda. Ég tel að það hafi verið brotið í blað með þeirri vinnu sem fór fram í áðurnefndri nefnd þannig lagað séð, að nú vitum við miklu meira um það hvar þörfin er brýnust og það er mikið atriði vegna þess að ekki verður farið út í það að þrífasa allt landið. Það er alveg ljóst.

Það sem ég nefndi í sambandi við þessa tækni sem kölluð hefur verið rafhrútar, þá er því miður ekki hægt að segja að sú tækni bjargi öllum málum. En hún getur orðið til hjálpar á ákveðnum stöðum og er raunar í þróun enn þá en hún leysir einhver mál.

Eins og ég sagði áðan er það sem er allra brýnast upp á 230–250 milljónir en samt sem áður eru brýn verkefni líka sem hljóða upp á meira en milljarð kr.

Í síðustu viku var fjallað um þetta mál í ríkisstjórn og þá var ákveðið að fela iðnrh. og fjmrh. að móta tillögur um það hvernig farið skuli í verkefnið með ákveðinni aðgerðaáætlun og þar af leiðandi kostnaðaráætlun. Það tel ég vera mikilvægt. Þó að þetta sé að sjálfsögðu unnið hjá sveitarstjórnum þá er þetta unnið þannig skulum við vona og trúa að það sé í samvinnu við íbúa sveitarfélaganna. Ég tel þetta mikilvægt mál og þess vegna legg ég áherslu á að farið verði í aðgerðir til þess að bæta þarna úr og það eru ekki nema um 100 millj. kr. sem hafa farið á ári síðastliðin ár í þetta verkefni. Auðvitað þyrfti það að vera meira vegna þess að við sjáum hvað verkefnið er brýnt.

Smávirkjanir.

Fsp. DrH, 424. mál. — Þskj. 684.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Skýrsla nefndar um raforkubændur, hagkvæmni, tækni og möguleika var gefin út í júní árið 2000. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem var undir forustu hv. þm. Hjálmars Árnasonar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að virkjun bæjarlækja skapi grundvöll til nýrra sókna í byggðastefnu þjóðarinnar þar sem vistvænn orkugjafi getur orðið grundvöllur þess að mannvit skapi störf og ný sóknarfæri í dreifðum byggðum Íslands.

Þá munu væntanlega breytingar í skipun mála í raforkumálum á Íslandi styðja enn fremur slíkar aðgerðir. Það kemur fram að tæknilega er hægt að virkja bæjarlæki og að slíkur kostur geti verið hagkvæmur fyrir einstaklinginn og byggð. Hugsanlega mætti framleiða 30–50 megavött með smávirkjun og er slíkt umhverfisvænn kostur. Virkjun bæjarlækja kann að styrkja byggð í dreifbýli og auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Árið 1899 voru fyrstu rafljósin kveikt á Íslandi og 1904 var sett upp rafstöð í Hamarskotslæk í Hafnarfirði. 1927–1937 var mikil uppbygging smárafstöðva og flestar einkarafstöðvar urðu 530 talsins en árið 1982 voru þær 186, þar af 88 á bæjum sem ekki höfðu rafmagn annars staðar frá. 1998 eru einkareknar vatnsaflsstöðvar 196 talsins og framleiða 4.038 kílóvött. Að mati starfsmanna Orkustofnunar gætu orðið möguleikar á allt að 60 megavöttum með skynsamlegri nýtingu lítilla vatnsaflsstöðva á Íslandi eða sem nemur um tveimur Nesjavallavirkjunum eins og Nesjavallavirkjun var þá stödd árið 2000 en þar hefur orðið breyting á. Ýmsir áhugamenn um slíkan virkjanakost nefna tölur allt að 100 megavöttum.

Virkjun smárra vatnsfalla felur í sér töluverða orku sem gæti nýst og fyrst og fremst dreifðum byggðum landsins. Orka getur verið afl til góðra verka. Bent hefur verið á að víðast þar sem einstaklingar hafa beislað bæjarlæki sína hefur verið blómstrandi búskapur. Þá eru þess nokkur dæmi að einkarafstöðvar hafa verið nýttar til þess að framleiða rafmagn fyrir minni framleiðslu. Þetta þýðir með öðrum orðum að þar sem aðgangur er að ódýru, vistvænu og hentugu rafmagni skapast grundvöllur fyrir frekari starfsemi. Því vil ég spyrja hæstv. iðnrh. eftirfarandi spurninga:

Hversu margar smávirkjanir hafa tengst kerfi Rafmagnsveitna ríkisins?

Hversu margar smávirkjanir hafa tengst kerfinu síðastliðin þrjú ár?

Hafa þeir aðilar sem óska eftir að koma smávirkjun á fót aðgang að fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum? Ef svo er, hvers eðlis er hún?

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er: „Hversu margar smávirkjanir hafa tengst kerfi Rafmagnsveitna ríkisins?“

Svar: Í dag eru þrjár smávirkjanir tengdar kerfi Rafmagnsveitna ríkisis með beinum hætti og framleiða raforku að einhverju leyti inn á kerfi Rafmagnsveitnanna. Þessar virkjanir eru á Sleitustöðum í Skagafirði og tvær virkjanir á Ásólfsskála og á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum.

Önnur spurning: „Hversu margar smávirkjanir hafa tengst kerfinu síðastliðin þrjú ár?“

Svar: Sl. þrjú ár hafa tvær virkjanir tengst kerfi Rafmagnsveitnanna, annars vegar virkjun á Ásólfsskála og hins vegar virkjun á Þorvaldseyri. Auk þessa hefur verið undirritaður samningur um tengingu virkjunar sem ekki hefur hafið framleiðslu. Mun fleiri aðilar hafa sýnt því áhuga að reisa virkjanir til framleiðslu á rafmagni inn á flutningskerfi Rafmagnsveitna ríkisins en þær eru skemmra á veg komnar.

Þriðja spurning: „Hafa þeir aðilar sem óska eftir að koma smávirkjun á fót aðgang að fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum? Ef svo er, hvers eðlis er hún?

Svar: Þeir aðilar sem ætla sér að koma á fót smávirkjun hafa aðgang að nokkurri fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum. Orkustofnun hefur leiðbeint slíkum aðilum sem hafa viljað rannsaka virkjanakosti en vatnamælingadeild stofnunarinnar hefur ekki haft fjárveitingar til að sinna beinni ráðgjöf eða rannsóknum fyrir slíka aðila. Í ráðuneytinu liggja hins vegar fyrir tillögur um veitingu fjármagns til slíkra rannsókna sem

gætu komið til framkvæmda á næsta ári. Auk þessa er hugsanlegt að Orkusjóður geti komið að slíkum verkefnum með almennum hætti.

Á næstunni verður lagt fram frv. til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis en í því er gert ráð fyrir ákveðinni fyrirgreiðslu til eigenda smávirkjana. Að öðru leyti eru fyrirgreiðslur opinberra aðila fyrst og fremst fólgnar í aðgengi að fjármagni. Það eru einkum Lánasjóður landbúnaðarins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Byggðastofnun sem veita fjármagn til einstakra framkvæmda sem þessara.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að Lánasjóður landbúnaðarins veitir einvörðungu lán til bænda og þjónustufyrirtækja landbúnaðarins samkvæmt ákvæðum laga um sjómenn. Þá er hlutverk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Segir í lögum um sjóðinn að lán og styrki úr sjóðnum megi m.a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Eiga því bændur greiðari aðgang að fjármagni vegna virkjunarframkvæmda en aðrir.

Auk þess má geta þess að ákveðið hefur verið að þeir sem fara í framkvæmdir og hætta kaupum á raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins — ég kom lauslega að því áðan — að þeir fái með nýju frv. til niðurgreiðslna á rafmagni, sem bráðum verður kynnt í þinginu, þeir fái þær niðurgreiðslur til húshitunar sem almennir neytendur fá í dag eins og alkunna er og neytendur eru sem sagt að greiða milli 40% og 50% af raunverulegum kostnaði þess að hita húsnæði sitt upp með rafmagni.

[15:17]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn. Þarna eigum við gríðarlega virkjunarmöguleika. Nefndar hafa verið tölur upp á 30–50 megavött. En eins og hæstv. iðnrh. kom inn á held ég að í dag sé brýnast að þeim sem hyggja á virkjunarframkvæmdir verði gert kleift að stunda grunnrannsóknir af myndarskap.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að leið okkar til að hefja grunnrannsóknir og gera mönnum kleift að standa straum af þeim, í gegnum Orkusjóð, væri e.t.v. besta leiðin í því sambandi. Ég hef löngum talað fyrir nauðsyn þess að efla Orkusjóð þannig að menn geti sótt um framlög þaðan til að stunda grunnrannsóknir. Ég held að við eigum að efla Orkusjóðinn strax til þessara verka vegna þess að vatnamælingar og rannsóknir á hugsanlegum virkjunarsvæðum taka langan tíma. Brýnt er að sú vinna fari í gang sem fyrst.

[15:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp og jafnframt hæstv. ráðherra fyrir svör hennar. Hún kom m.a. inn á að í undirbúningi væri frv. sem lagt yrði fram á næstu dögum þar sem fjallað er um niðurgreiðslur vegna húshitunar og að hugsanlega ættu þeir sem reka smáveitur eða smávirkjanir kost á að sækja þar um að sama skapi og orkuveiturnar stóru. Þá er spurning mín til hæstv. ráðherra: Á þetta líka við þegar um er að ræða sölu á orku til sumarbústaða?

Nú er í einstaka tilvikum, eins og í Lækjarhvammi á Laugarvatni, um að ræða einstakling sem hættur er búskap, rekur virkjun, selur eða leigir út land fyrir sumarbústaði og vill gjarnan framleiða rafmagn fyrir þá bústaði sjálfur, m.a. til húshitunar. Gæti verið um niðurgreiðslu að ræða þó að ekki sé um sölu á rafmagni til heilsársíbúðarhúsa að ræða heldur sumarbústaða?

[15:20]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu um leið og ég bendi á tvö atriði í tengslum við þetta mál.

Í fyrsta lagi, varðandi þriðju spurninguna, er mér ljóst að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur nú þegar mótað reglur um styrkveitingar til þeirra bænda sem hefjast handa um uppsetningu heimilisrafstöðva. Allnokkrir bændur hafa nýtt sér þetta og getað komið sér af stað með framlögum frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Þá vil ég aðeins koma inn á að orkuverð til bænda sem selja inn á kerfi Rariks er u.þ.b. 2 kr. á kílóvattstund. Hins vegar er rafmagnið selt til bænda á 7 kr. á kílóvattstund. Þar kemur tap af rekstri á línum auðvitað inn í þannig að aðaltekjuöflun bænda liggur í að menn noti orkuna sjálfir en framleiði hana ekki inn á kerfið. Aðalhagnaður manna sem eiga slíkar stöðvar er að nota orkuna sjálfir.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Þess má geta að meðalstórt kúabú greiðir á ári 300–500 þús. kr. í rafmagn. Með einkarafstöð gæti sá kostnaður sparast og möguleikar skapast til að selja umframorku inn á netið eða nýta aflið til annarrar starfsemi.

Það er ljóst að stofnkostnaður vegna lítilla orkuvera er töluverður en hins vegar er rekstrarkostnaður óverulegur og endingartíminn langur. Af þeim sökum er mikilvægt að bændur eða aðrir sem hafa hug á að koma upp virkjunum hafi aðgang að lánsfjármagni á sambærilegum kjörum og við uppbyggingu bújarða og þá er um að ræða lán til 30–40 ára með 3,3% vöxtum í stað 6,8% vaxta.

Það var mjög athyglisvert sem fram kom varðandi húshitunina, að raforkubændur gætu fengið niðurgreiðslu í tiltekinn tíma á móti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt. Það er ljóst að það gæti líka komið sér vel fyrir garðyrkjubændur þar sem rafmagnskostnaður yfir vetrarmánuðina er óheyrilega mikill og hefur staðið heilsárframleiðslu grænmetis fyrir þrifum. Það er hugsanlegt að virkjun bæjarlækja kunni að leysa þann vanda í einhverjum tilvikum.

Að lokum vil ég þakka fyrir þau svör sem ég hef fengið og ég veit að margir hafa hug á því að virkja bæjarlækinn.

[15:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að ég veit ekki hvernig bæjarlækirnir eru á Suðurlandi en á Norðurlandi teldist dálítið djarft að virkja bæjarlækinn. Það eru aðeins meiri vatnsföll sem þarf til en ég kann samt vel að meta þetta orð.

Ég þakka áhugann sem hér kemur fram á þessum málaflokki. Reyndar var mér kunnugt um að hv. þm. hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga. Ég talaði kannski eitthvað óskýrt áðan þegar ég talaði um niðurgreiðslurnar en meiningin er sú að þeir raforkubændur sem framleiða raforku fyrir eigin notkun fái þessar niðurgreiðslur eins og hver annar vegna þess að rökin eru þau að þeir geti hvort sem er selt inn á netið og keypt aftur út af netinu.

Ég er alveg sammála því sem kom fram áðan, að auðvitað erum við fyrst og fremst að tala um það að einstaklingar framleiði til eigin notkunar vegna þess að það er hagkvæmast í málinu. En það er líka vonandi hagkvæmt að selja umframorku inn á netið. Það þarf að vera gerlegt og mikilvægt að skapa grundvöll til að svo geti orðið.

Eins og þetta hefur verið fram að þessu veit ég að ýmsum hefur fundist fyrirgreiðslan nokkuð takmörkuð í sambandi við að fara út í framkvæmdir sem þessar. Auðvitað höfum við verið að reyna að móta reglur og koma okkur niður á skynsemi í sambandi við aðstoð og fyrirgreiðslu en það er starfandi stýrihópur sem skipar fulltrúa frá þeim aðilum sem þarna koma að málum. Það vantar reyndar líka aukið fjármagn, t.d. fyrir Orkustofnun, til að veita meiri ráðgjöf en þeir hafa gert fram að þessu en ég veit að vilji er fyrir hendi þar og við munum leitast við, í tengslum við fjárlög næsta árs, að standa betur að málum en fram til þessa.

Útibú Matra á Ísafirði.

Fsp. JB, 499. mál. — Þskj. 789.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Matvælaiðnaður og aukin úrvinnsla á hráefnum, auðlindum okkar Íslendinga, er kannski einn okkar mikilvægasti atvinnuvegur og þróunarverkefni sem við stöndum frammi fyrir og árangur okkar í efnahagsmálum byggir á.

Þannig er að stofnað var fyrirtækið Matra, sem er samstarfsverkefni um matvælarannsóknir á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Iðntæknistofnunar til að þróa matvælaiðnað og vera fyrirtækjum til ráðuneytis um verkefni á því sviði. Þetta fyrirtæki fór í gang árið 1998 og 1. sept. árið 2000 var stofnað útibú á Ísafirði til að vinna að þróun matvælaiðnaðar og vera fyrirtækjum til ráðgjafar þar. Í fyrstunni var þetta hugsað sem tveggja ára verkefni og að þeim tíma liðnum skyldi staðan metin.

Þetta fyrirtæki fór í gang á Ísafirði. Við það voru bundnar miklar væntingar. Verkefnin urðu fljótt næg. Ráðinn var prýðisstarfsmaður sem þekkti vel til staðhátta og starfsemin var fyllilega eftir væntingum fyrsta árið. Kom því mjög á óvart haustið 2001 þegar tilkynning barst um að fyrirhugað væri að loka þessari starfsemi á Ísafirði í nóvember á síðasta ári. Síðan kom þó ákvörðun um að útvega fjármagn til að það mætti reka eitthvað fram á næsta ár. En 1. feb. í ár var þessari starfsemi lokað og starfsmaðurinn sem hafði starfað þarna og byggt upp starfið réði sig í aðra vinnu.

Virðulegi forseti. Á Ísafirði er verið að byggja upp þjónustukjarna á sviði rannsókna og verkefna á þessu sviði, svo sem frá Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þess vegna þótti kjörið að byggja þarna líka upp verkefni á sviði matvælarannsókna eins og þarna fór í gang.

Það er hörmulegt til að vita að úthald hins opinbera, úthald þeirra sem efna til verkefna sem fyllileg þörf er fyrir og brýn og gæti átt þarna framtíð, er svo lítið að þessu er lokað nánast innan árs frá því að það fer í gang. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. iðnrh.:

1. Hvernig samræmist lokun útibús Matra á Ísafirði stefnu stjórnvalda í byggðamálum og málefnum Vestfirðinga sérstaklega?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að útibú Matra á Ísafirði verði þegar í stað opnað að nýju og því tryggður öruggur og sjálfstæður rekstrargrundvöllur, a.m.k. í nokkurn reynslutíma, svo sem fimm ár?

[15:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Matra er stytting á heitinu Matvælarannsóknir Keldnaholti sem var til sem samstarfsvettvangur fæðudeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og matvælatæknideildar Iðntæknistofnunar Íslands um matvælarannsóknir.

Starfsemi Matra hófst árið 1998 og er rekin í húsnæði beggja stofnananna á Keldnaholti. Starfsmenn voru í upphafi 11 með fjölbreytta menntun og reynslu á flestum sviðum sem tengjast framleiðslu matvæla.

Árið 2000 ákvað Matra að láta á það reyna hvort rekstrargrundvöllur gæti verið fyrir starfsemi á sviði matvælarannsókna úti á landi. Á grundvelli þess var þann 1. sept. 2000 ráðinn starfsmaður að fyrsta útibúi Matra á landsbyggðinni. Var því valinn staður á Ísafirði, á þróunarsetri Vestfjarða. Þetta þótti viðeigandi staðsetning vegna sambýlisins við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, í þverfaglegu umhverfi sjávarútvegs og matvælavinnslu. Stefnt var að því að um tveggja ára reynsluverkefni yrði að ræða.

Vilji hefur lengi verið fyrir því að efla tengsl Iðntæknistofnunar við landsbyggðina en ekki hafa fengist sérstakar fjárveitingar til þess. Engu að síður var mikilvægt að leggja út í þetta reynsluverkefni vegna þess að mjög dýrt er fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni að kaupa þjónustu fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu vegna ferða- og dvalarkostnaðar. Frá upphafi var ljóst að rekstrargrundvöllur verkefnisins var veikur og óvíst hvort markaðurinn á svæðinu væri nægilega stór til að standa undir því til lengri tíma litið og óvíst hvort væntingar um rannsóknarstyrki gengju eftir.

Fyrsta rekstrarárið fékkst aðeins um helmingur teknanna af útseldri vinnu starfsmannsins og umsóknir um rannsóknarstyrki fengu ekki þann hljómgrunn sem væntingar stóðu til. Rekstur Matra í Reykjavík gekk einnig illa og leiddu þeir erfiðleikar til þess að fjórum af 12 starfsmönnum Matra, þ.e. þriðjungi þeirra, var sagt upp á síðasta ári. Þessi rekstrarvandi endurspeglar þær erfiðu rekstrarforsendur sem margar opinberar rannsóknastofnanir þurfa að búa við. Á árinu 2001 komu t.d. 27% af tekjum Iðntæknistofnunar beint af fjárlögum og heil 73% voru sjálfsaflafé stofnunarinnar. Af þessu má glögglega sjá að svigrúm stofnunarinnar til að mæta tímabundnum erfiðleikum er nánast ekkert, þ.e. ekki eru tök á því að færa fé frá einum hluta starfseminnar til annarrar sem hefur minni burði til að afla eigin tekna.

Ákvörðunin um að stofna til tilraunareksturs Matra á Ísafirði var byggð á eindregnum vilja Iðntæknistofnunar til að efla tengslin við matvælaframleiðslu á Vestfjörðum. Iðnrn. studdi þessa tilraun með 2 millj. kr. framlagi á upphafstímanum. Var gert ráð fyrir að með það stofnframlag í farteskinu ætti reksturinn að ganga upp ef aðrar rekstrarforsendur gengju eftir.

Í lok síðasta árs, þegar ljóst varð að nokkuð vantaði á að endar næðu saman, tók ég þá ákvörðun að leysa þann vanda með 1 millj. kr. framlagi af fé ráðuneytisins sem dugði til að reksturinn frá upphafi til ársloka 2001 kom út á sléttu.

Staðan um þessar mundir er sú að engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að loka útibúi Matra á Ísafirði. Starfsmaðurinn er reyndar kominn til annarra starfa sem nýtast munu matvælaiðnaðinum á Vestfjörðum en ljóst er að Iðntæknistofnun vill halda þessum rekstri áfram ef hún getur fundið rekstrargrundvöll fyrir starfseminni. Ekki er búið að segja upp aðstöðunni í þróunarsetrinu á Ísafirði, sem undirstrikar vilja Iðntæknistofnunar.

Framhald rekstursins verður fyrst og fremst að byggja á því að markaður sé fyrir starfsemina á svæðinu. Ekki er unnt að reikna með að reksturinn verði niðurgreiddur ár eftir ár í langan tíma en ég er tilbúin til að beita mér fyrir nýju upphafsfé til að koma rekstrinum á rekspöl ef þær rekstrarforsendur sem nú eru í skoðun gefa tilefni til þess.

[15:33]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni vegna orða hæstv. iðnrh. sem lýsir því nú yfir að hún muni gera allt sem hún geti til að starfsemi Matra á Ísafirði verði ekki lögð niður. Starfsmaðurinn sem var þarna, Guðrún Anna Finnbogadóttir, vann mjög merkt og gott brautryðjendastarf í þessari stöð. Hún fór til annarra starfa þar sem hún er nú með öruggari starfsvettvang að minni hyggju. En gott er að heyra að hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir því eins og henni er mögulegt að starfsemin haldi áfram.

Ef miðstöð rannsókna í þorskeldi verður á Vestfjörðum þá held ég að það væri kærkomið tækifæri að notfæra sér þetta þar.

[15:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér væri auðvitað fullt tilefni til þess að hefja þó nokkra umræðu um rannsóknastarfsemi í landinu almennt á vegum ríkisins og stofnana þess en þó sérstaklega um þær áherslur sem hafa á undanförnum árum verið lagðar á það að þessar rannsóknastofnanir skuli standa að störfum sérstaklega varðandi það að afla sértekna, hins svokallaða sjálfsaflafjár. Ég held að ekki væri vanþörf á að skoða ofan í kjölinn hvernig rannsóknastofnanir á vegum ríkisins hafa orðið í sífellt meira mæli að stefna að því að ná sér í svokallað sjálfsaflafé sem hefur að sumu leyti komið niður á rannsóknastarfsemi þeirra. Þessi umræða klárast örugglega ekki við þessari stuttu athugasemd hér. En ég held að þetta sé kannski meginefni máls.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó mér finnist þau vera mjög rýr. Það er ekki svo að hér hafi verið greitt niður starf ár eftir ár. Það er rangt í þessu tilviki. Stefnt var að a.m.k. tveggja ára þróunarverkefni og á þessum tveimur árum var gert ráð fyrir því að sjálfsaflafé nægði fyrir um helmingi rekstrarkostnaðar. Það hafði tekist og ríflega það. Væntingar um sjálfsaflafé voru og fyllilega samkvæmt þeim áætlunum sem lagt var upp með. Þess vegna er svo dapurlegt að þetta verkefni sem var fyrirhugað til tveggja ára og hefur gengið vel var blásið af eftir eitt ár. Mér finnst það bara óafsakanleg framkoma.

Það er erfiðara að ná boltanum upp aftur þegar hann hefur einu sinni dottið niður eins og í þessu tilviki. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og Alþingis í byggðamálum er einmitt lögð áhersla á að efla rannsóknir og þróunarstarf tengt atvinnuvegunum úti í byggðum landsins. Á Ísafirði er verið að byggja upp kjarna til að takast á við það. Mér finnst afar lágkúrulegt að ekki skuli vera hægt að bjarga þessu þó að vantað hafi 1 eða 2 millj. til þess að hægt hefði verið að halda þessu starfi áfram eins og að var stefnt, ekki síst í ljósi þess að allar áætlanir sem farið var í gang með stóðust og fyllilega það. Úthaldsleysi stjórnvalda var þarna ljónið á veginum.

Nú finnst Vestfirðingum þeir vera hlunnfarnir og hagur þeirra ekki gerður stór í væntanlegri byggðaáætlun og sömu dagana kemur tilkynning um lokun Matra. Því finnst mér, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra eigi að gefa miklu ákveðnari svör um að þetta verði sett í gang á ný af fullum krafti.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég bið hv. þm. að anda aðeins rólega því að ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um að loka. Mér fyndist að hann hefði alveg getað metið það einhvers að iðnrn. lagði í fyrsta lagi fram 2 millj. í upphafi til þess að af þessu gæti orðið.

Í öðru lagi var lögð fram 1 millj. nú í lok síðasta árs af rekstrarfé ráðuneytisins til að koma til móts við þessa mikilvægu starfsemi. En eins og hv. þm. Karl V. Matthíasson nefndi þá er það ákvörðun þessa ágæta starfsmanns sem þarna hefur starfað að hverfa til annarra starfa, sennilega vegna þess að hún hefur talið það öruggari starfsvettvang. En ekki hefur verið tekin nein ákvörðun í þessum efnum og það held ég að sé aðalatriðið. Við skulum sjá til hvernig þessum málum lyktar þegar fram líða stundir.

Af því að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson talaði um sjálfsaflafé rannsóknastofnana og að ástæða væri til þess að ræða það sérstaklega, þá er ég alveg sammála honum um það. Eins og fram kom í máli mínu áðan þá fást hvorki meira né minna en þrír fjórðu af því fjármagni sem Iðntæknistofnun hefur til ráðstöfunar með sjálfsaflafé og aðeins einn fjórði af framlögum fjárlaga. Auðvitað er mikilvægt að þessar stofnanir afli fjár sjálfar. Það er nauðsynlegt. En þessi takmörk liggja einhvers staðar og ég óttast að séum við alveg um það bil að fara yfir strikið hvað það varðar að krefjast sjálfsaflafjár af þeim rannsóknastofnunum sem heyra undir iðnrn.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fsp. KLM, 536. mál. — Þskj. 841.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land. Hún er efnislega mjög svipuð og fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. forsrh. og var svarað hér í dag og á undanförnum þremur þingum hef ég spurt þann sem hefur farið með byggðamál, hæstv. forsrh. í fyrsta skiptið og síðan núv. hæstv. iðnrh., hvernig gangi að flytja þessi fjarvinnslustörf út á land sem við erum hér oft að ræða.

Auðvitað horfa menn á hvað gert hefur verið. Mér finnst, miðað við skrifleg svör sem ég hef fengið frá öðrum ráðherrum sem ég gat um hér áðan, að nánast ekkert hafi verið gert. Ég vil ekki trúa því að svo hátti til í tilviki ráðuneyti iðnaðar og viðskipta, hjá ráðherra byggðamála, þannig að ég bíð spenntur eftir því að sjá hvað hefur verið flutt.

En auðvitað hafa þau svör sem komið hafa frá öðrum ráðherrum valdið manni og þingheimi miklum vonbrigðum vegna þess að ekkert hefur verið gert. Þetta er auðvitað gert og sagt í framhaldi af þeim miklu væntingum sem byggðar voru upp hér vegna skýrslu um nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni sem taldi 20 síður og líka vegna athugana sem gerðar voru á vegum iðn.- og viðskrn. á úttekt á möguleikum á flutningi einstakra verkefna eða stofnana á vegum iðn.- og viðskrn. til landsbyggðarinnar í nóvember árið 2000. Samtals eru hér 100 síður af mjög mörgum og góðum hugmyndum sem því miður hefur ekki verið hrint í framkvæmd.

Herra forseti. Ég ætla ekki að endurtaka það sem kom fram áðan í umræðu um fyrirspurn til forsrh. en þetta leiddi til þess að menn settu upp fjarvinnslustöðvar og ætluðu sér að fara að vinna í þessum málum. En það hefur gengið frekar brösulega og mörg af þessum fyrirtækjum hafa lent í rekstrarerfiðleikum og hefur það svo verið verkefni Byggðastofnunar að reyna að lagfæra. En enn þá vantar störfin.

Herra forseti. Taka má dæmi um hvað þetta er í raun auðvelt. Förum í smálíkingaleik. Ef hæstv. viðskrh. hringdi í dag í forvera sinn, Finn Ingólfsson seðlabankastjóra, og slæi inn númerið 569 9600 sem er símanúmer Seðlabankans þá yrði svarað þar: „Seðlabankinn, góðan dag." Hver skyldi þá vera að svara? Jú, það eru tvær stúlkur sem sitja við skiptiborð norður á Raufarhöfn. Þær mundu svara þarna (**Gripið fram í:** Ekki Finnur?) og gefa samband við seðlabankastjóra. Þetta er ekki flóknara en svo.

Herra forseti. Þess vegna bíð ég spenntur núna þegar síðasta fyrirspurn þessa efnis er rædd hér á hinu háa Alþingi, þ.e. fyrirspurn mín til iðnrh. um hvaða og hversu mörg verkefni hafi verið flutt út á land á síðasta ári.

[15:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Engin fjarvinnsluverkefni voru flutt út á land á vegum iðn.- og viðskrn. á árinu 2001 né heldur á vegum stofnana eða fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytin. Á vegum iðnrn. var á árinu 2001 unnið að gerð nokkurra tillagna um flutning fjarvinnsluverkefna út á land. Enn sem komið er hefur sú vinna ekki skilað árangri.

Þá hef ég lagt áherslu á að við gerð árangursstjórnarsamninga við forstöðumenn stofnana ráðuneytisins verði ákvæði um flutning verkefna út á land.

Í ársbyrjun 2001 voru starfsmenn Byggðastofnunar 22 og störfuðu átta þeirra á Sauðárkróki en 14 í Reykjavík. Starfsemi stofnunarinnar var öll flutt til Sauðárkróks á miðju ári 2001. Forstöðumaður rekstrarsviðs flutti frá Reykjavík en ráðið var nýtt starfsfólk í eftirfarandi störf á Sauðárkróki: Forstjóri, lögfræðingur, þrír lánasérfræðingar með viðskiptamenntun og fjórir starfsmenn til skrifstofustarfa, þar af einn rekstrarfræðingur. Starfsmannafjöldi á þróunarsviði stofnunarinnar var óbreyttur í árslok 2001 en þar starfa forstöðumaður, sex sérfræðingar og ritari. Byggðastofnun réði jafnréttis- og atvinnuráðgjafa til starfa með aðsetur á Blönduósi á árinu. Stofnunin réð atvinnuráðgjafa til starfa með aðsetur á Patreksfirði á árinu. Byggðastofnun flutti því eða réð starfsfólk í samtals 12 störf á árinu 2001.

[15:44]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn einu sinni ræðum við um fjarvinnsluverkefni á landsbyggðinni og því miður fáum við enn að heyra svipuð svör og áður, að lítið hafi áunnist og væri kannski nær að segja að nær ekkert hefði áunnist í þeim efnum.

Herra forseti. Það er misjafnt hversu hreinskilnir hæstv. ráðherrar hafa verið í þessari umræðu. Ég verð að segja hæstv. iðnrh. til hróss að ég held að hún sé sá ráðherra sem hreinskilnastur hefur verið hvað þessi mál varðar vegna þess að ég las á netinu á annars ágætri heimasíðu hæstv. ráðherra, í dagbók hæstv. ráðherra eftir fund á Stöðvarfirði eftirfarandi texta, með leyfi forseta:

„Miklar væntingar voru byggðar upp af hálfu stjórnvalda ... þótt fáir hafi í raun vitað um hvað þetta snerist."

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé af þessu tilefni að óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri örlítið nánar þennan texta sinn þannig að við förum ekki í einhverjar getgátur um við hverja er átt.

[15:46]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Menn verða að gera sér grein fyrir því að hægt er að vinna heilmörg störf í fjarvinnslu úti á landi en það er eins og áhugann vanti. Sagt hefur verið að stjórnsýslan hafi einfaldlega allt of lítinn áhuga á því að koma þessum verkefnum út á land. En það eru hæstv. ráðherrar sem stjórna í ráðuneytunum og þeir eiga að geta beitt sér af meira afli í þessum málum en raun ber vitni. Það er átakanlegt að taka á móti hverju svarinu af öðru, frá hverjum hæstv. ráðherranum á fætur öðrum við fyrirspurn hv. þm. Kristjáns Möllers. Þau eru frekar dauf, svörin, og lítið hefur orðið af því að verkefni séu komin út á land í þessa fjarvinnslu þannig að það er ekki nema von að menn kveinki sér þessa dagana.

[15:47]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir þessa fyrirspurn. Ég held að við verðum að standa öll saman á hinu háa Alþingi gagnvart stjórnkerfi ríkisins um að breyta hugarfari þannig að verkefni geti flust út á land í ríkari mæli. Ég held að okkur væri styrkur í því og er sannfærður um að fjarvinnsluverkefni sem fyrirtæki hafa flutt út á land hafi gefist ákaflega vel. Hafa verið nefnd til sögunnar verkefni á Siglufirði og Hvammstanga, símsvörun á Akureyri og fleira þannig að þetta er hægt og við verðum ákveðið á hinu háa Alþingi að gefa stjórnendum ríkisfyrirtækja og -stofnana til kynna vilja okkar hér. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann sem ekki hefur vilja til þess að þróunin verði þessi. Í krafti reynslunnar af fjarvinnslu úti á landi lít ég með mikilli bjartsýni til næstu missira. Ég trúi ekki öðru en að við getum með samstilltu átaki og breyttu hugarfari framkallað þessa þróun.

[15:48]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það hefur verið á stefnuskrá allra stjórnmálaflokka held ég og flestra ríkisstjórna síðustu áratugina að flytja stofnanir út á land. Við höfum hins vegar rekið okkur á að það er afskaplega erfitt að flytja stofnanir í heilu lagi. Það rákum við okkur á þegar Landmælingar fluttu upp á Akranes. Allt ætlaði vitlaust að verða. Það er eins og það sé náttúrulögmál að allt svona þurfi að vera í Reykjavík.

Við rákum okkur á það sama þegar Byggðastofnun var flutt til Sauðárkróks sem manni fannst mjög eðlileg aðgerð vegna þess að starfssvæði Byggðastofnunar er allt landið nema höfuðborgarsvæðið og auðvitað á hún heima úti á landi. Þegar þróunarsviðið flutti eins og hæstv. ráðherra nefndi áðan fór enginn starfsmannanna með heldur varð að

ráða átta nýja starfsmenn. Þegar afgangurinn af starfseminni var fluttur í fyrra flutti aðeins einn maður, að vísu lykilmaður, en alla hina varð að ráða upp á nýtt. Það er mjög erfitt að byrja svona eiginlega upp á nýtt. Sem betur fer er Byggðastofnun að komast yfir þá erfiðleika, fékk mjög hæfan forstjóra og góða starfsmenn og er að ná sér á strik eftir þessa flutninga.

Það er annað sem hefur verið gert á vettvangi Byggðastofnunar, atvinnuþróunarstarfsemin um allt land. Stofnunin veitir verulegt fjármagn í öll kjördæmi til að stofna atvinnuþróunarfélög sem eru á forræði heimamanna. Þar eru þetta 3–5 störf í hverju kjördæmi og þau skipta mjög miklu máli. Áður var þessu öllu stýrt úr hjarta Reykjavíkur. Nú er þetta á forræði heimamanna með öflugum stuðningi Byggðastofnunar.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég veit eiginlega ekki alveg hvað á að segja um þetta. Það má þó segja eitt. Ég get þakkað hæstv. ráðherra fyrir hreinskilni og það að í hennar stutta svari hafi það komið fram að engin störf í fjarvinnslu voru flutt út á land á árinu 2001 á vegum iðnrn. eða stofnana sem heyra undir það ráðuneyti.

Þá held ég að hringnum sé lokað. Ég held að svör hafi borist frá öllum ráðuneytum um árangur af þessu starfi árið 2001. Hann er jafnlélegur og hann var árið 2000. Ekkert hefur verið gert, því miður. Þetta er ákaflega dapurlegt. Það er dapurlegt að þetta skuli ekki gerast vegna þess að þetta er hægt. Tæknin býður upp á þetta. Það er auðvelt að gera þetta. Það sýna einkafyrirtæki sem hafa slegið til, ekki bara hér heldur úti um allan heim.

Af hverju gerist þetta? Er það vegna þess að stjórnkerfi í Reykjavík stoppar meira að segja ráðherra, jafnvel ráðherra sem hafa einhvern áhuga á því að gera þetta? Er það virkilega svoleiðis? Á maður virkilega að þurfa að sætta sig við að sú sé ástæðan?

Herra forseti. Eins og ég segi var mér skapi næst að koma upp í ræðustól og nánast segja ekki neitt og vera agndofa. En hæstv. ráðherra ræðir í sínu stutta svari um flutning Byggðastofnunar. Það var allt gott og blessað. Við erum ekki að tala um flutning stofnana. Við erum að tala um þennan þátt sem tæknin býður upp á og miklar væntingar voru gerðar til.

Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. ráðherra þekkir mjög vel þær væntingar sem voru byggðar upp í Ólafsfirði og Hrísey í kringum fjarvinnslufyrirtækin þar og endurreisn sem þar hefur orðið með því að sameina þetta fyrirtæki og stofna fyrirtækið Óley til að taka þátt í verkefninu.

Ég óttast hins vegar, herra forseti, að verkefni vanti fyrir þessar stöðvar og þess vegna vil ég hvetja hæstv. ráðherra til að standa sig betur en verið hefur og gera eitthvað í þessum málum vegna þess að sama fyrirspurn kemur fram um leið og þing kemur saman í janúar á næsta ári.

[15:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel mig tilknúna til að lesa fyrirspurnina sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001 ...?“

Hversu mörg störf? Ég bið hv. þingmann að meta það einhvers að heil stofnun var flutt og gera ekki lítið úr því að ég hafi nefnt Byggðastofnun í þessu sambandi.

Mér er eiginlega efst í huga á þessari stundu að það er auðveldara um að tala en í að komast. Þegar hv. þm. tala um að breyta þurfi hugarfari spyr ég: Efast einhver um að ég vilji gera þetta? (**KLM:** Hvað er þá að?) Ég varð þess áskynja þegar ég kom í þetta ráðuneyti að þar er ekkert sérstaklega margt starfsfólk. Það er vel mannað hvað það varðar að þar er gott fólk en það er fátt fólk og við höfum barist fyrir því að reyna að fá að bæta við fólki eins og í iðnrn. Ég held að það séu ekki nein smáverkefni sem það ráðuneyti fæst við en sannleikurinn er sá að þetta fólk er yfirhlaðið verkefnum og ég kem ekki alveg auga á það hvaða verkefni það nákvæmlega eru, a.m.k. í ráðuneytinu, sem gætu verið unnin annars staðar því að fólk er að hlaupa úr einu í annað.

Hér var Seðlabankinn líka nefndur og auðvitað er mjög gott mál að fyrir hann skuli vera svarað á Raufarhöfn. Tvær stúlkur svara þar. Því miður er ég hrædd um að það sé bara eitt launað starf þannig að það er ekki víst að þetta sé sérstaklega hagkvæmt. (**KLM:** Tvöfalt.) Það eru tvær stúlkur sem vinna en það er spurning hvernig samningurinn er, ég held að hann sé ekki mjög hagstæður.

Ég var alveg eins og aðrir mjög spennt fyrir því að þetta gæti gengið og talaði fyrir því að fara út í flutning starfa út á land með fjarvinnslu en það var með mig eins og miklu fleiri að við vissum ekki alveg nákvæmlega um hvað þetta snerist.

Vöruverð í dreifbýli.

Fsp. KVM, 517. mál. — Þskj. 815.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Í greinargerð með þáltill. hæstv. iðnrh. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 kemur orðið verslun aðeins tvisvar sinnum fyrir. Í fyrsta sinni er sagt að verslunin í mesta þéttbýli landsins greiði hærri laun en sú sem er á landsbyggðinni. Í hinu tilvikinu er þessi atvinnugrein nefnd í kaflanum um almenn búsetuskilyrði en þar segir, með leyfi forseta:

„Byggðarlög þurfa að geta boðið upp á góða, aðgengilega og stöðuga uppeldis- og velferðarþjónustu, öflugt atvinnulíf, hæft menntað fólk og fjölþætta atvinnumöguleika, verslun og þjónustu.“

Herra forseti. Ég tek undir það að ein af meginforsendum þess að fólk búi ánægt við hlut sinn á landsbyggðinni er að auðvelt sé að nálgast brýnustu nauðsynjar á ásættanlegu verði. En þeir sem fylgjast með því sem er að gerast í landinu hafa tekið eftir því að smásöluverslun fer þar hrakandi. Á mörgum stöðum úti á landi þar sem áður voru ágætar verslanir finnast nú engar þar sem samkeppnisstaða þeirra var orðin svo lök. Við getum velt fyrir okkur hvers vegna margar þessara verslana hafa lagt upp laupana. Litlar einingar er jafnan svarið. Hinn stóri og sterki sigrar að lokum, segja menn og yppa öxlum. Við þessu er ekkert að gera, segja menn líka. En þegar betur er að gáð, herra forseti, má sjá að fleiri þættir vega þungt.

Herra forseti. Ég átti samtal við einn ágætan kaupmann í einu byggðarlagi úti á landi. Hann sagði að erfiðast fyrir matvöruverslunina þar væri hversu ójafn leikurinn væri. Þeir hjá Baugi og Kaupási fá svo mikinn afslátt hjá heildsölunum að það er óheilbrigt og hann nefndi sem dæmi að

tveggja kg hveitipakkning út úr einum stórmarkaðnum á Stór-Reykjavíkursvæðinu kostaði 70 kr. en hann þyrfti að kaupa þessa sömu pakkningu á 100 kr. hjá heildsalanum, og bætti hann við, þessi ágæti kaupmaður, að þetta væri bara eitt dæmi. Þessi mismunun virðist vera mest hjá íslenskum framleiðendum.

Margar siðferðislegar spurningar vakna þegar við sjáum hver aðstaða dreifbýlisverslunarinnar er, og við spyrjum hvort ríkisstjórnin hyggist koma að þessu málum, ekki aðeins vegna óheilbrigðrar og siðlausrar samkeppni heldur vegna ýmissa gjalda og kostnaðar sem dreifbýlisverslunin býr við. Þá má nefna t.d. tryggingagjaldið sem á að hækka um næstu áramót upp í 6%. Það er líka talað um vaxtakostnað sem þessi ágæti kaupmaður bar sig mjög aumlega undan. Hann talaði um vaxtaokrið sem eitt af hinum miklu vandamálum.

[15:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Verslunarfyrirtæki sem reka sölustaði undir sama nafni á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni hafa tekið ákvörðun um að bjóða öllum viðskiptavinum sínum sömu viðskiptakjör með því að selja vörur sínar alls staðar á sama verði. Dæmi um slíka starfsemi má finna á smásölumarkaði með matvörur, byggingarvörur, eldsneyti, áfengi og lyf. Á þennan hátt hefur þróun verslunar stuðlað að lægra vöruverði á landsbyggðinni.

Mér er kunnugt um að hagsmunaaðilar í verslun eru að undirbúa könnun á vörustjórnunarkostnaði hér á landi með samanburði við nágrannalönd. Jafnframt er unnið að stofnun vörustjórnunarfélags sem hefði að markmiði að efla samstarf smásala, birgja og framleiðenda um að lækka kostnað við vörustjórnun. Talið er að þarna megi spara háar upphæðir ef vel tekst til, og eigi að koma bæði rekstraraðilum og neytendum til góða.

Aðilar í verslun og fulltrúar neytenda hafa ítrekað hvatt yfirvöld til að endurskoða smásöluverslun léttvíns og bjórs með það í huga að veita aðilum í verslun og viðskiptum möguleika á að taka að sér smásöluverslun með þessa vöruflokka. Bent hefur verið á að slíkt gæti stuðlað að styrkingu verslana á landsbyggðinni þar sem sölustaðir ÁTVR eru nú dreifðir. Sjálfsagt er að líta á þessar tillögur eins og aðrar sem orðið gætu til að styrkja verslun á landsbyggðinni.

Á árum áður komu upp hugmyndir um það að ríkið styrkti með beinum fjárframlögum verslun á afskekktum stöðum en frá slíkum hugmyndum var horfið og ekki eru áform um að styrkja dreifbýlisverslun með beinum fjárframlögum enda verður að hafa í huga, eins og að framan segir, að vöruverð á landinu öllu hefur mjög jafnast frá því sem áður var.

Sl. haust skipaði samgrh. nefnd til að fjalla um flutningskostnað á landsbyggðinni. Tilefni þess að nefndin var skipuð er sú staða sem upp er komin vegna verulegrar hækkunar á flutningskostnaði fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni. Á þessu stigi er of snemmt að segja til um hver niðurstaðan af þessu starfi nefndarinnar verði og hvort tillögur komi fram er leiða muni til betri rekstrarskilyrða dreifbýlisverslunar.

[16:00]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda, Karli V. Matthíassyni, fyrir að hreyfa þessu máli. Það er sannarlega rétt að það er mjög ójafn leikur í rekstrarskilyrðum dreifbýlisverslunar gagnvart verslun á höfuðborgarsvæðinu eða stóru stöðunum á landsbyggðinni. Fram kom hjá hæstv. ráðherra að margar verslunarkeðjur eru með sama vöruverð um allt land, sama hvort það er verslun í Reykjavík, á Akureyri eða Ísafirði. Mér er kunnugt um það og hef átt samtal um það við konu vestur á Ísafirði sem sagði mér að ein besta kjarabót sem hún hefði fengið hafi verið þegar Bónus opnaði verslun sína á Ísafirði. Það er sannarlega rétt.

Það er rétt að segja það hér að ég er nokkuð viss um að sú verslunarkeðja og sá frumkvöðull sem þar var, Jóhannes í Bónus, hefur sennilega gert einna mest í því að keyra niður verðbólgu og lækka vöruverð á þeim stöðum þar sem sú verslun er, en svo er ekki um aðrar og þess vegna er það svo að þetta er ekki alls staðar.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra rétt í lokin: Hvernig gengur nefndarstarfið sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn beittu sér fyrir að skipað yrði um jöfnun flutningskostnaðar, þ.e. þungaskattinn?

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Það er vissulega gott og ágætt þegar stórar verslunarkeðjur geta verið með starfsemi sína víðar en í Reykjavík eins og á Akureyri og Ísafirði. Ég tek undir það. Það er ágætt að vöruverð er lágt þar. En hins vegar eru fleiri staðir á landinu en þeir og það er það sem ég er að beina sjónum okkar að núna og vekja athygli á. Það eru þær verslanir sem eru á stöðum þar sem búa kannski þúsund manns og færri sem eru að glíma við þennan vanda sem ég var að tala um, herra forseti, að verslunareigendur kaupa vöru af heildsölum á miklum mun hærra verði en eigendur stóru verslananna. Sumir hafa jafnvel velt því upp að í sumum tilvikum geti verið svo að þessar litlu verslanir séu hreinlega að greiða niður verð fyrir þær stóru af því að verðið er keyrt svo mikið niður hjá stóru verslunum að minni verslanirnar verða að borga meira.

Því vakna spurningar um það hvort þetta sé í raun og veru eðlilegt og hvort einokun og áhrif fárra aðila á verslunarmarkaðinn séu ekki orðin það mikil að þau séu farin að skaða litlar verslanir í minni plássum úti á landi. Það er þetta sem maður heyrir kaupmenn sífellt vera að tala um, sem eru að berjast fyrir sínu á landsbyggðinni, hversu mikill munur það er fyrir þá að kaupa vöruna út úr heildsölunum og fyrir hina, þessa stóru, sem geta í krafti valds jafnvel sagt: Ef þið ekki seljið okkur á þessu verði þá kaupum við ekki þessa vöru af ykkur heldur förum annað.

[16:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef áhyggjur af þessu máli alveg eins og þeir hv. þm. sem hér hafa talað. Eins og menn eflaust vita er þetta eitt af því sem verður skoðað í tengslum við nýja byggðaáætlun, þ.e. búsetuskilyrði manna á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæðið. Það getur örugglega margt athyglisvert komið út úr þeirri athugun.

Eins vil ég nefna að það starf sem unnið hefur verið í þeirri nefnd sem ég nefndi áðan og varðar það að gera athugun á þróun flutningskostnaðar er mjög mikilvægt starf og ég bind vonir við að út úr því komi niðurstöður sem muni hjálpa okkur við að bæta úr hvað þetta varðar. Eins og hv. þm. Karl V. Matthíasson nefndi fara miklar sögur af því að smáverslanir úti á landi eigi bókstaflega í erfiðleikum með að nálgast ákveðnar vörutegundir og það er náttúrlega ekki gott. Ég gæti trúað að í einhverjum tilfellum gæti komið til kasta samkeppnislaga hvað það atriði varðar.

En hef ég áhyggjur af þessu og þó svo að ástand hafi batnað víða vegna þess að þær verslanir sem eru ráðandi á markaðnum hafa verið að færa út starfsemi sína og tekið upp starfsemi víðar en áður var þá hjálpar það að vísu, en það eru líka margir staðir sem búa við hátt vöruverð og vissulega hefur það gríðarleg áhrif á búsetuskilyrði.

[Fundarhlé. — 16:07]

[16:06]

Útbýting þingskjala:

Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), 622. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 975.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), 623. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 976.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 621. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 974.

Vörur unnar úr eðalmálmum, 620. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 973.

Jarðgöng undir Almannaskarð.

Fsp. GunnS, 485. mál. — Þskj. 769.

[18:01]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir 485. máli á þskj. 769, fyrirspurn sem varaþingmaður minn, Gunnlaugur Stefánsson, lagði fram fyrir nokkru síðan og er um jarðgöng undir Almannaskarð.

Það er kunnugt að Almannaskarð er hluti af hringvegi okkar og einn af þeim farartálmum sem þar eru. Menn hafa velt fyrir sér hvaða möguleikar eru á að bæta þar úr. Ein af þeim hugmyndum sem fram hafa komið er gerð jarðganga undir Almannaskarð. Ástæður fyrir því eru auðvitað að með því væri væntanlega farin sú leið sem best væri og öruggust. Á þessum slóðum er auðvitað margs konar vandi. Þarna er mikill halli og alls konar hættur af ýmsum flóðum. Þarna þarf því auðvitað að vanda sig verulega og tryggja öryggi.

Það blasir við að þarna eru góðar jarðfræðilegar aðstæður og er jafnvel álit margra að kostnaður við þessi jarðgöng sé ekki meiri en svo að eðlilegt væri að þessi framkvæmd yrði sett á vegáætlun en ekki í sérstaka jarðgangaáætlun, en eins og kunnugt er er unnið eftir sérstökum jarðgangaáætlunum við öll þau stærri jarðgöng sem fyrirhuguð eru.

Herra forseti. Þessi fyrirspurn er í fjórum liðum og hljóðar svo:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framkvæmdir við jarðgöng undir Almannaskarð verði liður í næstu vegáætlun?
2. Hver er áætlaður kostnaður við slík göng?
3. Hvað er áætlað að nýr vegur um Almannaskarð kosti?
4. Hefur arðsemi jarðganga undir Almannaskarð verið metin? Ef svo er, hver er niðurstaðan?

Herra forseti. Ljóst er að verulegur áhugi er á þessu máli á þessu svæði. Þann 29. janúar sl. var haldinn mjög fjölmennur fundur á Hornafirði þar sem margir fundarmenn lýstu yfir áhuga á því að sú leið yrði farin sem hér er spurt um. Rétt að geta þess að fundurinn var haldinn að frumkvæði nokkurra einstaklinga sem hafa hrundið þessu verkefni af stað. Í forsvari fyrir þessum einstaklingum er kunnur maður í þingsölum, þ.e. Egill Jónsson, fyrrv. alþm. Hann er mikill áhugamaður um þessa vegaframkvæmd ásamt fjölda manna á Hornafirði. Hins vegar má einnig geta þess að menn telja fleiri framkvæmdir á þessu svæði brýnar. Hér er hins vegar verið að spyrja um hverju menn eru að velta fyrir sér gagnvart framtíðinni.

[18:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir þessa fyrirspurn sem Gunnlaugur Stefánsson lagði fram. Fyrsta spurning hv. þm. var:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framkvæmdir við jarðgöng undir Almannaskarð verði liður í næstu vegáætlun?“

Svar mitt er að í núverandi vegáætlun eru ósundurliðaðar fjárveitingar í Þvottár- og Hvalsnesskriður og Almannaskarð, 50 millj. kr. árið 2003 og 65 millj. kr. árið 2004. Í jarðgangaáætlun sem samþykkt var á Alþingi árið 2000 er lýsing á hugsanlegum jarðgöngum undir Almannaskarð en þau voru ekki tekin með í röð fyrstu verkefna.

Á næstu vikum stendur fyrir dyrum endurskoðun vegáætlunar 2002–2005 og munu framkvæmdakostir við endurbætur leiðarinnar um Almannaskarð þá væntanlega verða teknir til umfjöllunar. En eins og vænta má er í mörg horn að líta þegar tekið er til við vegáætlun, auk þess sem rétt er að minna á að fyrir þinginu liggur frv. um samgönguáætlun sem komið er frá nefnd og er liður í enn betri gerð áætlana um vegaframkvæmdir og aðrar framkvæmdir í samgöngukerfinu.

Í annan stað spyr hv. þm.: „Hver er áætlaður kostnaður við slík göng?“ — Hann er að tala um göng undir Almannaskarð.

Því er til að svara að samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar mundu slík göng kosta um 700 millj. kr.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hvað er áætlað að nýr vegur um Almannaskarð kosti?“

Samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að vegurinn muni kosta um 200 millj. kr. á núverandi verðlagi.

Í fjórða lagi er spurt: „Hefur arðsemi jarðganga undir Almannaskarð verið metin? Ef svo er, hver er niðurstaðan?

Skemmst er frá því að segja að arðsemin hefur ekki verið metin enda, eins og fram kom í svari mínu, var ekki gert ráð fyrir að þessi göng væru í hópi fyrstu verkefna. Því var ekki lögð vinna í að meta arðsemi þeirrar framkvæmdar.

[18:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég fagna þessum hugmyndum um göng undir Almannaskarð. Eins og fyrirspyrjandi benti á er um framtíðarverkefni að ræða. Menn deila mjög um vegastæði á þessu svæði. Hér er því um athyglisverðar hugmyndir að ræða. Þarna yrði um ákveðna tengingu milli Austurlands og Suðurlands að ræða.

Af því að við erum að tala inn í framtíðina hljótum við líka að velta fyrir okkur stöðum eins og Reynisfjalli í Mýrdal, hvort ekki sé eðlilegt að skoða hvort þar ættu ekki að koma göng í framtíðinni og einnig göng í gegnum Hellisheiði syðri. En það sem ég er fyrst og fremst að benda á er þessi tenging á milli Austurlands og Suðurlands. Þarna er um mjög mikla fiskflutninga að ræða og talsvert mikil umferð á þessu svæði. Mér finnst vert að skoða þessar hugmyndir af fullri alvöru og ég fagna tilkomu þeirra.

[18:08]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Í þeim kemur m.a. fram að endurskoða eigi, eins og vitað er, vegáætlun á næstu vikum. Það er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki megi vænta þess, í þeirri endurskoðun, að þessi möguleiki verði kannaður gaumgæfilega. Því tengist síðan fjórða spurningin varðandi arðsemina. Má ekki búast við því að könnuð verði arðsemin af þessari framkvæmd við þessa endurskoðun?

Eins og fram kemur í svörum við 2. og 3. spurningu, þ.e. um kostnaðinn, munar um 500 millj. á því að gera nýjan veg um Almannaskarð eða að fara í jarðgöng. Það hlýtur að vera, fyrst munurinn er út af fyrir sig ekki meiri en svo, eðlilegt að kanna gaumgæfilega arðsemina því að augljóslega yrði um miklu varanlegri, öruggari og betri framkvæmd að ræða ef farið væri í jarðgöng þarna. Nýr vegur um Almannaskarð mundi væntanlega verða áfram með töluvert miklum halla og augljóst er að mikið rask yrði við lagningu þess vegar.

Þriðji möguleikinn er auðvitað að gera nýjan veg fyrir hornið sem þá mundi lengja leiðina og yrði þá væntanlega einnig býsna erfið framkvæmd.

Herra forseti. Ég ítreka þakkir til hæstv. samgrh. fyrir svörin og vænti þess að við endurskoðun vegáætlunar verði þessi þáttur skoðaður gaumgæfilega, þ.e. arðsemin af göngunum, og athugað hvort ekki sé eðlilegt að þessi framkvæmd verði sett inn í vegáætlun.

[18:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil taka fram, þannig að ekkert fari þá milli mála, að sú vegáætlun sem er í gildi núna og nær til ársins 2004 gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum við jarðgöng undir Almannaskarð. Til þess að það fari ekkert á milli mála vil ég taka fram að ég tel engar líkur á því að við endurskoðun á núgildandi vegáætlun komi inn fjárveiting til að hefja framkvæmdir við umrædd jarðgöng.

Óteljandi mörg önnur verkefni bíða úrlausnar á sviði vegamála og því er ekki skynsamlegt að vekja neinar vonir um að þau göng komi inn og fram fyrir mörg önnur verkefni sem hafa verið og eru á vegáætlunni. Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu.

Húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein.

Fsp. ÁRJ, 500. mál. — Þskj. 790.

[18:12]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vek máls á þjónustu heilbrigðiskerfisins við konur sem hafa fengið brjóstakrabbamein og tekið hefur verið af brjóst. Það er orðið mjög algengt að byggt er upp nýtt brjóst í stað þess sem tekið var hjá lýtalæknum. Hluti af þeirri aðgerð er að útbúa nýja geirvörtu á brjóstið. Læknar hafa gert það á þann hátt að húð er flutt af viðkvæmum stað á konunni og grædd á brjóstið. Þetta er mjög erfið og óþægileg aðgerð og við hana þarf svæfingu. Víða erlendis eru menn farnir að útbúa geirvörtu á brjóst með húðflúrsmeðferð. Það er kostur sem læknar telja mun betri og gefa betri árangur. Auk þess hefur sú aðferð í för með sér minna álag á konuna og er að öllu leyti árangursríkara.

Úti í heimi er húðflúrsmeðferðin orðin einna algengust í þessu skyni. Það eru þá húðflúrarar, stundum snyrtifræðingar eða jafnvel hjúkrunarfræðingar sem hafa lært húðflúrsmeðferð, sem sinna þessu verki. Venjulega hafa flinkir húðflúrarar náð bestum árangri í þessa veru. Og nú hefur þetta verið gert á þennan hátt, þ.e. með húðflúri, í nokkrum tilvikum hér á landi. Heilbrigðiskerfið tekur hins vegar ekki þátt í kostnaði sem fellur til heldur fellur hann allur á konuna.

Ég veit til að leitað hafi verið til velferðarkerfisins, Tryggingastofnunar, um að greiða þennan kostnað. Eins og ég sagði áðan telja sérfræðingar að húðflúrsaðgerðin sé betri, árangursríkari og ódýrari kostur. Ef ég ber þetta saman þá kostar þessi aðgerð með húðflutninginn sem viðhöfð er hér 46–47 þús. kr., þ.e. lýtaaðgerð og svæfing. Hlutur sjúklings, þ.e. þetta er ferliverk, fer ekki yfir 18 þús. kr. sem er hámarkið í dag en Tryggingastofnun borgar allt að 30 þús. kr. Húðflúrsmeðferð kostar milli 25 og 30 þús. kr. í allt. Þetta er samfélaginu ódýrara og af þessu er minni sársauki og óþægindi fyrir konurnar.

Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort til standi að heilbrigðiskerfið taki þátt í kostnaði við slíka meðferð. Hafa verið uppi einhver áform um slíkt?

[18:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um hvað líði ákvörðun um greiðsluþátttöku heilbrigðiskerfisins í húðflúrsmeðferð í kjölfar aðgerðar vegna brjóstakrabbameins. Um það er að ræða að sumar konur sem lenda í að greinast með brjóstakrabbamein þurfa að láta fjarlægja brjóstið og síðan gangast undir aðgerðir til endursköpunar brjóstsins. Er þetta unnið af lýtalæknum og eftir fremsta megni reynt að endurskapa eðlilegt útlit.

Að lokinni meðferð lýtalæknanna hafa stundum komið fram óskir um lagfæringu á vörtubaugunum með húðflúri þannig að sem eðlilegustu útliti verði náð að nýju. Erindi af þessum toga hafa áður borist til Tryggingastofnunar sem sýnt hefur máli þessu fullan skilning og talið það bæði mikilvægt og til hægðarauka að láta húðflúra vörtubauginn í stað þess að beita skurðaðgerð með húðflutningi. Hins vegar hefur Tryggingastofnun talið að fram til síðustu breytinga á almannatryggingalögunum hafi lögin ekki heimilað greiðslu af þessum toga þar sem meðferð hjá húðflúrurum hafi hvergi verið að finna í heimildum almannatryggingalaga eða reglum byggðum á þeim. Hefur stofnunin því talið sér algerlega óheimilt að taka þátt í slíkum kostnaði.

Húðflúrarar eru ekki heilbrigðisstétt og hafa ekki samninga við Tryggingastofnun. Ég hef hins vegar fullan skilning á þessu máli og ég hef því ákveðið að beina þessu erindi til hinnar nýstofnuðu samninganefndar með ósk um að hún skoði þetta mál ofan í kjölinn og kanni möguleika á því hvort unnt sé að mælta þessum óskum. Ef slíkt er hægt þá kæmi það að mínu viti helst til sem hluti af störfum lýtalæknis.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi að einhverju leyti svarað fyrirspurn hv. þm. með þessum upplýsingum.

[18:17]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir þessi svör. Það er ánægjulegt að hreyfing er á þessum málum og hæstv. ráðherra hefur vísað þessu máli til hinnar nýju samninganefndar.

Ég velti því fyrir mér hvort hún hafi ekki með breytingu á lögunum möguleika á því að semja við þá sem eru færastir til þess að vinna þetta verk, þ.e. húðflúrarana. Þó það sé e.t.v. erfitt í dag þá veit ég að hugur hæstv. ráðherra stendur til þess að taka á málefnum óhefðbundinna lækninga og kannski mætti segja að hægt væri að túlka þetta verk húðflúraranna við að endurskapa geirvörtu á brjóst á þann veg. Þá er spurning hvort hægt væri að semja beint við þá því að ég hef það beint frá þeim lýtalæknum sem hafa verið að sinna þessum verkum að þeir nái bestum árangri og geri þetta best. Þeir hafa vísað til þess hvernig þetta er gert erlendis þar sem hjúkrunarfræðingar eða snyrtifræðingar hafa gert þetta, en þeir hafa aldrei náð eins góðum árangri og þeir sem starfa við húðflúr reglulega. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra um leið og ég fagna svörum hans, hvort hann telji möguleika á því að semja beint við húðflúrarana t.d. eftir að tekið hefur verið á málefnum óhefðbundinna lækninga og hvort sú lagabreyting sem varð á almannatryggingalögunum með samninganefndinni geri það mögulegt að semja við þá eða þá að læknir semji við húðflúrarann þannig að hann vinni verkið þá kannski inni á hans stofu.

[18:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Þau svör sem ég get gefið um þetta mál nú á þessari stundu eru eingöngu þau að ég mun beina því til samninganefndarinnar að hún kynni sér þessi mál ofan í kjölinn. Það er að sjálfsögðu markmið okkar eins og varðandi aðra heilbrigðisþjónustu að þessi verk séu sem best af hendi leyst að sjálfsögðu. Hins vegar get ég ekki gefið yfirlýsingar hér um samninga við húðflúrara vegna þess að þeir eru ekki heilbrigðisstétt, eins og kom fram í svarinu. En ég hef fullan vilja til að láta kanna alla möguleika í þessu máli með það fyrir augum að þjónustan verði sem best og árangursríkust. Það eru þau svör sem ég get gefið á þessari stundu. En ég endurtek að ég mun gangast fyrir því að þetta mál verði skoðað ofan í kjölinn.

Rekstur vistheimilisins að Gunnarsholti.

Fsp. MF, 515. mál. — Þskj. 813.

[18:20]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ekkert nýtt að málefni vistheimilisins í Gunnarsholti í Rangárvallasýslu séu tekin upp á Alþingi. Fyrir nokkrum árum var til að mynda umræða um hvort hætta ætti rekstri heimilisins sem þá eins og nú hýsti veika einstaklinga sem erfitt hefur reynst að koma fyrir annars staðar.

Á þeim tíma komu fram öflug mótmæli þess fólks sem vann á Gunnarholti eða dvaldi þar vegna veikinda, en einnig komu mótmæli frá nærliggjandi byggðarlögum eins og forsvarsmönnum Rangárvallahrepps sem álíta starfsemina m.a. mikilvægan hlekk í atvinnulífi héraðsins.

Nú um skeið hafa mál verið, eftir því sem best er vitað, í nokkuð góðum farvegi ef frá er talinn skortur á fjárveitingu til starfseminnar en þó ekki síst til viðhalds bygginga á staðnum. Nú bregður hins vegar svo við undanfarna mánuði að aftur virðist ríkja óvissa og óöryggi í rekstri og starfsumhverfi Gunnarsholts sem hefur bitnað bæði á starfsfólki og þeim sjúklingum sem þar dvelja. Þessi þróun er auðvitað áhyggjuefni og hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps t.d. sent þingmönnum Suðurkjördæmisins ályktun sem lögð var fyrir fund 31. janúar sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Undanfarna mánuði hafa borist fregnir af óróa og að því er virðist vandræðum í rekstrinum, m.a. virðist sem starfsmannahald hafi verið einhverjum vandkvæðum bundið. Margir starfsmenn með mislanga starfsreynslu hafa hætt störfum eða eru að hætta. Svo virðist nú sem mjög fáir starfsmenn séu við vistheimilið og sennilega eru aðeins tveir eftir sem hafa fasta búsetu í nágrenni þess í Rangárvallahreppi. Virðist sem því sé ekki sinnt að ráða fólk í stað þeirra sem hætta þó að heimilaður stöðugildafjöldi og fjöldi vistmanna gefi fullt tilefni til þess.

Því hefur verið haldið fram að of fáir starfsmenn séu við vistheimilið nú miðað við fjölda vistmanna, en oft virðast vera aðeins einn til tveir starfsmenn á staðnum að degi til sem ætlað er að hafa umsjón með um það bil 30 vistmönnum. Þessi óheillaþróun virðist hafa byrjað á fyrri hluta síðasta árs og náð hámarki um áramótin þegar aðeins voru eftir fimm til sex starfsmenn sem samkvæmt upplýsingum sem hreppsnefndin hefur fengið eru að hluta aðeins lausráðnir tímabundið.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun mála á vistheimilinu og því að taki rekstur þess ekki skjótum framförum sé hugsanlega teflt í tvísýnu farsælli og góðri starfsemi innan hreppsins til margra ára sem hefur verið mikilvægur hlekkur í atvinnulífi hans til þessa.

Þá skorar hreppsnefndin á yfirstjórn Landspítalans að gera þær úrbætur sem þörf er fyrir og tryggja að rekstur heimilisins komist í eðlilegt horf að nýju."

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt fyrir þá sjúklinga sem þarna dvelja að búa við öryggi. En það er einnig nauðsynlegt fyrir héraðið að vita hvert stefnir með rekstur Gunnarsholts og hvert hlutverk þessa heimilis verður í framtíðinni. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur verið mótuð framtíðarstefna hvað varðar rekstur vistheimilisins í Gunnarsholti? Ef svo er, hvað felst í henni? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að það verði gert?

[18:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um rekstur vistheimilisins í Gunnarsholti.

Starfsemi vistheimilisins í Gunnarasholti hefur verið nokkuð til umfjöllunar á síðustu mánuðum, m.a. vegna breytinga í mannahaldi og áherslubreytingum í starfseminni.

Ég get upplýst að vistmenn heimilisins eru um þessar mundir 32 talsins á ýmsum aldri, allt frá ungmennum til fullorðinna. Allir hafa þeir átt við ýmsa erfiðleika að etja, einkum tengda áfengis- og vímuefnavanda. Allir eru þessir einstaklingar með óskert ferðafrelsi og dvelja þarna af frjálsum vilja. Þeir geta því yfirgefið heimilið þegar þeim sýnist svo.

Af þessum 32 einstaklingum eru 18 haldnir geðsjúkdómum og 14 teljast með geðræna röskun samkvæmt upplýsingum frá geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Síðustu tvö ár hefur 21 einstaklingur útskrifast frá vistheimilinu.

Rekstur heimilisins hefur nokkrum sinnum komið til almennrar umræðu. Rekstrarkostnaður á síðasta ári var 65 millj. kr. Þar af voru um 40 millj. vegna launa. Hefur

reksturinn verið gaumgæfilega skoðaður með það í huga að nýta fjárveitingar sem best. Af hálfu stjórnenda er talið að draga megi nokkuð úr kostnaði og fækka ársverkum. Það er gert ráð fyrir að heimiluð ársverk verði níu og að almennri læknishjálp verði sinnt frá næstu heilsugæslustöð og sérfræðiaðstoð frá geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þannig er áfram gert ráð fyrir að nýta öll rými heimilisins.

Einn þáttur í aðlögun vistmanna að eðlilegu lífi hefur verið að skapa þeim atvinnu og afþreyingu. Nokkuð erfiðlega hefur gengið að halda uppi atvinnu eftir að hellu- og fjósbitagerð lagðist af. Þá hefur einnig verið reynt að framleiða minjagripi til gjafa og sölu. En það hefur vart getað talist nægt viðfangefni og skortir því enn tilfinnanlega verkefni sem vistmenn geta sinnt. Haldið er uppi öflugri endurhæfingaráætlun þar sem vistmenn geta m.a. tekið þátt í heimilisstarfi, stundað útiveru og sund, sinnt húsdýrum og tekið þátt í öðru sem gerir þá hæfari til að koma út í samfélagið að nýju.

Breytingar sem hafa verið gerðar á starfsemi heimilisins undanfarna mánuði hafa vakið athygli bæði vegna þess að vistmenn hafa verið sýnilegri í daglegu lífi nágrannabyggðanna og einnig hafa breytingar í starfsmannahaldi verið til umræðu. Verður þó að telja að þessar breytingar hafi verið eðlilegur þáttur í almennu aðhaldi og starfsemi. Þess ber að geta að vistmenn fara allar ferðir í fylgd gæslumanns þegar þeir sækja verslanir og aðra staði í sveitarfélaginu.

Spurt er um endanlega framtíðarstefnu vistheimilisins. Hún hefur enn ekki verið mótuð en hún hefur tengst eins og kunnugt er umræðu um fjármögnun á rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það hefur m.a. verið rætt hvort mögulegt væri að sameina þessa starfsemi einhvers konar annarri starfsemi á svipuðu sviði til að bæta nýtingu á vinnuafli og fjármunum. Endanleg ákvörðun um þessa framtíð hefur ekki verið tekin en ég undirstrika það sem ég sagði áður að ætlunin er að nýta öll rými áfram og ekki eru uppi áform um annað.

Ég vona að ég hafi svarað fyrirspurninni.

[18:27]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Suðurl., Margréti Frímannsdóttur, fyrir að vekja máls á þessu og þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin.

Starfsemin á vistheimilinu í Gunnarsholti, eða Akurhóli eins og það var nú kallað í eina tíð, skiptir samfélagið í Rangárvallasýslu mjög miklu máli. Það skiptir einnig mjög miklu máli að það fólk sem þar er vistað um ákveðinn tíma geti síðan tekið þátt í hinu daglega lífi.

Það gleður mig að hæstv. heilbrrh. talar um að ekki standi til að draga úr þessari starfsemi sem er auðvitað mjög viðkvæm. Miklu máli skiptir að reyna að skapa því fólki sem þarna er vistað atvinnu og skapandi verkefni þannig að það eigi betra með að fóta sig í hinu daglega lífi þegar það útskrifast frá heimilinu.

[18:28]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Vistheimilið í Gunnarsholti hefur verið starfrækt um áratuga skeið í Rangárvallahreppi. Það er eðlilegt að sveitarstjórn lýsi yfir þungum áhyggjum yfir rekstrinum eins og hann hefur verið um þessar mundir. Þarna hefur verið afar farsæl starfsemi sem hefur skapað mörg störf í sveitarfélaginu.

Nú hefur því þannig háttað að mörgum hefur verið sagt upp og afar fáir sem vinna þarna núna eiga lögheimili í Rangárvallahreppi. Einnig hefur orðið mikil breyting varðandi sýnileika vistmanna. Það er eðlilegt að fólk í bæjarfélögum þar sem allir búa við mikið öryggi verði öryggislaust þegar það þekkir ekki til þess sem er að gerast. Vissulega var misbrestur á því að gæslumenn væru með vistmönnum í upphafi en vonandi hefur verið tekið á því.

[18:29]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og fagna því alveg sérstaklega að hann segir að ekki standi til að fækka plássum eða draga úr starfseminni eins og er. Samt sem áður eru uppi hugmyndir, hugsanlega, um að sameina þessa starfsemi annarri svipaðri. Þær hugmyndir hafa auðvitað kviknað áður og það hefur þá í flestum tilvikum þýtt að starfsemin yrði flutt af staðnum.

Á sínum tíma voru uppi hugmyndir um að breyta starfseminni þarna, þ.e. vera meira í samstarfi við yfirvöld skólamála og heilbrigðismála á Hellu og reka þarna annars konar meðferðarstarfsemi en nú. Ég efast ekkert um starfsemina hvað varðar endurhæfingu þeirra sem þarna dvelja, þessara einstaklinga sem hefur hingað til verið erfitt að fá vistun fyrir annars staðar. Hún hefur mjög mikið að segja. Einnig það að þeir taka þátt í daglegu lífi, er kennt að takast á við lífið og útskrifast að lokum, en á árum áður var kannski ekki eins algengt að menn færu frá Gunnarsholti heldur komu þeir þangað fyrir fullt og fast og litu á það sem sitt heimili.

Mín skoðun er sú að þarna sé samt sem áður hægt að þróa þessa starfsemi frekar án mikils aukatilkostnaðar. En það verður þá að gerast í samstarfi við heilbrigðis- og skólayfirvöld á Hellu og hugsanlega Sjúkrahús Suðurlands sem þarna gæti komið að málum og eins á Sogni. Ég veit að hugmyndir þess efnis hafa lauslega verið ræddar og ég mundi vilja beina því til hæstv. ráðherra að hann beitti sér fyrir því að af stað færu raunverulegar viðræður bæði við Sjúkrahús Suðurlands og yfirvöld á Hellu til þess að skoða hvort ekki megi tryggja starfsemina til framtíðar og móta um hana mjög skýra stefnu.

[18:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég gat um það að endanleg ákvörðun hefði ekki verið tekin og rætt hefði verið um samstarf. Sú umræða þarf ekki að þýða að flytja eigi þessa starfsemi af staðnum. Ég hef ekki lagt það til. Í mínum huga kæmi það mjög til greina að leita viðræðna við heimaaðila hvort hægt væri að þróa þessa starfsemi eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir tók til orða í samstarfi við aðila sem vinna á hliðstæðum sviðum í héraði. Ég er alveg opinn fyrir slíkum viðræðum og ég held að ég megi fullyrða það að forsvarsmenn Landspítala – háskólasjúkrahúss eru það einnig þannig að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að leita leiða, hvort möguleikar eru í þessu efni í samstarfi við þær stofnanir í héraðinu sem annast heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu á einhverju sviði. Ég mun kanna hvaða möguleikar eru í því efni.

Framkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands.

Fsp. MF, 530. mál. — Þskj. 834.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Enn og aftur leyfi ég mér að taka upp framgang mála hvað varðar byggingarframkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands og það er auðvitað ekki að ástæðulausu því að knýjandi nauðsyn er á að hefja framkvæmdir vegna stöðu húsnæðismála öldrunardeildar sjúkrahússins á Ljósheimum þar sem húsnæði er og hefur um langan tíma verið á margföldum undanþágum svo að starfsemin gæti verið þar áfram og allur aðbúnaður sjúklinga og starfsfólks geldur þessa ástands og er okkur hreint til vansa.

Lítið hefur verið gert til að verða við þeim kröfum um endurbætur sem hafa komið frá eftirlitsstofnunum ríkisins vegna þess að lengi hefur staðið til að hefja byggingarframkvæmdir við sjúkrahúsið þar sem öldrunardeildin yrði vistuð og mundi það leysa Ljósheima af hólmi, en gert er ráð fyrir að í þeirri nýbyggingu verði um 26 rými fyrir aldraða sjúklinga, nákvæmlega jafnmörg og eru til staðar á Ljósheimum núna. Mér skilst að þörfin á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða hafi verið könnuð áður en þessi ákvörðun var tekin og niðurstaðan var sú að hafa sama fjölda. Þessu eru heimamenn þó ekki að öllu leyti sammála því að í félagsmálaráði Árborgar hafa þessi mál verið rædd og þar telja menn að fjölga þurfi rýmum jafnvel um helming að teknu tilliti til þeirrar fólksfjölgunar sem hefur orðið á staðnum.

Allt sl. ár var til fjárveiting til þess að fara í hönnunarvinnu vegna þessa verkefnis. Um 60 millj. voru ónýttar um áramótin vegna þess að mér skilst að hin valdamikla nefnd, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, hafi ekki þrátt fyrir ítrekuð erindi frá heilbrrn. gefið grænt ljós á að hefja mætti framkvæmdir og því nýttist fjárveitingin ekki og tapaðist heilt ár í vinnu.

Nú skilst mér hins vegar að nefndin hafi samþykkt verkið og 10 millj. fengust á fjárlögum þessa árs þannig að 70 millj. ættu þá að vera til ráðstöfunar og ekkert að vanbúnaði að hefja verkið og er sannarlega kominn tími til því ef heilbrigðisstofnanir í landinu eru skoðaðar dreg ég í efa að finna megi húsnæði í verra ásigkomulagi en Ljósheima.

Það er auðvitað umhugsunarvert, virðulegi forseti, þegar Alþingi hefur ákveðið fjármagn til framkvæmda og viðurkennt þörfina þá geti það dregist mánuðum saman í meðförum þriggja manna nefndar, samstafsnefndar um opinberar framkvæmdir, að fá heimild til að hefja það verk sem Alþingi hefur ákveðið að fara skuli í, heilbrrn. unnið sína vinnu og heimamenn einnig. En þörfin er brýn og það þarf að liggja fyrir hversu langan tíma verkið á að taka og þá sérstaklega hvenær megi vænta þess að starfsemi Ljósheima verði flutt í nýtt húsnæði og því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hver er staðan hvað varðar fyrirhugaðar framkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi?

2. Hvenær má vænta þess að starfsemi Ljósheima, öldrunardeildar sjúkrahússins, verði færð í annað húsnæði?

[18:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín spurningum um stöðu fyrirhugaðra framkvæmda við Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi og flutning starfsemi Ljósheima, öldrunardeildar sjúkrahússins, í annað húsnæði.

Síðla árs 1999 hófst undirbúningur að viðbyggingu við Sjúkrahús Suðurlands með gerð nýtingaráætlunar þar sem skilgreindar eru þarfir heilbrigðisstofnunar á Suðurlandi. Hér var um viðamikið verk að ræða þar sem farið var yfir nýtingu gamla sjúkrahússins og hvort þær stoðdeildir sem fyrir eru nægðu þó við bættist aukin starfsemi sem eru 26 hjúkrunarrými fyrir aldraða ásamt aukinni starfsemi heilsugæslustöðvar. Bornir voru saman þeir kostir sem til greina komu. Markmiðið var að leggja niður Ljósheima sem hjúkrunarheimili fyrir aldraða og bæta aðstöðu heilsugæslustöðvarinnar á svæðinu ásamt því að færa aðstöðu framkvæmdarstjórnar og sumarbústaða á lóðinni í viðunandi húsnæði. Þá var ákveðið að bæta skrifstofuaðstöðu yfirmanna stofnunarinnar, lækna og hjúkrunarfræðinga en sú aðstaða var mjög þröng.

Kostur sá sem endanlega var valinn nýtir til fulls allar stoðdeildir og stoðrými sem fyrir eru í stofnuninni. Í byrjun árs 2000 valdi stjórn sjúkrahússins hönnuði til að vinna að frumáætlun verkefnisins. Haldnir voru 19 fundir með arkitekt, starfsfólki og kjörinni byggingarnefnd sem stjórnin kaus til þess að vinna að málinu. Að lokum var sú heildarmynd sem samkomulag varð um útfærð af arkitekt sem tillaga að lausn málsins. Má segja að teikningar að grunnfleti hæðanna séu tilbúnar til nánari útfærslu.

Hér verður um að ræða tveggja hæða byggingu, um 1.100 fermetra að flatarmáli með kjallara undir a.m.k. helmingi byggingarinnar. Samningar við hönnuði til að ljúka fullnaðarhönnun standa yfir og mun þeim væntanlega ljúka á allra næstu dögum. Þegar hönnun þessara bygginga er lokið og verkið tilbúið til útboðs verður það boðið út á hefðbundinn hátt og ættu framkvæmdir að geta hafist innan árs eða í ársbyrjun 2003. Áformað er að bjóða út 1. áfanga verksins eftir nk. áramót og ákveðið að 1. áfangi verði að steypa upp allt húsið og ganga frá því að fullu að utan og innréttingu 2. hæðar.

Ég hef fulla ástæðu til að halda að fjármögnun verksins geri mögulegt að ljúka framkvæmdum á stuttum tíma, en að því loknu verði hjúkrunarheimilið að Ljósheimum lagt niður en því var komið upp fyrir um 20 árum og hefur verið eins og kunnugt er mjög brýn þörf að leysa úr þeim vanda. Með hinni nýju viðbyggingu leysist sá vandi.

Ég vona að þessar upplýsingar hafi svarað spurningum hv. þm.

[18:40]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju með það svar hæstv. heilbrrh. að nú verði haldið áfram af fullum krafti við að hanna viðbyggingu Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi en legg áherslu á að brýnt er að hið fyrsta verði gengið í að ganga frá framkvæmdasamningi um verkefnið milli aðila málsins þannig að það gangi fram fljótt og vel. Það hefur margoft komið fram, herra forseti, hve brýnt er að starfsemi Ljósheima flytjist hið allra fyrsta í fullnægjandi aðstöðu og ekki síður að aðstaða heilsugæslustöðvarinnar í Heilbrigðisstofnuninni fái einnig fullnægjandi aðstöðu eins og gert er ráð fyrir í viðbyggingu.

Herra forseti. Ég fagna því að málið er komið á fullan skrið og vonandi að það fái góðan framgang.

[18:41]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það er mjög mikið ánægjuefni að þetta mál skuli vera komið á skrið en framkvæmdir við Sjúkrahús

Suðurlands hafa verið forgangsverkefni þingmanna í Suðurlandskjördæmi í mjög langan tíma. Þetta er afar mikilvæg stofnun og einn stærsti vinnustaður á öllu Suðurlandi. Þetta er mjög knýjandi mál því að óviðunandi aðstæður eru á Ljósheimum og brýnt að leysa úr þeim.

Þarna er, eins og kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, heilsugæslan að komast undir sama þak þannig að þetta er gríðarlega stór og mikilvæg stofnun sem vonandi verður hægt að ljúka á stuttum tíma.

[18:42]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina og ágætt svar heilbrrh. Eins og fram hefur komið eru allir þingmenn Suðurlands afar áhugasamir um að viðbótarbygging komist sem fyrst í gang á Sjúkrahúsi Suðurlands og ég tek undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að í rauninni er óskiljanlegt hvað hefur orðið mikill dráttur á því að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir samþykki það sem búið er að gera vegna þess að eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbrrh. er búið að teikna þarna viðbyggingu og hönnun komin í gang. Það er auðvitað knýjandi þörf á því að framkvæmdir hefjist sem fyrst og ég fagna því sem hæstv. heilbrrh. sagði í svari sínu að hann mundi kappkosta að þetta tæki eins stuttan tíma og mögulegt væri.

[18:43]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og vil jafnframt þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau svör sem hann hefur kynnt. Ljóst er að það er eitt af stærri byggðamálum í Suðurlandskjördæmi að af þessari framkvæmd geti orðið.

Sjúkrahús Suðurlands býr við mjög þröngan húsakost. Hins vegar býr Sjúkrahús Suðurlands við mjög hæft starfsfólk á flestum sviðum. Það er mjög mikilvægt að svæðið Suðurland og það starfsfólk sem þar vinnur fái tækifæri til að sinna því starfi sem því ber að gera. Þetta er ört vaxandi byggðarlag og þess vegna mjög mikilvægt að sú bygging sem farið verður af stað með þjóni því byggðarlagi sem þarna verður inn í framtíðina.

Það er ljóst að Ljósheimar er hús sem búið er að þjóna Sunnlendingum mjög lengi og tímabært að sú starfsemi sem þar er nú færist til Sjúkrahúss Suðurlands.

[18:44]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurl. hefur þetta mál verið á forgangslista þingmanna Sunnlendinga býsna lengi. Það að koma óskum okkar í framkvæmd — vonandi verðum við ekki dæmd nákvæmlega út frá því hversu langan tíma þetta forgangsmál hefur tekið í afgreiðslu því að það er algerlega með ólíkindum.

Ég vil einnig þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir að koma þessu máli á skrið meðan hann gegndi stöðu framkvæmdarstjóra Sjúkrahúss Suðurlands. En það er algerlega ólíðandi, virðulegi forseti, að það skuli gerast við framkvæmd sem er mjög vel undirbúin af hálfu heimamanna og af hálfu ráðuneytis, að skrifað er bréf, síðasta bréfið af þó nokkuð mörgum, dags. 31. maí á síðasta ári, til samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir þar sem farið er yfir undirbúning verksins og það kynnt að mjög vel hafi verið staðið að málum. Hvenær barst svarið? Hvenær barst svar frá þessari þriggja manna nefnd sem virðist ráða því nákvæmlega hvenær farið er af stað vitandi það að þarna eru til 60 millj.? Það er undanþága á því húsnæði sem er í notkun fyrir aldraða. Ástandið er mjög slæmt. Nei, takk fyrir. Svarið berst ekki fyrr en um mánaðamótin desember/janúar. Menn tóku sér allan þann tíma til að heimila það að fara mætti af stað aftur. Þetta er algerlega ólíðandi þegar búið er að vinna grunnvinnuna, bæði af hálfu ráðuneytis og heimamanna. En þetta er forgangsverkefni þingmanna Sunnlendinga, eins og hér hefur heyrst, og við skulum vona að önnur verk okkar sem sett verða í forgang í framtíðinni, önnur stefnumál, fái skjótari afgreiðslu en þetta.

[18:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég get vottað það að ég er þess alveg meðvitaður að þetta er forgangsverkefni þingmanna Sunnlendinga og hef rækilega orðið var við það á þeim mánuðum sem ég hef verið heilbrrh. Ég hef verið áfram um að koma þessu máli af stað eða halda áfram þar sem þetta mál var í miðjum klíðum eins og kom fram í svari mínu. Ég mun kappkosta að haldið verði áfram af fullum krafti. Ég hef skoðað Ljósheima og ég geri mér alveg grein fyrir hvernig ástandið er þar. Það er auðvitað forgangsmál að koma þeirri byggingu áfram og ég er þess fullviss að Framkvæmdasjóður aldraða tekur þátt í því verkefni. Auðvitað höfum við rætt það mál innan ráðuneytisins en nú er aðalatriðið að horfa til framtíðarinnar þannig að þetta verkefni geti gengið vel og snurðulaust fyrir sig og útboð farið fram þegar hönnun er tilbúin og menn geti gert trúverðuga verkáætlun um framkvæmd verksins. Ég er reiðubúinn að leggja mitt af mörkum til þess. Þetta er eitt af þeim byggingarmálum sem hafa verið ofarlega á baugi hjá okkur í heilbrrn. og þingmenn Suðurlands hafa reyndar verið óþreytandi að minna á þetta mál og hafa haldið okkur rækilega við efnið í þessu og ég er fús að votta það.

Skipting stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana.

Fsp. MF, 531. mál. — Þskj. 835.

[18:48]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er í 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 34. gr. kveðið á um að sveitarfélögum beri að greiða 15% af stofnkostnaði við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Jafnframt skulu þau greiða 15% af meiri háttar viðhaldskostnaði og tækjakaupum. Heilbrrh. var, þegar lögin voru sett 1990, ætlað að setja í reglugerð nánari útfærslu á því hvað telst til meiri háttar viðhalds. Það hefur hins vegar ekki verið gert og virðist að mati sveitarfélaganna alls ekki ljóst hvar skyldur þeirra liggja þar sem um mismunandi einhliða túlkun ráðuneytis er að ræða á því hvað telst til meiri háttar viðhalds.

Ríkisendurskoðun hefur einnig í skýrslu vakið athygli á því að ekki sé fullt samræmi á milli heilbrigðisstofnana hvernig staðið er að innheimtunni og hvað er innheimt hjá sveitarfélögunum og því sé nauðsynlegt að setja reglur um hvað telst til meiri háttar viðhalds.

Eftir að samningur var gerður við Reykjavíkurborg 1998 um verkaskiptingu varðandi rekstur sjúkrahúsanna í höfuðborginni, þar sem borgin er losuð undan þátttöku vegna viðhalds og stofnkostnaðar auk þess að fá endurgreitt vegna

nýframkvæmda og viðhaldskostnaðar á Landakoti vegna áranna 1995–1998, hafa í auknum mæli komið upp ágreiningsmál milli sveitarfélaga og ríkis vegna illa skilgreindrar kostnaðarþátttöku sem sveitarfélögum er ætlað að bera vegna meiri háttar viðhalds.

Í svari við fyrirspurn sem ég bar upp fyrir um ári sagði þáv. hæstv. heilbrrh. að verið væri að skoða kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga hvað varðaði þessi verkefni og önnur og vænti hún þess að niðurstaða lægi fyrir í september sl. haust. Enn hafa þó engar tillögur verið lagðar fram á Alþingi. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Eru fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu hvað varðar skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á stofnkostnaði og kostnaði við meiri háttar viðhald heilbrigðisstofnana? Ef svo er, hvenær er þeirra að vænta?

[18:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Núgildandi fyrirkomulag varðandi skiptingu stofnkostnaðar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva milli ríkis og sveitarfélaga byggir á ákvæðum laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt lögunum greiðir ríkissjóður 85% af kostnaði við nýframkvæmdir, meiri háttar viðhald og tækjakaup heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa en sveitarfélögin 15%. Ríkissjóður greiðir þennan kostnað hins vegar að fullu gagnvart Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Hugmyndir um breytingar á núverandi reglum varðandi kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga hafa oft komið upp á undanförnum árum. Rekstur þessara stofnana er fjármagnaður með framlögum ríkissjóðs og sértekjum. Sveitarfélög taka engan þátt í rekstrarkostnaði þeirra. Sveitarfélög tilnefna hins vegar þrjá aðila í stjórn hverrar stofnunar og greiða 15% af kostnaði við nýframkvæmdir, meiri háttar viðhald og tækjakaup eins og fram kom. Þar með eru sveitarfélög þátttakendur í ákvörðunum um framkvæmdir og viðhald og taka þátt í kostnaði vegna þessa. Þrátt fyrir að færa megi rök fyrir bæði meiri og minni þátttöku sveitarfélaga í slíkum kostnaði verður því vart á móti mælt að 15% framlag er orðið svo lítið að spurning er hvort taki því að viðhalda slíkri skiptingu.

Síðustu árin hefur komið fram vilji ráðuneyta og sveitarfélaga til að fella niður þátttöku sveitarfélaga í þeim kostnaði en í staðinn taki sveitarfélög að sér önnur verkefni.

Í janúar 2001 skipaði félmrh. nefnd til þess að yfirfara verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar sem félmrh. skipaði í júní 1999. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í nóvember sl. Í niðurstöðum nefndarinnar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Samkvæmt upplýsingum frá bókhaldi ríkisins er árlegur kostnaður sveitarfélaganna um 100 millj. kr. sem tengist öðrum stofnunum en Landspítala – háskólasjúkrahúsi, áður Ríkisspítölum. Misjafnt er með þátttöku sveitarfélaga í þessum kostnaði. Aðeins um helmingur sveitarfélaganna ber reglulegan kostnað vegna þessa lagaákvæðis samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum.

Tillögur nefndarinnar eru þær helstar:

Að sveitarfélögin verða alfarið leyst undan þessu verkefni og kostnaðarbyrðin flutt til ríkisins.

Að ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, um skipun í stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, verði endurskoðuð í því ljósi að verkefnið verði alfarið á einni hendi, þ.e. stjórnunin verði alfarið ríkisins.

Að hlutdeild sveitarfélaga í fasteignum sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana verði afskrifuð sem hraðast.

Að samið verði um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig mætt verði þeim kostnaði sem flyst frá sveitarfélögum til ríkisins.

Að mati nefndarinnar kemur til álita að verkefnið verði flutt frá ríkinu til sveitarfélaganna til að mæta hluta af umræddum kostnaði. Nefndin setti hins vegar ekki fram ákveðnar hugmyndir um hvaða verkefni yrðu flutt af þessu tilefni til sveitarfélaga. Fulltrúar ríkisins í nefndinni bentu á ýmis verkefni sem að þeirra mati kæmu til greina en þær hugmyndir hafa ekki verið skoðaðar af nefndinni. Dæmi um slíkt verkefni í heilbrigðisþjónustu eru sjúkraflutningar á landi, þar með talið sjúkrabifreiðar, sjúkraflutningamenn og annar rekstur því tengdur. Þessari þjónustu er nú sinnt af heilbrigðisstofnunum og er árlegur kostnaður við hana um 350 millj. kr.

Herra forseti. Mín skoðun er að breytingar á verkaskiptingu í samræmi við framangreindar tillögur verði að grundvallast á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um þessi mál. Samkomulag þarf að nást um hvernig þeim kostnaði sem flyst frá sveitarfélögum til ríkis vegna þessara breytinga verði mætt. Það er því ekki hægt að segja um það á þessu stigi málsins hvenær þær breytingar koma til framkvæmda.

[18:55]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin þó að ég sé auðvitað ekki að öllu leyti ánægð með þau vegna þess að ég tel að mikil nauðsyn sé á að koma því alveg á hreint hvað það er sem sveitarfélögunum ber að greiða varðandi stofnkostnað og meiri háttar viðhald hjá heilbrigðisstofnunum og það geti aldrei verið neinum vafa undirorpið hvað flokkast undir meiri háttar viðhald.

Í svörum fyrrv. hæstv. heilbrrh. kom fram að ástæður þess að ekki væri alltaf um sambærilega túlkun að ræða, eftir því hvaða stofnanir ættu í hlut, væru fyrst og fremst þær að mismunandi væri hvað væri til af fjármagni til þess að mæta kostnaði í ráðuneytinu sjálfu og túlkun lagagreinar getur ekki og má ekki ráðast af því. Þess vegna er mikil nauðsyn á að setja þessa reglugerð meðan beðið er eftir því að lagðar verði fram brtt. varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þau ágreiningsefni sem greint er frá í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem er síðan í október 2001 og komu í ljós þegar skýrslan var unnin, voru milli Húsavíkurkaupstaðar og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga við heilbrrn. Ísafjarðarbær biður um skilgreiningu ráðuneytisins á því hvernig greina eigi fjárveitingar í ákveðnum tilvikum hvað varðar meiri háttar viðhald eða tækjakaup. Þriðja ágreiningsmálið snýr að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og fjórða ágreiningsmálið lýtur að Heilbrigðisstofnuninni á Selfossi og bæjarstjórn Árborgar fyrir hönd sveitarfélaganna sem standa að þeirri stofnun. Þessi ágreiningsefni, virðulegi forseti, eru öll til komin vegna þess að ekki liggur fyrir skýrt skilgreint hvað flokkast undir meiri háttar viðhald og það var nánast dálítið skondið að skoða yfirlit yfir það í hvaða tilvikum og hvað það var sem heilbrigðisstofnanir hafa verið látnar greiða.

[18:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek að ég tel að breytingar í þessum málum þurfi að byggjast á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig verkaskiptingunni er háttað.

Ég leyni því ekkert að ég er þeirrar skoðunar að ríkið eigi að taka þessi 15% yfir m.a. til þess að komast hjá því að fara að semja flókna reglugerð um það hvað teljist til meiri háttar viðhalds eða ekki. Það er ekkert einfalt mál. Endalaust er hægt að deila um það hvað telst til meiri háttar viðhalds og hvað ekki.

Ég hefði viljað hraða þessum viðræðum. Ég vil að málið verði sett í þann farveg að hraða viðræðum vegna þess að það er alveg rétt sem hv. þm. taldi upp hér að ágeiningur er eða skoðanaskipti við nokkur sveitarfélög út af þessu máli og hann er af dýpri rótum runnin en að þarna sé bara um viðhald að ræða. Einstaka sveitarfélög telja að misræmi sé í greiðslum sveitarfélaga á þessum 15% og það er óþægilegt að hafa þetta svona. Þetta er ekki hrein verkaskipting. Um þetta gilda heldur loðnar reglur eins og fram hefur komið og ég vildi helst komast hjá því að setja slíka reglugerð, m.a. vegna þess að ég vil gera þessa verkaskiptingu hreinni. Ég tel að ríkið eigi að taka þessi 15% yfir en sveitarfélögin eigi þá að taka eitthvað annað í staðinn sem hentar betur að þau fari með.

Aðstaða til fjarnáms.

Fsp. MF, 516. mál. — Þskj. 814.

[18:59]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í nýrri byggðaáætlun sem ríkisstjórnin hefur lagt fram er nokkur áhersla lögð á jöfn tækifæri fólks til að stunda nám, m.a. á háskólastigi, en þar gegnir fjarnámið lykilhlutverki. Á síðustu árum, ekki síst með tilkomu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, hafa möguleikarnir til að stunda fjarnám stóraukist og mikil aðsókn verið í námið.

Að mínu mati getur fjarnám og góð aðstaða til þess að stunda slíkt nám verið undirstaða þess að viðhalda ákveðnum sterkum byggðakjörnum í landinu og eykur möguleika nágrannabyggðarlaga ef öflug þjónustumiðstöð fyrir fjarkennslu er til staðar sem fullnægir þörfum og eftirspurn íbúa eftir námi. Miðstöðvar gegna því mikilvægu hlutverki en það geta hins vegar verið þær aðstæður að þær nái ekki að sinna hlutverki sínu miðað við fjárveitingar sem þær fá og vegna sérstakra aðstæðna á því svæði sem þeim er ætlað að ná yfir.

Í febrúar barst okkur þingmönnum Suðurkjördæmis afrit af bréfi sem sent var hæstv. menntmrh. undirritað af 13 verðandi hjúkrunarnemum í Vestmannaeyjum, verðandi, ef fullnægjandi aðstöðu til fjarnáms verður komið upp. En í bréfinu er verið að vekja athygli á óviðunandi ástandi í húsnæðismálum fjarnáms í Vestmannaeyjum en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á haustönn 2002 er fyrirhugað að fjarnám í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri hefjist í Vestmannaeyjum. Nú þegar er ljóst að 13 nemendur hafa fengið inngöngu í skólann. Eins og staðan er núna er fjarfundabúnaðurinn staðsettur í tiltölulega litlu herbergi í rannsóknasetrinu hér í Eyjum. Það gefur augaleið að það er erfitt fyrir 13 manns að sitja í fullu námi á degi hverjum í slíkum þrengslum. Jafnframt stunda fleiri nemendur fjarnám frá Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og Hólaskóla og eru í sömu aðstöðu og hér um ræðir.“

Síðar í bréfinu segir: „Eins og áður sagði erum við 13 og jafnvel fleiri sem ætlum að setjast á skólabekk næsta haust. Gífurlegur skortur er á hjúkrunarfræðingum hér í Eyjum eins og um allt land. Augljóst er að þetta verður mikil lyftistöng fyrir bæjarfélagið. Eins er viðbúið að ef þetta nám gengur vel, þá muni fjarnám aukast í kjölfarið. Má þá segja að kominn sé vísir að háskóla hér í Eyjum.

Í dag standa málin þannig að fólksfækkun er í Eyjum sem skýrist að hluta til af því að ungt fólk fer í nám, t.d. til Reykjavíkur og Akureyrar og oft snýr þetta fólk ekki heim aftur að námi loknu. Háskólanám hér í bænum gæti snúið þessari þróun við vegna þess að þeir sem læra í sinni heimabyggð eru líklegri til að starfa þar.

Það er einlæg ósk okkar að þú skoðir þetta mál og leggir því lið þannig að allt verði tilbúið þegar við hefjum nám næsta haust.“

Undir bréfið rita 13 verðandi hjúkrunarfræðinemar. Því spyr ég hæstv. menntmrh. um leið og ég óska honum velfarnaðar í starfi:

Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði upp fullnægjandi aðstöðu til fjarnáms í Vestmannaeyjum?

[19:02]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir hlý orð í minn garð skal ég svara fyrirspurn hennar.

Að undanförnu hafa nokkrir nemendur verið í fjarnámi á háskólastigi í Vestmannaeyjum eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Námið hefur farið fram fyrir milligöngu rannsóknaseturs Háskóla Íslands. Rannsóknasetrið hefur yfir fjarfundabúnaði að ráða en húsnæði til námsins er takmarkað eins og fram hefur komið.

Næsta haust hafa 13 konur í Vestmannaeyjum áhuga á að leggja stund á fjarnám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri. Húsnæði rannsóknasetursins dugar ekki fyrir þennan fjölda og nú standa yfir viðræður við stjórnendur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum um að nemendurnir fái þar aðstöðu. Til þess að svo megi verða þarf að festa kaup á fjarfundabúnaði sem staðsettur verði í Framhaldsskólanum. Ráðuneytið mun á næstunni ræða við forsvarsmenn rannsóknasetursins og Framhaldsskólans um hvernig best verði að því staðið að veita þeim sem hyggja á fjarnám á háskólastigi sem besta aðstöðu til námsins.

[19:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa ágætu spurningu og hæstv. nýskipuðum menntmrh. fyrir svar hans. Ég veit og treysti því að hæstv. menntmrh. sé afar vel að sér í menntamálum þjóðarinnar og geri sér glögga grein fyrir sérstöðu Vestmannaeyja í þessum efnum og hve miklu máli skiptir að fólk geti lært í heimabyggð.

Ég var nýverið með viðtalstíma í Vestmannaeyjum. Þá kom einmitt þetta sama góða fólk til mín í viðtal. Þá voru þær reyndar níu en þegar við fengum bréfið skömmu seinna voru þær orðnar 13 sem höfðu áhuga á að stunda fjarnám í gegnum Háskólann á Akureyri, og þetta sýnir í raun áhuga þessa góða fólks á því að geta lært í heimabyggð.

Hér er um að ræða starfsmenn Sjúkrahúss Vestmannaeyja og það skiptir þetta fólk auðvitað mjög miklu máli að geta unnið og lært um leið og þess vegna treysti ég hæstv. menntmrh. til að beita sér af alefli í þessu máli.

[19:05]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og það að þegar séu hafnar viðræður við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum um að taka þetta verkefni að sér því að það er mjög mikilvægt fyrir þetta bæjarfélag sem hefur átt undir högg að sækja að efla möguleika heimafólks á því að stunda fjarnám.

Fyrr í dag, virðulegi forseti, var heilmikil umræða um fjarvinnslu. Í mínum huga er fjarnámið einhver mikilvægasta fjarvinnslan sem stunduð er á landinu. Það hefur sannarlega verið aukið á undanförnum árum en við getum gert enn betur. Ég held að í raun og veru séu möguleikarnir til þess að stunda fjarnám sú fjárfesting sem á eftir að skila landsbyggðinni mestu á komandi árum. Þess vegna fagna ég því alveg sérstaklega að hæstv. menntmrh. skuli hafa beitt sér í þessu nú þegar, og ég veit af samræðum sem ég hef átt við hann í gegnum tíðina að hann er mikill áhugamaður um að fjarnám verði eflt.

[19:06]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er hárrétt sem fram hefur komið að meðal dreifbýlisbyggðarlaga á Íslandi njóta Vestmanneyingar sérstöðu. Áhuginn sem þar hefur komið fram á hjúkrunarfræðinámi sýnir glögglega hversu mikilvægt það er fyrir þessi byggðarlög að geta boðið upp á háskólanám. Hér var sérstaklega nefnt hversu mikilvægt þetta væri fyrir starfsemi sjúkrahússins. Það hefur komið í ljós, fyrst að sjálfsögðu á Akureyri þegar hjúkrunarfræðideildin þar var sett á laggirnar en síðan eftir að þetta fjarnám hófst og þeir möguleikar hafa opnast, að þetta styrkir mjög starfsemi sjúkrahúsanna á landsbyggðinni. Það liggur ljóst fyrir að verið er að leita leiða til að leysa þetta og ég mun beita mér fyrir því.

[19:07]

Útbýting þingskjala:

Áfengis- og vímuefnameðferð, 624. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 977.

Frumvarp um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins, 523. mál, svar iðnrh., þskj. 962.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 19:08.

---

98. FUNDUR

föstudaginn 15. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:

Páll Pétursson félmrh.

Varamenn taka þingsæti.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv."

Annað bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ragnheiður Hákonardóttir bæjarfulltrúi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf."

Þriðja bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Vesturl., Dóra Líndal Hjartardóttir tónmenntakennari, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl."

Dóra Líndal Hjartardóttir, Ragnheiður Hákonardóttir og Stefanía Óskarsdóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru þær boðnar velkomnar til starfa á ný.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Eldi nytjastofna sjávar, 333. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 980; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 981; nál. minni hluta sjútvn., þskj. 989.

Fjöldi fæðinga og kostnaður við þær, 627. mál, fsp. SvanJ og ÞSveinb, þskj. 987.

Fjöldi leguplássa og starfsmanna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 606. mál, fsp. ÞBack, þskj. 953.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, 567. mál, nál. utanrmn., þskj. 982.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, 565. mál, nál. utanrmn., þskj. 983.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, 566. mál, nál. utanrmn., þskj. 984.

Kirkju- og manntalsbækur, 372. mál, nál. allshn., þskj. 993.

Kirkjubyggingasjóður, 428. mál, nál. allshn., þskj. 991.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 371. mál, nál. allshn., þskj. 992.

Ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum, 628. mál, fsp. KolH og SJóh, þskj. 988.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 629. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 990.

Val kvenna við fæðingar, 625. mál, fsp. ÞSveinb og SvanJ, þskj. 985.

Vaxtamunur og þjónustutekjur bankanna, 626. mál, fsp. EKG, þskj. 986.

Virðisaukaskattur, 315. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 978; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 979.

Fundi slitið kl. 13:35.

99. FUNDUR

þriðjudaginn 19. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, stjtill., 565. mál, þskj. 886, nál. 983. — Síðari umr.
2. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, stjtill., 566. mál, þskj. 887, nál. 984. — Síðari umr.
3. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, stjtill., 567. mál, þskj. 888, nál. 982. — Síðari umr.
4. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 625, nál. 918 og 967, brtt. 966. — 2. umr.
5. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 639, nál. 919 og 968. — 2. umr.
6. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 333. mál, þskj. 424, nál. 980 og 989, brtt. 981. — 2. umr.
7. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 460, nál. 939, brtt. 940. — 2. umr.
8. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 371. mál, þskj. 573, nál. 992. — 2. umr.
9. Kirkju- og manntalsbækur, stjfrv., 372. mál, þskj. 574, nál. 993. — 2. umr.
10. Kirkjubyggingasjóður, stjfrv., 428. mál, þskj. 688, nál. 991. — 2. umr.
11. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945. — Fyrri umr.
12. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 50. mál, þskj. 50. — Fyrri umr.
13. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
14. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 247. mál, þskj. 283. — Fyrri umr.
15. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 512. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.
16. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 619. mál, þskj. 971. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að í dag kl. 15.30 fer fram umræða utan dagskrár um stjórnarlaun í Landssímanum. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason og hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög og lögreglulög, 494. mál, nál. allshn., þskj. 994; brtt. allshn., þskj. 995.

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), 427. mál, nál. allshn., þskj. 996.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvöru, 630. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1001.

Uppbygging sjúkrahótela, 608. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 955.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla iðnaðarnefndar á virkjanafrumvarpi.

[13:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að í gær ákvað meiri hluti hv. iðnn. að afgreiða frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Í ljósi þeirra frétta sem hafa borist undanfarið um að Norsk Hydro vilji fresta ákvarðanatöku um byggingu álvers á Reyðarfirði er ekki forsvaranlegt að keyra málið í gegnum þingið með því offorsi sem lagt er upp með. Meiri hluti hv. iðnn. neitaði ósk um að kalla forsvarsmenn Norsk Hydro og hæstv. iðnrh. á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir stöðu málsins, en ég tel að það sé alger forsenda þess að hægt sé að taka afstöðu til þess.

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera skýlaus krafa okkar alþingismanna að hæstv. iðnrh. upplýsi þingið um raunverulega stöðu málsins áður en afgreiðsla virkjunarleyfis fer fram. Einnig er nauðsynlegt fyrir þingið að fá fram skoðun hæstv. iðnrh. á því hvort ekki sé farsælt í þeirri stöðu sem upp er komin að hafa frumkvæði að því að fresta málinu þannig að þinginu gefist kostur á að vinna framtíðarstefnumótun í orkumálum í réttri röð.

Hv. Alþingi á eftir að fjalla um og afgreiða rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og ný orkulög hafa ekki litið dagsins ljós.

Virðulegi forseti. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum í stöðu málsins í dag og krefst þess að málið verði tekið út af dagskrá og rætt frekar á grunni nýrra upplýsinga.

[13:33]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Enn rís hv. þm. Vinstri grænna upp og mótmælir vinnubrögðum vegna frv. til laga um virkjun við Kárahnjúka og Kröflu. Það er rétt að taka fram, herra forseti, að vinnubrögð hv. iðnn. hafa verið mjög eðlileg. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta frv. og málið sent til umsagnar bæði hv. efh.- og viðskn. og umhvn. Fjölmargir fulltrúar og sérfræðingar á þessu sviði komu til nefndarinnar. Í rauninni var ekkert eftir annað en taka pólitíska ákvörðun.

Þegar hv. þingmenn Vinstri grænna sjá að hér er um afskaplega jákvætt mál að ræða fyrir þjóðarbúið þá er örþrifaráðið að reyna að gera vinnu félaga sinna í iðnn. torkennilega. Ég vísa því algerlega á bug. Ég vil upplýsa hv. þm., þó að hann eigi að vita það, að Alþingi er með þessu einungis að vinna sína heimavinnu. Það er ekki Alþingi sem gefur út starfsleyfið. Rekstrarleyfi til virkjunar er gefið út af framkvæmdarvaldinu. Það er verið að afgreiða slíka heimild

til hæstv. iðnrh. sem síðan að uppfylltum þeim skilyrðum sem hv. þm. á að vita að eru uppfyllt mun væntanlega gefa út rekstrarleyfið. Það er eðlilegt í alla staði. En ég lít á þetta sem veikburða tilburði hv. fulltrúa Vinstri grænna í iðnn. til þess að drepa málinu á dreif með þessum hætti.

[13:35]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er eðlilegt að alþingismenn hafi áhyggjur af því að áætlanir um byggingu álvers á Reyðarfirði gangi ekki eftir eins og vænst var. Framkvæmdin hefur notið meirihlutastuðnings með þjóðinni. Ekki síst hefur verið víðtækur stuðningur við hana meðal verkalýðshreyfingarinnar. Þeir eru líka margir sem telja að þetta sé nauðsynleg innspýting í efnahagslíf okkar núna þegar greinilega harðnar á dalnum ef marka má nýjustu tölur um vaxandi atvinnuleysi.

En þó áætlanir um virkjanir og álver hafi verið unnar samhliða þá hefur legið fyrir að áður en framkvæmdaraðili álversins tekur sína ákvörðun, sem hefur verið áætlað að yrði 1. september næstkomandi, þá mundi virkjunarleyfi þurfa að liggja fyrir.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. gerum ekki athugasemdir við störf nefndarinnar í þessu sambandi. Það er þannig að hlutverk Alþingis er að veita virkjunarleyfið eða gefa ráðherra heimild til veitingar slíks leyfis. Því er það verkefni okkar á vorþinginu, herra forseti, að gera það ef við ætlum að standa okkar plikt í málinu. Að því er nú unnið, væntanlega í þeirri von og trú að hinn aðilinn sé líka að vinna að því að uppfylla sínar skyldur í málinu.

Þannig sýnast mér málin einfaldlega standa, herra forseti, hverjar svo sem tilfinningar eða skoðanir mínar eða annarra þingmanna kunna að vera.

[13:37]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að þetta mál hefur verið unnið mjög eðlilega í iðnn. þingsins. Það væri algerlega fráleitt að tefja það frekar en orðið er og byggja það á sögusögnum um hugsanlegar áherslubreytingar hjá Norsk Hydro. Það er eðlilegt að menn hafi af því vissar áhyggjur. En hlutverk þingsins er að ljúka þessu máli eins og til þess hefur verið stofnað og eins og hér hefur verið nefnt í umræðunni er það síðan iðnrh., að öllum skilyrðum uppfylltum, sem veitir þetta framkvæmdaleyfi. Að ætla að fara að stöðva málið í þinginu núna er gjörsamlega fráleitt, herra forseti. Ég mælist til þess að þetta mál fái fullan og eðlilegan framgang í þinginu eins og efni standa til.

[13:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Afgreiðsla þessa máls er með endemum. Það er skömm að því fyrir Alþingi að það skuli nú endurtaka afgreiðsluna frá því í Fljótsdalsvirkjun sálugu við lok ársins 1999. Málin hafa bæði verið þvinguð í gegnum þingnefndir og þingmönnum í báðum tilfellum hefur verið neitað um að hitta fulltrúa Norsk Hydro sem halda á örlagakortum í málinu.

Herra forseti. Ég fullyrði að formaður iðnn. hefur komið í veg fyrir eðlilegt samtal gesta nefndarinnar og nefndarmanna með því að boða hóp gesta fyrir nefndina á sama tíma og gestir hafa jafnvel vegist á í orðum eins og á málfundi. Sú sem hér talar gagnrýndi líka vinnubrögð umhvrn. þar sem meiri hlutinn sýndi engan áhuga á því að fara ítarlega ofan í málið. Þannig sá meiri hluti umhvn. ekki einu sinni ástæðu til að skoða skýrslu sem samin var af sérstökum hópi skipuðum af verkefnisstjórn rammaáætlunarinnar um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð né heldur skýrslu Þjóðhagsstofnunar um efnahagslega þýðingu þjóðgarðs á svæðinu. Einungis voru kallaðir þrír aðilar fyrir umhvn. og svo sem ekkert gert með álit þeirra í umsögn meiri hluta umhvn. til iðnn.

Svo tekur steininn úr, herra forseti, þegar virðist stefna í að málið verði tekið fyrir og afgreitt á Alþingi meðan sá orðrómur fer fjöllunum hærra að Norsk Hydro vilji fresta byggingu álvers í Reyðarfirði. Vinsti hreyfingin – grænt framboð gerir kröfu um að málið verði ekki tekið á dagskrá Alþingis fyrr en ljóst er hvort af byggingu álvers í Reyðarfirði verður eða ekki. Það er algerlega óásættanlegt að hér skuli eiga að samþykkja heimild til iðnrh. til að veita starfsleyfi fyrir stærstu virkjun sem komið hefur á teikniborð íslenskra verkfræðinga, til þess að Landsvirkjun geti vaðið upp á hálendið og rifið það í sig með gröfukjöftum og ýtutönnum, áður en vitað er hvort Norsk Hydro eða íslenskir lífeyrissjóðir ætli að fjármagna álverksmiðju á Reyðarfirði. Getur hæstv. ríkisstjórn svarað því hvort frétt Morgunblaðsins frá því á föstudaginn er rétt? Er það rétt að Norsk Hydro vilji fresta framkvæmdum við álver (Forseti hringir.) og er það rétt að Norsk Hydro sé ekki tilbúið til að semja um nýja tímaramma? Við eigum rétt á þessum (Forseti hringir.) svörum.

[13:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Því miður liggur ekki fyrir rammaáætlun. Þó það væri ekki nema af þeim ástæðum þá þarf að taka afstöðu til þess hvort virkjað verði á þessu svæði. Það er mín skoðun að menn muni ekki neita sér um það í framtíðinni að virkja þær ár sem þarna eru. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að leggjast gegn því að tekin verði ákvörðun um að það verði virkjað á þessu svæði.

Ég sé ástæðu til þess að velta því fyrir mér hvernig á því standi að íslensk stjórnvöld skuli ekki vera í betra sambandi við þessa aðila sem meiningin hefur verið fram að þessu að ætluðu að taka þátt í því að byggja þarna álver, að ekki skuli vera hægt að svara því hér uppi á Íslandi þegar slík umræða kemur til sem hefur verið síðustu dagana um að menn ætli að hætta við þetta. Þá mætir hæstv. iðnrh. í fjölmiðla undir spurningarmerki og getur engu svarað. Hvernig eiga menn að meta þetta? Að mínu viti er ekki hægt að meta þetta nema á einn hátt. Ástæða er til að ætla að Norsk Hydro hafi ekki og hafi aldrei fullkomlega í ákvörðunarferli sínu gert ráð fyrir því að bæði þessi stórkostlegu fjárfestingarfyrirtæki sem þarna eru á ferðinni gengju fram. Og þegar fyrir lá að fjárfestingin í Þýskalandi gengi fram voru menn ekki lengur tilbúnir til þess að svara því fyrir fullt og fast að þeir ætluðu í hina fjárfestinguna. Við höfum kannski verið býsna bláeyg hér uppi á Íslandi að halda að þetta skipti engu máli fyrir svona fyrirtæki eins og Norsk Hydro, að halda að þeir hefðu nóga peninga til þess að halda áfram og þyrftu ekki einu sinni að hugsa sig um eftir að búið væri að fara í fjárfestingu eins og þessa í Þýskalandi. En ýmislegt virðist benda til þess að svo sé ekki og að menn sitji uppi með það hér að geta fengið tilmæli frá Norsk Hydro um það hvert ... Það er ömurlegt að sjá íslensk stjórnvöld í þeirri stöðu að geta engu svarað þegar um er að ræða þetta stórkostlega mál sem hér er á ferðinni.

[13:43]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill í tilefni af þessari umræðu, af því að hér er fjallað um störf þingsins, vekja á því athygli sem að honum snýr eftir hina þinglegu afgreiðslu mála að hann veit ekki betur en að rétt hafi verið að málinu staðið hvað það varðar, en tekur auðvitað ekki afstöðu til annarra atriða sem hér hafa verið rædd.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að taka undir að það eru auðvitað algerlega fráleit vinnubrögð að rífa þetta mál út úr þingnefnd við þessar aðstæður. Það sannar einu sinni enn að þetta mál er keyrt áfram með pólitísku valdboði og að vönduð fagleg eða þingleg vinnubrögð eru látin lönd og leið þegar það á við.

Ég geri líka miklar athugasemdir við þann málflutning hv. þm. Hjálmars Árnasonar að það sé nánast eins og formsatriði að Alþingi afgreiði frá sér lög um virkjanaröð. Er það þá hugsunin að Landsvirkjun hafi á sinni hendi á lager margs konar óskilyrtar virkjunarheimildir og geti án samhengis við tilteknar framkvæmdir ráðstafað orkunni úr þeim eins og henni sýnist, t.d. flutt orkuna úr Kárahnjúkavirkjun, ef hún verður byggð, suður á land? Er það þannig sem Alþingi vill ganga frá hlutunum? Það er sérkennilegt að heyra þingmenn koma hér upp og beinlínis mæla með því að afdrifaríkt þingmál af þessu tagi sé afgreitt í hangandi óvissu um undirstöðuatriði málsins. En það liggur fyrir. Það er líka merkilegt, herra forseti, að það er eins og menn þurfi að endurtaka sömu mistökin, ganga sömu svipugöngin, reglulega með nokkurra ára millibili. Muna menn ekki eftir biðinni eftir álveri við Eyjafjörð sem aldrei kom, álveri á Keilisnesi sem aldrei kom og Eyjabakkavirkjuninni sem aldrei kom? Vilja menn enn berja höfðinu við steininn?

Herra forseti. Það er lágmarkskrafa að ekki verði hreyft frekar við þessum málum fyrr en þau skýrast. Í Fréttablaðinu í dag segir aðstoðarmaður iðnrh. að óvissunni verði að linna, að það verði að fara til Norsk Hydro annaðhvort formlega eða með ráðherraviðræðum og fá botn í málið. En Alþingi ætlar að láta bjóða sér það að sulla þessu áfram út úr þingnefnd og kannski lengra í þessari óvissu.

Herra forseti. Það er lágmarkskrafa, og það snýr að virðulegum forseta og forsætisnefnd, að þetta mál komi ekki á dagskrá, ekki frekar til umræðu, fyrr en hlutirnir hafa skýrst.

[13:46]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Þetta er býsna sérkennileg umræða sem hér á sér stað. Í stjórnum er stundum talað um hugtak sem heitir „skapandi tregða“ og það er einmitt það hálmstrá sem Vinstri grænir grípa til fyrir utan náttúrlega þau frammíköll sem alltaf eiga sér stað hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. þegar menn eru að reyna að svara fyrir sig í þessari pontu. (Gripið fram í.)

Ég vil taka skýrt fram að það er mjög sérkennilegt að Vinstri grænir hafa nú allt í einu miklar áhyggjur af því að ákveðnir óvissuþættir séu í málinu varðandi Norsk Hydro sem þeir hafa nú yfirleitt ekki viljað tala um.

Fram hefur komið í umræðunni og m.a. frá fulltrúum Samfylkingarinnar að iðnn. hefur lagt sig mjög vel fram um það að vera með vönduð vinnubrögð í þessu máli og ljóst er að iðnn. hefur rætt við fjölmarga aðila í málinu og það hefur líka komið fram að taka þarf ákvörðun um þessa virkjun. Það hefur m.a. komið fram hjá fulltrúum Samfylkingarinnar hérna. Það er því ekkert óeðlilegt í þessu. Það er bara enn einu sinni gripið til hinnar skapandi tregðu hjá Vinstri grænum.

[13:47]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom hér upp og gagnrýndi vinnubrögð umhvn. Fyrir umhvn. lá að gefa umsögn um þetta mál. Í málinu lá það fyrir að vinna átti sér stað við mat á umhverfisáhrifum, Skipulagsstofnun hafði úrskurðað í málinu og eftir kærumeðferð hafði umhvrh. úrskurðað í málinu. Þetta lá allt fyrir. Um þetta fjallaði umhvn. og ég vísa því á bug að óeðlileg vinnubrögð hafi átt sér stað í nefndinni. Eftir umfjöllun lá fyrir að nefndarmenn óskuðu ekki eftir fleiri gestum til að fjalla um málið. Umsögn nefndarinnar lá því fyrir. Hún var send til iðnn. eins og óskað hafði verið eftir.

Það að umhvn. eigi að fara að fjalla um efnahagslega þýðingu mála í þessu sambandi er út í hött eins og hv. þm. nefndi hér áðan. Það var ekki hluti af verkefni nefndarinnar þannig að ég vísa þessum athugasemdum hv. þm. algerlega á bug og tek undir það sem fram hefur komið að hv. þm. Vinstri grænna eru að leita með logandi ljósi að hálmstráum til þess að drepa málinu á dreif. Það er athyglisvert hvað sumir þeirra sem koma hér upp eru neistandi af geðillsku út af málinu, sem ég skil út af fyrir sig, en ég vísa alfarið á bug athugasemdum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um slæleg vinnubrögð umhvn.

[13:49]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði gaman af því þegar hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, hafði orð á því að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason væri í fallegri skyrtu, svona ljósrauðri skyrtu sem minnir á það að rauði liturinn á hv. 3. þm. Norðurl. e. er farinn að fölna, svo ég hygg að honum hafi fundist að hann væri að horfa í spegil og sæi sjálfan sig í speglinum þegar hann sá skyrtu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar.

Annars er það svolítið merkilegt í sambandi við þessa umræðu að hér stendur upp þingmaður eftir þingmann og óskar eftir því við forseta Alþingis að ekki sé tekið á dagskrá mál sem afgreitt hefur verið úr nefnd. Auðvitað hlýtur það að vera skylda forseta Alþingis að afgreiða þau mál sem koma úr nefndum. Til þess er ætlast og ég ætla að vona að góðar og gagnlegar umræður verði um málið þegar það verður tekið fyrir því að ég heyri það hér og hef raunar oft heyrt áður að menn hafi mjög skiptar og ákveðnar skoðanir og upplýsandi. Ég hlakka því til umræðunnar um málið og mun gera það sem í mínu valdi stendur til að greiða fyrir því að það geti sem fyrst komið á dagskrá.

[13:51]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu minni áðan er uppi ný staða í málinu. Fréttir hafa borist af því að Norsk Hydro vilji fresta málinu og það er óheppilegt að hæstv. iðnrh. skuli ekki vera hér til svara.

Keyrslan á málinu hefur verið réttlætt með því að ekki sé tími til þess að bíða t.d. eftir umfjöllun um rammaáætlunina og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Við erum með ný orkulög í umfjöllun í stjórnkerfinu og hvort tveggja er alger forsenda þess að við getum haldið áfram með svona mál. Þess vegna

er það forkastanlegt ef hv. Alþingi sér sér ekki leik á borði ef um er að ræða ósk samstarfsaðilans væntanlega að gera nýja tímaáætlun, að það skuli ekki vera notað til þess að vinna faglega og vel að þessum málum til framtíðar með rammaáætlunina og ný orkulög.

Hv. þingmenn hafa verið sammála um það í ræðu að það sé æskilegt að slíkt sé gert, að þessi undirbygging eigi sér stað. En þeir hafa réttlætt keyrsluna á málinu með því að tímaáætlunin þurfi að standa. Annars verði ekki af framkvæmdum. Ef til vill eru málin þannig stödd núna að svigrúm er til þess að fara í faglega vinnu í öllum þessum málum á grunni rammaáætlunar og á grunni nýrra orkulaga sem er forsenda þess að við getum unnið þessi mál vel. Þess vegna, virðulegur forseti, kom ég hér upp og vildi ræða um störf þingsins og óskaði þess við hv. þingmenn að þeir sæju að sér í málinu og tækju það upp á nýjan leik á nýjum forsendum, á nýjum grunni, á þeim grunni sem við óskum öll eftir að vinna á.

[13:53]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það má nokkuð ljóst vera að hv. þingmenn Vinstri grænna eru á móti álversframkvæmdum fyrir austan og tilheyrandi virkjun. Það liggur alveg fyrir. Framan af í þeirri umræðu lögðu þeir áherslu á umhverfisþáttinn með sínum kunnu dramatísku lýsingum. Eftir að málið hafði farið lögum samkvæmt í mat á umhverfisáhrifum, lagðar meiri rannsóknir í þetta verkefni en nokkurt annað verkefni í sögu íslensku þjóðarinnar og búið að draga úr umhverfisþættinum eins og mögulegt er án þess þó að skaða verkefnið í heild sinni, þá hvarf skyndilega græni liturinn frá Vinstri grænum og eftir stóð aðeins sá rauði sem eftir því sem hæstv. forseti þingsins hefur upplýst fer þó fölnandi.

Þá var næst ráðist á arðsemina og hún gerð tortryggileg. Þegar fram hefur komið frá færustu sérfræðingum, hlutlausum aðilum að hér er um að ræða eitt arðsamasta verkefni sem í hefur verið ráðist og mun skila miklum verðmætum inn í íslenskt efnahagslíf, þá viku þeir sér frá þeim þætti og stóð þá fátt eftir annað en vinnubrögðin. Nú skyldu vinnubrögðin við þetta gerð tortryggileg.

Hér hefur því verið haldið fram af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að einstakir þingmenn hafi verið þvingaðir í þessum málum þrátt fyrir það að þeir hafi komið hér upp og lýst vinnunni, þá er aðeins einn þingmaður sem telur sig þvingaðan í þessu máli og það er hv. málshefjandi.

Staðan er mjög einföld. Það er Alþingi sem afgreiðir málið lögum samkvæmt til hæstv. iðnrh. Það er iðnrh. sem gefur út virkjunarleyfið. Það hefur verið staðfest að tíminn sem Norsk Hydro hefur er til 1. september og það liggur engin formleg yfirlýsing frá Norsk Hydro um annað. Að því leytinu til er málið í eðlilegum farvegi. Það er líka alveg kristaltært að Vinstri grænir eru á móti verkefninu og færa þau mótmæli sín í ýmsan búning og það er í sjálfu sér ágætt.

[13:55]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill að lyktum þessarar umræðu um störf þingsins árétta það sem hann sagði fyrr að þetta mál og önnur þau mál sem fá hina formlegu réttu afgreiðslu í þingnefndum munu auðvitað fá hér eðlilega og þinglega umfjöllun á réttum tíma. Forseti tekur ekki efnislega afstöðu til þessa frv. né heldur annarra.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, síðari umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 886, nál. 983.

[13:56]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Króatíu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Fríverslunarsamningur þessi er gerður í framhaldi af samstarfsyfirlýsingu EFTA-ríkjanna og Króatíu sem undirrituð var í Zürich 19. júní 2000 og er hluti af viðleitni EFTA-ríkjanna til að styðja við lýðræðislega þróun og efnahagslegar framfarir í Króatíu og á Balkanskaga í heild.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Utanrmn. er einróma í afstöðu sinni til málsins.

[13:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð formanns utanrmn. Það er einhugur um þessa tillögu og þær aðrar um fullgildingu fríverslunarsamninga sem eru á dagskrá þingsins. Það eru ein þrjú slík mál á dagskrá í dag. Við höfum unnið við þessa fríverslunarsamninga í utanrmn. og farið yfir þá og þetta er mjög í anda annarra fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert.

Eins og ég sagði við 1. umr. málsins styður Samfylkingin gerð fríverslunarsamninga. Ég tek það sérstaklega fram af því að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins að báðir fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. styðja að sjálfsögðu þetta mál.

Herra forseti. Af því að ég sé ekki ástæðu til þess að koma hér og taka þátt í neinni umræðu um önnur nál. vegna fríverslunarsamninga sem formaður utanrmn. mun mæla fyrir, þá vil ég kannski fyrst og fremst vekja athygli á fríverslunarsamningi við Jórdaníu vegna þess að þarna erum við að sýna ákveðna viðleitni varðandi viðskiptatengsl landa norðaustur-strandar Miðjarðarhafsins og Mið-Austurlanda við Evrópu og er mjög mikilvægt að haldið verði áfram því starfi sem hafið er. Ég lýsi stuðningi mínum og flokksins við þau mál sem hér eru til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, síðari umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 887, nál. 984.

[13:59]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu.

„Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Makedóníu sem undirritaður var í Zürich 19. júní 2000.

Utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt og er einróma í afstöðu sinni til málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, síðari umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 888, nál. 982.

[14:00]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Jórdaníu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og hasjemíska konungsríkisins Jórdaníu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Markmiðið með gerð þessa fríverslunarsamnings er einkum að tryggja jafnvægi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna í viðskiptum við Jórdaníu en Evrópusambandið og Jórdanía hafa lokið gerð fríverslunarsamnings sín á milli. Gerð samningsins er þáttur í viðleitni til að stuðla að viðskiptatengslum landa norðausturstrandar Miðjarðarhafs og Miðausturlanda við Evrópu og þróun í átt til fríverslunar um allt þetta svæði.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og er einróma í afstöðu sinni til málsins.

[14:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég á aðild að nefndarálitum utanrmn. um þessa samninga og sá ekki ástæðu til að gera þá að umtalsefni hvern fyrir sig. Almennt vil aðeins um þá segja að þeir eru hluti af þeirri viðleitni EFTA-ríkjanna að koma á samningum um fríverslunarkjör við ýmis ríki, aðallega á landsvæðum nálægt EFTA-ríkjunum. Þar með eru auðvitað lönd, eðli málsins samkvæmt, sem liggja utan Evrópusambandsins. Ýmis ný sjálfstæð eða nýlega sjálfstæð lýðveldi í austanverðri Evrópu hafa þar verið fjölmennust í hópnum. En eins og þessi samningur við Jórdaníu sýnir eru menn að teygja sig víðar. Það eru jafnvel í undirbúningi eða lengra komnir, ég veit ekki nákvæmlega hvernig það stendur, samningar við einstök smærri ríki í Asíu.

Auðvitað má velta því fyrir sér hversu langt menn ætla að teygja sig í þessum efnum og hvort það eig að vera markmiðið að Ísland geti í gegnum EFTA staðið að slíkum samningum almennt, jafnvel við lönd utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Það fylgir auðvitað nokkurt umstang svona samningagerð. Það hefur óhjákvæmilega ákveðið utanumhald í för með sér þegar samningunum fjölgar. Gert er ráð fyrir fundum eða nefndarstarfi á vegum samningsaðila, árlegum fundum eða fundum á tveggja ára fresti. Auk þess fylgja þessum samningum sjálfstæðir viðaukar eða bókanir, tvíhliða samningar hvers einstaks EFTA-ríkis og viðkomandi lands. Þannig fylgir þessum samningi eins og öðrum sérstök bókun af Íslands hálfu í samningum við Jórdaníu um landbúnaðarmál.

Í sjálfu sér er ekkert nema gott um allt þetta að segja, herra forseti. Rétt er að menn hafi í huga að þetta er talsverð pappírsgerð og talsverð vinna sem leggst á herðar þessarar tiltölulega litlu skrifstofu sem EFTA-ríkin reka sameiginlega í Sviss og hlýtur að vera nokkuð afkastamikil miðað við það sem hún hefur komið í verk af samningum af þessu tagi á undanförnum árum. Einhver vinna og einhver kostnaður er dæmdur til að fylgja þessu af Íslands hálfu líka vegna fundahalda og tvíhliða samskipta við gagnaðila.

Þegar upp er staðið væri náttúrlega að mörgu leyti hægt að hugsa sér, herra forseti, þetta einfaldara í framtíðinni ef hægt væri að fella þetta mál í einfaldari og samræmdari farveg, eða ef menn teldu þau viðskiptakjör og fríverslunarkjör sem næðust t.d. fram í almennum samningum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fullnægjandi þannig að ekki þyrfti að standa í sérstakri og sjálfstæðri samningagerð af þessu tagi.

Á móti kemur reyndar að nú er í sjónmáli að þeim samningum fækki talsvert sem í gildi eru milli EFTA-ríkja og annarra, þegar aðildarríkjum Evrópusambandsins fjölgar falla niður þeir sjálfstæðu samningar sem EFTA-ríkin og þar með talið Ísland hafa gert við þau lönd. Því má kannski segja að þegar upp er staðið sé ekki víst að umfang þessara samninga verði mikið meira að nokkrum árum liðnum en það hefur verið um skeið.

Ég vildi koma þessum hugleiðingum á framfæri, herra forseti, af þessu tilefni. Mér finnst að það mál sem þyrfti að taka til skoðunar í rólegheitum sé hversu langt menn ætla að teygja sig í þessum efnum. Er t.d. meiningin, eins og aðeins er byrjað á, að þræða upp tugi ríkja í Asíu og leita eftir sjálfstæðum fríverslunarsamningum og bókunum við þau, jafnvel þó á ferðinni séu, a.m.k. hvað Ísland varðar, hverfandi viðskiptahagsmunir eða í sumum tilvikum engin utanríkisviðskipti? Þá getur náttúrlega komið upp sú spurning hvort Ísland ætli ekki að vera þátttakandi í þeim viðskiptasamningum sem EFTA gerir fyrir hönd hinna EFTA-ríkjanna, auðvitað fyrst og fremst Sviss og Noregs sem þarna vega langþyngst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgönguáætlun, 2. umr.

Stjfrv., 384. mál. — Þskj. 625, nál. 918 og 967, brtt. 966.

[14:06]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um samgönguáætlun.

Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga gesti og fékk umsagnir frá fjölmörgum aðilum sem vandlega var farið yfir. Skemmst er frá því að segja að nefndarmenn komust að þeirri niðurstöðu, þ.e. meiri hlutinn, að mæla með samþykkt frv. með einni smávægilegri breytingu sem um er getið á þskj. 918.

Undir þessa samþykkt rita hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Sigríður Ingvarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Jónas Hallgrímsson. Kristján L. Möller ritar undir nál. með fyrirvara.

Hér er um að ræða, herra forseti, afskaplega merkilegt frv. Eins og fram kemur hjá mörgum umsagnaraðilum á loksins að koma fram samræmd samgönguáætlun. Hér er um það að ræða að taka einstaka þætti í samgöngukerfi landsins og fella undir eina sameiginlega stjórn, annars vegar með 12 ára langtímaáætlun og hins vegar með fjögurra ára áætlun, sem þó skal endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Herra forseti. Ég læt þessari framsögu lokið en vísa að öðru leyti til þskj. 918, nál. frá meiri hluta samgn.

[14:08]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta samgn. Eins og hv. þm. Hjálmar Árnason gerði grein fyrir þá er um að ræða frv. til laga um samgönguáætlun þar sem í 1. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Það skal gert með samgönguáætlun til tólf ára skv. 2. gr. og fjögurra ára áætlun skv. 4. gr. innan ramma samgönguáætlunar."

Hér er því verið að leggja til að þeir sem hafa komið að áætlunum um samgöngur í lofti, á láði og legi, samræmi áætlanir sínar og að búið verði til einhvers konar samgönguráð sem hafi það verkefni að skila samræmdri samgönguáætlun, bæði til lengri og skemmri tíma.

Þrátt fyrir að skila þessu minnihlutaáliti styð ég megintilgang frv., þ.e. að koma á samræmdri áætlun um samgöngur í landinu. Ég tel að það sé rétt stefnumótun og styð það. Reyndar má segja að slík áætlun og slík vinna sé löngu tímabær. Þeim tilmælum var einmitt beint til samgrn. í tengslum við alþjóðlega samninga um samgöngur og umhverfismál í samgöngum, að þar væri ein samræmd áætlun.

Það sem ég geri athugasemdir við og vil koma á framfæri ábendingum um eru þær áherslur sem lagt er upp með í þessu lagafrv., þ.e. um út frá hvaða forsendum skuli vinna samgönguáætlun. En þar segir, með leyfi forseta:

„Í samgönguáætlun skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu." — Síðan kemur: „Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá skal í samgönguáætlun meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur."

Það er svo sem gott og blessað að taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar og ég styð það, en þarna er verið að segja að marka skuli stefnu fyrir allar greinar samgangna til næstu tólf ára. Og síðan er það rakið í einstökum liðum:

„Í samgönguáætlun skal gera ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,

b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,

c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins."

Það er í sjálfu sér eðlilegt að menn minnist á fjármagn við gerð samgönguáætlunar. Ljóst er að ekki verður ráðist í neinar samgöngubætur eða samgöngumannvirki án þess að til komi fjármagn. Það fjármagn verður að samþykkja sérstaklega á Alþingi, alveg sama hvers konar framkvæmdaáætlun eða hvaða viljayfirlýsingar liggja fyrir.

Það sem ég gagnrýni er að ekki skuli tekið tillit umhverfismála í þessum stefnumarkandi lagagreinum. Samgöngur eru einn stærsti þáttur umhverfismála okkar hér og í heiminum öllum, þ.e. hvaða stefna er mörkuð í samgöngumálum. Samgöngur hafa áhrif á mengun og marga umhverfisþætti. Ég tel að í hinum stefnumarkandi þætti laganna ætti að vera tilvísun til umhverfismála. Sömuleiðis erum við líka hér að vinna að stefnumörkun í öryggismálum og umferðaröryggismálum. Það verður því að teljast fyllilega réttmætt og ástæða til að inn í meginlagagreinina, þar sem verið er að tala um stefnumörkun, sé minnst á umferðaröryggi og umferðaröryggismál. Hér liggur fyrir á dagskránni í dag þáltill. um stefnumörkun í umferðaröryggismálum. Ég tel að það hefði átt að taka skipulega inn í stefnumörkunina.

Í nál. minni hlutans, sem ég stend að, er því lagt til að í lokamálslið 1. mgr. 2. gr., sem lýkur á að taka skuli tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur, sé einnig tekin inn stefnumörkun í umhverfismálum. Ég hef því lagt fram brtt. við þessa grein svohljóðandi:

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Samgönguáætlun skal vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum."

Úr því að við erum að taka fram í þessari stefnumörkun að taka skuli tillit til forgangsröðunar við notkun fjármagns og mannafla er líka nauðsynlegt að fjármagnið og arðsemiskrafa fjármagnsins ein ráði ekki stefnumörkuninni heldur líka þau atriði sem lúta að umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum. Þau þarf að taka inn í lagatextann og seinni liður brtt. minnar fjallar um hverju skuli sérstaklega gera ráð fyrir í samgönguáætlun. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Við 2. mgr. bætist nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: að fylgt verði markmiðum sjálfbærrar þróunar við gerð áætlunarinnar."

Við Íslendingar höfum samþykkt áætlun um sjálfbæra þróun í samgöngumálum og því er fráleitt að við tökum hana ekki inn í stefnumörkunina hér en horfum eingöngu, eins og hér er lagt til, á arðsemi fjármagnsins.

Í skýrslu starfshóps samgrn. og Vegagerðarinnar frá því í maí 2001, um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á ráðstefnunni í Rio de Janeiro skrifuðu Íslendingar ásamt öðrum þjóðum heims undir viðamikla og metnaðarfulla framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, sem ber heitið Dagskrá 21. Þar er talað um að greinar samfélagsins skuli þróast á sjálfbæran hátt. Það hefur í för með sér að í dag er líka talað um t.d. sjálfbærar samgöngur. Flestir telja að samgöngur í núverandi mynd séu ekki sjálfbærar.

Í þessari Dagskrá 21, dagskrá 21. aldarinnar, sem við höfum samþykkt að gera að okkar stefnumiðum, eru sett fram eftirfarandi sex markmið í samgöngum til að gera þær sjálfbærari, með leyfi forseta:

Heildstæð landnotkunarstefna og skipulag samgangna til að minnka eftirspurn.

Bættar almenningssamgöngur.

Hvatning til samgangna án vélarafls, þ.e. að fara leiðar sinnar fótgangandi eða á reiðhjóli.

Umferðarstýring, bætt nýting á almenningssamgöngum og viðhald á vegakerfi (samgöngukerfi).

Bætt upplýsingaflæði milli landa og innan landa.

Endurmat núverandi neyslu- og framleiðslumynsturs til að minnka orku- og hráefnisnotkun."

Þetta eru þau stefnumið sem samþykkt voru í Ríó og Íslendingar skrifuðu undir að gera að sínum stefnumiðum.

Í dag er hugtakið sjálfbær þróun oft notuð sem markmið og aðferðafræði. Mikilvægt er að skilgreina hvað sjálfbær þróun í íslensku samfélagi merkir og hafa skýrt mótaða stefnu í þessum málum. Langtímaáætlun í samgöngumálum verður að fylgja markmiðum sjálfbærrar þróunar og það þarf að tryggja í texta laganna, annars er í sjálfu sér ekki tryggt að það verði haft að því leiðarljósi sem við höfum í samþykkt í alþjóðasamningum.

Í nóvember 1998 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna og pólitískir leiðtogar sjálfstjórnarsvæðanna yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Í framhaldi af því hafa flest Norðurlandanna sett sér sérstaka umhverfisáætlun í samgöngumálum. Íslensk stjórnvöld hljóta einnig að setja sér umhverfisáætlun um samgöngur sem langtímaáætlun í samgöngumálum verður að fara eftir. Í skýrslu umhvrh. um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, framkvæmdaáætlun til aldamóta frá því í október 1996, kemur fram stefna ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum og þar er þetta m.a. nefnt, með leyfi forseta:

„Markmið með sjálfbærum samgöngum á Íslandi er að auðvelda hagkvæma nýtingu landsins í atvinnuskyni og að auðvelda okkur að njóta þess sem einstaklingar til útivistar og hagsældar án þess að rýra landgæði eða möguleika komandi kynslóða."

Hvers vegna er þessi setning ekki sett í höfuðmarkmið laganna um samgönguáætlun úr því við höfum gengist undir þessar skuldbindingar sem ég held að við séum í raun öll sammála um að séu réttar og eðlilegar? Talað er um að draga skuli úr hvers konar rýrnun náttúrugæða, svo sem jarðraski, sjónmengun og losun gróðurhúsalofttegunda og að þessi markmið eigi að vera tilgreind í sjálfum lagagreinunum.

Samgrn. hefur sett sér markmið í umhverfismálum sem byggjast m.a. á rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem lagðar voru til grundvallar ríkisstjórnarsamþykkt 1995 um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Í skýrslu nefndar um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi segir m.a.:

„Meginmarkmið samgönguráðuneytisins í umhverfismálum lúta að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar en ríkisstjórnin samþykkti framkvæmdaráætlun í umhverfismálum í október 1995. Þótt ekki verði skrifað undir Kyoto-bókunina að sinni mun ráðuneytið engu að síður einbeita sér að því að ná sem mestum árangri í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda í samgöngum. Ber þar helst útblástur CO en hann er verulegur af samgöngum á landi. Losun CO í samgöngum er þriðjungur af heildarlosun Íslands og af því er um 93% frá landsamgöngum."

Herra forseti. Það er augljóst að samgöngur skipta meginmáli um það hvernig við stöndum við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur í þessum málaflokki hvað lýtur að losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Til að bregðast við þessum miklu vandamálum skipaði samgrh. starfshóp árið 1997 sem hafði það verkefni að koma með tillögur um takmörkun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum um mitt síðasta ár og hefur ráðuneytið síðan unnið að nánari útfærslu þeirra. Ljóst er að ef ekkert verður að gert mun losun gróðurhúsalofttegunda aukast verulega á næstu árum og því brýnt að taka málið föstum tökum. Þær aðgerðir sem líklegar eru til að skila árangri eru þessar helstar. Ég vitna hér í markmið samgrn., með leyfi forseta:

„Bæta þjóðvegakerfi landsins með því að auka bundið slitlag og stytta vegalengdir þar sem kostur er.

Bæta skipulag samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Bæta almenningssamgöngur í landinu, bæði í þéttbýli og í dreifbýli.

Huga að hertum reglum í innflutningi notaðra bifreiða.

Huga að skattlagningu bifreiða."

Þarna hefur samgrn. í sjálfu sér sett sér markmið á þessu sviði. Því er ég þeirrar skoðunar að í frv. til laga um samgönguáætlun, eins og hér er verið að leggja fram, þ.e. lögum til langs tíma, verði að kveða skýrt á um að samgönguáætlun verði unnin í samræmi við alþjóðasamninga, yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum og þær yfirlýsingar sem við höfum skuldbundið okkur gagnvart á alþjóðavettvangi. Þess vegna ítreka ég, herra forseti, að ég tel að þessi þáttur eigi að koma inn í greinar frv., þar eigi ekki bara að nefna arðsemiskröfu. Þá tel ég að einnig eigi að taka aðra mikilvæga stefnumarkandi þætti inn.

Ég tel líka, virðulegi forseti, að taka eigi með byggðamálin. Fá atriði hafa eins sterk áhrif í byggðamálum og samgöngur. Hér á Alþingi samþykkjum við byggðaáætlanir æ ofan í æ, en síðan er minna um eftirfylgni. Það hefði litla þýðingu að ganga frá byggðaáætlun ef ekki er, í stefnumörkun laga um samgöngur, kveðið skýrt á um að þar beri að taka tillit til og fylgja byggðaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt að unnið skuli eftir. Við höfum einmitt rekið okkur á að mikið vantar á að þar fylgi athafnir orðum.

Ég leyfi mér hér til að vitna í till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árið 2002–2005 sem nú liggur fyrir Alþingi, en þar er mikilvægi almenningssamgangna ítrekað. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Góðar samgöngur eru algjör nauðsyn fyrir fólk og fyrirtæki og grundvöllur traustrar byggðar í landinu. Fólk sættir sig almennt ekki lengur við að búa í byggðarlögum þar sem ekki eru greiðar og öruggar samgöngur og nútímalegur atvinnurekstur þrífst ekki án góðra samgangna."

Í byggðaáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi er einmitt skýrt kveðið á um þetta. Þess vegna finnst mér að okkur beri skylda til að setja ákveði sem lýtur að byggðamálum inn í texta frv. um samgönguáætlun. Standi þar einungis að í sértækum aðgerðum eigi að líta til hagkvæmrar notkunar fjármagns, eins og það er nú túlkað, mun einungis metin tímabundin arðsemi fjármagnsins sem bundið er í vegamálum. Það er svo sem góðra gjalda vert og sjálfsagt að horfa til þess en það getur einmitt gengið þvert á stefnumið í byggðamálum. Þess vegna tel ég, herra forseti, að inn í lagatextann eigi að taka að samgönguáætlun verði unnin með tilliti til gildandi byggðaáætlunar.

Ef við snúum okkur að umferðaröryggi getum við horft til mjög dapurlegra daga á þessu ári þar sem allt of mörg alvarleg slys hafa orðið í umferðinni. Fyrir Alþingi liggur einmitt þáltill. um sérstakt átak og áætlun í umferðaröryggismálum þar sem stefnt er að því að alvarlegum umferðarslysum fækki um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Það er því eðlilegt að markmið Alþingis í umferðaröryggismálum komi beint inn í lagatextann, þannig að ljóst sé að ætlunin sé ekki bara að samþykkja umferðaröryggisáætlun til ársins 2012, þar sem stefnt er að því að fækka alvarlegum umferðarslysum um 40%, án þess að taka það skýrt fram í lagaumgjörð um gerð samgönguáætlunar. Ef við ætlum að ná þessu markmiði verður að taka það inn. Það getur vel verið að til að ná þeim markmiðum sem við setjum

okkur gætum við þurft að lækka hugsanlega arðsemiskröfu til fjármagnsins. Það er erfitt að reikna mannslíf til verðs. Þess vegna gætum við þurft að gera sitthvað sem ekki væri í fullum takti við mjög afmarkaða og einskorðaða skilgreiningu á því hvernig ætti að nota fjármagnið sem hagkvæmast. Þess vegna tel ég að umferðaröryggismálin eigi að koma inn í hina samræmdu samgönguáætlun og vera forsenda fyrir vinnu hennar.

Herra forseti. Eins og ég rakti áðan notfæra sér margir samgöngur. Góðar samgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnulíf, viðskipti og verslun. En samgöngur eru líka einn mikilvægasti þátturinn í lífi og starfi hverrar fjölskyldu. (**Gripið fram í:** Hárrétt.) Já, það er hárrétt. Ekki síst til sveita — segi ég þar sem hæstv. landbrh. gengur hér virðulega um salinn. Hvarvetna eru samgöngur snar þáttur í lífi hverrar fjölskyldu. En í frv. til laga um samgönguáætlun, lagaramma samgönguáætlunar, er hvergi minnst á þarfir fjölskyldunnar eða þá sýn á samgöngur sem menn hafa í daglegu lífi fjölskyldunnar.

Sama á við um áætlun sem er þó um margt ágæt, þ.e tillögur frá stýrihópi sem hæstv. samgrh. skipaði til að vinna að stefnumörkun í samgöngumálum frá árinu 2003–2014. Þar er heldur hvergi minnst á að samgöngumál taki mið af daglegum þörfum fjölskyldunnar. Þetta tel ég vera mikinn ágalla á frv. til laga um gerð samgönguáætlunar sem hér er lagt fram og reyndar á öllum þáttum sem lúta að samgöngumálum, að það skuli ekki tekið beint tillit til hins daglega lífs og þarfa fjölskyldunnar í stefnumótun fyrir samgöngumál, að hagsmunir þeirra og sjónarmið séu ekki dregin inn og tekin með í texta frv.

Virðulegi forseti. Reyndar tel ég umhugsunarefni hvernig þessi samgönguáætlun er unnin, vek athygli á því að fjölskyldan er hvergi nefnd og að umhverfisþátturinn fær ekki þann sess í lagaumgerðinni sem ég hefði viljað sjá. Því nefni ég það hér í textanum að mér finnist þessi áætlun vera afar karlmiðuð. Þá er ég ekki að kasta rýrð á þá ágætu karlmenn sem hafa staðið að gerð þessarar áætlunar og lagatexta. Engu að síður vekur athygli við gerð þessarar samgönguáætlunar að stýrihópurinn sem skipaður var af ráðherra samanstendur af sjö körlum, fimm tilnefndum af ráðherra og tveimur sem starfa með hópnum af hálfu ráðuneytisins. Ég er alveg viss um að hver og einn þessara ágætu karla hefur lagt sitt af mörkum og unnið þetta af fyllstu samviskusemi. En það getur samt ekki verið í takt við tímann að samgönguáætlanir og tillögur í samgöngumálum séu eingöngu unnar af körlum því að nánd eða sýn kvenna, einmitt út frá fjölskyldumálunum eins og ég nefndi hér áðan, gæti hafa komið sterkar inn í þessa vinnu alla ef um eðlilega kynjaskiptingu hefði verið að ræða við gerð þessarar áætlunar.

Virðulegur forseti. Ég hef því sagt hér og get vitnað til þess víðar í textanum að mitt mat er að öll vinna í samgöngumálum snýst um þessa stóru trukka. Hún snýst um þessa stóru trukka sem eru jú mikilvægir. Þess vegna er hún mjög karlmiðuð. Þó er ég alls ekki að segja að trukkar geti ekki líka verið atvinnutæki í höndum kvenna. En málefni fjölskyldunnar hefðu mátt koma þarna miklu sterkar inn.

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram till. til þál. sem lýtur að samgöngumálum. Hún hefur ekki enn fengist rædd hér. Það er till. til þál. um strandsiglingar sem ég tel veigamikinn þátt sem þurfi að skoðast mjög gaumgæfilega í umræðunni um gerð samgönguáætlunar. Nánast allir flutningar í hringinn kringum landið eru komnir upp á þjóðvegina, þjóðvegi sem alls ekki bera þessa stóru flutningabíla. Þar fyrir utan eru þeir ekki vistvænasti flutningamátinn sé tillit tekið til umhverfisins. Því hef ég lagt fram till. til þál. um að Alþingi feli samgrh. að skipa strandsiglinganefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun og stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ég tel að það eigi að skoða og endurskoða hlut strandsiglinga í heildarsamgöngukerfinu og því er afar mikilvægt að þessi tillaga mín um strandsiglingar komi líka inn í umræðuna um gerð samgönguáætlunar.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vitna til umsagnar sem hv. samgn. fékk um þessa samgönguáætlun en hún benti einmitt á mikilvægi þess að menn huguðu að fleiri þáttum og drægju fram fleiri áherslur en koma fram í texta samgönguáætlunarinnar. Ég leyfi mér hér að vitna til umsagnar Félags íslenskra skipstjórnarmanna, með leyfi forseta. Þar segir:

„Með því að leggja niður sementsflutninga með Skeiðfaxa milli Akraness og Reykjavíkur voru sömu flutningar færðir á vegakerfi landsins. Til að flytja sama magn á þeirri tímaeiningu sem skipið flutti þarf lest tíu sementsflutningabíla og er orkunotkun þeirra varlega áætluð um 800% meiri en fer til að knýja skipið sömu leið með tilheyrandi aukningu í útblæstri og mengun. Bílalestin leggur slitálag á 49 kílómetra af vegakerfi landsins, en skipið notar við sömu störf tvo viðlegukanta, vita og önnur leiðarmerki sjófarenda, auk eigin tæknibúnaðar.

Mánafoss, minnsta skip Eimskipafélags Íslands, flytur um 3.300 tonn af vörum. Flytji Mánafoss það magn af vörum í órofinni siglingu milli Reykjavíkur og Akureyrar tekur það um 27 klst. miðað við meðalaðstæður. Með því að flytja sama magn á vegakerfinu þessa leið, á sama tíma, þurfa 28 fulllestaðir vöruflutningabílar með tengivagni að fara þrjár ferðir hver, á milli Reykavíkur og Akureyrar. Er þá miðað við hámark í leyfilegum öxulþunga við bestu aðstæður og 60 km meðalhraða á bíl. Þessi „bílalest“ leggur á 27 klst. tímabili slitálag 84 fulllestaðra flutningabíla á 389 km af vegakerfinu. Ef flytja á sama flutningsmagn með flugi sömu leið á sömu tímaeiningu og sjóflutningurinn tekur, með meðalstórri flutningaflugvél (C-130), þarf að fara 118 ferðir milli Reykjavíkur og Akureyrar sem þýðir að 13 slíkar flugvélar þurfa að vera í stöðugum ferðum mili þessara staða ...

Að framansögðu er það mat Félags íslenskra skipstjórnarmanna að samræmd samgönguáætlun muni sýna fram á mikilvægi sjóflutninga við Ísland í framtíðinni og stuðla að eflingu þeirra.“

Virðulegi forseti. Mér þótti rétt að draga fram hvað Félag íslenskra skipstjórnarmanna leggur áherslu á að skoða skuli við samræmda samgönguáætlun. Að sjálfsögðu þurfa sumir flutningar að ganga hratt fyrir sig. Pakka og minni hluti þarf áfram að flytja með bílum. En það hlýtur að vera hægt að kanna möguleika á gámaflutningum um sjó meðfram ströndum landsins, þ.e. flutningum sem ekki liggur eins mikið á.

Bæði Landvernd og Náttúruvernd ríkisins leggja áherslu á að í samgönguáætlun verði tekið tillit til umhverfismála og ítreka í umsögnum sínum að stefnan í umhverfismálum og umverfismál sem lúta að samgöngumálum verði tekin miklu sterkar og með ákveðnari hætti inn í lögin um samgönguáætlun.

Virðulegi forseti. Ég hef hér rakið þær áherslur sem ég tel að vanti í frv. til laga um samgönguáætlun. Ég tel að þar eigi að taka beint inn í lagatextann að samgönguáætlun skuli vera

í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum.

Í öðru lagi legg ég til að í upptalningu þar sem verið er að telja upp þau markmið sem vinna beri eftir, þ.e. að við 2. mgr. 2. gr. bætist nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: að fylgt verði markmiðum sjálfbærrar þróunar við gerð áætlunarinnar.

Virðulegi forseti. Ég tel að það að hafa ekki þessa þætti inni sé ekki í takt við tímann, sé ekki í takt við þá framtíðarsýn sem við viljum hafa og það er ekki í takt við alþjóðasamninga, skuldbindingar og yfirlýsingar sem við höfum gengist undir um að ná árangri í umhverfis-, öryggis- og fjölskyldumálum á nýrri öld. Ég óska því eftir, virðulegi forseti, að hv. alþm. verði mér sammála um þær brtt. sem ég hér hef lagt fram.

[14:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér í raun ekki samgönguáætlunina sem slíka eða neina tillögu um hana heldur þann ramma sem löggjafinn ætlar að setja utan um slíka áætlun eða slíkar áætlanir þegar þær verða lagðar fram, því þeim verður skipt í tvennt. Annars vegar verður um að ræða áætlun sem gerð verður til fjögurra ára og hins vegar áætlun til 12 ára sem verður lögð fyrir þingið, ef þetta frv. verður að lögum.

Virðulegi forseti. Almennt vil ég segja um þetta fyrir hönd okkar þingmanna Samfylkingarinnar að við styðjum þá meginhugmynd sem hér er lagt upp með. Við teljum að það geti skipt miklu við nýtingu fjármuna að horfa á þessar áætlanir heildstætt, þ.e. á samgöngur í lofti, á láði og legi. Ég held að það skipti miklu máli.

Hins vegar höfum við gert athugasemdir við nokkur atriði í þessari samgönguáætlun eða þeim ramma sem ætlað er að gilda um þessa samgönguáætlun, því hér er ekki um það að ræða að verið sé að leggja fram neina samgönguáætlun sem slíka, heldur aðeins lagarammann sem gilda á um slíka áætlun þegar og ef hún verður lögð fram.

Við höfum einkanlega gert athugasemdir í samgn. við 3. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir því að samgönguráð verði skipað af flugmálastjóra, siglingamálastjóra og vegamálastjóra. Samgönguráði er ætlað talsvert hlutverk við gerð nýrrar samgönguáætlunar. Það skal m.a. standa að samgönguþingi, veita ráðgjöf, leiðbeiningar o.s.frv.

Virðulegur forseti. Við höfum gert fyrirvara við afgreiðslu þessa máls. Þó að við komum til með að styðja það gerum við athugasemdir við að í 3. gr. skuli einvörðungu gert ráð fyrir embættismönnum við mótun samgönguáætlunar, eða að þeir hafi a.m.k. veigamikil áhrif á hana. Við höfum talið eðlilegra að kjörnir stjórnmálamenn eða pólitíkusar, ef svo má að orði komast, móti hugmyndir um þessa hluti inn í framtíðina. Það er okkar skoðun að það sé hlutverk stjórnmálamanna að gera slíkar áætlanir er horfa til langs tíma, en þá kannski frekar hlutverk embættismanna að vera þeim til halds og trausts og vinna þau verk sem ákveðin eru. Við erum ekki að varpa nokkurri rýrð á þá embættismenn sem gegna þessu starfi nú eða koma til með að gegna því í framtíðinni. Ekkert slíkt liggur hér undir. Við teljum hins vegar eðlilegra að stjórnmálamenn komi meira að þessari framtíðarmótun. Það er hlutverk þeirra að okkar mati. Ég geri fastlega ráð fyrir því að stjórnarandstaðan muni við 3. umr. reyna að sameinast um hugmyndir um breytingu á þessari grein og muni láta á það reyna við 3. umr. hvort menn geti þá náð einhverju samkomulagi eða sátt um að breyta þessu að einhverju ráði.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti vil ég segja að ég held að hér sé skynsamlegt upplegg á ferðinni. Það er skynsamlegt að leggja þetta upp á þann hátt að reyna að samræma samgöngur í lofti, láði og legi. Það er skynsamlegt að gera áætlanir til bæði fjögurra ára og tólf ára. Almennt séð erum við því þessu fylgjandi þó við að sjálfsögðu hefðum gert þetta með einhverjum öðrum hætti hefði þunginn hvílt á okkur að meginstefnu til. En vonandi fer nú að styttast í það.

[14:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst þetta frv. um samgönguáætlun verðskulda eins og eina messu hér í umræðum. Af minna tilefni hafa menn talað. Hér er loksins á dagskrá frv. til laga um gerð samræmdrar samgönguáætlunar. Málið fékk að vísu dálitla umræðu við 1. umr. og það var vel en komið úr nefnd gefur það engu að síður tilefni til ákveðinna vangaveltna.

Ég var dálítið undrandi þegar ég sá álit meiri hlutans, að ekki stæði til að gera á þessu neinar breytingar. Ég hafði bundið vonir við að menn mundu skoða af alvöru í nefndinni, eftir þá umræðu sem hér varð við 1. umr., að tekið yrði á ákveðnum þáttum sem bent var á þar að betur mættu fara varðandi fyrirkomulagið eða stjórnkerfið sem þarna á að setja upp og jafnvel innihaldið að einhverju leyti. Hér er auðvitað fyrst og fremst um að ræða rammann utan um þá tillögu til samræmdrar samgönguáætlunar sem í gildi yrði á hverjum tíma.

Ég er að sjálfsögðu sammála nál. minni hluta samgn., hv. þm. Jóns Bjarnasonar, sem hann fór yfir áðan í ítarlegu máli og tek undir það að nokkuð vanti upp á áherslur hvað varðar t.d. alþjóðlegar skuldbindingar okkar á sviði umhverfismála og umverfisþáttinn almennt. Það gengur seint að koma þeim á dagskrá hér á Íslandi í tengslum við samgöngumál. Það er ólíku saman að jafna ef maður lendir í umræðum um samgöngumál, t.d. vettvangi hinna Norðurlandanna eða í Evrópu, þar sem samgöngumál eru jafnvel í hugum manna fyrst og fremst umhverfismál. Menn nálgast þau fyrst og fremst út frá því. Þar hafa menn í stórborgum glímt við það um áratuga skeið að vera að drukkna í umferð og mengun. Þar með er það sjálfgefinn útgangspunktur að nálgast málið út frá því að þetta sé umhverfismál. Menn eru löngu hættir að bjóða upp á neitt annað í umræðum um þessi mál t.d. í París. Þar er einkabílnum settar miklar skorður og í raun er samkomulag um að takmarka fjöldann, m.a. aðgengi einkabíla að miðborgarsvæðinu með því að gera engar úrbætur fyrir bílinn þannig að honum fjölgi ekki. Í staðinn eru efldar almenningssamgöngur og greitt fyrir umferð fótgangandi, hjólandi o.s.frv.

Svipað hef ég oft séð upp á teningunum í umræðum um þessi mál á vettvangi Norðurlandaráðs þar sem menn ræða um þessi mál. Þá velta menn mjög vöngum yfir því hvernig eigi að byggja upp samgöngukerfið þannig að það þjóni sem best þessum margþættu samþættu markmiðum um góðar og greiðar samgöngur en líka um skynsamlega umhverfispólitík, fjölskyldupólitík, byggðapólitík og annað í þeim dúr. Þetta fyndist mér mega koma betur inn í þennan lagaramma, t.d. hefði það að mínu mati mátt endurspeglast í ákvæðum 3. gr. frv. um samsetningu samgönguráðs og samgönguþing.

Herra forseti. Auðvitað er erfitt að ræða þetta alveg úr tengslum við veruleikann eins og hann er í samgöngumálun-

um á hverjum tíma og þá þróun sem við höfum séð í þessum efnum undanfarin ár. Það hefði að mínu mati alveg mátt undirbyggja þennan frumvarpsflutning og þessa umræðu hér í þinginu betur með því að draga að og greina gögn um þróunina og upplýsingar um hvert við stefnum.

Það eru athyglisverð gögn hér í fylgiskjali með nál. minni hlutans, t.d. frá Félag íslenskra skipstjórnarmanna sem þar nefna dæmi um hvað gerist ef eitt flutningaskip, hvort sem það er flutningaskip með sement eða vörur, hverfur úr rekstri og allir þeir flutningar færast upp á vegina. Það eru ótrúlegar tölur, að sjá t.d. að orkunotkun áttfaldast, eykst um 800% við að hætta rekstri sementsflutningaskips og flytja það allt saman á bílum. Er mönnum alveg sama? Á ekki að hafa neina tilburði uppi af einu eða neinu tagi til að reyna að hafa einhver áhrif á þetta?

Jafnvel þó að einhver rök geti verið fyrir því hjá rekstraraðilunum að þetta sé þægilegra, einfaldara eða mögulega ódýrara er ekki þar með sagt að stjórnvöld ætli enga meðvitund að hafa um það sem er að gerast. Það mundu menn hafa erlendis, ég fullyrði það. Svona hlutir færu þar ekki í gegn umræðulaust eða aðgerðalaust. Það gengi ekki þannig fyrir sig. Á meginlandi Evrópu eru menn t.d. í óða önn við að efla á nýjan leik járnbrautarsamgöngur, flutningaleiðir á fljótum og vötnum, til að draga úr þörfinni fyrir flutninga með bílum á landi. Á sama tíma stefna hins vegar þessir hlutir á Íslandi á ótrúlegum hraða í öfuga átt.

Þetta gerist eins og fram kom í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þrátt fyrir það að við höfum undirritað alþjóðlegar skuldbindingar um að reyna að stýra þessu í skynsamlegan farveg, ekki síst frá sjónarhóli umhverfismála og sjálfbærrar þróunar. Það höfum við gert með undirritun Ríó-sáttmálans. Hins vegar vill bera á því, herra forseti, að menn undirriti slíka hluti úti í heimi og fullgildi jafnvel samningana hér heima en láti svo eiginlega eins og þeir séu ekki til og það standi ekkert upp á menn að efna þá á einn eða neinn hátt. Við höfum stundum bent á það í umræðum um sjávarútvegsmál að í Ríó-sáttmálanum undirrituðu menn hátíðlega klásúlur um að styrkja vistvænar veiðar. Það hefur nú ekki borið mikið á því í framkvæmd sjávarútvegsstefnunnar síðan 1992, eða er það? Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson getur kannski frætt okkur um hvar þess sjái stað í sjávarútvegsstefnunni að við séum þjóðréttarlega skuldbundin á grundvelli alþjóðasamnings séum við höfum undirritað og fullgilt, að stuðla að þróun í átt til vistvænna veiðiaðferða. Bólar ekkert á því?

Hið sama er í raun upp á teningnum í sambandi við samgöngurnar. Skoðum t.d. þróunina þar, þar sem strandsiglingar og þungaflutningar á sjó með ströndum landsins eru á stórfelldu undanhaldi og engin viðleitni uppi af hálfu stjórnvalda til að bregðast þar við. Ef eitthvað er þá er stefnan hið gagnstæða, samanber þá ákvörðun ríkisstjórnar á sínum tíma að leggja niður Skipaútgerð ríkisins. Þetta hefur auðvitað þýtt gríðarlegt viðbótarálag á vegakerfi landsins, gríðarlega viðbótarorkunotkun, eins og dæmin hér sýna um þá gríðarlegu aukningu á orkunotkun sem verður við að taka flutningaskip úr rekstri og flytja þá flutninga upp á vegina. Hvar ætti þetta heima, herra forseti, ef ekki í umfjöllun um samræmda samgönguáætlun? Þetta er nú akkúrat tóbakið sem maður hélt að ætti að skera með því að taka upp þau vinnubrögð.

Ég man þá tíma að þetta kom til minna kasta sem samgönguráðherra á síðustu öld, herra forseti. Þá fylgdi ekki síst sú röksemdafærsla að með þessu fengist skilvirkt og skynsamlega útfært samþætt samgöngukerfi, það yrði þjóðhagslega hagkvæmt en einnig yrði hægt að ná fram pólitískum markmiðum á sviði byggðamála, umhverfismála og annars það væri auðveldara í höndum stjórnvalda ef þetta væri samræmt og samþætt.

Ef við skoðum þróun samgangna hér út frá umhverfismálum og orkunotkun þá er það náttúrlega í eina átt. Reyndar má skjóta því að að hið sama gildir um hinn stóra jarðefnaeldsneytisnotandann í landinu sem er fiskiskipaflotinn. Þar er þróunin í átt að stórkostlega aukinni orkunotkun. Svo hefur verið undanfarin ár, með byggingu sífellt stærri skipa og jafnvel vélaskiptum í eldri skipum þar sem aflið er aukið alveg gríðarlega. Fyrir því geta verið rök í ákveðnum tilvikum en það er ekki umhverfisvæn þróun í flotanum að afli sé tekinn sífellt meir og meir í dregin veiðarfæri, að meira og meira af aflanum sé unnið úti á sjó og hann frystur úti á sjó með orku úr innfluttu jarðefnaeldsneyti í staðinn fyrir að ef vinnslan færi fram í landi væri notað rafmagn o.s.frv. Þetta vildi ég nefna, herra forseti, og bæta við það sem á undan er komið í umræðunni um þessi mál.

Mér finnst að hæstv. samgrh. ætti að gera þinginu betri grein fyrir hinni almennu stöðu, og ég trúi að hæstv. ráðherra sé hér einhvers staðar í mýflugumynd. Alla vega þóttist ég sjá skuggann af hæstv. samgrh. einhvers staðar á göngum áðan. En mér fyndist að hann mætti heiðra samkunduna með viðveru sinni í salnum. Það er erfitt að slíta þetta úr samhengi við stöðu helstu þátta samgöngumála eins og þau standa og blasa við núna um þessar mundir.

Hvernig er það, herra forseti, með stöðuna í vegamálunum þegar verið er að leggja hér drög að fyrstu samræmdu samgönguáætluninni? Jú, hún er þannig, ef minni mitt svíkur ekki, að samkvæmt gildandi fjárlögum er niðurskurður frá gildandi vegáætlun upp á eitthvað um 1,5 milljarða króna. Það var heldur bætt í hann við afgreiðslu fjárlaganna núna um áramótin. Hvar er þá hin endurskoðaða vegáætlun? Hvenær fáum við að sjá hana, herra forseti? Ætlar samgrh. ekki að a.m.k. að dreifa henni áður en þessu frv. til laga um samgönguáætlun verður lokið hér?

Við höfum þó frv. að nýjum hafnarlögum. Það er ástæða til að minna á það líka sem þar á að gerast. Það er mikið áhyggjuefni, herra forseti, ef það verður að veruleika, fyrir utan þá einkavæðingarþráhyggju sem er í því frv., sem er náttúrlega bara sjúkdómur, ekkert annað en sjúkdómur sem hrjáir þá sem eru orðnir svo helfrosnir í einkavæðingarfarveginum að það er sama á hverju dynur og hvaða höfuðhögg þeir hafa fengið í hremmingum sínum í þeim efnum. Samt skal boðuð einkavæðing á öllum sviðum og nú eru það hafnirnar.

Það sem verra er er að það á augljóslega nánast að hætta fjárfestingum í hafnaraðstöðu og hafnarmannvirkjum í landinu nema í nokkrum stærstu og ríkustu höfnunum. Þær verða ekki margar ef svo heldur sem horfir nema bara hér á Reykjavíkursvæðinu. Meira að segja þær hafnir sem höfðu umtalsverðar tekjur af völuflutningum úti á landi áður, hafnir eins og á Akureyri, Ísafirði, Dalvík og víðar, tekjur þeirra fara nú hraðminnkandi af því flutningarnir eru að færast upp á land.

Tökum Ísafjörð sem dæmi, þar sem menn fjárfestu í dýrum köntum og aðstöðu fyrir flutningaskip. Ég er nú hræddur um að notkunin á því sé ekki mikil og tekjurnar sem þar koma inn séu ekki miklar. Hið sama gildir um fleiri. Á Dalvík var umsvifamikil höfn við utanverðan Eyjafjörð um skeið. Þar

hefur líka dregið mjög úr umsvifum. Þetta er angi af þeirri þróun, herra forseti, sem er í gangi og plaggið, orð á blaði, svokölluð samræmd samgönguáætlun sem tekst ekkert á við þetta, breytir auðvitað engu. Hún breytir engu, sé ekki vilji til að móta þarna einhverja stefnu eða takast á við þetta.

Herra forseti. Væri ekki skynsamlegt að hæstv. samgrh. færi aðeins yfir það hvernig hann sér þessa hluti blasa við sér? Eigum við taka flugið aðeins? Eigum við að nefna flugið, herra forseti? Hvernig standa málin þar? Flugið hefur þó á köflum verið einar helstu almenningssamgöngurnar í landinu, helstu skipulögðu almenningssamgöngurnar í landinu sem a.m.k. í eina tíð teygðu sig til landsins alls, velflestra byggðarlaga fjær höfuðborgarsvæðinu. Heilir landshlutar hafa engar aðrar skipulagðar almenningssamgöngur. Það er fyrst og fremst héðan frá suðvesturhorninu sem áætlunarbílar ganga og hefur það þó allt heldur dregist saman á síðari árum. Hvernig er staðan í fluginu, herra forseti? Þar týnast staðirnir út hver á fætur öðrum. Ætli það eigi ekki að heita svo að eftir séu fjórir þar sem flugi er haldið uppi án opinbers styrks, fjórir eða fimm? Það er ekki mikið meira. Og horfurnar eru vægast sagt dökkar. Ef við förum yfir þessa stöðu, herra forseti, og meginsamgönguþættina þá er alveg tilefni til að ræða málin eins og þau blasa við okkur um þessar mundir.

Herra forseti. Ég verð að segja að þó að ég sé velviljaður þessu máli og tel að engin efni séu til annars þá finnst mér svolítið snúið að afgreiðsla þess hér skuli vera í þessu dapurlega samhengi, þ.e. að kannski er heldur verra útlit og dekkri horfur hvað varðar þróun í samgöngumálum á öllum helstu sviðum nú en verið hefur um langt árabil. Það er niðurskurður í framkvæmdum til samgöngumála, mikill niðurskurður miðað við þá áætlun sem afgreidd var á sínum tíma og menn geta svo sem sagt að hafi verið sæmilega metnaðarfull. En það munar nú um minna en niðurskurð upp á 1,5 milljarða sem fyrir liggur. Síðan er okkur boðað, án þess að það sé útskýrt nánar, að vegna þess að einkavæðingin er öll farin í vaskinn og menn fá ekki inn tekjur af því að selja fjölskyldusilfrið, eins og Landssímann, þá verði dregið úr framkvæmdum. Það hefur verið boðað. Hvar eru þau áform? Hvenær fær þingið skýringar á því hvað þarna er í vændum? Ég held, herra forseti, að það þurfi nú að fara að banka aðeins í menn. Er ekki kominn rúmlega miður mars? Og eftir er svona rétt tæpur mánuður í reynd af starfstíma Alþingis vegna þess að það er páskahlé fram undan. Hvenær á að fara í gegn með þessa hluti og hvenær á að afgreiða þetta?

Við gætum bætt einum meginþætti samgangnanna við. Ég hef gagnrýnt það, herra forseti, að bæði í tillögum starfshópsins um samgönguáætlun og hér, sér þess alls ekki stað að menn muni eftir fjórða meginsamgönguþættinum eða víddinni, þ.e. fjarskiptunum. Það tel ég mjög miður. Ég tel, herra forseti, að menn hefðu átt að hafa þau hérna með og að ástæða sé til þess að fara yfir það hvernig þau standa.

Þar er nú heldur betur búin að vera upplausn mála. Hin mislukkaða og arfavitlausa tilraun til þess að einkavæða Landssímann hefur auðvitað sett þau mál öll í uppnám núna í um eins, tveggja, þriggja ára skeið og sér ekkert fyrir endann á því enn þá svo sem, því þetta fyrirtæki hefur í raun ekkert verið í aðstöðu til að móta áherslur sínar til framtíðar í trausti þess að það yrði til sem slíkt við óbreyttar aðstæður og ætti áfram að sinna sínum mikilvægu skyldum um að byggja upp fjarskiptakerfi fyrir alla landsmenn og tryggja góða þjónustu um allt land.

Herra forseti. Auðvitað er það þannig þrátt fyrir allt blaðrið að engu öðru er til að dreifa þegar kemur út fyrir 101 en Landssímanum. Það er hann sem á og rekur grunnfjarskiptanetið og er með þetta á sínum herðum. Ég hef alltaf séð fyrir mér að inn í samræmda samgönguáætlun ættu fjarskiptin að koma því þau eru ekki síst mikilvæg. Þau eru ekki síst mikilvæg vídd í þessum samgöngumálum og eru það náttúrlega kannski í enn ríkari mæli í dag en þau voru áður. Aðrar samgöngur eru tengdar því hversu góð fjarskiptin eru. Það þarf ekki að senda bréf í pósti eða koma gögnum á milli með efnislegum hætti ef menn hafa aðgang að úrvals og bestu fáanlegum nútíma fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum. Því geta, ef maður má orða það svo, lakari samgöngur í efnislegum skilningi verið fremur ásættanlegar ef menn hafa þessa fjarskipta- og gagnaflutningamöguleika, ef menn geta stundað fjarnám, ef menn geta sinnt atvinnu sinni án þess að þurfa að ferðast sjálfir á milli o.s.frv. Þetta hangir saman, herra forseti, og ætti auðvitað að ræðast á þann hátt. Mér finnst að þarna hefði mátt takast betur til.

Nú veit ég að vísu að tillögur hópsins eru ekki sjálfkrafa hið sama og sú till. til þál. um samræmda samgönguáætlun sem við væntanlega fáum inn í þingið í haust í síðasta lagi. Ég hef skilið það svo að það verði ekki á þessu þingi. Þess vegna er líka ástæða til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri ef það mætti nú verða til þess að menn færu í þeirri vinnu sem fram undan er a.m.k. yfir þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram. Þó að þingtíðindin séu kannski ekki metsölubók svona í venjulegu árferði þá ætlast maður þó til þess að þeir sem vinna svona sérstaka vinnu kynni sér þau sjónarmið sem sett hafa verið fram í umræðum á hinu háa Alþingi þegar lagaramminn um þetta er festur niður.

Herra forseti. Að lokum er eitt atriði sem ég ætla að gera sérstaklega að umtalsefni. Ég heyri og sé að það gleður menn alveg óskaplega hér í hliðarsölum án þess að þeir viti kannski hvað það er. En það er stjórnkerfið sem hér á að setja upp. Ég var mjög undrandi, herra forseti, þegar ég las 3. gr. frv. Ég var satt besta að segja alveg undrandi.

Ég verð að leyfa mér, herra forseti, að minna aftur á að ég gerði góðlátlegar athugasemdir við að hæstv. samgrh. væri ekki hér í salnum og fylgdist með umræðunum þannig að við tækjum eftir því að hann væri hér. Það kann vel að vera að hann sitji einhvers staðar og hlusti í einangrun. En heldur vildum við nú hafa hæstv. ráðherra hérna með okkur.

Ég undrast mjög að menn skuli, mér liggur við að segja, hafa fyrir því að setja á fót eitthvað sem þeir kalla samgönguráð skipað þremur yfirmönnum þriggja opinberra stofnana sem heyra beint undir samgrn. og fulltrúa samgrh. Ég leyfi mér nú bara að segja: Til hvers er það? Af hverju fundar bara ekki samgrh. með þessum mönnum einu sinni, tvisvar á ári, þó það væri fjórum sinnum, og sleppir því að láta það svo heita að til sé eitthvað sem heitir samgönguráð? Er það til þess að hægt sé að borga mönnum þóknun fyrir að sitja í samgönguráði? Er kannski í vændum einhver 300 þús. kr. þóknun fyrir það að einhver fái að heita formaður samgönguráðs? Þetta er skrípaleikur, herra forseti. Með fullri virðingu fyrir þessum ágætu sómamönnum sem, ef ég man rétt, eru allt saman vinir mínir, vegamálastjóri, siglingamálastjóri og flugmálastjóri, þá er það eins og hver annar brandari að raða þeim inn í eitthvað sem heitir ráð, plús fulltrúa samgrh. Af hverju er hann þá bara ekki sjálfur í því? Eða yrði það kannski aðstoðarmaður hans? Þetta er algjörlega hlægilegt, herra forseti. Ef eitthvað á að vera til sem heitir samgönguráð

með lögbundið hlutverk þá verður auðvitað að vera einhver breidd í því. Það verður að færa eitthvað nýtt inn í málið. Það má færa rök fyrir því að það ættu einmitt ekki að vera þessir menn sem eru síðan með framkvæmdina á sínum herðum. Þeir mundu að sjálfsögðu vinna með samgönguráði, leggja því til upplýsingar, aðstoða það og framkvæma stefnuna. En að þeir skuli líka settir í ráð til að móta hana er eins og hver annar brandari.

Herra forseti. Það er a.m.k. algjört lágmark að þetta ráð verði breikkað um fulltrúa sem bæru inn í vinnuna t.d. umhverfisviðhorf. Hvar eru þau? Hver þeirra á að sjá um þau? Þetta eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn framkvæmdastofnana, framkvæmda- og stjórnsýslustofnana undir ráðuneytinu. Hver þeirra á að taka þættina sem ekki eru sérstaklega merktir þarna á blaði með inn í vinnuna? Hver á að tryggja það? Hver á að tryggja hin félagslegu eða byggðalegu sjónarmið í þessari vinnu? Er það hlutverk flugmálastjóra? Nei, kannski vegamálastjóra. Hvað með siglingamálastjóra? Er ekki betra að hann geri það? Þetta er þannig, herra forseti, að það er eiginlega erfitt að taka þetta alvarlega.

Ég verð að segja að mér finnst að sumu leyti að betra væri að sleppa þessu og segja bara: Þessir ágætu opinberu embættismenn og ráðuneytið eru bara með þetta. Það eru þá hreinar línur. Það er bara þeirra verkefni eins og í venjulegri pýramídalagaðri opinberri stjórnsýslu.

Ef þarna kemur til einhver sjálfstæður millileggur, milliaðili, þá er enginn tilgangur með því, herra forseti, nema hann hafi í fyrsta lagi vel skilgreint og afmarkað hlutverk og í öðru lagi að hann beri eitthvað nýtt inn í vinnuna, breikki grundvöllinn og tryggi aðgang mismunandi sjónarmiða. Ég hefði vel getað séð fyrir mér, og ég hygg að það hafi verið sú tillaga sem var á blaði á vormánuðum 1991 þegar hugmyndir voru, mér vitanlega, fyrst settar fram um einmitt samgönguráð, að það yrði breiður vettvangur með aðild ekki bara ferðamálaaðila, umhverfisaðila og byggðatengdra aðila og fleiri slíkra, heldur líka t.d. rannsóknastofnana. Af hverju eru ekki fengnir þarna inn fulltrúar frá háskólum eða rannsóknastofnunum til að tryggja dýnamíska umfjöllun og áreiti þannig að þarna eigi sér stað einhver skoðanaskipti og að þarna sé gerjun og þarna sé pottur til þess að vinna úr framsækna stefnu. Þetta er eiginlega eins þrengslalegt, herra forseti, og nokkur möguleiki er á.

Ég nefni svo líka þann möguleika að þarna væri þverpólitísk skipan í bland, e.t.v. við fagaðila. Það gæti verið hið besta mál. Þessi vettvangur gjörbreytir um eðli og inntak ef þarna bætast við t.d. fulltrúar þingflokka og fleiri aðilar. Ég sé ekkert að því að svona stefnumótandi og leiðbeinandi ráð sem á samkvæmt orðanna hljóðan að hafa yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar sé þannig skipað. Það er ekkert að því.

Herra forseti. Þó maður sé að verða eins og rödd hrópandans í eyðimörkinni af því þeir siðir eru meira og minna aflagðir þá minni ég á og vil halda til haga að það var nú lengi aðalsmerki allrar vinnu í sambandi við áætlanagerð á sviði samgöngumála að hún var mótuð og undirbúin af þverpólitískt skipuðum nefndum. Þannig var það t.d. með allar fyrstu langtímaáætlanirnar í vegagerð. Engum datt annað í hug í byrjun en að vinna þær þannig að reynt væri að skapa um þær sem mesta þverpólitíska samstöðu. Af hverju, herra forseti? Það var af því menn voru ekki blindaðir af þeim valdhroka eilífðarinnar sem menn virðast vera haldnir af í dag, þ.e. að halda að þeir verði endalaust við völd og þurfi aldrei að hlusta á nein önnur sjónarmið. Menn sögðu sem svo: Ef við ætlum að leggja hérna grunn að myndarlegri 12 ára langtímaáætlun í vegagerð, viljum að hún sé vel akkeruð og hafi sem breiðastan stuðning þannig að ekki skipti máli í sjálfu sér hvernig ríkisstjórnir koma og fara á komandi árum á þessum áætlunartíma, þá verður að mega ætla að á bak við vinnuna sé öflugur og breiður pólitískur stuðningur. Þannig var þetta hugsað og þetta var að mínu mati mjög skynsamlegt vegna þess að þetta dró úr líkunum á því að þegar nýir menn kæmu að verkunum hentu þeir öllu sem fyrir væri. En á því hefur farið að bera í æ meiri mæli á síðari árum, herra forseti, að menn umgangist þessa hluti þannig, eins og þeim komi ekki við hvað stjórnvöld hafa áður ákveðið, sú stefna sem áður hefur verið lögð o.s.frv. Það er ekki góð stjórnsýsla. Það skapar ekki festu og það skapar ekki tiltrú manna á að áætlanagerð sé einhvers virði og haldi. Ég veit að það gildir fyrir alla aðila, það gildir fyrir íbúa byggðanna, það gildir fyrir framkvæmdaaðila eins og verktaka og það gildir auðvitað fyrir þá embættismenn sem eru að vinna að þessu að æskilegt er að langtímaáætlanir standist, að unnið sé eftir þeim og að eitthvert mark sé á þeim takandi. Besta aðferðin til að tryggja að svo sé er að skapa pólitíska samstöðu á bak við það.

Þess vegna er þetta óskynsamlegt herra forseti. Þess vegna er vitlaust að búa til samgönguráð með einum pólitískum fulltrúa frá einum ráðherra og þremur embættismönnum. Það er næstum að segja hallærisleg lending. Ég get eiginlega ekki kallað það annað. Ég held að það sé afturför, veruleg afturför frá þeim vinnubrögðum sem hér voru áður ástunduð.

Ég varð því fyrir vonbrigðum, herra forseti, þegar ég sá þessa 3. gr. frv. og ég verð að segja að ég varð fyrir enn meiri vonbrigðum þegar ég sá hana koma óbreytta út úr nefndinni og hingað til 2. umr. Ég áskil mér allan rétt til að halda áfram að berjast fyrir breytingum á a.m.k. þessum þætti málsins. Ég óska eftir því að hv. samgn. taki málið aftur til sín milli 2. og 3. umr. og fari yfir þessi sjónarmið sem hér hafa verið fram sett, og ef ekki mun ég a.m.k. sjá til þess að breytingartillaga við þetta og jafnvel varabreytingartillaga verði flutt við 3. umr. Annaðhvort verði samsetningu samgönguráðsins breytt, það breikkað og jafnvel gerð blanda af þverpólitískum fulltrúum og fagaðilum, eða þá til vara að það verði slegið af. Ég held að það sé verra en ekki neitt að fara út í þetta svona, þetta verði hallærislegur vettvangur sem að lokum þjóni litlum sem engum tilgangi öðrum en þeim að hægt verði að greiða einum fjórum einstaklingum myndarlega þóknun fyrir að sitja í ráðum. Væri nógu gaman að sjá hvernig hún yrði þótt vonandi komi aldrei til þess.

Herra forseti. Þessum sjónarmiðum vildi ég koma á framfæri á þessu stigi umræðunnar. Í sjálfu sér er margt fleira sem gefur tilefni til að ræða þetta ítarlegar. Ég minni að lokum aftur á að mér finnst að þessu máli fylgi ekki af hálfu samgrh. sú undirbygging og sá málflutningur og þátttaka hér í umræðum sem æskilegt væri, t.d. með því að gefa almennara yfirlit yfir stöðu mála og upplýsa þingið um það hvar einstakir þættir eru á vegi staddir eins og endurskoðun vegáætlunar og annað slíkt.

[15:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Já, staða samgöngumála í landinu og samgönguáætlun eru áhugaverðir þættir sem útheimta yfirgripsmikla skoðun þingmanna og ég get að því leyti tekið

undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem saknar hæstv. samgrh. úr salnum, og reyndar væri ágætt að geta átt skoðanaskipti við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, formann samgn.

(**Forseti** (GuðjG): Formaður samgn. er í veikindafríi í dag og hæstv. samgrh. er í húsinu.)

Þá treystum við því í það minnsta, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra sé að leggja eyru við og komi til umræðunnar þegar líður á hana.

Ég verð að segja að ég lýsti ánægju minni með megintilgang þessa frv. við 1. umr. málsins þótt ég hefði uppi nokkuð mörg gagnrýnisatriði, og ég get þar af leiðandi tekið undir vonbrigði þeirra þingmanna sem hér hafa tjáð sig, vonbrigði með nál. meiri hlutans. Ég hefði satt að segja talið alveg eðlilegt að meiri hlutinn tæki inn í nál. sitt meira af þeim ábendingum sem komu fram í talsvert langri og öflugri umræðu við 1. umr. málsins.

Með þessu frv. er lagt til að algjörlega nýr og breyttur lagarammi um gerð samgönguáætlana verði samþykktur. Í 2. gr. frv. er mælt fyrir um tvenns konar áætlanir, annars vegar fjögurra ára áætlanir og hins vegar 12 ára áætlun. Ég verð að segja, herra forseti, að eftir því sem ég skoða málið betur sé ég hvað þessi 2. gr. er ótrúlega klúðursleg og í sjálfu sér undarlegt að samgöngunefnd skyldi ekki hafa gert tillögu um orðalagsbreytingar þar því þar er grautað saman, að því er manni finnst, fjögurra ára áætluninni sem á að endurskoða á tveggja ára fresti og 12 ára áætluninni sem endurskoða á á fjögurra ára fresti. Ég verð því að segja að verklag það sem lýst er í 2. gr. frv. er afar óljóst að mínu mati, herra forseti, og hefði sannarlega verið þörf á að skýra það betur þannig að segja megi að greinin sé gegnsæ og fólk átti sig á því við hvað er átt.

Í annan stað vil ég gagnrýna að á þessu mikla vægi fjáröflunar og útgjalda og hinna hagrænu þátta hefur ekki orðið nein breyting í meðförum nefndarinnar. Mér finnst algerlega sjálfsagt að ef við ætlum að hafa hina hagrænu þætti hér í þessum lagatexta á annað borð ættum við sömuleiðis að hafa aðra mikilvæga þætti með sem ber að hafa í huga við gerð samgönguáætlunar. Þá á ég að sjálfsögðu við umhverfisþættina og félagslegu þættina sem lúta t.d. að fjölskyldustefnu og stefnu um sjálfbærar samgöngur sem rædd hefur verið hér og ég nefndi í máli mínu við 1. umr. Þá fjallaði ég á ítarlegan hátt um gönguleiðir og reiðstíga og það í hvaða formi hvatning frá stjórnvöldum gæti orðið til þjóðarinnar um að nýta sér þær samgöngur sem ekki krefja okkur um brennslu jarðefnaeldsneytis.

Sömuleiðis, herra forseti, má gagnrýna það að fjarskiptin skuli í raun og veru hvergi koma við sögu. Eðli máls samkvæmt og í ýmsum textum sem hæstv. ríkisstjórn hefur látið frá sér fara má ætla að fjarskiptamál og gagnaflutningamál séu skilgreind sem hluti af samgöngukerfum okkar enda eru þau vistuð hjá hæstv. samgrh. Það má gagnrýna að ekki skuli vera gerð nein grein fyrir þeim þáttum í þessu nál. frá meiri hluta samgn.

Í frv. kemur í ljós og hefur verið fjallað um það hér, herra forseti, að þessi 12 ára samgönguáætlun eigi að vera mun víðtækari en fyrri áætlanir á sviði samgöngumála. Þar af leiðandi hefði manni fundist eðlilegt að orðalagið í lagatextanum hefði gefið það betur til kynna en raun ber vitni. Og þó að það segi í nál. meiri hlutans að ætlunin sé að hún taki jafnframt til öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna og fjármögnunar samgöngukerfisins hefði mér fundist eðlilegt að nefndin legði til að þessum málaflokkum yrði gert það hátt undir höfði að þeir fengju að fljóta með inn í lagatextann.

Þá vil ég gera, herra forseti, að umræðuefni hugmyndir frv. um samgönguráð og samgönguþing. Nú er ekki langt síðan, herra forseti, að gerðar voru breytingar á lögum um náttúruvernd. Eins og hv. þm. muna var náttúruverndarráð lagt niður, fagskipað ráð sem var ætlað að vera umhvrh. til faglegrar leiðsagnar í málefnum náttúruverndar. Hæstv. umhvrh. hafði fyrir því rök að þetta ráð, náttúruverndarráð og náttúruverndarþing nýttist ekki sem skyldi og hún vildi koma hinni faglegu ráðleggingu í annað form. Þar með var lögfest ákvæði í náttúruverndarlögin um umhverfisþing. Til að rifja upp fyrir hv. þingmönnum hvernig umhverfisþingi var gert að vinna taldi umhvn. það eiga að geta verið í sínum verkahring að setja umhverfisþingi ákveðnar starfsreglur, ákveðið form til að það væri alveg ljóst hvernig umhverfisþing nýttist sem leiðsögn fyrir stjórnvöld í málefnum umhverfisins og náttúruverndarinnar.

Á þessi sjónarmið umhvn. var fallist í þingsal þannig að umhvn. lítur á það sem verkefni sitt, og á eftir að taka á því áður en þetta þing er úti, að setja umhverfisþingi reglur og starfsramma til að þingið nýtist til hins ýtrasta.

Hér sýnist mér, herra forseti, að við föllum í þá gryfju að setja fyrirmæli í lög um samgönguþing sem eigi að halda minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar sem er þá trúlega minnst einu sinni á 12 ára fresti. Ég spyr mig, herra forseti: Er það nægilega oft? Þessu þingi er ætlað að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunarinnar, þeirrar stóru eftir því sem maður les í þennan texta, hinnar 12 ára áætlunar, og að til þessa samgönguþings skuli boðið öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála. algerlega án þess að nokkuð nánar sé skilgreint hverjir þessir helstu hagsmunaaðilar samgöngumála séu.

Nú hefði alveg verið eðlilegt í ljósi þess sem rætt var um umhverfisþing að samgn. hefði tekið þetta mál til sérstakrar skoðunar og ákveðið fyrir sig hvernig hún mundi vilja sjá væntanleg samgönguþing. Hún hefði þá líka getað tekið það á sig að gera einhvers konar regluramma samgönguþingsins til að tryggja að hagsmunaaðilar, t.d. fjölskyldnanna í landinu, félagasamtaka og annarra þeirra sem láta sig málefni samgangna í landinu skipta, ættu þarna öfluga aðild og aðkomu. Það er algerlega óásættanlegt, herra forseti, að hér séum við að setja lög um eitthvert samgönguþing og við vitum ekkert hver starfsrammi þess verður eða hvernig því verður gert kleift að starfa eða ná til þeirra hagsmunaaðila sem vilja tjá sig um málin.

Í þessu sambandi, herra forseti, langar mig til að vitna í umsögn Náttúruverndar ríkisins um frv. þetta sem birt er í fylgiskjali með nál. minni hluta samgn. á þskj. 967, en þar segir, með leyfi forseta:

„Náttúruvernd ríkisins telur rétt að skilgreina betur hvað átt er við með hagsmunaaðilum í þessu sambandi. Rétt er að benda á að Náttúruvernd ríkisins er leyfisveitandi fyrir framkvæmdum á friðlýstum svæðum og umsagnaraðili um framkvæmdir sem spillt geta svæðum á náttúruminjaskrá. Telur stofnunin því eðlilegt að við gerð samgönguáætlunar verði haft samráð við stofnunina ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem varða slík svæði.“

Herra forseti. Það er í sjálfu sér gagnrýnivert að í frv. til laga um samgönguáætlun skuli Náttúruverndar ríkisins í

engu getið. Ég held að umsögnin frá Náttúruverndinni styðji þau sjónarmið sem ég hef nú reifað varðandi samgönguþing.

Síðan má taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um samgönguráðið sem gerð er grein fyrir í 3. gr. og hv. þm. kallaði brandara. Það er í sjálfu sér alveg eðlilegt að við krefjumst svara frá hæstv. samgrh. um hvað hann sér hér fyrir sér. Er hann að búa til þetta ráð með þessum þremur embættismönnum sem hér er getið? Sér hann það fyrir sér sem stjórnskipað ráð með þóknun á borð við þá þóknun sem Landssíminn hefur ákveðið fyrir sína stjórnarmenn eða erum við að tala um ráð sem er á svipuðum launum og bankaráðin hafa? Erum við kannski að tala um sjálfsagða embættisskyldu manna sem þegar hafa með höndum þessi málefni, að fylgjast með samgöngumálum og koma að stefnumótuninni eftir því sem samgrh. ákveður? Ég tel í hæsta máta eðlilegt að við fáum við þessa 2. umr. svör við þessum spurningum okkar.

Af því að ég, herra forseti, gerði hér að umtalsefni umsögn Náttúruverndar ríkisins um frv. þetta er tilefni til að geta þess að hún vekur athygli á því að margir ferðamannavegir liggja um friðlýst svæði og það er algerlega nauðsynlegt að við uppbyggingu vega á þessum svæðum sé tekið mið af gildandi friðlýsingum, og það hlýtur að liggja í hlutarins eðli þótt það sé hvergi sagt að slíkt verði gert. Enn einu sinni er bent á það hversu rýr þessi lagatexti er og í raun og veru greinargerðin með honum líka, að þessa þáttar skuli hvergi getið.

Það er algerlega nauðsynlegt, herra forseti, að tillit sé tekið til framkvæmda á svæðum á náttúruminjaskrá við gerð samgönguáætlunar og algerlega nauðsynlegt að Náttúruvernd ríkisins sé hinn opinberi leiðsagnaraðili í þeim efnum.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti spyr hvort hv. þingmaður muni ljúka ræðu sinni á næstu mínútum eða hvort hún vilji fresta flutningi hennar meðan fram fer umræða utan dagskrár.)

Já, ég held, herra forseti, að ég þiggi að fá að fresta seinni hluta ræðu minnar þar til eftir utandagskrárumræðu þá sem hér fer fram.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stjórnarlaun í Landssímanum.

[15:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hafa forustuaðilar í þjóðfélaginu leitað leiða til að draga úr verðhækkunum og hægja á eða bæla niður verðbólguna án þess að þjónusta skerðist. Mikið er í húfi. Verðbólgan eykur greiðslubyrði heimilanna og skerðir kaupmátt. Vísitala neysluverðs hefur rokið upp á síðustu mánuðum og er nú tæp 222 stig, en fari hún yfir 222,5 stig 1. maí, lenda kjarasamningar í uppnámi. Forustumenn launþegasamtaka hafa gengið á fundi ríkisstjórnar, sveitarfélaga og stærstu fyrirtækja landsins og hvatt til verðlækkana á vörum og þjónustu. Allir hafa lofað að gera sitt til að berja verðbólguna niður. Það kom því allri þjóðinni fullkomlega í opna skjöldu þegar samgrh. ákvað á aðalfundi Landssímans nýverið að ekki aðeins yrði allri stjórninni skipt út, heldur einnig að tvöfalda laun stjórnarmanna. Óbreyttir stjórnarmenn sem höfðu áður 65.000 kr. á mánuði, fá nú 150.000 kr. á mánuði, eða 1,8 milljónir á ári. Stjórnarformaðurinn sem hafði áður 150.000 kr. á mánuði, fær nú 300.000 kr. á mánuði, eða 3,6 millj. kr. á ári.

Herra forseti. Samgrh. segir í viðtali við fréttamiðla að nauðsynlegt hafi verið að gera meiri kröfur til hvers og eins stjórnarmanns og þess vegna séu launin hækkuð. Er hann þar með að slá föstu að fyrrverandi stjórn Landssímans hafi staðið sig svo illa vegna þess að launin voru svo lág? Í henni sátu m.a. tveir þingmenn Framsfl. og var það vegna launanna sem þeir stóðu sig svona illa? Er Framsfl. þá sammála þeirri túlkun sem lesa má út úr orðum hæstv. samgrh.?

Í Kastljóssþætti 26. febrúar sl. sagði hæstv. forsrh.: „Mér finnst reyndar sjálfum að 180.000 í stjórnarformannslaun séu ágæt laun fyrir slíka starfsemi.“ Og í útvarpsviðtali 12. mars finnst hæstv. forsrh. þessi nýju stjórnarlaun engin ofrausn og fullyrðir að flestir séu sammála um að stjórnarlaun hafi verið of lítil hér og allt í einu er það engin ofrausn að greiða stjórnarformanni 300.000 kr. í laun á mánuði í aukaþóknun plús sitt fulla starf.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal greiddi atkvæði með hækkun á launum stjórnarmanna Landssímans og segir í blaðaviðtali að það sé mjög mikilvægt að manna vel stjórnir fyrirtækja og bjóða góð laun svo hæft fólk fáist til þeirra starfa. Já, var þetta vandi fyrrverandi stjórnar Landssímans? Hv. þingflokksformaður Framsfl. finnst þetta samt allt of mikil hækkun og það sem áður var greitt sé kappnóg: „Þetta er langt umfram það sem gengur og gerist fyrir stjórnarsetu í öðrum stofnunum hjá ríkinu eða sambærilegum fyrirtækjum“, segir hv. þingflokksformaður Framsfl.

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi ákvörðun sem hæstv. samgrh. tók á aðalfundi Landssímans um meira en 100% hækkun á launum til stjórnarmanna Símans sé á vissan hátt stefnumarkandi og sterk skilaboð til þjóðfélagsins. Þess vegna er ekki úr vegi að spyrja hæstv. ráðherra:

Var haft fullt samráð innan ríkisstjórnarinnar og stóð ríkisstjórnarsamþykkt að baki þeirri ákvörðun samgrh. um ríflega tvöföldun á launum til einstakra stjórnarmanna Landssímans?

Í öðru lagi. Er þessi hækkun á launum stjórnarmanna Landssímans liður í stefnumótun ríkisstjórnarinnar um þóknanir af þessu tagi?

Í þriðja lagi. Hver er rökstuðningur ráðherrans fyrir þessari miklu hækkun á launum stjórnarmanna Landssímans?

Í fjórða lagi. Er þess að vænta að laun eða þóknanir til annarra sem sitja og starfa í nefndum eða stjórnum á vegum samgrn. eða á vegum ríkisins muni hækka samsvarandi? Hvað með Íslandspóst? Honum gengur ekki nógu vel. Þarf ekki að hækka launin þar? Hvað með Rarik? Þar er allt í steik samkvæmt orðum hæstv. iðnrh. og þarf að breyta því í hlutafélag. Þarf ekki að hækka launin þar? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi stjórnarlaun á hennar vegum?

Í síðasta lagi hefur þessi hækkun verið harðlega gagnrýnd af verkalýðshreyfingunni sem er að berjast fyrir 2–5% hækkunum, en horfir svo upp á tvöföldun á einum degi. Hvað ætlar ríkisstjórnin að segja við elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með um 80.000 kr. á mánuði fyrir skatta? Hver telur hæstv. ráðherra að verði líkleg áhrif þessarar ákvörðunar um laun stjórnarmanna Landssímans á launa- og verðlagsþróun í landinu? Menn eru að berjast hér gegn verðbólgu og gegn rýrnun kaupmáttar og er þegar farið að beita hörðu í samfélaginu þvert á það sem hæstv. samgrh. er

að gera í ákvörðunum á stjórnarlaunum. Ég held að þjóðin öll krefjist svars.

[15:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það verður að teljast harla óvenjulegt að ræða á Alþingi utan dagskrár þar sem yfirleitt er nú fjallað um mjög brýn og aðkallandi vandamál í samfélaginu, laun stjórnarmanna í hlutafélagi, í þessu tilviki hlutafélaginu Landssími Íslands hf. Það er athyglisvert að meira að segja, ef hv. þm. Vinstri grænna vilja leyfa mér að tala, er sérstaklega tekið fram af hálfu málshefjanda hvernig einstakir hluthafar greiddu atkvæði. Umræðan er náttúrlega alveg ótrúleg og afar sérstök. Ákvörðun um laun stjórnar Símans var tekin með tilliti til þess hvernig stærsti hluthafinn var að velja fulltrúa sína í stjórnina og um skipan stjórnarinnar var að sjálfsögðu haft samráð eins og eðlilegt er.

Ég vil sérstaklega undirstrika í umræðunni í dag að það hefur verið lenska hér á landi að gera lítið úr setu í stjórnum og ráðum, sérstaklega sem stjórnmálamenn skipa. Sumir hafa jafnvel litið svo á að um væri að ræða bitlinga. Tímabært er að mínu mati að breyta þeim hugsunarhætti og mér fannst örla á þessum hugsunarhætti hjá hv. málshefjanda og hann reyndi að ala á honum að mér fannst. Seta í stjórnum er og hefur verið afar mikilvægt starf og rík ábyrgð hvílir á þeim sem taka sæti í stjórnum hlutafélaga.

Ákvörðun um skipan stjórnar Símans að þessu sinni var ákvörðun um breytingar á stjórninni og breytingar á verklagi hennar í samræmi við þau verkefni sem við henni blasa. Verkefni stjórnar Símans eru mjög vandasöm vegna þeirrar stöðu sem Síminn er í sem markaðsráðandi fyrirtæki sem á að einkavæða. Við val á stjórn var leitast við að kalla til einstaklinga með víðtæka og öfluga reynslu og þekkingu úr atvinnulífinu. Stjórn Símans hefur það verkefni að sjá svo um að fyrirtækið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til Símans í starfsleyfi hans sem markaðsráðandi fyrirtækis sem veiti þjónustu um allt land. Jafnframt er það mikilvægt verkefni stjórnarinnar að tryggja verðgildi fyrirtækisins og að það fari vaxandi og hann verði áfram undirbúinn undir breytt eignarhald.

Um leið og ákvörðun var tekin um að fækka í stjórninni taldi ég eðlilegt að breyta launagreiðslum. Jafnframt er gert ráð fyrir aukinni vinnu stjórnarmanna við að efla ímynd fyrirtækisins og þar með var nauðsynlegt að gera ráð fyrir hærri greiðslu til allra sem sitja í stjórninni. Fyrir þá vinnu er greidd fyrirframákveðin upphæð, upphæð sem ákveðin var á aðalfundi, í stað þess að velja þá leið sem valin var gagnvart fyrri stjórn, að formaður fengi aukaþóknun vegna sérstakra verkefna. Þrátt fyrir hækkun stjórnarlauna er alveg ljóst að heildargreiðslur til stjórnar munu verða lægri en sú heildargreiðsla sem var innt af hendi samtals fyrir stjórnarlaun og þóknun vegna sérstakra verkefna stjórnarformanns. Ég tel miðað við reynslu betra að fara þá leið sem valin var og að stjórnin viti að ekki verði um frekari greiðslur að ræða þrátt fyrri óvænt verkefni.

Rétt er að minna á að ákvörðun um laun stjórnar er tekin á aðalfundi og gildir til næsta aðalfundar. Stjórnarmenn hafa enga tryggingu fyrir því að sitja áfram í stjórn þrátt fyrir það að þeir hafi eytt miklum tíma og mikilli orku í að kynna sér fyrirtækið og alla starfsemi þess. Síminn er stórt fyrirtæki og mikilvægt að stjórnin sé öflug, taki hlutverk sitt alvarlega og finni til þeirrar miklu ábyrgðar sem stjórnarsetu fylgir.

Ég vil árétta að þess er ekki að vænta að laun eða þóknanir til annarra sem sitja eða starfa í nefndum á vegum samgrn. muni hækka. Verkefni stjórnar Símans eru óvenjuleg og ekki sambærileg um þessar mundir við verkefni annarra stjórna eða nefnda á vegum ráðuneytisins.

Herra forseti. Ég er mjög ánægður með hversu góðar viðtökur val í stjórn Símans hefur fengið. Ég er sannfærður um að það ágæta fólk mun leggja sig fram og nýta reynslu sína og þekkingu í þágu Símans. Það er aðalatriði málsins.

[15:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði vonast eftir því hér í umræðunni að hæstv. samgrh. mundi koma með þau rök sem gerðu það að verkum að maður skildi betur þær hækkanir sem átt hafa sér stað. Rök hæstv. ráðherra voru þessi: Verkefni nýrrar stjórnar eru þess eðlis að þau þurfa að skapa fyrirtækinu nýja ímynd. Ég spyr: Hver er það sem hefur brotið niður þá ímynd? Með öðrum orðum, það sem hæstv. ráðherra er að segja, eins og ég skil það, er að afglöp hæstv. ríkisstjórnar eru þess eðlis að ráða þarf í stjórnina algerlega nýtt fólk í því skyni að bjarga því sem bjargað verður. Þetta, virðulegi forseti, eru vitaskuld ekki nokkur einustu rök. Og það eru heldur ekki rök, þó ég geti tekið undir það að vel hafi tekist til að manna þessa stjórn, þá eru það engin rök sem hæstv. ráðherra færði fram að nú sé stjórnin svo vel mönnuð.

Ef við tökum önnur dæmi sem við höfum. Við erum með Íslandspóst sem dæmi. Þar eru stjórnarmenn með 50.000, heyra undir sama hæstv. ráðherra. Erum við þá að tala um að þar sé svo illa mönnuð stjórn? Eða hvers konar röksemdafærsla er þetta?

Við höfum verið að takast á við það núna að reyna að halda verðlagi í skefjum. Er einhver sérstök launastefna í samgrn.? Eða á þetta við alla ríkisstjórnina eins og hún leggur sig?

Virðulegi forseti. Það sem hér hefur verið dregið fram er aðeins eitt og það er að myndast hefur gjá milli ríkisstjórnarinnar og almennings í landinu. Menn hafa tvöfaldað laun í stærsta ríkisfyrirtækinu í landinu án þess að geta fært fyrir því nokkur önnur rök en þau að hæstv. samgrh. með aðgerðum sínum hafi skaðað svo ímynd fyrirtækisins að það verði tvöfalt álag á þá stjórn sem tekur við.

[15:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mér finnst ekki hafa verið gefnar trúverðugar skýringar af hálfu hæstv. samgrh. í þessu máli. Ef ég tók rétt eftir, herra forseti, þá sagði hæstv. samgrh. að stjórnarlaunin hefðu verið ákveðin út frá þeim verkum og kostnaði sem greiddur hefði verið til síðustu stjórnar. Og það væri betra fyrirkomulag að ákvarða launin í einu lagi, enda kæmi þá ekki til annarra kostnaðargreiðslna eða neinnar verktöku, en tekið hefði verið tillit til fyrri kostnaðargreiðslna fyrrum stjórnarmanna. Svakalega væri það nú fínt ef þeir á vinnumarkaðnum, hinir almennu verkamenn, gætu bara fengið einhverja í lið með sér til að skrifa kostnaðarreikninga og síðan mundu þeir sem við þá mundu semja ákveða að taka mið af þeim kostnaðarreikningum við að hækka laun þeirra og menn sætu bara uppi með það að þannig tvöfölduðust launin og að því mundu menn búa um nokkra framtíð.

Ég hlýt að ítreka þá spurningu til hæstv. samgrh. hvort það sem hér var gert og hann framkvæmdi hafi verið með fullu samþykki og umboði forsrh. ríkisstjórnarinnar því við

erum hér að framkvæma stefnumarkandi ákvarðnir í launamálum. Hún eru vissulega ágætlega mönnuð þessi stjórn, en ég hygg að finna megi margar stjórnir bæði á vegum ríkisins og annarra sem eru ágætlega mannaðar og telja sig ekki eiga að vera lakar settar í launum.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hóf mál sitt á því að segja að það væri óvenjulegt að vera að ræða á Alþingi um laun stjórnar í hlutafélagi. Það lá í orðunum að þinginu kæmi þetta nú ekki mikið við. Þetta er andinn. Þetta er hugarfarið sem hefur einkennt þetta frá byrjun, að um leið og búið sé að háeffa fyrirtækin þá bara eigi menn þau bara sjálfir og geri það sem þeim sýnist. Og þeir hafa svo sannarlega gert það sem þeim sýnist í Landssímanum, herrarnir, síðan þeir háeffuðu hann.

Herra forseti. Þetta er eins og þyrnikóróna ofan á þetta hroðalega smíðisverk, þetta síðasta afrek að tvöfalda laun stjórnar Landssímans og setja stjórnarformanninn, þá mætu manneskju, á nokkurn veginn þingfararkaup fyrir að sinna því í hjáverkum að stjórna þessu fyrirtæki. Öryrkjar og aldraðir sem búa einir í þessu landi og hafa ekki aðrar tekjur er ætlað að draga fram lífið af 75–80 þús. kr. á mánuði og af því borga þeir skatta. Fjórföld slík laun fær stjórnarformaðurinn fyrir að gera þetta viðvik í hjáverkum. Þetta sýnir hugarfar, viðhorf til lífskjara og launamunar í þessu landi sem ég hvet þjóðina til að taka eftir.

Það verður að spyrja að því, herra forseti, og fá svör, ekki undanbrögð: Verða laun annarra stjórna, nefnda og ráða endurskoðuð með sama hætti? Var þetta gert með samþykki forsrh. sem taldi fyrir nokkrum vikum að þær 150–180 þús. kr. sem þá voru greiddar væru ríflega þóknun til stjórnarformannsins? Svo sagði ráðherra að verkefni stjórnarinnar væru svo vandasöm og að einkavæða ætti fyrirtækið. Ég heyrði formann stjórnarinnar, hinn nýskipaða, segja: „Það er okkur óviðkomandi. Það eru aðrir sem gera það.“ Þarna er einhver misskilningur á ferðinni. En kostulegastur var nú rökstuðningur ráðherrans um að kostnaðurinn mundi lækka vegna þess að góðráðin hans Friðriks hefðu verið svo dýr. Er hér búið að finna upp einhvers konar nýja öfuga eftirmannareglu?

[15:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Landssími Íslands hefur staðið í miðpunkti hatrammrar umræðu um hlutafjárvæðingu, misheppnaða einkavæðingu, einokunartilburði, yfirgnæfandi markaðsstöðu og hraðar breytingar í fjarskiptum. Fyrirtækið á viðskipti við nánast alla landsmenn og þjónusta þess skiptir miklu máli. Starfsmenn eru yfir 1.300. Hér á hinu háa Alþingi eru aftur og aftur umræður um þetta fyrirtæki. Þessi umræða öll hefur virkað illa á starfsfólk Landssímans sem hefur þurft að axla miklar breytingar á starfsumhverfi sínu og hefur á sama tíma skilað frábærum árangri við rekstur fyrirtækisins. Virðist sem ákveðinn trúnaðarbrestur sé á milli starfsmanna annars vegar og yfirstjórnar hins vegar. Þessi umræða hefur líka virkað illa á viðskiptamenn Landssímans, veikt stöðu hans á markaði og rýrt verðgildi hans. Hafa fá önnur fyrirtæki lent í öðrum eins hremmingum.

Herra forseti. Hlutverk stjórnar fyrirtækisins er að setja forstjóra og starfsfólki markmið til að keppa að. Vegna þeirra hremminga sem ég lýsti áðan taldi ég mjög mikilvægt að fá í stjórn Landssímans besta og hæfasta fólk sem völ er á, fólk með reynslu og þekkingu á rekstri stórfyrirtækis, reynslu í erlendum samskiptum, fólk sem hefur reynslu af að virkja starfsfólk og koma upp góðum starfsanda. Til þess að hæfasta fólkið fáist þarf að greiða vel fyrir störfin. Fólk sem hefur komið sér vel fyrir þarf sérstaka umbun til að taka þátt í þessu erfiða verkefni við þessar erfiðu aðstæður og fórna til þess frítíma sínum og orku. Þau laun sem þetta fjaðrafok hefur orðið um voru alls 4,3 millj. í fyrra til sjö stjórnarmanna en verða 10,8 millj. til fimm stjórnarmanna. Þetta er hækkun upp á 3,5 millj. ef tekið er tillit til þess að launin hefðu eðlilega átt að hækka um 10%. Miðað við umsetningu og verðmæti þessa fyrirtækis — það er metið á 40 milljarða — þá er engin spurning að það er til þess fórnandi að borga 3,5 millj. Ég sem hluthafi þurfti ekki að hugsa mig um andartak til að taka þátt í því að greiða atkvæði með þessu. Ég hef mikla trú og vaxandi á fyrirtækinu og starfsmönnum þess.

[15:49]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á að mikilvægt hefði verið að fá besta og hæfasta fólkið í stjórn Landssímans. Við skulum vona að það hafi tekist. Hins vegar blasir við að sá rökstuðningur sem hv. þm. hefur notað, þ.e. að það hafi þurft að hækka launin til þess að ná í þetta fólk, stenst ekki af þeirri einföldu ástæðu að hæstv. samgrh. sagði, þvert á það sem hv. þm. sagði, að nú væri verið að lækka greiðslur til stjórnarinnar. Ef við notum áfram rökstuðning hv. þm. þá hlýtur það að vera þannig að nú hafi afar óhönduglega til tekist og við náð þar af leiðandi í vanhæfara fólk en var þar áður, því nú er verið að lækka launin til stjórnarinnar samkvæmt orðum hæstv. ráðherra, eða hvað? Það er vissulega verið að hækka laun til almennra stjórnarmanna um 130%. En ef við skoðum hins vegar laun stjórnarformanns þá er verið að lækka þau um ansi mikið vegna þess að samkvæmt heimildum virðist fyrrverandi stjórnarformaður hafa verið með 600–700 þús. kr. á mánuði í laun en núverandi stjórnarformaður á að fá 300 þús. Hvar er nú rökstuðningurinn um besta og hæfasta fólkið og þar með hærri laun? Þetta passar engan veginn saman. Er nema von að þjóðin skilji hvorki upp né niður í þessu máli? Hvernig stendur á því að svona er farið með launakjör í þessari stjórn og rökstuðningnum sífellt breytt? Það er sagt eitt í dag og annað á morgun. Hæstv. ráðherra segir eitt hv. þm. Pétur H. Blöndal annað. Þjóðin er að sjálfsögðu hneyksluð á þessari ákvörðun af þeirri einföldu ástæðu að þetta er á skjön við allt sem er að gerast í samfélaginu. Hvergi er hægt að finna sambærileg launakjör í nokkurri stjórn í landinu. Þess vegna, herra forseti, er ljóst að það þarf að gefa miklu betri og fullkomnari skýringar ef við hv. þm. eigum að skilja þessa ákvörðun og ef þjóðin á yfir höfuð að geta séð yfir gjána sem nú hefur myndast á milli ráðherrans og þjóðarinnar.

[15:51]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Sú ákvörðun að selja Landssímann ef ásættanlegt tilboð fæst frá kjölfestufjárfesti stendur enn þó svo að hún hafi verið lögð á ís um tíma vegna þeirra hremminga sem fyrrverandi stjórn Símans gekk í gegnum. Laun fyrrverandi stjórnar þóttu mörgum launamönnum vera ásættanleg, sérstaklega með tilliti til þess að öll sérfræðivinna og ráðgjöf var aðkeypt. Fyrrverandi stjórn var auk þess haldið til hliðar við

mikilvægar ákvarðanatökur og gat því ekki uppfyllt tilskilda stjórnarábyrgð.

Herra forseti. Engum kom á óvart að skipt yrði um fulltrúa í stjórn Landssímans við þessar aðstæður. En ég leyfi mér að fullyrða að sú ákvörðun að hækka laun stjórnar um meira en helming, þ.e. laun stjórnarmanna úr 65 þús. í 150 þús. kr. á mánuði og laun stjórnarformanns úr 150 þús. í 300 þús. kr. á mánuði, hefur vakið furðu og hneykslun hjá þjóðinni.

Frá því um áramót hefur staðið yfir barátta launþegasamtakanna og ríkisstjórnarinnar, fyrirtækja og sveitarfélaga í landinu, við að halda verðbólgu undir rauða strikinu svokallaða svo við missum ekki efnahagslífið úr böndum. En, herra forseti, eru laun stjórnar Landssíma Íslands ekki ísköld gusa framan í allt það fólk sem hefur lægra kaup en laun hvers stjórnarmanns, fólk sem leggur á sig töluverða vinnu og erfiði við að leggja sitt af mörkum til að halda þeim stöðugleika í efnahagslífinu sem þjóðarbúinu er nauðsynlegur? Hvaða skilaboð eru þetta til annarra stjórnarmanna í mikilvægum opinberum stofnunum, t.d. Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Eru stjórnir þessara stofnana ekki að sinna sínum störfum? Ber þeim ekki að fá sömu eða sambærileg laun og stjórnarmenn í Landssíma Íslands?

Herra forseti. Það hefur ekki komið nægilega skýrt fram hvort nýja stjórnin eigi að sinna frekari stjórnunarskyldu en fyrri stjórnir eða hvort stjórnarmenn eigi að leggja til sérfræðivinnu án sérstakrar þóknunar.

[15:54]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Umræðan er oft dálítið skrýtin. (Gripið fram í.) Reglan er ein og á að vera ein og skýr: Hið opinbera, ríki og sveitarfélög mega ekki og eiga ekki að hafa forgöngu um hækkun launa, (Gripið fram í.) aldrei. Á þetta hef ég bent hér árum saman, þ.e. að því miður hefur verið mjög mikill misbrestur á þessu bæði hjá sveitarfélögunum og hjá ríkinu. (**Gripið fram í:** Og nú var hann stór.) Þegar ég, herra forseti, fer yfir þetta aftur og aftur, ár eftir ár, bendi á hættuna af þessu, bendi á hvert launin séu að þróast sem hlutfall af samneyslunni, hvert þau séu að þróast sem hlutfall af þáttatekjunum, tekur þá einhver undir með mér? Nei, herra forseti, enginn. Enginn tekur undir með mér. Alltaf þegar ég kem hins vegar í þennan stól og ræði launamál, kemur stjórnarandstaðan með fjaðrafoki í andmæli rétt eins og kominn væri minkur í hænsnahús og mótmælir. Hún mótmælir öllu sem ég segi, mótmælir hagtölunum, mótmælir Hagstofunni, Þjóðhagsstofnun og ég veit ekki hvað og hvað. (Gripið fram í.) Bíddu nú við. Nú bregður svo við (Gripið fram í.) að stjórnarandstaðan fer að mótmæla hækkun stjórnarlauna, gagnrýna það. (Gripið fram í.) Það er mjög gott. Það er alltaf mjög gagnrýnisvert að passa upp á að hið opinbera gangi ekki á undan með hækkun launa því það má ekki. Menn verða hins vegar að vera sjálfum sér samkvæmir. (Gripið fram í.) Það þýðir ekkert að vera að fjargviðrast hér .... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hafa hljóð í salnum á meðan hv. þm. er að tala.)

Það þýðir ekkert að fjargviðrast hér yfir smápeningum, einhverjum þúsundköllum, einhverjum milljónum, einhverjum nokkrum milljónum, þegar menn láta fram hjá sér fara milljarða og milljarðatugi. Það á að gagnrýna allt jafnt. Það er nauðsynlegt að gagnrýna. Það er nauðsynlegt að gagnrýna hið opinbera hvar og hvenær sem það stendur fyrir hækkun vegna þess að hækkanirnar hafa alltaf fordæmisgildi, alltaf hreint. Þess vegna má þetta ekki.

[15:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að Landssíminn skilaði einum milljarði króna í arð á síðasta ári þrátt fyrir verðbréfasukk af hálfu stjórnenda Símans en ekki starfsmanna hans. Það er líka staðreynd og var upplýst á aðalfundi Landssímans að á Íslandi er verð á almennri símþjónustu með því lægsta sem gerist í Evrópu og gerist í heiminum. Það var jafnframt tíundað að þetta væri vandi hans því það væri svo erfitt að selja hann miðað við þessa stöðu. En það er kostur fyrir okkur, þjóðina alla, að eiga Landssímann. Allt það starfsfólk sem starfar hjá Landssímanum á þakkir skildar fyrir þessa stöðu og það getur borið höfuðið hátt þrátt fyrir óreiðuna af hálfu stjórnvalda.

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé rétt að ítreka það að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað þeim spurningum sem ég bar hér fram. Ég spurði: Var haft samráð innan ríkisstjórnarinnar eða stóð ríkisstjórnarsamþykkt að baki ákvörðun samgrh. um þessa launahækkun til stjórnarmannanna? Enginn framsóknarmaður hefur talað hér í umræðunni enda stóðu þeir sig ekki í stjórn Landssímans vegna þess að launin voru svo lág, ef ég skildi rétt merkingu orða hæstv. samgrh. Og hver er vandi Íslandspósts? Þar sitja líka þingmenn Framsfl.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þetta er ekkert smámál. Ég er hér með úrklippu sem lýsir miklum ugg og vanþóknun allrar verkalýðshreyfingarinnar á framgöngu hæstv. samgrh. og ríkisstjórnarinnar í þessum málum og telur hún að þetta sé fordæmi fyrir hana til að sækja á því þannig sé hugur hennar til þess sem megi gera til þess að bæta hag, ekki bara stjórnarmanna, heldur landsmanna allra.

Ég krefst þess því að hæstv. samgrh. svari þessu: Var þetta gert með fullu samráði ríkisstjórnarinnar, forsrh. og utanrrh., formanns Framsóknarflokksins, (Forseti hringir.) formanns þeirra þingmanna framsóknarmanna sem hann (Forseti hringir.) var einmitt að deila á?

[15:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ekki veit ég hvort þessi síðasta ræða málshefjanda var hugsuð sem sérstakt ákall um hækkanir hjá stjórnum og ráðum á vegum ríkisins. Hana mátti skilja sem svo að hv. þm. teldi það afar nauðsynlegt og tíundaði hann nokkur fyrirtæki m.a. eða stofnanir sem þyrfti að líta sérstaklega til og vakti athygli á því að þar sætu hv. þm. í stjórnum. Málflutningurinn er nú afar sérkennilegur vægast sagt.

Ég tek undir með hv. þm. að Síminn hefur staðið sig afskaplega vel í þjónustuhlutverki sínu. Verðlag á símþjónustu er með því allra lægsta sem við þekkjum. Þess vegna taldi ég m.a. afar mikilvægt að velja öflugt og gott fólk til þess að takast á við það erfiða umhverfi sem við að sjálfsögðu við stöndum frammi fyrir hjá þessu fyrirtæki. Það er ekkert einfalt. Það er komin samkeppni og við verðum að reikna með því að svo verði áfram og að hún vaxi.

Ég sagði hér að það þyrfti að bæta ímynd Landssímans. Ég vænti þess að það komi ekki neinum á óvart þó ég nefni það. Það hefur ekki verið svo lítið rætt um þetta fyrirtæki hér og stjórnarandstaðan hefur reynt draga upp dökka mynd í kringum fyrirtækið, dökka mynd. (**JB:** Ekki á starfsmenn eða þjónustu hans.) Hv. þm. getur gert tilraun til þess að draga í land með það. Viðvík í hjáverkum, kallaði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verkefni stjórnarformanns Símans.

Ég er mjög undrandi á svo alvarlegum ummælum um mikilvæg verkefni stjórnarformanns þessa fyrirtækis. Viðvik í hjáverkum! Ég lít svo á að verkefni stjórnarformanns Símans sé afar mikilvægt og ég tel eðlilegt að greiða vel fyrir þau störf sem þar eru (Forseti hringir.) og verða unnin. (Gripið fram í.) Hv. þm. getur ekki kallað hér fram í og ætlast til þess að ég svari þegar komið er rautt ljós. En ég heyri á öllu að hv. þm. stjórnarandstöðunnar, m.a. Vinstri grænna, hafa ekki mjög góðan málstað (Forseti hringir.) að verja þegar þeir reyna að gera tortryggilegt að við höfum kallað til gott fólk til þess að veita forustu þessu stóra og öfluga fyrirtæki okkar Íslendinga.

Samgönguáætlun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 384. mál. — Þskj. 625, nál. 918 og 967, brtt. 966. [16:01]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.):

Herra forseti. Ég held þá áfram að ræða frv. til laga um samgönguáætlun. Það sem ég átti eftir að fara yfir í ræðu minni laut fyrst og fremst að þeirri samgönguáætlun sem birt hefur verið í þykkri og viðamikilli bók, Tillögu stýrihóps að samgönguáætlun 2003–2014, og var tilefni umræðna hér í þinginu við 1. umr. þessa máls. Enn liggur ekki ljóst fyrir, herra forseti, hvort þessi tillaga stýrihópsins sé sú áætlun sem hæstv. samgrh. ætlar að mæla fyrir á næsta þingi eða hvort sú tillaga sem hér liggur frammi komi til með að fara í einhvers konar áframhaldandi meðferð, og þá held ég að það sé alveg eðlilegt að hv. þingmenn fái skýringar á því við hverju megi búast.

Eigum við að búast við því að samgönguáætlunin sem þetta lagafrv. gerir ráð fyrir að hæstv. ráðherra tali fyrir á hausti komanda verði eitthvað lík þessari eða langt í burtu frá henni? Í hvaða átt telur þá hæstv. ráðherra að samgönguáætlunin eða tillaga stýrihópsins komi til með að breytast þessa mánuði sem fram undan eru? Það verður nefnilega að segjast eins og er, herra forseti, að í þeirri bók sem hér um ræðir eru ýmsir hlutir sem gefa tilefni til mjög mikillar umræðu og vangaveltna og spurningin er: Hvers vegna er verið að dreifa henni til þingmanna núna ef ekki er gert ráð fyrir því að við ræðum hana efnislega fyrr en kannski í haust og þá kannski í mikið breyttri mynd? Ég tel að það verði að koma fram, herra forseti, í umræðunni hvaða mark við þingmenn eigum að taka á þessu plaggi sem hér liggur frammi.

Það sama má segja um skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, skýrslu sem starfshópur samgrn. og Vegagerðar lagði fram í maí árið 2001. Sú skýrsla er unnin af Hreini Haraldssyni, Jóhanni Guðmundssyni og Rúnari Guðjónssyni og hún er til undirbúnings stefnumótunar. Og ég verð að segja, herra forseti, að við lestur þeirrar skýrslu vakna veigamiklar spurningar og ýmsum öflugum þáttum er varpað fram sem síðan er ekki hægt að finna stað í tillögu stýrihópsins sem ég nefndi. Við höfum ekki enn fengið að vita hvert vægi þessara tveggja gagna sem hljóta að vera grundvöllur áframhaldandi umræðu um stefnumótunina á að vera í umræðunni eða hvaða þýðingu þau komi til með að hafa í þeirri væntanlegu samgönguáætlun sem samkvæmt þessu frv. verður kynnt þingmönnum næsta haust.

Í því sambandi má nefna, herra forseti, að þingmönnum hefur borist í dag opið bréf frá talsmönnum stofnhóps almannasamtaka um borgarmálefni þar sem gert er að umtalsefni hvernig tekið er á málum varðandi framkvæmdir og fé til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu í þessu riti, Tillögu stýrihóps að samgönguáætlun. Af því að þetta rit er komið í umferð, menn hafa verið að kynna sér það sem þar stendur og áleitnar spurningar hafa óneitanlega vaknað við lestur þess, tel ég að t.d. hópur á borð við þennan sem ég nefndi, stofnhóp almannasamtaka um borgarmálefni, ætti rétt á því að fá umræðu og svör við þeim spurningum sem varpað er fram í því bréfi sem ég sagði áðan frá, herra forseti.

Af því að ég nefni það til sögunnar er rétt að ég vitni í það, með leyfi forseta, en í því segir:

„Á næstu dögum og vikum verður tekin til afgreiðslu á Alþingi samgönguáætlun til næstu 12 ára, unnin á vegum samgönguráðuneytisins. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að hlutur höfuðborgarsvæðisins í heildarfjárveitingum til nýframkvæmda verði aðeins 28,5% að meðaltali fyrstu fjögur árin."

Og það er alveg greinilegt að hópurinn sækir upplýsingarnar í þessa bók og gerir þar af leiðandi ráð fyrir því að þetta sé plaggið sem lagt verði fram næsta haust.

Áfram segir í bréfinu, herra forseti:

„Þegar litið er til þess að á árunum frá og með 1995 til og með 2001 var þetta hlutfall á bilinu 21–29% má segja að fjárveitingar til höfuðborgarsvæðisins hjakki í sama fari. Þetta ástand er með öllu óásættanlegt fyrir íbúa þessa svæðis sem eru 62% allra Íslendinga. Þeir sem nota vegina greiða viðhald þeirra og uppbyggingu í gegnum þungaskatt og bensíngjald og því ætti hlutur höfuðborgarsvæðisins að vera a.m.k. 62% af heildarfjárveitingum."

Þetta er hér einungis sagt, herra forseti, til að lýsa því að almenningur, sem vill fylgjast með umræðum um samgöngumál, tekur sem einhvers konar stefnuyfirlýsingu af hálfu hæstv. samgrh. það sem í tillögu stýrihópsins stendur. Við vorum hvött til að ræða þá tillögu ekki efnislega í 1. umr. þessa máls. Nú sýnist mér eins og málið hafi a.m.k. þá stöðu að almenningur er farinn að taka mark á hlutum sem hér koma fram þannig að ég tel alveg rétt að hæstv. ráðherra geri frekari grein fyrir því hver sjónarmið hans eru í þeim efnum.

Þá vil ég undir lok máls míns, herra forseti, eingöngu ítreka það sem kemur fram í nál. 1. minni hluta samgn. þar sem gert er ráð fyrir því að alþjóðlegar áherslur og skuldbindingar í umhverfismálum þurfi að fá betri stuðning og þeim þurfi að gera hærra undir höfði í þessu frv. en gert er. Sömuleiðis ítreka ég að fjölskylduvæn stefna í samgöngumálum þarf að fá meira vægi og ýta þarf undir umræðu um slíkt.

Að lokum er rétt að geta þess að Landvernd varpar fram tímabærri spurningu um frv. í umsögn sinni um það sem birt er með nál. minni hluta nefndarinnar. Hún beinir ákveðinni fyrirspurn til samgn. sem ég sé ekki í áliti meiri hlutans að hafi verið tekin til umfjöllunar en í umsögn Landverndar segir, með leyfi forseta:

„Landvernd vill vekja athygli á því að innan ESB hefur verið samþykkt tilskipun um mat á umhverfisáhrifum áætlana. Þessi tilskipun mun taka gildi hér á landi innan tíðar. Landvernd hefur ekki haft tækifæri til að kynna sér efni þessarar tilskipunar, en beinir því til samgöngunefndar að athuga hvort og hvernig hún kann að gilda við gerð samgönguáætlana og hvort líta beri til hennar við setningu laga um gerð samgönguáætlunar."

Hér tel ég um að ræða tímabæra spurningu, herra forseti, sem ekki hefur fengist svar við þannig að ég hlýt að ætla að hæstv. samgrh. eða þeir sem gerst til þekkja komi með svar við henni í umræðunum á eftir.

[16:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um samgönguáætlun sem er að mörgu leyti ágætisplagg varðandi stefnumótun til framtíðar og allt gott um þá hugsun að segja sem í frv. birtist, að móta slíka áætlun sem nái síðar yfir aðrar áætlanir, flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun.

Svo hagar til að við í Frjálslynda flokknum eigum ekki fulltrúa í samgn. og langar mig þess vegna að ræða þetta mál örlítið hér. Hér er auðvitað mikið mál á ferðinni, mál sem hefur víðtæk áhrif í samfélagi okkar til framtíðar, bæði byggðaleg, atvinnuleg, félagsleg náttúrlega, og þróunin í þessum málum er ör. Þar ber auðvitað fyrst að nefna að t.d. almennt flug hefur víða verið lagt niður á undanförnum árum og ég tel næsta víst að sú þróun muni halda áfram samhliða því að vegakerfið batnar. Hversu ört það verður er ekki gott að segja, það fer í raun eftir því hvernig vegakerfinu miðar hvaða áfangar koma í þá veru.

En það er alveg ljóst að smátt og smátt verður sama þróunin hér á landi og víða hefur orðið erlendis, að fólk kýs vegina frekar til ferðalaga. Margir nota auðvitað einkabíla en síðan verður sjálfsagt komið á frekari áætlanaferðum til fólksflutninga með batnandi vegum. Þar af leiðandi mun enn draga undan í þeim rekstrargrunni sem flugið hefur og þarf á að halda. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að menn geri sér ljóst. Menn vita auðvitað að þessi hefur þróunin verið og ekkert bendir til annars en að þróunin verði í þessa veru áfram þannig að með batnandi samgöngum á vegakerfi landsins muni flugið eiga undir högg að sækja.

Sú þróun hefur auðvitað verið erlendis, eins og ég gat um áður, að þar þykir ekki tiltökumál að keyra í einn og hálfan til tvo klukkutíma til að komast að flugvelli. Þó að því sé kannski ekki saman að jafna á okkar landi sem búum við harðari vetur og á norðlægari slóðum er hætt við því að þróunin verði með batnandi samgöngum samt sem áður smátt og smátt sú sama, að menn muni taka þá ákvörðun oft og tíðum að velja sér ferðamáta eftir þjóðvegum landsins. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hafa í huga og taka það mjög gaumgæfilega með í umfjöllun þegar kemur til þess að móta þá framtíð sem við þurfum að takast á við og þessi áætlun gerir ráð fyrir að við mótum til nokkuð langs tíma en inn í hana komi síðan þessar fjögurra ára áætlanir.

Þegar á að fara að ræða um vegamál, þó að ég ætli ekki að gera það í mjög löngu máli, er vert að minna á að sumir landshlutar eru talsvert á eftir í lagningu vega með varanlegra slitlagi. T.d. má benda á Vestfirði sérstaklega og norðausturhornið að ég hygg þar sem þyrfti að gera verulegt átak.

Síðan ætla ég aðeins að víkja í máli mínu að hinni miklu þróun í völuflutningum. Völuflutningarnir hafi farið yfir á þjóðvegina mikið hraðar en menn áttu kannski von á. Og þó að í fylgiskjali frá minni hlutanum, því fylgiskjali sem oft hefur verið vitnað til í þessari umræðu og er umsögn frá Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, sé alveg réttilega bent á hversu mikla orku má spara með því að nota skipaflutningana og hversu miklu stærri einn skipsfarmur er en bílfarmur hefur þetta samt þróast þannig að stór hluti flutninganna hefur farið yfir á vegakerfi landsins.

Ég tel í sjálfu sér að það sé ekki æskileg þróun og væri æskilegra að a.m.k. svokölluð þungavara héldi áfram að fara með skipum. Það sem gerst hefur í sementsflutningum tel ég heldur ekki æskilega þróun. Ég hygg að í sementsflutningunum sé ekki hægt að benda sérstaklega á það að ekki hafi mátt ná sömu hagkvæmni með því að flytja sementið sjóleiðina eins og að setja þá flutninga á þjóðvegina, en tíu sementsflutningabíla þarf til að taka við þeim farmi sem sementsflutningaskipið hefur flutt og orkunotkunin er miklu meiri með flutningabílunum fyrir utan slit á þeim vegarkafla frá Akranesi gegnum Hvalfjarðargöng og síðan til Reykjavíkur til aðalmarkaðssvæðisins. Ég tel því að ákveðin afturför hafi orðið með því að setja þetta yfir á þjóðvegakerfi landsins. Það má auðvitað færa fyrir því rök að það sé líka ákveðin afturför að fara með þungaflutningana yfir í flutningabílana á öðrum vegarköflum landsins í svo miklum mæli sem verið hefur á undanförnum árum.

Hins vegar er ekki auðvelt við þetta að eiga því að gerð er krafa til þess að auka hraða í flutningum og þeir sem framleiða vöru þurfa oft á því að halda að koma vörunni í flutningafar til útlanda á ákveðnum dögum, þannig að það er vissulega hægt að færa fyrir því rök að slíkir flutningar skuli hafa færst yfir á þjóðvegina.

Ég hef líka áður látið þess getið úr þessum ræðustól að auðvitað er það svo að þjónustugreinar á landsbyggðinni, bæði verslun og viðgerðaverkstæði sjá sér hag í því að geta treyst á það að völuflutningar til þeirra berist daglega og þurfi þar af leiðandi ekki að liggja með stóran lager og fjármuni og geymsluhúsnæði fyrir lager, hvorki í almennri dagvöru né í vöru fyrir iðnað og verkstæði nema tímabundið og nánast það sem menn sjá fyrir að þeir noti næstu vikuna eða hálfan mánuð. Slíkir völuflutningar á þjóðvegunum hafa auðvitað tryggt það og þess vegna hefur þessi þróun örugglega orðið jafnhröð og verið hefur.

Það breytir því hins vegar ekki að þó að mikið hafi verið unnið að lagfæringu á þjóðvegakerfi okkar á undanförnum árum þá er þjóðvegakerfið enn þannig að ekki er beint fýsilegt að mæta tugum flutningabíla á þjóðvegunum, og er það ekki endilega vegna þess að þeir menn sem keyra flutningabílana séu hættulegir bílstjórar eða eitthvað slíkt, því er yfirleitt ekki til að dreifa, heldur er vegakerfi okkar þannig úr garði gert, mjótt, og aðstæður oft þannig að það er ekkert gamanmál að þurfa að mæta stórum flutningabílum með aftanívagn. Þetta á náttúrlega einkum við að vetrarlagi en auðvitað eru allar aðstæður betri í landsamgöngum á þjóðvegum landsins yfir sumartímann.

Það er því að miklu að hyggja þegar á að fara að móta framtíðarstefnu um samgöngur í lofti, láði og legi við þær öru breytingar sem orðið hafa á undanförnum árum og virkilega æskilegt að vanda þar til verka. Þess vegna verð ég að segja að ég get að flestu leyti tekið undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan um hið fyrirhugaða samgönguráð sem gert er ráð fyrir í 3. gr. Þar er gert ráð fyrir að þeir sem þar eru nefndir sitji í samgönguráði, þ.e. flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Þetta eru menn sem starfs síns vegna hljóta ævinlega að vera að hugleiða störf sín sem ná yfir þau svið sem hér eru nefnd, en það tryggir ekki endilega að önnur sjónarmið séu þar inni.

Samgönguþinginu er sennilega ætlað að uppfylla það að hin mismunandi sjónarmið nái inn í ráðgjöfina og þeir sem þar um fjalla í samgönguráði geti tekið mið af því. Vonandi verður það svo. En það kann vel að vera að samgönguráðið

hefði átt að vera öðruvísi samsett og að þeir menn sem eru taldir upp í 3. gr. væru þá því til ráðgjafar og störfuðu með því.

En ekki er þar með sagt að það sem hér er upp sett nái ekki að vinna eins og að er stefnt en við getum vissulega haft mismunandi skoðanir á því hvort æskilegt væri að fleiri sjónarmið kæmu utan að heldur en beinlínis frá þeim mönnum sem eru starfandi eingöngu í þessari grein og störf þeirra eru auðvitað aðgengileg ráðuneytinu á hverjum tíma.

Þetta er í meginmáli það sem ég vildi víkja að. En ég legg áherslu á það sem ég hef áður sagt að það er mikið mál að skoða víðtæka samgönguáætlun til framtíðar og við erum á miklum breytingatímum í samgöngumálum. Ég tel að það sem við þurfum að huga sérstaklega að í samgöngumálunum á næstu árum sé að efla og byggja upp vegakerfið. Þar verðum við að leggja mikla áherslu á að horfa á vegakafla sem geta stytt leiðir, stytt aksturstíma milli byggðarlaga. Ég tel að stytting á ökuleið milli aðalvöruhafna landsins sem eru hérna suðvestan lands og landsbyggðarinnar skipti landsbyggðina afar miklu máli og sé í raun og veru stór hluti af því að tryggja það að landsbyggðin geti haldið velli og geti stuðlað að því að þar dragi úr fólksfækkun og jafnvel að núverandi þróun verði snúið við.

Ég held að fólkið sjálft í landinu hafi í rauninni sýnt okkur nokkuð hvernig það metur hlutfallið á milli flugsamgangna annars vegar og samgangna á þjóðvegum hins vegar. Ég hygg að svo verði að þegar tekst að aka frá Reykjavík og til landsbyggðarinnar á u.þ.b. fjórum klukkutímum eða innan við það fari menn að vega það og meta með sjálfum sér, þeir sem nota þjónustuna, hvort þeir eigi heldur að aka og leggja það svolítið að jöfnu, eða nota flugvélar.

Ég dreg þá ályktun af því að ég held að það sé rétt að ekki var tekin bein formleg ákvörðun um að leggja niður flug á Blönduós eða leggja niður flug til Stykkishólms. Og ætli það hafi ekki verið tekin formleg ákvörðun um að hætta flugi á Sauðárkrók vegna þessa. (Gripið fram í.) Er flogið þangað í dag, föst áætlun? Það er Íslandsflug, akkúrat. Þangað flaug Flugfélag Íslands og ég hygg að þeir hafi tekið ákvörðun um að það flug hafi ekki verið nægilega arðbært. Hluti af því er örugglega sá að vegakerfið hefur verið að batna á undanförnum árum og menn velja frekar að aka. Ég hygg að það geti virkilega farið svo að með styttingu leiða t.d. til Vestfjarða, ef þar væri farin sú leið sem virkilega næði að stytta vegalengdir og lagfæra vegakerfið t.d. til norðurhluta Vestfjarða og suðurhluta Vestfjarða, þá mundu aðrir samgöngukostir sem þar eru í boði núna, eins og flugið, eiga talsvert erfitt uppdráttar. Og vafalaust yrði þar sama þróun og orðið hefur annars staðar að flug með stærri flugvélum legðist af og minni flugvélar yrðu kannski með fleiri ferðir sem þjónustuðu svæðið vegna þess að fólkið sjálft tæki þá ákvörðun að aka þjóðvegi landsins í miklum meiri mæli en ella væri.

Þetta held ég að sé hinn kaldi veruleiki og við þurfum vissulega að taka mið af því þegar við erum að ákveða hvernig við stýrum fjármunum til samgangna á komandi árum. Sama á auðvitað við um siglingarnar. Það væri að mínu viti æskilegt að geta látið sjóflutningana taka þungavöruna. Ég sé hins vegar ekki alveg fyrir mér að við getum beinlínis stýrt því. Þetta er þróun sem við höfum séð víða annars staðar og ég held að samgönguáætlun til framtíðar verði að taka mið af því.

Ég vil að lokum lýsa því yfir að ég er almennt nokkuð sammála þeirri stefnumótun sem lagt er upp með í frv. samgrh.

[16:26]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög sammála þeim áherslum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom með varðandi mikilvægi samgangna í byggðamálum og ég hygg að hann geti líka verið mér sammála um að það sem hefur farið mest úrskeiðis eða verið minnst eftirfylgni þrátt fyrir allt í stefnu í byggðamálum eru einmitt samgöngurnar og áherslur og átak í samgöngumálum þó svo að þar hafi líka margt vel unnist, en þá eru samgöngumálin það mikil forsenda fyrir því að hinn pólitíski vilji í byggðamálum nái fram að ganga.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki að það væri styrking fyrir lagarammann um samgönguáætlunina ef sú brtt. sem ég hef lagt fram mundi koma inn í lagatextann sjálfan sem væri: „Samgönguáætlun skal vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum.“ Að þetta kæmi þarna klárt inn, ekki bara ákvæðið um arðsemi eða hagkvæmni fjármagnsins eins og tíundað er í lagagreininni, heldur líka að þessi samfélagslega sýn væri miklu sterkari í frv. og ef þessi tillaga mín næði þar inn, þá mundi hún tryggja það miklu betur.

[16:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get lýst því að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að styðja þá tillögu sem hv. þm. gerði hér að umræðuefni og birtist í tillögu minni hlutans varðandi breytingu á texta í 2. gr. Ég held að það sé bara til bóta sem þar er lagt til og geti alls ekki skaðað.

Ég hef því gefið mér það að í samræmi við málflutning minn varðandi byggðamál og almenningssamgöngur þá mundi ég styðja þetta og get svo sem lýst því yfir núna þó að ég hefði hugsað mér að styðja það í atkvæðagreiðslunni.

Almennt um átak í samgöngumálum þá held ég, og lét þess ábyggilega getið í ræðu minni áðan, að það væri mikið mál fyrir landsbyggðina að gera átak í samgöngumálum og að þar væri sérstaklega tekið tillit til þess að reyna að stytta vegalengdir og gera akstur á þjóðvegum öruggari. Tvö markmið: Stytting vegalengda og aukið umferðaröryggi.

[16:29]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir undirtektir hv. þm. Ég tel það vera mikið mál að þessi atriði komist inn í sjálfan lagatextann því að í lagatextanum stendur, með leyfi forseta: „að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla“ og enginn kastar rýrð á það en það má ekki vera eina markmiðið sem við drögum fram.

Að vísu er dregin fram nauðsyn þess að haft sé víðtækt samspil um samgöngumáta og samstarf stofnana samgrn. Mér finnst síður vera þörf á að setja í lagatextann að stofnanir samgrn. eigi að vinna saman.

Mikilvægir þættir samgangna sem lúta að byggðamálum eru byggðastyrkingar, þeir lúta einnig að umhverfismálum, öryggismálum og almenningssamgöngum og eru undirstaða byggðar í landinu. Ég tel mjög mikilvægt að áherslur á þessa lund séu með skýrum hætti teknar inn í samgönguáætlunina, lagaramma hennar, ekki bara arðsemi fjármagnsins. Þess vegna legg ég þunga áherslu á að þetta komist áfram inn í sjálfan lagarammann.

[16:30]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg við 2. umr. um frv. til laga um samgönguáætlun. Eins og margoft hefur komið fram er verið að vinna að undirbúningi heildarsamgönguáætlunar til tólf ára, að samræmingu allra þeirra áætlana sem gerðar hafa verið, hvort sem það er flugáætlun, siglingamálaáætlun eða vegáætlun, setja þær saman í eina heildstæða samgönguáætlun sem er til tólf ára og endurskoðuð á fjögurra ára fresti og hins vegar fjögurra ára áætlun sem verður endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Ég held, herra forseti, að tímabært sé að gera þetta — reyndar löngu tímabært. Vinnubrögð sem þessi hefðum við átt að taka upp fyrir lifandis löngu, þ.e. gera heildstæða áætlun um samgöngur. Í því sambandi nægir að lesa tillögur stýrihóps að samgönguáætlun. Þá sjáum við hver þróunin hefur verið undanfarin ár, t.d. með flugvelli sem ég ætla reyndar að koma að síðar.

Ég hef skrifað upp á það nál. sem liggur hér fyrir með fyrirvara en hef svo sem ekki miklu við það að bæta. Hins vegar vil ég segja almennt um þau mál sem hér er verið að ræða að ég hef verið dálítið hugsi yfir því hvernig samgönguráð eigi að vera skipað. Eins og fram kemur í frv. er gert ráð fyrir að þar sitji flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri, auk fulltrúa samgrh. sem jafnframt verði formaður. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þau skref sem þarna eru stigin, þ.e. að skipunartími fulltrúa samgrh. er fjögur ár en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem situr eða skipar. Ég held, herra forseti, að þetta sé gott ákvæði vegna þess að auðvitað á það að vera þannig að nýr ráðherra á að geta skipað nýjan formann, trúnaðarmann sinn, til að vinna þau verk sem þarna þarf að vinna og fylgja eftir stefnumálum viðkomandi ráðherra, þess flokks sem hann situr fyrir og viðkomandi ríkisstjórnar.

Ég hef hins vegar sett spurningarmerki við það hvort það er endilega besta skipunin, að hafa samgönguráð. Þó svo að hér sé gert ráð fyrir að halda samgönguþing þar sem ýmsum hagsmunaaðilum verður boðið að sitja og koma að þá er það auðvitað á seinni stigum málsins.

Hér kemur fram að þessari tólf ára samgönguáætlun sé ætlað að verða mun víðtækari en fyrri áætlanir á sviði samgöngumála, eins og ég gat um áðan, þessar þrjár áætlanir. Auk framkvæmdaáætlunar og stefnumótunar er ætlunin að skilgreina í henni það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna í landinu, eins og segir í nál. Þá er ætlunin að hún taki jafnframt til öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna, fjármögnunar samgöngukerfis o.fl. Ég ætla víkja aðeins nánar að þessum fjórum þáttum sem ég taldi upp hér síðast.

Kem ég þá fyrst að umferðaröryggismálum og vil lýsa því strax að ég tel að umferðaröryggismál eigi að hafa stærri hlut í þessari samgönguáætlun. Ég hef reyndar verið lengi þeirrar skoðunar að umferðaröryggismál eigi að vistast í samgrn. og heyra undir samgrh. en ekki vera í dómsmrn. og heyra undir dómsmrh. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. samgrh. hvort ekki hafi komið til tals að gera þá breytingu í stjórnkerfinu að umferðaröryggismál yrðu flutt úr dómsmrn. til samgrn. Hann er auðvitað þáttur í þeirri áætlun sem hér er talað um. Umferðaröryggismál hljóta að koma mjög mikið inn á þetta svið, þ.e. verkefni í samönguáætlun og náttúrlega sérstaklega hvað varðar vegamál. Þetta eru hlutir sem fara sérlega vel saman og þess vegna langar mig að heyra útskýringar hæstv. samgrh. á því hvers vegna það skref hefur ekki verið stigið að færa umferðaröryggismálin undir samgrn.

Hér er jafnframt talað um almenningssamgöngur. Eins og við vitum þá hafa almenningssamgöngur átt mjög í vök að verjast, sama hvort um er að ræða flugsamgöngur eða rútubílaakstur og er sannarlega ekki vanþörf á að taka það til heildarendurskoðunar og skipulagningar til að koma þar á betra lagi. En þar kemur náttúrlega inn í rekstrargrundvöllur slíks almenningssamgangnakerfis og við sjáum hvernig málin eru að þróast í flugsamgöngum.

Ég hika ekki við að halda því fram að fækkun farþega í flugi er fyrst og fremst vegna þess hve flugið er dýrt. Menn voru að ræða um Sauðárkróksflugvöll áðan, þar sem Flugfélag Íslands hætti að fljúga í venjubundnu áætlunarflugi með vélum sínum, sem fyrir nokkrum árum voru 50 sæta Fokker Friendship vélar. Þeim farþegum er nú þjónað af ágætu flugfélagi, Íslandsflugi, sem flýgur þangað að vísu tvisvar á dag, kvölds og morgna, með 20 manna vélar. Nú kann að vera að farþegum hafi kannski ekki mikið fækkað en með bættum vegum, bættu vetrarviðhaldi, meiri mokstri, hálkuvörn og þess háttar er líklegra að menn taki þann kostinn að keyra. Það segir sig sjálft að þurfi tveir eða fleiri aðilar úr sömu fjölskyldu að ferðast þá hlýtur peningahliðin að vega mjög þungt þegar tekin er ákvörðun um hvort flogið verði með áætlunarflugi eða farið með bíl. Og þegar ekki eru nú meira en þriggja og hálfs tíma akstur frá Sauðárkróki til Reykjavíkur þá liggur auðvitað í augum uppi hvort verður fyrir valinu.

Þó að það hafi sennilega aldrei verið kannað virðist sem stór hluti þeirra sem nota flug ferðist á vegum t.d. fyrirtækja sem þeir vinna hjá, séu í ýmiss konar þjónustustörfum og öðru slíku sem hefur auðvitað mikið að segja í þessum efnum.

Varðandi vegáætlunina og uppbyggingu vega þá ætla ég ekki að fara mikið út í þá umræðu hér en auðvitað má hafa langt mál um uppbyggingu vegakerfisins. Þeir sem ferðast mikið um á landsbyggðinni hafa svo sem kynnst ýmsu í þessum efnum. Auðvitað á eftir að gera margt á mörgum svæðum. Inn í það blandast m.a. það sem kemur fram í tillögum stýrihóps um samgönguáætlun. Þar er á bls. 16 það sem ég kalla stundum hið ófagra litakort sem sýnir þróun byggðar frá 1990–2000. Það skyldi þó ekki vera þannig að lesa mætti töluvert út úr þessari áætlun þar sem fólki hefur fækkað mjög mikið á landsbyggðinni, að þar séu um leið töluverðir erfiðleikar í samgöngumálum? Skiptir þá ekki máli hvort maður tekur t.d. eins og norðausturhornið, þar sem talað var um að fækkað hefði um 3,3% og svæðin hér allt í kring, þar sem eru eins og ég segi ískyggilegar tölur, mjög háar og ógnvekjandi, auðvitað blandast þar inn í vegakerfið og samgöngur við viðkomandi svæði o.s.frv.

Það sýnir náttúrlega hvað við eigum geysilega mikið eftir í að byggja upp vegi víðast hvar á landsbyggðinni, og það er auðvitað mjög alvarlegt mál, að nú árið 2002 séu sumir vegir jafnvel ekki með 5 eða 7 daga snjómokstur, hafi ekki verið byggðir upp og séu hálfgerðir moldartroðningar, svo maður noti nú ekki sterkari orð.

Inn í þessa þróun blandast auðvitað líka flugsamgöngur. Eins og ég gat um áðan eru þær stöðugt að verða erfiðari og erfiðari, vegna kostnaðar fyrst og fremst. Á áttunda áratugnum voru í notkun 30 áætlunarflugvellir en í dag eru þeir eitthvað um 11 eða 12. Reyndar er það misvísandi í þessari

skýrslu, þ.e. hvort þeir eru 11 eða 12. En þetta er auðvitað ískyggileg þróun sem verður að hafa í huga. Nokkrir staðanna eru ekki mjög langt hér frá höfuðborgarsvæðinu, tökum sem dæmi flugvelli á Snæfellsnesi, t.d. Stykkishólmi. Þetta er stutt vegalengd að keyra og stuttur ferðatími á bíl gerir flugið einfaldlega ekki samkeppnishæft.

Öðru máli gegnir um aðra staði sem eru á korti á bls. 79 í samgönguáætluninni sem sýnir flugvelli með áætlunarflugi árið 2000 og áætlunarleiðir. Þessum flugvöllum er skipt upp í flokka. Hér eru flokkaðir í fyrsta flokk flugvellir með allar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar, þ.e. að þær flugbrautir þurfa að vera 1.400 metrar eða lengri. Síðan er fjallað um allan öryggisútbúnað, malbik, steypt plön og annað slíkt.

Í öðrum flokki eru flugvellir sem eru 1.200 metrar. Þetta leiðir hugann að þessari áætlun sem hér er sett fram og því sem við erum hér að fjalla um, þ.e. þessa heildstæðu samgönguáætlun: Hvað ætlum við að gera við ákveðna staði á landsbyggðinni sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru um flugvelli, þ.e. fyrir fyrsta flokk og jafnvel ekki annan flokk? Engu að síður eru staðirnir mjög háðir flugsamgöngum.

Ég sé að hæstv. samgrh. hefur þurft að bregða sér frá en ég ætla samt sem áður að halda áfram ræðu minni og leggja spurningu fyrir hæstv. ráðherra þegar hann kemur aftur. Ég er hér að fjalla um nokkra smástaði sem eru ákaflega háðir flugsamgöngum. Þar hafa verið settar upp flugsamgöngur sem styrktar eru af ríkissjóði vegna þess að þær flugsamgöngur báru sig ekki og í raun og veru er ekkert óeðlilegt við það. Það er í sjálfu sér bara mjög eðlilegt að það sé tekið upp og nægir í því sambandi að nefna flugvellina að Gjögri, í Grímsey og á Vopnafirði.

Samkvæmt því plani sem hér er sett upp get ég ekki séð að flugsamgöngur til þessara staða haldi áfram í framtíðinni ef við skilgreinum þessar kröfur svo þröngt sem hér er, ef ekkert verður gert til að bæta það. Tökum bara sem dæmi Grímsey. Ég held að í samgönguáætlun sem við munum gera og fjalla um í haust verði að hafa í huga áætlunarflug til Grímseyjar. Með öðrum orðum: Grímseyingar geta ekki sætt sig við að samgöngur þeirra byggist eingöngu upp á ferjusiglingum. Því ætlaði ég að spyrja hæstv. samgrh. út í hvað ætti að gera í þessum efnum. Í raun er nákvæmlega sama staða á Vopnafirði þó að staða Grímseyjar sé náttúrlega sérstök. Vopnafjörður hefur verið tengdur flugi frá Akureyri, þegar flogið er frá Akureyri til Þórshafnar og Vopnafjarðar eða öfugt. Ég get ekki séð að flugvöllurinn á Vopnafirði muni uppfylla þau skilyrði sem hér eru sett.

Hvað á að gera við flug til Vopnafjarðar? Þar verður að mínu mati að tryggja þær lágmarksaðstæður sem hægt er að setja um flugvöll þannig að hægt sé að stunda áætlunarflug þangað eins og gert er nú, þó svo að það sé í tengingu við Þórshöfn. Vopnfirðingar munu ekki geta, svo ég taki það sem dæmi, ferðast að vetrarlagi til Egilsstaða svo vel sé til þess að ná þar í flug, og ferðatíminn, akstursleiðin frá Vopnafirði til Reykjavíkur er mjög löng og yfir erfiðan fjallveg er að fara frá Vopnafirði. Þess vegna hlýtur það að koma inn í þessa áætlun að taka á þessum stöðum með aðgerðum, ég ætla ekkert endilega að segja sértækum aðgerðum, en það verður sérstaklega að hafa þetta í huga nákvæmlega eins og með Gjögur. Vetrarsamgöngur eru ekki mjög tryggar við Gjögur og þangað er flogið áætlunarflug sem hefur verið boðið út og er styrkt. En að mínu mati verður að skoða sérstaklega brautir á þessum flugvöllum sem ég hef fjallað um.

Ég sé svo að í þessu sama korti er heimastaður minn, Siglufjörður, merktur eins. En það er ekki nema sennilega eitt til eitt og hálft ár síðan fastbundið áætlunarflug lagðist af frá Reykjavík til Siglufjarðar. Það er sett inn í áætlunarleiðina Reykjavík/Sauðárkrókur með rútuferðum bæði kvölds og morgna milli Sauðárkróks og Siglufjarðar. Ég hika ekki við að halda því fram að auðvitað styrkir þetta flug þjónustuaðilans til Sauðárkróks þó svo að Siglfirðingar í sjálfu sér hefðu helst kosið að flogið yrði alla leið eins og var. Meira að segja við þann góða stað hafa samgöngur breyst því það er orðið töluvert auðveldara að keyra þangað eftir að vegurinn var lagður bundnu slitlagi alla leið.

Herra forseti. Þessi atriði vildi ég nefna í ræðu minni vegna þess að þó að við séum að tala hér um göfugt og gott markmið með samgönguáætlun til 12 ára sem tekur á öllum þessum þáttum, sama hvort þeir eru í lofti, láði eða legi, þá verður samt sem áður að fara mjög gaumgæfilega í gegnum þetta gagnvart mjög mörgum byggðarlögum á Íslandi. Ef það þarf, herra forseti, að taka á nokkrum stöðum með sértækum hætti þá er það mín skoðun að það verði að gerast með því að skoða þessa þætti. Með öðrum orðum, svo ég taki bara skýrt dæmi, þá tel ég að Vopnfirðingar verði að hafa aðgang að flugsamgöngum. Þó það flug sé tengiflug frá Akureyri þá er það auðvitað mjög gott, tengt við Þórshöfn. Það gerir það að verkum að rekstraraðilinn hefur vonandi betri rekstrarskilyrði.

Herra forseti. Svona rétt í lokin, þá er það náttúrlega kaldhæðni örlaganna að áætlunarflug hefur lagst af á Húsavíkurflugvelli þrátt fyrir þá glæsilegu og miklu aðstöðu sem byggð hefur verið upp þar, þ.e. flugbraut með bundnu slitlagi og allt það, en áætlunarferðir eru á milli Húsavíkur og Akureyrar. Ég get ekki alveg sagt fyrir hvað löngu verið var að byggja upp flugvöllinn á Húsavík. En það er ekki mjög langt síðan og það sýnir okkur kannski og segir að við hefðum átt að vera búin að skoða þetta heildstætt miklu fyrr. Þess vegna er gott að þetta skuli loksins vera að koma fram núna.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. samgrh. er ekki í salnum. Ég er þó ekkert endilega að láta kalla eftir honum til þess að geta lagt fram þessar spurningar. Ég mun þá gera það frekar bara ... (Gripið fram í.) Ég mun þá kannski leggja þær spurningar fyrir hæstv. samgrh. við lokaræðu hans hér á eftir. En það var nú þetta helst sem ég vildi fara í ...

(**Forseti** (HBl)**:** Það er verið að athuga með hæstv. samgrh. Það er kannski rétt að athuga hvort formaður samgn. sé hér eða varaformaður samgn. sem e.t.v. gæti greitt úr þeim spurningum sem hv. þm. hefur fram að færa.)

Kærar þakkir, hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég var ekki búinn að óska eftir því að hæstv. samgrh. yrði hér við þegar ég legði fram þessar spurningar. Þetta eru örfáar spurningar sem hafa vaknað við yfirferð á tillögum stýrihópsins sem auðvitað blandast inn í þetta mál.

Hæstv. forseti. Rétt í lokin vil ég rifja það upp sem ég vildi spyrja hæstv. samgrh. út í og ég hef gert hér að umtalsefni. Ég var að ræða um flugvelli og hvernig þeir eru skilgreindir sem flokkur 1 og flokkur 2. Út af fyrir sig er ég ekkert að andmæla því að það sé gert þannig. Þetta eru öryggiskröfur sem settar eru fram. Síðan eru í samgönguáætlun eða tillögu stýrihópsins taldir upp flugvellir sem eru í þessum flokkum. Ég vil nota tækifærið hér í lokin og spyrja hæstv. samgrh. út í það sem ég gerði að umtalsefni, þ.e. hvað menn hafa rætt um og hvað menn hyggjast gera gagnvart þeim litlu byggðarlögum sem háð eru flugi í dag sem miklum

samöngubótum en eru með flugvelli sem ekki eru í flokki 1 eða flokki 2. Ég nefndi í því sambandi flugvellina á Gjögri, Grímsey og Vopnafirði. Þá tók ég sem dæmi. Ég gat ekki séð við yfirferð á þessari skýrslu að þeir mundu flokkast undir þessa tvo flokka sem ég nefndi. Þangað eru flugsamgöngur sem eru að vísu styrktar og fé hefur verið veitt í. Spurning mín til hæstv. samgrh. var hvernig menn ætla sér að taka á þessum smærri stöðum þegar heildstæð samgönguáætlun verður rædd og hvort rætt hafi verið í stýrihópnum hvernig með þessa smástaði eigi að fara. Og ég hef hér eingöngu gert að umtalsefni, herra forseti, þá þætti sem varða flugið.

[16:52]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um samgönguáætlun. Ég vil í upphafi máls míns geta þess að tilgangur laganna um að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum er mjög góðra gjalda verður. Það skal gert með samgönguáætlun til 12 ára og fjögurra ára áætlun skv. 4. gr. innan ramma samgönguáætlunar.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði hér í löngu máli grein fyrir sýn okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þessu máli þannig að ég skal í sjálfu sér ekki vera langorður. En ég vil benda á það í umræðunni að það er alveg nauðsynlegt að við á hinu háa Alþingi tökum hvern og einn þátt til umfjöllunar og mörkum okkur stefnu um hvernig við viljum sjá samgöngumálin í landinu þróast.

Ég vil meina að við séum í miklum ógöngum hvað varðar samgöngumál víða. Hv. þingmönnum hefur orðið tíðrætt um flugmálin sem hafa tekið miklum breytingum núna á örfáum árum og ég tel að það sé þróun sem menn hafa bara látið yfir sig ganga án þess að hafa nokkra heildstæða sýn eða mótað sér stefnu um það hvernig þeir vildu sjá flugmálin þróast í landinu. Það er alveg augljóst að á sínum tíma þegar flugið var gefið frjálst, þ.e. félögum var att út í samkeppni í fluginu, þá leiddi það til gríðarlegra breytinga. Bæði stóru flugfélögin sem kepptu hart á þessum markaði gengu mjög nærri sér hvað varðar eigið fé og landsmenn allir vita til hvers það leiddi. Það leiddi til þess að annað flugfélagið hætti á mörgum leiðum og hitt flugfélagið var mjög illa leikið fjárhagslega eftir þessa rimmu. Það varð til þess að verð flugmiða hefur hækkað gríðarlega og áfangastöðum fækkað.

Þetta hefur gerst bara eftir þróun markaðarins, getum við sagt, og í strjálbýlu landi eins og Íslandi er auðvitað afleitt að láta hluti þróast með slíkum hætti án þess að menn hafi nokkra tilburði á hinu háa Alþingi til þess að marka stefnu og stýra þróuninni.

Í mínum huga er það alveg augljóst mál að samkeppni gat aldrei gengið inn á flugvellina á Íslandi með þeim hætti sem leyft var á sínum tíma. Sjá mátti fyrir að það mundi leiða til þess að menn yrðu hart leiknir peningalega enda er árangurinn kominn í ljós núna, þ.e. færri staðir og gríðarleg hækkun á verði. Það hefur síðan leitt það af sér að menn veigra sér við að nota þessa þjónustu og grípa frekar til bílsins. Það er alveg bráðnauðsynlegt fyrir okkur að marka stefnu og sjá hvert þróunin leiðir okkur, að stýra þróuninni í samgöngumálum og samhæfa, og að því leyti til get ég tekið undir það sem lagt er til í þessu frv., að tilburðir til þess að samhæfa og líta til lengri tíma eru góðra gjalda verðir.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram brtt. sem eru algjörlega nauðsynlegar við þetta lagafrv. að mínu mati því að við verðum að setja inn í frv. heildstæða sýn á það hvernig við viljum þróa þessi mál. Í brtt. hv. þm. Jóns Bjarnasonar er lagt til að samgönguáætlun skuli vera í samræmi við stefnumörkum stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum. Það er nauðsynlegt að þeir sem vinna að stefnumörkun og áætlanagerð í þessum málaflokki viti nákvæmlega hver hugur stjórnvalda er varðandi þróun þessara mála þannig að þeir geti samhæft.

Við sjáum afleiðinguna af sofandahætti undanfarinna ára. Það er sorglegt til þess að vita þegar við lítum til baka að við sitjum uppi með fullbúna flugvelli með glæsilegum flugstöðvum víða um land sem ekkert eru notaðir. Ef það var ætlun stjórnvalda á sínum tíma að stuðla að þessari þróun þá er augljóst að það var óráðlegt og ónauðsynlegt og raunar alveg út í hött að eyða þvílíkum fjármunum sem búið er að eyða í bæði flugvellina og flugstöðvarnar ef hugur stjórnvalda laut að því að framkalla þá þróun sem orðið hefur. Ég lít svo á að það hafi verið gert með þegjandi samkomulagi.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum tilbúin í umræðu um samgönguáætlun á grunni sýnar okkar á umhverfismálin út frá samgöngumálum, á umferðaröryggismálin, sem eru stór þáttur og veigamikill, byggðamálin og auðvitað almenningssamgöngurnar. Ég vil benda á í því sambandi að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram þáltill. um tvo pósta sem við teljum að séu mjög mikilvægir í þessu sambandi.

Við höfum lagt fram þáltill. um strandsiglingar. Við teljum að það sé mjög mikilvægt fyrir allra hluta sakir að huga að því á nýjan leik að efla strandsiglingar inn á hafnir landsins þannig að við getum dregið úr því gífurlega álagi sem orðið er á þjóðvegakerfið. Margir hv. þm. hafa bent á staðreyndir mála, hvernig hlutirnir hafa þróast á allra síðustu missirum. Þetta lýtur auðvitað að málum eins og uppbyggingu hafna og hvert við stefnum þar. En við erum augljóslega á alrangri braut hvað varðar flutninga innan lands. Þeir eru allir að færast inn á þjóðvegakerfið sem er engan veginn í stakk búið eða byggt upp til þess að taka við þessum flutningum. Það hefur komið fram í ræðum margra hv. þm. að landflutningar eru dýrari máti. Þeir menga meira. Í staðinn fyrir að stefna að því leynt og ljóst að færa flutningana upp á land þá eigum við að stefna að því að flytja það sem hægt er með skipum í strandsiglingum á ódýrari og vistvænni hátt. Og ef menn eru sammála um að stefna að slíkum breytingum eða slíkri þróun þá þarf að gera áætlun um slíkt.

Það er ekki eins og við, hv. þm. á hinu háa Alþingi Íslendinga, þurfum að finna upp hjólið í þessum efnum. Í raun og veru er unnið í þessa veru í öllum nálægum löndum. Evrópulöndin öll eru á fullri ferð við að endurreisa almenningssamgöngukerfið í flutningunum líka þannig að flutningarnir séu teknir af þjóðvegakerfinu og settir inn á hagkvæmari leiðir út frá vistfræðinni. Verið er að endurreisa járnbrautakerfi, endurreisa flutninga á ám og síkjum og endurreisa flutninga á sjó eins og komið hefur fram í umræðunni. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt og þess vegna vil ég benda á það og draga fram þessa þáltill. sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram á hinu háa Alþingi um endurreisn strandsiglinga, og leggja til að allir tiltækir möguleikar verði skoðaðir til að snúa við þeirri þróun sem nú er í gangi. Og þessi þróun heldur áfram, nú síðast er verið að tala um sementsflutningana sem eru gríðarlega stórt dæmi eins og farið hefur verið í gegnum hér.

Ég vil líka draga fram í þessari umræðu þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram um almenningssamgöngur í Eyjafirði en samin hefur verið skýrsla um almenningssamgöngur í nýju ljósi sem stuðli að því að bæta þær og auka notkun almenningsfarartækja innan svæðisins. Það er alveg bráðnauðsynlegt fyrir okkur, ekki bara fyrir okkur sjálf heldur líka vegna aukins ferðamannastraums til landsins, að við lítum á almenningssamgöngur algjörlega í nýju ljósi. Og þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um almenningssamgöngur í Eyjafirði er byrjunin og módel fyrir því hvernig við viljum fara í þessi mál alls staðar hringinn í kringum landið.

Það er okkur mjög mikilvægt að almenningssamgöngur verði bættar og það er raunar furðulegt að stjórnvöld sem hafa stýrt málum hér um áratuga skeið og gott betur skuli ekki hafa áttað sig á því hvað þau voru t.d. að framkalla í flugmálunum og á móti gert áætlun um almenningssamgöngur sem væru þá til þess að taka við þegar áfangastöðum í fluginu fækkaði. Menn hafa gjörsamlega lokað augunum fyrir nauðsyn þess að fólk eigi möguleika á því að komast með almenningssamgöngum inn á flugvelli landsins, sem nú eru orðnir fáir eftir eins og menn vita, og þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að endurskoða og setja upp nýtt plan fyrir almenningssamgöngurnar.

Það gefur alveg augaleið að almenningssamgöngukerfi fyrir landið allt mun kosta einhver hundruð millj. kr. í framlögum. Það samgöngukerfi sem sett var fram í þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir Eyjafjörð mundi kosta um 32 millj. á ári, ef ég man rétt, þannig að ljóst er að almenningssamgöngukerfi sem væri sett upp fyrir allt landið eftir þeirri sýn sem við höfum á þessi mál mundi kosta einhver hundruð millj. í framlögum en við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að slíkum peningum væri mjög vel varið og mundu þeir leiða til gríðarlegs sparnaðar á öðrum sviðum í samgöngukerfinu.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara koma þessum atriðum að í umræðunni. Þó að hér sé um lagaramma að ræða sem við getum í sjálfu sér öll verið sammála um að sé góðra gjalda verður er alveg ljóst að hér í þinginu verður að fara fram gríðarleg vinna á öllum þessum póstum, hvers konar sýn við höfum, hvernig við viljum þróa samfélagið hvað varðar samgöngur, og það er vinna sem stendur upp á hv. þm. að fara í. Og samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 sem kemur fram og er unnið að af mætu fólki, að sjálfsögðu, er raunar að stofni til mjög mikið almenn lýsing og úttekt á stöðunni eins og hún er í dag. Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, stendur það upp á okkur að koma með útfærðar tillögur um það hvernig við viljum sjá samgöngumálin þróast sem víðast, og setja fram þingmál þar að lútandi. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er tilbúin í þá umræðu og leggur ríka áherslu á að stuðlað verði að samgönguáætlunum og framtíðarsýn í samgöngumálum sem taki mið af öllum þáttum og þá sérstaklega umhverfismálunum en þau eru gríðarlega stór þáttur hvað varðar samgöngumálin.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, ætla ég að láta máli mínu lokið. Ég tel gríðarlega mikilvægt að við hv. þm. verðum vakandi fyrir því að leggja fram stefnumótun okkar og sýn sem er grundvöllur þess að hægt sé að vinna samgönguáætlun sem vit er í til lengri tíma litið.

[17:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað og ekki síður þakka ég hv. samgn. fyrir ágæta vinnu við yfirferð yfir frv. og meðferð hennar á því. Umræður um frv. bera það með sér að það er býsna mikil sátt um málið og hlýt ég að lýsa sérstakri ánægju minni með það.

Vegna þess að hv. þm. hafa talað dálítið eins og hér lægi þegar fyrir samgönguáætlun, þ.e. að þetta ágæta plagg sem er tillaga og skýrsla stýrihóps væri í raun og veru samgönguáætlunartillaga, vil ég undirstrika alveg sérstaklega að svo er ekki. Þetta er fyrst og fremst grundvallarplagg sem byggir á vinnu stýrihópsins sem fékk það verkefni að undirbúa það verk sem þurfti að vinna til að hægt væri að leggja fram frv. sem hér er til meðferðar. Þetta vil ég undirstrika sérstaklega. En ef frv. verður að lögum sem ég vona svo sannarlega að gerist verður tekið til við að vinna samgönguáætlunina. Þá verður byggt á þessari vinnu stýrihópsins og þeirri löggjöf sem væntanlega verður samþykkt.

Hér hafa komið fram nokkrar ábendingar og fyrirspurnir sem ég vildi fara yfir. Í fyrsta lagi var nokkuð rætt um samgönguráð, skipan þess og verkefni. Ég vil undirstrika sérstaklega að samgönguráðið er hugsað sem samræmingarvettvangur þar sem forstöðumenn stofnana, þ.e. vegamálastjóri, flugmálastjóri og siglingamálastjóri, fá það verkefni undir forustu sérstaklega skipaðs fulltrúa ráðherra að samræma undirbúningsvinnu og gera tillögu um samgönguáætlun sem síðan verður að sjálfsögðu lögð fram á pólitíska ábyrgð viðkomandi ráðherra.

Ég tel eðlilegt að hafa þennan hátt á og tel í fyllsta máta eðlilegt að embættismenn, forstöðumenn viðkomandi stofnana, komi með þessum hætti að verkinu. En ég hef undirstrikað eftir sem áður að auðvitað verður að gera ráð fyrir því að hin pólitíska stefnumótun sé unnin á ábyrgð ráðherrans sem hlýtur að sjálfsögðu að leita stuðnings hjá þingmönnum kjördæmanna. Sá háttur hefur verið hafður á hvað varðar vegamálin að þingmenn hafa komið mjög mikið að gerð vegáætlunar með samstarfi við vegamálastjóra og Vegagerðina. Ég tel að það sé af hinu góða og vil ekki búa svo um hnúta að í samgönguráð sé safnað saman hópi sem telji að samgönguráð hafi komist að hinni einu og endanlegu niðurstöðu. Ég tel að þarna þurfi að sjálfsögðu að leita sátta og hafa mikið samráð. Þingmennirnir leika stórt hlutverk í samstarfi við ráðherra. Þetta vil ég undirstrika alveg sérstaklega. Þó að embættismenn séu í meiri hluta í samgönguráðinu er nauðsynlegt að minna á þetta.

Ég vek athygli á því að samkvæmt frv. sem hér er til meðferðar er gert ráð fyrir því að flugráð annars vegar og svo hafnaráð komi til skjalanna og veiti ráðherra umsögn eftir að samgönguráð hefur fjallað um mál og gert tillögur þannig að síðan tekur að sjálfsögðu við hinn pólitíski ferill innan þingflokka o.s.frv. En ég vil að skýrt komi fram að þarna þarf að leita samráðs.

Þá kem ég að því sem nefnt var um samgönguþing. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafði miklar áhyggjur af því að samgrh. væri fjarri og heyrði ekki til þingmannsins en ég hlustaði á þá ræðu. Ég tel afar mikilvægt að efnt sé til þessa samgönguþings til þess að ná að grasrótinni, ef svo mætti segja. Og ég tel af hinu góða að hafa skilgreiningarnar svo opnar að nánast sé hægt að kalla alla þá sem að samgöngumálum koma með einhverjum hætti til slíks þings. Ég tel afar mikilvægt að áður en samgönguráð og aðrir þeir sem koma að þessu fari að slá allt í fastar skorður fari fram umræða. Hugmyndin með þessu samgönguþingi er að fram

geti farið opin umræða um þessi mikilvægu verkefni, og það er nýlunda.

Hv. þm. Kristján L. Möller spurðist fyrir um það hvort ekki hefði komið til greina að færa umferðaröryggismálin undir samgrn. Ég hef ekki talið sérstaka ástæðu til að efna til þeirrar breytingar og hún er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar að þessu sinni. Hins vegar er mikið samstarf milli Vegagerðarinnar og lögreglunnar og í gangi formlegt samstarf og samráð, sem er af hinu góða, enda leggur Vegagerðin mjög mikla fjármuni til umferðaröryggismála og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt. En á þessu stigi sem sagt er ekki gert ráð fyrir þessum breytingum. Í nágrannalöndum okkar heyra umferðaröryggismálin að vísu undir samgrn. En hvað um það, þetta eru breytingar sem ég tel að séu þá seinni tíma mál.

Hv. þm. spurði einnig um flugvellina á Gjögri, í Grímsey og á Vopnafirði og þátt og hlutverk þeirra í samgöngukerfinu. Það liggur alveg fyrir að vitaskuld verður að gera ráð fyrir því að þessir flugvellir verði byggðir upp og þar með flugsamgöngur til Gjögurs, Grímseyjar og Vopnafjarðar tryggðar, og að sjálfsögðu er ekkert sem mælir gegn því. Ég minni á að tillaga stýrihópsins dregur saman upplýsingar um alla flugvelli, og ég tel að það sé eðlilegt að í samgönguáætluninni, þegar hún kemur hér til meðferðar, verði að sjálfsögðu fjallað um þessa flugvelli og hvar þeir eru flokkaðir. Það fer auðvitað ekkert á milli mála að á Gjögri og í Grímsey er alveg óhjákvæmilegt að byggja sem best upp aðstöðu á flugvöllum. Það sama er að sjálfsögðu uppi á teningnum á Vopnafirði en með bættum vegasamgöngum kann það að breytast. En hvað um það, ekki er gert ráð fyrir neinu öðru en að Vopnafjarðarflugvöllur verði áfram inni í þessu kerfi.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e., talaði um að stefnu skorti í flugmálum. Ég er ekki sammála því. Sem samgrh. hef ég lagt mjög skýrar línur hvað varðar flugmálin, þjónustu flugsins í landinu, með því að standa að útboði á tilteknum flugleggjum til þess að tryggja samgöngur með aðkomu ríkisins. Með útboðinu er verið að veita styrki og það er mjög klár stefnumörkun sem felst í því og ég tel að hv. þingmenn hafi fjallað um það á ýmsum vettvangi.

Hv. þm. nefndi einnig að brtt. hv. þm. Jóns Bjarnasonar væri mikilvæg vegna þess að koma þyrfti því að í löggjöfinni að samgönguáætlun fjallaði um umhverfismál og almenningssamgöngur og öryggismál.

Það er sérstaklega tiltekið í grg. með frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samgönguáætluninni er ætlað að verða mun víðtækari en fyrri áætlanir. Auk framkvæmdaáætlana tekur hún til öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna og fjármögnunar samgöngukerfisins svo að eitthvað sé nefnt.“

Það er því alveg kristaltært að gert er ráð fyrir því að samgönguáætlun, og lögin tryggja það þar með, fjalli um þessa þætti, þannig að ég tel að fyrir þessu sé vel séð.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson nefndi einnig endurreisn strandflutninga. Ég held að út af fyrir sig sé ekki ástæða til að hafa mörg orð um það að þessu sinni í tengslum við afgreiðslu frv. Strandflutningar eru sérstakt verkefni, viðfangsefni, sem ekki er einfalt við að eiga, en ég tel að með samgönguáætlun, samræmdri áætlun um uppbyggingu samgöngukerfisins í landinu ættu stjórnvöld að hafa möguleika á því og tæki til þess að móta stefnu á grundvelli þeirrar löggjafar hvað varðar sjóflutninga. Það er þá bara verkefni í framhaldi af afgreiðslu þessa frv. að fjalla um sjóflutninga ef menn sjá leiðir til þess að efla þá. Hins vegar hefur ekki legið alveg á borðinu hvernig það gæti gerst. Skipafélögin hafa í þessu tilviki farið ákveðnar leiðir, ef svo mætti segja. Eimskip siglir enn með ströndinni, Samskip hefur farið aðra leið, þ.e. upp á land. Þetta er auðvitað val þessara fyrirtækja en ef hægt er að finna hagkvæmari leiðir þá held ég að það sé langlíklegast að atvinnulífið, fyrirtækin, finni þær leiðir fremur en að neglt verði niður í löggjöf að sjóflutningar skuli vera til tiltekinna staða. Ég sé ekki alveg hvernig við gætum tryggt það.

En ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég þakka ágæta umfjöllun og meðferð málsins í þinginu.

[17:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er tvennt sem ég vil inna aðeins nánar eftir.

Það fyrra varðar vegáætlun og endurskoðun hennar. Ég heyrði ekki alveg upphaf ræðu hæstv. ráðherra en ég tók ekki eftir að hann kæmi inn á það sem ég geri hér að umtalsefni: Hvenær er þess að vænta að endurskoðuð vegáætlun verði lögð fyrir þingið eða tillögur um útdeilingu á þeim niðurskurði sem þar þarf að fara fram, ef marka má fjárlög, og jafnvel til viðbótar ef það verður tengt við minni tekjur af einkavæðingu og dregið sérstaklega og þar til viðbótar úr framkvæmdum af þeim sökum? Ég hef skilið það svo að þessa þyrfti að sjá stað í ákvörðunum um framkvæmdir á þessu ári og það hlýtur þá að vera keppikefli að það komi fyrir Alþingi fyrr en síðar.

Það seinna varðar skipan samgönguráðs. Mér fannst hæstv. ráðherra, ef ég tók rétt eftir svörum hans, ekki taka mikið undir hugmyndir um aðra samsetningu á því og það eru mér vonbrigði. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það virkilega svo að hæstv. ráðherra geti ekki hugsað sér neina breytingu, neinn af þeim valkostum eða möguleikum sem nefndir hafa verið um aðra samsetningu samgönguráðs? Fyrir það fyrsta og í fyrsta lagi þá, að það kæmi þverpólitísk skipan ráðsins, að við bættust fulltrúar þingflokka, eða þá í öðru lagi, nema hvort tveggja væri, að ráðið verði breikkað faglega, að til viðbótar þessum ágætu embættismönnum sem enginn er að beina spjótum að persónulega, kæmu fulltrúar t.d. umhverfismála, umferðaröryggismála, félags- og byggðamála og jafnvel rannsóknastofnana, þannig að þetta yrði breiðari dýnamískur vettvangur, faglega saman settur. Eða í þriðja lagi að ráðið verði hreinlega tekið út ef ekki er vilji til þess að stækka það eða breikka því að það er í raun vandséð að það þjóni miklum tilgangi að samgrn. fundi með þessum ágætu embættismönnum sínum sérstaklega undir þeim formerkjum að það heiti ráð. Það þarf ekkert að kalla það því nafni. Menn geta bara unnið málin saman án þess.

[17:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig minnir að í ræðu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti hér og vitnaði í ágætt rit sem hann sem samgrh. gaf út þar sem m.a. var fjallað um samgönguráð, hafi ekki verið svo langt frá lagi að farin væri svipuð leið og hér er lögð til.

Hins vegar er það svo að frv. gerir ráð fyrir þessari skipun. Samgn. hefur fjallað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að gera ekki breytingu. Ég hef því ekki skipt um skoðun frá því ég mælti fyrir frv. og tel að hér sé skynsamlega að verki

staðið með þessa tillögu og fjarri lagi að leggja til að fella burt þetta mikilvæga ráð.

Hvað varðar vegáætlun, þá verður náttúrlega heilmikil breyting með samþykkt þessa frv. og við gerum ráð fyrir því að vinna samgönguáætlunina í sumar og leggja fram í haust áætlun sem tekur þá yfir gildandi vegáætlun, hafnaáætlun og flugmálaáætlun o.s.frv. En tillögur um frestun framkvæmda munu koma fram hér alveg á næstunni, þ.e. frestun framkvæmda til samræmis við fjárlög á þessu ári, vegna þess að vegáætlun gerði ráð fyrir hærri fjárhæðum en fjárlögin. Við þurfum því að taka á því. Og ekki mun líða langur tími þar til um það verður fjallað í þinginu.

[17:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka aftur fyrir svörin. Það er mjög mikilvægt að fá þær upplýsingar að hér sé að vænta tillagna um breytingu á vegáætlun eða tillagna um hvernig með skuli farið og hvaða framkvæmdir það verði sem verður frestað eða slegnar af vegna þess niðurskurðar sem boðaður er og blasir við.

Varðandi samsetningu samgönguráðsins aftur þá minnti mig að það ráð sem lagt var til í tillögum 1991 hafi verið talsvert miklu breiðara að samsetningu. Ég skal fletta upp á því, það er best að segja ekki meira en maður getur örugglega staðið við en það kæmi mér á óvart ef svo hefði ekki verið og þetta væri ekki rétt munað. Ég man a.m.k. að sú nefnd sem að því vann og það undirbjó var mjög breið og í henni sátu fulltrúar aðila eins og ferðaþjónustunnar, fulltrúar frá háskólum, frá umhverfishlið og fleiri slíkir aðilar. Og þannig tel ég heppilegast að þetta sé vegna þess að samgöngurnar hafa svo breiða skírskotun og tengingu inn í svo marga málaflokka. Að þessum ágætu embættismönnum aftur ólöstuðum, þá held ég að það væri frjórra að kalla þarna fleiri til.

[17:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans við þeim spurningum sem ég lagði fram, sem voru eingöngu út frá flugsamgöngum til þriggja, fjögurra staða sem ég gerði að umtalsefni og vitnaði í tillögu stýrihópsins.

Ég fagna því mjög sem kom fram í máli ráðherra að þrátt fyrir flokkun flugvalla í flokk 1 og flokk 2 þar sem þessir umræddu flugvellir, þ.e. á Gjögri, Grímsey og Vopnafirði, falla undir, þá sé ætlunin að þangað verði áfram áætlunarflug. Það verður þá verkefni, þegar þessi samgönguáætlun kemur fram, og sumarvinna þeirra sem vinna áætlunina þegar hún kemur fyrir þingið að tryggja að svo sé. Ég vil bara þakka fyrir þessi svör og fagna því.

Það þarf náttúrlega ekki að ræða mikið um Gjögur og Grímsey, það liggur í augum uppi eins og fram kom í svari ráðherra. Eins með Vopnafjörð, þá er það auðvitað þannig að miðað við stöðuna í dag, eins og kom reyndar fram í svari ráðherra, og miðað við núverandi samgöngur er flug þangað ákaflega mikilvægt. Það verður engan veginn unað við það og Vopnfirðingar geta ekki unað við það að eiga að ferðast klukkutímaleið til Þórshafnar eða tæplega tveggja tíma ferð til Egilsstaða, ég tala nú ekki um þriggja og hálfs tíma ferð til Akureyrar til að fara í flug. Það mun ekki geta gengið sama hvaða leið verður farin þegar ég tel upp þessa flugvelli þarna í nágrenninu. Ég fagna því þessu skýra svari hæstv. ráðherra og því sem þar kom fram varðandi þessa umræddu flugvelli.

Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að ég saknaði þess dálítið að ráðherra svaraði ekki afdráttarlaust með það að umferðaröryggismál ættu að færast frá dómsmrn. til samgrn., eins og ég gerði grein fyrir, og vil segja hér í lokin að ég mundi halda að það ætti að vera hlutverk núv. ríkisstjórnar að framfylgja þessari samþykkt, m.a. landsfundar Sjálfstfl., um að flytja umferðaröryggismál úr dómsmrn. yfir í samgrn.

[17:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. talaði um að samgönguáætlunin sem nú liggur fyrir væri bara úttekt. Ég held að við gerum okkur grein fyrir því og þess vegna lýsti ég eftir stefnu stjórnvalda á hinum ýmsu póstum.

Ég vil því spyrja hæstv. samgrh., af því að strandsiglingarnar voru sérstaklega til umræðu, hvort hann geti ekki hugsað sér í framhaldi af þessari lagasetningu að taka fyrir strandsiglingarnar án þess, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, að talað sé um að fyrirtækin sjálf stýri þróuninni. Ég held að það sé kannski mergurinn málsins í sambandi við mikið af því sem við fjöllum um í samgönguáætlun vegna þess að ef við tökum mið af reynslu nágrannaþjóða okkar, þá er það nú einmitt ekki þannig að fyrirtækin séu látin stýra þróuninni, vegna þess að Evrópulöndin eru að stýra þróuninni og gera það fýsilegra fyrir fyrirtækin með ýmiss konar aðgerðum að fara inn á strandsiglingar og járnbrautirnar og sú breyting verður auðvitað ekki nema hæstv. ráðherra sé inni á því að fara í þá vinnu með því hugarfari.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort megi vænta þess á öllum þessum póstum sem heyra undir samgöngumálin að farið verði í þá vinnu að setja fram áætlanir sem þjóna ekki bara því að láta fyrirtækin ráða heldur að setja niður þann ramma sem við viljum að fyrirtækin geti starfað eftir út frá markmiðum okkar hvað varðar heildstæða mynd af því hvernig við viljum sjá samgöngumálin þróast í landinu. Ég tók líka flugmálin, virðulegi forseti, og ég taldi að þar hefði orðið þróun á forsendum fyrirtækjanna vegna þess umhverfis sem hv. Alþingi skapaði þeim sem leiddi til verri stöðu en ástæða er til að hafa í landinu.

[17:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að sjálfsögðu að á hverjum tíma sé nauðsynlegt að fara yfir og endurmeta stefnu stjórnvalda varðandi alla samgönguþætti, þar á meðal strandsiglingar. Ég vil ekki útiloka neitt í þeim efnum fyrir fram. Ég tel að samræmd samgönguáætlun sé einmitt vettvangur og leið til að meta það kalt og vel ígrundað hvernig stjórnvöld eigi að koma að til að bæta samgöngukerfið og gera það hagkvæmara fyrir notandann. Það er auðvitað hið almenna viðfangsefni.

Ég hef ekki gefið mér það fyrir fram að hefja eigi sérstakan stuðning, t.d. við strandsiglingar. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að skoða málin og ég hef sagt frá því áður í þinginu að nú er starfandi nefnd á vegum samgrn., viðskrn. og fjmrn. sem er að fara yfir það hvaða kostir eru í stöðunni til að lækka flutningskostnað milli landshluta, m.a. með tilliti til sjóflutninga.

Ég tel að við þurfum að halda áfram þessari vinnu og leita þeirra kosta sem hagstæðastir eru, m.a. hvað varðar sjóflutningana. En ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar um það fyrir fram að til sé einhver patentlausn sem feli í sér

að við getum fært svo og svo mikinn hluta af flutningum á sjóinn. Þetta þarf að meta hverju sinni.

[17:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki tilefni til að lengja þessa umræðu. En þar sem ég missti af andsvaratímanum vegna þess að ég var kölluð í síma langaði mig til að nota tækifærið, meðan hæstv. ráðherra hlýðir á þessa umræðu, og hnykkja örlítið á því sem ég minntist á í fyrri ræðu minni varðandi samgönguþing.

Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra um að samgönguþing sé af hinu góða og markmið þess sé að laða fram umræðu. Um það deilum við ekki. Hins vegar tel ég að hæstv. ráðherra og hv. samgn. hefði þurft að skoða betur með hvaða hætti samgönguþing verði formað. Hver verður starfsrammi þingsins? Hver setur þinginu reglur og hvaða vægi á þing af þessu tagi að hafa í hinni eiginlegu stjórnsýslu og stefnumótun?

Við þekkjum þetta, herra forseti, mjög vel. Við höfum verið að sýsla með umhverfisþing og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málefnum sjálfbærrar þróunar. Við vitum vel að við höfum tekið rangar ákvarðanir vegna þess að við höfum ekki undirbúið málin nógu vel fyrir fram. Hv. umhvn. hefur sagt að hún vilji koma að því að setja umhverfisþingi reglur og starfsramma. Hún kemur til með að gera það fyrir vorið. Það var alveg ljóst og enginn ágreiningur um það í umhvn. að við töldum á vanta í frv., þ.e. í breytingunni á lögunum um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um umhverfisþing. Nefndin vildi gera bragarbót þar á og ég held að ráðleggingar þær sem ég beini hér til hv. samgn. og hæstv. samgrh. séu þess eðlis að það sé algjör óþarfi fyrir okkur að brenna okkur aftur á sama soðinu, detta aftur í sömu gildruna. Við þurfum að búa til starfsramma fyrir svona þing og setja fram hugmyndir um hverja eigi að kalla til svona þings. Það nægir ekki að segja bara: Með svona þingi ætlum við að ná voða vel til grasrótarinnar.

Herra forseti. Mér finnast ákveðnir þættir sitja eftir, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, sem hv. samgn. hefur faktískt skilið eftir lausa. Þetta er einn þeirra sem mér finnst afar mikilvægt að ekki sé skilið við með þessum hætti.

Ég vil líka benda hæstv. ráðherra á að í umsögn Landverndar um frv. er beinlínis lagt til, til að tryggja breiðari faglega samsetningu samgönguráðs en gert er í frv. — samgönguráð og samgönguþing koma til með að verða mjög tengdar stofnanir — leggur Landvernd til að í viðbót við flugmálastjóra, siglingamálastjóra og vegamálastjóra sitji þar einnig forstjóri Hollustuverndar ríkisins, landlæknir og framkvæmdastjóri Umferðarráðs. Það verður ekki séð að nefndin hafi tekið nokkra afstöðu til þessarar tillögu. Ég verð að segja að mér finnst hún góð. Mér finnst að slíkt mundi koma til með að efla þetta samgönguráð. Hún kemur til með að breikka hinn faglega grundvöll sem ráðið stendur á og mér hefði fundist eðlilegt að samgn. tæki formlega afstöðu til þessarar tillögu, sem er afar skýr, einföld og að mínu viti sjálfsögð.

Ég bendi á að hæstv. umhvrh. hefur ekki gengið alveg nógu vel að móta stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld. Það er langtímaáætlun, sambærileg við samgönguáætlun að mörgu leyti, sem vinna átti í náinni samvinnu við grasrótina. Þessi stefnumörkun var lögð fram í drögum 24. jan. 2001. Fólki var gefinn kostur á að koma að henni með því að sitja umhverfisþing. Fjöldi fólks og félagasamtaka sendi inn athugasemdir til umhvrn. og vildi betrumbætur, bæta við, gera nýjar tillögur, lagði fram vinnu sína og vildi gefa kost á sér til að vinna þessa stefnumörkun. Síðan hefur ekki heyrst hósti né stuna frá hæstv. umhvrh. varðandi stefnumörkun um sjálfbæra þróun á nýrri öld. Það er liðið á annað ár síðan drögin voru kynnt.

Ég ætla sannarlega að vona, herra forseti, að aðkoma frjálsra félagasamtaka og almennings að því að móta eða hafa áhrif á samgönguáætlun verði ekki jafnvandræðaleg og aðkoma almennings og félagasamtaka að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld.

Ég minni síðan hæstv. samgrh. enn á að í stefnumótun sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar samþykkti á sínum tíma um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, sem gilti til aldamóta, er sérstakur kafli um samgöngumál. Í þeim kafla eru sett fram mjög verðug markmið. Ég treysti því að þegar samgönguáætlun, hin eiginlega samgönguáætlun, lítur dagsins ljós verði horft til þeirra þátta sem fram hafa komið í stefnumörkun um sjálfbæra þróun og stefnumörkun, sem íslenska ríkisstjórnin hefur samþykkt fyrir sitt leyti, varðandi áætlun um sjálfbær Norðurlönd. Ég treysti því að samgrh. gangist fyrir því að menn setji sér samræmd markmið, mælanleg markmið, ásættanleg, raunhæf og tímasett markmið. Það er nauðsynlegt að þessi viðamikla áætlun verði ekki bara staðlausir stafir heldur siglingarkort sem góðir siglingarfræðingar geti stýrt eftir.

[17:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli hv. þm. á því að í samgn. þingsins situr fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hefur unnið að þessu máli, lagt fram brtt. og nál. sem ekki gera ráð fyrir þeim breytingum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttur hefur talað um varðandi skipun samgönguráðsins. Ég tel að það hefði verið eðlilegt að þessi brtt. hefði komið fram frá hv. þm. en hún liggur ekki fyrir hér sem brtt. eða þingskjal. Ég get ekki séð að í nál. sé gerð grein fyrir því.

Eins og ég sagði áður er samgn. búin að fjalla um málið. Niðurstaðan er sú að samgönguráð verði með óbreyttri skipan. Ég tel jafnframt að það sé skynsamlegasti kosturinn.

[17:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að í brtt. frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, sem er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í samgn., eru hér stefnumarkandi tillögur til breytinga sem ég held að gætu einmitt verið grundvöllur fyrir breiðara samgönguráð, að sjálfsögðu. Það er gert ráð fyrir því að stefnumörkunin verði með öðrum hætti og fleiri þættir verði teknir inn í stefnumörkunina. Mér finnst tillaga hv. þm. Jóns Bjarnasonar því afar skynsamleg.

Á hitt verður hæstv. samgrh. að líta að það er ekki alveg eðlilegt að heill þingflokkur, þó öflugur sé, stór og duglegur, stari alltaf yfir öxlina á fulltrúum í viðkomandi nefndum. Auðvitað eigum við ákveðna samvinnu í þessu efni og hæstv. ráðherra verður að skilja að hér eru brtt. frá hv. þm. sem gera ráð fyrir breyttri stefnumörkun, annars konar stefnumörkun, sem að sjálfsögðu getur leitt af sér breiðara samgönguráð.

Ef hæstv. samgrh. er að gefa okkur vonir um að tillaga hv. þm. Jóns Bjarnasonar verði samþykkt þá treystum við því auðvitað og að þingið sjái að sér og skipi breiðara samgönguráð.

[17:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held, að gefnu tilefni, að þingflokkur Vinstri grænna ætti að horfa oftar yfir öxlina á hv. þm. þannig að betra tækifæri gæfist til samræðna og skoðanaskipta innan þingflokksins, um þau mál sem eru á dagskrá í nefndum.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um að brtt. gæfu tilefni til að komast að þeirri niðurstöðu sem hv. þm. leggur til er það mesti misskilningur. Ég benti fyrr í umræðunni á brtt. sem þingmaðurinn leggur til, sem gengur m.a. út á að samgönguáætlun skuli vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum. Ég vakti athygli á því að í grg. með frv. er einmitt sérstaklega tekið fram að löggjöfin byggi á þessari stefnumörkun. Hér liggur ekkert fyrir um að byggja megi á tillögum hv. þm. Jóns Bjarnasonar eitthvað sem gæti leitt til að samgönguráði yrði breytt. Hér er um einhvern misskilning að ræða á milli hv. þingmanna.

[17:42]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. samgrh. þarf ekki að gefa Vinstri hreyfingunni – grænu framboði neina forskrift um hvernig þingflokkurinn vinnur. Hann hefur verið sjálfstæður í vinnubrögðum hingað til og þarf ekki ráð frá hæstv. ráðherra hvað það varðar.

Það er ljóst að í brtt. sem um ræðir er gert ráð fyrir að stefnumörkunin verði öðruvísi og taki ekki bara mið af hinum hagrænu hvötum, fjárútlátum og mannvirkjabyggingum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa gagnrýnt að frv. gangi of sterklega út frá þeim sjónarmiðum og við hefðum viljað fá inn í lagatextann hugmyndir um stefnumörkun í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum. Ef hæstv. samgrh. er svo þrjóskur að geta ekki horft með sanngirni á þá kröfu og séð að það mundi leiða af sér annars konar stefnumörkun, annars konar samgönguáætlun, þá eru það hans erfiðleikar og ég ætla ekki að hafa höfuðverk yfir því.

Hitt er þó alveg ljóst að frv. sem fyrir liggur er að mati Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs of þröngt. Það tekur ekki nægilega vítt á málinu og gildir um alla þætti þess, bæði 2. gr. og 3. gr. sem fjallar um samgönguráðið og samgönguþingið. Og við það situr.

(**Forseti** (HBl): Ég sé ástæðu til að minna hv. þm. á að skv. 54. gr. skal ræðumaður jafnan víkja ræðu sinni til forseta.)

[17:44]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hv. 1. þm. Norðurl. e., sem jafnframt er forseti í forsetastól, skuli ekki blanda sér í umræðurnar um samgöngumál. Hæstv. forseti var hæstv. samgrh. um tíma. Honum var mjög annt um að láta til sín taka á þeim vettvangi og hefur enn þá, það ég best veit, sterkar skoðanir í samgöngumálum. Þegar verið er að setja lagaramma um gerð samgönguáætlunar til lengri tíma vekur það mér furðu að hæstv. forseti og fyrrv. hæstv. samgrh. skuli ekki blanda sér í málið. Ég veit að hann hefur ýmislegt til málanna að leggja og gæti e.t.v. gefið núverandi sitjandi hæstv. samgrh. góð ráð. Þetta vil ég benda á, með leyfi forseta.

Virðulegi forseti. Ég verð að víkja að ákveðnum þáttum í máli hæstv. samgrh. áðan. Hann sagði að ég sem er í hv. samgn. fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð hafi ekki komið fram með á brtt. allar þær tillögur til breytinga sem gætu hafa verið til bóta hans slappa frv. og þeirri slöppu meðferð sem ég var að segja að það fékk í samgn. Ég er ekkert að rekja þá umræðu en get þó sagt hæstv. forseta frá því að ég gerði margar fleiri athugasemdir við frv. en ég hef komið fram með í brtt. Víkjum fyrst að því sem hæstv. ráðherra lagði fram í sínu frv. til laga um samgönguáætlun og þótti ástæða til að nefna það sem sérstakan lagatexta. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra verði reiðubúinn að skýra út hvers vegna hann telji nauðsynlegt að setja það inn í lög.

Lítum á: Í c-lið 2. gr. frv. til laga um samgönguáætlun stendur, og á það að verða lagatexti:

„c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins."

Hver hefur heyrt annað eins, að hæstv. samgrh. þurfi að setja í lagatexta að stofnanir sem heyra undir hann þurfi að vinna saman í samgöngumálum? Þarf að setja það í lagatexta, eða hvað er að? Hvað er að, virðulegi forseti, þegar hæstv. ráðherra verður að setja það í lagatexta að skylda stofnanir sem heyra undir hæstv. ráðherra til að vinna saman? Mér finnst alveg fráleitt að þetta skuli þurfa að setja í lagatexta og mér finnst að hæstv. ráðherra eigi að skýra frá því hvað sé að í þessum stofnunum þar sem að binda þarf með lögum að þær þurfi að vinna saman. Hvað er að? Ég heimta skýringar á því hvers vegna ástæða er til að setja það með svo ákveðnum hætti inn í lög. Það hlýtur eitthvað meiri háttar að vera að sem hæstv. ráðherra ber skylda til að greina þingheimi frá. Hvers vegna er ástæða til að setja í lög að skylda stofnanir á vegum samgrn. sem vinna að samgöngumálum til að vinna saman? Ég heimta skýringu á því.

Ég heimta líka skýringu á því hvað hæstv. samgrh. ætlar sjálfur að gera í tengslum við gerð samgönguáætlunar.

Í 3. gr. frv. stendur um samgönguráð, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra skipar samgönguráð sem hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar."

Samgönguráðið á að hafa yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. Ég hélt að það væri verkefni hæstv. samgrh. að hafa yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. Ætlar hæstv. ráðherra bara að vera áhorfandi? Mér finnst heldur betur vera að slappast stjórn á þessu verkefni. Hæstv. ráðherra kallar til og felur undirmönnum sínum yfirumsjón með því verkefni sem hann ber ábyrgð á. Ég er ekki viss um að hæstv. fyrrv. samgrh. hafi talið að hann þyrfti að kalla til og fela undirmönnum sínum yfirumsjón með verki sem hann bæri sjálfur ábyrgð á. Ég dreg það í hæsta máta í efa.

Mér finnst hæstv. ráðherra þurfa að skýra út hvers vegna hann getur ekki sjálfur haft yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. (Gripið fram í.) Ég tel, virðulegi forseti, að samgrh. ætti að axla sína ábyrgð í þessu máli þannig að samgönguáætlunin yrði unnin undir yfirumsjón hans og á hans ábyrgð en hann þyrfti ekki að fela embættismönnum yfirumsjón með þeirri vinnu. Ég tel virkilega þörf á að fyrrv. samgönguráðherrar aðstoðuðu núv. hæstv. samgrh. í því að ná áttum á því hvert hlutverk hæstv. ráðherra er í hans eigin ráðuneyti.

Um þær tillögur sem ég hef hér lagt fram og gerði grein fyrir í ræðu minni fyrr í dag um samgönguáætlun sagði hæstv. ráðherra að nægilega væri tekið á því í greinargerðinni sjálfri og að minnst væri þar á að taka skyldi tillit til umhverfismála, umferðaröryggismála, byggðamála og almenningssamgangna og það er alveg rétt að þetta er nefnt í greinargerðinni eins og hæstv. ráðherrann kom inn á. Það er einnig nefnt í greinargerðinni að ná þurfi fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla en samt þykir sérstök ástæða

til þess að setja það inn í sjálfa lagagreinina. Það er líka tekið fram í texta greinargerðar frv. að stofnanir samgrn. skuli vinna saman. En það er samt sett, virðulegi forseti, inn í sjálfan lagatextann að stofnanir samgrn. skuli vinna saman. Ég tel miklu eðlilegra að inn í lagatextann, eins og ég hef lagt til, verði settur hinn stefnumarkandi rammi sem vinna ætti samgönguáætlun út frá. Og ég hef lagt til að samgönguáætlun skuli vinna og vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum. Við höfum gert fullt af skuldbindingum þar og stefnumörkun líka af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvers vegna hann geri svona lítið með stefnumörkun og skuldbindingar í umhverfismálum. Því er ekki gefinn fullur sess í lagaatextanum sjálfum. Það er frekar lögð áhersla á að í lagatextann komi að skikka skuli stofnanir samgrn. til þess að vinna saman.

Ég hef lagt til að stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, í umferðaröryggismálum og byggðamálum og almenningssamgöngum komi inn í sjálfan lagatextann og þá er það vegvísir, vísir að því hvernig hún skuli unnin. Ef hæstv. ráðherra vill endilega hafa þetta samgönguþing sem nefnt er í 3. gr. þá verður búið að leggja upp, þ.e. ef brtt. mínar verða samþykktar, hvaða áherslur eiga að liggja fyrir og hvernig þetta samgönguþing yrði þá hugsanlega sett saman. En að sjálfsögðu mætti, og ég tek alveg heils hugar undir það, kveða skýrar á um það í lagatextanum sjálfum hvert hlutverk samgönguþings skuli vera — á það er ekkert minnst — eða verkefni né heldur hvernig það skuli sett saman. Ef svo óhönduglega og óheppilega vildi til að brtt. mínar verða felldar þá er frv. allt orðið miklu þrengra og þá verður staðan sú að þetta er eingöngu orðið mál embættismanna stofnana samgrn. sem eiga bara að vinna á ábyrgð samgrh. og vera honum til ráðuneytis við gerð samgönguáætlunar. Ef brtt. mínar verða ekki samþykktar þá skreppur frv. saman og verður þröngt og allt of innhverft.

Ég vil svo einnig, virðulegi forseti, víkja að því sem hæstv. ráðherra kom inn á í stuttu andsvari um strandsiglingarnar sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni þegar ég greindi frá því að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram á Alþingi till. til þál. um strandsiglingar. Það hefði náttúrlega verið mjög æskilegt, virðulegi forseti, ef hún hefði verið til umræðu nú um leið og þessi samgönguáætlun. Ég fagna þeim orðum hæstv. samgrh. að strandsiglingar verði sérstaklega teknar til skoðunar við mótun samgönguáætlunar.

Það er svo aftur á móti ekki rétt nálgun hjá hæstv. ráðherra að segja að fyrirtæki eigi sjálf að marka eða ákveða hvers konar flutningsmáta þau vilja nota. Löggjafinn setur jú rammann. Hann setur hin ytri skilyrði, leggur á skatt, mótar áherslu í vegarlagningu og hafnargerð o.s.frv. Því er það löggjafinn sem setur hin ytri skilyrði um flutningsmátann. Og löggjafinn, við, Alþingi, framkvæmdarvaldið höfum einmitt skrifað undir skuldbindingar m.a. sem lúta að umhverfismálum, lúta að mengunarmálum, lúta að því að bæta orkunýtingu í samgöngum sem fer nú lítið fyrir í þessu frv. hér. Því hefði verið mjög gott, virðulegi forseti, ef þáltill. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um strandsiglingar hefði verið hér til umræðu jafnframt til þess að draga fram þessar áherslur, því að samgöngumál eru ekkert markaðslögmálsmál. Stefnan í samgöngumálum ræður því hvernig við byggjum þetta land, hvernig við nýtum þetta land og hvernig við njótum þess og gæða þess. Hún á ekki að vera bara einhver hentistefna. Hún á að vera skýrt mörkuð út frá grundvallarsjónarmiðum sem eiga að liggja til grundvallar samgöngum í landinu eins og ég hef hér rakið.

Herra forseti. Ég vil í lokin lýsa yfir vonbrigðum mínum með undirtektir og viðbrögð hæstv. samgrh. í þessu máli. Annars vegar finnst mér að hæstv. ráðherrann hafi ekki fullan skilning á því hvað eigi að felast í samgönguáætlun og hverjar forsendur hennar eigi að vera. Hins vegar finnst mér hæstv. samgrh., virðulegi forseti, víkja sér undan ábyrgð sinni þegar það á að fela framkvæmdastjórum og forstjórum undirstofnana ráðuneytisins yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar og þeir eiga að mynda eitthvert samgönguráð. Þetta eru verkefni sem hæstv. ráðherra á að láta vinna á eigin ábyrgð og skila svo til þingsins. Mér finnst líka alveg fráleitt — ég ítreka það — og inni hæstv. ráðherra eftir því: Hvers vegna er ástæða til að setja það í lagatexta að skylda stofnanir samgrn. til þess að starfa saman? Hvað er að?

[17:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur alveg skýrt fram í frv., þrátt fyrir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði í ræðu sinni, að samgönguáætlun er lögð fram í þinginu á ábyrgð samgrh.

Hins vegar verður nú ekki allt gert á höndum ráðherra. Þess vegna eru stofnanir undir ráðuneytum sem þurfa að vinna sitthvað, m.a. að áætlanagerð. Því er í fyllsta máta eðlilegt að tilteknir embættismenn komi að og hafi yfirumsjón með áætlanagerð. Svo er í dag. Það ætti því ekki að koma hv. þm. neitt úr jafnvægi. Það er í fyllsta máta eðlilegt. Sá samgrh. sem hér stendur er ekki á nokkurn hátt að skjóta sér undan ábyrgð vegna þess að áætlunin verður lögð fram á hans ábyrgð fyrir þingið, hver svo sem undirbýr þá vinnu. Það liggur algjörlega ljóst fyrir.

En hvað það varðar að sett sé í lagatexta að stofnanir ráðuneyta vinni saman þá held ég að það geti nú ekki verið til baga. Það er alveg ljóst að lög gilda um þessar tilteknu stofnanir og þær eru að því marki sjálfstæðar sem lög gera ráð fyrir. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að í lagatextanum liggi alveg ljóst fyrir að þegar kemur að samgönguáætlun vinni þessar stofnanir saman. Því er ekki nokkur minnsta ástæða fyrir hv. þingmenn að gera það tortryggilegt.

[18:00]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru nú fátækleg svör hjá hæstv. samgrh. enda hefur hæstv. ráðherra kannski ekki áttað sig á hvað í rauninni stóð í textanum þarna.

Ég vil spyrja ráðherrann: Er það ekki nú þegar í lögum um viðkomandi stofnanir, bæði hjá flugmálastjóra, hjá siglingamálastjóra og vegamálastjóra, að þeir skuli vinna að þessum verkefnum á sínum vegum? Og er það ekki líka hið eðlilegasta mál að samgrh. kalli fyrst af öllu þá aðila til sín til að vinna að gerð samgönguáætlunar? Þarf að binda þetta í lög og búa til ráð, ekki síst þegar slíkt ráð á nú að vera undir forustu samgrn.? Þarf endilega að vera að binda þetta í lög? Mér er spurn. Er þetta ekki vinnulag, virðulegi forseti, sem á að vera fyrir hendi og á ekki að þurfa að binda í lög? Mér er alveg óskiljanlegt að binda þurfi í lög að stofnanir samgrn. vinni saman í samgöngumálum, sérstaklega þegar við horfum síðan á það hvað ekki er tekið inn í rammalögin, hvað ekki er tekið inn, eins og það að samgönguáætlunin skuli vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda eins og ég legg til í umhverfismálum, öryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum. Ég leyfi mér að spyrja hæstv.

ráðherra, hvers vegna má það þá ekki koma inn? Er nauðsyn að binda það í lög að þessar stofnanir samgrn. vinni saman?

[18:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög undrandi á þeirri umræðu hjá hv. þm. þegar hann er að amast við samgönguráðinu, ekki síst með tilliti til þess að bæði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem er nú áhrifamaður innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og einnig hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hafa lagt til að fjölga í samgönguráðinu, í því samgönguráði sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur mjög á hornum sér gagnvart. Það ber því ekki allt upp á sama daginn í þeim herbúðum.

En hvað um það. Ég held engu að síður að nauðsynlegt sé að tryggja með löggjöf að sjálfsögðu eins og hér er gert hvernig staðið skuli að samgönguáætlun og það gerum við m.a. með samgönguráðinu, með samgöngubinginu og starfi þess, en fyrst og fremst auðvitað á hinum pólitíska vettvangi þegar kemur hér í þingið. Hitt er allt saman undirbúningsvinna sem gert er ráð fyrir að sé unnin til þess að einfalda og auðvelda viðkomandi ráðherra hverju sinni að leggja fram áætlun fyrir þingið. En það er Alþingi sem á lokaorðið um afgreiðslu samgönguáætlunar. Ég minni hv. þingmenn á það, þar er sá vettvangur sem leggur síðustu hönd á, samgn. væntanlega, og síðan þingið.

[18:04]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra nái því ekki alveg um hvað verið er að tala. Gagnrýni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur laut að því að samgönguráðið væri svo innhverft, þetta væru forstöðumenn stofnana sem þarna væri um að ræða, forstöðumenn sem hæstv. ráðherra ætti bara að nota og beita í hinu daglega starfi við gerð og vinnu við samgönguáætlun. En ef ætti að fara að búa til ráð sem kæmi með nýjar hugmyndir og aðra sýn að gerð samgönguáætlunar þá ætti að fá menn annars staðar frá en ekki búa til ráð með þeim mönnum sem þegar eiga starfsskyldu sinni samkvæmt að vinna að því máli. Það var gagnrýnin sem kom fram á skipan þessa ráðs. Ég tala nú ekki um ef ekki væri skírskotun í lagarammanum sjálfum um það út frá hvaða stefnumörkun ætti að vinna samgönguáætlun þá væri enn þá mikilvægara að aðrir aðilar kæmu inn í samgönguráð og samgöngubing en akkúrat þeir sem eru embættismenn úr viðkomandi málaflokki og hafa þær embættislegu skyldur að vinna að þeim málaflokki hjá hæstv. ráðherra.

Mér finnst því, virðulegi forseti, að ástæða sé til þess að benda hæstv. samgrh. á að lesa frv. aftur yfir og athuga hvað í rauninni stendur í því og þeim brtt. og umsögnum sem gerðar hafa verið við það.

[18:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vekur athygli mína að svo er komist að orði í brtt. frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, 5. þm. Norðurl. v., með leyfi forseta:

„Samgönguáætlun skal vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum."

Nú er það svo að samgönguáætlun verður ekki til fyrr en Alþingi samþykkir hana. Og það er svolítið erfitt að hugsa sér það að Alþingi eigi að vera bundið af því að samþykkja áætlun sem sé í samræmi við einhverjar áætlanir stjórnvalda. Ég held að hv. þm. snúi þessu við. Ég held að væri nær að hér stæði að stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum sé í samræmi við samgönguáætlun Alþingis. Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé að hv. þm. geri sér grein fyrir því að ekki er hægt að binda Alþingi með þessum hætti í lögum. Alþingi hlýtur að samþykkja þá samgönguáætlun sem því sýnist á hverjum tíma sem meiri hlutinn segir til um og ekki hægt með lagagrein að binda hendur Alþingis. Ég hygg því að hv. þm. hafi hlaupið á sig með textanum eins og hann liggur fyrir og væri kannski rétt að hv. þm. dragi þessa tillögu til baka til 3. umr. og reyndi að íhuga nánar hvað fyrir honum vakir.

Eins átta ég mig ekki alveg á því hvernig hv. þm. hugsar sér það þegar við erum t.d. að velta fyrir okkur vegagerð, hvernig hægt sé að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar í því sambandi.

[18:07]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta sýnir hversu lítið hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur í rauninni sett sig inn í málið. Ríkisstjórnin hefur samþykkt stefnuyfirlýsingu um að vinna að sjálfbærri þróun, m.a. í samgöngumálum, þannig að hv. þm. ætti nú að kynna sér einmitt þær stefnumarkandi yfirlýsingar og samþykktir sem ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt að vinna skuli að og hafa að markmiði.

Ég vil einnig benda hv. þm. á úr því hann er að benda á hvað betur mætti fara í lagatextanum, þá stendur í b-lið 2. gr. frv., með leyfi forseta, þar er tiltekið:

„að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla".

Gerist það ekki, virðulegi forseti, við gerð vegáætlunar og við fjárlagagerðina? Er þá ekki ákveðið fjármagnið sem á að ráðstafa til verkefnanna? Er ekki ákveðið í vegáætlun hvaða verkefni á að ráðast í hverjum tíma? Finnst hv. þm. þessi setning ekki fullkomlega óþörf?

Hvað finnst hv. þm. og fyrrv. samgrh.? Fyndist honum að nauðsyn hefði verið til þess meðan hv. þm. var samgrh. að setja í lög að stofnanir á vegum samgrh. skyldu vinna saman? Fannst honum þegar hann var samgrh. ástæða til þess að setja í lög að stofnanir á vegum samgrn. skyldu vinna saman? Hélt ekki hv. þm. að hæstv. samgrh. hefði húsbóndavaldið og gæti skikkað þær til að vinna saman og þyrfti ekki að setja það í lög? Og ætli hv. 1. þm. Norðurl. e., þegar hann var samgrh., hafi ekki talið sig vera fullfæran um að hafa yfirumsjón með því að gera samgönguáætlun?

[18:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., Jóni Bjarnasyni, þá hafði hann ekki áttað sig á því sem ég hafði orð á áðan að það er Alþingi sem samþykkir samgönguáætlun og auðvitað fer Alþingi sínu fram í því.

En ég vil úr því ég er staðinn upp nota þetta tækifæri til að lýsa þeirri skoðun minni að um leið og efnt er til samgöngubings er eðlilegt að það sé haldið á hinum ýmsu stöðum en ekki alltaf á sama staðnum, þannig að íbúum landsins, hvar sem þeir eru búsettir, gefist kostur á að taka þátt í því málþingi og koma skoðunum sínum að.

[18:10]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta góð ábending hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. um að það skyldi binda í lög að samgönguþingið skuli ekki vera haldið í Reykjavík heldur víðar. Ég tel, virðulegi forseti, ef hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, mundi lesa enn betur yfir textann, þá gæti hann kannski komið með enn betri breytingar og áréttingar á textanum sem er afar slappur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:11]

Útbýting þingskjala:

Aðalnámskrá grunnskóla, 633. mál, fsp. DLH, þskj. 1005.

Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 636. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1008.

Hjúkrunarheimili aldraðra, 635. mál, fsp. JóhS, þskj. 1007.

Óðalsjarðir í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum, 634. mál, fsp. KPál, þskj. 1006.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 385. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 639, nál. 919 og 968.

[18:12]

Frsm. meiri hluta samgn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum sem varða samgönguáætlun og fleira, frá meiri hluta samgn.

Nefndin fjallaði um málið samhliða 384. máli, samgönguáætlun, sem hér hefur verið til umræðu lengi dags.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga sem fjalla um flugmálaáætlun, hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun og vegáætlun og miða þær fyrst og fremst að því að aðlaga þessi ákvæði að hinum breytta lagaramma sem lagður er til í frumvarpi til laga um samgönguáætlun.

Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á skipan flugráðs og hafnaráðs og verkefnum þeirra breytt að nokkru leyti. Helsta breytingin er í því fólgin að hagsmunaaðilar fá fulltrúa í ráðunum og er þar með tryggður vettvangur fyrir sjónarmið sín.

Meiri hlutinn leggur til smávægilega breytingu á 2. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu sem kemur fram í lokamálslið 2. efnismgr. 2. gr. og orðist svo: Fulltrúar sem ráðherra skipar án tilnefningar skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Undir nál. rita Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgn., Hjálmar Árnason, Sigríður Ingvarsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jónas Hallgrímsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján Möller, sem ritar undir álitið með fyrirvara.

[18:14]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Eins og frsm. meiri hluta samgn. hefur gert grein fyrir er þetta frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum sem varða samgönguáætlun og fleira, afleitt frv. sem tengist því sem við vorum að ræða hér áðan, þ.e. stofnun og hlutverk samgönguráðs við gerð samgönguáætlunar. Í þessum breytingum er gert ráð fyrir breytingu á skipan og verkefni bæði flugráðs og hafnaráðs. Í fyrsta lagi er dregið úr hlutverki beggja þessara ráða frá stjórnsýslulegri stöðu og ábyrgð þeirra beggja. Eru þessi ráð nú fyrst og fremst að verða umsagnaraðilar um þær áætlanir sem samgönguráð hefur lagt til og eru þá umsagnaraðilar um þær áætlanir til ráðherra. Með þeim lagabreytingum sem lagðar eru til er verið að draga úr vægi og hlutverki þessara ráða. En áfram er þó verið að skipa slík ráð og það er ráðherra samgöngumála sem skipar þau.

Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt vegalögum er ekki neitt vegaráð. Þó teljast vegamálastjóri og Vegagerðin einn af þremur stærstu aðilum að samgöngumálum. Vegagerðin er ekki hvað minnst í þeim efnum. Þar er þó ekki starfandi vegaráð. Stofnunin hefur sótt bæði þekkingu og fleiri sjónarmið annars vegar inn í stofnunina sjálfa og hins vegar er hún ábyrg fyrir að vinna þau verkefni á eigin vegum. Með þessum lögum yrði ekki um jafnræði að ræða. Í vegamálum erum við ekki með neitt vegaráð, en í flugmálum erum við með flugráð og í hafnarmálum með hafnaráð.

Ég tel, virðulegi forseti, að þetta frv. fari of flaustурslega í gegnum þingið og gagnrýndi það í hv. samgn. Ég taldi að þarna hefði átt að skoða hvernig hefði mátt samræma hluti eða fá á þá heildstæðari mynd og skýra hlutverk þessara ráða. Ég er í sjálfu sér ekki að leggja til að taka upp vegaráð. Ég er fremur á þeirri skoðun að framkvæmdastjórar og forstjórar viðkomandi stofnana beri ábyrgð á verkum þeirra gagnvart ráðherra en kalli til aðila til að styrkja vinnu sína eins og þörf er á. Það er síðan þingnefnda og Alþingis að leggja endanlega hönd á málin áður en þau verða að lögum.

Ég tel líka afar hæpið að halda áfram með flugráð með skertu verkefnasviði og skertri ábyrgð frá því sem áður hefur verið. Ég tel að skoða hefði átt betur hvort ástæða sé til að starfrækja hafnaráð sem aðeins hafi þessi umsagnarverkefni sem því er ætlað samkvæmt frv. Því er bara ætlað að gefa umsagnir og vera samgrh. og flugmálastjóra til ráðuneytis um málið.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að gera beinar athugasemdir við þessi frv. en tel að það hefði átt að vinna þau miklu betur, átta sig á hvert verið væri að fara og hver hin raunverulegu hlutverk þessara ráða, flugráðs og hafnaráðs væru. Það er ekki sérstaklega skýrt í þessu frv. Það hefði átt að skoða, annaðhvort að leggja þau niður eða að þau hefðu þá önnur og betur skilgreind verkefni. Svo ætti að kanna hvort ekki ætti að vera jafnræði í samgöngumálum, vegamálum og flugmálum. Ég tel, virðulegi forseti, að það hefði átt að vinna þetta frv. miklu betur.

[18:20]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í því frv. til laga sem við ræðum hér, um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., er eins og komið hefur fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, sem mælti fyrir nál. sem ég skrifaði undir með fyrirvara, gerð grein fyrir því sem til stendur. Annars vegar eru lagðar til breytingar á skipan flugráðs og hafnaráðs sem eru veigamestu breytingarnar. Ég er efnislega sammála mestu af því sem þar kemur fram. Þetta fellur kannski undir lagatæknileg atriði til að auðvelda það að vinna hina stóru samgönguáætlun sem við vorum að ræða hér áðan. Þetta þjónar þeim tilgangi.

Ég get svo sem haft skoðanir á því hve margir eigi að sitja í flugráði og hverjir eigi að tilnefna í flugráð. Hér er gerð sú breyting á því að tveir aðilar skuli tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar. Jafnframt er kveðið á um að þessir fulltrúar skuli hafa þekkingu á flugmálum og skuli sú þekking a.m.k. ná til innanlandsflugs, millilandaflugs og almenns flugs. Síðan er fjallað um að skipunartími flugráðs sé fjögur ár en skuli þó takmarka við embættistíma þess ráðherra sem flugráðið skipar.

Herra forseti. Ég er mjög sáttur við síðasttalda atriðið. Mér finnst það til eftirbreytni og sakna þess eiginlega að það skuli ekki eiga við um fleiri slík ráð. Ég sagði það í umræðum um frv. sem rætt var hér áðan sem varðaði svipað atriði. Ég gæti svo sem haft ýmsar skoðanir á því hverjir eigi að sitja í flugráði og hvort það eigi að vera skipað fimm mönnum eða sex en hér eru lagðar til breytingar varðandi breytt starfssvið flugráðs.

Jafnframt eru hér breytingar á skipun hafnaráðs, að það skuli skipað sex mönnum, tveir skuli tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og þrír fulltrúar skuli skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum. Þarna er ekki kveðið á um atriði líkt og getið er um varðandi flugráð. Skipunartími hafnaráðs yrði þá fjögur ár en takmarkast ekki við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Ég spurðist fyrir um það við 1. umr. þessa máls hvort ekki mætti taka lagaákvæði um sjóvarnir og fella undir starfssvið hafnaráðs og en fékk frekar dræm viðbrögð við því. Það var þó ekki talið tæknilega óframkvæmanlegt. Ég sakna þess að það hafi ekki verið gert. Mér finnst þetta sé allt mjög líkt og hefði viljað sjá frv. sett fram þannig.

Jafnframt voru fulltrúar Vegagerðarinnar spurðir út í það í samgn. hvort ekki væri ástæða til að skipa einhvers konar vegaráð, í samræmi við hafnaráð sem fjallar um hafnamál og siglingamál og flugráð sem fjallar um flugmál og flugvallamál. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, eftir að hafa heyrt svör forsvarsmanna Vegagerðarinnar um þetta og útskýringar þeirra — þetta var ekki mikið rætt í samgn. — að ég var innilega sammála sjónarmiðum þeirra. Ég segi því alveg hiklaust, og legg það þess vegna ekki til hér eða í hv. samgn. Þessar útskýringar forsvarsmanna Vegagerðarinnar nægðu til að sannfæra mig um að það ætti ekki að gera.

Ég hef áður sagt að ég tel vinnubrögð Vegagerðarinnar mjög fagleg og að þar sé mjög faglega unnið. Við sjáum það náttúrlega á ýmsum gögnum frá Vegagerðinni, hvort sem það á við um vegi á Suðurlandi, á Hvolsvelli, Siglufirði eða annars staðar, að þar er um mjög fagleg vinnubrögð að ræða. Í raun og veru hefur maður stundum hugsað að mikið lifandis ósköp vildi maður óska þess að öll ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir ynnu jafnfaglega og Vegagerðin gerir. Þau gögn sem við þingmenn biðjum um og fáum frá Vegagerðinni og umdæmisskrifstofum hennar eru mjög faglega unnin og til mikillar fyrirmyndar.

Þetta segi ég hér í lokin, herra forseti, m.a. til rökstuðnings fyrir því sem nefnt var í byrjun um hvort ekki væri ástæða til þess að hafa vegaráð. Ég fékk þau svör á fundi samgn. að ég sannfærðist um að vegaráð á ekki að vera til og skipan vegamála er í raun ágæt eins og hún er.

Herra forseti. Hér við 2. umr. þarf ekki að ræða þetta mál mikið frekar. Þetta eru sjálfsagðar breytingar sem verið er að gera til þess að undirbúa hina stóru samgönguáætlun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:26]

Útbýting þingskjala:

Kosningar til sveitarstjórna, 550. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1010.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 493. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1011.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 378. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1009.

Geislavarnir, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 460, nál. 939, brtt. 940.

[18:27]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um 344. mál, frv. til laga um geislavarnir.

Nefndin fékk vegna þessa máls fjölmarga gesti og sérfræðinga á sinn fund og tók við fjölda umsagna.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um geislavarnir. Talsverðar áherslu- og viðhorfsbreytingar hafa orðið í geislavörnum í heiminum frá því að núgildandi lög voru sett. Koma þær meðal annars fram í nýjum leiðbeiningum Alþjóðageislavarnaráðsins og tveimur nýjum tilskipunum frá Evrópusambandinu um þetta efni. Rétt er að taka fram að geislavarnir innan Evrópusambandsins byggjast á svonefndum EURATOM-samningi frá 1956 en hann er ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ber Íslendingum því ekki á þeim grundvelli skylda til að innleiða evrópskar reglur á þessu sviði. Engu að síður hafa heilbrigðisyfirvöld lagt á það áherslu að laga íslenska löggjöf og framkvæmd að löggjöf og framkvæmd geislavarna innan Evrópusambandsins. Er það vel, að mati nefndarinnar.

Frumvarpið felur í sér nokkur nýmæli og eru þau talin upp í athugasemdum við frumvarpið.

Helsta nýmæli frumvarpsins er þó fólgið í því að lagt er til að gildissvið laga um geislavarnir verði víkkað út þannig að þau taki einnig til ójónandi geislunar. Í þessu sambandi fjallaði nefndin sérstaklega um það hvort þetta hefði í för með sér skörun á milli starfssviðs Geislavarna ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins. Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber Vinnueftirlitinu að hafa eftirlit með ójónandi geislun á vinnustöðum og hefur því eftirliti verið sinnt. Nefndin telur nauðsynlegt að verksvið hvors aðila sé skýrt og gerir hún breytingartillögur við frumvarpið sem miða að því að það eftirlit sem Vinnueftirlitið hefur haft með höndum og lýtur að starfsmönnum haldist óbreytt frá því sem nú er.

Nefndin vill taka það fram að hún telur nauðsynlegt að sambærilegar reglur gildi um eftirlit og ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðlega geislun um borð í loftförum. Eins og málum er nú háttað heyrir þetta undir samgönguráðuneytið og flugmálayfirvöld. Samstarf hefur verið með aðilum um þetta eftirlit en nauðsynlegt er að mati nefndarinnar að því séu settar fastar skorður. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar fer nú fram vinna innan Evrópusambandsins og á norrænum vettvangi um setningu reglna á þessu sviði.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er lagt til að Geislavarnir ríkisins haldi skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun fyrir einstaka starfsmenn. Í 14. gr. er síðan gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem þessi skráning er bundin og jafnframt tekið fram að hún skuli fara eftir lögum um persónuvernd. Þetta felur í sér að Persónuvernd getur sett frekari skilyrði fyrir skráningunni og vinnslu þeirra upplýsinga sem í skrána fara í samræmi við lög um persónuvernd. Með þessu telur nefndin að ýtrustu aðgætni sé gætt varðandi öryggi vinnslu persónuupplýsinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Undir nál. þetta rita auk framsögumanns hv. þm. Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þuríður Backman og Margrét Frímannsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (dreifing ösku, kirkjugarðaráð o.fl.). — Þskj. 573, nál. 992.

[18:31]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

Hv. allshn. fékk fjölmarga gesti á sinn fund vegna þessa máls og eins bárust nokkrar umsagnir.

Með frumvarpinu þessu er í fyrsta lagi lagt til að dreifing ösku látinna manna verði heimiluð samkvæmt nánari reglum ráðherra. Í öðru lagi er lagt til að Kirkjugarðasjóði og skipulagsnefnd kirkjugarðanna verði steypt í eina stjórn, kirkjugarðaráð. Þá eru skyldur sveitarfélaganna í tengslum við nýja kirkjugarða skilgreindar nánar í frumvarpinu og gert er ráð fyrir að ráðherra setji almenna reglugerð um umgengni í kirkjugörðum. Loks eru með frumvarpinu lagðar til smávægilegar breytingar á lögunum.

Nefndin telur rétt að geta þess að fram kom í máli gesta nefndarinnar að engin heilbrigðishætta er fylgjandi dreifingu ösku.

Hv. allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem þar eru greindar. Undir þetta rita auk frsm. formaður nefndarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta Möller, Ólafur Örn Haraldsson, Kjartan Ólafsson og Guðjón A. Kristjánsson. Þuríður Backman sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkju- og manntalsbækur, 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (kostnaður). — Þskj. 574, nál. 993.

[18:32]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um kirkju- og manntalsbækur eða sálnaregistur, nr. 3/1945.

Umsagnir um málið bárust frá Biskupsstofu, leikmannaráði þjóðkirkjunnar, Hvítasunnuhreyfingunni á Íslandi og Prestafélagi Íslands. Auk þess fékk nefndin fjölmarga gesti á sinn fund.

Með frumvarpinu er lagt til að íslenska þjóðkirkjan og önnur skráð trúfélög greiði fyrir kirkju- og manntalsbækur sem þau færa. Telur nefndin eðlilegt að slíkur kostnaður falli undir rekstrarkostnað þeirra og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta rita hv. nefndarmenn í allshn., formaður nefndarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Ólafur Örn Haraldsson, Kjartan Ólafsson og Guðrún Ögmundsdóttir auk frsm. en Guðjón A. Kristjánsson ritar undir nál. með fyrirvara.

[18:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fyrirvari minn snýr að því einu að ég hef mælt fyrir frv. um aðskilnað ríkis og kirkju og að það verði sett í ákveðið ferli og þjóðin fái að kjósa um það ferli. Ef það gengi eftir væri það sett í ákveðna fimm ára aðlögun. Þess vegna hef ég þennan fyrirvara. Ég tel almennt um kirkjumál — það á einnig við um næsta mál sem hér verður mælt fyrir — að skoða eigi málin algerlega upp á nýtt með tilliti til aðskilnaðar ríkis og kirkju og þess vegna hef ég þennan fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjubyggingasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 688, nál. 991.

[18:35]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. allshn. um frv. til laga um brottfall laga um kirkjubyggingasjóð, nr. 21/1981.

Sem fyrr fékk hv. allshn. á sinn fund vegna málsins fjölmarga gesti og sérfræðinga.

Með frumvarpinu er lagt til að kirkjubyggingasjóður verði lagður niður og renni í Jöfnunarsjóð sókna. Fé hefur ekki verið veitt til sjóðsins í fjárlögum um árabil og hefur hann því ekki sinnt hlutverki sínu undanfarin ár. Frumvarpið felur í sér einföldun og hagræðingu í stjórnsýslu kirkjunnar og leggur nefndin því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir álitið rita hv. nefndarmenn í allshn., formaður nefndarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, frsm. Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta Möller, Kjartan Ólafsson, Ólafur Örn Haraldsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, fyrri umr.

Stjtill., 599. mál. — Þskj. 945.

[18:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Forsaga þáltill. þessarar er að á

120. löggjafarþingi var samþykkt ályktun um aukið umferðaröryggi þar sem stefnt var að verulegri fækkun alvarlegra umferðarslysa. Sett var það markmið fyrir árin 1997–2001 að fækka alvarlega slösuðum og látnum í umferðinni um 20% þannig að þeir yrðu færri en 200 í lok tímabilsins, en meðaltal síðustu fjögurra ára þar á undan var 278 látnir eða alvarlega slasaðir.

Skemmst er frá því að segja að markmið þetta náðist á árinu 2001 þrátt fyrir að umferð hefði aukist mikið og bílum fjölgað verulega. Umferðaröryggisnefnd sem var skipuð árið 1996 lauk störfum í árslok 2000. Lokastarf nefndarinnar var að semja drög að nýrri umferðaröryggisáætlun fyrir árin 2001–2012. Þau drög voru lögð fram á umferðarþingi Umferðarráðs þann 30. nóvember árið 2000.

Í nóvember sl. skipaði ég starfshóp sem falið var að ljúka gerð umferðaröryggisáætlunar og var því verki lokið þann 31. desember sama ár. Í tillögum starfshópsins sem undirbúið hefur þessa áætlun er tekið á öllum helstu viðfangsefnum sem varða umferðaröryggi. Meginniðurstöður og tillögur hópsins eru í grófum dráttum taldar upp í þáltill. sem hér er mælt fyrir. Þarna eru mörg úrræði sem grípa má til í þeirri viðleitni að efla umferðaröryggi. Ég mun ekki fjalla nánar um þessar tillögur hér en vísa til ítarlegrar umfjöllunar í þáltill. og skýrslur starfshópsins um umferðaráætlunina en henni hefur þegar verið dreift á Alþingi og einnig má nálgast hana í dómsmrn.

Hinn 6. febrúar sl. samþykkti ríkisstjórnin að leggja fram nýja stefnumörkun á sviði umferðaröryggismála til næstu 11 ára þar sem takmarkið er að fækka alvarlegum umferðarslysum um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Það getur vissulega verið álitamál hvort leggja eigi til svo háa prósentutölu en hér er um stefnumótun að ræða og því nauðsynlegt að sett séu skýr markmið. Það er gert alls staðar í nágrannalöndunum eftir því sem ég best veit.

Til að takmarki því sem felst í þáltill. verði náð verður að koma til sameiginlegt átak ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um umferðaröryggismál. Nauðsynlegt er að áætlunin verði stöðugt í endurskoðun og að þeir sem hafa tillögur og athugasemdir við hana geti ávallt komið þeim til dómsmrn. eða til þeirrar nefndar sem mun endurskoða áætlunina. Gert er ráð fyrir í þáltill. að dómsmrh. kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig miði í átt að settu marki. Allshn. mun síðan fara yfir áhersluatriði áætlunarinnar.

Mikið og göfugt markmið er lagt til með þáltill. þessari. Ekki þarf að fjölyrða um þær hræðilegu afleiðingar sem geta orðið við alvarleg umferðarslys og því brýnt að draga eftir fremsta megni úr slíkum afleiðingum. Einungis með markvissum aðgerðum og sameiginlegu átaki þeirra sem þessi mál varða verður takmarkinu náð. Mikið verk er fyrir höndum og er brýnt að málefnið fái þann stuðning sem nauðsynlegur er til árangurs. Vonandi getur svona stefnumótun hjálpað til í þeim efnum.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni þáltill. og legg til að henni verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og síðari umr.

[18:40]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Um leið og þáltill. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi er hleypt úr hlaði fyrir árið 2001 — ja 2002 náttúrlega vegna þess að 2001 er liðið, en auðvitað átti skýrslan að ná yfir það tímabil, þá vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. annars vegar út í það hvenær skýrsla fyrir síðasta ár verði flutt þinginu um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar miðað við gömlu áætlunina og enn fremur það sem ég hef því miður ekki haft tök á að spyrjast fyrir um eða réttara sagt ekki spurt nógu marga, en í lokin er fjallað um að samhliða tillögunni verði alþingismönnum afhent umrædd skýrsla starfshópsins um umferðaröryggisáætlun 2002 til 2012 — Ísland verði fyrirmyndarland í umferðinni fyrir árið 2012.

Ég var að grennslast um það hjá starfsmönnum þingsins — nú kann það stundum að vera svo og ég ætla ekki að þvertaka fyrir það að á borð okkar þingmanna hafi þessi skýrsla komið. Ég hef hins vegar ekki fundið hana og vil því spyrjast fyrir um það hjá hæstv. dómsmrh. hvort þeirri tillögu sem getið er um í þessari þáltill. hafi verið dreift til okkar til að ræða samhliða þessari þáltill. sem hér hefur verið fylgt úr hlaði.

[18:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillaga starfshópsins sem er þessi mikla skýrsla: „Um ferðaröryggisáætlun 2002 til 2012 – Ísland verði fyrirmyndarland í umferðinni fyrir árið 2012“ var sett í hólf hjá öllum hv. þm. um leið og þeirri vinnu var lokið. Skýrslan er komin fram og var kynnt og eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni áðan hefur hún borist til allra þingmanna. En það er að sjálfsögðu rétt að verða við því ef óskað er eftir að útvega hv. þm. skýrsluna.

[18:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi og þá skýrslu starfshópsins sem dreift var á borð þingmanna fyrir einhverjum vikum. Það verður að viðurkennast að sú sem hér stendur hefur ekki haft nægilegan tíma til þess að kynna sér það efni sem þar er á ferðinni ítarlega en það er stiklað á stóru í efnisflokkum áætlunarinnar og vinnu starfshópsins í greinargerð með þeirri tillögu sem við nú ræðum.

Það er afar brýnt eins og allir vita að stefnumótun um aukið umferðaröryggi fari fram. Þetta er alveg bráðnauðsynlegt tæki til þess að við í samfélaginu getum sameiginlega tekið á þeim gífurlega ógnvaldi sem umferðarslysin eru og öll viljum við taka á og gera betur í þeim efnum hvenær sem við stöndum frammi fyrir slíkum spurningum.

Það er líka sjálfsagt og þess er getið í tillögunni að takmarkinu með að fækka umferðarslysum um 40% miðað við fjölda slysa árið 2000–2001 verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um umferðaröryggismál og ég er sannfærð um að allir þeir aðilar sem hér eru nefndir hafa sýnt það í verki fram að þessu að þeir vilja láta gott af sér leiða í þessum málum og vilja vera öflug lóð á vogarskálarnar í þessum efnum.

Síðan kemur fram í lok tillögunnar, herra forseti, að starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega og þá er kannski komið að spurningu til hæstv. ráðherra. Það er spurningin um framkvæmdaáætlunina. Nú kemur það ekki ljóst fram, a.m.k. hef ég ekki séð það að því leyti sem ég hef kynnt mér vinnu starfshópsins og ekki heldur í þessu plaggi hér, till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi, að framkvæmdaáætlun liggi fyrir. Ég vil því aðeins fá að vita meira um það hvenær hún verður kynnt, hvort hún verður kynnt sérstaklega eða hvernig slíkri kynningu verður háttað.

Nú vitum við öll sem hér erum að takmark af þessu tagi sem hér er mælt fyrir af miklum skörungsskap og sett er fram af mikilli framsýni og ábyrgð, það kostar auðvitað peninga að fylgja því eftir. Mér er kunnugt um að nágrannaþjóðir okkar, Norðurlöndin, hafa markaða tekjustofna sem þau hafa sett til þess að bæta og auka umferðaröryggi hjá sér. Ég hef svo sem gagnrýnt það hér áður að iðulega erum við að setja lög sem við vitum svo lítið um hvernig fjárveitingavaldið tekur síðan á, hvernig kemur til með að ganga t.d. í þessu tilfelli að afla þess fjár sem þarf til þess að umferðaröryggisáætlun af þessu tagi geti gengið eftir. Ég tel sjálfsagt að hæstv. ráðherra gefi okkur örlítið betur til kynna hver stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málum er og hvort við getum treyst því að þeir fjármunir sem nauðsynlegir eru til að svona átak geti skilað árangri verði til reiðu.

Í síðustu umferðaröryggisáætlun sem gilti eins og hér hefur komið fram til ársloka árið 2000, þá var meðal atriða sem taka átti á stóraukin löggæsla. Nú hljóta menn að sjá að ef menn ætla að ná enn betri árangri en við höfum náð til þessa, þá hlýtur að verða að standa vel að þeim málum. Við hljótum að verða að sjá aukna löggæslu á vegunum. Umferðaröryggismálin verða auðvitað ekki tekin föstum tökum án umferðaröryggisgæslu og nú væri rétt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvort þetta atriði síðustu umferðaröryggisáætlunar hafi gengið eftir. Var löggæsla á vegunum stóraukin?

Mér er fullkunnugt um að útgjöld til löggæslu- og lögreglumála hafa aukist á undanförnum árum en mér er líka kunnugt um að þar hafa mjög stórir málaflokkar tekið til sín fé. Ég nefni í því sambandi t.d. Schengen-kerfið og Schengen-samþykktina sem tók auðvitað til sín gífurlega mikið fjármagn. Þess vegna held ég að við verðum að fá svör við því hér, herra forseti, hvernig fjármagnið til að stórauka löggæsluna skilaði sér í síðustu áætlun og hvort við getum treyst því að löggæslan verði sýnilegri og öflugri og í hana veitt fé á næsta tímabili sem fram undan er.

[18:47]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi rétt að stytta nokkuð mál mitt áðan vegna þess að stutt er eftir af þingfundinum. Ég vil láta þess getið sem fram kemur í þáltill. að eitt af þeim atriðum sem þar er bent á er að ná víðtækri samvinnu um umferðaröryggisáætlunina þannig að allir sem vinna að umferðaröryggismálum sameinist um að ná markmiðum hennar. Í því skyni er lagt til að skipuð verði framkvæmdanefnd sem hafi það meginverkefni að tryggja að unnið sé í samræmi við umferðaröryggisáætlun þannig að markmiðunum verði náð. Nefndin skili svo skýrslu til Alþingis í byrjun hvers árs þar sem hún gerir grein fyrir hvernig til hafi tekist. Ég tel þetta mjög mikilvægt atriði sem skapa muni meira aðhald í þessum málaflokki.

Það er auðvitað þannig að það þarf að skipa þessa framkvæmdanefnd og tryggja fjármagn til ýmissa aðgerða í tengslum við umferðaröryggismálin. Það er rétt sem hv. þm. bendir á, að fjármagn til löggæslumála hefur verið aukið. Inn í þetta kemur vegáætlun og margt margt annað en þetta er auðvitað ekki bara spurning um fjármagn til góðra hluta heldur líka um ýmsar lagabreytingar, t.d. varðandi það að gera meiri kröfur til ungra ökumanna, bæta stöðu þeirra, t.d. að koma á fót akstursmati. Það er frv. sem ég hef undirbúið og lagt fram. Þar er gert ráð fyrir því að koma á fót sérstöku akstursmati fyrir unga ökumenn og að efla stjórnsýsluna í þessum málaflokki.

Varðandi löggæsluna finnst mér rétt að það komi fram að gert hefur verið sérstakt átak í þessum málum. Lögreglan hefur aukið mjög afskipti sín af umferðarlagabrotum. Það sést mjög áþreifanlega á tölum sem ég hef því miður ekki undir höndum núna en hægt er að útvega. Alls konar samstarfsverkefni hafa verið í gangi á milli umdæma og ég tel mjög ánægjulegt hversu vel lögreglan hefur staðið sig í þessum málum.

[18:49]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal neinni rýrð kastað á það hvernig lögreglan hefur staðið sig en við vitum öll, og það hefur verið gagnrýnt í þessum sal, að henni hefur kannski ekki verið sniðinn sá stakkur sem æskilegt hefði verið til að tilgangur löggæslunnar næðist og takmark áætlana af þessu tagi.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að benda okkur á að gert sé ráð fyrir að framkvæmdanefnd setji framkvæmdaáætlun og við fáum árlega skýrslu um framgang þessara mála. Ég hvet auðvitað hv. þm. til að halda vöku sinni og fylgjast vel með þessum málum svo að sómi verði af. Auðvitað þarf að bæta stöðu ungra ökumanna og auka öryggi þeirra jafnt sem hinna sem þeir mæta í umferðinni. Hæstv. ráðherra nefnir í því sambandi akstursmat sem er auðvitað sjálfsagt að fari fram.

Ég hef af því spurnir að í nágrannalöndum okkar hafi verið sett stóraukið fé í átak sem þar hefur staðið og kannski væri rétt að við fengjum í lokin svör frá hæstv. ráðherra varðandi það. Er henni kunnugt um hvernig Norðurlöndin hafa verið að efla þennan málaflokk? Hann hefur að því er ég best veit haft ákveðinn forgang. Það er auðvitað sjálfsagt að hv. allshn. kynni sér þau mál nánar í umfjöllun nefndarinnar. Að sjálfsögðu verður þetta mál tekið til nánari skoðunar þar og krufið til mergjar. Ég trúi ekki öðru en það sé sameiginlegt takmark okkar allra sem hér erum inni, að ná að hefta umferðarslysin og að auka umferðaröryggi vegfarenda á vegum úti um allt land, hvort sem er í þéttbýli eða dreifibýli. Um það viljum við auðvitað standa saman.

[18:51]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu hefur starfshópurinn sem undirbúið hefur þessa áætlun litið til Norðurlanda og kynnt sér stöðu mála þar. Vafalaust er þar að mörgu leyti mjög vel staðið að málum, t.d. í Svíþjóð þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á þennan málaflokk.

Það verður auðvitað þannig, þegar hv. allshn. fer yfir þetta mál, að hún aflar sér fleiri upplýsinga um hvernig slíkum málum er háttað í öðrum löndum en fordæmin eru visslega sótt til nágrannalanda okkar. Mér er hins vegar ekki nákvæmlega kunnugt um hvernig málum er háttað varðandi fjármagn til þessa málaflokks en eins og ég benti á áðan eru auðvitað margar hliðar á þessu máli. Þetta er ekki bara spurning um vegagerð eða löggæslu. Það er margt annað sem bæði þarf að gera og á að gera.

[18:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu að ráði, aðeins bæta við nokkrum orðum.

Mér rennur blóðið til skyldunnar þegar hér kemur á dagskrá till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi eins og fleiri hv. þm. Ég held að ég hafi orðið fyrstur

til að hreyfa hér á Alþingi í formi þáltill. þeirri hugmynd að gerð yrði umferðaröryggisáætlun eða framkvæmdaáætlun um umferðaröryggismál. Ég hafði þá kynnst á hinum Norðurlöndunum hvernig þar var að verki staðið.

Síðan hefndist mér auðvitað fyrir með því að ég var settur í fyrstu nefndina sem vann tillögur eða lagði drög að fyrstu áætluninni og hef því reynt að fylgjast með því hvernig síðan hefur til tekist og fram hefur undið. Það verður að segjast eins og er, að sumpart hef ég orðið fyrir vonbrigðum og sumpart ekki. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh. og greinargerð tillögunnar að nokkur árangur hefur náðst í því að fækka eða a.m.k. halda í horfinu alvarlegum slysum. Að því var líka stefnt. Markmiðin voru í byrjun og hafa síðan verið að ná fram verulegri fækkun alvarlegra umferðarslysa. Segja má að með tilliti til þess hversu mikið umferðin hefur aukist og þyngst sjáist þar nokkur árangur en á hitt verður líka að horfa að á einu sviði hefur þessi árangur alls ekki náðst, nema síður sé. Banaslysum hefur ekki fækkað. Þeim hefur þvert á móti fjölgað. Það hafa komið slæm ár, t.d. síðast og ekki byrjar þetta ár gæfulega. Þegar það er skoðað þá er eiginlega erfitt að horfa fram hjá því að um tölfræðilega marktæka aukningu er þar að ræða, a.m.k. alls ekki fækkun.

Það kann að vera að þessu valdi tilteknar breytingar sem menn velta fyrir sér í umferðinni, að bættur öryggisbúnaður, aukin notkun öryggisbelta og púða valdi því að dregur úr alvarlegri skaða í fleiri slysum. Eftir standa þó þau sem við hljótum að telja alvarlegust af öllum þar sem mannslíf beinlínis tapast. Þar verður að taka verulega á. Ég hef ekki skoðað nýlega tölfræðina um samsetningu þeirra sem í þessum slysum lenda en sú var tíðin að ég gerði það og fylgdist með því nokkur ár í röð. Þá stóð náttúrlega upp úr og æpti á hin háa tíðni yngstu ökumannanna, 17 og 18 ára ökumanna sem lentu í slysum. Þannig er, herra forseti, svo sannarlega verk að vinna.

Ég gagnrýni það ekki í sjálfu sér að menn setji sér háleit markmið þótt vissulega hrökkvi maður við að sjá þessa tölu, um 40% fækkun alvarlegra umferðarslysa miðað við fjölda slysa nú eða á síðasta ári og þar síðasta. Þarna er þó um að ræða 10 eða 11 ára tímabil. Ég gagnrýni það ekki að menn setji sér háleit markmið en hitt er jafnljóst að menn verða þá að leggja til grundvallar slíku aðgerðir. Það verður að gefa þessum áætlunum inntak og láta fylgja þeim fjármuni og aðgerðir sem geri það trúverðugt að menn séu í alvöru að reyna að ná þessum markmiðum, ella er sú hætta fyrir hendi að menn hætti að taka mark á því sem sett er niður á blað með þessum hætti. Ef það verkar svo fjarlægt og langt frá því að geta náðst, og skorti jafnvel á trúverðugleikann hvað það snertir að menn séu virkilega að reyna að vinna að þessum markmiðum, má efast um gildi og skynsemi þess að setja svona markmið fram.

Þessa fyrirvara, herra forseti, held ég að ég hljóti að verða að slá þegar ég sé þessa háu tölu birtast hér meðan ekki er beinlínis tekið á neinu með markvissum hætti, þ.e. í formi þess að leggja til aukna fjármuni og taka betur á í sambandi við umferðarmannvirki þar sem slys verða, t.d. að gera sérstaka áætlun um að útrýma einbreiðum brúm á helstu þjóðvegum, aðgerða til að halda niðri hraða með aukinni gæslu o.s.frv. Að öðrum kosti leita þessar efasemdir á mann og ég verð að segja að það hefði að mörgu leyti verið æskilegt að þessu hefði fylgt beinhörð framkvæmdaáætlun, tímasett og með fjárhagslegan bakgrunn sem hefði falið í sér úrbætur af þessu tagi, beinar aðgerðir á þessum sviðum þar sem menn binda helst vonir við að ná megi árangri í að fækka slysum. Ég held líka að fræðslan, ökukennsla, þjálfun og annað í þeim dúr verði að fylgja með. Þá hluti verður að taka mjög föstum tökum.

Kostirnir við það, herra forseti, að vinna samkvæmt svona stefnumótun og áætlunum og setja sér markmið eru m.a. þeir að menn fylgjast stöðugt með, eru stanslaust minntir á og eru stanslaust að mæla sig við markmiðin og hvernig það gengur. Það hefur gildi í sjálfu sér að menn slái aldrei slöku við og umferðaröryggismálin séu alltaf á dagskrá. Það er nákvæmlega eins með þau og mörg önnur sambærileg verkefni sem í eðli sínu eru forvarnatengd með vissum hætti, að þau þurfa stöðugt að vera á dagskrá og mega aldrei gleymast. Ég tel auðvitað kostina miklu meiri en gallana við að vinna að málum með þessum hætti.

Þessar athugasemdir, herra forseti, ætla ég að láta nægja af minni hálfu að svo stöddu.

Umræðu frestað.

Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 512. mál. — Þskj. 807.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag sjóbjörgunarmála, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 619. mál. — Þskj. 971.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 12.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:01.

---

100. FUNDUR

miðvikudaginn 20. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, stjtill., 565. mál, þskj. 886, nál. 983. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

2. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, stjtill., 566. mál, þskj. 887, nál. 984. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, stjtill., 567. mál, þskj. 888, nál. 982. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 625, nál. 918 og 967, brtt. 966. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 639, nál. 919 og 968. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 460, nál. 939, brtt. 940. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 371. mál, þskj. 573, nál. 992. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Kirkju- og manntalsbækur, stjfrv., 372. mál, þskj. 574, nál. 993. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Kirkjubyggingasjóður, stjfrv., 428. mál, þskj. 688, nál. 991. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 512. mál, þskj. 807. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 619. mál, þskj. 971. — Frh. fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, 503. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1004.

Athugasemdir um störf þingsins.

Norsk Hydro og framkvæmdir við álver.

[13:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna umræðna sem urðu við upphaf þingfundar í gær um framgang frv. til laga um virkjun Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár í Dal og stækkun Kröfluvirkjunar vil ég taka eftirfarandi fram:

Í samtölum íslenskra stjórnvalda á síðustu dögum við forráðamenn Norsk Hydro hefur komið fram að kaup fyrirtækisins á þýska álfyrirtækinu VAW nú nýlega hafa mikil áhrif á fjárfestingargetu fyrirtækisins a.m.k. fyrst um sinn. Þessi staða hefur að mati forráðamanna Norsk Hydro áhrif á þátttöku fyrirtækisins í byggingu álvers í Reyðarfirði þar sem ákvörðun um þátttöku samkvæmt gildandi tímaáætlun þarf að liggja fyrir í síðasta lagi þann 1. september. Sá tímarammi kann því í ljósi kaupanna á VAW að vera of knappur. Nú er unnið að gerð yfirlýsingar um málið þar sem leitast verður við að eyða óvissu og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að tímaáætlanir raskist sem minnst. Ég vænti þess að sú yfirlýsing geti legið fyrir í upphafi næstu viku.

Ég vil taka það fram hér að sú staða sem nú er komin upp kemur íslenskum stjórnvöldum í opna skjöldu. Áður höfðu stjórnvöld verið fullvissuð um að fjárfestingar í hinu þýska fyrirtæki hefðu ekki áhrif á þátttöku í Noral-verkefninu.

Herra forseti. Þar sem nú liggur fyrir að fyrrnefnt frv. um virkjun Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal og stækkun Kröfluvirkjunar hefur verið afgreitt úr hv. iðnn. (Forseti hringir.) eftir ítarlega og góða vinnu legg ég áherslu á að það verði að lögum sem allra fyrst. Það er mikilvægt að ekki standi á íslenskum stjórnvöldum í hv. Alþingi til að ná markmiðum um uppbyggingu stóriðju á Austurlandi. Allir aðilar sem komið hafa að málinu telja að hér sé um að ræða hagkvæmt verkefni og því er ég þess fullviss að af því verði.

[13:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að gefa þessa yfirlýsingu hér þó að í henni sé kannski ekki fólgið mikið inntak annað en það að við megum vænta frétta af málinu eftir helgi. Það er samt orðið ljóst og viðurkennt með þessu að frétt á baksíðu Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum á við rök að styðjast og það hefur líka mátt ljóst vera af þeim viðbrögðum forsvarsmanna Norsk Hydro að bera fréttina ekki til baka.

Nú liggur sem sagt fyrir að fjárfesting Norsk Hydro og kaup á þýska álfyrirtækinu Vereinigten Aluminiumwerke hefur áhrif á fjárfestingu þeirra á Íslandi og þá er samhengi málsins orðið nokkuð ljóst. Þess er að vænta, ef ráða má í þær upplýsingar sem fyrir liggja, að tímaáætlunin hið minnsta raskist og þá á þann veg að hlutirnir tefjist umtalsvert. Í því ljósi, herra forseti, er alveg skýrt að Alþingi hefur meiri tíma á höndum og það ber enga nauðsyn til að hraða málum í óðagoti og óvissu í gegnum þingið. Sjálfsagt og sjálfgefið er að hreyfa ekki frekar við frv. til laga um virkjunarleyfi fyrir Kárahnjúkavirkjun fyrr en málin hafa skýrst og í öllu falli ekki fyrr en sú nýja yfirlýsing sem ráðherra boðar að mögulega verði hægt að skýra frá eftir helgi liggur fyrir. Ég held því, herra forseti, að við ættum ekki að þurfa að ræða það mál frekar a.m.k. Það væri beinlínis hlálegt ef Alþingi tæki málið nú til umfjöllunar sólarhringum áður en boðuð er opinber yfirlýsing aðila um málið.

[13:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hún gaf hér. Hún gerir auðvitað ekkert annað en að staðfesta þá óvissu sem ríkt hefur um fyrirætlanir Norsk Hydro frá því að fréttin birtist í Morgunblaðinu á föstudaginn var. Nú er sem sagt ljóst, herra forseti, að tímarammar og tímaáætlanir Noral-verkefnisins eru í uppnámi og breytinga er að vænta þannig að ég treysti því, herra forseti, og set fram þá afdráttarlausu kröfu að frv. það sem hér liggur fyrir um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar verði ekki sett á dagskrá þingfundar fyrr en næsta yfirlýsing liggur fyrir og þá yfirlýsing sem eitthvað er byggjandi á því að það er forkastanlegt, herra forseti, að halda áfram með það mál að veita ráðherranum heimild til að veita virkjunarleyfi fyrir þessum risastóru virkjunum áður en nokkuð er vitað hvort um orkukaupanda verður að ræða eða ekki. Þar sem þetta hefur nú fengist staðfest allt saman og þar sem það liggur ljóst fyrir að það verður alla vega ekki fyrr en eftir páska sem tilefni verður til þess að ræða þessi

mál hérna þá treysti ég því, herra forseti, að málinu verði vísað af dagskrám þingfunda þangað til.

[13:39]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur upplýst okkur um að framkvæmdir við álver í Reyðarfirði séu komnar í bið eða að alla vega sé ekki ljóst hvernig þetta mál muni þróast. Ég verð að lýsa því yfir að þetta eru ákaflega sorgleg tíðindi og fyrir Austfirðinga er það náttúrlega mikið áfall ef þetta þróast með þessum hætti.

Hæstv. iðnrh. tók þá ákvörðun á sínum tíma að ræða aðeins við einn aðila um þessar álversframkvæmdir, þ.e. við Norsk Hydro en ekki við Norðurálsmenn eða Kenneth Peterson í Columbia. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. iðnrh. hafi ekki hugsað sér að ræða við fleiri aðila í ljósi þeirra tíðinda sem nú eru uppi.

Mér hefur alltaf fundist of mikið gert í því að eltast við Norsk Hydro sem gerði okkur þann grikk í sambandi við Fljótsdalsvirkjun að ganga frá því máli án fullnægjandi skýringa og er síðan að finna leiðir, að því er manni finnst, til þess að ganga út úr þessu máli einnig.

Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnst að af hálfu iðnrh. hafi verið gert of mikið af því að treysta á að Norsk Hydro komi hingað til þess að byggja álver á Íslandi. Full ástæða er til þess að snúa sér annað. Það er ekki eftir neinu að bíða. Það er búið að draga okkur nógu lengi á asnaeyrunum í þessu máli.

[13:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta eru ekki lítil tíðindi sem hér eru flutt þó að menn hafi grunað að svona gæti gerst. En það liggur þá fyrir að Norsk Hydro er a.m.k. að lýsa því yfir að ekki verði af framkvæmdum á þeim tíma sem talað hefur verið um og að það þurfi í það minnsta að semja um einhvers konar tímafresti.

Mér finnst ástæða til að hvetja íslensk stjórnvöld til að taka á málinu af festu og krefjast þess að í þeim samningum verði gengið frá því endanlega hvenær framkvæmdir hefjast og hvort af þessu verði. Það er ástæða til þess að hægt sé að gera það núna í beinu framhaldi af því sem þarna hefur gerst vegna þess að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að þessi álhringur hefði fullvissað stjórnvöld um að fjárfesting í álverunum í Þýskalandi hefði ekki áhrif á fyrirætlanirnar um álver fyrir austan. Nú er komið í ljós að það er rangt. Þess vegna verður að ganga enn fastar eftir því að teknar verði endanlegar ákvarðanir og ástæða er til að krefjast þess að ákvarðanir um það hvenær framkvæmdir hefjast verði teknar strax.

Hins vegar ekkert kappsmál fyrir Íslendinga að mínu viti að þær hefjist í haust. Nógar framkvæmdir eru fram undan í svona málum á næstunni þó svo þetta dragist um einhvern tíma. Verið getur að það væri verra fyrir Austfirðinga, þ.e. að þeim þætti það. En þó væri alla vega skárra að vita hvenær framkvæmdir hæfust en að bíða í óvissu. Og það væri betra fyrir efnahagslífið í landinu í heild að þessar framkvæmdir mundu teljast eitthvað frá því sem menn höfðu stefnt að nú í haust. Ég held að það sé augljóst af öllum þeim upplýsingum sem hafa komið um efnahagsleg áhrif af þessum framkvæmdum.

[13:43]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er auðvitað svo að Norsk Hydro hefur ekki einkaleyfi á álveri við Reyðarfjörð og það verður að meta í fullri alvöru hvernig staðan er eins og nú er komið. En ég skildi hæstv. iðnrh. svo að sá dráttur sem sýnilega verður á framkvæmdum verði ekki langur og er auðvitað gott til þess að vita ef svo er. Auðvitað verða þessi mál að skýrast og það verður að liggja ljóst fyrir hver sé vilji og hver sé stefna hins norska stórfyrirtækis. Við höfum bundið okkur og fest okkur við það. En ef í ljós kemur að það fylgir ekki full alvara í samningsgerðinni af þeirra hálfu þá verðum við líka að taka því.

Ég vil leggja áherslu á að mikilvægt er og óhjákvæmilegt að Alþingi samþykki frv. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsá í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar til þess að auðvelda það og gera það mögulegt að leita til annarra aðila ef Norsk Hydro heltist úr lestinni. Það auðveldar alla samningagerð og bætir samningsstöðu okkar. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Ég vil að síðustu segja að þessir atburðir sýna okkur hversu vandasamt verk það er og mikilvægt að vel sé á því haldið hvernig við getum nýtt náttúruauðlindir okkar. Lífskjör okkar Íslendinga velta á því að gjaldeyrissköpun okkar og gjaldeyrisöflun sé vaxandi, sé í lagi og sé traust. Einungis þannig getum við bætt lífskjör okkar til frambúðar og búið betur í haginn í okkar landi. Það eru engar patentlausnir til sem hjálpa okkur til að hjálpa okkur sjálfir. Við verðum að reiða okkur á okkur sjálf í þeim efnum.

[13:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur um hvort hér verði um seinkun að ræða. Það er augljóst af orðum hennar að væntanlega verði einhverjir frestir en eins og hún lagði áherslu á er það meiningin að tímaramminn varðandi þessa virkjun raskist sem minnst. Á það ber að leggja áherslu í viðræðum við þá aðila sem þarna er um að ræða, Norsk Hydro.

Það er augljóst að sú undirbúningsvinna sem hefur farið fram er mjög mikilvæg og hefur grundvallaráhrif á að hægt verði að fara í þessa virkjun. Virkjunin sem slík tekur lengri tíma en bygging álvers og því er mjög mikilvægt að þó svo nýir aðilar komi að byggingu álversins geti allur sá undirbúningur sem unninn hefur verið að við virkjunina nýst sem best og hægt verði að fara sem fyrst af stað í það verkefni.

Þess vegna er það grundvallaratriði að við á Alþingi höldum áfram vinnunni við þetta frv. og ljúkum henni. Ég sé enga ástæðu til þess að draga umræður um það á langinn. Yfirferðinni fyrir 2. umr. hefur verið lokið í iðnn. og ekki er ástæða til að taka lengri tíma í það en orðið er. Eins og ráðherra nefndi, þá er gert ráð fyrir að þessi yfirlýsing komi innan skamms og þess vegna eigum við að halda áfram á fullum dampi til að ljúka okkar verki í þinginu.

[13:47]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hér kom fram í byrjun fundar þó auðvitað sé því ekki að neita að hún veldur að sjálfsögðu miklum vonbrigðum af þeirri einföldu ástæðu að þetta er ekki í fyrsta skipti sem boðuð er seinkun á þeim framkvæmdum sem við Austfirðingar höfum beðið allt of lengi eftir.

Hins vegar verður auðvitað að hafa í huga, eins og skýrt kom fram hjá hæstv. ráðherra, að mikilvægt er að sá tímarammi sem nú er settur raskist sem allra minnst og einnig það að yfirlýsingar um málið komi fram sem allra fyrst og ekki seinna en í næstu viku.

Hins vegar er jafnljóst að það er mikilvægt fyrir Alþingi að afgreiða virkjunarleyfi fyrir Kárahnjúkavirkjun svo fljótt sem verða má. Það er eðlilegt að taka fram, það sem fram kom í umræðum í gær, að fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. hafa engar athugasemdir gert við þau störf sem þar hafa farið fram. Því verki er lokið og ekki eftir neinu að bíða með að það frv. komi til umræðu í þinginu.

Athyglisvert er að vinstri grænir, sem er á móti málinu eins og sést af öllum þeim tegundum andmæla sem hægt er að hugsa sér, skuli velta því upp að þetta hafi einhver hugsanleg áhrif á þeirra afstöðu í málinu. Að sjálfsögðu mun það engin áhrif hafa á þeirra afstöðu. Þeir eru jafnmikið á móti málinu í heild sinni, sama hvort það er Norsk Hydro sem ætlar sér að reisa álver í Reyðarfirði eða einhverjir aðrir. Andstaða þeirra er alger og því mun þetta ekki skipta neinu máli fyrir þá. Þetta mál er hins vegar miklu stærra en svo að við getum hlustað á þær raddir. Við verðum þess vegna leggja höfuðáherslu á að stjórnvöld beiti sér af fullum krafti til að fá fullnægjandi yfirlýsingar frá Norsk Hydro um hvort þeir ætli að vera í þessu máli eða ekki.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hversu langan frest er hugsanlegt að gefa Norsk Hydro til að gefa skýr svör þannig að það sé hægt að koma þessum gullmola í það verðmæti sem við þurfum á að halda?

[13:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Fyrir liggur að afgreiða hér á þingi stórt og mikið frv. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Þetta er mjög stórt mál í þinginu og mikil ábyrgð að afgreiða það. Það kom því illa við okkur öll að heyra þær sögusagnir að Norsk Hydro væri hugsanlega að draga sig út úr þessu eða fresta. Því vil ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að gefa þessa yfirlýsingu hér.

Ég leit svo á að þessar sögusagnir þyrftu að fá vandlega skoðun á þinginu og hafði beðið um utandagskrárumræðu um þá stöðu. Ég hafði reiknað með að sú utandagskrárumræða yrði tekin á morgun því að auðvitað setur þessi dráttur Norsk Hydro strik í reikninginn varðandi allar okkar framkvæmdir.

Ég vil minna á að sú yfirlýsing hefur verið gefin að það eigi ekki að fara í virkjanir á Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og þessar miklu framkvæmdir öðruvísi en að kaupandi sé tryggður. Í dag er kaupandinn ekki tryggður. Samt á að halda áfram að afgreiða málið hér eins og eitthvað slíkt sé í farvatninu. Svo er ekki.

Þetta verkefni er í raun sérsniðið fyrir þetta Noral-verkefni og ef Norsk Hydro fer út úr þessu erum við ekki bundin, samkvæmt lögunum, því að nýta orkuna í álver eða aðrar stórframkvæmdir á Austurlandi. Við verðum ekkert bundin af því. Það verður hægt að nýta þessa orku í frekari uppbyggingu álvera og stóriðju á suðvesturhorninu.

[13:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég þakka sérstaklega fyrir umræðuna sem hér hefur farið fram vegna þess að mér finnst hafa verið mikill samhljómur í henni. Þar hafa að sjálfsögðu verið undantekningar og það er mál sem við þekkjum. Einn stjórnmálaflokkur ætlar að vera á móti þessu máli og í sjálfu sér sé ég ekki að þeir atburðir sem núna hafa átt sér stað breyti nokkru þar um.

Það er óvissa í þessu máli og þeirri óvissu hefur ekki verið eytt með orðum mínum áðan, það er ljóst. Yfirlýsingar er að vænta á næstu dögum, í seinasta lagi í upphafi næstu viku. Þá skýrist þetta mál frekar.

Noral-verkefnið er stórt verkefni. Íslensk stjórnvöld hafa unnið að því verkefni af miklum heilindum og ég tel mjög mikilvægt, vegna framhaldsvinnunnar og ekki síður vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, að íslensk stjórnvöld og hv. Alþingi standi við það sem upp á þau stendur í þessu máli. Þá á ég ekki síst við að samþykkja frv. um Kárahnjúkavirkjun.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka sérstaklega þeim nefndum sem unnu að því máli, iðnn., umhvn. og efh.- og viðskn., fyrir mjög vönduð og góð vinnubrögð. Verkefnið sem hér er um að ræða er arðbært. Því hafa allir haldið fram sem komið hafa að málinu. Það styrkir stöðu okkar sem þjóðar hvað þetta varðar að við höfum náð í gegnum Kyoto-bókunina ákveðnu ákvæði sem styrkir stöðu okkar. Við vitum líka að önnur álfyrirtæki í heiminum hafa horft til Íslands og það styrkir okkur í þeirri trú að þó að þarna geti orðið breytingar hvað varðar norska fyrirtækið Norsk Hydro þá er ekki öll nótt úti.

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, frh. síðari umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 886, nál. 983.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

21 þm. (ÁSJ, DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1027).

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, frh. síðari umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 887, nál. 984.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

21 þm. (ÁSJ, DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1028).

Fullgilding samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, frh. síðari umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 888, nál. 982.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

20 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1028).

Samgönguáætlun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 384. mál. — Þskj. 625, nál. 918 og 967, brtt. 966.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 966,a felld með 23:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, DrH, GuðjG, GHall, HÁs, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS.

20 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, RHák, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:58]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um gerð og lagaramma samgönguáætlunar til langs tíma. Það er mikilvægt að í þessum lagaramma sé kveðið skýrt á um að áætlunin skuli unnin á grundvelli stefnumörkunar í umhverfismálum. Því hef ég lagt fram brtt. við frv. sem gerir ráð fyrir að samgönguáætlun skuli vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum og unnin í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

Ég tel afar mikilvægt, herra forseti, að þetta komi inn í frv. til að tryggja að það verði unnið eins og best verður á kosið.

Brtt. 966,b felld með 23:20 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RHák*, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, DrH, GuðjG, GHall, HÁs, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS.

20 þm. (ÁSJ, DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.

4 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, DrH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, RHák, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4.–7. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 918 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

21 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS, ÞSveinb.

5 þm. (JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁSJ, DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
19 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um stórmál að ræða en ég tel að bæta megi úr í nokkrum atriðum, bæði varðandi verklag við samgönguáætlunina og eins líka við skipan samgönguráðs og hlutverk þess, og ég óska eftir því að milli 2. og 3. umr. verði málið tekið upp í hv. samgn. og athugað hvort ekki megi færa það í þann búning að fullt samkomulag geti orðið um það.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 385. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 639, nál. 919 og 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 919 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PHB, RHák, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
19 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DrH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, ÍGP, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, RHák, SI, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, TIO, VS.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
19 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3.–24. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
19 þm. (DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Geislavarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 460, nál. 939, brtt. 940.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 940,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 940,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 940,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 940,4 samþ. með 43 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 940,5 samþ. með 43 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
10.–11. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 940,6 samþ. með 41 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 940,7 samþ. með 42 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 940,8 samþ. með 43 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 940,9 samþ. með 43 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 940,10 samþ. með 43 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
18.–22. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 940,11 samþ. með 42 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (dreifing ösku, kirkjugarðaráð o.fl.). — Þskj. 573, nál. 992.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
1. gr., inngmgr. og a–b liðir, samþ. með 42 shlj. atkv.

1. gr. c samþ. með 41:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
nei: JB, KVM.
20 þm. (DO, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SvanJ, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 992 samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
6.–15. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 992 samþ. með 45 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Kirkju- og manntalsbækur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (kostnaður). — Þskj. 574, nál. 993.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, StB, SvH, TIO, ÞSveinb.
5 þm. (JB, KVM, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
19 þm. (DO, GÁS, GÁ, GunnB, HGJ, HjÁ, JÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VS, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DLH, DrH, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PHB, RHák, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SÓ, SJS, StB, SvH, TIO, ÞSveinb.
4 þm. (JB, KVM, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (DO, GÁS, GÁ, GunnB, HGJ, HjÁ, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PP, SvanJ, VS, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:19]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Kirkju- og manntalsbækur hafa frá ómunatíð gegnt miklu hlutverki sem heimildir og gögn og ég reikna með að svo verði áfram. Þó að tölvur hafi mikið komið til sögunnar munu tölvur, og gögn sem í þeim eru, glatast fyrr en það sem skrifað er í kirkjubækur með varanlegu bleki. Því tel ég, herra forseti, að hvorki kirkjan né trúfélög eigi að standa straum af bókum sem þessar mjög svo mikilvægu heimildir fara í heldur eigi ríkissjóður að sjá um það. Ég tel rangt að greiða atkvæði með þessari grein.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Kirkjubyggingasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 688, nál. 991.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 512. mál. — Þskj. 807.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skipulag sjóbjörgunarmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 619. mál. — Þskj. 971.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:23.

---

101. FUNDUR

miðvikudaginn 20. mars,
að loknum 100. fundi.

Dagskrá:

Til landbúnaðarráðherra:
1. Jarðalög, fsp. ÁRJ, 429. mál, þskj. 689.
2. Endurskoðun jarðalaga, fsp. SJóh, 561. mál, þskj. 881.
Til heilbrigðisráðherra:
3. Lyf sem falla út af sérlyfjaskrá, fsp. SJS, 447. mál, þskj. 716.
4. Breyting á reglugerð nr. 68/1996, fsp. MF, 529. mál, þskj. 833.
Til samgönguráðherra:

5. Úrbætur í fjarskiptamálum á Norðausturlandi, fsp. SJS, 498. mál, þskj. 788.

6. Skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa, fsp. LB, 542. mál, þskj. 847.

7. Fjarskiptasamband á Hólmavík og í nærsveitum, fsp. JB, 571. mál, þskj. 894.

Til sjávarútvegsráðherra:

8. Kræklingarækt, fsp. KVM, 513. mál, þskj. 811.

Til dómsmálaráðherra:

9. Aukið lögregluefltirlit, fsp. RG, 557. mál, þskj. 877.

Til iðnaðarráðherra:

10. Vistvænt eldsneyti, fsp. RG, 585. mál, þskj. 914.

Lyf sem falla út af sérlyfjaskrá.

Fsp. SJS, 447. mál. — Þskj. 716.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. heilbrrh. varðandi þau vandamál sem skapast þegar lyf falla út af lyfjaskrá. Svo er að ný lyf eru yfirleitt markaðssett sem sérlyf og koma inn á lyfjaskrá. Þau eru dýr, sem að nokkru leyti stafar af því að þróun og markaðssetning nýrra lyfja kostar mikið fé.

Hins vegar er það svo að þrátt fyrir miklar framfarir í lyfjaþróun þá eru mörg sígild lyf áfram mjög mikilvæg og daglega notuð. Nægir þar að nefna lyf eins og asperín og parasetamól. Hins vegar vill það bera við að þegar lyf eru orðin gömul, ekki lengur háð sérleyfum og margir hafa tekið til við að framleiða þau, að verðið lækkar mjög.

Þá kemur til sögunnar sérislenskt vandamál, a.m.k. er það ekki þekkt annars staðar í Vestur-Evrópu svo að ég viti til, þ.e. að þegar lyf er orðið nógu ódýrt sjá íslenskir lyfjaframleiðendur og íslenskir umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda sér ekki lengur hag í að hafa viðkomandi lyf á skrá. Viðkomandi lyf eru þá tekin út af skrá Lyfjastofnunar og kosta eftir það lækni og viðkomandi aðila mikla skriffinnsku og fyrirhöfn að ávísa lyfinu í gegnum apótek og fá það afgreitt á grundvelli undanþágu.

Þetta gildir um fjölmörg almenn lyf sem hafa mikið notagildi enn þann dag í dag. Má sem dæmi nefna hormónalyfið hydrocortison sem er kjörlyf vegna vanstarfsemi í nýrnahettuberki. Það má nefna flogaveikilyfið fenemal og sýklalyfið nitrofurantoin o.fl.

Það má líka nefna, herra forseti, dæmi um hversu geysilegur viðbótarkostnaður lendir á notendunum til viðbótar þessu óhagræði sem ég hef áður nefnt. Þannig má sem dæmi taka að samkvæmt undanþágulista Lyfjastofnunar frá því í janúar 2002 er lyfið thyroxin, sem a.m.k. 4 þúsund Íslendingar verða að taka daglega vegna vanstarfsemi í skjaldkirtli, aðeins fáanlegt í 0,05 milligramma töflum hérlendis og kosta 100 töflur 1.347 kr. Skammtur til 100 daga handa sjúklingi með þessi vandamál hefur þá hækkað úr 524 kr. áður í 2.694 kr. vegna þess viðbótarkostnaðar sem því fylgir að lyfið er fallið út af lyfjaskrá. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrrh.:

Hefur ráðherra í hyggju að grípa til einhverra aðgerða vegna þess viðbótarkostnaðar sem leggst á lyf sem fallið hafa út af lyfjaskrá en eru áfram í notkun?

[14:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr hvort ég hafi í hyggju að grípa til aðgerða vegna þess viðbótarkostnaðar sem leggst á lyf sem fallið hafa út af sérlyfjaskrá en eru áfram í notkun. Ýmsar ástæður hafa orðið þess valdandi á undanförnum árum að þekkt gömul og rótgróin lyf, innlend sem erlend, hafa verið tekin af markaði. Ýmist er það vegna þess að innlendi markaðurinn er lítill, framlegð af sölu lyfjanna er lítil sem engin eða að framleiðendur þeirra hráefna sem notuð hafa verið til framleiðslunnar hafa hætt framleiðslu þeirra.

Ráðuneytið hefur lýst sig fúst til að koma til móts við innlenda framleiðendur eftir því sem unnt er til að halda umræddum lyfjum á markaði án þess að dregið verði úr þeim kröfum sem til lyfja eru gerðar. Á meðan þessi mál eru ekki til lykta leidd hafa verið veittar undanþágur á heimild til innflutnings á þessum lyfjum. Slíkt leiðir til hærri kostnaðar en erlendir framleiðendur þessara lyfja hafa hvorki léð máls á markaðssetningu þeirra hérlendis né samstarfi við innlenda framleiðendur sökum smæðar markaðarins og þess kostnaðar sem því fylgir að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf.

Ýmsir aðilar hafa vakið athygli ráðuneytisins á þessu máli og við höfum í heilbr.- og trmrn. unnið að lausn þess í samstarfi ráðuneytisins og Lyfjastofnunar. Hv. fyrirspyrjandi tilgreindi nokkur lyf í ræðu sinni og minnist á þau í fyrirspurninni í þessu sambandi.

Við viljum vinna að lausn þessa máls í samstarfi við Lyfjastofnun eins og ég sagði áður.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er að sjálfsögðu jákvætt að ráðuneytinu sé kunnugt um þetta vandamál og viðurkenni það. Það er og jákvætt að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að unnið væri að lausn málsins. Gjarnan hefði maður viljað heyra meira um í hverju sú lausn gæti verið fólgin og hvenær einhverra úrræða yrði að vænta. Ég held að þetta vandamál sé heldur vaxandi en hitt, samanber t.d. það sem ég nefndi, glænýtt dæmi um lyf sem um fjögur þúsund Íslendinga nota daglega. Það féll út af lyfjaskrá um áramótin með tilheyrandi óþægindum, óhagræði og ekki síst kostnaði.

Ég held að það hljóti að þurfa að stefna að því að breyta reglum um skráningu og nýskráningu lyfja hérlendis og gera það auðveldara en nú er að halda eldri lyfjum inni á skrá og jafnvel skrá á nýjan leik, því þess er þörf, mörg gömul og vel þekkt lyf sem hafa dottið út af skrá hérlendis.

A.m.k. er það algerlega óásættanlegt að sá þáttur einn, að lyfin eru orðin svo ódýr sem raun ber vitni, valdi því að þau falli út af skrá. Við getum auðvitað ekki kyngt því að sú ástæða ein, að lyfin eru orðin ódýr og það er lítið upp úr því að hafa að versla með þau, valdi því að þau falli út af skrá og mikill viðbótarkostnaður lendi á sjúklingunum. Þar verða stjórnvöld að grípa inn í, a.m.k. vegna þess að við þessar aðstæður ráðum við. Aðrar aðstæður ráðum við kannski ekki við, t.d. ef erfiðleikar eru í framleiðslu lyfjanna o.s.frv. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að vinna ötullega að lausn þessa máls. Ég trúi því að hún geti fundist.

Áður sá Lyfjaverslun ríkisins um þessa hluti og þeir voru í mjög góðu horfi. Þessir hlutir voru þá óþekktir þannig að hér er reyndar — ég skýt því inn í, herra forseti, í lokin —

einn angi af blessun einkavæðingarinnar á ferðinni á vissan hátt.

[14:33]

Ragnheiður Hákonardóttir:

Herra forseti. Ég vil koma inn í þessa umræðu og þá fyrirspurn sem hér liggur fyrir og vil ítreka að það velur sér enginn heilsubrest og því síður að þurfa vegna heilsufars lífsnauðsynlega að vera á lyfjum.

Hér hafa verið nefnd lyf eins og thyroxin-natrium sem skjaldkirtilssjúklingar eru mjög háðir sem öðrum. Það er lífsnauðsynlegt fyrir fólk að hafa þau lyf til daglegra nota. Ekkert kemur í staðinn.

Ég lít svo á, hæstv. ráðherra, að allir þeir sem við slíkar aðstæður búa hljóti að hafa frekari aðgang að þessum lyfjum og í rauninni ætti þau að vera frí. Það kæmi heilbrigðiskerfinu í landinu best og Tryggingastofnun að þessir einstaklingar þyrftu ekki að búa við sjúkleika sinn vegna skorts á lyfjum.

[14:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek að ráðuneytið hefur unnið að skoðun á þessu máli í tengslum við Lyfjastofnun. Ég get ekki sagt til um dagsetningu þess er þeirri skoðun lýkur. Ég hef fullan vilja til þess að hraða þeirri vinnu. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda höfum við fullan skilning á þessu vandamáli.

Ég tek undir að það er auðvitað ekki viðunandi að lyf falli út af skrá bara fyrir að vera ódýr. Ég hef alveg fullan skilning á því. Þetta eru brýn mál vegna nokkurra lyfja, sem ég gæti nefnt, t.d. lyfja við þvagfærasýkingu sem almannatryggingar taka ekki þátt í greiðslu fyrir. Það er þó gert í þeim tilvikum nú þar sem um þrálátar sýkingar er að ræða.

Annað lyf hefur verið nefnt, við vanstarfsemi skjaldkirtils eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi. Það greiddu almannatryggingar að fullu og munu greiða áfram þar sem lyfið er nú á undanþágulista. En það þarf að sækja um lyfjaskírteini, sem ekki þurfti áður. Sama máli gegnir um önnur lyf, t.d. við flogaveiki. En séu þau notuð við flogum af öðrum toga en flogaveiki, sérstaklega vegna aukaverkana af öðrum lyfjum, þarf viðkomandi sjúklingur að greiða sinn hluta í lyfjunum eins og nú stendur. En þessi lyf eru tiltölulega ódýr.

Ég endurtek að ég hef fullan vilja til að hraða þessu máli. Hér er auðvitað ekki um einfalt mál að ræða frekar en mál í lyfjageiranum almennt. Ég hef hins vegar fullan skilning á því vandamáli sem hér er nefnt. Hv. fyrirspyrjandi kom því að í lokin, eins og um að Karþagó skyldi lögð eyði, að nefna einkavæðinguna. Ég ætla hins vegar að geyma þá umræðu þangað til síðar.

Úrbætur í fjarskiptamálum á Norðausturlandi.

Fsp. SJS, 498. mál. — Þskj. 788.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil taka fram að mér finnst þessi röð á fyrirspurnum til fyrirmyndar.

Ég hef leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. samgrh. sem lúta að fjarskiptamálum á norðausturhorni landsins. Þær tengjast einkum því að aðeins hluti þéttbýlisstaðanna á norðausturhorni landsins er tengdur ljósleiðarakerfinu. Þeir sem ekki tengjast því búa að dómi heimamanna, og ég held flestra sem kynna sér málin, við alls ófullnægjandi aðstæður að þessu leyti. Þannig háttar til um þéttbýlið bæði á Raufarhöfn og Kópaskeri. Raufarhöfn hefur aðeins eina örugga leið eða eina leið inn á ljósleiðaranetið og grunnfjarskiptanetið. Það er með örbylgjusambandi frá Viðarfjalli og til Raufarhafnar. Kópasker hefur að vísu tvöfalda tengingu, annars vegar gamlar lagnir frá Lundi í Öxarfirði út á Kópasker og hins vegar örbylgjusamband frá staðnum og yfir á Auðbjargarstaðabrekku. Þau sambönd eru fullnýtt og hafa skapast vandræði ef útvega hefur þurft nýjar línur til aðila vegna viðskipta eða af öðrum ástæðum á þeim stað.

Raufarhöfn býr, eins og þetta dæmi sýnir, augljóslega við ófullnægjandi öryggi auk þess sem gæðum sambandsins er áfátt og brenna vill við að myndir á fjarskiptafundum frjósi fastar og að flutningsafköst séu ekki fullnægjandi.

Samkvæmt lauslegri athugun sem ég hef gert í samráði við tæknikunnuga menn mætti ráða bót á a.m.k. þessum hluta vandans að verulegu leyti með því að leggja til verksins 30–50 millj. Fyrir það mætti koma þarna við fullnægjandi úrbótum hvað flutningsgetu og gæði snertir og stórauka öryggi. Þetta mætti t.d. gera með ljósleiðarasambandi frá Lundi í Öxarfirði út á Kópasker og áfram upp á Snartarstaðanúp og þá stafrænni örbylgju þaðan á Raufarhöfn. Þar með fengi Raufarhöfn tvöfalda tengingu, eða með ljósleiðaralagningu með Viðarfjalli og út á Raufarhöfn eða ljósleiðaralagningu á báða staðina, sem væri öruggasti og besti kosturinn.

Þetta eru ekki stórar tölur, herra forseti. Ég ætla svo sem ekki að setja þær í samhengi við neitt sérstakt en óneitanlega kemur margt upp í hugann frá síðustu vikum þegar hið stóra og öfluga og sterka fyrirtæki Landssími Íslands á í hlut. Ég vil trúa því að þessar úrbætur verði hægt að gera, sem og aðrar sem lúta að fjarskiptum víðar á landinu. Það er fleira sem þarf að taka á í þessum efnum á norðausturhorni landsins sem ég vil leyfa mér að segja að hafi nokkra sérstöðu í þessum efnum vegna mikilla fjarlægða og af fleiri ástæðum. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh.:

Eru fyrirhugaðar aðgerðir á næstunni í þessu sambandi og í hverju yrðu þær þá fólgnar?

[14:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ber upp fyrirspurn:

„Eru fyrirhugaðar á næstunni aðgerðir af hálfu Landssíma Íslands hf. eða hins opinbera til að koma á ljósleiðarasambandi við alla þéttbýlisstaði á Norðausturlandi eða tryggja fullnægjandi öryggi og flutningsgetu grunnnetsins með einhverjum öðrum aðgerðum?“

Svar mitt er svohljóðandi: Ekki eru fyrirhugaðar af hálfu Landssímans neinar framkvæmdir á Norðausturlandi á þessu ári í uppbyggingu í sambandi við þéttbýlisstaði. Nú þegar er ljósleiðarasamband við alla þýttbýlisstaði á svæðinu nema Raufarhöfn og Kópasker en þeir staðir eru tengdir með örbylgjusamböndum.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssímanum hefur ekki, enn sem komið er, vantað meiri flutningsgetu sambanda á þessa staði og raunar er flutningsgeta sambandsins til Raufarhafnar mun meiri en þörfin á staðnum, samkvæmt upplýsingum sem Landssíminn hefur veitt ráðuneytinu.

Í annan stað er spurt:

„Hvað kosta nauðsynlegar aðgerðir af því tagi sem að framan greinir og í hverju yrðu þær fólgnar?“

Svar mitt er svohljóðandi: Gerðar hafa verið áætlanir hjá fyrirtækinu um á hvern hátt væri hægt að tvöfalda samböndin til þessara staða til að auka öryggi þeirra. Þar hefur helst verið skoðaður sá möguleiki að leggja ljósleiðarastreng frá Lundi í Öxarfirði til Kópaskers og áfram upp á Snartarstaðanúp og setja upp örbylgjusambönd þaðan til Raufarhafnar eins og fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda. Heildarkostnaður er væntanlega á því bili sem fram kom hjá fyrirspyrjanda, samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur en miðast auðvitað við þær lausnir sem yrðu fyrir valinu. Hins vegar er alveg ljóst að það skiptir mjög miklu máli að flutningsgeta fjarskiptakerfisins um landið sé fullnægjandi og að fyllsta öryggis sé gætt. Þess vegna tek ég undir það, sem endurspeglast í fyrirspurnum hv. þm., að við þurfum að leita allra leiða til að uppbygging fjarskiptanetsins um landið verði viðunandi, verði sem best og uppfylli öryggiskröfur íbúa á þessum svæðum.

Í ráðuneytinu hefur verið unnið að því að leita leiða til að tryggja fyrirkomulag og framkvæmd sem gæti sem best gagnast þeim sem þurfa að nýta fjarskiptanetið, ekki síst varðandi gagnaflutninga. Við heyrum af því að ný fyrirtæki, Fjarski og Lína.Net, hafi verið að leggja ljósleiðara yfir hálendið, m.a. vegna samninga sem gerðir hafa verið við háskólastofnanir. Þannig eru ýmsir að huga að endurbótum sem betur fer. Það er af hinu góða. En auðvitað verður enn um sinn og jafnvel nokkuð lengi gerð sú krafa til Landssíma Íslands hf. að hann verði í forustu um uppbyggingu, enda á Síminn öflugt net vítt og breitt um landið sem er að sjálfsögðu mikilvægt að nýta. Á það verður að leggja áherslu.

Ég hef rætt um það við forsvarsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar að huga þurfi að því að reglur séu sem skýrastar um þær kröfur sem gerðar eru til fjarskiptafyrirtækja hvað varðar gagnaflutninga. Það er ríkur vilji til þess í ráðuneytinu að stuðla að sem mestum og bestum lausnum á þjónustu fjarskiptafyrirtækjanna og fjarskiptakerfisins við íbúa hinna dreifðu byggða.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég verð að segja að þau ollu mér sumpart vonbrigðum. Ég hefði vonast til að hér hefði verið hægt að flytja þær gleðifréttir að nú yrði ráðist í þessar úrbætur á sumri komanda. Það er ekki stærra mál en svo að koma þessu í lag á þessu svæði, kostar kannski 30–40 millj. eða svo.

Ég ítreka að þarna er ekki um viðunandi ástand að ræða. Flutningsgeta kerfisins til Kópaskers er fullnýtt. Þar er að hluta til notast við mjög gömul sambönd sem eru ótrygg, og hvað Raufarhöfn snertir er um allsendis ófullnægjandi öryggi að ræða, að hafa þessa einu örbylgjutengingu. Þar er verið að reyna að byggja upp fjarvinnslu og reyndar hafa verið uppi hugmyndir um að standa sameiginlega að fjarvinnsluverkefnum á báðum stöðunum. Til þess þarf betra samband en er til staðar. Þannig er ekki alltaf rétt sem menn segja, herra forseti, að bara skorti á verkefnin. Þau vantar þó sannarlega, og stjórnvöldum er til skammar hvernig það hefur gengið. En sums staðar vantar líka undirstöðurnar, sjálft fjarskiptakerfið, æðakerfið.

Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. ráðherra að farið verði yfir það á nýjan leik. Ég skora á hæstv. ráðherra að láta Landssímann í málið. Eru ekki möguleikar á að ráðast í þessar úrbætur í sumar eða a.m.k. tímasetja þær þannig að það verði í allra síðasta lagi strax í byrjun árs 2003 eða þær unnar á því ári? Ég tel ekki ásættanlegt að draga þetta lengur. Ætli stjórnvöld sér að standa við stóru orðin og þær áætlanir sem eiga að heita í gangi um úrbætur í þessum efnum sé ég ekki annað en þetta þurfi hvort sem er að koma. Ég vísa til stefnumótunar um fjarskipti og upplýsingasamfélag. Hér þarf að gera betur, herra forseti.

[14:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá mér áðan er mikil breyting orðin á vegna þess að fleiri fyrirtæki eru farin að sinna fjarskiptaþjónustu og uppbyggingu grunnnets um landið. Auk þess er ekki hægt að gefa símafyrirtækjunum fyrirmæli um framkvæmdir úr ræðustóli á Alþingi. Hins vegar getum við lýst mjög sterkum vilja hér og sett fram óskir okkar um uppbyggingu þjónustunnar. Það liggur alveg fyrir. Eins og ég sagði er ríkur vilji samgrn. til að staðið sé sem best að uppbyggingu fjarskiptakerfisins í landinu svo að við getum nýtt okkur tækni margmiðlunar og tölvutækni um land allt í þágu atvinnulífsins og heimilanna. Þetta skiptir heilmiklu máli.

Ég mun ekki draga af mér við að setja fram þá skoðun mína að símafyrirtæki eigi að standa þannig að málum að þessi þjónusta verði sem mest og best og um landið allt.

[14:49]

Útbýting þingskjala:

Fangelsi og fangavist, 639. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1019.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 638. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1018.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 378. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1012.

Skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa.

Fsp. LB, 542. mál. — Þskj. 847.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Það hefur vakið sérstaka athygli mína að skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árin 1998, 1999 og 2000 eru ekki komnar út og ekki heldur 2001 þó að þar búi kannski ekki sömu sjónarmið að baki. Það er algjört grundvallaratriði ef menn ætla að læra af reynslu sögunnar, einkanlega ef ætlunin er að læra af reynslunni að því er varðar sjóslys, að upplýsingar um þetta komi fram, komi út. Þess vegna hefur það vakið a.m.k. sérstaka eftirtekt mína að ekki skuli vera búið að gefa þessar skýrslur út.

Samkvæmt heimildum mínum liggja fyrir, tilbúnar í drögum, skýrslur 1998 og 1999. En þær hafa ekki verið gefnar út. Hvað varðar skýrsluna fyrir árið 2000 þekki ég ekki eins vel og enn síður árið 2001.

Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur reyndar verið flutt til Stykkishólms og væntanlega hefur af því hlotist einhver kostnaður. Því hef ég leyft mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvenær von sé á að skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árin 1998, 1999, 2000 og 2001 komi út.

[14:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr:

„Hvenær er von á að skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árin 1998, 1999, 2000 og 2001 komi út?"

Svar mitt er svohljóðandi: Með lögum nr. 68/2000, um rannsóknir sjóslysa, sem gildi tóku hinn 1. sept. 2000 voru gerðar grundvallarbreytingar á skyldum rannsóknarnefndar sjóslysa. Þessar breytingar kölluðu óhjákvæmilega á endurskoðun á öllum fyrri starfsháttum nefndarinnar. Hinn 1. nóv. á síðasta ári var ráðinn framkvæmdastjóri nefndarinnar og auk hans annar starfsmaður frá síðustu áramótum.

Eitt af því sem ákveðið var að gera grundvallarbreytingar á við endurskoðun á starfsháttum nefndarinnar er það form sem hefur verið á útgáfu ársskýrslu hennar. Vinnslutími skýrslunnar hefur hingað til verið mjög langur, samanber það að skýrslan fyrir árið 1997 kom út árið 2000. Útgáfa þessi hefur því haft miklu takmarkaðra gildi en æskilegt væri enda er megintilgangurinn með útgáfunni sá að kynna rannsóknarniðurstöður nefndarinnar svo að draga megi af þeim viðeigandi lærdóm í því skyni að reyna að koma í veg fyrir að sams konar óhöpp verði aftur, eða að öðru leyti að leitast við að fækka slysum og óhöppum sjófarenda.

Nú um nokkurn tíma hefur verið unnið að því af hálfu nefndarinnar að koma rannsóknarniðurstöðum hennar vegna þeirra fjögurra ára sem fyrirspyrjandi nefndi í útgáfuhæft form. Vinnu við tvö fyrri árin, þ.e. 1998 og 1999, er lokið og rafræn útgáfa skýrslu fyrra ársins hefur þegar verið birt á nýju vefsetri nefndarinnar sem verið er að leggja lokahönd á undir léninu rns.is og væntanlega er árið 1999 um það bil einnig að koma á heimasíðu nefndarinnar, ef það er ekki þegar komið.

Vefsetrið hefur verið opnað fyrir umferð vegna skýrsluútgáfunnar þótt það sé enn í vinnslu en formleg opnun þess verður tilkynnt síðar. Það er sem sagt hægt að komast inn á þessa síðu, rns.is.

Vinnsla hinnar prentuðu útgáfu fyrir tvö fyrri árin er hafin og er stefnt að því að útgáfudagur skýrslunnar 1998 verði fyrir miðjan næsta mánuð og ársins 1999 innan þriggja mánaða frá þeirri dagsetningu. Vinna við tvö seinni árin, 2000 og 2001, er í fullum gangi og er stefnt að því að báðar skýrslurnar verði komnar út eigi síðar en næsta haust.

Þess má að lokum geta að samkvæmt áætlun nefndarinnar um endurskoðaða starfshætti sem þegar er byrjað að vinna eftir verða skýrslur hennar um hvert mál birtar á vefsetri hennar jafnóðum og vinnslu þeirra er lokið. Vinnslan fer fram í nýjum og öfugum gagnagrunni nefndarinnar sem verið er að taka í notkun eins og fyrr kom fram.

Aukið sjálfstæði nefndarinnar með hinum nýju lögum gerir það að verkum að frumrannsókn sjóslysa fer fram hjá nefndinni. Ég vænti þess að það ásamt því að nýr framkvæmdastjóri og starfsmaður hafa hafið störf fyrir nefndina muni leiða til aukinnar skilvirkni í störfum hennar og hraðari vinnslu mála.

Að gefnu tilefni vil ég undirstrika að flutningar nefndarinnar hafa ekki haft áhrif á útgáfu skýrslunnar nema síður væri.

[14:55]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með að starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa hafi verið flutt út á land og sé komin í góða aðstöðu þar sem var flugskýlið í Stykkishólmi á sínum tíma. Ég þakka einnig þessa fyrirspurn því að nauðsynlegt er að menn fái þessar skýrslur í hendur. Ég veit að það hefur skipt sjómenn máli að fá þær um borð í bátana til sín, og togarana sums staðar. Þeir hafa verið að skoða þær og velta fyrir sér orsökum slysanna. Það felur líka í sér heilmikið forvarnagildi og menn eru þá meira vakandi fyrir hættum á sjó.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði líka, þetta hefur bæði kynningar- og fræðslugildi fyrir þá sem lesa skýrsluna.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru að mínu viti nokkuð skýr hvað það varðar að þetta hefur dregist, og þetta hefur dregist úr hófi. En augljóst er að menn ætla að gera bragarbót þar á.

Ég fagna því líka að skýrslurnar séu komnar á rafrænt form og komi út jafnóðum því að það er eina leiðin til að menn nái að draga viðeigandi lærdóm af því sem upp kann að koma. Það liggur þá fyrir að ætlunin er að gera á þessu nokkra bragarbót.

Hins vegar vegna þess sem ég nefndi sérstaklega í fyrirspurn minni — samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hafa tvö fyrstu árin sem um var spurt, þ.e. árin 1998 og 1999, verið tilbúin fyrir margt löngu. Af einhverjum ástæðum hefur útgáfa þeirra skýrslna dregist. Hins vegar lýsti hæstv. ráðherra því yfir áðan að þessar skýrslur væru komnar á netið og umferð um væntanlega vefsíðu væri nú þegar orðin möguleg. Þá væri fróðlegt að fá að vita hvað hafi tafið svo mjög útgáfu þessara tveggja fyrstu ára sem um var spurt. Eftir því sem mér skilst hafa þær verið tilbúnar í um það bil ár eða meira.

[14:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún er nauðsynleg og gagnleg. Varðandi það hvers vegna dregist hafi að koma skýrslunum út liggur það alveg fyrir að vinnu við skýrslurnar og frágangi var ekki lokið. Það er skýringin. Við höfum lagt á það áherslu, eins og fram kom í svari mínu áðan, að ljúka þessu. Þetta er sem sagt alveg á næsta leiti þannig að það eru engar aðrar skýringar á því.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að við nýtum okkur upplýsingatæknina í sambandi við slíkar skýrslur. Hins vegar viljum við hafa bók í hönd þegar við lesum svona langt efni og mikið þannig að ekki verður undan því vikist að prenta skýrslur rannsóknarnefndarinnar. Með því að hafa rafræna útgáfu eru samt möguleikar á því að skýrslurnar birtist um leið og þær eru tilbúnar þannig að hvert eitt slys sem fjallað er um af hálfu nefndarinnar getur þá birst á heimasíðu um leið og þeirri vinnu er lokið og ekki er þörf á að bíða eftir því að öll skýrslan sé frágengin og prentuð. En auðvitað kemur síðan að því að útgáfan sér dagsins ljós.

Ég held að þetta horfi til mikilla bóta, og þeir ágætu starfsmenn sem nú hafa tekið þarna við störfum leggja sig fram um að sinna þessu eins og á að vera.

Fjarskiptasamband á Hólmavík og í nærsveitum.

Fsp. JB, 571. mál. — Þskj. 894.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Fjarskipti skipta miklu máli, bæði í samskiptum og öryggismálum. Strandamenn hafa samþykkt áherslur sínar og tillögur í byggðaáætlun. Í áherslum þeirra stendur m.a., með leyfi forseta:

„Úrbætur í fjarskiptamálum á Ströndum eru mjög aðkallandi. Strandasýsla er t.d. eina svæði landsins sem ekki hefur aðgang að ljósleiðarasambandi Landssímans. Góð fjarskipti eru og verða grunnþáttur í rekstri fyrirtækja og eru öllu atvinnulífi jafnnauðsynleg og örugg raforka og gott vegasamband. Sömu möguleikar eiga að bjóðast um allt land til að nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni og skapa ný störf á þessu sviði."

Tillögur þeirra og áherslur lúta að því að leggja ljósleiðara um Strandasvæðið til að leysa vandamál í fjarskiptaþjónustu á Vestfjörðum og telja þeir knýjandi að úrbætur verði gerðar hið fyrsta með lagningu ljósleiðara frá Drangsnesi um Hólmavík að Brú í Hrútafirði. Það er eðlilegt að Strandamenn leggi áherslu á þetta því að hinir litlu en mikilvægu grunnskólar í innhreppum Strandasýslu eru háðir fjarkennslu.

Þá er og nefnt og lögð áhersla á, með leyfi forseta:

„Áríðandi er með tilliti til almannavarna að í GSM-samband sé virkt á öllu Strandasvæðinu. Eftir að boðkerfi Landssímans var lagt niður er ekkert annað kerfi virkt til boðunar björgunarsveita eða slökkviliðs í Strandasýslu. Einnig er mjög brýnt að GSM-sendar verði settir víða upp þannig að samband náist hvarvetna með tilliti til öryggis ferðafólks."

Herra forseti. Strandamenn hafa miklar áhyggjur af þessu. Því hef ég lagt spurningar fyrir hæstv. samgrh. um bætur á fjarskiptasambandi.

„1. Hyggst ráðherra bregðast við vanda sem upp er kominn í öryggismálum á Hólmavík og ef til vill víðar þar sem boðkerfið sem áður var notað til boðskipta, t.d. milli lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkrabíla, hefur verið lagt niður án þess að fullnægjandi eða aukið öryggi í boðsendingum komi í staðinn?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að SMS-boðkerfið verði einnig sett inn á NMT-fjarskiptakerfið?

3. Hverjar eru áætlanir um að styrkja GSM-símasambandið norður Strandir, um Hólmavík, Drangsnes og yfir Steingrímsfjarðarheiði?" — Því það er afar brýnt að styrkja það bæði fyrir samskipti og öryggi á svæðinu.

Herra forseti. Það er afar brýnt að á þessum öryggismálum verði tekið og því hef ég lagt þessar spurningar fyrir hæstv. samgrh.

[15:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Svar mitt við fyrstu spurningu hv. þm. er svohljóðandi:

Í ársbyrjun 2001 hætti Landssími Íslands hf. að þjóna viðskiptavinum sem notuðu boðtæki en slökkt var á kerfinu í lok október 2001. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að framleiðandi búnaðarins veitti ekki lengur nauðsynlega þjónustu. Því var ekki hægt að treysta því að viðgerðir yrðu mögulegar ef alvarlegar bilanir kæmu upp. Boðkerfi Landssímans var orðið gamalt og ófullkomið og mikil hætta á að boð misfærust.

Boðkerfið bauð heldur ekki upp á þann möguleika að fá upplýsingar um hvort viðkomandi hefði fengið boðin né heldur að boðunaraðilinn svaraði hvort hann gæti brugðist við boðinu.

Tekjur af rekstri boðkerfisins voru litlar og fóru stöðugt minnkandi vegna dvínandi áhuga viðskiptavina. Lá því strax fyrir að endurnýjun kerfisins væri ekki á dagskrá. Til að tryggja að öryggi og þjónusta yrðu ekki skert hafði Landssíminn samráð við Neyðarlínuna hf. og stærstu viðbragðsaðila á landinu um hvernig boðun yrði best fyrir komið þegar boðkerfið yrði lagt niður.

Neyðarlínan hf. er langstærsti boðunaraðilinn á landinu og boðar um 150 þúsund aðila á ári. Neyðarlínan hf. notar aðallega SMS-skilaboð til boðunar viðbragðsaðila ásamt því að hringja í föst símanúmer og í NMT-síma. Neyðarlínan hf. hvatti til að gamla boðtækjakerfið yrði aflagt og í stað þess yrði SMS-boðun efld og gerði öruggari. Þrátt fyrir að Landssíminn hefði ekki lögboðna skyldu til að sjá neyðar- og björgunaraðilum fyrir boðum sá Landssíminn Neyðarlínunni hf. fyrir nauðsynlegri aðstöðu og þjónustu til að tryggja öryggi boðunar með viðunandi hætti. Neyðarlínan hf. bauðst í staðinn til að tryggja öllum þeim sem þyrftu að boða nauðsynlega þjónustu.

Í ársbyrjun 2001 annaðist Neyðarlínan boð fyrir Almannavarnir ríkisins, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Flugmálastjórn Íslands og fleiri aðila. Samtímis var tekinn í notkun samræmdur gagnagrunnur viðbragðsaðila. Reynslan af boðum frá því að gamla boðtækjakerfið var aflagt hefur verið góð og viðbragðsaðilar yfirleitt ánægðir með þjónustuna samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið.

Með SMS-boðun er unnt að sjá hverjir fá boð og hverjir ekki. Þannig er unnt að bregðast við ef lykilaðilar fá ekki boð með því að reyna aðrar samskiptaleiðir. Auðvelt er að senda upplýsingar með SMS sem koma boðendum að gagni. Kerfið býður upp á þann möguleika að sá sem boðaður er staðfesti hvort hann geti sinnt boðinu og er þetta sérstaklega mikilvægt þegar boðað er vegna lífsógnar eða elds.

Neyðarlínan hf., Grunnur, Gagnalausnir og Landssíminn vinna nú að því að tengja boðunarkerfi Landssímans við tölvukerfið og gagnagrunn Neyðarlínunnar hf. Með því verður boðun á Íslandi ein sú fullkomnasta sem völ er á.

Á undanförnum árum hefur náðst verulegur árangur í boðun sem byggst hefur á samvinnu Landssímans og aðila sem sinna neyðar- og björgunarmálum. Auk þess er TETRA-kerfið sérhæft fjarskiptakerfi fyrir viðbragðsaðila en útbreiðsla þess nær enn sem komið er einungis til þeirra sex lögregluliða sem eru í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, á Keflavíkurflugvelli og Selfossi. TETRA-kerfið er þess eðlis að mismunandi aðilar eru í sama fjarskiptakerfinu og hægt að tala saman í talhópum. Því er ekki um það að ræða að nýta það á því svæði sem fyrirspyrjandinn hefur lagt fram fyrirspurnir um.

Í annan stað spyr hv. þm.: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að SMS-boðkerfið verði einnig sett inn á NMT-fjarskiptakerfið?"

Svar mitt er: Þegar boðkerfið var lagt niður voru kannaðir möguleikar á að innfæra SMS þjónustu í NMT-kerfið og m.a. kannað hverjar væru óskir og þarfir þeirra sem sinna útköllum. Í viðræðum Landssímans við fulltrúa Neyðarlínunnar kom skýrt fram að SMS-þjónusta í NMT-kerfinu mundi ekki

bæta við öryggi útkallskerfisins neinu sem nálgaðist að réttlæta slíka fjárfestingu frá þeirra sjónarmiði. Að öðru leyti vísa ég til svars við fyrstu spurningunni.

Í þriðja lagi er spurt: „Hverjar eru áætlanir um að styrkja GSM-símasambandið norður Strandir, um Hólmavík, Drangsnes og yfir Steingrímsfjarðarheiði?“ Engar ákvarðanir hafa verið teknar, hvorki af Landssímanum, Tali hf. né öðrum fjarskiptafyrirtækjum í farsímarekstri um nýjar fjárfestingar í GSM-símakerfinu á Ströndum en á þessu ári áætlar Landssíminn hf. að leggja ljósleiðara frá Hólmavík upp á Hátungur á Steingrímsfjarðarheiði sem vissulega mun auðvelda það að koma upp GSM-sendi á heiðinni. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar um slíkt samkvæmt upplýsingum frá Landssímanum. Sæmilegt GSM-samband er nú þegar bæði á Hólmavík og Drangsnesi þó vissulega séu til staðir þar sem ekki næst samband.

Þetta eru svörin við við fyrirspurninni.

[15:09]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjandanum, hv. þm. Jóni Bjarnasyni, fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Hún vekur athygli á máli sem brýnt er að tekið sé eftir, þ.e. að boðunarkerfið er ekki alveg í fullkomnu lagi. Þegar upp koma neyðartilvik á Ströndum, t.d. Hólmavík, geta komið upp þær aðstæður að ekki náist í þá sem þörf er á að ná til.

Hæstv. ráðherra talaði um lögboðna skyldu Landssímans en við höfum líka siðferðilegar skyldur í þessum málum. Auðvitað þurfa aðstæður að vera þannig að hvar sem er á landinu náist í þá sem annast björgunarstörf, slökkvistörf og önnur störf sem sinna þarf þegar slys ber að höndum.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó þau væru ekki á þá lund sem ég hefði viljað heyra, þ.e. að ekki skuli hægt að bæta með skipulegum hætti fjarskiptasambandið á þessu svæði um Norður-Strandir, Hólmavík og Steingrímsfjarðarheiði, t.d. GSM-símasambandið. Mér er kunnugt um að meira að segja á Hólmavík, þar sem öryggismálin byggjast einmitt á GSM-símasambandinu, helst ekki samband innan svæðisins, þ.e. það nær afar stutt út fyrir bæinn. Það er afar brýnt að fjarskiptasamband gegnum GSM-símakerfið komist á. Ég óska eftir því við hæstv. ráðherra sinni því markvissar en hann kvaðst gera í ræðu sinni áðan.

Ég vil og vekja athygli á því sem hæstv. ráðherra sagði um aukna tækni sem væri að koma inn í fjarskiptakerfið, t.d. TETRA-tæknina. Hún hjálpar lítið ef hún á í höfuðdráttum að einskorðast við þéttbýlustu svæðin, greiðfærustu svæðin á suðvesturhorninu og kannski um miðsvæðið Norðanlands. Það verður að taka á og tryggja öruggt og gott fjarskiptasamband og öryggi í fjarskiptum, líka í þeim byggðum sem ekki eru á þéttbýlustu svæðunum.

Ég tel því, virðulegur forseti, afar brýnt að hér verði tekið myndarlega á og stefnan mörkuð til að tryggja bæði fjarskiptasamband og öryggi norður um Strandir og reyndar víðar um land þar sem eins er ástatt.

[15:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni geta þess að uppbygging TETRA-kerfisins hófst einungis fyrir fáum missirum. Í raun og veru hefur ekki verið við því að búast að sú þjónusta stæði til boða nema á mjög takmörkuðu svæði meðan verið væri að þróa þessa tækni og byggja upp kerfið. Engu að síður er það ekki á vegum Landssímans sem þar er unnið heldur hefur annað fyrirtæki sinnt þeirri þjónustu.

Ég vil hins vegar undirstrika að uppbygging GSM-símakerfisins hefur verið býsna hröð hjá okkur þó okkur leiðist að hafa dauða punkta vítt og breitt um landið þar sem GSM-símar nýtast ekki. Það er einnig háð því hversu notkunin á GSM-símakerfinu er mikil, þ.e. hversu hratt tekst að byggja þetta upp.

En eitt grundvallaratriði skiptir mjög miklu, þ.e. að samkvæmt fjarskiptalögunum eru svokallaðir reikisamningar heimilir þannig að símafyrirtæki eins og Landssíminn, Íslandssími, Tal og fleiri fyrirtæki á GSM-símamarkaðnum hafi möguleika á að samnýta kerfi sín. Þannig er hægt að byggja GSM-símakerfið í landinu upp á miklu hagkvæmari hátt en annars væri, ef hvert og eitt símafyrirtæki væri að byggja þjónustukerfið um landið allt. Þetta er mjög mikilvægur þáttur í fjarskiptalöggjöfinni sem tryggir hagkvæmari lausn.

Ég tek hins vegar undir það að vonandi tekst að hraða uppbyggingu GSM-símakerfisins á Ströndum eins og annars staðar á landinu.

Kræklingarækt.

Fsp. KVM, 513. mál. — Þskj. 811.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um byggðamál og nýsköpun í landinu undanfarin ár. Hefur það ekki síst verið vegna þeirrar þróunar að fjöldi manns hefur flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Til þess að sporna við þessari miklu byggðaröskun hafa menn leitað uppi ný atvinnutækifæri og möguleika á landsbyggðinni en það hefur ekki alltaf gefist sem best.

Það er mjög eðlilegt, herra forseti, að menn reyni að notfæra sér þá möguleika sem felast í náttúru staðanna og umhverfi. Ég tel að kræklingarækt geti verið álitlegur kostur fyrir okkur Íslendinga. Kræklingur er mjög vinsæl matvara víða um heim og hefur neysla á kræklingi og skelfiski aukist mjög í heiminum hin síðari ár. Nú er töluvert framleitt af kræklingi í heiminum, talað er um að það séu um 1,6 millj. tonna. Því vakna spurningar, herra forseti, um hvort við ættum ekki að taka okkur tak í þessu máli svo um munar.

Að vísu hefur verið dálítil starfsemi á vegum opinberra aðila í þessa veru og hefur verið skrifuð skýrsla um kræklingarækt, sem er ágæt, um ýmsa möguleika sem hún gefur. Þar kemur t.d. fram að við getum ekki búist við því að flytja mikið út af ferskum kræklingi eins og gert hefur verið heldur unnum og mundi það þá skapa enn meiri atvinnu.

Það er hægt að tala mjög mikið um þetta mál en ég er með fjórar spurningar til hæstv. sjútvrh.:

1. Hversu víða er kræklingarækt stunduð á Íslandi og í hve miklum mæli?

2. Hvernig hefur kræklingarækt verið styrkt og efld af opinberum aðilum?

3. Hver er framtíðarsýn sjávarútvegsráðuneytisins í þessum efnum?

4. Hafa opinberir aðilar áform um að efla á einhvern hátt kræklingarækt við strendur landsins?

Ég vil vekja athygli á því í lokin, herra forseti, að t.d. á Írlandi eru 50% fjárfestingarstyrkir og lán með lágum vöxtum til greinarinnar. Á Nýja-Sjálandi þarf greinin ekki að greiða nema 30% af eftirliti vegna eitraðra þörunga. Svona er þetta víða þar sem um nýsköpun er að ræða. Ég held að við ættum að taka okkur tak og gera mikið á þessu sviði.

[15:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda, Karls V. Matthíassonar, er í fjórum liðum:

„1. Hversu víða er kræklingarækt stunduð á Íslandi og í hve miklum mæli?"

Kræklingarækt er nú stunduð á 11 stöðum við landið. Formlega hafa verið stofnuð fimm fyrirtæki sem hafa kræklingarækt að markmiði. Þau eru Sæblóm ehf. sem er með tilraunarækt í Hvalfirði, Kolgrafarfirði og Hofsstaðavogi, Hlein ehf. í Arnarfirði, Norðurskel ehf. og Marbendill ehf. í Eyjafirði og Hafskel ehf. í Mjóafirði og Hamarsfirði. Auk þess er stunduð lítils háttar kræklingarækt við Bjarteyjarsand í Hvalfirði, í Kjálkafirði og Hestfirði.

Sumarið 2001 voru settir út um 50 km af söfnurum en árið 2000 um 60 km. Ýmsir byrjunarörðugleikar hafa komið upp og er ekki gert ráð fyrir mikilli uppskeru af árgangi 2000 eða í mesta lagi nokkrum tugum tonna á árunum 2002 og 2003. Ef vel gengur með ræktunina mun árgangur 2001 að hámarki gefa af sér um 250 tonn af markaðshæfum kræklingi og á árunum 2003 og 2004.

„2. Hvernig hefur kræklingarækt verið styrkt og efld af opinberum aðilum?"

Á árinu 1999 styrkti sjútvrn. eitt áðurtalinna fyrirtækja um 1 millj. kr. Veiðimálastofnun hefur fengið framlag á fjárlögum frá árinu 2000. Fyrsta árið fékk stofnunin 3 milljónir en 4 milljónir síðustu tvö árin. Kræklingaræktendur hafa auk þess sótt um beina styrki og fengið framlög m.a. frá Impru og Byggðastofnun.

„3. Hver er framtíðarsýn sjávarútvegsráðuneytisins í þessum efnum?"

Með samþykkt fyrirliggjandi frv. um eldi nytjastofna sjávar er lagarammi fyrir afkomu sjútvrn. styrktur og tækifæri til markvissrar stefnumótunar aukin, ekki hvað síst í gegnum fiskeldisnefnd.

„4. Hafa opinberir aðilar áform um að efla á einhvern hátt kræklingarækt við strendur landsins?"

Nú stendur fyrir dyrum að kanna heilnæmi þeirra svæða sem til greina koma fyrir þessa starfsemi. Aðkoma opinberra aðila hlýtur að markast af niðurstöðu þeirrar athugunar og því hvernig þær tilraunir ganga sem nú standa yfir í atvinnugreininni til arðsams reksturs.

[15:20]

Ragnheiður Hákonardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fsp. og svar hæstv. ráðherra, það sem komið er. En ég vil bæta við því fram kemur að þessi tilraun hefur ekki notið mikilla styrkja, ég held að fyrirtækin hafi t.d. ekki fengið fjármagn úr Nýsköpunarsjóði til að gera þessar tilraunir því ég lít svo á að þó að þessi fyrirtæki séu fimm þá sé þetta allt á tilraunastigi.

Að öðru leyti langar mig til að varpa því fram við umræðuna hvernig áformað hefur verið að eldi á annars konar sjávardýrum og kræklingaeldi fari saman því kræklingur er mjög viðkvæmur fyrir mengun.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. ráðherra. Í ljós kemur eða skilja má það svo að styrkveitingar eru ekki beint alveg markvissar og ætlaðar sérstaklega til fyrirtækja sem eru að byrja og eru í raun og veru brautryðjendur. Tel ég að það ætti ekki að vera tiltökumál að styðja við bakið á aðilum sem eru að byrja með þetta því að þetta er grein sem gæti orðið gífurlega sterk og mikil hér á landi. Þegar við horfum t.d. til þess hvað lagt hefur verið gífurlega mikið fjármagn í undirbúning vegna Reyðaráls og alls þess, þá held ég að það væri bara örlítill dropi í hafið miðað við þær fjárhæðir sem þyrfti að setja til að efla og styrkja kræklingaeldi hér á landi svo um munaði.

Það kemur fram í viðtali í Ægi, herra forseti, við Friðrik Sigurðsson sjávarlíffræðing, sem er framkvæmdastjóri Norshell í Noregi, að Norðmenn stefni að því að framleiða 20 þúsund tonn innan þriggja ára og takmarkið hjá þeim er að framleiða 45 þúsund tonn af kræklingi. Ég spyr: Hvar erum við stödd í öllum svona málum þar sem möguleikar eru til nýsköpunar og eflingar á þeim atvinnugreinum sem við höfum í sjávarútvegi? Náttúran okkar er hrein og tær og hafið. Þar eru stórkostleg tækifæri sem felast í því fyrir okkur. Eitt helsta vandamálið núna t.d. hjá Belgum og Hollendingum sem rækta mikið af skel er plássleysi og mengun sjávarins þannig að tækifærin liggja hjá okkur og við ættum að sýna meiri dirfsku og setja meira fjármagn í þetta.

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Út af fyrir sig er rétt að ekki er um mikla styrki að ræða til kræklingaræktunar en það er hins vegar ekki alltaf magnið sem skiptir máli í þessu sambandi. Það er líka rétt að hafa í huga að kræklingarækt er ekki mjög fjármagnsfrek ræktun hvað varðar fjárfestingar. Það sem skiptir auðvitað máli er að þeim fjármunum sem við verjum til rannsókna og styrkja í þessari grein sé varið á markvissan hátt. Það hefur verið stefnan og það hefur skilað okkur árangri eins og t.d. í sambandi við lúðueldið. Þar hafa Norðmenn eytt margföldum þeim fjármunum sem við höfum eytt en ekki náð sama árangri og Fiskeldi Eyjafjarðar hefur náð.

Varðandi þau markmið sem Norðmenn hafa sett sér, þá búa þeir við talsvert aðrar aðstæður. Hitastig með ströndum Noregs er talsvert hærra en hitastig yfirleitt í sjónum í kringum Ísland og eldi allra sjávardýra er mjög háð hitastigi.

Svo við víkjum aftur að fjármununum þá held ég samt sem áður að miðað við þá fjármuni sem hafa verið til ráðstöfunar til styrkja í eldi sjávardýra, þá geti kræklingaræktin ekki kvartað því að á fjárlögum síðustu ára hafa verið 19,1 millj. kr. til að veita styrki í eldi sjávardýra og miðað við þær tölur sem hér hafa komið fram hefur kræklingaræktin fengið 20% af þeim fjármunum. Hins vegar skiptir auðvitað mestu máli að það umhverfi sem verið er að rækta kræklinginn í sé heilnæmt. Þá kemur að því hvernig samskiptin eru við aðrar tegundir eldis og það er einmitt það sem verið er að vinna að núna, heilnæmisathugunin, og það starf sem fram undan væri í hinni sameiginlegu fiskeldisnefnd sjútvrn. og landbrn.

[15:26]

Útbýting þingskjala:
Erfðafjárskattur, 631. mál, frv. GunnB o.fl., þskj. 1002.
Húsaleigubætur, 637. mál, frv. ÁRJ, þskj. 1013.

Aukið lögregluefti rlit.

Fsp. RG, 557. mál. — Þskj. 877.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. með hvaða hætti ráðherrann ætli að kanna hvort þörf sé á frekara lögregluefti rliti í íbúðarhverfum Reykjavíkur og hvort skoðun muni jafnframt fara fram í nágrannabæjum Reykjavíkur og hvenær niðurstaða muni liggja fyrir.

Ég vil sérstaklega taka fram í upphafi máls míns að á liðnum missirum höfum við þingmenn Samfylkingarinnar talað fyrir daufum eyrum um málefni lögreglunnar hér á Alþingi. Það hefur hins vegar verið eitt af stóru málunum sem tekin eru fyrir í heimsóknum þingmanna Reykjaness til sveitarstjórna hve löggæslu er þröngur stakkur skorinn og við höfum oft sagt frá því. Fólk er órólegt og beinlínis hefur verið hrópað á úrræði.

Í haust heimsóttum við lögreglustöðvar í nágrannabæjum Reykjavíkur og það voru fyrst við þingmenn Samfylkingarinnar, og það var þungt í lögreglumönnum vegna skilningsleysis í garð starfa þeirra. Á fjárlögum fengust þó heimildir fyrir einu og hálfu stöðugildi samtals á landinu öllu. Heila stöðugildið fór í Kópavog, það hálfa á Blönduós. Í Kópavogi búa, hæstv. forseti, hátt í 25 þúsund manns. Þar hefur fjöldi lögreglumanna á íbúa verið hlutfallslega langlægstur. Þrátt fyrir einn í viðbót er enn þá aðeins unnt að manna einn bíl og það gengur ekki. Og af því að ég tek Kópavog sem dæmi þá er ástæða til að nefna að þar er mikil uppbygging og síaukin umsvif og sérstaklega hafa þau miklu umsvif sem þar hafa orðið skipt máli líka fyrir löggæsluna. Þess vegna er hann gott dæmi.

Ég hef nýverið átt samtöl sem leiða það í ljós að það er engin leið við þessar aðstæður að vera með grenndarlöggæslu í hverfunum. Sömu sögu fáum við í heimsóknum okkar á aðrar lögreglustöðvar.

Það gerðist svo, herra forseti, að tekið var viðtal við hæstv. dómsmrh. um öryggi borgaranna og var það í framhaldi af mjög alvarlegum atburði sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni hér, enda getur það gerst alveg óháð því hvort mikið er veitt til löggæslu eða ekki. Þá upplýsti hæstv. ráðherra að hún teldi ástæðu til að kanna hvort meiri þörf sé á frekara lögregluefti rliti í íbúðarhverfum. Mér þótti þetta mikil og athyglisverð tíðindi eftir það sem hér hefur þegar verið rakið og þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh.: Hvernig er staða mála með tilliti til þess sem hér er rakið og sérstaklega hvernig á að meta þörf á frekara lögregluefti rliti í kjölfar þeirrar skoðunar og hvenær mun sú niðurstaða liggja fyrir?

[15:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrirspurnina og um leið áhugann á lögreglumálum. Það er vissulega brýnt í öllum tilvikum að lögreglan sýni að hún sé í stakk búin til að takast á við alvarleg afbrot. Það er einnig vel skiljanlegt að óöryggi komi upp þegar alvarleg afbrot eru framin í íbúðarhverfum en sem betur fer eru slíkir atburðir sjaldgæfir.

Til svars við þessum fyrirspurnum hv. þm. get ég sagt að þörfin á lögregluefti rliti í umdæmi lögreglustjóra og þar á meðal í íbúðarhverfum er könnuð og metin með ýmsum hætti. Má þar nefna að heilmikil söfnun tölfræðiupplýsinga fer fram á vegum lögregluembætta og ríkislögreglustjóraembættisins og upplýsingar sem fram koma með þeim hætti gefa til kynna hvar æskilegt sé að efla lögregluefti rlit í ýmsum myndum. Á grundvelli þeirra upplýsinga hefur lögreglan verið efld, þar á meðal á höfuðborgarsvæðinu.

Ég get nefnt sem dæmi að á síðasta ári var fjárveiting vegna átaks í fíkniefnalöggæslu hækkuð umtalsvert og var þá bætt við fimm lögreglumönnum í Reykjavík sem sérstaklega sinna götueftirliti. Hefur starf þessa hóps skilað góðum árangri.

Einnig er upplýsingum safnað um umferð, umferðarálag og umferðaróhöpp og löggæslu stýrt í samræmi við þær upplýsingar, þar á meðal í íbúðarhverfum. Þannig er reynt að fylgjast náið með stöðum þar sem umferðaróhöpp eru tíð eða þegar önnur brýn þörf skapast eins og t.d. þegar skólar hefjast á haustin. Slík stjórnun og mat á þörf á löggæslu er ekki bundin við Reykjavík heldur eru þessar aðferðir viðhafðar í einni eða annarri mynd hjá öllum lögreglustjórum en þó einkum í stærstu lögregluliðunum.

Í þessu sambandi má einnig nefna í ljósi þess að fyrirspurnin snýr sérstaklega að eflingu lögregluefti rlits í íbúðarhverfum í Reykjavík að ég er mjög fylgjandi eflingu grenndarlöggæslu í íbúðarhverfum. Fyrirkomulag þetta hefur verið reynt með góðum árangri hjá lögreglunni í Reykjavík. Skal þar sérstaklega nefnt hið ágæta fyrirkomulag sem er á grenndarlöggæslu í Grafarvogi og einnig í Breiðholti.

Tilraunaverkefni var sett í gang í Bústaðahverfi fyrir fáum árum og gaf það góða raun. Gott samstarf lögreglu og viðkomandi sveitarstjórnar er mjög mikilvægt og má nefna að slíkt samstarf hefur reynst ákaflega vel í Grafarvogi.

Ég veit til þess að sýslumaðurinn í Kópavogi er að hefja samstarf við bæjaryfirvöld um fíkniefnalöggæslu og eftirlit en jafnframt þarf að huga að fjölgun lögreglumanna í Kópavogi til samræmis við mikla fjölgun íbúa í bæjarfélaginu. Fleiri lögreglustjórar eru í nánu samstarfi við sveitarstjórnir í einni eða annarri mynd og mörg góð dæmi má nefna þar um.

Heildarmat á því hvort efla skuli lögreglu er unnið í ráðuneytinu á grundvelli ýmissa upplýsinga, t.d. tölfræðiupplýsinga um þróun afbrota, fjölgun íbúa og fleira, einkum í tengslum við fjárlagavinnu hvers árs. Með hliðsjón af þeirri vinnu hefur lögreglumönnum verið fjölgað umtalsvert á undanförnum árum á fjárlögum, bæði til að mæta auknu álagi almennt og einnig til að takast á við ákveðin verkefni eins og t.d. fíkniefnalöggæslu. Tillögur um eflingu löggæslu koma því árlega til umfjöllunar á Alþingi.

Það er hagsmunamál okkar allra að löggæslan sé öflug og sýnileg. Ég hef í starfi mínu lagt áherslu á það og reynt með öllum tiltækum ráðum að vinna að því t.d. með fjölgun lögreglumanna. En fjölgun lögreglumanna er hins vegar ekki eina lausnin til að efla og bæta löggæsluna. Efling grunnnáms í Lögregluskóla ríkisins er önnur leið sem og efling framhaldsmenntunar og sérhæfingar lögreglumanna. Á undanförnum árum hefur mikið og gott starf verið unnið í Lögregluskólanum sem þegar er farið að skila okkur öfl-

ugri og betri lögreglumönnum og um leið fleiri menntuðum lögreglumönnum.

Fjarskiptum lögreglunnar á suðvesturhorni landsins hefur einnig verið umbylt með uppsetningu sérstakrar fjarskiptamiðstöðvar og svokallaðs TETRA-kerfis sem þjónar lögreglu- og slökkviliðum á svæðinu. Hefur þetta kerfi skilað góðum árangri og þar á meðal eflingu á löggæslu í þeim umdæmum sem það nær til og hingað hafa komið hópar frá öðrum löndum til að kynna sér hvernig við förum að á þessu sviði. Það er stefna mín að á næstu árum verði öll lögreglulið á landinu tengd þessu kerfi sem mun fela í sér umtalsverða eflingu löggæslu á landsbyggðinni.

Það er að mörgu að hyggja á stóru heimili og menn þurfa að leita allra leiða til þess að efla enn frekar löggæslu en gæta um leið að því að vel sér farið með skattpeninga. Ég get upplýst hér að ég hef sett í gang vinnu í dómsmrn. til að leggja mat á hvernig unnt er að efla löggæslu með því að nýta betur það fjármagn sem veitt er til löggæslu, m.a. með nánari samvinnu lögreglulíða. Bind ég vonir við að sú vinna muni skila árangri sem geti leitt til enn frekari eflingar löggæslu og þá sérstaklega grenndarlöggæslu. Í stuttu máli má því segja að könnun á því hvort efla þurfi lögregluefirlit í íbúðarhverfum eða annars staðar er stöðugt í gangi og við niðurstöðum af þeirri könnun er brugðist með viðeigandi hætti af hálfu þess lögreglustjóra sem í hlut á eins og ég hef hér lýst.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég var afskaplega spennt að heyra hvort eitthvert innihald yrði í þessu svari eða hvort viðbrögðin í viðtalinu sem ég vísaði til væru fyrst og fremst kurteisishjal á ögurstund og ég ætla bara að segja það hér að ég er vonsvikin yfir þessu svari. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að lögreglan stendur sig með afbrigðum vel við erfiðar aðstæður og af því að ég vísaði á þann stað þar sem ég þekki mjög vel til veit ég að vaktir geta verið óhemjuerfiðar, útkall ofan í útkall, og þegar bara einn bíll er til ráðstöfunar í stóru umdæmi er öllum ljóst hvernig vaktirnar eru.

Nú hefur það líka gerst að hæstv. ráðherra hefur sett á laggirnar nýja umferðaröryggisáætlun sem miðar að því að umferðarslysum fækki um 40%. Eitt af því sem þar er nefnt er að löggæsla verði styrkt og hugað verði að öruggari vegum, götum og öðrum umferðarmannvirkjum.

Í mínu kjördæmi er talað um að varla sjáist lengur lögreglubíll á vegum, og eftirliti með umferðarhraða eða hvernig umferð og akstri er hagað er ábótavant. En ég tók eftir því í fréttum í dag að gæsla hafði verið á vegum í Kópavogi og á annan tug bíla voru teknir fyrir brot á umferðarreglum.

Það er gott að setja á laggirnar tilraunaverkefni ef þau eiga að leiða til þess að þeim verði hrint í framkvæmd annars staðar ef þau gefa góða raun. Ég hjó eftir því, herra forseti, að sýslumaðurinn í Kópavogi — ég er ekki að tala um lögregluna í Kópavogi en það er gott fyrir mig að taka hana sem dæmi vegna þess að það er samhljómur á öllum lögreglustöðvunum í okkar eigin kjördæmi — ætlar að skoða þessi mál með bæjaryfirvöldum sem þýðir að leiðin sem á að fara sé að fá bæjaryfirvöld til að koma inn með kostun á stöðugildum eða eitthvað slíkt.

[15:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég bið hv. þm. að kynna sér betur svarið sem ég flutti áðan. Ég verð að segja að hv. þm. hlýtur að átta sig á því að það þarf að byggja slíka stefnumótun á ákveðnum tölfræðilegum upplýsingum, þróun á fjölda afbrota, fjölda íbúa o.s.frv. Ég þekki ekki þessar frásagnir hv. þm. úr hennar kjördæmi, Reykjanesi, um óánægju í sambandi við löggæslu. Þar hefur lögreglan einmitt tekið sig sérstaklega á og verið með umferðarátak í gangi og ég hef ekki orðið vör við annað en að lögreglan væri mjög sýnileg þar. Það hefur ekki farið fram hjá fólki sem hefur fylgst með fréttum að undanförnu að lögreglan hefur náð mjög góðum árangri í störfum sínum. Þar má m.a. nefna viðamiklar rannsóknir erfiðra mála eins og manndrápsmála og það er mat mitt að lögreglan sé mjög vel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem henni ber að sinna lögum samkvæmt.

Það breytir því ekki að við þurfum stöðugt að fylgjast með því og vera við því búin að bregðast við ef nýjar ógnir birtast eða þörf fyrir aukna löggæslu skapast.

Í þessu sambandi má líka nefna að á síðasta ári var gerð umfangsmikil skoðanakönnun um viðhorf almennings til lögreglunnar í Reykjavík. Kom þá fram að meiri hluti íbúa í Reykjavík er ánægður með þjónustu lögreglunnar í því hverfi sem þeir búa, og viðhorfið sem fram kom til lögreglunnar í könnuninni var almennt jákvætt. Lögreglustjórar og lögreglumenn standa frammi fyrir því á hverjum degi að þurfa að bregðast við breyttum aðstæðum og skipuleggja löggæslu í samræmi við nýjustu upplýsingar. Þeir leita ýmissa leiða, auk þess að sinna hefðbundnu lögregluefirliti, til að takast á við vandamál sem skapast í íbúðahverfum. Má þar nefna samstarf við bæjaryfirvöld en lögreglan í Garðabæ tók upp nána samvinnu við bæjaryfirvöld til að takast á við tiltekin unglingavandamál sem þar komu upp fyrir nokkru. Náin samvinna er á öðrum sviðum og er einnig í undirbúningi milli bæjaryfirvalda og lögreglunnar í Garðabæ. Það er því óhætt að undirstrika það sem ég sagði áðan að lögreglustjórar og lögreglumenn eru sífellt að bregðast við því þegar aukin þörf skapast á lögregluefirliti. Þeir sinna þar með skyldu sinni samkvæmt lögum og standa sig ákaflega vel í sínum erfiðu störfum.

Vistvænt eldsneyti.

Fsp. RG, 585. mál. — Þskj. 914.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. iðnrh.: Á hvern hátt styður iðnrn. rannsóknir á að nýta afgas frá stóriðju ásamt vetni til framleiðslu vistvæns eldsneytis? Hyggst ráðherra kanna mögulega samvinnu við stóriðjufyrirtækin í landinu á þessu sviði?

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að seinni hluti fyrirspurnarinnar er e.t.v. ótímabær miðað við þróun mála hjá Norsk Hydro og miðað við yfirlýsingu hæstv. iðnrh. í dag. Skoðun mín er núna að það séu frekar minni líkur en meiri að Norsk Hydro komi hingað svo fyrirspurnin beinist væntanlega að almennri stefnumörkun í ráðuneytinu.

Framtíðin er vetnið og vetnisbílar en það er erfitt að leysa vetnið sem eldsneyti fyrir bifreiðar og þeir strætisvagnar sem bráðlega munu koma hingað munu flytja dagskammtinn sinn í stórum hylkjum á þaki strætisvagnanna. Af þeim sem ætla sér að fara í viðamikla framleiðslu og þar á meðal eru margir stærstu bílaframleiðendur heims, bæði vestan hafs og austan,

er hins vegar talið álitlegt að geyma vetni í einkabílum og fiskiskipum bundið í metanóli eða málmsöltum. Athuganir hafa farið fram við Háskóla Íslands og á öðrum rannsóknastofnunum á þeim möguleika að nýta afgas frá stóriðju á Íslandi ásamt vetni til að framleiða metanól sem nota mætti í stað innflutts eldsneytis til að knýja bíla- og fiskiskipaflota landsmanna.

Þetta er ákaflega áhugavert rannsóknarverkefni þar sem fræðilega mætti, með því nýta allt afgas frá núverandi stóriðju ásamt viðbótarvetni, framleiða metanól sem gæti komið í stað nær alls þess eldsneytis sem bíla- og fiskiskipaflotinn notar nú fyrir utan að útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi mundi minnka um helming frá því sem nú er. Við erum því að tala um að stóriðjan yrði umhverfisvæn. Þarna eru stórkostlegir möguleikar.

Þegar til stendur að semja við erlenda aðila um nýtt álver hérlendis er eðlilegt að tekið sé inn í samningana að viðkomandi séu tilbúnir að nýta afgas og að gera það sem þarf til að það sé unnt ef rannsóknir leiða slíkt í ljós, og jafnframt að fara í viðræður við þá aðila sem þegar starfa hér. Mér er kunnugt um þær tilraunir sem fara nú fram í samvinnu við málmblendið á Vesturlandi.

Allar rannsóknir í þessum efnum eru mjög þýðingarmiklar og nú fýsir mig að vita: Hvað hyggst ráðherrann gera? Hvaða stuðningur hefur verið við þessar rannsóknir? Mun ráðherrann beita sér fyrir því að leita samninga til þess að svo geti farið?

[15:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Áhugi manna víða um veröld fer vaxandi á rannsóknum á vetni sem orkubera framtíðarinnar. Ber þar einna hæst nýlega ákvörðun Bandaríkjastjórnar um aukna áherslu á rannsóknir í þessu skyni. Mörg vandamál er tengjast notkun vetnis sem eldsneytis eru þó enn óleyst og hagnýtar tilraunir á notkun vetnis fyrir bifreiðar hafa aukist mjög að undanförnu.

Eins og kunnugt er hefur íslenskt fyrirtæki í eigu íslenskra aðila og erlendra stórfyrirtækja, Íslensk nýorka, undirbúið tilraunaverkefni hér á landi í notkun vetnis á efnarafala er knýja munu strætisvagna í Reykjavík á árunum 2003–2004. Ekki er búist við að bein notkun vetnis sem orkubera í bifreiðar eða skipaflota muni verða almenn fyrr en eftir tvo til þrjá áratugi og mun sú breyting á orkugjafa og orkubera þess vegna taka alllangan tíma.

Á fyrirsjáanlegum umbreytingatíma frá hefðbundnu eldsneyti yfir í vetni hafa menn hafið athuganir á að nota metanól sem orkugjafa en metanól er unnt að nota á hefðbundnar brennsluvélar. Hér á landi hafa menn einkum hugleitt að nota vistvæna orku landsins til að framleiða vetni á svipaðan hátt og gert hefur verið í Áburðarverksmiðju ríkisins um áratuga skeið og blanda því saman við kolefnistvíildi, CO_2, sem til fellur við iðnaðarframleiðslu hér á landi, einkum í álverum og járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Á þennan hátt væri unnt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá þessum aðilum og þjóðinni í heild. Hingað til hafa rannsóknir á þessu efni farið fram á vegum Háskóla Íslands, og iðnrn. hefur ekki verið aðili að þeim rannsóknum sem teljast vera grunnrannsóknir á frumstigi.

Vissulega mun ég beita mér fyrir því að skoðað verði á hvern hátt við getum þróað notkun á metanóli sem eldsneyti á næstu árum. Ég hef því óskað eftir samstarfi við umhvrn., samgrn. og sjútvrn. um að þessi ráðuneyti tilnefni aðila í sérstaka nefnd er fjalla skal um og móta stefnu við notkun vistvæns eldsneytis á næstu árum. Hafa ráðuneytin tilnefnt fulltrúa sína í samstarfsnefnd um þetta efni en auk þess munu koma að starfi hennar undirstofnanir ráðuneyta og aðrir aðilar er stunda rannsóknir á þessu sviði eins og Íslensk nýorka og Háskóli Íslands.

Eitt meginhlutverk nefndarinnar verður að skoða möguleika á notkun metanóls á næstu áratugum og í því skyni verður rætt við fulltrúa stóriðjufyrirtækjanna um hugsanlegt samstarf í þessu skyni.

[15:45]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því í máli hæstv. iðnrh. að iðnrn. er ekki aðili að grunnrannsóknum á frumstigi eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Þar held ég einmitt, herra forseti, að hnífurinn standi í kúnni vegna þess að þó svo að einhver verkefni séu í gangi og menn tali um vetni sem orkubera framtíðarinnar þá eru, eins og hæstv. ráðherra tók fram, mjög mörg vandamál óleyst og þau vandamál verða ekki leyst nema með auknum rannsóknum og fleiri tilraunum. Rannsóknir og tilraunir kosta peninga og stundum mikla peninga. En með því að ríkið leggi fé í þetta, þá uppskerum við vonandi ríkulega í framtíðinni.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Það er gífurlegur áhugi erlendis á því að skoða vetni sem eldsneytisgjafa framtíðarinnar. Í Bandaríkjunum hefur verið haldinn fundur á Capital Hill, ég hef sagt það áður í þessum sal, þar sem hékk stórt landakort af Íslandi uppi á vegg og sagt að þarna væru framsýn stjórnvöld sem væru að undirbúa það að Ísland gæti orðið fyrsta hreina hagkerfið af því að menn halda að hér sé verið að gera miklu meira af hálfu stjórnvalda en raun ber vitni.

Ég hef líka verið að vona að gerð yrði heildstæð úttekt á orkumálum samgangna. Það hefur ekki verið gert. Ekki er búin til áætlun um þróun orku og samgangna með tilliti til vetnisvæðingar. Ekki er sett fjármagn í rannsóknir á lághitasvæðum sem skipta máli í orkuvæðingarstefnunni. Það sem verið er að gera eru áætlanir um orkuframleiðslu til stóriðju og ég tók eftir því að hæstv. iðnrh. nefndi ekkert að hún hygðist ræða við fulltrúa stóriðjufyrirtækja um samvinnu til að nýta afgas. Mér er kunnugt um að þau stóriðjufyrirtæki sem fyrir eru eru ekki öll jafnhrifin af því. Það er einhver kostnaður fyrir þau þó að auðvitað ætti að líta á það, a.m.k. ef það á eftir að verða þannig að útblástur sé kvóti sem kostar, að það sé eftirsóknarvert fyrir t.d. eitt stykki álver að minnka útblástur hjá sér eins og unnt er, t.d. með þessu. Ég hvet hæstv. iðnrh. til þess að ef það á eftir að gerast að hingað komi t.d. eitthvert fyrirtæki og vilji byggja álver eða ef skoðaðar verða umsóknir frá bæði Norðuráli og álverinu í Straumsvík um orku þegar búið verður að leggja Hydroverkefnið til hliðar, ef það verður niðurstaðan, þá setji menn slík ákvæði inn í hugsanlega samninga.

[15:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort mér misheyrðist en mér fannst hv. þm. segja að ég hefði ekki talað neitt um samstarf við stóriðjufyrirtækin en það er einmitt það sem ég sagði í lok máls míns að í þeirri nefnd sem er að hefja störf, þá mun það verða eitt af hlutverkunum að vinna með stóriðjufyrirtækjum að framtíðarmöguleikum þessa máls.

Ég tek undir það með hv. þm. að mikill áhugi er erlendis í sambandi við vetnismálin og gífurleg umfjöllun, ótrúlega mikil umfjöllun í ýmsum tímaritum og þar held ég að fyrirtækið Nýorka eigi mikinn þátt að þetta mál hefur náðst að vera svo vel kynnt sem raun ber vitni. Það skiptir líka máli og ég hef orðið vör við að máli skiptir að stjórnvöld hafa gefið út þá stefnu og þá yfirlýsingu að stefna beri að vetnisvæddu samfélagi. Síðast í morgun átti ég fund með fulltrúum Íslenskrar Nýorku þar sem farið var yfir hugmyndir þeirra og áform á þessu sviði, t.d. hvað varðar skipaflotann sem er gríðarlega spennandi og alveg stórmerkilegt mál að mínu mati og kostar líka mikla peninga.

Við skulum líka hafa það í huga að Evrópusambandið hefur sýnt þessu máli áhuga og það að hingað skyldi koma orkumálanefnd Evrópuþingsins og fá mjög góðar viðtökur á Íslandi, í haust minnir mig að það hafi verið, skiptir líka máli hvað varðar stefnu Evrópusambandsins í þessum málaflokki og þar höfum við þegar fengið digra styrki og mikilvæga og ég er sannfærð um að við eigum enn frekari möguleika á að fá styrk þaðan í sambandi við þá framtíð sem við sjáum þannig fyrir okkur að Ísland eigi þann möguleika, hvort sem það verða tveir eða þrír áratugir, að verða vetnisvætt og þá held ég að við getum borið höfuðið býsna hátt.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 15:51.

---

102. FUNDUR

fimmtudaginn 21. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, nál. 1004. — 2. umr.
2. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468, nál. 907, brtt. 908. — 2. umr.
3. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 493. mál, þskj. 783, nál. 1011. — 2. umr.
4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391, nál. 978, brtt. 979. — 2. umr.
5. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 550. mál, þskj. 863, nál. 1010. — 2. umr.
6. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012. — 2. umr.
7. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784, nál. 994, brtt. 995. — 2. umr.
8. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687, nál. 996. — 2. umr.
9. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 333. mál, þskj. 424, nál. 980 og 989, brtt. 981. — 2. umr.
10. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 625 (með áorðn. breyt. á þskj. 918). — 3. umr.
11. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 639 (með áorðn. breyt. á þskj. 919). — 3. umr.
12. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945. — Frh. fyrri umr.
13. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — 1. umr.
14. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964. — 1. umr.
15. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að kl. 1.30 í dag, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um minnisblað um öryrkjadóminn. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Flokkun og mat á gærum og ull, 293. mál, nál. landbn., þskj. 1020.

Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, 551. mál, nál. utanrmn., þskj. 1021.

Kosningar til sveitarstjórna, 550. mál, nál. 1. minni hluta félmn., þskj. 1014; brtt. 1. minni hluta félmn., þskj. 1015; nál. 2. minni hluta félmn., þskj. 1016; brtt. 2. minni hluta félmn., þskj. 1017.

Tollalög, 576. mál, nál. landbn., þskj. 1022.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, 503. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1030.

Athugasemdir um störf þingsins.

Pistill á heimasíðu viðskiptaráðherra.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka upp á þingi ummæli sem hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur í pistli á heimasíðu sinni, bæði um vaxtamál og bankakerfið og þó ekki síður um stöðu íslensku krónunnar, gjaldmiðils landsins.

Í þessum pistli, sem ber yfirskriftina Að loknu iðnþingi og er dags. 19. mars sl., þ.e. í fyrradag, segir hæstv. ráðherra m.a., með leyfi forseta:

„Það sem ég óttast er að við getum fyrr en nokkurn grunar staðið frammi fyrir því að Bretland, Danmörk og Svíþjóð taki evruna upp og þá eigum við eftir að vinna heimavinnuna okkar."

Síðan koma mjög merkilegar setningar, herra forseti, um vaxtaokur bankanna og verður varla sagt annað en hæstv. ráðherra gefi bönkunum falleinkunn. Mesta athygli vekja

þó væntanlega harðir dómar hæstv. ráðherra um íslensku krónuna og er varla hægt að orða það öðruvísi en þannig að hæstv. ráðherra dæmi krónuna niður í 2. ef ekki 3. deild. Þar segir t.d., með leyfi forseta:

„Það sem auk þess gerir það að verkum að hér eru hærri vextir en almennt gerist er að gjaldmiðill okkar, krónan, er ekki nægilega sterk. Gjaldmiðill sem notaður er á stóru markaðssvæði er sterkari og hefur meiri tiltrú en gjaldmiðill sem notaður er á litlu markaðssvæði."

Um þessa speki má efast. T.d. að taka mikið fall evrunnar fljótlega eftir að hún varð til og sterka stöðu gjaldmiðla á minni svæðum eins og svissneska frankans og norsku krónunnar á sama tíma. En hvað um það. Að lokum klykkir ráðherra út með því að segja: „Spurningin er sú hvort okkur tekst að skapa nægilegt traust á íslenskum krónum."

Hér talar iðn.- og viðskrh., ráðherra bankamála og viðskipta, og það vekur mikla athygli, herra forseti, að sá hæstv. ráðherra skuli taka svona til orða. Það hefði verið ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé sammála þessu mati. Hvergi kemur fram í máli ráðherrans að því fylgi neinir kostir að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil.

Ég spyr hæstv. ráðherra iðnaðar- og viðskiptamála hvort ráðherrann telji skynsamlegt að vega svona að stöðu íslensku krónunnar.

[10:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er frekar óvanalegt að hér séu til umfjöllunar heimasíður viðkomandi þingmanna eða ráðherra en ég þakka hv. þm. kærlega fyrir að auglýsa heimasíðuna mína, valgerdur.is. Þar er ýmislegt sagt sem viðkomandi er að hugsa í það og það skiptið og velta fyrir sér og það var full ástæða til þess að loknu iðnþingi að skrifa leiðara í tilefni þess sem þar kom fram sem var svo sannarlega merkilegt og athyglisvert og hefur verið til umfjöllunar í þjóðfélaginu síðustu dagana.

Ég held að ekkert hafi verið ofsagt í þessum pistli. Það eru bara staðreyndir sem liggja fyrir sem þarna er bryddað á og komið inn á eins og með gjaldmiðil í litlu hagkerfi miðað við stór hagkerfi og það að ég dæmi krónuna í 2. eða 3. deild eru orð hv. þm. Ég er þarna að fara yfir staðreyndir eins og þær horfa við mér.

Það sem ég tala um í sambandi við evruna og upptöku Bretlands, Svíþjóðar og Danmerkur á evru er engin speki sem kemur frá mér. Þetta er bara það sem umtalað er og allir gera sér grein fyrir að það hefur mikil áhrif á íslensku krónuna og atvinnulíf okkar og hagkerfi ef svo fer að þessar þjóðir taka innan tíðar upp evru.

En mér þykir ánægjulegt að hv. þm. lesi heimasíðuna vegna þess að það kemur fyrir þó nokkrum sinnum að nafn hans er nefnt á þeirri heimasíðu og það er mikilvægt fyrir mig að vita að hann lesi hana.

[10:37]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að rifja upp að það er síður en svo að sömu vextir séu alls staðar á evrusvæðinu. T.d. eru hærri vextir í ýmsum litlum samfélögum en í hinum stærri ríkjum, eins og á Írlandi svo dæmi sé tekið.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að ef horft er til langtímalána eins og t.d. húsnæðislána í Frakklandi, þá eru þau helst ekki nema til 15 ára og með 7,5% vöxtum. En ef við horfum á verðtryggð íslensk lán, þá eru húsbréf með 5,1% vöxtum og ef við tökum tillit til affalla verða vextir rétt um 6% en verðbólgumarkmið Evrópusambandsins eru 1,5% þannig að vextirnir yrðu þá hinir sömu nema sá er munurinn að hægt er að fá lán til miklu lengri tíma hér á landi til húsnæðiskaupa en t.d. í Frakklandi, þessu höfuðríki Evrópusambandsins sem vill ásamt Þýskalandi vera í Evrópuhraðlestinni og oft er vitnað til.

Ég vil í annan stað benda á það þegar verið er að tala um erlendan gjaldmiðil að við getum ekki fengið einhvern happdrættisvinning með því að taka upp evrópskan gjaldmiðil, 150 þús. kr. á fjölskyldu eða slíkt, það er ekki hægt. Það er ekki hægt að búa til peninga með þeim hætti. En á hinn bóginn hygg ég að hæstv. viðskrh. hljóti að vera sammála mér um það ef við horfum á þær sveiflur eða þau áföll sem við urðum fyrir á tveim síðustu árum og ef við hefðum setið uppi með evruna hefði það óhjákvæmilega leitt til 8–10% atvinnuleysis. Þá er auðvitað spurningin sú hvort við viljum hafa íslenskan gjaldmiðil og taka efnahagslegum áföllum á okkar eigin forsendum eða stjórna íslenska ríkinu með því að skammta mönnum atvinnu.

[10:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil hvetja hæstv. viðskrh. til að skrifa sem mest á heimasíðu sína vegna þess að þar koma fram ýmis sannleikskorn sem hæstv. ráðherra greinilega treystir sér ekki til að fara með t.d. úr ræðustól þingsins. Ég hjó nátt-úrlega eftir því að þar kom fram að ráðherranum líst ekkert á vaxtaokrið í þjóðfélaginu sem hún telur að sé að sliga heimili og atvinnulíf og ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra.

Við sjáum hvað er að gerast þessa dagana eins og í gær og í dag, að bankarnir eru loksins að druslast til að lækka vexti um 0,25%, bæði á innlánum og útlánum, vaxtamunurinn er þá sá hinn sami og þeir elta hver annan, þannig að um 0,25% lækkun er að ræða hjá öllum bönkunum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún ekki að það þurfi að láta Samkeppnisstofnun skoða betur bankakerfið og fákeppnina sem þar ríkir vegna þess að vaxtaokrið bitnar fyrst og fremst á heimilunum og smærri fyrirtækjum en stóru fyrirtækin og fyrirtækjablokkirnar geta leitað með lántökur sínar erlendis? Við sjáum að vaxtatekjur umfram vaxtagjöld hjá þessum þremur bönkum voru hvorki meira né minna en 25 milljarðar kr. á síðasta ári fyrir utan þóknun sem var 11 milljarðar, við erum því að tala um 36 milljarða sem þeir hafa haft umfram vaxtagjöld sín. Þarna er því verk að vinna, hæstv. ráðherra, og ég skora á hæstv. ráðherra að fara að beita sér eins og hún getur í því efni að tekið sé á þeirri fákeppni sem ríkir á bankamarkaðnum. Við sjáum það glöggt í gær og í dag þegar bankarnir elta hver annan með smávægilegri vaxtalækkun sem kemur þannig fram að vaxtamunurinn er sá sami og þar sjáum við glöggt hvernig fákeppnin er á þeim markaði.

[10:42]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér finnst afar mikilvægt að Alþingi ræði þegar þingmenn og ég tala nú ekki um ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn gefa yfirlýsingar sambærilegar þeim sem koma fram á heimasíðu hæstv. iðn.- og viðskrh. Það er alveg ljóst að miklu skiptir fyrir hag bæði heimila og fyrirtækja í landinu hvort við erum með krónu eða hvort við tökum upp evru. Það að taka upp evru kallar hins vegar á að við göngum fyrst í Evrópusambandið eins og staðan er í dag.

En þessi umræða er mjög mikilvæg og það er ekki bara svo að hæstv. iðn-. og viðskrh. hafi talað í þessa veru. Ég vil minna á ræðu sem ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hélt á ráðstefnu sem hér var haldin um evru. Þar fjallaði hann m.a. um mikilvægi þess að þessi mál væru skoðuð. Hann fjallaði jafnframt um það sem hv. Alþingi hefur síðan verið með til meðferðar og á eftir að vera enn frekar með til meðferðar, þ.e. hvaða aðgerða þarf að grípa til til að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs af því að það býr við svo lítinn gjaldmiðil að það hefur ákveðin hamlandi áhrif og það eru skattalækkanir. Við erum búin að sjá hverjar þær þurfa a.m.k. að vera. Það eru ekki bara skattalækkanir. Það þarf líka að bæta upp óhagræði íslenskra fyrirtækja með því að leyfa þeim að skrá ekki bara hlutabréfin sín í erlendri mynt heldur líka ársreikninga, færa þá í erlendri mynt og bókhald.

Herra forseti. Að mínu mati er þetta eitt af stóru málunum sem við þurfum sífellt að vera að ræða á Alþingi þannig að ég fagna því að þau skuli vera tekin upp með þessum hætti og hvet til þess að umræðan verði ekki bara á heimasíðum heldur færi hæstv. iðn.- og viðskrh. þessa umræðu enn frekar inn í sali Alþingis vegna þess að það er svo sannarlega nauðsyn á því að Alþingi taki þetta mál til góðrar og mikillar umræðu.

[10:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sjálfsagt mál að auglýsa heimasíðu hæstv. ráðherra og mér er það ljúft og skylt. En það er rétt að menn hafi í huga að sú Valgerður sem stendur að heimasíðunni valgerdur.is er jafnframt Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðn.- og viðskrh. og þar sameinast í einni og sömu manneskjunni þetta allt saman. Þar af leiðandi er það sem hæstv. ráðherra setur með þessum hætti á heimasíðu sína opinber yfirlýsing, opinbert mál, það fer ekki hjá því.

Athyglisvert er að hæstv. ráðherra fer jafnhörðum orðum og raun ber vitni um vaxtaokur bankanna, að vaxtaokrið sé að sliga heimili og atvinnulíf, en þetta er ráðherra bankamála sem þarna talar og meira en það, þetta er sá ráðherra sem fer með eignarhlut ríkisins sem á meiri hluta í tveimur af þremur stærstu bönkum þjóðarinnar. Er þá ekki hæstv. ráðherra farinn að höggva dálítið nærri sjálfum sér að gefa út yfirlýsingu af þessu tagi um að það sé hvorki meira né minna að gerast en það að vaxtaokrið sé að sliga heimili og atvinnulíf? Það er nokkuð mikið sagt, er það ekki?

Varðandi gengið vekur það auðvitað sérstaka athygli að viðskrh. þjóðarinnar fer fram og til baka yfir það hversu mikil vandamál því séu samfara að vera með krónuna, hvað hún sé veik og hvað það sé erfitt en minnist ekki einu einasta orði á að það geti haft kosti að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil og þau hagstjórnartæki sem honum tengjast til þess að mæta sveiflum í atvinnulífinu, til þess að tryggja hér fulla atvinnu á tímum niðursveiflu í hagkerfinu o.s.frv. Auðvitað hefur hvort tveggja bæði kosti og galla, það er ljóst. En mér finnst það sérkennilegt að hæstv. iðnrh. skuli með yfirlýsingum af þessu tagi auðvitað veikja tiltrú manna á gjaldmiðlinum því að það er óhjákvæmileg afleiðing af tali af þessu tagi þegar ráðherra á í hlut.

[10:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi fullt leyfi til að segja hug sinn allan á heimasíðunni og gott að menn geti þar gengið að skoðunum hæstv. ráðherra um þessi mál. Ég held að það sé ekki ástæða til að mæla með því að menn láti liggja í þagnargildi skoðanir sínar á íslensku krónunni. Hún hefur verið veik. Auðvitað vita allir að hún hefur verið veik og það er erfitt að stjórna henni í þessu örsmáa hagkerfi hér.

En erindi mitt í ræðustól, hæstv. forseti, var að spyrja hæstv. ráðherra, af því að hún er á þeirri skoðun að hér ríki vaxtaokur og af því að hún er ráðherra þessara mála, hvað hæstv. ráðherra vill segja um yfirlýsingu Íslandsbanka sem kom í kjölfarið á vaxtalækkun Landsbankans. Íslandsbanki sagði bókstaflega að hann teldi að þessi aðgerð Landsbakans stríddi gegn stefnu Seðlabankans. Ég spyr: Hafa menn ekki haldið því fram að hér væri samkeppni á þessum markaði? Er það ekki það sem menn hafa verið að segja? Ég vil fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hvað hún hugsar í þessu efni og hverju hún vill svara svona yfirlýsingu, um að bankarnir hafi haldið uppi okri á þessum markaði vegna þess að Seðlabankinn hafi nánast gefið fyrirmæli um það með stefnu sinni. Er það svo?

[10:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Af því að menn hafa verið að agnúast út í heimasíðu hæstv. iðnrh. Valgerðar Sverrisdóttur og talað um að henni væri nær að einhenda sér í að lækka vextina þá er það einfaldlega svo að nú hefur hæstv. ráðherra fellt sinn hramm á heimasíðunni og hvað gerist? Vextirnir lækka. Ég segi nú bara: Megi hæstv. ráðherra skrifa sem oftast á þessa heimasíðu sína.

Málið er mér kannski pínulítið skylt líka af því að móðir mín heitir Valgerður, amma og langamma líka þannig að ég held alltaf með konum með þetta nafn þegar þær lenda í vandræðum eða verða fyrir árásum ofbeldisfullra manna.

En ég vil hins vegar gera að umræðuefni það sem mér sýnist reyndar sameina hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og hv. 1. þm. Norðurl. e. Þeir ræða hvor um sig um að hættulegt sé að segja hreint út hvað felst í veikleika krónunnar og styrkleika hennar líka. Hver er styrkleiki hennar? Jú, þeir hv. tveir þingmenn eru sammála því að styrkleikinn í núverandi hagkerfi felist í því að það er hægt að fella hana. Til hvers? Til þess að lækka raunlaun fólksins sem við erum að berjast fyrir? Til þess að hækka verðlag í landinu?

Staðreyndin er einfaldlega sú að við erum stödd á sérkennilegu skeiði þar sem við þurfum að vega það og meta til frambúðar hvort okkur takist, með hagsmuni fólksins í landinu að leiðarljósi, að halda krónunni. Það er hreint ekki víst. Sú umræða sem geisar í landinu núna innan Framsfl., innan Vinstri grænna, þ.e. á flestum stöðum nema í Sjálfstfl., brýst auðvitað fram með réttmætum hætti á heimasíðu hæstv. ráðherra.

Spurningin sem ráðherrann sem ráðherra viðskiptamála er að velta fyrir sér er einfaldlega þessi: Ber okkur að taka upp evruna? Er það jákvætt fyrir íslenskt viðskiptalíf? Mér sýnist að hún og partur af flokki hennar hafi komist að þeirri niðurstöðu að svarið sé já. Þá verða þau líka einhvern tíma að komast að niðurstöðu um það sem því fylgir, að flokkurinn verði þá að taka upp þá stefnu að ganga í Evrópusambandið því annars getur draumur hæstv. viðskrh. ekki orðið að veruleika.

[10:50]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er merkileg yfirlýsing sem hæstv. viðskrh. gefur í Morgunblaðinu í dag. Þar segir ráðherrann, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vil vonast til að bankarnir sýni lit og lækki vexti.“

Spurningin er auðvitað hvernig hægt sé að gera þetta. Eins og ég veit að hv. þingmönnum er kunnugt er vísasta leiðin til að draga úr vaxtamun í bönkum sú að færa húsnæðislánin inn í bankana og leggja Íbúðalánasjóð niður.

Ég held að í þessu sambandi sé óhjákvæmilegt að taka þá umræðu upp og spyr hæstv. viðskrh. hvort komið hafi til athugunar að leggja Íbúðalánasjóð niður og með hvaða hætti hægt sé að styrkja bankakerfið með því að íbúðarlánin fari þangað inn.

Eins og alþingismenn vita veldur það töluverða veseni hjá venjulegum Íslendingi þegar hann ætlar að festa sér íbúð eða reisa sér hús, að þurfa að byrja á að ganga í bankana og fá þar greiðslumat til þess að eiga viðskipti við einhverja allt aðra stofnun. Auðvitað er óeðlilegt að standa þannig að málum. Rétt væri að sú stofnun sem metur viðkomandi sjái einnig um lánsfyrirgreiðslu til hans. Ég vil því spyrja hvort það hafi komið til tals að færa húsnæðislánin inn í bankana? Þeir sem setið hafa lengi á Alþingi vita að þetta er gamalt baráttumál mitt og vegna þeirrar miklu áherslu sem hæstv. viðskrh. leggur á að bankarnir sýni lit vona ég að viðskrh. sýni lit einnig með því að leggja Íbúðalánasjóð niður.

[10:52]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að við gerum öll þá kröfu til hæstv. viðskrh., þó hún heiti nú því ágæta nafni Valgerður, að persóna hennar verði ekki slitin frá embætti hennar. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi neinn áhuga á því að vera tvær persónur.

Það er í sjálfu sér alvarlegt mál þegar hæstv. viðskrh. í ríkisstjórn kemur með yfirlýsingar varðandi stöðu krónunnar sem geta veikt hana. Hæstv. ráðherra segir í vefgrein sinni, með leyfi forseta:

„Vægi gjaldmiðils er spurning um öryggi og traust."

Hverjir gefa gjaldmiðli öryggi og traust? Er það ekki m.a. ríkisstjórnin? Ólíkt hafast menn að. Hæstv. forsrh. hefur æ ofan í æ verið að tala kjark í íslensku krónuna og hefur sumum fundist hann gera það um of, að hann setti upp sólgleraugu. En það er þó virðingarvert að hann hefur staðið vörð um krónuna. Því ef við tökum upp evru, missum við stjórn á okkar eigin krónu. Eina stjórntækið sem við höfum varðandi efnahagslífið verður þá atvinnan og atvinnuleysið.

Virðulegi forseti. Mér sýnist að hæstv. forsrh. eigi að athuga hvar hans tímasprengja er. Ég lít svo á og sýnist á öllu að hin tifandi tímasprengja ríkisstjórnarinnar sé evran og hæstv. viðskrh.

[10:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég skildi ekki alveg orð síðasta ræðumanns um að sú sem hér stendur sé tifandi tímasprengja. (**JB:** Ríkisstjórnarinnar.) Ríkisstjórnarinnar, nú já.

Í sambandi við þessa umræðu þá er það þannig með mig að ég tala ekki af mikilli tilfinningasemi um þetta mál. Mér finnst þetta bara mál sem þarf að ræða, praktískt mál um hvernig hagsmunum okkar Íslendinga verði best borgið til lengri tíma litið. Þá kemur alveg til greina að mínu mati að ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna. Við útilokum það ekki fyrir fram. Það þarf bara að fara í þessa vinnu og við þurfum að átta okkur á því hvernig okkar hagsmunum er best borgið. Ég geri mér fulla grein fyrir því að við tökum ekki upp evru nema að ganga í Evrópusambandið.

Þegar ég skrifa þennan leiðara að loknu iðnþingi er ég er auðvitað fyrst og fremst að hugsa um atvinnulífið, um iðnaðinn. Hvernig getum við skapað þær aðstæður á Íslandi að íslenskur iðnaður sé samkeppnishæfur við iðnað annarra þjóða sem við erum í samkeppni við á hinum innri markaði? Þetta er ekkert flókið mál. Mér finnst þeir sem útiloka fyrir fram að eitt af því sem við þurfum að skoða sé aðild að Evrópusambandinu með upptöku evru horfi ekki af nógu mikilli víðsýni á málið. (Gripið fram í.) Ég trúi því að málshefjandi, sem var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, vilji ekki útiloka aðild að Evrópusambandinu. Ég trúi því alveg að hann vilji það ekki. Spurningin er bara um hvernig menn tala. Ég er einhvern veginn þannig gerð að ég tala bara beint út. Það geri ég sérstaklega á heimasíðunni minni og fæ dálitla útrás þar.

Um Íbúðalánasjóð vil ég segja við hv. 1. þm. Norðurl. e. að hann heyrir ekki undir iðn.- og viðskrn. Þar af leiðandi er ég ekki með miklar yfirlýsingar um það á þessu stigi málsins en allt er breytingum undirorpið.

Um fundarstjórn.

Umræðuefni og störf þingsins.

[10:57]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér hafur farið fram afskaplega mikilvæg og góð pólitísk umræða um heimasíðu hæstv. iðnrh., um krónur, evrur, vexti og þar fram eftir götunum undir liðnum störf þingsins. Ég varð ekki var við að í neinni af þessum ræðum væri verið að fjalla um störf þingsins heldur var þetta nánast eins og utandagskrárumræða.

Þetta var ágæt pólitísk umræða en ég vil af þessu tilefni, herra forseti, beina því til sitjandi forseta að hann taki það upp, m.a. við fyrsta forseta þingsins og forsn., að í þeirri ágætu nefnd verði fjallað um störf þingsins og fundarstjórn þingsins.

Ég hvet til þess að pólitísk umræða fari fram en þá undir réttum formerkjum og undir réttum liðum. Hér var ekki umræða um störf þingsins heldur ágæt pólitísk umræða. Ég beini því til hæstv. forseta að slík umræða fari fram undir réttum formerkjum.

[10:58]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hlýt fyrst að láta í ljós undrun mína, eða kannski aðdáun á þessu nýja tungutaki sem orðið er í þinginu og hv. þm. notaðist við hér áðan: Ég vil beina því til sitjandi forseta. Venjan er að segja: Ég vil beina því til herra forseta eða hæstv. forseta. (Gripið fram í.) Ég veit satt að segja ekki hvernig hv. þm. skilur þetta orð, „sitjandi" í þessu sambandi.

Á hinn bóginn hlýt ég líka að láta í ljós undrun mína yfir því að hv. þm. hefur ekki tekið eftir því að sá siður hefur nú verið í þinginu á þriðja ár að þingmönnum hefur gefist kostur á að tala um það sem efst er á baugi hverju sinni í upphafi þingfundar undir þessum lið, störf þingsins. Ég hef ekki fundið annað en að almenn ánægja sé með það, bæði hjá hv. þingmönnum, fjölmiðlum og ég tala nú ekki um kjósendum.

[10:59]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil kveðja mér hljóðs vegna þessara ummæla hv. þm. Hjálmars Árnasonar og taka undir með hæstv. forseta þingsins, hv. þm. Halldóri Blöndal, og lýsa

yfir ánægju minni með þróunina í á þriðja ár með þennan dagskrárlið, störf þingsins. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með hann. Á þennan hátt, með því að taka upp dægurmál eða það sem er á döfinni hverju sinni í upphafi fundar, er hægt að færa svolítið það sem er að gerast í þjóðlífinu inn í þingið og ræða hér. Ég held að það sé af hinu góða. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir Alþingi að veitt sé svigrúm fyrir umræðu af þessu tagi, að pólitísk dægurmál fái að komast inn í þingið um leið og þau koma upp, án þess að festast kannski um of og verða of þunglamaleg í formi þingskapanna sem við búum við, hversu ágæt sem þau annars eru.

[11:00]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þegar ég bað um orðið fyrir talsverðu síðan undraðist ég mjög ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar því að sú umræða sem hér fór fram áðan hefur farið fram nánast tvisvar, þrisvar í viku um nokkuð langt skeið. Ég held að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hafi flutt álíka gæfulega ræðu fyrir ekki margt löngu, og þar var einmitt farið yfir þetta.

Ég vil þó segja þótt ég þrammi ekki alltaf í takt með hv. 1. þm. Norðurl. e. að þetta er þó eitt af því sem hann hefur beitt sér fyrir og komið á í þinginu, að menn taki upp dægurmál og ræði þau í upphafi þingfundar. Ég held að full ástæða sé til að þakka fyrir það. Ég held að það sé til þess fallið að gera þingið meira lifandi og meira til þess fallið að fjalla um þá hluti sem eiga sér stað í samfélaginu á hverjum tíma. Ég vil því frekar þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa beitt sér fyrir því að taka þetta upp en harma að menn skuli vera að finna að því eins og hv. þm. Hjálmar Árnason gerði.

[11:01]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég ætlaði einmitt að halda mig eingöngu við fundarstjórnina en hvorki einhverja ruglaða heimasíðu né heldur að finna að því þótt þingmönnum gefist kostur á að ræða pólitísk málefni undir þessum lið sem ætti reyndar að finna annað nafn á því að þetta er ekki um störf þingsins. Eðlilegt er að gefa mönnum í upphafi fundar kost á því að ræða almenn pólitísk mál sem ofarlega eru á baugi.

Ég ætlaði að ræða, með leyfi herra forseta, fyrsta dagskrármálið, um virkjun Jökulsár á Brú. Hæstv. iðn.- og viðskrh. flutti þá yfirlýsingu í gær að væntanleg væri yfirlýsing frá samningsaðilum að þessu máli, álveri í Reyðarfirði, fljótlega eftir helgi. Nú eiga þessi mál algjörlega saman, virkjun Jökulsár á Brú og í Fljótsdal og álver í Reyðarfirði að svo komnu. Þeir tímar kunna að renna upp að Norðmenn verði ekkert þessu máli viðkomandi og nýr kaupandi finnist að þessari miklu orku en meðan virkjun í Fljótsdal hvílir algjörlega á því hvernig fer um samninga við Norðmenn er ekki hægt að skilja þessi mál að. Ég hefði gjarnan viljað fylgja því að þetta frv. yrði að lögum og tel að forseta beri að sýna mér þá tillitssemi að ræða þessi mál saman, hina væntanlegu yfirlýsingu og virkjunina, þegar yfirlýsingin liggur fyrir. Ég tel mig eiga nokkurn veginn þingvarinn rétt á þeirri kröfu, og fer fram á það við virðulegan forseta, aðalforseta sérstaklega, að orðið verði við þessari eindregnu ósk sem ég vil þó ekki kalla kröfu þótt ég telji hins vegar að ég eigi kröfurétt á því.

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil koma forseta til varnar og þakka honum fyrir að hann gerði engar athugasemdir við að hér fór fram sú umræða sem þessi fundur hófst á, um störf þingsins. Þau rök sem ég hef fyrir því að hún hafi verið fullkomlega eðlileg og athugasemdir hv. þm. Hjálmars Árnasonar ómálefnalegar eru að þetta efni sem tekið var upp gaf fullt tilefni til pólitískra skoðanaskipta. Ráðherra í ríkisstjórn var með yfirlýsingar um efnisleg málefni og menn mega ekki gleyma því, þeir sem starfa á Alþingi, að Alþingi hefur fleiri hlutverk en að setja lög. Alþingi er líka einn helsti vettvangur pólitískra skoðanaskipta og rökræðna í þessu landi og það er hluti af lýðræðinu sem við byggjum á að menn geti hér skipst á skoðunum, að stjórnarandstaða geti spurt ríkisstjórn og veitt henni aðhald. Ég tel að það mál sem hér var tekið upp hafi gefið fullt tilefni til að ræða það og þróunin hefur orðið sú að þessum lið, um störf þingsins, hefur með túlkunum verið gefið aukið svigrúm til að taka upp slík pólitísk mál.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að einhver slík tenging eigi að vera til staðar og annaðhvort eigi að vera um bein viðfangsefni þingsins að ræða eða pólitísk mál sem gefi tilefni til pólitískra skoðanaskipta, rökræðna, og þess að ráðherrar séu spurðir út úr o.s.frv.

Ég get reyndar verið sammála hv. þm. Sverri Hermannssyni um að gjarnan mætti huga að því að kalla þennan dagskrárlið, þetta form, öðru nafni í samræmi við þá breyttu túlkun sem hér hefur á orðið. Ætluðu menn hins vegar að taka upp mál sem ekki hefði slíka pólitíska skírskotun og ekki varðaði störf þingsins, við skulum segja hreint faglegt viðfangsefni af einhverjum toga eða einkaáhugamál einhvers einstaks þingmanns, væru menn komnir út fyrir efnið þannig að ég lít ekki svo á að sú hefð hafi verið fest hér í sessi að menn geti rætt um algerlega hvað sem er. Þá held ég að væri líka nokkuð langt gengið.

Ég held í sjálfu sér að hvað sem segja má um þróunina og túlkun eða beitingu þessa forms að undanförnu hafi í öllu falli ekki verið nokkur minnsta ástæða til að gera athugasemdir af þessu tilefni þannig að ég tel að forseti hafi gert hárrétt og forseti er sá sem situr á forsetastóli á hverjum tíma. Á hverjum tíma, vel að merkja. Mér leiðast þær ambögur manna hér að tala með öðrum hætti við forseta þó að í stólnum sé einn af varaforsetum þingsins. Það er óefnislegt. Forsetinn er sá sem situr í forsetastólnum og hefur óskorað fundarstjórnarvald á hverjum tíma. Engu máli skiptir hver þeirra það er enda prýðilega á því haldið, t.d. núna.

[11:07]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Eftir síðustu ræðu kom upp hugtak sem hefur svolítið verið á sveimi að undanförnu, stormur í vatnsglasi. Meðal annars kallaði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon athugasemdir mínar ómálefnalegar, þó ekki ómálefnalegri en svo að ég heyrði ekki betur en að við værum bara sammála. Það sem ég vakti athygli á var að hér fór fram mjög góð pólitísk umræða, nauðsynleg pólitísk umræða, en hún fór fram undir, að mínu mati, röngu heiti. Hún fjallaði nefnilega ekki um störf þingsins og ég heyrði ekki betur en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tæki undir það sjónarmið.

Ég vil jafnframt taka undir þakkir til hæstv. forseta, hvort heldur hann er sitjandi, standandi, í forsetastóli eða annars staðar, en ég vil beina þeim þökkum sérstaklega til hv. þm.,

forseta þingsins, Halldórs Blöndals, sem hefur haft hug á því að innleiða þetta form. Ég var einungis að vekja athygli á því að þá þyrfti að breyta þessu heiti þannig að við fjöllum ekki um nauðsynleg pólitísk dægurmál undir röngum formerkjum. Það var einungis það sem ég var að beina til hæstv. forseta.

[11:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hér hefur farið fram umræða eins og oft áður undir liðnum störf þingsins, um pólitísk málefni. Ég hef ekkert á móti því. Ég vil samt taka undir þær raddir sem hafa sagt að rétt væri að breyta um nafn á þessum dagskrárlið þingsins sem er orðinn fastur í sessi.

Ég vil jafnframt benda á að þessar umræður beinast yfirleitt að ráðherrum. Í þeim tilfellum sem þær hafa beinst að mér sem heilbrrh. hafa hv. þm. verið svo kurteisir að láta mig vita fyrir fram að þeir hyggist taka til máls undir þessum lið þannig að ég hef þá haft tækifæri til að undirbúa mig eða bregðast við því á einhvern hátt. Ég held að við þyrftum að koma á einhverri slíkri reglu þannig að þetta væri þá fastur liður í störfum þingsins, að þingmenn gætu tekið upp það sem þeim liggur á hjarta og viðkomandi ráðherra gæti þá brugðist við. Ég hef alls ekkert á móti þessum lið. Umræður verða oft líflegar undir honum og ég held að þingið hafi gott af því, bæði þingmenn og ráðherrar, og þingstörfin. Ég vildi bara koma þessum ábendingum á framfæri.

[11:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Umræða sú sem hér fer fram um þetta fyrirkomulag sem hefur verið að ryðja sér til rúms gerir, eins og þingmenn hafa getið hér um, þingstörfin í sjálfu sér líflegri. Ég get að því leytinu til fagnað því að sá háttur skuli hafður hér á og festur í sessi að þingmönnum gefist tækifæri í upphafi þingfunda til að ræða um þau mál sem upp koma og eru ofarlega á baugi.

Hitt vil ég jafnframt benda á í ljósi þess að þetta er breyting á því sem hefur verið viðhaft og breytingin er að festa sig í sessi, skrefið er að verða stærra en var fyrir einu og hálfu ári, og þess vegna held ég að forsn. sé nauðsyn á að taka til umfjöllunar hinar hefðbundnu utandagskrárumræður því að mér hefur virst, herra forseti, sem þær hafi með þessari nýbreytni verið lækkaðar í sessi. Gildi þeirra er ekki hið sama og það var fyrir tveimur árum.

Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt ef þingið, forsn. og þingmenn, er á einu máli um það að af þessari breytingu eigi að verða og þessi breyting eigi að verða fullburða verði að taka til umfjöllunar hér, herra forseti, hvernig við breytum þá hinum hefðbundnu utandagskrárumræðum. Þær hafa á seinni missirum haft tilhneigingu til að verða eftirbátar, þær hafa lent aftar og aftar í biðröðinni og mál sem við þingmenn höfum talið að ætti að taka upp samkvæmt þingsköpum undir dagskrárliðnum umræða utan dagskrár, hafa verið mál sem okkur finnst áríðandi að komi til umræðu.

Í 50. gr. þingskapalaganna, herra forseti, er þeim svo lýst, með leyfi forseta:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst.“

Þessi orð gefa til kynna að hér sé ætlast til að um áríðandi málefni sé að ræða, svo áríðandi að þau virðast samkvæmt orðanna hljóðan hér, herra forseti, eiga að koma á dagskrá mjög skömmu eftir að beiðni um slíkt berst. Ég held því að það sé greinilegt að í ljósi þeirra breytinga sem hér hafa átt sér stað tökum við til umfjöllunar hvaða breytingar við viljum þá að verði á hinum hefðbundnu umræðum utan dagskrár og því sem kallað er umræður um mikilvæg og aðkallandi mál í 50. gr. þingskapalaganna.

[11:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði mig þegar ég gekk upp í stólinn: Hvar færð þú útrás? Ég geri mér grein fyrir því að vinstri grænir nota þennan stól til þess að fá útrás og það er af því góða. Þetta er auðvitað sá stóll sem við rökræðum um þjóðmál úr.

Ég vil segja við hæstv. forseta: Hver eru störf þingsins? Störf þingsins eru auðvitað að stórum hluta að ræða þau mál sem efst eru á baugi. Þessi morgunþáttur þingsins hér um langa hríð hefur verið allgóður að mínu viti og gerir þingið nokkuð spennandi, bæði fyrir þá sem hér sitja og ekki síður þá sem fylgjast með störfum þingsins. Menn átta sig á draumum næturinnar og hér fer umræða fram um allt milli himins og jarðar, jafnvel skraflið á heimasíðum verður hér að umræðuefni o.s.frv. Þetta er góður vettvangur orðsins, Alþingi Íslendinga. Við erum hingað kölluð, við erum brot af þjóð okkar sem eigum að fjalla um allt milli himins og jarðar og þess vegna er þetta ágætur þáttur að mínu viti, hæstv. forseti. Menn fá útrás. Menn geta farið heim og sagt eins og Jón sterki: „Sástu hvernig ég tók hann?“ o.s.frv. Hér koma menn málefnum dagsins á framfæri þannig að ég vil lýsa því yfir, hæstv. forseti, að ég hef ekki undan neinu að kvarta í þessu efni nema ég verð auðvitað að kvarta yfir því að menn eru kurteisari við hæstv. heilbrrh. en mig því að þeir láta mig aldrei vita fyrir fram eins og hann sagði að væri gert við sig. (**SJS:** Ert þú bestur óundirbúinn?) Ég verð því alltaf að koma óundirbúinn og taka því sem að höndum ber. Mér finnst það líka dálítið heillandi þannig að mér finnst að þessi vettvangur geti heitið störf þingsins. Það er hluti af störfum okkar að ræða málefnin sem koma upp og þess vegna er það hluti af störfum þingsins að hafa orðið frjálst og óþvingað áfram og að menn geti tjáð sig.

[11:16]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hygg að tilgangurinn með þeim þingsköpum sem við nú höfum hafi m.a. verið sá að festa í sessi og reyna að takmarka umræður utan dagskrár og umræður um störf Alþingis og ég hygg að þessar breytingar hafi í stórum dráttum gefist vel.

Ég tek undir það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að auðvitað eru það umræður um störf þingsins þegar almennt er talað um þjóðmál því að það eru líka umræður um störf þingsins að vekja athygli á því ef þinginu hefur láðst að taka mál á dagskrá eða mál til meðferðar og það er a.m.k. hluti af hlutverki stjórnarandstöðu að fylgjast með því að ríkisstjórnina hendi ekki slíkt. Ég álít því að sú umræða sem hér fór fram sé fyllilega innan þess ramma sem við höfum verið að tala um.

Ég vil láta í ljósi ánægju yfir því hversu vel hv. alþm. hafa tekið í þann hátt sem nú hefur verið tekinn upp. Aðalatriðið í þingsköpum Alþingis er auðvitað ekki hvernig þau voru upphaflega hugsuð eða hvernig kannski megi mjög þröngt túlka orðalag í þingsköpum heldur hvernig þingstörfin venjast og

hvaða venjur skapast á Alþingi í góðum vinnubrögðum og góðri reglu. Ég hygg að við eigum að fylgja því.

Hitt getur auðvitað verið erfitt fyrir forseta á stundum, þ.e. að fylgja því eftir eins og hv. 18. þm. Reykv. sagði áðan, að menn fari ekki út fyrir efnið. Ég vil t.d. spyrja hæstv. forseta að því hvað hann mundi segja ef ég tæki nú að lesa upp konunglega tilskipan um stofnun barnaskóla á Eyrarbakka.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mundi þá stoppa hv. 1. þm. Norðurl. e. af um leið.)

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, 2. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, nál. 1004 og 1030.

[11:19]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Burt séð frá því glapræði að vinna óafturkræf spjöll á náttúru Íslands með því að virkja við Kárahnjúka þá hefur um nokkurt skeið staðið harðvítug deila um það í þjóðfélaginu hvort réttlætanlegt sé á efnahagslegum forsendum að ráðast í þessa framkvæmd. Ríkisstjórnin hefur sagt okkur að slík kostakjör séu í boði fyrir orkuna að ekki sé stætt á öðru en að virkja til að selja Norsk Hydro í félagi við aðra þessa orku. Ekki telja margir færustu sérfræðingar þetta vera rétt mat, langt í frá. Látum það liggja á milli hluta enda hefur það nú gerst að Norsk Hydro segist ekki geta svarað til um það hvort þau þar á bæ muni vera með í þessu fyrirtæki. Þrátt fyrir þetta, herra forseti, ætlast ríkisstjórnin til þess að við munum samt sem áður, hv. Alþingi Íslendinga, veita heimild fyrir þessari virkjun, að við samþykkjum óútfylltan tékka.

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að þetta mál sé nú tekið á dagskrá á þessum forsendum eða öllu heldur án þess að forsendur séu fyrir hendi til þess að það sé afgreitt og ég tel heppilegt og eðlilegt og réttlátt að við vísum því frá.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kem hér til þess að taka undir mótmæli við því að þetta mál sé nú tekið á dagskrá. Ég minni á ítrekaðar óskir og kröfur um að ekki verði frekar hreyft við þessu máli hér á þingi fyrr en a.m.k. fyrir liggi sú nýja yfirlýsing væntanlegra samstarfsaðila sem hæstv. ráðherra hefur sjálf boðað að sé e.t.v. væntanleg strax eftir helgina.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst undarlegt að forsetar þingsins og velflestir þingmenn skuli borubrattir ætla að verja það að þjóðin horfi upp á að málið sé tekið á dagskrá og rætt hér þegar nákvæmlega þannig stendur á að það er komin upp óvissa með sjálfar forsendur þess, þ.e. hvort Norsk Hydro yfir höfuð treysti sér til að vera þátttakandi í verkefninu eða a.m.k. standa við eldri tímaáætlanir. Þessi óvissa liggur fyrir. Hún er staðfest af fjölmiðlum. Hún er staðfest af aðstoðarmanni iðnrh. Hún er staðfest af ráðherra sjálfum í umræðum í gær, eða var það í fyrradag?

Herra forseti. Við þær aðstæður getur enginn mælt á móti því að veigamiklar forsendur skortir til að ræða málið út frá efnislegum staðreyndum. Ef til vill skýrist þetta að einhverju leyti eftir helgi, e.t.v. ekki. Við vitum ekki hvert verður innihald hinnar nýju yfirlýsingar ef hún þá kemur. Ég verð að segja alveg eins og er að það undrar mig að menn skuli ekki telja þetta vandamál, að eftir sem áður sé ekkert í veginum fyrir því að sullast áfram með málið. Öðruvísi mér áður brá, verð ég að segja. Einhvern tíma hefðu menn, burt séð frá afstöðu sinni til málsins, hvort sem þeir eru því andvígir, hafi um það efasemdir eða eru eindregnir stuðningsmenn þess, sagt sem svo: Nei, nú skulum við bíða við. Við skulum ekki láta menn horfa upp á það að þingið ástundi þannig vinnubrögð (**KHG:** Þetta er efnisleg umræða.) að mönnum sé alveg sama um hvaða forsendur liggi til grundvallar umfjöllun um mál hér á þinginu, herra forseti.

Ég tel því mjög sterk efnisleg rök mæla með því að orðið sé við óskum okkar um að þetta mál verði ekki tekið á dagskrá. Ég geri lítið með frammíköll og gjamm manna utan úr sal sem ekki þola það að menn noti sér þinglegan rétt sinn til þess að ræða um störf þingsins eða fundarstjórn forseta. Það er athyglisvert hvað þeir framsóknarmenn eru órólegir í salnum í dag, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason og Kristinn H. Gunnarsson.

Ég ítreka sem sagt óskir mínar, herra forseti, og tel mig hafa flutt fyrir þeim sterk rök.

[11:24]

Þuríður Backman *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég fór þess á leit á fundi með þingflokksformönnum flokkanna með forseta þingsins í gær að þessu máli yrði frestað fram yfir páska a.m.k., þar sem búið er að boða að eftir helgina komi sameiginleg yfirlýsing iðnrh. og Norsk Hydro um stöðu málsins.

Það liggur í loftinu að Norsk Hydro er með mikinn fyrirvara, a.m.k. frestun, og við höfum ekki lengur þær forsendur varðandi tímasetningar og aðkomu Norsk Hydro sem lagðar eru til í þessu frv. Noral-verkefnið er bundið samþættingu Kárahnjúkavirkjunar eins og hún er hönnuð og byggingu álvers á Reyðarfirði. Sú yfirlýsing hefur verið gefin að það eigi ekki að fara í þessar miklu framkvæmdir með þessum miklu náttúruspjöllum nema að það sé tryggur kaupandi. Hann er ekki fyrir hendi í dag. Okkur liggur því ekki á. Við eigum að vita hver staðan er áður en við afgreiðum frv.

Að vísu er frv. þannig úr garði gert að það er ekki bundið álveri við Reyðarfjörð. Við munum þó við afgreiðslu frv. við þessar aðstæður gefa opið leyfi á virkjun, Kárahnjúkavirkjun, þessar miklu framkvæmdir án þess að skilyrða það byggingu álvers á Austurlandi. En hver verður þá framvindan? Ég tel að gagnvart Austfirðingum, gagnvart þjóðinni allri, gagnvart málinu eigi að fresta þessu máli, a.m.k. við þessar aðstæður, fram yfir páska. Mér virðist miðað við afstöðu Samfylkingarinnar að hér hafi myndast meiri hluti á þingi til að afgreiða þetta mál út. Það ætti því að vera létt verk og löðurmannlegt fyrir meiri hluta þingmanna að gera það eftir páska í stað þess að hefja umræðu núna. Þá höfum við a.m.k. þær forsendur sem við þurfum að hafa til að afgreiða málið.

[11:26]

Sigríður A. Þórðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er þegar búið að taka fyrsta dagskrármálið á dagskrá og það er alveg ljóst að hér fer síðan fram efnisleg umræða af hálfu þingmanna Vinstri grænna í formi yfirlýsingar um það mál sem er búið að taka á dagskrá. Ég geri athugasemd við að staðið sé að málum með þeim hætti og legg til að við göngum til þeirrar dagskrár sem liggur hér fyrir. Forseti hefur þegar tekið fyrsta dagskrármálið á dagskrá.

[11:27]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ætlast menn virkilega til þess að við gefum heimild til þess að ráðast í einhverja dýrustu, og ekkert einhverja dýrustu heldur dýrustu framkvæmd Íslandssögunnar án þess að allar efnahagslegar forsendur liggi fyrir? Við höfum deilt um það hvort við fáum ásættanlegt orkuverð ef á annað borð verður farið út í þetta glapræði. Við höfum deilt um það.

Nú liggur ekki ljóst fyrir hvort það verði yfirleitt kaupandi að þessari orku. Samkvæmt yfirlýsingum frá Norsk Hydro er alls óvíst að þau þar á bæ komi að þessu verkefni.

Herra forseti. Stundum er talað um að hér eigi að viðhafa vönduð vinnubrögð og við eigum að standa vörð um virðingu Alþingis. Finnst mönnum þetta bera vott um vönduð vinnubrögð? Er það góð auglýsing út í þjóðfélagið fyrir virðingu Alþingis að við verðum knúin til þess að samþykkja þessa framkvæmd án þess að efnahagslegar forsendur séu til staðar? Þetta mál er allt komið í mikla óvissu og þótt ríkisstjórnin vilji ekki viðurkenna það fullum fetum þá gerir íslenska þjóðin sér grein fyrir þessu. Ég held að sú krafa standi á okkur að við sýnum vandaðri vinnubrögð en hér stendur til að gera ef fer fram sem horfir.

[11:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að spyrja: Með hvaða rökum tekur virðulegur forseti þetta mál á dagskrá og ætlar virðulegur forseti ekki að svara neinu þeim kröfum sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið að leggja fram núna undir þessum dagskrárlið um fundarstjórn forseta — sömuleiðis settum við fram þá kröfu í gær að málinu yrði frestað — meðan það er fullljóst að um það ríkir alger óvissa? Með hvaða rökum tekur hæstv. forseti mál á dagskrá þar sem allar tímaáætlanir virðast vera upp í loft, þar sem fjármögnunarmálin liggja alls ekki á borðinu, þar sem gífurleg óvissa ríkir um arðsemi og þar sem fullljóst er að það á að fórna þeim stærstu og mestu náttúruauðæfum sem hefur verið fórnað með einstakri framkvæmd á Íslandi í allri Íslandssögunni? Með hvaða rökum er málið tekið á dagskrá meðan öll þessi óvissa ríkir, meðan enn hljóma í loftinu orð hæstv. iðnrh. úr ræðu hennar í þinginu gær? Þar sagði hún, með leyfi forseta:

„Það er óvissa í þessu máli og þeirri óvissu hefur ekki verið eytt með orðum mínum áðan, það er ljóst."

Hvers vegna tekur hæstv. forseti og stjórn þingsins þetta mál á dagskrá ofan í yfirlýsingar hæstv. ráðherra sem eru af þessu tagi? Ætlar stjórn þingsins og hv. alþingismenn að láta þvinga mál hér í gegn með pólitísku offorsi sem svo er ástatt um sem raun ber vitni, þar sem um er að ræða óútfylltan tékka fyrir framkvæmdaraðilann, Landsvirkjun, til að fara upp á hálendið strax í vor, byrja að rífa það í sig og undirbúa framkvæmdir á Austurlandi? En það veit enginn í dag hvort sú orka sem framleidd verður í Kárahnjúkavirkjun verði seld á Austfjörðum eða ekki. Með hvaða rökum tekur hæstv. forseti mál af þessu tagi á dagskrá þegar óvissan er jafngífurleg og þjóðin veit jafnmikið og hún veit um óvissuþættina og náttúruspjöllin sem eru yfirvofandi?

[11:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að þetta mál hefur fengið þinglega meðferð. Fyrir liggja öll nefndarálit í málinu og búið er að afgreiða málið úr nefnd þannig að ekkert óeðlilegt er við það að málið fái áframhaldandi þinglega meðferð.

[11:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er í öllu falli ekkert óeðlilegt við það heldur þó að rætt sé um stöðu þessa máls þegar gjörbreyttar, pólitískar og jafnvel efnislegar aðstæður hafa komið upp og ég held að menn hljóti að reka minni til þess einhvern tíma, þá sem hér hafa setið á þingi um einhver ár að slíkt er alsiða að þegar upp kemur breytt, pólitísk eða efnisleg staða í máli, þá er það tilefni til umræðna um áframhaldandi meðhöndlun og meðferð þess. Þau eru býsna mörg málin sem hafa verið kistulögð, slegin af í miðjum klíðum af því að upp hafa komið breyttar aðstæður í þjóðfélaginu eða menn hér innan þings hafa komist að því að ekki væri allt með felldu, ekki væri allt sem skyldi í viðkomandi málum.

Herra forseti. Það skiptir að sjálfsögðu ekki máli hvar mál er á vegi statt, hvort það er á prentaðri dagskrá eða hefur verið tekið fyrir. Þingmenn hafa samkvæmt þingsköpum rétt til þess að kveðja sér hljóðs hvenær sem er og gera athugasemdir við fundarstjórn tvisvar í senn um hvert efni ef ég man rétt. Menn hafa rétt til þess að óska eftir því að máli sé frestað. Menn hafa rétt til þess að óska eftir því að gert sé fundarhlé o.s.frv. Þetta er alsiða og þetta eiga menn að þekkja og sérstaklega eiga formenn þingflokka að muna eftir þessu og vita að ekkert er óeðlilegt við að menn nýti rétt sinn til þess að koma á framfæri athugasemdum við fundarstjórn þegar svona háttar til. Og minni manna er orðið svikult og lítið ef þeir muna það ekki, þeir sem setið hafa hér lengi.

Auk þess verð ég, herra forseti, að gera athugasemdir við það að t.d. formaður þingflokks Sjálfstfl. skuli endalaust koma í ræðustólinn þeirra erinda einna að reyna að taka völdin af forseta, í raun og veru vanda um við forseta fyrir að þagga ekki niður í mönnum. Ég þakka forseta að sjálfsögðu fyrir að hann gengur ekki á rétt okkar þingmanna sem hér höfum borið fram óskir um að þetta mál komi ekki á dagskrá. Tveir þingflokkar hafa sett fram þá ósk. Formaður Frjálslynda flokksins var í ræðustóli áðan og það höfum við einnig gert, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þessi ósk, herra forseti, er rökstudd. Hún er efnisleg. Það sjá allir þó að þeir vilji ekki viðurkenna það. Það er bara þvergirðingsháttur að viðurkenna ekki að í ljósi tíðinda vikunnar, yfirlýsingar ráðherra sjálfs, frétta í fjölmiðlum, blaðaviðtala við aðstoðarmann ráðherra o.s.frv. eru fullgild efni til þess að fara fram á að ekki verði hreyft frekar við málinu fyrr en a.m.k. hin nýja yfirlýsing liggur fyrir. Menn tala því gegn betri vitund sem setja sig á háan hest gagnvart þeim óskum um að málið verði ekki tekið fyrir.

[11:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að þetta er ákaflega undarleg umræða sem hér fer fram af hálfu þingmanna Vinstri grænna. Þeir koma hér upp í stríðum straumum og fara fram á að málið verði ekki tekið fyrir á dagskrá með þeim rökum að ekki sé ljóst hvort eða hvenær ráðist verði í þær framkvæmdir sem frv. gengur út á að heimila.

Ég legg áherslu á að málið er heimildarfrv. Í því felst ekki að við afgreiðslu þess eigi allt endilega að liggja fyrir, enda væri engin þörf á að flytja heimildarfrv. eins og alsiða er um mál ef slíkt ætti að vera skilyrði fyrir samþykkt málsins. Eitt er að veita ráðherra heimildina og síðan er annar hlutur hvenær reynir á að ráðherrann nýti hana. Þó að eitthvað sé

óljóst um tímasetningar þá eru það engin rök fyrir því að fresta fyrirtöku á frv. sem er heimildarfrv.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að fulltrúi Vinstri grænna í forsn. hefur ekki tekið til máls í þessari skrýtnu umræðu sem þingflokksformaður þeirra og formaður hafa staðið fyrir. Það er ákaflega einföld skýring á því vegna þess að sá maður er jafnframt fulltrúi flokksins í iðnn. og hann flytur nál. Hann er tilbúinn með sitt nál., hefur lokið sinni þinglegu vinnu og skilað af sér frá nefnd til þingsalarins áliti sínu og er tilbúinn til að mæla fyrir því samkvæmt því áliti sem er dags. 20. mars, eða í gær.

Það er líka heldur meira frá að segja í þessu nál., herra forseti, því að fulltrúi Vinstri grænna í forsn. og iðnn. eru með tillögu í málinu sem hann vill fá að flytja undir umræðu um málið. En félagar hans í þingflokknum vilja koma í veg fyrir að hann fái að flytja þá tillögu og mæla fyrir henni. Hvers konar samkomulag er í þessum þingflokki, herra forseti, þegar þingmenn Vinstri grænna standa í stólnum löngum stundum til að mæla gegn því að fulltrúi þingflokksins fái að tala fyrir tillögu sinni sem er á prentuðu þingskjali og þingmaðurinn bíður eftir að fá að mæla fyrir þegar umræður geta hafist?

[11:38]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var eiginlega ekki ásetningur minn að koma hér upp til að ræða um fundarstjórn forseta vegna þess að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er algerlega einhuga í þessu máli. Þess vegna var það þingflokksformaður og formaður flokksins sem komu upp með þá ósk að málið yrði tekið af dagskrá, enda ef hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur lesið nál. mitt sem iðnaðarnefndarmanns, þá kemur það fram í nál. að beðið er um að málið verði tekið af dagskrá. Þannig hanga málin saman og fyrir allra hluta sakir hefði verið heppilegra og það er krafa okkar að þó svo að nál. liggi fyrir — að sjálfsögðu vinnum við heimavinnu okkar — þá breytir það engu um að við erum að krefjast þess að málið verði tekið af dagskrá nú með þeim rökstuðningi sem hefur verið settur fram af hálfu þingflokksformanns flokksins.

Það er forkastanlegt í ljósi nýrra aðstæðna að ekki skuli einu sinni vera hægt, eins og beðið hefur verið um, að bíða með málið eftir miklum fréttum sem hæstv. iðnrh. boðar í næstu viku. Það er fyrst og fremst það sem við erum að biðja um í þeirri stöðu sem nú er uppi. Allar fréttir og allur málflutningur hæstv. iðnrh. á hinu háa Alþingi hnígur að því að við bíðum eftir þeim upplýsingum. Við eigum að bíða eftir því að fjalla um málið í nýju ljósi. Það er ekki forsvaranlegt að veita heimild til hæstv. iðnrh. í blindni hvað þetta varðar þegar svo mikilvægt mál er á ferðinni. Hér er á ferðinni stærsta virkjanaverkefni Íslandssögunnar fyrr og síðar og við erum ekkert að ræða hérna um neitt smámál, virðulegi forseti. Þess vegna er þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs algerlega einhuga, virðulegi forseti, um að fara þess á leit eins og gert var úr ræðustóli í gær, af mér, að málið verði tekið af dagskrá og umræðu um það verði frestað a.m.k. fram yfir helgina, fram í næstu viku þegar hæstv. iðnrh. hefur sett fram þá vitneskju sem hún boðar héðan úr ræðustóli að hún muni flytja okkur strax eftir helgina.

[11:41]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. iðnn. við frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Óhætt er að segja, herra forseti, að iðnn. hefur lagt gífurlega mikla vinnu í þetta mál. Á fundi nefndarinnar komu tugir gesta, flestir að segja má sérfræðingar á því sviði sem um er fjallað. Að auki sendi nefndin umhverfisþátt málsins til umsagnar hjá hv. umhvn. og síðan þá þætti er lúta að arðsemi og þjóðhagslegum og byggðalegum áhrifum til umsagnar hjá hv. efh.- og viðskn. Þar að auki vil ég vekja athygli á því að í fyrri störfum nefndarinnar vegna svipaðra mála safnaðist upp að sjálfsögðu mikil þekking og byggðu nefndarmenn nokkuð á þeirri reynslu núna. Með öðrum orðum, herra forseti, farið hefur verið afskaplega rækilega í saumana á þessu máli sem í rauninni má segja að snerti fjóra meginþætti:

1. Umhverfisþáttinn.

2. Arðsemi virkjunarinnar.

3. Hin þjóðhagslegu áhrif af virkjun og álframleiðslu í tengslum við hana.

4. Hin byggðalegu áhrif.

Yfir hvern þessara þátta var farið vandlega og meiri hluti hv. iðnn., átta nefndarmenn af níu, komust að þeirri eindregnu niðurstöðu að mæla með samþykkt frv. Í rauninni stendur ekkert annað eftir eftir hina ítarlegu og rækilegu yfirferð en að taka pólitíska ákvörðun og það er það sem hv. alþm. standa frammi fyrir. Meiri hluti iðnn. mælir sem sagt með samþykkt frv. og ítarlegur rökstuðningur fylgir, og leyfi ég mér, herra forseti, að vísa til rökstuðnings meiri hluta iðnn. á þskj. 1004.

Í rauninni þarf ekki mikið meira að segja um málið, enda rökstuðningurinn rækilega tíundaður í umræddu nál. Ég vil þó aðeins bæta við nokkrum orðum.

Ég vil leyfa mér í byrjun að hverfa aftur til gærdagsins þegar haldinn var ársfundur Orkustofnunar. Það var að vanda afskaplega merkilegur fundur en meðal þeirra atburða sem þar gerðust var að þrír mætir einstaklingar, vísindamenn, Haukur Tómasson, Jakob Björnsson og Guðmundur Pálmason, voru heiðraðir sérstaklega með gjöfum og gullmerki Orkustofnunar. Þetta var afskaplega hátíðleg og merkileg stund vegna þess að eins og fram kom má segja að nú hafi orðið ákveðin kynslóðaskipti hjá Orkustofnun. Þarna voru heiðraðir færir vísindamenn, vísindamenn á heimsmælikvarða, sem hafa leitt rannsóknir og vísindastarf um skynsamlega nýtingu auðlinda þjóðarinnar. Segja má að þessir einstaklingar hafi verið heiðraðir fyrir að hafa lagt grunninn að því velferðarríki sem íslenska þjóðin býr við í dag. Því má segja að gullmerki Orkustofnunar til þessara þriggja mætu vísindamanna sé tákn um þann auð og þau verðmæti sem þeir hafa ekki síst stuðlað að í þágu íslenskrar þjóðar á síðustu öld.

Herra forseti. Rétt er að minna á að við upphaf síðustu aldar var íslenska þjóðin ein sú fátækasta í Evrópu en við aldarlok voru Íslendingar meðal ríkustu þjóða í heiminum. Það er mikil breyting á skömmum tíma. Því er eðlilegt að menn spyrji: Hvað gerðist á síðustu öld? Ég vil sérstaklega nefna tvennt í því sambandi.

Menntastig þjóðarinnar hækkaði. Menn fjárfestu í menntun og þá menntun báru menn gæfu til að nota í þágu

þjóðarinnar, m.a. til þess að nýta auðlindir okkar skynsamlega. Þeir þrír einstaklingar sem ég nefndi áðan eru einmitt tákn um það.

Í upphafi aldarinnar í árdaga rafvæðingar — ef ég man rétt er fyrsta virkjunin gerð 1903 við Hamarskotslæk í Hafnarfirði og stendur enn — þegar rafvæðingarmenn fóru um landið, fagnaði þjóðin þeim. Þeim var tekið fagnandi þegar þeir komu til þess að leggja rafstrengi í sveitir. Þjóðin tók þeim opnum örmum vegna þess að þeir voru boðberar nýrra tíma, þeir voru boðberar framfara, enda hófst í kjölfarið mesta framfaraskeið í sögu þjóðarinnar. Þarna var lagður grunnurinn með nýtingu orkunnar að því velferðarkerfi sem við búum við í dag og viljum áfram búa við. Þess vegna voru þessir einstaklingar boðnir velkomnir. Þess vegna voru hinir þrír mætu vísindamenn heiðraðir á ársfundi Orkustofnunar í gær.

Þróunin varð sannarlega hröð á 20. öldinni. Það er svolítið einkennilegt að í velferð nútímans eru menn fljótir að gleyma. Það eru innan við 100 ár síðan rafvæðingin hófst. Það er ekki lengri tími. En í nútímasamfélaginu freistast menn í velferðinni til þess að gleyma því hversu stutt er síðan þetta velferðarskeið hófst og menn gleyma því hverjar undirstöður þess eru. Menn taka hlutina gjarnan sem gefna og eiga þess vegna í velferð sinni til að leggjast gegn áframhaldandi framförum.

Herra forseti. Það urðu nokkur tímamót í þróun rafvæðingar hér á sjötta og sjöunda áratugnum. Þá voru líka nokkuð sérkennilegar aðstæður í efnahagslífi okkar þegar tekjur af sjávarútvegi drógust allverulega saman, ekki síst í kjölfar þess að síldin hvarf. Leit þá út fyrir að allveruleg breyting yrði á því mikla uppbygginga- og framfaraskeiði sem staðið hafði um nokkuð langa hríð, og þjóðartekjur fóru mjög ört lækkandi. Að óbreyttu hefði þá orðið hér samdráttur og afturför í uppbyggingu velferðarkerfisins. En vegna vísindamanna á borð við þá sem hér hafa verið nefndir, vegna tækniþekkingar og vegna framsýni var tekin sú ákvörðun að virkja fallvötn og Búrfellsvirkjun var reist. Þar með hóf stóriðjan innreið sína í íslenskt efnahagslíf. Þar með hófst nýtt stig í atvinnusögu þjóðarinnar. Þetta voru mikil tímamót.

Það er fróðlegt að bera þann heimsósómaboðskap sem heyrðist mjög þegar verið var að taka ákvörðun um virkjun við Búrfell, þegar verið var að taka ákvörðun um álver við Straumsvík í kjölfar þess, saman við raddir dagsins í dag sem við höfum heyrt hér á þessum degi m.a. Ég spyr: Hver getur efast um þau verðmæti og þann auð sem Búrfellsvirkjun hefur skapað þjóð okkar? Þessu má snúa við. Hvernig hefði efnahagslíf okkar þróast, hvernig hefði velferðarkerfi okkar þróast ef við hefðum ekki haft þá framsýni á sjötta og sjöunda áratugnum að fjárfesta í virkjun við Búrfell og byggja stóriðju við Straumsvík í kjölfar þess? Hvar værum við þá stödd? Hefði þjóðin hlustað á úrtöluraddirnar þá hefði ekki orðið Búrfell. Þá hefði ekki orðið Ísal. Þá hefði ekki orðið Grundartangi. Þá væri ekki það velferðarkerfi hér sem við erum svo hreykin af og viljum halda í. Þá værum við ekki sú ríka þjóð sem við erum í dag.

Herra forseti. Vert er að benda á í þessu samhengi þegar talað er um hvílík gífurleg fjárfesting Kárahnjúkavirkjun er í dag að sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu er það ekki miklu meiri fjárfesting en fjárfestingin í Búrfellsvirkjun var á sínum tíma. Ég segi enn og aftur: Enginn efast í dag um þau verðmæti og þá gullkvörn sem Búrfellsvirkjun er. Áhrifin af þessu eru á mjög sýnileg t.d. í Hafnarfirði og á Akranesi.

Hv. þingmenn iðnn. heimsóttu sérstaklega Grundartanga, þau iðjuver sem þar eru, ræddu við sveitarstjórnarmenn á því svæði. Hið sama hafa menn gert sunnan Reykjavíkur, þ.e. heimsótt álverið í Straumsvík, rætt við sveitarstjórnarmenn og íbúa á þeim svæðum. Ég minnist þess sjálfur hvernig hnignunarskeið Hafnarfjarðar var fyrir daga álversins. Þar ríkti vonleysi. Samdráttur var í atvinnulífi og ákveðið upplausnarástand. Það þarf ekki að fara mjög langt aftur í tímann til þess að rifja sambærilegar aðstæður á Akranesi. Það kom mjög skýrt fram m.a. í máli bæjarstjórans á Akranesi þegar hann bar saman ástandið og viðhorfin á Akranesi fyrir og eftir stóriðju á Grundartanga.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því og lýsa því um leið að ég hygg að í röðum Vinstri grænna sem hafa ítrekað lagst mjög gegn stóriðju, virðist vera einhver klofningur því að í Morgunblaðinu í gær, í glæsilegu kynningarriti Akranesskaupstaðar á sveitarfélaginu, er m.a. viðtal við þá fulltrúa sem bjóða sig fram til sveitarstjórnar á Akranesi í komandi sveitarstjórnarkosningum. Þar er m.a. rætt við Hermann Guðmundsson sem mun leiða lista Vinstri grænna á Akranesi. Hann ólst upp og býr í því umhverfi sem hefur vaxið og dafnað gífurlega, ekki síst vegna þess að stóriðja er á Grundartanga. Í stefnuskrá Vinstri grænna á Akranesi segir:

„Áformuð stækkun á álverksmiðju Norðuráls á Grundartanga mun færa Akurnesingum margháttuð tækifæri."

Herra forseti. Ég dreg þetta fram vegna þess að þetta sýnir að þeir sem búa í nágrenni við stóriðjuver, íbúar á Akranesi, íbúar úr Hafnarfirði og þeir sem þar starfa, skynja og sjá og þeir vita hvílík verðmæti og hvílíkan stöðugleika þau störf sem þar eru færa íbúunum á svæðinu. Ég hygg að það væri ráð fyrir hv. þingmenn Vinstri grænna á Alþingi að ræða við þetta fólk, þá hundruð einstaklinga sem starfa í stóriðju og íbúa þeirra svæða sem eru þar í nágrenninu, þar á meðal fólk úr þeirra eigin röðum.

Í umræðu um stóriðju eru oft höfð uppi nokkuð stór orð um hvers slags vinnustaður stóriðja eins og álver er og rætt jafnvel um að þetta sé vinna fortíðarinnar, gamaldags og úrelt fyrirbrigði og þar fram eftir götunum. Þetta er einfaldlega rangt. Menn eru að reyna að draga upp einhverjar myndir af kolanámum eða iðjuverum frá 19. öldinni. Nútímaálver eru nútímalegir vinnustaðir, afskaplega tæknivæddir, enda eru laun á þeim vinnustöðum hærri en gengur og gerist á atvinnumarkaðnum almennt og það sem meira er, yfirleitt þegar þar losna störf, sækja margfalt fleiri um hverja lausa stöðu en geta fengið og þeir sem einu sinni eru ráðnir þangað virðast helst ekki vilja hverfa frá þeim störfum aftur vegna þess að í álverum á Íslandi er hvað hæstur starfsaldur í fyrirtækjum á Íslandi. Það er þess vegna sem við viljum gefa Austfirðingum tækifæri til að njóta hins sama í atvinnulegu tilliti, hvað varðar verðmætasköpun og þar fram eftir götunum, og íbúar hér sunnan lands hafa fengið. Við viljum líka að þjóðarbúið hafi möguleika á frekari uppbyggingu í efnahagslífi, í atvinnulífi og hvað varðar byggðastefnu.

Þá eru ónefnd öll þau verkefni sem og fyrirtæki sem sprottið hafa upp vegna þess að álver hafa verið starfandi hér á Grundartanga og sunnan Hafnarfjarðar. Ný sprotafyrirtæki sem orðið hafa til vegna nálægðarinnar við álverið skipta tugum. Mörg af þessum fyrirtækjum eru að flytja út hugbúnað og þróunarstarf og ýmsar vörur sem þau hafa náð að skapa vegna nálægðarinnar við álverin. Ég nefni t.d. róbóta sem fyrirtæki Jóns Hjaltalíns Magnússonar náði að þróa í

álverinu í Straumsvík og hefur verið að selja til álvera úti um allan heim og skapað milljónir, tugi milljóna kr. Nokkrir tugir slíkra nýsprotafyrirtækja hafa náð að þróast vegna þess að álver hafa verið starfandi hér. Það er nefnilega þannig, herra forseti, að þar sem orkan er til staðar þar eru möguleikarnir og þegar menntunarstig þjóðar er hátt og orkan er aðgengileg þá hefur það sýnt sig alls staðar í heimnum að möguleikar eru miklir. Það sama er uppi hér. Við viljum halda áfram að nýta auðlindir okkar skynsamlega. Við viljum skapa tekjur, stöðugar tekjur fyrir þjóðarbúið. Við viljum leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu efnahagslífs. Við viljum styrkja atvinnustigið og bjóða afkomendum okkar betra líf rétt eins og Búrfell og rafmagn gerðu á öndverðri síðustu öld. Búrfell hefur skapað gífurleg verðmæti fyrir þjóðarbúið og er nánast gullkvörn.

Eins og efnahagsástand er núna, eins og þróun er í atvinnulífi m.a. af tæknilegum ástæðum, þarf þjóðarbúið, þá þarf efnahagslífið á fjárfestingu að halda. Við leggjumst gegn stöðnun í atvinnulífi. Við viljum ekki leggjast gegn uppbyggingu austfirskra byggða. Við viljum heldur ekki neita kalli Austfirðinga um að fá að nýta hina vistvænu orku sem er á Austfjörðum.

Herra forseti. Það er alveg ljóst ef horft er til framtíðar að störfum í landbúnaði á Íslandi mun ekki fjölga verulega. Það sama gildir um sjávarútveginn, m.a. vegna tæknivæðingar og samruna á því sviði. Það er líka alveg ljóst að efnahagslíf okkar mun ekki í framtíðinni byggjast upp á fjallagrösum eða hundasúrum. Við þurfum að nýta orku okkar skynsamlega.

Það hefur komið fram m.a. að ekki einasta er álversverkefnið fyrir austan talið efnahagslega mjög mikilvægt fyrir okkur og skynsamlegt heldur ein besta byggðaaðgerð sem hægt er að grípa til hvað varðar Austfirði. Það sjónarmið hefur m.a. komið fram hjá sérfræðingum okkar hjá Byggðastofnun. Það er m.a. af þessari ástæðu sem meiri hluti iðnn. mælir með samþykkt frv. um virkjun Kárahnjúka og stækkun Kröflu.

Það hefur enn fremur komið fram, herra forseti, hjá Orkustofnun að eina leiðin til þess að geta komið upp álveri við Reyðarfjörð, eina leiðin til orkuöflunar, er sú sem þetta frv. fjallar um, þ.e. virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Þetta er eina leiðin til orkuöflunar fyrir það fyrirtæki sem þar mun væntanlega rísa.

Það er líka vert að vekja athygli á því sem enginn dregur heldur í efa að virkjanir hafa áhrif á náttúruna eins og önnur mannanna verk. Það er alveg sama hvar við förum um landið, þar sem mannvirki eru kalla þau á ákveðna árekstra við náttúruna. Þá verða menn að vega hagsmuni og niðurstaðan hlýtur að verða sú að menn leggja áherslu á meiri hagsmuni fyrir minni.

Líka er rétt að draga það fram í þessari umræðu að allt þetta mál hefur farið lögum samkvæmt um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki þingsins að fjalla um einstaka þætti þess. Til þess höfum við lögum samkvæmt sett í gang ákveðið ferli í ákveðnum stofnunum. Það er ekkert svæði á Íslandi sem hefur fengið jafnmikla athugun, sem hefur verið rannsakað jafnmikið, alveg frá upphafi til enda má segja eins og það svæði sem er til umræðu vegna þessara virkjanaframkvæmda.

Menn hafa lagt áherslu á náttúruvernd. Bæði Landsvirkjun og síðan með úrskurði hæstv. umhvrh. hefur verið lögð áhersla á að reyna að gera náttúruspjöllin sem allra minnst og eins og segir í umsögn Orkustofnunar hefur verið gengið eins langt og hugsast getur til að vernda náttúruna án þess að það komi niður á hagkvæmni verkefnisins. En það neitar því auðvitað enginn að þetta hefur í för með sér náttúruspjöll.

Ég vil líka draga það fram hér, herra forseti, að í áliti meiri hluta iðnn. er fjallað um Vatnajökulsþjóðgarð og hugsanlega stækkun hans til norðurs. Meiri hluti iðnn. tekur undir þau sjónarmið sem m.a. hafa komið til umræðu á Alþingi að virkjun við Kárahnjúka og stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs til norðurs geti farið saman. Undir það sjónarmið er tekið í áliti meiri hluta iðnn. og fram hefur komið, m.a. hjá hæstv. umhvrh., að skipuð verður nefnd mjög fljótlega til þess að fara yfir þá möguleka. Undir það sjónarmið tekur iðnn.

Ég vil líka vekja athygli á því í þessu samhengi að víða erlendis virðist útivist og það að njóta náttúru fara afskaplega vel saman við virkjanir. Í Bandaríkjunum eru t.d. virkjunarlón og umhverfi virkjana með eftirsóttustu útivistarstöðum fyrir almenning. Þar hafa menn lagt göngustíga og gert ýmislegt til þess að fólk geti notið umhverfisins. Þessir staðir eru með eftirsóttustu útivistarstöðum, og ekki aðeins í Bandaríkjunum heldur víða í Evrópu.

Það er líka lofsvert að sjá hvernig Austfirðingar hafa brugðist við, m.a. Atvinnuþróunarstofa Austurlands sem skipaði nokkra starfshópa. Einn þeirra fékk það hlutverk að skoða möguleika til ferðaþjónustu í skjóli virkjunar við Kárahnjúka og hefur hann sett fram afskaplega framsæknar áætlanir um að auka möguleika ferðaþjónustunnar. Staðreyndin er nefnilega sú að vegna virkjunarframkvæmda, vegna þeirra rannsókna sem þar hafa farið fram á undanförnum árum, hefur allt í einu opnast leið fyrir almenning til að komast upp á miðhálendið. Má því segja að það séu ekki lengur forréttindi þeirra sem eru það vel tækjum búnir að þeir komist þar upp. Það er einmitt þetta sem framsæknir Austfirðingar sjá. Þeir hafa lagt fram hugmyndir um vegalagningu, ekki bara til Kárahnjúka heldur hringtengingu yfir í Jökuldal, þeir hafa fjallað um vegaslóða alveg suður til Vatnajökuls og áfram Gæsavatnaleið og þeir ræða um það að setja þar upp útivistarskála fyrir fólk sem á, vegna vegalagningar þar, möguleika á að komast upp á miðhálendið og njóta þar náttúrunnar. Ég hlýt að fagna þessari framsýni Austfirðinga sem sýnir að ferðamennska og virkjanir geta farið saman eins og dæmin sanna reyndar frá miðhálendinu.

Aðeins nokkur orð um arðsemina. Meiri hluti hv. iðnn. tekur undir þau sjónarmið sem koma fram bæði hjá meiri hluta efh.- og viðskn. og 1. minni hluta efh.- og viðskn. þar sem niðurstaðan er sú að komi til þessarar álframleiðslu muni það skapa aukningu þjóðarframleiðslu um 1%. Aukning þjóðarframleiðslu um 1% hefur mikið að segja um stöðugleika og efnahagsleg verðmæti einnar þjóðar. Landsframleiðslan mun aukast um 1,25–1,5% og útflutningsverðmæti þjóðarinnar aukast um 14%. Það skiptir miklu máli fyrir okkur sem þjóð að vera ekki einungis háð sjávarútvegi og þeim miklu sveiflum sem ávallt munu verða við verðmætasköpun í sjávarútvegi, einfaldlega af náttúrulegum ástæðum, heldur að nýta aðrar auðlindir. Og 14% aukning í útflutningsverðmætum mun skipta miklu máli til lengdar fyrir þjóðarbúið.

Líka er rétt að benda á að samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir því að virkjunin við Kárahnjúka verði orðin skuldlaus eftir 25–30 ár. Þá mun Landsvirkjun eiga hana skuldlausa. En líftími slíkra virkjana er talinn vera 80–100 ár. Það þýðir að hún mun keyra áfram í áratugi eftir að hún hefur ver-

ið borguð niður þjóðinni til mikillar hagræðingar og halda áfram að mala gull.

Þá er líka rétt að vekja athygli á því að fram hefur komið hjá stjórnendum Landsvirkjunar að Landsvirkjun mun halda áfram að fylgja eftir þeirri stefnu að lækka orkuverð til almennings um að jafnaði 2% á ári eins og samþykkt hefur verið, m.a. á Alþingi.

Það hefur nokkuð komið fram í umræðunni og jafnvel verið gengið svo langt að segja að vegna framkvæmda — hér er um miklar framkvæmdir að ræða, yfir 200 milljarða framkvæmd ef bæði virkjun og álver eru reiknuð saman — muni auðvitað reyna nokkuð á þanþol efnahagslífsins. Seðlabankinn hefur talið að án mótvægisaðgerða kunni hann að þurfa að grípa til hækkunar stýrivaxta um 1–2,5%. Sumir hafa túlkað það þannig að það þýði hækkun vaxta á heimili og atvinnulíf um allt að 2,5%. En það er rangt. Þeir sem halda því fram gera það vísvitandi. Það er blekking sem felst í því. Stýrivextir Seðlabankans eru ekki það sama og vextir í hinu almenna bankakerfi. Það eru fleiri þættir sem móta vaxtastefnu bankanna og þeirra sem viðskiptavinir hafa aðgang að. Þar gildir almennt efnahagsástand í landinu. Það hefur mikið að segja hver staða atvinnulífsins er, staða efnahagslífsins almennt, þegar verið er að móta vexti og þar ræður einnig verulega miklu hver gengisþróunin er á hverjum tíma. Hún hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á vextina, hvort heldur litið er til skamms tíma eða lengri tíma.

Því hefur verið haldið fram að meðan gengisþróunin var sem óhagstæðust hér fyrir ekki svo löngu hafi hún í rauninni étið meira úr umslagi launamannsins en hinir almennu vextir.

Því er líka haldið fram að vegna þessarar fjárfestingar sem um er að ræða muni gengi íslensku krónunnar styrkjast. Það hefur að sjálfsögðu áhrif á viðbrögð markaðarins, viðbrögð bankakerfisins, þegar verið er að ákveða vaxtastigið.

Það mun auðvitað reyna á við hagstjórnina, m.a. við fjárlagagerð, og hvernig atvinnu- og efnahagslífið verður almennt meðan framkvæmdir standa sem hæst. Þá mun að sjálfsögðu reyna á þanþolið og þá mun reyna á hagstjórnina. Ef við stöndum gæfulega og stöndum okkur vel í þeim efnum eiga þessar framkvæmdir ekki að þurfa að leiða til hækkaðs vaxtastigs hjá almenningi eða fyrirtækjum þó að stýrivextir Seðlabankans kunni að fara upp. Hitt er líka alveg ljóst að vegna þeirrar verðmætasköpunar og vegna þess stöðugleika sem mun fylgja verðmætasköpun álvers við Reyðarfjörð munu vextir almennt fara lækkandi, þá mun staða krónunnar og gengisþróun hér verða mjög til bóta fyrir okkur. Það eru auðvitað þau meginsjónarmið sem við hljótum að horfa á, þessi jákvæðu langtímaáhrif.

Herra forseti. Niðurstaðan er sem sagt sú og ég vek aftur athygli á því að hér er í rauninni ekki um mikið stærri fjárfestingu að ræða en Búrfell var á sínum tíma. Það er trú okkar í meiri hluta iðnn. að jafnmikið gæfuspor verði að virkja við Kárahnjúka og framleiða ál við Reyðarfjörð eins og Búrfellsvirkjun var á sínum tíma. Það mun ekki skila síðri ávinningi í þjóðarbúið. Það mun styrkja efnahagslíf okkar. Það mun styrkja vaxtaþróunina. Það mun stuðla að velsæld í íslensku atvinnulífi og íslensku efnahagslífi. Það mun skapa atvinnu. Það mun styrkja byggð á Austfjörðum og jafnvel á Norðurlandi.

Vitaskuld eru það ákveðin vonbrigði sem heyrst hafa, m.a. í fjölmiðlum, af hugsanlegri ósk Norsk Hydro um frestun til að taka lokaákvörðun. Auðvitað hef ég áhyggjur af því og lýsi ákveðnum vonbrigðum með það. En það er líka rétt að minna á að samningar liggja fyrir í grundvallaratriðum milli Landsvirkjunar og fjárfesta við Reyðarálsverkefnið. Menn hafa sett stafi sína á það eins og gert er í slíku samningaferli, það er eðlilegt í alla staði en á eftir að fá endanlega staðfestingu.

Nú er það ljóst að Norsk Hydro lagði í verulega mikla fjárfestingu í Þýskalandi, fjárfestingu yfir 200 milljarða. Stjórnendur töldu og hafa ávallt haldið því fram að slík fjárfesting hefði ekki áhrif á fjárfestingarstefnu þeirra hér. Af fjölmiðlum að dæma mætti halda að slíkt hafi komið upp. En ég vek athygli á því að enn hefur engin formleg yfirlýsing verið gefin.

Ég vil líka minna á að það er ekki Alþingis — það er ekki eðlilegt að Alþingi setjist niður til að semja viðskiptaáætlanir og semja við einstaka viðskiptavini í atvinnulífi okkar. Það er fyrirkomulag sem tíðkaðist í Sovétríkjunum með misgóðum árangri, og þeim mislukkaða árangri sem kunnur er. Það er hins vegar hlutverk Alþingis að samþykkja almenn lög og við erum að fara algjörlega að lögum héðan með því að beina heimildinni til framkvæmdarvaldsins en það er ekki eðlilegt að Alþingi sjálft sé að semja um einstakar framkvæmdir. Þess vegna höfum við þessa aðgreiningu valdsins. Það er framkvæmdarvaldsins að fylgja því eftir og því er hér einungis um að ræða að veita lögum samkvæmt hæstv. iðnrh. heimildina, og það er að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem hæstv. iðnrh. veitir slíka heimild. En það er óeðlilegt í alla staði að láta sér einu sinni detta í hug að Alþingi setjist niður eins og hér væri um einhverja bisnesssamkomu að ræða. Það er framkvæmdarvaldsins að gera það en Alþingi þarf að samþykkja hin almennu lög og heimild til framkvæmdarvaldsins sem á að sjá til þess að lögum sé framfylgt. Þess vegna er eðlilegt að afgreiða málið núna og ég vil minna á að eftirspurn eftir áli fer stöðugt vaxandi í heiminum, m.a. vegna þess að menn eru að reyna að finna leiðir til að létta bíla, menn eru farnir að nota ál í byggingariðnaði, í flugvélum og á fleiri sviðum, og því hefur m.a. verið haldið fram að eftirspurn eftir áli í heiminum samsvari framleiðslu eins til tveggja meðalstórra álvera.

Á sama tíma þrengir mjög að möguleikum til virkjana. Þannig er talið að Norðmenn séu nánast búnir að nýta þá möguleika sem þeir hafa þótt þeir séu tiltölulega nýbúnir að opna nýtt álver. Hins vegar mun umræðan um Kyoto einnig hafa áhrif og er vert að minna á að stærstur hluti af raforkuframleiðslu í heiminum á sér stað með olíu, kolum, kjarnorku og slíkum orkugjöfum. Kyoto-umræðan mun leiða til þess — sú umræða á sér stað austan hafs og vestan og um heim allan — að grænir skattar verði settir vegna þess að menn vilja draga úr notkun þessara mengandi orkugjafa sem kol, olía, jarðefnaeldsneyti og kjarnorka er. En möguleikar til að virkja vistvænt vatnsfall, vistvænt getum við sagt ef virkjað yrði við Kárahnjúka, eru takmarkaðir í Evrópu þar sem stöðugleiki er í stjórnmálum. Þess vegna er alveg ljóst að jafnvel þótt færi á versta veg — ég trúi þó ekki að Norðmenn muni óska eftir svo löngum fresti að slíta þurfi samningum við þá — eru margir aðrir reiðubúnir til að fjárfesta, einfaldlega vegna þess að markaðurinn þarf á áli að halda í því magni sem ég nefndi áðan. Fari Norsk Hydro fram á frestun um einhverja mánuði tel ég sjálfur það ekki skipta máli fyrir heildarverkefnið vegna þess að hér er um að ræða verkefni sem tekur nokkur ár. En komi upp sú staða að Norsk Hydro vilji fresta ákvörðuninni um einhver ár á strax að slíta samningum við þá, segja þeim upp og hleypa öðrum

að samningaborðinu sem hefur verið haldið frá því fram til þessa.

En það er mikilvægt, herra forseti, að lokum í þessu máli, rétt eins og fjárfestar við Noral-verkefnið hafa þurft og eru að vinna heimavinnuna sína, rétt eins og Landsvirkjun hefur unnið afskaplega vel sína vinnu þarf Alþingi líka að vinna heimavinnu með því að samþykkja hina almennu heimild til hæstv. iðnrh. sem á síðan að fylgja eftir frekari skilyrðum. Eitthvert hik á vegum Alþingis í þessu sambandi sendir auðvitað út þau skilaboð til markaðarins að hér sé ekki pólitískur vilji. Sá vilji er til staðar og kemur afskaplega skýrt fram, herra forseti, í því að undir álit meiri hluta iðnn. setja átta af níu einstaklingum nöfn sín, hv. þingmenn í iðnn. Það eru auk þess sem hér stendur eftirfarandi einstaklingar: hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Pétur H. Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson og Ísólfur Gylfi Pálmason. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Svanfríður Jónasdóttir hafa þó fyrirvara sem kemur m.a. fram í nál. og ég hygg að þær muni gera grein fyrir honum í umræðunni.

Það liggur fyrir, herra forseti, að það er afdráttarlaus pólitískur vilji til þess á Alþingi að samþykkja þessa almennu heimild til hæstv. iðnrh. vegna þess að menn sjá að hér er um afskaplega jákvætt verkefni að ræða fyrir efnahagslíf okkar, fyrir þjóðarbúið í heild sinni, fyrir byggð á Austfjörðum og sem styrkur fyrir velferðarkerfi okkar. Það er þess vegna, herra forseti, sem meiri hluti iðnn. mælir með samþykkt frv.

[12:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert hve upptekinn hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., var af afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hann eyddi löngum kafla ræðu sinnar í að afflytja viðhorf okkar og afstöðu til þessa máls. Ég vil mælast til þess við hv. þm. að við höfum þetta þannig í þessari umræðu að við tölum fyrir okkar sjónarmiðum og hv. þm. tali fyrir sínum. Ég a.m.k. frábið mér að reyna að tala fyrir stefnu Framsfl. í þessum efnum.

Hv. þm. gerði mikið úr kostum rafvæðingar. Það er að sjálfsögðu rétt og ber ekki að draga úr því, að rafvæðing í landinu, virkjanir vítt og breitt um landið í upphafi síðustu aldar og síðar þar sem virkjað var fyrir kaupstaði og síðan rafvæðing sveitanna, var mikið framfaraspor. En að ætla sér að umskrifa söguna þannig, eins og hv. þm. og fyrrv. kennari reyndi í ræðu sinni, að velsæld á Íslandi væri þessu einu að þakka, er furðuleg sagnfræði. Ætli tilkoma vélbáta- og togaraútgerðar í byrjun 20. aldar hafi ekki skipt máli? Ætli endurtekin útfærsla landhelginnar hafi ekki lagt, umfram allt annað, grunn að velmegun þjóðarinnar? Tilkoma togaranna, skuttogaranna, frystiiðnaðarins o.s.frv.? Eða tilkoma atvinnugreina eins og ferðaþjónustunnar sem á árinu 2000 fór fram úr stóriðjunni og var gjaldeyrisaflandi þessarar þjóðar númer tvö á eftir sjávarútveginum.

Mærð hv. þm. þegar hann ræðir um Búrfell er athyglisverð. Er hv. þm. búinn að gleyma því að verðið sem Alusuisse borgaði fyrir rafmagnið frá Búrfelli mörg fyrstu árin var svo lágt að almennir notendur urðu að borga með því? Það var ekki fyrr en fyrirtækið var staðið að prettum, hækkun í hafi og hægt var að knýja það til nýrra samninga um að hækka orkuverðið sem þetta fór að verða þolanlegt. Myndin er því ekki eins einföld og hv. þm. vill vera láta í ofurkappi sínu við að fegra allt sem snýr að stóriðju og gleyma öllu öðru í landinu.

[12:21]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar athugasemdir hv. þm. koma mér ekki mjög á óvart. En þegar ég var að fjalla um þær breytingar sem hafa orðið á efnahagslífi þjóðarinnar, þegar við breyttumst frá því að vera fátækasta þjóð Evrópu á tæplega einni öld í að verða ríkasta þjóð heims nefndi ég tvennt í því samhengi. Ég nefndi annars vegar og fyrst hærra menntastig. Við fjárfestum í menntun en það að fjárfesta í menntun dugir ekki eitt og sér, það er hvernig við nýtum þessa menntun.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að þróun í sjávarútvegi á sinn þátt í þessu líka. En það sem ég dró fram og nefni enn og aftur er hvernig við tengjum saman menntunina og hinar náttúrulegu auðlindir. Við höfum farið þannig að í sjávarútvegi, heldur betur. Við höfum hækkað menntunarstig okkar í sjávarútvegi. Við höfum flutt menntunina yfir í sjávarútveginn.

En af því að við fjöllum um virkjun þá var ég að reyna að draga það fram hvernig við höfum gert þetta hvað varðar tengsl menntunar og orku. Þess vegna nefndi ég þessa þrjá heimsþekktu vísindamenn, að gefnu tilefni, af því að þeir voru heiðraðir í gær. Störf einstaklinga á borð við þá beinast að því að tengja menntunina við náttúrulegar auðlindir.

Mér er sama hvaða skoðanir hv. þm. hefur á framkvæmdunum við Búrfell. Ég hef hins vegar ekki heyrt þessa rödd áður, að Búrfell hafi ekki skilað verðmætum í þjóðarbúið. Ég hygg að flestir aðrir, allir aðrir sem ég hef heyrt tala um, telji að Búrfellsvirkjun og þær afleiðingar sem hún hafði hafi verið einstaklega jákvæðar fyrir efnahagslíf okkar og framfarir, hvort heldur er í Hafnarfirði, þjóðarbúinu í heild eða Akranesi.

[12:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi eru þeir þrír ágætu heiðursmenn sem hv. þm. nefndi alls góðs maklegir. Stendur síst á þeim sem hér talar og þekkir þá ágætlega að taka undir það.

Auðvitað er það svo að beislun orkunnar er eitt af fjölmörgum mikilvægum framfaramálum þjóðarinnar og hefur lengi verið. Rafvæðing landsins var hluti af uppbyggingu þessa þjóðfélags — en aðeins einn þáttur. Þar er skynsamleg náttúruvernd líka, og skynsamleg umgengni um auðlindir lands og sjávar er ekki síður mikilvæg en iðnaðar- og stóriðjuþráhyggjan sem sumir menn eru svo helteknir af að þeir sjá ekki skóginn fyrir trjánum.

Varðandi Búrfellsvirkjun hefur alltaf verið vitað að sú virkjun er einn hagkvæmasti virkjunarkostur landsins. En verðið sem borgað var fyrir orkuna frá henni var fyrstu árin svo lágt að um það deilir enginn lengur að borgað var með því af almenna notendamarkaðnum. Ég dró það hér fram. En Búrfellsvirkjun er gott fyrirtæki og það er álverið í Straumsvík að sjálfsögðu líka sem vinnustaður en þetta mál snýst ekki um það.

[12:24]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst yfir því að við hv. þm. skulum þó vera sammála um að Búrfell hafi skilað gífurlegum verðmætum í þjóðarbúið og geri enn. Það er það sem við viljum trúa að gerist með Kárahnjúkavirkjun. Ég benti í ræðu minni á að sambærilegar gagnrýnisraddir heyrðust um Búrfellsvirkjun

eins og við heyrum núna í efasemdir um Kárahnjúka. Við trúum því að Kárahnjúkar muni skila því sama.

Ég vil líka vekja athygli á því — ég hygg að við getum verið sammála um það líka — að störfum í sjávarútvegi mun væntanlega ekki fjölga svo mikið í framtíðinni. Við nýtum þá auðlind afskaplega vel. Framfarir þar munu væntanlega verða meira í vinnslu en útgerðinni sjálfri en við þurfum jafnframt að nýta aðrar auðlindir en bara sjávarútveg og þar á meðal orkuna. Við getum ekki látið orkuna fara óbeislaða til sjávar en þurfum líka að gæta náttúruverndarsjónarmiða. Við þurfum að finna þetta jafnvægi.

[12:26]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom margt áhugavert fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar þegar hann gerði grein fyrir nál. meiri hluta hv. iðnn. Hann nefndi Vinstri hreyfinguna – grænt framboð nokkrum orðum og vísaði til félaga okkar, Hermanns Guðmundssonar, sem ætlar að vera í framboði fyrir okkur á Akranesi, þ.e. að félagi okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði væri ekki mótfallinn stækkun álversins á Grundartanga. Hv. þm. telur að klofningur hafi orðið hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Svo er aldeilis ekki.

Við verðum að horfa á málið í samhengi. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekkert á móti iðnaði og tekur ekki fyrir það að hægt sé að koma hér upp einhverri stóriðju. En við skulum horfa á stærðirnar og orkuöflunarþáttinn. Það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir er blind stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar. Álverið á Grundartanga er í allt öðru umhverfi og atvinnusvæði en risaálverið sem á að fara að reisa á Austurlandi, í því fámenna umhverfi sem þar er nú. Við erum að tala um allt önnur hlutföll.

Herra forseti. Ég minnist þess ekki að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum viðhaft niðrandi orð um álver sem vinnustað.

[12:28]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hægt væri að sýna það bæði í ræðum á Alþingi, í Alþingistíðindum og eins í greinum, að ýmsir fulltrúar Vinstri grænna hafa fjallað afskaplega, ég vil segja, merkilega um álver sem vinnustað, hvort það er stefna flokksins eða þeirra sem fylgja þessum flokki... (**SJS:** Nefna dæmi.) Ég skal láta hv. þm., formann flokksins, fá slík dæmi og nóg er af þeim.

Hér höfum við m.a. oft heyrt úr þessum ræðustól orðin nauðhyggja stjórnvalda, af því að stjórnvöld hafa verið í samningaviðræðum um þennan mikla kost. Ég tel að það sé nauðhyggja að vilja ekki beisla þessa náttúruauðlind sem vatnið er.

Ég benti einnig á að mér finnst, í ljósi þeirrar umræðu sem fram fer hér á Alþingi, ástæða til að fagna því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð á Akranesi skuli taka undir og sjá sóknarfærin í stóriðju vegna þess að ég hef ekki heyrt það á Alþingi að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sjái almennt sóknarfæri í stóriðju. (Gripið fram í.)

En mig langar til að spyrja hv. þm. vegna þess að hv. þm. segir að hér sé of mikil stóriðja, hún sé of stór og hún þurfi að vera aðeins minni: Hvar vill hv. þm. þá draga mörkin? Hversu stór má stóriðja vera til að hv. þm. og flokkur hennar telji hana viðunandi?

[12:30]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur er þetta spurning um að sjá hlutina í samhengi. Við verðum að horfa á mögulega orkuframleiðslu á Íslandi, úr fallvötnum landsins og við höfum þegar sett stóran hluta af núverandi orku í álframleiðslu og við verðum að horfa til mögulegrar nýtingar, ásættanlegrar nýtingar á vatnsorkunni og við verðum að horfa til þess hve stóran hluta af þeirri vatnsorku við viljum setja í stóriðju og álver. Þetta er spurning um að sjá hlutina í samhengi og horfa til framtíðar.

Hvað varðar þá spurningu sem hv. þm. kom með: Hve stórt má álver vera? Ef við erum á annað borð að setja niður álver, þá skiptir það máli varðandi stærðina hvort við erum að tala um suðvesturhornið í því fjölmenni sem þar er, eða hvort við erum að tala um fámennari staði, sama hvort það er fyrir austan eða vestan, þegar við erum að tala um stærð vinnustaðarins. Ég tel að það álver sem nú á að rísa sé orðið of stórt miðað við þann mannfjölda sem fyrir er og fyrirsjáanlega verður í kringum þetta álver.

[12:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. að rétt sé að skoða stóriðjustefnu í samhengi hlutanna eins og hv. þm. nefnir. Eins og fram kemur í áliti meiri hluta iðnn., þá er það að skoða hlutina í samhengi að skoða efnahagsleg áhrif, að skoða þau áhrif sem þetta hefur á þjóðarframleiðslu, að skoða hvaða áhrif þetta hefur á gengisþróun, að skoða hvaða áhrif þetta hefur á byggðaþróun og þar fram eftir götunum, og skoða hvaða möguleika þetta opnar fyrir ferðaþjónustu. Við teljum að það sé að skoða málið í samhengi.

Ég bendi hv. þm. á að við nýtum ekki nema um það bil 15% af nýtanlegri orku í dag og er þá ekki vindorkan talin með eða sjávarföllin. Við höfum því stigið afskaplega varlega í að nýta orkuna og mikið er ónotað enn þá. En mér finnst merkilegt að þingmaður Austfirðinga skuli koma hér upp og segja: Það er í lagi að setja upp slíkt álver hér sunnan lands en ekki fyrir Austfirðinga af því að Austfirðingar eru fámennir, þvert ofan í það sem Austfirðingar segja sjálfir.

[12:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni er tilefni til að gera mjög margar athugasemdir við ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem hann flutti sem framsöguræðu fyrir meirihlutaáliti iðnn. í málinu. Þar var talsvert um rangfærslur að mínu mati og hv. þm. verður auðvitað að hafa það í huga að þegar óvissa er um hluti þá getur maður ekki fullyrt á þeim nótum sem hv. þm. leyfði sér að gera í ræðu sinni. Í því sambandi vil ég nefna varðandi þá þætti sem hv. þm. nefndi, í sambandi við álverð og arðsemi verkefnisins væntanlega, að álverð er í dag í sögulegu lágmarki. Það er staðreynd.

Hitt er líka staðreynd að framleiðslusamdráttur er í heiminum á áli. Þriðja staðreyndin er sú að ákveðið samrunaferli er í gangi hjá álverksmiðjum sem gerir það að verkum að mun fýsilegra virðist vera fyrir stóra álframleiðendur að stækka framleiðslueiningar og auka þannig framleiðslu sína heldur en fara út í að reisa ný álver vegna þess að ný álver eru mun dýrari kostur en hitt.

Þessar þrjár athugasemdir læt ég nægja að nefna varðandi stöðu álverðs og álframleiðslunnar í heiminum en hitt vil ég gera að aðalatriði sem hv. þm. ræddi, um möguleg

útivistarsvæði á einhverjum ósnortnum víðernum norðan Vatnajökuls þegar búið væri að reisa virkjunina. Hvað gerði hv. iðnn. í að kynna sér mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir útivist og náttúruvernd og hversu vel fór hv. iðnn. yfir álit Þjóðhagsstofnunar á efnahagslegum þáttum varðandi mögulega stofnun þjóðgarðs án virkjunar á svæðinu?

[12:35]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur heldur ekki á óvart að ýmislegt af því sem kom fram í ræðu minni skuli vera rangt að mati hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur vegna þess að við höfum aðra afstöðu til þess og þarf ekki annað en rifja upp ýmis orð sem hv. þm. hefur viðhaft um álver og virkjanir bæði í fjölmiðlum og í ræðustól. Þetta er því kannski spurning um ólíkt gildismat okkar.

Auðvitað er óvissa um framtíðina. En ég vil segja um orkuverðið, það er í sögulegu lágmarki. Við höfum hins vegar fengið álit frá erlendum sérfræðingum í álheiminum. Þeir hafa skoðað álverðið yfir langan tíma og ljóst er að álverð sveiflast alltaf. Í áratugi hafa ávallt verið sveiflur í álverði. Þessir sérfræðingar, færustu sérfræðingar í heimi spá því að álverð muni lækka að meðaltali um 0,4%. Það er þeirra mat, óháðra sérfræðinga í álbransanum í heiminum. Í forsendum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir þessu og jafnframt er tekið mið af öllum þessum sveiflum en gert er ráð fyrir að álverð í heiminum fari lækkandi um 0,4%.

Það er rétt að samruni er í álbransanum eins og annars staðar en þá er líka vert að hafa það í huga sem ég vék að áðan að möguleikar á að komast í fallvötn eru afskaplega takmarkaðir. Menn geta farið til Suður-Ameríku og Afríku og gera það í einhverjum mæli en menn eru ekki bara að skoða vatnið. Menn eru líka að skoða pólitískan stöðugleika. Ný álver hafa verið að rísa í Noregi og í Kanada, í Mósambík og Ástralíu en menn leita ekki síst að álverum sem geta notað rafmagn framleitt með fallvötnum í stað kola og olíu.

[12:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki seinni spurningu minni sem ég óskaði þó eftir að væri aðalatriði andsvarsins. Það varðar náttúruvernd á svæðinu og ég vil fá að heyra það frá hv. þm. hvernig iðnn. fjallaði um þau mál.

Síðan vil ég í lok andsvars míns, herra forseti, geta um setningu sem hv. þm. kom með í ræðu sinni. Hún varðar það að Landsvirkjun stefni að því að lækka raforku til almenningsveitnanna um 2% á næstunni. Ég hef það staðfest, herra forseti, bæði af fundum sem ég hef setið með stjórnarmönnum Landsvirkjunar og ég hef það líka í plöggum sem ég er reyndar ekki með hér og get ekki vitnað til beint, en Landsvirkjun hefur gefið yfirlýsingar um að orkuverð til almenningsveitna skuli hækka um 30% á næstu tíu árum. Nú hefur þessi prósenta lækkað og ég spyr, herra forseti: Hverju sætir? Um leið og ég minni á að Landsvirkjun er ekki enn farin að hreyfa litla fingur til að reyna að lækka verðið þó að hún hafi gefið þessar yfirlýsingar nú í tvö eða þrjú ár.

[12:38]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um síðasta þáttinn, þá vísaði ég til þess sem fram kom hjá stjórnendum Landsvirkjunar hjá hv. iðnn. þannig að fullyrðing hv. þm. er einfaldlega röng. Ég treysti stjórnendum Landsvirkjunar. Þeir komu til iðnn. og fullyrtu að þeir stefndu að því áfram að lækka orkuverð að meðaltali um 2% á ári, það þarf því ekkert vefengja það.

Síðan var það vissulega skoðað, bæði í efh.- og viðskn. og innan iðnn. að leggja mat á svæðið með og án virkjunar. Ef einhvers staðar er hægt að tala um óvissu, þá er það einmitt í þeim þáttum hvernig á að leggja efnahagslegt mat á ósnortna náttúru. Hverjir munu njóta hennar? Hverjir eru það sem koma þangað? Hvernig á að setja verðmiða á það? Þetta er mjög óljós aðferðafræði.

Ég vek hins vegar athygli á því að Austfirðingar og margir sjá möguleikana á því að fleiri ferðamenn, mun fleiri en geta í dag, hafa möguleika vegna virkjunarinnar til að komast upp á miðhálendið og njóta fegurðarinnar þar. Það eru öðruvísi ferðamenn en hv. þm. hefur e.t.v. í huga, en mjög erfitt er að hengja verðmiða á það.

[12:40]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Vegna söguskýringa hv. þm. Hjálmars Árnasonar í ræðu sinni þegar hann talaði fyrir meiri hluta iðnn. þá tel ég mig neyddan til þess áður en ég fer í efnislega umræðu um minnihlutaálit mitt að fara örfáum orðum um mál hans þar að lútandi. Einkennileg söguskýring, einkennileg sýn á þróun íslensks samfélags síðustu 100 árin sem ekki er hægt að láta hjá líða að fara nokkrum orðum um áður en fjallað er efnislega um þetta minnihlutaálit sem ég ber fram vegna þess að að mínu mati er það fáránleg skýring sem gefin er sem rök fyrir því að halda áfram stóriðjustefnu og stórvirkjanastefnu í landinu.

Ég vil líka að það komi fram strax vegna ummæla hv. 17. þm. Reykv., Kolbrúnar Halldórsdóttur, um að Landsvirkjun hefði ekki lækkað orkuverð, að fram kom á iðnaðarnefndarfundi að orkuverð hefur ekki lækkað í krónutölu heldur hafa menn miðað við vísitölu og reiknað þar inn til lækkunar þannig að krónutölulækkun hefur ekki átt sér stað.

Vegna söguskýringa hv. þm. Hjálmars Árnasonar þar sem hann fór yfir það að Ísland hafi verið fátækasta land í Evrópu um aldamót, þá mælum við ekki á móti því. En er ekki nauðsynlegt fyrir okkur í þessu samhengi öllu að fara yfir söguna og fara örlítið lengra aftur í tímann?

Þjóðin bjó við stjórnarfar sem var konungleg einokun frá 1662 sem girti fyrir allar framfarir í landinu að lágmarki í 150 ár. Nú getum við talað um það varðandi okkar sýn í samvinnu- og alþjóðamálum hvernig við stillum upp fyrirtækjum okkar og hvernig við viljum reka samfélag okkar. En það er nú þannig, virðulegi forseti, að við erum kannski á hættubraut hvað þetta allt saman varðar í dag þar sem við erum með öðrum tólum og tækjum en tækjum konungsins og herjum hans að færa valdið yfir því sem okkur er nauðsynlegt að ráða yfir, þ.e. samfélagsmunstrinu okkar, yfir til einkaaðila, örfárra aðila með öðrum tækjum og tólum sem mun að mínu mati leiða til ófarnaðar til lengri tíma litið fyrir samfélag okkar. Þar á ég við einkavæðingu og þar á ég við tilhneiginguna til þess að halla sér sífellt meira á öxl útlendinga og treysta þeim fyrir atvinnuuppbyggingu í landi okkar.

Það er alveg rétt að upp úr aldamótunum 1900 fórum við að leggja aukna áherslu á menntun í landinu. Ég tel að þessi aðkoma sé algerlega nauðsynleg vegna þess að hv. formaður iðnn. lagði slíka áherslu á þessa söguskýringu að ekki verður undan vikist. Efnahagslegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar var alger forsenda þeirra lýsinga sem

hv. formaður iðnn. byggði á eftir 1900, á síðustu 100 árum. En á hverju grundvölluðust þessar efnahagslegu framfarir? Grundvölluðust þær ekki á pólitískum skrefum sem voru tekin til að gera okkur mögulegt að ráða eigin ráðum á öllum póstum? Þurfum við ekki að taka söguna og þau skref sem voru tekin 1853, síðan 1874, sjálfstæðisþrepin 1903 og síðan 1918? Í íslensku efnahagslífi fram að aldamótunum 1900 er einokunarkerfi Dana sem komu sér því upp í krafti þess að hér var einokun frá 1662.

Þau tól sem Íslendingar notuðu til þess að koma sér út úr þessari vitleysu og komast til álna sem gekk hratt eftir að menn voru búnir að skjóta rótum, það er engum vafa undirorpið að þau stóru skref voru tekin eftir skref í átt til sjálfstæðis 1874 og síðan í framhaldi af því samtakamáttur Íslendinga sem fólst í því að stofna kaupfélögin, fyrst 1882 og Kaupfélag Eyfirðinga, mitt kaupfélag, 1886. Menn mega ekki gleyma þessum staðreyndum mála vegna þess að ef mig minnir rétt, þá fer síðasti danski kaupmaðurinn frá Akureyri 1939. Þetta er lykill að framförum okkar sem hv. formaður iðnn. lýsti svo fjálglega að væri á grunni rafmagnsframleiðslu einvörðungu frá aldamótunum 1900. Þetta er algerlega röng söguskýring.

Auðvitað tókum við að mennta þjóðina. Við tókum atvinnutæki okkar í eigin hendur í ríkari mæli og tókum verslunina í okkar hendur. Í framhaldi af því, og ekki skal gera lítið úr því, hefjum við rafmagnsframleiðslu til að bæta okkar hag eftir aldamótin. Þetta vita allir Íslendingar og gera sér grein fyrir því. En guð forði okkur frá því að skrifa það allt á eitt atriði. Auðvitað skýrast framfarirnar að langmestu leyti af breyttu pólitísku landslagi, sjálfsákvörðunarrétti og möguleikum á þeim grunni til nýrrar framfarasóknar. Það er ekkert vafamál. Þar koma til orkumálin og að sjálfsögu menntamálin einnig. Þróun í veiðum og vinnslu og iðnaðaruppbygging af öllu tagi á þar sinn þátt. Ég bið hv. þm., virðulegi forseti, að taka þessa hluti í því samhengi sem sanngjarnt er en draga ekki eitt mál út úr líkt og hv. formaður iðnn. leyfði sér að hafa sem meginröksemdafærslu í málflutningi sínum áðan. Það var að mínu mati fáránlegt.

Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar kemur í skrefum vegna þess að við förum að stjórna málum sjálf. Eins og ég sagði áðan þá kom það með þessum skrefum, 1874, 1903, 1918 og síðan lýðveldisstofnun 1944. Það kunna allir Íslendingar þessa sögu, hafa velt henni fyrir sér og gera sér grein fyrir þeim þrepum sem tekin voru.

Í málflutningi hv. þm. Hjálmars Árnasonar mærði hann mjög Búrfellsvirkjun. Það er alveg rétt að uppbygging hennar var framfaraspor á sínum tíma. En verður ekki einnig að setja þau mál í sögulegt samhengi úr því að menn beita söguskýringu til að varpa ljósi á þessi mál? Verður ekki að setja þau líka í sögulegt samhengi?

Síldin hvarf að mestu leyti 1966. Þjóðarframleiðsla okkar hrundi gersamlega og 1967 var nánast ekkert veitt og fólksflótti úr landinu, hrun í þjóðarframleiðslunni. Menn verða að átta sig á því í þessu samhengi að það er ekki bara uppbygging í Búrfelli og stóriðja sem þá er tekin ákvörðun um. Ríkisstjórn Íslands fór yfir sviðið á þeim tíma. Það voru gerð víðtæk plön um uppbyggingu í landinu, m.a. um úrvinnslu landafurða sem leiddi af sér gríðarlega uppbyggingu í iðnaði á Akureyri, ullariðnaði, skinnaiðnaði, fataiðnaði o.s.frv. Þetta voru viðbrögð við því að síldin hrundi. Að setja það í samhengi við framkvæmdir við byggingu Kárahnjúkavirkjunar, með öllu því sem tilheyrir, er alls ekki samanburðarhæft.

Menn verða líka að átta sig á því þegar sagan er skoðuð að ef eitt er ekki gert þá gera menn væntanlega eitthvað annað, öðruvísi. Umræðan á hinu háa Alþingi snýst um hvernig menn eigi að fara í hlutina. Það er hlutverk okkar hér, að takast á um það og safna liði til framkvæmda og móta samfélagið eftir því munstri sem við teljum henta best. Þannig eru leikreglurnar. Það er fáránlegt, virðulegi forseti, að standa frammi fyrir því að sýknt og heilagt komi fram lágkúruleg gagnrýni á málflutning þeirra sem vilja fara öðruvísi að í atvinnuuppbyggingu heldur en þeirra sem meirihlutavaldið hafa á hverjum tíma. Þetta er eiginlega stórhættuleg staða fyrir lýðræðissamfélag, stórhættuleg staða sem e.t.v. skapast af því að hæstv. ríkisstjórn hefur mjög mikinn meiri hluta hér á þingi. Við gerum okkur grein fyrir því.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekki á móti byggingu virkjana. Við höfum t.d. ekki lagst gegn stækkun Nesjavallavirkjunar. Við höfum ekki lagst gegn því afgreidda máli að gerlegt sé að stækka Kröfluvirkjun um 40 megavött. Það er afgreitt mál og liggur fyrir.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er að kljást hér við meiri hlutann á þinginu um vinnubrögð við ákvarðanatöku og tregðu við að taka heildstæðar ákvarðanir. Ég sem þingmaður fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð get ekki sætt mig við málflutning af því tagi sem þráfaldlega kemur fram í þinginu, að gera lítið úr hugmyndum sem að mínu mati geta orðið til stórkostlegra framfara í þessu landi.

Hv. þm. Hjálmar Árnason kom, eins og framsóknarmönnum er tamt þegar þeir gagnrýna okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, enn eina ferðina inn á hundasúrur og fjallagrös sem menn hafa mjög mikið og gaman af og skemmta sér við fyrir austan. Við verðum að gera okkur grein fyrir því á hinu háa Alþingi að þó að við höfum um hundruð ára tínt fjallagrös og notað sem aukaafurð í matargerð okkar þá eru landafurðir heimsins, plöntur, undirstaða lyfjaiðnaðar og líftækni sem er einn öflugasti sprotinn í atvinnuuppbyggingu víða um heim. Ég skil það ekki, virðulegi forseti, hvernig menn á hinu háa Alþingi geta lagst niður á það plan að gera lítið úr möguleikunum sem felast í að nota landafurðir þessa lands. Ég skil það ekki, vitandi að lyfjaframleiðsla hefur núna síðustu árin verið einn stærsti vaxtarbroddurinn á Íslandi. Þar erum við með fyrirtæki sem eru núna að skila hundruðum millj. kr. í hagnað á hverju ári. Hvernig geta menn á hinu háa Alþingi, talandi um framfarir í stórum stíl, á stórum skala, byggingu Kárahnjúkavirkjunar, talað sig upp í hita um að þetta þurfi að gera til að stuðla að framförum í landinu og á sama tíma gert lítið úr landafurðum landsins? Þeir mundu kannski gera lítið úr gróðri sjávarins líka ef maður leyfði sér að nefna þaraþöngla eða eitthvað þess háttar. Hvernig geta menn leyft sér að setja sig í þá stöðu?

Það er algerlega óásættanlegt að sitja undir slíku og sagan mun sýna það og opna augu manna fyrir því, þó það verði eftir 10 ár, 15 eða jafnvel 20, að svona raddir löttu menn í atvinnuuppbyggingu á grunni þeirra afurða sem landið gefur. Það er augljóst. Bygging Kárahnjúkavirkjunar og afgreiðsla á rafmagni til stóriðju byggir á aðkeyptum aðföngum annars staðar að úr heiminum bara svo ég haldi því til haga.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt að fara í þessa söguskýringu vegna áherslunnar sem hv. formaður iðnn. lagði á þetta mál. Hann lagði mikla áherslu á þetta mál. Ég vil, þrátt fyrir mikilvægi rafmagnsframleiðslunnar í landinu, að menn geri sér grein fyrir sögunni eins og hún var. Ég var kominn að því atriði þegar síldin hvarf 1967 og ríkisstjórn

Íslands ákvað að hefja atvinnuuppbyggingu í landinu. Það er alveg rétt að þar var Búrfellsvirkjun inni í dæminu og síðan uppbygging í Straumsvík. Það var gert. Við töpuðum gríðarlega á Búrfellsvirkjun fyrstu árin vegna þess að við stóðum ekki rétt að samningum og eins og fram hefur komið gafst færi á að semja upp á nýtt við fyrirtækið þegar það var staðið að svikum, hækkun á aðföngum í hafi eins og menn sem eru komnir á besta skeið muna. Það náttúrlega gjörbreytti aðstöðunni. Þetta vitum við öll. Við vitum að síðan þetta gerðist — þetta var í tíð hæstv. fyrrv. iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar — með endursamningum við Straumsvík var rekstur virkjunarinnar skaplegur og fór að mala gull. Það er alveg rétt og því skal haldið til haga. En að halda það að þetta eitt og sér hafi fleytt málum fram, eins og skilja mátti af málatilbúnaði hv. þm. Hjálmars Árnasonar, það er algjör blinda. Þar er fókusinn ekki á staðreyndum.

Hvað gerðist með útfærslu landhelginnar? Auðvitað var útfærsla landhelginnar sú vítaminsprauta sem gerði það að verkum að sjávarbyggðir í kringum landið fóru að blómstra. Þessu verður að halda til haga. Gríðarleg verðmætaaukning varð í sölu á sjávarfangi til útlanda. Hv. þm. vita að sjávarútvegurinn stendur enn undir og mun standa undir megninu af gjaldeyrisframleiðslu okkar í landinu. Síðan má ekki gleyma því að til hliðar og með gríðarlegri framþróun í sjávarútveginum á 8. og 9. áratugnum höfum við gert gríðarlegt strandhögg hvað varðar ferðaþjónustuna. Án mikilla og stórra átaka er ferðaþjónustan orðin okkar önnur stærsta atvinnugrein. En fyrir þá sem vilja byggja eina verksmiðju og eina virkjun er óþægilegra að fjalla um þau mál. Það er erfiðara að eigna sér þau vegna þess að þar er ekki talið upp úr einum kassa, gróðinn af ferðaþjónustunni, hann dreifist vítt og breitt um landið. En við megum ekki gera lítið úr þessu. Það eru fyrst og fremst þessir samverkandi þættir sem ég hef talið upp í inngangi sem hafa orðið til að skapa þá velsæld sem við byggjum á hér á Íslandi.

Í umræðunni á hinu háa Alþingi — ég vil koma því að sem söguskýringu — tala menn oft og tíðum niðrandi um ferðaþjónustuna og segja að ferðaþjónustan byggist á að skipta um rúm og þar séu láglaunastörf. Ég hef oft furðað mig á þessari hagfræði. Ég veit ekki betur en ferðaþjónustan byggi á öllum mögulegum atvinnugreinum sem henni þjóna, hvort sem það eru flugstjórar, flugvirkjar, forstjórar ferðaskrifstofa, rútubílstjórar, eigendur almenningsvagna og svo mætti áfram telja. Menn eru ansi þröngsýnir þegar þeir tala um þessa grein og gera oft og tíðum lítið úr henni með því að einhenda sér yfir þjónustuþátt þeirra sem illu heilli hafa ekki nóg góð laun í ferðaþjónustunni. Þetta er afleit skýring á málunum og verður að halda þessu til haga við þessa umræðu.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort vel standi á hjá honum til að gera hlé á ræðu sinni nú þar sem áætlað hafði verið að hafa matarhlé milli 1 og 1.30 eða hvort hann eigi skammt eftir af ræðu sinni.)

Ég er rétt að hefja ræðu mína, virðulegi forseti, og mun þiggja að gera hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

[12:59]

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, þskj. 1024.

Samgönguáætlun, 384. mál, þskj. 1023.

[Fundarhlé. — 12:59]

Umræður utan dagskrár.

Minnisblað um öryrkjadóminn.

[13:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm í öryrkjamálinu svokallaða í árslok árið 2000 fól ríkisstjórnin sérstökum starfshópi að fara yfir dóminn og setja fram tillögur um hvernig við honum skyldi brugðist af hálfu stjórnvalda, m.a. með lagafrv. Verkefni starfshópsins voru reifuð í erindisbréfi sem hann fékk í hendur ásamt sérstöku minnisblaði sem starfshópurinn síðan vísaði til í skýrslu sinni. Lögmaður Öryrkjabandalagsins óskaði eftir þessu minnisblaði en var meinað um það og ákvað þá að leita til úrskurðarnefndar um upplýsingalög og síðan til dómstóla. Dómur Hæstaréttar er nú fallinn Öryrkjabandalaginu í vil og ríkissjóður dæmdur til að greiða málskostnað. Í dóminum er vísað í upplýsingalög, mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu um opna stjórnsýslu og aðgang almennings að gögnum stjórnsýslunnar.

Á grundvelli þessara tilvísana í mannréttindaákvæði og skyldur um opna stjórnsýslu vinnur Öryrkjabandalagið nú þennan mikilvæga áfangasigur. Er það fagnaðarefni og að mínu mati ákveðið heilbrigðisvottorð fyrir dómskerfið að dómurinn skyldi falla á þennan veg. Að sama skapi er áhyggjuefni hvernig komið er fyrir handhafa framkvæmdarvaldsins og vissulega einnig fyrir Alþingi Íslendinga og ýmsum aðilum innan stjórnsýslunnar sem eiga að standa vörð um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Vísa ég þar sérstaklega í úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem starfar á grundvelli 5. kafla upplýsingalaganna því hún hafði tekið undir með hæstv. forsrh. og hafnað því að lögmaður Öryrkjabandalagsins fengi umrætt minnisblað í hendur.

Hlutur úrskurðarnefndar er kafli út af fyrir sig þótt ekki sé við þessa stuttu umræðu utan dagskrár tóm til að fjalla sérstaklega um þann þátt málsins. En ég vil víkja örfáum orðum að hlut Alþingis.

Þegar þetta mál brann hér heitast á þinginu fór stjórnarandstaðan fram á að þessi gögn yrðu færð fram í dagsljósið og fóru formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar m.a. fram á það með skírskotun til 54. gr. stjórnarskrárinnar að minnisblaðið yrði birt. Þessi stjórnarskrárvarði réttur Alþingis er ríkari en réttur upplýsingalaganna og einnig óháður upplýsingalögunum, og er það m.a. staðfest í riti sem gefið var út á vegum forsrn. árið 1999 þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ræðst ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar."

Herra forseti. Hvorki á grundvelli þessarar stjórnarskrárvörðu heimildar þingsins til upplýsinga né á grundvelli upplýsingalaga vildi hæstv. forsrh. upplýsa Alþingi um málið. Og nú, þegar Hæstiréttur Íslands kveður upp þann dóm að hann hafi farið þar með rangt mál, er ástæða til að staldra við og spyrja hæstv. forsrh. hvaða lærdóm hann ætli að draga af þessu máli. Það væri ekki verra ef samstarfsmenn hæstv. forsrh. á Alþingi leiddu einnig hugann að þessari spurningu.

Eflaust hugsuðu margir sitt þegar þeir hlýddu á sjónvarpsfréttir fyrir helgina þar sem rætt var við einn nefndarmanna í umræddri nefnd, reyndar formann nefndarinnar, Jón Steinar Gunnlaugsson. Hann sagði þar m.a., með leyfi forseta:

„Það er auðvitað þýðingarmikið að menn lesi bara þetta minnisblað og viti þá frá hverjum það er og til hvers og taki bara afstöðu sjálfir til þess. Það er augljóst."

Já, herra forseti, það er augljóst. Um það snerist þetta mál og snýst enn, að fá sjálfsagðan aðgang að upplýsingum til að geta tekið upplýsta afstöðu.

[13:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Strax í upphafi vegna þessara síðustu orða þar sem hv. þm. vitnaði í Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmann. Orð hans verða ekki tekin úr samhengi, hann var að svara dylgjum, sem hv. þm. gerði sig sem betur fer ekki sekan um en ýmsir aðrir hafa gert í fjölmiðlum, um að í minnisblaðinu kæmu fram áform ríkisstjórnarinnar um að hvetja til þess að ekki ætti að verða við dómi Hæstaréttar. Þannig hafa sumir óábyrgir menn kynnt þetta minnisblað. Hv. þm. gerði það ekki, sem betur fer, hann fór ekki inn á þá braut, enda ber minnisblaðið það mjög með sér að ekki er verið að leggja nein slík áform til við þessa nefndarmenn. En Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður sagði með þeim orðum sem vitnað var til: Til þess að átta sig á því að þessar dylgjur eru rangar verða menn nú, úr því sem komið er, að lesa þetta minnisblað, ekki fyrr.

Sú var skýringin. En þar sem hv. þm. nefndi ekki sérstaklega efnið, enda óþarfi þar sem eingöngu var verið að velta fyrir sér hvernig hægt væri að bregðast við dóminum og uppfylla hann, að sjálfsögðu, ekkert annað, ætla ég að fara yfir þau atriði sem snúa að því sem hann ræddi sérstaklega, um niðurstöðu upplýsinganefndarinnar, úrskurðarnefndarinnar, og Héraðsdóms — hv. þm. gleymdi því að Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi eins og úrskurðarnefnd um upplýsingamál, tók undir afstöðu forsrn. Það var ekki þessi nefnd eingöngu sem komst að niðurstöðunni. Varðandi þetta minnisblað var ekki um það deilt að það var tekið saman fyrir ríkisstjórnina. Það var gert til að undirbúa umfjöllun hennar um dóm Hæstaréttar um öryrkjamálið svonefnda og taldist því til þeirra gagna sem undanþágu eigi að njóta vegna þess að þar er um gögn ríkisstjórnarinnar að ræða skv. 1. tölul. 4. gr. upplýsingalaga. Ríkisstjórnin hafði hins vegar á grundvelli þessa minnisblaðs tekið ákvörðun um að skipa nefnd til að fjalla um málið og gera tillögu til sín um hvernig bregðast mætti við dóminum, og sendi nefndinni því blaðið til frekari vinnslu málsins, auðvitað í þágu stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar.

Í máli því sem hér er til umræðu var síðan deilt um það hvort umrædd undanþága hefði við þessa framsendingu minnisblaðsins fallið niður eða hætt að eiga við. Samkvæmt viðteknum skilningi á lögunum sjálfum, bæði hér og annars staðar á Norðurlöndum, getur einungis tvennt orðið til þess að þessi undanþága falli niður, annars vegar að ríkisstjórnin sjálf taki ákvörðun um að veita utanaðkomandi aðgang að þessum gögnum á grundvelli laganna og hins vegar vegna þess að allar undanþágur og takmarkanir á aðgangi að gögnum falli niður að tilteknum tíma liðnum, eins og segir í 8. gr. Hvorugt var hins vegar fyrir hendi í þessu máli.

Ríkisstjórnin hafði þó sýnt þeim trúnaðarmönnum sínum sem völdust í áðurnefndan starfshóp minnisblaðið til að vinna málið frekar í hendur honum svo sem fram hefur komið. Það að gögn sem ríkisstjórnin hefur haft til meðferðar eru send til frekari vinnslu í þágu stjórnarstefnunnar gat hins vegar ekki orðið til þess að áliti ráðuneytisins að umrædd undanþága félli niður, jafnvel þótt hún færi fram í nefnd sem að hluta til væri skipuð öðrum en föstum starfsmönnum Stjórnarráðsins.

Um þetta virtist hins vegar Hæstiréttur hafa búið til nýja reglu eftir miklum krókaleiðum sem er fólgin í því að undanþágan falli jafnframt niður ef ekki er gerður sérstakur áskilnaður um að hún eigi við þegar mál sem ríkisstjórnin hefur haft til umfjöllunar er sent til frekari meðferðar innan stjórnkerfisins sjálfs. Þetta er svona í grófum dráttum sú ályktun sem af dóminum verður dregin þótt ekki sé gott að átta sig á umfangi hennar í öllum atriðum vegna þess hve óljósar og mótsagnakenndar forsendur dómsins eru, og stundum ekki rétt farið með staðreyndir.

Þannig virðist rétturinn í öllum meginatriðum fallast á það markmið undanþágunnar að skapa vinnufrið um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar innan stjórnkerfisins. Á hinn bóginn eyðir hann miklu púðri í að komast að þeirri niðurstöðu að verkefni nefndarinnar hafi ekki verið liður í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og nefndin teljist, eins og þar segir, aðili utan Stjórnarráðsins en ekki hluti af stjórnsýslu ríkisins sjálfs. Á því virðist niðurstaðan síðan velta, fyrst svo var ekki að mati réttarins og ráðuneytið hafði engan fyrirvara gert um meðferð minnisblaðsins gagnvart slíkum aðila gæti það ekki vænst þess að það nyti áfram verndar gagnvart upplýsingarétti Alþingis.

Um réttaráhrif dómsins sem hv. þm. spurði um sérstaklega verð ég að fá að svara í næstu umræðu því ég er búinn með þann tíma sem mér var ætlaður.

[13:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að afhenda Öryrkjabandalagi Íslands minnisblað það sem hér er til umfjöllunar og fylgdi erindisbréfi til nefndar þeirrar sem túlka átti dóm Hæstaréttar í öryrkjamálinu svokallaða, dóm sem var ekki óljósari en svo að dómsorðið var orðrétt það sama og krafa Öryrkjabandalagsins.

Við lestur minnisblaðsins furða ég mig á því hvers vegna það var ekki birt um leið og beðið var um það. Kallað var eftir því á Alþingi og lögmaður Öryrkjabandalagsins óskaði eftir því. Það var slíkt leyndarmál að enginn skyldi fá að sjá það. Það er talandi dæmi um valdhroka hæstv. forsrh. og það hvernig hann umgengst upplýsingalögin og rétt þingmanna til upplýsinga samkvæmt stjórnarskránni, rétt sem þessi ríkisstjórn hefur ítrekað fótumtroðið.

Þetta er jafnframt talandi dæmi um það hvernig hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, hefur komið fram við öryrkja og lífeyrisþega. Hann hefur verið þeirra helsti andstæðingur og hafa þeir þurft að sækja sjálfsagðan rétt sinn og mannréttindi með hörku, með því að hóta málssókn eða fara dómstólaleiðina. Nokkur dæmi um þannig mál eru tekjutengingin við tekjur maka, heimilisuppbót fyrir þá einstæðu foreldra sem eru með börn á framfæri, táknmálstúlkun fyrir heyrnarlausa og aðgengi fatlaðra að háskólanum. Og svo er það mjög alvarlegt, en dæmigert, að í kjölfar þessa dóms nú um minnisblaðið var lokað fyrir upplýsingar um dagskrá ríkisstjórnarfunda sem hafa verið opinberar og fjölmiðlar hafa m.a. fengið.

Herra forseti. Upplýsingastefna forsrh. hæstv. og virðing fyrir upplýsingalögum ríður ekki við einteyming en niður-

staða Hæstaréttar nú ætti að vera honum ákveðin lexía.

[13:41]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Einhvern tíma var sagt: Nú er stand á Goddastöðum. Og mikið lifandis ósköp er sá sem hér stendur feginn því að eiga ekki lengur heima á Goddastöðum. Ég minnist þess nefnilega ekki að hafa séð Sjálfstfl. liggja undir svo stanslausum áföllum eins og verið hefur undanfarnar vikur og mánuði, að standi á honum öll spjót ef svo má segja, og þarflaust er að rifja upp öll þau áföll. Svo ganga þau harðlega í skrokk á mönnum að hinum vígfima formanni Sjálfstfl. bregst nú bogalistin eins og átakanlega má sjá í viðskiptum hans síðustu daga við iðnaðarmenn.

Þegar rifjað er upp eitt stóráfallið eins og aðfarir ríkisstjórnar hæstv. við öryrkja, þessa okkar minnstu bræður, hlýtur það að vera eitt af því sem erfiðlega gengur að fást við í vopnaviðskiptunum. Það mál var eitt ömurlegasta skammarmál sem yfir nokkra ríkisstjórn hefur gengið, og raunar allt saman sjálfskaparvíti en þau eru ekkert betri. Menn ræða síðasta atburð þessa máls, afhendingu hins þekkta minnisblaðs en ég sé ekki hvað það skiptir miklu máli héðan af. Auðvitað var þetta allt samansoðið af þeim spilafélögum, hæstv. forsrh. og hans nánustu, bæði þetta minnisblað og allt það sem út úr þessum afbökuðu vinnubrögðum kom. Kannski má minna á það að á góðum stað stendur: Það sem þér gjörið einum af mínum minnstu bræðum, hafið þér og mér gjört.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar um hið margfræga minnisblað er mikilvægur af fleiri en einni ástæðu. Í fyrsta lagi lýsir dómurinn örlitið inn á baksvið öryrkjamálsins svonefnda en þar vantar mikið á að atburðir hafi verið upplýstir að fullu. Vonandi á það einhvern tíma eftir að koma fram í dagsljósið allt saman, kannski í ævisögum eða játningum þegar kemur langt inn á þessa öld. Dómurinn er auðvitað í öðru lagi áfellisdómur yfir stjórnvöldum, yfir þeirri ákvörðun ráðuneytisins að neita afhendingu minnisblaðsins. Í þriðja lagi er dómurinn sigur fyrir hið opna upplýsta samfélag, fyrir lýðræðið, fyrir aðhald þings og þjóðar að framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslunni.

Þeir eru sambærilegir og fleiri, atburðirnir sem orðið hafa að undanförnu. Þetta mál er náskylt þeirri ákvörðun forsrn. frá því rétt fyrir jólin að neita Alþingi upplýsingum um ráðstöfun 300 millj. kr. í einkavæðingargæluverkefni. Þá varð reyndar líka sá fáheyrði atburður að forseti þingsins hljóp þeirri ákvörðun forsrn. til varnar en úrskurðarnefnd um upplýsingamál úrskurðaði svo fjölmiðli og þar með þjóðinni í vil og sagði: Almenningur á rétt á þessum upplýsingum.

Ég hef margoft á undanförnum árum, herra forseti, lýst áhyggjum yfir því hve miklu grófari tilraunir framkvæmdarvaldsins gerast sífellt, að hafa af þinginu hinn lögvarða og stjórnarskrárbundna rétt til þess að krefjast upplýsinga um opinber mál. Þetta verður allt að skoða í samhengi. Og þessir tveir atburðir á síðustu vikum, úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál og dómur Hæstaréttar ættu að verða öllum hvatning til þess að vanda sig betur í þessum efnum.

[13:46]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir sérstaklega undarlegt að heyra hv. þingmenn koma hér og herma það upp á hæstv. forsrh. að hann sé eitthvað andsnúinn öryrkjum og lífeyrisþegum og tala um slæma framkomu og þar fram eftir götunum. Ég vil minna á að íslenska velferðarkerfið er í dag sterkara og öflugra en það hefur nokkru sinni verið í Íslandssögunni. Ef við mundum setjast niður og reikna það út hve stór hluti af lífskjörum öryrkja eða lífeyrisþega hefur orðið til í forsætisráðherratíð hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, þá hygg ég að við mundum komast að því að kannski 20–25%, kannski meira, af lífskjörum þessara hópa hafa orðið til á þessum árum sem hann hefur gegnt þessu starfi. (**Gripið fram í:** Noh!) Og meira en það, öll stjórnarstefnan hefur gengið út á það að skapa forsendur fyrir því að lífskjör í landinu gætu batnað og að velferðarkerfið styrktist í leiðinni. (**ÖJ:** Þá ertu að tala um skattleysismörkin?) Ég er að tala um lífskjör almennings í landinu og þar með er ég líka að tala um velferðarkerfið, lífskjör öryrkja og aldraðra. Þessi ríkisstjórn hefur framkvæmt hvern stóra áfangann eftir annan í að bæta velferðarkerfið. Menn geta séð það í fjárlögum og ríkisreikningum með því að fletta þeim hér ár eftir ár. Þetta hefur verið mikill sigur fyrir fólkið í landinu.

[13:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala um lífskjör. Ég ætla ekki að tala um öryrkja. Ég ætla að tala um þetta minnisblað og hvað það opinberar okkur.

Það er oft talað um norræna módelið þegar horft er til Norðurlandanna. Þá er átt við lýðræðislega stjórnarhætti, opna stjórnsýslu, réttlátt þjóðfélag, rétt neytenda til upplýsinga, almannaréttinn, félagslega ákvarðanatöku, já, yfirleitt alþýðlega innviði samfélagsins. Þetta eru grunnviðhorf sem endurspeglast í stjórnsýslulögum hinna Norðurlandanna, þessi ríki réttur til að hafa aðgang að opinberum skjölum og fá að vita hvað lagt er til grundvallar ákvörðunum sem varða almenning. Og þetta á að vera svona. Við viljum vera hluti af hinu norræna módeli.

En af hverju erum við öðruvísi, því það erum við? Er ríkisstjórnin hrædd við opna stjórnsýslu? Þarf hún að túlka sín eigin upplýsingalög að vild?

Eitthvað er bogið við það að ríkisstjórnin fær á sig hæstaréttardóm. Nú segir hæstv. forsrh. að forsendur hafi verið óljósar og að Hæstiréttur búi til nýja reglu. Það er umhugsunarefni fyrir okkur hvernig brugðist er við dómum. Það er í raun efni í sérstaka umræðu. Þessi ríkisstjórn þarf að taka sér tak. Ef hún fær á sig úrskurð Samkeppnisstofnunar þá eru helstu viðbrögð þau að breyta lögum um Samkeppnisstofnun. Og fái hún á sig dóm þá er það oftast nær vegna þvergirðingsháttar við að fara að reglum og þá er eitthvað að dómnum.

Herra forseti. Þetta er í raun alvarlegt mál, afskaplega vandræðalegt ferli og fáránleg viðbrögð hvað varðar ríkisstjórnarfundina og ég velti fyrir mér hvort aðrar ákvarðanir hafi verið teknar um að skrá ekki hjá sér upplýsingar.

[13:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er sannarlega ástæða til þess að fagna þeim hæstaréttardómi sem nú liggur fyrir vegna þess að á grundvelli hans ætti að vera tryggt að upplýsingalögin séu

það tæki sem upphaflega var gert ráð fyrir. Upplýsingalög eru liður í þeirri viðleitni stjórnvalda á Vesturlöndum að koma í veg fyrir pukur og leynimakk stjórnvalda. Upplýsingalögin eiga að koma í veg fyrir mögulega misbeitingu valds stjórnvalda og upplýsingalögin eiga þannig að vera í þökk jafnt þegnanna sem stjórnvalda.

Herra forseti. Svo virðist ekki vera á Íslandi því hæstv. ríkisstjórn hefur allt á hornum sér þegar upplýsingalögin virðast virka á þann hátt sem hugmyndafræðin sem að baki þeim liggur gerði ráð fyrir.

Í þeim dómi sem hér um ræðir er vitnað í upplýsingalögin og í mannréttindaákvæði. Ef það er ekki skylda og hlutverk ríkisstjórnar Íslands að standa af alefli vörð um mannréttindi, á hvaða vegi erum við þá stödd? Ríkisstjórnin getur auðvitað ekki varið það að mannréttindi skuli fótum troðin eða rangtúlkuð. Þó hæstv. forsrh. segi að forsendur í dómnum séu óljósar og mótsagnakenndar og að stundum sé rangt farið með staðreyndir, eins og hann sagði í ræðu sinni áðan, herra forseti, þá dæma slík ummæli sig að sjálfsögðu sjálf. Dómurinn er sigur fyrir lýðræðið. Hann er sigur þeirra sem vilja í alvöru opna stjórnsýslu og vilja að réttlæti og sanngirni ráði í þessu landi og að stjórnsýslan hafi eðlilegt aðhald.

[13:52]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur orðið gjörbylting í stjórnsýslu okkar Íslendinga. Stjórnsýslulögin sem voru sett árið 1992 hafa leitt til þess að stjórnsýslan er skilvirkari, opnari og aðgengilegri en áður. Almenningur hefur í krafti laga ýmis tæki og tól til að fylgjast með þeim ákvörðunum sem teknar eru hjá hinu opinbera. Um leið og aðhald með starfsemi stjórnsýslunnar hefur verið aukið er þjóðfélagið allt opnara. Það hefur sýnt sig á síðustu missirum að kerfið sem við á Alþingi höfum mótað virkar og hefur aukið réttaröryggi borgaranna. Upplýsingalögin eru einn liður í því að styðja við þetta opna þjóðfélag. Aðgengi almennings að gögnum er víðtækt og er meginregla sú að ekki þurfi að sýna fram á tengsl eða hagsmuni við mál til að fá umbeðnar upplýsingar.

Herra forseti. Mér er til efs að gerðar hafi verið í þágu borgaranna jafnmiklar umbætur á stjórnfari landsins og í tíð síðustu ríkisstjórna undir forustu Sjálfstfl. Hér get ég nefnt stjórnsýslulögin sem ég hef þegar nefnt, upplýsingalögin og skýrslu um bætt starfsskilyrði stjórnvalda sem er grunnrit í lagadeildinni í dag. Við getum nefnt samkeppnislögin og fleira og fleira mætti telja.

Ég vil aðeins víkja að hæstaréttardómnum títtnefnda um minnisblaðið og fara í 4. gr. upplýsingalaga. Þar er fjallað um gögn sem eru undanþegin upplýsingarétti. Í 1. tölul. er fjallað um fundargerðir ríkisstjórna og ríkisráðs og þar segir skýrt og klárt að ríkisstjórnin hafi sérstöðu innan stjórnsýslu ríkisins, það sé mikilvægt að ríkisstjórnin geti fjallað um pólitísk mál og mótað stefnu í sameiningu í mikilvægum málum án þess að skylt sé að veita almenningi aðgang að gögnum sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi.

Nú hefur Hæstiréttur sagt að slík gögn njóti ekki lengur verndar 1. tölul. 4. gr. upplýsingalaga, þ.e. ef þau eru hluti af skipunarbréfi, og engir fyrirvarar séu gerðir við meðferð slíkra skjala.

Herra forseti. Mér sýnist að með því að neita upphaflega að afhenda minnisblaðið hafi ætlunin fyrst og fremst verið sú að varðveita þá sérstöðu sem bæði stjórnsýslulögin og upplýsingalögin veita ríkisstjórninni, enda hafa viðbrögð ýmissa í þessu minnisblaðsmáli einmitt bent til þess að búast megi við útúrsnúningum ef slík minnisblöð eru lögð fram. Þetta finnst mér sér í lagi eftir að hafa séð hið umrædda minnisblað. Það er að mínu mati faglega unnið vinnuplagg. (Forseti hringir.) Í því er ekkert tortryggilegt, herra forseti. Á hinn bógin staðfestir það að faglega var farið í að uppfylla hinn umdeilda öryrkjadóm.

[13:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Því miður vinnst ekki tími til að taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Vilhjámur Egilsson sleppti honum. Hann vék sérstaklega að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á réttindakerfi öryrkja og aldraðra og hafa orðið þess valdandi að þessir hópar hafa ekki fengið sína réttmætu hlutdeild í góðæri undangenginna ára. Ástæða væri til að taka þessa umræðu upp síðar og ræða um það velferðarkerfi fyrirtækja og hátekjufólks sem ríkisstjórn hæstv. forsrh. hefur komið hér á fót.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh. að ég vék ekki að efni erindisbréfsins og vísa þar í umræður í fjölmiðlum þar sem formaður, framkvæmdastjóri og lögmaður Öryrkjabandalagsins hafa m.a. tjáð sig. Ég vakti athygli á því að þessi dómur er felldur á grundvelli mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindaákvæðis íslensku stjórnarskrárinnar, auk tilvísunar til upplýsingalaga. Hæstv. forsrh. ítrekar reyndar fyrri ummæli um að þetta minnisblað hafi ekki skipt verulegu máli. Hann sagði m.a. á sínum tíma hér í þinginu, með leyfi forseta:

„Það þýðir alls ekki að þetta skjal hafi að geyma einhver slík rosaleg leyndarmál sem sumir virðast ætla. Þetta lýtur bara ákveðnum lögmálum og lögin segja skýrt og greinilega til um það hvaða gögn séu opinber gögn og hvaða gögn séu það ekki."

Nú er dómur fallinn. Hæstv. ráðherra hafði rangt fyrir sér. Það ber og það bar að upplýsa um þetta gagn. En til hvaða lögmála skyldi hæstv. forsrh. vera að vísa? Gætum við haft vísbendingu um það í viðbrögðum hans nú síðustu daga þar sem fjölmiðlar fá ekki lengur send gögn um hvað eigi að taka fyrir á fundum ríkisstjórnarinnar? Getur verið að þessi lögmál snúist þegar allt kemur til alls um vald og að hæstv. forsrh. sé að sýna fram á hvar valdið liggur? (Forseti hringir.) Það er hann að gera nú og það vildi hann gera gagnvart Öryrkjabandalaginu á sínum tíma. Og það finnst mér ekki stórmannlegt.

[13:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tek til baka hrós mitt um að hv. þm. hafi ekki verið að fjalla um efnisatriði minnisblaðsins því hann vísar til sjónarmiða manna sem hafa rangtúlkað minnisblaðið algjörlega. Mér þykir nú miður að hrós mitt um hv. þm. átti ekki við.

Varðandi þá umræðu sem hér hefur átt sér stað vil ég nefna það sérstaklega, af því menn eru að tala um upplýsingamál, að hér hafa þeir verið að fjalla um þennan dóm og sumir hverjir bersýnilega án þess að hafa lesið dóminn. Hver er þessi mikli sigur sem er að vinnast í þessu máli? Ég er ekki að tala um hv. upphafsmann málsins, suma aðra hins vegar. Hver er þessi mikli sigur sem áunnist hefur? Hæstiréttur segir að ríkisstjórnin hefði orðið að merkja þetta blað fyrir fram, stimpla það sérstaklega fyrir fram. Það er nú allur sigurinn, þ.e. að stimpla málið fyrir fram. Samkvæmt því væntanlega munu menn gæta sín á því að stimpla slík gögn fyrir fram.

Þá er strax tekin afstaða til málsins samkvæmt fyrirmælum Hæstaréttar en ekki þegar álitaefni kemur upp hverju sinni um hvort það eigi að afhenda þessi plögg samkvæmt upplýsingalögum sem er miklu heilbrigðara. Hæstiréttur er því að knýja á um að tekið sé spor aftur á bak, því miður, aftur á bak í upplýsingalögum. Það á sem sagt fyrir fram að stimpla svona skjöl sérstaklega áður en þau eru send út. Þetta er því ekki nokkur sigur, því miður, fyrir upplýsingamál í þessum efnum. Ef menn skoða það þá finnur Hæstiréttur það eitt að að plaggið var ekki stimplað sérstaklega sem trúnaðarmál ríkisstjórnarinnar áður en það var sent þessum hópi sem var að vinna að málinu. Ég sé nú ekki mikinn sigur í því.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að ríkisstjórnin hefði breytt lögum eftir úrskurð Samkeppnisstofnunar. Ég kannast ekki við það. Það er best hún komi með það.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði að sjálfskaparvítin væru verst. Þar mælti nú sá sem best mátti vita.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, nál. 1004 og 1030.

[14:00]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég held nú áfram ræðu minni þar sem frá var horfið. Eins og ég gat um í fyrri hluta hennar gat ég ekki látið hjá líða að fara í örlitla söguskýringu á því hvernig Íslendingum hefur farnast á síðustu 100 árum vegna þess að hv. formaður iðnn. gerði það að umræðuefni í inngangi að sínu máli. Hann skrifaði allar framfarir í landinu á reikning framfara í orkumálum. Ég er síður en svo að gera lítið úr þeim þætti síðustu 100 árin. Auðvitað er hann gríðarlega stór. En í fyrri hluta ræðu minnar benti ég á aðra þætti sem eru jafnstórir eða stærri og ég held að því sé algerlega nauðsynlegt að halda til haga í þessu samhengi.

Virðulegi forseti. Ég vil líka nefna og hengja það aftan í *málflutning minn frá því áðan að auðvitað var unnið þrekvirki* við uppbyggingu hitaveitna á áttunda áratugnum. Ef ég tek dæmi frá heimabyggð minni um húshitun má segja að þar sé um kaupauka að ræða sem nemur u.þ.b. einum mánaðarlaunum miðað við það sem verst gerist í nágrannalöndunum. Því er augljóst að allir þeir þættir sem við höfum fjallað um og ég hef fjallað um í ræðu minni hafa orðið til þess að bæta kjör okkar Íslendinga á síðustu 100 árum eins og hv. formaður iðnn. gerði að umtalsefni. En margir samverkandi þættir koma þar að og fyrst og fremst, eins og ég kom inn á í upphafi ræðu minnar, auðvitað þær breytingar sem urðu vegna sjálfstæðisbaráttu okkar, sjálfstæðistöku og síðan hægfara yfirtöku á atvinnulífi landsins sem gerði okkur kleift að horfa fram á gríðarlega framfarasókn sem hefur á síðustu 100 árum leitt okkur hingað sem við stöndum nú.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að snúa mér að nál. mínu. Það hefur komið fram að hv. iðnn. kallaði til sín fjölda manna. Ég vil þó í byrjun geta þess að það eru mér ákaflega mikil vonbrigði að hæstv. iðnrh. skuli ekki í krafti nýrrar stöðu gangast inn á að fresta málinu um sinn, alla vega fram í næstu viku, vegna þess að hún hefur sjálf upplýst og fjölmiðlar hafa upplýst að frétta er að vænta um samskipti Norsk Hydro og iðnrn. í næstu viku. Það hefur verið skýlaus krafa okkar að hæstv. iðnrh. tæki af skarið og frestaði þessu máli vegna þess að við þurfum að hafa öll spil á borðinu til þess að geta fjallað sómasamlega um þetta mál.

Virðulegi forseti. Einnig er ástæða til að geta þess að málið er sérstætt að því leyti til — að vísu ekki sérstætt fyrir Ísland — en við verðum að átta okkur á því að umsagnaraðilar og þeir sem ráða ferðinni í þessu máli eru náttúrlega fyrst og fremst opinberir aðilar í samfélaginu, þ.e. iðnrn., Landsvirkjun og sveitarfélögin, opinberir aðilar, þannig að þetta mál þarfnast mjög mikillar umfjöllunar á hinu háa Alþingi þvert ofan í það sem margir stjórnarliðar hafa haldið fram, þ.e. að hér sé aðeins um viðskipti stjórnsýslunnar og fyrirtækis, einkafyrirtækis, að ræða. Svo mætti halda af málflutningi manna. Svo er þó ekki þannig að við komum að þessu *máli á öllum stjórnstigum. Í vinnu hv. iðnn. draga* náttúrlega vagninn fyrst og fremst þessir opinberu aðilar sem eru beint og óbeint á okkar vegum á hinu háa Alþingi og gefa upplýsingarnar um það hvernig staða mála er í þessu verkefni. Í því ljósi verður að ræða um þessi mál og í því ljósi er sett fram skýlaus krafa um að þegar aðstæður breytast eins og fram hefur komið, verði málið skoðað og að gefnar verði upplýsingar í næstu viku um hver staða mála er. Það getur augljóslega haft afgerandi áhrif á það hvernig við höldum þessu máli áfram vegna þess að stjórnarmeirihlutinn telur það sem rök í málinu að hraða þurfi afgreiðslu Kárahnjúkavirkjunar, þ.e. leyfi til þess að virkja Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal og stækka Kröfluvirkjun, vegna þess að málið þoli ekki bið. Það þoli ekki þá bið að farið verði í rammaáætlun um hvernig skuli beisla fallvötnin og jarðvarmann og þess vegna þurfi þetta mál að fara í gegn. Núna er staðan í málinu gjörbreytt þannig að e.t.v. gefst í næstu viku, eins og fram hefur komið, ráðrúm til þess að fara í þetta mál á annan hátt.

Samkvæmt staðfestri *tímaáætlun átti ákvörðun um bygg*ingu álvers í Reyðarfirði að liggja fyrir 1. september 2002 en nú er ljóst að Norsk Hydro vill endurskoða þá tímaáætlun. Vegna þeirrar afstöðu fór ég fram á það í hv. iðnn. að iðnaðarráðherra og fulltrúar frá Norsk Hydro kæmu á fund nefndarinnar og greindu frá nýrri stöðu málsins. Þeirri málaleitan hafnaði meiri hluti nefndarinnar á fundi 18. mars sl. Á þingfundi 20. mars, í fyrradag, gerðist það svo að iðnaðarráðherra kvaddi sér hljóðs og greindi Alþingi frá því að Norsk Hydro hefði upplýst ráðherra um að vegna stórra fjárfestinga fyrirtækisins í Þýskalandi gæti svo farið að það mundi óska eftir viðræðum um endurskoðun á tímaáætlun fyrir fyrirhugað álver í Reyðarfirði. Í yfirlýsingu sinni boðaði ráðherra að frekari upplýsingar yrðu gefnar í næstu viku eins og fram hefur komið.

Með tilliti til þessa er það ákveðin krafa minni hlutans, og ég set hana fram í nál. mínu, að málinu verði vísað frá eða það tekið af dagskrá og endurunnið í ljósi nýrra aðstæðna.

Þær heimildir sem hér er fjallað um varða Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröflu. Hinn 20. apríl 2001 lagði Landsvirkjun fram til Skipulagsstofnunar skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar allt að 750 MW. Skýrslan var auglýst opinberlega 4. maí 2001. Frestur til athugasemda var til 15. júní 2001. Alls bárust 362 athugasemdir. Skipulagsstjóri kvað upp úrskurð sinn 1. ágúst 2001 þar sem lagst var gegn virkjuninni vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og ófullnægjandi upplýsinga um einstaka þætti framkvæmdarinnar og umhverfisáhrif hennar. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra. Í úrskurði umhverfisráðherra sem birtur var 20. des-

ember 2001 er úrskurður Skipulagsstofnunar felldur úr gildi og fallist á fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun með ákveðnum skilyrðum. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu, á bls. 4–6, eru skilyrði umhverfisráðherra sett fram og ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar yfir þau hér.

Að teknu tilliti til skilyrða umhverfisráðherra reiknar Landsvirkjun með að fyrirhuguð Kárahnjúkavirkjun verði hönnuð þannig að settar verði upp sex aflvélar og verði framleiðslugeta þeirra um 690 MW. Þannig er gert ráð fyrir að aflgeta fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar verði um 5% minni en áður var áætlað, þegar tekið hefur verið tillit til skilyrða umhverfisráðherra. Ég vek athygli á því að frv. gerir ráð fyrir 750 MW aflstöð, Kárahnjúkavirkjun.

Ljóst er að stórvægileg óafturkræf náttúruspjöll munu eiga sér stað verði af áformum um Kárahnjúkavirkjun. Um yrði að ræða meiri umhverfisspjöll, meiri vatnaflutninga, meira jarðrask og breytingar á landslagi og náttúru en áður hefur þekkst á Íslandi. Þessar gríðarlegu framkvæmdir hefðu í för með sér eyðingu friðlands, röskun beitar- og burðarsvæða hreindýra og skerðingu búsvæða plantna og dýra. Með Hálslóni færu undir vatn einstæðir sethjallar, bæði að jarðgerð og fyrir jarðsögu, svo og sérstök gróðurvistkerfi, í sumarveðursælum háfjalladal fjarri sjó, sem eru hluti af órofa gróðurlendi frá sjó og upp að jökli. Hætta á áfoki frá Hálslóni og aurum þeim sem myndast við og út í lónið er af mörgum fræðimönnum talin veruleg, og stafar jarðvegi og gróðurfari á Vestur-Öræfum mikil hætta af þessu áfoki.

Með Hálslóni færi sérstætt landslag undir vatn og yrði veruleg breyting á ásýnd og hrifum Jökuldals og Fljótsdals og þar með Lagarfljóti við vatnabreytingarnar. Stórkostlegar breytingar yrðu á vatnafari Jökulánna beggja, þegar annarri væri breytt í mun vatnsminni bergvatnsá löngum stundum að sumarlagi, en framhald hinnar í Lagarfljóti yrði að aurskolugu vatni með öllum þeim breytingum á farvegi þeirra sem því fylgja. Þá hefðu slíkar framkvæmdir þau áhrif að fjölmargir fossar skertust verulega og sumir hreinlega hyrfu.

Heild óbyggðra og mannvirkjasnauðra svæða, ósnortinna víðerna, norðan Vatnajökuls, sem margir hafa talið forsendu fyrir skynsamlega mörkuðum þjóðgarði á þessu svæði, yrði rofin. Rétt er að benda á að Jökulsá á Dal skilur nokkurn veginn á milli tveggja landgerða, þar sem er basaltstafli með niðurgröfnum dölum og víðum gróðurlendum með tjörnum austan ár, en móbergsland með upphlöðnum fjöllum, uppblásnu landi og gróðurvinjum í vatnsauðugum dölum að vestanverðu, en Ódáðahraun með eldstöðvum sínum og hraunum vestar.

Minni hlutinn mótmælir sérstaklega þeirri túlkun stjórnvalda að með Kárahnjúkavirkjun væri verið að nýta endurnýjanlegar auðlindir þjóðarinnar á sjálfbæran hátt. Kárahnjúkavirkjun fullnægir ekki nauðsynlegum skilyrðum til þess að hún geti talist sjálfbær og að hægt sé að tala um virkjun í sátt við umhverfið. Með tímanum fyllist Hálslón af aur og gert er ráð fyrir að eftir 100 ár verði afkastageta virkjunarinnar orðin verulega skert. Á endanum hættir lónið að geta tekið við vatnsforða vegna aursöfnunar.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja að Kröfluvirkjun. Í lagafrv. eru þessar virkjanir hengdar saman vegna þess að væntanlegu eða fyrirhuguðu álveri í Reyðarfirði nægir ekki orkan bara frá Kárahnjúkavirkjun eins og mönnum er kunnugt.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra fái heimild til þess að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 MW, svo framarlega sem mat á umhverfisáhrifum liggi fyrir. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að ekki skuli gefið út leyfi fyrir framkvæmd fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Minni hlutinn telur augljóst að slíkt mat verði að liggja fyrir áður en heimild til handa iðnaðarráðherra til að gefa út virkjunarleyfi er bundin í lagatexta.

Kröfluvirkjun í Skútustaðahreppi hefur verið starfrækt frá árinu 1977. Með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar frá 26. júlí 1985 keypti Landsvirkjun virkjunina ásamt ýmsum réttindum á Kröflusvæðinu, þar með töldum rétti til að hagnýta jarðhitaorku til raforkuframleiðslu allt að 70 MW. Fram til ársins 1997 var einungis önnur af tveimur 30 MW vélum virkjunarinnar í rekstri. Boranir eftir aukinni gufu á svæðinu frá 1996 hafa hins vegar gengið vel og frá 1999 hefur virkjunin verið rekin á fullum afköstum, þ.e. 60 MW.

Í frumvarpinu er kveðið á um stækkun Kröfluvirkjunar því að í áætlunum Landsvirkjunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði hefur Landsvirkjun miðað við orku frá Kröflu og Bjarnarflagi, auk Kárahnjúkavirkjunar. Landsvirkjun telur að við úrskurð umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum fyrir Kárahnjúkavirkjun hafi mikilvægi orkuöflunar á Kröflusvæðinu aukist. Ljóst er þó að þeir fyrirvarar sem umhverfisráðherra hefur sett við virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal leiða af sér aðeins um 5% minna afl virkjunarinnar, eða sem nemur um 20–30 MW.

Virðulegi forseti. Þess vegna er alveg ljóst, og hv. þingmenn verða að gera sér grein fyrir því, að það að sækja afl í Kröflu, á Kröflusvæðið, Bjarnarflag eða Þeistareyki, er ekki afleiðing af skilyrðum sem umhvrh. setti vegna þess að þau skilyrði framkalla aðeins 5% minna afl í Kárahnjúkavirkjun sem er um 25–30 megavött að talið er þannig að undir öllum kringumstæðum var ljóst alveg frá byrjun að það þyrfti að ná í aukaafl norður í Kröflu.

Þannig liggur nokkurn veginn fyrir að undir öllum kringumstæðum hefði þurft viðbótarafl annars staðar frá sem nemur nú um 100 megavöttum, en verður meira, miðað við þau áform sem uppi eru um stærð álvers í Reyðarfirði.

Minni hlutinn telur að þar sem umhverfismat á stækkun Kröfluvirkjunar hefur ekki farið fram nema að litlum hluta — umhverfismat á stækkun um 40 megavött hefur farið fram og er sjálfsagt að fara í þá framkvæmd ef þörf krefur — og að frekari stækkun kalli að öllum líkindum á nýja 120 megavatta virkjun við Kröflu sé algerlega óásættanlegt að veita iðnrh. þá heimild sem fram kemur í 2. gr. frv. hvað varðar Kröfluvirkjun áður en mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hefur farið fram.

Leirhnjúkur og nágrenni eru eitt aðgengilegasta svæði flekaskila á jörðinni. Það svæði mun skemmast verði Landsvirkjun leyft að fara nálægt því eins og líklegt er að gerist verði svo mikil stækkun Kröfluvirkjunar leyfð sem um er rætt í frv. Svæðið mun skemmast af mannvirkjagerð svo sem borstæðum og vegagerð yfir misgengi, og ekki er heldur fullljóst hvað getur gerst í sambandi við jarðhita ef borað verður nálægt Leirhnjúk eða undir hann.

Þá má benda á að Leirhnjúkur og gönguleið þaðan niður í Reykjahlíð veitir ferðafólki, erlendu sem innlendu, sterka upplifun um að það gangi um óspillta og villta íslenska öræfa- og eldfjallanáttúru þrátt fyrir bæði Kröfluvirkjun og byggðina í Mývatnssveit sem er ekki langt undan. Framkvæmdir of nálægt Leirhnjúk, aðrar en lágmarksmerkingar

á stígum af öryggisástæðum, yllu ferðaþjónustu í Mývatnssveit umtalsverðu tjóni sem ekki verður bætt með álveri, hvorki á Austurlandi né suður í Hvalfirði.

Minni hluti nefndarinnar telur að áform um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í Suður-Þingeyjarsýslu eigi að skoða í því samhengi að orkuvinnsla á svæðinu gæti nýst heima fyrir til atvinnuuppbyggingar. Nú er unnið að hafnarframkvæmdum á Húsavík sem að öllum líkindum verða til þess að fýsilegt verður að koma upp orkufrekum atvinnurekstri í grenndinni.

Virðulegi forseti. Svo háttar til að í Suður-Þingeyjarsýslu hefur verið unnið umhverfismat og fyrir liggur að hægt er að stækka Kröfluvirkjun upp í 40 megavött. Í gróflegum áformum Landsvirkjunar hvað varðar Bjarnarflagsvirkjun er rætt þar um virkjun sem gæti verið á bilinu 30–70 megavött. Síðan er rætt um nýja virkjun á Kröflusvæðinu sem gæti orðið á bilinu 100–120 megavött en það yrði þá sjálfstæð virkjun. Hafnar eru rannsóknir varðandi Þeistareyki, en þar *binda menn vonir við að séu gríðarlega miklir möguleikar á* orkuvinnslu í framtíðinni. Svo eitthvað sé nefnt hefur verið á teikniborðinu til frumrannsókna virkjunaráform varðandi Ísólfsvatn sem gæti leitt af sér 90–100 megavött.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni er það stefna okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þau fallvötn og sá jarðvarmi sem ákveðið verður að virkja verði, *eins og hægt er, nýttur heima fyrir sem stysta leið* frá upptökum auðlindarinnar og til hafnarsvæðis eða þangað sem fólkið býr. Það eru því mikil vonbrigði fyrir mig ef ég hugsa um hagsmuni Suður-Þingeyjarsýslu að koma eigi málum þannig fyrir í þessu frv. að afl sem er unnið á svæðinu, leyfileg stækkun Kröfluvirkjunar eins og liggur fyrir núna og framtíðaráform um orkuvinnslu þar á svæðinu, verði að langmestu leyti sent í eina stóra verksmiðju austur á land. Það er ekki ásættanlegt hvað varðar íbúaþróun í landinu, byggðastefnu, náttúruverndarmál og stærð fyrirtækja og hvernig maður lítur á dreifingu þeirra um landið.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. munu tvær háspennulínur, 420 kV hvor um sig og 53 km að lengd, flytja raforkuna frá tengivirki í Fljótsdal til álverksmiðjunnar fyrirhuguðu. Skipulagsstjóri hefur fallist á línulögnina en með skilyrðum. Úrskurður skipulagsstjóra var kærður til umhvrh. sem staðfesti úrskurð skipulagsstjóra 23. nóv. 2000 með einu viðbótarskilyrði.

Í greinargerðinni kemur fram að línurnar munu liggja frá tengivirki í Fljótsdal þvert fyrir Múlann, út Fljótsdal að austanverðu, þaðan upp Víðivallaháls, Hallormsstaðaháls og austur í Skriðdal. Úr Skriðdal liggja línurnar hvor sína leið um Hallsteinsdal annars vegar og Þórudal hins vegar þar til þær koma saman í Áreyrardal í Reyðarfirði. Línurnar munu síðan þvera botn fjarðarins og liggja ofan byggðar að iðnaðarlóð fyrirhugaðrar álverksmiðju að Hrauni í Reyðarfirði.

Með síðari áfanga fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar verður nauðsynlegt að stækka 245 kV tengivirki í Fljótsdal. Einnig kemur fram í greinargerð að ef Bjarnarflagsvirkjun verður reist eða Kröfluvirkjun stækkuð þarf að byggja nýja 245 kV háspennulínu frá Kröflu (lína 3) frá 245 kV tengivirki sem byggt yrði við Kröflu, væntanlega í Hlíðardal. Lína þessi frá Kröflu austur á land yrði um 121 km á lengd. Áætlað er að línan mundi að mestu liggja samhliða núverandi Kröflulínu 2. Vinna við gerð umhverfismats fyrir þessa línu er í gangi, en ekki lokið. Þess vegna átelur minni hluti iðnn. harðlega þau vinnubrögð að í frv. skuli vera leyft að fara með þessa línu um 121 km vegalengd áður en umhverfismat framkvæmdanna við hana hefur farið fram og verið staðfest.

Virðulegi forseti. Engan veginn er hægt að sætta sig við svona vinnubrögð þegar hv. alþingismenn virðast í öðru orðinu vera sammála um að við skulum marka okkur stefnu varðandi nýtingu jarðhitans og fallvatnanna til lengri tíma litið og náttúruverndarmálanna og að vinna skynsamlega að þessum málum og í hinu orðinu vilja þeir leyfa vanhugsaðar framkvæmdir. Stærsta fjárfesting Íslandssögunnar í uppbyggingu orkuvera á að fara í gegnum þingið með lausa enda hér og þar vegna þess að ekki hefur verið gengið frá málunum.

Þess vegna er það grundvallaratriði, virðulegi forseti, í þessu sambandi og við þessa umfjöllun að menn taki nú það tækifæri sem býðst, utan frá að vísu þar sem Norsk Hydro hefur dregið við sig að standa við tímaáætlanir, og bíða a.m.k. þar til í næstu viku og sjá hvað setur, hvort ný tímaáætlun um fyrirhugaða byggingu álvers í Reyðarfirði verður búin til og hvort sú tímaáætlun skapar þá grundvöll fyrir því að vinna eins og okkur ber, samkvæmt lögum, að úttekt á þeim mannvirkjum sem þarf í sambandi við þetta verkefni. *Slík úttekt eða samþykkt á mannvirkjunum þarf* að liggja fyrir hvað varðar mat á umhverfisáhrifum áður en við tökum ákvörðun um jafnstórtækar aðgerðir.

Ef við förum í hinn efnahagslega þátt er mat Seðlabankans sem er byggt á úttekt Þjóðhagsstofnunar í fylgiskjali með frv. Í því segir að ekki sé reiknað með neinum mótvægisaðgerðum í ríkisfjármálum. Einn stærsti óvissuþátturinn í tengslum við framkvæmdina er áhrif á gengi krónunnar. Í framreikningi Þjóðhagsstofnunar sem hér er stuðst við er reiknað með óbreyttu gengi. Allar niðurstöður verður að skoða í ljósi þess. Stefna Seðlabankans er að vinna að því að verðbólga verði sem næst 2,5% á ári. Framkvæmdirnar munu því krefjast aukins aðhalds peningastefnunnar áður en og meðan þær eru í hámarki, þ.e. framkvæmdirnar við áformaða virkjun. Seðlabankinn telur að búast megi við að vextir hækki um 2,5% við upphaf fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er líklegt að umtalsverðar gengisbreytingar verði fylgifiskur framkvæmdanna þótt erfitt sé að sjá þær nákvæmlega fyrir, hvað þá tímasetja þær.

Vegna fyrirhugaðrar vaxtahækkunar Seðlabankans, ef af virkjunar- og álversframkvæmdum verður, er ljóst að um svokallaðar „ruðningsaðgerðir" verður að ræða. Með því er átt við að þeim fyrirtækjum sem veikast standa yrði einfaldlega rutt úr vegi. Þetta á ekki hvað síst við um svokölluð sprotafyrirtæki sem geta skapað arðsöm störf til framtíðar ef þau fá tíma og aðstæður til að vaxa úr grasi. Þannig mundi þessi einstaka risaframkvæmd, ef af yrði, ryðja úr vegi mörgum fyrirtækjum sem annars gætu vaxið og dafnað. Samdráttur í opinberum framkvæmdum nægði einn og sér engan veginn til að vega á móti þeim miklu framkvæmdum tengdum álveri sem hér um ræðir. Til viðbótar þessu kæmu síðan auknar álögur á almenning í formi mikilla vaxtahækkana. Þá verður að teljast mjög hæpið að markmið Seðlabankans um 2,5% verðbólgu á ári næðist á sama tíma og yfir stæði slík risaframkvæmd sem á margvíslegan hátt hefði mjög mikil áhrif til spennuaukningar í hagkerfinu.

Minni hlutinn átelur harðlega þau vinnubrögð að ekki skuli gerð heildstæð úttekt á afleiðingum slíkrar stórframkvæmdar fyrir samfélagið.

Minni hlutinn telur að með frestun á afgreiðslu frv. gefist ráðrúm til að vinna faglega að nauðsynlegri stefnumörkun til

framtíðar varðandi nýtingu orkuauðlinda landsins. Orkan í fallvötnum landsins er takmörkuð auðlind. Settar hafa verið fram tölur um að fræðilega sé hægt að framleiða í landinu um 50 TWst af raforku, 30 með vatnsafli og 20 með jarðgufu. Krafan um varúð í umhverfismálum verður stöðugt háværari og hefur breyst mikið á fáum árum. Í ljósi þess er það sem lengi hefur verið talið ásættanlegt að virkja af vatnsafli, að teknu tilliti til umhverfisþátta, mun minna nú en fyrir áratug. Ljóst er að hér er aðeins um lauslegt mat að ræða og því mikilvægt að vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sé hraðað.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti árið 1977 að hafin skyldi vinna við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar er iðnrh., í samráði við umhvrh., falið að láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skuli henni lokið fyrir árið 2000. Áætluninni er ætlað að vera í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í áætluninni skal sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi og í því sambandi sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.

Verkið hefur reynst mun umfangsmeira og tímafrekara en ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir. Þannig lá það fyrir haustið 1999 að fara þyrfti yfir rúmlega 60 mögulegar hugmyndir að vatnsaflsvirkjunum og um 30 hugmyndir að jarðvarmavirkjunum. Áður en vinnan hófst gerði verkefnisstjórnin sér vonir um að hægt yrði að ljúka vinnu við 25 hugmyndir sem kynntar yrðu haustið 2002. Þetta mun ekki geta gengið eftir og er nú svo komið að iðnrh. hefur lagt hart að verkefnisstjórninni að skila í haust einhvers konar „tilraunamati" á virkjanakostum á miðhálendi Íslands.

Það er álit minni hlutans að vinnu við rammaáætlun þurfi að hraða og að heildaráætlun liggi fyrir sem fyrst þannig að grundvöllur sé til þess að taka ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu.

Með vísun til framangreindrar umfjöllunar, virðulegi forseti, leggur minni hlutinn til að frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í ljósi þess að allt er í óvissu með framvindu Noralverkefnisins, stórfelld umhverfisspjöll sem af Kárahnjúkavirkjun hljótast eru óverjandi, mikið skortir á að arðsemi verkefnisins sé fullnægjandi, deildar meiningar eru um hvort verkefnið yrði jákvætt fyrir byggðaþróun á Austurlandi í heild þegar til lengri tíma er litið og ólokið er gerð rammaáætlunar um forgangsröðun virkjunarkosta, samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

[14:30]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Efnisinnihald ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar þurfti ekki að koma mikið á óvart, og ég ætla svo sem ekki að eyða orðum á það nema að auðvitað hefur þingflokkur Vinstri grænna verið á móti málinu og í hans löngu ræðu kemur fram að svo er enn og mun væntanlega ekki breytast. Reyndar kom það fram hjá honum að hann væri á móti stækkun Kröfluvirkjunar af því að hún mundi ganga á göngustíga og að ferðaþjónusta ætti þá undir högg að sækja í Mývatnssveit. Síðan talaði hann hins vegar um að rétt væri að nýta þá orku fyrir norðan og það er í sjálfu sér gott og gilt sjónarmið. En ég vildi mótmæla því sem hann sagði um ferðaþjónustu. Af orðum hans mátti skilja að þeir sem styddu virkjunaráform við Kárahnjúka töluðu niðrandi um ferðaþjónustu, og hann sagði að við töluðum um ferðaþjónustu í því ljósi að þar væri eingöngu fjallað um að skipta um á rúmum.

Ég mótmæli þessum málflutningi þingmannsins og vil draga það fram að auðvitað skiptir ferðaþjónusta gífurlega miklu máli á Austurlandi, og Austfirðingar hafa verið að efla sig í ferðaþjónustu. En það er jafnljóst að þetta verkefni, þegar að því kemur, mun styrkja ferðaþjónustuna eins og hún hefur verið að byggjast upp.

[14:32]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg makalaust hvað hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur er lagið að snúa út úr öllum sköpuðum hlutum.

Hvað varðar Kröfluvirkjun — var ég ekki að segja að það væri til fyrirmyndar að búið væri að ganga frá því að hægt væri að stækka þá virkjun um 40 megavött? Má þá ekki skilja orð mín svo að ég sé hlynntur því að sú stækkun geti farið fram vegna þess að hún hafi farið í umhverfismat og ekki sé ágreiningur um að það sé hægt? Er það að vera á móti Kröfluvirkjun? Ég frábið mér svona málflutning því að þetta er ekki rétt. Þetta stendur í ræðu minni. Og var ég ekki að benda á að ég vildi að umhverfismat færi fram á öðrum virkjunarkostum en það væri ekki sett fram í þessu frv.? Það er bara það sem stóð upp úr mínum málflutningi.

Ég sagði líka að það væri stefna mín og félaga minna að þess ætti að freista að nota þær auðlindir, sem við ákveðum að nota, sem næst auðlindinni sjálfri, uppsprettu hennar. Það er viðurkennd stefna umhverfisverndarsinna úti um allar koppagrundir og fyrst og fremst byggt á því að það krefst minni línulagna, eðlilega.

Ég er fyrst og fremst, virðulegi forseti, að tala um hvernig menn nálgast ákvörðunartöku um mál. Og það er rangt sem kemur fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að ég sé á móti stækkun Kröfluvirkjunar vegna þess að í ræðu minni hrósaði ég því einmitt að búið væri að vinna grunnvinnuna fyrir 40 megavatta stækkun.

[14:34]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í svari hv. þm. kom ekki fram afstaða hans til ferðamála og hvort það er skoðun hans að við sem styðjum virkjun séum á móti ferðaþjónustu. Þau sjónarmið koma ítrekað fram hjá vinstri grænum að ekki sé hægt að stunda þessar atvinnugreinar saman.

Auðlindir okkar Austfirðinga liggja í því að við eigum óvirkjuð jökulvötn, mikið af víðernum og mörg tækifæri í ferðaþjónustu. Og auðvitað viljum við nýta þessi tækifæri. Við Austfirðingar erum mjög áfram um það og margir hafa lagt mikið á sig til þess að geta stundað ferðaþjónustu.

En það er jafnljóst að erfiðleikar í ferðaþjónustu verða áfram ef ekki er hægt að lengja ferðamannatímabilið. Og það er líka jafnljóst að það umfang á þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru varðandi virkjunina og byggingu álvers í Reyðarfirði mun auðvitað styrkja ferðaþjónustuna mjög verulega því að fjöldi fólks verður á ferðinni á Austurlandi utan hins venjulega ferðamannatíma og mun þurfa að nýta þær stofnframkvæmdir og þá grunnþjónustu sem til er í ferðaþjónustunni. Og við hljótum að geta fagnað því saman, ég og hv. þm., að þessar framkvæmdir verði þannig til þess að styrkja ferðaþjónustuna ef menn ætla yfir höfuð að lifa af henni.

[14:36]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn snýr hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir öllu á hvolf. Ég hef ekki sagt að þingmenn væru á móti ferðaþjónustu, það er rangt. (**ArnbS:** Hvað ...?) Ég sagði að hv. þm. töluðu oft um að ferðaþjónustan hefði lítið vægi og áttuðu sig ekki á mikilvægi hennar. Ég sagði aldrei hér í umræðunni að hv. þm. væru á móti ferðaþjónustu.

En þegar bent er á ferðaþjónustu — og ég stend við það — hefur margoft komið fram, og ég get látið fletta því upp í ræðum þingmanna, að lítið er gert úr greininni og sagt að í henni séu láglaunastörf. Ég benti á það í ræðu minni að menn ættu að taka allt sviðið, frá flugstjórum og niður í þá sem búa um rúmið sem sennilega hafa lægstu launin. En ég hef aldrei sagt það sem hv. þm. er að leggja mér í munn og ég frábið mér að það sé gert á þennan hátt.

Ég hef viljað styrkja og efla vægi ferðaþjónustunnar. Það kom fram í ræðu minni að það væri eitt af höfuðmarkmiðum okkar og ég sagði jafnframt að við ættum að meta það að ferðaþjónustan er orðin annar stærsti atvinnuvegur okkar. Telst það að vera á móti ferðamennsku eða ferðaþjónustu og tala lítillækkandi um hana? Það er bara ekki rétt sem hv. þm. heyrir og telur sig hafa umboð til að hafa eftir mér. Ég held að ég geti alveg verið samstiga henni í að efla vægi ferðaþjónustunnar og er tilbúinn í þá vinnu hvenær sem er.

[14:38]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil beina hér nokkrum spurningum til hv. þm. í framhaldi af yfirgripsmikilli ræðu hans.

Hv. þm. fullyrti í ræðu sinni að ef þetta verkefni sem hér er til umræðu gengi eftir mundi það kæfa sprotafyrirtæki í landinu. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann hafi einhver dæmi um að slíkt hafi gerst vegna stóriðju og jafnframt spyrja þingmanninn hvort hann telji þá ekki með þau sprotafyrirtæki sem sprottið hafa upp vegna starfsemi álversins í Straumsvík og stóriðjunnar á Grundartanga. Ég nefni Málmsteypuna Hellu sem flytur út gífurlega mikil verðmæti, unnin upp hér, en það er þróunarstarf sem varð til í samstarfi Málmsteypunnar Hellu og álversins í Straumsvík. Ég nefni hugbúnað Jóns Hjaltalíns Magnússonar og fyrirtækis hans sem hefur flutt út um allan heim hugbúnað og róbóta fyrir álver fyrir tugi ef ekki hundruð milljóna kr. Ég spyr hvort hv. þm. telji slík sprotafyrirtæki ekki með.

Í annan stað spyr ég hv. þm. af því að hann vildi að hér yrði gerð grein fyrir öllum efnahagsstærðum á framkvæmdatíma verksins: Telur hv. þm. að efnahagur og efnahagsstærðir séu einhver fasti sem taki ekki mið af atvinnuástandi og efnahagsástandi almennt á hverjum tíma? Hvernig er hægt að gera grein fyrir slíkum efnahagsstærðum sem einhverjum fasta?

Í þriðja lagi spyr ég hvort hv. þm. telji það kúgun, eins og hann gaf í skyn, þegar félagar hans í iðnn., átta að tölu, allir nema hann í iðnn., töldu að málið væri orðið það þroskað að tímabært væri að taka það út. Getur hann sagt eða gefið í skyn að um kúgun sé að ræða?

[14:40]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason beinir til mín spurningum varðandi sprotafyrirtæki. Þó að hægt sé að nefna núna af síðasta þensluskeiði ný fyrirtæki sem hafa sprottið upp held ég að hv. þm. Hjálmar Árnason hljóti að gera sér grein fyrir því, alveg á sama hátt og ég, að þensluskeiðið sem við förum í gegnum vegna stækkunar tveggja álvera, í Hvalfirði og hér suður með sjó, og síðan gríðarleg umsvif í samfélaginu og háir vextir hafa orðið þess valdandi að ný fyrirtæki og smærri fyrirtæki sem voru að byrja rekstur hafa lent í gríðarlegum vandræðum og sum þurft að hætta um allt land. Og undan þessu er kvartað alls staðar vegna hárra vaxta o.s.frv.

Við þurfum ekki að læra með því að fara út í annað ævintýri. Við höfum reynsluna. Við höfum að baki alveg gríðarlega erfitt tímabil þar sem sprotafyrirtæki, ný fyrirtæki með miklum lánum, hafa átt í miklum erfiðleikum um allt land. Það er þetta sem verið er að tala um varðandi ruðningsáhrif og ég hélt að hv. þm. ætti að vera þetta fullkunnugt, alveg á sama hátt og mér, eftir að hafa farið út um allt land og rætt við menn sem hafa staðið í því að stofna ný fyrirtæki. Auðvitað eru alltaf undantekningar varðandi uppbyggingu fyrirtækja í slíku ástandi en hin dæmin eru mýmörg og við hv. þingmenn hljótum að hafa verið í sambandi við fólk víða um land sem hefur farið halloka með sín nýju fyrirtæki og áform vegna stöðunnar, t.d. í peningamálum í samfélaginu.

[14:42]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í andsvari hv. þm. kom fram að hér hafa fjölmörg fyrirtæki geispað golunni að undanförnu vegna þenslu. En það er án stóriðju, það er ekki vegna þeirrar stóriðju sem nú er fram undan. Líka er rétt að benda á það sem fram hefur komið að verði einhver þensluáhrif geta þau orðið án mótvægisaðgerða. Talað hefur verið um mótvægisaðgerðir í efnahagsmálum.

En þingmaðurinn vék sér undan því að svara þeirri spurningu minni hvort hann vissi um einhver sprotafyrirtæki sem hafa horfið þegar stóriðja hefur risið hér. Og þingmaðurinn vék sér einnig undan því að svara hvort hann vildi flokka fyrirtæki á borð við þau sem ég taldi upp í ræðu minni, fyrirtæki sem hafa sprottið upp vegna stóriðjunnar, í samstarfi við hana, og þróað með sér hugvit sem hefur skapað mikil útflutningsverðmæti sem hliðargrein við stóriðjuna, eitthvað óæðri sprotafyrirtæki en önnur.

Þá svaraði þingmaðurinn því heldur ekki hvort hann teldi að hægt væri að fjalla um efnahagsstærðir sem einhvern óumbreytanlegan fasta. Ég spurði um það vegna þeirrar kröfu þingmannsins að gerð yrði grein fyrir efnahagsáhrifunum mörg ár fram í tímann. Ég held því fram að það sé ekki hægt vegna þess að efnahagsstærðir í þjóðfélaginu eru breytilegar, þær ráðast af svo mörgum þáttum, gengisþróun, atvinnuástandi og þar fram eftir götunum. Treystir þingmaðurinn sér til þess að fjalla um þróun efnahagslífs sem einhvern fasta, óháðan tíma og rúmi liggur mér við að segja?

[14:44]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er spurt margra spurninga sem gefa tilefni til hálftímaræðu hver.

En aftur að stöðu sprotafyrirtækja og ruðningsáhrifum. Ég var að tala um tímabilið þegar við förum í miklar framkvæmdir sem við erum enn að súpa seyðið af vegna hinnar

gríðarlegu þenslu þegar farið var út í stækkun á báðum álbræðslunum, og gríðarlegar framfarir í kjölfarið. Og það vita allir sem tala við menn í atvinnulífinu að þetta tímabil, þegar þenslan hefst og vextir fara upp og fjármagn verður dýrara, hefur rutt gríðarlega mörgum fyrirtækjum út af sjónarsviðinu þannig að við höfum reynslu af þessum ruðningsáhrifum. Tímar hafa verið erfiðir og í blöðum hefur komið fram að stundum eru það tugir og upp í hundruð sem hafa farið yfir um á mánuði. Það eru þessi áhrif sem koma fram í kjölfar þess að menn spýta of miklum peningum inn í efnahagskerfið á of stuttum tíma. Og ég held að hv. þingmanni ætti að vera fullkunnugt um þessar afleiðingar sem eru alls staðar í samfélaginu.

Það er fyrst núna, í kjölfar síðustu þenslu, sem við erum í þeim fasa að geta sagt að við séum að jafna okkur. Og þá vilja menn fara í aðra kúvendingu, aðra innspýtingu, sem leiðir til svipaðrar verkunar í efnahagskerfinu og getur leitt af sér miklu verri hluti en við gerum okkur grein fyrir í fljótu bragði.

[14:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það vekur athygli mína að hæstv. ráðherra er farin úr salnum og á töflum hér frammi kemur í ljós að hæstv. ráðherra er farin úr húsi. Hæstv. ráðherra hefur farið frá umræðunni um þetta mál.

Hæstv. ráðherra hefur sjálfur lagt á það ofurkapp að þetta mál yrði tekið fyrir og á dagskrá. Það hefur meiri hlutinn gert. Hér hefur verið hafnað óskum tveggja þingflokka um að þetta mál verði ekki tekið fyrir, a.m.k. ekki fyrr en eftir helgi, eftir að ný yfirlýsing Noral-samstarfsaðilanna, sem einu sinni voru.

Með hliðsjón af því, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur lagt slíkt ofurkapp á málið trúir maður því varla að óreyndu að hæstv. ráðherra hverfi svo frá umræðunni um sitt eigið mál. Ég spyr því hæstv. forseta hvort forseta sé kunnugt um það hvar hæstv. ráðherra er og hvort meiningin sé að halda þessari umræðu áfram að ráðherra fjarstaddri. Því mótmæli ég.

[14:47]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti verður við óskum um það að koma beiðni til hæstv. ráðherra um að hún komi í salinn.

[14:47]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. forseta þingsins fyrir þessi viðbrögð. Þau eru eðlileg. Reyndar var óskað eftir því hér í morgun að þessu máli yrði frestað, að lágmarki fram að þeim tíma að niðurstaða fæst um hvort Norsk Hydro hyggist eiga aðild að álveri í Reyðarfirði. Sem kunnugt er þá er það kaupandinn að orkunni frá Kárahnjúkavirkjun, þeirri virkjun sem er hér til umræðu.

Menn hafa verið að reyna að kalla eftir upplýsingum um ýmsar efnahagslegar forsendur málsins, verð á raforkunni og þar fram eftir götunum. Nú kemur á daginn að kaupandinn er ekki einu sinni fyrir hendi. Í ofanálag flýr núna hæstv. iðnrh. af hólmi og er ekki viðstödd þessa umræðu.

Herra forseti. Ég þakka þessi viðbrögð forseta þingsins. Þau eru eðlileg og að sjálfsögðu getur þessi umræða ekki farið fram nema að viðstöddum hæstv. iðnrh.

[14:49]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég skil ekki alveg þá leiksýningu sem hér er í gangi. Hér er verið að fjalla um frv. til laga, fyrst og fremst um nál. Hér hafa nefndir, iðnn. og fleiri nefndir reyndar, fjallað um mjög ítarlega um málið og það er verið að fjalla hér um nál. Þetta mál er í höndum þingsins. (Gripið fram í.) Þetta mál er ekki í höndum ráðherra, þetta er í höndum Alþingis.

Það vill svo til að hæstv. iðnrh. þurfti að bregða sér af bæ til að sinna skylduverkum, eins og ég hygg að hæstv. forseta sé alveg ljóst og hafi vitað. Mér vitanlega lét hæstv. ráðherra þá ræðumenn sem næstir eru á mælendaskrá vita af þessu og þeir munu ekki hafa gert athugasemd en hæstv. ráðherra mun koma aftur í þinghúsið. Þannig finnst mér eðlilegt, í ljósi þess og þess að hér eru nál. til umræðu, að við höldum umræðunni áfram. Ég botna satt að segja ekki í þessari leiksýningu sem hv. þingmenn Vinstri grænna setja enn einu sinni af stað.

Ég veit að þeir eru á móti málinu en þá eiga þeir bara að segja það en búa ekki til svona sýningu dag eftir dag, nánast klukkustund fyrir klukkustund í þessu máli. Þeir hafa sagt sína skoðun. Þeir eru á móti því og vilja þetta mál feigt. Gott og vel. En það bara vill svo til að átta af níu nefndarmönnum í iðnn. töldu málið fullþroska og vilja fá að ræða það.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að við höldum umræðunni áfram.

[14:50]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég hef fengið upplýsingar um að hæstv. ráðherra sé ekki í bænum en mér er ekki kunnugt um hvort hæstv. ráðherra hafi skyldustörfum að gegna annars staðar eða ekki.

[14:51]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sé það sannleikanum samkvæmt að hæstv. ráðherra sé ekki í bænum og ætli ekki að verða viðstödd þessa umræðu þá finnst mér ekki koma annað til greina en að henni verði frestað.

Nú gerist það að sjálfsögðu oft að hæstv. ráðherrar leita til þingmanna, ekki síst þeirra sem næstir eru á dagskrá, og spyrja hvort þeim sé á móti skapi að þeir bregði sér af bæ. Yfirleitt vilja alþingismenn sýna tillitssemi við slíkar aðstæður og það kann að vera uppi á teningnum nú sem oftar.

Hér er hins vegar um miklu stærra mál að tefla. Við erum að fjalla hér um stærstu fjárfestingu Íslandssögunnar. Að sjálfsögðu á sá ráðherra í ríkisstjórninni sem er ábyrgur fyrir málaflokknum að vera viðstaddur þá umræðu. Þannig að ef hæstv. iðnrh. ætlar ekki að vera viðstaddur umræðuna finnst mér ekki annað koma til greina en að henni verði slegið á frest.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Já, leiksýningu, herra forseti, kallaði hv. þm. Hjálmar Árnason það að hér eru gerðar athugasemdir við að hæstv. ráðherra sé ekki viðstaddur umræðuna í þessu stóra og mikla máli sem slíkt ofurkapp er lagt á að knýja í gegn. Það kallar hv. þm. Hjálmar Árnason leiksýningu og fer svo með þau fræði að nál. séu á dagskrá.

Ég hélt að það væri stjfrv. sem er á dagskrá og heyrði undir tiltekinn ráðherra en ekki bara nál., svo merkileg sem þau kunna að vera og sérstaklega meiri hlutans, en hin gagnmerka framsöguræða fyrir því snerist eiginlega um allt annað en málið sjálft.

Staðreyndin er að það er skýlaus krafa og rík þinghefð fyrir *því að ef óskað er eftir því að ráðherrar viðkomandi* málaflokks séu viðstaddir þegar umræður um mál þeirra fara fram þá er orðið við því. Ótal dæmi eru til úr þingsölum um að ráðherrar hafi verið vaktir um miðjar nætur og sóttir heim til sín til að svara hér spurningum og vera viðstaddir umræður. Síðast fyrir nokkrum dögum var gagnrýnt að aðrir ráðherrar en þeir sem fóru með viðkomandi mál væru ekki jafnframt viðstaddir. Þá sagði hæstv. iðnrh. að þar sem hún væri á staðnum væri ástæðulaust að gera kröfur um að aðrir ráðherrar væru það líka. Hæstv. ráðherra lét jafnvel að því liggja að hún hefði bara móðgast ef aðrir ráðherrar væru að vasast í hennar málum. En það hvarflaði ekki að hæstv. iðn.- og viðskrh. að gera athugasemdir við að nærveru hennar væri óskað, enda er það ekki venjan.

Það breytir engu þó að hæstv. ráðherra hafi talað við einn eða tvo þingmenn sem næstir voru á mælendaskrá. Það leysir hæstv. ráðherra ekki undan skyldum sínum. Við höfum öll skyldum að gegna. Þannig er það með okkur alla, þingmenn Norðurl. e., að við ættum að vera annars staðar, þ.e. við opinbera athöfn sem nú fer fram í Háskólanum á Akureyri. Kannski er hæstv. iðn.- og viðskrh. þar. Við hin, sem erum hér viðstödd þessa umræðu, erum að afsala okkur því að geta verið þar.

Ég mótmæli því að hæstv. ráðherra hafi einhver forréttindi *af því tagi að hún geti farið í burtu frekar en aðrir þingmenn*, sérstaklega þegar hér er á dagskrá mál sem hæstv. ráðherra leggur sjálf ofurkapp á að nái fram að ganga. Það sjá allir að það er algjör lágmarkskrafa að ráðherra greiði a.m.k. fyrir því fyrir sitt leyti með því að vera viðstödd umræðuna.

Ég ítreka óskir mínar, herra forseti, um það að umræðunni verði frestað úr því að ljóst er að ráðherra hefur sjálf valið *að fara úr bænum við þessar aðstæður, og hún ekki tekin á* dagskrá fyrr en í fyrsta lagi að ráðherrann er mættur og helst ekki yfirleitt.

[14:55]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér einungis í tilefni af orðum hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Hann gat þess í ræðu sinni um fundarstjórn forseta rétt áðan að hæstv. ráðherra hafi talað við þá ræðumenn sem næstir væru á mælendaskrá.

Ég vil upplýsa það, herra forseti, að hæstv. ráðherra kom að máli við mig en ég er, ef ég man rétt, þriðji þingmaður á mælendaskrá núna. Hæstv. ráðherrann sagði mér að til stæði að hún færi til Akureyrar. Ég vil að það komi skýrt fram að ég sagði við hæstv. ráðherra að hún yrði auðvitað að taka sínar ákvarðanir en ég mundi sakna hennar. Hv. þm. Hjálmar Árnason getur þannig ekki haft betri vitund um samtal okkar en ég hef. Það er hér með upplýst.

[14:56]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er almennt þeirrar skoðunar að hæstv. ráðherrar eigi að vera viðstaddir umræðu um stórmál sem tilheyra málaflokki þeirra og hefði talið æskilegast að hæstv. ráðherra hefði getað verið viðstödd þessa umræðu.

Ég vil þó segja að ég veit að hæstv. ráðherrann talaði við þá hv. þm. Samfylkingarinnar sem munu tala hér á næstu klukkustundunum og fékk jákvæð viðbrögð þeirra við því að hún mundi bregða sér af bæ. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég held að það sé kannski mikilvægast að standi þeim þingmönnum sem hér munu tala næstu klukkutímana nokk á sama þótt hæstv. ráðherrann fari þá skipti fjarvera hennar ekki svo miklu máli. Til svara fyrir hv. iðnn. verður *hér vonandi áfram hv. þm. Hjálmar Árnason. Málið er jú á* forræði nefndarinnar og er að koma frá nefndinni.

Að öðru leyti vil ég taka undir að almennt eigi það að vera þannig, herra forseti, að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir stórmál af þessu tagi. Ég tel það mjög æskilegt og vona að hæstv. forseti taki vel í það hér eftir að við slíkum kröfum sé almennt orðið, að kalla til hæstv. ráðherra þegar stórmál eru til umræðu í þinginu.

[14:57]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þingfundur hófst á því hér að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kröfðust þess mjög eindregið að þetta mál yrði ekki sett á dagskrá vegna þess að þeir eru mótfallnir virkjun við Kárahnjúka og álversframkvæmdum við Reyðarfjörð, eins og alkunna er. (**KolH:** Hver ætlar að kveða upp úr um það?) Þeir óskuðu þess eða kröfðust þess að málið yrði ekki tekið á dagskrá.

Til allrar hamingju er allverulegur meiri hluti fyrir því *í þinginu að taka málið til umræðu. Þess vegna fór það á* dagskrá. Þá grípa hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þess örþrifaráðs að stökkva hér upp vegna þess að hæstv. iðnrh. þurfti að fara og sinna skylduerindum.

Nú er það svo, herra forseti, að það hefur margsinnis gerst að ráðherrar hafi ekki verið viðstaddir 2. umr. þegar fjallað er um nál. (**SJS:** Nefndarálit?) Þar að auki er venjan frekar að ráðherra svari oftast í lok umræðu, safni spurningum (Gripið fram í.) og það er afskaplega ... (**SJS:** Hann verður þá að heyra spurningarnar.)

Má ég biðja hæstv. forseta að reyna að róa hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svo ég megi nú ljúka máli mínu. En venjan er sú að ráðherrar svari í lokin. Það er mjög auðvelt. Ég skal taka að mér, ef hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þurfa að koma spurningum til ráðherra, að koma þeim til hennar sé þeim einhver léttir að því. Það er hins vegar venjan að ráðherra bregðist við og svari spurningum í lokin. Þannig er ekkert óeðlilegt við þetta. Hér mun ráðherra koma aftur í húsið.

Ég tek undir það sem hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar sagði og beindi frómri ósk til hæstv. forseta um að halda þessari umræðu áfram á eðlilegum nótum.

[15:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forseti kveði upp úrskurð um þetta mál. Ég vil í tilefni orða hv. þm., formanns Samfylkingarinnar, segja það að þó að hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem næstir eru á mælendaskrá séu sáttir við það að ráðherrann sé fjarstödd meðan þeir flytja ræður sínar er ég það ekki. Í ljósi þess sem hér hefur farið fram óska ég eftir því að hæstv. forseti kveði nú upp úrskurð sinn í þessu máli. Það er ljóst að hæstv. ráðherra mun koma hingað síðar í dag til starfa og mér sýnist krafan einboðin, að umræðunni verði í öllu falli frestað þar til hæstv. ráðherra

mætir hingað til leiks aftur, og ég óska eftir úrskurði hæstv. forseta um það mál.

[Fundarhlé. — 15:01]

[15:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér í dag hefur eðlilega orðið þjóðinni uppspretta mikillar umræðu enda er hér verið að ræða um býsna stóra framkvæmd. Það sem þó hefur kannski orðið enn frekar umræðuefni undanfarinna daga er hvort yfir höfuð nokkuð verði af þessari framkvæmd. Það er svo merkilegt, það birtist okkur hér a.m.k. þannig, að þeir sem eru mest á móti framkvæmdinni og alfarið á móti henni virðast hafa af því mestar áhyggjur hvort af henni verði. Það er auðvitað hótfyndni af minni hálfu, herra forseti, að segja þetta en ég get ekki látið hjá líða sökum þess að það er svolítið óþægilegt fyrir þá sem vilja taka þátt í málefnalegri umræðu, og eftir því hefur verið óskað af hálfu ýmissa hér, og það er svolítið erfitt að fóta sig þegar viðmiðunum og efnisástæðum manna fyrir andstöðu eða stuðningi er sífellt breytt.

Herra forseti. Ég er hér komin til þess að gera grein fyrir fyrirvara mínum og hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar í iðnn. Við skrifum undir álit meiri hlutans með fyrirvara eins og fram kemur í því áliti.

Vegna þess hvernig aðrir hv. þm. hafa notað söguna sem viðspyrnu fyrir sínum skoðunum langar mig til að víkja að söguskoðunum. Það er mikilvægt vegna þess að nú eru komnir í salinn þeir tveir ræðumenn sem talað hafa fyrir nefndarálitum í þessari umræðu og hafa báðir notað viðspyrnu í sögunni til þess að réttlæta skoðanir sínar. Ég mun gera það einnig þegar það er viðeigandi í ræðu minni af þessu gefna tilefni. En, herra forseti. Ég er ekki viss um að söguskoðun mín sé sú sama og hinna tveggja, en það mun koma í ljós.

Það var afstaða okkar í Samfylkingunni að ef verða átti af virkjun við Kárahnjúka þyrfti að vera mikill efnahagslegur ávinningur af þeirri framkvæmd, fyrir þyrfti að liggja að arðsemi virkjunarinnar væri ótvíræð og að hin þjóðhagslegu áhrif af þessari framkvæmd væru viðráðanleg og jákvæð. Er þá bæði átt við virkjun og álver.

Okkur fannst líka skipta verulegu máli fyrir niðurstöðu okkar um þetta mál hver stefna stjórnvalda yrði í nýtingu lands norðan Vatnajökuls. Við höfum talað fyrir þjóðgarði þar eins og menn hafa orðið varir við og erum með þingmál í vinnslu á síðasta snúningi sem lýtur að því hugðarefni. En það er alveg ljóst að svo stór framkvæmd sem hér um ræðir hefur í för með sér mikil umhverfisáhrif og það er stjórnmálamanna og þá Alþingis að meta hvort veita beri svo stóru máli brautargengi þar sem vegnir eru saman hugsanlegur ávinningur í hærri þjóðartekjum og í annars konar byggðaþróun og hugsanleg þjóðhagsleg áhætta og neikvæð umhverfisáhrif. Herra forseti. Þessa þætti höfum við fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. vegið saman og niðurstaða okkar var sú sem fram hefur komið, að við skrifum undir álit nefndarinnar með fyrirvara.

Við höfum að sjálfsögðu mjög horft til þeirra umhverfisáhrifa sem virkjun við Kárahnjúka hefur í för með sér og það er alveg ljóst að sú andstaða sem er innan Samfylkingarinnar byggist fyrst og fremst á slíkum viðhorfum. Það er skiljanleg andstaða sem við virðum. Við höfum hins vegar ekki bara horft á þau umhverfisáhrif sem framkvæmdin hefur í för með sér heldur líka skoðað ferlið sem mat á umhverfisáhrifum fór í, þ.e. eftir að skipulagsstjóri felldi úrskurð sinn. Það er álit fulltrúa Samfylkingarinnar í umhvn., og kemur það fram í fylgiriti með áliti meiri hlutans, að þau telja að eftir að Skipulagsstofnun felldi úrskurð sinn vegna fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar og eftir að sá úrskurður var kærður til umhvrh. á grundvelli laganna um mat á umhverfisáhrifum hafi ráðherra í raun átt um tvo kosti að velja. Hún átti um þann kost að velja að taka kæruna eins og hún gerði til umfjöllunar með því að gangast fyrir einhvers konar framhaldsmati, byggðu að einhverju leyti á nýjum upplýsingum. En ráðherra átti líka þann kost að senda málið aftur til umfjöllunar Skipulagsstofnunar sem hefði þá fengið hin nýju rannsóknargögn í hendur og getað kveðið upp nýjan úrskurð.

Herra forseti. Það kemur fram að fulltrúar Samfylkingarinnar bera ekki brigður á lögmæti þess ferlis sem umhvrh. ákvað að setja málið í enda liggur því til grundvallar lögfræðiálit þar sem færð eru rök fyrir niðurstöðu ráðherrans. Það er hins vegar skoðun okkar að sá kostur sem ráðherra valdi verði að teljast stjórnsýslulega hæpinn vegna þess að hinn endanlegi úrskurðaraðili, þ.e. umhvrh. sjálfur, ber þá ábyrgð á umhverfismatsferlinu og þeim vinnubrögðum sem við það er beitt. Þar með ber ráðherrann og ráðuneytið, sé þessi leið valin, ábyrgð á einstökum niðurstöðum úr matsferlinu. Þetta, herra forseti, teljum við að rýri trúverðugleika ráðuneytisins og ráðherrans og kalli fram efasemdir um það hvort málsmeðferðin standist stjórnsýslulega og hvort hún standist alþjóðlegar skuldbindingar okkar í umhverfismálum. Okkur finnst sem sagt, herra forseti, að þarna hafi verið tekin óþarfa áhætta með þessari málsmeðferð þó við vefengjum ekki að eins og lögin eru hafi ráðherra verið heimilt að fara þessa leið.

Það er alveg ljóst eftir þessa skoðun að það er niðurstaða okkar og einn af fyrirvörum okkar í raun að það þarf að taka lögin um mat á umhverfisáhrifum til endurskoðunar með tilliti til þess hvernig fara skuli með kæru til ráðherra vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar og við teljum að ferlið sem nú er að baki styðji þá niðurstöðu.

Herra forseti. Það má kannski segja að kerfið sé ekki alveg við því búið að úrskurðir séu felldir á þann veg sem skipulagsstjóri gerði. Það hefur sem sagt ekki verið alvanalegt að mati á umhverfisáhrifum væri hafnað eða það fellt þannig að á lögin reyndi í þessu tilfelli. En eins og ég sagði þá er það mat okkar að ástæða sé til að endurskoða lögin með tilliti til þessarar reynslu.

Herra forseti. Ég gat áðan um þann fyrirvara fulltrúa Samfylkingarinnar sem lýtur að verndun lands norðan Vatnajökuls þannig að í kjölfar virkjunar við Kárahnjúka verði ekki ráðist í frekari framkvæmdir sem skaðað geti dýrmætar náttúruperlur þar. Segja má, herra forseti, að sú hugmynd sem við höfum reifað um þjóðgarð norðan Vatnajökuls hvort sem virkjað verður eða ekki sé mjög í takt við það sem margir Austfirðingar hafa verið að ræða. Á fund iðnn. kom einmitt samstarfshópur Markaðsskrifstofu Austurlands sem lagði mikla áherslu á að farið yrði að vinna að hugmyndum um þjóðgarð á svæðinu norðan Vatnajökuls samhliða virkjun þannig að hægt yrði að samþætta aðgerðir og skipulag á svæðinu strax frá upphafi. Þarna voru á ferðinni áhugamenn um uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi, ekki síst ferðaþjónustu, sem leggja áherslu á að ef farið verður í virkjunarframkvæmdir þá hafi menn í huga allan tímann að það

sem gert verði á svæðinu gagnist ferðaþjónustu, spilli henni a.m.k. ekki umfram það sem hlýtur að gerast.

Í meirihlutaálitinu er eins og fram hefur komið tekið mjög sterklega undir áherslur Samfylkingarinnar í þessum efnum. Þar segir, með leyfi forseta, að:

„... frá sjónarhóli jafnt umhverfisverndar sem útivistar sé æskilegt að ósnortin víðerni norðan Vatnajökuls verði lögð undir þjóðgarð. Meiri hlutinn hvetur til að tillögur um það verði teknar til alvarlegrar skoðunar hið fyrsta."

Þetta er að okkar mati afar mikilvægt fyrir framhaldsþróun málsins. Það kom fram hjá hv. frsm. meirihlutaálitsins að hæstv. umhvrh. hefur tekið undir áhuga manna í þessa veru.

Ég ætla, herra forseti, að rekja önnur atriði sem hafa komið fram og skipta máli fyrir niðurstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Orkuverð er með þeim hætti að sannfærandi rök eru fyrir því að raunarðsemi virkjunarinnar verði 6,3–6,4%. Það er 1% umfram ávöxtunarkröfu verkefnisins og hlutlaust fyrirtæki, Ráðgjöf og efnahagsspár, sem gerði sjálfstæða útreikninga út frá öllum helstu áhættuforsendum, þ.e. stofnkostnaði, þróun álverðs, raungengi á orkumarkaði o.s.frv., komst að sambærilegri niðurstöðu. Þetta skiptir máli, herra forseti, eins og ég sagði áðan, vegna þess að við hljótum að horfa til þess hver arðsemi þessara framkvæmda er. Það er auðvitað ein af forsendunum fyrir stuðningi við verkefnið.

Gert er ráð fyrir því að verkið geti greitt upp stofnkostnað og vexti á um 30 árum, 25–30 var sagt áðan. Við skulum bara segja 30 ár, en það er ekki langur tími þegar um er að ræða fjárfestingu upp á 118 milljarða kr. Þó að menn séu að tala um að rétt væri að krefjast meiri arðsemi eins og gert hefur verið af sumum hagfræðingum, að krefjast 10% arðsemi, þá virðist 6% arðsemi eða 5,1% sem Landsvirkjun hefur gefið sér nægt til að greiða þetta verk upp á 30 árum. Ég hygg að flestum þætti það bærileg arðsemi, a.m.k. þeim sem eru að greiða upp húsnæði sitt og þurfa til þess enn lengri tíma.

Herra forseti. Ég hygg að hér sé ekki ofsagt þegar menn tala um að um arðsamt verkefni sé að ræða. Hins vegar er ljóst að sú gagnrýni sem fram hefur komið, að verkefnið væri hugsanlega ekki arðsamt væri öðrum forsendum beitt, ætti alveg rétt á sér ef við værum með aðrar aðstæður. Væru aðstæðurnar þær að hér væri um fyrirtæki að ræða sem ekki væri í opinberri eigu, hefði ekki kost á ríkisábyrgð, fyrirtæki sem byggi við þær aðstæður að lagaumhverfð væri öðruvísi hvað varðar auðlindapólitík, þá værum við, herra forseti, að tala um allt aðra arðsemi. Það er alveg ljóst. En staðreynd mála er auðvitað sú að við erum að tala um fjárfestingu sem á sér stað út frá þeim veruleika sem við búum við núna. Út frá þeim veruleika verðum við að vinna. Við getum síðan hugsanlega sameinast um að breyta þeim veruleika, breyta þeim lagaramma þannig að umhverfi fjárfestinga af þessu tagi verði í framtíðinni annað en það er núna. Fyrirvarar okkar í Samfylkingunni lúta einmitt að hluta að því.

Af því að hér hefur verið rætt um orkuverð til almennings vil ég ítreka það sem fram kom hjá fulltrúum Landsvirkjunar á fundi iðnn., að áætlun um lækkandi orkuverð til almennings er og verður samkvæmt samkomulagi eigenda fyrirtækisins þar um. Því var haldið ákveðið fram. Eigendur fyrirtækisins gerðu með sér samkomulag um þetta fyrir tveimur eða þremur árum þegar lögum um Landsvirkjun var breytt. Á fulltrúum Landsvirkjunar sem komu á fund iðnn., en það voru forstjóri fyrirtækisins og ýmsir æðstu stjórnendur, var ekki að heyra annað en að staðið yrði að fullu við það samkomulag.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að bera brigður á þau orð. Menn hljóta að standa við þau orð sín. Ef forsendur breytast svo gífurlega að ekki verði hægt að standa við þau þá hlýtur þessu samkomulagi að verða breytt, þessu samkomulagi eigenda. En eins og ég segi kom ekkert fram hjá þessum fulltrúum Landsvirkjunar annað en að við þetta samkomulag yrði staðið. Eftir því var einmitt spurt á fundinum.

Herra forseti. Helsti áhættuþátturinn í útreikningum og arðsemi framkvæmdarinnar er auðvitað þróun álverðsins. Landsvirkjun hefur byggt forsendur sínar um álverð á spám virtustu greiningarfyrirtækja, fyrirtækja sem hafa mikla reynslu af því að greina þróun markaðarins. Nú geta menn sagt: Það er auðvitað ekkert að marka svona fyrirtæki með ríkisábyrgð, svona opinbert fyrirtæki. Ríkisfyrirtæki eins og Landsvirkjun getur náttúrlega tekið hvaða áhættu sem er. En það verður að koma fram, herra forseti, að bæði efh.- og viðskn. og iðnn. kölluðu á fund sinn fulltrúa annarra, þ.e. aðila sem eru að byggja álver eða hafa hug á slíkum framkvæmdum, fulltrúa fyrirtækja sem eru á markaði ef svo má að orði komast. Ég held að það sé nokkuð ljóst að þeir aðilar væru ekki að fara í þær framkvæmdir eða hefðu ekki hug á þeim framkvæmdum ef þeir tryðu ekki sjálfir því sem þeir segja um þróun álverðs. Ég held að orð þeirra auk þess sem matsfyrirtækin segja hljóti að vera það sem við horfum til í þessum efnum.

Í upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur komið fram að á framkvæmdatíma yrði landsframleiðsla um 2% meiri en ella væri og þjóðarframleiðsla 1–1,5% meiri. En eftir að framkvæmdum lýkur og virkjun og álver starfa með fullum afköstum þá mun árlegur útflutningur aukast um 14%, a.m.k. fyrsta áratuginn. Landsframleiðsla gæti til lengdar orðið 1,25–1,5% hærri og þjóðarframleiðsla tæpu 1% meiri.

Herra forseti. Þetta eru auðvitað tölur sem skipta máli. Sérstaklega finnst mér skipta máli að við aukum okkar útflutning. Ég hygg að flestir getið verið á einu máli um það að útflutningur okkar hefur alls ekki aukist í takt við það sem hann hefði þurft að gera á undanförnum árum. Þvert á móti tala menn jafnvel um að Ísland hafi verið að alþjóðavæðast á sama tíma og aðrar þjóðir eru í raun að auka útflutning sinn. Sáralítið hefur gerst hjá okkur og það er í raun mjög skaðlegt. Við þyrftum að auka útflutning okkar. Okkur hefur ekki auðnast að ná að auka útflutning að því marki sem við þurfum. Við höfum hins vegar búið við mikinn viðskiptahalla og minni viðskiptahalli, sem við horfum nú framan í, er fyrst og fremst vegna þess að samdráttur er mjög skarpur í samfélaginu en ekki vegna þess að við höfum fengið auknar útflutningstekjur. Ég endurtek, herra forseti, að það er mjög mikilvægt að við aukum útflutningstekjur okkar.

Jafnframt hefur komið fram að á milli áranna 2002 og 2013 yrði fjárfesting 12% hærri en ella væri vegna þessarar framkvæmdar einnar eða þessara framkvæmda og að meira en helmingur fjárfestingarinnar félli til á árunum 2004–2006. Strax eftir 2007–2008 fara framkvæmdir hins vegar að hjaðna og munu hjaðna ört. Þær upplýsingar sem liggja fyrir um arðsemi framkvæmdarinnar sýna að ávinningurinn af henni gæti verið mikill og ótvíræður og geti til frambúðar haft jákvæð áhrif á kaupmátt og lífskjör og almennt á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Menn hafa talað dálítið um ruðningsáhrifin, þ.e. út frá því að ef önnur fyrirtæki eru veikari eða með minni fram-

leiðni muni þau láta undan og þar með muni þau sem hafa meiri framleiðni lifa áfram og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs þar með aukast.

Þá ætla ég að víkja aðeins að söguskoðunum. Ég er sammála þeim, herra forseti, sem hafa haldið því fram að það sé mikil blessun að því fyrir Ísland að eiga sem virkust erlend samskipti og mikilvægt sé fyrir efnahagslíf okkar að fá hér erlenda fjárfestingu. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mun mikilvægara fyrir okkur að fá erlenda fjárfestingu en vera í sífelldum erlendum lántökum. Það hafa verið okkur ákveðin vandræði hve lítill áhugi hefur verið fyrir erlendri fjárfestingu á Íslandi. Helst er að hann hafi verið í stóriðju.

Það er jafnvel þannig að þó að við opnuðum fyrir fjárfestingar í sjávarútvegi er vafamál að nokkur hefði áhuga. Af hverju skyldi það vera? Það er m.a. vegna máls sem við ræddum fyrst á fundinum í dag, vegna þess að það eru svo fáir sem hafa áhuga á því að fjárfesta í hlutabréfum á krónumarkaði. Það er bara þannig. Það er vandamál að mati okkar margra. Það er vandamál að mati íslenskra stjórnvalda. Ef þeim fyndist þetta mál ekki vera vandamál væri það ekki á dagskrá hér síðar í dag þar sem talað um það að íslenskt fyrirtæki fái heimild til þess að skrá hlutabréf sín í erlendri mynt. Þá værum við heldur ekki búin að vera að fjalla um þingmál hér sem gera að verkum að íslensk fyrirtæki gæti skráð reikninga sína, fært bókhald og ársreikninga í erlendri mynt. Þá hefðu heldur ekki orðið þær skattalækkanir á fyrirtæki sem við höfum verið með. Allt snýst þetta um það að reyna að rétta af þann samkeppnishalla sem íslensk fyrirtæki búa við, m.a. vegna krónunnar.

Svo við förum í söguna held ég að það sem kallað hefur verið Píningsdómur og gerðist fyrir rúmlega 500 árum hafi kannski skipt sköpum fyrir þróunina á Íslandi, þ.e. að hér yrði ekki þéttbýlismyndun fyrr en um þarsíðustu aldamót. Píningsdómur gekk út á það, eins og hv. þingmenn væntanlega muna, að útlendingum var bannað að hafa vetursetu á Íslandi. Ef útlendingar ekki máttu hafa vetursetu á Íslandi fjárfestu þeir að sjálfsögðu ekki á Íslandi. Þeir gátu verið við veiðar en gátu ekki komið upp verstöðvum og þar af leiðandi varð ekki sama þéttbýlismyndun í tengslum við sjávarútveg hér eins og víða annars staðar. Íslenskir bændahöfðingjar sem alla tíð voru mikið íhald komu í veg fyrir að á þeim tíma gæti orðið samkeppni um vinnuaflið. Íslenskir bændahöfðingjar gerðu þetta í gegnum aldirnar með vistarbandi eða eftir öðrum aðferðum. Það er ekki fyrr en í lok 19. aldarinnar að vistarbandið rofnar og það leyfist í raun að þéttbýli myndist á Íslandi. Það hafði reyndar flotið út af fyrr, en hvert flaut það? Það flaut til Kanada.

Eftir að menn voru búnir að reyna að hreiðra um sig upp til heiða, flæmdir úr mannlegu samfélagi, fluttu þeir til útlanda. Menn flúðu land af því að heiðarbýlin voru ekki nógu góð í harðærinu og kuldaárunum. Það var ekki fyrr en vistarbandinu var aflétt að hér fór að glaðna til í þjóðlífinu. Það gerðist líka, herra forseti, eftir að við fórum að fá mannréttindi með vorskipum.

Það er nefnilega líka ein sorgarsagan, að mannréttindi hafa Íslendingar aðallega fengið með vorskipum. Íslensk borgarastétt hefur aldrei haft döngun í sér til að berjast fyrir mannréttindum. Þau hafa meira og minna komið utan frá. Mér þykir þetta miður, en þetta er saga þjóðar minnar.

Herra forseti. Þetta er hluti af þeirri söguskýringu sem mér finnst eiga erindi inn í þessa umræðu í dag, einkum af því að menn hafa verið að réttlæta skoðanir sínar og hugmyndir með söguskoðunum, ýmist með kaupfélagsstofnunum eða með rafvirkjun.

Herra forseti. Svo við víkjum aftur nákvæmlega að þeirri framkvæmd sem mörgum vex í augum, þá ætla ég að taka undir með þeim sem segja: Þessi framkvæmd er ekki stærri en sú sem Íslendingar réðust í þegar byggt var upp við Búrfell og við álverið í Straumsvík. Menn segja kannski: Það er ekkert að marka, þá voru aðstæður allt aðrar. En hagfræðingar sem leggja þetta tvennt að jöfnu eru búnir að leiðrétta eins og þeir segja fyrir þeim mismun, og það eru hagfræðingar eins og Edda Rós Karlsdóttir sem ég er tilbúin að trúa vegna þess að mér finnst hún hafa talað mjög skynsamlega um þessi mál og hún er hagfræðingur sem þorir að segja hlutina eins og þeir eru.

Ég held að við séum líka á margan hátt miklu betur í stakk búin núna en við vorum þá til að takast á við framkvæmd af þessu tagi. Það er ljóst að bæði stærð þessarar framkvæmdar og allur ferill gerir miklar kröfur til hagstjórnarinnar. Og ef hamla á gegn verðbólgu og þenslu þá þarf auðvitað að vera hér með mjög skarpa hagstjórn. Það kom fram bæði við umfjöllun efh.- og viðskn. um þetta mál og sömuleiðis í iðnn. að búið er að fara býsna mikið yfir þessa þætti. Allar okkar helstu efnahagsstofnanir hafa farið yfir þá þætti, Seðlabanki, Þjóðhagsstofnun, fjmrn. og fleiri aðilar, og menn vita mjög mikið um hvað gæti gerst og hafa verið að skoða til hvaða aðgerða væri þá hægt að grípa.

Ég geri ráð fyrir að ef efnahagsstaðan verður þannig á þeim tíma, ef af framkvæmdum verður, að grípa þurfi til aðgerða, þá verði þær samþættar. En það er alveg ljóst að nú eru menn að fara í miklar framkvæmdir með opin augun, kannski í fyrsta skipti í Íslandssögunni, með opin augun að því leyti til að menn eru búnir að reikna það út fyrir fram hvað gæti gerst í efnahagslífi okkar, miðað við gefnar forsendur að sjálfsögðu, menn eru ekki komnir á staðinn enn þá og lenda kannski aldrei þar, en við erum að vinna út frá því sem við höfum í höndunum í dag. Menn eru líka búnir að vera að velta fyrir sér hvaða aðgerðum, mótvægisaðgerðum svokölluðum, væri hægt að beita ef á þyrfti að halda. Hér eru menn því að fara í stóra framkvæmd með opin augun og við treystum því að þegar þar að kemur, ef af verður, verði um samhæfðar aðgerðir að ræða.

Herra forseti. Við styðjum þessa framkvæmd í trausti þess að gripið verði til samþættra aðgerða við hagstjórn eins og við höfum reyndar jafnan óskað eftir að gert væri og höfum verið iðin við að gera á undanförnum tveimur, þremur árum þegar okkur hefur fundist að heldur mikill slaki væri oft á tíðum í hagstjórninni hjá hæstv. ríkisstjórn. En það er ekki alveg víst, herra forseti, þó að af þessari framkvæmd verði, að það verði nákvæmlega þessi ríkisstjórn sem verður við völd, og reyndar höfum við sum á tilfinningunni, sem höfum verið hér undanfarna daga, að minni líkur séu á því en meiri.

En, herra forseti, það er nú svo að stjórnmálamenn geta ekki alltaf kosið sér tíma eða aðstæður fyrir þær ákvarðanir sem þeir þurfa að taka. Fyrirvarar okkar snúast auðvitað að nokkru leyti um það líka. Við hefðum sannarlega viljað hafa traustara land undir fótum þegar við tækjum ákvörðun um að afgreiða virkjunarleyfi um Kárahnjúkavirkjun í hendur hæstv. iðnrh. Jafnvel það að vera með 1. september sem niðurstöðudag fyrir framkvæmdaraðila að álveri skapaði óvissu. En við vissum þó allan tímann, a.m.k. í þessari hrinu, að það mundi koma í okkar hlut hér á hinu háa Alþingi að afgreiða virkjunarleyfi án þess að álverið væri í hendi. Það

er ekkert nýtt í því í dag. Það hefur ekki breyst. Upp á okkur stendur enn að afgreiða virkjunarleyfið. Nú má það vel vera að einhverja næstu daga berist tíðindi um að dagsetningin 1. september verði ekki lengur 1. september heldur einhver allt önnur. En það breytir ekki þeirri stöðu að upp á okkur stendur að afgreiða virkjunarleyfið.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst það ekki vera stóra málið fyrst hvort eð er lá fyrir að við yrðum að afgreiða virkjunarleyfið án þess að þeir sem ætla að byggja álver væru með endanlega niðurstöðu í því máli. Ég lít svo á, miðað við þann texta sem er í þessu frv. að hér sé verið að veita virkjunarleyfi sem er tengt álveri á Reyðarfirði, enda kemur það fram strax í athugasemdum við lagafrv. að það sé flutt til að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar vegna stóriðjuframkvæmda sem áformað er að ráðast í á næstu árum á Austurlandi. Ég hygg, herra forseti, að við sem erum að vinna með þetta mál horfum á málið út frá því sem stendur í frv. og það var ekkert sem kom fram í vinnu iðnn. sem benti til annars en að þetta væri skilningur allra þeirra sem að málinu koma.

Ég er þess vegna ekkert að gera því skóna að þó svo að virkjunarleyfi verði veitt og engir samningar náist um álver að ráðherra rjúki til og gefi Landsvirkjun framkvæmdaleyfi. Mér finnst það mjög ólíklegt satt best að segja, enda mundu lög Landsvirkjunar ekki heimila fyrirtækinu að fara í framkvæmdir ef svo bæri undir, vegna þess að eins og menn þekkja eru lög Landsvirkjunar þannig að fyrirtækið þarf að hafa kaupanda í hendi til að geta ráðist í framkvæmdir.

Herra forseti. Ég sagði að stjórnmálamenn gætu ekki alltaf kosið sér tíma eða aðstæður þeirra ákvarðana sem þeir þurfa að taka. Það er stundum býsna snúið, en segja má að það reyni þá kannski á menn þegar þannig stendur, að þeir haldi ró sinni og haldi þeim kúrs sem tekinn hefur verið einfaldlega vegna þess að ef menn ætla að þoka málum áfram þá horfa þeir að sjálfsögðu á þá niðurstöðu sem verið er að vinna að og horfa á þau verkefni sem fyrir liggja. Ef menn eru hins vegar á móti framkvæmd þá leita þeir auðvitað allra þeirra leiða sem færar eru til þess að bregða fæti fyrir verkefnið. Þannig ganga þessir hlutir fyrir sig.

En við erum ekki bara að veita virkjunarleyfi eins og ég gat um áðan, herra forseti, heldur er það auðvitað svo að Alþingi kemur að hluta til fram fyrir hönd eiganda. Landsvirkjun er, eins og margoft hefur komið fram, opinbert fyrirtæki að helmingi í hluta ríkisins, og stjórnvöld og Alþingi akta að hluta til sem fulltrúar eiganda, og það er þess vegna sem menn horfa á arðsemi fyrirtækisins einnig og þess líka að ríkisábyrgð er gefin á slíka framkvæmd.

En við breytt orkuumhverfi kunna þessir hlutir vissulega að breytast. Ljóst er að við erum að fara væntanlega á næsta missiri a.m.k. í umræður um breytt orkuumhverfi og sú staða sem verið hefur, hvort sem um er að ræða Landsvirkjun eða önnur orkufyrirtæki, mun auðvitað breytast með breyttum lögum. Við erum að fara inn í nýtt umhverfi og ég hygg, herra forseti, að tími ríkisábyrgða fari nú mjög að styttast. Alla vega er það orðið meirihlutaálit, leyfi ég mér að fullyrða, sem fram kemur í áliti Seðlabankans um þetta mál þar sem hann bendir á að rök kunni að vera til að skoða, með leyfi forseta: „hvort ekki sé unnt að takmarka áhættu almennings af verkefninu með því að takmarka með einhverjum hætti þær ábyrgðir opinberra aðila sem verða á lánsfjáröflun til orkuframkvæmda að öðru óbreyttu. Seðlabankinn hefur almennt verið á móti víðtækri notkun ríkisábyrgða í áhættustýrekstri og fjármálastarfsemi enda geta þær skekkt áhættumat og samkeppnisstöðu. Á þessu eru þó alltaf undantekningar sem meta verður í hverju tilfelli, samanber ríkisábyrgð sem veitt var tímabundið vegna ábyrgðartryggingar á flugflota landsmanna."

Herra forseti. Þetta var einmitt einn af okkar fyrirvörum, þ.e. að mikilvægt væri að skoða hvernig takmarka mætti þessa áhættu almennings af fjármögnun verkefna sem þessara, svo sem með stofnun sérstakra fyrirtækja ef um er að ræða ríkisfyrirtæki sem fer út í stórar framkvæmdir. Það hefur verið lenska hér að veita ríkisábyrgðir á býsna margt. Það er auðvitað að hluta til vegna smæðar hins íslenska markaðar sem atbeina ríkisins hefur þurft við og vegna smæðar íslenskra fyrirtækja almennt. Og mönnum hefur fundist það vera eðlilegt ef rýmka mætti aðstöðu fyrirtækjanna og lækka fyrir þeim vexti að veita ríkisábyrgð, enda greiddu þau þá ákveðið gjald fyrir slík hlunnindi. En eins og ég sagði, herra forseti, ég hygg að dagar ríkisábyrgða fari mjög að styttast nema í alveg sérstökum tilfellum.

En það var ekki bara, herra forseti, að við værum með fyrirvara varðandi þessi atriði heldur urðum við mjög vör við það í umfjöllun málsins hve átakanlega skortir á að til sé heildstæð auðlindastefna. Ef farið er í gegnum þau lög og þau frv. sem ýmist liggja fyrir Alþingi eða kynnt hafa verið og borin er saman sú auðlindastefna sem þar birtist þá má segja að þar sé hver höndin upp á móti annarri. Ég ætla að taka dæmi, herra forseti, annars vegar af orkunni og hins vegar af sjónum.

Það hefur þótt sjálfsagt mál hingað til að ríkisvaldið, hið opinbera greiddi fyrir allar rannsóknir sem gerðar eru vegna sjávarútvegs, þannig hefur það verið og þannig er það enn þá. Á sama tíma hefur það þótt jafnsjálfsagt að orkufyrirtækin greiddu fyrir allar rannsóknir sem farið er í vegna orkuöflunar og þetta eru býsna háar upphæðir. Veittir hafa verið styrkir, sveitarfélög eða fyrirtæki eru að fá styrki vegna hitaveiturannsókna. Þeir eru afturkræfir ef árangur næst, það er sem sagt gert ráð fyrir að fyrirtækin greiði rannsóknir sínar að fullu. Þannig er það í orkugeiranum.

Hins vegar hefur ekki enn þá verið farið fram á að fyrirtæki í orkugeiranum greiddu fyrir afnot af landi. Ekki hefur verið farið fram á að þau greiddu fyrir nýtingu auðlindanna, hvorki afnot af landi né afnot af vatni eða annað. Það er hins vegar sú stefna sem er smám saman að birtast í öðrum frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar, þ.e. að tekið sé ákveðið gjald vegna þess að menn fái að nýta land eða landgæði með einum eða öðrum hætti.

Þarna er auðvitað, herra forseti, um mikið ósamræmi að ræða og í rauninni mjög slæmt að þurfa að vinna undir þeim kringumstæðum, vinna sig í gegnum hvert lagafrv. á fætur öðru, ef svo má að orði komast, og verða sífellt var við það að engin samræmd stefna virðist vera til.

Nú síðast vorum við að fjalla um, og munum fjalla um síðar á þessum fundi ef umræðu lýkur í tæka tíð, frv. um eldi sjávarfiska. Þar er um að ræða allnokkra nýtingu á sameiginlegri auðlind. En þar á hvorki að krefjast gjalda fyrir útgáfu á leyfi né heldur er fjallað um það hvernig bregðast eigi við því ef fleiri en einn aðili vilja nýta ákjósanlegan fjörð til eldis né heldur virðist eiga að vera gjaldtaka fyrir slíka nýtingu, enda þótt menn viti að slík gjaldtaka er viðhöfð annars staðar og þykir sjálfsögð. Það eina sem á að taka gjald fyrir í þessu tilfelli er eftirlitið.

Það er kannski líka eins gott í því tilfelli, herra forseti, en ég mun ræða það betur undir því máli því að þar eru menn að koma á tvöföldu eftirlitskerfi sem verður ugglaust mjög dýrt, og fyrir liggur að það verði mjög dýrt fyrir eldisfyrirtækin. Það er forkastanlegt að ríkisstjórnin fari að skemmta sér við að skipta upp eldinu milli tveggja ráðuneyta svo að hver geti haft sitt, og virðist þá ekki skipta ríkisstjórnina nokkru hvort mikill kostnaður eða lítill fylgir. En það ræðum við þegar kemur að því frv. sem er, eins og ég segi, á dagskrá þessa fundar en er kannski einmitt eitt af dæmunum um það hve út og suður auðlindapólitík ríkisstjórnarinnar er, og e.t.v. væri réttast að kalla hana enga. Stundum er sem sagt gert ráð fyrir því að fyrirtækin greiði fyrir rannsóknir, stundum eiga þau að greiða fyrir land, stundum leyfi en engin heildstæð stefna er til.

Fyrir nokkrum árum kaus Alþingi auðlindanefnd sem var falið að móta auðlindastefnu, og það gerði nefndin. Stjórnvöld virðast hins vegar ekki hafa haft nokkurn áhuga á þeirri stefnu sem þar var mótuð. Það eina sem stjórnvöld virðast hafa áhuga á er að pilla einstaka orð eða setningar, helst úr samhengi teknar, og nýta málflutningi sínum til framdráttar í einstöku tilfellum.

Herra forseti. Ég er að ræða um auðlindastefnu og af því að það er nauðsynlegt í umfjöllun um þetta mál ætla ég að rifja upp hver grundvallartillaga auðlindanefndarinnar var. Hún var um það að nýr eignarréttur yrði til, svokölluð þjóðareign. Samkvæmt löggjöf okkar á ríkið sumt, þjóðlendur og annað slíkt, en þjóðin á hins vegar annað eins og Þingvelli, það er tekið fram í lögum. Jafnframt kemur fram í lögum, eins og í lögum um stjórn fiskveiða, að fiskstofnarnir kringum landið séu þjóðareign eða sameign þjóðarinnar. Og segja má, herra forseti, að þó að eitthvað sé sameign þjóðarinnar hefur það mjög hæpna eða enga lagalega merkingu. Til þess að breyta því og gera þá ljóst að það sem þjóðin á hefði lagalega merkingu yrði búinn til þessi eignarréttur, „þjóðareign", sem stæði andspænis því sem heitir einkaeign og eignarréttarlöggjöf okkar gengur út frá.

Til þess að þetta gæti gerst var gerð tillaga að stjórnarskrárákvæði, ákvæði sem kæmi í VII. kafla stjórnarskrárinnar, og þar yrðu náttúruauðlindir, sem ekki væru háðar einkaeignarrétti, lýstar þjóðareign. Tillagan var að þetta ákvæði yrði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila." — Má ekki selja eða láta varanlega af hendi, ég endurtek það. — „Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti."

Herra forseti. Með þessu ákvæði væri búið að leggja grunn að auðlindapólitík ef menn á hinu háa Alþingi hefðu á því nægan áhuga. Ég hef við gefin tækifæri hamrað á mikilvægi þess að menn samræmdu auðlindapólitíkina, eða að hún yrði yfir höfuð til, vegna þess að mér finnst ekki vansalaust fyrir nokkra þjóð að ganga svo hirðuleysislega um löggjöfina, síst af öllu þjóð sem byggir efnahagslíf sitt að svo stórum hluta á nýtingu náttúruauðlinda eins og Íslendingar gera. Ef tala má í viðtengingarhætti hefði ég viljað vera að vinna með þetta mál undir allt öðrum kringumstæðum, þ.e. ég hefði viljað hafa hér auðlindapólitík til að vinna eftir. Ég hefði viljað að þeir mælikvarðar sem nota á til þess að mæla efnahagslegt gildi lands væru til svo að við gætum gert það. Og e.t.v., herra forseti, verður einn góðan veðurdag fólk á hinu háa Alþingi sem hefur þessa mælikvarða og löggjöf og getur þess vegna gengið til þeirra verka sem hér þarf að ganga til, og mun þurfa að ganga til á Íslandi sem er svo ríkt af náttúruauðlindum, og við munum ugglaust aldrei neita okkur um að nýta þær. Það fólk mun væntanlega hafa önnur tól og tæki í höndunum en við höfum í dag til að meta hvað er arðbært og getur þá lagt á það eðlilega mælikvarða og unnið eftir samræmdri auðlindapólitík þannig að fyrirtækjum væri ekki mismunað eftir því hvaða auðlind þau nýttu.

Herra forseti. Ég held að þetta sé nóg um auðlindapólitíkina í bili. Ég er þó tilbúin til að hafa þá ræðu mun lengri ef eftir því verður kallað.

En, herra forseti, eins og fram kom í upphafi ræðu minnar liggur fyrir og ég þarf ekki að fjölyrða um það að sú framkvæmd sem við tölum hér um, virkjun við Kárahnjúka, hefur í för með sér mikil áhrif á umhverfi. Þessi áhrif verður að vega á móti hinum þjóðhagslegu áhrifum, verður að vega á móti þeirri arðsemi sem menn gera sér vonir um að geti orðið af þessari framkvæmd og við höfum einnig viljað skoða hana í samræmi og samhengi við aðra landnýtingu norðan Vatnajökuls. Við, fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn., settum auk þess fram fyrirvara sem lúta að ríkisábyrgðum, sem við teljum að hljóti að verða að endurskoða í framtíðinni, og því hversu mikil vöntun er hér á auðlindastefnu, hversu ómögulegur stakkur Alþingi er í rauninni skorinn, að því skuli stillt upp frammi fyrir afgreiðslu löggjafar um nýtingu auðlinda, nokkur lagafrv. á hverjum þingvetri, án þess að nokkur heildstæð stefna sé til.

Ég gat þess líka, herra forseti, að það hlýtur að vera einn af fyrirvörum okkar að lögin um mat á umhverfisáhrifum verði skoðuð með tilliti til þess matsferlis sem fór í gang eftir að hæstv. umhvrh. tók matið til sín.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, geta þess sem fram kom í máli gesta hv. iðnn. og einnig í umsögn, en hér er um að ræða sveitarstjórn Norður-Héraðs, sem vakti athygli nefndarinnar á því að vegna ákvæða sveitarstjórnarlaga nyti aðeins eitt sveitarfélag tekna af virkjuninni. Og það sem ræður því, herra forseti, er staðsetning stöðvarhússins. Það sveitarfélag, í þessu tilfelli Norður-Hérað, sem leggur til land undir virkjun, land undir göng og vegi og annað sem óhjákvæmilega tengist virkjuninni og er forsenda hennar, nýtur hins vegar ekki beinna tekna með sama hætti og það sveitarfélag sem stöðvarhúsið er í.

Þarna er auðvitað um að ræða ákveðna skilgreiningu í lögum um tekjustofna sveitarfélaga en ég vildi ekki láta hjá líða að taka undir þessar ábendingar sveitarstjórnarinnar vegna þess að ég held að við séum flest sammála um að lögin, eins og þau eru núna, séu til trafala að ýmsu leyti. Meðan iðnn. var með málið til umfjöllunar fór m.a. fram sameiningarkosning sveitarfélaga í Rangárvallasýslu þar sem eitt

sveitarfélagið, Ásahreppur, hafnaði sameiningu enda hafði það kannski þeirra hagsmuna að gæta að það hefur miklar tekjur af virkjunum. Og þar þurfa menn kannski ekki að hagræða eða leita leiða til að gera hlutina ódýrar og betur með sama hætti og hin sveitarfélögin.

Við þekkjum þessar virkjanaeyjar, ef má kalla það svo, í landslagi íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög sem telja sig svo rík að þau þurfi í rauninni vart við aðra að tala þó að þau þurfi kannski að benda íbúum sínum á að nýta alla þjónustu hjá aðliggjandi sveitarfélögum sem hafa hagað málum með öðrum hætti.

Ef í þessu tilfelli nákvæmlega væri um að ræða að bætur kæmu fyrir land með beinum hætti, ef auðlindapólitík okkar væri öðruvísi, hefði þessi kvörtun ekki komið frá sveitarstjórninni í Norður-Héraði. Vandamálið stendur samt eftir.

Nú er ég ekki að gera lítið úr þeirri þjónustu sem sveitarfélög þurfa að inna af hendi gagnvart þeim sem eru með fasteignir í sveitarfélaginu. En ég held að allir — örugglega flestir — hljóti að sjá að þarna er á ferðinni ákvæði sem hefur með ákveðnum hætti truflandi áhrif á þróun sveitarfélaganna í landinu sem mismunar að nokkru leyti, og sem væri æskilegt að hægt væri að ráða bót á. Ekki veit ég hvernig, ég hef ekki sjálf sett mig nákvæmlega inn í þetta mál, en hugsanlega væri hægt að skilgreina með öðrum hætti inni í tekjustofnalögum hvað það er sem greiða skal af. Einu sinni var til landsútsvar. Ég held að það hafi verið afnumið af því að það þótti kannski ekki nógu réttlátt heldur. En okkur, fulltrúum Samfylkingarinnar og meiri hlutanum sem skrifar þetta atriði líka í heild sinni í nál., finnst a.m.k. sem þarna sé nokkuð sem ástæða er til að skoða í tengslum við stórar framkvæmdir sem hið opinbera ræðst í. Hafa þessar framkvæmdir kannski önnur áhrif á þróun sveitarstjórnarmála en reiknað var með þegar af stað var farið?

[16:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að láta í ljósi vonbrigði mín með lendingu hv. þingmanna Samfylkingarinnar í þessu máli og lýsa því yfir að út frá ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur sýnist mér fullt tilefni til, ef á allar röksemdirnar er litið, að hv. þingmenn hefðu lagst gegn málinu eða í öllu falli ákveðið að styðja það ekki þar sem ljóst er að í grundvallaratriðum gengur málið gegn yfirlýstri sannfæringu hv. þingmanna, t.d. það er lýtur að auðlindapólitíkinni og sömuleiðis, að því er virðist, það er varðar náttúruverndina. Það er alveg ljóst og liggur fyrir í gögnum sem ég geri ráð fyrir að hafi verið farið ítarlega yfir í hv. iðnn. að mat á gildi lands fyrir norðan Vatnajökul með tilliti til útivistar og þjóðgarðs leiðir í ljós að gildi landsins fellur gífurlega mikið við tilkomu væntanlegrar Kárahnjúkavirkjunar. Ég sé því ekki samhengi hlutanna nægilega rétt þar sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir kaus í ræðu sinni að tala í viðtengingarhætti og sagði að ef við hefðum önnur lög og aðra mælikvarða, t.d. hvað varðar auðlindalöggjöf og mat á verðgildi lands — og fleira sem hún nefndi í ræðu sinni — væri veruleikinn annar, en Samfylkingin væri sátt við hlutina út frá þeim veruleika sem við búum við núna. Með þeim rökum, herra forseti, mætti segja að Samfylkingin hefði átt að sætta sig við og styðja stjórnvöld í viðleitni þeirra til að reisa Fljótsdalsvirkjun á sínum tíma. Í því máli kaus Samfylkingin hins vegar ekki að búa við veruleikann sem fólst í þágildandi lögum heldur var sammála um að krefjast þess að virkjunin færi í mat á umhverfisáhrifum svo ég skil ekki hvað hefur breyst hjá Samfylkingunni.

[16:15]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar farið var í umræður um Fljótsdalsvirkjun var búið að samþykkja lög um mat á umhverfisáhrifum. Við vildum að farið yrði að þeim lögum. Með sama hætti væri staðan sú að ef við hefðum hér samræmda auðlindapólitík þá vildum við að þetta frv. yrði lagað að þeirri samræmdu auðlindapólitík. Ef við hefðum þessa mælikvarða um mat á landi og þeir væru viðurkenndir sem hluti af hefð okkar og löggjöf þá mundum við vilja að þeir væru notaðir. Þannig sýnist mér að ég hafi verið sjálfri mér samkvæm og Samfylkingin í þessum málum.

Ég talaði í viðtengingarhætti um þetta með auðlindapólitíkina vegna þess að ég harma í raun að þurfa að takast á við hvert frv. á fætur öðru, hvern þingveturinn á fætur öðrum, þar sem er engin auðlindapólitík eða út og suður. Það vill þannig til að ég er í þeim tveimur nefndum þingsins sem helst fjalla um þessi mál, þ.e. sjútvn. og iðnn. Ég verð því mjög vör við þessa vöntun á stefnu. En þó að hún væri fyrir hendi þá er ekki þar með sagt að Samfylkingin hefði hafnað framkvæmdinni. (Gripið fram í.) Hreint ekki. Ég harma eingöngu að okkur skuli hafa verið sett þessi vinnuskilyrði. Mér finnst sjálfsagt, í hvert einasta skipti sem ég þarf hér að ræða um frv. sem er því marki brennt að vera með enga auðlindapólitík en ætti að vera það, að ég veki á þessu sérstaka athygli. Það er af minni hálfu liður í að reyna að koma þessum málum áleiðis með sama hætti og mér fannst það vera liður í þeirri viðleitni minni að breyta viðhorfum fólks að fá til viðræðu við iðnn. þá fulltrúa sem kunna hugsanlega mest til verka hvað varðar mat á verðgildi lands. Þetta er uppeldishlutverk sem ég þykist reyna að sinna en ég held að það hafi ekki breytt neinu um niðurstöðu Samfylkingarinnar í þessu efni.

[16:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lýsir því að þingmenn Samfylkingarinnar hafi í ljósi gildandi laga, í raun og veru vegna skorts á lögum og pólitík, nánast verið þvingaðir til að styðja málið. Ég lýsi enn yfir vonbrigðum mínum með að Samfylkingin skuli ekki hafa ákveðið að halda öðruvísi á málum og þá í öllu falli sitja hjá eða vera hlutlausari en raun ber vitni. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég er hjartanlega sammála orðum hv. þm. varðandi vöntun á auðlindapólitík en ég minni á að við höfum rök og hald í alþjóðlegum samningum og sáttmálum sem við höfum undirritað.

Ég tel, herra forseti, að það komi til með að verða prófað fyrir íslenskum dómstólum innan skamms að við höfum í alþjóðlegum sáttmálum efni til að koma þessu mál frá, t.d. á grundvelli varúðarreglunnar og á grundvelli þeirrar skyldu sem á herðar okkar er lögð með samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika. Ég tel líka að óljóst sé hvort aðrar samþykktir, t.d. tilskipun ESB sem lögin um mat á umhverfisáhrifum byggja á, heimili það sem hæstv. umhvrh. gerði, að taka málið aftur inn á sitt borð og framlengja umhverfismatsferlið. Ég tel að Samfylkingunni hefði verið fyllilega stætt á að sitja hjá í málinu eða vera á móti því ef það stríðir í grundvallaratriðum gegn sannfæringu þeirra þingmanna sem tjáð hafa sig um þetta mál.

[16:19]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sönnu dýrmætt fyrir okkur í Samfylkingunni að heyra hvað hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur finnst að við hefðum átt að gera. Veruleikinn er bara annar.

Niðurstaða okkar, eftir að hafa skoðað málið, þau gögn sem fyrir lágu og í rauninni fengið svör við þeim spurningum sem við spurðum og vegið þetta saman, var að styðja málið. Það gerum við þrátt fyrir vöntun á auðlindapólitík. Það höfum við þurft að gera í svo ótal mörgum málum sem lúta að auðlindanýtingu, því miður.

Við höfum stutt mál sem hér hafa verið flutt og við höfum talið að væru til framfara þó að við höfum saknað þess að hægt væri að styðjast við almenna auðlindapólitík. Ég vænti þess hins vegar að á því verði breytingar. Ég vænti þess að þeir vísar að auðlindapólitík sem við sjáum kræla á í einstöku frv. frá hæstv. ríkisstjórn nái á endanum að mynda það sem við erum að kalla eftir þannig að við getum haft þá mælikvarða sem við söknum þegar við erum að vinna með mál sem þessi. Hins vegar var það mat okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar í iðnn., að styðja þetta mál. Það gerðum við eftir að vera búin að skoða það út frá ýmsum forsendum. Ég rakti áðan þjóðhagslegu forsendurnar. Ég rakti aukinn útflutning, auknar þjóðartekjur og annað sem getur skipt máli varðandi lífskjör þjóðarinnar í framtíðinni. Ég talaði ekki um byggðamálin. Ég gerði ráð fyrir að aðrir mundu koma og gera það. Það skiptir líka máli. Þannig eru ýmis rök sem við höfðum fyrir þeirri niðurstöðu. Ég veit ekki hvort hv. þm. saknaði þeirra raka úr ræðu minni. Þau voru kannski fremur í fyrri hluta ræðunnar en þeim síðari, alla vega töldum við okkur hafa full rök fyrir þeirri niðurstöðu sem við náðum. Ella hefði hún orðið önnur.

[16:22]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, sem er talsmaður Samfylkingarinnar í þessu máli, hvort samfylkingarmenn hafi kastað þeim prinsippum sem þeir hafa áður sett fram varðandi vinnu að málum sem þessu. Þá vil ég spyrja hana sérstaklega um stækkun við Kröflu en þar er mat á umhverfisáhrifum eingöngu framkvæmt fyrir 40 megavatta stækkun en hins vegar liggur fyrir að á grunni þessara laga þarf að sækja þangað 100 megavött.

Það liggur líka fyrir varðandi 121 km línu austur frá Kröflu, að mat á umhverfisáhrifum hennar liggur ekki fyrir. Ég minnist þess í umræðum hér hjá hv. þm. Samfylkingarinnar að þeir hafa hingað til lagt mjög sterka áherslu á að umhverfismatsferlið sé búið og afgreitt áður en hægt er að ganga til verka. Þess vegna verð ég eiginlega að lýsa furðu minni á því að Samfylkingin skuli geta afgreitt þetta mál með svo litlum fyrirvörum sem raun ber vitni og skrifað undir það. Ég staldra sérstaklega við þessi tvö mál sem eru gríðarlega stór — 120 megavatta stöð í Kröflu er ekkert smámál en það er afgreitt í þessu frv. óbeint. Bjarnarflagsstöð er ekkert smámál. Þetta hefur ekki farið í umhverfismat og heldur ekki línan.

[16:23]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf eiginlega að setja mig í stellingar til að skilja spurningar hv. þm. Það liggur ljóst fyrir að framkvæmdarleyfi er ekki gefið út fyrr en mati á umhverfisáhrifum er lokið. Það er forsenda fyrir því. Það kemur fram í frv. og í almennum lögum og við vitum þetta öll.

Ég veit líka, herra forseti, að hér er fyrst og fremst verið að afgreiða leyfi í hendurnar á hæstv. iðnrh. sem síðan veitir framkvæmdarleyfið. Enda þó við samþykkjum frv. sem hér liggur fyrir er ekki þar með sagt að framkvæmdir hefjist á morgun. Það vill svo til að það eru önnur lög sem þarf einnig að fara eftir, m.a. lögin um Landsvirkjun. Það þarf að vera til staðar orkukaupandi þannig að ég skil ekki þá fullyrðingu hv. þm. að Samfylkingin sé að kasta einhverjum prinsippum. Það er fjarri öllu lagi. Ég fullyrði að það verður ekki farið í neinar framkvæmdir óöruvísi en svo að lokið verði mati á umhverfisáhrifum ef fara á að lögum.

[16:25]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit alveg hvað þetta frv. snýst um en það breytir ekki því sem ég var að spyrja um þó að hv. þm. hafi átt erfitt með að skilja það. Það er reginmunur á því hvort hv. Alþingi stendur frammi fyrir gerðu umhverfismati við ákvarðanatöku og lagasetningu eða hvort leyfið er lagt í hendur framkvæmdarvaldinu með því fororði að það láti fara fram umhverfismat. Það er alveg tvennt ólík. Það er eftir því sem ég var að lýsa.

Það er auðvitað allt önnur staða að standa frammi fyrir því hér á hinu háa Alþingi að fram hafi farið umhverfismat áður en lög eru sett sem heimila framkvæmdarvaldinu að fara í hluti þó skilgreint sé í lögunum að það skuli fara fram umhverfismat. En það hefur ekki farið fram og þetta eru mjög mikil prinsippmál. Þetta varðar aðkomu þingsins að öllum málum, hvernig við afgreiðum hlutina til framkvæmdarvaldsins, hversu vel sem við treystum framkvæmdarvaldinu.

Það er allt önnur staða fyrir okkur að koma að málum ef búið er að ganga frá þessari grunnvinnu sem ég var að tala um. Hér er um allt annað að tefla og allt önnur vinnubrögð, hvort Alþingi kemur að því á þessum grunni með afgreidd mál og setur í hendur framkvæmdarvaldinu eða hvort framkvæmdarvaldinu er treyst fyrir því. Ég er ekki að segja að það eigi ekki að treysta framkvæmdarvaldinu. Ég tel hins vegar að Alþingi eigi að skapa sér þann sess — það var minn dómur og skilningur minn á málflutningi margra samfylkingarmanna um þessi mál hér áður fyrr — að menn vildu standa þannig að málum, m.a. með fyrir fram afgreiddri rammaáætlun.

[16:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var í fyrsta lagi að vísa til málflutnings þingmanna Samfylkingarinnar varðandi Eyjabakkamálið. Þar lá málið þannig að þar ætlaði framkvæmdarvaldið ekki að fara með framkvæmdina í umhverfismat. En við gerðum um það mjög skarpa kröfu og mörg okkar greiddu atkvæði gegn frv. á þeim forsendum.

Núna liggur það hins vegar fyrir að farið verður með allar þessar framkvæmdir í umhverfismat. Það stendur meira að segja í lagafrv. Ef hv. þm. hefði lesið 2. gr., sem er einmitt um Kröflu, þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Krófluvirkjun í allt að 220 MW ásamt aðalorkuveitum, enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda."

Þetta stendur hér í textanum. Ég veit satt best að segja ekki hvort við getum fengið öllu betri tryggingu þegar þetta

er bæði skrifað inn í almenn lög og auk þess áréttað sérstaklega í þeim texta sem við erum að vinna með. Lái mér því hver sem vill þó ég hafi byrjað á að svara hv. þm. þannig að ég skildi ekki alveg spurninguna vegna þess að mér fannst svarið allan tímann hafa legið fyrir í þeim texta sem við erum að vinna með.

[16:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga sem felur í sér heimild til Landsvirkjunar til að virkja við Kárahnjúka og enn fremur heimild til hæstv. iðnrh. að leyfa Landsvirkjun að stækka Kröfluvirkjun. Þessar heimildir tengjast að sjálfsögðu báðar fyrirhugaðri byggingu álvers við Reyðarfjörð. Ég vil undirstrika að hér er um að ræða heimildir.

Herra forseti. Í gær urðu mikil tíðindi. Hæstv. iðnrh. tilkynnti þinginu að Norsk Hydro, sem ætlaði að vera með í að byggja álver, gæti hugsanlega ekki staðið við þær dagsetningar sem um var rætt. Því olli ekki lök arðsemi framkvæmdanna, langt í frá, heldur hafði Norsk Hydro hugsanlega gleypt of stóran bita þegar það keypti Die Vereinigten Aluminiumwerke í Þýskalandi.

Eftir þau tíðindi urðu umræður á þingi þar sem margir þingmenn urðu afskaplega svartsýnir en aðrir, nokkrir, glöddust. Ég tel að hvorugir hafi haft ástæðu til. Ég er sannfærður um að álver rísi við Reyðarfjörð og það fyrr en síðar og mun ég færa hér rök fyrir því.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um svokallaða koldíoxíðmengun og gróðurhúsaáhrif og þá kenningu sem felst í því að samhengi sé þar á milli. Sumir hafa reyndar talað um að sú kenning sé ekki rétt, að þetta séu frekar trúarbrögð. En ef við göngum út frá því sem allir umhverfissinnar vilja halda að sú kenning sé rétt, þá er raunveruleikinn sá að við búum á einum hnetti og á hverju ári þarf vegna aukinnar notkunar á áli að byggja eitt til tvö stór álver, hugsanlega upp í fjögur minni, einhvers staðar í heiminum. Þau álver eru öll eða nánast öll knúin með rafmagni eða nota rafmagn sem er myndað með brennslu jarðefna, olíu eða kola og það veldur gífurlegri koldíoxíðmengun. Önnur raforka er framleidd með kjarnorku sem þykir ekki gott heldur þannig að báðir þessir kostir, kjarnorkan og brennsluefnin, eru ekki góðir kostir að mati umhverfissinna. Þó að þróunarlöndin hafi núna leyfi í tíu ár í viðbót til að menga á þennan hátt og velflest álver muni verða reist þar, þá er þetta sami hnötturinn sem við öll búum á og sú mengun mun lesta enn frekar umhverfið. Ég sé því ekki annað en Kyoto-samkomulagið og eftirfarandi samkomulög sem gerð verði muni banna þetta, banna að þróunarríkin geti haldið áfram að menga með því að framleiða rafmagn með kjarnorku eða brennslu jarðefna. Þar af leiðandi munu verða settir á umhverfisskattar því að einhvern veginn verður að stoppa þetta og afleiðingin er sú að ekki verður eins mikið framboð á áli eftir þessi tíu ár sem þýðir að verðið mun hækka, ekki lækka til framtíðar. Ég get ekki séð hvernig verðið á að lækka næstu 20–30 árin ef raforkan sem er grunnefni eða grunnorka og grunnkostnaður við framleiðslu álsins hækkar í verði. Ég sé ekki annað en vegna þessara umhverfissjónarmiða muni álverð hækka en ekki lækka. Hvað þá lækka eins mikið og sumir umhverfissinnar láta í veðri vaka, eða um 1% á ári.

Þetta eru rökin fyrir því að þeir útreikningar sem gerðir hafa verið og Landsvirkjun hefur gert taka ekki mið af þessu. Þeir taka ekki mið af því að koldíoxíðumræðan muni banna álver í þróunarlöndunum þannig að jafnvel sú forsenda sem hv. iðnn. fékk að kynna sér, sem sýnir að mjög góð arðsemi er af þessari virkjun og álveri, jafnvel sú forsenda er of veik. Það verður sennilega meiri arðsemi af þessu vegna þess að orkuverðið er háð álverðinu beint.

Herra forseti. En það er fleira sem kemur til. Miklar rannsóknir hafa farið fram, búið er að ljúka miklum rannsóknum. Búið er að fara í umhverfismat og afla lagaheimilda þegar frv. er komið í gegn. Búið er að grunnhanna bæði virkjunina og álverið. Þarna er búið að búa til tækifæri fyrir fjárfesta, fyrir þá sem vilja framleiða ál, fullkominn pakka og það er ekki lítils virði. Sá pakki er einn sér mjög mikils virði núna á þessu augnabliki. Ef Norsk Hydro telur sér ekki fært, vegna þess að þeir hafa tekið of stórt upp í sig í Þýskalandi, að vera með í þessum leik, þá er sjálfsagt að bjóða öðrum. Ég hugsa að þegar menn fara að átta sig á því að tíminn sem þróunarlöndin hafa til að framleiða ódýrt rafmagn með koldíoxíðmengun, sá tími líður og hann verður búinn eftir tíu ár, og þá munu menn, margir hverjir, sem framleiða ál vilja hoppa á þennan kost. Ég fullyrði því að þetta álver verður reist.

Fram kom hjá hv. iðnn. að álverið sýni mjög góða arðsemi. Fengin voru álit óháðra aðila sem beittu þar mjög skynsamlegum aðferðum, Monte Carlo-aðferðum til þess að meta arðsemina og niðurstaða þeirra var sú sama og Landsvirkjun hafði sýnt. (**ÁSJ:** Er það ekki fjárhættuspil?) Jú, vissulega er það fjárhættuspil, en það er hægt að nota til að sýna fram á ákveðnar líkur með því að nota það nógu oft og víða. (**ÁSJ:** *Með teningum eða á líkum?*) Það er gert með teningum eða í tölvu reyndar. En þetta eru mjög viðurkenndar aðferðir og hv. þm. getur kynnt sér þær.

Einnig hefur verið sagt að jafnmikil áhætta sé í álverinu og í raforkuverinu. Það er ekki rétt. Ég sé alveg fyrir mér raforkuver án álvers, en ég sé ekki fyrir mér álver í Reyðarfirði án raforkuvers þannig að ef álverið skyldi detta út sem náttúrlega eru alltaf pínulitlar líkur á, það verði gjaldþrota, þá getur raforkuverið sem dugar í 100 ár selt raforku sína eitthvað annað, það tekur kannski einhver ár að selja það en það mun gerast. Áhættan í raforkuverinu er því miklu minni en í álverinu.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um þanþol efnahagslífsins en á það var bent að hér er ekki um meira þanþol að ræða en þegar Búrfell var byggt, auk þess sem við búum núna við frjálsa flutninga fólks og fjármagns þannig að við erum miklu betur undir það búin að mæta slíku þanþoli eða taka á slíku höggi en við vorum áður. Að sjálfsögðu er okkur í lófa lagið að hægja t.d. á vegaframkvæmdum meðan á framkvæmdum stendur, meðan kúfurinn er sem mestur.

Það er eitt sem ég hef á móti þessu og það er að hér er um að ræða ríkisvæðingu. Það er ríkið sem er að byggja þarna eða fyrirtæki í eigu ríkisins og sveitarfélaga, opinberir aðilar, og ég er ekki ánægður með það. Ég legg til að menn skoði í alvöru að selja Landsvirkjun eða kljúfa hana upp í tvennt. Ég tel nefnilega að þessi virkjun sé svo arðsöm að hún ein sér mundi fá lága vexti á fjármagnsmörkuðum eins og íslenska ríkið.

Nokkuð hefur verið rætt um það að þessi virkjun mundi viðskiptahalla. Það er hárrétt. Flytja þarf inn mikið af tækjum og tólum og hverfla og annað slíkt sem veldur viðskiptahalla. En að mínu mati er það góður viðskiptahalli vegna þess að sú framkvæmd sem farið er í skilar góðum arði og borgar sig til baka og minnkar viðskiptahallann eftir að hún er komin í gagnið. Það er reginmunur á þessum viðskiptahalla og þeim

halla sem hefur farið t.d. til jeppakaupa og til ferðalaga sem ekki skila arði seinna meir.

Herra forseti. Hv. þm. Vinstri grænna leggja til að stöðva þetta frv. og maður kynni að halda að það sé gert af tillitssemi við Norsk Hydro. Maður kynni að halda það vegna þess að þá þarf Norsk Hydro ekki að biðja um frestun á framkvæmdum. Þá geti þeir vísað til þess að ekki sé búið að uppfylla okkar skilyrði. Ég tel að við Íslendingar eigum ekki að vera svona tillitssamir við Norsk Hydro af því að þeir þurfa þess ekki við. Við eigum að gæta okkur á því að láta ekkert upp á okkur klaga og keyra frv. í gegn þannig að við séum tilbúin líka fyrir aðra aðila sem kynnu að koma inn.

Þessi framkvæmd er afskaplega mikilvæg fyrir Austfirðinga og þeir eru orðnir langþreyttir á frestunum og loforðum. Mér finnst það ábyrgðarhluti ef hv. Alþingi ætlar að fara að fresta þessari framkvæmd og auka enn meira á angur þeirra. Og sú umræða sem var hér í gær var mjög ábyrgðarlaus gagnvart Austfirðingum. Ég vil fullvissa þá um að ég er á þeirri skoðun að álverið verði reist og það fyrr en seinna.

Herra forseti. Nokkrir umhverfissinnar hafa tekið ástfóstri við hugtakið ósnortin víðerni og ætla að nota það sem ferðamannabeitu. En það liggur í augum uppi að um leið og fyrsti ferðamaðurinn stígur fæti á ósnortin víðerni þá eru þau ekki lengur ósnortin. Og það merkilega er að ferðamannaiðnaðurinn mengar sennilega meira en áliðnaðurinn. Ef við förum í gegnum það, sjónmengunin, hávaðamengunin, rútur út um allt og jeppar og svo flug og síðan að sjálfsögðu öll koldíoxíðmengunin sem felst í því að koma þessu fólki á staðinn þá hugsa ég að ferðamannaiðnaðurinn mengi meira en áliðnaðurinn. Ef við berum saman þessar tvær atvinnugreinar, aðra sem starfar í fjóra mánuði á ári og er óskapleg áhætta, og hina sem starfar tólf mánuði á ári, alltaf, á vöktum, ég ætla ekki að lýsa því hvað þetta er miklu öruggari atvinnugrein og greiðir miklu hærri laun. Það eru lág laun í ferðamannaiðnaðinum, mikið af útlendingum sem starfa þar á töxtum. Fyrirtækin sem starfa í áliðnaði eru með hæstu skattgreiðendum í landinu á meðan hin eru öll á horriminni og alltaf gjaldþrotasögur af ferðamannaiðnaðinum. Ég ætla ekki að segja hvað ég tel miklu betra að fara út í áliðnað en ferðamannaiðnað og í áliðnaði er miklu minni mengun. Og alveg sérstaklega í þessu dæmi þar sem öll mannvirkin eru meira og minna neðan jarðar, við sjáum ekki göngin, við sjáum ekki virkjunarhúsið, þetta er allt saman neðan jarðar. Engin sjónmengun af því.

Herra forseti. Mikið hefur verið talað um að eitthvert óskaplega heilagt land fari undir vatn og það sé mikill sjónarsviptir að því. Það er nú þannig málum vaxið að ég hugsa að fæstir Íslendingar hafi yfirleitt barið þetta landsvæði augum eða hafi yfirleitt séð þessa óskaplegu fegurð. Þegar ég var þarna ferðinni fannst mér þetta allt vera ein eyðimörk þannig að mér er ekki sárt um þetta land, vissulega ekki. Það er margt annað sem mér er sárara um, t.d. umhverfi Reykjavíkur þar sem þessir umhverfissinnar búa, þar sem búið er að skemma alla ströndina í kringum Reykjavík með sjóvarnagörðum. Þá er ekki sagt múkk. En ef á að hreyfa stein austur á landi, þá verður allt vitlaust. Sem sagt: Það á að vera umhverfisstefna þar sem ég bý ekki. Þannig er stefnan.

Síðan vil ég benda á að hér á landi verða eldgos á fimm ára fresti og þau eldgos valda miklu meiri umhverfisspjöllum en þetta. Ég vil benda á að þarna var einu sinni lón og hafði þá enginn virkjað það.

Herra forseti. Mikill einhugur er um þessa framkvæmd og þessa afgreiðslu. Átta nefndarmenn í hv. iðnn. skrifuðu undir, reyndar tveir með fyrirvara. Það er því mikill einhugur nema hjá hv. þm. Vinstri grænna. En svo vill til að sumir vinstri grænir eru grænir og hinir eru vinstri. Það er eiginlega enginn þeirra bæði vinstri og grænn. Og það kemur að því að menn fara að velta því fyrir sér hvenær þeir þurfi að ákveða hvort þeir eru vinstri eða grænir. T.d. hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson lagt aðaláhersluna á arðsemina. Sem sagt, ef hann kæmist að því að arðsemin yrði dúndurgóð, hann vildi nú ekki kynna sér það sem formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, kannski vegna þess að hann óttaðist að komast í kynni við að þetta væri góð arðsemi. En segjum að hann kæmist að því að þetta væri mjög góð arðsemi, þá mundi hann virkja, setja allt á bólakaf í vatn, skipti engu máli. Hann væri þá ekki að spyrja hversu mikið hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir liði fyrir það af því að hún er græn en hann er rauður. Það er nefnilega þannig að sumir hv. þm. Vinstri grænna eru vinstri og aðrir eru grænir. Mér þætti gaman að sjá þann sem er bæði vinstri og grænn.

Herra forseti. Góð lífskjör eru ekki sjálfsögð. Þau byggja á mjög tæknivæddri útgerð og notkun á orku. Það er mjög lítill hluti af íslenskri orku nýttur og mér finnst það vera siðferðisleg og umhverfisleg skylda Íslendinga við allt mannkynið að virkja meira og nýta þá orku og njóta sjálfir þeirra auðlinda sem hér eru til, og alveg sérstaklega ef þessi svokallaða koldíoxíðmengunarkenning er rétt.

[16:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gefur ekki mikið fyrir fegurð Austurlands og hann gefur ekkert sérstaklega mikið heldur fyrir staðreyndir. Ég frábið mér þegar hann fer að gera okkur upp skoðanir og leggja okkur orð í munn eins og hann gerði gagnvart þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Það sem ég vildi samt vekja athygli á í þessu stutta andsvari er sú pólitíska sannfæring hv. þm. sem stundum hefur borið á góma í þingsölum. Hann segist vera mikill talsmaður markaðsviðskipta og hefur oft haft á orði að markaðurinn sé betra stýrivald en ríkisvald, markaðurinn passi þannig betur upp á peningana og arðsemi en ríki og sveitarfélög gera.

Ég hef ekki sannfæringu fyrir þessu sjálfur. Stundum á það við og stundum ekki. Veldur hver á heldur. Og nú er þetta ríkisvald í höndum Framsfl. og Sjálfstfl. og þar með er hv. þm. Pétur H. Blöndal að hluta til ábyrgur, eins og við reyndar erum öll, í þessu máli. Menn hafa varað við því að ríkið og sveitarfélögin gangist í ábyrgð fyrir þetta áhættuverkefni. Seðlabanki og ýmsir aðrir aðilar hafa varað við því.

Hv. þm. gat hins vegar rétt um þetta í framhjáhlaupi undir lokin og sagði að þetta væri ríkisvæðing. Staðreyndin er sú að talsmenn Landsvirkjunar hafa sagt að ef Landsvirkjun ein ætti að gera þetta á grundvelli markaðar, hún yrði gerð að hlutafélagi og sjálfstæðu fyrirtæki, mundi hún aldrei láta sig dreyma um að gera þetta.

Nú er því komið að því að hv. þm. Pétur H. Blöndal axli sjálfur ábyrgð og hlaupist ekki undan henni eins og hann ætlar að gera í þessu máli.

[16:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst að fegurð Austurlands. Hún breytist ekki nokkurn skapaðan hlut. (**Gripið fram í:** Ha?) Þessi virkjun er neðan jarðar og göngin eru neðan jarðar þannig

að fegurðin breytist ekki neitt nema kannski reyndar sem nemur línunni frá stöðvarhúsinu og í Reyðarfjörð. (**ÖJ:** Hefur stíflan ...?) Stíflan er norðan Vatnajökuls. Hún er ekki á Austfjörðum þannig að landslag þeirra breytist ekki mikið við hana. Auk þess sagði ég að landslagið sem þarna er um að ræða væri afskaplega nakið og eyðimerkurlegt þannig að ég sé ekki að mikil fegurð tapist.

Varðandi ábyrgðir. Eftir að hafa skoðað þetta dæmi sýnist mér að það sé svo arðsamt, eins og ég gat um, að það gæti staðið eitt sér og fengið vexti sem ekki væru miklu hærri en þeir vextir sem ríkið er að borga og tekur fyrir ríkisábyrgðir.

Þetta er nákvæmlega sama dæmið og varð uppi á teningnum þegar til stóð að einkavæða Fiskveiðasjóð og hann var settur inn í FBA. Þá heyrðum við miklar sögur af því að það yrði hrun af því að allir lánveitendur mundu segja upp lánunum. Það gerðist ekki neitt. Það eina sem gerðist var að menn tímdu ekki að borga 0,25% ríkisábyrgðargjald og borguðu bara upp þessi lán og fengu ný án ríkisábyrgðar með færri punktum en 25.

Þessi saga um að ríkisábyrgð sé svo feiknarlega mikilvæg er ekki rétt. Ég er alveg sannfærður um að þetta verkefni gæti staðið eitt sér og ég mundi gjarnan vilja að ríkisvaldið mundi hreinlega bjóða út þessa orku og þessa virkjun til þeirra sem mundu vilja virkja.

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að reyna að taka mig á og taka þessa umræðu alvarlega. Ég ætla að reyna að gera það þótt það sé svolítið erfitt.

Við erum að tala um virkjun sem væntanlega ætlar að selja eina afurð. Afurðin er orka. Nú hefur komið á daginn að kaupandi að þessari orku er ekki í hendi. Það sem við vorum að ræða fram til þessa í þessu máli, orkuverðið, er núna í fullkominni óvissu. Samt kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal í ræðustól og fullyrðir um arðsemi virkjunarinnar án þess að kaupandi sé að orkunni og þar af leiðandi án þess að nokkrar upplýsingar liggi fyrir um orkuverðið.

Staðreyndin er sú að ef orkuverðið væri himinhátt yrði þetta að sjálfsögðu arðsöm framkvæmd. Ef það væri lágt yrði tap á henni. Og þeir sem hafa verið að skoða arðsemisútreikninga, álverðið o.s.frv., hafa um það miklar efasemdir að af þessu geti orðið arður enda er staðreyndin sú að Norsk Hydro, sem upphaflega átti að koma inn í fjármögnun virkjunarinnar, hvarf frá þeirri ráðagerð þegar farið var að skoða málin.

En látum þetta allt til hliðar. Látum allt til hliðar um álverið. Þá getur hv. þm. ekki leyft sér að koma hingað í ræðustól með fullyrðingar á borð við þær sem hann bar hér fram fyrir Alþingi um arðsemi virkjunar sem hefur ekki einu sinni öruggan kaupanda að afurðinni. Hvernig í ósköpunum kemst hann að þessari niðurstöðu á annan hátt en að byggja á óskhyggju og trú? Þannig getur Alþingi Íslendinga ekki leyft sér að koma fram í þessu máli, og reyndar engu máli. (Forseti hringir.)

Nú fer ég að skilja hvers vegna hv. þm. hefur svona litla trú á ríkisvaldinu fyrst hann axlar ekki ábyrgð á ábyrgari hátt en þetta.

[16:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum með kaupanda. Við erum með samning við Norsk Hydro sem á að skrifa undir fyrir 1. sept. Norsk Hydro hefur sagt að hugsanlega kunni að þurfa að fresta þeirri dagsetningu, ekki vegna arðseminnar heldur vegna þess að þeir hafa ekki peninga til að fara út í framkvæmdina. Sú er ástæðan. Þeir eru bara blankir og því er þetta ekki spurning um arðsemina.

Vegna þess hve lengi við höfum talað við Norsk Hydro hefur ekki verið talað við aðra. Það er venjan í svona viðskiptum. Þegar menn tala við einn aðila lofa þeir að tala ekki við aðra. Það gildir um Norsk Hydro líka. Því hefur ekki reynt á að aðrir komi en margir hafa meldað sig og þeir verða væntanlega kallaðir til ef Norsk Hydro stendur ekki við sinn hlut.

Ég sé því enga ástæðu fyrir því að svona arðbær framkvæmd geti ekki farið í gang. Ég hugsa að fleiri frekar en færri komi aðvífandi ef Norsk Hydro bakkar út úr þessu og getur ekki staðið við dagsetninguna 1. sept. vegna þess að þeir eru búnir að fjárfesta of mikið í Þýskalandi. (**ÖJ:** Hverjir?) — Norðurál.

[16:52]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um ábyrgðarlaust tal sem fór fram hér í gær um kröfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að fresta lagasetningunni þar sem Norsk Hydro er með miklar efasemdir um dagsetningar sem nú eru í gildi.

Herra forseti. Er ekki verið að draga okkur á asnaeyrunum? Er það ekki að láta draga sig á asnaeyrunum að halda áfram með málið eins og ekkert sé? Eigum við ekki að bíða eftir þessari yfirlýsingu og er ekki ábyrgðarfyllri afgreiðsla að heyra yfirlýsinguna áður en við afgreiðum lagasetninguna? Mér finnst réttara að tala um ábyrgðarlaus gönuhlaup en ábyrgðarleysi við að fresta umræðunni.

Ég leyfi mér að taka undir allar efasemdir um arðsemi. Ekkert er í hendi í þessu máli. Það eru spádómar hjá öllum hvað varðar framtíðarverð á áli, markaðssetningu og framleiðslu og uppi eru mjög háværar efasemdarraddir um að þessi framkvæmd muni skila þeim arði sem þarf til að standa undir framkvæmdum, bæði álversins og virkjunarinnar, og ég leyfi mér að taka undir þær raddir.

Hvað varðar mengun frá áliðnaði og hugsanlegri ferðaþjónustu, að af jeppum, flugvélum og umferð sé meiri mengun en af álinu, segi ég að jarðraskið er ekki svo mikið af álverinu, jarðraskið og umhverfisspjöllin eru af virkjununum sem tilheyra álinu.

[16:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, nú varð ég hissa. Hv. þm. talaði um af hverju ég vildi ekki bíða með málið. En ég veit ekki betur en að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í hv. iðnn., hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, hafi lagt fram tillögu til rökstuddrar dagskrár um að vísa málinu frá. Það er tillaga — ég reikna með að hún sé Vinstri grænna — um að vísa málinu frá, hætta við það. Það eru skilaboðin til Austfirðinga. Það eru skilaboðin sem hv. þm. Vinstri grænna senda Austfirðingum. Þeir ætla ekki að fresta þessu fram yfir helgi. Nei, þeir vilja vísa málinu frá og bara taka það upp á næsta þingi, þarnæsta þingi, um næstu aldamót eða einhvern tíma.

Þeir ætla kannski að breyta Austurlandi í ósnortið víðerni.

[16:56]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Við þessar aðstæður á að vísa málinu frá að svo komnu máli.

En ég vil aðeins halda áfram með aðra þætti sem komu fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals. Hann talaði um mengun og umhverfisspjöll, sagði að umhverfisspjöllin á hálendi Austurlands væru ekki alvarleg enda tilheyrði þetta svæði ekki Austurlandi. Ja, mér er sem ég sjái svipinn á þeim íbúum sem búa á Norður-Héraði ef þetta svæði verður tekið undan þeirra sveitarfélagi því að sannarlega tilheyrir svæðið Austurlandi.

Svæðið er engin eyðimörk. Því er þveröfugt farið. Það sem á að fylla, þar sem lónið á að koma, eru sannarlega djúp gljúfur. En þar er líka gróið land og mikil víðerni og þeim svæðum á að sökkva. Það mun verða þarna fok úr jökulleir sem breytir þessum grónu svæðum í Kringilsárrana og Vestur-Öræfum í eyðimörk eða örfoka land. Það verður óviðráðanlegt leirfok, og svo er ekki hægt að tala um að græða eigi upp með einhverjum aðferðum. Þær aðferðir eru ekki til. Þar sem núna eru gróin svæði verða að örfoka svæðum.

Þetta er stórt og mikið inngrip í náttúruna. Því viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mótmæla. En ég tek undir áhyggjur og mótmæli hv. þm. Péturs Blöndals varðandi ströndina hér í kringum höfuðborgarsvæðið. Það er búið að skemma hana á mörgum stöðum. Það er búið að fórna fallegum náttúruperlum og ég tek undir að þar hefði átt að vera búið að sporna við fyrir löngu.

[16:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um að þetta væri þá málefni þeirra sveita sem eru nálægt lóninu. Það er eiginlega enginn nálægt þessu lóni. Þetta er lengst inni á öræfum. Það sem mun gerast er að Landsvirkjun mun leggja vegi þarna um þannig að ferðamenn geta farið um þetta svæði sem þeir geta ekki í dag. Og þeir munu örugglega fara og skoða þessar virkjanir því að mannvirkin eru mjög merkileg. Og ferðamenn munu líka örugglega skoða virkjunarhúsið sem er mjög athyglisvert. Það eykur því á fjölbreytni í ferðamannaþjónustu að geta horft á ósnortin víðerni í eina áttina og á fallegan stíflugarð í hina áttina, og fallegt stöðuvatn.

Þetta mun því auka ferðaþjónustu í þeim sveitum enda eru menn þar komnir í gang með að nýta sér þau tækifæri sem bjóðast með því t.d. að búa til hringveg yfir Vatnajökul með þeim vegum sem verða byggðir í tengslum við virkjunina. Virkjunin hefur því mjög góð áhrif á ferðamannaþjónustu á þessum stað.

Hv. þm. getur reyndar ekki svarað en ég spurði hvort ætti bara að hætta við þetta alveg endanlega með þessari frávísunartillögu og gefa Austfirðingum það merki að þeir geti bara flutt í burt. Er meiningin hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að breyta Austfjörðum í ósnortin víðerni? (**Gripið fram í:** Þau verða náttúrlega ekki alveg ósnortin.)

Umræðu frestað.

[17:00]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 600. mál, nál. landbn., þskj. 1031; brtt. landbn., þskj. 1032.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 476. mál, svar félmrh., þskj. 999.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 371. mál, þskj. 1026.

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 641. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1036.

Samgönguáætlun, 384. mál, brtt. KLM og LB, þskj. 1035.

Eldi nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 424, nál. 980 og 989, brtt. 981.

[17:01]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Helga Guðrún Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta sjútvn. Nefndin fjallaði um málið og fékk fjölda góðra gesta á sinn fund. Má þar m.a. nefna Landssamband veiðifélaga, Þjóðhagsstofnun, Landssamband smábátaeigenda, Náttúruvernd ríkisins, Verslunarráð, Hafrannsóknastofnun o.fl.

Eins og virðulegum forseta er eflaust kunnugt um var frv. fyrst lagt fram á 126. löggjafarþingi og þá í tengslum við frv. til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, en lítur hér dagsins ljós að nýju með breytingum sem kynntar voru í sjútvn. sl. vor.

Í frv. er kveðið á um skipun fiskeldisnefndar, vek ég athygli á, en henni er ætlað það hlutverk að leiða saman og samræma þau sjónarmið sem uppi eru annars vegar varðandi eldi vatnafiska og hins vegar varðandi eldi nytjastofna sjávar.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í þingskjali 981.

Undir nál. rita Einar K. Guðfinnsson formaður, Kristinn H. Gunnarsson, Vilhjálmur Egilsson, Jónas Hallgrímsson og Guðmundur Hallvarðsson, auk þeirrar sem hér talar, Helgu Guðrúnar Jónasdóttur.

[17:03]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta sjútvn. um frv. til laga um eldi nytjastofna sjávar.

Markmið frumvarpsins eru í 1. gr. þess sögð vera að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna.

Aðaltilgangur frumvarpsins virðist þó vera sá að koma yfirstjórn og eftirliti með þessari starfsemi undir sjávarútvegsráðuneytið.

Að mati minni hlutans mun sú tvískipting eldis sem verður með því að fela sjávarútvegsráðherra yfirstjórn þessara mála og Fiskistofu framkvæmdina óskynsamleg. Hún eykur án vafa kostnað við eftirlitið, t.d. munu sömu fyrirtækin þurfa eftirlit beggja kerfanna séu þau í blandaðri starfsemi. Hún eykur að mati fisksjúkdómanefndar hættu á því að viðbrögð við bráðum sjúkdómum verði ekki nógu markviss og gerir eftirlitið flóknara og þyngra í vöfum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur farið með þessi mál og það þarf einungis lítils háttar breytingar á lögunum um lax- og silungsveiði til að það eldi sem um er fjallað í frumvarpinu heyri án alls vafa undir eftirlitskerfi þess.

Það er skoðun minni hlutans að eðlilegt sé að fela einu ráðuneyti yfirstjórn þessara mála og þá landbúnaðarráðuneytinu meðan sú skipting sem nú ríkir í Stjórnarráðinu er í gildi.

Nýting takmarkaðra auðlinda færir þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem forgangs njóta til hennar möguleika umfram aðra, bæði fjárhagslega og efnislega. Stjórnun sem

hefur takmarkanir á nýtingu auðlinda í för með sér getur gert nýtingarréttinn mjög verðmætan. Verð veiðiheimilda í viðskiptum milli útgerðarmanna hér á landi er gott dæmi um slíkt. Benda má á að gífurlega hátt verð hefur verið greitt t.d. í Noregi fyrir leyfi til að stunda fiskeldi. Það er þess vegna nauðsynlegt að úthlutun leyfa til að reka slíka starfsemi verði háð almennum skilyrðum þar sem jafnræðis verði gætt, t.d. með útboði ef fleiri en einn sækjast eftir aðstöðunni. Það er óviðunandi að framtíðarnýting sameiginlegra auðlinda skuli afhent án nokkurs endurgjalds en virði leyfanna komi síðan fram við eigendaskipti og fráleitt að málum skuli svo skipað að verslun með leyfin verði sérstakur gróðavegur.

Minni hlutinn telur frumvarpið óþarft, það skapi vandamál en leysi engin og leggur til að frumvarpið verði fellt.

Undir álitið skrifa auk þess sem hér stendur, Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Ég vil bæta við fáeinum orðum, hæstv. forseti. Ég tel að ekki sé vansalaust að menn skuli standa frammi fyrir þessari tillögu. Hér hafa stjórnarflokkarnir samið um fyrirkomulag sem nánast öllum sem komu á fund nefndarinnar bar saman um að væri óskynsamlegt. Það er vegna þess að náðst hefur pólitískt samkomulag milli stjórnarflokkanna um að skipta þessum hlutum á milli ráðuneytanna. Nú hefur sjútvrn. ekkert verið með starfsemi af þessu tagi á undanförnum árum, en vegna þess að nú horfa menn til þess að hér verði aukning hvað varðar eldi sjávarfiska, þá þarf sjútvrn. og sjútvrh. greinilega á því að halda að fá þetta til sín og þá er horft fram hjá öllum skynsamlegum rökum. Vitaskuld er það ekki þannig að við höfum þá skoðun að eldi sjávarfiska eigi endilega að vera undir landbrn. en við höfum þá skoðun að það eigi bara eitt ráðuneyti að sjá um þetta. Og á meðan menn hafa ekki gert breytingar á Stjórnarráðinu þannig að eitt ráðuneyti sjái um þetta sem væri þá einhvers konar atvinnuvegaráðuneyti, þá er auðvitað ekki skynsamlegt að taka málin undan landbrn. Satt að segja hafa engin rök komið fram. Þetta er „af því bara"-fyrirkomulag og það er af því bara að sjútvrh. er frá Sjálfstfl. en landbrh. frá Framsfl. Ég er nánast viss um að ef bæði þessi ráðuneyti hefðu heyrt undir sama stjórnarflokk, þá hefðu menn ekki lent í þessum ósköpum. Ég held því miður að þetta sé skýringin. En hún er ekki nógu góð.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ömurlegt að við skulum standa í þeim sporum að ætla að fara að setja upp tvöfalt kerfi og málefni Stjórnarráðsins þurfa auðvitað að verða tekin til endurskoðunar. Við stöndum ekki bara frammi fyrir því að þetta frv. sé hér til afgreiðslu þar sem verið er að búa til tvöfalt kerfi til eftirlits með fiskeldi, heldur er líka á ferðinni frv. sem hæstv. umhvrh. hefur flutt um verndun hafs og stranda, sem segir okkur það að allir þessir þrír ráðherrar munu verða á ferðinni í sama firðinum til eftirlits, berandi ábyrgð á sömu svæðunum. Yfirráðasvæði þeirra skarast alls staðar í sama firðinum við landið. Það er ekki bjóðandi upp á þetta fyrirkomulag og mér finnst ríkisstjórnin vera að sýna með því að flytja þessi tvö frv. án þess að taka á skipulagi í Stjórnarráðinu, að þar á bæ sé ekki unnið að neinu viti að þessum málum.

Það kom t.d. fram frá fisksjúkdómanefnd, sem óskaði eftir því að fá að ræða við umhvn. um þetta mál, að einungis væri ástæða til að gera eina litla breytingu á lögunum um lax- og silungsveiði að svo komnu máli og ekkert vandamál skapaðist við það og menn tækju sér þá góðan tíma til að skoða þessi mál, hvernig framtíðarskipanin ætti að vera, í staðinn fyrir að hlaupa til með þeim hætti sem nú er gert.

Síðan vil ég minna á að það var í fyrra sem þetta mál var fyrst lagt fram og þá var því nánast bara sparkað út í horn í sjútvn. vegna þess að stjórnarþingmönnum sem þar sátu leist illa á málið og töldu enga ástæðu til að afgreiða það.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ekki upp á það bjóðandi að ráðherra sjávarútvegsmála sé hér ekki til staðar og reyndar finnst mér að ráðherra landbúnaðarmála ætti að vera hér líka til að ræða málið, vegna þess að það er náttúrlega verið að taka verkefni frá landbrn. núna og hæstv. landbrh. þyrfti að koma hér og svara því hvort hann ráði nú ekki við þetta. (**SJS:** Það er enginn ráðherra hér.) Það mun rétt vera, hér er enginn ráðherra í salnum. (Gripið fram í.) En, hæstv. forseti, mér finnst að hæstv. sjútvrh. ætti að vera hér og svara fyrir það af hverju hann heldur því til streitu að búa til tvöfalt kerfi hvað þessi mál varðar. Ég fer fram á það og ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að hafa samband við hæstv. sjútvrh. og fá hann til að koma hingað og ræða þessi mál.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er alveg sjálfsagt að gera það og ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að samband sé haft við hæstv. sjútvrh. Óskar hv. þm. eftir því að halda áfram ræðu sinni eða vill hann gera hlé á ræðu sinni?)

Ég vildi nú helst fá tækifæri til þess að spyrja hæstv. ráðherra dálítið út í þessi mál og ég óska eftir því ...

(**Forseti** (HBl)**:** Vill hv. þm. gera hlé að ræðu sinni, eða vill hv. þm. halda áfram?)

Já, hæstv. forseti, það vil ég.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. óskar eftir að gera hlé á ræðu sinni — en hæstv. sjútvrh. er nú genginn í salinn.)

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. er mættur í salinn og ég fagna því. Við erum að ræða um frv. um eldi nytjastofna sjávar og við í minni hluta sjútvn., sá sem hér stendur og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson, leggjumst gegn frv. Við sjáum ástæðu til þess að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir því hvaða ástæður liggja að baki því að hann vill endilega setja af stað nýtt kerfi til að fylgjast með eldi fiska á Íslandi. Það er kerfi til staðar til að fylgjast með slíku og það er alveg klárt mál að það hefur komið fram, enda kom það mjög skýrt fram í umfjöllun nefndarinnar, að þeir sem hafa fjallað um þessi mál segja að þetta sé hættulegt, það muni valda vandamálum sem annars eru ekki til staðar, að fleiri en einn aðili eigi að fylgjast með þessum málum. Fisksjúkdómanefnd óskaði eftir því að koma á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir því að hún teldi að þessu fylgdu vandamál, ekki væri verið að leysa nein vandamál með því að hafa þetta kerfi tvöfalt. Og ég segi, hæstv. forseti, að mér finnst að hæstv. sjútvrh. þurfi að útskýra það fyrir þinginu hvernig á því standi og til hvers hann sé að koma á þessu tvöfalda kerfi. Það hefur ekki komið fram neinn rökstuðningur fyrir því og þeir sem mættu á fundi nefndarinnar voru sammála um að sú leið sem hér er lögð til væri óskynsamleg.

Svo er annað. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa farið yfir það að eftirlitið er í raun í höndum þriggja ráðuneyta, og ekki bara það heldur geta heimamenn átt að hafa eftirlit. Heilbrigðisfulltrúar á viðkomandi svæðum geta verið fjórða valdið sem hefur eftirlit með fiskeldi þar sem um er að ræða fiskeldi í stöðvum sem eru minni en 200 tonn. Er upp á það bjóðandi að svona fyrirkomulagi eigi að koma á og menn skuli koma með ný frv. um þessi efni án þess að leysa nein

vandamál, bæta bara við einu kerfinu enn? Á sama tíma er hæstv. umhvrh. að flytja frv. — ég minnti á það áðan — um verndun hafs og stranda þar sem hún verður þriðji ráðherrann sem á að bera ábyrgð á lífríkinu og mengun og öðru slíku sem stafar af þessari starfsemi.

Ég held að stundum hafi verið minni ástæða til að kalla á hæstv. ráðherra til að svara fyrir mál sem hann leggur fram heldur en núna. Í fyrra fór þannig fyrir þessu máli í sjútvn. að þar vildu menn ekki líta við því. Það komst ekki áfram í fyrra vegna þess að menn töldu málið illa unnið og hugsunina á bak við það ekki skynsamlega. Satt að segja finnst mér eins og að meiri hlutinn hafi verið hálfnauðugur dreginn á flot til að samþykkja það að skila þessu af sér. (**GHall:** Það er rangt.) Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson segir: „Það er rangt." Ég hlustaði á málflutning þingmanna í hv. nefnd bæði í fyrravetur og í vetur og ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst fullkomlega skorta sannfæringu fyrir því sem þarna var verið að gera þó að niðurstaðan hafi verið sú að skila þessu máli þarna út. Það er mín skoðun. Menn geta svo haft einhverja aðra skoðun á því,

Ég sé ástæðu til að nefna það sem ég hef verið hér að tala um og kalla eftir því að hæstv. ráðherra rökstyðji almennilega hvað sé svo nauðsynlegt við það að búa til nýtt eftirlitsapparat á hans vegum til að fylgjast með einhverjum fiskum sem á að fara að ala núna. Og hvernig stendur á því að hann treystir ekki hæstv. landbrh. fyrir þessu máli? Hvernig stendur á því að á sama tíma og menn kalla á hagræðingu og sparnað í öllum ríkisrekstri skuli hæstv. ráðherra standa fyrir þessu?

Hæstv. forseti. Ég vona sannarlega að hæstv. ráðherra komi í ræðustól og rökstyðji þetta þannig að a.m.k. ég skilji hvers vegna hann leggur í þessa göngu því ekki er hún skynsamleg.

[17:18]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Helga Guðrún Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út frá sjónarhorni hv. þm. á málið má vissulega taka undir ýmislegt sem fram kom í máli hans. Hitt er svo annað mál að ég er ekki alls kostar sammála því hvernig hann leggur þetta mál á borð. Í fyrsta lagi mætti við fyrstu sýn ætla að hér væri um einhverja hrikalega tvískiptingu að ræða. En svo er ekki. Í frv. er gert ráð fyrir svokallaðri fiskeldisnefnd sem er ætlað að þætta þessa tvo þætti saman, annars vegar þann þátt sem fellur undir sjútvrn. og hinn sem fellur undir landbrn. Frv. gerir því ráð fyrir aðgerð til að sameina þessa tvo þætti á einum samráðsvettvangi.

Ég vek líka athygli hæstv. ráðherra á því að í fiskeldismálum býr þessi þjóð við ákveðna fortíð sem við verðum að horfast í augu við, fortíð sem felur það í sér að á níunda áratugnum var farið út í fiskeldi í þó nokkuð stórum stíl í hinum dreifðu byggðum. Atvik háttuðu því þannig til að það var gert undir forustu landbrn. Í dag blasir þessi veröld allt öðruvísi við. Það eru fyrst og fremst heildarhagsmunir útgerðarinnar sem eru í húfi. En það væri óábyrgt að ætla sér að stokka allt upp á skömmum tíma með tilliti til þess hlutar sem liggur í landbúnaðinum að því að þetta er viðkvæmur atvinnuvegur. Menn verða að stíga gætilega til jarðar í þessum efnum eins og hv. þm. eflaust veit.

[17:20]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta síðasta sem hv. þm. sagði veldur mér undrun vegna þess að ég get ekki séð neina ástæðu til að halda að það verði eingöngu útgerðir sem hafi áhuga á því að ala fisk í kringum Ísland. Þær hafa a.m.k. engan einkarétt á því fyrirbrigði að mínu viti. Það þarf engan kvóta, það þarf engin skip eða vera yfirleitt í útgerð til að reka fiskeldisstöðvar á Íslandi. Ef það er þrýstingur frá einhverjum útgerðarmönnum þá er það þrýstingur fyrirtækja. Sá þrýstingur kemur bara af slíkum ástæðum en ekki vegna þess að útgerðarmenn eigi að hafa nokkurn forgang að þessum atvinnuvegi.

Síðan er hitt atriðið, hæstv. forseti, þ.e. að ekki sé um tvískiptingu að ræða vegna þess að fiskeldisnefnd sé til. Mér finnast engin rök í því vegna þess að fiskeldisnefnd er bara hattur þarna yfir og getur auðvitað gert gagn. Ég ætla ekki að draga úr því. Úr því að menn kjósa að hafa þetta í tvennu lagi og búa til tvöfalt apparat er sjálfsagt gagn að því að hafa einhverja nefnd yfir öllu saman. En það dregur ekkert úr óhagræðinu og kemur ekki í veg fyrir það að t.d. fisksjúkdómanefnd telji að ákveðin vandamál skapist vegna þessarar tvískiptingar, vegna þess að eftirlitið sé tvöfalt og af því að tveir aðilar eigi jafnvel að bera ábyrgð á eftirliti hjá sama aðilanum og tveir aðilar eigi sjá um eftirlit í sama firðinum o.s.frv.

Að mínu viti eru það ekki rök í málinu að fiskeldisnefnd sé til staðar. Ég vona satt að segja að fram komi sterkari rök en þau sem hafa komið fram til þessa.

[17:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að ég skyldi ekki vera viðstaddur upphaf þessarar umræðu. Það var einfaldlega vegna þess að ég átti ekki von á því að málið mundi koma á dagskrá í dag. Þegar ég fór út úr þinginu fyrir tæplega klukkustund var verið að ræða fyrsta mál á dagskrá og nú erum við komin í níunda dagskrármál. Þetta gerist auðvitað oft og ég var umsvifalaust látinn vita að málið væri komið á dagskrá og er því mættur til umræðunnar.

Það sem helst virðist vera gagnrýnt við þetta frv. er ekki að það þurfi að hafa eftirlit með eldi nytjastofna sjávar heldur að það eftirlit skuli ekki falið öðru ráðuneyti en því sem að öllu jöfnu fer með nytjastofna sjávar og þau mál er þær tegundir varðar.

Þessi deila er ekki ný. Hún hefur verið í gangi allt frá því að fiskeldi hófst á Íslandi eða við Ísland. Lengst af hefur deilan staðið um það hvort ekki væri rétt að færa eldi vatnafiska, aðallega laxfiska eins og reyndin hefur verið, frá landbrn. og til sjútvrn. vegna þess að eðlilegra væri að hafa eldi og vinnslu og umsýslu með tegundum fiska, hvort sem það væru vatnafiskar eða sjávarfiskar, hvort sem þeir kæmu úr eldi eða væru veiddir, hjá einu og sama ráðuneytinu. Reyndar er það svo að víðast í nágrannalöndum okkar er þessu þannig háttað en þó ekki alls staðar. Deilan um þetta var svo mikil á sínum tíma að meira að segja komu fram tillögur um hvort ekki væri rétt að láta eldi laxfiska heyra undir forsrn. Það varð ekki niðurstaðan. Laxeldið var áfram í landbrn. og eldi nytjastofna sjávar eða sjávarfiska hefur verið í sjútvrn.

Eldi laxfiska og vatnafiska hefur verið umfangsmeira en eldi sjávarfiska. Þar af leiðandi hefur þar verið byggt upp kerfi til að hafa eftirlit með þeirri starfsemi. Ég held að það

sé ágætt kerfi þótt ég segi sjálfur frá. Ég kom að því á sínum tíma að byggja upp það kerfi og mestallri minni starfsævi þar til ég tók sæti á Alþingi eyddi ég í að hafa eftirlit með eldi laxfiska á vegum landbrn.

Það að umsýsla með eldi hinna ýmsu tegunda fisks sé í mismunandi ráðuneytum er því ekkert nýtt. Ég hef ekki orðið var við að það hafi að undanförnu verið umdeilt fyrr en núna bara alveg á síðustu dögum eða þá að nokkrum hefði dottið í hug að flytja eldi nytjastofna sjávar yfir í landbrn. Ég held að mjög lítið ef nokkuð hafi borið á þeirri hugmynd í umræðu um þessi málefni á fyrri stigum eða á fyrri árum.

Það sem kallar hins vegar á það núna að frv. sé flutt um eldi nytjastofna sjávar og að gert sé ráð fyrir eftirliti, er að nú eru uppi meiri og stærri hugmyndir um eldi sjávarfiska en áður. Er þar bæði um að ræða eldi lúðu sem mjög góður árangur hefur náðst í á undanförnum árum hjá Fiskeldi Eyjafjarðar og síðan eldi þorsks sem víða hafa verið gerðar tilraunir með að undanförnu og svo ræktun kræklings. Síðan eru tilraunir með eldi hlýra og eldi skeldýra í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Þess vegna varð að ráði að flytja þetta frv. Það var flutt í tengslum við það að á sama tíma var verið að breyta lögum um lax- og silungsveiði sem fjalla um eftirlit með laxfiskum. Til þess að auðvelda og samhæfa þessa starfsemi var gert ráð fyrir því í báðum frv. að fiskeldisnefnd yrði sett á fót til þess að fjalla sameiginlega um ýmsa þá þætti sem snerta þetta eldi sameiginlega. Síðan er hins vegar gert ráð fyrir því að hvort ráðuneytið um sig beri ábyrgð á sínum hluta eldisins eftir tegundum.

Það þýðir hins vegar ekki að koma þurfi upp neinum dýrum aðskildum eftirlitskerfum. Ég held t.d. að það væri algjörlega ástæðulaust fyrir sjútvrn. að koma sér upp sérstökum dýralæknum til að hafa eftirlit með sjúkdómunum. Það ætti að vera hægt að nota þjónustu sömu dýralæknanna til að hafa eftirlit með eldi sjávardýra eins og eldi vatnafiska.

Hins vegar þarf ýmislegt annað eftirlit í þessu sambandi. Það er nú þegar, þ.e. samstarf sem komið var á þegar ég gegndi embætti dýralæknis fisksjúkdóma, samstarf um eftirlit með afurðunum. Fiskistofa hefur eftirlit með afurðum sem koma frá fiskeldi laxfiska í vinnslu og til útflutnings þannig að það samstarf er ekki nýtt.

Síðan kemur þriðji eftirlitsaðilinn inn í þetta, þ.e. Hollustuverndin. Það er samkvæmt algjörlega sjálfstæðum lögum sem ekkert tengjast þessu frv. sérstaklega og því sem almennt á við um atvinnustarfsemi í landinu og byggir þá á því hvernig að málum er staðið vegna umhverfisins og heilnæmis þess er undir Hollustuverndina fellur. Síðan er það sjálfstætt mál sem verið hefur til umræðu í þingsölum og víðar hvernig haga eigi matvælaeftirliti hjá þjóðinni og gæti auðvitað orðið til einföldunar og þæginda fyrir alla ef einhver lausn og niðurstaða fengist í það mál. En það er sjálfstætt mál.

Í stjórnsýslunni eru ekki neinir erfiðleikar, vandamál eða togstreita um þessi eftirlitsmál. Þegar kemur að því að skipuleggja þurfi eftirlitið og það þarf að fara að vera virkt vegna þess að eldi sé að fara af stað í einhverjum þeim mæli að því þurfi að fylgjast vel með, þá mun verða um að ræða starfsemi af þessu leytinu til þótt það heyri undir tvö ráðuneyti vegna þess að um er að ræða mismunandi tegundir fiska sem heyra undir mismunandi ráðuneyti eins og fram hefur komið.

Það mætti hugsa sér að þetta væri óðruvísi. Það mætti hugsa sér að þetta væri allt saman í einu ráðuneyti og það mætti hugsa sér að landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn væru í einu ráðuneyti. Þá væru engin svona vandamál uppi. En hins vegar er líka um það að ræða hjá nágrannaþjóð okkar í Noregi þar sem umfangsmesta fiskeldi er á norðurhveli jarðar, að eftirlit með vatnafiskum og sjávarfiskum er aðskilið, þ.e. eldið heyrir undir mismunandi ráðuneyti. Það sem snýr að veiðum í ám og vötnum heyrir þar ekki undir sjútvrn. þó að eldi í sjó, líka á vatnafiskum, heyri undir sjútvrn. En þá gætu komið upp önnur vandamál hjá okkur ef við færum að breyta því og færa t.d. laxeldi í sjó frá landbrn. til sjútvrn. Þá værum við búin að aftengja þá hluta af eldi vatnafiskanna eða lífsferli vatnafiskanna frá landbrn. sem eftir sem áður bæri ábyrgð á veiðum á laxi í ám og vötnum. Hagsmunir laxeldisins og þeirra sem hafa hagsmuni af veiði á laxi og silungi í ám og vötnum fara ekki alltaf saman. Ég efast um að það væri eitthvað betur til þess fallið að leysa þau hagsmunamál ef laxeldi í sjó væri fært yfir til sjútvrn. Ég held að landbrn. hafi tekist fram til þessa að leysa þau mál ágætlega og því engin sérstök ástæða til að hreyfa við þeim málum þar.

Ég held hins vegar að það væri til mikils óhagræðis ef við færðum eldi á nytjastofnum sjávar, þorski, lúðu, hlýra og kræklingi, þessu hefðbundna sjávarfangi okkar, yfir til landbrn. Ég held að þeir sem í þessari starfsemi standa væru því ekkert sérstaklega hlynntir. Það sem ég hef heyrt reyndar um þessi mál hefur frekar verið á hinn veginn, að réttara væri að færa laxeldi í sjó yfir í sjútvrn. En ég hef hins vegar fært þau rök sem ég hef hér flutt fyrir því að það hafi bæði kosti og galla og að ekki væri víst að þeir gallar sem á því væru og ég nefndi áðan mundu vega upp að einhverju leyti á móti kostunum.

Því held ég að við þær kringumstæður sem við störfum í dag þar sem um þetta er gott samstarf á milli ráðuneytanna sem grundvallast á fiskeldisnefndinni, eftirlitið sé hjá hvoru ráðuneytinu fyrir sig, ráðuneytin síðan gæti þess að nýta þá þekkingu og þá starfsemi sem fyrir er í landinu til að fylgja eftirlitinu eftir, að ekki þurfi að vera nein vandamál í þessu eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur látið liggja að í ræðu sinni. Ég tel því að um óþarfa áhyggjur hjá honum sé að ræða.

En auðvitað er það oft þannig þegar verið er að fjalla um svona mál að einhverjir þeir aðilar sem að þeim starfa telja að sér vegið, að verið sé að taka eitthvað frá þeim, eða þá þeir væru betur til þess fallnir að gera þetta og hitt heldur en aðrir og þeir ættu að bera ábyrgð á því frekar en hinir.

Aðalatriðið er að menn starfi að þessu af heilindum og í samstarfi og finni á þessu réttu og praktískustu lausnina á hverjum tíma. Þá mun þetta koma vel og vandræðalaust út fyrir okkur.

[17:37]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem mig langar til að biðja ráðherra um að svara á þessum stutta tíma er í fyrsta lagi: Hver er sá reginmunur á eldi vatnafiska og sjávarfiska sem að hans mati réttlætir að eftirlit með þeim sé í tveimur ráðuneytum?

Í öðru lagi: Metur hann það svo að eldi sjávarfiska sé sjávarútvegur?

[17:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig enginn reginmunur á þessu. Ef fylgja ætti þessu eftir til hins ýtrasta væri þess vegna réttast að eldi allra fiska væri í sjútvrn. af því að það er starfsemi sem er miklu líkari innbyrðis en eldi fiska og

húsdýrahald á landi, þó það sé auðvitað heldur ekki óskylt. Ég sé hins vegar ekki nein stórkostleg vandkvæði á því og tel jafnvel ákveðið hagræði í því eins og ég lýsti hér áðan að laxeldið eða laxfiskar séu hjá landbrn. eins og helgast af hefðbundnum tengslum bújarða við laxveiðiréttindi og veiðiréttindi almennt í ám og vötnum. Ég lít svo á að eldi nytjastofna sjávar, þeirra stofna sem við veiðum villta, sé jafnframt sjávarútvegur og beri að heyra undir sjútvrn. Ég var eiginlega mjög hissa að sjá nál. hv. þingmanna um að það ætti að vera á einhvern annan veg. Það hafði nánast ekki hvarflað að mér að lagt yrði til af hv. þingmönnum að slík breyting yrði gerð á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

[17:38]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hæstv. ráðherra lítur svo á að eldi nytjastofna sjávar sé sjávarútvegur, hvernig lítur hann þá á erlenda fjárfestingu þegar kemur að henni ef áhugi reynist fyrir slíku, þegar um er að ræða slíkt eldi?

[17:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er nú að reyna að fara í einhvern orðaleik. Ég held að hv. þm. hafi heyrt mig svara þessari spurningu áður þar sem ég lýsti því yfir að ég teldi ekki að takmarkanir sem eru á fjárfestingum í fiskveiðum og frumvinnslu á sjávarafurðum eigi við um fiskeldi. Ég hef ekki heyrt neinn túlka takmarkanir á lögum um fjárfestingu í sjávarútvegi þannig að þær mundu eiga við eða ættu að eiga við um fiskeldi, enda hefur það ekki verið túlkað þannig fram til þessa og mun ekki verða gert að mínu frumkvæði.

[17:40]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að enn skorti rök fyrir því að vera með tvöfalt eftirlit með fiskeldi á Íslandi. Í sjálfu sér er ég ekki að halda því fram, og við gerum það ekki, að það eigi endilega að vera í landbrn. En það verður auðvitað að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna þegar komið er með tillögur af þessu tagi að þær séu þá byggðar á skynsamlegustu hugmyndunum sem menn hafa. Það kom fram í nefndinni í umfjöllun um málið að menn voru sammála um að ekki væri skynsamlegt að kljúfa þetta í sundur og vera með tvö apparöt til þess að fylgjast með þessu.

Mér finnst að hæstv. ráðherra hafi illa tekist að rökstyðja að þetta þurfi að vera svona og að nokkur skynsemi sé yfirleitt í því. Mér finnst hins vegar að áfram bóli á því að þarna sé um að ræða togstreitu, pólitíska togstreitu sem mönnum hefur ekki tekist að leysa.

[17:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur einfaldlega ekki verið nein pólitísk togstreita um þetta innan ríkisstjórnarinnar eða á milli þeirra ráðherra sem nú sitja í þessum tveimur ráðuneytum.

Eins og ég hef sagt væri hægt að færa mjög gild rök fyrir því að eldi allra fiska væri í sjútvrn. Það er líka hægt að færa góð rök fyrir því að eldi laxfiska, vatnafiska, sé í landbrn. Hins vegar held ég að ekki sé hægt að færa nein góð rök fyrir því að færa eldi sjávarfiska yfir í landbrn.

Ég held að sú staða sem uppi er í dag sé þess eðlis að við eigum vel að geta unnið skynsamlega úr því og ekki þurfi að hafa neinar áhyggjur af því að togstreita valdi þar einhverjum vandræðum, svo fremi sem einstaklingar eða embættismenn séu ekki í einhverjum landvinningum hvað þetta varðar.

[17:42]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að gild rök væru fyrir því að flytja þetta eldi allt saman til sjútvrn. Ég hefði svo sannarlega viljað taka þátt í því að skapa einhverjar reglur sem gerðu það að verkum. Hann sagði líka að engin pólitísk togstreita hefði verið um málið, en hefur samt þá skoðun sem ég nefndi áðan. Kom hann henni ekki á framfæri þá? Var þetta ekki rætt í ríkisstjórninni? Voru skynsamlegustu leiðirnar ekki ræddar þar? Af hverju koma menn með svona niðurstöðu og síðan kemur hæstv. ráðherra inn í Alþingi og lýsir því að skynsamlegasta leiðin hafi ekki einu sinni verið rædd í ríkisstjórninni? Mér finnst þetta hálfhallærislegt. Ég ætla ekki að segja meira.

[17:43]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn eru að tala um að eitthvað sé hallærislegt þá er náttúrlega hallærislegt að snúa út úr, því ég hef aldrei sagt að annar hvor þessara tveggja kosta væri eitthvað betri en hinn. Ég hef einfaldlega sagt að þetta væru hvoru tveggja kostir sem gætu vel gengið. En þriðji kosturinn, að færa eldi nytjastofna sjávar til landbrn., er versta niðurstaðan. Ég held að við eigum vel að geta unað við stöðuna eins og hún er í dag og verið er að útfæra í frv. Um hana hefur akkúrat ekki nein togstreita verið í ríkisstjórninni og óþarfi er fyrir okkur á hv. Alþingi að skapa einhverja togstreitu sem ekki er fyrir hendi í Stjórnarráðinu og þaðan af síður að snúa út úr orðum mínum til þess að kynda undir eitthvað sem ekki er fyrir hendi.

[17:44]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. sjútvrh. vera ansi opinn fyrir því hvernig þessum málum er komið. Ég vil spyrja hann eins og fram hefur komið í máli margra: Telur hann ekki að fyrir greinina sé besta þekkingin og reynslan í þessum málum, eldismálum, í landbúnaðargeira, þ.e. eldi dýra og eldi fiska? Eins og hæstv. sjútvrh. veit náttúrlega sem fagmaður er þetta allt öðruvísi en veiðar. Þess vegna er það spurning fyrir landið og fyrir greinina hvort sú þekking, eins og margir vilja halda fram, sé ekki að langmestu leyti til staðar þarna inni (Gripið fram í.) og að finna eigi þessu farveg þar til að þetta fari nú farsællega af stað allt saman.

[17:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir að reynsla og þekking á eldi sjávardýra er að vissu leyti innan landbúnaðarins. En hún er einnig innan sjávarútvegsins og sérstaklega eru það þá þau stig atvinngreinarinnar þegar nær kemur markaðnum, þ.e. meðferðin við slátrun og vinnslu og markaðssetning sem tengist sjávarútveginum, en auðvitað einnig það sem snýr að eldinu. Þess vegna held ég að sú staða sem uppi er í dag sé staða sem við getum vel við unað, svo fremi sem ekki er verið að ala á einhverri ástæðulausri togstreitu innan Stjórnarráðsins á milli ráðuneytanna. Það er hlutur sem ég hef reynt að forðast og ég veit að hæstv. landbrh. hefur

gert það líka. Um þessi mál hefur verið mjög gott samstarf okkar á milli.

[17:46]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh., af því að það er áhyggjuefni margra í þessu sambandi, um tilkostnaðardæmið og hversu erfitt kerfið verður. Auðvitað viljum við ekki standa að því að kerfið verði óþarflega þunglamalegt og þvælist fyrir mönnum.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki vissar áhyggjur af því eins og margir hafa, sem er ekkert óeðlilegt að komi upp þegar um tvískiptingu er að ræða og menn þurfa að ganga á milli margra varðandi eftirlit, leyfisveitingar og annað, hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að þetta fyrirkomulag muni leiða til þess að þetta verði erfiðara fyrir þá sem í greininni starfa. Og það sem er kannski umfram allt áhyggjuefni er að þetta verði þar af leiðandi mun dýrara fyrir greinina.

[17:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar eftirlitskerfið á vegum dýralæknis fisksjúkdóma var byggt upp, sem hefur verið uppistaðan í eftirlitinu með fiskeldi landbrn., þá var ég dýralæknir fisksjúkdóma og ég byggði það kerfi upp og ég held að ekkert eftirlitskerfi hafi verið byggt upp á jafnódýran hátt og það kerfi. Og ég held að það sé gott kerfi. Þar af leiðandi hef ég engar áætlanir uppi um að fara að byggja upp eitthvað meira og annað kerfi sem þyrfti að nota varðandi sjúkdómaþáttinn í eldi sjávardýra. Þar af leiðandi get ég fullvissað hv. þm. um það og hann getur treyst því að reynt verður að sinna þessum málum á vegum sjútvrn. á eins ódýran hátt og mögulegt er og einhverjir veggir milli ráðuneyta og starfsmanna ráðuneyta munu ekki verða til trafala í þeim efnum.

[17:48]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þannig var að ég ritaði undir nál. meiri hluta sjútvn. með fyrirvara sem byggist einmitt á því máli sem hér er tekist á um. Vegna þess að í umsögnum Hafrannsóknastofnunar, Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar kemur fram að ekki er togstreita á milli þessara aðila, heldur eru þeir allir sammála um það sem ég er sammála líka, að það sé eðlilegt eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Fisksjúkdómanefnd er á einu máli um að til lengri tíma litið sé æskilegt að ein löggjöf gildi um fiskeldi í landinu og telur ekki heppilegt að kljúfa forræði eldisgreinarinnar til tveggja ráðuneyta, háð því hvaða tegund er alin hverju sinni."

Ég er alveg sammála því. Þó að við viljum forðast allar deilur milli ráðuneyta, þá er samt svo komið að við þurfum að takast á við þetta mál og finna heimilisfang fyrir þessa væntanlega miklu atvinnugrein, búgrein, á einum stað. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi heima undir sjútvrn. og þó svo um það sé talað að mikil reynsla sé í landbrn., þá er mjög auðvelt að flytja hana á milli.

[17:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef sagt má færa mjög gild rök fyrir skoðun hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og eins og ég nefndi í ræðu minni hafa mjög margir, alveg frá því fiskeldið eða eldi laxfiska fór á skrið hér á landi, verið þeirrar skoðunar að það ætti á þessum forsendum að heyra undir sjútvrn. En ég held að einnig séu gildar ástæður fyrir því að hafa skiptinguna eins og hún er í dag og það eigi alls ekki að vera okkur til trafala, jafnvel þótt einstakir embættismenn eða forstöðumenn einstakra stofnana telji að málunum sé best fyrir komið hjá þeim, þá er það auðvitað okkar stjórnmálamannanna að gæta þess að ekki sé um einhverja togstreitu að ræða sem trufli það að við getum þróað atvinnugreinina á eðlilegan og skynsamlegan hátt.

[17:50]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Minnugur þess sem áður hefur gerst í fiskeldi þar sem mikil óhöpp og mikil tjón hafa orðið, þá tel ég kannski að sá þáttur eftirlitsins, hve mikil ábyrgð hvílir á embættismönnum, sé ekki hvað sístur og alvarlegastur í þessu með tilliti til þess að meiri hætta á er þegar tvö ráðuneyti eru í fiskeldismálum, hvort sem það eru vatna- eða sjávarfiskar, þá er verið að leita til sömu aðila varðandi fisksjúkdóma og annað. En ég tel að með því að hafa þetta undir einum hatti, einu ráðuneyti, sjútvrn., þá er einn aðili sem ber ábyrgð á þessu og það verður væntanlega minna um mistök en var á árum áður. Þetta er væntanlega engin smáatvinnugrein, þannig að mér finnst óeðlilegt að eldi vatna- eða sjávarfiska sé á höndum tveggja ráðuneyta.

[17:52]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þetta mál sem við ræðum hér í dag er svo sem í ágætu samræmi við það mál sem hæstv. forseti kaus að taka tímabundið af dagskrá, þ.e. við erum að ræða um mál sem að hluta til fjallar um nýtingu auðlinda Íslands. Nýtingu auðlinda Íslands að því leytinu til að til þess að hægt sé að fara í eldi í fjörðum og flóum þurfa menn auðvitað að nýta þá auðlind sem er og eins og menn sjá ef þeir lesa nál. minni hlutans, þá er einmitt vikið að þessu máli. Okkur finnst óeðlilegt þegar flutt er frv. til laga um eldi nytjastofna sjávar, eldi sem á að fara fram í fjörðum landsins og flóum, að þar skuli hvergi vera vikið að því með hvaða hætti eða hvort eigi að taka gjald né heldur hvernig eigi að bregðast við ef tveir sækja um á sama stað o.s.frv. Hér er sem sé eins og ég gerði að umræðuefni fyrr í dag fullkomin vöntun á því sem kallað hefur verið auðlindastefna.

Það er svo sem engin nýlunda, herra forseti, það er miklu frekar eins konar merkimiði ríkisstjórnarinnar að vera með þau mál öll út og suður stefnulaus. Mér finnst það miður, herra forseti, vegna þess að þjóð sem byggir efnahagsafkomu sína að svo miklu leyti á nýtingu náttúruauðlinda eins og Íslendingar gera ætti auðvitað að reyna að búa sér til nothæfa auðlindapólitík.

Hæstv. sjútvrh. vék að því áðan í ræðu sinni að honum fyndist óþarfi að minni hlutinn í nefndinni væri að hafa af þessu nokkrar áhyggjur, af því fyrirkomulagi sem hér er verið að leggja til. Það má kannski segja að það væri út af fyrir sig ef það væri bara minni hlutinn í nefndinni eða við þrjú sem skrifum undir nál. sem hefðu af þessu einhverjar áhyggjur, en því er nú ekki að heilsa, herra forseti, að áhyggjurnar séu bundnar við okkur. Það má segja að flestir þeir sem hagsmuna hafa að gæta og sendu nefndinni umsögn hafi lýst nokkrum áhyggjum af þessu máli.

Það verður að segjast eins og er að umsagnir þeirra sem gerst máttu vita urðu ekki til að róa minni hluta sjútvn. heldur þvert á móti. Af því að mér virðist sem hæstv. ráðherrann hafi kannski aldrei lesið þær umsagnir eða fengið af þeim spurnir, og einnig til þess að þingheimur sé þá að öðru leyti

upplýstur, finnst mér eðlilegt að vitna, með leyfi forseta, í nokkrar þeirra ef það mætti útskýra fyrir hæstv. ráðherra af hverju minni hlutinn lét ekki stillast og róast í nefndinni, heldur varð kannski órólegri eftir því sem á vinnslu málsins leið.

Í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar kom fram að fulltrúar fisksjúkdómanefndar báðu um að fá að koma á fund nefndarinnar og það var til þess að lýsa áhyggjum sínum af því fyrirkomulagi sem til stóð að koma á. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa það sem kemur fram í umsögn þeirra:

„Fisksjúkdómanefnd er á einu máli um að til lengri tíma litið sé æskilegt að ein löggjöf gildi um fiskeldi í landinu og telur ekki heppilegt að kljúfa forræði eldisgreinarinnar til tveggja ráðuneyta, háð því hvaða tegund er alin hverju sinni. Nefndin tekur ekki afstöðu til heimvistunar fiskeldisgreinarinnar en hvetur til þess að samræmi og skynsemi sé höfð að leiðarljósi í takt við nútímastjórnsýslu. Á það skal þó bent að við eftirlit með fiskeldi er mikill styrkur og hagræðing fólgin í að gagnasöfnun sé á sömu hendi og telur nefndin mikilvægt að áunnin reynsla og fagleg færni nýtist fiskeldi í heild sinni í stað þess að dreifa kröftunum. Eftirlit Fiskistofu með eldi sjávarfiska er þannig augljós tvítekning, þar sem eftirlit með fiskeldisstöðvum er á hendi embættis veiðimálastjóra, samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með seinni breytingum. Í athugasemdum við frumvarpið er bent á að núgildandi ákvæði í fiskeldiskafla lax- og silungsveiðilaganna taki einungis til ferskvatnsfiska. Að mati fisksjúkdómanefndar er þetta ekki allsendis rétt. Í lax- og silungsveiðilögum segir í 68. grein: „Eldi annarra lagardýra í kvía- og strandeldi skal hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska eftir því sem unnt er.“ Samkvæmt skilgreiningu núgildandi laga nær ákvæðið yfir öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, þar með talda nytjastofna sjávar. Í núgildandi lögum er þó ekki tekið á sjávargróðri líkt og nefnt er í 2. grein frumvarpsins um eldi nytjastofna sjávar.“

Herra forseti. Ef ég mætti vitna áfram í þær umsagnir sem við í nefndinni höfum verið að vinna með, þá er hér umsögn frá dýralækni fisksjúkdóma sem leyfir sér að benda á umsögn fisksjúkdómanefndar og vísar í hana, tekur sem sé undir þá gagnrýni sem þar kemur fram.

Hér er einnig, herra forseti, umsögn frá Veiðimálastofnun, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er ljóst að ákveðið óhagræði er að fiskeldi tilheyrir tveimur ráðuneytum þ.e. sjávardýr tilheyra sjávarútvegsráðuneyti og laxfiskar landbúnaðaráðuneyti.“ Síðan er haldið áfram: „Enn fremur er slæmt að tveir aðilar sjá um útgáfu rekstrarleyfa og verða með eftirlit með fiskeldi. Það eru Fiskistofa með sjávardýrum og veiðimálastjóri með laxfiskum. Þessu fylgir mikið óhagræði og spurning hvort þetta ætti ekki að vera á sömu hendi, með því að fela öðru hvoru embættinu eftirlitið eða sameina þau.“

Síðan er, herra forseti, umsögn frá Hólaskóla, sem hefur verið með fiskeldi sem kennslugrein og þar sem er nokkur þekking á þessum hlutum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafi yfirumsjón með málefnum fiskeldis. Þetta er afar óheppilegt fyrirkomulag. Það er mun eðlilegra að fela einu ráðuneyti alla yfirstjórn fiskeldis, en tryggja jafnframt aðkomu annarra ráðuneyta að málinu. Með þessu verður stjórnun á fiskeldi skilvirkari og koma má í veg fyrir óvissu um það hver eigi að fjalla um mál mismunandi fiskeldistegunda. Það er enginn eðlismunur á eldi vatnafiska og þeirra tegunda sem í frumvarpinu eru nefndar nytjastofnar sjávar. Þannig verður ekki séð að nein gild rök hnígi að því að laxeldi í kvíum í sjó heyri undir annað ráðuneyti en kvíaeldi á þorski. Sennilegt er að hér á landi verði í framtíðinni aldar tegundir annars staðar að úr heiminum eins og barri og tilapia. Barri er sjávarfiskur þó engan veginn sé hægt að telja hann til nytjastofna sjávar við Ísland. Samkvæmt frumvarpinu ætti barri sennilega að heyra undir sjávarútvegsráðuneytið. Tilapia er, líkt og barri, alin í kerjum á landi, en hún er vatnafiskur og mundi þess vegna falla undir landbúnaðarráðuneytið.“

Herra forseti. Af þessu má sjá og skilja að umsagnir þessar urðu nú ekki beinlínis til þess að segja fulltrúum í sjútvn. að hér væri verið að stíga hin réttustu skref.

Útgerðarfélag Akureyringa gefur umsögn um þetta frv. Þar kemur fram að til þess að stjórn fiskeldis sé skilvirk og samræmd þá sé brýnt að þessi málaflokkur heyri undir eitt og sama ráðuneyti.

Sömuleiðis gefur Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar umsögn. Í þessari umræðu hefur þegar verið vísað til þess að hin stóru sjávarútvegsfyrirtæki, m.a. þau fyrirtæki sem eru staðsett við Eyjafjörð, munu verða þátttakendur í stóru og miklu eldi. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar segir, með leyfi forseta:

„En allt tal í frumvarpinu um nefnd, sem skipuð er af landbúnaðarráðherra, bendir til þess að málefni fiskeldis munu áfram þvælast milli ráðuneyta sem ekki er málefnum fiskeldis til framdráttar.“

Þeir halda áfram:

„Við teljum hins vegar að mikilvægt sé að leyfisgjald verði greitt fyrir afnot af auðlindinni. Þetta er þekkt í nágrannalöndum okkar og því fyrr því betra.“

Þarna er vísað í annað mál sem ég ætla að víkja að aftur, herra forseti, og Þjóðhagsstofnun víkur að í sinni umsögn. Eftir að hafa fjallað um vaxandi áhuga á fiskeldi og hversu mikilvægur hluti af þjóðarbúskap Íslendinga megi ætla að það verði þá segir Þjóðhagsstofnun:

„Erlendis er yfirleitt ekki tekið gjald fyrir rekstrarleyfi til fiskeldisfyrirtækja nema til að mæta kostnaði vegna leyfisveitingarinnar. Undantekning er nú orðin varðandi ný rekstrarleyfi fyrir laxeldi í Noregi. Rök fyrir slíku gjaldi eru að ekki sé ótakmarkað magn af heppilegum stöðum fyrir fiskeldi. Þá er rétt að benda á að væntanlega eru einstakir staðir mismunandi heppilegir fyrir rekstur fiskeldis og reikna má með að þeir sem fyrstir sæki um rekstrarleyfi sæki um bestu staðina. Endurgjaldslaus afhending slíkra rekstrarleyfa leiðir oft til harðvítugra deilna um réttmæti slíkra ráðstafana, einkum ef starfsemin verður mjög arðbær eins og laxeldi í Noregi hefur stundum verið.“

Herra forseti. Að lokum vil ég vitna í veiðimálastjóra. Niðurstaða hans er, með leyfi forseta, eins og hér segir:

„Af því sem hér hefur komið fram verður ekki dregin önnur niðurstaða en sú að sérstök stjórnsýsla og eftirlit varðandi sjávarfiska sé ekki tímabær og eingöngu til þess fallin að flækja þá stjórnsýslu sem fyrir er og auka hættu á tvítekningu og ómarkvissum aðgerðum. Þá fjármuni sem ætlað er að verja til verkefnisins mætti einnig nýta mun betur.“

Herra forseti. Ég vænti þess að nú sé ég búin að koma nokkuð skýrt til skila að fleiri en við, þessi þrjú sem skrifum sem minni hluti sjútvn. upp á það nál. sem hv. þm. Jóhann Ársælsson mælti fyrir hér áðan fyrir okkar hönd, höfum af

þessu áhyggjur. En eins og ég gat um þá mátti ráða það af orðum hæstv. sjútvrh. að við værum svona eins og nokkuð einangraður hópur í áhyggjum okkar af þessu máli.

Nei, herra forseti. Okkur fannst og finnst full ástæða til þess að andæfa samþykkt þessa máls á þeim forsendum sem hér hafa verið raktar í tilvitnunum mínum í þá aðila sem sendu umsagnir og ég vil meina, herra forseti, að séu nú býsna marktækir. Þetta eru aðilar sem gerst mega vita hvernig þessum málum er best fyrir komið. Svo er hitt að sú tilfinning fór vaxandi meðal nefndarmanna á meðan umfjöllun málsins stóð að hér væri um eitthvert pólitískt samkomulag ráðherra að ræða um það hvernig þeir ætluðu að skipta þessum málaflokki á milli sín, þ.e. eins og segir í einni tilvitnuninni að hér réðust mál ekki af skynsemi heldur væri eitthvað annað á ferðinni í þessari verkefnaskiptingu. Og það verður að segjast eins og er að okkur fannst ekki stýra góðri lukku að það væri útgangspunkturinn hér.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að einhverjir hefðu kannski tilteknar skoðanir af því þeir væru í einhverjum eða vildu vera í einhverjum landvinningum. Það lýsir þessu kannski best. Við fengum sem sagt á tilfinninguna að hæstv. sjútvrh. væri þarna einmitt í landvinningum. Af því það er nú skoðun þeirrar sem hér stendur og okkar fleiri að löngu tímabært sé að stokka upp Stjórnarráðið, að menn fari að laga Stjórnarráðið að breyttum atvinnuháttum, þá verður að lesa niðurstöðu okkar í nefndaráliti minni hluta sjútvn. um vistun málaflokksins í því ljósi, enda kemur þar fram að við segjum:

„.... meðan sú skipting sem nú ríkir í Stjórnarráðinu er í gildi.“

Herra forseti. Við teljum sem sagt að á meðan sú skipting ríkir sem nú er sé eðlilegt að það ráðuneyti sem hefur þekkingu á eldi eða á að hafa þekkingu á eldi, fari með málaflokkinn og síðan horfi menn til þess hvernig skiptingin verði þegar við verðum búin að raða Stjórnarráðinu upp að nýju miðað við þær aðstæður sem eru og fyrirsjáanlegar eru í okkar málum.

Þegar farið var að ræða hér frv. þrjú sem fjalla um rannsóknir og vísindi kom fram í máli hæstv. forsrh. að verið væri að endurskoða reglugerð Stjórnarráðsins með það fyrir augum að stokka upp. Það kom fram af því tilefni að rökin fyrir því að breyta um umgjörð rannsókna í landinu voru fyrst og fremst þau að svo miklar breytingar hefðu átt sér stað í atvinnuháttum og fleiru að full ástæða væri til þess að skoða það, og þá upplýsti hæstv. forsrh. að verið væri að endurskoða reglugerð Stjórnarráðsins í sama skyni. Því má ætla að í lok þessa kjörtímabils, þ.e. eftir u.þ.b. ár, liggi þetta fyrir. Okkur finnst satt að segja algjör óþarfi að fara í þessar aðgerðir eða setja þessa niðurstöðu fasta sem hér er lögð til af hálfu meiri hlutans þegar svo háttar til að innan ekki svo langs tíma verðum við væntanlega komin með atvinnuvegaráðuneytið sem getur þá tekið á málum sem eru annars eins og hálfmunaðarlaus í kerfinu.

Herra forseti. Við látum þess líka getið í minnihlutaáliti okkar, eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að óviðunandi sé að framtíðarnýting sameiginlegra auðlinda skuli afhent án nokkurs endurgjalds. Þá eigum við við það að hér er mönnum úthlutað leyfi til þess að nýta hafsvæði, firði og flóa, án endurgjalds. Þarna er um að ræða takmarkaða auðlind og þegar farið er að skammta leyfi til nýtingar á takmarkaðri auðlind þá er nú lögmálið að slík leyfi öðlast tiltekið verðgildi og það mun sýna sig þegar annaðhvort leyfin eða fyrirtækin fara að ganga kaupum og sölum hvers virði þessi leyfi eru.

Mér finnst satt að segja undarlegt núna í upphafi 21. aldarinnar eftir alla þá umræðu sem átt hefur sér stað um auðlindanýtingu og það hvernig við súpum nú seyðið af því hvernig staðið hefur verið að úthlutun leyfa í ákveðnum atvinnugreinum sem síðan hafa verið framseld fyrir miklar upphæðir, að hér skuli flutt frv. um nýtingu náttúruauðlindar sem er sameiginleg, sem hefur þessi einkenni. Ég skil satt að segja ekki í hæstv. sjútvrh. að hann skyldi ekki gefa sínu fólki fyrirmæli um að leita leiða til þess að mæta þeirri gagnrýni sem augljóslega mun verða hér á landi rétt eins og í Noregi vegna þessara mála. Af hverju var ekki ákveðið að reyna að læra af mistökum annarra og feta í fótspor þeirra sem eru að reyna að gera hlutina betur?

Ég hafði um það nokkurt mál hér í dag þegar ég var að fjalla um virkjun við Kárahnjúka hversu mikil vöntun væri á auðlindapólitík og ég verð, herra forseti, að endurtaka það hér enn og aftur að mér finnst það í rauninni vera til skammar fyrir hæstv. ríkisstjórn að það skuli koma svona berlega í ljós að ekki bara virðast ráðherrar aldrei tala saman — ríkisstjórnin virðist aldrei ræða þessi mál — heldur jafnvel innan sama ráðuneytisins virðist vinstri höndin ekki vita hvað sú hægri er að gjöra, eða þá, herra forseti, að það einfaldlega bara heyrir ekki allt upp á sama daginn. Alla vega er mjög erfitt í rauninni fyrir alþingismenn og fyrir Alþingi að þurfa að takast á við málin hvert á fætur öðru þar sem stefnan er svo gjörólík. að ég veit ekki hvort það eigi að kalla það stefnu. Ég vil kalla það stefnuleysi. Það vantar algjörlega alla auðlindapólitík í þessi mál og það er mjög slæmt.

Herra forseti. Ég vænti þess að ræða mín með þessum tilvitnunum í umsagnaraðila hafi leiðrétt aðeins það álit hæstv. ráðherra að hér væri ekki ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur af neinu fyrst þeir aðilar sem þessi álit skrifuðu sjá ástæðu til þess að hafa af þessu áhyggjur. Ég þarf ekki að telja upp hverjir það voru. Ég get gert það ef fyrir því er áhugi. Ég held því að ráðherra þurfi ekki að furða sig á því að nefndarmenn hafi haft og hafi af þessu nokkrar áhyggjur. Ég vil minna á að þetta mál var flutt á síðasta þingi en var þá gert afturreka sakir þess að það þótti hreint ekki nógu vel unnið og nógu vel úthugsað. Ég held nú, herra forseti, að það yrði þessu máli fyrst og fremst til góðs ef það yrði látið liggja og hæstv. ráðherra biði þess sem verða vill með uppstokkun í Stjórnarráðinu og að eldismál kæmust síðan á eina hönd eins og hér er lagt til í flestum þeim álitum sem fyrir nefndina komu.

[18:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú verið að reyna að eyða áhyggjum hv. þingmanna af þessu máli. En það virðist greinilega vera um einhvern misskilning að ræða hjá embættismönnum landbrn. sem komu fyrir nefndina og í álitum þeirra. Auðvitað gera hv. þm. sér grein fyrir því að veiðimálastjóri situr í fisksjúkdómanefnd og dýralæknir fisksjúkdóma er starfsmaður yfirdýralæknis sem á sæti í fisksjúkdómanefnd og dýralæknir fisksjúkdóma er samvæmt lögum ráðgjafi fisksjúkdómanefndar. Því er ekkert skrýtið þó að samræmi sé í því sem kemur fram í álitum þeirra þriggja aðila sem hv. þm. vitnaði til. Hún vitnaði til 68. gr. lax- og silungsveiðilaganna þar sem segir:

„Eldi annarra lagardýra í kvía- og strandeldi skal hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska eftir því sem unnt er.“

Þetta ákvæði var sett inn í lögin 1994. Þá átti ég sæti í landbn. sem auðvitað fjallaði um málið. Þetta var sett inn sem varnagli vegna þess að þá var lítið um eldi sjávardýra og ekki hafði verið talið nauðsynlegt að setja um það sérstakar reglur vegna þess að umsvifin voru ekki nægjanlega mikil. En málefni nytjastofna sjávar, hvort sem um eldi er að ræða eða annað, hafa alltaf fallið undir sjútvrn. Það hefur aldrei verið nein deila við landbrn. um það.

Hins vegar má segja að gjaldtaka af þessu hljóti auðvitað að koma til álita. En ég held að við ættum aðeins að fara varlega í þær sakir. Við eigum að sjá hvernig þetta þróast. Það er ekkert víst að um svo mikinn gróðaatvinnuveg sé að ræða að hann þoli mikla gjaldtöku jafnvel þótt atvinnugreinin í Noregi þoli það.

Herra forseti. Varðandi það síðan að hæstv. ráðherra ætti bara að bíða og málið ætti bara að liggja þá er það ekki ráðherrann sem þarf að bíða heldur bíður atvinnugreinin eftir því að einhver rammi sé settur utan um starfsemina.

[18:16]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Heyrðist mér rétt, er hæstv. ráðherra að ráðleggja okkur að vera ekki svo mikið að hlusta á þá aðila sem komu með umsagnir fyrir nefndina vegna þess að þeir væru allir meira og minna embættismenn landbrn.? Er það það sem hæstv. ráðherra var að segja? Það væri betra ef hann talaði aðeins skýrar.

Ég sagði áðan í ræðu minni að niðurstaða mín og fleiri í nefndinni hefði eiginlega orðið að hæstv. sjútvrh. væri þarna í ákveðnum landvinningum. Fleiri en starfsmenn landbrn. óskuðu eftir því að þetta væri allt á einni hendi. En það er þetta sem ég vil fá útskýrt: Er hæstv. ráðherra að ráðleggja okkur að hlusta ekki á þessa aðila af því að þeir séu embættismenn landbrn., og það sem meira er, að eitthvað af því sem þeir sögðu byggði á ákveðnum misskilningi?

[18:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Ég er ekki að segja hv. þingmanni eitt eða neitt um það á hvað hún á að hlusta. Ég er einfaldlega að reyna að útskýra fyrir henni hver staða málanna er. Ef einhverjir eru í landvinningastarfsemi sýnist mér það vera þessir embættismenn sem hún er að vitna í, sem hins vegar kemur mér mjög á óvart miðað við afstöðu landbrn.

Hvað varðar landvinninga sjútvrh., hvenær hefur einhver haldið því fram að eldi sjávardýra væri á hendi einhvers annars ráðuneytis en sjútvrn.? Hvers vegna er Hafrannsóknastofnunin með rannsóknastöð varðandi eldi sjávardýra í Grindavík? Hvers vegna er Hafrannsóknastofnunin stærsti hluthafinn í fiskeldi Eyjafjarðar? Hvers vegna er sjútvrn. með sérstaka fjárveitingu frá hv. Alþingi til að styrkja fiskeldi sjávardýra? Hvers vegna var fyrirspurn um kræklingarækt beint til sjútvrh., fyrirspurninni sem ég svaraði hér í gær? Hvar eru landvinningarnir? Til hvers annars hefði átt að beina fyrirspurninni? Hverjir aðrir eru að rannsaka krækling, hverjir eru sérfræðingarnir í kræklingarækt? Hverjir eru sérfræðingarnir í þorskeldi? Hverjir eru sérfræðingarnir í lúðueldi? Hvar eru þessir sérfræðingar annars staðar en í sjútvrn.?

Þó að laxeldi og eldi annarra sjávardýra sé auðvitað skylt — ég er þegar búinn að fara yfir það hvers vegna ég sjái fullgild rök fyrir því að eldi vatnafiska sé í öðru ráðuneyti og ástæðulaust að fara yfir það aftur — er rangt að tala um einhverja landvinninga. Það er einfaldlega verið að reyna að setja skýrari línur fyrir það sem er vonandi vaxandi atvinnugrein, herra forseti.

[18:20]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sú umræða sem þegar hefur farið fram um þetta mál, nú þegar það er nýkomið úr nefnd, segi í rauninni allt sem segja þarf um það hversu fráleitt er að fiskeldi eigi að heyra undir tvö ráðuneyti.

Mér finnast svör hæstv. ráðherra fyrst og fremst hafa fært okkur enn frekari sönnur á að auðvitað á eldi að vera á einni hendi. Flestir höfðu einmitt áhyggjur af því að nú, þegar fer að reyna á löggjöfina um eldi sjávarfiska og menn ætla að fara að setja um það sérstaka löggjöf, skuli menn fara þá leið að setja lög í takti við það sem fyrirliggjandi frv. segir fyrir um í stað þess að nýta tækifærið og setja allt eldið undir einn hatt. Mér finnst, herra forseti, að þessi umræða og framganga hæstv. sjútvrh. hafi nákvæmlega útskýrt fyrir okkur af hverju það er svo mikilvægt að það sé á einni hendi.

[18:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er í hópi þeirra sem telja að hér sé nokkur vandræðagangur á ferðinni í frágangi á þessu máli, og eiginlega leyfi ég mér að segja að svolítill misskilningur hljóti að vera uppi. Mér fannst t.d. hæstv. sjútvrh. nálgast þetta mál hér áðan út frá því að deilan stæði um það hvort hann væri sjútvrh. Það er engin deila um að hæstv. sjútvrh. er sjútvrh. Þetta snýst ekki um það eða að sjávarkvikindi sem slík í sjónum heyra undir hann.

Mér finnst þetta snúast um það hvort þessi búgrein, þessi atvinnugrein, eldi, á að vera á einum stað í stjórnkerfinu eða ekki og hvort skynsamlegt er að kljúfa það í tvennt. Það held ég að geti skapað ýmis vandamál. Ég held að það væri t.d. ekki gott ef ferðaþjónustan væri þannig meðhöndluð að þegar gert væri út á innlenda ferðamenn heyrði það undir eitt ráðuneyti en útlendir ferðamenn undir annað. Þetta er svipað fyrirkomulag, að hafa mismunandi tegundir í eldi undir ólíkum ráðuneytum.

Ég held því að með því að skilgreina þetta öðruvísi og segja að við séum að leggja lagaramma að atvinnustarfsemi, búgrein í raun og veru, sem ég tel að ætti að vera mundi þessi misskilningur hverfa. Og ég held að margt mæli með því að landbrn. færi með forsvar eldismála sem væru flokkuð í raun og veru sem búgrein eða því sem næst. Þannig er það víða í nágrannalöndunum samanber orðsins hljóðan, „opdræt", það er landbúnaður í raun og veru.

Hins vegar væri ekkert óeðlilegt við að sjútvrn. ætti aðkomu að málinu, t.d. í gegnum það að þegar alin væru sjávardýr í söltu vatni, ég tala nú ekki um úti í sjó, kæmi sjútvrn. að þeim málum. T.d. mætti hugsa sér að leysa þetta með deildaskiptri stjórnsýslu og framkvæmdastofnun sem færi með þessi mál, þau heyrðu undir eitt ráðuneyti en fleiri ráðuneyti gætu átt aðkomu að því máli. Slíkt fyrirkomulag er vel þekkt. Það hefði þann kost í för með sér að málin væru á einni hendi og þeim væri ekki dreift.

Rökin fyrir því að landbrn. kæmi líka þarna að væru jafnframt þau að þar hefur fram undir síðustu ár fyrst og fremst byggst upp þekking á mjög mikilsverðum þáttum þessa máls eins og sjúkdómum og eftirliti með slíku og fleiru. Þau rök sem hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála fór með hér áðan, að Hafrannsóknastofnun og sjútvrn. hafi komið að ákveðnum þróunarverkefnum á þessu sviði, þurfa ekki að þýða að

það sé sjálfgefið að málefni atvinnugreinarinnar sem slíkrar, búskaparins, eldisins, heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Niðurstaðan virðist vera, eins og hér var lýst áður, hálfgerð hrossakaup stjórnarflokkanna, næstum að segja einhver helmingaskipti þar sem landbrn. fær eldi vatnafiska en sjútvrn. eldi sjávardýra. Birtist hér helmingaskiptareglan í nýrri mynd. Lengi má bæta við fornfræg smíðaverk eins og helmingaskiptareglan er, hún birtist hér allt í einu í spurningunni um forræði í fiskeldismálum.

Mér finnst þarna hafa verið gefið eftir. Ég þekki auðvitað svolítið til þessarar sögu og það er hárrétt að það þróaðist þannig, án þess að nokkurn tíma væri beinlínis á því tekið í lögum, að sjútvrn. leit svo á að undir það heyrði eldi sjávartegunda eða öllu heldur eldi úti í sjó. En þá spyr maður: Ætlar sjútvrn. líka að vera með puttana í eldi sjávartegunda uppi á landi? Ætlar sjútvrn. að vera með puttana í sjávartegundum sem aldar eru í hálfsöltu vatni uppi á landi? Ætlar sjútvrh. að koma og ráðskast í þeim kerjum fiskeldisstöðvar sem verður kannski með lax, bleikju og lúðu þó að það sé langt uppi á landi? Ég held að þetta sé ekki endilega mjög skynsamlegt.

Ég leyfi mér að spyrja t.d. þessa: Eru menn búnir að ákveða að þetta skuli fara alfarið eftir tegundunum, ekki eftir því hvar eldið fer fram? Vel kann að vera að þessi spurning sé óþörf því að það liggi hér einhvers staðar fyrir. Ég játa alveg, herra forseti, að ég hef ekki þaullesið þessi plögg og sat ekki í þeirri nefnd sem um þetta fjallaði. En þessar spurningar vakna a.m.k. hjá mér þegar ég fer að reyna að draga það upp hvernig þetta getur birst okkar úti í hinum praktíska veruleika.

Svo vil ég líka gera eina athugasemd, herra forseti, sem mig minnir að ég hafi gert áður, og það er að mér finnst leiðinlegt að taka til orða eins og gert er í upphafi 2. mgr. 2. gr.: „Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður" o.s.frv. Mér finnst að ekki eigi að gefa orðinu „nytjastofn" mismunandi inntak eftir því í hvaða lögum það orð stendur. Óskaplega er þetta kauðskt. Er ekki hægt að finna þá annað hugtak sem lýsir þessum sjávarstofnum, gróðri og fiskum, þannig að ekki þurfi að — mér liggur við að segja, með leyfi forseta, klæmast á þessu og segja: „Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr" o.s.frv.? Í einhverjum öðrum lögum þýðir orðið „nytjastofnar" eitthvað annað o.s.frv. Þetta er ekki mjög vandað og ég held að menn hafi ekki legið nógu vel yfir orðalaginu. Það hlýtur að vera hægt að leysa þetta á hinu ástkæra ylhýra máli okkar með snjallari hætti en hér er gert.

Herra forseti. Út af fyrir sig er rétt hjá hæstv. sjútvrh., og það eru rök í málinu, að menn binda vonir við framgang í þessari atvinnugrein, eldi, og að til sögunnar komi eldi sjávartegunda á komandi árum. Vissulega er mikilvægt að svo verði og það takist. Ég er eindregið þeirrar skoðunar t.d. að það sé brýnt fyrir Íslendinga að leggja stóraukinn kraft í eldi á þorski. Ég held að það væri stórhættulegt fyrir Ísland með sjávarútveg sinn og afkomu jafnbundna veiðum á hinum villtu tegundum, þá sérstaklega þorskinum, ef við sætum eftir í því að eldisþorskur komi kannski til sögunnar á næstu 10–20 árum í stórauknum mæli og ryðji sér leið inn á markaðina og taki sér pláss, kannski sambærilegt við laxinn. Þá má það auðvitað ekki gerast að Íslendingar sitji þar algerlega eftir og búi kannski eingöngu við veiðar á villtum þorski sem getur átt eftir að lenda í harðri samkeppni á þessum mörkuðum. Hver veit? Sama mætti segja um fleiri tegundir sjávardýra. Ég er ekki einn um að binda miklar vonir við lúðueldi og jafnvel eldi fleiri flatfiska. Ef mönnum tekst að ná tökum á eldi lúðu, sandhverfu og jafnvel fleiri slíkum verðmætum erfiðum tegundum held ég að það geti orðið gríðarlega spennandi fyrir okkur.

Enn ein steypan og kjaftæðið, herra forseti, sem stundum heyrist að sá stjórnmálaflokkur sem ræðumaður tilheyrir sé á móti öllu fiskeldi. Í örvæntingu sinni lenda framsóknarmenn stundum í því líkum ógöngum að þeir hafa reynt að halda slíku fram. Það er sem sagt leiðrétt hér með, herra forseti. Sá misskilningur er hér með úr sögunni. Svo er ekki. Við gerum hins vegar kröfur til þess, að sjálfsögðu, að öll atvinnustarfsemi á þessum sviðum og stórákvarðanir um þauleldi á tegundum uppfylli kröfur um eðlilega umgengni við lífríkið, sæti mati á umhverfisáhrifum o.s.frv. Við teljum að menn verði að fara varlega ef þeir ætla að fara í eldi á framandi tegundum í lífríkinu. Sú stefna okkar er að sjálfsögðu jafneinörð á þessu sviði umhverfismála eins og annars staðar. Ég tel okkur hins vegar ekki lakari stuðningsmenn þess en hverja aðra, einmitt á þessum grunni, að menn sæki fram á álitlegum sviðum nýsköpunar í atvinnulífi að þessu leyti.

Ég verð að segja, úr því að maður er kominn á þetta flug á annað borð, að ég hef miklu meiri trú á að Íslendingar eigi sér bjarta framtíð í eldi verðmætra sjávartegunda og jafnvel eftir atvikum vatnafiska og hlýsjávartegunda en t.d. í laxi þar sem við erum þegar 10–20 árum á eftir. Við töpuðum ósköp einfaldlega þeim slag eða gáfumst upp í honum þegar erfiðleikarnir gengu hér yfir á níunda áratug síðustu aldar og komið var fram um 1990. Þegar þetta hrundi allt saman ofan í hausinn á okkur gáfumst við upp en aðrar þjóðir héldu áfram og sigruðust á erfiðleikunum, t.d. Norðmenn, Færeyingar, Skotar, Írar. Þeir hafa gert þetta að stóratvinnugrein hjá sér. Við eigum þetta forskot upp að vinna á mörkuðunum og í að afskrifa fjárfestingar og að sumu leyti að byggja hér upp þekkingu og færni og þjálfa starfsfólk. Þessar þjóðir hafa gert þetta allt á undan okkur. Ég hlýt að lýsa þessu eins og það kemur mér fyrir sjónir, herra forseti. Ég óska auðvitað þeim mönnum alls góðs sem reyna fyrir sér í þessu en á mig leita efasemdir um að það sé rétt áhersla hjá okkur að ætla að reyna að hella okkur út í keppni við þjóðir sem þegar hafa náð gríðarlegu forskoti, t.d. í laxinum. En við höfum forskot á öðrum sviðum. Það höfum við í lúðunni. Það gæti vel orðið ein af stóriðjum Íslands ef vel tekst til og eldi annarra sjaldgæfra verðmætra tegunda sem koma til með að skila háu verði, a.m.k. framan af. Þeir sem fyrstir verða með þær inn á markaðinn í miklu magni munu njóta upphafsforskotsins, það sýnir reynslan. Það hjálpar til við að afskrifa stofnkostnað, fjárfestingar- og þróunarkostnað.

Ég er mjög spenntur fyrir því að þarna verði sótt fram en þá má heldur ekki, herra forseti, lenda í stjórnsýslulegu klúðri, fánýtum landamæradeilum innan Stjórnarráðsins o.s.frv. Ég játa að ég hef svipaðar efasemdir og þeir sem hér hafa skilað minnihlutanefndaráliti um að að þetta sé ekki endilega heppilegasti kosturinn. Þarna hefði e.t.v. verið betra að skilgreina hlutina öðruvísi og segja: Jú, landbrh. fer með vatnafiskana, sjútvrh. fer með sjávartegundirnar, en búgreinin, atvinnugreinin, eldið á svo líka heima á einum stað. Hún á heima í öðru hvoru ráðuneytinu, segjum landbrn. og þegar búskapurinn snýst um sjávartegundir hefur sjútvrn. aðkomu að málinu.

Ég spyr að því líka: Hafa menn hugleitt, í staðinn fyrir að fela Fiskistofu hér hluta að málinu og landbrn. og einhverjum stofnunum þess aðra hluta, að setja á fót nýja stjórnsýslu-

stofnun, framkvæmdastofnun stjórnvalda, sem fari með eldismálin og eftir atvikum bæði ráðuneytin gætu átt aðkomu að, þó að hún heyri undir annað þeirra? Einhvern veginn svoleiðis hefði ég haft tilhneigingu til þess að reyna að leysa úr þessum málum, herra forseti. Ég verð a.m.k. að segja að ég áskil mér allan rétt til að skoða aðrar útfærslur og aðra möguleika en þá sem hér eru upp dregnir.

[18:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. þm. fyrir að staðfesta það sem ég sagði um hvernig málin hefðu þróast og hvernig þau hafa verið í fortíðinni, að það hafi verið rétt, enda er hv. þm. fyrrv. landbrh. og var m.a. landbrh. hluta þess tíma sem ég var dýralæknir fisksjúkdóma.

Mér heyrist samt sem áður á því sem hann segir að ekki sé rosalega langt á milli þess sem verið er að reyna að gera í þessu frv. og þess sem var gert í frv. um lax- og silungsveiði í fyrra, sérstaklega ef maður hefur hliðsjón af því hvernig gildissvið lax- og silungsveiðilaganna er skilgreint. Lögin gilda um laxfiska og vatnafiska, vatnafiskar eru skilgreindir sem fiskar sem lifa hluta lífsferils síns í fersku vatni. Nytjastofnar sjávar eru síðan skilgreindir í frv. þó kannski færi betur á að gera það á eilítið annan hátt. Þó held ég að það sé gert þannig að menn skilji alveg hvað verið er að meina. Þess vegna er verið að skilgreina þetta eftir tegundum þannig að eldi á laxi úti í sjó heyri undir landbrn., af því að það er laxfiskur, en eldi á lúðu uppi á landi heyri undir sjútvrn., af því að það er sjávartegund.

Fiskeldisnefndin hefur síðan svipaða nálgun og hv. þm. nefndi með að stofna einhverja framkvæmdastofnun sem færi sameiginlega með eldið. Fiskeldisnefndin er til að fara yfir þau mál sem þarf að taka á sameiginlega og gæta þess að ráðherrarnir báðir fái sams konar faglega ráðgjöf í þeim málefnum sem undir ráðuneytin heyra. Eins og ég lýsti hér áðan á fundinum, áður en hv. þm. var kominn í salinn — hann en gæti hafa hlustað á það annars staðar — hef ég ekki séð neina ástæðu til að byggja upp annað fisksjúkdómaapparat en það sem er í gangi í dag. Ég hef alltaf hugsað mér, herra forseti, að það yrði líka nýtt af hálfu sjútvrn.

[18:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í raun ekki að halda því fram að þetta sé óskýrt. Ég held að það sé, eins og ráðherra fór hér yfir það áðan, skiljanlegt þeim sem setja sig inn í hvernig þetta er, þ.e. hvernig þetta krossast og skarast. Vatnafiskar úti í sjó heyra undir landbrh., sjávarfiskar uppi á landi heyra undir sjútvrh. Þeir eru því þarna hvor á annars yfirráðasvæði ef svo má að orði komast, þegar þannig vill til.

En þar með er þetta strax orðið pínulítið grautarlegt. Eftir stendur þessi vandi að búgreinin, atvinnugreinin sem slík, er klofin milli tveggja ráðuneyta. Hún á sér ekki lögheimili, hún á sér ekki samastað í einu fagráðuneyti með sama hætti og við viljum gjarnan að atvinnugreinar geri. Ég held nú að það eigi yfirleitt við nema þá í þessu tilviki.

Ég ætla bara að segja að lokum, herra forseti, að ég hef ekki tíma til að taka lengur þátt í þessum umræðum. Ég ætla bara að vona vegna þeirra ráðherranna að þessar tegundir í vatni og sjó tímgist ekki innbyrðis þannig að úr verði kynblendingar. Hvernig ætla þeir þá að leysa málið?

[18:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man í svipinn ekki eftir tegundum sem geta framleitt kyndblendinga þó að svo geti vel verið. Ég vil leggja áherslu á, um leið og ég þakka hv. þm. fyrir jákvæðan tón í garð fiskeldisins, að það er mjög gott samstarf milli ráðuneytanna og ráðherranna. Þar er full samstaða um að vinna að málinu á þessum grundvelli. Ég sé ekki, eins og málin standa núna, neina knýjandi ástæðu til að breyta þessu frá því sem verið hefur.

Við þurfum að setja ákveðnar reglur til þess að það sé hægt að þróa þorskeldið, eins og hann nefndi í ræðu sinni. Ég hef trú á því að það geti einhvern tíma orðið að verðmætri atvinnugrein fyrir okkur. En það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér og ekki í einu vetfangi. Við verðum að fara varlega eins og alltaf og gera hlutina rétt. Þetta frv. er flutt í þeim tilgangi að sjútvrn. geti einmitt gert hlutina þannig.

[18:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um eldi nytjastofna sjávar. Ég sit sem áheyrnarfulltrúi í sjútvn. og lýsti mig andvígan frv. og gæti ekki samþykkt það. Ég er á margan hátt sammála því nál. sem sett var fram af minni hluta nefndarinnar, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Ég hef aðallega áhyggjur af því í sambandi við frv. að þessi tvískipting, eins og hefur komið fram í ræðum margra hv. þm., sé ákaflega óheppileg til lengri tíma litið. Ég tel að við megum ekki kasta frá okkur þeirri reynslu og þeirri vísindalegu þekkingu sem er inni í landbúnaðargeiranum varðandi allt sem heitir eldi. Mér finnst það mjög mikilvægt og fyrir mína parta mundi ég vilja sjá fyrir mér að allt sem héti eldi, líka á nytjastofnum, heyrði undir og væri skilgreint sem landbúnaður og þá sjávardýrin líka. Við þurfum að samhæfa þetta allt saman og það eru og verða gríðarlega miklir árekstrar á milli aðila hvað varðar staðarval o.s.frv., hagsmunirnir eru svo gríðarlega mismunandi. Veiðiárnar og þeir sem eiga afkomu sína undir þeim hafa allt önnur sjónarmið en þeir sem vilja stunda þennan landbúnað í sjó. Þess vegna held ég að þetta sé mjög mikilvægt.

En það sem ég hef haft kannski mestar áhyggjur af, sem varðar ekki bara þetta mál, er sú tilhneiging okkar hér á hinu háa Alþingi að gera hlutina allt of flókna fyrir þá sem standa í rekstri. Ég er ekki að segja að við eigum ekki að hafa aðhald, auðvitað eigum við að hafa skilvirkt og gott aðhald, en við megum ekki standa að því að hlutir verði það flóknir að starfsleyfi og þess háttar flækist fyrir mönnum. Þeir sem unnið hafa að fiskeldi — það vill svo til að fjölskylda mín er í þessari atvinnugrein á fullu norður í Eyjafirði, þ.e. í lúðueldi, einn fjölskyldumeðlimur — og ég hef talað við leggja mjög mikla áherslu á að það séu klárar og skýrar reglur og ekki þurfi að ganga fyrir Pontíus og Pílatus. Þeir sem eru í þessu af alvöru gera sér auðvitað grein fyrir því að það þarf að vera aðhald og þarf að sækja um öll rekstrarleyfi.

Þá er ég kominn að því sem veldur mér einna mestum áhyggjum. Það er afleiðing þess sem við höfum verið að samþykkja varðandi eftirlit hér á hinu háa Alþingi, þ.e. kostnaðinum. Það er óforsvaranlegt að við komum upp tvöföldu kerfi sem leiðir til stöðugt aukins kostnaðar á grunnatvinnugreinarnar þannig að menn herpist fjárhagslega árum saman

vegna þess að yfirstjórnin er að drepa þá. Við megum hreinlega ekki standa þannig að málum að það sé erfitt og flókið fyrir aðila sem vill standa að fiskeldi í smáum stíl að fara í gegnum þetta kerfi. Við eigum líka að auka til muna ábyrgðina heima fyrir þannig að hægt sé að afgreiða ákveðna þætti þessara mála heima í héraði svo stjórnsýslan verði auðveldari og ramminn um hana skýr.

Virðulegi forseti. Það voru einkum þessi atriði sem ég vildi koma á framfæri. Það er hægt að standa mismunandi að eldi fiska og síðan er spurningin um þauleldi. Auðvitað horfum við björtum augum til framtíðarinnar varðandi ýmiss konar eldi. Það sem maður sér t.d. gerast núna norður í Eyjafirði varðandi kræklingaeldi, þar sem menn gera í sjálfu sér ekki annað en að dýfa niður köðlum og bíða eftir afurðinni, er auðvitað mjög vistvænn búskapur. Það er eðlilegt að við nýtum okkur slíkt og vonandi verður árangurinn af því mjög góður þegar til framtíðar er litið. Þarna eru gríðarlegir möguleikar.

Síðan er ég sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að auðvitað eigum við að einhenda okkur í eldi á þeim tegundum sem okkur hefur tekist vel upp við, t.d. lúðu, þar sem við erum fremstir í heimi, að mér er sagt, við að klekja út lúðu. Það er sorglegt til þess að vita að menn skuli í hastinu einblína á laxinn þegar fyrir liggur að mikið af þeim lúðuseiðum sem klakin eru norður í Eyjafirði eru flutt til annarra landa til áframeldis. Lúðan er tegund úr okkar vistkerfi og auðvitað ættu þeir sem huga að eldi fiska — ég vil nú bara koma því að í umræðunni — líta til þess að ala þessar tegundir úr okkar vistkerfi í staðinn fyrir að valda t.d. árekstrum með staðsetningu á stórum laxeldisstöðvum. Það er eiginlega furðulegt að sú staða skuli koma upp.

Auðvitað viljum við öll þróa og þreifa fyrir okkur í þorskeldi. Það er byrjað á Vestfjörðum og það er byrjað norður í Eyjafirði og við eigum að stuðla að því að við náum góðum árangri þar í góðri sátt við vistkerfið allt. Af viðræðum mínum við þá menn sem standa í þessum þreifingum t.d. varðandi þorskeldið þá hef ég í sjálfu sér ekki miklar áhyggjur af því að þeir muni ekki vanda til verka vegna þess að þar eru menn sem virkilega láta sér annt um að vel takist til.

Af því að menn hafa talað um fiskeldið okkar eða laxeldið á sínum tíma þá vil ég að það komi fram hér að ég tel að það hafi í sjálfu sér ekki verið þekkingarleysi sem fór með það dæmi allt út um þúfur. Það var einfaldlega hið efnahagslega ástand í landinu sem gerði það, t.d. verðbólga og gríðarlega dýrt fjármagn. Þetta var atvinnugrein sem þurfti á fjármagni að halda með lágum vöxtum og margir hverjir fóru mjög illa út úr viðskiptum sínum við bankakerfið. Auðvitað kom margt til en það einn af stóru þáttunum. Við vitum öll hvernig nýsprotar í atvinnulífinu fóru á þessu árabili. Það voru mjög miklir erfiðleikar og víða fóru menn á hausinn og þá náttúrlega ekki síst í atvinnugreinum þar sem þarf að bíða í marga mánuði eða missiri eftir afurðinni til þess að selja á markaði.

Virðulegi forseti. Ég held að ég þurfi ekki að orðlengja þetta frekar. Það er óheppilegt að hafa mörg ráðuneyti við stjórn sama málaflokks. Ég held að við eigum að einfalda þetta. Ég held að við eigum að byggja á þekkingu innan landbúnaðargeirans. Þar eru vísindamennirnir í þessari grein. Þar er reynslan og þar er hugarfarið gagnvart svona atvinnustarfsemi að hún sé búskapur en ekki veiðiskapur. Ég held að við eigum að notfæra okkur það og þess vegna að skoða þessi mál í nýju ljósi. Og síðan þetta: Það er ákaflega erfitt að sætta sig við flókið kerfi og kostnaðarauka sem e.t.v. mun af þessu skapast. Mjög margir benda einmitt á þann punkt og við þurfum nú síst á því að halda hér í stjórnsýslunni að flækja málin þannig að menn gefist hreinlega upp við að koma á koppinn fyrirtæki sem hugur þeirra stendur til að fara í og þá í þessu tilfelli eldi nytjastofna sjávar.

Ég hvet því hæstv. ráðherra til þess að skoða málið í nýju ljósi á grunni þeirra umræðna sem hafa farið hér fram. Margir hafa úttalað sig um að í raun þurfi sáralitlar sem engar breytingar á því fyrirkomulagi sem við höfum haft. Ég er þeirrar skoðunar að allt eldi eigi að fara á sömu hendi, líka eldi nytjastofna sjávar hvað þetta varðar. Mér fyndist ekkert óeðlilegt að þetta sem landbúnaður eða búskapur væri fært undir ráðuneyti landbúnaðarmála að öllu.

[18:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef áður sagt þá er sá kostur sem hv. þm. nefndi sá lakasti af þeim þremur sem uppi hafa verið í þessum efnum. Í þeim löndum þar sem bæði landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti eru til staðar þá veit ég ekki til þess að fiskeldið heyri undir landbrn. Þá heyrir það undir sjútvrn. Hins vegar er það svo víða að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytin eru í einu og sama ráðuneytinu. Það reyndar færist frekar í vöxt. En þá virðist mér að fiskeldið tengist miklu meira þeim hluta ráðuneytisins og þeim stofnunum þess sem tengjast sjávarútveginum frekar en þeim hluta sem tengist landbúnaðinum. Þó að í hugmyndafræðinni megi tengja þetta eins og hv. þm. gerir við landbúnaðinn að þá gerist það ekki í praxís.

Undir þeim kringumstæðum að landbúnaður og sjávarútvegur eru í sama ráðuneytinu þá er tengingin við dýralæknakerfið auðvitað einfaldari. En það á ekkert að vefjast fyrir okkur á Íslandi og að því höfum við hæstv. landbrh. verið að vinna, bæði með fiskeldisnefndinni og í öðrum málum sem þessu tengjast, að koma í veg fyrir að truflanir verði. Eins og ég hef áður nefnt í þessari umræðu þá hjálpar skiptingin eins og hún er núna okkur til við að leysa önnur vandamál. Því held ég að engin ástæða sé til þess að breyta þeirri skiptingu sem verið hefur á milli ráðuneyta innan Stjórnarráðsins með þetta eins og ég lýsti áðan og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon staðfesti að lýsingin á því hvernig þróunin hefði verið var rétt hjá mér.

[18:51]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að hæstv. ráðherra reyni að fullvissa okkur um að þetta sé vel gerlegt fyrir lítinn kostnað þá er nú reynsla okkar önnur víðast hvar í þessu stjórnkerfi. Kerfið er þannig að það hnígur í þá átt að næra sjálft sig og blása út þannig að eðlilegt er að þingmenn hafi af þessu áhyggjur. Það er líka eðlilegt að þingmenn hafi áhyggjur af því að þetta verði flókið kerfi sem er á milli tveggja ráðuneyta. Þeir sem þurfa að vinna í kerfinu klaga undan því í stjórnsýslunni. Ég er ekki að tala um þetta mál heldur almennt séð þannig að það hlýtur að vera hlutverk okkar þar sem við getum komið því við að einfalda stjórnkerfið og þessi tvöföldun með samráðsnefnd getur nú varla talist tilburðir til þess að einfalda hlutina í þessu tilviki.

Ég held enn og aftur að hæstv. sjútvrh. ætti að skoða þetta. Hann gæti kannski — það er til í dæminu að þetta færðist allt saman undir sjútvrn. Ég er ekki að segja það. En ég held að hæstv. landbrh. og hæstv. sjútvrh. ættu þá að ræða það sín á milli hvort ekki væri hægt að koma þessu fyrir

á öðrum hvorum staðnum og þá með því fylgibatteríi sem þarf til þess að þjóna greininni hvað varðar vísindi og aðra þjónustu.

[18:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú ekki fara að endurtaka mig með rökin fyrir því að hafa þetta eins og þetta er. En varðandi kostnaðinn þá held ég að hv. þm. eigi ekki að hafa miklar áhyggjur af því að sjútvrn. muni íþyngja greininni með miklum kostnaði. Þegar maður fjallar um þessi mál við þá aðila erlendis sem fylgjast með þessu og þeir spyrja um stærð ráðuneytisins og umsvif atvinnugreinarinnar þá reka þeir yfirleitt upp stór augu er þeir heyra að 20 manna ráðuneyti sjái um yfirstjórn á 2 millj. tonna veiði á ári, eins og hefur verið hjá okkur núna undanfarið. Það finnst mönnum ekki vera mikil eða þung yfirstjórn.

[18:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn reka nú líka upp stór augu í útlöndum þegar maður segir þeim þar að menn geti skroppið með 14–16 manna áhöfn í tíu tíma stím og komið að landi með 2 þús. tonn af fiski, þannig að það er nú ekki samanburðarhæft ýmislegt hvað varðar okkar litla samfélag og svo útlöndin.

Ég vil bara segja enn og aftur að ég hef áhyggjur af þessari samþættingu og hvet hæstv. landbrh. til þess að skoða málið upp á nýtt, sérstaklega í því ljósi að það er tilfinning okkar allra að jafnvel stjórnarþingmenn væru nú ekkert sáttir við málið þó að það væri afgreitt út. Manni fannst það. Þeir sem komu til nefndarinnar og veittu umsagnir voru alls ekki sannfærðir og margir mjög tvístígandi þannig að eiginlega áttaði maður sig ekki á því hvernig þetta mál varð til yfir höfuð. Ég met hlutina þannig að menn hafi nú bara gert þetta svona vegna þess að þetta kom úr ráðuneytinu en ekki af mikilli sannfæringu. Því tel ég fulla ástæðu til þess að fara yfir þetta aftur og skoða hvernig þessu verður best við komið, taka mið af umræðunni og taka aðra ferð.

[18:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Nú eru búnar að vera hinar skemmtilegustu umræður um þetta mál. Í raun hafa umræðurnar endurspeglað þau sjónarmið sem við urðum greinilega varir við í sjútvn. þar sem menn höfðu á því mjög misjafnar skoðanir hvort rétt væri að fara þá leið sem í frv. er lögð til.

Það varð nú niðurstaða okkar sem skiluðum minnihlutaáliti að ekki væri rétt að fara þá leið að skipa málunum þannig að þau heyrðu undir tvö ráðuneyti heldur var það meginniðurstaða í áliti okkar að fela skyldi einu ráðuneyti yfirstjórn þessara mála. Það er meginniðurstaðan í áliti okkar. Þar sem eldismálin hafa að stærstum hluta hingað til verið undir landbrn. þá væri kannski eðlilegt að sá þáttur sem hér er verið að ræða, eldi sjávardýra og fóðrun nytjastofna, eða eins og segir í 2. gr. frv.: „... geymsla, gæsla og fóðrun nytjastofna, hafbeit, klak- og seiðaeldi, ...“ o.s.frv. tilheyrði þá landbrn. þannig að við værum ekki að búa til nýja yfirbyggingu og með tvöfalt eftirlitskerfi. Það varð niðurstaða okkar sem skiluðum minnihlutaáliti að ekki væri rétt að stíga þetta skref að svo komnu máli og betra að yfirstjórnin yrði falin einu ráðuneyti. Það er búið að færa hér fyrir þessu mörg rök í dag. Ég þarf svo sem ekki að endurtaka þau sérstaklega. Ég ætla þó að víkja svona að einu og einu atriði.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem hæstv. sjútvrh. sagði sjálfur um eftirlit á vegum landbrn. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því úti á skrifstofu minni þegar ég var að hlusta á orð hans að hann hafi sagt eitthvað á þá leið — ég vona að ég fari nokkuð rétt með — að hæstv. ráðherrann hafi starfað hjá landbrn. og byggt þar upp ódýrt eftirlit á vegum landbrn. Ég vona að þetta sé rétt haft eftir, hæstv. ráðherra.

Það er nú kannski einmitt þess vegna sem margir horfa til þess að betra sé að vera undir eftirliti sem ráðherranum tókst, áður en hann varð þingmaður og ráðherra, að byggja upp á vegum landbrn., sem ekki kostar mikla peninga, og njóta þess heldur en að fara undir sjútvrn. og Fiskistofu. Við höfum séð hversu mikið Fiskistofa hefur þanist út. Það er nú kannski af öðrum orsökum. Það orsakast af því stjórnkerfi fiskveiða sem við erum með. Eigi að síður eru vítin til að varast þau og mönnum finnst ekki beint aðlaðandi að ef sama fiskeldisstöðin er annars vegar að ala þorsk og síðan er 50 metra í burtu eða 100 metra í burtu lax í sjókví á vegum sama fyrirtækisins, þá skuli eftirlitið í annarri kvínni vera sjútvrn. og Fiskistofu en í hinni landbrn. Ég held að þetta sé, hæstv. ráðherra, ekki eftirsóknarverð framtíð. Þess vegna komumst við í minni hlutanum að þeirri niðurstöðu að það ætti að reyna að finna það far í þessu að fela einu ráðuneyti yfirstjórn þessara mála.

Nú geri ég mér vel grein fyrir því að þegar veiddur er úr nytjastofnum sjávar t.d. smár fiskur til að setja í áframeldi þá mun auðvitað Fiskistofa eða menn á hennar vegum fara fram á að þeim sé gerð grein fyrir því með sannanlegum hætti hversu mikill kvóti var tekinn úr sjónum, þ.e. hvað þessi kvikindi vigtuðu þegar þau voru veidd og sett í kvína.

Í rauninni finnst mér að eftirlit Fiskistofu og sjútvrn. mætti enda þar. Ég sé ekki hvers vegna menn á vegum ráðuneytisins þurfi að vera með eitthvert eftirlit með því hversu vel mönnum tekst að ala þessa fiska eða hversu stórir þeir verða þegar þeir verða drepnir. Það er búið að reikna þá inn í kvótann þegar þeir voru veiddir. Ég sé ekki t.d. ef ég tek bara þennan einstaka þátt, áframeldið, að sérstök ástæða sé til þess að sjútvrn. haldi eftirlitinu áfram eða Fiskistofa á þess vegum. Með sjálfum mér finn ég ekki sérstök rök fyrir því að eldið sé betur komið undir eftirlitsþætti Fiskistofu en t.d. með því að nota það apparat sem við höfum nú þegar varðandi eldi laxfiska.

Þannig mætti einnig tala um aðrar fisktegundir. Örlítið hefur verið vikið að kræklingi í umræðunni. Nú er það svo að kræklingurinn elur sig eiginlega sjálfur með því að sett eru út ákveðin reipi sem hann festir sig á. En hver skyldi nú vera aðalóvinur kræklingsins? Ætli það sé ekki æðarfuglinn? Og hvar á æðarvarpið heima? Menn eru því alltaf í kross með þetta mál fram og til baka.

Það er því ekki að ástæðulausu að niðurstaða okkar í minni hlutanum varð sú að rétt væri að fresta því að fara þessa leið og taka málið til gaumgæfilegrar athugunar og miklu betri yfirvegunar.

Ég vil einnig segja varðandi frv. almennt að ég tel að þegar fram í sækir eigi að vera einhver gjaldtaka fyrir slíka aðstöðu. Mér finnst hún ekki eiga að vera fyrr en menn eru búnir að koma eldinu af stað og fá einhverja arðsemi af starfseminni. En eitt finnst mér eigi að vera skilyrði og það er þegar fyrirtæki eða einstaklingar fá leyfi til þess að setja upp eldi dýra í ákveðnum firði eða vík eða hvar sem það er, þá beri þeim að nýta slíkt leyfi innan einhvers ákveðins tíma, t.d. fjögurra eða fimm ára. Og ef þeir ekki nýta það og

eru með starfsemi þá geti þeir ekki selt það leyfi heldur beri þeim að skila því inn aftur. Þeir geti eingöngu selt það svo framarlega sem þeir hafi komið af stað einhverri starfsemi en ekki sett bara tóma kví í sjóinn eða hent í hana tíu fiskum heldur raunverulega staðið fyrir eldi. Þá geti þeir sem sagt selt aðstöðuna og aðrir tekið við, en að menn geti ekki fest sér framtíðarnýtingu í hverjum firðinum á fætur öðrum eða hverri víkinni á fætur annarri með því að sækja þar um leyfi og fá leyfunum úthlutað og síðan sé þeim í sjálfsvald sett hvenær þeir vilja fara í nýtingu á þessum leyfum eða setja upp einhverja málamyndanýtingu til að geta gert þetta að sérstakri verslunarvöru. Ég hefði sagt sem svo að ef menn væru ekki komnir á alvörurekstur, búnir að framleiða, þá geti þeir ekki selt leyfin heldur beri þeim að skila þeim inn aftur.

Þetta er svipuð hugsun og ég hef oft haldið fram varðandi fiskveiðarnar, að þetta er nýtingarréttur og menn geta jú selt fyrirtækin sín en eiga ekki að selja sérstaklega þann rétt sem þeim er úthlutað. Ég held að það sé sanngirnismál að hugsa þetta á þeim nótum, að ekki verði til sérstakur forgangshópur manna sem eigi leyfi til þess að ala fisk.

Ég ætla svo sem ekki að teygja lopann við þessa umræðu. Það er margt sem hefur komið hér fram. Niðurstaða mín er sú að vera með hinum tveimur hv. þm. á minnihlutaálitinu og að eldið sé betur komið á einum stað, það tel ég vera. Ég tel einnig að það eigi að vera svo að menn eigi ekki að þurfa að leggja í mikinn kostnað við það að stofna til eldis sem er undir einhverri ákveðinni tonnatölu, segjum t.d. 30–80 tonn. Ég tel að góður hagur gæti verið að því t.d. fyrir bændur að geta veitt smáfisk að vori og alið hann yfir sumartímann og slátrað að hausti og fengið vöxt út úr því upp á kannski 2–2,5 kíló á hverjum fiski sem þeir hafa látið í kvíarnar. Þetta gæti verið aukabúgrein og ekki á að gera mönnum allt of erfitt fyrir að fara í slíkt takmarkað eldi. Ég hef a.m.k. horft til þess að bændur sem byggju ekki fjarri ströndinni, eins og víðast hvar er á því landsvæði sem ég kem frá, gætu nýtt sér þetta til tekjudrýginda og búdrýginda og ekki veitir nú af varðandi tekjur bænda.

Þetta er nú aðallega það sem ég vildi láta koma fram um þetta og vil að lokum vekja athygli á því að nýtingarrétturinn getur orðið að miklu verðmæti og ég tel óeðlilegt, ef menn hafa ekki beinlínis farið í reksturinn og rekið eldisstöð, þá eigi þeir, vegna þess að þeim var úthlutað þessum rétti, sérstakan forgang á að fénýta fjörðinn eða víkina. Mér finnst að setja eigi ákveðin skilyrði í lög um það hvers vegna menn geti endurselt réttinn en skilgreiningu á því vantar.

[19:06]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef sagt áður í umræðunni þá held ég að við ættum að geyma okkur umræðu um gjaldtökuna þangað til við sjáum hvort úr þessu verður arðbær atvinnugrein. (**GAK:** Ég sagði það líka.) Eins og hv. þm. sagði og er gott að við erum sammála um það.

Varðandi það sem hann nefndi um sjúkdómaeftirlitið og dýralæknana og það sem ég hefði gert þegar ég var starfsmaður landbrn. sem dýralæknir fisksjúkdóma, þá get ég auðvitað gert aftur í sjútvrn. það sem ég gerði þar. En það sem ég held að sé skynsamlegast er að nota sama kerfið sem er dýralæknakerfið í landinu í báðum tilfellum. Það er að vísu svolítið öðruvísi uppbyggt núna en það var á sínum tíma, en ég held að það sé fullkomlega gerlegt og það eigi að vera öllum til hagsbóta og ódýrt og öruggt sjúkdómaeftirlit sem þannig fáist án þess að vera að tvöfalda eitt eða neitt.

[19:07]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri það á hæstv. sjútvrh. að hann er grjótharður á því að lið hans skuli fylkja þessu undir ráðuneyti hans. Það er nú svo þegar mikill meiri hluti er í þinginu sem styður ríkisstjórnina þá tekst ráðherrum yfirleitt að fá það fram sem þeir vilja.

Þess vegna vil ég við lok umræðunnar beina þeim eindregnu tilmælum til sjútvrh., ef þetta lendir undir verndarvæng hans eins og sagt er, að hann geri aðilum sem hugsanlega vilja taka sér fyrir hendur eldi í minni stíl kleift að fara í slíkt eldi, slíkt áframeldi. Ég held að á því landsvæði sem ég kem frá, Vestfjörðum, og á Norðurlandi og Norðausturlandi, búum við að þeirri fiskstærð sem löngum hefur verið talin til ama hér á landi, þ.e. smáum fiski. Það gæti farið svo að þessi smái fiskur gæti orðið ansi mikil verðmæti. Og það má ekki setja þau stífu skilyrði inn í lögin að þeir sem búa nálægt ströndinni, hvort sem það eru fiskimenn eða bændur, geti ekki nýtt sér það að fara í takmarkað áframeldi með eðlilegum hætti án þess að þeir lendi í einhverjum ægilegum frumskógi leyfa og úttektar sem kosti þá mikið. Ég teysti ráðherranum til þess að horfa á þetta sem ákveðið byggðamál og af fullri skynsemi.

[19:09]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að ekki er rétt að leggja of miklar byrðar þá starfsemi sem er lítil vexti og það verður að aðlaga það eftir aðstæðum.

En bara til þess að árétta það rétt í lokin, þá er ekki verið að færa sjútvrn. neitt. Málefni nytjastofna sjávar, hvort sem það er eldi eða annað, heyra undir ráðuneytið og á því er ekki að verða nein breyting með þessari lagasetningu.

[19:09]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef áður komið að var ég með fyrirvara á nál. frá meiri hluta sjútvn. vegna eldis nytjastofna sjávar. Það var m.a. vegna þess sem hér hefur verið rætt um, eftirlitsþáttinn, og eins í hvaða ráðuneyti málið eigi að vistast.

Athyglisvert er þegar skoðaðar eru umsagnir Hafrannsóknastofnunar, Veiðimálastofnunar, fisksjúkdómanefndar og veiðimálastjóra að þeir tala um að eðlilegt sé að eftirlit með þessu sé á einni hendi. Hins vegar kemur hvergi fram hvað þeir leggja til, og þá komum við að því sem skarast á milli mín og hv. þm. Guðjóns Arnar Kristjánssonar, að ég tel að þetta eigi að vistast í sjútvrn. vegna þess að ég tel engin rök að meginforsenda þess að þetta eigi að vera í landbrn. sé vegna þess að landbrn. hafi áður haft eftirlit með eldi vatnafiska. Mér finnst það ekki vera rök. Og það setur náttúrlega að manni hálfgerðan hroll þegar skoðuð er öll sú ferilsskrá sem þarf að fara í gegnum áður en endanlega er komið að fiskeldisstöðinni og síðan áfram þegar hún er komin í gang, hvort sem það er hafbeit eða vatnafiskeldi o.s.frv. Þetta er því ótrúlega flókið ferli sem þarna er, nánast tólf aðilar held ég hvorum megin sem þurfa að koma þarna að.

En ég tel, herra forseti, að kannski sé komin ástæða til að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé orðið tímabært að sérstakt atvinnumálaráðuneyti taki til starfa til þess að taka

við þessum málum ásamt fleirum. Við sjáum að ráðuneytin hafa verið í ákveðnu fari og ferli margra áratuga sem full ástæða er til að gera breytingar á.

[19:12]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég heyri það á máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að við höfum kannski áhyggjur af svipuðu ferli, þ.e. að þetta verði ekki tvöfalt og þrefalt heldur allt að því tólffalt, eins og hann nefndi. En ég hefði talið að rétt væri að vinna þetta mál betur og fara betur yfir það og reyna að koma á einhverjum föstum samstarfsvettvangi sem tæki á því að hafa eftirlit og umsjón með þessum þætti þangað til að mönnum tækist að breyta ráðuneytisskipaninni. Hvenær það verður ætla ég ekki að segja.

En ég óttast að við séum að taka upp tvöfalt kerfi í þessum málum. Og þó að hæstv. ráðherra hafi lýst því yfir áðan að honum tækist vafalaust að byggja aftur upp ódýrt eldi á vegum sjútvrn. þá verður því ekki á móti mælt að það er tvöfalt eftirlit, annars vegar í landbrn. og hins vegar í sjútvrn.

[19:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af þessu. Þökkum guði fyrir að þeir eru ekki hver á eftir öðrum í báðum þessum atvinnugreinum.

En ég tel eðlilegt að frv. fái framgang og í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram sé þá eðlilegt að hæstv. sjútvrh. og landbrh. setjist yfir málið og skoði það með tilliti til hagsmuna þeirra aðila sem hér eru að hefja svo mikla sókn í fiskeldi sem raun ber vitni. Ég tel að sú grein eigi fullan rétt á sér og muni væntanlega gefa íslensku þjóðarbúi góðar tekjur.

En hvað áhrærir þá einstaklinga sem ætla að ráðast í þessa atvinnugrein þá verður auðvitað að búa þeim það umhverfi að menn séu ekki nánast girtir af eftirlitsmönnum beggja ráðuneytanna þegar til verkanna kemur. Ég endurtek að undir þessari umræðu tel ég eðlilegt og rétt að þetta sé á einni hendi og ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera sjútvrn. en tel, eins og staða málsins er nú, eðlilegt að málið fái framgang og að tíminn verði notaður af miklum krafti til að skoða hvernig megi gera þessa atvinnugrein sem aðgengilegasta fyrir þá sem ætla að stunda hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:15]

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, frhnál. meiri hluta samgn., þskj. 1037; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1038.

Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar, 640. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1034.

Störf þóknananefndar, 560. mál, svar fjmrh., þskj. 1033.

[Fundarhlé. — 19:16]

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, nál. 1004 og 1030.

[20:00]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þá höldum við áfram umræðu um frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Þetta er efnismikið frv. Þó að frumvarpsgreinarnar séu ekki margar og ekki langar þá er málið stórt og í raun það alstærsta framkvæmdalega séð sem komið hefur á borð alþingismanna.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er efnislega á móti málinu og af mörgum ástæðum. Í ræðum okkar, athugasemdum og ábendingum annarra þingmanna hefur margoft komið fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er eini þingflokkurinn sem er á móti þessu stóra og mikla máli. En það eru fjölmargar ástæður fyrir því og eru þær bæði vegna umhverfisáhrifa fyrirhugaðra framkvæmda, félagslegra áhrifa og efnahagslegra áhrifa. En það má segja að eitt eigi þetta allt saman sameiginlegt, andstaða okkar gegn slíkri framkvæmd, og það er stærðin, þ.e. stærð álversins sem kallar á svo mikla orku að ekki verði virkjað á annan hátt en Kárahnjúkavirkjun er fyrirhuguð núna, eins og hún er hönnuð á teikniborðinu með hinu stóra og mikla uppistöðulóni. Það er sem sé stærð álversins sem hefur kallað á breytingar á skipulagi þessa svæðis því samkvæmt svæðisskipulagi var mun minna lón en núverandi lón heimilað á Kárahnjúkasvæðinu og hefði ekki valdið jafnmiklum spjöllum vegna stærðarinnar eins og núverandi hönnun gerir ráð fyrir. Ekki hefði þá verið gengið eins á friðuð landsvæði og viðkvæmum svæðum að einhverju leyti hlíft. Það er því stærð lónsins sem kallar á enn frekari spjöll en hefði þurft að vera.

Stærð álversins er einnig komin úr takti við þann mannfjölda sem býr á Austurlandi og sem að öllum líkindum mun búa þar á næstu áratugum, en allt eru þetta nú spár. Félagslegt umhverfi álversins er viðkvæmt og ég tel að verið sé að setja allt of stóran vinnustað niður á Miðausturlandi. Staðsetning álversins er líka mjög umdeilanleg, þ.e. að setja niður svo stórt álver við lygnan fjörð þar sem há fjöll umlykja fjörðinn og logn er oft ríkjandi. Þetta eru ekki þær aðstæður sem við ættum að velja staðsetningu fyrir svo stórt álver eins og hér um ræðir.

Náttúruspjöllin sem verða af slíkri framkvæmd allri snúa aðallega að Kárahnjúkavirkjuninni sjálfri og eru af þeirri stærðargráðu og eru óafturkræf að falla hefði átt frá þeirri hönnun sem nú á hér að samþykkja vegna stærðarinnar og vegna þeirra miklu óafturkræfu spjalla sem virkjunin mun valda. Þrátt fyrir að hæstv. umhvrh. hafi gert þó nokkrar breytingar á hönnun Kárahnjúkavirkjunar og úrskurðað í 20 liðum eru ekki nema nokkrir liðir sem hafa í raun og veru áhrif á framkvæmdina sjálfa. Langflestir liðirnir eru vöktun og rannsóknir og í rauninni bara eðlileg eftirfylgni með áhrifum framkvæmdarinnar. En það sem hefur ekki breyst er vatnaflutningurinn mikli. Jökla verður áfram tekin úr farvegi sínum og flutt yfir í Lagarfljótið og það er ekkert sem kemur til með að breyta leirmagninu sem sest í Hálslónið og bakka þess þar sem það dreifist við breytilegt vatnsborð lónsins og það set mun ekki dreifast bara í þær gryfjur eða þær tæknilegu gildrur sem á að setja þarna upp til þess að hefta fokið. Tæknilega er þetta illmögulegt og ljóst er að Landsvirkjun

hefur ekki getað sýnt óyggjandi fram á að hægt verði að hefta þetta fok nema þá að mjög takmörkuðu leyti. Leirinn er þannig, hæstv. forseti, að hann er mjög þéttur og kemur til með að leggjast yfir stórt svæði og kæfir allan gróður. Þetta er ekki jarðvegur til að gróðursetja í og koma gróðurvinjum upp aftur — en það svæði sem hann mun leggjast yfir er Kringilsárrani, það sem eftir er af Kringilsárrana því stórum hluta hans verður drekkt í vatni — og þessi jarðvegur fýkur yfir Vestur-Öræfin. Þarna eru gróðurvinjar sem illmögulegt verður að rækta upp aftur, og maður getur séð það fyrir sér að innan einhvers tíma, áratuga, þá stefnum við í að gera þarna eyðimörk og landauðn þar sem eru gróðurvinjar í dag.

Við búum ekki yfir þeirri tækni að geta heft eða hindrað slíkt. Auk þess er Hálslón sem slíkt ekki sjálfbært, það er eins mikið öfugmæli að kalla það sjálfbært og hugsast getur, því að hinn mikli leirframburður og aurframburður úr Jöklu kemur til með að fylla það á nokkuð löngum tíma. En þegar á fyrstu áratugum og árhundraði fyllist innsti hluti lónsins og það minnkar. Við erum að skilja eftir mikið vandamál fyrir afkomendur okkar sem við höfum ekki hugmynd um hvernig á að leysa. Við gætum ekki leyst það í dag að þrífa upp leirinn þegar lónið er orðið fullt og mér finnst það fullkomlega óábyrgt að vísa því til komandi kynslóða að gera það eða að treysta því að þá verði til einhvers konar tækni til að moka þarna, hreinsa til eða byrgja yfir.

Efnahagslega stærðin er mikil og mjög umdeilt hvort þessi framkvæmd öll, Noral-verkefnið, hafi í raun nokkurn tíma möguleika til að vera arðbær fjárfesting. Að minnsta kosti er ljóst að hún mun sem fjárfesting ekki standa sem sjálfstæð eining. Hún verður að hafa ríkisábyrgð fyrir allri framkvæmdinni og hún mun hafa margvíslegar hliðarverkanir á efnahagslíf okkar sem við verðum að taka á meðan á framkvæmdatíma stendur og eins að hluta til inn í framtíðina.

Hvað varðar íbúa Austurlands, þá tala ég af heilum hug gegn þeirri stóru framkvæmd og ég geri það sem íbúi Austurlands því að ég tel að þrátt fyrir að aukin umsvif verði á Miðausturlandi, sérstaklega meðan á öllum þeim miklu framkvæmdum stendur og þrátt fyrir að skapaður verði stöðugleiki á því svæði meðan álverið verður rekið, ef það verður reist á Reyðarfirði, þá séu það minni hagsmunir fyrir meiri og það sé miklu heppilegra og að öllu leyti betra fyrir fjórðunginn að halda þeirri náttúruperlu sem við eigum inni á hálendinu, skapa þar möguleika fyrir uppbyggingu ferðaþjónustunnar með öðrum hætti en að hafa virkjunina þar inni og skapa festu í atvinnu með fjölbreyttari atvinnugreinum en einni álverksmiðju.

En það gerist ekkert af sjálfu sér og ég skynja vel og get vel sett mig í spor allra þeirra sem hafa bundið við þessar framkvæmdir miklar væntingar. Þær eru ekkert nýjar, þær hafa verið í mörg ár. Þegar ég fluttist austur á Egilsstaði árið 1983 lágu slíkar væntingar í loftinu og þá fengum við hjónin að heyra að þær væntingar sem þá höfðu gengið yfir hefðu í raun stórskemmt fyrir Austfirðingum því að biðin er það versta. Það að vera svikinn er vont og að vera haldið stöðugt við efnið að hugsanlega sé þetta að koma dregur þrótt úr fólki við að takast á við aðrar framkvæmdir og aðra uppbyggingu af einhverjum krafti og slík bið er tærandi.

Nú er ég ekki að segja að fólk fyrir austan hafi setið með hendur í skauti og ekki gert neitt, fjarri því. Þar er mjög margt í gangi og þar eru mjög margir sprotar og ótal hugmyndir í gangi þar sem fólk hefði haft og hefur vilja til þess að koma af stað, þ.e. atvinnu eða vinnu að hugmyndum sem það hefur ekki fjárráð eða stuðning, hvorki faglegan né efnahagslegan, til að vinna áfram að. Ekki er búið að drepa allan lífsþróttinn úr Austfirðingum en biðin og þær miklu væntingar og bindingar sem hafa verið við þetta eru slæmar.

Ég er á móti þessari framkvæmd en mér finnst og hefur alla tíð fundist það vera mikil ábyrgð að binda sig svona algjörlega við þá framkvæmd og huga ekki jafnhliða að annarri uppbyggingu eða hafa þessa stóru framkvæmd svolítið til hliðar, hún kemur ef hún kemur, en vinna að þessari grunnuppbyggingu heima fyrir.

Nú er svo komið að þeir sem ekki eru hlynntir þessu sem eru sannarlega til líka þó að mikill meiri hluti Austfirðinga styðji það að farið verði í þetta verkefni, enda hefur ekkert annað verið í boði. Það er bara þetta eða ekki neitt, sjá ekki aðrar lausnir en að farið verði í þær miklu framkvæmdir, ekki að fólk sé endilega svo hrifið af álverinu og ekki að það hafi ekki áhyggjur af þeim náttúruspjöllum sem virkjunin mun valda, heldur eingöngu vegna þess að það er ekkert annað. Það er illa farið með fólk og ég vil fá lausn í þetta mál svo hægt verði að fara í jákvæða uppbyggingu.

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum farið fram á frestun á þessum umræðum fram yfir helgi. Eins og við vitum öll er væntanleg yfirlýsing frá Norsk Hydro um framgang málsins og það meira en liggur í loftinu að þeir séu ekki tilbúnir til að fara í þetta verkefni, a.m.k. ekki eftir þeirri tímaáætlun sem hefur verið sett upp. Maður getur lesið um það í fjölmiðlum. Þar er verið að draga fram sögur eða fara yfir feril Norsk Hydro en af honum virðist vera ljóst að þetta stóra og mikla fyrirtæki virðist leika þann leik að festa sig, taka frá svæði og halda ríkisstjórnum eða þeim sem vilja selja orkuna í spennu. Hugsanlega eru þeir að nota þetta til að geta haft áhrif á raforkuverð, annaðhvort heima fyrir eða annars staðar. A.m.k. virðist vera orðið alveg ljóst að miðað við þá frestun sem þeim var gefin frá því núna í febrúar og fram á haustið hefur legið í loftinu að þeir hafi vitað betur sl. haust, hvorki væri meiri ábyrgð eða vilji fyrir því en komið hefur í ljós.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að afstaða Norsk Hydro skýrist áður en við göngum frá þessu máli. Stærð Kárahnjúkavirkjunar og hönnun eins og hún er hér og talað er fyrir miðast við stærð álversins. Að auki er viðbót, það á að sækja orku í Kröflu og Bjarnarflag. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að of skært grænt ljós sé gefið á þær virkjanir því að þessi stækkun á Kröflu hefur ekki farið í umhverfismat og línurnar sem verður að reisa og setja á milli Kröflu og yfir á Kárahnjúkasvæðið og yfir á Reyðarfjörð hafa heldur ekki farið í mat þannig að helst til sterkt grænt ljós hefur verið gefið á framkvæmdir sem við vitum ekki hvernig koma út í umhverfismati. Við lærðum hér fyrir einu og hálfu ári að ef búið er að gefa leyfi samkvæmt lögum á ákveðna virkjun og virkjunarframkvæmd eins og var á Fljótsdalsvirkjun stendur það leyfi ansi fast hvernig sem umhverfismat kemur svo út.

Herra forseti. Allt skal nú vera í réttri röð, og ég tel að þessi stóra og mikla framkvæmd hafi verið sett hérna framar í það verklag sem við ættum að vinna eftir en ásættanlegt er. Það er verið að vinna rammaáætlun um virkjanir, vatnsafls- og jarðvarma-, eins og margoft hefur komið fram og auðvitað eigum við að klára þá vinnu og setja þetta risaverkefni inn í þá rammaáætlun þannig að við vitum a.m.k. og gerum okkur grein fyrir því hvað það þýðir að taka svo stóran hluta

af rafnýtanlegri orku í álver eins og við ætlum að gera núna og hvernig þessi virkjunarkostur passar inn í þá heildarmynd sem við ætlum að fara að setja upp. Heildarmyndin verður orðin ansi brotakennd og óljós þegar við tökum frá svo stóran hlut sem vatnasvæði Jöklu og Jökulsár í Fljótsdal.

Tökum bara einn þáttinn út úr sem er mikil andstaða við, þessa miklu vatnaflutninga, þ.e. að taka Jöklu og flytja hana úr Jökuldalnum yfir í Fljótsdal. Herra forseti. Ég hélt að menn gerðu ekki svona hluti lengur, það heyrði fortíðinni til að menn væru að flytja stórfljótin á milli vatnasvæða. Ég tala nú ekki um að láta sér detta í hug að virkja jafngruggugt og mikið jökulfljót og Jöklu og dengja henni yfir í Lagarfljótið með þeim ófyrirsjáanlegu afleiðingum sem það mun valda. Við getum reynt að spá í hluta þeirra en við verðum að viðurkenna að við getum alls ekki séð fyrir hvaða afleiðingar það muni svo hafa í framtíðinni. Það er ekki hægt.

Fyrir helgi birtist í Morgunblaðinu heilsíðuauglýsing með nöfnum fjölmargra Austfirðinga sem mótmæla þessum vatnaflutningum einum og sér, burt séð frá öllu öðru. Það er margt við þetta að athuga og þó að við séum komin að þeim tímapunkti núna að segja að búið sé að vinna allt saman vel, Alþingi hafi sinnt störfum sínum og allt sé í réttum farvegi, má ýmislegt athuga við þann feril sem spannar frá upphafi og fram til þessarar stundar.

Í fyrsta lagi má nefna það ferli sem fór í gang þegar þetta stóra verkefni var sett í mat á umhverfisáhrifum. Það var í mikilli tímapressu Noral-verkefnisins eins og það var þegar átti að vera búið að ganga frá öllu 1. sept. sl., og vinnan mótaðist af því. Langflestir sem komu að rannsóknum og úttekt varðandi þetta mikla mat, sem voru fjölmargir sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum, höfðu í raun og veru mjög stuttan tíma, eitt til tvö sumur. Það segir sig hins vegar sjálft að það er ekki óeðlilegt að rannsóknir á slíku verkefni og umhverfismat taki að lágmarki fimm ár, ekki síst ef við tökum með í reikninginn að á mörgum sviðum vantaði hreinlega grunnrannsóknir. Matið var áfram með mjög umdeilanlegum hætti, svo ekki sé meira sagt. Það kom líka fram í langflestum skýrslunum að meiri tíma vantaði til að vinna hlutina betur.

Eftir að hafa farið yfir öll þessi gögn komst skipulagsstjóri að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin mundi valda það miklum óafturkræfum umhverfisspjöllum að ekki væri ásættanlegt að fara í hana, og vísaði málinu frá. Þrátt fyrir að skipulagsstjóri tæki tillit til hins efnahagslega þáttar sem Landsvirkjun var með í dæminu — þ.e. þess ávinnings sem verkefnið átti að skila út í þjóðfélagið — og að hugsanlega ætti að verða af þessu þjóðhagslegur ávinningur var framkvæmdin óásættanleg. En þegar kom að umhvrh. hæstv. byrjaði hún á að fara í viðbótarmat sem er alveg á skjön við lög um mat á umhverfisáhrifum, og það var vegna þess að fram hafði komið að frekari upplýsingar vantaði, upplýsingar sem ekki hafði verið möguleiki á að vinna, og í staðinn fyrir að vísa málinu til heimahúsanna, aftur til skipulagsstjóra og láta vinna vinnuna eins og átti að gera tók hún þá ákvörðun að gera þetta í nafni embættisins og sneri síðan úrskurði skipulagsstjóra alveg hreint á hvolf. Hún tók að vísu tillit til nokkurra þátta sem voru flestir til bóta — ég ætla ekki að draga úr því — en sem skiptu ekki máli í því stóra samhengi sem varðar vatnaflutningana, Hálslón og fok.

Það sem vantar þá upp á, herra forseti, er að gera úrskurð hennar að hluta af þessu frv. þannig að það sé alveg ljóst að Landsvirkjun verði að fara eftir öllum þessum liðum og vakta eins og úrskurðað er. Ég sé ekki á frv. að af sjálfu sér verði þess gætt.

Herra forseti. Ég sagði áðan að með tilliti til heimsmyndarinnar væri löngum vísað til þess að langmest af þeirri orku sem notuð er í áliðnaðinn kæmi frá jarðefnaeldsneyti, sem sé kolum og olíu, en vatnsföllin væri sjálfbær orka og því bæri okkur að leggja okkar af mörkum í þetta stóra samhengi. En þetta er blekking. Kárahnjúkavirkjun gefur ekki sjálfbæra orku en við getum sagt að þessi orka mengi ekki. Og það er í sjálfu sér allt annað en að segja að hún sé sjálfbær. En þetta er ekki mengandi orka og þannig er gott að við getum lagt okkar af mörkum en sjálfbær er hún ekki vegna þess að óafturkræf náttúruspjöll eru unnin. Okkur ber að nefna hlutina réttu nafni og vera ekki að blekkja neinn, hvorki okkur né þjóðina, með því að vera að tala um sjálfbæra orku. Þótt um sé að ræða vatnsföll eru þau mismunandi. Við erum með virkjanir sem við gætum örugglega sagt að væru sjálfbærar, gæfu af sér sjálfbæra orku, en þessi gerir það ekki.

Fleira kemur hér inn í sem snýr að orkunni og álverinu, þ.e. hin svokallaða Kyoto-bókun þar sem er þetta stóra samhengi um viðleitni þjóða heims til að reyna að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda á lofthjúp jarðar þannig að við reynum að snúa við þeirri þróun sem er að verða núna í himinhvolfunum og sem veldur auknu hitastigi á jörðinni. Sú undanþága sem við fengum frá Kyoto-bókuninni um að mega losa meira en aðrar þjóðir á viðmiðunarárinu, 1990, gerir landið auðvitað eftirsóknarvert fyrir mengandi iðnað. Það er eftirsóknarvert að geta komist hérna í aukinn mengunarkvóta því að þó að ekki sé búið að setja kvótann á þá verður settur á svokallaður mengunarkvóti. Við erum þá fyrir fram að úthluta þessari stóru verksmiðju, núna þegar við vitum hvað í vændum er, stóran hluta af þeim kvóta og við getum spurt okkur hvort það sé réttlætanlegt. Í þeim texta sem við höfum fengið fréttir af og menn hafa sett stafina sína undir — það er ekki kominn neinn bindandi samningur við Reyðarál eða Norsk Hydro — hefur hvergi komið fram að í framtíðinni muni þessi verksmiðja borga mengunartoll. Þegar við förum að líta á mengunartolla sem íþyngjandi fyrir mengandi verksmiðjur erum við búin að gefa þessu álveri ásamt öðrum sem fyrir eru ívilnun sem ég hefði haldið að ætti að koma fram í þeim samningum sem á að gera þannig að álverið taki á sig þennan toll vegna mengunar frá verksmiðjunni. Við komum til með að nota mengunarskatta þó við séum ekki búin að leggja þá almennt á enn þá. Þessi ákvæði, þessi hugsun, um mengunarkvótana er þegar farin að hafa áhrif hér á landi á öðrum sviðum. Við erum t.d. farin að hugsa um gróðurvernd, gróðursetningu, skógrækt og landgræðslu út frá koltvísýringsbindingu, og stóriðja ekki síður en út frá gróðurverndarsjónarmiðum. Við erum farin í stórkostlega skógrækt í þeim tilgangi að binda koltvísýring en ekki eingöngu vegna skógræktarinnar sem atvinnugreinar, til að prýða landið eða sem jarðrækt, og þess vegna er þessi hugsun, herra forseti, þegar farin að setja mark á framkvæmdir okkar, farin að binda fé og marka stefnu okkar.

Ég ætla lítillega að nefna hina stóru efnahagslegu þætti. Allir útreikningar byggja á spám og eru því ekkert nema spádómar. Og útreikningar og arðsemismat þeirra sem reikna fyrir álverið eða Noral-verkefnið eru ekkert áreiðanlegri en spár annarra hagfræðinga sem komast að allt annarri niðurstöðu því að þetta byggist að mestu leyti á tveimur þáttum, þ.e. álverðinu, hvernig það verður í upphafi og hver þróun-

in verður, og af raforkuverðinu við upphaf samningsins og hvernig það verður áfram.

Síðan má ekki gleyma því að við þurfum einnig að horfa á þetta í því samhengi hvert raforkuverðið gæti verið fyrir almenning og til annarra nota ef Landsvirkjun færi ekki út í svo gríðarlegar framkvæmdir sem þessar, hvort það gæti þá skilað sér í lægra raforkuverði til almennings og til iðnaðarstarfsemi í landinu. Það eitt mundi vera mikil innspýting í efnahagslífið þótt ekkert annað væri gert.

Eitt er ljóst hvernig svo sem þetta er reiknað — og ég treysti hagfræðingum Landsvirkjunar og Noral-verkefnisins ekkert betur en þeim sem geta alls ekki reiknað inn í þetta nokkurn hagnað heldur íþyngjandi álögur fyrir þjóðarbúið og Landsvirkjun um einhvern tíma — að verkefnið sem slíkt getur ekki staðið sem sjálfstæð eining. Það hefur sýnt sig að það er erfitt að fá eignaraðila, bæði íslenska og erlenda — Norsk Hydro er nú eins og vofa í dag — og ég tel hæpið að verkefnið gengi ef við værum búin að taka í gildi þau nýju raforkulög sem búið er að boða hér á þingi.

Annað er ljóst, þ.e. að verkefnið gengur ekki nema hið opinbera komi að málinu líka. Vaxtahækkanir verða að koma til. Það verður að draga úr opinberum framkvæmdum og það verður að auðvelda innflutning á erlendu vinnuafli. Þetta má allt saman lesa í séráliti Seðlabankans. Ég ætla ekkert að fara yfir það hér. Það munu aðrir gera og hafa gert. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði það vel við 1. umr. þessa máls. Hann tók þá efnahagsþáttinn vel fyrir, lagði áherslu á hann *en sleppti hinum þáttunum, lét okkur hin um að gera grein* fyrir þeim. Það að hann skyldi einhenda sér í efnhagsþáttinn hefur þýtt í máli manna, af því að menn eru alltaf tilbúnir að snúa út úr, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi alveg yfirgefið græna litinn og farið yfir í efnahagsþáttinn og að umhverfismálin skipti nú ekki nokkru máli. Svona er hægt að snúa öllu á hvolf, herra forseti, þannig að ég ætla ekki að fara frekar yfir þetta.

Við höfum kallað eftir upplýsingum þegar við erum að taka jafnstórar ákvarðanir og þessa, vitandi að það verður að draga úr opinberum framkvæmdum og þá viljum við auðvitað vita hvað verður fyrir valinu. Er komin einhver verklagsáætlun? Mér þykir sjálfri nokkuð ljóst að ef af þessu verður þá verði a.m.k. einfaldast að slá af fyrirhugaða jarðgangagerð, vegaframkvæmdir sem ekki eru hafnar, þ.e. stóra þætti sem er ekki byrjað á. Jarðgangagerð væri þá líklegust til að vera slegin af.

Við eigum nógu erfitt með að koma saman fjárlagafrv. á hverju ári miðað við öll þau margvíslegu og miklu verkefni sem við viljum standa vel að þannig að ég er ekki viss um að við munum auðveldlega ná sáttum um fjárlagagerðina ef stór verkefni eiga að fara þar alfarið út af borðinu.

Herra forseti. Þar sem Austfirðingar eru nú mjög óróleg*ir sem og margir aðrir landsmenn* vegna stöðu málsins vil ég láta það koma hér fram að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum allan tímann varað við því að vera ekki með áætlun B, eins og við höfum kallað það, að vera með (**Gripið fram í:** Það er fín áætlun.) áætlun B. Kom nú framsóknarmaðurinn í salinn. Já, áætlun B gæti verið góð fyrir framsóknarmenn ef Byggðastofnun hefði staðið betur að málum en hún hefur gert. En það er ekkert fast í hendi fyrr en búið er að skrifa undir og ganga frá svona stórum samningum. Og vegna þess tíma sem þetta eitt hefur verið í sjónmáli vil ég telja upp nokkra þætti sem ég tel að hefði átt að vera búið að vinna ötullega í, þætti sem Austfirðingar sjálfir hafa beðið um aðstoð við og nefnt sem mikilvæga til að byggja upp atvinnu og mannlíf á Austurlandi, en sem hafa að miklu leyti fengið að vera í friði.

Einn mikilvægasti þátturinn í atvinnulífinu í dag er uppbygging ferðaþjónustunnar. *Þá vil ég nefna hinn stóra og* góða millilandaflugvöll á Egilsstöðum sem hefur verið nær ónýttur til millilandaflugs fram að þessu. Mikið hefur verið leitað eftir aðstoð hins opinbera núna í mörg ár til að koma á reglubundnu millilandaflugi, þótt ekki væri nema yfir sumartímann, því að þetta gerist ekki af sjálfu sér. Það þarf að styðja viðkomandi flugfélag til að fá það til að koma. Það þarf mikla og öfluga markaðssókn erlendis og það þarf að byggja upp aðstöðu og net ferðaþjónustuaðila á Austurlandi til að taka þá á móti fólki. Þessi beiðni um að fá aðstoð til að gera þetta er búin að liggja fyrir svo lengi sem ég man og frá því að flugvöllurinn var opnaður.

Sem betur fer má ætla að af þessu verði í sumar. En það er að mestu leyti fyrir dugnað annarra en hins opinbera. Nú er ég ekki að segja að hið opinbera eigi að standa alfarið í þessum rekstri. En stuðningur við þá aðila sem standa að þessu hefði hins vegar þurft að koma miklu fyrr og vera miklu meiri. Það er verið að hamra á sveitarfélögunum að koma að þessu máli en þau eru ekki of vel sett fjárhagslega til að styðja við þessa tilraun þó svo að þau vildu það af öllum mætti. Þetta kostar mikið. Þetta er fagvinna. Ég tel að þarna sé mikið verk óunnið enn þá og hægt að koma að þessu til að byggja upp fyrir framtíðina.

Það hefði þurft að styðja Ferðamiðstöð Austurlands miklu betur. Þar vinnur nú í fullu starfi ein manneskja yfir vetrartímann og fleiri yfir sumartímann. Það þarf að vinna miklu kröftugra þróunarstarf og að meira að markaðssetningu innan lands en Ferðamiðstöðin hefur tök á að gera í dag þrátt fyrir að hún sé í góðu samstarfi við Atvinnuþróunarfélagið. Þarna vantar góðan stuðning. En þarna eru góðir starfskraftar, miklir möguleikar og mikil sókn ef vel er staðið að þessu.

Það þýðir ekkert að tala um að auka ferðaþjónustu nema vegirnir séu almennilegir og hægt að komast á milli staða. Svæðið á norðausturhorninu er óunnið að mestu leyti. Það hefði þurft að vera búið að ljúka vegalagningu fyrir Tjörnesið og mynda þennan mikilvæga hring til að auka ferðaþjónustuna. Allar þessar hringleiðir frá flugvelli og frá höfn í Seyðisfirði og norður fyrir, að Dettifossi og til baka, er erfitt að bjóða upp á í dag vegna þess að vegakerfið leyfir ekki að settar séu upp slíkar áætlanir.

Það þarf að efla almannasamgöngur og sumarvegi inn á hálendið. Ég tek undir það sem ég veit að sveitarstjórnarmenn, sérstaklega á Norðurhéraði, eru að tala um, að byggja upp ferðaþjónustu í tengslum við virkjunina. Ég vil meina að við eigum að taka undir þessa hugmynd og byggja vegakerfið upp eins og verið er að tala um, upp Efri-Jökuldal og tengja um Fljótsdalinn yfir í Jökuldal og svo áfram norður þannig að úr verði hringtengingar. Þetta þarf að byggja með tilliti til ferðaþjónustunnar og koma upp þjónustumiðstöðvum á þeim stöðum þar sem ánauðin er mest og menn vita að þarf að vera þjónusta.

Það þarf líka að fjölga landvörðum og að auka öryggisgæslu á hálendinu. Þetta snýr allt, herra forseti, að ferðaþjónustu og uppbyggingu á svæðinu og hef ég ekki nefnt hina stóru og miklu ferju sem kemur að rúmu ári liðnu til Seyðisfjarðar. Þar þarf að undirbúa móttöku ferðamanna svo að við getum byggt upp atvinnu í kringum þessar ferðir,

vikulegu ferðir, bæði á sjó og landi svo að fólk keyri ekki bara beint á suðvesturhornið og fljúgi svo þaðan.

Ég hef enn ekki minnst á jarðgöng. Þar er mikið verk sem ég tel að hefði átt að gera á Austurlandi fyrir nokkrum árum síðan. Nú er svo komið að jarðgöng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eru á vegáætlun eða í jarðgangaáætlun. Jarðgöngin fyrir austan eru fullhönnuð og í raun tilbúin til útboðs. Ég tel að miðað við þá stöðu sem við erum í eigi að koma framkvæmdum í gang fyrir austan, bjóða út jarðgöngin og gera það í tvennu lagi, þ.e. eins og áætlunin segir til um, í heilum pakka, en líka boðið út með fráviki, að heimilt verði að bjóða í sitt hvor göngin. Það er allsendis óljóst hvort kemur betur út í útboði, að bjóða út allan pakkann eða í sitt hvoru lagi. Þetta fer allt eftir stöðu verktaka, því hvernig á stendur hjá þeim, hvort þeir bjóða betur í allan pakkann eða hvort hægt er að fá betra tilboð með því að hafa þetta aðgreint. Mér finnst að miðað við aðstæðurnar núna eigi að bjóða út jarðgöngin, einhenda sér í það og bjóða upp á þetta afbrigði. Menn eiga ekki að hika komi í ljós að betur henti að fara í þetta hvort í sínu lagi. Þá þyrfti ekki að draga það stundinni lengur að fara í jarðgöngin fyrir austan.

Margt er hægt að gera og fara í strax því að verkefnin eru mörg. Fjölmörg brýn verkefni bíða á sviði Náttúrustofu Austurlands, m.a. rannsóknir sem skila sér í atvinnulífið og úr einni atvinnugrein í aðra, m.a. ferðaþjónustuna ef við ætlum að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu. Þarna bíða verðug verkefni.

Fleiri verkefni standa mjög höllum fæti í dag innan ferðaþjónustunnar sem við fyrir austan teljum að verði að vera til staðar til að geta byggt upp til framtíðar, m.a. rekstur fljótabátsins Lagarfljótsormsins sem hefur stundað reglubundnar siglingar yfir sumartímann. Að mínu mati þarf það fyrirtæki að fá styrk, þjónustustyrk til þess að halda þeirri þjónustu áfram. Þjónustan skilar sér út í samfélagið og hefur margfeldisáhrif. Rekstur Lagarfljótsormsins veitir tilbreytingu í ferðaþjónustunni en fyrirtækið verður ekki rekið mörg ár í viðbót nema til komi opinber stuðningur.

Sama má segja um strandsiglingar eða bátasiglingar á milli fjarða og innan fjarða. Þær hafa alveg lagst af. Ef við ætlum að byggja áfram upp gönguleiðir um víkurnar og Gerpissvæðið þá er þetta hluti af því, að geta boðið upp á trússferðir á milli. Til þess þurfum við að hafa þessa báta en þeir eru ekki til staðar í dag. Ég lít svo á að stuðningur við slíkar ferðir sé stuðningur við allt svæðið og frá því ætti að ganga nú þegar.

Herra forseti. Ekkert er nýtt undir sólinni. Fyrr í vetur flutti ég ásamt þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þáltill. um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Við lögðum til að byrjað yrði á Austurlandi, miðað við stöðuna þar. Þar hefur verið mikil fólksfækkun og mikið óöryggi skapast af ýmsum ástæðum, minni kvóti og minni landbúnaður. Þetta óöryggi er m.a. út af þessu álveri. Þetta á ekki bara við um Austurland heldur á þetta við um mörg önnur svæði og í raun tel ég að til lengri tíma litið ættum við ekki að vera í átaksverkefnum heldur ættum við stöðugt að vera í svæðisbundnum verkefnum. Ástæðan fyrir því að þetta er hér sem átaksverkefni er eingöngu staða hinna dreifðu byggða: Austurlands, Vestfjarða, Norðurausturhornsins og fleiri staða. Við teljum að það þurfi hreinlega að setja umtalsvert fjármagn í markvissa uppbyggingu til að einhver leið sé til að snúa byggðaþróuninni við og fara í jákvæða byggðaþróun.

Við lögðum til að farið yrði í verkefni á sviði þróunar byggðamála, viðskipta og menningarmála. Við lögðum til að í sex ár yrði varið 400 millj. kr. árlega til þess. Við töldum að það mætti endurskoða upphæðina en við vildum leggja áherslu á að það þyddi ekki að leggja til þessa smáaura núna heldur þyrfti að fara í verulegt átak. Lagt var til að þróunarfélögunum yrði falið að fara með þetta fé. Að okkar mati þá eru þau best í stakk búin til að meta þörfina. Þar eru hugmyndirnar, þar er þróunarvinnan, þar liggja fyrir umsóknir þeirra sem hafa hugmyndir um úrbætur og þar teljum við að fénu yrði best varið til að fara á þá staði sem best þykir. Með því yrði fé ekki sett nema í fyrirtæki sem hefðu samkvæmt mati einhverja rekstrarmöguleika og væru líkleg til þess að skila atvinnu og einhverjum árangri.

Í þessari tillögu voru nefnd mörg þeirra mála sem ég nefndi hér áðan varðandi ferðamál. Þar eru margar hugmyndir um að beina ferðaþjónustunni inn á margs konar leiðir og nýsköpun á ýmsum sviðum. En ég ætla nú ekki að telja það upp frekar.

Herra forseti. Mig langar til að vitna í umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um þessa þáltill. Ég tel að hún sé með nokkrum ólíkindum því að þáltill. er flutt af einlægni af þeim vilja að leggja eitthvað af mörkum til að snúa byggðaþróuninni við á jákvæðan hátt. Ég vil því, með leyfi forseta, fá að lesa hér upp umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, sem er svohljóðandi:

„Stjórn Sambands sveitarfélag á Austurlandi leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að gripið verði til markvissra byggðaaðgerða í landinu og efnt verði til átaks í þeim efnum eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Í því sambandi er afar mikilvægt að efla starf á sviði atvinnuþróunar enda traust atvinnulíf forsenda farsæls mannlífs og blómlegra byggða.

Stjórn sambandsins telur jafnframt afar mikilvægt að þegar áhugi vaknar hjá fyrirtækjum að byggja upp arðbæran og áhrifamikinn atvinnurekstur, eins og nú hefur gerst á Austurlandi, þá verði stuðlað að því að slík verkefni verði að veruleika.

Stjórnin er því afar ósátt við hvernig umræddri þingsályktunartillögu er í reynd stillt upp gegn áformum um Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur skýra afstöðu til fyrirhugaðrar virkjunar og stóriðju: Sambandið styður þá uppbyggingu og hefur unnið að undirbúningi þeirra verkefna m.a. í samstarfi við Þróunarstofu Austurlands árum saman.

Samband sveitarfélag á Austurlandi telur að tilkoma álvers á Austurlandi geti skapað forsendur fyrir fjölþættri atvinnustarfsemi bæði á sviði iðnaðar og þjónustu. Þá mun fólksfjölgun vegna orkufreks iðnaðar geta stuðlað að eflingu menntunar og menningar í landshlutanum."

Ég var svolitla stund að átta mig á þessu svari. En nú vildi ég óska að allt þetta gengi eftir. Ég hefði hins vegar seint trúað því að ekki yrði tekið jákvætt undir þá tillögu að fá aukið fjármagn inn í fjórðunginn til að treysta enn frekar það sem verið er að gera og styrkja þau sprotafyrirtæki sem fyrir eru.

Því vildi ég spyrja, herra forseti, hvar sveitarstjórnarmenn á Austurlandi standa ef áform Noral-verkefnisins gengur ekki eftir. Hvar er þá undirbúningurinn fyrir þann raunveruleika að þurfa að treysta á annað en álverið?

Í þessu sambandi vil ég vísa allri ábyrgð á stjórnvöld fyrir að halda ekki uppi kröftugri byggðastefnu, óháð álveri og

stóriðju. Það er alltaf óvissa í málinu þar til skrifað hefur verið undir endanlegan samning.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ályktað um málið almennt hvað varðar stóriðju og uppbyggingu atvinnulífs og vil ég, með leyfi forseta, fá að lesa upp stutta landsfundarsamþykkt sem snýr að þeim málaflokki og sem skýrir þá frekar afstöðu okkar til málsins, því að það er alveg sama hvort framkvæmd af þeirri stærð sem hér um ræðir er á Austurlandi, Vesturlandi eða hér fyrir sunnan, að meta verður hverja framkvæmd af því umfangi og þeim spjöllum og áhrifum sem hver framkvæmd út af fyrir sig veldur, sama hvar hún er, og maður á ekki að láta staðsetningu ráða. Ég held að við séum öll sammála um það að ef við reisum nýtt orkuver þá eigi að nýta orkuna sem næst orkuverinu og sé þá sama hvort við erum fyrir sunnan eða austan, allt annað sé í raun og veru óskynsamlegt og í okkar tilfelli, segi ég, í sambandi við þessa virkjun þá eru það hrein svik.

En, herra forseti, það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð ályktaði er svohljóðandi:

„Landsfundurinn minnir á þá staðreynd að meiri hluti nýrra starfa verður til í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Áhersla stjórnvalda á uppbyggingu fárra risastórra fyrirtækja gengur þvert gegn dómi reynslunnar og leiðir til einhæfni, en ekki þeirrar fjölbreytni og þess vaxtarumhverfis sem æskilegast er.

Vandi íslensks atvinnulífs felst ekki í því að það skorti tækifæri og möguleika. Fyrir landsbyggðina skiptir mestu að eytt sé þeim aðstöðumun sem er öllu atvinnu- og mannlífi þar mótdrægur að ekki sé talað um þá erfiðleika sem því eru samfara að koma þar nýjum fyrirtækjum á fót og hlúa að nýsköpun og þróun. Lélegar samgöngur, mikill flutningskostnaður, lakari fjarskipti, dýrari orka, erfiðleikar við að sækja sérhæfða þjónustu, vandkvæði á að fá lánafyrirgreiðslu og jafnvel venjulega bankaþjónustu; þetta og margt fleira, ásamt ómarkvissri og máttlausri byggðastefnu, eru erfiðustu hindranirnar í vegi nýsköpunar í atvinnu- og byggðamálum á landsbyggðinni. Stjórnvöldum væri nær að ráðast á þennan aðstöðumun en einblína á eitt álver sem lausn í byggðamálum eða öllu heldur fjarvistarsönnun frá því að aðhafast nokkuð marktækt gagnvart hinum almenna atvinnu- og byggðavanda.

Möguleikar íslensks atvinnulífs til að sækja fram og þróast, jafnt í sveit og borg, eru miklir ef rétt er á málum haldið. Ýmsir nágrannar okkar hafa sýnt að með réttum áherslum og hugarfari er hægt að hafa mikil áhrif til góðs á byggðaþróun jafnvel þó aðstæður séu erfiðar eins og í Norður- og Vestur-Noregi, á vesturströnd Írlands, á skosku eyjunum og í Hálöndunum. Möguleikar fjölbreyttrar ferðaþjónustu, hágæðamatvælaframleiðsla og matvælaiðnaður, vatnsútflutningur, lyfja- og heilsuvöruiðnaður, vistvænn orkubúskapur, hugvits- og þekkingargreinar, listiðnaður og handverk, iðnaður og þjónusta og ýmiss konar virðisaukandi starfsemi tengd undirstöðugreinum eins og landbúnaði og sjávarútvegi; þetta allt og fjölmargt fleira býður upp á ótalmörg tækifæri. Sumar þessara atvinnugreina hafa einmitt verið að stórauka hlut sinn í útflutningstekjum og verðmætasköpun þjóðarinnar undanfarin ár. Það eru því fáar kenningar vitlausari og í raun hættulegri um þessar mundir en álnauðhyggjan, fullyrðingarnar um að ekkert annað en meiri stóriðja og enn þá meiri stóriðja geti skapað hér ný störf og aukið verðmætasköpun. Það er rangt og hættulegt að halda slíku fram. Í því er fólgin vantraustsyfirlýsing gagnvart öðrum sviðum atvinnuþróunar. Þessar áherslur eru á skjön við framsækna atvinnustefnu og það gengur gegn dómi reynslunnar um það hvaða áherslur í nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfi skili mestum árangri."

Herra forseti. Þetta var úr landsfundarályktun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um atvinnu- og byggðamál, hluti af þeirri ályktun. Ég vildi lesa hana hér upp til þess að skýra mál okkar og afstöðu enn frekar.

Það sem kemur fram í öllum rannsóknum og könnunum sem varða búsetuþróun, þegar skoðað er hvers vegna fólk flytur af landsbyggðinni yfir á höfuðborgarsvæðið eða til erlendra landa, er að nokkrir þættir eru sammerktir, m.a. möguleikar til menntunar. Því finnst mér að við ættum að horfa sérstaklega á þann þátt þegar við erum að tala um að byggja upp á Austurlandi, snúa þróuninni við, styrkja ímynd svæðisins aftur og sjálfstraust fólks, það er að undirbúa nú þegar frekari möguleika til framhaldsnáms, háskólanáms, og koma á frekari rannsóknum tengdum menntun í háskólum landsins. Við erum með háskólasetur á Höfn og við eigum að koma því á í tengslum við Menntaskólann á Egilsstöðum og byggja þar upp kröftugra menntasvæði. Við erum með góðan menntaskóla sem þarf að stækka og það er orðin brýn þörf og hefur verið mörg undanfarin ár að hlúa betur að húsnæði þess skóla og það er nokkuð sem hægt er að fara í mjög fljótlega og einnig að styrkja Verkmenntaskólann í Neskaupstað. En varðandi símenntun og fjarnám, endurmenntun, þá erum við með öfluga miðstöð sem er Fræðslunet Austurlands og til að hún geti haldið áfram að þróa starf sitt og starfa á þeim grunni sem hún hefur metnað til þarf sú starfsemi líka að fá stuðning og sérstaklega þegar við horfum til þess kostnaðar sem er vegna fjarfundanna og þeirrar tækni sem er notuð við fjarkennsluna. Hússtjórnarskólann á Hallormstað, þann merka skóla, ættum við standa vörð um og efla sem alveg sérstaka perlu í fjórðungnum.

Ég hef nefnt nokkra hluti sem eru okkur mjög mikilvægir, en eru veikir í dag og þurfa styrkingu. Ekki verður hægt að horfa til framtíðar öðruvísi en að koma á háskólasetri eða tengingu við háskólana og rannsóknarstöður. Að mínu mati væri það mjög eðlileg viðbót inn í það umhverfi, að koma því upp í tengslum við skógræktina.

Landbúnaðurinn er ekki lengur sú undirstöðugrein sem var hér á árum áður. En þó að við náum ekki í náinni framtíð að gera landbúnaðinn að sömu kjölfestu og var, þá er sannarlega hægt að styrkja hann. Við eigum að gera það út frá hugmyndum um svæðisbundna landnýtingu og landbúnað þar sem við byggjum upp svæði sem hafa afurðastöðvar sínar og nýta afurðirnar af svæðinu, hvort heldur það eru sauðfjárafurðir eða afurðir af kúabúunum, því það er framtíðin. Við erum að fara í alveg þveröfuga átt við það sem er að gerast í Evrópu og öðrum löndum, að færa landbúnaðarvörurnar burt af svæðinu til vinnslu fjarri uppruna. Við stefnum í verksmiðjubúskap, við stefnum í einhæfni og það er alveg þveröfugt við það sem aðrar þjóðir eru að gera. Ég sé svæðið fyrir austan sem kjörið svæði til að hafa svæðisbundnar áætlanir og styrkingu með því að koma afurðastöðvunum aftur í rekstur innan svæðanna og það mundi sannarlega verða markaðssókn í því. Þannig er sú stefna sem rekin er núna í nágrannalöndum okkar og við eigum að notfæra okkur það að við erum ekki komin í þennan stórbúskap. Við gætum tekið upp þráðinn í raun og veru þar sem aðrar þjóðir eru að reyna að stefna á og við værum á þeim punkti ef við náum að koma afurðastöðvunum aftur til síns heima.

Hægt væri að hafa mörg orð varðandi sjávarútveginn en ég ætla að sleppa því og segja eina setningu: Núverandi sjávarútvegsstefna á stóran þátt í því að byggð hefur hrunið úti á landi. Búið er að færa til kvóta, vinnslan hefur breyst og ég er hrædd um að ef við Austfirðingar stöndum ekki vel á vaktinni núna og pössum upp á þann kvóta sem við höfum þá getum við í andvaraleysi misst eitthvað af honum í burtu við það að vera svo upptekin af álvershugmyndum og ef af þeim álvershugmyndum verður, þá getum við átt það á hættu að missa meiri kvóta í burtu.

Herra forseti. Miðað við þá stöðu sem við erum í núna legg ég til að við legðum virkjunaráformin til hliðar, a.m.k. þar til ábyrgur kaupandi er fyrir hendi og verkefnið verði sett upp með þeim hætti að það verði sem sjálfstæð rekstrareining, óháð almenningsveitunum. Ég legg til, herra forseti, miðað við þær aðstæður að við einhendum okkur í að bjóða út fyrirhuguð jarðgöng fyrir austan með því að bjóða út jarðgangapakka með þeim frávikum sem ég lýsti áðan, að hægt væri að bjóða í allan pakkann eða í sitt hvoru lagi. En göngin fyrir austan eru tilbúin og eru mjög hagstæð jarðgöng sem nauðsynlegt er að fara í, því að við erum búin að fresta kostnaðarsömum vegaframkvæmdum fyrir Vattarnes, og ef ekki verður farið í jarðgöngin verður að fara í einhverjar samgöngubætur fyrir Vattarnesið.

Herra forseti. Miðað við þessar aðstæður þá eigum við að leggja fram töluvert fé til að fara í svæðisbundið átak á forsendum íbúanna sjálfra og gera það núna strax í sumar. Framkvæmd þess átaks ætti að vera í höndum heimamanna með sérstaka áherslu á ferðaþjónustu, nýsköpun eða það sem menn heima fyrir telja að muni skila sér best inn í atvinnulífið. Það sem þarf að gera líka og hefði átt að vera búið að gera er að meta gildi lands fyrir norðan Vatnajökul fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Það er dæmi sem ekki hefur verið gert upp og við ættum auðvitað að hafa til hliðsjónar þegar við afgreiðum þetta mál og tökum land frá fyrir stórt miðlunarlón. Við ættum að hafa möguleika á að bera saman þá tvo kosti fyrir nýtingu svæðisins.

En, herra forseti, að lokum: Það er mikilvægt að sýna í verki stuðning við fjórðunginn í þeirri stöðu sem við erum í núna. Það ríkir andvaraleysi og aðgerðaleysi og það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

[21:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á aðkomu hv. þm. Þuríðar Backman að þessu máli og hvernig hún notaði viðtekna frasa í ræðu sinni þótt hún vissi betur. Í rauninni fór hún yfir það í ræðu sinni eins og þegar hún sagði að ekki væri verið að gera neitt annað á Austurlandi en að bíða eftir álveri. Ég fullyrði að þingmaðurinn veit betur. Ég spyr hana þess vegna:

Veit hv. þm. ekki af því að fé hefur verið sett til þess að LTU geti flogið á Egilsstaði til að efla ferðaþjónustu?

Veit hv. þm. ekki af því að verið er að vinna að hafnarframkvæmdum til að hægt sé að taka á móti stærri og öflugri Norrænu?

Veit hv. þm. ekki af því að mjög öflugt skógræktarátak hefur verið í gangi hjá bændum á Austurlandi og að það er enn að vaxa og stækka?

Ætli þingmaðurinn viti ekki af því að í gangi er öflugt átak núna varðandi laxeldi og fiskeldi ýmiss konar?

Hefur ekki verið átak í gangi varðandi menntamál eins og háskólamenntun?

Og hafa Austfirðingar ekki gengið fram í því að vera með mikla frumkvöðlastarfsemi varðandi menningarmál og gert samning þar að lútandi sín á milli?

[21:17]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var fullkunnugt um alla þessa þætti enda sagði ég aldrei að ekki væri verið að gera neitt. Ég sagði aftur á móti að þetta hefði lamandi áhrif, og þessi staða sem búin er að vera, að bíða, hefur haft þau áhrif. Ég sagði líka að ýmislegt gott væri búið að gera. Bæði hafa heimamenn verið í ýmsum framkvæmdum og sem betur fer hefur hið opinbera heldur ekki fryst þennan fjórðung algjörlega úti, þó ekki væri.

Ég nefndi aftur á móti fjölmarga þætti sem hið opinbera gæti komið að og að mínu mati ætti að koma að með miklu kröftugri hætti en gert hefur verið, eða að koma inn með stuðning á ýmsum sviðum sem ekki hefur verið gert fram til þessa.

Vissulega veit ég um allt þetta sem þingmaðurinn taldi hér upp og í raun og veru miklu fleira. Það er ekki svo að einstaklingar hafi ekkert gert eða að hið opinbera hafi ekkert gert, það er ekki rétt og ég sagði það aldrei. Hins vegar þarf að gera miklu meira. Það getur enginn neitað því að bið, óvissa, hefur lamandi áhrif. Þó að menn reyni að bjarga sér og bera höfuðið hátt er óvissan samt lýjandi. Ég vanmet ekki þá verkþætti sem hið opinbera hefur staðið að en við gætum gert miklu meira.

[21:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir gott að heyra að þingmaðurinn leiðréttir sig því ég skrifaði niður eftir henni að það væri „ekkert annað" sem verið væri að gera á Austurlandi. Hv. þm. leyfði sér að nota þennan frasa sem maður fyrirgefur þeim einum sem ekki hafa komið til Austurlands og vita ekki hvers konar kraftur er þar í því fólki sem er að vinna að mörgum góðum framfaramálum, m.a. í ferðaþjónustu og þeim atriðum mörgum sem hér hafa komið upp. Að mörgum þeirra er eingöngu verið að vinna á Austurlandi en ekki í öðrum landshlutum og hefur sýnt sig að Austfirðingar hafa gengið skrefi framar en aðrir landsfjórðungar og sýnt þar mikinn þroska, t.d. í samningi sínum um menningarmál. Rétt er að geta þess að á dögunum var einmitt verið að úthluta í fyrsta skipti úr menningarsjóði Austurlands framlögum til menningarmála sem komu frá ríkinu og er sérstakur stuðningur við menningarmál á Austurlandi sem ekki er til annarra landsfjórðunga.

Mér finnst því alveg gjörsamlega fráleitt, og í rauninni lítilsvirðing við það fólk sem vinnur að mörgum góðum málum, þegar svona er talað, að ekkert sé verið að gera á Austurlandi. Það er lítilsvirðing bæði við fólkið sem vinnur þarna að þessum góðu málum og við þá viðleitni ríkisvaldsins að koma inn í þau góðu mál og styðja það frumkvæði sem fólkið hefur heima fyrir. Ég ætla að vona að þetta heyrist ekki aftur frá hv. þm.

[21:21]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona að ég verði heldur ekki aftur fyrir því að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir geri mér upp skoðanir og snúi út úr því sem ég hef ekki sagt. Ég veit það manna best, og það hefur aldrei komið annað fram hjá mér en að ég viti hvað Austfirðingar eru að reyna að gera og hefur

tekist vel upp með marga þætti, eins og menningarstarfsemina. Þar hafa þeir myndað samtök fyrir allt Austurland til að hafa um það að segja hvernig þeir úthluta fjármunum sínum til menningarstarfsemi. Það segir ekkert að þegar á heildina er litið renni meiri fjármunir til Austurlands en til annarra fjórðunga ef við færum að skoða það en Austfirðingar sjálfir vilja hafa eitthvað um það að segja hvernig þeir úthluta þessum fjármunum og það er af hinu góða. Það er í þeim anda sem ég var að tala áðan, að setja fé til þróunarfélaganna svo að Austfirðingar sjálfir geti úthlutað því á þann hátt sem þeir vita að nýtist fjórðungnum best. Þetta er nákvæmlega í þeim anda.

Þeim hefur aldrei staðið til boða annað en þetta risaálver og þessi risavirkjun. Ef þeir hefðu haft val er hugsanlegt að þeir hefðu valið annað. Það var ekkert annað, álverið og virkjunin við Kárahnjúka er byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir Austurland og ekkert annað. (**ArnbS:** Ásamt mörgu öðru.)

[21:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við höfum átt ágætar umræður í dag um frv. til laga um virkjun við Kárahnjúka og stækkun Kröfluvirkjunar. Að sönnu hefur í sjálfu sér komið í ljós enn og ítrekað að hér er góð samstaða í þingsölum um málið, að undanskildum skoðunum vinstri grænna. Þeir hv. þm. eru haldnir sömu þráhyggju um öll framfaramál sem til heilla gætu horft í atvinnumálum þjóðarinnar. Þeir eru einfaldlega á móti.

Þeir eru á móti virkjun fallvatna. Þeir eru á móti virkjun jarðgufu. Þeir eru á móti byggingu álvers. Við höfum reyndar orðið vitni að því margoft í þingsölum að þeir eru á móti nálega öllum málum sem lúta að því að auka hagvöxt og bæta lífskjör þjóðarinnar. Þeir eru að vísu á móti þessu á mismunandi forsendum, sumir eru á móti á forsendum umhverfismála en aðrir á forsendum arðsemi. Þeir sem eru á móti á forsendum arðsemi hafa reyndar neitað að skoða arðsemina. Það er því með dálítið sérstökum hætti sem þeir mynda sér skoðanir en við verðum að segja sem svo að það er mjög gott til þess að vita að hv. þm. Samfylkingarinnar hafa ákveðið að styðja þetta mál sem við fjöllum um í dag og í kvöld. Fyrir það ber að þakka því hér er um mikið framfaramál að ræða.

Reyndar er ljóst að virkjun við Kárahnjúka er mikil ágætisframkvæmd. Hún er umhverfisvæn. (**Gripið fram í:** ... kíkja á það?) Og það er ljóst að arðsemi framkvæmdarinnar er góð. (**Gripið fram í:** Hvað segir Ögmundur?) Eins og hv. þingmenn ...

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa þingmanninum hljóð.)

Eins og hv. þm. kalla hér fram í er arðsemin góð að mati Norsk Hydro og mjög margra annarra aðila. En af því að kallað var hér fram í hvort það væri að mati hv. þm. Ögmundar Jónassonar hef ég ekki heyrt það frá honum enn þá en kannski mun hann skoða málið og kanna arðsemina og koma svo með endurskoðað mat sitt í þingsal. Ég trúi því enda vill hv. þm. (Gripið fram í.) vinna verk sín vel í þingsölum og ég trúi því að hann skoði fyrra mat sitt af mikilli alvöru og komi með nýtt hingað inn í þingsali.

Það er alveg ljóst að arðsemi þessarar framkvæmdar er mjög góð og um það eru allir þeir aðilar sammála sem eru til þess bærir þó að tekið sé tillit til allra hugsanlegra varúðarsjónarmiða. Raunarðsemi virkjunarinnar er talin vera 6,3–6,4% sem er 1% umfram ávöxtunarkröfu verkefnisins, og verkefnið borgar upp stofn- og vaxtakostnað á innan við 30 árum. Þó er líftími þessarar framkvæmdar a.m.k. 80–100 ár.

Einnig hefur komið fram að áhugi lífeyrissjóðanna er heilmikill á málinu og eins og kemur fram í nál. hv. iðnn. gera lífeyrissjóðirnir ráð fyrir að vera með alls um 25% af fjármögnuninni. Það er ljóst að þetta er reyndar ekki mjög stór hluti af eignum lífeyrissjóðanna, þ.e. á bilinu 1–1,5% af eignum hvers og eins þeirra. M.a. hafa fulltrúar lífeyrissjóðanna bent á að fjárfesting lífeyrissjóðanna í verkefninu næmi u.þ.b. 10 milljörðum á 6–7 árum en sjóðirnir hafa yfir 100 milljarða til ráðstöfunar til fjárfestinga árlega. Því er ljóst að lífeyrissjóðirnir líta mjög jákvætt til þessa máls og ég trúi því að þeir taki fullan þátt í þessu þegar niðurstöðu verður náð.

Þjóðhagsstofnun hefur talið þetta vera mjög gott verkefni. Hún telur að landsframleiðsla verði rúmlega 2% meiri á framkvæmdatímanum en ella hefði orðið en þjóðarframleiðsla 1–1,5% meiri, og gerir jafnframt ráð fyrir því að fjárfesting verði um 12% hærri en annars hefði verið á framkvæmdatímanum. Það er u.þ.b. 0,5% sem gert er ráð fyrir í vinnuaflsnotkun af heildarframboði vinnuafls þannig að það er algjörlega ljóst að þeir sem hafa skoðað þetta af mikilli alvöru líta ótvírætt á þetta sem mjög góða framkvæmd.

Eftir að framkvæmdum lýkur og fullum afköstum hefur verið náð eykst útflutningur um 14% og landsframleiðsla gæti orðið 1,5% hærri til lengdar en ella og þjóðarframleiðsla um 1% hærri. Þannig er augljóst af þessum tölum að þarna er bæði um byggðaaðgerð og þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða.

Varðandi byggðamálin bendir Þjóðhagsstofnun á að ef ekki verði af verkefninu megi gera ráð fyrir að fólki haldi áfram að fækka á Austurlandi. Ekki er það, hæstv. forseti, það sem við viljum sjá. Það hefur ASÍ tekið undir og hér hefur margoft komið fram að ASÍ hefur lýst yfir stuðningi við þessi áform og leggur sérstaka áherslu á að framkvæmdirnar séu mjög mikilvægar fyrir uppbyggingu atvinnu og lífskjör launafólks, bæði á Austurlandi og um landið allt. Þannig þarf ekki að velkjast í vafa um það, hæstv. forseti, að hér er ákaflega skemmtileg framkvæmd í ljósi allra þeirra þátta sem ég hef hér rakið, byggðamála, arðsemi af framkvæmdinni, þjóðhagslegrar hagkvæmni, og þess að við skulum yfir höfuð nýta hinar góðu orkulindir okkar til að framleiða vistvæna og umhverfisvæna orku. Við hljótum að fagna því að sjá fyrir endann á því verkefni.

Ég ætla ekki að lengja þetta frekar, hæstv. forseti, en ég vil samt nefna að í umfjöllun þeirra nefnda á Alþingi sem hafa farið yfir málið — það á við um meiri hluta hv. umhvn., hv. efh.- og viðskn. og síðan að lokum þetta nál., mjög vandaða nál. sem liggur hér fyrir frá meiri hluta iðnn. — er ljóst að allt mælir með því að af þessum framkvæmdum geti orðið. Meiri hluti efh.- og viðskn. mælir t.d. eindregið með samþykkt frv. og dregur fram að álverið og virkjunin leiði til þess að útflutningurinn aukist verulega og nefnir að útflutningur aukist um 14% fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda.

Í öðru lagi tala þeir um að virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar séu mjög líklegar til að verða arðsamar fyrir fyrirtækið og í þriðja lagi nefna þeir að búseta á Austurlandi muni styrkjast og þetta hafa jákvæð áhrif á lífskjör Austfirðinga.

Fjmrn. og Seðlabankinn draga fram að þeir hafi bent á vanda sem gæti skapast vegna umframeftirspurnar í hagkerfinu og telja að grípa þurfi til mótvægisaðgerða en vilja þó vekja athygli á að framkvæmdir á Austurlandi séu líklegar til að skapa tiltölulega minni þensluáhrif en ef þær væru nær höfuðborginni þar sem töluverð ónýtt þjónustugeta er á svæðinu og dulið atvinnuleysi vegna hagræðingar í hefðbundnum atvinnugreinum svæðisins.

Þetta skiptir mjög miklu máli, hæstv. forseti. Það er ekki nóg með að við Austfirðingar höfum tapað mörgum íbúum okkar hingað til suðvesturhornsins og reyndar að nokkru leyti til útlanda heldur er það einnig svo að til er mikið dulið atvinnuleysi í hefðbundnum atvinnugreinum. Þensluáhrifin af þessu, sem menn hafa gert nokkuð mikið úr, þau verða í raun alls ekki eins mikil og af hefur verið látið. Áhyggjur og úrtölur varðandi það að vinnumarkaðurinn á Austurlandi beri ekki svo stórt verkefni eru algjörlega fráleitar. Rétt er að minna á að sá fólksfjöldi sem flutt hefur frá Austurlandi, aðeins á fáum árum, hefði getað mannað fyrirhugað álver. Ég þekki Austfirðinga það vel að ég er sannfærð um að fái þeir góða atvinnu í heimabyggð munu þeir flytja til baka. Það er augljóst að áhrifin sem þessi framkvæmd hefur mun gera að verkum að Austfirðingar geti flutt heim og starfað annaðhvort við álverið eða í öðrum greinum sem munu vaxa og dafna í kringum þessar framkvæmdir og í framhaldinu þegar vinnsla hefst í álverinu.

Það er einnig rétt að minna á að það hefur ekki verið spurt að því sunnanlands hvort umframvinnuafl væri til staðar þegar ráðist hefur verið í einstakar framkvæmdir. Menn hafa ekki haft sérstaklega miklar áhyggjur af því hér á Suðurlandinu.

Ég nefni þetta þar sem augljóst er að Íslendingar eru býsna hreyfanlegir í landinu. Þess vegna munu þeir væntanlega flytja sig, bæði brottfluttir Austfirðingar og aðrir þeir sem telja hag sínum vel borgið á Austurlandi, munu flytja sig þangað til þess að starfa við þessar framkvæmdir og síðan við álverið. Ég hef því ekki áhyggjur af þessu, þ.e. að vinnumarkaðurinn á Austurlandi beri ekki þessar framkvæmdir.

Hæstv. forseti. Það er ljóst að það er mjög nauðsynlegt að þessar framkvæmdir fari af stað og það hik sem nú hefur komið fram hjá Norsk Hydro má ekki verða til að þessum framkvæmdum verði frestað um mjög langan tíma. Það er nauðsynlegt að þessi virkjunarheimild fari í gegnum þingið þannig að hægt sé að halda áfram af festu með þetta mál og hægt verði að tala við fleiri fjárfestingaraðila og fleiri sem tilbúnir eru að koma inn í þessar framkvæmdir. Ég tel algjörlega ástæðulaust að gefast upp við þetta verkefni. Það er þolinmæðisverk að vinna að slíkum stórsamningum og þegar unnið er að slíku má alltaf búast við einhverjum töfum.

Við höfum svo sannarlega vonast til að framkvæmdir gætu hafist núna á sumri komanda við undirbúninginn að virkjuninni. Það er svo sem ekki öll nótt úti með það enn þá. En öll töf veldur að vísu mjög miklum vandræðum og ekki gott að það dragist mikið lengur að Norsk Hydro gefi skýr svör. Það er alveg ljóst að Norsk Hydro telur að þetta verkefni sé mjög arðsamt og lofi mjög góðu. Þó að þeir hafi farið í þessar fjárfestingar í Þýskalandi telja þeir um þessar mundir að þeir gætu lent í erfiðleikum með tímasetningar. Vonandi eru þeir erfiðleikar ekki miklir.

Það er mjög mikilvægt, ég vil leggja á það sérstaka áherslu, að Alþingi klári þetta mál núna. Það gæti auðveldað áframhaldandi umræður og samninga við önnur stóriðjufyrirtæki þannig að þeir gætu þá komið að verkefninu í því ástandi að búið væri að ljúka allri undirbúningsvinnu eins og hægt er. Það er algjörlega ljóst að ríkisvaldið hefur staðið við allt það sem reiknað var með að það kæmi að, í vegaframkvæmdum og öðru sem átti verða til þess að verkefnið yrði að veruleika. Þáttur í því er það að við ljúkum störfum okkar hér á Alþingi við þetta ágæta frv. sem hér er til umræðu.

[21:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðnæmdist við afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í upphafi máls síns og vakti athygli á því að við værum andvíg stóriðjuáformum stjórnvalda. Það er hárrétt athugað. Við erum andvíg áformunum á tvennum forsendum.

Í fyrsta lagi á forsendum umhverfisverndar. Við teljum að þessar ráðagerðir muni spilla stórlega náttúru Íslands á óafturkræfan og óafsakanlegan hátt og í öðru lagi teljum við ekki efnahagslegar forsendur fyrir þessu verkefni.

Hv. þm. bendir á að með smíði risaálverksmiðju muni útflutningur frá Íslandi aukast. Að sjálfsögðu mun það gerast. Hv. þm. bendir á að um leið og hundruðum milljarða er spýtt inn í hagkerfið muni þjóðarframleiðsla aukast. Að sjálfsögðu mun þjóðarframleiðsla aukast.

Spurningin sem menn eru hins vegar að velta fyrir sér er þessi: Hver er tilkostnaðurinn við að auka útflutning með þessum hætti? Hver er tilkostnaðurinn við að auka þjóðarframleiðslu með þessum hætti?

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett fram tillögur um að stuðla að atvinnuuppbyggingu á Austurlandi og á Íslandi yfirleitt á allt öðrum forsendum en þessum. Ég vil benda á að þær efnahagsstofnanir sem hv. þm. vísaði til, þ.e. Seðlabanka og jafnframt til ýmissa efnahagssérfræðinga, hafa haft uppi ákveðin varnaðarorð. Það hefur verið vísað í þenslu. Það hefur verið vísað í vexti og menn hafa velt mjög vöngum yfir því, jafnvel aðilar sem eru dags daglega hallir undir stjórnarstefnuna, hvort íslenska hagkerfið rúmi framkvæmd af þessari stærðargráðu.

Ég veit að þetta var stefna sem kynnt var á sínum tíma í Rússlandi Stalíns. hún átti ekki við þá og hún á ekki við á Íslandi í dag.

[21:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Stalín er ekki hér, hæstv. forseti. Það er þannig, og ég þarf svo sem ekkert að fara yfir það aftur, að málið hefur verið rannsakað mjög gaumgæfilega, þ.e. hver þessi áhrif eru og farið yfir það aftur og aftur. Það má lesa bæði í skýrslum og í mjög vönduðu nál. hv. iðnn., að þessi áhrif eru jákvæð á efnahagslífið. Menn telja þetta ekki svo stóra innspýtingu að íslenska efnahagslífið ráði ekki við það.

Framkvæmdin er góð. Hún hefur jákvæð áhrif á efnahagslífið og við það situr. Þess vegna eigum við að ljúka þessu máli nú og gera allt sem við getum til að framkvæmdir geti farið sem fyrst af stað.

[21:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú vill svo til að ég á sæti í efh.- og viðskn. Alþingis og hlustaði á efnahagssérfræðingana, frá Seðlabanka, Þjóðhagsstofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og ýmsa aðra aðila sem komu að máli við nefndina. Ég fékk ekki betur skilið af þeirra máli en að þeir hefðu

miklar efasemdir um að þessi framkvæmd rúmaðist í íslenska hagkerfinu. Ég hefði nú kosið að meiri hluti efh.- og viðskn. þingsins hefði einnig sett fram hinar gagnrýnu raddir sem komu fram í umfjöllun nefndarinnar og að það hefði verið gert í ríkari mæli en gert var. En þetta er stjórnarstefna og stjórnarmeirihlutinn fylgir þessari stefnu þannig í verki. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að þingmenn gerðust gagnrýnni þegar eins miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þjóðina og raun ber vitni í þessu máli.

En nú vil ég spyrja hv. þm. einnar spurningar: Finnst hv. þm. það ekki vera áhyggjuefni og breytir það engu í forsendum þessa máls að kaupandi skuli ekki vera í hendi, að Norsk Hydro skuli ekki treysta sér til þess að gefa yfirlýsingu núna um að fyrirtækið vilji standa við fyrri ádrátt sem gefinn hafði verið um að koma að þessu verkefni? Ég harma það að sjálfsögðu ekki vegna þess að ég tel þetta stríða gegn hagsmunum Íslendinga. En finnst hv. þm. þetta engu breyta um umræðuna nú? Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði töldum að réttara væri að skjóta þessu máli á frest og umræðu um það þar til allar forsendur liggja fyrir í málinu.

[21:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði um vinnslu nál. hv. iðnn. þá er rétt að taka fram hér að það kemur fram í umsögn meiri hluta efh.- og viðskn. að á fund nefndarinnar hafi komið hagfræðingar sem ekki voru á sömu skoðun, en það er mat meiri hluta efh.- og viðskn. að málflutningur þeirra hafi ekki verið trúverðugur.

Að öðru leyti varðandi það hvort ég hafi ekki áhyggjur af því að ekki skuli vera kominn kaupandi að þessari orku þá er alveg ljóst að samkvæmt lögum um Landsvirkjun þá verður ekki ráðist í þessar framkvæmdir nema kaupandinn sé klár. Reyðarál er að sönnu til. Eftir er að ljúka við fjármögnuna á verkefninu sem slíku. Ef Norsk Hydro hrekkur úr skaftinu þá koma væntanlega aðrir aðilar þar að því búið er að sýna fram á að þetta er geysilega arðbært og gott verkefni, bæði álverið og virkjunin. Þess vegna er það trú mín að ráðist verði í þessi verkefni á þeim forsendum sem hér liggja fyrir.

[21:48]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við sem höfum talað fyrir náttúruverndarsjónarmiðum í þessu máli höfum iðulega verið sökuð um ofstæki og að málflutningur okkar jaðraði við trúarbrögð.

Herra forseti. Það er alveg sama hversu oft hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir að verkefnið sé arðbært og að verkefnið komi til með að skila þjóðinni arði, það verður ekki þannig. Og það er alveg sama hverju hv. þm. trúir, ekki er víst að það verði veruleikinn. Þess vegna er sjálfsagt mál núna í ljósi þeirrar óvissu sem er til staðar, óvissu um fjármögnun verkefnisins sem eins og hv. þm. segir sjálf að sé ekki í hendi, óvissu um tímaramma sem eins og hv. þm. minntist á að er ekki ljós eða ekki í hendi og óvissu um arðsemismálin, þá er alveg tilefni til að spyrja hv. þm. hvernig hún geti verið svona róleg í sinni trú á að orka sú sem mögulega yrði framleidd úr þessari gífurlegu virkjun, Kárahnjúkavirkjun, verði endilega seld til Austfjarða. Hv. þm. er auðvitað jafn vel kunnugt um það og öðrum í þessum sal að álfyrirtæki hér á suðvesturhorninu eru í startholunum með stækkanir hjá sér, og Ísal enga smáræðisstækkun. Sagt er að Ísal stefni að 460 þús. tonna framleiðslu og eitthvað örlítið minna er það hjá Norðuráli. Hvernig getur hv. þm. verið svona örugg um það í dag í ljósi óvissunnar að orkan frá Kárahnjúkavirkjun lendi ekki bara hér sunnan heiða?

[21:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að í forsendum frv. er gert ráð fyrir að þessi orka verði seld til álvers á Reyðarfirði. Það er líka alveg ljóst að hluti af því hversu arðsöm og góð framkvæmd þetta er, er hversu stutt flutningsleiðin er. Ef flutningsleiðin lengist dregur úr arðseminni. Þess vegna er alveg ljóst að menn vilja nýta þessa orku á Austurlandi og forsendurnar byggja á því.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um trúarbrögð þá held ég að það sé alveg í góðu lagi að ég hafi þau trúarbrögð, studd góðum rökum, að hér sé um arðsama og góða framkvæmd að ræða, hafi hún rétt á öðrum trúarbrögðum sem hún hefur auðvitað. Ég trúi því að þetta verði að veruleika og það verður svo að vera hennar mat hvort hún trúir einhverju öðru.

[21:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki meira um trúarbrögð í bili. En mig langar til að spyrja hv. þm. annarrar spurningar: Hvernig getur hv. þm. réttlætt það fyrir þjóðinni að farið sé út í framkvæmd af þessu tagi sem nýtur gífurlegrar meðgjafar af opinberu fé, svo mikillar að hvert einasta starf sem yrði búið til í þessu verkefni kostaði samfélagið 400 millj. kr. á meðan normalársverk kostar um 10 millj. kr.? Ég get vitnað þessu máli mínu til stuðnings í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem rituð var á síðasta ári og vitnað er til í leiðara Morgunblaðsins. Ég er nú ekki með dagsetningu á þessu ljósriti, en í leiðara Morgunblaðsins er fjallað um þessi mál og þar segir, með leyfi forseta:

„Síðan er vitnað til skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ þar sem kemur fram að fjárfesting á hvert starf við Reyðarál og Kárahnjúkavirkjun sé mun meiri en í atvinnuvegum almennt, eða um 400 milljónir króna á hvert ársverk í bæði virkjun og álveri, en samkvæmt Þjóðhagsstofnun sé fjárfesting á bak við hvert ársverk í þjóðarbúskapnum í heild um 10 milljónir króna."

Í þessi ársverk er fyrirhugað að eyða fé úr lífeyrissjóðum Íslendinga. Hugmyndin er sú að ellilífeyririnn okkar renni í þetta. Hvernig getur hv. þm. réttlætt þennan gífurlega mun á venjulegu ársverki í þjóðarbúskapnum sem kostar 10 millj. kr. og 400 millj. kr. fjárfestingu sem yrði á bak við hvert ársverk sem verið er að búa til með þessu verkefni?

[21:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er alveg makalaus málflutningur alltaf, að réttlæta fyrir þjóðinni meðgjöf. Sko, það er þannig að að þessu verkefni koma fjárfestar. Það er verið að stofna fyrirtæki og þeir sem telja þetta verkefni arðsamt fjárfesta í því. Er þetta fé að kom úr ríkissjóði? Nei. (**Gripið fram í:** Jú.) Það eru fjárfestingaraðilar sem fara í þetta verkefni. Þeir telja þetta arðsamt (**ÖJ:** Í virkjunina?) og eru þess vegna að leggja í þetta fé. (**KolH:** Okkar sameiginlegu sjóðir.)

Hæstv. forseti. Hv. þm. var að tala um að í hvert starf væri eytt 400 millj. kr. Hver borgar það? Það eru þeir sem kaupa orkuna. Hv. þm. nefndi lífeyrissjóðina (Gripið fram

í.) og spurði hvort réttlætanlegt væri að setja fé úr lífeyrissjóðunum í þetta verkefni. Lífeyrissjóðirnir fara ekkert að fjárfesta í þessu verkefni nema þeir telji það arðsamt. Fimm lífeyrissjóðir sem eru að gera það. Ég tel reyndar og margir sem eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins telja það alveg fráleitt að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafi ekki komið að því verkefni að kanna arðsemina.

Það er þannig að lífeyrissjóðirnir hafa 100 milljarða árlega til fjárfestinga en það er verið að tala um 10 milljarða frá lífeyrissjóðunum í þetta verkefni. Hvers lags málflutningur er þetta hérna eiginlega? Það er þannig að menn fjárfesta í þessu af því þeir telja sig hafa arð af því. (**ÖJ:** Þetta er niðurgreitt.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–8. og 10.–15. mál.

Fundi slitið kl. 21:56.

---

103. FUNDUR

föstudaginn 22. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 333. mál, þskj. 424, nál. 980 og 989, brtt. 981. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Sjálfstæði Palestínu, þáltill., 336. mál, þskj. 431. — Fyrri umr.
3. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, nál. 1004 og 1030. — Frh. 2. umr.
4. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468, nál. 907, brtt. 908. — 2. umr.
5. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 493. mál, þskj. 783, nál. 1011. — 2. umr.
6. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391, nál. 978, brtt. 979. — 2. umr.
7. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 550. mál, þskj. 863, nál. 1010, 1014 og 1016, brtt. 1015 og 1017. — 2. umr.
8. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012. — 2. umr.
9. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784, nál. 994, brtt. 995. — 2. umr.
10. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687, nál. 996. — 2. umr.
11. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358, nál. 1020. — 2. umr.
12. Tollalög, stjfrv., 576. mál, þskj. 903, nál. 1022. — 2. umr.
13. Búnaðargjald, stjfrv., 600. mál, þskj. 946, nál. 1031, brtt. 1032. — 2. umr.
14. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 460 (með áorðn. breyt. á þskj. 940). — 3. umr.
15. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035. — 3. umr.
16. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.
17. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945. — Frh. fyrri umr.
18. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — 1. umr.
19. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964. — 1. umr.
20. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973. — 1. umr.
21. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974. — 1. umr.
22. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 630. mál, þskj. 1001. — 1. umr.
23. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.

Umræður utan dagskrár.

Endurskoðun EES-samningsins.

[10:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði í fjölmiðlum í gær að tengsl Íslands við Evrópu væru langmikilvægasta málið sem Íslendingar stæðu frammi fyrir. Ég er honum sammála um það.

Hæstv. viðskrh. sagði í gær að til greina kæmi að Íslendingar gerðust aðilar að ESB og tækju upp evruna. Ég er einnig sammála henni um það. Ég tel, herra forseti, að við þurfum umræðu af þessu tagi. Við þurfum upplýsingu og að lokum að taka ákvörðun um hvernig við eigum að haga tengslum okkar við Evrópu. Sú ákvörðun snýst ekki um annað en hvort við ætlum að sækja um aðild að Evrópusambandinu eða hvort við ætlum að dragast hægt en bítandi aftur úr öðrum Evrópuþjóðum hvað velsæld varðar. Þetta eru kostirnir og þeir sem halda öðru fram gera það ekki með rökum.

Sannarlega hefur EES-samningurinn dugað okkur vel. Enginn hefur þó bent á það af jafnmikilli elju og hæstv. utanrrh. að hann hefur veðrast og trosnað. Þróunin sýnir að með tímanum muni hann ekki þjóna þörfum okkar jafn vel og í upphafi. Þetta speglast mjög vel í tengslum við stækkun Evrópusambandsins sem núna er á fullu skriði.

Við Íslendingar höfum gert fríverslunarsamninga í gegnum EFTA við tíu lönd sem eru núna að ganga í ESB. Um leið og þessi lönd ganga inn falla fríverslunarsamningarnir úr gildi. Þetta veldur því að nauðsynlegt er að breyta samningnum þannig að staða Íslands og EFTA-ríkjanna versni ekki hvað fríverslun áhrærir þó að Evrópusambandið stækki. Þetta er viðurkennt af ESB sem á síðasta ári opnaði fyrir viðræður um endurskoðun á EES-samningnum.

Þessir fríverslunarsamningar hafa að geyma ákvæði um fríverslun fyrir fisk sem eru okkur ákaflega mikilvæg. Ég tel því eðlilegt að viðræður um endurbætur á EES-samningnum taki líka á tollfríðindum með fisk og þar með á hinni svokölluðu bókun 9. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé mér sammála um þetta.

Nú hafa þau slæmu tíðindi borist að ESB hefur kippt að sér höndunum. Viðræður munu ekki hefjast fyrr en núverandi stækkun ESB er lokið en þangað til getur liðið langur tími eins og hæstv. ráðherra hefur bent á. Á meðan má segja að stækun ESB hafi reist nýjar viðskiptahömlur gagnvart EFTA-ríkjunum sem geta verið ákaflega neikvæðar fyrir þjóð eins og okkur sem þarf að auka útflutning á unnum fiski.

Fyrr í þessari viku áttum við þingmenn Íslands sem sitjum í EES-nefnd EFTA gagnlegar viðræður við fulltrúa Dana sem nú eru að taka við formennsku ESB. Þegar ég spurði þennan fulltrúa formlega á fundinum hverju þessi langa töf sætti sagði hann einfaldlega: Það er ekki hægt að ræða breytingar á EES-samningnum nema fyrir liggi tillögur frá EFTA. Í dag liggja engar tillögur fyrir.

Ég held því fram, herra forseti, að í þessu felist mikill veikleiki hjá EFTA. Samtökin sem nú eru undir stjórn Norðmanna gátu ekki mótað sameiginlega stefnu þegar tækifæri gafst, m.a. um hvernig ætti að taka á tollfríðindum varðandi fisk. Mér finnst af þessu tilefni nauðsynlegt að segja að ég tel að samtökin skorti skýra sýn og forustu. Ég tel að þennan veikleika hafi ESB notað til að loka á viðræður um breytingar á EES-samningnum til ærið margra ára. Það opnaðist gluggi um stund en hann lokaðist aftur. Ég vil því líka spyrja hæstv. utanrrh.: Voru uppi mismunandi viðhorf milli Norðmanna og Íslendinga um hvort freista ætti þess að láta viðræðurnar ná til almennrar fríverslunar á fiski? Var það ástæðan fyrir því að ekki hefur náðst að móta sameiginlega stefnu EFTA í málinu?

Eftir stendur svo þetta: Það mun líða langur tími þangað til Evrópusambandið er reiðubúið að ræða við okkur um breytingar á samningnum og við höfum enga hugmynd um það í dag til hvers þessar viðræður kunna að lokum að leiða. Meginspurning mín til hæstv. ráðherra er því þessi: Getum við beðið þangað til án þess að fara sjálf að undirbúa umsókn um aðild að ESB með því t.d. að skilgreina á vettvangi ríkisstjórnarinnar þau samningsmarkmið sem þarf að hafa á hreinu ef það þjónar hagsmunum okkar að ganga til viðræðna með skömmum fyrirvara? En ég tel að margt bendi til að svo kunni að fara.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að taka fram í upphafi að aðildarviðræður eru ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar. Þar af leiðandi er ekki verið að undirbúa slíka umsókn.

Að því er varðar EES-samninginn hefur farið fram mjög mikil vinna bæði á vettvangi EFTA og á vettvangi landanna þriggja í tengslum við þá erfiðleika sem þar blasa við. Ljóst er að mikil þörf er á að aðlaga samninginn þeim breytingum sem hafa orðið á löggjöf Evrópusambandsins. Um það ríkir samstaða milli ríkjanna og Evrópusambandið viðurkennir líka að slíkar breytingar séu nauðsynlegar.

Hins vegar liggur það líka fyrir að Evrópusambandið er ekki tilbúið að fara í þá vinnu fyrr en að lokinni stækkun. Einnig er ljóst að Norðmenn hafa ekki talið rétt að angra framkvæmdastjórnina of mikið með það og hafa verið tilbúnari en við að sætta sig við að sú endurskoðun fari ekki fram fyrr en að loknu stækkunarferlinu. Ef það verður niðurstaðan er alveg ljóst að það mun taka mörg ár. Það liggur hins vegar fyrir, er viðurkennt af öllum aðilum, að slíkar breytingar eru nauðsynlegar og auðvitað verður þá reynt að hraða því eins og kostur er.

Að því er varðar önnur atriði, t.d. þátttöku í nefndum, hefur Evrópusambandið neitað því. Þar skortir lagagrunn til að við eigum aðgang að tilteknum nefndum. Það er mikilvægt fyrir okkur að verja þá stöðu sem við höfum á þessu sviði og halda áfram að reyna að ná aðgangi að nefndum sem eru okkur mikilvægar til þess að geta haft nauðsynleg áhrif á löggjöf. Að þessu munum við vinna áfram.

Hins vegar er alveg fullreynt að við fáum ekki meiri aðgang að valdastofnunum Evrópusambandsins sem hafa fengið meiri völd en áður var, t.d. og ráðherraráðinu og ákveðnum stofnunum sem hafa verið settar á fót og hafa yfirtekið hlutverk framkvæmdastjórnarinnar að nokkru leyti. Það liggur alveg ljóst fyrir að við fáum ekki meiri aðgang að þeim stofnunum en hins vegar er nauðsynlegt fyrir okkur að rækta góð samskipti við þær hvort sem það er í gegnum ráðherraráðið eða Evrópuþingið. Við höfum að sjálfsögðu möguleika til þess án þess að þar sé um formlegan aðgang að ræða.

Að því er varðar bókun 9 og tollaréttindi er þar ekki beint um breytingar á EES-samningnum að ræða heldur endurskoðun á bókun 9 sem við höfum margoft farið fram á. Nú er það svo að Norðmenn hafa annarra hagsmuna að gæta en við í því sambandi. Þau mál verða því líklega rekin tvíhliða, þ.e. annars vegar af Norðmönnum um sín mál og okkur um okkar mál.

Það er ljóst að með nýjum fríverslunarsamningum sem við höfum náð höfum við náð mjög miklum réttindum í Mið- og Austur-Evrópu. Þessi réttindi falla niður og við leggjum á það áherslu að þau verði óbreytt. Við höfum haldið því til haga að við komum til með að áskilja okkur rétt til að reka þau mál á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Við viljum vinsamlega lausn við Evrópusambandið um þau mál en þeir hafa algerlega hafnað því að þetta mál geti heyrt undir Alþjóðaviðskiptastofnunina. Við höfum hins vegar haldið þessu til haga. Það hefur ekki orðið nein hreyfing í þessu máli enn sem komið er af hálfu framkvæmdastjórnarinnar en við munum leggja mikla áherslu á að viðhalda réttindum okkar á þessu sviði að því er varðar tollfrjálsan aðgang með fiskafurðir okkar í Mið- og Austur-Evrópu en því miður liggur ekkert fyrir um það enn sem komið er.

[10:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það eru nokkuð sérkennileg þróun í Evrópuumræðunni. Sjálfstfl. vill halda sig við EES-samninginn, þróa hann áfram en standa utan Evrópusambandsins. Frjálslyndi flokkurinn er á sömu skoðun og skírskotar til sjávarútvegshagsmuna Íslendinga. Samfylkingin er að gera upp hug sinn en formaður flokksins talar skýrri röddu og segir það skoðun sína að við eigum að ganga í Evrópusambandið, jafnvel taka upp evruna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur tekið skýra efnislega afstöðu í þessu máli. Við segjum: Þegar kostir og gallar eru vegnir og metnir þjónar það ekki hagsmunum Íslendinga að ganga í Evrópusambandið.

En þá er komið að Framsfl. sem er þverklofinn í málinu. Annars vegar er það formaður flokksins og hæstv. viðskrh.

sem upplýsti Alþingi um það í gær að hún fengi helst útrás í Evrópumálunum á heimasíðu sinni þar sem hún talar um hugsanlega nauðsyn þess að við göngum í Evrópusambandið, tökum jafnvel upp evruna. Hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson sagðist gefa lítið fyrir hvað menn skröfluðu á sínum heimasíðum. Hann er greinilega á öndverðum meiði í þessu efni.

Nú er ekkert við það að athuga að flokkar eigi í erfiðleikum með að gera upp hug sinn þó að vissulega séu takmörk fyrir því hvað menn gefi sér langan tíma. En vandinn er sá að formaður Framsfl. er jafnframt utanrrh. Íslendinga. Þess vegna er hans vandi jafnframt vandi íslensku þjóðarinnar. Þegar formaður Samfylkingarinnar talar um stefnuleysi innan EES þá spyr ég: Er það ekki stefnuleysi Framsfl. og stefnuleysi hæstv. utanrrh. sem er rótin að þeim vanda? Framsfl. verður að ganga heill til þessara verka. Við eigum að sýna samstöðu með þeim þjóðum sem við eigum aðild að EES-samningnum með. Við eigum ekki að veikja þá samstöðu eins og hæstv. utanrrh. og Framsfl. hafa gert.

[10:43]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Endurskoðun EES-samningsins hefur verið nokkuð til umræðu að undanförnu. Það er eðlilegt þar sem langt er liðið, tæp níu ár, síðan Alþingi Íslendinga samþykkti EES-samninginn árið 1993. Samningurinn er langmikilvægasti viðskiptasamningur okkar Íslendinga. Hann tryggir okkur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins og stendur enn fyllilega undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar á sínum tíma. Hann hefur gagnast okkur afar vel.

Fá lönd eru jafnháð utanríkisviðskiptum og Ísland. Innan ESB liggja þýðingarmestu viðskiptahagsmunir okkar. Hæstv. utanrrh. hefur beitt sér fyrir því innan EFTA að EES-samningurinn verði uppfærður. í fyrsta lagi hvað varðar efnislega aðlögun samningsins, í öðru lagi tryggari þátttöku í nefndum og í þriðja lagi aukin áhrif á störf stofnana ESB. Einnig er endurskoðun á bókun 9, sem liggur á tollfrjálsum viðskiptum með sjávarafurðir, verkefni sem nauðsynlegt er að skoða.

Þessar hugmyndir hafa hins vegar ekki fengið undirtektir af hálfu ESB. Stækkun ESB leiðir af sér stækkun Evrópska efnahagssvæðisins þar sem nýjum aðildarríkjum verður skylt að sækja um aðild að EES. Það kallar síðan á sérstakar viðræður og samninga við EFTA-ríkin eftir stækkunarferlið.

Herra forseti. Evrópumálin hafa verið töluvert í fréttum síðustu daga í kjölfar skoðanakönnunar um viðhorf þjóðarinnar til Evrópusambandsaðildar. Að gefnu tilefni er rétt að árétta að það er ekki stefna ríkisstjórnar Íslands að sækja um aðild að ESB. Enginn íslenskur stjórnmálaflokkur hefur á stefnuskrá sinni að sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Þetta eru staðreyndir sem vert er að hafa í huga þegar þessi mikilvægu mál eru rædd.

[10:45]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Enn einu sinni hefjum við æðibunuumræðu um hið allra mikilvægasta mál. Ég hlýt þess vegna að hafa mjög stutt erindi nú: Hverra kosta á Ísland völ við inngöngu í ESB? Er það rétt að áður en við getum gengið úr skugga um hverjir þeir kostir eru verðum við að gerast félagar í ESB? Svo er mér sagt og ég verð þá leiðréttur ef þetta er misskilningur.

Þeim sem hér stendur hefur löngum orðið starsýnt á sjávarútvegsmálin. Ýmsar fréttir hafa að vísu borist um að við eigum þar möguleika á breytingu frá því sem nú er í þessu klíkusambandi, en ekkert er handfast í þeim sökum og meðan svo er ekki kemur auðvitað ekki til nokkurra greina að við sækjum þar um aðild. Var ekki þetta samband að hafna Möltu um 25 mílur núna á dögunum af því þar er gengið á fiskstofnana með ósköpum? Ég leyfi mér að spyrja: Hver hefði staðan orðið hjá útflutningsatvinnuvegunum ef gjaldmiðillinn hefði verið óhagganlegur undanfarin missiri og hvernig hefði þá staðið á um viðskipti við útlönd, viðskiptahallann frægu?

Við eigum auðvitað mjög mikið að sækja til Evrópu. Við erum Evrópuland og það hefur verið afstaða flokks míns að við ræddum málið og gerðum á því ítarlegar athuganir hverra kosta við eigum völ. Eins og sakir standa er þetta mjög fjarlægt og við hljótum þess vegna að sækja á um framhald EES-samningsins. Hann hefur að vísu veikst. Atlaga okkar hefur að vísu veikst við það að hæstv. utanrrh. stígur ölduna eins og hann gerir. Að vísu er einkennilegt umboð hans því að örugglega er mikill meiri hluti sem vill ekki veita honum umboð á hinu háa Alþingi til að ganga til þeirra hluta.

[10:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil sjá okkur ræða um Evrópumálin eins og bandamenn í stað þess að hlusta á stöðuga sleggjudóma frá Sjálfstfl. um þau mál. Hvaða rökvísi er það í umræðum okkar um sjávarútvegsmálin að vísa t.d. á Möltu sem er með sameiginlega fiskstofna? Bað Malta um aðlögun? Malta er að sækja í styrkina.

Förum í þá vinnu að kanna hvort næst aðlögun að sjónarmiðum okkar í sjávarútvegsmálum. Við erum þjóð sem ekki deilir stærstum hluta fiskstofnanna og á trúlega rétt á að veiða afganginn samkvæmt veiðireynslu. Könnum þetta. Við erum kannski sammála um það í öllum flokkum að vera fyrir utan Evrópusambandið en þá verðum við að ræða málin á réttum nótum.

Hvaða fráleita umræða skýtur upp kollinum á Alþingi að vextir séu lægri hér en í Evrópusambandinu? Reynum að segja fólkinu með stóru lánin sem á sl. ári var með 8% verðtryggingu og 7% vexti á lánum sínum eða þeim sem borga yfir 5% hjá Íbúðalánasjóði auk verðtryggingar, auk þess að taka afföll upp á 11–12%. Hvaða rugl er þetta? Felum utanrrh. að láta skoða samanburð á vöxtum og komumst út úr þessu og ræðum hlutina nákvæmlega eins og þeir eru.

Ber okkur e.t.v., herra forseti, að breyta stjórnarskránni núna eins og aðrir hafa gert út af breytingunum á umhverfi EES, út af Schengen og öllu því sem hefur gerst síðan EES-samningurinn varð til í stað þess að tala umræðu fólksins niður sem storm í vatnsglasi og af því að það séu minnst 12 ár þangað til, ef við viljum ganga í ESB, að það geti orðið? Við viljum kannski ekkert fara í Evrópusambandið en þjóðin mun ákveða það. En væri ekki munur ef hægt væri að tala um þessi mál almennt við Sjálfstfl. og komast að raun um hvort þetta snýst um sjávarútveg, herra forseti, eða um völd?

[10:49]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Nauðsynlegt er fyrir okkur Íslendinga sem þjóð að fjalla um stöðu okkar og framtíðarmöguleika í alþjóðlegu tilliti, ekki síst út frá þeim breytingum og þróun sem á sér stað í Evrópusamfélaginu. Við Íslendingar verð-

um að fjalla um stöðu EES-samningsins út frá hagsmunum okkar. Það er ekki rökrétt að EES-samningurinn geti haldið gildi sínu og tryggt hagsmuni okkar óbreyttur fyrst og fremst vegna þeirrar þróunar sem á sér stað innan Evrópusambandsins og vegna fyrirsjáanlegrar stækkunar þess.

Hvers konar pólitík er það að hyggjast aðeins standa vörð um óbreytt ástand, herra forseti? Það hlýtur að vera skylda ábyrgra stjórnmálamanna að velta upp möguleikum okkar til framtíðar því að kyrrstaða í þessum efnum þjónar ekki framtíðarhagsmunum okkar. Það er alveg ljóst og upplýsta umræðu á vegum hæstv. utanrrh., Halldórs Ágrímssonar, að undanförnu ber að skilja í því ljósi. Ef breytingar á EES-samningnum nást ekki fram í samningum við Evrópusambandið hljótum við að verða að skilgreina stöðu okkar út frá því með framtíðina í huga.

Aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar og enginn stjórnmálaflokkur hefur það á stefnuskrá sinni. (**Gripið fram í:** Jú, Samfylkingin.) Hins vegar er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að ræða málið, enda getur varla nokkur maður fullyrt nú að slíkt geti ekki komið til greina einhvern tíma í framtíðinni. Það sem við Íslendingar þurfum helst að horfa til eru áhrif evrunnar á þróun efnahagsmála í Evrópu. Tilkoma evru eftir síðustu áramót og efnahagsleg þróun í framhaldi af því er mikill áhrifavaldur sem mun án efa hafa mikil áhrif í Evrópu. Útbreiðsla og þróun evrunnar hlýtur að skipta máli fyrir okkur. Við hljótum að gefa því gaum og fjalla um stöðu okkar í því tilliti.

Framtíðin krefst þess að við sem nú störfum í stjórnmálum fjöllum um stöðu okkar og hagsmuni í Evrópusamfélaginu og veljum okkur leið með rökstuddum og málefnalegum hætti. Það gerum við best með því að stuðla að upplýstri og málefnalegri umræðu um þessi mál þar sem við fjöllum um sem flestar hliðar og leggjum okkur fram um að hafa sjálfstjórn á því hvernig við tryggjum sem best hagsmuni þjóðar okkar. Þróun EES-samningsins og þróun Evrópusambandsins og það hvernig við ákveðum að skipa málum okkar er eitt stærsta verkefni íslenskra stjórnmála í nánustu framtíð og varðar jafnframt mest framtíð íslensku þjóðarinnar.

[10:52]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Afar eðlilegt er að við ræðum viðskiptasambönd okkar við önnur ríki og hlýtur að vera í hæsta máta eðlilegt að þar sé stöðug vinna í gangi. Ég veit ekki betur en nú sé í gangi vinna við að afla betri og sterkari viðskiptasamninga við Kína. Við vorum að stofna sendiráð í Japan sem mörgum þótti ærið dýrt, en það er talið mikilvægt til þess að styrkja viðskiptahagsmuni og viðskiptatengsl við Japan. Ég minnist þess ekki að hæstv. utanrrh. hafi kveinkað sér undan þeirri vinnu heldur talið það skyldu sína. Þess vegna kemur það afar spánskt fyrir sjónir að heyra þennan vaska hæstv. ráðherra kveinka sér undan því að vinna að styrkingu viðskiptasamninga við Evrópulönd. Þetta er bara hlutverk hæstv. ráðherra.

En varðandi það hvort við eigum að ganga inn í Evrópusambandið, þá eru þau atriði öll í meginatriðum ljós. Evrópusambandið er á leið í að verða sambandsríki og viljum við gerast aðilar að ríkjasambandi Evrópu? Nei, það er a.m.k. ekki mitt mat. Þar á að fara að stofna erlenda evrópska stjórnmálaflokka. Viljum við leggja niður okkar flokka, Framsfl., Vinstri græna og Sjálfstfl. og stofna evrópska stjórnmálaflokka? Ég er ekki viss um að hæstv. utanrrh. geri sér grein fyrir því að fylgi hann eftir óbreyttri stefnu þá er hann að leggja niður sinn Framsfl. Ég held að bændur a.m.k. sem stóðu vörð um hugsjónir Framsfl. í árdaga og fram eftir öldinni, fram á þessa öld, muni ekki fylgja hæstv. utanrrh. þegar hann leggur niður Framsfl. og gengur í hinn evrópska framsóknarflokk.

[10:54]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þeir sem vilja kynna sér hverra kosta Ísland á völ hjá Evrópusambandinu skulu lesa Rómarsáttmálann. Hann er alveg skýr, þar fer ekkert milli mála.

Við gengum að þessum samningi EES sem var eitt mesta gæfuspor lýðveldisins, mesta og stærsta. Það hefur líka skilað sér ríkulega eins og sjá má á allri efnahagsumgjörð Íslands í dag. Ég held að segja megi að Ísland sé örugglega meðal smáþjóða heims einir mestu lukkunnar pamfílar. Við höfum okkar góðu vini í vestri, Kanadamenn og Bandaríkjamenn, eigum svo þennan samning sem auðvitað þarf að endurskoða eins og annað. Allt hefur sinn tíma.

Staða íslensks iðnaðar hefur aldrei verið sterkari en í dag. Samkeppnishæfni hans er aldrei meiri, arðsemi hans aldrei meiri. Þess vegna er það heldur leiðinlegt, herra forseti, að sumir talsmenn þessa iðnaðar skuli ekki finna sér annað til dundurs þessa dagana en að skattyrðast við Sjálfstfl.

Fyrir ekki margt löngu var það mál flestra að málefni Evrópu yrðu ekki á dagskrá næstu kosninga á Íslandi. En ef heldur fram sem horfir, þá mætti ætla að svo gæti orðið. Menn skulu vera alveg vissir að ef til þeirra slagsmála kemur, þá hlægir það mig, herra forseti. Menn skulu vera alveg vissir að Sjálfstfl. gengur til þeirrar baráttu af þeirri trúmennsku og einurð sem hann var stofnaður til að standa vörð um. Það dyljist engum.

[10:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Haft er á orði í fjölmiðlum og í heitum pottum sundlauganna að umræðunni um aðild Íslands að Evrópusambandinu sé í raun lokið, þjóðin hafi kveðið upp sinn dóm og það þrátt fyrir að hér hafi setið ríkisstjórn sl. 11 ár undir forustu Davíðs Oddssonar sem eins og kunnugt er hefur haft lítið sem ekkert til Evrópuumræðunnar að leggja í áratug eða svo. Er það nema von, herra forseti, ef sjálfstæðismenn halda að Rómarsáttmálanum hafi ekki verið breytt í fjörutíu og eitthvað ár? Má minna á Maastricht og Amsterdam og kannski Nizza líka? (**Gripið fram í:** Ég veit ekkert hvað það er.)

Auðvitað er Íslendingum fullljóst að samskipti okkar við Evrópusambandið og framtíð EES-samningsins eru meðal stærstu verkefna samtímans hér á landi. Undan því verkefni verður ekki vikist og undan því verkefni hefur Samfylkingin ekki vikist, herra forseti. Innan vébanda okkar fer fram öflug og upplýst umræða um Evrópustefnuna. Þar er flokksfólki treyst til að taka upplýsta ákvörðun um aðildarumsókn á hausti komanda. Það er skylda stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna að leiða umræðuna um Ísland í Evrópu, en að mörgu leyti hafa aðrir hér á landi tekið forustuna, svo sem Samtök iðnaðarins, samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin en í raun er það svo að íslenska þjóðin hefur sjálf komist að þeirri niðurstöðu að eina vitið sé að sækja um aðild að ESB og þeirrar skoðunar er sú sem hér stendur.

Herra forseti. Það er til lítils að þrefa um aðildarsamning sem ekki er til. Tökum skrefið, sækjum um aðild að Evrópusambandinu og látum það svo í hendur íslensku þjóðarinnar

að dæma um hvort niðurstaðan er henni að skapi eða ekki.

[10:58]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í raun voru miklar og hatrammar deilur í þinginu þegar aðildin að EES-samningnum var rædd og samþykkt árið 1993. Miklar hrakspár voru og mikill tilfinningahiti í umræðunni en það er alveg ljóst að samningurinn er þjóðinni afar mikilvægur. Ég hyggst leggja fram í þinginu fyrirspurn þar sem mikilvægi samningsins er vegið og metið þannig að áhrif samningsins komi í raun og veru í ljós.

Danski skattamálaráðherrann núverandi, Svend Erik Hovmand, spurði mig einu sinni að því hvað Liechtenstein og Norðmenn hefðu upp á að bjóða sem aðrar Evrópuþjóðir hefðu ekki. Það varð í raun og veru fátt um svör hjá mér.

Gallinn við EES-samninginn er reyndar sá að hann er lítið sem ekkert að þróast í augnablikinu. Í því felast auðvitað ákveðin hættumerki. ESB virðist hins vegar vera að þróast en við höfum ekki aðild að æðstu valdastofnunum þeirra samtaka. Við verðum að horfa til framtíðar með hagsmuni Íslands að leiðarljósi. Aðildarviðræður eru alls ekki á dagskrá íslensku ríkisstjórnarinnar, það er alveg ljóst.

En það er alls ekkert óeðlilegt við það að umræða fari fram, að menn velti fyrir sér kostum og göllum þeirra samninga. Vinnan er algerlega óháð því hvort við á endanum göngum í ESB eða sækjum um aðild að ESB eða ekki. Ég minni þingmenn á að orð eru auðvitað til alls fyrst og menn verða að velta fyrir sér kostum og göllum og það getur vel verið að menn komist að því að óbreytt ástand sé það sem við viljum.

[11:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Einn af hv. þm. Sjálfstfl., Einar Oddur Kristjánsson, vísaði í Bibliuna og sagði: „Allt hefur sinn tíma." Og það er rétt. Við vitum það sem höfum kynnt okkur þessi mál að tími EES-samningsins er hægt en bítandi að renna út og það er þess vegna sem við erum í þessari umræðu, herra forseti.

Hv. þm. og nýkjörinn formaður utanrmn. gerði frekar lítið fannst mér úr niðurstöðum skoðanakönnunar og auðvitað er það þannig að menn eiga ekki að lifa og hrærast eftir þeim. En nýleg skoðanakönnun um Evrópusambandið og afstöðu okkar til þess sýnir að við þingmenn stöndum frammi fyrir því að þingið er orðið viðskila við þjóðina í þessum efnum.

Herra forseti. Menn verða að tala skýrt og ég er þakklátur hæstv. utanrrh. fyrir þá umræðu sem hann hefur sett á dagskrá um ESB. En Framsfl. verður að tala skýrt. Ef það er þannig eins og þeir tveir hv. þm. sem komu hér og töluðu fyrir hönd flokksins segja, að aðildarumsókn sé ekki á dagskrá þá dreg ég einhverja allt aðra ályktun af því sem Framsfl. er að segja. Ég fæ ekki betur séð en öll rök sem lögð eru fram af hálfu hæstv. utanrrh. hnígi að einu, hnígi að því að EES-samningurinn þjóni ekki lengur hagsmunum okkar og þess vegna sé ekki hægt annað en stefna á inngöngu í ESB. Þetta finnst mér vera kjarninn í máli hæstv. utanrrh. og það fer að koma tími á það að hann tali skýrt í þessu máli. Ég tala skýrt. Ég er þeirrar skoðunar að sú niðurstaða sem felst í orðum hæstv. utanrrh., en hann virðist ekki enn hafa fengið pólitískan kjark til að segja, sé rétt. Ég sé það líka, herra forseti, að það sem hann hefur sagt um stöðu EFTA sýnir að það eru misstemmingar innan EFTA, misstemmingar milli okkar og Norðmanna, misstemmingar sem gera það að verkum að okkur tekist ekki að nýta EFTA sem það tæki sem við höfðum áður til þess að þjóna hagsmunum okkar. Því segi ég: Það hlýtur að vera tímabært að fara að kanna hvort við eigum ekki að sækja um aðild.

[11:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu endurskoðun á EES-samningnum og ég rifja það upp að ákveðnar pólitískar forsendur voru til staðar þegar EES-samningurinn var gerður. Þessar forsendur voru í fyrsta lagi að það væri viðunandi þátttaka í undirbúningi löggjafar á þessu sviði. Og er þá ekki nauðsynlegt af okkur að halda þannig á málum að við reynum að styrkja þá þátttöku?

Í öðru lagi var tveggja stoða kerfið með ákveðnu jafnræði og verkaskiptingu forsenda fyrir þessum samningi. Þetta tveggja stoða kerfi hefur verið að veikjast. Er það þá ekki pólitískt verkefni okkar að reyna að styrkja það?

Í þriðja lagi var það forsenda að fullkomið samræmi væri í allri löggjöf sem varðar innri markaðinn. Það er ekki til staðar fullkomið samræmi í þessari löggjöf í dag. Er það þá ekki viðfangsefnið að bæta úr því?

Síðan var það jafnframt forsenda að það væri mögulegt að aðlaga löggjöf okkar að ESB-löggjöf með því að taka upp mál, t.d. að fá undanþágu frá ákveðnum tilskipunum. Það hefur reynst afskaplega erfitt.

Í síðasta lagi var það pólitísk forsenda að mögulegt væri að hafna ESB-löggjöf. Það hefur reynst afskaplega erfitt og hefur í reynd reynst fræðilegur möguleiki en ekki raunverulegur möguleiki. Ég sem utanrrh. hef tekið þetta mál upp á þessum pólitísku forsendum og ég hef talið það skyldu mína. Felst í því eitthvert stefnuleysi? Ég get ekki að því gert þó að ekki leggi allir sama mat á það. Auðvitað er ekki stefnuleysi í því heldur skylda til þess að fylgja þessu máli eftir á þeim forsendum sem Alþingi samþykkir, herra forseti.

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 424, nál. 980 og 989, brtt. 981.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:06]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í því nál. um þetta mál sem fulltrúar Samfylkingarinnar standa að er lagt til að málið verði fellt. Með þessu frv. er verið að skapa lagaramma um það fyrirkomulag að stjórnsýsla og eftirlit með fiskeldi sé skipt á milli tveggja ráðuneyta með því óhagræði sem fylgir og þvert á ráðleggingar þeirra sem gerst þekkja til.

Ég veit ekki hvort þetta segir meira um úreltan hugsunarhátt eða úrelt stjórnkerfi, úrelta skipan Stjórnarráðsins. En málið er ótækt að okkar mati.

Samkvæmt þessu frv. er auk þess hvorki gert ráð fyrir því að innheimta gjald fyrir leyfin né heldur fyrir þau afnot af sameiginlegum auðlindum sem það sannarlega er að fá að nýta firði og flóa undir fiskeldi. Þar er líka byggt á gamaldagshugsun og (Forseti hringir.) ekki litið til reynslu t.d. Norðmanna sem hafa gert sér grein fyrir því (Gripið fram í.)

af fenginni reynslu að leyfi til slíkrar nýtingar eru verðmæti í sjálfu sér.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. er að gera grein fyrir atkvæði sínu.)

Við þessa atkvæðagreiðslu munum við sitja hjá við einstakar greinar frv. og þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til. En við lokaafgreiðslu málsins munum við greiða atkvæði gegn frv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, MS, SI, SAÞ, SP, TIO, VS, VÞV, ÞKG.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, GÖ, JB, KolH, LB, RHák*, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

26 þm. (BBj, DO, EMS, GAK, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SÓ, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, SI, SAÞ, SP, TIO, VS, VÞV, ÞKG.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, GÖ, JB, KolH, LB, RHák*, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (BBj, DO, EMS, GAK, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SÓ, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 981 samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, RHák, SI, SAÞ, SP, TIO, VS, VÞV, ÞKG.

14 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, GÖ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

27 þm. (BBj, DO, EMS, GAK, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SÓ, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, RHák, SI, SAÞ, SP, TIO, VS, VÞV, ÞKG.

14 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, GÖ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (BBj, DO, EMS, GAK, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SÓ, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4.–8. gr. og ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, DO, DrH, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, RHák, SI, SAÞ, SP, TIO, VS, VÞV, ÞKG.

14 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, GÖ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (BBj, EMS, GAK, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SÓ, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, DLH, DrH, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KolH, KPál, LB, MS, RHák, RG, SI, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VÞV, ÞKG, ÞSveinb.

3 þm. (JB, SJóh, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (BBj, EMS, GAK, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SÓ, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Sjálfstæði Palestínu, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 336. mál. — Þskj. 431.

[11:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en umræða hefst er rétt að taka fram að samkomulag er milli þingflokka um að þessi umræða standi í klukkustund. Umferðir verða tvær og hefur hver þingflokkur til umráða samtals 12 mínútur, að hámarki átta mínútur í fyrri umferð. Röð flokkanna er þessi: Samfylking, Framsfl., Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Sjálfstfl., og Frjálslyndi flokkurinn.

[11:10]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um sjálfstæði Palestínu. Flutningsmenn eru allir þingmenn Samfylkingarinnar, 17 að tölu. Í tillgreininni stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísraelsmenn dragi heri sína frá hernumdu svæðunum í Palestínu, í samræmi við friðarsamkomulagið sem gert var í Ósló árið 1993, og geri þannig Palestínumönnum kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi.

Alþingi lýsir yfir að þjóðum heims beri að stuðla að því að Palestínumenn og Ísraelsmenn leysi úr ágreiningsmálum sínum á grundvelli alþjóðaréttar, samþykkta Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasamninga.

Alþingi styður hugmyndir um að alþjóðlegt gæslu- og eftirlitslið verði sent á vettvang til að koma í veg fyrir vopnahlésbrot."

Herra forseti. Þessi tillaga var lögð fram í lok nóvember og síðan eru liðnir tæpir fjórir mánuðir. Margt hefur gerst í Ísrael og Palestínu frá þeim tíma og því miður hefur þar flest færst til verri vegar. Þar er mikið ofbeldi, dauðsföll, sjálfsmorðsárásir, árásir ísraelska hersins á hernumdu svæðin og þessu virðist ekki ætla að linna, herra forseti.

Ástandið sem Palestínumenn búa við er að sjálfsögðu með öllu óviðunandi. Ófriðarbálið hefur magnast og þar með hörmungar hins almenna borgara, ekki síst barna og ungmenna. Heilar kynslóðir Palestínumanna alast upp í flóttamannabúðum og sjá ekki annan tilgang með lífinu en að ganga ofbeldi og hryðjuverkum á hönd. Eina leiðin út úr ógöngunum og til að stöðva mannréttindabrotin, ofbeldið og hryðjuverkin er að gera palestínsku þjóðinni kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi. Þar getur frumkvæði

og stuðningur Íslendinga skipt miklu. Ísland, sem eitt elsta lýðræðisríki veraldar, nýtur virðingar á alþjóðasviðinu langt umfram það sem stærð lands og þjóðar gefa tilefni til. Okkur ber skylda til þess sem frelsisunnandi lýðræðisþjóð að beita áhrifum okkar í þágu friðar fyrir botni Miðjarðarhafs, og vera frumkvöðlar og brautryðjendur á sviði friðar og mannréttindamála í heiminum. Baráttan fyrir því að gera palestínsku þjóðinni kleift að lifa frjálsri í eigin landi fellur undir hvort tveggja.

Herra forseti. Intifata hin síðari hefur nú staðið í eitt og hálft ár. Meira en þúsund manns hafa týnt lífi, tugþúsundir hafa örkumlast, gífurleg eyðilegging hefur átt sér stað á Gaza og Vesturbakkanum og í raun er búið að eyðileggja innviði samfélagsins á hernumdu svæðunum. Heilsugæslustöðar eru sprengdar upp, skólar lagðir í rúst, lögreglustöðvar og samgöngumannvirki. Skotið er á sjúkraflutningamenn sem eru að reyna að aðstoða sært fólk. Konur í barnsnauð komast ekki á spítala og börn með slöngvubyssur eru skotin á færi.

Þjáning og sorg palentínsku þjóðarinnar og ísraelsku þjóðarinnar verður aldrei mæld. Um það snýst ekki þetta mál. En við sem hér inni erum vitum að þetta ofbeldi mun engan vanda leysa. Sagan hefur ekki verið palentínsku þjóðinni hliðholl undanfarna rúma hálfa öld. Við stofnun Ísraelsríkis árið 1948 sem við Íslendingar studdum dyggilega var 700 þúsund flóttamönnum stökkt á flótta frá Ísrael og Palestínu. Í dag er talið að flóttamenn frá Palestínu séu um 4 milljónir. Í sexdagastríðinu árið 1967 hófst hernámið sem enn í dag er í fullu gildi. Í júní nk. verða 35 ár liðin frá sexdagastríðinu og hernámi Vesturbakkans og Gaza. Þrátt fyrir friðarsamningana, þrátt fyrir viðræður í Madrid árið 1991 og Óslóarsamningana 1993 þá hefur það því miður gerst að stjórnvöld í Ísrael undir forustu Likud-bandalagsins, og skiptir þá engu hvort forsætisráðherrann heitir Nethanyahu, Barak eða Sharon, hafa virt Óslóarfriðarsamkomulagið að vettugi. Þeir hafa í raun verið því algjörlega andsnúnir.

Herra forseti. Það er ljóst að hernáminu verður að ljúka skilyrðislaust. Annars er ekki hægt að semja um frið á milli Ísraels og Palestínu. Ísraelsmenn verða að draga heri sína burt frá hernumdu svæðunum. Það hlýtur að vera upphafspunktur friðarumræðna eða upphafsstaða þeirra umræðna og þeirra samninga sem þarf að uppfylla. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, og Samfylkingin öll að það sé mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga sendi skýr skilaboð til heimsbyggðarinnar, ályktí um þetta mál, samþykki þá þáltill. sem hér er lögð fyrir og sendi þar með skýr skilaboð ekki bara hér á landi heldur til bandamanna okkar á Vesturlöndum og til Ísraels og Palestínu.

Við vitum að það er svo, herra forseti, að það er hlustað á það sem hér er sagt. Það er mark á okkur tekið og það er auðvitað ekki að ástæðulausu. Við höfum stutt Ísrael og baráttu Palestínumanna dyggilega og við skulum halda því áfram og þetta er liður í þeim stuðningi.

Mustafa Barghouthi, læknir og baráttumaður, var heiðursgestur Samfylkingarinnar á landsfundi okkar í nóvember sl. Hann sagði þar, með leyfi forseta:

„Ofbeldið og öryggisleysið eru einkennin en hernámið er orsökin. Hernámið er að verða að krabbameini sem getur orðið báðum þjóðunum að bana og breiðst út til annarra landa."

Herra forseti. Hér er ekkert ofsagt. Það eru blikur á lofti í Miðausturlöndum. Vissulega er það svo að margir þar vilja kynda ófriðarbálið og meðan stríð geisar í Afganistan, á meðan Bandaríkjastjórn hugleiðir það í alvöru að gera árás á Írak þá er það skylda okkar að reyna með öllum ráðum að stuðla að friði milli Palestínumanna og Ísraelsmanna, koma í veg fyrir vígbúnaðaráætlanir Bandaríkjastjórnar í Miðausturlöndum og stuðla að því að stríðinu í Afganistan ljúki sem allra fyrst. Allt hangir þetta saman, herra forseti. Ekkert getur án annars verið.

Ég hygg og vona að á hinu háa Alþingi sé þverpólitískur stuðningur við ályktun af þessu tagi og geri ráð fyrir því að hún verði strax tekin til umfjöllunar í hv. utanrmn. og að fulltrúar flokkanna þar geti sammælst um að afgreiða hana sem allra fyrst, herra forseti.

[11:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Afstaða Íslands til átakanna í Miðausturlöndum er skýr og hefur komið fram á norrænum, evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Við höfum fordæmt ofbeldisverk beggja aðila og krafist þess að deiluaðilar semji vopnahlé og hefji friðarviðræður sem leiði til stofnunar sjálfstæðs ríkis Palestínu um leið og öryggi Ísraels verði tryggt innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra.

Stjórnmálaþróunin í Miðausturlöndum hefur löngum einkennst af átökum og ófriði. Ekkert lát hefur verið á ofbeldinu og öryggisleysinu á því svæði. Það er því miður bæði gömul saga og ný. Óhófleg beiting hervalds Ísraels gegn Palestínumönnum á hernumdu svæðunum ætlar engan endi að taka og hefur leitt til mikils vonleysis meðal Palestínumanna. Sjálfsmorðsárásir Palestínumanna á saklausa borgara hafa einnig vakið mikinn óhug og öryggisleysi innan Ísraels og eru algerlega óverjandi.

Eftir marga dimma mánuði er loks vonarglæta að vopnahlé komist á, a.m.k. skulum við vona það, fyrir atbeina Bandaríkjamanna, erindreka þeirra, Zinni, hershöfðingja. Allar friðarviðræður hafa runnið út í sandinn. Hvert samkomulag lítið meira en orðin tóm og vopnahlé hafa ekki verið haldin. Áframhaldandi ofbeldi og neitun samningaviðræðna styrkir eingöngu þau öfl sem hvorki vilja framhald friðarferlisins né pólitíska lausn á átökunum í Miðausturlöndum.

Við megum ekki gleyma því að Vesturbakkinn, Gaza og Austur-Jerúsalem eru hernumin af Ísrael og Ísraelsmönnum ber að skila þessum svæðum aftur til Palestínumanna samkvæmt fjölmörgum ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Krafa okkar hlýtur að vera sú að deiluaðilar fallist á tafarlaust vopnahlé og hefji strax án allra skilyrða samningaviðræður á grundvelli tilmæla Mitchell-skýrslunnar frá 30. apríl sl. Friðarferlið hefur verið í uppnámi og vonir okkar um varanlegan frið fyrir botni Miðjarðarhafs hafa fram að þessu að engu orðið. Neikvæð ummæli forsætisráðherra Ísraels um endalok Óslóarferlisins valda einnig mjög miklum áhyggjum. Ógnaratburðir undanfarinna mánaða hafa ekki gefið tilefni til mikillar bjartsýni og báðir aðilar verða að koma í veg fyrir beitingu frekara ofbeldis.

Það liggur alveg ljóst fyrir að lausn deilumála fyrir botni Miðjarðarhafs getur aldrei orðið hernaðarleg. Hún getur aðeins orðið pólitísk. Því er full ástæða til að fagna aðkomu Bandaríkjamanna á nýjan leik að málefnum Mið-Austurlanda og það liggur í mínum huga alveg ljóst fyrir að friður mun ekki komast á án atbeina Bandaríkjamanna þó fleiri þurfi þar að koma að málum, Evrópusambandið, lönd eins og Egyptaland, Jórdanía og síðast en ekki síst framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan.

Ástæða er til að fagna öllum nýjum tillögum sem hafa komið fram. Ástæða er til að fagna tillögum utanríkisráðherra Frakka og tillögum Abdullah, krónprins Sádí-Arabíu, sem hefur lagt fram athyglisverðar hugmyndir. Það er kannski ekki það sem í þeim stendur heldur aðallega hvaðan þær koma. Það er alveg ljóst að Arabaríkin hafa ekki í heild sinni verið tilbúin til að viðurkenna öryggi Ísraelsríkis. Þess vegna eru það viss vatnaskil að sá tónn skuli heyrast frá þeim.

Ég vil einnig leggja áherslu á hversu mikilvægt það er að Ísraelar hleypi Arafat úr því stofufangelsi sem þeir hafa haldið honum í í Ramallah og ekki síst til þess að hann eigi þess kost að sækja fund Arababandalagsins í Beirut þar sem hann getur lagt mikið af mörkum og lagt á það áherslu að Arabaríkin styðji friðarferli og Arabaríkin styðji örugg landamæri Ísraels.

Herra forseti. Þetta er eitt af langalvarlegustu málunum sem nú er við að glíma á alþjóðavettvangi og þau tengjast mörgum öðrum málum. Ég vil ítreka skýra stefnu ríkisstjórnar Íslands í þessu máli. Við teljum að vinna verði að pólitískri lausn, það verði að gera tafarlaust vopnahlé. Við fordæmum allt ofbeldi á svæðinu hvort sem það er af hálfu Ísraelsmanna eða Palestínumanna og höfum ávallt hvatt deiluaðila til að hefja alvarlegar samningaviðræður.

Lausnin á þessari deilu liggur nokkurn veginn fyrir. Hún liggur í því að tryggja landamæri þessara ríkja. Hún liggur í því að hætta öllu ofbeldi. Hún liggur í því að Ísraelsmenn skili hernumdum svæðum og þeir sem hafa verið að byggja þessi svæði á vegum Ísraelsmanna fari tafarlaust af þeim og snúi til annarra heimkynna. Það er að sjálfsögðu erfitt mál en það er nauðsynlegt og forsenda þess að friður geti skapast á því svæði.

[11:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við eins og öll heimsbyggðin fylgjumst agndofa með þeim harmleik sem á sér stað við botn Miðjarðarhafsins. Núverandi átök eiga upptök sín í ferð öfgamannsins Ariels Sharons á hina helgu musterishæð og síðan átökin hófust, þau sem nú standa og enn standa, hafa þúsundir mannslífa tapast, tugir þúsunda slasast og ómælt annað tjón orðið af þessu ástandi.

Tillagan sem hér er rædd um sjálfstæði Palestínu gengur út á að Alþingi álykti og vísar þar til Óslóarsamkomulagsins frá 1993, vísar til ályktana Sameinuðu þjóðanna og loks þess að við styðjum hugmyndir um að alþjóðlegt gæslu- og eftirlitslið verði sent á vettvang. Ég tel tímabært að Alþingi álykti á nýjan leik um málefni Palestínu, eða deilu Ísraelsmanna og Palestínumanna. Í gildi er hin merka samþykkt frá 18. maí 1989 og það sem við værum þá að gera væri að álykta í framhaldi af henni og með hliðsjón af þeim aðstæðum sem blasa við okkur í dag. Sú samþykkt var í raun og veru tímamótasamþykkt og ég held að óhætt sé að fullyrða að með henni skipaði Ísland sér þá í allra fremstu röð, a.m.k. Evrópuríkja, hvað varðaði stuðning við Palestínumenn, sjálfsákvörðunarrétt þeirra og þá nálgun að leysa yrði þessa deilu á þeim grunni að réttur beggja aðila yrði að fullu virtur. Samþykktin er svohljóðandi, með leyfi forseta, sú sem gerð var 18. maí 1989:

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.“ — Það gildir víst enn.

„Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO.“

Ég held, herra forseti, að þessi samþykkt tali fyrir sig sjálf og það hversu framsækin hún var á sínum tíma. Mér er t.d. ekki kunnugt um að neitt annað þjóðþing á Vesturlöndum hafi, þegar þarna var komið sögu, jafnafdráttarlaust viðurkennt stöðu Frelsissamtaka Palestínu.

Þá er staðan þannig, herra forseti, að stefna Íslands er, því að sjálfsögðu er ríkisstjórn bundin af gildandi ályktun Alþingis, að viðurkenna eigi rétt beggja aðila í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1947, þ.e. þeirra sem tilvist Ísraelsríkis er byggð á, þar með talið væntanlega þau landamæri sem þá voru dregin upp.

Í öðru lagi rétt Palestínumanna til sjálfsákvörðunar, þar með talið að stofna sjálfstætt ríki.

Í þriðja lagi rétt sambærilegan tilverurétt Ísraelsríkis.

Í fjórða lagi að Ísraelsmenn skili hernumdu landi.

Í fimmta lagi grundvallarrétt flóttamanna til að snúa aftur.

Í sjötta lagi, ef við samþykktum tillögu af því tagi sem hér er rædd og flutt af þingflokki Samfylkingarinnar, að Ísland tæki afdráttarlausa afstöðu með því að alþjóðlegt gæslulið kæmi á svæðið.

Herra forseti. Þetta mætti að mínu mati setja saman í nýjan texta eða eftir atvikum vísa í eldri samþykkt og tækist um það pólitísk samstaða á Alþingi væri það sannarlega gleðilegt. Lykillinn að lausn deilumálanna eru auðvitað Bandaríkin. Þau eru það af mörgum ástæðum. Bandaríkin eru ekki einasta eina heimsveldið um þessar mundir heldur gera Bandaríkin Ísrael út. Ísraelsríki fær ekki staðist deginum lengur ef Bandaríkjamenn hætta að halda því uppi með gríðarlegum fjárframlögum og hernaðarlegum stuðningi. Hvernig sem á málið er litið verður að gera þá kröfu til Bandaríkja Norður-Ameríku að þau beiti sér til lausnar þessari deilu. Það er kaldhæðnislegt að að einhverju leyti eru þær vonir sem nú eru uppi um frið og vopnahlé bundnar við þau áform Bandaríkjamanna að ráðast inn í Írak og tilraunir þeirra til að afla sér nauðsynlegs stuðnings í arabaheiminum við þau áform. En vonandi, herra forseti, tekst að halda þessu aðgreindu og einhverjir möguleikar eru til staðar til að koma á vopnahléi og friði því að jafnvel þó að vopnahlé og skárra ástand að því leyti til á svæðinu mundi ekki fela í sér sjálfkrafa og jafnvel alls ekki mikla möguleika á pólitískri lausn deilunnar, þá bjargar það þó þeim mannslífum sem eru að tapast á hverjum einasta sólarhring á umræddu svæði.

Ég, herra forseti, og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum það þess vegna heils hugar að utanrmn.

Alþingis taki það til skoðunar að reynt verði að ná saman aftur um ályktun Alþingis sem vonandi allir flokkar og allir þingmenn geta staðið á bak við. 1998–1999 gerðist það þannig að þrír þingmenn úr þremur þingflokkum fluttu tillögu að ályktun sem utanrmn. tók til umfjöllunar og lagði síðan fram sameiginlega nýjan texta sem góð samstaða tókst um. Þetta voru þingmennirnir Hjörleifur Guttormsson úr Alþb., Kristín Einarsdóttir úr Kvennalistanum og Páll Pétursson úr Framsfl., núv. félmrh., sem einn þeirra þremenninga situr eftir á Alþingi. Í framhaldinu tókst þverpólitísk samstaða í utanrmn. um afgreiðslu merkrar ályktunar og það væri sannarlega ánægjulegt ef við næðum áður en þing lýkur störfum og helst bara á allra næstu dögum samanber það hversu brennandi ástandið er að sameinast um áherslur í þessum efnum. Það má ætla af ræðum manna og yfirlýsingum jafnt hæstv. utanrrh. sem annarra í umræðunni á undanförnum dögum að nokkuð breið og góð pólitísk samstaða sé efnislega um málin hér á þingi og þá eigum við að sjálfsögðu að nýta okkur það til þess að Alþingi láti eitthvað frá sér fara í málinu.

[11:33]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Árum saman höfum við fylgst með deilum Ísraelsmanna og Palestínumanna og séð í fréttum hvernig saklausir borgarar, jafnt börn sem aðrir, hafa orðið fórnarlömb grimmdarlegra átaka. Það minnir okkur á að deilur af þessu tagi verða ekki leystar með ofbeldi heldur hlýtur það að vera frumskylda deiluaðila að ræða saman og finna lausnir sem duga til að friður náist.

Ísland hefur frá upphafi stutt stofnun og tilverurétt Ísraelsríkis en styður einnig sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna. Sá stuðningur kemur gleggst fram á vettvangi Sameinuð þjóðanna þar sem fjöldi ályktana eru samþykktar um deilur Ísraels og Palestínumanna ár hvert. Íslensk stjórnvöld telja að leysa verði deilumál aðila á friðsamlegan hátt með samningum á grundvelli Óslóarsamkomulagsins. Brýnt er að á alþjóðlegum vettvangi verði auknum kröftum beitt í að leysa deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafsins en slík lausn þarf að fela í sér að Ísrael verði tryggt öryggi innan alþjóðlegra viðurkennda landamæra og stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu. Að þessu er unnið hörðum höndum undir forustu Bandaríkjamanna.

Fyrir mörgum árum átti ég þess kost að ferðast um Ísrael og hernumdu svæðin. Sú ógn og spenna sem þar ríkti þá er síst minni nú. Það hlýtur að vera óbærilegt fyrir íbúa þessa svæðis að búa við slíkt ástand, þar sem enginn veit hver verður næsta bráð árása á saklaust fólk. Þess vegna er brýnt að ráðast að rótum vandans og finna samkomulagsgrundvöll milli deiluaðila sem báðir geta sætt sig við. Það er einfaldlega forsenda þess að friður ríki, að bæði Ísraelsmenn og Palestínumenn viðurkenni sjónarmið hver annars.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti 12. mars sl. ályktun þar sem í fyrsta sinn er talað um ísraelskt og palestínskt ríki í sömu andrá. Þessi ályktun gefur von um raunverulegan vilja til að miðla málum og átak til friðarsamkomulags milli Ísraels og PLO. Í ályktuninni er talað um svæði þar sem tvö ríki, Ísrael og Palestína, þrífist hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra. Orðalagið er sótt í ræðu Colins Powells, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Sáttafulltrúi Bandaríkjastjórnar, Anthony Zinni, hefur nú dvalið á svæðinu í rúma viku og freistað þess að miðla málum og koma deiluaðilum að sáttaborði. Á ýmsu hefur gengið. Einkanlega sló í bakseglin í gær við sjálfsmorðsárásina í miðborg Jerúsalems. Í morgun bárust hins vegar þær fréttir að öryggisráð Ísraels hefði ákveðið að bregðast ekki við þeim. Fulltrúar Ísraelsstjórnar lýstu því yfir að ákveðið hefði verið að sýna stillingu og bregðast ekki við árásunum að svo stöddu. Sú stefna yrði hins vegar endurskoðuð ef tilefni væri til. Yasser Arafat, leiðtogi Palestínumanna, fordæmdi árásina í Jerúsalem og hét því að grípa til aðgerða gegn þeim sem að henni stóðu.

Þessi atburðarás sýnir í hnotskurn hversu eldfimt, viðkvæmt og alvarlegt ástandið er í þessum heimshluta. Þrátt fyrir samningaviðræður sem miklar vonir allra aðila eru bundnar við skirrast ákveðin öfl ekki við að fremja hryðjuverk eingöngu í þeim tilgangi að spilla fyrir friðarumræðum. Vonandi tekst það ætlunarverk ekki.

Það er afar mikilvægt að skapa skjól fyrir þessar mikilvægu friðartilraunir sem standa nú yfir til að vænta megi árangurs. Því hvílir mikil ábyrgð og skylda á deiluaðilum, að sjá til þess að það svigrúm og tími til viðræðna sem nauðsynlegur er fáist. Þá fyrst er árangurs að vænta, að menn stilli sig og setji sig í spor hver annars.

[11:38]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Sá er hér stendur játar hreinskilnislega að það er með hálfum hug að hann blandar sér í umræður um hin skelfilegu deilumál fyrir Miðjarðarhafsbotni. Áróðursstríðið er svo heiftarlegt að menn vita vart frá degi til dags hvað upp eða niður snýr.

Hins vegar, ef okkar litla lóð er einhvers virði, eigum við auðvitað að leggja það á vogarskálina í þessum málum. Það eru að vísu betri tíðindi að austan. Af hverju skyldu þau vera betri? Af því að Bandaríkjamenn hafa breytt um stefnu eða a.m.k. um framkvæmd stefnu sinnar. Bush Bandaríkjaforseti virtist draga taum Sharons á næstliðnum mánuðum. Afleiðingin var stóraukið ofbeldi og yfirgangur Ísraelsmanna.

Oft má heyra því haldið fram að Ísraelsmenn og Palestínumenn eigi sjálfir að leysa þessa deilu. Það geta þeir ekki, ekki með nokkru móti. Í Palestínu eru um 4 milljónir flóttamanna frá gömlu heimilunum sínum sem þeir áttu þar sem stofnað var Ísraelsríkið, 4 milljónir manna og afkomenda þeirra. Forusta Palestínu getur aldrei gert samning þar sem þeir heimta ekkert af átthögum sínum aftur. Það geta þeir blátt áfram aldrei skrifað upp á og ekkert frekar Ísraelsmenn, vegna þess að þá væru þeir að leggja landið sitt niður, væru í raun að afmá það. Fyrir því er það að hér er járn í járn sem enginn getur leyst nema hinir voldugu Bandaríkjamenn, enda ber þeim skylda til þess vegna þess að hinir auðugu frændur Ísraelsmanna í Bandaríkjunum hafa vissulega séð fyrir því að þetta mikla og eldsterka herveldi er við lýði.

En hvað ætli hafi breytt stefnu Bandaríkjamanna hinar síðustu vikurnar? Það er dálítið dapurlegt og kom raunar fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að það skuli af þeim orsökum að arabaríkin eru tregari í taumi við Bandaríkjamenn til þess að hefja árásir á Írak. Ekki er þetta nú geðfellt eða skapfellilegt, eins og Vestfirðingar eru vanir að segja. Þetta er samt staðreyndin.

Það skyldi þó ekki vera beint orsaskasamhengi milli hinna skelfilegu atburðir 11. sept. í Bandaríkjunum og þessara illvígu deilna fyrir botni Miðjarðarhafs? Það skyldi þó ekki vera að ástæðurnar til þess arna séu þær að Bandaríkjamenn hafi dregið taum Ísraelsmanna og múslimar hafi verið að hefna sín þess vegna ekki síst? Þessi skoðun hefur heyrst og

hana hef ég lesið á prenti, í amerískum blöðum meðal annars. Þeim mun meiri ástæða ætti að vera fyrir Bandaríkjamenn að grípa í taumana.

Málið er mjög viðkvæmt eins og menn geta rétt ímyndað sér. Þess vegna er þess að vænta að utanrmn. skoði sig vel um bekki áður en hún skilar áliti sínu, athugi þessa tilögugerð af mikilli kostgæfni, vegna þess að báðir áróðursmeistararnir munu reyna að telja fólki trú um að þessi ályktun sé þeim í vil. Ég hef samúð með Palestínumönnum. Það er eðli okkar Íslendinga að hafa samúð með þeim sem minni máttar er. En ég er ekki tilbúinn til að samþykkja tillögu sem Hamas í Palestínu mundi með einhverjum hætti geta túlkað sér í vil. Þetta bið ég hv. utanrmn. að athuga sérstaklega.

Frjálslyndi flokkurinn er sammála megintilgangi og andlagi þáltill. sem hér liggur fyrir. En það kunna að vera, bæði í andlagi hennar og greinargerð, ýmis atriði sem sérstakrar íhugunar þurfa við og því er treyst að ekkert verði látið frá okkur fara fyrr en siglt er fyrir öll sker með fingurbrjóta sem ella kynnu að finnast.

[11:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Megininntak þeirrar tillögu sem við ræðum hér er að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísraelsmenn dragi heri sína frá hernumdu svæðunum, að Palestínumönnum verði gert kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi og að stuðlað verði að því að Palestínumenn og Ísraelsmenn leysi úr ágreiningsmálum sínum á grundvelli alþjóðasamninga og samþykkta.

Í lok ræðu sinnar kom hæstv. utanrrh. inn á þessa sömu þætti, þegar hann, eins og hann hefur gert áður, kvað upp úr með að Palestína yrði sjálfstætt ríki, lausnin lægi í að tryggja landamærin, að Ísraelsmenn yfirgæfu hernumdu svæðin og sneru til heimkynna sinna og þetta væri forsenda friðar. Að því leyti tók hæstv. utanrrh. undir þau meginsjónarmið sem hér eru sett fram. *Ég hef auðvitað tekið eftir því að aðeins* þeir sem hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar hafa stutt að það verði ályktað.

Ég beini sérstaklega þeirri áskorun til formanns utanrmn., Sigríðar Önnu Þórðardóttur, sem hér hélt ágætisræðu, að hún taki þetta mál upp hið fyrsta í utanrmn. — þar bíða eiginlega engin mál — og að við komum okkur saman um ályktun sem innihaldi þau sjónarmið sem hér hafa verið studd af þeim sem hafa talað.

Ég gerði mér grein fyrir því að kominn væri nokkur samhljómur í umræðum um málið á Alþingi. Hann kom fram í umræðum utan dagskrár hér í byrjun mars þegar Þórunn Sveinbjarnardóttir, hv. þm. Samfylkingarinnar, vakti máls á friðartillögum Sádi-Araba. Ég vona því að tillagan sem við erum að ræða hér sé formsatriði sem þarf til að Alþingi taki málið formlega fyrir og afgreiði frá sér ályktun um þetta stóra og mikla mál.

Það skiptir mjög miklu máli í þessari umræðu að öryggisráðið hefur nú nýverið samþykkt ályktun þar sem í fyrsta sinn er talað um ísraelskt og palestínskt ríki í sömu andrá. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hvaða gjörbreytingar hafa orðið í alþjóðasamfélaginu með því að náðst hefur samstaða um slíka ályktun, að tvö ríki, Ísrael og Palestína, þrífist hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra.

Bandaríkin hafa hægt og sígandi snúist á sveif með þeim sem vilja leysa deiluna á þann hátt að Palestína verði sjálfstætt ríki. Þetta er mjög mikilvægt og þessu hefur verið hreyft, eins og kom fram í máli framsögumanns, af bæði Colin Powell og Anthony Zinni. Þetta er stórmál þar sem Bandaríkjamenn hafa hingað til þaggað niður í þeim sem gagnrýnt hafa Ísrael. Mér hefur þótt sem Ísraelsmenn færu fram í trausti þess að Bandaríkjamenn beittu sér ekki gegn þeim. Það er nú breytt og ég fagna því.

Ég vil líka benda hv. þingmönnum á orð Lioru Herzl, sem var hér nýverið, og sagði í viðtali við Morgunblaðið að Palestínumenn mundu að lokum fá sitt Palestínuríki. Þetta er mjög mikilvægt.

Herra forseti. Þegar Mustafa Barghouthi heimsótti Ísland vann hann málum þjóðar sinnar fylgi með hófsamlegum en einörðum málflutningi. Hann hitti ráðamenn að máli og lýsti m.a. mikilli þörf fyrir heilsugæslustöð á hjólum í heimalandi sínu, þar sem hægt væri að aka til svæða þar sem engin heilsugæsla væri fyrir hendi. Hann hvatti til að Ísland legði af mörkum í því máli, hefði jafnvel frumkvæði eða eignaðist eina slíka stöð. Ég vil í þessari umræðu minna á þetta og þá miklu eyðileggingu sem orðið hefur síðan. Lögreglustöðvar og sjúkrahús hafa verið jöfnuð við jörðu og sjúkrabílar eyðilagðir. Skoðum hvort við getum með einhverjum hætti orðið við þessum óskum.

[11:48]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Við höfum öll áhyggjur af þróun mála fyrir botni Miðjarðarhafsins og þeirri óöld sem þar hefur ríkt um *langt árabil. Það hefur komið fram í umræðunni hér í dag og* það hefur margoft komið fram í umræðum á liðnum árum, bæði á Alþingi og annars staðar. Umheimurinn stendur á öndinni yfir fregnum af voðaverkum nánast hvern dag og heimsbyggðin, hvort sem er í nágrenni átakanna eða óravegu frá þeim, veltir fyrir sér hvernig unnt er að binda endi á blóðsúthellingar og ofbeldisverk. Þetta er alvarlegasta málið á alþjóðavettvangi sem þarfnast úrlausnar.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt ályktun þar sem í fyrsta sinn er talað um ísraelskt og palestínskt ríki í sömu andrá. Ályktun þessi er ekki síst merkileg fyrir það að hún er runnin undan rifjum Bandaríkjamanna sem undanfarna tvo áratugi hafa verið tregir, svo ekki sé fastar að orði kveðið, til að taka undir ályktanir um málefni Ísraels- og Palestínumanna og hafa iðulega beitt neitunarvaldi til að þagga niður í gagnrýnendum Ísraels.

Að þessu sinni brugðust Bandaríkjamenn hins vegar við tillögu Sýrlendinga um ályktun um málefni Miðausturlanda með því að leggja fram eigin drög að ályktun. Eins og greint hefur verið frá er í ályktuninni talað um sýnina um svæði þar sem tvö ríki, Ísrael og Palestína, þrífist hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra. Þetta orðalag er sótt í ræðu Colins Powells, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Það er auðvitað ástæða til að fagna þessari ályktun öryggisráðsins og sömuleiðis aðkomu Bandaríkjanna að málinu. *Um leið er ljóst að friður er langt undan fyrir botni Mið*jarðarhafsins og verða báðir aðilar að taka til í sínum ranni til að raunverulegur friður geti komist á. Þrátt fyrir dagleg ofbeldisverk sem við höfum orðið vitni að í fjölmiðlum að undanförnu er þó núna komin vonarglæta sem er komin til fyrst og fremst vegna aðkomu Bandaríkjamanna og annarra þjóða að málinu, svo sem Sádi-Araba.

En eitt af því sem verður að fylgja varanlegri lausn málanna hlýtur að vera sjálfstætt ríki Palestínu og örugg landamæri Ísraels. Það er alveg á hreinu að Palestínumenn munu ekki sætta sig við minna en að Ísraelar hverfi nokkurn

veginn inn fyrir landamærin eins og þau voru fyrir sexdagastríðið árið 1967.

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum mátti varla nefna hugmyndir um sjálfstæði Palestínu í Ísrael en nú kveður þar við annan tón og skynsemisraddir skilja að hjá því verður ekki komist vilji menn á annað borð frið í þessum heimshluta.

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld hafa undir forustu hæstv. utanrrh. sett fram skýra stefnu í málefnum Miðausturlanda og þar hefur að mörgu leyti kveðið við nýjan tón. Samfélag þjóðanna sættir sig ekki við óbreytt ástand og það gerum við Íslendingar ekki heldur. Það er því ástæða til að brýna íslensk stjórnvöld og hv. Alþingi til að halda áfram á þeirri braut sem mótuð hefur verið og taka höndum saman við önnur ríki í þeirri viðleitni að koma stríðandi aðilum að samningaborðinu svo að friður komist á fyrir botni Miðjarðarhafs í eitt skipti fyrir öll.

[11:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Orð hæstv. utanrrh. í ræðustóli áðan eru í fullu samræmi við tímamótaályktun Alþingis frá 18. maí 1989 og það er ástæða til að þakka það hvernig hæstv. ráðherra undirstrikaði afdráttarlausa stefnu Alþingis og ríkisstjórnar en sú stefna er efnislega sú sama og orðuð er í þeirri þáltill. hv. samfylkingarþingmanna sem hér er rædd.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styður þessa stefnu. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styður það að ályktunin verði afgreidd frá utanrmn. og síðan á Alþingi Íslendinga.

Fyrir fáum dögum, herra forseti, barst sú frétt frá ófriðarsvæðunum fyrir botni Miðjarðarhafsins að ísraelskar hersveitir hefðu verið kallaðar frá borgunum Betlehem og Beit Jala. Þetta virtust hinar jákvæðustu fréttir í fyrstu en síðan þær bárust hefur auðvitað komið í ljós að ísraelskar hersveitir hafa eingöngu hörfað frá þeim borgum sem hafa þurft að þola mestu hernaðarátökin upp á síðkastið en umkringja auðvitað enn allar palestínskar borgir og þorp á Vesturbakkanum og Gaza-svæðinu. Þannig má segja að ísraelskar hersveitir séu nú staðsettar þannig að þær eigi auðvelt með að ráðast að nýju inn í allar palestínskar borgir og þorp þegar merki um slíkt berst. Þessar sömu hersveitir, herra forseti, halda áfram að hefta frjálsa för Palestínumanna um eigið land auk þess sem vöruflutningar eru heftir og jafnvel för lækna og hjúkrunarliðs. Þannig hefur þessi frétt um brotthvarf ísraelskra hersveita ekki sagt allan sannleikann, staðan er enn þá sú að Palestínumenn hafa eingöngu takmarkaða heimastjórn á rúmum 17% lands á Vesturbakkanum. Þar að auki heldur ísraelski herinn áfram að banna umferð palestínskra bifreiða um Vesturbakkann og Gaza.

Herra forseti. Nýr sendiherra Ísraels, Liora Herzl, var stödd hér á landi fyrr í mánuðinum og af því tilefni var haft við hana viðtal í Morgunblaðinu. Það var eitt öðru fremur sem vakti athygli mína í því viðtali. Það var setning sem tekin var út í stækkuðu letri á miðri síðunni og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við buðumst til að leggja niður um það bil 80% af landnemabyggðunum, þar á meðal allar byggðirnar á Gaza."

Ég kann, herra forseti, auðvitað ekki allan sannleikann um Camp David samningana undir lok valdatíma Clintons þegar Ehud Barak var enn við völd í Ísrael en veit þó það að landið sem Barak bauð í þeim viðræðum átti að vera sundurbrytjað og umkringt svokölluðum öryggissvæðum undir stjórn Ísraela þar sem ljóst var að þeir mundu koma fyrir skriðdrekum og hersveitum til svokallaðrar öryggisgæslu. Slíkt víggirt land átti að umkringja landamæri Palestínumanna við Jórdaníu. Þannig hefðu eiginleg landamæri breyst í hernaðarlega víglínu. Þetta var það sem í boði var, nokkur afmörkuð svæði sem hvert um sig átti að vera herkví.

Auðvitað höfnuðu Palestínumenn þessu boði, boði um að lifa fangelsaðir í hersetnu landi sínu. Þetta boð stóð raunar ekki lengi því að auðvitað hafnaði Sharon þessum hugmyndum Baraks um leið og hann komst til valda eins og hann hefur hafnað öllum raunhæfum tilraunum til að koma á friði eða friðarumleitunum á svæðinu.

Herra forseti. Í ljósi þessa má kalla það skrýtið að ísraelski sendiherrann skyldi nefna þetta atriði sem dæmi um samningsvilja Ísraelsmanna. Í ljósi þess sem hún sagði samt í viðtalinu um að Palestínumenn fengju auðvitað sitt ríki að lokum skulum við halda þeirri setningu á lofti. Kröfurnar sem hljóma í dag eru þær sömu og hljómað hafa frá 1949, þær snúast um sjálfstætt ríki Palestínu, sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna og rétt palestínskra flóttamanna til að snúa heim aftur. Sá réttur á raunar að vera tryggður í öllum mannréttindasáttmálum en hefur ekki náð fram að ganga gagnvart palestínskum flóttamönnum. Síðast en ekki síst verða Ísraelsmenn að skila herteknu svæðunum frá 1967. Þessum kröfum hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð haldið á lofti frá stofnun hreyfingarinnar og þessum kröfum, herra forseti, þurfa íslensk stjórnvöld að fylgja fast eftir enda eru þær forsendur þess að friður komist á í Palestínu og Ísrael.

[11:56]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það var aldrei neinn vafi í mínum huga og hefur ekki verið að Ísland gerði rétt þegar ákveðið var að styðja stofnun Ísraelsríkis. Þær hörmungar sem gyðingar gengu í gegnum í seinni heimsstyrjöldinni réttlættu þá ákvörðun.

Það er samt ekki auðvelt að sjá hvernig samlaga átti gyðinga þeim arabaþjóðflokkum sem voru fyrir í þessu landi. Ég held þó að skoðun flestra vestrænna ríkja hafi verið að treysta mætti Ísraelsmönnum til að leysa samskiptamálin. Fyrstu leiðtogar Ísraels, Ben Gurion og fleiri, virtust geta leyst þau mál af hendi. Eins og allir vita hefur það ekki tekist eins vel seinni árin. Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn hefur verið mottóið síðustu mánuði og ár.

Það er erfitt fyrir okkur sem búum við öryggi hér uppi á Íslandi að setja okkur í spor þessa fólks. Enginn er óhultur í Ísrael lengur eða Palestínu, það sem átti að vera griðastaður fyrir gyðinga er að snúast upp í blóðvöll.

Það verður að segjast eins og er að Arafat, leiðtoga Palestínumanna, hefur tekist með klókindum að telja mörgum Vesturlandabúum trú um að átökin séu alfarið Sharon og Ísraelsmönnum að kenna. Fyrir vikið er stuðningur við Ísrael ekki eins víðtækur og hann var áður. Að mínu áliti er mjög nauðsynlegt að Ísraelsmenn breyti um taktík og sýni meiri vilja til sátta en þeir hafa gert. Öllum hlýtur að vera ljóst að mikil harðlínustefna í þessum málum gengur ekki.

Palestínumenn eru í rauninni litli bróðirinn í þessu tafli og aðstaða þeirra auðvitað allt önnur en Ísraelsmanna. Ég trúi því samt ekki að fólkið í Palestínu vilji ekki frið. Allir vilja öryggi fyrir börnin sín og fjölskyldur sínar. Ábyrgð Arafats er því mikil. Fullyrt er að hann hafi fullt vald á málefnum Palestínumanna og stjórni í raun þeim aðgerðum sem hryðjuverkamenn standa fyrir í Ísrael dag eftir dag.

Það er mjög alvarlegt að málin skuli vera komin í þennan farveg. Arafat fékk friðarverðlaun Nóbels ásamt Yitzhak Rabin árið 1994. Vilji Rabins til að ná friði var aldrei vefengdur. Vilji Arafats til að semja við Barak í Camp David var aftur á móti vefengdur.

Herra forseti. Báðir deiluaðilar í þessu viðkvæma máli verða að viðurkenna tilverurétt hvors annars og landamæri hvors annars. Jafnframt sýnist mér að fleiri þjóðir en Ísraelsmenn og Palestínumenn verði að koma að lausn þeirra viðkvæmu mála sem eru flóttamannamálið og landnemamálið. Sameinuðu þjóðirnar, Bandaríkjamenn, Evrópusambandið og Rússar verða að koma að í sameiginlegri lausn. Það verður að komast á friður í þessum heimshluta.

Miklar vonir eru bundnar við það að Anthony Zinni, samningamaður Bandaríkjanna, nái því sem til er ætlast, að koma á friði. Við bindum miklar vonir við það og ég vona svo sannarlega að friður sé í nánd í Austurlöndum nær.

[11:59]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum sat ég fund ásamt fleiri þingmönnum með Omar Sapri Kittmitto, sendiherra heimastjórnar Palestínumanna á Íslandi, og var fróðlegt að heyra það sem hann hafði að segja um ástandið í landi sínu.

Ég hef eins og fleiri þingmenn komið til Ísraels. Það var árið 1989, fyrir 13 árum. Það var sérkennilegt að upplifa ungmenni á götum úti á fögrum sumarkvöldum leiðast hönd í hönd en grá fyrir járnum. Og aldrei hef ég orðið vitni að annarri eins öryggisleit á flugvelli og þar. Einum af farþegunum varð að orði, eftir að hafa undirgengist ítarlega líkamsleit, að hann byggi reyndar enn yfir nokkrum hugsunum í hjarta sínu sem ekki hefðu komið fram við leitina.

Herra forseti. Ísraelsríki var stofnað árið 1948 á landsvæði sem áður var kallað Palestína. Þar höfðu þá búið arabar í ein 1.300 ár. Palestína féll undir yfirráð Breta í fyrri heimsstyrjöldinni. Stofnun Ísraelsríkis í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar mætti mikilli andstöðu þeirra sem fyrir bjuggu á svæðinu.

Yfirráð Ísraels yfir eigin málefnum hafa ekki verið vefengd á alþjóðavettvangi og Íslendingar hafa ávallt verið hliðhollir þeim. Þó hafa aðgerðir ísraelskra stjórnvalda gegn palestínsku fólki oft verið harðlega gagnrýndar og almenningi um víða veröld blöskrað hvernig hægt hefur verið að líta fram hjá þeim hörmungum sem margar kynslóðir Palestínumanna hafa þurft að líða.

Í átökum þeim sem átt hafa sér stað síðan ríki Ísraels var stofnað hafa Ísraelar hernumið ný landsvæði og hefur þess lengi verið krafist að Ísrael léti hertekin svæði af hendi, án árangurs. Þegar sjálfsstjórnarsvæði Palestínumanna var stofnað undir lok síðustu aldar með samþykki Ísraels töldu margir stórt skref stigið og að friður hlyti að vera í augsýn. Seinna komu fram kröfur Palestínumanna um að stofna sjálfstætt ríki en þeim hefur enn ekki verið mætt þótt svo virðist sem fylgi við þá skoðun hafi farið vaxandi.

Herra forseti. Málefni Palestínu og Ísraels hafa verið í hámæli á alþjóðavettvangi í áratugi. Þar hafa stríð blossað upp margsinnis. Fátækt í Palestínu, lélegur aðbúnaður, skortur á menntun, matvælum og heilbrigðisþjónustu og þar með ónóg ungbarna- og mæðravernd með hryggilegum afleiðingum, ofbeldi og hryðjuverk hafa verið mikið áhyggjuefni. Jafnframt hefur það opnað augu manns fyrir því að við slík kjör er engum bjóðandi að búa.

Fyrr í þessum mánuði samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fyrir tilstilli Bandaríkjamanna ályktun þar sem í fyrsta sinn er talað um ísraelskt og palestínskt ríki í sömu andrá. Flestum hugsandi mönnum í heiminum hlýtur að vera sú ályktun fagnaðarefni.

Herra forseti. Deilur Ísraela og Palestínumanna verður að leysa á friðsamlegan hátt. Núverandi ástand er óþolandi og ógnar heimsfriði. Arabaríkin verða að viðurkenna Ísraelsríki og stofna þarf ríki Palestínu og viðurkenna það af heimsbyggðinni. Ég vil taka undir orð hæstv. utanrrh. hér fyrr á fundinum svo og undir ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og þá sýn að þessi tvö ríki megi þrífast hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra eins og haft er eftir Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Herra forseti. Sendiherra Palestínu telur meiri líkur á að menn setjist nú niður til viðræðna um frið þegar Bandaríkjastjórn hefur ákveðið að miðla málum. Hann er þess fullviss að Ísraelar muni ekki bera sigurorð af Palestínumönnum frekar en Palestínumenn geti unnið sigur á Ísraelum.

[12:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ekki verður fundin varanleg lausn sem stöðvað getur átökin, manndrápin og hörmungarnar sem geisað hafa milli Ísraela og Palestínumanna fyrr en palestínsku þjóðinni verða búnir þeir kostir að geta lifað sem frjáls þjóð í eigin landi. Ástandið sem verið hefur undanfarna daga og vikur er óþolandi með öllu og hörmungar almennra borgara, barna sem fullorðinna, með þeim ósköpum að enginn veit hver verður á líkbörum að morgni.

Alþjóðasamfélagið verður að leggjast á eitt með því að þvinga fram vopnahlé og stöðva ofbeldið, hryðjuverkin og brot á mannréttindum. Sendimaður Bandaríkjanna virðist hafa náð fram vopnahléi með viðræðum við Ísraelsmenn og vonandi hefur sá þrýstingur varanleg áhrif á friðarferlið. Ferðabanni Ísraela gegn Arafat þarf að aflétta sem lið í friðarferlinu sem fyrst.

Íslendingar geta beitt sér í málinu og eiga að leita stuðnings við það hjá norrænum þjóðum að á alþjóðavettvangi verði þrýst á Ísraelsmenn til þess að þeir dragi herlið sitt heim frá hernumdum svæðum í Palestínu. Taka ber málið upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með stuðningi annarra Norðurlandaþjóða. Þó að við séum lítil þjóð þá hafa ákvarðanir okkar og stuðningur einnig áhrif á alþjóðavettvangi eins og dæmin sanna. Má þar nefna áhrif okkar á hafréttarmál á sínum tíma og viðurkenningu okkar á sjálfstæði Eystrasaltsþjóða. Við getum lagt okkar af mörkum í þá veru að stuðla að friði milli Ísraelsmanna og Palestínumanna

Með Óslóarviðræðunum var samið um að af stað skyldi fara ákveðið ferli og að því að Palestínumenn gætu þróað með sér samfélag sem frjáls þjóð sem gæti smám saman veitt þegnum sínum þjónustu sem bráðnauðsynleg er, t.d. heilbrigðisþjónustu og aukna menntun. Allt þjónustukerfið er nú meira og minna í molum. Friður fyrir botni Miðjarðarhafs getur ekki komist á nema því aðeins að Palestínumenn fái að byggja upp sitt samfélag. Til þess kemur ekki með öðrum aðferðum en að koma sem fyrst á friði.

Til þess kann að þurfa alþjóðlegt gæslulið en eitt er víst að blóðbaðið verður að stöðva varanlega. Geti þessi tillaga orðið lóð á þá vogarskál er betur af stað farið en heima setið

og um þáltill. ættu því allir þingmenn að geta orðið sammála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:06]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðamál, 647. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 1044.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 646. mál, fsp. MF, þskj. 1043.

Mat á umhverfisáhrifum djúpborunar eftir jarðhita, 449. mál, svar umhvrh., þskj. 998.

Réttindi Norðurlandabúa, 644. mál, fsp. RG, þskj. 1041.

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, 643. mál, fsp. KolH, þskj. 1040.

Tilnefning á heimsminjaskrá UNESCO, 645. mál, fsp. KolH, þskj. 1042.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, nál. 1004 og 1030.

[12:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við höldum áfram að ræða frv. til laga um breytingar á virkjanaröð sem tekur nafn af virkjunum Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Ég held að óhjákvæmilegt sé í byrjun að fara nokkrum orðum um almennar aðstæður í málinu og vinnubrögðin sem þessu hafa tengst. — Spurning er hvort ég mætti geyma bunkann minn hérna hjá forseta og fá hann síðan til afnota. Það vantar hér alveg stórlega pláss í ræðustólnum, herra forseti, ef maður ætlar að hafa eitthvað af gögnum við höndina svo orð sé á gerandi.

Í fyrsta lagi, herra forseti, ætti þetta frv. náttúrlega ekki að vera á dagskrá. Það er algjörlega augljóst mál að veigamiklar forsendur skortir til að ræða þetta hér. Og það er ljótur svipur á því fyrir hið háa Alþingi að allir horfi upp á það að verið sé að þröngva í gegn máli sem ætti að sjálfsögðu að bíða með þangað til hlutirnir skýrast. Við getum bara sett það í samhengi við almenna vinnu hér og almennt afgreiðslu mála, ef þannig háttar til að Alþingi er með í höndunum mikilvæg viðfangsefni og svo koma upp einhverjar aðstæður sem skapa óvissu um forsendur málsins. Er það þá venjan að menn láti sem ekkert sé og keyri hlutina áfram með þeim hætti sem hér á að gera? Nei, yfirleitt mundi maður treysta því að menn dokuðu við a.m.k. og skoðuðu sinn gang. Við höfum farið fram á að það verði gert í þessu máli en á það hefur ekki verið fallist og það segir auðvitað sína sögu. Það staðfestir að þetta mál er pólitískt í grunninn, það er keyrt áfram með pólitísku valdi, pólitískri valdbeitingu þegar á þarf að halda, og lýtur ekki lögmálum faglegrar eða vandaðrar málsmeðferðar. Þetta mál sem fjárfesting eða sem fyrirtæki er ekki á markaðslegum forsendum. Það er eiginlega alveg augljóst mál að ef markaðsöflin hefðu átt að sjá um málið ein og sér þá væri það ekkert á dagskrá í dag.

Þetta er rétt að menn hafi í huga, herra forseti. Þetta er pólitískt mál, var frá byrjun og er það enn. Það var utanrrh. hæstv., 1. þm. Austurl., sem ætlaði að koma með álver í föðurhendi til Austfirðinga og leysa allan þeirra vanda þar með. Boðaði fagnaðarerindið í aðdraganda eða nokkru fyrir alþingiskosningar 1999, eins og menn muna.

Síðan hefur allmikið vatn til sjávar runnið og ekki síst í farvegi Jökulsár á Brú eða Dal, sem er nú eitt af mestu stórfljótum landsins, og ýmislegt breyst. Aftur og aftur hafa tímaáætlanir raskast og forsendur í málinu breyst, sem segir sína sögu um hversu ótrúverðugur og ótraustur málatilbúnaðurinn var í byrjun, að upphafsáformin öll eru hrunin og horfin á öskuhaug sögunnar. En það eru prjónaðar nýjar og nýjar ermar á þá peysu til að reyna að halda málinu áfram.

Þetta minnir mann á það, herra forseti, hversu ótrúlega tilhneigingu sagan hefur til að endurtaka sig. Þetta er svo nauðalíkt atburðarásinni t.d. á níunda áratugnum þegar mikið brölt stóð í kringum álver við Eyjafjörð og þá var hópur manna sem tók trú á það fyrirbæri, var á góðri leið með að sannfæra sig um að Eyjafjarðarsvæðisins biði ekkert nema niðurlæging og vesöld nema þangað kæmi álver. Hópur forustumanna í héraði og pólitískir ráðamenn lágu í ferðalögum, þeim var flogið á einkaþotum milli landa til að fá smjörþef af dýrðinni. Þetta var gert þrátt fyrir að allan tímann lægi ljóst fyrir að grundvallarforsendur málsins skorti í raun og veru.

Það skorti í fyrsta lagi stuðning heimamanna því að heiftarlegar deilur risu strax í héraði og skoðanakannanir sýndu að a.m.k. helmingur ef ekki meiri hluti Eyfirðinga var á móti því að fá stórt, mengandi álver inn í þennan þrönga, fagra og staðviðrasama fjörð. Og það skorti líka allt sem við átti að éta, þ.e. einhvern raunverulegan áhuga erlendra aðila og trúverðugar forsendur fyrir málinu, og það hrundi að lokum ofan í sjálft sig og segir ekki af því meir, sem betur fer, því að þá gátu Eyfirðingar hætt að bíða eftir álverinu sem aldrei kom og snúið sér að öðrum hlutum.

Og hvað hefur sagan sannað á Akureyri og við Eyjafjörð? Hefur hún ekki sannað að hægt er að lifa á fleiru en álverum? Hægt er að efla byggð og gera góða hluti á fleiri vegu, t.d. með því að reyna að snúa vörn í sókn í þeim undirstöðuatvinnuvegum sem fyrir eru á svæðinu, og það hefur gerst þar í sjávarútvegi og að nokkru leyti í iðnaði á nýjan leik. Hægt er að byggja á menntun, rannsóknum og sérhæfðri þjónustu, háskóla, deildaskiptu sjúkrahúsi o.s.frv.

Næsta lota í þessum málum var Keilisnesævintýrið. Hvernig byrjaði það? Það byrjaði á því að menn fóru hringinn og buðu mönnum álver. Boðið var upp á álver á Akureyri og við Eyjafjörð. Boðið var upp á álver við Húsavík, á Reyðarfirði, gott ef ekki fleiri stöðum. En að lokum var borið niður á Keilisnesi og þar átti að reisa risaálver. Og þar var nákvæmlega sama uppi á teningnum. Hópur heimamanna í héraði tók mikla trú á fyrirbærið, fasteignaverð fór að hækka á Vatnsleysuströnd og menn fóru í leiðangra. Menn fóru til Svíþjóðar að skoða aðstæður hjá Gränges. Menn fóru til Hollands að skoða hjá Hoogovens og menn fóru vestur til Kanada því að þessir aðilar ætluðu að leggja í púkk.

En svo fóru tímaáætlanir að bresta og það vantaði grundvallarforsendur málsins. Menn börðu höfðinu við steininn og skrifuðu jafnvel undir viljayfirlýsingar eftir að ljóst var að enginn áhugi var lengur hjá hinum erlendu aðilum á að byggja neitt álver. En sjálfsblekkingin komst á það stig að menn börðu höfðinu við steininn fram í rauðan dauðann og neituðu að horfast í augu við staðreyndir.

Svipað má svo segja að nokkru leyti um Fljótsdalsáætlanirnar, fyrstu Noral-áformin sem byggðu á hugmyndum um minna álver og virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Það fór eins og það fór og allir muna. Og nú erum við þannig stödd að aftur

og aftur bresta tímaáætlanir í þessu seinna Noral-verkefni og eina ferðina enn er komin upp óvissa um það hvort tímarammar haldi, svo ekki sé nú talað um málið sjálft, hvort raunverulega séu einhverjar efnislegar undirstöður undir því að ráðist verði í þessar framkvæmdir. Svona lítur þetta nú út, herra forseti, og áfram aðeins í sögunni.

Hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., hefur bæði í *framsöguræðu sinni á Alþingi sem mun hafa verið flutt* í gær og í fjölmiðlum farið mikinn í, svo vægt sé til orða tekið, ákaflega einhliða og einlitum áróðurssöng sínum fyrir þessari framkvæmd. Hv. þm. hefur gengið svo langt að hann hefur í raun skrifað allan hagvöxt og alla velmegun á Íslandi í ein hundrað ár á reikning þess sem hann kallar rafvæðingar landsins og stóriðjunnar. (**HjÁ:** Er það nú alveg rétt?) Já, það var nú nærri lagi hér í gær, hv. þm. Að vísu kom hv. þm. í ræðustól þegar honum var bent á að kannski hefði sjávarútvegurinn skipt einhverju máli og útfærsla landhelginnar og aðrir slíkir hlutir. Jú, hv. þm. tók undir það. En hann mundi lítið eftir því þegar hann fór hamförum hér í því að gylla það sögulega séð hvað stóriðjuuppbyggingin hefði verið gríðarlega mikilvæg.

Fegurstum orðum fór þó hv. þm. um byggingu Búrfellsvirkjunar og álverið í Straumsvík og hafði háðuleg orð um þá sem á sínum tíma hefðu haft efasemdir eða lagst gegn þeim áformum. Talað var um heimsósómatal eða heimsendaspár. Hv. þm. reyndi, og það hafa fleiri gert, að draga upp eitthvert samasemmerki á milli þeirra sem á sínum tíma höfðu efasemdir eða lýstu andstöðu við upphaflegu samningana um álverið í Straumsvík og byggingu Búrfells og þeirra sem nú eru í pólitík og nú eru á dögum og andæfa áformum um virkjun við Kárahnjúka. Það leyndi sér ekki að hv. þm. var að reyna að skrifa málflutning manna fyrir áratugum síðan með vissum hætti á kostnað þeirra sem nú standa kannski í sambærilegum sporum en eru að sjálfsögðu aðrir stjórnmálamenn á öðrum tíma og við aðrar aðstæður.

Þetta er nú heldur ómerkilegur málflutningur, herra forseti, því að hvert mál lýtur sínum efnislegu lögmálum og er í samhengi þess tíma sem það er statt í þannig að svona aðferð í málflutningi og röksemdafærslu dæmir sig sjálf, gefur sjálfri sér falleinkunn.

Það versta er þó ef menn vita ekki hvað þeir eru að tala um, ef menn hafa bara alls ekki þekkingu á því, hafa ekki hirt um að setja sig inn í málin, og það fullyrði ég að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi ekki gert. Það getur ekki verið að hv. þm. Hjálmar Árnason þekki þessa sögu um Búrfellsvirkjun og álverið í Straumsvík eins og hún í reynd er, því að þá mundi hv. þm. örugglega ekki tala eins og hann gerði. Þess vegna, herra forseti, ætla ég aðeins að hlaupa yfir þessa sögu. Kannski ég fái nú bunkann minn því að ég ætla að sækja mér í hann svolítið hráefni. Ég held að það veiti ekkert af að gerð sé tilraun til þess að setja hlutina í eitthvert samhengi. Ég geri það að sjálfsögðu á minn hátt og aðrir geta þá bætt um betur eða gert athugasemdir við það, allt eftir því sem þeim finnst við eiga.

Herra forseti. Það var á miðjum eða öndverðum sjöunda áratugnum sem menn fóru að leggja drög að samningum, þ.e. að fyrirtækið Alusuisse fékk allt í einu áhuga á Íslandi. Það er til skemmtileg frásögn af því hvernig það gerðist. Tveir höfðingjar, Müller og Mayer voru staddir í flugvél sem var að fljúga yfir pólinn og þá opnaðist allt í einu gluggi niður úr skýjunum og þeir sáu land, snævi þakið og jöklum, og hugsuðu með sér: „Heyrðu, það hlýtur að vera heilmikil orka þarna á þessu landi. Væri ekki sniðugt að kíkja á þetta? Það heitir víst Ísland." Og af því varð síðan mikil saga.

Það var farið í að skoða málið og þeir bönkuðu hér upp á, þessir menn, forstjórar eða ráðamenn fyrirtækisins Alusuisse, sem er svissneskur álframleiðandi, nokkuð stór. Og það hófust viðræður milli íslenskra aðila, viðreisnarstjórnarinnar sem þá sat að völdum og þessa erlenda álfyrirtækis og *leiddu að lokum til samninga og lagasetningar á Alþingi* um álver í Straumsvík og byggingar Búrfellsvirkjunar.

Hvernig var það nú, herra forseti? Var þetta svona rósum baðað eins og hv. þm. Hjálmar Árnason ímyndar sér að það hafi verið og gengur út frá í máli sínu, að þetta hafi verið svo óumdeilt og glæsilegt mál frá byrjun að ekki þurfi um að deila? Gullmola eða -kvörn held ég að hv. þm. hafi kallað Búrfellsvirkjun og fór miklum og hátíðlegum orðum um hinn góða vinnustað álverið í Straumsvík, og má til sanns vegar færa hvort tveggja.

En er ekki eitthvað fleira í þessari sögu en það að við Búrfell var hagstæður virkjunarkostur? Álverið í Straumsvík er í dag að mörgu leyti prýðilegur vinnustaður og hefur farið batnandi, verulega batnandi miðað við það sem var í byrjun þegar þar voru opin ker, mikil loftmengun og fleira mætti tína til. Jú, það er meira í þessari sögu, herra forseti. Trúboðendur stóriðju á Íslandi í dag ættu a.m.k. að varast að verða sér til skammar með því að afhjúpa algjöra vanþekkingu á bakgrunni og sögu þessara mála, en það tel ég að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi gert.

Hv. þm. skautaði algjörlega yfir þá hluti sem lúta að viðskiptum Íslendinga og þessa álfyrirtækis, Alusuisse. Hann skautaði yfir deilurnar um raforkuverðið, yfir erfiðleika Landsvirkjunar sem var að fara á hausinn vegna þess að hún fékk svo lítið fyrir rafmagnið og hann skautaði yfir svindlið sem fyrirtækið var staðið að, þ.e. að hafa haft milljarða á núgildandi verðlagi af íslenska þjóðarbúinu í skatttekjum sem okkur réttilega báru, með því að svindla, með því að hækka aðföngin í hafi á leiðinni frá Ástralíu til Íslands og með fleiri ráðstöfunum fela hagnaðinn og koma honum með ólögmætum hætti úr landi. Við skulum aðeins fara yfir þessa sögu því að það kann að vera hollt fyrir þá menn sem véla um í dag að reyna þá að forðast að gera sömu mistökin, sömu mistökin og gerð voru í samningunum við Alusuisse á sínum tíma, 1964–1965, og reyndar sömu mistökin og gerð voru aftur í samningum við norska fyrirtækið Elkem um járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Af því að sagan hefur þessa undarlegu tilhneigingu til að endurtaka sig þá er maður órólegur þegar maður sér menn koma gjörsamlega heittrúaða og sannfærða þannig að engar efasemdir komast að um að þeir séu að gera rétt og þeirra málstaður sé lýtalaus og óaðfinnanlegur.

Veit hv. þm. Hjálmar Árnason hvert upphafsverðið á rafmagni frá Búrfellsvirkjun til Alusuisse var? Veit hv. þm. það? Ég er ekki viss um það. Það voru 3 mill, $^{3}/_{1000}$ úr dollara. Það var nú allt og sumt. Eru það ekki 30 aurar í dag? Jú. Vissulega hefur verið ákveðin alþjóðleg verðrýrnun á þessum tíma sem við skulum taka inn í myndina. En þá kemur nú að öðrum þætti. Samningurinn var svo forkostulega gerður að það voru engar verðtryggingar í honum, engar. Þó að hann tæki mið af dollar þá rýrnaði hann því jafnt og þétt um verðbólgu í Bandaríkjunum eða alþjóðlega verðrýrnun sem dollarinn tók á sig. 3 mill á kílóvattstund var upphafsverðið.

Þessir samningar reyndust Íslendingum svo dýrkeyptir að eins og áður sagði var Landsvirkjun við það að fara á hausinn

á árunum áður en tókst að knýja þarna fram leiðréttingar. Aftur og aftur á áttunda áratugnum varð að hækka raforkuverð til almennings sérstaklega til þess að Landsvirkjun réði við skuldbindingar sínar. Þessu geta menn flett upp ef þeir trúa því ekki. Enda segir það sig sjálft að þetta hörmulega orkuverð án nokkurra verðtrygginga bar dauðann í sér.

Í tengslum við stækkun álversins í Straumsvík á árunum 1974–1975, þ.e. einum sex, sjö árum eftir að það tók til starfa — það tók til starfa 1969 — náðist fram hækkun á orkuverðinu í 6,5 mill. Og við það sat alveg fram um 1980 og reyndar í aðalatriðum alveg til 1984 þegar stóra stökkið náðist í leiðréttingu á orkuverðinu.

Platan hjá þeim sem vörðu þessa samninga á sínum tíma var sú að samningurinn væri svo góður, að upphafssamningurinn væri svo góður að hann mundi borga sig upp á 19 árum. Íhaldið stóð hér í ræðustólnum, hvort sem það var nú þessi eða annar og eldri panell, og þandi sig með það að samningurinn væri svo góður að Búrfellsvirkjun mundi borga sig á 19 árum. Annað kom á daginn. Landsvirkjun var að sligast undan þessum samningi enda voru hlutirnir þannig í pott búnir að þegar verst lét fóru tekjurnar sem Landsvirkjun fékk af orkusölunni til Straumsvíkur niður í 20% af heildartekjum fyrirtækisins þó að Alusuisse væri að kaupa helminginn eða meira en helminginn af orkunni. Fyrsta heila árið sem rafmagn var selt til Straumsvíkur skilaði það 55% af tekjum Landsvirkjunar. En þetta hlutfall fór niður í 20% árið 1975 og hafði þá ekki orkunotkun í landinu aukist að neinu ráði þannig að hlutföllin í orkunotkuninni voru í aðalatriðum óbreytt. Stóriðjan ein tók þessa miklu orku frá þessari langstærstu virkjun þjóðarinnar, sem var. En hún borgaði bara 20% af verðinu sem greitt var fyrir rafmagn á Íslandi árið 1975. Þetta hlutfall rokkaði þarna á bilinu kannski 20–34% á árabilinu 1973, 1974 og fram um 1980. Árið 1981 var þetta hlutfall 24,5%, tæpur fjórðungur, og um 20% aftur í árslok 1982. En þá var búið að hækka verðið til almenningsveitna ítrekað umfram verðlag til þess að reyna að rétta af stöðu Landsvirkjunar og var í reynd með því augljóslega verið að brjóta lögin sem segja og sögðu þá eins og þau gera enn í dag, að óheimilt væri að hækka verð til almennings vegna framleiðslu til stóriðju.

Upphafssamningurinn um Búrfell var þannig að hann var til mjög langs tíma, sumpart til 45 ára ef ég man rétt. Alla vega man ég að í ræðustóli á Alþingi gerði Einar Olgeirsson þá athugasemd að hann teldi að Alþingi hefði ekki leyfi til þess að hneppa þjóðina í slík ólög til svona langs tíma. Önnur ákvæði samningsins voru til 25 ára. Ég held að raforkuverðið hafi a.m.k. verið alveg bundið í 25 ár og það var þetta hörmulega lága upphafsverð sem ég hef hér farið yfir.

Það er ekki fyrr en ný ríkisstjórn er tekin við völdum 1980 að skriður kemst á þessi mál enda sáu allir að það var algjörlega knýjandi og brýnt að ná þarna breytingum fram. Almennir orkunotendur í landinu voru að kikna undan byrðunum af því að borga niður fjárfestingarnar vegna stóriðjunnar. Og þá gerist það að það tekst að sanna á fyrirtækið þetta svindl. Það kemur í ljós að fyrirtækið er ekki barasta að fá niðurgreiðslur á orkunni í landinu heldur svindlar það og borgar ekki eðlilega skatta af þeim hagnaði sem með réttu hefði átt að telja fram hér á Íslandi. Það gerði það þannig að það falsaði tölur um verð á súráli og þegar því var skipað upp í Straumsvík og það talið fram til skatts á Íslandi þá var það orðið miklu dýrara en það hafði raunverulega verið keypt á á grundvelli leynisamninga niðri í Ástralíu. Þetta fékk á sig heitið „hækkun í hafi“ og varð frægt mál.

Á þágildandi verðlagi kom í ljós að fyrirtækið Alusuisse hafði snuðað íslenska ríkið um 10 millj. dollara. Í tengslum við þetta brot á samningnum sköpuðust aðstæður til að krefja fyrirtækið um breytingar á honum, þar með talið á raforkuverði. Fyrirtækið þverskallaðist við, málinu var skotið í gerðardóm í New York og það var orðið bundið í þessum gerðardómi sem betur fer þegar stjórnarskipti urðu 1983. Íhaldsframsóknarstjórnin sem tók við gat því ekki losað málið út úr dómnum og allir vissu að það var gjörunnið fyrir íslenska ríkið. Engu að síður valdi sú stjórn að gera dómsátt en hún fól þó í sér tvöföldun til þreföldun á raforkuverðinu sem stóð, eins og áður sagði, í 6,5 eða kannski rúmlega 7 mill, fór í 12,5–18,5 eftir því hvernig heimsmarkaðsverð á áli þróaðist.

Tvöföldun til þreföldun á beinum tekjum Landsvirkjunar vegna orkusölu til Straumsvíkur náðist í gegn þarna. Og það er einn maður öllum öðrum fremur sem á heiðurinn af því, og hann heitir Hjörleifur Guttormsson. Hann stóð í þessum slag við risann og vann. Fyrirtækið Alusuisse var neytt til þess að greiða stórhækkað raforkuverð og fara að hafa rétt við í sambandi við skattgreiðslur til íslenska ríkisins.

Þetta geta glöggir menn síðan reiknað, og það var gert fyrir allmörgum árum. Þá stóð það á þágildandi verðlagi, ef ég man rétt, í 8 milljörðum sem Landsvirkjun var búin að fá í viðbótartekjur vegna þess að það tókst að brjóta upp hörmungarsamningana frá 1965 og knýja fram hækkun á orkuverðinu. Það er sennilega á bilinu 15–20 milljarðar á núgildandi verðlagi. Ég tek þó fram að ég hef þá fyrirvara á þessum tölum að ég hef ekki haft tíma til að reikna þær nákvæmlega. En ég skýt því svona fram að það gæti a.m.k. verið af þeirri stærðargráðu sem Landsvirkjun er búin að fá í hreinar viðbótartekjur því að fasti kostnaðurinn er nákvæmlega sá sami. Til viðbótar er íslenska ríkið án nokkurs vafa búið að fá talsverðar viðbótarskatttekjur vegna þess að flett var ofan af svindlinu.

Er ekki svolítið brothætt hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að tala eins og hann gerði í gær og hefur gert í fjölmiðlum, að láta annaðhvort eins og hann viti ekki af þessari sögu eða kannski bara að sanna að hann þekki hana ekki? Hann þekkir ekki betur en þetta til málanna sem hann er að tala um. Hann skautar yfir þetta allt. Hver er svo rúsínan í pylsuendanum, herra forseti? Hv. þm. Hjálmar Árnason er núna í Framsfl. og talar sem sanntrúaður framsóknarmaður og ekki drögum við það í efa — það er framsóknarmaðurinn Hjálmar Árnason, þingmaður Reyknesinga, sem fór þessum hörðu orðum um þá sem höfðu efasemdir og spyrntu gegn hörmungarsamningnum um álverið í Straumsvík á sínum tíma. Munum eftir því. Rúsínan í pylsuendanum er auðvitað sú að Framsfl. var á móti samningnum 1965. Hjálmar Árnason er að reka rýtinginn í bakið á öllum þeim ágætu þingmönnum Framsfl. sem stóðu í lappirnar og greiddu atkvæði gegn hörmungarsamningnum, raforkuverðinu og öllu því á sínum tíma, undir forustu Eysteins Jónssonar. Og þá verð ég að segja að lítið verður úr kappanum Hjálmari Árnasyni þegar hann er settur í þetta sögulega samhengi og stendur eins og peð við hliðina á risanum Eysteini Jónssyni. Sá stóð í lappirnar, var framsýnn maður sem reyndi að gera Framsfl. að grænum flokki fyrir 20–30 árum. Því verki reyndi seinni formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, að halda áfram. En hvar er Framsfl. nú staddur í þessum efnum?

Undirlægjan er algjör, umhverfisviðhorf flokksins eru forneskja. Framsókn er orðin að hægri sinnuðum Evrópukratastóriðjuflokki. Hann er það. Hann hefur gjörsamlega skautað yfir sögu sína og lítilsvirðir minningu fyrrverandi foringja sinna og afstöðu þeirra á Alþingi. Það gerir hv. þm. Hjálmar Árnason og það er sjálfsagt órólegt í gröfunum víða þegar hv. þm. talar um málin eins og hann gerir hér. (**ÍPG:** Talar fornleifafræðingur?)

Herra forseti. Árið 1965, 23. apríl, voru í þessum sal greidd atkvæði um lagafrv. um álbræðslu við Straumsvík. — Stundum er sagt að menn snúi sér við í gröfinni, og það þykir ekki dónalegt að taka svo til orða, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason. Það var til þess sem ég var að vísa. Mér þykir ekki ólíklegt að ýmsir framliðnir mætir framsóknarmenn næstum snúi sér við í gröfinni þegar þeir heyra fjallað um söguna með þessum hætti sem hv. þm. Hjálmar Árnason hefur gert hér. — Þá voru þannig greidd atkvæði að þingmenn viðreisnarflokkanna, sem báru auðvitað málið fram sem stjfrv., greiddu því atkvæði en nei sögðu allir þingmenn Alþýðubandalagsins og þingmenn Framsfl. aðrir en Björn Pálsson og Jón Skaftason sem sátu hjá. En nei sögðu Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Suðurl., faðir núv. landbrh., Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Suðurl., Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austurl., Hjörtur Eldjárn Þórarinsson frá Tjörn í Svarfaðardal sem þá sat á þingi sem varaþingmaður, Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf., Vilhjálmur Hjálmarsson sem þá sat á þingi sem varaþingmaður fyrir Austurland og Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Þessir ágætu framsóknarmenn greiddu allir atkvæði gegn samningnum og eiga heiður skilið fyrir það. Og þeir gerðu það vegna þess að þeir sáu að hann var vondur. Hann var ekki í þágu íslenskra hagsmuna enda hefði íslenska þjóðarbúið farið illa út úr þeim hlutum ef ekki hefði, þótt seint væri, tekist að leiðrétta þessi mistök. Og það var ekki sjálfgefið að það tækist en aðstæður til þess sköpuðust vegna þess að fyrirtækið var staðið að svindli, eins og ég hef áður farið yfir.

Þarf nú ekki hv. þm. Hjálmar Árnason að endurskoða aðeins söguþekkingu sína að þessu leyti og taka öðruvísi til orða um þessi mál? Ég held það. Ég held að það væri hyggilegt af hv. þm. Út af fyrir sig getum við farið betur yfir hlutina ef hv. þm. hefur áhuga á því. Það er sjálfsagt að lengja þennan fyrirlestur, þetta smánámskeið fyrir framsóknarmenn í sögu síns eigin flokks, ef þeir vilja meira. Af nógu er að taka. Svona er þetta, herra forseti.

Í öðru lagi og þriðja, herra forseti, finnst mér nauðsynlegt í þessu máli að vera vel á verði gagnvart því hvernig hlutirnir eru lagðir upp af hálfu okkar Íslendinga. Ég er í engum vafa um að mistökin sem menn hafa aftur og aftur gert eru ekki bara vegna þess að menn eru glámskyggnir, klaufar, aular og láta plata sig í samningum. Þau eru vegna þess að nálgunin er röng, hugarfarið er vitlaust. Menn mæta á hnjánum í örvæntingu, þeirri trú að þeir verði að fara bónarveg að samstarfsaðilum sínum, biðja þá að koma, hafa allar gáttir opnar og lýsa því í raun og veru yfir fyrir fram að bara ef menn vilji vera svo góðir að koma og gera eitthvað séu þeir velkomnir. (**ÍGP:** Þeir eru eins og Sovét og Pólland.) Rafmagnsverðið og umhverfismálin, skattamálin og annað því um líkt séu aukaatriði.

Já, hv. þm. nefnir Sovét og Pólland. Það var gott að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sem mér heyrðist kominn í Evrópusambandsklúbbinn áðan — ég get ekki óskað honum til hamingju með það enda sá ég að hæstv. landbrh. var fölur sem nár þegar menn töluðu hér, óbreyttir liðsmenn Framsfl., og virtust heldur vera að hallast að Evrópulínu formannsins. Sovét og Pólland, já. Er ekki einmitt hægt að læra ýmislegt af mistökunum þar? (**ÍGP:** Og leggja niður Alþýðubandalagið.) Gerðu menn ekki heilmikil mistök? Ja, það á nú að leggja niður Framsfl. líka með því að ganga inn í Evrópusambandið, það var upplýst hér áðan. Það var upplýst áðan að Framsókn mundi þá heyra sögunni til því að menn yrðu að ganga í hinn evrópska miðjuflokk.

Ég held nefnilega að þessi risaáform við Kárahnjúka og risaálverið á Reyðarfirði séu angi af nákvæmlega sömu feilhugsuninni og menn gerðu sig stundum seka um þarna eystra. Það átti að leysa hlutina með gríðarlegum verksmiðjum sem miðstjórnarvaldið tæki ákvörðun um að setja hér, eða þar. Opinbert fé væri notað eftir þörfum og pólitískt vald sömuleiðis til að drífa hlutina áfram.

Mönnum getur yfirsést og mistekist eins og dæmin sanna. Kárahnjúka- og Reyðarálsverkefnið er langstærsta ríkisframkvæmd sem verið hefur á dagskrá á Íslandi, a.m.k. á seinni áratugum ef ekki í allri sögu þess. Það er algjörlega ljóst. Og þetta er ekkert annað en pólitískt ríkisframtak. Það byrjaði þannig, það hefur verið rekið þannig áfram og ef það yrði að veruleika mundi það enda þannig. Hálfopinberir og opinberir aðilar bæru hitann og þungann af verkefninu, stæðu á bak við fjárfestinguna, væru ábyrgir, ríkið, Reykjavíkurborg, Akureyri og jafnvel lífeyrissjóðir landsmanna. Varla er hægt að geirnegla þetta betur þannig að það er svoleiðis gjörsamlega augljóst mál að hvað sem á dyndi yrðu menn að halda þessu á floti með peningum skattborgaranna eða í gegnum rafmagnsreikningana til almennings. Á þessum herðum hvílir áhættan.

Já, herra forseti, ég held að það sé hugarfarið. Ég held að það sé þessi nauðhyggja álstóriðjusinna sem villti mönnum sýn á sjöunda áratugnum og þeim áttunda þegar þeir gerðu mistökin í sambandi við upphaf samninganna um álverið í Straumsvík og hliðstæð mistök í samningum um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, sem hefur auðvitað borgað dapurlega lágt rafmagnsverð lengst af, og íslenska ríkið hefur þurft að endurfjármagna aftur og aftur. Það er reiknað í nokkrum milljörðum sem hefur verið borgað þangað inn. Það er vegna þess að menn nálguðust þetta frá röngum sjónarhóli og lögðu ekki réttar grundvallarforsendur undir verkefnin, að þau sem slík stæðust hjálparlaust, væru sjálfala, sjálfbær, og að ekki þyrfti að knýja þau áfram með opinberum tilstyrk eða meðgjöf.

Þetta, herra forseti, þurfum við að geta rætt einarðlega og haldið aðgreindu frá því að viðkomandi vinnustaðir eru góðir vinnustaðir í dag og þar vinnur afbragðsstarfsfólk og hefur ágæt laun. Það er bara allt annað mál. (**Gripið fram í:** Er það ekki slæmt?) Það er nefnilega ekki slæmt, það er gott í sjálfu sér. En sú staðreynd ein og sér, eða það mat okkar í dag, breytir ekki sögunni, breytir ekki því liðna, þeim staðreyndum sem ég hef hér farið yfir varðandi það hvernig þetta stóð gagnvart þjóðarbúinu á sínum tíma og því sem menn mættu í gegnum þessa samninga.

Auðvitað er Búrfellsvirkjun smátt og smátt sem afskrifað mannvirki að verða hin ágætasta gullkvörn. Það er að sjálfsögðu rétt þegar búið er að borga niður lánin og það hafa almennir notendur gert í verulegum mæli. Stóriðjan hefur auðvitað gert það líka, einkum eftir að tókst að hækka rafmagnsverðið. Og þannig er það náttúrlega með aðrar slíkar

framkvæmdir, þegar menn hafa borgað niður stofnkostnaðinn eru þær, ef allt gengur vel, hin þörfustu og mætustu fyrirbæri. Og það er hverju orði sannara að hagkvæmar vatnsaflsvirkjanir hverra rekstur gengur vel eru einhverjar mestu gullkvarnir sem til eru. Það þekkja menn vítt um land, bændur og aðrir sem hafa reist smáar virkjanir. Eins og einn ágætur vinur minn fyrir norðan orðaði það: Eftir að ég er búinn að borga niður virkjunina þarf ég ekki að gera annað en skipta um legur á tíu ára fresti. Að öðru leyti hef ég ókeypis rafmagn.

Það er t.d. alveg ljóst að Laxárvirkjun var orðin að algerri gullkvörn í höndum Akureyringa þegar þeir gerðu, að mínu mati, þau reginmistök að setja hana inn í Landsvirkjun. Sogsvirkjanirnar voru geysilega hagkvæmar og þjónuðu Reykvíkingum vel, enda var auðvitað borið niður þar sem hvað ódýrast og einfaldast var að virkja. Þetta eru góðar virkjanir, beinar rennslisvirkjanir í ám með jafnt rennsli, Laxá og Soginu sem báðar eru miðlaðar gegnum stöðuvötn. Það er ekki að spyrja að útkomunni í slíkum tilvikum.

En ruglum þessu ekki saman við það að sagan geymir hluti sem við getum lært af, dýr mistök sem menn gerðu í samningum og samskiptum við erlenda aðila, blindaðir af glýjunni um að þetta væri það eina sem gæti orðið þeim til bjargar. Er nema von að þannig fari, herra forseti, þegar hugarfarið er eins og t.d. það var þegar menn gáfu út þennan bækling hér, þennan fræga bækling sem var tekinn úr umferð og er næstum því jafnverðmætur safngripur og ónefnd eintök af Speglinum, af því að höfundarnir vilja nú lítið við hann kannast. Lægsta raforkuverð í Evrópu, stendur á forsíðu: „Lowest energy prices in Europe", stóð þar.

Meira var í þessum ágæta kynningarbæklingi sem Markaðsskrifstofa ríkisins eða ráðuneytis og Landsvirkjunar, eða hvað það nú var, MIL, gaf út á sínum tíma. Mér er sagt að náðst hafi að innkalla þennan bækling eiginlega alls staðar nema í sendiráðinu í Washington, þar muni eitthvert upplag hafa verið í umferð mun lengur en annars staðar. Á þessu kann ég ekki skýringar.

En í bæklingnum er gengið lengra. Því er t.d. lofað að það sé ekkert verið að þvælast fyrir mönnum með umhverfiskröfur, ef þeir vilji vera svo góðir að koma til Íslands og reisa þar stóriðju þá fái þeir ekki bara lægsta raforkuverð í Evrópu — það er fín samningsstaða að gefa það út fyrir fram, er það ekki? — heldur sé „minimum of red tape". Það er sem sagt ekki verið að þvælast fyrir mönnum með miklum umhverfiskröfum eða öðrum kröfum sem svona starfsemi þarf að uppfylla, bara ef þið komið.

Svo er talað um launin. Það vantar nú ekki. Í boði eru einhver lægstu laun í Evrópu þannig að álfyrirtækið eða stóriðjufyrirtækið þarf ekki að hafa áhyggjur af því að kröfuharðir menn verði með kjaft og ætli að heimta hátt kaup því að það er búið að segja þeim það í bæklingnum að ef þeir komi þá fái þeir einhver lægstu laun sem þekkt séu á byggðu bóli, og að sérstaklega sé allur launatengdur kostnaður algjörlega í lágmarki, sem er út af fyrir sig rétt og liggur fyrir samkvæmt skattalögum.

Fleira er stórkostlegt í þessum bæklingi, herra forseti, eða öllu heldur sorglegt, því að auðvitað er það neðan við allar hellur að menn skuli leyfa sér að láta svona frá sér fara í nafni þjóðarinnar í raun og veru. Það er yfirgengilegt, herra forseti, að svo seint sem í janúar 1995 fór þetta í prentun, þar sem Ísland er falboðið erlendum auðhringum eins og þriðja heims ríki sem gerir hvað sem er til þess að fá einhverja erlenda fjárfestingu til sín. Það er lofað svo gott sem lægsta rafmagnsverði á byggðu bóli. Það er lofað því að vera ekki með umhverfiskröfur sem valdi mönnum erfiðleikum. Það er lofað lágum launum o.s.frv. Er þá von að menn geri góða samninga? Er ekki von að menn segi: „Já heyrðu, kíkjum þarna á Ísland. Það er nú ansi áhugavert. Þeir bara svo gott sem lofast til að gefa okkur rafmagnið og að vera ekkert að þvælast fyrir okkur með umhverfismál og annað í þeim dúr."

Herra forseti. Menn byrja samningana með öðrum orðum á hnjánum. Það er auðvitað það sem hefur gerst, því miður. Aftur og aftur hafa menn gengið til svona leiks, verið búnir fyrir fram að taka sig alveg gjörsamlega niður að gólfinu.

Þessi bæklingur, þessi frægi safngripur hér var afturkallaður. Hann hvarf. Ég tel það nú ekki þakkarvert. (**IGP:** Saknarðu þess?) Menn skömmuðust til þess að taka hann úr umferð því að einhverjir urðu auðvitað til þess að benda þeim á að þetta væri nú ekki mjög gáfulegt.

En hefur svo mikið breyst? Hefur mikið breyst? Nei. Það nefnilega er það sorglega. Ég er hér með næsta eintak eða eitt af nýlegri eintökunum. Kápan er sömuleiðis mjög falleg. Það er glæsileg mynd af höfuðborgarsvæðinu á forsíðu, staðsetning á Íslandi, vaxtarmöguleikar og það er Fjárfestingarskrifstofan sem gefur út.

Ég fór að fletta þessu og bera saman, herra forseti. Það er vissulega búið að ritskoða aðeins orðalagið. Það er ekki lengur lofað lægsta orkuverði í Evrópu. En tónninn er gefinn í þá átt. Það er talað um mjög samkeppnishæft orkuverð. Svo er talað um hreint, náttúrulegt umhverfi. Því er lofað þeim sem kynnu að vilja koma til landsins og menga það svolítið. Reyndar er líka talað um lýðræðislegt og stöðugt stjórnmálaumhverfi. Það má kannski segja að það hafi verið stöðugt síðustu tíu, ellefu árin, sami forsrh. En hefur það að öllu leyti verið svo lýðræðislegt? Um það er nú deilt.

Herra forseti. Þegar þessu er flett betur sést að verið er að reyna að gera það fýsilegt á alla enda og kanta að koma til landsins og það er gengið mjög langt í því að segja það fyrir fram að Íslendingar verði nú viðráðanlegir í öllum samningum og hvað alla kröfugerð snertir. Hér er t.d. talað um umhverfismál og að það kunni að þurfa umhverfismat. „Environmental impact assessment may be required." En það er hægt að fá góða ráðgjafa til að leysa þau mál, segir svo í næstu setningu.

Nú, það vantar ekki, sem er sjálfsagt rétt að nokkru leyti, að hér sé menntað vinnuafl og mjög vinnufúst. Og svo kemur það: „Competetive labour costs." Þeir eru líka viðráðanlegir í samningum, þessir launamenn á Íslandi, ekki mjög kröfuharðir. Þar eru mjög samkeppnisfær laun, já.

Fleira er á þessum nótum, herra forseti. Orkulindir landsins bara eins og þær leggja sig eru falboðnar. Það er sagt að Ísland sé eina landið í Vestur-Evrópu sem enn þá eigi miklar orkulindir sem séu mjög hagkvæmar til að virkja og svo sé jarðhitinn þar að auki sem eigi eftir að virkja, vel að merkja, „remaining to be harnessed". Það á virkja það sem sagt. Það á bara eftir að gera það. „Komið þið. Okkur vantar menn til að virkja." Það er tónninn í þessu. Aftur og aftur er talað um mjög samkeppnishæft eða samkeppnisfært orkuverð sem þegar hafi dregið að sér nokkra erlenda fjárfesta. Talað er um 30 gígavattstundir í rafmagni og síðan jarðhitann til viðbótar.

Svo kemur nú rúsínan í pylsuendanum, herra forseti, sem ágætt er að hafa í huga þegar við erum að ræða hana Kárahnjúkavirkjun með öllum þeim hrikalegu umhverfisspjöllum sem henni fylgja. Mér þykir leitt að hafa ekki haft tíma til

að þýða þetta allt saman á góða íslensku. En hér segir, með leyfi forseta:

„Bæði vatnsafl og jarðhiti eru endurnýtanleg eða sjálfbær og“ — þetta treysti ég mér nú eiginlega ekki til að þýða. Ég held að það verði að hljóma á frummálinu — „supremely environmentally friendly/„green“.“

„Supremely environmentally friendly/„green““, þ.e. að orkan okkar íslenska sé ekki bara vistvæn, hún er alveg súper ... (**Gripið fram í:** Einkar.) einkar umhverfisvæn. Ég þakka hv. þm. Hún er einkar umhverfisvinsamleg, environmetally friendly, /græn.

Við erum með öðrum orðum að reyna að telja útlendingum trú um það t.d. að ef við færum í Jökulsá á Fjöllum eða Kárahnjúkavirkjun þá séum við með einkar umhverfisvinsamlega framkvæmd, græna framkvæmd.

Er þetta nú ekki innstæðulaust? Er þetta ekki villandi? Er ekki verið að reyna að lokka menn til landsins á fölskum forsendum? Ég segi jú. Þetta er auðvitað áfram ósæmandi framsetning mála. Ég mótmæli þessu fyrir hönd þjóðarinnar, því að þeir menn sem eru á roklaunum við að selja landið geri það með þessum hætti. Þessi bæklingur á líka að fara úr umferð og höfundarnir eiga að skammast sín. Það á ekki að standa svona að málum.

Það er allt annar hlutur að kynna Ísland og kosti þess málefnalega og heiðarlega en að lofa svona hlutum upp í ermina á sér og vera með rangar fullyrðingar af því tagi að öll íslenska vatnsorkan og jarðorkan sé einkar umhverfisvinsamleg og græn. Það er rangt. Það er það.

Mundi einhver heilvita maður reyna að halda því fram (Gripið fram í.) að ef við t.d. gengjum svo langt að taka Jökulsá á Fjöllum eða Hvítá með Gullfossi og virkja hana þá væri það einkar umhverfisvinsamlegt og grænt? Eða eru menn tilbúnir til að fara inn á sérstæðustu háhitasvæðin og reisa þar mannvirki, leggja þar vegi, leggja þar pípur o.s.frv.? Ég efast um það. (**Gripið fram í:** Framsókn ...) Kannski Framsóknarflokkurinn. En ég vona þá að það verði ekki fleiri sem fylgja þeim að málum.

Herra forseti. Það tel ég að eigi að hafa í huga í þessu sambandi að þessi nálgun er röng. Hún hefur leitt okkur í ógöngur aftur og aftur og við höfum því miður allt of lítið lært, eins og sést af því að enn eru bæklingarnir svona. Nú hef ég að vísu ekki ártal á þessu. Mér gekk illa að finna það, herra forseti. En þetta er tiltölulega mjög (Gripið fram í.) nýlegt rit, þykist ég vita. Og tónninn hefur þó ekki breyst meira en raun ber vitni frá því í janúar 1995.

Saga Kárahnjúkaverkefnisins hingað til, til dagsins í dag, er himinhrópandi sönnun þess hve lítið hefur í raun breyst. Valdbeiting umhvrh. þegar afdráttarlausum úrskurði skipulagsstjóra var snúið við segir sína sögu um það hvernig þessi mál standa á Íslandi enn þann dag í dag.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á.)

Það stendur einstaklega vel á núna því að ég ætlaði að segja skilið við þessa sögufræðslu og upprifjun í aðalatriðum u.þ.b. núna og snúa mér að Kárahnjúkavirkjuninni sjálfri og ræða svolítið um hana sem framkvæmd. Þar af leiðandi er það alveg prýðilegt, herra forseti, ef forseti fellst á það að ég geri hlé á máli mínu einmitt núna.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.)**:**

Herra forseti. Ég náði ekki að ljúka máli mínu fyrir hádegisverðarhlé enda málið stórt og margt sem leitar á hugann í tengslum við það. Ég hafði aðeins hlaupið yfir ýmislegt sem lýtur að almennum kringumstæðum málsins og sögunni. Mér finnst mönnum skylt að halda henni til haga og segja má að það sé öðrum þræði uppeldislegt atriði að menn hafi í huga, ef þeir eru fullyrðingasamir, að einhverjir kunni að nenna að leggja á sig að afla sér gagna, setja sig inn í málin og láta söguna njóta sannmælis, ef svo má að orði komast. Menn geti ekki vaðið áfram með fullyrðingar út og suður og gildishlaðna framsetningu mála þvert á staðreyndir sögunnar í trausti þess að enginn hafi fyrir því að leiðrétta það sem þar kann að vera missagt. Því miður virðist það æðioft vera svo að mönnum finnist þeir hafa sjálfdæmi gagnvart því og geti sagt hvað sem er um hluti strax og liðin eru 5–10, svo maður tali nú ekki um 20–40 ár frá því að atburðirnir gerðust. Þannig á það auðvitað ekki að vera. Menn eiga ekki að komast upp með að umskrifa söguna eftir geðþótta sínum og hag í pólitískri orrahríð á líðandi stundu. Menn eiga það þá a.m.k. á hættu að einhverjir kunni að taka þá í karphúsið og leiðrétta það sem þar er farið rangt með. Ég taldi þar af leiðandi óhjákvæmilegt að gera nokkrar athugasemdir við málflutning hv. þm. Hjálmars Árnasonar eins og hann kom mér fyrir sjónir í þessum umræðum. Reyndar hefur hv. þm. verið með svipaðan málflutning uppi í fjölmiðlum að undanförnu.

En ég ætla að snúa sjónum að Kárahnjúkavirkjuninni hinni miklu, fyrirhugðu, og ræða aðeins um þá framkvæmd og það svæði þar sem hún yrði staðsett. Ég passa mig að vanda mig á að tala jafnan í viðtengingarhætti því að ég bind enn vonir við að ekki verði af þessari framkvæmd því að ég held að hún sé ekki skynsamleg og ekki réttlætanleg, herra forseti, með þeim miklu fórnum sem henni yrðu samfara.

Það fyrsta sem menn verða auðvitað að líta á er sú staðreynd að með því að ráðast í Kárahnjúkavirkjun og allar tilheyrandi framkvæmdir og mannvirkjagerð þá hefjast menn handa um mannvirkjagerð og röskun á stærsta ósnortna víðerni landsins, hálendinu norðan og norðaustan Vatnajökuls, og þó víðar væri leitað. Þetta er eitt af stærri svæðum af því tagi sem eftir eru á byggðu bóli á jörðinni. Slík ákvörðun verður ekki aftur tekin. Það er ljóst að ef menn fara þarna í risaframkvæmdir með tilheyrandi mannvirkjagerð, vegalögnum, línulögnum, uppistöðulónum og vatnaflutningum verður þetta svæði aldrei samt aftur. Þessi ákvörðun er óafturkræf og hún er alveg gríðarlega stór.

Ég held að þessi ákvörðun sé stærst í þessu samhengi. Fjárfestingin er vissulega mikil. Það yrðu miklar skuldir sem þjóðarbúið fengi á herðarnar og efnahagslega óvissan og áhættan er mikil. En í mínum huga er þessi ákvörðun stærst í samhengi við að þarna yrði hafist handa og raskað þessu stóra svæði sem enn er lítt eða ósnortið. Því yrði aldrei aftur breytt. Þar af leiðandi er íslenska þjóðin, sem auðvitað á þetta land saman, stödd frammi fyrir gríðarlega stórri ákvörðun. Þannig er þetta sem ákvörðun í landnýtingar- og skipulagsmálum gríðarlega stór ákvörðun. Menn takast á um og deila oft um spurningar um einstakar framkvæmdir eða breytingar á umhverfi í sínu nærumhverfi. Þar verða heitar og harðar deilur um hvort byggja eigi hverfi á útfyllingu í þessari vík, leggja hraðbraut um þennan græna dal o.s.frv. En þar eru menn að tala um litla staðbundna framkvæmd sem

hefur áhrif á umhverfi sem nær yfir nokkra ferkílómetra eða minna. En hérna erum við að tala um stórt svæði um miðbik landsins. Það má heita að eftir að hættir að sjá til mannvirkja á Sprengisandsleið ofan við Kvíslarveitur sé um ósnortið eða lítt snortið víðerni að ræða norður um Sprengisand. (**PHB:** Engir vegir?) Það eru vegaslóðar, ekki uppbyggðir, sem að miklu leyti hverfa, verða sandi orpnir og hverfa á 5–50 árum ef náttúran fengi að hafa sinn gang. Það sæi ekki mikið af slóðunum við Fjórðungsöldu í sandinum þar ef þeim væri ekki viðhaldið árlega, hv. þm. Pétur Blöndal. (**PHB:** Engir ferðamenn?) Ferðamenn jú.

Það er ekki verið að tala um, herra forseti, — ef þessi frammíköll eiga kannski að standa til þess að spurningin hér snúist um hvort miðhálendið verði girt af og umferð bönnuð — að mönnum verði bönnuð umferð þar. Það er enginn að tala um slíkt. Ég held að hv. þm. viti betur. Það að vegaslóðir liggi í landslaginu og láta lítið fyrir sér fara og um svæðið fari ferðamenn er algjörlega ósambærilegt við að ráðast í risamannvirkjagerð og gjörbreyta ásýnd og náttúrufari á tugum og hundruðum ferkílómetra, þúsundum ferkílómetra, ef vatnasviðin eru tekin.

En þetta er þannig, herra forseti. Þegar fer að halla í Nýjadal eða Jökuldal og við erum hætt að sjá til Kvíslarveitumannvirkja, komin fram hjá Versölum á Sprengisandsleið, þá komum við inn á þetta ósnortna svæði. Það nær niður í byggð í aðalatriðum. Eins og mál standa í dag nær það niður í byggð, hvort sem farið er niður til Eyjafjarðar, niður í Bárðardal, niður hjá Öskju og Herðubreiðarlindum eða yfir Brú við Upptyppinga og inn á norðausturhálendið og þá niður að byggð á Hólsfjöllum eða Jökuldal. Svæðið nær austur um með Vatnajökli, frá honum og niður að byggðum á Austfjörðum, á Austurlandi og Suðausturlandi. Inni á miðju þessu stóra svæði kæmi Kárahnjúkavirkjun nokkurn veginn miðja vegu, ef hún yrði reist, þ.e. stíflan og Hálslón.

Það þýðir ekkert, herra forseti, að halda því fram að þetta svæði verði samt á einhvern hátt eftir. Það verður það ekki. Með því er ég að sjálfsögðu ekki að segja frekar en nokkur annar að þar með sé svæðið ónýtt, hafi ekki áfram mikið gildi og þar séu ekki áfram verðmætar náttúruperlur sem skipta máli bæði innan þessa svæðis, sem verður fyrir áhrifum af virkjuninni sjálfri og í nágrenni við það. Að sjálfsögðu er það ekki svo. En það verður ekki samt aftur, það verður búið að plokka út úr því nokkrar fallegustu rúsínurnar, ef svo má að orði komast. Það kæmi gat í myndina eða hvernig sem við nú viljum orða það.

Er ekki líka hætt við því, herra forseti, að þegar menn væru einu sinni byrjaðir fyndist mönnum fórnarkostnaðurinn minni, þröskuldurinn lægri, gagnvart því að halda áfram? Auðvitað er það þannig. Staðreyndin er auðvitað sú að eitt af því sem hefur áhrif og maður finnur, t.d. þegar virkjanir á Þjórsársvæðinu eru á dagskrá núna, stækkanir eða viðbætur þar, er að allir skynja að þær framkvæmdir eru í allt öðru samhengi en ef við værum að nema land á því svæði.

Eðli þessa svæðis hefur breyst. Ég hef farið upp á Þjórsársvæðið flestöll ár, held ég, frá því að þar hófst meiri háttar mannvirkjagerð. Ég kom þangað einu sinni nánast sem unglingur þegar framkvæmdir voru á lokastigi við Búrfell. Ég hef komið þangað iðulega síðan, m.a. oft og iðulega á námsárum mínum, og fylgst með því hvernig þetta svæði hefur smátt og smátt breytt um eðli. Þar sem einu sinni sinni ríkti öræfakyrrðin og maður fékk þessa tilfinningu, að maður væri kominn inn á ósnortið land — sú kyrrð er horfin með öllu. Að aka í fólksbíl malbikaðan veg með mannvirki á báðar hendur, hús, brýr, línur, sjoppur, ljósastaura, upplýst hverfi og hvað eina. Þar er bara allt önnur veröld og allt önnur tilfinning. Þannig er það. Þegar við ráðumst í svona framkvæmdir og opnum upp ný svæði þá verður þar eðlisbreyting.

Ég held, herra forseti, að það sé jafnframt óhjákvæmilegt að minna aðeins á hversu umhverfisáhrifin af þessari virkjun eru margþætt og gríðarleg. Mér hefur fundist, herra forseti, það þoka svolítið til hliðar. Sérstaklega vilja stuðningsmenn þessa máls líta svo á að það sé bara afgreitt mál, bara búið og þurfi ekkert að ræða um það meir, af því að umhvrh. hafi fellt úrskurð. En bíðum við, breytir hann eðli framkvæmdanna? Breytir hann þeim áhrifum sem þær hafa í för með sér á náttúrufar á svæðinu? Nei. Það eina sem úrskurður umhvrh. breytir er að það kann að verða ráðist í þessar framkvæmdir. Menn kunna að láta sig hafa þau náttúruspjöll sem þeim eru samfara en þau eru þarna áfram. Þau verða, ef framkvæmdin fer fram.

Eigum við ekki að rifja aðeins upp, herra forseti, hvað þar er á ferðinni? Þar tapast fyrir það fyrsta, herra forseti, tugir ferkílómetra af mjög sérstæðu grónu landi. Menn gefa kannski lítið fyrir það. Mikið af mólendi, valllendi og sumpart votlendi fer undir þetta lón eða raskast í næsta nágrenni þess, t.d. við lónmörkin. Gróður á Vestur-Öræfum getur þar til viðbótar skaðast svo nemur tugum ferkílómetra vegna aukins sandfoks og áfoks frá strönd lónsins, frá strandlengjunni sem verður opin árlega og síðan smátt og smátt í æ ríkari mæli frá sléttunum sem myndast þegar lónið fyllist upp innan frá jökli og út eftir lónsstæðinu.

Burðarsvæði hreindýra á Hálsi skerðast, vorbeitiland hreindýranna skerðist og farleiðir hreindýranna truflast. Varpstöðvar heiðargæsa skerðast. Það myndast rofbakki, strandlína. Sandfok inn á Vestur-Öræfi eykst og fokmistur frá aurasvæðunum. Allt yrðu þetta áhrif af tilkomu Hálslóns eins og sér. Jökulframburður sest til í lóninu og eyrar byrja að myndast strax á fyrstu árum og áratugum lónsins sem fyllist af framburði að mesta lagi á 400 árum. Það er nú einu sinni þannig, herra forseti, að Jökulsá á Dal er aurugasta stórfljót landsins svo nokkru nemur. Ef minni mitt svíkur ekki eru það 10 milljónir tonna af framburði sem áin ber til sjávar á ári hverju. Ég man ekki hvort það eru 10 eða 100 vörubílshlöss á klukkutímann eða hvað það nú er. Undir lón fara merkilegar jarðfræðimyndanir. Þar er stuðlaberg, sjaldgæfar bergtegundir og fleira.

Eitt af merkari friðlöndum landsins, hinn sérstæði Kringilsárrani, sem er landspilda girt jökulvötnum og var í raun og veru ósnortin af öðru en hreindýrum, viðkomu hreindýra hluta úr árinu, geysilega sérstakt gróðurlendi, í mikilli hæð yfir sjó, með jökla að baki og jökulvötn á báðar hendur, skerðist svo nemur um fjórðungi. Þar á meðal glatast einstæðar jarðmyndanir í heiminum sem aðeins eru til á tveimur stöðum öðrum svo vitað sé, við Eyjabakka og á Svalbarða.

Allmargir minjastaðir fara undir lónið og fornleifar glatast þar af leiðandi. Allmargir fossar í þverám Jökulsár á Dal hverfa, sumir hluta úr ári en sumir alveg. Loks hverfa margir þeirra endanlega með því að lónið fyllist af seti.

Herra forseti. Ég tel að í sambandi við Hálslón sem slíkt sé þrennt alvarlegast. Það fyrsta er auðvitað sú staðreynd sem merkilega lítið er talað um, að lónið á að mynda með stærstu jarðvegsstíflu í Evrópu, einni af stærstu jarðvegsstíflum sem nokkurn tíma hefur verið reynt að byggja í heiminum. Ég vil ekki vera með hrakfallaspár en svo mikið þykist ég vita að

það er ekki alveg einfalt mál að byggja slíkt mannvirki. Það þarf að vanda verulega til verka þannig að engin áhætta sé tekin í sambandi við að undirstöður gefi sig, að jarðhræringar geti ekki valdið veikleikum eða veikingu slíks mannvirkis og að ekki sé tekin nein áhætta gagnvart því landi og þeirri byggð sem neðan við stífluna er.

Í öðru lagi, herra forseti, myndast mikil strandlengja vegna breytilegrar vatnshæðar í lóninu sem verður eiginlega einstök í sinni röð hér á landi. Vatnshæðarsveifla upp á tugi metra innan hvers árs er ekki algengt fyrirbæri. Mönnum þykir nóg um, held ég, þeim sem hafa nennt að rölta út úr bílum sínum þegar þeir hafa keyrt Kjalveg norður og skoðað strandlengjurnar sem smátt og smátt myndast við Blöndulón. En þær eru smámunir hjá því sem verður við Hálslón og vatnsborðssveiflan margföld. Það er algjörlega ljóst, herra forseti, að þessi strandlengja sem sker að verulegu leyti gróið land mun skapa mönnum gríðarlegan höfuðverk. Enginn reynir að bera á móti því. Þá hafa menn farið að tala um mótvægisaðgerðir en verða að gæta sín að fara ekki úr öskunni í eldinn því sum þeirra mannvirkja eru sjálf svo mikil og umdeilanleg að í raun og veru þyrfti að meta það sjálfstætt hvort umhverfisáhrifin af þeim eru ekki jafnvel verri en þau vandamál sem þeim er ætlað að leysa, skurðir eða hryggir eða hvað það ætti að vera.

Síðast og að mínu mati langalvarlegast við Hálslón er uppfylling þess og sú staðreynd að virkjunin er auðvitað ekki sjálfbær heldur verður hún ónýt og auðvitað löngu áður en lónið er að endingu fullt því það verður engin einasta leið að ráða við það þegar miðlunargeta þess er farin að minnka verulega og framburðurinn nálgast sífellt inntaksmannvirki virkjunarinnar. Þá verður ekki við neitt ráðið svo fremi sem Jökulsá á Brú breyti ekki í grundvallaratriðum um eðli, verði áfram aurugt jökulvatn, á þessum hundruðum ára sem fram undan yrðu þá í líftíma virkjunarinnar. Ég sé ekki hvernig menn ætla sér tæknilega eða verkfræðilega að ráða við það, að neitt annað blasi við en að virkjunin verði óstarfhæf, ónýt eins og það heitir á íslensku, einhverjum sennilega árhundruðum eða í öllu falli mörgum áratugum áður en lónið er fullt. Trúlega mætti vel við það una ef líftími virkjunarinnar yrði u.þ.b. hálfur sá tími sem það tekur lónið að fyllast.

Hvernig yrðu aðstæðurnar við innanvert lónið þegar áratugirnir mundu líða? Jú, þær verða þannig að smátt og smátt myndast í þessari miklu hæð yfir sjó gríðarlega miklar flatar leirsléttur, sléttur þar sem set, gróft eða fínt eftir atvikum, framburður, hefur sest til og smátt og smátt fyllt lónstæðið þannig að áin fer að renna þar á eyrum eða velur sér e.t.v. einhvern farveg og til hliðanna verða gríðarmiklar setsléttur. Menn geta aðeins reynt að gera sér í hugarlund hvernig aðstæður verða þarna, t.d. á þeim tíma árs þegar lónið er tómt eða a.m.k. fjarri því að vera fullt og þetta stendur langt upp úr. Þá verða þarna á yfirborði tugir ferkílómetra af lausu seti. Við getum ímyndað okkur að þetta séu sambærilegar aðstæður að einhverju leyti við þær sem ríkja t.d. á aurunum framan við Dyngjujökul á vorin nema að þarna má ætla að setþykktin verði miklu meiri og setið lausara í sér.

Ég þykist ímynda mér, herra forseti, og sjá að þessar aðstæður verði ekki mjög félegar við að eiga. Hafa menn trú á því að auðvelt reynist að græða upp þessar sléttur? Nei, það held ég varla. Ég á eftir að sjá að það reynist auðvelt. Og hvað er þá verið að bjóða upp á? Jú, þarna er verið að bjóða upp á miklar sléttur þar sem laust set hefur sest til sem getur sópast upp, fokið upp og myndað hættu á gríðarlegu áfoki, gríðarlegu mistri í lofti, sem berst aðallega væntanlega til norðurs, norðausturs eða austnorðausturs eftir því hvernig vindurinn blæs.

Menn þekkja vel þessar aðstæður sums staðar um norðan- og norðaustanvert landið, t.d. þekkja Norður-Þingeyingar þetta mjög vel og íbúar á Hólsfjöllum, og þykir þeim alveg nóg um ástandið eins og það er í dag, þegar mekkirnir taka sig upp í hlýrri og sterkri suðvestanátt af aurunum framan við Dyngjujökul þannig að mistur verður í lofti á stóru svæði, allt frá jökli á haf út yfir norðaustan- og austanverðu landinu. Stundum er sólin blóðrauð að sjá þótt um miðjan dag sé. Ég held að það gætu átt eftir að reynast smámunir borið saman við hitt sem menn gætu átt í vændum ef allt færi á versta veg á þessari miklu sléttu sem menn mundu búa til framan við Brúarjökul.

Og hverjum ætlum við svo að leysa höfuðverkinn? Landsvirkjun? Okkur? Nei, komandi kynslóðum. Þetta allt saman ætlum við að skilja eftir sem hausverk handa þeim sem vonandi koma til með að byggja þetta land eftir eitt, tvö, þrjú, fjögur hundruð ár. Og menn hafa ekki meiri áhyggjur af þessu en svo, þessir höfðingjar sem véla um af hálfu ríkisstjórnar, Landsvirkjunar og co., að virkjunin verði löngu afskrifuð. Hvað eru menn að röfla? „Virkjunin verður löngu afskrifuð," er sagt við okkur. Er það fullgild og boðleg röksemd? Nei. Ég kaupi hana ekki. Þannig höfum við ekkert leyfi til að umgangast þetta land. Við erum ekki herrar bæði nútíðar og framtíðar í þeim skilningi að við getum leyft okkur að gera hvað sem er og stíla reikninginn á börnin okkar og barnabörnin. Við skulum aðeins gæta að okkur, herra forseti.

Önnur megináhrif þessarar virkjunar í umhverfislegu tilliti eru tengd vatnaflutningunum. Þeir yrðu einstæðir í íslenskri röð og þeir yrðu einstæðir víðar í heiminum. Menn hafa að vísu sullast til með stórfljót hér og þar í heiminum en með afar misjöfnum árangri svo ekki sé meira sagt. Einhver sorglegustu og hroðalegustu umhverfisslys í heiminum eru einmitt tengd vatnaflutningum. Austur á sléttum Sovétríkjanna sálugu eru sennilega einhver mestu umhverfisslys heimssögunnar (**EMS:** Fleiri slys þar.) Fleiri slys, rétt hjá hv. þm. og frammíkallanda hér, Einari Má Sigurðarsyni, og þekkir hann auðvitað manna gerst til (**EMS:** Það er rétt.) þessa klúðurs kommúnistanna þarna í austrinu. (Gripið fram í.) Já, eru þar ekki núna saltsléttur þar sem áður voru frjósöm veiðivötn, þar sem ekkert þrífst af því að menn fluttu vatnið í burtu? Einhverjar brjálæðislegustu hugmyndir sem nokkurn tíma hafa komið upp í sambandi við inngrip í náttúruna voru hugmyndir um að snúa stórfljótunum í Síberíu við og senda þau suður í staðinn fyrir norður í Íshafið. Sem betur fer komust menn ekki til þess því að enginn veit hvaða hroðalegu áhrif það hefði haft, jafnvel hreinlega hnattrænt á loftslag og alla vega hafstrauma og aðstæður í Norðurhöfum.

Mörg af ljótustu umhverfisslysum sem sagan geymir, herra forseti, eru nefnilega tengd vatnaflutningum. Og það er auðvitað ekki hægt að hugsa sér svakalegri röskun og afdrifaríkara inngrip í náttúruna en það að taka í burtu heilt fyrirbæri eins og vatnsfall er, fara með það eitthvað annað og skilja bara eftir tóman farveginn. Þetta hafa menn lengi vitað. Þetta vissu menn á Alþingi 1926 þegar þeir settu vatnalögin. Og ég held að þessir höfðingjar sem afgreiða hlutina með því hugarfari að virkjunin verði löngu afskrifuð ættu að lesa vatnalögin, greinargerðina og umræðurnar sem urðu um þau. Það er mjög merkilegt fyrir okkur að átta okkur á því að fyrir hartnær 100 árum voru menn hér á Alþingi þó

þetta framsýnir að þeir settu lög til verndar vatnsföllunum í landinu, og það gengur eins og rauður þráður í gegnum þau að allri röskun skuli haldið í lágmarki.

Í 7. gr. þessara laga stendur svo fallega orðað, með leyfi forseta:

„Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið."

Og hvort sem vatn er tekið á grundvelli undanþáguheimilda í lögunum til áveitna eða virkjunar skal markmiðið vera að halda röskuninni í lágmarki og skila vatninu aftur í sama farveg.

Mætti ég biðja um nokkur stykki af þeim þingmönnum sem þá voru á Alþingi og afgreiddu þessi lög og þau viðhorf sem þarna voru uppi í staðinn fyrir suma sem hér eru núna.

Herra forseti. Ég held því fram að yrði af þessu óráði með flutning Jökulsár á Dal eða Brú yfir í Lagarfljót þá verði það einstæður atburður í heiminum því mér er ekki kunnugt um að nokkurn tímann og nokkurs staðar annars staðar hafi verið reynt að taka korgugt jökulfljót úr farvegi sínum og sulla því yfir á annað vatnasvið. Þær ár aðrar sem menn hafa yfirleitt flutt eru annars eðlis. Þær eru bergvatnsár eða stórfljót sem ekki eru sambærileg að eðli og einkennum og jökulárnar okkar íslensku sem eru auðvitað sjaldgæf fyrirbæri í heiminum og fyrst og fremst finnanlegar þar sem eru jöklar, þýðjöklar við aðstæður þar sem mikil bráðnun á sér stað og undan jöklunum streyma fljót. Það er fyrst og fremst á Íslandi, að nokkru leyti á Grænlandi og kannski að einhverju litlu leyti á Svalbarða sem slíkar aðstæður finnast. Á Suðurskautinu er vatnið frosið, jöklarnir gaddjöklar og yfirleitt ekki bráðnun við botninn. Við erum að tala um tiltölulega einstæðar aðstæður í heiminum því aðrir jöklar eru svo litlir að þó að frá þeim renni einhver lituð vötn þá eru þau hvergi sambærileg við stórárnar, stórfljótin okkar, Jöklu, Jökulsá á Fjöllum, Þjórsá eins og hún var áður og aðrar slíkar.

Herra forseti. Á þessu hafa menn að mínu mati verulega flaskað. Það hefur ekki fengið nægjanlega athygli og umræðu að við erum að glíma hérna við nánast einstæðar aðstæður í heiminum. Það er yfirleitt ekki um það að ræða annars staðar að menn séu að reyna að virkja jökulár. Svo er ekki, nema e.t.v. að einhverju litlu leyti séu ár í Noregi og mögulega Kanada eða einhvers staðar annars staðar blanda af slíku vatni.

Ég hef velt því æ meira fyrir mér, herra forseti, hvort það sé ekki í raun þannig að við ættum bara að hverfa frá því að ráðast í stærstu jökulvötnin vegna þess að því fylgja óleysanleg framtíðarvandamál. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að smátt og smátt búum við okkur til eða kynslóðunum sem landið erfa gríðarleg næstum óleysanleg vandamál með því að byggja uppistöðulón, safna öllu setinu saman, fylla þau og skilja eftir eyðimerkursléttur í mikilli hæð yfir sjó sem ég held að verði algjörlega óviðráðanlegar, verði að líflausum fokgjörnum og rokgjörnum eyðimörkum sem engin leið verði að hemja.

Herra forseti. Það er auðvitað ótal margt fleira sem mætti ræða af þessu tagi í sambandi við umhverfisáhrifin af þessum miklu framkvæmdum ef einhvern tímann yrði farið út í þær. En ég held ég láti hér staðar numið og tímans vegna. Ýmsir aðrir hafa gert þessu góð skil. Það vantar ekki gögn til þess að lesa sér til um þessa hluti ef menn vilja hafa fyrir því og nenna því. En ég bið menn a.m.k. um að gerast ekki svo forherta í sínum málflutningi hér að þeir reyni að gera lítið úr eða skauta yfir þennan þátt málsins eins og hann sé bara ekki til staðar lengur, hann hafi bara horfið efnislega í burtu með einum úrskurði eins umhverfisráðherra, einni pólitískri valdbeitingu þar sem faglegri niðurstöðu Skipulagsstofnunar var snúið á haus með algerlega óframbærilegum rökum að mínu mati. Það var látið heita svo að sett séu þar skilyrði sem fæst breyta neinu í grundvallaratriðum um framkvæmdina sem er leyfð þvert ofan í niðurstöðu hins faglega úttektaraðila. Þó það sé í sjálfu sér til bóta, eða væri frekar en ekki neitt, að eltast við bæjarlækinn í Snæfelli þá breytir það ekki hinu að hæstv. ráðherra sneri niðurstöðunni við og féllst á framkvæmdina, og reyndar það sem merkilegra var og í raun og veru ótrúlegra, ráðherra gerði það þrátt fyrir að fallist væri á að ekki bæri að reikna til mótvægis hin efnahagslegu rök. Það var jú þannig að þegar Landsvirkjun setti fram sína skýrslu þá teiknaði hún vog og í annarri vogarskálinni voru umhverfisáhrifin, náttúruspjöllin sem Landsvirkjunarmenn viðurkenndu. Þeir viðurkenndu að umhverfisáhrifin væru umtalsverð, verulega neikvæð mörg hver og áfurkræf. En þeir sögðu: „Það er svo mikið gull í hinni skálinni að hún vegur þyngra." Það var réttlæting Landsvirkjunar fyrir því að ráðast í framkvæmdina. „Gullið í hinni skálinni vegur þyngra."

Hvað gerist svo? Skipulagsstjóri kemst að því að þetta sé ekki rétt mat, umhverfisröskunin sé svo mikil og áfurkræf að meintur þjóðhagslegur ávinningur af verkinu dugi ekki til. Með öðrum orðum: Skipulagsstjóri segir: „Þetta er öfugt. Hin skálin er þyngri." Og hann fellir virkjunina. Hún fær falleinkunn. Þá fer málið til umhvrh. Þá gerast þau undur og stórmerki að ráðherra segir: „Það er rétt hjá Náttúruverndarsamtökum Austurlands að lögin um mat á umhverfisáhrifum gera ekki ráð fyrir því að þjóðhagslegum ávinningum eða tapi eftir atvikum af framkvæmdum sé blandað inn í matið. Það er annað og óskylt mál. Við hér í umhvrn. metum bara umhverfisáhrifin."

Þá hefðu menn nú haldið að málið væri einfalt úr því skipulagsstjóri, matsstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að umhverfisáhrifin ein væru þyngri en gullið og þá yrði nú ekki umhvrh. í vandræðum þegar gullið væri farið burtu, þegar sú skál er tóm. Það er ekkert eftir nema umhverfisáhrifin í annarri. Þá yrði umhvrh. ekki í vandræðum með að segja: „Þetta gengur aldrei því ég er hér með í höndunum niðurstöðu skipulagsstjóra um að það séu veruleg neikvæð áfurkræf umhverfisáhrif samfara þessari framkvæmd og það á ekki að blanda meintum þjóðhagslegum ávinningi neitt inn í það mál. Það er annað mál." En hvernig í ósköpunum gat þá umhvrh. komist að annarri niðurstöðu en þeirri að úrskurður skipulagsstjóra skyldi standa? Hvernig í ósköpunum gat hún það? Jú, bara með því að beita pólitísku valdi. Það var ekki hin faglega eða efnislega niðurstaða málsins sem átti að ráða ferðinni heldur pólitík. Og ráðherra var búinn að lýsa þessu yfir fyrir fram þannig að hún var auðvitað vanhæf í málinu. Hæstv. umhvrh. hafði sagt: „Ég er bundin af stefnu ríkisstjórnarinnar." Þegar úrskurður skipulagsstjóra lá fyrir sögðu hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh.: „Það er stefna ríkisstjóranrinnar að byggja þessa virkjun. Við höfum valdið. Það er stefna okkar að byggja þessa virkjun." Svo miklu skiptir eitt stykki skipulagsstjóri og vinna hans.

Svona er málið í hnotskurn, herra forseti. Þetta er einhver naktasta valdbeiting sem lengi hefur farið fram þvert á fagleg og efnisleg rök og sjónarmið í einu máli. Það er algerlega nakið og það sem afhjúpar það umfram allt annað er sú uppákoma í málinu að umhvrh. fellst á, sem eðlilegt og rétt

er því þannig eru lögin um mat á umhverfisáhrifum, að það beri ekki að blanda þjóðhagslegum þáttum inn í matið, að eingöngu eigi að meta umhverfisáhrifin sem slík. Þess vegna var það auðvitað með ólíkindum að niðurstaðan skyldi geta orðið þessi.

Herra forseti. Um arðsemi þessa fyrirtækis hefur mikið verið deilt. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur farið þar með miklar þulur sem hv. þm. hefur lært um 10–14, eða hvað það nú er, margra milljarða arð af þessu öllu saman, gefnum miðað við tilteknar forsendur. En staðreyndin er engu að síður sú að fjöldi hagfræðinga, óháðra aðila sem á eigin forsendum og af sjálfsdáðum eða vegna verkefna sinna hjá stofnunum eða fyrir samtök hafa sest yfir að reikna þetta mál, hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu. Og það rignir inn efasemdum ofan á allt annað um að ekki sé nokkur glóra í þessu dæmi þjóðhagslega, í fyrsta lagi vegna framkvæmdarinnar sem slíkrar óháð öllu öðru, að arðsemin af því að reisa og reka virkjunina og selja rafmagnið til álversins á Reyðarfirði, ef það yrði nú einhvern tímann, sé bara einfaldlega ekki nóg miðað við þá áhættu sem tekin er og miðað við þá fjármuni sem bundnir eru.

Ef þetta er nú svona eins og margir hagfræðingar hafa metið og í raun flestir, held ég, sem komið hafa að málinu á óháðum forsendum — það eru fyrst og fremst hinir sem eru í vinnu við að hafa þá skoðun að þetta gangi upp sem hafa komist að þeirri niðurstöðu — hvernig lítur þá dæmið út þegar við tökum heildarmyndina fyrir, þegar við munum eftir því að í reikniverkinu þar sem sumir fá út plúsa en aðrir mínusa er náttúran metin á núll, 0,0 krónur? Hún er ókeypis fyrir Landsvirkjun í þessu dæmi. Kringilsárrani er ókeypis. Lindur eru ókeypis. Dimmugljúfur eru ókeypis. Lagarfljót er ókeypis. Það er þannig. Er sú tilfinning sem menn hafa yfirleitt að þetta sé einskis virði? Nei, ég held ekki.

Síðan þurfum við að muna eftir því að þó að íslenska hagkerfið hafi stækkað frá dögum Búrfellsvirkjunar — og það er rétt hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni — þá er það nú samt ekki stærra en svo að þetta verður verulegur viðbótarskuldabaggi á þjóðarbúið, mældur í a.m.k. 100 milljörðum eða eitthvað vel inn á annað hundrað milljarða króna, því að verulegu leyti mun þetta fé koma erlendis að sem lánsfé. Þó menn horfi á lífeyrissjóði í landinu þá dugar það ekki til vegna þess að þeir mega ekki setja svo mikið fé í einstakt verkefni eins og þyrfti til þess að um þá munaði eitthvað að ráði í þessu dæmi. Landsvirkjun verður að taka sinn kostnað upp á kannski 120 milljarða, eða hvað það nú yrði, að langmestu leyti að láni erlendis. Ekki tekur hún það úr vasanum. Þó að fjármunamyndun í því fyrirtæki kunni að vera 4–6 eða jafnvel 8 milljarðar á ári þá dugar það skammt upp þá í 120 milljarða sem þarf að reiða fram á tveimur til þremur árum. Er það ekki? Síðan bætast auðvitað erlendar viðbótarskuldir á þjóðarbúið vegna álversframkvæmdanna, ef þær yrðu o.s.frv.

Þetta ber upp á tíma þegar íslenska þjóðarbúið er skuldsettara erlendis en nokkru sinni fyrr. Það er nú allur árangurinn af góðærinu margumtalaða að skuldir Íslendinga erlendis eru meiri en þær hafa nokkurn tíma áður orðið í sögunni og þær hafa aukist með ískyggilegum hraða á síðustu árum. Ofan á þessar skuldir mundu þessar framkvæmdir bætast.

Það er algjörlega ljóst að það mun hafa áhrif á lánstraust ríkisins út á við. Matsfyrirtæki munu horfa til þess ef ofan á erlendar skuldir sem mælast nú meiri en landsframleiðsla í fyrsta sinn í sögunni — þær fóru fram úr því á miðju síðasta ári, eru orðnar um 240% af útflutningstekjum þjóðarinnar þannig að þó að við keyptum ekkert einasta hæti frá útlöndum og notuðum hverja einustu krónu sem inn kæmi vegna útflutnings í tvö og hálft ár þá dygði það varla til að borga upp skuldirnar að viðbættum vöxtum á þeim tíma. Við erum því ekkert í sérstaklega góðri stöðu til þess að ráðast í risafjárfestingu og risaskuldsetningu af þessu tagi. Það mun hafa áhrif á lánshæfismatsstöðu Íslands. Ég er algjörlega sannfærður um það og það mun hafa áhrif á margt fleira.

Fyrir liggur að hækka verður vexti um jafnvel allt að 2,5%, þ.e. stýrivexti sem yfirleitt leita nú beint út í útlánsvexti bankanna. Þess vegna heita þeir stýrivextir að þeir eru tæki til að hafa áhrif á vaxtastigið upp og niður. Ef menn skoða þróunina síðustu missirin af því menn hafa haft tilhneigingu til þess og tilburði uppi til að reyna að útlista það að stýrivextir hafi engin áhrif ... (**HjÁ:** Voru ekki bankarnir að lækka vexti núna?) Já, bankarnir að lækka vexti. Kætast þeir geysilega hér hv. þm. Hjálmar Árnason og Einar Már Sigurðsson, bankarnir voru að lækka vexti. (Gripið fram í.) En hvað eru þeir búnir að gera síðustu árin? Það er þannig að bankarnir hækkuðu vexti sína meira en Seðlabankinn hækkaði stýrivextina. Þeir fylgdu öllum vaxtahækkunum Seðlabankans upp á við sl. þrjú ár og 20–30% í viðbót. Þetta er birt í gögnum frá því í gær eða í fyrradag. Þannig að þó að Landsbankinn hafi allt í einu ákveðið að reyna að skora gullmark með þessari vaxtalækkun núna. (**Gripið fram í:** Íslandsbanki.) Íslandsbanki í kjölfarið að sjálfsögðu. Þetta var gert undir þeim mótmælum að það væri Seðlabankinn sem ætti að gefa tóninn en ekki Landsbankinn. Út af fyrir sig er það rétt. Almennt er talið heilbrigðara og skynsamlegara að Seðlabankinn sem hefur þá lögbundnu skyldu að reyna að stilla tækið gefi tóninn.

En hvað um það, þetta blasir við. Vaxtahækkun, aukin verðbólga og spenna á vinnumarkaði. Allt mun það fylgja þessum framkvæmdum ef í þær verður ráðist. Svo ræða menn um mótvægisaðgerðir, að draga úr öðrum opinberum framkvæmdum á meðan, skera niður ríkisútgjöld og guð má vita hvað. Þessi þáttur málsins, herra forseti, er því ekki mjög félegur í beinu framhaldi af náttúruspjöllunum og umhverfisáhrifunum.

Þá skulum við víkja að þeim þætti sem sumir hafa gert að aðalatriði þessa máls, rekið það eins og það snerist eingöngu um eitt, þ.e. byggðamál. Sumir hafa látið sem þetta sé eingöngu byggðamál. Vegna erfiðleika á Austfjörðum, eins og reyndar víðar í landinu, að þar hafi fólki fækkað og séu framtíðarhorfurnar ekki nógu góðar þá sé þetta rakið mál af því þessu muni fylgja atvinna og störf. Fyrir vikið á að ráðast í Kárahnjúkavirkjun og byggja risaálver á Reyðarfirði.

Er það þannig að það dugi okkur og nægi? (**HjÁ:** Það segir Byggðastofnun.) Er alveg sama hvað við gerum bara ef því fylgja störf, atvinna? Erum við á því stigi stödd i umræðum um umhverfismál og þjóðhagsmál á Íslandi að okkur nægi svo einföld röksemdafærsla? Við þurfum ekki að deila um að það er erfitt á Austfjörðum eins og víðast hvar á landsbyggðinni á Íslandi, byggðastefna stjórnvalda meira og minna ónýt og mislukkuð.

Við þurfum ekki að deila um að það er erfitt að vera í forsvari fyrir byggðarlög sem eru í endalausri vörn og menn gengnir þar upp að hnjám. Það skiljum við öll og með þeim mönnum höfum við samúð. En þar með er ekki komin réttlæting fyrir því að gera hvað sem er. Það getur aldrei verið svoleiðis. Við verðum að hafa kjark til þess að

standa upprétt og skoða efnislega um hvað málið snýst þó að við vildum gjarnan geta rétt mönnum hjálparhönd sem eiga í erfiðri baráttu í atvinnu- og byggðamálum hvar sem er á landinu.

Þá kemur að því, herra forseti: Er þetta sérstaklega rakið mál til að nota sem inngrip í atvinnu- og byggðaþróun, hvort sem er í landinu almennt eða á einhverjum tilteknum svæðum? Ég held ekki. Ég held að það sé þvert á móti, herra forseti, eitthvað það allra vitlausasta sem menn geta látið sér detta í hug, að taka einstakar stórframkvæmdir af þessu tagi sem e.t.v. verður af og e.t.v. ekki og ætla að setja þær í hið almenna samhengi atvinnu- og byggðamála eða tengja það vanda landsbyggðarinnar í atvinnu- og byggðamálum. Þegar af þeirri einu ástæðu að það hlýtur að vera svo mikilli óvissu undirorpið hvort af svona framkvæmdum verður er mjög vont að menn einblíni á svona hlut. Eða hefur sagan ekkert kennt mönnum? Eru menn ekkert meiddir eftir að hafa beðið eftir álverum hér og álverum þar sem aldrei komu og þurfti að seinka aftur tímaáætlunum vegna? Hefur það ekki dugað mönnum til að átta sig á því að það er hættulegt að setja allt sitt traust á að eitthvað svona komi að lokum og leysi vandann? (**KHG:** Norðurál kom.) Það hlýtur að vera varhugavert.

Herra forseti. Kannski er þetta síðan að koma á daginn. Menn hefðu betur gáð að sér á Austurlandi. Þeir voru kannski ekki komnir til himnaríkis þó svo miklir kallar sem hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson riðu um héruð og byðu þar álver. Það er spottakorn síðan. Var það ekki síðsumars 1998 sem utanrrh. kom með álver í föðurhendi til Austfirðinga, sem enn bólar ekki á og er eina ferðina enn í óvissu?

Þetta reyndi maður að benda á og segja á sínum tíma: Er ekki svolítið hættulegt að treysta því og trúa á það að þetta komi og leysi vandann? Er ekki reynslan svolítið slæm af því að telja sjálfum sér trú um að eitthvað af þessu tagi komi og kippi öllu í lag, ég tala nú ekki um ef menn ganga lengra og sannfæra sjálfa sig um að ekkert annað komi til greina, ekkert annað sé í boði í staðinn og engir aðrir möguleikar uppi? Það er alltaf hættan þó menn ætli auðvitað ekki að hafa það þannig. Það vill fara þannig að menn setja allt traust sitt á svona tálsýn.

Nú er kannski, herra forseti, að koma upp í þessu máli sú staða — það skýrist e.t.v. á næstu dögum eða mánuðum — að aðrir þurfi að svara spurningunni sem iðulega hefur verið dembt á undirritaðan og hans flokkssystkin: Hvað ætlið þið að gera ef þið viljið ekki álver? Hvað ætlið þið að gera annað en að hafa álver? Getur verið að hæstv. iðn.- og viðskrh. hafi stundum spurt að því? Getur verið að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hafi stundum spurt að því eða hæstv. utanrrh.? (**ArnbS:** Nóg er af tillögum.) Hvað viljið þið ef þið viljið ekki álver? Það hefur átt að vera verkefni okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði umfram alla aðra flokka að svara því. Það er allt í góðu lagi með það, það skulum við gera. (**ArnbS:** Hver ætlar að svara því fyrir ykkur?) Það skulum við gera og það höfum við gert, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir.

En hvað ætlið þið nú að gera? (**ArnbS:** Við erum alltaf að svara því.) Hvað ætlar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir að gera, sem hefur verið ötulasti talsmaður álvers eða dauðalínunnar um mörg undanfarin ár? Hvað ætlar hæstv. iðnrh. að gera? Hvernig gengur með fjarvinnsluna og annað slíkt? Hvernig er staðan á byggðareikningi ríkisstjórnarinnar ef álverið sem búið er að tala um sem stærsta byggðamál allra tíma kemur ekki? Ég spurði þá á Vestfjörðum um daginn hvort þeir væru ekki miklu nær, með ónýta sjávarútvegsstefnu og allt á niðurleið í landbúnaði, ef risi álver á Austfjörðum. Nei, þeir voru ekki vissir um að það mundi gjörbreyta byggðaaðstæðum á Vestfjörðum, það væri út af fyrir sig ágætt að Austfirðingar teldu sig mundu græða á þessu álveri, ekki sæju þeir eftir því. En þeir sáu ekki að það breytti miklu fyrir þá.

Hver er þá staðan ef ekki einu sinni álverið á Austurlandi kemur? Er þá enginn með móral yfir því að hafa í hartnær fimm ár, eða hvað það nú er, talað út í eitt líkt og þetta væri bjargráðið mikla? Og hæstv. utanrrh. hefur spurt með þjósti hvað annað ætti að halda uppi hagvexti í landinu ef álverið kæmi ekki. Hann setti fram þá merku kenningu að það væri sérstaklega erfitt viðfangsefni fyrir Íslendinga að halda hér uppi nógu miklum hagvexti vegna þess að þjóðin væri hlutfallslega ung og margt ungt fólk á leiðinni á vinnumarkað. Það er undarlegasta hagfræðikenning sem ég hef heyrt norðan Alpafjalla af því aðrar þjóðir líta á það sem auðlind að eiga fjölmenna árganga ungs og vel menntaðs fólks á leiðinni á vinnumarkaðinn. En það er af því menn hugsa þetta öðruvísi heldur en álnauðhyggjumennirnir. Menn hugsa sem svo: Ef við sköpum skilyrðin mun unga fólkið vinna úr þeim og skapa sér störfin sjálft, við þurfum ekki að búa þau til fyrir það.

Herra forseti. Ég tel að einna verstur við þessa þröngbyggju og nauðhyggjunálgun sé sá hugsunarháttur að það séu stjórnmálamennirnir, helst ráðherrar, sem eigi að koma með kassa, risafabrikkur, slengja þeim niður og búa til störf. En þó að undirstöðurnar séu allar að hrynja og það hafi aldrei verið erfiðara en einmitt nú, hlutfallslega, borið saman við höfuðborgarsvæðið að reka atvinnustarfsemi á landsbyggðinni er ekki tekist á við það. Flutningskostnaðurinn er hærri en nokkru sinni og annað í þeim dúr. Nei, það á að leysa þetta með verksmiðjum. Kössum. Komum með þessa og skellum henni hér. Störf til þess að unga fólkið okkar fái vinnu.

Þetta er að mínu mati einhver vitlaustasta nálgun sem hugsast getur í sambandi við atvinnuuppbyggingu og þróunarmál og algjörlega öfug við það sem aðrar þjóðir sem náð hafa árangri að undanförnu hafa gert.

Írar telja sig ekki þurfa að hafa vit fyrir sínu unga fólki og ákveða að allt eigi að vinna í álverum. Mér er ekki kunnugt um að það sé verið að byggja eitt einasta álver þar. En þar eru lagðir miklir fjármunir í menntun, samgöngur og í innviði samfélagsins. (**ArnbS:** Gerum við það ekki líka?) Nei, við gerum það ekki, hv. þm. Það þyrfti að gera miklu betur í því. Við erum mjög aftarlega á merinni í hópi OECD-þjóða þegar þær mælistikur eru skoðaðar, því miður. (**Iðnrh.:** Hvar á að taka peningana? Á tunglinu?) Mér sýnist að þar gætu ýmsir lagt svolítið í sameiginlega sjóði, hæstv. ráðherra, t.d. stjórn Landssímans. Hún er aflögufær, held ég — getur borgað skatta og ýmsir fleiri. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Betra væri að menn hefðu manndóm í sér til þess að standa að því að leggja á skatta með eðlilegum hætti til að afla tekna í sameiginlega sjóði, reka hér öflugt samábyrgt velferðarkerfi og greiða götu nýsköpunar, menntunar, rannsókna og þróunar í landinu eins og aðrar þjóðir gera, kappkosta að gera og verja miklu fé til.

Tökum Finna sem dæmi. Þar eru meðaltekjur þó nokkru lægri en á Íslandi. Þar eru menn nýkomnir út úr gríðarlegum erfiðleikum sem leiddu af hruni Sovétríkjanna, þegar á einu bretti hurfu yfir 20% af útflutningstekjum Finnlands, gufuðu nánast upp á einu ári. En þeir gáfust ekki upp með

markvissa stefnu sína í átt að því að hlúa að vísindum, rannsóknum og þróun. Þeir leggja miklu hærri hundraðshluta af ríkisútgjöldum sínum til slíkra hluta en við. Þeir uppskera líka bærilega. Halda menn að Nokia sé orðið það stórveldi í heimi fjarskipta sem það er í dag bara upp úr þurru, af tilefnislausu, það hafi bara dottið af himnum ofan eins og álver? Nei, slíkum hlutum rignir ekki af himnum. Nokia og það mikla net undirverktaka sem það byggir á er afleiðing af markvissri stefnu í Finnlandi um að leggja fjármuni í rannsóknir og þróun, veðja á hátækni og þekkingargreinar og reka framsækna stefnu.

Af einhverjum ástæðum, herra forseti, er það þannig að álver eru yfirleitt ekki efst á lista hjá þeim þjóðum sem þykja skara fram úr og reka framsækna atvinnustefnu.

Að lokum, í sambandi við álver sem byggðaaðgerð og til að skapa atvinnu: Er það ekki u.þ.b. þannig, herra forseti, að hvert starf sem verður til ef þessi virkjun yrði reist og þetta álver, kostaði um 400 millj. kr., um 400 millj. kr., sem að uppistöðu til yrðu teknar að láni erlendis? Það þarf nú pínulítið til að borga það niður. Þau þurfa að gera vel í blóðið sitt, þau störf, ef maður horfir á þetta þannig. Auðvitað er það þannig að það er leitun að dýrari aðferð í heiminum til að skapa atvinnutækifæri en þeirri að byggja álver.

Setjum þetta í íslenskt samhengi sem við skiljum vel. Það eru 400 milljónir hvert starf. Hvað skapast mörg störf? Er það rangt? Hver er talan? Er ekki pakkinn talsvert á þriðja hundrað milljarða króna? Það hlýtur einhver að vera með reiknivél hérna og geta slegið þetta inn. Ég er nú ekki með hana í ræðustólnum. Sú var tíðin að ég reiknaði hér út dæmi einu sinni við mikla hrifningu og fögnuð. En það er nokkuð síðan. En þetta er u.þ.b. svona. Stærðargráðan er alla vega þessi. Hvað kostar starf á nýjum frystitogara? Jú, þetta er sambærilegt við það, herra forseti, að þrír menn fengju vinnu ef keyptur væri inn í landið 1.200 millj. kr. frystitogari. Þá sjá menn kannski samhengið. En þeir eru náttúrlega 30–50 þegar áhöfn, afleysingamenn og umsvif í landi á bak við eitt stykki frystitogara eru tekin. (Gripið fram í.) Þá er ég ekki að tala um óbeinu störfin. Ég er bara að tala um þau sem eru beint á launaskrá vegna umsvifa í viðkomandi sjávarútvegsfyrirtæki. Ætli það sé ekki þannig að á stóru frystitogurunum með afleysingamönnum séu 25–30 manns og það er örugglega óhætt að reikna með að allmörg störf séu beint á launaskrá í landi vegna viðkomandi skips. Við erum því að tala um að í staðinn fyrir að þrír menn fengju störf með tilkomu nýs frystitogara þá séu það 30 eða fleiri, sem sagt a.m.k. tíu sinnum fleiri.

Það þykja nokkuð dýr tæki, stórir skuttogarar, er það ekki? Jú. Ég man eftir því að hér var einu sinni þingmaður sem hneykslaðist yfir því að rekstur Háskóla Íslands kostaði jafn mikið og tveir togarar. Hann taldi það til marks um fráleita ráðstöfun fjármuna. Sú var tíðin. En það er önnur saga. En það var nú til marks um það hvað togarar væru dýrir eða háskólinn óþarfur, held ég.

En þetta er svona, herra forseti. Það er auðvelt að sanna með dæmum að það er eiginlega leitun að dýrari leið ef menn vilja búa til störf, en að ráðast í svona stóriðju.

Í ferðaþjónustu, ef ég man rétt, herra forseti, voru kenningar uppi um að hvert ársverk kostaði í mesta lagi 10 milljónir vegna þess að þar er yfirleitt ekki um mjög fjárfestingarfreka atvinnugrein að ræða. Auðvitað verður að hafa í öllum þessum samanburði að afraksturinn eftir hvert starf er ekki endilega sá sami, að sjálfsögðu ekki. (**ArnbS:** Nú, er það ekki?) Nei, nei. (**ArnbS:** Nú, þarf að taka það með?) Vissi hv. þm. þetta ekki? (**ArnbS:** Þú varst að segja að ...) Það er gott að geta frætt hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur um þetta. Það er ekki endilega víst að þjóðhagslegur ávinningur hvers starfs sé sá sami eða framleiðni. En þó er það þannig ef við erum að horfa á þetta sem spurningu um að skapa störf, að þá er ársverk ársverk. Tekjurnar eru eitthvað mismunandi og það er fullkomlega gilt að horfa á stofnkostnaðinn sem hverju ársverki í hverju starfi er þá samfara. Svo getum við farið út í víðtækari samanburð og skoðað framleiðnina á bak við störf í mismunandi greinum o.s.frv. allt saman. Það er verkefni fyrir Hagstofu og Þjóðhagsstofnun og aðra slíka aðila.

En ef við segjum að stofnkostnaður við ársverk í ferðaþjónustu t.d. sem er ört vaxandi atvinnugrein og skilar miklum gjaldeyristekjum og skaut m.a. stóriðjunni ref fyrir rass á árinu 2000 og varð gjaldeyrisskapandi landsins númer tvö, þá erum við að tala um að kostnaðurinn sé $^{1}/_{40}$ á bak við ársverk af því sem hann er í stóriðjuuppbyggingunni. Þarf ekki eitthvað að huga að þessu? Jú, ég held það. Ég held það skipti máli. Sérstaklega af því að við erum ekki í þeirri stöðu, herra forseti, að geta leyft okkur hvað sem er. Við erum ekki skuldlausir olíubarónar á Íslandi. Ég segi nú eiginlega, sem betur fer því ég er ekki viss um að það væri öfundsvert hlutskipti. (**Gripið fram í:** Mundir þú styðja það?) Ja, ég mundi alla vega ekki styðja það, herra forseti, ef það þýddi samfélag af því tagi sem sums staðar fyrirfinnast í þeim ríkjum. Ég mundi ekki styðja það þar sem menn eru hættir eða hafa kannski aldrei unnið mjög mikið, flytja inn fólk til að vinna vinnuna og lifa á olíugróðanum og eyða miklum fúlgum í spilavítunum í Monte Carlo. Þar er sérstakt leðurherbergi, ef hv. þm. veit það ekki, sem er opnað örsjaldan á ári, fyrst og fremst þegar ættingjar sádi-arabísku konungsfjölskyldunnar koma í bæinn. Og þá er lagt mikið undir. (Gripið fram í.) Já.

Herra forseti. Ég held að það sé mjög hollt að gera sér grein fyrir því undir öllum þessum málflutningi um þetta mál sem byggðamál og að það sé eitthvað sérstaklega sniðug, einföld og ódýr aðferð til þess að búa til störf, að það er þvert á móti akkúrat öfugt, fyrir nú utan það að þó svo að þetta kynni að ganga eftir á eins og einum stað á landinu — það verður nú varla meira að gert í þessum efnum á næstu tíu árum eða svo — plús kannski eftir atvikum einhver stækkun annars staðar, hvað þá með alla hina? Hvað með alla hina? Það virðist aldrei mega nefna það — en ég geri það nú samt þó það fari óskaplega í taugarnar á mönnum, veit ég, sem eru að reyna að selja mönnum þetta sem byggðamálið mikla — að menn eru nákvæmlega engu nær og sennilega heldur verr staddir að óbreyttu annars staðar í landinu þó þetta gerðist þarna eystra. Það verður að ræða þessa hluti eins og þeir eru. Strax þegar kemur norður til Vopnafjarðar eða suður á Djúpavog þá viðurkenna menn það fúslega að þeir sjái ekki að þó þetta álver risi á Reyðarfirði mundi það breyta miklu fyrir þá. Það er frekar uggur í mönnum en hitt af því þeir sjá þann möguleika að þetta dragi eitthvað af starfskröftum frá þeim, gjarnan þá sem þeir síst mega missa, vélstjórana af skipunum eða tæknimennina úr fyrirtækjunum í landi og eftir stæðu menn jafnvel verr settir en áður ef eitthvað er, og svo hringinn í kringum landið, norður um og vestur um þangað til fer að gæta áhrifa frá höfuðborgarsvæðinu upp á Akranes og upp á Vesturland, og suður hringinn svona austur um Þjórsá og eitthvað lengra kannski, austur undir Eyjafjöll.

En ætli menn telji sig njóta nálægðar höfuðborgarinnar mjög þegar lengra austar kemur.

Herra forseti. Ef engin breyting verður að öðru leyti á hinum undirliggjandi orsökum byggðavandans, atvinnu- og byggðavandans, þá þýðir ekkert að reyna að selja mönnum það að þetta einstaka verkefni geri menn betur setta annars staðar. Það er bara algjörlega ómögulegt. Það gengur ekki. Sú röksemdafærsla hrynur um sjálfa sig eins og spilaborg. Og er þá eftir sá þáttur málsins að það er boðað af fjmrn., af Seðlabankanum og af Þjóðhagsstofnun að óhjákvæmilegt verði að draga úr öðrum framkvæmdum og skera niður ríkisútgjöld á meðan þannig að í raun snýr málið svo að Vestfirðingum, Norðlendingum og Sunnlendingum og okkur öllum að það yrði sennilega að draga úr opinberum framkvæmdum og skerða ríkisútgjöld á meðan til að aftra því að hér færi eina ferðina enn allt á hvolf og við læstumst í vítahring þenslu, spennu á vinnumarkaði, vaxandi verðbólgu, hærri vaxta o.s.frv.

Hvað er hægt að skera niður? Örorku- og ellilífeyri? Ja, ég vona nú að menn hlífi því í lengstu lög. En þá eru það hlutir eins og vegaframkvæmdir og annað slíkt þar sem menn bera alltaf niður. Hverju frestuðu menn til að slá á þenslu hérna fyrir tveimur, þremur árum? Það var aðallega tvennt. Það var skálinn hérna við þinghúsið. Ekki verður hægt að fresta honum endalaust nema menn passi sig á að hætta strax til að sé hægt að halda áfram að fresta. Og svo eru það vegir. Ha! Skálinn og vegir! Er það þá það sem menn sjá fyrir sér? (Gripið fram í.) Nei, það verður engum sendiráðum frestað. Það var gefið í með þau, enda eru þau í útlöndum og valda þenslu í Japan en ekki á Íslandi. Þannig er nú þetta.

Herra forseti. Ég tel þess vegna í ljósi þeirrar óvissu sem orðin er uppi með þetta verkefni að menn eigi að horfast í augu við það að veruleg hætta er á því að mikið bakslag komi í þróun atvinnu- og byggðamála eystra ef heldur sem horfir og ekki verður af þessum framkvæmdum, einfaldlega vegna þess að þar hafa verið kynntar upp og byggst upp miklar væntingar. Og það er algjörlega skiljanlegt. Skárra væri það nú eftir allan málflutninginn um allt hið góða sem þessu ætti að fylgja. Þess vegna hlýtur það að verða áfall, a.m.k. fyrir þá forustumenn sem hafa lagt allt í sölurnar, lagt sjálfa sig gjörsamlega undir og tekið svo trú á þetta mál að um það mætti ýmislegt segja í sjálfu sér. Þeir hljóta að eiga um sárt að binda. Ég segi: Það er skylda okkar allra að reyna þá að standa þannig að málum að reynt verði að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem slíku verða samfara. Ég tel að stjórnvöldum sé skylt að huga strax að aðgerðum eystra til þess að fullvissa menn þannig að hvað sem þessari óvissu líði þá skynji menn ábyrgð sína á því að þarna séu að skapast sérstakar aðstæður sem þurfi að taka á.

Það er hægt að ráðast strax í jarðgangagerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Það er þörf og góð samgönguframkvæmd, tiltölulega arðsöm. Það á að mínu mati að drífa í henni algerlega óháð því hvað verður með þetta stóriðjumál og jafnvel setja á hönnunarborðið fleiri stórframkvæmdir þarna eystra sem líka er brýnt og þarft að ráðast í. Með því erum við að vinna það að þessar samgöngubætur koma, en við erum líka að segja við fólkið að það verði ekki skilið eftir. Þó að þessi áform gufi upp þá verða menn ekki skildir einir eftir.

Nú eru auðvitað nákvæmlega sambærilegar og mjög erfiðar aðstæður víða annars staðar í landinu. Það vitum við. En þetta mál og allt sem kynnt hefur verið upp í kringum það gerir aðstæður þarna eystra núna nokkuð sérstakar. Það held ég við hljótum að geta verið sammála um. Ég ætla nú ekki að fara að líkja þessu við einhverjar náttúruhamfarir eins og Vestmannaeyjagosið eða aðra slíka hluti sem gengið hafa yfir önnur byggðarlög. En í öllu falli er algjörlega ljóst að fyrir því eru ótal fordæmi að þegar sérstakar aðstæður skapast af þessu tagi sé gripið til sérstakra aðgerða.

Við höfum lagt þetta til. Hér er til meðhöndlunar í þinginu till. til þál. um sértækar byggðaaðgerðir, svæðisbundna byggðaáætlun fyrir Austurland, sem við hugsum að vísu sem lið í stærra átaki af því tagi sem taki til landsins í heild. En það mætti gjarnan og ætti að mínu mati og okkar að hefjast handa á Austurlandi eins og aðstæður eru þar nú.

Herra forseti. Tímans vegna held ég að ég snúi mér næst lítillega að framtíðaráformum og stöðu í virkjunarmálum sem tengist auðvitað efni þessa frv. og hafi það svona aðalinntakið í því sem ég læt hér sagt til viðbótar. Vísa ég þá m.a. í fylgiskjal með frv. sjálfu þar sem er greinargerð Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði með hliðsjón af stækkun álvera á Suðvesturlandi og öðrum orkuþörfum. Ég tek það fram að prýðilegt er að fá þessa greinargerð því hún setur hlutina í mjög glöggt samhengi. En hún er líka afar áhugaverð lesning og þörf. Ég hvet hv. þm., ef einhverjir væru sem ekki hafa skoðað hana enn þá, að gera það hið snarasta, af því, herra forseti, að hún dregur upp þá mynd sem að óbreyttu blasir við mönnum í orkumálum ef — og ég tek það skýrt fram — ef öll áform stjórnvalda í þeim efnum gengju eftir.

Á bls. 23 í grg. með frv. er þetta dregið upp eins og það blasir við okkur núna. Með hliðsjón af áformum stjórnvalda um byggingu Reyðaráls, um stækkun Norðuráls í tveimur áföngum og um stækkun Ísals um þau 30.000 tonn sem álverið þar hefur þegar starfsleyfi fyrir, mundi þetta þýða, herra forseti, að raforkunotkun í landinu ykist á tiltölulega skömmum tíma, úr 8.400 gígavattstundum í 17.500 gígavattstundir. Sem sagt rúmlega tvöfaldast. Það er á borðinu, að rúmlega tvöfalda orkuframleiðsluna í landinu. Munum eftir því að þessi 17.500 gígavattastunda tala rímar við 30.000 gígavattstundir sem ég nefndi fyrr í ræðu minni í samhengi við markaðssetningu landsins erlendis í tilteknum skrautbæklingum. Við erum þar með að tala um að ef þessi áform mundu öll gengin fram þá væri búið að beisla helminginn af því vatnsafli sem menn hafa reiknað með að sé ásættanlegt að nýta og beisla.

Menn skyldu hafa í huga að 30 teravattstundir, 30.000 gígavattstundir, eru hátt hlutfall af öllu nýtanlegu vatnsafli í landinu. Þá yrðu fá vatnsföll á Íslandi eftir ósnortin ef framleiðslan hefði náð 30.000 gígavattstundum. Það sjá menn ef þeir fletta áfram og skoða töflurnar á bls. 24 og aftur á bls. 27, þar sem dregnir eru upp virkjunarkostirnir. Orkustofnun skráir þar af stakri samviskusemi virkjanirnar sem þarf að ráðast í ef þetta á allt að ganga eftir.

Það er ekkert smáræði, herra forseti, sem til þarf ef á að skammta þessum orkuhungruðu úlfum öllum saman rafmagn. Það er Kröfluvirkjun, bæði þriðji og fjórði og fimmti áfangi, þ.e. væntanlega nokkurn veginn fullnýting svæðisins við Kröflu. Það er Búðarhálsvirkjun. Norðlingaölduveita, það þarf hana líka. Hvað er Norðlingaölduveita? Jú, það eru Þjórsárver, herra forseti. Í Bjarnarflagsvirkjun á að fara inn á nýtt, viðkvæmt háhitasvæði sem m.a. hefur gríðarlegt náttúruverndargildi og er aðdráttarafl í ferðaþjónustu, samanber hveraröndina. Ef til vill má taka þaðan einhverja orku þannig

að vel fari en svo mikið er víst að það er vandasamt og svæðið er viðkvæmt. Hér er einnig nefnt Reykjanes og Villinganes. Hvað er Villinganes? Það er Jökulsá í Skagafirði og gljúfrin þar. Nefnd er Fljótsdalsvirkjun, þ.e. Fljótsdalsvirkjun með stíflu, væntanlega rétt neðan við Eyjabakka, sú útgáfa. Þar tapast fossaröðin fallega fyrir neðan. Skaftárveita er einnig talin upp. Eru allir með það á hreinu hvað Skaftárveita er? Það mun vera að veita Skaftá í Langasjó, nota hann sem miðlunarlón. Áfram má telja nokkuð hrikalegar framkvæmdir, satt best að segja. Ég geri ráð fyrir að flestum finnist það sem hafa notið náttúrufegurðarinnar á þeim slóðum.

Áfram eru taldar Urriðafossvirkjun og Núps- og Búðarfossvirkjun, þ.e. virkjanirnar í Neðri-Þjórsá, sem ég tel vel að merkja að mörgu leyti sjálfsagt að nýta. Einhvers staðar verður virkjað. Segja má að úr því sem komið er séu fyrir því nokkur rök að nýta fallið í Þjórsá, að sjálfsögðu þannig að það sé ásættanlegt frá umhverfisaðstæðum á viðkomandi stöðum. En það hefur mikla kosti úr því sem komið er að nýta þá þá miðlun Þjórsár sem þegar er til staðar. Ekki þarf að reisa ný miðlunarlón vegna Núpa- og Urriðafossvirkjana. Svo fremi sem ásættanleg lausn finnst vegna nærumhverfisins vil ég láta koma fram að ég ég tel þær virkjanir að mörgu leyti heppilegri en að raska nýjum og ósnortnum svæðum eða ráðast í virkjun vatnsfalla sem enn renna ósnert til sjávar.

Þarna er og talin upp Hellisheiði, Hengillinn og Þeistareykir, þá þarf líka. Hvað eru Þeistareykir? Það er ákaflega sérstætt og fallegt háhitasvæði upp af Kelduhverfi. Það kemur hrollur í suma þegar talað er um að virkja þar. **(Gripið fram í:** Ertu ekki búinn að taka Torfajökulssvæðið?) Hann er nú ekki kominn inn í þetta enn þá — þar er mikil litadýð.

Varðandi Þeistareyki veit ég auðvitað að heimamenn hafa lengi rennt hýru auga til jarðhitans á Þeistareykjasvæðinu. Þar hafa menn ekki síður verið að hugsa um að ná jarðgufu, leiða hana t.d. til Húsavíkur og nota í iðnað heldur en kannski endilega raforkuframleiðsluna eina og sér. Ég verð að segja alveg eins og er að það fyndist mér sorgleg nýting á svæðinu ef þar yrði eingöngu virkjað til að framleiða rafmagn og orkunni hent að öðru leyti. Það væri þá a.m.k. mun æskilegra ef hægt væri að gera hvort tveggja.

Í þetta þarf að sjálfsögðu Kárahnjúkavirkjun I og Kárahnjúkavirkjun II, einnig Hólmsárvirkjun. Það er Reykjanes, 2. áfangi, og það er Skatastaðavirkjun. Hvað er Skatastaðavirkjun? Jú, það er virkjunin ofan við Villinganesvirkjun í Jökulsá í Skagafirði sem er í raun sjálfgefið að þurfi að reisa ef ráðist verður í Villinganesvirkjunina sem slíka. Hún mun endast skammt nema til komi miðlunarlón ofar að fanga setið sem áin ber með sér.

En það er ekki allt búið enn, herra forseti, því að í þessari greinargerð Orkustofnunar er haldið áfram. Á bls. 28 er rætt um orkuþörf til vetnisframleiðslu. Það er í sjálfu sér ágætt að Orkustofnun fari líka yfir það. Það vantar nú ekki að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., ætlar að vetnisvæða landið. En það þarf orku til þess. Þá bætast 4.300 gígavattstundir við. Þá erum við komin vel yfir 20.000 gígavattstundir, búin með meira en $^2/_3$ af allri nýtanlegri vatnsorku sem Orkustofnun og slíkir aðilar telja að hér sé hægt að beisla með skikkanlegu móti. Ég hef vel að merkja alla fyrirvara á þeirri tölu því að ég tel að það sé nær að hún sé 20.000–25.000 gígavattstundir, ef við ætlum ekki að raska stórfljótum eins og Jökulsá á Fjöllum, Skjálfandafljóti, Hvítá og öðrum slíkum. Ég er andvígur því að raska þeim. Ég tel að við eigum að taka á dagskrá að friða nokkur verðmætustu og sérstæðustu vatnsföll Íslendinga frá upptökum til ósa með öllu sem því fylgir.

Þá kemur rúsínan í pylsuendanum, herra forseti, og Orkustofnun á þakkir skildar fyrir hreinskilnina. Kollegar mínir þar skulu teljast menn að meiri að vera jafnhreinskilnir og þeir eru. Þeir segja auðvitað, til viðbótar öllum langa listanum sem ég las upp áðan með Skaftá í Langasjó og öllu því, að meira muni vanta ef það eigi að vetnisvæða, hv. þm. Hjálmar Árnason vill og kannski hv. þm. Drífa Hjartardóttir líka. Nei, ekki endilega. (Gripið fram í.) Ég ætla nú ekki að gera hv. þm. upp skoðanir, ég tek það skýrt fram.

Eigi að vetnisvæða þarf meiri virkjanir, segir Orkustofnun, en bætir við að í töflu II, þeirri sem ég las yfir áðan, séu hvergi nærri allir orkukostir okkar upp taldir. Þeir séu taldir u.þ.b. tvöfalt meiri. Meðal annars er Jökulsá á Fjöllum ekki með í II. töflu en virkjun þess fljóts ein sér gæti nægt til að standa undir nánast allri vetnisvæðingunni. Aha, nema hvað? Ef þessi villtu áform öll um stóriðju eiga að ganga fram eru menn búnir að ganga svo nærri virkjunarkostunum, svo mikið á orkuforðann í vatnsaflinu og að hluta til í jarðhitanum, að það verður fátt annað til að benda á en Jökulsá á Fjöllum þegar á að fara að vetnisvæða. Það er nefnilega það. Svo mikið fer í Dettifoss og Jökulsárgljúfur og þjóðgarðinn þar. Það er nefnilega þannig að það er ekkert að verða óskaplega mikið eftir nema Dettifoss, Aldeyjarfoss, Goðafoss, Gullfoss, Dynjandi og einhverjir nokkrir slíkir, ef þetta á allt saman fram að ganga. Þá skiljum við börnunum okkar eftir þá stöðu að gera upp við sig þegar meiri orku vantar í framtíðinni: Ætlum við að verða án hennar eða að hjóla í þessa kosti?

Þetta, herra forseti, þarf að ræða hér. Það er ekki bara verið að taka afdrifaríka ákvörðun í þeim skilningi að hefja röskun norðausturhálendisins og taka mikla þjóðhagslega áhættu og allt sem því fylgir. Það er verið að ráðstafa gríðarlega stórum hluta af ónýttum orkuforða landsins í þessi risaverkefni og skilja eftir þær erfiðu aðstæður að menn standi frammi fyrir enn þá sársaukafyllra vali gagnvart forgangsröðun virkjunarkosta, friðun eða nýtingu, á komandi árum og áratugum. Hér er því ekkert smámál á ferðinni.

Einhver mesta blekkingin sem uppi hefur vaðið í þessari umræðu er að það sé bara nóg orka, þetta sé ekkert vandamál, við getum tekið álverin hérna inn á færibandi: Komið, komið, opið hús endalaust. Menn láta eins og það sjái hvergi högg á vatni. Það er ekki þannig. Ísland er hlutfallslega orkuríkt samfélag af því að við erum fámenn þjóð og ekki mjög iðnvædd enn þá. En þegar við setjum það í samhengi við orkunotkun í heiminum erum við dvergur. Möguleikar til orkuframleiðslu á Íslandi eru, að mér er sagt, eitthvað svipaðir og í fylkinu Hamborg, þ.e. ef öll nýtanleg vatnsorka og jarðhiti á háhitasvæðum yrðu beisluð þá yrði orkuframleiðslan sem út úr því kæmi svo sem 50 teravött, eitthvað svipuð og notuð er í fylkinu Hamborg. Það er allt og sumt.

Svo halda menn hér alveg endalausar ræður um framlag sitt til umhverfismála í heiminum með því að leggja fram hina umhverfisvænu íslensku orku, eins og hún sé drjúgur hluti, gæti orðið drjúgur hluti af orkunotkun heimsins. Það er nú óskaplega smátt þegar þetta er sett í eitthvert samhengi.

Herra forseti. Auðvitað ætti að ljúka vinnunni að rammaáætluninni Maður, nýting, náttúra. Það á að draga upp heildarmynd af virkjunarmöguleikunum og til hvers við viljum ráðstafa þeim. Það er ekki eins og okkur sé einhver nauð á höndum að rjúka í þetta allt núna. Það er heimatilbú-

in tímanauð. Ísland er í prýðilega stöðu til þess og hefur vel efni á að taka sér nokkur ár í að ljúka heimavinnunni, kortleggja möguleikana, forgangsraða virkjunarkostunum og leggja niður fyrir sér hvernig við viljum fara í hlutina. Hluti af þeirri ákvörðun á auðvitað að vera að friðlýsa tiltekin vatnsföll og háhitasvæði.

Af því að Torfajökulssvæði var nefnt áðan þá ég tel að það eigi að friðlýsa. Það er ákaflega sérstætt og fallegt svæði með mikla litadýrð og í raun allt svæðið frá Landmannalaugum og niður í Þórsmörk. Það svæði á ekki að hugsa sér til neinnar nýtingar. Það á að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum og Kreppu, það á að mínu mati að friðlýsa Skjálfandafljót, a.m.k. vona ég að mönnum detti ekki Goðafoss í hug. Það á að friðlýsa Hvítá, með Gullfossi, og nokkur fleiri verðmæt vatnasvið.

Þetta hafa ýmsar nágrannaþjóðir þegar gert. Þekkt er tímamótaákvörðun Norðmanna frá því fyrir tveimur, þremur árum, að þar væri lokið uppbyggingu stórra vatnsaflsvirkjana og yrði ekki farið í fleiri slíkar og raskað fleiri vatnasvæðum. Í Svíþjóð gildir sama og hefur lengi gert, ég hygg að það séu ein 20 ár síðan Svíar friðlýstu þau fjögur stórfljót sem eftir eru í Svíþjóð og ekki er miðlað rennsli í. Það er nú allt og sumt í hinu stóra landi, Svíþjóð. Þar eru fjórar stórár eftir sem ekki hefur verið raskað náttúrulegum rennslisháttum í með stíflum, áveitum, skipaskurðum eða öðru slíku. Við verðum að fara að koma þessum málum á dagskrá, á blað hjá okkur.

Þegar menn skoða arðsemi svona verkefna, herra forseti, og skynsemi þess að ráðast í þau, er náttúrlega hægt að hugsa sér að gera þar á samanburð við ýmislegt, einhverjar aðrar framkvæmdir, við að gera þetta öðruvísi en einnig væri hægt að gera samanburðinn við það að gera þetta bara alls ekki. Ég sé það hvergi í þessum plöggum, herra forseti, ekki í nefndarálitunum, alla vega ekki frá meiri hlutanum, að það sem menn hafa þarna í hyggju sé borið saman við núllkostinn. Bíðum við, þarf ekki að reikna það út hvort kemur betur út að gera þetta eða gera þetta ekki? Eigum við ekki að reikna það út? Ég hélt að málið snerist ekki síst um það.

Hvar eru útreikningarnir á því að Landsvirkjun geri þetta ekki, að Landsvirkjun ráðist ekki í slíka fjárfestingu, noti núverandi tekjur sínar til að borga hratt niður skuldir eða eitthvað aðeins hægar og verði annaðhvort skuldlaus á 15 árum eða lækki rafmagnið strax um 20, 30, 40% og verði þá ekki skuldlaus fyrr en eftir 25 ár? Hvaða þjóðhagslegt gildi hefur það? Hvaða möguleikar opnast íslenskum iðnaði? Hvaða möguleikar opnast garðyrkjubændum, t.d. til stórfellds útflutnings í blómarækt, ef þeir fá allt í einu helmingslækkun á orku? Hefur þetta verið reiknað? Ég sé það hvergi.

Fleira getur ýtt undir hagvöxt en viðbótarfjárfestingar. Það getur líka ýtt undir hagvöxt að skapa atvinnulífinu hagstæðari skilyrði. Þeir muna eftir því, íhaldmennirnir, þegar þeir eru að rökstyðja lækkun skatta. Eða skapar það ekki atvinnulífinu hagstæð skilyrði að lækka orkuverð? Jú, og það er nákvæmlega það sem Landsvirkjun getur gert, mér liggur við að segja ef hún fengi frið til þess. Ætli það kæmi sér ekki víða vel ef við gætum stórlækkað hérna orkuverðið sem — svo hlálegt sem það er — er hátt, mun hærra en víða í Evrópu. Svo halda menn ræður og gefa út bæklinga um hið geysilega hagkvæma raforkuverð á Íslandi. Hagkvæmt fyrir hverja? Bara fyrir erlendu stóriðjuna sem verið er að lokka hingað inn en ekki fyrir okkur hin sem borgum fimmfalt verð, eða hvað það nú er, á við stóriðjuna.

Menn muna kannski eftir því að í pakkanum gagnvart vanda garðyrkjunnar í landinu, sem landbrh. var að baksast með hérna fyrr í vetur, var m.a. eitt atriði sem sneri að orkukostnaðinum hjá gróðurhúsabændum? Hvert var markmiðið? Það var að reyna að fara í aðgerðir til þess að ná rafmagnsverðinu niður í það sem það er í samkeppnislöndunum. Ergo: það er hærra. Hin græna stóriðja okkar, gróðurhúsin, er að borga hærra raforkuverð en úti á meginlandi Evrópu þar sem það er framleitt með kolum, olíu, jarðgasi eða kjarnorku. Og svo halda menn endalausar ræður og gefa út bæklinga um hinn hagstæða orkubissness á Íslandi — já, hagstæðan fyrir erlenda stóriðju, sem verið er að reyna að lokka hingað inn, en ekki fyrir innlenda notendur.

Þarna hafa menn ekki unnið heimavinnuna sína, herra forseti, eins og á mörgum öðrum sviðum. Eða er það ekki t.d. svolítið nöturlegt og hlálegt að ein helsta stóriðja landsmanna, mjöliðnaðurinn, fiskimjölsiðnaðurinn, keyrir næstum allur á innfluttri olíu? Það eru kannski eitt eða tvö fyrirtæki sem að einhverju leyti nota rafskautskatla en hafa olíu til vara eða nota hana aðallega. Af hverju er það? Jú, það er af því að orkan er svo dýr. Jafnvel rofin orka, afgangsorka á þeim kjörum, er annaðhvort svo dýr eða illfáanleg að þessi stóri orkunotandi okkar, allar mjölverksmiðjurnar, sem hafa gengið á fullu núna í bráðum þrjá mánuði sem betur fer eða tvo og hálfan, eru allar á olíu. Þar væri nú verk að vinna til dæmis að bjóða þeim hagstæðari samninga og nota þar okkar vistvænu orku. Svo mikil eru ræðuhöldin um það hvað þetta sé allt saman óskaplega, einstaklega umhverfisvinsamlegt, eins og stendur í bæklingnum góða.

Herra forseti. Ég ræddi svo mikið við hv. þm. Hjálmar Árnason hérna fyrir hádegið að ég held ég sleppi því að bæta þar í. Það voru að vísu nokkur atriði sem hann kom inn á sem vöktu nokkra undrun mína, en það er kannski eitt atriði sem ég læt þá nægja að staldra aðeins við og það eru hugmyndirnar um virkjanaþjóðgarða, sem mér finnst vera nokkuð svona geðklofin hugmynd, ég verð eiginlega að játa það. Mér finnst það vera óskaplega mótsagnakennt í eðli sínu að baksast með það í farteskinu í sömu ferðinni að virkja og stofna þjóðgarða því að yfirleitt eru þetta heldur andsnúin markmið hvort öðru. Þau mál standa þannig, ef ég best veit, að um þetta er eitthvert orðalag í nál. meiri hlutans. En hvað er í hendi í þeim efnum? Hverju eru menn nær? Ég held ekki miklu.

Jú, það kann að vera að mönnum hafi verið lofað að nefnd verði sett í málið. Það er ekki eins og það sé algjörlega óruggt þar með að þjóðgarðurinn sé kominn, er það? Það hefur nú ein og ein nefnd verið að störfum eitthvað og ekki komið mikið út úr því.

Staðreyndin er sú að þær hugmyndir eru allar á floti og ekkert í hendi, ekki nokkur skapaður hlutur. Ég mundi ekki gera lítið úr því ef raunverulega væri í sjónmáli einhver árangur gagnvart því að friða svæðið að öðru leyti. Ef þessi ósköp ættu yfir okkur að ganga á annað borð væri það að sjálfsögðu árangur ef við fengjum t.d. gjörsamlega handföst, geirnegld, lögbundin, helst stjórnarskrárbundin ákvæði sem friðuðu Jökulsá á Fjöllum frá upptökum til ósa og allt svæðið þar í kring. En það er bara ekki í boði. Í sama frv., við hvert er skilað nál. þar sem þessar hugmyndir eru reifaðar, bendir Orkustofnun á Jökulsá á Fjöllum sem álitlegan virkjunarkost ef þurfi að vetnisvæða. Það er nú bara svona dapurlegt.

Hvað gerir Landsvirkjun þegar hún þarf að ná sér í viðbótarorku, t.d. um norðan- og austanvert svæðið eftir að

Kárahnjúkavirkjun og Jökulsá í Fljótsdal væru virkjaðar? Það þarf ekki mikla hugmyndaauðgi til að sjá að áberandi mest spennandi kosturinn þar á eftir er Kreppa, ef ekki bara Jökulsá á Fjöllum eins og hún leggur sig, að taka hana inn í Fagradals- eða Arnardalslón og síðan austur. Og er það ekki ansi líklegt að það verði verkfræðingar og alls konar spekingar, pólitíkusar og leiðtogar í héraði sem sjái störfin og hagvöxtinn og allt sem því verður samfara að reisa nú annað álver eða Guð má vita hvaða fabrikku og taka til þess orku úr þessari geysilega hagkvæmu virkjun sem kemur með því að bæta Kreppu og Jökulsá á Fjöllum við Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal og sulla þessu helst öllu saman austur í Lagarfljót?

Ég treysti því varlega, herra forseti, þó að það séu einhver orð á blaði um að kannski verði sett nefnd í að skoða það að stækka þjóðgarð til norðurs frá Vatnajökli. Var ekki lofað friðun Þjórsárvera í eina tíð og hvar stendur hún nú? Landsvirkjun vinnur að því hörðum höndum, rær að því öllum árum að taka drjúga sneið af Þjórsárverum með Norðlingaöldumiðlun á næstu missirum. Svo mikið fyrir þau loforð. (Gripið fram í.) Já, við skulum rifja það upp, hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Ég er aldeilis ófeiminn í þá sagnfræði líka. Og það er ekki víst að hv. þm. færi mikið betur út úr þeirri viðureign en Hjálmar Árnason fór út úr því í morgun að saga Framsfl. væri rifjuð pínulítið upp fyrir honum, og var greinilega ekki vanþörf á. Ég held að ég kunni sögu virkjunarmála alveg þokkalega og tel mig ekki hafa flekkað *mannorð í þeim efnum.*

Að lokum, herra forseti, af því að ég hef talað í nokkurn veginn þær þrjár klukkustundir sem ég hafði hugsað mér og hafði glatt vini mína hér sem spurðu mig áður en ég fór í ræðustólinn með því að svo kynni að fara að mér dygði ekki minna en tvær til þrjár klukkustundir til að koma öllu frá mér, (Gripið fram í.) þá ætla ég að fara að ljúka máli mínu. Þetta er svona stútungsræða, eins og ég mundi segja á mannamáli, borið saman við ýmislegt annað sem flutt hefur verið og margar glæstar ræður einmitt í þessum málaflokki. Ég ætla mér ekki í þau föt að flytja eldmessur af því tagi sem t.d. hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér a.m.k. einu sinni, reyndar oftar, sem voru eins og ein samfelld kennslustund og fræðsla og við erum hér einhver enn á þingi sem sátum, ég held bara hverja einustu mínútu, undir sex klukkustunda ræðu þar sem farið var yfir þessi mál frá upphafi, í gegnum söguna og eiginlega meira og minna alla efnisþætti þess. Það var því magnaður fyrirlestur, magnað námskeið í þeim efnum. Ég hefði þurft meiri tíma til undirbúnings og þjálfun ef ég hefði átt að leika það eftir, herra forseti, og gæti það kannski ekki samt.

Það sem ég vil segja að lokum, herra forseti, um þetta mál er að best væri ef við gætum rætt það einarðlega og heiðarlega eins og það er og *værum ekki í neinum feluleik* hvort gagnvart öðru. Ég er auðvitað á móti málinu. Það er algjörlega ljóst, vona ég. Þá hefur til lítils verið talað í þrjá tíma ef það hefur ekki komist til skila. En einhvern veginn verður þessu auðvitað að ljúka og við verðum að lifa með niðurstöðunni. Það er ágætt að hafa það í huga. Í öllum svona málum sem umdeild eru verður einhvers konar niðurstaða, stundum óljós eða engin, stundum á annan veginn eða hinn og lífið heldur áfram. Þetta mál er fyrst og fremst pólitískt, enda hefur það verið keyrt áfram sem slíkt. Þetta er ekki faglegt mál. Þetta er ekki á forsendum markaðarins heldur er þetta pólitískt verkefni sem ríkisstjórn er að keyra áfram.

Umhverfisspjöllin sem af þessum framkvæmdum hljótast eru óverjanleg. Þau eru það vegna þess að þau eru svo umfangsmikil vegna þess að stóru ósnortnu svæði er raskað, og þau eru það ekki síst vegna þess að þau eru óafturkræf. Alls staðar þar sem þessum málum hefur þokað eitthvað áfram er það látið ráða miklu: Er um að ræða óafturkræfa hluti sem við getum aldrei bætt aftur ef við fórnum þeim einu sinni? Og svarið er já í þessu tilviki. Það er augljóst mál að þetta svæði verður aldrei endurheimt með sínum náttúrlegu gæðum eins og þau eru í dag ef ráðist verður í framkvæmdina.

Arðsemin í þessu verkefni er í þriðja lagi alls ónóg. Þjóðhagslega er þetta ekki spennandi kostur. Fyrir skuldsett íslenskt þjóðarbú er ekki ráðlegt að ráðast í risafjárfestingu fyrir erlend lán af þessu tagi þar sem hvert einasta starf kostar 400 milljónir. Það er heldur ekkert fjöldaatvinnuleysi eða neyð í landinu sem kallar á slíkt, og fjölmargir aðrir kostir eru miklu vænlegri en þessi hér. Hlúum frekar að þeim greinum sem eru álitlegar og í vexti, eins og ferðaþjónustu, *lyfja-, heilsu- og snyrtivöruiðnaði, eða stöndum betur við* bakið á öðrum sem eiga í vörn.

Er það hyggileg atvinnupólitík fyrir Austurland að láta sjávarútveg og landbúnað hrynja en byggja álver í staðinn? Nei. (Gripið fram í.) Hann á víða í miklum erfiðleikum, hv. þm. Það eru að vísu sem betur fer ein þrjú, fjögur sterk sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi, en það eru líka miklir erfiðleikar þar í sjávarútvegi víða. Ef við lítum almennt á stöðu minni sjávarbyggðanna, þá er hún víða mjög slæm. Sögu landbúnaðarins ætti hv. þm. eitthvað að þekkja. Ég held að við eigum að horfa á hlutina og setja þá í þetta samhengi. Þetta er ekki skynsamlegur kostur í atvinnulegu tilliti.

Ofan í allt þetta, herra forseti, er málið svo enn þá í hengjandi óvissu. Það er afraksturinn af þessu brölti frá því síðsumars 1998, er það ekki, að enn er allt í óvissu? Finnst mönnum þar vel að verki staðið? Eru menn stoltir af því hvernig þetta hefur gengið, að Austfirðingar eru enn, og landsmenn allir, í sömu hengjandi óvissunni, í raun í heljargreipum málsins þar til niðurstaða fæst í það á annan hvorn veginn? Það væri held ég öllum fyrir bestu að það yrði sem fyrst.

Að lokum, herra forseti, tel ég að sú aðferðafræði, sá hugsunarháttur, sú nálgun mála sem ég hef leyft mér að kalla „*álver eða dauði*“, *og eflaust sært einhverja — en það var* nú til þess gert að ýta við þeim og menn fara þá kannski að hugsa — er ákaflega gallaður framgangsmáti. Reynum að forðast það eins og við mögulega getum í lengstu lög að setja okkur í þær stellingar að við setjum allt okkar traust á einn hlut af þessu tagi sem kannski verður svo ekki og við sitjum eftir eins og illa gerðir hlutir. Við ættum að reyna að læra af sögunni að standa öðruvísi að málum.

Herra forseti. Málið á að leggja til hliðar — það var óráð frá byrjun og hefur ekki batnað eftir því sem tíminn hefur liðið — og snúa sér að öðrum og uppbyggilegri, viðráðanlegri og skynsamlegri verkefnum en þeim sem hér hafa verið til umræðu.

[15:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er tvennt sem ég vildi gera athugasemd við eða fá nánari skýringar á hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég gat að vísu ekki gefið mér tíma til að hlusta á alla ræðu hans, í þessa þrjá klukkutíma, en ég vil bregðast við einhverju af því sem fram kom á þeim tíma sem ég gat hlustað á hann.

Það er þessi makalausi málflutningur Vinstri grænna, að verðleggja störf eins og við værum að leggja það fé fram úr ríkissjóði eða einhverjum ákveðnum sjóði sem ætti að borga þau. Auðvitað er verið að fjárfesta í atvinnutæki eins og álveri af því að arðsamt er að reka það fyrirtæki. Verið er að bera saman einhverjar tölur um að eitt starf í álveri kosti 400 milljónir en 10 milljónir einhvers staðar annars staðar. Þetta er náttúrlega algjörlega fráleitur málflutningur.

Eigum við ekki að hætta allri tæknivæðingu í landinu? Hvað t.d. með Síldarvinnsluna í Neskaupstað sem er búin að tæknivæðast mjög verulega? Átti hún ekki bara að vera enn þá með flökunarborðin, hætta að nota Baader-vélar og hafa bara fleira fólk til að sinna þessum störfum? Og hver skyldi þá framleiðnin vera á hvert starf? Ég spyr af því að slíkt kom lítillega fram í máli hv. þingmanns.

Síðan er þessi umræða um að ekkert annað sé verið að gera á Austurlandi. Mér er farið að leiðast þetta, sérstaklega af því að þessir ágætu þingmenn vita betur. Það hefur verið bætt í stuðning við ferðaþjónustuna, LTU ætlar að fljúga beint á Egilsstaði með stuðningi ríkisins. Einstaklingar vinna að mörgum góðum málum og verið er að stuðla að því að laxeldi og ýmiss konar fiskeldi geti orðið, skógrækt og fleira. Þessi umræða er auðvitað fráleit hjá Vinstri grænum.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að hv. þingmaður eigi að vera að ómaka sig upp í andsvör ef þetta er allt svo fráleitt eins og hv. þm. vildi vera láta. Það sem mér fannst heldur dapurlegt voru útúrsnúningar hv. þm.

Er með því að draga athyglina að því að sum störf eru dýrari í stofnkostnaði en önnur verið að leggjast gegn allri tæknivæðingu? Er það sambærilegt við það að Síldarvinnslan í Neskaupstað hefði ekki átt að vélvæðast? Á hún kannski að taka vélarnar úr skipunum? Sagði ég það kannski í ræðu minni? Hvers konar þvættingur er þetta?

Það sem ég er að benda á er að það er hægt að gera fleira en vinna í álverum. Það er t.d. hægt að nota „þetta hérna", og margar þjóðir skapa mikinn auð með því að nota „þetta hérna". Danir eru kannski besta dæmið. Af hverju er Bang & Olufsen stórveldi um allan heim og selur sig helmingi dýrara en öll önnur hljómflutningstæki? Það er af því að hönnunin er svo flott. Af hverju er Lego stórveldi um allan heim? Það er af því að Danir eru klókir hönnuðir og góðir markaðsmenn og þeir eru það fyrst og fremst með því að nota „þetta hérna". Það er líka auðlind.

Málflutningur minn gekk út á að það eru fleiri möguleikar en álverin ein sem mér finnst menn hafa verið allt of blindir á.

Ég hef aldrei sagt að ekkert annað sé að gerast á Austurlandi. Það sem ég talaði um var hættan sem er því samfara að einblína svona mikið á einn hlut. Hún er til staðar hvað sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir. Og ég tel að hægt eigi að vera að ræða það málefnalega og áreitnislaust. Við þekkjum úr sögunni að oft hefur farið illa með menn að bíða og bíða árum saman í óvissu með væntingar um hið stóra sem svo aldrei kom. Það er þannig. Og ég held að í sjálfu sér þurfi ekki að rökstyðja það neitt frekar þó að mönnum sé sárt að viðurkenna það, og ég skil það vel í ljósi þessarar sögu eins og hún liggur fyrir.

[15:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í samanburði á því hvað störfin kosta uðu var farið að draga upp að hægt væri að kaupa svo og svo marga frystitogara. Hv. þm. ætlaði að kaupa nokkra frystitogara á móti álversframkvæmdum.

Þá eru spurningarnar: Hver vill fjárfesta í framkvæmdinni, hver vill fjármagna hana? Hvaða arð mun hún bera og hvaða fisk eiga þeir frystitogarar að veiða? Við hljótum að gera þær kröfur að þingmaðurinn svari því. Og þessar spurningar endalaust: Hvað viljum við gera? Það er verið að stuðla að ýmiss konar frumkvöðlastarfi. Spurningin er: Af hverju hefur enginn viljað koma og fjárfesta í þessum Bang & Olufsen eða Lego á Austurlandi eða hverju sem nafn má gefa í því sambandi? Ég vænti þess að hv. þingmaður muni koma með einhver svör við þessu.

Til að bregðast síðan við þeim orðum sem hann hafði uppi um menntamál og menningarmál í ræðu sinni fyrr hafa Austfirðingar gengið á undan öðrum landsfjórðungum varðandi menningarmál og þangað er horft mjög í þeim efnum. Auk þess hafa menn verið þar mjög öflugir og áhugasamir í uppbyggingu á háskólamenntun, og er ekkert útlit fyrir annað en að hún muni eflast mjög mikið á næstunni. Þar er mikill áhugi fyrir hendi.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða þarf ekki að snúast um það sem við öll vitum og erum sammála um, að Austfirðingar eru duglegt og gott fólk og eru að berjast hetjulega í sínum málum, atvinnuuppbyggingu jafnt sem öðru — enda hefur aldrei neinu öðru verið haldið fram — og að sjálfsögðu styðjum við við allt gott framtak sem þar er.

Af því að hv. þm. nefndi skólamálin hafa einmitt verið fluttar hér tillögur, m.a. af hv. þm. Þuríði Backman, um að efla nám á háskólastigi á Austurlandi. Mig minnir að á undan henni hafi hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutt tillögur um hið sama. Sjálfsagt hafa allir þingmenn Austurlands verið saman í báti að róa fyrir því, ég efa það ekki, eins og t.d. þingmenn Norðurlands hafa staðið saman um Háskólann á Akureyri.

Það er voðalega snúið í svona umræðu, herra forseti, ef maður má ekki taka dæmi til að setja hluti í samhengi. Dæmið sem ég tók var af stofnkostnaði starfa í mismunandi atvinnuuppbyggingu. Þar með var ég farinn að gera út frystitogara og vantaði kvóta fyrir hann í munni hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur af því að ég leyfði mér að benda á að fjárfestingin á bak við hvert starf í álveri væri sambærileg við störf þriggja manna á nýjum frystitogara. Það mátti greinilega ekki því að þar með var ég farinn að gera út, kvótalaus maðurinn.

Herra forseti. Mér finnst eiginlega að skynseminnar vegna verði það að fá að lifa í þessari umræðu að það eru svo miklir möguleikar aðrir sem við erum að missa allt of mikið sjónar af þegar öll þessi óskapaorka fer í þetta mál ár eftir ár.

Ég hvet hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttir næst þegar hún fer í gegnum fríhöfnina á Keflavíkurflugvelli að líta þar í rekka og reka augun í vörur frá Purity Herbs fyrirtækinu. Hvað er það? Það eru heilsu- og snyrtivörur sem eru til orðnar, og orðnar að verðmætri framleiðslu og útflutningsvöru fyrir hugvit kvenna norður í landi. Kraftaverkin eru úti um allt af því tagi sem sýna að það er fleira matur en feitt kjöt, það er fleira í lífinu en álver.

[15:24]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur skilið ummæli mín um Búrfellsvirkjun og áhrif hennar þannig að ég hafi verið að veitast að félaga hans og einum hugmyndafræðingi Vinstri grænna, Hjörleifi Guttormssyni. Það var alls ekki svo. Það sem ég var að reyna að draga fram er sú staðreynd að heildaráhrif Búrfellsvirkjunar — þrátt fyrir erfiða sögu hennar í byrjun — og stóriðjunnar í Ísal við Hafnarfjörð og annarrar starfsemi sem hefur fylgt í kjölfarið af Búrfellsvirkjun eru þegar upp er staðið gífurleg verðmæti fyrir þjóðarbúið og munu skapa frekari verðmæti um ókomna tíð. Það er það sem ég var að draga fram. Ég er hins vegar ósammála mati hv. þm. um að Búrfellsvirkjun hafi verið þjóðarbúinu, þegar upp er staðið, erfið. Um það erum við ósammála.

Ég hef hér spurningar til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar af því að hann gerir mikið úr því að arðsemi Kárahnjúkavirkjunar sé afskaplega vafasöm. Nú hefur það komið fram að stjórn Landsvirkjunar hefur lagt mikla áherslu á það og lagt fram afskaplega vandað mat, yfirfarið af eigin sérfræðingum og hlutlausum utanaðkomandi aðilum. Þeirra mat er að þetta sé mjög arðvænlegt. Telur hv. þm. að stjórn Landsvirkjunar, sem við höfum falið umboð til að fara með þetta mikla fyrirtæki, sé vísvitandi að brjóta lög?

Í annan stað hvað varðar byggðaáhrifin. Byggðastofnun og Austfirðingar, þar á meðal aðalfundir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem ítrekað hafa ályktað og telja að þetta sé ein árangursríkasta byggðaaðgerð hvað varðar Austfirði sem hægt er að grípa til. Telur hv. þm. að bæði Byggðastofnun og Samband sveitarfélaga á Austurlandi hafi rangt fyrir sér í þeim efnum?

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að það var ákaflega hógvær maður sem ræddi um Búrfell núna og sögu þess, og ég hef kannski haft nokkurt erindi sem erfiði í fyrirlestri mínum í morgun í þeim efnum og læt lokið umfjöllun um það mál.

Varðandi arðsemina og mat stjórnar Landsvirkjunar á henni verða menn að hafa í huga að hér er um pólitískt verkefni að ræða. Í stjórn Landsvirkjunar sitja náttúrlega menn sem vel vita af því að ríkisstjórn landsins er að knýja þetta verkefni áfram þannig að reynt er til hins ýtrasta að setja það í það samhengi og leggja til grundvallar matinu þannig forsendur að þetta fái staðist.

Ég segi ekki að þessir menn séu óheiðarlegir eða séu að reyna að falsa tölur. En við vitum auðvitað að miklu máli skiptir hvernig hlutirnir eru lagðir upp. Aðferðir eins og t.d. að reikna ekki inn ríkisábyrgðina sem í reynd er á bak við Landsvirkjun — hún er þá ókeypis eins og náttúran eystra — breyta dæminu. Eru það forsendur sem við föllumst á? Það er ekki sjálfgefið. Aðferð eins og að velja sér hagstæða spá um þróun álverðs er alþekkt til þess að réttlæta tiltekna niðurstöðu í samningum.

Búrfellssamningarnir, upphafssamningarnir, jafnlélegir og þeir voru — vita menn hver réttlætingin var fyrir því að sættast á svo lágt orkuverð þegar það varð heyrinkunnugt? Jú, þeir sögðu: Ja, okkur er sagt að rafmagnið verði svo ódýrt í framtíðinni vegna kjarnorkunnar að það sé réttlætanlegt að semja um svona lágt verð. Ergo: Forsendurnar sem menn gefa sér ráða alltaf svo miklu um útkomuna að það er í raun og veru mjög erfitt að greina þetta tvennt í sundur. Þess vegna er hvorki hægt að spyrja spurningar af því tagi sem hv. þm. gerði né svara henni í raun og veru nema þá í samhengi við allar forsendur málsins.

[15:28]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þingmanni verður tíðrætt um Búrfell og fyrstu ár stóriðju er rétt að minna á að þegar gengið var til samninga vegna Búrfells gerðu menn mörg mistök. Um það efast enginn. En telur hv. þm. virkilega að Landsvirkjun og okkur hafi ekkert lærst á þeim árum sem liðin eru? Þar vorum við að stíga fyrstu skref okkar í átt til stóriðju, og auðvitað gerðum við ýmis mistök þar. Telur hv. þm. virkilega að við höfum ekkert lært af þeim?

Hann nefndi töluna 3 mill í upphafi. Hér er ekki verið að tala um neitt slíkt.

En ég ítreka spurningu mína vegna þess að Landsvirkjun er óheimilt samkvæmt lögum að varpa kostnaði vegna stóriðju yfir á almenning: Telur hv. þm. að stjórn Landsvirkjunar sé annaðhvort að hagræða forsendum eða gefa sér niðurstöðu til að ná sér í eitthvert dekurverkefni og þar með vísvitandi að brjóta lög? Er það virkilega skoðun hv. þingmanns?

Þá vil ég líka árétta síðari spurningu mína sem hv. þm. svaraði ekki en ég vona að hann geri í síðara andsvari sínu. Sérfræðingar okkar í Byggðastofnun hafa sagt einfaldlega að þetta sé sú aðgerð sem muni virka sem langsamlega skjótvirkasta aðgerðin til að byggja upp og styrkja byggð á Austfjörðum, og Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur margítrekað samþykkt þetta og skorað á stjórnvöld að stuðla að þessu. Telur hv. þm. að þessir aðilar, Byggðastofnun, sveitarfélög og íbúar almennt á Austfjörðum, hafi rangt fyrir sér um hin byggðalegu áhrif — sem auðvitað eru líka mikil fyrir utan hin þjóðhagslegu áhrif — af hugsanlegri virkjun við Kárahnjúka og álveri við Reyðarfjörð?

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er ekki talað fyrir hönd allra Austfirðinga með þeim hætti sem hv. þm. hér gerir, það er rangt. Það er ósæmilegt að láta alltaf að því liggja að allir Austfirðingar, hver einasti maður, (**HjÁ:** Sveitarfélögin.) standi á bak við þessa virkjun. Það er ekki svo. Það veit hv. þm. (**HjÁ:** Samband sveitarfélaga.)

Í öðru lagi man ég ekki eftir að hafa lesið það í plöggum frá Byggðastofnun að þetta sé langárangursríkasta byggðaaðgerðin gagnvart Austurlandi. Ég man að það var mat Byggðastofnunar að þetta væri jákvæð aðgerð í byggðalegum skilningi, en hvort þetta orðalag nákvæmlega stendur þar í plöggum skal ég ósagt látið. Ef svo er, þá er ég ekki sammála því. Þá held ég að Byggðastofnun sé á villigötum ef hún ætlar að bjarga byggðavandanum í landinu með slíkum risaframkvæmdum og þá væntanlega í öllum héruðum landsins. Þá mundi Hafliði dýr allur ef svo skyldi hver limur.

Varðandi arðsemina og stjórn Landsvirkjunar. Ef það er svo að þetta sé svona arðsamt og engin minnsta hætta á því að almennir notendur leggi með fyrirtækinu, af hverju er þá ekki hægt að stofna um það sjálfstætt fyrirtæki? Hvers vegna segja sérfræðingar Landsvirkjunar samt: Það er ekki hægt, það yrði aldrei ráðist í þetta fyrirtæki svona ef það ætti að gera að sjálfstæðu fyrirtæki? Af því að til þess að þetta sé viðráðanlegt verður Landsvirkjun að leggja að veði allar eignir sínar og framtíðartekjur, líka til almenna notendamarkaðarins með ríkisábyrgðina og eigendaábyrgð

ríkis og sveitarfélaga að baki. (**HjÁ:** Þetta svarar spurningunni.) Þetta hljóta, herra forseti, að vera ákveðin rök fyrir því að arðsemin sé ekki eins óumdeilanleg og hv. þm. Hjálmar Árnason telur.

Síðan fagna ég aftur þeim miklu framförum sem þingmaðurinn tekur nú í sambandi við Búrfellsvirkjun og Straumsvík því að hér stendur sami maðurinn og í gær flutti lofræðuna og segir: Það voru gerð mikil mistök, en við höfum lært af þeim.

Ég held að við höfum lært of lítið samanber bæklingana sem ég sýndi mönnum fyrr í dag.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla að lesa upp yfirlýsingu sem aðilar hafa orðið sammála um sem standa að Noral-verkefninu. Yfirlýsingin er óformleg þýðing úr ensku þannig að hún gæti átt eftir að breytast örlítið þegar hún hefur farið í gegnum lögformlega þýðingu.

Ég hef þá lesturinn, hæstv. forseti:

„Noral-verkefnið um byggingu álvers á Austurlandi og tilheyrandi orkumannvirkja hefur gengið vel og í samræmi við markmið sem sett voru um að ljúka undirbúningsvinnu fyrir endanlega ákvörðun eigi síðar en 1. sept. 2002. Undirbúningsvinnan hefur rennt frekari stoðum undir trúverðugleika verkefnisins og niðurstöður hagkvæmniathugana eru uppörvandi.

Engu að síður hefur Hydro tilkynnt samstarfsaðilum sínum að fyrirtækið sé ekki í aðstöðu til þess að taka endanlega ákvörðun varðandi áframhald verkefnisins fyrir 1. sept. 2002 eins og gert er ráð fyrir í sameiginlegri tilkynningu sem tengdist yfirlýsingu um Noral-verkefnið. Ástæða þessarar ákvörðunar Hydro er einvörðungu sú að fyrirtækið þarf lengri tíma til þess að meta fjárfestingarstefnu sína til næstu ára í kjölfar kaupa þess á þýska fyrirtækinu VAW. Þessi þörf fyrirtækisins fyrir stefnumarkandi endurmat tengist ekki á nokkurn hátt mati á arðsemi Noral-verkefnisins. Í ljósi þessa munu aðilar að yfirlýsingunni halda áfram að starfa að verkefninu með það að markmiði að ákvarða endurnýjaða tímaáætlun.

Þátttakendur í Reyðaráli eru sammála um að það væri ákjósanlegt að fá nýjan aðila að Reyðaráli og þannig minnka eignarhlut íslenskra fjárfesta. Í þeirri vinnu sem er fram undan verði því einnig skoðuð aðkoma fleiri aðila. Sú vinna mun taka aukinn tíma sem erfitt er að setja nákvæm tímamörk.

Þetta millibilsástand dregur fram í dagsljósið ólíka hagsmuni. Hagsmunir íslenskra yfirvalda og Landsvirkjunar hvað varðar tímasetningar fara ekki saman við hagsmuni fjárfesta í sjálfu álverinu. Það er því skilningur þeirra sem standa að Noral-verkefninu að ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun hafi rétt til þess að leita nýrra samstarfsaðila að verkefninu þangað til núverandi aðilar hafa komið sér saman um nýja formlega yfirlýsingu. Þetta breytir hins vegar ekki þeim áformum allra samstarfsaðila að ganga eins skjótt og verða má frá vinnuáætlun til þess að ná endanlegri ákvörðun í Noral-verkefninu. Í samræmi við þetta verður fundur í júníbyrjun þar sem staða mála verður endurmetin."

Þá hef ég lokið lestri yfirlýsingarinnar en mig langar til, hæstv. forseti, að nefna í nokkrum orðum þau atriði sem mér finnst mikilvægust og þarna koma fram.

Í fyrsta lagi það að samstarfið við Norsk Hydro heldur áfram.

Í öðru lagi. Verkefnið er hagkvæmt þannig að það stendur ekki í vegi fyrir áframhaldandi vinnu.

Í þriðja lagi. Norsk Hydro er ekki í aðstöðu til að taka endanlega ákvörðun fyrir 1. sept. 2002. Ástæðan er sú að fyrirtækið telur sig þurfa lengri tíma til að meta fjárfestingarstefnu sína til næstu ára.

Í fjórða lagi. Hydro og Hæfi hafa í hyggju að ljúka þeirri vinnu sem fram undan er við mat á stöðu mála eins fljótt og auðið er.

Í fimmta lagi. Það sem er mikilvægast er að stjórnvöld og Landsvirkjun hafa áskilið sér rétt til að leita nýrra samstarfsaðila, annarra en Hydro, að verkefninu þar til núverandi aðilar hafa komið sér saman um nýja formlega yfirlýsingu.

Í sjötta lagi. Engu að síður munu allir aðilar ganga frá vinnuáætlun um endanlega ákvörðun um Noral-verkefnið eins skjótt og auðið er.

Og í síðasta lagi. Í samræmi við það verður fundur í júníbyrjun þar sem staða mála verður endurmetin.

Þetta vildi ég að kæmi fram í umræðunni.

[15:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þessi yfirlýsing komi nú frá hæstv. iðnrh. varðandi stöðu málsins. Ég vil draga það sérstaklega fram að ég tel mjög mikilvægt að nú sé hægt að snúa sér að því að leita nýrra samstarfsaðila til þess að styrkja þetta verkefni frekar. Auðvitað að Hydro muni halda áfram að meta stöðu sína og það hvort þeir hafi nógu mikið bolmagn til að koma að þessu verkefni auk þeirra fjárfestinga sem þeir nú hafa lagt í í Þýskalandi. En fyrir Austfirðinga skiptir meginmáli að haldið er áfram af fullum krafti að vinna þetta mál og að búast megi við niðurstöðu fyrr en ella með því að nú er komin heimild til þess að leita nýrra samstarfsaðila.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að ég tel mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun geti nú farið í viðræður við önnur fyrirtæki vegna þess að okkur er kunnugt um að áhugi er til staðar hjá virtum og stórum aðilum sem eru í slíkri framleiðslu. Ég vil þá tengja það við það frv. sem hér er til umfjöllunar, frv. til laga um Kárahnjúkavirkjun, sem er mjög mikilvægt að verði sem allra fyrst að lögum til þess að auðvelda okkur þá vinnu sem fram undan er. Ég legg líka áherslu á að við segjum ekki skilið við Norsk Hydro, a.m.k. ekki á þessu stigi. Við erum áfram í samstarfi um Noral-verkefnið en við erum ekki læst inni, ef má orða það þannig.

[15:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt gott að heyra af því að komið hefur fram áhugi frá fleirum til að sinna þessu verkefni og fjárfesta í því. Það er auðvitað af þeim niðurstöðum sem hafa komið út úr hagkvæmniathugunum varðandi þetta mál, að álheimurinn lítur til þess að hér er um mjög góðan fjárfestingarkost að ræða og gott verkefni sem er spennandi að fara í. Það held ég að séu þrátt fyrir allt mjög góðar fréttir.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er deginum ljósara að verið er að slá Noral-verkefnið af. Það er búið að því. Hér er ekki bara verið að fresta tímaáætlun. Það er engin tímaáætlun eftir. Og

samstarfið er opnað upp og því í raun og veru slitið í þeim skilningi að Norsk Hydro fellst á að ríkisstjórn Íslands megi leita að nýjum samstarfsaðilum. Næsti fundur í júní, eftir tvo og hálfan mánuð.

Það er óþarft, herra forseti, að eyða meiri tíma í að ræða frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og við getum snúið okkur að öðrum verkum, m.a. og ekki síst þeim að ræða þegar í stað þær mótvægisaðgerðir sem gripið verði til eystra. Nú þarf að gera áætlun um að hraða samgönguframkvæmdum og grípa til fleiri aðgerða til þess að tryggja að sá fjórðungur verði ekki fyrir áfalli í ljósi þeirrar niðurstöðu sem nú er, hafandi beðið eftir slíku bjargræði og bundið við það óraunhæfar vonir, eins og niðurstaðan sem liggur fyrir nú sýnir að voru.

[15:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. hafi verið aðeins of fljótur á sér að gleðjast því að ekki er búið að slá Noral-verkefnið af. Það verður haldið áfram að vinna að því. En það sem ég tel mikilvægt og lét koma fram áðan er að við getum líka talað við aðra aðila.

Og það sem hv. þm. talar um í sambandi við samgönguaðgerðir og framkvæmdir er mikilvægt mál. En samgöngur eru ekki nóg. Það er mikið atriði að fólk búi í fjórðungnum til að nýta þau samgöngumannvirki sem væntanlega verða byggð upp.

Hv. þm. hefur sagt á fundi þar sem ég var með honum að vel væri hægt að lifa með slíkum framkvæmdum. Hann sagði á fundi með sveitarstjórarmönnum úr Norðausturkjördæmi að vel væri hægt að lifa með þeim aðgerðum og framkvæmdum öllum og ég vona að hann standi við þau orð.

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það get ég endurtekið. Auðvitað hefðu menn lifað með slíkum framkvæmdum þó að þær hefðu orðið. Ég hef held ég aldrei haldið því fram né nokkur maður að menn tækju upp á því að deyja í stórum stíl, falla eins og mýflugur þó að farið yrði í umræddar framkvæmdir.

En það er líka hægt að lifa án þeirra og það er það verkefni sem snýr að okkur núna. Og menn hefðu fyrr mátt gera ráð fyrir þeim möguleika að sú yrði niðurstaðan.

Þess vegna fagna ég þeim orðum iðn.- og viðskrh. að ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að fara núna í að skoða aðgerðir eystra, hraða samgönguframkvæmdum og öðru slíku.

Nei, ekki er verið að slá Noral-verkefnið af. Það er nefnilega það. Það á að funda í júní. En það er samt heimilt að leita að nýjum aðila, bjóða nýjum aðila upp í dansinn. Og hvað gæti það þýtt? Búið er að tala við Norsk Hydro í fimm ár og niðurstaðan, uppskeran liggur fyrir. Hún liggur fyrir í þessari yfirlýsingu og einhverjum 3, 4 milljörðum austur á landi í rannsóknum og undirbúningi undir verkefni sem nú er úti í vindinum.

Hver segir að næsta lota taki ekki fimm ár líka?

[15:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt vegna þess að við erum búin að tala svo lengi við Norsk Hydro að við teljum mikilvægt og það mikilvægasta í yfirlýsingunni einmitt vera það að við erum ekki bundin við það fyrirtæki núna. Við getum farið að tala við aðra aðila. Það er aðalatriði málsins og þess vegna legg ég áherslu á það sem ég sagði áðan að Kárahnjúkafrumvarpið þarf endilega að verða að lögum sem allra fyrst til þess að auðvelda okkur það starf sem nú er fram undan.

Það er ýmislegt hægt að nefna sem skiptir máli og er jákvætt, við höfum t.d. umhverfismatið. Við höfum ýmsar framkvæmdir sem farið hefur verið í fyrir austan, t.d. hvað varðar vegi og hafnir. Við höfum Kyoto-bókunina, fyrir utan það að vita að þessi framkvæmd er hagkvæm og arðbær. Það styrkir mig í þeirri trú að við munum ná þessu verkefni í höfn þó að það geti hugsanlega orðið eitthvað síðar en við ætluðum okkur.

[15:45]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Túlkun hv. formanns Vinstri grænna lýsir óskhyggju þeirra sem eru á móti þessu verkefni. Yfirlýsing hæstv. iðnrh. skýrir stöðuna. Í henni felst í fyrsta lagi að þeir aðilar sem koma að Noral-verkefninu eru sammála um að þar sé um arðbært verkefni að ræða. Í öðru lagi kemur fram að Norsk Hydro vill halda áfram viðræðum á grundvelli samningsdraga sem þegar liggja fyrir en telja sig þurfa lengri tíma til þess meðan þeir melta mikla fjárfestingu í Þýskalandi.

Í þriðja lagi felur yfirlýsingin í sér að íslensk stjórnvöld hafa greinilega beitt þrýstingi til þess að hleypa öðrum aðilum að þessu samningaborði og setja þar með enn frekari þrýsting á Norsk Hydro.

Herra forseti. Aukast nú enn líkur á að þetta þjóðþrifamál verði að raunveruleika. Þess vegna er mikilvægt að Alþingi ljúki heimavinnu sinni.

[15:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af orðum hv. þm. er ekkert launungarmál að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með Norsk Hydro. Það að þeir skuli hafa komið fram með þessum hætti á þessu stigi málsins kemur okkur í opna skjöldu. (**SJS:** Erfiðir þessir Norðmenn.) Það er tilfellið, sem sagt var utan úr sal, að þeir geta verið erfiðir þessir Norðmenn.

[15:47]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Ég vil byrja á því að taka undir með hæstv. iðnrh. Vissulega hljóta að vera mikil vonbrigði með Norsk Hydro. Því er ekki að neita að það lá áður fyrir yfirlýsing frá Norsk Hydro um að fjárfestingar þeirra í hinu þýska fyrirtæki mundu ekki hafa áhrif á verkefni þeirra hér á landi. Nú kemur því miður í ljós að þær fjárfestingar hafa áhrif. Að sjálfsögðu eru þetta vonbrigði vegna þess að þar hefur verið gott samstarf og miklum tíma verið eytt í það.

Hins vegar er auðvitað jafnljóst að nú bíður hæstv. iðnrh. og samstarfsmanna hæstv. ráðherra að vinna að þessu verkefni á þessu nótum. Auðvitað hljótum við að vona að þetta nái í gegn sem allra fyrst.

Það eru vonbrigði að hér skuli ekki vera nánari tímasetningar eins og vissulega hefði verið þörf fyrir. Við vissum að það yrði fundur í júní en sú breyting sem hér verður kallar auðvitað á að sá fundur verði allt öðruvísi en ætlað var.

[15:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Auðvitað hef ég verið að velta því fyrir mér síðustu dagana hvort þetta tímabil og þessi ár hafi öll verið til ónýtis. Auðvitað eru þau það ekki. Það hefur þó tekist á þessum árum og þessu tímabili

að undirbúa málið og hvað varðar íslensk stjórnvöld og hvað varðar Landsvirkjun þá höfum við staðið okkur mjög vel. Í sjálfu sér er allt klárt af okkur hálfu. En þá gerist það að fjárfestarnir eru ekki tilbúnir að standa við tímaáætlanir.

Mér finnst, til þess að maður reyni að horfa á jákvæðu hliðarnar, alls ekki hægt að tala um að þessi tími hafi verið til einskis. Í rauninni, vegna þess hvað Landsvirkjun þarf að vera langt á undan uppbyggingu álverksmiðjunnar, er ekkert útilokað að tímaramminn breytist ekki svo mjög mikið. Það er reyndar ekki fyrr en á árinu 2004 sem hægt er að tala um að fjárfestarnir þurfi að fara að leggja fram fjármuni til álversins sjálfs. En Landsvirkjun hefði svo sannarlega þurft að byrja í sumar.

[15:50]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vonandi mun tímaramminn breytast sem allra minnst. En ég vil einnig taka undir með nokkrum hv. þm., að frv. sem hér er til umræðu þarf að sjálfsögðu að fara til afgreiðslu sem allra fyrst.

Ég tek undir m.a. með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem sagði það í langri ræðu sinni áðan, að það væri öllum fyrir bestu að því máli lyki sem allra fyrst og fengi afgreiðslu sem allra fyrst. (**SJS:** Nei nei.) Því ef eitthvað er, herra forseti, mun það að sjálfsögðu bæta samningsstöðu okkar. Við verðum þá búin að stíga enn með eitt skrefið í átt að því að ljúka okkar heimavinnu. Þess vegna er mun betra fyrir okkur að gera það og við höfum þá styrkt okkur í þeim efnum.

Hins vegar, herra forseti, er ljóst að nú bíður mikil vinna hæstv. iðnrh. vegna þess að m.a. austur á landi þarf að vinna gegn þeim vonbrigðum sem yfirlýsingin sem hér var lesin augljóslega veldur þar. Það eru mínar helstu áhyggjur í málinu á þessari stundu.

[15:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því hv. þm. nefndi ástandið á Austurlandi og Austfirðinga í þessu sambandi vil ég að hér komi fram að við munum að sjálfsögðu funda með Austfirðingum sem allra fyrst þó ekki sé hægt að nefna daginn á þessari stundu. En ég held að það sé nauðsynlegt að fara yfir málið með þeim á opnum fundi. Ég mun beita mér fyrir því að sá fundur geti farið fram sem allra fyrst.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 3. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Málið snýst ekki um stórar sakir en þingsköpin leyfa ekki annað form. Það sem ég vil leiðrétta hér er að ég hafi sagt í ræðu minni að ég vildi fá botn í og ljúka afgreiðslu þessa frv. Það sagði ég að sjálfsögðu aldrei heldur margendurtók ég að ekki ætti að eyða frekari tíma í að ræða um það. Okkur bauð í grun að í vændum væru hlutir af því tagi sem nú hafa verið skýrðir og þar af leiðandi hefur verið tímasóun frá upphafi að sarga á þessu frv.

Ég sagði hins vegar, og við það stend ég, og það hefur hv. þm. væntanlega heyrst eða misheyrst, að auðvitað væri það öllum fyrir bestu að botn kæmist í þetta mál, að því lyki á einhvern hátt. Þessi áralanga bið í óvissu og miklum og hörðum deilum hefur engum verið til góðs. Það er allt annar hlutur og snýr ekki að þessu frv.

Að öðru leyti, herra forseti, er svo sem engu okkar hlátur í hug, hvaða afstöðu sem við höfum haft til þessara mála. Við áttum okkur öll á að hér hafa miklir atburðir orðið. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. ráðherra um að gengið verði til viðræðna við Austfirðinga um að grípa nú til mótvægisaðgerða þar í fjórðungnum. Ég bið um að reynt verði að halda þannig á því máli að sem mest og best pólitísk samstaða geti orðið um þá hluti. Nóg er komið af deilum.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 4. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[15:53]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að misskilningur minn var nákvæmlega enginn í málinu vegna þess að hv. þm. endurtók það sem hann sagði, að vísu með örlítið öðrum orðum áðan. Hann talaði um að ná botni í málið. Hvernig ætlar hann að fá niðurstöðu í málið í þessum þingsal öðruvísi en að ljúka afgreiðslu þess? Það er ekki hægt á neinn annan hátt. Ég tel mig ekki hafa misskilið nokkurn skapaðan hlut.

Hugsanlega hefur hins vegar gætt ónákvæmni í hinu langa máli hv. þm. en ég held að við séum þá sáttir um það að niðurstaðan fáist sem allra, allra fyrst. Við getum þá lagt mismunandi merkingu í orðið „niðurstöðu". Mín merking er sú að niðurstaðan hér í þessum þingsal gagnvart þessu máli geti ekki orðið önnur en sú að ljúka afgreiðslu þess máls sem hér er á dagskrá.

[15:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er sérkennileg tilfinning að ræða það þingmál sem hér liggur fyrir eftir að hæstv. iðnrh. hefur flutt þá yfirlýsingu sem hún las áðan. Ráðherrann gefur okkur vel til kynna þær efasemdir sem á hana hafa leitað að undanförnu og það er ekki undarlegt. Á okkur hljóta einnig að leita ákveðnar efasemdir varðandi tímasetningarnar miðað við orðalagið í þessari yfirlýsingu.

Hæstv. forsrh. sagði í fréttum að það yrði ekki virkjað nema samningur um álver lægi fyrir. Við hljótum því öll að vera ringluð miðað við niðurlag yfirlýsingarinnar. Herra forseti, ég ætla að leyfa mér að lesa niðurlagið vegna þess að það hljómar e.t.v. öðruvísi þegar það er lesið eitt og og sér. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hagsmunir íslenskra yfirvalda og Landsvirkjunar hvað varðar tímasetningar fara ekki saman við hagsmuni fjárfesta í sjálfu álverinu. Það er því skilningur þeirra sem standa að Noral-verkefninu að ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun hafi rétt til þess að leita nýrra samstarfsaðila að verkefninu þangað til núverandi aðilar hafa komið sér saman um nýja formlega yfirlýsingu. Þetta breytir hins vegar ekki þeim áformum allra samstarfsaðila að ganga eins skjótt og verða má frá vinnuáætlun til þess að ná endanlegri ákvörðun í Noral-verkefninu."

Herra forseti. Ég hef talið að ég væri allsæmilega vel gefin. Þessi yfirlýsing þarna virkar mjög afdráttarlaust á mig og ég þarf afskaplega góðan vilja til að túlka hana þannig að hér hafi eiginlega ekkert gerst nema einhver smáfrestur orðið.

Herra forseti. Hér fóru fram, áður en ráðherrann las yfirlýsingu sína, orðaskipti um framtíð Austfjarða ef ekki yrði virkjað. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það sé ekkert ósennilegt að þar eigi einmitt eftir að rísa ígildi Bang & Olufsen eða ígildi Lego. Mannvit og menntun verða þeir virkjanakostir sem í langri framtíð munu skipta mestu máli í þessu landi, hvort sem við munum þá verða búin að virkja

allt sem unnt er að virkja eða höfum tekið formlega ákvörðun um að snúa okkur að öðrum þáttum og virkja það sem annars staðar rennur.

Hins vegar skulum við ekki búast við því að helsti forsvarsmaður ríkisstjórnarinnar ræði á þessum nótum um virkjanir og virkjun mannvitsins. Oddviti ríkisstjórnarinnar hefur alveg sérstakt tungutak hér í salnum þegar hann ræðir um mannvit og notar það í sérstökum tilgangi, eins og við höfum fengið að heyra allnokkrum sinnum, þegar honum er þungt í hug og það sem við segjum hentar ekki. Þá er mannviti í þessum sal ákaflega ábótavant.

Herra forseti. Á undan mér ræddi um þingmálið Steingrímur J. Sigfússon. Hann spurði þeirrar spurningar í lok ræðu sinnar, sem spannaði hátt í fjórar klukkustundir, hvort hann hefði örugglega komið skoðun sinni vel til skila. Ég ætla að svara honum í upphafi ræðu minnar sem verður mjög stutt í samanburði. Hann kom skoðun sinni vel til skila og okkur blandast ekki hugur um hvernig hann vill að þessi mál fari.

Hann drap á að Hjörleifur Guttormsson hefði haldið hér alllengri ræður og að það hefði verið mikill fróðleikur að hlusta á ræður þess manns. Já, það hef ég upplifað. Ég hef ekki alltaf verið sammála honum en það hefur líka gerst að Hjörleifur Guttormsson hafi í náttúruverndarmálum haft mjög mikil áhrif m.a. á hvernig ég greiddi atkvæði.

Ég get hins vegar líka sagt að margt af því sem var farið yfir hér í yfirgripsmikilli ræðu Steingríms J. Sigfússonar var fræðandi. Sérstaklega tók hann ómakið af mér með að fara vítt og breitt yfir víðernin með tilliti til náttúrufars og náttúrufarsbreytinga í kjölfar virkjunar, gangi virkjanaáformin eftir.

Það get ég sagt, herra forseti, að fá óbyggð svæði hafa fengið jafnmikla umfjöllun í sölum Alþingis og víðernin norðan Vatnajökuls, hvort sem mælt er í klukkustundum, í ræðutíma þingmanna, fjölda daga sem um hefur verið rætt og bara yfirleitt hvaða mælikvarða sem við notum. Auðvitað eru skiptar skoðanir um þetta svæði. Inn í þær fléttast líka heitar tilfinningar. Það fengum við að heyra í umræðunni um Eyjabakka og það hefur komið fram þegar í umræðunni um virkjun Kárahnjúkanna. Það er bara eðlilegt. Í öllum flokkum er fólk sem vill varðveita ósnortið landsvæðið á þessum slóðum. Það er svo sérstakt og er stærsta ósnortna landsvæðið í allri Evrópu sem nú er orðin svo afskaplega manngerð. Meðal kjósenda flokkanna eru jafnframt skiptar skoðanir um þetta stóra mál. Þó býst ég við að þær séu misjafnlega skiptar. Ég gæti t.d. trúað því að skiptari skoðanir séu meðal kjósenda Samfylkingarinnar en Sjálfstfl. svo ég taki dæmi.

Það er líka sérkennilegt að ræða virkjunarheimildina til Landsvirkjunar í þessu umhverfi, undir þeirri yfirlýsingu sem hér liggur fyrir og í því andrúmslofti sem hefur verið um þetta mál frá því að hæstv. iðnrh. flutti ræðu í fyrradag og lýsti því að málið væri í nokkru uppnámi. Ég ætla hins vegar að halda mig ótrauð við það sjónarmið sem ég set hér fram og reyna að stytta mál mitt.

Samfylkingin hefur skoðað þetta mál mjög ítarlega og fram hafa farið góðar umræður um virkjun á svæðinu norðan Vatnajökuls, fyrst þegar til stóð að virkja á Eyjabökkum og síðan núna þegar breytt áform eru og ákveðið er að virkja við Kárahnjúka. Umfjöllunin hefur verið lýðræðisleg eins og Samfylkingin vill viðhafa. Samfylkingin hefur ákveðið þannig vinnubrögð að í öllum málum, stórum og smáum, en ekki síst þeim þar sem heitar tilfinningar eru og skiptar skoðanir, fylgir mjög lýðræðisleg umfjöllun og afgreiðsla í kjölfarið í þessum flokki. Og það sem myndast meiri hluti um er stefna Samfylkingarinnar og sú stefna hefur verið kynnt hér í þessu máli. Það er stefna Samfylkingarinnar að styðja virkjun við Kárahnjúka. Þetta var ekki auðvelt mál og það er ábyggilega ekki auðvelt mál í nokkrum flokki þótt fólk beri sig mismunandi borginmannlega.

Þess vegna er það undirstrikað af minni hálfu að það er stefna Samfylkingarinnar að virkja við Kárahnjúka. En ég fylgi hvorki félögum mínum í þeirri afstöðu né ákvörðun. Ég er andvíg virkjun á svæðinu norðan Vatnajökuls og það kemur fram í máli mínu og ég kýs að láta það koma fram í þessari umræðu. Og það er bara viðurkennt af félögum mínum að þannig geti mál skipast í stórum flokki að við erum einhver í þingflokknum sem ekki erum sammála endanlegri niðurstöðu, og það eru mjög margir í okkar flokki sem ekki eru sammála þeirri niðurstöðu og örugglega mjög margir í kjósendahópi Samfylkingarinnar.

Það er afdráttarlaus afstaða mín að umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar séu óásættanleg fyrir utan þá meginstaðreynd sem hlýtur að hafa mjög mikil áhrif þegar verið er að taka lokaákvörðun í svona máli, að umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar eru óafturkræf. Því segi ég að það til dæmis að taka ákvörðun um að styðja ekki virkjun við Eyjabakka sé afturkræf ákvörðun en það að ákveða að styðja virkjun á Kárahnjúkum og verði verkefnið að veruleika er óafturkræf ákvörðun. Þetta er mjög mikilvægt.

Ég sagði áðan að sá þingmaður sem talaði á undan mér hefði farið ítarlega yfir náttúrufar á svæðinu norðan Vatnajökuls og það kom vel fram hvaða náttúruspjöll verða þar og að hvaða leyti þau eru óviðunandi. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að engin ein framkvæmd á Íslandi muni hafa önnur eins áhrif á umhverfi sitt og þessi virkjun. Það er líka skoðun mín að það sé löngu tímabært að vinna framkvæmdaáætlun fyrir virkjanir á Íslandi, virkjanir og stóriðju að því marki sem hægt er að meta seinni hlutann. Það þarf að meta hvaða ár er ásættanlegt að virkja og það að ákveða að spilla ekki núna strax stærsta hálendisvíðerni Evrópu er afstaða mín af því að ég veit að við eigum aðrar ár sem meiri sátt væri um að virkja ef við værum eingöngu að hugsa um það að virkja og skaffa rafmagn fyrir stóriðju en ekki upptekin af því á hvaða svæði sú stóriðja ætti að vera. Miðað við hversu mjög virkjunin er tengd stóriðju á Austfjörðum vil ég líka segja að ég skil afskaplega vel viðbrögð félaga míns, Einars Más Sigurðarsonar, hér áðan og hvað þetta er erfitt mál fyrir Austfirðinga, og það held ég að ég hafi látið koma fram í öllum ræðum mínum um svæðið norðan Vatnajökuls hversu ofboðslega erfitt það verður ef þetta mál endar þannig að þeir fái ekki það stóra verkefni sem álverið er.

Það er mín skoðun að það eigi að geyma þetta svæði fyrir komandi kynslóðir, að það eigi að vera síðari tíma ákvörðun hvort þessari dýrmætu auðlind verður fórnað á altari stóriðjuverkefnis. Það er líka mín skoðun að hér þurfum við að finna leiðir til að vinna ekki bara auðlindastefnu heldur auðlindamat. Samfylkingin tekur það fram í undirritun sinni á nál. meiri hlutans að mikilvægt sé að mótuð verði heildstæð auðlindastefna. Það er mjög mikilvægt að árétta það að þetta kemur fram í nál. meiri hluta flokkanna. Ég vildi óska að við hefðum haft auðlindapólitík að vinna eftir. Það hefði verið miklu auðveldara fyrir alla sem koma að málinu.

Það kom fram í framsögu talsmanns Samfylkingarinnar í þessu máli að afskaplega mikilvægt væri að fá auðlindastefnu. Svanfríður Jónasdóttir mælti fyrir nál. af okkar hálfu og hún vakti einmitt athygli á því að það væri engin samræmd stefna og fór mjög vel yfir það hvernig þetta varðar sjávarútveg, orkumálin, land og eldismál. Hún gerði það svo vel að ég vil fyrst og fremst benda á hvað hún dró það vel fram hversu ólíkt er tekið á þessum þáttum, án þess að fara nánar í það.

Virðulegi forseti. Ég á rætur í flokki sem hefur alltaf viljað nýta fallvötn, sem hefur viljað virkja og fá hingað stóriðju. Ég á heima í flokki sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi eiginlega nota eins og skammaryrði um Framsfl. í upphafi ræðu sinnar fyrr í dag þegar hann sagði að Framsfl. væri orðinn að eins konar krata-Evrópusinna-stóriðjuflokki. Ég er alveg viss um að það er hægt að segja það um mig að í þannig flokki hafi ég alla tíð átt heima og það er alveg ljóst að ég á í slíkum flokki rætur.

Þá vaknar spurningin: Hef ég þá færst frá þeim meginsjónarmiðum með afstöðu minni til verndar svæðisins norðan Vatnajökuls? Svarið er hreinskiptið. Það er nei. Ég mun áfram skoða virkjunarkosti með félögum mínum. Ég er áfram fylgjandi stóriðju að því marki sem unnt er að gera viðunandi samninga og að virkjanir og áhrif þeirra á umhverfið og áhrif stóriðjunnar, þar sem hún er staðsett, á umhverfið séu ásættanleg. Þetta eru bara grunnviðhorf og eiga að vera grunnviðhorf allra þeirra sem standa frammi fyrir því að taka slíkar ákvarðanir.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja þingmenn í hliðarsal um að gefa betra hljóð í salnum.)

Þakka forseta kærlega fyrir að ýta við forseta Alþingis í hliðarsal með þessum hætti.

Herra forseti. Ég hóf mál mitt á því að segja að við værum að ræða þetta í sérkennilegu umhverfi og spyrja má hvað sé að gerast, hvort álver komi ekki, hvort við verðum að skoða annað, hvort við verðum að skoða minni skref í að virkja og fá stóriðjuverkefni sem þá mundu e.t.v. falla betur að umhverfi og efnahagslífi okkar Íslendinga.

Af hverju segi ég minni skref? Ég hef þegar lýst því að hluta. En mér er til efs að menn geri sér almennt grein fyrir hvílíkar rosastærðir er um að tefla í þessu verkefni. Ég ætla að gera tilraun til að lýsa stærðinni.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2000 er heildarfjármunaeign okkar Íslendinga 2.000 milljarðar. Heildarfjármunaeign þýðir allt sem við eigum saman, allar eignir, allar virkjanir, öll hús, sjúkrahús, atvinnuhúsnæði, heimilin okkar, íbúðarhús, hafnir, vegir, tæki og tól í atvinnulífi og einkalífi, allt. Af þessum 2.000 milljörðum í fjármunaeign eru 900 milljarðar eign atvinnulífsins. Þessir 900 milljarðar eru virkjanirnar, álverin tvö, járnblendið, allt atvinnuhúsnæði í landinu, vélar og tæki atvinnulífs, öll einakfyrirtæki, öll hús og eignir, tæki og tól í atvinnulífinu. Það eru 900 milljarðar.

Þau áform sem við erum að ræða hér þýða að það eigi að skella inn í samfélagsmaskínuna verkefni sem á verðlagi 2001 — og ég vek athygli á því að hitt var verðlag árið 2000. En það munar ekki mjög miklu — er 250 milljarðar kr. Við bætum inn í fjármunaeignina 250 milljarða pakka sem er liðlega einn fjórði af því sem fyrir er. Nú er ég ekki að tala um þetta fjárhagslega. Ræða mín snýst ekki um hvernig þetta verkefni er fjárhagslega. Ég veit að það eykur verga þjóðarframleiðslu um 1%. Að öðru leyti ætla ég ekkert að fara inn í efnahagsstærðir í þessu máli vegna þess að afstaða mín byggist á umhverfissjónarmiði.

En stærðin er svo rosaleg að um leið og við sjáum það í þessu samhengi vitum við að verkefnið er svo risastórt að það er engin leið og ekki leyfilegt að líta á það sem byggðaverkefni. Þetta er samfélagsverkefni af þeirri stærðargráðu að enginn má afgreiða það öðruvísi en vita um stærðina.

Herra forseti. Ef yfirlýsing ráðherrans þýðir að álverið kemur ekki, erum við þá komin að nýju ferli? Ber okkur e.t.v. að ræða málin á nýjan hátt, ekki að taka við því eina sem okkur býðst og búa til virkjun utan um það þegar verkefnin detta inn heldur reyna að ræða málin upp á nýtt með öðrum formerkjum?

Erum við komin þangað núna árið 2002, eftir þá reynslu sem við nú höfum farið í gegnum, að við eigum t.d. að ræða opið um svæði sem eigi að vernda og ræða opið um svæði þar sem megi virkja, þar sem ásættanlegt er að verði virkjað, að við séum þegar búin að taka fyrir einhver þau svæði sem eru svo manngerð að viðbætur breyti ekki miklu í ásýndinni?

Eigum við e.t.v. að skoða enn þá betur hver eigi að vera ímynd Íslands? Það hefur komið fram í þessari umræðu að ferðamenn svara í könnunum að hún sé þetta ósnortna, náttúrlegt umhverfið og þeir vilja koma aftur og aftur til að njóta þessa sem ekki fæst annars staðar.

Ég þekki þetta. Ég hef mætt frönskum ferðamönnum uppi á hálendinu og þeir hafa sagt við mig: „Ofboðslega auðlind eigið þið. Ofboðslega eruð þið rík. Það á enginn svona auðæfi eins og þið. Þó að þið ættuð gullnámu hér í fjallinu væri hún lítils virði miðað við þetta."

Þetta er alveg rétt. Við erum ofboðslega rík. Við eigum svo miklar auðlindir. Samkvæmt skýrslum OECD eru þær skilgreindar þannig: Hafið, fallvötnin og náttúra Íslands. Það er auðvelt að gefa sér það þegar maður lítur á það þannig að e.t.v. verðum við að horfast í augu við að þetta þrennt, hafið, fallvötnin og náttúra Íslands, sé jafnverðmætt og við eigum að meta það þannig en ekki að leyfa einhverjum að koma að segja: „Halló! Ég er tilbúinn að koma hérna með rosalega stóriðju ef þið virkið hér fyrir mig."

Spurning mín er: Þar sem víðernin verða sífellt verðmætari og Evrópa æ manngerðari, er þá ekki komið svo að við verðum að horfa á þetta frá nýjum sjónarhóli með auðlindamati og búa til auðlindastefnu og gera tilraun til að meta þessar auðlindir hverja fyrir sig og ákveða hvernig við meðhöndlum þær? Okkur ber að vera tilbúin að leggja þessa þjóðareign undir mælistiku en það er okkur ekki unnt í dag. Enginn í þessum sal treystir sér til að leggja víðernin norðan Vatnajökuls undir mælistiku.

Ég hef auðvitað velt því fyrir mér hvort nokkur möguleiki væri á því af minni hálfu að vera með félögum mínum í þessari ákvörðun. Er sú afstaða, að fylgja þeim ekki, óábyrg? Hef ég og fólk sem þannig tekur afstöðu gleymt upprunanum, þýðingunni sem þróun orkumála hafði á síðustu öld? Veit ég ekki að á árum áður þýddi meira rafmagn betra líf, að rafmagnið var á sínum tíma hagsældin?

Auðvitað vitum við þetta öll og ég líka, en líka að velsæld verður ekki lengur fyrst og fremst til í gegnum rafmagn. Hún verður líka til með öðrum hætti. Þess vegna munum við áfram, samhliða því að framleiða rafmagn og selja orku til eftirsóknarverðra verkefna, hlúa að hefðbundnum greinum, að menntun, að byggja upp fjölbreyttar atvinnugreinar í þéttbýli, vega þessa þætti á móti öðrum í matinu á velsæld og hvernig samfélag við byggjum. Við vitum að búskapur,

ferðaþjónusta, skógrækt, landgræðsla — allt þetta snýr að náttúrunni og landinu og dreifbýlinu. Það vegur kannski þyngra í þéttbýlinu hvernig við höldum á öðrum málum.

En að sjálfsögðu virkjum við áfram. Ég stend ekki hér og held því fram að nú sé orðið gott og hér verði ekki meira virkjað. En við eigum líka aðra kosti í stóriðjunni sem við munum skoða, aðrar virkjunarleiðir, bæði fallvötn og gufuafl. Ég hef á tilfinningunni í dag að þetta risaverkefni sé fyrir bí. Ég held að andrúmsloftið sem skapaðist í þessum sal hafi ekki farið fram hjá neinum, hvorki í fyrradag við boðaða yfirlýsingu ráðherrans — nokkrar væntingar voru komnar um að þetta væri kannski ekki eins og það væri — né það andrúmsloft sem hékk yfir vegna endanlegrar yfirlýsingar ráðherrans hér í dag.

Í fréttum í fyrrakvöld var einmitt farið yfir hvað biði afgreiðslu okkar í framtíðinni vegna óska og áforma þeirra tveggja álvera sem vilja stækka, og óska þeirra um raforku. Samkvæmt ýtrustu hugmyndum, og ég er búin að skoða að þetta er líka að finna í frv., er verið að tala um að fara úr 240 þús. tonna framleiðslu upp í 740 þús. tonn. Ég er alveg viss um það, og að því leyti get ég tekið undir ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að ef við klárum það verkefni sem við ræðum hér er mjög ólíklegt að við förum fljótlega í að afgreiða þessi tvö erindi og fara í önnur 500 þús. tonn í álverum. Það er meira en allt Reyðarál eins og sú beiðni liggur fyrir.

Jafnframt er fróðlegt að skoða þær töflur um virkjanir sem eru hér í frv. Þegar ég skoða það sem þar er að finna held ég að ekki verði eins sársaukafullt að fara í margt af því sem tínt er til á bls. 26 og 27 í frv. og það sem við erum að fjalla um hér. Ég veit hins vegar að Norðlingaölduveita verður mjög erfitt mál og við verðum ábyggilega með enn þá heitari tilfinningar eða jafnheitar þar og varðandi svæðið norðan Vatnajökuls. Ég býst við að Skaftárveita, ef þar á að veita á í Langasjó, verði líka mjög erfitt mál. Af því að Villinganes var nefnt hér fyrr í dag vil ég segja að ég held ekki að það sé almennt hitamál fólks af því að það snýr fyrst og fremst að „rafting"-ferðum, þ.e. flúðasiglingum, en ekki beinlínis að náttúruviðhorfum.

En ég tek eftir því þegar ég skoða töflur á bls. 26 og 27 í frv. að Reykjanes I og II er nefnt. Ég sé ekki að Nesjavellir séu nefndir og ég átta mig ekki á því hvort Reykjanes I og II eru í raun Svartsengi. En það eru áform uppi um að stækka Nesjavelli — það er verkefni borgarinnar — og áform eru uppi um að stækka Svartsengi og að því eru líka aðrir eigendur.

Getur verið að þegar fjallað verður um hugsanlegar orkuþarfir og orkugetu séu þessar veitur ekki teknar inn? Það er sannfæring mín að komi að því að við förum að reyna að afgreiða óskir álveranna sem fyrir eru um orku muni bæði Nesjavellir og Svartsengi koma mjög alvarlega upp varðandi hluta af orkunni. Þetta fannst mér fróðlegt þegar ég fór að skoða hvað fram undan er, en get líka tekið undir það og minnt á að orkuþörf vegna vetnisvæðingar er talin 4,3 teravattstundir þegar maður þýðir gwh/a. Það er hinn spennandi kostur framtíðarinnar, að fara í vetnið og að eiga orku fyrir því.

Þess vegna munum við fljótlega standa frammi fyrir spurningunni um hvað af þessu við ætlum að virkja til að vetnisvæða bíla- og bátaflota og hvað til þess að veita raforkunni í stóriðju. Þetta er spennandi umræða sem ekki hefur farið fram að neinu gagni og tengist því auðvitað að rammaáætlun um virkjanamál komi fram. En við ræðum aldrei málin í samhengi. Við ræðum málin hvert í sínu lagi, fyrst Eyjabakkavirkjun, svo Kárahnjúkavirkjun vegna Reyðaráls, svo munum við ræða einhverjar stækkanir álveranna og hvert við getum sótt raforku vegna þeirrar stækkunar sem þá verður þörf, og einn góðan veðurdag munum við ræða vetnið. Þegar þar að kemur trúi ég að almenningur verði almennt meðvitaðri um landið.

Herra forseti. Mér finnst þetta snúast um ásýnd lands, líka um framtíðina og vistvænt hagkerfi sem getur orðið hjá okkur. Erlendis hefur verið talað um Ísland með miklum fjálgleik, möguleika Íslands á að verða fyrsta hreina hagkerfið. En hér eru fyrst og fremst fyrirtæki úti í bæ að fást við vetnisáformin og það er fullkomlega óljóst hvert og hvenær orka verður sótt til þeirra verkefna.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið byggir afstaða mín á umhverfissjónarmiðum. Ég hef að sjálfsögðu skoðun á flestu öðru sem varðar þetta en ég held mig við umhverfisþáttinn. Hér var fyrr í dag talað um Kringilsárrana, friðlandið sem fer undir lónið, setlögin, strandlengju lónsins, vatnshæðarsveifluna sem er meiri en áður hefur þekkst, þilið og líftíma virkjunarinnar. Talað var um einstæða vatnaflutninga og óleysanlegar afleiðingar af virkjun stóru jökulánna. Hugsanleg áhrif á lífríki hafsins hafa hins vegar ekki verið nefnd hér en fyrir þeim hefur t.d. Guðmundur Páll Ólafsson fært rök verði þessar virkjanir að veruleika.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu á því að minna á hvernig Landvernd hefur lýst því hvað gerist á svæðinu verði þessi virkjun að veruleika, með leyfi forseta:

„Kárahnjúkavirkjun mun eyðileggja eitt stærsta hálendisvíðerni í Evrópu með mannvirkjagerð á um 1.000 km svæði og spilla fjölbreyttu gróðurlendi á allt að 600 km svæði sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá sjó inn til jökla. ... Ómetanlegar jarðfræðiminjar og landslagsheildir á heimsvísu yrðu eyðilagðar eða þeim raskað verulega með virkjunarframkvæmdunum.

Meira en 100 fossar yrðu fyrir röskun af völdum virkjunarinnar og sumir hyrfu alveg.

Stórfelldir vatnaflutningar einkenna virkjunina þar sem m.a. eitt stærsta vatnsfall landsins, Jökulsá á Dal, yrði flutt á milli vatnasviða og veitt í Lagarfljót.

Nánast ekkert vatnakerfi á virkjunarsvæðinu stæði eftir óraskað. Lífríki í stöðuvötnum og fjölmörgum ám mun eyðast eða raskast verulega, einangruðum stofnum verður útrýmt eða þeim blandað saman við aðra stofna.

Þýðingarmikil varpsvæði og fjaðrafellistaðir fugla eyðilegðust á sjálfu virkjanasvæðinu samfara vatnaflutningum á Úthéraði. Mikilvæg búsvæði hreindýra og sela mundu raskast eða eyðileggjast."

Ég hvet líka þá sem heyra mál mitt að lesa upphaf skýrslu sem unnin er af umsjónarnefnd verkefnisstjórnar rammaáætlunar um mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Ég hafði hugsað mér að lesa upphafið á þeirri skýrslu en ég ætla að lesa tvær stuttar efnisgreinar, herra forseti.

Önnur er þessi:

„Samkvæmt matsskýrslu Landsvirkjunar felst ávinningur af Kárahnjúkavirkjun í aukinni landsframleiðslu, auknum útflutningstekjum, auknum efnahagsumsvifum á Austurlandi og aukinni atvinnu í landinu. Um 20 störf skapast vegna virkjunarinnar sjálfrar auk aðkeyptrar verktakavinnu. Góður

vegur opnast úr Fljótsdal að Kárahnjúkastíflu og brú á stíflunni opnar leið ofan byggðar milli Fljótsdals og Jökuldals."

Hin efnisgreinin er þessi:

„Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd, útivist og ferðaþjónustu eru þau að rýra það verulega. Stærsta ósnortna víðerni landsins yrði hlutað í sundur með mannvirkjum og því yrði hæpið að markaðssetja svæðið frá Kreppu austur á Hraun sem ósnortið víðerni. Ímynd hugsanlegs Vatnajökulsþjóðgarðs í sambúð við virkjun mundi mótast af því að hann væri rammaður inn á þrjá vegu af vega- og veitumannvirkjum."

Innihaldi þessara tveggja efnisgreina er í raun teflt hvoru gegn öðru í umræðunni hér og málið snýst um að sumir telja þetta fyrra yfirgnæfa hið seinna en aðrir telja að hið síðara sé svo stórt að ekki sé hægt að sættast á hið fyrra. Það er mikilvægt að við munum hvers vegna við erum að ræða þetta.

Í lokin á þessari fyrstu síðu segir:

„Ekki var hægt að meta þessa gildisrýrnun náttúruauðlinda til fjár."

Herra forseti. Lokaorð mín eru þessi: Af hverju finnst mér svæðið norðan Vatnajökuls svo einstakt? Eru það tignarleg fjöllin sem rísa upp úr víðáttunni, sum hver eins konar útverðir svæðisins, eins og Herðubreið og Snæfell? Eru það jöklarnir sem ber við himin eða skriðjöklarnir sem skríða fram og mæta fíngerðum gróðurfláka eða svörtum söndum? Er það auðnin öll og þögnin? Er það víðátta sanda og gróðurlausra landflæma? Eru það óumræðilega fallegir staðir þar sem fjallagróður og unaðsreitir takast á við sanda, björg og jökla, lækur sem liðast um afskekktan dal, heit uppspretta þar sem enginn á hennar von? Er það allt þetta og miklu meira sem saman skapar þá stórkostlegu auðlind sem við eigum að mínu mati að vernda? Já, ég held það.

[16:27]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum, 650. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1049.

Geislavarnir, 344. mál, þskj. 1025.

Hálendisþjóðgarður, 632. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 1003.

Hvalveiðar, 648. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 1047.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 371. mál, brtt. ÞKG, þskj. 1046.

Meðhöndlun úrgangs, 651. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1050.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 653. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1052.

Tækniháskóli Íslands, 649. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1048.

Umferðarlög, 652. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1051.

[16:29]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að reyna að hafa hér við höndina þau gögn sem ég tel mig þurfa að styðjast við í ræðu minni.

Virðulegi forseti. Á skammri stund skipast veður í lofti. Við höfum nú í þessum sal hlýtt á yfirlýsingu hæstv. iðn.- og viðskrh. um breytingar á áætlunum Noral-verkefnisins. Það fylgir að vísu sögunni og segir í yfirlýsingunni sem hæstv. iðnrh. las að Noral-verkefnið gangi nú í aðalatriðum vel. Mér finnst það hálfkaldhæðnislegt að því skuli vera lýst yfir að það gangi vel að framfylgja Noral-yfirlýsingunni á sama tíma og ljóst er að leita verður nýrra leiða til að lokka hingað erlenda álframleiðendur.

Það var ljóst í máli hæstv. ráðherra að hún vill fjölga gulrótunum á spýtunni svo að auðveldara verði að lokka hingað til lands fyrirtæki og framleiðendur sem geta framleitt alúmíníum með orku unninni úr vatnsföllunum okkar. Og hvað sagði hæstv. ráðherra? Hún sagði: „Við höfum umhverfismatið." Já, herra forseti. Við höfum umhverfismat knúið fram af pólitískri valdbeitingu og það umhverfismat sætir nú meðferð dómstóla. Það er nú sú gulrót, herra forseti.

Gulrót númer tvö er að við höfum áætlun um álver sem Norsk Hydro og Reyðarál voru sammála um á sínum tíma að leggja til grundvallar áætlunum sínum. En hver veit hvort sú stærð eða sú gerð hentar mögulegum nýjum erlendum álframleiðendum?

Og hver veit, herra forseti, nema umhverfismat álversins geti líka orðið dómsmál því að ekki eru allir á eitt sáttir um ágæti niðurstöðu Skipulagsstofnunar í því umhverfismati og hafa menn bent á að þar sé um að ræða ákveðna galla sem felist í því að ekki eigi að nýta bestu fáanlegu tækni við framleiðsluna eins og við þó teljum okkur vera skuldbundin til að gera samkvæmt alþjóðasamningum og tilskipunum frá Evrópusambandinu.

Herra forseti. Gulrót númer þrjú sem hæstv. ráðherra nefndi í máli sínu áðan var að hún sagði: „Við höfum Kyotobókunina." Já, mikið rétt. Við höfum heimild fyrir því að losa 1.600 þús. tonn koltvísýringsígilda án þess að fyrir komi greiðsla fyrir losunarkvóta. Við höfum sem sagt gífurlega meðgjöf fyrir erlenda álframleiðendur sem íslensk stjórnvöld ætla að láta ganga áfram án þess að þjóðin viti hvort það verður endurgjaldslaust. Sú gulrót hangir á spýtunni líka og nú viljum við líka, þ.e. hæstv. ráðherra, að Alþingi heimili að gefið verði út virkjunarleyfi, galopið virkjunarleyfi fyrir Kárahnjúkavirkjun og mikla stækkun Kröfluvirkjuna. Ég segi „galopið leyfi", herra forseti, því að það er ekki bundið neinum skilyrðum. Þetta frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar er ekki bundið því skilyrði að orkan sé nýtt á Austurlandi. Það kann allt eins að verða að orkan sem ráðherra verður heimilað að gefa út virkjunarleyfi á verði nýtt á suðvesturhorninu. Það eru sem sagt engin skilyrði í þeim efnum.

Þetta frv. er heldur ekki bundið neinum skilyrðum eða alla vega ekki ásættanlegum skilyrðum varðandi tíma því að gert er ráð fyrir að leyfi sem yrði gefið á grundvelli þessara laga, ef af verður, muni falla úr gildi tíu árum eftir gildistöku laganna ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og fimmtán árum eftir gildistöku laganna ef virkjunin er þá ekki komin í rekstur. Herra forseti. Þessar tímasetningar stangast í grundvallaratriðum á við það sem íslensk stjórnvöld leggja til að við innleiðum með nýjum raforkulögum. Í þeim lögum er gert ráð fyrir því að virkjunarleyfi af þessu tagi komi til með að falla úr gildi fimm árum eftir gildistöku og sömuleiðis tíu árum eftir gildistöku laganna ef virkjunin verður ekki komin í rekstur. Hér er því um galopið leyfi að ræða hvað varðar stað og stund. Og svo að lokum, herra forseti, er ekki orð í þessu frv., í hinum eiginlega texta sem yrði gerður að lögum verði þetta samþykkt, sem bindur framkvæmdina skilyrðum þeim sem umhvrh. setti í sínum úrskurði.

Þannig dingla nú, herra forseti, einar fjórar gulrætur, mislögulegar, á spýtunni sem hæstv. iðnrh. vill nota til að lokka hingað til lands erlenda álframleiðendur. Ég spyr, herra forseti, því að það kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra: Er

algerlega sama hverjir framleiðendurnir eru? Á nú bara að gefa út ákall til allra þeirra sem eiga eitthvað undir sér í áliðnaði og eru dyrnar nú galopnar fyrir hverjum sem er? Það er ástæða til þess að leita svara við spurningu af þessu tagi, herra forseti, þegar málin hafa nú breyst til þess horfs sem hæstv. ráðherra lýsti yfir í máli sínu hér áðan.

Ég geri líka athugasemd við það, herra forseti, að okkur skuli gert að halda áfram umræðum um málið í ljósi þessarar nýju yfirlýsingar. Hv. þm. hafa verið að undirbúa ræður í ljósi annarra hluta en í raun koma í ljós í máli hæstv. ráðherrans þannig að ég tel okkur vera gert enn erfiðara fyrir að halda umræðunni áfram hér þar sem nýjar staðreyndir hafa nú komið inn í málið og við hv. þm. höfum ekki haft tækifæri til að leggja mat á eða skoða og haga þá orðum okkar út frá þessum nýju staðreyndum.

Mér hefur skilist að ekki eigi gera neinar breytingar á þessum fundi þannig að honum skal fram haldið og skal ég þá líka, herra forseti, halda áfram ræðu minni þó að hún sé örlítið kannski á skjön við þá yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. las hér áðan.

Herra forseti. Í 1. umr. um þetta mál var ýmsum spurningum hreyft og hæstv. ráðherra var spurður ýmissa spurninga sem enn er ósvarað. Svo ég hlaupi í stuttu máli yfir þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra í ræðu minni þann 14. febrúar sl., fyrir rúmum mánuði síðan, þá get ég af handahófi tínt út úr ræðu minni eftirfarandi spurningar.

Ég spurði um arðsemismál og sérstaklega spurði ég um álit Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem Skipulagsstofnun kallaði eftir þegar hún var með þetta mál allt til athugunar. Enn hefur ekki verið svarað spurningum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands varpar fram í áliti sínu og ég sé ekki að í áliti meiri hluta iðnn. sé nein tilraun gerð til þess að svara spurningum sem þetta álit Hagfræðistofnunar vakti. Það sætir furðu því ég sá sjálf til þess að álitinu var dreift til allra nefndarmanna í iðnn. þannig að ég geri ráð fyrir að hún hafi haft málið í sínum gögnum og átt að hafa tækifæri til þess að kynna sér það.

Herra forseti. Ég spurði ráðherrann líka um meðgjöf hins opinbera með framkvæmdunum. Ég vildi fá umræðu við hæstv. ráðherra um þá meðgjöf sem hefur verið nefnd sem ríkið er að leggja til þessari virkjun og er í þremur liðum. Í fyrsta lagi ábyrgist ríkið lán sem tekin eru vegna virkjunarinnar. Þar af leiðandi eru vextir af lánunum mjög lágir og lægri en ef þetta væri eðlilegt fyrirtæki á frjálsum markaði. Í öðru lagi er hér um að ræða fyrirtæki, Landsvirkjun, sem ekki greiðir tekju- eða eignarskatt þannig að virkjunin verður tekju- og eignarskattsfrjáls. Þetta er meðgjöf númer tvö. Og í þriðja lagi er meðgjöfin sú að landið sem látið er í té undir þessa virkjun er ekki metið til nokkurs skapaðs hlutar í þessum áætlunum.

Herra forseti. Í fjórða lagi mætti nefna að ef svo færi að af þessari virkjun yrði, sem við vonum nú ekki, alla vega þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og reyndar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem talaði á undan mér, þá er alveg ljóst að lónið kemur til með að fyllast og hæfni virkjunarinnar til þess að framleiða orku verður stórlega skert strax að loknum einhverjum áratugum, 50–80 árum. Því spyrjum við að sjálfsögðu, herra forseti, í þessu sambandi við meðgjöf hins opinbera með þessum framkvæmdum: Á ekki að setja neitt inn í kostnaðaráætlun þessara framkvæmda sem mundi lúta að því að mannvirkin yrðu tekin niður þegar virkjunin hættir að framleiða orku og þá að landinu verði komið að einhverju leyti í það horf sem áður var?

Þessi umræða hefur ekki farið fram við hæstv. ráðherra. Hún hefur ekki gefið kost á því þó svo að hún hafi verið spurð í umræðunum sem fram fóru hér um miðjan febrúar.

Þá má líka fjalla um spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra um auðlindapólitík. Ekki svaraði hæstv. ráðherra því hvers vegna við ættum að láta undir höfuð leggjast að fjalla hér um einhvers konar afgjald af þessari auðlind, sem er ósnortin náttúra, á sama tíma og stjórnvöld þykjast vera að leggja til eitthvert afgjald af auðlindinni sem við köllum fiskstofna. Ég spurði hæstv. ráðherra hvers vegna ekki væri samræmi í þessum hlutum og hvort ekki væri eðlilegt að krafa væri gerð um slíkt. En ekki kom orð um það, engin svör, herra forseti, enn sem komið er.

Þá vildi ég fá hæstv. ráðherra til þess að ræða við mig um breytingar á raforkumarkaði. Ég varpaði fram spurningum á borð við þessa: Er verið að koma hér í framkvæmd þessari tröllauknu, óafturkræfu Kárahnjúkavirkjun áður en umhverfi á raforkumarkaði breytist svo mikið að hægt verði að virkja fyrir stóriðju meir? Ekki svaraði hæstv. ráðherra spurningum mínum sem lutu að þessu, ekki orði, þannig að þær standa enn þá og óma í loftinu. Þeim er ósvarað, herra forseti, og ég sé ekki að hæstv. ráðherra sitji hér á bekk eða sé að punkta hjá sér spurningar mínar til þess þá að reyna að safna þeim saman og svara þeim núna við 2. umr. málsins.

Þá spurði ég um rammaáætlun sem ég held að ég hafi kallað í ræðu minni „rammaáætlun hæstv. ráðherra“ því að við verðum að sjálfsögðu að fá svör hæstv. ráðherra varðandi þá lista sem Orkustofnun setur upp í fylgiskjali með frv. því að á þeim lista er alveg ljóst að ákveðin stóriðjuáform eru í pípunum sem Orkustofnun metur að þurfi á svo og svo mikilli orku að halda. Og ekki nóg með það heldur nefnir hún til ákveðna virkjunarkosti og Alþingi verður að sjálfsögðu að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvaða plön séu í gangi hjá stjórnvöldum sem eigi samhljóm í þeim listum sem Orkustofnun leggur fram í fylgiskjali með málinu. Þessu hefur ekki enn verið svarað og að sjálfsögðu svaraði hæstv. ráðherra heldur ekki því hvernig við ættum að meta unaðsstundir, öræfakyrrð eða fuglasöng í óbyggðum.

Herra forseti. Ég get fullvissað þingheim um að spurningum þeim sem ég lagði fram við 1. umr. málsins er enn ósvarað og er það nú til marks um hversu málefnaleg umræðan hefur verið. Ég lýsi eftir því, herra forseti, að hún verði málefnalegri í þetta sinn. Við skulum gefa hæstv. ráðherra og þá öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar tækifæri til að koma upp og eiga orðastað við þingmenn um þessar framkvæmdir, um þau vafamál sem hafa skotið upp kollinum og um þær spurningar sem lagðar hafa verið fram.

Herra forseti. Ég sem sæti á í umhvn. Alþingis stend að umsögn eða áliti sem birt hefur verið í nál. um frv. frá minni hluta iðnn. Það kemur nú sennilega fram í nál. meiri hlutans líka. Ég ætla að fá að vitna nú í upphafi ræðu minnar, herra forseti, til þessarar umsagnar minnar því að hún lýsir í grundvallaratriðum þeim sjónarmiðum sem ég hef hreyft í þessu máli.

Ég byrja þessa umsögn mína á tilvitnun í bók Böðvars Guðmundssonar, *Lífsins tré, og hún er eftirfarandi*, með leyfi forseta:

„Allt þetta ofbeldi manns á náttúru: Sjá ég er herra sköpunarverksins, vötnin skulu ekki ná að frjósa gegn vilja mínum, sjálfur skal ég ráða hvar skógar vaxa og akrar spretta,

vilji dýrin fá hlutdeild í þeirri veröld sem ég ræð, þá skal það allt á mínum forsendum, standi fjöllin í vegi mínum ryð ég þeim burt, streymi fljótin móti þörf minni sný ég þeim aftur að uppsprettunum. Flestir kalla þetta framfarir. Ég kalla það ofbeldi, ofbeldi manns á náttúru. Það er náskylt ofbeldi manns á manni og situr til borðs með sorginni."

Herra forseti. Þessi orð koma manni í hug og lýsa afar vel tilfinningum þeirra sem hafa talað gegn þessum framkvæmdum og talað fyrir því að náttúra landsins og víðernin séu nýtt með öðrum hætti en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar stefnir að.

Það er alveg ljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður ekki stóriðjustefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur aðra sýn á framtíðarnýtingu þeirra náttúrauðlinda sem fólgnar eru í vatnsföllum hálendisins en þá sem fólgin er í orkufrekju stóriðjusinna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjöldamörg þingmál sem lýsa þessari stefnu og nægir þar að nefna þingmál á borð við sjálfbæra atvinnustefnu þar sem taldar eru upp fjölmargar hugmyndir sem lúta að annars konar atvinnuuppbyggingu en þeirri sem byggir allt sitt og á allt sitt undir stóriðju eða stórframkvæmdum. Þar er talað fyrir stefnumótun sem miði að því að atvinnuvegir landsmanna lúti allir lögmálum sjálfbærrar þróunar og þeir miðist allir við hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlindanna. Um slíkt er ekki að ræða í þeim tillögum, herra forseti, sem við ræðum nú hér.

Tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um sjálfbæra atvinnustefnu byggir líka á því að nýjum atvinnugreinum á sviði þekkingar og tækni í umhverfismálum verði sköpuð hagstæð vaxtarskilyrði, atvinnulíf þannig eflt og fjölbreytni þess víða um land aukin. Þá hefur sú atvinnustefna sem við höfum talað fyrir líka að geyma ákvæði um beislun innlendra orkulinda en á allt öðrum nótum en hér er fjallað um því að við mælum fyrir því að orkulindir okkar og beislun þeirra hafi það að markmiði að vistvæn orka komi í stað innflutts jarðefnaeldsneytis samhliða því sem komið verði í veg fyrir orkusóun. Og, herra forseti, við teldum það mun göfugra markmið, og uppbyggilegra, jákvæðara og öflugra í alla staði ef ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. iðnrh. væru að tala fyrir orkustefnu af því tagi. Það er alveg ljóst að slík orkustefna væri ekki síður atvinnuskapandi en þröngar hugmyndir núv. ríkisstjórnar um uppbyggingu stóriðju. Þær mundu gefa allt öðruvísi atvinnutækifæri, tækifæri þar sem unnið væri í sátt við náttúru landsins og þar sem gengið væri út frá sjálfbærri auðlindanýtingu.

Stefna sú sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talað fyrir byggir á því að fylgt verði alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við markmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunarinnar. Og við mótmælum tilraunum ríkisstjórnarinnar til annars, t.d. í Marrakesh á síðasta hausti, þar sem ríkisstjórnin fékk heimild fyrir gífurlegum losunarheimildum til viðbótar við þær heimildir sem þegar hafði verið samið um fyrir Íslands hönd. Nú er það alveg ljóst, herra forseti, að ríkisstjórnin situr á þessum heimildum, og auðvitað telja álframleiðendur heimsins þetta vera gullkistu fyrir sig. Í vasa hverra geta þeir, álframleiðendur um allan heim, sótt ókeypis losunarkvóta nema í vasa íslensku ríkisstjórnarinnar? Og Vinstri hreyfingin – grænt framboð pípir á málflutning ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sem heldur því fram að íslenska undanþáguákvæðið sem náðist við Kyoto-bókunina sé umhverfisvænt ákvæði. Það er það ekki, herra forseti. Hæstv. ráðherra lýsti þessu áðan sem gulrót á spýtunni sem á að dingla framan í erlenda álframleiðendur. Mér finnst þetta ekki til sóma, herra forseti.

Miklu nær væri að móta sjálfbæra orkustefnu, sjálfbæra umhverfisstefnu, ganga fram fyrir skjöldu í samfélagi þjóðanna og búa til vetnissamfélag. Ég ítreka, herra forseti, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekki á móti virkjanaframkvæmdum. Ég ítreka það, segi enn og aftur það sem ég hef áður sagt í þessum stól, að virkjun fyrir vetnisframleiðslu lýtur öðrum lögmálum en virkjun fyrir stóriðju. Grundvallarmunurinn á þessu tvennu felst í því að stóriðjan krefst jafnrar raforkuframleiðslu allan ársins hring, stöðugt sama orkumagns. Þess vegna þarf, þegar virkjað er fyrir stóriðju, að gera það á þann hátt að setja upp gífurleg lón sem miðlað er úr inn í virkjunina yfir vetrartímann meðan rennsli í ánni er lítið, eðli málsins samkvæmt. En virki maður fyrir vetnisframleiðslu er ekki gerð sama krafa um stöðuga raforkuframleiðslu allan ársins hring. Það þýðir að virkjanir sem ætlaðar eru til að framleiða vetni geta verið rennslisvirkjanir þar sem ár eru virkjaðar í farvegi sínum. Eðli málsins samkvæmt eru virkjanir af því tagi mun umhverfisvænni og skaðminni fyrir umhverfið en þær virkjanir sem útheimta uppistöðulón.

Ég get nefnt sem dæmi virkjun af því tagi sem ég hef alltaf talað um sem fyrirmyndarvirkjun. Það er Mjólkárvirkjun á Vestfjörðum, herra forseti, þar sem fall vatnsins er virkjað í pípum niður fjallið og ef við einn góðan veðurdag þurfum ekki á orkunni úr Mjólkárvirkjun að halda eru pípurnar teknar niður og fossunum aftur hleypt í farveg sinn. Engin spjöll á náttúru landsins í kring verða sýnileg. Virkjanir af þessu tagi lúta allt öðrum lögmálum en Kárahnjúkavirkjun. Virkjanir af þessu tagi eru sjálfbærar virkjanir, virkjanir sem væru til sóma fyrir íslensk stjórnvöld og íslenska þjóð ef íslensk stjórnvöld væru nægilega áræðin til að ganga fram fyrir skjöldu í vetnissamfélaginu og segja: Við ætlum í alvöru að afskaffa jarðefnaeldsneyti og koma á vetnissamfélagi á Íslandi þar sem skipaflotinn okkar og bílaflotinn verða keyrðir á þeirri vistvænu orku sem vetnið getur gert okkur kleift.

En, herra forseti, það verður ekki bæði sleppt og haldið, kakan verður ekki bæði étin og geymd. Við getum ekki bæði virkjað allar þær ár sem hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að gera fyrir væntanleg stóriðjuverkefni og tekið forustuna í vetnissamfélagi framtíðarinnar. Það gengur ekki upp. Það verður að vera annaðhvort eða, því að það þýðir ekki að stunda umhverfisvernd með hægri hendinni á meðan maður rífur hana niður með þeirri vinstri. En það er nákvæmlega það sem íslensk stjórnvöld virðast ætla að gera, þau hafa talað tveimur tungum í þessum efnum og látið okkur og umheiminn trúa því að þau vilji vetnisvæðingu. Hæstv. forsrh. hefur m.a.s. tekið við umhverfisverðlaunum á erlendri grund úr höndum Gorbatsjovs, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna, fyrir það að Ísland ætli að stunda vistvæna orkuframleiðslu og ganga fram fyrir fylkingu þjóðanna með góðu fordæmi. Ekki var verið að veita hæstv. forsrh. þau verðlaun fyrir að setja upp virkjanir af þeirri tegund sem Kárahnjúkavirkjun er. Alls ekki, herra forseti.

Ég var að nefna í þessum orðum mínum tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þál. um sjálfbæra atvinnustefnu. Ég nefni fleiri þingmál sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram sem eru atvinnuskapandi og vistvæn og umhverfisvæn í senn. Þar get ég nefnt till. til

þál. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs. Sömuleiðis get ég nefnt tillögu sem reyndar var ekki flutt í nafni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en Hjörleifur Guttormsson, núv. varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, flutti á 123. löggjafarþingi mjög öfluga þáltill. um þjóðgarða á miðhálendinu, mjög framsýna tillögu sem hefði sannarlega getað búið til annað atvinnuumhverfi en stóriðjuumhverfið sem hæstv. ríkisstjórn stefnir að hefði hún verið samþykkt. Síðan get ég nefnt tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þál. um sjálfbæra orkustefnu en hún er fólgin í þeim áherslum sem ég lýsti rétt áðan. Í síðasta lagi vil ég nefna þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram í upphafi þessa þings og er að finna á þskj. 5 frá þessu þingi, ef ég man rétt, en það er þáltill. um sérstakt átak til atvinnusköpunar á Austfjörðum. Eins og komið hefur fram í ræðum þeirra þingmanna sem talað hafa í nafni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hingað til er það vitað og alveg ljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð talar fyrir — og hefur ævinlega gert — öflugri atvinnuuppbyggingu á Austfjörðum.

Í því þingmáli sem hv. þm. Þuríður Backman er 1. flm. að lagði Vinstri hreyfingin – grænt framboð það til að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að gera á næstu árum átak til að efla byggð um land allt og stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og mannlífs. Gert var ráð fyrir að átakið mundi hefjast árið 2002 á Austurlandi og því var gert að beinast að verkefnum á sviði þróunar-, byggða-, viðskipta- og menningarmála. Til þessa átaksverkefnis á Austurlandi gerði Vinstri hreyfingin – grænt framboð ráð fyrir að 400 millj. kr. yrðu veittar árlega í sex ár af fjárlögum íslenska ríkisins, Þróunarfélagi Austurlands yrði falin ábyrgð á ráðstöfun fjárins að því er Austurland varðar, árangur og framvinda verkefnisins yrðu metin áður en tímabilið yrði hálfnað og í ljósi þess yrði síðan öðrum landshlutabundnum átaksverkefnum hrundið af stað. Samkvæmt þessari tillögu, herra forseti, átti hvert átaksverkefni að standa í allt að sex ár og þau áttu hvert um sig að vera metin á sama hátt og það fyrsta. Við val verkefna var gert ráð fyrir að annars vegar yrði lögð áhersla á fjölbreytni í atvinnusköpun og hins vegar stuðning við hvers kyns nýsköpun og þróun.

Herra forseti. Af því að niðurlagsgrein þessarar þáltill. fjallar um fjölbreytni í atvinnusköpun get ég ekki látið hjá líða að nefna sérstaklega að atvinnuuppbyggingin sem tengist álveri því sem hæstv. iðnrh. talar nú fyrir og vill að verði reist á Austfjörðum býður ekki upp á fjölbreytta atvinnusköpun. Það er alkunna og ekki þarf að fara um það mörgum orðum að risastórt álver með u.þ.b. 600 störfum í litlu bæjarfélagi úti á landi mundi bjóða upp á einhæf atvinnutækifæri. Og sannleikurinn er sá að Íslendingar hafa látið vinna skýrslur og gögn sem renna stoðum undir þessa fullyrðingu mína. Ég er hér með skýrslu sem staðarvalsnefnd um iðnrekstur, sem starfaði undir iðnrn., vann fyrir þáv. ríkisstjórn í mars árið 1983. Þó að nokkur ár séu liðin síðan, herra forseti, er margt af því sem kemur fram í þessari skýrslu enn í fullu gildi. Vil ég þá sérstaklega nefna til kafla sem ber heitið „Einhæfir iðnaðarstaðir". Í þeim kafla er rakið í nokkuð löngu máli hvernig vissir staðir, t.d. í Noregi, sem byggt hafa atvinnulíf sitt og tilveru í kringum eina stóra verksmiðju eiga á þessum tíma við marghátttuð vandamál að etja í atvinnu- og félagsmálum, hvernig þessi vandamál megi rekja annars vegar til hins öra vaxtar samfélaganna í upphafi og hins vegar til þess hversu háðir þessir staðir verða síðan stóriðjunni.

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði áðan um Gävle í Svíþjóð þar sem er stóriðjuver sem framleiðendurnir og eigendurnir vilja fara að loka. Menn sem fylgjast með vita að íbúar í Gävle í Svíþjóð vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið núna eða hvað þeir eiga að gera ef framleiðendurnir loka verksmiðjunni og fara í burtu með allt sitt. Á hverju eiga íbúarnir þá að lifa? Hver er þá þeirra von?

Herra forseti. Einhæfir iðnaðarstaðir hafa aldrei verið eftirsóknarverðir staðir fyrir fólk til að búa á. Það byggir á því að samfélagið sem til staðar er þar sem settar eru niður risastórar verksmiðjur er lítið og innviðir þess veikir. Samfélag af því tagi á skilið öðruvísi atvinnuuppbyggingu en álver getur boðið upp á. Og, herra forseti, það er munur á því að setja álver niður í 700 manna byggðarlagi eða 1.000 manna byggðarlagi, jafnvel þó að það væri 3.000 manna byggðarlag, eða að setja álver niður þar sem tugþúsundir, hundruð þúsunda eða milljónir manna búa fyrir. Við getum ekki annað en horfst í augu við það að við erum að tala um ólíka hluti, annars vegar álverksmiðju í litlu samfélagi og hins vegar í stóru samfélagi.

Við reyndum aldeilis, herra forseti, í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun á Alþingi á sínum tíma, haustið 1999, að stjórnvöld voru þá mun hlynntari lítilli álverksmiðju en Norsk Hydro var. Eða minnast menn þess hvernig hv. þm. Hjálmar Árnason, sem situr nú hér á bak við mig, talaði um 120 þús. tonna byrjunaráfanga í álverksmiðjunni á Reyðarfirði og þrýstinginn sem hv. þm. vildi beita til þess að slík eining fengi jákvætt mat á umhverfisáhrifum? Ég skildi hv. þm. mætavel í þeirri baráttu sinni og ég viðurkenni fúslega að 120 þús. tonna álverksmiðja á Reyðarfirði er allt annað mál en 420 þús. tonna álverksmiðja sem Reyðarál og Norsk Hydro gerðu síðan kröfu um og við stöndum nú frammi fyrir að samþykkja eða hafna.

Herra forseti. Sómi væri af því ef stjórnvöld vildu horfast í augu við að einhæfir iðnaðarstaðir eru ekki til fyrirmyndar. En það er einmitt slíkur staður sem stjórnvöld leggja til að Reyðarfjörður eða Fjarðabyggð verði. Reyðarfjörður og Fjarðabyggð eiga skilið aðrar hugmyndir, miklu nær þeim hugmyndum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til í þingmálum sínum og ég hef lýst í nokkrum orðum. Enn er hægt að vitna í þingmál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að útlista frekar þá atvinnustefnu sem við viljum standa fyrir sem hæstv. iðnrh. hefur útmálað sem handónýta. Hún segir ætíð að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi ekkert til málanna að leggja og hafi ekkert annað í staðinn. (**Iðnrh.:** Er það eitthvað annað?)

Herra forseti. Eins og ég hef áður bent hæstv. ráðherra á eru langir listar í þingmálum Vinstri grænna sem segja í smáatriðum hvers konar atvinnustefnu Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill reka, m.a. í því þingmáli sem ég er hér að ræða um sem lagt var fram á þskj. 5 á þessu þingi, herra forseti, þar sem rakið er hvað fjölbreytt atvinnulíf telst út frá sjónarmiðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Það má líka segja frá því, herra forseti, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur á fundum sínum vítt og breitt um landið spjallað við fólk í byggðum landsins og lagt hugmyndirnar fyrir þá fundargesti. Þær hafa hvarvetna hlotið mikinn og góðan hljómgrunn og satt að segja er ósköp dapurlegt til þess að vita hvernig Framsfl. hefur tekist að búa til villandi mynd af hugmyndum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, m.a. að þær snúist um hundasúrur og njóla eins og hv. þm. Framsfl. er svo tamt að tala þegar

atvinnustefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ber á góma.

En nú vil ég segja, herra forseti, að atvinnustefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er eitthvað sem við erum stolt af og við gætum staðið við bakið á þeim stjórnvöldum sem tækju slíka stefnu upp á sína arma. Hún byggir á því að tækni og þekkingargreinar verði í alvöru efldar en ekki af einhverri sýndarmennsku eins og hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að gera með risastórum frumvörpum um breytingu á stuðningi við vísindastarfsemi og rannsóknir á þessu landi, þar sem ekki virðist eiga að bæta við fjármagni frekar en ég veit ekki hvað. Þar á að breyta strúktúr, yfirbyggingu, umfangi, og fjölga í einhverjum ráðum og nefndum en, herra forseti, enginn veit hvað út úr því kemur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill í alvöru efla tækni- og þekkingargreinar með því að setja í þær fjármagn, ekki með því að einbeita sér stöðugt að einhverjum formsatriðum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur líka talað fyrir iðnaði, frekari úrvinnsluiðnaði, fullvinnslu allrar framleiðsluvöru okkar á ýmsum sviðum, hvort sem það er á sviði fiskvinnslu eða jafnvel álframleiðslu. Herra forseti. Við höfum í því sambandi nefnt verksmiðjur á borð við þær sem Danir hafa verið duglegir við að koma sér upp. Þeir hafa komið sér upp einföldum verksmiðjum sem fullvinna vöru úr áli. Hvers vegna eru ekki verksmiðjur af því tagi á Íslandi? Hvers vegna eru stjórnvöld stöðugt að bjóða Ísland fram sem hráefnisframleiðanda eins og eitthvert þriðja heims ríki? Íslendingar eru ein ríkasta þjóð í heimi. Við eigum ekki að vera hráefnaframleiðandi fyrir aðrar þjóðir. Við eigum og höfum fulla möguleika á að fullvinna vörur sem framleiddar eru í þessu landi, hvort sem það er ál, fiskur, önnur matvara eða hvað annað. Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki talað fyrir fullvinnslu framleiðsluvara. Það hefur Vinstri heyfingin – grænt framboð hins vegar gert.

Við höfum sömuleiðis talað fyrir uppbyggingu íslensks skipaiðnaðar og flutt þingmál í þeim efnum. En hvað gera íslensk stjórnvöld? Bjóða skipasmíðarnar okkar út í Kína til að fá sem lægst tilboð og íslenskur skipaiðnaður er nánast aflagður. Er þetta til sóma fyrir íslensk stjórnvöld? Vinstri hreyfingin – grænt framboð segir nei.

Við tölum fyrir þjónustu og iðnaði sem er tengdur hefðbundnum greinum sjávarútvegsins. Við eigum t.d. snillinga á sviði framleiðslu og viðgerða og viðhalds á veiðarfærum. Hverjir eru flinkari eða vita meira um toghlera og veiðarfæri en Íslendingar? Þetta hefur sannast víða um heim, m.a. í forustu okkar í sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Það eru störf af þessu tagi sem íslensk þjóð vill vinna, kann að vinna og á að fá tækifæri til að vinna.

Eða matvælastóriðjan. Hvers vegna má ekki framleiða matvæli hér á miklu hærri skala en gerist í dag? Auðvitað kostar það mikið markaðsátak í útlöndum, mikla vinnu og fé. En það er ekki eins og Kárahnjúkavirkjun eða álversdraumarnir fyrir austan eigi ekki að kosta opinbert fé, herra forseti. Hvað með lyf, heilsu- og snyrtivörur? Gott og vel. Við getum notað efnin í íslensku jurtunum í lyf, heilsu- og snyrtivörur. Hver hefur ekki heyrt tala um angelicu, efnið sem unnið er úr íslensku hvönninni og virðist öflugt náttúrulyf sem hægt er að nota til þess að bæta heilsu þjóðarinnar, ekki bara íslensku þjóðarinnar heldur koma á erlendan markað? Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi konur á Norðurlandi sem stunda nú framleiðslu á snyrtivörum undir vörumerki sem ég man ekki í augnablikinu hvert er en hefur verið komið á markað í útlöndum og gengur mjög vel.

Atvinnuskapandi tækifæri af þessu tagi, í lyfjaframleiðslu, heilsu- og snyrtivöruframleiðslu eru auðvitað til fyrirmyndar. Hvað með aðra heilbrigðisþjónustu eða líkamsrækt? Bláa lónið? Ég get nefnt, herra forseti, að í Stykkishólmi eru hugmyndir um að koma upp heilsutengdri ferðaþjónustu sem eru ofboðslega framsæknar. Þar þarf fólk sannarlega á að halda að fá öflugan stuðning stjórnvalda til þess að af geti orðið.

Hvað með þá staðreynd að ferðaþjónustan okkar er öflug og ferðamennskan hefur verið að aukast? Við fáum inn fleiri og fleiri ferðamenn á hverju einasta ári. Vöxturinn er gífurlegur og ekkert sem bendir til þess að hann hætti. Ferðamenn leita í auknum mæli til landa eins og Íslands til að heimsækja þar hreina og óspillta náttúru, þar sem öræfakyrrð og fuglasöngur eru til staðar, þar sem fólk getur farið út í víðáttuna og notið þess að vera til og skynja kraftaverk náttúrunnar. Það gera ferðamennirnir ekki innan um virkjanir og önnur mannvirki sem tengjast virkjunununum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð talaði síðast í gær, í umræðum um stefnu okkar í fiskeldinu, hvernig við vildum styðja við bakið á þeim sem stunda fiskeldi af ýmsu tagi, t.d. kræklingarækt eða lúðurækt þó svo að við tölum gegn þauleldi á laxfiskum, í svo gífurlegum mæli að líkja má við örgustu verksmiðjuframleiðslu landbúnaðarafurða. Og þó að við gerum kröfu um að eldi af þeirri stærðargráðu sem menn hafa fjallað um hér lúti mati á umhverfisáhrifum er Vinstri hreyfingin – grænt framboð hlynnt fiskeldi á Íslandi. Við erum hlynnt því að fara í þær tegundir sem aðrar þjóðir eru ekki komnar með eða farnar að framleiða í miklum mæli. Þá nefnum við sérstaklega kræklinginn og lúðuna til sögunnar.

Hvað með sportveiðmennskuna og það að efla í alvöru eða auka möguleika okkar á að vernda íslenska laxastofninn? Það vita það allir sem vilja vita hversu gífurlegar tekjur eru af sportveiðimennskunni á Íslandi. Við vitum það öll að þar er um að ræða gífurleg hlunnindi 1.800 bújarða á landinu. Vitum það líka að laxeldi undan ströndum landsins getur og mun að öllum líkindum stefna íslenska villta laxastofninum í enn meiri voða en orðið er. Við eigum að gera allt, herra forseti, sem í okkar valdi stendur til að varðveita, vernda og bjarga íslenska laxastofninum vegna þess að hann er okkur tekjulind eins og önnur auðæfi í náttúru Íslands. Við eigum ekki að sitja aðgerðalaus hjá og sjá hann verða að engu, sjá hlunnindi bújarða vítt og breitt um landið verða að engu. Nei, við eigum að taka saman höndum og efla þetta. Alla ferðaþjónustu sem hægt er að stunda allt árið eigum við auðvitað að efla, m.a. hvalaskoðun og hvers konar menningartengda ferðaþjónustu.

Síðan held ég að við getum líka nefnt það sem kallað er „eco-túrismi“, þ.e. græn ferðamennska. Það er ákveðin tegund ferðamennsku sem lýtur öðrum stöðlum en venjuleg ferðamennska. Af því að hv. þm. Pétur Blöndal hefur komið hér hvað eftir annað í ræðustól og hefur miklar áhyggjur af ágangi ferðamanna vítt og breitt um landið þá get ég huggað hann með því að það er til skilgreind ferðaþjónusta sem kallast „eco-túrismi“, vistvæn ferðaþjónusta eða græn ferðaþjónusta sem byggir á lögmálum sjálfbærrar þróunar. Til þess að fullnægja þeim kröfum þurfa þeir ferðaþjónustuaðilar sem vilja geta flokkast undir slíka þjónustu að geta uppfyllt ákveðna staðla.

Það er eftirsóknarvert fyrir Ísland að sækjast eftir því að uppfylla slíka staðla. Þannig geta Íslendingar skapað sér

sérstöðu á sviði ferðaþjónustu, sérstöðu sem aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu eiga mjög erfitt með að skapa sér af því að þar er ekki nægilega mikið eftir af ósnortinni náttúru. Það er jafnframt erfiðara fyrir önnur samfélög en okkar smáa samfélag að ná að uppfylla þá staðla sem settir eru í „eco-túrisma".

Þá hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ævinlega talað fyrir þeirri stóriðju sem fólgin er í ylræktinni okkar. Við höfum ævinlega talað fyrir því að garðyrkjubændur fái orkuna á sama verði og stóriðjan. Við höfum viljað taka undir kröfur garðyrkjubænda um að þeim verði gert kleift að rækta t.d. rósir til útflutnings. Það segjast þeir geta nokkuð auðveldlega ef þeir fái lækkað orkuverð til að geta selt afurðir sínar á samkeppnishæfu verði í útlöndum.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum vistvænan orkubúskap og tengdan iðnað, t.d. vetnisframleiðslu eða vindorku. Ég þarf svo sem ekki að segja neitt meira um umhverfistengdar greinar, þekkingu, tækni eða búnað á sviði umhverfisverndar sem að sjálfsögðu er allt afar atvinnuskapandi. Vonandi tekst okkur einhvern tíma að vísa því til föðurhúsanna, þ.e. í fangið á framsóknarmönnum, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi ekki hugmyndir í atvinnumálum. Það er argasta öfugmæli. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram öflugar hugmyndir í atvinnumálum og talað fyrir þeim kinnroðalaust hvar sem nokkur hefur viljað hlusta. Það er ekki okkur að kenna þó að framsóknarmenn vilji ekki taka bananana úr eyrunum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð, herra forseti, telur atvinnumálum Austfirðinga betur borgið á annan hátt en með því að setja niður 420 þús. tonna álverksmiðju í Reyðarfirði. Erfiðleikar í atvinnumálum heils landsfjórðungs verða ekki leystir með einni álverksmiðju. Þessa vísu höfum við nú kveðið ansi oft og þegar maður hittir fólk á öðrum stöðum á landinu, t.d. í Grundarfirði, og spyr: Hvað finnst ykkur um álverksmiðjuna á Reyðarfirði, hvað teljið þið að álverksmiðjan á Reyðarfirði muni færa ykkur? Þá fær maður setningar eins og þessa: Er ekki miklu nær að setja peningana í að ljúka við að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1? Ég er ekki að gera lítið úr neinum með því að vitna til svona setninga. En setningar á borð við þessar heyrir maður frá fólki á Vesturlandi eða Vestfjörðum sem jafnvel veit að álverksmiðja á Reyðarfirði getur haft neikvæð áhrif í þeirra byggðarlög.

Það er alkunna, herra forseti, að verksmiðja af þessu tagi dregur til sín, sogar til sín og eyðileggur fyrir jaðarbyggðunum. Við vitum enn ekki hversu langt áhrifin af verksmiðju af þessu tagi gætu náð. Sú atvinnumálastefna sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur boðað er valkostur, raunhæfur valkostur við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar sem byggir á öðrum prinsippum, á öðrum lögmálum.

En hvað er það sem menn sjá sem helstu kosti stóriðjunnar á Reyðarfirði, herra forseti? Það er tvennt. Hún skapar hagvöxt og hún skapar störf. En, herra forseti, það gerir öll atvinnustarfsemi. Öll atvinnustarfsemi skapar hagvöxt og býr til störf. Það er ekki nauðugur einn kostur að fara út í álframleiðslu, það er ekki þannig, herra forseti, því að við eigum svo mikið af öðrum mögleikum. Ef ríkið getur greitt með þeirri framkvæmd sem við erum að ræða um, af hverju getur ríkið þá ekki greitt með öðrum atvinnutækifærum sem eru búin til í landinu? Hvers vegna fær metnaðarfullt fyrirtæki á Ólafsfirði sem smíðar slökkvibíla og hefur gert samninga um sölu bílanna til Reykjavíkur og einnig út fyrir landsteinana, hvers vegna fær það ekki möguleika á að sækja um sambærilega meðgjöf með framleiðslu sinni og Reyðarál virðist eiga vísa hjá ríkisstjórninni? Eru störfin sem metnaðarfullir frumkvöðlar á Ólafsfirði búa til eitthvað ómerkilegri en störfin sem Reyðarál þykist geta búið til með tilstyrk ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóðanna í landinu? Eða hvers vegna kaupir ríkissjóður þá vinnuna við mat á umhverfisáhrifum fyrir Reyðarál á sínum tíma?

Herra forseti. Slökkviliðsbílasmiðirnir á Ólafsfirði eiga að því er virðist ekki einu sinni rétt á að fá styrk úr Nýsköpunarsjóði, hefur í öllu falli gengið það afar illa.

Hvað varðar fullyrðingar mínar héðan úr þessum ræðustól um að ríkissjóður hafi greitt fyrir mat á umhverfisáhrifum Reyðaráls bendi ég mönnum á 45 millj. kr. heimild á fjáraukalögum til iðnrh. sem átti að nota til að greiða fyrir matið og kom fram í umræðum um fjáraukalögin fyrir jól á Alþingi.

Ísal þarf að greiða sjálft fyrir sitt umhverfismat og ég geri ráð fyrir að Norðurál greiði sjálft fyrir sitt. En Reyðarál nýtur ríkismeðgjafar. Eða hvernig réttlætir ríkisstjórnin það að tilkostnaðurinn við hvert starf í álverinu á Reyðarfirði skuli vera 400 millj. kr. þegar meðalkostnaður við nýtt starf á landinu er annars um 10 milljónir?

Nei, herra forseti, þetta ber allt að einum brunni. Að því er virðist er meðvitaður ásetningur ríkisstjórnarinnar að gera allt öðruvísi við Landsvirkjun og Reyðarál en til stendur að gera við aðra. Það er auðvitað ekki við það búandi, herra forseti, að fólki skuli mismunað svona á þennan hátt.

Varðandi vinnslu málsins, herra forseti, í nefndum Alþingis hef ég gert grein fyrir því í umsögn minni til iðnn. að áhugaleysi hafi ríkt hjá meiri hluta umhvn. og ég held því fram í umsögn minni að málið hafi ekki verið skoðað til hlítar af nefndinni. Málið var einungis á dagskrá tveggja funda nefndarinnar og eingöngu voru þrír aðilar, herra forseti, kallaðir fyrir nefndina. Það var ekki áhugi fyrir því hjá nefndinni að fara sameiginlega yfir umsagnir þær sem iðnn. bárust heldur var ákveðið í nefndinni að nefndarmönnum væri í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir kynntu sér umsagnirnar. Og, herra forseti, meiri hluti umhvn. taldi ekki ástæðu til að fara yfir skýrslu þá sem samin var í nafni umsjónarnefndar verkefnisstjórnar rammaáætlunar um mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Þá var ekki heldur áhugi fyrir því hjá meiri hluta nefndarinnar að kalla til fleiri sérfróða gesti um málefnið þó að í orði kveðnu hafi nefndarmönnum verið gefinn kostur á slíku.

Herra forseti. Það var mat mitt, og ég gagnrýndi það í nefndinni og lét bóka sérstök mótmæli, að umhvn. hafi ekki unnið málið sem skyldi því að svo viðamikið mál sem hér um ræðir á það skilið að umhvn. fjalli um það af alvöru og festu.

Ég nefndi hér til sögunnar, herra forseti, mat það sem gert var á gildi lands norðan Vatnajökuls sem var undir vernd umsjónarnefndar verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Ég hef lagt drög að því í öllu falli, ef ekki er þegar búið að dreifa því á borð þingmanna, hjá skjalaafgreiðslu að lögð verði fram fyrirspurn frá mér um hvernig hæstv. ráðherra hyggist kynna þetta mat sem búið er að liggja á borðum hæstv. ríkisstjórnar, hæstv. iðnrh. síðan í október sl.

Og hvernig er það komið til að þetta mat var gert? Jú, herra forseti, það var þannig að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og raunar náttúruverndarsamtök og umhverfisverndarsamtök, ef ég man rétt ein níu talsins, gerðu um það kröfu að samhliða mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar yrðu metin umhverfisáhrif þjóðgarðs á svæðinu

þannig að við hefðum í matsferlinu til samanburðar þann kost að af Kárahnjúkavirkjun yrði ekki, heldur að stofnaður yrði þjóðgarður.

Ákveðin tregða var í málinu, herra forseti, en til að gera langa sögu stutta endaði það þannig að hæstv. umhvrh. mælti svo fyrir í ræðu á Kirkjubæjarklaustri á ráðstefnu sem Landvernd og fleiri aðilar, ef ég man rétt, gengust fyrir um Vatnajökulsþjóðgarð að hún skyldi beita sér fyrir því að mat af þessu tagi færi fram. Hún sneri sér síðan til hæstv. iðnrh., skrifaði bréf til hæstv. ráðherra og óskaði eftir því að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar, þ.e. verkefnisstjórn rammaáætlunar, yrði falið það verkefni að láta framkvæma þetta mat.

Hæstv. iðnrh. varð við beiðni hæstv. umhvrh. og fór þess á leit við verkefnisstjórn rammaáætlunarinnar að matið yrði framkvæmt. Það var og gert. Það mat liggur nú fyrir og hefur legið á borði hæstv. ráðherra síðan 9. eða 10. okt. sl. Það er skömm að því, herra forseti, að meiri hluti umhvn. skyldi ekki hafa sýnt því áhuga að umhvn. færi yfir matið. Og það er ekki bara að hér liggi fyrir mat umsjónarnefndarinnar sem unnið var undir verndarvæng Náttúruverndar ríkisins og af starfsmanni Náttúruverndar ríkisins, heldur liggur líka fyrir í tengslum við matið skýrsla um efnahagslegt umfang þjóðgarðs norðan Vatnajökuls sem Þjóðhagsstofnun vann að beiðni umsjónarnefndarinnar í ágúst 2001.

Herra forseti. Á sínum tíma lagði ég spurningu fyrir hæstv. iðnrh. um það hvort svona mat færi fram, hvort af því yrði og með hvaða hætti því yrði þá beitt. Hæstv. iðnrh. svaraði mér á þá leið, og geta allir þingmenn kynnt sér það á þingskjali, að þetta yrði ekki eiginlegt umhverfismat, en hún mundi beita sér fyrir því að matið færi fram og það kæmi til með að liggja fyrir á sama tíma og menn væru að skoða skýrslu Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Herra forseti. Ekki þarf að segja í mörgum orðum að af því varð ekki. Það er öllum kunnugt, herra forseti, að matsferli Kárahnjúkavirkjunar er svo gott sem lokið nema þá hjá meðferð dómstóla. En enn hefur hæstv. iðnrh. ekki séð sóma sinn í því að kynna eða láta vita af því að þetta mat hafi farið fram og það liggi hjá henni, á borðum hennar óyfirfarið að því er virðist. Ekki einu sinni þeir aðilar sem fóru þess formlega á leit að slíkt mat yrði framkvæmt hafa fengið um það vitneskju. Aldrei hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð fengið svar við bréfi sínu til hæstv. umhvrh. þar sem þess var óskað formlega í bréfi að mat af þessu tagi yrði lagt fram og yrði til skoðunar samhliða umhverfismati Kárahnjúkavirkjunar.

Þetta er nú allur aðgangurinn, herra forseti, sem við höfum að stjórnsýslunni. Svona „praktíserar" hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar opna stjórnsýslu, aðgang almennings og frjálsra félagasamtaka. Mér er ekki kunnugt um að hinum frjálsu félagasamtökum sem óskuðu eftir því að þetta mat færi fram hafi verið það formlega kynnt. Þess vegna tel ég fullt tilefni til, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari okkur formlega á Alþingi hvað hún hyggist gera við þær skýrslur og hverju sæti að þær liggja á borðum hennar mánuðum saman án þess að hún láti svo mikið sem vita af þeim.

Herra forseti. Ég vil fá að vitna í ágrip sem er fremst í því mati sem ég hef verið að reifa, en þar segir varðandi tilgang skýrslunnar, með leyfi herra forseta:

„Tilgangur þessarar skýrslu er að meta gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð sem yrði hluti fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs.

Hugsanlegt þjóðgarðsland hefur mikið útivistargildi. Ályktun þessi byggir á því að fjölbreytni og andstæður sem fyrir hendi eru á þessu svæði muni standa undir væntingum gesta um jákvæða og ánægjulega upplifun og er dregin eftir skoðun land- og náttúrufarslýsinga og enn fremur studd skoðunum gesta og ferðaskipuleggjenda.

Aðdráttarafl hugsanlegs þjóðgarðslands byggir á því að um mjög stórt, tiltölulega lítt snortið svæði er að ræða sem er stærra, fjölbreyttara og minna snortið af mannavöldum en fyrirfinnst annars staðar á landinu.

Verndargildi einstakra svæða, minja og lífkerfa innan hugsanlegs þjóðgarðslands er mikið. Ályktun þessi er studd af niðurstöðum þeirra vísindamanna sem um þetta svæði hafa fjallað undanfarin 30 ár. Fjögur viðmið vega mest: hátt verndargildi jarðmyndana, landslags, gróðurs og dýralífs.

Skipulagi hugsanlegs þjóðgarðs er ætlað að stuðla að þrennu: að vernda og varðveita náttúru, styrkja atvinnulíf aðliggjandi sveita og skapa aðgengi að víðáttumiklu lítt snortnu útivistarlandi. Þjóðgarðsskipulag sem miðaði að langri dvöl gesta á svæðinu mundi örva atvinnulíf. Náttúrufegurð ein og sér nægir ekki sem aðdráttarafl. Náttúruvernd og skipulögð þjónusta er nauðsynleg forsenda árangurs. Jákvæð efnahagsleg áhrif þjóðgarða eru byggðastyrking.

Samkvæmt matsskýrslu Landsvirkjunar felst ávinningur af Kárahnjúkavirkjun í aukinni landsframleiðslu, auknum útflutningstekjum, auknum efnahagsumsvifum á Austurlandi og aukinni atvinnu í landinu. Um 20 störf skapast vegna virkjunarinnar sjálfrar auk aðkeyptrar verktakavinnu. Góður vegur opnast úr Fljótsdal að Kárahnjúkastíflu og brú á stíflunni opnar leið ofan byggðar milli Fljótsdals og Jökuldals.

Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd, útivist og ferðaþjónustu eru þau að rýra það verulega."

Herra forseti. Ég endurtek að úr ágripinu sem ég er að lesa úr, ágripi mats á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð, er það staðfest að tilvist Kárahnjúkavirkjunar mundi rýra gildi þessa lands verulega. Ég segi þetta sérstaklega við hv. þm. Samfylkingarinnar sem hafa fallist á það að mæla með virkjunarþjóðgarði, þjóðgarði sem er málamyndaþjóðgarður og er bara friðþæging og ekkert annað og yrði aldrei sú lyftistöng sem þjóðgarður án virkjunar gæti orðið fyrir íslenska ferðaþjónustu, sem gæti orðið miklu, miklu meira stolt. Þess vegna lýsi ég enn í þessu innskoti mínu, herra forseti, vonbrigðum mínum með það Samfylkingin skyldi hafa ákveðið að meiri hluta til að styðja þetta mál ríkisstjórnarinnar.

En þá held ég áfram, herra forseti, að lesa niðurlag ágrips af umræddu mati, en þar segir áfram:

„Stærsta ósnortna víðerni landsins yrði hlutað í sundur með mannvirkjum og því yrði hæpið að markaðssetja svæðið frá Kreppu austur á Hraun sem ósnortið víðerni. Ímynd hugsanlegs Snæfellsþjóðgarðs í sambúð við virkjun mundi mótast af því að hann væri rammaður inn á þrjá vegu af vega- og veitumannvirkjum."

Herra forseti. Ég hef lokið lestri upp úr skýrslunni og nota þau orð sem hér eru eingöngu til þess að styrkja þann málflutning minn og annarra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við teljum að landið norðan Vatnajökuls eigi að verða stór, ósnortinn þjóðgarður elds og ísa. Við erum ekki tilbúin í málamiðlun af því tagi sem Sam-

fylkingin hefur talað fyrir. Enda höfum við, herra forseti, rannsóknir og viðhorfskannanir sem sýna okkur að ferðamenn vilja ekki þjóðgarð af því tagi. Þeir vilja ekki landslag af því tagi sem býður upp á virkjanamannvirki, stíflur, háspennulínur, skurði, veitumannvirki, göng, stöðvarhús. Það er ekki það sem erlendir ferðamenn eða innlendir ferðamenn eru að sækja upp á hálendi Íslands.

Fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar hefur framkvæmt þrjár kannanir um ferðamennsku og ferðaþjónustu á því landsvæði sem hér um ræðir. Þeim viðhorfskönnunum eru gerð skil í þeirri skýrslu sem ég hef verið að vitna til og í þeim kafla er fjallað um niðurstöður þeirra viðhorfskannana. Ein þeirra sem er verið að fjalla um í byrjun kaflans leiðir í ljós að ferðamenn á hálendinu og skipuleggjendur hálendisferða hafi mjög svo ákveðnar skoðanir á þessum málum. Sagt er hér að um 1.100 manns hafi tekið þátt í almennri símakönnun sem hafi verið ætlað að meta svæðisbundinn og heildarfjölda ferðamanna og könnuð hafi verið viðhorf 34 forráðamanna ferðaskrifstofa og útivistarfélaga varðandi ferðaþjónustu norðan Vatnajökuls og virkjanaáforma við Kárahnjúka. Hér er getið um hvar er hægt að finna niðurstöður þeirrar könnunar.

Svo er getið hér um aðra könnun þar sem 1.800 manns tóku þátt í viðhorfskönnun sem fram fór á hálendinu með samanburðarkönnunum á láglendi og í henni kemur fram að um 90% ferðamanna koma upp á hálendið til að njóta náttúrunnar, um 85% til að njóta útsýnis, 86% til að stunda útiveru, um 66% koma til að njóta kyrrðar eða komast burt úr stressi og um 49% til að skoða ákveðna staði, vera með fjölskyldu eða skoða menningar- og söguminjar.

Herra forseti. Í niðurlagi þar sem fjallað er um þessa tilteknu könnun fyrirtækisins Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar kemur fram að einungis 13% þeirra ferðamanna sem lögðu leið sína upp á hálendið hafi þetta sumar verið að koma til að skoða mannvirki.

Herra forseti. Virkjanaþjóðgarður er ekki eitthvað sem kemur til með að laða ferðamenn, erlenda eða innlenda, upp á hálendið. (**HBl:** En það er samt eitthvað mannlegt við hann.) Hv. 1. þm. Norðurl. e. telur vera eitthvað mannlegt við hann og ég skal ekki neita því. Manngert umhverfi er að sjálfsögðu mannlegt og við höfum nóg af því. Við höfum það í öllum borgum og bæjum og við þurfum að vanda okkur við okkar manngerða umhverfi og við þurfum að sinna því af alúð og natni. En við skulum láta hálendið vera í friði fyrir mannvirkjum og mannvirkjagerð.

Herra forseti. Þegar spurt er um viðhorf ferðamanna til mannvirkja á hálendinu er niðurstaða meiri hluta svarenda í þeim könnunum sem ég hér er að vitna til sú, svo ég vitni beint í texta, með leyfi forseta, „að þjónusta á svæðunum eigi almennt að vera einföld í sniðum og ekki eigi að skipta á óuppbyggðum vegum fyrir slitlagða vegi nema að takmörkuðu leyti, né fjallaskálum og tjaldstæðum fyrir hótel og gistiheimili". Þess vegna vara ég, herra forseti, við þeim hugmyndum, sem koma fram hjá ferðaþjónustuaðilum á Austurlandi sem hafa verið að koma að þessu núna, um það hvernig megi sameina ferðaþjónustuna og virkjanamannvirkin. Þeir hafa viljað byggja hálendismiðstöðvar úr vinnubúðunum sem reistar verða á vegum Landsvirkjunar.

Gott og vel. Ég mæli ekki gegn nýtni en við skulum aðeins skoða þær viðhorfskannanir sem segja okkur nákvæmlega hvað það er sem ferðamennirnir eru að sækjast eftir. Þeir vilja ekki stórar hálendismiðstöðvar þar sem hægt er að gista undir þaki með rennandi vatni og klósettum sem hægt er að sturta niður úr á hverju horni heldur vilja þeir tjaldstæði og fjallakofa. Það er ferðamennska af því tagi sem ferðamenn eru að sækja upp á hin ósnortnu víðerni. Hálendismiðstöðvarnar geta menn sótt til Noregs eða hvert sem er annað þar sem slíkt hefur verið framkvæmt.

Sú skoðun að virkjanamannvirki séu óæskileg á viðkomandi hálendissvæðum, m.a. norðan Vatnajökuls, var mjög almenn meðal þeirra sem tóku þátt í þessum skoðanakönnunum. Þannig töldu 88–94% þeirra sem afstöðu tóku að virkjanamannvirki ættu alls ekki heima á hálendinu. Og hvað ætla forráðamenn Landsvirkjunar og hæstv. iðnrh. lengi að jarma um að ferðamenn vilji skoða mannvirki? Við höfum kannanir sem hafa sýnt að þeir vilja það ekki. Og þessar kannanir sýna að með framkvæmdunum sem við erum að fjalla um hér erum við að eyðileggja möguleika okkar á því að fá ferðamenn af þessu tagi upp á hálendið. Vilja menn það eða vilja menn bara loka augunum fyrir þessu og ekki vega hagsmunina hverja á móti öðrum? Það er skammsýni, herra forseti. Það er skammsýni að vilja ekki skoða þessi mál til hlítar. Það er skammsýni að vilja ekki vega ólíka kosti og taka þá hagsmuni sem eru okkur dýrmætastir. Og ég fullyrði, herra forseti, að það eru okkur dýrmætari hagsmunir að halda hálendinu norðan Vatnajökuls ósköðuðu af virkjanamannvirkjum en að fara út í þá óráðsíu sem framkvæmdirnar fela í sér.

Já, herra forseti, ferðafólk og ferðaþjónustuaðilar á landinu öllu telja háspennulínur hafa neikvæð áhrif, að stóriðjuver hafi neikvæð áhrif, að miðlunarlón og stíflur hafi neikvæð áhrif og að virkjana- og línuvegir hafi jákvæð áhrif. Þetta sýnir okkur að fólk vill samgöngur inn á hálendið en það vill ekki uppbyggða vegi. Það vill láta sér nægja línuvegina sem við höfum haft. Það vill ekki uppbyggða, malbikaða vegi með ræsum úti um allar trissur. Það er önnur sýn sem ferðamenn hafa sem heimsækja hálendi Íslands og við hér í þessum sal, sem erum að véla með náttúru landsins, verðum að opna augu okkar fyrir því.

Herra forseti. Það er alkunna að unnið er að gerð náttúruverndaráætlunar en í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er ákvæði sem gerir hæstv. umhvrh. skylt að leggja fyrir Alþingi náttúruverndaráætlun. Hæstv. umhvrh. hefur látið okkur vita af því að náttúruverndaráætlun verði lögð fyrir Alþingi á hausti komanda. Við höfum auðvitað fagnað því þó að við sem hér í þessum sal erum vitum að ekki hefur verið sett nægilegt fjármagn í þá náttúruverndaráætlun og við verðum auðvitað að bíða og sjá og athuga hvað Náttúruvernd ríkisins hefur getað gert úr því fjármagni sem henni hefur þó verið ætlað til þessa og Náttúrufræðistofnun Íslands sömuleiðis. Þessar stofnanir hafa mótað aðferðir sem ætlunin er að byggja á við gerð þessarar áætlunar og þetta er allt af hinu góða. Ég tel að þegar við höfum í hendi náttúruverndaráætlun getum við tekið næsta skref í ákvörðunum um nýtingu hálendisins norðan Vatnajökuls.

Náttúruverndaráætlun á að líta dagsins ljós í haust. Því segi ég, herra forseti: Af hverju þetta óðagot núna? Af hverju að ýta svo á þessar framkvæmdahugmyndir að við verðum búin að eyðileggja fyrir okkur möguleikana sem náttúruverndaráætlunin — sem enn hefur ekki litið dagsins ljós — opnar? Enn segi ég, herra forseti: Við getum ekki bæði geymt kökuna og étið hana. Við getum ekki verið umhverfissinnuð með hægri hendinni og síðan misþyrmt umhverfinu með þeirri vinstri. Það er ekki hægt. Og náttúruverndaráætlun

er í eðli sínu svipuð áætlun og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það er alkunna að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur af alefli talað fyrir því að vinna við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma njóti forgangs og að frekari ákvarðanir um stórvirkjanir uppi á hálendinu verði ekki teknar fyrr en rammaáætlunin hefur verið unnin og endanleg niðurstaða hennar liggur fyrir. Það hefur líka komið fram í máli hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs að við gefum ekkert fyrir tilraunamat það sem hæstv. iðnrh. er að láta fara fram núna og pressar mjög á verkefnisstjórn rammaáætlunarinnar með það að vera tilbúin með eitthvert bráðabirgða- eða tilraunamat á virkjanakostum á miðhálendinu. Það eru vinnubrögð sem við viljum ekki líða. Það eru hroðvirknisleg vinnubrögð. Við eigum að gefa okkur tíma til að gera þessar áætlanir eins vandaðar og efni standa til, eins vandaðar og viðamiklar og vísindamennirnir okkar og þeir einstaklingar sem eru að vinna að þessum áætlunum hafa mögulega burði til að gera þær. Þarna er ég að tala um rammaáætlunina og ég er að tala um náttúruverndaráætlunina. Þessar tvær áætlanir verða að fá frið og þær verða að líta dagsins ljós áður en við tökum þær gífurlega afdrifaríku ákvarðanir sem stjórnvöld eru að pressa okkur inn í núna.

Og ég segi, herra forseti, og það er kannski ekki hvað síst í ljósi yfirlýsingar hæstv. ráðherra áðan: Það liggur ekki lífið á. Það liggur ekki lífið á að gefa ráðherranum heimild til að hleypa Landsvirkjun upp á hálendið til að rassakastast þar og byrja spjöll sín áður en nokkur orkukaupandi er í hendi. Nú vitum við það, herra forseti, svo óyggjandi er að orkukaupandinn er ekki til staðar. Norsk Hydro grátbænir okkur um frest. Við viljum ekki gefa Norsk Hydro frest. Við viljum miklu frekar veifa einhverju gulrótarpriki framan í einhverja aðra fjárfesta sem mögulega vilja koma inn með eitthvað og eitthvað. Og guð má vita hvort þeir aðilar vilja reisa verksmiðjuna þar sem hæstv. iðnrh. vill reisa hana. Og guð má vita hvort þeir aðilar vilja hafa hana svona stóra eða svona í laginu eða með þessum hætti tæknilega búna eða ekki. Það veit guð einn, herra forseti.

Þess vegna fullyrði ég hér: Það er ósanngjarnt að pressa Alþingi Íslendinga inn í ákvörðun um þetta mál á þessu stigi, fullkomlega ótímabært og óásættanlegt.

Auðvitað hefði verið miklu meiri bragur á því ef stjórn Alþingis, hæstv. forseti, hefði tekið málið út af dagskrá að beiðni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og lofað okkur að anda rólega, helst með nefinu eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur beðið um að Íslendingar fái að gera í öðru tilliti og óskyldu. Það skiptir máli, herra forseti, að við fáum svigrúm, við fáum tóm, til að vega og meta hagsmuni okkar.

Þennan hluta ræðu minnar, herra forseti, hóf ég á því að gagnrýna störf nefndanna og gagnrýna það að umhvn. skyldi ekki hafa sýnt því áhuga að fjalla um þá skýrslu sem ég hef hér verið að vitna til. Ég fullyrði, herra forseti, að umhvn. veit ekkert um hvað þetta mál snýst, ekkert. Og ég þori að fullyrða líka að þó að þau í iðnn. hafi vitað af þessu plaggi hafi tími þeirra ekki verið nægur til að iðnn. gæti kynnt sér það. Þessu hefur ekki verið dreift meðal alþingismanna og meðan ástandið er svona, meðan alþingismenn hafa ekki fengið tök og tækifæri til að kynna sér þá hluti sem hér hafa komið fram, erum við ekki í stakk búin til að taka ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun, stækkun Kröflu eða byggingu álvers á Reyðarfirði. Það er svo einfalt, herra forseti.

Ef við snúum okkur þá að orkunni í fallvötnum landsins vita það allir sem vilja vita að þar er um takmarkaða auðlind að ræða. Við sem hér höfum talað fyrir annars konar atvinnustefnu, annars konar atvinnuuppbyggingu en þessar framkvæmdir fela í sér, höfum gagnrýnt þann málflutning ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna að einlægt skuli talað eins og orkan í fallvötnunum sé ótakmörkuð. Það er ekki svo, herra forseti, jafnvel þó að Orkustofnun mundi gjarnan vilja að svo væri. Orkugræðgi orkumálastjóra, Þorkels Helgasonar, lýsir sér ágætlega í grein sem hann birti í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum, og kemur reyndar líka fram í greinargerð þeirri sem fylgir frv. sem hér um ræðir. Þar kemur fram ákveðin orkugræðgi sem mér finnst ekki til sóma fyrir íslenska stofnun eða íslenska embættismenn. Í greinargerðinni sem fylgir frv. kemur fram að lengi hafi verið talið að framleiða megi um 50 teravattstundir af raforku á Íslandi, 30 með vatnsafli og 20 með jarðgufu.

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að kröfur um varúð í umhverfismálum hafa stöðugt farið vaxandi á síðustu árum. Þær vaxa hröðum skrefum og þær hafa mikið breyst upp á síðkastið. Þess vegna fullyrði ég að það sem lengi hefur verið talið ásættanlegt að virkja megi af vatnsafli, að teknu tilliti til umhverfisþátta, sé minna í dag en það var fyrir tíu árum, jafnvel fyrir fimm árum. Þess vegna gagnrýni ég Orkustofnun fyrir að hanga eins og hundur á roði á þessum 50 teravattstundum. Það er ekkert fast í hendi með það, herra forseti, fyrr en við höfum séð niðurstöðu rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma. Þá gætum við kannski talað um hvað við ættum í alvöru eftir af ásættanlega virkjanlegu vatnsafli í landinu. Það hefur lengi verið talið, segir Orkustofnun, að það séu 30 teravattstundir. Ég fullyrði að svo sé ekki og ég hef fyrir því ýmis haldbær og gild rök.

Líka ber að minna á fullyrðingu Orkustofnunar í því plaggi sem fylgir frv. Það kemur algjörlega í ljós að hún byggir eingöngu á lauslegu mati stofnunarinnar en ekki á vísindalegri úttekt. Hin vísindalega úttekt fer nú fram á vettvangi verkefnisstjórnar rammaáætlunar og þeirri vinnu á að sjálfsögðu að gefa frið.

Þess vegna held ég því fram, herra forseti, að stefna stjórnvalda núna í stóriðjumálum hafi farið fram með þeim hætti að þjóðinni sé talin trú um að virkjanlegt vatnsafl á landinu sé meira en hægt verður að fallast á með nokkurri sanngirni út frá umhverfissjónarmiðum. Það kemur líka fram, herra forseti, í umsögn Orkustofnunar sem er að mörgu leyti mjög gagnrýnisvert plagg. Það er gagnrýnisvert, ég endurtek þau orð mín frá 1. umr. um þetta mál, að hæstv. iðnrh. skyldi ekki hafa séð sóma sinn í að láta fleiri plögg, annars konar plögg, fylgja þessu frv. sem hefði gefið okkur víðara sjónhorn á þessa hluti, ólíkari sjónarmið fleiri aðila. Í umsögninni segir Orkustofnun um raforkuþörf hins almenna markaðar að auk þeirra stóriðjuáforma sem nú virðast í pípunum eigi að setja í þessa tvo þætti, þ.e. stóriðjuáformin sem stjórnvöld virðast vera að pressa í gegn og stækkun almenna markaðarins, 22 teravattstundir, 22 af þeim 30 sem talið er að sé mögulega virkjanlegt vatnsafl í landinu.

Ég segi, herra forseti, að í ummælum Orkustofnunar kemur fram þvílík græðgi og þvílík frekja að enginn sómi er að. Stjórnvöld eiga að láta þær yfirlýsingar Orkustofnunar sér að kenningu verða og segja: Nei, hér er augljóslega ekki nægilega mikið vatnsafl til að fara út í allar þær stækkanir sem í pípunum eru. Við höfum ekki ráð á því að byggja 420 þús. tonna álver á Reyðarfirði, heimila stækkun Ísals í 460 þús.

tonn, heimila stækkun á Norðuráli upp í 300 þús. tonn eða þaðan af meira. Og hvar stendur svo magnesíumverksmiðjan og hvar standa aðrar stóriðjuhugmyndir ríkisstjórnarinnar um orkufrekan iðnað?

Herra forseti. Við eigum ekki nægilegt vatnsafl í landinu til að standa undir stóriðjudraumum af þessum stærðargráðum, það er alveg ljóst. Það sýnir greinargerð Orkustofnunar sem fylgir frv.

Og það er nöturleg staðreynd, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli leggja fram frv. um þessa gífurlegu stækkun Kröfluvirkjunar og virkjun á borð við Kárahnjúkavirkjun áður en rammaáætlunin hefur fengið að skila af sér verkefni sínu.

Ég vitna í umsögn minni til iðnn., herra forseti, til orða sem standa á heimasíðu rammaáætlunarinnar, en þar er vitnað í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til aldamóta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skal henni lokið fyrir árið 2000. Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi. Í því sambandi verði sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana."

Strax kom í ljós, herra forseti, að þetta verkefni var miklu umfangsmeira og tímafrekara en ríkisstjórnin hefði óskað sér. Í þeirri yfirlýsingu sem ég vitnaði til ætlaði ríkisstjórnin að láta verkefninu lokið á árinu 2000.

Ég held ég sé ekki að fara með fleipur, herra forseti, þegar ég segi að Norðmenn tóku a.m.k. 15 eða 16 ár í að búa til rammaáætlun sína og þeir skiluðu henni í áföngum. Þar voru vinnubrögð raunhæf og ríkisstjórn Íslands gat auðveldlega litið til Noregs eftir fyrirmynd með vinnubrögðin sem þar voru viðhöfð. Það eina sem við höfum heyrt frá ríkisstjórninni varðandi vinnubrögðin í Noregi er: Já, þeir voru nú svo illa settir þegar þeir loksins drusluðust til að gera sína rammaáætlun að þeir voru eiginlega búnir að virkja allt sitt mögulega virkjanlega vatnsafl þegar þeir ákváðu að gera rammáætlunina.

Ríkisstjórnin hefur stært sig af því að við séum að gera rammaáætlun á réttum tíma. En við erum ekki að gera hana á réttum hraða, herra forseti. Við erum að gera hana eins og rófuskertir refir og úr henni verður auðvitað ekkert annað en bastarður ef því verður haldið áfram.

Herra forseti. Haustið 1999 lá fyrir að líta þyrfti á rúmlega 60 mögulegar hugmyndir að vatnsaflsvirkjunum og um 30 hugmyndir að jarðvarmavirkjunum. Þetta eru 90 hugmyndir í heildina sem verkefnisstjórn rammaáætlunar var í upphafi ætlað að líta á. Áður en vinnan hófst gerði verkefnisstjórnin sér vonir um að af þeim hugmyndum yrði hægt að ljúka vinnu við u.þ.b. 25 hugmyndir sem kynntar yrðu haustið 2002. Þetta kom fram á fyrsta kynningarfundi verkefnisstjórnarinanr sem haldinn var í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands haustið 1999, ef ég man rétt.

Þetta hefur auðvitað ekki gengið eftir, herra forseti, og nú er svo komið að hæstv. iðnrh. leggur hart að verkefnisstjórninni, eins og ég sagði áðan, um að skila einhvers konar tilraunamati. Hvað á þetta tilraunamat að fela í sér? Virkjanakostina á miðhálendinu.

Hvað gerir þetta nú, herra forseti, hvernig hæstv. iðnrh. pressar verkefnisstjórnina til að skila einhverju, bara einhverju? Þetta gerir ekkert annað en að rýra trúverðugleika verkefnisins, lætur fólkinu sem er að vinna þetta, sem eru margir okkar hæfustu vísindamanna, líða illa með vinnuna. Það er í tímapressu hvern einasta dag því að þetta er auðvitað vinna sem menn eru að vinna samhliða öðrum störfum. Það er ekki farsælt, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli koma svona fram og hæstv. ráðherra iðnaðarmála skuli koma svona fram við þetta hæfa fólk og sýnir í raun og veru ekkert annað en að hæstv. iðnrh. er sammála því og samþykk að þessu ófluga tæki, rammaáætlun, sé breytt í einhvers konar sýndarmennsku- eða málamyndaáætlun. Þetta er ekki boðlegt, herra forseti. Við eigum annað skilið, íslensk náttúra á annað skilið, þjóðin á annað skilið, Austfirðingar eiga annað skilið.

Herra forseti. Í umræðunni hefur verið getið um það að auðlindastefna sé ekki til staðar. Ég vil gera að umræðuefni í nokkrum orðum orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur sem talaði fyrir hönd Samfylkingarinnar í gær í umræðunum og gerði að umtalsefni auðlindapólitík. Það gerði hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir líka í fyrstu ræðu sinni um málið, ræðu sem haldin var 14. febrúar þegar 1. umr. um málið fór fram.

Í fyrri ræðu sinni gagnrýndi hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir stjórnvöld fyrir að koma fram með þetta mál, frv. til laga um virkjun Jökulsár á Dal, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, á þeim tíma þegar frv. til nýrra raforkulaga væri á leiðinni, væri nánast tilbúið og örfáir dagar í að það yrði lagt fram á Alþingi. Hv. þm. taldi að mun affarasælla hefði verið að afgreiða ný raforkulög fyrst áður en frv. sem hér um ræðir yrði afgreitt. Hún sagði í ræðu sinni þá, herra forseti, að þetta væru ekki boðleg vinnubrögð, að menn yrðu að gera hlutina í réttri röð. Síðar í ræðu sinni, herra forseti, kallaði hv. þm. Svanfríður Jónasdótttir á auðlindapólitíkina og vildi fá að vita samræmda stefnu ríkisstjórnarinnar í auðlindamálum áður en teknar væru ákvarðanir um það mál sem við erum að ræða hér.

En ég varð fyrir miklum vonbrigðum og lýsti því reyndar í andsvari við hv. þm. í gær hvernig mér fannst hún hafa bakkað út úr þeirri röksemdafærslu sem hún flutti við 1. umr. málsins. Ég verð að segja, herra forseti, að það veldur mér miklum vonbrigðum að meiri hluti Samfylkingarinnar skuli telja sig þurfa að styðja þetta stjórnarmál þegar mér hefði fundist það svo miklu eðlilegra af stórum stjórnarandstöðuflokki að hann sæti hjá, sérstaklega í ljósi orða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur við 1. umr. þessa máls.

Í ræðu sinni í gær fjallaði hv. þm. um að Samfylkingin væri sátt við arðsemi verkefnisins út frá þeim veruleika sem við byggjum við núna. Mátti þá skilja af máli hv. þm. að úr því að ekki væri komið nýtt umhverfi í raforkuiðnaðinn, í raforkumálin, og úr því að við byggjum ekki við neina auðlindapólitík yrðum við víst bara að samþykkja þetta mál.

Herra forseti. Ég þarf kannski ekki að fara um það mörgum orðum, en mér hefði fundist meiri reisn yfir Samfylkingunni ef hún hefði getað sagt: Látum ríkisstjórnina þá halda áfram sínu striki, en við þurfum ekki að styðja hana. En það ætlar meiri hluti Samfylkingarinnar greinilega ekki að gera. Það eru einhverjar undantekningar í þingmannaliði flokksins, en mér sýnist obbinn af þingmönnunum ætla að styðja þetta. Ég endurtek hér vonbrigði mín með það álit þingmannanna.

Á hitt ber að líta að auðlindapólitík þarf auðvitað að vera mótuð. Í skýrslu auðlindanefndar sem gefin var út í september árið 2000 er gerð ítarleg grein fyrir þeirri skoðun

nefndarinnar að móta beri stefnu varðandi auðlindarentu sem nýting vatnsafls í eigu þjóðarinnar skapar.

Ég vitna, herra forseti, í umsögn minni til iðnn. á bls. 55 og 56 í álitsgerð nefndarinnar en ég ætla að spara tímann og vera ekkert að vitna í þetta hér. Hv. þm. eiga allir þetta plagg og geta kynnt sér það sjálfir. En á bls. 55–61 í þeirri ágætu og gagnmerku bók er gerð grein fyrir því hvernig auðlindarentu yrði best háttað að mati nefndarinnar, auðlindarentu varðandi nýtingu vatnsafls, enda lítur nefndin svo á að orka fallvatnanna sé ein helsta auðlind þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég gagnrýni það harðlega að þetta álit auðlindanefndar skuli ekki hafa verið tekið fyrir til sérstakrar umfjöllunar í tengslum við það frv. sem við nú ræðum. Með hvaða rökum leyfir ríkisstjórnin sér að sniðganga algerlega álit og hugmyndir auðlindanefndarinnar og leggja þetta mál fyrir eins og ríkisstjórnin hefur gert? Eigum við að búa við það, herra forseti, að stjórnskipuð, öflug nefnd skuli hafa ákveðnar skoðanir um auðlindapólitík og auðlindarentu af fallvötnunum en ekki einu sinni rætt í tengslum við umfjöllun málsins um Kárahnjúkavirkjun, ekki litið á það? Þetta eru vinnubrögð sem ég kalla slæleg, herra forseti. Það þýðir ekki að láta eins og þetta plagg sé ekki til. Það hafa allir þingmenn fengið og það vita allir þingmenn á Alþingi Íslendinga hvað í því stendur. Og það hefur aldrei neinn mótmælt því að sú skoðun auðlindanefndar sé þess virði að eftir henni sé mótuð stefna.

Hvað með tillöguna að stjórnarskrárákvæðinu sem er fólgin í tillögum auðlindanefndarinnar? Á ekkert að ræða hana hér á hv. Alþingi? Á ekki að nota tækifærið eftir að slík vinna hefur farið fram og móta auðlindastefnu? Eiga hv. alþm. ekki að fá tækifæri til að fjalla um auðlindastefnu, auðlindapólitík á þessu þingi, sama þingi og menn ætla að heimila hæstv. iðnrh. að leyfa stærstu og afdrifaríkustu herför gegn náttúru Íslands sem leyfð hefur verið? Herra forseti. Ég gagnrýni þau vinnubrögð harðlega. Þau eru engri ríkisstjórn til sóma, bara til skammar.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að ekki hefur verið lögð nein vinna í að meta verðgildi þess lands sem ljóst er að muni tapast og eyðileggjast við þær framkvæmdir sem við ætlum nú að heimila hæstv. iðnrh. að fara út í. Ég vitna aftur í plagg auðlindanefndar sem lýsir því á bls. 70 að til þess að ákvarða fjárhæð eða hlutfall auðlindaskatts sé nauðsynlegt að framkvæma yfirgripsmikið mat á þeim verðmætum sem um er að tefla, ekki síst umhverfisverðmætum, og eru nefndar í því sambandi tvær af aðferðum hagfræðinnar, herra forseti, sem hagfræðin hefur verið að þróa með ágætum árangri á seinni árum til að mæla slík verðmæti. Þær aðferðir eru nefndar í skýrslu auðlindanefndar og við höfum reyndar heyrt flutta lærða fyrirlestra um þær aðferðir, m.a. af hagfræðingum Þjóðhagsstofnunar sem hafa verið að kynna sér þessi mál sérstaklega og hafa flutt opinberlega fjölmörg erindi um þær.

Þær aðferðir sem getið er um, a.m.k. í skýrslu auðlindanefndar, eru annars vegar skilyrt verðmætamat, „contingent valuation“ á ensku, og hins vegar nokkuð sem kallað er ánægjuverð eða „hedonic prices“. Þessar aðferðir eru skilgreindar, ekki reyndar í hörgul, í skýrslu auðlindanefndar en þær eru nefndar og þeirra er getið sem ákjósanlegra aðferða til að meta verðgildi lands. Ekki er að sjá í niðurstöðum auðlindanefndarinnar okkar ágætu að bornar séu einhverjar brigður á þær aðferðir. Auðvitað er vitað að þær eru ekki öruggar um eitt eða neitt, en þó er vitað að þær eru bestu fáanlegu aðferðir til að meta verðgildi lands.

Það er eðlilegt að við fáum svör frá hæstv. iðnrh. um það hvers vegna sú ákvörðun virðist hafa verið tekin að verðgildi lands sé ekki skoðað í tengslum við þessar framkvæmdir. Hvers vegna er sú ákvörðun tekin þegar hún stríðir algerlega gegn áliti auðlindanefndar, meirihlutaáliti auðlindanefndar? Við verðum að fá svör við því, herra forseti, við krefjumst málefnalegrar umræðu um atriði á borð við þetta. Það þýðir ekki að mæta okkur með þegjandi þögninni með þetta atriði eins og önnur. Þessu verðum við að fá svarað. Meðgjöf af þessu tagi er meðgjöf sem við erum að taka úr vösum barnanna okkar og komandi kynslóða.

Ég fullyrði, herra forseti, að börnin okkar eiga eftir að hugsa okkur þegjandi þörfina ef við heimilum þetta án þess svo mikið sem að ræða um mögulegt afgjald fyrir auðlind þjóðarinnar í fallvötnuum uppi á hálendinu. Við ætlum ekki að ræða það. Það er skömm að því, herra forseti, að koma svona fram gagnvart náttúru landsins sem við höfum að láni frá börnunum okkar. Sannleikurinn er auðvitað sá að við höfum ekki fengið jörðina í arf eins og frægt máltæki getur um. Við höfum hana að láni frá börnunum okkar. Við erum ekki herrar jarðarinnar og verðum aldrei, herra forseti. Það væri óskandi að hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar færi að átta sig á því.

En af því ég var að fjalla hér, herra forseti, um atriði hagfræðinnar við að leggja mat á verðgildi lands vil ég ítreka það sem ég sagði í fyrstu ræðu minni við 1. umr. þessa máls. Það hefur farið fram könnun eða mat á hluta landsins norðan Vatnajökuls út frá þessum atriðum hagfræðinnar. Þar getur að líta í síðasta tölublaði Glettings, þess ágæta austfirska rits, en þar er bent á það að kona að nafni Nele Lienhoop, sem stundar nám í hagfræði við háskólann í Aberdeen í Skotlandi, hafi beitt aðferðum skilyrts verðmætamats á náttúruverðmæti þess svæðis sem tapast mundi við Hálslón. Í grein í þessu blaði kemur fram, herra forseti, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu að verðgildi þess lands sem fer undir vatn við Hálslón sé tæpar 400 millj. kr.

Herra forseti. Það hefur sem sagt farið fram skilyrt verðmætamat á því landsvæði sem fer undir Hálslón. Samkvæmt því mati hagfræðinnar og hagfræðingsins er verðgildi þessa lands 400 millj. kr. Ég ætla ekki að leggja mat á þessa upphæð en hún er nægilega há til að sannfæra mig um að hér sé um verulega verðmætt land að ræða út frá stöðlum og skilgreiningum hagfræðinnar. Af því að menn eru að tala um þjóðhagslega arðsemi, þjóðhagslegan hagnað, fyrst allt skal vegið á þeirri mælistiku, hvers vegna má þá ekki vega verðgildi landsins á þeirri mælistiku líka, þegar það er hægt? Hvaða börn erum við að binda fyrir augun og ætla ekki að meta verðgildi landsins? Ef við ætlum að meta hinn þjóðhagslega arð, herra forseti, yrði hann enginn ef við mundum meta verðgildi landsins. Það er auðvitað þess vegna sem ríkisstjórnin vill ekki meta verðgildi landsins, af því hagnaðurinn yrði þá enginn.

Það er ekki sá sómi að þessu, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli hafa tiltækustu tæki og vísbendingar um verðmæti landsins og ætli ekkert að gera með þau, ekkert að gera með þessar upplýsingar, lætur þetta sem vind um eyru þjóta.

Hv. þm. Framsfl. eru náttúrlega fjarri góðu gamni í þessum umræðum og þykjast trúlega ekki hafa neitt að læra af ræðu minni, ég læt það svo sem ekki á mig fá, en hv. þm. Framsfl. hefðu auðvitað mjög mikið gagn af því að lesa grein Nele Lienhoop í Glettingi til að kynna sér það sem þegar hefur verið gert varðandi mat á verðgildi landsins.

Ég ítreka, herra fosreti, að hún var bara að meta gildi lands sem færi undir Hálslón. Þá á algjörlega eftir að meta gildi lands sem færi undir önnur lón, skurði eða landið sem færi um Haugsvæðin, þar sem þarf að ganga frá öllum þeim milljónum rúmmetra af jarðvegi sem kæmi út úr öllum þeim tugum kílómetra af göngum sem þyrfti að grafa ef af þessari virkjun yrði.

Hér erum við að tala um lítið landsvæði, 57 ferkílómetra, miðað við allt það land sem verður fyrir áhrifum af framkvæmdunum. Þetta landsvæði, sem er lítið í þessu tilliti, 57 ferkílómetrar, yrði að verðgildi 400 millj. kr. á þessari mælistiku hagfræðinnar um skilyrt verðmætamat. En það ætlar ríkisstjórnin ekki að líta á.

Það er líka rétt að geta þess, herra forseti, að ákveðin greiningaraðferð hefur verið notuð og er notuð hjá siðuðum þjóðum, nágrannaþjóðum okkar, þegar framkvæmdir af þessu tagi eru vegnar og metnar. Sú greiningaraðferð heitir kostnaðar- og ábatagreining fyrir verkefnið. Kostnaðar- og ábatagreining fyrir þau verkefni sem Alþingi ætlar hér að heimila hæstv. iðnrh. að gefa heimild til hefur ekki farið fram.

Herra forseti. Við sitjum uppi með það að hæstv. umhvrh. mat það svo í úrskurði sínum að arðsemi og þjóðhagslegur ávinningur af verkefninu skyldi ekki heyra til mati á umhverfisáhrifum heldur skyldi hann metinn af leyfisveitendum og hún nefnir í úrskurði sínum alþingismenn í því sambandi. Nú er ljóst að slíkt mat hefur ekki farið fram og á ekki að fara fram. Með því að hæstv. umhvrh. skildi á milli umhverfismats annars vegar og arðsemis- eða hagkvæmnimats hins vegar þýðir bara að umhverfismatinu var snúið við, falleinkunn Skipulagsstofnunar snúið upp í einhverja meðgjöf sem hleypti málinu í gegn út frá umhverfissjónarmiðunum. Arðsemismatið á ekki að fara fram, ekki kostnaðar- og ábatagreining og ekki skilyrt verðmætamat, engum tækjum hagfræðinnar sem taka umhverfiskostnaðinn inn í á að beita á þetta verkefni. Það er alveg ljóst.

Herra forseti. Eitt af því sem við þurfum auðvitað að skoða og horfa til langs tíma með er orkunýting og orkusparnaður. Það er ekki eins og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi ekki gert sér grein fyrir því. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er boðað átak til orkusparnaðar. Ríkisstjórnin boðaði þetta í framkvæmdaáætlun sinni um sjálfbæra þróun til aldamóta. Hún kom þeirri áætlun frá sér og samþykkti ef ég man rétt 1997. Mér þykir rétt, herra forseti, að benda á að á umhverfisþingi sem var haldið í janúar 2001 lagði umhvrh. fram ný og endurnýjuð drög að áframhaldandi stefnumörkun fyrir sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Það leiðinlega gerist hins vegar að hugmyndir um orkusparnaðaráætlun, sem voru í fyrri samþykkt ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, virðast týnast í nýjum drögum um sjálfbæra. Í nýju drögunum sem fólk getur kynnt sér á heimasíðu umhvrn. er ekkert fjallað um orkusparnaðinn sem þó var inni í eldri áætlun.

Herra forseti. Þetta er enn eitt atriðið sem lýsir vel stefnu ríkjandi ríkisstjórnar, orkugræðgistefnu. Já, herra forseti, það er ágætt að hæstv. forseti skuli reyna að leggja á minnið orð og hugtök sem má nota um hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Það eru að vísu kannski ekki uppáhaldshugtökin, ekki hin jákvæðustu og ekki hin fáguðustu. Ég mundi ekki vilja láta segja það um mig að ég keyrði fram orkugræðgistefnu. En hæstv. ríkisstjórn virðist gera það því orkusparnaðurinn sem var í áætluninni um sjálfbæra þróun til ársins 2000 er ekki lengur þar. Það er eðlilegt að í þessu sambandi sé það gagnrýnt.

Það má líka gagnrýna að ekki hefur miðað nægilega vel hjá hæstv. umhvrh. í að fullmóta þau drög sem lögð voru fram í janúar 2001 og ég hef nú lagt fram, herra forseti, á sérstöku þingskjali fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um hvenær við megum eiga von á að fá þessa stefnumörkun og hvernig aðkomu frjálsra félagasamtaka og almennings að henni hafi verið háttað. Það er alveg ljóst að við getum ekki búið við að fá tveggja ára gat í stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, sérstaklega ekki þegar ríkisstjórnin er búin að lofa og prísa áætlun um sjálfbær Norðurlönd og þykist aðili að henni. Þá er ekki hægt annað en við búum til okkar eigin stefnu í þeim málum.

En í drögunum eru ekki neinar hugmyndir um átak til orusparnaðar sem fjallað var um í eldri stefnumörkun. Það er líka ljóst á þessum drögum að hagsmunir og sjónarmið orkuvinnslufyrirtækja eru það sem á að vera leiðarljós ríkisstjórnarinnar í umhverfismálunum á nýrri öld, en ekki sjónarmið náttúruverndar. Þetta er auðvitað einkennandi fyrir alla meðferð og umfjöllun þess máls sem við nú ræðum, virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Þá er ekki hægt, herra forseti, annað en að fara nokkrum orðum um platmatið, þ.e. framhaldsmatið sem hæstv. umhvrh. efndi til þegar ljóst var að Skipulagsstofnun gaf þessum virkjanahugmyndum falleinkunn út frá umhverfissjónarmiðum. Hæstv. umhvrh. tók þetta allt inn á sitt borð og á eigin forræði bjó ráðherrann til framhaldsmat. Ég hef gagnrýnt það og tel það ekki samrýmast lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Ég tel það ekki geta samrýmst þeim lögum að ráðherrann skuli hafa fjallað efnislega um umhverfisþætti þessa máls eftir að 122 aðilar höfðu kært úrskurð Skipulagsstofnunar til ráðherra. Ég tel öll efni hafa staðið til þess að umhvrh. hefði, sérstaklega í ljósi viðbótargagna sem bárust inn á hennar borð, átt að vísa málinu aftur inn í hinn lögboðna feril, umhverfismat.

Sannleikurinn er sá, herra forseti, að þegar málið var í vinnslu — nú er ég að segja frá því sem umhvn. hefur fengið vitneskju um í ferli málsins — var alveg ljóst að Landsvirkjun var vel kunnugt um það þegar hún lagði endanlega fram sín gögn vegna matsskýrslu á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar að hún hafði ekki nægilega mikið af gögnum. Hún var ekki með gögn um mótvægisaðgerðir vegna áfoks og rofs. Það var alveg ljóst, herra forseti, að Landsvirkjun tók sénsinn og þrýsti á Skipulagsstofnun með að auglýsa matsskýrsluna án þess að Landsvirkjun væri búin að leggja fram þau gögn sem Skipulagsstofnun gerði kröfu um. Það var þess vegna eðlileg niðurstaða hjá Skipulagsstofnun að gera það að máli í úrskurði sínum að ekki hefðu legið fyrir nægileg gögn til þess að meta til hlítar umhverfisáhrif mótvægisaðgerðanna. Skipulagsstofnun hefur staðið við þessi orð sín. Í bréfi til umhvrn. sem skrifað var á þeim tíma sem málið var á borðum umhvrh. í þessu framhaldsmatsferli hefur komið í ljós svo óyggjandi sé að Landsvirkjun vissi allan tímann að hún mætti búast við að málinu yrði hafnað á þeirri forsendu að ekki lægju næg gögn fyrir.

Hvað gerist þegar niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú sem hún er, falleinkunnin? Þá drífur Landsvirkjun sinn vaska her í að útbúa gögnin. Það er hönnuð gífurleg mótvægisaðgerð gegn foki og rofi, mótvægisaðgerð sem að mínu mati og margra annarra hefði auðvitað þurft að lúta sjálfstæðu mati

á umhverfisáhrifum. Þessi viðbótargögn ásamt með fjölda annarra gagna auglýsir hæstv. umhvrh. með einhverjum tilbúnum fresti sem hæstv. umhvrh. sjálf ákvað hversu langur skyldi vera. Á þennan hátt framlengdi umhvrh. matsferilinn sem hefði að sjálfsögðu átt að fara aftur til þeirra stofnana sem venjulega véla með þessi mál og Landsvirkjun hefði auðvitað átt að búa til nýja skýrslu þegar í ljós var komið og opinbert orðið að ekki höfðu verið lögð fram öll þau gögn sem Skipulagsstofnun hafði gert ráð fyrir að yrðu þarna lögð fram.

Ég gagnrýni það, herra forseti, að umhvrh. skyldi hafa tekið málið inn á sitt borð með þessum hætti. Mér finnst stórfurðulegt að mat umhverfisráðherrans skyldi vera á þennan hátt. Ég hef sömuleiðis gagnrýnt að hæstv. ráðherrann skuli byggja það á áliti eins lögfræðings, Eiríks Tómassonar, sem veitti umhvrn. leiðsögn í þessu máli. Ég hefði talið fullt efni til að þarna kæmu að fleiri lögfræðingar og aðrir aðilar að málinu. Það voru skiptar skoðanir um hvort þetta væri heimilt. Ég hefði talið ástæðu til að þetta mál hefði verið skoðað til hlítar.

Ég hef haldið því fram áður, herra forseti, og kemur engum á óvart, að úrskurður hæstv. umhvrh. væri pólitískur úrskurður en ekki málefnalegur. Ég tel, herra forseti, að hann gangi gegn markmiðum alþjóðasamninga og tilskipana þeirra sem lög um mat á umhverfisáhrifum byggja á, það hef ég röstutt í löngu máli og ætla ekki að endurtaka þann rökstuðning.

Þegar við skoðum í heildina þau áhrif sem þessi virkjun getur haft á náttúru Íslands þá eru þau auðvitað geigvænleg. Það kemur fram í umsögn minni til iðnn. að aðilar eins og Náttúruvernd ríkisins og Landvernd og SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, hafa allir bent á þá gífurlegu umhverfisröskun sem af mun hljótast og vara við því að af þessum framkvæmdum verði nú látið verða.

Árni Bragason, forstöðumaður Náttúruverndar ríkisins, kom á fund umhvrn., herra forseti, og í máli hans kom fram ákveðin gagnrýni á að iðnrh. skuli ekki hafa sett inn í frv. að framkvæmdaraðila væri skylt að fara eftir þeim niðurstöðum sem hæstv. umhvrh. komst þó að í sínum úrskurði. Það er einmitt eitt sem ég hef gagnrýnt hér, herra forseti, og verður ekkert of oft sagt, að það er auðvitað með ólíkindum hversu opið þetta frv. er. Það er ekki skilyrt á einn eða neinn hátt. Framkvæmdaraðila virðist ekki vera gert skylt að fara eftir niðurstöðum eða skilyrðum umhvrh. Það er ekki skrýtið þó Náttúruvernd ríkisins gagnrýni það.

Þá má sömuleiðis nefna að Náttúruvernd ríkisins gagnrýnir ummæli í greinargerð Orkustofnunar sem fyrr er getið um að erfitt sé að meta Kárahnjúkavirkjun inn í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Náttúruvernd ríkisins telur fullkomlega eðlilegt að Kárahnjúkavirkjun verði metin með öðrum virkjanakostum í rammaáætluninni og ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég er hjartanlega sammála því áliti Náttúruverndar ríkisins.

Það kemur líka fram í áliti Náttúruverndar ríkisins að hún varar við öllum hugmyndum um sambúð friðlanda og virkjana á svæðinu norðan Vatnajökuls. Ég held að Náttúruvernd ríkisins sé nú þegar búin að segja það sem segja þarf um málamiðlunarhugmynd Samfylkingarinnar um virkjanaþjóðgarð. Hann er greinilega ekki að skapi Náttúruverndar ríkisins. Svo mikið er hægt að lesa út úr umsögn Náttúruverndarinnar sem barst hv. iðnn.

Herra forseti. Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um þátt Kröfluvirkjunar í þessu máli. Það er eðlilegt að það sé gagnrýnt að stækkunin á Kröfluvirkjun skuli vera hnýtt inn í þetta frv. Gagnrýnisraddirnar byggjast fyrst og fremst á því að stækkun sú hefur ekki farið í mat á umhverfisáhrifum. Það er auðvitað sagt í greininni eins og hún er orðuð, þ.e. 2. gr. frv. sem, með leyfi forseta, hljóðar svo:

„Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 MW ásamt aðalorkuveitum, enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda."

Þetta er alveg eðlilega orðað og reynt hefur verið að friðþægja okkur með því að auðvitað verði ekki veitt heimild fyrir virkjuninni nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. En hvað eigum við að gera, herra forseti, ef þessi stækkunarhugmynd fær falleinkunn hjá Skipulagsstofnun? Eigum við þá bara að fá hæstv. umhvrh. til þess að snúa þeim úrskurði við eins og hún var fengin til að snúa við úrskurðinum um Kárahnjúkavirkjun?

Herra forseti. Það hefur skapast ákveðin hefð um veitingu virkjunarleyfa, um heimildarákvæði af þessu tagi til handa hæstv. iðnrh. Sú hefð hefur núna á seinustu árum, eftir að lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi, verið sú að heimildanna er ekki leitað fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Því er alveg ljóst að hér er verið að fara gegn hefðinni með 2. gr. í frv. Ég hefði talið alveg eðlilegt að hæstv. iðnrh. hefði beðið með heimild sína til að veita framkvæmdaleyfi við Kröflu þangað til ljóst hefði verið hvernig niðurstaða mats á umhverfisáhrifum hefði orðið.

En óðagotið er svo mikið, herra forseti, og það er svo mikil þörf á að búa til gulrótina fyrir stóriðjuframleiðendurna í útlöndum, það skiptir svo miklu máli fyrir hæstv. ráðherra að hafa það í hendi að hún hafi heimildina, að hún geti veifað heimild Alþingis, heimild sem Alþingi veitir henni til þess að virkja hvort heldur er Kárahnjúkana, Kröflu eða Bjarnarflag og allt heila galleríið að hún verður að fá það til þess að gulrótin sé nógu feit og nógu stór.

Herra forseti. En ég sé ekki að Alþingi hafi neina ástæðu til þess að fita þessa gulrót hæstv. ráðherra umfram efni. Rýr og mögur gulrót hefði mín vegna mátt dingla á þessari spýtu, en 220 MW stöð í Kröflu hefði ekki þurft að hanga á henni að svo komnu máli. (Gripið fram í.) Já, fara út úr fjórðungnum. Ég veit nú að hæstv. forseti, hv. 1. þm. Norðurl. e., er kannski uggandi yfir því að allt það afl sem fá má úr Kröflu skuli svo enda á Austfjörðum. (**Gripið fram í:** Ja, ég hygg að hann sé bara á móti því.) Já, það kann að vera að hv. þm. Jón Bjarnason hafi rétt fyrir sér, að hv. þm. Halldór Blöndal sé bara á móti því. En við komumst ekki að því í þessari ræðu. Það bíður ræðu hv. þm. og hæstv. forseta.

Herra forseti. Það er alveg ljóst og kemur fram í umsögn Náttúruverndar ríkisins, Landverndar og SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, að Kröfluvirkjun hefði átt að bíða umhverfismats og síðan hefði þá mátt samþykkja heimildarlög fyrir því ef það hefði verið vilji manna á þeim tíma.

Þeir aðilar sem ég nú nefndi hafa bent á að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum megi ekki gefa út leyfi fyrir framkvæmd fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Þess er einnig getið í umsögnum þessara aðila að um Kröfluvirkjun beri að fjalla á vettvangi rammaáætlunar um nýtingu vatnafls og jarðvarma og ég tek í einlægni undir það, herra forseti. Það er algjörlega ólíðandi að allir þessir virkjanakostir skuli eiga að hverfa undan umfjöllunarsviði

verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar. Það sýnir enn einu sinni að hæstv. ríkisstjórn hefur aldrei verið nein alvara með vinnunni við rammaáætlun.

Í umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands er gerð krafa um það, herra forseti, að mótvægisaðgerðirnar vegna áfoksins við Hálslón og Kárahnjúkavegur skuli sæta sjálfstæðu mati á umhverfisáhrifum, enda sé hér um að ræða viðamiklar framkvæmdir sem hafi ekki verið metnar á sama hátt og aðrir þættir sem tengjast framkvæmdum Kárahnjúkavirkjunar. Þetta er auðvitað réttmæt krafa, herra forseti, því vegur á borð við Kárahnjúkaveg, sem er uppbyggður vegur með ræsum og öllu tilheyrandi, á lögum samkvæmt að sæta mati. En núna er hann hlekkjaður við framkvæmd um Kárahnjúkavirkjun og þar með telur umhvrh. að ekki skuli setja þennan veg í sérstakt mat. Þetta er algerlega óásættanlegt.

Það er líka óásættanlegt, herra forseti, að vegurinn sem á að liggja austur á hraun sé látinn enda í ósnortnu víðerni hraunanna samkvæmt úrskurði umhvrh. og enginn veit hvernig á að ganga frá honum eða hvernig hann verður lagður eða hvernig hann kemur til með að líta út þegar á heildina er litið.

Herra forseti. Það er skammarlegt að svona margar framkvæmdir sem ættu hver um sig að lúta sérstöku mati skuli vera spyrtar saman og hengdar á þessa einu spýtu, Kárahnjúkavirkjun sem er eðli málsins samkvæmt ekkert annað en landshlutaáætlun. Landshlutaáætlun af þessu tagi ætti að lúta sérstöku mati á umhverfisáhrifum. Ef við værum svo heppin að vera komin með lög um umhverfismat skipulagsáætlana þá hefði auðvitað ekki verið hægt að fara þá leið sem nú er verið að fara með Kárahnjúkavirkjun. Það hefði orðið að meta Kárahnjúkavirkjun sem landshlutaáætlun sem hefði áhrif á gífurlega stóru landsvæði og hún hefði aldrei farið í mat sem einstök framkvæmd, aldrei. En í þessu tilliti er ríkisstjórnin að svindla og fara fjallabaksleið að málunum. Ríkisstjórnin gerir það sama og hún gerir varðandi raforkulögin. Hún svindlar þessu máli fram hjá raforkulögunum sem við komum til með að samþykkja núna alveg á næstunni, en bara áður en þau verða samþykkt. Áður en það umhverfi verður orðið að ómögulegt verði að það verði arðbært að virkja fyrir stóriðju þá skulum við gefa svona rosalega mikið með Kárahnjúkavirkjun og þessu stóra, stóra Noral-verkefni til þess eins að það þurfi ekki að stoppa á einhverjum formsatriðum sem væntanleg lög koma til með að setja því. Nákvæmlega hið sama á við um umhverfismat skipulagsáætlana. Ef við værum komin með það lagaumhverfi sem þær setja okkur mundi þessi áætlun vera metin á allt annan hátt en hér er verið að gera. Á þetta benda Náttúruverndarsamtök Austurlands og hafa sannarlega rétt fyrir sér í þeim efnum.

Herra forseti. Ég gæti líka haft hérna nokkur orð um álit Landverndar sem barst iðnn. Í því áliti var tekið undir með Náttúruvernd ríkisins, SUNN og Náttúruverndarsamtökum Austurlands um þá umhverfisþætti sem ég hef rakið að framan og lúta að stækkun Kröfluvirkjunar. Að öðru leyti fjallar umsögn Landverndar um jarðminjar, áfok og endurheimt gróðurs, hönnun virkunarinnar, virkjunarleyfi og efnahagsmálin. Hún hefur að geyma þarfar áminningar til þingmanna sem undirstrika mitt álit, þ.e. það álit að með áformum um Kárahnjúkavirkjun og álver á Austurlandi séu stjórnvöld að tjalda til einnar nætur og séu að láta undir höfuð leggjast að líta til langs tíma.

Herra forseti. Á vegum Landverndar hefur farið fram mjög öflug rýni fjölmargra sérfræðinga í matsskýrslur Landsvirkjunar og Reyðaráls sumarið 2001 og það voru haldnar ótal málstofur í þeim efnum. Afraksturinn hefur reyndar verið gefinn út í skýrslu sem fylgdi umsögninni til þingnefndanna og niðurstaða þeirrar skoðunar, herra forseti, var sú að umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar væru umtalsverð og óafturkræf og lögð var áhersla á það í mati sérfræðinganna sem Landvernd fékk til þess að rýna í skýrsluna að niðurstaða Skipulagsstofnunar væri fullkomlega eðlileg og í samræmi við mat þeirra sérfræðinga, óháðra sérfræðinga sem komu að málinu eftir að matsskýrsla Landsvirkjunar var gefin út. Þeir óháðu sérfræðingar sem litu yfir skýrslu Landsvirkjunar á sínum tíma sumarið 2001 gáfu henni margir, allir sem Landvernd kallaði til, svipaða einkunn og jafnvel verri einkun en Skipulagsstofnun gaf, en sambærilega að því leytinu til að menn töldu að ekkert réttlætti það að fara út í þessar gífurlegu framkvæmdir og allra síst hinn meinti þjóðhagslegi ávinningur.

Í umsögnum frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands hefur verið getið um ákveðna hættu af áhrifum flóða í Jökulsá á Dal, m.a. vegna jökulhlaupa, sem tengjast hugmynd hæstv. umhvrh. sem kom fram í skilyrðum hennar þar sem hún breytir fyrirkomulagi á yfirfalli úr Hálslóni. Það sem um er að ræða hér, herra forseti, er að það er allsendis óljóst hvernig þetta breytta yfirfall verður vegna þess að sú hönnun og það mat sem á þá hönnun var lagt var bara gert hjá umhvrh. Það er ekki búið að skila nægilegri vinnu eða láta skoða það vísindalega nægilega vel til þess að vitum hvort sú breyting gengur upp, t.d. með tilliti til jökulhlaupa eða flóða í Jökulsá á Dal.

Herra forseti. Það er líka hægt að nefna það að samkvæmt skilyrðum umhvrh. er stöðu stíflunnar breytt og enn höfum við ekki fengið að sjá neinar yfirlitsteikningar, ekki neinar tölvuteikningar með þeirri breyttu útfærslu þannig að þær teikningar sem hafa verið aðgengilegar almenningi, þingmönnum og öllum þeim sem vilja kynna sér þessi mál, miða við allt aðra staðsetningu eða útfærslu stíflunnar en verður eftir að úrskurður umhvrh. var felldur. Þetta er m.a. einn af þeim þáttum sem ég hef gagnrýnt, þ.e. að hæstv. umhvrn. skuli geta tekið svona mál inn á sín borð og vélað um þau þar án þess að farið sé eftir forskrift laga um mat á umhverfisáhrifum.

Ég veit að Skipulagsstofnun hefði aldrei hleypt í gegn útfærslu sem ekki var kynnt í þrívíðum teikningum á risastórri jarðvegsstíflu sem er 190 m há og ég man ekki hversu margar milljónir rúmmetra af jarðvegi eiga að fara í hana.

Náttúruverndarsamtök Austurlands vekja líka athygli á því að ekki hafi verið gefnar neinar skýringar á misvísandi upplýsingum um virkjað rennsli í fyrri áfanga Kárahnjúkavirkjunar. Í athugasemdum með frv. sem hér er um fjallað á bls. 8 kemur fram að í fyrri áfanga verði virkjað 120 rúmmetra rennsli á sekúndu. En í matsskýrslu Landsvirkjunar á bls. 4 og reyndar víðar í skýrslunni er gert ráð fyrir að í fyrri áfanga verði virkjað 90 rúmmetra rennsli á sekúndu. Landvernd tekur reyndar undir þetta í umsögn sinni. Því er nú algjört tilefni til að spyrja hæstv. iðnrh., sem ég treysti að sé í húsinu, herra forseti, hverju sæti. Af hverju eru svona misvísandi tölur í þessu frv. um hið virkjaða rennsli?

Þetta er ekki eina dæmið um misvísandi tölur. Á ótal stöðum er ónákvæmt sagt frá og sums staðar eru hreinlega villur. Þannig get ég tekið sem dæmi að á bls. 22 í greinargerðinni er sagt að stefnt sé að því að fyrri áfangi álversins

með 260 þús. tonna framleiðslugetu á ári taki til starfa á árinu 2008 en það vita allir sem hafa kynnt sér þessi gögn að auðvitað er átt við 2006. Ég gæti tínt til fleiri dæmi um það hversu hroðvirknislega málið allt er unnið þar sem númer á fylgiskjölum eru vitlaus, t.d. á bls. 12, og vitlaus ártöl, jafnvel vitlausar gígavattstundir. Svo er óþolandi hversu misvísandi fjallað er um stærð álversins. Á bls. 3, í byrjun greinargerðarinnar, er sagt um álverið að það eigi að vera 240–280 þús. tonn í fyrri áfanga en 360–420 þús. tonn í seinni áfanga. Ég veit ekki betur en Reyðarál hafi lofað því að þessum ruglingi yrði eytt um leið og matsskýrslan á álverinu var kynnt. Þeir lofuðu þeim sem voru að fylgjast með og vildu fylgjast með málinu að þessar misvísandi tölur yrðu ekki notaðar, það yrði ævinlega talað um 280 og 420 þús. tonn. En, herra forseti, á þessu hefur orðið virkilegur misbrestur og hæstv. ráðherra eða hennar menn í ráðuneytinu hafa fallið í þá gryfju að rugla fólk í ríminu með misvísandi tölum í frv. á fleiri en einum stað. Ég get sannarlega tekið undir þá gagnrýni sem ég var að gera grein fyrir og hefur komið fram hér frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands og Landvernd hvað varðar þessa misvísun.

Þá, herra forseti, er ég komin að máli sem mér er afar kært og ég hef reynt að fjalla hér um á viti borinn hátt, a.m.k. af einhverju því litla viti sem mér er unnt eftir að hafa kynnt mér málið nokkuð vel. Það varðar sjálfbærni Kárahnjúkavirkjunar. Ég hef haldið því fram í ræðum mínum hér, herra forseti, og ég ætla að ítreka það enn einu sinni að Kárahnjúkavirkjun er ekki sjálfbær.

Nú treysti ég því, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé í húsinu og vildi gjarnan að hv. þm. Hjálmar Árnason, ef hann væri í húsinu líka ...

(**Forseti** (HBl): Hvorugur þessara hv. þm. er í húsinu.)

Herra forseti. Það veldur mér sárum vonbrigðum að heyra að hæstv. ráðherra skuli hafa yfirgefið okkur því (**Gripið fram í:** ... sækja ...) að ég var að tala í trausti þess að hæstv. ráðherra væri hér til að taka niður þær spurningar sem ég hef ítrekað lagt fyrir hana. Það er auðvitað eðlilegt að við krefjumst þess að hæstv. ráðherra sé til staðar til þess að málefnaleg umræða getið farið fram við hæstv. ráðherra um þetta viðamikla mál.

(**Forseti** (HBl): Ég skal gera ráðstafanir til þess að hæstv. iðnrh., Valgerði Sverrisdóttur, og formanni iðnn., hv. þm. Hjálmari Árnasyni, sé gert viðvart um að þeirra sé óskað í salinn.)

Já, ég þakka, hæstv. forseti.

Ég ætla svo sem ekki að láta þetta stoppa mig í ræðunni, er komin að þeim kafla þar sem mig langaði til að fjalla um sjálfbærni Kárahnjúkavirkjunar sem ég tel ekki vera til staðar.

Nú eru mál með vexti þannig, herra forseti, að Sameinuðu þjóðirnar skipuðu fyrir nokkuð mörgum árum stóra og mikla nefnd sem kalla má alþjóðlega nefnd um stíflur. Á enskri tungu kallaðist þessi nefnd World Commission on Dams. Hún skilaði af sér árið 2000 minnir mig, frekar en árið 2001, risastórri skýrslu sem fjallar um stíflur, bæði stíflur sem gerðar eru í áveitutilgangi og líka stíflur sem gerðar eru í þeim tilgangi að virkja fallvötn til orkuframleiðslu. Sannleikurinn er sá, herra forseti, að árið 2000 höfðu yfir 45 þús. stórar stíflur verið byggðar í heiminum og þær hafa gerbreytt stjórnun á vatnsauðlindum og orkugjöfum jarðarinnar. En á sama tíma og þessar risastóru stíflur hafa verið reistar er svo langt í frá að menn hafi verið á einu máli um ágæti þeirra, og hafa samfélagsleg áhrif þessara stóru stíflna oft og tíðum valdið miklum deilum og átökum. Það er algjört forgangsmál til framtíðar að unnt verði að skilgreina hlutverk stíflna hvað varðar eftirspurn á vatni og orku, og þetta lýsir afar vel hversu mikilvægt það er að leiða jafnflókin álitamál til lykta svo þær standi þjóðfélögum ekki fyrir þrifum.

Skýrsla alþjóðanefndarinnar um stíflur, sem er til á bókasafni Alþingis, herra forseti, er afrakstur þess sem kalla má „hnattrænt átak" sem á sér enga hliðstæðu. Þetta átak var hugsað sem tæki til að leiða saman stjórnvöld, fulltrúa einkageirans og frjáls félagasamtök. Skýrsla þessi kemur fram með fyrstu heildstæðu, sjálfstæðu úttektina á áhrifum stíflna og hún lýsir nýju skipulagi, nýjum hugmyndum í þróun vatns- og orkugjafa. Hún kemur fram með aðgerðaáætlun með sjö forgangsmálum og skilyrðum sem nýta má í stefnumótun til framtíðar en nefndin hafnar í skýrslunni viðteknum hugmyndum um ágæti risastíflna.

Og, herra forseti, ég hvet hv. alþm. til að kynna sér efni skýrslunnar sem reiðir fram beinharðar, heildstæðar, hlutlægar upplýsingar sem hafa ber til hliðsjónar fyrir þjóðir heims þegar þær standa frammi fyrir spurningum á borð við: Hvers vegna hyggjum við á byggingu stíflna? Hvernig á byggingu þeirra að vera háttað? Hvers konar áhrif koma þessar byggingar, þessar stíflur, til með að hafa á samfélag manna, plantna og dýra, hvort sem það er til góðs eða ills?

(**Forseti** (HBl): Hv. þm., formaður iðnn., er upptekinn af persónulegum ástæðum en hæstv. iðnrh. er í beinni útsendingu.) (**Gripið fram í:** Í sjónvarpinu.)

Herra forseti. Það er auðvitað ekki hægt að sætta sig alveg við það að þingmönnum sé ekki sýnd meiri virðing en svo þegar um hjartans mál fólks er að ræða og það gerir allt sem hægt er til að undirbúa sig vel og eiga hér góðan málefnalegan orðastað við þá sem með völdin fara. Það er ekki hægt, herra forseti, að koma svona fram við okkur. Hæstv. forseti veit ósköp vel að ég sagðist mundu sakna hæstv. ráðherra úr salnum í gær þegar hún átti leið norður til Akureyrar, og hæstv. forseti sýndi mér mikla tillitssemi og frestaði umræðunni þar til hæstv. ráðherra væri komin í salinn. Eins og allt fór í gær komst ég ekki að með ræðu mína. Hæstv. ráðherra hefur þess vegna ekki heyrt nema brot af henni, smábyrjun, og mér þykir mjög miður að hæstv. ráðherra skuli ekki sýna mér meiri tillitssemi en svo að hún skuli hverfa úr salnum þegar hún veit að ég hafði óskað eftir því sérstaklega í gær að hún yrði hér til að hlýða á mál mitt og svara fyrirspurnum.

(**Forseti** (HBl): Er það ósk hv. þm. að fresta ræðu sinni?)

Já, herra forseti, ég held að ég þiggi það. Það er úr mér allur máttur. Mér finnst erfitt að tala um þetta mál eins og ég sagði áðan, herra forseti, vegna yfirlýsinga hæstv. ráðherra. Ég er að reyna að skoða það í því nýja ljósi og þess vegna hefði ég talið enn meiri ástæðu fyrir hæstv. ráðherra að vera hér til staðar og svara þá þeim spurningum sem ég hef fyrir hana lagt.

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. gerir hlé á ræðu sinni og er umræðu frestað.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–23. mál.

Fundi slitið kl. 18:38.

104. FUNDUR

mánudaginn 25. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964. — 1. umr.
3. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — 1. umr.
4. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974. — 1. umr.
5. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvöru, stjfrv., 630. mál, þskj. 1001. — 1. umr.
6. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973. — 1. umr.
7. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034. — 1. umr.
8. Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 641. mál, þskj. 1036. — 1. umr.
9. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018. — 1. umr.
10. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 651. mál, þskj. 1050. — 1. umr.
11. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945. — Frh. fyrri umr.
12. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 639. mál, þskj. 1019. — 1. umr.
13. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1051. — 1. umr.
14. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1052. — 1. umr.
15. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048. — 1. umr.
16. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum, stjfrv., 650. mál, þskj. 1049. — 1. umr.
17. Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, stjtill., 615. mál, þskj. 963. — Fyrri umr.
18. Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), stjtill., 622. mál, þskj. 975. — Fyrri umr.
19. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), stjtill., 623. mál, þskj. 976. — Fyrri umr.
20. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 636. mál, þskj. 1008. — Fyrri umr.
21. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, nál. 1004 og 1030. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun laga um innflutning dýra, 654. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 1053.

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, 388. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1055.

Úthlutun úr húsafriðunarsjóði, 558. mál, svar menntmrh., þskj. 972.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Norðurál.

[15:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og menn hafa tekið eftir hefur ýmislegt gengið á undanfarna daga. Eftir að dómur féll um svokallað minnisblað hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að flestu þurfi að stinga ofan í kistu og merkja sérstaklega sem ríkisleyndarmál.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram hjá hæstv. forsrh. að um nokkuð langt skeið hafi legið fyrir stjórnvaldserindi frá Norðuráli sem ekki hefur verið svarað. Hann vill að nú verði farið í að ræða stækkun álversins á Grundartanga eins og Norðurál hefur fyrir löngu óskað eftir en fyrirtækinu hefur enn ekki verið svarað. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég beint til ummæla hæstv. forsrh. þar sem hann segir m.a.:

„Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt að svara þeim hratt og vel. Þetta eru aðilar sem hafa alltaf staðið við sitt, hafa reynst hér góðir vinnuveitendur, snyrtilegir og öruggir, þannig að mér finnst sjálfsagt og eiginlega fyrir neðan allar hellur ef við mundum ekki veita þeim jafngóðan aðgang og þeim aðilum sem ekki hafa staðið við sitt. Þessir aðilar hafa alltaf staðið við sitt."

Ég vil því beina því til hæstv. viðskrh. hvort það sé rétt að um langt skeið hafi legið fyrir beiðni frá Norðuráli um að hefja viðræður við stjórnvöld, og í öðru lagi hvort það sé þannig að hæstv. iðn.- og viðskrh. geri upp á milli þeirra sem óska eftir viðræðum við iðn.- og viðskrn.

[15:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst raunar mjög eðlilegt að þessi fyrirspurn komi hér fram eftir umfjöllun helgarinnar. Mikil vinna hefur farið fram í iðnrn. sem snýr að því að sinna þessu myndarlega fyrirtæki, Norðuráli, sem hefur uppi áform um stækkun og að sú stækkun geti átt sér stað með þeim hætti að hún verði tekin í notkun á árinu 2004. Ég vil fara yfir nokkra þætti sem snúa að ráðuneytinu.

Þjóðhagsstofnun var fengin til að vinna úttekt á efnahagslegum áhrifum þess að farið yrði í bæði þessi verkefni, stækkun Norðuráls og uppbyggingu Norals á Austfjörðum. Niðurstaðan varð sú að byrjað yrði á stækkun Norðuráls. Ég endurtek, að byrjað yrði á stækkun Norðuráls. En Norðurál þarf orku og við höfum því í iðnrn. komið á viðræðum fyrirtækisins við orkufyrirtækin um að afhenda orku. Niðurstaða þess starfs er sú að einungis Landsvirkjun ráði við það verkefni miðað við tímaáætlanir fyrirtækisins. Það byggist á því að virkja Búðarhálsvirkjun og Norðlingaölduveitu.

Í sambandi við Norðlingaöldu er það að segja að drög að matsskýrslu eru nú til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun. Í sambandi við stækkun álversins hefur skýrslu verið skilað til Skipulagsstofnunar. Við fengum Pál Hreinsson til að vinna álitsgerð sem varðar réttarstöðu Þjórsárveranefndar áður en þetta ferli hófst og fleira mætti nefna. Mikið starf hefur verið í gangi í ráðuneytinu sem tengist þessu ágæta fyrirtæki og ég

veit ekki betur en þeir sem að því standa séu mjög ánægðir.

[15:07]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeim spurningum sem ég beindi til hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi: Hefur lengi legið inni erindi frá Norðuráli um að hefja viðræður við iðn.- og viðskrn.? Í öðru lagi: Er e.t.v. gert upp á milli þeirra aðila sem sækja um viðræður við ráðuneytið? Þessum spurningum var ekki svarað og ef marka má orðræðu hæstv. iðn.- og viðskrh. um að þegar hafi verið hafnar viðræður er ekki hægt að túlka orð hennar öðruvísi en svo að yfirlýsingar hæstv. forsrh. frá því í fréttatíma Stöðvar 2 í gær eigi ekki við nein rök að styðjast.

[15:08]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan höfum við verið að sinna fyrirtækinu og þeim erindum sem hafa borist ráðuneytinu alveg frá því árið 2000. Það að taka upp viðræður við ráðuneytið núna á þessu stigi væru þá einfaldlega framhaldsviðræður því að við erum búin að fjalla um þessi mál í tvö ár.

Um það hvort gert sé upp á milli fyrirtækja er það ekki vegna þess að eins og ég greindi frá áðan var af hálfu Þjóðhagsstofnunar unnin álitsgerð um það hvernig raða mætti saman verkefnum beggja þessara fyrirtækja þannig að það hefði ekki umtalsverð eða óæskileg áhrif á þjóðarhag. Sú upprðun ber með sér að það átti að byrja á því að stækka Norðurál. Ég held að það svari kannski betur en mörg orð úr þessum ræðustóli hvernig áform um að fara í verkefnin voru.

[15:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég skil þá ummæli hæstv. viðskrh. þannig að ekki sé rétt það sem kom fram í fréttunum í gær og ég vitnaði til áðan þar sem því var haldið fram að það væri eiginlega fyrir neðan allar hellur ef hún mundi ekki „veita þeim jafnan og góðan aðgang eins og þeim aðilum sem ekki hafa staðið við sitt. Þessir aðilar hafa alltaf staðið við sitt," eins og hæstv. forsrh. sagði.

Ég skil þá orðræðu hæstv. iðn.- og viðskrh. þannig að þessi ummæli séu ekki rétt og þegar hafi verið hafist handa við að ræða við Norðurál um stækkun.

[15:10]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við seljum ekki rafmagn í iðnrn. en það sem við getum hins vegar gert þegar svona erindi berast er að koma á viðræðum og hafa forgöngu um viðræður við orkufyrirtækin í landinu. Það gerðum við og eins og ég sagði varð niðurstaðan sú að Landsvirkjun ein réði við þetta verkefni með því að fara í tvenns konar framkvæmdir, annars vegar Búðarhálsvirkjun og hins vegar veitu við Norðlingaöldu. Þetta er í ferli umhverfismats og við vitum ekki á þessari stundu hvað kemur nákvæmlega út úr því. En þar sem þessi umræða er í mjög knöppu formi vil ég láta þess getið að það er nýkominn inn á heimasíðu mína pistill sem svarar þessu öllu miklu betur.

Umhverfisstofnun.

[15:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Umhvrh. kynnti á blaðamannafundi sl. föstudag væntanlega stofnun umhverfisstofnunar sem hún kallaði öflugt stjórntæki í umhverfismálum og sem hún sagði að skapaði hvorki meira né minna en nýja vídd í málaflokkinn. Þegar fréttir af þessum blaðamannafundi eru skoðaðar kemur í ljós að margt fleira hangir á spýtunni annað en að sameina stofnanir á borð við Náttúruvernd ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, embætti veiðistjóra, hreindýraráð og dýraverndunarráð. Þannig kemur það fram í máli ráðherrans í fréttum að þessu fylgi ákveðin óvissa varðandi störf á rannsóknarstofu Hollustuverndar og það kemur líka fram að þá sé möguleiki að slík störf geti sameinast einhverju sem hæstv. ráðherra kallar matvælastofu. Sömuleiðis segir ráðherrann að komið geti til að fleiri stofnanir sem tengjast umhverfismálum verði sameinaðar umhverfisstofnun síðar meir. Þetta er sem sagt ekkert smámál, herra forseti.

Nú er eðlilegt að spurt sé: Hvað er hæstv. ráðherra að kokka og hversu heilleg mynd er komin á þau áform? Það lítur út fyrir að hér sjáist í hornið á risastórum áformum sem umbylta stjórnkerfi málaflokksins, og þá tel ég þingmenn, starfsmenn viðkomandi stofnana og þjóðina eiga rétt á að fá að vita meira um það sem býr að baki. Hvar eru þessi áform stödd? Hver er afstaða forstöðumanna stofnananna eða starfsmanna þeirra? T.d. vakti það athygli að forstöðumenn stofnananna voru ekki með hæstv. ráðherra á téðum blaðamannafundi. Að lokum: Kann að vera að þetta sé einhver hluti af krossferð hæstv. umhvrh. til að þagga niður í óþekkum stofnunum sem innan málaflokksins starfa? Hver minnist ekki slagsmála hæstv. ráðherra við Náttúruverndarráð eða skammanna sem Náttúruvernd ríkisins þurfti að þola fyrir hálfum mánuði úr þessum ræðustól vegna samdráttar í landvörslu?

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að spyrja ráðherrann: Er ekki tilefni til að vinna þetta mál á heildstæðan hátt og kynna það fyrir þingmönnum og kannski hv. umhvn. sem sýslar með málaflokkinn áður en einhverju ferli verður komið af stað sem enginn veit hvar ætlað er að endi?

[15:13]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég minni hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur á, af því að hér var Náttúruverndarráð dregið inn í umræðuna, að allir þingmenn studdu það að leggja niður Náttúruverndarráð, líka hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, þannig að það var mjög framsýnt mál. Ég á von á því að allir þingmenn samþykki þá aðgerð að stofna nýja umhverfisstofnun. Þannig er mál með vexti að umhvrn. er yngsta ráðuneytið í stjórnsýslunni, er um 12 ára gamalt, og þegar það var stofnað voru teknar stofnanir frá öðrum ráðuneytum. Nú er kominn tími til að fara yfir það svið til að sjá hvar við getum sótt fram. Fyrsta skrefið viljum við gjarnan taka núna með því að sameina Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðistjóraembættið, dýraverndarráð og hreindýraráð í eina öfluga stofnun af því að við teljum að við náum meiri árangri þannig fyrir umhverfismálin til framtíðar heldur en að vera með margar minni og veikburða stofnanir, að við getum með þessu haft stjórnsýsluna einfaldari og skilvirkari þannig að við getum sótt betur fram.

Það er búið að kynna þetta mál fyrir forstöðumönnum, og af því að nefnt var að halda þyrfti forstöðumannafund sé

ég alls ekki að það hefði þurft að taka upp í þeim hópi. Við ræddum við alla forstöðumenn sem viðkoma þessu máli, forstöðumenn stærri stofnananna, og þeir eru jákvæðir gagnvart þessu og sjá mikil sóknarfæri. Ég hef haldið starfsmannafundi með viðkomandi starfsmönnum langflestum, þeim sem eru á höfuðborgarsvæðinu, og á þeim var afar góður andi þannig að ég tel að breið samstaða ríki hjá starfsmönnum gagnvart þessari sókn í umhverfismálunum. Þeir munu allir geta haldið störfum sínum, þ.e. fá forgang að störfum í nýrri umhverfisstofnun. Hins vegar er rétt að það er óvissa um rannsóknarstofuna og ég get kannski komið að því í seinna innleggi mínu.

[15:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að gera þá játningu fyrir þingi og þjóð að ég hef aldrei séð eftir nokkru síðan ég settist á þing eins og því að hafa stutt mál hæstv. ráðherra um að Náttúruverndarráð yrði lagt niður. Sú játning er þá hér með komin til þings og þjóðar og hún tengist því að hæstv. ráðherra hefur ekki enn leitað til umhvn. Alþingis eins og talað var um að gert yrði varðandi hvernig samráðsferlinu væri þá háttað úti á akrinum meðal vísindastofnananna og þeirra sem eðlilega vilja koma að umhverfismálum í landinu. Þess vegna tortryggi ég hæstv. ráðherra varðandi öll þau mál sem hún leggur fram núna og kallar nýja vídd í umhverfismálum. Mér finnst alveg eðlilegt að þingmenn og þjóðin fái að vita meira um slík áform. Hvað hangir á spýtunni? Hvaða stofnanir er verið að tala um að sameina undir þessa nýju umhverfisstofnun? Hvað er að frétta af áformum um matvælastofnun, herra forseti? Þessi mál eru allt of stór og allt of óljós til þess að við getum skilið við þau á þann hátt sem hæstv. umhvrh. leggur til.

[15:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt ef hv. þm. dauðsér eftir að hafa samþykkt að leggja niður Náttúruverndarráð en með þeim hætti er hægt að nýta fé skattborgaranna miklu betur fyrir náttúruverndarmál í landinu og það sáu allir þingmenn. Þess vegna var það mál samþykkt.

Hvað varðar stofnanir sem gætu heyrt undir þessa nýju stofnun, þá erum við ekki með nein áform um að setja frekari stofnanir undir hana. Við viljum hins vegar skoða aðrar stofnanir og erum að gera það. Við erum t.d. að skoða byggingarmálaþáttinn og áætlum að færa hann frá Skipulagsstofnun yfir til Brunamálastofnunar og þá yrði það Byggingar- og brunamálastofnun. Þetta er til skoðunar.

Við viljum líka skoða Veðurstofuna og t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands. Þetta eru allt mál sem við erum að skoða til framtíðar og ekki er hægt að segja á þessari stundu hvernig því lyktar.

Varðandi rannsóknarstofuna, þá er hún í óvissu vegna þess að þessi nýja umhverfisstofnun er stjórnsýslustofnun og við teljum ekki eðlilegt að hafa rannsóknarþáttinn þar undir þannig að við munum halda þessari nýju stofnun þar utan við. Til greina kemur að setja hana í framtíðinni undir matvælastofu sem ég vona að við náum að stofna annað hvort á þessu kjörtímabili eða því næsta.

[15:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ljóst er að hér er um risavaxin áform að ræða sem umbylta allri stjórnsýslu í umhverfismálunum. Það er algerlega sjálfsagt að hæstv. umhvrh. og ríkisstjórnin öll átti sig á því að svona áform er ekki hægt að kynna í einhverjum bútum. Ekki er hægt að láta þing og þjóð sætta sig við að einungis eitt pínulítið brot af ímyndaðri heildarmynd sé kynnt hér undir lok þings með óljósum áformum um að það eigi að koma fram eitthvert frv. um umhverfisstofnun á meðan ljóst er að gífurleg röskun í málaflokknum er fyrirhuguð. Ég krefst þess af hæstv. ríkisstjórn að málið verði betur undirbúið og sú heimavinna verði unnin sem nauðsynlegt er að vinna. Málið verði þá unnið á þeim vettvangi sem þarf að vinna það, þ.e. úti á akrinum meðal þeirra stofnana sem í hlut eiga, og þegar hugmyndirnar eru fullburða er eðlilegt að þær séu kynntar þingi í formi frumvarps. En þau handarbakavinnubrögð að kynna málið á blaðamannafundi með einhverjum starfsmönnum ráðuneytisins þar sem engir forstöðumenn voru viðstaddir með pínulítið horn af heildarmynd, það er ekki boðlegt.

[15:19]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þessi málflutningur sýnir þá stefnu Vinstri grænna að vera á móti öllu, líka að vera á móti því að stofna nýja umhverfisstofnun sem forstöðumennirnir eru jákvæðir gagnvart, meginhluti starfsmanna er jákvæður gagnvart. Ég hélt líka fund með umhverfisverndarsamtökum og Neytendasamtökunum og ég fann ekki betur en menn væru tiltölulega sáttir þar. Einn fulltrúi sagði meira að segja: Þetta var löngu tímabært. Ég skil ekkert í að fulltrúi Vinstri grænna sé að agnúast út í þetta. Ég er sannfærð um að þegar fulltrúi Vinstri grænna hefur áttað sig betur á málinu og skoðað það og kannski heyrt í forstöðumönnum og starfsmönnum þessara stofnana, ég skal ekki segja, þá hljóti viðkomandi að sjá að hérna er um sóknarfæri í umhverfismálum að ræða. En síðan er staðið hér upp og allt rifið niður.

Þetta er fráleitur málflutningur. Þeir sem koma að þessu máli eru jákvæðir og sjá sóknarfæri í því. Forstöðumenn viðkomandi stofnana, í staðinn fyrir að vera sjálfhverfir og líta í eigin nafla, styðja þetta mál af því að þeir sjá sóknarfærin. Það finnst mér mjög virðingarvert. Þeir vilja allt gera fyrir þennan málaflokk og það vil ég líka.

Úthald hafrannsóknaskipa.

[15:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mig langar að taka til umræðu hafrannsóknir og úthald hafrannsóknaskipa. Á því þingi sem nú starfar hafa verið fluttar margar tillögur um verkefni sem væri verðugt að takast á við, svo sem tillögur um rannsóknir á miðsjávartegundum, áhrifum veiðarfæra og skoðun hafsbotnsins svo eitthvað sé nefnt.

Við erum nýlega búin að eignast stórt, gott, mikið og vandað rannsóknaskip, dýrt en afkastamikið tæki. Ég vil meina að við nýtum þá fjárfestingu afar illa með svo litlu úthaldi sem fyrirhugað er, 220–240 dögum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hyggist ekki reyna að beita sér fyrir því að úthald rannsóknaskipanna, sérstaklega Árna Friðrikssonar nýja, verði aukið á þessu ári til margra verðugra verkefna sem vafalaust bíða og hvort hann sjái ekki möguleika til að auka við fé til þess að lengja úthald skipsins og takast á við m.a. rannsóknir á hafsbotninum, kortlagningu hans, rannsóknir á fiskstofnum, t.d. miðsjávartegundunum eða samanburðarrannsóknir á veiðarfærum, svo ekki sé talað um botngerð, setlög og aðrar slíkar rannsóknir sem m.a.

gætu nýst við að kanna samsetningu botnsins og jafnvel til að kortleggja setlagagerð í botninum.

[15:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Því eru nánast engin takmörk sett hvað ég gæti ímyndað mér að væru verðug verkefni til rannsókna fyrir hafrannsóknaskip okkar Íslendinga. Hins vegar er það þannig í þessu máli eins og öðrum að fjárhagslegar skorður eru reistar við því hvað við getum aðhafst mikið eða rannsakað mikið og það eru þær fjárveitingar sem Alþingi lætur til starfseminnar renna hverju sinni sem því ráða.

Það er mjög ánægjulegt að við skulum eiga svo gott hafrannsóknaskip sem hinn nýi Árni Friðriksson er. Hann er hins vegar dýrari í úthaldi en eldra skipið, en sem betur fer er hann líka afkastameiri og hefur það sýnt sig nú þegar hann nær að klára rannsóknir á styttri tíma sem áður tóku lengri tíma vegna hæfni skipsins. Reynt er á hverjum og einum tíma að nýta skipakost Hafrannsóknastofnunar sem best miðað við þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru og það verður gert á þessu ári sem endranær. Lögð hefur verið upp skipaáætlun. Hún er auðvitað til endurskoðunar komi upp óvæntir atburðir eða einhverjar þær breytingar verða í hafinu sem þarf að rannsaka og verður kappkostað af hálfu ráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar að skipið og fjármunirnir nýtist sem best og að rannsóknir okkar skili sér í þeim ákvörðunum sem taka þarf á sviði fiskveiðanna.

[15:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þóttist vita það fyrir fram að ráðherrann hefði áhuga á þeim málum og mundi vilja takast á við þau. Hins vegar komu ekki mjög skýr svör um hvort t.d. á þessu ári væri hægt að auka úthald rannsóknaskipanna umfram það sem ráðgert hefur verið. Ég tel það lélega nýtingu að halda skipinu aðeins úti í 220–240 daga.

Ég vil einnig spyrja í sambandi við lög sem við samþykktum fyrr á þessu þingi um að ákveðinn hluti aflaverðmætis skyldi renna til Hafrannsóknastofnunar, svokölluð 5%-regla, hvort ekki væru farnir að koma nokkrir fjármunir þar úr og hvort ekki mætti m.a. horfa til þeirra fjármuna til að fara í þau verðugu verkefni sem ég hef drepið á og ráðherrann hefur einnig minnst á að væri eðlilegt að takast á við. Einnig er þekkt fyrirbæri í þinginu sem heitir aukafjárlög.

[15:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hv. þm. efast ekki um vilja minn eða áhuga á verkefninu. Ég hef enn sem komið er ekki séð neinar tölur um hvað hefur komið inn vegna 5%-reglunnar, en það sama á við um þá fjármuni og aðra sem við höfum til ráðstöfunar að þeim verður ráðstafað eins vel og frekast er kostur.

Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að ef um er að ræða fjárveitingar umfram þær sem ákveðnar hafa verið í fjárlögum, þá á það að koma fram í frv. til fjáraukalaga. En vonandi hefur hann ekki ætlast til að ég færi að tilkynna um einhverjar slíkar fjárveitingabeiðnir í þessari umræðu.

Merkingar á lambakjöti til útflutnings.

[15:27]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Um helgina sem leið bárust okkur fréttir af því að yfirvöld í Danmörku, Hollandi og Englandi hefðu kvartað við Evrópusambandið vegna endurtekinna brota fjögurra íslenskra útflytjenda á lambakjöti á reglum um innflutning. Einnig hefur komið fram í þeim fréttum hjá Gísla Sverri Halldórssyni, sem vinnur hjá embætti yfirdýralæknis, að merkingar og umgangur um sendingarnar til Evrópulandanna, þeirra þriggja sem ég nefndi áðan, hafa komið því jafnvel í uppnám að við getum selt lambakjöt til Evrópu.

Við vitum að staða sauðfjárbænda hefur verið mjög slæm og erfið undanfarin ár og þegar við heyrum fréttir sem þessar, þá hlýtur okkur að bregða allverulega. Á sama tíma og við heyrum slíkar fréttir eru menn að guma af því, sem ég vona að sé fótur fyrir, að töluverð sókn sé í markaðssetningu á lambakjöti í Ameríku. En það er náttúrlega alveg skelfilegt að þurfa að heyra þetta. Það sem mig langar til að spyrja hæstv. landbrh. um er hver viðbrögð hans séu við þessu máli og hvort hann hafi ekki áhyggjur af því hvernig málum sé komið á þessu sviði og hvort hann geti séð fyrir sér að þetta verði lagað þannig að tækifæri okkar aukist frekar en hitt sem hefur birst okkur í fréttum undanfarið.

[15:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að ég lít það grafalvarlegum augum ef íslensk fyrirtæki sem eiga að þekkja leikreglurnar bregðast í markaðssetningu og fara ekki að þeim kröfum og skilyrðum sem þeim ber. Það er harmur út af fyrir sig en um leið reynsla. Yfirlýsingar koma núna frá sláturleyfishöfum og útflytjendum sem hafa lent í þessu. Það eru ekki allir sem betur fer. Ég sé að Sláturfélag Suðurlands hefur staðist þetta próf. En þeir lýsa því yfir að þeir muni að reglunum fara og taka sig á. Því vil ég trúa. Þeirra er þetta verkefni fyrir hönd bændanna og þeir mega auðvitað ekki bregðast í því. Ekki er nóg að hafa góða vöru í höndunum. Menn verða að hafa vilja til þess að markaðssetja og merkja hana og gera hana þannig úr garði að það standist þær ströngu reglur sem gilda um útflutning. Yfirdýralæknisembættið hefur átt fundi með þeim mönnum og farið yfir stöðuna.

Segja má að bændurnir og afurðastöðvafyrirkomulagið hafi orðið fyrir miklu áfalli. Þetta Goðaslys hefur haft sínar afleiðingar og menn verða auðvitað að læra af því.

Ég trúi því að menn þurfi að beita oddi sínum fast og halda stöðu sinni bæði á innlendum markaði og sinna af kostgæfni þeim mörkuðum sem bæði finnast í Evrópu og Bandaríkjunum. Þar er mjög hátt verð á íslensku dilkakjöti. Það er því mjög nauðsynlegt nú að taka harkalega í hnakkadrambið á aðilum sem svona hafa brugðist og gera þeim grein fyrir að það er skömm að því að fara ekki að reglunum. Það verða þeir að gera.

[15:31]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og góð svör. Hann hyggst taka vel og alvarlega á þessu máli, ekki veitir af. Í frétt þar sem talað var við Össur Lárusson framkvæmdastjóra Landssambands sauðfjárbænda hélt hann því fram að margir sauðfjárbændur, ef þetta héldi svona áfram, gætu hreinlega þurft að bregða búi, hætta framleiðslu

á lambakjöti og útflutningurinn gæti hreinlega fallið niður til Evrópusambandslanda.

Þar með væru hundruð millj. kr. útflutningstekjur í hættu. Þetta er einmitt eini vaxtarbroddurinn, þ.e. í sauðfjárræktinni. Það er alveg ótrúlega undarlegt að sömu aðilar séu að framleiða kjöt á Ameríkumarkaðinn og eru að framleiða á Evrópumarkaðinn. Það eru nokkrar mótsagnir í þessu öllu saman.

[15:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Gamalt máltæki segir: Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær. Að selja er bissniss og þar verða menn að vanda sig og ná árangri frá manni til manns. Það er mikið verkefni. Því miður finnst mér að afurðastöðvar bænda fyrir sauðfjárafurðir hafi ekki staðið sig sem skyldi í þeirri miklu samkeppni sem er t.d. á kjötmarkaði innan lands. Það er auðvitað sterkasti markaður íslenska sauðfjárbóndans. Þar verður hann að halda vöku sinni um leið, eins og ég sagði áðan, og hann gefur ríkulegan gaum þessum dýru mörkuðum, sérmörkuðum fyrir það litla magn sem við höfum til útflutnings.

Mistök eru auðvitað til að læra af. Mistök eru mannleg og ég mun eiga, eins og ég hef alltaf gert í ráðherratíð minni, samstarf og viðræður við forustumenn afurðastöðvanna og fylgja eftir því (Forseti hringir.) að þeir standi sig í stykkinu.

[15:33]

Karl V. Matthíasson:

Við skulum vona, herra forseti, að allt gangi eftir og þeir sem eru að framleiða lambakjöt og selja til útflutnings geri það þannig að þar verði eftirsóknarverð og mikið notuð vara í framandi löndum, bæði Evrópu og víðar.

Ég þakka hæstv. ráðherra aftur fyrir að hann hyggist bregðast mjög vel við í þessu máli. Ég vona að sú ætlan hans takist og að þetta verði til þess að við getum snúið vörn í sókn varðandi útflutning á lambakjöti. Ég tek undir það líka, sem fram hefur komið, að þetta er ein sú albesta vara sem um getur norðan Alpa og þó sunnar væri farið.

Um fundarstjórn.

Fundarstjórn forseta.

[15:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég kvarta ekki oft en þegar svona fast er lamið í bjölluna missi ég heyrn um stund. Ég ætlaði að biðja forseta að munda hamarinn vægar en hann gerði hér áðan. Það þarf ekki að lemja alveg svona fast til að maður fari úr ræðustólnum.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 964.

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um tekjustofna sveitarfélaga.

Tilgangur frumvarps þessa er að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Frumvarpið felur í sér aukin fjárframlög til verkefnisins frá því sem áður var ákveðið og einnig er tekið tillit til þess að með lögum nr. 104/1999 var menntamálaráðherra heimilað að fresta lokum átaksins um tvö ár í einstökum sveitarfélögum. Í 3. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, er kveðið á um að hver grunnskóli skuli vera einsetinn. Var upphaflega gert ráð fyrir að átaki sem skipulagt var til að framfylgja ákvæðinu yrði lokið á árinu 2002. En vegna óska frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var menntamálaráðherra heimilað, með lögum nr. 104/1999, að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma fyrrgreint ákvæði.

Samhliða breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við setningu laga um grunnskóla var með lögum nr. 79/1996 gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í þeim lögum var kveðið á um að ríkissjóður skyldi á árunum 1997–2001 verja allt að 265 millj. kr. á ári til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar og að auki skyldi árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 1997–2002, 135 millj. kr. á ári, renna til sama verkefnis, þ.e. að sveitarfélögin yrðu styrkt um allt að 400 millj. á ári til að geta greitt fyrir einsetningu. Byggðust þessar fjárhæðir á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga sem gert var 4. mars 1996. Samtals er hér um að ræða 2.135 millj. kr. en upphaflegar áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir að heildarkostnaður vegna einsetningar yrði um 12,8 milljarðar kr., miðað við byggingarvísitölu 245,1.

Fyrir liggur að breyta þarf lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að tryggja að þau sveitarfélög njóti styrkja úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ekki munu ljúka framkvæmdum fyrr en eftir það tímamark sem kveðið er á um í núgildandi IV. ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 79/1996. Er í frumvarpi þessu lagt til að árlegu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 skuli varið til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Er miðað við að fyrstu þrjú árin nemi framlagið 200 millj. kr. á ári en árið 2005 verði framlagið 135 millj. kr. Rétt er að taka fram að í núgildandi ákvæði er kveðið á um að framlag vegna ársins 2002 skuli nema 135 millj. kr. og er sú fjárhæð inni í þeim 200 millj. kr. sem kveðið er á um í frumvarpinu. Er heildaraukning framlaga úr sjóðnum vegna áranna 2002–2005 því 600 millj. kr. Sú fjárhæð er í samræmi við útreikninga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá ágúst 2001 um áætlaða fjárþörf sveitarfélaga til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Hugmyndin er sem sagt að taka hluta af framlagi Jöfnunarsjóðs sem annars mundi renna í lánasjóð sveitarfélaga og nota í þessu skyni. Um það er fullt samkomulag við sveitarfélögin í landinu.

Flest sveitarfélög með fleiri en 2.000 íbúa hafa sótt um framlög á grundvelli þessa ákvæðis laganna. Samtals hafa á árunum 1997–2001 verið greiddar 1.825 millj. kr. til verkefnisins. Hins vegar er áætlaður kostnaður Jöfnunarsjóðs við verkefnið miðað við grunnskólabyggingar í eigu sveitarfélaga 2.547 millj. kr. Sé einnig tekið mið af umsóknum vegna bygginga sem fjármagnaðar eru á grundvelli samninga um einkaframkvæmd er fjárþörfin 2.718 millj. kr., miðað við byggingarvísitölu 245,1.

Rétt er að taka fram að framlög úr ríkissjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 1997–2001 voru í samræmi við upphaflegar áætlanir um kostnað við einsetningu grunnskólans. Áform margra fjölmennra sveitarfélaga hafa hins vegar breyst töluvert frá upphafi átaksins árið 1997. Kemur þar bæði til að forsvarsmenn sveitarfélaga hafa betur gert sér

grein fyrir húsrýmisþörfinni og einnig hefur fjölgun nemenda orðið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Því er ljóst að kostnaður sveitarfélaga við átak til einsetningar er töluvert meiri en upphaflega var áætlað. Samtals er reiknað með að heildarbyggingarkostnaður sveitarfélaga sem fellur undir viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs verði rúmur 21 milljarður kr., sem er langt umfram það sem upphaflega var gert ráð fyrir. Eins og ég sagði var þar talað um 12 milljarða.

Einnig er rétt að geta þess að raungildi þess fjármagns sem Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar hefur minnkað á átakstímanum þar sem um fasta fjárhæð er að ræða, bæði hvað varðar framlagið frá ríki og þann hluta lögbundins framlags Jöfnunarsjóðs í Lánasjóð sveitarfélaga sem varið er til átaksins. Samþykkt kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs í stofnframkvæmdum og framlög sjóðsins eru hins vegar ávallt uppfærð á greiðslutíma miðað við meðalbyggingarvísitölu ársins. Framlögin eru greidd eftir framvindu verksins og getur greiðslutíminn því verið nokkur ár.

Með sameiginlegri yfirlýsingu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og formanns og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Sambandsins, dags. 28. desember 2001, var gert samkomulag um að 150 millj. kr. af árlegu lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga yrði ráðstafað til þessa verkefnis á árunum 2003–2006, sbr. 3. lið yfirlýsingarinnar. Þar með er tryggt að Jöfnunarsjóður getur veitt öllum þeim sveitarfélögum framlag sem eiga rétt á því samkvæmt viðmiðunarreglum sjóðsins. Í frumvarpi þessu er þó gert ráð fyrir að greiðslum ljúki árið 2005 og kemur framlag vegna ársins 2006 því til hækkunar greiðslum vegna áranna 2002–2004.

Gert er ráð fyrir, herra forseti, að sömu skilyrði og áður gildi um ráðstöfun þeirra fjármuna sem fjallað er um í frumvarpinu, þ.e. að þeim verði varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2.000 íbúa. Í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. er þó gert ráð fyrir að 65 millj. kr. verði að jafnaði varið á ári hverju til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, enda sé um að ræða framkvæmdir sem falli undir ákvæði 1. mgr. og uppfylli að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Er þar átt við tilvísun í 2. mgr. til viðmiða og reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem takmarka nokkuð fjölda þeirra framkvæmda sem teljast styrkhæfar. Eðlilegt þykir að sveitarfélög sem kjósa að fjármagna skólabyggingar með samningum um einkaframkvæmd sitji við sama borð og önnur sveitarfélög varðandi styrkveitingar.

Einkaframkvæmd hefur verið skilgreind á þá leið að þá taki einkaaðilar að sér verk sem eru greidd af skattgreiðendum. Venjulega er um að ræða verkefni sem krefjast umtalsverðrar fjárfestingar og er samningstíminn langur, jafnan 20–30 ár. Ekki er fjallað um einkaframkvæmdasamninga í lögum og engar sérstakar reglur hafa verið settar hérlendis um meðferð þeirra í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Því verður að líta svo á að slíka samninga eigi sveitarfélög að meðhöndla í reikningsskilum sínum á grundvelli góðrar reikningsskilavenju. Getur þar m.a. skipt máli hvort um er að ræða eignaleigu- eða rekstrarleigusamning.

Að jafnaði er litið á samning sem eignaleigusamning ef einu eða fleiri eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

1. Ef ákvæði í samningi kveður sérstaklega á um að eignarréttur flytjist til leigutaka í lok leigutímans.

2. Ef leigutaki á í lok leigutímans rétt á að kaupa hina leigðu fjármuni fyrir fjárhæð sem kenna má við vildarkjör.

3. Ef leigutími svarar til meginhluta af áætluðum endingartíma hinna leigðu fjármuna.

4. Ef núvirði lágmarksleigugreiðslu svarar svo gott sem til markaðsvirðis hinna leigðu fjármuna.

5. Ef hin leigða eign er sérhæfð þannig að aðeins leigutakinn geti notað hana án meiri háttar breytinga.

Ef ekkert þessara skilyrða er uppfyllt er um að ræða rekstrarleigusamning sem ekki er venjan að eignfæra í reikningsskilum sveitarfélags. Leigugreiðslurnar eru því færðar til gjalda á viðkomandi lið í ársreikningi sveitarfélagsins, t.d. á fræðslumál ef um leigu og rekstur á skóla er að ræða.

Tilefni ákvæðis 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er að sveitarfélög hafa í auknum mæli ákveðið að fara leið einkaframkvæmdar við fjármögnun opinberra framkvæmda, þar á meðal til skólabygginga, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur ekki talið sig hafa skýra lagaheimild til að styrkja stofnframkvæmdir sem fjármagnaðar eru á þann hátt. Byggist sú afstaða einkum á því að samningar um einkaframkvæmd gera oft og tíðum ekki ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag eignist skólabyggingarnar að samningstíma liðnum. Einnig hefur verið bent á að kostnaður við slíka samninga falli á viðkomandi sveitarfélag á löngum tíma. Ættu því hugsanlega önnur sjónarmið að gilda um styrkveitingar til þessara sveitarfélaga. Þar sem einkaframkvæmdarleiðin leysir engu síður þau vandamál sem sveitarfélög standa frammi fyrir varðandi einsetningu grunnskólans þykir þó eðlilegt að sveitarfélög sem velja þessa leið njóti styrkja úr Jöfnunarsjóði vegna stofnframlaga grunnskóla eins og önnur sveitarfélög. Af sömu ástæðu er í frumvarpinu ekki gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða eignaleigu- eða rekstrarleigusamning. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að hefðbundnir leigusamningar falli undir ákvæðið.

Þar sem beiðnir frá sveitarfélögum vegna stofnframkvæmda sem falla undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. nema nú þegar verulegum fjárhæðum þykir rétt að jafna þeim greiðslum á þriggja ára tímabil. Rétt er þó að benda á að í 3. mgr. sömu greinar er heimilað að greiða hærri fjárhæð en 65 millj. kr. á ári samkvæmt þessum málslið ef framlög skv. 1. málsl. eru ekki að fullu nýtt á því ári. Ella skulu þeir fjármunir færðir á milli ára innan tímabilsins.

Loks skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að önnur sveitarfélög en þau sem hafa fengið samþykki menntamálaráðherra til að fresta framkvæmd ákvæðis 3. gr. laga um grunnskóla um einsetningu grunnskóla muni geta sótt um styrk til framkvæmda sem hefjast á árunum 2003–2004.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu geri ég tillögu um að þetta mál verði sent hæstv. félmn. til afgreiðslu.

[15:49]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna framkomnu frv. Ég vildi samt beina nokkrum spurningum til hæstv. félmrh. í þessu sambandi og einmitt koma að því sem hæstv. ráðherra endaði ræðu sína á. Í grg. þessa frv. segir, með leyfi forseta:

„Loks skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir því í frv. að önnur sveitarfélög en þau sem hafa fengið samþykki menntmrh. til að fresta framkvæmd ákvæðis 3. gr. laga um

grunnskóla um einsetningu grunnskóla muni geta sótt um styrk til framkvæmda sem hefjast á árunum 2003–2004."

Ég vil fá að vita hver þessi sveitarfélög eru, hve mörg o.s.frv.

Önnur spurning mín gengur út á að nú eru sveitarfélög sífellt að einsetja grunnskóla. Falla þau undir ákvæði þessara laga þótt þau séu búin að einsetja grunnskóla fyrir allmörgum árum? Þau eru enn þá að því? Sveitarfélög sem eru í uppbyggingu ljúka aldrei því verki að einsetja grunnskóla.

Þriðja spurning mín til hæstv. ráðherra er um hvernig þessar 65 millj. á ári sem eiga að fara til sveitarfélaga, til stofnframkvæmda með eignaleigusasmningi, eru fengnar. Varðandi ákvæði um eignaleigusamning sem talin eru upp í grg. með frv. þá er það þannig orðað, þ.e. þessi fimm atriði *sem hæstv. ráðherra fór í gegnum*, að ég get ekki séð annað en að a.m.k. þurfi sérstakar aðstæður til að þetta sé ekki styrkhæft. En ég vil fá að vita hvaða sveitarfélög koma til greina varðandi þessar 65 millj. kr. á ári.

[15:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hef ég ekki á takteinum hér og nú fullkomið svar við öllum spurningum hv. þm. Ég man að þau sveitarfélög sem ég veit að hafa sótt um frest til menntmrh. eru Reykjavík, Hafnarfjörður og Mosfellsbær. Ég þori ekki að fullyrða hvort Kópavogur hafi gert það — ég man það ekki. Það veit hv. þm. vafalaust betur en ég.

En þau sveitarfélög sem ekki eru búin með einsetninguna eða þurfa enn að tvísetja hafa væntanlega öll sótt um þessa fyrirgreiðslu. Þar af leiðandi fá þau fyrirgreiðslu úr þessum potti.

Varðandi þau sveitarfélög sem ekki uppfylla eitthvert af þeim fimm skilyrðum sem ég taldi upp í framsögu minni held ég að eingöngu sé um sveitarfélagið Hafnarfjörð að ræða. Það er m.a. verið að veita lagaheimild með þessu frv. til þess að sama geti gilt um Áslandsskóla í Hafnarfirði og aðrar einkaframkvæmdir.

[15:53]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin, en vil spyrja að einu í tengslum við 65 millj. kr., varðandi einkaframkvæmdina: Verður þetta styrkur til framkvæmda sem nú þegar er lokið eða er þetta eingöngu ætlað fyrir sveitarfélagið Hafnarfjörð í fjögur ár, að 65 millj. verði 260 millj.? Ég veit ekki um neitt annað sveitarfélag, frekar en hæstv. ráðherra, sem farið hefur í grunnskólabyggingar með þessari aðferð.

Síðan er annað sem mér finnst mjög skrýtið, af því að ef einhver ætlar að byggja slíkt húsnæði er ekki hægt annað en að færa þetta í eignaleigusamning, samanber skilyrðin sem sett eru hér í frv. Með leyfi forseta er rétt að lesa hér upp fimmta skilyrðið fyrir slíkum eignaleigusamningi:

„Ef hin leigða eign er sérhæfð þannig að aðeins leigutakinn geti notað hana án meiri háttar breytinga."

Það er þannig þegar einhver fær sér leigt húsnæði að það einmitt gert sérstaklega fyrir hann, eða hvað? Ég get ekki séð annað en að það sé ekki hægt að komast hjá því að allir samningar verði túlkaðir sem eignaleigusamningar.

Ég spyr: Eru þessar 65 millj. fyrir framkvæmdir sem eiga sér stað á árunum 2002, 2003, 2004 og 2005 en ekki aftur í tímann?

Hins vegar finnst mér, varðandi eignaleigusamning og hins vegar leigusamning, að það sé ekki nokkur leið, samkvæmt þeim fimm atriðum sem hérna eru, önnur en að túlka það svo að um eignaleigusamning sé að ræða.

[15:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Hafnarfjarðarbær hefur ekki fengið neina fyrirgreiðslu vegna Áslandsskóla þannig að þetta er greiðsla upp í áfallinn kostnað eftir á. Nú þekki ég ekki hvort byggingu Áslandsskóla er að fullu lokið. Það getur verið að þar sé einhver frágangur eftir og ekki allur kostnaður kominn fram.

Það er einkaframkvæmd við Lækjaskóla, ef ég man rétt, í Hafnarfirði sem mér er ekki nógu vel kunnugt um en ég held að hún sé með sama hætti og Áslandsskóli, þ.e. að Hafnarfjarðarbær eignist ekki húsið að loknum samningstíma. Ég þori þó ekki að fullyrða það. En þessi 65 millj. kr. greiðsla á ári er hugsuð til þess að Hafnarfjörður sitji við sama borð og önnur sveitarfélög hvað þetta varðar.

[15:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Okkur er sagt að megintilgangur þessa frv. sé að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Okkur er jafnframt sagt að frv. muni ekki hafa í för með sér útgjöld eða aukin útgjöld ríkissjóðs, hér sé fyrst og fremst um að ræða millifærslur á fjármunum, enda kemur fram að í frv. sé lagt til að hluta af árlegu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 verði varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar. En samkvæmt frv. skal verja til þess verkefnis 600 millj. kr. á árabilinu 2002–2005.

Það sem ég staðnæmdist við í þessu frv. er tilvísun til einkaframkvæmda. Í 1. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. skal varið til að greiða allt að 20% af viðmiðunarkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og yfir, í samræmi við viðmið og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Þar af skal að jafnaði verja 65 millj. kr. á ári til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, enda sé um að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 1. mgr. og uppfylla að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein."

Síðan segir í athugasemdum með frv. að gert sé ráð fyrir að sömu skilyrði gildi um ráðstöfun þeirra fjármuna sem fjallað er um í frv., þ.e. að þeim verði varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2.000 íbúa, eins og kemur reyndar fram í tilvitnaðri lagagrein. En síðan kemur enn fremur fram, í grg. með frv., að Jöfnunarsjóðinn hafi skort lagaheimild til að styrkja einkaframkvæmdina. Hér segir, með leyfi forseta:

„Tilefni ákvæðis 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frv. er að sveitarfélög hafa í auknum mæli ákveðið að fara leið einkaframkvæmdar við fjármögnun opinberra framkvæmda, þar á meðal til skólabygginga, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur ekki talið sig hafa skýra lagaheimild til að styrkja stofnframkvæmdir sem fjármagnaðar eru á þennan hátt. Byggist sú afstaða einkum á því að samningar um einkaframkvæmd gera oft og tíðum ekki ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag eignist skólabyggingarnar að samningstíma liðnum, en einnig hefur verið bent á að kostnaður við slíka samninga fellur á viðkomandi sveitarfélag á löngum tíma. Ættu því hugsanlega önnur sjónarmið að gilda um styrkveitingar

til þessara sveitarfélaga. Þar sem einkaframkvæmdarleiðin leysir engu að síður þau vandamál sem sveitarfélög standa frammi fyrir varðandi einsetningu grunnskólans þykir þó eðlilegt að sveitarfélög sem velja þessa leið njóti styrkja úr Jöfnunarsjóði vegna stofnframlaga grunnskóla, eins og önnur sveitarfélög."

Tilvitnun lýkur hér í athugasemdir með frv.

Með öðrum orðum hefur þótt skorta lagaheimild til að veita fé til einkaframkvæmdar. En í athugasemdunum segir að eðlilegt þyki að sveitarfélög sem kjósa að fjármagna skólabyggingar með samningum um einkaframkvæmd sitji við sama borð og önnur sveitarfélög varðandi styrkveitingar.

Ég ætla að leyfa mér að spyrja hvort það sé að öllu leyti eðlilegt, hvort ekki sé hægt að gera þá kröfu til þeirra sem ráðstafa opinberum fjármunum að farið sé með þá af ýtrustu ráðdeild. Mín skoðun er sú — og ég styð hana fjölda dæma erlendis frá og hérlendis — að peningum er ekki skynsamlega ráðstafað með einkaframkvæmdinni. Við höfum dæmin um Sóltúnssamninginn á sínum tíma sem reynist skattborgaranum miklu dýrari en fjármögnum stofnana sem reknar eru á öðrum grunni en einkaframkvæmd eða með arðsemissjónarmiðum. Ástæðan fyrir því að einkaframkvæmdin er dýrari er í fyrsta lagi að fjármagnið reynist dýrara þegar einkaaðili tekur það en það er þegar ríki eða sveitarfélög fá peninginn í sínar hendur, fá lánsfjármagnið. Síðan er náttúrlega hin meginástæðan, að í einkaframkvæmd eða í hlutafélögum krefjast eigendur að sjálfsögðu arðs af fjármagni sínu. Og það veldur því að þetta fyrirkomulag er miklu kostnaðarsamara.

Í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á sínum tíma á Sóltúnssamningnum var það sagt berum orðum að eðlilegt væri að reikna með að þetta væri dýrara form sökum þess að eigendur færu fram á arðsemi af fjárfestingu sinni. Við höfum fjölmörg önnur dæmi hér í einkaframkvæmdinni. Ég man ekki hvaða stofnanir eru t.d. sambýlingar Íbúðalánasjóðs — þó líklega Lánasjóður íslenskra námsmanna og Fasteignamat ríkisins — Íbúðalánasjóður eða Húsnæðisstofnun ríkisins átti sitt húsnæði á sínum tíma. Það var selt og síðan gerðist stofnunin leigjandi hjá einkafyrirtæki og eftir því sem mér sýnist af því að hafa skoðað það mál er það miklu óhagkvæmara og dýrara fyrirkomulag heldur en ef stofnunin hefði einfaldlega átt húsnæði sitt áfram.

Hér sjáum við Landssímahúsið út um glugga Alþingishússins. Landssíminn átti þetta hús þar til nýlega en borgar núna 1% af söluandvirðinu í mánuði hverjum til nýrra eigenda sem að sjálfsögðu réðust í þessi kaup til að hafa af því góðan arð.

Herra forseti. Ég vil spyrja hvort það sé að öllu leyti eðlilegt að þeir sitji við sama borð sem fara þessa leið og hinir sem sýna meiri skynsemi og ráðdeildarsemi með peninga.

Nú má segja sem svo að það sé komið undir hverju sveitarfélagi fyrir sig hvaða pólitísku leið það velur að fara en er það ekki ríkisvaldsins og löggjafans að setja einhverjar skynsamlegar leikreglur hvað þetta snertir?

Mér finnst nokkuð óhugnanlegt að skoða mörg þeirra frv. sem eru að líta dagsins ljós, og er verið að dreifa á borð þingmanna þessa dagana, þar sem verið er að opna á þessa einkavæðingar- og einkaframkvæmdarhugsun. Hér hefur þegar farið fram 1. umr. um lagafrv. sem heimilar sveitarfélögum að gera vatnsveitur að hlutafélögum, að gera Gvendarbrunnana að hlutafélagi, sem allir sjá að er fyrsta skrefið til að einkavæða veiturnar. Við þekkjum önnur frv., frumvarp um orkuveitur er annað dæmi þar sem opnað er á einkavæðingu.

Síðan kemur sú réttlætiskrafa, sem ríkisstjórnin er að setja fram, að ekki megi mismuna sveitarfélögum eftir því hvaða leið þau fara í fjárfestingum og hvort þau velja þessa einkavæðingarleið, þessa dýrari leið, í fjármögnun á almannaþjónustunni. Mér þætti vænt um, herra forseti, að hæstv. félmrh. skýrði þetta ögn fyrir okkur og hvaða sjónarmið hann hefur hvað þetta snertir. Ég hef grun um að hann sé ekki alltaf ýkja hrifinn af einkavæðingunni. Þegar litið er til pólitískrar sögu hans og ferils hefur hann ekki beint verið talsmaður þeirra sjónarmiða. En ég vil heyra álit hans á þeim atriðum sem ég hef vakið máls á.

[16:07]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er lagt fram til að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans sem er auðvitað göfugt markmið í sjálfu sér og ætla ég ekki að fara að mótmæla því. Þetta frv. felur í sér aukin fjárframlög til verkefnisins frá því sem áður var ákveðið og ekki getur maður annað en fagnað því.

En mig langar í tilefni af því að frv. er lagt hér fram að minnast á yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna á sínum tíma og hversu illa grundaðir þeir útreikningar voru sem lágu til grundvallar. Það er alveg deginum ljósara að sveitarfélögin fóru illa út úr þessu dæmi og sá tekjuauki sem þeim hafði verið reiknaður til að koma á móti yfirfærslu grunnskólans var allsendis ónógur. Auðvitað breyttust forsendur mjög mikið eftir því sem leið á þann tíma sem t.d. einsetningin átti að framkvæmast á, og þegar samningarnir voru gerðir voru aðstæður ríkisins til að koma þessu af sér mjög hagstæðar. Samningar kennara voru í algjörum botni. Laun til kennara hafa aldrei nokkurn tíma verið eins lág og þegar þessir viðmiðunarsamningar voru gerðir. Fleiri atriði má tilfæra sem voru reiknuð afar sérkennilega þannig að bæjarfélögin fóru fjárhagslega illa út úr þessum viðsnúningi og enn hefur ekki fengist viðurkennt að fullu hverju þarf að bæta við tekjur sveitarfélaga til að þau standi undir þessum kostnaði.

Kvaðir vegna einsetningar voru samþykktar við yfirfærsluna 1996 og kvaðir voru um að einsetningunni lyki fyrir 2002. Auðvitað tókst ekki að standa við það því þær áætlanir voru gerðar af fullkominni bjartsýni. Þetta var engin smábreyting vegna þess að allt fram til þess tíma að skólinn var færður yfir hafði í ýmsum sveitarfélögum verið litið með sérstakri velþóknun til þess að skólahúsnæðið væri sem best nýtt, eins og það var orðað. Ég kenndi t.d. í sveitarfélagi þar sem talað var um að það væri til sérstakrar fyrirmyndar hve vel nýttur skólinn var. Alveg upp í rjáfur var hann þrísetinn, blessaður, árum saman og þótti ekki ástæða til að fjargviðrast út af því. Svo auðvitað varð það þessu sveitarfélagi gríðarlega dýrt þegar það tók það á sig að standa við einsetninguna. Nú er svo komið að fjárhagnum hefur verið riðið á slig vegna þessarar skuldbindingar. Að vísu standa afskaplega góðar og vandaðar skólabyggingar eftir sem allir geta verið stoltir af en þetta hefur kostað þvílíka fjármuni sem aldrei var gert ráð fyrir þegar þau lög voru sett á sínum tíma sem kváðu á um einsetningu grunnskólans fyrir 2002. Mér svíður það ákaflega þegar svo er verið að víta þessi sveitarfélög sem hafa reynt að leggja á sig gríðarlegt erfiði til að standa við þessar kvaðir, þegar þeim er álasað fyrir skuldasöfnun vegna þess að þessi skuldasöfnun hjá umræddum sveitarfélögum

er að mestu leyti komin til vegna metnaðar sem þau höfðu til að uppfylla kvaðir grunnskólalaga.

Þetta hefur nú verið framlengt. Það hefur verið viðurkennt að ekki takist í öllum sveitarfélögum að uppfylla þessar kvaðir og nú hefur þetta verið framlengt þannig að þessi byggðarlög munu njóta styrkja úr Jöfnunarsjóði til 2006 þótt að vísu sé reiknað með að framlag vegna ársins 2006 komi til hækkunar á greiðslum vegna áranna 2002–2004.

Það er eitt sem vekur sérstaka athygli mína hér, í þessu frv. er lagður sérstakur krókur á halann til að gera kleift að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðir eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd. Reiknað er með að það verði allt að 65 millj. kr. á ári. Mér finnst svolítið hart að þarna sé verið að setja lög um að hygla sérstaklega þeim sveitarfélögum sem hafa farið þá leið að fara út í einkaframkvæmdir við grunnskóla, sérstaklega til að þurfa ekki að tilgreina skuldir vegna þessara bygginga í reikningshaldi sínu. Á sama tíma verða önnur sveitarfélög sem hafa tekið þessar skuldbindingar á sig og tilgreint þær að fullu í reikningshaldinu fyrir ámæli vegna skuldasöfnunar.

Ég held að einkaframkvæmdin hafi verið óheillaspor þegar sú leið var fyrst farin í byggingu grunnskóla á Íslandi. Það er sérstaklega eitt sveitarfélag sem hefur farið þar fremst í flokki, og ég held að ekki séu sérstakar ástæður til að verðlauna þau sveitarfélög sem ákváðu að haga framkvæmdum sínum með þessum hætti með fjárframlögum umfram þau sveitarfélög sem hafa þó tekið þetta allt saman á sínar herðar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni en ég vildi að það kæmist á framfæri að ég tel að ekki sé rétt að samþykkja að verja sérstökum fjármunum til að verðlauna þau byggðarlög sem hafa farið með grunnskólabyggingar sínar í einkaframkvæmd.

[16:16]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem gefur í raun tilefni til býsna margþættrar umræðu um fjármál sveitarfélaga og tekjustofna þeirra. Hér er þó fyrst og fremst verið að takast á við það stóra verkefni sveitarfélaga að einsetja grunnskólann, þ.e. þeirra sveitarfélaga sem eru með 2.000 íbúa og yfir. En sannarlega gefur málið tilefni til víðtækari umræðu vegna þess að auðvitað er það svo, herra forseti, að ekki síst nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga hafa menn rætt og munu ræða býsna mikið um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Ekki er langt síðan birtur var listi yfir stöðu sveitarfélaganna og í ljós kom að býsna mörg þeirra eiga í vanda, fjárhagsvanda. Tekjur hafa ekki dugað fyrir þeim skuldbindingum og ákvörðunum sem teknar hafa verið um framkvæmdir eða þjónustu í viðkomandi sveitarfélagi. Mörg sveitarfélaganna búa svo auk þess við þann vanda, herra forseti, að íbúum er að fækka þannig að enn erfiðara verður að standa við skuldbindingar þar sem sífellt færri standa undir tekjunum. Og það er alveg ljóst að í meðalstóru sveitarfélögunum, þar sem er að fækka, á sveitarstjórnin ekki auðvelt með að bregðast við þegar tekjur dragast saman með því að draga jafnframt saman þjónustu. Vandinn er sá að það er búið að fjárfesta og efna til þjónustunnar. Í allt of mörgum tilfellum er staðan einfaldlega þannig að sveitarfélagið situr uppi með fjárhagslegar skuldbindingar sínar og rekstrarlegar skuldbindingar sínar gagnvart íbúunum og má sig hvergi hreyfa, en fjárhagsstaðan versnar sífellt.

Herra forseti. Þetta er auðvitað stór vandi sem hefur nokkrum sinnum verið tekinn til umfjöllunar hér í þinginu, þó ekki markvisst, en kannski einna helst í tengslum við umfjöllun um orkumál svo merkilegt sem það má nú teljast.

Eins og ég sagði þá er hér fyrst og fremst verið að fjalla um mál sem snýr að einsetningu grunnskólans í sveitarfélögum sem eru með yfir 2.000 íbúa. Það er alveg ljóst, herra forseti, að þegar farið var af stað árið 1995 með breytingu á grunnskólalögum, farið var af stað í að einsetja grunnskólana vissu menn þegar að þeir voru með býsna stórt verkefni í höndunum. Menn töldu á þeim tíma að um væri að ræða verkefni sem kostaði svona u.þ.b. 13 milljarða. Nú er komið í ljós að verkefnið mun að líkindum kosta u.þ.b. 21 milljarð kr.

Á tímabilinu hefur verið farið í að gefa sveitarfélögunum færi á að fresta framkvæmdum og hér er verið að auka fjármuni til styrktar þessum verkefnum. En mig langar til þess að spyrja hæstv. félmrh. hvort honum finnist ekki ástæða til þess að horfa aðeins á þetta bil, þetta fjárhagsbil sem er á milli þeirra áætlana sem menn höfðu þegar ráðist var í verkefnið upphaflega, upp á rétt um 13 milljarða, og þeirrar staðreyndar sem menn horfa framan í núna, þ.e. 21 milljarð. Þetta bil er býsna stórt, herra forseti, og er ugglaust hluti af fjárhagsvanda margra sveitarfélaga. Væri ekki eðlilegt í ljósi þess að fara í betri skoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og því hvernig skipt er á milli ríkis og sveitarfélaga?

Ég er í hópi þeirra sem telja að það væri einhver markvissasta byggðastefna sem hægt væri að fara í að styrkja sveitarfélögin, stækka þau, færa þeim fleiri verkefni og þar með leggja grundvöll að fjölþættari starfsemi á forræði þeirra. Við vitum það frá þeim sveitarfélögum sem hafa verið með reynsluverkefni að þau telja að reynsluverkefnin, þ.e. fleiri verkefni, hafi fært þeim möguleika á að skipuleggja starfið með allt öðrum hætti, gefið þeim möguleika á að ráða betur menntað fólk og þar með fjölga menntuðu og hæfu starfsliði á sínum skrifstofum og í sinni stjórnsýslu sem allt skili sér síðan í betri þjónustu og á sumum sviðum ódýrari.

Auðvitað hljótum við að horfa til þessa, herra forseti. En einnig væri áhugavert að ræða við hæstv. félmrh. hver viðhorf hans séu til þeirra reynsluverkefna sem hafa verið í gangi og nú er verið að gera eða hafa verið gerðir samningar um framhald á, kannski fyrst og fremst í heilbrigðisþjónustunni og í málefnum fatlaðra, og hvort þessi verkefni gefi ekki tilefni til þess að menn fari í markvissar verkaskiptingarbreytingar á milli ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin taki við þessum verkefnum alfarið en ekki bara sem sérstökum verkefnum eða reynsluverkefnum.

Ég geri mér alveg grein fyrir því, og þá er ég aftur komin að því sem ég nefndi áðan, að mörg sveitarfélögin eru auðvitað allt of lítil og illa í stakk búin til að taka við þessum verkefnum. Þess vegna hlýtur það að vera liður í þessari viðleitni að stækka sveitarfélögin. Það hefur enda byggðanefnd Sambands sveitarfélaga verið að ræða og Samband sveitarfélaga hefur, samkvæmt þeim tillögum sem þar hafa legið fyrir og unnið er með, lýst sig tilbúið að leggjast á árina með ríkisvaldinu og löggjafanum til að breyta lagaumhverfinu þannig að sveitarfélögin verði stærri og öflugri. Þar hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að það hlyti að vera veigamikill þáttur í því að efla landsbyggðina, veigamikill þáttur í jákvæðri byggðastefnu.

Herra forseti. Þegar þetta frv. kom fyrst á borð okkar þingmanna fannst mér áhugavert að fá frekari upplýsingar um það sem hér að baki liggur. Ég var þess vegna búin að

leggja inn fyrirspurn, og gerði það strax, til hæstv. menntmrh., fyrirspurn sem ekki hefur verið svarað enn. En kannski kann hæstv. félmrh. eitthvað af svörunum við henni. Ég hafði áhuga á því í fyrsta lagi, herra forseti, að fá að vita hvaða sveitarfélög hafa farið fram á frestun á einsetningu grunnskólans. Í fyrsta lagi þurfti auðvitað að fresta til ársins 2004. En ljóst er að það mun ekki duga öllum sveitarfélögum. Í öðru lagi fannst mér líka áhugavert að vita hvaða sveitarfélög hafa farið leið einkafjármögnunar til að uppfylla lagaskylduna um einsetningu grunnskólans.

Hluti af þessu frv. er nefnilega að það á að styrkja þau sveitarfélög sem hafa kosið að fara leið einkafjármögnunar við byggingu grunnskóla. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvernig eigi að framkvæma það. Eiga þessi sveitarfélög að fá styrki til að greiða leigu af þessu húsnæði eða hvernig eiga þessir peningar að nýtast sveitarfélögum sem hafa kosið að fjárfesta ekki sjálf, sem hafa kosið að verja fjármunum sínum ekki hér og nú til þessara verkefna heldur hafa kosið að leigja húsnæði undir þessa starfsemi? Einkafjármögnun er auðvitað ekkert annað en það að annar aðili á og rekur húseignina og grunnskólinn leigir síðan þetta húsnæði af viðkomandi. Hvernig sjá menn fyrir sér að þessi styrkur til sveitarfélaga sem hafa farið út í einkafjármögnun, skili sér? Hvernig á að verja honum? Mér fyndist áhugavert að heyra hvernig hefur verið rætt um það mál og hvernig hæstv. félmrh. sér það fyrir sér.

Herra forseti. Eins og ég sagði þá er þetta mál angi af öðru og miklu stærra máli sem væri full ástæða til þess að ræða nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, máli sem snýr að verkefnum sveitarfélaganna, stöðu þeirra og möguleikum til þess að takast á við verkefnin. Það væri líka eðlilegt, herra forseti, að við ræddum svolítið sýn okkar á það hvernig eða hvaða hlutverki við viljum láta sveitarfélögin gegna í næstu framtíð. Ég vænti þess að hæstv. félmrh., annaðhvort hér á eftir eða í lokaræðu sinni við þessa umræðu, komi inn á reynsluna af reynslusveitarfélögunum og hvernig hann sér fyrir sér að það þróist í næstu framtíð.

Hvað varðar síðan grunnskólann þá er alveg ljóst að orðið hefur bylting í skólum landsins í kjölfar þess að sveitarfélögin tóku grunnskólann yfir. Ekki einasta hafa velflest sveitarfélög sem þurftu að takast á við það verkefni lagt út í vandaðar byggingar sem uppfylla allar helstu kröfur nútímaskólahalds heldur hefur líka verið gengið til þess tímabæra verks að semja þannig við kennara að þeir segja, alla vega sumir hverjir, að nú séu loksins kannski forsendur fyrir því að menn velji sér, bæði karlar og konur, kennslu sem fullt starf. Við sjáum að mjög víða eru menn að brydda upp á metnaðarfullum nýjungum í skólastarfi. Nú nýverið fór í gang markviss umræða um það, loksins, hvernig hægt væri að stytta tímann til stúdentsprófs úr þessum hefðbundnu 14 árum sem hafa verið og niður í kannski 13 ár þannig að íslenskir skólanemar lykju framhaldsskólaprófum að jafnaði við 19 ára aldur en ekki um tvítugt eins og að jafnaði hefur verið reiknað með.

Sú breyting sem menn hafa helst verið að horfa til byggir á því að grunnskólinn takist á við enn frekari breytingar í starfsemi sinni. Það er út af fyrir sig eðlilegt að menn horfi til grunnskólans. Hann hefur sýnt sig að vera mjög sveigjanlegur og geta tekist á við breytingar. Í þessu tilfelli er verið að tala um að grunnskólinn taki við yngri nemendum, hvort sem það nám fari fram á leikskólum eða innan vébanda grunnskólans. En alla vega er talað um að skipulagt grunnskólanám hefjist fyrr og sömuleiðis að breyta námi í elstu bekkjum grunnskólans til þess að gera það einfaldara að stytta nám í framhaldsskóla. Allt eru þetta verkefni sem menn hljóta að ræða og eru að ræða í skólaumræðunni, bæði í skólunum og í stjórnkerfinu.

Herra forseti. Það væri ekki síst áhugavert að fá þessa spurningu sem ég hafði varpað fram til hæstv. menntmrh. um sveitarfélögin inn í þessa umræðu, sömuleiðis bilið á milli 21 milljarðs og 13 milljarða. Þarna er um að ræða heila 8 milljarða, þ.e. sem skeikar frá upprunalegum áætlunum og að því sem menn sjá fyrir í dag hvað átak til einsetningar muni kosta. Finnst hæstv. félmrh. ekki ástæða til þess að skoða enn frekari breytta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga til að mæta í raun þessum halla sem klárlega er þarna miðað við það sem menn lögðu af stað með og reiknað var með í upphafi verksins.

Síðan er það leigustyrkurinn, herra forseti, til þeirra sveitarfélaga sem hafa sett verkefnið í einkaframkvæmd. Fróðlegt væri að heyra hæstv. ráðherra reifa það mál enn frekar.

[16:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. er satt að segja ekkert sérstaklega öfundsverður af hlutskipti sínu í því máli sem hér um ræðir. Við höfum svo sem rætt flesta þá þætti þess frv. sem hér um ræðir mörgum sinnum áður og við jafnaðarmenn ekki alltaf verið sáttir við hæstv. félmrh. varðandi aðkomu hans að tekjustofnum sveitarfélaga, að uppbyggingu sveitarfélaganna á vettvangi menntunar, sérstaklega grunnskóla, og fundist hann í seinni tíð vera farinn að víkja býsna mikið frá gömlum hugmyndum sínum og hugsjónum um jafnræði til náms, um hina samfélagslegu ábyrgð sem okkur ber að axla sem höfum undirgengist að láta kjósa okkur til sveitarstjórna eða Alþingis, heldur verið að gæla við þá leið sem hér hefur gjarnan verið umrædd, þ.e. að ýta þeim verkefnum á hendur einkaaðilum. Enda er svo komið að hæstv. ráðherra verður á síðasta spretti ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, á allra síðustu metrunum, að koma hér með vandræðalegum hætti til að koma því þannig fyrir í fyrsta lagi að sveitarfélögin standi með sambærilegum hætti gagnvart félmrn., gagnvart ríkisvaldinu þegar kemur að fjárframlagi til þeirrar grunnmenntunar sem grunnskólarnir eru, og þarf hann að fara Krýsuvíkurleiðir að því markmiði, leiðir sem unnt hefði verið að fara með einfaldari og skynsamlegri hætti hefði verið tekið fyrr í taumana.

Þá á ég í fyrsta lagi við það að betur hefði hæstv. félmrh. hlýtt á og tekið mið af ábendingum, gagnrýni og þeim tillögum sem hér voru fram lagðar af hálfu okkar jafnaðarmanna í þeirri heildarendurskoðun sem fram fór um tekjustofna sveitarfélaga fyrir réttum tveimur árum eða svo, þar sem vakin var athygli á þeim þætti ekki síður en öðrum, nefnilega þeim að sveitarfélögin, eftir að grunnskólinn var fluttur til þeirra 1995, hafa þurft í miklu ríkari mæli en ráð var fyrir gert að leggja fram fjármagn, bæði til rekstrarins, sem var afskaplega vanmetinn í samningum sveitarfélaga og ríkissjóðs á þeim tíma, og einnig og ekki síður til nýbygginga og nýframkvæmda til að uppfylla lagaákvæði sem varða einsetningu grunnskólanna. Með öðrum orðum, gefið var vitlaust á þeim tíma og menn voru hjartanlega sammála um það.

Hér gengur nú í salinn hæstv. heilbrrh. sem kom að því verkefni á sínum tíma að endurmeta og endurskoða heildar-

löggjöf í þessa veru og lagði að mörgu leyti býsna gott til mála en fór því miður ekki alla leið (Gripið fram í.) og hefði betur á þeim tíma, eins og raunar oft áður og vafalaust síðar, hlýtt á okkur jafnaðarmenn í þá veruna.

En þetta er nú sögulegt. Nú horfum við hins vegar framan í veruleikann eins og hann er. Ég skildi hæstv. félmrh. þannig, þó að það komi ekki skýrt fram í grg., að þeir fjármunir sem frá eru teknir, 750 millj. eða þar um bil, á næstu fjórum árum og koma úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, eigi að öllu leyti að uppfylla lagaákvæði og uppsafnaðan vanda sveitarfélaga hvað varðar 20% hlutdeild ríkissjóðs í nýbyggðum skólamannvirkjum á grunnskólasviði.

Í ágætu innslagi hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni þar sem hann leitaði svara hjá hæstv. ráðherra í þá veruna fannst mér óljóst svar og ég vil árétta þá spurningu hvort það hafi verið rétt skilið að þeir fjármunir eigi að öllu leyti að duga til þess að sveitarfélögin, hvar sem þau eru á landinu, hvenær svo sem þau hafa ráðist í fjárfestinguna, fái sín 20% kvitt og klárt. Þá skipti ekki máli hvort fjárskuldbindingin hafi átt sér stað 1999, 2000 eða hvort hún eigi sér stað 2004, þ.e. á komandi árum. Það var alveg hárrétt ábending sem kom fram hjá einum hv. þm. í þá veru að hér er um eilífðarverkefni að ræða hjá þeim sveitarfélögum sem eru í vexti. Með öðrum orðum, því miður er það þannig að fólki fjölgar á suðvesturhorninu en því fækkar úti á landi og fyrirliggjandi, varanlegt og viðvarandi verkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að halda áfram þeirri uppbyggingu.

Mér hefði því fundist langhreinlegast að breyta einfaldlega lögum í þá veru að ekki þyrfti að vera samkomulagsatriði eða tímabundin ákvæði, sólarlagsákvæði eins og hér um ræðir, að sveitarfélög fyrr, nú og í framtíðinni fengju sín 20% úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða úr öðrum sjóðum ríkisins. Það hefði ég talið eðlilegast og hreinlegast í málinu.

Ég spyr hvar sveitarfélögin standa með hliðsjón af því jafnræði sem ég nefndi til sögunnar áðan í þessu tilliti og bið hæstv. ráðherra að gaumgæfa það með mér og íhuga: Hvers eiga þau sveitarfélög að gjalda sem þurfa að standa í áframhaldandi uppbyggingu á grunnskólasviðinu og munu, eftir því sem ég fæ best skilið, ekki njóta 20% framlaga ríkissjóðs eins og önnur sveitarfélög?

Og af því að ég nefndi til sögunnar jafnræðisregluna sýnist mér þessi ferð ekkert síður farin til að koma til móts við þá stjórnendur sveitarfélaga sem hafa valið það gönuhlaup að fara þá leið að láta einkaaðila kosta byggingu grunnskóla og í sumum tilfellum raunar rekstur þeirra líka. Það eru svo sem ekkert mörg sveitarfélög. Hæstv. ráðherra sagði í andsvari áðan að hann héldi að það væri bara eitt. Það er bara eitt svo ég taki af öll tvímæli í því sambandi. Það er eingöngu Hafnarfjörður sem hér um ræðir. Ég spurði einmitt hæstv. ráðherra um þau efni í fyrirspurn sl. vor og hann svaraði mér þá að það væru tveir skólar sem undir lægju, og hann nefndi þá báða á nafn hér áðan, Áslandsskóli og raunar nýr Lækjarskóli sem er nú í byggingu.

Það er svo sem ekkert undarlegt að í frv. þurfi að verja langstærstum hluta grg. til að útskýra þá Krýsuvíkurleið sem þarf að fara til þess að íbúar og skattgreiðendur Hafnarfjarðarbæjar njóti jafnræðis á við annað fólk í landinu. Ég vil taka mjög skýrt fram áður en ég held lengra að ekki er hægt að átelja íbúa Hafnarfjarðar fyrir þá leið sem stjórnendur þess bæjarfélags hafa farið, þ.e. flokksbróðir hæstv. ráðherra, framsóknarmaðurinn í bæjarstjórn ellegar þeir sjálfstæðismenn sem fara þar með stjórn mála, því ekki snerust síðustu kosningar til sveitarstjórnar um þetta ákvæði og engin áform voru uppi, hvorki í Hafnarfirði né annars staðar, um að fara þá leið.

Ég vil í því sambandi árétta líka að við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, jafnaðarmenn hér í sölum Alþingis, fluttum einmitt frv. til laga þessu nátengt á síðasta þingi, sem raunar var endurflutt á þessu sem nú starfar, um að gera þessi mál skýrari, gleggri og betri hvað varðar utanumhald í ársreikningum sveitarfélaga og málið snýr að einkafjármögnun og rekstrarleigu. Ég og hæstv. ráðherra höfum átt um það orðastað í þessum sölum hvers vegna hann hafi ekki fyrir löngu látið menn sína kippa þeim málum í liðinn og gera hreint fyrir dyrum. Því hefur hann hins vegar vikist undan að gera og lendir því í þeim æfingum sem við okkur blasa í frv. sem hér um ræðir.

Þegar ég tala um æfingar er ég að tala um bókhaldsæfingar því að fyrir liggur að það sveitarfélag sem hlut á að máli hefur ekki viljað undargangast að færa heildarskuldbindingar vegna kostnaðar sem hlotist hefur og mun hljótast af nýjum skólamannvirkjum í bækur sínar og hefur fært þetta yfir á rekstur, eins og er raunar komið inn á í grg.

Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra því að hér erum við auðvitað að ræða líka bókhald og eðlilegar fjárreiður sveitarfélaga og að upplýsingar sem þar er að finna séu réttar og sannar frá einum tíma til annars: Ef Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ætlar að verja 60 millj. á ári hverju til Hafnarfjarðarbæjar vegna eignaleigusamninga, hvernig ber sveitarfélaginu að færa þær tekjur inn í bókhald sitt? Ekki getur sveitarfélagið fært það inn undir eignfærða fjárfestingu því að ekki er um að ræða eignfærða fjárfestingu. Væntanlega ber þá að færa þessa fjármuni frá ríkissjóði teknamegin undir rekstri. Lítur þá hæstv. ráðherra þannig á að sveitarfélögin eigi að jafna þeim 60 millj. út á 25 ára leigutímanum? Væri það hin rétta bókhaldslega aðferð? Þetta þarf að liggja alveg skýrt fyrir, það er hin eðlilega niðurstaða þessa máls, því að það gefur augaleið að sveitarfélagið getur ekki tekið þessa fjármuni og fært undir eignfærða fjárfestingu því að hér er ekki um eignfærða fjárfestingu að ræða. Hér skapast enn annað vandamál.

Það er dálítið kúnstugt hvernig bókhaldsnefnd hæstv. ráðherra hefur farið hring eftir hring í þessu máli, eins og er raunar komið inn á í grg. þar sem kveðið er á um fimm skilyrði þar sem eitt eða fleiri þurfi að uppfylla til að hægt sé að líta þannig til að um eignaleigusamning sé að ræða, eignaleigusamning sem þýðir að þá eigi að færa slíkar skuldbindingar eignamegin í ársreikningum sveitarfélaga.

Ef ég fer yfir þessi fimm atriði, herra forseti, þá er það þannig að í þeim tilfellum sem við erum að ræða, í tveimur grunnskólum í Hafnarfirði, er ekki eitt einasta atriði sem hægt er að svara með jái. Bókhaldsnefnd hæstv. ráðherra túlkaði það hins vegar þannig að einu þessara atriða væri hægt að svara játandi í Hafnarfirði. Og vita hv. þm. hvaða atriði það er, herra forseti?

Það er fimmta atriðið þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef hin leigða eign er sérhæfð þannig að aðeins leigutakinn geti notað hana án meiri háttar breytinga."

Bókhaldsnefnd hæstv. ráðherra leit þannig á að Áslandsskóli í Hafnarfirði og væntanlega þá Lækjarskóli sömuleiðis, sem er í byggingu, væri ekki sérhæfð eign í þessari skilgreiningu og vísaði til þess að ýmsar skólabyggingar úti á landi væru leigðar út sem sumarhótel. Af þeim ástæðum

væri Hafnarfjarðarbæ það heimilt að tína ekki til þessar heildarskuldbindingar sem núna eru upp á 2,8 milljarða kr. eða voru á þeim tíma og verða væntanlega áður en árið er úti í kringum 5 milljarðar kr. þegar allt er talið. Raunar er átt við leikskóla sömuleiðis.

Hæstv. ráðherra sem á að vera eftirlitsaðili sveitarfélaga og setja þeim almennar leikreglur er að ýta undir að sveitarfélög í landinu, sveitarfélög sem hafa farið illa með sitt fjármagn, fái að iðka leikfimiæfingar af þessum toga.

Ég hef aldrei botnað í því, herra forseti, og vísa ég þá aftur til upphafsorða minna í þeim efnum, af hverju núv. hæstv. félmrh., Páli Péturssyni, sem var þekktur fyrir sínar félagslegu áherslur fyrr á tímum, hefur þótt sérstök ástæða til að leggja lykkju á leið sína til að mæta þessum frjálshyggjuhugmyndum. Ég hef aldrei botnað neitt í því og geri það ekki enn þá og þykir leggjast lítið fyrir hann á síðasta spretti sínum sem félmrh., á síðasta spretti ríkisstjórnarinnar. Það er ekki mjög skemmtilegur bautasteinn yfir þann félmrh. sem starfað hefur í átta ár þegar mál eru ofan í kaupið með þeim hætti að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur á síðari tímum þurft að lengja þann lista og hækka tölur hjá þeim sveitarfélögum sem eru í alveg sérstökum vandræðum vegna fjármála sinna. Þar á meðal er því miður það sveitarfélag sem við ræðum um, Hafnarfjarðarbær. Íbúum Hafnarfjarðar er enginn greiði gerður með því að félmrn., æðsti yfirmaður sveitarstjórnarmála, hjálpi þeim sveitarfélögum sem kunna ekki að fara með peninga að fela slíkar skuldbindingar gagnvart íbúum þeirra. Það er nákvæmlega það sem er hér líka á ferð.

Það er auðvitað ekki hægt annað í þessu sambandi en að líta til frænda okkar, Dana, og síðustu tíðinda úr herbúðum þeirra þegar kemur að málefnum sveitarfélaga, þeirra uppákoma, hverrar af annarri, sem átt hafa sér stað í bænum Farum í Danmörku, sem er útbær Kaupmannahafnar, þar sem nákvæmlega þessi leið hefur verið farin í mjög stórum stíl. Ég ætla ekki að staldra við þá þætti sem lúta að stjórn þess bæjarfélags og snerta spillingarmál af ýmsum toga, en það eru nákvæmlega þær stóru skuldbindingar, fjárhagsskuldbindingar, sem menn eru allt í einu að horfast í augu við í því litla bæjarfélagi sem er raunar af svipaðri stærð og Hafnarfjörður og Kópavogur.

Nú er svo komið að þar horfa menn framan í þann veruleika að samkvæmt dönskum lögum getur svo farið að þeir kjörnu sveitarstjórnarmenn sem áttu þátt í þeim gjörningum, annaðhvort seldu eigur sveitarfélagsins sem áttu að standa undir grunnþjónustu ellegar létu einkaaðila sjá um fjármögnun, geta hugsanlega lent í því að þurfa að standa persónulega skil á þeim fjármunum sem þeir samþykktu að yrði ráðist í fjárfestingar með þessum hætti.

Auðvitað hlýtur maður þá að íhuga á hvaða vegferð við erum í þessu samhengi. Ég hef varað hæstv. félmrh. við áður og hélt að ég þyrfti ekki að gera það aftur. En það er alveg augljóst mál að hjá því verður ekki komist.

Sveitarstjórnarmál eru um sumt í prýðilegum gangi og ég hef ævinlega verið talsmaður þess að sveitarstjórnarmenn sjálfir njóti sem mests sjálfstæðis við að stjórna sveitarfélögum sínum. En leikreglurnar verða að vera skýrar og enginn hefur heldur deilt um mikilvægi þess að ákveðnir óháðir eftirlitsaðilar séu einnig tiltækir. Þá vakt hefur hæstv. félmrh. ekki staðið með kurt og pí. Hvort þar kunni að spila inn í sú staðreynd sem ég vakti athygli á áðan að þar ráða för a.m.k. næstu 50 dagana eða fram til 25. maí nk. flokksbræður hans og helstu einkavinir, framsóknarmenn og einkavinir þeirra, sjálfstæðismenn, skal ég ekkert um segja. En auðvitað býður manni í grun að það sé engin tilviljun að núna eigi að rétta þeim þá fjármuni sem hér um ræðir því að ég veit að hæstv. félmrh. var tregur í taumi framan af en er það augljóslega ekki núna.

Herra forseti. Að lyktum segi ég það eitt: Ég vil að íbúar landsins, hvar sem þeir búa, njóti jafnræðis og geti vænst þess að fá sömu fyrirgreiðslu, sömu aðstöðu úr ríkissjóði og íbúar í nágrannasveitarfélögum. En eftirlitsleysi og rangar áherslur, bæði hæstv. félmrh., svo ég tali nú ekki um meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, hafa leitt til þess að menn eru komnir í ógöngur í þessum efnum og þurfa að fara Krýsuvíkurleið til að koma þeim fjármunum heim í hérað.

Um þetta mætti segja svo sem fjölmargt annað. Það er eins og hér hefur áður verið nefnt að frv. sem að sönnu ætti að vera tiltölulega einfalt í sniðum tekur auðvitað á fjölmörgum grunnþáttum í rekstri sveitarfélaga og þar með í þeim verkefnum sem hæstv. félmrh. á að ala önn fyrir. Því miður verður að segja þá sögu eins og hún er að frv. er myndbirting á því að ekki hefur verið nægilega vel haldið um þá hluti, festan ekki verið nógu ríkuleg og losaragangur um of ráðið þar för.

[16:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Eins og segir í athugasemdum með frv. er tilgangur þess að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Eins kemur fram að frv. feli í sér aukin fjárframlög til verkefnisins frá því sem áður var ákveðið.

Þegar maður les þessar línur getur maður nú ekki annað séð en að allt gott sé um þetta frv. að segja. En eins og komið hefur fram í máli þeirra þingmanna sem talað hafa við þessa umræðu er ýmislegt athugavert við frv. Ýmsar spurningar vakna þegar menn skoða greinar þess og sérstaklega má þar nefna ákvæði sem kemur inn og snýr að einkaframkvæmdinni.

Ég hefði líka talið, herra forseti, að e.t.v. hefði ekki verið óeðlilegt að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. (**GÁS:** Hann hefði gott af því.) Ég hefði talið fullkomlega eðlilegt að hann væri hér. Ýmsar spurningar hafa vaknað hér sem er ósvarað og snúa að honum. Eins og fram kom í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur hafa legið spurningar hjá honum sem snúa að þessu sem engin svör hafa fengist við. Þar hefur m.a. verið spurt: Hvaða sveitarfélög hafa frestað einsetningunni? Hvaða sveitarfélög hafa farið í þá framkvæmd? Það er talað um að það sé líklega aðeins eitt. En ég hefði gjarnan viljað bæta við í spurningarnar: Eru þessar 65 millj. sem kveðið er á um í 1. gr. allar ætlaðar Hafnarfirði? Er það meiningin? Af hverju stendur þá ekki í greininni að 65 millj. kr. séu ætlaðar til Hafnarfjarðar, úr því að það er bara um hann að ræða? Eða er verið að hvetja önnur sveitarfélög til að fara út í einkaframkvæmd með svona ákvæði inni í lagagrein?

Ég verð að taka undir spurningar og vangaveltur varðandi bókhaldsfærsluna sem hér hafa komið fram. Ég ætla ekki að lengja þá umræðu en tel að allmörgum spurningum sé ósvarað í þeim efnum og velti fyrir mér hvort fleiri nefndir en félmn. ættu að fá þetta frv. til skoðunar í meðförum þingsins. Er e.t.v. ástæða til að menntmn. skoði þetta og jafnvel efh.- og viðskn.? Hér eru auðvitað bókhaldsspurningar sem menn

hafa verið að velta fyrir sér og er kannski ástæða til þess að skoða.

Auðvitað munum við velta þessu fyrir okkur í félmn. þegar þar að kemur og án efa kalla eftir þeim spurningum sem ósvarað er þegar hæstv. ráðherra hefur lokið máli sínu. Ég býst náttúrlega við að hann komi hér á eftir og svari þeim spurningum sem vaknað hafa í þessari umræðu og varpað hefur verið fram hér.

Ég ætla ekki að gera þetta mál lengra en tek undir þær spurningar sem hér hafa komið fram og tel að ýmislegt þurfi að skýra í þessu máli.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu neitt að ráði. Það eru nokkur atriði sem mig langar þó að tæpa á.

Í fyrsta lagi væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvernig mál standa í samskiptum ríkis og sveitarfélaga að öðru leyti varðandi skiptingu tekna og slíkt, ekki síst það sem tengist yfirfærslu grunnskólans. Það er ljóst að það er ekki bara stofnkostnaðurinn þar sem stendur í mönnum. Þó að þar hafi komið til hlutir eins og einsetning skólans og ákveðin fjárfestingarþörf af þeim sökum liggur líka fyrir að ýmislegt annað af mjög skyldum toga veldur útgjöldum hjá sveitarfélögunum. Menn telja að sumpart hafi það verið fyrirsjáanlegt en sumpart ekki og halli sé á þessum samskiptum líka hvað varðar rekstrarútgjöld og kostnað við skólahald almennt.

Það munu vera einhverjar nefndir að störfum sem hafa kannski komið að þessu máli eins og fleirum. Alla vega er gjarnan vísað til nefnda þegar á þarf að halda með það, að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga séu í skoðun og séu í nefnd. Það má þá leyfa sér að spyrja hvort einhverra tíðinda sé að vænta af samskiptum ríkis og sveitarfélaga hvað rekstrarþættina varðar í tengslum við yfirfærslu grunnskólans og svo náttúrlega almennt fjárhagsstöðu sveitarfélaganna sem er engan veginn nógu góð. Árleg hækkun rekstrarútgjalda sem hlutfall af skatttekjum síðustu 6–8 ár samfellt segir sína sögu um það. Meðaltalið á landsvísu hefur á skömmum tíma hækkað úr um 76–77%, miðað við skatttekjur, upp í 83% ef það stefnir ekki í 84 eða 85% á þessu ári. Þá gefur augaleið að ekki verður neitt óskaplega mikið eftir til annarra hluta, hvort sem er til fjárfestinga í grunnskólanum, betrumbóta í skólahaldinu eða annars.

Í öðru lagi vil ég spyrja hvort einstök sveitarfélög hafi ekki verið tekin til skoðunar vegna, mér liggur við að segja, afbrigðilegra aðstæðna sem þar er við að glíma. Ég þykist vita til þess að allmörg sveitarfélög telji sig í raun hafa lent þannig út úr þessum samskiptum, þessum verkefnatilflutningi og því hvernig þau voru á vegi stödd með fjárfestingar í skólamannvirkjum og öðrum sem áður töldust samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, að þeirra staða sé mjög sérstök og að nánast þyrfti viðbótarheimild til að taka á einstökum, mjög sérstökum og afmörkuðum viðfangsefnum. Ég vil ekki nefna hér nein dæmi en a.m.k hef ég heyrt menn færa fyrir því rök að nokkur tilvik af þessum toga, mjög sérstaks eðlis, séu til staðar.

Ég vil svo eins og fleiri gera athugasemdir við þennan einkavæðingar- eða einkafjármögnunarlið sem hér er sérstaklega settur inn með mjög undarlegum hætti, að mér finnst. Ég hef nú ekki heyrt hvaða nákvæmnisrök eða vísindi standa á bak við að eyrnamerkja þarna nákvæmlega 65 millj. kr. Eitt væri að taka inn í frv. lagastoð, ef á hana skortir, til að láta þá mismunandi rekstrarform eða framkvæmdamáta sitja við sama borð, enda væri um að ræða hluti sem væru viðurkenndir og leyfðir af stjórnvöldum að öðru leyti. Út af fyrir sig er ég ekki að segja að með fjárhagslegri stýringu eigi að halda aftur af þessari einkavæðingarhelför, þeirri herleiðingu sem þarna er boðuð líkt og á fleiri sviðum.

Langeðlilegast væri auðvitað að taka af skarið um þetta í lögum, í grunnskólalögum og annars staðar, að grunnskólinn og skólarnir væru verkefni hins opinbera, a.m.k. hið almenna nám, grunnnám og hverfisskólar og annað því líkt. Ef þetta er leyft á annað borð og viðgengst þarf að sjá til þess að menn sitji þar eftir atvikum við sama borð. En það er ekki þar með sagt að það sé gert algjörlega skilmálalaust og skilyrðislaust. Er þetta hugsað þannig að þessir peningar verði greiddir án nokkurra skilmála eða skilyrða um hvernig þeir einkafjármögnunarsamningar eru sem sveitarfélögin hafa gert? Ég spyr t.d.: Væri ekki einfalt mál að binda greiðslur af þessu tagi því skilyrði að samningarnir væru á þeim grunni að sveitarfélögin ættu mannvirkin eftir að samningstíma lyki en það væri ekki í hina áttina? Ég geri stóran greinarmun á þeim einkafjármögnunarverkefnum, þó að ég telji náttúrlega að í hinu almenna skólahaldi eigi ekki að koma nálægt þessu. Það er þó mikill munur á hvort sveitarfélögin standa þannig að verki að þetta sé afmarkaður samningur til afmarkaðs tíma og eftir það hafi sveitarfélögin öll ráð í sinni hendi, eigi mannvirkin og geti þá látið annan einkaaðila annast rekstur þeirra eða starfsemina í þeim eða valið að gera það sjálf þegar samningstímanum lýkur.

Hin formúlan er yfirgengileg, ef sveitarfélög eru svo heillum horfin að þau láta einkaaðila byggja fyrir sig hverfisskóla, starfrækja hann og eiga skólann eftir að samningstímanum lýkur. Í hvaða stöðu eru menn þá til að taka sjálfstæðar ákvarðanir? Engri. Menn eru dæmdir til að eiga viðskipti við þennan aðila áfram, sem á eina nothæfa húsnæðið til skólareksturs í stóru bæjarhverfi.

Ég spyr hæstv. félmrh., sem hefur nú ekki verið í hópi frægustu einkavæðingarsinna hingað til nema þar sé að verða breyting á og þættu mér nokkur tíðindi: Væri hæstv. ráðherra tilbúinn til að ganga þannig frá þessu að það væri algerlega skýrt að það færu engir peningar úr sameiginlegum sjóðum af þessu tagi til að hjálpa sveitarfélögunum við uppbyggingu skólamannvirkja og einsetningu skóla nema ljóst væri að samningarnir væru a.m.k. á þessum grunni? Félmrn. hefur að mínu mati mjög sterka stöðu til að setja slíkan áskilnað vegna þess að félmrn. á einmitt að hugsa um að staða sveitarfélagsins til að sinna sínum lögbundnu skyldum sé góð, fullnægjandi, að sveitarfélögin geti aldrei lent í þvingunaraðstöðu. Það væri m.a. hægt að gera með þessum hætti.

Ef einhver sveitarfélög eru svo gjörsamlega heltekin af þessari einkavæðingaráráttu að þau vilji absalútt semja á hinn veginn, að þau selji sig algerlega í hendur einhverjum einakaðilum sem eigi mannvirkin „ad infinitum" og þau séu endalaust þeim háð um að kaupa af þeim þjónustuna, þá mega þau það en þó alla vega án þess að fá til þess opinberan fjárstuðning. Ég sé ekki að það væri neitt vandamál að réttlæta það að binda hann einhverjum slíkum almennum áskilnaði af því tagi.

Mér finnst að félmrn. eigi að hafa skoðun á því og vera meðvitað um hvað er fjárhagslega skynsamlegt í þessum efnum og hvað ekki. Hefur félmrn. ekkert farið yfir það? Það hníga öll rök til þess að þessar leiðir, einkafjármögnunarleið-

ir, verði þegar upp er staðið dýrari fyrir sveitarfélögin. Hver er nú á bak við sveitarfélögin ef á bjátar? Það er félmrn., ríkið, sem verður þá að taka á vandanum eins og hæstv. félmrh. veit manna best, með það sem einhver kallaði hér válista. Ég vil ekki taka mér það orð í munn en hann er með lista yfir sveitarfélög sem hafa fengið athugasemdir frá eftirlitsnefnd og svo þessi stöku sveitarfélög sem eru enn verr stödd og hafa beinlínis þurft á stuðningi að halda, eru nánast í gjörgæslu eða öndunarvél.

Þessi málefni sveitarfélaganna eru beintengd ábyrgð félmrn. og því er meira en eðlilegt að spurt sé: Hefur félmrn. ekki mótað sér einhverjar áherslur í þessum efnum og farið yfir þetta? Getur það ekki haft hönd í bagga með sveitarfélögunum, að þau ani ekki út í ógöngur í þessum efnum og velji kosti sem yfirgnæfandi og mjög sterk rök sýna að verði dýrari og verri og hafi tilhneigingu til að taka af sveitarfélögunum ákveðið sjálfstæði þegar fram í sækir? Þau mundu sitja föst í fjötrum samninga og aðstæðna þar sem þeim væri nauðugur einn kostur að semja við ákveðna einkaaðila. Ég held að engan langi að sjá þeim sveitarfélögum fjölga sem dæma sig — eða ekki sig heldur þá sem eiga að glíma við vandann þegar fram í sækir að einhverjum áratugum liðnum — í slíkar aðstæður.

[17:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hefur nú teygst meira úr þessari umræðu en ég bjóst við þegar hún hófst.

Ég verð að byrja á að lýsa því yfir að ég sneiði hjá því að svara spurningum sem ég tel að heyri átt að beina til hæstv. menntmhrh. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Ég ber ábyrgð á þessu máli þannig að ég tel að það sé eðlilegt að þingmenn beini undir einhverjum öðrum dagskrárlið spurningum til hans um fagleg efni eins og einsetningu grunnskólans og þvílíkt. (Gripið fram í.) Það eru aðskilin ráðuneyti og ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald.

Ég vil taka það fram að Lánasjóður sveitarfélaga er mjög sterkur. Hann hefur peninga og þar af leiðir að það hnekkir ekki getu hans þó að framlög til hans séu skert sem þessu nemur sem í frv. felst.

Meginefni þessa frv. er að aðstoða sveitarfélögin við einsetninguna, þau þeirra sem ekki eru búin nú þegar að einsetja. Eins og menn vita stendur þessi aðstoð til boða sveitarfélögum með færri íbúa en 2.000, en nú er verið að jafna aðstöðu sveitarfélaganna þannig að þau sveitarfélög sem eru með fleiri en 2.000 íbúa njóti sömu fyrirgreiðslu til einsetningarinnar og minni sveitarfélögin. Þetta er annar þáttur frv.

Í öðru lagi er verið að búa til lagaheimild í þessu frv. til þess að aðstoða sveitarfélög líka sem hafa kosið, þ.e. sem hefur kosið, því ekki er nema um eitt að ræða, að gera rekstrarleigusamning um grunnskóla. Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir því að sama yrði látið yfir öll sveitarfélög ganga. Ég tel að í óbreyttum lögum sé alls ekki heimild til þess að greiða Hafnarfirði vegna Áslandsskóla og Lækjarskóla, alls ekki, og ráðgjafarnefnd um Jöfnunarsjóð var á sama máli. En Samband ísl. sveitarfélaga, og raunar ráðgjafarnefndin, taldi eðlilegt að jafnræðis væri gætt þannig að Hafnarfjörður, þó að hann kysi að haga málum svo sem gert er þar, sæti við sama borð og önnur sveitarfélög sem annaðhvort hafa byggt sjálf eða gert eignaleigusamninga.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að Hafnarfjörður falli undir eitthvert af þessum fimm skilyrðum sem talin eru upp þarna. Svo er ekki. Ef ekkert þessara skilyrða er uppfyllt er um að ræða rekstrarleigusamning. Skilyrðin eiga nefnilega öll við eignaleigusamning, þ.e. ef eitthvert af þeim getur passað við kringumstæðurnar þá er um eignaleigusamning að ræða. En ekkert þessara skilyrða á við Hafnarfjörð. Ef ekkert þessara skilyrða er uppfyllt er um að ræða rekstrarleigusamning sem ekki er venjan að eignfæra í reikningsskilum sveitarfélaga. Leigugreiðslurnar eru því færðar til gjalda á viðkomandi lið í ársreikningi sveitarfélagsins, t.d. á fræðslumál ef um leigu og rekstur á skóla er að ræða.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að að óbreyttum lögum sé Lánasjóði sveitarfélaga óheimilt að greiða framlag til Hafnarfjarðar eins og þar er í pottinn búið vegna þess að þetta er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, en þarna væri svona óbeint verið að greiða sveitarfélaginu með öðrum hætti.

Mér kemur út af fyrir sig afstaða hv. þingmanna ekkert á óvart og ég hef áður heyrt hv. 13. þm. Reykv., Ögmund Jónasson, flytja þessa ræðu um skaðsemi einkaframkvæmda. Ég er enginn sérstakur einkaframkvæmdamaður. Ég get alveg viðurkennt það. En ég tel að einkaframkvæmd geti komið til greina, að hún sé réttlætanleg í ákveðnum tilvikum.

Ég nefni Reykjavíkurborg sem er nú stjórnað af fólki sem ég held að við styðjum sem höfum verið hér mest í umræðunni í dag. Ég undanskil hv. þm. Gunnar Birgisson (**Gripið fram í:** Hann styður það líka?) Ja, ég undanskil hv. þm. Ég held að hinir líti með velvild til stjórnenda Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg gerði rekstrarleigusamning um byggingu íþróttahallar í Grafarvogi. Eftir því sem ég veit best þá eignast Reykjavíkurborg ekki þessa höll að samningstíma liðnum. Reykjavíkurborg taldi skynsamlegt að gera þennan samning þrátt fyrir það, þó að hún eignaðist ekki mannvirkið. Væntanlega væri þetta mannvirki annars ekki risið uppi í Grafarvogi, þ.e. það er komin mynd á húsið. Það er ekki frágengið en það er komin mynd á húsið og það kemst fyrr í notkun en ef Reykjavíkurborg hefði ætlað að byggja það fyrir eigin reikning, þá efast ég um að búið væri að taka grunninn. Þetta getur verið réttlæting í sjálfu sér til þess að koma mannvirki í notkun.

Hér var minnst á Íbúðalánasjóð og að Íbúðalánasjóður skuli vera kominn í leiguhúsnæði. Þegar Íbúðalánasjóður færði sig og seldi eign á Suðurlandsbraut sem hann átti þá var ég fullvissaður um að vextirnir af söluandvirðinu gerðu betur en að standa undir leigunni sem greidd er í Borgartúninu. Nú þori ég ekki að fullyrða hver reynslan er af þessu. En þetta var mér tjáð á þeirri tíð. Reyndar hefur Íbúðalánasjóður verið að þrengja að sér þarna í þessu húsnæði og leigja út frá sér.

Hér kom fram í umræðunni að illa grundaðir útreikningar hefðu legið til grundvallar þegar grunnskólinn var færður frá ríki til sveitarfélaga. Þetta er ekki rétt nema þá að þeir hafi verið illa grundaðir af ríkisins hálfu, því samkvæmt útreikningum hagdeildar Sambands ísl. sveitarfélaga fengu sveitarfélögin fyrstu þrjú árin meira frá ríkinu en kostaði að reka grunnskólann. Hins vegar skekktist dæmið þegar kjarasamningar voru gerðir við kennara, þ.e. þeir urðu hærri og dýrari fyrir sveitarfélögin en gert var ráð fyrir í samningum ríkis og sveitarfélaga, þ.e. samningamenn sem að yfirfærslunni stóðu gerðu sér ekki grein fyrir því að kjarasamningur kennara yrði svo kostnaðarsamur fyrir sveitarfélögin sem raun ber vitni.

Það er reyndar íhugunarefni að kjarasamningar sveitarfélaganna eru yfirleitt verulega rýmilegri en samningar ríkisins. Í sumum tilfellum munar verulegum fjárhæðum. Til dæmis má taka samninga Akureyrarbæjar af því að hér var verið að tala um reynslusveitarfélagaverkefnið. Samningar þeir sem ríkið hefur gert við ófaglærða starfsmenn og gefa í kringum 100 þús. eru upp á 120 þús. eða þar yfir hjá Akureyrarbæ, þ.e. samningar Akureyrarbæjar við Alþýðusamband Norðurlands.

Um reynslusveitarfélagaverkefnið er óhætt að segja að reynslusveitarfélögin hafa undantekningarlítið staðið sig vel við framkvæmdina. Hins vegar hafa reynslusveitarfélagaverkefnin í sumum tilfellum orðið dýrari en þar sem ríkið er með verkefnin.

Líka er rétt að hafa í huga að sveitarfélögin hafa byggt skólahúsnæði langt fram úr þeim normum sem menntmrn. viðurkennir. Samningarnir voru upphaflega þannig að ríkið legði 400 millj. á ári til þess að greiða fyrir einsetningu grunnskólans í sveitarfélögum þar sem íbúar væru fleiri en 2.000 og upphæðin mátti nema allt að 20% af normkostnaði.

Nú hefur reynslan orðið sú að þessi upphæð hefur ekki dugað nema fyrir kannski 12–14% af raunkostnaði bygginganna, enda var þar um fasta upphæð að ræða sem að vísu hefur tekið verðlagsbreytingum. En sveitarfélögin hafa byggt verulega fram úr þeim normum sem menntmrn. viðurkennir.

Það er eðlilegt að sveitarfélögin ráði sjálf hvernig þau borga starfsmönnum sínum og það er þeirra val hvaða samninga þau gera við þá. Það er gott ef þau hafa efni á að gera vel við sitt fólk en það er ekki hægt að senda ríkinu reikninginn fyrir það.

Hitt er annað mál, og það stendur út af í samskiptum ríkis og sveitarfélaga út af grunnskólanum, að sveitarfélögin telja sig hafa orðið fyrir auknum kostnaði vegna breyttrar námskrár, vegna fjölgunar skóladaga og þess háttar atriða sem sveitarfélögunum var gert með reglugerðum og lögum héðan frá Alþingi að uppfylla án þess að þau atriði hafi verið gerð upp við þau.

Rétt er að hafa í huga að fjárhagsstaða sveitarfélaganna sem heildar fer batnandi, þ.e. hallarekstur þeirra er að minnka. Hallarekstur sveitarfélaganna árið 2000 var yfir 3 milljarðar en 2001 var hallareksturinn kominn niður í 1 milljarð í heildina. (**GÁS:** En skuldaaukningin?) Skuldirnar jukust um yfir 3 milljarða árið 2000 en þó ekki nema um 1 milljarð árið 2001, sem er náttúrlega veruleg bót. Hafa ber í huga að þetta eru heildarupphæðir, samanlagðar skuldir og það hallaði náttúrlega verulega á sum sveitarfélögin.

Herra forseti. Ég er ekki nærri búinn með spurningarnar en ég er næstum að verða búinn með tímann. Það stendur yfir athugun á verkaskiptingunni. Það er verið að endurskoða Jöfnunarsjóð og endurskoða undanþágur frá fasteignaskatti. Það er alveg fjarri lagi að þetta sé einhver endasprettur ríkisstjórnarinnar, eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hélt hérna fram. Ég tel að ekki verði hægt að færa þetta í reikninga Hafnarfjarðarbæjar sem eignfærða fjárfestingu, mér finnst það fjarri lagi. (Forseti hringir.)

Verið er að reyna að leysa þau mál sem út af standa milli ríkis og sveitarfélaga. Við gáfum út yfirlýsingu um það á sínum tíma og það er unnið eftir henni.

[17:18]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hann var eðlilega ekki mikill, sannfæringarkrafturinn í hæstv. ráðherra, þegar hann reyndi veikum mætti að svara fyrir sitthvað sem tíundað hefur verið við þessa umræðu. Ég sagði það áðan og segi aftur að ég hef allan skilning á því. Málið er hér því miður vanreifað og erfitt viðureignar á alla lund.

Hæstv. ráðherra lét þess getið að hann væri persónulega ekkert sérstaklega hrifinn af þessari einkaframkvæmdaleið. Hins vegar var fróðlegt að heyra frá honum beint og án undanbragða, verandi æðsti yfirmaður sveitarstjórnarmála í landinu, hver stefna hans og flokks hans sé í því máli.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort honum þyki til fyrirmyndar hjá sveitarfélögum að skuldbinding upp á milli 6 og 7 milljarða kr., og þar af vegna skólabygginga upp á rúmlega helming þeirrar upphæðar, sé haldið leyndri fyrir íbúum sveitarfélaga eins og raunin er í Hafnarfirði. Nefnd hans, bókhaldsnefnd sveitarfélaga, hefur brugðist þegar henni bar að taka á því. Finnst honum það til fyrirmyndar?

Í þriðja lagi vil ég árétta það sem ég nefndi áðan og hæstv. ráðherra svaraði á lokasprettinum, hvort beri að skilja það sem svo að þær 240 millj. kr. eigi að renna á fjórum árum til Hafnarfjarðar vegna einkaframkvæmda, hvort sveitarfélagið eigi þar með að færa það teknamegin yfir rekstur, 10 millj. kr. á ári næstu 25 árin. Er það ekki hin eðlilega og sjálfsagða leið?

Ég vil líka upplýsa hæstv. ráðherra, af því að hér er talað um viðmiðunarverð, normverð eða 20% af því, að varðandi þá leið sem Hafnfirðingar fara við þann skóla sem þar er nýjastur og í framkvæmdum er framreiknaður kostnaður heilir 2 milljarðar kr. Þar með ættu framlög ríkissjóðs að vera 400 milljónir ef taka ætti mið af því. Það undirstrikar auðvitað hversu fráleit þessi leið er.

[17:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við getum verið sammála um það, hafandi báðir verið sveitarstjórnarmenn við hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, að sjálfstæði sveitarfélaga er mikilvægt. Ég vil virða sjálfstæði sveitarfélaga og ekki grípa fram fyrir hendurnar á réttkjörnum sveitarstjórnarmönnum meðan þeir halda sig innan ramma laganna og gera ekki skyssur sem augljóslega koma til með að skaða sveitarfélagið.

Við höfum eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, við höfum bókhaldsnefnd, þ.e. reikningsskila- og upplýsinganefnd, sem samræmir bókhald sveitarfélaga. Báðar þessar nefndir hafa skoðað málin í Hafnarfirði og talið þá reikningsskilavenju góða sem bókhald Hafnarfjarðar er færð eftir.

Ég held að allir Hafnfirðingar viti að Áslandsskóli er byggður í einkaframkvæmd. Ég skil ekki að nokkur maður í Hafnarfirði gangi að því gruflandi. Og ég held að það viti líka allir að bærinn eignast ekki þessa byggingu þegar leigutímanum lýkur.

Ég lít svo á að Hafnarfjörður fái þessa upphæð útborgaða á fjórum árum. Hún er ekki teygð yfir 20 eða 25 ár.

[17:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við komumst sennilega ekki mikið lengra við þessa 1. umr. um málið. Þessu máli er auðvitað langt í frá lokið og þarf að gaumgæfa það mjög rækilega í nefnd.

Staðreyndin er sú sem ég gat um fyrr, að vandræðagangurinn sem birtist í þessu frv. stafar af því að félmrn.

hefur ekki búið sveitarfélögum skýrar og skilmerkilegar leikreglur í þessu sambandi. Það er auðvitað engin tilviljun að velflest sveitarfélög í landinu, þar á meðal sveitarfélag hv. þm. Gunnars Birgissonar þar sem raunar sams konar hægri stjórn ræður ríkjum og í Hafnarfirði, hafa kosið að fara allt aðra leið og fjármagna skólabyggingar sínar sjálf. Því hefði ég kosið, og hæstv. ráðherra væri maður að meiri ef hann kvæði einfaldlega upp úr með það að stefna hans sem ráðherra sveitarstjórnarmála og Framsfl. um leið sé ekki sú sem flokksbræður hans og hægri stjórnin í Hafnarfirði hefur farið. Ég bíð enn þá skýrra svara við því.

[17:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki hér og nú að kveða upp úr með það að þeir séu endilega vitrari í Kópavogi en í Hafnarfirði. Ég held að þetta séu út af fyrir sig ágætar sveitarstjórnir á báðum stöðum þó að þær velji ekki sömu leiðina.

Hins vegar er líka dálítið þreytandi að ræða þetta einangraða Hafnarfjarðarmál þó að það sé hluti af þessu frv. Mér dettur í hug sagan af íslenska þingmanninum sem réðst á íslenskan forsætisráðherra í útlöndum. Þá sagði norskur sessunautur minn: „Han har hatt med seg skittentøyet hjemmefra."

[17:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Húsnæðisstofnun, sem nú heitir Íbúðalánasjóður, er látin selja eigið húsnæði og gerast leiguliði. Nú upplýsir hæstv. félmrh. okkur um að vextir af söluandvirðinu rísi undir leigukostnaðinum, þ.e. sú hafi verið hugsunin. Fróðlegt væri að fá úttekt á því hvort svo sé í raun og hvort svo muni verða um alla framtíð, hvort menn séu búnir að finna upp eins konar eilífðarvél.

Einkaframkvæmd er jafnvitlaus í Reykjavík og í Hafnarfirði. Munurinn er sá að Hafnfirðingar hafa gengið öllu lengra og farið með einkaframkvæmdina inn í grunnskólana. En hún er jafnvitlaus að því leyti að hún er fjárhagslega óskynsamleg fyrir borg og bæ. Það má vel vera að einhver tiltekin íþróttahöll hefði ekki risið ef hún hefði ekki verið fjármögnuð með einkaframkvæmd. Á sama hátt má vel vera að það leysi vandamál sveitarfélaga sem standa frammi fyrir einsetningu grunnskóla að nýta sér einkaframkvæmdina, eins og segir í grg. með þessu frv., til skamms tíma. En þegar til lengri tíma er litið er þetta miklu kostnaðarsamara, miklu þyngri byrðar sem lagðar eru á skattborgarann og notandann. Þannig er þetta til lengri tíma litið.

Ástæðan fyrir því að íþróttahallirnar rísa og skólarnir eru kannski reistir á hraðar en ella hefði verið er sú að menn ávísa reikningnum inn í framtíðina. Það finnst mér ekki vera sérlega ábyrg stefna.

[17:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun ganga eftir því við Íbúðalánasjóð hvort þessar upplýsingar sem ég fékk eða fullyrðingar hafi staðist. Það vill svo til að það er að því komið að Íbúðalánasjóður skili reikningum sínum fyrir árið í fyrra þannig að ég mun hafa hæg heimatökin með það.

En ef einkaframkvæmd er jafnvitlaus og hv. 13. þm. Reykv. heldur fram þá kemur það væntanlega þeim í koll sem fyrir henni standa. Íbúarnir munu ekki una því til lengdar að farið sé svo illa með þá sem hv. þm. segir.

[17:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að við fáum skjótt niðurstöður þessarar athugunar á fjármögnun á húsnæðiskostnaði Íbúðalánasjóðs. Einnig væri fróðlegt að vita hvernig menn ætla að þetta verði á næstu árum.

Staðreyndin er sú að einkaframkvæmdin kemur einmitt þeim í koll sem reyna hana. Það hefur gerst í Bretlandi og annars staðar. Staðreyndin er að þetta er pólitísk stefna sem er því miður knúin áfram af hagsmunaaðilum sem vilja hagnast á þessari stefnu, sem vilja græða á þessu fyrirkomulagi. Yfirleitt eru það hægri menn sem hafa staðið fyrir þessu formi og þjónar þá hagsmunum þeirra sem hlut eiga að máli, þótt á því séu heiðarlegar undantekningar, eins og dæmin sanna. Ég hef grun um að næsti ræðumaður hér sé einmitt dæmi um slíkt, hv. þm. Gunnar Birgisson.

[17:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa það að ég tel ástæðu til að taka einkaframkvæmdarsamningum með varúð og reyna í upphafi að átta sig á hvernig þeir muni þróast, hvort þeir séu fjárhagslega skynsamlegir eða ekki. Ég verð hins vegar að treysta sveitarstjórnarmönnum til að hafa frelsið til að leggja það niður fyrir sér áður en þeir rjúka í einkaframkvæmd.

[17:29]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé um mismunun að ræða í frv. Það stendur hér með, leyfi forseta:

„Loks skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að önnur sveitarfélög en þau sem hafa fengið samþykki menntamálaráðherra til að fresta framkvæmd ákvæðis 3. gr. laga um grunnskóla um einsetningu grunnskóla muni geta sótt um styrk til framkvæmda sem hefjast á árunum."

Ég spurði hæstv. ráðherra áðan hvort þetta gilti um þau sveitarfélög sem einsettu skólana frá 2002–2005, þ.e. sveitarfélög sem eru að byggja upp. Samkvæmt jafnræðisreglu held ég að þetta geti ekki staðist. Ég held að það þurfi að athuga þetta mál.

Í öðru lagi talaði hæstv. ráðherra um normin og kostnaðinn. Það er alveg rétt, það er vandamál hið mesta, þessi 12–14% sem sveitarfélögin fá greitt. Sveitarfélögin hafa ekki byggt eftir öðrum normum heldur en þau eiga að gera. Það sem hefur breyst er að þau hafa byggt yfir dægradvöl fyrir nemendur. Það er ekki inni í stöðlunum en það er samt mjög einkennilega og knappt reiknað. Ég skil að ríkið vilji halda vel á peningum sínum en ég held að það þurfi að skoða þetta og sveitarfélög kvarta almennt mjög undan þessu.

Ég fékk ekki frekar en hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson svar við því hvernig ætti að dreifa þessum 65 millj. eða 260 millj., hvort þær dreifðust yfir tímann eða eingöngu á þau fjögur ár sem hér um getur.

Ég vildi hins vegar leiðrétta hæstv. ráðherra með annað. Hann segir að sveitarfélögin hafi fengið meira en kostaði að reka grunnskólann áður en kom til leiðréttingar á kjarasamningum við kennara. Það er alrangt hjá hæstv. ráðherra. Það sem bjargaði málinu var gífurlegur tekjuauki og virðisauki í þessu þjóðfélagi sem hækkaði tekjur allra í landinu, þar á meðal sveitarfélaganna. Þannig sluppum við á sléttu frá málinu.

[17:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samþykki menntmrh. þarf til þess að fresta einsetningunni og þau sveitarfélög sem ekki voru klár með einsetninguna í ár eða sáu fram á það að verða það ekki hafa snúið sér til menntmrn. og fengið væntanlega samþykki fyrir frestinum.

Normin heyra undir menntmrn. og ég vil ekki blanda mér í það. En þetta hefur verið dýrara en normin segja til um.

Þessir peningar verða greiddir á fjórum árum þannig að ekki kemur til greina að dreifa þeim á 25 ár.

Varðandi hvernig samningarnir hafi reynst sveitarfélögunum þá vitna ég bara til þess sem hagdeild Sambands íslenskra sveitarfélaga reiknaði út sjálf, að samningarnir gerðu fyrstu þrjú árin betur, og þetta kom fram á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri.

[17:32]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra kom inn á einkaframkvæmd og ræddi aðeins um hana. Það er náttúrlega engin spurning að ég er alls ekki á móti þeirri aðferð þar sem hún á við. En spurningin er hvort menn vilji fá framkvæmdirnar eða mannvirkin strax og greiða þá mismun í vöxtum, sem getur verið allverulegur.

En af því að hæstv. ráðherra talaði um íþróttamiðstöð í Grafarvogi þá hafa þeir valið þá leið að fara einkafjármögnunarleiðina með einkaframkvæmdina. En það er annað íþróttahús, kannski ekki alveg eins stórt og í Reykjavík, sem er að rísa í Kópavogi, og þar borga menn það út úr rekstri þess sveitarfélags. Þetta er því allt spurning um hvernig menn reka sveitarfélög sín og hvað er í tekjuafgang. Ef þau geta byggt þá eiga þau að gera það en greinilega hefur Reykjavík ekki átt fyrir þessu og þurft að fara þessa leið.

[17:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur líka skipt máli hversu sveitarstjórnir eru kaldar að skuldsetja sveitarfélög sín.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 1. umr.

Stjfrv., 629. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 990.

[17:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frumvarp þetta er m.a. lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar, sbr. tilskipun nr. 77/187/EBE og tilskipun nr. 98/50/EB um sama efni. Fól gerð frv. því jafnframt í sér endurskoðun á gildandi lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, sem lagt er til að verði felld úr gildi. Þær breytingar sem frv. felur í sér á gildandi lögum eru sambærilegar þeim breytingum sem tilskipun nr. 98/50/EB hafði á efni eldri tilskipunar.

Reglur frv. taka til réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti á grundvelli framsals eða samruna. Eðli aðilaskiptanna, þ.e. hvort þau verða t.d. fyrir sölu eða leigu á fyrirtæki, er ekki aðalatriðið í þessu tilliti heldur skiptir meginmáli að nýr vinnuveitandi komi að rekstri fyrirtækisins í stað hins fyrri. Er talið nægjanlegt að nýr aðili verði ábyrgur fyrir rekstri fyrirtækis og teljist því vinnuveitandi starfsfólksins.

Gert er ráð fyrir að réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað færist yfir til framsalshafa. Skal framsalshafi virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Gert er ráð fyrir að gildissvið frv. taki bæði til einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja án tillits til þess hvort þau eru starfrækt með það að markmiði að afla eigendum hagnaðar. Þá eru lagðar til tvær undanþágur frá gildissviði frv. Að því er varðar opinbera aðila er gert ráð fyrir að frv. gildi ekki um breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærslu á verkefnum milli stjórnvalda. Þá er gert ráð fyrir að gildissvið þess taki jafnframt ekki til hafskipa.

Hugtökin framseljandi, framsalshafi, fyrirtæki og aðilaskipti eru sérstaklega skilgreind en hugtakið aðilaskipti var skýrt nánar í tilskipun 98/50/EB með tilliti til túlkunar Evrópudómstólsins og 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/187/EBE. EFTA-dómstóllinn hefur í dómum sínum vísað til dóma Evrópudómstólsins um túlkun á þessari tilskipun.

Frv. hefur að geyma nánari reglur um upplýsingar og samráð vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum samanborið við ákvæði gildandi laga til viðbótar þeim upplýsingum sem vinnuveitanda er skylt að láta trúnaðarmanni starfsmanna í té eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi samkvæmt gildandi lögum og lagt er til að hann gefi upplýsingar um dagsetningu aðilaskiptanna eða fyrirhugaða dagsetningu þeirra, ef svo ber undir. Enn fremur er að finna í frv. nánari ákvæði um upplýsingaskyldu framseljanda og framsalshafa gagnvart trúnaðarmönnum starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi.

Ákvæði 7. gr. frv. eru nýmæli, en þar er kveðið á um að þær skyldur sem hvíla á vinnuveitanda um upplýsingar og samráð gildi án tillits til þess hvort ákvörðun um aðilaskipti er tekin af vinnuveitanda sjálfum eða fyrirtæki sem vinnuveitandi heyrir undir.

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar og samráð er lagt til að það verði ekki talin nægjanleg réttlæting á ætluðu broti vinnuveitanda að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um aðilaskipti var tekin.

Í frv. er enn fremur lagt til það nýmæli að vinnuveitandi, hvort heldur framseljandi eða framsalshafi, geti orðið skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum brjóti hann gegn ákvæðum laganna, verði frv. þetta að lögum. Á það sérstaklega við þegar vinnuveitandi virðir ekki launakjör og starfsskilyrði þeirra starfsmanna, verndina gegn uppsögnum og skylduna til upplýsinga og samráðs.

Frv. er því til þess að tryggja réttarstöðu starfsmanna og ég tel að brýnt sé að gera það. Mikið er um að fyrirtæki sameinist eða skipti um eigendur og þá þarf að tryggja að sómasamlega sé komið fram við starfsmennina.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. til skoðunar.

[17:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum nú og hæstv. ráðherra hefur nýlokið við að gera grein fyrir er um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti á fyrirtækjum og er, eins og svo margar tilskipanir sem við setjum í lög okkar eftir að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, til að tryggja réttarbætur launamanna og starfsfólks. Get ég ekki séð annað við yfirferð frv. en að þetta séu allt saman miklar réttarbætur sem hér er verið að lögfesta í íslensk lög og mun ég að sjálfsögðu styðja það og tel það rétt hjá hæstv. ráðherra að mikilvægt sé að þessi ákvæði öll komi í íslensk lög til að bæta hag þeirra sem starfa hjá þeim fyrirtækjum sem aðilaskipti verða hjá.

Tel ég að frv. ætti að geta farið fljótt og vel í gegnum félmn. þegar það kemur þangað ef menn hafa þá tíma til vegna anna við önnur frv. að skoða það. En eins og hæstv. ráðherra hlýtur að vita eru stór og viðamikil mál í félmn. sem á eftir að vinna og ekki langt eftir af þessu þingi.

En ég tek undir með hæstv. ráðherra að þetta er mikilvægt mál sem við fjöllum um og full ástæða til að komi inn í lög.

[17:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir að þetta er mál sem þarf að fá greiða leið í gegnum þingið. Eins og hér kom fram er það byggt á tilskipunum úr EES-samstarfinu, Evópusamstarfinu, þar koma aðilar íslensks vinnumarkaðar að máli, fulltrúar ASÍ og BSRB hafa aðkomu að Evrópusambandi verkalýðsfélaga, ETUC, og þaðan er þetta runnið.

Sannleikurinn er sá að Íslendingar geta haft áhrif á Evrópulöggjöfina með ýmsum hætti. Menn hafa iðulega gert einum of mikið úr tilskipunum og lagasetningu sem frá Evrópu kemur í tvennum skilningi. Annars vegar hafa menn sagt að við séum að taka upp 80% af Evrópulöggjöfinni og finnst mikið og sakna þess að við höfum ekki meiri áhrif við smíði þessarar lagagerðar. Staðreyndin er sú að að uppistöðu til eru þær tilskipanir og lög sem vísað er til margvísleg stöðlun á reglum og reglugerðum og ekki nema sjálfsagt mál að eiga aðild að því, enda koma íslenskir embættismenn iðulega að smíði slíks. Annað er runnið upp úr samstarfi aðila á vinnumarkaði og þar höfum við líka þá aðkomu.

Það sem hins vegar skiptir máli þegar kemur að því að skilgreina fullveldi Íslendinga í Evrópustarfinu þá eru það einstakir þættir sem lúta að breytingum á grunngerð samfélags okkar. Þar mundi litlu skipta hvort við ættum aðild að Evrópusambandinu eður ei, reyndar má færa gild rök fyrir því að áhrif okkar mundu stórlega dvína með aðild að Evrópusambandinu, það mundi draga stórlega úr þeim áhrifum.

Ég sagði að í tvennum skilningi gerðu menn iðulega of mikið að mínum dómi úr áhrifunum frá Brussel. Annars vegar þetta og einnig hitt að það sem við höfum gert best á sviði réttinda íslensks launafólks höfum við gert hér sjálf og þar stöndum við Evrópusambandsríkjunum langt framar. Ég vísa t.d. í lífeyrisréttindin og löggjöf sem Íslendingar hafa sett um lífeyrisréttindin. Ég vísa í fæðingarorlof og ég vísa í margvísleg önnur réttindi sem Íslendingar hafa sjálfir staðið að en hafa ekki verið mataðir á frá Brussel.

En ég tek undir orð hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um að æskilegt er að frv. fari sem fyrst til umsagnar hjá verkalýðshreyfingunni og komi síðan inn í þingið og fái þar vonandi skjóta meðferð.

[17:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þó að kannski megi segja að hvatinn að þessu frv. sé kominn frá Brussel þá vil ég taka fram að fullkomin sátt er um frv. á milli aðila vinnumarkaðarins. Þetta mál hefur verið rætt bæði í félmrn. og í samstarfsnefnd sem aðilar vinnumarkaðarins eiga aðild að með félmrn. Þetta frv. er samið af þeirri nefnd og mótað þó að hvatinn að því sé ættaður frá Brussel. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að við megum ekki gera okkur gyllivonir um einhver veruleg áhrif í Brussel þó við gengjum í Evrópusambandið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 621. mál (gæðastýrð sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 974.

[17:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 974. Það er 621. mál. Um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Með frv. þessu er stefnt að því að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eða gæðastýrt framleiðsluferli á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands og landbrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands 11. mars 2000, skv. 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2007.

Markmið samningsins eru þessi:

að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,

að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt,

að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið,

að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,

að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

Það er vilji samningsaðila að ná þessum markmiðum m.a. með því að beina stuðningi að gæðastýrðri framleiðslu, efla rannsóknir, kennslu, leiðbeiningar og þróun greinarinnar og vinna að sátt um landnýtingu. Samningnum fylgdu tvö fylgiskjöl, annars vegar fylgiskjal 1 sem bar yfirskriftina „Gæðastýrð sauðfjárrækt, stjórnun, ábyrgð, undirbúningur, framkvæmd, eftirlit og tilgangur gæðastýringar í sauðfjárrækt“ og hins vegar fylgiskjal 2, „Viljayfirlýsing vegna mats á landnýtingu vegna gæðastýringarþáttar í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða“. Bæði framangreind fylgiskjöl hafa að verulegu leyti verið lögð til grundvallar við gerð þessa frv.

Samningurinn var lögfestur af Alþingi með lögum nr. 88/2000, um breyting á lögum nr. 99/1993, þar með taldar álagsgreiðslur vegna gæðastýrðs framleiðsluferlis.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 99/1993 eins og ákvæðið hljóðar eftir þær breytingar sem gerðar voru á lögunum með lögum nr. 88/2000, sbr. 10. gr. laganna, eiga allir sauðfjárframleiðendur sem á árunum 2003–2007 uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu rétt til sérstakra álagsgreiðslna úr ríkissjóði. Álagsgreiðslurnar skulu greiddar af uppkaupaálagi, sbr. 4. mgr. 38. gr., og af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um skv. 1. mgr. 39. gr. laganna. Álagsgreiðslur geta að hámarki numið 100 kr. á hvert kg dilkakjöts.

Við meðferð frv. á Alþingi var gerð sú breyting á frv. að lögfest var sérstakt ákvæði til bráðabirgða, P, þar sem fram kemur að landbrh. skuli leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á IX. kafla laga nr. 99/1993, með nánari ákvæðum um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar eigi síðar en 1. febrúar 2002. Það frv. sem hér liggur fyrir er lagt fram í þem tilgangi að uppfylla framangreint ákvæði til bráðabirgða P, í lögum nr. 99/1993.

Samkvæmt samningnum um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var 11. mars 2000 tekur gæðastýringin til eftirtalinna þátta:

1. Landnota. Framleiðendur skulu sýna fram á afnotarétt af landi, þar með talinn afrétt, sem fullnægir beitarþörf alls búpenings viðkomandi bús. Nánar skilgreint í gæðahandbók.

2. Einstaklingsmerkinga. Sauðfé skal merkt og skráð samkvæmt gæðahandbók.

3. Kynbótaskýrsluhalds. Bústofn skal skráður og metinn í viðurkenndu kynbótaskýrsluhaldi.

4. Gæðadagbókar. Hirðing og meðferð bústofns skal skráð samkvæmt gæðahandbók.

5. Búfjáreftirlits. Leggja skal fram vottorð frá búfjáreftirlitsmanni sveitarfélags um fóður, aðbúnað og ástand búfjár í samræmi við ákvæði gæðahandbókar. Lagt skal mat á ytri ásýnd býlisins í samræmi við ákvæði gæðahandbókar.

6. Lyfjaeftirlits. Gera skal grein fyrir kaupum og notkun lyfja á búinu í gæðahandbók.

7. Áburðarnotkunar og uppskeru. Gera skal grein fyrir áburðarnotkun, hvernig hún er ákvörðuð og uppskera skráð af hverri spildu í samræmi við ákvæði gæðahandbókar.

8. Fóðrunar. Gera skal grein fyrir fóðrun og fóðurefnum, (beit, heygjöf, kjarnfóður, annað) í samræmi við ákvæði gæðahandbókar.

Samkvæmt frv. þessu byggist gæðastýrð sauðfjárframleiðsla á notkun framleiðenda á gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbrh. staðfestir. Með frv. er lagður grunnur að því að rekjanleiki sauðfjárafurða verði tryggður og hægt verði að votta framleiðsluaðferðir og aðstæður. Ábyrg meðferð lands að mati sérfræðinga Landgræðslu ríkisins er einnig skilyrði fyrir að um geti verið að ræða gæðastýrða framleiðslu. Sérstök ákvæði eru í frv. um þau sjónarmið sem Landgræðsla ríkisins ber að leggja til grundvallar við mat á landnýtingu. Þeir aðilar sem ekki uppfylla kröfur um landnýtingu eiga í langflestum tilfellum kost á að gera sérstaka landbóta- og/eða landnýtingaráætlanir og að uppfylla með því kröfur um landnýtingu. Bændasamtök Íslands og Landgræðsla ríkisins munu staðfesta hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um landnýtingu, gæðahandbók, sauðfjárskýrsluhald og aðbúnað og meðferð búfjár. Landbrh. er einnig heimilt að fela faggiltum aðilum samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að hafa eftirlit með einstökum þáttum gæðastýringarinnar. Þá er í frv. gert ráð fyrir að sérstök úrskurðarnefnd skeri úr ef ágreiningur rís um rétt einstakra framleiðenda til álagsgreiðslna vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu.

Gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem sauðfjárframleiðendur munu taka í notkun ef frv. þetta verður að lögum er staðlað kerfi þannig að allir framleiðendur nota sama kerfið.

Þetta gæðastýrða kerfi í sauðfjárrækt byggir á skjalfestingu á þeim aðstæðum og aðferðum sem notaðar eru við framleiðsluna. Tilgangurinn með slíkum skráningum er tvíþættur: Annars vegar hefur skráning slíkra upplýsinga þann tilgang að vera hjálpartæki fyrir framleiðendur til þess að ná betri árangri í sínum rekstri. Stór hluti íslenskra sauðfjárbænda hefur þegar langa reynslu af notkun kynbótaskýrsluhalds og velkjast fáir í vafa um að það hefur skilað gríðarlegum árangri. Það skýrsluhald verður grundvöllurinn í gæðastýringunni og inn í það verður byggð lyfja- og sjúkdómaskráning, en krafan í dag frá markaðnum er að slík notkun á lyfjum við sjúkdómum sem upp koma liggi alveg ljós fyrir. Aðrir skráningarþættir gæðastýringarinnar, svo sem skráning á áburðarnotkun og uppskeru, eru í raun þættir sem þegar í dag eru skráðir á mörgum búum. Allt á þetta að geta nýst til að stórefla leiðbeiningar og faglegt starf í sauðfjárræktinni. Hins vegar eru upplýsingarnar notaðar við markaðssetningu á vörunum, þ.e. skráningin hefur þann tilgang að upplýsa neytandann eða fulltrúa hans um hvernig afurðin er framleidd. Á síðustu árum hafa markaðsaðstæður breyst á alþjóðlegum matvælamarkaði á þann hátt að nær ómögulegt er að markaðssetja vöru á þeim grundvelli að hún sé á einhvern hátt hreinni og betri en önnur án þess að sanna þá fullyrðingu með einhverju slíku skráningarkerfi. Þetta hygg ég að bæði bændur og ekki síður alþingismenn geri sér grein fyrir að menn geri ekkert út í loftið. Sú umræða sem hér var í dag um merkingar á útflutningi sýnir kannski að menn verða að vinna samkvæmt því kerfi þegar um útflutning er að ræða. Gæðavottun og rekjanleiki er því grundvöllur að markaðssetningu íslenska lambakjötsins í framtíðinni að mínu mati og það er auðvitað mat bændanna sem komu að þessari samningsgerð og fulltrúa ríkisins einnig.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga mun hafa yfirumsjón með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu hér á landi fyrir hönd landbrh. ef frv. þetta verður að lögum. Nefndin er framkvæmdaraðili samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var 11. mars árið 2000 og samkvæmt einstökum ákvæðum laga nr. 99/1993. Því er eðlilegt að nefndin hafi einnig umsjón með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu samkvæmt því frv. til laga sem hér liggur fyrir.

Hæstv. forseti. Þá geymir frv. sérstök ákvæði til bráðabirgða sem fela í sér frávik frá öðrum ákvæðum laganna og er einungis ætlað að koma til framkvæmda á árinu 2003, en hér er um að ræða lengri fresti fyrir Bændasamtök Íslands og Landgræðslu ríkisins til að skila gögnum samkvæmt frv. við upphaf gæðastýringar.

Loks má geta þess að samningur um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var 11. mars árið 2000 gildir til 31. desember árið 2003 og er ákvæðum þessa frv. því markaður sami gildistími. Mikil áhersla var lögð á það í þessum samningum af hálfu bændanna að fá langtímasamning til þess að vinna eftir, enda er það mikilvægt þegar menn fara inn í slíkt kerfi eins og hér náðust samningar um.

Mikil vinna er nú að baki við undirbúning að upptöku gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu hér á landi, en hún hófst jafnskjótt og lög nr. 88/2000, um breyting á lögum nr. 99/1993, höfðu tekið gildi. Afrakstur þeirrar vinnu liggur nú

þegar fyrir í heilsteyptu gæðakerfi sem samið hefur verið eftir rekstrarfyrirkomulagi og aðstæðum sauðfjárbænda. Kerfið er í vörslu Bændasamtaka Íslands og hefur þegar verið kynnt bændum. Hafa nú 1.630 framleiðendur sótt fyrri dag námskeiðs í notkun þess og fengið afhenta gæðahandbók. Þetta eru um 85% af greiðslumarkshöfum í sauðfé. Áformað er að seinni dagur námskeiðsins verði nú í vor áður en sauðburður hefst.

Samhliða þessari vinnu hafa bændur í Norður-Þingeyjarsýslu tekið þátt í tilraun þar sem hið gæðastýrða framleiðsluferli er prófað. Niðurstöður þeirrar tilraunar lofa góðu um framhaldið. Ég hef haft samband við nokkra þeirra bænda sem hafa unnið eftir þessu kerfi. Auðvitað hefur það verið einfaldað á reynslutímanum. Þeir telja að kerfið sé ekki flókið heldur auðvelt í allri framkvæmd.

Áhersla á vottuð gæðastýringarkerfi í matvælaiðnaði hefur aukist mjög á síðustu árum í kjölfar aukinna krafna neytenda um matvælaöryggi og vegna meiri fjarlægðar milli framleiðenda og neytenda. Flest lönd sem við miðum okkur við eru að taka upp einhvers konar gæðastýringu í landbúnaði. Norðurlöndin eru komin þó nokkuð áleiðis. Það má leiða að því líkur að allur búskapur framtíðarinnar muni nota gæðastýringarkerfi sem tekur til alls framleiðsluferilsins, nýtingar, aðfanga og nýtingar náttúrunnar. Krafan um þetta hefur orðið háværari á síðustu missirum í kjölfar áfalla tengdum kúariðu, gin- og klaufaveiki og ekki síst vegna sjúkdóma sem gengið geta milli manna og dýra.

Á fylgiskjali með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa til þess. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar með frv. og athugasemda með frv.

Hæstv. forseti. Frv. þetta er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu í samræmi við ákvæði samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands og landbrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs 11. mars árið 2000. Hér er um að ræða stórt skref fram á við fyrir þessa atvinnugrein og bind ég vonir við að þetta muni styrkja sauðfjárrækt í landinu, efla hag sauðfjárbænda og stuðla að betri og vandaðri afurðum fyrir neytendur.

Ég vek einnig athygli á því að vegna nýjunga í þessum samningi var það sameiginlegt álit viðsemjenda að samningurinn þyrfti í almenna atkvæðagreiðslu meðal bænda. Skoðun þess sem hér stendur var að annað væri ófært en að bændur þessa lands fengju að segja álit sitt á þessum samningi og greiða um hann atkvæði í almennri atkvæðagreiðslu. Það er í fyrsta sinn sem slíkt er gert með samningi um framleiðslu sauðfjárafurða. Ég minnist þess að þeir samningar sem ég hef orðið vitni að hafa valdið mjög mikilli gagnrýni meðal bænda, þ.e. á að fá ekki að segja álit sitt í almennri atkvæðagreiðslu.

Þessi samningur var samþykktur í nefndri atkvæðagreiðslu með $^2/_3$ hluta atkvæða, þ.e. 66% bænda samþykktu samninginn og vildu gera hann að sínum. Þannig greiddi afdráttarlaus meiri hluti bænda þessari leið atkvæði sitt og vildi fara þessa leið inn í nýja öld. Heildarsamtök bænda, bæði Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda, hafa á öllum stigum stutt þetta mál og styðja frv. eins og það lítur út í dag.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[18:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. landbrh. um mikilvægi þess að efla og auka gæði í framleiðslu sauðfjárafurða og í sauðfjárrækt. Einnig tek ég undir að sauðfjárbúskapur sé stundaður með þeim hætti að hann sé vistvænn, umhverfisvænn og sjálfbær í sátt við landið og jafnframt sé þar stundað ræktunarstarf og meðferð á búfé sem skilar mestum og bestum arði á hverjum tíma.

Ég vildi hins vegar spyrja hæstv. ráðherra út í ákveðin atriði. Í þeim tillögum sem hér er verið að leggja fram um gæðastýringuna, það að tengja greiðslur til framleiðenda aðild þeirra að gæðastýringunni, er látið að því liggja að skilyrði fyrir samningnum, að þessar magntengdu greiðslur vegna gæðastýringarinnar kæmu ekki inn í samninginn nema þær væru tengdar gæðastýringunni. Ég hef heyrt haft eftir hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, sem er einn af fjármálasérfræðingum Sjálfstfl. á þingi, að svo hafi alls ekki verið. Það hafi verið ákveðin heildarupphæð í samningnum og síðan hafi útfærslan verið í annarra höndum. Þetta tvennt, gæðastýringin og heildarupphæðin sem var lögð inn í samninginn, tengdust því ekki jafnrækilega og hæstv. ráðherra lét að liggja.

[18:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir hið góða upphaf ræðu hans.

Hvað varðar gæðastýringuna og það fjármagn er náttúrlega alveg ljóst að gæðastýringin verður til í samninganefndinni. Ég heyrði formann Landssambands sauðfjárbænda lýsa hvernig það varð til á aðalfundi sauðfjárbænda og í raun var þessi aðferð samþykkt þar.

Hitt er alveg ljóst, það þekkir hv. þm. sem góður bissnessmaður, að til þess að fá menn með verður að vera hvati, til að fá menn til þess að virka í þessu, kannski svipað og í því kerfi sem við þekkjum úr sjávarútveginum þar sem fólk vinnur í fiskvinnslustöðinni og er á bónus, þ.e. fær þeim mun betra sem afköstin og vandvirknin er meiri. Þar er auðvitað verið að mismuna fólki.

Mér er alveg ljóst að þessi samningur er réttari hvað fjármagnið varðar til lengdar því árátta fjmrn. er auðvitað að hafa halla í öllum samningum. Þessi samningur er í rauninni ekki með halla. Það er rétt sem hv. þm. spyr um. Að mínu mati náðust meiri peningar inn í þennan samning út á hin góðu áform um gæðastýringuna. Ég hvet bændur til þess að átta sig á því að þetta er einfalt kerfi og menn eru að vinna eftir því um allt land. Þetta er nýtt tækifæri og ég hvet alla bændur til að vera með í þessu skemmtilega verkefni og trúi því að sauðfjárræktin verði öflugri á eftir.

[18:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Nú er það svo, herra forseti, að gæðastýring með þessum hætti mismunar bændum, ekki endilega eftir vörugæðum heldur eftir því hvort þeir eru aðilar að þessari gæðastýringu. Spurning mín til hæstv. landbrh. er: Var sett að skilyrði fyrir því að fjármagn sem lýtur að gæðastýringunni færi inn í samninginn að það deildist út með þeim hætti að það leiddi til ójöfnuðar meðal bænda? Var það sett sem skilyrði af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum samningum?

Hefur hæstv. landbrh. engar áhyggjur af því að magntengja ríkisstuðninginn eins og gert er, bæði með þessu og öðrum álagsgreiðslum. Óttast hann ekki að magntengja hann

í ljósi þess að við erum nú að flytja út og megum búast að flytja út um 20–30% af heildarframleiðslunni á verði sem er ekki einu sinni helmingur af framleiðslukostnaði? Hefur hæstv. landbrh. engar áhyggjur af því að vera að búa til kerfi sem hvetur til framleiðsluaukningar án þess að viðunandi markaður sé fyrir hendi? Væri ekki nær að setja þetta fjármagn í að efla innanlandsmarkaðinn, efla hann enn meira?

Ég ítreka, herra forseti: Hefur hæstv. ráðherra ekki áhyggjur af því að þessi atriði muni kerfisbundið örva framleiðsluna og leiða til mismununar milli bænda?

[18:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir fram mismunar þetta kerfi ekki bændum. Allir bændur eiga kost á að vera með í þessari gæðastýringu. Fyrir fram mismunar það ekki. Hins vegar eiga menn það val að búa áfram og vera utan við kerfið.

Ég er klár á því að það þekkir enginn betur en gamli skólastjórinn á Hólum, þ.e. gæðastýringuna, alla vega í hestamennskunni og árangurinn sem komið hefur af því. Hann veit að það þarf að vera gulrót í öllum málum. Þó að vinstri grænir séu kannski ekki mikið fyrir peninga þá skilja þeir samt að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal og peningar hvetja stundum, alla vega þegar þeir eru sem gulrót til að hvetja menn. Allir vilja meiri peninga, jafnvel vinstri grænir ef ég þekki þá rétt. Þannig voru alla vega gömlu kommúnistarnir sem eru undanfari ... (Gripið fram í.) Ég hef sama frelsi og vinstri grænir í ræðustóli Alþingis að fá að tala. (**JB:** Já, já.) Það er frelsi sem ég vil fá að njóta og hv. þm. tekur bara við af mér hér í stólnum.

Það er enginn vilji til að mismuna bændum. Þeir eiga allir sama möguleika. Nú er annað slagið sagt að þetta sé framleiðsluhvati. Hins vegar er sagt að þetta sé kerfi til þess að hrinda mönnum út úr framleiðslunni og draga úr framleiðslu. Fyrst og fremst hef ég séð í gegnum líf mitt að þeir sem taka þátt í félagsstarfi og ræktunarstarfi og halda skýrslur reka betri búskap. Það hefur komið í ljós, hv. þm., að bóndinn sem er í þessu kerfi er í dag með einu kílói þyngri meðalvigt en hinir sem ekki eru með. Hann er að skila hálfu lambi meira eftir á en hinir. Þessi er hvatinn, að fá menn inn í kerfið til að standa sig vel og hafa betri arð af búskap sínum. Ég held, hæstv. forseti, að þetta kerfi muni skila íslenskri sauðfjárrækt betri stöðu.

[18:13]

Útbýting þingskjala:

Fasteignakaup, 253. mál, nál. allshn., þskj. 1056; brtt. allshn., þskj. 1057.

Fjármögnun vetnisrannsókna, 574. mál, svar iðnrh., þskj. 997.

[18:13]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Í upphafi vil ég taka fram að ég er ekki á móti skilgreindu gæðakerfi í sauðfjárrækt. Í núverandi tillögum eru atriði sem eru sjálfsögð, eins og kynbótaskýrsluhald, lyfjaskráning og einnig landnot. Hins vegar hef ég miklar efasemdir um þá útfærslu sem valin hefur verið og mun hér fara yfir það sem ég tel athugavert.

Aldrei hef ég orðið vör við aðra eins vakningu meðal bænda og undanfarnar vikur vegna andúðar þeirra á þessum samningi eftir að útfærsla hans var gerð kunn. Þegar talað er um hve margir samþykktu þennan samning þá gef ég ekki mikið fyrir það. Því miður hefur komið í ljós að þegar samningurinn var kynntur var hann að margra mati kynntur á röngum forsendum. Þá töluðu forustumenn bænda um að það væri krafa viðsemjenda að fyrirhuguð gæðastýring næði fram að ganga. Þegar eftir því hefur verið leitað kemur fram að þetta er ekki rétt. Nú hafa forustumenn bænda komið fram og viðurkennt að þetta hafi komið frá þeim. Þeir hafa viðurkennt krógann.

Sauðfjársamningurinn í heild sinni er flókinn. Í samanburði við mjólkursamninginn er þetta ekki skilvirkt fyrirkomulag. Við höfum séð skilvirkni í samningum við kúabændur en því miður er erfitt að sjá hana í sauðfjársamningnum. Hættan er sú að svo mikil stýring valdi því að kerfið brotni innan frá. Sú mismunun sem gert er ráð fyrir í grunngreiðslu til bænda, eftir því hvort menn fara í skilgreindan feril eða ekki, orkar tvímælis. Einnig þarf að líta á hver staðan er í dag. Fyrirsjáanleg er aukning á útflutningsskyldu strax í haust og mikil óvissa er um hvernig staðið verði að útflutningi og lítil tengsl eru við markaðinn.

Þann 5. mars sl. var utandagskrárumræða í þinginu um afkomu sauðfjárbænda. Það er staðreynd að afkomu sauðfjárbænda hefur hrakað ár frá ári. Meðaltekjur sauðfjárbónda með 300 fjár eru um 1 millj. 50 þús. kr. á ári. Afkoma sauðfjárbúa sýnir að hún nægir ekki til að greiða eigendum laun í samræmi við vinnuframlag og þau launakjör sem verðlagsnefnd gerir ráð fyrir. Verð til bóndans hefur minnkað um 6% meðan verð út úr verslunum hefur hækkað um 17%. Sauðfjárbúum með virku greiðslumarki hefur fækkað um 208 á árunum 1995–2000, en þrátt fyrir það jókst framleiðsla á kindakjöti um rúmlega 1.600 tonn og birgðir eru enn að aukast. Framleiðsla hefur aukist þrátt fyrir að innanlandsmarkaður hafi dregist saman.

Þegar útflutningur bregst leggst útflutningsgjald á það kjöt sem ekki selst á innanlandsmarkaði sem er afar óhagstætt fyrir greinina. Allt útlit er því fyrir að útflutningsskyldan verði nálægt 30% næsta haust og bændur eru að fá mjög lágt skilaverð á útfluttu kjöti eða um 130–160 kr. fyrir kg sem nægir ekki fyrir breytilegum kostnaði.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt og ritað um gæðastýringu undanfarnar vikur. Það er óhætt að segja að öll sauðfjárframleiðsla í dag sé gæðastýrð undir lögboðnu eftirliti ýmissa aðila og þá má nefna dýralækna, heilbrigðiseftirlitið, forðagæslu og búfjáreftirlit. Bæði heima og í sláturhúsi er heilbrigðiseftirlit og það eru tekin heysýni og jarðvegssýni. Langflestir bændur halda kynbótabókhald og þar er hægt að bæta í lyfjanotkun án mikillar fyrirhafnar. Með því móti væri komið til móts við neytendur því að með þessu kerfi eins og það er í dag er hægt að rekja hvern skrokk til framleiðandans á auðveldan hátt. Allt annað í þessu gæðastýringarkerfi er mjög gagnslítið og hefur ekkert með vöruna að gera, þ.e. hvað varðar gæði vörunnar til neytenda. Því er fráleitt að tala fjálglega um að þessi gæðastýring sé fyrir neytendur. Þessi gæðastýring, eins og hún er útfærð, er ekki markaðsvæn þar sem hún nær aðeins að sláturhúsvegg og nær þannig ekki til neytenda.

Aldrei var haft samband við sláturleyfishafa í þessu ferli og markaðurinn hefur ekki kallað á þetta bákn. Neytendur treysta þeim gæðum sem koma frá viðurkenndum sláturleyfishöfum og kjötvinnslum. Gæðastýring í framleiðslu sem ekki nær til markaðarins og neytenda er engin gæðastýring heldur tilraun til ráðstjórnar í tilbúnu kerfi með ströngu eftirliti embættismanna og löggjöf. Hvaða tilgangi þjónar að

draga bændur í dilka, þá verri og þá betri? Hvaða réttlæti er það að færa bótalaust ríflega fimmtung beingreiðslna frá þeim sem ekki vilja fara inn í gæðastýringuna, þ.e. að þeirra mati verri bændur, til þeirra sem forræðishyggjan telur betri? Þannig er leynt og ljóst reynt að koma sumum bændum með ráðstjórn og ofstjórn frá búum sínum. Nú þegar höfum við lög um búfjárhald og forðagæslu sem eiga að tryggja góða meðferð búfjár.

Lög um landgræðslu og meðferð lands í byggð og á afréttum eru nú til meðferðar í landbn. Það eru heildarlög sem ná yfir þetta allt saman en ekki sérlög sem snúa aðeins að einni grein í landbúnaði. Eins og staðan er í dag er eftirlitið í höndum dýralækna búfjáreftirlits. Síðan er eftirlit sem fer fram í sláturhúsi. Það er einnig í höndum dýralækna sem heilbrigðisskoða fyrir og eftir slátrun. Svo er heilbrigðiseftirlit og innra eftirlit í vinnslu, meðferð og sölu vörunnar. Þetta eru heildarlög um búfjáreftirlit og landgræðslu sem ná yfir alla þá þætti sem lúta búskap og umgengni við landið en snúa ekki aðeins að sauðfjárbændum. Af hverju þarf að vera með sérlög um sauðfjárrækt en ekki t.d. um framleiðslu í garðyrkju? Þessir þættir hafa að mestu leyti verið í góðu lagi og gott samstarf hefur verið milli bænda og þessara aðila. Hefði ekki verið nær fyrir samtök bænda og sláturleyfishafa að vinna að því að þjóna markaðnum betur, t.d. með því að neytendur gætu keypt dilkakjöt eftir kjötmati í verslunum, og tryggja þannig að fjármunir ríkisins nái til niðurgreiðslna til neytenda í lægra verði sem síðan skili sér til bóndans í meiri innanlandssölu þegar hann framleiðir þá vöru sem markaðurinn sækist eftir? Ef hann framleiðir ekki góða vöru þá á að verðfella hana. Eftirlitið á að vera þar en ekki hjá embættismönnum sem líta eftir gæðahandbók sem bóndinn á að skrifa til þóknunar þeim, kanna málningu útihúsa, athuga hvort féð hafi nógu marga fermetra í fjárhúsi o.s.frv.

Sauðfjárbændur muna erfiðar aðgerðir ríkisins til að mæta þörfum innanlandsmarkaðar undanfarin 20 ár. Eftir 1980 var farið í sársaukafullar aðgerðir í tíu ár til að minnka framleiðslu með setningu búmarks, síðar fullvirðisréttar með tvenns konar skilaverði, annars vegar innanlandsverði og hins vegar útflutningsverði árið 1990 þegar útflutningsbæturnar voru afnumdar og beingreiðslur voru teknar upp. Útflutningsbætur voru aflagðar 1990 þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var landbrh. Þá var ákveðið að beingreiðslur ættu aðeins að ná yfir það kjöt sem færi á innanlandsmarkað og bannað var að flytja út niðurgreitt kjöt. Þetta er í fullu gildi enn og þar af leiðandi hefur ríkið verið að kaupa upp áunnið greiðslumark til að framleiðslan aðlagi sig að innanlandsmarkaði. Nú er heldur betur snúið við frá þessu af samningamönnum bænda. Það á að greiða jöfnunar- og álagsgreiðslur á allt dilkakjöt með afar litlum frávikum sem þýðir að nú á að greiða niður útflutninginn og þar með að örva framleiðsluna eins og fram kemur í köflunum 3,1 og 3,2 í samningnum.

Eðlilegast er að beingreiðslur séu greiddar út á greiðslumark lögbýla þannig að framleiðandi viti á hvaða grunni hann getur byggt og skapað sér aukinn starfsvettvang. Samningur við sauðfjárbændur var eðlilega aðeins við þá bændur sem höfðu greiðslumark og fjármunir til samningsins hljóta að eiga að ná eingöngu til þeirra nema menn vilji ganga að sauðfjárræktinni sem búgrein dauðri hér á landi og koma í veg fyrir að greiðslumark í sauðfjárrækt verði metið til verðs.

Herra forseti. Það er því afar nauðsynlegt að binda greiðslur sauðfjársamningsins frá árinu 2000 til bænda með greiðslumark í sauðfé. Ef það verður ekki gert verða allar aðgerðir stjórnvalda síðustu 20 ár til að styrkja greinina í aðlögun sinni til að þjóna innanlandsmarkaði að engu gerðar.

Einn þáttur þessa sauðfjársamnings er sá að þeir sem seldu sinn beingreiðslurétt á ákveðnu árabili þegar möguleikar voru til þess en héldu áfram að framleiða kindakjöt geta nú farið í gæðastýringuna og, eins og samningurinn lítur út í dag, fengið þann ríkisstuðning aftur. Þetta finnst mörgum nokkuð skrýtið, þ.e. að þeir sem seldu sinn rétt og fengu fjármuni fyrir geta komið aftur undir vernd ríkisins með því að fara inn í gæðastýringuna. Réttlætið tekur á sig allskondna mynd í þessu tilviki.

Herra forseti. Framleiðsluaukning frá ársbyrjun 2000 er 1.000 tonn á ári þannig að allt stefnir í aukna útflutningsskyldu, líklega um 30% eins og ég gat um fyrr í ræðu minni. Með þessari opnun á samningnum má búast við að útflutningsskyldan aukist um 10% árlega þar til hún hrynur endanlega því að útflutningurinn nær aldrei nema broti af nauðsynlegu skilaverði til bænda. Útflutningur á Bandaríkjamarkað nam aðeins 42 tonnum á síðasta ári og skilaverð til bænda um 150 kr. á kg á síðasta ári sem eru 30% af því verði sem bóndinn verður að fá til að geta lifað af þessari búgrein. Held ég að flestum sem hlustuðu á fréttir í gær hafi alveg ofboðið þegar þeir heyrðu að útflutningsaðilar standa ekki einu sinni við að merkja vöruna þannig að það verður að brenna hana í Evrópu. Það er mikil skömm að því hvernig farið er með þessar góðu afurðir og svona á alls ekki að líða.

Ég vil koma að nokkrum atriðum sem mér finnst ástæða til að horfa á í sambandi við útfærsluna. Í fyrsta lagi á ekki að genga inn í beingreiðslur til bænda. Í öðru lagi á gefa sölu með greiðslumark frjálsa þegar í stað svo bændur geti stækkað bú sín og eignast greiðslumarkið sem fjárfestingu til margra ára sem kemur þeim þá til góða við búlok ef ekki er hróflað við verðmynduninni af ríkinu á næstu árum. Í þriðja lagi ber að fresta „Nytjalandi" til ársins 2004 eða þar til það er tilbúið og útfært þannig að menn viti að hverju þeir eiga að ganga.

Herra forseti. Ég tel því úr því sem komið er að æskilegt væri að gefa sér aðeins meiri tíma í útfærsluna, fresta ákvæðum gæðastýringarinnar um eitt ár því samningurinn í heild er til endurskoðunar árið 2003 og að leitað verði leiða að fá breytingar á honum á þeim tíma, einkum hvað varðar form álagsgreiðslna og gæðastýringar og þá væri einnig komin betur í ljós útfærslan á landnotaþættinum.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna í landsfundarályktun Sjálfstfl. frá síðasta landsfundi, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Landsfundurinn styður gæðastýringu í landbúnaði sem hefur það að markmiði að bæta framleiðsluna og afkomu bænda. Landsfundur mótmælir hins vegar þeirri stefnu, sem fram kemur í nýgerðum sauðfjársamningi, að skilyrða hluta stuðnings við sauðfjárrækt með þátttöku í opinberum gæðastýringarverkefnum. Skylduverkefni, sem ekki standa undir sér, spilla hag framleiðenda. Hætt er við að núverandi áform komi harðast við þá bændur sem standa höllustum fæti. Er því ástæða til að endurskoða þessi ákvæði til þess að koma í veg fyrir að bændum verði mismunað."

Herra forseti. Hv. landbn. hefur fengið ótal bréf undanfarnar vikur frá bændum sem hafa komið saman á fundum og viljað mótmæla þessum gjörningi. Ég tel að við eigum að ljá eyra þeim bændum sem eru uggandi um sinn hag. Staða sauðfjárbænda er afar bágborin og það er mjög illt til þess

að vita að þeir treysta sér ekki inn í gæðastýringuna jafnvel vegna þess að þeir eru kannski komnir á þann aldur að þeir treysta sér ekki í svona mikla skriffinnsku. Við verðum að gefa þeim meiri aðlögunartíma í þessu sambandi. Að lokum þetta: Mér finnst að ekki eigi að hrófla við beingreiðslunum eins og ég sagði áðan.

[18:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi mótmæla því mjög hart sem kom fram í ræðu hv. þm. Mér finnst ekki drengilegt að fullyrða það úr ræðustól Alþingis að samningurinn hafi verið kynntur á röngum forsendum. Stjórnmálamenn komu að því að kynna þennan samning en ekki síður fulltrúar bændanna úr bændasamtökum og frá Landssambandi sauðfjárbænda þannig að hann var ekki kynntur á röngum forsendum. Ég minni hv. þm. á, þó að hún tali hér fjálglega í dag, að það eru tveir flokkar sem hafa staðið að þessum samningi. Annars vegar er það Framsfl. Hins vegar er það Sjálfstfl. Og ég minni hv. þm. á sem formann landbn. að hún hefur þegar leitt í gegnum þingið stóran hluta af þessum samningi. Eða var það kannski hv. fyrrv. þm. séra Hjálmar Jónsson sem það gerði? (Gripið fram í.) Það er búið að lögfesta álagið hvað beingreiðslur varðar og það er hvatinn í kerfinu til þess að fá menn með. Og það er samningsatriði.

Hinu atriðinu sem hv. þm. nefnir, landnotunum, er frestað til 2004 til þess að vinna tíma þannig að komið hefur verið til móts við það.

Ég er í mjög miklu sambandi við bændur þessa lands og fylgist með fundum þeirra og ég veit að þó að reynt sé að ýfa upp megna óánægju með þennan samning þá eru þeir svo drenglyndir menn að þeir virða það að 66% af stéttinni samþykktu þennan samning og gera sér grein fyrir því að þeir verða að vinna með honum og eftir honum og ætla að gera það. Það er alltaf megn óánægja og auðvitað getur maður haft áhyggjur af ýmsum þáttum í málinu. Undir það get ég tekið með hv. þm. En mér sýnist að hér sé samt sem áður skemmtilegt félagslegt verkefni sem muni styrkja bæði bændurna og ekki síður þessa atvinnugrein.

Ég ætla ekki að hafa uppi neinar fullyrðingar um önnur atriði. En ég vil koma því á framfæri við hv. þm., hæstv. forseti, að stór hluti af þessu máli er þegar lögfestur.

[18:30]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég ræddi um samþykkt samningsins var ég aðeins að greina frá því sem ég hef heyrt, ekki frá einum, ekki frá tveimur heldur tugum bænda sem segja að þeir hafi ekki skilið þennan samning á sama hátt og forustumenn bænda gera. Ég leyfi mér að fylgja orðum þeirra eftir hér. Þetta er það sem ég heyri á fundum og hef ég verið víða. Mjög margir bændur bæði hringja í mig og skrifa mér og ekki vil ég annað en það fái að heyrast líka sem þeir halda fram. Ég trúi því að þeir segi mér satt.

[18:31]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt eftir ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanns landbn., að fá upplýst um örfá atriði.

Nú virðist það verða æ algengara að stjórnarflokkarnir takist á í þingsölum og hér var ekki hægt að heyra betur en formaður landbn. legðist mjög harkalega gegn ýmsu í frv. ráðherrans, taldi t.d. nauðsynlegt að fresta gildistöku hluta sem hæstv. ráðherra hefur þó lagt áherslu á að verði afgreiddir á vordögum. Því er nauðsynlegt að fá upplýst hvernig afgreiðslu þessa máls var háttað í þingflokki Sjálfstfl. Voru þar margir þingmenn flokksins með fyrirvara, kannski eins og við fengum að heyra þegar rætt var um byggðaáætlun frá hæstv. iðnrh.? Þá kom í ljós að sumir þingmenn Sjálfstfl. höfðu fullkominn fyrirvara á frumvarpinu. Það er því eðlilegt að velta því upp í þessu samhengi hvort hugsanlega sé svo komið að formaður landbn. hafi fullkominn fyrirvara á þessu stjfrv. Margar spurningar hljóta að koma upp um það hvernig störfum í landbn. verður háttað ef formaður landbn. ætlar að beita formannsvaldi sínu til að tryggja þá frestun sem hv. þm. ræddi áðan. Það er a.m.k. nauðsynlegt fyrir okkur sem *hér sitjum og fylgjumst með stöðugt vaxandi illdeilum milli* stjórnarflokkanna að fá að vita hvort hér sé komin enn ein deilan sem við sjáum ekki fyrir endann á.

[18:32]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst hv. þm. um að ég hef fyrirvara við þetta mál. Í sjálfu sér verður afgreiðsla nefndarinnar með eðlilegum hætti. Ég mun ekki beita þar neinu ofbeldi, það dettur mér ekki í hug. Ég hef starfað af miklum heiðarleika og komið málum frá landbrh. hratt í gegnum nefndina þannig að hann getur ekki kvartað undan því. Þarna er ágreiningur okkar á milli og að sjálfsögðu gerði ég grein fyrir honum hér. Ég vil ekki koma aftan að ráðherra. Hann hefur vitað frá því strax eftir áramót þegar málið var kynnt að ég væri ekki sátt við það en ég held að við getum alveg náð einhverri lendingu í þessu máli, ég og hæstv. landbrh.

[18:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur þá ljóst fyrir að formaður landbn. hefur fyrirvara í málinu en það kom ekki fram í máli hv. þm. hvort fleiri þingmenn Sjálfstfl. hafa fyrirvara. Er þessi spurning þá auðvitað næst: Er það hugsanlegt að ríkisstjórnin þurfi atbeina stjórnarandstöðunnar til að ná þessu frv. í gegnum þingið? (**Landbrh.:** Það er nú ekkert slor.) Að sjálfsögðu ekki, hæstv. landbrh. Það er ekki ónýtt að eiga góða stjórnarandstöðu að þegar á þarf að halda, þegar samstarfsflokkurinn bilar og, að því er mér virðist, við það eitt að nokkrir tugir bænda láti í sér heyra.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt líka að hv. þm. útskýri hvað það er sem breyst hefur frá því að hv. þm. greiddi þessum lögum atkvæði sitt fyrir líklega tæpu ári.

[18:34]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. og það hefur æðioft komið fyrir að frv. hafa tekið breytingum í meðförum Alþingis. Ég hygg að hæstv. landbrh., sem var formaður landbn., hafi gert breytingu á frumvörpum frá ríkisstjórn Íslands þegar honum hefur þótt það vera við hæfi. Varðandi aðra þingmenn svara ég ekki fyrir þá. (**Gripið fram í:** Þeir eru fáir í salnum ...) En þetta er stjfrv. og eins og hv. þm. veit taka frv. oft breytingum í meðförum nefnda.

[18:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. var að tala um gæðahandbókina en mér sýnist ekki vanþörf á að setja gæðastuðla *á vinnubrögðin í landbrn.*, að þau fylgi einhverjum gæðastuðlum. Það er gott að geta sagt öðrum til en verst ef menn geta ekki unnið sjálfir með eðlilegum hætti.

Það sem ég vildi spyrja hv. þm. Drífu Hjartardóttur, sem jafnframt er formaður landbn., varðar það sem hæstv. landbrh. segir í grein í Morgunblaðinu 7. mars sl. þar sem hann víkur að þessum hluta fjármagns ríkisins til sauðfjárræktarinnar sem átti að vera bundinn við gæðastýringuna. Ég hef heyrt að fjármagnið sem er tengt gæðastýringunni hefði ekki komið inn í samninginn nema lofað hefði verið að farið yrði út í þessa gæðastýringu og að þetta hafi verið notað eins og svipa á bændur hvað það varðar enda segir hæstv. ráðherra í þessari grein sinni, með leyfi forseta:

„Þessir fjármunir hefðu ekki komið frá ríkinu nema fyrir þetta gæðastýrða framleiðsluferli og því sjálfsagt að þeir renni til þátttakenda í því."

Nú heyrist mér á hv. þm. að þetta hafi ekki verið gert að skilyrði af hálfu ríkisins þegar samningurinn var gerður, og ég vil inna hv. þm. eftir því hvað hún veit um það. Var það sett sem skilyrði af hálfu ríkisins þegar þessir fjármunir voru settir inn í samninginn að þeir rynnu til gæðastýringarinnar og magntengdir eins og þeir birtast okkur núna?

[18:37]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í ræðu minni áðan hafi komið fram að þetta var sú krafa sem forustumenn bænda lögðu fram.

[18:37]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var vel og snyrtilega sagt hjá hv. þm. Ég tel því að það sem hæstv. ráðherra segir í grein sinni um að þetta hafi verið skilyrt af hálfu ríkisins sé þá rangt. Ég dreg þá ályktun af orðum hv. þm.

Síðan vil ég spyrja hv. þm. og formann landbn.: Gangi þetta eftir eins og lagt er til af hæstv. ráðherra, og hv. þm. sagði að mundi geta gengið ef svo gengi fram sem horfir ... (**DrH:** Ég sagði það aldrei.) Hvað er gert ráð fyrir að parkera þurfi mörgum býlum til að halda framleiðslunni innan þeirra marka sem sett eru í samningnum? Kann það að leiða til mikillar fækkunar? Eru einhverjar mótvægisaðgerðir til að styrkja byggð á móti? Ég hef heyrt nefnda töluna 200–300 sauðfjárbændur sem þurfi að fækka á stuttu tímabili. Eru einhverjar skipulegar mótvægisaðgerðir í gangi til að mæta þeirri byggðaröskun sem þessi sveitasamningur mundi hafa í för með sér?

[18:39]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að svara hv. þm. Jóni Bjarnasyni því að maður fylgist ekki alveg grannt með hvað hann er að fara. En ég held að það sem ég hefði viljað sjá í sauðfjárræktinni væri að framleiðsluréttinum væri gefinn frjáls, eins og ég gat um áðan, eins og var gert í sambandi við mjólkina. Það gekk mjög vel og þar hafa menn getað verslað með rétt sinn og hafa að sjálfsögðu getað hagrætt hjá sér á þann hátt.

[18:40]

Útbýting þingskjals:

Eldi nytjastofna sjávar, 333. mál, þskj. 1045.

[18:40]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það sem er mikilvægast í sambandi við framleiðslu á lambakjöti er að afurðirnar séu góðar og að þeir sem kaupa vöruna séu þess vissir að varan sé góð. Hér er verið að leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, sem felur í sér aukna gæðastýringu. Þetta mun fela í sér marga þætti og aukna skriffinnsku eins og fram hefur komið. Gert er ráð fyrir níu tegundum af skýrslum, ef svo má að orði komast. Þar sem talað er um grunnupplýsingar segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Þessi þáttur felur í sér að ákveðnum staðreyndum um rekstur inn er safnað saman og þær geymdar í gæðahandbókinni."

Meira er sagt til að útlista þetta. Síðan kemur, herra forseti, atburðaskráning sem er byggð upp eins og útdráttur úr dagbók. Svo kemur sauðfjárskýrsluhald. Svo kemur landnýting og beitarskráning og einnig skjalfesting jarðræktarupplýsinga. Síðan á að vera skráning um uppskeru og fóðrun sem eru tveir liðir, þá aðbúnaðurinn og heilbrigði. Hér er hæstv. landbrh. búinn að rétta mér þessa ágætu möppu, gæðahandbók. (**JB:** Fyrsta bindi.) Fyrsta bindi, segir hv. þm. Jón Bjarnason, leiðbeiningar um notkun. Auðvitað er nauðsynlegt að vel sé gert í öllum landbúnaði. En þess þarf að gæta að skýrsluhald og bókhald verði ekki svo mikið að það muni bera framleiðsluna eða vinnsluna í kringum þetta ofurliði.

Ég tek undir orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur sem hefur talað um að margir bændur hafi kvartað undan þessu. Þeir hafa haft samband við mig sem nefndarmann í hv. landbn. og kvartað undan því að þetta geri of miklar kröfur um skýrsluhald, og einnig telja þeir þá aðgerð ekki sanngjarna að taka af beingreiðslum þeirra sem ekki fara í gæðastýringu og setja yfir á hina sem fara í hana.

Ég legg á það áherslu, herra forseti, þegar við ræðum þessi mál að það mikilvægasta er, eins og ég sagði, að varan sem kemur frá bændunum sé góð og að fólkið sem kaupir vöruna og neytir hennar viti að hún sé góð og að hún sé búin að fá viðurkenningu frá vinnslustöðvunum. Þetta er það sem ég tel að skipti meginmáli. En ég ætla líka að lýsa yfir undrun minni á þessari áköfu andstöðu hv. formanns landbn. við þetta stjfrv., og þykir mér nokkrum tíðindum sæta að það skuli gerast hér í hinu háa Alþingi að ekki skyldi hafa verið búið betur um hnútana — nema þessi mótmæli bænda hafi komið hv. formanni landbn. algjörlega í opna skjöldu. En eins og ég segi hefur það komið mér nokkuð á óvart líka hversu margir bændur og hópar bænda hafa lýst yfir óánægju með þetta fram komna frv.

[18:45]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. sem við ræðum hér er lagt fram í því skyni að lögfesta ákvæði um gæðastimplaða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands, landbrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands 11. mars árið 2000. Markmið samningsins eru eftirfarandi:

að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,

að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt,

að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið,

að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,

að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

Bændasamtökin samþykktu samninginn í almennri atkvæðagreiðslu meðal sauðfjárbænda. Samningurinn var einnig lögfestur af Alþingi með lögum nr. 88/2000, um breytingu á lögum nr. 99/1993. Að vísu fer tvennum sögum

af þessari atkvæðagreiðslu, t.d. hvernig hafi verið staðið að kynningunni. Ég tek undir það með hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanni landbn., að þeir bændur sem hafa samband við okkur út af þessu máli eru alveg ótrúlega margir og afar reiðir. Þeir telja að ekki hafi verið rétt staðið að kynningunni. Ég var ekki viðstödd þessa kynningu og get ekki vitnað um hvernig að henni var staðið. Ég hef aðeins þeirra orð fyrir því að ekki hafi verið staðið að þessari kynningu með því móti að bændur hafi átt von á því sem kom svo á daginn þegar farið var að dreifa reglum um gæðastýringu sem eiga að fylgja þessu frv., drög að reglugerð, á þessum vetri. Þegar bændur fóru að kynna sér þær reglur sýnist mér hafa runnið upp ljós fyrir mörgum bændum sem höfðu samþykkt samninginn. Framkvæmdin var eitthvað allt annað en þeir höfðu væntst. Hvort því er um að kenna að þeir hafi ekki kynnt sér nægilega vel efni málsins eða að kynningunni hafi verið eitthvað ábótavant vil ég samt ekki leggja mat á.

Bændur hafa einnig sagt mér, þ.e. talað er um að 66% hafi samþykkt samninginn, að það hafi verið mjög lítil þátttaka í atkvæðagreiðslunni. Ég hef samt hvergi getað fengið staðfest hversu mikill hluti sauðfjárbænda tók þátt. En þeir sem við mig hafa talað telja að þátttakan hafi verið mjög lítil.

Samkvæmt frv. þessu byggist gæðastýrð sauðfjárframleiðsla á því að framleiðendur noti gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbrh. staðfestir. Með frv. er lagður grunnur að því að rekjanleiki sauðfjárafurða verði tryggður og hægt að votta framleiðsluaðferðir og aðstæður. Ábyrg meðferð lands að mati sérfræðinga Landgræðslunnar er einnig skilyrði fyrir gæðastýrðri framleiðslu. Bændasamtök Íslands og Landgræðslan munu staðfesta hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um landnýtingu, gæðahandbók, sauðfjárskýrsluhald og aðbúnað og meðferð búfjár. Landbrh. er einnig heimilt að fela faggiltum aðilum samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að hafa eftirlit með einstökum þáttum gæðastýringarinnar. Þá er í frv. gert ráð fyrir að sérstök úrskurðarnefnd skeri úr ef ágreiningur rís um rétt einstakra framleiðenda til álagsgreiðslna vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu.

Eins og ég drap á áðan hef ég verið ákaflega lengi í landbn., þ.e. frá því að ég settist á þing. Ég man ekki eftir neinu máli sem þar hefur verið til afgreiðslu síðan ég kom í hv. landbn. sem hefur verið jafnmikill undirgangur kringum og þetta mál. Ég verð að segja, þó að mér lítist þannig á að þessi markmið gæðastýringar séu góð og gild og undir þau beri að taka, að einhvern veginn hafi verið farið öfugt að við framsetningu þessa máls. Það færi kannski betur á því að þessu yrði frestað og önnur umferð farin við að kynna og ræða þessi mál við bændur og ná sátt um þessa gæðastýringu. Ég held að hún nái ekki tilgangi sínum nema almenn sátt sé meðal sauðfjárbænda í landinu um hana. Því miður kom mér nokkuð á óvart og tel ég að sú sátt sé ekki fyrir hendi.

Ég vitna í nokkur bréf sem okkur hafa borist í landbn. Samt er ég með mörg fleiri bréf sem ég hef sjálf fengið. Ég veit ekki hvort þau hafa komið til nefndarinnar í heild. Ég mun hins vegar ekki vitna í þau bréf heldur aðeins þau sem hafa komið til nefndarinnar í heild.

Fyrst eru mótmæli frá sunnlenskum sauðfjárbændum. Þeir létu ekki við það sitja að senda þessi mótmæli heldur kom stór hópur þeirra í hv. landbn. og sat hjá okkur heilan morgun. Þeim var greinilega mjög heitt í hamsi út af þessu máli. Enda segja þeir í ályktun sem þeir sendu um fundinn sem haldinn var á Hellu 23. janúar 2002, með leyfi forseta — ég les aðeins smáhluta af því sem stendur í þessari ályktun:

„Fundurinn bendir á að jöfnunargreiðslur standist ekki GATT samninga þar sem ekki má greiða á framleiðslu, kr./kg og því síður WTO-samninginn. Þar sem „Nytjaland" er aðeins viljayfirlýsing vegna mats á landnýtingu gæðastýringarþáttarins þá er þar um óunnið verk að ræða, sem enginn getur sagt fyrir um hvernig verður. Fjöldi bænda getur átt það á hættu að komast ekki inn í gæðastýringuna þar sem „Nytjaland" er óskilgreint og þingmenn væru þannig að samþykkja gæðastýringu, án þess að vita hvað hún mundi leiða af sér."

Þetta atriði fundum við vel sem sitjun í hv. landbn. að lá mjög þungt á þessum bændum.

Við fengum einnig bréf um forsjárhyggju sauðfjársamnings frá einum af forsvarsmönnum bænda á Suðurlandi. Þar stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta (**Landbrh.:** Hvaða bóndi er það?):

„Samningurinn kveður á um sérstaka úthlutun til góðra bænda sem hafa haft miklar og vaxandi afurðir eftir hverja á eða hafa stækkað bú sín á undanförnum árum."

Í þessu bréfi er einnig spurt hvort þessi ákvörðun um mismunun milli bænda standist stjórnarskrá Íslands. Þar eru og gerðir fyrirvarar út af GATT-samningnum og WTO-samningum sem ríkisstjórn Íslands er aðili að, líkt og gert var í bréfinu frá sunnlenskum sauðfjárbændum. Þarna segir að þessi ákvörðun sé framleiðsluhvetjandi og komi því aftan að öllum sauðfjárbændum miðað við markaðsaðstæður innan lands. Í bréfinu segir einnig að þeir sauðfjárbændur sem eru á svokallaðri 70% reglu, þ.e. þeir sem minnkuðu framleiðslu sína um 30% til að framleiða einungis fyrir innanlandsmarkað, séu útilokaðir frá þessum jöfnunargreiðslum. Enn fremur segir að vegið sé beint að þeim í millifærslum beingreiðslna hvort sem þeir væru með eða ekki í fyrirhugaðri gæðastýringu þar sem greitt er álag á framleitt kíló.

„Er hægt að rökstyðja að þessi nýja úthlutun til sérstakra bænda upp á 420 millj. í samningnum sem er framleiðsluhvetjandi sé niðurgreiðsla til neytenda?" spyr þessi bóndi.

Af miklu er að taka. Þetta er langur og mikill reiðilestur. En það stendur seinna í þessu bréfi að þessi stýring og ráðstjórn geti ekki borið nafn gæðastýringar, þetta sé ekki gæðastýring framleiðslu til markaðar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þessi fyrirhugaða ráðstjórn endar með sínum aukna tilkostnaði á haustin hjá bóndanum við sláturbílinn sem tekur fé hans til slátrunar. Eftir situr gæðahandbókin hans uppi í hillu, ferðareynslan og nokkur námskeið, eigin dagbók um hvar kindurnar hans voru á beit, áburðurinn á túnin, uppskeran hans og fleira ásamt ofurlítilli uppbót á beingreiðslum frá lélegu bændunum sem létu ekki kerfið yfir sig ganga. Sú uppbót fór upp í aukinn tilkostnað og fer ábyggilega minnkandi ef af verður því kerfið á þá eftir að taka æ meira til sín eins og eldri dæmi sanna."

Niðurlag þessa bréfs, sem er býsna langt, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafna á algerlega fyrirhugaðri gæðastýringu mismununar, ofstjórnar og skriffinnsku. Það getur Alþingi Íslendinga gert með tilliti til fyrirvara um samþykkt samningsins og lagaákvæðis sem samþykkt var í lögum nr. 88/2000. Beingreiðslur til bænda eru niðurgreiðslur á framleiðslunni til neytenda og eiga að tryggja eins og hægt er rekstraröryggi bænda og jafnræði miðað við áunna stöðu. Allar breytingar

á þessu fyrirkomulagi eru aðgerðir til mismununar út frá stjórnun með tilbúnum forsendum. Það kallast með sinni skriffinnsku ofstjórn en ef til vill væri réttara að kalla þetta fyrirhugaða kerfi ráðstjórn einhverra ritara í aldagömlu úr sér gengnu kerfi.“

Bréf barst frá Norðurlandi, frá bændum í Skagafirði. Þeir segja að sú gæðastýring sem á að taka upp árið 2003 ætti aðallega að snúast um hagræðingu í búrekstrinum, enda sé það eðli gæðastýringa að snúast um framleiðsluaðferðir og hagkvæmni. Seinna í bréfi sínu segja þeir:

„Þá stefnu að framleiðslutengja hluta beingreiðslna og endurúthlutun greiðslumarks og ýta þannig undir framleiðsluaukningu teljum við stórvarasama við þær aðstæður sem ríkja í markaðsmálum lambakjöts í dag.“

Auk þess benda þeir á að þetta stangist á við reglur WTO eins og áður hefur komið fram í öðrum bréfum og klykkja út með því að segja:

„Álagsgreiðslur ber því að greiða út á ærgildafjölda hvers og eins en ekki á framleitt kíló.“

Hér er bréf úr Borgarfirði þar sem kveður mjög við sama tón og þar stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sú stefna sem er mörkuð í nýjum búvörusamningi, þ.e. að skerða beingreiðslur núverandi beingreiðsluhafa til þess að endurúthluta á framleiðslu samkvæmt opinberri gæðastýringu getur komið harðast niður á þeim sem standa höllustum fæti.“

Einnig stendur í þessu bréfi:

„Ýmsir þeir þættir sem settir eru fram í boðaðri gæðastýringu eru fyrir hendi, svo sem eftirlit með búfjárhaldi og forðagæsla. Einnig hefur Landgræðslan heimild til að grípa inn í óvarlega meðferð á beitilandi. Að gera það að skilyrði fyrir hluta stuðnings við sauðfjárrækt að bændur taki þátt í gæðastýringunni leiðir því til mismununar þar sem þeir sem ekki eru með verða fyrir verulegri tekjuskerðingu. Ekki verður heldur séð að gera eigi greinarmun á gæðastýrðu og ógæðastýrðu kjöti þegar til sölu kemur.“ — Þarna finnst mér nokkuð heitur punktur í þessu öllu saman.

Hér er eitt bréf frá bændahöfðingja í Skagafirði sem mikið tillit hefur verið tekið til hingað til. Hann segir að hæstv. landbrh. hæli mikið kynbótabókhaldinu, hvað það hafi gott gert og það sé alveg rétt. Hann tekur þar undir með hæstv. ráðherra og telur að það eigi að fylgja því frekar eftir og bæta einnig inn í bókhaldið skráningu á lyfjanotkun til að koma til móts við neytendur. Hann telur að með þessu kerfi sé hægt að rekja hvern skrokk til framleiðandans, sem sé mikils virði fyrir neytendur í landinu. En allt annað í þessu gæðastýringarkerfi, segir þessi bóndi, er gagnslítið og hefur ekkert að gera með gæði vörunnar til neytenda. Seinna í sama bréfi stendur:

„Núna er komið annað hljóð í kútinn hjá samningamönnum bænda. Það á að greiða jöfnunar- og álagsgreiðslur á allt framleitt dilkakjöt með mjög litlum frávikum sem þýðir að nú á að greiða niður útflutninginn og þar með örva framleiðsluna eins og kemur fram í nokkrum köflum samningsins.“

Ég hef bara stiklað á stóru og tekið mjög lítinn hluta af því efni sem okkur hefur borist skriflega. Þar að auki hygg ég að við sem sitjum í hv. landbn. höfum tekið á móti fjölda símtala. Jafnvel þó að ég hafi verið stuðningsmaður þessarar gæðastýringar og talað fyrir henni í hv. nefnd finnst mér nú, eftir allar þessar athugasemdir og efasemdir frá fólki sem ég tek mikið mark á, sauðfjárbændum á landinu sem búa við þetta kerfi, að okkur sé skylt að doka við og fara yfir með málið einu sinni enn og reyna til fullnustu að ná um það sátt meðal þeirra við kerfið ætla að búa. Ég tel það mjög mikilvægt í framhaldinu.

[19:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli hv. þingmanns á því að bændur eru þegar peningalega farnir að njóta þessa samnings í stórum stíl. Þó að staða þeirra sem stéttar sé veik liggur það a.m.k. fyrir.

Ég verð að segja um fullyrðingar þess efnis að samningurinn standist ekki GATT, WTO, standist ekki stjórnarskrána — hverjum dettur í hug að landbrh. og fjmrh. — ríkisstjórnin — komi hér að öðruvísi en að fullsannað sé að svona samningur standist þá alþjóðlegu samninga? Og yfir það var verulega vel farið með utanrrn. þannig að ég vísa því á bug.

Hv. þm. vissi vel, eða á að vita vel, hve margir bændur tóku þátt í atkvæðagreiðslunni, 85%. Af þeim samþykktu samninginn 66% þannig að þetta var mikil þátttaka. Er það ekki mikil þátttaka, hv. þm., ef 85% stéttar taka þátt í að segja álit sitt?

Ég geri mér grein fyrir því að $^1/_3$ er á móti. Ég hef auðvitað áhyggjur af sumum þeirra sem ekki hafa haldið á penna í kringum sína sauðfjárrækt, ekki haldið skýrslur, ekki verið í fjárræktarfélagi, ekki starfað eftir almennum reglum. Ég hef áhyggjur af þessu fólki. En ég tel að námskeiðið eigi að hjálpa því og að við eigum frekar að fá það með en hrekja það frá okkur, fá það til að taka þátt. Ég segi fyrir mig: Ég treysti bændum í Norður-Þingeyjarsýslu sem fengu það sameiginlega verkefni að keyra eftir gæðahandbókinni, taka þátt í að breyta henni og þróa hana. Þeir segja mér að skýrsluhaldið sé ekki flókið heldur mjög auðvelt í framkvæmd. Þessum bændum verð ég að treysta. Þeir hafa prófað þetta kerfi þannig að það liggur fyrir.

Að öðru leyti trúi ég því að hv. þm. sem hefur í ræðum sínum í þinginu og í sjálfri landbn. oft kallað eftir svona gæðaeftirliti og gæðakerfi fagni þessu.

[19:06]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er laukrétt hjá hæstv. ráðherra að ég hef kallað eftir gæðastýringarkerfi. Ég hafði hins vegar aldrei ímyndað mér að því ætti að troða ofan í kokið á bændastétt landsins án þess að hún væri búin að meðtaka það og væri viljug til að fara eftir því eins og það er lagt upp. Þeir bændur sem hafa samband við okkur segja að þetta hafi ekki verið útskýrt nægilega vel fyrir bændum í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar. Ég get ekki annað en hlustað á þetta fólk. Mér finnst það vera skylda mín.

Það er ágætt ef hæstv. ráðherra getur upplýst að 85% hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ég hafði þá tölu ekki á hreinu. En það vantar a.m.k. mikið á það í dag að sátt sé meðal sauðfjárbænda um þennan samning. Undiraldan er mikil og ég held að hæstv. ráðherra væri nær að snúa sér að því að ræða við bændur í landinu og gera þennan samning þannig úr garði að þeir gætu allir staðið að honum frekar en að standa hér og skattyrðast við mig um innihald samningsins.

[19:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikið frelsi sem þingmenn vilja eiga. Þeir geta komið hingað upp og skammað ráðherra alveg eins og þá lystir. Nú er ég ekki að skattyrðast við hv. þm. Ég flutti henni t.d. þær upplýsingar, sem hún hafði ekki

hugmynd um, að 85% bændanna hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og 66% þeirra hefðu samþykkt hana. Ég mundi auðvitað benda hv. þm. á að um páskana gæti verið ágætt að fara í heimsókn á eitt gott bú í Norður-Þingeyjarsýslu, tvö eða þrjú, og ræða við þá menn sem vinna þar eftir kerfinu.

Hv. þm. þarf heldur ekki að brýna mig í að hitta bændur. Ég hélt þá fjölmennustu bændafundi á Íslandi á síðasta ári sem einn ráðherra hefur gert í 20 ár, hygg ég, allt frá því að Steingrímur Hermannsson var landbrh. Þeir sækja fundi hjá *mér, ræða við mig og ég hlusta.*

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það er lítill andstöðuhópur sem nú reynir að hrekja samninginn af leið. Það er harður hópur. Ég virði þau sjónarmið. Þau náðu ekki fram. Hinir bændurnir felldu þau sjónarmið og samþykktu samninginn. Ég er sá lýðræðissinni að ég vil fara eftir meiri hluta í störfum mínum þegar heil stétt fær loksins að greiða atkvæði. Mig langaði ekki að vera í sporum hinna landbúnaðarráðherranna sem sviku menn í rauninni um að þeir fengju að greiða atkvæði um samninginn. Ég vildi ekki gera þennan samning öðruvísi en að bændurnir fengju að segja sitt álit því að ég virði störf þeirra og held upp á þetta fólk og vinn mjög mikið með því.

Mér kemur ekki á óvart þó að það sé kvíði í einhverjum hópi manna sem aldrei hafa haldið skýrslur, ekki verið í sauðfjárræktarfélagi o.s.frv., jafnvel ágætisfólk sem gerir það gott þó að það kvíði þessu verkefni. En aðalmálið er að blása því bjartsýni í brjóst, að það taki þátt í þessum námskeiðum og geri sér grein fyrir því að þetta er ekkert voðalega erfitt. Það eiga allir aðgang að þessu kerfi.

[19:10]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði flugufregnir af því að hæstv. landbrh. hefði haldið bændafund á Hvolsvelli um einmitt þessi mál og þar hefðu mætt 250 manns. Mér skildist að *það hefði ekki verið tóm guðsblessun sem þar kom fram* vegna þessa samnings. Ég vona að hæstv. ráðherra leiðrétti ef það er rangt hjá mér. Mér er sagt að þar hafi verið veruleg óánægja.

Vel getur verið að einhver hópur manna hafi ekki starfað eftir reglum, ekki haldið skýrslur o.s.frv., en þau bréf sem ég las upp úr eru ekki úr þeim hópi. Þau bréf og þau símtöl sem ég hef tekið mest mark á eru einmitt frá bændum sem hafa mjög lagt sig fram um að stunda bú sín vel. Annars væri ég ekki að færa boðskap þeirra hingað inn. Ég vona að hæstv. ráðherra geti tekið undir það með mér að það er nauðsynlegt að ná sátt um þessi mál. Það er a.m.k. sagt að málið hafi ekki verið kynnt rétt fyrir títt nefnda atkvæðagreiðslu. Þess vegna þarf að ræða málið upp á nýtt og ná um það sátt áður en við samþykkjum þennan samning frá Alþingi. Það er a.m.k. mín skoðun.

[Fundarhlé. — 19:12]

[20:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það sem hér er sérstaklega til umræðu lýtur að gæðastýringu.

Ég verð í upphafi, virðulegi forseti, að láta það koma fram að ég er uppalinn við sauðfé og sauðfjárrækt og einnig við skýrsluhald í sauðfjárrækt alveg frá því að við vorum fyrst með sauðfjárrækt norður á Ströndum og síðar í Bjarnarhöfn og var það ávallt mjög ítarlegt skýrsluhald. Það var gert til þess að geta haft á fyrstu hendi hina ýmsu framleiðsluþætti og til vinnuhagræðingar og skipulagningar. Þetta var mjög nákvæmt skýrsluhald þannig að okkur var ávallt ljóst t.d. hvenær hver kind átti að bera og líka vissum við hvar hver kind gekk á afrétti yfir sumarið. Sauðféð var því okkur mjög nákomið og nákvæmt skýrsluhald, bæði skriflegt og einnig í meðvitundinni. Þetta var talið mjög nauðsynlegt og eðlilegt.

Ég man líka að úthaginn var ávallt skoðaður áður en fé *var sleppt á beit á vorin, sleppt út.* Var ávallt farið og kannað hvernig úthaginn væri staddur, hvort óhætt væri að sleppa fénu á beit eða ekki. Þetta var allt skoðað og gaumgæft.

Sama var síðan aftur upp á teningnum á haustin eða síðla sumars þegar féð kom heim. Þá var aftur metið hvernig ástatt var með haga í einstökum hlutum heimalanda eða beitarlanda, hvað mætti bjóða landinu af haustbeit. Þetta er ég uppalinn við og þótti alveg sjálfsagt. Heyforðinn var mjög vel metinn á haustin og þá var reiknað út hve mikið mátti ætla að gefa þyrfti hverri kind. Þætti heyforðinn eitthvað takmarkaður var hugað að því að bæta það upp með grasköggum eða öðru fóðri. Slíkar áætlanir voru allar unnar að haustinu. Ég þekki þetta eins og hæstv. landbrh. sem líka *er uppalinn á miklu og góðu landbúnaðarbýli.* Þetta kemur okkur ekki á óvart og teljum að ekki þurfi að beita okkur neinum lagasetningum til að gera þetta. Þetta gerðum við að eigin frumkvæði og þótti nauðsynlegt fyrir okkar búskap fyrir margra hluta sakir.

Ég skal líka til upplýsingar láta það koma fram af því að hæstv. landbrh. hefur ítrekað vakið máls á góðum sauðfjárbændum á Norðausturlandi, þeir eru reyndar víðar um land og víða eru sauðfjárbændur mjög góðir og hafa þessi tök í hendi sér. Ég hygg að sumum þeirra bænda sem hann vitnar til á Norðausturlandi hafi ég einmitt sjálfur kennt sauðfjárrækt á sínum tíma í bændaskóla, fóðurfræði, beitarmeðferð og þess háttar. Ég býst því við að allmargir þeirra sem hann hefur verið að vitna til hérna hafi farið þar í gegn og ég hef haft mikla ánægju af að kenna þeim og sjá ávöxt þess. Gæði og natni við framleiðslu og umgengni við sauðkindina sem skepnu og sem hluta af íslenskri menningu, sömuleiðis beitarlönd og aðrar náttúruauðlindir sem við umgöngumst um leið og við erum við sauðfjárræktina, er held ég megi fullyrða flestöllum sauðfjárræktarmönnum annars vegar í blóð borið, þeir hafi drukkið það með móðurmjólkinni eða hins vegar að þeir hafi lært það.

Ekki þar fyrir að þó að menn hafi ekki farið út í svona nákvæmlega ítarlegar skýrslur þekki ég líka mjög góða sauðfjárbændur sem ekki héldu neinar skriflegar skýrslur, en vissu nákvæmlega í smáatriðum allt um bústofn sinn, um ætterni kinda sinna, um afurðir þeirra á undanförnum árum, um frjósemi þeirra og allt sem verið er að tala um að skrá þurfi á bók. Ég þekki marga bændur sem höfðu þetta alveg fullkomlega í hendi sér og þeir eru enn til og verða. Þetta er hluti af þeirri umgerð sem skapar einmitt sauðfjárrækt á Íslandi og sem er hluti af þeim verðmætum sem í kringum þann búskap eru. Virðulegi forseti. Þetta vildi ég innleiða í ræðu minni.

Einnig vil ég segja, virðulegi forseti, að það var ekki aðeins að okkur væri annt um sauðkindina hvort sem væri á fengitímanum, við fóðrun yfir veturinn eða við sauðburð á vorin eða í að afla heyja að sumrinu eða að smala að haustinu, alls staðar þótti sjálfsagt að sýna þar alveg fyllstu nærgætni og við umgengumst sauðkindina af mikilli nærfærni.

Ég man líka að þegar við vorum að taka frá í slátrun á haustin var lögð sérstök áhersla á að þar væri vandað til, farið væri mjög rólega að fénu og þess gætt að það væri ekki stressað eða æst upp áður en það færi í slátrun og þótti jafnframt alveg nauðsynlegt að á fjárflutningabílnum fylgdi helst einhver sauðfénu til slátrunar sem bæri fullt skynbragð á að slíkri umgengni þyrfti að fylgja eftir alveg inn í sláturhúsið.

Ég man líka að faðir minn, sem var mjög nærfærinn við sauðfé, fylgdi öllu sláturferlinu eftir og hann var alls staðar á ferðinni um sláturhúsið meðan verið var að slátra til að gæta þess að alls staðar væri vel að öllu staðið og vel að farið. (**Landbrh.:** Gæðastýring?) Já, þetta var gæðastýring, hæstv. ráðherra. Hún var ekkert bundin í lögum, en þetta var sjálfsögð og eðlileg gæðastýring. Og ég man að þegar verið var að velja hvort sem það voru skrokkar til heimtöku eða í heimaslátrun, þá var því vandlega fylgt eftir alveg frá upphafi til enda, þ.e. gæðastýring, og ekki hvað síst inni í sláturhúsunum.

Ég rek þetta hér, herra forseti, vegna þess að í þeirri umræðu nú um gæðastýringu er verið að leggja til að þetta ferli sé allt lögbundið og það sé meira en lögbundið því einnig er búið að stofna feiknarlega mikinn eftirlitsiðnað sem á að fylgja því eftir að sauðfjárbóndinn vinni með þeim hætti sem ég var að lýsa. Það liggur í loftinu að kostnaður og fyrirhöfn við eftirlitsiðnaðinn verði miklum mun meiri en hugsanlegur ávinningur, sem er þó mikill, sem bóndinn sjálfur getur fengið.

Síðan rekum við okkur á að þeirri gæðastýringu, sem er svo sjálfsögð en á ekki að vera bundin í lög, sleppir um leið og dilkurinn er afhentur á bíl til slátrunar, því miður, því þá tekur annað við. Í uppbyggingu eða niðurröðun sláturhúsa er ekki verið að hugsa um neina sérstaka gæðastýringu hvað þetta varðar. Fé er flutt langar leiðir, hundruð kílómetra til slátrunar og þá er miklu síður verið að horfa til þess hvað verið er að gera. Gæðastýring er fólgin í ferlinu í heild. Slíkur flutningur á sér stað yfir markalínur, yfir sauðfjárvarnalínur og býður heim þeirri hættu að áratugaárangur í að berja niður smit og sjúkdóma í sauðfé geti gengið til baka vegna þeirrar þróunar sem nú er.

Ekki tekur svo betra við, herra forseti, í sláturhúsunum og kjötvinnslunum. Þar virðist gæðaeftirlitið því miður um of klikka og daprasta dæmið er það sem við ræddum fyrr í dag um útflutning á dilkakjöti til Evrópulandanna þar sem í kjötvinnslustöðvum, sláturhúsum og á þeim stöðum sem hafa verið að selja kjöt erlendis eru fjöldamargar gæðareglur margbrotnar. Þessu er slælega fylgt eftir og stefnir því þeim útflutningi í hættu sem þar hefur verið.

Herra forseti. Ég rek þessa gæðastýringu vegna þess að þetta er ekkert nýtt. En það sem er nýtt er að það á að fara að setja þetta í lög og það er nýtt líka að vörugæðin eru ekki höfð að leiðarljósi heldur ferillinn, hin tæknilegu atriði í ferlinum. Þau eru sett sem númer eitt en ekki gæði vörunnar sjálfrar og þar erum við því miður á rangri leið.

Herra forseti. Einnig það að markaðurinn fyrir dilkakjötið, meginmarkaðurinn, er innan lands, en hins vegar er það svo að varið er stórauknu fjármagni til markaðssetningar erlendis og það hefur ekki gengið vel, hefur aldrei gengið vel á undanförnum árum að verja svona stórum hluta fjármagnsins til að vinna markaði erlendis. Við stöndum nú frammi fyrir því að hugsanlega þurfi að tryggja um 20–30% af framleiðslunni erlendis. Þá fer maður að velta fyrir sér: Til hvers eru þá þær aðgerðir sem núna er verið að gera? Þær aðgerðir sem lúta að gæðastýringu og öðrum álagsgreiðslum eru jafnframt magntengdar þannig að þær eru ekki bundnar við gæði framleiðslunnar heldur eru þær bundnar á kíló í framleiðslunni og munu þar með virka beint og óbeint framleiðsluhvetjandi án þess þó að sá markaður sé fyrir hendi sem er reiðubúinn til að taka á móti því.

Tekjur sauðfjárbænda eru allt of lágar og ekki hefur úr ræst á undanförnum árum. Því er lítil bót fyrir sauðfjárbændur að láta ríkið vera að hvetja til framleiðslu sem skilar þeim ekki nema um hálfvirði af framleiðslukostnaði á hvert kíló. Það er lítil hjálp. Það í raun eykur vandann að hvetja til framleiðslu sem ekki skilar nema hálfvirði framleiðslukostnaðar.

Virðulegi forseti. Sú stefna sem hér er uppi er áhyggjuefni og það hefur verið rakið ítarlega í ræðum fyrr í dag og kvöld. Ég vil vitna til ágæts bréfs sem mér barst frá kunningja mínum Einari Gíslasyni bónda á Skörðugili, með leyfi forseta:

„Trú manna að hægt verði einhvern tíma að selja íslenskt lambakjöt úr landi fyrir framleiðsluverð er gjörsamlega út í hött og tómt bjartsýnishjal. Með þessu ferli hef ég fylgst lengi og ég hef framleitt dilkakjöt í 40 ár og unnið mikið að félagsmálum sauðfjárbænda. Eitt aðalmarkmiðið með stofnun Félags sauðfjárbænda var að stórauka markaðinn erlendis. Við töldum þá að það væri SÍS að kenna að ekki fengist meira verð fyrir það erlendis. Við komumst að öðru og eftir að hafa sent hvern sérfræðinginn af öðrum til finna þessa góðu markaði, sem allir töluðu um en aldrei fundust, þá kom einfaldlega í ljós að þeir voru ekki til. Staðreyndin er sú að Nýsjálendingar voru alls staðar til staðar með úrvalsvöru sem gefur ekkert eftir gæðum íslenska lambakjötins."

Svo segir þessi ágæti sauðfjárbóndi:

„Ef sú stefna væri ofan á að greiða skuli út á framleitt kíló en ekki á greiðslumark verður stutt í að enginn geti búið við sauðfé á Íslandi. Okkur vantar einfaldlega tekjur til að borga brúsann."

Þetta segir þessi ágæti bóndi og telur að þær aðgerðir sem verið er að grípa til í sauðfjárræktinni eigi að miða að því að treysta tekjugrunn bændanna fyrst og fremst og búanna en ekki verða til þess að stuðla að aukinni framleiðslu sem ekki eru markaðir fyrir sem skila nægilegu verði. Markaður innan lands er langmikilvægasti markaður okkar og það er tilfinning mín að honum hafi illa verið sinnt á liðnum árum. Það á að snúa sér og einhenda sér að því að styrkja og efla markaðssókn innan lands og vöruþróun á innlendum mörkuðum og nýta það fjármagn sem ríkið er að öðru leyti að verja til útflutnings í miklu meiri mæli bæði til tekjujöfnunar og til að styrkja tekjur bænda innan lands og styrkja markaðsstöðuna þar. Ég tel, og tek undir þá skoðun sem hér hefur komið fram, að menn eigi að doka við en keyra ekki þetta frv. fram, þetta gæðastýringarfrv. hæstv. landbrh. Menn eiga ekki að keyra það fram. Menn eiga virkilega að fara í það núna að skoða stöðu sauðfjárbænda og skoða stöðu sauðfjárframleiðslunnar, skoða hvað er að gerast og hver áhrif sá samningur sem nú er í gildi í rauninni hefur og hvaða áhrif þar eru á ferðinni áður en gengið verður til þess að setja þessa magntengdu gæðastýringarreglu inn í framleiðsluna í sauðfjárræktinni. Ég tel allt of mikla áhættu að stíga þessi skref. Menn eiga virkilega að taka út stöðuna og meta hvernig þeir geta annars vegar tryggt tekjugrunn bænda, hvernig þeir geta eflt og staðið að framleiðslunni innan lands og neysluni hér innan lands, en verja ekki fjármagninu eins og hér er verið að leggja til til þess að greiða

niður framleiðsluna til útflutnings og láta innlendu neysluna greiða hana beint eða óbeint niður því að það er verið að gera með því að taka fjármagn úr þessum sauðfjársamningi til að greiða niður útflutninginn. En með þeim hætti erum við í rauninni að láta sauðfjárbændur greiða niður útflutninginn. Það tel ég vera alveg rangt.

Herra forseti. Ég vil svo að endingu vísa til þess sem kom fyrr fram í umræðunni. Það hefur komið fram bæði hjá hv. formanni landbn. og einnig hef ég heyrt það hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að ríkið hafi aldrei krafist þess að magntengd gæðastýring, þ.e. sem yrði greitt út af eftir magni, væri skilyrði fyrir því fjármagni sem sett væri inn í sauðfjársamninginn heldur væri það útfærsluatriði sem hefði komið frá bændum sjálfum. Um þetta er að vísu ágreiningur. Sumir bændur telja að samningurinn hafi verið kynntur þeim á fölskum forsendum, þ.e. hafa sagt að þetta hafi verið skilyrði af ríkisins hálfu. Ég tel að þetta eigi að skýra og að bændur eigi heimtingu á að fá að vita hver sé þeirra samningur hvað þetta varðar. Okkur liggur ekkert á að taka þessa gæðastýringu inn með þeim hætti að greiða eftir hana magntengt. Okkur liggur ekkert á því. Okkur ber að taka út stöðuna og kanna hvernig við getum styrkt innviði sauðfjárræktarinnar á Íslandi á mörkuðum innan lands.

[20:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var sannarlega gaman að heyra þegar náttúrubarnið, bóndasonurinn og bóndinn fyrrverandi náði sér á flug og lýsti í rauninni þeirri einu gæðastýringu sem hefur gert það að verkum að landbúnaður á Íslandi er í fremstu röð á svo mörgum sviðum. Þetta er nákvæmlega sú gæðastýring sem ég þekki. Í gegnum hana er fólginn sá árangur sem menn sjá til þess að fleiri og fleiri geti verið í liðinu og náð sama árangri og ég hef lýst. Gæðastýringarbóndinn hefur, sá sem skýrslurnar heldur og fer eftir leiðbeiningum skólastjórans fyrrverandi, 1 kg þyngri meðalvigt á lömbunum sínum og hálfu lambi meira á á. Það er gæðastýring. Hér stendur ekki til að nota þessa peninga flatt í álaginu út á fituflokka og lélegt kjöt þannig að þetta er ræktunarbúskapur.

Nú vil ég bara spyrja, af því að ég kem nánar að ræðu hv. þm. síðar í kvöld, hvað hv. þm. Jón Bjarnason héldi að formaður BSRB, Ögmundur Jónasson, mundi gera ef hann hefði gert kjarasamning fyrir stétt sína, kjarasamningurinn hefði gengið til atkvæða meðal félaganna, 85% tækju þátt í því, 66% segðu já og samningurinn væri samþykktur. Það væri fari ð að framkvæma samninginn í stórum stíl og bændurnir væru farnir að fá þá peninga sem í samningnum voru. Hvað heldur hv. þm. að formaður BSRB mundi gera ef hætt yrði að framkvæma samninginn og þeir sem hann samþykktu sviknir um þá peninga sem þeir ættu að fá? Væru það ekki svik? Er ekki hv. þm. lýðræðissinni eins og sá sem hér stendur og verður að hlusta grannt eftir hljóði stéttarinnar sjálfrar? Hún fékk að taka þátt í atkvæðagreiðslu og kynna sér þennan samning (Gripið fram í.) og gerði það. Ég er ekki í andsvari við hv. formann landbn. heldur hv. þm. Jón Bjarnason.

[20:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um gæðamálin og gæðastýringuna. Ég er þeirrar skoðunar að hver einstakur bóndi vinni sjálfur innan síns bús að því að vera með sem best og nákvæmast skýrsluhald. Það sem honum ber að gera er náttúrlega að skila góðri vöru og hafa gert það og framleitt hana í sátt við þær náttúruauðlindir sem hann nýtir til þess.

Ég treysti mér ekki til að segja að ég hafi með bókhaldi mínu staðið neitt betur eða verr að máli en bóndinn á næsta bæ sem var með þetta nánast allt í kollinum en ekkert skrifað og bjó mjög vel og ég virti hans miklu þekkingu og gæðastýringu á búskapnum. Ég tel því að ég ætti ekkert að fá meira fjármagn fyrir kílóið af mínu kjöti en sá bóndi sem bjó við hliðina á mér og skilaði góðri vöru án þess að hafa um það allt þetta bókhald.

Ég skil hæstv. landbrh. vel hvað það varðar að það þarf að fylgja samþykktum samningi og uns þá honum hefði verið breytt með lagalegum hætti. Hann byggir náttúrlega á lögum og lagagrunni frá Alþingi og útfærsla hans. Það er líka svo að þegar samningar eru gerðir eru þeir gerðir eftir þeim forsendum sem best er vitað. Þar geta síðan hafa reynst hnökrar á eða annað komið upp á og þá þarf það að endurskoðast. Það er þá Alþingi sem ber ábyrgð á þeirri lagasetningu eða lagaumgjörð sem er tengd við þennan samning. Það er Alþingi sem ber ábyrgð á því að þessi endurskoðun fari fram. Þar tel ég, virðulegi forseti, að hæstv. landbrh. ætti að taka frumkvæði eða beita sér.

[20:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir sem gerðu þennan samning hugsuðu kannski líkt og hv. þm. og settu fyrirvara í samninginn um að þeir ættu kost á því að endurskoða samninginn. Það eru endurskoðunarákvæði opin 2003 eða eftir eitt ár. Þá munu bændurnir aftur koma að þessu, gera athugasemdir og endurskoða samninginn þannig að það er allt inni. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að stöðva þennan samning á þessu stigi.

Ég get auðvitað tekið undir margt af þeirri landbúnaðarþekkingu sem hv. þm. flytur hér. Hann kann þessi mál afar vel. Það er hárrétt sem hann segir að einn og einn bóndi sem heldur engar skýrslur og hefur allt í kollinum er góður. En ég var að segja frá því að nú hafa þeir verið settir í tvær körfur annars vegar sá sem heldur skýrslurnar og hinir, og meðaltalið segir að það sé mikill munur á afkomu þessara manna og afurðum eftir búum eins og ég sagði áðan, þ.e. hálfu lambi meira á hverja á og 1 kg þyngri meðalvigt eigi að síður. Ég vek athygli á þessu. Það er kannski eðlilegt að ríkið, sem leggur til þetta mikla fjármagn — eins og ég fer yfir í lok umræðunnar enn frekar — inn í þennan samning, vilji sjá þróun og kapp innan þessarar stéttar. Það var skemmtilegt fannst mér sem krakka og þátttakanda í landbúnaði þegar menn héldu skýrslur og skírðu ærnar sínar. Ég vil segja fyrir mig að Hestsbúið sem hefur verið í forustusveit hér á landi og leiðarljós sauðfjárbænda, hefur verið í skýrsluhaldi. Þar voru ærnar skírðar. Þar var fylgst með öllum hlutum. Þar var ræktunarstarfið mikið. Þetta er háskóli í landbúnaði sem hefur verið leiðarljós um leið og margir bændur hafa orðið miklir leiðtogar hver í sinni sveit. Það er sannarlega gaman að koma þar sem bændurnir deila um hrútana sína, gimbrarnar sínar, hafa keppnisskap og vilja skara fram úr. Og það er ekkert óeðlilegt að bónusinn sé smávegis peningar, hæstv. forseti, af ríkisins fé.

[20:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði göfugt markmið hæstv. ráðherra um að styrkja og bæta innviði sauðfjárræktarinnar sem atvinnugreinar eins og hæstv. ráðherra var að lýsa. En þegar við förum að setja verð á þetta verðum við að horfa á hvað

verið er að greiða fyrir. Þetta er vara sem neytandi er að kaupa og það verður þá að vera á forsendum neytandans sem við gerum þennan verðmun. Ef við höfum fjármagn til þess að verðlauna einn eða annan fyrir eitthvert ákveðið ræktunarátak í sauðfjárrækt þá á það að koma ótengt vöruverðinu eða verðinu á vörunni sem slíkri því að neytandinn veit ekkert hvort hann er að kaupa, þ.e. hann vill bara fá vöru af ákveðnum gæðum en ekki endilega ættbókarnúmerin nokkra ættliði aftur í tímann sem okkur sem sauðfjárræktarmönnum (Gripið fram í.) finnst mjög gaman. Þó að okkur finnist í sjálfu sér gaman að gera það á verðmunurinn til framleiðendanna að byggjast á mælanlegum gæðum vörunnar gagnvart neytandanum. Það tel ég alveg vera númer eitt. (**Landbrh.:** Hvað með formann BSRB?) Varðandi formann BSRB þá stendur hann sig vel í því að semja og standa við samninga. En ég vona að formaður BSRB átti (Gripið fram í.) sig líka á því að leiðrétta þegar hann er að kanna hvort mistök hafi verið gerð eða hvort eitthvað megi betur gera. Hann lemur ekki höfðinu við steininn og segir: „Nú er ég búinn að gera þetta og nú skuluð þið bara ...“ (**Landbrh.:** 2003 er endurskoðun.)

En varðandi þetta frv. bendi ég einmitt á að þetta byggir á lögum sem sett voru fyrir tveimur árum og ekkert bannar það að setja aukið frestunarákvæði í þau lög, þ.e. um að fresta gildistöku þessa viðauka hér. En það tel ég að hæstv. ráðherra eigi að gera.

[20:45]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. um gæðastýringu í sauðfjárrækt. Markmiðið er að vinna að betri afkomu greinarinnar, að sjálfsögðu. Í athugasemd við lagafrv. þetta segir einmitt um markmiðin að þau séu að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda, að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt, að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið, að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða — mikilvægur punktur — og að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

Eins og fram hefur komið er markmiðið gæðastýring. Það kemur hins vegar fram í þessu frv. að með þeirri gæðastýringu sem hér er kynnt eigi að mismuna bændum í greiðslum frá hinu opinbera eftir því hvort þeir eru í gæðastýringarkerfinu eða ekki. Ég vil í raun sjá að nánast allir bændur fari í gæðastýringu, ekki minna en 95–98% bænda taki þátt í gæðastýringu. Ég hygg hins vegar að heldur bratt hafi verið farið í þeirri möppu sem búið er að dreifa til bænda og þingmanna, að of flókið kerfi hafi verið sett í gang og þess vegna hugnist bændum ekki að fara í það gæðastýringarkerfi sem nú liggur fyrir. Ég vil beina því til hæstv. landbrh. og hv. landbn. að farið verði yfir þau atriði sem máli skipta varðandi þetta og niðurstaðan í málinu verði sú að bændum verði ekki mismunað vegna þess að einhverjir verði fyrir utan gæðastýringuna. Allir eiga að fara inn. Það held ég að sé mál sem við verðum að vinna að. Gæðastýringin þarf auðvitað að skila sér til neytenda í ódýrari og betri afurðum, og jafnframt til bændanna í auknum tekjum.

Ég hefði viljað sjá, hæstv. landbrh., að meira tillit hefði verið tekið til ræktunarstarfsins hjá bændunum í gæðastýringarmöppunni sem hér liggur frammi, meiri áhersla hefði verið lögð á ræktun íslenska fjárstofnins þannig að við værum að skila betra hráefni til neytenda. Þegar ég tala um betra er ég að tala um meira ræktað fé, þ.e. með meiri hryggvöðva, betri kótelettur, betra á grillið, minni fitu og betri læri. Það eru lær- og hryggvöðvarnir sem neytendur eru að sækjast eftir en því miður kemur það mat sem nú er við lýði og það gæðastjórnunarkerfi sem verið er að kynna okkur hér ekki endilega þessum þáttum sauðfjárræktarinnar til neytandans. Ég held að við ættum að huga betur að því stórmerkilega fyrirbrigði sem fjárræktarfélögin í landinu hafa stundað í áratugi. (**Gripið fram í:** Það er verið að því.) Það þarf að gera enn betur á þessu sviði og færa það alla leið til neytandans. Það held ég að sé málið sem við þurfum að laga. Ég treysti því að hv. landbn. og hæstv. landbrh. gangi þá götu sameiginlega að gera betur á þessu sviði.

Gæðastýringin sem hér hefur verið kynnt byggir að miklu leyti á að skjalfesta framleiðsluaðferðir og -aðstæður. Ég var að benda á að við þyrftum að ganga lengra gagnvart framleiðsluvörunni og varðandi neytendur. Þannig á þetta að skila sér á milli þessara tveggja hópa sem eru neytendur og bændur.

Þá vil ég aðeins koma að þætti sem er ekki í þessu frv. í sjálfu sér en varðar afkomu þessarar greinar, og það eru markaðsmálin. Þau þurfa jafnframt að tengjast enn betur og ekki síður lagasetning um útflutningsskyldu á lambakjöti. Hún hefur verið við lýði í nokkur ár og gert það að verkum að mínu mati að hvatinn til að stunda íslenskan markað hefur minnkað hjá sláturleyfishöfum. Öðrum kjöttegundum á íslenskum markaði hafa gefist frekari tækifæri. Svo hrekjast sauðfjárbændur með sínar afurðir úr landi. Þessu þarf að bregðast við og fara yfir þau markaðsmál sem tengjast útflutningsskyldunni. Þar tel ég að sé lykillinn í sóknarfærum á íslenskum markaði fyrir sauðfjárbændur og við þurfum að koma því m.a. að í þessum málum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tímanum öllu lengur í kvöld. Það er orðið áliðið og ég tel ekki ástæðu til frekari ræðuhalda en samt vil ég aftur leggja á það áherslu við hæstv. ráðherra að skoðað verði hvort ekki megi fara frekar yfir þetta frv. með tilliti til þess að albestu bændur sjái sér fært og sjái sér hag í því að fara inn í gæðastýringuna. Ég tel það mjög mikilvægt.

Sumum bændum sem komnir eru á efri ár hrýs kannski hugur við að setja sig inn í þessa miklu möppu sem verið er að kynna. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt að sett yrði upp ákveðin aðlögun fyrir þá menn sem eiga kannski 4–5 ár eftir í greininni, þeir fái einhvern aðlögunartíma þannig að þeir geti komist að gæðastýringunni en þurfi ekki að útilokast strax frá rúmlega $^1/_5$ af beingreiðslum vegna þess að þeir fara ekki inn í gæðastýringuna strax.

Hæstv. landbrh. talaði fyrr í dag um gulrót, það þyrfti að vera gulrót í þessu kerfi. Ég er mikill gulrótamaður og er sammála því að það sé sjálfsagt að hafa einhverja gulrót fyrir bændur þannig að þeir nái þeim markmiðum sem eru einmitt í frv. Ég held að sjálfsagt sé að huga að því. Spurningin er, herra forseti, hvað þarf margar. Nægir ein?

[20:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. ágæta ræðu og get tekið undir flestallt það sem hann sagði í máli sínu. Ég er honum að miklu leyti mjög sammála. Ég vil sjá helst 100% þátttöku bænda í gæðastýringunni. Ég er samþykkur því að menn fari vel yfir þetta á allan hátt. Ég heyri fátt af bréfum frá Norður-Þingeyingum sem eru að keyra eftir kerfinu. Þau berast ekki. Þeir vita að þetta er ekki flókið. En auðvitað verður farið yfir þetta á þinginu og með bændaleiðtogunum.

Hv. þm. veit jafn vel og ég um ræktunarstarfið og ég er alveg sammála honum í að það þarf að leggja mikla áherslu á það og það er verið að því í þessum samningum. Það er gert með því að menn komi inn í skýrsluhald, kynbótaskýrsluhald, allur bústofn verði skráður. Allir menn eru komnir inn í ræktunarstarfið, í kynbótaskýrslustarfið, og það mun leiða af sér að hryggurinn verður betri, lærin og frampartarnir sömuleiðis og fitan verður minni. Kjötgæðin verða meiri. Þetta mun allt leiða af þessum samningi, ég er klár á því, þannig að mér finnst sú aðferðafræði hvað þetta varðar meira en ásættanleg.

Svo vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sáttur við það sem neytendur gera kröfur um, um lyfjanotkun og áburðinn. Ég held að okkur greini ekki mjög á. En auðvitað fer landbn. yfir málið með leiðtogum þessa samnings, verkalýðsfélagi sauðfjárbænda, landssamtökum sauðfjárbænda og Bændasamtökunum þannig að auðvitað verður þetta unnið af þeirri fagmennsku sem ber að viðhafa.

Ég hef ekki búið þennan samning út. Ég styð hann. Hann var lýðræðislega lagður fyrir og samþykktur, hann er staðreynd og hann geymir heilmikla peninga til að styrkja sauðfjárræktina.

[20:55]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir orð hans. Ég er sammála því að það er ekki mikið sem ber á milli, þó það að við þurfum að huga að því að gæðakerfi í atvinnulífinu hvarvetna byggir á því að framleiða þá vöru og þá þjónustu sem neytandinn óskar eftir. Ég er einmitt að leggja áherslu á þann þátt í málinu.

Það er svo auðvitað heilbrigðisyfirvalda að fylgjast með hvaða áburður er notaður og hversu mikið af lyfjum o.s.frv. Það eru þær stofnanir landbúnaðarins og þjóðfélagsins sem fylgjast með því að þar sé ekkert óhóf á. Við erum svo heppin með okkar íslenska landbúnað að við notum tiltölulega lítið af slíku.

[20:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Það getur hjálpað vörunni á markað, bæði innan lands og erlendis. Þannig eru kröfurnar að verða að neytandinn vill að þessi skráning eigi sér stað. Við sjáum hverju við stöndum frammi fyrir. Hér hefur verið minnst á merkingarnar sem nú eru á lambakjöti og hafa brugðist í Evrópu og kjötið verið brennt. Þetta hefur allt saman sín áhrif.

Hv. þm. minntist í ræðu sinni á útflutningsskylduna. Ég er að hluta til sammála honum í því efni. Við skulum átta okkur á því að í íslenskum landbúnaði hefur orðið samkomulag um að lambakjötið sé gullið sem eigi að víkja af markaðnum og setja á það útflutningsskyldu og það eru sauðfjárbændurnir sem borga það. Það getur vel verið að í því liggi að menn séu að rýma til fyrir öðrum kjöttegundum á markaðnum og fara þá fyrst af stað með kúfinn af lambakjötinu út af því að það er það kjöt sem best gengur og hæst verð fæst fyrir erlendis. Hv. þm. hafa gert lítið úr því. Samt er það svo, t.d. í Bandaríkjunum, að menn hafa fengið á fjórða þús. kr. fyrir kílóið af lambahrygg. (**ÖS:** Sex.) Sex þúsund, segir hv. þm. og er víðförull og oftast sannsögull, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þannig að ekki ætla ég að rengja hann í þessu. En þetta verð höfum við séð. Við höldum í höndina á mjög dýrmætum markaði. Og eigum við bara að taka þátt í að slá hann af eða eigum við að reyna að þróa hann og taka þátt í því í fimm eða sjö ár til að gá hvort enn þá geti ekki sauðagullið orðið að veruleika? Ég vil a.m.k. ekki verða sá landbrh. sem lokar á útflutning á einhverri bestu kjötafurð heimsins. Ég vil ekki standa í því — eða ætla menn mér það? — þannig að varðandi útflutningsskylduna get ég samt sem áður tekið undir það með hv. þm. að lambakjötið fer út af því að það selst fyrir hátt verð en víkur auðvitað í mörgum tilfellum fyrir hluta af kjötinu á markaðnum.

[20:58]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram að ég er á engan hátt á móti skráningu eða því að bændur hafi sínar upplýsingar. Mér finnst að það sé að miklu leyti þeirra mál hvernig þeir standa að þeim skráningum sem heyra til áburðar og jarðræktar. (**Landbrh.:** ... markaði heimsins.)

Síðan vil ég segja það að ég held að okkar dýrmætasti markaður, dýrasti markaður sauðfjárbænda, sé innlendi markaðurinn. Það er langhæsta verðið á íslenska markaðnum og það er hann sem við eigum að stunda og leggja höfuðáherslu á.

[20:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fyrir tæpum tveimur árum, þegar við ræddum þann fræga búvörusamning sem við erum nú að ræða afleiðingar af, hélt ég nokkrar ræður og greiddi einn þingmanna atkvæði gegn honum með þeim rökum að hann væri slæmur fyrir bændur, skattgreiðendur og neytendur.

Ég hef hlustað á umræðuna í dag og heyrt ræður mínar aftur nákvæmlega frá orði til orðs svo ég þarf varla að halda þær. Það er rétt að í núverandi búvörusamningi er framleiðsluhvatning, bændir eru hvattir eða neyddir til að framleiða vegna þess að þeir skulu hafa 0,6 á á fóðrum fyrir hvert ærgildi, þ.e. ef þeir hafa 10 ærgildi skulu þeir hafa 6 kindur á fóðrum. Það vill svo til að sex kindur eiga lömb á vorin. Það þekkja bændur. Þessum lömbum er slátrað á haustin. Af þessum lömbum kemur kjöt. Þetta er sem sagt framleiðsla, hvatning til framleiðslu og ekkert annað. Menn fá ekki beingreiðslurnar öðruvísi, ekki nema þeir framleiði kjöt, er þó ekki á bætandi eftir því sem heyrist.

Herra forseti. Það er mjög tíðkað og þykir fínt að hafa gæðaeftirlit og gæðaeftirlitskerfi. Ég er hjartanlega sammála því að það er gott mál að atvinnugreinar og fyrirtæki setji sér gæðaeftirlitskerfi og þrói með sér gæðaeftirlitskerfi. En þau eru alltaf að kröfu markaðarins, þess sem kaupir. Þau eru sett á með vilja framleiðendanna. Þeim er aldrei þrýst ofan í kokið á framleiðandanum ofan frá. Á því er reginmunur. Ef bændur sjá það sjálfir að þeir standi betur með gæðaeftirlitskerfi þá taka þeir það að sjálfsögðu upp. Ef markaðurinn krefst þess taka þeir það upp. En hér er verið að ræða gæðaeftirlitskerfi sem einhverjir skriffinnar í Reykjavík hafa fundið upp. Þeir hafa meira að segja komist að því að fallega máluð íbúðarhús í sveitum vekja áhuga á gæðum kjötsins. Þvílíkt og annað eins. Þeir vilja hafa það þannig og það hefur ekkert með gæðaeftirlit að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut. En þannig er mjög margt.

Við hv. þm. fengum mjög miklar möppur á borðin hjá okkur. Ég var að reyna að glugga í þetta. Ég hugsa að þessi mappa kosti tvö þúsund kall og bara þingið kostar þá 120 þús. Þessi mappa er mjög dýr og hún er afskaplega viðamikil. Hún er afskaplega torskilin. Ég reyndi að glöggva mig á þessu einhvern tíma í umræðunni. (**ÖS:** Við skiljum hana, í Samfylkingunni.) Það er gott að hv. þm. Samfylkingarinnar

skilja hana. Þeir vita þá nákvæmlega undan hverju bændur eru að kvarta eða hvað? (**ÖS:** Já.) Þá vita þeir nákvæmlega af hverju þeir gerðu mistök með því að greiða atkvæði með búvörusamningnum. (Gripið fram í.) Þeir greiddu atkvæði með búvörusamningnum allir sem einn og bera því ábyrgð á þessu. Þá vita bændur hvert þeir eiga að snúa óánægju sinni, það eru sem sagt hv. þm. Samfylkingarinnar sem eiga sökina á þessu. (**ÖS:** Ekki að stjórnarliðinu — þeir bera enga ábyrgð.) Þeir eru alla vega ekki að hreykja sér af því að hafa skilið þetta og samþykkt.

Herra forseti. Þessi mappa, þetta gæðaeftirlit sem hér er komið á er í mörgum liðum. Hér er fjallað um landnýtingu, í þessu er skriffinnska o.s.frv. Svo er hérna skóli. Bændur eiga að fara í tveggja daga skóla. Ég hygg að margur gamall bóndi muni skirrast við að fara í skólann og jafnvel þeir yngri líka. Þeir eru ekkert vanir því. Hvað gerist? Þá eru lækkuð launin þeirra. Þá eru beingreiðslurnar lækkaðar, fyrst um 12,5% og síðan í 22,5%. Ég hygg að þetta séu ekki ríkustu bændurnir, herra forseti. Þetta eru sennilega fátækustu bændurnir sem margra áratuga landbúnaðarkerfi er búið að gera svo fátæka að það er með ólíkindum. Nú á að gera þá enn þá fátækari. Þeir líta sennilega á þetta eins og Kötlugos eða einhverjar hörmungar sem dynja yfir.

Þetta er ekki sniðugt, herra forseti. Þetta er ekki sniðugt. Þeir verða enn fátækari af því að þeir geta ekki fullnægt öllum þeim kröfum sem skriffinnanir í Reykjavík hafa látið sér detta í hug. Að mála útihúsin, þeir eiga kannski ekki fyrir því, og fara í skóla, sem þeir treysta sér kannski ekki til.

Ég sagði að búvörusamningurinn væri fullur af mannvonsku. Ég stend við það. Og nú er það að koma upp að bændur um allt land eru að uppgötva sannleikann. Þeir eru að uppgötva þetta gæðaeftirlit sem er þrýst ofan í kokið á þeim af skriffinnum í Reykjavík. Það rignir yfir bréfum. En þetta eru ræðurnar sem ég hélt fyrir tveimur árum, tæpum meira að segja. Ég held að ég sé ekkert að endurtaka þær.

Það var mjög athyglisvert sem hæstv. landbrh. sagði rétt áðan: Eigum við, þ.e. háttvirtir þingmenn, að tapa þessum gullmarkaði? Hann setur hv. þm. í stöðu framleiðenda. Hann lætur sem hv. þm. séum markaðsmenn fyrir landbúnaðarafurðir, eins og við hv. þm. séum að framleiða landbúnaðarafurðir. Ég hélt að það væru bændur sem framleiddu afurðirnar og ættu að hafa áhyggjur af því hvort einhver markaður væri góður eða slæmur. En þetta sýnir einmitt hve langt menn eru komnir í miðstýringunni og forsjárhyggjunni. Ég hef margoft spurt að því: Hvenær hættu bændur að vera bústólpar? Hvenær urðu þeir að þrælum?

[21:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér hefur löngum verið ljóst að það er ekki hið sama að hafa vit á fé og hafa vit á sauðfé. Ræða hv. þm. kemur mér því ekkert á óvart. Henni fylgja auðvitað ákveðnir útúrsnúningar.

Ég vil spyrja hv. þm.: Getur ekki orðið „við" þýtt þjóðin? Getur ekki verið að þjóðin græði á því að eignast góða markaði þar sem vara hennar selst dýrum dómum? Ef við sjáum í hornið á mörkuðum sem vilja borga, eins og hv. þm. fullyrti, 3 þús. upp í 6 þús. kr. fyrir kíló af lambakjöti þá eigum við ekki að yfirgefa það. Í þessu tilfelli getur einfaldur landbrh. átt við, þegar hann segir „við", ekki bara þingið heldur þjóðina. Ég vil spyrja hv. þm. um þetta.

Nú er það svo að hv. þm. er mikill metnaðarmaður á mörgum sviðum og þekktur í rekstri og gæðastýringu á enn fleiri sviðum. Gerir hann sér ekki grein fyrir því að á námskeið þýðir að menn koma saman, gleðjast og fara yfir stöðu atvinnugreinarinnar, gera plön um markaðinn? Það er mikilvægt líka fyrir sauðfjárbændur. Engir menn eru skemmtilegri fundarmenn á Íslandi en íslenskir sauðfjárbændur. Þar njóta þeir sín og þeir hafa gaman af að koma saman á námskeið og kvarta ekki yfir því, enda hafa 1.630 bændur sótt þau námskeið sem þegar hafa farið fram og haft af því gagn og gaman.

Það er nú einu sinni svo að maður er manns gaman og í öllum greinum atvinnulífsins, hvort starfið snýst um vexti og gróða af peningum eða hamingju í kringum sauðfé, er gaman að koma saman og ræða málin þó menn séu ekki eins glaðbeittir og þeir sem vaxtaokrinu stjórna.

[21:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. segir mig ekki hafa vit á sauðfé. Það vill svo til að ég ólst upp í sveit og ég hef farið í göngur með bændum austur í Skaftárhreppi. Mér fannst sem þeir teldu mig ekki slæman í að umgangast sauðfé. Ég hleyp hratt.

En það að gera alla þjóðina að markaðsmönnum fyrir landbúnaðinn er ótrúleg forsjárhyggja. Ætli það sé ekki best fyrir hverja atvinnugrein að þeir sem stjórna henni, þ.e. bændur sjálfir, stundi markaðsstarfið og þá með tilvísun í markaðinn sem þeir ætla að reyna að selja á? Ætli það sé ekki langbest að menn geri það sem þeir hafa vit á og kunna best og annað fólk sé ekki að segja þeim hvernig þeir eigi að selja framleiðsluna. Öll þjóðin meira að segja. Ég hugsa að bændum þætti það þokkalegt ef ég færi að segja þeim til.

Svo er afskaplega gaman að koma saman á námskeið, já, já. Það getur vel verið að einhverjum 1.630 af 4.000 bændum þyki gaman að koma á námskeið. En það eru eflaust einhverjir sem ekki þykir það gaman og eru hræddir við að fara í próf, kannski menn sem hafa ekki verið mikið fyrir bóknámið hingað til en kunna afar vel að framleiða gott lambakjöt.

[21:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að væna hv. þm. um að hann hafi ekki vit á sauðfé. Sjálfsagt hefur hann gott vit á sauðfé. Ég veit að hann er virtur smali í mínu kjördæmi og bændur kunna að meta hann í smalamennsku. Hann er fótfrár og hleypur sem hestur. Ég er viss um að hann væri líka góður að koma lambi á spena að vori og mundi stunda þau störf af þeirri samviskusemi (**PHB:** Ég hef gert það.) — og hefur gert það kallar hann fram í — sem hann hefur stundað í kringum peningana og þingið. Hann hefur verið sjálfum sér samkvæmur og ég ætla ekki að standa í deilum við hann um það.

Auðvitað er það hárrétt, sem hv. þm. segir. Það kann að vera að einhverjir kvíði því að fara á námskeið og kvíði skýrsluhaldi. Ég hafði sjálfur áhyggjur af þessum þætti af því að það er kannski innan við helmingur bændanna sem eru í þessu bókhaldi. Það varð að blása til samstöðu um málið og reyna að fá alla með. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir þessa atvinnugrein að menn séu samhentir og taki þátt í ræktunar- og uppbyggingarstarfinu sem gæti fylgt þessum samningi. Ég deili þeim áhyggjum með hv. þm. eins og fleiri að auðvitað eru einhverjir á móti þessum samningum af þessum ástæðum. Það er enginn vafi í mínum huga um að her manna hefur barist gegn honum frá því að hann var

samþykktur, áður en hann var samþykktur, eftir að hann var samþykktur, eftir að hann fór að virka og hefur jafnvel gefið út heilar bækur gegn honum. Það er því ekki að undra að hann mæti einhverjum mótbyr. En nú er hann á lokastigi og þess vegna er mikilvægt að blása til samstöðunnar. Landbn. mun fara rækilega yfir samninginn og skila honum inn í þingið í vor.

[21:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósköp var þetta þunn ræða hjá hæstv. landbrh. Í henni kom fátt eitt fram og lítið af því sem ég gagnrýndi eiginlega hvað mest, þ.e. að þessi búvörusamningur væri framleiðsluhvetjandi og slæmur fyrir bændur vegna þess að þeir bændur, sem kannski meta má einhver 20%, munu ekki treysta sér til að fara í alla þessa skriffinnsku og á þessi námskeið en hafa þó mann fram af manni framleitt afbragðs lambakjöt. Þeir kunna að setja á, kunna að sinna sauðburði á vorin, þeir kunna að sækja lömbin á haustin og fylgja þeim í slátrun. En þeir treysta sér kannski ekki í að fara í próf og fylla út allar þessar skýrslur eða geta það ekki. Þeir kunna að framleiða gott lambakjöt en þeim skal refsað. Þeir skulu gerðir enn fátækari.

[21:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessa umræðu um gæðastýringuna. Mikið hefur verið rætt um stöðu bænda hvað varðar gæðastýringuna. Ég get tekið undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni um að þar sem ég þekki til fjárbúskapar er þetta meira og minna inni í framleiðsluferlinu hjá bændum eins og það er í dag. Það vill svo til að ég er nýkominn úr Norður-Þingeyjarsýslu og hef rætt við bændur um þessi mál þar. Í raun segjast þeir þurfa að reiða fram upplýsingar sem þeir hafa haft og skráð og í mörg ár. Ég ætla ekki að fara í þá umræðu. Ég held að þetta sé tiltölulega auðvelt mál að fara í, margar góðar ábendingar og ég er viss um að hv. landbn. mun þar skila góðu starfi.

Þar sem ég ólst upp í þorpi með heimaflabúskap virðist mér í dag sem neytanda sem vandinn sé á leiðinni frá sláturhúsvegg og inn í búð. Í raun getum við í þessu sambandi aðeins valið um eina afurð miðað við nútímakröfu. Hangikjötsframleiðslan byggir að verulegu leyti á staðbundinni framleiðslu þar sem þú gengur að því hvaðan þú ert að kaupa hangikjötið, hvort það er Hólsfjalla, skagfirskt eða eyfirskt, KEA eða hvað það er. Þetta er mjög framleiðsluaukandi og miklu meira spennandi, að velja í kjötborðinu á þennan hátt. Þess vegna tel ég að það sé fyrst og fremst í markaðsstarfi frá sláturhúsvegg og inn í búðirnar sem á vantar.

Rætt hefur verið um að verðið hefur hækkað gríðarlega miðað við hækkunina til bænda. Hér hefur verið talað um 6–7% hækkun til bænda á meðan kjötið hækkar í útsölu á neytendamarkaði um 17%. Það er náttúrlega óviðunandi þegar við stöndum frammi fyrir því að framreiðslan í kjötborðinu hefur heldur versnað ef eitthvað er.

Auðvitað hefur sá vandræðagangur sem hefur verið uppi í öllu afurðastöðvadæminu úti um allt land áhrif núna og er e.t.v. stærsti orsakavaldurinn í því að við erum að selja miklu minna kjöt en áður hefur verið. Það er bara þannig og af því að ég tala um heimaflabúskap, þá er mér ekki sama hvort ég fæ lambhrútslæri eða gimbrarlæri til steikingar, tek það sem dæmi. Ef afurðastöðvarnar og síðan söluaðilar eru innstilltir á að fara yfir í slíkt í meiri mæli, þá liggur þar hin eiginlega gæðastýring. Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af bændunum. Þetta er ferlið frá sláturhúsvegg og inn í búðirnar. Þetta er eins og í öðru, hvort sem við erum að tala um konfekt eða lambakjöt. Þetta þarf að framreiða á réttan hátt til að það verði spennandi. Það er spenna í sambandi við það að kaupa og smakka mismunandi framleitt reykt lambalæri. Það er eiginlega eina afurðin sem ég get komið auga á sem fylgir þessu gæðastýringarferli. Framleiðendur eru margir, það eru spennandi merkingar, fólk veit hvaðan kjötið kemur og gerir samanburð í fjölskylduboðum, hver var með Húsavíkurreykt hangikjöt og hver var með SS-hangikjöt eða hver var með KEA-hangikjöt. Þetta ræðir fólk um, ber saman og kaupir afurðir sem vel er af látið. Þarna eru stærstu gæðastýringarmálin sem þarf að vinna að og þarna verður til örvun á sölunni á innanlandsmarkaði eins og menn hafa rætt mikið um. Þarna eigum við að einbeita okkur því að eins og hefur komið fram í ræðum manna er gæðastýringin hvað varðar framleiðendurna sjálfa í mínum huga tiltölulega einfalt mál vegna þess að ég hef nákvæmlega sömu reynslu og hv. þm. Jón Bjarnason. Annaðhvort hafa menn þetta í hjartanu og innbyggt í heilabúið hvernig búið virkar eða þá, eins og ég þekki mjög vel til, að menn hafa hvert einasta atriði skráð.

Ég árétta að ég tel að hv. landbn. eigi í miklum meira mæli að fara í ferlið frá sláturhúsvegg og inn í búðirnar, framkalla samkeppni um gæði, samkeppni um hvernig menn vinna vöruna o.s.frv. Það er í mínum huga ekkert vafamál að stór hluti þjóðarinnar sem er alinn upp við gott lambakjöt mundi kunna vel að meta það að geta valið og fengið merkt að þetta og þetta læri í borðinu sé gimbrarlæri en ekki lambhrútslæri. Þannig er ég alinn upp við neyslu á lambakjöti. Mér er ekki sama hvort ég fæ lambhrútshrygg eða gimbrarhrygg.

Heima hjá okkur var ævinlega sá háttur hafður á að gimbrar voru teknar til neyslu, til steikingar, til ferskrar neyslu, en lambhrútar frekar teknir í reykingu, saltað kjöt o.s.frv. Við eigum að byggja á þessu og við eigum að framkalla fjölbreytileika innan greinarinnar, innan framleiðslunnar til þess að freista þess að fólk kaupi meira og ef það hefur þetta val, eins og með hangikjötið, er ekkert vafamál að það selst meira og þarna framkalla menn hina eiginlegu gæðastýringu vegna þess að í framhaldi af því fer að verða eftirsótt að fá læri til reykingar frá vissum svæðum og helst náttúrlega frá vissum búum. Þetta gerist af sjálfu sér þegar vinnsluferlið og söluferlið er komið inn í það far.

Þetta vildi ég draga fram, virðulegi forseti. Ég held að þetta sé meginmálið og ég held að bændur standi tiltölulega vel. Ég geri mér grein fyrir því að sumir mikla fyrir sér skriffinnsku sem ég tel reyndar að langmestu leyti óþarfa og það eigi að fara yfir þau mál í hv. landbn. En aðalfókusinn er að einbeita sér að þessu ferli frá sláturhúsvegg og inn í kjötborð.

[21:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er gaman þegar umræður taka á sig hugsjónablæ og menn lifa sig inn í skoðanir sínar og flytja góðar ræður. Ég get tekið undir hvert einasta orð sem hv. þm. sagði í máli sínu. Þetta er kjarni málsins og þarna hafa afurðastöðvarnar sem eru í eigu bændanna að sumu leyti brugðist í markaðssetningu sinni. Það er þessi tíska sem menn þurfa að skapa. Það eru þau sjónarmið sem hv. þm. kemur hér inn á sem selja vöruna frá hjarta til hjarta, frá manni til manns, að leggja áherslu á sérstöðuna, markaðssetja það út frá samkeppni í bragði og gæðum. Ég bý við það á mínu heimili að konan mín biður alltaf um gimbur þegar

ég kaupi skrokk þannig að sjónarmið okkar fara mjög saman í þessu.

Hver segir að það séu ekki einmitt verkefni bændanna sjálfra? Eitthvert verkefni verða þeir að hafa í þessu eins og hv. þm. Pétur Blöndal segir. Á það ekki að vera metnaður þeirra að berjast á markaðnum? Eiga þeir þá ekki um leið og þeir eru komnir í slíkt kerfi, og fá mikla peninga út á, að standa sig á markaðnum og taka við og búa til þann fjölbreytileika?

Ég hygg að það geti orðið eins og í gæðastýringunni í hestamennskunni, að þegar þetta kerfi verður komið á muni margir íslenskir bændur, sem eru stórvel gefið fólk sem kann á alla hluti í dag, tölvur o.s.frv., búa til gáttir út í veröldina og hér innan lands. Unga fólkið ferðast um landið í gegnum tölvur, fer heim á bæinn, heimsækir bóndann, sér hvernig bú hann stundar, sér við hvaða aðstæður lömbin bíta grasið, sér lækina seytla úr hlíðinni og sér það frelsi sem sauðkindin í landinu býr við. Það heillar íslenska neytendur en það mun ekki síður heilla þá mörgu neytendur í víðri veröld sem í vaxandi mæli vilja kaupa vöru á háu verði frá slíkum löndum þannig að auðvitað byggist þetta allt saman á þessu.

Bændur hafa mætt því af hörku. Ég hef veigrað mér við að setja reglugerð á sem nú er að ganga yfir Evrópu um að hægt sé að rekja lambið úr kjötborði og heim að bæ. Þeir telja það mjög flókið kerfi og óþarft. En svo verðum við líka að átta okkur á því að ef við eignuðumst markaði erlendis, og íslenski neytandinn er bara neytandi heimsins með svipaðar kröfugerðir, þá verður margt af því sem við erum að setja hér í gang að vera til staðar til þess að menn fái ekki á sig árásirnar eins og gerðust úti í Evrópu núna með íslenska lambakjötið sem hafði klikkað í meðhöndlun margra afurðastöðva, þó ekki allra. Bændurnir eiga afurðastöðvarnar og bera ábyrgð á þeim. Þeir eiga þær. Kannski er það einhver mesti skaði sem hefur verið gerður á Alþingi Íslendinga að kippa þeim frá markaðnum með lögum 1985 og segja að bændur skuli bara fá allt sitt greitt burt séð frá því hvort varan selst eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að þeir þurfi í gegnum afurðastöðvar sínar að vera nærri markaðnum af tilfinningu, hafa það sem sitt markmið að selja sem mest af kjöti á innanlandsmarkaði. Ég hygg að lögin frá 1985 þar sem ákveðið var að þeir skyldu bara slátra í sláturhúsunum og fá að fullu greitt fyrir áramót hafi skapað þá þróun að þeir standa fjær markaðnum í dag en þeir ættu að gera. Ég hef trú á því að þeir komi núna af fullum þunga inn í afurðastöðvar sínar með falli Goða og taki á, ekki síst í þeim anda sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson flutti áðan og reyndar ýmsir fleiri hafa komið inn á.

Herra forseti. Ég ætla svo sem ekki að lengja umræðuna mikið. Ég vil þó segja að samningurinn sem nú er unnið eftir og verið er að greiða bændum eftir var auðvitað á margan hátt tímamótasamningur. Grunnupphæð beingreiðslna í fyrri samningi var 1 milljarður 878 millj. Í nýja samningnum er það 1 milljarður 972 millj. Áður voru greiðslur á ærgildi 4.747 kr. Nú eru þær eftir nýja samningnum 4.986 kr. 60 millj. á ári til viðbótar í sérstakar jöfnunargreiðslur til þeirra sem ekki hafa haft greiðslumark eða hafa haft góðar afurðir eftir sitt fé, oft ungt fólk sem er að setjast að í sveitum. Þetta fá einungis þeir sem hafa 18,2 kg innlegg eftir veturfóðraða á.

Stefnt var að því að kaupa upp 42 þúsund ærgildi. Það er á því stigi að 600 ærgildi eru eftir eða svo. Þegar búið var að kaupa 25 þúsund ærgildi var andvirði þeirra dreift jafnt á alla bændur eða 125 millj. nýtt fé til þeirra sem gerir að meðaltali 11% hærri greiðslur til bænda en áður var.

Síðan hefur það verið mjög gagnrýnt af mörgum bændum, sem var yfirlýsing ríkisstjórnar og samþykkt á Alþingi og fagnað sérstaklega við yfirlýsingu þess sem hér stendur, að andvirði í peningum 7.500 ærgilda skuli fara til sérstakra sauðfjárbyggða, til fólks sem hefur enga aðra atvinnumöguleika. Það er sannarlega byggðaaðgerð, líklega einar 35 millj. á ári. Byggðastofnun mun hjálpa til við að velja svæðin og þeim peningum verður úthlutað til fólks. Í rauninni er sá peningur óviðkomandi samningnum sjálfum. Hann er fyrst og fremst yfirlýsing ríkisstjórnar og Alþingis um að það vilji koma til móts við fólk sem býr við þær aðstæður í byggðarlögum sínum að í rauninni er ekki um neina aðra atvinnumöguleika að ræða til að bæta tekjur sínar en sauðfjárrækt. Þessu vildi ég koma á framfæri.

Síðan vil ég í lokin þakka, þó að hv. þm. Drífa Hjartardóttir gagnrýni þessa stöðu og frv., þá lýsir hún því yfir að hún muni ekki tefja málið, hún muni vinna faglega með það í landbn. (**Gripið fram í:** Gerbreyta því.) með því fólki sem þar er. Samningum verður aldrei gerbreytt. Auðvitað mun hv. þm. fara yfir málið með þeim sem samninginn gerðu, bæði ríkinu og forustumönnum bænda, en samningum verður aldrei gerbreytt. Blek er gert með þeim hætti að erfitt er að rifta því. Og það er erfitt, hv. þm., þegar 66% bændanna hafa samþykkt samninginn að rjúfa hann með þeim hætti þannig að ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm. að ætla að vinna svona með málið og fara þá yfir hinar viðkvæmu hliðar og það sem gagnrýnt hefur verið, bæði hér og annars staðar. Það er mjög mikilvægt.

Hér eru ýmsir, eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir, sem telja að frelsið sé fyrir öllu eins og sala án beingreiðslu. Ég er ekki alveg sáttur við það sem gerst hefur í mjólkinni. Það hefur gríðarleg byggðaröskun fylgt því háa söluverði á kvótanum í mjólkinni og ungu bændurnir í þeirri atvinnugrein hafa verið að skuldsetja sig verulega. Standast þeir framtíðina eða standast þeir hana ekki með allar þær skuldir á herðunum? En þar hefur verið mikil þróun og þar hefur verið mikil hagræðing eins og sagt er. Það kann vel að vera að þegar það frelsi tekur gildi von bráðar, þegar 45 þúsund ærgildi hafa verið keypt, þá eru menn fyrst og fremst að kaupa peninga ríkissjóðs hver af öðrum, en það verður auðvitað með þeim hætti að byggðin grisjast og það er kannski mikilvægt líka í þessu efni að þeir sem vilja búa eftir samningnum geti styrkt bú sín þó ég eigi þann draum að sjá 100% bænda taka þátt í gæðastýringunni. Ég vil fá að setja það hér fram að ég býst við því að þegar samningurinn fer að virka komi líka gagnrýni frá þinginu, þó að það heimti frelsið um að selja ríkisstuðninginn, að nú sé sauðfjárbúunum að fækka verulega í landinu. Það mun fylgja þeirri þróun. En þá verður líka mikilvægt að horfa til annarra áttta og þingið hefur tekið þátt í því af myndarskap í fjárlögum sínum að styðja bændur til annarra verka eins og skógræktar, landgræðslu, ferðaþjónustu o.s.frv.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir talaði um flugufregnir frá Hvolsvelli eins og þar hefði verið haldinn frekar ómerkilegur fundur. (**SJóh:** Nei, ég sagði það ekki.) Hún hafði heyrt einhverjar flugufregnir af honum, það er rétt hjá hv. þm., af svona 250 manns. Það var mjög gagnlegur fundur. Haldnar voru þar 30 ræður og flestar þeirra góðar og menn komu inn á það sem þeir voru að hugsa. Menn hreinsuðu andrúmsloftið og fóru yfir rökin. Ég er ekki að segja að

menn hafi orðið um allt ásáttir, en mér fannst samt, eins og kannski hér í umræðunni í dag, að meginatriðið væri það samt sem áður að menn væru ekkert langt hver frá öðrum. Menn vilja hafa einhverja hluta samningsins öðruvísi. Sumir vilja náttúrlega fá að vera algerlega í friði með sitt. Það er mjög heiðarleg afstaða. Það er auðvitað voðalega gaman að fá að búa uppi í dal og vera algerlega í friði og enginn að skipta sér af manni eða gera neinar kröfur til manns. Það er ábyggilega mjög skemmtilegt líf að sumu leyti. En lífið er ekki svona. Lambakjöt er bissniss, markaðsmál og atvinnuvegur sem verður bæði innbyrðis að gera kröfur til sín og taka þátt í því þjóðfélagi sem þróast hér og eiga möguleika á þeim mörkuðum sem gefast.

Mér hefur orðið tíðrætt um bændur í Norður-Þingeyjarsýslu. Ekki hefur heyrst mikið af kvörtunum frá þeim en þeir keyra eftir þessu kerfi. Ég vek athygli enn og aftur á því. Ég bind auðvitað vonir mínar við að um þennan samning verði mikil samstaða. Oft eru deilur um hlutina þegar verið er að ná samningum en um leið og það er í höfn einhenda menn sér í málið og sjá að það er ekkert flókið. Ég sagði áðan að auðvitað hafi einn og einn maður farið offari og fundið þessum samningi allt til foráttu, jafnvel gefið út heilar bækur sem hefur verið dreift á alla bæi til þess að berjast gegn samningnum. Þetta hefur gerst. (**Gripið fram í:** Hver er það?) Þetta er staðan sem við er glímt í málinu að einhverjir menn sem urðu undir í þeirri atkvæðagreiðslu sætta sig ekki við hana og vilja vinna samningnum allt það ógagn sem þeir geta og helst ógilda hann. Ég ætla ekkert að vera að elta ólar við þá menn. Þeir geta gert það. En ég vil fyrst og fremst styðja bændurna til að reyna að ná öflugri búskap, meiri árangri með afurðir sínar og ég hef farið yfir það, hæstv. forseti, að samningurinn er þegar farinn að virka á þessum sviðum. Búið er að löggilda hann. Álagsgreiðslurnar hafa orðið mjög mikið mál, en þær eru mikilvægar í þessum samningi og lykillinn að því að menn taki þátt í ræktunarbúskapnum, gæðakerfinu. Síðan er náttúrlega margt sem snýr að kröfum neytenda sem mun rætast. En aðalmálið verður síðan að bændurnir vinni úr þeim samningi. Hann er þeirra og markaðssetningin á afurðunum er þeirra og þeir verða auðvitað að fylgja samningnum eftir.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, þakka þá ágætu og fjörmiklu umræðu sem hér hefur farið fram í dag og vænti þess að málið verði skýrt fyrir þinglok, í hvaða farvegi það er, svo hægt verði að halda áfram fyrirhuguðum námskeiðum og fullgilda þennan samning á öllum sviðum þannig að menn viti við hvað þeir búa. Ég treysti á Alþingi Íslendinga í þeim efnum.

[21:34]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom að því í dag að mér þykir sauðfjársamningur þessi í heild mjög flókinn og í samanburði við mjólkursamninginn er þetta ekki skilvirkt fyrirkomulag. Við höfum séð mjög mikla skilvirkni einmitt í samningnum við kúabændur þar sem salan hefur verið frjáls á milli manna. Ég tel að þar hafi orðið mikil og góð hagræðing. Ég þekki það sjálf sem mjólkurframleiðandi sem hefur verið að kaupa nokkur þúsund lítra á hverju ári að þetta hefur alla vega verið til góðs í mínu búi og svo er hægt að segja um marga. Með þessari hagræðingu eru menn að stækka einingarnar sínar þannig að afkoman er betri. Svo langar mig til að spyrja hæstv. landbrh. um 7.500 ærgildin og hvort hann sjái að þau deilist að einhverju leyti út á sunnlenska sauðfjárbændur.

[21:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst hvað um 7.500 ærgildin? Í Suðurkjördæmi hinu nýja eru mikil sauðfjárræktarsvæði. Við getum nefnt Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu. Við getum nefnt einstök svæði eins og Heklubæina á Rangárvöllum ef við förum út í slíkt. En fyrst og fremst verður þetta að vera almenn aðgerð sem miðar að þeim viðhorfum sem kynnt voru.

Hv. þm. nefndi skilvirkni og hagræðingu. En hagræðingin í mjólkurframleiðslunni er gerð á kostnað þeirrar kynslóðar sem ætlar að lifa af landbúnaðinum. Hún er að skuldsetja sig til að kaupa aðra út dýrum dómum þannig að þetta kallar líka á sín vandamál þó að margt hafi gengið vel í mjólkinni. Þess vegna hef ég töluverðar áhyggjur af þeirri umræðu þegar menn verða farnir að selja ríkisstuðninginn í sauðfénu dýrum dómum og þá kemur auðvitað að umræðum frá þinginu: Nú er sauðfjárbúunum að fækka.

[21:37]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur einmitt sannast við sölu og kaup á kvóta í mjólk að verðið hefur farið lækkandi og því veldur þessi eðlilega skilgreining markaðarins því þegar markaðurinn er orðinn mettur lækkar verðið þannig að ég tel að þetta sé sú eina hagræðing sem getur orðið.

[21:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Það vill svo til, hæstv. forseti, hvað mjólkina varðar að bændurnir hafa ekki ráðið miklu um verðið á kvótanum. Því miður hafa aðrir ráðið þar miklu um, mjólkurbú, sveitarfélög o.s.frv., þannig að þar hafa aðrir aðilar tekið að sér að vera milliliðir en þar áttu að vera. Þau viðskipti áttu að vera milli bændanna sjálfra. En því miður hefur verðið verið keyrt upp í gegnum þetta miðstýrða kerfi þar sem mjólkurbúin og sveitarfélögin hafa ráðið meiru en bændurnir og verðið er auðvitað tilbúið á þeirra borði, því miður. Þess vegna væri það auðvitað verðugt verkefni landbn. að fara yfir þá þróun og fara yfir það hvernig ríkisstuðningurinn í sauðfénu verður seldur í framtíðinni. Það eru slík verkefni sem hv. þm. á að taka fyrir í nefndinni.

[21:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur hæstv. landbrh. af framsalsréttinum og framsali á kvóta og ég tel einmitt að mjólkurframleiðslan sé þar á hættulegri braut. Þar er þó innanlandsmarkaður fyrir hendi. En í sauðfjárræktinni er hann ekki fyrir hendi þannig að þar er verið að framselja beingreiðslur ríkisins til framleiðslu á vörum sem verður síðan að greiða með miklar upphæðir. Hyggst ráðherra beita áhrifum sínum til þess að koma í veg fyrir að framsal á sauðfjárkvóta verði raunin, þ.e. að afurðastöðvar eða kaupfélög eða samtök vítt og breitt um landið, á einstökum stöðum á landinu, kaupi upp framleiðsluréttinn í sauðfjárræktinni án tillits til þess hvort það sé hagkvæmast að hún sé þar staðsett eða ekki? Ég sé þessa hættu fyrir og spyr hvort ráðherra hyggist beita sér gegn henni.

[21:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég finn það alltaf betur og betur að hv. þm. hefur verið í Framsfl. í gamla daga. Auðvitað er það

svo, hv. þm., að mjólkin á aðeins einn markað í dag, þ.e. innan lands. Lambakjötið á líka mjög stóran markað innan lands. Í engu landi í veröldinni borðar hver maður jafnmikið af lambakjöti og á Íslandi. Þess vegna er það, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, besti, stærsti og mikilvægasti markaður sauðfjárbænda.

Ég er alveg tilbúinn, hv. þm., að skoða hvernig salan fer fram, hvort óeðlilegir aðilar muni ráða verðinu á ríkisstuðningnum á milli bænda. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fara yfir það einnig í mjólkinni hvort sú þróun er eðlileg að aðilar komi inn sem ráði verðinu eins og raun ber vitni.

[21:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það eigi að skoða varðandi ríkisstuðninginn í sauðfjárræktinni, sem er einn mikilvægasti þáttur í byggð og búsetu í landinu, hvort ríkisstuðningur ætti ekki að vera þannig að ákveðinn grunnur hans væri í raun bara búsetutengdur og tengdur viðkomandi búi óháð framleiðslumagni þannig að búsetan væri tryggð og það stuðlaði að því að styrkja búsetuna.

Ég óttast að verði beingreiðslurnar framseljanlegar muni það ekki lengur tengjast byggð eða búsetu heldur muni einstakir aðilar, afurðasölufyrirtæki eins og við höfum upplifað með mjólkurbúin, kaupa þennan rétt upp og eru þar af leiðandi líka að kaupa þennan ríkisstuðning þannig að þarna verði kapphlaup um uppkaup á ríkisstuðningi þar sem hinn einstaki bóndi verður allt í einu orðinn aukaatriði og það hvar hann býr. Ég tek undir með hæstv. landbrh. um að þetta beri skoða mjög rækilega og það á að beita sér gegn því.

[21:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá skilja leiðir með mér og hv. þm. Nú er hann kominn með gömlu kratastefnuna (**JB:** Nei.) um að ríkisstuðning skuli greiða út á hóla, ekki gera kröfu um vinnuframlag o.s.frv., (**Gripið fram í:** Bíddu, nú er misskilningur.) að peninginn skuli taka og færa á lögbýli þó að það sé engin vinnuskylda á bak við hann. Ég hef litið á það sem mjög mikilvægt hlutverk að samningurinn snúi að atvinnugreininni, að ríkisstuðningur sé ekki veittur til þess að gera ekki neitt. Þarna er hann meiri Evrópusinni en t.d. ég. Hann er orðinn fastur í því kerfi sem í Evrópu ríkir, að menn fái peninginn fyrir kannski að gera ekki neitt. Ég álít það mjög mikilvægt að á hverri búgrein hvíli kröfur. Svo lít ég á þennan pening sem niðurgreiðslur til neytenda hvort sem það er mjólkin eða sauðfjárframleiðslan. Ef menn fara að fá þennan pening fyrir að gera ekki neitt raskast samstaðan um málið og þingið vill ekki taka þátt í slíku. Þarna skilja því leiðir, hv. þm., og er ég sorgmæddur yfir því.

[21:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði á formann landbn. tala um þetta mál í dag. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að svara því betur sem kom fram í máli hv. formanns. Hún sagði að þetta mál hefði verið kynnt á röngum forsendum fyrir bændum, að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hefði verið þannig fengin að bændur hefðu ekki vitað hvað þeir voru að greiða atkvæði um og að þeir hefðu talið að forsendur á bak við væru aðrar en raunin var.

Mér finnst full ástæða til þess að hæstv. ráðherra svari því svolítið betur hvort það eigi þá ekki að skoða málin upp á nýtt ef þannig hagar til. Hv. þm. sagði að þetta væri gagnslítið kerfi og tilraun til ráðstjórnar. Mér finnst það undarleg bjartsýni af hæstv. ráðherra að halda að þetta mál komi þá út úr nefnd undir handarjaðri hv. formanns landbn. án þess að það verði búið að gera á þessu verulegar breytingar og skoða það hvort svona hagar til.

[21:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alltaf gerist það undir lok umræðunnar að einhver rís óþreyttur úr rúmi sínu sem ekki hefur fylgst með umræðunni og fer að taka þátt í henni þó að það sé búið að margsvara málinu allan daginn. „Kynnt á röngum forsendum", fullyrðir hv. þm. Hann svaf sjálfur heima í rúmi meðan fundirnir fóru fram og lét sig ekkert varða um málið. Aldrei man ég eftir að hann hafi sótt einn einasta fund um þetta. Þetta er auðvitað mikill áróður að mér finnst. Það er allt í lagi að menn beri þann sem hér stendur þungum sökum. En ég er klár á því að bændurnir, Landssamband sauðfjárbænda, Bændasamtökin, búnaðarþing og þeir sem fjölluðu um þetta höfðu ekkert fals í huga og kynntu samninginn eins og hann var. Það er enginn vafi í mínum huga.

Hins vegar þarf kannski eftir þá áróðursherferð sem farið hefur fram að kynna hann enn betur og fara yfir málið. Þannig er það svo þegar maður heldur stóra fundi og kemur saman með mönnum að þá átta þeir sig á því að ágreiningurinn er kannski um allt önnur atriði en eru í samningnum sjálfum því að sitt sýnist hverjum og menn vilja leggja áherslu á ýmis önnur atriði.

[21:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svefnvenjur manna eru misjafnar og ég geri ráð fyrir að þessi sneið hafi verið ætluð hv. formanni landbn., sem ég hafði þessa hluti eftir, en ekki öðrum. Ég hef líka séð bréf frá bændum sem virðast hafa sofið í rúmum sínum með sama hætti og hæstv. ráðherra var að ætla mér. Ég hef fylgst með þessari umræðu í dag og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það ekki hafa komið skýrt fram að skilningur bænda, sem hér hefur verið sagt frá, hafi ekki verið sá að þeir hafi talið þessa kröfu, um að hafa þetta eins og það er, hafa komið frá ríkinu en ekki Bændasamtökunum. Það virðist hafa verið sá reginmisskilningur sem var á ferðinni.

[21:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. þekkir samninginn. Ég efast reyndar stórlega um það. En eitt er víst og það er að bændurnir fóru mjög vel yfir alla þætti samningsins á þeim fundum sem ég var á, og ég fór á marga fundi og tók þátt í að kynna samninginn þannig að ég get vottað að allar hliðar hans voru kynntar á þeim fundum.

Sjálfsagt er það hárrétt hjá hv. þm. að einhver hluti bænda svaf heima og sótti ekki fundina og einhver hluti þeirra hefur sett sig gegn mörgum atriðum í samningnum þótt það sé á alls konar misjöfnum forsendum. En þetta ber bændunum að fara yfir með sínu fólki. Ég er tilbúinn að sækja þá fundi og hef gert það til að fara enn betur yfir málið.

En fyrst og fremst, hæstv. forseti, treysti ég landbn. til að vinna þetta mál faglega miðað við stöðu þess og með þeim aðilum sem þennan samning gerðu.

[21:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það efni sem við höfum rætt lengi dags en ég verð þó að segja að ég deili þeim áhyggjum með hæstv. landbrh. sem hann lýsti áðan þegar þessi 600 ærgildi verða uppkeypt, þegar hin frjálsa verslun í sauðfjárbúskapnum hefst, því að það er alveg hárrétt sem kom fram í máli hæstv. landbrh. að ekki fara endilega bændurnir sjálfir inn í þessi kaup. Það hefur sýnt sig, t.d. í mjólkurframleiðslunni, að sveitarfélög og afurðastöðvar hafa farið inn í kaupin til þess, eðlilega, að reyna að tryggja búsetu og mjólkurframleiðslu í landshlutum sínum eða landsvæðum. Þar af leiðandi hefur verðþróun iðulega verið með öðrum hætti en menn áttu von á. Heilt á litið er þetta að breytast og ná einhverju jafnvægi.

Ég verð hins vegar að lýsa því að ég held að varðandi sauðfjárbúskapinn geti komið upp nákvæmlega sama staða og hefur komið upp varðandi mjólkurframleiðsluna og hefur reyndar líka komið upp í sjávarútveginum, að byggðirnar standi frammi fyrir því að þurfa að fara inn í þessar atvinnugreinar. Það er, hygg ég, mál sem mörg byggðarlög standa frammi fyrir innan skamms, að þurfa að fara inn í þessar atvinnugreinar, sauðfjárbúskapinn, mjólkurframleiðsluna og sjávarútveginn, með fjármagn því þar eru núna öll kerfin byggð upp á því að selja einhvers konar ígildi. Það er nákvæmlega það sem sveitarfélögin standa frammi fyrir núna. Þegar búið er að kvótasetja t.d. í öllum kerfum í fiskveiðiflotanum eiga menn ekki margra annarra kosta völ en fara með fjármuni í þessi kerfi til að tryggja búsetuna, tryggja viðveruna og atvinnustigið. Eðlilega gætu sveitarstjórnir og landsvæði ekki horft á það aðgerðalaus, t.d. á norðanverðum Vestfjörðum, ef tveir mjólkurbændur mundu hætta. Þá er ég hræddur um að afurðastöðinni á Ísafirði yrði sjálfhætt. Og í byggð þar sem sauðfjárbúskapur hefur látið á sjá á undanförnum árum endar auðvitað með því að sveitarstjórnirnar þurfa að horfast í augu við þetta. Þá er það kerfi sem menn settu upp sem frjálsa verslun milli aðila búið að fá á sig allt annað eðli vegna þess að menn sem búa á þessum landsvæðum horfa á það bara ískalt: Ætlum við að halda velli í þessum kerfum eða ætlum við ekki að gera það? Þá endar það með því, meðan menn eru með peningastyrki í gangi, að menn fara með fjármagn inn í þessar greinar til að hjálpa þeim sem þar eru fyrir að lifa af til að hjálpa sjálfum sér að lifa af. Þetta held ég að við verðum að hafa í huga þegar við erum að tala um þessar þrjár gömlu undirstöðugreinar, mjólkurframleiðsluna, sauðfjárbúskapinn og sjávarútveginn. Þess vegna deili ég áhyggjum hæstv. landbrh., eins og ég skildi hann áðan, því að þetta er einmitt sú þróun sem blasir við, og undan því verður ekki vikist hjá mörgum sveitarstjórnum að fara með peninga inn í þessar greinar til að tryggja að það sem eftir er í viðkomandi grein í viðkomandi byggðum haldi velli. Þannig lít ég á málin.

Þess vegna stendur mér ekki alveg á sama þegar verslun með sauðfjárbúskapinn hefst því að ég held að við sjáum alls ekki fyrir hvaða afleiðingar það getur haft.

[21:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. Þannig getur það farið. Þetta er auðvitað sama staðan í sjávarútvegi og víðar eins og hv. þm. segir. Byggðirnar verða að taka þátt. Það kann að vera að afurðastöðvarnar í sauðfjárbúskapnum séu miklu veikari en í mjólkurframleiðslunni og geti þess vegna ekki beitt sér eins og þær gerðu.

Hitt er annað mál að margar þjóðir sem búa við kvótakerfið og eru á heimsmarkaði þess vegna með afurðir sínar beita öðrum úrræðum, Danir, Kanadamenn og fleiri ríki í Evrópu, Írland o.s.frv. Þar er beitt allt öðru kerfi til að koma á viðskiptum milli manna. Markaðurinn þarf ekki að vera flókinn. Það er kannski einn maður sem stýrir markaðnum í mjólkinni eða kjötinu í gegnum eina tölvu, tilboðin berast og þau eru jöfnuð þar. Þannig nást viðskipti á milli bónda og bónda án milliliða. Það mundi hægja á þróuninni. Það *mundi breyta verðinu. Svona kerfi gætu átt rétt á sér og við* þurfum virkilega að skoða þau því að enn er eitt atriði, ef bændur framtíðarinnar sem ætla að berjast í þessari matvælaframleiðslu verða of skuldum hlaðnir og fátækir munu þeir auðvitað ekki geta keppt við þann innflutning sem hér mun e.t.v. eiga sér stað í framtíðinni. Þess vegna er mjög mikilvægt að fara yfir það með hvaða hætti ríkisstuðningur *er seldur, hvort sem það er í mjólk eða sauðfé. Ég tek undir* það með hv. þm.

[21:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég kem hingað vegna orða hæstv. ráðherra í lokaræðu og andsvari áðan um að draga ítrekað fram þá stöðu að í sauðfjárræktinni sé ekki skortur á dilkakjöti. Það er ekki skortur á dilkakjöti í sjálfu sér á innanlandsmarkaði. Það er frekar að við þurfum að vera þar með markaðssókn. Framleiðslustuðningur sem slíkur vegna innanlandsþarfa er þess vegna ekki nauðsynlegur. Framleiðslustuðningur í sauðfjárræktinni til að auka framleiðslu þar fer til þess að framleiða kjöt sem er selt á markaði erlendis. Á hálfvirði. Það er því mjög sérkennilegt að ríkisstuðningurinn skuli beinast að því að framleiða kjöt á erlendan markað á hálfvirði, og enn þá sérkennilegra verður það, herra forseti, þegar þessi framleiðsluréttur, eða beingreiðsluréttur, og þessi réttur á magntengdum álagsgreiðslum rennur til þess að framleiða vöru sem fer á niðursettu verði á erlendan markað. Fyrir mér eru þessar beingreiðslur á vissan hátt fyrst og fremst til að styrkja byggð og sauðfjárbúskap í landinu sem hluta af byggða- og búsetustefnu og auðlindanýtingarstefnu í landinu. Hins vegar á hann að vera til þess að skapa bændum ákveðinn tekjugrunn. Ég sé ekki að tekjugrunnur sem verður orðinn framseljanlegur og getur þess vegna verið seldur hæstbjóðanda sem ekki er víst að verði fátækur sauðfjárbóndi komi að gagni. Kannski eru það fyrst og fremst einhver fyrirtæki, afurðastöðvar eða þeir sem hafa aðgang að fjármagni, sem munu kaupa hann upp. Ég trúi ekki að það sé eitthvað sem einmitt sé stefnt að.

Ég vara við þeirri nálgun að beingreiðslur verði framseljanlegar og að við lendum þar í sama ferli og við höfum lent í með mjólkurframleiðsluna og sjávarútveginn, ekki síst þegar markaðir eru ekki einu sinni fyrir þessar vörur. Ég skora þá á hæstv. landbrh. að beita áhrifum sínum og koma í veg fyrir að við lendum í því að sauðfjárbændur verði leiguliðar með framleiðslurétt sem einhver annar eigi, og beingreiðslupólitíkin verði til þess að auka enn á grisjun byggðar og brottflutning fólks úr sveitum eins og gæti stefnt í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (gróðurhúsaafurðir og garðávextir). — Þskj. 1001.

[21:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt frv. á þskj. 1001 í 630. máli sem hefur að geyma breytingu á ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, sem miða að því að hafa áhrif á framleiðslu og markaðssetningu gróðurhúsaafurða og garðávaxta.

Í aprílmánuði 2001 skipaði ég starfshóp um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta sem m.a. var falið að meta starfsskilyrði við álagningu tolla og verðmyndun á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum við framleiðslu, heildsölu og smásölu. Enn fremur skyldi starfshópurinn gera tillögur til landbrn. um hvernig tryggja mætti framleiðslumöguleika íslenskrar garðyrkju og lækka verð á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum til neytenda.

Í áfangatillögu starfshópsins til landbrh. frá 30. apríl 2001 var lagt til að tollar á afurðir innan 7. kafla tollskrár sem ekki eru framleiddar hér á landi yrðu felldir niður. Á grundvelli þessarar áfangatillögu lagði ég fyrir ríkisstjórnina þann 4. maí 2001 drög að frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, sem ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara hafði samið að beiðni minni. Frv. hafði að geyma ákvæði sem gáfu möguleika á að veita aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum og því magni sem unnt yrði að flytja inn á lægri tollum eða án tolla. Um var að ræða vörur svo sem lauk, rósakál, jöklasalat, ertur, belgaldin, spergil, kúrbít, ólífur o.fl. Með lögum nr. 86/2001, um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, varð frv. að lögum. Með reglugerð nr. 439/2001, um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla, kom það til framkvæmda með niðurfellingu á 30% verðtolli sem lagður var á þessar afurðir auk nokkurra magntolla.

Hæstv. forseti. Það er mikill hljómur og sterkar raddir handan við vegginn sem trufla mig mjög hér við ræðuflutninginn.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú hafa verið gerðar ráðstafanir til að loka dyrunum þannig að hæstv. ráðherra geti talað ótruflaður.)

Talað í friði, hæstv. forseti.

Hæstv. forseti. Starfshópurinn skilaði mér síðan lokatillögum í janúar 2002 sem voru í megindráttum þessar:

1. Verðtollur, sem nú er 30%, verði felldur niður af útiræktuðu grænmeti, sveppum og kartöflum. Magntollur er tryggi markaðsstöðu innlendra afurða verði lagður á þegar framboð af innlendri framleiðslu er nægjanlegt að magni og gæðum. Þá er lagður til aukinn sveigjanleiki á tollum þannig að heimilt verði að skipta verð- og/eða magntolli upp í $^{10}/_{100}$ í stað $^{25}/_{100}$ á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IV A og B við tollalög, nr. 55/1987.

2. Til að lækka verð til neytenda falli verð- og magntollur niður af gúrkum, tómötum og papriku. Í stað þess verði teknar upp beingreiðslur til framleiðenda út á þessar afurðir til að jafna samkeppnisskilyrði innlendra aðila gagnvart innflutningi. Heildarfjárhæð beingreiðslna á ári verði 195 millj. kr. sem skiptist niður á framleitt magn einstakra afurða innan ársins samkvæmt staðfestum upplýsingum um sölu þessara afurða, eftir nánari reglum.

3. Ylræktendum verði tryggt rafmagn til lýsingar á verði sem sé sambærilegt við það sem er í boði erlendis, m.a. í Noregi og Kanada. Enn fremur verði veittir styrkir til fjárfestingar í lýsingarbúnaði í ylrækt sem nemi um 30% af kostnaði að hámarki, þó ekki umfram tiltekna fjárhæð á hvern fermetra. Áætlaður kostnaður þessa liðar er 30–35 millj. kr. á ári. Sú fjárhæð getur hækkað með aukinni lýsingu en að hámarki greiðast 1,08 kr. á kílóvattstund hverju sinni.

4. Boðnir verði styrkir til úreldingar á gróðurhúsum sem hafa verið í framleiðslu sl. tvö ár, allt að 30 millj. kr. á ári í fimm ár, eftir nánari reglum.

5. Veitt verði sérstök framlög úr ríkissjóði, 25 millj. kr. á ári, til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt og garðrækt í þeim tilgangi að efla samkeppnishæfni ylræktar og garðræktar.

6. Tekin verði til endurskoðunar stofnlán til garðyrkju, fjármögnun og stærðarmörk í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fyrirkomulag þeirra stuðli að óhagkvæmni í greininni.

7. Hvatt verði til öflugs verðlagseftirlits þar sem komið verði á formlegu samstarfi Bændasamtaka Íslands, Sambands garðyrkjubænda, verkalýðshreyfingar, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda til greiningar og upplýsinga um myndun verðlags á grænmeti og ávöxtum.

Hæstv. forseti. Ég hef nú þegar lagt fyrir yfirstandandi löggjafarþing Alþingis frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, sem miðar að því að koma í framkvæmd tillögu í 1. tölul. í áliti starfshópsins. Af grænmetistegundum sem breytingin nær til má nefna hvítkál, rauðkál, kínakál, spergilkál og rauðrófur. Verðtollurinn hefur þegar verið felldur niður með setningu reglugerðar nr. 114/2002 og 115/2002. Hins vegar er gert ráð fyrir að magntollum verði beitt þegar framboð af innlendri framleiðslu er nægjanlegt að magni og gæðum og lagt er til að þeim verði áfram stjórnað með reglugerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að tillögum 2–5 verði veitt lagagildi en þó þannig að landbrh. og Bændasamtökum Íslands verði veitt heimild til að semja um nánar tilgreind grundvallaratriði þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánari útfærsla á framkvæmd þeirra verði ákveðin með reglum sem landbrh. setur með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsaðgerðum.

Nauðsynlegt er talið að landbrh. hafi víðtækar heimildir til að stjórna upphæðum beingreiðslna á kíló afurðar og öðrum ráðstöfunum sem fjallað er um í frv. þar sem gert er ráð fyrir að þessi atriði muni að verulegu leyti ráðast af framboði og eftirspurn einstakra vörutegunda á hverjum tíma. Heildarfjárhæð til beingreiðslna er hins vegar bundin við tiltekna upphæð á ári sem landbrh. breytir ekki í reglugerð.

Hæstv. forseti. Í samræmi við þetta er í frv. þessu gert ráð fyrir að landbrh. verði heimilt að gera samning við Bændasamtök Íslands og Samtök garðyrkjubænda um verkefni í þeim tilgangi að ná settum markmiðum laganna. Heimilt verður að semja um beinar greiðslur til framleiðenda til lækkunar á verði einstakra tegunda, framlög til rekstraraðfanga, framlög til fjárfestinga, framlög til úreldingar á gróðurhúsum og framlög til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna. Einnig er gert ráð fyrir að landbrh. verði heimilt að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að annast faglega umsjón þeirra verkefna sem samið er um og framkvæmd þeirra, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða mismunandi háar beingreiðslur á kíló afurðar eftir tímabilum til að aðlaga framleiðsluna sem best að eftirspurn svo og að flytja slíkar greiðslur á milli tegunda. Það þýðir að framleiðendur sem framleitt hafa tómata í tiltekinni garðyrkjustöð á árinu 2001 geta fengið beingreiðslur á árinu 2002 fyrir framleiðslu á gúrkum í sömu garðyrkjustöð. Rétt til beingreiðslna munu allir framleiðendur á tómötum, gúrkum og papriku öðlast en þó þannig að réttur til beingreiðslna árin 2002 og 2003 verður takmarkaður við að hafin sé framleiðsla á viðkomandi vörutegund þann 1. mars 2002 í þeirri garðyrkjustöð sem sótt er um beingreiðslur vegna eða að vörutegundin hafi verið framleidd þar á árinu 2001. Jafnframt er gert ráð fyrir að þessi réttur verði bundinn við framleiðslustað en ekki framleiðanda.

Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslna. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslna.

Ef framleiðandi verður ekki við kröfum um gögn eða upplýsingar skal réttur hans til beingreiðslna felldur niður. Framleiðandi sem hefur tekið við beingreiðslum á grundvelli rangra upplýsinga skal endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að úrskurðarvald um ágreining um beingreiðslur verði í höndum úrskurðarnefndar sem starfar á grundvelli 42. gr. laganna. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að landbrh. setji með reglugerð og öðrum stjórnvaldsreglum ákvæði um framkvæmd verkefna samkvæmt lögunum, m.a. um fjárhæð beingreiðslna og skiptingu þeirra á tegundir miðað við nánar tiltekin frávik, uppgjör beingreiðslna, skil á gögnum, upplýsingum o.fl.

Hæstv. forseti. Meginmarkmiðið með ákvæðum þessa frv. er að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum og að treysta jafnhliða tekjugrundvöll þeirra sem framleiða þessar afurðir hér á landi. Ljóst er að verð á grænmeti hér á landi hefur á undanförnum árum verið allt of hátt en það á sér eðlilegar skýringar. Framleiðslukostnaður grænmetis hér á landi er hár vegna aðstæðna. Rafmagnið er stór þáttur í þeim kostnaði. Íslenskir grænmetisframleiðendur hafa því ekki átt þess kost að keppa með vörur sínar á jafnræðisgrundvelli við innfluttar vörur af sömu tegund. Hafa þeir aðeins fengið stuðning af aðflutningsgjöldum við innflutning eftir að innflutningur þessara afurða var gefinn frjáls vegna fullgildingar Íslands á samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á árinu 1995, WTO-samningsins, ásamt þeim lagabreytingum sem fylgdu í kjölfarið. Þetta hefur leitt til þess að verð á grænmeti hefur verið tiltölulega hátt hér á landi. Ef lækka á verð á grænmeti hér á landi verður að gera það á þann hátt að hagsmunir innlendra framleiðenda séu tryggðir með fullnægjandi hætti gagnvart innflutningi. Það verður ekki gert nema með því að grípa til sérstakra ráðstafana eins og þeirra sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Það er von mín að þetta frv. eigi eftir að hafa í för með sér lægra verð á grænmeti til neytenda. Við sjáum það í raun þegar hér í landinu síðustu dagana, verðið hefur lækkað verulega í verslunum, ekki síst á innlendu grænmeti. Við afnám tollanna hefur átt sér stað veruleg lækkun á þessum afurðum. En það er ljóst að það hefur mikla þýðingu fyrir íslensku þjóðina og íslenskt samfélag út frá heilbrigðis- og manneldissjónarmiðum að þetta eigi sér stað. Hér er um hollustuvöru að ræða sem manneldisfræðingar og margir hafa lagt mikla áherslu á að mikilvægt væri að lækka í verði.

Þá er ekki síður þýðingarmikið að lækka framfærslukostnað í landinu til að hamla gegn þeim verðhækkunum sem hafa gengið yfir að undanförnu og draga úr verðbólgu. Sú lækkun grænmetis sem átt hefur sér stað að undanförnu með lækkun tolla og nú beingreiðslum til garðyrkjubænda er þýðingarmikið skref í verðlagsmálum í þeim tilgangi að halda verðlagshækkunum innan þeirra rauðu strika sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um og öll þjóðin treystir á að muni halda.

Á fskj. I er kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. Ég læt nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til grg. þeirrar er fylgir frv. og athugasemda við einstakar greinar frv.

Ég er auðvitað þakklátur þeim aðilum sem komu að þessari vinnu, bæði bændunum með sínum fulltrúum en ekki síður verkalýðshreyfingunni, BSRB og ASÍ og öllum þeim sem komu að þessu með stuðningi. Þeim þakka ég sérstaklega þá vinnu sem hér hefur farið fram.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[22:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er eindregið á móti þessu máli. Þannig er að ASÍ og BSRB vilja lækka vísitöluna með því að láta starfsmenn sína og félagsmenn borga skatta í staðinn fyrir uppsett verð á grænmeti. Þetta eru gamaldags lausnir.

Fyrir mörgum árum datt einhverjum í hug að framleiða papriku og sveppi á Íslandi en þeir gátu það ekki, ekki í samkeppni við erlendar vörur, vegna þess að það vantar sól á Íslandi. Nú eru þeir orðnir áskrifendur að lífeyri frá ríkinu fyrir bragðið, til þess að hægt sé að hleypa inn vörum frá útlöndum á skikkanlegu verði til heimila í landinu.

Þetta eru gamaldags lausnir, herra forseti, lausnir sem ég hélt að við værum löngu hætt við, að niðurgreiða vísitölu með þessum hætti. Þær minna mig á Münchausen greifa sem hífði sig upp á hárinu og hrossið með, þessi afstaða ASÍ og BSRB í þessu máli, að láta verkalýðinn borga vöruna með sköttum en ekki beint.

Ég hef nokkrar spurningar til hæstv. landbrh. Hve mörg býli eiga að fá beingreiðslur — þá á ég við býli í fullum rekstri? Og hvað hafa þau marga starfsmenn?

[22:15]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu er um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Kveikjan að samningu þessa frv. var vegna mikilla umræðna sem urðu m.a. á Alþingi um verðlagningu og verðhækkanir á grænmeti sem höfðu orðið gríðarlegar hér á landi á fyrri hluta síðasta árs.

Í apríl það ár skipaði landbrh. starfshóp um framleiðslu og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta sem átti m.a. að meta starfsskilyrði við álagningu tolla og verðmyndun á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum við framleiðslu, heildsölu og smásölu. Enn fremur skyldi starfshópurinn gera tillögur til landbrn. um hvernig tryggja mætti framleiðslumöguleika íslenskrar garðyrkju og lækka verð á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum til neytenda.

Starfshópurinn hóf viðamikið starf við upplýsingaöflun og aflaði ýmissa gagna. Meðal annars fól hann ASÍ að gera verðkannanir fyrir og eftir tollabreytingu á grænmeti sl. vor. Einnig var unnin skýrsla um grænmetismarkaðinn

í Danmörku og auk þess aflaði starfshópurinn viðamikilla upplýsinga frá mörgum samtökum og stofnunum hér innan lands sem voru lagðar til grundvallar þessu frv.

Í áfangaskýrslu sem starfshópurinn skilaði til landbrh. 30. apríl 2001 var lagt til að tollar á afurðir innan 7. kafla tollskrár sem ekki eru framleiddar hér á landi yrðu felldir niður. Slíkt frv. var svo lagt fyrir ríkisstjórn 4. maí 2001 og það fól í sér möguleika til að gefa aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum og því magni sem unnt yrði að flytja inn á lægri tollum eða án tolla. Með reglugerð nr. 439/2001 um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla kom þessi tillaga til framkvæmda með niðurfellingu á 30% verðtolli sem lagður var á þessar afurðir auk nokkurra magntolla.

Í áfangaáliti starfshópsins var lagt til að kannað yrði hvort æskilegt væri að taka upp beinar greiðslur til framleiðenda til að jafna aðstöðu milli innflutts grænmetis og innlends. Í áliti starfshópsins kom líka fram að WTO-samningurinn gæfi svigrúm til að veita þau framlög sem tillögur hópsins fela í sér, þ.e. veita niðurgreiðslur.

Lokatillögurnar voru eftirfarandi:

Verðtollur, sem nú er 30%, verði felldur niður af útiræktuðu grænmeti, sveppum og kartöflum. Þá er lagður til aukinn sveigjanleiki á tollum. Hér fór í gegnum Alþingi núna fyrir u.þ.b. viku frv. sem gerir ráð fyrir þessum sveigjanleika á tollum, þ.e. að í stað þess að sveigjanleikinn hljóp á 25% áður hleypur hann núna á 10%. Þótti nú ýmsum þetta ekki merkilegt upplegg, en þetta er nauðsynlegt til að framkvæma það sem hér er áformað.

Til að lækka verð til neytenda falli verð- og magntollur niður af gúrkum, tómötum og papriku. Teknar verði upp beingreiðslur til framleiðenda út á þessar afurðir til að jafna samkeppnisskilyrði innlendra aðila gagnvart innflutningi. Heildarfjárhæð beingreiðslna á ári verði 195 millj. kr.

Ylræktendum verði tryggt rafmagn til lýsingar á verði sem sé sambærilegt við það sem er í boði erlendis.

Ég furðaði mig svolítið á þessu. Ég hélt að við gætum tekið kannski hugsanlega stærra skref en þetta því að við höfum alltaf hrósað okkur af því hérna á Íslandi að við værum með ódýrt rafmagn og mjög ákjósanlegar náttúrlegar aðstæður til rafmagnsframleiðslu. Við höfum verið að bjóða erlendri stóriðju rafmagn á mjög lágum töxtum. Ég hélt nú kannski að við þessar aðstæður væri reynt að bjóða garðyrkjunni upp á a.m.k. jafnhagstætt verð og verið er að bjóða erlendri stóriðju. Það hefur ekki þótt fært í þessari umferð. Hins vegar er ákveðið að veita styrki til fjárfestingar í lýsingarbúnaði sem nemi 30% af kostnaði og skiptir það sjálfsagt miklu máli. Ég vona að í áframhaldinu verði skrefið tekið til fulls og verðið verði sambærilegt við það sem verið er að bjóða erlendri stóriðju.

Það verða líka boðnir styrkir til úreldingar á gróðurhúsum sem hafa verið í framleiðslu síðustu tvö ár, allt að 30 millj. kr. á ári í fimm ár, eftir nánari reglum.

Einnig er áformað að veita sérstök framlög úr ríkissjóði, 25 millj. kr. á ári, til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt og garðrækt.

Jafnframt verði til endurskoðunar stofnlán til garðyrkju.

Og í síðasta lagi, sem þó er ekki minnst mikilvægt í þessu sambandi, er hvatt til öflugs verðlagseftirlits.

Verkalýðshreyfingin hefur þegar tekið að sér að sjá hér um nokkuð öflugt verðlagseftirlit. Mér skilst að í framhaldi af framkvæmd þessa ákvæðis verði það enn þá viðameira og nákvæmara. Ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt svo að ekki fari fyrir þessum beingreiðslum, sem eiga auðvitað að verða til þess að lækka verðið til neytenda, eins og farið hefur fyrir sumum öðrum beingreiðslum sem hafa verið svolítið til umræðu hér í dag og ég ætla ekki að fjölyrða meira um, þ.e. að þær fari kannski í milliliði, því að það er alveg hugsanleg niðurstaða úr þessu máli. Því verður að fylgja mjög vel eftir að það gerist ekki. Það verður bara að elta þá upp í Öskjuhlíð ef þess gerist þörf.

Það er eitt ákvæði hérna um þessar beingreiðslur, þ.e. að réttur til beingreiðslna árin 2002 og 2003 verði takmarkaður við að hafin sé framleiðsla á viðkomandi vörutegund 1. mars 2002 í þeirri garðyrkjustöð sem sótt er um beingreiðslur vegna.

Ég verð að segja að mér finnst það óþarflega stuttur tími sem viðkomandi garðyrkjustöð þarf að hafa verið í framleiðslu, þ.e. að hún þurfi bara rétt að hafa hafið framleiðslu núna í þessum mánuði. Hefðu kannski einhverjir sem hefðu vitað að þetta frv. væri væntanlegt getað rokið upp til handa og fóta og farið að setja niður til þess að verða þessara beingreiðslna aðnjótandi. Ég held að ágætt væri að miða við eitthvað lengra tímabil ræktunar í viðkomandi garðyrkjustöð.

Fram kemur í umsögn frá fjmrn. um þetta frv. að það hafi í för með sér 360 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð fyrstu fimm árin, en eftir það 330 millj. kr. á ári og að samanlagður kostnaður í tíu ár verði um 3.450 millj. kr.

Ég tek fram að í meginatriðum, við fyrstu sýn á þetta frv., get ég lýst yfir stuðningi við það. Við í hv. landbn. munum auðvitað fara mjög nákvæmlega ofan í þessar greinar allar og það er ekkert líklegra en að lagðar verði til einhverjar breytingar. En ég held, miðað við þá stöðu sem við erum í og þá nauðsyn sem var á því að lækka verð á grænmeti hér innan lands, þá stöðu sem hæstv. landbrh. fór ágætlega yfir áðan, að þetta sé viðunandi lausn og svo framarlega sem verði unnið úr þessum tillögum af festu séu þær til bóta.

[22:26]

Svanfríður Jónasdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að klukkan er orðin hálfellefu og í dag er mánudagurinn 25. mars. Þingmenn eru hér margir hverjir búnir að vera að störfum frá því um klukkan átta í morgun. Ég vil þess vegna spyrja hvort hæstv. forseta finnist ekki orðið tímabært að fara að ljúka þessum fundi. Ég fæ ómögulega séð að nokkra nauðsyn beri til þess að halda áfram fundarhöldum á þessu kvöldi. Það er í rauninni fyrir neðan allar hellur að starf þingsins skuli vera þannig skipulagt að menn skuli hér vera við vinnu þegar klukkan er orðin hálfellefu að kvöldi. (**Gripið fram í:** Nóttin er ung.)

Ég endurtek spurningu mína til hæstv. forseta, um hvort ekki sé orðið tímabært að ljúka þessum fundi hér í kvöld þannig að menn geti mætt sæmilega úthvíldir og endurnærðir til fundar á morgun og unnið þá dagvinnu.

[22:28]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Skipulag þinghaldsins er venju samkvæmt um þessar mundir. Starfsáætlun hefur legið fyrir síðan í haust og menn vita að hverju þeir gengu. Gert hefur verið ráð fyrir því að það yrðu fundarhöld þessa dagana og í síðustu viku tilkynnti forseti að hann gerði ráð fyrir kvöldfundi bæði í kvöld og annað kvöld. Engin athugasemd var við það gerð af hálfu þingflokksformanna.

Ég tel því að tal um að þingfundurinn hafi staðið lengi sé ekki alveg sanngjarnt. Menn eiga að vera við því búnir að haldnir séu fundir fram á kvöld og fundir eru haldnir fram á kvöld vegna þess að þingmenn vilja það sjálfir, kjósa að flytja mál sitt og gera það stundum ítarlega. Ég sé ekki ástæðu til þess að amast við því nú frekar en endranær.

[22:29]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að talað var um að hér yrðu fundir bæði í kvöld og annað kvöld. Hins vegar var það ekki skilgreint nánar og í dag var á flögri hér að það yrði ekki verið lengur að en til tíu sem maður hefði kannski talið viðunandi miðað við að fundur eigi að vera aftur annað kvöld.

Af því að ég t.d. þarf að mæta á fund hérna strax í fyrramálið klukkan átta þá finnst mér að alveg sé kominn tími til þess að fara að gefa þessu líf.

Hitt er svo annað mál að ég mótmæli því að svona sé staðið að málum. Fyrir liggur að hér hefur verið dreift hverju málinu á fætur öðru sem eru að koma núna loksins og fyrir liggja yfirlýsingar frá ráðherrum um að þeir ætli sér að fá þessi mál í gegn á þessu þingi. Hér er verið að reyna að baksa við að koma málum í gegnum 1. umr. sem eru að koma fram núna hópum saman. Það er alveg augljóst að ekki nema hluti af þessum málum á möguleika á því að fá afgreiðslu á þeim stutta tíma sem er eftir fram á vorið.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast þessi vinnubrögð. Þess vegna finnst mér full ástæða til þess að gagnrýna það að menn standi síðan langt fram á nótt við að ræða mál sem eiga enga möguleika til að komast áfram. Ég er ekki þar með að segja að það mál sem verið er að ræða einmitt núna komist ekki áfram. En það er a.m.k. auðséð að ýmis af þeim málum sem hér hefur verið dreift og yfirlýsingar ráðherra fylgja með munu ekki verða afgreidd með lokaafgreiðslu hér á þingi í vor.

Ég held að ríkisstjórnin ætti að velta því svolítið fyrir sér að forgangsraða og velja einhver af þeim málum úr sem á að gera tilraun til að koma áfram þannig að menn sjái einhvern tilgang í því að standa hér og halda ræður og séu ekki að hræra hér í einhverjum vonlausum potti af málum sem ekki verður hægt að afgreiða á þessu þingi.

[22:31]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill upplýsa að á fundi með þingflokksformönnum var gengið frá því að það yrði kvöldfundur bæði í kvöld og annað kvöld. Forseti vill enn fremur upplýsa að í því máli sem nú er til umfjöllunar eru tveir hv. þm. á mælendaskrá. Það er ásetningur forseta að ljúka tveimur næstu málum enda gefið í skyn á fundum þingflokksformanna að þingfundur gæti staðið fram undir miðnætti.

[22:32]

Svanfríður Jónasdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ágætt að fá þær útlínur sem einhverjir hafa ákveðið að vinna eftir hér, að þessu máli verði lokið og tveimur næstu. Ég vil þá spyrja forseta hvort einu gildi hvenær þeirri umræðu lýkur. Liggur fyrir að þessum málum verði lokið eða hefur forseti einhver tímamörk varðandi þennan fund hér, hversu lengi hann má standa?

[22:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Eins og forseti sagði áðan er áformað að halda þingfundi áfram allt fram undir miðnætti og getur fundur því samkvæmt skilningi forseta staðið fram undir 23.30–23.45. Forseti mun taka afstöðu til þess eftir því hvernig þessum málum vindur fram og mun slíta fundi fyrir miðnætti ef umræðu um þau mál sem forseti gat um áðan lýkur ekki.

[22:33]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum lýtur að framleiðslu og verðmyndunum gróðurhúsaafurða. Ég vil taka eftirfarandi fram, þ.e. að ég lýsi yfir stuðningi við meginmarkmið þessarar lagasetningar sem eru talin upp í 2. gr., með leyfi forseta:

„a. að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum,

b. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu til hagsbóta fyrir grænmetisframleiðendur og neytendur,

c. að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda,

d. að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum."

Ég tek undir meginmarkmiðin sem þarna eru talin upp. Hins vegar vil ég taka fram að ég er þeirrar skoðunar að gjalda eigi varhug við því að ríkið komi inn með magntengdum beingreiðslum í of ríkum mæli. Að mínu mati hefði átt að skoða hvort átt hefði að nálgast þetta mál annars vegar út frá því að skilgreina stuðninginn við tekjugrunn þeirra sem væru skilgreindir sem gróðurhúsabændur. Sá stuðningur yrði þannig í formi ákveðins tekjugrunns en ekki alfarið tengdur framleiðslumagni. Þetta tel ég að eigi almennt að skoða og gjalda eigi varhug við að fara út í magntengdan stuðning. Ég tel að nálgast eigi málið með öðrum hætti.

Ég fagna því þegar menn nálgast málið með þeim hætti að lækka verð á raforku, sem er einn aðalrekstrarkostnaður við þessa framleiðslu, og gera hana hana samkeppnisfæra og færa í líkt horf og a.m.k. í nágrannalöndunum. Ég tel reyndar að í ljósi innlendra aðstæðna ættum við að kanna möguleika á því að lækka verð á raforku til gróðurhúsa- og grænmetisframleiðslu enn þá meira en gert yrði samkvæmt þeim markmiðum sem þarna eru sett. Ég tel að það ætti að skoðast í hv. landbn. og einnig í ríkisstjórn, sem hefur um þetta mikið að segja, að lækka verðið enn meira og gera þessa framleiðslu enn hæfari í samkeppninni. Ég tel að það eigi að vera markmið okkar, til þess eigum við að hafa alla burði. Við getum boðið rafmagn á enn lægra verði til annarrar framleiðslu hér á landi og ættum líka að geta boðið það til gróðurhúsaframleiðslunnar, að lækka rafmagnið enn meira en hérna er lagt til og styrkja þar með framleiðslugrundvöllinn.

En ég, virðulegi forseti, styð meginmarkmið frv. eins og ég hef hér getið um.

[22:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég fór áðan í andsvar við hæstv. landbrh. til að spara þinginu þá umræðu sem hér á sér stað. Ég spurði hversu mörg býli ættu að fá þessa styrki. Nú hef ég fengið svar við því. Það eru 93 býli sem fá þessa styrki.

Herra forseti. Við erum að ræða um 220 milljónir á ári í tíu ár plús sitthvað fleira. Þetta verða því samtals 2.350

milljónir sem á að greiða á tíu árum. Þetta eru 25 milljónir á hvert af þessum 93 býlum, herra forseti. Ég legg nú bara til að ríkisstjórnin eða framkvæmdarvaldið kaupi þessi býli, kaupi reksturinn af þeim. Mennirnir geta haldið bæði bústofni og löndunum, en ríkið gæti keypt reksturinn á 25 milljónir. Ég hygg að enginn í þessum rekstri gæti selt hann á hærra verði en það. Þar með gætu menn lækkað verðið enn meira á þessum vörum frá útlöndum.

Eins og kom fram í andsvari mínu við hæstv. landbrh. er ég afskaplega mikið á móti þessari leið. Þetta er gamaldags leið. Menn eru þarna að reyna að lækka vísitöluna með beingreiðslum. Eins og ég gat um minnir þetta mann á söguna af Münchausen, að ASÍ og BSRB ætla að lækka vísitöluna sem þeir hafa sjálfir sett inn í kjarasamninga með því að láta sína félagsmenn borga skatta en ekki fullt verð í verslunum. Ef við tökum þetta á tíu árum eru þetta 33 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu, hvorki meira né minna, fyrir þessa lækkun á grænmeti.

Ég er eindregið á móti þessu. Ég lýsti yfir andstöðu við þetta í þingflokki mínum. Mér finnst þetta gamaldags lausn og mun greiða atkvæði gegn þessu. Það er sérstaklega athyglisvert að ASÍ og BSRB ætla að fara þessa leið til að lækka vísitöluna í landinu.

[22:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði hv. þm. um gamaldags lausnir. Þetta er talsmaður þess að íslenska ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, gangist í ábyrgð fyrir stærstu fjárframkvæmd Íslandssögunnar í virkjunum á Austurlandi, gegn ráðleggingum frá markaðssinnum og hægrisinnuðum hagfræðingum undanfarnar vikurnar.

Síðan er málflutningur hv. þm. nokkuð villandi þegar hann talar í upphæðum um 25 milljónir en hirðir ekki um að geta þess á hve löngu tímabili þær greiðslur koma til sögunnar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal gefur lítið fyrir vilja verkalýðshreyfingarinnar til að koma að þessum málum á ábyrgan hátt. Innan þeirra veggja eru menn þess mjög meðvitaðir hvert samhengi hlutanna er, að neytandinn er framleiðandi og framleiðandinn er neytandi. Menn vilja gera hvort tveggja í senn, stuðla að lækkuðu verði á þessum afurðum en jafnframt tryggja og treysta stöðu þeirra sem framleiða þessa vöru.

Mér finnst þetta bera vott um ábyrga afstöðu. Það kann að vera gamaldags en er jafnframt góðra gjalda vert í nútímanum. Hún kemur vonandi til með að gilda í framtíðinni líka því að þetta er ábyrg afstaða.

[22:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti dálítið erfitt með að tengja Kárahnjúkavirkjun málinu sem við ræðum hér. Ég á reyndar afar erfitt með það. Ég næ því ekki enn þá hvernig það tengist þessu máli. Hv. þm. sagði auk þess: Neytandinn er framleiðandi og framleiðandinn er neytandi. Ég náði því nú ekki heldur.

Það sem ASÍ og BSRB hafa samið um, ákveðin rauð strik í samningum, eru samningar sem þeir sjálfir hafa gert. Ef þessi rauðu strik ógna þeim þá geta þeir bara látið þau vera. Ef það kemur fram 1. maí að verðbólgan er eitthvað eilítið hærri þurfa þeir ekki endilega að rjúfa samninga, það er engin skylda.

Síðan vil ég nefna að þegar búið er að borga þessum 93 bændum 25 milljónir á hvern bónda á tíu árum þá heldur dæmið væntanlega áfram. Það er ekki búið eftir tíu ár. Ég hef ekki séð beingreiðslur í landbúnaði detta út eftir tíu ár, aldrei nokkurn tíma. Þetta mun halda áfram og þetta mun hækka. Þetta mun leiða til þess að þessir menn framleiða, eins og allur landbúnaðurinn, minna en ekki neitt því að styrkir til landbúnaðar eru hærri en laun þeirra sem þar starfa.

[22:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslenskur landbúnaður er ekki þær klyfjar sem eru að sliga þetta þjóðfélag. Það eru allt aðrir aðilar. Þar vísa ég til fjármagnsmarkaðarins og þeirrar nýju stéttar sem er sprottin upp í kringum hann. Og ef einhvers staðar væri réttmætt að tala um niðurgreiðslur væri það í þá áttina.

Hv. þm. skilur ekki samlíkingar við Kárahnjúka. Jú, hv. þm. vísaði til niðurgreiðslna. Hann vísaði til byrða sem lagðar væru á skattgreiðendur. Ég vakti athygli hans á því að Kárahnjúkavirkjun kemur til með, ef af verður, að verða stórlega niðurgreidd af íslenskum skattgreiðendum. Þetta er staðreynd, nokkuð sem hv. þm. Pétur H. Blöndal styður í fullkomnu ábyrgðarleysi, mér liggur stundum næstum við að segja rænuleysi. Hann virðist ekki hafa gert sér grein fyrir forsendum þeirra framkvæmda.

Ég endurtek að íslenskir launamenn hafa sýnt mikla ábyrgð í þessu máli. Þeir gera sér grein fyrir því að við þurfum að efla þessa framleiðslugrein á Íslandi. Það er vilji til þess að gera það. Jafnframt eru stigin skref til að ná verðlaginu niður. Að þessu tvennu vilja menn hyggja og undir það tek ég, enda er þetta gert af fyllstu ábyrgð og um þetta ríkir víðtæk sátt.

[22:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn var rætt um Kárahnjúkavirkjun og styrki til hennar. Ég hef reyndar sagt það áður að þetta er svo arðbær framkvæmd, Kárahnjúkavirkjun, að hún þarf enga ríkisábyrgð á lánum. Hún fengi lán ein sér að mínu viti.

Hv. þm., sem er formaður BSRB sagði að íslenskir launamenn gerðu sér grein fyrir að það þyrfti að styrkja þessa atvinnugrein. Hvaða launamenn eru það? Eru það ekki forustumenn launamanna? Eru það ekki sjálfskipaðir forustumenn launamanna, sem fá félagsgjöld sem skatta frá sínum félagsmönnum, BSRB sérstaklega? Opinberir starfsmenn verða að greiða til BSRB hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki samkvæmt lögum. Er þetta ekki vandamálið, að hv. þm. talar í nafni fjölda opinberra starfsmanna og segir að þeir hafi gert sér grein fyrir því að styðja þurfi þessa atvinnugrein?

Ég minni á að hann er að leggja álögur á þessa sömu félagsmenn sína. Það er nefnilega þannig að opinberir starfsmenn greiða skatta og við erum hér að ræða um, eins og ég gat um, 33 þús. kr. skatt á hverja fjögurra manna fjölskyldu, líka opinberra starfsmanna, á næstu tíu árum. Eftir það heldur dæmið síðan væntanlega áfram. Þetta eru 33 þús. kr. sem hann er að leggja á félagsmenn sína að meðaltali, á hverja fjögurra manna fjölskyldu, um ókomna framtíð á tíu ára fresti.

[22:46]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Sú löggjöf sem við ræðum fjallar um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og

sölu á búvörum, með síðari breytingum. Sá kafli sem hér um ræðir er um gróðurhúsaafurðir.

Ég vil taka fram að í raun er hér um algjöra tímamótalöggjöf að ræða varðandi íslenskan landbúnað. Það eru algjör nýmæli að tollar skuli vera teknir af, öll innflutningshöft, og íslenski markaðurinn opnaður fyrir landbúnaðarvörum eins og gert er með þessari lagabreytingu. Það eru algjör nýmæli. Slík löggjöf í landbúnaði hefur aldrei verið lögð fram á Íslandi. Og ég held að hv. þm. Pétur Blöndal þyrfti aðeins að kynna sér meira hvað verið er að gera og hvað mun gerast í framhaldi af þessari löggjöf vegna þess að sú sjálfvirkni sem hann hefur hér rætt um er ekki innbyggð. Það er staðreynd málsins.

Við bjuggum við það í landbúnaði okkar, og m.a. þeirri grein sem hér um ræðir, að það voru boð og bönn. Það var hér lagasetning sem hljóðaði upp á boð og bönn. Það var einungis heimilt að flytja inn þær vörur sem ekki voru til á tilteknum tímum árs. Það voru reglur sem við kölluðum boð og bönn. Síðan gengum við í EES. Þá var opnað fyrir ákveðinn innflutning án tolla á tilteknum tímum. Þar á eftir samþykktum við GATT-samninginn og hann nær yfir allar landbúnaðarvörur þar sem gert er ráð fyrir tollun. Þar eru tollar verndin fyrir viðkomandi land.

Síðan erum við með þessari löggjöf að breyta umfram. Við göngum langt fram yfir það sem WTO-samningurinn gerir ráð fyrir. Hann gerir einungis ráð fyrir því að hann lækki í þrepum næstu áratugina, að tollarnir lækki í örfáum prósentum á næstu árum, og hafði tekið langan tíma að ná samstöðu um hversu stórt skrefið í tollalækkunum inn í framtíðina skyldi vera. Í sjálfu sér mætti meta það til fjár. Í staðinn er farin sú leið sem hér er verið að tala um. Allir tollar eru teknir af og verslunin gerð frjáls. Hvergi er meira frelsi með viðskipti í landbúnaðarvörum en segir til um í þessu frv. Ég tel þetta vera djarft frv. af hálfu hæstv. landbrh. og þeirra samtaka sem komu að þessu áliti, Samtaka atvinnulífsins, ASÍ og BSRB. Þar hefur verið samstaða um málið. Þetta eru stærstu samtök landsins og ég tek mjög mikið mark á vilja þeirra í þessu efni.

Ég vil einnig að það komi fram að þessar vörur eru að 85% leyti að stofni til íslensk framleiðsla: íslenskt vinnuafl, íslenskt hráefni, íslenskur hiti og íslensk orka. Þegar hv. þm. Pétur Blöndal talar um krónur og aura á hverja garðyrkjustöð vil ég geta þess að á bak við þessar krónur eru 1.500 störf. Í þessari atvinnugrein erum við ekki að ræða um bú eins og við ræddum fyrr í kvöld og í dag þegar við töluðum um sauðfjárbú sem velta 3–4 milljónum hvert og eitt. Við erum að tala um fyrirtæki sem velta 20–60 milljónum á ári þannig að um allt aðra stærðargráðu er að ræða í þessari atvinnugrein.

Rétt er að fram komi að á þessum tíu árum er innbyggð í þennan samning 2,5% rýrnun á þeim fjármunum sem í samningnum eru. Í honum er ákveðin hagræðingarkrafa og fjárhæðirnar eru ekki verðtryggðar að fullu. Einungis varðandi þá fjármuni sem ætlaðir eru til lýsingar — ef lýsing eykst, sem við vonum svo sannarlega að verði, mun sú upphæð vera fljótandi og hækka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörur unnar úr eðalmálmum, 1. umr.

Stjfrv., 620. mál (merkingar og eftirlit). — Þskj. 973. [22:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vörur sem unnar eru úr eðalmálmum. Í frv. er lagt til að settar verði reglur um merkingar og eftirlit með vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni en engar slíkur reglar eru í gildandi löggjöf.

Tilgangur frv. er í fyrsta lagi að vernda neytendur með því að tryggja frekar en nú er gert að sú vara sem þeim er boðin sé í samræmi við lýsingu seljanda. Í öðru lagi er frv. ætlað að tryggja að vörur sem unnar eru úr eðalmálmum á Íslandi fáist markaðssettar í öðrum löndum.

Löggjöf um eftirlit með eðalmálmum er í gildi annars staðar á Norðurlöndum. Í þeirri löggjöf hafa verið settar reglur til samræmis við alþjóðlegan samning um eftirlit með merkingum og merkingar á vörum unnum úr eðalmálmum frá 1972 sem löndin eru aðilar að. Kveða lögin m.a. á um hvað skuli teljast til eðalmálma, hvernig beri að merkja vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni, eftirlit með því að reglum laganna sé fylgt og kröfur sem gerðar eru til innfluttra vara úr eðalmálmum. Við smíði þessa frv. var fyrst og fremst höfð hliðsjón af danskri og sænskri löggjöf.

Vínarsamningurinn, þessi samningur frá 1972, var undirritaður af Austurríki, Finnlandi, Noregi, Portúgal, Svíþjóð, Sviss og Stóra-Bretlandi en þá voru öll þessi lönd innan EFTA. Síðar bættust Danmörk, Írland og Tékkland við. Þá eru nokkur ríki áheyrnaraðilar og er búist við að sum þeirra gerist fullgildir meðlimir samningsins innan skamms. Ísland er hvorki aðili að samningnum né áheyrnaraðili.

Samningurinn kom til framkvæmda árið 1975. Markmið hans er að örva viðskipti með vörur unnar úr eðalmálmum, stuðla að sanngjörnum viðskiptaháttum og vernda hagsmuni neytenda. Með samningnum var komið á sameiginlegum eftirlitsstimpli sem nefndur er CCM. Aðildarlönd samningsins hafa samþykkt að heimila markaðssetningu á vörum í löndum sínum sem bera þann stimpil án frekari prófana enda séu þær almennt hæfar til sölu í landinu.

Ég vík að drögum að tilskipun Evrópusambandsins um eðalmálma.

Unnið hefur verið að tilskipun um eðalmálma hjá Evrópusambandinu. Um er að ræða drög að nýaðferðartilskipun með það að markmiði að samræma löggjöf aðildarríkjanna á þessu sviði. Upphafleg drög framkvæmdastjórnarinnar eru frá 1993 en nýjasta útgáfan er frá 1996. Drögin ná til vara sem unnar eru úr gulli, silfri, platínu og palladíum og er kveðið á um mismunandi styrkleika þessara málma í vörunni. Einnig er í drögunum kveðið á um markaðssetningu þessara vara og frjálst flæði þeirra, kröfur sem þarf að uppfylla í því sambandi og hvernig staðið er að merkingu og eftirliti. Kveðið er á um skyldur stjórnvalda varðandi útgáfu á stimplum og að komið verði á fót eftirliti með þessum vörum. Ekki hefur náðst samkomulag aðildarríkja Evrópusambandsins um þessi drög. Meðal þess sem ríkin greinir á um er eftirlitsþátturinn, þ.e. hvort prófa eigi vörurnar áður en þær eru settar á markað eða hvort beita eigi eftirliti á markaði. Ekki er fyrirsjáanlegt hvort eða hvenær tilskipun verður sett um þetta efni hjá Evrópusambandinu.

Það frv. sem hér liggur fyrir skiptist í fjóra kafla:

Í I. kafla er gildissviðið afmarkað. Nær frv. til framleiðslu, innflutnings og viðskipta með vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni. Einnig eru helstu hugtök skilgreind, m.a. afmarkað hvað teljast skuli til eðalmálma. Um er að ræða gull, silfur, platínu og palladíum sem hefur ákveðinn hreinleika. Höfð var hliðsjón af danskri og sænskri löggjöf við skilgreininguna. Þá er mælt fyrir um að viðskrh. fari með yfirstjórn samkvæmt lögunum.

Í II. kafla er kveðið á um hvernig vörur unnar úr eðalmálmum skuli merktar og hvaða kröfur skuli gera til vara sem fluttar eru inn frá Evrópska efnahagssvæðinu. Stimplar samkvæmt frv. skiptast í skyldustimpla og valfrjálsa stimpla. Allar vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni verða að bera nafnastimpil, sem hefur verið samþykktur, merktur og skráður hjá Löggildingarstofu, og hreinleikastimpil. Valfrjálsir stimplar eru staðarmerki og ártöl. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um gerð og útlit þessara stimpla. Vörur sem ekki geta talist unnar úr eðalmálmum samkvæmt skilgreiningum frv. mega ekki bera stimpla sem rugla má saman við framangreinda stimpla.

Í III. kafla er mælt fyrir um eftirlit og gjaldtöku. Löggildingarstofu er falið eftirlit með merkingum á vörum unnum úr eðalmálmum en Löggildingarstofa getur falið öðrum opinberum aðila eða faggiltri skoðunarstofu að annast eftirlitið á sína ábyrgð.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði. Þar er að finna refsiákvæði, reglugerðarheimild og gildistökuákvæði.

Hæstv. forseti. Svo sem fram hefur komið í máli mínu er sú krafa í mörgum nágrannaríkja okkar að vörur unnar úr eðalmálmum séu merktar samkvæmt opinberum reglum. Haustið 2000 fór Félag íslenskra gullsmiða þess formlega á leit við viðskrn. að það ynni að lausn á þeim vanda sem skortur á reglum á þessu sviði veldur íslenskum gullsmiðum við útflutning. Í framhaldinu var unnið að þessu frv. í viðskrn. í samráði við Félag íslenskra gullsmiða og Löggildingarstofu. Hér er um þarft frv. að ræða, bæði fyrir framleiðendur og neytendur.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[22:58]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fyrstu sýn virðist sem hér sé um þarft mál að ræða en mér leikur forvitni á að vita hvaða reglur hafa gilt til þessa. Nú talar hæstv. ráðherra eins og hér sé um mikið nýmæli að ræða, og frv. er líka þess eðlis, eins og engar reglur hafi gilt og þar af leiðandi engin vernd fyrir neytendur eins og hér er verið að tala um. Í öðru lagi væri líka áhugavert að fá að vita hvort íslenskir gullsmiðir, þeir sem smíða úr eðalmálmum, hafa ekki getað markaðssett vörur sínar í öðrum löndum.

Herra forseti: Hvað er það sem gerir það að verkum að íslensk stjórnvöld vilja nú að sett verði lög um vörur unnar úr eðalmálmum og það hasti svo að verið sé að ræða frv. klukkan ellefu á mánudagskvöldi?

[22:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú sem hér stendur ákveður ekki á hvaða tíma sólarhrings mál eru tekin fyrir á hv. Alþingi. Ég gleðst hins vegar yfir því að málið náði að komast að og verða tekið fyrir í dag þar sem ég tel að hér sé um þarft mál að ræða.

Eins og kom fram í máli mínu var það á árinu 2000 sem þess var farið á leit við viðskrn. að unnið yrði að lagasetningu til þess að styrkja stöðu þeirra sem vinna í þessari iðngrein, m.a. vegna þess að það hefur orðið þeim til vandræða við markaðssetningu á vöru sinni erlendis að ekki hafa nein lög gilt í sambandi við stimpla og þar af leiðandi hefur þeim reynst erfitt að sanna að þeir séu með 100% vöru. Sú er aðalástæða flutnings málsins fyrir utan að þetta er neytendamál. Með því að taka upp þetta fyrirkomulag geta þeir sem kaupa vöruna verið sannfærðir um að þeir séu að kaupa það sem sagt er því að eftirlitið með þessu verður strangt og þar af leiðandi trúi ég að hér sé um þarft mál að ræða. Hvað varðar kostnað við fyrirkomulagið er hann að mestöllu leyti greiddur af greininni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1034.

[23:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar sem er 640. mál þingsins. Þó svo að heiti frv. sé um niðurgreiðslu húshitunar nær frv. til fleiri þátta eins og styrkveitinga til nýrra hitaveitna og eftirlits með framkvæmd laga þessara.

Verulegum fjármunum ríkisins hefur verið varið til ýmissa aðgerða til að minnka orkukostnað notenda á þeim svæðum á landinu þar sem hann hefur verið mestur til að tryggja öllum landsmönnum aðgang að orku á viðráðanlegu verði. Ekki hefur legið fyrir löggjöf sem mælir skýrt fyrir um hvernig þeim fjármunum skuli ráðstafað eða hvernig eftirliti með ráðstöfun fjárins skuli háttað. Er frv. ætlað að bæta úr þessu og marka með skýrum hætti í lögum þá framkvæmd sem verið hefur á niðurgreiðslum og úthlutun styrkja vegna nýrra hitaveitna eða stækkunar eldri veitna.

Frv. er samið af sérstakri nefnd er ég skipaði í ágúst 2001, en henni var falið að gera drög að lagafrv. um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Í nefndinni sátu fulltrúar frá iðnrn., Orkustofnun, Landsvirkjun, Rarik, Samorku og Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum. Nefndin lauk störfum í febrúar sl.

Aðgerðir ríkisins á þessu sviði undanfarin ár og áratugi hafa verið margvíslegar og má flokka niður í eftirfarandi þætti:

Í fyrsta lagi. Niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsa og vatni hjá kyntum hitaveitum.

Í öðru lagi. Niðurgreiðslur á olíu til hitunar íbúðarhúsa.

Í þriðja lagi. Framlag til nýrra hitaveitna sem nýta munu jarðvarma og leysa af hólmi rafhitun.

Niðurgreiðslur á rafmagni og vatni hjá kyntum hitaveitum hafa verið stærsti kostnaðarliðurinn af þeim þáttum sem frv. fjallar um.

Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur í tæpa tvo áratugi verið greidd niður af ríkinu og orkufyrirtækjunum, en þær hófust á árinu 1982 og frá þeim tíma og til loka ársins 2000 hafa tæpir 9 milljarðar kr. verið lagðir í slíkar niðurgreiðslur á fjárlögum. Endurgreiðsla virðisaukaskatts af hitun íbúðarhúsa er enn inni í þessum tölum. Á fjárlögum ársins 2002 eru áætlaðar 853 millj. kr. úr ríkissjóði til þessara

niðurgreiðslna. Afsláttur Landsvirkjunar er um 100 millj. kr. og afsláttur Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins er um 20 millj. kr. Alls gætu því niðurgreiðslur á rafhitun til húshitunar og afsláttur orkufyrirtækja numið tæpum 1 milljarði kr. á árinu 2002.

Iðnrh. hefur hingað til falið dreifiveitum raforku og kyntum hitaveitum framkvæmd niðurgreiðslna á orku til húshitunar. Veiturnar hafa dregið niðurgreiðsluna frá reikningi notenda. Dreifiveiturnar hafa síðan sent ríkissjóði reikning fyrir veittum niðurgreiðslum á veitusvæði.

Með frv. verður framkvæmd niðurgreiðslna óbreytt frá því sem verið hefur og ný raforkulög munu ekki hafa í för með sér þörf fyrir breytingar á þessum lögum.

Með frv. er lagt til að olía til húshitunar verði greidd niður hjá þeim notendum sem ekki eiga kost á að fá rafhitun eða hitaveitu og verða því að notast við olíu til húshitunar. Þegar verð á olíu hækkaði í kjölfar olíukreppu á 8. áratug síðustu aldar var ákveðið að greiða niður olíu til hitunar íbúðarhúsa. Greiddir voru olíustyrkir eftir fjölda íbúa sem höfðu fasta búsetu í íbúð, en þegar olíuverð lækkaði að nýju árið 1986 var hætt að greiða þessa styrki. Þá áttu flestir landsmenn kost á að kaupa raforku til hitunar íbúðarhúsa eða að tengjast hitaveitum. Þó eru nokkur íbúðarhús sem ekki eiga kost á að nýta raforku til hitunar húsnæðis og þegar olíuverð hækkar eins og gerðist á árinu 1999 kemur það illa við þau heimili. Ekki eru til nákvæmar tölur um fjölda þeirra heimila, en áætlað hefur verið að þau séu um 60 og er þar af um helmingur í Grímsey.

Þá eru með frv. sett lagaákvæði um úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna eða stækkunar eldri veitna. Haustið 1999 samþykkti ríkisstjórnin tillögur iðnrh. að reglum um úthlutun styrkja til lagningar nýrra hitaveitna á svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar. Reglurnar eru í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var með samþykkt þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 1999–2001. Í byggðaáætlun var mörkuð sú stefna að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu á rafhitun til íbúðarhúsnæðis til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla með þeim hætti að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Frá því að úthlutun styrkja til hitaveitna hófst haustið 1999 hafa sjö veitur fengið slíka styrki samtals að fjárhæð rúmlega 216 millj. kr. Af þessum hitaveitum eru fjórar nýjar, en þrjár hafa fengið styrki vegna stækkunar á dreifikerfi.

Þó svo að meginefni frv. taki aðeins til núgildandi reglna um niðurgreiðslur og styrki eru þar þó nokkrar breytingar lagðar til. Þær eru helstar þessar:

1. Mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun.

2. Eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslum á rafhitun og verður notkunin þá að vera mæld.

3. Ef notuð er varmadæla við hitun íbúðar flokkast orkan inn á hana sem raforka til hitunar og nýtur niðurgreiðslna en þessi notkun hefur ekki verið niðurgreidd. Þak er lægra fyrir þessa notkun en beina rafhitun.

4. Hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur geta fengið styrk til stofnunar nýrrar veitu eða stækkunar eldri veitu.

5. Komið er á opinberu eftirliti með framkvæmd þessara aðgerða.

6. Settar eru skýrar reglur um í hvaða tilvikum kyntar hitaveitur skuli njóta niðurgreiðslna.

Í meginatriðum má segja að frv. sé staðfesting á þeirri pólitísku stefnumörkun síðustu tvo áratugi að stuðla að aukinni rafhitun og hitaveituvæðingu landsins sem leitt hefur til þess að hinir hreinu og endurnýjanlegu orkugjafar hita yfir 99% af húsnæði landsmanna. Jafnframt eru í frv. lagðar til ákveðnar lagfæringar og leiðréttingar, m.a. til að gera fleirum kleift að njóta hitaveitu en verið hefur og loks er með frv. komið á markvissu eftirliti með framkvæmd laga þessara, en að mati þeirra er best þekkja til hefur þar skort nokkuð á.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að að lokinni umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[23:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum frv. um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar og eins og öll niðurgreiðsla skekkir hún neyslu, þ.e. fólk sem mundi hugsanlega vilja nota aðra orkugjafa til að hita upp híbýli sín, kol, rekavið, heimarafmagn eða eitthvað slíkt, hættir við vegna þess að það er dýrara en að fá hitun með niðurgreiðslu. Niðurgreiðslan hvetur fólk sem sagt til neyslu á þeirri niðurgreiddu vöru sem um er að ræða í óhófi, umfram það sem kannski þarf. Það letur fólk líka til að einangra híbýli sín.

Á móti þessu koma mörg ákvæði sem eiga að vinna á móti því, t.d. styrkur til nýrra hitaveitna. Og nú erum við komin í þá stöðu að farið er að styrkja sveitarfélög og aðra til þess að gera eðlilegar og arðbærar framkvæmdir.

Herra forseti. Ég er með eina spurningu til hæstv. iðnrh.: Hefur verið hugleitt að hverfa af þessari braut og veita mönnum hreinlega styrki fyrir að búa á ákveðnum stöðum og síðan geti þeir notað þá peninga annaðhvort til þess að kaupa raforku á réttu verði eða aðra orkugjafa á réttu verði eða hreinlega nota minni orkugjafa með því að einangra betur eða hafa lægri hita í híbýlum sínum sem er talið vera mjög hollt?

Ég spyr hvort menn ætli virkilega að halda áfram um alla framtíð þeirri stefnu að vera með niðurgreiðslur út og suður sem er þjóðhagslega mjög óhagstætt.

[23:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allgóð pólitísk samstaða hefur ríkt um að hafa mál með þeim hætti sem hér hefur verið greint frá og er litið á það sem byggðaaðgerð meðal annars. Ég er mjög stolt af því fyrirkomulagi sem við höfum tekið hér upp og höfum í raun á síðustu árum stóraukið þá upphæð á fjárlögum sem fer til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði.

Einn misskilningur a.m.k. kom fram í ræðu hv. þm. fyrir utan það að ég var ósammála honum í öllum aðalatriðum, að með frv., ef að lögum verður, verður heimarafmagn niðurgreitt. Það er ákveðin breyting sem þar verður á.

Ég held að það sé hvorki jákvætt fyrir umheiminn allan, ef við horfum nú stórt, né Ísland að við séum að nota mikið kol til upphitunar.

Hvað varðar einangrun húsa, þá hefur verið orkusparnaðarátak í gangi sem hefur verið framkvæmt af þó nokkrum aðilum. Iðnrn. tekur þátt í því, Orkustofnun og orkufyrirtækin. Auk þess er hægt að fá lán til þess að bæta einangrun húsa. En það hefur ekki verið hugleitt að borga fólki fyrir að búa á ákveðnum stöðum.

[23:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í Sovétríkjunum hinum gömlu tíðkuðust slíkar niðurgreiðslur og jöfnunarstyrkir út um allt. Það er ein aðalástæðan fyrir því hvað efnahagslífið varð óhagkvæmt

vegna þess að það svaraði ekki því kalli sem markaðurinn gefur með réttu verði. Verðið verður rangt. Og verðið á raforku til húshitunar á Íslandi er rangt, það er ekki rétt verð. Menn eru að borga minna en það kostar að framleiða viðkomandi vöru, þ.e. rafmagnið.

Við erum með flutningsjöfnuð mjög víða, bæði á sementi, mjólk og bensíni, og allt er þetta skaðlegt fyrir þjóðarbúið í heild sinni vegna þess að það hvetur menn til neyslu. Menn fá ekki styrkinn nema að nota einmitt þetta rafmagn sem er boðið svo ódýrt. Þetta þýðir að neyslan verður of mikil. Það verður svo dýrt fyrir þjóðfélagið að framleiða vöru dýrum dómum og selja hana ódýrt. Og hver eiga að vera viðbrögð markaðarins sem sum okkar trúa á að séu í gildi? Ég hef meira að segja heyrt hæstv. iðnrh. segja að markaðskerfið sé svo yndislegt í Evrópu að ástæða sé til að skoða það. Þar hefur hæstv. ráðherra trú á markaðnum. En markaðurinn á einmitt að segja fólki með réttu verði hver neyslan á að vera. Og verðið er ekki rétt þegar það er niðurgreitt í stórum stíl eins og hér er gert ráð fyrir.

[23:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Já, markaðskerfið virkar þannig að Jórunn frænka mín í Grímsey, jafnaldra móður minnar, flytur burt úr eyjunni nokkra mánuði á hverjum vetri af því að hún hefur ekki efni á því að eiga heima heima hjá sér og býr hjá dóttur sinni sem er á hagstæðara svæði. Þannig hvetur verðlag á olíu þessa ágætu konu til þess að neyta ekki heldur gera annað. Hún hefur nefnilega ekki komist að þeirri niðurstöðu að minni hiti sé hollur fyrir sig, enda kannski komin á þann aldur.

Herra forseti. Ég held það sé einmitt þetta ástand sem við viljum ekki. Ég held að við hljótum flest að vera sammála um að við viljum ekki búa þannig að fólkinu okkar að það geti ekki verið heima hjá sér af því það hafi ekki efni á því. Það hefur nefnilega gerst á undanförnum árum að olía hefur hækkað svo mikið í verði að fólk hefur átt fullt í fangi með að kynda hús sín eins og þarf hér norður við ysta haf, og það jafnvel þó húsin séu byggð þannig að það sé enginn gluggi á tveimur hliðum til þess að einangra nú betur.

Nei, herra forseti. Ég held að við viljum miklu frekar sjá það fyrirkomulag að við reynum að mæta fólki þannig að það eigi þess kost að búa mannsæmandi búskap í sínum húsum hvar sem það hefur valið sér búsetu, jafnvel þó að þannig hátti til að það eigi engan annan kost til upphitunar en olíu.

Þess vegna fagna ég þessu frv. Ég fagna því að hér skuli vera komið inn ákvæði um að þeir sem kynda hús sín með olíu fái niðurgreiðslu ef upphitunarkostnaðurinn verður þeim þungbær engu síður en þeir sem þurfa að kynda með rafmagni eða með óhagstæðum hitaveitum.

Ég er sammála því að binda þessi ákvæði í lög fremur en reglugerð. Við erum að tala hér um mjög mikla fjármuni. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra erum við að tala hér um upphæðir sem á hverju ári geta verið um 1 milljarður þegar hvort tveggja er tekið saman, niðurgreiðsla hins opinbera og afslættir orkufyrirtækjanna. Þetta skiptir máli, herra forseti, og ég hygg að það sé rétt sem hæstv. ráðherra sagði að um það sé býsna víðtæk pólitísk samstaða að standa að málum í þessa veru. Menn kunna að hafa mismunandi skoðanir á einstaka áherslum, en ég held að við séum mörg hver hér sammála um að við eigum að nýta þessa leið til þess að jafna lífskjörin, til þess að vega á móti hinum neikvæðu hliðum markaðskerfisins þegar það virkar orðið eins og ég lýsti hér áðan.

Ég skal taka undir það með hv. þm. Pétri Blöndal að auðvitað getur verið hætta á óhagkvæmni þegar niðurgreiðslum er beitt og þess vegna eru að mínu mati stofnstyrkir til hitaveitna þar sem þess er kostur eða styrkir til framkvæmda sem nýtast heilu samfélögunum í framhaldinu betri kostur ef hægt er að koma því við. En menn verða auðvitað að vera með ákveðinn sveigjanleika og víðsýni í þessum efnum til þess að geta mætt þeim aðstæðum sem uppi kunna að vera, svo ólíkar sem þær eru.

Hæstv. ráðherra nefndi það áðan að það sem hér væri verið að gera eða hefði verið gert á undanförnum árum öllu heldur hefði verið samkvæmt stefnu í byggðamálum. Menn hafa ekki verið alveg sammála um það hvort ætti að skilja olíuhitunarsvæðin út undan hafi verið samkvæmt þeirri stefnu. En við skulum láta það liggja milli hluta. Ég sé hér í frv. samkvæmt því bráðabirgaákvæði sem hér er númer II að hvenær svo sem þetta frv. verður afgreitt þá er fyrirhugað að niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis þeirra sem ekki eiga kost á hitun með hitaveitu eða raforku skuli greiðast vegna ársins 2002.

Herra forseti. Það kemur jafnframt fram að hér er einungis um að ræða 60 íbúðir eftir því sem best er vitað þannig að við erum svo sem ekki að tala um neinn óskaplegan fjölda. En það eru ákveðin atriði sem koma fram í þessu frv. og stundum koma fram hér við umræður sem er hins vegar ástæða til að halda á lofti og það er að hlutur jarðhita í orkunotkun til húshitunar skuli vera orðinn tæplega 90%. Það mætti stundum halda, herra forseti, miðað við það hvernig menn haga máli sínu úr ræðustól Alþingis, að stærstur hluti íbúa landsbyggðarinnar byggi á köldum svæðum, að einungis í póstnúmeri 101 nytu menn sæmilegrar hlýju á heimilum sínum.

En það er ekki svo og eins og hér kemur fram eru 88% húshitunar á Íslandi komin til vegna jarðhita. Þetta er mjög mikilvæg staðreynd. Hún segir okkur að unnið hafi verið mjög vel og ötullega að hitaveituvæðingu landsins. Hún segir okkur að velflestir íbúar landsins búa við orku til húshitunar sem kemur frá jarðhita og er, að við höldum, næstum endurnýjanleg. Menn þekkja kannski ekki til fullnustu hversu lengi sú orka nýtist sem þannig er fengin. En alla vega eru menn að þreifa sig áfram hvað varðar þekkingu á þeim sviðum. Sömuleiðis erum við hér að tala um aðferð til að hita húsnæði sem veldur lítilli sem engri mengun, engri brunahættu og er í alla staði afskaplega jákvæð. Menn þurfa helst að búa erlendis um tíma til þess að átta sig á öllum þeim kostum og hlunnindum sem því fylgja að búa á hitaveitusvæði.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. Mér fannst hins vegar að rétt væri að sýna því þann sóma að taka þátt í umræðunni. Eftir andsvar hv. þm. Péturs Blöndals var eiginlega ómögulegt annað en að leggja aðeins orð í belg. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra fjallar þetta frv. um hluta af aðgerðum ríkisins á undanförnum árum. Hluti verður síðan í öðrum frv. sem e.t.v. munu líta dagsins ljós einhvern tímann á hinu háa Alþingi ef marka má orð hæstv. ráðherra. Ég hygg að ekki verði mikill ágreiningur um þetta mál þó svo að gagnrýnisrödd hafi þegar komið fram. Það mun að sjálfsögðu verða skoðað í iðnn. og sent til umsagnar, kallað eftir viðhorfum ýmissa aðila til þess. En mér sýnist að hér hafi þannig verið staðið að málum að ekki ætti að þurfa

að vera mikill ágreiningur um málið, a.m.k. ekki miðað við að hér erum við að tala um orkumál, en það er tilfinning mín, herra forseti, að þau hafi verið og muni verða í næstu framtíð einhver stærstu ágreiningsmál þingsins.

[23:23]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, en eins og hv. síðasti ræðumaður vil ég sýna þessu merka máli þann sóma að segja nokkur orð um það.

Hér er um afar merkilegt mál að ræða því það felur í sér afskaplega skýra byggðastefnu og það felur í sér mikla jöfnunaraðgerð. Það er líklega ein mesta jöfnunaraðgerð og byggðaaðgerð sem stjórnvöld á Íslandi hafa gripið til. Þetta er árangur af metnaðarfullri stefnu, þverpólitískri stefnu nánast.

Vert er að hafa í huga að hitaveituvæðing hér á landi byrjar ekki fyrr en upp úr 1940, en eins og fram hefur komið njóta nú um 88% heimila landsins þess árangurs sem hitaveituvæðingin hefur skilað. Þeim svæðum hefur markvisst farið fjölgandi og sá árangur sem náðst hefur á því sviði hefur skilað Íslendingum í það virðulega sæti að vera heimsmeistarar í nýtingu endurnýjanlegrar orku þar sem um 67% af heildarorkunotkun okkar byggir á vistvænum orkugjöfum og komast engar aðrar þjóðir nærri því marki.

Okkur hefur tekist þetta ekki síst vegna þess að við höfum borið gæfu til að virkja jarðhitasvæðin. Í hitaveituvæðingunni réðust menn fyrst á þau svæði þar sem jarðhiti var augljós, þar sem rauk úr jörðu ef svo má segja, samanber hér í Reykjavík. Síðan hafa menn hægt og bítandi verið að stækka þessi svæði og á síðustu árum hafa svæði sem jafnvel voru lengi vel talin köld svæði reynst heit svæði og jarðvarminn hefur verið nýttur þar til mikilla heilla fyrir viðkomandi byggðarlög. Þetta er auðvitað að þakka okkar frábæru vísindamönnum á því sviði sem eru alveg tvímælalaust á heimsmælikvarða og þekking þeirra er í rauninni orðin útflutningsverðmæti okkar sem þjóðar. Þetta starf og hin markvissa pólitíska stefna sem hér hefur verið almenn sátt um hefur skilað líklega mestu velsæld og framförum í sögu þjóðarinnar, að ekki sé minnst á þann gífurlega sparnað sem hefur fylgt þessari hitaveitu- og vatns- eða virkjunarstefnu stjórnvalda á síðustu áratugum, ekki síst frá og með eiginlega miðbiki síðustu aldar.

Þá er líka rétt að hafa í huga að við framkvæmdir á borð við hitaveitulagnir og þegar hitaveita er lögð í ný byggðarlög eða að húsum þá vakna þar vonir. Það er svona jákvæður fylgifiskur. Menn sjá mikla möguleika til þess að nýta orkuna, ekki bara til þess að fá yl í kroppinn heldur líka til þess að nýta hana með öðrum hætti eins og dæmin sanna.

Í þessu frv. eru sérstaklega ánægjulegar nýjungar sem mér finnst vert að leggja áherslu á, þ.e. sú heimild að nota eiginlega þá sömu hugmynd og var notuð við nýjar hitaveitur, að nota sem nemur fimm ára niðurgreiðslu til að styrkja slíkar framkvæmdir, enda felst í því langtímasparnaður. Nú er sama hugmyndafræði samkvæmt þessu frv. yfirfærð yfir á smávirkjanir, en eins og kunnugt er er mikil vakning, ekki síst meðal bænda víða um landið, við að nýta bæjarlækina til þess að ná sér í ódýra orku og möguleika til þess að nýta orkuna til húshitunar og til annarra nota.

Ég vil fagna því sérstaklega að þessi aðferðafræði skuli vera færð frá hitaveitunum yfir á smávirkjanirnar og sérstaklega fagna ég bráðabirgðaákvæði þar sem getið er um úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Vissulega er þörf á að kortleggja þá orku sem kann að leynast í smávirkjunum. Sumir hafa nú gengið svo langt að nefna allt að 200 megavatta möguleika til að virkja bæjarlæki víða um landið, aðrir segja 50 megavött. Einmitt þessar tölur lýsa því hversu mikilvægt er að gera fræðilega úttekt á þessu og kortleggja þessa virkjunarmöguleika og treysti ég engum betur en Orkustofnun til þess.

Þá vil ég ekki síður fagna því að hér skuli vera nefndir möguleikar og þessi sama aðferðafræði um að niðurgreiða fjárfestingu sem nemur fimm ára niðurgreiðslu þar sem menn vilja taka upp varmadælingu. Sú aðferð hefur ekki verið mjög mikið notuð hérlendis en er sannarlega vannýttur möguleiki og vísindamenn Orkustofnunar hafa lagt mikla vinnu í að skoða þessa möguleika og hafa bent á hversu vannýttir þeir eru og byggja á þekktri og gamalli eðlisfræðilegri tækni.

Þessi aðferð, að heimila sem nemur fimm ára niðurgreiðslu sem styrk til fjárfestinga á nýrri tækni á þennan vistvæna hátt, er auðvitað mjög skynsamleg vegna þess að til lengri tíma litið felur hún í sér sparnað vegna þess að þegar smávirkjanir, hitaveitur eða varmadælur eru farnar að virka fellur hin almenna niðurgreiðsla niður að fimm árum liðnum og viðkomandi nýta sér þessa vistvænu og ódýru orku. Enda segir þetta sig sjálft. Á tiltölulega skömmum tíma hefur um 9 milljörðum kr. verið varið til niðurgreiðslu af þessum toga og eðli málsins samkvæmt mætti nýta svo háa fjárhæð til ýmissa skynsamlegra fjárfestinga eins og er stefnumörkun í þessu.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja að ég tel eðlilegt að taka það til skoðunar í iðnn. að opna fyrir frekari möguleika því dæmin sýna að framfarir eru gífurlega miklar á þessu sviði. Vil ég benda þar m.a. á möguleikana á því að nýta vindmyllur svo sem eins og í Grímsey, af því að Grímsey bar hér á góma, eða á einangruðum býlum sem eru fjarri tengiveitum en á vindasömum svæðum. Framfarir á því sviði hafa orðið gífurlega miklar á síðustu árum og þetta er beinlínis mjög vaxandi atvinnugrein í Evrópu og auk þess vestanhafs og hafa á síðustu árum verið kynntar nýjar aðferðir við að nýta þá orku sem er í vindinum. Ég tel mjög hyggilegt fyrir okkur við lagasetningu að opna fyrir slíkan möguleika, þ.e. ef það reynist hagkvæmt og tæknilega framkvæmanlegt að nýta vindorkuna til þess að hita upp húsnæði þá mætti nota sömu aðferðafræði og hefur verið notuð við hitaveitur og á að gera samkvæmt þessu frv. við smávirkjanir og varmadælingu.

Þá vil ég líka nefna að unnið er m.a. hérlendis að tilraunum og rannsóknum á svokölluðum varmarafölum þar sem nýttur er mismunur hita og kulda til þess að framleiða orku. Þær tilraunir lofa afskaplega góðu. Ég vil jafnframt nefna vetnistæknina, en m.a. í New York eru dæmi þess að menn séu farnir að kynda upp stórhýsi með efnarafölum og vetni. Eins og kunnugt er eiga sér stað og munu eiga sér stað hér tilraunir með hina nýju vetnistækni.

Ég nefni þetta þrennt, vindmyllur, varmarafala og vetnistæknina eða efnarafalatæknina sem dæmi um nýja tækni sem er að ryðja sér til rúms og tel hyggilegt við lagasetningu á borð við þá sem hér er til umræðu að opna fyrir slíka möguleika með sama hætti og hefur verið gert með hitaveitur og smávirkjanir og nú varmadælingu með þessu frv., til þess að lögin þurfi ekki að vera framförum á sviði orkumála fjötur um fót.

Fleira var það ekki. Það verður gaman að vinna að þessu merkilega máli í iðnn. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að að mestu leyti ætti að vera þverpólitískur stuðningur við þetta mikla framfaramál.

[23:33]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni sýnist manni að við þetta mál sé þverpólitískur stuðningur. Ég lýsi stuðningi við frv. og þarf svo sem ekki að fara mörgum orðum um það. Ég vil þó segja að ég held að mjög mikilvægt sé að hitaveitur og smávirkjanir eins og kemur þarna fram eigi kost á framlögum sem nemi niðurgreiðsluupphæð til viðkomandi svæða ef farið er inn á þau. Það hvetur til þess að við förum í virkjanir sem eru hagkvæmar á heitum svæðum þannig að það girði ekki fyrir framlagið til þessara aðila.

Ég tek undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni og vildi aðallega koma inn á að ég hlakka til að fara í þetta mál og held að það séu e.t.v. nýir vinklar eins og hann benti á sem við gætum bætt inn í málið í meðförum hv. iðnn. Ég vil koma þar alveg sérstaklega inn á einn þátt. Núna heyrðust gagnrýnisraddir varðandi hin gríðarlegu framlög — við erum að tala um 852 milljónir — og það kallar á að við förum á móti í gríðarlega fræðslustarfsemi, sérstaklega á þeim svæðum sem nýta niðurgreiðslurnar þannig að menn séu fyllilega meðvitaðir um að vera ekki að sóa rafmagni eða hita.

Ef ég veit rétt var svona fræðsluátak í gangi hjá Rarik en féll upp fyrir. Það voru einhver framlög hjá Rarik til að fara í fræðslu á þessum sviðum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við ræðum það í hv. iðnn. að fara í fræðsluátak vegna þess að við munum öll hverju fræðslan skilaði okkur, t.d. í orkukreppunni þar sem mjög myndarlegt átak var gert í því að fræða fólk og stilla svo kynditæki sem víða í landinu voru þá keyrð á olíu. Það voru ótrúlegar tölur sem ég hef ekki á takteinum, virðulegi forseti, sem komu út úr því hreinlega að senda flokka manna í fræðslustarf og í framhaldi af því var gert stillingarátak á kynditækjum landsmanna. Þarna er mögulegt að spara alveg gríðarlega fjármuni vegna þess að þetta gildir líka um þau svæði sem hafa jarðhita í dag. Það segja hitaveitustjórar hjá þeim hitaveitum sem hafa breytt um. Þeir hafa t.d. verið knappir á vatn og breytt um frá hemlum yfir í mæla sem hafa hvatt til þess að fólk hefur sparað orkuna o.s.frv. Enginn er að tala um að menn eigi að sitja í kuldanum en við eigum að stefna að því að hefja fræðsluátak til þess að menn sói ekki. Og ég held að það ætti með einhverjum hætti að koma inn í þessa lagasmíð að öll svona fræðsla verði sjálfvirkur þáttur í þessum geira.

Eins og ég segi hlakka ég til að fara í þetta mál í hv. iðnn. Ég held að e.t.v. væri ástæða til að bæta þarna inn í mörgum atriðum, eins og kom fram hjá formanni iðnn., hv. þm. Hjálmari Árnasyni, sem hvettu menn til að fullnýta orkuna. Okkur skilst að einhver slík tækni sé komin fram sem húseigendur geta þegar nýtt til framkvæmda. Það vill svo til að ég var að gera endurbætur á húshitunarkerfinu mínu norður á Akureyri sem þýða gríðarlegan orkusparnað. Breytingin byggir á tiltölulega einföldum aðgerðum og ekki fjárfrekum. Ég held að þetta sé verkefnið heilt yfir til þess að spara okkur fjárfestingar og nýta auðlindirnar betur vegna þess að eins og við öll vitum er það gulls ígildi fyrir allar hitaveitur að ekki sé dregið niður í borholunum og þær fái að jafna sig.

Þess vegna held ég að fræðsluátak sé gríðarlega stórt atriði og að bestu manna yfirsýn erum við kannski að tala um nokkurra milljóna kr. framlag á ári. Starfsemin þyrfti þá að standa árið um kring og gefa þyrfti fólki viðtækar upplýsingar og ábendingar þannig að vel væri farið með þá fjármuni sem væru settir í þessar niðurgreiðslur og ekki síður að spara fyrir þau orkufyrirtæki sem fyrir eru í landinu.

[23:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega eitt atriði sem fékk mig til að taka hér til máls en áður en ég kem að því langar mig að taka undir það sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson talaði um. Það er þessi vandi sem er fólginn í viðvarandi orkusóun og við finnum oft fyrir, t.d. í Reykjavík. Hér er hitastig í húsum miklu hærra en við eigum að venjast annars staðar og það er öruggt að mikinn hita mætti spara án þess að það kæmi niður á vellíðan fólks. Ef ég man rétt hefði verið hægt að fresta virkjun á Nesjavöllum um tíu ár ef sambærileg orka hefði verið notuð á Reykjavíkursvæðinu og við kyndingu íbúða annars staðar á landinu. Slík var orkusóunin á þeim tíma, kannski hefur það lagast síðan, en enn þann dag í dag sjáum við einfalt gler í gluggum á Reykjavíkursvæðinu og einhvern hóp af húsum sem ekki hefur verið einangraður. Allt er þetta vegna þess að verð á orkunni er mjög hagstætt og lágt en þetta er fylgifiskurinn.

En ástæða þess að ég vildi taka til máls er 12. gr. frv. Ég tek fram að ég styð frv. og er í raun og veru mjög sáttur við áherslurnar í þessum málum. En í 12. gr. frv. er verið að tala um fjárhæð styrkja til nýrra hitaveitna. Ég hef þá skoðun að fimm ára niðurgreiðslur sem hafa verið veittar sem styrkir séu ekki í öllum tilfellum nægilega mikill styrkur og mjög skynsamlegt geti verið að íhuga möguleika til að koma á nýtingu á heitu vatni eða öðrum kostum þó að það mundi kosta meiri niðurgreiðslur en svarar til fimm ára niðurgreiðslu. Ég gæti reyndar tekið dæmi um það og ég tel ástæðu til að skoða þessi mál betur.

Í raun og veru þarf svo sem ekki mikinn rökstuðning fyrir þessu. Ríkið er búið að taka upp þá stefnu sem liggur hér fyrir og rétturinn til niðurgreiðslunnar er þá sá að ríkið spari sér styrki um fimm ár sem þýðir að eftir fimm ára tímabil fer ríkið að græða þennan styrk sem annars hefði verið greiddur inn á svæðið. Stundum er hægt að hagnast á hlutunum þótt síðar verði. Ég fer fram á það að í hv. nefnd fari menn svolítið yfir þetta og velti fyrir sér hvort ekki eigi að vera einhvers konar undantekningarákvæði til að koma til móts við möguleika til að koma á hitaveitu eða nýta orkugjafa þó að það gæti kostað fleiri ár en þarna kemur fram.

Þetta var erindi mitt í ræðustólinn, hæstv. forseti, að hvetja nefndarmenn til að skoða þetta vandlega. Ég geri ráð fyrir að hægt sé að benda mönnum á ýmis dæmi um að þetta gæti verið herslumunurinn sem til þyrfti.

[23:42]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umræðu var ræða míns ágæta flokksfélaga, hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég vil ekki að sú ræða verði eina framlag Sjálfstfl. við þessa umræðu. Það gæti skilist svo að hv. þm. hefði verið að túlka stefnu Sjálfstfl. Svo er alls ekki. Ég hygg að hann sé sá eini úr þingflokki okkar með þá skoðun sem hann setti hér fram og einn um andstöðu við þetta frv. Sama á reyndar við um það sem hann sagði um jöfnunargjöld. Hann nefndi olíu, sement og fleira sem hann hefur oft nefnt á Alþingi áður en hann er nokkuð einn um þá skoðun líka. Það er hin almenna skoðun í mínum flokki að olía eigi að kosta það sama í Reykjavík og á Raufarhöfn og sementið

eigi að kosta það sama á Akranesi og á Akureyri. Þetta vildi ég láta koma fram í tilefni af orðum hv. þm. þannig að það skiljist ekki svo að hann hafi verið að boða stefnu flokksins.

Framlög til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Þessi framlög voru um 700 milljónir á síðasta ári og á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að þau verði 853 milljónir úr ríkissjóði, afsláttur Landsvirkjunar 100 milljónir og afsláttur Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveita ríkisins um 20 milljónir, auk minni háttar niðurgreiðslu hjá öðrum veitufyrirtækjum þannig að gera má ráð fyrir að niðurgreiðsla á rafhitun til húshitunar og afsláttur orkufyrirtækja sé allt að 1 milljarður á þessu ári.

Eins og kemur fram í greinargerð hefur á þessum tæpu 20 árum, frá 1982 til ársloka 2000, sem þessir styrkir hafa verið í gildi verið varið til þeirra 9 milljörðum kr. og það er augljóst að þetta hefur verið til mikilla hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

Við þessa umræðu hefur verið nefnt að hér sé um byggðamál að ræða sem er auðvitað hárrétt. Þetta er mikið byggðamál og rétt að minna á að í þeirri byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti fyrir árin 1999–2001 var mörkuð sú stefna að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu á rafhitun til íbúðarhúsnæðis til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla með þeim hætti að aukinni notkun jarðvarma til húshitunar.

Í byggðaáætluninni var miðað við að styrkir til einstakra hitaveitna gætu numið sömu fjárhæð og sem nam fimm ára niðurgreiðslu rafhitunar á dreifiveitusvæðum nýrra veitna. Þetta er eitt af því fjölmarga sem gekk eftir í byggðaáætluninni og hefur heppnast afskaplega vel. Eins og kemur fram í frv. og grg. með því hafa frá því úthlutun styrkjanna hófst 1999 sjö veitur fengið slíka styrki upp á 216 milljónir, frá 6,6 og upp í 103,5 milljónir hver. Ég held að þetta hafi í a.m.k. sumum tilfellum sem ég þekki til ráðið úrslitum um að menn hafa treyst sér til að ráðast í byggingu hitaveitu.

En ég tek undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að menn hafa velt vöngum yfir því hvort slíkt niðurgreiðslutímabil ætti að vera lengra en fimm ár og ég tel að það eigi að skoða það. Menn hafa stungið upp á sjö árum og jafnvel tíu árum. Eins og kom fram í máli hans er ríkissjóður til lengri tíma litið að spara peninga með slíkum niðurgreiðslum og ég held að ef þetta tímabil væri örlítið lengra mundi það kannski liðka enn frekar fyrir byggingu slíkra hitaveitna.

Gerð er hér grein fyrir helstu breytingum sem verða við þetta frv. frá núgildandi reglum og það er náttúrlega það fyrsta að mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem eiga ekki kost á annarri hitun. Og að eigendur smávirkjana eigi kost á niðurgreiðslum á rafhitun og þá verði notkunin að vera mæld. Eins ef notuð er varmadæla við hitun íbúðar. Þá flokkast orkan inn á hana sem raforka til hitunar og nýtur niðurgreiðslna, en slík notkun hefur ekki verið niðurgreidd til þessa. Hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur geta fengið styrk til stofnunar nýrrar veitu eða stækkunar eldri veitu. Fleira er smávægilegt sem breytist.

Það er eitt sem hefur verið rætt nokkuð oft í fjárln. og *víðar varðandi þessar niðurgreiðslur, hvort þær eigi ekki líka* að gilda um þá sem búa við dýrustu hitaveitur, því það er auðvitað alveg sami bagginn fyrir íbúðareigendur að borga háa húshitun hvort sem það er frá hitaveitu eða með rafmagni eða olíu. Ég hefði haldið að það ætti að skoða hvort ekki ætti að láta þetta gilda yfir hitaveitur líka.

Þetta var nú það sem ég vildi láta koma fram við umræðuna, herra forseti, en ég styð þetta frv. eindregið.

[23:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til þess að þakka fyrir mjög góðar undirtekir sem frv. hefur fengið og það skiptir miklu máli. Þess vegna trúi ég því að það eigi greiða leið í gegnum hv. Alþingi.

Það var þó nokkuð talað um fræðslu og orkusparnað af hálfu hv. þm. og eins og kom fram í máli mínu hefur verið átak í gangi eða vinna, ég veit ekki hvort á að kalla það átak, í sambandi við orkusparnað sem Orkustofnun og iðnrn. hafa komið að ásamt orkufyrirtækjunum og ég trúi því að það hafi skipt máli. Það er alltaf spurning hvort hægt sé að gera betur og ég tel mjög eðlilegt að það verði rætt í nefndinni. Og eins það hvort hugsanlegt sé að útvíkka frv. frekar eins og hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi. Það er ýmislegt fleira í gangi eins og t.d. hugmyndir um framleiðslu rafmagns með vindmyllum o.s.frv., en það hefur nú sín takmörk þannig að við skulum bara sjá til hvað kemur út úr starfinu í nefndinni.

Ég tek mjög undir það að mikilvægt er að við nýtum orkuna vel og bruðlum ekki með þessa mikilvægu auðlind okkar. Auðvitað höfum við Íslendingar verið að gera það í nokkrum mæli.

Í sambandi við þennan fimm ára styrk, þá vil ég að hér komi fram að ég er treg til að breyta út frá þeirri reglu og tel að það yrði ansi flókið mál og að sjálfsögðu mundi það þurfa að eiga við um alla. Ég tel að það sé hæpið þó ekki sé meira sagt.

Í sambandi við dýrustu hitaveiturnar, þá er það mál sem var reyndar rætt í ríkisstjórn í tengslum við ákvörðun síðustu fjárlaga og þá upphæð sem veitt var til þessara niðurgreiðslna í ár. Niðurstaðan varð sú að í sjálfu væri sér ekki eðlilegt að ganga lengra hvað varðar niðurgreiðslur á rafmagni en svo að það gerði ekki dýrar hitaveitur ósamkeppnishæfar á þessum markaði. Ég held að við séum komin með þessa upphæð svo hátt að hægt sé að sætta sig mjög vel við það að hún sé u.þ.b. það sem hún er í dag. Fólk er að borga innan við 50% af raunverulegum kostnaði þess að hita upp með rafmagni og ég held að það megi kallast myndarlegur styrkur.

Að síðustu vil ég segja að frv. er ekki ákvörðunarefni um þá fjárveitingu sem Alþingi tekur ákvörðun um hverju sinni. Þetta er einungis um reglurnar sem unnið er eftir og ég tel að það sé til að bæta stjórnsýsluna að samþykkja frv. vegna þess að hér erum við að tala um háar upphæðir og óhætt er að segja að það sé a.m.k. hæpið að þetta fjármagn skuli allt vera veitt án þess að um það hafi gilt lög í landinu þó að sjálfsögðu hafi verið unnið samkvæmt reglum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 1. umr.

Stjfrv., 641. mál (EES-reglur). — Þskj. 1036.

[23:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum,

með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 1036 og er 641. mál þingsins.

Í frv. eru lagðar til minni háttar breytingar á lögunum vegna upptöku tilskipunar 2001/19/EB frá 14. maí 2001 í íslenskan rétt, en tilskipunin snertir viðurkenningu á starfsheitum ýmissa stétta á grundvelli almennra tilskipana og tilskipana um einstakar stéttir. Í lögunum er vísað í tvær tilskipanir, annars vegar tilskipun 85/384/EBE varðandi arkitekta og hins vegar tilskipun 89/48/EBE varðandi aðrar starfsstéttir, t.d. verkfræðinga og tæknifræðinga. Er gert ráð fyrir að ekki verði aðeins vísað í upphafleg númer tilskipana heldur jafnframt í síðari breytingar á þeim.

Jafnframt eru í frv. tekin af tvímæli um skyldu til rökstuðnings ef synjað er um leyfi til að bera starfsheitið arkitekt og að umsækjendum um leyfi til að bera starfsheitið arkitekt sé rétt að leita til dómstóla vegna synjunar er þeir kunna að fá, svo og ef ákvörðun er ekki tekin innan tilsetts frests sem nánar er tilgreindur í tilskipuninni.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að menntmrn. muni flytja sérstakt lagafrv. sem snertir aðra þá tilskipun sem greint er frá í lögunum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, þ.e. tilskipun 89/48/EBE, enda snertir sú tilskipun viðurkenningu á menntun og prófskírteinum almennt. Er vísað til þess frv. varðandi nánari upplýsingar um þá tilskipun. Frv. er ekki talið munu hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–21. mál.

Fundi slitið kl. 23:54.

---

105. FUNDUR

þriðjudaginn 26. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 630. mál, þskj. 1001. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 641. mál, þskj. 1036. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Sjálfstæði Palestínu, þáltill., 336. mál, þskj. 431. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Alþjóðamál, skýrsla, 647. mál, þskj. 1044. — Ein umr.
10. Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, stjtill., 615. mál, þskj. 963. — Fyrri umr.
11. Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), stjtill., 622. mál, þskj. 975. — Fyrri umr.
12. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), stjtill., 623. mál, þskj. 976. — Fyrri umr.
13. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 636. mál, þskj. 1008. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 482. mál, svar samgrh., þskj. 1054.

Húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands, 655. mál, fsp. RG, þskj. 1059.

Verðmyndun á kindakjöti, 495. mál, svar landbrh., þskj. 1058.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um ófrjósemisaðgerðir 1938–1975.

[10:31]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins til að ræða störf þingsins. Svo bar til að í gær var skýrslu hæstv. heilbrrh. um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru árin 1938–1975 dreift á borð hv. þm. Skýrslan var gerð að beiðni minni og nokkurra félaga minna úr Samfylkingunni en við höfum lagt þá beiðni fram þrisvar sinnum.

Með vísan til 46. gr. þingskapa vil ég beiðast þess af hæstv. forseta að hann taki skýrsluna á dagskrá þingsins fyrir lok 127. löggjafarþings þannig að hana megi ræða ítarlega, það hvernig bregðast skuli við henni og hvort hæstv. heilbrrh. hyggst bregðast við henni með einhverjum hætti.

[10:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Mikil vinna hefur verið lögð í þessa skýrslu á vegum heilbrrn. Hún hefur reyndar verið í vinnslu nokkuð lengi. Ég tel einboðið að ræða hana og er tilbúinn í þá umræðu hvenær sem er. Ég hef rætt það innan ráðuneytisins hvernig við gætum brugðist við eða sett af stað vinnu í framhaldi af þessari skýrslu, sem ég tel rétt að gera. Ég mundi þá gera nánari grein fyrir því þegar sú umræða færi fram.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkvæmt 46. gr. þingskapa sem hér var vitnað til er einsýnt að skýrslan verði tekin til umræðu. Þar segir:

„Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir þá grein fyrir henni.“

Þessi skýrsla verður því tekin á dagskrá þegar tími vinnst til.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 964.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 629. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 621. mál (gæðastýrð sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 974.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (gróðurhúsaafurðir og garðávextir). — Þskj. 1001.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Vörur unnar úr eðalmálmum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 620. mál (merkingar og eftirlit). — Þskj. 973.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1034.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 641. mál (EES-reglur). — Þskj. 1036.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Sjálfstæði Palestínu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 336. mál. — Þskj. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Alþjóðamál, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 647. mál. — Þskj. 1044.

[10:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hef ég lagt fram skýrslu sem er yfirlit um utanríkismál sem liggur hér á borðum hv. þm. Í síðustu tveimur yfirlitsræðum gerði ég að umtalsefni tvo meginstrauma sem mest hafa haft áhrif á utanríkismál Íslands undanfarin ár. Þetta eru samrunaþróunin í Evrópu annars vegar og hnattvæðingin svonefnda hins vegar. Að þessu sinni vil ég ræða sýn á almenna þjóðfélagsþróun sem nefnd hefur verið sjálfbær þróun. Ég er þó að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða hvaðeina í efni skýrslunnar hér á eftir.

Ég geri þessa sýn að umtalsefni því hún hefur verulega þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Við byggjum afkomu okkar að stórum hluta á náttúru landsins, hvort sem eru fiskveiðar, orkuvinnsla, landbúnaður eða ferðaþjónusta. Með hugvitI, þekkingu og atorkusemi höfum við fært náttúruna okkur í nyt og byggt hér nútímasamfélag á borð við það besta sem finnst í Evrópu. Náttúran er okkar vinnustaður og þar þarf sjálfbær þróun að vera í öndvegi.

Við getum gert ýmislegt heima fyrir til að vinna að sjálfbærri þróun en staðreyndin er sú að við getum ekki náð því markmiði ein. Við búum í heimi hnattvæðingar og erum stöðugt háð utanaðkomandi straumum og áhrifum. Ég þarf

vart að minna á þær afleiðingar sem mundu verða af geislamengun í hafinu. Markaðir okkar fyrir fisk mundu hverfa á svipstundu. Það skiptir okkur líka verulegu máli hvaða augum heimsbyggðin lítur lífríki jarðar og nýtingu þess. Þetta höfum við fengið að reyna í hvalveiðimálunum og því miður er ýmis dæmi að finna um svipaðan áróður gegn fiskveiðum. Alþjóðlegir straumar og stefnur í umhverfismálum hafa veruleg áhrif á stöðu okkar í samfélagi þjóðanna og möguleika okkar að nýta okkar dýrmætu auðlindir. Það er afar brýnt að við tökum virkan þátt í þeirri skoðanamyndun og stefnumörkun sem fram fer um þessi mál á alþjóðavettvangi.

Það fer vel á því að fjalla nú um sjálfbæra þróun þegar í bígerð er leiðtogafundur í tilefni þess að tíu ár eru liðin frá því að samfélag þjóðanna ákvað í Rio de Janeiro að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Við væntum þess öll að leiðtogafundurinn í Jóhannesarborg endurveki þann samhug og kraft sem einkenndi Ríó-ráðstefnuna, og að hann marki mikilvægt skref í hnattrænni samvinnu um sjálfbæra þróun, einkum varðandi þróunarríkin.

Þegar hugtakið sjálfbær þróun kom fyrst á dagskrá þótti mörgum það vera ónákvæmt og óljóst og efuðust um gagnsemi þess. Reynslan hefur hins vegar sýnt að sú hugsun sem í hugtakinu felst hefur náð fótfestu bæði í alþjóðlegri samvinnu og í stefnumörkun flestra ef ekki allra ríkja. Gagnsemi hugtaksins hefur einmitt verið sú að í því felst framtíðarsýn sem er nægilega sveigjanleg til að aðlagast nýjum aðstæðum á tímum örra breytinga.

Sjálfbær þróun þýðir einfaldlega að við búum í sátt og samlyndi við umhverfi okkar og samfélag og skilum betra búi til afkomendanna. Hugtakið á rætur að rekja til umhverfisverndarvakningarinnar í lok síðustu aldar. En tilkoma þess var jafnframt ákveðin viðbrögð við henni. Vakningin hafði ekki skilað fullnægjandi árangri, ekki síst vegna þess að umhverfisvernd og hagvexti var oft stillt upp sem ósættanlegum andstæðum. Með sjálfbærri þróun leitum við hins vegar leiða til að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða grunngæði jarðar eða möguleika komandi kynslóða á að njóta sams konar eða meiri velferðar.

Sjálfbær þróun er þannig ekki blind umhverfisstefna, heldur stefna sem setur manneskjuna og velferð hennar í öndvegi. Hugtakið leggur áherslu á að verndun hins náttúrulega umhverfis sé forsenda áframhaldandi efnahagsþróunar og velferðar mannkyns, en jafnframt að blómlegt efnahagslíf og félagsleg velferð séu forsendur þess að umhverfið verði verndað og auðlindir náttúrunnar nýttar á ábyrgan hátt til frambúðar. Því þarf ávallt að skoða framkvæmdir og ákvarðanir í efnahagsmálum, félagsmálum og umhverfismálum í samhengi.

Við Íslendingar höfum skipað okkur í flokk þeirra ríkja sem vilja vera í fremstu röð í að byggja upp sjálfbæra framtíð, enda byggjum við velferð okkar að verulegu leyti á gæðum íslenskrar náttúru. Ekkert annað ríki getur státað af því að þiggja um 70% af orku sinni frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Við ætlum okkur enn betur í að draga úr notkun mengandi orkugjafa eins og bensíni og olíu. Íslenskir aðilar hafa í samvinnu við erlend fyrirtæki skipað sér í hóp brautryðjenda í notkun vetnis sem eldsneytis í bifreiðar og skip.

Með nýtingu íslenskra orkugjafa höfum við byggt upp stóriðju sem á sér fáa líka, þó víða væri leitað. Mengun frá íslenskri stóriðju er um átta til nífalt minni en í mörgum öðrum löndum. Þetta viðurkenndu ríki heims þegar þau samþykktu íslensku ákvörðunina með samkomulaginu sem þau gerðu í Marakess sl. haust um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar. Þjóðir heims sáu það og skildu að stefnumörkun í loftslagsmálum verður að miða að sjálfbærri þróun og að fráleitt sé að leggja stein í götu þess að orkufrekur iðnaður sé staðsettur þar sem endurnýjanlega orkugjafa er að finna. Væri almennt hægt að reka stóriðju í heiminum eins og hún er stunduð hér á landi, með endurnýjanlegri orku og hreinni framleiðslutækni, væri stigið risaskref í átt til þess að draga úr skaðlegum loftslagsbreytingum.

Sjávarútvegsstefna okkar hefur einnig vakið athygli víða um heim. Á hana hefur margsinnis verið bent sem eina af þeim fáu í heiminum sem stuðli að sjálfbærri nýtingu fiskstofna um leið og fyllstu arðsemissjónarmiða sé gætt. Reynsla margra annarra ríkja hefur annaðhvort verið á þann veg að þau hafa látið stundarhagsmuni ráða og þannig ofveitt stofna sína, eða hafa fylgt einfaldri friðunarstefnu sem hefur dregið allan þrótt úr sjávarútvegi. Sjálfbær sjávarútvegsstefna leitast við að hámarka allt í senn: efnahagslegan ábata, atvinnuöryggi og viðgang fiskstofna.

Þekking okkar og reynsla í orku- og sjávarútvegsmálum hefur jafnan verið rómuð í mati OECD á stefnumörkun og framkvæmdum í umhverfismálum. Á vettvangi OECD hafa iðnríkin einmitt unnið að því að finna leiðir til að virkja markaðinn og atvinnulífið í þágu sjálfbærrar þróunar. Í því efni hefur verið litið til kvótaviðskipta sem hagkvæmrar og árangursríkrar aðferðar við að draga úr mengun og stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu.

Það er skýlaus skoðun þorra Íslendinga að nýta beri allar lifandi auðlindir hafsins með sjálfbærum hætti, þar með talið hvali. Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi í hvalveiðimálum á vettvangi þeirra alþjóðastofnana sem fjalla um þau mál. Við tökum virkan þátt í vaxandi starfsemi Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, NAMMCO. Í fyrra gerðumst við aftur aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu, en með fyrirvara við núllkvóta ráðsins vegna hvalveiða í atvinnuskyni. Við töldum tímabært að ganga í ráðið að nýju í ljósi þess að merki eru um að stuðningur sé að aukast innan þess við sjálfbærar hvalveiðar og vildum við taka þátt í þeirri umræðu og hafa áhrif á ákvarðanir ráðsins.

Á ársfundi ráðsins í fyrra ákvað það að hafna fyrirvara Íslands og þar með aðild okkar. Við lítum svo á að þessi ákvörðun sé ógild þar sem ráðið hafi ekki verið bært til að taka hana. Ákvörðunin er því að engu hafandi og hefur engin áhrif á stöðu Íslands sem aðila að ráðinu. Sú staða er nú uppi að sum aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins viðurkenna aðild Íslands að ráðinu en önnur ekki. Í ljósi þess höfum við átt tvíhliða viðræður við fjölda aðildarríkja í því skyni að ná sem víðtækastri sátt um aðild okkar að ráðinu fyrir næsta ársfund þess í Shimonoseki í maí.

Skilningur ríkja hefur aukist á því sjónarmiði Íslendinga að stjórna beri nýtingu sjávarauðlinda út frá víðtækara sjónarhorni en því sem beinist að einstökum stofnum. Síðastliðið haust gengust íslensk stjórnvöld fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar í samvinnu við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þar voru bæði vísindamenn og fulltrúar þátttökuríkja einróma um nauðsyn vistfræðilegrar nálgunar við stjórn á nýtingu lifandi auðlinda hafsins þar sem jafnt tillit er tekið til áhrifa fiskveiða á vistkerfið og áhrifa vistkerfisins á fiskveiðar. Þetta er nákvæmlega það sjónarmið sem íslenskir vísindamenn og stjórnvöld hafa haldið fram í umræðunni

um hvalveiðar. Nýting hvala er eðlilegur hluti af sjálfbærri sjávarútvegsstefnu, því hvalir eru hluti af vistkerfinu.

Auðvitað hefur ekki alltaf verið sátt hér á landi um einstakar framkvæmdir. En þjóðin hefur verið einróma um að okkur beri að nýta náttúruauðlindir okkar á ábyrgan hátt og að íslenskt atvinnulíf standist kröfur sjálfbærrar þróunar. Um þessar mundir er verið að leggja síðustu hönd á nýja og endurbætta stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Það er einnig ánægjulegt að sjá hversu sveitarfélög og almenningur hafa tekið virkan þátt í að stuðla að sjálfbærri þróun hér á landi. Nær 40 sveitarfélög vinna nú að Staðardagskrá 21 til að stuðla að sjálfbærri þróun í sínum heimbyggðum. Þá hafa 28 sveitarstjórnir samþykkt svokallaða Ólafsvíkuryfirlýsingu. Með henni skuldbinda þær sig til að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana, sem og við aðra ákvarðanatöku um málefni sveitarfélaganna og að virkja íbúa, félagasamtök og aðila atvinnulífsins til öflugrar þátttöku í verkefnum sem tengjast Staðardagskrá 21.

Undanfarinn áratug höfum við Íslendingar tekið virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu um sjálfbæra þróun, hvort sem er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í Norðurlandasamstarfi, innan OECD eða samstarfi Evrópuríkja.

Ísland var á meðal þeirra ríkja sem fyrst var kosið til setu í nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Nú höfum við verið kjörin í annað sinn til setu í nefndinni, en henni hefur verið falið að undirbúa leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg.

Við tökum virkan þátt í störfum nefndarinnar og leggjum okkar af mörkum við að tryggja að leiðtogafundurinn verði árangursríkur. Í málflutningi okkar höfum við undirstrikað nauðsyn þess að fundurinn fjalli jafnt um hina félagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu þætti sjálfbærrar þróunar. Þannig höfum við stutt að á fundinum verði lögð höfuðáhersla á útrýmingu fátæktar. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á notkun endurnýjanlegra orkugjafa til þess að draga úr mengun frá iðnaði og samgöngum og til að mæta orkuþörf í þróunarríkjunum. Loks höfum við unnið að því að fjallað verði sérstaklega um brýn málefni er varða umgengni við hafið.

Það er ekki að ástæðulausu að við höfum um árabil barist fyrir ábyrgri umgengni við hafið. Staðreyndin er einfaldlega sú að hafið er undirstaða lífs á jörðu og lífríki þess er undirstaða íslensks þjóðlífs. Við Íslendingar eigum að taka virkan þátt í þeim skoðanaskiptum sem nú eiga sér stað um málefni hafsins. Það er veigamikið fyrir okkar hagsmuni að sú umræða hafi sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi og að hún finni sér stað þar sem við getum tekið beinan og virkan þátt í mótun á straumum og stefnum.

Ísland hefur löngum haft umtalsverð áhrif á alþjóðlega samvinnu um málefni hafsins, hvort sem um hefur verið að ræða mengun eða nýtingu á lifandi auðlindum þess. Gott nýlegt dæmi um áhrif okkar á þessu sviði var Reykjavíkurráðstefnan um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar. Því miður hefur gætt nokkurrar tilhneigingar til að heimsbyggðin bregðist við versnandi ástandi fiskstofna út frá sjónarmiði friðunarsinna. Af þessu höfum við haft slæma reynslu í hvalveiðimálunum. Með því að virkja fiskveiðiþjóðir heims í sameiginlegt átak til að stuðla að sjálfbærum sjávarútvegi sýnum við ábyrgð og framsýni. Þetta gerðum við með Reykjavíkurráðstefnunni, en án hennar hefðu sjávarútvegsríkin væntanlega ekki lagt mikið af mörkum til leiðtogafundarins í Jóhannesarborg. Með Reykjavíkuryfirlýsingunni hafa sjávarútvegsríki heims sammælst um að efla enn frekar sjálfbæran sjávarútveg og draga þannig verulega úr óábyrgum fiskveiðum. Íslenskum stjórnvöldum hefur verið falið að flytja leiðtogafundinum í Jóhannesarborg Reykjavíkuryfirlýsinguna.

Næstkomandi október tekur Ísland við formennsku í Norðurskautsráðinu og munum við gegna henni fram til haustsins 2004. Norðurskautsráðið er sérstakt að því leyti að það er eitt fárra svæðisbundinna samvinnuverkefna ríkja sem hefur það beinlínis að markmiði að vinna að sjálfbærri þróun. Ráðið á rætur að rekja til samvinnu um umhverfismál á norðurslóðum og hefur samstarf á því sviði verið grundvallarþáttur í starfi þess. Samvinna Norðurskautsríkja á sviðum félags-, efnahags- og menningarlegra þátta sjálfbærrar þróunar á sér hins vegar styttri sögu. Markmiðið er að þessir þættir verði efldir í formennskutíð Íslands, einkum að því er varðar samstarf um að bæta lífskjör og lífsskilyrði fólks á norðurslóðum. Við eigum að líta til tækifæra norðurslóða. Lykillinn að lausn margvíslegra vandamála þar er farsæl félagsleg og efnahagsleg þróun og jákvæð aðlögun að náttúrufari svæðisins.

Norðurskautsráðið hefur átt gott samstarf við Norrænu ráðherranefndina og verður því fram haldið. Nýverið samþykkti Norræna ráðherranefndin tímamótaákvörðun um sjálfbæra þróun fyrir Norðurlönd. Stefnumörkunin miðar að því að hver atvinnugrein og öll stjórnsýslustig verði ábyrg fyrir því að tillit sé tekið til sjónarmiða sjálfbærrar þróunar. Þetta er einmitt lykilatriðið í því að sjálfbærri þróun verði náð, þ.e. að atvinnulífið, sveitarstjórnir og almenningur taki höndum saman með stjórnvöldum um að vinna hugmyndinni brautargengi.

Áframhaldandi samstarf Norðurskautsráðsins og Evrópusambandsins er einnig nauðsynlegt. Samstarf við Evrópusambandið er sérstaklega mikilvægt á sviði rannsókna, vísinda og tækniþekkingar sem eru afgerandi fyrir uppbyggingu mannlífs á norðurslóðum.

Með aukinni hnattvæðingu og atburðum síðasta árs hefur mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu í þágu sjálfbærrar þróunar farið vaxandi. Þetta á ekki síst við um aðstoð við þróunarríkin og uppbyggingu í fyrrum Sovétríkjum.

Áhersla hefur verið lögð á að efla þróunarsamstarf okkar til muna. Ríkisstjórnin ákvað á sínum tíma að þrefalda fjárveitingu til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á árabilinu 1998-2003. Einnig ákvað hún að taka þátt í átaki Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um niðurfellingu skulda fátækustu ríkja heims. Skuldaviðjar sumra þessara ríkja eru svo gífurlegar að án niðurfellingar þeirra er borin von að þau geti nokkurn tímann séð sér farborða. Gert er ráð fyrir að Ísland gerist aðili að Alþjóðlega umhverfissjóðnum, GEF, sem veitir þróunarríkjunum viðbótarfjármagn vegna verkefna sem varða hnattræn umhverfismál.

Nýafstaðin er í Monterrey í Mexíkó mjög þýðingamikil ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um fjármögnun þróunar. Hún var tímamótaráðstefna sem markar framtíðarskref í alþjóðlegri samvinnu um fjármögnun þróunar, bæði í þróunarríkjunum og í fyrrum austantjaldslöndum. Niðurstöður hennar kalla á að við skoðum nánar framtíðaráherslur okkar í þessum málum.

Í tvíhliða þróunaraðstoð Íslands hefur verið unnið öflugt starf við að stuðla að varanlegum framförum í atvinnulífi, bættri stjórnsýslu, nýtingu og vernd auðlinda, heilsugæslu og

menntamálum, ásamt því að bæta lýðræði, mannréttindi og hag kvenna. Allt eru þetta forsendur þess að treysta grundvöll sjálfbærrar þróunar í fátækustu ríkjum heims.

Áhersla á jafnréttismál og bættan hlut kvenna við uppbyggingu sjálfbærrar þróunar er sérstaklega mikilvæg. Reynslan hefur sýnt að ef þróunaraðstoð er beint til kvenna og réttur þeirra til menntunar og ákvarðana í samfélaginu færður til jafns á við karla eru meiri líkur á árangri og framförum. Raunin er sú að kynjamisrétti takmarkar aðgang kvenna að náttúruauðlindum og fjármagni og útilokar eignarrétt þeirra á landi. Almennt er viðurkennt að kynjamisrétti hamlar sjálfbærri þróun.

Konur eru um það bil 70% þeirra 1,3 milljarða manna sem býr við sára fátækt. Þessu þarf að breyta. Hér hefur UNIFEM, þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, unnið mikilvægt starf við að styrkja konur og bæta stöðu þeirra. Við Íslendingar höfum átt gott samstarf við UNIFEM við uppbyggingarstarf í Kosovo þar sem íslenskir jafnréttissérfræðingar hafa undanfarin tvö ár starfað að málefnum kvenna og barna. Verið er að kanna möguleika á svipuðum samstarfsverkefnum utanrrn. og UNIFEM víðar, t.d. í hinu stríðshrjáða Afganistan.

Við getum miðlað miklu meiri þekkingu og reynslu til þróunarríkjanna. Í gegnum Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna hafa íslenskir sérfræðingar miðlað nemendum frá 38 löndum dýrmætri þekkingu um nýtingu jarðvarma til að mæta orkuþörf í þessum ríkjum. Áhugi á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa fer vaxandi. Áhyggjur vegna loftslagsbreytinga eiga hér hlut að máli en einnig sú staðreynd að í þróunarríkjunum og í ríkjum Austur-Evrópu eru ónýttir orkumöguleikar, ekki síst jarðvarmi. Hér er vaxandi tækifæri fyrir samvinnu íslenskra fyrirtækja og þróunarsamvinnu Íslands. Í þessu samhengi má nefna nýlega samninga í Ungverjalandi og Kína, auk vaxandi samstarfs við Rússland.

Í ljósi góðrar reynslu af Jarðhitaskólanum var Íslendingum falið að setja á stofn Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Starfsemi skólans hefur farið vaxandi ár frá ári og hafa nemendur frá 18 löndum útskrifast frá honum. Alþjóðlegri samvinnu um aðstoð við þróunarríkin á sviði sjálfbærra fiskveiða er stórlega ábótavant. Það er brýnt verkefni að alþjóðlegar fjármögnunarstofnanir á sviði þróunaraðstoðar veiti fjármagn og aðstoð á þessu sviði sem öðrum. Á næsta ári tökum við Íslendingar við sæti aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðabankans fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Þá gefst tækifæri til að hvetja til aukinnar aðkomu bankans að uppbyggingu sjálfbærra fiskveiða í þróunarríkjunum.

Mikilvægt er að við Íslendingar komum meira að alþjóðasamvinnu um aðstoð á sviði sjávarútvegsmála, ekki aðeins vegna þess að við búum yfir mikilvægri þekkingu á þessu sviði heldur einnig vegna þess að það er í þágu okkar eigin sjávarútvegshagsmuna að þjóðir heims hraði nauðsynlegri þróun í átt til sjálfbærra fiskveiða. Alþjóðaviðskiptakerfið er ekki einungis í viðskiptum, hún er líka í straumum og stefnum í umhverfismálum. Rányrkja og hnignun lifandi auðlinda hafsins hvar sem er í heiminum hefur áhrif á umræður og skoðanamyndun almennings hvar sem er. Það skiptir okkur máli sem fiskveiðiþjóð að alþjóðasamfélagið beri traust til fiskveiðiþjóða sem eru ábyrgar. Friðunarsinnum á borð við hvalfriðunarsinna mun einungis fjölga ef ekki tekst að koma böndum á óheftar veiðar sem skaða lífríki hafsins hvar sem er í heiminum.

Það er þýðingamikið að efla þátttöku atvinnulífsins í þróunaraðstoð. Það er atvinnulífið sem hefur á að skipa þeirri tækni og þekkingu sem þróunarríkjunum er nauðsynleg til uppbyggingar sjálfbærrar þróunar. Reynslan hefur einnig leitt í ljós að aðkoma atvinnufyrirtækja og einkarekstrar tryggir frekar framhald verkefna eftir að opinberri þróunaraðstoð lýkur.

Haustið 2000 var undirritað samkomulag utanrrn., Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um samstarf sem hefur það markmið að samtvinna þróunaraðstoð og íslenska markaðssókn í þróunar- og nýþróuðum ríkjum. Verkefninu, sem kallast Viðskiptaþróun, er ætlað að hvetja íslenskt atvinnulíf til virkari þátttöku í efnahagslífi þeirra þróunarlanda sem Ísland veitir tvíhliða aðstoð. Því er einnig ætlað að stuðla að auknum viðskiptatengslum íslenskra fyrirtækja við þróunarlönd og nýþróuð ríki Austur- og Mið-Evrópu og Suðaustur-Asíu. Í því augnamiði er haft samstarf við Alþjóðabankann sem hefur um nokkurt skeið lagt áherslu á að virkja betur lítil og meðalstór fyrirtæki í verkefnum bankans. Áhugi er á því að skoða enn frekara samstarf við íslensk fyrirtæki og frjáls félagasamtök um þróunarverkefni og nýta í því sambandi möguleika á að tengjast lána- og fjármögnunarstarfsemi Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna fjárfestingarbankans (NIB).

Stundum hefur verið sagt að alþjóðaviðskipti séu einn af mikilvægustu drifkröftum þróunar. Sannleikskorn er að sjálfsögðu í þessari fullyrðingu en hún segir ekkert um gæði þróunar. Markaðurinn er oft blindur gagnvart afleiðingum sínum. Því verða stjórnvöld að sjá til þess að alþjóðaviðskiptakerfið stuðli að sjálfbærri þróun en grafi ekki undan henni.

Þessari skoðun hefur vaxið fylgi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og hefur Ísland stutt hana. Á aðildarríkjafundinum í Doha sl. haust náðist samkomulag um að hefja nýjar samningaviðræður um alþjóðaviðskipti í því skyni að draga enn frekar úr viðskiptahömlum og fella fleiri svið viðskipta undir alþjóðlegar reglur. Þar á meðal var ákveðið að semja sérstaklega um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi en það hefur verið baráttumál okkar Íslendinga um langt skeið. Vinna að þessu máli verður meðal forgangsverkefna utanríkisþjónustunnar þar sem afnám ríkisstyrkja er ekki aðeins mikilvægt fyrir viðskiptahagsmuni okkar heldur styrkir stöðu okkar í alþjóðlegri umræðu um sjávarútvegsmál og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Við studdum einnig þá ákvörðun að hefja samningaviðræður um tvö málefni er varða viðskipti og umhverfismál. Í fyrsta lagi verður samið um reglur um þjóðréttarlega stöðu alþjóðlegra umhverfissamninga gagnvart reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til að koma í veg fyrir að mótsögn skapist milli þessara regluverka. Þetta er mikilvægt til að tryggja að hvorki umhverfissamningar né regluverk Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gangi gegn markmiðum um sjálfbæra þróun og ábyrga nýtingu náttúruauðlinda. Í öðru lagi verður samið um afnám tolla á umhverfisvænar vörur og þjónustu.

Doha-samkomulagið fól í sér ýmis mikilvæg ákvæði um aðstoð við þróunarríkin til að laga sig að alþjóðlega viðskiptaumhverfinu svo þau geti nýtt sér frelsi í viðskiptum til að bæta velferð þegna sinna. Það er lykilatriði fyrir þróunarríkin að þau gerist aðilar að alþjóðaviðskiptakerfinu og að þau verði hvött til þess, m.a. með tæknilegri ráðgjöf og bættum markaðsaðgangi. Þannig hefur ríkisstjórn Íslands

veitt þróunarríkjum sömu kjör hvað varðar markaðsaðgang á Íslandi og EES-ríkin njóta.

Með þessum ákvörðunum stígur Alþjóðaviðskiptastofnunin tímamótaskref í þá átt að vinna að því að alþjóðaviðskiptakerfið hlúi að sjálfbærri þróun í heiminum en það markmið setti samfélag þjóðanna sér í Rio de Janeiro fyrir réttum tíu árum. Þetta er þróun sem ber að fagna.

Meginsjónarmið sjálfbærrar þróunar hafa náð fótfestu um allan heim. Ríki Evrópu hafa verið hvað framsæknust við að stuðla að þessari þróun, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Það er með þessum ríkjum sem Ísland á fyrst og fremst samleið að því er varðar stefnumörkun í þágu sjálfbærrar þróunar.

Með aðild okkar að EES-samningnum gerðumst við þátttakendur í öflugu umhverfisstarfi Evrópu. Þetta samstarf hefur fært okkur virka umhverfislöggjöf en henni var um margt ábótavant fyrir gerð samningsins. Umhverfislöggjöf og verkefni Evrópusambandsins hafa einnig haft verulega þýðingu í þeirri baráttu að vernda hafið fyrir mengun frá þéttbýli og iðnaði í Evrópu. Ísland á allt undir því að matarkista hafsins verði sem hreinust. Það er því mikilvægt að við tökum virkan þátt, bæði í framkvæmd og þróun umhverfislöggjafar Evrópu. Þetta á ekki síst við um sveitarfélögin sem eru ábyrg fyrir því að framkvæma stóran hluta þessarar löggjafar. Áhersla hefur verið lögð á að efla samstarf við sveitarfélögin og aðkomu þeirra að Evrópusamstarfinu.

EES-samningurinn hefur enn fremur fært okkur aðgang að öflugu vísinda- og rannsóknarsamstarfi ESB en mikið af því snýr að umhverfisvernd og auðlindanýtingu. Við greiðum til sérstaks þróunarsjóðs sem styrkir fátækari ríki sambandsins, þar á meðal á sviði umhverfismála. Með því tökum við þátt í að bæta umhverfi Evrópu en einnig skapast með þessu tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að taka þátt í sérhæfðum verkefnum sem styrkt eru af þessum sjóði.

Nú hefur Evrópusambandið gengið skrefinu lengra, sjálfbær þróun er eitt helsta markmið og inntak Maastricht- og Amsterdam-sáttmálanna. Aðildarríki Evrópusambandsins hafa einnig samþykkt sérstaka áætlun, svonefnda Cardiff-áætlun, um aðlögun allra verkefna og stefnumörkunar sambandsins að markmiðum sjálfbærrar þróunar.

Mikilvægt er að við vinnum áfram með Evrópusambandinu að brautargengi sjálfbærrar þróunar, bæði á Evrópska efnahagssvæðinu og í alþjóðlegri samvinnu.

Herra forseti. Sjálfbær þróun er framtíðarsýn sem er í sífelldri mótun. Hún er verkefni sem aldrei verður lokið því nauðsyn krefur að við bregðumst sífellt við og leiðum nýjar breytingar. Við Íslendingar verðum að axla okkar ábyrgð og taka virkan þátt í framgöngu sjálfbærrar þróunar. Náttúruauðlindir okkar eru nú sem fyrr undirstaða þjóðarbúskaparins. Við berum ábyrgð á því að nýta þessar auðlindir skynsamlega. Þannig getum við búið hér áfram í velferð og tryggt börnum okkar og barnabörnum sömu möguleika og við höfum til að nýta þessar auðlindir.

Það er okkur lífsnauðsynlegt að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um málefni er varða umhverfismál og sjálfbæra þróun. Reynslan hefur kennt okkur að þar sem við höfum skilgreinda hagsmuni og þar sem við höfum beitt okkur höfum við jafnan náð árangri. Við skulum minnast okkar veigamikla hlutverks í gerð hafréttarsamningsins og í samningaviðræðunum um úthafsveiðisamninginn. Við höfum einnig átt verulegt frumkvæði í alþjóðlegri samvinnu um vernd hafsins eins og gerð Washington-áætlunarinnar um varnir gegn mengun sjávar frá landi og Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni. Með góðan málstað og góð rök höfum við áhrif og komum á framfæri því sem okkur er hugleiknast. Með því starfi höfum við áhrif á okkar eigin framtíð í samstarfi við aðrar þjóðir.

[11:08]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa ræðu. Hún tók á mörgum málum sem vöktu athygli mína, lagði áherslu á það að leggja hinum fátækari ríkjum meira lið og tel ég aldrei vera nóg að gert í þeim efnum. Hluti hinnar sjálfbæru þróunar er að ganga ekki á rétt fátækari þjóða og það er skylda okkar að hjálpa þeim eins og við getum og stuðla að því að vestræn ríki og ríku þjóðirnar gangi ekki á auðlindir þeirra. Þá er ég að hugsa um auðhringi og önnur stór fyrirtæki sem hugsa kannski síður um hag þegna þessara fátæku landa. Það kemur okkur til góða sem búum í hinum ríku löndum. Mér finnst aldrei nógu oft minnst á þetta, herra forseti.

Svo langar mig til að vekja athygli á einu í sambandi við ræðu hæstv. ráðherra. Þegar rætt er um hafið og að ganga vel um það finnst mér oft skorta á að rætt sé um hvers konar veiðarfæri skipin nota. Ég var á fundi vestur á fjörðum um daginn og þar ræddu saman eldri menn, gamlir sjómenn og útgerðarmenn, og lýstu áhyggjum sínum yfir því hvernig veiðarfæri væru að breytast og hvernig þau væru farin að skemma botn hafsins sem hefur aftur þau áhrif að fiskstofnar komast ekki vel upp og e.t.v. alls ekki.

[11:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við tökum að sjálfsögðu þátt í því á alþjóðavettvangi að ræða atriði eins og veiðarfæri. Það er þekkt að það er mikil andstaða í heiminum við notkun rekneta sem ekki eru notuð hér á landi. Það er líka þekkt að víða er mikil andstaða gegn því að nota botnvörpu en botnvarpa er hins vegar afskaplega þýðingarmikið veiðarfæri hér á landi og er undirstaða fiskvinnslu og -veiða á mjög mörgum stöðum. Mikil þróun hefur verið í gerð þessa veiðarfæris. Möskvastærð hefur stækkað. Síðan hafa verið þróaðar aðferðir til að smáfiskur sleppi betur út úr þessu stórvirka veiðarfæri. Það er sjálfsagt að taka þátt í þessari umræðu eins og við höfum gert en hins vegar vil ég minna á að botnvarpan er okkur afskaplega mikilvægt veiðarfæri og það er vandséð að eitthvert annað veiðarfæri geti komið í hennar stað. Að mínu mati ber að þróa það veiðarfæri með tilliti til sjálfbærrar þróunar og að hún valdi sem minnstri röskun á hafsbotninum. Hins vegar hafa íslenskir vísindamenn ekki tekið undir það, í sama mæli og maður hefði kannski ætlað, að röskun á botninum valdi mikilli röskun á stöðu fiskstofnanna. Það er þó alveg ljóst að röskun á botninum hlýtur að valda einhverri röskun á lífríkinu í heild sinni.

[11:12]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þetta svar og gleðst yfir því ef menn ætla, og standa við það, að fylgjast vel með því hvaða áhrif veiðarfærin hafa á botn hafsins. Það er það sem ég var helst að beina sjónum mínum að í þessu máli.

Ég bendi á að bæði bobbingar og hlerar hafa mikil áhrif á botninn þegar verið er að draga þessi veiðarfæri eftir botninum, og því stórvirkari sem þau eru og verða því meiri skaða kunna þau að valda á botni hafsins. Þetta þurfum við að hafa

í huga. Við sjáum t.d. í fréttum frá Noregi hvað hefur gerst með kóralla þar.

Ég tek heils hugar undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað verður trollið mjög mikilvægt veiðarfæri áfram, a.m.k. eins og ástandið er í dag hjá okkur, og ég er alls ekki að tala um að við ættum að banna notkun þess. Hins vegar verðum við að íhuga hvort sum svæði séu ekki hreinlega þeirrar gerðar að það sé óæskilegt að fara inn á þau með þessi stórvirku tæki. Við vitum að hlerar á togurum eru komnir jafnvel upp í nokkur tonn, hlerar sem fyrir ekki mörgum árum voru bara nokkur hundruð kíló að þyngd.

Hið sama má segja um snurvoðina. Í sumum tilvikum eru komnir bobbingar á hana, stórir járnboltar ef svo má að orði komast, sem fara eftir botninum og var það ekki ætlunin fyrst.

Þetta var það sem ég vildi vekja athygli á, herra forseti, í tengslum við ræðu hæstv. ráðherra og einnig að aldrei er nóg að gert í því að reyna að koma hinum fátæku í veröldinni til hjálpar.

[11:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu sem að venju var yfirgripsmikil og hæstv. ráðherra kom víða við. Hæstv. utanrrh. hefur manna harðast sagt það að langmikilvægasta málið sem Íslendingar standa nú frammi fyrir varðandi samskipti á sviði utanríkismála séu tengslin við Evrópu. Ég er sammála því, herra forseti, og ég ætla í ræðu minni að ræða Evrópumálið og tengsl Íslands við Evrópu.

Hæstv. utanrrh. á hrós skilið fyrir að hann hefur með ýmiss konar frumkvæði sett fram nýjar hugmyndir og tekið þannig á málum sem tengjast Evrópu að atbeini hans hefur átt þátt í því að umræðan um Evrópu og Evrópusambandið og þann ávinning sem Íslendingar kynnu að hafa af því að gerast fullgildir aðilar að Evrópusambandinu er nú á fullu skriði. Ástæðan fyrir því er líka sú að annar stjórnmálaflokkur, minn stjórnmálaflokkur, Samfylkingin, hefur sett þetta mál á dagskrá. Við erum fyrsti stjórnmálaflokkurinn sem hefur sett tengsl Íslands og Evrópu í formlegt ferli ákvörðunar þar sem allir flokksmenn fá tækifæri til þess að greiða atkvæði um hvort flokkurinn á að berjast fyrir því að Ísland gerist fullgildur aðili að Evrópusambandinu eða ekki.

Þessi vaxandi umræða hefur leitt til þess að fólk veit meira um Evrópu en áður. Ýmsum fordómum hefur verið eytt. Upplýsingin er alltaf forsenda aukins skilnings. Þetta hefur leitt til þess, herra forseti, að skoðanakannanir sýna það núna að vaxandi fjöldi Íslendinga vill að Ísland verði innan Evrópusambandsins. Í skoðanakönnun sem Samtök iðnaðarins birtu á dögunum þar sem sýnt var fram á þá breytingu kom til að mynda fram að 90% af Íslendingum vilja að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu.

Herra forseti. Ég tek mönnum vara fyrir því að vilja beita sér fyrir að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu upp á von og óvon, upp á það að sjá hvað við kynnum að fá út úr því. Ég held að ef við sækjum um aðild að Evrópusambandinu, þá verði það að vera gert með þeim einbeitta vilja að við náum samningum sem verða viðunandi, sem yrðu samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslu og við yrðum aðilar að Evrópusambandinu. Þess vegna var mér það miklu meira virði sem stuðningsmanni þess að við gerumst aðilar að Evrópusambandinu að umtalsverð sveifla hafði orðið frá þeim sem voru andvígir aðild til þeirra sem vildu hana. 51% þeirra sem spurðir voru vildu aðild að Evrópusambandinu, en einungis 25% voru því andvígir. Herra forseti. Þetta skiptir ákaflega miklu máli finnst mér.

Ástæðan fyrir því að Íslendingar velta því nú fyrir sér í vaxandi mæli að gerast aðilar að Evrópusambandinu er auðvitað sú að komið hefur í ljós með aukinni umræðu og aukinni þekkingu að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur veðrast nokkuð. Hann mun ekki til langframa þjóna hagsmunum okkar eins og æskilegast væri. Auðvitað dylst mér ekki fremur en flestum öðrum sem í þessum sal sitja að EES-samningurinn er mikilvægasti viðskiptasamningur sem við höfum gert. Hann á stærstan hlut að því góðæri sem hér hefur ríkt á síðustu árum. En hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að á honum er að finna ágalla sem eftir því sem tímanum vindur fram munu verða meira áberandi.

Fram hefur komið, m.a. hjá hæstv. forsrh., að kollegi hans í ríkisstjórninni, hæstv. utanrrh., hafi ekki tekist að sýna honum, væntanlega þá í samræðum innan ríkisstjórnarinnar, fram á þá ágalla sem hægt er að benda á varðandi EES-samninginn. Ég sé fljótu bragði sjö ágalla sem flestir eru stórir og flestir munu fara stækkandi eftir því sem tíminn líður.

Í fyrsta lagi leiðir stækkun Evrópusambandsins til þess að ríki þess verða innan tíðar 30 í stað 15 og það eitt leiðir strax til miklu minni þekkingar og enn minni áhuga sambandsins á málefnum EES en áður.

Í öðru lagi nær samningurinn ekki til nýrra sviða í samstarfi ESB sem annað tveggja krefst þá harðra og erfiðra samninga líkt og um Schengen eða leiðir hreinlega til þess að Íslendingar fá ekki tækifæri til þess að taka þátt í mikilvægu samstarfi innan álfunnar.

Í þriðja lagi leiðir þróunin innan Evrópusambandsins, ekki síst aukin völd Evrópuþingsins, til þess að það er enn verið að draga úr möguleikum okkar til þess að móta eigin örlög eins og þau eru skrifuð í lög og reglur sem varða okkur, sem við þurfum að taka upp en getum ekki mótað. Vegna þeirrar þróunar má halda því fram að við séum enn að tapa fullveldi án þess að hafa í rauninni fallist á það.

Í fjórða lagi leiðir núverandi staða til þess að við munum ekki ná þeim mikilvægu ávinningum sem felast í aðild að Myntbandalaginu með því að vera einungis í EES.

Í fimmta lagi munu afurðir í sjávarútvegi, sem voru undanþegnar tollfríðindum sem við náðum með EES-samningnum, verða á næstu árum æ mikilvægari í útflutningi Íslendinga. Nægir að nefna lax og síld.

Í sjötta lagi má nefna samstarf um öryggi og varnir sem við eigum ekki kost á að taka þátt í nema innan Evrópusambandsins.

Í sjöunda lagi nefni ég síðan mál sem hefur verið ofarlega á baugi í umræðu síðustu vikna en það er niðurfelling mikilvægra tollfríðinda innan sjávarútvegs þegar fríverslunarsamningar sem við höfum gert við tíu ríki og eru í þann mund að ganga í Evrópusambandið falla niður. Þessir samningar ógildast.

Þannig má því einnig halda fram, herra forseti, að stækkun Evrópusambandsins muni ýta undir þá ágalla sem er að finna á EES-samningnum. Því miður hefur okkur ekki tekist innan EFTA að ná samstöðu um það með hvaða hætti eigi að ráðast í viðræður við ESB um uppfærslu á EES-samningnum. Það þýðir að mati hæstv. utanrrh. að langur tími, mörg ár, er þangað til hægt er að breyta samningnum með tilliti til þessa.

Herra forseti. Þrennt skiptir mestu máli í mínum huga þegar við ræðum aðild okkar að Evrópusambandinu. Það er fullveldið, það er efnahagsmál og evran og það er í þriðja lagi sjávarútvegur. Ég ætla í þessari ræðu, því sem ég á eftir af henni og seinni ræðu minni í dag, að ræða þessa þrjá hluti.

Því er haldið fram, herra forseti, að með því að ganga í Evrópusambandið muni Íslendingar tapa enn frekar fullveldinu. Ég er þessu ósammála, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að með því að ganga í Evrópusambandið mundum við í fyrsta lagi stöðva það ferli sem hægt og bítandi er vegna breytinga á innviðum Evrópusambandsins að leiða til þess að við erum enn að tapa fullveldi. Í öðru lagi, herra forseti, er ég líka þeirrar skoðunar að hægt sé að færa gild rök fyrir því að innganga í Evrópusambandið leiði til þess að við endurheimtum nokkuð af því fullveldi sem sannarlega tapaðist þegar við gengum í EES.

Nauðsynlegt er að rifja upp að árið 1993 fengu íslensk stjórnvöld fjóra lagaspekinga við Háskóla Íslands til þess að leggja fram mat sitt á því hvort EES-samningurinn fæli í sér fullveldisafsal í þeim mæli að það stríddi gegn stjórnarskrá. Niðurstaðan varð sú að svo væri ekki. Hins vegar var alveg ljóst að það mátti ekki miklu muna. Og þær breytingar sem hafa orðið innan Evrópusambandsins, sem hafa leitt til þess að við höfum ekki sömu áhrif á lög og reglur sem okkur varða og áður, kunna að hafa leitt til þess að þarna hafi verið skorið á þann granna þráð sem skilur að það afsal sem við gætum sæst á samkvæmt samningnum og samkvæmt stjórnarskránni og það sem við gætum ekki sæst á.

Ég held því fram, herra forseti, að færa megi sterk rök að því að með því að ganga í Evrópusambandið mundum við Íslendingar treysta fullveldi okkar miðað við óbreyttan EES-samning, fullveldi sem við erum hægt en bítandi að tapa missiri frá missiri.

Að því er efnahagsmálin varðar, herra forseti, þá er ég þeirrar skoðuanr að fyrir Íslendinga sé það að verða efnahagsleg nauðsyn að geta tekið upp evruna í stað krónunnar. Ekki er hægt, herra forseti, að ræða þau mál á þeim grundvelli sem stundum er gert að þegar menn leyfa sér þann munað að tala um veikleika íslensku krónunnar og styrk þess að taka upp evruna, þá séu menn að tala niður krónuna. Hér er ekki um að ræða einhvers konar atlögu að íslensku myntinni. Hér erum við einfaldlega að ræða þá möguleika sem blasa við hvað er gott og hvað er slæmt fyrir hagsmuni Íslands þegar litið er til framtíðar. Og nú hefur umhverfi okkar einfaldlega breyst að því marki að nokkur lönd eru búin að taka upp sameiginlegan gjaldmiðil. Það er ákaflega líklegt miðað við þróunina í nágrannaríkjunum að Svíar muni gera það líka og síðan Bretar og kannski Danir. Auðvitað er ekkert hægt að segja um það á þessu sviði.

En það er alveg ljóst frá mínum bæjardyrum séð að sökum þess hagræðis sem fylgir upptöku evrunnar er það að verða efnahagsleg nauðsyn fyrir Íslendinga að taka hana upp. Það gerum við ekki nema vera aðilar að Evrópusambandinu. Þetta er spurning um samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og íslenskra fyrirtækja. Þar með er evran líka spurning um efnahagslega velsæld Íslendinga í framtíðinni.

Kostir evrunnar liggja fyrst og fremst í þrennu. Í fyrsta lagi veldur sameiginlegur gjaldmiðill því að viðskiptakostnaður verður mun minni og þar munar miklu. Í annan stað veldur sameiginlegur gjaldmiðill því að verðsamanburður verður miklu betri, verðlag gagnsærra þannig að samkeppni í verði eykst. Verðubólgan ætti því að minnka, kaupmátturinn að aukast og hagur neytenda þar með að batna. Í þriðja lagi er auðvitað alveg ljóst að kostir evrunnar liggja í því að við eigum kost á fjármagni sem er á miklu lægri vöxtum en í dag.

Ég held, herra forseti, að það gangi ekki til lengdar fyrir íslenskt atvinnulíf að stýrivextir á Íslandi séu 10,1% meðan þeir eru 3,25% á evrusvæðunum. Var það ekki, herra forseti, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands sem rifjaði það upp að lægri vextir á evrusvæðunum geta munað í kaupmætti íslensks almennings um allt að 8%? Í ofanaálag er líka ljóst að matarverð er allt miklu lægra í löndum ESB.

Inngangan í sambandið mundi gera okkur kleift að taka upp evruna og það er í reynd beinlínis spurning um hag og kjör íslenskrar alþýðu. Vissulega er það svo að stór fyrirtæki hafa burði til að leita út fyrir Ísland og fá fjármagn á evruvöxtum, en það felur líka í sér visst innbyrðis ójafnræði hér á landi. Litlu fyrirtækin geta það ekki í krafti smæðar sinnar. Litlu fyrirtækin á landsbyggðinni geta það ekki. Mér finnst líka að þetta sé spurning um innbyrðis jafnræði og jafnstöðu fyrirtækja innan Íslands. Inngönguna í Evrópusambandið og upptöku evrunnar er líka hægt að nota sem rök fyrir því að verið sé að eyða misrétti sem smáu fyrirtækin sem eiga í vök að verjast eigi við að stríða andspænis samkeppni við stóru fyrirtækin.

Herra forseti. Það sem menn hafa mest rætt varðandi Evrópusambandið og meinta ágalla þess að við gerumst fullgildir aðilar að því er hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins. Þar er í gangi verulega mikill misskilningur hjá ákaflega mörgum. Ekki er langt síðan ég heyrði einn af helstu frammámönnum íslenskra stjórnmála halda því fram í sjónvarpi að ef við gerðumst aðilar að ESB mundi það einfaldlega þýða að hingað mundi sigla floti erlendra skipa. Hvað er hæft í því, herra forseti? Það er ekkert hæft í því. Hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópusambandsins byggir á sameiginlegum þáttum. Þessir sameiginlegu þættir eru sameiginleg nýting sameiginlegra fiskstofna innan sameiginlegrar efnahagslögsögu. Við höfum enga sameiginlega efnahagslögsögu, eins og t.d. Malta og Noregur, með Evrópusambandinu.

Við höfum ákaflega fáa sameiginlega fiskstofna og enga staðbundna. Og um þá fiskstofna sem sameiginlegir eru, flökkustofna, er þegar búið að semja alla samninga sem þetta þing hefur nú þegar samþykkt ef frá er talinn kolmunni. Undir þeirri stefnu hvílir síðan reglan um hinn hlutfallslega stöðugleika sem þýðir að kvótaúthlutun má ekki raska innbyrðis vægi landanna fyrir úthlutunina. Reglan um hlutfallslegan stöðugleika þýðir að miðað er við kvótareynslu á tilteknum árum.

Þegar Spánn gekk í Evrópusambandið snemma á 9. áratugnum var miðað við veiðireynslu ríkjanna á tímabilinu 1973–1978. Á þeim grundvelli var því hafnað að Spánn fengi hlutdeild í kvótum ESB miðað við hefðbundnar veiðar Spánverja fyrir útfærslu aðildarríkjanna í 200 sjómílur árið 1977. Samkvæmt þessu gætu t.d. Bretar ekki krafist kvóta innan 200 sjómílna lögsögu Íslands vegna hefðbundinna veiða á Íslandsmiðum fyrir útfærslu landhelginnar árið 1975. Veiðireynslan sem var notuð þegar samningurinn var gerður við Norðmenn var veiðireynsla áranna 1989–1993.

Auðvitað er þetta spurning um þær samningskröfur sem við mundum gera við slíkar viðræður. En það liggur fyrir að alveg er sama þó menn færu 20 ár aftur í tímann. Það mundi

aldrei geta skapað veiðireynslu sem mundi leiða til þess að erlendur floti mundi sigla hingað inn, herra forseti.

Þessu er ákaflega nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir. Þetta er atriði sem ég mun ræða ítarlega í seinni ræðu minni í dag, herra forseti, en læt staðar numið hér.

[11:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðuna. Hún er byggð upp með svipuðum hætti og undanfarin tvö ár eða svo. Hún byggir á ákveðnu meginþema, meginviðfangsefni. Það tel ég vera ágætt. Að þessu sinni er það hugtakið „sjálfbær þróun" sem hæstv. ráðherra leggur út af. Eitt og sér gæfi það í sjálfu sér tilefni til áhugaverðra skoðanaskipta. Mér finnst virðingarvert að taka þetta hugtak fyrir og ég þakka fyrir það.

Hitt hlýt ég að segja, herra forseti, að auðvitað vildi maður gjarnan sjá þess stað í ríkari mæli í löggjöf okkar og framkvæmd að þetta hugtak hefði fest sig í sessi. Ég nefni í framhjáhlaupi þrjú svið þar sem mér finnst að hugsunin um sjálfbæra þróun og grunnreglurnar mætti koma miklu sterkar fram. Þar á ég við sjávarútveginn, þróunina þar. Því miður hefur sáralítið verið tekið á málum út frá þessu sjónarmiði í sjávarútvegsstefnunni og sumpart þróast hlutirnir þar í algjörlega öfuga átt. Við erum að stórauka orkunotkun í flotanum en ekki að draga úr henni. Við ívilnum ekki á nokkurn hátt vistvænum veiðum eða veiðarfærum eins og Ríó-sáttmálinn gerir ráð fyrir og útgerðarhættirnir eru sumpart að þróast þannig að ekki er hægt að halda því fram að það sé æskilegt út frá umhverfissjónarmiði. Ég nefni sem dæmi stóraukinn flutning vinnslunnar á haf út þar sem tekið er til við að frysta afurðir með innfluttu jarðefnaeldsneyti, framleiða orku um borð í skipunum með innfluttu jarðefnaeldsneyti í staðinn fyrir að nýta orkuna á landi.

Í öðru lagi vil ég nefna stóriðju- og virkjanamál. Þar fyndist manni að stjórnvöld mættu vera uppteknari af því dag frá degi að móta löggjöf okkar og framkvæmd út frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar.

Ég nefni í þriðja lagi þá þróun sem er í gangi í flutningum og flutningakerfi í landinu þar sem flutningar hafa færst af sjó upp á vegina og eru að mestu leyti komnir þangað með tilheyrandi margföldun á orkunotkun. Þessi margfalda orkunotkun er staðreynd og mengun meiri. Ekki eru þessir þættir að þróast þannig í samfélagi okkar að hægt sé að segja að það sé jákvætt.

Í öðru lagi finnst mér á köflum gæta þeirrar tilhneigingar hjá hæstv. utanrrh. að endurskilgreina svolítið hugtök. Ég hef ekki áður séð það sett á prent að með sjálfbærri þróun séum við að leita leiða til að hámarka efnahagslega og félagslega velferð. Það er nýtt fyrir mér ef það er orðið eitt af meginmarkmiðum sjálfbærrar þróunar að hámarka efnahagslega velferð, hvernig sem við nú skilgreinum hana. Þvert á móti gengur það eins og rauður þráður í gegnum t.d. upphaflegu Brundtland-skýrsluna og fleiri slíka pappíra að setja verði neysluhyggjunni og græðginni, hinum taumlausa vexti t.d. auðlindanýtingar á Vesturlöndum, einhverjar skorður, eigi að takast að ná tökum á þessum hlutum og jafna lífskjörin. Öðruvísi gengur þetta auðvitað aldrei upp. En nóg um það, herra forseti.

Í kaflanum um alþjóðasamskipti í ræðu ráðherra er sömuleiðis lagt út af sjálfbærri þróun. Þar finnst mér skorta á að glímt væri við spurninguna um það sem ég áðan nefndi, jöfnun lífskjara, skuldir þróunarríkjanna og neikvæða þætti svonefndrar hnattvæðingar. Ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. hefur horft á sjónvarpsþátt, sem menn geta vissulega deilt um hversu sanngjarn var, þar sem farið var ansi hörðum orðum um sumt sem gerist og flokkað er undir hatt þess sem kallað er hnattvæðing. Þar var fjallað um framgöngu heimsstórfyrirtækjanna, t.d. sums staðar í þriðja heiminum þar sem gert er út á barnaþrælkun og ódýrt vinnuafl, boðið upp á algjörlega óviðunandi starfsskilyrði og varan framleidd fyrir brotabrot af því verði sem hún er síðan seld á þegar hún kemur til Vesturlanda. Mörg af þekktustu stórfyrirtækjum í fatagerð, framleiðslu íþróttavöru og slíkra hluta ástunda þessa iðju í stórum stíl. Það er vitað að þau gera út á þrælabúðir barna eða fátæklinga í þriðjaheimslöndum og raka saman óhemjugróða í gegnum að margfalda verð vörunnar og líma á hana þekkt merki þegar hún er komin til Vesturlanda. Það eru miklar skuggahliðar á þessum málum, herra forseti, sem þarf að takast á við.

Þá að Evrópumálunum. Í skýrslunni er kafli um þau en að öðru leyti var hæstv. ráðherra fáorður um þá hluti og er það nokkur tilbreyting. Oft hefur mikill tími farið í það hjá hæstv. utanrrh. að ræða þá hluti. Í skýrslunni er að mínu mati fjallað mjög eðlilega um praktísk viðfangsefni og úrlausnarefni í þessum samskiptum þegar kemur að Evrópumálum nákvæmlega eins og ég tel að eigi að gera. Ég tel að hvorki eigi að dramatísera það um of eða að umræðan eigi að vera táradalur þar sem allt sé svo erfitt og illviðráðanlegt. Mér hefur stundum fundist hæstv. utanrrh. allt of beygður, þegar hann kemur heim úr Evrópuleiðöngrum sínum nánast gráti nær yfir hve þetta sé allt saman óskaplega erfitt og snúið, svo maður minnist nú ekki á formann Samfylkingarinnar sem á stundum enn erfiðari daga yfir því hvað þetta er allt saman dapurt.

Í skýrslunni finnst mér betur fjallað um þetta, þ.e. án þess beinlínis að draga upp óskaplega dökka mynd. Þetta eru ósköp einfaldlega pólitísk og praktísk úrlausnarefni í alþjóðasamskiptum sem alltaf eru uppi. Hvenær verður það, herra forseti, ekki viðfangsefnið sem takast þarf á við lengur? Þar þarf ekki Evrópusamband eða EES-samning til. Allt alþjóðasamstarf er þannig að það er stöðugt viðfangsefni að leysa þar mál sem upp koma og takast þarf á við. Það er í raun ekkert meira eða merkilegra um það að segja.

Formaður Samfylkingarinnar gerði grein fyrir viðhorfum sínum og hefur verið að feta sig að lokatakmarkinu, að gefa sig út sem afdráttarlausan stuðningsmann þess að við göngum í Evrópusambandið. Og það er gott. Mikið óskaplega er ég feginn fyrir hönd hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar yfir að það sé að komast botn í þetta hjá honum, ég verð að segja það. Hann á að vísu eftir að láta kjósa um þetta í eigin flokki og það er kannski eitthvað eftir í þeim efnum. En mikið hlýtur manninum að líða betur, að vera kominn að niðurstöðu. Bíddu við, en er það ekki hið sama og ýmsir aðrir hafa gert? Hvað er svona merkilegt við það? Til hvers erum við í stjórnmálum? Er það ekki til þess að hafa skoðun, komast að niðurstöðu og hafa stefnu? Það eina sem mér líkar ekki í málflutningi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar er þegar hann reynir að gera það að óskaplega merkilegu máli, einhverju nýju undir sólinni, að Samfylkingin sé með það í vinnslu að komast að niðurstöðu í Evrópumálum. Þó fyrr hefði verið, segi ég nú bara. Það þýðir ekki, herra forseti, að við sem höfum þegar tekið afstöðu og höfum stefnu þurfum að taka þátt í sálarangist formanns Samfylkingarinnar og

flokksystkina hans. Við erum búin að því sem Samfylkingin á eftir og þar með er það klárt, er það ekki?

Ég verð að segja eins og er, að mér finnst ótrúlegt að bera það á borð í stjórnmálaumræðu að flokkar sem hafa stefnu í máli séu ekki gjaldgengir í umræðu um þau, þeir einu sem megi ræða um Evrópumál séu þeir sem ekki hafa komist að niðurstöðu. Þetta er auðvitað mjög merkilegt, herra forseti.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði mikla vinnu í það á stofnunarskeiði sínu, á haustmánuðum 1998 og fram eftir ári 1999, m.a. að móta áherslur sínar í utanríkismálum. Tvo málaflokka tókum við sérstaklega fyrir og lögðum mikla vinnu í, utanríkismál og sjávarútvegsmál. Við vissum að báðir málaflokkar væru brýnir og brennandi. Í stefnuyfirlýsingu okkar og okkar málefnahandbók er ítarlegur kafli um Evrópumál. Í framhaldinu höfum við flutt tillögu á þingi með ítarlegri greinargerð um stefnumótun í alþjóðasamskiptum, þar sem er ítarleg greinargerð upp á margar blaðsíður þar sem farið er yfir rök með og á móti aðild að Evrópusambandinu. Okkar niðurstaða var skýr og er það enn í dag: Það er ekki fýsilegt fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið. Þýðir það að við viljum ekki ræða málin þó við höfum stefnu í þeim? Nei, auðvitað ekki. Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson styrktist í þessum málflutningi ef hann sleppti þessari einu klisjukenndu setningu úr ræðum sínum, að það sé eitthvað nýtt undir sólinni og stórmerkilegt að Samfylkingin sé að vinna í þessum málum. (**ÖS:** Við höfum aldrei haldið því fram.) Það hafa allir flokkar gert. Það kom fram síðast í ræðu hv. þm. hér áðan að Samfylkingin ein flokka hefði sett þessi mál í ákvarðanatökufarveg. Ha? Bíddu, erum við ekki búin að þessu? Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti þá frekar að segja í hálfgerðum afsökunartón: Við eigum svolitla vinnu eftir. Við mundum öll hafa samúð með því og skilning á því að þeir væru ekki enn búnir að koma þessu í verk en þetta væri nú allt í góðum gangi. Svipað mætti segja um þetta hjá Framsfl. en ég læt þetta duga, pars pro toto, sem ég hef sagt um Samfylkinguna.

Um Evrópumálin að öðru leyti, herra forseti, vil ég segja þetta: *Ég sé engin sérstök vandamál í stöðu Íslands eins* og hún er í dag. Okkur hefur vegnað prýðilega þessi rúm 50 ár sem við höfum verið sjálfstætt lýðveldi og haft fullt forræði, fullan sjálfsákvörðunarrétt og fullan samningsrétt í málum okkar. Sagan er öll til marks um hve dýrmætur sjálfsákvörðunarréttur og samningsréttur hefur verið okkur. Á grundvelli hans færðum við út landhelgina. Á grundvelli *hans höfum við samið um lausn deilumála við aðrar þjóð*ir og gætt hagsmuna okkar, ekki síst á sviði sjávarútvegs. Menn kunna lítið í Íslandssögu síðustu áratuga ef þeir átta sig ekki á því að kannski er stærsta einstaka skýringin á því velmegunarsamfélagi sem við höfum náð að byggja upp þeir áfangar sem við höfum tekið í að stýra sjálf nýtingu auðlinda okkar og virkja í okkar þágu. Ég á þá auðvitað og ekki síst við sjávarútveginn.

Það er rangt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þessi sjálfsákvörðunarréttur og samningsréttur hafi ekki gildi fyrir sjávarútveginn í dag og til framtíðar litið.

Það er rangt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að Ísland eigi ekki marga sameiginlega fiskstofna með nágrannaríkjunum. Þeir eru þvert á móti flestallir sameiginlegir, þeir sem mikilvægastir eru, nema þá kannski þorskurinn, ef við komust þá upp með það að skilgreina hann sem hreinan séríslenskan stofn. Hann gengur stundum til Grænlands og kemur aftur. Hann fer út úr íslensku lögsögunni. Loðnan, er hún ekki sameiginleg með þremur ríkjum og gengur að auki út í síldarsmuguna? Norsk-íslenski síldarstofninn, deilistofn; kolmunninn, deilistofn; rækjan á Dohrn-banka, deilistofn; grálúðan milli Íslands og Grænlands, deilistofn. Karfinn á Reykjaneshrygg, deilistofn; karfinn milli Íslands og Grænlands, deilistofn; stofnar milli íslensku og færeysku lögsögunnar, deilistofnar og svo koma miklir flökkustofnar og farstofnar.

Þetta er þvert á móti öfugt. Meiri hluti stofna á Íslandsmiðum flokkast sem deilistofnar eða farstofnar. Það mun reynast okkur mjög erfitt að fá það viðurkennt að við séum með „séríslenska" stofna þarna sem öðrum þjóðum komi ekki við hvernig samið verður um ef við gerðumst aðilar að sameiginlegri fiskveiðistefnu.

Hvernig gekk þetta hjá Möltu sem vildi færa út landhelgina í 25 mílur? Það gekk nú ekki mikið. Þeir mega ráða möskvastærðinni. Þeir mega beita tilteknum friðunaraðgerðum. En þeir fengu afdráttarlausa synjun um að vera undanþegnir sameiginlegu fiskveiðistefnunni út að 25 mílum. Það liggur fyrir.

Hvernig gekk hjá Norðmönnum? Þeir fengu þriggja ára aðlögunartíma fyrir svæðin norðan við 62. gráðu. Auðvitað felldi norska þjóðin þann samning. Er það stutt dómi reynslunnar að það sé líklegt að við fengjum forræði, varanlegar undanþágur eða sértæka beitingu sjávarútvegsstefnunnar milli 12 og 200 mílna? Svarið er nei. Hver einasti kommissar Evrópusambandsins sem spurður hefur verið að þessu hefur sagt nei. Reynsla Norðmanna segir nei. Reynsla Möltu segir nei.

Við höfum engin sérstök efnisleg rök við að styðja þær *hugmyndir að við kæmumst upp með annað en að undirgang*ast sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna og hún er hættuleg. Þó svo að hingað sigldu ekki flotar strax frá fyrsta degi er ljóst að kröfur gætu komið upp í tengslum við lausn óskyldra deilumála og þær lausnir kostuðu að við gæfum eftir veiðirétt. Við missum sjálfstæðan samningsrétt. Við missum sjálfsákvörðunarrétt. Ákvarðanir um heildarveiðikvóta *færast til Brussel. Því mælir enginn maður á móti.* Þó okkur tækist hugsanlega að fá eitthvað meira sjálfstæði gagnvart nýtingu þess sem fengist viðurkennt sem sérískenskir stofnar er augljóslega borin von að við fengjum það gagnvart deilistofnum og flökkustofnum.

Hvernig ættu Evrópusambandsþjóðirnar, sem sjálfar eiga hagsmuna að gæta í nýtingu margra þeirra stofna, loðnunnar, norsk-íslenska síldarstofnsins, kolmunnans, rækjunnar og fleiri tegunda, að fallast á slíkt? Ég held að það sé borin von.

Ég ætla svo í síðari ræðu minni, herra forseti, að koma aðeins inn á evruna og spurningar sem að henni lúta, ekki síst þann furðulega málflutning, sem hér var uppi áðan, að það sé algerlega útlátalaust og án nokkurra fórna að henda sjálfstæðum gjaldmiðli, vaxtaákvörðunum og peningastjórnunartækjum og taka upp evru, það sé bara ókeypis ferðalag á fyrsta farrými. Það er ekki svo, herra forseti. Ætli þurfi ekki að hafa áhyggjur, m.a. af atvinnuöryggi, stöðugleika á vinnumarkaði og afkomu útflutningsgreina þegar sveiflur *ganga yfir í hagkerfinu ef öll þessi stjórntæki væru farin úr* landi og við sættum vaxtaákvörðunum og gengisskráningu hagkerfa sem lúta gjörólíkum lögmálum?

[11:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. gerði athugasemd við þá skilgreiningu sem kom fram í ræðu minni þar sem ég sagði, svo ég vitni til hennar:

„Með sjálfbærri þróun leitum við hins vegar leiða til að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða grunngæði jarðar eða möguleika komandi kynslóða á að njóta sams konar eða meiri velferðar."

Ég stend við þessa skilgreiningu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt markmið í sambandi bæði við orkuauðlindir og fiskstofna okkar að hámarka efnahagslegan ávinning og félagslegan ávinning. Við erum að nýta orkulindirnar til þess að geta leyst ýmisleg félagsleg mál hér innan lands, skapa tekjur fyrir samfélagið. Við erum að skapa tekjur fyrir samfélagið til þess m.a. að geta tekið á með fátækustu ríkjum heims. Að sjálfsögðu fellur þetta undir sjálfbæra þróun.

Það væri ekki markmiðið með nýtingu þessara auðlinda að fá sem minnst út úr þeim. Markmiðið er að fá sem mest út úr þeim. Ég veit að þarna greinir okkur á vegna þess að flokkur vinstri grænna er andvígur nýtingu ákveðinna auðlinda. Það er allt í lagi með það. Það er skoðun út af fyrir sig. Þeir telja að þær auðlindir geti betur þjónað í öðrum tilgangi. Það er skoðun út af fyrir sig. En það hefur ekkert með sjálfbæra þróun að gera. Þá stefnu að leggjast t.d. á móti virkjunarframkvæmdum er ekki hægt að reka undir kjörorði sjálfbærrar þróunar.

[11:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég neyðist náttúrlega til að leiðrétta það að það sé stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að vera andvíg nýtingu tiltekinna auðlinda. Mér leiðist að hæstv. utanrrh. skuli þurfa að koma með slíkar klisjur hér. En það er ekki þar með sagt að ekki geti verið ágreiningur um það í pólitík hvernig beri að nýta tilteknar auðlindir og hvaða skilyrði sú nýting verði að uppfylla. Það er það sem þetta mál snýst um.

Öræfi landsins geta verið auðlind í margvíslegum skilningi. Ein aðferðin til að nýta þau er kannski að byggja þar uppistöðulón og malbika þau og leggja um þau línur. Önnur aðferð getur verið að nýta þau sem útivistarland, njóta þeirra á annan hátt o.s.frv.

Fyrst og fremst er það krafa okkar að öll auðlindanýting uppfylli tiltekin skilyrði um umgengni við umhverfi og náttúru, en að því uppfylltu erum við ekkert öðruvísi nýtingarsinnar í þeim skilningi að gæði slíkra auðlinda séu nýtt í þágu velferðar mannsins, að sjálfsögðu.

Það sem ég geri hins vegar athugasemdir við, þó auðvitað megi deila hér um túlkun á þessum orðum, er að þetta hljómar pínulítið eins og að það markmið að hámarka efnahagslega velferð sé einhvers konar yfirmarkmið. Ég tel að til þess að allt sé í jafnvægi og í sátt við þá hugsun sem lögð er til grundvallar sjálfbærri þróun þá verði menn að átta sig á því að önnur markmið eru jafnrétthá, t.d. þau að gæta umhverfisins og náttúrunnar og spilla ekki lífsgæðum komandi kynslóða. Ég hef ekki áhuga á því að leggja utanrrh. orð í munn eða gera honum upp skoðanir. En það þarf a.m.k. að vera algjörlega skýrt að til þess að önnur markmið séu ekki fyrir borð borin getur þurft að setja skorður hinum efnahagslegu kröfum um sífellt aukinn hagvöxt og aukna auðlindanotkun. Það var sú athugasemd sem ég var í raun og veru að gera hér.

[11:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega einfalt hvað ég á við með orðum mínum. Ef við ákveðum að veiða 200.000 tonn af þorski er ég þeirrar skoðunar að það beri að gera sem mest verðmæti úr þessum þorski og nýta þau í þágu velmegunar þjóðarinnar. Og ef við ákveðum að virkja ákveðið vatnsfall, t.d. vatnsföllin austan og norðan Vatnajökuls, beri að gera úr því sem mest verðmæti fyrir hönd þjóðarinnar. Ég tel að hægt sé að virkja þessi vatnsföll með hugtakið sjálfbæra þróun í huga. Þetta höfum við sannað með málflutningi okkar á alþjóðlegum vettvangi þar sem við höfum t.d. fengið sérstöðu Íslands viðurkennda í þessu tilviki. Ég tel það algjörlega falla undir sjálfbæra þróun að nýta þessar miklu auðlindir norðan og austan Vatnajökuls.

Ég fellst ekki á þá skilgreiningu að aðeins megi nýta þessar auðlindir í þágu útivistar. Auðvitað verða þessar auðlindir nýttar í þágu útivistar svo lengi sem landið byggist. Og það fer prýðilega saman. Allar líkur eru á því að hægt verði að nýta þessar auðlindir miklu betur í þágu útivistar einmitt vegna þessara framkvæmda. Eða liggur það ekki t.d. alveg ljóst fyrir að allar þær vegaframkvæmdir sem hafa átt sér stað á þessu svæði vegna hugsanlegra virkjunarframkvæmda hafa einmitt stuðlað að miklu meiri útivist á þessu svæði en menn hafa nokkru sinni áður vanist?

[11:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt sem er algjörlega nauðsynlegt ef menn vilja vera einarðir og sjálfum sér samkvæmir í sambandi við umhverfismál. Það er að horfast í augu við þá staðreynd að það er ekki alltaf bæði hægt að borða kökuna og geyma hana. Umhverfisvernd og það að ætla að reyna að sætta allar andstæður sem mætast í hugtökum um sjálfbæra þróun og umhverfisvernd versus kröfur um hagvöxt og sífellt aukin lífsgæði — ég tala nú ekki um á Vesturlöndum — brotlendir alveg voðalega ef menn fást ekki til að horfast í augu við það og viðurkenna að það er ekki alltaf í þessum efnum bæði hægt að borða kökuna og geyma hana. Það er ekki bæði hægt að virkja og vernda.

Rauðhólarnir hérna í næsta nágrenni við okkur eru ágætt dæmi um það. Þetta þótti óskaplega þægilegt byggingarefni, gott í grunna. Það var þægilegt að skreppa upp í Rauðhólana og moka því upp og keyra það hingað til Reykjavíkur. Svo rann það upp fyrir mönnum að Rauðhólarnir væru stórkostleg náttúruverðmæti, gervigígar við bæjarþröskuld Reykjavíkur. Og þá voru uppi framsýnir menn sem sögðu: „Heyrðu, þetta gengur ekki. Við getum ekki bæði mokað Rauðhólunum í burtu og steypt þeim ofan í húsgrunna og varðveitt þá." Menn stóðu því frammi fyrir vali. Stundum gerist það. En sú umhverfisvernd er einskis virði sem alltaf er ýtt til hliðar þegar menn standa frammi fyrir svona vali, standa frammi fyrir staðreyndum um að ekki er alltaf hægt bæði að geyma kökuna og borða hana.

Sem betur fer tóku menn réttan kost og hættu að moka burtu Rauðhólunum og friðlýstu það sem eftir var og því var bjargað sem bjargað varð í þeim efnum. En það er kannski nauðsynlegt stundum fyrir menn að taka svona einföld skólabókardæmi um að þetta er ekki alltaf svona einfalt. Það er ekki alltaf hægt að gera hvort tveggja. Menn geta haft ýmsar hugmyndir uppi um virkjanaþjóðgarða og hvað það nú er, en að lokum standa menn frammi fyrir því að upp að vissu

marki snýst þetta um forgangsröðun, um val. Það er óhjákvæmilegt. Það er ekki alltaf þannig. Heimurinn er ekki svo einfaldur og þægilegur við okkur að það sé sífellt bæði hægt að geyma kökuna og borða hana.

[11:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að heimurinn væri ekki alltaf einfaldur og þægilegur við okkur og það sannast svo sannarlega á hv. þm. Mér finnst að heimurinn sé ekki ákaflega þægilegur fyrir hann þegar hann er að ræða um Evrópusambandið og þá kosti sem uppi eru. Hv. þm. sagði líka að menn yrðu að vera einarðir og samkvæmir sjálfum sér. Nú er það svo að hv. þm. hefur sagt: „EES-samningurinn er ekki góður. Evrópusambandið er ekki gott." Og hvað vill hv. þm. þá? Það kemur fram í þeirri tillögu sem hv. þm. vísaði til, þar sem stefna VG birtist í utanríkismálum. Hann vill tvíhliða samning við Evrópusambandið. Það er líka komin reynsla á tvíhliða samninga. Svissarar gerðu tvíhliða samninga við Evrópusambandið. Það tók átta ár. Þeir vörðu til þess óhemju fé, slökuðu miklu til. Hver var útkoman? Hún var verri. Réttindin sem þeir fengu voru verri en gilda innan EES-svæðisins. Því verður hv. þm. að svara þessu: Hvers vegna ættu Íslendingar að ná betri samningum en Sviss sem er þó landfræðilega ákjósanlega staðsett til þess að ná þeim?

Varðandi síðan fiskveiðimálin sem hv. þm. gerði hér að umræðu þá er það mikilvægt að hann fellst á að flotar erlendra þjóða munu ekki geta siglt inn í lögsöguna. Hann talar eingungis um flökkustofna. Nú er það hins vegar þannig, herra forseti, að réttur til veiða á flökkustofnum byggir líka á veiðireynslu. Þessar þjóðir verða því að hafa veiðireynslu. Hún er ekki til staðar. Þar að auki, herra forseti, gilda nú þegar alþjóðlegir samningar sem Evrópusambandið á í mörgum tilvikum aðild að þannig að það er ekki sambærilegt.

Varðandi Möltu þá er ekki hægt að bera Möltu saman við Ísland vegna þess að Malta er eyja í miðju Miðjarðarhafinu og deilir öllum fiskstofnum með Norður-Afríku og löndum Miðjarðarhafsins. Þarna eru allt saman sameiginlegir fiskstofnar. Dr. Borg, utanríkisráðherra Möltu, segir í Möltutímanum í gær að þeir séu mjög ánægðir með það sem þeir náðu fram vegna þess að þeim tókst að ná því fram að reka út flota stórra togara frá Sikiley. Þeir sögðu: Niðurstaðan er góð fyrir Möltu. Það er dómur reynslunnar.

[11:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætli menn reyni ekki að segja að samningar sem þeir eru að fara að bera undir þjóðaratkvæði og eru að reyna að fá samþykkta séu góðir. Það væri sérkennilegur leiðtogi þjóðar sem kæmi með niðurstöðu úr samningum heim í farteskinu og segði svo: „Ég vil að þið samþykkið þennan samning, en hann er mjög vondur." Þykir hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni það sérkennilegt að ráðamenn á Möltu reyni nú að fegra heldur sinn hlut ef þeir ætla að reyna að fá þetta samþykkt? Hvað gerðu Norðmenn? Þeir reyndu eins og þeir mögulega gátu að sannfæra norsku þjóðina um að samningurinn frá 1994 væri góður. En hann var auðvitað vondur. Hann var hörmulega lélegur. Þriggja ára tímabundin aðlögun fyrir svæði norðan 62. gráðu dugði ekki eins og hv. þm. veit mjög vel.

Ég bið hv. þm. að vera ekki að leggja mönnum neitt orð í munn eða gera mönnum upp meiningar. Hef ég staðið hér og sagt að Evrópusambandið væri vont? Það mátti ráða af orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það er ekki þannig. Hvers vegna eru menn að fara út í svona frasagerð?

EES-samningurinn er ekki gallalaus og það liggur alveg fyrir. En hann er sá grundvöllur sem við höfum í dag og við höfum sagt: Gott og vel, byggjum þá á því að svo miklu leyti sem þessir hlutir koma til með að breytast á komandi árum, vitum þá í hvaða átt við viljum þróa þessi samskipti. Þar kemur setningin inn um að leitast við að þróa þessi samskipti við Evópusambandið eftir því sem þau taka breytingum á komandi árum í átt til einfaldari tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu af því að það sýnist okkur henta betur smáríkinu Íslandi í samskiptum við þennan stóra aðila. Viðskiptakjörin eru til staðar og ég held að menn geri yfirleitt ekki því skóna að þau komi til með að versna.

Varðandi aftur fiskstofnana þá er það nú í fyrsta lagi þannig að það á eftir að semja um kolmunnan og ekki bara hann. Hefur ekki hv. þm. áhuga á því t.d. að við náum samningum um smokkfisk og um túnfisk? Hv. þm. hefur áhuga á tegundunum í miðsjávarrýminu. Ætli það eigi ekki eftir að skjóta upp kollinum á komandi árum og áratugum ýmis óleyst deilumál og samskiptamál þar sem sjálfsákvörðunarréttur og samningsréttur reynist mikilvægur?

[11:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. drap á eitt áhugamál mitt sem var einmitt veiðar á ónýttum tegundum í hinu svokallaða miðsjávarteppi í úthafinu. Ég hef verið hvatamaður þess og minn flokkur að Íslendingar nýttu sér ný og stór fiskrannsóknaskip til þess að hefja tilraunaveiðar til þess að geta síðan farið í veiðar á þessum tegundum, til þess að hafa veiðireynslu sem engir aðrir hafa.

Herra forseti. Í reynd er það tvennt sem kemur fram í máli hv. þm. sem gerir það að verkum að hann getur ekki sætt sig við hina sameiginlegu fiskveiðistefnu. Það er í fyrsta lagi sú staðreynd að erlendir aðilar munu fá heimild til þess að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Nú vona ég að ég sé ekki að gera hv. þm. upp orð vegna þess að hann drap ekki á það í ræðu sinni áðan. En hann hefur stundum gert það.

Herra forseti. Þetta hefur leitt til þess að þjóðir gátu í fyrndinni komist bakdyramegin inn í fiskstofna þjóða innan Evrópusambandsins. Nú liggja fyrir lög í Bretlandi og í Danmörku sem eru þess eðlis að þessar þjóðir telja að hinu svokallaða kvótahoppi sé búið að útrýma í þeim mæli að það sé ekki vandamál lengur. Hitt er síðan það, eins og hv. þm. gat um réttilega, að eftir sem áður yrði ákvörðun um heildaraflamark fyrir tiltekna þjóð ákveðin sameiginlega af ráðherraráði í Brussel þar sem Íslendingar ættu einn sjávarútvegsráðherra, en yrðu að öðru leyti að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Herra forseti. Það er auðvitað þetta sem stendur í mönnum, öllum, og fyrir fram er fráleitt að menn fallist á þetta. Hitt er alveg ljóst, að menn mundu aldrei gangast inn á aðild nema til staðar væru íslenskar vísindalegar reglur, þ.e. sú fiskveiðiráðgjöf sem við byggjum á nú þegar í dag.

Herra forseti. Vísa ég til þess að hæstv. utanrrh. hefur komið fram með ákveðna hugmynd um að í kringum Ísland verði sérstakt fiskstjórnarsvæði sem Íslendingar ráði sjálfir. Það eru fordæmi fyrir því úr Miðjarðarhafinu og úr Eystrasaltinu. Ég vísa síðan til þess sem fyrrverandi forsætisráðherra Belgíu, Dehaene, sagði, að það mætti vel hugsa sér að íslenska fiskveiðistjórnarkerfið yrði tekið upp á tilteknum

svæðum. Þetta rímar við hugmynd hæstv. utanrrh.

[12:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykja gerast tíðindi ef formaður Samfylkingarinnar er orðinn svo hrifinn af kvótakerfinu að hann vilji endilega að það verði tekið upp í öllu Evrópusambandinu.

Það er margt fleira en tvennt sem gerir það að verkum að ég tel sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna óaðgengilega fyrir Íslendinga. Fyrir það fyrsta færast ákvarðanir um heildarveiði og fleiri slíkir hlutir til Brussel. Í öðru lagi fer forræðið frá 12 út að 200 mílum til Brussel. Það gerist á grundvelli ákvæða Rómar-sáttmálans og aldrei hefur verið léð máls á neinum varanlegum undanþágum frá því. Í þriðja lagi færist samningsrétturinn til Brussel, samningar um óútkljáð mál, samningar um þá stofna sem við eigum eftir að ná samkomulagi um plús framtíðarsamningar um hina.

Samið er um norsk-íslensku síldina til árs í senn og loðnusamningarnir eru ekkert endilega fastir í hendi, það færi því þangað. Er einhver hér í þessum sal sem trúir því að Íslendingum mundi ganga vel ef Evrópusambandið tæki núna við og ætti að semja um kolmunna við Norðmenn og Rússa, Færeyinga og aðra? Síðan ættum við að slást í bakherbergjunum innan Evrópusambandsins um hlutdeild okkar í kolmunnanum við hinn hungraða og stóra úthafsveiðiflota Evrópusambandsríkjanna. Svarið er nei. Ég trúi því ekki að hér sé nokkur maður sem telji að þetta væri vænleg hagsmunagæsla fyrir Ísland.

Í fjórða lagi er auðvitað ljóst að með því að við gengjum í Evrópusambandið og sjávarútvegurinn verður hluti af fjórfrelsinu eða sameiginlega markaðnum, fjárfestingarhamlanirnar falla niður, þá opnast bakdyrnar í gegnum kvótahoppið. Og það er ekki rétt að menn telji sig hafa leyst öll vandamál í þeim efnum. Uppi eru deilumál, núningur og átök í þeim efnum.

Í fimmta lagi er ekki útkljáð mál veiðireynsla hvaða tímabils yrði lögð til grundvallar. Er ekki líklegt að Evrópusambandsþjóðirnar bentu á þá staðreynd að í sameiginlegu fiskveiðistefnunni er það tímabilið 1973–1978 sem lagt er til grundvallar hjá þeim? Þetta eru þjóðir með langvarandi veiðireynslu á Íslandsmiðum.

Loks á sjávarútvegurinn ekki hvað síst mikið undir því að hér séu í landinu sjálfstæð stjórntæki í efnahagsmálum þannig að hann varðar líka það sem gerist við inngöngu í Evrópusambandið að öðru leyti.

[12:03]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla skýrslu um utanríkismál og ræðu þar sem kastljósinu var beint að sjálfbærri þróun sem skiptir afar miklu máli fyrir okkur Íslendinga og við höfum lagt áherslu á í alþjóðlegu samstarfi. Við þekkjum vel mikilvægi þess hér á landi að lifa í sátt við landið og hafið umhverfis það. Með sjálfbærri þróun er leitað leiða til að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða grunngæði jarðar eða möguleika komandi kynslóða til að njóta sams konar eða meiri velferðar.

Þekkingarþjóðfélagið gefur okkur Íslendingum mikla möguleika til framtíðar af því að við höfum tileinkað okkur tæknina, erum samstæð vel menntuð þjóð og eigum mikil og mörg sóknarfæri þrátt fyrir að við erum fámenn þjóð. Við eigum einfaldlega að stefna hátt, setja menntun, rannsóknir og þekkingu í öndvegi og skipa okkur þannig í fremstu röð í samfélagi þjóðanna og verða einfaldlega best menntaða fiskveiðiþjóð í heimi.

Íslendingar hafa lengi notið virðingar fyrir sjávarútvegsstefnu sína, einkum fyrir það að hér á landi er sjávarútvegur arðbær atvinnugrein en jafnframt er lögð áhersla á að vernda fiskstofnana og koma í veg fyrir ofveiði. Mikilvægt er í þessu sambandi að nýta allar tegundir lífvera í hafinu umhverfis landið sem nýtanlegar eru, þar á meðal hvali.

Hvölum við Ísland hefur fjölgað mjög hratt síðan halveiðar lögðust af og stefnir í óefni ef ekkert er að gert. Hvalveiðar eru liður í sjálfbærri sjávarútvegsstefnu og það ber að hefja hvalveiðar að nýju sem allra fyrst.

Mikilvægt er að Íslendingar beiti sér á alþjóðavettvangi í samvinnu við aðrar þjóðir um málefni hafsins, bæði hvað snertir baráttu gegn mengun og nýtingu á lifandi auðlindum sjávar. Hæstv. utanrrh. nefndi í ræðu sinni Reykjavíkurráðstefnuna um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar sem dæmi um vel heppnað framtak á þessu sviði. Þar sameinuðust fiskveiðaþjóðir heimsins um sameiginlegt átak til að stuðla að sjálfbærum sjávarútvegi sínum og sammæltust um að efla hann frekar og draga þannig verulega úr óábyrgum fiskveiðum. Það er fagnaðarefni að Íslendingar leyfi slíka ráðstefnu með svo árangursríkum og eftirminnilegum hætti.

Næsta haust taka Íslendingar við formennsku til næstu tveggja ára í Norðurskautsráðinu sem er svæðisbundið samvinnuverkefni átta ríkja, Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands, Svíþjóðar, Noregs, Finnlands, Danmerkur og Íslands. Norðurskautsráðið vinnur að sjálfbærri þróun og hefur samstarf í umhverfismálum verið grundvallarþáttur í starfi þess. Ég vil í þessu sambandi gera sérstaklega að umtalsefni aðkomu þingmanna þessara landa að samstarfinu um norðurskautsmál, en jafnhliða Norðurskautsráðinu er starfandi þingmannanefnd þjóðþinga þeirra landa sem aðild eiga að Norðurskautsráðinu. Nefndin er stjórnarnefnd þingmanna ráðstefnunnar um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti.

Þingmannanefndin undirbýr ráðstefnuna og fylgir samþykktum hennar eftir. Samstarfið fer vaxandi og hefur þingmannanefndin náð góðum tengslum við Norðurskautsráðið. Aðkoma löggjafans að því starfi er mikilvægur þáttur í að tryggja lýðræðislegt aðhald og koma sjónarmiðum þingmanna á framfæri í ráðinu.

Finnar hafa komið á fót fastri landsdeild þingmanna ráðstefnunnar um norðurskautsmál í finnska þinginu og Svíar hyggjast fylgja fordæmi þeirra, en þeir tilnefna nú fastafulltrúa á þingmannaráðstefnuna í upphafi hvers kjörtímabils.

Ánægjulegt er að nú hefur verið ákveðið að stofna Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál hér á Alþingi. Hún verður skipuð þremur þingmönnum sem sækja ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Stofnun Íslandsdeildar ýtir undir nauðsynleg skoðanaskipti og hugmyndamótun um stöðu og áherslur Íslands og skapar samfellu í starfi þingmanna að norðurskautsmálum.

Herra forseti. Ég vík nú að samstarfi Norðurlandanna á sviði sjálfbærrar þróunar. Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð samþykktu í fyrra stefnumótun um sjálfbæra þróun fyrir Norðurlöndin sem felur það í sér að hver atvinnugrein og öll stjórnsýslustig verði ábyrg fyrir því að tekið sé tillit til sjónarmiða sjálfbærrar þróunar. Þemaráðstefna Norðurlandaráðs árið 2001 fjallaði um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Þar var rætt um heildarstefnumótun fyrir

Norðurlöndin, en hún tekur til mála sem skipta má í þrjú meginsvið:

1. Mál sem ganga þvert á atvinnugreinar, svo sem loftslagsbreytingar, líffræðilegur fjölbreytileiki, hafið, efnanotkun og matvælaöryggi.

2. Mál atvinnugreina, svo sem orkuvinnsla, samgöngur, landbúnaður, fiskveiðar og skógarnýting.

3. Önnur mál, svo sem hlutverk hins opinbera, vísindalegur grundvöllur sjálfbærrar þróunar og skilvirk nýting auðlinda.

Á þemaráðstefnunni urðu líflegar umræður um þessi mikilvægu mál þar sem m.a. var rætt um forustuhlutverk Norðurlanda að sjálfbærri þróun og ábyrgð og eftirlitshlutverk þingmanna í þeim efnum. Loftslag og orkumál voru í brennidepli, staðfesting Kyoto-sáttmálans, endurnýjanlegir orkugjafar, endurbætur orkuvera á nærsvæðum og meðhöndlun úrgangs, umhverfisvá frá kjarnorkuverinu í Sellafield og flutningur á geislavirkum úrgangi um Barentshaf voru einnig til umræðu. Margir töldu að Norðurlönd ættu að standa saman að því að hafa samband við hlutaðeigandi yfirvöld og krefjast úrbóta. Einnig var fjallað um fiskveiðar og nýtingu auðlinda hafsins og svo mætti lengi telja.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að efla þróunarstarf okkar Íslendinga til muna. Stofnun sendiráðs í Maputo er eðlilegur þáttur í þeirri stefnu. Einnig ber að hafa í huga að þrátt fyrir langt samstarf við sum Afríkuríki hafði Ísland ekki sendiráð í þessari heimsálfu. Einnig hafa umsvif Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vaxið umtalsvert. Hlutverk hennar er að annast tvíhliða þróunaraðstoð Íslendinga við að hjálpa fátækustu þjóðum heims til sjálfshjálpar með því að stuðla að varanlegum framförum í atvinnulífi, nýtingu á vernd auðlinda ásamt því að bæta lýðræði og mannréttindi. Töluverð áhersla hefur verið lögð á verkefni til að bæta hag kvenna og stuðla þar með að auknu jafnrétti kynjanna sem er afar brýnt verkefni á því sviði.

Við Íslendingar búum yfir sérþekkingu og reynslu á sviði sjávarútvegs og orkumála sem sjálfsagt er að nýta til hjálpar þróunarlöndunum. Það er fagnaðarefni að á þessum sviðum höfum við tekið að okkur mikilvæg verkefni fyrir Sameinuðu þjóðirnar, bæði Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með þeirri mikilvægu starfsemi sem þar fer fram og það er fullvíst að á þeim sviðum getum við gert enn betur í að miðla miklu meiri þekkingu til þróunarlandanna.

Herra forseti. Það var gæfuspor sem stigið var fyrir okkur Íslendinga þegar EES-samningurinn var lögfestur á Alþingi 1993. Um það eru flestir sammála og þarf ekki að fjölyrða mikið um það. Samningurinn tryggir okkur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins og stendur enn fyllilega undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans á sínum tíma og hefur gagnast okkur vel. Fá lönd eru jafnháð utanríkisviðskiptum og Ísland. Innan Evrópusambandsins liggja þýðingarmestu viðskiptahagsmunir okkar. EES-samningurinn er langmikilvægasti viðskiptasamningur Íslendinga.

Hæstv. utanrrh. hefur beitt sér fyrir því innan EFTA að EES-samningurinn verði uppfærður hvað varðar í fyrsta lagi efnislega aðlögun samningsins, í öðru lagi tryggari þátttöku í nefndum og í þriðja lagi aukin áhrif á störf stofnana Evrópusambandsins. Einnig er endurskoðun bókunar 9, sem lýtur að tollfrjálsum viðskiptum með sjávarafurðir, verkefni sem nauðsynlegt er að skoða. Þær hugmyndir hafa enn þá ekki fengið undirtektir af hálfu ESB, en ég veit að hæstv. utanrrh. mun áfram hamra það járn.

Stækkun Evrópusambandsins leiðir af sér stækkun Evrópska efnahagssvæðisins þar sem nýjum aðildarríkjum verður skylt að sækja um aðild að EES. Það kallar síðan á sérstakar viðræður og samninga við EFTA-ríkin eftir stækkunarferlið.

Vorfundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins verður haldinn í Reykjavík 14. og 15. maí nk. Hann er afar mikilvægur þáttur í undirbúningi stækkunar NATO til austurs sem ákveðin verður á leiðtogafundinum í Prag í haust. Þar verða staðfestar þær miklu breytingar sem fall kommúnismans leiddi af sér og hafa skapað nýja Evrópu frelsis og lýðræðis.

Íslensk stjórnvöld hafa jafnan lagt ríka áherslu á að styðja aðild Eystrasaltsríkjanna að NATO. Í stefnu Atlantshafsbandalagsins kemur fram að engin ríki verði útilokuð frá aðild óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Hér er m.a. vísað beint til Eystrasaltsríkjanna. Málstaður þeirra virðist njóta mikils og vaxandi stuðnings innan NATO-ríkja. Ísland hefur lýst því yfir að eðlilegast væri að öllum umsóknarríkjunum yrði boðin aðild sem yrði að veruleika um leið og þau uppfylltu fyrirliggjandi skilyrði bandalagsins. Í þeim efnum eru Eystrasaltsríkin fremst í flokki ásamt Slóveníu.

Herra forseti. Það er margt fleira sem vert væri að ræða í skýrslu utanrrh. um alþjóðamál. Vægi alþjóðamála fer vaxandi um allan heim. Þar er Ísland engin undantekning. Reynslan sýnir okkur að þjóðinni hefur jafnan vegnað best í sem mestum og nánustum samskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir. Reynsla og þekking annarra þjóða sem Íslendingar hafa flutt heim til sín erlendis frá og aðlagað íslensku samfélagi hafa gert okkur fært að skapa þjóðfélag velmegunar og velsældar hér á landi sem á sér fáa líka um veröld alla.

[12:16]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ræða hæstv. utanrrh. sem hann flutti fyrr í dag fjallaði um Ísland og sjálfbæra þróun. Þar er um að ræða mjög mikilvægt umfjöllunarefni þar sem við Íslendingar byggjum tilveru okkar að mestu á náttúrlegum auðlindum. Fiskstofnar hafsins og endurnýjanlegir orkugjafar vega þar þyngst.

Við Íslendingar erum þjóð sem höfum skýra sýn hvað varðar hreinleika náttúrunnar og afrakstur náttúrulegra auðæfa. Það er því rökrétt og eðlilegt að leggja áherslu á sjálfbæra þróun og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Framtíð þjóðarinnar byggist á því að við getum, hér eftir sem hingað til, nýtt náttúrulegar auðlindir okkar okkur til hagsbóta. Við Íslendingar eigum að leggja okkar af mörkum í umræðunni um sjálfbæra þróun með sérstakri áherslu og taka virkan þátt í ýmsum verkefnum. Það höfum við líka gert eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra.

Alþjóðleg umræða um sjálfbæra þróun er mikilvæg enda byggist framtíð þjóða heimsins á því að markmiðum um sjálfbæra þróun verði náð. Þau snúa m.a. að mengun almennt, fæðuöflun og almennum lífsskilyrðum á jörðinni. Því er ástæða til að lýsa ánægju með þá áherslu sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og sem kemur fram í þeirri skýrslu hans sem liggur fyrir þinginu þar sem mikil áhersla er lögð á sjálfbæra þróun og það sem að henni lýtur.

Herra forseti. Fyrir þinginu liggur skýrsla hæstv. utanrrh. um alþjóðamál. Hún er mjög yfirgripsmikil og fróðleg og ég sé ástæðu til að þakka hæstv. ráðherra, utanrrn. og

starfsmönnum þess fyrir skýrsluna sem sýnir hversu mikið umfang utanríkisþjónustu okkar er og hve víða við tökum þátt í samstarfi þjóða heimsins. Í þessari skýrslu má einnig sjá hve mikið umfang utanríkisviðskipta er og hve mikla áherslu utanríkisþjónustan leggur á utanríkisviðskiptin enda hefur náðst mikill og góður árangur á því sviði á undanförnum árum. Í því felst m.a. útrás íslensks atvinnulífs og aukin viðskipti víða um heiminn þannig að ég held að fullyrða megi að utanríkisþjónustan íslenska hafi lagt þar mikið af mörkun, og henni ber að fá þakkir fyrir það.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gerði að umtalsefni málefni hafsins sérstaklega enda skipta málefni þess okkur Íslendinga mjög miklu. Við byggjum tilveru okkar að mestu á nýtingu auðlinda þess.

Vettvangur Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins er mjög mikilvægt innlegg í þessi mál. Þar er fjallað um ábyrgan sjávarútveg, ólögmætar fiskveiðar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar mengunar hafsins og hafrannsóknir. Allt samrýmist þetta mjög hagsmunum okkar enda höfum við tekið virkan þátt í þessu starfi. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verður nú lögð sérstök áhersla á vernd hafsins og leiðir til að auka getu þróunarríkja til að vernda og stjórna eigin hafsvæðum og sjávarauðlindum. Það er mikilvægt út frá sjónarmiðum sjálfsbjargar að þróunarríkin geti sjálf stjórnað málum sínum að þessu leyti og nýtt auðlindir sínar í hafinu. Ísland hefur lagt mikið af mörkum í þessu sambandi, m.a. með starfi Þróunarsamvinnustofnunar þar sem við höfum víðar komið að þróunarstarfi, einmitt á þessu sviði.

Stór þáttur varðandi málefni hafsins snýr að mengun þess. Á síðasta ári var stór áfangi þegar 92 ríki undirrituðu Stokkhólmssamninginn um þrávirk og lífræn efni. Haldnir hafa verið sérstakir fundir um Washington-áætlunina um varnir gegn mengun sjávar frá landi og til að marka stefnu um aðgerðir á næstu árum. Íslensk stjórnvöld beittu sér á sínum tíma mjög fyrir gerð þessarar áætlunar og var einn af undirbúningsfundum fyrir hana haldinn hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa gert áætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi hér á landi og var hún samþykkt af ríkisstjórn á síðasta ári.

Mengun sjávar frá landi er mjög alvarlegt mál og það varðar hagsmuni okkar mjög mikið. Sem dæmi um það má nefna að við höfum lengi haldið uppi baráttu gegn losun þrávirkra efna frá kjarnorkuendurvinnslustöðvunum í Bretlandi, Dounreay og Sellafield. Þar er um að ræða mjög alvarlegt mál sem varðar mjög hagsmuni þjóðanna við Norður-Atlantshaf. Við þurfum að sjálfsögðu að leggja þunga áherslu á þá baráttu og halda henni uppi í samstarfi við aðrar þjóðir. Sá sóðaskapur sem Bretar hafa haldið uppi í þessum efnum er algjörlega óþolandi og varðar mjög framtíðarhagsmuni þjóða við Norður-Atlantshaf eins og ég hef áður sagt. Þarna er því mjög mikilvægt og alvarlegt mál á ferðinni og er von til þess að árangur náist í baráttunni gegn því.

Herra forseti. Sjálfbær nýting auðlinda hafsins er mál sem mikið hefur verið rætt og varðar okkur mjög. Við höfum lengi leitast við að stjórna fiskveiðum úr fiskstofnum okkar út frá sjónarmiðum um sjálfbæra nýtingu og það er ljóst að margar þjóðir líta mjög til okkar í þeim efnum og hafa fyrirkomulag okkar um nýtingu fiskstofna sem fyrirmynd. Þrátt fyrir langvarandi deilur á Íslandi varðandi fiskveiðistjórnarkerfi okkar er ljóst að víða erlendis er litið til þess og víða er viðurkennt að við höfum náð árangri í þessum efnum.

Herra forseti. Alþingi hefur ályktað um að við Íslendingar eigum að hefja hvalveiðar á ný. Undirbúningur málsins stendur yfir og er von til þess að niðurstaða liggi fljótt fyrir um að við hefjum hvalveiðar á ný. Fyrir ekki svo löngu gerði hæstv. sjútvrh. grein fyrir því á Alþingi hvernig undirbúningi hefur verið háttað og hvernig sjútvrn. hefur beitt sér í þeim efnum þannig að það er ljóst að stjórnvöld eru að vinna að þessu máli en við köllum mjög eftir því að niðurstaða liggi fyrir sem fyrst. Það samrýmist auðvitað ekki hagsmunum okkar — og er reyndar fáránlegt — að sjónarmið þjóða sem ganga gegn sjálfbærri nýtingu hvalastofna skuli ráða ríkjum í alþjóðlegu tilliti. Áform okkar um nýtingu ganga út frá sjálfbærri nýtingu en ekki ofveiðum á hvalastofnum. Við höfum sýnt fram á það, m.a. með þeim áætlunum sem við höfum lagt fram og þeirri áherslu sem við höfum lagt á vísindaveiðar.

Það er því óásættanlegt fyrir okkur að við skulum ekki geta nýtt hvalastofnana vegna annarlegra sjónarmiða og áróðursiðnaðar svonefndra náttúruverndarsamtaka. Við getum einfaldlega ekki sætt okkur við þetta ástand öllu lengur.

Eins og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. teygir starfsemi Íslands á erlendum vettvangi sig víða. Við tökum virkan þátt í mörgum verkefnum, störfum í fjölmörgum alþjóðastofnunum og tökum virkan þátt í mörgum samtökum á alþjóðavettvangi. Eitt af því sem hefur í áratugi reynst eitt stærsta utanríkismál okkar Íslendinga er þátttaka okkar í NATO-samstarfinu. Þau mál hafa löngum verið umdeild og skiptar skoðanir hér á landi um þátttöku okkar. Skoðun mín er sú að aðild okkar að NATO hafi verið okkur til góðs og tryggt öryggi okkar. Einn mikilvægasti þáttur málsins er varnarsamningur okkar við Bandaríkin og vera varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hluti af varnarliðinu er björgunarsveit varnarliðsins sem hefur oftsinnis tekið þátt í árangursríkum björgunaraðgerðum hér á landi og bjargað mörgum mannslífum úr erfiðri raun. Fyrir það er þjóðin þakklát eins og hefur margoft komið fram.

Herra forseti. Eftir þá atburði sem urðu 11. sept. sl. þegar gerðar voru hryðjuverkaárásir á Bandaríkin hefur orðið greinileg hugarfarsbreyting meðal almennings í Bandaríkjunum. Nú virðist vera aukið fylgi með hervæðingu meðal bandarísku þjóðarinnar og er líklegt að Bandaríkjamenn muni leggja aukna áherslu á heimavarnir. Hér er um að ræða nokkra breytingu frá því sem ríkt hefur fram undir þetta og er full ástæða fyrir okkur, Íslendinga, að fylgjast náið með þessari þróun, ekki síst ef hún kemur til með að hafa áhrif á þróun varnarsamningsins og umsvif varnarliðsins á Íslandi. Þetta mál varðar mjög öryggis- og varnarhagsmuni okkar og ég tel fulla ástæðu til þess fyrir okkur Íslendinga að halda vöku okkar í þessum efnum.

Í tengslum við NATO-samstarfið hefur verið athyglisvert að fylgjast með áherslumun Bandaríkjamanna og Evrópuþjóða varðandi málefni Ísraels og Palestínu. Bandaríkjamenn hafa löngum staðið þétt við bakið á Ísraelsmönnum en nú, undir það síðasta, hefur orðið vart nokkurrar stefnubreytingar meðal Evrópuþjóða þar sem þær hafa í auknum mæli lagt áherslu á sjónarmið beggja deiluaðila, Ísraelsmanna og Palestínumanna. Allt er þetta athyglisvert, herra forseti, ef litið er til þróunar á samstarfi ríkja í öryggis- og varnarmálum. Aðild okkar að þessum málum skiptir okkur miklu og við þurfum að taka virkan þátt í því að fylgjast með þróuninni og hafa áhrif á hana.

Herra forseti. Ísland á að nota hvert tækifæri til að fjalla um mannréttindamál á alþjóðlegum vettvangi, og við eigum að leggja okkar af mörkum til að vinna að mannréttindum fólks í heiminum. Að mínu viti eigum við að leggja sérstaka áherslu á mannréttindi kvenna og barna og baráttuna gegn mansali og kynlífsþrælkun. Þau mál tengjast gjarnan ólöglegri verslun með vopn, eiturlyfjasölu og fjármögnun hryðjuverka. Þetta mál er því angi af baráttunni gegn hryðjuverkum sem er eitt mikilvægasta verkefni alþjóðasamfélagsins. Hér er um að ræða mjög alvarleg mál, m.a. afar ómannúðlega meðferð á börnum og konum sem ber að fordæma og vinna hatrammlega gegn.

Á vettvangi ÖSE hefur þetta mál verið tekið til sérstakrar umfjöllunar og við Íslendingar höfum á þeim vettvangi lagt aukna áherslu á það. Íslandsdeild ÖSE á Alþingi mun leggja áherslu á þessi mál í samstarfi við starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem eru fastafulltrúar hjá ÖSE.

Herra forseti. Utanríkismál eru einn allra mikilvægasti málaflokkurinn sem við vinnum að og varða nánast alla hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Samskipti Íslands við alþjóðasamfélagið eru grundvöllur þess að við getum byggt landið, lifað hér og starfað. Utanríkisviðskiptin skipta okkur gríðarlega miklu máli enda hefur utanrrn. lagt æ meiri áherslu á þann málaflokk og hefur náð miklum og góðum árangri.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar fyrir þá skýrslu sem hér liggur fyrir Alþingi. Hún er ítarleg og fróðleg og upplýsir okkur um þau fjölmörgu mál sem við Íslendingar vinnum að á alþjóðlegum vettvangi.

[12:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að þetta er afskaplega viðamikil skýrsla, og ágæt, sem hefur verið lögð fyrir þingið. Hún drepur á nær öllum þáttum utanríkismála og dregur mjög vel fram hversu víðtæk utanríkismál Íslendinga eru orðin. Í þessari skýrslu gætu þingmenn í raun og veru fundið tilefni til að koma inn á ólíklegustu þætti hér í dag, og full ástæða væri til að þingmenn kæmu að ólíkum þáttum í skýrslunni.

Hæstv. utanrrh. velur sjálfbæra þróun sem þema í ræðu sinni í framsögu fyrir skýrslunni og í raun og veru tekur hann umhverfisvinkil í ræðunni sjálfri. Ég er ekki hissa á því. Við lestur skýrslunnar minntist ég orða Thorbjørns Jaglands á fundi í flokknum mínum fyrir nokkrum árum þegar hann sagði að utanríkismál væru stærstu pólitísku mál samtímans og að umhverfismál væru stærsti hluti utanríkismála dagsins í dag. Það hefur verið dregið fram í þessari umræðu. Þó að segja megi að nú um stundir hafi hryðjuverk og öryggismál verið í brennidepli breytir það því ekki að umhverfismálin gnæfa yfir í öllum þáttum utanríkismála.

Ég held því fram, herra forseti, að í grundvallaratriðum séum við, allir flokkar, sammála um að unnið skuli út frá sjálfbærri þróun. Við erum sammála um að þannig eigi að vinna mál hér heima og þannig eigi að vinna mál í samskiptum þjóðanna, og okkur komi við hvernig haldið er á málum hinum megin á hnettinum vegna þess að allt snúist þetta um gæfuríka meðferð auðlinda og nokkuð jöfn skipti auðæfanna ef hægt er að taka svo djúpt í árinni.

Í umræðunni kemur fram að 70% af orku okkar komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Mér finnst nauðsynlegt að draga það fram að við erum sammála um að nýta þessa orku skynsamlega og að mikilvægt er að eiga þessa endurnýjanlegu orku. En okkur greinir á um hvert á að sækja hana og til hvers á að nota hana. Þá vil ég gagnrýna það, herra forseti, að enn hefur ekki séð dagsins ljós áætlun um hvernig við ætlum að nýta okkar orku. Vissulega hefur það komið fram að nú um miðjan apríl munu drög að rammaáætlun koma fram og þá munum við fá að sjá hvernig faglegt mat liggur um það hvernig við förum í virkjanir. En auðvitað, eins og oft hefur komið fram, hefði slík rammaáætlun átt að liggja fyrir fyrir löngu síðan.

Herra forseti. Ég vil aðeins nefna orkumálin af því að það kemur líka fram í ræðu hæstv. ráðherra um vetnið að ríkisstjórnin hefur með yfirlýsingum komið fram með mikilvægan stuðning við vetnisvæðingu landsins. Verklega eða fjárhagslega, enda kemur það fram í svari sem liggur á borðum þingmanna í dag, hefur ríkisstjórnin enn þá ekkert lagt fram til þessarar vetnisvæðingar, aðeins stuðning og yfirlýsingar, en fyrir liggur að hugsanlega verði lagðar fram 80 millj. Hins vegar munum við þurfa að nýta meira en 4 gígavattstundir af þeirri raforku sem við ætlum að framleiða ef við ætlum að vetnisvæða eins og hugur stendur til. En ekkert er farið að ræða hvert við ætlum að sækja þá orku eða hvernig við ætlum að virkja til vetnisvæðingarinnar. Í skýrslunni sem við höfum verið að ræða um Kárahnjúkavirkjun koma fram áform um virkjanir en það kemur ekki fram hvar við ætlum að virkja til að vetnisvæða.

Það er vikið að sjávarútveginum og að nýta með sjálfbærum hætti okkar lifandi auðlindir. Okkur greinir ekki á um það og ég held að það sé nokkur einhugur um að við veiðum hval svo fremi að sátt náist um það á alþjóðavettvangi. Ráðherrann fór yfir þau mál. Ég vil spyrja hann þess vegna hvort mögulegt sé að við verðum ekki viðurkennd sem þátttakendur á næsta fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í tilefni orða hans um nýtingu sjávarauðlinda.

Skoðum aðeins hvernig heimavinnan okkar er varðandi þessi mál. Við erum aðilar að svokölluðum CITES-samningi. Fyrir tveimur árum var aðildarríkjafundur haldinn og áður en við sendum fulltrúa okkar á þann fund settum við lög til að fullgilda samninginn. Þau eru fremur einföld. En til þess að þau gætu gengið fljótt fyrir sig var ákveðið að samkvæmt lögunum yrðu settar ítarlegar reglugerðir um innflutning og útflutning. Lögin snúa að alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna. Það eru efnisreglur um að a.m.k. tvær reglugerðir verði settar í tveimur ráðuneytum, umhvrn. og sjútvrn. Það er margbúið að kalla eftir þessum reglugerðum samkvæmt samningnum en ekkert bólar á þeim. Enn þá tveimur árum síðar vantar reglugerðirnar. Við sendum fólk á þennan fund til að styðja Noreg við að hrefnan yrði tekin út af lista um dýr í útrýmingarhættu. Það var gott. Við erum sammála um þetta. En reglugerðirnar um þessi mál vantar og þá höfum við ekki unnið okkar heimavinnu eins og til er ætlast.

Sama má segja um leiðtogafundinn um sjálfbæra þróun sem er eins konar framhald Ríó-stefnunnar. Annar stærsti samningur þar er samningur um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt honum á að vinna landsáætlun, framkvæmdaáætlun þar sem tryggt er að skuldbindingar samkvæmt samningnum fari inn í alla þætti þjóðlífsins. Við höfum verið aðilar að þessum samningi frá 1994. Það er margsinnis búið að spyrja um hann. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, og Kolbrún Halldórsdóttir frá Vinstri grænum hafa kallað eftir því að við fylgjum þessum málum eftir. En þarna stoppum við. Við erum sammála

um grundvallaratriðið en við erum ekki alltaf sammála um hvernig á málum er haldið og um útfærsluna. Ég kalla eftir því, virðulegi forseti, að við einhendum okkur í þessa vinnu og að hæstv. utanrrh. hafi frumkvæði að því að við fylgjum eftir þeim alþjóðasamningum sem hafa komið inn á hans borð og sem skipta hann mjög miklu máli.

Enn fremur vil ég nefna Norðurskautsráðið. Þar mun Ísland gegna formennsku. Ég tek undir það að svæðisbundin samvinna um sjálfbæra þróun verður þarna í hnotskurn. Ég vil taka fram að ég hef tekið við sem áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs af Steingrími J. Sigfússyni og ég er afskaplega ánægð með að heyra þá yfirlýsingu sem kom hér fram hjá hv. þm. Sigríði Önnur Þórðardóttur að búið sé að ákveða að stofna Íslandsdeild. Það er mikilvægt að við tökum þátt í næstu stórráðstefnu sem verður í Tromsö og ég ætla að vona að sem áheyrnarfulltrúi þarna fái ég tækifæri til þess að eiga samstarf við þá sem munu halda á málum fyrir hönd Íslands í formennskutíð þeirra.

Herra forseti. Við höfum rætt utanríkismálin mjög mikið undanfarið, ekki síst Evrópumálin, en jafnframt öryggismál í kjölfar hryðjuverka og spennu í samskiptum, sérstaklega fyrir botni Miðjarðarhafs. Ég ætla að bíða með að blanda mér í umræðu um Evrópumál þar sem formaður Samfylkingarinnar gerði þeim afskaplega vel skil hér áðan. En ég árétta hversu mikilvægt er hvernig Ísland hefur haldið á málum og verið góð rödd á alþjóðavettvangi. Ég hef áður sagt við utanrrh. að ég er ánægð með hvernig hann hefur haldið á málum fyrir okkar hönd.

Í dag á að ræða friðartillögur í Beirút og það er ekki enn þá ljóst hvort Arafat fær að sækja fundinn. Honum er haldið í herkví og nú er það óskiljanlegt að Ísraelar líta ekki á þá hagsmuni sem eru í húfi við að unnt verði að leysa deiluna friðsamlega. Nú er ekki hægt að áfellast Bandaríkjamenn. Þeir eru komnir að lausn mála með nýjum hætti og þrýsta á Ísrael að leyfa Arafat að sækja fundinn og ræða tillögur Sádi-Araba. Það er mjög mikilvægt að við látum í okkar heyra um málin fyrir botni Miðjarðarhafs og látum að okkur kveða í þessum málum. En ég hef áhyggjur af því að þrátt fyrir að mál hafa snúist á þann veg sem ég hef talið mikilvægan þá skuli það gerast að Ísrael spyrni við fótum.

Aðeins um Evrópumálin sem voru rædd svo ágætlega í upphafi fundar. Það er tvennt sem sífellt er bent á, fyrir utan það að fulltrúar tveggja flokka telja það mjög mikilvægt að þeirra flokkar hafi tekið afstöðu og ákvörðun. Nú hef ég aldrei heyrt mjög mikinn rökstuðning fyrir ákvörðun þessara flokka. Það sem ég heyri er að hæstv. forsrh. segir þrennt. Hann segir að við verðum að borga 20 milljarða til þess að komast inn í Evrópusambandið ef við viljum það, að Spánverjar komi og leggi undir sig fiskimiðin og við gætum ekki þó við vildum farið inn í Evrópusambandið fyrr en eftir 12 ár. Ég ætla ekki að taka neina afstöðu til þessara fjárhæða. Það er eitthvað sem við hljótum að líta á ef við erum sammála um efnisatriði og forsendur þess að skoða hvort hagsmunum okkar sé betur borgið í Evrópusambandinu. Hins vegar má heyra á þeim sem færa rök fyrir því að við eigum ekki að hrófla við því að gera meira en sækja um betri stöðu varðandi EES-samninginn, að stóra málið sé sjávarútvegur. Og ef við erum öll sammála um grundvallaratriðin varðandi sjávarútveg þá er það fullkomlega óskiljanlegt að við séum ekki að láta skoða í alvöru hvaða möguleikar eru þar. Formaður Samfylkingarinnar hefur verið að leiða og draga fram hvað okkar skoðun á þeim málum hefur leitt í ljós og í stað þess að heiðarleg umræða fáist um málið þá koma sömu sleggjudómarnir og fyrr.

Annað sem vekur athygli er að ábendingar utanrrh. hafa verið á þá lund að e.t.v. brjóti núverandi samstarf okkar í Evrópu í bága við stjórnarskrá okkar eftir viðamiklar breytingar, eftir að við höfum gerst aðilar að Schengen og fleira. Við létum kanna þetta mjög vel og fengum lögfræðilegt álit á sínum tíma um að aðildin að EES héldi og bryti ekki í bága við stjórnarskrá. Nú eru komnar efasemdir um það og stjórnarskráin er m.a. notuð til þess að búa til þessi 12 ár sem það tæki ef við vildum skoða aðild að Evrópusambandinu.

Við erum með stjórnarskrá sambærilega hinni dönsku og í 93. gr. þeirrar stjórnarskrár er þeim heimilað að fara í frekara alþjóðasamstarf en stjórnarskráin heimilaði þeim áður en þeir breyttu 93. gr. Því væri eðlilegt, ef hér væri heiðarleg opin umræða um þessa hluti, að við skoðuðum og fælum utanrrh. að skoða hvort í raun sé orðið tímabært að breyta þessari sambærilegu grein stjórnarskrár okkar. En þvermóðska og hræðsla einkennir staðhæfingar þeirra sem gefa sér að við mundum ekki fá stuðning við sjónarmið okkar hjá Evrópusambandinu og ég skil hana ekki. Það er ekki efnislegt. Það er ekki mjög pólitískt. Ég vil sjálf fara mjög varlega og hef ekki tekið endanlega afstöðu. En eina leiðin til að komast að niðurstöðu er heiðarleg opin umræða, og að sú staða sem við stöndum frammi fyrir sé skýr, en það er hún aldeilis ekki ef ég vísa til orða hæstv. forsrh.

Að lokum um Evrópusambandsumræðuna. Við komumst aldrei fram hjá því að það er sama hvaða skoðanir við höfum eða hvaða markmið við settum okkur varðandi Evrópusambandsaðild, ef þjóðin vill ekki fara inn þá förum við ekki inn. Það er þjóðin sem ákveður og þar sem það er svo afdráttarlaust þá er ég mjög undrandi á þeim sem tala mjög mikið um lýðræðið og Ísland á hátíðarstund og gefa jafnvel til kynna að þeim þyki aðeins vænna um landið sitt en okkur alþjóðasinnunum sem viljum skoða hvað okkur sé fyrir bestu í framtíðinni hvað viðskiptahagsmuni varðar. Ég er mjög undrandi á því að þeir horfi ekki meira á að það er þjóðin sem ákveður þegar upp er staðið.

[12:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurðist fyrir um það hvort það væri líklegt að á næstu ráðstefnu Alþjóðhvalveiðiráðsins í Japan yrði Íslendingum hafnað á nýjan leik. Íslensk stjórnvöld líta þannig á að við séum aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Við teljum að sú aðgerð sem hafi átt sér stað á síðasta fundi hafi verið ólögmæt og við komum þar fram í einu og öllu sem fullgildir aðilar. Við höfum litið þannig á að við værum fullgildir aðilar.

Aðildarumsókn okkar var hafnað afskaplega naumlega. Aðeins einu atkvæði munaði og mér finnst afskaplega ólíklegt að aðildarríkin muni leggja í að hafna okkur á nýjan leik. Sjútvrn. og utanrrn. hafa unnið sameiginlega og skipulega að því að ræða við aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins og við höfum fulla ástæðu til að ætla að komist verði hjá því að sambærileg uppákoma eigi sér stað á fundinum í Japan. Það mundi skaða Alþjóðahvalveiðiráðið til langrar framtíðar og það er alveg ljóst að um yrði að ræða meiri háttar uppnám af þeim sökum.

Í ljósi þeirra viðræðna sem hafa átt sér stað á undanförnum mánuðum höfum við fulla ástæðu til að ætla að svo verði ekki og það komi aðeins fram full viðurkenning á starfi Íslands og þátttöku Íslands í þessum samtökum og að þar

muni þjóðirnar ekki síst hafa í huga framtíð Alþjóðahvalveiðiráðsins sem er mikilvægt að þeirra mati að geti starfað sem eðlilegast í framtíðinni.

[12:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það var óþægilegt fyrir okkur öll þegar það gerðist í Japan að litið var svo á að við værum ekki með lögmæta aðild og ég sá það auðvitað í gögnum fyrir þann fund að utanrrn. hefur verið með tvíhliða viðræður og reynt að vinna sjónarmiðum okkar fylgi. Ég skil hæstv. utanrrh. þannig að hann búist við því að við verðum viðurkennd sem aðilar með fyrirvara, þeim fyrirvara sem við höfum þegar sett, og að það þýði þá að þegar það hefur orðið á þessum næsta fundi, fari svo sem horfir eða eins og hann lýsir, þá verðum við aðilar með fyrirvara og það þýði að við ráðum því þá sjálf hvort við byrjum einhverjar veiðar. Er þetta rétt skilið?

[12:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir af okkar hálfu að við stöndum við þann fyrirvara sem við höfum gert. Hins vegar er ljóst að ákveðið starf er í gangi innan Alþjóðahvalveiðiráðsins um endurmat stofna og vísindalega ráðgjöf og við munum jafnframt taka þátt í því starfi til framtíðar.

Ég endurtek það hér að engin ákvörðun hefur verið tekin um veiðar og við göngum ekki í Alþjóðahvalveiðiráðið fyrst og fremst í þeim tilgangi að hefja veiðar heldur að taka á nýjan leik þátt í starfi ráðsins og þeirri starfsemi sem þar á sér stað þrátt fyrir að við höfum af því mjög slæma reynslu. Við erum hins vegar að gera okkur vonir um að þetta muni breytast. Við væntum þess að þær breytingar geti leitt til þess að við getum starfað þar með eðlilegum hætti og eðlileg og skynsamleg nýting hvalastofna hér við land geti hafist í bærilegum friði við þjóðir heims. Það er okkur nauðsynlegt að þeir stofnar verði nýttir með sjálfbærum hætti og það er okkur jafnframt þýðingarmikið að standa að þeirri nýtingu í þokkalegu samstarfi við aðrar þjóðir sem eiga aðild að samtökunum.

[Fundarhlé. — 12:48]

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í ræðu minni ætla ég að ræða ýmsa þætti, bæði það sem við erum sammála um, þ.e. þar sem áherslur eru svipaðar en einnig þar sem mismunandi sjónarmið kunna að vera uppi.

Ég ætla í fyrsta lagi að víkja að Palestínumálinu. Í öðru lagi samskiptum norðurs og suðurs, ríkra þjóða og snauðra og aðkomu okkar að alþjóðastofnunum á borð við Alþjóðabankann og Alþjóðaviðskiptastofnunina, OECD o.fl. Í þriðja lagi ætla ég að víkja að sjávarútvegsmálum og þeirri stefnu sem við höldum uppi innan alþjóðasamfélagsins.

Ég sagðist ætla að ræða bæði það sem meiningar væru deildar um og einnig hitt, þar sem áherslur væru svipaðar. Sem betur fer hefur myndast góð pólitísk sátt um aðkomuna að vandanum fyrir botni Miðjarðarhafs. Þau mál hafa oft verið tekin til umræðu á þinginu, nú síðast í liðinni viku. Þá var rædd þáltill. frá Samfylkingunni sem fjallaði um sjálfstæði Palestínu. Þess var þá krafist að Ísraelsher yrði á brott frá hernumdu svæðunum og að Alþingi styddi hugmyndir um að alþjóðlegt gæslu- og eftirlitslið yrði sent á vettvang til að koma í veg fyrir vopnahlésbrot. Þessu er ég öllu sammála og tel brýnt að við samþykkjum áður en þingi lýkur.

Við vöknum á hverjum morgni við fréttir af voveiflegum atburðum í Palestínu og Ísrael. Frá því að það ófriðarbál sem nú logar kviknaði hafa á annað þúsund manns fallið og tugir þúsunda særst. Við hljótum að velta fyrir okkur aftur og ítrekað hvernig við getum lagt okkar af mörkum til að lægja ófriðaröldurnar.

Þessi þáltill. sem ég vísaði til er í samræmi við ályktun frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í febrúarmánuði. Þar var hernaðarofbeldi Ísraelsríkis gegn Palestínumönnum harðlega fordæmt og vakin athygli á keðjuverkandi ofbeldi sem þetta hefði leitt af sér sem saklausir borgarar á svæðum Palestínumanna yrðu fyrir og einnig borgarar í Ísrael. Í þessari ályktun frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði segir einnig, með leyfi forseta:

„Íslandi er skylt að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir *sjálfstæðu ríki Palestínumanna, enda er það í samræmi* við ályktun Alþingis um málefni Palestínu frá 1988. Þar til sjálfstætt ríki Palestínumanna er orðið að veruleika ber að tryggja palestínsku þjóðinni alþjóðlega vernd."

Í þessari þáltill. sem var samþykkt á Alþingi 1988 var lögð áhersla á að við viðurkenndum sjálfsákvörðunarrétt palentínsku þjóðarinnar og rétt hennar til að stofna eigið ríki í samræmi við ályktanir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna fyrr og síðar og í greinargerð sem fylgdi þessari þáltill. er vísað til þess að eðlilegur samningsaðili fyrir hönd palestísku þjóðarinnar séu frelsissamtök Palestínu.

Hvað var að gerast á þeim tíma þegar þessi ályktun var samþykkt, en það mun hafa verið í maí árið 1989? Árið áður höfðu Palestínumenn lýst yfir sjálfstæði Palestínu. Það gerðu þeir árið 1988 í nóvembermánuði. En þá bar svo við þá að þegar Yasser Arafat, leiðtogi PLO, Frelsissamtaka Palestínuamanna, ætlaði að kynna þessa yfirlýsingu og ákvörðun þjóðþings Palestínumanna, sem mun hafa verið haldið í Túnis ef ég man rétt, var honum meinað um vegabréfsáritun til Bandaríkjanna. Þá er brugðið á það ráð að færa allsherjarþingið til Genf í Sviss. Þar kynnir hann Sameinuðu þjóðunum þessa yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Síðan gerist það, eins og við vitum, að Bandaríkjamenn knýja Ísraela að samningaborði í byrjun 10. áratugarins. Það var í kjölfar Flóabardagans. Þeim reyndist erfitt að safna Arabaþjóðunum saman undir sinn gunnfána nema þar kæmi yfirlýsing um að þeir mundu beita sér fyrir friði fyrir botni Miðjarðarhafs og lausn á Palestínuvandanum. Þá var boðað til ráðstefnu í Madrid 1991. Ísraelsmenn gera það að skilyrði að Sameinuðu þjóðirnar komi þar hvergi að máli og síðan fylgja samningaviðræður tengdar við Ósló 1993 og 1995. Eins og menn þekkja hafa Ísraelsmenn ekki staðið við þær yfirlýsingar sem þá voru gefnar en mörgum Ísraelsmönnum og harðlínumönnum úr þeirri sveit þótti fulllangt gengið, enda þurftu sumir leiðtogar Ísraelsmanna að gjalda fyrir með lífi sínu, t.d. Rabin. Hann féll fyrir morðingjahendi landa síns.

Ísraelsmenn stóðu aldrei við þessar yfirlýsingar og héldu landnámi áfram. Þeir reistu byggðir á herteknu svæðunum og kornið sem fyllir mælinn var þegar Sharon fór fyrir liði *manna upp á Musterishæðina, í helgan reit múhameðstrúar*manna og ögraði þeim þannig til viðbragða og átaka sem er síðan svarað með skriðdrekum og herþyrlum. Þá hefst þessi uppreisn og ofbeldisaðferðir ísraelska hersins hafa haldið áfram fram á þennan dag.

Hvers vegna er ég að rifja upp þessa sögu? Hvers vegna vík ég aftur til ársins 1988? Ég er að vísa í sjálfstæðisyfirlýsingu Palestínumanna, þjóðþings Palestínumanna. Ég velti því fyrir mér hvort Íslendingar geti gengið lengra en þeir þegar hafa gert í viðurkenningu á sjálfstæðu ríki Palestínumanna. Ég geri mér grein fyrir því að þarna eru allar skilgreiningar hálar. Ríkið hefur í raun ekki verið stofnað þótt lýst hafi verið yfir sjálfstæði Palestínu. En eftir því sem ég kemst næst hefur meiri hluti ríkja sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum viðurkennt þessa sjálfstæðisyfirlýsingu frá 1988 á annan og fyllri hátt en við höfum gert og flestar vestrænar þjóðir.

Ég beini því til hæstv. utanrrh. hvort það hafi komið til tals að skoða þessi mál, hvort við getum veitt sjálfstæðri Palestínu fyllri viðurkenningu en við þegar höfum gert, þá í anda þess sem meiri hluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hafa gert. Hafi það ekki komið til skoðunar hvet ég til þess að það verði gert.

Ýmsir hafa hvatt til þess, þær raddir hafa heyrst sums staðar á Vesturlöndum, að það beri að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Það er nokkuð sem eflaust kemur til álita. Ég er þó hlynntari hinni leiðinni sem talað hefur verið fyrir af hálfu stjórnvalda og hér í þessum sal, að við höldum öllum viðræðuleiðum opnum. Ég styð það mjög eindregið að hæstv. utanrrh. fari, eins og um hefur verið rætt, til Ísraels og Palestínu og sýni þannig hug okkar í verki. Ég teldi mjög mikilvægt, til að sýna þá breiðu pólitísku samstöðu sem er um þetta mál á Alþingi, að með í för verði fleiri fulltrúar Íslands, þess vegna formenn stjórnarandstöðuflokkanna, til að sýna hug okkar til þessa máls. Þetta er um Palestínumálið.

Ég ætla þá aðeins að víkja að samskiptum ríkra þjóða og snauðra. Það kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að Ísland mun taka aðalsæti í Alþjóðabankanum á næsta ári og tala þar fyrir munn Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Í ræðu sinni vék hæstv. ráðherra einnig að ráðstefnu sem nýlega var haldin í Monterrey þar sem fjallað var um fjármögnun á þróunarstarfi. Á þessari ráðstefnu kom fram að bilið á milli ríkra þjóða og snauðra fer vaxandi. Okkur birtast óhugnanlegar tölur í því efni að 2 milljarðar manna hafi ekki aðgang að læknislyfjum eða læknishjálp. Það eru 2,4 milljarðar sem ekki njóta frumstæðustu hreinlætisaðstöðu. Í einni merkri ræðu sem haldin var af Castro Kúbuforseta kom fram að tekjur ríkustu þjóða heims hefðu verið 37 sinnum hærri en fátækasta hlutans árið 1960 en 74 sinnum hærri núna. Hann benti einnig á að þrír ríkustu einstaklingar heimsins byggju yfir meiri auðæfum en sem nemur landsframleiðslu 38 fátækustu þjóða heimsins. Þetta eru tölur sem ágætt er að hafa í huga.

Hvernig á að taka á vanda þessara ríkja? Það hefur verið rætt. Íslendingar hafa komið nokkuð við sögu í þeirri umræðu. Við áttum sæti í þróunarnefnd Alþjóðabankans 1996 þegar ýtt var úr vör svokölluðu HIPC-verkefni sem gengur út á að létta skuldum af fátækustu ríkjum heimsins. Í ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti í nóvember árið 2000 kom fram að um væri að ræða um 30 ríki, gott ef þau voru ekki 33, og skuldirnar sem um var að tefla væru um 50 milljarðar bandaríkjadala. Ég hef spurt hæstv. ráðherra eftir því hvaða skilyrði hafi verið sett fyrir þessum lánveitingum. Mér finnst það ekki einleikið hve illa gengur að hrinda þessum áformum fram. Fyrir 2–3 missirum höfðu fjögur ríki þegar fengið þessa afléttingu skulda upp á 2,7 milljarða bandaríkjadala. Það er ekki mikið þar sem um var að tefla, 50 milljarðar.

Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. þegar ég innti hann eftir þessum skilyrðum að tryggja ætti að þeir sem byggju við sárustu örbirgð nytu fyrirgreiðslunnar þegar fram líða stundir. Þannig mun hæstv. ráðherra hafa orðað það. Með öðrum orðum að nýta eigi það svigrúm sem skapaðist við niðurfellingu skuldanna, fátækasta fólkinu til framdráttar, t.d. á sviði mennta- og heilbrigðismála og atvinnuuppbyggingar. Í fyrrnefndri ræðu sem hæstv. ráðherra flutti í nóvember árið 2000, sagði hann að tíu ríki hefðu sótt um niðurfellingu skulda en þetta hefði ekki gengið betur fyrir sig en raun bar vitni. Ég vildi gjarnan óska eftir upplýsingum um hvort vitað sé hvernig til hefur tekist.

En það sem ég ætlaði að koma inn á — því miður er tími minn búinn — er að Íslendingar hafa því miður beitt sér á vettvangi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að setja þessum fátækustu ríkjum skorður. Mér finnst það vægast sagt ekki vera sæmandi fyrir Íslendinga, að gera þeim að einkavæða almannaþjónustuna til að njóta fyrirgreiðslu af þessu tagi.

[13:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að Íslendingar beittu sér mjög fyrir því á sínum tíma fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna að slíkri hjálp við skuldugustu ríki heims væri komið á og við lögðum á það mikla áherslu í vinnu okkar og um það hafa Norðurlöndin verið samstiga. Hins vegar er ljóst að ekki er hægt að veita slíka hjálp nema að uppfylltum nokkrum skilyrðum. Það á m.a. við um lýðræðislega stjórnarhætti og það á líka við um það að komið sé á áætlun í viðkomandi ríkjum hvernig barist verði gegn fátækt. Í því felst m.a. að ákveðin endurskipulagning eigi sér stað á efnahagskerfi viðkomandi landa og það kann að vera í mörgum tilvikum mjög viðkvæmt mál.

Við sem búum hér á landi vitum að markaðsbúskapur er hagstæðasta aðferðin til að ná fram velferð. Með því fæst meira fjármagn til að veita til félagslegra réttindamála og afar þýðingarmikið er í þessum löndum að það sé sýn til framtíðar, sýn um það hvernig þeim hlutum verður best fyrir komið. Ég held að það liggi t.d. alveg ljóst fyrir að menn yrðu mjög tortryggnir út í það að ganga frá slíkum málum við ríki eins og t.d. Zimbabwe við núverandi aðstæður. Sama má segja um ríki eins og t.d. Kongó.

[13:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að enginn deili um að þar er um lýðræði að tefla og einræðistilburði í Zimbabwe sem enginn vill sætta sig við. En að frjáls markaður framkalli velferð, ég held að þeim finnist það ekki endilega í Argentínu eftir nánast gjaldþrot þjóðarinnar en Argentínumenn, og það er athyglisvert, fóru í einu og öllu að þeim skilyrðum sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn settu. Þeir voru búnir að einkavæða og markaðsvæða nánast alla grunnþjónustu samfélagsins, vatnsveiturnar, raforkuverin, og niðurstaðan varð þessi, nánast þjóðargjaldþrot. Það sem ég hef gagnrýnt er einmitt þetta sem hæstv. utanrrh. er að segja okkur núna að eðlilegt sé, eða þannig skil ég hann, að setja þjóðfélögunum, þessum fátæku þjóðum slík skilyrði. Hann vísar í breytingar á grunnþjónustunni. Nákvæmlega í þessa veru hefur Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sett skilyrði. Áður hét það „Structural Adjustment Programs“ nú heitir það „Poverty Reduction Agreement“,

þ.e. samkomulag um að ná að draga úr fátækt. Þetta eru sömu tónarnir og við heyrum í ræðu hæstv. utanrrh.

Ég er með fréttatilkynningar úr ræðum sem hæstv. utanrrh. flutti einmitt á fundi Alþjóðabankans í Hong Kong árið 1997 þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Utanríkisráðherra lýsti fullum stuðningi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna við sérstakt átak Alþjóðabankans til að auka fjárfestingar einkaaðila í orkumálum, samgöngu- og fjarskiptakerfum þróunarríkjanna." Og fyrr í ræðunni, ég er búinn að fara mjög rækilega yfir þetta, er vísað í grunnþjónustuna. Þetta er ástæðan fyrir því, herra forseti, að fátækustu þjóðir heimsins hafa ekki treyst sér til að taka tilboði um niðurfellingu skulda vegna þess að þeim eru sett slík skilyrði og Ísland tekur því miður þátt í þessu.

[13:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lokið er við niðurfellingu skulda hjá 26 þróunarríkjum. Þetta kemur fram í skýrslu minni á bls. 75, og um er að ræða 40 milljarða bandaríkjadollara. Reiknað er með því að það átak taki til meðferðar skuldastöðu 38 landa og áfram verður unnið í þeim anda. Var það rangt af Íslandi á sínum tíma að fara í forustu ásamt öðrum Norðurlöndum í slíkt átak? Þetta hefur tekist afskaplega vel. Það er alveg rétt að sett voru ákveðin skilyrði. En þegar um svona háar fjárhæðir er að ræða, þá er náttúrlega nauðsynlegt að menn líti til þess að þetta geti orðið viðkomandi fólki framtíðarlausn og þeir leiðtogar og kjörin stjórnvöld í þeim löndum taki tillit til lýðræðislegra stjórnarhátta og leysi mál með þeim hætti sem best gengur í heiminum.

Það er alveg rétt að ég sem utanrrh. hvatti til þess 1997 að erlendir aðilar fjárfestu í þeim löndum. Það er það sem þau lönd þurfa á að halda og ég er ekkert einn um það að hvetja til slíkra fjárfestinga. Ég veit ekki betur en það geri öll ríki heims meira eða minna því að þróunarríkin þurfa á því að halda að þar skapist stöðugleiki og þar skapist tækifæri til fjárfestinga. Þetta eru mjög fátæk ríki og eina leiðin til þess að þau geti staðið betur er a.m.k. ekki síst að fá inn til sín erlenda fjárfestingu.

[13:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessar upplýsingar. Það er hins vegar rangt sem hann heldur fram að öll ríki heims leggist á sveifina með Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í þessu efni, síður en svo. Mikil átök eru um það á hvaða forsendum hinn ríki hluti heimsins eigi að koma til móts við hinn snauðari.

Staðreyndin er sú að fjárstreymið frá hinum fátæku til hinna ríku hefur ekki breyst á undangengnum áratugum. Meira fjárstreymi er frá hinum snauðu til hinna ríku en öfugt þrátt fyrir prógrömm af þessu tagi.

Mér finnst gott að fá þessar upplýsingar en það sem ég vildi fá nánari skýringu á frá hæstv. ráðherra er hvaða skilyrði eru sett fyrir þeim lánveitingum. Er það gert að skilyrði að þau einkavæði almannaþjónustuna eins og verið hefur á liðnum árum og hefur valdið því að þau hafa verið mjög treg til þess að ganga inn í slíkt prógramm?

Ferlið hefur verið það að fátækar þjóðir hafa tekið lán í bönkum á Vesturlöndum. Þær hafa ekki risið undir slíkum skuldbindingum. Þá hafa Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komið inn og reynt að aðstoða þær við að taka til í sínu húsi eins og það er kallað. Skilyrðin sem þessar stofnanir hafa sett eru síðan að grundvallarbreytingar séu gerðar á grunnþjónustunni, þar á meðal að almannaþjónustan og stoðþjónustan í þjóðfélögunum sé sett á markað.

Hverjir eru það sem taka við þeim eignum? Það eru bankarnir, það eru lánveitendurnir. Þeir hafa þá aðstöðu til að fá þær eignir í sínar hendur. Þannig hafa þær hafnað hjá nokkrum fjölþjóðlegum risum sem ráða yfir vatninu, orkugeiranum, samgöngunum og þar fram eftir götunum.

[13:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að byrja á því að vitna beint til orða í framsöguræðu hæstv. utanrrh. en þar segir, með leyfi forseta:

„Markaðurinn er oft blindur gagnvart afleiðingum sínum. Því verða stjórnvöld að sjá til þess að alþjóðaviðskiptakerfið stuðli að sjálfbærri þróun, en grafi ekki undan henni."

Ég vitna til þeirra m.a. í ljósi þeirra orðaskipta sem fóru fram rétt áðan milli hæstv. utanrrh. og hv. þm. Ögmundar Jónassonar því að auðvitað er alveg ljóst að átakið við niðurfellingu skulda fátækustu ríkja heims og við að nútímavæða efnahagskerfi þeirra hefur verið mjög umdeilt. Skilyrðin sem hafa verið sett sumum þessara ríkja hafa hreinlega verið þannig að ekki hefur verið hægt að fullnægja þeim með góðu móti. Við verðum að ræða hlutina, herra forseti, eins og þeir eru. Átakið sem slíkt, markmið þess er göfugt og gott en það er ekki alltaf sama hvaða leiðir eru farnar að markmiðinu.

Herra forseti. Reynsla síðustu áratuga hefur sýnt okkur með óyggjandi hætti að kenningar frjálshyggjunnar um að vaxandi hagvöxtur og velsæld muni að lokum skila sér til þeirra sem búa við mesta fátækt og oft algera örbirgð eiga við lítil rök að styðjast. Meðaltölin blekkja, herra forseti. Þótt þjóðarframleiðsla reiknuð á hvert mannsbarn aukist í mörgum löndum er ekki þar með sagt að velferð og hagsæld í þeim samfélögum, velferð og hagsæld íbúa þeirra landa batni og aukist almennt séð.

Misskipting þess mikla auðs sem jarðarbúar eiga hefur líklega aldrei verið meiri en nú í upphafi 21. aldarinnar. Um fimmtungur mannkyns, herra forseti, 1,3 milljarðar manna, dregur fram lífið á 100 kr. á dag og 70% þeirra eru konur, herra forseti.

Á fundi Sameinuðu þjóðanna í Monterrey í Mexíkó á dögunum hvatti Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, til þess að aðstoð við fátækustu ríki heims verði aukin um helming. Fram hefur komið í fréttum af fundinum að þrátt fyrir að ríki Evrópusambandsins og Bandaríkin hafi heitið auknum stuðningi á næstu árum er aðeins um fjórðung þeirrar upphæðar um að ræða sem Kofi Annan telur nauðsynlegt að lögð verði fram í því skyni. Það eru því fleiri en Íslendingar sem þurfa að stórauka framlög sín til fátækra þjóða á næstu árum, enda erum við í hópi ríkustu þjóða heims og það þarf að gera með ýmsum hætti, herra forseti.

Oft er það svo að verkefnin virðast óendanleg og stundum óyfirstíganleg þegar kemur að þróunarsamvinnu og alþjóðlegri samvinnu og aðstoð við fátækustu ríki heims. Víst er það að flestum á jörðinni eru búin ólíkt bágari kjör en okkur sem búum á Íslandi. Ég vil vitna til upplýsinga frá Worldwatch-stofnuninni í Bandaríkjunum, um stöðu kvenna, með leyfi forseta:

Hálf millj. kvenna deyr árlega af völdun þungunar og barnsburðar — það eru 500 þús. konur, herra forseti. Flest þessi dauðsföll hefði auðveldlega mátt koma í veg fyrir með betri heilsugæslu og hreinlæti. Fleiri konur en karlar

eru fórnarlömb eyðni í heiminum, alnæmis, 20–50% allra kvenna í heiminum verða fyrir ofbeldi af hálfu ástvinar eða einhverra sem nálægt þeim standa í fjölskyldunni á lífsleiðinni. 2 millj. stúlkubarna eru umskornar á hverju ári. Af þeim tæpa milljarði manna sem ekki kann að lesa eru $^2/_3$ hlutar konur. Í flestum löndum heims er fátæktin kvengerð hvort sem um er að ræða fátækustu löndin ellegar þau sem betur eru sett. Og það á líka við á Íslandi, herra forseti.

Með heildstæðri stefnumótun, pólitískri framsýni og úthaldi má bæta kjör kvenna og barna, og þar af leiðandi allra um allan heim með harla einföldum aðferðum. Mæðraskoðun og mæðraeftirlit er grundvallaratriði. Ungbarnaeftirlit og bólusetning gegn þeim sjúkdómum sem bólusett er gegn, t.d. á Íslandi, er algert grundvallaratriði. Umskurði stúlkubarna verður að hætta. Efla verður grunnheilsugæslu sem helst þarf að vera ókeypis. Efla þarf aðgengi allra að ódýrum og góðum lyfjum við þeim sjúkdómum sem hrjá stærstan hluta mannkyns. Þeir eru malaría, berklar, alnæmi og sjúkdómar í öndunarvegi. Aðgangur að hreinu vatni er algert lykilatriði. Það má einnig segja um lestrarkennslu barna, stúlkna og drengja, en $^2/_3$ þeirra sem eru ólæsir í heiminum eru konur eins og ég gat um.

Þá þurfum við einnig að huga að reglum um eignarhald og erfðareglum í samfélögum. Þær eru mjög flóknar og menningarbundnar að sjálfsögðu, eins og við vitum, en víða er eignarhald á landi fátæku fólki mestur fjötur um fót í lífsbaráttunni, t.d. í Suður-Ameríku þar sem nokkrir vellauðugir landeigendur halda fólki í raun í ánauð á landi sínu.

Þegar rætt er um frjáls viðskipti og opnun markaða, herra forseti, er nauðsynlegt að hafa það í huga að þeir sem þurfa að vinna verkin þar eru ekki fátækustu ríkin heldur þau ríkustu sem þurfa að opna markaði sína fyrir vörum úr suðrinu. Þar eru miklir hagsmunir í húfi, ég geri mér grein fyrir því. En ríkjum verður aldrei hjálpað úr þessari fátækt ef þeim er ekki gert kleift að selja vörur sínar á alþjóðlegum markaði eftir sanngjörnum viðskiptareglum, herra forseti. Þess vegna er afnám viðskiptahindrana og tolla ekki síst fátæku fólki í hag.

Í haust verður haldin heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg í Suður-Afríku og búist er við tugþúsundum þátttakenda. Á fundi umhvn. á dögunum kom fram að í undirbúningi er að senda embættismenn allt að fimm ráðuneyta til ráðstefnunnar, og a.m.k. tveir hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar þykjast munu taka þátt í henni. Hæstv. forseti Alþingis hefur svarað beiðni umhvn. um stuðning við þátttöku í ráðstefnunni, þ.e. stuðning við þátttöku þingmanna í ráðstefnunni, og svaraði hann því erindi neitandi í desember sl.

Það verður ekki sagt, herra forseti, að metnaðinum sé fyrir að fara á Alþingi Íslendinga þegar kemur að þátttöku þingmanna í einhverri mikilvægustu ráðstefnu sem haldin hefur verið um árabil. Við sem hyggjum á þátttöku í ráðstefnunni um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg munum því ekki verða hluti sendinefndar Alþingis eins og starfssystkin okkar í nágrannalöndunum. Á þjóðþingum Norðurlandanna er hins vegar alsiða að senda þingmenn til slíkra ráðstefna. Hins vegar munum við fara á eigin vegum með þeim ráðum sem til eru, og verður vafalaust ekki skotaskuld úr því.

Séu fjármunir ekki fyrir hendi, herra forseti, hlýtur það að vera í verkahring forsn. Alþingis að sækja þá svo hægt sé að sinna alþjóðasamstarfi með viðunandi hætti og þannig að sómi sé að. Ég vil ítreka það í þessari umræðu að ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn á hinu háa Alþingi taki þátt í þeim umræðum sem þarna munu fara fram, taki þátt í ráðstefnunni og verði því vel í stakk búnir til þess að meta gildi hennar og grípa til þeirra aðgerða sem þarf að grípa til í framhaldi af henni hér á landi og annars staðar.

Ársrit Worldwatch-stofnunarinnar bandarísku um ástand heimsins árið 2002 er tileinkað þessari ráðstefnu, hæstv. forseti. Hér má lesa í ansi greinargóðum texta um helstu umfjöllunarefni ráðstefnunnar og ég hvet alla þingmenn, hvort sem þeir eiga sæti í umhvn. eða ekki, til að lesa það plagg og kynna sér vel hver helstu umfjöllunarefni ráðstefnunnar verða. Þau eru í raun helstu umfjöllunarefni okkar í alþjóðastjórnmálum og þau efni sem við þurfum að móta stefnu til í utanríkismálum.

Ég hef á liðnum vetri, herra forseti, verið nokkuð hugsi yfir hlutverki Alþingis við mótun utanríkisstefnu Íslands og þátttöku alþingismanna í alþjóðlegu samstarfi eins og ég hef áður greint frá hvort heldur það er í þar til gerðum stofnunum eða á öðrum vettvangi. Þegar ég spurði hæstv. utanrrh. um hugsanlega þátttöku þingmanna í nýrri stefnumótun öryggismála sem ég tel vera nauðsynlega, ekki síst í ljósi atburðanna 11. sept. sl., varð fátt um svör en helst mátti skilja á hæstv. utanrrh. að embættismenn ráðuneytisins væru fullfærir um þá vinnu. Ekki ætla ég að bera brigður á hæfni embættismanna hins háa utanrrn. en um það snýst málið einfaldlega ekki.

Nú hefur hæstv. utanrrh. ákveðið að láta framkvæma nýja úttekt á stefnumiðum Þróunarsamvinnustofnunarinnar en á bls. 73 í skýrslu utanrrh. segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að árið 2003 er síðasta árið sem fellur undir stefnumið ríkisstjórnarinnar frá árinu 1997 um aukningu framlaga til ÞSSÍ hefur utanríkisráðherra ákveðið að láta framkvæma nýja úttekt á starfsemi stofnunarinnar sem yrði grundvöllur fyrir nýrri langtímaáætlun hennar.“

Það er ástæða til að fagna því að hæstv. utanrrh. skuli ætla að láta að gera þessa úttekt. En að gefnu tilefni leyfi ég mér að spyrja með hvaða hætti þessi vinna eigi að fara fram og hvort hæstv. utanrrh. hafi hugsað sér að alþingismenn og/eða utanrmn. muni taka þátt í þessari vinnu. Um það er engum blöðum að fletta, herra forseti, að þróunarsamvinna byggð á markmiðum sjálfbærrar þróunar er ein af stærstu athöfnum alþjóðasamvinnunnar og utanríkismála okkar á næstu árum og áratugum. Slík stefnumótun er pólitískt verkefni og hún á helst af öllu að vera þverpólitískt verkefni, herra forseti.

Á undanförnum missirum hefur nokkuð verið rætt um ógnina sem stafar af mansali og kynlífsþrælkun kvenna og barna, stúlkna og drengja, um allan heim. Ég vil í því sambandi taka fram að það er ekki nóg að styðja aðgerðir gegn kynlífsþrælkun og vændisiðnaðinum á erlendum vettvangi ef við tökum ekki til heima hjá okkur. Það er til lítils að fordæma það sem gerist eða getur gerst í útlöndum ef menn líta sér ekki nær, herra forseti, og það er kominn tími til að hv. þingmenn svari þeirri spurningu hvort hið háa Alþingi vilji leyfa það að á Íslandi sé hægt að kaupa sér aðgang að líkama, með öðrum orðum hvort líkamar séu til sölu á Íslandi.

Ég veit að almennt þykir fólki ekki auðvelt og ekki þægilegt að svara þessari spurningu en þetta er grundvallarspurning í umfjöllun um kynlífsþrælkunina og vændisiðnaðinn sem því miður grasserar hér eins og annars staðar.

Að lokum fagna ég því, herra forseti, að hæstv. utanrrh. hafi gert sjálfbæra þróun að sérstöku umræðuefni í ræðu

sinni. Kjarni sjálfbærrar þróunar er að sjálfsögðu félagslegt réttlæti öllum til handa og efnahagslegur jöfnuður. Ég hef sagt það áður og mun segja það aftur hér: Sjálfbær þróun er jafnaðarstefna í framkvæmd með tilliti til fólks og umhverfis. Markmið hennar nást ekki nema okkur takist að útrýma fátækinni með öllum tiltækum ráðum. Fátæktinni, herra forseti, verður ekki útrýmt nema konum sé tryggt efnahagslegt sjálfstæði hvar sem þær eiga heima, og tryggður sjálfsákvörðunarréttur yfir líkama sínum og lífi.

Við skulum hafa þær í huga, herra forseti, stelpurnar sem heimsóttu okkur í dag í tilefni þess að hvatt var til þess að stúlkur á aldrinum 9–15 ára kæmu með foreldrum sínum eða öðrum skyldmennum í vinnuna. Við skulum hafa þær í huga og þá björtu framtíð sem blasir við þeim hér á Íslandi. Svo skulum við hafa það líka í huga að það eru milljarðar annarra stelpna úti um allan heim sem eiga það sama skilið, sömu réttindi og sömu tækifæri, og um það snýst í raun og veru sú umræða sem hér fer fram, að veita öllum þessum stúlkubörnum sömu tækifæri.

[14:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar er alveg ljóst að stefna í þeim málum þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Það er utanrrn. að standa fyrir slíkri stefnumörkun en það hefur verið og verður gert í náinni samvinnu við stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Stjórn hennar er kosin af Alþingi og þar eiga fulltrúar flokka aðild að. Hins vegar er sjálfsagt varðandi þessi mál að ræða þau jafnframt ítarlega við utanrmn. og fara yfir þau jafnvel með reglubundnu millibili þannig að þetta geti farið sem best úr hendi.

Þverpólitísk samstaða hefur verið um starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og ég tel mikilvægt að viðhalda þeirri samstöðu. Ég er þess vegna reiðubúinn til að hafa samráð um þessa stefnumótun, bæði við utanrmn. og flokka á Alþingi og kannski ekki síst við stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands þar sem viðkomandi flokkar eiga fulla aðild að. Síðast þegar þessi stefnumörkun átti sér stað var hún unnin af Jónasi Haralz með miklum ágætum. Hann hafði veg og vanda af því. Ég tel mikilvægt að nýta reynslu slíkra manna og hann reyndist okkur afskaplega vel. Við höfum einmitt hugsað okkur í sambandi við endurmat í þessu máli að nýta þar fyrst og fremst reynslu aðila sem hafa starfað fyrir Íslands hönd á vettvangi þessara mála án þess að endanlega hafi verið gengið frá því enn sem komið er.

[14:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Það er vissulega gott að það eigi að leita samráðs, m.a. við utanrmn. Einnig geri ég mér að sjálfsögðu grein fyrir því að stjórn Þróunarsamvinnustofnunar var kosin af hinu háa Alþingi.

Hins vegar held ég að okkur greini ekki á um markmið þessarar vinnu heldur leiðina að því. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, vegna þess vægis og þess gildis sem þróunarsamvinnan hefur í utanríkisstefnu Íslendinga — það mun aðeins aukast á komandi árum og áratugum — að nú sé tímabært að setja þennan undirbúning til langs tíma í annað form en það sem hæstv. utanrrh. hefur hugsað sér með einhvers konar þverpólitísku nefndastarfi. Að sjálfsögðu er stjórnmálaflokkunum öllum í sjálfsvald sett hverja eða hvernig þeir skipi í slíkar nefndir en ég hygg að mikla og vandaða þverpólitíska vinnu þurfi til að móta þessa stefnu til langframa. Ég hefði kosið að gera það með öðrum hætti en þeim sem hæstv. utanrrh. hefur lýst hér. Hins vegar er það að sjálfsögðu skref í rétta átt. Í ljósi þess hversu mikilvæg þessi stefna er og hversu mikilvægur þessi málaflokkur er að verða í utanríkisstefnu Íslands finnst mér að leggja þurfi meiri vinnu í þetta.

[14:15]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Sá sjónarhóll sem hæstv. utanrrh. hefur valið sér til þess að horfa yfir utanríkismálin, sjálfbær þróun, þykir mér fremur þekkilegur. En ég ætla samt að nota þann tíma sem ég hef hér til þess að ræða annað mál sem er jarðbundnara og kannski nær því sem við erum að tala um frá degi til dags, þ.e. Evrópusambandið og sjávarútveg.

Herra forseti. Kannski er það vegna þess að það er almennt viðurkennt að ef til aðildar Íslands kæmi eða þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands kæmi þá gætu sjávarútvegsmálin ráðið úrslitum um hver niðurstaðan yrði. Samningsmarkmið og niðurstaðan um þau ræður því afskaplega miklu um afstöðu Íslendinga til Evrópusambandsins. Alla vega héldum við það þar til nú nýverið að við getum farið að efast um það, en að því kem ég hér á eftir.

Við höfum heyrt það undanfarna daga þegar fjallað hefur verið um Evrópusambandið og sjávarútvegsmál að gjarnan er vísað til Rómarsáttmálans. Eins og menn vita var hann undirritaður árið 1957. Þar segir nú reyndar ekki annað um fiskveiðar en að þær falli undir landbúnaðarkafla sáttmálans, enda voru það fyrst og fremst landbúnaðarþjóðir sem stofnuðu Evrópusambandið, með sjávarútveg sem hliðargrein, svæðisbundna atvinnuhagsmuni. Orðrétt segir, með leyfi forseta, og það er margumrædd auðlindastefna sambandsins:

„Sameiginlegi markaðurinn skal ná til landbúnaðar og verslunar með landbúnaðarafurðir. Hugtakið landbúnaðarafurðir nær hér yfir afurðir jarðræktar, búfjárræktar og fiskveiða, sem og afurða á fyrsta vinnslustigi, sem tengist beint þessum afurðum.“

Þetta er hin mikla auðlindastefna sambandsins.

Sjávarútvegsstefnan hefur síðan þróast með útgáfu reglugerða og tilskipana á þessum grundvelli, m.a. í ljósi stækkunar sambandsins og aðildarviðræðna sem átt hafa sér stað í tenglum við hana. Í þessu sambandi er sjálfsagt, herra forseti, að minna á þá undanþágu sem bæði Svíþjóð og Finnland fengu frá landbúnaðarstefnunni og mig minnir að heiti norðurskautslandbúnaður eða norðlægur landbúnaður eða eitthvað þess háttar. Þróunin hefur orðið sú að Evrópusambandsríkin fara sjálf með stjórn fiskveiða heima fyrir og getur sú stjórn verið mismunandi eftir ríkjum. Heildarafli hvers ríkis er hins vegar ákvarðaður í ráðherraráðinu sem skipað er sjávarútvegsráðherrum sambandsins. Þennan hátt hafa ríki þurft að hafa vegna þess að um sameiginleg hafsvæði og sameiginlega fiskstofna hefur verið að ræða. Það hefur fengist ákveðin viðurkenning fyrir hafsvæðin í kringum Orkneyjar og Hjaltland og Norðmenn höfðu fengið viðurkenningu á að hafsvæðið fyrir norðan 62. breiddargráðu yrði tímabundið undir fullu forræði þeirra.

Herra forseti. Það er ágætt þegar við erum að fjalla um möguleika Íslands í þessu sambandi að líta til þess hvað var í pakka Norðmanna. Þeir sömdu árið 1992, fóru síðan í atkvæðagreiðslu og felldu aðild árið 1994. En sú staða sem þeir voru búnir að ná í sjávarútvegsmálum gæti verið eins konar byrjunarreitur fyrir okkur Íslendinga. Norðmenn höfðu fengið viðurkenningu á mikilvægi sjávarútvegs síns.

Í þeirra tilfelli er um svæðishagsmuni að ræða, ekki jafnstóra og okkar sem sagt. Þeir þurftu ekki að greiða fyrir innganginn með veiðiheimildum. Það var viðurkennt að viðmiðunarár varðandi veiðireynslu innan lögsögu þeirra væru árin 1989–1993. Það er ástæða til þess að taka eftir þessum ártölum, herra forseti. Reglan um hlutfallslegan stöðugleika tryggði þeim sama veiðirétt áfram, sama veiðirétt og þeir höfðu haft. Þeir gátu fengið framkvæmdastjóra sjávarútvegsmálasambandsins. Þeir gátu líka fengið þriggja ára frest gagnvart erlendum fjárfestingum. Eftir aðildarviðræðurnar töldu Norðmenn líka að þeir gætu haldið áfram hvalveiðum með vísan til undanþáguákvæða tilskipunar Evrópusambandsins um náttúruvernd. Þetta er nú reyndar atriði sem menn hafa mjög dregið í efa.

Síðan Norðmenn sömdu hefur svokölluð nálægðarregla þróast mikið. Hún felur það í sér að færa á allar ákvarðanir til lægsta mögulega stjórnstigs og sem næst þeim sem við eiga að búa og ef einhverjir hagsmunir eru bundnir einstöku ríki en varða hin ekki þá sé eðlilegt að ákvörðun sé tekin í viðkomandi ríki. Það er væntanlega m.a. á grundvelli þessa sem hæstv. utanrrh. hefur mótað þá hugmynd að mögulegri aðlögun að sjávarútvegsstefnu sambandsins sem nú er kennd við Berlín.

Við Íslendingar viljum tryggja veiðirétt og veiðimöguleika Íslands til frambúðar og ábyrga stjórn fiskveiða innan íslensku lögsögunnar. Það er þess vegna eðlilegt að krefjast þess að hafið í kringum Ísland verði skoðað sem sérstakt hafsvæði, enda yrði Ísland eina Evrópusambandsríkið á þessu svæði og eina ríkið sem hefur af því hagsmuni hvernig veiðum þar er stjórnað. Það ásamt beitingu nálægðarreglunnar ætti einnig að geta fært okkur einum ákvörðunarvald yfir heildarafla á svæðinu. Reglan um hlutfallslegan stöðugleika ætti að tryggja að engir aðrir en Íslendingar fengju veiðirétt í lögsögunni umfram það sem þegar er.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði hér áðan. Taldi hann líklegt að í viðræðum við okkur yrði veiðireynslan frá 1973–1978 notuð. Þetta höfum við þráfaldlega heyrt frá þeim sem fyrir fram eru á móti. Það er þó í reynd afar ólíklegt að í samningaviðræðum við Ísland yrði litið til þeirrar veiðireynslu og þá í algjörri mótsögn við þá venju sem skapast hefur um að litið sé til áranna á undan samningsgerðinni. Veiðireynsla þessa tímabils, þ.e. 1973–1978, var notuð í samkomulagi aðilarríkja Evrópusambandsins sem gert var árið 1983, enda eðlilegt að miða við þá veiðireynslu sem þá var til staðar. En þegar Spánn gekk í Evrópusambandið árið 1986 gátu þeir hins vegar ekki miðað við veiðireynslu sína fyrir útfærslu landhelginnar 1977. Og þegar Norðmenn sóttu um aðild, eins og ég gat um áðan, árið 1992 var miðað við veiðireynslu áranna 1989–1993.

Í aðildarsamningum Íslands við Evrópusambandið væri því langlíklegast að miðað yrði við veiðireynslu þess tíma sem samningurinn væri gerður. En þar sem Íslendingar hafa setið einir að veiðunum í meira en tvo áratugi er næsta öruggt að Ísland héldi sínum kvótum innan lögsögunnar sambærilegum við það sem er í dag.

Það er líka rétt að geta þess að ríki sem gengið hafa í Evrópusambandið hafa haldið réttindum sínum varðandi deilistofna á grundvelli hlutfallslegra stöðugleikans.

Herra forseti. Það er ólíklegt miðað við þær upplýsingar sem ég hef aflað mér að varanleg undanþága fengist frá fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi. Þó má telja líklegt að einhverra ára frestur fengist. En það er rétt að hafa það í huga að samkvæmt reglum Evrópusambandsins verður útgerð að hafa raunveruleg efnahagsleg tengsl við það land sem gert er út frá. Það væri einnig hægt að setja á löndunarskyldu þannig að öllum afla skipa sem veiða í íslenskri lögsögu yrði landað á Íslandi. Það gerum við reyndar ekki í dag. En þessi möguleiki hefur verið talinn vera til staðar og kom m.a. fram hjá hæstv. utanrrh. í umræðu hér fyrir u.þ.b. ári síðan um erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

Staða Íslands væri áreiðanlega afar sterk ef það gengi í sambandið. Þekking okkar og geta í sjávarútvegi er viðurkennd. Það er því eðlilegt samningsmarkmið Íslands, ef farið yrði í viðræður, að Ísland fái framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála. Við verðum að hafa alla myndina undir, herra forseti, vegna þess að með aðild að Evrópusambandinu væri tryggður fullur aðgangur að okkar mikilvægustu mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Málið er þó ekki svo einfalt að hagsmunir verði vigtaðir króna á móti krónu eins og ýmsir hafa tilhneigingu til að gera. Ég er hér einungis að tala um það sem snýr beint að stjórn sjávarútvegsmála, enda er kannski ekki svigrúm til að fjalla um annað sem skiptir máli, eins og stærra myntsvæði eða gjaldmiðil eða annað.

Herra forseti. Það er almennt viðurkennt að ef aðild Íslands að Evrópusambandinu kæmi til þjóðaratkvæðagreiðslu þá gætu sjávarútvegsmálin ráðið úrslitum. Það hefur jafnan verið hluti umræðunnar þegar menn hafa fitjað upp á Evrópuumræðu að einhver segir: „Að óbreyttri sjávarútvegsstefnu kemur þetta ekki til greina.“ Eigi að síður hafa skoðanakannanir undanfarið sýnt að stór hluti þjóðarinnar er tilbúinn til þess að gjalda því jáyrði sitt að gengið yrði inn í Evrópusambandið og enn fleiri að sótt verði um.

Herra forseti. Það er umhugsunarefni hvernig þessi niðurstaða gat orðið eftir að menn höfðu varað svo mjög við í krafti sjávarútvegsstefnunnar. Ungt fólk sem ég hef rætt við segir mér að þetta sé að öllum líkindum vegna þess að mönnum finnist þeim einfaldlega ekki koma sjávarútvegurinn lengur við. Þeim sé nokk sama hvar Samherji eða Eimskip nái í kvótana. Með öðrum orðum, það er greinilega orðin það mikil firring, annaðhvort vegna stefnu stjórnvalda, vegna viðhorfs sjávarútvegsfyrirtækjanna, stórútgerðarinnar eða annars, að fólki er þetta málefni ekki eins ofarlega í huga og við stjórnmálamenn gjarnan viljum álíta. Það er hins vegar staðreynd að mínu mati að enginn stjórnmálamaður mun nokkru sinni koma með samning til þess að bjóða íslensku þjóðinni upp á í sjávarútvegsmálum sem ekki er þannig að okkar réttur sé tryggður.

Eitt af því sem menn tefla gjarnan fram í þessari umræðu er líka að við höfum nú ekki unnið þorskastríðin til þess að hleypa hér erlendum aðilum strax inn í lögsöguna. Þetta finnst mér alltaf dálítið skemmtileg staðhæfing, herra forseti, svona fyrir utan það að erlendir aðilar eru ekki á leiðinni inn í lögsöguna, þó svo af aðild yrði, ef allt fer eins og líklegt má telja. Nú tala menn gjarnan um Spánverja, síður um Þjóðverja og Breta, og við veltum fyrir okkur: Af hverju ekki Þjóðverjar og Bretar? Það skyldi þó ekki vera vegna þess að íslensk fyrirtæki eiga alla þýsku úthafsútgerðina núna. Þeir eiga óvinaflotann þýska og þeir eiga stóran hluta af óvinaflotanum breska.

Þetta segir okkur kannski best, herra forseti, hvílíkar breytingar hafa orðið á undanförnum 25 árum. Þetta segir okkur líka hve sterkir Íslendingar eru á sjávarútvegssviðinu. Þess vegna er alveg ljóst að við munum hafa áhrif

bæði innan og utan Evrópusambandsins á það sem gerist í sjávarútvegsmálum.

Mitt mat er að munurinn væri aðallega sá að innan sambandsins yrði tekið meira tillit til hagsmuna okkar af því það eru þjóðarhagsmunir og að sjálfsögðu er tekið meira tillit innan Evrópusambandsins til þeirra þjóða sem eru innan sambandsins en hinna sem standa fyrir utan og kjósa það sjálfar.

Herra forseti. Menn nálgast nokkuð misjafnlega umræðuna um það hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Ég er mjög stolt af þeirri leið sem Samfylkingin kaus að fara, þ.e. að kynna málið og að hafa síðan allsherjaratkvæðagreiðslu í flokknum um það hvernig menn vildu haga þessum málum.

Mér finnst sú aðferð líklegust til þess að tryggja að fram fari lifandi umræða og að fólk setji sig inn í málin. Það er mjög gott og tryggir að menn gangi þá með opin augun að því sem þeim þykir líklegast að verði niðurstaða og séu öllum hnútum kunnugir þegar og ef kæmi að þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er ágætt að minna sjálfan sig á að upphaflega var EES-samningurinn fyrst og fremst kynntur sem viðskiptasamningur. Hann hefur þó í raun birst okkur sem einn stærsti félagsmálasamningur sem Ísland á aðild að. Hann hefur sömuleiðis reynst afar mikilvægur á sviði mennta og vísinda, ég tala nú ekki á sviði umhverfismála eins og glögglega kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh.

Hins vegar hefur hvorki vinnuafl af EES-svæðinu flætt yfir landið og haft óæskileg áhrif á íslenskan vinnumarkað eins og spáð var, né hafa auðmenn keypt upp hjartfólgnustu svæði landsins. Þannig hefur niðurstaðan að ýmsu leyti orðið allt önnur en sú sem umræðan gat gefið til kynna.

Herra forseti. Mér finnst mikilvægt að við drögum þann lærdóm af því sem við eigum að hafa séð af þessari reynslu, þ.e. að það þarf að fara í umfjöllun eins og þessa með opnum hug frekar en fyrir fram gefinni niðurstöðu með eða á móti. Reynsla mín sem er svona fremur tortryggin af ástæðum sem tengjast ekki sjávarútvegsstefnunni beinlínis þó að ég hafi gert hana að umræðuefni, heldur kannski af öðrum ástæðum, er sú að því meira sem ég les mér til og kynni mér málin og ræði þau, þeim mun öruggari er ég gagnvart því viðfangsefni okkar Íslendinga að takast á við það að sækja um aðild að Evrópusambandinu og meta möguleika okkar. Ég hugsa að það eigi við um flesta. Þess vegna, herra forseti, er upplýsingin og umræðan það mikilvægasta núna.

[14:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Á heimasíðu Staðardagskrárverkefnisins á Íslandi getur jafnan að líta „orð dagsins", nýtt gullkorn á hverjum degi, og í tilefni þess að þema ræðu hæstv. utanrrh. var sjálfbær þróun, hugmyndafræði sem ráðherrann sagði réttilega að ætti rætur að rekja til umhverfisverndarvakningar síðustu aldar, er forvitnilegt að skoða orð dagsins í dag á heimasíðu Staðardagskrárverkefnisins. Þau eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Einn þeirra mælikvarða sem hægt er að beita til að leggja mat á umhverfisvitund þjóða er fjöldi fyrirtækja sem hafa komið sér upp vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við staðalinn ISO 14001. Á Íslandi eru þessi fyrirtæki aðeins tvö, nefnilega Ísal og Borgarplast. Á þessu sviði stendur Ísland jafnfætis m.a. Grænlandi, Bangladesh, Brunei, Gvatemala, Hondúras, Júgóslavíu, Kenýa, Möltu, Saint Lucia og Zambíu. Víetnam, Liechtenstein, Eistland, Jórdanía, Íran, Pakistan, Króatía, Simbabve, Líbanon, Namibía, Afganistan, Barbados og Sýrland eru hins vegar í hópi þeirra landa sem lengra eru komin. Í janúar 2002 var 36.001 fyrirtæki í heiminum vottað skv. ISO 14001, sem samsvarar fjölgun um tæp 52% frá árinu áður."

En hvað hefur gerst, herra forseti, á Íslandi sama árið og fyrirtækjum í heiminum sem hafa vottast eða undirgengist staðla ISO 14001 hefur fjölgað um 52%? Lítum á það.

Fyrir tæpu ári var orð dagsins á Staðardagskrársíðunni líka helgað ISO-staðlinum 14001. Þann 25. maí 2001 sagði á síðunni:

„Einn þeirra mælikvarða sem hægt er að beita til að leggja mat á umhverfisvitund þjóða er fjöldi fyrirtækja sem hafa komið sér upp vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við staðalinn ISO 14001. Á Íslandi eru þessi fyrirtæki aðeins tvö, nefnilega Ísal og Borgarplast."

Já, herra forseti, menn heyrðu rétt. Á sama tíma og fyrirtækjum sem taka upp ISO-umhverfisstjórnunarkerfið fjölgar um 52% í heiminum fjölgar þeim ekki um eitt einasta á Íslandi. Hvað segir það, herra forseti, um umhverfisvitund þjóðarinnar? Að Íslendingar hafi skipað sér í flokk þeirra ríkja sem vilja vera í fremstu röð í að byggja upp sjálfbæra framtíð eins og hæstv. ráðherra orðaði það í ræðunni sinni?

Herra forseti. Það er okkur öllum afar mikilvægt að stefna sú sem stjórnvöld tala fyrir sé ekki bara orðin tóm. Sömuleiðis er okkur afar mikilvægt að orð ráðherra í ríkisstjórninni hafi eitthvað meira á bak við sig en tóma óskhyggju.

Í formála áætlunar um sjálfbær Norðurlönd, herra forseti, sem íslensk stjórnvöld eiga aðild að og hafa gefið í skyn að þau ætli að stýra eftir til næstu 20 ára eða svo er skýrt frá niðurstöðu Umhverfisstofnunar Evrópu varðandi stöðu umhverfismála um aldamót í álfunni. Í niðurstöðu stofnunarinnar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að þótt sameiginleg umhverfisstefna hafi verið rekin í meira en 25 ár, stefna sem hefur tekist vel miðað við eigin forsendur, sé ekki að merkja neina verulega bót á ástandi umhverfisins í Evrópusambandslöndunum. Á nokkrum sviðum hefur ástand umhverfisins á hinn bóginn versnað."

Umhverfisstofnun Evrópu tekur einnig fram „að þróunin á sumum þjóðhagslegum sviðum standi í vegi fyrir sjálfbærri þróun og sé þar með helsta hindrunin í vegi þess að bæta ástand umhverfisins". Umhverfisstofnunin bendir á að vaxandi losun gróðurhúsalofttegunda, aukið álag á umhverfið vegna vaxandi flutninga á vegum og flugleiðis, aukin þéttbýlismyndun, aukin losun á sorpi og tjón á náttúrulegum verðmætum og líffræðilegri fjölbreytni séu allt vaxandi umhverfisvandamál sem krefjist úrlausna.

Í framhaldi af þessum texta, herra forseti, er fjallað í sterkum orðum um nauðsyn þess að ekki sé nóg að stefna í átt til sjálfbærrar þróunar heldur þurfi hvorki meira né minna en umskipti að eiga sér stað. Þá fæ ég að vitna aftur beint til áætlunarinnar um sjálfbær Norðurlönd, með leyfi forseta, en þar segir:

„Með framsýnni stefnumótun og með aðgerðum sem byggjast bæði á almennum og pólitískum vilja til umbreytinga er hægt að færa Norðurlönd nær markmiðum um sjálfbæra þróun. Nauðsynlegt er að skapa sjálfbæra framleiðsluhætti og neysluvenjur sem fela í sér hagvöxt sem ekki hefur sjálfkrafa í för með sér aukið álag á umhverfið og aukna

notkun náttúruauðlinda. Vinna skal að því að notkun óendurnýjanlegra náttúruauðlinda í samfélaginu verði með þeim hætti að hringrás náttúrunnar raskist ekki og að þróaðir verði endurnýjanlegir valkostir.

Framt til ársins 2020 á að ná verulegum árangri í glímunni við þau vandamál sem krefjast skjótra úrlausna. Ef umskiptin hefjast fljótt verða valmöguleikarnir fleiri í framtíðinni og frelsið verður meira, þó að því tilskildu að framsýni ráði ákvörðunum dagsins í dag."

Herra forseti. Ég sakna þessarar framsýni í ræðu hæstv. ráðherra.

Þessi orð áætlunarinnar um hagvöxt sem ekki er bundinn aukinni notkun náttúruauðlinda eru ekki í samræmi við skilgreiningu Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. utanrrh., á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Var sú skilgreining raunar endurtekin af hv. 3. þm. Reykn., formanni utanrmn., í ræðu áðan. Sú skilgreining, herra forseti, gengur út á að leita leiða til að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða grunngæði jarðar eða möguleika komandi kynslóða á að njóta sams konar eða meiri velferðar. Eitthvað á þessa leið er skilgreining hæstv. ráðherrans og hana er líka að finna með þessum sömu orðum í drögum hæstv. umhvrh., Stefnumörkun um sjálfbæra þróun á nýrri öld, drögum að stefnu sem enn hefur ekki litið dagsins ljós þó að drögunum sjálfum hafi verið dreift í janúar í fyrra. Þetta litla dæmi segir kannski svolítið um áherslur ríkisstjórnarinnar á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Herra forseti. Ég gagnrýni hæstv. ráðherra fyrir þessi orð og fyrir þessa áherslu á hina hámörkuðu efnahagslegu og félagslegu velferð.

Í ræðu sem Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hélt í Tufts University í Bandaríkjunum fyrir tæpu ári mæltist honum á þessa lund um hagsæld og umhverfi, með leyfi herra forseta:

„Öfugt við það sem margir halda stöndum við ekki frammi fyrir vali á milli hagsældar og umhverfis. Því er oft haldið fram að umhverfisvernd ógni hagvexti eða dragi jafnvel úr honum. Í raun er hið gagnstæða rétt. Ef við verndum ekki auðlindir okkar og hin náttúrulegu verðmæti jarðarinnar getum við ekki viðhaldið hagvexti."

Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh., er ekki að vernda auðlindirnar sem fólgnar eru í íslenskum jökulfljótum með stóriðjustefnu sinni. Með gífurlegri röskun hins náttúrulega umhverfis, og lífríkis, og með því að flytja eitt mesta vatnsfall hérlendis úr farvegi sínum eru menn ekki að beygja sig undir lögmál sjálfbærrar þróunar heldur beygja náttúrulögmálin undir vilja ríkisstjórnarinnar — af því að hæstv. utanrrh. getur ekki losað sig við þá hugsun að maðurinn sé herra jarðarinnar og drottnari.

Herra forseti. Þessi hugsun og þessi stefna stríðir einmitt gegn þeirri hugmyndafræði sem hæstv. ráðherrann þóttist tala fyrir í ræðu sinni. Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar sniðgengur líka grundvallarhugsunina um vernd andrúmsloftsins með því að ætla að auka álframleiðslu á landinu um 920 þús. tonn á ári, að því er virðist, frá því sem nú er. Sá ásetningur skilaði stjórnvöldum undanþágu frá ákvæðum Kyoto-bókunarinnar, heimildum til að losa 1.600 þús. tonn koltvísýringsígilda árlega endurgjaldslaust út í andrúmsloftið. Aðrar ríkar þjóðir, herra forseti, ákváðu á vettvangi Kyoto-bókunarinnar að iðnfyrirtæki yrðu að bera sameiginlegar byrðar hinna auðugu ríkja með því að kaupa losunarkvóta fyrir starfsemi sína. En nei takk, ekki Íslendingar. Við börðumst fyrir undanþágu frá þessari sameiginlegu ábyrgð og hæstv. utanrrh. er hæstánægður.

Nei, herra forseti, orku- og álgræðgisstefna Framsfl. og íslensku ríkisstjórnarinnar byggir ekki á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þvert á móti, herra forseti. Íslenskum stjórnvöldum hefur ekki einu sinni tekist að koma á umhverfisstefnu í eigin ranni. Til vitnis um það er úttekt sem Ríkisendurskoðun lét fara fram á málamyndastefnu sem ríkisstjórnin þóttist hafa komið á og kallaði „umhverfisstefnu í ríkisrekstri" og getur að líta í þessari skýrslu. Í henni segir, með leyfi herra forseta, um það sem ég vil kalla málamyndastefnu, að „... verkefninu virðist hafa verið hrundið af stað án þess að um væri að ræða skýra áætlun um hvernig skyldi fylgja því eftir". Og sömuleiðis er sagt: „Enginn virðist hafa borið ábyrgð á að fylgja UR í heild sinni eftir í ríkiskerfinu."

Herra forseti. Í niðurlagi skýrslu Ríkisendurskoðunar segir, með leyfi forseta:

„Umhverfismál hafa á stundum tilhneigingu til að lenda utan borðs. Í daglegum störfum geta mál eins og flokkun úrgangs frá skrifstofuhaldi eða hvort báðum megin sé skrifað á pappír sýnst vera smámunasemi. Í raun er þó um að ræða framlag til sjálfbærrar þróunar, smátt að vísu, sem hefjendur þessa máls, umhverfisráðuneytið og ríkisstjórn Íslands, hafa einsett sér að setja í framkvæmd. Þörfin á samhæfingu og styrkri stjórn helgast ekki síst af því að um er að ræða heildarstefnumörkun fyrir ríkisgeirann allan og að yfirlýst markmið verkefnisins er að gefa öðrum aðilum í þjóðfélaginu gott fordæmi."

Herra forseti. Hvað sagði ríkisstjórnin okkur að hún ætlaði að gera með umhverfisstefnu í ríkisrekstri? Sannleikurinn er sá að u.þ.b. fjögur ráðuneyti af tólf hafa gert eitthvað sem mark er á takandi í þessum efnum í þeirri stefnu sem við ætlum að reyna að marka okkur til sjálfbærrar þróunar rétt eftir aldamót.

Herra forseti. Inntak samþykktarinnar um sjálfbær Norðurlönd er það að hver atvinnugrein og öll stjórnsýsla byggi á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Og í áætluninni segir, með leyfi herra forseta:

„Ríkisstjórnir Norðurlandanna bera fyrst og fremst ábyrgð á því að framfylgja markmiðum áætlunarinnar og tillögum um aðgerðir. Áætlunin verður mikilvægur þáttur í stefnu hvers lands um sjálfbæra þróun."

Þetta eru orð að sönnu, herra forseti, og ég fullyrði að með skilgreiningu sinni á sjálfbærri þróun sem ég gerði að umtalsefni fyrr í ræðu minni er hæstv. utanrrh. að víkja sér undan ábyrgð en ekki að fylkja sér undir merki hennar.

Herra forseti. Það er okkur lífsnauðsynlegt að stjórnvöld tali tæpitungulaust og þannig að mark sé á takandi. Þegar heil ræða hæstv. utanrrh. um utanríkismál á Alþingi tekur útgangspunkt í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar verðum við að trúa á þau orð og stefna ríkisstjórnarinnar verður að vera í samræmi við þau orð. Það er hún ekki.

Og því til sönnunarmerkis get ég nefnt, herra forseti, nýjustu bók indverska rithöfundarins Arundhati Roy. Sú bók heitir Power Politics, eða Orkustjórnmál. Í þessari bók gerir Arundhati Roy að umtalsefni gífurlegar áveituframkvæmdir, stífluframkvæmdir, í ánni Narmada á Indlandi. Þar um að ræða verkefni sem alþjóðanefndin sem skrifað hefur risastóra og mikla skýrslu um stíflur dæmir nánast úr leik fyrir það hversu andstæð þessi framkvæmd er markmiðum sjálfbærrar þróunar. Og þó að þessi framkvæmd í Narmada-dalnum á Indlandi sé stærri í sniðum en Kárahnjúkavirkjunaráform

hæstv. ríkisstjórnar stríða áform ríkisstjórnarinnar á sama hátt gegn hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að kynna sér það sem Arundhati Roy hefur að segja um sjálfbærni samfélagsins á Indlandi sem á yfir höfði sér allar þær stíflur og öll þau flóð sem verið er að veita úr þessari Narmadaá yfir híbýli fólks, ég hvet hæstv. ráðherra til að lesa með opnum huga orð af þessu tagi sem Arundhati Roy hefur fram að færa. Ég er sannfærð um að hæstv. ráðherra mun þá auðga anda sinn, auka skilning sinn á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og kemur ekki í náinni framtíð eftir þann lestur til með að halda ræðu um sjálfbæra þróun sem stríðir í sjálfu sér gegn kjarna sjálfbærrar þróunar.

[14:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér er mjög gott að hér skuli koma fram alveg skýrt hver er skilningur flokka á Alþingi á hugtakinu „sjálfbær þróun". Skýr skilningur minn kemur fram í ræðunni. Ég segi m.a. í ræðu minni, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfbær þróun er þannig ekki blind umhverfisstefna, heldur stefna sem setur manneskjuna og velferð hennar í öndvegi. Hugtakið leggur áherslu á að verndun hins náttúrulega umhverfis sé forsenda áframhaldandi efnahagsþróunar og velferðar mannkyns, en jafnframt að blómlegt efnahagslíf og félagsleg velferð séu forsendur þess að umhverfið verði verndað og auðlindir náttúrunnar nýttar á ábyrgan hátt til frambúðar. Því þarf ávallt að skoða framkvæmdir og ákvarðanir í efnahagsmálum, félagsmálum og umhverfismálum í samhengi."

Þetta er það sem ríkisstjórnin hefur gert. Þetta er það sem hefur verið gert í sambandi við Kárahnjúkavirkjun og því fylgt í einu og öllu. Við erum hins vegar ekki friðunarsinnar, eins og hv. þm., sem vill bara vernda og friða en ekki nýta. Íslendingar eru nýtingarþjóð og hafa verið nýtingarþjóð frá örófi alda. Það ber að gera áfram. Og koma hér og líkja saman aðstæðum í Indlandi, eins og hv. þm. gerði, við Kárahnjúkavirkjun og það sem þar er verið að gera, er náttúrlega dæmi um öfgastefnu í umhverfismálum sem stenst ekki íslenskan veruleika.

[14:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var tíðrætt í ræðu minni um umskiptin sem þurfa að fara fram ef við ætlum að feta hina þröngu braut í átt til sjálfbærrar þróunar. Umskipti þurfa að eiga sér stað frá gömlum hugsunarhætti yfir í nýjan. Sá hugsunarháttur byggir á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna. Ég fullyrði að slík hugsun er ekki fólgin í áformum eins og hæstv. ráðherra hefur keyrt fram í Kárahnjúkavirkjun og álmálum. Og með þá gífurlegu áherslu á blómlegt efnahagslíf er hæstv. ráðherra að svíkja grundvallarprinsippin. Því til staðfestingar vil ég nefna formálann og fyrstu síðuna í stefnunni um sjálfbær Norðurlönd. Þar eru talin upp í ellefu atriðum þau meginmarkmið sem ríkisstjórnir Norðurlandanna ætla að hafa að leiðarljósi við þróun sjálfbærra Norðurlanda. Þar er ekkert verið að tala um blómlegt efnahagslíf eða aukinn hagvöxt. Það er ekki meginmarkið sjálfbærrar þróunar að hámarka hagvöxt og gera allt sem hugsast getur til þess að efnahagslífið blómstri á forsendum hins gamla hagkerfis og gamaldags lausna. Það eru nýjar lausnir, framsæknar lausnir og sjálfbær nýting náttúruauðlindanna sem stefnan um sjálfbær Norðurlönd byggir á. Kárahnjúkamál og álvershugsjónir hæstv. ráðherra ganga ekki upp í þeirri stefnu.

[14:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hvergi sagt í umræðunni áður að efnahagsleg velmegun sé það eina sem skipti máli í lífinu. Auðvitað eru önnur gildi sem verður að hafa í hávegum. Ég hef hins vegar sagt að nýta beri íslenska náttúru, auðlindir hennar, til hagsbóta fyrir þjóðina. Og það erum við að gera með sjálfbærum hætti. En sú friðunarstefna sem hv. þm. er talsmaður fyrir, m.a. á Austurlandi, er hennar mál. Það er eitthvað sem hún verður að gera upp við sjálfa sig og flokkur hennar, hvort viðkomandi flokkur vill halda því til streitu. Það er alveg ljóst að það hefur miklar afleiðingar fyrir *íslenskt efnahagslíf, íslenska landsbyggð*. Það er eins og það skipti engu máli hjá hv. þingmönnum, að efnahagsleg velferð landsmanna skipti heldur engu máli. Ég get þá snúið því þannig við að það sé bara eitthvað sem geti átt sig, aðalatriðið sé að ekkert sé snert, ekki hreyft við neinum hól svo menn geti haldið áfram að ganga um þá sömu ósnortnu hóla.

Hins vegar er í hávegum haft að raska sem minnstu. Og það er gert á Austurlandi. Mjög vel hefur verið staðið að því verki. Ég tel að hv. þm. væri nú best samboðið að virða það sem þar er verið að gera í náttúruvernd, en ekki að tala *eilíft um það sem einhverja eyðileggingarstarfsemi, ég tala* nú ekki um að líkja því við það sem á að gerast í Indlandi þar sem flytja þarf til milljónir manna. Það er enginn sem hugsar þannig á Íslandi.

[14:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hluti af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er fólginn í því að verðmyndun vöru spanni allt framleiðsluferli vörunnar algjörlega frá því að hugmyndin að vörunni kviknar, þangað til búið er að nýta hana og ganga frá öllum úrgangi sem hún myndar. Þannig má segja að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sé heimfærð á virkjanir á þann hátt að við verðum að reikna allan kostnaðinn inn í dæmið, þ.e. frá því hugmyndin að virkjuninni kviknar þangað til við erum búin að framkvæma allt og ganga þannig frá að land hafi skaðast sem minnst eða ekki neitt og hinir hagrænu þættir séu allir reiknaðir til enda. Það felur í sér skyldu sem stjórnvöldum er lögð á herðar varðandi það að setja umhverfiskostnaðinn inn í reiknidæmið. Því hefur verið haldið fram hér á Alþingi oftar en einu sinni, að ef umhverfiskostnaðurinn í Kárahnjúkadæminu væri reiknaður þar inn, þá yrði framkvæmdin aldrei arðbær. Sem sagt: Íslensku samfélagi ekki til hagsbóta.

Þetta eru staðreyndir málsins. Svona ber að fylgja hugsjóninni um sjálfbæra þróun. Þar reiknum við dæmin til enda en göngum ekki þannig á auðlindirnar að láta eins og þær séu í sjálfu sér ekki nein verðmæti. Við reynum að skoða allar okkar gjörðir á þann hátt að verið sé að hlífa lífríkinu eins *vel og mögulegt er. Sannleikurinn er sá að hlutirnir verða að* reiknast til enda, frá upphafi til enda, og það er stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar ekki að gera. Þar er gengið óhóflega á náttúrulegar auðlindir sem þýðir að komandi kynslóðir eiga ekki sama rétt eða sömu möguleika á að nýta þær eins og sú kynslóð sem ætlar að rífa þær í sig í dag.

[14:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi umræða hefur fært mér heim sanninn um að mjög brýnt er að við tökum hér til sjálfstæðrar umræðu viðfangsefnið sjálfbær þróun og staða Íslands í þeim efnum.

Auðvitað er það þegar maður hugsar málið ámælisvert t.d. að skýrsla Norðurlandanna og áætlun um sjálfbæra þróun Norðurlanda skuli ekki hafa verið tekin hér til sérstakrar og ítarlegrar umræðu.

Hæstv. utanrrh. á þakkir skilið fyrir að gera þetta að viðfangsefni í ræðu sinni, en mér finnst hæstv. ráðherra ekki bregðast skynsamlega við þátttöku þingmanna í umræðunum og því að sett eru fram að einhverju leyti mismunandi sjónarmið og mismunandi mat á þeim hugtökum. Það er gert af hálfu okkar, fullyrði ég, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, af áhuga og með jákvæðu hugarfari til að hafa uppbyggileg skoðanaskipti um þau mál. Þau verða það ekki með því að hæstv. ráðherra komi síðan í púltið og dragi upp mjög svart/hvíta mynd, að þeir sem ekki styðji öll áform ríkisstjórnarinnar eða séu sammála skilgreiningum hans á hugtökum séu þar með alfarið á móti þeim. Það sé svart/hvít mynd sem gildi í þeim efnum. Það er ekki svo.

Þetta eru túlkanleg og umdeilanleg hugtök og menn hafa vissa tilhneigingu til að leggja mismunandi merkingu í þau út frá sinni sýn, grundvallarviðhorfum sínum í þessum efnum. Það er til dæmis þannig að þó menn neiti því að skrifa upp á fortakslausar hagvaxtarkröfur og spurningar t.d. um hámarksskammtímaávöxtun fjár, að þar með séu menn komnir í mótsögn endilega við það sem hæstv. ráðherra er að segja um að sjálfbær þróun og velmegun geti farið hönd í hönd, því auðvitað er það þannig og á að vera þannig. Ég tel að meginvíglínan í þessum málum liggi um það hvort menn láta undan kröfum fjármagnsins um hámarksskammtímaávöxtun eða ekki, því það er hún sem gengur gegn langtímamarkmiðum um sjálfbæra þróun samfélagsins og sjálfbæra þróun í umgengni við náttúruauðlindir.

Orrustan stendur í raun og veru þar. Deilurnar um hnattvæðinguna, um framferði alþjóðafyrirtækja, er ekki síst um þetta. Ætlar hið lýðræðislega vald í heiminum, ríkisstjórnir, þjóðþing og aðrir slíkir aðilar, að láta undan kröfunni um rétt slíkra afla, stórfyrirtækjanna, áhættufjármagnsins, til að fara eins og logi yfir akur um heiminn allan og hafa það eitt að markmiði að hámarka skammtímagróða? Þeir sem ekki þora að reisa rönd við þessu munu ekki komast langt í sambandi við raunverulegt inntak hugmynda um sjálfbæra þróun samfélaga, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda með langtímasjónarmið að leiðarljósi, því það er það sem þetta snýst um, að möguleikum komandi kynslóða, ekki bara þeirrar næstu, ekki bara barna okkar eða barnabarna, heldur langt inn í framtíðina, sé ekki spillt.

Bandaríki Norður-Ameríku og hugmyndafræði þeirra, hin hráa nýfrjálshyggja, er auðvitað meginmótorinn á bak við slíka hugmyndafræði. Af hverju andæfa Bandaríkjamenn í Ríó/Kyoto-ferlinu? Af hverju neita þeir að setja nokkrar skorður á orkunotkun? Af hverju krefjast þeir þess að alþjóðafjármagnið og stórfyrirtækin, af hverjum 30 stærstu eru 20 bandarísk, fái að fara sínu fram eins og þeim sýnist? Það er af augljósum ástæðum. Þeir eru ekki tilbúnir til að reisa neinar pólitískar skorður við þessum öflum.

Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að breyta aðeins um tón í umræðunni og ræða þetta á þeim nótum að þetta sé ekki svart/hvítt. Og ætla svo að afgreiða það af því við, þingmenn Vinstri grænna, höfum lýst að einhverju leyti öðrum sjónarmiðum hér, að þar með séum við óalandi friðunarsinnar og séum á móti allri nýtingu auðlinda. Þetta er ekki uppbyggilegur málflutningur og hann stenst auðvitað ekki. Hæstv. ráðherra veit betur að auðvitað er það ekki svo að uppi sé í landinu stjórnmálaflokkur sem sé alfarið á móti því að Íslendingar nýti náttúruauðlindir sínar. Deilan snýst ekki um það. Það er barnalegt að reyna að halda því fram. Hún snýst um hvernig við gerum hlutina, hvað sé réttlætanlegt og hvað ekki.

Við skrifum auðvitað ekki fyrirvaralaust upp á hvað sem er þar, bara af því það sé stefna ríkisstjórnar Íslands, eða af því hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson telji það rétt. Þar kemur að pólitíkinni. Við erum ekki alltaf sammála um hvað sé réttlætanlegt og hvað ekki og hvernig farið sé í hlutina.

En dropinn holar steininn og þeim viðhorfum vex ásmegin í heiminum. Við þurfum ekki annað en hoppa eins og 20 ár aftur í tímann. Ímyndum okkur umræður sem þá urðu t.d. um vegagerð í landinu. Ég man þá tíð þegar ég vann í vegavinnu og heyrði þau sjónarmið að allt sem verið var að innleiða þá og laut að því að menn mættu ekki fara um landið og leggja þar vegi bara eins og þeim sýndist væru einhverjir óalandi friðunarsinnar og verndunarsinnar sem væru bara á móti framförum, á móti vegum. Hvernig var þetta þangað til fyrir svona 20 árum? Menn fóru með jarðýturnar, 100 metra í báðar áttir, sópuðu jarðveginum saman, skildu eftir svo og svo stór sár í landinu sem blása síðan upp og menn eru að berjast við að græða upp síðan. Dettur einhverjum þetta í hug í dag? Nei. Mundi einhver reyna að afgreiða menn sem segðu: Nei, svona göngum við ekki um landið, sem óalandi og óferjandi öfgamenn í umhverfismálum? Auðvitað ekki. Og jafnhjáróma verða slík ræðuhöld metin í ljósi þróunarinnar að 20 árum liðnum eins og hæstv. utanrrh. var með hér. Að ætla að afgreiða þann flokk sem hefur gert umhverfismál sérstaklega að aðalsmerki sínu, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, út úr umræðunni á þennan hátt, mun ekki takast og þjóðin mun sjá til þess.

Í öðru lagi, herra forseti, var hér rætt um Evrópumálin mikið og ég ætla að nota afganginn af ræðutíma mínum til að fara betur yfir þau mál og sérstaklega einn þátt þeirra, það er hugmyndin um að Íslendingar taki upp evru og það sé lausn allra vandamála.

Við vorum í aðalatriðum búin að afgreiða sjávarútvegsmálin. Ég læt þó nægja að bæta þar við að það er jafnrangt að ætla að afgreiða Evrópumálin sem eingöngu spurningu um sjávarútveg og hvort að sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins sé aðgengileg fyrir okkur og þar með sé málið búið. Það er ofureinföldun. Ótal margir fleiri þættir koma til sögunnar. Það er líka rangt að afgreiða sjávarútveginn sem slíkan út frá því einu hvort sameiginlega fiskveiðistefnan sé lítt þolanleg fyrir hann eða ekki því sjávarútvegurinn, sem undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, verður ekki slitinn úr samhengi við aðra þætti málsins sem hafa þarna áhrif: hagstjórnina, gengisskráninguna, efnahagsstjórntækin og margt fleira.

Tökum aðra þætti sem þarna þarf að skoða. Auðvitað þarf líka að ræða um stöðu landbúnaðarins. Ætla menn að gleyma honum? Kannski er svo komið að ýmsum finnist hann ekki skipta máli í þessum efnum. En það er sennilega sú atvinnugrein sem þyrfti að færa mestar fórnirnar af þeim öllum ef Íslendingar létu sér detta í hug að ganga í Evrópusambandið. Margir hafa talið að hann mundi að mestu leyti hverfa úr landinu, nema kannski jaðargreinar, sérstaklega styrktar jaðargreinar eins og mögulega sauðfjárræktin. Það er eiginlega alveg ljóst að mjólkuriðnaðurinn er eins og hann leggur sig settur í gríðarlega erfitt samkeppnisumhverfi. Niðurstaðan er sú hjá nágrannaþjóðunum sem hafa gengið inn

að landbúnaður þeirra er í gríðarlegum erfiðleikum. Talað er um að þriðji hver finnskur bóndi verði hættur eftir svo sem 4–5 ár í viðbót og áður en tíu ár verða liðin frá því Finnland gekk í Evrópusambandið. Það munar nú um minna.

Tökum málefni ferðaþjónustu, almenns iðnaðar. Jafnvel þótt helstu talsmenn iðnaðarins séu æstir aðildarsinnar er ég ekki þar með búinn að skrifa upp á að það yrði blessun öllum íslenskum iðnaði, t.d. útflutningsiðnaðinum, að við gengjum þarna inn. Ætli skipti þá ekki máli á hvaða gengi íslenska krónan hyrfi inn í evruna o.s.frv., eins og Bretar hafa áttað sig á. Þeir urðu að hrökklast út úr myntsamstarfinu vegna þess að þeir þoldu ekki að breskt efnahagslíf tengdist þannig evru á því háa gengi sem pundið hafði og hefur enn. Í Bretlandi segja menn almennt að það sé útilokað fyrir Bretland að fara þarna inn á meðan þessi hlutföll eru eins og þau eru. Breskt efnahagslíf lýtur líka öðrum lögmálum en meginlandið.

Hvað með lýðræðið og spurninguna um þann flutning valds frá innlendum stofnunum, Alþingi, ríkisstjórn og öðrum aðilum, til fjarlægs miðstýrðs valds í Brussel? Er það framför eða er það afturför í lýðræðislegu tilliti? Hvað með tollmúrana? Hvernig koma þeir út fyrir Ísland sem er með allt aðra samsetningu á útflutningi en hin iðnvæddu ríki Evrópu, að ganga inn í Evrópusamandið, undirgangast tollalög þess og viðskiptakjör út á við gagnvart öðrum heimshlutum? Eftir inngöngu í Evrópusambandið færum við ekki til Asíu og semdum þar um fríverslun með fisk. Ónei, góðan daginn. Við lútum viðskiptakjörum Evrópusambandsins og tollareglum eins og þær eru á hverjum tíma gagnvart öllum öðrum. Að þessu þarf því að hyggja.

Hvað með kostnaðinn, þarf ekki að ræða hann líka? Tíu, tólf milljarða greiðslur en minnkandi styrkir til baka. Styrkirnir fara lækkandi með stækkun Evrópusambandsins. Það er borðleggjandi. Hinar ríku þjóðir, sem eðlilegt er, verða í enn meiri mæli nettógreiðendur og fá minna til baka. Það er t.d. ljóst að þegar stækkunin verður og meðaltekjur Evrópusambandsins lækka þar með hverfa síðustu svæðin á Norðurlöndunum sem hafa rétt til byggðastyrkja í A-flokki út úr myndinni. Austurhéruð, austur- og norðurhéruð Finnlands, þar sem meðaltekjurnar hafa verið undir 75% meðaltals Evrópusambandsins, hafa átt rétt til styrkja í A-flokki. En þegar stækkunin verður og fátækari ríki í Austur-Evrópu koma með, lækkar meðaltalið og síðustu svæðin á Norðurlöndum fara upp fyrir það. Réttur Norðurlandanna til styrkja minnkar þar af leiðandi, sem eðlilegt er. Maður gefur ekki mikið fyrir þær ræður sem menn halda hér um að það verði sérstakt bjargræði í byggðamálum fyrir Norðurlöndin eða Ísland að ganga þarna inn. Ég held að menn ættu að kynna sér þá hluti betur og lesa nýlegar skýrslur á vettvangi Norðurlandaráðs og víðar í þessum efnum. Einmitt núna er þar sagt: Það ríður á fyrir Norðurlöndin að ná því fram í samskiptum við Evrópusambandið, líka okkur sem aðila EES, að réttur einstakra landa til sjálfstæðrar byggðastefnu verði aukinn því annars erum við að dæma okkar svæði af.

Tekjur eru samt það háar þar, þó það séu svæði sem eiga í erfiðleikum. Þó að landsbyggðin á Íslandi sé komin með 12% lægri meðallaun en höfuðborgarsvæðið þá er hún samt langt yfir þessum 75% að meðaltali hjá Evrópusambandinu. Það gefur augaleið að sömu svæði verða langt yfir því eftir stækkun. Ef við ætlum að halda úti marktækum byggðaaðgerðum í landinu þurfum við að gera það á eigin forsendum og hafa svigrúm til að móta okkar eigin áherslur í þessum efnum. Þetta er mat byggðastofnunar Norðurlanda og þeirra sérfræðinga sem hafa verið að líta á þetta.

Svo með evruna, herra forseti. Því er haldið fram að það sé útlátalaust með öllu, svona rétt eins og að skipta um málningu á herbergi, að taka upp evru og kasta krónunni. Það kann að líta svo út í bili. Það geta verið ýmsir kostir því samfara fyrir neytendur og allt það, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hélt hér mikla og hátíðlega lofræðu um áðan. En eru engir frádráttaliðir? Er það bara útlátalaust með öllu fyrir eitt hagkerfi að ganga í myntsamstarfið, gangast undir vaxtaákvarðanavald seðlabankans í Frankfurt, afsala sér peningastýritækjum og að afsala sér sjálfstæðri gengisskráningu? Er reynsla okkar frá síðustu missirum sú að það hefði engu máli skipt fyrir okkur Íslendinga? Ef krónan hefði verið fest við evru þegar raungengi hennar var hæst, hvernig væri ástandið hjá útflutningsatvinnuvegunum í dag? Ætli meira að segja iðnaðurinn þyrfti ekki aðeins að velta því máli fyrir sér hvað hefði undan látið? Hvað getur undan látið ef peningalegu stjórntækin, ef vaxtaákvarðanir og gengi eru tekin úr sambandi? Það er í raun bara eitt sem þá er eftir, þ.e. atvinnustigið.

Og þess vegna er það sem menn t.d. í Sviþjóð núna takast á um, hvort Sviþjóð, hið iðnvædda og rótgróna hagkerfi Sviþjóðar, þoli að taka upp evru. Af hverju? Jú, vegna þess að Svíar segja: Ef við missum öll þessi tæki sem við getum notað til að bregðast við breytingum í hagkerfi okkar og taka á móti sveiflum þá leita þær út í atvinnustigið. Við, segir sænska verkalýðshreyfingin, kaupum ekki evruna því verði að taka áhættuna á fjöldaatvinnuleysi á erfiðleikatímum. Nú hefur sænska verkalýðshreyfingin mótað þá afstöðu að þeir muni leggjast gegn því að Svíar teki upp evru nema byggðir verði upp gríðarstórir jöfnunarsjóðir, sveiflujöfnunarsjóðir sem í raun komi í staðinn fyrir hagstjórnartækin sem áður voru í landinu, sjóðir sem nemi 75–100 milljörðum sænskra króna. Munar nú um minna. Það mundi samsvara 25–30 milljörðum íslenskum.

Til hvers á að nota þessa sjóði? Til að greiða niður launatengdan kostnað atvinnulífsins á erfiðleikatímum og beita öðrum ráðstöfunum til að tryggja fulla atvinnu. Og byggja þá svo betur upp þegar betur árar. Þetta dæmi er að sjálfsögðu ekki að öllu leyti yfirfæranlegt á Ísland, mér er það vel ljóst. En það segir þó sína sögu að jafnvel hin Evrópusinnaða sænska verkalýðshreyfing er með þá meðvitund að henni er ekki sama um hvernig Sviþjóð yrði skellt inn í þetta.

Ég lýsi eftir umræðum um sambærilega hluti hér. Hver eru viðhorf íslensku verkalýðshreyfingarinnar til að við bara hendum krónunni, vaxtaákvörðuninni, peningatækjum okkar og stýritækjum, tökum upp evru og tökum svo á okkur sveiflurnar í formi fjöldaatvinnuleysis þegar verr árar. Eru menn tilbúnir að skrifa upp á það?

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna að sjálfsögðu að hér fari fram umræða um sjálfbæra þróun. Ég tek þetta mál upp í ræðu minni vegna þess að hún snertir á svo margan hátt utanríkismál okkar og utanríkisstefnu.

Hitt er svo annað mál að það er eðlilegt að um þetta séu eitthvað skiptar skoðanir. Ég gæti endurtekið hvert einasta orð sem ég hef sagt í þessari ræðu. Ég tel að hugmyndir mínar standist fullkomlega allar skilgreiningar á sjálfbærri þróun.

Framlag okkar Íslendinga til sjálfbærrar þróunar hefur einkum verið með tvennum hætti á alþjóðavettvangi. Í fyrsta

lagi í sjávarútvegsmálum. Við höfum lagt á það áherslu að nýting fiskstofnanna yrði með sjálfbæru hætti og ekki verði gengið á þá. Og þessu höfum við reynt að framfylgja að langmestu leyti. Ég er þeirrar skoðunar að okkur beri að gera það.

Í öðru lagi hefur það verið á sviði orkumála þar sem við höfum talið nauðsynlegt að nýta endurnýjanlega orku hér á Íslandi, t.d. til framleiðslu á málmum með þeim hætti að það dragi úr mengun í heiminum. Annars staðar er verið að framleiða þessa málna og þar yrðu þeir framleiddir með allt öðrum hætti sem hefði mengun í för með sér. Ég tel afskaplega mikilvægt að Íslendingar leggi þetta af mörkun til sjálfbærrar þróunar í heiminum, bæði á sviði stóriðju og líka á sviði fiskveiða.

Um þetta er hins vegar ekki samstaða hér á Alþingi. Það er sjálfsagt lítið við því að gera. En vinstri grænir geta ekkert ætlast til þess að við skilgreinum sjálfbæra þróun með þeim hætti sem þeir gera, sem ég tel vera öfgakennt.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt til þess sem við þurfum að tala saman, að ræða þessar skilgreiningar. Það eina sem ég geri alvarlegar athugasemdir við er þegar hæstv. utanrrh. tekur að sér að reyna að draga upp þá mynd af öðrum stjórnmálaflokkum að þeir séu eitthvað allt annað en þeir eru. Það er óþarfi. Ég hvet hæstv. ráðherra til að tala kraftmikið fyrir sjónarmiðum sínum en láta það vera að eyða drjúgum hluta ræðutíma síns í það að draga upp einhverja aðra mynd af öðrum flokkum heldur en þeir sjálfir telja vera rétta. Er þetta ekki yfirleitt þannig að það sé best að hver tali fyrir sig?

Hæstv. ráðherra var hér með tilraunir til þess, t.d. í andsvörum við Kolbrúnu Halldórsdóttur, að draga upp einhverja allt aðra mynd af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þessum efnum en ég kannast við, að við værum almennt andvíg auðlindanýtingu og værum algerir friðunarsinnar sem vildum hvergi snerta við einum einasta hól, þúfu eða velta við steini.

Varðandi sjávarútveginn er það auðvitað hárrétt að sjálfbær nýting fiskstofna á að vera grundvallarregla. Það getum við, eins og fleiri veiðimannasamfélög, kennt þjóðum heimsins á. Sennilega væri best að sækja dæmin til hins gamla Inúíta-samfélags á Grænlandi þar sem menn höfðu lifað í stórkostlegu jafnvægi við náttúruna um þúsundir ára, með náttúrunni og í náttúrunni. Sennilega hefur engin þjóð haft jafninnbyggð í menningu sína grundvallargildi sjálfbærrar þróunar og hið gamla grænlenska menningarsamfélag hafði. Þar hefur ýmislegt farið úrskeiðis á síðari árum, því miður.

Í orkumálunum er auðvitað rétt að það er jákvætt að nýta endurnýjanlegar orkulindir. En það er ekki alltaf án fórna. Þjórsárver eru ekki ókeypis. Það er fórn, ekki bara fyrir Íslendinga, heldur fyrir allt mannkynið, ef við þurfum að skerða slíkar náttúruperlur þó að orkan sem með því verður til sé í vissum skilningi endurnýtanleg. En hún er ekki án umhverfislegra fórna.

Það er heldur ekki Kárahnjúkavirkjun sem skerðir Kringilsárrana, sekkur tugum ferkílómetra verðmæts gróðurlands o.s.frv. Þetta snýst allt saman um, þegar upp er staðið, heildarmyndina. Hvað unnið er og hverju er fórnað.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að þola það þó ég segi eitt og eitt orð um flokk hans Vinstri græna. Hann hefur verið afskaplega duglegur við það á undanförnum árum að túlka og skilgreina stefnu Framsfl. Og ég kannast nú ekki við allar þær vitleysislegu skilgreiningar sem hann hefur haft í frammi á fundum um allt land, þar sem hann hefur lagt orð í munn Framsfl. í sama dúr og Alþýðubandalagið, sem er nýlega dautt, gerði í gamla daga og lifði lengi á. En það fór nú fyrir því eins og raun ber vitni og ég býst við því að það fari að sumu leyti eins fyrir hv. þm. ef hann ætlar að halda því áfram.

Eitt er þó ljóst. Vinstri grænir eru á móti Kárahnjúkavirkjun. Liggur það ekki fyrir? Ég kalla það öfga. Nú má vel vera að hv. þm. sé ekki sammála því. Ég býst við því að flestir Austfirðingar kalli það öfgastefnu. Nú segir hv. þm., þegar hann er að tala um Þjórsárver, að það sé allt annað mál.

Hefur verið gengið of langt í virkjunarframkvæmdum á Íslandi fram að þessu á Þjórsársvæðinu? Ég tel að það hafi verið gengið of langt í sambandið við Sogið og Laxá á sínum tíma. Þá voru hins vegar allt aðrir tímar og það er erfitt að dæma um það. En það er eins og það séu allt önnur sjónarmið uppi hjá þessum flokki að því er varðar Þjórsársvæðið en þegar fjallað er um svæðið fyrir austan. Ég fæ því ekki komið saman hvernig á því stendur, nema það virðast ríkja þessar öfgar gagnvart þessum fagra landshluta.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Mér fannst nú hæstv. utanrrh. skjóta sig í fótinn þegar hann sneri því öllu upp á Austfirði að ég nefndi einmitt umdeilda framkvæmd í öðrum landshluta. Ég nefndi fyrirhugaða Norðlingaöldumiðlun og Þjórsárver, þá staðreynd að ef hún á að verða þá verður enn frekar þrengt að og skert sú sérstæða perla sem Þjórsáverin eru og því erum við á móti. Þjórsárverin voru ekki síðast þegar ég vissi á hinu fagra Austurlandi.

Við tökum afstöðu til hvers verkefnis út af fyrir sig eftir þeim efnislegu aðstæðum sem þar blasa við. Við erum á móti Kárahnjúkavirkjun. Það er hárrétt. (**Utanrrh.**: Eruð þið ekki á móti ...?) Hæstv. ráðherra má kalla það öfgar ef honum sýnist svo. Það eru þá fleiri um öfgarnar. Hæstv. ráðherra gleymir því gjarnan að það eru Austfirðingar á móti þeirri framkvæmd og hafa látið í sér heyra og fjöldi fólks um allt land í öllum kjördæmum og alls staðar er ýmist á móti eða hefur miklar efasemdir um þá framkvæmd. Auðvitað má hæstv. utanrrh. mín vegna sitja uppi með heiðurinn af því að hafa kallað allt það fólk öfgafólk.

Svo nefndi hæstv. ráðherra að vísu hluti sem hann taldi að menn hefðu farið offari með, Sogið, Laxá. Ég skal bæta t.d. Stíflu í Fljótum við. Ég held að við séum öll sammála um að við mundum tæpast fara með sama hætti í þær virkjanir í dag. Er það ekki til marks um að við þurfum að gæta okkar á hverjum tíma? Viðhorfin kunna að vera að breytast. Það sem menn eru í fullri vissu um að sé réttlætanlegt og verjanlegt í dag af því að það skapi störf og atvinnu verður kannski dæmt öðruvísi að 10–20 árum liðnum.

Ef menn geta eitthvað lært af sögu umhverfismála sl. 20–50 ár þá er það auðvitað það að hlutirnir eru að breytast í eina átt. Menn eru að átta sig betur á verðgildi náttúrunnar og því að það þarf að sýna henni nærgætni í umgengni. Þar

eru ómetanleg og í sumum tilvikum óafturkræf verðmæti á ferðinni sem við, núlifandi kynslóð í landinu eða á hnettinum, höfum ekkert leyfi til að láta eins og við eigum ein og þurfum ekki að standa neinum reikningsskap á. Það er ekki þannig.

Það er ekki síst boðskapurinn eða hugsunin á bak við sjálfbæra þróun.

[15:17]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að rétt í upphafi máls míns að færa hæstv. utanrrh. þakkir fyrir störf hans og utanríkisþjónustunnar á liðnu ári frá því að síðasta skýrsla var sett fram og þessi mál voru rædd hér síðast.

Það er alltaf mikilvægt viðfangsefni fyrir þjóð eins og Íslendinga, svo fámenn sem hún er, hvernig hún á að halda á sínum spilum á alþjóðlegum vettvangi. Við Íslendingar stefnum að því að vera þjóð sem vill bjóða þegnum sínum upp á lífskjör í fremstu röð, vera meðal allra efnuðustu þjóða í heiminum og augljóst er að því markmiði náum við ekki nema með margvíslegum samskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir. Þess vegna er utanríkisþjónustan sem slík og starf hennar og starf utanrríkisráðherrans afar mikilvægt. Við viljum vera með þar sem ákvarðanir eru teknar. Við viljum sýna íslenska flaggið í þeim stofnunum þar sem ákvarðanir eru teknar um margvísleg málefni sem okkur skipta. Þess vegna má segja að sjálfstæði þjóðarinnar hafi í för með sér ákveðinn kostnað hvað þetta snertir. Íslenska flaggið er ekki ókeypis heldur kostar það þetta starf. Ég verð að segja að það er mín skoðun að ég tel að á undanförnum missirum hafi þetta starf utanríkisþjónustunnar tekist með mjög miklum ágætum. Ég tel þess vegna mjög eðlilegt að hæstv. utanrrh. séu færðar hér þakkir fyrir þau störf.

Utanríkisþjónustan hefur verið í mikilli þróun á undanförnum árum. Við höfum opnað sendiráð á nýjum slóðum, í Japan og í Kína fyrir nokkrum árum, í Kanada og víðar eins og hjá Evrópuráðinu í Vínarborg og ég tel að þörf hafi verið á þessu öllu saman. Ég tel að á næstunni beri að huga að því hvort við þurfum ekki að efla stöðu okkar í Suður-Evrópu, sérstaklega á Spáni og Ítalíu þar sem eru tvær af öflugustu þjóðum Evrópusambandsins og það eru þjóðir sem við þurfum mikið að leita til og hafa mikil samskipti við. Ég tel líka að við þurfum að spá í að opna sendiráð í löndum eins og Póllandi þar sem er fjölmenn þjóð, jafnfjölmenn og Spánverjar, og er að koma inn í Evrópusambandið, þjóð sem á eftir að skipta okkur miklu máli.

Ef við lítum á þýðingu Pólverja þá er ekkert sem segir að Pólverjar geti ekki verið jafnþýðingarmiklir í utanríkissamskiptum okkar og Spánverjar, bæði viðskiptalega og pólitískt. Pólverjar munu á næstu árum verða ein af þýðingarmestu þjóðum Evrópusambandsins og þess vegna tel ég að mjög þurfi að huga að þessu.

Eitt af því mikilvægasta sem utanríkisþjónustan gerir er að sjálfsögðu að styrkja stöðu okkar Íslendinga í samningum og samskiptum við aðrar þjóðir, sérstaklega á sviði viðskipta. Ef við lítum á þýðingu þess starfs er ágætt að gera það í ljósi þess að hagvöxtur á Íslandi á næstu árum mun mjög verulega byggjast á því hvaða árangri íslensk fyrirtæki geta náð á erlendum mörkuðum. Með öðrum orðum, við sjáum að íslenskt hagkerfi hefur orðið sífellt alþjóðavæddara og menn þurfa að halda áfram að þróast á þeirri braut á næstu árum ef við eigum að geta haldið uppi lífskjörum okkar hér í þessu landi.

Það er mjög athyglisvert að skoða að í upphafi síðasta áratugar eða á árunum 1991 og 1992 var hlutfall útflutnings og innflutnings milli 31 og 32%. Á þessu ári er miðað við að þessi hlutföll verði yfir 40%. Þetta lýsir því hvað íslenskt atvinnulíf hefur þróast í átt til aukinnar alþjóðavæðingar á þessum árum.

Ef við horfum fram í tímann þá held ég að það liggi nokkuð ljóst fyrir að íslenskt atvinnulíf þarf að verða enn þá alþjóðavæddara og þar sem við erum að tala um 40% í dag muni það að verða 50% eftir segjum tíu ár. Ég held að það hljóti að þurfa að vera stefna okkar Íslendinga að ná því marki að hlutfall utanríkisviðskipta aukist þannig að þetta verði 50% af landsframleiðslu eftir tíu ár. Það þýðir feikilega miklar breytingar hérna innan lands. Það þýðir líka að utanríkisþjónustan þarf að vera mjög vakandi á erlendum mörkuðum og í erlendum stofnunum þannig að ekkert sem er að gerast erlendis hindri okkur í því að ná þessum árangri. Við þurfum líka að líta inn á við og gæta að því að leggja ekki stein í götu uppbyggingar á útflutningstekjum eða leggja ekki stein í götu tækifæra fyrir aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífsins. Ýmislegt mætti segja um það sem þarf að gera hér innan lands til þess að ná þessu en ég tel að þar sem þessi umræða snýst fyrst og fremst um utanríkismál sé rétt að geyma það.

Farið hefur fram mikil umræða um Evrópusambandið og tengsl okkar við það. Gerð er mjög rækileg grein fyrir þessum tengslum og stöðu okkar í skýrslu ráðherrans og í sjálfu sér þarf ekki að hafa mörg orð um það sem þar stendur. Þær breytingar sem ég álít að skipti mestu máli hjá Evrópusambandinu á næstu árum eru að sjálfsögðu stækkun sambandsins sem stækkar innri markað þess og skapar fyrir okkur mikil tækifæri. Það hefur mikla þýðingu fyrir okkur ef löndin í Mið- og Austur-Evrópu geta náð sér á strik. Ef kaupgeta þar eykst þá skapar það að sjálfsögðu tækifæri fyrir útflutningsfyrirtæki okkar og síðast en ekki síst hafa íslensk fyrirtæki verið að sækja inn í þessi lönd í alls konar samstarfi í uppbyggingu á atvinnustarfsemi — ekki síst það — og fjárfestingar okkar Íslendinga og uppbygging á atvinnulífi í þessum löndum er ákveðið dæmi um hvað íslensk fyrirtæki geta gert ef menn eru ákveðnir í að standa sig.

Evrópusambandið er að sjálfsögðu á fleygiferð, ekki bara í útvíkkun heldur hefur það farið inn á margvísleg ný svið á undanförnum árum. Sumum höfum við tengst en öðrum ekki. Eitt sem mér finnst mjög athyglisvert er sú þróun sem er að verða þar í öryggis- og varnarmálum og stofnun svokallaðs Evrópuhers. Mikið hefur verið talað um að Evrópusambandið sé efnahagslegur risi en pólitískur dvergur og í rauninni er það ekkert undrunarefni. Ef maður lítur á hvað þetta er sundurleitt hjá Evrópusambandinu þá má nefna það að nokkur Evrópusambandsríki eru ekki í NATO. Við getum nefnt Írland, Svíþjóð, Finnland og Austurríki. En nokkur Evrópuríki utan Evrópusambandsins eru með í NATO, t.d. Ísland, Noregur, Tyrkland, Pólland, Tékkland og Ungverjaland. Síðan þegar þetta nýja samstarf Evrópusambandsins hefst í varnarmálum þá eru ríki eins og Danmörk og Írland ekki með en hlutlausu ríkin, sem eru Svíþjóð, Finnland og Austurríki, eru með. Evrópuherinn þarf að semja við NATO um notkun á búnaði og aðgangi að upplýsingum. Svo flækist málið enn þá meira þegar þau ríki sem eru að sækja um aðild að Evrópusambandinu, svo sem Eistland, Lettland og Litháen, hafa líka verið að sækja um inngöngu í NATO en sumum kannski ekki verið allt of vel tekið og efasemdir eru

um að þessi ríki eigi heima í NATO. En þegar þessi ríki eru komin inn í Evrópusambandið fá þau sjálfkrafa rétt til þess að vera aðilar að Evrópuhernum og samstarfi Evrópuríkja í varnarmálum. Þegar allt þetta er haft í huga þá er nú eðlilegt að Evrópusambandið sé pólitískur dvergur þótt það sé efnahagslegur risi. Það er svona akademískt áhugavert að fylgjast með því hvernig þessir hlutir muni æxlast í framtíðinni. En ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að við missum ekki fótanna í allri þessari hringiðu sem þarna er orðin og að hagsmunir okkar í varnar- og öryggismálum verði tryggðir með tilliti til þessarar þróunar, en hún er vægast sagt afar flókin.

Menn hafa oft verið að ræða um hvaða mál innan Evrópusambandsins komi í veg fyrir að Íslendingar vilji sækja þar um aðild og hvaða mál geri það að verkum að Evrópusambandið gæti orðið aðlaðandi kostur fyrir okkur Íslendinga. Við höfum séð í skoðanakönnunum að mikið fylgi er við það að Ísland gangi í Evrópusambandið og að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu o.s.frv. Því þarf ekki að lýsa hér í mörgum orðum. Það sem mér finnst athyglisvert í þessu er að skoða á hvaða forsendum hinar ýmsu þjóðir hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu eða gengið í Evrópusambandið og hvernig það hefur haft áhrif á almennan stuðning við aðildina og þróun Evrópusambandsins í viðkomandi löndum.

Ef við lítum t.d. á lönd eins og Írland, Bretland og Danmörku, má segja að þessi lönd hafi gengið í Evrópusambandið fyrst og fremst á efnahagslegum forsendum. Ef við lítum á lönd eins og Austurríki, Finnland og Svíþjóð þá blönduðust þar mikið inn í pólitískar forsendur og viðleitni til þess að tryggja stöðu þessara landa í utanríkis- og varnarmálum. Sama má segja um löndin í Mið- og Austur-Evrópu sem eru að ganga inn. Þar skiptir miklu máli að verið er að reyna að styrkja stöðu þessara landa pólitískt, ekki bara efnahagslega.

Ef við lítum síðan á þau lönd sem eru núna í Evrópusambandinu og hvaða lönd eru kannski virkust eða viljugust til þess að standa í allri þessari samvinnu og hvaða lönd er minnst viljug þá virðist vera svo að þau lönd sem gengu inn í Evrópusambandið á efnahagslegum forsendum — ég er að tala um lönd eins og Stóra-Bretland, Írland og Danmörku — að þar séu þjóðirnir minnst viljugar til þess að dýpka samstarfið innan Evrópusambandsins.

Við getum nefnt Noreg þar sem menn voru að semja um aðild í tvígang, en það féll í þjóðaratkvæðagreiðslu í tvígang. Ég hygg að ef menn fara að skoða það þá hafi það skipt miklu máli að Noregur þurfti í sjálfu sér ekki að ganga í Evrópusambandið á þessum pólitísku forsendum þar sem landið eða þjóðin er aðili að NATO.

Ef við litum á þetta frá sjónarhóli Íslands þá erum við aðili að NATO og því yrði afstaða okkar gagnvart Evrópusambandinu og aðild að því, ef sú spurning er uppi, kannski meira spurning um efnahagsleg mál heldur en pólitísk mál. Því mundi ég reikna með að mjög erfitt yrði að sannfæra þjóðina um þetta þegar til ætti að taka og menn fara að gera hlutina upp algerlega á efnahagslegum forsendum. Þetta vildi ég koma með inn í umræðuna sem vangaveltur um þessa stöðu.

Það sem ég hygg að muni í raun kannski breyta þessari stöðu á Íslandi gagnvart Evrópusambandinu þannig að menn þurfi að fara að reikna hlutina upp á nýtt er að ef Bretarnir og Svíarnir tækju upp evruna þá tel ég að alla vega þurfi að reikna það dæmi upp á nýtt og það gæti breytt þeim efnahagslegu forsendum sem við höfum verið að skoða þessi mál út frá.

Þó er einn misskilningur í sambandi við evruna mjög algengur og útbreiddur hér. Það er að aðild að evrunni lækki í sjálfu sér vexti á Íslandi. Málið er að til þess að komast inn í evruna þá þurfa vextirnir fyrst að lækka og vera búnir að lækka áður en við getum orðið aðilar að evrunni. Eitt af skilyrðunum sem þarf að uppfylla fyrir aðild að evrunni er að vextirnir eða vaxtamunurinn á milli íslensku krónunnar og evrunnar sé mjög lítill.

Virðulegi forseti. Utanríkismál eru mjög víðtækur og víðfeðmur málaflokkur. Ég hef nú rétt tæpt á nokkrum atriðum sem mér hafa þótt áhugaverð í sambandi við þetta mál og læt hér staðar numið.

[15:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. gera helst til lítið úr þeim ávinningi sem Íslendingar mundu hafa af inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evrunnar hvað varðar vaxtakostnað, en gott og vel. Er ekki hv. þm. sammála mér um að upptaka evrunnar mundi líka verða til að lækka kostnað fyrirtækja og verða til að gera allt verðlagseftirlit auðveldara af hálfu neytenda sjálfra vegna þess að verðlag og verðlagssamanburður yrði miklu auðveldari og gagnsærri? Þar með mundi upptaka evrunnar væntanlega leiða til þess að verðbólgan yrði minni vegna aukinnar samkeppni. Kaupmáttur neytenda yrði þar með meiri. Þannig má segja að nokkuð sterkar efnahagslegar forsendur séu af hálfu Íslendinga fyrir því að ganga í Evrópusambandið til að taka upp evruna. Er hv. þm. sammála mér um það?

Í annan stað lýsti hann því ákaflega vel í máli sínu hvernig veður gætu skipast í lofti á Evrópuhimni, t.d. að því er varðar upptöku evru í þeim þremur ríkjum sem menn hafa stundum rætt, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi. Er hann þeirrar skoðunar að ef þessi ríki tækju upp evruna þá yrði óhjákvæmilegt fyrir Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu til þess að taka upp evru líka? Er hann sammála því að nauðsynlegt sé, til þess að samkeppnishæfni, og samkeppnisforskot að ýmsu leyti, íslensks atvinnulífs haldist?

[15:34]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og staðan er hjá okkur núna er vægi evrunnar í kringum 40% í gjaldeyrisviðskiptum okkar. Þá tel ég dönsku krónuna með evrusvæðinu. Það þýðir að jafnvel þótt við tækjum upp evru sem gjaldmiðil væri gjaldeyrisáhætta veruleg, þ.e. gengisáhætta gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Síðan er auðvitað spurning, þegar menn eru að ganga í myntbandalag, hvort hagkerfin gangi í takt. Ef hagkerfin ganga á ójöfnum hraða er ekkert vit í að vera saman í myntbandalagi. Þess vegna eru þessi samræmingarskilyrði sett upp varðandi evruna. Nýju aðildarríkin sem eru að ganga í Evrópusambandið þurfa að uppfylla þessi samræmingarskilyrði til að komast inn í evruna. Þau skilyrði snúa að vöxtum, verðbólgu og ríkishalla.

Í dag uppfyllum við ekki þessi skilyrði. Við uppfyllum skilyrði varðandi ríkisbúskapinn, við erum ekki með halla á honum. En við erum með of háa verðbólgu og of háan vaxtamun. Til þess að komast inn mundum við þurfa að reka hagkerfi okkar í takt við hagkerfi Evrópusambandsins í töluvert langan tíma enda væri ekkert vit í að ganga þarna inn að öðrum kosti. Þetta hafa Bretar og Svíar séð, að

efnahagslíf þeirra var ekki í takt. Væru hins vegar pundið og sænska krónan komin inn væru þessi 40% komin upp í 60%. Þá væri ástæða til að fara að reikna vegna þess að þá breytist útreikningurinn varðandi gjaldeyrisáætlunina. Þá er alla vega ástæða til að skoða málið en hver útkoman yrði skal ég ekki segja því að enn væri 40% gjaldeyrisáhætta gagnvart dollaranum og jeninu.

[15:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talar yfirleitt manna skýrast í þessum sölum. Ég á yfirleitt aldrei erfitt með að átta mig á því hvað hv. þm. er að fara þegar hann talar hér um hin ýmsu málefni, nema þegar kemur að Evrópu. Þá finnst mér eins og hv. þm. líði eins og fanga í gildum fjötri og geti sig hvergi hrært. Þegar hann talar um Evrópumálin, herra forseti, á ég mjög erfitt með að skilja hvað hann er að fara.

Ég lít t.d. alltaf á hv. þm. Vilhjálm Egilsson sem eitt af hinum leiðandi ljósum hagfræðilegrar hugsunar í þessum sölum. Ég verð hins vegar að segja, herra forseti, að þegar hv. þm. reynir að bregða einhverjum hagfræðilegum fjöðrum á loft til að blaka burtu þeim hugsunum um Evrópusambandið sem greinilega eru mjög áleitnar í huga hans þá hætti ég að skilja. Ég hætti að skilja, herra forseti, þegar hann reynir að halda því fram að það sé eitthvert sérstakt misræmi í sveiflum í hagkerfi Svíþjóðar og Bretlands sem geri það að verkum að þjóðirnar hafi ákveðið að utan hins sameiginlega gjaldmiðils. Því ráða aðrir hlutir. Það vill svo til, herra forseti, að nákvæmlega sem við tölum þessi orð blasir við að sennilega er skammt til þess að þessar þjóðir taki ákvörðun um að gerast aðilar að hinu sameiginlega myntbandalagi.

Hv. þm. sagði að jafnvel þó að við tækjum upp evruna, þá væri enn um töluverða gengisáhættu að ræða, ekki nema 40% af útflutningi okkar væri til evrusvæðanna. Hann sagði í fyrri ræðu sinni að skjótt gætu veður skipast í lofti. Við sjáum hvað er að gerast í Bretlandi. Við sjáum hvað er að gerast í Svíþjóð þar sem Persson fer með himinskautum í könnunum, er með 45% fylgi meðal þjóðarinnar, og talar í vaxandi mæli opið um að taka evruna upp.

Herra forseti. Ef það gerðist og Danir fylgdu eftir þá værum við komin með 65% af okkar útflutningi á evrusvæðinu. Þess vegna segi ég: Þurfum við ekki að búa okkur undir að þetta geti gerst? Verðum við ekki að vinna heimavinnuna okkar með þeim hætti að við gætum sótt um aðild að Evrópusambandinu með tiltölulega skömmum fyrirvara ef veður skipuðust með þeim hætti sem mátti lesa út úr máli hv. þm. í hinni fyrri ræðu? Þurfum við ekki að vinna heimavinnuna betur en við höfum gert?

[15:39]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algerlega miður mín yfir því að hv. þm. skilji mig ekki. Hann sýnir mér ávallt mikinn vináttuvott og vill gjarnan skilja mig og því er mjög leiðinlegt fyrir mig, að hann skuli ekki skilja mig.

Ég verð samt kannski að segja frá því fyrst að ég hlustaði einu sinni á Brown, fjármálaráðherra Breta, sem er flokksbróðir hv. þm., fjalla um Bretland og Evrópusambandið, af hverju Bretar ættu ekki að taka upp evruna og hvenær Bretar mundu hugsanlega taka upp evruna. Það var einmitt nákvæmlega á þeim forsendum sem ég var að lýsa, að Bretar sáu sér ekki hag í því að taka upp evruna vegna þess að hagkerfi þeirra væri ekki í takt við evrópska hagkerfið. (Gripið fram í.) Þegar uppsveifla væri í Bretlandi væri niðursveifla í Evrópu og öfugt, enda höfum við séð að það hafa verið töluverðar sveiflur á milli gengis pundsins og evrunnar.

Við höfum líka séð að Bretar gerðu á sínum tíma mjög afdrifarík mistök, þegar þeir fóru inn í evrópska myntsamstarfið á sínum tíma í kringum 1990 undir forustu íhaldsflokksins. Þeir fóru inn í þetta samstarf á allt of háu gengi pundsins. Þegar fór að ganga illa í Bretlandi fengu þeir mikinn skell og allt sprakk í loft upp. Þetta þarf að sjálfsögðu að hafa í huga. Ég veit að hv. þm. deilir með mér mörgum hlýjum tilfinningum í garð Evrópusambandsins og Evrópusamstarfsins yfirleitt en við megum ekki hætta að hugsa jafnvel þó við berum hlýjar tilfinningar til Evrópusambandsins.

[15:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt ábending hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að vextir lækka ekki sjálfkrafa við það eitt að taka upp evruna. Lágt vaxtastig er hins vegar ein af forsendum þess að við getum tekið upp evru auk þess sem við þyrftum að sjálfsögðu að ganga í Evrópusambandið til þess að það gæti orðið að veruleika. Aðrar forsendur lúta, eins og hv. þm. benti á, að ríkishallanum og verðbólgunni. Allar þessar forsendur þurfa að vera fyrir hendi.

En það er ekki nóg að geta tekið upp evruna, að fullnægja þessum forsendum þá, heldur yrði að sjálfsögðu fylgst með því að viðkomandi ríki stæðu við þær skuldbindingar. Hver er það sem fylgist með því að þær geri það? Það er hinn nýi seðlabanki í Frankfurt. Það er náttúrlega mergurinn málsins. Þeir sem taka upp þessa sameiginlegu mynt skuldbinda sig til að lúta peningamálastjórn seðlabankans í Frankfurt. Eins og ég heyri á hv. þm., og mér finnst það gott, telur hann ekki forsendur fyrir því á Íslandi eins og sakir standa að feta sig inn á þá braut. Þannig skildi ég mál hans.

Það kom einnig fram hjá honum að eins og sakir standa uppfyllum við ekki þessi skilyrði. Þegar evruferlið hófst hins vegar fyrir fáeinum árum voru Íslendingar í hópi örfárra ríkja innan Evrópu sem uppfylltu þessi skilyrði. En skjótt skipast veður í lofti. Þetta segir okkur eina ferðina enn og færir okkur heim sanninn um það að það er vafasamt fyrir Íslendinga að njörva sig niður með þessum hætti.

[15:43]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitt verðum við líka að hafa í huga í þessu. Almennt séð er æskilegt að það ríki sá stöðugleiki í hagkerfinu að við ekki bara uppfyllum þessi skilyrði heldur að möguleikar skapist fyrir fyrirtæki til að ná árangri. Þeir sem stjórna fyrirtækjum njóta þess þegar stöðugleiki er vegna þess að þá er betra að ná árangri í öllum rekstri. Hið sama á að sjálfsögðu við um heimilin.

Það er oft ákveðin mótsögn í því að þegar menn eru að spá í gengisstefnu og hvort eðlilegt sé að gengið fljóti á markaði eða hvort eðlilegt sé að það sé stöðugt. Málið snýst um að fyrir hagkerfið í heild er betra, ef ná þarf jafnvægi vegna of mikils halla á utanríkisviðskiptum eða eitthvers annars, að gengið sé frjálst. En það getur skapað mikla erfiðleika fyrir fyrirtæki og heimili. Þar hafa menn verið að taka ákvarðanir á grundvelli ákveðinna forsendna um gengi og um þessa hluti alla. Til lengri tíma litið væri því auðvitað æskilegast ef við gætum lifað í heimi þar sem við þyrftum aldrei að horfa á gengið breytast, allt væri stöðugt og við gætum búið

við 3% hagvöxt ár eftir ár. Þannig er bara tilveran ekki því miður. Þess vegna mundi ég vilja bæta við þessa umræðu að við þurfum auðvitað að reyna að ná því ástandi á Íslandi að hér ríki stöðugleiki. En það eru efnahagslegar forsendur sem ráða því en ekki hvaða tilfinningar við berum til Evrópusambandsins.

[15:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessi sjónarmið. Að sjálfsögðu eru það eftirsóknarverð markmið að ná lágri verðbólgu og lágu vaxtastigi, litlum skuldum ríkissjóðs o.s.frv. Þetta eru eftirsóknarverð markmið. Það væri einnig að sjálfsögðu æskilegt ef við gætum búið við sameiginlegan gjaldmiðil, helst í heiminum öllum. Mismunandi gjaldmiðlar hafa margvíslegt óhagræði í för með sér, að sjálfsögðu. Maður hefur horft upp á gjaldeyrisbrask í tengslum við gengisbreytingar o.s.frv.

Þetta væri allt góðra gjalda vert ef heimurinn væri einsleitur. En hann er það ekki. Efnahagslíf þjóðanna fer í hæðum og það fer í lægðum og í efnahagskerfinu eru ýmsar breytur sem menn geta beitt til að bregðast við í efnahagssveiflunum. Ein af því er verðlagið á gjaldmiðlum. Það er skuldastaðan. Það er þess vegna verðbólgan.

Svo er ein breyting til viðbótar. Það er atvinnustigið og það er kannski sú breyta sem við viljum standa dyggastan vörð um, þ.e. að varðveita hér fulla atvinnu. Hér hefur það gerst á undanförnum 12 mánuðum að gengið sígur um 25%. Auðvitað er það slæmt fyrir kaupmátt þjóðarinnar. Ekki er ég að fagna því. En hitt hefði mér þó fundist verra, þ.e. ef þessi lægð, vonandi tímabundna, sem við gengum í gegnum hefði leitt til mikils atvinnuleysis. Við höfum sem betur fer sloppið við það. Það eru þessir þættir sem við þurfum að sjálfsögðu að horfa til þegar við hugum að sameiginlegum gjaldmiðli.

[15:47]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna líka þessum ummælum hv. þm. Mér finnst að hann sé að taka mjög rækilega undir að það hafi verið rétt stefna sem tekin var upp fyrir ári síðan, að breyta um peningapólitík í Seðlabankanum og leyfa genginu að fljóta.

Hv. þm. stóð að þessum breytingum á sínum tíma með því að hann greiddi atkvæði með breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands. Það stóðu allir flokkar að því. Ég held að fá skref hafi verið stigin farsælli í þingsölum heldur en einmitt að breyta um peningapólitíkina og taka upp frjálst gengi. Við höfum bara séð að þetta hefur verið algert skólabókardæmi um það hvernig hagkerfið hefur aðlagast að breyttum forsendum og breyttum aðstæðum á ótrúlega stuttum tíma.

Við hlustuðum oft í umræðum í þessum sal um þá tifandi tímasprengju sem viðskiptahallinn væri. Er ekki búið að aftengja þessa tímasprengju? Voru ekki þessar gengisbreytingar akkúrat ástæðan fyrir því að tímasprengjan aftengdist og varð ekki nokkur skapaður hlutur sem betur fer fyrir land og þjóð? Við höfum séð að útflutningurinn hefur farið að blómstra á nýjan leik. Það eru að koma tekjur inn í þorpin úti á landi. Við höfum séð að innflutningurinn er að dragast saman. Það er komið miklu meira jafnvægi. Fólk er farið að hugsa miklu meira um að skulda ekki og greiða niður skuldir. Vextirnir eru enn þá allt of háir að sjálfsögðu en þeir þurfa að koma niður. En þessi eina ráðstöfun hefur sýnt það sem algert skólabókardæmi hvaða þýðingu frjálst gengi hefur í svona litlu og opnu hagkerfi eins og Ísland er.

[15:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Já, ég tók þátt í umræðum um ný seðlabankalög á sínum tíma. Ég hafði sitthvað við þau að athuga. Öðru var ég samþykkur. En ég er að leggja áherslu á að heimurinn er ekki alveg svart/hvítur og þótt það sé ekki gleðiefni þegar gengið breytist á þann hátt sem það hefur gert á undanförnum mánuðum þá finnst mér hitt vera algert forgangsatriði, þ.e. að varðveita fulla atvinnu í landinu. Ég held að ekkert þjóðfélagsmein sé alvarlegra en mikið atvinnuleysi.

Menn hafa farið hér víða um völl í umræðu um utanríkismálin. Margir hafa gert Evrópumálin helst að umræðuefni. Það gerði síðasti ræðumaður, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Hann fjallaði um evruna og Evrópuherinn sem virtist honum talsvert hugleikinn. Ég ætla ekki að gera þetta að umræðuefni, enda hef ég aðeins fáar mínútur hér til ráðstöfunar, heldur vil ég halda mig við þau atriði sem ég boðaði í upphafi að ég mundi víkja að.

Ég byrjaði á því að ræða um Palestínumálið og lagði áherslu á hve gott það er að hér skuli vera þverpólitísk aðkoma að því máli og góð samstaða. Ég taldi að við ættum að leggjast á eitt um að styðja þá hugmynd að sent verði alþjóðlegt friðargæslulið til herteknu svæðanna til að standa þar vörð um friðinn og koma í veg fyrir hernaðarofbeldi. Ég velti því upp hvort við ættum á grundvelli yfirlýsingar þings Palestínumanna frá 1988 að skerpa á stuðningi okkar við Palestínumenn með því að lýsa yfir fullri viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu. Við höfum ekki gengið alla leið í því efni, ekki gengið eins langt og meiri hluti þjóða innan Sameinuðu þjóðanna hafa gert. Í þriðja lagi lýsti ég eina ferðina enn yfir stuðningi við þá hugmynd að hæstv. utanrrh. fari í heimsókn til Palestínu á herteknu svæðin og til Ísraels og að með honum í för verði fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi.

Í öðru lagi vék ég að samskiptum ríkra þjóða og snauðra og byrjaði á því að ræða um átak til þess að létta skuldum af fátækustu ríkjum heims. Íslendingar komu upphaflega að þessu átaki því að þeir áttu sæti í þróunanefnd Alþjóðabankans 1996 þegar þessu var hrundið af stokkunum. Það var upplýst hér að 26 ríki hefðu þegar fengið einhverja úrlausn og til þessa hefði verið varið einum 40 milljörðum dollara sem er hærri upphæð en ég nefndi í byrjun máls míns. Ég vísaði þá reyndar í tölu sem ég hafði frá árinu 2000 þannig að eitthvað mikið hefur gerst á þeim tíma sem liðinn er síðan. Þá höfðu aðeins fjögur ríki fengið úrlausn fyrir 2,7 milljarða samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hafði þannig að þarna hefur eitthvað mikið gerst og er það mikið fagnaðarefni. Íslendingar hafa komið að þessu með fjárframlagi, alls 250 millj. kr. og allt er þetta nokkuð sem ég styð mjög eindregið.

Það sem ég hef hins vegar gert athugasemdir við eru þau skilyrði sem fátækum ríkjum er gert að hlíta til að fá lánafyrirgreiðslu. Það eru þau skilyrði sem ég hef gert að umræðuefni og einnig hef ég gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir afstöðu innan Alþjóðabankans. Mér finnst hún hafa lagt of mikla áherslu á kröfur til þessara fátæku ríkja til að umbylta innra stoðkerfi samfélaganna, einkavæða það og falbjóða þannig fjölþjóðlegum auðhringum. Máli mínu til stuðnings hef ég vísað í ræður sem hæstv. utanrrh. hefur flutt á þessum vettvangi, m.a. í ræðu sem hann flutti í Hong Kong árið

1997 á fundi Alþjóðabankans þar sem hann gegndi svipaðri stöðu og hann kemur til með að gera á komandi ári þegar Íslendingar fá sæti aðalfulltrúa hjá Alþjóðabankanum og tala fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Mér finnst skipta mjög miklu máli hvaða áherslur Íslendingar hafa þar uppi.

Síðan ætlaði ég að koma aðeins að ákvörðunum sem teknar hafa verið innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í ræðu sinni vék hæstv. utanrrh. að fundinum í Doha á Arabíuskaganum og í skýrslu hæstv. ráðherra er einnig fjallað um framtíðarstarf á þeim vettvangi, þ.e. Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en þar fást menn við það að skilgreina hvaða þjónustustarfsemi alþjóðavæðingin eigi að taka til. Menn hafa verið að deila um þetta á undanförnum missirum og þá helst að hvaða marki þetta eigi að ná inn í velferðarþjónustuna. Fjölþjóðlega verkalýðshreyfingin hefur lýst miklum áhyggjum vegna þessa og barist gegn því að slíkt yrði gert. Þetta hefur verið rætt á vettvangi Evrópusambandsins, en þar á bæ hafa menn verið nokkuð hallir undir það að færa út kvíarnar hvað þetta snertir. Það væri nokkuð fróðlegt að heyra álit hæstv. utanrrh. á því hvernig hann telji að við eigum að skilgreina þjónustu því að sem kunnugt er þá er þetta þungamiðjan í þeim viðræðum sem fara í hönd á grunni svonefndra GATTS-samninga þar sem S-ið í lokin stendur fyrir „services" eða þjónustu og er eiginlega framhald á þessum gömlu GATT-samningum þar sem vísað er í „trade and tariffs".

En ég vildi einnig beina spurningu til hæstv. ráðherra um annað. Það er þetta sérstaka baráttumál Íslendinga sem kallað er, afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi. Það er einmitt þannig orðað að talað er um baráttumál okkar Íslendinga. Ég minnist þess á sínum tíma þegar núverandi sendiherra Íslands í Washington, Jón Baldvin Hannibalsson, talaði mikið fyrir þessu, að við ættum að beita okkur á alþjóðavettvangi fyrir því að styrkir til sjávarútvegs yrðu afnumdir í heiminum öllum. Síðan er þetta tekið upp innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ég spyr: Hvenær hefur þetta verið samþykkt sem stefna Íslands? Hvenær hefur það verið samþykkt sem stefna Íslands að halda því fram á alþjóðavettvangi að þetta eigi að gilda um heiminn allan? Í ræðu sinni segir hæstv. utanrrh. að þetta styrki okkur í samkeppni með verslun með sjávarafurðir og þau rök kaupi ég alveg. Það gæti gert það. En síðan vísar hann einnig í sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins. Hann segir, með leyfi forseta:

„Vinna að þessu máli verður meðal forgangsverkefna utanríkisþjónustunnar þar sem afnám ríkisstyrkja er ekki aðeins mikilvæg fyrir viðskiptahagsmuni okkar heldur styrkir stöðu okkar í alþjóðlegri umræðu um sjávarútvegsmál og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins."

Er alveg víst að þetta sé svona? Eru þeir sem stunda mesta rányrkju í heiminum endilega þeir sem njóta ríkisstyrkja? Ég er ekki viss um að þetta sé rétt nema síður sé. Er það ekki svo að ríkisstyrkir eru iðulega byggðastyrkir, styrkir sem veittir eru til byggðarlaga sem á einhvern hátt eiga í erfiðleikum? Gæti ekki verið að í sumum tilvikum njóti smábátaútgerð þessara styrkja? Mér finnst að við þurfum aðeins að staldra við í þessu efni, auk þess sem ég hef mjög miklar efasemdir um að setja heiminum öllum einhlítar reglur hvað þetta snertir. Það getur vel verið að það eigi við á einhverjum svæðum að rétt sé að berjast gegn slíkum styrkjum en annars staðar ekki. Mér finnst vafasamt að setja heiminn svona undir reglustriku. Vildum við að þetta gilti þá um öll svið?

Nú vill svo til að Íslendingar búa við einhver auðugustu fiskimið heimsins og sjávarútvegurinn hefur um langt skeið verið undirstaða efnahagslífs á Íslandi. Úr þessum auðlindum hafsins höfum við síðan styrkt ýmsar aðrar atvinnugreinar. Gæti þessu ekki verið öfugt farið annars staðar og gæti þá ekki verið réttlætanlegt á sama hátt og við höfum látið styrki renna til landbúnaðar, svo dæmi sé tekið, að það sé réttlætanlegt annars staðar í heiminum að láta fjármagn renna til sjávarútvegs, þess vegna smábátaútgerðar í byggðarlögum sem eiga undir högg að sækja? Mér finnst að við þurfum að hyggja að þessu. Ég er búinn að vekja athygli á þessu í umræðu um utanríkismál á síðustu þingum nokkrum sinnum. Ég hef ekki orðið var við að margir aðrir hafi tekið þetta upp. Menn taka þessa stefnu sem góða og gilda. En ég er ekkert alveg viss um að við eigum að gera það. Alla vega tel ég að við þurfum að fá betri umræðu um þessi mál.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er m.a. vikið að starfinu innan OECD. Þar er vísað sérstaklega í skaðlega skattameðferð. Tekin var upp vinna á vettvangi OECD árið 1988 sem miðaði að því að uppræta svokallaðar skattaparadísir. Reynt var að safna liði í þessu og gerðar hafa verið nokkrar skýrslur um skaðlega skattameðferð. Það er lítillega fjallað um þetta hér, m.a. vísað í eina af þessum skýrslum án þess að farið sé nánar út í þá sálma. Það er fjallað um þetta mjög almennum orðum.

Ég hef nokkrum sinnum tekið þetta mál upp á Alþingi og óskað eftir viðbrögðum hæstv. viðskrh. sem svaraði mér 10. nóvember árið 2000 á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þann 26. júlí 2000 var samþykkt í ráðherraráði OECD skýrsla, „Report on Progress in Identifying and Eliminating Harmful Tax Practices", þar sem m.a. er birtur listi yfir lög eða reglur ríkja sem geta hugsanlega talist fela í sér skaðlega skattasamkeppni. Grundvöllur skýrslunnar var yfirferð yfir lög og reglur ríkja sem taldar voru geta falið í sér skaðlega skattasamkeppni." — Þetta er nú endurtekning. — „Þannig var reynt að greina hvaða skattareglur einstakra ríkja feli í sér frávik frá eðlilegum skattareglum og leiði til þess að fyrirtæki kjósi að vera skattlagt í öðru ríki en eðlilegt væri miðað við starfsemi þeirra.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, eru á meðal þeirra laga og reglna sem komið hafa til skoðunar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að lögin geti mögulega talist skaðleg."

Þetta sagði hæstv. viðskrh. á Alþingi. Ég hefði talið að í skýrslu hæstv. utanrrh. hefði verið eðlilegt að taka á þessu álitamáli, að gera grein fyrir því hvernig Íslendingar tengjast þeirri vinnu sem hér er vísað til. Ef hæstv. utanrrh. hefur á takteinum upplýsingar fyrir okkur hvað þetta snertir, þá væru þær vel þegnar.

[16:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sambandi við ummæli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að því er varðar styrki til sjávarútvegs er það ekki svo að við gerum ráð fyrir að allir styrkir verði afnumdir. Við höfum hins vegar fært að því rök að mikið af þeim styrkveitingum sem eiga sér stað í heiminum hafi valdið mikilli ofveiði, ekki síst í úthafsveiðum togaraflotans. Við teljum að það hafi orðið til þess að mikil rányrkja hafi verið stunduð meðal þróunarríkjanna. Ég ætla ekki að nefna einstök lönd í þessu sambandi en ég held að öllum hljóti að vera ljóst að öllum sé fyrir bestu að afnema slíka styrki, þá ekki síst með tilliti til þróunarríkjanna.

Hv. þm. spurði hvenær þessi stefna hafi verið samþykkt. Mér vitanlega, svo lengi sem ég man, hefur það ávallt verið stefna Íslendinga að berjast gegn óeðlilegum styrkjum í sjávarútvegi. Við munum halda því áfram. Það er líka ljóst að mikið er um markaðstruflandi styrki sem skaða samkeppnishæfni íslenskra sjávarafurða á alþjóðlegum mörkuðum. Miðað við þau frjálsu viðskipti sem eru að ganga yfir heiminn, þá þykir okkur óeðlilegt að við tökum á okkur frjáls viðskipti á ýmsum sviðum en síðan séu verulegir styrkir á sviði sjávarútvegs sem skaði samkeppnishæfni okkar á alþjóðlegum mörkuðum.

Ég geri hins vegar ráð fyrir því að byggðastyrkir sem slíkir verði áfram við lýði, enda leiði þeir hvorki til rányrkju né trufli eðlilega markaðsstarfsemi.

[16:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svarið. En mér hafa fundist yfirlýsingar hans, bæði í ræðunni sem hann flutti okkur í dag og einnig í ítarlegri skýrslu, vera býsna áþekkar. Þar er talað um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi. Þessir ríkisstyrkir, eins og ég best fæ skilið, geta birst í margvíslegu formi. Þeir geta verið byggðastyrkir eða ríkisstyrkir fyrir smábátaútgerð. Ég velti því fyrir mér hvort rétt sé að fara fram með þessum hætti.

Hæstv. ráðherra segir að þetta hafi verið stefna Íslendinga svo lengi sem hann muni eftir. Í ræðunni segir hann að þetta hafi verið okkar stefna um nokkurt skeið. En er ekki eðlilegt áður en við förum fram á alþjóðavettvangi, t.d. innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, með sérstakt baráttumál að við tökum umræðu um það og skilgreinum rækilega við hvað er átt. Þetta hefur verið sett fram á býsna altækan hátt, sem krafa um afnám, afdráttarlaus krafa um afnám ríkisstyrkja. Þetta er ekki í fyrsta skipti, ég veit það. Það er búið að gera þetta á undangengnum fundum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þar sem við höfum farið í fararbroddi studd, eins og hér segir, Ástralíu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Hollandi, Nýja-Sjálandi og fleiri ríkjum þar sem við höfum haldið þessum baráttufána á loft. Þarf ekki að ræða þetta? Þarf ekki að skilgreina rækilega hvað við eigum við með þessu?

[16:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að við berjumst gegn styrkveitingum í sjávarútvegi. Hins vegar berjumst við ekki gegn hvers konar byggðastyrkjum. Það er eðlilegt að sjávarútvegurinn sitji þar við sama borð og aðrar atvinnugreinar. Við tökum ekki undir að heimilt sé að veita sjávarútveginum einhverja allt aðra fyrirgreiðslu en iðnaði, ferðaþjónustu og öðrum skyldum greinum.

Á alþjóðavettvangi höfum við lítið á sjávarútveginn sem hvern annan iðnað. Hann er okkar stóriðnaður og meginundirstaða atvinnulífs okkar. Við teljum eðlilegt að sambærilegar samkeppnisreglur gildi um vörur sjávarútvegsins og iðnaðarvörur almennt. Þá koma aðrir og segja: Hvernig er þetta með landbúnaðinn? Gildir þá ekki hið sama um landbúnaðinn? Nei, við lítum ekki eins á landbúnaðinn. Það sama má segja með margar aðrar þjóðir. Við höfum náð saman við þær þjóðir um málefni landbúnaðarins. Þetta mál, að því er varðar sjávarútveginn, hefur á engan hátt verið truflandi í þessari baráttu okkar.

Nú stöndum við í þeim sporum að þessi vinna er hafin. Það þarf að skilgreina þessa styrki betur. Það þarf að safna upplýsingum um þá, fá upplýsingar frá aðildarþjóðunum og fara yfir hvaða styrkir leiða til rányrkju og ofveiði og hvaða styrkir eru markaðstruflandi. Á grundvelli þessarar vinnu verða væntanlegar ákvarðanir teknar.

[16:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Undir þetta get ég tekið. Þetta finnast mér eðlileg vinnubrögð, að skilgreina hvaða styrkir eru líklegir til að leiða til rányrkju og að sjálfsögðu er ég því fylgjandi að slíkir styrkir séu afnumdir. En eins og hæstv. ráðherra sagði er sjávarútvegurinn okkar iðnaður, okkar stóriðja, eins og hann komst að orði, og undirstaða efnahagslífsins. Það er mergurinn málsins.

Í öðrum ríkjum er þessu hugsanlega öðruvísi farið. Þar eru aðrar greinar samsvarandi undirstaða. Þannig er ekki hægt að setja allar þjóðir og öll svæði undir einn hatt. Þess vegna eigum við að forðast að þvinga upp á heiminn einhverju slíku reglugerða-reglustikuvaldi. Það þarf að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað. Mér finnst vafasamt að Íslendingar séu í fararbroddi þeirra sem vilja beita slíku alheimslögregluvaldi í þágu markaðshyggjunnar.

[16:13]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir skýrslugerðina, bæði það sem kom fram í ræðu hans og ekki síður þá skriflegu skýrslu sem liggur fyrir þinginu.

Í skýrslunni, í viðauka 2, kemur m.a. fram að við erum býsna rík af starfsfólki sem vinnur að góðum málum í utanrrn. Með því er ég að segja að í flestu er hægt að taka undir þau sjónarmið, þá stefnu og áhersluatriði sem birtast í skýrslu hæstv. ráðherra. En þar kemur fram að á vegum utanríkisþjónustunnar eru 204 launaðir starfsmenn, 85 í utanrrn. og 118 erlendis. Þar af er 71 útsendur og 47 staðarráðnir starfsmenn. Ólaunaðir kjörræðismenn eru 227.

Það er ekki hægt að fara í gegnum svona umræðu án þess að þakka því starfsfólki sem að þessu vinnur, ekki bara á vegum hæstv. utanrrh. heldur fyrir þjóðina á erlendum vettvangi og hér heima.

Jafnframt vil ég geta þess sem ekki kemur fram í þessum viðauka. Það vantar þarna dálítinn hóp starfsmanna að mínu mati. Það eru makar þeirra sem sendir eru út og vinna mjög mikið og gott starf erlendis. Við mættum gjarnan, ekki síður en að fara í sérstakar umræður um einstaka þætti í störfum utanríkisþjónustunnar, fara í smáumræðu um kjör þessa fólks og aðbúnað, og þá ekki síst maka starfsmanna og barna. Ég vil hér, virðulegi forseti, koma á framfæri þakklæti okkar í Samfylkingunni fyrir það mikla starf sem unnið er af þessu fólki á erlendum vettvangi og hér heima í ráðuneytinu. En skrifstofurnar eru 20 í 16 löndum meðan umdæmislöndin eru 93. Það segir sig því sjálft að þarna er um viðamikið starf að ræða.

Ræðu sína tileinkaði hæstv. utanrrh. sjálfbærri þróun. Í lokakafla ræðu sinnar talaði hann m.a. um að hún væri aðalsmerki Evrópuríkja. Hér á landi höfum við gjarnan viljað telja okkur í fremstu víglínu á sviði umhverfismála, ekki síst með tilliti til sjálfbærrar þróunar. Við teljum á hátíðarstundum að við séum afar sérstök hvað varðar hreinleika og óspillt umhverfi. En það er nú samt sem áður þannig, virðulegi forseti, að við höfum í seinni tíð sótt fyrirmynd þeirra reglna sem við búum við til Evrópuríkja og þá sérstaklega í samstarfi við Evrópusambandið. Við bjuggum ekki svo vel áður. Staðreyndirnar eru bara þær að Evrópuríkin þurfa flest

hver, sérstaklega þau sem nú þegar eru í Evrópusambandinu, að uppfylla ákveðin skilyrði. Þau eru okkur fremri á býsna mrögum sviðum umhverfismála enda höfum við sótt okkur fyrirmyndirnar þangað.

Í ræðu hæstv. ráðherra leggur hann áherslu á mikilvægi samstarfs innan Evrópu og Evrópuþjóðanna á sviði umhverfismála og segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Það er því mikilvægt að við tökum virkan þátt bæði í framkvæmd og þróun umhverfislöggjafar Evrópu."

Hann talar þar einnig um hlut sveitarfélaganna og segir:

„Með aðild okkar að EES-samningnum gerðumst við þátttakendur í öflugu umhverfisstarfi Evrópu. Þetta samstarf hefur fært okkur virka umhverfislöggjöf, en henni var um margt ábótavant fyrir gerð samningsins."

Það er vissulega mikilvægt að við tökum þátt í þessu Evrópusamstarfi. Það er mikilvægt og hefur reynst okkur afar heilladrjúgt á sviði umhverfismála. Ýmsir hafa komið hér og talað af hörku á móti Evrópusambandinu og gera jafnvel lítið úr þeim sem leggja mikla vinnu í alla umræðu um Evrópumálin og stöðu okkar innan Evrópu. Það er auðvitað það mikilvægasta í pólitísku umhverfi okkar í dag, þ.e. staða okkar meðal þjóðanna og ekki síst í samstarfinu innan Evrópu. Hér hafa menn komið og jafnvel hent grín að þeim sem vilja gera þetta vel og stuðla að því að ef og þegar tekin verður ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu séu íbúar þessa lands tilbúnir að taka ákvörðun sem byggi á þekkingu á stöðu okkar en ekki bara á fyrirskipunum frá einstökum formönnum flokka sem m.a. fram til þessa hafa talið sig býsna stóra í íslensku þjóðfélagi en fara minnkandi. Það er auðvitað vegna þess að þeir hafa ekki viljað upplýsta umræðu, hvorki um þetta mál né ýmislegt annað sem brennur á í þjóðfélaginu.

Staða okkar er samt sem áður þannig, eins og hæstv. ráðherra kemur inn á, að aðkoma okkar að því að móta stefnu innan Evrópu er afar takmörkuð. Hún er afar takmörkuð. Hæstv. ráðherra segir hér í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Nú hefur Evrópusambandið gengið skrefinu lengra, en sjálfbær þróun er eitt helsta markmið og inntak Maastricht- og Amsterdam-sáttmálanna. Aðildarríki Evrópusambandsins hafa einnig samþykkt sérstaka áætlun, svonefnda Cardiff-áætlun, um aðlögun allra verkefna og stefnumörkunar sambandsins að markmiðum sjálfbærrar þróunar."

Við eigum mjög takmarkaða aðkomu að þessari þróun og þeim viðræðum sem þarna eiga sér stað. Við hljótum því að velta fyrir okkur hvernig við getum aukið áhrif okkar. Þegar menn tala um að við getum ekki bundið okkur á klafa Evrópusambandsins, á klafa þessa samstarfs Evrópuríkjanna, þá gleyma þeir að við þurfum nú þegar að hlíta stærstum hluta þeirrar löggjafar sem þarna er samþykkt. Við þurfum að setja lög hér á landi í takt við samþykktir Evrópusambandsins nú þegar. Sé þetta klafi, að eiga í öflugu samstarfi við þær þjóðir sem við eigum mest viðskipti við erum við þegar bundin á þann klafa. Kannski, sem betur fer.

Eitt af því sem a.m.k. annar sá flokkur sem barist hefur hvað harðast gegn því að hér eigi sér stað almenn umræða, almenn og upplýst umræða um stöðu okkar innan Evrópu, hefur ekki áttað sig á er að við erum sterkari ef við vinnum saman. Við erum sterkari sameinuð en sundruð. Það er mun betra fyrir okkur að eiga aðkomu að þeim ákvörðunum sem teknar eru innan Evrópusambandsins en að hafa takmarkað um samþykktir þess að segja og búa við samning sem er veikur og verður veikari með hverjum mánuðinum og hverju árinu sem nær dregur að aðildarþjóðum sambandsins fjölgi.

Hér hefur verið farið yfir ýmsa þætti sem lúta að Evrópusambandinu og því samstarfi. Ég kom hingað, virðulegi forseti, fyrst og fremst til að ræða um Evrópuráðið og starfsemi þess. Það er stutt síðan fluttar voru starfsskýrslur starfsnefnda þingsins erlendis. Það var ekki mikil þátttaka í þeirri umræðu frekar en oft er. Vonandi er að það sýni ekki í reynd áhugann á þessum málum innan þingsins. Þá á ég ekki við, eins og ég sagði við þá umræðu, virðulegi forseti, stjórn þingsins því hún gefur þessum umræðum tíma á dagskrá þingsins, heldur fyrst og fremst okkur sjálf, hv. þm. Við getum ekki búist við að samstarfið verði öflugra en við gerum það, sem eigum að taka þátt í því og ræða það. Ég gat þess við þá umræðu sem ekki var viðstaddur nema einn hv. þm., virðulegur forseti, ásamt starfsmönnum þingsins og starfsmanni utanrrn.

Ég hefði t.d. gjarnan viljað heyra skoðun íslenskra þingmanna á því hvort það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma af Evrópuráðinu að reka ekki Rússana út en leyfa þeim að sitja þar áfram með atkvæðisrétt, þrátt fyrir að þeir hafi brotið þann sáttmála sem þeir eru aðilar að. Eins vil ég vita hvort við erum stolt af þeim nýju ríkjum sem bættust við Evrópuráðið síðast þegar fáni þeirra var dreginn að húni, Aserbaídsjan og Armeníu. Finnst okkur að þessi ríki séu í stakk búin til að þeim sé hleypt inn, jafnvel þó við viljum hliðra til og hleypa að ríkjum sem ekki uppfylla öll skilyrði sem Evrópuráðið setur? Finnst okkur þessi tvö ríki til að mynda, þau eru auðvitað fleiri, komin það langt að það sé hægt að ýta þeim á leiðarenda, þannig að þau uppfylli skilyrðin sem Evrópuráðið setur? Ég dreg það stórlega í efa, sérstaklega í ljósi þess að Evrópuráðið hefur ekki verið nógu afgerandi varðandi þær þjóðir sem þó hafa verið í ráðinu um tíma en uppfylla ekki enn þau skilyrði sem Evrópuráðið setur.

Evrópusambandið krefst þess að þau ríki sem sækja um aðild uppfylli þau skilyrði sem sett eru um aðild að Evrópuráðinu. Þess vegna hafa þau auðvitað sótt stíft eftir að komast þar inn. En ef Evrópuráðið ætlar sér að hafa sérstöðu á sviði mannréttindamála verðum við auðvitað að sjá til þess, og þau ríki sem eiga aðild að Evrópuráðinu, að því sé framfylgt þannig að virðing sé borin fyrir störfunum. Þannig verður það ekki ef tilslakanirnar eru miklar en ég er á þeirri skoðun að svo hafi verið á undanförnum árum.

En fleira vekur athygli í skýrslunni sem hæstv. utanrrh. lagði hér fram, þ.e. skörun verkefna milli ÖSE og Evrópuráðsins þar sem til að mynda er fjallað um kosningaeftirlit en ekki síður mansal. Ég sé, þegar ég les þessa skýrslu og skýrslur um þátttöku þingsins í starfsemi ÖSE, að þarna er um verulega skörun að ræða. Ég hef velt því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort ekki sé rétt að Ísland beiti áhrifum sínum til að þarna verði um ákveðna sérhæfingu að ræða þannig að við nýtum betur það fjármagn sem við höfum á hvorum stað. ÖSE hefur lagt mikla áherslu á baráttuna gegn mansali. Það hefur Evrópuráðið gert líka og lagt fram skýrslu. Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins hefur á undanförnum missirum beitt sér fyrir skjótri úrlausn, eins og það heitir í skýrslunni, í þeim brýnu málefnum sem flokkast undir mansal og aðgerðir gegn mansali. Í þeirri skýrslu hefur Evópuráðið mælst til eða beint tilmælum til aðildarþjóða um aðgerðir gegn mansali, þar á meðal til okkar sem aðildarþjóðar sem ég sé ekki að hafi verið framfylgt nema að litlu leyti og jafnvel

ekki. Þeim tilmælum hefur m.a. verið beint til aðildarríkja Evrópuráðsins að þau skilgreini baráttuna gegn mansali sem forgangsverkefni með tilliti til breytinga á löggjöf og jafnframt að stjórnvöld aðildarríkja beiti sér fyrir því að hver sú starfsemi sem tengist mansali verði gerð saknæm.

Þá hefur Evrópuráðið mælst til að aukið verði mjög á samstarf alþjóðlegra og evrópskra stofnana og frjálsra félagasamtaka í þessum málaflokki með það að markmiði að þolendum þeirra glæpa sem hér um ræðir verði veitt rík vernd og að almenningur verði upplýstur um afleiðingar mansals. Mansal verður auðvitað að skilgreina sem brot á mannréttindum, þ.e. með því er vegið að mannlegri reisn kvenna, ungmenna og barna sem í hlut eiga, en þessir einstaklingar eru oft í bráðri lífshættu. Með tilliti til réttinda þeirra sem í hlut eiga má segja að mansal vegi að undirstöðu mannréttinda, jöfnum rétti allra manna. Mansal á að skilgreina sem glæp gegn mannkyni.

Þetta segir m.a. í skýrslu Evrópuráðsins sem samþykkt var í lok janúar 2002. Þar er farið mjög ítarlega yfir stöðu þessara mála í Evrópu. M.a. kemur fram í skýrslunni að gríðarleg aukning á mansali helst óbeint í hendur við aukinn straum flóttafólks til Vestur-Evrópuríkja. En í skýrslu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kom fram að á síðasta ári voru yfir 500 þúsund konur fluttar frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu til Vestur-Evrópu fyrir milligöngu aðila sem högnuðust á flutningi þeirra.

Í framhaldi af þessari skýrslu hefur þeim tilmælum verið beint til aðildarríkja Evrópuráðsins að berjast gegn mansali. Ég vildi beina til hæstv. ráðherra spurningunni: Hvað hefur verið gert til að framfylgja þeim tilmælum sem þar um ræðir?

Jafnframt er því beint til aðildarríkjanna að þau beiti sér fyrir því að settar verði sameiginlegar siðareglur fyrir þá sem starfa að friðargæslu. Af því að friðargæslan fær nú, sem eðlilegt er, veglegan sess í skýrslu hæstv. ráðherra, vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að hann beiti sér fyrir því að samræmdar siðareglur verði settar á alþjóðavettvangi fyrir þá sem starfa að friðargæslu.

[16:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir afskaplega hlý orð í garð starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Ég met þau mikils og það skiptir miklu máli að þetta fólk sem vinnur mjög gott starf fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi fái slík viðurkenningarorð.

Út af því sem hv. þm. sagði um samstarf við Evrópusambandið er það rétt að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið skiptir miklu máli fyrir samstarfið á sviði umhverfismála. Það jafnframt rétt að mikil þróun hefur átt sér stað síðan það komst á og bæði í Maastricht- og Amsterdamsáttmálunum eru ákvæði um umhverfismál, samvinnu á sviði umhverfismála, sem ekki eru í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Einnig er alveg ljóst að við eigum ekki aðild að svonefndri Cardiff-áætlun með nokkrum hætti en þrátt fyrir það teljum við mikla ástæðu til að halda áfram að vinna með Evrópusambandinu á þessu sviði.

Þetta er ein ástæðan fyrir því að ég hef vakið máls á nauðsyn þess að uppfæra samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að nýjum og breyttum aðstæðum, ekki síst vegna umhverfismála, félagsmála og ýmissa annarra málaflokka, þar sem ekki er lengur samræmi á milli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og þeirra laga og reglna sem gilda í Evrópu að öðru leyti.

[16:30]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá hlýt ég í beinu framhaldi að spyrja hæstv. ráðherra: Hverjar eru líkurnar á því að EES-samningurinn fáist uppfærður á sama tíma og verið er að vinna að því að taka inn nýjar aðildarþjóðir sem hljóta að vera í forgangshópi gagnvart samvinnunni og fá frekar að fylgjast með en þau ríki sem ekki hafa sótt um aðild og hafa ekkert gefið til kynna að þau hyggist gera það eða að skoða það einu sinni?

[16:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég svaraði þessu nýlega á Alþingi þar sem kom fram að Evrópusambandið hefur lýst sig reiðubúið til að standa að breytingum á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en hins vegar hafa yfirlýsingar þeirra gengið í þá átt að þeir væru ekki tilbúnir til þeirra starfa fyrr en að stækkunarferlinu loknu. Ég tel það allsendis ófullnægjandi vegna þess að í fyrsta lagi mun það starf taka nokkurn tíma og þá er eftir fullgildingarferli sem mun taka mörg ár, án þess að ég ætli að skilgreina hversu langur tími það verði. Miðað við þær aðstæður getum við gert ráð fyrir því að búa við alveg óbreyttan samning að þessu leytinu til margra ára.

Hv. þm. spurði jafnframt um samstarf milli ÖSE og Evrópuráðsins. Meðan við Íslendingar gegndum formennsku í Evrópuráðinu gegndu Norðmenn formennsku í ÖSE og við beittum okkur fyrir því að verulegt starf var sett af stað til að samræma starf þessara stofnana og þar varð okkur nokkuð ágengt. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að þar þurfi að ganga lengra, en þar var a.m.k. stigið skref í rétta átt.

Að því er varðar mannréttindamál og mansal og slíka hluti sem komu fram hjá hv. þm., vil ég vitna til skýrslunnar á bls. 48, þar sem kemur fram að nýverið fullgilti Ísland tvær viðbótarbókanir við alþjóðasamninginn um réttindi barnsins og er eitt af fyrstu ríkjum til að gera svo. Þessar bókanir varða annars vegar þátttöku barna í vopnuðum átökum og hins vegar sölu á börnum, barnavændi og barnaklám, þannig að stöðugt er unnið að þessum málum. Við reynum að taka fullan og virkan þátt í þessu starfi því þetta er að sjálfsögðu það alversta sem maður sér meðal siðaðra þjóða og það er skylda okkar að berjast af mikilli hörku gegn því með öðrum þjóðum.

[16:33]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held, miðað við þær aðstæður sem við búum við og öra þróun, að það gefi það okkur afskaplega lítið í aðra hönd í dag að til sé loforð þess efnis að hægt verði hugsanlega að uppfæra samninginn eða skoða uppfærslu hans eftir að stækkunarferlinu lýkur. Þær viðræður taka nú býsna mörg ár og síðan þurfa þjóðþing nýrra aðildarþjóða að staðfesta og þá fer umræða í gang. Hvað er hæstv. ráðherra að tala um mörg ár þar sem ekki verður hreyft við samningnum? Fróðlegt væri að vita hvað hæstv. ráðherra áætli að mörg ár líði þangað til farið verður að huga að uppfærslu þessa samnings.

Vissulega er mér kunnugt um þá samninga sem við höfum fullgilt og varða mansal, en jafnframt hafa komið fjöldamörg tilmæli frá Evrópuráðinu til aðildarríkja Evrópuráðsins um mansal (Gripið fram í.) og lagasetningu í þessum efnum. Afar miklu skiptir að við tökum þau hér til umræðu og að

stjórnvöld a.m.k. skoði þau tilmæli sem þarna er um að ræða og þær breytingar sem hægt er að gera á einstökum lögum. Þessi tilmæli heyra undir nokkur ráðuneyti. Fram til þessa höfum við kannski ekki gert nóg af því að ræða þau tilmæli sem hafa verið sett fram að Evrópuráðinu, hvað þá framfylgja þeim innan einstakra ráðuneyta. Utanrrn. hefur vissulega verið langafkastamest í því en önnur ráðuneyti hafa afar lítið gert með þau tilmæli sem hafa komið frá Evrópuráðinu.

[16:35]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. Margrét Frímannsdóttir ræddi heilmikið um hvað umræðan um Evrópuambandið hefði verið takmörkuð og að reynt hefði verið að banna hana af einhverjum ákveðnum aðilum þannig að hún fengi ekki sinn þroska eins og hv. þm. orðaði það nokkurn veginn. Ég velti því fyrir mér hvað hv. þm. er að meina þegar hún segir að einhverjir séu að reyna að koma í veg fyrir þessa umræðu. Ég veit ekki betur en þessi umræða hafi verið mjög áberandi í fjölmiðlum í mörg ár og flokkar, m.a. hennar eigin flokkur hefur gefið út sérstaka bók um Evrópumálin. Ég veit ekki annað en Framsfl. hafi verið með alveg sérstaka úttekt á Evrópumálunum og hafi sinnt þeim eins og honum hefur fundist henta. Ég veit ekki annað en formaður Sjálfstfl. hafi lýst yfir sínum skoðunum og margir þingmenn Sjálfstfl. sem ég veit ekki betur en séu nokkurn veginn í þeim anda sem í Sjálfstfl. hefur verið varðandi þetta mál, þ.e. hugsanlega inngöngu okkar í Evrópusambandið.

Ég furða mig á því að verið sé að lýsa því yfir að einhverjum sé bannað að tala. Ég gat ekki séð annað en að hv. þm. gæti talað um þetta hér.

Það er svo aftur spurning hverjir séu heilir í þessari umræðu og hverjir hafi í gegnum tíðina leitt yfir þjóðina þær umbætur sem hana hefur skipt mestu máli, t.d. með EES-samningnum sem var samþykktur hér á þingi. Ég held að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafi þá setið á þingi. Eftir því sem hún segir hér sjálf þá var hún á móti þeim samningi. Núna er allt ómögulegt heyrist mér ef fólk er ekki með því að ganga í Evrópusambandið. Hvað hefur breyst? Það væri kannski rétt að orða þetta frekar þannig, herra forseti: Er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir að lýsa því yfir að hún vilji ganga í Evrópusambandið?

[16:37]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið og það hefur komið fram í þessum ræðustól að við eigum að skoða hvað við getum fengið, hverjir séu kostirnir og hverjir gallarnir, og síðan greiða um það atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held, já, að ef ég ætti að greiða atkvæði í dag miðað við þá þekkingu sem ég hef þá segi ég já. Þá segi ég bara einfaldlega já. Það er þannig. (Gripið fram í.)

Þetta skilur Kristján Pálsson vegna þess að hann skilur bara þegar eitthvað kemur frá einstaklingi en ekki flokkslega. Það var alveg rétt hjá hv. þm. þegar hann sagðist ekki vita betur en að Framsfl. hafi rætt þetta, sagðist ekki vita betur en að Samfylkingin hafi rætt þetta og sagðist ekki vita betur en að formaður Sjálfstfl. hafi rætt þetta. (Gripið fram í.) Ó, jú, hann hefur rætt um reglugerðir um rottueitur. Það er alveg hárrétt. En ég hef ekki heyrt málefnalega umræðu innan Sjálfstfl. og minni hv. þm. á að það eru örfáir mánuðir síðan að landsfundur Sjálfstfl. stóð yfir. Var umræða þar um þetta mikilvægasta pólitíska mál landsins? Ó, nei. Það var engin umræða. Það er alveg hárrétt að flokkar hafa sýnt það frumkvæði að taka þetta inn og ræða þetta opið innan sinna raða og taka ekki við fyrirskipunum, en það eru vinnubrögð sem Sjálfstfl. hefur líklega ekki tamið sér, alla vegana þekkir hv. þm. þau ekki.

[16:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki af hverju hv. þm. æsir sig svona mikið upp. (Gripið fram í.) Það er náttúrlega ljóst að hv. þm. fylgdi ekki þeim straumi sem var hér þegar EES-samningurinn var samþykktur og menn hafa áttað sig á í dag að hefur reynst þjóðinni mjög happadrjúgur. (**Gripið fram í:** Hverjum var það að þakka?) (Gripið fram í.) Það var, hv. þm., tveimur flokkum fyrst og fremst að þakka, þ.e. Sjálfstfl. og (**RG:** Hver var kallaður landráðamaður af sjálfstæðismanni?) Alþýðuflokknum sem stóðu þá saman að ríkisstjórn og komu þeim samningi í gegn, gegn andstöðu annarra flokka sem sátu þá á Alþingi.

Það fer ekkert á milli mála að þessir tveir flokkar voru mjög framsýnir og það hefur margítrekað komið fram. Hv. þm. var sem sagt í þeim flokki sem var gegn þessu.

Sjálfstfl. hefur nefnilega sýnt það að ákvarðanir sem hann hefur tekið á sviði alþjóðamála hafa verið mjög raunsæjar. Flokkurinn sem slíkur hefur rætt Evrópumálin bæði innan þingflokksins og á landsfundi. Það hefur ekki verið gefið út í neinu bókarformi. Það er ekki nauðsynlegt. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur aftur á móti verið gefin út sérstök skýrsla sem unnin var af utanrrn. og er þar á meðal sú stefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt. Ég geri þá ráð fyrir því að menn geti sæst á að þar hafi Sjálfstfl. gefið að hluta til út þá stefnu sem talin er vera opinber stefna Sjálfstfl. í Evrópumálum.

Herra forseti. Fyrir fólk sem er að hlusta á þessa umræðu er náttúrlega mjög nauðsynlegt að fram komi hvernig afstaða einstakra manna er. Auðvitað getur hún verið mjög mismunandi. Þó flokksforustan hafi lýst yfir einhverjum vilja þá er ekki víst að einstakir þingmenn fylgi því. Það er ánægjulegt að heyra að Margrét Frímannsdóttir hefur tekið afstöðu.

[16:41]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er þó alla vegana það lengsta sem Sjálfstfl. hefur komist í því að viðurkenna að hann hafi eitthvað rætt þetta eða skoðað, þ.e. að skýrsla hæstv. utanrrh. sé stefna Sjálfstfl. í Evrópumálum.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að ég var á móti EES-samningnum á sínum tíma. Það eru liðin tíu ár síðan hann var afgreiddur. (Gripið fram í.) Síðan þá hef ég þroskast heilmikið og vitkast í pólitík og fylgst vel með. Sjálfstfl. gerði það reyndar fyrir þann tíma. Fram að 1991 ræddi hann heilmikið um þessi mál, m.a. EES-samninginn. Þá var skipt um formann að mig minnir. Ég held það hafi ekki verið rætt mikið síðan þá.

[16:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var hér 1991. Ég var að störfum í utanrmn. Ég veit allt um það hvernig vinnan gekk með EES-samninginn. Ég veit allt um þann mann sem stóð hér nærri blóðugur upp að öxlum í að reyna að leiða okkur rétta braut inn í nýtt viðskiptaumhverfi í ótta sínum um hvernig færi annars í landi þar sem hafði orðið aflabrestur og ekkert blasti við. Ég veit alveg hvernig hlutirnir gengu fyrir sig hjá samstarfsflokkunum þá og að það var þetta sem lyfti okkur

upp úr öldudal og gerði það að verkum að á árunum sem komu þá gátum við bjargað okkur og efnahagslífi okkar. Ég veit það líka að síðan hafa allir viljað Lilju kveðið hafa og það er bara afskaplega gott mál. (**ÖJ:** Ég hef engan áhuga á því.) Það er afskaplega gott mál (Gripið fram í.) að fólk sé svona ánægt með EES-samninginn. Enn þá stendur það sama í honum. Þetta var góður samningur. Það stendur það sama í honum. En ástæðan fyrir því að verið er að ræða um að e.t.v. dugi hann ekki lengur, við þurfum að leita annarra úrræða, er að umhverfi samningsins hefur breyst. Ég held að það sé bara mjög mikilvægt að endurtaka það, að við endurtökum það í hverri einustu ræðu, vegna þess að einhver öfl hér í þinginu skilja þetta alls ekki.

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í annað sinn til að koma inn á fáein atriði sem ég hafði ekki tíma fyrir í fyrri ræðu minni og bregðast við einum eða tveimur atriðum sem hafa komið hér fram í ágætri umræðu um utanríkismál í dag.

Fyrst varðandi ræðu Steingríms J. Sigfússonar. Hann var að ræða evruna og hann var að ræða um Svía og hvernig þeir ætla að bregðast við hugsanlegum möguleika þess að taka upp evruna og lýsti því mjög fjálglega. Hann sagði að Svíar með sinn iðnað og sitt efnahagslíf mundu ekki treysta sér til að taka upp evru án þess að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir.

Mér varð þá hugsað til þess að fyrir 10–12 árum eða svo lentu Svíar í því að gengisfella um 10%, þeir voru í miklum efnahagslegum þrengingum og þurftu á skömmum tíma að fella gengi sitt um ein 10%. Þeir misstu frá sér gífurlega mikilvæg fyrirtæki, sem höfðu komið inn í landið. Menn höfðu verið að fjárfesta í Svíþjóð og fyrirtækin sem urðu fyrir þessu áfalli, gengisfallinu, fóru frá Svíþjóð og það varð Svíum gífurlega erfitt. Ég get ekki annað en minnt á það þegar menn vísa til Svíþjóðar í þessu sambandi að ég get ekki séð fyrir mér, miðað við það hvernig félagar mínir jafnaðarmenn í Svíþjóð tala, að þeir mundu yfirleitt líta á það sem úrræði að láta gengið síga um 25–30% eins og gert var hér á sl. einu og hálfu ári. Það væri ekki litið á það sem úrræði einu sinni. Um leið og við tölum um hvað Svíar mundu ekki gera þá skulum við líka tala um fleira sem Svíar mundu ekki gera.

Herra forseti. Ef við lítum á atburði liðinna mánaða þá undirstrikar þróun mála að með fátækum, undirokuðum þjóðum, hefur þróast hatur og heift og vonleysi. Þegar öfgaöfl velja að virkja þessar tilfinningar gegn velmegandi ríkjum þá gerast mjög alvarlegir atburðir. Þó að ekkert réttlæti hryðjuverk þá fer ekki hjá því að við gerum okkur grein fyrir að hægt er að leita orsaka grimmdarinnar. Við vitum af hverju þessi óhugnaður hefur orðið og hvað hefur leyst þessi öfl úr læðingi.

Þá kem ég að því atriði úr ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar er hann talaði um að það væri ekki nægur vilji fyrir því að setja pólitískar skorður við því að fyrirtæki, svo sem orkufyrirtæki, fari sínu fram í fátækum löndum. Ég er sammála því að við verðum að finna leiðir til að gera það að verkum að hnattvæðingin verði til að lyfta fátækum þjóðum upp úr því sem þær búa við.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon notaði orðalagið pólitískar skorður. Við vitum að í þeim orðum fólust hinir efnahagslegu hagsmunir stórfyrirtækja sem fara inn í fátæk lönd og nýta sér stöðuna. Þá vil ég líka minna á að allmörg ár eru síðan ég fór að leggja eyrun við orðum félaga minna, jafnaðarmanna, sem þeir töluðu um að reyna að vinna að í Evrópu og hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni, að fá félagsleg ákvæði inn í alþjóðaviðskiptasamninga. Viðbrögðin voru að lönd sem Vesturveldin ættu viðskipti við vildu ekki láta setja sér skorður. Það er hin pólitíska hlið málsins. Ákveðinn vilji var fyrir hendi meðan ákveðnir flokkar voru við völd, en þarna rákust þau á vegg.

Ég tek undir að Vesturlönd verði að axla ábyrgð og reyna að tryggja að í hnattvæðingunni felist úrbætur fyrir fátækar þjóðir. Ég lít svo á að það hljóti að verða meginmál fundarins í Jóhannesarborg. Alltaf þegar við lendum í erfiðleikum með pólitísk mál af þessum toga eru efnahagslegir hagsmunir inni í málunum, annaðhvort stórfyrirtækja eða þjóða.

Herra forseti. Það voru mjög margir þættir sem ástæða var til að koma inn á í skýrslu utanrrh. Við höfum kannski haldið okkur við fáeina þeirra en mig langar að koma inn á þróun öryggismála og öryggissamstarfs. Miðað við þróun mála undanfarna mánuði er ekki hægt að enda umræðu eins og þessa nema komið sé örstutt inn á öryggismálin.

Það er athyglisvert að nú er t.d. NATO farið að beita sér mjög fyrir samstarfi við þjóðir eins og t.d. Rússland og Úkraínu. Auðvitað er það gífurlega athyglisvert. Það er athyglisvert að þingmannasamstarf NATO hefur nýverið haldið fund sinn í Rússlandi.

Hér í maí verður stórfundur NATO og um hann hefur verið deilt og tekist á vegna kostnaðar og annars, en hann verður hér. Þá er stefnt að fyrsta fundi aðildarríkjanna með Rússum. Það undirstrikar að veröldin hefur breyst og að átakalínur í heimspólitíkinni eru allt aðrar en fyrir fáum missirum. Það undirstrikar að pólitíkin tekur stöðugum breytingum.

Í umræðu hér um norrænt samstarf urðu orðaskipti á milli formanns Samfylkingarinnar og hæstv. utanrrh. Þá upplýsti utanrrh. um fund sem fram undan væri í Kaliningrad og þar mundi hann eiga fund með utanríkisráðherra Rússa. Það var mjög athyglisvert að þetta vakti ekki einu sinni athygli. Allt í einu var okkur farið að finnast sjálfsagt og eðlilegt að utanríkisráðherra skryppi á fund yfir pollinn að eiga prívatfund með utanríkisráðherra Rússa. Þetta er merkilegt og þetta er þýðingarmikið, líka það að nýtt samstarfsfyrirkomulag Rússa og 20 ríkja Evrópu er í burðarliðnum. Það er stefnt að því að samþykkja slíkt samstarf hér í vor, m.a. um öryggis- og varnarmál, aðgerðir gegn hryðjuverkum, áhættustjórnun og afvopnunarmál.

Þetta er í raun stórviðburður sem við erum að taka þátt í, breyttar línur, samstaða í Evrópu allri og þær friðarvonir sem hægt er að binda við þessa breytingu.

Herra forseti. Áhættustjórnun, afvopnunarmál og friðargæsla verða æ mikilvægari samstarfsþáttur. Um það er mjög góður kafli í skýrslu utanrrh. Ég hef nokkrum sinnum tekið þátt í umræðu í Norðurlandaráði um norrænt samstarf við friðargæslu. Við erum með slíkt samstarf á vegum Evrópusambandsins og ÖSE, svo eitthvað sé nefnt. Þetta er mjög þýðingarmikið. Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki síst lagt mikla áherslu á samstarf um þetta mál. Við köllum það gjarnan borgaralega friðargæslu en þetta tekur til áhættustjórnunar, aðgerða til að fyrirbyggja átök og til uppbyggingar eftir að átök hafa orðið.

Í svokölluðri Brahini-skýrslu Sameinuðu þjóðanna er lögð mikil áhersla á möguleikann á hraðsveitum sem geta með stuttum fyrirvara komið upp hópi fólks, borgaralegra sérfræðinga til að skipuleggja þá, senda á vettvang og bregðast við á ákveðnum svæðum. Það var einmitt tillaga Norðurlandaráðs á sl. hausti að leggja til við ráðherrahópinn að

komið yrði á tveimur samnorrænum nefndum til að kanna möguleika á að samtvinna þátttöku á þessu sviði á milli Norðurlandanna til að verða sterkari saman. Ef löndin samtvinna bæði mannskap og sérfræðiþátttöku þar sem löndin ætla að beita sér á fjarlægum slóðum er það talið auka möguleikana og efli átakið sem þau taka þátt í og geri það árangursríkara.

Jafnframt átti að setja á laggirnar aðra nefnd þar sem kannaðar yrðu forsendur og möguleikar á sameiginlegu norrænu hraðliði. Ég mundi hafa áhuga á að heyra hvort það væri komið á einhvern rekspöl, heyra hjá ráðherranum hvort eitthvað hefði gerst í þeim málum. Þetta er eitt af því sem lögð hefur verið á mikil áhersla.

Varðandi samstarf, bæði friðarsamstarf og friðargæslu. Þegar Dayton-samkomulagið var gert og samið var um frið á Balkanskaga hefði mátt halda að Peking-ráðstefnan hefði aldrei átt sér stað. Þar voru karlar að fjalla um karla og aðgerðir karla í landi sem hafa fengið hroðalega útreið. Staðreyndin er sú að þáttur kvenna í öryggisstarfi og öryggisumræðu er ekki mikill. Mér er sagt að t.d. á öryggis- og varnarmálafundum vítt og breitt, þar sem fólk sem vinnur að þessum málum kemur, sé þátttaka kvenna á bilinu 2–10%. Það er mjög mikilvægt að konur komi af fullum krafti inn í þessi mál og séu þátttakendur, sérstaklega í uppbyggingarstarfi. Mörg samfélög eru þannig uppbyggð að karlmenn geta ekki nálgast fjölskyldurnar út af heiðum og viðhorfum í þessum löndum. Það er nauðsynlegt að vera í aðstoðinni með úrræði þar sem konur geta nálgast fjölskylduna í gegnum konur.

Mig langar að segja frá því, af því ég er að tala um sjónarmið og þátt kvenna í þessum málum að Madeleine Albright heimsótti á sínum tíma flóttamannabúðir. Eftir þessa heimsókn sá hún til þess að afla fjárveitingar til að fjölga salernum í flóttamannabúðunum sem yrðu staðsett á mörgum stöðum í flóttamannabúðunum. Af hverju skyldi hún hafa gert það? Jú, vegna þess að í heimsókninni komst hún að raun um að ungum stúlkum var alveg gífurlega oft nauðgað í flóttamannabúðunum. Leiðin á svæðin þar sem salernin voru var svo löng að stúlkur voru komnar inn á hættusvæði með því að fara þaðan sem þær héldu til yfir á svæðið þar sem salernin voru. Auðvitað skildi hún eins og skot að það varð að minnka áhættuna sem fólst í því að stúlkur færu langar leiðir til þessara hluta og beitti sér fyrir fjölgun salerna á nýjum stöðum. Ekki hefði nokkur karlmaður gert sér grein fyrir þessu. Ég nefni þetta sem lítið dæmi um hugsun sem er framandi öðru kyninu, en konur gera sér grein fyrir.

Og að lokum, af því hv. þm. Ögmundur Jónasson var að tala um að við mundum álykta um Palestínu: Já, ég treysti því að við í utanrmn. munum álykta um Palestínu. Hæstv. utanrrh. hefur hér úr þessum ræðustól tekið undir sjálfstæði Palestínu, að Ísrael og Palestína fái landamæri og Jerúsalem verði skipt. Þetta er það sem við hljótum að álykta um, virðulegi forseti, og með þeim orðum lýk ég ræðu minni.

[16:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir þessi lokaorð um Palestínu. Vonandi eigum við eftir að álykta um það efni áður en þingi lýkur í vor.

Varðandi Evrópusambandið og EES-samninginn þá er farið að líta á það nánast sem stórkostlegan glæp að hafa verið á móti þeim samningi, stórsynd. Ég veit ekki hvort mönnum finnst álíka stór synd að hafa meinað þjóðinni um að greiða atkvæði um þann samning í þjóðaratkvæðagreiðslu. En samkvæmt skoðanakönnunum voru 70–80% þjóðarinnar á því máli að það ætti að taka hann fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hafði miklar efasemdir um þann samning og hef enn.

Ég tel það ekki hafa verið góðan samning. Hann hefur grafið undan fullveldi Íslands. Ég hefði viljað fara aðrar leiðir, ganga til tvíhliða samninga við Evrópusambandið, nokkuð sem er ekki uppi eftir að við erum búin að festa okkur í þetta net. Við þær aðstæður sem við búum tel ég að við eigum að gera það besta.

Vegna þess að hv. þm. vitnaði í orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem er fjarverandi núna, um afstöðu Svía til evrunnar þá átti hann við þá afstöðu sænsku verkalýðshreyfingarinnar að hún vildi hafa eins konar viðlagasjóð til staðar til að bregðast við sveiflum í efnahagslífinu ef evran yrði tekin upp. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að 25% gengissig er ávísun á stórkostlega kjaraskerðingu einnar þjóðar og skerðir kaupmátt hennar. Hún segir að sænskir jafnaðarmenn hefðu aldrei fallist á slík úrræði, ekki einu sinni kallað það úrræði. En einhvern tímann hefði sænskum jafnaðarmönnum þótt óásættanlegt að atvinnuleysi í landinu færi yfir 10% eins og gerðist. Allt er þetta spurning um að velja og hafna, forgangsraða og leggja niður fyrir sér á hvað maður leggur mesta áherslu á, atvinnustigið eða aðra þætti í efnahagslífinu.

[17:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt og það er þess vegna sem við skipum okkur í ólíkar sveitir. Lífsskoðunin birtist í því hvernig við viljum halda á málum, hvernig við röðum okkur í flokka til þess að stefna að breyttu samfélagi og hvernig við nálgumst þau markmið sem við setjum fram. Satt best að segja þá höfum við mörg svipuð markmið en leiðirnar sem við viljum fara að þeim eru ólíkar. Hvort tengingin var þarna á milli þar sem þingmaðurinn dregur samasemmerki, er aukaatriði. Viðbrögð mín voru að benda á úrræðin sem við höfum verið að nota að undanförnu sem eru afskaplega vond og ég er sannfærð um að hefði verið hægt að sporna gegn ef menn hefðu brugðist tímanlega við því sem var í pípunum. En ekki meir um það.

Þingmaðurinn nefndi skoðanakönnun um EES. Það var ofboðslega hávær umræða um framsal, um að samningurinn bryti í bága við stjórnarskrá og um að við værum að missa forræði á okkar málum. Ég er alveg sannfærð um að þeir sem lýstu því yfir í skoðanakönnun að þeir vildu ekki EES-samninginn hafa trúað því.

En ég tek líka alveg mark á skoðanakönnunum, jafnt hvort þær henta því sjónarmiði sem er uppi hjá mér eða einhverju sem er andstætt viðhorfum mínum. Það finnst mér vera alveg öfugt hjá t.d. flokki hv. þm. vegna þess að hann nefnir þessa skoðanakönnun um EES. Þegar flokkur hans hefur fengið gífurlega fínar fylgiskannanir þá hefur mér heyrst að flokkurinn hans líti svo á að það sé í raun fylgisstaðfesting, en þegar skoðanakannanir koma um vilja fólks til að skoða aðild að Evrópusambandinu þá heitir það skoðanamyndun og rangar upplýsingar.

[17:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. (**Gripið fram í:** Svaraðu þessu.) Ég veit nú ekki hvort þetta er alveg sanngjarnt. Ég var í hópi

þeirra sem voru því mjög fylgjandi að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn á sínum tíma. Ég var þar í ágætum félagsskap ASÍ, BSRB, Neytendasamtakanna, Bændasamtakanna og greinilega ríkur vilji var fyrir því í þjóðfélaginu að leggja þennan samning fyrir þjóðina. Ég held að það hefði verið til góðs, auk þess sem ég tel að slíkt geti örvað umræðu um málin á sama hátt og við höfum verið með tillögu um að setja Kárahnjúkavirkjun í þjóðaratkvæðagreiðslu. Vonandi er nú ekki þörf á því að ræða það mál reyndar miklu lengur því svo virðist sem Norsk Hydro hafi lagt þau áform á hilluna þótt ríkisstjórnin berji áfram hausnum við steininn.

Ég tek undir með hv. þm. að að sjálfsögðu hefði átt að grípa til allt annarra efnahagsúrræða hér á landi en að láta gjaldmiðilinn veikjast eins og gert var. Það hefði verið hægt að treysta undirstöður atvinnulífsins á annan og miklu skynsamlegri hátt en þennan. Ég er alveg sammála því að þetta var uppgjöf.

En það sem ég er að leggja áherslu á er að þegar við forgangsröðum í stefnumótun okkar og í pólitík þá vil ég forgangsraða atvinnustiginu mjög framarlega. Ég held að eitt alvarlegasta þjóðfélagsmein sem getur herjað á nokkra þjóð sé atvinnuleysi. Ég held að það fari mjög illa með hvert þjóðfélag.

Aðeins um hinar pólitísku skorður við fjárfestingum alþjóðaauðhringa, og þar er aftur vísað í hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Ég held að þar hafi verið átt við þá pólitík sem stofnanir á borð við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafa fylgt og lagt til grundvallar lánveitingu og styrkja til fátækustu þjóða heimsins og það höfum við gagnrýnt.

[17:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það. Ég forgangsraða atvinnuþátttökunni framarlega og vil að allir þegnar þessa lands hafi sín tækifæri og möguleika á að lifa með reisn og vera gildir þegnar í samfélaginu. Ég forgangsraða því mjög framarlega.

Um þjóðaratkvæði vil ég segja að þegar EES-samningurinn var gerður og lögfestur á Alþingi þá var það skoðað mjög vel og fengin lögfræðileg álit um að hann bryti ekki í bága við stjórnarskrá, hann gæfi ekki tilefni til þjóðaratkvæðagreiðslu. Strax í þeirri umræðu var sagt að ef aðild að Evrópusambandinu yrði skoðuð þá væri óumdeilt að um það mundi fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Hvort við mundum hugsanlega í dag, eftir þá umræðu sem hefur orðið almennt um framsal og fullveldi, samt hafa viðhaft þjóðaratkvæðagreiðslu, veit ég ekki.

En það er óumdeilt að verði það ofan á hjá einhverri ríkisstjórn á komandi árum að skoða aðildina að Evrópusambandinu þá verður það borið undir þjóðaratkvæði. Ég ber mjög mikla virðingu fyrir því og ég treysti þjóðinni. Ég treysti þjóðinni og vil lúta niðurstöðu hennar, á hvorn veg sem yrði. Þannig eigum við að fara að í lýðræðisríki. Það er það sem er svo mikilvægt. Þess vegna er mér algjörlega fyrirmunað að skilja af hverju menn eru svona ofboðslega hræddir við umræðuna, af hverju menn ríghalda í einhver fá atriði og berja þau fram í hvert einasta skipti sem einhver umræða verður í þessum sal, af hverju menn reyna ekki saman að leita svara við þessum áleitnu spurningum og fáist niðurstaða, þá skoði þeir stöðuna.

[17:07]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans sem er að venju mjög yfirgripsmikil og tekur á flestum þáttum utanríkismálanna. Ég tek einnig undir þakkir til starfsmanna utanríkisráðuneytisins. Ég er alveg sammála því sem komið hefur hér fram um að á vegum ráðuneytisins úti í heimi er unnið afskaplega mikið og þarft starf sem þjóðin nýtur góðs af og hefur svo sannarlega skilað sér.

Ræða hæstv. utanrrh. snerist að mestu um sjálfbæra þróun og er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að taka undir þau sjónarmið að við verðum að lifa í sátt við náttúruna og að jafnvægi ríki við nýtingu auðlinda, en hvað okkur Íslendinga varðar er það spurning um líf og dauða.

Það er að sjálfsögðu óumdeilt að Íslendingar hafa með ýmsu móti gert þennan sáttmála við náttúruna til að jafnvægi ríki og getum við sagt að í orkumálum, t.d. jarðvarma, gufu og fallvötnum, hafi þetta tekist með ágætum og við getað kennt öðrum þjóðum hvernig eigi að nýta orkulindir með sjálfbærum hætti og skapa þar með mikla hagsæld fyrir viðkomandi þjóð. Það hefur svo sannarlega tekist hjá Íslendingum og er það mjög til eftirbreytni.

Sjálfbær þróun fiskveiðanna hefur verið mikið og eðlilegt markmið okkar. Kannski hefur ekki tekist eins vel þar. Eigi að síður má segja að Íslendingum hafi þó með þeim aðferðum sem notaðar eru í dag, þ.e. með kvótaúthlutunum, tekist að ná stöðugleika eins og er. Það gengur of hægt að byggja upp þá fiskstofna sem við eigum, en við vonum að það muni takast.

Þær aðferðir sem við höfum beitt við fiskveiðarnar eru líka mjög nútímalegar og okkur hefur með þeim tekist að nýta okkur nýjustu tækni á þessu sviði sem hefur verið þróuð hér á Íslandi og ber að þakka sjómönnum okkar sem eru afskaplega framsýnir og duglegir og eins að sjálfsögðu þjónustuaðilum sem þjónusta útgerðina og útgerðarmönnum fyrir það hversu nýjungagjarnir þeir hafa verið og fljótir til.

Samt hefur mér ekki líkað ýmislegt í sjávarútvegsstefnunni. Mér líkar ekki, þegar við köllum okkur sjálfbæra og umhverfisvæna, hvernig við höfum leyft fullvinnsluskipum að henda fyrir borð um 40% af öllum þeim afla sem inn fyrir borðstokk þeirra skipa kemur. Það er staðreynd að í dag vinna um 60 skip afla sinn um borð en þau veiða um 150 þúsund tonn, eða nálægt 40% af öllum botnfiskafla sem leyfilegt er að veiða við Íslandsstrendur. Af þessum 150 þúsund tonnum fara 60 þúsund tonn í hafið aftur.

Ég hef látið reikna það út lauslega hvað þessi afli væri verðmikill. Ef um væri að ræða útflutning þá eru um 1,5 milljörðum hent í hafið með þessu móti. Þó er það kannski ekki aðalatriðið í þessu samhengi hjá mér heldur sóðaskapurinn og virðingarleysið sem mér finnst koma fram hjá Íslendingum gagnvart auðlindinni sem slíkri. Við erum að henda þarna beinum og hausum. Við erum að henda þarna roði og reyndar slógi og alls konar úrgangi. Þessu er hent í mjög stórum stíl frá þessum skipum. Þessu er hent á mjög þröngu svæði oft og tíðum þannig að þetta dreifist ekki yfir stórt svæði heldur er þessu hent nánast eins og í kringum frystihús. Munurinn er bara sá að þetta fer á hafsbotninn en ekki kringum frystihús eins og á landi.

Sumir hafa haldið því fram að það sé mjög gott fyrir lífríkið í hafinu að fá þennan úrgang niður á botninn því að þar væru hin og þessi botndýr sem ætu þetta. Ég held samt

þegar litið er á þá staðreynd að niður við botninn er yfirleitt ekki nema tveggja gráðu hiti og ekki mikið um botndýr sem vinna á þessu nema á mjög löngum tíma, að þetta sé einhver óskhyggja eða falsrök. Þetta er ekkert sambærilegt við það t.d. að loðnan hefur gengið hér á fjörur og hefur eyðst á mjög skömmum tíma. Loðnan er að mestu leyti vatn og engir beinhryggir sem koma þaðan.

Mér finnst ósköp svipað að henda afla fyrir borð og ef öllum sláturúrgangi væri hent út á tún og hann látinn liggja þar þangað til hann rotnaði. Ég veit að engum sem býr í þessu landi mundi líka það vel að ganga þannig um náttúruna. En þannig göngum við um lífríkið í sjónum og það líkar mér illa. Ég vona að íslensk stjórnvöld taki á þessu máli og að íslenskir útvegsmenn opni augu sín fyrir því að þetta er ekki umgengni sem menn geta borið virðingu fyrir.

Herra forseti. Ég hef lagt fram lagafrv. í þessu skyni og vona að það veki einhverja umræðu og leiði síðan til þess að stjórnvöld taki þetta upp á sína arma.

Það sem tengist sjávarútvegsmálum svo enn frekar í þessari umræðu, herra forseti, er sú mikla umræða sem hefur farið fram um inngöngu Íslendinga eða hugsanlega aðild Íslendinga að Evrópusambandinu. Ég held að flestallir ræðumenn hér hafi rætt það með einhverju móti.

Eins og kom hér fram áðan hefur stefna Sjálfstfl. verið ljós. Það er alveg klárt að stefna Sjálfstfl. er að sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu. Það hefur verið rætt, bæði á landsfundi og í flokknum sjálfum. Einstakir þingmenn og formaður flokksins hafa flestir lýst yfir skoðunum sínum hvað þetta varðar. Ég vil segja bara fyrir mína parta að ég er algjörlega sammála þeirri stefnu, meginstefnu, að við getum ekki undir þessum kringumstæðum gengið í Evrópusambandið. Spurningin er náttúrlega sú hvort við getum nokkurn tímann gert það, hvort að nokkurn tímann verði staðan slík að við getum afsalað okkur þeim miklu hagsmunum sem felast í fiskimiðunum og fiskstofnunum.

Einnig verður að velta því fyrir sér hvort það fyrirkomulag sem við höfum beitt við fiskveiðarnar að tengja aflakvóta við skip sé ekki líka mjög hættulegt ef við gengjum í Evrópusambandið þar sem algjört frelsi á sölu fyrirtækja yfir landamæri ríkir og kvótinn fylgir skipinu. Það væri þess vegna auðvelt að kaupa upp öll skip landsmanna og þá um leið upp allan kvóta. Hvar sætum við þá? Ég sé fyrir mér alveg feiknalega mikil vandamál rísa ef við förum að leita eftir þeim leiðum. Ljóst er að við fáum engar undanþágur, það hefur legið fyrir og ég veit ekki betur en það komi fram í bók Samfylkingarinnar.

Einnig kemur þetta fram í þeim hugleiðingum sem Framsfl. hefur verið með og þeir sérfræðingar sem hafa talað um þetta eru flestallir sammála um að Rómarsáttmálinn taki afdráttalaust á málinu og þannig verði sameiginleg forsjá yfir sjávarútvegsmálum. Ég segi ekki að það verði eins slæmt hjá okkur og hjá Möltu, en við munum að sjálfsögðu hafa einhver yfirráð eins og eftirlit og við munum um tíma hafa einhver yfirráð yfir kvótanum en til lengri tíma litið hlýtur þetta að fara allt saman til sameiginlegra yfirráða í Brussel. Það er bara eðli Evrópusamningsins, að teknar verða sameiginlegar ákvarðanir.

Aftur á móti hef ég alltaf verið og er Evrópusinni og auðvitað skiptast menn í annars vegar í Evrópusinna og Ameríku, eða sumir vilja tengjast bara NAFTA. Ég hef aftur á móti talið að EES-samningurinn hafi veitt okkur þau réttindi sem við þurfum og „frelsin fjögur" sem oft voru til umræðu hér einu sinni, hið frjálsa flæði fólks, fjármagns, vöru og þjónustu, hafa veitt okkur þau réttindi innan Evrópusambandsins sem við þurfum.

Ef við förum lengra erum við einfaldlega búin að missa af því sjálfstæði sem við verðum að eiga sem þjóð. Ég geri því ráð fyrir að umræðan eigi eftir að verða miklu lengri. Mér heyrist það og þær skoðanakannanir sem hafa farið fram eru afskaplega sláandi. Ég held fyrst og fremst að það stafi af því að almenningur hefur ekki beinlínis áttað sig á þessu. Það er ekkert einfalt að skilja hvað gerist við svona samning. Morgunblaðið gerði ágæta úttekt á þessu um helgina og lesturinn á henni sýndi okkur nú hvað þetta er í rauninni flókið. Norðmenn töldu sig gera góðan samning, stjórnvöld þar töldu sig gera mjög góðan samning, en þegar upp var staðið þá voru flestir sammála um að samningurinn hefði verið frekar lélegur og margir sögðu mjög lélegur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta og vil að endingu minnast aðeins á varnar- og öryggismálin og utanríkismálin, sem nú hafa þróast eins og fram kemur í ágætri skýrslu hæstv. utanrrh. á þann veg að utanríkismálin og öryggis- og varnarmálin eru meira og meira að færast yfir til Evrópusambandsins.

Við vitum að heilmikil andstaða er gegn því að þetta þróist á þann veg, sérstaklega hjá Bretum og mörgum þjóðþingum, en þetta virðist þó vera stefna og straumur sem ekki verður stöðvaður. Þeir þættir sem snúið hafa t.d. að varnar- og öryggismálum og voru innan VES, eða Vestur-Evrópusambandsins, hafa færst yfir til Evrópusambandsins og eru núna undir stjórn Solana. Þær hugmyndir sem eru um þingmannasamkundu Vestur-Evrópusambandsins hafa verið í þá áttina að þingmannasamkundan ætti að verða hluti af Evrópuþinginu.

Ég er alveg hjartanlega inni á því eins og mér finnst hæstv. utanrrh. vera, að við eigum að reyna að fylgja þessu eins mikið og við getum. Við eigum að reyna að vera innan VES með þau réttindi sem við höfum haft. Þó svo að völd Vestur-Evrópusambandsins hafi minnkað, þá eru þau mjög mikilvægur vettvangur í Evrópuumræðunni, bæði í varnar- og öryggismálum og þau verða það áfram.

Evrópuþjóðþingin munu aldrei afsala sér varnar- og öryggismálum alfarið til Evrópusambandsins, a.m.k. ekki í nánustu framtíð. En aftur á móti gæti svokallaður Evrópuher haft þær afleiðingar að það yrði sameiginlegt forræði sem ekki er gott að átta sig á hvernig þróaðist.

Ég hef því talið mjög nauðsynlegt fyrir okkur sem þjóð að styrkja stöðu okkar innan Vestur-Evrópusambandsins eins og við getum, að sjálfsögðu innan NATO líka, enda tengdust þau tvö bandalög, NATO og Vestur-Evrópusambandið, órjúfanlegum böndum og að margra mati hefði það vel getað virkað áfram, en sá einbeitti vilji Evrópusambandsins að fara af stað með sína eigin varnar- og öryggismálastefnu með meiri krafti en áður réð því hvernig fór.

[17:22]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði sem svo þegar hann fór yfir það hvernig þjóðin hefði nýverið tjáð hug sinn í skoðanakönnunum um afstöðuna til Evrópusambandsaðildar, að mikil umræða eigi eftir að fara fram, fólk átti sig ekki á þessu. Hann sagði sem svo að fólk átti sig ekki á því hvað gerist við svona samning eins og við mundum þurfa að ganga í gegnum með samningaviðræðum um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Hann sagði eitthvað á þá leið að erfitt

væri að segja hvað gerðist og vísaði þar í reynslu Norðmanna af samningaferli við Evrópusambandið.

Herra forseti. Ég vil einmitt vekja athygli á því að Norðmenn hafa tvisvar sinnum farið í gegnum samningaviðræður við Evrópusambandið um hugsanlega aðild, fellt hana í bæði skiptin. Ég held að það sé einmitt þannig, herra forseti, að íslenska þjóðin áttar sig ósköp vel á því hvað er að gerast. Hún áttar sig á því að Evrópusamstarfið er í hættu undir hatti EES-samningsins. Það mun ekki þjóna hagsmunum okkar nægilega til framtíðar að hafa treyst á þann samning til þess að halda úti slíku samstarfi og íslenska þjóðin áttar sig líka á því að einu rök Sjálfstfl., Vinstri grænna og þeirra sem hafa barist jafnvel gegn því að sú umræða fari fram, eru þau að við séum að afsala sjálfstæði okkur yfir fiskimiðunum. Það er það sem höfuðáherslan er lögð á.

Því hlýtur maður að spyrja, herra forseti: Er ekki rétt að láta á það reyna? Og maður hlýtur einnig, herra forseti, að spyrja hv. þm., hvort ekki megi skilja það á máli hans að ef við fengjum ásættanlega niðurstöðu í samningum um yfirráðin yfir auðlindinni, að hann væri þá tilbúinn að ganga í Evrópusambandið? Hann leggur höfuðáherslu á að það sé það sem standi í vegi. Hann útilokar fyrir fram að hann nái árangri í samningaviðræðum. En ef á það er látið reyna og niðurstaðan er jákvæð, er hann þá tilbúinn að ganga inn í Evrópusambandið?

[17:24]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að búið sé að láta mikið á það reyna af Norðmönnum. Norðmenn létu fara fram mjög mikla könnun á þessu fyrir sig. Þeir töldu sig hafa náð góðum samningi sem þegar grannt var skoðað af hagsmunasamtökum ásamt mörgum öðrum heildarsamtökum í Noregi reyndist hann haldlítill hvað varðaði sjávarútveginn.

En vissulega er sjávarútvegurinn ekki nærri eins mikilvægur fyrir Norðmenn og okkur, þannig að það er kannski engu saman að jafna. Sjávarútvegurinn skiptir sköpum fyrir okkur. Ef við töpum höndunum af sjávarútveginum, þá erum við sem þjóð í hættu og það er náttúrlega ekkert skrýtið þó menn hafi það sem útgangspunkt.

Þó er auðvitað annað sem mér finnst koma vel inn í þá umræðu og það er hin sameiginlega mynt. Ég geri ráð fyrir því að ef menn á annað borð ganga inn í Evrópusambandið, þá munu þeir líka taka upp evruna. En eins og margoft hefur komið fram er efnahagur okkar þannig að hann byggist á allt öðrum takti en annarra þjóða Evrópusambandsins og því mjög erfitt fyrir okkur að taka upp sameiginlega mynt.

Ég er viss um að ef við færum inn í Evrópusambandið, þá held ég að margt mundi breytast hjá okkur sem við mundum ekki endilega getað séð fyrir, þess vegna var ég nú að tala um að svona samningar eru mjög flóknir og erfitt að sjá hvernig þeir þróast.

Ég er ekki að segja að svartsýnustu spár séu þær einu réttu, en ég held að raunsæi, ef maður notar raunsæja hugmyndafræði í þessu, þá er innganga í Evrópusambandið óraunhæfur kostur fyrir Íslendinga um ókomna framtíð.

[17:26]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson kom einmitt að kjarna málsins. Hann kom einmitt að því að sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga sem við byggjum afkomu okkar að miklu leyti á og þess vegna hefur það mikla þýðingu í hugsanlegum samningaviðræðum við Evrópusambandið og þar af leiðandi fráleitt að tala um aðrar þjóðir í því samhengi sem byggja afkomu sína alls ekki á sama hátt á sjávarúvegi, eins og Norðmenn, og eru með allt annars konar þjóðarbú en við búum við.

Herra forseti. Vissulega er það svo að við vitum aldrei nákvæmlega fyrir fram hvaða áhrif aðild að Evrópusambandinu muni hafa. En besta leiðin til að kanna það er að sækja um aðild, láta reyna á það í samningaviðræðum hversu langt við komumst með hin stóru mál sem við höfum hvað mestar áhyggjur af. Ég trúi að ég og hv. þm. séum sammála um að við munum aldrei samþykkja slíkan samning nema fyrir liggi að ásættanleg niðurstaða náist hvað sjávarútveginn varðar. Það held ég að allir séu sammála um, bæði þeir sem eru með og á móti Evrópusambandinu.

En ég er líka þeirrar skoðunar, herra forseti, að ég er alveg viss um að mjög margt er jákvætt sem við sjáum ekki fyrir sem mundi koma í ljós ef við gerðumst aðilar og hefur oft komið í ljós þegar við höfum gerst aðilar að alþjóðlegu samstarfi og er þar kannski EES-samningurinn hvað skýrasta dæmið. Það höfðu mjög margir efasemdir um þann samning, m.a. Sjálfstfl. sem var á móti honum allt þangað til að myndað var ríkisstjórn með Alþýðuflokknum árið 1991, þegar tekin var stefnubreyting í því máli. Menn höfðu efasemdir um þann samning og höfðu það margir mjög lengi. En hjá mörgum þeirra aðila, m.a. Alþýðusambandinu, hefur afstaða manna breyst gríðarlega síðan þá og ég vil meina að allflestir, fyrir utan kannski einstaka aðila, séu sáttir við þann samning og telja að hann hafi fært okkur gríðarlegar hagsbætur fyrir íslenskt þjóðarbú og þjóðlíf.

[17:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við ákveðum að sækja um aðild að Evrópusambandinu, þá gerum við það vegna þess að við ætlum að ganga inn í það. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Þá værum við búin að ákveða það t.d. hér í þinginu að það væri það sem við vildum og við vissum þá nokkurn veginn hvað stæði til boða. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er nokkurn veginn ljóst hvað stendur til boða.

Þess vegna held ég að allt annað sé blekkingaleikur. Verið er að afvegaleiða fólk með því að segja að einhverjir samningsfletir séu á sjávarútvegsmálunum (**BH:** Hvað með Norðmenn?) Norðmenn náðu t.d. ekki neinum samningum sem skipti máli fyrir þá. (**BH:** Þeir höfnuðu samningnum.) Norðmenn höfnuðu samningnum einmitt vegna þess að það sem kom út úr samningaferlinu var ekki ásættanlegt og þá sérstaklega í sjávarútvegsmálum. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ekki samtal.)

Fyrirgefðu, herra forseti. En svona fór um sjóferð þá hjá Norðmönnum og þeir hafa lært af reynslunni.

En hv. þm. talaði um að EES-samningurinn hefði ekki verið allra. Það er alveg rétt og Sjálfstfl. var áður á níunda áratugnum, eða hluti hans kannski, ekki sammála þeim samningi en Sjálfstfl. kom heill inn í þá umræðu 1991 og var sá flokkur sem leiddi þá umræðu ásamt Alþýðuflokknum til lykta og það er enginn sem ber á móti því. Ég hef sagt það áður að Sjálfstfl. hefur verið mjög farsæll í ákvörðunartökum sínum í utanríkismálum og alþjóðamálum og má þar benda á m.a. NATO, Sameinuðu þjóðirnar og EES.

[17:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnmálin eru skrýtin á stundum. Þegar hv. þm. Kristján Pálsson telur að lítil von sé til þess að

Sjálfstfl. muni nokkru sinni fallast á að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu verð ég að rifja upp að Sjálfstfl. hefur sýnt ótrúlega hentistefnu varðandi afstöðu sína til Evrópu. Hv. þm. verður að muna að það var vinstri stjórn sem undirbjó EES-samninginn. Þá var Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Hann vildi komast í ríkisstjórn og það var sett sem skilyrði af Alþýðuflokknum að hann kokgleypti fyrri andstöðu sína við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það tók hann ekki nema hálfa nótt að gera það, herra forseti. Því var það svo að Sjálfstfl. sneri afstöðu sinni á einni nóttu. Skyldi það geta gerst aftur, herra forseti? Ég skal ekkert um það segja. En það gæti gerst.

Ég vil ekki vera ókurteis við hv. þm. en mér finnst það lýsa ótrúlegri fáfræði þegar hann heldur því fram að það sé sjálfgefið að ef Íslendingar sækja um aðild að Evrópusambandinu þá verði þeir að hleypa hér óvígum flota útlendra þjóða inn í fiskveiðilögsöguna. Hv. þm. sagði að við yrðum að afsala okkur auðlindinni, hann orðaði það svo. Þetta er það sama og maður hefur hlustað á hv. þm. Sjálfstfl. segja aftur og aftur. Ég held að það sé ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að slíkt muni gerast.

Hv. þm. sagði að það væri ekki hægt að fá neinar undanþágur frá Rómarsáttmálanum. Ég hugsa að það sé rétt hjá hv. þm. Svo sé líka rétt hjá honum að það komi fram í þeirri bók sem hann vitnað til hérna. Það má ekki gleyma því að aðildarsamningarnir eru jafnréttháir þeim samningi. Í gegnum þá hafa menn náð ýmsu fram.

Það þýðir heldur ekki, herra forseti, að koma hér og tala um Noreg. Þar var allt annað uppi á teningunum. Norðmenn urðu að gera það sem enginn íslenskur stjórnmálamaður mundi koma með heim frá Brussel, þ.e. norsk stjórnvöld urðu að leggja til að erlendar þjóðir fengju fastar veiðiheimildir innan lögsögunnar. Það mundum við aldrei gera.

[17:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta hv. þm. Ég sagði aldrei að það kæmi óvígur floti frá Evrópusambandinu og veiddi upp allan fiskinn hér. Ég sagði að vegna þess að íslenski flotinn og fiskveiðikerfið væri sett þannig upp að veiðiheimildirnar tengdust skipum yrði auðvelt að kaupa upp flotann með þeim hætti og kvótann um leið og þar með værum við búnir að missa yfirráðin yfir öllu okkar.

Ég er ekki að segja að það sé eitthvað óeðlilegt að fá erlenda fjárfestingu inn í landið. Það yrði þó að vera undir þeim formerkjum að við hefðum yfirráðin yfir sjávarútveginum og auðlindinni í okkar hendi. Það var það sem ég var að segja við hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Ég veit ekki hvað hv. þm. er að tala um hentistefnu þegar hann snýr að Sjálfstfl. Af því hv. þm. talaði um vinstri stjórnina sem var þar á undan þá man ég ekki betur en þá hafi Alþýðubandalagið og Framsfl. greitt atkvæði gegn þessu þegar það kom til afgreiðslu í þinginu hér árið 1991. (**ÖS:** Ekki utanríkisráðherra.) Ég var ekki að tala um hæstv. utanrrh. Ég var nú að tala um Framsfl. í heild. Ég var reyndar ekki í þinginu þá og man ekki hvort hæstv. utanrrh. sat þá hjá eða hvað. Ef ég man rétt þá var það þannig að hann sat hjá.

Aftur á móti þá spyrjum við að leikslokum í svona málum og Sjálfstfl. stóð einhuga að þessari samþykkt þegar hún kom.

Ég held, herra forseti, að ég muni ekki fara frekar út í þetta hér, en bíð eftir seinna andsvari hv. þm.

[17:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér skildist á ræðu hv. þm. áðan að útlendingar kæmust inn í landhelgina með tveimur aðferðum. Annars vegar mundi aðild okkar að Evrópusambandinu beinlínis leiða til þess að yfirstjórn fiskveiðimála mundi hleypa þeim inn í landhelgina. Ég skil það svo núna að hv. þm. sé þeirrar skoðunar að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna leiði ekki til þess. Hin leiðin sem hann bendir á er hið svokallaða kvótahopp, herra forseti. Það er útbreiddur misskilningur að kvótahoppið sé eitthvert verulegt vandamál, t.d. í Bretlandi og í Danmörku. Báðar þessar þjóðir hafa gripið til sérstakra aðferða til að tryggja að þeir sem nýta fiskveiðiheimildir hafi raunveruleg efnahagsleg tengsl við viðkomandi ríki. Þetta er heimilt samkvæmt sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og þessar aðgerðir byggjast m.a. á niðurstöðum Evrópudómstólsins.

Ég rifja það upp að þegar hingað kom sjávarútvegsráðherra Bretlands í heimsókn, Elliot Morley að nafni, líklega árið 2000, þá staðfesti viðkomandi í sjónvarpi, í þætti sem hét Aldahvörf, að kvótahopp væri ekki lengur neitt vandamál í breskri útgerð. Ef Bretar og Danir geta þetta þá hljótum við að geta þetta. Ég get svo sem rifjað það upp líka, herra forseti, að kvótahoppið hafi aldrei verið nema svona u.þ.b. svolítið meira en fræðilegur möguleiki. Ég held að það hafi alltaf verið hverfandi lítið.

Að því er Noreg varðar þá gerðist það auðvitað að Norðmenn hafa aðra stöðu en við vegna þess að þeir hafa sameiginlega efnahagslögsögu með Evrópusambandinu. Þeir urðu að fallast á að Evrópusambandið fengi veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs. Það var það atriði fyrst og síðast held ég sem leiddi til þess að samningurinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[17:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki ljóst, eftir því sem ég hef lesið, að Norðmenn mundu frá úthlutun langt inn í framtíðina miðað við þá reynslu sem þeir höfðu á einhverjum ákveðnum tíma í veiðum innan lögsögu sinnar. Þannig er ekkert sem tryggir í sjálfu sér að í framtíðinni verðum við einir um að fiska í íslenskri landhelgi ef við göngum inn í Evrópusambandið. Ég hef ekki getað lesið það.

Ég skal samt ekki fullyrða um það. Ég held að þetta sé í algjörri óvissu. Meðan þetta er í svo mikilli óvissu er ekki hægt að halda neinu öðru fram en að þetta sé alla vega mjög óklárt.

Mér hefur verið sagt að kvótahoppið hafi verið gríðarlega mikið, m.a. hafi Spánverjar eignast 20% af öllum breskum kvóta til ráðstöfunar. Hvað þýddi það fyrir Íslendinga ef 20% af íslenskum botnfiskkvóta færðist yfir til annars lands? Það þýddi 80.000 tonn. Hvaðan ættum við að taka þau 80.000 tonn?

Það gefur augaleið að það yrði mikil blóðtaka ef svo færi. Ég er ekki nógu kunnugur þessu til að átta mig á því hvers vegna þetta gæti ekki orðið 80%, ef út í það væri farið.

[17:39]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðleg viðskiptafélög, 668. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1084.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 670. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1086.

Framlag Íslands til þróunarsamvinnu og niðurstöður Monterrey-ráðstefnunnar, 656. mál, fsp. SJS, þskj. 1060.

Greiðsla sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp, 330. mál, svar heilbrrh., þskj. 1000.

Lokafjárlög 1998, 666. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1082.

Lokafjárlög 1999, 667. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1083.

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., 669. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1085.

Raforkulög, 662. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1072.

Steinullarverksmiðja, 663. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1073.

Takmarkanir á tóbaksreykingum, 573. mál, svar umhvrh., þskj. 1067.

Verð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun, 570. mál, svar iðnrh., þskj. 1066.

Verðbréfaviðskipti, 363. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1062.

[17:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Umræðan sem hér hefur staðið í dag hefur að mörgu leyti verið fróðleg og skemmtileg. Ef ég ætti að þakka einhverjum fyrir þessa umræðu, fyrir utan hæstv. utanrrh. sem ég hef þegar gert, vildi ég þakka hv. þm. Vinstri grænna fyrir að hafa tekið ákaflega málefnalega þátt í umræðu sem hér hefur farið fram um Evrópusambandið.

Auðvitað sakna ég hins vegar að sjá hér hv. þm. Sjálfstfl. færa rök fyrir sínu máli, eins og mér finnst hv. þm. Vinstri grænna hafa gert með skörulegum hætti. Ég er ekki sammála rökum þeirra, eins og ég kem að í máli mínu á eftir en mér finnst vanta á að hv. þm. Sjálfstfl. komi með alvörurök. Það dugir ekki koma og segja: Ja, formaður Sjálfstfl. hefur staðið í þessari umræðu af hálfu flokksins, eins og einn hv. þm. gerði. Þingmenn verða að koma hingað og færa rök fyrir máli sínu. Það er ekki hægt að koma og halda fram einhverjum tuggum sem menn hirða héðan og þaðan.

Ég verð að segja að ég hef verið hissa á því sem ég get ekki kallað annað en vanþekkingu af hálfu hv. þm. Sjálfstfl., t.d. á því hvað hin sameinaða sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins mundi þýða fyrir Ísland. Ef það er eitthvað sem hæstv. utanrrh. hefur gersamlega mistekist á sínum ferli, þá aðallega allra síðustu missiri, þá er að upplýsa samstarfsflokkinn um hvað í þessu felst.

Herra forseti. Áður en ég kem að Evrópusambandinu aftur langar mig að drepa hér á tvö mál og spyrja hæstv. utanrrh. um þau. Annað er mál sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur fjallað um í umræðunni og varðar Palestínu. Palestína er mál sem við þm. Samfylkingarinnar höfum tekið mjög upp á okkar arma og ekki bara við, heldur þingmenn stjórnarandstöðunnar. Ég verð var við mikinn skilning á bágum kjörum palestínsku þjóðarinnar hjá stjórnarflokkunum líka. Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji ekki rétt að hið háa Alþingi tjái vilja sinn til þessa máls með því að samþykkja tillögu þar sem stefna þingsins í þessu kæmi fram áður en við ljúkum þingi í vor.

Eins langar mig að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann muni á næstunni taka ákvörðun um að þiggja þau boð sem hann hefur áður tjáð þinginu að fyrir liggi frá Ísrael og Palestínu um heimsókn þangað. Ég held að það skipti miklu máli að hæstv. utanrrh. fari sem fulltrúi smáþjóðar sem hefur kröftuga rödd á alþjóðavettvangi, láti skoðanir íslensku þjóðarinnar í ljósi og sýni hina breiðu samstöðu sem hér er að finna varðandi ofríki Ísraels, segi það bæði við ísraelsku ríkisstjórnina og sýni Palestínumönnum stuðning í verki.

Hitt atriðið sem ég vildi inna hæstv. utanrrh. eftir eru viðræður við Bandaríkjamenn um bókun sem rann út á síðasta ári við tvíhliða varnarsamning okkar við Bandaríkin. Ég hef alltaf, herra forseti, þó ég sé ekki sérstakur sérfræðingur um þann samning, litið svo á að bókanir við hann fælu í reynd í sér útfærslu á samningnum. Nú rann sú bókun út á síðasta ári. Hver er þá staðan í þessu máli núna? Mér finnst satt að segja dálítið umhendis, herra forseti, ef samningur af þessu tagi er í lausu lofti. Ég ímynda mér að hann sé þannig núna, fyrst bókunin hefur runnið út, að innihald síðustu bókunar sé enn í fullu gildi. En væntanlega bara fram að þeim tíma að Bandaríkjamenn breyta einhverju. Þeir hafa samkvæmt núverandi stöðu, eins og ég skil, möguleika til þess að taka einhliða ákvarðanir um það.

Herra forseti. Mig langaði aðeins að reifa Evrópumálin. Mér finnst umræðan sem hér hefur staðið verið nokkuð góð. Þó verð ég að segja að umræðan sem ég hef átt við formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er í raun umræðan sem ég hefði gjarnan viljað sjá milli hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. Þeir skoðanapólar sem hafa tekist á í þeim skoðanaskiptum milli Samfylkingarinnar í dag annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar eru að sjálfsögðu þeir skoðanastraumar sem leika líka milli jaðra ríkisstjórnarinnar. Auðvitað er það nokkuð sérkennilegt þegar maður hugsar til þess að þjóðfélagið allt hefur leikið á reiðiskjálfi síðustu viku eftir skoðanakannanir um ESB vegna umræðna sem hafa farið fram hvarvetna, að þá skuli ríkisstjórnin ekki færa þá umræðu inn í þessa sali, sér í lagi þegar horft er til þess að hæstv. utanrrh. hefur teflt fram mörgum hugmyndum sem eru nýstárlegar og verðskulda sannarlega að þær séu ræddar hér inni á hinu háa Alþingi.

Mér finnst þegar upp er staðið eftir þennan dag að þrennt standi kannski upp úr varðandi Evrópuumræðuna. Það er í fyrsta lagi hin málefnalega fjarvera Sjálfstfl. Ég skil það svo að sá flokkur vilji í reynd ekki taka þátt í umræðu um meginatriði Evrópuumræðunnar.

Herra forseti. Í annan stað finnst mér það merkilegt að við höfum nú verið að ræða hér í heilan dag og talsvert mikið um Evrópusambandið og það hefur fyrst og fremst verið um sjávarútveginn og áhrif aðildar að sjávarútvegi. Ég vek eftirtekt á því að þegar ég hóf fyrri ræðu mína hér í dag gerði ég grein í upphafi máls míns fyrir afstöðu minni til fullveldisins, því ég hef verið þeirrar skoðunar að það skipti mestu máli í umræðu íslensku þjóðarinnar. Ég er ekki lengur viss um að svo sé. Mér finnst það í sjálfu sér þakkarvert því ég tel að þau rök sem ýmsir hafa fært fram, m.a. forusta Samfylkingarinnar og hæstv. utanrrh., séu þá að meira eða minna leyti samþykkt af þeim sem eru aðilar að umræðunni.

Í þriðja lagi, herra forseti, finnst mér merkilegt hvernig menn hafa rætt hér upptöku evrunnar. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég lýsti í dag, að það væri ákaflega farsælt fyrir íslenskt efnahagslíf að taka evruna upp sem gjaldmiðil. Ég ætla ekki að fara út í rökin fyrir því. En ég vil segja það hins vegar að ég hafna því alfarið að ekki sé hægt að gera þetta. Í fyrsta lagi vegna þess að hagkerfin séu ekki í takt, þ.e. hið stór-evrópska hagkerfi og hins vegar hið íslenska. Það kann vel að vera að svo sé í dag, herra forseti. En af sjálfu leiðir, eins og við höfum séð gerast annars staðar, að ef við tækjum

upp evruna þá mundu þessi hagkerfi að sjálfsögðu stilla sig saman, þ.e. hið íslenska stilla sig eftir hinu evrópska.

Hitt atriðið sem mér finnst merkilegt við málflutning þeirra sem gera evruupptöku að andstöðuatriði er sú skoðun að nauðsynlegt sé að hafa sjálfstæða mynt til þess að geta komið með stórfellt inngrip inn í hagsveifluna. Hvað þýðir það í sjálfu sér, herra forseti? Menn tala um atvinnuleysi og ég virði það auðvitað. En ég ætla ekki að gefa þessari ríkisstjórn eða öðrum ríkisstjórnum eitthvert fjarvistarleyfi frá því að stjórna efnahagsmálum eins og menn, gefa þeim þann möguleika að geta gripið inn í hagkerfið með stórfelldum gengislækkunum og geta alltaf horft til þess þegar þeim hefur mistekist að stjórna hagkerfinu.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hélt fund hérna úti á Hótel Borg fyrir tveimur árum og tók undir aðvörunarorð stjórnarandstöðunnar um viðskiptahalla. Þáverandi formaður fjárln. gerði það líka. Menn vissu að hverju stefndi. Tímasprengjan sprakk. Hún sprengdi gengið og það leiddi hér til þessarar verðbólgu sem aftur leiddi til þess að við þurftum að grípa til vaxtahækkana.

Herra forseti. Svona hagstjórn vil ég ekki. Gleymum því ekki /að ef við erum að biðja um heimild til þess að geta gripið inn með gengisfellingum, þá erum við líka að biðja um heimild til þess að rýra kjör íslensks almennings og það eiga flokkar eins og Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki að gera. Ég hafna því þeim rökum sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa sett fram. Ég er ekki sammála þessu.

Það sem mér fannst markverðast og best og heldast í röksemdafærslu hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var vitaskuld þessi umræða sem tengist sjávarútvegi. Ég er að vísu algerlega ósammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að mikil hætta sé á því að ef við gerumst aðilar að Evrópusambandinu þá mundi það leiða til þess þegar við þurfum að fara að endurnýja samning okkar um flökkustofna að Evrópusambandið mundi láta kné fylgja kviði. Ég skynja Evrópusambandið sem vinveittan risa, vinveittan gagnvart okkur, vinveittan gagnvart ýmsum smjáþjóðum og mér finnst smáþjóðir ekki hafa borið skarðan hlut frá borði í samningum við það. Það er með því hugarfari sem ég nálgast þetta samband. Ég lít ekki svo á fyrir fram að þeir séu fullir af vilja til þess að hrifsa til sín auðlindir okkar.

Eigi að síður, herra forseti, verðum við að horfast í augu við staðreyndirnar. Það er samið um alla flökkustofnana nema kolmunnann og vitaskuld eru hagsmunir í húfi þar sem kolmunninn er. En ef við lítum á norsk-íslenska síldarstofninn þá er í gildi alþjóðlegur samningur eftir sérstökum rökum sem Íslendingar féllust á og ég held meira að segja að við í stjórnarandstöðunni höfum öll með einhverjum hætti fallist á. Ég skal ekki segja við höfum öll greitt því atkvæði. Sennilega höfum við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon setið hjá ár eftir ár og auðvitað veit hæstv. utanrrh. að ég hef nú ekki verið sammála öllu sem þar hefur komið fram. En samningurinn er fyrir hendi og hann er gerður m.a. með liðveislu Evrópusambandsins, þ.e. Evrópusambandið er aðili að honum.

Eru einhverjar líkur á því að Evrópusambandið muni í framtíðinni þegar við erum komin þar inn og höfum meiri völd heldur en við höfum í dag innan þess, láta kné fylgja kviði og allt í einu fara að skerða okkar hlut? Að sjálfsögðu ekki. Tökum loðnuna sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi líka. Ég man nú svo sem ekki hvernig skiptingin er í dag, en mig minnir að Íslendingar hafi 78%, Grænlendingar og Norðmenn sitt hvor 11%. Á hverju byggist þetta? Á veiðireynslu. Og það gildir um flökkustofnana líka að úthlutun kvóta úr þeim byggist á veiðireynslu. Ég vísa því þessu á bug. Ég vísa þessu á bug.

Það sem ég get rætt um við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og þá sem eru andstæðir aðild okkar á grundvelli sjávarútvegsstefnunnar er tvennt. Það er í fyrsta lagi sú staðreynd að heildarkvóti aðildarríkjanna yrði samkvæmt núverandi reglum og lögum sambandsins ákveðinn í Brussel. Ég skil það vel, bæði frá tilfinningalegu sjónarhorni og líka praktísku, að menn gjaldi varhug við því. Sérstaklega skil ég það vel frá tilfinningalegu sjónarhorni. Ég get alveg fundið þær tilfinningar sem bærast í brjóstum manna þegar þeir horfa fram á þetta. Ég hef tekið eftir því að hæstv. utanrrh. hefur t.d. í blaðaviðtölum sagt að þetta gangi ekki. Sama segir hv. þm. og formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Sama segja þeir sem stýra penna Morgunblaðsins. Auðvitað er það svo að fyrir fram á enginn að gefast upp fyrir því og segja að svona verði þetta.

En eitt af því sem við þurfum að ræða er sú hugmynd sem hæstv. utanrrh. hefur komið fram með. Hann hefur sagt að það hljóti að koma til greina að svæðið umhverfis Ísland verði sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði. Hann hefur fært fram gild rök fyrir því. Jú, hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópusambandsins byggir á sameiginlegum þáttum og okkar sameiginlegu þættir sem eru innan efnahagslögsögunnar eru engir. Við höfum ekki sameiginlega efnahagslögsögu með öðrum eins og Malta og Noregur. Við höfum ekki sameiginlega staðbundna stofna eins og Noregur. Þetta eru því fullgild rök hjá hæstv. ráðherra fyrir því að setja þessa hugmynd fram. Og þau rök eru styrkt með þeirri staðreynd að svipað gildir með Miðjarðarhafssvæðið. Skylt stjórnfyrirkomulag gildir um Eystrasaltið. Það skiptir líka máli að menn eins og fyrrverandi sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, John Madison, og fyrrverandi forustumaður Evrópusambandsins, belgíski forsætisráðherrann fyrrverandi Dehaene, segja að þetta komi alveg til greina. Ég hef lesið það sem hæstv. ráðherra hefur sagt eftir fundi sína með þýskum stjórnvöldum sem við höfum alltaf fundið sérstaka velvild frá. Hæstv. ráðherra átti fund með utanríkisráðherra Þýskalands á dögunum þegar hann var í sinni Þýskalandsför að kynna þetta og án þess að hægt væri að leggja of mikla túlkun í það sem þar kom fram þá gat ég samt ekki annað en skilið það svo að skilningur væri á þessu atriði.

Því vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hann ekki þrátt fyrir alla Evrópufælni, þrátt fyrir alla hina opinberu Evrópufælni þessarar ríkisstjórnar og þrátt fyrir að umsókn sé ekki á dagskrá og þrátt fyrir að hann megi ekki opinberlega vinna að því að skilgreina samningsmarkmið, telur hann ekki eigi að síður hægt að nota þann kraft sem er að finna í utanrrn. til þess að kanna hljómgrunninn fyrir þessari hugmynd vegna þess að ef hún yrði samningsmarkmið af hálfu Íslendinga og ef búið væri að vinna henni brautargengi og ef sá sem færi til þess að semja við Evrópusambandið kæmi heim með þetta í farteskinu þá væri búið að slá á þessa röksemd sem t.d. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og fleiri hafa verið með í dag?

Herra forseti. Hitt atriðið sem ég ætlaði að ræða við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon en kemst nú ekki til, er einmitt kvótahoppið. En ég er viss um að okkur gefst tími til þess að gera það síðar.

[17:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hvort ég væri því sammála að Alþingi ályktaði um málefni Palestínu. Mér finnst sjálfsagt að Alþingi álykti um þau málefni sem Alþingi kemur sér saman um að álykta og ég veit að það er til umfjöllunar að álykta um málefni Palestínu og ég hef ekkert nema gott um það að segja að svo verði gert. Það hefur verið gert áður og ég tel að full ástæða sé til þess nú.

Að því er varðar heimboð til Ísraels og Palestínu þá komu í gær hugmyndir um dagsetningar í lok maímánaðar, sem að vísu verður akkúrat þegar hér verða kosningar sem ég tel nú ekki alveg heppilegt. Ég tel því að það yrði betra strax að loknum sveitarstjórnarkosningum hér á landi. Ég tel mig eiga erfitt með það sem formann stjórnmálaflokks að vera fjarverandi þegar sveitarstjórnarkosningar fara fram hér á landi. Ég er vanur að greiða atkvæði hér á landi og vil halda þeim sið.

Hins vegar er þetta til athugunar og ekki er meira um það að segja að svo komnu máli.

Að því er varðar bókun við varnarsamninginn þá hafa engar formlegar viðræður hafist milli aðila. Við bíðum átekta í þeim efnum. Það liggur ljóst fyrir hvað við Íslendingar viljum í sambandi við þau mál. Við teljum nauðsynlegt að hafa hér nánast óbreyttan varnarviðbúnað í landinu og höfum komið því skilmerkilega á framfæri. Hins vegar er ýmislegt að gerast í þessum málum sem væri vert að fara yfir. Af hálfu Bandaríkjamanna á sér stað endurskipulagning á þeirra skipulagi, skipulagi varnarmála sem getur haft veruleg áhrif hér á landi. En ég hef ekki tíma til að fara hér út í það á þessu stigi.

[17:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins að drepa á það sem hæstv. ráðherra sagði um Palestínu. Ég held að við þingmenn allir berum málstað Palestínu mjög fyrir brjósti og ég held að það skipti máli að við sýnum það í verki. Rödd smáþjóðar skiptir máli og við höfum fengið beiðnir um það frá Palestínumönnum. Ef hæstv. ráðherra á erfitt með að komast burtu á þessum tíma, sem ég geri engar athugasemdir við, þá hvet ég hann til þess að láta ekki langan tíma líða.

Ástæðan fyrir því að ég spurði um afstöðu hans til þess að þingið samþykkti ályktun um Palestínu var nú ekki bara til þess að fá það fram að honum væri alveg sama um að þingið samþykkti hvaðeina sem þingið ákveddi. Ég er auðvitað að óska eftir atbeina hæstv. utanrrh., sem er líka formaður í stjórnmálaflokki, til þess að meiri hlutinn í þinginu sem hann er drjúgur partur af, stuðli að því að slík ályktun verði samþykkt og ítreka þær beiðnir mínar hér, herra forseti, þó að hæstv. ráðherra þurfi ekkert að svara því neitt frekar núna.

[17:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hér hafa um margt verið góðar og málefnalegar umræður í dag. En tíminn er takmarkaður og þess sér nú m.a. stað í því að t.d. Evrópuumræðan hefur kannski orðið meira um sjávarútveginn einan en ástæða væri til og efni standa til. Það er hins vegar ekki þannig að spurning um tengsl okkar við Evrópusambandið snúist bara um sjávarútvegsmál. Ég fór yfir og nefndi ein átta efnisatriði önnur sem skipta miklu máli. Ég nefndi landbúnað. Ég nefndi hagstjórn. Ég nefndi ferðaþjónustu og aðrar útflutningsgreinar sem tengdar eru gjaldeyrisskráningu. Ég nefndi tollmúra. Ég nefndi atvinnuöryggi og stöðugleika á vinnumarkaði. Ég nefndi lýðræði, spurningu um rétt fólks til að ákveða umhverfi sitt og um virkni og þátttöku í ákvörðunartöku. Og ég nefndi sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæðan samningsrétt. Við getum kallað það hluta af fullveldinu ef svo ber undir.

Varðandi hagstjórnina og gengisskráningu, vaxtaákvarðanir, peningastjórntæki, þá er það auðvitað þannig að það getur verið alveg jafnmikilvægt að gjaldmiðill geti styrkst, að vextir geti hækkað, að peningapólitíkin geti verið aðhaldssöm á þannig tímum eins og hitt að þetta geti gefið eftir og örvað allt efnahagslífið þegar það á við. Það má ekki bara horfa á þessa spurningu þannig að þetta snúist um að hægt sé að fella gengið. Það er enginn talsmaður þess og allra síst sá sem hér stendur að þetta eigi að vera til staðar bara til þess að hægt sé að fella gengið um einhverja tugi prósenta. Það er ekki svo.

En fram hjá hinu er ekki hægt að líta, og það verða talsmenn þess að taka upp evruna að taka með í reikninginn, að þetta verður ekki án fórna og án hættu því þá fara þessi sjálfstæðu stýritæki úr landinu í grófum dráttum og þá er fátt eftir sem getur tekið á sig sveiflurnar nema eftirspurnarstigið á vinnumarkaði. Ergo: Þetta vill leiða út í atvinnuleysi á tímum haglægða og öfugt. Þessu verða menn að svara.

[18:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon misvirði það ekki við mig þó að ég geti þess að þá prýðilegu ræðu sem hann flutti núna var hæstv. forsrh. að flytja uppi í Seðlabankanum rétt áðan.

Herra forseti. Ég segi auðvitað eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að sú umræða sem við höfum verið með hérna er nauðsynleg. Það sem vantar í hana er að það séu ekki bara tveir, þó öflugir séu, stjórnarandstöðuflokkar sem eru að ræða þetta málefnalega sín á milli, heldur vantar náttúrlega einn pólinn sem er Sjálfstfl., stærsti flokkur þjóðarinnar. Og eins og ég sagði áðan, ég hefði auðvitað kosið að hæstv. utanrrh. kæmi frekar með hugmyndir sínar um þróun Evróputengslanna inn í þessa umræðu.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir, ég hef aldrei dregið dul á það þó að ég hafi kannski verið nokkuð kappsfullur í málflutningi mínum fyrir Evrópusambandinu, að það eru líka gallar sem fylgja aðild. Það er auðvitað galli líka sem fylgir því að við höfum ekki þá stjórn sem hv. þm. nefndi áðan. En mér hefur þótt hjá tveimur þingmönnum sem hafa rætt þetta í dag felast ákveðinn vilji til að geta haft föng til þess að fella gengið, til þess að bjarga atvinnumálum o.s.frv. Ég hafna slíkum hagstjórnaraðferðum í dag alveg eins og ég hafnaði þeim þegar við vorum komin á seinni part stjórnarsamstarfs Alþfl. og Sjálfstfl. rétt fyrir 1995. Þá kom það fram aftur og aftur hjá mörgum stjórnmálamönnum að þetta væru aðferðir fortíðar, þetta eiga að vera aðferðir fortíðarinnar. Ég segi það aftur að gengisfellingar eru ekkert annað en aðferðir til þess að flytja kostnað yfir á herðar almennings. Þær eru það fyrst og síðast.

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið ákaflega gagnleg og mér finnst að svona eigi menn að vegast á um svo mikilvæg mál, þ.e. með rökum og ég virði afstöðu hv. þm. Vinstri grænna þótt ég sé henni ósammála og sé að reyna að færa rök fyrir því hvers vegna.

[18:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alveg hárrétt hjá hv. þm. að lækkun raungengis gjaldmiðils hefur neikvæð áhrif á kaupmátt almennings í því landi gagnvart innfluttum vörum en jákvæð áhrif hins vegar á tekjur útflutningsgreina. Þetta er ekki flóknara en það.

Að sjálfsögðu mælir enginn því bót í sjálfu sér að gripið sé til aðgerða sem skerða kaupmátt. Það vill enginn þurfa að gera. En ef aðstæður eru þannig í einu landi að viðskiptahallinn er t.d. kannski 10% landsframleiðslu og útflutningsgreinarnar eru reknar með dúndrandi tapi, þá vitum við að það er ekki stöðugt ástand. Það mun enda með ósköpum ef ekkert er að gert.

Við höfum báðir gagnrýnt ríkisstjórnina harkalega fyrir andvaraleysi og miðstjórn við hagstjórn. Við erum ekki að mæla því bót hvernig þeir hlutir gengu fyrir sig. Enginn vafi er á því að ef fyrr hefði verið gripið í taumana með skynsamlegum hætti, þá hefði mátt forðast þessar stóru sveiflur, upp fyrst með raungengið og síðan langt niður aftur. Það er óæskilegt. En að þetta sé hluti í einhverju stýriverki í hagkerfinu, því eigum við ekki að neita. Það er staðreynd.

[18:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi það eitt að þessi staða hefði auðvitað aldrei komið upp ef aðrir flokkar hefðu verið í ríkisstjórn. Hvers vegna? Vegna þess eins og ég sagði: Hæstv. utanrrh. varaði við því. Hv. þm. Jón Kristjánsson, páv. formaður fjárln., varaði við því. Hver einasta sérfræðistofnun innlend og erlend varaði við því. Allir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa rætt um þetta mál vöruðu við því. Það lá bara í stöðunni að þetta mundi gerast.

Andvaraleysi, glannaskapur, aulaháttur. Menn geta valið þessu hvaða nöfn sem er, en fram kom hjá einum af gúrúum ríkisstjórnarinnar í þingmannaliðinu í dag að nauðsynlegt væri að hafa þetta til að geta gripið inn í þegar viðskiptahallinn væri orðinn slíkur til að bjarga málunum. Því hafna ég alfarið, herra forseti.

Ég tel að það séu vond rök að vilja hafa okkar litla hagkerfi einangrað með þeim hætti til að geta gripið til hagstjórnaraðgerða af þessu tagi sem flytja í reynd byrðarnar allar yfir á axlir almennings í landinu.

[18:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Oft getur verið erfitt að eiga í orðræðum við menn sem hafa yfirburðaþekkingu eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur í Evrópumálunum. Hann hefur lagt sig í líma við að benda áhorfendum á að Sjálfstfl. og þeir þingmenn sem hafa tekið þátt í þessari umræðu hafi ekki hundsvit á henni. Það er náttúrlega fallega sagt af hv. þm.

Aftur á móti eru þau rök sem liggja fyrir að aðild að Evrópusambandinu er augljós. Það getur hvaða maður sem er tínt þau til hér, hvort sem þau eru þrjú eða 30. Þau eru fjölmörg þannig að ég ætla bara að hafna þeim palladómum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson fellir um þingmenn Sjálfstfl. sem hafa tekið þátt í umræðunni. Umræða okkar hefur verið breiðari en svo að við höfum talað eingöngu um Evrópusambandið. Talað hefur verið um sjávarútvegsmálin í breiðum skilningi, enda er það sá höfuðatvinnuvegur sem skiptir okkur öllu.

Ég ætla ekki að tefja þetta meira, herra forseti. Ég vil benda á að ein helsta röksemdin sem mér fannst vera hjá hv. þm. og skiptir kannski öllu í hans huga er að Evrópusambandið væri vinalegur risi. Það er kannski það sem dugir, ég fer að halda það.

[18:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég horfi til Evrópusambandsins fer auðvitað ekki hjá því að við mér blasir að þar hafa menn verið að berjst fyrir félagslegum umbótum sem hafa m.a. leitt til þess að helstu félagslegu ávinningar seinni ára sem launafólk á Íslandi hefur fengið í sinn skerf eiga uppruna sinn hjá Evrópusambandinu. Hvers vegna? Vegna þess að því er stjórnað meira og minna af jafnaðarmönnum.

Ég sagði kannski ekki að hv. þm. Sjálfstfl. hefðu ekki hundsvit á þessum málum en mér finnst að sumir þeirra hafi orðið uppvísir að grófri vanþekkingu. Ég hef hlustað á tvo hv. þm. Sjálfstfl. hér og í sjónvarpi á síðustu dögum halda því fram að aðild að Evrópusambandinu mundi leiða til þess að togarar erlendra þjóða mundu koma hingað til Íslands. Nú er það svo að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins byggir á því sem sameiginlegt er, sameiginlegri nýtingu sameiginlegra fiskstofna innan sameiginlegrar efnahagslögsögu. Undir þessu er ákveðin kvótareynsla sem fótur. Málið er einfaldlega þannig að það er engin sameiginleg efnahagslögsaga, engir sameiginlegir stofnar og engin kvótareynsla sem menn hafa notað, t.d. í tilviki Norðmanna eða Spánverja. Það er einfaldlega þannig að ekkert ríki er á þessari kringlu sem í krafti þeirrar reynslu getur óskað eftir veiðiheimildum innan lögsögu okkar. Svo einfalt er það nú. Þetta er því ekkert annað en hrein og klár vanþekking en ég tek fram að ég er ekki að gera hv. þm. Kristjáni Pálssyni hana upp.

Þegar við höfum síðan ríki eins og Möltu og Noreg þá blasir við grundvallarmunur á stöðu þeirra og okkar. Hver er sá grundvallarmunur? Þessi ríki eiga bæði sameiginlega efnahagslögsögu með Evrópusambandinu og þess vegna hafa þau neyðst til þess að veita veiðiheimildir innan lögsögu sinnar.

[18:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekkert ríki heims í raun í sambærilegri aðstöðu og við, hvorki Malta né Bretar. Þess vegna er þetta miklu snúnara og erfiðara mál fyrir okkur heldur en nokkurn annan. Við erum búnir að rekja það allt saman.

Ég ætla að endingu minna á þetta svokallaða kvótahopp sem rændi Breta 20% af veiðiheimildum sjómannanna þar. Það var bara keypt yfir á næsta land. Það þótti náttúrlega ekkert allt í lagi en þetta gerðist. Það er ekkert sem ég hef séð sem bendir til þess að svona kvótahopp gæti ekki orðið ef við gengjum í Evrópusambandið. Ég hef alla vega ekki séð það. Hv. þm. getur kannski leiðrétt mig með það.

Ég er heldur ekki búinn að sjá að þetta geti ekki orðið miklu meira. Auðvitað hlýtur þetta að vera skoðað í ljósi þeirrar miklu umræðu sem hefur farið fram þannig að menn geti kannski rennt frekari stoðum undir þetta allt saman. En það er alveg augljóst að óvissan í kringum þetta mál og þeir samningar sem gerðir hafa verið eru þess eðlis að umsóknaraðild okkar að ESB er nánast óhugsandi.

[18:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef of stuttan tíma til þess að útskýra fyrir hv. þm. hvað er hægt að gera til að útrýma kvótahoppinu. Bretar og Danir gripu til sjö mismunandi lagagjörninga sem útrýmdu því að mestu leyti. Það kann vel að vera að rétt sé hjá hv. þm. að einhvern tíma hafi þetta verið verulegt vandamál en svo er einfaldlega ekki í dag. (**KPál:** ... skýringin?) Fyrir því höfum við orð (Gripið fram í.) hæstv. sjútvrh. og þar var einmitt miðað við að koma í veg fyrir að hægt sé að komast bakdyramegin með því að kaupa sér skip því að það er það sem kvótahoppið er.

Herra forseti. Það er einfaldlega þannig að Sjálfstfl. er að einangra sig í þessari umræðu, hann er að einangra sig gagnvart því sem hæstv. utanrrh. hefur kallað mikilvægasta hagsmunamál Íslands í dag. Og Sjálfstfl. ætti að sjá sóma sinn í því frekar að taka upp hugmynd hæstv. utanrrh. og reyna að vinna henni brautargengi um sjálfstætt fiskveiðistjórnarsvæði í kringum Ísland vegna þess að það mundi í einu vetfangi ryðja burt helstu röksemdunum gegn aðild.

[18:12]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 453. mál, nál. iðnn., þskj. 1074; brtt. iðnn., þskj. 1075.

Kostnaðarþátttaka sjúklinga við endurhæfingu, 664. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1080.

Náttúruvernd, 657. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 1061.

Rafeyrisfyrirtæki, 454. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1063.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, 489. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1064; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1065.

Skráning í þjóðskrá, 658. mál, fsp. EMS, þskj. 1068.

Starfsmannafjöldi hjá Fasteignamati ríkisins og Landskrá fasteigna, 659. mál, fsp. ArnbS, þskj. 1069.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, 661. mál, fsp. SJóh, þskj. 1071.

Öryggisráðstafanir lögreglunnar í tengslum við fund utanríkisráðherra NATO, 660. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 1070.

[18:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þá ágætu umræðu sem átt hefur sér stað í dag um utanríkismál og almennt þann góða hug sem hér hefur komið fram í garð utanríkisþjónustunnar og þess starfs sem þar er verið að vinna. Ég tel að skýrslan sem telur tæpar 100 blaðsíður sýni mjög vel umfangsmikið starf utanrrn. og utanríkisþjónustunnar. Ég tel að þar hafi verið afskaplega vel unnið eins og hér hefur komið fram. Ég er afskaplega þakklátur fyrir að komið hafi fram skilningur og góður hugur í garð þess fólks sem vinnur fyrir okkar hönd á erlendum vettvangi og hefur skilað góðum árangri í gegnum áratugina.

Í dag hafa Evrópumál að sjálfsögðu komið til umfjöllunar. Ég gerði þau ekki sérstaklega að umræðuefni í ræðu minni heldur sjálfbæra þróun. Ég tel mikilvægt að skoða sjálfbæra þróun með hliðsjón af utanríkismálum og að sá málaflokkur sýni e.t.v. betur en margir aðrir hversu nátengd innanríkismál og utanríkismál eru. Þar er ekki lengur um aðskilnað að ræða vegna þess að það sem við köllum utanríkismál tengjast í mjög ríkum mæli öllum innanríkismálum okkar. Hið sama má segja um Evrópumálin. Auðvitað tengjast þau í mjög ríkum mæli nánast öllum málaflokkum sem við fjöllum um á Alþingi. Þar af leiðandi eru skilin á milli utanríkismála og innanríkismála ekki lengur fyrir hendi.

Hér hefur allmikið verið fjallað um evruna og hugsanleg áhrif evrunnar á íslenskt efnahagslíf ef hún yrði tekin upp. Nú er það alveg ljóst í mínum huga og ég heyri að það er einnig ljóst öðrum hv. alþingismönnum að upptaka evrunnar hér á landi þýðir aðild að Evrópusambandinu. Á því er enginn vafi. Það er ekki hægt að taka upp evruna nema það komi til.

Það liggur náttúrlega ljóst fyrir að meginkosturinn við það að hafa sjálfstæðan eigin gjaldmiðil er að hægt er að bregðast við ytri aðstæðum og hægt að aðlaga gengi að ytri aðstæðum. Nú er það hins vegar svo að það er stefna Seðlabankans og þar með talið Íslendinga að genginu sé beitt þannig að verðbólga sé sem minnst og verðbólgumarkmið Seðlabankans er 2,5%. Það þýðir að sjálfsögðu að menn eru að búa sig undir að halda þeim aga á okkar efnahags- og fjármálalífi að við getum viðhaldið því verðbólgustigi jafnvel þótt við verðum fyrir ytri áföllum. Með því er verið að segja að við viljum ekki beita gengisbreytingum til að mæta ávallt ytri aðstæðum.

Það er náttúrlega ljóst að meginókosturinn við að vera með eigin gjaldmiðil, lítinn gjaldmiðil, er sá möguleiki sem er fyrir hendi að breyta genginu og þar með getur það haft áhrif á tiltrú og aga í efnahagskerfinu. Það er t.d. alveg ljóst í mínum huga að til þess að viðhalda gengi íslensku krónunnar, eins og við munum að sjálfsögðu gera og nota tiltæk ráð, eru engar líkur til annars en við þurfum að búa við hærra vaxtastig en í evrulöndunum. Þetta er m.a. stutt af útreikningum Þjóðhagsstofnunar í þessu máli sem ég gerði nýlega að umræðuefni á iðnþingi.

Á tímum frjálsra fjármagnsflutninga — það er að sjálfsögðu atriði sem skiptir miklu máli í þessu sambandi því að engar hömlur eru á fjármagnsflutningum til og frá landinu — er fremur ólíklegt að margfalt stærri gjaldeyrisforði en Seðlabankinn ræður nú yfir megnaði alveg að sefa þann ótta sem ávallt er meðal aðila um að gengisbreyting geti átt sér stað og það muni þess vegna ekki draga úr þessum vaxtamun. Þetta eru staðreyndir sem öll lítil hagkerfi þurfa að búa við. Meira að segja norska hagkerfið býr við þessar aðstæður. Svissneska hagkerfið gerir það ekki vegna þess að svissneski frankinn hefur um svo langan tíma verið alþjóðlegur gjaldmiðill.

Af því að við tölum um atvinnustigið í þessu sambandi þá hefur það verið rætt að líklegt sé að upptaka evrunnar þýddi miklu meira atvinnuleysi. Nú er náttúrlega ljóst að það skiptir miklu máli á hvaða tímapunkti slík breyting ætti sér stað. Á Bretlandi er t.d. talið að Bretar geti ekki gerst aðilar að evrunni um þessar mundir vegna þess hve gengi breska pundsins er hátt og það væri mikið glapræði fyrir Breta að ganga inn í samstarfið á þeim tímapunkti. Það er náttúrlega alveg jafnljóst að það hefði verið mikið glapræði af hálfu Íslendinga að ganga inn í slíkt samstarf þegar gengi íslensku krónunnar var afskaplega hátt og engin leið að verja slíka ákvörðun.

Hins vegar er líka ljóst að hærri fjármagnskostnaður og meiri óvissa dregur úr fjárfestingu og minni fjárfesting eykur möguleika á atvinnuleysi. Meiri fjárfesting verður til þess að atvinnustig verður almennt hærra. Hér um afskaplega flókið mál að ræða. Það eru engar einfaldar lausnir í því. Evran sem slík er engin lausn á íslenskum efnahagsmálum eða á

framtíð Íslendinga. Þar spila mjög margir þættir inn í og við skulum fara varlega í að líta á upptöku hennar sem einhverja töfralausn.

Hins vegar er jafnframt ljóst í mínum huga að fjármagnskostnaður í litlu hagkerfi verður ávallt hærri en í stóru hagkerfi. Nú kann svo að vera að önnur atriði séu þess valdandi að rétt sé að sætta sig við það. Auðvitað þarf að vega það og meta. Það er líka ljóst að fjármagnskostnaður hefur mikið að segja í vöruverði. Vöruverðið myndast að nokkrum hluta vegna fjármagnskostnaðarins. Þetta eru atriði sem verða áfram til umræðu. Mér finnst nauðsynlegt að menn velti þeim fyrir sér. Hins vegar er rétt að hafa í huga að slíkt tengist þátttöku í þessu samstarfi í miklu ríkari mæli en er í dag. En það er líka nauðsynlegt að hafa í huga að evran var tekin upp vegna innri markaðarins. Við erum fullir þátttakendur í innri markaðnum og evran hefði aldrei verið tekin upp nema vegna þess að þessar þjóðir starfa sameiginlega á innri markaði. Það hefur líka mikil áhrif í þessu sambandi hvaða ákvörðun Bretar, Danir og Svíar taka, en ekkert bendir til annars en þessar þjóðir stefni að því að verða fullgildir aðilar að þessu samstarfi.

Vegna umræðna um sjávarútvegsmálin vil ég aðeins vísa til þess sem ég hef sagt um þau mál. Ég er oft spurður um hver sé ástæðan fyrir því að Íslendingar geti ekki eða hafi ekki viljað gerast aðilar að Evrópusambandinu. Svarið er m.a. sjávarútvegsmál. Auðvitað spila ýmis önnur mál þar inn í, t.d. umræðan um fullveldi og sjálfstæði, landbúnaðarmál og ýmis önnur mál sem ég ætla ekki að fara út í hér. En menn vilja gjarnan vita hvað þurfi að koma til til þess að viðunandi lausn geti átt sér stað í þessu máli.

Hér hefur verið vitnað til Möltu. Malta er allt annað dæmi en Ísland. Malta er í Miðjarðarhafinu og landhelgin í kringum Möltu er ekkert sambærileg við landhelgina í kringum Ísland. Miðjarðarhafið er innhaf og þannig vill til að Möltubúar settu sér ákveðin samningsmarkmið í samningum sínum við Evrópusambandið. Þeir náðu þeim fram. Samningsmarkmið þeirra eru að sjálfsögðu allt önnur en Íslendingar kæmu til með að hafa.

Þess ber líka að geta að sjávarútvegur á Möltu er á engan hátt samsvarandi við sjávarútveg á Íslandi. Hann skiptir ekki eins miklu máli í þeirra þjóðarbúskap. Ég vil því ekki draga einhverjar ályktanir af því máli. Hins vegar er nauðsynlegt að taka fram í allri þessari umræðu að undanþága, bein undanþága frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, er eitthvað sem Evrópusambandsríkin hafa ekki léð máls á, a.m.k. ekki þegar ég hef spurt um það. Það þarf útfærslu á málum innan þessarar stefnu. En það þarf líka að taka það fram að Rómarsáttmálanum hefur verið breytt með Maastricht — með Amsterdam — og með aðildarsamningum margra ríkja sem eru viðbót við Rómarsamninginn. Það er að sjálfsögðu mögulegt að gera samninga sem ekki eru í samræmi við samninginn sem kenndur er við Róm því að honum hefur oft verið breytt.

Ég hef sett fram hugmyndir um hvernig hugsanlegt væri að slíkt gæti litið út innan sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Þar er um tvö lykilatriði að ræða, þ.e. hvað sé sameiginlegt og hvernig eigi að skilja orðið „sameiginlegt“ í þessu sambandi. Í þessari stefnu var ekki miðað við lönd eins og Ísland, enda eigum við í sáralitlum mæli sameiginlega fiskstofna með Evrópusambandinu. Síðan er það þróun nálægðarreglunnar sem er verið að taka inn í stofnskrá eða stjórnarskrá Evrópusambandsins, hvað sem á nú að kalla hana, sem gengur út á að ákvarðanir séu teknar sem næst þeim sem við þær eiga að búa. Það þýðir náttúrlega að dregið verður úr miðstýringu, dregið úr ákvörðunum sem teknar eru fyrir hönd allra í Brussel eða hvar svo sem það er og það í auknum mæli fært út til ríkjanna, út til héraðanna. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvernig þessi umræða og þessi stefnumörkun verður útfærð, en nú þegar er farið að taka tillit til þessa máls í dómum Evrópudómstólsins. Með þessu verður að sjálfsögðu mjög fróðlegt að fylgjast.

Herra forseti. Tími minn er þrotinn. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir þessa umræðu. Það er ánægjulegt að þrátt fyrir allt ríkir mikil samstaða um grundvallaratriði íslenskrar utanríkisstefnu.

[18:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sambandi við Evrópumálin, evruna og mögulega upptöku hennar er áhugavert að benda á það að ítarlegar kannanir, bæði í tilviki Danmerkur og nú seinna í tilviki Svíþjóðar, hafa komist að sömu niðurstöðunni, þ.e. að í reynd sé spurningin um upptöku evrunnar fyrir þessi lönd ekki fyrst og fremst efnahagsmál, það hafi bæði kosti en líka umtalsverða galla og því séu samfara fórnir að skipta yfir úr sjálfstæðum gjaldmiðli og taka upp evru. Spurningin um upptöku evrunnar er miklu meira talin pólitískt mál, þ.e. hvort þessi lönd ætli að vera fullir þátttakendur í hinum efnahagslega og pólitíska samruna, einnig á þessu sviði því efnahagslega sé mjög erfitt að meta hvort plúsar eða mínusar vegi þyngra. Þetta er niðurstaðan í hinum opinberu úttektum bæði í Danmörku og nú í Svíþjóð.

Í sambandi við síðan breyttar aðstæður hér þá var Seðlabankanum á grundvelli nýrra laga falið í góðri samstöðu að gera verðstöðugleikamarkmiðin að aðalatriði og hætta að framfylgja fastgengisstefnu eða verja gengið innan tiltekinna vikmarka. Þetta er alveg hárrétt en þýðir í reynd að verðstöðugleikinn sé til lengri tíma litið mikilvægastur og að betra sé að mæta breytingum með einhverjum sveiflum eða aðlögun á gengi og vöxtum eða öðrum þáttum. Það finnst mér ef eitthvað er vísa frekar til þess að horft sé á þessar breytur meira sem stýritæki. Vel að merkja, er það ekki markaðurinn sem á helst, ef allt er með felldu, að fínstilla þetta? En verðstöðugleikamarkmiðin eru talin mikilvægust af því að þeim tengjast annars vegar langtímahagvaxtarhorfurnar og hins vegar stöðugleikinn á vinnumarkaði.

Ég sat í þeirri ágætu nefnd sem glímdi við að semja drög að þessu frv. fyrir Seðlabankann og þar var þetta svona hugsað.

[18:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar afstöðu Danmerkur, Svíþjóðar og Bretlands upplifi ég ekki umræðuna þannig að hún sé fyrst og fremst pólitísks eðlis. Auðvitað er hún að einhverju leyti pólitísks eðlis og alls ekki efnahagslegs eðlis nema að því leytinu til að hér er um mikilvægt samkeppnismál að ræða, þ.e. fyrirtæki sem starfa í Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi þurfa að standast samkeppni annarra fyrirtækja á innri markaðnum.

Það liggur alveg ljóst fyrir, t.d. að því er varðar Bretland þar sem ég hef fylgst með umræðum, að ýmis alþjóðleg fyrirtæki sem starfað hafa í Bretlandi, t.d. japönsk, hafa látið í það skína að ef Bretar taki ekki upp evruna verði þau að flytja starfsemi sína vegna þess að kostnaður sé meiri í Bretlandi en annars staðar á evrusvæðinu. Þetta er líka það

sem Danir og Svíar óttast, kannski með sama hætti og Svíar óttuðust að ef þeir gengju ekki í Evrópusambandið mundu þeir missa úr landi mörg alþjóðleg fyrirtæki sem starfa í Sviþjóð, og sú umræða á sér enn stað að ef þessi fyrirtæki séu ekki samkeppnishæf og þurfi að starfa á öðrum grundvelli en önnur fyrirtæki á innri markaðnum lendi þau í verulegum erfiðleikum. Að þessu leytinu til held ég að þetta mál sé umfram allt samkeppnismál, samkeppnismál milli fyrirtækja og samkeppnismál meðal þeirra þjóða sem starfa á innri markaði Evrópu.

[18:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er þetta samkeppnismál og efnahagslegt mál en ég vísa aftur til niðurstöðu þessara hagfræðinga, og ég veit að hæstv. ráðherra man vel þá umræðu sem spratt í Danmörku í framhaldi af niðurstöðu óháðu hagfræðinganefndarinnar sem kom dönsku stjórninni nokkuð í opna skjöldu og átti náttúrlega sinn þátt í að Danir felldu evruna. Þeir sóttu ekki í niðurstöðu þessara sérfræðinga þau rök fyrir upptöku evrunnar á efnahagslegum grunni sem menn höfðu vænst. Hagfræðingarnir sögðu: Það er eiginlega ómögulegt að vega það og meta til fulls hvort vegur þyngra, kostirnir eða gallarnir, en pólitíkin er klár. Ef Danir vilja vera fullgildir þátttakendur í hinum pólitíska samruna eiga þeir að vera með í Evrópu. Þannig var málið lagt upp.

En auðvitað skipta samkeppnisskilyrði þarna máli. Og af því að hæstv. ráðherra var fyrr í umræðunni inni á þessu með lítil hagkerfi, mögulega hærri vexti o.s.frv., vil ég minna á að þetta er allt samhangandi, lítið hagkerfi, sjálfstæður gjaldmiðill, mögulega hærri vextir sem er þá að einhverju leyti fórnarkostnaður þess að viðhalda sjálfstæðum gjaldmiðli og reka sjálfstætt hagkerfi, og svo samkeppnisskilyrðin. Þótt við viðurkennum þetta allt er ekki þar með sagt að lausnin verði: Aha, göngum í Evrópusambandið, tökum upp evru. Eftir stendur að meta út frá íslenskum aðstæðum, íslenskum veruleika, landfræðilegum, efnahagslegum með tilliti til gerðar hagkerfisins, hverjar okkar mikilvægustu útflutningsgreinar eru o.s.frv., hverjir eru að lokum kostirnir og gallarnir. Vega þeir þyngra í matinu á því hvort gengið skuli í Evrópusambandið, taka upp evru eða ekki? Það að við byggjum hagkerfið að verulegu leyti á þorski, það að við erum með okkar sérstöku samsetningu í útflutningsviðskiptum, hverfur ekki þótt við tökum upp evru. Spurningin er því þrátt fyrir allt, til langs tíma litið: Er betra að búa um starfsskilyrði íslensks atvinnulífs, íslenskra útflutningsatvinnuvega, í okkar sjálfstæða hagkerfi með sjálfstæðum stjórnkerfum og gjaldmiðli, eða gera það ekki?

[18:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg ljóst að íslenskt efnahagslíf er sveiflukennt. Ég held hins vegar að verulega hafi dregið úr þessum sveiflum. Ný sjávarútvegsstefna og ýmsar breytingar sem hafa verið gerðar í sjávarútveginum hafa dregið verulega úr þeim. En auðvitað eru þær fyrir hendi að einhverju leyti. Það verður að sjálfsögðu að hafa í huga.

Hagvöxtur næstu ára og áratuga ræðst að verulegu leyti af fjárfestingu og það liggur alveg ljóst fyrir að hærra vaxtastig hefur áhrif á fjárfestingarstefnuna. Ýmis stærri fyrirtæki, alþjóðleg fyrirtæki, geta starfað á erlendum fjármagnsmörkuðum. T.d. hefur komið fram að mörg fyrirtæki á Íslandi hafa ákveðið að gera upp reikninga sína í evrum í framtíðinni, hafa ákveðið að hætta að gera upp í íslenskum krónum. Þetta eru fyrirtæki sem sækja fjármagn sitt inn á erlenda fjármagnsmarkaði. Þetta á ekki við um litlu fyrirtækin, minni atvinnurekstur í landinu. Þau verða að sætta sig við aðra skilmála og keppa á öðrum grundvelli þannig að það eru miklu meiri líkur á því að minni fyrirtækin, fyrirtæki úti um land, lendi í meiri vandamálum en stærri fyrirtæki eins og SÍF og fleiri. Allt slíkt verður að hafa í huga þegar þetta er metið.

En þetta er eins og allt annað, hvorki svart né hvítt. Mér dettur ekki í hug að láta að því liggja. Hins vegar eru þarna atriði sem við þurfum að vega og meta og þess vegna er sú umræða sem hér hefur farið fram afskaplega gagnleg, og þakkarvert hvernig menn hafa rætt, t.d. þessi evrumál, með mjög málefnalegum hætti í dag. Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir þessa umræðu.

[18:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á þær áherslur sem hæstv. utanrrh. lagði á hagstjórnina og mikilvægi þess að við höguðum henni þannig að verðbólgumarkmið Seðlabankans næðu fram að ganga, að vöxtum yrði haldið í lágmarki. Þetta er athyglisvert í ljósi þeirrar fjárfestingarstefnu í tengslum við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar sem hér á að keyra í gegn og gengur að sjálfsögðu þvert á þessi markmið.

Þetta er samt ekki ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs heldur hitt að hæstv. utanrrh. sagði að til greina kæmi að hann færi til Ísraels og Palestínu í byrjun júnímánaðar. Áður hefur verið talað um lok maí en á þeim tíma stendur til að halda sveitarstjórnarkosningar á Íslandi og hæstv. ráðherra vill kjósa hér á landi, og ég hef fullan skilning á því.

Spurning mín er þessi: Telur hann koma til greina að fulltrúar stjórnarandstöðunnar, og helst allra stjórnmálaflokka á þingi, verði með honum í för? Ég nefni formenn stjórnarandstöðuflokkanna og hugsanlega einnig formann utanrmn. sem ættu erindi með hæstv. utanrrh. til að endurspegla þá breiðu pólitísku samstöðu sem slík heimsókn á að vera vísbending um. Það hefur komið fram að við erum mjög samstiga í þessu máli og eigum að vera það eftir því sem kostur er. Telur hæstv. ráðherra koma til greina að með í för verði þessi pólitíska breiðfylking?

[18:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er tilbúinn til að ræða tilhögun þessarar heimsóknar nánar við hv. utanrmn. Mjög góð umræða um þessi mál hefur átt sér stað í utanrmn. og ég tel rétt að þessi fyrirhugaða heimsókn, þegar við vitum hvenær af henni getur orðið, verði rædd nánar í nefndinni, þar með talið hugsanlegur áhugi fulltrúa í utanrmn. til að fylgjast með henni eða taka þátt. Það út af fyrir sig er óvenjulegt en ég vil ekkert útiloka í þeim efnum. Ég tel réttara að ræða það nánar við nefndina og vænti þess að hv. þm. telji það fullnægjandi á þessu stigi.

[18:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir góðar undirtektir við þessi sjónarmið.

[18:40]

Útbýting þingskjala:

Lágmarkslífeyrir, 642. mál, þáltill. GAK og SvH, þskj. 1039.

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis, 671. mál, fsp. ArnbS, þskj. 1087.

Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, fyrri umr.

Stjtill., 615. mál (einkavæðing). — Þskj. 963.

[18:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland staðfesti breytingar á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl sem gerðar voru í Washington 17. nóv. árið 2000.

Ísland fullgilti stofnsamning alþjóðastofnunar fjarskipta um gervitungl árið 1975 að fenginni heimild Alþingis. Samningurinn var gerður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og er gjarnan nefndur INTELSAT-samningurinn.

Breytingar á stofnsamningnum hafa ekki öðlast gildi þar sem skilyrðum hans um lágmarksfjölda staðfestinga frá aðildarríkjum hans hefur ekki verið fullnægt. Aðildarríki hans voru þegar breytingarnar voru samþykktar, 17. nóv. 2000, 144 talsins og þarf staðfestingu 96 þeirra til að þær öðlist gildi. Hinn 1. mars sl. höfðu 33 aðildarríkjanna staðfest breytingarnar.

Með breytingum á samningnum er alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl einkavædd og fyrirtækið INTELSAT sett á stofn auk alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar, ITSO.

Megintilgangur eftirlitsstofnunar verður að tryggja að fyrirtækið láti í té á viðskiptagrundvelli alþjóðlega fjarskiptaþjónustu við almenning samkvæmt meginreglum samningsins.

Kveðið er á um skuldbindingar fyrirtækisins, INTELSAT, sem eru að viðhalda alheimstengingum og alheimsumfangi, þjóna líflínuviðskiptavinum og veita aðgang að kerfi fyrirtækisins án mismununar.

Innan ITSO starfar þing aðila og framkvæmdastjórn undir stjórn framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð gagnvart þingi aðila. Höfuðstöðvar þess verða í Washington.

Að mati samgrn. kallar staðfesting breytinganna á samningnum ekki á lagabreytingar hér á Íslandi. Heimildar Alþingis er þó leitað til að staðfesta breytingarnar í ljósi þess að leitað var heimildar Alþingis til að fullgilda stofnsamning INTELSAT á sínum tíma og þess að um grundvallarbreytingar á samningnum er að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[18:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tiltölulega sakleysisleg tillaga þegar maður les hana. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta breytingar á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, en með þessum samningi er verið að einkavæða þessa stofnun. Á bls. 2 í greinargerð segir að eftir breytingar á stofnsamningnum felist skuldbindingar fyrirtækisins INTELSAT í meginreglum sem eru að „viðhalda alheimstengingum og alheimsumfangi, þjóna viðskiptavinum sem reiða sig á fjarskipti INTELSAT og veita aðgang að kerfi fyrirtækisins án mismununar". Fyrirtækið á að taka á sig skuldbindingar gagnvart ríki með vanþróuð símkerfi. Þetta hljómar afskaplega vel.

Til að fylgjast með því að fyrirtækið INTELSAT standi við skuldbindingar sínar er hluta af starfsemi samtakanna haldið við með alþjóðlegri eftirlitsstofnun, ITSO, sem verður í höndum þings aðila og öll aðildarríkin eiga rétt til setu á þinginu. Þá vakna, herra forseti, spurningar hjá mér sem ég vona að hæstv. utanrrh. gefi sér tíma til að hlusta á.

(**Forseti** (ÍGP): Hæstv. utanrrh. er hér í hliðarsal og ég veit ekki betur en hann hlusti á hvert orð.)

Ég vildi bara tryggja að hæstv. utanrrh. hlustaði á þær athugasemdir sem ég hef og fyrirspurn um þetta mál.

Þannig er að fyrir ári vorum við að fjalla um aðra tillögu um gervitungl og það var gervitunglið INMARSAT. Það var stofnað 1976 og við urðum aðilar að þeim samningi 1990. Það var verið að einakvæða INMARSAT sem veitir fjarskiptaþjónustu víðs vegar um heiminn, talsíma-, telex- og gagnaflutningaþjónustu, en fyrst og fremst til skipa. Munurinn er sá að það var fjarskiptaþjónusta fyrst og fremst til skipa. Þetta mun vera almenn fjarskiptaþjónusta.

Hið einkavædda fyrirtæki, INMARSAT, átti að gefa út sérstakt hlutabréf sem veitti stofnuninni neitunarvald gegn ákveðnum tegundum breytinga á samþykktum fyrirtækisins, þ.e. eftirlitsstofnuninni, og eftirlitsstofnunin átti að fá íhlutunarrétt um innri málefni einkavædda fyrirtækisins.

Það kom fram þá í umfjöllun um málið í utanrmn. að Landssímanum var á sínum tíma falið að annast reksturinn af INMARSAT og hann innti af hendi fé sem skapaði Íslandi 0,5% eign og talið var að þessi 0,5% eign væri um 40 milljónir á þáverandi verðlagi liðins árs. Í stuttu máli var *niðurstaðan sú að hlutdeildin yrði áfram hjá Landssímanum*, sem átti þá og enn er fyrirhugað að selja, en eftirlitsstofnunin yrði hjá stjórnvöldum.

Því vaknar sú spurning, þar sem virðist svo ákaflega líkt einkavæðing INTELSAT og einkavæðing INMARSAT, hvort það verði þannig að hin einkavædda stofnun fylgi Landssímanum og þá líka þegar hann verður seldur, en ITSO-eftirlitsstofnunin verði hjá ríkinu. Eru þetta sambærileg mál, herra forseti, þ.e. INMARSAT og INTELSAT, þó að annað hafi fyrst og fremst þjónað fjarskiptum skipa en hitt sem við erum hér að fjalla um séu almenn fjarskipti um gervitungl? Er þetta sama málið? Liggur þessi stofnun, INTELSAT, hjá Landssímanum? Verður það líka þannig eftir einkavæðingu að hið einkavædda fyrirtæki verði hjá Landssímanum en eftirlitsstofnunin hjá ríkinu?

[18:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er rétt að eftirlitsstofnunin er undir umsjá utanrrn. og utanrrn. getur falið öðrum aðilum, t.d. Fjarskiptastofnuninni, að fara með það fyrir þess hönd þannig að við höfum að sjálfsögðu samstarf við þá um málið enda eru þeir sérfræðingar á þessu sviði. En eftirlitsstofnunin verður að sjálfsögðu í höndum stjórnvalda.

[18:49]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. orðaði það í báðum tilfellum svo að eftirlitsstofnunin væri hjá ríkinu. Ég lít svo á, miðað við það hvernig hann svaraði mér, að þetta væru sambærileg mál og þá þarf ég endilega að fá það staðfest að hið einkavædda fyrirtæki verði hjá Landssímanum. Það væri fróðlegt að vita hvort við séum aðilar að fleiri alþjóðastofnunum um gervitungl þar sem verulega verðmætur hluti fylgir Landssímanum og fylgir honum þá væntanlega í sölu alveg eins og ítrekað var varðandi INTELSAT og hvort eftirlitið verði hjá ríkinu.

[18:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Landssíminn fer með þau mál. Landsíminn eða Síminn (Gripið fram í.) hefur lagt út fjármagn í þessu sambandi. Fyrirtækið hefur lagt út þessa peninga og það er í vörslu Símans sem er hlutafélag. Fyrir liggur að það er yfirlýst stefna stjórnvalda að það fyrirtæki verði selt. Hins vegar hefur engin ákvörðun verið tekin um framhald þess.

En það er alveg ljóst að ekki er hægt að reka það fyrirtæki á alþjóðamarkaði nema aðild að þessu kerfi fylgi.

[18:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu enda kem ég til með að hafa tækifæri til að skoða hana í þingnefnd. Ég vil eingöngu láta það koma fram að ég hef allan fyrirvara á um stuðning við þetta mál. Þetta er mjög sambærilegt, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gat um hér áðan, við mál sem við vorum með í höndunum í fyrravor um sams konar einkavæðingu eða fyrirtækjavæðingu alþjóðastofnunar, INMARSAT, sem annaðist fjarskipti um gervihnetti við skip á hafinu og þjónustu og eftirlit því tengt.

Ég vil leyfa mér að nota þá einföldu röksemdafærslu að spyrja: Til hvers að breyta fyrirkomulagi sem hefur gefist mjög vel? Ég veit ekki annað en að starf þessara stofnana, alþjóðastofnana — þetta er í raun eins konar samstarfsvettvangur ríkisstjórna aðildarríkjanna — hafi gefist mjög vel, að þetta hafi verið farsælt og skilað góðum árangri. Ég tel þetta því frekar en hitt vera dæmi um að menn séu búnir að missa stjórn á sér í einakvæðingarherleiðingunni og að það þurfi að troða þessari hugmyndafræði alls staðar inn, m.a. með þeim afleiðingum að það þarf að skipta upp ágætum stofnunum sem hafa haft á einni hendi tiltekið samstarf stjórnvalda, eftirlit með tilteknum hlutum og annast eftir atvikum vissa starfrækslu sem menn sjá þá möguleika á að koma í hendur einkaaðila með því að kljúfa þetta upp.

Er endilega öllum spurningum svarað þar með? Er það skilvirkt og hagkvæmt? Verður það til bóta? Ég er ekki viss um það. Menn lenda þá í vandræðum með ákveðna hluti sem snúa að ríkjum sem hafa notið sérstaklega góðs af þessu samstarfi og uppbyggingu iðnríkjanna sem hafa kostað þau kerfi sem hér hafa verið byggð upp og þess hefur ekki verið krafist að þróunarríki legðu kannski sitt af mörkum endilega í formi fjárfrekra framlaga til stofnkostnaðar. Þá þarf að fara að taka á því sérstaklega og um það er fjallað hér í greinargerðum.

Ég get, held ég, látið nægja tímans vegna hér að láta það koma fram að ég hef allan fyrirvara á um stuðning minn við þetta mál þó að mér sé auðvitað ljóst að í þessu tilviki eins og mörgum sambærilegum standa menn svo sem í aðalatriðum frammi fyrir gerðum hlut. Þessar breytingar á alþjóðasamningum eru orðnar og við fáum því væntanlega ekki breytt. En maður hlýtur að láta það eftir sér að hafa sína skoðun eftir sem áður og taka afstöðu til hlutanna.

[18:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fullkomlega eðlilegt að hv. þm. hafi sína skoðun á þessu máli og taki afstöðu til þess. Ég tel rétt hjá honum að við Íslendingar höfum ekki verið leiðandi í þessari þróun um einkavæðingu fjarskiptamarkaðarins. Það er hins vegar staðreynd að þessi fyrirtæki hafa verið seld til einkaaðila í mjög miklum mæli og því hefur þessi þróun orðið. Menn geta síðan haft sínar skoðanir á því. Þarna hafa orðið gífurlegar breytingar sem við Íslendingar höfum þurft að taka mið af og það er náttúrlega fyrst og fremst vegna þessara gífurlegu breytinga, þessara miklu tækniframfara og breytinga í alþjóðafjarskiptum sem við ætlum okkur að fara í svipað kjölfar og aðrar þjóðir, þó að rétt sé að taka það fram að við höfum stigið þau skref af mun meiri varkárni en flestar aðrar þjóðir í kringum okkur.

[18:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði verið hyggilegt að gera það jafnvel enn betur. Mönnum hefur nú tekist að misstíga sig í hinum varkáru skrefum. Einkavæðing Landssímans hefur nú ekki gengið svo glæsilega. (**Utanrrh.:** Hefur þú aldrei misstigið þig þó ...) Jú, en það á nú að vera minni hætta á því, hæstv. ráðherra, ef maður gengur varlega, ef maður stígur varlega til jarðar og þreifar fyrir sér í hverju skrefi. Mér fannst hæstv. ráðherra eiginlega vera að lýsa því yfir að það hefðum við (**Utanrrh.:** ... oft þannig.) Íslendingar gert. En okkur hefur nú samt tekist að misstíga okkur.

Svo er ég tilbúinn til þess að bjóða hæstv. ráðherra út að hlaupa hvenær sem er og við munum örugglega klára það án þess að detta á hausinn.

Ég held að það sé nú rétt að gera skýran greinarmun á annars vegar einhverri einkarekstrarþróun á sviði viðskipta sem ríkisstjórnir eða ríkisfyrirtæki í einstökum löndum eru að sleppa lausri og hinu að hér var um að ræða alþjóðasamstarf á vegum hins opinbera, merkt og ágætt alþjóðasamstarf á sviði fjarskipta. Þetta var samstarfsvettvangur þjóðanna. Þetta var eftirlitsaðili með vissum hætti og svo ákveðinn framkvæmdaraðili eða stóð fyrir ákveðnum rekstri, ákveðinni uppbyggingu, ákveðinni fjárfestingu.

Ég tel að mjög gild rök þurfi til þess að leysa slíkt upp eða sundra því. Í öllu falli sýnist mér ljóst að það geti skapað ýmis vandamál, tímabundin ef ekki varanleg, samanber það að menn setja á fót eftirlitsstofnun og segja sem svo að það verði nú að reka hana a.m.k. enn um sinn, kannski í 12 ár, og að svo eigi að sjá til, af því að menn viðurkenna í raun að þarna eru þættir á ferðinni sem er ekkert tímabært eða mögulegt að setja í hendur einkaaðila. Það er glórulaust.

Ég er fyrst og fremst að tala fyrir og biðja um, svo ég noti nú orð sem kom við sögu hér fyrr í dag, „ofstækislaust viðhorf“ í þessum efnum, þ.e. að menn blindist ekki af einhverri einkavæðingarþráhyggju.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), fyrri umr.

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 975.

[18:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001, um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn, og fella inn í samninginn aðra reglugerð ráðsins.

Gerð er ítarleg grein fyrir efni ákvörðunarinnar í þáltill. og hún er prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Að því er varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar, en bókun 26 fjallar um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Markmiðið með breytingu bókunar 26 er að tryggja Eftirlitsstofnun EFTA sambærilegar heimildir og framkvæmdastjórn ESB eru faldar með reglugerð ráðsins nr. 659/1999, en þessi reglugerð kveður á um valdaheimildir framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar.

Bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls á Evrópska efnahagssvæðinu fjallar um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Til að gæta samræmis hefur þótt nauðsynlegt að breyta umræddri bókun og gefa Eftirlitsstofnuninni vald til þess að fjalla um þessi mál með sambærilegum hætti og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Fjármálaráðherra hefur nú þegar mælt fyrir frv. til laga um breyting á samkeppnislögum sem innleiðir fyrrgreindar breytingar. 1. umr. um frv. fór fram á hv. Alþingi 12. mars og er það nú til umfjöllunar hjá efh.- og viðskn. þannig að málið hefur þegar komið til umfjöllunar á hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), fyrri umr.

Stjtill., 623. mál. — Þskj. 976.

[19:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu sem hér er tilgreind og varðar vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar.

Lagafrv. sem innleiðir ákvæði þessarar tilskipunar hefur þegar verið lagt fram á hv. Alþingi af hálfu félmrh. og tilskipun hefur komið til framkvæmda innan ESB þannig að málið hefur þegar hlotið umfjöllun sem ég tel ekki ástæðu til að endurtaka alla en legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), fyrri umr.

Stjtill., 636. mál. — Þskj. 1008.

[19:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001, um breytingu á XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins nr. 2000/53/EB frá 18. sept. 2000, um úr sér gengin ökutæki.

Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni og hún er prentuð sem fylgiskjal með þeirri gerð sem hér um ræðir.

Ég vil að því er varðar efnisatriði vísa að meginstefnu til þeirrar greinargerðar sem fylgir þessari tillögu. Það er afskaplega mikilvægt að um þessi mál gildi samræmdar reglur sem tryggi að öll bílflök fari til endurvinnslu og að afhending hafi ekki kostnað í för með sér fyrir síðasta eiganda bifreiðar. Það er ósanngjarnt og það er ætlunin að framleiðendur bifreiða beri meginhluta þess kostnaðar sem af þessi kerfi hlýst.

Unnið er að nauðsynlegum undirbúningi að lagabreytingum af hálfu umhvrn. og mun umhvrh. væntanlega leggja fram slíkt lagafrv. eins fljótt og verða má.

Þann 21. apríl nk. á að vera búið að lögleiða þessa tilskipun innan Evrópusambandsins en ákvæði varðandi gildistöku taka mið af því hvort bifreiðar eru settar á markað fyrir 1. júlí 2002, eins og nánar er skýrt í greinargerðinni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[19:03]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þetta mál vegna setu minnar í hv. umhvn. Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar lagði hæstv. umhvrh. í fyrra fram frv. til laga um úrvinnslugjald en það náði ekki fram að ganga. Nú hafa greinilega orðið nokkrar breytingar í nálguninni við þetta mál hjá hæstv. ríkisstjórn og mér sýnist að þrjú ráðuneyti komi hér við sögu, umhvrn. sem í samráði við fjmrn. hefur ákveðið að skipa nefnd sem hefur fengið það hlutverk að vinna tvö frv., annars vegar um úrvinnslugjald, spilliefnagjald og skilagjald sem lagt yrði þá fram af hálfu hæstv. fjmrh., og hins vegar um skipulag og framkvæmd þessara þátta sem lagt yrði fram af hæstv. umhvrh. Einnig er á það bent að ökutækjum þarf samkvæmt tilskipuninni að fylgja sérstakt eyðingar- og endurvinnsluskírteini. Slíkt skírteini yrði þá gefið út af dómsmrn. Ég kem hingað einvörðungu til að vekja athygli á því, herra forseti, að í þessu máli er greinilega þó nokkur vinna eftir við nauðsynlega lagasetningu sem þessi tilskipun kveður á um, og hér kemur fram að um þetta er gefinn stjórnskipulegur fyrirvari af hálfu íslenskra stjórnvalda. Hins vegar er alveg ljóst að við munum ekki vera innan tímamarka í þessu máli og held ég að það sé mjög brýnt að undirbúningi verði flýtt eins og verða má í umhvrn., fjmrn. og dómsmrn. þannig að ákvæði tilskipunarinnar geti sem fyrst gengið í lög, helst á þessu ári, enda sýnist mér, hæstv. forseti, að hér sé um þjóðþrifamál að ræða.

[19:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst bæta því við að mér finnst bagalegt hvað þessi tillaga er seint á ferðinni. Það er að sjálfsögðu ljóst að það er mikil vinna að þýða og koma hér að öllum þeim tilskipunum og reglum sem við erum að taka upp en engu að síður er alltaf heldur óþægilegt að sjá þær birtast fáum dögum áður en þær eiga endanlega að ganga í gildi. Sérstaklega finnst manni það vera miður þegar í hlut eiga mál sem ætla mætti að mjög góð samstaða og almenn ánægja yrði um.

Ég held að það hljóti að teljast til þrifnaðarmála að koma þessari tilskipun, sem varðar förgun gamalla bílhræja, í gegn. Reyndar leitar á hugann, herra forseti, að fleiri slíkar umhverfisreglur hafi lent í dálitlum hremmingum og séu aftarlega á ferðinni hjá okkur. Kannski að stjórnkerfið á því sviði sé heldur veikt til að takast á við þau verkefni sem þessu eru tengd. Ég nefni líka t.d. tafir á að fullgilda umbúðatilskipanir og fleira í þeim dúr þar sem upp á okkur stendur.

Ég vonast því til þess að þó að skammt lifi af áætluðum starfstíma þessa þings verði hægt að líta á þessi mál og vonandi afgreiða þau, a.m.k. þau þeirra sem ekki er ástæða til að ætla að mikill ágreiningur sé um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Páskakveðjur.

[19:07]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Þar sem þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir páska óskar forseti þingmönnum og starfsmönnum þingsins gleðilegra páska. Næsti fundur Alþingis verður miðvikudaginn 3. apríl.

Fundi slitið kl. 19:07.

úr miðjum mars — ég man ekki nákvæmlega dagsetninguna — en ef við skoðum þá tölu nánar, 14–16 milljarða sem hv. formaður iðnn. telur að Kárahnjúkavirkjun muni skila í hagnað á næstu 25 árum, þá væri það um 0,5% á ári miðað við þá 180 milljarða fjárfestingu sem um er að ræða og Hjálmar miðar við að álverð á þessum tíma haldist á milli 1.500–1.600 dollarar tonnið, sem að mínu mati og margra hagfræðinga er reyndar of hátt en við skulum láta það liggja á milli hluta. Álverð nú, til að það fylgi þá hér með, er um það bil 1.400 dollarar tonnið en Hjálmar gerir ráð fyrir að álverðið lækki um 0,4% á ári. Álverðið lækki sem sagt um 0,4% og samkvæmt því ætti þá álverðið á tímabilinu að vera nærri 1.350 dollarar tonnið og þar með ef rétt er reiknað, ég gerði þetta sjálf á minni litlu reiknivél í tölvunni minni, og ef maður reiknar þetta dæmi til enda, þá skilar virkjunin 15 milljarða tapi á þessum 25 árum en ekki neinum hagnaði. Í skýrslu sem Landsvirkjun hefur gert mikið úr að fylgi sínu viðbótarmati til umhvrh. þar sem Sumitomo-bankinn í Japan gerði ráð fyrir 1,1% árlegri lækkun álverðs, þá mætti með sömu reikningsaðferðum og ég hef beitt reikna sig fram til taps upp á 35 milljarða kr. Þannig að tölurnar sem hv. formaður iðnn. hefur gefið í fjölmiðlum og til almennings eru að mínu mati alls ekki nægilega trúverðugar til að hv. þm. geti haldið því fram hér hvað eftir annað að um arðbært verkefni sé að ræða ef einföldustu reikningsaðferðir, sem eðlilegt er að allir kunni, sýna fram á hið gagnstæða. Rökfesta hv. formanns iðnn. í þessu tilliti er því haldlítil því að sýnt hefur verið fram á að áætlanir Landsvirkjunar um álverð séu a.m.k. 20% eða jafnvel 40% of háar og þar af leiðandi er alls ekki um það að ræða að hér sé um arðsamt verkefni að ræða, sérstaklega þegar litið er til þess að ávöxtunarkrafa Landsvirkjunar er helmingi of lág miðað við áhættu verkefnisins.

Herra forseti. Í lokin á þessum kafla ræðu minnar sem fjallaði um einkaframkvæmd, arðsemi og lögmál markaðarins hef ég komið inn á erindi Stefáns Péturssonar, fjármálastjóra Landsvirkjunar, sem hann kallar Fjármögnun og samkeppni íslensks orkuiðnaðar. Mig langar til að vitna í orð hans á orkuþingi 2001 þar sem hann segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nú standa fyrir dyrum breytingar á raforkulögum. Líklegt er að opnað verði fyrir samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku en flutningur og dreifing verði einokunarstarfsemi sem hingað til. Það er mjög mikilvægt að metið verði hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar muni hafa á lánskjör Landsvirkjunar og aðgengi fyrirtækisins að lánsfé. Því hefur verið haldið fram að verkefnafjármögnun geti hæglega leyst af hólmi hefðbundna fjármögnun Landsvirkjunar á mannvirkjum sínum. Þetta er ekki á rökum reist. Hið sérstaka eðli vatnsaflsvirkjana, þ.e. langur líftími og hár stofnkostnaður gera það að verkum að verkefnafjármögnun hefur neikvæð áhrif á samkeppnshæfni þeirra.“ — Þetta segir fjármálastjóri Landsvirkjunar á orkuþingi haustið 2001. Hann heldur áfram, með leyfi forseta: „Verkefnafjármögnun er jafnan þannig að krafist er hærri vaxta en á hefðbundnum fyrirtækjalánum auk þess sem lánstími er almennt styttri. Því til viðbótar gera bankar sem lána í verkefnafjármögnun mjög strangar kröfur um ýmis fjármálahlutföll sem erfitt er að mæta þegar um vatnsafl er að ræða. Vegna þessa er mikilvægt með tilliti til samkeppnishæfni Landsvirkjunar á alþjóðlegum markaði að breytingarnar verði ekki til þess að veikja Landsvirkjun fjárhagslega eða tæknilega.

Það eru nokkrar leiðir færar sem geta stuðlað að markaðsvæðingu á orkumarkaði án þess að stefnt sé í hættu frekari uppbyggingu á stóriðju hérlendis. Má í því sambandi nefna skiptingu Landsvirkjunar í framleiðslu og flutning undir einu móðurfélagi sem hefði með höndum fjármögnun fyrir bæði dótturfélögin.“

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Er þetta leiðin sem verið er að skoða varðandi Landsvirkjun til að geta réttlætt það eða fóðrað að stóriðjuframkvæmdum sé ekki lokið samkvæmt nýju raforkulögunum. Í öllu falli er alveg ljóst að einkaframkvæmdin sem stefnt var í 1997 er að baki og aðrar áætlanir eru núna uppi á borðinu og við þurfum að fá að vita, herra forseti, hvenær breyttust áætlanirnar og hvers vegna?

Herra forseti. Eitt af því sem haldið hefur verið fram í umræðunni er það að allir Austfirðingar, eða Austfirðingar sem samheiti yfir alla þá sem búa á Austfjörðum, séu samþykkir eða hlynntir þessum áformum. Þetta er ekki rétt, herra forseti. Því til staðfestingar má draga fram í dagsljósið auglýsingu sem birtist í fjölmiðlum fyrir um það bil tveimur vikum. Heilsíðuauglýsing birtist þar sem fjöldinn allur af Austfirðingum skrifaði undir kröfu um að hætt verði við áform um að flytja Jökulsá á Dal yfir í Lagarfljót. Austfirðingarnir sem skrifa undir þetta skjal vitna í vatnalög frá 1923, en í þeim stendur, með leyfi forseta:

„Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“

Lagaákvæði þetta er í fullu gildi í dag og það kann vel að vera að einhverjum hæstv. ráðherrum finnist það hallærislegt eða gamaldags, en herra forseti, ég lýsi hér með yfir dyggum stuðningi mínum og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs við þetta ákvæði því verið er að fjalla um lífæðar landsins, ákveðið lífkerfi, þegar fjallað er um vatnafar og vatnasvið í landinu. Ljóst er að eitt af þeim atriðum sem ollu vísindamönnum mestu hugarangri þegar verið var að fjalla um möguleg umhverfisáhrif virkjunarinnar voru áhrifin af því að breyta rennsli vatnanna á þennan hátt. Hvað mundi gerast með Lagarfljót ef Jökulsá á Dal yrði veitt með þessum hætti yfir í fljótið? Hvernig mundi lífríkið við strendur Lagarfljóts breytast? Hvernig mundi liturinn á Lagarfljóti breytast? Hvernig mundi framburðurinn breytast við Héraðsflóa? Hvaða áhrif mundi þetta hafa á sandana upp af því svæði og hvaða áhrif mundi þetta hafa á lífríki Héraðsflóa? Menn komust ekki að neinni einni niðurstöðu í þeim málum en fyrir liggja skýrslur sem menn eru að rýna í enn þann dag í dag og mikill fróðleikur hefur verið settur á blað í þeim efnum, en sannleikurinn er sá að fjöldinn allur af Austfirðingum er uggandi vegna þessara áforma. Þeir koma sjónarmiðum sínum á framfæri m.a. á þennan hátt að undirrita skjal þar sem lagst er gegn því að Jökulsá á Dal verði veitt í Lagarfljót.

Þó ekki væri nema bara vegna þessa fólks, þá er eðlilegt að menn átti sig á því og hafi það í huga þegar fjallað er um þetta mál að það eru menn á Austfjörðum sem eru óttaslegnir vegna slíkra framkvæmda. Og þegar maður horfir, herra forseti, á ljósmyndir þær sem teknar hafa verið á þessu svæði, af þeirri þykku og miklu gróðurþekju sem færi undir Hálslón og veltir fyrir sér þeim áhrifum sem mögulega færu af stað, þeim óafturkræfu áhrifum sem rof og fok mundi valda á Vestur-Öræfum, þá fölna þær ljósmyndir fljótt því ef auðnasvæði Brúaröræfa mundu endurtaka sig á hinum gróskumiklu Vestur-Öræfum, mundu kannski ná alla leið niður í byggð, þá held ég að ekki væri mjög gaman að búa við Lagarfljót. Enn vita menn ekkert hvaða áhrif gífurlegir

varnargarðar og sandgryfjur Landsvirkjunar koma til með að hafa. Við vitum það eitt að á þær fyrirrætlanir hefur verið varpað ljósi og menn eru algerlega á öndverðum meiði um möguleg áhrif þeirra verkfræðilegu aðgerða. En að mínu mati er alveg ljóst að aðgerðir af því tagi eru svo gífurlegar að þær einar og sér út af fyrir sig hefðu í sjálfu sér átt að lúta mati á umhverfisáhrifum. Þegar allt þetta mál er skoðað í heild sinni þá er skelfilegt til þess að vita, herra forseti, að við skyldum ekki hafa getað borið gæfu til þess að meta slíka framkvæmd alla sem eina heild því að hér er um landshlutaáætlun í sjálfu sér að ræða út frá sjónarmiðum skipulags. Við erum að tala um framkvæmd sem teygir sig milli landsfjórðunga frá fjöru og yfir 600 m hæð inn að jökli. Við erum að tala um vegalagnir, vegagerð, línulagnir, við erum að tala um jarðvarmavirkjanir, við erum að tala um gífurlega vatnsaflsvirkjun og gífurlega vatnaflutninga, við erum að tala um að friðuðu landi verði sökkt og áhrifin sem framkvæmd af slíkri stærðargráðu hefur á heilan landsfjórðung og jafnvel tvo landfjórðunga eru þess eðlis að auðvitað hefði átt að meta þetta allt sem eina heild. En eins og ég segi, herra forseti, við bárum ekki gæfu til að svo yrði og það er mjög miður. Ég treysti því að lagaumhverfi komi til með að breytast á næstu árum með þeim hætti að hugmynd af þessu tagi yrði aldrei metin á þann hátt sem hún hefur verið metin hér og nú að einhverjum tveimur árum liðnum.

Með væntanlegri lögfestingu umhverfismats skipulagsáætlana teldi ég ólíklegt að framkvæmd af þessu tagi gæti farið í gegnum matsferli ámóta því sem þessi framkvæmd hefur farið í gegnum. Setjum svo, herra forseti, að eftir tvö ár, jafnvel skemmri tíma verði komið nýtt lagaumhverfi hvað þetta varðar. Þá kann að fara svo að við sitjum uppi með heimild til hæstv. iðnrh. um að leyfa Kárahnjúkavirkjun á grundvelli matsferlis sem stæðist ekki þau lög sem kæmu til með að gilda ef út í framkvæmdina væri farið.

Værum við þá ekki aftur, herra forseti, komin í nákvæmlega sömu stöðu og þegar við slógumst blóðugum slagsmálum yfir Fljótsdalsvirkjun? Fljótsdalsvirkjun átti að þröngva í gegnum Alþingi með valdi stjórnvalda undir því yfirskini að hún hafi verið heimiluð tíu árum fyrr, þá án umhverfismats. Jafnvel þó að lagaumhverfið væri breytt átti að heimila virkjunina. Því miður var ekki nokkru tauti við stjórnvöld komandi.

Hvað kemur til með að bíða okkar, herra forseti, í þessum efnum? Komum við til með að þurfa að standa í slíkri rimmu við stjórnvöld aftur? Mér sýnast vinnubrögðin sem hér eru viðhöfð bjóða því heim. Ég vara við því. Þess vegna er eðlilegt að við segjum: Hafi stjórnvöld hug á því að koma framkvæmd af þessari stærðargráðu í gegn og gera að veruleika eigum við þá ekki að láta þá framkvæmd lúta þeim lögum sem gilda í landinu þegar af framkvæmdinni getur orðið? Ég segi jú. Þess vegna segi ég, herra forseti: Óðagotið á málinu er fullkomlega óraunsætt. Við eigum auðvitað að bíða með þetta mál þangað til við vitum hvort af þessum *framkvæmdum verður. Það að heimila hæstv. iðnrh. með* óútfylltum tékka að fara út í framkvæmd af þessu tagi bíður bara hættunni heim. Við erum búin að fara í gegnum slagsmálin einu sinni varðandi Fljótsdalsvirkjun og við viljum ekki fara í gegnum þau aftur. Ég veit að hv. þingmenn vilja það ekki, þjóðin vill það ekki. Þjóðin á skilið vinnubrögð af öðru tagi en hér eru viðhöfð.

Herra forseti. Í ljósi alls þess sem gerst hefur síðustu daga í þessum málum ítreka ég þær óskir mínar að forsn. fjalli um þetta mál á einlægan og hreinskiptinn hátt út frá þeim rökum sem hafa verið færð fram í þessari umræðu. Óðagotið er óverjandi. Tékkinn er óútfylltur. Hann gerir í sjálfu sér ekki einu sinni ráð fyrir því að farið sé eftir þeim skilyrðum sem hæstv. umhvrh. setti í úrskurð sinn. Hér er bara allt opið, galopin heimild til að fara út í framkvæmd sem mundi valda slíkum spjöllum að annað eins hefur ekki sést í Íslandssögunni. Þetta gerist rétt áður en ný raforkulög og lög um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana líta dagsins ljós. Þetta gerist líka rétt áður en samræmd stjórn á nýtingu náttúruauðlinda og afgjaldi fyrir þær lítur dagsins ljós. Öll eru þessi mál með slíkum endemum, herra forseti, að það verður ekki við það unað.

Eitt enn vil ég tiltaka vegna þess að í dag, 3. apríl, verður fundur hjá samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins. Ég var stödd á fundi hjá samvinnunefndinni 21. febrúar sl. þar sem lögð var fram tillaga Landsvirkjunar að breytingum á svæðisskipulaginu.

Herra forseti. Ég átti orðastað við hæstv. iðnrh. varðandi málefni svæðisskipulagsins þegar þetta mál var til 1. umr. Ég vakti þá athygli á því að svæðisskipulagið á miðhálendinu, sem er í gildi til 2015, geri ekki ráð fyrir að orkuvinnslusvæðið sé jafnumfangsmikið og þau áform sem nú eru á borðinu gera ráð fyrir. Svæðisskipulagið sem er í gildi gerir ráð fyrir að hér sé um blandaða landnotkun að ræða. Það er vissulega rétt. En það gerir ráð fyrir því að orkuvinnslugeta virkjunar sem þarna yrði reist væri einungis 3.200 gígavattstundir og flatarmál lónsins gæti mest verið 38 ferkm.

Herra forseti. Það er líka tekið fram í gildandi svæðisskipulagi að tilhögun virkjunarinnar yrði að vera háð skilyrðum sem sett yrðu í reglugerð um friðlýsingu Kringilsárrana. Samkvæmt gildandi svæðisskipulagi á miðhálendinu mætti því ekki hreyfa við Kringilsárrana og friðuðu svæði sem þar er til staðar. Áform stjórnvalda eru um 57 ferkm lón og um skerðingu friðlands eins og Kringilsárrana um 25%. Býst ríkisstjórnin við því að Náttúruvernd ríkisins, sem er lögformlegur leyfisveitandi fyrir framkvæmdir á friðlýstum svæðum, gefi þegjandi og hljóðalaust leyfi til framkvæmda á Kringilsárrana? Ég efast um að ríkisstjórnin geti búist við því. Ég geri ráð fyrir því að ríkisstjórnin þekki sjónarmið Náttúruverndar ríkisins það vel að hún sjái að það verði erfitt að sækja það leyfi. Þá spyr ég, herra forseti: Getur verið að þeir erfiðleikar sem ríkisstjórnin horfir fram á varðandi það að þurfa að sækja hluta af þessu leyfi til Náttúruverndar ríkisins, að sá ótti, framkalli núna það sem hæstv. umhvrh. hefur lýst yfir að sé í farvatninu, Umhverfisstofnun, þar sem Náttúruvernd ríkisins verður að því er virðist lögð niður.

Herra forseti. Það skyldi þó ekki vera að málin séu það tengd, þau hangi þannig saman að ríkisstjórnin sjái fram á að Náttúruverndin veiti aldrei leyfi til framkvæmda á hinu friðaða svæði uppi á Kringilsárrana og þá sé skilvirkasta ráðið að leggja Náttúruvernd ríkisins niður? Herra forseti. Ég lýsi því yfir að ég trúi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar til þess að *beita slíkum bolabrögðum. Ég hvet þá hæstv. ráðherra til að* koma hér upp og sverja slíkt af sér ef það er ekki meiningin. Eða hvernig ætla stjórnvöld að knýja Náttúruvernd ríkisins til þess að gefa sér leyfi til framkvæmda á friðuðu landsvæði uppi á Kringilsárrana? Hvernig?

Herra forseti. Ég get auðvitað haldið lengi áfram. En af tillitssemi við samþingsmenn mína ætla ég að fara að draga niður að punkti. Það er aðeins tvennt sem mig langar til að nefna í lokin, nýlegar greinar sem ég hef rekist á sem ættu að

vera hvatning til stjórnvalda um að sveigja af vegi stóriðjustefnunnar sem ég tel vera hina mestu feigðarbraut. Þessar greinar sem ég hvet stjórnvöld til að kynna sér eru annars vegar grein sem birtist í Tímariti um arkitektúr, verktækni og skipulag, AVF og var gefið út í lok síðasta árs, tölublað 3 og 4 2001. Þar er grein eftir Júlíus Sólnes, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði. Herra forseti, hann er fyrrv. hæstv. umhvrh., fyrsti umhvrh. sem Íslendingar áttu. Júlíus Sólnes skrifar undir titlinum „Er Kárahnjúkavirkjun skynsamleg framkvæmd?" Herra forseti. Í sem stystu máli kemst Júlíus Sólnes, fyrrv. hæstv. umhvrh., að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Niðurlagsorð Júlíusar í greininni eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ef menn vilja í raun styrkja byggð á Austfjörðum verður það ekki gert með stóriðjuverum sem hafa takmörkuð áhrif. Aukin menntun, bættar samgöngur og hugsanlegur atvinnuþróunarsjóður til styrktar nýsköpun í atvinnulífinu muni gagnast miklu betur heldur en stóriðjudraumar síðustu aldar. Ef Landsvirkjun er ætlað að vera byggðaþróunarstofnun, gæti fyrirtækið alveg eins útvegað fjármagn í slíkan atvinnuþróunarsjóð í stað þess að stórauka viðskiptahallann á næstu árum með óarðbærum framkvæmdum eins og Kárahnjúkavirkjun líklegast er. Hvernig væri til dæmis að koma upp háskóladeildum á Egilsstöðum í samvinnu við Háskóla Íslands? Velmenntað, ungt fólk er miklu líklegra til að koma með hugmyndir til að skapa ný tækifæri fyrir austan heldur en afdankaðir stjórnmálamenn."

Já, herra forseti. Það er svo komið að fyrrv. hæstv. umhvrh. Júlíus Sólnes kallar þá stjórnmálamenn sem nú ráða ríkjum á Íslandi afdankaða. Ég tek undir þau orð. Júlíus lýkur greininni með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Það væri mikil skammsýni að ráðast í virkjun jökulsárinnar við Kárahnjúka með þeim gífurlegu og augljósu umhverfisspjöllum sem af hlytust, í trássi við vilja nær helmings þjóðarinnar. Afkomendur okkar mundu kunna okkur litlar þakkir fyrir. Skipulagsstofnun ríkisins hefur þegar lýst yfir að umhverfisáhrif virkjunarinnar séu of mikil til að hún sé ásættanleg. Látum það verða lokaniðurstöðuna."

Herra forseti. Ég tek af heilum hug undir þessi orð. Látum úrskurð Skipulagsstofnunar gilda. Förum ekki í þessa feigðarför. Við getum enn snúið við. Þeim orðum mínum til staðfestingar og því sem ég hef áður sagt í þessari umræðu langar mig að enda á að vitna til skálds og í þetta sinn ekki skálds sem gengið er heldur skálds sem lifir góðu lífi meðal vor, hefur hugsjónir og hefur sýnt fram á það að hann getur lifað þær hugsjónir og það af miklu afli. Þetta er Ólafur Jóhann Ólafsson sem ég er að tala um. En í tímaritinuSký birtist fyrir skemmstu viðtal við Ólaf Jóhann undir titlinum Tveggja heima maður. Í þessu viðtali segir Ólafur Jóhann, þegar fjallað er um hátækniútflutning í heiminum, að Íslendingar séu mjög aftarlega á merinni. Svo ég vitni í hann beint, með leyfi forseta, þá segir hann:

„Ástæðan fyrir því er sú að við höfum ekki hlúð að nýsköpun. Það vantar sjóði sem sinna fjárfestingum í nýjabrumi. Við fjárfestum eins og allir í internetsdellunni, og það gerðist á versta tíma þegar hlutabréfamarkaðurinn var að kvikna heima. Menn blésu í tyggjókúluna og héldu að hún mundi stækka endalaust en svo sprakk hún og lagðist framan í þá. Hins vegar hefur lítið verið farið inn í aðra ræktunarstarfsemi. Stóriðjan á að færa meiri peninga inn í þjóðarbúið og bjarga byggðinni fyrir austan. Ég er ekki viss um að það gangi eftir. Koma til dæmis þau störf í byggðarlagið sem duga til að halda þar ungu fólki? Spyr sá sem ekki veit ..."

Örlitlu síðar segir skáldið, með leyfi forseta:

„Auðvitað þurfum við Íslendingar að skoða hver eigi að vera næstu skref. Verðum við ekki að nýta orkuna? Hún er auðlegð rétt eins og fiskurinn. Snýst málið um virkjanir og álver, sem ófrávíkjanlegt viðhengi virkjana, eða eigum við að virkja til einhvers annars? Þá er aftur spurning í hvað við eigum að setja rafmagnið, erum við ekki kannski með nægilega mörg egg í ál-körfunni."

(**Forseti** (GuðjG)**:** Gert er ráð fyrir að gera hlé á þessum fundi kl. 12.30 þannig að forseti biður hv. þm. að fresta flutningi ræðu sinnar fram yfir hlé.)

Ég geri það, herra forseti.

[Fundarhlé. — 12:30]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Einsetning grunnskóla, 618. mál, svar menntmrh., þskj. 1104.

Kostun á stöðum við háskóla, 604. mál, svar menntmrh., þskj. 1105.

Tekjuskattur og eignarskattur, 676. mál, frv. GAK, þskj. 1092.

[13:31]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.)**:**

Herra forseti. Það var ekki langt eftir af máli mínu. Ég hafði nýlokið við að vitna í orð fyrrv. hæstv. umhvrh., Júlíusar Sólnes, og Ólafs Jóhanns Ólafssonar skálds, þegar hlé var gert á fundi. En í hinu eiginlega niðurlagi langar mig til að hnykkja á því sem ég áður hef sagt um spurninguna um það hvort vatnsorka og nýting hennar á þeim nótum sem hér er um fjallað sé í raun sjálfbær nýting eða ekki.

Þannig háttar til, herra forseti, að á síðasta ári skilaði vinnuhópur á vegum Norðurlandaráðs af sér skýrslu undir fyrirsögninni „Vatnsorka – minna umhverfisvæn". „Betri verndun vatnsfalla á Norðurlöndum", heitir skýrslan. Það birtist frétt um þessa skýrslu í Morgunblaðinu 18. janúar sl. og í henni segir, með leyfi forseta:

„Vinnuhópur á vegum Norðurlandaráðs segir að bygging vatnsorkuvera hafi valdið vatnakerfum í norrænum byggðum meiri skaða en nokkuð annað. Sé það þverstæða staðhæfinga um að vatnsorka sé hreinn og umhverfisvænn orkugjafi."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Í fréttinni er þess getið að ætíð hafi áform um byggingu vatnsorkuvera leitt til mikla deilna. Virkjun árinnar Alta í byrjun níunda áratugarins hafi hleypt afar illu blóði í Sama og Norðmenn og komið hafi til umfangsmikilla mótmæla gegn framkvæmdunum. Hafi þær markað vatnaskil í norskum umhverfismálum og í millitíðinni hafi mörg vatnsföll verið vernduð á Norðurlöndunum öllum.

Vinnuhópurinn" — sem ritaði þessa skýrslu: „Betri verndun vatnsfalla á Norðurlöndum" — „leggur til í skýrslu sinni að einstök Norðurlönd setji strangari reglur um verndun einstakra vatnsfalla."

Herra forseti. Ég tek undir þá kröfu. Ég tel að það sé fulltímabært á Íslandi að fjalla um verndun vatnsfallanna og þess vegna hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt ofuráherslu á það að mönnum sé gefinn tími og svigrúm til að vinna rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem verndarsjónarmiðum verða gerð skil og það verður ákveðið til langs tíma í hvað við ætlum að nýta orkuna sem

fólgin er í vatnsföllunum og hvaða vatnsföllum við ætlum að fórna til þeirrar nýtingar.

Herra forseti. Vegna þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór um það í ræðu sinni nokkrum orðum hvernig stefna Framsfl. í þessum málum hefði verið á árum áður þegar fyrstu stóriðjusamningarnir voru að koma til sögunnar þá langar mig í niðurlagi máls míns að vitna í grein sem Eysteinn Jónsson, fyrrverandi hæstv. ráðherra og alþingismaður, skrifaði í Tímann sunnudaginn 24. apríl árið 1977. Þar skrifaði Eysteinn Jónsson undir fyrirsögninni „Iðnþróun, náttúruvernd, orkustefna", um ný sjónarmið í umhverfismálum, um nýtt verðmætamat fólks og um iðnrekstur sem hann vildi að væri í höndum Íslendinga sjálfra en ekki útlendinga. Hann skrifaði um orkustefnu og úttekt á vatna- og jarðhitasvæðum, einhvers konar forvera rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar. Eysteinn Jónsson mælti í þessari grein, herra forseti, af miklum stórhug og ég verð að segja á aðra lund heldur en hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Framsfl. gera í dag. (**SJS:** Hvar eru þeir? Er ekki ástæða til þess að fá þá hingað í salinn?) Það væri gaman, herra forseti, ef ráðherrar Framsfl. væru hér til að hlýða á orð síns gamla leiðtoga, Eysteins Jónssonar. Í þessari grein, sem er 30 ára gömul en á fullt erindi við okkur og kannski ekki síst framsóknarmenn í dag, segir, með leyfi forseta:

„Er það t.d. raunsætt að gera ráð fyrir að fylla vatni ýmsar mestu lægðir á hálendinu á stórum landsvæðum, en þar er gróðurinn og dýralífið mest, eða flytja stórfljót milli byggðarlaga o.s.frv.? Ég held ekki." — Þetta segir Eysteinn Jónsson 1977, og hann heldur áfram, herra forseti: — „Áreiðanlega hafa menn ekki enn getað áttað sig á hvað af þess háttar gæti leitt í landspjöllum, t.d. ágangi vatns, veðurfarsbreytingum o.fl. Hér er því brýnt að fara með gát. Og í hvaða skyni ætti að færa slíkar fórnir, umturna landinu með þvílíku móti? Til þess að koma upp orkufrekum iðnaði útlendinga?" — spyr Eysteinn Jónsson, herra forseti. — „Ekki geri ég ráð fyrir að landsmenn vilji það í raun og veru.

En þá er líka vissara að kryfja þessi mál til mergjar í tæka tíð og taka þá með í reikninginn að okkur ber skylda til að koma barnabörnum okkar eða þeirra börnum ekki í þá klípu að þau telji sig tilneydd að vinna stórskemmdir á landinu til þess að afla sér orku í lífsnauðsyn."

Herra forseti. Undir þessi orð er rétt að taka hér úr ræðustóli Alþingis 2002 þegar Alþingi með forustu Framsfl. í broddi fylkingar er að vaða út í það fen sem ég hef lýst í ræðu minni í umfjöllun um þetta mál. Ætlum við sem nú sitjum sem fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi Íslendinga að heimila viðskrh. að gefa út leyfi til að hefja framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, virkjun sem veldur meiri spjöllum á verðmætri náttúru Íslands en nokkur önnur framkvæmd í sögunni, virkjun sem Skipulagsstofnun hefur lagst gegn að reist verði vegna gífurlegra óafturkræfra umhverfisáhrifa, virkjun sem svindlað hefur verið í gegnum framhaldsmat á borði hæstv. umhvrh. sem með pólitískri valdbeitingu ógilti úrskurð Skipulagsstofnunar, virkjun sem er úr öllu korti miðað við gildandi skipulag miðhálendisins og eyðir auk þess stórum hluta friðlýsts svæðis á Kringilsárrana, virkjun sem 1997 var hugsuð sem einkaframkvæmd á forsendum lögmála markaðarins en hefur nú verið breytt í ríkisframkvæmd, virkjun sem er langt frá því að geta talist arðbær framkvæmd ef allir þættir eru reiknaðir inn í stofnkostnað hennar, virkjun sem enginn veit í dag hvort nokkurn tíma verður hægt að selja orkuna úr, virkjun sem eyðileggur möguleika okkar eða barnanna okkar á að stofna metnaðarfullan þjóðgarð elds og ísa, þann stærsta í Evrópu, þjóðgarð sem gæti verið lyftistöng atvinnulífs um langa framtíð? Herra forseti. Ég segi nei. Vinstri hreyfingin – grænt framboð segir nei. Við viljum bjarga framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, ekki farga. Við viljum fjölbreytt gróskumikið atvinnulíf í landinu sem byggir afkomu sína á náttúruauðlindum landsins um langa framtíð, ekki með þau skammtímasjónarmið að leiðarljósi sem einkenna stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að náttúruauðlindum sem felast í vatnsföllunum sé fórnað og lifað á leifum þeirra um stutt skeið. Slíka stefnu getur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki stutt. Sýn okkar á framtíðina leyfir það ekki, herra forseti.

[13:39]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég gat þess í morgun að ég mundi á forsætisnefndarfundi setja fram tillögu um að umræðu um þetta mál yrði frestað í ljósi þess að komið hafa fram upplýsingar sem lágu fyrir áður en iðnn. afgreiddi málið 18. mars sl. Ég vil að það komi fram hér, virðulegi forseti, að við þessari málaleitan minni var ekki orðið í forsætisnefnd. Ég er samt enn og aftur þeirrar skoðunar að málið eigi að fara inn í iðnn. aftur.

Þó hefur komið fram að formaður iðnn. hyggst halda fund í nefndinni á morgun og er þá að freista þess, en það er fundur sem er milli 2. og 3. umr. En ég tel málið þannig vaxið og það stórt og það mikið prinsippmál að umræðunni eigi að fresta og að málið ætti að taka upp að nýju í iðnn. alveg frá byrjun til enda í nýju ljósi.

Þetta vil ég að komi fram, virðulegi forseti.

[13:40]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er örlítil ónákvæmni í þessari frásögn hv. þm. Hann lagði ekki fram tillögu á fundi forsætisnefndar heldur bókun þar sem hann lýsti þessum sjónarmiðum sínum. Það var engin tillaga sem kom til atkvæða þar.

[13:40]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hún er orðin býsna löng þessi umræða um frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Það er svo með þann sem hér stendur að oft hefur maður beðið nokkurn tíma til þess að geta látið ljós sitt skína en ég held að þetta sé sú lengsta bið sem ég hef þurft að þola, bæði í þessum sal og eins um páskana alla. Þetta fer líklega að skaga eitthvað á aðra viku og klukkustundirnar sem ég hef þurft að sitja undir ræðuhöldum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur eru líklega eitthvað á fjórðu eða fimmtu klukkustund.

Herra forseti. Ég verð að segja vegna þess arna að ég eiginlega vil ekki gera nokkrum manni það öðrum en þá mér sjálfum að þurfa að bíða svo lengi eftir því að fá að segja nokkur orð úr þessum ágæta stóli.

Þetta leiðir hugann í þá átt hvernig við förum með það mikla frelsi sem við höfum til ræðuhalda í þessum ágæta þingsal. Það er stór spurning hvort lýðræðinu og þingræðinu sé til framdráttar að þannig sé með málfrelsið farið. Ég held, herra forseti, að við hljótum að hugleiða það, a.m.k. ef framhald verður á ræðuhöldum af þessu tagi um þetta mál.

Ljóst er að margt virðist a.m.k. benda til þess, herra forseti, að hér sé einn þingflokkur í þeim erindagerðum einum

að tefja þingstörf sem mest hann má og vilji því koma sjónarmiðum sínum, sem er að sjálfsögðu hið eðlilegasta mál og nauðsynlegt, á framfæri, en að það þurfi svo langan tíma og svo margar endurtekningar til þess að aðrir þingmenn megi njóta þess málstaðar, leyfi ég mér að efast um.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að láta ræðu mína snúast um þetta meira en orðið er, en mun snúa mér að frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Það er hins vegar svo, herra forseti, að ég þarf út af fyrir sig ekki mikið um þetta mál að segja. Málið er búið að fá sína eðlilegu þinglegu meðferð í þeim nefndum sem ástæða þótti til að um það fjölluðu og hér liggur fyrir okkur í skriflegu formi flest það sem að málinu snýr.

Við höfum átt við mál þessu tengt um mjög langt skeið og má raunverulega færa fyrir því rök að þetta mál eða angar af því teygja sig a.m.k. 20 ár aftur í tímann. Ég ætla hins vegar ekki, eins og ýmsir hafa gert í ræðum sínum, að fara í miklar söguskýringar. Ég held að ekki sé þörf á slíku.

Herra forseti. Ég vil byrja umfjöllun mína um þetta frv. á að vekja athygli á því sem segir í athugasemdum við lagafrv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er flutt til þess að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar vegna stóriðjuframkvæmda sem áformað er að ráðast í á næstu árum á Austurlandi.“

Herra forseti. Ég held að það sé algjörlega óhjákvæmilegt, m.a. vegna málflutnings ýmissa hv. þm. og einnig ýmissa annarra úti í þjóðfélaginu, að hæstv. iðnrh. komi við fyrstu hentugleika í ræðustólinn og staðfesti seinni hluta þessarar setningar, að ekki neitt annað sé á dagskrá varðandi þá orku sem þarna verður framleidd en að hún verði nýtt á Austurlandi. Þetta held ég, herra forseti, að sé algjörlega óhjákvæmilegt að fá hér alveg skýrt fram af þeirri ástæðu sem ég nefndi áðan, að ýmsir andstæðingar þessara verkefna hafa verið að sá þeim fræjum að hugsanlega sé hér verið að leika þann blekkingaleik að það eigi að virkja fyrir austan og flytja síðan orkuna eitthvað annað. En hér er þetta sagt í athugasemdunum og ef hæstv. ráðherra staðfestir skilning minn á því að ekki standi annað til en nýta þessa orku á Austurlandi þá held ég að það liggi orðið ljóst fyrir að áform eru ekki um annað. En það er auðvitað eðlilegt ef það liggur fyrir að iðnn. muni hittast á milli 2. og 3. umr. að þar velti menn því fyrir sér hvort ástæða sé til eða möguleiki á því að sett verði einhver setning inn í lagatextann sem tryggi þetta enn frekar því þetta er auðvitað ein af meginástæðum þess að stuðningur við þetta verkefni er jafnmikill og hann í raun og veru er.

Hér er sem sagt vísað til þess að stóriðjuáformin séu áformuð á Austurlandi, og ég minni einnig á nokkuð mikið umræddan úrskurð umhvrh. varðandi mat á umhverfisáhrifum. Þar er einmitt einnig vísað til ýmissa áhrifa sem stóriðjuver við Reyðarfjörð mundi hafa á samfélagið á Austurlandi og er hluti af rökstuðningnum fyrir þeirri niðurstöðu sem þar er fengin. Það er því allt auðvitað bundið við það að þetta verði reist fyrir austan og þess vegna held ég að það sé ekki neinum vandkvæðum bundið að hæstv. iðnrh. komi hér og taki af allan vafa um málið, og þó ekki væri nema í þeirri von að stytta hugsanlega einstakar ræður sem eftir á að flytja um þetta mál þannig að menn þurfi ekki að ræða alla þá hugsanlegu möguleika sem menn geta látið fara um hug sinn ef menn mundu vilja nota þessa orku til einhvers annars en að skila orku til stóriðjuvers á Austurlandi.

Ég sagði áðan, herra forseti, að m.a. í úrskurði umhvrh. hefði verið rætt um samfélagsleg áhrif á Austurlandi. Það er einnig gert í greinargerðinni sem fylgir lagafrv., m.a. bent á hversu víðtæk áhrif þarna geta orðið á ýmsum sviðum. Hér í fylgiskjölum er víða komið við í þeim efnum og rétt að rifja upp einstaka þætti. Texti á bls. 46 og 47 lýsir kannski best hugsanlegum áhrifum þessara framkvæmda en hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Best er að lýsa áhrifum framkvæmda af því tagi sem Kárahnjúkavirkjun er á þann hátt að þær feli í sér mikla möguleika til breytinga en ekki endilega eingöngu fyrirsjáanleg áhrif. Með þetta í huga skiptir afar miklu að allir þeir sem tengjast verkefninu á einn eða annan hátt hafi möguleika á að halda neikvæðum áhrifum þess í lágmarki en hámarka jákvæðar afleiðingar.“

Með þessum orðum er í raun og veru bent á að áhrifin af aðkomu þessa máls séu mjög mikið undir þeim komið sem að þessu máli koma, og það held ég að sé eitt af grundvallaratriðunum. Þess vegna ber auðvitað að fagna því að í aðdraganda þessa frv. hefur verið lögð mikil vinna í margs konar upplýsingaöflun. Það hefur að vísu á stundum leitt til þess að ýmsir andstæðingar verkefnisins hafa nýtt sér þessa upplýsingaöflun til að finna verkefninu allt til foráttu. Málið er hins vegar það að því betur sem við gerum okkur grein fyrir ýmsu, hver staðan er þar sem þessi framkvæmd verður sett niður og eins hvaða möguleikar felast í henni og hvaða áhrif geta af henni orðið, því betra og auðveldara verður fyrir okkur að reyna að hámarka hinar jákvæðu afleiðingar og lágmarka hinar neikvæðu. Að sjálfsögðu hefur ekki þessi framkvæmd frekar en nokkur önnur framkvæmd eingöngu góð áhrif í för með sér. Þess vegna ber auðvitað að afla sem bestra upplýsinga og reyna síðan að lágmarka hinar neikvæðu afleiðingar og hámarka hinar jákvæðu.

Í ýmsum ræðum sem hér hafa verið haldnar, herra forseti, hafa menn hins vegar staldrað, sérstaklega í hinum lengri ræðum, aðallega við hin hugsanlegu neikvæðu áhrif en gert lítið ef nokkuð úr hinum jákvæðu möguleikum. Þess vegna segi ég, herra forseti, að þetta er að sjálfsögðu mjög undir þeim komið sem að þessu koma hvernig þetta mun spila sig inn í framtíðina. Ég get fullyrt það, herra forseti, að fyrir austan a.m.k. er fullur vilji og full þekking til að reyna að hámarka hin jákvæðu áhrif sem allra mest. Þar er samstaða mikil um það að horfa til þeirra þátta en um leið gera sér grein fyrir því að vissulega geta neikvæðir þættir fylgt og því þurfi ekki síður að einbeita sér að því að lágmarka þá eins og að hámarka hina jákvæðu.

Herra forseti. Þetta mál hefur auðvitað ýmsar hliðar. Hér hafa ýmsir fjallað um hina þjóðhagslegu hlið málsins, arðsemina, og ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Hinn byggðalegi þáttur skiptir líka gríðarlegu máli. Þess vegna verð ég að segja að mér finnst einna leiðinlegast að hlusta á hv. þm. sem nota það sem rök gegn verkefninu að þetta muni ekki hafa næg áhrif eða leysa allan byggðavanda þjóðarinnar. Það væri gaman ef menn hefðu eina patentlausn á honum sem hægt væri að samþykkja á þingi og hún mundi gilda um landið allt og leysa allan þann vanda. En ef ekkert má gera sem ekki leysir allan vanda erum við fyrst komin í alvarlegan vanda. Ég verð að segja að það er auðvitað ljóst mál að ef við náum því innan skamms tíma að reisa álver við Reyðarfjörð er að sjálfsögðu vandi Austfirðinga allur annar

en áður og það mun að sjálfsögðu skapa miklum mun meira svigrúm til þess að taka á byggðavandanum víðar um land en við höfum í dag og munum hafa ef ekki verður reist álver við Reyðarfjörð.

Herra forseti. Á Austurlandi hefur, því miður, íbúum fækkað frá 1990 um nálega 1% á ári eða sem sagt um ein 10% á þessu tímabili. Það þýðir í raun og veru að ef vel tekst til náum við að vinna þetta til baka og mæta þörf fyrir aukna atvinnu sem kemur á næstu 10 árum eða svo. Það mun að sjálfsögðu skapa okkur algerlega ný sóknarfæri og ekki síður, sem er auðvitað mjög mikilvægt varðandi mannlíf og atvinnulíf í fjórðungnum, munum við fá nýja stoð undir atvinnulífið. Atvinnulíf á Austurlandi byggir nú fyrst og fremst á tveimur stoðum, þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði, þannig að ef við fengjum hina þriðju stoð undir værum við að sjálfsögðu búin að auka fjölbreytnina og skapa nýja áður óþekkta möguleika í atvinnulífinu.

Vissulega er líka verið að vinna að ýmsum öðrum stoðum sem munu koma okkur til hjálpar og ég nefni þar t.d. ferðaþjónustu. Hún hefur verið að eflast að undanförnu og er ýmislegt sem bendir til að svo muni áfram verða. Það er hins vegar eitt af því sem einkennir hinn svart/hvíta málflutning sumra í þessu máli, að líta þannig á að ferðaþjónusta og virkjun og stóriðjuver séu eitthvað sem alls ekki geti farið saman þrátt fyrir að mýmörg dæmi sýni einmitt fram á að það geti ekki bara farið saman heldur geti það jafnvel farið vel saman. Þannig er hægt að efla ferðaþjónustu í tengslum við slíkar framkvæmdir. Nú fyrir stuttu fengu væntanlega flestir þingmenn í hendur einmitt tillögur hóps, sem hefur verið að vinna fyrir austan, um það hvernig megi efla ferðaþjónustu, m.a. í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir og er ekki að sjá af þeim hugmyndum að þeir aðilar séu mjög bangnir við að efla og treysta ferðaþjónustu í tengslum við slíkar stórframkvæmdir sem hér er verið að ræða.

Herra forseti. Það er auðvitað hægt að fara um víðan völl í þessu máli en ég mun reyna að takmarka mig sem mest ég má. Þó er rétt að vekja athygli á að þau störf sem menn eru að velta fyrir sér, m.a. í álverinu, eru ekki eingöngu einhæf láglaunastörf eins og oft er látið í veðri vaka. Hér er yfirleitt um að ræða störf sem eru launuð vel yfir meðallagi. Í þeim álverum sem reist hafa verið hér á landi hefur það sýnt sig að þar hefur verið veruleg ásókn í störfin. Það er ekki síður athyglisvert að skoða hvernig gert er ráð fyrir hlutfallslegri skiptingu milli hópa eftir kröfum um þekkingu. Oft er því haldið fram að hér sé um mjög einsleitan hóp að ræða sem hafi oft og tíðum ekki um margt annað að velja. En gert er ráð fyrir því að ófaglært fólk sem ekki er krafist mikillar sérþekkingar af muni vera um 6% af þeim sem vinna í álverinu. Störf sem krefjast hins vegar sérstaks iðneða fjölbrautanáms munu vera um 72%. Störf sem krefjast tæknimenntunar eru 13%, störf sem krefjast tæknimenntunar á háskólastigi um 5% og störf sem krefjast akademískrar háskólamenntunar um 4%.

Rétt er að vekja athygli á því að þessar tölur allar eru mun hærri en við höfum því miður í samfélaginu fyrir austan þannig að þessi vinnustaður, ef af verður — eða þegar af verður, mun væntanlega hækka menntunarstig í fjórðungnum. Það er að sjálfsögðu einnig afar mikilvægt verkefni ásamt ýmsu öðru sem þessu fylgir.

Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að samfélagið fyrir austan eins og ég benti á áðan hefur þurft að þola mikla fólksfækkun að undanförnu og þess vegna er ýmis þjónusta í raun og veru í sveitarfélögunum tilbúin til að taka við mun fleiri íbúum. Þess vegna mun fjölgunin sem þessir hlutir munu væntanlega leiða af sér ekki vera svo mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélögin heldur í mjög mörgum tilfellum auka nýtingu þeirrar þjónustu og þeirra þjónustubygginga sem fyrir hendi eru.

Einnig hefur verið rætt um að það gæti orðið erfitt að manna þennan vinnustað af þeirri einföldu ástæðu að menn muni ekki vilja vinna þar. Ég hef nefnt örlítið til mótvægis við þau rök en jafnframt er hægt að benda á til viðbótar að skoðanakönnun hefur verið gerð meðal þeirra sem flutt hafa frá Austurlandi og í ljós kemur að það er ótrúlega, ég vil segja ótrúlega, stór hluti þeirra og það í hinum yngri kanti sem mundi hafa áhuga á því að flytja aftur austur og taka til starfa í álveri eða við skylda starfsemi.

Herra forseti. Samfylkingin hefur nýlega lagt fram till. til þál. um hálendisþjóðgarð sem ekki hefur enn komið til umræðu en tengist því frv. sem hér er rætt um órjúfanlegum böndum. Í þeirri till. til þál. er gert ráð fyrir því að þjóðarður verði settur má segja eiginlega vestan, norðan og austan Vatnajökuls. Hugsanlega gæti þetta verið stækkun á Vatnajökulsþjóðgarði en þarna er á óyggjandi hátt sýnt fram á að það er hægt að friða það svæði, friða miklar náttúruminjar og ýmsar náttúruperlur þjóðarinnar, þrátt fyrir að sett verði upp virkjun á svæðinu og þrátt fyrir það er hægt að verja víðerni og þau jafnvel hin stærstu í Evrópu. Það er nákvæmlega þessi nálgun sem er svo mikilvæg þegar fólk skoðar jafnstór mál og þetta, þ.e. að geta skoðað málið frá ýmsum hliðum, vera ekki bundinn eingöngu við eina hugsun heldur skoða ýmsar hliðar málanna. Með þessari tillögu tel ég að verið sé að stíga mjög stórt skref í þá átt að ná sáttum um virkjun við Kárahnjúka og um leið að tryggja framtíð þeirra víðerna sem eru norðan Vatnajökuls. Við höfum sem sagt í Samfylkingunni verið að leita eftir því að finna tengingar á milli friðunarsjónarmiðanna og virkjunarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að virkja og vernda. Sú veröld sem við búum í er ekki svo svart/hvít að ekki sé hægt að tengja slíka þætti saman.

Herra forseti. Rétt er að vekja athygli á því að nál. frá meiri hluta iðnn. er með þeim hætti að undir meirihlutaálitið skrifa átta nefndarmenn af níu, þar er því mikill og stór meiri hluti, en hins vegar er minni hlutinn eins smár og hugsast getur. Þar kemur fram mjög sterk yfirlýsing um að menn taka undir hugmyndir um þjóðgarð. Ég vil leyfa mér að lesa tilvitnun í nál., en á bls. 3 segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur að frá sjónarhóli jafnt umhverfisverndar sem útivistar sé æskilegt að ósnortin víðerni norðan Vatnajökuls verði lögð undir þjóðgarð. Meiri hlutinn hvetur til að tillögur um það verði teknar til alvarlegrar skoðunar hið fyrsta."

Segja má að þessi setning sé í fullkomnu samræmi við það sem segir í lokaniðurstöðu fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. en fulltrúar Samfylkingarinnar í þeirri nefnd skila umsögn sem 1. minni hluti efh.- og viðskn. og eftir að fulltrúarnir eru búnir að fara yfir ýmsar hliðar málsins og vekja athygli á bæði kostum, hugsanlegum göllum og mótvægisaðgerðum og öðru slíku, þá segir í lokin, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja taka skýrt fram að þótt arðsemi framkvæmdarinnar sé góð og jákvæð langtímaáhrif hennar á lífskjör þjóðarinnar vegi upp neikvæð skammtímaáhrif sem birtast í vaxtahækkun og afföllum á húsbréfum sé

ekki hægt að taka endanlega afstöðu til framkvæmdarinnar fyrr en búið er að skýra afstöðu meiri hlutans í þinginu til verndar svæðanna sem ósnortin verða norðan Vatnajökuls að loknum framkvæmdum."

Herra forseti. Það er nákvæmlega það sem kemur fram í áliti meiri hluta iðnn. sem tryggir það að Samfylkingin hefur að stærstum hluta til lýst yfir stuðningi við frv. sem hér er til afgreiðslu og verður væntanlega afgreitt héðan fyrr en síðar þó svo eðlilegt sé auðvitað að svo stórt mál fái efnislega og mikla umræðu.

Herra forseti. Það eru náttúrlega ýmsir sem hafa látið sig þetta mál skipta. Það er víðs fjarri að það sé bundið við samtök eða íbúa á Austurlandi. Mjög víða að hafa komið stuðningsyfirlýsingar við málið. Ég vil aðeins nefna ein samtök sem ég tel að skipti afar miklu máli varðandi þetta verkefni en það er Alþýðusamband Íslands. Mjög miklu máli skiptir þegar stærstu launþegasamtök landsins lýsa yfir jafnafdráttarlausum stuðningi við verkefnið og komið hefur fram frá Alþýðusambandinu.

Flestir lífeyrissjóðir landsins hafa einnig verið að skoða þetta mjög jákvætt og telja arðsemina vera trygga af málinu. Við væntum því þess að þegar við höfum samþykkt virkjunarleyfið sem er raunverulega sá hluti sem snýr að þinginu — það er að sjálfsögðu ekki verkefni Alþingis að vera í samningaviðræðum við fjárfesta um hvort menn vilja reisa álver á Reyðarfirði eða ekki, enda frv. þannig úr garði gert að það er hæstv. iðnrh. sem fær það í hendur hvort eða hvenær ástæða verður til að virkja en er þó takmarkað við þau tíu ár sem um getur.

Herra forseti. Ræða mín hefur í raun orðið örlítið lengri en ég ætlaði og ég mun því sleppa þeim kafla ræðunnar sem var ætlaður fyrst og fremst þeim sem hér hafa verið að tala gegn þessu ágæta máli en ég á á blöðum mínum einstakar tilvitnanir í nokkra hv. þingmenn sem hafa verið að tala gegn því. Ég get þó ekki sleppt einni tilvitnun í hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem hélt mér við efnið í nokkrar klukkustundir og það er þó bara ein tilvitnun sem ég ætla að hafa eftir en það er sá hluti ræðunnar sem fjallaði um áhyggjur hennar af Samfylkingunni. Það var afar sérstakur þáttur vegna þess að hv. þm. komst að því að eðlilegra væri fyrir stóran stjórnarandstöðuflokk eins og Samfylkinguna að sitja hjá við mál eins og þetta.

Herra forseti. Ég held að þetta mál sé nefnilega mjög gott dæmi um hvernig flokkar geta unnið misjafnlega í stjórnarandstöðu og það sé raunverulega í svona málum sem skilur á milli hinnar ábyrgu stjórnarandstöðu og þeirra sem vilja sýna minni ábyrgð í stjórnarandstöðu vegna þess að það er að sjálfsögðu hlutverk okkar í stjórnarandstöðu að reyna að gera athugasemdir við það sem meiri hlutinn er að gera og reyna að færa það til betri vegar. Ég held að sú vinna sem Samfylkingin hefur lagt í málið hafi einmitt fært það til betri vegar og ætla ég ekki að hafa langt mál um það en vek enn athygli á þeirri tilvitnun sem ég las úr meirihlutaáliti iðnn. varðandi tengingu þessa máls og hugsanlegs þjóðgarðs norðan Vatnajökuls. Vegna þess að það er líka hluti af því máli að með því að ákveða að stefna að þjóðgarði þarna þegar unnið er að undirbúningi virkjunarinnar og allar þær framkvæmdir sem þar eiga sér stað, þá er mjög mikilvægt að geta nýtt þær áfram og þær munu að sjálfsögðu nýtast að stórum hluta til inn í væntanlegan þjóðgarð og því mikilvægt að sú ákvörðun sé auðvitað tekin sem allra fyrst.

Herra forseti. Rétt undir lokin. Ég tel að þrátt fyrir að ýmsar nýjar upplýsingar sem hafa valdið okkur mörgum vonbrigðum varðandi hlut Norsk Hydro í byggingu álvers við Reyðarfjörð þá eigi það ekki að hafa áhrif á þá vinnu sem á sér stað í þinginu. Málið fær þinglega meðferð. Búið er að leggja mikla vinnu í málið á ýmsum stigum þess og því er eðlilegt að þingið ljúki umfjöllun sinni um málið nú á vordögum og það fái sína afgreiðslu vegna þess að ef eitthvað er af þeirri óvissu sem nú ríkir við byggingu álvers við Reyðarfjörð, ef eitthvað er, þá mun samþykkt frv. styrkja stöðu okkar í því að fá aðila til að reisa álver við Reyðarfjörð sem við að sjálfsögðu vonum að verði fyrr en seinna.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hafði afar sérkennileg ummæli um hvernig málfrelsi væri notað í umræðunni. Hér hefur staðið umræða í samtals um 14 klukkustundir á þremur fundum. Tíu manns hafa talað og sá tími er að meðtöldum andsvörum og 14 manns eru á mælendaskrá. Hér er með öðrum orðum á ferðinni, herra forseti, fullkomlega eðlileg umræða um umdeilt stórmál og ég verð að segja alveg eins og er að mig rekur varla minni til að hafa heyrt þingmann í stjórnarandstöðu, ef stjórnarandstöðu skyldi kalla, hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni í þessu máli, taka svona til orða. Ég ætla rétt að vona að hv. þm. sé ekki að tygja sig í að leggja til að málfrelsi verði tekið af mönnum því að þá er eins og kunnugt er stutt í næsta leik sem er sá að taka af mönnum réttinn til að hafa ólíkar skoðanir. Ég ætla rétt að vona að hv. þm. ræði við flokkssystur sína Jóhönnu Sigurðardóttur sem fyrir ekki mörgum árum flutti hér tíu klukkustunda ræðu um eitt mál áður en hann tekur aftur svona til orða. Ég veit ekki hvar stjórnarandstaða sem grefur svona undan sjálfri sér er á vegi stödd.

[14:09]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á viðkvæmni hv. þm. Ég var aðeins með almennar bollaleggingar um það hvort þetta væri rétt meðferð á málfrelsinu að fara svona með það. Ég tók hins vegar fram að málfrelsið væri afar mikilvægt og þess vegna væri mikilvægt að við bærum virðingu fyrir málfrelsinu.

Við verðum líka að bera virðingu fyrir öðrum þingmönnum í þessum sal en bara okkur sjálfum sem stöndum í ræðustól.

Það er vissulega þannig að oft og tíðum þurfa menn langt mál til að fjalla um hin ýmsu málefni. Ég segi þess vegna að við hljótum að velta því fyrir okkur reglulega hvernig við förum best með málfrelsið. En það getur vel verið að viðkvæmni hv. þm. snúi að því sem hann sagði: Þingmaður í stjórnarandstöðu, ef stjórnarandstöðu skyldi kalla. Það er nákvæmlega þetta sem ég var líka að fjalla um áðan. Það er þessi mismunur á því hvernig við lítum á stjórnarandstöðu. Það er augljóst mál að sumir hv. þingmenn líta þannig á stjórnarandstöðu að það beri helst að vera á móti öllu sem stjórninni er merkt. Málið er því miður eða sem betur fer ekki þannig að allt sé gott eða illt sem frá stjórninni kemur.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt er afstaða manna til mála, og þá er það eins og gengur að stjórnarandstöðuflokkar í heild eða hver í sínu lagi styðja iðulega talsvert af málum frá ríkisstjórnum

og það er alþekkt. Það hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekkert síður gert en aðrir flokkar. Við studdum t.d. að mestu leyti nýlegt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar þegar Samfylkingin sat öll hjá eins og hún lagði sig allan tímann svo nýlegt dæmi sé tekið.

Annað er það, herra forseti, að stjórnarandstaða er almennt í því hlutverki að veita ríkisstjórn og meiri hluta aðhald, að halda þeim við efnið í sambandi við vinnubrögð, að taka upp hanskann fyrir þingið og verja stöðu þess gegn ásælni framkvæmdarvaldsins. Það hefur verið ömurlegt upp á að horfa hvernig Samfylkingin hefur ekki látið sér nægja, sá hluti hennar sem ætlar að styðja málið, að gera það heldur hleypur til varnar ámælisverðum vinnubrögðum ríkisstjórnar, ráðherra og meiri hlutans hér á þingi og lætur sér fátt um finnast þó að þingnefndir séu leyndar upplýsingum o.s.frv. Það var sú stjórnarandstaða, ef stjórnarandstöðu skyldi kalla, sem ég er m.a. að tala um, herra forseti.

[14:11]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef greinilega misskilið hv. þm. og bið hann afsökunar á því. Ég tók ekki þátt í þeirri umræðu sem hann var að vitna til um að menn hefðu hlaupið til varnar um það að halda upplýsingum frá nefndum og ég er fyllilega sammála hv. þm. að það eru ekki góð vinnubrögð að halda upplýsingum frá nefndum og ég vona að því verði kippt í liðinn, því fyrr því betra. Ég veit ekki betur til en að ég hafi nokkrum sinnum tekið þátt í að reyna að lagfæra framgöngu framkvæmdarvaldsins gagnvart þinginu.

Það er nákvæmlega á þeim nótum sem ég legg mikla áherslu á að við berum fulla virðingu fyrir málfrelsinu og við þurfum að gera það ef við ætlum að láta taka fullt mark á okkur að gera það líka sjálf en ekki bara gera kröfur til annarra vegna þess að við þurfum auðvitað um leið að horfa örlítið í eigin barm.

Síðan er það þetta undarlega innskot hv. þm. um fjárlagafrv. Ég er hræddur um að hv. þm. verði að skoða betur afgreiðslu fjárlaga síðasta árs ef hugur hans er svo langt frá raunveruleikanum eins og fram kom.

[14:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem gefur mér tilefni til að veita andsvar við ræðu hv. 4. þm. Austurl., Einars Más Sigurðarsonar, er að hann minntist á till. til þál. um hálendisþjóðgarð og vekur athygli að þingmaður Samfylkingarinnar á Norðurl. e. er ekki meðal flutningsmanna sem ekki er að undra þar sem gert er ráð fyrir að kljúfa Mývatnsöræfi í tvennt og svæði Jökulsár á Fjöllum. Gert er ráð fyrir að hálf Mývatnsöræfi, hluti af Útbruna eigi að vera í þjóðgarðinum en ekki neðri hluti Jökulsár á Fjöllum og talað um að á þessu svæði sé sérstök ástæða til að beitarnýting verði sem minnst skert og bændur geti haldið áfram að nýta beitarlönd á því svæði og þannig styrkt hefðbundinn landbúnað að því er mér skilst í Mývatnssveit og Bárðardal. Nú hygg ég að þessi tillaga sé á miklum misskilningi byggð, herra forseti.

[14:14]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór ekki ítarlega yfir tillöguna, enda verður hún vonandi til umræðu fyrr en seinna og ég vænti þess að hv. þm. Halldór Blöndal beiti áhrifum sínum til að hún geti komið til umfjöllunar sem allra fyrst vegna þess að tillagan er mjög mikilvæg eins og ég fór örfáum orðum um áðan. Hins vegar er hún ekki þannig úr garði gerð að þar séu t.d. öll mörk endanleg o.s.frv.

Hér er verið að hreyfa mjög stóru og miklu máli sem er að sjálfsögðu ekki endanlega útfært í till. til þál. vegna þess að fyrsta setningin hljóðar þannig að það eigi að fela umhvrh. að leggja eigi undir þjóðgarð víðerni norðan og norðaustan Vatnajökuls. Síðan er talið ýmislegt upp. Það eru að sjálfsögðu ekki endanlegar línur.

Síðan get ég frætt hv. þm. um að ég held að flutningsmenn hafi ekki verið vísindalega raðaðir inn á tillöguna heldur er meiri hluti þingflokksins sem stendur á bak við hana og ég veit ekki betur en mjög víðtækur stuðningur sé í þingflokknum, hv. þm., við þá tillögu.

[14:15]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vekur vissulega athygli að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir er sammála því að höggva í sundur svæðin norðan Vatnajökuls, það svæði sem takmarkast frá Vatnajökli til Mývatnssveitar niður til Kelduhverfis og jafnvel ef maður kýs að fara niður á Melrakkasléttu eða Langanes. Ljóst er að þessar hugmyndir eru ekki í samræmi við þær skoðanir sem uppi eru í Mývatnssveit eða annars staðar í Norðurl. e. En það má vera að hv. þm. sé þarna föst í sjónarmiðum síns kjördæmis og skal ég ekkert lá henni það.

Ég vona svo sannarlega, Samfylkingarinnar vegna, að fulltrúi flokksins í Norðurl. e. sé ekki meðmælt þessari tillögu. Það mundi ekki vekja traust á því landsvæði.

[14:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er að verða býsna skemmtilegt. Ef hv. þm. er að ýja að því að það megi jafnvel stækka þjóðgarðinn enn meira held ég að menn séu opnir fyrir því að skoða það mál.

Hins vegar er afar mikilvægt í þessari tillögu — reyndar hefur önnur tillaga verið lögð fram samhliða sem gerir ráð fyrir því, sem ég held að sé ekki síður mikilvægt og ég trúi ekki öðru en að hv. þm. sé stuðningsmaður þess — þ.e. að færa stjórn þjóðgarða í hendur heimamanna. Heimamenn hefðu þar með meira um þessa hluti að segja en verið hefur fram að þessu. Ég veit að hv. þm. er mikill áhugamaður um hvernig skuli fara með völd í Mývatnssveitinni og ég held að þar mætti færa ýmislegt til betri vegar í þeim anda sem við erum hér að leggja til með þessu frv.

[14:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér fóru fram athyglisverð orðaskipti í upphafi þessarar andsvarasyrpu á milli hv. þm. tveggja stjórnarandstöðuflokka. Ég fer ekki frekar út í það en ég tek undir það með hv. ræðumanni, sem ég er hér í andsvari við, að meðferð málfrelsis er stórt mál. Ég tel að ýmsum ofbjóði hvernig farið er með það frelsi hér á hv. Alþingi.

En hvað varðar spurningu hv. þm. get ég tekið af allan vafa um það enn einu sinni að sú orka sem verður til við virkjun við Kárahnjúka verður nýtt í atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Þar sem þarna er um 750 megavött að ræða er augljóst að það verður aldrei farið út í þá virkjun til að hleypa þeirri orku inn á hið almenna kerfi. Það er ákveðinn tilgangur á bak við framkvæmdina, sem sagt að nýta orkuna til orkufreks iðnaðar í Reyðarfirði.

106. FUNDUR

miðvikudaginn 3. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, nál. 1004 og 1030. — Frh. 2. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 678. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1094.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 674. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1090.

Jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku, 673. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1089.

Kindakjötsframleiðsla, 611. mál, svar landbrh., þskj. 1077.

Sauðfjárframleiðsla, 613. mál, svar landbrh., þskj. 1079.

Útflutningur kindakjöts, 612. mál, svar landbrh., þskj. 1078.

Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, 677. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 1093.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 665. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 1081.

Þróun matvöruverðs á Norðurlöndum, 270. mál, svar hagstrh., þskj. 1076.

Athugasemdir um störf þingsins.

Upplýsingagjöf um álversframkvæmdir.

[10:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Alþingi hefur verið blekkt. Fram hefur komið, m.a. hjá hæstv. iðnrh., að upplýsingum hafi verið haldið frá nefndum þingsins en í fjölmiðlum í gær var hæstv. viðskrh. spurð hvers vegna efh.- og viðskn. Alþingis hefði ekki verið upplýst um rétta stöðu mála þegar nefndin fjallaði um Reyðarálsverkefnið á fundi sínum 28. febr. sl.

Hæstv. ráðherra lýsti því yfir í útvarpsviðtali að hún hefði „lifað í voninni", eins og hún komst að orði, og þess vegna hefðu þessar upplýsingar ekki átt erindi til efh.- og viðskn. Alþingis.

Herra forseti. Sú afstaða ráðherra að réttlætanlegt sé að leyna Alþingi og nefndir þingsins upplýsingum er ámælisverð og vítaverð og eðlilegt að forsn. þingsins komi þegar í stað saman til að ræða þá stöðu sem hér er komin upp.

Herra forseti. Þegar í ofanálag bætist sá pólitíski þáttur málsins, að upplýsingum sem þingið hefði átt að fá er haldið leyndum á sama tíma og þinginu er ætlað að taka ákvörðun um virkjunarleyfi fyrir Kárahnjúkavirkjun verður mál þetta enn þá alvarlegra. Á sínum tíma var rætt um að engar ákvarðanir yrðu teknar um virkjun fyrr en kaupandi raforkunnar væri í hendi. Hann er ekki í sjónmáli, hvað þá að gerður hafi verið skaðleysissamningur um þetta mál.

Herra forseti. Upp er komin mjög alvarleg staða, og ég spyr: Ef Morgunblaðið hefði ekki upplýst þjóðina um stöðu mála hinn 15. mars sl. hver væri staðan nú? Er okkur virkilega ætlað að taka ákvörðun í þessu stórmáli með bundið fyrir augun? Ég beini því til forsn. Alþingis að hún komi þegar í stað saman til að ræða þá alvarlegu stöðu sem upp er komin eftir að ljóst er að ráðherra í ríkisstjórn blekkir Alþingi.

[10:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hvert er aðalatriði þessa máls? Í lok febrúar er mér tjáð um erfiðleika Norsk Hydro í sambandi við það að halda tímaáætlun. Ég spyr að sjálfsögðu: Hefur verið tekin ákvörðun? Svarið er nei. Ekki hefur verið tekin ákvörðun. Ég bið um samtal við forstjóra Norsk Hydro.

Á þessu stigi taldi ég ekki líklegt að fyrirtækið héldi því til streitu að standa ekki við áætlanir, í fyrsta lagi vegna þess að ástæðan var sögð erfiðleikar fyrirtækisins vegna fjárfestinga í fyrirtækinu VAW í Þýskalandi og sl. haust var mér tjáð að þær fjárfestingar mundu ekki hafa áhrif á fjárfestingar á Íslandi, og í öðru lagi vegna þess að þriðji aðili hafði fengist að verkefninu á skömmum tíma og sýndi mikinn áhuga.

Í svörum Norsk Hydro til íslenskra fjölmiðla kemur fram hvað eftir annað að engin ákvörðun hafi verið tekin um að breyta út af tímaáætlun og síðast þann 18. mars er haft eftir Thomasi Knutzen, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins, og Tor Steinum, starfsmanni fyrirtækisins — ég ítreka 18. mars — að ekki hafi nein ákvörðun verið tekin um að breyta þeirri tímaáætlun sem unnið sé eftir.

Hinn 19. mars á ég hins vegar samtal við forstjóra fyrirtækisins, Eyvind Reiten. Þá varð mér ljóst að fyrirtækið mundi ekki standa við tímaáætlun, og var full alvara með það. Við komum okkur saman um það, ég og forstjórinn, að við mundum vinna að sameiginlegri yfirlýsingu, a.m.k. reyna það. Ég greindi þinginu frá þessu strax daginn eftir, í upphafi fundar þann 20. mars, að unnið yrði að yfirlýsingu og ég mundi greina þinginu frá þeirri yfirlýsingu strax og hún yrði tilbúin. Það geri ég 22. mars þegar hún kemur nánast volg inn á borð þingmanna, lauslega yfirfærð á íslensku. Þetta er aðalatriði málsins.

[10:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Verkefni Alþingis er að veita virkjunarleyfi sem samkvæmt frv. er miðað við framkvæmdir fyrir álver á Austurlandi. Það hefur ekki verið og á ekki að vera verkefni Alþingis að finna fjárfesta fyrir verkefni af þessu tagi og leggja mat á þá. Það er hlutverk framkvæmdarvaldsins og framkvæmdaaðila málsins og þess vegna hefði það, a.m.k. fyrir mína parta, ekki breytt neinu um afstöðu mína til þessa máls þótt óvissan um þátttöku Hydro í málinu hefði legið fyrir þegar málið var afgreitt út úr þingnefnd.

Hitt er þó með öllu ólíðandi ef staðreyndin er sú að þingnefndir sem leggja mat á grundvöll málsins fá villandi eða jafnvel rangar upplýsingar um stöðu verkefnisins frá embættismönnum, starfsmönnum verkefnisins eða öðrum sem að málinu koma. Þess vegna hefur Samfylkingin óskað eftir því að haldnir verði fundir í hv. efh.- og viðskn. og hv. iðnn. þar sem þessir aðilar verði kallaðir fyrir, þeir aðilar sem

virðast ekki hafa upplýst okkur um alla þætti málsins, til þess að skýra stöðuna og málflutning sinn. Slíkur fundur er nauðsynlegur til þess að skýra málið fyrir þinginu og fyrir þjóðinni, og hlýtur að vera grundvöllur þess að menn geti lagt raunhæft mat á stöðu þessa máls í dag.

[10:40]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Í umfjöllun efh.- og viðskn. var oft rætt um að ekki yrði farið út í þessa virkjun fyrr en málið væri allt í höfn, fyrr en búið væri að skrifa undir alla þá samninga sem þyrfti að gera við Norsk Hydro, og það kom fram í umfjöllun nefndarinnar með almennum hætti að þessir samningar væru ekki í höfn fyrr en búið væri að skrifa undir. Að sjálfsögðu hefði síðan í ljósi þess sem síðar hefur gerst verið heppilegra að nefndin hefði verið upplýst um að eitt af því sem gæti komið upp á væri þetta Þýskalandsmál hjá Norsk Hydro, að það mundi hugsanlega geta sett strik í reikninginn, sem hefði getað verið eitt af mörgum atriðum sem hefði getað komið upp hjá fyrirtækinu og orðið þess valdandi að það gat ekki staðið við þessa samninga.

Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, væntanlega hefði það ekki breytt neinu um niðurstöðu nefndarinnar, hún hefði væntanlega afgreitt málið með þeim hætti sem hún gerði og lýst yfir stuðningi við það. Ég held að verkefni þingsins núna sé að klára einfaldlega að afgreiða þessa virkjunarheimild. Málið liggur þannig að ekki verður farið út í þessa virkjun nema til staðar séu fjárfestar sem vilja leggja pening í álverið og ég sé ekki við hvað hv. þm. Vinstri grænna eiga að vera hræddir fyrst fyrir liggur að framkvæmdin dregst eitthvað frá því sem við, þessir bjartsýnu einstaklingar sem hér tölum, höfðum annars verið að vonast til.

[10:42]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Við stöndum frammi fyrir enn einu stórklúðrinu sem stjórnvöld standa fyrir. Hér á að taka til við að ræða virkjun við Kárahnjúka í dag og verja til þess öllum deginum þegar fyrir liggja feiknamikil verkefni til að sinna fyrir næstu mánaðamót. Þetta er auðvitað gjörsamlega út í hött. Ég skal ekki dæma um þetta klúður sem fram hefur komið í sambandi við leynd yfir málum gagnvart þingi en það sýnir þá enn einu sinni framkomu stjórnvalda gagnvart löggjafarþinginu.

En að veita núverandi valdhöfum umboð til að virkja kemur auðvitað ekki til nokkurra mála eftir uppljóstrun þeirra staðreynda sem nú liggja fyrir. Þar við bætist að það er gjörsamlega vonlaust um að ná nokkrum samningum við nokkurt fyrirtæki um nokkra virkjun, eða öllu heldur álver á Reyðarfirði. Og þótt samið yrði um álver getur það aldrei, eins og nú standa sakir um álverð á mörkuðum heims, greitt það orkuverð sem Kárahnjúkavirkjun þarf til þess að halda við lög sem gilda um hvaða lágmarksverð á að innheimta fyrir slíka orku.

Allt er þetta mál með þeim hætti að nú ættu menn að pakka saman. Auðvitað halda menn áfram að rannsaka það hjá stórfyrirtækjum heims hvort möguleikar eru á þessu en þeir eru ekki í sjónmáli. Og var ekki frétt um það frá Reyðarfirði í gær að ekkert nýtt yrði að frétta í þessu fyrr en þá í árslok 2003? Nei, hér þurfa menn að stokka upp spilin og gá til allra átta áður en lengra verður gengið fram.

[10:44]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sem iðnaðarnefndarmaður vil ég taka undir þær gagnrýnisraddir sem hér hafa komið fram. Mér finnst aðalatriði málsins vera það að við erum að afgreiða frv. um virkjun við Kárahnjúka á alröngum forsendum, og um það snýst málið. Málið var keyrt áfram vegna tímaáætlunar, tekið út úr nefnd 18. mars á fölskum forsendum. Núna er ekki tímabært að fara í afgreiðslu á þessu máli, virðulegi forseti, og ég mun taka það upp í forsn. vegna þess að málið hefur verið rökstutt með tímaáætluninni — sem brást. Við fengum ekki þær upplýsingar sem við áttum heimtingu á, og áttum að fá fyrir afgreiðslu málsins. Það er mergurinn málsins. Núna er sú staða uppi að það er hægt, vegna verkefnisins, að bíða eftir því að unnin verði rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma eins og við höfum öll óskað eftir í þinginu.

Hv. þm. stjórnarinnar hafa haft það sem afsökun fyrir afgreiðslu þessa máls að þessi svokallaða tímaáætlun Norsk Hydro og íslenskra stjórnvalda setti okkur þær skorður að við yrðum að afgreiða málið í hasti. Núna er gjörbreytt staða í málinu. Það er nægur tími til að vinna faglega að þessu máli. Við eigum að fresta því. Við eigum að bíða eftir því að gerð verði úttekt á því hvernig við ætlum að nýta orkuna í landinu og taka síðan málið upp að nýju.

Virðulegi forseti. Ég fer þess á leit að málið verði tekið af dagskrá.

(**Forseti** (HBl): Fyrst verður að setja málið á dagskrá, hv. þm.)

[10:46]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Dylgjur og fullyrðingar hv. þingmanna Vinstri grænna eru fáránlegar. Ég vísa á bug þeim fullyrðingum og dylgjum að hæstv. iðnrh. hafi leynt Alþingi upplýsingum og málið hafi fengið óeðlilega afgreiðslu í þingnefndum. Ítrekað hefur komið fram að hæstv. ráðherra upplýsti Alþingi strax og formlegar upplýsingar lágu fyrir. Hvort fulltrúar viðsemjenda hafi veitt þingnefndum réttar eða rangar upplýsingar skal ég ekki leggja mat á enda er ekki óeðlilegt að þingnefndirnar fái þessa fulltrúa aftur til sín. Hv. iðnn., sem er óvenjuframsýn nefnd, hefur þegar fjallað um það mál og tekið ákvörðun um að fá þá fulltrúa aftur á sinn fund.

Herra forseti. Það er ekki Alþingi sem tekur hina endanlegu ákvörðun um virkjun. Alþingi hins vegar samþykkir fyrir sitt leyti heimild til framkvæmdarvaldsins. Það er heimavinna Alþingis. Viðskiptasamningar eru ekki afgreiddir endanlega á hv. Alþingi. Það eru viðskiptahættir sem tíðkuðust í Sovétríkjunum á sínum tíma og gáfust ekki vel, eins og kunnugt er. Það er Alþingi sem samþykkir fyrir sitt leyti heimild til hæstv. iðnrh. sem síðan gefur út virkjunarleyfið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það er á þeim nótum sem hv. iðnn. samþykkti málið frá sér með átta atkvæðum gegn einu, gegn atkvæði Vinstri grænna. Þannig samþykkti hv. iðnn. málið frá sér. Það var skýr vilji en engu að síður halda hv. þingmenn Vinstri grænna áfram að velta upp ýmsum dylgjum með ótrúlegum málatilbúnaði.

Herra forseti. Ég mælist til þess að málið verði, eins og til stendur, sett á dagskrá þannig að hv. alþm. geti tekið skýra pólitíska afstöðu í þessu mikla og jákvæða máli.

[10:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Aðalatriði málsins finnst mér vera það að þingið hefur langt í frá lokið umfjöllun um þetta mál. Þessar upplýsingar sem menn eru að deila um liggja nú fyrir, við vitum hver staða málsins er. Samkvæmt reynslu má ætla að málið sé ekki hálfnað í umræðu í þinginu þannig að þingið getur haft þessar upplýsingar með til grundvallar afstöðu sinni.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að ég hef óbragð í munninum eftir samskipti okkar Íslendinga við Norsk Hydro. Mér finnst að þeir hafi komið aftan að okkur. Þeir hafa ekki gefið réttar upplýsingar og þeir hafa bersýnilega setið á þeim.

Hæstv. viðsk.- og iðnrh. er legið á hálsi fyrir að hafa leynt þingið upplýsingum. Herra forseti. Ég get ekki fallist á það. Ég verð að segja að það eina sem hægt er að ásaka, ef ásaka skyldi, hæstv. iðnrh. um er að hún hefði kannski átt að reyna að ræða fyrr við forstjóra fyrirtækisins til þess að fá á hreint þær misvísandi upplýsingar sem fram höfðu komið. Ég tek hins vegar gildar þær skýringar sem hæstv. ráðherra gefur. Ég tel viðurhlutamikið að embættismenn og fulltrúar viðsemjenda komi og ræði við þingið með þeim hætti að hægt sé að halda því fram að þeir hafi vitandi vits ekki gefið réttar upplýsingar í málinu. Ég tel ekki að það skipti sköpum en ég tel hins vegar að þar með hafi þinginu verið sýnd vansæmd og ég tel rétt að kalla þessa menn fyrir, ræða við þá og, eins og hæstv. landbrh. hefur stundum sagt, taka í hnakkadrambið á þeim. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að hafa brugðist vel við þeirri ósk sem fram hefur komið af hálfu stjórnarandstöðunnar um að fá þetta fólk aftur til viðræðu við nefndina.

[10:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er búið að skýra afstöðu Norsk Hydro mjög vel í þinginu. Hæstv. iðnrh. hefur farið mjög vel yfir það mál, og allar þær upplýsingar sem við þurfum að hafa til þess að halda málinu áfram liggja alveg fyrir. Það liggur fyrir að hér er um mjög arðsama framkvæmd að ræða. Virkjunin er afar arðsöm og því er mjög nauðsynlegt að ljúka afgreiðslu þessa máls í Alþingi til þess að hægt sé að halda áfram að vinna málið. Menn verða að vita nákvæmlega hvað liggur fyrir þegar leitað er nýrra fjárfesta í álveri. Eins og kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, þingflokksformanni Samfylkingarinnar, hefði afstaða hennar sem situr í hv. iðnn. og afstaða þingmanna Samfylkingarinnar til málsins ekki verið önnur þó að þessar upplýsingar hefðu legið fyrir þegar málið var afgreitt úr nefnd.

Ég held að þetta sé afstaða manna almennt í þinginu, hv. þingmanna, þannig að nú liggi ekkert annað fyrir en ljúka afgreiðslunni og þannig getum við flýtt fyrir því að þetta stóra og mikla verkefni geti orðið að veruleika sem fyrst.

[10:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hvert er aðalatriði þessa máls? spurði hæstv. viðskrh. Aðalatriði þessa máls er að Alþingi Íslendinga hefur verið blekkt. Upplýsingum hefur verið haldið frá Alþingi og nefndum þingsins. Þetta er aðalatriði málsins. Það var Morgunblaðið sem upplýsti um stöðu málsins en ekki ríkisstjórnin og því miður er það ekki svo, eftir því sem ég kemst næst, að Norsk Hydro hafi haft blekkingar í frammi heldur íslenskir aðilar. Það eru þeir sem hafa blekkt okkur í þessu máli.

Hæstv. iðnrh. segist hafa vonast til þess að niðurstaðan yrði á annan veg en hún varð í reynd og af þeim ástæðum — og nú vitna ég, með leyfi forseta, í hæstv. ráðherra í útvarpsviðtali: „Og af þeim ástæðum er ég ekkert sannfærð um að þetta hafi átt erindi inn á þann fund.“ Hér er vísað í fund efh.- og viðskn. Alþingis.

Arðsöm fjárfesting, segir hv. þm. Austurl. Arnbjörg Sveinsdóttir. Þetta er fullyrt á sama tíma og engir samningar eru í sjónmáli um sölu á raforkunni sem ræður því hvort um arðsama fjárfestingu er að ræða. Þegar hv. formaður efh.- og viðskn. fullyrðir hér að ekki verði farið út í neinar framkvæmdir fyrr en samningar liggi fyrir ætlast hann til þess að Alþingi taki um þetta ákvörðun með bundið fyrir augun. Það eru engir samningar í sjónmáli og því fráleitt að þetta mál verði leitt til lykta hér á næstu dögum eins og ríkisstjórnin hefur því miður í hyggju.

[10:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég met mikils störf Alþingis og vil sýna Alþingi fulla virðingu. Ég tel hins vegar fásinnu að halda því fram að upplýsingum hafi verið haldið frá þinginu og það verið blekkt. Það er háttur ábyrgra stjórnmálamanna að kanna viðkvæm mál til hlítar áður en farið er með þau í opinbera umræðu og þannig var það í þessu tilfelli.

Ég held að rétt sé að láta þess getið vegna orða síðasta hv. ræðumanns að samkvæmt frv. sem hefur verið lagt fram á hv. Alþingi verður það ekki verkefni Alþingis til framtíðar að fjalla um virkjunarleyfi. Ég tek það fram af því að hann gerir mikið úr þessu máli hér. Ég hefði óskað þess að þeir hv. þingmenn sem hér hafa tekið hvað sterkast til orða hefðu verið á þeim fundi sem haldinn var á Reyðarfirði í gærkvöldi. Þar var lýst miklum stuðningi við framgöngu stjórnvalda í þessu máli með lófaklappi, og það er það sem skiptir mig máli. Það skiptir mig ekki máli þó að pólitískir andstæðingar stígi í stól á Alþingi og hafi uppi stór orð og miklar fullyrðingar um blekkingar og annað slíkt og það skiptir mig heldur ekki máli þó að slíku sé haldið fram á síðum dagblaða. (**ÖJ:** Sannleikurinn í þessu máli ...) Athyglisverðast er að hv. þm. Ögmundur Jónasson treystir nú á Morgunblaðið í málflutningi sínum.

Virkjunarleyfi vegna Fljótsdalsvirkjunar á sínum tíma var afgreitt samhljóða frá Alþingi. Það virkjunarleyfi sem við erum að fjalla um núna og varðar Kárahnjúkavirkjun er nokkurn veginn það verkefni sem tekur við vegna þess að horfið er frá því að fara í Fljótsdalsvirkjun. Ég legg áherslu á að virkjunarleyfi verði afgreitt frá þinginu vegna þess að það skiptir máli fyrir þjóðfélagið allt og þá einkum og sér í lagi fyrir Austfirðinga.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, nál. 1004 og 1030.

[10:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá vinnst ekki tími til þess að fleiri taki til máls um störf þingsins þar sem 20 mínútur eru liðnar sem í þingsköpum eru ætlaðar til umræðu af þessu tagi.

Ég vil taka fram að gert er ráð fyrir því að ljúka umræðum um þetta mál í dag, og má því búast við kvöldfundi. Ég geri

ráð fyrir því að fundi verði frestað kl. 12.30 og aftur verði haldið áfram þingfundum kl. 1.30.

[10:58]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Það er mín tilfinning að Alþingi Íslendinga sé í gíslingu framkvæmdarvaldsins í þessu máli. Dagskrá fundarins í dag er sú að veita hæstv. iðnrh. heimild til virkjunar við Kárahnjúka, virkjunar sem mundi valda gífurlegum náttúruspjöllum, þeim mestu sem ein einstök framkvæmd hefur valdið í allri samanlagðri Íslandssögunni. Virkjanaheimildin samkvæmt frv. því sem hér er til umræðu er svo opin í báða enda að þar er ekkert fast í hendi, ekki einu sinni skilyrði hæstv. umhvrh. sem hún setti í gífurlega umdeildum úrskurði sem felldur var í svartasta skammdeginu í vetur. Enginn þeirra þingmanna sem hér í sal sitja veit hvort orkukaupandi verður að orku þeirri sem væntanleg virkjun á að framleiða. Enginn þeirra þingmanna sem hér í sal sitja veit hvers lags verksmiðja það verður, ef einhver, sem starfrækt verður eða sett upp á Reyðarfirði. Enginn þeirra þingmanna sem hér í sal sitja veit hvort af þessu verkefni verður yfir höfuð. Það er þess vegna fullkomlega ótímabært að veita hæstv. iðnrh. þá heimild sem á borðum okkar liggur.

Herra forseti. Það bætist svo ofan á að í þessu máli hafa þingmenn verið blekktir. Reynt hefur verið að þrengja að störfum þingnefnda og hæstv. ráðherra kallar orð embættismanna sinna orðróm í heilar þrjár vikur áður en hún lætur svo lítið að ávarpa Alþingi Íslendinga með þeim efasemdum sem þá höfðu greinilega búið um sig vikum saman hjá þeim aðilum sem höfðu verið að ræða við íslensk stjórnvöld um mögulegar fjárfestingar í orkufrekum iðnaði á Austfjörðum. Framkoma af þessu tagi er alls ekki sæmandi íslenskum stjórnvöldum og það er ekki létt verk fyrir alþingismenn að þurfa að sitja undir vinnubrögðum af þessu tagi og upplifa sig, eins og ég sagði áðan, í gíslingu framkvæmdarvaldsins.

Auðvitað er eðlileg sú krafa sem kom fram áðan í umræðu um störf þingsins að málið sé tekið inn í forsætisnefnd þingsins og það skoðað þar hvort kröfur þær sem hér hafa verið settar fram um frestun málsins séu ekki fullkomlega raunhæfar og sanngjarnar. Þar sem hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafa fullyrt að auðvitað verði ekki farið í neinar framkvæmdir fyrr en orkusölusamninar séu í höfn þá er eðlilegt að spurt sé, herra forseti: Hvað eiga hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn við með því? Ég var sjálf stödd inni á hálendinu, nánar tiltekið við ofanverðan Desjarárdal sl. haust, í ágúst, þar sem jarðýtur og borar voru við störf og fjöldi manna að rífa og tæta í sundur, gera borholur og taka alls kyns jarðvegssýni djúpt niður. Á sama tíma fullyrtu starfsmenn og yfirmenn Landsvirkjunar að engar framkvæmdir væru í gangi. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra og þá þingmenn sem hér hafa talað, hv. þm. Vilhjálm Egilsson, um að auðvitað verði ekki farið í neinar framkvæmdir fyrr en orkusölusamningar séu í höfn: Hvað þýða þessar fullyrðingar? Hvað þýðir fullyrðing hæstv. ráðherra í Kastljósi sjónvarpsins 22. mars sl. þar sem hún sagði, með leyfi forseta, að það yrði ekki haldið áfram af hálfu Landsvirkjunar í sumar eins og þeir reyndar ætluðu sér nema það gerðist eitthvað mjög hratt. Hvað þýðir þessi fullyrðing? Þýðir hún að Landsvirkjun verði uppi á hálendinu að rassakastast með gröfukjafta og sína bora og fjölmenna vinnuflokka við vegagerð og að taka jarðvegssýni, undirbúa stíflugerð og jarðgangagerð eða þýðir það að engin tæki verða á hálendi Íslendinga? Við verðum að fá svör við þessu vegna þess að það sem Landsvirkjun hefur kallað til þessa engar framkvæmdir eru í augum okkar sumra miklar framkvæmdir og þeim framkvæmdum fylgir mikið rask. Það eru ekki heilindi fólgin í því af hæstv. ráðherra að gera lítið úr því sem ferðalangar, íslenskir og erlendir, sjá á hálendinu í formi jarðrasks og gröfugerðar og mannvirkjaundirbúnings að kalla það síðan engar framkvæmdir. Það er satt að segja ekki heiðarlegt.

Herra forseti. Það sem ég hafði aðallega til málanna að leggja þegar ég hóf ræðu mína fyrir páska var að fara yfir umsögn þá sem ég sem umhverfisnefndarmaður gaf hv. iðnn. Alþingis og ég rakti í máli mínu helstu þætti þess sem ég vildi gera athugasemdir við. Þær athugasemdir voru fyrst og fremst fólgnar í þeim köflum sem umsögn mín hefur að geyma og hægt er að lesa sem fskj. við nefndarálit iðnn. í þessu máli. Ég fjallaði þar um tímapressu og áhugaleysi stjórnvalda. Þau orð mín eru enn í fullu gildi og ekki minnkar tímapressan jafnvel þó svo meira svigrúm myndist þar sem enn lengra virðist nú vera í orkusölusamning en þegar ég flutti mál mitt fyrir nokkrum dögum síðan.

Ég fjallaði um hina takmörkuðu auðlind sem orkan okkar er. Ég fjallaði um rammaáætlunina og gagnrýndi stjórnvöld fyrir að setja á rammaáætlun til málamynda. Ég fjallaði um þjóðgarðshugmyndir í mjög ítarlegu máli og þá sérstaklega út frá skýrslu þeirri sem hæstv. iðnrh. hefur fengið frá sérstakri umsjónarnefnd sem rammaáætlunarverkefnisstjórnin skipaði til þess að leggja mat á náttúruverndargildi lands á svæðinu norðan Vatnajökuls. Ég veit ekki, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra var í húsinu þegar ég fjallaði um greinargerð og matsskýrslu sem hæstv. ráðherra fékk í hendur þann 9. október sl. sem fjallar um mat á náttúruverndargildi landsins, en ég varpaði fram spurningu til hæstv. ráðherra sem ég treysti að verði svarað við umræðuna: Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera við þetta mat? Hvernig ætlar hún að sjá til þess að það sem í því er fólgið komist áfram til þeirra sem um þessi mál fjalla, þar með talinna alþingismanna?

Herra forseti. Ég gagnrýndi stjórnvöld fyrir að auðlindastefna væri ekki til staðar til þess að reka þetta mál eftir og það virðast hafa verið tímabær orð því að eins og öllum þingmönnum og þjóðinni er kunnugt þá féll dómur eða úrskurður óbyggðanefndar þann 21. mars sl. um þjóðlendumörk og eignarrétt á þjóðlendum í sjö hreppum í uppsveitum Árnessýslu.

Herra forseti. Það er tilefni til þess hér að gera þann úrskurð að umtalsefni í tengslum við það sem ég sagði í fyrri hluta ræðu minnar um auðlindastefnu sem ekki er til staðar.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að í niðurstöðau auðlindanefndar sem getur að líta í skýrslu frá september 2000 er gerð ítarleg grein fyrir þeirri skoðun nefndarinnar að það beri að móta stefnu um auðlindarentu sem nýting vatnsafls í eigu þjóðarinnar skapar. Í yfirgripsmikilli grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær að ég held rétt, herra forseti, er fjallað um mögulega auðlindarentu af þeim náttúruauðlindum sem fólgnar eru í vatnsaflinu okkar og í ljós kemur þegar þessi úrskurður óbyggðanefndar og grein Morgunblaðsins eru skoðuð að það er sannarlega tilefni til að ræða væntanlega virkjun við Kárahnjúka út frá þeim sjónarmiðum sem auðlindanefndin kynnti í skýrslu sinni árið 2000.

Herra forseti. Það er ljóst samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar að Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda á svæðunum í uppsveitum Árnessýslu. Út frá því verður að teljast eðlilegt að hv. Alþingi skoði hvernig við ætlum að fara

með nýtingarréttinn á hálendinu norðan Vatnajökuls. Það er alveg eðlilegt að menn spyrji hvort þau gífurlegu verðmæti sem fólgin eru í vatnsréttindum eigi að ganga til Landsvirkjunar endurgjaldslaust. Ég teldi slíkt vera, herra forseti, í hróplegu ósamræmi við niðurstöður auðlindanefndarinnar. Niðurstaða auðlindanefndarinnar var alveg skýr. Hún vildi að stjórnarskrárákvæði yrði bætt við í stjórnarskrá Íslendinga þar sem við fengjum ákvæði um að auðlindarenta af þessu tagi yrði eðlileg og heimiluð og í sjálfu sér gerð að skilyrði þannig að ljóst er að Landsvirkjun og ríkisstjórnin þurfa að eiga einhvers konar samtal um það hvort gjald þurfi að koma til af vatnsréttindum, gjald í formi eingreiðslu eða gjald tengt framleiðslunni, og meðan þetta samtal Landsvirkjunar og stjórnvalda eða samtalið úti í samfélaginu hefur ekki farið fram þá er óeðlilegt að binda hendur Alþingis á þennan hátt sem frv. sem hér er verið að ræða mundi gera.

Það kemur fram í grein Morgunblaðsins að forstjóri Landsvirkjunar telji ólíklegt að fyrirtækið muni greiða gjald fyrir vatnsréttindin. En það kemur jafnframt fram að það sjónarmið forstjórans er í andstöðu við embættismann iðnrn., Helga Bjarnason, sem túlkar þetta með öðrum hætti og fæ ég nú, með leyfi forseta, að vitna beint í orð hans í Morgunblaðsgreininni en þar segir:

„Það að Landsvirkjun hafi nýtingarrétt en ekki eignarrétt þýðir að Landsvirkjun er heimilt að nýta þessa auðlind, en jafnframt er ríkinu heimilt að taka gjald fyrir nýtingu hennar samkvæmt þjóðlendulögunum. Þetta þýðir að Landsvirkjun ætti að greiða nokkurs konar auðlindagjald fyrir að nýta þessi vatnsréttindi sem þau töldu áður réttilega vera í sinni eigu, ...“

Herra forseti. Úrskurður óbyggðanefndar hefur skilyrðislaust sett hér nýtt landslag. Hann hefur breytt því umhverfi sem Landsvirkjun starfar við. Hann hefur breytt þeim veruleika sem við sem alþingismenn búum við og þjóðin öll býr við og það að ætla að koma þessu máli í gegnum þingið án þess að ræða hina mögulegu auðlindarentu, án þess að skoða hana í tengslum við nýjan úrskurð óbyggðanefndar, það er ekki ábyrg stjórnsýsla, það er ekki ábyrg meðferð þessa máls, herra forseti.

Í fyrri hluta ræðu minnar fjallaði ég sömuleiðis um orkunýtingarstefnu stjórnvalda og yfirlýsingar stjórnvalda um orkusparnaðarátak sem ekkert bólar á þannig að ég ítreka þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra um það. Það er alveg eðlilegt að spurt sé um slíkt því að orkugræðgi er orðið hugtak sem mér finnst alveg sjálfsagt að nota yfir það sem hér á sér stað. Orkugræðgin kemur í ljós í yfirliti Orkustofnunar sem fylgir því frv. sem hér er til umræðu. Þar kemur fram að hugmyndir Orkustofnunar um nýtingu orkunnar eru þær að það skuli virkja og auka mjög mikið við virkjanir í landinu á næstu árum fram til ársins 2012. Það kemur líka fram í grein sem orkumálastjóri skrifar í Morgunblaðið 19. mars sl., ef ég man rétt, að Íslendingar eigi heimsmet í orkunotkun og verður ekki annað sagt, herra forseti, en að lesa megi einhvers konar stolt úr orðum orkumálastjóra hvað þetta varðar, þ.e. að hann sé stoltur af því hversu duglegir Íslendingar séu að nýta orkuna. En ég verð að segja, herra forseti, að mér fyndist meiri virðing fólgin í því að gera almennilegt orkusparnaðarátak og setja saman orkunýtingarstefnu þar sem þess verði gætt að orkunýting hér sé skynsamleg og hófleg og að við nýtum orkuna okkar með sparnað að leiðarljósi en ekki aukningu orkunotkunarinnar.

Ég gagnrýndi sömuleiðis það umhverfismat sem hæstv. umhvrh. lét framkvæma í ráðuneyti sínu, það framhaldsmat sem hæstv. ráðherra efndi til eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar hafði verið kærður af 122 aðilum til ráðuneytisins. Sömuleiðis leiddi ég það fram í ræðu minni að Landsvirkjun hefði tekið þarna ákveðna áhættu þegar matsskýrsla Landsvirkjunar var auglýst. Það er alveg ljóst, herra forseti, að Landsvirkjun var vel kunnugt um að Skipulagsstofnun hafði gert kröfu um ákveðnar upplýsingar um mótvægisaðgerðir Landsvirkjunar sem aldrei bárust og það var eðlilegt þess vegna að Skipulagsstofnun skyldi hafna því að farið yrði í framkvæmdina á grunni þeirra upplýsinga sem lágu fyrir því að þær voru aldeilis ónógar. Það átti Landsvirkjun að vera ljóst frá fyrsta degi, frá því að skýrslan var auglýst, því að krafan hvíldi á herðum þeirra að skila inn til Skipulagsstofnunar upplýsingum um mótvægisaðgerðirnar sem aldrei var skilað, ekki fyrr en hæstv. umhvrh. var búinn að taka málið inn á sitt borð og hafði hafið hið skrípalega framhaldsumhverfismat.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að gífurleg náttúruverðmæti færu súginn ef af þessum framkvæmdum yrði og það hafa náttúruverndarsamtök víða um landið leitt okkur fyrir sjónir í álitsgerðum sínum. Þar hafa verið nefndar til sögunnar álitsgerðir NAUST, Náttúruverndarsamtaka Austurlands, álitsgerð SUNN, álitsgerð Náttúruverndarsamtaka Íslands og álitsgerð Landverndar. Herra forseti. Það er alveg þess virði að fara nokkrum orðum um þau viðhorf sem umhverfisverndarsamtök og náttúruverndarsamtök hvers konar hafa þurft að mæta í þeim aðdraganda sem hér hefur átt sér stað.

Ljóst er að stóriðjustefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr við völd er ekki ný af nálinni. Henni hefur verið haldið á lofti af alefli, fyrst og fremst þó af hæstv. ráðherrum Framsfl., Halldóri Ásgrímssyni, Valgerði Sverrisdóttur og áður Finni Ingólfssyni, hæstv. fyrrv. iðnrh. Umhverfisverndarsamtök sem hafa tjáð sig um málin hafa mátt þola það að vera úthrópuð sem öfgasinnar, ekki bara í orði heldur líka á borði því að það hefur nú gerst að samtök á borð við Samband ísl. sveitarfélaga hafa sagt aðild sinni að náttúruverndarsamtökunum Landvernd lausri. Það hefur gengið svo langt, herra forseti, að Samband ísl. sveitarfélaga sem hefur átt aðild til fjöldamargra ára að náttúruverndarsamtökunum Landvernd sér ekki að það sé lengur um að ræða nokkra samleið þannig að samtökin hafa sagt sig úr Landvernd.

Auðvitað hafa náttúruverndarsamtökin Landvernd sömuleiðis mátt þola ákveðinn þrýsting frá fleiri atvinnurekendum. Samtökum atvinnulífsins sem, ef ég man rétt hafa orðað úrsögn úr samtökunum og Landsvirkjun hefur auðvitað beitt sínum þrýstingi þar innan dyra. Þar sem umhverfisverndarsinnar sem hafa tjáð sig um þessi mál hafa mátt sitja undir því að vera kallaðir öfgasinnar og séu að vinna einhvers konar skemmdarverk, það er allsendis ósæmandi málflutningur því að hver á að gæta hagsmuna náttúrunnar á Íslandi ef ekki frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar? Ætla stjórnvöld að stæra sig af því að beita frjáls náttúruverndarsamtök einhvers konar þvingunum? Það er ekki stórmannlegt, herra forseti, og ætti að sjálfsögðu að gagnrýna harðlega og það hvernig ýmiss konar umhverfisverndarsamtök hafa átt undir högg að sækja, sérstaklega hjá ríkisstjórninni sem nú situr. Það er sannarlega ámælisvert og er mál sem þarf að taka upp af alefli og fjalla um bæði á þessum vettvangi og víða annars staðar.

Herra forseti. Þá er ég komin að þeim kafla í umsögn minni til iðnn. sem fjallar um sjálfbærni Kárahnjúkavirkjunar

en komið hefur fram í umfjöllun um málið, herra forseti, að Kárahnjúkavirkjun fullnægi ekki skilyrðum sem nauðsynleg eru til að hún geti talist sjálfbær og hægt sé að tala um að hún sé í sátt við umhverfið. Þess vegna mótmæli ég þeirri túlkun stjórnvalda að þær auðlindir sem stjórnvöld hyggjast nýta með þeim hætti sem Kárahnjúkavirkjun gerir ráð fyrir, þær aðferðir bjóða ekki upp á sjálfbæra nýtingu.

Sannleikurinn er sá að Hálslón fyllist með tímanum og gert er ráð fyrir að eftir um það bil 100 ár frá því að virkjunin verður reist, ef af verður, herra forseti, þá verði afkastageta hennar orðin verulega skert og á endanum er vitað að lónið kemur til með að hætta að taka við þeim vatnsforða sem ætlað er að safna í það vegna þess að aursöfnunin verður orðin svo gífurleg. Þegar svo verður komið, herra forseti, verður að sjálfsögðu sjálfhætt allri orkuframleiðslu í Kárahnjúkavirkjun.

Mergurinn málsins í þessu er sá að ekki liggja nákvæmir útreikningar um þetta mál, á hversu löngum tíma þetta muni gerast, eða á hvern hátt þetta komi til með að skerða orkuvinnsluna og þetta er eitt af þeim atriðum sem hefur verið gagnrýnt að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um. Þegar stjórnvöld tala um Kárahnjúkavirkjun sem aðferð við að nýta endurnýjanlegar auðlindir þjóðarinnar á sjálfbæran hátt, þá er þar ákveðinn blekkingarleikur á ferð.

Sömuleiðis er hægt að gagnrýna stjórnvöld, herra forseti, fyrir að hafa ekki brugðist á nokkrun hátt við þeim fréttum sem hafa borist frá vísindamönnum um bráðnun Vatnajökuls, hraðari bráðnun hans í seinni tíð heldur en hingað til og þau möguleg áhrif sem slík bráðnun gæti haft á vatnsbúskap eða rennsli jökulvatnanna norðan jökulsins.

Herra forseti. Í viðtali í Fréttablaðinu 21. janúar árið 2002, á þessu ári, var upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar inntur eftir því hvort utanaðkomandi áhrif af þessu tagi gætu ekki sett strik í reikninga Landsvirkjunar en hann taldi svo ekki vera þar sem Landsvirkjun miðaði við að vera búin að greiða virkjunina upp á 40 árum.

Herra forseti. Spurning er hvort ekki sé eðlilegt að í ljósi orða af þessu tagi sé varpað fram þeirri spurningu til iðnn., eða hv. formanns hennar, hvort ekki sé rétt að gera kröfu um að inn í stofnkostnað virkjunarinnar verði þá settur sá kostnaður sem hlytist af niðurrifi hennar og allra mannvirkja sem henni tengjast, auk kostnaðar við að færa náttúru landsins aftur til fyrra horfs. Erum við þá, herra forseti, komin að arðsemismati þessara framkvæmda.

Hæstv. umhvrh. sagði í úrskurði sínum varðandi þetta mál frá 20. desember 2001 um arðsemismatið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 106/2000 er svo fyrir mælt að leyfisveitandi skuli taka tillit til úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum. Eins og fram kemur í kafla III 3.7 að framan, lítur ráðuneytið svo á að skýra beri 2. mgr. 11. gr. laganna þannig, sbr. j-lið 3. gr. þeirra, að ekki skuli líta til þjóðhagslegra áhrifa framkvæmdar þegar tekin er afstaða til þess hvort fallist sé á hana eða lagst gegn henni."

Þarna, herra forseti, hafnar hæstv. umhvrh. einni af meginstoðum framkvæmdaraðila Landsvirkjunar undir matinu á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Ein meginstoð Landsvirkjunar var sú að hinn þjóðhagslegi ávinningur sem framkvæmdirnar hefðu í för með sér réttlætti náttúruspjöllin. Þeirri stoð kippti hæstv. umhvrh. undan í framhaldsmati sínu, en segir í úrskurði sínum í framhaldi þessara orða, með leyfi forseta:

„Þetta atriði mælir á móti því að lagst sé gegn framkvæmd nema mjög miklir hagsmunir séu í húfi að því er umhverfið varðar. Að öðrum kosti væri verið að skerða óeðlilega svigrúm leyfisveitanda, í þessu tilviki Alþingis skv. 10. gr. orkulaga, til þess að vega og meta kosti og galla þess að leyfa framkvæmdina, að teknu tilliti til úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum."

Herra forseti. Með öðrum orðum telur hæstv. umhvrh. það vera í verkahring Alþingis að vega og meta hinn þjóðhagslega þátt, meinta arðsemi framkvæmdanna á móti umhverfisáhrifunum en hún telur ekki að það eigi að gera í umhverfismatinu. Gott og vel, herra forseti. Ef við ætlum að hafa þennan framgangsmáta á, þá skulum við líka vinna vinnuna okkar. Við skulum fara í gegnum það mat sem aðilar vítt og breitt um bæinn hafa látið fara fram. Fyrir liggur núna að það er ekki bara Þjóðhagsstofnun sem hefur litið á hinn þjóðhagslega þátt heldur hafa margir aðilar gert það, bæði einstaklingar, stofnanir og félög og má þar til nefna Landvernd sem hefur látið fara fram sérstaka rýni í þetta atriði og haldið um það í samvinnu við Umhverfisstofnun Háskóla Íslands sérstakt málþing, málstofu sem haldin var fyrir skemmstu í Háskóla Íslands þar sem einir fimm hagfræðingar fjölluðu um hinn þjóðhagslega þátt þessara framkvæmda og meinta arðsemi þeirra.

Herra forseti. Í því mati sem farið hefur fram vítt og breitt á arðsemishugmyndum og hinum þjóðhagslega þætti eru mjög svo misvísandi skoðanir uppi, mjög misvísandi og ég fullyrði, herra forseti, að hv. alþm. hafa ekki fengið það tækifæri sem eðlilegt getur talist til að yfirfara það mat sem nú liggur fyrir frá einstöku hagfræðingum eða stofnunum. Þess vegna held ég í fyrri orð mín, herra forseti, og segi að nefndir Alþingis hafa ekki fengið tækifæri til að vinna þetta mál ofan í kjölinn á þann hátt sem sómi hefði verið að, á þann hátt sem hæstv. umhvrh. í úrskurði sínum gerir ráð fyrir að hv. alþm. vinni það. Svo ég vitni að lokum til orða hæstv. umhvrh. í úrskurðinum frá 20. desember, herra forseti, þá segir, með leyfi forseta:

„Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið," — og ég las hér áðan — „telur ráðuneytið að ekki sé heimilt að leggjast gegn framkvæmd skv. b-lið 2. mgr. 11. gr. nema ljóst sé eða að minnsta kosti að verulegar líkur séu á því að hún muni hafa í för með sér veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu þrátt fyrir skilyrði um minna umfang hennar og/eða mótvægisaðgerðir til að hamla gegn neikvæðum umhverfisáhrifum hennar."

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. hefur kveðið upp úr með það að hið þjóðhagslega mat skuli fara fram en það eigi að gera í sölum Alþingis eða í nefndum Alþingis og ég fullyrði á móti að það mat hafi ekki farið fram. Í öllu falli höfum við ekki tekið til umfjöllunar spurninguna sem ég hef lagt fram í umsögn minni hvort ekki sé eðlilegt að reiknað sé inn í stofnkostnað virkjunarinnar allur sá kostnaður sem hlytist af niðurrifi hennar og allra þeirra mannvirkja sem henni tengjast og ekki heldur fjallað um aðferðir hagfræðinnar sem hefur verið lýst hér, a.m.k. í grundvallaratriðum, aðferðum sem hagfræðin hefur þróað til þess að meta verðgildi lands. Ég fullyrði því, herra forseti, og ítreka það sem ég hef áður sagt að hér stöndum við ekki að málum eins og best verður á kosið. Við erum ekki að gæta allra hagsmuna og ekki að skoða hina þjóðhagslegu þætti á þann hátt sem eðlilegt getur talist að við gerðum.

Nú hefur því verið haldið fram víða þegar þetta mál er til umfjöllunar að hér sé um að ræða framkvæmd sem komi til með að auka þjóðarframleiðslu Íslendinga umtalsvert og það er alveg rétt, herra forseti. Þessi framkvæmd mundi auka þjóðarframleiðslu Íslendinga. Um það er ekki deilt. En um hitt er deilt hvort sá mælikvarði sem mælir þjóðarframleiðslu sé akkúrat sá mælikvarði sem á að nota í þessu tilfelli. Þjóðarframleiðsla, herra forseti, mælir eingöngu getu þjóðar til að kaupa vörur eða þjónustu. Er það í alvöru vilji hv. alþm. að meta þá framkvæmd af þeirri stærðargráðu sem hún er á þann mælikvarða eingöngu? Á mælikvarðann sem mælir getu þjóðarinnar til að kaupa vörur og þjónustu? Ég er ekki viss um það, herra forseti. Ég er alls ekki viss um það. Ég held að þjóðin vilji miklu frekar skoða slík arðsemismál á öðrum mælikvarða, á mælikvarða sem mælir velsæld sem tekur tillit til náttúruauðlinda, sem tekur tillit til náttúrugæða. Sá mælikvarði hefur ekki verið nýttur við það mat sem stjórnvöld leggja til grundvallar ákvörðunum sínum hér. Þeim mælikvarða hefur ekki verið flaggað í nefndarstarfi þingnefndar sem fjallað hefur um þetta mál. Þvert á móti, herra forseti. Menn hafa einskorðað sig við að skoða álit Þjóðhagsstofnunar á þessu máli sem mælir gæði framkvæmdanna eingöngu á mælikvarða þjóðarframleiðslunnar. Herra forseti. Sá mælikvarði, eins og ég sagði áðan, mælir ekki allt sem eðlilegt er að mælt sé.

Ljóst er að hagfræðingar vítt og breitt hafa gagnrýnt þessa framkvæmd fyrir það að arðsemi hennar sé engin, hún sé óhagkvæm fyrir íslenska ríkið og fórnirnar sem henni eru samfara séu alls ekki réttlætanlegar vegna þess að náttúruauðlindirnar geti sjálfar skilað þjóðinni gífurlegum ávinningi. Hver er sá ávinningur? Sá ávinningur er fólginn í því að með því að varðveita þær náttúruauðlindir sem um ræðir á svæðinu norðan Vatnajökuls gætu Íslendingar stáð af stærsta þjóðgarði Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað sem hefði að geyma náttúrufar sem mögulega ætti sér enga hliðstæðu annars staðar á jörðinni. Þjóðgarði elds og ísa, þjóðgarði jökla, eldfjalla, jarðhita, vatnsfalla, auðna og þykkrar gróðurhulu.

Náttúrufarið á svæðinu norðan Vatnajökuls er ómetanlegt, herra forseti. Það eru ekki eðlileg vinnubrögð hjá Alþingi Íslendinga árið 2002, í ljósi alls þess sem gerst hefur í umhverfismálum á síðasta áratug, og ekki réttlætanlegt að þessum náttúruauðlindum sé fórnað í blindni án þess að meta hvaða hagsmunir eru teknir fram yfir hagsmuni náttúruauðlindarinnar eða náttúruverndarinnar. Ég fullyrði því, herra forseti, að hagsmunir náttúruverndar hafa ekki verið metnir inn í þetta reikningsdæmi. Það er í hæsta máta óeðlilegt. Í stað þess leiða stjórnvöld þjóðina inn í gildru sem hefur yfirskriftina álver eða dauði, eins og það hefur verið kallað í þingræðum hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Slík nauðhyggja er ekki til framdráttar nokkurri ríkisstjórn.

Herra forseti. Af því að ég var að tala um mælikvarðana, mælikvarða þjóðarframleiðslunnar, vil ég fara nokkrum frekari orðum um það sem hagfræðingar hafa gagnrýnt í öllum þessum framkvæmdahugmyndum. Það er vitað að hagstjórnin á tímum framkvæmdanna yrði mjög erfið. Það er líka vitað, herra forseti, að efnahagslegar mótvægisaðgerðir hafa ekki verið settar niður á blað. Það er í sjálfu sér líka mjög óeðlilegt að ætla sér að fara út í framkvæmdir af þessari stærðargráðu án þess að þjóðinni sé gerð grein fyrir því hvers konar efnahagslegar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnin hyggist gera á framkvæmdatímanum.

Seðlabankinn hefur gefið yfirlýsingu um að hann muni hækka vexti. Það er búið að gefa yfirlýsingar um að óbeinir skattar verði mögulega hækkaðir og þá trúlega tekjuskattur að öllum líkindum. Það er ljóst að ef af þessum framkvæmdum verður verður skorið niður fé til opinberra framkvæmda. Þá erum við að tala um vegagerð, jarðgangagerð, framkvæmdir á borð við skólabyggingar, eflingu menningarstofnana eða hvað svo sem heyrir undir opinberar framkvæmdir. Í dag vitum við ekkert hvaða framkvæmdir yrðu fyrir barðinu á niðurskurðarhníf stjórnvalda ef öll orkan verður sett í framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði. Það mætti líka hugsa sér að öll framlög til lífeyrissjóðanna yrðu hækkuð. Það mætti hugsa sér ýmsar aðgerðir sem kæmu kannski þungt við pyngju launafólks en meginmálið er að ekkert af þessu, herra forseti, liggur fyrir. Það er í hæsta máta óábyrgt af stjórnvöldum árið 2002 að ætla sér að ýta þjóðinni út í framkvæmdir af þessari stærðargráðu án þess að gefa nokkuð til kynna um mótvægisaðgerðirnar sem yrðu að eiga sér stað til að þjóðfélagið og hagkerfið geti borið framkvæmdir af þessari stærð. Ef gengi krónunnar hækkar, hækkar um leið allur framleiðslu- og framkvæmdarkostnaðurinn. Þá spyr maður sig eðlilega: Eru þá ekki allar hugmyndir um arðsemi komnar út í móa?

Um það hefur verið fjallað í þingskjölum, í svari sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fékk frá Seðlabankanum um arðsemi Noral-verkefnisins, að að öllum líkindum gæti ein afleiðingin orðið gengishækkun. Þar með er orðin óvissa um arðsemi þessara framkvæmda. Sömuleiðis er viðurkennd óvissa um félagslega þætti. Við vitum ekkert varðandi fjármögnunina. Það er enn þá allt einhvers staðar úti í móa eins og margt annað í þessu máli, herra forseti. Umhverfiskostnaðurinn er hvergi til staðar. Það er svo margt í þessu máli sem er ekki sæmandi stjórnvöldum. Stjórnvöld vita betur en að fara út í framkvæmdir af þessu tagi án fyrirhyggjunnar að leiðarljósi, engar mótvægisaðgerðir eru skráðar.

Hvað þýðir sú gagnrýni hagfræðinga á þessi mál sem sýna okkur fram á það svo óyggjandi er að arðsemin verði engin? Þar nefni ég til hagfræðinga eins og Þorstein Siglaugsson rekstrarhagfræðing og Sigurð Jóhannesson hagfræðing sem báðir hafa skrifað greinar og ítarlegar greinargerðir sem sýna fram á að arðsemin af þessum framkvæmdum sé engin. Jafnvel þó að allar forsendur Landsvirkjunar séu reiknaðar út í hörgul og jafnvel tekið inn í myndina að álverðið verði eins og Landsvirkjun segir að það verði er ekki hægt að sjá í reikningum þessara hagfræðinga að um arð verði að ræða. Hverju hafa stjórnvöld svarað gagnrýni hagfræðinganna sem ég nefni hér? Þau hafa í engu svarað þessum gagnrýnisröddum.

Um þessa útreikninga var fjallað á málstofu sem ég nefndi áðan, sem Landvernd hélt í samvinnu við Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, þriðjudaginn 12. mars sl. í Lögbergi. Þar kom fram að heildarfjármagn í þessari virkjun eigi að skila 6% arði og ávöxtunarkrafa þýðir það að menn fengju sömu ávöxtun á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Það er alveg ljóst að um slíka kröfu er ekki að ræða í þessu verkefni. Menn eru að meta þetta verkefni á öðrum nótum en almennur fjármálamarkaður vinnur á og það er í sjálfu sér ámælisvert. Því er eðlilegt að menn fari betur ofan í saumana á þessu og sýni fram á að þær gagnrýnisraddir sem komið hafa eigi þá ekki við rök að styðjast. Í þeim útreikningum sem ég hef kynnt mér verð ég að segja að mér finnst þeir afar sannfærandi.

Þeir mæla gegn því að út í framkvæmd af þessu tagi verði farið þó ekki sé skoðað neitt annað en hinn þjóðhagslegi ávinningur, ávöxtunarkröfur og arðsemismat.

Herra forseti. Varðandi mótvægisaðgerðirnar sem eiga að vega upp á móti áhrifum verkefnisins, bæði í fjárhagslegu og efnahagslegu tilliti, er eðlilegt að kallað sé eftir þeim áður en til ákvörðunar kemur. Það er alveg ljóst að þetta verkefni kemur til með að þrengja mjög að öðrum atvinnugreinum í landinu. Það að Seðlabankinn mun bregðast við með vaxtahækkunum kemur til með að þvinga aðrar atvinnugreinar til að losa um starfsfólk, sem fer þá að öllum líkindum að vinna í Noral-verkefninu.

En hvaða fólk mundu þessar aðgerðir losa um? Er alveg ljóst að allt það fólk sem þessar aðgerðir mundu losa um sé til þess fallið að starfa í þessu Noral-verkefni? Gæti kannski farið svo að þessar aðgerðir mundu losa um starfsfólk sem alls ekki hefði hæfileika, vilja eða möguleika á að starfa við Noral-verkefnið? Er kannski mögulegt að aðgerðir af þessu tagi kæmu til með að geta aukið atvinnuleysi í röðum kvenna eða í röðum ófaglærðs verkafólks? Herra forseti. Það er vel hugsanlegt. Það er mjög vel hugsanlegt og ámælisvert að við skulum rekin út í að taka ákvarðanir um framkvæmdir af þessu tagi áður en við vitum hvernig stjórnvöld ætla að bregðast við. Ætla stjórnvöld, eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. í fréttum fyrir skemmstu, að efna til gífurlegs innflutnings á erlendu vinnuafli til að þessi framkvæmd komi ekki enn verr niður á þjóðinni en gerast mundi án þess að flutt yrði inn erlent vinnuafl? Þá segi ég, herra forseti: Ef þetta er stefna stjórnvalda, ef það er vilji stjórnvalda að manna framkvæmdir þessa Noral-verkefnis með innfluttu erlendu vinnuafli, fullyrði ég að það er ekki gert ráð fyrir því í skýrslu Nýsis á samfélagslegum áhrifum álversins, skýrslu sem fylgdi umhverfismatsskýrslu álversins. Þar er ekki gert ráð fyrir gífurlegri uppbyggingu félagslegrar þjónustu vegna aðflutnings á erlendu vinnuafli. Þar er ekki gert ráð fyrir að taka þurfi á móti umtalsverðu erlendu vinnuafli sem mundi síðan fara aftur. Þar er ekki gert ráð fyrir því að vinnuafl af því tagi tæki mögulega með sér fjölskyldur til landsins. Hvernig hugsa stjórnvöld sér að höndla það ef það er vilji þeirra eða ætlan, eins og lesa mátti í orð hæstv. fjmrh., að manna þessar framkvæmdir að umtalsverðu leyti með erlendu vinnuafli. Þetta er einn veigamikill þáttur málsins sem stjórnvöld hafa skotið sér hjá að ræða. Það er þeim ekki til framdráttar. Það er ekki eðlilegt að hv. alþm. láti bjóða sér að ræða ekki þennan þátt málsins áður en heimild sú sem hér er fjallað um verður veitt.

Í ljósi þess sem hæstv. viðskrh. hefur sagt um vexti og vaxtastig í landinu hefur hún mér vitanlega oftar en einu sinni haldið því fram að vaxtastigið sé svo hátt, vextir svo háir hér á Íslandi, að ekkert fyrirtæki geti lifað við það. Þá spyr ég: Hvernig getur hæstv. ráðherra þá réttlætt að fara út í framkvæmdir sem vitað er að kæmu til með að hækka vaxtastigið enn meira? Hvernig réttlætir hæstv. ráðherra þetta fyrir atvinnulífinu, fyrir Samtökum atvinnulífsins? Um það höfum við ekki heyrt mükk.

Það er, herra forseti, ekkert óeðlilegt að maður undrist afstöðu atvinnulífsins í þessum málum. Manni fyndist, í ljósi þess sem Seðlabankinn hefur gefið út varðandi mótvægisaðgerðirnar, að öll samtök atvinnulífsins ættu að standa upp í beinni og breiðri fylkingu og mótmæla þessum hugmyndum stjórnvalda. Það er auðvitað ekki hægt að grenja stöðugt á vaxtalækkanir og ætla svo að segja já takk, já takk við verkefni sem fyrirsjáanlega mundi hækka vaxtastig í landinu umtalsvert. Hér er auðvitað eðlilegt að málin séu skoðuð ofan í kjölinn og að mótvægisaðgerðirnar séu skoðaðar frá öllum sjónarhornum, bæði verkafólksins og þeirra sem reka og eiga atvinnufyrirtækin. Við þurfum að spyrja: Hvernig kæmu þessar framkvæmdir niður á smærri og meðalstórum fyrirtækjum? Er ekki augljóst, eins og bent hefur verið á af hagfræðingum, að þær mundu koma einstaklega illa niður á smærri og meðalstórum fyrirtækjum? Er ekki augljóst að fyrirtæki sem mundu lifa framkvæmdir af þessu tagi af væru stórfyrirtæki, þar sem hefur verið sameinað grimmt? Þá spyr maður sig, herra forseti: Er atvinnulífið á Íslandi þess eðlis að einungis stórfyrirtæki og risar geti þrifist hér? Er það vilji okkar í þessu stóra landi, með þessa fámennu þjóð, að hafa fyrirtækin öll stór og helst alþjóðleg fyrirtæki sem standa helst með lappirnar í öllum heimsálfum jarðkringlunnar? Er það atvinnulíf sem við viljum sjá fyrir okkur?

Hvað þýða orð stjórnvalda þegar þau tala um sprotafyrirtækin og eflingu smærri og meðalstórra fyrirtækja? Það er ekki hægt að efla með annarri höndinni og slá af með hinni. Það er ekki sannfærandi pólitík. Atvinnulífið á Íslandi á skilið að stjórnvöld vinni á annan hátt. Atvinnulífið á skilið að fá tækifæri til að þróast með þeim hætti sem grasrótin sjálf gerir ráð fyrir. Það er eðlilegt að á Íslandi séu til smáfyrirtæki. Í smáum samfélögum vítt og breitt um landið viljum við að til sé urmull smárra fyrirtækja. Þjóðin telur það eðlilegt. Stjórnvöld hafa lýst sig því fylgjandi. Stjórnvöld hafa undirritað alþjóðasamninga um að okkur beri að gæta að fjölbreytni og ekki bara í náttúrunni heldur líka í mannlífinu. Við strögglum við að bjarga íslenskri tungu. Hvers vegna skyldum við ekki líka ströggla við að bjarga íslensku atvinnulífi?

Ég fullyrði, herra forseti, að framkvæmd af þeirri stærðargráðu sem hér er fjallað um veikir íslenskt atvinnulíf. Hún yrði því ekki sá máttarstólpi sem hv. stjórnvöld hafa viljað vera láta. Það eru allt annars konar atvinnugreinar og atvinnuvegir sem mundu gera slíkt. Í fyrri hluta ræðu minnar fór ég yfir það í löngu máli sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft til málanna að leggja í þessum efnum en eins og vitað er, herra forseti, höfum við lagt fram fjöldann allan af þingmálum þar sem gert er ráð fyrir atvinnuuppbyggingu af því tagi að smærri og meðalstór fyrirtæki og frjótt og gróskumikið atvinnulíf geti blómstrað í öllum samfélögum þessa lands, hvort sem er í höfuðborgarsamfélagi sem hefur á að skipa 170 þúsund manneskjum eða smærri samfélögum úti á landi sem telja nokkur hundruð manns eða nokkur þúsund sum hver.

Herra forseti. Hvaða áhrif mundi það hafa ef Seðlabankinn á hinn bóginn mundi ekki grípa til vaxtahækkana? Á hverju mundu áhrifin þá bitna? Við því er einfalt svar og það svar er mjög alvarlegt, herra forseti. Ef Seðlabankinn gripi ekki til vaxtahækkana við þær aðstæður sem mundu skapast ef af þessum framkvæmdum yrði mundi það eingöngu bitna á verðlagi og launum. Það mundi bitna á atvinnustiginu. Eru Íslendingar tilbúnir að kalla yfir sig atvinnuleysi eða eru Íslendingar tilbúnir að kalla yfir sig víxlverkun verðlags og launa eina ferðina enn, við sem erum búin að vera á hröðum flótta undan slíku?

Herra forseti. Það er ljóst að slíkt kapphlaup hæfist á nýjan leik ef Seðlabankinn gripi ekki til vaxtahækkana þannig að hvorir tveggja kostirnir, vaxtahækkanir eða ekki vaxtahækkanir, væru slæmir kostir.

Þess utan, herra forseti, hefur lítið verið farið ofan í saumana á því í þessum umræðum hvernig álverðsþróunin hefur verið, þess vegna undanfarin árhundruð. Við erum með yfirlit yfir þróun álverðs langt aftur í tímann og það er alveg ljóst að það er mjög sveiflukennt. Það fer jafnt og þétt lækkandi. Sýnt hefur verið fram á að stórir álhringir séu að fara á hausinn og að nýjustu atburðir á stálmarkaðnum, þar sem verið er að setja verndartolla á stálinnflutning til Bandaríkjanna, gætu haft áhrif í þá veru að álverð mundi lækka enn frekar. Hagfræðingar hafa gagnrýnt þessar framkvæmdir og bent á að það álverð sem Landsvirkjun reiknar með sem upphafsverði sé allt of hátt og ekki í samræmi við raunverð markaðarins í dag. Sl. 40 ár hefur álverð lækkað um 1,3%. Segja má að á síðustu 100 árum hafi það lækkað um 2% og spá fram í tímann gæti þýtt enn þá meiri lækkun. Við getum sagt að á 60 ára líftíma virkjunarinnar komi álverð að öllum líkindum til með að lækka um 1 $^{1}/_{2}$–2%.

Herra forseti. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir núna þar sem við höfum engan orkukaupanda í sigtinu hefur reyndar kannski einum áhættuþætti verið kippt út úr verkefninu því það er staðreynd að Norsk Hydro hefur aldrei byggt álver og það er kannski til marks um hikið sem á þeim er. Kannski hefur Norsk Hydro ævinlega þótt íslensk stjórnvöld gera fullmiklar kröfur til þeirra. Norsk Hydro hefur fyrst og fremst verið í því upp á síðkastið að kaupa upp álver eins og vitað er, í Þýskalandi, og í því uppnámi sem nú ríkir í málinu þar sem enginn orkukaupandi er í sigtinu er auðvitað alveg ljóst að við vitum í raun og veru ekkert af hvaða stærðargráðu verkefnið yrði á endanum, ekkert heldur hvort þeir aðilar sem fyndust, ef einhverjir, væru tilbúnir til að reisa svo stórt álver sem hér um ræðir. Ef svo verður ekki, ef ekki finnast aðilar sem eru tilbúnir til að reisa svona stórt álver, hvað eigum við þá að gera við virkjun sem framleiðir 3,8 teravattstundir? Þetta er auðvitað spurning sem eðlilegt er að svarað sé, og eðlilegt er að menn gagnrýni að hér skuli eiga að koma í gegn heimild fyrir ráðherrann til að leyfa virkjun af þessari stærðargráðu á meðan við vitum ekkert um stærðargráðu mögulegrar verksmiðju sem þessari virkjun var ætlað að knýja.

Herra forseti. Það er einn þáttur þessara mála sem er alveg eðlilegt að fjallað sé um af talsverðri alvöru. Það er þetta óðagot og bráðlæti. Það er eðlilegt að stjórnvöld séu krafin svars við spurningunni: Hvers vegna liggur okkur þessi reiðinnar býsn á ef orkukaupandinn er ekki í sjónmáli? Eina skynsamlega svarið sem ég sé er að stjórnvöld vanti feita og stóra gulrót á prikið sem þau vilja vingsa framan í væntanlega orkukaupendur, risana sem þjóðinni var tjáð í morgun, herra forseti, að fyrrv. hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, ætti nú að fara að leita vítt og breitt um heiminn. Í fréttum í morgun var gerð grein fyrir því að ný álversnefnd hefði verið stofnuð, og það dugði ekkert minna en að setja tvo hæstv. fyrrv. iðnrh. í málið, þá Finn Ingólfsson og Friðrik Sophusson, og þeim var gert að fara út af örkinni eins og Davíð forðum og finna risa. Og ég ætla að vona, herra forseti, að hæstv. ráðherra hafi látið þessa djörfu sveina hafa meira í sitt farteski en 5 litla steina eins og Davíð fékk á sínum tíma til að fella Golíat. En ég er ekki viss um, herra forseti, að þessir sveinar verði jafnheilladrjúgir í sinni baráttu við þá risa sem þeir eru nú að leita eins og Davíð var á sínum tíma þegar hann felldi Golíat með steinunum og slöngunni sinni.

Já. Óðagotið, herra forseti, er gagnrýnivert. Á málstofu Landverndar og Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands, sem ég hef nefnt, komst Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur svo að orði að það væri synd að okkur skyldi liggja svona mikið á. Af hverju að gera þetta núna, spurði hagfræðingurinn, þegar eina leiðin til að koma þessu í kring er að flytja inn um það bil 70% af vinnuaflinu? Og það er eðlilegt að stjórnvöld svari okkur þessu eins og ég hef vikið að í ræðu minni.

Svo er líka eðlilegt að við skoðum nánar, herra forseti, yfirlýsingar frá fjármálastjóra Landsvirkjunar, Stefáni Péturssyni, sem lét þess getið í máli sínu á orkuþingi 2001 að virkjun fyrir stóriðju gæti aldrei borgað sig sem einkaframkvæmd. Rifjum þá upp, herra forseti, að árið 1997 þegar nefndur hæstv. fyrrv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, kynnti þetta mál til sögunnar upphaflega, hugmynd um samvinnu Íslendinga og Norðmanna við að reisa álver á Austfjörðum, var hugmyndin einkaframkvæmd. Á þeim tíma, herra forseti, 1997, var ekki gert ráð fyrir því að íslenska ríkið ætti og ræki þessa virkjun, heldur væri hún svo stór að um hana yrði að stofna sérstakt fyrirtæki. Hafa menn gleymt því, eða hvað? Eru menn e.t.v. bara búnir að átta sig á því, eins og Stefán Pétursson, fjármálastjóri Landsvirkjunar, er búinn að átta sig á og gerði grein fyrir á orkuþingi, að einkaframkvæmd af því tagi yrði aldrei arðsöm? Hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir eingöngu það að meðgjöf sú sem íslensk stjórnvöld heimta með þessari virkjun er slík að um slíkt eru ekki nein dæmi. Meðgjöfin, sem er fólgin í skattfríðindum Landsvirkjunar, ríkisábyrgð á lánum og þessum landgæðum sem afhent eru án nokkurs auðlindagjalds, er svo gífurleg að einungis með henni er hægt að halda því fram að virkjunin sé arðbær. Gott og vel. Þá eru stjórnvöld að blekkja okkur. Stjórnvöld ætluðu upphaflega að hafa þetta einkaframkvæmd. Í ljós hefur komið að slíkt mundi aldrei borga sig, og hvers eigum við þá að gjalda? Eigum við þá bara að kyngja því að verkefninu sé breytt í framkvæmd af því tagi sem nú liggur fyrir þar sem öll þessi meðgjöf verður látin viðgangast, markaðslögmálunum beinlínis kippt úr sambandi og þessu öllu steypt þannig á stél að ekki stendur steinn yfir steini miðað við fyrstu áætlanir stjórnvalda í þessum efnum?

Herra forseti. Ég ætlaði að vitna í orð Stefáns Péturssonar beint. Ég var með þessa ræðu hans sem hann flutti á orkuþingi en ég finn hana ekki í fljótu bragði í bunkanum mínum þannig að ég læt liggja á milli hluta í bili að vitna beint til þeirrar ræðu. Það var hins vegar alveg ljóst af orðum fjármálastjórans að virkjun til stóriðju á Íslandi gæti eingöngu gengið upp og talist arðbær framkvæmd með því að viðhalda því umhverfi sem Landsvirkjun býr við núna. Þá spyr ég, herra forseti, og það ekki að ósekju: Er það rétt skilið hjá mér að hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnin öll ætli sér að koma þessu virkjunarleyfi í gegn núna rétt áður en ný raforkulög líta dagsins ljós, rétt áður en allt umhverfi raforkumála verður fært til annars horfs, verður fært til á þann máta að lögmál markaðarins eiga, að því er virðist af frv., að gilda? Er það rétt að hæstv. ríkisstjórn ætli að skjóta þessu framkvæmdaleyfi undan raforkulögunum, undan hinum breytta raforkumarkaði, til þess að yfir höfuð sé hægt að fara út í þetta með gamla laginu, samkvæmt gamla hagkerfinu, á þann gamla og gamaldags hátt sem ráðið hefur starfsemi Landsvirkjunar? Það virðist vera gamaldags núna, herra forseti, í augum ríkisstjórnarinnar yfir höfuð að hafa nokkrar ríkisframkvæmdir því að allt á að einkavæða. En nú ætla menn að leyfa sér að setja þessa framkvæmd á lappirnar, skjóta undir hana styrkum stoðum áður en farið verður að fjalla um einkavæðingu í raforkugeiranum og að

markaðslögmálin nái þar tökum. Ef það er rétt sem fjármálastjóri Landsvirkjunar segir, að virkjun fyrir stóriðju geti einungis átt sér stað í því umhverfi sem Landsvirkjun býr við núna, kann svo að fara, herra forseti, að þetta verði síðasta stórvirkjunin á Íslandi. Eðli málsins samkvæmt ættum við að fagna því, en herra forseti, virkjunin sjálf, Kárahnjúkavirkjun eins og hún er upplögð, yrði slíkt slys að það er í sjálfu sér ekki hægt að fagna því jafnvel þótt hún yrði síðasta virkjun fyrir stóriðju á Íslandi. Hún er slíkt slys að það verður að gera allt sem í okkar valdi stendur til að fyrirbyggja hana því það yrði skaði ef íslenska þjóðin samþykkti, á ári fjalla, að vinna önnur eins hermdarverk á náttúru Íslands. Það yrði stjórnvöldum og þessum hv. alþingismönnum sem sitja á Alþingi núna sannarlega ekki til sóma.

Herra forseti. Örfá orð í viðbót um markaðslögmálin sem ekki gilda. Í Viðskiptablaðinu 20.–26. mars 2002 er grein eftir Sigurð Jóhannesson hagfræðing. Hún er afar merkileg og fjallar um þetta sem ég var að segja frá áðan, að þegar hæstv. fyrrv. iðnrh. Finnur Ingólfsson greindi Alþingi frá þessum hugmyndum árið 1997 var gert ráð fyrir að um einkaframvæmd yrði að ræða. Svo spyr Sigurður í greininni, þegar það kom í ljós að einkafjárfestar sýndu þessu ekki áhuga, hvort þá hafi ekki verið ákveðið að Landsvirkjun skyldi sjálf virkja með fullri ábyrgð eigenda sinna, ábyrgð þjóðarinnar sem sagt, og það er alveg eðlilegt í þessari umræðu að hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir svari því hvenær horfið hafi verið frá einkaframkvæmdinni og með hvaða rökum. Ef horfið var frá einkaframkvæmdarhugmyndinni með þeim rökum að það yrði aldrei arðbært, aldrei yrði hægt að finna fjárfesta til slíks, hvers eigum við þá að gjalda með óarðbæra framkvæmd? Er þá hæstv. iðnrh. ekki búin að reka ofan í sjálfa sig öll þau orð sem hún hefur látið falla um arðsemi verkefnisins? Ég mundi halda það, herra forseti. Og ég krefst þess að hæstv. iðnrh. svari þessu: Hvenær var hætt við einkaframkvæmd og hvers vegna?

Sigurður Jóhannesson greinir frá því í þessari grein í Viðskiptablaðinu að samkvæmt þessum áætlunum muni fjögurra manna reykvísk fjölskylda taka á sig ábyrgð fyrir um það bil 3 millj. kr., þ.e. hver Reykvíkingur mundi taka á sig ábyrgð vegna Kárahnjúkavirkjunar sem næmi 700 þús. kr. Maður spyr sjálfan sig: Er ekki ábyrgð af þessu tagi rekstrarstyrkur við verkefnið? Það er meðgjöf, meðgjöf sem hlýtur að vera hægt að meta til tuga milljarða, og hagfræðingurinn fullyrðir í greininni að arðsemin sé einfaldlega neikvæð ef tekið er tillit til allra kostnaðarliða. Þá er líka eðlilegt að þessari spurningu sé svarað: Hvers vegna er ekki tekið tillit til allra kostnaðarliða í þeim áætlunum sem stjórnvöld hafa lagt til grundvallar?

Herra forseti. Í grein Sigurðar kemur fram að skattleysi muni færa virkjuninni um 5 milljarða meðgjöf og þá muni vera eftir um 5 milljarðar vegna umhverfisvörslu á hálendinu en þar styðst hagfræðingurinn við athugun sem ég hef gert að umtalsefni í ræðum mínum í þessu máli en Nele Lienhoop, sem er nemi í umhverfisfræðum í Skotlandi, hefur látið fara fram skilyrt verðmætamat á hluta svæðisins sem yrði eyðilagður eða færi undir Hálslón. Niðurstaða hennar var sú að samkvæmt skilyrtu verðmætamati væri um gífurlega verðmætt land að ræða og hagfræðingurinn Sigurður Jóhannesson gerir þetta að umtalsefni í grein sinni og telur þau verðmæti sömuleiðis vera meðgjöf frá ríkinu til verkefnisins. Þó að reikningarnir sem getið er um í grein Glettings, sem fjallar um verkefni Nele Lienhoop, séu kannski ónákvæmir hljóta þeir samt að vera mun nær lagi en arðsemismat Landsvirkjunar sem sleppir þeim þrem mikilvægu kostnaðarliðum. Í ljósi þeirrar meðgjafar er það því umhugsunarefni, telur Sigurður, af hverju slíkt ofurkapp er lagt á að ýta þessari framkvæmd áfram.

Það er skondið, herra forseti, að hagfræðingurinn getur um það að hægri menn séu ekki vanir að draga dóm hins frjálsa markaðar í efa. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ef eitthvað annað væri um að tefla en virkjanir og stóriðjuframkvæmdir væri afstaðan sennilega önnur. Hvað veldur?“

Hann kemur með nokkrar tillögur sem mig langar til að vitna til, í grein í Viðskiptablaðinu frá 20.–26. mars, og í framhaldi af því sem hann segir um að hægri menn séu ekki vanir að draga dóm hins frjálsa markaðar í efa, þá segir hann, með leyfi forseta:

„Ef eitthvað annað væri um að tefla en virkjanir og stóriðjuframkvæmdir væri afstaðan sennilega önnur. Hvað veldur? Hér eru nokkrar tillögur.

Við erum á móti náttúruvernd — jafnvel þó að það kosti eitthvað.

Ögmundur er á móti þessu — þá hlýtur það að vera gott.

Við styðjum stóriðju og virkjanir. Tæknileg atriði eins og arðsemi hnika ekki þeirri afstöðu.

Stóriðja færir okkur hagvöxt og ný störf.

Markaðslögmálin gilda að vísu víða — en þau hafa ekki enn náð til virkjana.“

Herra forseti. Hagfræðingurinn heldur áfram og segir:

„Líkast til viðurkenna fáir að fyrstu punktarnir þrír ráði afstöðu þeirra. Margir tala hins vegar um hagvöxt og störf sem meginkosti stóriðju og virkjana. En ekki má gleyma því að flest fyrirtæki sem stofnuð eru hér á landi færa okkur hagvöxt og ný störf. Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál eru stærri en þau flest, en það réttlætir varla að slegið sé af arðsemiskröfunum. Þá er eftir síðasti liðurinn, sem ríður líklega baggamuninn í hugum margra — að lögmál markaðarins hafi hreinlega ekki enn numið land á þessu sviði. Það var þó ekki afstaða þeirra sem lögðu upp í þessa framkvæmd.“

Herra forseti. Ég skora sérstaklega á þá hægri menn sem sitja á þingi þessa stundina að kynna sér sjónarmið hagfræðingsins í Viðskiptablaðinu því að þau eru sannarlega orð í tíma töluð og gætu kannski hrist upp í sumum þeirra. Hvað er það sem veldur því að markaðslögmálin eru ekki látin ráða í Kárahnjúkavirkjun? Hvað er það sem réttlætir það að ríkið fari í þá gífurlegu meðgjöf sem búið er að leiða í ljós að ríkisstjórnin hyggist gera? Hvað er það sem réttlætir það og hvenær hætti ríkisstjórnin við að láta þetta vera í formi einkaframkvæmdar og ákvað að gangast í alla ábyrgð?

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., hefur tönnlast á því í umræðunni að Vinstri grænir séu á móti málinu. Herra forseti. Það að Vinstri grænir séu á móti málinu þýðir ekki það að Vinstri grænir hafi rangt fyrir sér, og hv. þm. Hjálmar Árnason skuldar þjóðinni útskýringar á orðum sínum. Hann skuldar okkur hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þjóðinni betri rök fyrir þeim fullyrðingum sínum að ekki þurfi að orða hér skoðanir Vinstri grænna af því að þeir séu bara á móti málinu. Rétt er að hv. þm. skýri frekar mál sitt og sýni meiri rökfestu en hann hefur gert í málflutningi sínum.

Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur haldið því fram að Kárahnjúkavirkjun muni skila 14–16 milljarða hagnaði á næstu 25 árum. Þetta er m.a. haft eftir honum í Morgunblaðinu upp

[14:18]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um þetta svar hæstv. ráðherra og er ekki annað að gera en að fagna því. Ég lít svo á að þetta svar hafi verið afdráttarlaust. Eins og hæstv. ráðherra sagði er þetta raunverulega ekki í fyrsta skipti sem hún er gefin en að gefnu tilefni þótti mér ástæða til þess að óska eftir þessari yfirlýsingu hér enn einu sinni.

Með þessari yfirlýsingu er tryggt að þegar virkjað verður við Kárahnjúka fari orkan í uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi vegna þess að stuðningurinn við þetta frv. er þar af leiðandi klár. Ríkisstjórnarflokkarnir — og ég treysti því að hæstv. ráðherra sé að tala fyrir munn ríkisstjórnarflokkanna — segja að þetta sé þeirra vilji. Ég get fullyrt, herra forseti, að sá vilji er einnig hjá Samfylkingunni. Þannig tel ég tryggt að þó að skipt verði um ríkisstjórn innan skamms muni sömu viðhorf verða þar ríkjandi.

[14:19]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get um margt tekið undir það sem fram kom í ræðu hv. ræðumanns, Einars Más Sigurðarsonar.

En mig langar til að beina til hans einni spurningu. Hann reifaði ágætlega hvernig samsetning starfa vegna álverksmiðju gæti orðið á Austurlandi. Nú kom fram í ræðu við upphaf þessarar löngu umræðu, frá öðrum þingmanni Austfirðinga, hv. þm. Þuríði Backman, að ein röksemd hennar fyrir andstöðu við álversframkvæmdir á Austurlandi væri m.a. sú að ekki sé nægjanlegur mannskapur til staðar til að sinna öllum þeim mörgu störfum sem yrðu til við uppbyggingu álversstarfsemi á Austfjörðum.

Mig langar til að heyra hv. þm. Einar Má Sigurðarson bregðast einnig við þessu, þar sem hann er þingmaður Austurlands eins og hv. þm. Þuríður Backman.

[14:20]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þessa röksemd hv. þm. Þuríðar Backman gegn uppbyggingu álvers á Reyðarfirði lít ég sem hluta af þeirri miklu leit sem þingflokkur hv. þm. hefur verið í til að reyna að finna allar hugsanlegar hliðar þess að vera á móti málinu. Þetta er eitt af því sem ég og hv. þm. erum algjörlega ósammála um. Ég tel ekki að mannfjöldinn fyrir austan, þó að fækkað hafi hjá okkur, verði til vandræða vegna þessa álvers. Víðs fjarri.

Eins og ég nefndi í ræðu minni áðan hefur fækkunin verið slík á Austurlandi að þetta er nú ekki mikið meira en það að fá til baka það sem farið hefur. Infrastrúktúr samfélagsins er þar af leiðandi að stórum hluta til reiðubúinn til að taka við auknum mannfjölda. Ég bætti því einnig við að samkvæmt könnun sem gerð hefur verið er augljóst að það mun ekki skorta áhuga fólks til að flytja til Austurlands til að vinna á þessum vinnustað.

[14:21]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir ágætt að fá þann grun minn staðfestan hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, þingmanni Austfirðinga, að álverið muni skapa störf og Austfirðingar muni með glöðu geði sinna þeim störfum. Bæði hefur könnun sem Austfirðingar sjálfir hafa staðið fyrir m.a. leitt í ljós að brottfluttir Austfirðingar eru reiðubúnir að flytja aftur ef af slíkum framkvæmdum verður. Það er og staðreynd að tæknivæðing og hagræðing hefur átt sér stað á Austfjörðum og þar er í raun laust vinnuafl sem leitar að vinnu og vantar störf. Það er jú auðvitað ein röksemdin fyrir þessum miklu framkvæmdum sem grípa á til.

Ég vil hins vegar fagna því að heyra þessa rödd frá Austfjörðum sem hrekur í raun þá fullyrðingu sem kom hér fram hjá hv. þm. Vinstri grænna að ekki væru nægar vinnandi hendur til staðar á Austfjörðum. Ég þakka fyrir það svar.

[14:22]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri auðvitað hægt að halda áfram eitthvað með þessa röksemd um að ekki sé nægur mannfjöldi fyrir austan til að taka við svo stórum vinnustað. Þá mundum við væntanlega, ef við værum þeirrar skoðunar en teldum samt sem áður nauðsynlegt fyrir efnahagslífið að fá slíkan vinnustað, vera baráttumenn fyrir því að þessi vinnustaður yrði reistur hér á suðvesturhorninu þar sem við höfum þó nóg af fólki.

Ég er því algjörlega andsnúinn af þeirri einföldu ástæðu að ég held að ekki sé meira á það leggjandi, að ýta undir flutning fólks af landsbyggðinni. Þess vegna tel ég af öllum ástæðum mun vænlegra að byggja slíkt álver austur á landi. Það gæti þar af leiðandi ýtt undir það að fólk flytti frekar af suðvesturhorninu og austur.

Herra forseti. Það er margt annað sem einnig vekur athygli. Ég verð að segja, fyrst að hér eru nokkrar sekúndur eftir, að ein sérkennilegasta röksemdin gegn álverinu er það að álverið gæti vegna aukinnar samkeppni um vinnuafl orðið til þess að laun yrðu hærri á Austurlandi en þau eru í dag. Þá þykir mér fokið í flest skjól þegar slík rök eru á borð borin.

[14:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er alveg rétt að margt mun raskast ef við ráðumst í þessa stærstu áhættufjárfestingu á Íslandi fyrr og síðar. Að sjálfsögðu mun það hafa áhrif á launin þegar farið verður að flytja inn það sem menn kalla „ódýrt vinnuafl" til að taka þátt í þessari fyrirhuguðu framkvæmd sem þó er líklegt að ekki verði af, eins og málum er nú komið. Auðvitað mun það einnig hafa áhrif á aðra atvinnustarfsemi í landinu ef farið verður að fjárfesta á þann hátt sem ríkisstjórnin hefur viljað. Í því sambandi hefur verið talað um ruðningsaðgerðir eða ruðningsáhrif. Menn hafa gert því skóna að viðkvæmur atvinnurekstur, sérstaklega ung fyrirtæki, svokölluð sprotafyrirtæki, muni fyrst verða fyrir barðinu á slíkum áhrifum. En að sjálfsögðu mundi það hafa áhrif á allar fjárfestingar í landinu, ekki síst hins opinbera, ef ná á fram efnahagslegum markmiðum um lága verðbólgu meðan á þessum framkvæmdum stendur. Það mun af sjálfu sér leiða til þess að hið opinbera verður að draga úr fjárfestingum sínum.

En, herra forseti, ég vildi byrja á að vekja athygli á þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin í þessu máli og lýtur að trúverðugleika, ekki aðeins ríkisstjórnarinnar heldur einnig Alþingis. Það hefur komið fram að Alþingi og nefndir á vegum Alþingis hafa verið blekktar í þessu máli. Upplýsingum hefur verið haldið frá þingnefndum, þar á meðal efh.- og viðskn. þingsins þar sem ég á sæti. Sú nefnd kom saman 28. febr. sl. til að fjalla sérstaklega um þetta verkefni, bæði um virkjunina og álverið. Þá var vitað að tímasetningar sem menn studdust við, um ákvarðanir af hálfu Norsk Hydro, mundu ekki standast. Þessar upplýsingar voru hins vegar

ekki kynntar nefndinni þótt þær hefðu verið á vitorði ekki aðeins samningsmanna heldur einnig stjórnvalda.

Hæstv. viðskrh. skýrði frá því í morgunfréttum Ríkisútvarpsins í gær að hún hefði lifað í voninni, eins og hún komst að orði. Hún kvaðst hafa lifað í voninni um að þessar fréttir væru ekki á rökum reistar og af þeim sökum taldi hún ekki rétt að upplýsa efh.- og viðskn. Alþingis um stöðu mála. Þess vegna, herra forseti, vöktum við máls á því hér í morgun að forsn. Alþingis kæmi saman til að fara ekki aðeins yfir stöðu þessa máls heldur afstöðu ríkisstjórnarinnar og ráðherra, hæstv. efh.- og viðskrh., sem leyfir sér að halda mikilvægum upplýsingum í þessu máli frá Alþingi. Þetta mál kemur að sjálfsögðu okkur öllum við sem hér sitjum og þjóðinni allri. Í hennar umboði störfum við.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum alla tíð lagt áherslu á að allar upplýsingar sem lúta að þessu máli verði gerðar opinberar. M.a. af þeim sökum lögðum við fram fyrirspurn hér í þinginu þar sem við spurðum sérstaklega um raforkuverðið. Þetta gerðum við eftir að í ljós kom að iðnn. þingsins, sem var upplýst um stöðuna í samningamálum, fékk þau skilaboð í leiðinni að henni bæri að þegja um það sem hún yrði áskynja og ef menn sem sæti eiga í iðnn. voguðu sér að upplýsa samflokksmenn sína hér á þingi um málið þá skyldi einnig sett á þá haft. Það var ekki talið leyfilegt að ræða þessi mál.

Í kjölfarið ákváðum við að setja eftirfarandi spurningar fram hér í þinginu. Ég ætla að lesa þær upp, með leyfi forseta:

„1. Hvert verður samningsbundið upphafsverð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun til Reyðaráls ef af framkvæmdum verður?

2. Hvert verður áætlað meðalverð á raforku á samningstímanum og á hvaða forsendum er það mat byggt hvað varðar þróun álverðs og aðra þætti sem máli skipta?"

Hver eru rökin að baki því að setja þessar spurningar fram? Landsvirkjun er opinbert fyrirtæki. Það er sameignarfyrirtæki ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarkaupstaðar. Fyrirtækið er ráðandi í orkuframleiðslu í landinu. Það nýtur víðtækra réttinda og hefur skyldur á móti. Meðal þessara skyldna er að afla og selja raforku til almennra notenda og einstakra stórkaupenda eftir þörfum.

Í 13. gr. laga um Landsvirkjun segir:

„Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar."

Síðar í sömu grein segir:

„Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið."

Í þessu felst að fyrirtækið er skuldbundið til að selja orku á sama verði til almenningsrafveitna, og samningar um orkusölu til stóriðju mega ekki verða til þess að orkuverð til almennings verði hærra en annars hefði orðið. Slíkt væri einfaldlega lögbrot.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið er ljóst að það varðar mikilvæga almannahagsmuni að allar upplýsingar um orkuverð til stórkaupenda liggi fyrir. Ekki síst gildir það ef ráðast á í gríðarlegar fjárfestingar til að afla orku til nýrra kaupenda og það er gert án þess að stofna um það sérstakt fyrirtæki. Þá stendur Landsvirkjun fyrir fjárfestingum og leggur allar eignir sínar og framtíðarmöguleika að veði, þar með taldar væntanlegar tekjur sínar af sölu til almennra notenda.

Það er því vel rökstudd og afdráttarlaus krafa að allar slíkar upplýsingar verði lagðar á borðið.

Í þessu sambandi er einnig áhugaverður úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 8. febr. sl. Þar er réttur almennings til upplýsinga talinn svo sterkur að hann beri að virða jafnvel þó að einhverjir viðskiptahagsmunir tapist og því er einnig hafnað að upplýsingum sé leynt fyrir almenningi vegna þess að fyrirtækjum hafi verið heitið trúnaði.

Að lokum er rétt að minna á stjórnarskrárvarinn og lögvarinn rétt alþingismanna til að krefja ráðherra svara, afla upplýsinga um mikilvæg mál o.s.frv. Þessi réttur er sjálfstæður, helgaður langri og sterkri hefð og takmarkast ekki af hinum almennu ákvæðum upplýsingalaga heldur er hann ríkari og ekki háður sömu takmörkunum og upplýsingalög geyma. Með því að afla og koma á framfæri upplýsingum um mikilsverð mál gera þingmenn allt í senn, að sinna skyldum sínum um að veita stjórnvöldum aðhald, afla sér gagna og þekkingar til að taka upplýsta afstöðu til mála og stuðla að því eftir atvikum að almenningur í landinu fái aðgang að upplýsingum sem máli skipta fyrir almannahagsmuni. Vísast í þessu sambandi til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. og 50. gr. þingskapalaga.

Þess er því krafist að umbeðnar upplýsingar um orkuverð frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun verði veittar sem svar við fyrirspurn þessari.

Herra forseti. Ég mun ekki halda áfram ræðu minni nema hér verði viðstaddur hæstv. viðskrh. og mér finnst líka eðlilegt að hér verði formaður iðnn. viðstaddur umræðuna. Mér hefði fundist æskilegt líka þar sem við erum að fjalla um efnahagslegar forsendur þessara mála að einhverjir sem sæti eiga í efh.- og viðskn. þingsins létu svo lítið að vera viðstaddir þessa umræðu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun freista þess að fá umbeðna aðila til fundarins.)

Hér gengur hæstv. iðn.- og viðskrh. í salinn en hún sagði í sjónvarpsþætti ekki alls fyrir löngu að hún nennti varla að taka þátt í umræðu um efnahagslegar forsendur þessa máls, og átti hún þá í viðræðu við þann sem hér stendur. Þetta kann að vera skoðun sem hún hefur innra með sér en mér finnst að iðn.- og viðskrh. landsins eigi að láta svo lítið að vera viðstaddur umræðu um þetta stærsta fjárfestingarmál sem nokkru sinni hefur komið á borð Alþingis og er á ábyrgð ráðherra.

Annað sem hæstv. ráðherra hefur látið frá sér fara kom í andsvari fyrir fáeinum mínútum þar sem ráðherrann talaði um það hvernig menn notuðu sér málfrelsið í þessum stól og ýjaði þá að því að þeir sem hér hafa talað úr röðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs séu að misnota þetta frelsi.

Ég vil leggja á það áherslu að þeir sem hafa talað hér í þessu máli, sumir í löngu máli, hafa verið mjög málefnalegir og verið með ítarlega rökstudd sjónarmið. Og það ætla ég, herra forseti, að reyna að gera líka. Ég vil upplýsa hæstv. ráðherra um það að í máli mínu til þessa hef ég reynt að rökstyðja hvers vegna við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum eðlilegt að Alþingi og þjóðin séu upplýst um raforkuverðið. Ég var að vekja athygli á spurningum sem við lögðum fyrir þingið og rökunum sem þar búa að baki.

Svarið sem við fengum er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í gildi er trúnaðarsamningur milli Landsvirkjunar og Reyðaráls hf. sem kemur í veg fyrir að hægt sé að gefa orkuverðið í raforkusamningi þeirra upp opinberlega. Enn fremur ber að hafa í huga að Landsvirkjun hefur gert samninga við önnur stóriðjufyrirtæki með þeim skilmálum að verð sé ekki gefið upp og hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt að fara með það sem trúnaðarmál.

Stjórn Landsvirkjunar staðfestir alla orkusamninga fyrirtækisins við stóriðjufyrirtæki og iðnaðarnefnd Alþingis hefur fengið trúnaðarupplýsingar um orkuverð til stóriðju í tengslum við afgreiðslu þingmála, sem snerta slíka samninga.

Landsvirkjun telur sér ekki fært að birta opinberlega áætlanir um meðalverð á raforku á samningstímanum. Umsamið meðalverð á raforku til Reyðaráls hf. verður tengt heimsmarkaðsverði á áli. Til þess að meta þróun álverðs á samningstímanum hefur Landsvirkjun leitað til erlendra sérfræðinga á því sviði, m.a. til James F. Kings, sem er sjálfstæður ráðgjafi í Bretlandi, og Robins Adams hjá Resource Strategies Inc. í Bandaríkjunum. Þeir gera báðir ráð fyrir lækkandi heimsmarkaðsverði á áli á samningstímanum vegna framleiðniaukningar í greininni. Landsvirkjun hefur tekið fullt tillit til þessa í mati sínu á tekjum af Kárahnjúkaverkefninu."

Þannig er svarið sem við fáum, mjög ófullnægjandi reyndar. Ef verið er að vísa í þessa sérfræðinga á annað borð hefðu menn átt að gera það betur og í ítarlegra máli því að margt mjög athyglisvert kom fram í máli þeirra sem ekki hefur ratað inn í skjöl meiri hlutans á Alþingi. Ég mun koma að því öllu síðar. En með öðrum orðum er í gildi trúnaðarsamningur milli Landsvirkjunar og Reyðaráls hf., og Landsvirkjun þóknast ekki að upplýsa Alþingi um staðreyndir sem óskað er eftir. Landsvirkjun er í eigu þjóðarinnar og á hennar ábyrgð, í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar og við eigum kröfu á þessum upplýsingum. Og ég spyr, herra forseti: Hvern er verið að leyna þessum upplýsingum? Samkeppnisaðila?

Ég skal svara þessari spurningu. Það er verið að leyna einn aðila þessum upplýsingum, íslensku þjóðina. Hún er eini aðilinn sem má ekki vita staðreyndir málsins. Og Alþingi, sem á að taka hér ákvarðanir, grundaðar á efnahagslegum forsendum, þar á meðal raforkuverðinu, fær ekki upplýsingar um málið nema menn séu bundnir trúnaði og ef þeir vilja leita til sérfræðinga verða þeir að binda þá enn og aftur trúnaði. Með öðrum orðum, það getur ekki farið fram upplýst, opinber umræða um þetta stærsta fjárfestingarmál í sögu íslensku þjóðarinnar. Er þetta boðlegt?

Að sjálfsögðu er þetta ekki boðlegt. En maður sér á hve frumstæðu stigi þessi umræða er þegar liðsmenn stjórnarmeirihlutans á Alþingi stíga í pontu, m.a. í morgun, og upplýsa okkur um þá skoðun sína að virkjunin við Kárahnjúka sé stórkostlega arðsöm framkvæmd þegar á sama tíma hefur verið upplýst að enginn kaupandi orkunnar er í sjónmáli, hvað þá að gerður hafi verið samningur um raforkuverð. Og ef hann er ekki til, hvernig í ósköpunum er þá hægt að koma með svona fullyrðingar?

Á hverju byggjast þær staðhæfingar að það sé mikil arðsemi af þessari framkvæmd, framkvæmd sem byggir ekki á neinum forsendum öðrum en hugarórum um fjárfestingar í skýjunum, pólitískum draumum? Þetta eru vinnubrögð, herra forseti, sem á engan hátt eru boðleg.

Stundum hefur verið um það rætt að málflutningur okkar í þessu máli sé rauður og grænn og menn hafa viljað gera því skóna að upp á síðkastið sé hann orðinn rauðari en grænn. Svo menn velkist ekki í vafa um afstöðu okkar er hún sú að við sem tölum á Alþingi fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum fullkomlega samstiga í þessu máli. Við teljum óásættanlegt að ráðast í þessa stórvirkjun við Kárahnjúka á þeirri forsendu að hún hefur í för með sér óafturkræf náttúruspjöll. Það eru umhverfissjónarmið sem hér ráða för. Reyndar viðurkenna allir, einnig stjórnarliðar, að þessi framkvæmd mundi valda miklum náttúruspjöllum. En nú skiptast leiðir, annars vegar eru þeir sem telja með öllu óásættanlegt að virkja, og við erum í þeim hópi, og síðan hinir sem viðurkenna náttúruspjöllin en segja: Hinn efnahagslegi ávinningur er svo mikill að við hljótum að virkja og reisa álverksmiðju á Reyðarfirði vegna þess að efnahagslegu rökin koma til með að vega svo þungt. Og þá segjum við: Gott og vel. Ræðum þá þessi efnahagslegu rök og þessar efnahagslegu forsendur. Þegar hér var komið sögu sagði hæstv. ráðherrann: Ég nenni eiginlega ekki að ræða þessar efnahagslegu forsendur.

Efnahagslegu forsendurnar voru samt einmitt viðfangsefni efh.- og viðskn. um mánaðamótin febrúar/mars, og þá var mikilvægum upplýsingum haldið frá okkur vegna þess að hæstv. ráðherra kvaðst enn hafa lifað í voninni og þess vegna ættu nýjar upplýsingar í málinu ekki erindi inn í nefndina. Þetta var upplýst í Ríkisútvarpinu.

Er þetta boðlegt? Auðvitað er þetta ekki boðlegt. Og auðvitað er ekki boðlegt að þegar menn vilja í alvöru ræða efnahagslegar forsendur málsins fái þeir ekki upplýsingar um raforkuverðið. Mönnum er bent á að þeir geti getið sér til um það. Með því að reyna að ráða í upplýsingar sem birtast á heimasíðu Landsvirkjunar megi komast að raun um að það sé einhvers staðar á bilinu 18–20 mill. En ég veit alveg af hverju ekki má upplýsa þetta. Það er vegna þess að ef þetta er raforkuverðið stenst virkjunin ekki þær arðsemiskröfur sem gumað er af. Raforkuverðið þyrfti að vera 25–30 mill til að svo væri. Og þetta er ástæðan fyrir því að þessar upplýsingar þola ekki dagsljósið gagnvart þjóðinni. Allir aðrir kunna að sjálfsögðu að lesa í spilin.

Halda menn að þegar Finnur Ingólfsson seðlabankastjóri fer núna um heiminn í heimsókn til stærstu álfyrirtækja veraldarinnar að hann muni ekki upplýsa um hugsanlegar samningsforsendur? Að sjálfsögðu. Það er þjóðin sem ekki má þekkja hið sanna í málinu. Þetta er staðreynd. Vel á minnst, herra forseti, Finnur Ingólfsson seðlabankastjóri, fyrrv. hæstv. iðnrh. og framsóknarmaður, við skulum ekki gleyma því, það er pólitík í þessu líka. Það er nefnilega meiri pólitík í þessu máli en flesta grunar. Og hver halda menn að sé samningsstaða Íslands þegar pólitísk sjónarmið ráða för? Ekki arðsemiskröfur, ekki hve vænlegur kostur þetta er fyrir íslenska þjóð heldur fyrst og síðast pólitísk markmið, pólitísk markmið framsóknarmanna á Austurlandi að standa við gefin loforð fyrir fáeinum missirum eða árum. Það er þetta sem ræður förinni. Þess vegna nenna þeir ekki að ræða um efnahagsforsendur, hinar leiðinlegu efnahagslegu forsendur málsins. Ræðum bara pólitík.

Eruð þið ekki á móti öllu? segja menn svo. Hvaða tillögur hafið þið? Við höfum nefnilega tillögur og höfum lagt þær fram. Við höfum aftur og ítrekað lagt þær fram. Það er svolítið hlálegt, herra forseti, hver umsnúningur hefur á marga lund orðið í pólitíkinni þegar litið er til undangenginna áratuga. Sú var tíðin að vinstri menn voru talsmenn mikilla ríkisfjárfestinga og þeir sem harðast og lengst gengu í því

efni stofnuðu til sósíalískra ríkja þar sem allt átti að vera í ríkisforsjá, atvinnureksturinn allur undir handarjaðri ríkisins. Sú var tíðin.

Nú er umsnúningurinn sá að þeir sem kenna sig við hægri stefnu og hægri miðjustefnu eða hægri hægrimiðjustefnu, svo maður vísi nú til Framsfl., eru orðnir helstu talsmenn ríkisforsjár yfir öllu. Þeir ætla að leysa atvinnumál á Austurlandi með því að reisa þar eina verksmiðju, setja alla inn í eina verksmiðju eða að þjónusta hana. Það er það sem vakir fyrir þeim.

Hvað er það sem við höfum lagt til? Við höfum sagt: Það er hlutverk hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, að sjá samfélaginu fyrir grundvallarþjónustu, stoðþjónustu, velferðarþjónustu, skólum, sjúkrahúsum, góðu vegakerfi, samgöngum og þar fram eftir götunum. Og að sjá atvinnulífinu fyrir hagstæðum skilyrðum fyrst og fremst í aðgangi að ódýru fjármagni, fjármagni til að byggja upp starfsemi sína. Þetta er það sem við leggjum til. Síðan ætlum við hinum frjálsa markaði einhvern hlut.

Ríkisstjórnin fer hins vegar alveg öfuga leið að þessu máli. Hún brýtur og bramlar allt í stoðþjónustunni, hún dregur úr velferðarþjónustunni, grefur undan henni, rífur gat á öryggisnetin sem við höfum verið að koma okkur upp á undangengnum áratugum í uppbyggingu velferðarþjóðfélags, lokar útibúum Póstsins og Símans, einkavæðir bankana og hrekur þá frá fámennum byggðarlögum, dregur úr framlagi til samfélagslegra þátta. En síðan kemur hún með eina stóra álverksmiðju og þeir sem eru andvígir henni eða hafa eitthvað við þetta að athuga eru spurðir: Nú, hvað viljið þið þá? Jú, það er þetta sem við viljum. Þetta teljum við vera hlutverk ríkisins og sveitarfélaganna, að sjá fyrir grunnnetinu, sjá atvinnulífinu fyrir hagstæðum skilyrðum, aðgangi að auðveldu, ódýru fjármagni til þess síðan að koma rekstri á laggirnar og geta rekið blómleg fyrirtæki. Þetta er stefna okkar.

Síðan höfum við að sjálfsögðu verið með tillögur um stuðning við margvíslegan atvinnurekstur, skipaiðnað, ferðaiðnað, sjávarútveg, margvíslega framleiðslu sem honum tengist og hefur blómstrað. En ríkisstjórnin hins vegar læsir sig í gamalli stalínískri aðferðafræði um eina stóra traktorsverksmiðju í hvern fjörð. Þetta er hugmyndafræðin sem hún byggir á og hún er ekki mjög skynsamleg, afskaplega langt frá því. Þannig hefur Austfirðingum verið haldið í gíslingu í langan tíma og mönnum talin trú um að þetta sé nú allt að koma, það sé landsýn, land sé í sjónmáli, án þess að nokkur fótur sé fyrir slíku. Þetta eru staðreyndir málsins.

Það er einnig staðreynd málsins að á Íslandi eigum við að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og við eigum ekkert að gera sem grefur undan smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem hér eru starfandi. Það er þetta sem ég legg alla vega eyrun við þegar hagfræðingar og kunnáttufólk sem þekkir til efnahagsmála hefur varað við því að ráðist verði í risaframkvæmd af því tagi sem hér er til umræðu einmitt með tilliti til smárra og meðalstórra fyrirtækja, sprotafyrirtækjanna sem yrði rutt út í kantinn.

Margar ástæður eru fyrir því, herra forseti, að fullt tilefni er til þess að taka málið af dagskrá. Ekki vegna þess að forsendur séu breyttar eða brostnar heldur vegna þess að forsendur voru aldrei til staðar. Ég leyfi mér að viðra þá hugsun og beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvað það sé sem Norðmenn hafi svikið. Látið er að því liggja að Norsk Hydro hafi svikið okkur. Hvað sviku þeir? Hvaða samkomulag hefur verið svikið? Hefur verið gert eitthvert skriflegt eða munnlegt samkomulag við Norsk Hydro sem hefur verið svikið? Hvaða samkomulag er það?

Talað hefur verið um tímasetningar, talað hefur verið um 2. febrúar og 2. september, talað hefur verið um tímasetningar, um að þær væru frávíkjanlegar líka. En hvað er það sem hefur verið svikið, þ.e. annað en íslenska þjóðin, því að hún hefur verið svikin? Hún hefur verið svikin um upplýsingar.

Annars er þetta ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist hér á landi. Við þekkjum öll Keilisnes og umræðuna sem fram fór um álver á Keilisnesi 1990. Það hefur aldrei verið skýrt fyrir þjóðinni hvað þá gerðist. Við munum öll þegar Atlantalhópurinn hvarf héðan af vettvangi. Hvers vegna? Hvað var okkur sagt? Okkur var sagt að á þeim tíma flæddi svo mikið ódýrt ál frá Austur-Evrópu um heiminn að álverð hefði farið stórlega lækkandi og það væri ekki vænlegur kostur nú um stundir að ráðast í að reisa álver á Keilisnesi, en þetta mundi allt breytast á *næstu mánuðum, missirum, í allra versta falli* næstu einu, tveimur árum. Þau eru orðin þrettán, tólf eða þrettán. Ekkert hefur bólað á þessum Atlantal-hóp síðan. Og það sem verra er, þjóðin hefur aldrei verið upplýst um hvað gerðist. Hvað var það sem þá gerðist?

Í tengslum við ráðagerð ríkisstjórnarinnar núna hafa svo sannarlega vaknað upp ýmsar spurningar um trúverðugleika, þar á meðal trúverðugleika helstu ráðgjafa ríkisstjórnarinnar, ágætisfólk, ágætiseinstaklingar, en okkur ber að meta hversu trúverðugir þeir eru þegar þeir gerast ráðgjafar íslensku þjóðarinnar um slíka risaframkvæmd.

Þegar þetta mál kom til 1. umr. þá vitnaði ég og fleiri í álitsgerð orkumálastjóra. Hann sagði að þetta væri alveg sérlega vönduð smíð, þær forsendur sem ríkisstjórnin byggði á, alveg sérstaklega vandaðar. Að vísu hefðu þeir ekki skoðað sjálfa útreikningana frá Landsvirkjun, en þetta væri alveg sérstaklega vandað — án þess að skoða forsendurnar, forsendur útreikninganna.

Fyrst ég er farinn að vitna í þann ágæta mann, Þorkel Helgason, þá fjallaði hann um Fljótsdalsvirkjun sem þá var á borðinu, í Morgunblaðinu 26. nóv. 1999. „Fljótsdalsvirkjun: Er annarra kosta völ?" var spurt í fyrirsögn. Og hvað var hann þar að fjalla um meðal annars? Hann fjallaði um flutning á orku yfir hálendið og hann vísaði m.a. í þessi fornu áform frá Keilisnesi, því að við skulum ekki gleyma því hvaðan orkan átti að koma. Hún átti að koma úr Fljótsdalsvirkjun. Það átti að fara með orkuna á Keilisnes yfir gervallt hálendið og eftir Reykjanesfjallagarðinum út í Keilisnes. Hvað segir Þorkell Helgason um þetta? Hann segir í þessari umræddu blaðagrein, með leyfi forseta:

„Flutningur orkunnar yfir hálendið yrði aftur á móti afar dýr." — Kostnaður yrði allt að því jafnmikill og byggingarkostnaður sjálfrar Fljótsdalsvirkjunar. — „Þessi kostur er því heldur ekki raunhæfur."

Þetta eru sömu menn og voru að ráðleggja okkur um að reisa álver í Keilisnesi með orku frá Fljótsdalsvirkjun yfir *allt hálendið. Nú er þetta kostur sem er ekki raunhæfur.*

Kemur aldrei að því að gera eigi þetta mál upp gagnvart þjóðinni og skýra okkur frá hvað raunverulega gerðist í því máli? Fáum við bara eftirmæli í síðbúnum blaðagreinum?

Vert er að veita því athygli að í þeirri grein sem er skrifuð í árslok 1999 — og á eftir árinu 1999 kemur árið 2000, þannig að það er nú ekkert mjög langt síðan — er verið að vísa í 120 þúsund tonna álver.

Hvað eru menn að tala um núna? Eftir því sem ég les mér til um þá kemst ég að raun um að öllum helstu sérfræðingum á þessu sviði ber saman um að það sé algjörlega óraunhæfur kostur að reisa nýtt álver, og ég legg áherslu á nýtt álver, ekki stækkun álvers, ekki gamalt álver sem er flutt af einum stað á annan. Það er algjörlega óraunhæft, segja menn, að reisa nýtt álver sem er minna en 250–300 þúsund tonn.

Ég vísa í aðra grein Morgunblaðsins, þó hæstv. viðsk.- og iðnrh. hafi fundist það afskaplega undarlegt fyrr í dag að ég skyldi treysta á fréttaflutning úr Morgunblaðinu. Ég veit ekki hvaðan hæstv. ráðherra hefur þá hugsun. Það er alveg rétt, að ég hef verið ósammála Morgunblaðinu í gegnum tíðina, haft aðra pólitíska afstöðu. En á vegum Morgunblaðsins hefur verið starfandi og er starfandi fjöldi vandvirkra fréttamana sem umhugað er að leiða hið rétta í ljós. Ég skil vel að hæstv. ráðherra sé argur út í Morgunblaðið þessa dagana vegna þess að það var Morgunblaðið en ekki hæstv. ráðherra sem upplýsti þjóð og þing um stöðu mála um miðjan marsmánuð. Það var Morgunblaðið. Morgunblaðið hefur verið með vandaða umfjöllun um þessi mál, það er staðreynd. Ég hefði gjarnan kosið að Morgunblaðið hefði fjallað meira og dýpra um þessi mál en þar hefur margt ágætt komið fram.

Mig langar til að vitna hér í Morgunblaðsgrein frá 28. mars. sl., þar sem segir m.a, með leyfi forseta:

„Áætlanir gera ráð fyrir að í fyrsta áfanga verði byggt álver í Reyðarfirði með 260 þúsund tonna framleiðslugetu með möguleika á stækkun í 420 þúsund tonn. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að álver hafa verið að stækka verulega, enda eykst hagkvæmni framleiðslunnar við það. Talið er að álver megi ekki vera minni en 250–300 þúsund tonn til að þessi stærðarhagkvæmni náist fram, samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins."

Nú er það orðið svona að lágmarksstærð til að reisa nýtt álver, það er af þessari stærðargráðu.

Á sviði álframleiðslu eiga sér nú stað breytingar sem ég mun koma að síðar í máli mínu. Sýnt er að stjórnvöldum mátti vera ljóst fyrir löngu að kröfur um stærðarhagkvæmni voru þegar talsverðar fyrir nokkrum árum. En íslensk stjórnvöld hafa hins vegar haldið sig við allt aðra hugsun. Það á að reisa álver hvað sem það kostar, hvort sem það er 120, 200, 300, 420 eða 460 eða 700 þús. tonn. Einhvern tíma talaði hæstv. utanrrh. um 700 þús. tonna álver. Er það vegna þess að hann telur það sérstaklega þjóðhagslega hagkvæmt að reisa álver sem framleiði 700 þús. tonn? Halda menn að það sé þess vegna? Nei, það held ég ekki.

Hæstv. utanrrh. sagði t.d. í sjóvarpsþætti árið 2000, 9. apríl var það, í sjónvarpsþættinum Silfur Egils, að það væri að sínu mati þjóðhagslega hagkvæmast að fara í 120 þús. tonna álver, hagkvæmara að fara í 120 þús. tonna álver en 240 þús. tonna álver. Það er gott fyrir þjóðina.

Hitt er náttúrlega miklu betra ef við þurfum að fara í 700 þús. eða 400 þús. eða 300 þús., þá er það miklu betra til að ná fram markmiðum Framsóknarflokksins á Austurlandi. Skítt með þjóðarhag, hagsmuni þjóðarinnar. Geta stjórnmálamenn leyft sér að hugsa svona um stundarhagsmuni, hvað kemur sér vel fyrir einn stjórnmálaflokk næstu missirin og árin meðan tilteknir stjórnmálamenn eru við völd og gefa minna fyrir það sem kemur í kjölfarið? Að sjálfsögðu á að hugsa um þjóðarhag og hafa langtímahagsmuni þjóðarinnar í huga.

Maður veltir því fyrir sér þegar það kemur svona skýrt fram að pólitísk sjónarmið en ekki þjóðhagsleg ráða ferðinni og ekki arðsemisrök, þá vakna spurningar um hvað hefur gerst, um hin pólitísku hrossakaup sem hér hafa greinilega átt sér stað. Við skulum styðja einkavæðingu bankanna og Símans og þið hjálpið okkur með Kárahnjúkana og álið. Er það ekki svona? Ég bara spyr. Er þetta fjarri lagi? Eða nennir hæstv. ráðherra kannski ekki að ræða hina pólitísku þætti málsins á sama hátt og hún hafði ekki nennu til að ræða efnahagslegar forsendur þessarar mestu fjárfestingar Íslandssögunnar?

Fyrst í stað var látið að því liggja að þetta væri samstarfsverkefni, virkjun og álver, frá upphafi til enda. Það hefur alltaf verið sagt að álver og virkjun væru eitt og það er alveg rétt, þetta væri í fyrsta sinn sem virkjað væri á Íslandi fyrir einn kaupanda.

En það var gengið lengra. Menn sögðu að róið væri að því að fá erlenda fjárfesta — og það var Norsk Hydro — til að taka þátt í kostnaðinum við sjálft orkuverið. Um það var rætt og það kom líka fram í ársskýrslu Landsvirkjunar.

Það kom fram t.d. 1997, þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Landsvirkjunar samþykkti í maí að taka þátt í könnun ásamt iðnrn., markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og Hydro Aluminum, Noregi, á þeim möguleika að byggja hér á landi álver þar sem gert er ráð fyrir samtengdri verkefnafjármögnun álvers og virkjana. Er búist við að þeirri könnun ljúki 1998."

Síðan segir, sem er nú svolítið skondið, með leyfi forseta:

„Áfram hefur verið haldið sambandi við Atlantsálshópinn vegna álvers í Keilisnesi." — Þetta er 1997.

Síðan kemur önnur skýrsla, eins og lög gera ráð fyrir, árið 1998. Hvað segir þá um þetta samstarfsverkefni?

Það segir, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun tók þátt í viðræðum stjórnvalda og heimamanna við norska fyrirtækið Hydro Aluminium um hugsanlega byggingu álvers á Reyðarfirði með 120 þúsund tonna framleiðslugetu í fyrsta áfanga og hugsanlegum áfanga með 240 þúsund tonna framleiðslugetu síðar. Fyrirtækið átti samstarf við Hydro vegna hagkvæmniathugana á þessu verkefni."

Nokkru síðar segir, með leyfi forseta:

„Áfram var haft samráð við þá aðila sem sinnt hafa rannsóknum undanfarin ár á mögulegum útflutningi á rafmagni um sæstreng til annarra landa."

Með öðrum orðum var á þessum tíma, árið 1997, verið að tala um þessa samtengingu í fjármögnun orkuversins og álversins. Árið eftir er þetta gufað upp. Menn eru enn að spjalla við Atlantsál-hópinn og nú er farið að tala um að flytja orkuna út um sæstreng.

Það er á þessum tíma sem menn fara að hafa verulegar áhyggjur af Landsvirkjun, þ.e. þegar þessar yfirlýsingar byrja allar. Getur verið að Landsvirkjun, spyrja menn, sé svo óábyrg að hún ætli að keyra áfram virkjunaráformin án tillits til þess hvort hægt verði að selja orkuna, án þess að kaupandi sé fyrir hendi? Menn fara að skoða hvaða fjárfestingar eru þegar komnar til sögunnar. Væri hægt að fá upplýsingar um það frá hæstv. iðn.- og viðskrh. þegar hún stígur hér í ræðustól síðar í dag hve miklu fjármagni hefur þegar verið varið til undirbúnings virkjana á Austurlandi? Einhvern tíma var talað um 3–4 milljarða. Þegar það er fært upp til verðlags ársins í ár erum við að tala um 8–9 milljarða. Ég spyr: Hvaða tölur styðjast menn við?

Frá Landsvirkjun fáum við enn þær upplýsingar að að sjálfsögðu verði ekkert gert fyrr en ákvarðanir hafi verið teknar. En ég minnist þess þegar við, þingmenn Vinstri

hreyfingarinnar – græns framboðs, fórum í haust á þessar slóðir, og ekki í fyrsta sinn. Við gengum þar yfir svæðið sem kæmi til með að fara undir vatn ef virkjað yrði við Kárahnjúka. Við sáum þar vinnuvélar Landsvirkjunar að verki, við rannsóknastörf átti það að heita. Þegar við komum til byggða voru komin út blöð með stórum auglýsingum frá Landsvirkjun þar sem auglýst var útboð í jarðgöng. Allt án þess að nokkuð væri í hendi. (**KPál:** Er ekki allt í lagi að kanna málin?)

Þarna er gengið miklu lengra en að kanna málin. Þarna voru vinnuvélar að verki. Það hefur þegar verið ráðist í vegagerð sem tengist þessum framkvæmdum. Að sjálfsögðu á að byrja á því að gera samninga um orkusölu, sé á annað borð ráðist í svona framkvæmd. Hver heldur hv. þm. Kristján Pálsson að sé núna samningsstaða Íslendinga þegar Finnur Ingólfsson verður gerður út af örkinni ásamt aðstoðarmönnum til að grátbiðja erlend stórfyrirtæki að koma hingað til lands og reisa álverksmiðju? Hver halda menn að samningsstaða okkar sé?

Ég spyr líka: Er eðlilegt að Finnur Ingólfsson seðlabankastjóri hafi þetta verkefni með höndum, eða var ekki verið að breyta seðlabankalögum hér nýlega? Var ekki kveðið á um það í þeim lögum að Seðlabankinn skyldi hafa nýju hlutverki að gegna, skyldi sinna verðbólgumarkmiðum og huga að vöxtum? Það er einmitt Seðlabankinn sem hefur verið að vara okkur við því að þessi ráðagerð kæmi til með að hækka vaxtastigið um 2,5% í upphafi, örva verðbólguna. Sami Seðlabanki og kemur inn á gafl til okkar hér í Alþingi með þessi varnaðarorð ætlar um leið að gera út mann sem leggst á hnén frammi fyrir álrisum þessa heims og grátbiður um að koma til Íslands. (**KPál :** Er þetta ekki dálítið langsótt?) Langsótt? Nei, þetta er bara staðreynd málsins.

Hvers konar samningsstöðu halda menn að þjóðin hafi þegar svona er komið? Fyrir utan það tel ég mjög misráðið að seðlabankastjóri skuli taka að sér þetta verkefni þótt honum renni eflaust blóðið til skyldunnar þar sem hagsmunir Framsfl. eru í húfi. Þetta er nefnilega fyrst og fremst pólitískt hagsmunamál sem við erum að fjalla um.

Annars er sitthvað hægt að læra af reynslunni í þessu máli. Þetta er nefnilega ekki í fyrsta skipti sem við erum að semja um stóriðju á Íslandi. Mér þótti mjög fróðlegt að hlýða á gamalreyndan mann á þessu sviði, Jón Sigurðsson, sem var einn þeirra sem heimsótti efh.- og viðskn., ég held það hafi verið einmitt á hinum margívitnaða fundi 22. febrúar. Ég þekki skoðanir hans ekki og afstöðu til virkjunarmála og stóriðjumála. Ég geri ráð fyrir að hann sé almennt hlynntur virkjunum og stóriðju ef hún er gerð á skynsamlegum forsendum. En hann fór með okkur í gegnum söguna og hvernig járnblendiverkefnið þróaðist. Án þess að ég ætli að hafa hann fyrir því sem ég segi um það mál, því þar hef ég aflað mér annarra upplýsinga einnig, þá held ég að menn geti nú ekki annað en tekið varnaðarorð hans til greina, því hann nefndi að tvívegis í ferlinu hefði járnblendiverksmiðjan farið í þrot, farið á hausinn, og Íslendingum stillt upp við vegg. Hann varaði við því að við gerðum nokkuð eða gengum til þessara mála, þessara samninga, með veika samningsstöðu. En sú hætta væri alltaf fyrir hendi, sagði hann, þegar aðstæður eru eins og hér eru, þar sem um er að ræða eina virkjun og einn kaupanda að orkunni.

Ég held að margt bendi til þess að Norðmenn núna, í gerfi Norsk Hydro, í fötum Norsk Hydro, vilji fara svipaða leið og Elkem Spigerverket gerði fyrir 25 árum varðandi Járnblendifélagið í Hvalfirði, vegna þess að Norsk Hydro hefur talað um það, eða það hefur komið fram, að þeir vilji helst fjármagna þetta verkefni um 15–20%. Það er reyndar það eina sem er handfast og hefur komið frá þeim. Því hefur hins vegar verið haldið að þjóðinni að þeir vilji fjármagna verkefnið um allt að helming, allt að 50%. En við höfum aldrei fengið neitt fast í hendi hvað það snertir.

Ég hef Norsk Hydro grunað um að ganga fram í þessum samningum af mikilli yfirvegun og með það markmið að leiðarljósi að ná sem mestu út úr þessu verkefni. Þetta eru harðir bisnessmenn. Þetta eru menn sem eru ekki í pólitískum erindagjörðum.

Hvað var það sem gerðist í járnblendinu? Það gerðist að upphaflega stóð til að Union Carbide kæmi að því verki og í tengslum við samninga við Union Carbide, í upphafi, var gerður við það fyrirtæki skaðleysissamningur. Hann var gerður á meðan á þessum undirbúningsviðræðum stóð. Að því kom að Union Carbide ákvað að hverfa frá þessari ráðagjörð og greiddi fyrir þennan skaðleysissamning háa upphæð, átta milljónir dollara. Þá sátu Íslendingar uppi með Sigölduvirkjun og þetta málmblendiverkefni í uppnámi. Samningsstaða okkar gagnvart Elkem Spigerverket sem þá kom til sögunnar var ekki upp á marga fiska, enda þurfti Elkem Spigerverket ekki að kaupa nema 15% hlutafjár til þess að komast í þá einstöku stöðu að sjá um alla tæknihlið mála, aðföng og afurðir og taka fyrir það þriggja prósenta umboðslaun. Það voru þeir peningar sem Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri járnblendiverksmiðjunnar, talaði oft um sem blóðpeninga. Það tók ellefu ár að losna undan þessum afarkostum og hafði Elkem Spigerverket á þeim tíma fengið margfalt það framlag sem þeir höfðu lagt til fyrirtækisins. En á sama tíma töpuðu Íslendingar milljörðum á þessum rekstri.

Eins og ég gat um áðan þá fór fyrirtækið í tvígang á hausinn, í þrot, og nú er svo komið að Íslendingar eiga 10%. Þeir áttu í upphafi 80%. Nú eiga þeir 10%, Norðmenn 73% og samning til næstu 18 ára á raforku sem nemur hálfvirði af því sem kostar að framleiða hana.

Ég tel ekki fjarri lagi að ætla að Norsk Hydro telji sig eða hafi núna á undangengnum mánuðum talið sig hafa svipaða stöðu gagnvart íslenskum stjórnvöldum og Elkem Spigerverket hafði á sínum tíma, því staðið hefur til að gerður verði samningur við Norsk Hydro um að þeir sjái um tæknilega uppbyggingu álversins, aðföng og afurðir næstu 15–20 árin og hafi þar með tögl og hagldir þó að eignarhlutur þeirra yrði miklu smærri en sem þessu nemur, eða 15–20%. Ég ítreka þetta, að tal um að þeir séu reiðubúnir að leggja fram allt að helming hlutafjár er nokkuð sem einvörðungu hefur heyrst frá íslenskum aðilum og á helst íslenskum stjórnvöldum.

Lengi vel var ómögulegt að skilja að aðili sem einungis ætti um eða innan við fjórðung af hlutafénu mundi hafa tögl og hagldir við uppbyggingu og rekstur þessa fyrirtækis. En hugsanlega kom skýringin í ljós þegar Geir A. Gunnlaugsson, sem er helstur talsmaður Hæfis og Reyðaráls, upplýsti í sjónvarpi núna fyrir fáum dögum að leggja þyrfti 80 milljarða, 800 millj. dollara, sem tryggingu í sambandi við álverið og að þetta hefði verið eitt stærsta vandamálið sem steytt hefði á. Þetta er nokkuð sem íslenskir fjárfestar hafa ekki verið, eftir því sem ég best veit, upplýstir um, þ.e. hvað hér eiginlega hangir á spýtunni.

Að hinu má leiða getum að ef það er rétt að Norsk Hydro hefur viljað fá 15–20% hlutafé en hafa jafnframt tögl og hagldir í fyrirtækinu, ráða þar öllu, þá mundi íslenskum fjár-

festum reynast erfitt að kyngja því þegar til kastanna kæmi. Í þessu sambandi er fróðlegt að hverfa aftur til umræðunnar sem fram fór í fjölmiðlum síðastliðið sumar, m.a. í ágætri úttekt sem gerð var í Morgunblaðinu og birtist 1. ágúst sl. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þeirri kenningu hefur verið fleygt í hópi áhrifamanna í lífeyrissjóðunum að í gildi sé einhvers konar leynisamningur milli íslenskra stjórnvalda og Norsk Hydro um ótímabundna aðkomu norska fyrirtækisins að mikilsverðum þáttum í rekstri álfyrirtækisins í Reyðarfirði. Þannig sé nánast kveðið á um yfirráð Hydro Aluminium yfir tækniuppbyggingu álversins, hráefniskaupum, markaðsstarfi og útflutningi. Þetta allt saman án þess að Hydro eigi meiri hluta í fyrirtækinu. Eftir standi íslenskir fjárfestar, þeirra á meðal lífeyrissjóðirnir, sem eigendur meiri hluta hlutafjár en þó nánast valdalausir um fjölmarga stoðþætti í rekstrinum."

Er þetta ekki nákvæmlega sama formúlan og hjá Elkem Spigerverket á sínum tíma? Ég held áfram, með leyfi forseta:

„Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins voru mál ekki svo langt komin að um væri að ræða samkomulag um þessi atriði. Hins vegar væri kominn á skilningur — og hann m.a. verið að einhverju leyti skjalfestur í sameiginlegum yfirlýsingum — beggja aðila í þessum efnum og því hafi Norsk Hydro gengið út frá því sem vísu að þannig yrði háttað tengslum þess og Reyðaráls hf.

Það var ekki fyrr en fulltrúum lífeyrissjóðanna og fleiri mögulegum fjárfestum varð þetta samkomulag ljóst, að renna fóru tvær grímur á forráðamenn Hæfis. Þeir virðast ekki hafa áttað sig á því hversu málið væri eldfimt fyrr en þá og létu Norsk Hydro þegar vita af þessum blendnu viðbrögðum að heiman."

Þetta er úr umfjöllun Morgunblaðsins 1. ágúst sl.

Þá veltir maður fyrir sér hvort gambíturinn sé þessi af hálfu álrisans: Við förum inn með 15–20%. Við gerum samkomulag um að við sjáum um alla tækniþjónustu, aðföngin, umsetninguna og stýrum rekstrinum. Síðan höfum við stöðu til þess þegar fram líða stundir og álverðið reynist lægra en menn höfðu spáð fyrir um, að stilla íslenskum fjárfestum upp við vegg, á sama hátt, nákvæmlega sama hátt og gert var í járnblendiverksmiðjunni og segja sem svo: Nú þurfum við meira af fjármagni. Hvað gerðu íslenskir fjárfestar þá? Þeir mundu segja væntanlega pass. Þá er fjármagnið fært niður, álfyrirtækið kemur inn með sína peninga, fjármuni, og öðlast meirihlutaeign.

Þetta er mjög raunverulegur möguleiki vegna þess að nákvæmlega þetta gerðist í járnblendiverksmiðjunni. Þannig yrði okkur einfaldlega stillt upp við vegg. Það er þetta sem hinn virðulegi fyrrverandi forstjóri járnblendiverksmiðjunnar varar okkur við. Hann segir að það geti gerst. Það gerðist í Hvalfirðinum, í járnblendiverksmiðjunni, að hún fór á hausinn. Íslendingum var stillt upp við vegg. Erlendi aðilinn öðlaðist þar með meirihlutaeign og náði niður raforkuverðinu, því það mundi gerast að sönnu líka. Samningsstaða okkar væri nánast engin því hótunin væri yfirvofandi um að hverfa þá af hólmi. Og hver kæmi þá? Hræætur utan úr heimi. Þannig hefur það verið orðað þegar erlend fjölþjóðafyrirtæki koma inn í slíkar rústir. Samningsstaða okkar við slíkar aðstæður er engin. Síðan leyfa hv. þm. sér að rísa á fætur og segja hér úr ræðustól: „Þetta er stórkostlega arðsöm fjárfesting." Látum liggja á milli hluta að engir samningar hafa verið gerðir. En þetta er veruleikinn. Þetta er veruleikinn sem Íslendingar hafa áður staðið frammi fyrir.

Það er þess vegna sem við erum að vara við því að við setjum öll okkar egg í þessa körfu, því það mundum við óneitanlega gera. Og hvaða raforkuverð sem menn kæmu til með að semja um núna þá er framtíðin óvissu háð.

Það sem Norsk Hydro sæi út úr þessu með það fyrirsjáanlegt í taflmennskunni að öðlast meirihlutaeign á þennan ódýra hátt og ná niður raforkunni þegar fram líða stundir, væru þeir reiðubúnir að koma inn með þá tryggingu sem Geir A. Gunnlaugsson ýjaði að í sjónvarpinu um daginn og þá tryggingu sem væntanlega var þess valdandi að titringur varð hjá Norsk Hydro vegna krafna íslenskra fjárfesta í sumar. Þetta er sú umræða sem þá fór fram á bak við tjöldin. Við vorum aldrei fyllilega upplýst um það. Mörg okkar vildu ganga eftir því að öll þessi mál yrðu færð fram í dagsljósið og ég var í hópi þeirra. Mér hefur stundum verið legið á hálsi hér þar sem ég á sæti í stjórn lífeyrissjóðs að hafa ekki viljað kanna málin til hlítar. Það er alrangt. Ég hef gengið eins og langt og mínir vitsmunir leyfa til að afla mér eins staðgóðra upplýsinga um þessi mál og ég mögulega hef getað. En ég vil gera það sem frjáls maður.

Þegar mér er stillt upp gagnvart því að skrifa undir samkomulag, sem menn geta nú ekki einu sinni haft á íslensku heldur ensku og heitir „Secrecy agreement" — leyndarsamkomulag, þar sem þeir sem kæmu að þeim málum fyrir hönd lífeyrissjóðanna skuldbinda sig til að, ekki að þegja núna eða á morgun heldur í átta ár, þá segja menn nei takk. Menn hafa ekki leyfi til þess að fara með umræðu af þessu tagi á bak við tjöldin eins og krafa er gerð um af hálfu fólks sem viðurkennir að þetta sé fyrst og fremst pólitík og víkur til hliðar öðrum röksemdum sem lúta að arðsemi eða hagkvæmni.

Ég vitnaði áðan í hæstv. utanrrh. sem sagði að að sjálfsögðu væri það hagkvæmast fyrir okkur eða þjóðahagslega hagkvæmari kostur fyrir okkur að reisa 120 þúsund tonna álver heldur en 240 þúsund tonna álver. Þetta eru sömu aðilarnir og segjast ekki nenna að tala um efnahagslegar forsendur málsins og reyna síðan að múlbinda alla þá sem á einhvern hátt fá upplýsingar um málið.

Í umræðu síðustu daga hefur komið fram að skyndilega hafi komið upp á borðið erfiðleikar hjá Norsk Hydro í tengslum við kaup á þýska fyrirtækinu VAW. Ég velti því fyrir mér hvar samningamenn okkar og hagsmunagæslumenn þjóðarinnar hafi verið á verðinum, hvernig þeir hafi sofið, þegar frá því var greint meira að segja á heimasíðu Norsk Hydro núna um áramótin hvað stæði til. Í rauninni er afvegaleiðandi að tala um kaup á fyrirtæki, þetta er samruni tveggja risastórra fyrirtækja. Þetta þýska fyrirtæki á sér langar rætur, var stofnað 1917 og var stór álframleiðandi í Þýskalandi með hléum. Þjóðverjum voru settar skorður eftir seinna stríð í framleiðslu á öllu því sem gat flokkast undir hergagnaiðnað en á miklu lengri sögu í álframleiðslu en nokkru sinni Norsk Hydro sem fer út á þá braut 1986 fyrst, er svona kornabarn í þessum bransa, en er þó orðið í hópi fjögurra stærstu álframleiðenda í heiminum — Alcoa og Alcan, Norsk Hydro og svo eru Rússarnir, þeir sem Morgunblaðið sagði okkur frá um daginn að væru svo nátengdir maffunni. Hæstv. ráðherra sagðist vera núna að senda seðlabankastjóra Íslands, Finn Ingólfsson, til viðræðna við það fyrirtæki væntanlega, rússnesku álframleiðendurna.

Maður spyr: Hvar heldur þetta fólk sig og hefur haldið sig sem leyfir sér að upplýsa okkur um það núna að eitthvert sérstakt vandamál hafi komið upp á borðið vegna kaupa á VAW fyrirtækinu sem hefur lengi verið á döfinni? Í blá-

byrjun janúar, 2. eða 3. janúar, eru um þetta ítarlegar fréttir á heimasíðu Norsk Hydro. Þar var ekki talað um sérstök vandamál heldur mikið sóknarfæri í því sambandi þegar til langs tíma væri litið. Hins vegar var talað um vandamál. Talað var um vandamál á síðunni og hefur verið núna síðustu daga og vikur, sem steðja að áliðnaðinum í heiminum. Þannig segja þeir á heimasíðu sinni að sú spurning sem þeir fái oftast þessa dagana sé hvernig eigi að bregðast við þeim samdrætti sem blasi við, hvar þeir ætli að skera niður 1.100 störf? Fram hefur komið að Norsk Hydro þurfi að skera niður 1.100 störf. Og þeir svara því til að það verði gert um heim allan, í framleiðslufyrirtækjum þeirra um heim allan.

En ég leyfi mér, herra forseti, að halda því fram að þær ákvarðanir og framganga Norsk Hydro hafi ekkert með fjárhagsvandræði þeirra að gera, heldur einvörðungu hitt hvernig þeir vilja halda á spilum sínum gagnvart Íslendingum. Þetta er fyrirtæki sem veltir 2.000 milljörðum, sex til áttföldum fjárlögum Íslendinga. Þeir velta 2.000 milljörðum. Og það sem um er að ræða að þeir létu hugsanlega af hendi rakna hér til framkvæmda á Íslandi eru smámunir.

Ef það er rétt sem þeir fullyrða, að þetta sé svona arðvænlegt, að þetta sé gullmoli, hvers vegna vill enginn þennan gullmola? Hvers vegna taka þeir hann ekki? Hvers vegna reisa þeir ekki álverið? Hvers vegna koma þeir ekki með meirihlutaeign núna? Ekki 50%, 20%? Af hverju bjóðast þeir ekki til að koma með 100%? Vegna þess að þeir ætla að fá þetta á silfurfati. Þeir eygja góða von í því þegar þeir hafa slíka samningamenn og við teflum fram á móti þeim. Það er nú bara staðreyndin.

Ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég er að rekja þetta og fara yfir þessa sögu er sú að þetta eru staðreyndir. Þetta eru staðreyndir sem gerðust gagnvart Járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði, þetta eru staðreyndir. Það var þannig sem Elkem Spigerverk öðlaðist slíka yfirburðastöðu í þeirri verksmiðju. Ég hef rakið hvers vegna þeir náðu raforkuverðinu niður, langt niður fyrir framleiðsluverð. Það er svona sem það gerist. Þetta snýst bara ekki einvörðungu um eignarhlut í fyrirtækinu, þetta snýst líka um raforkuverðið þegar fram líða stundir. Það er eflaust stærsta málið. Það er það mál sem við eigum að láta okkur mestu skipta, hugsanlega meiru en þá fjármuni sem menn setja inn sem hlutafé. Þó ætti ég að fara varlega í slíkar yfirlýsingar vegna þess að lífeyrissjóðir eða aðrir fjárfestar sem settu fjármuni í fyrirtæki við þessar aðstæður með þeirri hættu yfirvofandi að hlutaféð verði rýrt þegar fram líða stundir með bolabrögðum, ættu að hugsa sinn gang og líta á þetta sem stórkostlega áhættufjárfestingu. Það gæti farið fyrir þeim á nákvæmlega sama hátt og hefur farið fyrir fjármunum Íslendinga í tengslum við Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði.

Ég ætla að víkja þá lítillega að umsögn 2. minni hluta efh.- og viðskn. Alþingis, en sá sem hér stendur undirritar þá umsögn.

Þetta hefur verið til umræðu á tveimur fremur en þremur fundum efh.- og viðskn. Þetta voru mjög góðir fundir. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar aðskiljanlegra stofnana, Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka, það komu hagfræðingar, háðir og óháðir, fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og fræddu okkur um sjónarmið sín í þessum málum. En auðvitað fengum við ekki að heyra neitt um grunnforsendurnar sem allt dæmið á að hvíla á, þ.e. raforkuverðið, því var öllu haldið rækilega leyndu eftir að upplýst var að nefndarmenn væru ekki allir reiðubúnir að þegja um það sem þeir fengju að vita og gerðu grein fyrir því að þeir vildu opinbera umræðu um málið.

Í umsögn minni segi ég m.a., með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að mjög alvarleg varnaðarorð hafa komið fram um grundvöll þann sem áætlanir Landsvirkjunar byggjast á hvað varðar álverð á komandi árum og áratugum og áætlaðan byggingarkostnað Kárahnjúkavirkjunar og óvissu henni tengd vegna mjög viðamikilla jarðganga og stíflugerðar, auk mótvægisaðgerða til verndar náttúru svæðisins, er hér með lagt til að forsendur arðsemisútreikninga Landsvirkjunar verði ítarlega endurskoðaðar. Jafnframt verði leitað enn frekari upplýsinga til viðbótar þeim sem að undanförnu hafa borist um ástand á álmörkuðum og framtíðarhorfur í áliðnaði heimsins.

Í umræðum á fundum efnahags- og viðskiptanefndar vegna fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar með fulltrúa Landsvirkjunar, embættismönnum frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og Hagfræðistofnunar HÍ, auk fulltrúa atvinnulífsins, ASÍ og nokkurra óháðra aðila, kom mjög greinilega fram að opinberar stofnanir leggja til grundvallar sínum umsögnum í einu og öllu áætlanir Landsvirkjunar."

Grundvallaratriði er að menn átti sig á þessu. Allir þeir sem tjá sig um málið byggja á forsendum Landsvirkjunar alveg gagnrýnislaust. Þeir hafa sumir gefið þeim að vísu ágætiseinkunn án þess að hafa kynnt sér nánar málin, en þeir byggja á þessum grundvallarupplýsingum Landsvirkjunar. Og síðan eru menn með röksemdaflutning sem er afleiddur af því.

Ég held áfram í þessari tilvitnun, með leyfi forseta:

„Í umsögn Seðlabankans kemur fram að um sé að ræða stærstu fjárfestingu í raforkukerfi landsmanna í sögu þjóðarinnar sem óhjákvæmilega snerti margvísleg svið, svo sem atvinnumál, umhverfismál, arðsemi og áhættufjárfestingar Landsvirkjunar, byggðamál, ríkisábyrgðir og fjárhagslegt skipulag í tengslum við áhættufjárfestingu í raforkukerfinu og tengdri stóriðju, þjóðarbú og hagstjórn. Jafnframt að þar sem ekki hafi tekist í tíma að fá aðgang að öllum gögnum sem nauðsynleg eru til að leggja sjálfstætt mat á áhrif verkefnisins byggist álit bankans í veigamiklum atriðum á athugunum Þjóðhagsstofnunar á þjóðhagslegum áhrifum Noral-verkefnisins. Seðlabankinn leggur á þessu stigi ekkert mat á þessar niðurstöður."

Aftur, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að það er ekki sjálfstætt mat sem þessir aðilar leggja á málin heldur byggja þeir hver á öðrum og upphaflega á gögnum sem koma frá Landsvirkjun. Og áfram held ég, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn leggur á þessu stigi ekkert mat á þessar niðurstöður. Hann tekur þær einfaldlega sem gefnar sem undirstöður undir mat sitt á því hvaða áhrif verkefnið kann að hafa á peningastefnuna, vexti, gengi og aðra þá þætti sem snerta bankann. Seðlabankinn virðist ekki líta á það sem hlutverk sitt að taka afstöðu til málsins í heild enda eru margir þættir þess utan verksviðs hans. Það sé fyrst og fremst verksvið þeirra sem standa að byggingu álverksmiðju á Reyðarfirði að taka ákvörðun um hvort þeir vilji ráðast í verkefnið í ljósi væntanlegrar ávöxtunar og áhættu. Með sama hætti yrði það viðfangsefni þeirra sem fá það hlutverk að selja álverinu raforku að meta hvort arðsemi og áhætta verður verjanleg. Alþingi yrði að meta hvort veita beri málinu brautargengi þar sem vegnir yrðu saman hugsanlegur ávinningur í hærri þjóðartekjum og byggðarþróun og hugsanleg þjóðhagsleg áhætta og neikvæð umhverfisáhrif.

Seðlabankinn bendir hins vegar á að rök kunni að vera til að skoða hvort ekki sé unnt að takmarka áhættu almennings af verkefninu með því að takmarka með einhverjum hætti þær ábyrgðir opinberra aðila sem verða á lánsfjáröflun til orkuframkvæmda að öðru óbreyttu. Seðlabankinn hefur almennt verið á móti víðtækri notkun ríkisábyrgða í áhætturekstri og fjármálastarfsemi enda geta þær skekkt áhættumat og samkeppnisstöðu."

Herra forseti. Það er ástæða til að beina athygli manna að þessu, að Seðlabankinn hefur varað við því að ríkið og opinberir aðilar gangist í ábyrgð í þeim mæli sem hér er verið að leggja til. Og einnig er varað við því að þetta verkefni kunni ekki að rúmast í íslensku hagkerfi. Engu að síður talar Seðlabankinn, húsbændum sínum trúr leyfi ég mér að segja, jafnframt um að hugsanlega sé hægt að grípa til mótvægisaðgerða til að hamla gegn þessu og kem ég að því síðar hverjar þær mótvægisaðgerðir eru. Það er t.d. með því að keyra hér upp vaxtastigið í landinu. En áfram segir, með leyfi forseta:

„Í mati Seðlabankans er byggt á úttekt Þjóðhagsstofnunar sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Seðlabankinn segir enn fremur: „Ekki er reiknað með neinum mótvægisaðgerðum í ríkisfjármálum. Leggja verður ríka áherslu á að matið er mikilli óvissu háð og aðeins til viðmiðunar. Ástandið getur að verulegu leyti ráðist af ástandi þjóðarbúskaparins þegar framkvæmdir hefjast og öðrum ytri áhrifum sem þjóðarbúið verður fyrir meðan á þeim stendur ... Einn stærsti óvissuþátturinn sem tengist framkvæmdunum er áhrif þeirra á gengi krónunnar. Í þeim framreikningi Þjóðhagsstofnunar sem hér er stuðst við er reiknað með óbreyttu gengi krónunnar. Allar niðurstöður hér á eftir verður að skoða í ljósi þess. Sennilegt er að umtalsverðar gengisbreytingar verði fylgifiskur framkvæmdanna, þótt erfitt sé að sjá þær nákvæmlega fyrir, hvað þá að tímasetja þær ... Seðlabankinn mun vinna að því að verðbólga verði sem næst 2,5 % á ári. Framkvæmdirnar munu því krefjast aukins aðhalds peningastefnunnar áður en og meðan þær eru sem mestar ..." Fram kemur hjá Seðlabankanum að gera megi ráð fyrir 2,5% hækkun vaxta við upphaf framkvæmda."

Mér finnst menn hafa tekið þessum yfirlýsingum Seðlabankans af alveg ótrúlegri léttúð. Þar vísa ég að sjálfsögðu fyrst og fremst til ríkisstjórnarinnar og stjórnar meiri hlutans á Alþingi. Ef lánsskuldbindingar landsmanna eða vaxtabyrðarnar væru hækkaðar sem þessu næmi, um 2,5%, værum við að tala þar um milljarða álögur á landsmenn. Og ég hef svolítið saknað þess í umræðunni að ekki væru ræddar mótvægisaðgerðir fyrir hönd heimilanna, m.a. til að verja þau gegn þessum vaxtaklyfjum sem þannig yrðu lagðar á þau. Ég held áfram tilvitnun í þetta álit, með leyfi forseta:

„Vegna þessarar fyrirhuguðu vaxtahækkunar Seðlabankans, ef af virkjunar- og álversframkvæmdum verður, er ljóst að um svokallaðar ruðningsaðgerðir verður að ræða. Með hugtakinu „ruðningsaðgerðir" er átt við að þeim fyrirtækjum sem veikast standa yrði einfaldlega rutt úr vegi. Þetta á ekki hvað síst við um svokölluð „sprotafyrirtæki" sem geta skapað arðsöm störf til framtíðar litið ef þau fá tíma og aðstæður til að vaxa úr grasi. Þannig mundi þessi einstaka risaframkvæmd, ef af yrði, ryðja úr vegi mörgum fyrirtækjum sem annars gætu vaxið og dafnað. Samdráttur í opinberum framkvæmdum einn og sér nægði engan veginn til að vega á móti þeim miklu framkvæmdum tengdum álveri sem hér um ræðir. Til viðbótar þessu kæmu síðan auknar álögur á almenning í formi mikilla vaxtahækkana, auk þess að mjög hæpið verður að teljast að markmið Seðlabankans um 2,5% verðbólgu á ári náist á sama tíma og á slíkri risaframkvæmd stæði, sem með margvíslegum hætti mundi hafa mjög mikil áhrif til spennuaukningar í hagkerfinu.

Á framangreindum fundum komu fram athyglisverðar upplýsingar um þróun álframleiðslu og hvernig hún færist í síauknum mæli til iðnþróunarþjóðanna, ekki hvað síst til Kína. Þannig er nú áætlað að Kína, sem að undanförnu hefur verið stærsti álinnflytjandi heims, verði að 3–5 árum liðnum orðið að nettó-útflutningslandi á áli. Þessar viðamiklu breytingar hafa mjög mikil áhrif á þróun álverðs til framtíðar litið. Í sambandi við álverð og álverðsþróun væri vert að fá upplýsingar um hvað helstu sérfræðingar heims hafi gert ráð fyrir að álverð væri um þessar mundir, þegar fyrir 2–3 árum var verið að leggja grunn að þeim útreikningum sem nú er stuðst við."

Mér finnst ástæða til að staldra ögn við þetta vegna þess að verðið á álinu skiptir grundvallarmáli þegar kemur að arðsemisútreikningum fyrir virkjunina. Það er um það rætt að tengja, eins og iðulega er gert, raforkuverðið verðlagi orkukaupandans, verðinu sem fæst fyrir afurð álversins. Og þá hafa menn sagt að til þess að tryggja það samningsverð sem menn ganga út frá þurfi álverðið, verðið á áltonninu, að vera 1.550 dollarar. Hvað skyldi það vera núna, herra forseti? Það eru rúmlega 1.400 dollarar. En menn segja: Það eru miklar líkur á því að þetta muni lagast. Einn hv. þm., Pétur H. Blöndal, hreifst mjög af því að í efh.- og viðskn. var talað um svokallaða Monte Carlo aðferð við að reikna líkurnar út, og án þess að ég vilji gera lítið úr þessari aðferðafræði og kenna hana við spilavítin er það samt ofurlítið tengt. Það eru nefnilega getgátur sem menn byggja á. En gott og vel. Menn styðjast við upplýsingar sem menn hafa frá liðnum árum og hvernig álverðið hefur þróast. Það sem hins vegar gleymist er að taka tillit til þeirra grundvallarbreytinga sem eru að verða á þessu sviði í heiminum. Og hverjar eru þær? Jú, þær eru m.a. þær sem hér er vikið að, að framleiðslan á áli er að færast frá efnahagslega þróuðum ríkjum til þeirra sem síður eru þróuð, frá Evrópu og Bandaríkjunum til Afríkulanda, til Suður-Afríku, til Mósambík, til Asíuríkja, til Víetnam, til Kína. Hér er sérstaklega vísað til Kína. Og það er vísað til þess að gert sé ráð fyrir því að Kínverjar, sem hingað til hafa flutt inn ál, muni að skömmum tíma liðnum verða orðnir útflutningsaðilar fyrir eigin framleiðslu, og það muni gerast að þremur, fjórum árum liðnum ef að líkum lætur.

Þessi lönd í Afríku og Asíu og víðar, Indónesíu, bjóða þessum álfyrirtækjum upp á raforkuverð sem er miklu lægra en hér er. Þetta getur valdið því að álverðið haldist lægra, vegna þessara kerfisbreytinga muni það haldast lægra en ýmsir sérfræðingar hafa viljað vera láta. Þeir sem ég hef hlustað á eða viljað taka mark á benda einmitt á þetta, að ákveðnar kerfisbreytingar séu í uppsiglingu og að við eigum ekki að taka það sem gefið að spádómar um hækkandi álverð eigi við rök að styðjast. Þetta skiptir okkur að sjálfsögðu meginmáli, okkur sem erum ábyrg fjárhagslega fyrir virkjuninni sem menn eru að leggja til að við veitum heimild fyrir, því að af orkuverðinu ræðst arðsemi hennar að sjálfsögðu.

Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Órjúfandi tengsl eru á milli ákvörðunar um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og byggingu álverksmiðju og tilheyrandi kolskautaverksmiðju. Í því sambandi væri mjög mikilvægt að fram kæmi við hvaða álverð væri áætlað að væntanleg Reyðarálsverksmiðja væri rekin á „núlli".

Vegna þeirra frétta er nú berast um að Norsk Hydro hafi gefið íslenskum stjórnvöldum til kynna að fyrirtækið geti ekki staðið við þann tímaramma sem ráð var fyrir gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði og jafnframt sé það ekki tilbúið að ganga frá nýrri tímaáætlun er sjálfgert að fresta málinu af hálfu Alþingis meðan frekari gagna er aflað og hætta öllum frekari undirbúningi framkvæmda vegna Kárahnjúkavirkjunar að sinni."

Þetta segi ég, herra forseti, í niðurlagi álitsgerðar minnar frá 18. mars árið 2002.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar á því að trufla ræðu hans en forseta þykir ýmislegt benda til þess að hv. þm. ljúki ekki ræðu sinni á næstu mínútu eða svo. Er það rétt ályktað?)

Já.

(**Forseti** (GÁS): Í því ljósi fer forseti fram á það við hv. þm. að hann fresti ræðu sinni því nú rennur upp tími þingflokksfunda sem ráðgert er að standi næsta hálfan annan tíma. *Því spyr forseti hv. þm. hvort hann geti fallist á* þá ráðstöfun að hann haldi áfram ræðu sinni um klukkan hálfsex.)

Ég fellst á það.

[Fundarhlé. — 16:01]

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 684. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1100.

Flugmálaáætlun árið 2002, 681. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 1097.

Framkvæmd flugmálaáætlunar 2000, 687. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1106.

Hafnarframkvæmdir 2000, 690. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1109.

Jöfnun námskostnaðar, 693. mál, fsp. KLM, þskj. 1112.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, 685. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1101.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, 686. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1102.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, 680. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 1096.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o. fl., 704. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1123.

[17:30]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Ég heyri að mikill órói er á ráðherrabekknum og menn spyrja hvers vegna þeir hafi verið ómakaðir, hæstv. ráðherrar, að koma hingað í þinghúsið, þeir hafi búist við að hér yrði atkvæðagreiðsla. Við erum að fjalla um eitt helsta stórmál sem hefur verið tekið til umræðu í sögu Alþingis, stærstu fjárfestingu í sögu þjóðarinnar. Mönnum finnst það vera allt að því ókurteisi að ómaka hæstv. ráðherra á fund þar sem þetta mál er til umfjöllunar.

Við ræddum fyrr í dag að illa væri komið fyrir Alþingi Íslendinga, að það léti bjóða sér þau vinnubrögð og þá framkomu sem ríkisstjórnin og þá ekki síst ráðherrar Framsfl., hæstv. iðn.- og viðskrh. og hæstv. utanrrh., hafa sýnt í málinu. Þau hafa staðhæft, báðir þessir hæstv. ráðherrar, að þau hafi verið í beinu og stöðugu sambandi við æðstu menn Norsk Hydro um langt skeið. Það hefur ítrekað komið fram í fjölmiðlum. Síðan láta þau eins og þau komi af fjöllum þegar það er upplýst að þær tímasetningar sem haldið hefur verið að þinginu koma ekki til með að standast. Látið er í veðri vaka að Norðmenn og fulltrúar Norsk Hydro hafi í frammi blekkingar við Íslendinga.

Ég hef hins vegar haldið því fram og fært fyrir því rök í máli mínu að það séu Íslendingar, íslensk stjórnvöld og *fulltrúar Íslendinga í þeim viðræðum sem hafa haft í frammi* blekkingar við þjóðina á Alþingi. Hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur nú upplýst, og gerði það í fjölmiðlum, að þótt henni hefðu verið kunnar staðreyndir málsins um og fyrir síðustu mánaðamót hafi hún lifað í voninni, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, og þess vegna ekki talið að þær upplýsingar sem hún bjó yfir hafi átt erindi inn á Alþingi og í þær þingnefndir sem um þessi mál hafa fjallað. Þar er vísað í störf iðnn., umhvn. og efh.- og viðskn. Alþingis sem á að fjalla um efnahagslegar forsendur málsins.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs *ræddi þessi mál og þá stöðu sem upp er komin á* þingflokksfundi sem lauk fyrir fáum mínútum og samþykkti þingflokkurinn ályktun sem ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna í úr ræðustóli:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fordæmir harðlega að mikilsverðum upplýsingum sem vörðuðu stöðu Noral-verkefnisins svonefnda og stjórnarfrumvarps um Kárahnjúkavirkjum og stækkun Kröfluvirkjunar skuli hafa verið haldið leyndum fyrir Alþingi og viðkomandi þingnefndum meðan málið var þar til umfjöllunar. Það er óverjandi með öllu að ábyrgðaraðilar verkefnisins skuli ekki greina satt og rétt frá stöðu mála á hverjum tíma, jafnt Alþingi sem fjölmiðlum og þar með þjóðinni. Þó tekur steininn úr þegar háttsettir opinberir embættismenn og ráðherrar eru staðnir að því að halda mikilsverðum upplýsingum frá Alþingi og þingnefndum. Þessi vinnubrögð fylgja í kjölfar þeirrar pólitísku valdbeitingar sem áður hafði verið ástunduð í málinu af umhvrh. og þess ásetnings iðnrh. og Landsvirkjunar að umlykja fyrirhugað orkuverð leyndarhjúp.

Það er óumflýjanlegt að Alþingi taki nú til skoðunar hvernig tryggja megi að umfjöllun um þingmál og störf þingnefnda geti alltaf byggst á réttum og fullnægjandi upplýsingum. Einnig þarf að huga að því hvort setja beri ákvæði í lög sem taka af skarið um að það sé saknæmt og refsivert að leyna Alþingi og þingnefndir upplýsingum eða greina þeim rangt frá."

Herra forseti. Hér las ég upp ályktun sem samþykkt var á þingflokksfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Eins og fram kom hjá hæstv. forseta Alþingis gerði ég hlé á ræðu minni fyrir fund þingflokka sem hófst kl. 16. Ég hafði þar gert grein fyrir helstu sjónarmiðum sem ég vildi að kæmu fram í fyrri ræðu minni við umræðuna. Ég mun að sjálfsögðu gera ítarlega grein fyrir þeim þáttum sem ég tel enn mikilvægt að koma að við umræðuna í síðari ræðu minni í kvöld en læt þessari ræðu minni hér með lokið.

[17:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli þeim fullyrðingum að Alþingi hafi ekki fengið þær upplýsingar sem lágu fyrir á hverjum *tíma í þessu máli. Þetta hefur verið útskýrt rækilega og farið* yfir það og þar hefur engu verið leynt. Það er mjög merkilegt að þingflokkur á hv. Alþingi, Vinstri grænir, komi hér skipti eftir skipti og ásaki stjórnvöld og meiri hluta Alþingis um ólýðræðisleg vinnubrögð vegna þess að þeir vilja eyðileggja

og tefja mál. Á þessi litli minni hluti Alþingis einhvern rétt á því að koma í veg fyrir framgang lýðræðisins á Alþingi og ásaka meiri hlutann um vinnubrögð af því tagi sem hér er lýst? Ég tel ástæðu til að mótmæla þessu, herra forseti, ég tel um vítaverð vinnubrögð að ræða þegar svo lítill minni hluti Alþingis ásakar okkur hin um ólýðræðisleg vinnubrögð vegna þess að þeir fá ekki vilja sínum framgengt og vilja setja það í refsilöggjöf að þeir geti stjórnað málum með þeim hætti eins og þeir eru að reyna að gera hér á Alþingi.

[17:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannleikur er sannleikur hvort sem hann er borinn fram af fáum mönnum eða mörgum. Hið sama gildir um ósannindin og lygina. Hún er lygi hvort sem hún er borin fram af fáum mönnum eða mörgum. Það hefur verið upplýst, m.a. af hálfu hæstv. viðskrh., að efh.- og viðskn. Alþingis hafi verið leynd upplýsingum. Hæstv. ráðherra sagði það í morgunfréttum Ríkisútvarpsins að hún lifði enn í voninni um að þær upplýsingar sem henni höfðu borist mundu ekki reynast réttar. Og þess vegna sagði hæstv. ráðherra að þær upplýsingar ættu ekki erindi inn í efh.- og viðskn. þingsins. Með öðrum orðum, þessum upplýsingum var haldið leyndum fyrir nefndinni. Það er því rangt sem fram kemur hjá hæstv. utanrrh. að Alþingi hafi ekki verið leynt upplýsingum. Það hefur verið staðfest af hálfu hæstv. viðskrh. ríkisstjórnarinnar.

[17:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega undarlegt þegar hv. þm. sem telur sig vera sjálfskipaðan boðbera sannleikans kemur hér og ber ósannindi á ráðherra og þingmenn. Hvenær hefur það verið sagt að Alþingi hafi verið leynt upplýsingum? Aldrei. Enda hefur það ekki verið gert. Hv. þm. verður að læra að temja sér lýðræðisleg vinnubrögð og hann verður að sætta sig við að lýðræðislega kjörinn meiri hluti á Alþingi geti unnið að málum þjóðarinnar með eðlilegum hætti hvort sem honum líkar betur eða verr. En að koma hingað og bera á borð að hann sé sjálfskipaður fulltrúi sannleikans en við hin öll fulltrúar lyginnar, eins og hann segir hér, er honum ekki til sóma og bæri að sjálfsögðu að víta þingmanninn í eitt skipti enn fyrir slík ummæli.

[17:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. og formanni Framsfl. að ég er hér að færa fram staðreyndir og sannleika í máli. Staðreyndir sem hafa verið staðfestar af þeirri sem bar þær fram, hæstv. viðskrh. Valgerði Sverrisdóttur, sem hefur lýst því yfir í útvarpsviðtali að hún hafi ekki talið upplýsingar um það mál sem var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. Alþingis eiga heima hjá nefndinni því hún hafi lifað í voninni um að þessar staðreyndir mundu taka breytingum á komandi dögum eða vikum. Þetta hefur sjálfur hæstv. ráðherra staðfest.

Síðan kemur hér hæstv. utanrrh. og leyfir sér að tala um lýðræðisleg vinnubrögð í þessu máli, í máli þar sem upplýsingum er aftur og ítrekað haldið leyndum.

Mér barst í hendur svar, eða svarleysi öllu heldur, við fyrirspurn sem ég setti fram um raforkuverð og þar segja fulltrúar ríkisstjórnarinnar að Alþingi og þjóðinni komi þær ekki við nema menn undirgangist þagnarheiti. Þetta eru staðreyndir. Síðan vogar hæstv. ráðherra sér að bera það á borð að hann sé fulltrúi lýðræðislegra vinnubragða í þessu máli. Eitt er alveg víst, nú hefur komið fram innlegg í þessa umræðu sem án efa á eftir að lengja hana til muna.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hæstv. iðnaðarráðherra óskar að bera af sér sakir.

[17:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef verið borin þungum sökum af hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Hann hefur farið hér með rangt mál þegar hann segir að ég hafi staðfest að þingnefnd hafi verið leynd upplýsingum vegna þess að það er ekki rétt. Ég er nokkuð oft búin að greina þinginu frá því hvert þetta ferli var og er sem hér er til umfjöllunar. Sá tímapunktur sem hv. þm. vitnar til að nefndarfundur hafi verið haldinn í efh.- og viðskn. og að upplýsingar hafi ekki borist um að efasemdir væru uppi um að Norsk Hydro ætlaði að standa við tímasetningar var mjög viðkvæmur. Hér erum við að fjalla um mjög viðkvæmt mál og á þeim tíma þegar sá nefndarfundur var haldinn var ekki hægt að ætlast til þess að þingnefnd, eða hv. Alþingi, sé gerð nákvæm grein fyrir stöðu mála. Einfaldlega vegna þess að málið er viðkvæmt og fleiri samtöl eiga eftir að eiga sér stað við forsvarsmenn þessa fyrirtækis. Fyrirtækið hefur haldið því fram, bæði í íslenskum fjölmiðlum og eins við mig sem ráðherra, að engin ákvörðun hafi verið tekin um breytingar en hins vegar séu uppi efasemdir um að hægt sé að standa við ákveðnar tímasetningar. Hv. þm. hefur því farið með rangt mál og þess vegna vildi ég, hæstv. forseti, fá að koma hingað og bera af mér sakir.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 13. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[17:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér stangast fullyrðingar mjög á. Þetta styður þá tillögu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett fram um að fram fari athugun og rannsókn á málinu. Æskilegt væri að þessari umræðu yrði nú skotið á frest meðan sú athugun og rannsókn fer fram.

Það er mjög alvarlegur hlutur þegar Alþingi Íslendinga er leynt upplýsingum. Og ég staðhæfi að Alþingi og þingnefndir hafi verið leyndar upplýsingum. Upplýsingum hefur verið haldið frá þeim sem þeim ber að hafa þegar þær fjalla um þetta mikilvæga mál.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 17:44.

---

107. FUNDUR

miðvikudaginn 3. apríl,
að loknum 106. fundi.

Dagskrá:

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 704. mál, þskj. 1123. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

[17:44]

Útbýting þingskjala:

Aðflutningsgjöld af hljóðmagnarasettum til kennslu, 692. mál, fsp. SvanJ, þskj. 1111.

Bifreiðakaupastyrkir, 703. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1122.

Breiðbandsvæðing landsins, 696. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 1115.

Ferðaþjónusta og stóriðja, 694. mál, fsp. PHB, þskj. 1113.

Heyrn skólabarna, 695. mál, fsp. SvanJ, þskj. 1114.

Kostnaður Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins, 698. mál, fsp. KolH, þskj. 1117.

Málefni Þjóðminjasafnsins, 697. mál, fsp. KolH, þskj. 1116.

Nám í málm- og véltæknigreinum, 691. mál, fsp. RG, þskj. 1110.

Starfsemi Fjárfestingarstofu – orkusviðs, 701. mál, fsp. KolH, þskj. 1120.

Þátttaka Landsvirkjunar í menningartengdu starfi, 700. mál, fsp. KolH, þskj. 1119.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:47]

Eina dagskrármálið var of seint komið fram. — Samþ. með 46 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 704. mál (bensín). — Þskj. 1123.

[17:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka forseta og formönnum þingflokka fyrir að hafa greitt fyrir því að þetta mál fengi að koma hér á dagskrá með afbrigðum þeim sem afgreidd voru áðan. Eðli málsins samkvæmt er brýnt að mál sem þetta fái skjóta afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Frv. sem ég mæli fyrir er um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., en í frv. er lagt til að gerð verði breyting á hinu almenna vörugjaldi af eldsneyti til lækkunar um 1,55 kr. á hvern lítra af bensíni.

Eins og margir í salnum muna eflaust var gerð sú kerfisbreyting á haustdögum 1999 að horfið var frá hlutfallslegri skattlagningu í vörugjaldi á bensíni, sem áður var 97 af hundraði, yfir í fasta krónutölu, 10,50 kr. pr. lítra. Þá var talið að slík aðgerð væri nauðsynleg til að draga úr sveiflum í bensínverði innan lands sem væru ærnar á heimsmarkaði þó að prósentuálagning skatta magnaði ekki þá breytingu hverju sinni, hvort heldur væri til hækkunar eða lækkunar.

Þessi skattlagning, 10,50 kr. á hvern lítra, hefur staðið óbreytt frá því þessi breyting var gerð en með þessu frv. er lagt til að skatturinn lækki niður í 8,95 kr. á hvern lítra til loka júnímánaðar næstkomandi. Ástæðan fyrir því að hér er lögð til tímabundin breyting er sú að verð á bensíni hefur farið hækkandi á heimsmarkaði og það er ljóst að áhrif slíkrar hækkunar á bensínverð hér innan lands geta verið umtalsverð og hugsanlega stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Þess vegna ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir þessari lækkun í trausti þess að olíufélögin mundu með sama hætti leggja sitt af mörkum í þessu máli. Það reyndist rétt því olíufélögin ákváðu um þessi mánaðamót að hækka ekki bensínverðið.

Á þessum árstíma er það gjarnan þannig að bensín hækkar á heimsmarkaði en lækkar síðan þegar líður fram á vorið og sumarið, og hér er í raun lagt til að væntanleg lækkun sé tekin út fyrir fram þannig að minni sveiflur verði hér í bensínverði. Þar með verður hvorki hækkun nú né sú lækkun sem vænta mætti þegar þar að kæmi. Auðvitað má segja að með þessu sé verið að taka ákveðna áhættu. Við vitum ekki fyrir víst að bensín muni lækka en ákveðin reynsla segir okkur það samt. Hins vegar eru óvissutímar á alþjóðavettvangi sem geta gert það að verkum að sú spá rætist ekki. Við þurfum að taka afstöðu til þess þegar þar að kemur, í lok þessa tímabils, hvort forsendurnar hafi staðist.

Við teljum að þessi lækkun vörugjaldsins sem mun koma í veg fyrir hækkun útsöluverðs um 1,90 kr. muni kosta ríkissjóð á tímabilinu um 80 millj. kr. Við teljum verjandi að ráðstafa fjármunum með þeim hætti í þeirri baráttu sem hér er háð við verðbólguna og til að tryggja verðlagsmarkmið kjarasamninganna.

Þetta er í örstuttu máli, herra forseti, kjarni þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Þetta er ekki stórt frv. eða flókið en vegna eðlis þess er brýnt að það fái hér skjóta afgreiðslu eins og ég gat um til að þau áhrif sem hér er um að ræða skili sér sem fyrst inn í það kerfi sem ríkjandi er varðandi þessa gjaldtöku.

Ég legg þess vegna til, herra forseti, að frv. verði að 1. umr. lokinni vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr. og geri mér góðar vonir um að samstaða geti orðið um að afgreiða þetta mál mjög hratt í þinginu.

[17:52]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. gat um hefur tekist samstaða um það meðal þingflokkanna að afgreiða þetta mál með nokkuð skjótum hætti. Við höfum nú þegar veitt afbrigði til þess að hægt sé að taka málið á dagskrá. Hæstv. fjmrh. sagði í framsögu sinni áðan að eðli málsins væri slíkt að það krefðist skjótrar afgreiðslu.

Út af fyrir sig munum við í Samfylkingunni ekki reyna að tefja þetta mál. Við getum fyrir okkar leyti fallist á að það verði afgreitt með skjótum hætti en eigi að síður vil ég hafa allan fyrirvara á því hvort takist að afgreiða þetta í kvöld eins og farið hefur verið fram á. Ástæðan er sú, herra forseti, að nauðsynlegt er að ræða við tiltekna fulltrúa verkalýðshreyfingar og reyndar ákveðinna samtaka til að kanna þetta frv. og þær afleiðingar sem það kann að hafa í för með sér.

Ég vil þessa vegna spyrja hæstv. fjmrh. hvaða nauður reki til þess að afgreiða þurfi frv. svo hratt? Er það vegna þess að olíufélögin eru aðilar að samkomulagi og þeirra hlutur hefur þegar komið til framkvæmda? Það væri þakkarvert ef hæstv. ráðherra vildi upplýsa það á eftir.

Ég hjó eftir því þegar ég las frv. og greinargerðina með því að einungis er gert ráð fyrir því að ákvæði frv. gildi til júníloka þessa árs. Það kom mér nokkuð spánskt fyrir sjónir. Ég skildi það hins vegar af ræðu hæstv. ráðherra að vanalega hækkar olíu- og bensínverð á heimsmarkaði á þessum tíma árs en lækkar aftur sökum eðlilegra árstíðasveiflna þegar líður á sumarið. Ég skildi það svo, herra forseti, að tilgangur frv. væri að taka af þann kúf sem ella hefði komið hér og þar

með koma í veg fyrir lækkunina sem ella hefði orðið síðar á sumrinu.

Við vitum hins vegar, herra forseti, að það eru óvissir tímar og viðsjár á alþjóðavettvangi. Einmitt í þeim heimshluta þar sem olíuframleiðsla er hvað mikilvægust horfir nú til styrjaldar. Þetta leiðir væntanlega til þess að sú spenna sem hefur magnast á alþjóðavettvangi er líkleg til að leiða af sér verðhækkanir á olíu.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra: Hvað ef vindur fram undir lok júní og staðan á alþjóðavettvangi er með þeim hætti að bensínverð á heimsmarkaði er að hækka? Hvað ætlar hæstv. ráðherra þá að gera? Samkvæmt frv. hefur hann ekki heimild til að láta lækkunina á vörugjaldinu lifa áfram. Er þá hugsunin sú að grípa til bráðabirgðalaga? Herra forseti. Sú hugsun er mér nokkuð andstæð og ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann ekki að betra væri að veita hæstv. ríkisstjórn heimild til að hafa þessa lækkun í gildi lengur fram á sumarið? Ég held að það sé eitt af því sem við hljótum að velta fyrir okkur í efh.- og viðskn. þegar við fjöllum um málið á eftir.

Mig langar jafnframt að nota tækifærið, herra forseti, og inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða skoðun hann hafi á því að það takist að halda verðlagsþróuninni með þeim hætti að ekki þurfi að koma til uppsagnar launaliða kjarasamninga. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra og forustu verkalýðshreyfingarinnar um að það er nauðsynlegt að ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið, láti ekki sinn hlut eftir liggja í þeirri baráttu. Það er ákaflega mikilvægt fyrir fjölskyldur í landinu, fyrir þá sem eru að kaupa sér húsnæði, fyrir fyrirtækin í landinu, að verðbólga verði sem minnst. Það skiptir máli varðandi almenna samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs gagnvart útlöndum. Þess vegna skiptir miklu máli að vel takist til.

Ég vil líka rifja upp, herra forseti, að það er ekki langt síðan að stjórnarandstaðan hóf mikla baráttu í sölum Alþingis til að knýja ríkisstjórnina með atbeina verkalýðshreyfingarinnar til þess að taka aftur tilteknar hækkanir á opinberum gjöldum. Ríkisstjórnin varð við þeim tilmælum og við fögnuðum því, a.m.k. fulltrúar Samfylkingarinnar. Ég hlýt hins vegar við þessar aðstæður að inna hæstv. ráðherra eftir því hvað verður um þá hækkun sem mér skilst að muni koma til framkvæmda síðar á þessu ári.

Ég vil líka geta þess, herra forseti, og það hefur komið fram í fjölmiðlum í dag að bankastofnanir og sérfræðingar á vegum þeirra eru þeirrar skoðunar að með handafli sé verið að halda niðri þróun verðlags, og þegar kemur fram í næsta mánuð muni verðbólgan aftur skjótast upp, með öðrum orðum að við búum við eins konar gerviástand í dag. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvaða skoðun hann hafi á þessu.

Í lokin, herra forseti, vil ég segja að við munum að sjálfsögðu greiða fyrir því að þetta frv. hljóti skjóta afgreiðslu en við áskiljum okkur fullan rétt til að fara gaumgæfilega yfir það og það kann að taka e.t.v. svolítið lengri tíma en hæstv. ráðherra vill. Ég vil biðja hann að sýna okkur biðlund í þeim efnum. Það þarf að vanda til lagasetningar af þessu tagi.

[17:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram strax að ekkert samkomulag hefur verið gert við olíufélögin um þetta mál. Ríkisstjórnin tók þessa ákvörðun í trausti þess að olíufélögin gripu sömuleiðis til ákveðinna aðgerða, og það varð. Það er ekkert samkomulag um það. Hins vegar er málið þannig að ef þessi lækkun upp á 1,55 kr. nær ekki fram að ganga eru olíufélögin raunverulega að fjármagna þá lækkun líka vegna þess að bensínið hefur ekki hækkað. Og það er óeðlilegt að fella þann kostnað á olíufélögin eins og málið er í pottinn búið. Þess vegna er brýnt að allir standi við sitt, þar á meðal ríkissjóður, og ljúki þessu sem allra fyrst. Lítrarnir eru fljótir að telja í þessu máli eins og okkur er kunnugt um.

Að því er varðar hvað gerist í sumar er það alveg rétt sem þingmaðurinn sagði, við hugsum þetta þannig að við tökum ákveðinn kúf í trausti þess að þróunin verði eins og hún hefur verið undanfarin ár og jöfnum þetta út. Það verður ekki hækkun núna, það verður heldur ekki lækkun í sumar eins og venjulega hefur verið. Auðvitað geta menn svo deilt um hvort þetta sé almennt skynsamlegt en ég held að sveiflujöfnun af þessu tagi sé í eðli sínu jákvæð.

Hvort þetta verður síðan reyndin vitum við ekki. Eins og hv. þm. nefndi, og ég líka, koma inn ótal óvissuþættir þar að lútandi, m.a. vegna ástands heimsmála, ekki síst fyrir botni Miðjarðarhafs. Þetta vitum við ekki um.

Eins og frv. er lagt upp er ekki reiknað með öðru en að þessi aðgerð falli úr gildi í lok júní og að bensíngjaldið hækki þá aftur. Það er ekki gert ráð fyrir öðru, og engin áform eru um bráðabirgðalög eða aðrar ráðstafanir af því tagi.

Að því er varðar síðan almennu spurninguna um kjarasamningana og hvort verðlagsmarkmið haldi tel ég góðar líkur á að svo verði. Ég tel ekki ástæðu til að halda að þegar líða tekur á maímánuð muni bresta hér á einhver verðbólguholskefla, miklar verðhækkanir eða annað. Ég tel að slíkur grunur sé óþarfur andstætt einhverjum í fréttum í dag sem þingmaðurinn gat um.

[18:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum greiða fyrir því að þetta mál fái skjóta umfjöllun hér á Alþingi. Gerðar hafa verið breytingar á þessum lögum. Það er ekki svo ýkja langt síðan. En sú var tíðin að almennt vörugjald af bensíni var hlutfall af olíuverðinu þannig að tekjustreymið til ríkissjóðs sveiflaðist í takt við sveiflur á olíu á heimsmarkaði og þær sveiflur geta verið talsverðar eins og við þekkjum. Í gær bárust fréttir af því að verð á olíutunnunni hefði hækkað um hálfan annan dollar, hefði hækkað um 4%. Ég tel að það hafi verið skynsamleg ákvörðun á sínum tíma að færa vörugjaldið úr prósentugjaldi yfir í fasta krónutölu.

Nú er gerð tillaga um að lækka þessa krónutölu og enn er skírskotað til sveiflunnar. Hæstv. ráðherra bendir okkur á að á þessum tíma árs gerist það iðulega að olían hækki í verði, en þegar líður á sumarið þá fari það lækkandi og nú vilji menn taka á þessum kúf og vonist til þess að þegar fram líða stundir og líður fram á sumarið þá muni verðlagið að nýju fara lækkandi.

Ég held að sé rétt sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að vegna ástandsins í heimsmálunum og í ljósi þeirra yfirlýsinga sem komið hafa frá olíuframleiðsluríkjunum í hinum íslamska heimi þá geti allt gerst hvað þetta snertir, enda lagði hæstv. fjmrh. jafnframt áherslu á það í sínu máli að þarna væri mikil óvissa á ferðinni.

Eitt sem ég tel ástæðu til að leggja áherslu á er hvaða afleiðingar verðbreytingar af þessu tagi hafa á stöðu ríkissjóðs. Hér erum við að tala um tímabundna aðgerð, ákvörðun sem tekur til fáeinna mánaða, til júníloka mun það vera. En tekjur

ríkissjóðs munu rýrna af þessum sökum um 80 millj. kr. Mér finnst því ástæða til þess að hafa þennan tíma ekki lengri en gert er ráð fyrir í frv. Þá horfi ég til stöðu ríkissjóðs, en ég er í hópi þeirra sem reisi talsvert háar kröfur á ríkissjóð, m.a. í þessum sal, um að standa myndarlega að margvíslegri þjónustustarfsemi sem er á ábyrgð hans.

Annað atriði sem mér finnst vert að íhuga er að þótt menn séu allir af vilja gerðir að komast undir hin rauðu strik sem svo eru nefnd og kjarasamningarnir hvíla á, þá megi þeir gæta sín á því að fara ekki út í hina gömlu vísitöluleikfimi eins og við þekktum fyrir tveimur áratugum eða svo. Í því sambandi nefni ég að Alþingi hafði heimilað hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins ekki fyrir svo ýkja löngu og okkur var lofað því sem gengum eftir því gagnvart fulltrúum ríkissjóðs, hæstv. fjmrh., held ég hafi verið, eða öðrum fulltrúum ríkisstjórnarinnar, að Ríkisútvarpinu yrði bætt þetta upp með fjárframlagi þar til afnotagjaldið yrði hækkað. Það hefur ekki komið til framkvæmda. Afleiðingarnar hafa orðið niðurskurður og uppsagnir hjá Ríkisútvarpinu. Það er þetta samhengi sem ég vil leggja áherslu á að við höfum jafnan í huga, að þegar við skerðum tekjur ríkissjóðs þá reiðum við niðurskurðarsveðjuna jafnframt til höggs. Þetta er atriði sem ég vildi leggja áherslu á.

Og meðal annarra orða, var ekki verið að birta tölur hagnaðartölur olíufélaganna nýlega? Voru þau svo óskaplega illa haldin? Er þeim einhver sérstök vorkunn þótt þau leggi meira af mörkum til að færa niður verð á olíu og bensíni en þau hafa lýst yfir vilja til.

Þessir þættir verða væntanlega til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þingsins sem fær þetta frv. til skoðunar að lokinni þessari umræðu.

Að lokum er eitt um handaflið og verðlagið. Ég er einn af þeim sem er svolítið gefinn fyrir handafl gagnvart verðlaginu og tel mjög mikilvægt að þjóðfélagið sameinist um að ná verðlagi niður, að koma böndum á verðbólguna, vegna þess að verðbólga er ávísun á kjararýrnum hjá því fólki sem býr við fasta launataxta. Það er því mjög mikilvægt markmið að þjóðin öll sameinist um að ná slíku fram. En við megum í þeirri viðleitni gæta okkar á því að einblína ekki á hitamælinn heldur skoða hitastigið í herberginu. Ef við förum að fúska með vísitöluna er hætt við því að einmitt þetta gerist og að gripið verði til ráðstafana sem miðist einvörðungu að því að hafa hemil á mælingu vísitölunnar en ekki verðlaginu almennt.

Það er það sem máli skiptir, verðlagsþróunin almennt, en ekki einvörðungu mælingin og alls ekki mælingin á þessu verðlagi. Sú mæling þarf að vera raunhæf. Mér finnst því miður margt hafa komið fram sem bendir til þess að menn séu að teygja sig aftur til áranna upp úr 1980 hvað þetta snertir. Sú var tíðin að bökurum var sagt að öll brauð mættu hækka nema franskbrauð og normalbrauð vegna þess að það voru brauðin sem voru inni í vísitölunni. Hitt rauk allt upp í bakaríunum. En þessi brauð stóðu ein í stað. Við eigum að forðast að fara út á þessa braut.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frv. Við munum greiða fyrir því að það fái skjóta en að sjálfsögðu vandaða umfjöllun hér í þinginu.

[18:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er full ástæða til þess að taka jákvætt undir það frv. sem hér er borið fram og greiða fyrir því að það geti orðið að lögum. En eins og hefur komið fram við þessa umræðu vakna eðli málsins samkvæmt ýmsar spurningar sem þarf að fá svör við. Boðað hefur verið til fundar í hv. efh.- og viðskn. núna klukkan hálfátta í kvöld og það verður að sjá til hvort hægt verður að afgreiða málið á þeim stutta tíma sem efh.- og viðskn. hefur nú í kvöld til þess að skoða það. Nokkra aðila þarf að kalla til til þess að ræða þetta mál, m.a. fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, olíufélaganna og FÍB. Síðan, eins og fram hefur komið hér, þarf hv. efh.- og viðskn. að fara yfir af stöðuna að því er varðar þetta margfræga rauða strik og hvort líkur séu til þess að það náist, en frv. sem við ræðum er einmitt viðleitni í því að reyna að ná því markmiði.

Í dag dró einmitt í efa t.d. forstöðumaður greiningardeildar Búnaðarbankans, ef ég man rétt, að rauða strikið næðist og ég tel nauðsynlegt af þessu tilefni að fara lítillega yfir þá stöðu.

Ég ætla ekki að tefja þetta mál nú við 1. umr. En ég tel ástæðu til að rifja upp að fyrir jólin fjölluðum við um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem áttu að skila ríkissjóði, að mig minnir, einum milljarði í tekjur. Þar voru ýmsar gjaldtökur sem ríkisstjórnin ætlaði að beita sér fyrir til þess að ná þessum milljarði. Þar var m.a. 10% hækkun á bifreiðagjöldum sem áttu að skila ríkissjóði á þessu ári 260 millj. kr., en það er nú ekki mikið af því sem er verið að skila til baka með þessu frv., þ.e. einungis um 80 millj. kr. af þeim 260 milljónum sem voru teknar af bifreiðaeigendum með hækkun á bifreiðagjaldi um 10% við afgreiðslu bandormsins fyrir jólin.

Það hefur verið veruleg hækkun á tekjum ríkissjóðs af bifreiðaeigendum á undanförnum árum. Hægt er að rifja það upp að á árinu 1995 voru tekjur af bifreiðaeigendum um 18,6 milljarðar kr. en á árinu 2000 voru þær um 30 milljarðar. Man ég nú ekki hvað þær voru á árinu 2001. Enda eru tekjur af bifreiðaeigendum hér langtum hærri sem hlutfall af landsframleiðslu en í öðrum Evrópuríkjum.

Herra forseti. Aðeins aftur að vísitölunni. Við skiptumst nokkuð á skoðunum hér fyrir jólin um áhrifin af þeim gjaldtökum sem fyrirhugaðar voru hjá ríkissjóði á þessu ári, m.a. af bifreiðagjöldum og gjöldum í heilbrigðisþjónustunni, áfengisgjaldi og innritunargjöldum. Það væri fróðlegt, herra forseti, að fá uppgefið nú á þessari stundu, einmitt þegar menn eru með augun mjög á þessu rauða striki, hvað standi út af af þessum gjaldtökum sem fyrirhugaðar voru um áramótin og við ræddum hér í tengslum við bandorminn, frv. til laga í ríkisfjármálum. Ríkisstjórnin féll frá gjaldtökum, ef ég man rétt, í heilbrigðiskerfinu núna í upphafi árs einmitt með tilliti til rauðu strikanna.

Ég spyr þá hvort ekki sé hægt að treysta því, herra forseti, spyr hæstv. ráðherra hvort það haldi út þetta ár a.m.k., þ.e. að ekki verði farið í slíka gjaldtöku aftur síðar á árinu. Auðvitað er maður svolítið hræddur um að verið sé með einum eða öðrum hætti að spila á vísitöluna, og þetta frv. gefur kannski tilefni til þess að halda rauðu strikunum innan markanna núna í maímánuði.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvað standi út af þeim gjaldtökum sem voru áformaðar fyrir jólin. Ég nefni áfengisgjaldið. Ég man ekki hvort ríkisstjórnin kom með einhverja yfirlýsingu um að hætta við það. Síðan standa út af innritunargjöldin, ef ég man rétt. Ég held því að það væri ágætt vegna umræðu sem fer fram núna í efh.- og viðskn. á eftir að fá það gefið upp hjá hæstv. ráðherra hvaða gjaldtökuhækkanir sem við ræddum hér fyrir jólin eigi eftir að koma fram.

Síðan um ákvæði í þessu frv. um að þetta eigi aðeins að gilda til loka júní 2002 á þeirri forsendu að þá er reiknað með lækkun á heimsmarkaðsverði á bensíni. Hæstv. ráðherra nefndi að nú væru óvissutímar og það væri mikilli óvissu háð hvort þær spár gætu gengið eftir. Þá veltir maður fyrir sér hvað gerist í lok júní 2002. Ef olíufélögin fylgja núna eftir og hækka ekki bensín, munu þau þá ekki hækka bensínið sem samsvarar þeirri hækkun sem hefði átt að koma fram núna og hefði átt að koma fram síðar á árinu? Þá værum við að upplifa lækkun á bensíni sem stendur einungis fram til loka júní. Olíufélögin mundu svo þegar kemur að lokum júní og heimsmarkaðsverð hefur ekki lækkað, bæta sér upp þá lækkun sem þeir núna þessa dagana beita sér fyrir með þeim orðum að þeir séu að leggja sitt af mörkum til þess að ná fram þeim markmiðum sem menn setja sér um rauðu strikin.

Í lokin, herra forseti, vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann gæti stutt heimildarákvæði eða bráðabirgðaákvæði við þetta frv. sem gæfi ríkisstjórninni heimild til að framlengja lækkunina sem við ræðum núna á vörugjaldinu, í því tilviki að ekki gangi eftir að heimsmarkaðsverð á bensíni lækki? Ég held að afar mikilvægt sé að fá fram hvort ráðherrann væri tilbúinn til að beita sér fyrir því að ná samstöðu um slíkt heimildarákvæði og tel að slíkt mundi verulega greiða fyrir störfum í efh.- og viðskn. sem fram fara á eftir. Hér gæti verið um að ræða ákvæði til bráðabirgða sem veittu ríkisstjórninni þessa heimild, að gefinni þeirri forsendu að heimsmarkaðsverð á bensíni lækki ekki eins og menn gera ráð fyrir þegar þeir mæla fyrir þessu frv.

Helst af öllu hefði þessi lækkun að mínu viti átt að vera varanleg en ekki tímabundin. Við fulltrúar Samfylkingarinnar munum skoða það í efh.- og viðskn. en erum tilbúin að skoða það ef ráðherrann og meiri hluti efh.- og viðskn. er tilbúinn að skoða það með okkur, að slíkt ákvæði til bráðabirgða kæmi inn í þetta frv.

Ég hef beint spurningum, herra forseti, til hæstv. ráðherra. Þær lúta að ráðstöfunum í ríkisfjármálum frá því fyrir jólin, því sem stendur út af borðinu hvað það varðar og því sem eftir á að koma fram í því efni. Eins spyr ég um ákvæði til bráðabirgða sem ég tel að efh.- og viðskn. ætti að skoða til að tryggja að þessi bensínlækkun lifi lengur en fram til loka júní fari svo að heimsmarkaðsverð á bensíni lækki ekki.

[18:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að bráðabirgðaákvæði eins og hv. þm. gat um standist ekki. Ég tel óheimilt að framselja til ríkisstjórnarinnar slíkt vald til að ákveða hvort skatturinn er hærri eða lægri sem nemur þessari 1,55 kr.

Það var þannig hér áður fyrr að bensíngjald var reglulega hækkað með ákvörðun fjmrh. í takt við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar. Frá þessu hefur verið horfið, ekki síst vegna þess að með stjórnarskrárbreytingum árið 1995 var tekið af skarið með að engan skatt mætti á leggja né af taka nema með ákvörðun Alþingis. Alþingi verður þannig að ákveða sjálft hvort þessi skattur á að koma aftur til framkvæmda 1. júlí þessa árs eða ekki, eða einhvern tímann seinna. Alþingi verður að ákveða það með afgerandi hætti. Þessar dagsetningar eru þær sem gilda. Lækkunin gildir í þrjá mánuði samkvæmt frv. Ég hef engin áform um að falla frá þeirri breytingu. Auðvitað var það mat okkar sem stöndum að þessu frv. hvort þarna ætti að miða við tvo mánuði, þrjá mánuði eða fjóra mánuði. Niðurstaðan varð þrír mánuðir í ljósi þeirrar reynslu sem liggur fyrir um verðþróun á þessum markaði en auðvitað vitum við, eins og ég hef ítrekað sagt, að það er ekkert handfast í þeim efnum á þessum tímapunkti.

Að því er varðar hina spurningu þingmannsins, um þessar aðgerðir almennt í ríkisfjármálum, hef ég það ekki handbært hér hvernig staðan nákvæmlega er í þeim málum. Eins og þingmaðurinn nefndi voru ýmsar hækkanir sem ákveðnar voru í frv. fyrir jólin dregnar til baka en hækkun áfengisgjalds, sem ráðgerð var í fjárlögum, hefur ekki komið til framkvæmda. Það þarf lagabreytingu til að hún geti orðið að veruleika en engin ákvörðun liggur fyrir um hvenær slíkt frv. verði flutt.

[18:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðasta atriðið sem hæstv. ráðherra nefndi, þær gjaldtökur sem út af standa og ekki hafa enn komin til framkvæmda en eru fyrirhugaðar og ráðherrann hefur ekki alveg á reiðum höndum hér, óska ég eftir að ráðherrann hlutist til um að það verði lagt fyrir nefndina sem kemur saman á eftir. Þar þyrftu menn að sjá hvað stendur út af og efh.- og viðskh. getur þá metið það, af því að við erum hér að tala um þessa lækkun á bensíni með tilliti til þess að geta haldið okkur innan rauðu strikanna. Þess vegna er eðlilegt að nefndin fái allt sem hugsanlega gæti verið uppi á borðum um hækkanir á gjöldum, hvers konar gjöldum, síðar á árinu. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að það liggi fyrir nefndinni nú á eftir.

Varðandi heimildarákvæðið til lækkunar sem ráðherrann mótmælir ekki en dregur í efa að standist, væntanlega stjórnarskrána, ætla ég ekkert að deila við hæstv. ráðherra hér úr ræðustólnum. Við munum væntanlega skoða það í efh.- og viðskn. En ég held að slíkt ákvæði sé með öðrum hætti en hæstv. ráðherra nefndi. Slík heimild mundi hafa lagastoð í ákvæði til bráðabirgða miðað við að tilteknar aðstæður væru uppi. Þá hefði Alþingi veitt ríkisstjórninni heimild til að framlengja þessa lækkun miðað við að tilteknar aðstæður væru fyrir hendi. Það þarf bara að skoða í nefndinni hvort það gangi gegn stjórnarskránni. Ef svo reynist ekki vera tel ég fulla ástæðu til, herra forseti, að skilja ekki málið eftir í þeirri óvissu að olíufélögin geti haft málið í sinni hendi og náð aftur þeirri lækkun sem þeir eru að boða núna. Gildistími þessa vörugjalds yrði þannig lengri en til loka júní, jafnvel til áramóta.

[18:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hlýt að gleðjast yfir skattalækkun, það er ekki spurning, þó hún standi ekki nema í fjóra mánuði í hæsta lagi. Hins vegar er ég ekki ánægður með að menn taki upp gamaldags niðurgreiðslukerfi á verðbólgu. Það er eitthvað sem ég hélt að menn hefðu hætt fyrir þrjátíu árum. En svo er ekki. Núna eru menn að reyna að niðurgreiða verðbólguna með öllum ráðum til að halda einhver rauð strik sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um og gætu að sjálfsögðu sleppt ef þeir kærðu sig um. Það er nefnilega þannig að félagsmenn í ASÍ, sem eru lunginn af skattgreiðendum í landinu, munu borga þessar 80 milljónir, svona eða hinsegin. Menn eru bara að plata þá með því að lækka skatta hér, sem lækka bensínverðið, lækka vísitöluna. Þetta verður síðan að sjálfsögðu tekið einhvern veginn inn í ríkissjóð einhvern tímann af skattgreiðendum. Þannig er þetta sama fólk látið borga þetta — það væri ekki hægt að lækka skattana svo mikið ella — með hækkandi sköttum.

Það er svo aftur dálítið merkilegt að menn sitji hér og reikni út að þetta sé 1,90 kr. lækkun á útsöluverði bensíns. Það er eins og bensínverð sé ekki háð neinni samkeppni. Í eðlilegri samkeppni er verð ekkert endilega háð kostnaðarverði framleiðandans heldur háð markaði, framboði og eftirspurn. En svo virðist ekki vera á bensínmarkaðnum. Meira að segja fulltrúi neytenda og Neytendasamtakanna situr alla daga og reiknar út hvað bensínverðið ætti að hækka eða lækka, eins og það sé enginn markaður og engin samkeppni. Það er dálítið merkilegt. Hér í þessu frv. kemur fram að bensínverð muni lækka um 1,90 kr. eins og það sé engin samkeppni og enginn markaður. Það er athyglisvert.

Ég ætla nú ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég sem sagt gleðst í aðra röndina en er dapur í hina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 18:26.

---

108. FUNDUR

miðvikudaginn 3. apríl,
að loknum 107. fundi.

Dagskrá:

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, nál. 1004 og 1030. — Frh. 2. umr.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, nál. 1004 og 1030. [18:26]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Kannski mundu einhverjir halda sem fylgst hafa með umræðum á hinu háa Alþingi um þetta mál að umræðan um fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun væri tæmd. Ég tel þó svo ekki vera og ætla að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins í eins stuttu máli og mér er unnt. En áður en ég hef mál mitt vil ég þó gera athugasemd við ummæli sem féllu hér fyrr í dag.

Svolítils misskilnings gætti í andsvari frá formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafði einhverjar áhyggjur af því að fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. iðnn. beittu sér ekki sem skyldi, en ég vil halda því til haga að fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. báðu sérstaklega á fundi í morgun um fundi sem haldnir verða í fyrramálið og einnig í efh.- og viðskn. vegna málsins og vegna þeirra atburða sem orðið hafa og þeirra frétta af upplýsingaflæði og meintri upplýsingaleynd sem við höfum rætt hér fyrr í dag. Best að hafa staðreyndirnar á hreinu þegar menn koma hingað upp með slíkar ábendingar, herra forseti.

Við 1. umr. málsins gerði ég grein fyrir helstu fyrirvörum sem ég hef gert við frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Þeir fyrirvarar mínir hafa í engu breyst og ég mun ekki sjá mér fært að styðja þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar. Fyrst og fremst af umhverfisástæðum. Eins og áður hefur komið fram við umræðurnar og ég gerði grein fyrir í fyrstu ræðu minni um málið tel ég, þrátt fyrir framhaldsúrskurð umhvrh. og þau skilyrði er þá voru sett, að hin óafturkræfu umhverfisáhrif sem verða við það að virkja við Kárahnjúka séu óviðunandi. Ekkert í þeirri röksemdafærslu sem fram hefur komið í málinu og því sem fært hefur verið fram í umræðum á þingi frá því hún hófst fyrir einhverjum dögum eða vikum hefur sannfært mig um hið gagnstæða. Í raun er þetta að því leyti til í engu breytt frá því fyrir nokkrum vikum þrátt fyrir að ýmislegt hafi gerst í samtölum á milli hugsanlegra fjárfesta og ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnrh. Grundvallarspurningin er ein og hin sama: Viljum við virkja með þeim hætti sem lagt hefur verið til við Kárahnjúka þegar fyrir liggur að framkvæmdin sem slík fékk ekki jákvæða afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun og þótt hæstv. umhvrh. hafi látið framkvæma einhvers konar framhaldsmat? Ég vil taka skýrt fram, herra forseti, að ég deili ekki um lögmæti matsins sem slíks en ég hef áður sagt að skilyrðin sem hæstv. umhvrh. setti hafa ekki breytt afstöðu minni til málsins og um lögmæti framhaldsúrskurðarins munu aðrir kveða upp úr um. Það er dómsvaldsins að afgreiða það mál en ekki hins háa Alþingis.

En umhverfisáhrifin eru hin sömu, herra forseti, og því hefur afstaða mín til málsins í engu breyst á liðnum vikum. Það sem hefur kannski breyst í umræðunni er að mörgum þykir óvissan nú enn meiri, þó að óvissan hafi löngum verið mikil í þessum málum, og sumum þyki hún jafnvel algjör. En ég held að það sé ekki aðalatriðið, heldur það að við stöndum frammi fyrir þessari ákvörðun og fyrir liggur að hér er ein stærsta framkvæmd sem ráðist hefur verið í í Íslandssögunni. Náttúruspjöllin eru eða munu verða með þeim hætti sem fyrir liggja, herra forseti, og hin aðalaástæðan fyrir því að ég get ekki greitt frv. atkvæði mitt er að ekki var hægt að bíða eftir því að klára gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á Íslandi. Þau vinnubrögð finnast mér hreint út sagt ekki tæk, ekki síst í ljósi þess, herra forseti, að fyrir liggur og hefur legið fyrir um nokkurn tíma að einhvers konar frumdrög þeirrar áætlunar, rammaáætlunarinnar, munu líta dagsins ljós í þessum mánuði líklega, jafnvel á næstu dögum. Vissulega munu þó ekki allir virkjanakostir landsins vera lagðir fram eða metnir, en einhverjir og kannski þeir stærstu og bestu, ég veit það ekki, herra forseti, en a.m.k. eru einhvers konar drög í farvatninu.

Mér finnst býsna hart, herra forseti, að standa frammi fyrir því eina ferðina enn að hér skuli vera uppi mikil deila um virkjun á Austurlandi. Okkur er öllum í fersku minni deilan á Alþingi fyrir tveimur árum um Fljótsdalsvirkjun og enn stöndum við í raun í sömu sporum. Enn höfum við ekki getað eða rætt áætlanir til langrar framtíðar um það hvernig við viljum virkja og hvernig við ætlum að fara að því að velja bestu kostina. Forgangsraða bestu kostunum til virkjunar vatnsafls og jarðvarma. Það eru þau faglegu vinnubrögð sem mér þykir að auki pólitískt rétt vegna þess að þau stuðla að sáttum og sameiningu um niðurstöðu, en ekki að eilífum deilum um virkjanir með þeim hætti sem við höfum séð á

liðnum missirum.

Ég er þeirrar skoðunar að hvar í flokki sem við stöndum og hvort sem við styðjum þessa virkjun eða ekki séum við öll þeirrar skoðunar að virkja eigi bestu og hagkvæmustu kostina. Og til þess að vita hverjir eru bestu og hagkvæmustu kostirnir verður að liggja fyrir einhvers konar samanburður, herra forseti, faglegt og ítarlegt mat byggt á rannsóknum okkar færustu vísindamanna þar sem tekið er tillit til eins margra atriða og í rauninni hægt er í slíkri vinnu því ef við byggjum ákvarðanir okkar á slíkri vinnu, þá segir mér svo hugur að niðurstaðan verði okkur til framdráttar og komandi kynslóðum til gæfu, en því miður hefur hæstv. ríkisstjórn ekki tekist að vinna með þeim hætti. Hafandi sagt þetta, herra forseti, þá liggur það sem sagt fyrir að drögin, eða fyrstu drög eins og mér skilst að það heiti að títtnefndri rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, muni líta dagsins ljós jafnvel í næstu viku, a.m.k. í þessum mánuði, aprílmánuði 2002. Þá mun líklega hafa verið búið þannig um hnútana, herra forseti, að þetta mál hafi verið afgreitt af hinu háa Alþingi. Mér er auðvitað fullljóst að fyrir virkjuninni er meiri hluti hér á hinu háa Alþingi.

Það er líka ágætt að nota þetta tækifæri til að eyða nokkrum orðum á ferlið undanfarnar vikur og það laumuspil sem ég vil ég kalla, herra forseti, sem forsvarsmenn framkvæmdanna og aðrir sem að þeim koma hafa orðið uppvísir að. Menn hafa sakað hver annan um að fara með ósannindi. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni. Ég hygg hins vegar að það sé okkur holl lexía sem gerst hefur, þá á ég sérstaklega við samskipti ríkisvaldsins við hugsanlega fjárfesta í formi norska fyrirtækisins Norsk Hydro, og sýni okkur öllum og ekki síst okkur sem hér störfum í þessum sal að það er alltaf betra að hafa allar upplýsingar uppi á borði við afgreiðslu slíkra mála og reyna ekki að leyna neinu því slíkt kemur í bakið á fólki, hvort sem það er gert af einhvers konar samningatæknilegum ástæðum ellegar til að styrkja stöðuna, af því það mun ekki styrkja stöðuna þegar það kemur í bakið á fólki eins og gerst hefur hér á undanförnum dögum.

Fjárfestarnir virðast ekki í augsýn, búið er að fresta álversframkvæmdunum. Auðvitað vitum við að frv. um virkjun Kárahnjúka væri ekki til umfjöllunar ef ekki væri ráðgert að byggja upp álver í Reyðarfirði. Ég gleðst ekkert sérstaklega yfir því að ekki skuli hafa tekist að semja við fjárfesta eða ekki skuli vera hægt að finna fjárfesta sem vilja festa fé sitt hér á landi. Ég held að við ættum með öllum ráðum að reyna að auka erlenda fjárfestingu á Íslandi. En það segir okkur hins vegar eitthvað um stærð verkefnisins og hugsanlega hagkvæmni þess og hugsanlega arðsemi þess að enn og aftur skuli vera komið babb í bátinn. Líklega er það þá þannig að fjárfestarnir telja fé sínu ekki nógu vel varið til framkvæmda sem þessara og þá hlýtur maður að spyrja: Því ætti íslenska ríkið að telja fé sínu nógu vel varið til framkvæmda sem þessara?

Byggðastefnan í þessu máli, herra forseti, er auðvitað kapítuli út af fyrir sig. Ég ætla ekki að fara um hana löngu máli, en vil þó nota tækifærið til að lýsa þeirri skoðun minni að sú byggðastefna sem rekin hefur verið á Íslandi síðustu 30 ár eða svo, lengst af undir forustu Sjálfstfl. og Framsfl., hefur ekki orðið þjóðinni til hagsbóta, svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Hér hafa menn farið af stað með hverja heildarlausnina á fætur annarri, ausið fé úr sjóðum í misgóðar framkvæmdir sem margar hverjar hafa síðan orðið gjaldþrota og í raun aldrei borið þann árangur sem að var stefnt, þ.e. að treysta byggðina í hinum dreifðu byggðum landsins. Af því má læra að e.t.v. hefði þó ekki væri nema einhverjum hluta fjárins verið betur varið a.m.k. hin síðustu ár, síðasta áratug eða svo, til að treysta innviðina í samfélaginu utan höfuðborgarsvæðisins, treysta uppbyggingu menntastofnana, treysta uppbyggingu heilsugæslu og sjúkrahúsa, félagsþjónustunnar og allt það sem gerir það að verkum að fólki er gert kleift að búa þar sem það vill búa, fá þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög eiga að veita lögum samkvæmt og starfa við það sem það kýs að starfa og byggja upp þá atvinnu sem það kýs að byggja upp.

En þannig hefur það ekki verið gert. Ég ætla að leyfa mér líka að benda á, herra forseti, að byggðastefnan hefur auðvitað að stærstum hluta verið afskaplega karlamiðuð. Að öllu leyti, herra forseti. Því miður er það þannig með þetta verkefni, þó svo að störf í álveri bjóði upp á fjölbreytta vinnu og kannski fjölbreyttari en margir hafa viljað halda fram, þá er það enn svo að þorri þeirra sem starfa í verksmiðjum af þessu tagi eru karlmenn. Menn verða að horfast í augu við það að vilji þeir treysta byggð á landsbyggðinni, hvort sem það er á Austurlandi eða annars staðar, þá verður að byggja upp starfsumhverfi og atvinnu sem hentar bæði körlum og konum. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, þó svo að sumum okkar líki það ekki vel að atvinnumarkaðurinn er mjög kynskiptur enn þann dag í dag. Og það er tómt mál að tala um atvinnuuppbyggingu úti á landi ef hún horfir algjörlega fram hjá öðru kyninu.

En aðalatriði málsins, herra forseti, er í raun og veru það að hér á að samþykkja leyfi sem hæstv. iðnrh. fær síðan í hendur, leyfi til tíu ára eða svo, það er okkar verkefni, ég deili ekki um það. En ég tel það hið mesta óráð að gera það með þessum hætti að því gefnu sem ég hef áður minnst á að ekki sé búið að ræða, leggja fram, ræða og afgreiða, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á Íslandi og að fengnum niðurstöðum umhverfismats. Og þá skiptir það engu máli eða gildir einu í mínum huga, herra forseti, hvort heldur við erum að tala um neikvæða niðurstöðu skipulagsstjóra ellegar jákvæða niðurstöðu hæstv. umhvrh.

Hin stórkostlegu óafturkræfu umhverfisáhrif eru hin sömu. Lónið er jafnstórt, vatnsborðssveiflan er jafnmikil, stíflan er jafnhá. Það er verið að skera hálendið norðan Vatnajökuls í tvennt. Það er sama hvernig menn reyna að deila í eða margfalda eða leggja saman, þar með er búið að rjúfa skarð í stærstu ósnortnu víðerni í Evrópu.

Að lokum, herra forseti, vil ég benda hv. þingmönnum á að á borðum okkar liggur frv. til raforkulaga sem enn hefur ekki verið tekið til umræðu. Það mun gjörbreyta umhverfi raforkurekstrar hér á landi. Og þetta er líklega síðasta virkjunin sem fer hér í gegn, ef frv. hæstv. iðnrh. verður samþykkt, með þeim hætti sem við höfum þekkt og við þekkjum núna. Það er margt að breytast í umhverfinu, í umhverfi raforkubúskaparins, bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu. En það er ekki nóg með það, heldur þurfum við einnig að afgreiða þetta mál án þess að geta byggt á auðlindapólitík, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur margoft bent á, auðlindapólitík sem er úthugsuð, vel grunduð og byggir á því að allir eigi jafnan aðgang að auðlindunum, sameiginlegum auðlindum landsmanna, og borgi auðlindarentu ef því er að skipta. Þess vegna mun það land fyrir norðan Vatnajökul, ef af verður, verða afhent án endurgjalds, eða ég get ekki betur séð, herra forseti.

Í þriðja lagi höfum við heldur ekki til hliðsjónar neitt er kalla mætti langtímastefnumótun í ferðaþjónustu, þeirri atvinnugrein sem er í örustum vexti á Íslandi og þeirri atvinnugrein sem við í raun getum byggt á til mjög langrar framtíðar. Hingað munu ferðamennirnir vonandi enn þá vilja koma eftir 70, 80, 90 ár, þótt Hálslón verði orðið fullt af aur en það verður kannski ekki eins fagurt um að litast á Vestur-Öræfum þá.

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir þeim tveimur aðalástæðum sem liggja til grundvallar þeirri niðurstöðu minni að styðja ekki frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár á Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að gerð rammaáætlunar ætti að vera leið úr sjálfheldu eins og verkefnisstjóri hennar orðaði það svo ágætlega í viðtali við Morgunblaðið fyrir einu og hálfu ári, leið frá þeim gamaldags og í raun ótæku vinnubrögðum sem hér hefur verið lögð stund á árum og áratugum saman þegar kemur að auðlindanýtingu á Íslandi. Þess vegna get ég ekki samþykkt þetta frv. og eins og ég hef áður sagt breytir það engu í mínum huga þótt sett hafi verið ákveðin skilyrði, 20 talsins minnir mig, af hæstv. umhvrh. til þess að minnka umhverfisáhrifin. Þau eru samt sem áður stórkostleg og algjörlega óafturkræf, herra forseti.

Við upphaf þessarar umræðu, líklega einhvern tíma fyrir páska, stigu nokkrir hv. þm. hér á stokk og fóru mikinn um sögu lands og þjóðar, sérstaklega þær stórstígu framfarir sem hér hafa orðið á sl. 100 árum, svo ekki sé talað um síðustu 50, frá því að lýðveldið Ísland var stofnað á Þingvöllum 17. júní 1944. Iðnbyltingin kom mun seinna til Íslands en til annarra landa og við vorum enn í moldarkofunum, langflest, um aldamótin 1900. Þess vegna hafa allar framfarir orðið miklar frá þeim tíma. Með nýtingu þeirra auðlinda sem við búum yfir og með því að mennta þjóðina höfum við komist þangað sem við erum í dag.

Og ég lýsi eftir því við þessa umræðu að fólk, hv. þingmenn, stilli sig um að horfa endalaust um öxl, 100 ár aftur í tímann, og reyni einu sinni að horfa 100 ár fram í tímann, reyni að ímynda sér hvernig íslenskt samfélag muni líta út þá, hvernig landið muni líta út og náttúrugæðin, og ekki bara ímynda sér það, herra forseti, heldur mynda sér skoðun á því hvernig við viljum hafa hlutina. Það er jú okkar ábyrgð á hinu háa Alþingi, ekki bara hvernig við ætlum að hafa hlutina á þessu kjörtímabili, sem lýkur innan 13 mánaða, heldur til langrar framtíðar af því að ábyrgð okkar er ekki bara gagnvart lifandi Íslendingum heldur líka þeim sem ófæddir eru og öllum þeim öðrum sem hingað munu koma og vilja búa.

Mín framtíðarsýn, herra forseti, er ekki Hálslón árið 2102 barmafullt af jökulleir. Ég vil miklu frekar að við eyðum tíma okkar hér í að skipuleggja og móta stefnu til langs tíma um ferðaþjónustu í landinu, að sjálfsögðu um auðlindanýtingu og um það hvernig við ætlum að virkja þær náttúruauðlindir sem við búum yfir, hvort heldur það er vatnsafl eða jarðvarmi. Ég vil að við gerum það þannig að sú pólitík hangi saman og það sé eitthvert vit í henni þegar til lengri tíma er litið.

[18:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Nú, í 2. umr. um málið, hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs farið mjög ítarlega í gegnum þetta mál, bæði hvað varðar umhverfislega þætti þess og meðferð gagnvart lögum og reglum og væntingum í umhverfismálum, sömuleiðis í gegnum þær umsagnir og þá meðferð sem málið hefur fengið hvað varðar efnahagslega þáttinn. Allt hefur þetta verið rækilega tíundað hér.

Virðulegi forseti. Það er mjög gott og ágætt að fara ítarlega í gegnum þetta mál. Staðreyndin er sú að þegar upp er staðið stöndum við frammi fyrir pólitískum en ekki faglegum ákvörðunum, alveg frá byrjun þessa ferlis og enn þann dag í dag. Það var mjög áberandi í umræðunni í dag að þessi umræða snýst ekki um hina faglegu hlið málsins og hún snýst ekki um það hvort þarna sé verið að beita umhverfisverðmæti harðræði. Hún snýst ekki heldur um það hvort þarna sé verið að ráðast í framkvæmdir sem alls óvíst er að skili þjóðinni nokkrum arði til framtíðar. Nei, umræðan snýst fyrst og fremst um pólitískar ákvarðanir sem byggðar eru á alveg furðulegri þrjósku og þvergirðingshætti.

Þegar þessi virkjun og þessar framkvæmdir fóru í mat á umhverfisáhrifum á sínum tíma og í það ferli eins og þingheimi og alþjóð er kunnugt um felldi Skipulagsstofnun úrskurð sinn, reyndar undir mikilli tímapressu því að tímapressa hefur ætíð verið mikil í þessu máli, eins og það sé einhver tímarammi sem samið hafi verið um á milli íslenskra stjórnvalda, þess fyrirtækis sem hefur verið stofnað um framkvæmdirnar hér á landi og Norsk Hydro. Alltaf hefur sá tímarammi sem þar var talið að samið hefði verið um verið það keyri sem hefur keyrt áfram hvern einasta þátt þannig að ekkert skref í þessu ferli öllu mátti vinna á viðunandi hátt. Það sást strax við undirbúningsrannsóknirnar sem þurfti að vinna við gerð matsáætlunar á þessum virkjunarframkvæmdum, síðan við umhverfismatið sjálft. Allt mátti þetta engan tíma taka því að þá mundi sá tímarammi sem var búið að semja um við Norsk Hydro splundrast og málið verða í miklu uppnámi til óbætanlegs tjóns fyrir þessar framkvæmdir og þá þjóðina alla.

Þetta var enn fremur sá harði tímarammi sem Skipulagsstofnun varð að una og skila sínu áliti samkvæmt en þó var það vandað og ákveðið. Úrskurður Skipulagsstofnunar var afdráttarlaust sá að þessum framkvæmdum skyldi hafnað, ekki væri heimilt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum að ráðast í þessar framkvæmdir.

Strax og þessi úrskurður kom, úrskurður sem samkvæmt lögum var kæranlegur til umhvrh., stigu á stokk oddvitar ríkisstjórnarinnar, formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., og formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh., og sögðu að það væri á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að farið yrði í þessa virkjun og við það yrði staðið. Þetta voru þá þau skilaboð sem hæstv. umhvrh. fékk frá yfirmönnum sínum í ríkisstjórninni þannig að hafi hæstv. umhvrh. haft á því aðra skoðun var henni nauðugur kostur, og kom því engum á óvart í sjálfu sér þegar hún felldi hinn pólitíska úrskurð, sneri við úrskurði Skipulagsstofnunar og heimilaði þessa virkjun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í málinu réðu því ekki neinar faglegar ákvarðanir heldur eingöngu pólitískar. Það var jú látið heita svo að málið færi í eins konar nýtt umhverfismat hjá umhvrn. en allir vita að það var í sjálfu sér ekki það ferli sem lögin um mat á umhverfisáhrifum ætluðust til. Ef svo miklu var ábótavant við gagnaöflun og meðferð málsins í undirbúningi þess fyrir úrskurð Skipulagsstofnunar að þar þyrfti að afla miklu frekari gagna og rannsókna hefði átt að vísa málinu aftur til þeirrar meðferðar.

Sem sagt, hæstv. umhvrh. valdi að kveða upp sinn pólitíska úrskurð og láta lönd og leið hinar faglegu hliðar málsins.

Þegar úrskurður umhvrh. birtist, herra forseti, kom yfirlýsing frá níu umhverfis- og náttúruverndarsamtökum sem hörmuðu þetta. Ég ætla að fá heimild til að mega vitna í yfirlýsinguna en þar segir m.a.:

„Í ljósi þess að Kárahnjúkavirkjun mundi valda margfalt meiri náttúruspjöllum en nokkur einstök framkvæmd á Íslandi til þessa er niðurstaða ráðherra óskiljanleg." — Þetta var þegar hæstv. umhvrh. sneri við úrskurði Skipulagsstofnunar. — „Veruleg og óafturkræf áhrif virkjunarinnar, sem Skipulagsstofnun byggði úrskurð sinn á, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, blasa við hverjum þeim sem kynnir sér framkomnar upplýsingar. Tæpast er hægt að ímynda sér stórfelldari röskun af mannavöldum á náttúru landsins.

Í þessu sambandi er minnt á eftirfarandi:

Kárahnjúkavirkjun mun eyðileggja eitt stærsta hálendisvíðerni í Evrópu með mannvirkjagerð á um 1.000 ferkílómetra svæði og spilla fjölbreyttu gróðurlendi á allt að 600 ferkílómetra svæði, sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá sjó inn til jökla. Líta ber á hálendisgróður ofan við 500 m hæð sem fágæta og verðmæta auðlind.

Ómetanlegar jarðfræðiminjar og landslagsheildir á heimsvísu yrðu eyðilagðar eða þeim raskað verulega með virkjunarframkvæmdum.

Meira en hundrað fossar yrðu fyrir röskun af völdum virkjunarinnar og sumir þeirra hyrfu alveg.

Stórfelldir vatnaflutningar einkenna virkjunina þar sem eitt stærsta vatnsfall landsins, Jökulsá á Dal, yrði flutt á milli vatnasviða og veitt í Lagarfljót.

Nánast ekkert vatnakerfi á virkjunarsvæðinu stæði eftir óraskað. Lífríki í stöðuvötnum og fjölmörgum ám mun eyðast eða raskast verulega, einangruðum stofnum verður útrýmt eða þeim blandað saman við aðra stofna.

Þýðingarmikil varpsvæði og fjaðrafellisstaðir fugla eyðilegðust á sjálfu virkjanasvæðinu og samfara vatnaflutningum á Úthéraði."

Herra forseti. Þetta er hluti af yfirlýsingu sem níu náttúruverndarsamtök á landinu sendu frá sér þegar úrskurður hæstv. umhvrh. var kunngerður.

Enn fremur birtist fyrir skömmu heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu með áskorun frá fjölda íbúa á Austurlandi sem búa á þessu svæði þar sem þessum miklu vatnaflutningum var mótmælt, þ.e. því að flytja heilar ár á milli vatnasviða. Ekki aðeins íbúum þessa héraðs heldur og fjölmörgum öðrum einstaklingum og náttúruverndarsamtökum er ljóst að þarna er verið að ráðast í óafturkræf umhverfisspjöll.

Ég held að okkur sé mikilvægt, herra forseti, þegar við erum að fjalla um þetta að átta okkur á að hvert einasta skref í þessu máli er ákvarðað á pólitískum forsendum en ekki faglegum. Fyrst og fremst eru menn búnir að bíta í sig ákveðið pólitískt ferli sem ekki er ætlunin að hnika hvaða rök sem kunna að vera gegn því. Þetta var umhverfisþátturinn.

Sama er einnig upp á teningnum hvað varðar efnahagslega þáttinn. Ítrekað hefur verið gerð grein fyrir því, bæði í umræðunum og í nefndarálitum, að flestir þeir hagfræðingar og efnahagssérfræðingar sem komið hafa að þessu máli sjá ekki arðsemi þessara framkvæmda. Þeir sjá hana alls ekki. Þeir hafa meira að segja óttast og hafa bent á að með þessum framkvæmdum sé verið að binda, ekki aðeins fjármagn og fjármögnunarmöguleika íslenska ríkisins heldur og er Landsvirkjun að setja allt sitt að veði og eigendur Landsvirkjunar eru að setja eign sína og notkun að veði. Líka er verið að veðsetja alla raforkunotkun í landinu fyrir þessa einu framkvæmd. Hér er því ekki verið að leita hagkvæmni á grundvelli lögmála markaðarins eða arðsemissjónarmiðanna sem svo mjög hefur verið haldið á lofti af hinum miklu málsvörum virkjunarinnar. Þeir sem líta kalt og hlutlaust á málið segja að þessar arðsemisvæntingar séu alls ekki fyrir hendi.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna til greinar sem birtist í Viðskiptablaðinu 20.–26. mars árið 2002 og ber yfirskriftina „Markaðslögmálin gilda ekki hér". Höfundur greinarinnar er virtur hagfræðingur, Sigurður Jóhannesson. Í þessari grein rekur hann ferilinn, þá umræðu sem fyrst var í þessu virkjanaferli, að Kárahnjúkavirkjun yrði sjálfstætt fyrirtæki sem ætti að reka sig á eigin forsendum og ekki væri gert ráð fyrir því að það yrði ríkisstyrkt eða virkjunin greidd niður af opinberum aðilum né heldur af almennum raforkunotendum í landinu. Svona var hugmyndin fyrst kynnt og á forsendum hennar fór umræðan í gang og var rekin í fyrstu. Í grein þessari segir undir millifyrirsögninni „Kárahnjúkavirkjun ber sig ekki sem sjálfstætt fyrirtæki", með leyfi forseta:

„Fram kom í máli fjármálastjóra Landsvirkjunar á orkuþingi í haust," — og hann hefur endurtekið það síðan — „að Kárahnjúkavirkjun mundi aldrei bera sig sem sjálfstætt fyrirtæki. Þetta er niðurstaða sérfræðinga á alþjóðlegum fjármálamarkaði sem Landsvirkjun leitaði til. Fjármálastjórinn sagði meira að segja að öll orkusala til stóriðju yrði hæpin ef Landsvirkjun yrði breytt í hlutafélag og bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga hyrfi."

Ítrekað hefur komið fram í þessu máli — ég er að bera í bakkafullan lækinn með að segja það enn einu sinni — að þessi virkjun ber sig ekki. Jafnvel að mati fjármálastjóra Landsvirkjunar gerir hún það ekki. Til þess að hægt sé að keyra hana fram þarf að koma til ríkisstuðningur, æ stærri bitar af verklegum framkvæmdum sem tengjast virkjuninni eru greiddir beint úr ríkissjóði, veittar eru ríkisábyrgðir sem hljóta náttúrlega að teljast beint framlag til verksins og skuldbinding til langs tíma, og sömuleiðis er hin almenna notkun í landinu, notkun Landsvirkjunar, sett að veði.

Sigurður Jóhannesson rekur síðan í þessari grein hvernig reynt hefur verið að verja það að ráðist skuli í framkvæmdirnar og hvernig það er gert. Grein sinni lýkur hann svona, með leyfi forseta:

„Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál verða ekki einungis stærsta fjárfesting Íslandssögunnar heldur einnig ein hin opinberasta." — Hann leggur áherslu á að hér er verið að ráðast í eina stærstu opinberu framkvæmd sem ráðist hefur verið í af Íslands hálfu. Það er ekki markaðurinn sem hér ræður ferð. Og áfram segir í greininni, með leyfi forseta: „Ef ekki hefði farið sem fór um einkavæðinguna hefði mátt segja að þetta væri á móti tíðarandanum. Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga virkjar, en hálfopinberir lífeyrissjóðir með skylduaðild eru kjölfestufjárfestar í álverinu." — Þetta var á þeim tíma þegar enn þá var búist við því að álverið risi. — „Úrtöluraddir um litla arðsemi eða mikla áhættu glepja ekki þennan flokk. Enginn hvikar nema Norsk Hydro."

Ég held að okkur sé hollt, virðulegi forseti, að átta okkur á með hvers konar fádæmum þetta mál er rekið áfram í gegnum þingið, með þvílíkum fádæmum að það á sér ekki hliðstæðu í Íslandssögunni. Allt ríkið er sett að veði sem

og framtíðarraforkunotkun landsmanna í gegnum ábyrgðir Landsvirkjunar fyrir þessar stærstu opinberu framkvæmdir í landinu. Hægt væri að styðja við marga atvinnustarfsemi í landinu með því að veita henni ríkisábyrgð á þennan hátt. Ætli það ekki? Ætli ýmsar rekstrarforsendur hjá öðrum atvinnugreinum sem nú eiga í erfiðleikum gætu ekki breyst ef veitt væri ríkisábyrgð á stofnkostnað og fjármagn?

Virðulegi forseti. Meðal rakanna fyrir því líka að ráðist skyldi í þessa virkjun er að þetta sé sjálfbær orkuöflun, sjálfbær virkjun sem framleiðir rafmagn með sjálfbærum hætti. Reyndar hefur komið fram í umræðum fyrr að menn eru ekki alveg klárir á því, sumir hverjir, hvað orðið sjálfbær þýðir. Sjálfbær orkuframleiðsla er sú orkuframleiðsla sem nýtir orku auðlindar með sjálfbærum hætti þannig að auðlindin sem slík skilar sér jafngóð til ókominna kynslóða eins og við nýtum hana í dag, og skylda okkar er reyndar heldur að skila henni betri ef eitthvað er. Þessi virkjun byggir á því að ráðist verði í mikið jarðrask og mikla efnisflutninga, flutning á ám milli vatnasvæða og einnig á myndun gríðarlega stórs uppistöðulóns, eins og ég greindi frá áðan, uppistöðulóns sem hefur ekki aðeins það hlutverk að safna vatni til að miðla til virkjunarinnar heldur tekur það einnig á móti jökulframburðinum, sem annars byltist með jökulánum til sjávar, og stöðvar hann í þessu lóni. Menn vita ekki nákvæmlega hversu langan tíma það tekur að fylla þetta lón af jökulleir — menn giska á 100 eða 200 ár, þá fari miðlunargeta lónsins að breytast, minnka og jafnvel hverfa eftir 200 til 300 ár.

Hvort sem það eru 100, 200, 300 eða 500 ár sem það tekur er hér ekki um sjálfbæra orkuframleiðslu að ræða, aldeilis ekki. Hér er um að ræða varanleg náttúruspjöll og varanlega sóun og eyðileggingu á þessum náttúruauðlindum. Þetta getur þess vegna ekki flokkast undir þá skilgreiningu, hvorki innlenda né alþjóðlega. Þetta er ekki sjálfbær orkuframleiðsla.

Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir þessu því að einstaka talsmenn hafa látið að því liggja í hita sínum fyrir þessu máli að þetta væri sjálfbær orkuframleiðsla. Ef menn hugsa í fimm eða tíu árum geta þeir kannski látið blekkjast en okkur ber að hugsa og taka ákvarðanir til lengri tíma, ekki síst þegar við höfum þá vitneskju og getum séð fyrir að þetta muni gerast. Aðeins um tímann ríkir óvissa. Þess vegna er mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að verið er að blekkja í þessari umræðu með því að halda því fram að hér sé um sjálfbæra orkustefnu og -vinnslu að ræða, og það er mikilvægt í þessari umræðu að öllum sé ljóst að svo er ekki.

Virðulegi forseti. Þetta frv. felur líka í sér að það á að heimila stækkun Kröfluvirkjunar. Sú stækkun sem hér er verið að sækja um heimild til og framkvæmdir henni tengdar eru ekki einu sinni búnar að fara í mat á umhverfisáhrifum. Hér er því verið að sækja um að veita virkjunarheimild áður en það ferli hefur átt sér stað. Að vísu er settur sá fyrirvari að leyfið sé ekki gefið út af ráðherra fyrr en umhverfismat liggur fyrir en slíkt ætti þá að vera bundið.

Það var athyglisvert í ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, 4. þm. Austurl., fyrr í dag þar sem hann spurði: Er nokkur hætta á því, getur komið til greina að sú raforka sem hugsanlega verður framleidd frá Kárahnjúkavirkjun eða öðrum virkjunum þar yrði flutt hingað á suðvesturhornið eða í aðra landshluta til þess að verða orkugjafi fyrir stóriðju þar? Það taldi hv. þm. Einar Már Sigurðarson af og frá. Hann leit svo á að þetta væri auðlind Austfirðinga og ef ekki væri hægt að nýta þá auðlind nú þegar eða í bráð í fyrirhugaða álverksmiðju, þá bæri frekar að bíða þangað til önnur tækifæri gæfust til þeirrar orkunýtingar.

Ég ber virðingu fyrir því sjónarmiði og skil það. En þá veltir maður því fyrir sér, virðulegi forseti, að rafmagn frá Kröfluvirkjun kemur frá Mið-Norðurlandi, eða úr allt öðrum byggðahverfum, og ekki hefur verið talið að þær framkvæmdir sem yrðu hugsanlega í kringum virkjun við Kárahnjúka og verksmiðjuna við Reyðarál hefðu bein áhrif á búsetu eða atvinnulíf á Húsavík eða í Suður-Þingeyjarsýslu. Og þá veltir maður því einnig fyrir sér, herra forseti, að nú hefur ekki verið framkvæmt neitt umhverfismat á heimild til stækkunar Kröfluvirkjunar, hvorki frá náttúrufarslegum sjónarmiðum, umhverfislegum sjónarmiðum, né heldur hefur verið kannaður annar valkostur á því svæði til þess að nýta þá orku eða hvaða áhrif það hefði á það samfélag þar að missa af þeim möguleika að nýta þessar auðlindir til eflingar á atvinnu í heimabyggð. Við þekkjum og vitum t.d. um áhuga Húsvíkinga á að styrkja og byggja upp höfnina og geta aukið umsvif þar.

Ég vil þá varpa því til núv. þingmanna Norðurl. e., t.d. hv. 1. þm. Norðurl. e.: Hefur hann í rauninni gert sér grein fyrir hvað þarna er að gerast? Við virðum sjónarmið Austfirðinga sem segja að þeir vilji þá frekar að orkuauðlindin í fjórðungi þeirra bíði en vera flutt burt í aðra fjarlæga landshluta, og þeir sjái þá til hvort þeir geti annaðhvort með minni virkjunum eða annarri nýtingu á því svæði nýtt þær til eflingar atvinnulífs og mannlífs á þeim svæðum. Við virðum slíkt sjónarmið og ég ber mikla virðingu fyrir því og ég tel einmitt eðlilegt að það sé inni í umræðunni.

Jafnframt hljótum við einnig að spyrja: Hvers vegna er þá verið að gefa þessa opnu heimild fyrir Kröfluvirkjun, fyrir stækkun Kröfluvirkjunar og það með að rafmagni frá henni skuli vera ráðstafað samkvæmt þessum lögum ef þeim verður ekki breytt, frv. sem hér liggur fyrir, austur í Reyðarál? Og meira að segja að þá ákvörðun skuli Alþingi taka áður en sú stækkun er búin að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðulegi forseti. Er að furða þótt maður spyrji: Er verið að vinna hér í takt? Eru þeir sem koma að málum og véla um sjálfum sér samkvæmir hvað þetta varðar? Ég tel sjálfur að í fyrsta lagi eigi að bíða eftir rammaáætlun um virkjanakosti áður en ráðist er í stórvirkjanir. En alveg skilyrðislaust á hugsanleg stækkun Kröflu að fara í mat á umhverfisáhrifum áður en við vélum um það eða ákveðum að rafmagn sem hugsanlega fáist þar til viðbótar verði sent í aðra landshluta. Þó að ég vilji alls ekki útiloka það og finnist eðlilegt að auðlindir miðhálendisins og stórvirkjanir nýtist öllum landsmönnum, það sé líka hugsun sem við göngum út frá, ber okkur samt að virða skoðanir og óskir heimafólks til auðlindanna sem eru við bæjardyr þeirra, hvernig þeim skuli fyrst og fremst ráðstafað, sérstaklega ef almannaheill kallar ekki eftir að það verði með öðrum hætti. En ekki er hægt að segja að fyrirhuguð verksmiðja eða virkjun sé mikilvæg vegna almannaheilla. Þetta er framkvæmd til ákveðinnar atvinnusköpunar en það er fjarri því að segja að framtíð Íslands og almannaheill krefjist þess að í hana verði ráðist.

Herra forseti. Því er ljóst að þær forsendur sem hér er unnið eftir eru á engan hátt byggðar á faglegum eða skynsamlegum rökum og því er erfitt að ræða og reka málið hér á skynsemisgrunni. Þetta er fyrst og fremst rekið af hálfu stjórnvalda og einstakra hæstv. ráðherra á einhverri blindri þráhyggju sem þau hafa bitið í sig, sama hvað tautar og raular, höfðinu lamið við steininn og keyrt áfram, alveg eins

og gamall hrútur í sveitinni sem renndi alltaf stöðugt á sama vegginn.

Á síðustu vikum hefur Norsk Hydro, sem bundið hefur verið við samninga, lýst því yfir að það sé ekki reiðubúið til að halda þann tímaramma um verkið og framkvæmd þess sem áður hafði verið gengið út frá. Rætt hefur verið um það í dag hvernig það ferli hefur verið kynnt Alþingi fyrst og fremst á pólitískan hátt. Einnig hefur verið rætt um að hæstv. ráðherrar, hæstv. iðn.- og viðskrh. hafi kosið að gera ekki þingnefndum og Alþingi grein fyrir því sem þá var vitað um stöðu málsins þegar nefndirnar fjölluðu um það, sem er alvarlegur hlutur, ekki síst þegar sá tímarammi sem upp var settur og kynntur hér að væri vegna kröfu Norðmanna eða í þeim samningum sem gerðir hefðu verið við Norðmenn, þ.e. að ekki mætti hnika þeim tímaramma sem þar hefði verið settur því þá væri allt verkefnið á floti. Það hefur verið haft sem ástæða fyrir því að keyra málið fram af svo miklu offorsi í gegnum þingið. Nefndir máttu ekki fjalla um það og taka sér nauðsynlegan tíma til þess. Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. óskaði eftir því að fulltrúar Norsk Hydro kæmu á fund nefndarinnar þannig að ekki væri verið að gera þeim óbeint upp hugmyndir, heldur ættu þeir kost á því að tjá sig beint við þingnefnd íslenska þingsins. En því var hafnað af meiri hlutanum. Eða eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. sagði og hefur greint frá, að hún hefði enn þá von um að tækist að snúa fulltrúum Norsk Hydro til þess að standa við sitt tímaplan, þrátt fyrir að fyrir lægju upplýsingar um að það mundi ekki verða svo.

Það er alvarlegt, virðulegi forseti, þegar hæstv. ráðherrar og embættismenn, æðstu embættismenn ríkisins koma líka á fundi þingnefnda og greina þar ekki frá því sem þeir besta vita um stöðu málsins. Það er, virðulegi forseti, alvarlegur hlutur. Því hversu mikilvægt sem mál er, þá má það ekki vera rekið áfram í svo blindri óskhyggju og svo miklum blindingsleik að menn veigri sér við að greina eðlilega frá stöðu mála þegar það er til meðferðar í þinginu. En þetta er auðvitað alveg í takt við allt ferli málsins.

Ég geri ekki lítið úr vonum fólks, að það hafi von og væntingar. Ef við hefðum ekki von, þá væri það nú dapurt. Við erum að tala um framkvæmdir á vegum íslenska ríkisins um hundruð milljarða króna. Við erum að tala um náttúruverðmæti, auðlindir og virkjanir og áhrif á náttúruauðlindir sem eru óafturkræfar. Í meðferð þingsins á slíkum stórmálum er ekki hægt að bera það á borð sem meginrök fyrir því hvernig skuli fara með bestu vitneskju um málið, að við höfum von um að eitthvað annað reki á fjörurnar. Það gengur ekki, virðulegi forseti.

Þess vegna hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ályktað um að fordæma slík vinnubrögð og ég tala nú ekki um í stórmáli eins og þessu þar sem ekki er greint frá þeirri bestu vitneskju sem vitað er um í málum fyrir þingnefndum þegar um þau er fjallað þar, og mikilvægt að reynt sé að tryggja í framtíðinni að slíkt endurtaki sig ekki.

Og einmitt á grundvelli þeirrar óvissu í málinu hefur fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. mótmælt því að málið væri tekið úr nefnd vegna þess að ekkert lægi fyrir um það hvort þörf væri á að taka það strax úr nefnd, því tímaramminn sem því væri settur væri ekki fyrir hendi og þess vegna væri ekki sú krafa að keyra málið áfram sem áður. Þess vegna hefur hann lagt til að málinu verði vísað frá eða vísað aftur til iðnn. þar sem farið verði betur í málið og staða þess í heild sinni tekin upp á nýtt og endurmetin áður en 2. umr. lýkur.

(**Forseti** (ÍGP): Hv. þm. talaði um vonir og væntingar í ræðu sinni og fyrir þingmenn sem hlusta á og vænta þess að komast í mat klukkan hálfátta eins og gert var ráð fyrir — á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Eigum við ekki bara að taka matarhlé, virðulegi forseti? Ég á um hálftíma eftir.

(**Forseti** (ÍGP): Þá munum við gera matarhlé núna.)

[Fundarhlé. — 19:31]

[21:08]

Jón Bjarnason (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég fjallaði um atburði síðustu daga og þá staðreynd að upplýsingar sem lágu fyrir um stöðu málsins gagnvart þeim tímaramma sem hafði verið settur í samningum um virkjunarframkvæmdirnar við Norsk Hydro hefði ekki verið komið til þingsins eða til þingnefnda.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að rifja upp að það var fyrst í blaðagrein í Morgunblaðinu 15. mars sl. að látið var að því liggja að tímaramminn fyrir þessar framkvæmdir væri í uppnámi og að ekki væri líklegt að hann mundi halda. Í Ríkisútvarpinu 15. mars sl. var viðtal við hæstv. iðnrh. þar sem ráðherrann var inntur eftir því hvort þessi mál stæðu óbreytt. Þá, 15. mars, sagði hæstv. ráðherra í Ríkisútvarpinu í morgunfréttum klukkan átta eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er aðalatriðið að það er unnið samkvæmt áætlun sem undirrituð var hér í júlí árið 2000. Og til staðfestingar á því get ég sagt frá því að það eru fundir einmitt þessa dagana í Kaupmannahöfn þar sem að fulltrúar Landsvirkjunar og Norsk Hydro taka þátt. Þannig að þetta er nú aðalatriðið. Og það að fyrirtækið eigi í erfiðleikum vegna fjárfestingar í Þýskalandi á að vera þessu máli óviðkomandi vegna þess að við vorum fullvissuð um það á fundi hér á Íslandi síðast liðið haust að svo væri."

Þá spyr Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, með leyfi forseta:

„En þið hafið ekkert orðið vör við neinar breytingar núna?"

Þetta er 15. mars, virðulegi forseti. Þá svarar hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir:

„Nei, við höfum ekki orðið það og trúum því að þessar sögusagnir eigi því ekki við rök að styðjast."

Þarna, 15. mars, neitar hæstv. ráðherra því að nokkuð sé á ferðinni sem gefi tilefni til að efast um að mál sé í þeim farvegi sem ætlað var.

Hinn 27. mars er svo viðtal við stjórnarformann Reyðaráls á Stöð 2. Þar kemur fram að stjórnarformaðurinn segist hafa vitað frá miðjum febrúar að Norsk Hydro teldi sér ekki fært að standa við tímarammann 1. september og að þetta væri athyglisvert í ljósi þess að á Bylgjunni þann 19. febrúar væri það haft eftir honum að engan bilbug væri að finna á samningaviðræðum fyrirtækjanna. Og þegar stjórnarformaður Reyðaráls er inntur eftir þessu frekar svarar hann fréttamanninum, með leyfi forseta:

„Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Reyðaráls: Mér finnst það fullkomlega réttlætanlegt" — sem sagt að gefa þetta ekki upp — „til þess, vegna málsins, að menn ja, þess vegna séu ekki alveg að segja sannleikann af því að menn verða að nota þennan tíma til þess að reyna að fá fram þá niðurstöðu sem við viljum."

Þarna er kominn 27. mars. Svo er ítrekað spurt hvort ekki sé réttara að halda sig við sannleikann. Þá segir stjórnarformaðurinn, með leyfi forseta:

„Já, já en þarna er náttúrlega verið að ræða, þarna er um viðskiptaleyndarmál að ræða og það er og þetta er alls staðar í öllum viðskiptum, ...“ — þ.e. að þess vegna megi leyna þessu.

Þetta segist hann samt hafa vitað frá því í febrúar.

Hinn 28. mars er svo hæstv. iðnrh. spurð í Ríkisútvarpinu hvort hún hafi ekki vitað af þessu um miðjan febrúar eins og stjórnarformaður Reyðaráls hafi greint frá að hann hefði gert. Þá svarar hæstv. iðnrh., þ.e. í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 28. mars, með leyfi forseta:

„Nei, það vissi ég ekki og ef að hann [þ.e. stjórnarformaðurinn] og einhverjir fleiri hafa búið yfir þessum upplýsingum þegar um miðjan febrúar þá hafa þeir alla vega haldið þeim leyndum fyrir mér því að það er miklu síðar sem að ég fæ svona skilaboð um það nokkuð misvísandi að þarna sé ekki allt með felldu, að þeir eigi í erfiðleikum út af fjárfestingum í Þýskalandi ...“

Þarna fullyrðir því hæstv. ráðherra að hún hafi ekkert vitað um að þetta gæti verið í uppnámi og er meira að segja að finna að því að vera ekki upplýst um málið.

Þá spyr fréttamaðurinn, Jóhanna Margrét Einarsdóttir, með leyfi forseta:

„En telur þú ekki að Geir A. Gunnlaugssyni hafi borið skylda til þess að upplýsa þig um málið um miðjan febrúar?“

Þá svarar hæstv. ráðherra:

„Ég ætla ekki að fullyrða um skyldur hans gagnvart mér vegna þess að hann er einn af fjárfestunum en ég kem að *málinu sem ráðherra.*“

Þegar fréttamaðurinn síðan spyr ráðherrann, með leyfi forseta: „En er hægt að treysta manni sem viðurkennir það á opinberum vettvangi að hafa logið?“ svarar hæstv. ráðherra: „Ég ætla ekkert að svara frekar um það.“

Í þessum fréttatíma, virðulegi forseti, hefur ráðherrann valið þann kostinn að skjóta sér á bak við það að hafa ekki verið búin að fá vitneskju um þetta og lætur að því liggja að viðkomandi stjórnarmaður hafi ekki gefið sér upplýsingar með eðlilegum hætti eða á eðlilegum tíma.

Í byrjun apríl upplýsti formaður stóriðjunefndar, sem hefur einmitt stýrt eða tekið þátt í viðræðum við Norsk Hydro, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Þórður Friðjónsson, í blaðaviðtali að hann hafi greint hæstv. iðnrh. frá því að í lok febrúar hafi verið teknar ákvarðanir hjá Norsk Hydro um að staðan þar væri þannig að tímasetningar varðandi álver í Reyðarfirði kynnu að raskast. Með leyfi forseta:

„Aðalsamningamaður Norsk Hydro lét mig vita af því að blikur væru á lofti með tímasetningar og í framhaldi af því lét *ég ráðherrann vita af málinu*,“ segir Þórður Friðjónsson, formaður samráðsnefndar Norsk Hydro, íslenskra stjórnvalda og fjárfesta og Landsvirkjunar vegna Reyðarálsverkefnisins.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja frekar það sem fram kemur í viðtölum við hæstv. iðnrh. Það er alveg ljóst að frá því um miðjan febrúar hefur hæstv. ráðherra vitað að þessi mál væru í uppnámi. Ráðherrann hafði verið upplýstur um það. Það er þess vegna ekki stórmannlegt að í viðtölum við fjölmiðla skuli hún láta að því liggja að embættismenn eða aðrir trúnaðarmenn á vegum stjórnvalda og fyrirtækisins hafi hugsanlega brugðist trúnaði við ráðherrann og ráðherrann víki að því sérstaklega. Það er ekki stórmannlegt í meðferð þessa máls.

Virðulegi forseti. Það er ólíðandi að vinnubrögð af þessu tagi viðgangist í stórmálum eins og hér er verið að fjalla um, stórmálum sem eru umdeild í þjóðfélaginu þar sem gert er ráð fyrir fjárfestingum upp á hundruð milljóna króna. Þarna er um að ræða umdeilda ráðstöfun á auðlindum og náttúruverðmætum. *Áætlanir eru um mjög umdeildar umhverfisraskanir* og málið hefur allt verið keyrt fram vegna tímaramma sem settur hafði verið í samningum m.a. við Norsk Hydro. Það var talin ástæða fyrir því að keyra málið fram svo hratt og af svo miklu offorsi í gegnum umhverfismat, úrskurð skipulagsstjóra og svo áfram hér á Alþingi og í gegnum nefndir. Meðan málið var enn í nefndum er öllum þeim ljóst sem þarna koma að máli að þessi tímarammi er í uppnámi. Þau rök sem þar var beitt til að keyra málið áfram voru fallin. Þá þegar var vitað að sá tímarammi héldi ekki. Þess vegna hefði verið heiðarlegt að gera Alþingi og þingnefndum grein fyrir stöðu mála og því að meiri tími gæfist til að fjalla ítarlega um málið og með fullnægjandi hætti.

Vegna þessa, virðulegi forseti, hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í dag sent frá sér ályktun þar sem þessari framkomu, þessum tvískinnungi er mótmælt og lögð er áhersla á að fundin verði leið til þess í þingstörfum að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig líkt og við höfum hér berlega orðið vitni að.

Herra forseti. Þá er rétt að víkja að síðasta kaflanum í þessu máli, þ.e. viðbrögðum stjórnvalda varðandi atvinnumál Íslendinga og þá sérstaklega Austfirðinga. Um langt árabil hefur verið horft á álverksmiðju á Austfjörðum og stórvirkjanir þar sem aðalatriðið í uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi. Af hálfu stjórnvalda hefur a.m.k. fátt verið í gangi til að styrkja eða skapa öruggari umgjörð. Í allmörg ár hafa nánast verið tilbúnar áætlanir um jarðgangagerð til að bæta samgöngur á Austurlandi. Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar hafa verið á dagskrá í mörg ár. Það var gert ráð fyrir því að þegar jarðgangavinnunni lyki á Vestfjörðum yrði farið í jarðgangagerð á Austurlandi. Nú er *brátt liðinn áratugur síðan jarðgangagerðinni á Vestfjörðum* lauk. Þessi ár hafa verið illa notuð.

Hv. 1. þm. Austurl., formaður Framsfl., hefði getað haft *þessi mál í hendi sér ef hann hefði viljað beita sér í ríkisstjórn* sem annar oddviti ríkisstjórnarinnar. Hann hefði fyrir löngu getað verið búinn að sjá til að ráðist yrði í þessar framkvæmdir ef vilji hefði verið til. Þetta er þó ekki framkvæmd nema upp á 2–5 milljarða. Frekari samgöngubætur á Austfjörðum hafa líka verið á dagskrá. Hefði verið ráðist í þær hefði það orðið til styrktar atvinnulífi á Austurlandi. Þegar þessi mál komast síðan í uppnám halda formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, og hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir, áfram að berja höfðinu við steininn og segja við fólk á Austurlandi: Þetta skal áfram það úrræði sem ykkur stendur til boða. Þetta er úrræði sem við munum berjast fyrir og ekkert annað. Þetta er það sem við gerum.

Vitlegra hefði verið að snúa við blaðinu. Þau hefðu mátt vinna áfram, hefði þeim sýnst svo, að hugmyndum um iðjuver og raforkuver á Austurlandi, kanna jafnvel minni einingar, bæði í orkuverum og iðnaði. Alla vegana er ljóst að á næstu mánuðum og árum mun slíkt ekki rísa. Þess vegna ber þessum oddvitum Framsfl. skylda til að koma með nýjar leiðir og önnur verkefni inn í fjórðunginn. Þegar svo hæstv. utanrrh., 1. þm. Austurl., fer síðan og heldur opinn fund á Austurlandi getur hann enn ekki svarað því hvort hann muni

beita sér fyrir því að ráðast í jarðgöngin á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Hann gat ekki sagt til um hvort þau yrðu nú sett á hraðferð, sem er að mínu viti sjálfsagt og eðlilegt. Þar eru fleiri slík verkefni sem hægt væri að setja á fulla ferð til að sýna þann hug sem Alþingi ber að sýna gagnvart atvinnumálum á Austurlandi. Þótt okkur greini á um hvort skynsamlegast hefði verið að ráðast í virkjun við Kárahnjúka og uppbyggingu Reyðaráls er alveg ljóst að búið var að byggja upp þær væntingar á Austurlandi að það hlaut að valda miklum vonbrigðum og óöryggi að heyra að þessar áætlanir gengju ekki upp. Svo mjög hefur þeim verið haldið á lofti.

Stjórnvöldum og 1. þm. Austurl. ber að hafa sérstaka forgöngu um aðgerðir til þess að styrkja byggð og atvinnulíf á Austurlandi nú þegar, aðgerðir sem þegar eru til áætlanir um eins og jarðgangagerð. Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. segir að hugsanlega geti skapast meira svigrúm ef ekki verður ráðist í þessar virkjanir til þess að fara í þessa jarðgangagerð. Er það nú framkoma eða manndómur í þessu máli? Mér finnst þetta dapurleg framkoma af hálfu 1. þm. Austurlands.

Mér finnst að finna hefði átt fleiri mál til að styrkja þar atvinnulíf. Ég get t.d. nefnt Skógrækt ríkisins. Við heyrðum í fréttum nýverið að rætt væri um að flytja tilraunastöð Skógræktarinnar á Mógilsá og rannsóknastarfsemi hennar á Suðurland og á döfinni væri að bjóða falt landið á Mógilsá. Að minni hyggju er náttúrlega sjálfsagt og einboðið að verði hreyft við þessari rannsóknastarfsemi í skógrækt eigi skilyrðislaust að flytja hana austur og styrkja miðstöð skógræktar á Austurlandi.

Ég hefði viljað heyra hæstv. utanrrh., formann Framsfl. og 1. þm. Austurl., leggja áherslu á að athugað yrði hvar væri hægt að styrkja starfsemi sem fyrir er, t.d. skógræktina. Í staðinn þá heyrum við umræðu um að það eigi að flytja þá starfsemi á Suðurland. Að sjálfsögðu getur starfsemin orðið vel sett þar í sjálfu sér en það var tekin ákvörðun um að flytja Skógrækt ríkisins austur á Hérað og ég hef ekki heyrt neinn andmæla því. En þá væri nær að fylgja því eftir, ekki síst í þeirri umræðu sem við stöndum frammi fyrir. Ég hefði viljað heyra 1. þm. Austurl. taka til orða t.d. varðandi það að styrkja og efla Skógrækt ríkisins fyrir austan.

Ég hefði líka viljað heyra að gert yrði stórátak í ferðamálum. Hugsið ykkur að ríkið ver einungis í kringum 700 millj. kr. til þróunar- og markaðsstarfs í ferðamálum, atvinnuvegar sem þó er í svo örum vexti að talið er að á sl. ári hafi um 300.000 erlendir ferðamenn komið til landsins. Það er búist við því að á næstu 10–20 árum geti fjöldi þeirra tvöfaldast. Í rauninni er ekkert í gangi hér á landi til undirbúnings því að taka á móti svo mikilli fjölgun, né áætlanir um að nýta það í atvinnuskyni. Ímyndið þið ykkur, til þessa er einungis varið um 700 millj. kr. Hvert ársstarf í samanlagðri Kárahnjúkavirkjun og Reyðaráli, hvað ætli það hafi átt að kosta? Samkvæmt þeim tölum sem þar hafa komið upp í umræðunni hefði hvert ársstarf þar kostað um 400 millj. kr. Tvö ársstörf í stóriðjunni sem þar átti að byggja upp kosta meira en varið er til opinbers þróunarstarfs og markaðssetningar í ferðamálum. Ferðaþjónustan er þó sú grein sem er í hvað mestum vexti og skilar hvað mestri aukningu í gjaldeyristekjum til þjóðarinnar. Talið er að á síðast ári hafi hún skilað í kringum 37 milljörðum kr. í gjaldeyristekjur.

Á Austurlandi eru einmitt miklir möguleikar til að efla ferðaþjónustu, styrkja hana sem atvinnugrein og nýta þær náttúruauðlindir sem þar eru til að efla og styrkja ferðaþjónustuna. En í staðinn eiga þau fyrirtæki sem þar eru núna í miklu basli, fyrirtæki og einstaklingar sem leggja allt sitt, þar með talið orku sína, í þróunarstarf í ferðaþjónustu og eiga mjög erfitt uppdráttar fjárhagslega. Væri ekki nær í þessari umræðu að sýna lit og styrkja þá starfsemi sem fyrir er í stað þess að segja: Bíðið bara í tvö eða þrjú ár en við ætlum samt að koma með álverið?

Fyrir tæpum tveimur árum gat stór flugvél varla lent á Egilsstaðaflugvelli vegna þess að þar var ekki dæla til að dæla eldsneyti á vélar. Ég vona að úr því hafi þó eitthvað ræst. (**Gripið fram í:** Hún er löngu komin.) Ja, það er þá ekki meira en eitt og hálft ár síðan. Þá voru menn enn á fullu að ræða um 200–400 milljarða kr. fyrirtæki á Austurlandi en það var ekki hægt að ráðast í að setja upp eldsneytisdælu fyrir flugvélar á Egilsstaðaflugvelli. Þann flugvöll væri hægt að byggja upp sem ferðamannaflugvöll, og það á að stórauka fjármagn til ferðaþjónustu í landinu. Ég hefði viljað sjá t.d. að settir væru tveir, þrír milljarðar á ári í að efla ferðaþjónustu á Íslandi. Þetta er ein stærsta atvinnugreinin, sú atvinnugrein sem vex hraðast hér og á hvað mesta möguleika vítt og breitt um landið, ekki bara á Austfjörðum heldur um land allt. (**GHall:** Okkur vantar tekjur af álveri til þess að geta sett meiri pening í þetta.) Nei, því miður, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, þetta stenst ekki. Hvert ársverk í álveri er dýrt, tvö ársverk í álveri og virkjun kosta eins mikið og allt það sem núna er lagt til opinbers þróunarstarfs í ferðaþjónustu. Hugsið ykkur hvað þetta er fráleitt.

Virðulegur forseti. Ég tel að Alþingi beri núna að koma með raunhæfa framkvæmdaáætlun fyrir Austurland. Ég hef nefnt jarðgöngin, ég hef nefnt auknar vegaframkvæmdir í byggð og að tengja saman byggðir á Austurlandi. Ég hef nefnt Skógrækt ríkisins. Það ætti líka að vera fyllilega grundvöllur til þess að stofna háskóla á Austurlandi, háskóla sem væri sérhæfður og gæti tekið að sér sérverkefni á sviði náttúruvísinda, umhverfismála, rekstri þjóðgarða og starfað þar á alþjóðavísu.

Reynsla Akureyringa var einmitt sú að þegar menn vöknuðu upp af álversdraumunum og sneru sér að því að byggja upp innviði sína með öðrum hætti, með byggingu Háskólans á Akureyri, fór þróun byggðar og efling sjálfsímyndar að snúast þar við. Þetta á líka að gera á Austurlandi.

Virðulegi forseti. Ég óska þess að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér í þessu máli. Það er glapræði að keyra fram á fölskum forsendum, a.m.k. mjög veikum, áframhaldandi hugmyndum um uppbyggingu stóriðju á Reyðarfirði og byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Í stað þess eigum við þegar að vinda okkur í að setja í gang framkvæmdir, verkefni á Austurlandi sem styrkja þar byggð, styrkja þar atvinnulíf á forsendum Austfirðinga sjálfra heima fyrir.

[21:34]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Í því frv. til laga sem við erum að ræða, um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, hefur margt verið sagt úr þessum ágæta ræðustól. Sitt sýnist hverjum þó að við 2. umr. þessa máls hafi ýmislegt verið að skýrast enn frekar og koma meira og meira í ljós, sumt jákvætt, annað neikvætt.

Ég ætla, herra forseti, ekki að lengja þessa umræðu mikið en vil samt sem áður segja mitt álit á þeirri stöðu sem uppi er og á þeim virkjunum sem hér er verið að fjalla um sem eru vegna hugsanlegrar byggingar álvers í Reyðarfirði.

Afstaða mín er skýr, ég er hlynntur þessu verki og þessari framkvæmd af tveimur ástæðum, annars vegar vegna þess að þetta er þjóðhagslega hagkvæmt og þetta er þjóðhagslega nauðsynlegt fyrir efnahagslíf landsmanna, og í öðru lagi vegna þess að þetta er byggðalegs eðlis. Þetta yrði geysilega mikil lyftistöng fyrir þann landsfjórðung sem álverið á að byggja á, þ.e. Austurland og íbúa Austurlands, þó að landfræðilega sé það kannski ekki fyrir alla. Verkefnið verður þó klárlega til hagsbóta, sérstaklega fyrir íbúa Miðausturlands.

Ég viðurkenni að mér finnst nokkurt áfall að Norsk Hydro telji sig ekki geta tekið ákvörðun miðað við þá tímaáætlun sem sett var upp en er samt ekki búið að segja sig frá verkinu. Sem betur fer eru málin þannig tengd, eins og reyndar kemur fram í athugasemdum við lagafrv., að frv. er flutt til þess að afla lagaheimilda til að byggja Kárahnjúkavirkjun og stækka Kröfluvirkjun vegna stóriðjuframkvæmda sem áformað er að ráðast í á næstu árum á Austurlandi. Ég ætla að gera ráð fyrir að af þessari framkvæmd verði þrátt fyrir síðustu áföll. Að mínu mati er algjört skilyrði fyrir virkjun á þessu svæði að orkan sé notuð til þess að byggja upp og nota við stóriðju á Austurlandi. Það segir sig líka sjálft, herra forseti, að allar vangaveltur um að reisa þessa virkjun og flytja orkuna í einhverja aðra landsfjórðunga gerir það að verkum að arðsemi *virkjunarinnar minnkar allverulega ef hún ekki hverfur alveg* þannig að þetta er algjört grundvallaratriði til að hafa í huga.

Ég sagði áðan, herra forseti, að önnur ástæða mín fyrir stuðningi við þetta frv. og þessa framkvæmd væri sú að þetta er þjóðhagslega nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að efla útflutningstekjur og skjóta frekari stoðum undir atvinnulíf okkar, og það að nýta vatnsorkuna, þá náttúruauðlind, er hlutur sem við getum ekki horft fram hjá. Við Íslendingar erum ekki það rík af náttúruauðlindum öðrum en þessu og því sem kemur upp úr sjónum en við byggjum auðvitað alla okkar afkomu á þeim.

Það kemur fram í frv. að arðsemi virkjunar er mikil og ég ætla ekki að draga það í efa þó að ég viðurkenni líka að ég hef ekki allar forsendur til að leggja mat á hana. Ég veit t.d. ekki um orkuverð, það er trúnaðarmál við iðnaðarnefndarfólk og aðra, og ég geri ekki heldur kröfu um að fá endilega að vita það. Ég treysti mínu fólki í þessum nefndum til að vega það og meta, og ég segi þetta eingöngu vegna þess að þarna er um svo stór mál viðskiptalegs eðlis að ræða að þessum viðskiptaupplýsingum er ekki hægt að flagga úti um borg og bæ, allra síst í upphafi máls, þ.e. sýna þá viðsemjendum hvaða spil við höfum á hendi og arðsemi og annað slíkt sem gæti orðið til þess að kaupendur að orkunni gætu krafist þess að fá hana á lægra verði. Þetta er önnur aðalástæðan fyrir stuðningi mínum, herra forseti.

Ég sagði líka áðan að í byggðalegu tilliti styrkti þessi framkvæmd þennan landshluta mjög verulega. Ég hef gagnrýnt núv. hæstv. ríkisstjórn fyrir aðgerðaleysi í byggðamálum í mörgum ræðum og bent á ótal atriði en þarna á þó að grípa til aðgerðar sem mark er takandi á. Það að ætla að reisa þetta álver á Austurlandi og nýta orkuna þar í næsta nágrenni við virkjunarsvæðið gerir það að verkum að þetta er fýsilegur kostur í byggðastefnu og byggðaþróun. Við þurfum ekki nema að skoða söguna, fara nokkra áratugi aftur á bak til þess tíma þegar síldin var að hverfa og miklir erfiðleikar í efnahagsmálum gengu yfir íslenska þjóð. Þá er ég auðvitað að tala um það tímabil þegar við Íslendingar fórum af stað og byggðum álverið í Straumsvík og þær virkjanir á Suðurlandi sem þar voru reistar sem, eins og fram hefur komið í ræðum hjá nokkrum þingmönnum, eru sennilega álíka stórt dæmi og það sem við erum að tala um hér og nú.

Við erum að tala um risastórt verkefni. Við þurfum ekki að fara nema nokkur ár aftur í tímann og horfa á Norðurál uppi í Hvalfirði og sjá hvernig það hefur orðið til að styrkja atvinnulíf á því svæði, hvað bygging Norðuráls og álverksmiðjan þar hefur lyft miklu grettistaki þar sem eru um 200 manns í vinnu núna. Norðurál átti á síðasta ári viðskipti við 60–70 þjónustuaðila í nágrenni sínu og því liggur í augum uppi þegar Norðurál er skoðað að það er mikilvægt í atvinnulegu tilliti. Ég kann ekki að segja hverjar útflutningstekjur af Norðuráli eru en ég hlustaði á það nýlega að hagnaður þess fyrirtækis á síðasta ári var einn milljarður kr. (**Gripið fram í:** Rúmlega.) Rúmlega einn milljarður kr. Og ég veit ekki annað en að starfsmenn þar séu mjög ánægðir með kaup og kjör og hafi jafnvel fengið stóra og mikla bónusa fyrir ýmiss konar hagræðingarvinnu. Þessi tvö atriði, herra forseti, staðfesta það sem ég nefndi hér sem aðalrökin fyrir því að ég er hlynntur þessu verki.

Norðurál á, eins og ég sagði áðan, í viðskiptum við milli 60 og 70 þjónustuaðila í nágrenni verksmiðjunnar á Vesturlandi. Þjónustan er auðvitað geysilega mikil, sama hvort það er í rafmagnsiðnaði, járniðnaði, tölvubransanum eða öðru. Eiginlega *má nefna hverja einustu starfsgrein* sem til er, hún hefur einhvers konar hag af því að vera í nágrenni við þetta fyrirtæki. Þetta er, herra forseti, aðalástæðan fyrir því að ég er mjög hlynntur þessu verki, eins og ég hef áður sagt.

Síðan langar mig í örfáum orðum að ræða um að þetta stóra og mikla verkefni geti sett allt á annan endann í efnahagsmálum okkar Íslendinga, og það þurfi ofboðslegar mótvægisaðgerðir ef þetta verk fer í gang. Það þarf örugglega mótvægisaðgerðir en ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt, og hafi ekki verið hægt á þeim *tímapunkti* þegar verið var að ræða um þetta og menn héldu að allar tímaáætlanir mundu standa, að fara að kortleggja einhverjar mótvægisaðgerðir í dag gegn því sem gerist árið 2005 ef verkið verður þá hafið og mesti krafturinn í því eins og það gæti litið út nú. Í dag er ekki tími til að segja til um það. Núna er hins vegar tími til að stjórnvöld viðurkenni það og segi að þegar þetta verkefni fer í gang þurfi þáverandi stjórnvöld að vera tilbúin með mótvægisaðgerðir til að sporna gegn þenslu og öðru slíku í þjóðfélaginu. Og það er gott ef allir eru meðvitaðir um það í dag.

Ég hef oft spurt mig þessa: Hverjar voru mótvægisaðgerðirnar við hin og þessi stórverkefni sem unnin hafa verið á höfuðborgarsvæðinu, sem m.a. hafa sogað til sín fólk af landsbyggðinni? Þar voru engar mótvægisaðgerðir gerðar, e.t.v. því miður.

Þetta vildi ég segja um þau efnahagslegu mál sem þarna var talað um. Rétt í lokin vil ég koma að hinni nýju stöðu í þessu máli sem kom upp í lok mars, rétt fyrir páska, þar sem fram kom hjá Norsk Hydro að þeir geti ekki staðið við þær tímaáætlanir sem þeir voru búnir að gefa, þ.e. um 1. júní og síðan aftur 1. sept., vegna fjárfestinga í gamalli álverksmiðju í Þýskalandi.

Mér finnst hafa verið staðið þokkalega vel að eftir að sú staða kom upp. Ég lít ekki svo á að Norsk Hydro sé búið að segja sig frá verkefninu. Ég er hins vegar sammála því að mjög slæmt er hvernig Norsk Hydro hefur komið í bakið á okkur Íslendingum hvað þetta varðar. En það er ekki þannig sem betur fer að þeir séu búnir að segja sig alfarið frá verkefninu og þess vegna hlýtur það að vera verkefni númer

eitt, tvö og þrjú hjá stjórnvöldum í dag að finna og fá nýjan aðila inn í þetta arðbæra stórverkefni og ég vona að sú leit og sú skoðun beri árangur sem allra fyrst.

Mér finnst það heldur ekkert slæmur kostur þó að nýr aðili komi inn í eignarhald álverksmiðjunnar á einhvern hátt, minnki jafnvel hlut okkar Íslendinga, minnki þess vegna hlut Norsk Hydro og þannig verði þetta byggt upp. Ég vona að sú leit taki ekki langan tíma og vil hvetja hæstv. iðnrh. til að láta sína menn sem vinna við þetta og hina nýskipuðu nefnd, sem sagt hefur verið frá, vinna hratt og vel í þessum efnum.

Herra forseti. Þess vegna held ég og er þeirrar skoðunar að við eigum að klára það mál sem við ræðum nú, þ.e. virkjunarleyfið. Ég tel að við séum ekkert að skjóta okkur í fæturna þó að við samþykkjum það núna. Ég tel það reyndar vera vinnubrögð til fyrirmyndar á Alþingi að þetta verði unnið í tæka tíð og með góðum fyrirvara. Þá er hægt að flagga því að þetta sé allt saman klárt, umhverfismatið og virkjunarleyfið, þegar leitað er að fjárfestum.

Þetta vildi ég segja í lokin, herra forseti, um leið og ég vil ljúka máli mínu með því að segja að ég vona svo sannarlega og ítreka það sem ég segi, að þetta verkefni fari í gang sem allra fyrst því að nóg eru Austfirðingar búnir að bíða eftir þessu verkefni. Það muna þeir sem eru eldri en ég og geta talið það í árum, en ég hef heyrt menn tala um 20 ára bið, 20 ára vonbrigði jafnvel hjá Austfirðingum vegna stóriðjuáforma sem mörg hver hafa dottið upp fyrir á ýmsum vinnslustigum. Þess vegna trúi ég því ekki að það verði svo með þetta verkefni, enda held ég að það sé fýsilegur kostur að byggja álver á Íslandi sem notar vistvæna orku sem hér á að framleiða. Við getum hugsað þetta hnattrænt, ef svo má að orði komast, heimurinn þarf meira ál.

Við skulum hafa það í huga að samdráttur í efnahagslífi heimsins sem hófst í mars eða apríl árið 2000 og stöðugur samdráttur í heiminum í efnahagsmálum sem fékk heldur betur högg, 11. september sl. þegar glæpasamtök gerðu árás á hinn vestræna heim og vestrænt efnahagslíf, að í rauninni er ekkert óeðlilegt að svo stór framkvæmd eins og þessi skuli fara í ákveðinn bakkgír, ef svo má að orði komast, í framhaldi af því að heimurinn er að jafna sig af því sjokki sem þá varð og þessu efnahagssjokki. Þess vegna segi ég alveg hiklaust og vil enda orð mín á því að ég vona að Austfirðingar þurfi ekki að bíða allt of lengi og við Íslendingar eftir því að framkvæmdir við byggingu Kárahnjúkastíflu og þess sem þar þarf og álvers á Reyðarfirði, sem er algjör forsenda fyrir að nýta þá orku og það verði sem allra fyrst og sú bið verði ekki mörg ár.

[21:49]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Kristján Möller hvort honum finnist ekki frekar ósanngjarnt, eins og fram kom í ræðu hans, gagnvart Norðmönnum að stilla þeim upp sem eins konar sökudólgum í þessu máli, vegna þess að við höfum öll vitað að taka átti ákvörðun um framgang verksins í tveimur áföngum, þ.e. 1. júní og 1. september. Ég tel mig sem iðnaðarnefndarmann alltaf hafa vitað að Norðmenn gætu á báðum þessum stigum gengið út úr verkefninu.

Síðan vil ég jafnframt spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki erfitt fyrir Austfirðinga að standa frammi fyrir málflutningi eins og þeim að þeir séu búnir að bíða nógu lengi, vegna þess að við höfum reynslu af svona málum, eins og t.d. í Eyjafirði þar sem voru svipaðar raddir uppi og þar sem menn sögðu að Eyfirðingar væru búnir að bíða eftir álveri í 15 eða 20 ár. Ég er þeirrar skoðunar að slík framsetning mála geti verið letjandi og haft mjög neikvæð áhrif. Menn verða að vera raunsæir og reynslan sýnir okkur að slík verkefni eru ekkert í hendi og hafa ekkert verið í hendi þó svo að við höfum unnið að þeim um áratuga skeið.

Það eru bara tvö verkefni sem hafa farið í gang og það er í Hvalfirði og í Straumsvík. (Gripið fram í.) Ég er að tala um okkur Íslendinga í einu lagi, ég geri mér grein fyrir að ég hef ekki unnið að því sem persóna. En þannig standa málin. Og ef við ætlum að halda áfram enn og hafa engar aðrar lausnir fyrir Austfirði eins og aðra landshluta þá held ég að það sé verra en að horfast í augu við þessi mál eins og þau raunverulega eru.

[21:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson spurði mig hvort mér fyndist ekki þetta ferli og e.t.v. það sem ég hef verið að tala hér um ósanngjarnt gagnvart Norðmönnum þar sem ég talaði um að Norsk Hydro hefði í raun og veru komið í bakið á okkur. Nei, ég tel það ekki ósanngjarnt sem við erum að segja gagnvart Norðmönnum.

Hins vegar vil ég ítreka það sem ég sagði áðan um ástand efnahagsmála í heiminum fram að 11. september og eftir þann tíma, að menn horfa kannski ekki nóg á þau hryðjuverk sem þar voru unnin á efnahagslífi Vesturlanda sem setti ýmislegt í bakkgír í framhaldi af því.

Síðan veit ég ekki og hef ekki heyrt í fréttum hvað kaup Norsk Hydro á álveri í Þýskalandi hafa haft langan aðdraganda, ég kann ekki að segja hvað það hefur tekið langan tíma. En auðvitað liggur í augum uppi að Norsk Hydro þurfi að skoða fjárfestingarstefnu sína í framhaldi af því að kaupa þá miklu og stóru verksmiðju í Þýskalandi. Ég vona hins vegar að Norsk Hydro, vegna þess að þeir eru miklir fagmenn á þessu sviði og sennilega langfremstir í álbransanum, verði með í þessu verkefni hjá okkur, þó svo að ég gráti það ekkert að nýr aðili komi inn í þetta púkk með okkur.

Hv. þm. spyr hvort ég telji það ekki vera erfitt fyrir Austfirðinga að bíða og bíða eftir stóriðju. Jú, það er það. Ég hygg að það sé líka mjög erfitt fyrir Austfirðinga að hlusta á málflutning Vinstri grænna í þessu máli vegna þess að hann hefur verið dálítið rokkandi. Fyrst var hann eingöngu um umhverfismál, síðan snerist hann um efnahagsmál og nú snýst hann um þá von að þetta mál detti upp fyrir vegna þess að Norðmenn eru að gera eitthvað annað.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, ég reyndi að tala skýrt áðan og lýsti yfir stuðningi við þetta verk og reyndi að færa rök fyrir því. Ég er algjörlega ósammála þingmönnum Vinstri grænna í andstöðu þeirra gegn þessu verki vegna þess að mér finnst hún ekki vera á réttum nótum.

[21:54]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. Kristjáni Möller á að Vinstri grænir voru ekki til þegar verkefni eins og Keilisnes fór upp fyrir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð var ekki til þegar álviðræðunefndir voru sendar í stríðum straumum norður í Eyjafjörð til þess að skoða lóðir undir álver, síðast í Dysnesi. Ætli það hafi ekki verið fimm aðilar sem komu þar að?

Ég vil einnig benda hv. þm. á að Austfirðingum hefur verið það ákaflega ljóst alveg frá upphafi að við vildum annars konar atvinnuuppbyggingu þannig að menn ganga ekkert gruflandi að því. Þess vegna finnst mér dálítið einkennilegt og vil spyrja þingmanninn enn og aftur hvort hann telji þetta ekki óheppilega framsetningu mála að kenna samstarfsaðilanum eða aðilanum sem er verið að semja við, Norsk Hydro, um væntanlega seinkun og síðan að reyna, eins og þráfaldlega er gert, að kenna Vinstri grænum um það að menn hafi ekki komist áfram með málið. Sagan sýnir að það að koma upp álveri eða semja um slíka atvinnuuppbyggingu hér á landi hefur tekið mörg ár og það hefur bara tekist að koma því í framkvæmd í tveimur tilfellum, í Straumsvík og í Hvalfirði. Og það er búið að reyna, eins og ég segi, margsinnis. Ég vil því spyrja þingmanninn enn og aftur hvort hann telji ekki að það að berja hausnum við steininn, halda áfram að gefa Austfirðingum von og þar af leiðandi að grípa ekki til hliðarráðstafana, sé verst fyrir fjórðunginn í raun og veru þegar upp er staðið.

[21:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvarið snerist um að minna okkur á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð var ekki til hér á árum áður og það er alveg rétt, hvorki þegar verið var að ræða um álver á Keilisnesi, sem datt upp fyrir, né önnur álver þar á undan, Ísal eða Norðurál.

Hins vegar er varaþingmaður Vinstri grænna, Hjörleifur Guttormsson, til. Hann var eitt sinn iðnrh. sem byggði upp miklar væntingar hjá Austfirðingum fyrir stóriðju og nefni ég þá kísilmálmverksmiðjuna. Og Hjörleifur Guttormsson á heiður skilið fyrir það að hann keypti landið sem á að byggja álverið á fyrir hönd ríkissjóðs og startaði því verki. Hann er núna varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð. (**Gripið fram í:** Í Reykjavík.) Í Reykjavík að vísu.

Aðeins um það þegar talað er um ósanngirni gagnvart Norðmönnum. Norðmennirnir, forustusveit Norsk Hydro, sögðu í fyrra að það mundi ekki hafa áhrif á verkefnið hér ef þýska álverksmiðjan yrði keypt. Og það er í rauninni það sem ég er að segja að sé að koma í bakið á okkur og það er það sem menn eru að tala um að sé mjög ósanngjarnt og slæmt hvernig þetta kemur upp núna. Auðvitað hefur sú efnahagslægð sem hefur verið í heiminum áhrif en við erum sem betur fer að byggja okkur upp úr því.

Ég vil í lokin, herra forseti, í seinna andsvari mínu ítreka það sem ég sagði í lok ræðu minnar áðan: Ég er bjartsýnn og hef trú á því að álverksmiðja verði byggð við Reyðarfjörð með þátttöku Norsk Hydro og íslenskra fjárfesta og e.t.v. fleiri fjárfestum og reyndar vonandi fleiri fjárfestum. Ég á þá ósk að sú leið eða þær viðræður sem munu fara í gang muni leiða til þess að nýir aðilar komi inn í fyrirhugað verkefni og að af verkefninu verði.

En það er vissulega slæmt að þær væntingar sem búið var að byggja upp skuli frestast um eitt eða tvö ár.

[21:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú er komið að úrslitastund í þessu máli hér í Alþingi sem snýst um það hvort Alþingi vilji samþykkja virkjun þeirra tveggja stórfljóta sem hér eru til umræðu ásamt stækkun Kröfluvirkjunar.

Ég ætla að byrja á að segja að ég hef alltaf haft þá skoðun síðan ég fór að velta þessu máli fyrir mér að við Íslendingar mundum virkja fljótin þarna, og vegna þess að rammaáætlun sem lengi hefur verið beðið eftir er enn í vinnslu má segja að við séum að fjalla um málið á annan hátt en annars mundi hafa verið gert. En ég er alveg sannfærður um að þegar rammaáætlun verður sýnd, hvort sem það gerist fyrr eða síðar, þá verður í henni gert ráð fyrir að virkja þau fljót sem hér um ræðir. Fyrir mér snýst málið fyrst og fremst um það hvort Alþingi eigi að samþykkja þær virkjunarframkvæmdir eða ekki.

Fyrst vil ég segja, hæstv. forseti, að mér finnst umræðan síðustu dagana hafa snúist og af eðlilegum ástæðum um stöðu málsins nú. Þær fréttir að Norsk Hydro, fyrirtækið sem gert var ráð fyrir að tæki þátt í verkefninu og gerði kleift að hrinda því af stað, væri ekki tilbúið til að taka ákvarðanir um hvenær framkvæmdir yrðu hafnar eftir þá tímafresti sem gert var ráð fyrir, hafa vitanlega komið miklu róti á málið og þær fréttir vekja auðvitað upp alls konar spurningar.

Ég tel að ástæða sé til að velta því fyrir sér hvort áhugi Norsk Hydro hafi nokkurn tíma verið jafnmikill og stjórnvöld hafa látið að liggja. Ég minnist þess að fyrir ári eða meira var talað um að Norsk Hydro vildi helst ekki eiga meira en rúmlega 20% í álverksmiðjunni sem gert var ráð fyrir að byggja. Síðan komu fréttir, sem ég kann nú ekki að fara með hvort voru nokkurn tíma endanlega staðfestar, að Norsk Hydro væri tilbúið að eiga allt að helmingi í þessu.

Það vekur mann til umhugsunar þegar nú kemur að því að Norsk Hydro telur sig vanbúið að taka ákvarðanir eftir þá fresti sem gefnir voru, að stjórnvöld hafi dregið málið áfram, meira af sínum áhuga en að þar hafi verið jafnmikill áhugi frá hendi Norsk Hydro til að taka þátt í þessu. Ekki efast ég samt um að áhugi þeirra er til staðar. En menn verða auðvitað að gá að því að fyrirtæki af þessu tagi, auðhringur eins og Norsk Hydro, er auðvitað að skoða möguleika á fleiri stöðum í heiminum en Íslandi. Möguleikarnir sem slíkt fyrirtæki skoðar eru örugglega fleiri en fyrirtækið er fært um að taka ákvarðanir um að hefja framkvæmdir við. Þannig að ef raknar úr hugmyndum á einum stað hefur það að öllum líkindum aðrar afleiðingar í för með sér annars staðar. Því stöndum við núna frammi fyrir.

Nú þurfum við að meta það í framhaldinu, eða stjórnvöld á Íslandi, hvort áhugi Norðmanna sé núna eitthvað tryggari en hann var áður. Mér kæmi ekki á óvart þó að Norsk Hydro væri að skoða fleiri möguleika en að halda áfram við þetta verkefni sem hér er til umræðu. Ég væri ekkert hissa á því. Þess vegna held ég að menn verði að horfast í augu við að á meðan þetta fyrirtæki skrifar ekki undir bindandi yfirlýsingar um að það ætli sér í þessi verkefni þá verði menn einfaldlega að gera ráð fyrir að þeir geti hvarflað frá verkinu. Ég vil ekki fullyrða að þeir muni gera það en ég tel raunhæft að líta á málið eins og það er. Þeir hafa ekki skuldbundið sig. Það er ekki rétt að líta þannig á, þó að þeir hafi fjárfest í undirbúningi hér, að það bindi þá eins og sumir hafa látið í veðri vaka í þessari umræðu. Mér finnst ekki fólgin trygging í því vegna þess að hagsmunir slíkra fyrirtækja nema gífurlegum fjárhæðum og hálfur milljarður á Íslandi getur verið hálfgerð skiptimynt þegar menn eru að velja á milli þess að fara í fjárfestingar upp á tvö, þrjú hundruð milljarða hér eða einhvers staðar annars staðar. Þannig er ástæða til að hafa allan vara á hvað þessi málefni varðar.

Ég nefndi rammaáætlunina áðan. Ég tel að það hafi verið mikill skaði að við höfum ekki fyrir löngu komið okkur upp rammaáætlun til að mynda einhvers konar sátt um nýtingu á auðlindunum okkar. Mér finnst að nú sé aðeins að byrja

að djarfa fyrir því, í nánustu framtíð, að við sjáum þessa rammaáætlun. Ég nefni hana hér aftur vegna þess að mér finnst þessi umræða hafa verið á dálitlum villigötum hvað þetta atriði varðar, þ.e. hvort þarna verði virkjað eða ekki. Fyrir mitt leyti hef ég verið gjörsamlega sannfærður um það, og ég yrði ákaflega undrandi ef það rættist ekki, að bæði þessi fljót yrðu ofarlega á skrá yfir möguleika til að virkja þegar rammaáætlun liggur fyrir. Ef maður gefur sér að svo væri þá er umræðan um umhverfisspjöllin sem menn tala um að verði komin í svolítið annað samhengi.

Menn verða auðvitað að líta á þau með tilliti til þess hve mikla orku er verið að virkja. Í þessu tilfelli er verið að virkja gífurlega orku. Einfaldast er að líkja þessu við allar virkjanirnar á Þjórsár–Tungnaár svæðunum þar sem menn keyra fram hjá hverri virkjuninni eftir annarri upp á hálendið. Þar er ekki búið að virkja sambærilega orku við það sem virkjað yrði með einni virkjun í þessum tveimur fljótum sem þarna er verið að tala um. Það er fráleitt að halda því fram að meiri umhverfisspjöll séu af þessari einu virkjun en af öllum þeim virkjunum. Það er fráleitt. Ég er sannfærður um að ekki er möguleiki á að reisa margar virkjanir sem hafa mundu í för með sér minni umhverfisspjöll í samhengi við hve mikla orku þær gefa af sér.

En þá kem ég að hinu. Það er auðvitað ekki nóg að virkja þessa gífurlegu orku. Það verður að vera verulegur arður af þeirri orkunýtingu sem þarna er á ferðinni. Í þessum umræðum hefur verið gerð grein fyrir því gert sé ráð fyrir því að afskriftartími þessarar virkjunar verði 30 ár. Séu þær upplýsingar réttar er á ferðinni mjög arðsamt fyrirtæki.

Ég ætla ekki að tala í kvöld eins og ég telji að af þessu verði öllu saman, þ.e. að það sé öruggt mál. Ég er ekki með glýju í augunum yfir álverinu sem þarna á að byggja. Ég hef hins vegar skoðað og fylgst með byggingu álvers í Hvalfirði. Ég hef komið í álver á Íslandi og ég hef komið á marga aðra vinnustaði. Ég held því hiklaust fram að beri menn þessa vinnustaði saman við annað atvinnulíf í landinu þá þoli þeir þann samanburð mjög vel, bæði hvað varðar aðbúnað mannskapsins sem þarna vinnur, launin sem menn fá fyrir vinnuframlag sitt og að maður tali nú ekki um afleiðingarnar af þessari atvinnustarfsemi fyrir allt samfélagið í kringum þessi stóru fyrirtæki. Hér er ekki um það að ræða að einungis sé verið að tala um einhver erfiðisvinnustörf eða störf í mikilli mengun. Um er að ræða fjölmarga menntamenn og fjölmarga þjónustuaðila sem fá atvinnu í kringum þessi fyrirtæki.

Mér finnst að ég þurfi ekki endilega að tengja ákvörðunina um að styðja virkjunarleyfið sem hér er verið að tala um við sérstakt verkefni sem fengið hafi verið í hús. Mér finnst að Alþingi, eftir allan þann tíma sem menn hafa talað um að í nánustu framtíð yrði af einhvers konar stóru atvinnufyrirtæki fyrir austan, lýsi því a.m.k. yfir að til staðar sé möguleiki til þess að virkja og nýta raforku til atvinnustarfsemi á Austurlandi.

Mér er ekki neitt að vanbúnaði að taka þátt í að gefa slíka yfirlýsingu. Ég hef farið yfir málin og tel að þessi umhverfisspjöll séu ekki slík sem menn hafa lýst hér. Mig langar samt, hæstv. forseti, að fara svolítið yfir þann feril sem þetta mál hefur fylgt hvað varðar umhverfismálin.

Ég vil fyrst segja að okkur í Samfylkingunni hefur stundum verið legið á hálsi fyrir að hafa snúist í hringi í þessum stóriðju- og umhverfismálum, vegna þess að við tókum þá ákveðnu afstöðu á sínum tíma hvað varðaði Fljótsdalsvirkjun að þar ætti að fara fram umhverfismat. Við töldum einfaldlega að þar væri vegið þannig að náttúrunni að það væri ófært, eftir að lög um umhverfismat lægju fyrir, að láta það ekki fara fram og láta ekki þær fyrirhuguðu framkvæmdir sæta þeim reglum sem þar hafði verið tekin ákvörðun um.

Við þessu var ekki orðið. En málefnið sem við erum að tala um hér hefur farið í gegnum þann feril sem lögin um umhverfismat byggjast á. Nú ætla ég ekki að fara í langar umræður um hvort eða hvaða breytingar þyrfti að gera á þeim lögum. Ég tel að farið hafi verið eftir þeim lögum og að í sjálfu sér standi ekki deila um það. Ég vil til upplýsingar lesa, með leyfi hæstv. forseta, umsögn okkar, þ.e. mína og hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem fulltrúa í umhvn., til iðnn. hvað þessi mál varðar.

Umsögnin er svohljóðandi, hæstv. forseti:

„Undirrituð telja að eftir að Skipulagsstofnun felldi úrskurð sinn um mat á umhverfisáhrif um fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar 1. ágúst 2001 og sá úrskurður var kærður til umhverfisráðherra á grundvelli laganna um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, hafi ráðherrann átt um tvo kosti að velja. Að taka kæruna eins og hann gerði til umfjöllunar með því að gangast fyrir einhvers konar framhaldsmati byggðu að einhverju leyti á nýjum upplýsingum. Ellegar að senda málið aftur til umfjöllunar Skipulagsstofnunar sem þá hefði fengið hin nýju rannsóknagögn í hendur og getað kveðið upp nýjan úrskurð.

Við berum ekki brigður á lögmæti þess ferlis sem umhverfisráðherra ákvað að setja málið í, enda liggur því til grundvallar lögfræðiálit Eiríks Tómassonar, þar sem færð eru rök fyrir niðurstöðu ráðherrans. Það er hins vegar okkar skoðun að sá kostur sem ráðherrann valdi verði að teljast stjórnsýslulega hæpinn vegna þess að hinn endanlegi úrskurðaraðili, þ.e. umhverfisráðherrann, ber ábyrgð á umhverfismatsferlinu sjálfu og þeim vinnubrögðum sem við það er beitt. Þar með ber ráðherrann og ráðuneytið, sé þessi leið valin, ábyrgð á einstökum niðurstöðum úr matsferlinu. Þetta rýrir trúverðugleika ráðuneytisins og ráðherrans og kallar fram efasemdir um það hvort málsmeðferðin standist stjórnsýslulega og hvort hún standist alþjóðlegar skuldbindingar okkar í umhverfismálum.

Ákjósanlegra hefði verið að umhverfismat byggt á nýjustu upplýsingum hefði verið í höndum Skipulagsstofnunar. Þó skal það tekið fram að skilyrðin sem umhverfisráðherra setti í úrskurði sínum 20. desember sl. eru til bóta.

Ljóst er að lögin um mat á umhverfisáhrifum þarfnast endurskoðunar með tilliti til þess hvernig skuli fara með kærur til ráðherra vegna úrskurða Skipulagsstofnunar."

Ég tel ástæðu til þess að vekja athygli á þessu. Ég tel reyndar að þessi ferill hafi sýnt okkur að það þurfi að endurskoða lögin um mat á umhverfisáhrifum. Ég vil segja alveg skýrt að ég tel það óþolandi stöðu fyrir hæstv. umhvrh. og umhvrn. að þurfa að skera úr um málefni og einstök rannsóknarefni sem ráðherra hefur sjálf látið vinna í sínu eigin ráðuneyti. Ég hvet því til þess að sem allra fyrst verði farið yfir þessi mál og menn taki þannig á þeim að stjórnsýslulega verði ekki hægt að efast um að rétt sé að þeim staðið.

Ýmislegt hefur gerst í þessari umræðu. Ég hef tekið eftir því að loforðaflaumur hefur staðið upp úr mönnum, um að gera jarðgöng og hvaðeina fyrir austan í tengslum við þetta mál, sem sárabætur til Austfirðinga skilst mér. Mér finnst það vera svolítið óábyrgur málflutningur, ég verð bara að segja það. Mér finnst nóg að halda sig við umræður um þetta

málefni hér. Hvað stjórnvöld geta gert til að koma til móts við samgönguvandamál á Austfjörðum er önnur saga sem verður að ræðast í samhengi við önnur svæði og er í sjálfu sér í því ferli öllu saman. Ég vara menn við því að tala um Austurland eða önnur landsvæði eins og hið opinbera eigi bókstaflega að sjá til þess að atvinnulíf sé rekið á því svæði. Ég held að Austfirðingar séu ekki í neinum sérstökum vandræðum með þá hluti, og ég efast um að þeim sé nokkur greiði gerður með því að á Alþingi séu menn að upphugsa einhverjar sérstakar lausnir í atvinnumálum fyrir þá. Ég held að þeir séu alveg færir um það sjálfir. Það hefur ekkert með það að gera hvar menn setja niður stóriðju. Þó að stóriðja hafi mikil áhrif á atvinnulífið þar sem hún verður sett niður er það að mínu viti ekki byggða- eða atvinnustefna stjórnvalda. Hún getur ekki verið fólgin í því að koma niður einhverjum stórkostlegum framkvæmdum af því tagi sem við ræðum hér. Slíkar framkvæmdir hafa auðvitað óhjákvæmilega áhrif í kringum sig en geta ekki verið hluti af byggða- eða atvinnustefnu sem slíkri fyrir allt landið.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að hafa mjög langt mál um þetta. Ég vil segja að Samfylkingin er ekki á móti virkjunum og hún er ekki á móti stóriðju. Komi upp mál sem Samfylkingin getur ekki samþykkt, mál sem samrýmist ekki þeim lögum sem sett hafa verið um mat á umhverfisáhrifum eða öðrum lögum, hlýtur hún að þurfa að taka sérstakar ákvarðanir um það. Þá hlýtur að þurfa að koma fram tillaga í stofnunum flokksins þar sem menn taka slíka afstöðu. Það er ekki útilokað að taka slíka afstöðu í Samfylkingunni, hún er lýðræðislegur flokkur þar sem allar tillögur sem fram koma eru meðhöndlaðar með eðlilegum hætti. Slík tillaga hefur ekki komið fram.

Meiri hluti þingflokksins telur að hér sé á ferðinni mál sem geti gefið landinu mikla framtíðarmöguleika í atvinnulegu tilliti og gjaldeyrisöflun, lyft upp því landsvæði sem þetta fyrirtæki verður sett niður á. Flest okkar styðja málið á einhverjum slíkum grundvelli. Sem betur fer þurfum við í framtíðinni líklega ekki að standa í sömu sporum og við gerum nú vegna þess að vonandi liggur rammaáætlun fyrir sem allra fyrst. Þegar hún liggur fyrir næst svo vonandi sæmileg sátt um þau verkefni í virkjun fallvatna sem Íslendingar hafa þá ákveðið að velja sér, í þeirri röð sem skynsamlegust þykir út frá bæði umhverfissjónarmiðum og hagkvæmni. Ég endurtek að hefði sú áætlun legið fyrr fyrir hefðu þessar virkjunarframkvæmdir sem hér eru til umræðu örugglega verið afar ofarlega á því blaði.

[22:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst gæta nokkurrar misvísunar í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Annars vegar segir hann að ríkið eigi ekki að vera sá aðili sem horft sé til þegar setja eigi niður stórframkvæmdir eða koma með lausnir í atvinnumálum, og að auki minntist hann á að ekki mætti horfa á þetta verkefni sem beint byggðaverkefni heldur ætti að horfa á það á breiðari grunni. Í lok máls síns sagðist hann hins vegar vona að yrði af þessu verkefni yrði það mikil lyftistöng fyrir viðkomandi landshluta sem ekki veitti af.

Ég velti fyrir mér hvort hv. þingmaður hafi gert sér grein fyrir því að Kárahnjúkavirkjun og það sem henni tilheyrir er í rauninni ein stærsta ríkisframkvæmd sem hefur verið á borði stjórnvalda í Íslandssögunni þar sem ríkið leggur bæði til fjármagn, eða ábyrgðir, og Landsvirkjun sem er í eigu opinberra aðila, bæði ríkis og sveitarfélaga, leggur allt sitt undir þannig að þarna er staðið fyrir stærstu opinberu framkvæmdinni. Ætli hv. þingmaður hafi gert sér grein fyrir því?

Ég tel einmitt varhugavert að ríkið gangi í að byggja upp atvinnurekstur, að fara beri varlega í það, en hér er á ferðinni ein stærsta ríkisframkvæmd Íslandssögunnar. Hefur hv. þm. gert sér grein fyrir því í raun?

[22:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að Landsvirkjun er í eigu ríkisins að hálfu leyti og rúmlega það. Það er þannig og því verður ekki breytt í bili.

Hv. þm. hafði eftir mér að það hefði mikil áhrif á Austurlandi ef þessi framkvæmd yrði sett þar niður, og það er rétt að ég sagði það, en ég tel að ég hafi ekki sagt: „Ekki veitir af“ eins og hv. þm. bætti við. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur skilið mig til fulls, kannski setti ég mál mitt ekki nægilega skýrt fram, en ég er einfaldlega að segja að menn taka ekki ákvarðanir um að byggja slíka risavirkjun, sem við erum hér að tala um, út frá þeim sjónarmiðum að það þurfi að taka á einhvers staðar í atvinnumálum á viðkomandi svæðum. Miklu stærri upphæðir og ákvarðanir eru á ferðinni en að hægt sé að líta þannig á málið.

Spurningin hvar slík framkvæmd er sett niður hlýtur að snúast fyrst og fremst um hagkvæmni virkjunarkostanna en ekki um það hvort koma eigi til móts við atvinnulífið á viðkomandi svæði. Svona fyrirtæki hefur hins vegar áhrif á það svæði sem það er sett niður á, og við þekkjum það vel. Ég vil ekki að þetta sé misskilið. Ég held að þeir sem hlusta með jákvæðu hugarfari á það sem ég hef verið að segja skilji alveg hvað ég er að fara og ég held að í sjálfu sér sé engin deila um þetta atriði.

[22:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom inn á það í ræðu minni að ég teldi að horfa ætti til þess að styrkja eða flýta þeim framkvæmdum sem væru fyrirhugaðar á Austurlandi og hafa dregist um of. Hv. þm. taldi hins vegar í sinni ræðu að þetta ætti ekki að vera neinn sérstakur hvati að því. Það má vel vera. En ég benti einmitt á jarðgangagerðina — áætlanir um hana hafa legið fyrir um árabil — og er gefið mál að jarðgöng mundu styrkja byggð og atvinnulífsmöguleika. Í sjálfu sér er ekki langvarandi atvinna að byggja jarðgöng en þau skaffa atvinnuumgjörð, og ég tel einmitt að hið opinbera eigi að kanna með hvaða hætti það getur gert það. Og því er ekki að leyna að fyrirhugaðar framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og byggingu álvers á Reyðarfirði eru fjær nú en Austfirðingar bjuggust kannski við fyrir tveim til fimm mánuðum, og þar höfðu miklar væntingar hlaðist upp.

Hv. þm. sagði að hann teldi ekki rök fyrir slíkum framkvæmdum að verið væri að bjarga einhverri byggð eða styrkja hana. Þau rök hafa samt einmitt verið keyrð fram sem ein meginröksemdin í álmálinu sem þarna er verið að vinna að. Ég spyr hv. þingmann hvort hann geti ekki verið sammála mér um að nú sé enn ríkari nauðsyn til að taka ákvörðun og fara í framkvæmdir sem eru búnar að vera á döfinni árum saman og hafa lent í undandrætti, m.a. fyrir slælega framgöngu eða ranga forgangsröðun hjá þingmönnum Austurlands.

[22:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst dálítið undarlegt að hlusta á þessa röksemdafærslu. Hluti af röksemdafærslunni fyrir því að fara í þessi göng hefur verið að þessar framkvæmdir væru að fara af stað og ganganna væri þörf til að tengja saman byggðirnar svo að þær þyldu álagið sem skapaðist vegna þessara miklu framkvæmda. Þegar núna er fyrirsjáanlegt að eitthvað dragist að af þessum framkvæmdum verði eru röksemdirnar orðnar þær að fara þurfi í þessi jarðgöng þeirra sjálfra vegna. Allt hefur þetta snúist dálítið við.

Ég veit vel að ýmsir hafa sagt að hér sé á ferðinni byggðastyrking, og ég get svo sem alveg skrifað upp á að um byggðastyrkingu sé að ræða þar sem svona fyrirtæki er sett niður. Ég er samt ekki tilbúinn til að líta á það sem rök í málinu. Eins og ég sagði áðan, stórframkvæmdir eins og þær sem við erum að tala um hér eru ekki settar niður með það í huga að verið sé að leysa einhver byggðavandamál. (**Gripið fram í:** ... álver í Reyðarfirði ...) Ég vil endurtaka það: Þær eru settar niður vegna þess að það er hagkvæmt að virkja á viðkomandi svæði og að öllu leyti gott að koma upp þeirri starfsemi sem menn ætla sér í.

Ég ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta en ég tel að menn hafi kannski verið svolítið brattir í því að lofa mönnum of miklu í þessari umræðu.

[22:28]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Nú er liðið langt fram á kvöld og hér er til 2. umr. frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Ég hélt fyrri ræðu mína rétt fyrir páska. Þá voru nokkrar blikur á lofti hvað varðaði allar tímasetningar þessa stóra verkefnis, Noral-verkefnisins, sem við erum að hluta til að ræða hér, því að Jökulsá í Fljótsdal er forsenda þess að hægt verði að reisa hið stóra álver á Reyðarfirði.

Frá því að ég hélt fyrri ræðu mína hefur verið lesin upp á Alþingi yfirlýsing Noral-hópsins, samstarfshópsins. Þar með var staðfest að tímaáætlanir standast ekki og hefur þó öll vinnan við þetta frv., allur undirbúningur þess, miðast við tímaáætlanir Noral-verkefnisins sem búið er að fresta í tvígang. Tímaramminn hefur í raun haft mikil áhrif á þá vinnu sem við byggjum málflutning okkar á. Það er alveg ljóst að til að vinna mat á umhverfisáhrifum þessarar stóru virkjunar hefði þurft lengri tíma. Í undirbúning fyrir slíkar framkvæmdir er ekkert óeðlilegt að ætla sér þrjú til fimm ár, sérstaklega þegar við stöndum frammi fyrir því að margar grunnrannsóknir sem þurfa að liggja fyrir við kortlagningu á slíku verkefni voru ekki til staðar. Það þurfti að fara í frumrannsóknir á mörgum sviðum. Sumar þeirra rannsókna lúta að náttúrufari á ýmsum sviðum og þá segir sig sjálft að það þarf lengri tíma en tæp tvö ár, fleiri en eitt sumar til þess að standa í slíkum rannsóknum.

Mat á umhverfisáhrifum bar þess nokkur merki að vera settur þessi tímarammi. En þrátt fyrir þessa miklu pressu og þrátt fyrir að Landsvirkjun hefði réttlætt hinar miklu raskanir á náttúru landsins inn við Dimmugljúfur eða við Hafrahvamma, þau óafturkræfu náttúruspjöll með þjóðhagslegri arðsemi verksins, féll úrskurður skipulagsstjóra á þann veg að falla ætti frá þessari virkjun, hún væri of mikið óafturkræft inngrip í þetta umhverfi og þjóðhagsleg arðsemi dygði ekki til til að réttlæta þennan verknað.

Svo þekkjum við öll framhaldið, hvernig hæstv. umhvrh. sneri þessum úrskurði og lagði fram nokkrar mótvægisaðgerðir, sem eru í sjálfu sér góðar svo langt sem þær ná. En því miður stendur eftir það sem framkvæmdin féll á, þ.e. áhrif leirupphleðslu í Hálslóni og hinn mikli vatnaflutningur Jöklu úr farvegi sínum yfir í Lagarfljót, skerðing Kringilsárrana yrði jafnframt ekki aftur tekin og að öllum líkindum mundu áhrif virkjunarinnar með tímanum ná langt út fyrir þetta svæði. Á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða að hægt verði að ráða við fok frá Hálslóni.

Herra forseti. Ég fór yfir þetta og fleira í fyrri ræðu minni en hafði þá talið ástæðu til að falla frá þessari framkvæmd. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er af mörgum ástæðum alfarið á móti Kárahnjúkavirkjun, þeirri sem hér er talað fyrir, og stækkun Kröfluvirkjunar. Ég vil nefna nokkrar þeirra því að borið hefur á því hér í umræðum hv. þingmanna að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé fallin frá græna litnum, búin að taka af sér grænu kápuna, sé komin rauða og fari ekki úr henni þar sem við höfum með auknum þunga lagt áherslu á eða dregið fram hin efnahagslegu rök í málinu sem eru mjög veik og standast ekki, hin þjóðhagslega hagkvæmni alls verksins stenst ekki ef tekið er til allra þátta.

Í fyrsta lagi erum við þingflokkur sem hefur annað á stefnuskrá sinni en stóriðju líkt og núv. ríkisstjórn beitir sér fyrir, þ.e. að leggja ofurkapp á álver og stóriðju til nýtingar orku úr fallvötnum og jarðgufu landsins þannig að annað kemst varla að. Við erum ekki andsnúin stóriðju sem slíkri og höfum ekki beitt okkur gegn hugsanlegum framkvæmdum sem verið á Grundartanga. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er auðvitað heildarsýnin, þ.e. hvaðan á að taka orkuna og hvernig sú orkunýting verður. Hvernig náum við henni fram? Hverju þarf að fórna? Það er mjög erfitt að ná fram nýtanlegri vatnsorku án þess að valda einhverjum umhverfisspjöllum. Það verður að meta í hvert einasta skipti og vanda til verksins þannig að umhverfisáhrifin verði minnkuð eins og hægt er. Síðan þarf að horfa á málið í því samhengi hversu stóran hluta nýtanlegrar orku við viljum binda í einsleitri framleiðslu, hvort það á eingöngu að vera ál eða önnur stóriðja sem við viljum fara í. Það er hættulegt, herra forseti, að hafa öll eggin í sömu körfunni og binda svo stóran hluta af nýtanlegri orku í eina atvinnugrein. Þetta er okkar sýn og hafa verður heildarsýnina í huga.

Við erum líka mótfallin því að á þeim tíma sem verið er að vinna rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sé farið í að taka svo stóran hluta nýtanlegrar vatnsorku frá til einnar virkjunar í stað þess að klára rammaáætlunina og sjá hana í heild sinni.

Núna ættum við, herra forseti, að hafa tíma til að klára rammaáætlunina með eðlilegum hætti og sjá hvernig Jökla og Lagarfljót komi út í rammaáætluninni. Nú höfum við tækifærið, án þess að trufla nokkuð það ferli sem stóriðjusinnar vilja halda til streitu. Við hefðum a.m.k. betri grunn til að byggja á og gætum þá frekar réttlætt þessar framkvæmdir eða þær framkvæmdir sem farið yrði í, hefðum við rammaáætlunina til að byggja á.

En áhrif virkjunarinnar, eins og ég sagði áðan, eru óafturkræf og náttúruspjöllin af hennar völdum í þeim mæli að fyrir öðru eins er ekki fordæmi hér á landi, og er alveg sama hvort við tölum um verkið út frá inngripi í náttúruna, út frá þjóðarhag eða hinum félagslegu áhrifum verkefnisins. Eins og ég sagði verður að hafa í huga skerðingu Kringilsárrana og áhrifin af Hálslóni, leirburðinn sem er ekki yrði hægt að

komast fyrir. Í Jöklu er mesti leirburður hér á landi og þó víðar væri leitað í einu jökulfljóti. Hann mun gera meira en að fylla Hálslón á tiltölulega skömmum tíma miðað við sögu lands og þjóðar.

Þó að okkur finnist 40 ára líftími þessara stórframkvæmda langur tími er það stuttur tími í sögunni 100–200 ár fram í tímann. Að ætla sér að skilja það verkefni eftir óleyst fyrir afkomendur okkar, að fást við leirsoppuna sem sest til í Hálslóni og sitja uppi með það sem ekki verður nýtanlegt lón, þann kostnað að eyðileggja eða farga virkjuninni til að koma jökulánni aftur í rennsli, er fórnarkostnaður sem við reiknum ekki einu sinni með í verði til hugsanlegra rekstraraðila álversins, hvað þá að hugsað sé fyrir að þeim sé gert að greiða fyrir landnot eða mengunarskatta eða að standa undir þeim kostnaði sem af þessum spjöllum hlýst.

Því er haldið fram að við séum með gullmola í höndunum og séum að reyna að koma honum út en það gengur ekki þrátt fyrir að Norsk Hydro hafi hvergi í samningsdrögum sem hafa legið fyrir — nú getur maður ekki vitnað í þau drög nema af sögusögnum því að ekki höfum við fengið að sjá þau — þurft að bera kostnað af því að hreinsa upp afleiðingar af virkjuninni né greiða mengunarskatt né greiða fyrir land.

Herra forseti. Ef hægt væri að treysta því að allar efnahagslegar forsendur fyrir verkinu væru mjög sterkar og áreiðanlegar, eins og haldið er fram, gæti maður hugsanlega reynt að afsaka þessar framkvæmdir og náttúruspjöll með því. En það er ekki svo gott. Þessu er haldið fram en það er ekki hægt að gera þá útreikninga með hlutlausum aðilum á þeim forsendum sem Landsvirkjun gefur sér. Það er hægt að spá í spilin en ekki meira. Það eru fleiri hagfræðingar og rekstraraðilar sem hafa farið yfir þessar hugsanlegu forsendur og fengið allt aðra útkomu en Landsvirkjun ber á borð. Ég sé enga ástæðu til að rengja þá aðila nokkuð frekar. Þá þyrfti, sérstaklega ef litið er til þess að ekki er tekið tillit til þátta sem ég rakti hér áðan í raforkuverði, ef við viljum vera sanngjörn gagnvart afkomendum okkar, raforkuverðið að vera umtalsvert hærra en geta má sér til um að það sé í samningsdrögum í dag, eða yfir 20 mill.

Allar þessar stórframkvæmdir hafa áhrif á samfélagið. Óhjákvæmilega verða mikil og að mörgu leyti jákvæð áhrif á Miðausturlandi, því ber ekki að neita, og þeirra áhrifa bíða mjög margir, fullir eftirvæntingar vegna þeirra loforða sem gefin hafa verið. Fólk vill trúa því enn að hægt verði að standa við þessi loforð því að fólk lítur til þeirra áhrifa sem mun gæta, sérstaklega meðan á uppbyggingu stendur, þeirra áhrifa sem sjá mun stað í nærsamfélaginu þegar, og ef, af rekstri álversins verður.

Já, óneitanlega verða ýmis jákvæð áhrif. En áhrifin verða líka neikvæð og mér finnst þau áhrif gleymast þegar menn tala af ákafa fyrir þessum framkvæmdum. Jákvæðu áhrifin eru dregin fram en þau neikvæðu eru höfð til hliðar. Að öllum líkindum verða mjög neikvæð jaðaráhrif, t.d. munu Vopnfirðingar og þeir sem búa á Djúpavogi og þar fyrir sunnan verða lítið varir við þá jákvæðu þætti sem stafa af rekstri stórs fyrirtækis á Miðausturlandi, og hugsanlegt er að svo stór vinnustaður dragi til sín íbúa af jaðarsvæðunum sem horfi þá fram á enn frekari fólksfækkun. Þannig gæti þessi aðgerð unnið algjörlega gegn því sem til er ætlast á þessum jaðarsvæðum, þ.e. styrkingu byggðar.

Þetta mun einnig hafa áhrif á önnur fyrirtæki á svæðinu, hjá því verður ekki komist. Þegar svo stór vinnustaður er settur niður og framkvæmdir eru í fullum gangi dregur slíkt til sín starfsmenn úr öðrum fyrirtækjum. Sprotafyrirtæki og þau sem hafa veika burðarliði, eins og háttar því miður um mörg fyrirtæki á þessu svæði, munu tapa og verða undir. Þau sterkari munu standa en því miður eru þau ekki mjög mörg á þessu svæði — betur að svo væri. En við skulum ekki gera lítið úr þessum áhrifum á aðra vinnustaði og halda að allt verði í blóma ef við fáum bara þennan eina stóra.

Svo er þetta karlavinnustaður að mestu leyti. Þó að störfum kvenna hafi eitthvað fjölgað og þessi stóru álfyrirtæki séu að reyna að laða til sín kvenfólk er þetta og mun verða um langan tíma að mestu leyti karlavinnustaður og það eitt mun skapa vandamál ... (**GÁS:** ... konunum þætti ...) Ég segi að það mun skapa ákveðið vandamál og við skulum ekki gera lítið úr því, því að margir eru fjölskyldumenn og þá þarf jafnframt að hugsa fyrir því að hafa atvinnu fyrir konurnar líka. Það er ekki nóg að eingöngu sé atvinna fyrir karlmanninn, það þarf líka að skapa konunni atvinnutækifæri. Annars munu karlar koma, vinna í törnum og búa einhvers staðar annars staðar þar sem konur þeirra hafa atvinnu. Ef við ætlum að undirbúa austfirskt samfélag fyrir þennan stóra vinnustað þarf að undirbúa samfélagið til þess að taka á móti fjölda kvenna. Það væri gott ef það væri hægt. En við skulum líta á reynsluna, staðreyndirnar um vinnumarkaðinn í dag og ekki gera lítið úr þessum þætti.

Það er ljóst og þýðir ekki að neita því að til þess að geta mannað starfsemina, bæði á framkvæmdatíma og eins þegar kemur að rekstri álversins, þarf að flytja inn vinnuafl enda er það ein af þeim forsendum sem settar eru fram af Þjóðhagsstofnun til að þetta verkefni geti gengið, að möguleikar á innfluttu vinnuafli verði rýmkaðir. Ég nefni þetta og álverið í sömu andrá og Kárahnjúkavirkjun út frá þeim lagaramma sem við erum að fjalla hér um því að þetta hangir allt saman. Ekki væri verið að fara í þessa miklu virkjanaframkvæmd nema vegna álversins á Reyðarfirði og þess stóra verkefnis sem við köllum Noral-verkefnið.

Herra forseti. Noral-verkefnið var sett inn í ákveðinn tímaramma fyrir samstarfsverkefni Íslendinga og Norðmanna, Landsvirkjunar og iðnrn. og Norsk Hydro, en hann er sprunginn. Málið er í uppnámi og samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram á fundi á Reyðarfirði í gærkvöldi getur í fyrsta lagi í lok ársins 2003 eitthvað skýrst í málinu hvað varðar annan samstarfsaðila að þessu stóra verkefni í áliðnaði. Þó að samstarfsaðili finnist á þessum tíma, og unnið verði hratt og vel í þeirri nýju nefnd sem búið er að setja á laggirnar undir forustu Finns Ingólfssonar, fyrrv. iðnrh. og núv. seðlabankastjóra, er alls ekki víst að núverandi hönnun Kárahnjúkavirkjunar muni henta þeim samstarfsaðila. Þá geta verið uppi allt aðrar hugmyndir um stærð, framkvæmdahraða eða uppbyggingu verksins en er í dag. Mér finnst alveg fráleitt að láta sér detta í hug að knýja þetta mál fram núna þegar við höfum unnið þennan tíma og vitum að við erum ekki að tefja nokkurn skapaðan hlut með því að leggja frv. til hliðar. Við eigum ekki að leggja fram nýtt frv. fyrr en nýr samningsaðili hefur fundist, ef hann finnst, og gera svo bindandi samninga um raforkusöluna, um verð á orku, framleiðsluna, uppbygginguna, mengunarvarnirnar, auðlindagjaldið og mengunargjaldið, og tryggja að þessi fyrirhugaða stóriðja verði arðbær fjárfesting með öllum þessum þáttum fyrir þjóðarbúið.

Ef þetta verkefni er eins arðsamt og af er látið og eins mikill gullmoli og lýst er á ekki að þurfa að vera búið að afgreiða lög og hafa allt tilbúið upp í hendurnar á hugsan-

legum samstarfsaðila eða framkvæmdaaðila. Ef samningar nást við einhvern slíkan aðila á þessum tíma eða síðar mun örugglega ekki standa á því að gefa þá út virkjunarleyfi. (**GÁS:** Ætlið þið að sjá um það?) Við þurfum ekki að sjá um það. Ef allar þessar forsendur eru til staðar og ef við getum veitt þá raforku sem hugsanleg stóriðja þarf og tillit verður tekið til þeirra þátta sem sleppt er í dag, mat á umhverfisáhrifum stenst, rammaáætlun verður tilbúin á þessum tíma — auðvitað þurfum við að meta alla hluti á eigin forsendum. Núna höfum við þennan tíma og ekkert rekur á eftir okkur.

Það vekur hjá mér enn frekari ugg að núna sé sagt: Við þurfum að afgreiða þetta frv. til þess að meiri líkur séu á að einhver vilji koma og reisa hér álver. Hvaða arðsemi erum við þá að tala um? Hvaða gullmoli er það sem við höfum ef við þurfum að leggja svona mikið upp í hendurnar á viðkomandi aðila? Verður það þá næst að geta lofað því að það verði ekki bara Krafla, það verði líka Jökulsá á Fjöllum, eða að við munum setja kostnaðinn inn á rafveitukerfið og greiða með framkvæmdinni?

Málið er líka að hugsanlega þarf núna að knýja þetta mál fram á Alþingi áður en við tökum raforkulögin til afgreiðslu. Öll þessi framkvæmd, þetta Noral-verkefni eða svipað verkefni, mun aldrei geta farið í gegnum þingið eftir að ný raforkulög hafa tekið gildi. Við skulum skoða þetta, anda aðeins djúpt og athuga hvort við erum ekki í einhverju gönuhlaupi við að samþykkja allra stærstu og mestu virkjun og framkvæmd í Íslandssögunni á tíma sem mun í nánustu framtíð verða talið algjört glapræði og sögulegt slys, að horfa ekki á þetta með tilliti til nýrra raforkulaga og rammaáætlunar.

Herra forseti. Ýmislegt hefur komið fram í umræðunni í dag sem vert væri að huga aðeins að. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði í dag að það væri umhugsunarvert hvernig þingmenn nota málfrelsið hér í þinginu. Ég vil, herra forseti, mótmæla þeim orðum hv. þm. að það sé umhugsunarvert hvernig við notum það málfrelsi sem við höfum. Ég varð því miður of sein í þingsalinn til þess að gera athugasemd við orð hv. þm. þegar hann hafði lokið ræðu sinni og vil því geta þess hér. En ég tel ekki að haldið hafi verið uppi einhverju málþófi í þessu máli. Ég hef hlustað hér á mjög margar ræður. Þær hafa allar verið efnislegar. Þær hafa allar verið málefnalegar. Þær hafa allar verið um það efni sem við erum að fjalla um. En, herra forseti, þetta er langstærsta mál sem við höfum fengist við hér á þinginu, efnahagslega, umhverfislega, þjóðhagslega og á öllum sviðum. Við höfum mismunandi skoðanir á því út frá mismunandi forsendum hvort eigi að fara í þessar stórframkvæmdir. Ég leyfi mér að fullyrða að þingmenn verði að fá að ræða það hér og koma skoðunum sínum á framfæri. Ég tel það mjög hættulegt ef við leiðum hugann að því að takmarka ræðutíma þingmanna því enginn veit hvaða mál geta komið hér upp og það veit enginn hver verður í stjórn og hver í stjórnarandstöðu á næsta kjörtímabili. Við þingmenn verðum, á hvaða tíma sem er, að hafa þennan möguleika til þess að koma máli okkar á framfæri og þá til þess að tala hér í fleiri klukkutíma ef málið er þess eðlis að menn telja að það eigi við. Hvort sem við köllum það málþóf eða málflutning eða eitthvað annað, þá er þetta okkar tæki, okkar möguleiki. Þó að okkur þyki erfitt í ákveðnum málum sem eru viðkvæm eins og þetta að hlusta á langar ræður þá verðum við bara að gjöra svo vel og gera það.

Ég vil líka minnast hér á ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og tillögu til ályktunar til forsn. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði hér fram. Ályktun þingflokksins var samþykkt í dag og hv. þm. Ögmundur Jónasson las hana hér upp. Þar fordæmir þingflokkurinn harðlega að mikilsverðum upplýsingum sem vörðuðu stöðu Noral-verkefnisins svonefnda og stjórnarfrumvarps um Kárahnjúkavirkjum og stækkun Kröfluvirkjunar skuli hafa verið haldið leyndum fyrir Alþingi og viðkomandi þingnefndum meðan málið var þar til umfjöllunar.

Herra forseti. Ályktunin er lengri. Ég les hana ekki hér aftur. Hæstv. utanrrh. brást harkalega við henni og ásakaði hann Ögmund Jónasson og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð um að ætla að yfirtaka mál og beita ólýðræðislegum vinnubrögðum. Við erum bara ekki sammála um mikilvægi þeirrar atburðarrásar sem átt hefur sér stað og er orðin opinber, þ.e. að á mjög viðkvæmu stigi við afgreiðslu þessa máls í þingnefndum og hér í þinginu fengu þingmenn ekki þær upplýsingar sem við í dag vitum að hefðu getað haft áhrif á afgreiðslu málsins, alla vega sett það í annan farveg. Kannski má segja að í stríði sé allt leyfilegt og að tilgangurinn helgi meðalið. En við töldum að það hefði verið á áætlun að klára þetta mál fyrir páska og það var kannski í ljósi þess að hluta til sem ekki var verið að upplýsa þingmenn fyrr en í allra lengstu lög um stöðu málsins og þá frestun sem var þá orðin staðreynd. Án þess að ég ætli að rekja það hér sem ég er með mér, þ.e. tíma yfirlýsinga og dagsetningar sem hafa komið fram í fjölmiðlum — það hefur verið tekið saman hver sagði hvað á hvaða tíma og hver vissi hvað á hvaða tíma — þá hefur það komið fram að hæstv. utanrrh. var í símsambandi við yfirmenn Norsk Hydro á undan hæstv. iðnrh. Þetta eru fréttir sem komu fram í fjölmiðlum og ég hef ekki heyrt að hæstv. utanrrh. dragi það til baka. En þar sem hæstv. utanrrh. situr hér í salnum væri æskilegt að hann gæfi okkur upplýsingar um hvað honum og yfirmönnum Norsk Hydro fór á milli í þessum samtölum sem hann átti áður en iðnrh. náði sambandi við yfirmann Norsk Hydro, því samkvæmt öllum útreikningum þá tók það hæstv. iðnrh. allt að þremur vikum að ná sambandi við þann yfirmann.

Herra forseti. Margt hefur komið fram í þingræðum en enn er margt ósagt eða ástæða til að leggja áherslu á. Því vil ég sérstaklega nefna þáltill. á þskj. 5. Það er 5. mál en hefur ekki fengið afgreiðslu á þinginu. Hún er um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Þetta er þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð flutti og ástæðan er sú að þingflokkur okkar hefur miklar áhyggur af þeirri byggðaröskun sem hefur verið undanfarin ár og komið illa við ákveðna landshluta, Austurland þar á meðal, Vestfirði og fleiri staði. Við lögðum til með tilliti til þess ástands sem hefur verið ríkjandi á Austurlandi, að byrjað yrði í eins konar svæðisbundnu átaki á Austurlandi í atvinnuuppbyggingu og til styrkingar byggðar með margvíslegum hætti og byggt á þeirri reynslu sem fengist með slíku svæðisbundnu átaki. Þetta er verkefni sem hefur verið farið í í öðrum löndum og gefist vel, þ.e. að efla fjölbreytt atvinnulíf og menntun á forsendum byggðanna sjálfra. Við viljum að slíkt átak verði í höndum heimamanna, að þeir fái til þess fjármagn og verði styrktir til eigin frumkvæðis.

Herra forseti. Ég vil óska eftir því að þessi tillaga sem er á þskj. 5 og er 5. mál þingsins — það lýsir því að hún var lögð fram í upphafi þingsins — verði tekin hér og nú til afgreiðslu og samhliða inn í stöðuna eins og hún er nú. Það er kallað eftir aðgerðum. Austfirðingar fjölmenntu á fund á

Reyðarfirði í gærkvöldi þar sem kallað var eftir stórframkvæmdum eins og jarðgangagerð. Ég lýsi fullum stuðningi við þær kröfur og tel að nú eigum við og ríkisstjórnin að taka ákvörðun um að fara í allar þær opinberu framkvæmdir sem þegar eru komnar á dagskrá varðandi Austurland og þá sérstaklega hvað varðar vegagerð og jarðgöng. Jarðgöng eru ekki eingöngu byggðastyrking. Ef við lítum á þau jarðgöng sem eru nær tilbúin til útboðs, ef þau eru þá ekki tilbúin, jarðgöngin á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, þá er engin þversögn að tala um þau jarðgöng bæði sem byggðastyrkingu og eins í samhengi við umræðu um að stöðva rísi á Reyðarfirði, sem hugsanlega getur gerst einhvern tímann. Að mínu mati á forsenda þess að stækka atvinnusvæðið og draga úr jaðaráhrifum stórframkvæmda eins og stöðva eða annarra stórframkvæmda að vera sú að búið verði að koma þessum jarðgöngum í gagnið áður en hugsað er til þess að fara í einhverjar slíkar framkvæmdir eins og hafa verið fyrirhugaðar, og þó að þær verði minni. Jarðgöng eru því bæði byggðastyrking og gagnast eins atvinnusvæðinu.

Þá vil ég líka nefna jarðgöng á milli Héraðs og Vopnafjarðar sem núna ætti að skoða í beinu framhaldi af Reyðarfjarðar/Fáskrúðsfjarðargöngunum. Nú ætti að einhenda sér í hönnun og undirbúning þeirra jarðganga til þess að ekki falli nú niður framkvæmdaáætlun jarðgangagerðar á Austurlandi, heldur að jafnt og þétt verði haldið áfram.

Það að fara í svæðisbundið átak og veita opinberan stuðning er ekkert meira en langstærsta opinbera framkvæmd sem lýst hefur verið í Íslandssögunni, þ.e. Noral-verkefnið sem langstærstu byggðaáætlun allra tíma. Miðað við þá miklu framkvæmd ætti ekki að vefjast fyrir stjórnarliðum að fara í svæðisbundið átak á Austurlandi og setja í það umtalsverða fjármuni. Við nefndum 400 millj. á ári í þessari þáltill. Það er ekki heilög tala. Hún mætti bæði vera hærri og lægri. En með þáltill. vildum við lýsa því yfir að þetta ættu að vera fjármunir sem hefðu eitthvað að segja.

Mig langar undir lokin að vitna til ummæla hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar úr Ríkisútvarpinu þann 19. mars nýliðinn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Davíð Oddsson forsætisráðherra segir ljóst að ekki verði ráðist í svo dýrar framkvæmdir sem Kárahnjúkavirkjun nema fyrir liggi að sala orku frá virkjuninni verði tryggð.“ — Nema fyrir liggi að sala orku frá virkjuninni verði tryggð.

Hann segir í viðtalinu að ekki komi á óvart að fréttir berist af hiki Norsk Hydro gagnvart álversframkvæmdum og minnir á að hann hafi margoft lagt á það áherslu í umræðum á Alþingi að álver væri ekki í hendi fyrr en samningar um það liggi fyrir undirritaðir. Davíð segir ástæðu til að hafa áhyggjur af áformum Norsk Hydro um byggingu álvers við Reyðarfjörð, hann hafi þó ekki sjálfur verið í sambandi við Norðmennina, það hafi aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni annast, en Norsk Hydro verði að gefa um það skýr svör á næstu vikum hvort fyrirtækið hyggist taka þátt í verkefninu.

Svarið er komið, Norsk Hydro hefur gefið verkefnið frá sér, a.m.k. varðandi tímaáætlunina, og Íslendingum er heimilt að leita að öðrum samstarfsaðila eða -aðilum, einum sér eða með Norsk Hydro. En ástæða þess að ég dreg fram þessa tilvitnun í hæstv. forsrh. er sú að í svona viðræðum eins og þeim samningaviðræðum sem hafa verið í gangi um þetta Noral-verkefni er ekkert í hendi fyrr en búið er að skrifa undir. Ég undirstrika að það á að ganga frá samningum áður en farið er í virkjunarframkvæmdir. Annað er óábyrgt. Vonandi verður einhvern tíma virkjað fyrir austan, og allt bendir til þess þó að yfirlýsing hæstv. iðnrh. um virkjanir hafi að mínu mati verið þversagnakennd. Hún segir að ef það eigi að fara í aðrar virkjunarframkvæmdir en þessa stóru Kárahnjúkavirkjun, minni vatnsaflsvirkjanir, verði þær að fara í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og vinnast samkvæmt henni. Mér fannst þessi yfirlýsing vera nokkuð þversagnakennd. Það á að taka þær minni og setja í rammaáætlunina en sú allra stærsta þarf ekki að fara í mat.

Það er dýrt að flytja raforkuna yfir hálendið en við megum ekki gleyma að það frv. sem hér liggur fyrir og á að afgreiða er í sjálfu sér sérsniðið að þörfum álversins á Reyðarfirði. Þar af leiðandi er stækkun Kröflu inni í frv. þó að ekkert umhverfismat hafi þar verið gert og ekki heldur á línunum yfir hálendið frá Kröflu í Kárahnjúkavirkjun eða til Reyðarfjarðar. Í frv. sjálfu er engin binding á orkunotkun Kárahnjúkavirkjunar við álverið á Reyðarfirði. Leyfið er í rauninni alveg galopið. Ef þetta frv. verður afgreitt er það algjörlega óskrifuð bók, ávísun á hvaða orkunýtingu sem er. Það er ekki bundið álverinu við Reyðarfjörð og ef mönnum dytti í hug að það mundi eftir sem áður borga sig að flytja orkuna með raflínum og nýta hana annars staðar er ekkert í þessu frv. sem bannar það. Ég vil að menn taki eftir því að þótt hér séu gefin loforð um hvernig eigi að nýta þessa orku verður þessi ríkisstjórn ekki til eilífðar. Hún verður í hæsta lagi eitt ár til viðbótar í óbreyttri mynd, og þá verða alþingiskosningar. Það er ekki sjálfgefið hverjir munu þá sitja í næstu ríkisstjórn. Ef lögin verða samþykkt er mönnum alveg frjálst að nota orkuna í hvaða stöðu sem er, og fer eftir ákvörðun þeirra ríkisstjórna sem þá hafa völdin.

[23:19]

Útbýting þingskjala:

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 704. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1124; brtt. JóhS og ÖS, þskj. 1125.

[23:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég leyni því ekki að mér finnst hún um margt kúnstug, þessi 2. umr. eða öllu heldur önnur lota 2. umr., um virkjunarheimild vegna Kárahnjúkavirkjunar. Hún hefur tekið ýmsar þær sveigjur og beygjur sem ég átti satt að segja ekki von á. Einkum og sér í lagi hef ég staldrað við og lagt við hlustir þegar þeir sem hvað lengst hafa talað og mest við þessa seinni lotu 2. umr., málsvarar Vinstri grænna, hafa mætt í pontu og farið mikinn um hin hagrænu gildi, hin fjölþættu atriði þessa máls, og fundið þar málinu allt til foráttu satt að segja.

Mig langar í byrjun til að fjalla um ræðu síðasta hv. þm. Hv. þm. Þuríður Backman var að ljúka máli sínu, og hún var eiginlega talandi dæmi um þær þversagnir sem finna má í tali vinstri grænna í þessu máli öllu. Hún rakti það lið fyrir lið, og lauk raunar ræðu sinni á því að vekja á því athygli að ekki væri það endilega bundið í lagatexta að sú orka sem Kárahnjúkavirkjun framleiddi mundi renna til austurs, þ.e. í Reyðarfjörð til stóriðju þar á bæ, heldur gæti hún þess vegna verið flutt suður um heiðar. Fyrr í ræðu sinni hafði hv. þm. hins vegar rakið það mjög skilmerkilega, að því er henni fannst, hversu vond sending það væri fyrir Austfirðinga að fá eitt stykki álverksmiðju með öllum þeim meintu göllum sem hún tiltók, verksmiðjan væri karlavinnustaður, óþrifavinnustaður, einhæfur vinnustaður, byggðaröskun í fjórðungnum o.s.frv. Maður veltir fyrir sér hvorar áhyggjur hennar vegi þyngra, nefnilega annars vegar þær að orkan verði flutt suður

ellegar hin stóra hættan að orkan verði flutt í Reyðarfjörðinn. Aðrar hvorar áhyggjurnar hljóta að vega þyngra í huga hennar því að tæpast getur hvort tveggja átt við.

Nákvæmlega það sama á við, herra forseti, þegar málsvarar Vinstri grænna koma hér hver á fætur öðrum og hefja mál sitt á því yfirleitt að vera með yfirlýsingar, mjög breiðar í þá veruna að þeir séu á móti þessu máli og hafi verið það allt frá byrjun. Það þarf svo sem ekki vitnanna við því að það hefur auðvitað margsinnis verið hér á blað sett af þeirra hálfu og í ræðum þeirra í þingtíðindum. Eitt þessara dæma má finna í greinargerð með afskaplega undarlegri tillögu vinstri grænna til þál. þar sem þeir lögðu til að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls en í greinargerð með þeirri till. til þál. sjá þeir sérstaka ástæðu til að taka af öll tvímæli með það að flutningsmenn, sem eru allir þingmenn Vinstri grænna, sex talsins, væru andvígir stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar og byggingu Kárahnjúkavirkjunar, og segja í greinargerð að þeir hafi ítrekað gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Það fer með öðrum orðum ekkert á milli mála, þeir eru á móti þessari virkjun af umhverfisástæðum, og ég held að ég fari algerlega rétt með í þeim efnum.

Þá skulum við setja semíkommu og spyrja okkur hvers vegna þeir, fremstir allra, telji þá ástæðu til að setja hér á langar ræður, bláar ræður, um arðsemi og hagkvæmni. Af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt langa og um margt ítarlega ræðu fyrr í dag og rekur nú höfuðið inn um gættina vil ég spyrja hann þráðbeint hvort mál séu þannig vaxin hjá þingflokki hans að ef arðsemi væri meiri, raforkuverð yrði hærra, efnahagslegar mótvægisaðgerðir væru fyrirliggjandi og klárar og aðrir þeir þættir af hinum hagræna toga sem hann varði löngum tíma í væru allir með þeim hætti að málið gerði sig — dygði það til þess að hv. þm. styddi málið? Hv. þm. hristir höfuðið.

Herra forseti. Þarf þá frekari vitnanna við? Ég hef auðvitað afskaplega gaman af því að heyra akademískar vangaveltur frá fólki sem veit eitt og annað um lífið og tilveruna. En það er auðvitað ákaflega létt í vasa, herra forseti, og verður að segja þá hluti eins og þeir eru. Þegar menn, sem hafa myndað sér skoðun fyrir fram og lýst því yfir afdráttarlaust að þeir leggist gegn málinu undir öllum kringumstæðum af umhverfislegum ástæðum, geta verið hinir hagfræðilegu sérfræðingar og lagt hlutlægt mat á hvað er rétt og hvað rangt í þeim efnum ... (**Gripið fram í:** Þetta er leiðrétt.) Herra forseti, fyrirgefðu mér en ég undrast dálítið þessa nálgun hv. þingmanna ... (**Gripið fram í:** Þið eruð svolítið ill ...) Fyrirgefðu mér, herra forseti, þó að ég taki ekki algerlega mark á nálgun þessara manna. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Þetta truflar mig ekki neitt, herra forseti, látum þau rasa hér um ráð fram eins og þau hafa gert í allan dag, þetta truflar mig ekki nokkurn skapaðan hlut.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Þetta truflar reyndar forseta.)

Já, ég hef hins vegar mikla samúð með forseta í þessum efnum og tek því leiðbeiningum hans.

En, herra forseti, undrist það hver maður þó að ég sé eilítið ruglaður í ríminu þegar kemur að þessari nálgun mála. Ég verð að halda áfram og spinna þennan þráð öllu lengra. Nú vil ég taka það skýrt fram að ég er auðvitað ekki að taka á neinn hátt réttinn af hv. þm. Vinstri grænna til að hafa skoðanir á þessum málum þó að ég ítreki það og undirstriki að mér finnst hlutlægni þeirra mjög í efa dregin þegar þeir hafa fyrir fram lýst yfir afdráttarlausri skoðun og andstöðu við þetta mál á grundvelli umhverfisverndar. Ég efast hins vegar um að þeir séu kannski manna fremstir og helstir til þess að segja okkur hinum hvar hinum hagrænu gildum er best fyrir komið. Virði menn mér það til vorkunnar.

Herra forseti. Að svo skuli það vera hv. þm., virðulegur þingmaður Ögmundur Jónasson, sem mér finnst um margt vera — hann er auðvitað býsna vel máli farinn og flytur mál sitt af miklum þunga gjarnan, hann hefur talið sig þurfa að fara fremstur í flokki þeirra sem ráðast hér — sumpart með réttu — að hæstv. iðnrh. með þeim spjótum að hún hafi ekki sagt honum nægilega fljótt frá því að ekkert yrði af álversframkvæmdum fyrir austan. Einhver sem hefði heyrt ávæning af þessari umræðu í gegnum tíðina, í gegnum vikurnar, mánuðina og missirin, hefði haldið að það væri hv. þingmanni mjög þóknanlegt að svona skyldi enda. Auðvitað skín í gegnum þetta allt að hv. þingmenn Vinstri grænna eru eins og púkinn á fjósbitanum og hljóta að fagna því að það eru minnkandi líkur á því — ég held að um það sé engum blöðum að fletta — að af þessu verði. A.m.k. er algjörlega kýrskýrt og fyrirliggjandi að á þessu verður umtalsverður frestur og það verður tæplega af álveri á kjörtímabilinu. Að öllum líkindum kemur ekki einu sinni til neinnar þeirrar ákvörðunar sem ekki verður hægt að snúa af braut með.

Ég held að þetta rugli ekki bara mig í ríminu, herra forseti, ég held að þetta rugli fleiri eilítið í ríminu. Er þá að undra að ég hafi velt því upp í umræðum um þessi mál fyrir einhverjum vikum hvort vinstri grænir væru ekki algjörlega samstiga í þessu máli, hvort það væru einhverjar innantökur í þeirra herbúðum þegar kæmi að hinni grænu verndarstefnu, hvort nánast að segja hinn blái litur hefði þarna eitthvað að segja líka. Ég gæti líka sagt hinn rauði með vísan til fortíðar því að ég vil rifja það upp, herra forseti, að þau voru hinir róttæku flokkar jafnaðarmanna og sósíalista sem sáu fyrir sér í árdaga að efla mætti þrótt og kjör þeirra sem höllum fæti standa með því að ríkisvaldið beitti sér fyrir því með beinum hætti stundum, og óbeinum hætti oftar, að skapa ný atvinnutækifæri fyrir vinnandi fólk í þessu landi. Og minn flokkur, Alþýðuflokkurinn, og við jafnaðarmenn tókum gjarnan höndum saman við sósíalista forðum daga um þau efni.

Mér býður í grun, herra forseti, og segi það alveg af því ég meina það, að kannski eru það þessir fornu straumar, hinn rauði litur sem þarna smellur í grænu slikjuna, grænu kápuna, og vill vera með. Það er gott.

Herra forseti. Þetta var aðeins um málatilbúnað vinstri grænna. Þeir hafa líka lýst því yfir að þeir telji ekkert liggja á málinu og að það megi vel bíða. Að sumu leyti get ég tekið undir, herra forseti, að það liggur ekki lífið á að við ræðum þetta mál hér undir miðaftan og ræðum hér í myrkri, (**Gripið fram í:** Miðnætti.) — undir miðnætti vildi ég sagt hafa. Við þurfum ekki endilega að ræða þetta hér fram eftir allri nóttu. Það er auðvitað ljóst að við höfum ráðrúm og tíma. Mér er hins vegar spurn: Hverju breytir það út af fyrir sig hjá hv. þingmönnum Vinstri grænna hvort þetta mál verður afgreitt hér á morgun, í næstu viku eða þarnæstu viku? Því hefur gjarnan verið haldið hér til haga að þá verði rammaáætlunin komin til skjalanna, hún verði orðin sýnileg. Auðvitað er alltaf eitthvað nýtt fram undan.

Ég vil nefna, herra forseti, sem mína skoðun, og það er ekki bein gagnrýni á vinstri græna sérstaklega heldur ýmsa aðra hv. þm. og málsmetandi menn sem hafa lagt orð til þessarar umræðu, að mér finnst stundum að hjá okkur

stjórnmálamönnum beri á hálfgerðri von um að einhverjir aðrir taki ákvarðanir fyrir okkur og einhver rammaáætlun sem embættismenn setja saman geri það að verkum að við þurfum ekkert að taka neina ákvörðun, einhverjir aðrir verði búnir að því fyrir okkur.

Nákvæmlega í þessa veru var hér umræðan um umhverfismatið, *sem er sannarlega nýtt af nálinni og um margt til fyrirmyndar.* Þar eru ný vinnubrögð sem ég kann afskaplega vel við. En stundum töluðu menn þannig að um leið og umhverfismatið væri komið í góðan gír og eftir því væri unnið þá þyrftum við hv. þm. ekki að taka afstöðu til mála mikið lengur, þá væri búið að því fyrir okkur.

Herra forseti. Þannig er þetta auðvitað ekki. Það væri afskaplega ólýðræðislegt í alla staði ef við hv. þm. ætluðum meðvitað eða ómeðvitað að framvísa ábyrgð á stórákvörðunum af þeim toga sem hér um ræðir til embættismanna á framkvæmdarsviðinu, undirmanna ráðherra. Ég er a.m.k. ekki þeirrar tegundar, herra forseti, að vilja hlaupast undan í þeim efnum, hvort heldur ég er í stjórnarandstöðu ellegar meðal stjórnarliða. Ég vil klárlega undirstrika að það er ekki lýðræðisleg nálgun viðfangsefna, hvort sem í hlut á þetta mál hér eða önnur. Það er auðvitað ekki mikill mannsbragur á því, herra forseti, þegar menn eru með undanhald af þessum toga gagnvart verkefnum sem við okkur blasa og við erum kjörin til að taka á, ekki bara til að tala um, heldur til þess að greiða atkvæði um og taka um ákvörðun.

Auðvitað er ég meðvitaður um það, herra forseti. Því miður er, mér liggur við að segja, stundum eins konar gervilýðræði í þessum sal. Framkvæmdarvaldið, ráðherravaldið er svo mikið að hópur stjórnarliða lætur að vilja ráðherra umhugsunarlítið og stundum, liggur mér við að segja, umhugsunarlaust. Hið virka lýðræði fær auðvitað ekki alltaf notið sín. Það breytir því hins vegar ekki að hv. þm. geta ekki keypt sér fjarvistarsönnun frá því þegar þeim býður svo við að horfa, eins og mér finnst stundum vera, hvort sem þau tól eða tæki sem eiga að vera okkur til aðstoðar, leiðbeiningar og upplýsingar heita umhverfismat, rammaáætlun eða eitthvað annað. Nei, herra forseti, þetta eru ákvarðanir sem við hljótum að þurfa að taka afstöðu til, stundum óbeint í opinberri umræðu og stundum með því að taka ákvörðun í atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi. Þannig er það núna.

Það er fleira, herra forseti, sem er kúnstugt í þessari umræðu og vekur sérstaka athygli í þessari seinni lotu 2. umr., þ.e. hvernig stærsti flokkur þjóðarinnar hefur farið í felur, gjörsamlega og alfarið. *Hann hefur ekki komið að þeirri* umræðu sem hér hefur átt sér stað í allan dag. Hann kom hér rétt aðeins að í morgun með innleggi hv. 2. þm. Austurl. sem hefur síðan ekki látið sjá sig hér í salnum. Manni væri skapi næst að halda að hér væri á ferðinni einkamál Framsfl. í þessum efnum. En auðvitað er skýringin nærtæk. Hún liggur auðvitað í þeim umræðum sem við höfum fylgst með, þeirri opinberu umræðu sem við höfum fylgst með allt frá því kengur hljóp í þessi mál gagnvart Norsk Hydro og ásakanir fóru í gang, einkanlega í Morgunblaðinu, þess efnis að hæstv. iðnrh. og Framsfl. hefðu ekki staðið sig í stykkinu.

Í fyrsta lagi segja menn að þeim hafi mistekist að halda góðu sambandi við þá Norðurálsmenn, Kenneth Peterson, en í raun var einnig verið að senda þau skilaboð til þjóðarinnar frá samstarfsflokknum í ríkisstjórninni, Sjálfstæðisflokknum, til samstarfsflokksins, Framsóknarflokksins, flokks hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar, 1. þm. Austurl., að ég tali nú ekki um hæstv. iðnrh. Valgerðar Sverrisdóttur, að þar hefði Framsfl. ekki staðið vaktina sem skyldi.

Herra forseti. Það er eitt atriði í þessu samhengi sem mig langaði að inna hæstv. iðnrh. eftir. Ég bið forseta um að leita hann uppi og biðja hann að vera viðstaddan þessa umræðu þannig að ég geti beint þeirri fyrirspurn beint til hans horft á *hann á sama tíma.*

Þetta nýjasta mál í samskiptum stjórnarflokkanna hefur auðvitað leitt í ljós að það er hlaupin uppstytta í þetta samstarf, í fleiri en einu tilliti. Það er ekki bara í þessum virkjanamálum sem í ljós hefur komið að hann er orðinn þunnur þrettándinn á stjórnarheimilinu og að lítið þarf til að upp úr sjóði. Við tókum auðvitað eftir því, allir þingmenn hér, þegar hin stóra frétt birtist og Morgunblaðið gaf til kynna, fyrst í Reykjavíkurbréfi og í leiðara sömu helgi, að Framsfl. hefði ekki staðið vaktina gagnvart Norðuráli, að hæstv. forsrh. tók undir þá gagnrýni í Ríkisútvarpinu. Þá *var mjög spennuþrunginn dagur hér í þinginu milli stjórnarliðanna.* Það fór auðvitað ekki fram hjá nokkrum manni. Því lyktaði með því að forsrh. taldi sig knúinn til að fara í sjónvarp og lýsa alveg sérstöku trausti á hæstv. iðnrh. sem hann og gerði.

Ég hef hins vegar tekið eftir því að hv. 1. þm. Norðurl. e. sá hér í umræðu þann 14. febrúar sl. sérstaka ástæðu til að hæla hæstv. iðnrh. Valgerði Sverrisdóttur, og bar þá nýrra við, og *taldi hana hafa staðið sig mjög vel í öllum samskiptum* við Norsk Hydro. Hann bætti raunar við að það horfði afskaplega vel og óvenjuvel um það verkefni allt saman. Það var hæstv. forseti Alþingis, hv. 1. þm. Norðurl. e., sem lagði þessa lykkju á leið sína á þeim tíma. Hann hefur svo sem ekki sagt meira í þessa veru frá þeim tíma. Hann hefur raunar ekki sagt eitt aukatekið orð um þetta mál frá þeim tíma. Hann ætlaði reyndar að taka til máls við þessa umræðu en sagði sig frá þeim fyrirætlunum sínum og er hér ekki lengur á mælendaskrá.

Ég var einmitt að segja, herra forseti, og vildi að hæstv. ráðherra heyrði það beint, að það vekur sérstaka athygli mína, fálæti samstarfsflokksins, Sjálfstæðisflokksins, í þessari umræðu. Maður hlýtur auðvitað að velta fyrir sér hvernig á því stendur. Allt frá þeim tíma að hæstv. forsrh. bað nánast hæstv. iðnrh. afsökunar á því að hafa skammað hana í útvarpi daginn áður, fyrir að hafa ekki verið í sambandi við Kenneth Peterson, hefur hæstv. forsrh. ekki sagt eitt aukatekið orð um málið. Hann er að vísu fjarstaddur núna.

Mig langar, vegna þessarar rannsóknarblaðamennsku Morgunblaðsins og Stöðvar 2 um það efni sem hér hefur talsvert verið rætt í dag og var einkum og sér í lagi til umræðu í upphafi fundar, að inna hæstv. iðnrh. eftir því hvenær hæstv. iðnrh. upplýsti hæstv. forsrh. um að vandamál væru komin upp varðandi tímasetningar af hálfu Norsk Hydro. Hvenær var þetta mál síðan reifað í ríkisstjórn?

Mér finnst þetta skipta máli fyrir framgang málsins. Ég hef fylgst allvel með fréttum þar sem um þessi mál hefur verið rætt og þau verið reifuð en ég hef ekki tekið eftir því að menn hafi sérstaklega innt sjálfstæðismenn eftir því *hvenær þeir hafi fengið upplýsingar um, hvort heldur var frá* Geir Gunnlaugssyni, framkvæmdastjóra Hæfis, Þórði Friðjónssyni, eða hæstv. iðnrh. eins og eðlilegast hefði verið, um að Norsk Hydro væri komið í bakkgír. Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra upplýsti um þetta. Hún hefur upplýst nákvæmlega um allar tímasetningar hér. Ég hef viljað trúa henni í þeim efnum og farið mjög rækilega yfir það. En í

þessu sambandi skiptir máli, vegna þess að ég vil glöggva mig á því hvort Sjálfstfl. sé hér heils hugar stuðningsmaður þessa máls, ellegar hvort hann styðji aðra pólitík sem ég átta mig ekki á.

Herra forseti. Framsfl. hefur verið afskaplega áfram um það mál sem hér um ræðir. Ég held að ég muni það rétt að það hafi verið 1996 eða 1997 sem fyrst komu fram handfastar hugmyndir um að farið yrði í stóriðju, þ.e. álverksmiðju á Reyðarfirði, þá í samstarfi við Norsk Hydro. Það eru fimm ár eða þar um bil og hvort sem okkur líkar það betur eða verr er staðan sú að við erum hér á byrjunarreit. Hvernig svo sem menn velta þessum steini fram og til baka þá erum við á algjörum byrjunarreit. Hæstv. iðnrh. vill ekki ætla að svo sé en því miður er það þannig.

Ég rifja það upp að þann 13. febr. var hæstv. iðnrh. spurður um það í fyrirspurnatíma hvort hún hefði, og ríkisstjórnin raunar því ég vil líta svo á að hér sé um eitt stærsta verkefni ríkisstjórnarinnar að ræða en ekki einkamál hæstv. iðnrh., hvort til væri eitthvert plan B, eitthvert varadekk sem hægt væri að grípa til ef Norsk Hydro hrykki úr skaftinu. Auðvitað höfðu margir hverjir ýmsar efasemdir um að þessu stóra norska fyrirtæki, raunar alþjóðlega fyrirtæki, væri full alvara í þessu verkefni þegar þeir fóru að draga lappirnar, þegar þeir fóru að fresta þessum ákvörðunum. Svo var í tíð forvera hæstv. iðnrh., Finns Ingólfssonar, sem leiddi auðvitað til gjörbreytingar á verkefninu öllu saman. Nú hefur komið á daginn að þær grunsemdir, þær áhyggjur, áttu því miður við rök að styðjast. Ég lýsti yfir sérstökum vonbrigðum mínum með það. Það hlægir mig hreint ekki.

Ég spyr hæstv. iðnrh. hvers vegna hún neiti þeirri ályktun minni og stöðumati að við séum á byrjunarreit í viðskiptum við aðra hugsanlega lysthafendur um kaup á orku til byggingar á álveri í Reyðarfirði. Það þýðir ekkert að segja mér að hugsanlega séu Norsk Hydro ekki hættir, kannski geti þriðji aðili komið inn. Það liggur ljóst fyrir að þeir valkostir sem til staðar eru eru ekki allt of margir og aðdragandi þessara mála er langur. Í fimm ár höfum við bundið okkar trúss við Norsk Hydro, í fimm ár höfum við verið í ástar/trúlofunarsambandi við þetta norska fyrirtæki og nú er þeirri sambúð lokið. Það er kannski ekki lögskilnaður en það er a.m.k skilnaður að borði og sæng, svo mikið er hægt að fullyrða.

Þetta er veruleikinn sem við okkur blasir og því árétta ég það, herra forseti, að væntanlega verður ný ríkisstjórn að afloknum næstu kosningum sem mun leiða þessi mál til lykta á einn eða annan veg og ég trúi því að sú ríkisstjórn muni geta gert það.

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að fara aðeins yfir afstöðu flokks míns í málinu. Á hann hefur verið ráðist af ýmsum í gegnum tíðina og honum borið það á brýn að hann sé flöktandi í afstöðu til þessara mála. Skoðum aðeins staðreyndir í örstuttu máli.

Ég rifja það upp að Samfylkingin var eindregið þeirrar skoðunar, allur þingflokkurinn og allir þingmenn, að aðferðafræðin í Eyjabakkamálinu, þ.e. að skjóta sér fram hjá lögformlegu umhverfismati — við lögðum fram tillögu um að farið yrði að lögum í þeim efnum. Allir þingmenn Samfylkingarinnar greiddu því atkvæði. Því miður var sú tillaga felld af stjórnarmeirihlutanum á þeim tíma.

Hins vegar skiptust menn um efnislega niðurstöðu málsins. Fjórir þingmenn greiddu atkvæði með því en 13 voru því andvígir.

Við lögðum hins vegar ævinlega og alltaf áherslu á að standa yrði rétt að verki. Og það hefur verið gert í þessu Kárahnjúkamáli. Menn getur greint á um hvort þau lög sem við höfum staðið að og varða aðferðafræðina við umhverfismat séu að öllu leyti gallalaus, um það má hafa langt mál, en það eru þau lög sem við sjálf settum okkur í þessum efnum og eftir þeim lögum ber framkvæmdarvaldinu að vinna og það hefur framkvæmdarvaldið gert. Við höfum skoðað niðurstöðu mála eftir að Skipulagsstofnun ríkisins hefur komið með ábendingar, eftir að umhvrh. samkvæmt lögum hefur farið að fjölmörgum þeim ábendingum og metið málið á efnislegum grunni þannig að það sé komið nægilega til móts við þær ábendingar sem Skipulagsstofnun ríkisins viðhafði, svonefndar mótvægisaðgerðir til þess að draga úr umhverfisspjöllum eins og kostur er. Í því ljósi hefur þingflokkur Samfylkingarinnar, raunar að tveimur þingmönnum undanskildum, lýst yfir stuðningi við málið. Það gerum við ekki endilega gagnrýnislaust að öllu leyti en við ætlum hins vegar ekki að flýja þá lýðræðislegu skyldu og þann lýðræðislega rétt okkar að taka afstöðu í málinu, því að sagan mun spyrja um það: Hvar var varst þú, hvað gerðir þú þegar þessi ákvörðun var tekin?

Ég ætla að vera á réttum stað í þeim efnum. Ég ætla ekki að vera á handahlaupum í burtu frá því máli með vísan til þess að einhvern tíma seinna komi rammaáætlun, einhvern tíma seinna kunni eitthvað annað að gerast sem geti breytt hinu eða þessu.

Herra forseti. Samfylkingin hefur því verið sjálfri sér samkvæm í þessu máli og hún hefur gert meira. Okkur er auðvitað ljóst að um málið hafa verið talsvert deildar meiningar. Sem betur fer held ég að úr helsta tilfinningahitanum hafi heldur dregið. Sumir segja að ástæðan sé einfaldlega sú að það kreppi að í efnahagskerfinu okkar, og það er að sönnu rétt, og að almenningur, vinnandi fólk í landinu, alþýða landsins, sjái það fyrir sér að ekki eru mörg járn í eldinum, ekki séu margir möguleikar til aukins hagvaxtar, aukinnar framleiðslu í þjóðarbúinu og finni sig kannski ekki alveg í því að sjá nýja peninga, nýja fjármuni, hærri laun í nýjum jarðgöngum eða í einhverjum meintum auknum ferðamannastraumi, heldur í handfastri framleiðslu sem flutt er til útlanda.

Við Íslendingar erum nefnilega ekkert afskapleg rík þjóð í öllu tilliti. Hér er enga olíu að finna, við lifum á fiski og við höfum talað um það árum og áratugum saman, ég hygg allflestir hér inni, að verðmæti okkar liggi í landinu og þar með að nýta landið okkar og það afl sem í vatninu felst. Þess vegna held ég að um þetta sé að nást meiri sátt.

En við viljum ganga enn þá lengra og við höfum skilning á því að hér er vissulega verið að færa ákveðna fórn, óafturkræfa fórn, með því að setja ósnortin víðerni undir vatn. Því gerum við það samhliða að leggja hér fram tillögu þar sem við segjum: Hingað og ekki lengra, hér drögum við línuna þegar kemur að svæðinu norðan Vatnajökuls, og erum alveg skýr og afdráttarlaus og samstiga í þeim efnum. Þá er ég að tala um þjóðgarðshugmynd þá sem hér hefur verið hreyft og flutt í formi þáltill. af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar. Með því viljum við reyna að spila saman sjónarmið verndunarsinna og þeirra sem nýta vilja náttúruna til framleiðslu, til útflutningsframleiðslu.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tala svona lengi. Ég gæti svo sem rætt talsvert um þann veruleika sveitarfélaga sem birtist þeim þegar stórfyrirtæki á borð við álver mætir í

bæinn. *Ég er nefnilega alinn upp í einu slíku sveitarfélagi*, Hafnarfirði, þegar fyrsta stóriðjan hér á landi reis á sjöunda áratugnum. Ég var nú ekki mjög gamall en man samt þá umræðu og hef flett henni upp síðar hvernig sú umræða gekk fyrir sig á hinu háa Alþingi og hverjir það voru sem þá lögðust eindregið gegn þeirri uppbyggingu. Það voru flokkssystkini iðnrh., Framsóknarflokkurinn, sem gengu hér berserksgang. (Gripið fram í.) Ég er að tala um árin 1965 og 1966, viðreisnarárin.

Ég gæti líka rifjað það upp, af því að hér hefur stundum verið um það talað með akademískum hætti af þeim sem eru hvort eð er á móti málinu, að þetta séu vondir vinnustaðir, skítugir vinnustaðir, karlavinnustaðir, vinnustaðir sem enginn vill vinna á. Ég horfi bara á veruleikann eins og hann er. Straumsvíkurálverið var vissulega skítugur vinnustaður á árum áður og frá því streymdi mengun. Þar hefur hins vegar orðið gjörbreyting á.

En hvort heldur er þá hefur á þeim rúmu fjórum áratugum eða á fimmta áratug sem liðinn er frá því að það álver var sett í gang tæplegast fyrirfundist annar vinnustaður þar sem trygglyndi starfsmanna við fyrirtækið hefur verið jafnmikið. Auðvitað hefur ekki alltaf verið kyrrt og fellt þar á bæ frekar en í öðrum fyrirtækjum landsins og þar hafa vissulega farið fram átök um kaup og kjör eins og vera ber og á að vera. En það breytir því ekki að þetta hefur verið eftirsóttur vinnustaður á alla lund, mjög eftirsóttur vinnustaður.

Ég spyr: Af hverju ættu mál að þróast á allt annan veg annars staðar á landinu? Hafa þau gert það uppi í Hvalfirði? Nei, þau hafa ekki gert það. Þar er nákvæmlega sama reynslan. Því staðreyndin er sú þegar menn skoða þessi mál ofan í kjölinn að í stórauknum mæli hefur konum fjölgað sem starfsmönnum álvera, enda vinnan yfirleitt þannig í langflestum tilfellum að hún fellur jafnt konum sem körlum. Í annan stað eru menntunarkröfur mjög mismunandi og ýmis sérhæfð störf orðin þar til í seinni tíð eftir því sem tækninni hefur fleygt fram í þeim iðnaði. Ég frábið mér því svona einfaldar meldingar í þá veru að stóriðja sé eitthvað skítugt og vont sem megi ekki líta við.

Það má enginn skilja orð mín svo að ég sé einhver einlægur aðdáandi stóriðju og hún sé upphaf alls þess sem koma skal. En, herra forseti, (**Gripið fram í:** Viðurkenndu það bara.) ég er raunsæisstjórnmálamaður og í þeim konfektkassa sem okkur býðst eru ekki endalausir molar. Við getum ekkert valið úr þeim kassa eins og okkur sýnist, það er ekki þetta val og við sjáum það auðvitað á langri vegferð.

Menn hafa staðið í þessum ræðustól fyrr og síðar og tengist það mjög náið þeim umræðum sem átt hafa sér stað um stóriðju, nefnilega áhrifum útlendinga á íslenskt atvinnulíf. Maður lifandi. Hér hafa menn staðið og talað sig hása svo tímunum skiptir um þá hættu sem íslensku þjóðarbúi stafaði af vondum útlendingum sem ætluðu að kaupa dalina, árnar okkar, ætluðu að leggja undir sig landið. Þá er ég að vísa til umræðunnar um EES-samninginn forðum daga. (**Gripið fram í:** Páll Pétursson?) Ja, ég er nú ekki síður að vísa til fyrrv. formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar, sem fór hér mikinn og hæstv. iðnrh. var í liði með á sínum tíma. (**Iðnrh.:** Í liði með?) Formanni sínum, hæstv. fyrrv. formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni. Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. hafi þá verið í Framsfl. eins og núna, mjög væntanlega.

Í þessu samhengi er einnig fróðlegt að rifja það upp, af því ég nefndi hvernig rauði og blái liturinn blönduðust stundum þegar kom að atvinnuuppbyggingu, að ein helsta mótbáran gegn stóriðju á Íslandi var frá últravinstrimönnum, þ.e. að útlendingar ættu meira en helminginn í slíkum fyrirtækjum. Það þótti ekki nægilega góð latína og menn lögðust eindregið gegn því. Ég held að tillaga hafi komið um það á sínum tíma frá vinstri mönnum að það væri klár og kvittur áskilnaður að Íslendingar ættu meira en helming í slíkum fyrirtækjum.

Nú er þetta ekkert sérstakt mál og mætti segja mér að þetta hafi frekar snúist við og að langflestir teldu það mjög æskilegt að áhrif útlendinga í íslensku atvinnulífu yrðu hóflega mikil m.a. til að tryggja eðlilega samkeppni. Ég hef a.m.k. ekki heyrt marga í þessum sal síðustu missiri og árin hafa af því sérstakar áhyggjur. Að minnsta kosti heyri ég það ekki í þessari umræðu að menn setji það sérstaklega fyrir sig að útlendingar hætti fjármunum sínum til að reisa álver á Íslandi. Það er fremur að meiri peninga þurfi frá þeim og það sé fremur það að hv. þingmenn á borð við Ögmund Jónasson sem hafi áhyggjur af því að íslenskir lífeyrissjóðir láti sér til hugar koma að festa peninga í framtíðarverkefnum af þessum toga.

Ég er honum algjörlega ósammála. Ég spyr hv. þm. hvort hann telji fjármunum lífeyrissjóðanna betur komið í áhættufjárfestingu erlendis. Ég spyr hann beint hvort hann telji fjármunum umbjóðenda sinna, Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna, betur komið í áhættufjárfestingum erlendis heldur en að reisa hér verksmiðju sem muni mala um áratuga skeið og selja vörur til útlanda. Ég fæ ekki komið heim og saman slíkri forgangsröðun, en vafalaust getur hv. þm. útskýrt það fyrir mér með sínum bláu áherslum hvernig á því stendur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja mikið meira um þetta. Afstaða mín hefur verið skýr í málinu allt frá upphafi. Ég ætla heldur ekki að segja frá því hvernig ég kynntist fyrst þessum viðfangsefnum austur á Reyðarfirði, á Austfjörðum, þegar varaþm. Vinstri grænna, Hjörleifur Guttormsson, var þá iðnrh., og ég var á 14 fundum með honum um alla Austfirði í alþingiskosningunum 1983, þar sem hann lofaði hástöfum aftur á bak og áfram kísilmálmvinnslu fyrir Austfirðinga. (Gripið fram í.) Það er mér minnisstætt, það voru mínar fyrstu alþingiskosningar og ég tók alveg sérstaklega eftir því hversu mikill ákafamaður Hjörleifur Guttormsson, enda þá iðnrh., var fyrir þær kosningar, raunar ekki eftir þær, hvernig hann lofaði Austfirðingum því að nú mundi rafmagn renna frá Eyjabökkum og til stóriðjumálmblendiverksmiðju í Reyðarfirði. Nú eru aðrir dagar og aðrir tímar og menn hafa skipt þar um skoðanir. Ég er ekki þeirrar tegundar í stjórnmálum að ég svíki loforð. Ég lofaði Austfirðingum þessu líka og ég ætla að standa við það þótt síðar verði. (Gripið fram í.) Og gæti ég komið þar eitthvað að verki, þó í litlu væri, mun ekki standa á mér. Því að orð eiga að standa í pólitík, herra forseti, það veit hann manna best og það vitum við báðir.

[00:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst ákveðin skilaboð felast í þessari ræðu hv. þm. Hann talaði um fálæti samstarfsflokksins. Hann talaði um að ný ríkisstjórn mundi væntanlega taka á þessu máli. Hv. þm. talaði um afstöðu Samfylkingarinnar sem væri mjög skýr og jákvæð og að Samfylkingin væri sjálfri sér samkvæm og allt það. En ekki meira um það.

Hvað Samfylkinguna varðar er ég ákaflega þakklát fyrir þann stuðning sem ég finn að þetta mál á í þeim stjórnmálaflokki og leyfi mér að segja að batnandi mönnum er best að

lifa í þeim efnum. En hvað byrjunarreitinn varðar er ég ekki sammála hv. þm. um að við séum á byrjunarreit. Á þeim tíma sem við höfum unnið þetta mál, með það í huga að fyrirtækið Norsk Hydro yrði leiðandi fjárfestir í Reyðaráli, hefur það áunnist að nú erum við með málið nánast tilbúið. Þar er komið umhverfismat, bæði á virkjun, verksmiðju og reyndar línur og leyfin eru u.þ.b. að fást fyrir allt heila verkefnið. Að því leyti hefur þessi tími nýst okkur ákaflega vel.

Hv. þm. talaði um að plan B hafi vantað og í sjálfu sér er alveg efnislegt að nefna það og efasemdir um að þarna hafi verið rétt staðið að málum. Hins vegar verðum við að hafa í huga að við hefðum aldrei fengið fyrirtækið Norsk Hydro til að leggja fleiri hundruð milljónir í þetta verkefni nema vegna þess að það var, alla vega tímabundið, frátekið fyrir þá. Nú hefur hins vegar verið losað um þetta sérleyfi og að sjálfsögðu munum við nýta tímann fram undan til að átta okkur á því hvort önnur stórfyrirtæki séu tilbúin til að taka keflið.

[00:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er enn þá ekki ljóst hvers vegna hæstv. ráðherra telur að málið sé ekki á byrjunarreit. Það er auðvitað ákaflega létt í hendi að ganga hér frá virkjunarleyfi án þess að nokkuð sé ljóst um hinn fasa málsins, þ.e. að setja þetta rafmagn á markað. Ég vil rifja upp, herra forseti, að því miður var fyrirliggjandi virkjunarleyfi í Fljótsdalsvirkjun um árabil, um langt árabil eins og margfrægt er orðið. Því miður tókst ekki að breyta því í markaðsvæna vöru. Því miður segi ég, herra forseti.

Því miður verð ég því að segja aftur að það segir mér ekki neitt um söluna á þessu rafmagni, um stóriðju, nýtt álver, að virkjunarleyfi sé í höfn. Ég tek það hins vegar fram að það er engin ástæða fyrir Alþingi Íslendinga að draga lappirnar í þeim efnum. Alþingi ber að ljúka því verkefni sem hafið var, hefur farið í gegnum lögbundinn feril og liggur hér fyrir til ákvörðunar, já eða nei. En því miður verður hæstv. ráðherra að upplýsa mig öllu betur um hvað við eigum inni gagnvart þeim sem hugsanlega hafa áhuga, mögulegum samstarfsaðilum við að reisa stóriðjuna sjálfa, verksmiðjuna sjálfa, álverið sjálft. Er eitthvað meira í pípunum þar, eitthvað meira á hendi þar en augað sér?

[00:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson beindi nokkrum spurningum eða öllu heldur ásökunum til mín og í garð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það eru ekki tök á að svara þeim öllum í stuttu andsvari þannig að ég óska eftir að verða settur á mælendaskrá með seinni ræðu mína við 2. umr. málsins.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að við teljum fyrirhugaðar framkvæmdir við Kárahnjúka og 420 þúsund tonna álver í Reyðarfirði ekki réttlætanlegar framkvæmdir á umhverfisforsendum. Þær munu valda óafturkræfum náttúruspjöllum sem við getum ekki samþykkt. Hins vegar hafa þessar ráðstafanir verið réttlættar í ljósi meints efnahagslegs ávinnings. Þennan meinta efnahagslega ávinning og áhrif sem þessar ráðstafanir mundu hafa á íslenskt efnahagslíf viljum við ræða.

Ég fór mjög rækilega yfir það í ræðu minni í dag hverja ég tel áhættuna fyrir innlenda fjárfesta vera, þar á meðal lífeyrissjóðina. Ég fór rækilega yfir þá áhættu sem ég tel í þessu fólgna fyrir eigendur Landsvirkjunar, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ, þar með alla íslensku þjóðina sem stendur þarna að baki. Ég fór rækilega í saumana á efnahagslegum áhrifum þessara framkvæmda. Ég fór efnislega yfir þetta og ég sakna þess svolítið að hv. þm., sem lýsti sjálfum sér sem raunsæispingmanni, sýndi okkur fram á í hverju raunsæi hans er fólgið. Ég saknaði þess að hann færi nánar í efnisleg rök sem fram hafa komið í þessu máli. Það eru þau og sú umræða sem við höfum auglýst eftir.

[00:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þá hreinskilni að viðurkenna að hann og flokkur hans eru einfaldlega á móti málinu á umhverfislegum forsendum. Hitt er bara bónus fyrir vinstri græna að allt annað í málinu er líka ómögulegt, eftir því sem ég fæ best skilið.

Ég vil því kannski gagnspyrja hv. þm. og spyrja: Er ekkert jákvætt í hinum efnahagslega þætti málsins sem gæti hugsanlega komið til móts við hagsmuni lands og þjóðar og alþýðu þessa lands? Mér finnast orð hans nefnilega benda til að vart nokkuð jákvætt gæti hlotist af þessu.

Ég skal hins vegar svara spurningum hv. þm. Hann saknar þess að ég hafi ekki farið rækilega yfir þann ávinning sem hér er á ferðinni að mínu mati. Ég ætla fyrst og síðast að vísa til reynslunnar, herra forseti. Við erum ekki að gera þetta í fyrsta skipti. Að vísu er þetta langstærsta einstaka verkefnið en ég rifjaði það upp í örstuttu máli hér áðan hve svipuð umræðan var og með sviplíkum hætti um fyrri álver, í Straumsvík, í Hvalfirði og um járnblendiverksmiðjuna sömuleiðis. Ég benti á hvernig menn, með nákvæmlega sama hætti og hv. þm. hefur gert hér í dag, menn hafa fundið öll tormerki á slíkum framkvæmdum, stóráhættu fyrir íslenskt þjóðarbú, efnahagskerfið.

En ég spyr: Hver hefur reynslan verið? Hefur hún verið sú að þessar stórframkvæmdir, sumar eingöngu á hendi erlendra aðila, þ.e. verksmiðjan sjálf, önnur í samstarfi innlendra og erlendra aðila, hafi sett íslenskt efnahagskerfi á hliðina? Nei, auðvitað ekki, þvert á móti. Þetta hefur leitt til aukins hagvaxtar og betri lífsgæða hér á landi. Hið nákvæmlega sama gildir um virkjanir sem ráðist hefur verið í í þessum efnum, þær munu og eru sumar hverjar þegar farnar að skila myljandi gróða inn í þetta þjóðarbú sem hefur staðið fyrir þeim framkvæmdum. Þannig að reynslan er ólygnust í þessum efnum sem öðrum.

[00:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki með neinar játningar né er ég að viðurkenna eitt eða neitt hér. Ég staðhæfi og ítreka þá afstöðu sem margoft hefur komið fram af minni hálfu og annarra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við teljum þetta ekki réttlætanlegar framkvæmdir á umhverfisforsendum, náttúruspjöllin eru slík.

Ég staðhæfi einnig og hef fært fyrir því rök að það eru yfirgnæfandi líkur á, yrði ráðist í þessar framkvæmdir, að þær mundu ekki verða til að treysta lífskjör í landinu, þvert á móti mundu þær grafa undan lífskjörum í landinu.

Við höfum gert þetta áður, segir hv. þm. Það er alveg rétt. Við höfum áður virkjað og áður staðið fyrir stóriðjuverum á Íslandi. Reynslan er engan veginn einhlít í þeim efnum. Ég vísaði t.d. í máli mínu í járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og þá reynslu sem Íslendingar hafa haft af henni. Þegar staðhæft er að við höfum gert þetta allt áður er það ekki

alveg rétt. Þetta er í fyrsta skipti sem reist yrði virkjun, ef af þessu yrði, fyrir einn orkukaupanda. Það er m.a. í því sem hin mikla áhætta felst. Í öðrum tilvikum hefur verið virkjað í þágu stóriðju en einnig til almennra orkukaupenda í landinu. Á þessu er mikill munur.

En ég vonast til að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson verði hér við umræðuna þegar ég flyt seinni ræðu mína. Þá mun ég svara honum ítarlega spurningum hans varðandi íslenska fjárfesta sérstaklega og þá áhættu sem þeir mundu taka í þessu efni.

[00:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get lofað því að þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson kemur aftur, þá verð ég hér. (Gripið fram í.)

Að öðru leyti er svo sem ekkert mörgu við þetta að bæta. Það er hárrétt, ég sagði það sjálfur, að þetta einstaka verkefni er hvað varðar stærð og um margt einstætt í orkusögu okkar, virkjana- og stóriðjusögu. Á hinn bóginn er líka mörgu sem svipar til fyrri tíðar. Ég heyrði ekki hv. þm. mótmæla því að reynslan, sem er auðvitað ævinlega ólygnust, hefði sýnt okkur fram á að bæði virkjanaframkvæmdirnar og verksmiðjuframkvæmdirnar (**Gripið fram í:** Járnblendið.) hefðu til lengri tíma litið bætt lífskjör fyrir vinnandi fólk í þessu landi. Ég bið hv. þm. að sýna mér fram á hið gagnstæða (**ÖJ:** Ég skal gera það.) og gera sögulega nákvæma grein fyrir því hvernig virkjanaframkvæmdir í gegnum tíðina, uppbygging álversins í Straumsvík, Norðuráls, nú og járnblendisins — við skulum líka taka það inn þótt þar hafi verið verulegar sveiflur í gegnum tíðina — hafi gert lífskjör lakari fyrir alþýðu þessa lands. Mér þætti fróðlegt að heyra þann fyrirlestur hv. þm. Þannig er það auðvitað ekki.

Ætli hann að halda þessu fram finnst mér býsna langt farið. Það er kjarni þess máls sem ég flutti áðan og undirstrikar að dómgreind hv. þm. í þessum efnum er auðvitað ekki algjörlega órugluð, vegna þess að hann er búinn að gefa sér forsenduna fyrir fram, að vera á móti málinu hvað sem tautar og raular. Það væri með öðrum orðum alveg sama þó honum væri sýnt fram á það hér, þó það væri birt á blaði að þetta mundi bæta lífskjör hér verulega, hann væri samt á móti málinu af umhverfisástæðum. Það er kjarni málsins.

[00:15]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ræða mín verður einsleit og afdráttarlaus en stutt.

Hlutverk þingmanns er að stuðla að því á allan mögulegan máta að eðlileg uppbygging þjóðfélagsins haldi áfram stöðugt og í samræmi við þarfir eins og þær eru á hverjum tíma. Hlutverk þingmanns er að líta til þess að farið sé að lögum og þau sett eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Atvinnulífið, framleiðsla, viðskipti, menntun og grunnþjónusta eru lykill þeirrar undirstöðu sem öll okkar velferð byggist á. Síbreytilegu heimsumhverfi verða menn að mæta á heimaslóð með sífelldri aðlögun að því sem er að gerast. Ef tækniframfarir verða þá tileinkum við okkur þær. Annars drögumst við aftur úr. Ef ástand breytist á einhvern hátt í heiminum verðum við samstundis að bregðast við. Við verðum að taka tillit til annarra og leggja okkar af mörkum til að veröldin sem við lifum í verði sem best.

Ísland er lítið þjóðríki sem getur þó haft áhrif á heimsmyndina eins og dæmin sanna. Tillit er tekið til okkar í alþjóðasamskiptum. Rödd Íslands heyrist alls staðar og sjónarmið okkar fá góðar viðtökur í alþjóðasamfélaginu hvar sem við komumst að til að tjá okkur. Íslendingar veljast í hlutverk á þeim vettvangi þar sem við eigum seturétt vegna þess að við vitum hvað við viljum.

Herra forseti. Við erum hér og nú að ræða málefni sem eru og verða stöðugt á dagskrá á næstu árum. Það er ljóst í mínum huga að við þurfum að bæta við virkjunum. Það liggur fyrir að við þurfum að nýta náttúruauðlindir okkar hvort sem það verður til virkjunar eða annars konar atvinnunýtingar, einnig þar sem náttúruvernd og þessir þættir fara saman. Við höfum á löngum tíma byggt afkomu okkar að mestu á því sem auðlindin í hafinu hefur gefið okkur. Sú auðlind er takmörkuð. Við höfum nýtt okkur virkjun gufu og vatns til að framleiða orku til heimilisnota fyrir alla landsmenn og einnig til iðnaðar og stóriðju.

Við eigum að gera okkur grein fyrir því að auðlindir til orkuframleiðslu eru ekki takmarkalausar. En við eigum að nýta okkur þær í okkar þágu eins og best verður á kosið. Við eigum einnig að nýta okkur orkumöguleikana sem felast m.a. í sjávarföllum, m.a. með því að nýta tíma og hæðarmismun á milli landshluta.

Vindorkuna eigum við eftir að skoða. Þar er náttúruafl sem við höfum lítið gert í að rannsaka. Við höfum ekki gert neitt í því að rannsaka endurnýtingu hitaútstreymis frá stóriðju og margt fleira sem hægt er að tína til. Við Íslendingar leggjum okkar af mörkum til að skapa mengunarlitla orku til hagsbóta fyrir alþjóðsamfélagið. Það skiptir máli.

Virðulegur forseti. Ég þekki til stóriðju. Ég hef unnið við stóriðju. Ég hef séð framþróun í vörnum gegn mengun, framþróun í tækni til að spara mannafl, tækniframfarir sem krefjast aukinnar þjálfunar og menntunar og ég þekki einnig áhrif af stóriðju á sveitarfélög á stóru svæði, bæði hérlendis og erlendis.

Stóriðjufyrirtækin á Grundartanga hafa skapað ný viðhorf, aukið menningar- og menntunarkröfur, lagt uppgræðslu- og umhverfissjónarmiðum lið, skapað iðnaði nýja og betri stöðu, allt frá Suðurnesjum til Stykkishólms. Á þessu nefnda svæði hafa fyrirtæki í byggingar-, stál- og rafiðnaði notið þessara framkvæmda og njóta þess síðan að veita þjónustu að lokinni uppbyggingu eins og raun ber vitni. Það má best og gleggst sjá á þeirri uppbyggingu sem hefur orðið í nágrenni þessara verksmiðja, sem ég gat um, á Grundartanga.

Sá sem þekkir í raun áhrif af virkjunarframkvæmdum og stóriðjuframkvæmdum á sama hátt og ég geri hlýtur að hvetja til áframhalds á sömu braut þó svo að ástæða sé til á öllum tímum að gaumgæfa svo vel sem kostur er hverja einstaka framkvæmd.

Virðulegur forseti. Ég átti því láni að fagna að taka þátt í uppbyggingu Búrfellsvirkjunar og man eftir efasemdaröddunum sem lutu að byggingu álversins í Straumsvík. Hverjum þeim sem skoðar þessi samtengdu fyrirtæki, hlýtur að vera ljóst að menn hafa staðið af skynsemi að þessum framkvæmdum og einnig ef litið er til virkjananna sem tengjast Grundartanga, ál- og málmbræðslufyrirtækjunum sem hafa öll bætt mannlíf á Íslandi.

Af því það var nefnt hér áðan að stóriðjan hefði hafist með uppbyggingu álvers í Straumsvík þá verð ég að leiðrétta það. Raunveruleg stóriðja á Íslandi hófst með byggingu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi og Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Það var stóriðja þeirra tíma og var mikið átak að

ráðast í þau verkefni. Margir voru á móti þeim, en þessi fyrirtæki hafa sýnt það í gegnum tíðina að vera hin þörfustu.

Öllum hlýtur að vera ljós skoðun mín á þessum málum eftir þau orð sem ég hef látið falla. Ég sé ekki, virðulegur forseti, að á næstu 10–15 árum gefist betri möguleikar til öruggrar uppbyggingar í atvinnumálum en með virkjun og stóriðju. Því hvet ég til að menn haldi ótrauðir áfram, veiti með aðhaldi, skynsemi og gaumgæfni virkjunarleyfi og starfsleyfi og vinni umhverfismat eftir því sem við á í hverju tilviki og að við eflum menningar-, menntunar- og atvinnustig með þessu á skynsamlegan máta.

Virðulegur forseti. Ég tek því fullkomlega undir orð félaga míns, hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, um möguleg áhrif virkjunar og stóriðju á Austurland og reyndar á allt íslenskt samfélag hvað varðar menntun, atvinnu og menningarstig og óneitanlega hefur umræða um stóriðju vakið landsmenn til vitundar um mengun og umhverfismál þannig að menn eru ólíkt betur meðvitaðir um þessa þætti en áður.

En það er svo að ferill málsins hefur ekki verið sem skyldi og væri að sjálfsögðu ástæða til að gera nokkurt mál úr því. En ég læt gagnrýni þá sem formaður Samfylkingarinnar og þingflokksformaður minn hafa haft í frammi um það nægja. Það var gert hér fyrr í dag.

Vissulega er rétt að þessi mál eru viðkvæm í samningsferli. En skoðun mín er þó sú að það sé skylda að veita þingnefndum þær upplýsingar undanbragðalaust sem fyrir liggja.

Virðulegur forseti. Ég tel mig ekki minni umhverfissinna en hvern annan hér á þingi eða almennt í samfélaginu. Ég er alinn að hluta til upp í sveit. Ég hef stundað sjómennsku og störf í stóriðju. Það er meira en hægt er að segja um marga þá sem hafa á hástemmdan máta tjáð sig um þessi mál. (Gripið fram í.) Á grundvelli lífsreynslu minnar og þekkingar eru þetta mín lokaorð, virðulegur forseti: Ég mæli með þeim áformum um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal sem fyrir liggja í því máli sem hér er til afgreiðslu.

[00:24]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég hef nú aðra ræðu mína í þessu máli, um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Ég vil í upphafi máls míns árétta það sem fram hefur komið hjá mörgum af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og alþjóð er kunnugt um, að við leggjumst gegn þessu verkefni, bæði virkjuninni og verksmiðjubyggingunni á Reyðarfirði. Það er alveg klárt.

Ég vil líka koma að því í upphafi máls míns að þó svo við leggjumst gegn verkefninu þá er það auðvitað hlutverk okkar á Alþingi að draga fram gagnrýni á verkefnið og reyna að leiða menn á betri braut sem að okkar mati ana fram í blindni án þess að hafa fastar forsendur fyrir því sem verið er að gera, eins og fram hefur komið í umræðunni núna á allra síðustu dögum.

Ég held að það væri hollt yfir okkur hér á hinu háa Alþingi að læra af sögunni, vegna þess að þó að menn mæri mjög stóriðjuframkvæmdir í landinu þá verðum við að viðurkenna að þær framkvæmdir eru varðaðar gríðarlegum mistökum sem við höfum gert. Menn tala um gildi Straumsvíkurversins. En menn tala minna um það að á fyrstu árum Straumsvíkurverksmiðjunnar var rafmagnsverðið svo lágt að það jaðraði við að verið væri að setja Landsvirkjun á hausinn. Það tókst ekki fyrr en í tíð Hjörleifs Guttormssonar sem iðnrh. að standa fyrirtækið að svikum. Þá var hægt að endursemja, en það forðaði Landsvirkjun frá því að lenda í verulegum fjárhagskröggum. Ég held að mönnum hér í þinginu væri hollt, eins og ég benti á áðan, að gera upp stöðuna í heild sinni í staðinn fyrir að ana áfram eins og núna er gert, gera upp hver ávinningurinn hefur orðið af stóriðjunni með öllum þessum skakkaföllum sem við höfum lent í. Þar erum við að tala um milljarðatugi.

Hvar halda menn að þau útgjöld lendi sem þjóðarbúið verður fyrir ef við semjum af okkur eins og var gert í Straumsvík þar sem upphafsverðið var ekki nema 3 mill, en síðan tókst að fimmfalda verðið vegna þess að fyrirtækið var staðið að svikum? Þessi mál verður að gera upp þegar menn skoða það hvert gildi þessara framkvæmda hefur orðið. Hver er afleiðing þess að almenningur og fyrirtæki í landinu þurfa að borga þennan mismun á þessum langa tíma? Auðvitað er hann gríðarlegur. Ef þetta hefði ekki verið gert þá hefði annars konar uppbygging atvinnu átt sér stað, eðlilega.

Og það höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ævinlega bent á í málflutningi okkar, að ef maður vill ekki lausn sem aðrir setja fram — eða eins og í þessu tilfelli er andstæð okkar hugmyndum — þá hafa menn auðvitað aðrar hugmyndir um annars konar uppbyggingu og hvernig verði staðið að málum út frá þeim forsendum sem viðkomandi stjórnmálaafl gefur sér og þeirri sýn sem það hefur á hvernig samfélagið skuli þróast í atvinnumálum.

Við verðum líka að átta okkur á því þegar við gerum upp þessa stóriðjusögu að við vorum, eins og fram hefur komið í máli sumra þingmanna hér, í raun aldrei að virkja bara fyrir stóriðju. Það er nýtt dæmi. Þegar við virkjum austur við Búrfell þá er það tvíþætt. Það er virkjun til stóriðjunnar í fyrsta lagi og í öðru lagi virkjun fyrir almennan markað. Það skýrir náttúrlega hvers vegna það lenti svo á hinum almenna notanda í landinu að greiða mismun vegna lágs orkuverðs í byrjun og að Landsvirkjun var á þeim tíma í gríðarlegum fjárhagslegum kröggum.

Virðulegi forseti. Síðan verðum við líka að átta okkur á þeirri staðreynd að með stóriðjuuppbyggingu í Hvalfirði stöndum við á sama hátt að verki. Við erum þar, Landsvirkjun, með virkjanir sem að hluta eru fyrir hinn almenna markað. Og við verðum að setja Hvalfjarðardæmið inn í það samhengi að Landsvirkjun hóf framkvæmdir og klárаði Blönduvirkjun án þess að hafa raforkusölusamninga í höfn og stóð því uppi með gríðarlega dýra virkjun sem líka íþyngdi fyrirtækinu mjög á þeim tíma. Í framhaldi af því eru orkusölusamningar gerðir til stóriðju vegna þess að til var gríðarleg umframorka í kerfinu.

Virðulegi forseti. Þetta er allt önnur staða en við stöndum frammi fyrir núna, þar sem við erum hér með frv. sem lýtur að því að það á að virkja, búa til verkefni sem byggir á því að virkjað er fyrir einn notanda. Þar má ekkert fara úrskeiðis. Þess vegna er mjög mikilvægt í þessari umræðu allri að því sé haldið til haga, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert, hvernig menn ætla að fara í þetta mál því örlítil mistök, kannski brot úr prósenti, geta orðið afdrifarík fyrir þjóðina alla, allt verkefnið.

Þá skulum við koma að því hvernig menn hafa síðan nálgast þetta mál. Þegar ég tók sæti á þingi og var kosinn af mínum flokki í iðnn. var rætt um þetta mál á allt öðrum forsendum en við erum að ræða það núna. Forsvarsmenn Landsvirkjunar töldu þá, bara fyrir þremur árum, að virkjun við Kárahnjúka yrði aldrei gerð af Landsvirkjun einni, að

stofna yrði sérstakt félag um Kárahnjúkaverkefnið vegna þess að það væri svo áhættusamt. Síðan eru liðin þrjú ár og málið hefur gjörbreyst vegna þess, eins og fram hefur komið, að menn eru að keyra það fram í pólitísku offorsi en ekki á viðskiptalegum grunni. Þegar staðan er orðin slík átta menn sig á því að Landsvirkjun er eina fyrirtækið sem getur staðið fyrir því að reisa þessa virkjun og afhenda þessa orku til stóriðju niður á Reyðarfjörð.

Af hverju er þetta gert, virðulegur forseti? Það er best að halda því til haga. Auðvitað er það gert vegna þess að verkefnið er þess eðlis að það verður að hengja það á núverandi eignir Landsvirkjunar. Samtengja verður verkefnið kerfi Landsvirkjunar þannig að það sé inni á landsnetinu, og talið er að verkefnið geti ekki staðið undir sér og fjármagnað sig nema það sé tryggt vegna þessa nýja fyrirkomulags, að baktrygging verði síðan hjá eigendum Landsvirkjunar, þ.e. ríkissjóði Íslands, ríkinu, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Og, virðulegi forseti, þarna er náttúrlega komin upp allt önnur staða í þessu máli frá því að lagt var upp með einhvers konar fyrirtæki sem yrði stofnað þar sem Landsvirkjun yrði hluthafi og Kárahnjúkavirkjun yrði sérstakur undirkafli.

Ég er þeirrar skoðunar að menn hafi í raun og veru enga heildarmynd af þessu enn þá. Vinnan í hv. iðnn. hefur leitt í ljós að embættismenn okkar hafa verið að gefa sér forsendur og geta sér til um framgang mála, hug samstarfsaðilans sem á allra síðustu dögum hefur síðan komið í ljós að er ekki rétt lesinn, og tímaáætlanir standast ekki.

Og þá komum við að þeim punkti, virðulegi forseti, að verkefnið Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar er keyrt fram af því offorsi sem raun ber vitni vegna þess að til dagsins í dag, má segja, var talað um að afgreiðsla þessa verkefnis þyldi ekki bið, t.d. væri ekki hægt að bíða eftir því að unnin væri rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma, rammaáætlun sem langflestir þingmenn, og raunar kannski allir, eru sammála um að þurfi að vinna sem grundvöll þess hvernig við ætlum að fara í orkunýtingu í landinu í framtíðinni. Málið var keyrt áfram á þeim forsendum. Og með því að Norsk Hydro telur sig nú ekki geta staðið við tímaáætlunina eða vill endurskoðun á vinnuferlinu, á ákvarðanatökuferlinu, er uppi allt önnur staða í málinu. Ég vil að það komi alveg klárlega fram að ég tel að núna eigi að nota tækifærið þar sem forsendur eru breyttar — tímaáætlunin stenst ekki, það þarf lengri tíma — og þá erum við komin í þá stöðu að við getum í raun og veru beðið þar til vinna við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur átt sér stað. Það er ekkert sem hastar á að málið sé keyrt í gegn og það er sjálfsagt í mínum huga núna í nýrri stöðu að setja Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar inn í þetta heildarferli.

Í minnihlutaáliti mínu taldi ég að með frestun á afgreiðslu frv. gæfist ráðrúm til þess að vinna faglega að nauðsynlegri stefnumörkun til framtíðar varðandi nýtingu orkulinda landsins. Orkan í fallvötnum landsins er, eins og mönnum er kunnugt, takmörkuð auðlind. Settar hafa verið fram tölur um að fræðilega sé hægt að framleiða um 50 teravattstundir af raforku í landinu, 30 teravattstundir með vatnsafli og 20 teravattstundir með jarðgufu.

Krafan um varúð í umhverfismálum verður stöðugt háværari og hefur breyst mikið á fáum árum. Það sem lengi hefur verið talið ásættanlegt að virkja af vatnsafli, að teknu tilliti til umhverfisþátta, er nú mun minna núna en fyrir áratug. Ljóst er að hér er aðeins um lauslegt mat að ræða og því er mikilvægt að vinna við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sé hraðað.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin samþykkti árið 1997 að hafin skyldi vinna við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar er iðnrh. í samstarfi við umhvrh. falið að láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skuli þessari áætlunargerð vera lokið fyrir árið 2000. Áætluninni er ætlað að vera í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í áætluninni skal sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi. Í því sambandi skulu sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.

En eins og kunnugt er, virðulegi forseti, hefur verkefnið reynst mun umfangsmeira og tímafrekara en ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir. Þannig lá það fyrir haustið 1999 að fara þyrfti yfir rúmlega 60 mögulegar hugmyndir að vatnsaflsvirkjunum og 30 hugmyndir að jarðvarmavirkjunum. Áður en vinnan hófst gerði verkefnisstjórnin sér vonir um að hægt yrði að ljúka vinnu við 25 hugmyndir sem kynntar yrðu haustið 2002 en þetta mun ekki geta gengið eftir og er nú svo komið að iðnrh. hefur lagt hart að verkefnisstjórninni að skila einhvers konar tilraunamati í haust á virkjanakostum á miðhálendi Íslands.

Það er álit mitt sem minnihlutamanns að vinnu við rammaáætlun þurfi að hraða og að heildaráætlun þurfi að liggja fyrir sem fyrst þannig að grundvöllur sé til að taka ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu.

Virðulegi forseti. Ég tel að núna gefist ráðrúm til að setja allt þetta verkefni inn í þessa rammaáætlun. Ef það er rétt sem menn eru að tala um, að hér geti ný tímaáætlun leitt til þess að við þurfum að fresta ákvörðunartöku um álver í Reyðarfirði um allt að eitt ár er einboðið að þessir virkjunarkostir við Kárahnjúka, ég tala nú ekki um Kröfluvirkjun, eigi að fara inn í rammaáætlunina og til umfjöllunar þar.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig víkja nokkrum orðum að því máli að í þessu frv. er náttúrlega engan veginn verið að ræða bara um virkjun við Kárahnjúka. Hér er verið að ræða um gríðarlegar virkjanaframkvæmdir á Kröflusvæðinu og í Bjarnarflagi, og Þeistareykir eru nefndir til sögunnar. Eins og menn vita er hér lagt til að Landsvirkjun fái leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 megavött. Eins og mönnum er enn fremur kunnugt hefur Landsvirkjun leyfi og umhverfismat og getur farið í stækkun Kröfluvirkjunar sem nemur um 40 megavöttum, og svo mikil stækkun á Kröflusvæðinu mun eflaust leiða til þess að mati sérfræðinga að þar muni í raun og veru þurfa að byggja aðra virkjun.

Orkulindirnar í Suður-Þingeyjarsýslu eru auðvitað mjög mikilvægar þegar við lítum til atvinnuuppbyggingar á því svæði sem þar er í nágrenninu, og nefni ég þá sérstaklega til sögunnar Húsavík og jafnvel Eyjafjarðarsvæðið. Við höfum gríðarlega möguleika á orkuvinnslu. Við sjáum þá í stækkun Kröfluvirkjunar eins og getið er um í frv. Við höfum Þeistareykjasvæðið, við höfum Bjarnarflag sem möguleika og síðan er möguleiki á Ísólfsvatni eða Aldeyjarfossvirkjun sem yrði verulega stór virkjun ef út í hana yrði farið.

En í þessu sambandi er það mér mjög mikilvægt að orkulindir séu nýttar sem næst uppruna sínum þegar við ákveðum að nýta viðkomandi orkulindir. Þannig er einboðið í mínum huga að ef við teljum vænlegt að nota jarðvarma og gufu til að framleiða rafmagn eða veita gufu til annarra nota eigi að gera það sem næst orkuuppsprettunni. Og það hlýtur að vera gríðarlega stórt umhugsunarefni fyrir fólkið í Þingeyj-

arsýslum að með þessu frv. er í raun og veru verið að taka þá ákvörðun að heimila iðnrh. að láta virkja orkulindirnar á því svæði til notkunar á allt öðrum stað á landinu með gríðarlegum línulögnum austur á land eins og fram kemur í nál. mínu sem minnihlutamanns.

Menn hafa velt mörgum möguleikum fyrir sér í sambandi við iðnaðaruppbyggingu, og ég veit t.d. að Húsvíkingar hafa velt mjög mikið fyrir sér möguleikunum á því að fá gufupípulögn frá t.d. Þeistareykjasvæði niður á hafnarsvæði Húsavíkur. Miðað við þær reglur sem við búum við í samstarfi okkar við Evrópusambandið er t.d. leyfilegt að veita stofnstyrki til slíkra framkvæmda telji maður að slíkt stofnframlag geti leitt til þess að um iðnaðaruppbyggingu á viðkomandi svæði verði að ræða.

Auðvitað líta þeir sem byggja Suður-Þingeyjarsýslu mjög til þessara orkulinda til þess að koma af stað atvinnurekstri heima fyrir. Það er þess vegna alveg með ólíkindum að menn skuli taka það bara sem sjálfsagðan hlut að inn í frv. um heimild til að virkja við Kárahnjúka sé tekin heimild til 220 megavatta aflstöðvar við Kröflu. Það er eins og hv. þm. hafi ekkert lagt sig eftir að skoða þau mál í samhengi. Hér er um gríðarlega afdrifaríka ákvörðun að ræða að mínu mati sem lýtur að eins og ég sagði áðan möguleikum Suður-Þingeyinga til atvinnuuppbyggingar til lengri tíma litið.

Það hlýtur líka að vera áhyggjuefni fyrir Eyfirðinga í sjálfu sér vegna þess að framtíðarorkumöguleikar á Eyjafjarðarsvæðinu byggja í raun og veru á nábýlinu við Skagafjörð vestan megin og Þingeyjarsýslur austan megin. Í offorsinu við afgreiðslu þessara mála láist okkur að fara yfir það heildstætt hvernig við ætlum að standa að þessum málum. Við tökum eitt verkefni í einu, köstum okkur yfir það og allt í einu verður ekki bara til virkjunarframkvæmd við Kárahnjúka heldur er Kröflusvæðið og Bjarnarflagssvæðið og jafnvel Þeistareykjasvæðið sett inn í þennan heildarpakka.

Virðulegi forseti. Af þessum sökum er mér gjörsamlega óskiljanlegt að menn skuli ekki vilja staldra við í ljósi breyttra aðstæðna og setja þetta mál allt inn í rammaáætlunarferli. Það er allt og sumt sem við erum að biðja um að gert verði. Ég held að það væri miklu farsælla. Þá gætum við skoðað þessi mál heildstætt og komið okkur niður á það hvernig við ætlum að fara í að virkja í þessu landi, hvaða möguleikar eru uppi, hvað væri ásættanlegt að nota af þessari 50 teravatta orku sem áætlað er að megi virkja og hvað við ætlum að taka frá til náttúruverndar o.s.frv.

Við verðum að átta okkur á því, virðulegi forseti, að menn í samfélaginu sem tengjast orkugeiranum og embættismenn í kerfinu eru í raun og veru farnir að tala um það fullum fetum, og orð eru nú til alls fyrst, að vatnið í Dettifossi sé miklu betur komið í pípum til orkuöflunar. Menn eru farnir að tala um það í fullri alvöru. Menn veigra sér að vísu við að tala um Gullfossvirkjun, en menn eru byrjaðir að tala um Dettifossvirkjun.

Ég er ansi hræddur um að ef menn skoða þessi mál heildstætt, eins og við erum að fara fram á, í rammaáætlun þar sem við förum yfir alla möguleika okkar, þá kæmi aldrei til mála, a.m.k. fyrir okkur Norðlendinga og ég ímynda mér fyrir Íslendinga alla og þá sérstaklega Sunnlendinga, að fara að gera plön um það og ræða fullum fetum að virkja Gullfoss. Þetta eru hlutir sem við verðum að taka á heildstætt, virðulegi forseti, þannig að sæmileg sátt geti verið með þjóðinni um það hvernig við förum í þessa auðlind.

Virðulegi forseti. Út úr umræðunni í dag hefur að mínu mati komið sorglega lítið fyrir Austfirðinga. Enn er verið að hamra á veggnum um að biðin sé nú ekki löng, þetta sé alveg að koma. Við þekkjum söguna af svipuðum málum alls staðar að af landinu. Við þekkjum Keilisnessöguna og við þekkjum söguna norðan úr Eyjafirði þar sem álver var alltaf á næstu grösum í ein 15 ár. Og þar settu margir sig í þá stöðu sem Austfirðingar eru settir í, að bíða eftir álverinu. Þetta er auðvitað afleit staða. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett fram þær tillögur að vegna breyttrar stöðu í málinu öllu, þá verði búið til sérstakt framkvæmdaáætlunarplan fyrir Austfirði þar sem þeim verði gert kleift að þróa atvinnumál sín á eigin forsendum, óháð því hvað verður um þetta verkefni, Kárahnjúkavirkjun, og síðan álverið á Reyðarfirði. Við teljum það algjörlega nauðsynlegt. Við teljum það einfalt mál. Við teljum að það þurfi ekki að kosta mjög mikla peninga. Þetta getur byggst á beinum framlögum eins og við höfum sett fram hugmyndir um með þáltill. okkar um 400 millj. kr. framlag inn í atvinnuþróunarfélög á svæðinu, en síðan er auðvitað hægt í ljósi nýrra aðstæðna að taka ákvörðun um að flýta eða setja framar í röð ýmsar opinberar framkvæmdir, t.d. í vegagerð, uppbyggingu á heilbrigðissviði, skólamálum, menningarmálum og ég tala nú ekki um það sem er kannski stærsta málið og það sem mundi telja mest, jarðgangagerð á Austurlandi.

Virðulegi forseti. Við teljum að skoða beri mál í því ljósi núna vegna þeirrar stöðu sem upp er komin. Aðferðin sem notuð var á Eyfirðinga og Akureyringa um margra missira og ára skeið dugar ekki, að nú þyrftu menn að setja sig í stellingar, nú væri að koma álviðræðunefnd og nú ætti að fara að setja niður álver við Eyjafjörð. Ég tel að þegar menn áttuðu sig á því norðan heiða við Eyjafjörð að álver væri ekki á næstu grösum og sneru sér að því að vinna að annars konar uppbyggingu, margþættri uppbyggingu, bæði í opinbera geiranum og líka í einkageiranum, þá hafi menn í raun og veru fyrst farið að rétta úr kútnum. Þegar fólk áttaði sig á því að þetta var ekki að koma eins og alltaf var sagt.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé margslungið mál. Ég held að það sé ekkert fast í hendi með þetta úr því sem komið er og við eigum að taka nýja stöðu í málinu og viðhafa önnur vinnubrögð.

Hv. iðnn. verður kölluð á fund í fyrramálið klukkan hálfníu og þá verður upplýst um breytta stöðu í málinu. Á iðnaðarnefndarfundinum munum við, ég er nú í iðnn., fá upplýsingar um hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig núna allra síðustu daga og munum í framhaldi af því geta glöggvað okkur betur á því hvernig staða málsins raunverulega er.

Þar sem orðið er frekar framorðið, virðulegur forseti, ætla ég ekki að hafa langt mál um þetta að svo komnu. Ég tel það ástæðulaust og mun fara á iðnaðarnefndarfund í fyrramálið og fá ferskar og nýjar upplýsingar um málið og vænti þess að geta í framhaldi af því gert rækilegar grein fyrir máli mínu við 3. umr. sem ætti þá að vera innan ekki allt of margra daga og ætla að láta ræðu minni lokið.

[00:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fór nokkuð ítarlega yfir helstu efnisatriði frv. í fyrri ræðu minni fyrir nokkru og þarf ekki að endurtaka það og vísa til þess sem þar kom fram um viðhorf mín sem og hafa auðvitað ræður annarra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við umræðuna skýrt það held ég nokkuð rækilega, herra forseti, að við erum ekki stuðningsmenn þessa máls og þeirra framkvæmda sem það

tengist, þ.e. risavirkjuninni miklu kenndri við Kárahnjúka og vatnaflutningunum þar sem taka á eitt mesta stórfljót landsins, Jökulsá á Brú eða Jökulsá á Dal, Jöklu, og sveifla henni austur í Lagarfljót. Þetta eru risavaxnar framkvæmdir í öllum skilningi. Þær eru risavaxnar vegna kostnaðarins sem þeim yrði samfara, þeirra miklu fjárfestinga sem þetta yrði fyrir Ísland. Þær eru risavaxnar sem mannvirki. Kárahnjúkastíflan eða stíflan við Kárahnjúka sem mynda mundi Hálslón, ef hún einhvern tíma yrði byggð, yrði stærsta jarðvegsstífla heims, líklega sú efnismesta í Evrópu. Jarðgangagerðin er umtalsverð og aðrar framkvæmdir sem þarna eru fyrirhugaðar. Síðast en ekki síst væru þessar framkvæmdir auðvitað, ef í þær yrði ráðist, risavaxnar vegna þeirra miklu röskunar á náttúrufari, þeirra miklu náttúruspjalla sem þeim yrðu samfara.

Margar og gildar ástæður eru til þess að hafa efasemdir, svo vægt sé til orða tekið, um þetta mál. Þær sem fyrst koma upp í hugann og ég hygg að vegi þyngst eru umhverfisþátturinn. Það nægir hygg ég mjög mörgum að horfa einfaldlega til þeirra miklu náttúruspjalla sem þarna yrðu unnin til að hafna því að veita þeirri framkvæmd brautargengi, og ósköp einfaldlega að komast að þeirri niðurstöðu sem er fullgild og menn hafa full rök fyrir að þessi náttúruspjöll séu ekki réttlætanleg og ekki verjanleg þegar svo fleira bætist við, herra forseti, eins og það að mjög er deilt um arðsemi framkvæmdarinnar. Reyndar er sú klisja dálítið merkileg sem endurtekin er af stuðningsmönnum málsins að þetta sé mjög arðbær fjárfesting, arðsöm framkvæmd, en síðan eru aldrei nefndar neinar tölur því til stuðnings, enda má það ekki, grundvallarforsendur málsins, raforkuverð og fleiri þættir eru hjúpaðir leynd.

Margt fleira skiptir auðvitað máli og á að skoðast í þessu samhengi. Það þarf líka að hyggja að því, herra forseti, að beislanleg orka í landinu er ekki ótakmörkuð, heldur þvert á móti tiltölulega takmörkuð eins og best sést á því að ef í þessa miklu virkjun yrði ráðist, þá færi þar á einu bretti á bilinu um þriðjungur til fjórðungur af því sem eftir er af virkjanlegri vatnsorku í landinu og talið hefur verið að einhver friður gæti orðið um að virkja, ef við gefum okkur að það séu kannski nálægt 30 teravattstundir, 30 þúsund gígavattstundir, virkjuð orka í dag sé um 8 og þessi virkjun ein í fullri stærð sé um 7. Margir benda því á að ekki sé ráðlegt af Íslendingum að ráðstafa allri þessari orku nú í eina einustu framkvæmd, til einnar einustu verksmiðju, þar á ofan til álvers sem geri þá íslenskt efnahagslíf, íslenskan þjóðarhag enn þá tengdari þeirri einu atvinnugrein.

Má segja að með sama áframhaldi stefni óðum í að ál taki við af þorski sem helsti sveifluvaldur í íslensku efnahagslífi. Og þá verður nú svolítið holt undir málflutningnum um að þetta sem slíkt væri sérstakur liður í að breikka grundvöll íslensks atvinnulífs, að renna fleiri stoðum undir þjóðarbúskapinn eins og stundum er sagt hátíðlega. Þar væri nú flest annað heppilegra, herra forseti, ef út í það er farið en áframhaldandi einhliða áhersla á álbræðslu. Ég tala nú ekki um ef raforkuverðssamningar verða eins og að líkum lætur þannig að verðið verður að einhverju leyti tengt við heimsmarkaðsverð á ál. En öll raforkusala til stóriðju er því marki brennd í dag, meira að segja sú sem ekki fer til að bræða ál, heldur járnblendi eða jafnvel til að framleiða áburð svo nokkrar helstu ástæður þess séu nefndar, herra forseti, að menn hafi efasemdir og margir hafi lýst andstöðu við málið.

Að sjálfsögðu er ljóst að um þetta eru skiptar skoðanir og deildar meiningar eins og fullkomlega eðlilegt er. Ég hef stundum velt því fyrir mér, herra forseti, þegar menn hneykslast á, við getum sagt viðhorfum andstæðum þeim eða gagnstæðum þeim sem þeir hafa sjálfir, hvort sem þeir eru stuðningsmenn eða andstæðingar virkjunarinnar, og menn ganga jafnvel svo langt eins og við höfum oft fengið að heyra, þau sem höfum andakt í þessu máli, að það séu í raun og veru fráleit viðhorf, óréttmæt, annarleg, verið sé að ganga í berhögg við augljósa þjóðarhagsmuni eða hagsmuni viðkomandi landsfjórðungs, þá hef ég stundum velt því fyrir mér hvort engum þætti neitt skrýtið við það ef niðurstaðan hefði orðið gagnstæð og að allir væru sammála um þá framkvæmd, allir, hver einasti maður, t.d. hér á þingi. Hefði það nú ekki þótt skrýtið, herra forseti, ef svona umdeilanleg stórframkvæmd með svo víðtækum afleiðingum, þar á meðal óafturkræfum áhrifum á náttúrufar og fleira, ef um hana væru engar deilur, ef ólík viðhorf fyrirfyndust ekki í því máli?

Þá held ég að ástæða væri til að velta því fyrir sér hvort ástandið væri nú ekki skrýtið. Er þetta ekki dálítið furðuleg þjóð sem býr þarna uppi á Íslandi og ætlar bara að renna sér í það að ráðast í þessar risaframkvæmdir sisona, fórna að hluta til þessu stóra ósnortna víðerni sem þarna er og einstakt að verða a.m.k. á Vesturlöndum og um það eru ekki deilur? Þá held ég að mönnum hefði þótt ástandið skrýtið. Það væri skrýtið, herra forseti, ekki hitt sem hlaut að verða, var dæmt til að verða, að um þessi risavöxnu áform og eins og að þeim er staðið, yrðu harðvítugar deilur í þjóðfélaginu.

Það gat auðvitað aldrei öðruvísi farið, herra forseti, og það eiga menn einfaldlega að viðurkenna og virða. Það er fullkomlega óboðleg umræða að láta eins og að eitthvað sé afbrigðilegt við það og fráleitt að um þetta séu deildar meiningar, því það er auðvitað hið eðlilega. Það var dæmt til að gerast, en ekki hið gagnstæða.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að ræða þetta mál út frá því sem nú blasir við í þeirri stöðu sem upp er komin í málinu. Í raun er það stórmerkilegt að við sem hér erum og fleiri nærstaddir skulum standa hér eða sitja klukkan eitt að nóttu og við erum í miðri 2. umr. um frv. sem allar aðstæður málsins teikna til að ætti ekkert frekar að vera á dagskrá. Það lýsir ákveðinni og mjög sérstakri stöðu í þessu máli að stjórnarflokkarnir og reyndar fleiri stuðningsmenn þessa máls skuli nú við þessar aðstæður þegar málið er í uppnámi á nýjan leik, svo gott sem á byrjunarreit að nýju eftir fimm ár tæp, berja þannig höfðinu við steininn að dýrmætur starfstími Alþingis sem eftir er þangað til ljúka á þingstörfum síðar í þessum mánuði, er tekinn hér, jafnvel svo dögum skiptir, í þetta deilumál, sem engin þörf og ekkert sérstakt hagnýtt gildi hefur að afgreiða nú.

Síðast í gærkvöldi á miklum fundi austur á Reyðarfirði, herra forseti, var upplýst af þeim sem býsna vel til þekkja, forsvarsmönnum í þessum leiðangri og viðræðum sem hingað til hafa staðið við Hydro Aluminium og hvað það nú er, að það er auðvitað augljóst að sú staða sem nú er uppi með því að Norsk Hydro er að hrökkva frá málinu þýddi að nýtt ferli yrði að hefjast og það gæti ekki annað en tekið umtalsverðan tíma, það þyrfti að fara hringinn og ræða við alla helstu álframleiðendur eða álmógúla heimsins, ein fimm, sex stykki, þar með talið Russian Aluminium eða hvað það nú heitir. Svo þyrfti að meta viðbrögð þessara fjögurra, fimm, sex stóru aðila og hvernig þeir tækju í þessa málaleitan, þessa kynningu á þeim möguleikum sem væru að koma að þessu verkefni og í framhaldinu reyna svo að ná sambandi

við einhvern einn tiltekinn eða mögulega fleiri og koma þá nýju formlegu viðræðuferli í gang.

Herra forseti. Bara þessi kynningarrúntur tekur mjög líklega það sem eftir lifir þessa árs, alla vegana fram á haustið. Það held ég að sé augljóst. Svo þarf að vinna úr því og koma nýju ferli í gang og það er algjörlega borin von að formlegar viðræður og samningar, þó ýmisleg forvinna nýtist, geti tekið minna en svona ár til. Menn eru því að tala hér um töf eða við skulum segja nýtt tímabil sem mælist að lágmarki í einu til einu og hálfu eða tveimur árum þangað til menn væru aftur komnir á eitthvað svipaðar slóðir og þeir töldu sig vera á nú um áramótin eða undanfarna mánuði.

Herra forseti. Hvernig ætla menn þá að halda því fram að það sé sérstaklega brýnt og ríði alveg á að Alþingi afgreiði lagaheimild fyrir þessum virkjunum og hún verði síðan sett á lager hjá Landsvirkjun? Það er það sem gerist. Það eina sem gerist ef Alþingi með bundið fyrir augun, vegna þess að nú eru allar forsendur málsins í uppnámi, afgreiðir þessa lagaheimild, er að hún fer á lager hjá Landsvirkjun. Það er örugglega nóg pláss í húsakynnum þar til að geyma svona virkjunarlagaheimildir. En það er þetta sem gerist. Það eru engin rök, herra forseti, fyrir því að þetta breyti nokkru um stöðu málsins hvað varðar viðræður við aðila o.s.frv. Auðvitað liggur ljóst fyrir að ef samningar næðust einhvern tímann á komandi árum um álver eða iðnfyrirtæki sem þyrfti á þessari eða einhverri annarri orku að halda og það væri allt klappað og klárt og uppáskrifað af stjórnvöldum, af meirihlutaríkisstjórn í landinu á þeim tíma, þá vefst ekki fyrir mönnum að taka nauðsynlegar lagaheimildir í gegn vegna slíkra mála. Það er bara einfaldlega hluti af því ferli sem þá gengur yfir.

Það er eins og hver annar barnaskapur að halda því fram, herra forseti, að það hafi nokkurt praktískt gildi að afgreiða þetta frv. nú. Það er ekkert eftir annað en sært stolt og þrjóska manna sem lemja höfðinu við steininn og, mér liggur við að segja, hýða sjálfa sig með því að láta menn horfa upp á að þetta mál sé hér tekið fram yfir öll önnur í algeru tilgangsleysi manna sem finna enga leið út úr eigin ógöngum, eru fastir ofan í þeim hjólförum sem þeir komu sér í sjálfir.

Út af fyrir sig, herra forseti, mega menn svo sem mín vegna hýða sig með þessu. Framsfl., Sjálfstfl. og sá hluti Samfylkingarinnar sem ætlar að styðja þetta má mín vegna hýða sig með því að halda hér áfram að lemja höfðinu við steininn og troða þessu skrýtna máli áfram. Þetta er sams konar þráhyggja og greip ónefnda menn hér fyrir rúmum áratug og kennd var við Keilisnes og þetta er nákvæmlega sama þráhyggjan og sömu ógöngurnar og fyrrverandi hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, og verkafélagar hans lentu í með svonefnda Eyjabakkavirkjun þegar drjúgur tími var tekinn á Alþingi í að troða í gegn við harða andstöðu þingsályktun sem hafði í raun ekkert sjálfstætt gildi, einhvers konar uppáskrift Alþingis á því að það væri gott mál að virkja á Eyjabökkum og sökkva þeim. Og — hvað var það? — einum og hálfum, tveimur mánuðum síðar var það ónýtt plagg. Þá var hætt við allt saman. Málið var bara búið. Hefði nú ekki tíma Alþingis og orku manna verið betur varið í aðra hluti? En það má svo sem segja ef niðurstaðan verður enn á ný á svipaðri leið að þá megi menn að því leyti til hýða sjálfa sig með þessu máli.

Það vonda er hins vegar að þetta eru auðvitað ótæk vinnubrögð, herra forseti. Það er fáránlegt að Alþingi afgreiði lagaheimildir fyrir virkjunum inn á lager hjá Landsvirkjun þegar enginn kaupandi er að orkunni, engin þörf í sjónmáli fyrir hana og, það sem verst er auðvitað, virkjanirnar eru þar með teknar út úr þeirri vinnu sem menn hafa einsett sér, að skoða og bera saman virkjunarkosti, forgangsraða þeim m.a. og ekki síst með tilliti til umhverfisáhrifa og reyna, þó seint sé á Íslandi, að koma einhverjum skikk á þessi vinnubrögð og fara að hafa þau skipulögð.

Herra forseti. Það er algjörlega eins og brandari að sömu stjórnvöld og eru í orði að reyna að mæra vinnu sína við gerð rammaáætlunar halda því svo til streitu að taka þessa virkjunarkosti út úr og veita lagaheimildir fyrir þeim þegar enginn kaupandi er að orkunni og engin nýting er í sjónmáli. Það fellur gjörsamlega um sjálft sig, herra forseti. Það er svo augljóst að þar er á ferðinni einhver þráhyggja ef ekki eitthvað annað þaðan af alvarlegra að það dæmir sig sjálft.

Herra forseti. Það sést líka að málin nú standa eins og þau gera að fyrirtækið Norsk Hydro eða Hydro Aluminium er að hrökkva frá þessu máli — og það er það auðvitað að gera — með því að fallast á að leit hefjist að nýjum samstarfsaðilum. Það þarf nú ekki að segja manni annað en að ef áhugi Norðmannanna væri jafnmikill á því að vera með í þessu máli og þetta væri nú þvílíkur gullmoli og sumir þingmenn, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hafa gjarnan kallað það þá er nú ólíklegt að hinir aðhaldssömu og fjármálalega aðgætnu Norðmenn létu slíkt sér úr greipum ganga og biðu upp á það að taka mætti einhverja aðra inn í staðinn fyrir þá. Ætli þeir mundu þá ekki reyna að hanga á þessu máli? Það hygg ég.

Segjum að aðstæður gjörbreytist og einhverjir allt aðrir aðilar sýni einhvern áhuga, annaðhvort á því að reisa álver eða mögulega annan iðnað þarna á svæðinu, sem þarf ekkert að útiloka, sem þurfi á einhverri orku að halda þá er algjörlega undir hælinn lagt að virkjanaáform í þessari stærð og með þessari útfærslu henti þeim. Það mikla afl sem kæmi út úr sameinaðri virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, svona saman settri eins og Kárahnjúkavirkjunin mundi vera, getur ekki annar en gríðarstór orkunnotandi nýtt sér og, eins og ég segi, það er aldeilis undir hælinn lagt að slíkt verði þá uppi á borðum. Þar með er þessi lagaheimild ónýt, út í loftið og enginn ávinningur að því að troða henni hér í gegn, kannski einhverjum árum áður, og hún síðan legið á lager hjá Landsvirkjun. Ég tel óeðlilegt að hlutirnir séu þannig. Þá er verið að gera Landsvirkjun að ríki í ríkinu sem er komið í raun úr seilingarfæri við sjálft löggjafarvaldið þó opinbert fyrirtæki sé sem Landsvirkjun auðvitað er.

Það má líka spyrja sig, herra forseti: Ef þetta verður að fordæmi, verður þá látið staðar numið hér? Er ekki alveg eins hægt að færa rök fyrir því að Landsvirkjun eigi að hafa svona tíu, tuttugu virkjunarheimildir á lager? Með sömu rökum væri hugsanlega hægt að flýta fyrir viðræðum við einhverja aðra einhvers staðar annars staðar. Ef einhverjum dettur í hug að nota orku á Vesturlandi eða Suðausturlandi eða einhvers staðar, þarf þá ekki líka að vera virkjunarheimild á lager þar o.s.frv.? Þetta er tóm endaleysa, herra forseti. Menn vinna ekki svona að hlutunum. Menn gera það ekki, ekki ef menn láta málin og aðstæður njóta sannmælis og hafa fagleg og vönduð vinnubrögð í heiðri.

Þetta fellur því allt saman um sjálft sig, herra forseti, og er mjög dapurlegt upp á að horfa.

Herra forseti. Í öðru lagi er svo ekki hægt annað, þó það hafi verið út af fyrir sig rækilega gert hér af ýmsum ræðumönnum á undan mér, en að nefna aðeins framkomuna við Alþingi og þann dapurlega kafla sem hefur skrifast í

þingsögunni núna á síðustu dögum og vikum, þ.e. samskipti Alþingis og þingnefnda við ráðherra og embættismenn og ábyrgðaraðila þessa máls. Það verð ég nú að segja, herra forseti, að oft hafa mér fundist menn full geðlitlir hér á þingi þegar kemur að því að taka upp hanskann fyrir Alþingi og skjóta fyrir það skildi og hafa einhvern metnað fyrir hönd þess starfs sem þeir hafa hér með höndum, nefnilega að sitja á löggjafarsamkundu þjóðarinnar og gefa hér gott fordæmi með vönduðum vinnubrögðum, en þó aldrei sem nú, að menn skuli láta bjóða sér það sem hér hefur verið boðið upp á í framkomu við Alþingi og þingnefndir að undanförnu, mótmælalaust eða svo gott sem.

Og að t.d. stjórnarandstaðan skuli ekki hafa brýnt eggjarnar sameiginlega og barið dálítið á framkvæmdarvaldinu og embættismannavaldinu fyrir þessi samskipti. Nei, því hefur ekki verið að heilsa. Menn hafa jafnvel hlaupið til varnar þeim vinnubrögðum að þingnefndir hafi verið leyndar upplýsingum, sem er sannanlegt, herra forseti, liggur fyrir, og þýðir ekki að reyna að mótmæla. Ég hef jafnvel heyrt rök úr þessum ræðustóli, ég held í dag, að þar sem það hefði sennilega ekki breytt neinu um afstöðu manna, t.d. fulltrúa í iðnn., sé þetta ekki svo alvarlegt mál. En það væri alvarlegt ef upplýsingunum væri leynt og það hefði breytt einhverju, eða hvað? Hvar enda menn, herra forseti, með þessu áframhaldi?

Mér finnst þetta vera hluti af, því miður, niðurlægingu Alþingis. Mér finnst þetta vera hluti af metnaðarleysi manna hér fyrir störfum sínum og mann tekur það sárt eftir að hafa eytt hér næstum tveimur áratugum að sjá hvernig mál þróast, að á allra síðustu árum og missirum færi menn sig sífellt upp á skaftið í samskiptum við Alþingi, framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnir og ráðuneyti, og gefi því langt nef. Það gerist æ algengara að neitað sé að svara fyrirspurnum, neitað að veita umbeðnar upplýsingar, og það gerist því miður líka æ algengara að menn bara sýni það í verki og í framgöngu sinni að þeir líti á Alþingi sem hreina stimpilstofnun. Það sé formsatriði og ekkert annað að fá hér stimpluð þau mál á Alþingi sem meiri hluti, ríkisstjórn og ráðherrar, hafi ákveðið að skuli afgreidd.

Það var meira að segja þannig, herra forseti, svo aftur sé vitnað í nefndan fund austur á Reyðarfirði, að einn ónefndur embættismaður lýsti þar yfir að á næstu sólarhringum mundi Alþingi afgreiða lagaheimild fyrir Kárahnjúkavirkjun, og það væri gott mál því hana vildi Landsvirkjun gjarnan hafa í sínum höndum. Með öðrum orðum, embættismenn og starfsmenn fyrirtækja úti í bæ telja ekkert að því að tala þannig um Alþingi, eins og það sé bara formsatriði að það afgreiði hlutina eins og framkvæmdarvaldinu þóknast.

Forstjóri Landsvirkjunar, Friðrik Sophusson, fyrrv. hæstv. iðnrh. og ágætur félagi okkar, margra, tók svo til orða að Alþingi þyrfti endilega að drífa þetta í gegn, helst fyrir páska, annars strax eftir páska. Það heyrði ég hann sjálfan segja í útvarpsviðtali í páskavikunni. Þá varð mér á að hugsa: Bíddu við, er ekki Friðrik Sophusson hættur á þingi? Er hann enn í þeim stellingum að ráða þar afgreiðslu mála? Það var ómögulegt að heyra annað á manninum en að honum fyndist það algjört formsatriði sem væri sjálfgefið að Alþingi rúllaði frv. í gegn.

Svo stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að ráðherrar, ekki ráðherra, heldur ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, bjuggu vikum saman yfir vitneskju sem þeir héldu frá Alþingi, höfðu ekkert frumkvæði að að koma á framfæri, hvorki við þingheim í þingsalnum né í þingnefndum, um gerbreyttar forsendur í þessu máli. Háttsettir opinberir embættismenn koma fyrir þingnefndir, og hafa búið vikum saman yfir tiltölulega áreiðanlegum upplýsingum um að forsendur málsins séu gjörbreyttar — og þegja um það þunnu hljóði. Það ber það yfirbragð, herra forseti, að þessir aðilar hafi viljað láta Alþingi ljúka afgreiðslu málsins óafvitandi um þessar nýju aðstæður í málinu.

Er þetta ekki ljótur leikur, herra forseti? Vekur það ekki upp spurningar um hvort setja þurfi í lög ákvæði um að það sé saknæmt og refsivert að leyna Alþingi eða þingnefndir upplýsingum, svo ekki sé talað um að greina beinlínis rangt frá ef slíkt væri gert? Hvers vegna skyldi það ekki, herra forseti, einfaldlega vera sett í lög? Það höfum við lagt til að verði kannað, þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og ég held að ærin ástæða sé til. Upplýst er að allt ént sums staðar á þjóðþingum erlendis varði það áratuga fangelsi ef menn eru staðnir að því að greina þingnefndum rangt frá. Er það síður alvarlegur hlutur en t.d. að villa um fyrir hluthöfum í almenningshlutafélagi? Það eru mjög strangar refsingar í lögum við því ef menn hagræða hlutum með óréttmætum hætti, villa um fyrir mönnum t.d. í ársreikningum fyrirtækja eða með öðrum sambærilegum hætti. Ég held að ekki sé síður ástæða til að hafa það þá líka á hreinu að menn eiga ekki að ljúga á Alþingi. Menn eiga að segja satt eins og menn eiga auðvitað almennt að gera.

Þetta, herra forseti, er náttúrlega alveg sérstaklega dapurlegt, ekki síður að viðbrögðin við atburðinum virðast eiginlega engin ætla að vera, varla nokkrum manni rennur í skap. Þeir einu sem hafa haldið hér uppi einhverri vörn í málinu fyrir hönd Alþingis að heitið geti eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það mætti spyrja sig að því, herra forseti, hver stjórnarandstaðan væri á Alþingi um þessar mundir ef þeir menn og sá þingflokkur væru ekki til staðar, a.m.k. í þessu máli.

Í þriðja lagi, herra forseti, er það sem tengist stöðu þessa máls og framhaldinu sem verið er að reyna að setja á svið. Ég verð að segja að ákaflega finnst mér það líka dapurlegt — og er ég kannski farinn að nota það orð nokkuð oft í þessum kafla ræðu minnar — ef það er svo sem allt teiknar til að nú sé verið að semja nýjan leikþátt, nú eigi að reyna að kynda upp væntingar og tiltrú manna, ekki síst á Austurlandi, um að þetta sé allt að koma. Nú verði hafin leit að nýjum samstarfsaðilum og þeir finnist örugglega því þetta sé svo spennandi verkefni og ofboðslega arðsamt — að vísu hafi Norsk Hydro hætt við en þeir séu líka sammála um að þetta sé ofboðslega arðsamt. Af hverju hættu mennirnir þá við? Nú eigi menn bara að vera sælir í sinni trú og öruggir í sinni vissu um að þetta sé handan við hornið. En þetta er búið að segja í tæp fimm ár. Ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar heldur þrisvar ef ekki fjórum sinnum hafa tímaáætlanir hrunið sem búið var að sverja og sárt við leggja að væru traustar og áreiðanlegar og allt benti til að mundu standast. Og núna síðast með yfirlýsingunni á Alþingi 22. mars, ef ég man rétt, hrundu þær svo gjörsamlega að engin tímaáætlun er eftir. Hún er horfin. Það var ekki bara þannig að Norsk Hydro segði: Við þurfum aðeins meiri tíma, og þar af leiðandi getum við ekki tryggt af öryggi boðaða ákvörðun 1. sept. nk. fyrr en þá 1. jan. eða eitthvað svoleiðis. Nei, nei, þeir sögðu: Við getum bara ekki tímasett það yfir höfuð hvort eða hvenær við gætum tekið einhverja ákvörðun um þátttöku í þessu verkefni.

Er það þá trúverðugt eða skynsamlegt að draga engan einasta lærdóm af sögunni og hefja ritun á nýjum þætti í leikverkinu? Það hefur mér fundist standa upp úr í viðbrögðum ráðherra Framsfl. og tilburðum þeirra til að fá menn til að fylgja sér út í enn einn leiðangurinn af þessu tagi, t.d. á Reyðarfjarðarfundinum stóra í gærkvöldi. Og hvað gerist þá? Þá hefst ný bið eftir bjargræðinu stóra sem á að leysa allan vandann. Og eins og ungi maðurinn á Reyðarfirði orðaði það: Hvað eigum við að gera á meðan?

Þetta, herra forseti, hefur frá upphafi verið einn mesti ágalli þessa máls, þessi háskalega framsetning, þessi oftrú sem reynt er að skapa og væntingar sem kyntar eru upp í kringum þetta eina mál. Í stað þess að menn segi sem svo meðan þeir eru að vinna að þessu: Kannski kemur þetta og kannski ekki. Við ætlum að vinna að því til hliðar við okkar daglegu annir og það sem er verið að gera í atvinnumálum og byggðamálum o.s.frv., ótrufluð af því að þessar athuganir eru í gangi. En það er auðvitað fullkomin óvissa um hvort þær leiða til nokkurrar niðurstöðu, og auðvitað burt séð frá því að þessar framkvæmdir allar yrðu mjög umdeildar sem slíkar.

Væru menn ekki betur staddir í dag, herra forseti, ef þeir hefðu reynt að koma málunum svona fyrir? Af hverju var það ekki gert? Var það af því að menn væru alveg blindir á hversu háskalegt og vitlaust það væri að kynda upp þessar væntingar og reka umræðuna áfram á þeim forsendum að þetta væri og héti Bjargræðið? Það held ég ekki. Ég held að hugsandi menn hafi alveg áttað sig á því. Þetta var gert vegna þess að þetta átti að verða pólitískt sigurverk. Þetta átti að færa Framsóknarflokknum alveg sérstaklega, umfram alla aðra flokka, lífsins kórónu fyrir að hafa komið þessu stórvirki í gegn. Og til þess átti að beita öllum mögulegum meðulum, öllu sem til þurfti, þar á meðal og ekki síst pólitísku valdi þegar þyrfti að ganga yfir faglegar niðurstöður í framhaldi af mati á umhverfisáhrifum eða öðru slíku.

Verða þá ekki þeir menn sem völdu þessa leið, þessa framsetningu, þessa leið álnauðhyggjunnar, líka að bera ábyrgð á því hvernig komið er? Það er niðurstaða og afleiðing af verkum þeirra, framsetningu og framgöngu, sem núna blasir við okkur. Menn hafa einblínt á þetta og beðið eftir þessu, t.d. eystra, í bráðum fimm ár. Og í raun og veru eru menn svo gott sem á byrjunarreit á nýjan leik. Og hver segir að þetta verði bara eitt eða tvö ár í viðbót? Gæti ekki sagan, eins og hún hefur stundum tilhneigingu til að gera, endurtekið sig og fram undan verið þess vegna eitthvert margra ára þóf með nýjum frestunum og vonbrigðum sem mögulega yrði einhvern tíma að einhverju en mögulega rynni aftur út í sandinn?

Þetta, herra forseti, til viðbótar við enn aðra reynslu frá öðrum sambærilegum tilvikum ætti að hafa kennt mönnum að standa ekki svona að málum. Og það er auðvitað algjörlega ólíðandi að menn skuli halda áfram, eins og þeir hafi aldrei lært nokkurn skapaðan hlut, að reka þetta trúboð í landinu eins og gert hefur verið. Ég kannast ekki við að það sé gert með öðrum þjóðum. Það er af því að menn átta sig auðvitað á því að einstakar stórar framkvæmdir af þessu tagi sem e.t.v. koma og e.t.v. ekki mega aldrei blandast inn í hinar almennu grundvallarforsendur sem verið er að skapa í efnahags- og atvinnulífinu. Þeim verður að halda þar fyrir utan og meðhöndla sem algjörlega sjálfstætt og þá sérstakt mál ef eitthvað slíkt kemur til. Jafnvel þó að velta íslensks þjóðarbús hafi vaxið mikið á umliðnum áratugum og menn segi stundum hér að þetta mál sé hlutfallslega ekkert stærra en tilkoma Búrfellsvirkjunar og álversins í Straumsvík var á sínum tíma liggur auðvitað líka ljóst fyrir að það er kannski ekkert mikið stærra en tilkoma nýsköpunartogaranna var upp úr stríði eða gömlu togaranna í byrjun 20. aldar. Menn geta farið út í slíkan samanburð en nú eru bara aðrir tímar og aðrar aðstæður.

Veruleg rök má færa fyrir því að efnahagslega sé þetta miklu viðkvæmara nú en þegar hagkerfinu var meira og minna öllu handstýrt og svona framkvæmdir og fjárfestingar voru frekar viðráðanlegar.

Herra forseti. Í fjórða lagi vil ég nefna að ég sakna þess mjög í umræðunni hér að ekki sé rætt um stöðuna eystra og einhverjar mótvægisaðgerðir vegna vonbrigða sem málið hefur valdið hjá mörgum sem bundu við það vonir, glöptust til þess að trúa á þetta. Ég sakna því þess að ekki sluli eiga að mæta því með einhverjum hætti. Ég spurði hæstv. iðnrh.- og viðskrh., sem heiðrar okkur ekki með viðveru sinni í salnum þessa stundina, fyrir páskana þegar hún hafði gefið yfirlýsingu sína og nánast slökkt í þessu Noral-verkefni, hvort ekki væri á dagskrá að fara í mótvægisaðgerðir gagnvart stöðunni eystra til að minnka hættuna á bakslagi þar. Ráðherra gekk þá svo langt að tala um að sjálfsagt væri að fara í viðræður við Austfirðinga. Ég spyr: Hvar eru þær viðræður? Hvar eru þær viðræður? Er mögulega hægt að kanna, herra forseti, hvar hæstv. iðn.- og viðskrh. eða hvar hæstv. utanrrh. og 1. þm. Austurl. eru niður komin? Ég held að væri ástæða til að þessir hæstv. ráðherrar svöruðu áður en umræðunni lýkur spurningunni: Stendur til að gera eitthvað gagnvart stöðunni í atvinnu- og byggðamálum á Austfjörðum núna til að mæta því bakslagi sem annars hlýtur að vera hætta á að þar geti skapast? Ég hefði líka viljað sjá, ég verð að segja það eins og er, að fram væri komin ákveðnari kröfugerð af hálfu heimamanna eystra um að nú sýndu stjórnvöld ábyrgð sína í verki og skilning sinn á því að þau bæru ábyrgð og hefðu skyldur vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa eystra og stjórnvöld bera auðvitað alla ábyrgð á, heimamenn vissulega líka að einhverju marki sem harðast hafa gengið fram. En það fer lítið fyrir slíku enn, herra forseti.

Svo enn sé vitnað í frægan Reyðarfjarðarfund kom nú ekki mikið út úr honum. Helst var að þar væri beinlínis spurt hvort ríkisstjórnin væri tilbúin til að gefa yfirlýsingu um að hraðað yrði eins og kostur væri og farið í fyrirhugaðar jarðgangaframkvæmdir milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Því gátu ráðherrar og þingmenn stjórnarliðsins engu svarað og vísuðu þá allt í einu á Alþingi, sem auðvitað réð því.

Mér finnst, herra forseti, algerlega ómögulegt að þessari umræðu ljúki óðruvísi en svo að fyrir hönd ríkisstjórnarinnar verði einhverjar upplýsingar gefnar um hvort farið verður í viðræður við Austfirðinga. Hvenær hefjast þær þá? Hvaða framkvæmdum hyggst ríkisstjórnin hraða? Til hvaða aðgerða hyggst hún grípa til að koma til móts við þær aðstæður sem þar hafa skapast?

Í því sambandi, herra forseti, minni ég á að fyrir þinginu liggur tillaga, flutt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að farið verði í sérstaka svæðisbundna vinnu í atvinnu og byggðamálum, í nýsköpun í atvinnulífi og í byggðamálum á Austurlandi. Þar er lagt til að hafist verði handa með vísan til þessara sérstöku aðstæðna sem við þóttumst sjá fyrir þegar við efnuðum í þessa tillögu, að þar gæti verið í uppsiglingu. Það hefur nú komið á daginn eða hefur hæstv. iðn.- og viðskrh., sem jafnframt er ráðherra

byggðamála, engar sérstakar áhyggjur af því þó að, ofan á allt sem búið er, Austfirðingar eigi nú í vændum bið á nýjan leik í einhver ár í fullkominni óvissu um að út úr henni komi nokkur skapaður hlutur? En það er auðvitað niðurstaðan í málinu, það sem liggur fyrir. Það var staðfest á fundinum á Reyðarfirði í gær og að halda öðru fram er auðvitað ekki annað en blekking.

Svo maður nefni það sem manni fyndist eðlilegt að ákveða strax hér og nú, áður en þetta mál væri afgreitt sem á auðvitað ekkert að gera, þá væri tímanum, herra forseti, betur varið í að ræða núna þessar aðstæður í atvinnu- og byggðamálum, auðvitað ekki bara á Austurlandi heldur um allt land. Einhvers staðar er byggðaáætlun hæstv. ráðherra afvelta, er það ekki? Þetta frv. ætti að taka af dagskrá og fara frekar í að ræða hér, eins og í tvo daga, aðstæður í atvinnu- og byggðamálum og ekki síst með hliðsjón af aðstæðum eystra.

Er hægt að ganga frá því að um leið og útboðsgögn fyrir jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar verða tilbúin verði verkið boðið út og þar hafist handa? Það eitt og sér mundi skipta heilmiklu máli. En í loftinu hafa jafnvel legið upplýsingar um hið gagnstæða, að þessar stórframkvæmdir kynnu að enda á aftökulista ríkisstjórnarinnar sem hefur kynnt og dreift á þinginu í dag nýrri vegáætlun, hallærisvegáætlun fyrir árið í ár af því að búið er að slá á frest reglubundinni endurskoðun. Verkefni þessarar hallærisvegáætlunar er að koma fyrir 1.616 millj. kr. niðurskurði. Sú frestun framkvæmda bætist við þá frestun sem varð á fyrra ári, upp á 500–700 milljónir ef ég man rétt, þannig að samanlögð frestun framkvæmda á fyrra ári og þessu er upp á rúmar 2.200 milljónir kr.

Og þá þrengist um ef stórframkvæmdirnar ættu að halda öllu sínu. Þá verður ekki mikið eftir í almenna vegagerð. Þetta er nú staðan, herra forseti. Verðskuldar það ekki að farið sé yfir málin og hér fáist einhver svör? Til viðbótar jarðgangaframkvæmdunum eystra bíða þar auðvitað aðrar brýnar samgönguframkvæmdir sem fullgild rök væru til að hraða og ráðast í, ekki endilega vegir sem menn mundu setja efst á forgangslistann ef ekki hefðu verið þessi virkjunaráform hygg ég vera, a.m.k. suma hverja. Þó er í sjálfu sér gott að eftir standi vegir og brýr hvað sem öðru líður.

Hvað með menntamál? Er vilji til þess að gera sérstakt átak í að efla menntun, t.d. verkmenntun og fagmenntun ýmiss konar á Austurlandi og nám á háskólastigi? Væri kannski hægt að reka af sér slyðruorðið og drífa á það nám og rannsóknartengda nám og rannsóknir á sviði skógræktar sem menn hafa unnið að að koma á á Héraði? Það er náttúrlega einsýnt að gera og styrkja skógræktarumhverfið þar, þá miðstöð og þungamiðju skógræktar í landinu, faglega og verklega, sem ætlunin hefur verið að byggja upp á Héraði, með Héraðsskógaverkefni, flutningi Skógræktarinnar þangað og fleiri þáttum.

Verknám t.d. efling Verkmenntaskóla Austurlands, að tryggja að ungir menn af landsbyggðinni sem afla sér verknáms, iðnnáms t.d., þurfi ekki í æ ríkari mæli að fara til Reykjavíkur til að sækja sér það. (**HBl:** Þeir geta nú farið til Akureyrar, kannski.) Ja, það er ósköp dapurt að verða á köflum. Staðreyndin er sú, hv. þm. Halldór Blöndal, að straumurinn liggur allur hingað suður. Það er ömurlegt að heyra t.d. að menn geta varla orðið tekið meirapróf úti á landsbyggðinni, fyrir utan það að þar kostar það margfalt meira vegna. Menn eru auk þess einir látnir bera allan kostnaðinn af því að kannski eru þar færri sem standa undir námskeiðahaldinu, auk ferðakostnaðar o.s.frv. Gæti ekki ríkisstjórnin látið eitthvað gott af sér leiða, meiri hlutinn hér á þingi og við öll, ef við tækjum höndum saman um það? (**HBl:** Svo verður að senda bílnúmerin suður núna.) Já, það þarf að senda öll bílnúmer suður. Kannski væri hægt að passa þau á Austurlandi? Ha? Það er náttúrlega erfitt að semja um að þau séu geymd í pósthúsunum, hv. þm. Halldór Blöndal, þegar búið er að loka þeim öllum. Þá gengur illa að fá þau geymd.

Þetta er allt á eina bókina lært. Menn horfa á þjónustuna hrynja niður og skólakerfinu hraka úti á landi. Verknámið flyst allt til Reykjavíkur og svo á að leysa vandann með álveri sem aldrei kemur. Þetta er nú ekki björgulegt.

Hvað með heilbrigðisgeirann? Væri nú ekki slag í að efla sjúkrahúsið í Neskaupstað, t.d. fullnýta þá afkastagetu sem þar er til að gera bæklunaraðgerðir eða annað slíkt? Það hefur sýnt sig að þar er nákvæmlega eins hægt að sinna ýmsum verkefnum í heilbrigðiskerfinu þar sem eru biðlistar, bara ef vilji er fyrir hendi. Víða er ónýtt afkastageta, fjárfesting og möguleikar, í Neskaupstað, á Akureyri og víðar væri hægt að virkja möguleikana ef einhver döngun væri í mönnum.

Hvað með ferðaþjónustuna? Væri verr varið nokkrum tugum milljóna í sérstakt átak til að treysta stöðu Austurlands og norðaustanverðs landsins í ferðaþjónustu, þess markaðssvæðis sem lengst liggur frá Keflavíkurflugvelli, þess inngangshliðs yfir 90% allra ferðamanna sem koma til landsins og koma og fara um Keflavíkurflugvöll? Sá landshluti sem lengst liggur í burtu fær auðvitað minnst af ferðamönnum, þ.e. norðaustanvert og austanvert landið. (**HBl:** Og vegurinn að Dettifossi, það má víst gera við hann.) Af því ósköp einfaldlega að ferðamennirnir dveljast styttra í landinu og radíusinn frá Keflavík, sem þeir komast á sinni fjögurra til átta daga dvöl, verður þrengri og þrengri eftir því sem dögunum fækkar.

Veginn upp að Dettifossi þurfa menn líka að fá. Það væri kannski vit í að hætta að miða allar áherslur á Austfjörðum í vegamálum við virkjanir og álver sem aldrei koma. Væri ekki skárra að miða þær við ferðaþjónustuna sem er þó til staðar þar í dag, laga vegi og greiða götu ferðaþjónustuaðila og ferðamanna að náttúruperlum Austurlands og Norðausturlands? Það á ekki að miða það allt út frá álverum heldur raunverulegum þörfum veruleikans á líðandi stundu. Þar eru næg verkefni.

Ég nefni atvinnusköpun, nýsköpun í atvinnumálum. Væri ekki ráð að ríkisstjórnin mannaði sig upp í að koma á nýjan leik á samningum við atvinnuþróunarfélögin, koma þeim aftur á fastan grundvöll. Veit hv. þm. Halldór Blöndal að þau hafa starfað í lausu lofti í á annað ár án nokkurra samninga við ríkisvaldið, skítblönk, þessir veikburða sprotar sem menn hafa reynt að koma á fót til að skjóta rótum undir nýsköpun í atvinnumálum í einstökum héruðum og landsvæðum? Það er lítið gert fyrir þessa aðila. Þeir fá brotabrot af þeim fjármunum sem hægt er að sulla út þegar menn halda að þeir séu að fara að undirbúa einhverja stóriðju. Þá eru það ekki milljónir, ekki milljónatugir og ekki hundruð milljóna sem eru vandamál heldur flæða milljarðar út úr ríkiskassanum eða af reikningum raforkukaupenda í landinu. Hver borgar kostnað Landsvirkjunar vegna virkjana og framkvæmda sem lagt hefur verið í árum saman án þess að það nýtist aðrir en raforkukaupendur í landinu? Þetta er tekið af afkomu og fjárhag Landsvirkjunar, tekjurnar af stóriðjunni eru fastar, og

hvað er þá eftir? Reikningarnir sem almennir orkunotendur í landinu borga. Þangað eru þessir fjármunri sóttir, líka allur áróðurinn sem er hellt yfir okkur. Við, jafnvel andstæðingar þessara áforma, eigum ekkert val um það að borga hann ekki í gegnum raforkureikninginn okkar. Svo koma menn hér og tala um lýðræðisleg vinnubrögð, menn sem hafa verið staðnir að leynd og blekkingum.

Nei, herra forseti, ég óska eftir því að ábyrgðaraðilar þessa máls, þessa frv., hæstv. ráðherrar og helstu forustumenn stjórnarliðsins sem bera þetta fram — ber vel í veiði að hafa hv. þm. Halldór Blöndal nærstaddan og hér á mælendaskrá ef ég veit rétt — geri grein fyrir viðhorfum sínum í þessum efnum. Ætla þeir bara inn í sumarið með málin svona, þröngva fram afgreiðslu á þessu marklausa plaggi sem fer beint inn á lager hjá Landsvirkjun og liggur þar til einskis gagns, væntanlega í einhver ár a.m.k.? Ætla þeir að fara inn í sumarið með málin þannig stödd að Austfirðingar hafi ekki fengið svar við einni einustu spurningu um hvort eitthvað verði reynt að koma til móts við þá?

Svörin þynntust öll út í ekki neitt, á fundinum á Reyðarfirði í gærkveldi. Þar kom ekki efnislegt svar við einni einustu spurningu, þó var reynt að bera upp nokkrar um hvort hægt væri að staðfesta eitthvað, lofa t.d. að ráðist yrði í jarðgangaframkvæmdirnar eða eitthvað slíkt. Nei, nei. Þá gátu þessir áhrifamiklu menn, starfandi hæstv. forsrh., nú titlaður sem slíkur — hæstv. utanrrh. mun rétt vera. (**HBl:** Ekki á fundinum.) Jú, hann var titlaður þannig einu sinni á fundinum ef ég man rétt. Það var talið lag að koma því að að það væri hvorki meira né minna en hæstv. starfandi forsrh. sem heiðraði menn með nærveru sinni. Ég tók a.m.k. eftir því að svo væri. Ég vissi reyndar að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson væri að leggja í langferð að heimsækja þjóðir hinum megin á hnettinum.

Herra forseti. Ég fer líka fram á að forsn. taki það til skoðunar að tillaga okkar um svæðisbundið átak í atvinnumálum Austurlands fáist afgreidd eða rædd og meðhöndluð. Það er í rauninni ósanngjarnt og óframbærilegt ef hún fæst ekki einu sinni afgreidd með einhverju móti frá þinginu við aðstæður af þessu tagi. Til hvers er þá yfirleitt að flytja þingmál og leggja vinnu í slíkt ef þau eru forsmáð jafnvel þó allar aðstæður séu þannig að þær æpi á það að Alþingi a.m.k. taki afstöðu í málinu og lýsi viðhorfum sínum til þess?

Herra forseti. Að mínu mati er tilgangsleysi þess að troða frv. hér í gegn ljósara með hverjum klukkutímanum sem líður í umræðunni, sem og sú sérkennilega forgangsröðun þeirra sem hér stjórna verkum að taka jafnvel sólarhringa af mjög dýrmætum starfstíma Alþingis sem eftir lifir í þetta mál. Er þetta þá eina forgangsmálið sem ríkisstjórnin þarf að fá afgreitt fyrir þinglausnir í vor? Mega hin öll bara bíða og mæta afgangi? Það mætti ætla það. Hér eru ýmsir bunkar á borðum með miklum málum sem hafa verið að koma fram, streymdu hér inn í dag og í gær eftir að frestur til að útbýta þingmálum var liðinn. Ekki hef ég heyrt forseta þingsins svo mikið sem muldra yfir því. Ríkisstjórnin mokar hér inn málum einmitt dagana eftir að frestur er liðinn. Vegáætlun, flugmálaáætlun og hvað það nú heitir allt saman, var að dælast út úr prentvélunum og kom rjúkandi volgt inn á borðin í dag. En það er svo sem eftir öðru, að sjálfsögðu á ekki að vera að nöldra yfir því þó ekkert sé gert með lögbundna fresti sem Alþingi hefur sett um framlagningu þingmála, þing sem lætur bjóða sér það að láta blekkja sig og leyna sig upplýsingum fer ekki að nöldra út af slíkum smámunum, er það? Nei, það er varla ástæða til.

Herra forseti. Meginmál þess þingmáls sem við ræðum er auðvitað það að málið var í byrjun feigðarflan. Uppleggið í því var vitlaust. Það var óráðlegt og óhyggilegt að vaða fram og lofa Austfirðingum álveri sem mundi allan þeirra vanda leysa, síðsumars 1997, fyrir bráðum fimm árum, og hafandi hvað í höndum? Kannski þarf að fara ofan í þá sögu. Hvað höfðu menn í rauninni í höndunum, þá eða allan tímann, til þess að tala jafndigurbarkalega og raun bar vitni? Gæti það verið rétt sem sagt var á Reyðarfjarðarfundinum í gærkveldi eða spurt, að kannski sé nú vandamálið ekki bara norskt vandamál, gæti verið eitthvað bilað í þessu hérna heima? Erum við kannski að hafa Norsk Hydro að einhverju leyti fyrir rangri sök? Hafa menn oftúlkað hér heima allan tímann þær skuldbindingar sem Norsk Hydro hefur gefið í málinu? Hvar eru sannanirnar á prenti fyrir því að þeir hafi í raun nokkurn tímann gert meira en að sýna því áhuga að vera með í að skoða einhverja möguleika af þessu tagi hér, taka landið frá fyrir sig og vera með stjórnvöldum í því að skoða þetta í hugguleghеitum og rólegheitum, láta það malla í einhver ár? Benda viðbrögð þeirra núna til þess að þeir hafi verið mjög langt komnir í þessu máli? Varla. Þá hefði þeim ekki verið svo létt sem raun ber vitni að fresta aftur og aftur og enn á ný málinu og opna á það að nýir aðilar kæmu.

Ég heyrði það nefnt sem rök einhvers staðar að menn ættu líklega að sjá það hvað Norsk Hydro væri mikil alvara, því að þeir hefðu nú lagt í þetta jafnvel einhver par hundruð eða 300 millj. kr. eða svo. En hafa menn þá skoðað hvaða stærðargráða það er af því sem Norsk Hydro á hverju einasta ári ver einungis til könnunar á möguleikum vítt og breitt um heiminn? Það held ég ekki. Ég held menn viti lítið um það að þarna er á ferðinni heimsfyrirtæki sem er með mörg járn í eldinum í öllum heimsálfum á hverjum tíma og það eru hreinir smáaurar í ársreikningum þeirra að setja upphæðir af þessu tagi í að kanna möguleika og hafa eitt land á lager fyrir sig og möguleikana sem þar kunna að vera fólgnir. Þessu þyrftu menn að svara líka og gaman væri að þau spil yrðu lögð á borðið.

Þetta mál, herra forseti, er í fyrsta lagi auðvitað þannig að náttúruspjöllin, hin óafturkræfu og umtalsverðu náttúruspjöll eru ekki réttlætanleg. Þegar af þeirri einu ástæðu á að leggja þessi áform til hliðar. Þjóðhagslega og hvað arðsemi snertir er málið ekki álitlegt. Og rafmagnsverðið sem fyrir liggur er of lágt, áhætta Landsvirkjunar mikil og ólíklegt að þetta reyndist mönnum sá búhnykkur á nokkurn hátt sem menn hafa hér látið í veðri vaka. Áhættan sem almennir raforkunotendur fengju á herðarnar er auðvitað alveg óþolandi. Það sést best á því, herra forseti, að dæmið hrynur ef stofna ætti um það sjálfstætt fyrirtæki og láta það standa undir sér eitt og sér. Það hafa m.a. sérfræðingar Landsvirkjunar viðurkennt.

Í þriðja lagi er verið að ráðstafa mjög drjúgum hluta þeirrar orku sem líklegt er að virkjanleg yrði án meiri háttar stórátaka í landinu úr vatnsaflinu, binda hana með langtímasamningum í það eitt að bræða ál, sem þegar tekur mjög drjúgan hluta af raforkuframleiðslunni, þannig að þar er verið að veðja enn meira á þá einu atvinnustarfsemi.

Í fjórða lagi, herra forseti, hafa verið miklar efasemdir um gagnsemi framkvæmdarinnar til lengri tíma litið og í stærra samhengi litið í byggðalegu tilliti, þótt ýmsir hafi á köflum reynt að selja málið kannski fyrst og fremst sem slíkt og nota það til að réttlæta hvaðeina, náttúruspjöll sem annað, að þetta mundi hafa svo jákvæð áhrif í byggðalegu tilliti.

Það er umdeilt líka þó enginn beri á móti því að stórframkvæmdir af þessu tagi hafa umtalsverð áhrif hið næsta sér, þá þarf að hyggja að fleiru en því. Það þarf að horfa til lengri tíma. Horfa þarf til aðliggjandi svæða. Og horfa þarf til þess hvort slík framkvæmd og störf sem þar sköpuðust breyti miklu ef undirliggjandi ástæður erfiðleika í byggðamálum eru óbreyttar að öllu öðru leyti, ef ekkert er gert til þess að *glíma við hinar undirliggjandi orsakir. En* það ber nú lítið á því, herra forseti.

Herra forseti. Eins og ég kom að í upphafi finnst mér sú þráhyggja sem endurspeglast í því að menn berja höfðinu við steininn í raun og veru dapurleg, þ.e. þegar maður skynjar að mál eru komin í þá stöðu sem raun ber vitni að menn finna enga leið í land og verða að halda áfram með hausinn undir sér, hruflaðan af steinum sem sífellt er verið að lemja honum við, þá veit maður svo sem ekki hvaða tilfinningar maður á að tjá í sambandi við það. Mér finnst menn vera að hýða sjálfan sig. Þetta minnir mig á fyrri píslargöngur af svipuðum toga sem menn hafa gengið á lokaspretti brostinna áætlana af þessu tagi.

Ég verð að segja að mér fannst það sumpart táknrænt þegar hæstv. núv. iðnrh. tilkynnti að nýr formaður í nýrri viðræðunefnd til að hefja nýja hringferð væri fyrrv. iðnrh. brostinna álvona, Finnur Ingólfsson. Mér fannst það að mörgu leyti táknrænt. Ég verð að játa að á mig leituðu slíkar hugrenningar þó að enginn dragi það í efa að Finnur Ingólfsson er atorkumaður og hefur mikla þekkingu á þessum málum. Hitt er svo annað mál að um það má deila hversu gáfulegt það er að setja í þetta starfandi seðlabankastjóra og hafi enginn orðið til þess að gagnrýna það fyrr, þá skal það gert hér. Ég tel það mjög sérkennilega ráðstöfun að setja starfandi seðlabankastjóra í verkefni af þessu tagi, alveg sérstaklega og auðvitað fyrst og fremst í ljósi nýrra laga um Seðlabanka Íslands.

Þetta er sama ríkisstjórnin og stóð að því, reyndar ásamt með öðrum því um það mál var góð samstaða, að setja Seðlabankanum ný lög, að færa hann undir forsrh. — og gera hvað? Gera breytingar á stöðu Seðlabankans þar sem rauði þráðurinn var sá að hann yrði sjálfstæðari og óháðari frá stjórnvöldum. Það var það sem var gert. Að fyrirmynd þeirrar þróunar sem verið hefur í gangi erlendis og til þessa þekki ég nokkuð, ég sat í þeirri nefnd sem samdi frv., og var leitað fanga í þróun þessara mála í nálægum löndum, í Nýja-Sjálandi og víðar og yfir þessu sátu lærðir menn og ásamt mér m.a. hv. fyrrv. þm. og starfsfélagi okkar hér, Sighvatur Björgvinsson. Farið var í smiðju þeirra sem hafa gert svipaðar breytingar í efnahagsumhverfi sínu á undanförnum árum, tíu, tuttugu árum eða svo, og Seðlabankinn færður yfir í verðlagsmarkmið og hann var gerður mun sjálfstæðari og óháðari frá stjórnvöldum en áður hefur verið, m.a. með því að fella út þær klásúlur sem áður voru í lögum um að Seðlabankanum bæri að hlíta fyrirmælum ríkisstjórnar í efnahagsmálum ef ágreiningur yrði uppi milli þeirra aðila. Áður var þetta þannig orðað að Seðlabankinn mátti að vísu lýsa þeim ágreiningi, en honum bar engu að síður að lúta boðvaldi ríkisstjórnar, t.d. ef ágreiningur kæmi upp um vaxtastefnu, gengisstefnu eða annað því um líkt.

Þetta var allt saman fellt út. Nú er Seðlabankinn í raun og veru að þessu leyti sjálfstæður og hefur ekki annan herra en þau lög og þau markmið sem honum voru sett af Alþingi. Er það þá í samræmi við þetta að menn skuli stíga skref áratugi aftur í tímann og fara að fela einum af seðlabankastjórunum pólitísk verkefni fyrir ríkisstjórn, fyrir sitjandi meiri hluta? Ég segi nei. Ég verð að segja að sú niðurstaða olli mér miklum vonbrigðum. Og má undrun sæta að það skuli vera hæstv. iðn.- og viðskrh. sem hefur væntanlega farið fram á það við seðlabankastjórann að hann tæki sæti í nefndinni. Fróðlegt væri að vita hvort haft var samráð um það við hæstv. forsrh., yfirmann Seðlabankans, að þetta yrði gert. Er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson dús við það að menn bregðist þannig við hinum nýju lögum og þeirri nýju stöðu Seðlabankans, að strax á fyrsta ári gildistíma þeirra laga sé farið áratugi aftur í tímann og einn seðlabankastjórinn settur í flokkspólitískt púl eins og þetta er.

Mestu vonbrigðin eru þó auðvitað þau að Seðlabankinn sjálfur skuli láta þetta gerast. Það er auðvitað svakalegt. Nú veit maður ekki hvort viðkomandi seðlabankastjóri hefur einn og sér ákveðið sem einstaklingur að taka að sér þetta verkefni, manni þætti það þó ótrúlegt og ólíklegt verður að telja að viðkomandi seðlabankastjóri hefði gert þetta í andstöðu við félaga sína í bankastjórn. (Gripið fram í.) Og ef eitthvað af því tagi er á ferðinni er ástæða til að það komi fram. Það er kannski rétt að leggja fram fyrirspurn á morgun um það mál og fá það á hreint.

Og það væri mjög fróðlegt ef hæstv. iðn.- og viðskrh., sem ég geri því skóna að hafi beðið seðlabankastjóra, Finn Ingólfsson, um að fara í þetta verkefni, upplýsi okkur um hvernig það bar til. Var það gert í samráði við hæstv. forsrh., yfirmann Seðlabankans? Var það borið upp í bankastjórn Seðlabankans? Voru aðrir seðlabankastjórar samþykkir því að Seðlabankinn léti draga sig með þessum hætti á nýjan leik inn í pólitísk verkefni af þessum toga og veiki þar með um leið í raun og veru sínar eigin undirstöður, hornsteina þess sjálfstæðis og óhæðis sem ætlunin var að skapa? Ég endurtek, herra forseti, að þetta snýst að sjálfsögðu ekki um þann einstakling sem persónu sem þarna á í hlut og hans ágætu hæfileika og alkunna dugnað, en að einhverju leyti hlýtur dómgreind hans þó að koma hér við sögu, því hann ku hafa fallist á að taka verkefnið að sér.

Herra forseti. Þetta mál sem sagt er í hinum mestu ógöngum. Menn eru staddir í mikilli ófæru. Menn vita það sem lent hafa út í slíkar að það getur gengið alla vega að hafa sig upp úr þeim eða út úr þeim, í gegnum þær og ég sé nú ekki alveg landið hjá hæstv. ríkisstjórn, því þó að svo kunni að fara, og er sjálfsagt, að meiri hlutinn berji þetta hér í gegn og ótrúlegustu menn gangi þar jafnvel í lið með ríkisstjórninni við þessa fáránlegu afgreiðslu á þessu máli þá mun það nú ekki miklu breyta í sjálfu sér þegar upp verður staðið ef að öllu öðru leyti verða áfram uppi þessar upplausnaraðstæður í málinu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er gjörsamlega sannfærður um að almenningur kaupir það ekki lengur, *ekki einu sinni upp til hópa á Austfjörðum*, að þetta sé eitthvað sem mark sé á takandi, eitthvað sem hald sé í. Það er bara ekki þannig. Setji sig bara hver í spor manna að fara nú að reyna að gíra sig upp í að trúa á enn nýja umferð í málinu sem hefur frestast aftur og aftur. Þess bíða alveg sömu örlög og annarra eldri mála af þessu tagi, eins og áforma um álver við Eyjafjörð á sínum tíma og Keilisnes síðar o.s.frv.

Þetta er orðin mikil saga, herra forseti, sem mætti náttúrlega margt af læra ef menn vildu það viðhafa. En því miður ber ekki mikið á því að menn vilji læra af sögunni og draga af henni rétta lærdóma því þá mundu þeir væntanlega standa öðruvísi að málum. Það þýðir að sjálfsögðu ekki að menn

gæfust upp eða á komandi árum og áratugum gætu menn ekki haft til athugunar stóra atvinnukosti eða orkunotkun. Að sjálfsögðu verður það. Spurningin er ekki um það heldur hvernig að slíkum hlutum er staðið, í hvað er ráðist og hvernig, hvaða áhrif það hefur, hvaða umhverfisáhrif o.s.frv. Það er þannig og á þeim grunni sem á að ræða þetta.

Til stórkostlegra bóta væri nú, herra forseti, ef menn seint og um síðir næðu einhverju lágmarkssamkomulagi hér í landinu um aðferðafræðina og vinnubrögðin í þessum efnum, svipað og fyrir löngu gerðist bæði í Noregi og Svíþjóð. Það er allt í uppnámi hér. Maður batt vissar vonir við að betri tímar væru í nánd í þeim efnum þegar stjórnvöld kynntu hugmyndir sínar um gerð rammaáætlunar og aðra slíka hluti. Það hefur allt verið skotið niður af sömu ríkisstjórn sem tekur ekkert mark á eigin vinnu, tínir virkjunarkostina út úr gerð rammaáætlunarinnar eftir því sem hentar og ætlar hér í algjöru tilgangsleysi að setja á lager handa Landsvirkjun tvo af stærstu virkjunarkostum landsins sem þar með eru út úr myndinni því auðvitað yrði þá litið svo á að málið væri afgreitt og búið. Þetta dæmir sig því auðvitað allt saman sjálft, herra forseti.

Ég hyggst nú fara að ljúka máli mínu. Ég hef talað í rétta klukkustund sem er auðvitað lítið þegar svona stórt mál á í hlut og hugur manns stæði til að segja um þetta ýmislegt fleira. En allt hefur þetta nú sinn tíma og með hliðsjón af því að ég gerði allrækilega grein fyrir viðhorfum mínum í fyrri ræðu og 3. umr. er eftir þá læt ég máli mínu lokið.

[02:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur enn einu sinni gengið algjörlega fram af mér. Hann hagar sér að mínu mati og hans málflutningur er á þann veg að hann er eins og barn sem kemur inn í leikfangabúð og vill taka allt niður úr hillunum og eiga það og það kostar ekki neitt, þegar hann telur hér upp allt sem hægt sé að gera fyrir Austfirðinga vegna þess að nú hefur hann svo óskaplega mikla samúð með þeim þar sem þetta verkefni er ekki eins vel í höfn og margir hefðu viljað. Ég er sannfærð um að ef hinn almenni Austfirðingur hefði málfrelsi í þessari umræðu og möguleika á að koma hér í ræðustól þá mundi hann segja við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon: „Láttu okkur í friði. Þú hefur ekki staðið það vel með okkur í okkar verkefni sem við höfum barist fyrir í mörg ár.“ Svo kemur hann hér fram og þykist hafa óskaplega mikla samúð með þessu fólki. Ég blæs á þennan málflutning.

Hv. þm. talaði um tillögu sem Vinstri grænir fluttu hér í þinginu og hljóðaði upp á það að leggja, ef ég man rétt, um 10 milljarða í byggðamál, óskilgreind verkefni. Hún er dæmigerð fyrir málflutning hv. þm. sem er í leikfangabúðinni og hugsar ekki um debet og kredit. Þessi þingmaður hefur setið á Alþingi í 20 ár og verið ráðherra í ríkisstjórn en þetta er raunsæið í málflutningnum.

[02:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki markmið hjá mér að ganga fram af hæstv. iðnrh. En mér þykir út af fyrir sig vænt um að ég reisti hana upp úr stólnum. Hún fór í andsvör. Hún er þar af leiðandi sannanlega vakandi og viðstödd umræðuna.

Ég á börn og fer stundum með þeim í leikfangabúðir og þekki sæmilega til þess hvernig þeir hlutir ganga fyrir sig. Það endar nú yfirleitt þannig að við borgum fyrir þau leikföng sem farið er með út úr búðinni. Ég veit ekki hvernig það er eða var á heimili hæstv. iðnrh.

Já, það kann vel að vera að einhverjir Austfirðingar telji að við sem höfum haft önnur sjónarmið uppi í þessum álversmálum megum þar af leiðandi ekki að tjá okkur um aðstæður í þeim fjórðungi. En það vill nú svo til að jafnlengi og þessi áform hafa verið uppi hefur a.m.k. sá sem hér stendur varað einmitt nákvæmlega við þessu, þ.e. að þær miklu væntingar sem væri verið að kynda upp í þessu máli væru hættulegar og sú framsetning að þetta væri allsherjarlausn. Það er þess vegna ekkert nýtt að hér sé upp tekið að menn ættu að horfast í augu við það að renni þetta svo út í sandinn skapist hætta á bakslagi. Og það er auðvitað það sem gerist. Við skulum bíða og spyrja að leikslokum hvernig Austfirðingar hugsa sinn gang eftir því sem málin þróast.

Við skulum ekki heldur, herra forseti, venja okkur á að hafa prókúru út frá persónulegum viðhorfum okkar til að tala fyrir hönd allra Austfirðinga. Það er ekki þannig að hæstv. iðnrh., Framsfl. eða ríkisstjórnin hafi umboð til þess að tala fyrir hönd allra Austfirðinga og viti nákvæmlega hvernig þeir hugsa eða fyrir hverju þeir eru að klappa. Það er nefnilega ekki svoleiðis. Við skulum því bara ræða hlutina eins og þeir koma fyrir, herra forseti.

Hæstv. ráðherra verður auðvitað að lesa þingmál sem hér liggja fyrir ef hún ætlar að tjá sig um þau. Það er alveg greinilegt að ráðherra hefur aldrei lesið tillögu okkar um byggðaðgerðir á Austurlandi.

[02:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tillagan gekk nú út á meira en að bjarga Austurlandi því talað var um að fara síðan í aðra landsfjórðunga með mikið fjármagn og steypa á hlaðið hjá atvinnuþróunarfélögunum einhverjum milljörðum. Allt hefur þetta eflaust verið vel hugsað.

Hv. þm. er gjarnan gáfaður eftir á og hann varaði við. En ef farið væri að hans ráðum þá yrði sennilega ekki farið í margar framkvæmdir hér á landi því alltaf er hægt að segja sem svo að ekki sé 100% öruggt að af þessu geti orðið. En ég er hrædd um að slík stjórnvöld kæmust ekki langt í stjórn efnahagsmála eða atvinnumála almennt í landinu.

Hv. þm. hafði efasemdir um að haft hefði verið samráð við forsrh. hvað varðar nefndarformann í viðræðunefnd. Það var að sjálfsögðu gert. Þetta er einnig samþykkt af bankastjórn og yfir það farið í Seðlabankanum hvort þetta standist lög og það mun svo vera að sjálfsögðu.

Hv. þm. talaði um að ef farið yrði út í þessar framkvæmdir þá mundi það bitna á hinum almenna raforkukaupanda. En eins og hv. þm. veit vel þá er lögbundið að svo má ekki vera. Stendur heldur ekki til. Þessi framkvæmd er bullandi arðbær og það er búið að fara yfir það hér oft.

Hann segir að sennilega ætli ríkisstjórnin að berja þetta mál í gegn. Ef það kallast að berja mál í gegnum þing að samþykkja það sennilega með 55 atkvæðum gegn átta, ef að líkum lætur, þá veit ég ekki hvernig hann horfir á meirihlutavald og lýðræði í landinu.

[02:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú ekki verið í því að telja út þingmenn hér. Ég tel kannski eðlilegast að það birtist bara í atkvæðagreiðslu. En staðreyndin er nú sú að menn umgangast yfirleitt ekki málfrelsi og skoðanafrelsi og rétt manna til

að hafa uppi sjónarmið og skoðanir í málum með hlutfallareikningi. Það er ákaflega hættulegur hugsunarháttur sem mér finnst örla hér á í framsetningu hæstv. ráðherra.

Já, við höfum lagt fram tillögur um að vinna svæðisbundnar byggðaáætlanir og hefjast handa á Austfjörðum og við erum tilbúin til þess að standa að því að ráðstafa til þess umtalsverðum fjármunum úr opinberum sjóðum. Það er rétt. En það er vegna þess að við teljum það góða fjárfestingu að bæta aðstæður og innviði samfélaganna og fjárfesta í framtíðinni í samgöngum, í menntun og öðru slíku. Við teljum að þeim milljörðum sem hafa farið í ýmislegt annað væri betur varið í slíka hluti. Það er dapurlegt að heyra hæstv. ráðherra byggðamála tala hér eins og það sé bara óðs manns æði og óráð að leggja til og vera uppi með metnaðarfullan tillöguflutning í sambandi við byggðaaðgerðir. Maður hefði haldið að hæstv. ráðherra mundi frekar fagna stuðningnum þó kannski ekki væri hægt að verða við því að öllu leyti.

Framkvæmdir og aðgerðir sem styrkja innviði samfélaganna, sem bæta skilyrði mannlífs og atvinnulífs, eru fjárfestingar sem hægt er að ráðast í og við höfum sjálf vald á. Það er m.a. munurinn á slíku og einhverju svona löguðu sem kannski kemur og kannski ekki. Ef við erum sannfærð um að við séum að gera rétt og að þetta séu góðar fjárfestingar, er þá ekki rétt að ráðast í þær?

Ég verð að segja í framhaldi af því sem ráðherra upplýsir um samþykki forsrh. og umfjöllun í bankastjórn Seðlabankans að það veldur mér miklum vonbrigðum ef svo er að þessir aðilar hafi samþykkt þessa tilhögun. Ég get þá ekkert annað gert en að gagnrýna þetta ráðslag engu að síður og lýsa yfir vonbrigðum með það. Þetta er ekki sú framkvæmd nýrra laga um Seðlabankann og framganga nýrra seðlabankastjóra sem ég hafði séð fyrir mér.

[02:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram að ég ber mikið traust til þeirra manna, þeirra tveggja fyrrv. iðnrh., sem falið hefur verið að sitja í þeirri könnunarnefnd sem á að athuga hvort hægt sé að fá nýja fjárfesta til þess að ná því fram að álver geti risið við Reyðarfjörð. Ég ber mikið traust bæði til Finns Ingólfssonar seðlabankastjóra — ég kann nú betur við að segja Finns Ingólfssonar seðlabankastjóra en Finns Ingólfssonar, starfandi seðlabankastjóra, en þakka á hinn bóginn hv. þingmanni fyrir að segja ekki Finns Ingólfssonar sitjandi seðlabankastjóra. Finnst mér þó betra og skárra að segja starfandi seðlabankastjóra. Ég man ekki eftir því þegar talað er um að þingmenn fari í nefndir að þá sé sagt að starfandi þingmaður sé settur í nefnd, heldur látið við það sitja og duga að tala um þingmann blátt áfram. En þessir tveir heiðursmenn, fyrrv. iðnaðarráðherrar, Finnur Ingólfsson og Friðrik Sophusson sem raunar nú er forstjóri Landsvirkjunar eins og hv. þm. vita, hafa sýnt það í sínum störfum að þeir eru líklegir til þess að halda vel á þessum málum, kunna vel til verka. Það lýsir jafnframt vilja ríkisstjórnarinnar að vel sé staðið að málum og þeim fast fylgt eftir að velja þessa tvo menn til þessara starfa og gefur það nefndinni meira vægi en ella mundi. Ég tel þess vegna að með þessum hætti séu meiri líkur en ella á að fjárfestar finnist og að áður en of langt líður sjáist hilla undir það að könnunarviðræður um álver geti farið af stað á nýjan leik.

[02:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú ekki ætlun mín að nota neitt óviðurkvæmilegt eða óheppilegt orðalag um þessa heiðursmenn með því að segja að þeir væru starfandi seðlabankastjórar, hafi þann starfa með höndum að vinna í Seðlabankanum, hvernig sem það er nú orðað. Auðvitað eru þeir seðlabankastjórar eða forstjórar og allt það.

Ég deili að mörgu leyti skoðunum með hv. þm. Halldóri Blöndal á þessum ágætu mönnum, Finni Ingólfssyni og Friðriki Sophussyni. Þeir eru báðir atorkumenn. Það þekkjum við. Og þeir hafa báðir umtalsverða þekkingu á þessum viðfangsefnum. Enda snýst málið alls ekkert um það. Skipan forstjóra Landsvirkjunar í þessa nýju viðræðunefnd, þess sem á að fara nýju hringferðina, er auðvitað að mörgu leyti fullkomlega eðlileg því Landsvirkjun er nú einu sinni til þess að framleiða rafmagn handa þeim sem vilja kaupa. Segja má að sá siður sé uppi að hafa í þessum nefndum fulltrúa úr viðkomandi ráðuneyti til þess að undirstrika kannski hinn pólitíska blæ málsins og undirstrika það sem hv. þm. Halldór Blöndal er væntanlega mjög sáttur við, að um sérstaka ríkisframkvæmd er að ræða, að stjórnvöld eru að ýta þessum verkefnum áfram. Þetta er sem sagt ekki fjárfesting á markaðslegum forsendum. Núverandi ríkisstjórn er ekki mikið fyrir slíkt, eða hvað? Því er auðvitað eðlilegt að fulltrúi ráðherra, pólitísks ráðherra, sé í því líka að ýta vagninum áfram.

Þá kemur að þriðja manninum. Það er seðlabankastjórinn. Gagnrýni mín hefur eingöngu beinst að því að ég tel það ekki heppilega framkvæmd og heppilega byrjun á því að Seðlabankinn lifi með sínum nýju lögum og sinni nýju stöðu að einn af seðlabankastjórunum fallist á að setjast í svona pólitískt verkefni fyrir framkvæmdarvaldið sem hann á að vera óháður gagnvart ef til ágreinings kemur um efnahagsmál og annað því um líkt. Það er ekki sniðug ráðstöfun, herra forseti.

[02:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú líður senn að lokum 2. umr. um Kárahnjúkavirkjun. Hér í húsinu er hæstv. iðn.- og viðskrh. og formaður iðnn., hv. þm. Hjálmar Árnason. Ég vænti þess að þau verði áfram viðstödd umræðuna og einnig væri æskilegt að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson verði viðstaddur ræðu mína. Hann beindi til mín nokkrum spurningum sem ég ætla að svara.

Það sem ég ætla að fjalla um er sú áhætta sem ég tel fólgna í því fyrir Íslendinga að ráðast í þetta verkefni. Menn hafa staðhæft, þar á meðal hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, að þessi fyrirhugaða framkvæmd yrði til að styrkja atvinnulíf á Íslandi og væri landsmönnum mjög til hagsbóta hvernig sem á málin væri litið.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson verði viðstaddur þessa umræðu. því hann beindi til mín spurningum. (**Iðnrh.:** Það er ekki hægt að gera kröfu um að þingmenn séu við.) Er ekki hægt að gera kröfu til þess að þingmenn verði viðstaddir umræðuna, segir hæstv. ráðherra. Að sjálfsögðu er hægt að ætlast til þess að þeir sem beina spurningum til þingmanna sem taka þátt í þessari umræðu fái við þeim svör.

(**Forseti** (HBl): Það er sjálfsagt að verða við því að hv. þm. verði látinn vita um að nærveru hans sé óskað.)

Hann kemur innan skamms er okkur tjáð. Ég mun gera hlé á ræðu minni þar til hann er kominn í salinn því ég ætla að beina orðum sérstaklega til hans. Hann beindi spurningum til mín og óskaði eftir svörum og hann mun fá þau svör. (Gripið fram í.) Ég ætlast til að allir þessir aðilar hlýði á mitt mál, svari þeim spurningum sem ég hyggst beina til þeirra.

Í salinn gengur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og ætlar að vera viðstaddur þessa umræðu. Hann beindi til mín ýmsum spurningum, þ.e. til mín og annarra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hv. þm. slóst í hóp stjórnarsinna, einkum framsóknarmanna sem hafa tekið þátt í umræðunni um Reyðarálsverkefnið, sem hafa staðhæft að þessi stærsta framkvæmd Íslandssögunnar á vegum opinberra aðila yrði til að styrkja undirstöður atvinnulífs á Íslandi, yrði þjóðinni til hagsbóta og mundi færa okkur aukna velsæld. Ég tel svo ekki vera. Ég hef reynt að færa rök fyrir því.

Fyrir alla innlenda aðila sem kæmu að þessu máli væri veruleg áhætta á ferðinni. Hverjir eru þeir aðilar? Hverjir yrðu þeir innlendu fjárfestar sem hugsanlega kæmu að þessu máli? Það yrðu sennilega fyrst og fremst lífeyrissjóðirnir. Í hverju er áhætta þeirra fólgin? Erfitt er að alhæfa um það og nefna einhverja eina skýringu en ég tel hættuna fyrst og fremst stafa af því að leggjast í faðm risastórs fjölþjóðlegs fyrirtækis á borð við Norsk Hydro. Dæmin sanna að slíkt faðmlag getur reynst hættulegt, að faðmlagið reynist þegar allt kemur til alls vera vinarklær.

Ég rakti sögu Íslenska járnblendifélagsins sem tók til starfa á Íslandi árið 1976. Þá höfðu Íslendingar meirihlutaeign í því fyrirtæki. Ég fór og aflaði mér nákvæmra gagna um sögu málsins. Þar kemur í ljós að í upphafi átti íslenska ríkið 55%, en Elkem Spigerverket kom að því með 45% eign. En Elkem er eitt af stærstu iðnfyrirtækjum Noregs og stærsti framleiðandi kísiljárns í heiminum. Árið 1984 breyttist eignarhald í félaginu. Þá var hlutafé aukið og japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation kom inn í samstarfið. Sumitomo er ein af fimm stærstu fyrirtækjasamsteypum í Japan.

Frá 1984 og fram til 1997 var skipting eignarhalds í Íslenska járnblendifélaginu þannig að íslenska ríkið átti 55%, Elkem átti 30% og Sumitomo 15%. Árið 1997 náðust samningar milli hluthafa um meirihlutakaup Elkem í járnblendifélaginu og stækkun verksmiðjunnar. Í kjölfarið lagði Elkem aukið hlutafé til félagsins og eignaðist þar með meiri hluta. Þetta gerist árið 1997. Eignarhluti Elkem var 51% en íslenska ríkið átti 38,5% og Sumitomo 10,5% eftir breytinguna. Árið 1998 seldi íslenska ríkið 26,5% hlut í járnblendifélaginu á almennum markaði en hélt eftir 12% hlutafjárins. Þannig breytist eignarhaldið og Íslendingar komast þarna í minni hluta. Þetta gerist 1998.

Síðan bregður svo við í haust, í nóvembermánuði, að krafa kemur frá Norðmönnum um að færa hlutafé niður um 75%. Við munum eftir fréttum þar að lútandi. Þá var hlutafé skráð í 1.763 millj. kr. Þá var það fært niður um 75%, um 440 millj. þá væntanlega. En skömmu síðar, í tengslum við þessa breytingu, var ákveðið að auka hlutafé frá hendi Norðmanna um 600 milljónir og íslenska ríkið setti, ef ég fer rétt með, 50 milljónir inn í fyrirtækið til að halda því inni á Verðbréfaþingi og koma í veg fyrir að íslensku hluthafarnir verði af öllu sínu fé, vegna þess að féð var uppurið, uppbrunnið þegar það var fært niður. Þarna er þessi meirihlutaaðili kominn í aðstöðu til að stilla Íslendingum upp við vegg, en ekki bara á þessu sviði heldur einnig gagnvart orkunni. Allar götur, frá upphafi, var það svo að erlendu aðilarnir höfðu tögl og hagldir.

Ég minntist þess sem Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins, talaði um sem blóðpeninga. Það var 3% umboðsgjald, umsýslugjald, sem þeir höfðu af umsýslunni. En eftir þessar breytingar mun Elkem Spigerverket eiga að því er ég best veit tæp 73%, 72,9%. Ég held ég fari þar rétt með. En það bregður svo undarlega við að á upplýsingasíðu Íslenska járnblendifélagsins segir ekki hver eignastaðan er núna. Eftir því sem ég kemst næst er eignarhlutur þeirra þessi eins og er. En íslensku fjárfestarnir, hvort sem það var ríkið eða þeir sem keyptu hlut á verðbréfamarkaði, sáu eign sína brenna upp. Þetta gæti hæglega gerst hjá lífeyrissjóðum eða öðrum aðilum sem komið gætu að þessum málum. Það er m.a. þess vegna sem menn tala um áhættu í þessu sambandi.

Þegar það gerist í ofanálag að við erum með orkuver sem hefur aðeins einn kaupanda, sem auk þess hefur tögl og hagldir, sér um aðföng, rekstur og hefur alla umsýsluna á sinni hendi, getur viðkomandi aðili, viðkomandi fjölþjóðafyrirtæki, auðveldlega stillt okkur upp við vegg, öðrum aðilanum. Þetta gerðist með Elkem á sínum tíma sem öðluðust þessa stöðu. Það er þetta sem menn hafa óttast að yrði hlutskipti íslenskra fjárfestingaraðila.

Ég minnist þess þegar íslensku samningamennirnir fóru að reisa sig og hafa áhyggjur af því að þeir mundu ekki kaupa þennan pakka, íslenskir lífeyrissjóðir og íslenskir fjárfestar, þegar Norsk Hydro gerði kröfu um að ráða á grundvelli minnihlutaeignar, minni hluta hlutafjár, jafnvel 15–20%, öllum gangi í fyrirtækinu. Þegar þetta var kynnt, þá birti Morgunblaðið ítarlega grein, það var 1. ágúst, undir fyrirsögninni Titringur hjá Norsk Hydro vegna krafna íslenskra fjárfesta. Í greininni kom fram að íslenskir fjárfestar væru ekki líklegir til að kaupa þennan pakka. Þó er það reyndar svo að þessum íslensku fjárfestum var aldrei gerð ítarleg grein fyrir stöðunni en þetta er rakið í þessari ágætu umfjöllun Morgunblaðsins, vandaðri umfjöllun Morgunblaðsins sem Björn Ingi Hrafnsson,, núverandi framkvæmdastjóri þingflokks Framsfl., skrifaði. Þar er mjög fróðleg og vönduð grein eins og ég segi.

Áhættan sem íslenskir fjárfestar kynnu að taka og þar með lífeyrissjóðir er raunveruleg. Áður en ég hverf alveg frá hlut lífeyrissjóðanna, því ég er í hópi þeirra sem hafa verið gagnrýndir fyrir íhaldssemi í þeim efnum og fyrir varnaðarorð gagnvart því að íslenskir lífeyrissjóðir kæmu að slíkum málum, þá vil ég í örfáum orðum skýra hver afstaða mín og skoðanabræðra minna er í þessu efni.

Ég er því fylgjandi að íslenskir lífeyrissjóðir taki þátt í uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi. En spurningin er hins vegar sú á hvern hátt þeir koma að slíkum fjárfestingum og það er lykilatriði.

Ég lagði til á sínum tíma að lífeyrissjóðirnir fjárfestu í húsnæðiskerfinu, í húsnæðiskerfi landsmanna. Við þekkjum það frá Þýskalandi, Hollandi og víðar að lífeyrissjóðir eiga hlut í húsnæðisfyrirtækjum. Það má vel vera að sá tími renni upp að þeir geri það einnig hér á landi, en sá tími er ekki runninn upp. Þess vegna tel ég að hlutur lífeyrissjóðanna eigi að vera sá að þeir komi með fjármagn inn í húsnæðiskerfið, fjármagn sem hefði baktryggingu ríkisins, fjármagn sem ekki væri sett í neina áhættu en á skikkanlegum vöxtum, sem væri eðlilegt þegar baktrygging ríkisins kæmi einnig til, og það fjármagn yrði látið renna til húsnæðissamvinnufélaga, til sveitarfélaga og annarra aðila sem reistu húsnæði. Þegar slík

fyrirtæki, stofnanir eða samvinnufélög væru búin að sanna tilveru sína, þá væri sú stund upp runnin að lífeyrissjóðirnir kynnu að koma að félaginu og fjárfestingunni á beinan hátt. Sú stund er hins vegar ekki upp runnin.

Á sama hátt mundu menn nálgast fjárfestingu af þessu tagi. Þótt ég sé andvígur álveri og virkjun á Austurlandi fer því fjarri að ég telji það óráðlegt um aldur og ævi að íslenskir lífeyrissjóðir komi að slíkum fjárfestingum þegar þær eru komnar á laggirnar. Ég hef mínar persónulegu skoðanir á þeirri framkvæmd og er ekki umhugað um að sjá neitt fjármagn renna til slíkra landspjalla. Það er mín persónulega skoðun. En hér er ég að lýsa þeirri afstöðu sem ýmsir aðilar innan lífeyrissjóðakerfisins hafa haft og þar á meðal ég og byggist fyrst og fremst á varfærni, að forðast áhættufjárfestingar. Og þá ætla ég að svara þeirri spurningu sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson beindi til mín varðandi áhættufjárfestingar lífeyrissjóða í útlöndum, hvort ég kjósi þær fremur. Nei. Ég vil forðast áhættufjárfestingar yfirleitt og reyna eftir fremsta megni að beina fjármagninu í örugga höfn hvort sem hún er innan lands eða utan. Því meira sem við sjáum gerast innan lands, því betra að sjálfsögðu. Þetta er afstaða mín gagnvart þessu.

Þá vil ég svara því hvar ég tel áhættu íslensku fjárfestanna liggja. Það er í því nána sambýli án þess að hafa völd í samræmi við fjárfestingar sínar og sú hætta sem þeir standa frammi fyrir varðandi fjárfestingar sínar.

Þá komum við að Landsvirkjun sem er í eigu ríkis og sveitarfélaganna Reykjavíkurborgar og Akureyrar. Hver er áhætta þeirra? Jú, eftir því sem ég kemst næst og ef við byggjum á þeim upplýsingum sem reiddar eru fram um kostnað við virkjunina, þá þyrftum við að fá 25–30 mill fyrir rafmagnið til þess að standa undir slíkri fjárfestingu. Okkur er hins vegar sagt að þetta sé þar fyrir neðan. Neitað er að upplýsa nákvæmlega hver upphæðin er en menn eru að geta sér til um að hún sé einhvers staðar á bilinu 15–20, hugsanlega 18, og miðist við álverð sem er 1.550 dollarar fyrir tonnið af áli. Tonnið er núna á heimsmarkaði rúmlega 1.400, 1.402 eða 1.403 eitthvað á því bili, en menn telja, bjartsýnismenn, að það muni fara hækkandi.

Aðrir hafa uppi varnaðarorð hvað þetta snertir og segja að kerfisbreytingar séu að verða í álframleiðslunni sem muni leiða til lækkaðs verðs og benda helst á, máli sínu til stuðnings, að framleiðslan sé að fara frá ríkjum þar sem raforkuverð er tiltölulega hátt til ríkja þar sem krafist er tiltölulega lágs verðs fyrir raforkuna. Menn nefna ýmis ríki í Afríku og Asíu í því sambandi, Mósambík, Suður-Afríku, Víetnam, Kína, Indónesíu o.s.frv. Menn benda einnig á að sú breyting sé að verða í álframleiðslunni að ríki sem áður fluttu inn ál eins og t.d. Kína verði innan þriggja til fimm ára orðin útflutningsríki á áli. Þetta allt muni stuðla að því að álverðið muni ekki hækka eins og bjartsýnismenn í þessum bransa spá.

Það mundi þýða að raforkuverðið yrði þá væntanlega undir jafnvel því lága verði sem menn eru gera því skóna að við mundum fá, sem er þó langt undir því sem ég tel og þeir sem ég hef grennslast fyrir um þessi mál hjá, að þurfi, þ.e. 25–30 mill. Þarna er ein áhætta en stóra áhættan er hins vegar sú, vegna þess að sérstaða þessarar framkvæmdar er sú að þetta er ein virkjun með einn kaupanda, að kaupandinn geti sett okkur stólinn fyrir dyrnar, að kaupandinn geti í ljósi óhagstæðrar þróunar á álverði t.d. stillt okkur upp við vegg og sagt: Álverðið hefur þróast á allt annan veg en fyrir var spáð og nú þurfum við að endursemja um raforkuverðið. Eða gera menn sér grein fyrir því að raforkan til járnblendiverksmiðjunnar, sem ég vék að hér áðan, er undir 10 mill? Það er langt undir framleiðsluverði og langt undir því verði sem við þyrftum að fá frá Kárahnjúkavirkjun. Þegar þessi stórfyrirtæki færu að stilla okkur upp gagnvart slíkum kaldhömruðu staðreyndum, þá yrði samningsstaða okkar engin.

Það sem í rauninni veldur mér kannski hvað mestum áhyggjum núna er hve íslensk stjórnvöld hafa veikt samningsstöðu okkar. Nú á að fara að gera út nýja sendinefnd og hún er áður en hún leggur upp í för orðin blóðrisa á hnjánum, því hún kemur bókstaflega á hnjánum til álrisa úti í heimi til að biðja þá um að koma hingað til að rísa undir væntingum Framsfl. á Austurlandi og pólitískum loforðum sem þar voru gefin. Því um það snýst þetta mál fyrst og fremst.

Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., hefur upplýst að út frá þjóðhagslegum forsendum Íslendinga væri æskilegast að tala um að fá hingað 120 þúsund tonna álver, ekki einu sinni 240 þúsund, hvað þá 420 þúsund eins og ráðgert er. En þegar hann fer að tala sína framsóknarpólitík, þá hefur hann komist, herra forseti, upp í 700 þúsund tonn. (**Utanrrh.:** Hvað segirðu?) Hann hefur komist upp í 700 þúsund tonn, vegna þess að þeir menn eru komnir á hnén gagnvart erlendum álfyrirtækjum. Og það er þetta sem hefur veikt samningsstöðu okkar stórlega.

Þetta er með öðrum orðum sú áhætta sem verið er að taka á vegum Landsvirkjunar og þar með þjóðarinnar allrar sem er í bakábyrgð fyrir það fyrirtæki. Ýmsir ungir hagfræðingar sem standa bæði til hægri og vinstri í stjórnmálum hafa varað við því að íslenska þjóðin fari í bakábyrgð fyrir slíka framkvæmd. Seðlabankinn hefur einnig varað við slíkri bakábyrgð. Þetta er staðreynd.

Þá er ég kominn að þriðja og síðasta atriðinu sem ég vildi víkja að um áhættuna. Hún lýtur að íslenskum þjóðarbúskap. Í efh.- og viðskn. þingsins var það rauður þráður hjá flestöllum, menn eru uppteknir af litrófinu í umræðunni, það var rauður þráður í orðum allflestra sem inn komu að þessi framkvæmd kynni að vera of stór fyrir íslenskt efnahagskerfi. Hins vegar voru menn á þeirri skoðun, og flestir sem komu frá stofnunum sem reknar eru á vegum ríkisstjórnarinnar, að hægt væri að grípa til mótvægisaðgerða til að hamla gegn þessu. Seðlabankinn talar um að hækka vexti, í upphafi framkvæmdatímans þurfi þeir að fara upp um 2,5%, sem er nú ekkert smáræði og hækkaði skuldaklyfjar landsmanna um milljarða. Talað er um að draga úr framkvæmdum á vegum hins opinbera og í atvinnulífinu almennt, það er ekki tíundað hvað það væri, hvort það væru sjúkrahús, skólar, vegir eða hvað það væri, en það ætti að draga úr framkvæmdum. Hægt væri að grípa til mógvægisaðgerða en allir sem vildu horfa á þessi mál af einhverju raunsæi vöktu máls á því að þetta væri mjög stór framkvæmd fyrir íslenskt efnahagskerfi. Ég held að það sé mergurinn málsins, kjarninn í þessu máli. Að með slíkri framkvæmd mundum við láta öll eggin í eina körfu. Allt of mörg egg. Og menn skulu ekki gera lítið úr því þegar talað er um nauðsyn þess að stuðla að fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Þær tillögur sem við höfum sett fram lúta allar að því að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífinu.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið að með framkvæmdunum mundi mælast vöxtur í efnahagslífinu, ekkert mjög mikill, en hann mundi mælast, ekki er talað um háar prósentur. Og talað er um að útflutningsverðmæti mundu aukast. Þetta er alveg rétt. Einfaldlega vegna þess að við

borðum ekki álið og berum það ekki á túnin. Við flytjum það út og fáum fyrir það gjaldeyri. Það er staðreynd. En það sem efnahagssérfræðingarnir sem hafa verið að gagnrýna þessa framkvæmd hafa bent á er að tilkostnaðurinn við að afla gjaldeyris með þessum hætti og örva atvinnulífið og hagvöxtinn í landinu sé allt of mikill og ráðlegra sé að fara aðrar leiðir til að ná því markmiði. Þetta minnir hins vegar pínulítið á stalínstímann í Sovétríkjunum á sínum tíma þegar menn einblíndu á framkvæmdina án þess að hyggja að öðrum kostum og hver tilkostnaðurinn væri við að ná settum markmiðum með þessum leiðum.

Herra forseti. Að lokum langar mig til að vitna í fréttir Morgunblaðsins frá því í dag, þar sem m.a. er vitnað í norska blaðið Aftenposten. Nú leyfi ég mér að vitna, með leyfi forseta, í frétt undir fyrirsögninni Hafa ekki hætt við þátttöku. Þar er vísað í Norsk Hydro. Ég vitna í fréttina, með leyfi forseta:

„Norsk Hydro hafi vegna kaupanna á þýska fyrirtækinu VAW þurft að endurskoða fjárfestingaráætlanir sínar, þegar hafi verið ákveðið að hætta við verkefni um báxítframleiðslu á Indlandi og Norsk Hydro vilji nú leggja meira af þekkingu en minna af beinhörðum peningum vegna mögulegra framkvæmda við álver á Reyðarfirði."

Þetta er í ætt við það sem við kynntumst hjá járnblendifélaginu í samningunum við Elkem Spigerverket á sínum tíma. Þetta er nokkuð sem alltaf hefur verið áhugamál Norsk Hydro. Það hefur aldrei fengist staðfest af þeirra hálfu að þeir séu tilbúnir að setja allt að 50% í þessa framkvæmd en ég hef grun um að þeir vilji ná slíkri eignaraðild þegar fram líða stundir, meirihlutaeign á silfurfati og í kaupbæti lægra raforkuverð en þó er verið að semja um og er allt of lágt.

Annað sem mig langar til að vitna í úr Morgunblaðinu er að finna á baksíðu blaðsins þar sem segir frá fundi á Reyðarfirði á Austurlandi í gær. Þar segir, með leyfi forseta:

„Valgerður sagði að komi fram áhugaverðari kostur en Norsk Hydro muni samstarfi við það hætt. Valgerður sagði að áður en fréttir bárust af því að Norsk Hydro yrði að fresta ákvarðanatöku, hafi samningar verið í höfn við stórt og öflugt fyrirtæki sem hafi verið tilbúið að koma að verkefninu á móti Hydro sem eignaraðili upp á tugi prósenta. Í samtali við Morgunblaðið var Valgerður ekki tilbúin að gefa upp hvaða fyrirtæki væri um að ræða, en sagði að áfram yrði rætt við forráðamenn þess um aðild að verkefninu."

Hverjir skyldu þetta nú vera? Fróðlegt væri að vita hvenær Alþingi verður treyst fyrir þessum upplýsingum og þeim nefndum sem eiga að fjalla um þessi mál. Síðar í þessari frétt Morgunblaðsins segir einnig, með leyfi forseta:

„Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Reyðaráls, sagðist telja að Norsk Hydro hefði lagt milli 400 og 500 milljónir króna í Noral-verkefnið sem sýndi að Norðmönnum væri full alvara með því."

Hann taldi að þeim væri full alvara með þessu máli vegna þess að þeir hefðu lagt í það 400–500 milljónir. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að þeim stærðum áðan og sagði réttilega að stórfyrirtæki á borð við Norsk Hydro setti slíka peninga í athuganir og kannanir víðs vegar um heiminn. Gera menn sér grein fyrir því hve hátt hlutfall þetta er af veltu Norsk Hydro? Velta Norsk Hydro er um 2.000 milljarðar króna. Þetta mundi samsvara, ef við heimfærðum þetta á veltu Landsvirkjunar, því að Landsvirkjun setti 3 milljónir í kannanir af þessu tagi. Þetta á að sýna fram á hvílík alvara hafi búið þarna að baki.

Hver var alvara Union Carbite sem gerði skaðleysissamning í tengslum við járnblendiverkefnið fyrir aldarfjórðungi? Greiddu þeir ekki í tengslum við skaðleysissamninginn 8 millj. dollara? Voru það ekki 800 millj. þá? Þetta eru smáaurar á þann mælikvarða. Ef við ætlum hins vegar að fara að tala um einhverja peninga sem máli skipta skulum við skoða ábyrgðarleysið sem Landsvirkjun, sem starfar á vegum stjórnvalda og á ábyrgð þeirra, hefur sýnt með fjárfestingum sínum í tengslum við þessar æfingar fyrir austan.

Að lokum vil ég vitna áfram í þessa grein af þessum fundi. Ég var að vitna í það sem haft er eftir Geir A. Gunnlaugssyni og ég ætla að halda áfram þeirri tilvitnun, með leyfi forseta:

„Hann sagðist telja að mikið af þeirri vinnu sem lokið væri gæti nýst í samningaviðræðum við aðra aðila, þó hugsanlega yrði að taka einhvern hluta samninganna upp að nýju og jafnvel vinna að hluta nýtt mat á umhverfisáhrifum með nýjum forsendum þar sem samþykkt mat miðaði við tækni sem Hydro hefur í boði. Geir sagðist telja að í fyrsta lagi í lok ársins 2003 geti menn átt von á jákvæðri ákvörðun."

Er nú ekki kominn tími til, herra forseti, að hyggja að öðrum ráðum fyrir Austfirðinga og Íslendinga alla en þessum ráðagerðum íslensku ríkisstjórnarinnar um að fjárfesta í skýjunum?

[02:51]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nokkuð merkileg ræða. Hv. þm. kom hér fram með a.m.k. tvo hatta. Hatt hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hatt stjórnarmanns í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Hér talaði þingmaðurinn að því er virtist afskaplega faglega um þessi mál. Hann virtist afskaplega sannfærandi líka. Hitt er annað mál að mér líkar ekki boðskapur hans og málflutningur að öllu leyti. Mér líkar ekki þegar hv. þm. gefur í skyn að allir helstu efnahagssérfræðingar þjóðarinnar hafi lagst gegn þeirri fjárfestingu sem hér er til umræðu. Svo er ekki, herra forseti. Margir aðrir sérfræðingar, efnahagssérfræðingar, en þeir sem hv. þm. vísaði til mæltu mjög með þessu. Það var mat átta nefndarmanna af níu í hv. iðnn. að hlusta á þá sérfræðinga. Ég spyr: Er hv. þm. með þessu að segja að átta nefndarmenn hafi haft rangt fyrir sér og einn nefndarmanna hafi haft rétt fyrir sér?

Hv. þm. talaði um aðgerðir í byggðamálum hjá Vinstri grænum sem aðgerðir fjölbreytileikans í atvinnulífi en hann taldi aðgerðir tengdar stóriðju ekki hafa neitt með fjölbreytileika að gera. Telur hv. þm. að ferðaþjónustuáætlanir Austfirðinga, einmitt í tengslum við virkjanaframkvæmdir, að þau 60–70 þjónustufyrirtæki sem þjóna stóriðjunni á Grundartanga, Málmsteypan Hella í Hafnarfirði, hugbúnaðarfyrirtæki Jóns Hjaltalíns Magnússonar og þannig má lengi áfram telja, teljist ekki til fjölbreytileika í atvinnulífi sem sprottið hefur upp af stóriðjunni?

[02:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir hólið. Honum fannst ég koma fram með sannfærandi rök. Þó líkaði honum ekki boðskapurinn. Hann sagði að ég hefði látið að því liggja að allir helstu efnahagssérfræðingar þjóðarinnar væru andvígir þessum framkvæmdum.

Ég sagði að rauði þráðurinn í máli þeirra manna sem hefðu tjáð sig um þetta væri að þetta væri hugsanlega svo stór framkvæmd að hún rúmaðist illa innan íslensks efnahagskerfis. Þeir sem voru hins vegar hlynntir þessu töldu

að hægt væri að mæta neikvæðum áhrifum með mótvægisaðgerðum, með vaxtahækkunum, með því að hafa áhrif á fjárfestingar og þar fram eftir götunum.

En það vakti athygli mína að þeir sérfræðingar sem heyra beint undir ríkisstjórnina endurómuðu hin pólitíska boðskap í miklu ríkari mæli en þeir sem eru óháðir og koma utan að. Ég er alls ekki að gera því skóna að fulltrúar sem komu frá Þjóðhagsstofnun, fjármálaráðuneyti og Seðlabanka, hafi talað gegn þessari framkvæmd. Ég vek hins vegar athygli á *því að þeir sögðu að þetta væri risastórt verkefni sem kallaði* á alvarlegar mótvægisaðgerðir ef ekki ætti illa að fara.

Varðandi fjölbreytileikann sem hv. þm. víkur að er það rétt að í tengslum við svona framkvæmd, svona fyrirtæki, mundu spretta upp önnur fyrirtæki. En falli þetta fyrirtæki eða vegni því illa þá hangir allt á spýtunni. Þá er fjölbreytnin því miður ekki meiri en svo að hún væri háð velgengni þessa eina fyrirtækis.

[02:56]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem mér líkar ekki í málflutningi hv. þm. er hvernig hann hagræðir sannleikanum. Hann gerir það eins og ég nefndi hér áðan, með því að gefa í skyn að nánast allir efnahagssérfræðingar þjóðarinnar legðust gegn þessari framkvæmd. Það er einfaldlega ekki rétt.

Mér líkaði það heldur ekki hvernig hann talaði um stóriðju sem fábreytileika í atvinnulífi. En hefur síðan og ég er feginn að heyra það að hv. þm. hefur þó dregið í land með það og viðurkennt að mikill fjölbreytileiki fylgir slíkum störfum.

Hv. þm. notaði þá aðferð að gefa í skyn að allir helstu efnahagssérfræðingar legðust gegn þessu. Hann veit betur. Hann gaf í skyn að stóriðju fylgdi ekki fjölbreytileiki í atvinnulífi. Hann veit betur. Hann fullyrti líka að hæstv. utanrrh., eins og hann orðaði það, lægi á hnjánum og óskaði sér 700 þús. tonna álvers á Íslandi. Það veit hv. þm. að er rangt. Hann fer afskaplega frjálslega með sannleikann en kom hér fyrr í dag sem boðberi sannleikans. Það er þetta sem mér líkar illa í málflutningi hv. þm.

Það verður líka að segjast eins og er, af því hv. þm. vék hér að þeim lífeyrissjóði sem hann situr í stjórn fyrir, að ég get ekki kallað það annað en fordóma þegar hv. þm. neitaði sem stjórnarformaður að setjast að borði til að kanna hvort þetta verkefni gæti verið álitlegur fjárfestingarkostur fyrir þann lífeyrissjóð sem hann stýrir, m.a. minn lífeyrissjóð. Hann vildi ekki einu sinni kanna hvort þarna gæti verið um arðvænlega fjárfestingu fyrir lífeyrissjóðinn að ræða. Hvers vegna skyldi það hafa verið? Ég kalla það auðvitað fordóma að vilja ekki kanna málin heldur kveða bara upp dóm. Dómurinn byggir auðvitað á því sem er megininntakið í mörgum og löngum ræðum hv. þm. Hann er einfaldlega á móti þessu. En mér líkar ekki að hann skuli fara svo frjálslega með sannleikann.

[02:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið er ég feginn því að 3. umr. um þetta mál er eftir þannig að við getum skipst á skoðunum hér þegar að henni kemur, ég og hv. þm. Hjálmar Árnason.

Ég fór rétt með staðreyndir. Ég benti á að allir helstu sérfræðingar þjóðarinnar í efnahagsmálum hefðu vakið athygli á því að þetta væri risastór framkvæmd sem kallaði á mótvægisaðgerðir. Ýmsir höfðu á orði að hún rúmaðist illa innan okkar hagkerfis, smáa hagkerfis, þótt þeir teldu að hægt væri að grípa til mógvægisaðgerða. Þeir lögðust þar af leiðandi ekki gegn framkvæmdinni. Ég vakti athygli á því að þeir skiptust í tvö horn, annars vegar þeir sem heyrðu undir ríkisstjórnina og hinir sem kæmu óháðir að þessu máli. Þetta eru staðreyndir.

Í tengslum við stóriðjufyrirtæki verður að sjálfsögðu til ýmis þjónustustarfsemi, fyrirtæki í tengslum við hana og fjölbreytni í þeim skilningi. Hún er þó háð þessu eina fyrirtæki og vegur þessara smáu þjónustufyrirtækja væri kominn *undir því hvernig stóriðjunni vegnaði. Þetta er því ekki* traustvekjandi fjölbreytni og ekki í þeim anda sem ég og við höfum talað fyrir.

Nú, um menn á hnjánum. Já, ég hef haft þau orð um Íslendinga sem leita nú til erlendra álrisa um að koma hingað endilega. Ég vitnaði í hæstv. utanrrh. — það er rétt — sem sagði annars vegar að þjóðhagslega væri hagkvæmara fyrir okkur að byggja smátt álver en stórt álver og nefndi að hann hefði einhvern tímann minnst á allt að 700 þús. tonna álver. En hann sagði að þjóðhagslega væri hagkvæmara að reisa 120 þús. tonna álver en 240 þús. tonna álver. Ég vitnaði þar í þáttinn Silfur Egils, frá því í aprílmánuði, ef ég man rétt, árið 2000.

Varðandi lífeyrissjóðina þá hef ég aldrei neitað því að málin yrðu könnuð á þeim bænum. Ég hef lagt mig eftir því að kanna þau mál en ég hef hins vegar neitað að gera það með bundið fyrir munninn.

[03:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er varkár maður. Það er kannski ástæða til að spyrja hv. þm. hvort hann sé talsmaður þess og tilbúinn að leggja til að lífeyrissjóðir sem hann hefur einhver forráð yfir eða áhrif á fjárfestu í þeim verkefnum sem Vinstri *grænir hafa verið að nefna hér til sögunnar og ég hef skilið að* fyrst og síðast ættu að koma úr ríkissjóði og skattgreiðendur ættu að standa undir. Væri hann tilbúinn að standa fyrir því að lífeyrissjóðirnir kæmu þar að verki?

Herra forseti. Kjarni málsins er sá að þrátt fyrir um margt málefnalega nálgun er veruleikinn eftirfarandi: Hv. þm. er á móti virkjunarframkvæmdum norðan Vatnajökuls. Hv. þm. er á móti því að reisa álver. Hann er á móti stóriðju. Hv. þm. er á móti því að Íslendingar eigi meiri hluta í slíkum verksmiðjum. Hv. þm. er líka á móti því að Íslendingar eigi minni hluta í slíkum verksmiðjum. Hv. þm. gefur sér, þrátt fyrir þann veruleika sem við blasir í öðrum verksmiðjum hérlendis, að slíkar breytingar séu að verða í áliðnaði að verið sé að tefla í tvísýnu. Á sama tíma er Alcan að sækja um stækkun, framleiðniaukningu í álverinu í Straumsvík. Á sama tíma er Kenneth Peterson í Hvalfirði, í Norðuráli, að sækja um stækkun, um framleiðniaukningu. Eru þessir stóru, öflugu aðilar að tefla málum í tvísýnu?

Hér rekst hvað annað á annars horn, herra forseti. Veruleikinn er allt annar en hv. þm. er hér að lýsa. Það er staðreynd málsins. Það er alveg sama hvað hv. þm. setur hér á margar ræður, við komum alltaf að kjarna málsins: Dómgreind hans brenglast af þeim sökum einum að hann byrjar frá vitlausum *punkti, er á móti málinu hvað sem tautar og raular. Undan* því verður ekki komist.

[03:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eigum við ekki að reyna að halda ró okkar þó það sé orðið svolítið álitið og reyna að ræða þetta málefnalega? Eigum við ekki að reyna það?

Spurt er hvort ég sé því fylgjandi að lífeyrissjóðir almennt fjárfesti í verkefnum sem við erum að mæla fyrir? Hverju erum við að mæla fyrir. Jú, því að styrkja velferðarþjónustuna. Já, ég er því fylgjandi. Ég er t.d. því fylgjandi að lífeyrissjóðirnir kaupi húsbréf til þess að halda niðri (**GÁS:** Ég er að tala um atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.) afföllum. Já, ég er að tala um atvinnu. Ég er að tala um velferðarþjónustuna á Íslandi. Ég er að gera það og ég er því fylgjandi að það sé gert.

Ég gerði hins vegar grein fyrir því á hvaða forsendum ég teldi að lífeyrissjóðirnir ættu að verja fjármunum sínum og hvaða forsendur þyrftu að vera til staðar til þess að svo yrði gert. Ég er vissulega því fylgjandi.

Varðandi afstöðu mína til stóriðju almennt þá er alveg rétt að ég er andvígur þessum framkvæmdum. Ég er það. En ég hef jafnframt verið að færa rök fyrir því að ég teldi þetta mjög óhyggilegt fyrir íslenskt atvinnulíf og ekki til þess fallið að treysta undirstöður þess. Ég tel það ekki vera. Ég tel það einfaldlega ekki vera svo.

[03:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. erum sammála um eitt, að brýn þörf er á því að efla velferðarkerfið hér á landi eftir sjö ára hægri stjórn þar sem menn hafa gengið harkalega um dyr og ganga. En ég hélt að við hv. þm. værum einnig sammála því að það verður auðvitað engin velferðarþjónusta byggð upp án öflugs atvinnulífs og framleiðslu í landinu. Þess vegna trúi ég því ekki að hv. þm. og flokksbræður hans og flokkssystkini láti sér til hugar koma að fjölga störfum í heilbrigðiskerfi og í félaglegu kerfi með lánsfé frá lífeyrissjóðunum. Ég bara trúi ekki mínum eigin eyrum. Auðvitað þarf hitt að koma fyrst, þ.e. við þurfum að efla undirstöðuna, atvinnuna, framleiðsluna og getum síðan farið að færa út kvíarnar, eins og nauðsyn er á, í heilbrigðiskerfinu og í félagslega kerfinu. Menn verða nú að hafa það á hreinu hvort komi á undan, eggið eða hænan.

Kjarni málsins er eftir sem áður þessi og undan því kemst hv. þm. ekki: Hann telur það ekki áhættunnar virði að eiga viðskipti við útlendinga, hvort heldur að Íslendingar séu þar í meiri hluta eða minni hluta. Hann rakti það hér í löngu máli að áhættan væri of mikil. Ég vek athygli á því að hér er frumkvöðull, Kenneth Peterson, sem fer þá leiðina, og virðist bara líka það ágætlega, að gera samninga við einn aðila um hráefniskaup og ég veit ekki betur en við höfum sama aðila um kaup á fullunnu áli, á fullunnum varningi. Ég neita því ekkert að ég hef látið mér til hugar koma hvort þetta sé ekki leið sem við Íslendingar ættum líka að íhuga, því við eigum ekkert að vera hræddir við að skoða möguleika í þessu. Þar skilur á milli mín og hv. þm. að ég vil að við tökum áhættu, því þess gerist stundum þörf, þegar við erum að byggja upp til framtíðar, til lengri framtíðar fyrir alþýðu þessa lands, öfluga atvinnu og velsæld.

[03:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um það snýst náttúrlega þessi umræða, hvernig velsæld verði treyst og atvinnulíf byggt upp hér til frambúðar.

Hv. þm. vék að því áðan að álfyrirtækin á suðvesturhorninu hefðu áhuga á að stækka við sig. Væru þau að gera það ef þau sæu ekki arðsvon fram undan? Jú, að sjálfsögðu. En ég vil benda hv. þm. á að það er grundvallarmunur á því að stækka álver og að reisa nýtt. Það er líka munur á því og að flytja gamalt álver, eins og gert var, frá Evrópu og setja það saman að nýju á Íslandi. Þar er ekki saman að jafna.

Varðandi áhættu og fjárfestingarnar þá var ég að gera grein fyrir því hvernig fjárfestingar Íslendinga í járnblendinu og í ýmsum öðrum fyrirtækjum hafa brunnið upp og verið brenndar upp. Stundum finnst mér sem talsmenn þessara framkvæmda líti á viðskiptin við þessa stærstu álrisa heimsins, þessi stóru fjölþjóðafyrirtæki, sem samninga við Gunnasjoppu, við eitthvert smáfyrirtæki. Við erum að tala hér um risafyrirtæki sem hafa sýnt það og sannað í viðskiptum við Íslendinga og aðrar þjóðir að þau eru mjög séð í að koma ár sinni fyrir borð. Þetta er staðreynd og við þessu er ég að vara.

Ég hef haft miklar efasemdir um þá samningamenn sem koma fram fyrir hönd íslensku þjóðarinnar í þessu máli. Vísa ég þar í hæstv. viðsk.- og iðnrh. sem lýsti því yfir í sjónvarpi ekki alls fyrir löngu að hún nennti ekki að ræða efnahagslegar forsendur málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 03:09.

---

109. FUNDUR

fimmtudaginn 4. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, nál. 1004 og 1030. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 704. mál, þskj. 1123, nál. 1124, brtt. 1125. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,

Athugasemdir um störf þingsins.

Upplýsingagjöf um álversframkvæmdir.

[10:33]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Vegna umræðu að undanförnu um virkjun við Kárahnjúka og hugsanlegt álver við Reyðarfjörð er rétt að það komi fram að hv. iðnn. kom saman í morgun og fékk til sín fjóra ágæta gesti, þá íslensku fulltrúa sem leitt hafa viðræðurnar við Norðmennina.

Þar kom fram, herra forseti, og er rétt að hafa það í huga, að hér er um að ræða samkomulag. Samkomulagið sem um er rætt og átti að gilda til 1. sept. felur einungis í sér að fyrir 1. september ætluðu menn sér að taka ákvörðun um framhaldið. Jafnframt var tekið fram að menn hygðust láta vita ef einhverjar breytingar yrðu.

Það er líka rétt að benda á, herra forseti, að hér er um að ræða trúnaðarsamband fimm eða sex aðila. Hér er um að

ræða stórt verk sem margir aðilar koma að og langt ferli. Fyrstu vísbendingar um hik komu fram í lok febrúar en viðræðurnar héldu eðlilega áfram og þá fyrst hófust umræður milli þessara aðila um hvort lengja ætti þennan frest og ef svo færi þá hversu lengi.

Jafnframt hefur komið fram að skilaboð frá Norsk Hydro voru afskaplega misvísandi. Kjarninn í þessu er þó sá að þetta hik kemur fyrst fram í lok febrúar og það er ekki fyrr en 19. mars að það liggur formlega fyrir að Norsk Hydro óskar eftir lengri fresti. Síðan kom sameiginleg yfirlýsing sem hæstv. iðnrh. las hér þann 22. mars.

Þetta er allt eðlilegt ferli í viðskiptum. Það er hins vegar skoðun nefndarinnar að eðlilegra hefði verið að nefndin hefði fengið að vita af þessu hiki í trúnaði. Það hefði e.t.v. verið eðlilegra. En staðreyndin er þessi: Enginn hefur sagt ósatt í þessu máli.

Það er jafnframt mikilvægt að Alþingi ljúki störfum sínum og afgreiði fyrir sitt leyti heimild til hæstv. iðnrh. til að gefa virkjunarleyfið út.

[10:35]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Einhvern tímann var sagt að hægt væri að ljúga með þögninni. Hv. þm. Hjálmar Árnason vísar í trúnaðarsamband og að menn hafi ekki risið undir trúnaði. Það hafa menn ekki gert gagnvart Alþingi Íslendinga og þingnefndum.

Hann talar um að það verði gert sem sjálfsagt er, að þetta ferli verði kortlagt. Tillögur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vísa ekki aðeins aftur á við heldur einnig fram í tímann. Við höfum lagt til að Alþingi kjósi nefnd sjö þingmanna sem kanni hvernig megi best tryggja að umfjöllun um þingmál, störf þingnefnda og önnur þingstörf byggi ávallt á réttum og bestu fáanlegum upplýsingum. Nefndin kanni lagaákvæði og reglur sem um þetta gilda í nálægum þjóðþingum. Einnig hvort ástæða sé til að lögfesta hér reglur í þessu sambandi, þar með talin refsiákvæði ef Alþingi eða þingnefndum eru gefnar rangar eða villandi upplýsingar eða þessir aðilar leyndir mikilvægum upplýsinum sem varða efni eða kringumstæður þingmáls eða þingstarfa.

Á þessa leið hljóðar tillaga sem við höfum lagt fram og borin hefur verið upp í forsn. Alþingis og verður væntanlega tekin þar til afgreiðslu.

Ég vil að þetta komi fram á þessu stigi.

[10:37]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er rétt að árétta, í tilefni af ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að það er mat okkar í iðnn. að enginn hafi sagt ósatt í þessu ferli. Við teljum að það hafi verið eðlilegt. Rétt er að hafa í huga að það eru aðilar utan þingsins sem eru að semja um að reyna að koma á viðskiptasambandi. Við slíkar kringumstæður ríkir ákveðið siðferði, viðskiptasiðferði. Menn eru bundnir trúnaði í slíkum umræðum. Það er eðlilegt í öllum viðskiptum.

Þegar á því verður breyting, þegar það liggur ljóst fyrir að forsendur hafa breyst, er þinginu gerð grein fyrir því. Það liggur ekki formlega fyrir fyrr en 19. mars. Hér hefur því enginn sagt neinum ósatt. Þetta er í eðlilegum farvegi.

Ég árétta hins vegar að það hefði að sumu leyti verið eðlilegra að gera grein fyrir því að þetta hik væri komið á málin. En menn ræddu það hik og niðurstaða af því fékkst ekki fyrr en 19. mars, herra forseti.

Þá vil ég líka upplýsa að nefndinni gafst ekki tími til þess, við lukum störfum kl. rúmlega 10, en við munum láta taka saman þær dagsetningar sem máli skipta og þá mun hv. þm. Ögmundur Jónasson sjá að hér hefur enginn sagt ósatt. Hann á þess vegna að láta af því orðalagi sem honum er gjarnt á að halda hér uppi, að vera með dylgjur og væna fólk jafnvel um ósannindi. Það er ekki mjög merkilegur málflutningur.

[10:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Segja má að í þessum viðbrögðum iðnn., sem formaður nefndarinnar hefur gert grein fyrir, votti fyrir meðvitund um að iðnn. hafi verið lítilsvirt og niðurlægð. Það vottar fyrir meðvitund um að það sé ekki gott að nefndin hafi setið yfir því að vinna stórmál og fengið til sín gesti sem hafi haldið frá nefndinni mikilsverðum upplýsingum um stöðu málsins. Það eru a.m.k. óhrekjanlegar staðreyndir sem enginn getur mótmælt. Það hefur verið margítrekað og upplýst opinberlega, bæði í viðtölum við fjölmiðla og á fundi austur á Reyðarfirði í fyrrakvöld, að háttsettir menn í Norsk Hydro hafi gefið æðstu embættismönnum Íslendinga sem um þessi mál fjalla upplýsingar um það í lok febrúar að þessi staða væri komin upp. Jostein Flo, hygg ég að hann heiti, upplýsingastjóri eða háttsettur maður í Hydro Aluminium, var þar nefndur til sögunnar og ekki ómerkari maður en Þórður Friðjónsson tók við upplýsingunum og gerði iðnrh. þegar viðvart.

Síðan koma þessir herramenn hver á fætur öðrum, ráðuneytisstjórinn í iðnrn., Þórður Friðjónsson, Geir A. Gunnlaugsson, fyrir þingnefndir og anda ekki út úr sér að neinna breytinga sé að vænta í málinu. Þetta skilur hvert einasta mannsbarn, herra forseti. Aumlegir tilburðir til að reyna að gera eitthvað annað úr þessu máli en við blasir gera bara vondan málstað verri. Það er einna ömurlegast, herra forseti, að horfa upp á metnaðarleysi þingmanna hér fyrir hönd stofnunarinnar og vinnustaðar síns að taka ekki upp þykkjuna þegar svona er komið fram. Ja, lítil eru geð guma.

[10:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Áfram halda menn að berja höfðinu við steininn, hv. þm. Vinstri grænna. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon heldur því hér fram að á fundum iðnn. hafi fulltrúar ráðuneytisins, ráðuneytisstjóri, ekki andað út úr sér breytingum í þessu máli á nefndarfundi.

Nú ætla ég að fara yfir það að ráðuneytisstjóri minn mætti á tvo fundi í iðnn., í fyrsta lagi 21. febrúar. Þá höfðu engar upplýsingar borist og þann sama dag fór ég meira að segja með minnisblað inn í ríkisstjórn sem varðar þetta verkefni og af því má sjá að engin breyting hafði komið fram. Síðari fundurinn er 18. mars. Þá er komin frétt í Morgunblaðinu og er fjallað um þá frétt á nefndarfundi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fer hér með rangt mál þegar hann talar um að ekki hafi verið andað út úr sér upplýsingum um breytingar, enda mætti hann ekki á þennan fund í morgun og veit greinilega ekki hvað þar fór fram.

Ég held að þetta sé aðalatriði málsins. Það að hér skuli aðeins einn þingflokkur stöðugt halda fram lygum í þessu máli segir sína sögu. Það segir að þessir hv. þm. taka ekki rökum. Þeir hafa ákveðið að halda fram ósannindum og munu halda því áfram. Við getum bara haft þetta svona þangað til þingið fer heim í vor.

[10:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er rétt að halda því til haga að þingmenn Samfylkingarinnar fóru fram á að þeir aðilar sem tengjast Reyðarálsverkefninu og embættismenn sem hafa komið fyrir þingnefndina, iðnn. og efh.- og viðskn. vegna málsins, kæmu fyrir nefndina til að skýra þá óvissu og þau óskýru skilaboð sem gefin hafa verið í umfjöllun um þetta mál. Við þessu var orðið mjög snarlega. Sá fundur var haldinn í morgun. Ég verð að segja, herra forseti, að ég lít svo á að þar höfum við fengið viðhlítandi skýringar frá þessum aðilum eins og hér hefur verið nefnt af hv. þm. Hjálmari Árnasyni, formanni iðnn., og hæstv. iðn.- og viðskrh.

Það er svolítið merkilegt, herra forseti, að horfa á það hér að fulltrúi Vinstri grænna í iðnn. sem sat fundinn og hlustaði á þessar skýringar skuli ekki koma hér upp um störf þingsins og mótmæla þessu framferði heldur eru það aðrir þingmenn flokksins sem ekki sátu fundinn og fengu ekki þessar skýringar. Það skyldi þó ekki vera vegna þess, herra forseti, að sá ágæti þingmaður, Árni Steinar Jóhannsson, sé sáttur við þær skýringar sem okkur voru gefnar á fundi iðnn. í morgun?

(**Forseti** (HBl): Það ber að segja háttvirtur þingmaður.)

[10:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil taka undir að það var mjög góður og upplýsandi fundur sem var haldinn í iðnn. í morgun. Rökstuðningur þeirra tvíburabræðra, hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Steingríms J. Sigfússonar, er með ólíkindum. Þeir töluðu fram undir morgun um þessi mál. Í raun er ekkert nýtt í stöðunni. Þeir hanga alltaf á þeim atriðum sem þeir finna í hvert og eitt sinn. Nú er það Norsk Hydro. Áður var talað um skurðgröfukjafta, ýtutennur og þess háttar. Þeir eru sífellt að nuða um sömu hlutina.

Röksemdirnar eru einfaldar. Þessir ágætu þingmenn, þingmenn Vinstri grænna, eru beinlínis á móti þessum framkvæmdum en þeir grípa alltaf eitthvert hálmstráið. Nú hanga þeir í þessu hálmstrái og tala um að menn gangi hér um ljúgandi, þingmenn og ráðherrar gangi hér um ljúgandi. Það er með ólíkindum hve djúpt þeir taka í árinni.

Það vill þannig til, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að ég hlustaði á ræðu þína sem var haldin einhvern tíma í nótt, á bilinu milli eitt og tvö í nótt. Ég veit að þar kom í raun ekkert nýtt fram. Hv. þm. er sífellt að hjakka í sama fari og þar kom líka fram að ef virkjunarleyfi yrði ekki veitt þá væri engu líkara en Íslendingar hefðu beinlínis ætlað að veita Norsk Hydro einokunarleyfi á þessum framkvæmdum. Þess vegna er alveg ljóst að við verðum að veita þetta virkjunarleyfi á þessu vorþingi.

(**Forseti** (HBl): Það ber beina máli sínu til forseta.)

[10:46]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að hún saknaði mín í ræðustóli út af þessu máli, þá vil ég upplýsa að það náðist að halda þingflokksfund í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrir þingfund. Við höfðum hálftíma til þess þannig að allir eru upplýstir um málið.

Fram kom hjá hv. þingflokksformanni Ögmundi Jónassyni að við erum ánægð með þá niðurstöðu mála að kortleggja eigi ferli málsins og setja niður dagsetningu og búa til eins konar skýrslu. Það undirstrikaði hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gat þess einnig að tillaga er frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem ég flyt í forsn. um að fyrirbyggja að svona hlutir endurtaki sig og við getum verið öruggari framvegis með það að þeir sem koma fyrir þingnefndir segi okkur allt það sem þarf um framgang mála sem til umfjöllunar eru í þinginu hverju sinni. Þetta er staða málsins og að engu leyti óeðlilegt, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, að þingflokksformaður viðkomandi flokks eftir þingflokksfund komi fram og skýri afstöðu flokksins til mála.

[10:48]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hv. formaður iðnn. kom með áðan um umfjöllun nefndarinnar um málið. Ég fyrirgef honum hér með að hafa ekki mætt á fund hv. efh.- og viðskn. þar sem hann átti að sitja á þeim tíma.

Í sambandi við það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi um áðan, um metnaðarleysi þingmanna varðandi það að fá þetta mál upplýst, þá verð ég að viðurkenna að ég hef áhyggjur af metnaðarleysi hv. þingmanna Vinstri grænna varðandi það að afgreiða málið. Ég hygg að metnaður flestra þeirra sem hér eru í salnum standi til þess að afgreiða það og sjá til þess að fyrirhuguð virkjun rísi. Ég hef miklar áhyggjur af því að hv. þm. Vinstri grænna séu að reyna að draga úr metnaði okkar hinna í sambandi við það mál.

Ég tel að iðnn. hafi staðið vel að þessu. Allt það sem hefur verið rætt og verið gagnrýnisefni kom fram á þeim fundi sem iðnn. hélt í morgun og síðan mun iðnn. að sjálfsögðu gefa skýrslu um málið eins og til hefur staðið, en metnaður þingmanna er mikill almennt séð til þess að klára þetta mál.

[10:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Einn helsti samningamaður Íslendinga, stjórnarformaður Reyðaráls, Geir A. Gunnlaugsson, var í viðtali í Stöð 2 27. mars sl. og var spurður hvort upplýsingar sem hann hefði gefið hefðu verið sannleikanum samkvæmar. Stjórnarformaðurinn segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Mér finnst það fullkomlega réttlætanlegt til þess, vegna málsins, að menn ja, þess vegna séu ekki alveg að segja sannleikann af því að menn verða að nota þennan tíma til þess að reyna að fá fram þá niðurstöðu sem við viljum."

Það er væntanlega þetta sem hv. þm. Hjálmar Árnason kallar viðskiptasiðferði. Ég kalla þetta ekkert siðferði.

Síðan hefur einnig komið fram í fjölmiðlum að formaður samráðsnefndar við Norsk Hydro, Þórður Friðjónsson, segir m.a. í blaðaviðtali við DV fyrir fáeinum dögum, með leyfi forseta:

„Í lok febrúar voru teknar ákvarðanir hjá Norsk Hydro um að staðan þar væri með þeim hætti að tímasetningar varðandi álver í Reyðarfirði kynnu að raskast. Aðalsamningamaður Norsk Hydro lét mig vita af því að blikur væru á lofti með tímasetningar og í framhaldi af því lét ég ráðherra vita af málinu."

Síðan er hæstv. ráðherra spurður út í þetta í fjölmiðlum. Hæstv. ráðherra sagðist þá hafa enn lifað í voninni og af þeim sökum ættu þessar upplýsingar ekki heima hjá efh.- og

viðskn. Þetta kalla ég að leyna Alþingi og þingnefndir upplýsingum og þetta eru engar dylgjur. Þetta eru staðreyndir sem eru staðfestar af ráðherrum í ríkisstjórninni.

[10:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Enn er höfðinu barið við steininn. Í þessu máli er búið að fara yfir dagsetningar og frásagnir æðioft úr þessum ræðustóli og ég tel mig ekki þurfa að gera það í raun einu sinni enn. En það sem hv. þm., Ögmundur Jónasson, virðist alls ekki geta skilið og hefur þó mikla reynslu úr viðskiptalífinu vegna þess að hann er í stjórn ákveðins lífeyrissjóðs, hefur verið formaður lífeyrissjóðs og býr yfir mikilli þekkingu í sambandi við viðskipti vegna þessa, en hann áttar sig ekki á því að ákvörðun skiptir máli. Í þessu mikilvæga máli skiptir það máli hvenær ákvörðun var tekin í hinu margnefnda fyrirtæki Norsk Hydro. Meðan engin ákvörðun var tekin um að breyta út af tímaáætlunum og að vinna ekki samkvæmt undirritaðri viljayfirlýsingu, þá stóð sú yfirlýsing. Þetta var margítrekað af hálfu fulltrúa Norsk Hydro í fjölmiðlum á Íslandi, í fjölmiðlum í Noregi, við mig sem ráðherra sem fer með málaflokkinn o.s.frv. Með fullri virðingu fyrir þeirri viðskiptaþekkingu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þá áttu þessar upplýsingar og þetta hik ekki erindi til hv. þm. Það er fyrst þegar ákvörðun hefur verið tekin um breytingar sem hann ásamt öðrum þingmönnum átti rétt á upplýsingum og þá voru þær upplýsingar bornar á borð úr þessum ræðustól, fyrst sagt að yfirlýsing komi og þegar yfirlýsingin var tilbúin, þá var hún kynnt nákvæmlega úr þessum ræðustóli.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta hálmstrá sem hæstv. iðnrh. hefur reynt að nota í krappri vörn sinni undanfarna daga um að þrátt fyrir upplýsingar um breytta stöðu hafi ákvarðanir ekki verið teknar hjá Norsk Hydro, það heldur ekki. Þórður Friðjónsson lýsir þessu þannig í viðtali við fjölmiðla að í lok febrúar hafi ákvarðanir verið teknar hjá Norsk Hydro og það liggur fyrir og hefur komið fram opinberlega (**Iðnrh.:** Þetta er ekki rétt.) að fundahöldin sem leiddu til þess að í stjórnkerfi Norsk Hydro var hin nýja stefna tekin, fóru fram í síðustu vikum febrúar. Málið er a.m.k. það alvarlegt að mati aðila að það er aðalsamningamaður Norsk Hydro sem lætur formann íslensku samráðsnefndarinnar vita og sá fer beint til ráðherra þannig að það var ekki litið svo á að hér væri um einhver aukaatriði sem ekki vörðuðu málið með beinum hætti og alvarlega að ræða. Þannig er nú það, herra forseti.

Já, ég kalla það metnaðarleysi fyrir hönd Alþingis sem stofnunar þegar fyrir liggur að mikilsverðum upplýsingum hefur verið haldið frá Alþingi, að taka það mál ekki alvarlega. Ég fullyrði að í öllum nálægum þjóðþingum, rótgrónum þingræðisríkjum, væri svona atburður litinn mjög alvarlegum augum og víða er það þannig að það er saknæmt og refsivert svo nemur jafnvel allt að 20 ára fangelsi að greina þingnefndum rangt frá eða villa fyrir þeim með röngum upplýsingum. (Gripið fram í.) Þannig er nú það. (**Utanrrh.:** ... þig í tukthús.) Hér eru að sjálfsögðu engar slíkar reglur í lögum, herra forseti, en það er auðvitað eitt sem á að athuga (**Utanrrh.:** Að setja okkur í tukthús?) til þess að undirstrika alvöru málsins. (**Gripið fram í:** Ráðherrann í tukthús.) Það er að vísu svo illa veitt fé til tukthúsa að þau eiga öll að vera tóm í sumar, það á að sleppa öllum út, þannig að menn sætu a.m.k. ekki inni yfir sumarmánuðina, (Gripið fram í.) en, herra forseti, ég heyri að hæstv. utanrrh. er órótt og það er ekki í fyrsta sinn þegar þessi spilaborg hæstv. utanrrh. er hrunin, þá er von að hæstv. utanrrh. sé órótt, þegar spilaborgin er hrunin ofan á hausinn á honum. (**Utanrrh.:** Það er eins gott að þú hafir ekki lögregluna til yfirráða.)

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, nál. 1004 og 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:56]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir og snýst um veitingu virkjunarleyfis vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver á Austurlandi nýtur stuðnings meiri hluta þingflokks Samfylkingarinnar, en sá stuðningur er með tilteknum fyrirvörum sem rétt er að gera grein fyrir.

Í fyrsta lagi styðjum við málið í trausti þess að áætlanir um arðsemi framkvæmdarinnar standist.

Í öðru lagi að land norðan Vatnajökuls verði verndað í kjölfar virkjunar með þjóðgarði.

Í þriðja lagi að tryggt sé að þjóðhagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu jákvæð þegar og ef út í hana er farið.

Þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa lýst yfir andstöðu við framkvæmdina gera það vegna umhverfissjónarmiða. Við virðum þá afstöðu. Að öðru leyti greiðir þingflokkur Samfylkingarinnar atkvæði með frv.

[10:57]

Katrín Fjeldsted *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Enginn má við margnum, segir gamalt máltæki. Við blasir að meiri hluti er fyrir því á Alþingi að virkja við Kárahnjúka og reisa álver við Reyðarfjörð.

Mín sýn á framtíðina er önnur og hið sama má segja um marga sjálfstæðismenn sem ég er málsvari fyrir. Ég er þó hlynnt því að nýta auðlindir okkar innan hóflegra marka og á sjálfbæran hátt.

Núverandi virkjunaráform munu skaða hálendi Íslands meira en hægt er að sætta sig við þrátt fyrir þær mótvægisaðgerðir sem hæstv. umhvrh. hefur krafist með úrskurði sínum. Ég tel að arðsemi af fyrirhuguðum framkvæmdum sé ekki slík að hún réttlæti svo stórfelld náttúruspjöll.

Fyrir utan það að njóta ríkisábyrgðar sem nema kann á annað hundrað milljarða kr. er framkvæmdaraðili undanþeginn sköttum og skyldum og loks kostar landið sem spillt verður ekki neitt. Ég álít að stórfelld ríkisafskipti af atvinnustarfsemi í landinu eigi að heyra fortíðinni til. Verkefni hins opinbera á að vera að setja atvinnustarfsemi almennan ramma eins og núverandi ríkisstjórn hefur að jafnaði gert. Þannig eru markaðnum búin eðlileg skilyrði og frumkvæði einstaklinganna getur notið sín.

Af ofansögðu má ljóst vera, herra forseti, að ég mun ekki greiða frv. atkvæði mitt.

[10:59]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að á eftir verður tekin tillaga frá mér í minni hluta iðnn. að rökstuddri dagskrá um

að vísa þessu máli frá. Það er í ljósi þess að allt er í óvissu um framvindu Noral-verkefnisins. Stórfelld umhverfisspjöll sem af Kárahnjúkavirkjun hljótast eru óverjandi. Mikið skortir á að arðsemi verkefnisins sé fullnægjandi og deildar meiningar eru um hvort verkefnið yrði jákvætt fyrir byggðaþróun á Austurlandi í heild þegar til lengri tíma er litið.

Síðast en ekki síst vil ég geta þess, virðulegi forseti, að gerð rammaáætlunar um forgangsröðun virkjunarkosta er ólokið og við teljum því, og ég, að það sé lag til þess að endurskoða fyrirhuguð áform um virkjanir á Austurlandi og setja þær inn í rammaáætlun. Nú sé tími og rúm til þess að endurskoða það mál allt og setja í heildstætt samhengi um það hvernig við ætlum að standa að því að virkja vatnsföll og jarðvarma í landinu.

[11:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ekki er ætlast til þess að nú séu almennar umræður og menn biðji um orðið eftir hendinni. Einstakir þingmenn hafa svigrúm til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu þegar kemur að einstökum greinum. Ég mun gefa þeim orðið sem fyrst kvöddu sér hljóðs.

[11:00]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu var afgreitt út úr hv. iðnn. Átta nefndarmanna samþykktu og ákváðu að styðja það. Einn var á móti því. Rökin fyrir því að átta nefndarmanna iðnn. vildu styðja það voru í fyrsta lagi þau að hér er um að ræða verkefni sem getur skilað gífurlega mikilli arðsemi til eigenda síns, Landsvirkjunar. Hér er verkefni sem kann að leiða til þess að útflutningsverðmæti þjóðarinnar aukist um 14%. Hér er um að ræða verkefni sem mun hafa afskaplega jákvæð byggðaáhrif, ekki síst á Austurlandi. Hér er um að ræða verkefni sem getur aukið þjóðarframleiðslu varanlega um allt að 1%. Hér er verkefni sem mun geta lagt grunninn að mikilli hagsæld, lagt grunninn að áframhaldandi uppbyggingu hins íslenska velferðarkerfis.

Frv. felur í sér heimild Alþingis til þess að ráðherra gefi út virkjunarleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þetta er metnaðarfullt frv. og þess vegna segi ég já.

[11:02]

Guðjón Guðmundsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu á Alþingi að samþykkja þessa virkjunarheimild nú á vorþingi. Það er nauðsynlegt fyrir framhald málsins að virkjunarheimild sé til staðar þegar farið verður í viðræður við önnur fyrirtæki en Norsk Hydro, um byggingu og rekstur álvers í Reyðarfirði, en ný viðræðunefnd hefur verið skipuð í það verkefni undir forustu Finns Ingólfssonar, fyrrv. iðnrh.

Verði virkjunarheimildin ekki samþykkt mætti líta á það sem skilaboð um að Kárahnjúkavirkjun sé frátekin fyrir Norsk Hydro. Það væri ekki gott upplegg í þær mikilvægu viðræður sem fram undan eru, viðræður sem skipta atvinnulífið á Austurlandi gífurlegu máli. Því er nauðsynlegt að ljúka afgreiðslu þessa á næstu dögum og gera það að lögum.

[11:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka að þetta eru ekki almennar umræður. Þessu er ekki beint sérstaklega til hv. þm. er síðast talaði, en smátt og smátt hefur mér orðið á í messunni um stjórn þingsins

[11:03]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil segja aðeins fáein orð um atkvæðagreiðsluna. Ég tel ekki forsendur til að taka þetta frv. til atkvæðagreiðslu, einfaldlega vegna þess að of margir þættir málsins eru enn óupplýstir. Ég vísa þar t.d. í staðhæfingar sem komu fram hjá stjórnarformanni Reyðaráls í fjölmiðlum nú nýlega um að eitt helsta ágreiningsefnið í samningaviðræðunum hefði verið tryggingarupphæð, 800 millj. dollarar, 80 milljarðar íslenskra króna, án þess að því væri svarað hver ætti að axla þá ábyrgð. Lýtur hún að Íslendingum, íslenska ríkinu, íslenskum fjárfestum, íslenskum lífeyrissjóðum sem kæmu til með að fjárfesta í verkefninu eða lýtur hún að Norsk Hydro? Er það tilboð þeirra gagnvart Íslendingum að þeir ætli að axla þessa ábyrgð gegn því að þeir fái meirihlutaeign í fyrirtæki með því að láta minnihlutafjármagn af hendi? Hvað býr að baki þessum upplýsingum og staðhæfingum sem komu fram hjá stjórnarformanni Reyðaráls? Ég spurði eftir þessu (Forseti hringir.) í efh.- og viðskn. Alþingis í morgun og það voru engin svör. Getum við gengið til atkvæða um þetta frv. án þess að svo veigamiklir þættir málsins séu upplýstir? Ég held ekki.

Till. í nál. 1030 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 42:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS.

4 þm. (GAK, KF, RG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EOK, GÁ, GunnB, KPál, LMR, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:05]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Noral-verkefnið er í óvissu. Hér er verið að leggja drög að gríðarlegum náttúruspjöllum. Deildar meiningar eru um arðsemi verkefnisins. Við höfum ekki lokið vinnu við rammaáætlun um notkun vatnsafls og jarðvarma og mjög deildar meiningar eru um byggðaþróun sem afleiðingu af verkefninu. Þess vegna, virðulegi forseti, segi ég já um að vísa þessu frá.

[11:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði gegn því að vísa þessu máli frá. Kárahnjúkavirkjun er stór og metnaðarfull framkvæmd. Við Íslendingar erum ekki óvanir því að hugsa stórt og m.a. þess vegna búum við við velsæld í þessu landi. Ég er þakklát fyrir þann mikla stuðning sem þessi framkvæmd við Kárahnjúka fær á hv. Alþingi og í samfélaginu almennt.

[11:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið til afgreiðslu eitt stærsta mál þessa þings og jafnvel langstærsta málið sem við höfum fjallað um hér. Það er búið að upplýsa málið. Það er búið að vinna málið til fullnustu. Það hefur gífurlega jákvæð áhrif á byggðaþróun þrátt fyrir að öðru sé haldið fram í ræðustól hér. Það er mikið hagsmunamál fyrir mjög marga aðila. Það er stórt hagsmunamál fyrir þjóðarbúið og okkur ber að afgreiða

málið nú. Ég segi því nei við því að vísa þessu frv. frá. Það væri fráleit niðurstaða eftir þá góðu og miklu umfjöllun sem hér hefur farið fram. Ég segi nei, hæstv. forseti.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er til marks um afar dapurlega þráhyggju að þröngva áfram þessu tilgangslausa og í raun úrelta frv. um Kárahnjúkavirkjun. Málið er í upplausn eftir að Norsk Hydro hrökk frá því. Það fer nánast á byrjunarreit á nýjan leik eftir tæplega fimm ára þrautagöngu.

Fyrir liggur að Alþingi hefur verið leynt mikilsverðum upplýsingum um stöðu málsins í vinnu þess og auðvitað á Alþingi að mæta þessu með því að taka málið af dagskrá og snúa sér að öðrum brýnni og þarfari verkefnum. Ég greiði því að sjálfsögðu atkvæði með þessari frávísunartillögu, herra forseti.

[11:08]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í þessu máli er fátt eftir annað en taka hina pólitísku ákvörðun. Hv. þm. Vinstri grænna eru annarrar skoðunar. Saga þeirra og afstaða í þessu máli hefur verið mjög breytileg. Til að byrja með var umhverfisþátturinn meginstoðin í andófi þeirra. Síðan hvarf græni liturinn eins og það var hér orðað. Þá réðust þeir á arðsemina og reyndu að gera hana tortryggilega. Það gekk ekki. Þá réðust þeir á byggðaáhrifin og hin þjóðfélagslegu áhrif, reyndu að gera lítið úr þeim, en rökstuðningur þeirra hélt ekki. Voru þá fá strá eftir. En að undanförnu hafa þeir gripið til þess ráðs að nota dylgjur, jafnvel vænt einstaklinga um lygar og nú er hápunkturinn á þessu að koma með frávísun.

Herra forseti. Pólitískur vilji þarf að liggja fyrir og þess vegna á Alþingi að hafa þann metnað að taka afstöðu til málsins. Því er eðlilegt að segja afskaplega skýrt, nei, við þessari frávísunartillögu.

[11:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. iðnrh. og hv. formaður iðnn. hafa klifað á því í þessu máli að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé á móti því. Það er rétt, herra forseti, en vera kann að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi rétt fyrir sér í málinu.

Arðsemi af þessu verkefni er neikvæð ef rétt er reiknað og ég fullyrði að mælistika ríkisstjórnarinnar og Framsfl. í þessu máli sé ónothæf. Verkefnið er ósjálfbært og veldur slíkum skaða á verðmætri náttúru landsins að það getur skaðað ímynd Íslands sem náttúruperlu í norðri til langframa. Ég styð þessa tillögu um að þessu vonda verkefni verði vísað frá.

[11:10]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frávísunartillaga sem ég styð. Það á ekki að virkja nema orkukaupandi sé til staðar, en hann verður í allra fyrsta lagi til staðar í lok ársins 2003 vegna þeirrar stöðu sem málið er í og hvarfs Norsk Hydro frá málinu.

Úrskurður umhvrh. hefur auk þess verið kærður og hefur nú verið tekinn til dómsmeðferðar. Ég tel rétt að fá niðurstöður í það mál áður en við afgreiðum á þingi lagafrv. sem byggir á þeim úrskurði sem er nú í kæruferli.

Varðandi arðsemi verkefnisins þá er ekki allt reiknað til kostnaðar sem með eðlilegum hætti á að vera inni í þessu dæmi. Ég tel að hin mikla þjóðhagslega arðsemi sem hér er reidd fram sem rök í málinu standist ekki þegar litið er til fleiri þátta.

1. gr. samþ. með 43:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, KF) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EOK, GÁ, GunnB, KPál, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Stuðningur minn við virkjun við Kárahnjúka hefur ávallt verið skilyrtur við það að tryggt væri að orkan frá Kárahnjúkavirkjun yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi. Nú er það mál allt í uppnámi. Meðan svo er mun ég ekki greiða þessu máli atkvæði og tek þá afstöðu að sitja hjá.

[11:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessu frv. Ég er sannfærður um að það stríðir gegn þjóðarhag og dregur úr möguleikum okkar til efnahagsframfara. Verið er að greiða atkvæði um heimild til stórvirkjunar sem á að sjá einum orkukaupanda fyrir orku. Sá kaupandi er ekki í sjónmáli. Þrátt fyrir það fullyrða talsmenn ríkisstjórnarinnar með hæstv. iðnrh. fremstan í flokki og formann iðnn. að hér sé á ferðinni verkefni sem gefi bullandi arðsemi. Þetta er orðalagið. Um arðsemina efast ég og tel að svo verði reyndar ekki. Fyrra orðið er vel við hæfi.

[11:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessari grein og frv. Kárahnjúkavirkjun mun valda margfalt meiri náttúruspjöllum en nokkur einstök framkvæmd á Íslandi af manna völdum hefur gert til þessa. Virkjunin krefst flutnings á jökulám á milli vatnasvæða. Virkjunin krefst þess að gerð verði gríðarlega stór uppistöðulón sem munu svo fyllast á ákveðnum tíma innan nokkurra hundruða ára sem þýðir að þessi virkjun er ekki sjálfbær. Við erum að níðast á landinu okkar með því sem hér er verið að leggja til.

Virðulegi forseti. Hvert ársstarf í þessum verkefnum er talið að kosti um 400 millj. kr. En af hálfu hins opinbera er einungis varið um 700 millj. kr. til þróunar- og markaðsstarfs í ferðaþjónustu, þess atvinnuvegar sem vex hraðast á Íslandi. Það er eins og tvö ársstörf munu kosta í þessum heildarframkvæmdum. Sjái nú hver hvaða vit er í þessari forgangsröðun.

[11:15]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. sem við ræðum hér og ætlum vonandi að samþykkja, er ákveðinn þáttur í módeli um virkjun á Austurlandi. Módelið felst í því að rannsóknir hafa verið stundaðar, umhverfismat er fengið, fjármögnun og framkvæmdir hafa verið skipulagðar og hér er verið að veita heimild til þessara framkvæmda. Þá er módelið fullkomið. Þetta módel er nauðsynlegt og það er óháð fjárfestum.

Ég vil benda á að þjóðin lifir á mannauði og auðlindum og það er mjög nauðsynlegt að við nýtum til fullnustu auðlindir okkar til lands og sjávar, þar á meðal orkuna. Ég greiði þessu frv. atkvæði mitt.

[11:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Með fáheyrðum bolabrögðum leyfir ríkisstjórnin sér að þvinga Alþingi Íslendinga til að gefa hæstv. iðnrh. heimild til að fremja mestu náttúruspjöll Íslandssögunnar. Í hvaða tilgangi? Jú, til vonar og vara ef svo færi að Finni Ingólfssyni og Friðriki Sophussyni, sem gerðir hafa verið út af örkinni takist að finna risa, álrisa, sem tilbúinn væri að aumka sig yfir íslensk stjórnvöld sem krjúpa á blóðrisa hnjám í bæn um að fá hingað til lands mengandi málmbræðslu svo stjórnvöld geti komið í lóg ókeypis mengunarkvótum sem þeim tókst að herja út í gegnum Kyoto-ferlið — heimildin til hæstv. ráðherra er liður í þessu ferli, — tækist að lokka álrisa til Íslands. Þetta er feit gulrót sem kemur til með að halda náttúru landsins norðan Vatnajökuls í gíslingu í 10–15 ár. Ég segi nei.

[11:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hér er komið að atkvæðagreiðslu um eitt stærsta mál sem Alþingi hefur haft til meðferðar, eitt stærsta mál fyrir þjóðina, Austurland og framtíðina. Upplýsingar liggja fyrir um málið á Alþingi og allar dylgjur um lygar í þessu máli eru þeim ekki til sóma sem fara með þær. Mikilvægt skref varðandi framgang þessa máls er stigið í dag. Að sjálfsögðu segi ég já og mun samþykkja þetta frv. sem hér liggur fyrir.

[11:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að heimila þá virkjun sem hefur fengið falleinkunn vegna óafturkræfra og mikilla náttúruspjalla á hálendi landsins. Virkjunarframkvæmdirnar eru í raun sérsmíðaðar að þörfum álvers Norsk Hydro á Reyðarfirði en það hefur nú fallið frá framkvæmdum, a.m.k. í bili.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal ásamt stækkun Kröflu er opið leyfi fyrir Landsvirkjun til 10 ára til að nýta orkuna til hvaða orkufreks iðnaðar sem er og til fellur á þessu tímabili. Það er ekkert í frv. sem skilyrðir orkunýtinguna við Austurland. Því segi ég nei, herra forseti.

Að lokum, að segja að hvít lygi hafi verið viðhöfð er ekki dylgjur af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[11:19]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Virkjun Kárahnjúka er forsenda fyrir byggingu álvers á Reyðarfirði. Hér er á ferðinni eitt stærsta byggðamál sem rekið hefur á fjörur Alþingis en talið er að þarna geti skapast allt að 1000 ný störf á Austurlandi en þar hefur fólki fækkað verulega á undanförnum árum. Þarna gætu líka skapast útflutningsverðmæti upp á allt að 60 milljarða á ári. Það er nauðsynlegt fyrir framhald málsins að samþykkja virkjunarheimildina á þessu þingi. Ég segi því já.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fyrir það fyrsta er hin risavaxna Kárahnjúkavirkjun með byggingu stíflu við Kárahnjúka, Hálslóni og flutningi Jökulsár á Brú yfir í Lagarfljót óverjanleg framkvæmd vegna mikilla og óafturkræfra umhverfisáhrifa.

Í öðru lagi er þetta mál í uppnámi, nánast aftur á byrjunarreit eftir mörg ár og við þær aðstæður er fráleitt að afgreiða virkjunarheimild í lögum, óskilyrta virkjunarheimild til að Landvirkjun geti haft hana á lager.

Dapurlegast af öllu er þó það, herra forseti, ef nú á að reyna að setja upp nýtt leikrit handa Austfirðingum, nýjan einþáttung um byggð. Maður veit ekki í hvorar heimsbókmenntirnar á frekar að vitna, Beðið eftir Godot eða Ferðina sem aldrei var farin.

[11:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka skýrt fram að hér er um mjög umhverfisvæna aðgerð að ræða, að virkja fallvötnin okkar, og við eigum að gera það. Ég vil líka taka skýrt fram að hér er um mjög arðsama framkvæmd að ræða. Það hefur alls staðar komið fram. Ég vil enn fremur taka skýrt fram að hér er um mjög byggðavæna aðgerð að ræða. Það hefur líka komið mjög skýrt fram og, hæstv. forseti, ég vil loks taka skýrt fram að hér er um mjög þjóðhagslega og nauðsynlega aðgerð að ræða. Við eigum að greiða þessu atkvæði okkar og það mun ég gera, hæstv. forseti.

[11:22]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég er eindreginn stuðningsmaður þessa máls. Ég tel að efnahagsleg áhrif þess og sá ávinningur sem þessi framkvæmd mundi hafa fyrir Austurland og alla landsbyggðina réttlæti fyllilega þá röskun sem verður á umhverfi landsins ef af þessu verður.

Ég tel að það séu fyllilega rök fyrir því að þessi heimild sé afgreidd núna frá þinginu til að hún sé til staðar, sé á lager, ef það skyldi henda að vonir okkar sem berum í brjósti ákveðna bjartsýni í þessu máli rætist.

2.–4. gr. samþ. með 42:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, KF, SvH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EOK, GÁ, GunnB, KPál, LMR, ÓÖH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, GÁ, GunnB, KPál, LMR, ÓÖH, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þótt það gerist ekki oft greiði ég atkvæði gegn því að vísa þessu máli til 3. umr. Í fyrsta lagi er ég algerlega andvígur því og ég tel að málsmeðferðin í þinginu sé svo ámælisverð að það væri skárri kostur að láta hér staðar numið. Síðan leyfi ég mér, herra forseti, að nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að efnisgreinar frv. voru áðan samþykktar, í öðru tilvikinu með 42 og hinu 43 atkv. Hæstv. iðn.- og viðskrh. lofaði 55 atkvæða stuðningi við málið svo seint sem í gærkvöldi og hefur heldur (**Iðnrh.:** Má ég aðeins ...) farið illa um málið í nóttinni ef þessi þróun hefur orðið síðan þá, herra forseti. (**KLM:** Hvað eru margir á móti?) (**Iðnrh.:** Já, hvað eru margir á móti?)

[11:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er sýnt að málinu verður vísað til 3. umr. Ég legg áherslu á að þetta þingmál verði kallað inn í nefnd að nýju. Efh.- og viðskn. þingsins var falið að fara yfir efnahagslegar forsendur málsins. Ég hef upplýst fyrr í dag að ýmsir veigamiklir þættir eru enn óupplýstir. Staðhæfingar eru um að tekist hafi verið á um 80 milljarða kr. ábyrgð, 800 millj. dollara ábyrgð — þetta upplýsti stjórnarformaður Reyðaráls. Ég legg áherslu á, herra forseti, að þessu máli verði vísað til nefndar og verði tekið til umfjöllunar og skoðunar í ... (Gripið fram í.) Ég er að leggja á það áherslu að það er sýnt að þetta mál verður látið áfram ganga. Ég geri þá kröfu að málið verði tekið til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þingsins. Hins vegar skal ég alveg fullvissa hv. þingmenn um að ég mun sjá til þess að þessi sjónarmið komist til skila við 3. umr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 704. mál (bensín). — Þskj. 1123, nál. 1124, brtt. 1125.

[11:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. *vegna frv. til laga um breyt. á lögum um vörugjald af* ökutækjum, eldsneyti o.fl.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. ræðumann afsökunar á innskoti í ræðu hans en ég vil minna hv. þingmenn á að búist er við mörgum atkvæðagreiðslum fyrir matarhlé.)

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál, og hún kallaði á fund til sín nokkra ágæta einstaklinga sem getið er um í nál. Þessu frv. er ætlað að lækka almennt vörugjald af bensíni tímabundið til loka júní á þessu ári til að vega á móti verðlagsáhrifum af hækkun á heimsmarkaðsverði bensíns.

Nefndin bendir á að ríkisstjórnin hefur gert ýmsar aðgerðir til þess að reyna að draga úr hækkun á verðlagi á þessu ári, t.d. hefur áfengisgjald ekki verið hækkað og ekki er reiknað með að það verði. Hætt var við hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins og eins hækkun á *komugjöldum sjúklinga* en allar þessar ráðstafanir saman þýða 750 millj. kr. í mínus fyrir ríkissjóð miðað við fjárlög. 80 millj. koma til viðbótar með þeim ráðstöfunum sem hér er verið að gera með lækkun vörugjalds af bensíni þannig að ríkissjóður hefur lagt allmikið af mörkum til að lækka verðlag þannig að markmið kjarasamninga geti haldið.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal vekur athygli á því að gleymst hafi að geta þess að breytingar voru gerðar á tollum á grænmeti. Það er rétt að það komi fram hér.

Virðulegi forseti. Öll nefndin skrifaði undir þetta álit en þó hafa þrír nefndarmenn ákveðna fyrirvara á þessu, og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson hafa viljað láta þessa lækkun á vörugjaldinu gilda til 1. nóv. í stað 30. júní. Þessir hv. þm. munu væntanlega gera grein fyrir fyrirvörum sínum á eftir.

[11:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hefði óskað eftir því að hv. formaður efh.- og viðskn. hefði gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa sem hann lýsti síðast, þ.e. þeirrar brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni við þetta *mál* um að *gildistaka* þessarar lækkunar verði lengri en áformað er í frv. Ekki síst var tekist á um þetta atriði eða um fjallað í hv. efh.- og viðskn.

Eins og fram hefur komið er frv. liður í þeirri viðleitni að leggja til aðgerðir til að hin margfrægu rauðu strik í maímánuði haldi og styðjum við þingmenn Samfylkingarinnar að sjálfsögðu frv. þó að við teljum að þar hefði átt að gera betur en lagt er til í frv.

Ég vil aðeins gera nánari grein fyrir afstöðu gesta sem komu á fund nefndarinnar og viðhorfa þeirra til þessa máls, heldur en kom fram í máli formanns, en þeir sem komu á fund nefndarinnar voru auk fulltrúa frá fjmrn., Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ, Runólfur Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Edda Rós Karlsdóttir frá Búnaðarbanka Íslands, Reynir Guðlaugsson frá Skeljungi og Magnús Ásgeirsson frá Olíufélaginu.

Bundnar eru þó nokkrar vonir við, eins og fram kom *í máli hæstv. fjmrh.* þegar mælt var fyrir málinu í gær, að olíufélögin legðu líka sitt af mörkum að því er varðar lækkun á bensíni og að þau hækki ekki verð á bensíni þrátt fyrir þá hækkun sem orðið hefur á heimsmarkaðsverðinu.

Ég verð að segja, herra forseti, að í umfjöllun nefndarinnar í gær um þann þátt málsins sem snýr að olíufélögunum varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum með viðbrögð olíufélaganna og afstöðu þeirra til málsins. Jú, það er rétt og var staðfest að þau koma til móts að því leyti að þau munu ekki hækka bensínverðið í tilefni hækkunar á heimsmarkaðsverðinu nú en þegar gengið er á fulltrúa olíufélaganna um hversu lengi þeir muni halda verðinu óbreyttu eða hækka ekki, þá er fátt um svör. Reyndar er það svo að annar fulltrúi olíufélaganna treystir sér í rauninni ekki til að gefa nein fyrirheit um það að slíkt mundi halda lengur en út aprílmánuð. Það veldur nokkrum vonbrigðum vegna þess að ég stóð í þeirri trú að olíufélögin mundu a.m.k. þann tíma sem hér er lagt upp með í frv. halda bensínverðinu óbreyttu, en þau telja að þau þurfi að stilla sig af miðað við heimsmarkaðsverð og gengi. Það veldur því vissulega vonbrigðum þó að það sé út af fyrir sig þakkarvert að olíufélögin hækki ekki bensínið þessa stundina í tilefni af hækkun á heimsmarkaðsverðinu.

Ég vil einnig fara nokkrum orðum, herra forseti, um þá *umfjöllun sem varð í nefndinni* varðandi rauðu strikin og þau viðhorf manna sem eru kannski mismunandi um það hvort rauðu strikin haldi eða ekki, þá óskuðum við eftir því fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. að fá Eddu Rós Karlsdóttur, forstöðumann greiningardeildar Búnaðarbankans, á fund nefndarinnar en forstöðumaður greiningardeildarinnar hafði látið í ljós ýmsa fyrirvara og athugasemdir eða kannski

aðvaranir um að óvarlegt væri að treysta því algerlega að rauðu strikin haldi eins og menn hafa væntingar um í maímánuði nk.

Það er deginum ljósara að afar brýnt er að allir leggi sig fram um að svo verði og vissulega hefur ríkisstjórnin gert það að ýmsu leyti með því að draga til baka áformaðar hækkanir, ýmsar gjaldskrárhækkanr sem voru fyrirhugaðar eins og við fórum nokkuð í gegnum við 1. umr. málsins í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum. En við höfum eilitlar áhyggjur af því, herra forseti, miðað við það að hér er verið að lækka bensín tímabundið og mikil óvissa um þróun heimsmarkaðsverðs, þó að menn búist við lækkunum í sumar þá eru miklir óvissutímar nú, að menn geta ekki reitt sig á að þær lækkanir gangi fram. Menn hafa áhyggjur af því þegar þessari tímabundnu lækkun lýkur að verð á bensíni muni rjúka upp aftur og hafa mjög óæskileg áhrif á vísitöluna. Menn eru því að velta fyrir sér og hugleiða að þar sem svona er búið um hnútana, þá sé með einum eða öðrum hætti verið að spila á vísitöluna og velta vandanum raunverulega fram yfir tímabilið eftir maímánuð þegar mælingu á vísitölunni, sem skiptir máli um rauðu strikin, er lokið.

Ég vil, herra forseti, vitna í það sem Edda Rós Karlsdóttir hefur að segja almennt um rauðu strikin sem kom fram í gær m.a. í Ríkisútvarinu og hún endurtók reyndar á fundi nefndarinnar í gær, en í Ríkisútvarpinu segir forstöðumaður greiningardeildar Búnaðarbankans, með leyfi forseta:

„Það hefur verið byggð upp svona verðbólgustífla má segja sem hefur komið í veg fyrir verðhækkanir á síðustu mánuðum og hún hefur náttúrlega lýst sér í því að fyrirtæki og opinberir aðilar hafa haldið í sér til þess að tryggja að rauðu strikin haldi og við sjáum til dæmis að innfluttar vörur aðrar en matvörur eiga í raun inni nokkra hækkun út af veikingu krónunnar. Hið opinbera hefur verið að draga til baka hækkanir og annað slíkt og ég held að það sé alveg ljóst að þessi verðbólgustífla, hún mun að einhverju leyti bresta strax um miðjan maí og í kjölfarið muni verðbólga hækka tímabundið."

Hún segir, herra forseti, að innflytjendur eigi inni nokkra verðhækkun vegna lækkunar á gengi krónunnar á síðasta ári og telur að áhrif gengislækkunar á matvörur hafi komið fram, og segir hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Hins vegar í svonefndum varanlegum neysluvörum, heimilistækjum, húsgögnum og þvíumlíku þá sýnist henni að seljendur hafi ekki hækkað verð í samræmi við veikingu krónunnar." — Það er því ljóst, herra forseti, að forstöðumaður greiningardeildarinnar telur að það sé enn töluvert í pípunum sem eigi eftir að koma fram í hærra verðlagi.

Síðan segir forstöðumaðurinn, með leyfi forseta:

„Eitt grundvallaratriði þess að verðbólgan fari ekki á flug er að krónan haldi áfram að styrkjast og einnig að hækkunum á opinberum gjöldum sem dregnar voru til baka verði ekki lætt inn."

Herra forseti. Auðvitað er afar mikilvægt að þær hækkanir sem ríkisstjórnin hefur dregið til baka fari ekki að koma fram einhvern tíma aftur síðar á árinu og þetta sé lækkun sem a.m.k. er hægt að treysta að komi ekki fram á þessu ári. Nefndin áréttar það raunverulega í nál. sínu en þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin bendir jafnframt á að ríkisstjórnin hefur fallið frá gjaldtöku á árinu 2002 vegna hækkunar áfengisgjalds sem gert var ráð fyrir við samþykkt fjárlaga, fyrirhugaðri hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins og fyrirhugaðri hækkun á komugjöldum sjúklinga, en þessar ráðstafanir hafa það í för með sér að ríkissjóður verður af alls u.þ.b. 750 millj. kr. miðað við fjárlög."

Það stendur út af í þessu að ríkisstjórnin hefur ekki dregið til baka þá hækkun sem boðuð var í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna og snertir hækkun á skráningar- og efnisgjöldum í framhaldsskólum og háskólum sem við ræddum fyrir áramótin að mundi hafa 0,14% áhrif á vísitöluna sem er ekki að öllu leyti komin fram, herra forseti, og var staðfest í nefndinni af fulltrúum fjmrn. og reyndar ASÍ að mundi koma frekar fram í vísitölunni síðar á þessu ári. Er það út af fyrir sig sérstakt að ríkisstjórninni skuli vera svona fast í hendi að halda í hækkun á þeim innritunargjöldum með tilliti til þó þeirrar viðleitni sem hún hefur sýnt að lækka áformaðar gjaldtökur um 750 millj. kr. en hækkun á innritunar- og efnisgjöldunum átti að gefa ríkissjóði 100 millj. kr. og hafa veruleg áhrif á vísitöluna eða um 0,14% og er verulega íþyngjandi fyrir námsmenn en þetta er liður í stefnu sjálfstæðismanna sem framsóknarmenn hafa greinilega orðið að kaupa, þ.e. að festa hér skólagjöld í sessi.

Þetta vildi ég draga fram, herra forseti, að ákveðnir þættir eru enn þá í pípunum sem ýmsir hafa áhyggjur af að komi fram í hækkun á vísitölunni og það eru aðilar sem eru ekki eins bjartsýnir og ríkisstjórnin og t.d. ASÍ um að rauðu strikin haldi. Ég vil halda því til haga í umræðunni að það er ekki síst Alþýðusamband Íslands og forusta þess sem á þakkir skildar fyrir það hvernig hún hefur barist ötullega fyrir því á mörgum vígstöðvum að rauðu strikin haldi og verðbólgan fari ekki á flug og ríkisstjórnin hefur sannarlega tekið þátt í því með þeim hætti sem ég hef lýst og fram kemur í nál.

Það er ekki bara forstöðumaður greiningardeildar Búnaðarbankans sem hefur þessar áhyggjur að því er varðar verðbólguna og rauðu strikin. Ég vil minna á nýlegt álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en þar segir, með leyfi forseta, og vitna ég þar í forustugrein í Morgunblaðinu í dag:

„Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn virðist í raun ekki hafa trú á því að verðbólgan geti orðið undir 4% í byrjun næsta árs og nálægt 2,5% markmiði bankans undir lok þess. Sendinefnd sjóðsins telur „hætt við að verðbólga verði ofan við þennan feril". Hún telur að enn eigi verðlagsáhrif gengislækkunar krónunnar eftir að koma fram, að launabreytingar geti orðið meiri en Seðlabankinn gerir ráð fyrir, annars vegar vegna launaskriðs og hins vegar ef rauðu strikin í maí haldi ekki."

Herra forseti. Í þessu áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að hluta til tekið undir þær áhyggjur sem fram koma hjá forstöðumanni greiningardeildar Búnaðarbankans.

Út af fyrir sig væri mjög freistandi, herra forseti, þó að ég ætli ekki að gera það að ræða ýmislegt sem kemur fram í áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem væri auðvitað nauðsynlegt að ræða á þingi, t.d. þær áhyggjur sem koma fram hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um aukna áhættu sem hefur skapast í fjármálakerfinu og getu þess til að bregðast við áföllum sem hafi minnkað. Þar er aftur verið að hamra á því sem ég hef iðulega minnt á hér í ræðustól að gera þarf kröfur um hærra eiginfjárhlutfall bankastofnana og að Fjármálaeftirlitið hafi skýrari lagaheimild til þess að krefjast hærra eiginfjárhlutfalls. Einnig vitna þeir í að reglur um að framlög banka á afskriftareikningi útlána séu lakari en best gerist erlendis. Þetta eru allt atriði sem ég hef margtekið upp, bæði í umræðum og fyrirspurnum á þingi og það var freistandi að minnast þess þó að málið sé ekki alveg skylt því sem við

erum að ræða hér, og þó, þar sem ég vitnaði í það sem varðar verðbólguþáttinn í áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Ég vil líka vitna til þess sem fram kom hjá forstöðumanni greiningardeildar Búnaðarbankans á fundinum í efh.- og viðskn. Hún taldi að svigrúmið til að halda sig innan rauðu strikanna væri mjög knappt og hafði þá fyrirvara á sem ég lýsti að þeir gætu haldið og nefndi það að aðeins tvisvar á 10 ára tímabili hefði tekist að halda sig innan við svo þröngt svigrúm sem hér er eftir til að rauðu strikin haldi. Það þarf að halda vel á spöðunum til að svo verði.

Þá kem ég, herra forseti, og skal út af fyrir sig ekki lengja þetta mikið frekar, að þeirri brtt. sem við höfum flutt, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og ég, og hún snertir það hvað þessi lækkun á almennu vörugjaldi af bensíni eigi að gilda lengi. Við teljum óvarlegt að það sé einungis til loka júní 2002 og minnum á að það eru óvissutímar fram undan varðandi bensínverð og hækkun á heimsmarkaðsverði og alls óvíst að sú lækkun sem menn treysta á gangi fram, og þá standa menn frammi fyrir því að vörugjaldið mun aftur fara upp í það sem var fyrir þessa breytingu, þ.e. 10,50, og það mun örugglega ekki standa á olíufélögunum heldur að hækka verð á bensíni. Þetta getur haft gífurleg óæskileg áhrif á vísitöluna. Þess vegna teljum við að ríkisstjórnin þurfi að hafa svigrúm til þess að geta framlengt þessa lækkun á almennu vörugjaldi ef þörf er á, og til eru tvær leiðir í því sambandi. Við fórum yfir það, ég og hæstv. fjmrh., við 1. umr. málsins og skiptumst nokkuð á skoðunum. Hæstv. ráðherra hélt því þá fram að það stæðist ekki að setja ákvæði til bráðabirgða eins og ég taldi að væri möguleiki, þ.e. að setja heimildarákvæði til bráðabirgða þess efnis að ef þessar lækkanir á fyrirhuguðu heimsmarkaðsverði gengju ekki fram hefði ríkisstjórnin heimild miðað við þessa tilteknu forsendu til að framlengja þessa lækkun á vörugjaldi. Af því að ráðherra var þeirrar skoðunar að þetta væri hægt, með vísun í stjórnarskrána, sagði ég að vilji væri allt sem þyrfti í því efni, og ég held að ég hafi sannfærst enn frekar um það á fundi efh.- og viðskn. Meiri hluti þeirra úr stjórnarflokkunum í efh.- og viðskn. sem tjáðu sig voru þeirrar skoðunar líka eins og við í minni hlutanum að því er þetta atriði varðar. Okkur kom saman um að ef vilji væri fyrir hendi væri hægt að formúlera slíkt heimildarákvæði fyrir ríkisstjórnina. Við fórum að vísu ekki þá leið í brtt. okkar heldur gerum beina tillögu um það að þetta ákvæði um lækkun á almennu vörugjaldi gildi ekki einungis til loka júní 2002 heldur til 1. nóv. 2002. Þá geta menn metið stöðuna á nýjan leik, þá er þing komið saman. En þegar hugsanlega þarf að bregðast við í júní- eða júlímánuði er þing ekki til staðar og ég hef skilið ráðherrann svo að ekki muni koma til kasta bráðabirgðalaga jafnvel þó að ekki verði sú lækkun á heimsmarkaðsverði á bensíni sem menn ætla. Hæstv. ráðherra mótmælir því þá ef ég fer ekki rétt með. En ég spyr ráðherra til öryggis: Telur ráðherrann að ríkisstjórnin geti haft uppi á borðinu í sumar áætlun um bráðabirgðalög til að koma í veg fyrir áhrifin í vísitölunni ef þetta frv. gengur óbreytt fram og heimsmarkaðsverð á bensíni lækkar ekki? Mér finnst það alveg ótækt. Mér finnst að við eigum að setja undir þann leka núna, annaðhvort með þessari leið sem við hv. þm. Össur Skarphéðinsom leggjum til, að gildistakan verði til 1. nóv., eða við setjumst yfir það og formúlerum heimildarákvæði þannig að hægt verði að bregðast við ef þær ástæður koma upp sem ég lýsti.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson bindum vonir við það að milli 2. og 3. umr. megi takast samstaða milli meiri hlutans og minni hlutans að því er þetta tiltekna ákvæði varðar þannig að menn geti haft þennan fyrirvara á, ef grípa þurfi til framlengingar á þessu séu heimildarákvæðin til staðar eða menn bara hreinlega ákveði gildistökuna síðar. Þetta kostar nokkra fjármuni, satt er það. Það gæti kostað 80–100 millj. í viðbót að framlengja þetta til nóvember ef það er afdráttarlaust hér, en það kostar líka mikið fyrir heimilin og ríkissjóð, herra forseti, ef verðbólgan æðir upp á nýjan leik sem hún sannarlega gæti gert, m.a. vegna áhrifa af bensínhækkun sem hugsanlega gæti komið eftir að því tímabili lýkur sem menn eru nú að bíða eftir, þ.e. í maímánuði þegar menn gera upp hvort rauðu strikin hafi haldið. Það er auðvitað ótækt ef menn eru að spila þannig á vísitöluna að hún komi fram með fullum krafti á þáttum eins og bensíni eða síðar eftir að þessu viðmiðunartímabili vegna rauðu strikanna lýkur. Þess vegna flytjum við þá brtt. sem ég hef lýst.

[11:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika það sem fram kom í máli mínu í gær að hér er um að ræða einskiptisaðgerð sem ætlað er að jafna út þá sveiflu í olíuverði, bensínverði sérstaklega, sem hefðbundin er á þessum árstíma. Þess vegna er þetta bundið við þá þrjá mánuði sem frv. gerir ráð fyrir. Það eru engar fyrirætlanir eins og ég sagði í gær um bráðabirgðalög til að framlengja þessi ákvæði þegar þau renna úr gildi samkvæmt frv. í lok júní.

Ég held að við verðum líka að gá að því að það er ekki raunhæft að gera því skóna að ríkissjóður geti farið að ábyrgjast verðlagsþróun á alþjóðaolíumarkaði hér innan lands. Það verður auðvitað aldrei þannig. Við komumst ekki hjá því þegar fram í sækir og við eðlilegar aðstæður að laga okkur að þróun mála á heimsmarkaði að því er varðar þessar vörur sem aðrar. Það sem við leggjum hér til er að jafna út sveifluna sem nú er væntanlega í gangi ef marka má það sem gerst hefur á undanförnum árum að því er varðar þróunina á þessum árstíma. En að ætla að gera ríkissjóð varanlega að einhverjum ábyrgðaraðila fyrir slíkum sveiflum er náttúrlega ekki hægt.

Að því er varðar þá brtt. sem hér hefur verið lögð fram vil ég að það komi fram af minni hálfu að ég er ekki samþykkur henni. Ég er andvígur henni. Ég tel hins vegar að hún sé í frambærilegum búningi. Hún stenst stjórnarskrána, allt í góðu lagi með það, en ég tel að þetta sé of langt gengið miðað við þau markmið sem við höfum sett okkur með þessu frv. og þar til viðbótar mundi þetta lauslega áætlað kosta ríkissjóð um það bil 100 millj.

[11:54]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að draga neina dul á að þessi orð ráðherra í ræðustólnum valda mér vonbrigðum. Ég hafði gert mér nokkrar vonir um að hægt væri að ná samkomulagi um lendingu á gildistöku þessa ákvæðis, að hægt væri að finna leið, annaðhvort þá sem við leggjum til um framlengingu á þessu til 1. nóv. nk. eða heimildarákvæði sem ég tel að standist alveg stjórnarskrána og við fórum yfir í efh.- og viðskn. í gær. Ég viðurkenni að nokkuð hefur dregið úr væntingum mínum eftir svör hæstv. ráðherra.

Ef ég skil hæstv. ráðherra rétt þvertekur hann líka alveg fyrir að gripið verði til bráðabirgðalaga ef slíkar aðstæður eru uppi að heimsmarkaðsverð á bensíni lækkar ekki. Ég verð að segja, herra forseti, að menn verða að átta sig á

að það er líf eftir maímánuðinn þegar menn sjá hvernig rauðu strikunum vindur fram. Það er auðvitað ekki boðlegt ef menn eru með eitthvað í pípunum, í verðlaginu almennt eða með áhrifunum af þessari hækkun á heimsmarkaðsverði á bensíni, að hún komi öll fram af fullum þunga í júní- eða júlímánuði þegar hættan af þessum rauðu strikum er liðin hjá. Það gengur auðvitað ekki og það er auðvitað ekki því að treysta heldur að olíufélögin sem núna tímabundið, kannski einhverjar vikur, kannski bara út aprílmánuð, ætla að sitja á sér við að hækka bensínið en bæta sér það svo að fullu eftir að hættan varðandi rauðu strikin er liðin hjá í maímánuði. Það er auðvitað ekki boðleg aðferð og það er það sem við óttumst, herra forseti.

Þetta veldur mér vissulega vonbrigðum af því að mér fannst í gær í umræðum nefndarinnar um málið sem það væri ákveðinn vilji af hálfu meiri hlutans líka til að skoða einhverja framlengingu á þessu ákvæði. Ég sakna þess, herra forseti, að framsóknarmenn skuli ekki vera í salnum sem mér fannst taka jákvætt undir þetta í meðferð málsins í efh.- og viðskn. í gær.

[11:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka enn vegna þess að hv. þm. er að reyna að hnykkja á ummælum mínum að því er varðar bráðabirgðalög að um slíkt eru engar fyrirætlanir þegar kemur að því að þessi lög renna úr gildi í lok júní. En hvorki ég né nokkur annar maður getur tekið bráðabirgðalagavaldið frá ríkisstjórninni með yfirlýsingu á Alþingi. Það þarf að liggja alveg fyrir. Það get ég ekki gert. Það getur enginn maður gert. Það vald er ríkisstjórninni falið í stjórnarskrá.

[11:57]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna þessu frv. Ég skil út af fyrir sig að hv. 5. þm. Reykv. vilji framlengja tímann til 1. nóv. úr því að hér stendur til loka júnímánaðar. Ef í þessari tillögugr. hefði staðið 1. nóv. hefði hv. þm. sagt 1. jan. eins og hún hefur unnið hér á þinginu og kemur auðvitað ekki á óvart yfirboð af þessu tagi.

Það sem vekur sérstaka athygli mína er að hv. þm. kvartaði hvað eftir annað í ræðu sinni áðan undan því að hafa ekki getað fengið greinilegt svar um það frá olíufélögunum hvaða verðpólitík þau hyggist hafa núna í sumar, reynir að draga fram að það sé óeðlilegt að ekki skuli vera samráð milli olíufélaganna um verðpólitík fyrir þessa sumarmánuði, kemst svo að orði að það valdi miklum vonbrigðum að olíufélögin geti ekki gefið sameiginlega yfirlýsingu um það hvernig þau muni haga verðlagningu á bensíni á þessu sumri. Þetta er sá hv. þm. sem hvað eftir annað hefur komið upp í ræðustól, kvartað mikið um samráð olíufélaganna, samráð tryggingafélaganna, samráð matvöruverslananna og þar fram eftir götunum, og fordæmt slíkt. Svo kemur þessi hv. þm. upp núna og segir að það valdi sér vonbrigðum að olíufélögin skuli ekki hafa samráð um verðpólitík sem olíufélögin lýsi yfir á fundi með þingnefndinni. Mér finnst málflutningur af þessu tagi ekki sæmandi fyrir hv. þm. og hún eigi miðað við fyrri orð og fyrri umræður í þingsölum að halda sig við það að hún ætlist til þess að olíufélögin standi við samkeppnislögin og stundi heilbrigða samkeppni í landinu.

[11:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil frábiðja mér þennan útúrsnúning sem kemur fram hjá hæstv. forseta. Við erum auðvitað ekki óvön því í þingsal að hæstv. forseti blandi sér í umræður með mjög óvanalegum og sérkennilegum hætti eins og hann er að gera hér.

Ég hef lýst því, herra forseti, að ástæðan fyrir því að við erum að leggja til þessa dagsetningu er sú að þing situr ekki þegar dagsetning frv. rennur upp og þá geta verið þær aðstæður uppi að bensínverð hækki mjög mikið sem hefur óæskileg áhrif á vísitöluna. Það er fyrst og fremst tilgangurinn með þessari breytingu og ástæðan fyrir nákvæmlega þessari dagsetningu þannig að ég frábið mér svona útúrsnúning eins og fram kom úr munni forseta.

Svo frábið ég mér það líka, herra forseti, og mér finnst það ekki samboðið hv. þm. og forseta þingsins, að hann sé að leggja mér orð í munn, og það er ekki í fyrsta skipti sem hann gerir það. Ég hélt ekki fram að ég væri að leggja til í þingnefndinni að óska eftir samráði tryggingafélaganna. Hvers lags bull er þetta úr munni hæstv. forseta? Ég var að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að það hefði komið fram hjá olíufélögunum að þau treysta sér ekki nema e.t.v. út aprílmánuð til að halda sig við það að hækka ekki bensínið. Er ég með því að biðja um samráð olíufélaganna? Hvers lags fjarstæða er þetta? Auðvitað kemur engum manni hér inni á óvart að hv. þm. Halldór Blöndal skuli halda uppi vörn fyrir olíufélögin sem haga sér iðulega, eins og margoft hefur komið fram, eins og ríki í ríkinu með verðsamráð. Það hefur margkomið fram þegar þau eru að biðja Samkeppnisstofnun um grið að því er varðar verðsamráð þeirra

Og auðvitað er það þverstæða og útúrsnúningur hjá hv. þm. að ég sé að kalla eftir samráði hjá tryggingafélögunum. Þvert á móti hef ég beitt mér fyrir því af fullri hörku á þinginu að komið sé í veg fyrir svona verðsamráð eins og tryggingafélögin hafa orðið vís að.

[12:01]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt í fyrsta lagi að gera athugasemd við að hæstv. forseti skuli ekki grípa inn í þegar hv. þm. kallar mig forseta þingsins meðan annar situr hér í forsetastóli, sem er auðvitað óþinglegt og ósæmandi fyrir jafnþingreynda manneskju og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ég vil segja við hv. þm. að hún stóð hér upp áðan, við getum saman farið yfir það sem hv. þm. sagði, og talaði um að hún vildi fá tryggingu frá olíufélögunum um að þau mundu ekki hækka bensínið í sumar. Þegar gengið er á fulltrúa olíufélaganna er fátt um svör og það veldur vonbrigðum, sagði hv. þm.

Var ekki hv. þm., með þessum ummælum sínum, að skýra frá því að hún hefði beðið um það í efh.- og viðskn. að fá upplýsingar um það hjá olíufélögunum hvernig þau ætluðu að haga verðpólitík sinni á sumri komanda? Ég veit ekki betur en að á fundi með nefndinni hafi verið fulltrúar tveggja olíufélaga. Eins og hv. þm. talaði hér áðan lýsti hún því yfir að það ylli sér vonbrigðum að ekki kæmi sameiginleg yfirlýsing frá fulltrúum þessara tveggja olíufélaga um hvernig þau hygðust halda verðpólitík sinni. Hún talar um að það valdi sér vonbrigðum að fá ekki slíka sameiginlega yfirlýsingu. Ekki var hægt að skilja ræðu hv. þm. á annan hátt.

Það er svo eftir öðru að hv. þm. skuli dylgja um það að ég eigi einhverra hagsmuna að gæta hjá olíufélögunum. Það er bara í samræmi við málflutning hv. þm. að öðru leyti. En mér finnst að hv. þm. eigi að hafa drenglyndi og festu til að standa þannig að málflutningi hér að það sé í samræmi við það sem hún endranær segir. Mér finnst að hún ætti að geta skilið að olíufélögunum er ekki heimilt að lýsa því yfir í þingnefnd hvernig verðpólitík þeirra verði á sumri komnanda, hvað þá að þau geti lýst því yfir í þingnefnd að þau ætli að hafa samráð um verðpólitík á sumri komanda.

[12:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé lítið hægt að læra af síðasta ræðumanni um það sem kallast lágmarkskurteisi eða hvernig rétt skuli með fara hér úr ræðustól.

Ég vil andmæla því og fordæma að hv. þm., sem stundum er forseti í þessum ágæta stól hér fyrir aftan mig, skuli fara rangt með og segja ósatt úr þessum ræðustól. Ég sagði aldrei að ég hefði verið að kalla eftir sameiginlegri yfirlýsingu olíufélaganna. Það segir hv. þm. hreinlega ósatt. Hann fer með rangt mál og fleipur hér úr ræðustól.

Hitt er annað mál að olíufélögin eða fulltrúar þeirra lýstu því yfir á fundinum að þeir vildu leggja sitt af mörkum til þess að hin svokölluðu rauðu strik héldu. Þeir vildu þó ekki ganga lengra en svo að lýsa því einungis yfir að óbreytt verð á bensíni mundi aðeins gilda út aprílmánuð. Þeir vildu ekki lýsa því yfir að verð á bensíni yrði óbreytt, a.m.k. fram yfir þessu rauðu strik. (Gripið fram í.) Ég hef fyllstu ástæðu til þess að ætla, herra forseti, að olíufélögin reyni, ef ekki kemur fram þessi verðlækkun á bensíni, með einum eða öðrum hætti að ná sér í þá hækkun sem varð á heimsmarkaðsverði núna. Þau sitja að vísu á sér með að hækka bensínið nú en munu reyna að ná í hana í sumar.

Herra forseti. Hv. þm. hleypur hér úr salnum þannig að ég hef ekki meira við hann að segja en ég fordæmi hvernig hv. þm. fer hér hvað eftir annað með rangt mál úr þessum ræðustól. Ég stend auðvitað við að fyllsta ástæða er til að skoða fákeppni og samþjöppun hjá olíufélögunum betur en gert hefur verið.

[12:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál, sem fram fór í gær, lýsti ég almennum sjónarmiðum og viðhorfum til málsins. Ég þarf þess vegna ekki að vera langorður. Málið hefur ekki tekið breytingum og mín grundvallarviðhorf eru hin sömu. Samantekið gengur þetta mál út á að lækka almennt vörugjald af bensíni. Ég hef áður lýst því yfir að mér hefði fundist það skynsamleg ráðstöfun fyrir fáeinum mánuðum, að lögfesta breytingu á fyrirkomulagi við innheimtu þessa gjalds. Áður var það hlutfall af olíuverðinu, 97% af olíuverðinu, en er nú fest í tiltekna krónutölu, sem nú er 10,50 kr. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að sú upphæð verði lækkuð um 1,55 kr., tímabundið eða til júníloka.

Það kemur fram í fylgiskjali með frv. að þetta muni hafa í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð sem nemur 80 millj. kr. Ég er talsmaður þess að á Íslandi sé rekin öflug velferðarþjónusta og geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að til þess að standa straum af kostnaði við hana þarf að innheimta skatta. Ég hef verið mjög gagnrýninn á þær kerfisbreytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu á undanförnum árum. Þar hefur þeim verið ívilnað sem helst eru aflögufærir í okkar þjóðfélagi, fjármagnseigendum, hátekjufólki og stórfyrirtækjum sem búa við góðan hag. En launafólk hefur borið skarðan hlut frá borði því tekjuskattshlutfallið hefur farið hækkandi, þegar til langs tíma er litið og þess að skattleysismörk hafa ekki færst upp í samræmi við almenna verðlags- og launaþróun í landinu.

Þegar kemur hins vegar að þessum skatti þá gerist ég nokkuð blendinn. Auðvitað er það öllum til hagsbóta sem þurfa að nota bílinn mikið þegar bensínið lækkar og þar af leiðandi útgjöld heimilisins. Hins vegar er það mitt sjónarmið almennt að þessi skattheimta sé ekki óeðlileg. Hún er í sjálfu sér umhverfisvæn því að hún dregur úr bílaumferð sem veldur mengun.

Í skýringum með þessu frv. er vísað til þess að heimsmarkaðsverð á olíu hafi farið hækkandi. Eins og fram hefur komið í fréttum hækkaði verðið fyrir olíutunnuna um 4%, hálfan annan dollar, fyrir nokkrum dögum. Þetta segir til sín í bensínverðinu ef ekki er gripið til ráðstafana.

Ég hef vakið athygli á því að olíufélögin hafa birt ársreikninga sína þar sem fram kemur að þau skila miklum og umtalsverðum arði. Ég hefði viljað að þau tækju á sig þessar hækkanir í ríkari mæli en þau hafa gert og hefði kosið að ríkissjóði hefði verið forðað frá því að sinna því hlutverki. Auðvitað horfir maður í þetta tekjutap sem ríkissjóður verður fyrir.

Í gær kom fram í máli hæstv. fjmrh. að nú væri náttúrlega ekki fyrirsjáanlegt hver verðlagsþróun yrði á heimsmarkaði. Það hefur komið fram að á þessum árstíma fer heimsmarkaðsverð iðulega upp á við en hjaðnar síðan þegar líður á sumarið. En nú bætist það við að ástandið í Miðausturlöndum og í íslömskum olíuframleiðsluríkjum er í mikilli óvissu. Þar hafa verið uppi getgátur og reyndar tillögur um að menn beittu viðskiptaþvingunum gagnvart Vesturlöndum út af ástandinu fyrir botni Miðjarðarhafs. Þannig er þetta mál í hinni mestu óvissu og ekki víst hvort þau markmið sem lögð eru til grundvallar með þessum breytingum til sveiflujöfnunar nái fram að ganga á þessum skamma tíma sem frv. tekur til. Þess vegna kemur vissulega til álita að framlengja tímann eins og hér hefur verið rætt. Hins vegar verðum við að gera okkur grein fyrir því að það kostar peninga. Þar erum við hugsanlega að tala um 100 millj. kr. til viðbótar. Ég vil horfa á samhengi þess að skera niður tekjur ríkisins og hins vegar kröfurnar á þetta sama ríki. Þar hef ég gengið framarlega í flokki, þeirra sem vilja gera ríkar kröfur til ríkisins þannig að þar er að mörgu að hyggja.

Í nál. efh.- og viðskn. sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eigum aðild að, með fyrirvara þó, er vísað til aðgerða sem ríkið hefur gripið til með það að markmiði að halda aftur af verðlagi. Þær ráðstafanir set ég ekki allar undir sama hattinn. Þar er t.d. vísað í að fallið hafi verið frá gjaldtöku á árinu 2002 vegna hækkunar áfengisgjalds sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Áfengisgjaldið finnst mér ekki ósanngjarn skattur eða óheppilegur skattur. Ég er fylgjandi þeim skatti þannig að ég er ekki ýkja hrifinn af þeirri ráðstöfun. Hitt hins vegar sem lýtur að Ríkisútvarpinu hef ég gagnrýnt. Þar var fallið frá heimild Ríkisútvarpsins til að hækka afnotagjöldin, reyndar er heitið myndarlegri innspýtingu í þá stofnun til að vega upp á móti tekjuskerðingunni. Á þeirri fjárveitingu hefur staðið en Ríkisútvarpið hefur þurft að bregðast við niðurskurðinum, öllu heldur fyrirsjáanlegum tekjumissi, með því að draga saman seglin og hugsanlega segja upp fólki, a.m.k. hafa borist fréttir af þessu. Þetta hef ég gagnrýnt.

Hins vegar fagnaði ég því innilega að fallið væri frá hækkun komugjalda sjúklinga, það þótti mér heppileg ráðstöfun. Ég set þessar ráðstafanir þannig ekki allar undir sama hatt en lýsi engu að síður því grundvallarsjónarmiði til þessa máls að ég mun styðja það sem mikilvægt framlag til sveiflujöfnunar á þessu sviði og til að stuðla að verðhjöðnun í landinu. Ég hefði aftur á móti kosið að olíufélögin, sem eru sannanlega aflögufær, hefðu axlað sínar byrðar myndarlegar en raun ber vitni.

[12:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að það væri nú ekki ofrausn að ætla olíufélögunum í landinu að taka á sig þyngri byrðar en þau hafa gert. Þau hafa orðið uppvís að samráði. Þau ástunda ekki eðlilega samkeppni og auðvitað er mál til komið að sá gróði sem þau raka saman í skjóli þessara viðskiptahátta verði með einhverjum hætti af þeim tekinn og færður til neytenda.

Herra forseti. Ég hegg einnig eftir því að hv. þm. er sammála hæstv. fjmrh. um að lofsvert sé að taka upp þennan hátt sem hér er lagður til í frv. til þess að framkvæma það sem þeir báðir kalla sveiflujöfnun. Því er ég líka sammála. Það hefur hins vegar komið fram bæði í ræðu hæstv. ráðherra í gær og í þeim viðræðum sem við hv. þm. áttum við ýmsa gesti á fundi efh.- og viðskn. í gærkvöldi að svo kynni nú að fara að viðsjár á alþjóðavettvangi leiddu til þess að kúfurinn hnigi ekki, þ.e. að lækkunin sem gert er ráð fyrir að verði miðað við árstíðasveiflur fyrri ára, gangi ekki eftir.

Hv. þm. hefur manna fremst gengið í því að draga í efa að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir í þessum efnum séu líklegar til þess að hafa varanleg áhrif. Ýmsir sem honum tengjast hafa jafnvel notað orðið „vísitölufiff". Í umræðum hér í gær var orðið „fúsk" nefnt. Við hv. þm. hljótum að vera sammála um að það eigi ekki að beita neinum trixum í þessu, þ.e. að menn vinni í einlægni að því að lækka verðbólguna.

Því spyr ég í ljósi þess að margt bendir til þess að það er ekkert víst að verðið hjaðni aftur: Telur hann þá ekki, til þess að koma í veg fyrir fiffið og fúskið, að réttmætt væri af hálfu hans ágæta stjórnmálaflokks að styðja þá brtt. sem við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir höfum lagt fram um að þessi lækkun verði framlengd til 1. nóvember?

[12:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni að mér fyndist þetta koma til álita til að ná þeim markmiðum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lýst samþykki við. Þetta frv. er fyrst og fremst hugsað sem sveiflujafnandi aðgerð og ýmsir áhættuþættir sem m.a. hafa komið fram í máli hæstv. fjmrh. fara saman við þau sjónarmið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsir. Mér finnst þetta koma til álita.

Ég hef hins vegar vakið athygli á því að ég er kröfugerðarmaður á hendur ríkissjóðs og vil að við rekum hér myndarlegt velferðarkerfi. Ég vek athygli á því að hér yrði um að ræða 100 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Ég hef einnig vakið athygli á því að bensínskatturinn er umhverfisvænn skattur í sjálfu sér og ekki óeðlileg eða ósanngjörn skattheimta. Að ýmsu er því að hyggja. Já, mér finnst koma til álita að styðja þetta til að ná þeim meginmarkmiðum sem koma fram í frv. En ég vek engu að síður athygli á þessum þáttum.

Síðan um samráðið: Ég er andvígur því að setja undir sama hattinn allt sem heitir samráð. Annað orð um samráð er samvinna. Mér finnst það enginn glæpur á markaði, hvort sem olíufélög, bankar eða aðrir aðilar á markaði eiga í hlut, að þau hafi í sumum tilvikum með sér samráð og samvinnu. Mér finnst það ekki óæskilegt. Þetta nýja viðskiptasiðferði sem er að ryðja öðru og gamalgrónu siðferði og heilbrigðri skynsemi til hliðar er nokkuð sem ég skrifa ekki upp á.

[12:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samvinna er allt annað heldur en samráð. Það er ekkert óeðlilegt við að olufélögin hafi samvinnu um að dreifa olíu eins og þau hafa gert með stofnun sameiginlegs dreififyrirtækis. Allt annað og miklu ógeðfelldara mál er samráð um verð.

Því miður blasir við þegar maður horfir aftur í tímann að hér hefur greinilega verið samráð olíufélaganna um verð árum saman sem leiðir til þess að það er ekki í gangi heilbrigð samkeppni. Það birtist í þessu frv. hér. Það er beinlínis gert ráð fyrir því að bensínverð ólíkra fyrirtækja, sem ættu og eru í orði kveðnu að keppa á markaði, lækki jafnt þegar líður fram á sumarið. Ekkert annað felst í þessu frv. en staðfesting á því að ekki ríkir heilbrigð samkeppni á bensínmarkaði.

Herra forseti. Þær röksemdir sem hv. þm. færir hér gegn því að halda lækkuninni við má líka nota til þess að mæla gegn samþykkt gjaldsins núna um hið tímabundna skeið. Ef þær röksemdir sem hv. þm. teflir fram gegn hugmynd okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að framlengja gjaldið til 1. nóvember duga honum til þess að styðja það ekki þá hljóta þær líka að duga honum til þess að leggjast nú þegar gegn gjaldinu. Það hefur hv. þm. ekki gert. Þar af leiðir, ef hann er samkvæmur sjálfum sér, hlýtur hann að komast að þeirri niðurstöðu að röksemdir hans tvær duga heldur ekki til þess að leggjast gegn þessari tillögu okkar.

Í þriðja lagi, herra forseti, þá er hv. þm. forustumaður í samtökum launamanna sem hafa lagt sinn skerf á vogarskálar þess að hægt sé að berja niður verðlag í landinu vegna þess að það er til hagsbóta launafólki, heimilum og atvinnulífi. Hann sjálfur og flokkur hans hefur efasemdir um að þær aðgerðir sem nú eru í gangi af hálfu stjórnvalda beri nógu varanlegan árangur. Við erum að reyna að skjóta byttu undir þann leka. Það mundi hv. þm. líka gera ef hann samþykkti þá brtt.

[12:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef vakið athygli á því að þetta mál er ekkert svart/hvítt. Ýmislegt mælir með því og annað mælir á móti því. Síðan þarf maður að taka efnislega afstöðu til málsins, vega og meta kostina.

Niðurstaða mín og okkar, eftir að kostir og gallar málsins hafa verið vegnir og metnir, er sú að styðja þetta mál. Með tilliti til þess sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefnir um afstöðu hreyfingar launafólks þá horfa menn að sjálfsögðu til mikilvægis þess að koma hér böndum á verðbólgu og ég held að allt samfélagið sem betur fer sé meðvitað um mikilvægi þess. En samtök launafólks hafa einnig lagt áherslu á aðra þætti, þ.e. að hér sé rekin öflug velferðarþjónusta í landinu. Og til þess að standa straum af kostnaði við þessa velferðarþjónustu sem við viljum reka með sköttum, þá þarf að afla þeirra. Við viljum sýna fulla ábyrgð þegar kemur að ákvörðunum sem lúta að tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Að þessum þáttum er því að hyggja þegar við tökum á þessu máli sem einmitt lýtur að skattlagningunni.

[12:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sat hluta af fundum efh.- og viðskn. þegar þetta mál var til umfjöllunar. Ég rita undir nál. um málið með fyrirvara og ætla aðeins að gera grein fyrir nokkrum þáttum í því sambandi til viðbótar því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson, fastafulltrúi okkar í efh.- og viðskn., hefur hér gert grein fyrir.

Í fyrsta lagi er það augljóst, og það lýsir sér nú í samstöðu um þetta frv., að menn eru af vilja gerðir til þess að leggja lið í baráttunni við að ná niður verðbólgu og koma böndum á efnahagsmál og hagstjórn. Það er svo sannarlega þörf á. Það er ástæða til að rifja það upp í þessari umræðu hvernig horfur voru og út af fyrir sig eru enn tvísýnar. En hér fyrir fáeinum mánuðum stóðu menn frammi fyrir, í fyrsta skipti í meira en áratug, um 10% verðbólgu mældri á ársgrundvelli. Verðbólga var á milli 8 og 10% mæld á ársgrundvelli nokkra mánuði í röð. Mörg fleiri einkenni um jafnvægisleysi í efnahagslífinu og hagstjórninni hafa verið og eru mörg enn uppi.

Þess vegna var það mjög virðingarvert framtak sem verkalýðshreyfingin sérstaklega hefur beitt sér fyrir, að reyna að berjast í þessari orrustu við verðbólguna og jafnvægisleysið og þurfti m.a. sérstakan þrýsting utan að til þess að fá hæstv. ríkisstjórn til þess að draga til baka eða breyta áformum sem hún hafði svo seint sem í desember verið að troða hér í gegn með afgreiðslu fjárlagafrv. Sumpart hefur verið fallið frá slíkum áformum, en öðrum frestað. En að sjálfsögðu þarf að huga að því hvaða áhrif það síðan aftur hefur, t.d. það að draga úr áður áformuðum tekjum Ríkisútvarpsins sem aftur hrekur þá stofnun til niðurskurðar, veldur því að hún getur ekki gert upp skuldbindingar sínar við aðra aðila eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands o.s.frv.

Öðru er að sjálfsögðu einboðið að fagna, þ.e. að ríkisstjórnin var vegna þessa þrýstings sem ástandið í verðbólgumálunum skapaði, hrakin til að draga til baka eða lækka áður áformaðar hækkanir á ýmsum gjöldum, komugjöldum, skólagjöldum og öðru slíku.

Herra forseti. Hitt er svo jafnljóst að öll viðbrögð manna í þessu sambandi þurfa að vera trúverðug. Það hættulegasta í þessu er ef aðgerðirnar hafa á sér yfirbragð verkjalyfjatöku, að þetta sé svona magnyl við hausverknum sem dugi nokkra klukkutíma og búið. Það sem ég leyfi mér að gagnrýna við framgöngu ríkisstjórnarinnar almennt er að mjög óljós svör hafa komið varðandi það hversu varanlegar ýmsar breytingar eða aðgerðir verða sem ríkisstjórnin hefur eftir atvikum verið knúin til að fara í. Verður fallið til frambúðar frá því að hækka skólagjöld og komugjöld á heilbrigðisstofnanir eins og til stóð og horfið frá þeirri stefnu að velta sífellt auknum álögum yfir á sjúklinga og notendur? Eða er þarna bara verið að slá á frest hækkunum og í raun grundvallarbreytingum á fyrirkomulagi þessara mála sem ríkisstjórnin er alltaf að nudda við að koma hér á? Er verið að draga úr þeirri jöfnun sem fólgin er í greiðslum gegnum sameiginlegan sjóð og færa meira og meira af kostnaðinum yfir á notendur þannig að smátt og smátt breyti þetta velferðarþjónustukerfi okkar um eðli og hætti að vera samábyrgt, almennt og kostað af sameiginlegum sjóðum í grunninn og verði í sífellt meira mæli greitt af þeim sem þurfa á þjónustunni að halda og þá jafnvel að verulegu leyti án tillits til efnahagslegra aðstæðna þeirra? Og allir vita hvaða afleiðingar það hefur.

Nei, herra forseti, það er fullkomlega eðlilegt að hér sé spurt um þessa þætti og þá ekki síst þá sem lúta að trúverðugleika málanna því að auðvitað væri mönnum lítill greiði gerður með því þó að menn næðu að smeygja verðlaginu að nafninu til með einhverjum æfingum inn fyrir viðmiðunarmörkin í maí nk. ef svo rýkur allt á fulla ferð aftur. Þá halda að vísu kannski kjarasamningar en þeir sem fyrir verðhækkununum verða, þolendur verðbólgunnar, yrðu þá litlu nær ef þetta reyndust hafa verið magnyltöflur sem entust mjög illa.

Það er líka mikilvægt að huga að því hvar borið er niður, að svo miklu leyti sem aðgerðir sem stjórnvöld beita sér fyrir eða eru þátttakendur í hafa útgjaldaáhrif. Það ætla ég kannski ekki síst að nefna í þessari stuttu ræðu minni, herra forseti: Hvar er þá verið að bera niður? Að því þarf að huga mjög vel. Er endilega borið er niður þar sem skynsamlegast og réttlátast væri að gera það ef menn eru bara að hugsa um hvað komi hagstæðast út fyrir vísitölumælingar? Það er eðlilega mjög freistandi fyrir menn að grípa inn í sambandi við bensínið eins og núna stendur á, af því það er að hækka. Þar eru sýnileg hækkunartilefni. Og með því að ríkið leggi þarna eitthvað af mörkum og dragi úr skattlagningu sinni á bensíni þá er hægt að draga úr þessum hækkunum eða fresta þeim tímabundið.

En þetta kostar peninga, einhverjar 80 millj., 100 millj., segjum við, úr ríkissjóði. Þá er mönnum skylt á hverjum tíma að spyrja: Gott og vel, ef við erum hér stödd frammi fyrir aðstæðum þar sem á dagskrá er að kosta til 100 millj. kr. í skertum skatttekjum eða auknum útgjöldum ríkisins, hvar er þá réttast að bera niður, og ekki bara með hliðsjón af vísitöluáhrifum heldur líka því að aðgerðirnar komi til góða þeim sem mest eru þurfandi? Hvaða vísitöluáhrif hefði t.d. 100 millj. kr. lækkun á skilgreindum útgjöldum barnafjölskyldna í landinu, jafnvel þó að vísitöluáhrifin væru eitthvað minni, ef menn yrðu nú sammála um að það væri ákaflega góð aðgerð til þess að koma til móts við þarfir þessa hóps? Þá mundi að vísu bensín hækka eitthvað eða verða eitthvað dýrara en ella. En aðrir útgjaldaþættir heimilanna í landinu lækka á móti.

Herra forseti. Þetta finnst mér að verði að nefna hér því að annars eru menn svona frekar meðvitundarlitlir í þessum gamla leik, má segja upp að vissu marki, að reyna að hafa hér áhrif á vísitöluna vísitölunnar vegna og þess sem á henni hangir, sem að vísu er ekkert lítið í þessu tilviki, þ.e. kjarasamningarnir sjálfir.

Auðvitað þarf líka að huga að fleiri þáttum, og hér nefndi hv. þm. Ögmundur Jónasson umhverfishliðina. Staðreyndin er sú að jarðefnaeldsneyti er ekki mikið skattlagt á Íslandi, það er minna skattlagt en í mörgum af nágrannalöndunum. Ég hygg að t.d. bensín sé þó nokkuð dýrara í sjálfu olíulandinu Noregi en á Íslandi. Væntanlega er það ekki flutningskostnaður eða annað sem skýrir þann mun heldur fyrst og fremst að norska ríkið gengur lengra í skattheimtu, og svipað hygg ég að sé upp á teningnum í Svíþjóð og jafnvel Danmörku.

Rekstur venjulegs heimilisbíls, við getum sagt fyrsta bílsins í hverri fjölskyldu, er náttúrlega hluti af daglegum veruleika langstærsts hluta fjölskyldna í landinu, og það er staðreynd sem við okkur blasir. Við þurfum auðvitað að taka mið af að þarna er um að ræða útgjöld sem koma við mjög marga. En það á að spyrja og velta fyrir sér: Hver

eru efnisatriði málsins og er það nákvæmlega þarna sem við viljum bera niður? Ég nefni t.d. aftur barnavörur eða útgjöld barnafjölskyldna. Ég held að flestir séu sammála um að það væri aðgerð sem margt mælti með.

Menn hafa aðeins rætt um horfurnar í þessu máli og hvaða líkur séu á því að þessar aðgerðir komi að tilskildu gagni, dugi, og hvort þess megi vænta að bensínverðið lækki síðan í sumar þannig að þó að lækkun gjaldsins gangi til baka í lok júní verði það í lagi vegna þess að þá verði heimsmarkaðsverð á bensíni komið á niðurleið. Að vísu þarf það þá að lækka nokkru fyrr því að eins og við þekkjum er ákveðin tímatöf í þessu kerfi. Ef dýrir farmar berast til landsins í mánuðunum apríl og maí mun bensínverðið að sjálfsögðu ekki lækka fyrr en í júlí, ágúst, ef að líkum lætur. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt, að ýmsum finnst, að tregðan hafi verið meira í aðra áttina, heimsmarkaðsverðinu sé illa fylgt niður á við en síður standi í mönnum að hækka verðið hér þegar heimsmarkaðsverðið er á uppleið.

Menn hafa jafnframt nefnt hina árstíðabundnu sveiflu sem á sér ósköp einfaldar skýringar, að orka, olía og olíuvörur til húshitunar, eru náttúrlega meira keyptar og meira notaðar yfir vetrartímann á Vesturlöndum og hér á norðurhvelinu. Þar er um svo stóran notanda að ræða að hann hefur áhrif á árssveifluna í notkun og verði þessarar vöru, meira að segja þannig að það er algjörlega merkjanlegt ef kaldir vetur ganga yfir meginlönd Norður-Ameríku og Evrópu. Þá er þessi notkun meiri af skiljanlegum ástæðum og verðið hækkar, og lækkar svo gjarnan yfir sumarmánuðina vegna þess að þessi húshitunarþáttur dettur út og vegna þess að atvinnulífið er oft í meiri hægagangi yfir sumarmánuðina vegna sumarleyfa o.s.frv. Að vísu kemur þá á móti aukin notkun einstaklinga.

Vandinn er sá, herra forseti, að það er eiginlega ekkert sem bendir til þess að tilefni sé til bjartsýni í þessum efnum núna. Hinar almennu aðstæður og tiltrú manna á því að olíuframleiðsluríkin muni skila framleiðslunni inn á markað ræður miklu meiru en þessi árstíðabundna sveifla. Menn hafa frekar áhyggjur af að dreifingin truflist af styrjaldarátökum eða því að þau öfl nái undirtökunum sem vilja takmarka framleiðsluna svo mjög að hægt sé að spila á heimsmarkaðsverðið og það rjúki upp.

Fréttirnar frá Miðausturlöndum eru skelfilegri en nokkru sinni fyrr. Við erum að vísu að tala núna í fréttatíma Ríkisútvarpsins, herra forseti, en ég náði inngangi fréttanna og gat ekki betur heyrt en að ástæða væri til að ætla að fréttirnar frá Miðausturlöndum væru ömurlegri en nokkru sinni fyrr, og tölur um mannfall hækkandi. Það er alveg ljóst að þessi heimshluti er á barmi þess að rata inn í allsherjarstyrjöld með afleiðingum sem eru algjörlega ófyrirsjáanlegar og enginn veit hvernig mundu koma inn í þetta samhengi hér þó að það sé auðvitað aukaatriði borið saman við þær hörmungar og mannlegu þjáningar og mannslíf sem í húfi eru. Þannig er samt staðan. Boðað er að Bandaríkjamenn hafi áhuga á að ráðast á Írak. Varla mun það auka olíuframleiðsluna sem hefur verið að ná sér á eitthvert strik þrátt fyrir að framleiðslutæki og -tól hafi meira og minna verið eyðilögð í Flóabardaga eins og menn vita. Loks má nefna það að olíuríkið Venesúela er mjög ákveðið í þeirri afstöðu sinni að takmarka framleiðslu, beitir sér í hópi olíuframleiðsluríkja fyrir því að framleiðslan sé takmörkuð sem mest má vera til að ná upp heimsmarkaðsverðinu. Auðvitað þurfa þeir á þeim aurum að halda, Venesúelamenn, það er ekki spurning, en þeir eru í fararbroddi þeirra ríkja sem knýja verðið upp. Því miður, herra forseti, eru ekki mikil tilefni til bjartsýni.

Svo er annað sem menn verða auðvitað að hyggja að, m.a. að margt fleira en bensín og olíuvörur skipta máli í sambandi við verð á innfluttri vöru. Ætli innflutt vara í heild vegi ekki um 35% í neyslugrunninum og þar af kannski olíuvörur 10%? Þá eru eftir ein 25% sem eru aðrar mikilvægar innfluttar neysluvörur. Mér fyndist, herra forseti, að menn hefðu líka mátt horfa til þess hvers er að vænta í þeim vöruflokkum, og verðlagsþróun í þeim efnum, á næstu mánuðum. Mögulega væri skynsamlegt að líta að einhverju leyti til þeirra, ekki síður en þess sem hér á í hlut. Það gæti alveg komið til greina, herra forseti. Við vitum af reynslu að utanaðkomandi aðstæður geta alveg eins haft áhrif þar eins og hvað varðar bensín og olíuvörur.

Það hefur t.d. verið nefnt að ástand í efnahagsmálum í Asíu, í raun og veru allt frá því að kreppan gekk yfir í hagkerfinu í Asíu, hefur leitt til þess að Vesturlönd hafa notið góðs af lágu verði á vörum sem þaðan hafa borist. Menn hafa í raun og veru flutt þannig inn verðhjöðnun með vissum hætti. Þetta kom okkur t.d. mjög til góða á árunum 1997, 1998, 1999, og ein ástæðan fyrir því að okkur gekk mun betur þá að hafa tök á verðlaginu — það var ekki snilld ríkisstjórnarinnar í hagstjórn sem einmitt þá lagði grunninn að mestu hagstjórnarmistökunum — var sú staðreynd að við fluttum inn verðhjöðnun. Olíuverðið var á samfelldri niðurleið, gengi krónunnar var að vísu að styrkjast en bæði olíuverðið og stór hluti innflutningsvara okkar var á samfelldri niðurleið. Og auðvitað hjálpaði það til við að halda verðlaginu í böndunum.

Staðreyndin var sú að á þessum árum var undirliggjandi verðbólga í íslenska hagkerfinu upp á 3–5% en við fluttum inn verðhjöðnun á móti sem dugði til að helminga þessar hækkanir eða gott betur þannig að útkoman á köflum var prýðileg í þessum mælingum. En mörgum var ljóst að undirliggjandi verðbólgutilhneigingar voru til staðar. Um leið og við hættum að vera svona heppin að flytja inn verðlækkanir á móti, olíuverðið og annar innflutningur hækkaði, gengi krónunnar hætti að styrkjast — ég tala ekki um eftir að það fór að veikjast — fór auðvitað allt úr böndunum. Þær aðstæður hefðu mátt vera mönnum fyrirsjáanlegar.

Að lokum, herra forseti, er spurning um þá tímabundnu aðgerð sem hér er sett fram í frv. um að lækka vörugjald af bensíni um 1,55 kr. til loka júnímánaðar. Það er auðvitað öllum ljóst að það er svolítið hrá aðgerð sem slík, tímabundin og tiltölulega hrá aðgerð, að slengja þessu svona inn, 1,55 kr. í þennan tíma og búið. Sú aðferð er gölluð og ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, ég hygg hjá þingmönnum Samfylkingarinnar sem hafa talað, að auðvitað hefði þurft að skoða þetta betur vegna þess að allir sjá að það eru ekki mikil nákvæmnisvísindi að slumpa bara á þetta svona: Hendum þarna 1,55 kr. inn í þetta dæmi í þrjá mánuði og 1. júlí bang, búið, algjörlega án þess að vita hver verðlagsþróunin verður þá, hvernig verð á bensínvörum verður o.s.frv.

Ég hefði talið, herra forseti, að ef menn hefðu lagt aðeins meiri vinnu í þetta mál hefði út af fyrir sig að mörgu leyti verið álitlegt að taka inn í lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. verðjöfnunarþátt sem væri þannig útfærður að hann gengi út frá tiltekinni skilgreiningu í heimsmarkaðsverði á bensíni eða olíuvörum og það kæmi sveiflujafnari sem gæti kannski hlaupið á bilinu 0–5 kr. og byrjaði að

virka við tiltekin lægri viðmiðunarmörk. Álagning ríkisins lækkaði ef bensínverðið hækkaði þangað til fimm krónurnar væru t.d. að fullu nýttar. Ef heimsmarkaðsverðið héldi svo enn áfram að hækka umfram það yrðu menn að taka á sig hækkanirnar hér innan lands. Síðan gerðist hið gagnstæða þegar heimsmarkaðsverð lækkaði, afslátturinn eyddist krónu fyrir krónu þangað til að ríkið héldi tekjum sínum að fullu á nýjan leik þegar heimsmarkaðsverðið væri komið niður að neðri mörkunum. Þetta er tiltölulega einfalt að útfæra, herra forseti. Ég giska á að það tæki mann korter að setja saman svona reglu og búa um hana í lögum. Þá held ég að þetta fyrirkomulag væri orðið nokkuð gott.

Við aftengdum hér ekki alls fyrir löngu hlutfallsálagninguna sem mjög hafði verið gagnrýnd, og af eðlilegum ástæðum. Þegar bensínverðið rauk upp úr öllu valdi jók ríkið tekjur sínar af því að álagningin var hlutfallsleg. Menn sáu að þetta stefndi í ógöngur, bjuggu út formúlu og festu gjaldið í tiltekinni krónutölu eins og nú er staðan. Ég held að það hafi tvímælalaust verið rétt aðgerð. En alveg kæmi til greina að ríkið bætti við þá breytingu sveiflujöfnunaraðgerð af þessu tagi og menn stilltu hana þannig af að til lengri *tíma litið yrðu tekjur ríkisins sambærilegar við það sem þær* væru að óbreyttu. Það er ekkert vandamál að skoða í grófum dráttum hvernig þessar verðsveiflur hafa gengið í gegnum tíðina. Þetta væri miklu betri útfærsla á málinu, herra forseti, ef ég má leyfa mér að fullyrða það, og hefði þann stóra kost sem núverandi aðgerð hefur ekki að flöktið í bensínverðinu og olíuvöruverðinu yrði minna. Og það er auðvitað enginn vafi á að það hefur óheppileg verðlagsleg áhrif — ef ekki, þá a.m.k. sálræn — þegar tímar ganga yfir eins og núna, að vikulega, hálfsmánaðarlega eða hið minnsta á mánaðarfresti eru auglýstar og tilkynntar hækkanir á bensíni og öðru vöruverði. Það eru auðvitað aldrei jákvæð skilaboð. Og aðrir hugsa sem svo: Nú, á bensínið að hækka einu sinni enn? Ég verð að fara að skoða þetta hjá mér. Bíddu, hvernig er með gjaldskrána mína? Ég nota nú dálítið bensín.

Ríkið væri þá í raun að leggja dálítið af mörkum til að draga úr þessu flökti, þessum sveiflum, og ef menn gerðu þetta svona sýnist mér að það gæti haft heillavænleg áhrif *í verðlagslegu tilliti, dregið úr þessu flökti í útsöluverðinu* sjálfu sem héldist þá óbreytt á meðan jöfnunarsvigrúmið dygði, upp og niður. Það væri þá ekki fyrr en það væri sprungið sem hækkandi heimsmarkaðsverð leitaði út í verðlagið og öfugt.

Herra forseti. Þetta hefði ég gjarnan viljað sjá að menn hefðu glímt við, og ég nefndi sem möguleika í efh.- og viðskn. í gær til viðbótar við þann möguleika sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt hér brtt. um. Sú tillaga kemur út af fyrir sig líka alveg til greina, og er til bóta að mínu mati frekar en ekki neitt en ég hefði talið betri útfærslu á málinu að ganga þannig frá því eins og ég var að lýsa. Um tillögu Samfylkingarinnar vil ég annars segja, herra forseti, að hún hefur þann kost að í staðinn fyrir að þessu ljúki í júnílok, eins og frv. ríkisstjórnarinnar hljóðar upp á, væru menn þó með það tryggt að þessi afsláttur héldist fram til 1. nóv. 2002. Alþingi gæti með öðrum orðum komið að málinu á nýjan leik, það verður að öllu óbreyttu komið aftur til starfa og verður til staðar til að takast á við aðstæður eins og þær kynnu þá að verða á haustmánuðum. Ég vil lýsa því yfir að fyrir mitt leyti er ég jákvæður í garð þess að þetta sé gert frekar en ekki neitt en hlýt þó að ítreka þá fyrirvara sem ég hef hér sett fram á útfærslu þessa máls.

[12:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lýsir heilbrigðum efasemdum um að sú aðferð sem hér er lögð fram þjóni fyllilega þeim tilgangi sem yfirlýstur er í frv. og af hálfu hæstv. ráðherra. Hann er heldur ekki alveg sannfærður um að sá herleiðangur allur leiði til þess að varanlegur árangur náist í að bægja frá verðbólgu og ég skil það fullkomlega hjá hv. þm.

Ég hef fyrir hönd okkar í Samfylkingunni lýst ákveðnum viðhorfum sem birtast í þeirri brtt. sem við höfum hér lítillega rætt. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að hann var með ákveðnar hugmyndir sem fóru reyndar saman við ýmislegt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi á fundi efh.- og viðskn. í gær. Og ég vil þakka honum fyrir þær undirtektir sem voru ákaflega jákvæðar af hans hálfu gagnvart tillögunni.

Hv. þm. telur að hægt væri með ýmsu móti að koma þessu haganlegar fyrir þannig að ekki væri um að ræða varanlega lækkun á vörugjaldinu ef við sæjum lækkun á heimsmarkaðsverði á bensíni. Það sem hv. þm. er þá að tala um er að fylgni væri á milli lækkunar á heimsmarkaðsverði og því að dregið yrði úr lækkun vörugjaldsins. Ég tel, herra forseti, að þetta komi fyllilega til greina og þess vegna vil ég segja fyrir mína hönd og minna pólitísku vandamanna að við erum alveg reiðubúin til að fallast á slíka tillögu og ég held, miðað við þær umræður sem urðu innan efh.- og viðskn. í gær, að þá hljóti að vera möguleiki á að ná samstöðu um það.

Ég hjó eftir því að í máli ýmissa stjórnarliða, m.a. eins þingmanns Framsfl., komu fram svipuð viðhorf. Og tveir gesta á fundi nefndarinnar ræddu slíkt hið sama, þar á meðal einn af þeim sem hæstv. fjmrh. ræðir reglulega við um viðnám gagnvart verðbólgunni, þ.e. fulltrúi ASÍ. Ég tel því að skynsamlegt sé að draga þessa tillögu til baka og fresta *henni áður en við förum í atkvæðagreiðslu og ræðum þetta* frekar á milli umræðna.

[12:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það væri mjög áhugavert ef mönnum gæfist örlítið tóm til að skoða þetta betur og mér heyrist nú að við séum í öllum aðalatriðum sammála í þessu máli, ég og hv. þm., þannig að ekki er svo sem tilefni til að lengja ræðuhöld um það.

Það sem væri mjög fróðlegt að heyra væri hvort hæstv. fjmrh. væri til í að leggja því lið að þetta yrði skoðað á þeim grunni að þarna yrði frekar reynt að útfæra sveiflujöfnunarbil, einhvers konar sveiflujafnara, stuðpúða, gagnvart verðflökti á olíuvörum, eða „buffer" eins og það hefur nú sennilega verið kallað í efnafræðinni, þannig að menn næðu þeim árangri sem menn eru að leita eftir og ætlunin er að stefna að. Ég held að það væri mjög gott ef tækist að gera það. Það getur vel verið að ráðherra telji ekki tíma til þess og vilji drífa þetta í gegn en þá er þeirri spurningu ósvarað hvað kann að gerast 1. júlí, og það er þá veikleikinn í málinu ef óbreytt frv. verður knúið fram.

En ég lýsi mig mjög reiðubúinn til þess að skoða með hv. þm. hvort mögulega væri hægt að vinna þetta eitthvað frekar, hvort sem það gerðist þá með því að hann kalli brtt. sína aftur og við vinnum þetta og hún verði þá endurflutt ef ekki vill betur til við 3. umr. eða þetta verði gert einhvern veginn öðruvísi.

[12:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að ég og hv. þm. séum sammála um að hægt sé að ná samstöðu um þetta.

Ég nefndi áðan í fyrri ræðu minni að í efh.- og viðskn. í gær kom skýrt fram að það örlaði á vilja hjá mönnum innan stjórnarliðsins til að fara þessa leið. Gestir nefndarinnar, þar á meðal fulltrúi ASÍ, voru þeirrar skoðunar líka. Þetta er allt saman spurning um tiltrú. Er þetta ferðalag sem verkalýðshreyfingin og hæstv. ríkisstjórn hafa lagt sameiginlega í, með tilstyrk og að áeggjan stjórnarandstöðunnar, líklegt til þess að skila varanlegum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni? Ef ekki þá mundum við standa frammi fyrir því sem sumir greiningarmeistarar fjármálastofnana lýstu í fjölmiðlum í gær, að þegar kæmi fram á sumar tæki verðbólgan að rísa aftur og mundi rísa út árið og ekki hjaðna aftur fyrr en komið væri í febrúar á næsta ári. Og það er nokkuð sem við viljum ekki sjá, herra forseti.

Tiltrúin skiptir máli. Hvers vegna? Vegna þess að ef atvinnulífið, sem hefur líka tekið þátt í þessu með ákaflega jákvæðum hætti, fær á tilfinninguna að eitthvert hálfkák sé í gangi hjá hæstv. ríkisstjórn þá er líklegt að menn þar kippi fljótt að sér höndum. Þá er sömuleiðis líklegt að menn í atvinnulífinu ráðist ekki í frekari verðlækkanir, sem e.t.v. væri tilefni til. Enn er ákveðin hætta fyrir höndum. Fram kom með skilmerkilegum rökum í efh.- og viðskn. í gær að enn eru ekki öll áhrif hinnar miklu gengislækkunar á síðasta ári alveg komin fram.

Það skiptir því miklu að vel takist til og þess vegna held ég að við þurfum að reyna að búa til einhverja leið sem tæki á því, ef svo færi að árstíðasveiflan birtist ekki með lækkun eins og menn gera ráð fyrir, og það er svo margt sem bendir til að svo verði ekki. Þá kæmi aðferð af þessu tagi sem við erum að tala hér um, ég og hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon, mjög til álita til að bæta þar úr.

[12:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki mjög miklu við það að bæta sem ég hef þegar sagt. Þó vil ég að fram komi að sú aðferð sem menn eru að leggja hér til miðar að því að skera af árstíðabundinn kúf sem menn sjá jafnan um þetta leyti árs á bensínverði. Gert er ráð fyrir að þegar líður fram undir mitt sumar þá lækki bensínverð aftur. Þess vegna er sett ákveðið sólarlagsákvæði inn í þessi lög sem gera ráð fyrir að í lok júní gangi vörugjaldslækkunin til baka.

Við allar eðlilegar aðstæður væri lítið við þetta að athuga. Við allar eðlilegar aðstæður mætti gera því skóna að árstíðasveiflan sem við höfum séð undanfarin ár birtist í lækkun á þessum tímapunkti. En við búum hins vegar ekki við eðlilegar aðstæður, herra forseti, þegar við horfum til ástandsins í heimsmálum. Þrennt blasir við sem við hljótum að þurfa að taka tillit til.

Í fyrsta lagi hafa blossað upp viðsjár fyrir botni Miðjarðarhafs með þeim hætti að verið gæti að það tundur sem þar er að springa glæddist í loga sem mundi kveikja ófriðarbál á stóru svæði þar sem menn framleiða olíu. Það mundi að sjálfsögðu leiða til þess að heimsmarkaðsverð mundi ekki lækka eins og menn eru að tala um heldur mundi það hækka.

Í öðru lagi blasir það við að forseti Bandaríkjanna, Bush, hefur skekið skellum að ýmsum ríkjum á því svæði þar sem olíuframleiðsla er mest. Bush Bandaríkjaforseti hefur haft í hótunum um að Bandaríkin ætli að ráðast á Írak. Jafnan þegar menn hafa uppi stríðsæsingar birtist það í því að verð á bensíni hækkar, verð á olíu hækkar, ekki síst þegar ljóst er að slíkar stríðshótanir beinast beinlínis að ríki sem er virkt í olíuframleiðslu.

Í þriðja lagi blasir einnig við að í Suður-Ameríku, í Venesúela, sem er vaxandi olíuframleiðsluríki, situr á stóli forseti sem hefur beitt sér fyrir því að samtök olíuframleiðsluríkja dragi úr framleiðslu sinni með það beinlínis að markmiði að hækka verð á olíu á heimsmarkaði.

Allt þetta sjáum við að er í gangi um þessar mundir. Það er því með engu móti hægt að halda því fram að sú árstíðasveifla sem við höfum jafnan séð tjá sig í lækkun þegar líður fram undir lok júní komi endilega fram núna. Þvert á móti benda þessir þrír þættir til að svo verði ekki.

Að sönnu er rétt að geta þess að nú þegar er komin töluverð stríðspremía á olíuverðið. Við vorum upplýst um það á fundi efh.- og viðskn. í gær að það mætti meta hana til ígildis 4 dollara á olíutunnu, það er giska mikið. Ef friðvænlegar mundi horfa á næstu mánuðum mundi verðið væntanlega lækka sem þessu nemur, en það er því miður ekkert sem bendir til að svo verði.

Þess vegna skiptir máli að sú breyting sem við ræðum hér og menn eru í sjálfu sér sammála um að eigi að framkvæma verði gerð með þeim hætti að ef þetta gerist, þá sé hægt að framlengja vörugjaldslækkunina. Eins og hæstv. fjmrh. benti á í gær stenst það ekki stjórnarskrá að leggja til sérstakt ákvæði sem beinlínis framseldi af þingsins hálfu til framkvæmdarvaldsins vald til þess að breyta vörugjaldinu, hækka það og lækka eftir þörfum. Ég er sammála hæstv. fjmrh. að það gengur ekki.

Hins vegar hefur komið fram í umræðunni, alveg eins og í umræðu í efh.- og viðskn. í gær, að hægt er að fara aðrar leiðir. Hægt er að fara leiðir sem gera ráð fyrir að lækki heimsmarkaðsverð dragi í sama mæli úr vörugjaldslækkuninni. Þetta er bara einföld formúla, herra forseti, sem mundi standast allar þær kröfur sem gerðar eru til lagasetningar af þessu tagi. Hún mundi líka gera það að verkum að ríkisstjórnin sýndi það svart á hvítu að hún er í baráttu fyrir varanlegri lækkun verðbólgunnar og það er það sem skiptir máli. Við þurfum að sýna fólki fram á að stjórnvöld í landinu eru að gera þetta af fullri alvöru. Það er enn meiri nauðsyn á því nú en áður þegar við blasir að fjármálastofnanir í landinu hafa sent frá sér greiningar á stöðunni sem beinlínis hafa verið túlkaðar þannig, m.a. af ábyrgum forustumönnum í verkalýðshreyfingunni, að þetta ferðalag hæstv. ríkisstjórnar sé í reynd eins konar verðbólgufiff. Ég held að það sé ákaflega hættulegt ef þjóðin fær það á tilfinninguna.

Þjóðin, fyrirtækin í landinu, fólkið í landinu hefur allt saman tekið með einhverjum hætti þátt í þessari baráttu. Við hér í þinginu, stjórnarandstaðan, höfum eggjað ríkisstjórnina lögeggjan að láta sitt af mörkum. Það var stjórnarandstaðan sem hafði frumkvæði að því í umræðum á þingi fyrir síðustu jól að ríkisstjórnin gripi til aðgerða til þess að afnema ákveðnar hækkanir á þjónustu hins opinbera. Þetta var allt saman mjög jákvætt og þetta skapaði andrúmsloft sem leiddi til þess að þrýstingur varð á fyrirtækin í landinu að taka aftur hækkanir til þess að lækka verð. Flest fyrirtækjanna gerðu það. Að vísu var það svo að stórir hringar á sviði matvælaverslunar tóku ekki þátt í því og má eiginlega segja að þeir hafi hæðst að þessu framtaki ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar og þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í þessu.

En, herra forseti, við höfum séð ákveðinn árangur. Hann skiptir máli fyrir þær fjölskyldur sem skuldugar eru, hann skiptir máli fyrir fyrirtækin í landinu og það skiptir máli að ríkisstjórnin sýni það svart á hvítu að hugur fylgi máli.

Ég spyr þess vegna hæstv. fjmrh.: Telur hann ekki að vænlegt væri til sátta í þessu máli ef við mundum draga til baka þá tillögu sem við höfum kynnt hér í umræðunni, hún yrði ekki afgreidd endanlega fyrr en við 3. umr. og það yrði reynt að komast að samkomulagi um einhvers konar útfærslu sem stæðist í senn kröfur stjórnarskrár en jafnframt tryggði að vörugjaldið mundi vera áfram, lengur fram á árið en gert er ráð fyrir í frv. hæstv. fjmrh., en hins vegar yrði svo um hnútana búið að ef heimsmarkaðsverð á olíu lækkar þá dragi úr vörugjaldslækkuninni.

Ég undirstrika það, herra forseti, að fram kom hjá Gylfa Arnbjörnssyni, fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, á fundi efh.- og viðskn. í gær að hann var þessu mjög hlynntur.

Herra forseti. Þetta er sú spurning sem ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. svaraði einhvern tíma í umræðunni.

[12:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. þá sé ég ekki á þingskjölum og hef ekki tekið eftir því í umræðum að einhver sérstök þörf sé á því að skapa breiða sátt um málið því að hún er skjalfest í nál. efh.- og viðskn. Það er sátt um frv., lagt er til að það verði samþykkt óbreytt meira að segja, þó að einstakir þingmenn hafi áskilið sér rétt til þess að flytja þá brtt. sem hér hefur komið fram. Málið er því í eðli sínu þess efnis að um það og markmið þess er að því er virðist ágæt samstaða.

Ég hef hins vegar áður í umræðunni lýst afstöðu minni til þeirrar brtt. sem hér liggur frammi, ég er ekki sáttur við hana, ég er ekki samþykkur henni.

Að því er varðar þær umræður manna um að almennt þurfi að breyta kerfinu í bensíngjaldi til aukinnar sveifluJöfnunar, þá má vel vera að það sé hugmynd sem hægt er að ræða. En ég tel hins vegar ekki að það sé mál sem hægt er að hrista fram úr erminni í tengslum við afgreiðslu þessa litla frv., ég tel að við verðum að afgreiða þetta mál. Hins vegar er það þáttur sem eflaust má skoða betur hvort við getum búið þannig um hnútana að meiri sveiflujöfnun sé innbyggð í okkar kerfi almennt talað að því er varðar olíuvörur heldur en nú er, án þess þó að ríkissjóður gerist allsherjarábyrgðaraðili gagnvart slíkum breytingum og taki ævinlega á sig slíkar sveiflur. Ég held að það geti ekki gengið, eins og ég sagði reyndar hér áðan.

Hv. þm. og flutningsmenn brtt. verða auðvitað að gera það upp við sig hvort þeir draga hana til baka eða láta greiða um hana atkvæði við 2. umr. Það verða þeir að ákveða sjálfir en afstaða mín í þessu máli er sú sem ég hef greint frá.

[13:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann auðvitað að vera að hæstv. ráðherra hafi dottað undir þessum ræðum í sæti sínu. Það sem við vorum að ræða hér áðan, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, var ákveðin útfærsla á brtt. sem ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir höfum flutt. Það hefur komið fram í máli fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar í efh.- og viðskn. og hjá stöku þingmanni stjórnarliðsins sem hafa tekið þátt í umræðum um þetta mál þar, að það kynni e.t.v. að fara betur á því að vörugjaldslækkunin yrði ekki slegin af í einu vetfangi á tilteknum degi í júní. Ástæðan er sú að það er ekkert víst, reyndar bendir fátt til þess, að lækkun á bensínverði, sem er beinlínis forsenda þeirrar hugmyndafræði sem er að baki frv. hæstv. fjmrh., muni verða.

Ég rakti í ræðu minni ýmis rök sem benda þvert á móti til þess að ólíklegt sé að af henni verði. En það er hins vegar mögulegt. Þess vegna leggjum við hér til útfærslu sem er þess eðlis að vörugjaldslækkunin haldi áfram inn í sumarið til 1. nóvember en lækki hins vegar heimsmarkaðsverð á bensíni þá dragi að sama skapi úr vörugjaldslækkuninni.

Auðvitað hefur þetta í för með sér tiltekin útgjöld fyrir ríkissjóð. Það er líka rétt að ríkissjóður hefur nú þegar staðið undir lækkunum sem svara til 800 millj. kr. og ríflega, ef kostnaður við þetta frv. er meðtalinn. En með því að gera þetta mundi ríkisstjórnin sýna einbeittan vilja til að draga varanlega úr verðbólgu.

Auðvitað eykur það ekki tiltrú á þessum gerningi ríkisstjórnarinnar og vinnubrögðum hennar í málinu ef við blasir að jafnvel þó að heimsmarkaðsverð hækki í lok júní verði þessi lækkun samt tekin til baka. Ég hygg að félagar hæstv. ráðherra í verkalýðshreyfingunni, sem hafa vélað um þetta með honum, yrðu ekki mjög ánægðir yfir því.

[13:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál sem við ræðum og þær hugmyndir sem hefur verið velt upp í umræðum þingmanna undanfarnar mínútur finnast mér að mörgu leyti áhugaverðar. Ég hefði talið æskilegt að gera slíka tilraun sem hér hefur verið orðuð, að finna sveiflujöfnuninni stað í þessum lögum og að þeirri brtt., sem hér hefur verið flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni, yrði breytt og hún útfærð þannig að inn í hana væri tekin þessi hugmynd um sveiflujöfnun. Síðan væri tímasetningin látin gilda til 1. nóvember. Þá fengju menn örlitla reynslu af því hvernig þetta virkaði yfir sumartímann og fram á haustið. Þá væri auðveldlega hægt að bregðast við því í upphafi þings á næsta hausti.

Ég tel það virkilega tilraunarinnar virði að gera slíka sveiflujöfnunartilraun sem þeir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafa orðað hér í umræðunum. Ég hefði talið að það væri mjög áhugavert og skil þess vegna ekki alveg viðbrögð hæstv. ráðherra, að taka ekki undir að hugsa megi slíka útfærslu og láta gilda til skamms tíma. Þá fengju menn ákveðna reynslu af henni. Ég held að það sé mjög áhugavert, að fá ákveðna reynslu af því hvernig það kemur út að vera með sveiflujöfnun að þessu leyti. Þess vegna vil ég lýsa stuðningi við þær hugmyndir en vil jafnframt lýsa stuðningi við frv. eins og það liggur hér fyrir.

[13:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir þær jákvæðu viðtökur sem hugmynd okkar þingmanna Samfylkingarinnar um breytingu á þessu frv. fær hjá honum og flokki hans. Ég held að allir þeir sem tekið hafa til máls í þessari umræðu og hafa með einhverjum hætti fjallað um þetta mál séu mjög jákvæðir fyrir meginefni frv.

Það er ákveðin hugmynd sem liggur að baki frv. Hún byggir á að heimsmarkaðsverð á olíu fylgi ákveðinni sveiflu. Nú er hins vegar margt sem bendir til að forsendur fyrir þeim ferli séu ótraustari en áður. Það er þess vegna sem við höfum reifað þessar breytingar.

Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, að það er undrunarefni að finna í hve grýttan jarðveg þessi hugmynd fellur hjá hæstv. forsrh. ... — Ég ætlaði að segja hæstv. fjmrh. og skil ekki, herra forseti, í þessum síendurtekna freudíska ... (**VE:** Metnaður fyrir hans hönd.) metnaði fyrir hans hönd.

Herra forseti. Ég er mjög undrandi á því að hæstv. fjmrh. skuli taka þessu svona illa. Við erum einungis að reyna að bæta þá hugmynd sem hann hefur lagt fram. Af því að ég tek eftir því, út frá frammíkalli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, hins ágæta formanns efh.- og viðskn., að hann er staddur hér í salnum sem jafnan vil ég nefna að vegna þess að hæstv. fjmrh. taldi þetta nokkuð flókið mál og þyrfti svo langan tíma til þess að gera þetta þá lýsti hv. þm. því yfir að það tæki u.þ.b. tvær mínútur að búa í þinglegan búning þá hugmynd sem við höfum reifað hér. Það gerði hann á fundi sinnar eigin nefndar í gær. Ég er sannfærður um það, af því að nú er bara miður dagur og hann er í fullu fjöri, að það tæki hann sennilega ekki nema eina mínútu að gera það núna.

[13:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti o.fl. felur í sér að lækka tímabundið vörugjald af bensíni, m.a. til að halda niðri verðbólgu eða halda niðri þeirri mældu verðbólgu sem nú er á uppleið. Komið hefur fram að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja þetta frv. í megindráttum eins og það er lagt fram. En hér hefur þó verið bent á að hættulegt sé að einblína á mælingu á vísitölu verðlags. Það er jú heildarpakkinn, heildarkostnaðurinn við framfærslu og rekstur á heimili og þjóðfélagi sem skiptir máli. Hækkanir sem hafa áhrif á þjóðfélagið í heild sinni kalla á að við þeim sé brugðist.

Hækkanir geta komið misþungt niður á þjóðfélagshópum eftir því hver staða þeirra er í samfélaginu. Verðbreytingar á vörum og þjónustu geta snert sjúklinga, námsmenn, elli- og örorkulífeyrsþega og haft alvarlegar afleiðingar og slæm áhrif á stöðu þessara hópa þó að þær mælist ekki mjög hátt í vísitölu neysluverðs. Það verður að gæta sín á að falla ekki niður í einhvern blekkingarleik með vísitöluna bara til þess að ná fram tímabundnu markmiði varðandi svokölluð rauð strik.

Varðandi það sem hér er verið að leggja til þá hefur þessi lækkun á vörugjaldi áhrif á fjárlög ríkisins. Fjárlög fyrir þetta ár voru jú afgreidd fyrir áramót og nú þegar hafa verið lagðar til breytingar á fjárlögunum af hálfu ríkisstjórnarinnar og framkvæmdarvaldsins. Sumt er komið til framkvæmda, t.d. frestun á hækkun afnotagjalds Ríkisútvarpsins, og nú lækkun á þessu vörugjaldi. Þær breytingar sem hafa verið gerðar eru samkvæmt nál. taldar hafa áhrif sem nema um 750 millj. kr. á fjárlög þessa árs.

Nú er það svo, herra forseti, varðandi breytingarnar á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins að þegar þær voru kynntar var sagt að þetta væri tímabundið og að Ríkisútvarpinu yrði beinlínis bætt það fjárhagstjón sem það yrði fyrir með þessum hætti og þá væntanlega á fjárlögum. En því miður virðist það ekki hafa gengið eftir. Ég minni á að Alþingi samþykkti við gerð fjárlaga þennan fjárhagsramma Ríkisútvarpsins í heild sinni. Þessi breyting var kynnt á sínum tíma með þeim hætti að ekki væri ætlunin að ganga á fjárhag Ríkisútvarpsins. Þarna skortir enn verulega á efndir á því sem hefur verið kynnt.

Það sem ég ætla að vekja athygli á, virðulegi forseti, er að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins ber að setja allar breytingar sem verða á fjárlögunum milli afgreiðslu fjárlaga frá einu ári til annars í ákveðinn farveg, þ.e. með fjáraukalögum. Komi upp ófyrirsjáanlegur kostnaður eða skerðing á tekjustofnum, tekjum ríkisins, ber að kynna það fyrir fjárln. og einnig að bera fram í sérstökum fjáraukalögum.

Ég tel, virðulegi forseti, nauðsynlegt að þetta sé haft í huga við umræður og meðferð þessa máls. Breytingarnar sem hér er verið að leggja til, svo og aðrar sem hafa verið kynntar af hálfu framkvæmdarvaldsins varðandi breytingar á fjárlögum, eiga að fara í þennan farveg, til meðferðar, kynningar og eftir atvikum til meðferðar fjárln. og koma síðan fram í sérstökum fjáraukalögum.

Ég hef lagt til að fjáraukalög verði líka gefin út á vorin við lok þings þannig að Alþingi afgreiði með formlegum hætti þær breytingar sem talin hefur verið ástæða til að gera á gildandi fjárlögum. Þannig gætum við á hverjum tíma unnið samkvæmt löglegum samþykktum Alþingis í fjárlagagerðinni. Þetta tel ég að eigi við um þetta mál eins og önnur. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé ætlunin að standa við þau ákvæði sem lögin um fjárreiður ríkisins kveða á um, að þessar breytingar og aðrar sem hafa verið lagðar til og ákveðnar af framkvæmdarvaldinu verði ekki teknar fyrir áður en þingi lýkur. Er þess ekki að vænta varðandi aukin fjárútlát og skerðingu á tekjustofnum ríkisins að staðið verði við lögin um fjárreiður ríkisins þannig að þessi mál verði tekin fyrir og kynnt með formlegum hætti í fjárln. og síðan verði komið með fjáraukalög fyrir lok þings í vor þannig að öllu sé lagalega rétt til skila haldið?

Ég vildi minna á, virðulegi forseti, nauðsyn þess að Alþingi taki eins og því er rétt og skylt á breytingum á fjárlögum sem kann að vera nauðsynlegt að gera milli fjárlagaára.

[13:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað þarf ekki að spyrja þeirrar spurningar hvort það eigi að fara að fjárreiðulögunum. Auðvitað verður það gert. Ég veit reyndar ekki betur en að boðað sé til fundar í fjárln. í næstu viku til að fara yfir þær breytingar sem orðið hafa og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið frá því að fjárlög voru afgreidd. Þessi spurning þingmannsins er því að sjálfsögðu óþörf.

Síðan bætti hann því við, eins og hann gerir jafnan í umræðum um þetta mál, að hann telji að það eigi að flytja frv. um fjáraukalög að vori. Það verður ekki gert í vor. Ekkert ákvæði er um það í fjáraukalögum að slíkt beri að gera. Þessari spurningu hefur margoft verið svarað. Fjáraukalög munu koma fram á hefðbundnum tíma í haust eins og verið hefur undanfarin ár.

[13:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hann muni beita sér fyrir því að þær tillögur um breytingar á fjárlögum sem þegar hafa verið ákveðnar komi til fjárln. til umfjöllunar. En það hefur ekki verið sjálfgefið hingað til.

Í öðru lagi vil ég líka minna hæstv. ráðherra á að það stendur heldur ekki í lögunum um fjárreiður ríkisins að fjáraukalög skuli koma út að hausti. Þar stendur einungis að þegar breytingar eru gerðar á fjárlögum skuli þær staðfestar

með fjáraukalögum. Ég ítreka því að ég tel að það væri virkilega til bóta fyrir stjórnsýsluna í landinu og fyrir fjármálaumsýslu ríkisins að fjáraukalög verði lögð fyrir þingið að vori þannig að þær fjárheimildir sem verið er að vinna eftir á hverjum tíma séu sannarlega á ábyrgð Alþingis.

[Fundarhlé. — 13:18]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Brtt. 1125 felld með 29:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, VS, VE, ÞKG.
3 þm. (GAK, KVM, SvH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BBj, DO, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, StB, TIO) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 14:14.

---

110. FUNDUR

fimmtudaginn 4. apríl,
að loknum 109. fundi.

Dagskrá:

1. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 704. mál, þskj. 1123. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Tilkynning um dagskrá.

[14:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill láta þess getið að um klukkan hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um ástandið í Palestínu. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson en hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (KF) greiddi ekki atkv.
13 þm. (BBj, DO, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, StB, TIO) fjarstaddir.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 704. mál (bensín). — Þskj. 1123.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (BBj, DO, GÁS, GunnB, JóhS, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1130).

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, 3. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795.

[14:17]

Forseti (Halldór Blöndal):

Fyrir er tekið 2. dagskrármálið, virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, 3. umr. Það hefur (**Gripið fram í:** Enginn kvatt sér hljóðs.) enginn ... (Gripið fram í.) (**SJS:** Ha! Bíddu, forseti, hverjir voru að því?) (**Gripið fram í:** Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, enginn.) (Gripið fram í.) Hv. 6. þm. Norðurl. ... (**SJS:** Það er venjan að bjóða mönnum að mæla fyrir nál., herra forseti. Við vorum með frhnál.) Kveður enginn sér hljóðs? Hv. 3. þm. Norðurl. e. ræðir um fundarstjórn forseta.

[14:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér þykir þetta svolítið óvenjuleg fundarstjórn. Ég hélt að venjan væri að gefa framsögumönnum nefndarálita sjálfkrafa orðið og þá í þeirri röð sem nál. hafa borist eða meiri hlutar eða minni hlutar raðast eftir þingskjalanúmerum. Þess vegna taldi ég nú að forseti væri ekki að standa alveg rétt að fundarstjórninni með því að ætla að

fara að slíta umræðunni af því að menn hefðu ekki beðið um orðið. Þar fyrir utan höfðu nú einir tveir eða þrír menn barið í borðið. Ég held því að forseti þurfi aðeins að endurskoða þetta. Flas er ekki til fagnaðar, herra forseti, segir gamalt máltæki og þó svo kunni að vera að forseta eða jafnvel einhverjum fleirum væri það kærast að þessari umræðu lyki sem fyrst og sennilega að hún hefði aldrei farið fram þá verður nú að standa nokkurn veginn rétt að fundarstjórn og virða þingsköp, herra forseti.

[14:19]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram af þessu gefna tilefni að ég trúði hvorki augum né eyrum þegar enginn virtist hafa kvatt sér hljóðs og var nú mjög hikandi í öllu.

Ég vil taka fram að ég hef hér í höndum þskj. 1128 sem ekki er getið um á dagskrá. (**SJS:** Nú, nú.) Það er frhnál. um frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Hefur því þá verið útbýtt. Það er frá minni hluta iðnn. Framsögumaður er hv. 6. þm. Norðul. e., Árni Steinar Jóhannsson.

[14:20]

Útbýting þingskjals:

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, 503. mál, frhnál. minni hluta iðnn., þskj. 1128.

[14:20]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við hefjum hér 3. umr. um frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Ég mæli hér fyrir frhnál. vegna málsins frá 1. minni hluta iðnn. og álitið hljóðar svo:

„Fundur var haldinn í iðnaðarnefnd Alþingis fimmtudaginn 4. apríl 2002 á milli 2. og 3. umræðu um frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Til fundarins voru boðaðir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, Þórður Friðjónsson, framkvæmdastjóri Verðbréfaþings, Þorgeir Örlygsson, ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Reyðaráls.

Framangreindir aðilar voru boðaðir á fund iðnaðarnefndar til þess að bregðast við þeim fréttum að sú vitneskja hafi legið fyrir þegar um miðjan febrúar sl. að Norsk Hydro gæti ekki staðið við tímaáætlanir um uppbyggingu álvers í Reyðarfirði og að iðnaðarnefnd hafi ekki verið greint frá stöðu málsins. Farið var yfir málið og gestir fundarins skýrðu það af sinni hálfu. Á þingfundi sem hófst kl. 10.30 í morgun kvaddi Hjálmar Árnason, formaður iðnaðarnefndar, sér hljóðs og greindi Alþingi frá niðurstöðu nefndarinnar um meðferð þessa máls, þ.e. að fara beri yfir allar tímasetningar og gera skýrslu um málið."

Í ljósi þess sem fram kemur hér á eftir get ég ekki verið annað en sammála þessari málsmeðferð. Ég tel að tillaga sem borin var fram af hv. þm. Kjartani Ólafssyni um að ferlinu verði stillt upp, það kortlagt og gerð um það skýrsla sé sú leið sem fara ber og get ég ekki annað en verið samþykkur henni.

Minni hlutinn telur mikilvægt að Alþingi læri af þessu máli og hefur lagt fyrir forsætisnefnd tillögu að ályktun þess efnis að forsætisnefnd samþykki að leggja til að Alþingi kjósi nefnd sjö þingmanna sem kanni með hvaða hætti megi best tryggja að umfjöllun um þingmál, störf þingnefnda og önnur þingstörf byggist alltaf á réttum og bestu fáanlegum upplýsingum. Nefndin kanni lagaákvæði og reglur sem um þetta gilda í nálægum þjóðþingum. Einnig hvort ástæða sé til að lögfesta hér reglur í þessu sambandi, þar með talin refsiákvæði ef Alþingi eða þingnefndum eru gefnar rangar eða villandi upplýsingar eða þessir aðilar leyndir mikilvægum upplýsingum sem varða efni eða kringumstæður þingmáls eða þingstarfa. Lagt er til að starfsmenn skrifstofu Alþingis og nefndasviðs verði nefndinni til aðstoðar í störfum. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ályktaði einnig sérstaklega um málið og birtist sú ályktun í fylgiskjali með þessu áliti.

Við 2. umr. þessa máls lagði minni hlutinn fram svohljóðandi frávísunartillögu: „Í ljósi þess að allt er í óvissu með framvindu Noral-verkefnisins, stórfelld umhverfisspjöll sem af Kárahnjúkavirkjun hljótast eru óverjandi, mikið skortir á að arðsemi verkefnisins sé fullnægjandi, deildar meiningar eru um hvort verkefnið yrði jákvætt fyrir byggðaþróun á Austurlandi í heild þegar til lengri tíma er litið og ólokið" — það er nú kannski meginmálið, virðulegi forseti — „er gerð rammaáætlunar um forgangsröðun virkjunarkosta, samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá." Tillagan var felld við atkvæðagreiðslu í lok umræðunnar.

Umræðan um þetta stórmál hefur valdið miklum vonbrigðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa fært fram ítarlegar og þungvægar röksemdir fyrir því að ekki skuli ráðist í þessar umfangsmiklu og kostnaðarsömu framkvæmdir sem frumvarpið lýtur að. Þeir hafa grundvallað sinn málflutning á óhrekjanlegum staðreyndum um víðtæk óafturkræf umhverfisspjöll og á rökstuddum efasemdum um arðsemi framkvæmdanna. Málefnaleg viðbrögð hafa því miður verið lítt á lofti í umræðunni, sem hefur einkennst af fullyrðingum og afneitun staðreynda."

Virðulegi forseti. Þetta er efnislega það sem ég vildi að kæmi fram í þessu frhnál. Allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telja mjög mikilvægt að á þessum málum verði tekið til frambúðar þannig að sú staða sem uppi hefur verið núna síðustu daga eigi ekki eftir að endurtaka sig.

Virðulegi forseti. Sem fylgiskjal með þessu frhnál. set ég hér fram bókun sem ég lagði fram á fundi forsn. á mánudaginn var. Bókunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú er á dagskrá þingsins frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Í ljósi þess að iðnaðarnefnd afgreiddi frumvarpið frá sér 18. mars sl. án þess að greint væri frá nýrri stöðu varðandi samskipti Norsk Hydro og Reyðaráls tel ég að fresta beri umræðu um frumvarpið og vísa því aftur til nefndarinnar."

Ég vil einnig vitna í ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hefur verið send út, en þingflokkurinn ályktaði, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fordæmir harðlega að mikilsverðum upplýsingum sem vörðuðu stöðu Noral-verkefnisins svonefnda og stjórnarfrumvarps um Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar skuli hafa verið haldið leyndum fyrir Alþingi og viðkomandi þingnefndum meðan málið var þar til umfjöllunar. Það er óverjandi með öllu að ábyrgðaraðilar verkefnisins skuli ekki greina satt og rétt frá stöðu mála á hverjum tíma jafnt Alþingi sem fjölmiðlum og þar með þjóðinni. Þó tekur steininn úr þegar háttsettir opinberir embættismenn og ráðherrar eru staðnir að því að halda mikilsverðum upplýsingum frá

Alþingi og þingnefndum. Þessi vinnubrögð fylgja í kjölfar þeirrar pólitísku valdbeitingar sem áður hafði verið ástunduð í málinu af umhverfisráðherra og þess ásetnings iðnaðarráðherra og Landsvirkjunar að umlykja fyrirhugað orkuverð leyndarhjúpi.

Það er óumflýjanlegt að Alþingi taki nú til skoðunar hvernig tryggja megi að umfjöllun um þingmál og störf þingnefnda geti alltaf byggst á réttum og fullnægjandi upplýsingum. Einnig þarf að huga að því hvort setja beri ákvæði í lög sem taka af skarið um að það sé saknæmt og refsivert að leyna Alþingi og þingnefndir upplýsingum eða greina þeim rangt frá."

Virðulegi forseti. Sem fylgiskjal með þessu frhnál. er einnig tillaga sem ég hef lagt fyrir forsn. þingsins eins og komið hefur fram. Hún verður til umfjöllunar á næsta fundi forsn. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forsætisnefnd samþykkir að leggja til að Alþingi kjósi nefnd sjö þingmanna sem kanni með hvaða hætti megi best tryggja að umfjöllun um þingmál, störf þingnefnda og önnur þingstörf byggist alltaf á réttum og bestu fáanlegum upplýsingum. Nefndin kanni lagaákvæði og reglur sem um þetta gilda í nálægum þjóðþingum. Einnig hvort ástæða sé til að lögfesta hér reglur í þessu sambandi, þar með talin refsiákvæði ef Alþingi eða þingnefndum eru gefnar rangar eða villandi upplýsingar eða þessir aðilar leyndir mikilvægum upplýsingum sem varða efni eða kringumstæður þingmáls eða þingstarfa.

Starfsmenn þingmálaskrifstofu og nefndasviðs skulu vera nefndinni til aðstoðar eftir þörfum."

Virðulegi forseti. Ég hef í nokkrum orðum farið yfir þetta framhaldsnál. en vil aðeins bæta því við í sambandi við umræðuna um þetta mál núna síðustu daga og ekki síst á fundi iðnn. í morgun að vissulega eru mjög skiptar skoðanir um hvernig beri að fara með trúnaðarmál hjá forsvarsmönnum atvinnulífsins og gilda þar aðrar reglur að mínu mati um fyrirtæki sem eru í einkaeign heldur en fyrirtæki sem eru í opinberri eigu. Við erum að fjalla um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og stækkun Kröfluvirkjunar á vegum Landsvirkjunar, þ.e. leyfi til handa Landsvirkjun. Þetta er opinbert fyrirtæki í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, og mér finnst svolítið hafa skinið út úr mönnum sú skoðun að um þá málsmeðferð mættu gilda sömu siðareglur hvað varðar upplýsingar eins og menn væru að tala um hlutafélög úti í bæ.

Ég tel að þarna verði að gera skýr skil á milli og að allt aðrar reglur verði að gilda um það þegar verið er að fjalla um mál sem varða fyrirtæki í opinberum rekstri þó svo að þau tengist fyrirtæki sem verður hugsanlegur orkukaupandi sem verði þá hugsanlega í einkaeign. En þarna erum við að afgreiða heimild til handa Landsvirkjun sem er opinbert fyrirtæki og því er gríðarlega mikilvægt að mínu mati að nefndin fái stöðu mála. Hún gæti fengið stöðuna fram borna í trúnaði hverju sinni, það eru dæmi um það, en að þarna gildi önnur lögmál en menn geta viðhaft á hinum almenna markaði í atvinnulífinu. Og varðandi þær tillögur sem við höfum sett fram um hvernig skuli fara með slík mál í nefndum þingsins, þá held ég að mjög mikilvægt sé að fara yfir og leggja niður fyrir sér og setja niður reglur um þetta þannig að allir viti að hverju þeir ganga í því efni. Ég tel þetta mjög mikilvægt. (**KÓ:** Hvað með ríkisbankana?)

Hv. þm. Kjartan Ólafsson kallar fram í og spyr um ríkisbankana. Settar hafa verið á langar og miklar ræður í þinginu um að hlutafélagavæðing ríkisfyrirtækjanna hafi leitt til þess að menn geti ekki fengið upplýsingar og menn skýli sér á bak við það að búið sé að breyta um form. En við verðum að átta okkur á því, virðulegi forseti, að Landsvirkjun er ekki hlutafélag. Landsvirkjun er sameignarfélag tveggja sveitarfélaga og ríkisins og þar af leiðandi eigum við að hafa fullan aðgang að upplýsingum eins og hægt er um það fyrirtæki sem handhafar eigenda.

Búið er að ræða um það mörgum sinnum hér í þinginu og menn hafa verið óánægðir með það og er m.a. ástæðan fyrir því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagst á móti hinni svokölluðu hlutafélagavæðingu sem við teljum nú reyndar að sé í flestum tilfellum undanfari einkavæðingar. En ein af ástæðunum fyrir því að við höfum ekki viljað fara í hlutafélagavæðingu í þeim mæli sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera á undanförnum missirum er einmitt sú ástæða að viðkomandi ráðherra skýli sér á bak við það að hann megi ekki gefa upplýsingar sem áður voru auðveldlega á borðum þingmanna vegna þess að nú sé komin stjórn yfir fyrirtækið og það sé hlutafélagavætt. Þetta líkar mörgum illa og við höfum séð slíka breytingu gerast mörgum sinnum og hér hefur verið rætt um það mörgum sinnum.

Ég tel að þetta sé vandmeðfarið og ég vil segja í sambandi við þann anda sem ríkti í nefndinni í morgun, að ég held að mikilvægt sé fyrir alla að Alþingi gefi tóninn um hvers konar samskiptamáti á að vera og hvernig menn eiga að standa að honum. Ég held að það sé miklu betra fyrir allra hluta sakir að menn standi klárir á því.

Mikið hefur verið rætt um það, bæði á hinu háa Alþingi, eins meðal þingmanna og í nefndunum, að ekki sé gott að þurfa að standa frammi fyrir því að nefndum sé trúað fyrir málum, þeir sem koma á fundi nefndanna séu beðnir um trúnað. Ég hef ekki verið á þingi í mörg ár, virðulegi forseti, en ég hef þó lent í því tvisvar á þingferli mínum að beðið var um trúnað í nefndum, einu sinni í sjútvn. og einu sinni í iðnn. Ég tel að ekkert óeðlilegt sé við það í vissum tilvikum að nefndir séu beðnar um trúnað, enda séu gefnar skýringar á því að ástæða sé til þess vegna einhverra sjónarmiða, e.t.v. viðskiptasjónarmiða, að ekki sé æskilegt að tala um málin á opinberum vettvangi um tíma.

Síðan er það annað mál að við höfum, t.d. í iðnn., verið beðin um trúnað varðandi orkuverð og það finnst mörgum einkennileg beiðni í sjálfu sér vegna þess að eftir því sem maður kemst næst liggur orkuverð víðast hvar á borðinu hjá stórfyrirtækjum sem eru í gangi og eru í þessum bransa og engin leyndardómshula yfir því yfirleitt. Ég fæ ekki alveg skilið hvers vegna slíkar upplýsingar mega ekki liggja á borðinu á Íslandi eins og á mörgum öðrum stöðum, eins og t.d. í Ameríku. Þar er talinn sjálfsagður hlutur að slíkir hlutir séu uppi á borðinu, og ég tala nú ekki um ef um opinbert fyrirtæki er að ræða.

Virðulegi forseti. Einnig er ástæða til að draga fram að í þessum málatilbúnaði öllum hefur málið gjörsamlega skipt um eðli á þremur árum. Þegar ég kom fyrst í iðnn. og hlýddi á mál Landsvirkjunarmanna varðandi þetta hugsanlega verkefni, þá var staðan sú að menn töldu að það væri alveg vonlaust að Landsvirkjun stæði að því verkefni öðruvísi en sem hluthafi í væntanlegri Kárahnjúkavirkjun með öðrum áhættufjárfestum. Þannig var talað í nokkur missiri, þetta væri of stór biti fyrir Landsvirkjun og þess vegna mundi Landsvirkjun ekki geta staðið að því nema sem hluthafi í sérstöku fyrirtæki sem yrði stofnað um virkjunina.

Síðan hefur þetta allt gjörbreyst á síðustu tveimur missirum vegna þess að maður gerir sér auðvitað grein fyrir því núna að þeir sem vildu keyra verkefnið áfram áttuðu sig á því að bygging Kárahnjúkavirkjunar var mjög miklum annmörkum háð hvað varðar fjármögnun nema ábyrgðin yrði hengd á eignir Landsvirkjunar, eins og þær eru í dag, sem bakhjarl og síðan með áframhaldandi baktryggingu í borgarsjóði Reykjavíkur, bæjarsjóði Akureyrar og ríkissjóði. Þannig var talað í mín eyru alltaf framan af, að þetta yrði sérhlutafélag um þetta verkefni, Landsvirkjun yrði e.t.v. hluthafi í Kárahnjúkavirkjun hf., skulum við þá segja, og síðan yrði álbræðslan í sjálfu sér sjálfstætt dæmi sem mundi versla við þann aðila. Margir eru þeirrar skoðunar að sú staða að baktryggja þessa framkvæmd á þennan hátt sé ákaflega varasamt og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur sett á hér langar ræður um það mál, enda situr hann í efh.- og viðskn. og hefur fjallað um hinar efnahagslegu forsendur dæmisins mjög ítarlega í málflutningi sínum á þinginu. Ég vil að þetta komi fram, virðulegi forseti, vegna þess að um þetta hefur verið allt of lítið rætt.

Við stöndum frammi fyrir því nú varðandi Landsvirkjun, þetta sameignarfyrirtæki þriggja aðila, að hún verður með óbreyttum rekstri skuldlaust fyrirtæki á u.þ.b. 15, 16 árum. Í öllum þessum ferli höfum við engan veginn yfirsýn yfir hvaða áhrif það mundi hafa að Landsvirkjun gæti í krafti þess að hún væri að meira eða minna leyti orðin skuldlaust fyrirtæki sett niður raforkuverð í landinu svo um munar. Það eru hlutir sem verða að vera uppi á borðinu líka vegna þess að ef menn eru, t.d. eins og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, andvígir því að fara í þessa stóriðjuuppbyggingu á þeim grunni sem hér er lagt upp með, þá verða menn að gera sér grein fyrir því að ávinningurinn er einnig fólginn í því að við stöndum frammi fyrir því á allra næstu árum í krafti stöðu Landsvirkjunar skuldalega séð að hægt væri að fýra hér niður rafmagnsverðið svo um munar. Litlar virkjanir upp á örfáa tugi megavatta annað slagið inn í raforkukerfið mundi vera leikur einn fyrir Landsvirkjun, eins stórt fyrirtæki og það er orðið í dag. Þetta hefur ekkert verið reiknað inn í efnahagsdæmi þeirra sem vilja keyra þetta verkefni áfram. Það hefur sárasjaldan verið spurt um það, menn hafa ekkert viljað gera neitt mikið úr því en að vísu hengt sig í viljayfirlýsingu eigendanna um að lækka orkuverðið um 3% á ári næstu árin og ná fram 30% lækkun orkuverðs, sem að vísu hefur gengið eftir núna allra síðustu árin og það er góðra gjalda vert. Krónutölulækkun hefur reyndar ekki orðið heldur hefur þetta haldið í við verðbólgu.

Þannig er staðan í orkubúskap okkar að málin líta mjög vel út til næstu ára litið en eru auðvitað komin á allt annan grunn ef við ætlum að nota eignir þessa fyrirtækis til að vera bakhjarl fyrir þetta gríðarlega stóra, áhættusama verkefni sem uppbygging álbræðslu í Reyðarfirði er og í raun og veru áhættusama verkefni sem uppbygging virkjunarinnar er, vegna þess að eins og við vitum öll er þetta bundið álverði sem á engan hátt er tryggt og þetta er líka bundið því í umræðunni núna að það eru Íslendingar sjálfir sem hyggjast fjármagna og eiga stærstan hluta í þessu fyrirhugaða álveri sem upphaflega og fyrst í umræðunni var alls ekki meiningin heldur. Talað var um utanaðkomandi áhættufjárfestingu.

Málið hefur því allt snúist upp í að verða á allt öðrum grunni en lagt var upp með. Það sem fyrir þremur árum var einkaframkvæmd að miklu leyti með Landsvirkjun sem hluthafa í væntanlegri Kárahnjúkavirkjun og með útlendinga sem fjárfesta í álverinu hefur snúist upp í það að þetta er verkefni sem er keyrt áfram af afli ríkisstjórnarinnar og þar með orðin stærsta ríkisframkvæmd sögunnar. Þannig horfa málin við okkur. Við erum komin með, samkvæmt þeirri formúlu sem er uppi á borðinu núna, virkjun í stórum skala sem verður í eign ríkis, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, með baktryggingu í þeim eignum sem fyrir hendi eru og við erum komin með álbræðslu sem er í samstarfi við einhvern aðila, ef samningar nást, talað hefur verið um Norsk Hydro sem samstarfsaðila upp á 15% og upp í 45% eignarhluta.

Virðulegi forseti. Þetta er allt annað upplegg. Þetta er allt annað verkefni heldur en fyrir þremur árum síðan. Þess vegna er þetta gríðarlega áhættusamt fyrir þjóðina. Við höfum reynsluna af feilsporum í slíkum verkefnum. Menn sjá núna ekkert nema það góða við Straumsvíkur-Búrfellsverkefnið á sínum tíma. Hins vegar verður að koma fram að þar voru gerð mistök. Þar náðust ekki samningar nema um mjög lágt orkuverð á sínum tíma. Í þessari umræðu allri verður að draga fram að á meðan Landsvirkjun afhenti Straumsvík orku á 3 mill svo árum skiptir var fyrirtækið að sligast. Þetta er skjalfest og um það vita allir.

Það þarf að leiðrétta mistökin sem þá voru gerð, þegar farið var mjög illa með efnahag Landsvirkjunar sem fyrirtækis og mjög illa með þjóðina, aðra orkunotendur, vegna þess að rafmagnið var spennt upp eins og hægt var. Þessi mál verða að koma fram í umræðunni. Það má ekki stilla málunum þannig upp að Straumsvíkur-Búrfellsævintýrið hafi verið teppalögð velsæld frá upphafi til enda. Það er alls ekki svo.

Það er mikilvægt fyrir okkur að læra af þessari reynslu. Að margra mati var það lán í óláni að hægt var að leiðrétta orkusölusamninginn við Ísal vegna þess að í tíð Hjörleifs Guttormssonar sem iðnaðarráðherra tókst að sanna svindl á fyrirtækið eins og menn muna. Það er að margra mati mjög ótrúlegt að ekki skyldi hægt að leiðrétta orkuverð til Landsvirkjunar frá álverinu í Straumsvík ef fyrirtækið hefði ekki verið staðið að því að svindla með því að hækka aðföng í hafi. Við erum nú flest komin á þann aldur hér inni að við þekkjum þetta dæmi. Í framhaldi af nýjum samningum vænkaðist hagur Landsvirkjunar og hefur gengið skaplegar með þá einingu síðan.

Við verðum að muna að við höfum á bjartsýninni einni, eins og örlar fyrir núna með óskhyggjunni varðandi áframhald fyrir austan, á ímyndaða möguleika til stóriðjuuppbyggingar gert hrikaleg fjárfestingarmistök. Blönduvirkjun var byggð og sett í gang allt of snemma. Blönduvirkjun var ekki reist á grunni þess að búið væri að gera samning um að afhenda orku. Hún íþyngdi þess vegna Landsvirkjun í mörg ár. Það að fara í fjárfestingu á þeim skala sem þá var gert, með Blönduvirkjun, leiðir auðvitað til að menn komast í tombóluskap og semja um orkukaup á allt öðrum forsendum þegar þeir hafa farið út í þessa fjárfestingu. Þessa sögu þekkjum við öll og þessa sögu kunnum við.

Kárahnjúkavirkjun, stækkun Kröfluvirkjunar og Noralverkefnið eru af þeirri stærðargráðu að það leyfir ekki mistök af því tagi sem við Íslendingar höfum áður gert í þessum málaflokki. Okkur leyfist það ekki. Þess vegna teljum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði það skyldu okkar, þó að öllum sé það ljóst á hinu háa Alþingi að við viljum ekki fara þessa leið í atvinnuuppbyggingu, sem stjórnarandstæðingar að draga fram öll þau atriði, vekja máls á og benda á þá pytti, sem ber að varast í þessum viðskiptumm. Okkur finnst

ekki vanþörf á vegna þess að hv. þingmenn stjórnarinnar koma í ræðustól og tala bara í frösum.

Hve oft höfum við ekki heyrt oft á undanförnum dögum að þetta sé arðbært verkefni og vistvænt verkefni, án rökstuðnings af nokkru tagi, án þess að menn velti nokkuð fyrir sér hvað er á bak við slíkar fullyrðingar. Hafa stjórnarliðar þó haft jafna möguleika til að úttala sig og færa rök fyrir sínu máli eins og við hér, stjórnarandstæðingar á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Okkur er það mjög mikilvægt til lengri tíma að sæmilegur friður geti verið um hvernig við ætlum að fara í orkuvinnsluna í þessu landi og búum okkur til áætlun, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma — sem er að vísu í vinnslu — sem komi til umfjöllunar, að tekist verði á um hana og hún samþykkt áður en við göngum lengra í þessum málum. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að nú sé lag. Það er augljóst að það verður töf á Noral-verkefninu og þá teljum við, og höfum margbent á það og krafist þess á hinu háa Alþingi, að verkefnið verði lagt til hliðar og sett inn í þessa vinnu um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það væri að okkar mati eina rétta leiðin í stöðunni núna og við ættum að grípa tækifærið sem nú gefst.

Virðulegi forseti. Ég vakti máls á því í ræðu minni við 2. umr. og ég vil spyrja um það aftur: Hvaða vit er í því núna, þegar við höfum ekkert í hendi varðandi byggingu álbræðslunnar, að binda þetta virkjunarleyfi eins og raun ber vitni? Málið snýst náttúrlega ekki bara um Kárahnjúkavirkjun. Þetta frv. snýst um miklu stærra mál. Það snýst um jarðgufuvirkjanir í Suður-Þingeyjarsýslu, stækkun Kröfluvirkjunar og nýja jarðgufustöð á Kröflusvæðinu. Er skynsamlegt, í þeirri stöðu sem núna er uppi, að binda Kröflusvæðið inn í virkjunarleyfi Landsvirkjunar við Kárahnjúka með þessum hætti, þannig að allir möguleikar sem hugsanlega kæmu upp, þó að ég sé ekkert að tala um álver en einhvers konar iðnað sem þyrfti meiri orku, í þessu virkjunarleyfi Landsvirkjunar fyrir hugsanlega álbræðslu í Reyðarfirði og menn geti sig hvergi hrært norður í Þingeyjarsýslum, bara sem dæmi? Að vísu er til leyfi fyrir 40 megavatta stækkun við Kröfluvirkjun en umhverfismat og undirbúningur varðandi alla frekari stækkun á því svæði er ekki kominn það langt að um virkjunarleyfi þar sé að ræða. Í þessu frv. er náttúrlega búið þannig um hnútana að hæstv. iðnrh. er ekki heimilt að gefa út virkjunarleyfi nema að undangengnu umhverfismati á því svæði.

Þetta vil ég draga fram, virðulegi forseti, í þessari umræðu núna, vegna þess að við höfum margoft lýst því sem okkar skoðun, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, varðandi orkuvinnslu að stefna beri að því að hægt sé að nýta orkuna sem næst orkulind. Jarðrask af slíkum framkvæmdum er minna, hvað varðar línulagnir og þess háttar og þeim fylgja minnst inngrip í landslagið. Það er líka grundvallarstefna sem leiðir til þess að við eigum möguleika á fjölþættari og margbreytilegri atvinnuuppbyggingu sem víðast um landið í staðinn fyrir að leggja upp með gríðarlega stórt verkefni sem krefst þess að farið sé landshorna á milli til að ná í orku svo drífa megi þær vélar sem á að setja niður á Reyðarfirði. Þetta er að okkar mati algjörlega óásættanlegt

Virðulegi forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég að síðustu draga það fram að það er að okkar mati vanhugsað að nota ekki það lag sem nú er til að vinna faglega að úttekt á þessum málum eins og við í orði kveðnu erum öll sammála um hér á hinu háa Alþingi. Þetta mál hefur fyrst og fremst verið drifið fram, utan við þá rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma sem er í vinnslu, með þeim röksemdum að það þoli ekki þá bið sem fer í að vinna það mál og þess vegna eigi að taka þetta dæmi út fyrir sviga, langstærstu framkvæmd sem við stöndum fyrir í þessum málaflokki hér á landi fyrr og síðar.

Af hverju ekki, virðulegi forseti, af hverju í ósköpunum ekki að nota það tækifæri sem nú gefst þegar pressan er ekki lengur á að afgreiða málið í flýti, þó að stjórnvöldum hér líki það ekki? Það er talað um a.m.k. ársbið og þá á auðvitað að nota tækifærið og setja þessi mál öll inn í þennan heildstæða pakka sem við þurfum að takast á við hvernig með skuli fara.

Virðulegi forseti. Ég vil enn árétta að þó að mörg okkar haldi að hér séu óþrjótandi auðlindir og möguleikar til þess að búa til rafmagn þá er það náttúrlega alls ekki svo. Við búum ekki að óþrjótandi auðlindum. Það hefur verið slegið á það, eftir bestu manna yfirsýn, að hér séu virkjanlegar 50 teravattstundir. Með Kárahnjúkadæminu erum við líklega komin í 17 teravattstundir og 80% af orkuframleiðslunni í landinu til einnar framleiðslutegundar. Af þessum 50 teravattstundum er talið að 30 teravattstundir séu virkjanlegar með vatnsafli og 20 teravattstundir með jarðgufu. Í rammaáætluninni um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þá eigum við auðvitað eftir að takast á við hvaða hluta af þessum 50 teravattstundum, bæði í vatnsafli og jarðvarma, við erum tilbúin að virkja. Það er himinklárt að með hverju árinu sem líður meta menn verðmæti náttúrunnar meir þannig að þessi 50 teravatta tala verður lægri og lægri. Sumir ímynda sér, að teknu tilliti til náttúruverndarsjónarmiða, að málið snúist kannski ekki um nema 20–30 teravattstundir sem ásættanlegt væri og menn gætu náð samkomulagi um að virkja.

Við vitum jafnframt að e.t.v. vegna vinnubragðanna hér á hinu háa Alþingi vaða menn um með alls konar hugmyndir um virkjunarframkvæmdir, m.a. um svona stórverkefni eins og Reyðaráls og Noral-dæmið, alls konar hugmyndir sem þeir telja að séu gerlegar og hafa jafnvel sett af stað umræðu um. Í mín eyru hefur verið rætt um möguleikann á að virkja Dettifoss fyrir norðan. Það er ígildi þess fyrir okkur Norðlendinga að verið væri að tala um að virkja Gullfoss hér fyrir sunnan, mikið tilfinningamál. Við fengum þingskjöl í vetur þar sem talin var upp Skaftárveita um Langasjó. Um það verða gríðarleg átök. Inn í þessi plön er búið að setja alls konar möguleika sem engan veginn eru útræddir og verða mikil átök um ef menn vanda ekki til verka.

Rammaáætlunin um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er náttúrlega gríðarlega mikilvægt tæki fyrir okkur til að stjórna þessum málum. Þá vitum við nokkurn veginn hvað við höfum. Við getum forgangsraðað og í raun þurfum við þá ekki að nota svo mikinn tíma sem raun ber vitni í hvert einstakt mál eins og t.d. það sem hér er á borðum um einstakt verkefni. Þá værum við búin að leggja línuna um nýtingu þessara auðlinda og það gæti síðan verið afgreiðslumál hæstv. iðnrh. og ráðuneytis hvernig skuli virkja á hinum ýmsu stöðum sem mundu rúmast innan væntanlegrar rammaáætlunar. Þetta er mjög mikilvægt til þess að vinna skipulega að þessum málum.

Virðulegi forseti. Ég nefndi að með þessu verkefni yrðum við komnir upp í að nota um 80% af raforkuframleiðslu landsins til framleiðslu á einni vörutegund. Það hefur löngum verið sagt hér á hinu háa Alþingi og víðar úti í samfélaginu að það sé okkar ólán á Íslandi að vissu leyti að við skulum

vera gjörsamlega háðir einni tegund hvað varðar gjaldeyrisöflun, þ.e. fiski, og er búið að ræða það um áratuga skeið að þessu verði að breyta þannig að fleiri stoðir verði settar undir efnahagskerfið. Það er ekki alveg í samræmi við þá lífssýn manna að vera með svo mikla einhæfni hvað varðar málmbræðslur að þær skuli vera notendur að 80% af virkjuðu rafafli í landinu þegar menn hafa haldið því fram hingað til og halda því fram enn þá að veikleiki efnahagskerfisins á Íslandi sé í því fólginn hvað þar séu fáar stoðir, hvað það sé einhæft og hvað við séum háð öllum sveiflum. Það kemur fram í öllum plöggum um Noral-verkefnið að þar verðum við háð heimsmarkaðsverði á áli þannig að við erum að tala um einhæfni á þessu sviði, einhæfni sem okkur hefur dreymt um að losna við um áratuga skeið en byggja upp atvinnulíf fjölbreytileika og byggja á mörgum stoðum.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu segja um sýn mína á atvinnuuppbyggingu að ég held að við hefðum fyrir mörgum áratugum síðan átt að hætta að hugsa um að byggja upp verksmiðjur á vegum ríkisins. Það á fólkið sjálft að gera. Þannig fáum við þann margbreytileika í efnahagslífið og atvinnulífið sem við þurfum á að halda. Við eigum ekki að fara út í miðstýrðar aðgerðir sem gáfust mjög illa, þó menn hefðu góðan ásetning, í austantjaldsríkjunum forðum. Þetta eru sömu aðferðir. Þetta er keyrt áfram pólitískt og það hefur ekki reynst vel. Við eigum hins vegar að sjá til þess að grunnþjónusta fyrirtækjanna í landinu sé góð. Grunnþjónusta fyrirtækjanna í landinu byggir á margs konar þjónustu sem á að okkar mati að vera í opinberri umsjá og opinberri umsýslu. Þar er orkugeirinn ekki undanskilinn að mati okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þar er heilsugæslan ekki undanskilin. Þar eru fjarskiptin ekki undanskilin. Þar eru auðvitað vegamál o.s.frv. Það er gríðarlega mikilvægt að það sé í lagi til þess að efnahagslíf sem byggist á margbreytileika geti þrifist sem best.

Það verður ekki gert með aðferðum af því tagi sem hér eru uppi á borðum vegna þess að uppleggið, eins og ég kom inn á í millikafla ræðu minnar, virðulegi forseti, og yfirbragð verkefnisins hefur gjörbreyst á þremur árum frá því að vera hlutafélaga- eða einkaframkvæmdarverkefni, þ.e. bæði virkjun og bræðsla, yfir í það að vera opinber framkvæmd tveggja sveitarfélaga og ríkisins hvað virkjunina varðar. Og þetta er keyrt áfram að meira eða minna leyti af íslenskum fjárfestum sem eru að semja við Norsk Hydro, eða voru að semja við Norsk Hydro, og staðan er sú að Norðmenn hafa hingað til gefið meldingar um að þeir vildu minna og minna með þessa verksmiðju hafa, jafnvel allt niður í 15–20%.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu ætla ég að láta máli mínu lokið að sinni. Ég vildi aðeins að þessi sýn kæmi fram hér. Ég vil að endingu klykkja út með því að ég held að ég geti byggt á nokkurri reynslu, hafandi verið búsettur norður í Eyjafirði alla mína hunds- og kattartíð að undanskildum námsárum mínum. Ég held það sé mjög mikilvægt að minnast reynslu okkar þar um slóðir, þangað sem í ein 15 ár voru sendar álviðræðunefndir og nefndir á vegum álfyrirtækja til þess að skoða lóðir og athuga staðhætti um væntanlega álbræðslu í Eyjafirði sem ekkert varð úr. Ég held að mjög mikilvægt sé að við tökum á þeim málum nú fyrir Austurland svo að þetta mál verði ekki skilið eftir þannig að menn spýti í lófana, herði upp hugann og haldi í vonina eitt árið enn og kannski annað árið til. Það er ekki gott fyrir Austurland. Við eigum að leggja hér fram tillögur um hliðarráðstafanir þar sem byggt er á hugmyndum sem að mörgu leyti eru þegar uppi á borðinu hjá austfirskum atvinnuþróunarfélögum, sem þegar eru uppi á borðinu hjá stofnunum og opinberum fyrirtækjum og þjónustuaðilum á Austfjörðum og berja í brestina sem orðið hafa að mínu mati vegna allt of mikillar bjartsýni á það hvernig svona mál ganga fyrir sig.

Í tilviki Eyjafjarðar tók þetta, eins og ég segi, um 15 ár. Þar voru menn alltaf að bíða eftir þessu fyrirtæki sem átti að verða allra meina bót. Ég held að það hafi verið þegar sjöunda sendinefndin kom – hún kom síðast — að menn gerðu sér grein fyrir því að ekkert þýddi að stóla einvörðungu á þetta heldur yrði að efla liðsandann og vinna að uppbyggingu annars konar atvinnulífs á grunni fjölbreytileika. Það held ég að sé mjög mikilvægt.

Ég vil vera raunsær. Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að staða málsins er slík á Alþingi að það hefur yfirgnæfandi meirihlutastuðning. Við gerum okkur fulla grein fyrir því. En úr því sem komið er viljum við beina því til stjórnarliða að sett verði fram eins konar plan B fyrir Austurland til að milda einhvern veginn, um sinn alla vega, áhrifin af of mikilli bjartsýni á þetta mál. Þar hefur ríkið og þar á ríkið að hafa mjög miklu hlutverki að gegna. Það eiga Austfirðingar inni vegna þess að það hefur verið talað þannig um þetta mál og gefnar hafa verið allt of miklar vonir. Ég fór yfir það í fyrri ræðum mínum að við eigum ekki að gefa þennan tón vegna reynslunnar sem við höfum af þessum málum. Við höfum reynsluna af öllum undirbúningnum á Keilisnesi og við höfum reynsluna af öllum undirbúningnum fyrir austan hvað varðar járnblendiverksmiðju. Við höfum undirbúning sinkverksmiðja sem ekkert hefur orðið úr og talandi sem Eyfirðingur þá get ég nefnt að undirbúningsfasi var í gangi og mikil bjartsýni hjá mörgum hvað varðaði uppbyggingu á Dysnesi við Eyjafjörð um 15 ára skeið.

Þessi mál eru ekki í hendi fyrr en skrifað hefur verið undir. Þess vegna er þetta mjög vandmeðfarið. Sérstaklega er það vandmeðfarið í hinum dreifðu byggðum þar sem fólk er færra og bein áhrif af svona framkvæmd þess vegna miklu meiri. Væntingarnar hjá sérhverjum einstaklingi sem á svæðinu býr eru alveg gríðarlegar því allir gera sér grein fyrir því að um stund gefur þetta efnahagslega innspýtingu sem þó varir ekki lengi og fjarar út svo sem menn muna norður í Húnavatnssýslum þegar uppbygging Blönduvirkjunar stóð yfir. Síðan var það verkefni afstaðið og ekki svo mikið á því að græða nema e.t.v í aðstöðugjöldum fyrir Svínavatnshrepp.

Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, við 3. umr. málsins. Ég geri mér grein fyrir því að mikill meiri hluti þingsins er fylgjandi þessu máli og mun afgreiða það. Ég ætla ekki að vera með neinar tölur uppi, eins og margir hafa gert, um það hversu margir styðja það. En varnaðarorð um alla pósta svona máls eru hlutverk stjórnarandstöðunnar. Þó ætti öllum að vera ljóst hér að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett sig á móti þess konar uppbyggingu sem þetta verkefni hvílir á. Við viljum annars konar uppbyggingu atvinnutækifæra sem við höfum sett fram tillögur um í mörgum liðum og mörgum greinargerðum sem við höfum talað fyrir í þinginu. Ég vona, virðulegi forseti, að sem fyrst gefist tækifæri til þess að tala fyrir margbrotnu atvinnulífi á okkar forsendum því þá kannski yrði maður í þeirri stöðu að geta sagt við þá sem keyra svona mál áfram: Ja, þau eru alltaf á móti öllu. Framsóknarmenn eru alltaf á móti öllu af því að þeir vilja ekki okkar lausnir heldur vilja (Gripið fram í.) gera eitthvað annað.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber fulla virðingu fyrir þeim skoðunum sem hv. þm. hefur flutt fram í löngu og snjöllu máli. Ég er einfaldlega ósammála margvíslegum forsendum sem hann gefur sér. Í grundvallaratriðum snýst þetta mál um eftifarandi: Það er alveg ljóst að virkjun við Kárahnjúka leiðir af sér röskun á umhverfinu. En það er jafnljóst að hún leiðir líka af sér efnahagslegan ávinning. Deilan snýst í reynd um þetta: Vegur hinn efnahagslegi ávinningur upp þessa röskun á umhverfinu? Þannig hef ég alltaf litið á þetta og það ræður afstöðu minni.

Mér finnst hins vegar að allt of mikið beri á því hjá hv. þm. og flokksfélögum hans að drepa þessu máli á dreif með skæklatogi um það hvort hæstv. ráðherra hafi leynt upplýsingum. Mér leiðist það. Mér leiddist sá hluti ræðu þingmannsins. Af hverju? Vegna þess að rökvísi mín segir mér að það hljóti að vera rangt vegna þess að ég get engan tilgang séð með því, engan mögulegan hagnað af því hjá hæstv. ráðherra. Þess vegna segi ég að mér finnst það ekki góð leið hjá iðnn. að hafa ákveðið að gera einhverja skýslu um þetta mál sem klárlega hefur það eitt að markmiði að elta uppi ráðherrann og gera hana tortryggilega. Allt um það, herra forseti. Það verður hv. þm. að eiga við sig og sína félaga.

Mér fannst hins vegar athyglisverður sá hluti ræðu hv. þm. þegar hann ræddi hvernig eigi að tryggja að þingið starfi alltaf eftir bestu fáanlegum upplýsingum og þá er ég að leggja áherslu á að minn flokkur hefur einmitt lagt hér fram frumvörp um þetta, t.d. siðareglur þingmanna og stjórnsýslunnar og líka í atvinnulífinu. Ég hegg hins vegar eftir því að hv. þm. vill að skoðað verði hvort rétt sé að lögfesta reglur m.a. um refsiákvæði. Þar greinir mig á við hv. þm. Ég held að það væri hættulegt ef við færum að gerast einhvers konar siðalöggur af þessu tagi og spyr hv. þm.: Mundu þeir menn sem komu fyrir iðnn. e.t.v. eiga að falla undir refsiákvæði slíkra reglna?

[15:15]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á þann hátt að ég tel að ég hafi ekki gert neitt meira úr þeim þætti að hæstv. iðnrh. væri að leyna upplýsingum en efni stóðu til. Tillögurnar sem hér eru settar fram, eins og ég segi í niðurlagi mínu, eru til að forðast að í framtíðinni komi svona mál upp. Ég held að mönnum hafi förlast svolítið í dómgreind sinni á það hvernig þeim beri að vinna í þeim einkavæðingarfasa sem keyrður hefur verið hér síðustu tíu árin. Ég held að menn séu almennt blindaðir af því að þeir séu núna að vinna á nýtískulegan hátt að eigin mati eins og þeir væru með einkafyrirtæki í höndunum. Ég geri, eins og ég sagði í ræðu minni, mjög skýran mun á því hvort um einkafyrirtæki er að ræða og starfsaðferðir sem eru notaðar samkvæmt heiðursmannaframferði í þeim bransa eða hvort við erum að tala um upplýsingagjöf vegna ákvarðanatöku um fyrirtæki í almannaeign. Það er allt annar handleggur og það vildi ég draga fram. Ég held að þessi tillaga okkar sé þess eðlis að hún rúmi það. Hún gengur út á að skipuð verði sjö manna nefnd og ég geri ráð fyrir að hugmyndir sem Samfylkingin hefur sett fram um siðareglur þingmanna og annað í þeim dúr, líklega ein þrjú eða fjögur þingmál, geti rúmast í þeirri umræðu sem við erum að leggja upp með að hér verði viðhöfð hvað varðar þetta mál.

[15:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki athugasemdir við þau viðhorf sem hv. þm. flytur varðandi greinarmun á því hvort um er að ræða einkafyrirtæki eða opinberar stofnanir. Ég tel að vísu að færa megi sterk rök fyrir því að eitt eigi yfir báða að ganga.

Ég er þeirrar skoðunar að þær hugmyndir sem koma fram í þessum tillögum hjá hv. þingmanni séu mjög jákvæðar. Ég styð hugsunina sem þar er að finna nema eitt atriði. Ég set spurningarmerki við þann hluta þessara tillagna þar sem því er velt upp hvort leiða eigi á stokk aðila sem komi fyrir þingnefndir og kunni að gefa villandi eða rangar upplýsingar og flengja opinberlega með einhverjum hætti. Það er verið að tala um að skoða hvort eigi að refsa slíkum mönnum. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Mér finnst það hættulegt. Ég held að við eigum að setja siðareglur og þar er leiðbeiningin um hvernig eigi með að fara. Skömm þessara manna verður því meiri sem samfélaginu er ljósara að þeir hafi brotið þessar reglur í verulegum mæli. Ég held t.d. að þeir menn sem hafa komið nokkuð til umræðu í tengslum við það hvort rangar upplýsingar hafi verið gefnar iðnn. og efh.- og viðskn., sem ég sit í, í tengslum við það mál sem við erum að ræða hérna fari ekki vel út úr því í augum almennings.

En mig langar að spyrja hv. þm.: Telur hann að háttsemi þeirra manna sem komu fyrir iðnn. og sá háttur sem þeir höfðu á, að gefa eða dylja eftir atvikum upplýsingar, sé þess eðlis að það væri saknæmt samkvæmt þeim reglum sem hann hugsar sér að setja upp?

[15:19]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson getur lesið í þeim tillögum sem við höfum sett fram erum við að leggja til að skipuð verði nefnd sem fari í þessi mál, skoði þau og taki hliðsjón af því hvernig menn fara með slík mál í öðrum löndum. Nefndin mun eflaust líka hafa til hliðsjónar það sem samfylkingarmenn hafa sett fram í þingskjölum sínum varðandi þessi eða hliðstæð mál. Ég skal alveg ósagt láta um refsingar og því um líkt. En ég tel að af reynslunni af þessu máli hefði verið algjörlega eðlilegt að menn hefðu talað hreint út eins og á tveggja manna tali í iðnn. en jafnframt gert mönnum grein fyrir því á öllum stigum að þar væri um trúnaðarmál að ræða ef menn töldu það viðkvæmt gagnvart samstarfsaðilanum. (Gripið fram í.) Ha? **(Gripið fram í:** Þið máttuð vita þetta í trúnaði.) Nú grípur hv. þm. Össur Skarphéðinsson fram í og segir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi ekki viljað trúnað. Ég tók við trúnaði í iðnn. um t.d. orkuverð og ég hélt hann þannig að ég sem iðnaðarnefndarfulltrúi hef tekið við trúnaði. Ég hef tvisvar gert það. Hitt skiptið var í sjútvn. og varðaði mál sem var þar til umfjöllunar og talið viðkvæmt vegna stöðu landsins erlendis. Ég tel að á grunni þessarar tillögu þurfi að ræða þessi mál svo að öllum sé ljóst hvernig þingið vill að staðið sé að þessum samskiptum.

[15:21]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að taka það upp sem hér var endað á. Það er hárrétt sem hér var kallað fram í, vinstri grænir höfnuðu trúnaði þó að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hafi

þegið þennan trúnað á fyrsta fundi þar sem um orkuverðið var fjallað. Eftir það neituðu vinstri grænir að taka við slíkum trúnaðarupplýsingum, og auðvitað hefur það áhrif á málið.

Herra forseti. Ég tel að það sé nokkuð borin von að reyna að sannfæra vinstri græna um ágæti þessa máls miðað við þá undarlegu sýn sem þeir hafa á það. Það ætti ekki að þurfa að minna enn einu sinni á að frv. þetta er einungis almenn heimild til hæstv. iðnrh., eins og venjan er til framkvæmdarvaldsins, um að veita virkjunarleyfið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Um það snýst málið og ekkert annað.

En ég hlýt, herra forseti, að gera alvarlegar athugasemdir við það sem ég vil kalla allt að því blekkingarleik hjá vinstri grænum. Annars vegar segir í þessu merka frhnál. að hv. iðnn. hafi í morgun ákveðið að gera skýrslu um heimsókn þeirra sem þangað komu. Það vantar bara lögregluskýrslu. Sá er andinn sem svífur yfir þessu frhnál. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Það var ákveðið að biðja ritarana um að taka saman í tímaröð þá lýsingu sem kom fram hjá þeim heiðursmönnum sem lýstu atburðarásinni, og taka jafnframt fram það sem hefur komið fram í fjölmiðlum. Það er mikill munur á því eða allt að því lögregluskýrslu.

Hins vegar hlýt ég líka að gera athugasemdir við útgangspunktinn í þessu frhnál. þar sem er í rauninni verið að fjalla um refsiákvæðið. Hvert er tilefni þessara hugrenninga í frhnál.? Væntanlega það að hv. þm. ber brigður á þau orð sem fram komu hjá heiðursmönnunum, gestum nefndarinnar, í morgun. Átta nefndarmenn tóku orð þeirra trúanleg en ekki hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Og það er grafalvarlegt mál.

[15:23]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það að leyna upplýsingum eða þiggja ekki að taka við upplýsingum séu hlutir sem þarf að ræða líka. Við ræddum það í mínum þingflokki, Vinstri hreyfingunni — grænu framboði, að það væri óásættanlegt að taka við upplýsingum í nefndum sem við gætum síðan ekki áfram gefið okkar nánustu samstarfsmönnum í þingflokknum. Við settum, og setjum, fram gagnrýni á það og viljum ræða það, m.a. með skipun svona nefndar, að skýrt sé kveðið á um það og menn séu sammála um hvernig eigi að fara með svona upplýsingar og hvernig eigi að veita þær. Við höfum ekki lagst gegn því að taka við trúnaðarupplýsingum. Það hef ég gert eins og ég hef áður sagt.

Ég geri mér líka alveg grein fyrir því, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sagði, að hér er um að ræða almenna heimild til þess að Landsvirkjun fái að virkja við Kárahnjúka og Kröflu. Ég set líka mjög stórt spurningarmerki við það, sérstaklega vegna þess að þarna er búið að hnýta tvö svæði saman, Kröflusvæðið og síðan Kárahnjúka, og fyrirtækið heldur þessu leyfi í langan tíma.

Hvað varðar skýrslu sem kallað er eftir í nál. er hún túlkunaratriði. Ég var samþykkur því orðalagi en segi í nál. að það sé spurning um hvað maður kallar skýrslu. Ég er ekki að tala um lögregluskýrslu. Ég er að tala um framsetningu, útlistun á málinu, eins og var talað um á fundinum og ég held að ekki þurfi að mistúlka það þótt ég segi í nál. að ég sé ánægður með að þetta verði tekið saman og farið yfir atburðarásina. Það er í mínum huga eins konar skýrsla og er sjálfsagt hægt að nota á íslensku um það ein þrjú eða fjögur fleiri orð ef menn vilja það. En ég kaus að nota orðið skýrsla.

[15:25]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt rekur sig orðið á annars horn í málflutningi vinstri grænna. Það liggur fyrir og má fletta því upp í þingtíðindum að hv. formaður þingflokks vinstri grænna lýsti því yfir úr þessum ræðustól að vinstri grænir neituðu að taka við trúnaðarupplýsingum. Því getur hv. þm. flett upp í þingtíðindum eða spurt sinn ágæta hv. þingflokksformann.

Það er líka alveg ljóst, og sést best á rauða þræðinum í þessu frhnál., hvert tilefni þess er. Þar er látið að því liggja og talað um að rangar upplýsingar og villandi hafi verið gefnar. Hér er talað um refsiákvæði og þar fram eftir götunum. Tilefnið er greinilega fundur iðnn. með þeim ágætu gestum sem þangað komu. Það er einfaldlega verið að væna þá um ósannindi eða lygi. Og það er mjög alvarlegt mál.

Ég spyr hv. þm. og bið hann að svara því afdráttarlaust: Vænir hann heiðursmennina sem komu í morgun og svöruðu mjög hreinskilnislega spurningum nefndarmanna um ósannindi eða lygar? Ég spyr enn fremur: Hvenær átti að greina frá þeim upplýsingum sem hafa verið hér til umræðu? Átti það að gerast um mánaðamótin febrúar/mars þegar einhver innan Norsk Hydro lýsti þeirri skoðun sinni að hugsanlega yrði að biðja um lengri frest? Átti að gera það 18. mars þegar birt var viðtal við tvo fulltrúa frá Norsk Hydro sem sögðu að enn væri unnið eftir upphaflegri tímaáætlun? Eða átti kannski ekki að gera það 19. mars þegar formleg ákvörðun lá fyrir og hv. Alþingi var tilkynnt það með yfirlýsingu hæstv. iðnrh.?

Herra forseti. Það er mjög alvarlegt þegar hv. þm. ber brigður á og vænir gesti nefnda um beinar lygar.

Eitt er að vera á móti máli, og þá eiga menn að segja það heiðarlega, annað að færa það í svo afkáralegan búning. Menn eiga einfaldlega að segjast vera á móti en hlífa öðrum við að fara niður á það plan sem hér er verið að gera.

[15:27]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason gerir sig sjálfur sekan um að færa hluti í afkáralegan búning. Hver er að því? Ef hv. þm. hefur lesið nál. mitt sér hann að það eru fylgiskjöl með álitinu og það sjálft grundvallast ekki bara á þeim fundi sem var í morgun. Fylgiskjölin eru bókun í forsn., tillaga að ályktun forsn. og ályktun þingflokksins. Tillagan og bókunin voru settar fram í forsn. sl. mánudag og er þar byggt á stöðu málsins eins og það var þá. Þessi málatilbúnaður er ekkert grundvallaður, eins og á honum sést, á fundinum í morgun. Það er verið að taka almennt á málunum. Tillagan um þessa sjö manna nefnd til að skoða hvernig við högum okkur í þessum málum er orðin til vegna misvísandi upplýsinga sem komu fram um málið alveg fram á síðustu daga. Þannig er málið vaxið. Ég hef aldrei sagt að ég væri að væna gesti okkar á fundi iðnn. í morgun um lygi. Ég hef aldrei sagt það. Ég hef aldrei gert það. (**HjÁ:** Þetta er bara lygi.) Nei, og hef ekki látið að því liggja. Ég fer mjög fínum orðum einmitt um það hvernig þeir gáfu okkur upplýsingar í morgun og dreg síðan fram þær hugmyndir sem við höfum um það hvernig má lagfæra þessi mál. Það er mergurinn málsins og ég vil að það komi fram hér.

Á þessum meiði hangir gagnrýnin og framsetning um að vilja ekki taka við trúnaðarupplýsingum sem maður má ekki síðan afhenda eða segja sínum nánustu félögum í þing-

flokki sem er náttúrlega afleit staða og hangir líka á þeirri hugmyndasmíð hvernig í þessi mál skuli fara.

[15:29]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003, 689. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1108.

Neysluvatn, 679. mál, þáltill. KF, þskj. 1095.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa fyrir árið 2001, 688. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1107.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ástandið í Palestínu.

[15:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Óhugnanlegar fréttir berast frá Palestínu dag hvern. Ofbeldið virðist magnast jafnt og þétt og er nú greinilega orðið hömlulaust. Dr. Barghouti, læknir og yfirmaður á bráðamóttöku í Palestínu, forsvarsmaður friðarsamtaka Palestínumanna, málsmetandi talsmaður friðelskandi fólks sem sótti okkur Íslendinga heim fyrir stuttu í boði Samfylkingarinnar, kom fram í hádegisfréttum útvarps í dag með ákall til Íslendinga og allra þeirra sem heyrt gætu. Hann sagði: Það er verið að fremja stríðsglæpi frammi fyrir augum heimsins. Á degi hverjum falla tugir manna í valinn, hundruð og þúsundir eru sárar, heimilin eyðilögð, vatnsveitur, skólpið, stoðkerfi samfélagsins mölvað.

Herra forseti. Úr fjarlægð verðum við vitni að ofbeldi sem framið er á frumstæðan en yfirvegaðan hátt. Í morgun voru fimm sjúkrabílar eyðilagðir og hjúkrunarfólki meinað að sinna særðum. Í örvinglan leitar fólk skjóls í kirkjum. Nú rétt fyrir hádegið var ísraelskur herflokkur í skjóli bryndreka að sprengja sér leið inn í Kristskirkju, fæðingarkirkjuna í Betlehem. Þar höfðu 200 manns leitað vars. Ísraelsku hermennirnir sögðu þetta vígamenn. Í þeirra augum eru allir vígamenn, líka þeir sem reyna að verjast ofbeldinu.

Þótt ljóst sé að einstakir menn og hópar úr röðum Palestínumanna hafi framið hryllileg hryðjuverk er engu að síður greinilegt hver hefur yfirhöndina og mótmæli okkar eiga að beinast gegn Ísrael og þeim sem halda yfir þeim verndarhendi, gegn bandarískum stjórnvöldum því án stuðnings þeirra fengju ísraelskir ráðamenn engu áorkað.

Herra forseti. Hvað skal til bragðs taka? Palestínumenn hvetja fólk til að flykkjast til Palestínu og standa vörð um friðinn með nærveru sinni. Utanríkisráðuneyti okkar hvatti hins vegar til þess í morgun að fólk héldi sig frá þessum svæðum. Hér er vissulega úr vöndu að ráða. Ekki ætla ég að draga úr því. En hitt er ljóst að Íslendingum ber að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hamla gegn ofbeldinu.

Ég beini þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann eða íslensk stjórnvöld hafi haft samband við fulltrúa Ísraelsstjórnar og krafist þess að ísraelskur her yrði þegar á brott frá herteknu svæðunum og látið yrði af ofbeldinu og farið að samþykktum og vilja þjóða heimsins, Sameinuðu þjóðanna, ályktunum öryggisráðsins.

Að sjálfsögðu ber okkur að árétta þau grundvallarsjónarmið sem koma fram í ályktun Alþingis frá því í maí 1989 um að viðurkenna skuli sjálfstæði Palestínu. Við eigum að hafa frumkvæði eða styðja við kröfur sem fram hafa komið um að senda alþjóðlegt gæslulið á vegum Sameinuðu þjóðanna til Palestínu. Við eigum að sjálfsögðu að hamra á þeirri kröfu gagnvart Ísrael og stuðningsmönnum þeirra að ísraelskur her verði þegar í stað kallaður frá svæðum Palestínumanna.

Spurningin sem ég vil einnig beina til hæstv. utanrrh. er þessi: Hefur komið til álita að draga úr, jafnvel slíta stjórnmálasambandi við Ísrael dragi þeir ekki herlið sitt þegar í stað til baka og láti af ofbeldisaðgerðum sínum?

[15:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Stjórnmálaþróunin í Mið-Austurlöndum einkennist sem aldrei fyrr af átökum og ófriði. Fyrir nokkru voru Ísraelsmenn að ráðast inn í Nablus á Vesturbakkanum að því er talið er með 200 skriðdreka. Þar búa 100 þús. manns en þetta er stærsta borgin á Vesturbakkanum. Ofbeldi og öryggisleysi á svæðinu eykst með hverjum einasta degi. Allar friðarviðræður hafa runnið út í sandinn, samkomulag hefur verið gert í fleiri en eitt skipti en það hefur reynst lítið meira en orðin tóm og vopnahlé sem samið hefur verið um hefur ekki verið haldið. Áframhaldandi ofbeldi og neitun samningaviðræðna styrkir eingöngu þau öfl sem hvorki vilja framhald friðarferlisins né pólitíska lausn á átökunum í Miðausturlöndum. Ofbeldi er svarað með meira ofbeldi.

Það er ekkert lát á blóðugum sjálfsmorðsárásum í Ísrael og mönnum blöskrar ekki síður sú mikla harka sem Ísraelar beita á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna. Þeir hafa haldið Yasser Arafat í herkví í Ramallah og er nú svo komið að meira að segja fulltrúa bandarískra stjórnvalda, Anthony Zinni, og fulltrúum Evrópusambandsins hefur verið meinað að hitta Arafat. Það má ekki gleymast að Vesturbakkinn, Gaza, Austur-Jerúsalem og Gólan-hæðir eru hernumin af Ísrael og Ísraelsmönnum ber að skila þessum svæðum til Palestínumanna og Sýrlendinga samkvæmt fjölmörgum ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það hlýtur áfram að vera krafa okkar að deiluaðilar fallist á tafarlaust vopnahlé og hefji strax, án allra skilyrða, samningaviðræður á grundvelli tilmæla Mitchell-skýrslunnar sem kom út 30. apríl sl., fyrir næstum því ári.

Ég tek undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það er mikil ástæða til að lýsa yfir sérstökum áhyggjum af hinu bága efnahags- og mannúðarástandi á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna. Kyrkingartaki Ísraels á efnahagslífinu þar á svæðinu svo og áframhaldandi ögrun með útþenslu landtökumanna á hernumdu svæðunum hefur magnað ástandið og verður að sjálfsögðu að linna. Það er nauðsynlegt að reyna að brjótast út úr þeim mikla vítahring sem skapast hefur á þessu svæði.

Ábyrgð Ísraelsmanna er mikil og þeir eru ekki hafnir yfir lög og rétt. Við hljótum að fordæma harðlega ofbeldisaðgerðir beggja aðila, bæði Ísraelsmanna og annarra á þessu svæði. Þar ríkir mikil óbilgirni og eina leiðin til þess að komast út úr þessu er að sú óbilgirni víki fyrir gagnkvæmu trausti. Fyrr getum við ekki vænst friðar í Miðausturlöndum. Það mundi byggjast á stofnun lýðræðislegs Palestínuríkis. Það væri besta tryggingin fyrir öryggi Ísraels innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra. Þá fyrst lýkur friðarferlinu.

Ég hef áður lýst því yfir að ég telji algjörlega nauðsynlegt að senda alþjóðlegt friðargæslulið eða eftirlitssveitir til Palestínu. Ég tel vonlaust að tryggja varanlegan frið á svæðinu án slíkra alþjóðlegra sveita.

Vegna spurningar hv. þm. varðandi stjórnmálasamband við Ísrael hefur ekki verið samband milli íslenskra stjórn-

valda og ísraelskra stjórnvalda síðan sendiherra þeirra var hér á landi, Það hefur ekki verið hugleitt að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Ég tel að það þjóni engum tilgangi á þessu stigi málsins að gera slíkt. Það er mat flestra þjóða í heiminum. Það verður að halda áfram að þvinga þá til þess að draga sig til baka og koma á friðarviðræðum. Ég hef miklar efasemdir um að það að ríki heims slíti stjórnmálasambandi við þá þjóni þeim tilgangi.

[15:40]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég minni hv. þm. á að fyrir utanrmn. hins háa Alþingis liggur þáltill. frá þingmönnum Samfylkingarinnar um sjálfstæði Palestínu. Ég tel mjög brýnt að sú tillaga verði afgreidd sem allra fyrst og lýsi okkur í Samfylkingunni reiðubúin að funda um hana hvenær sem er og þess vegna strax í dag. Það þarf að flýta þeirri afgreiðslu þannig að afstaða Alþingis liggi fyrir, til ástandsins fyrir botni Miðjarðarhafs, sjálfstæðis Palestínu og stöðunnar þar.

Í þessari tillögu er líka lagt til að alþjóðlegar öryggissveitir eða friðargæslusveitir verði sendar til verndar Palestínumönnum og ekki veitir af. Þegar þeirri afgreiðslu er lokið, sem vonandi verður sem allra fyrst, herra forseti, hefur hæstv. utanrrh. vilja Alþingis í höndunum. Ég geri ráð fyrir því að hún eigi stuðning langflestra hér inni ef ekki allra. Það eru mjög skýr skilaboð sem hægt er að senda umheiminum og það þarf að fylgja þeim eftir, herra forseti. Það er ekki nóg að ályktа heldur þarf að fylgja þeim eftir. Það þarf að taka upp símann, hringja, hvort sem það er í utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til Ísraels eða til samstarfslanda okkar annarra. Það þarf að beita sér með öllum tiltækum ráðum. Við vitum það öll, herra forseti, að lykillinn að lausninni í átökunum á milli Ísraels og Palestínu er hjá Bandaríkjastjórn. Hún ein getur dregið að sér hendurnar eða tekið í taumana öllu heldur og svipt Ísraelsmenn þeim stuðningi sem Ísraelsstjórn hefur haft til að halda úti stríðinu gegn Palestínumönnum.

[15:42]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Þjóðir heimsins fylgjast af vaxandi ugg með þróun deilnanna milli Ísraelsmanna og Palestínumanna. Auðvitað er ljóst að það er mikil harka hlaupin í málin og sífellt erfiðara að fá deiluaðila að sáttaborðinu.

Ísland hefur frá upphafi stutt stofnun og tilverurétt Ísraelsríkis en styður einnig sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna. Sá stuðningur kemur gleggst fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem fjöldi ályktana er samþykktur um deilur Ísraels og Palestínumanna á hverju ári. Það er brýnt að á alþjóðlegum vettvangi verði stórauknum þrýstingi beitt til að leysa deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafsins. En slík lausn þarf að fela í sér að Ísrael verði tryggt öryggi innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra og stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu.

Ég tek undir með hæstv. utanrrh. um að alþjóðlegar friðargæslusveitir taki að sér friðargæslu fyrir botni Miðjarðarhafs. 12. mars samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun þar sem í fyrsta sinn er talað um ísraelskt og palestínskt ríki í sömu andrá. Þessi ályktun gaf auðvitað von um raunverulegan vilja til að miðla málum og virkilega taka á til friðarsamkomulags milli Ísraels og Palestínumanna. Þar er talað um svæði þar sem þessi tvö ríki þrífist hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra.

Sáttafulltrúi Bandaríkjanna hefur nú dvalið á svæðinu í nokkurn tíma og hefur freistað þess að miðla málum, án sýnilegs árangurs enn sem komið er. Nú er auðvitað svo komið að friðarferlið sem menn bundu svo miklar vonir við er í algjöru uppnámi. Það er þess vegna nauðsynlegt að skapa skjól fyrir þær mikilvægu friðartilraunir sem standa yfir til að vænta megi árangurs. Þess vegna hvílir mikil ábyrgð á deiluaðilum að sjá til að það megi takast.

[15:44]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þegar ætlast er til þess að sá sem hér stendur leggi orð í belg um ógnarástandið fyrir botni Miðjarðarhafs þá hlýtur hann að finna til vanmáttar síns. Reyndar hef ég lengst af forðast raunar að setja mig í neitt dómarasæti. Þó er það svo að böðullinn Sharon hefur áreiðanlega komið því til leiðar að álit og viðhorf alheimsins hefur mjög orðið Palestínumönnum í vil síðustu mánuði.

En ég hef líka leitt hugann að spurningunni: Er mögulegt að leysa þessi vandamál? Þeir geta það ekki austur þar, þessir tveir aðilar. Palestína getur aldrei samið um annað en að þær milljónir sem hröktust af óðulum sínum fyrir hálfri öld snúi aftur. Ísrael getur aldrei um það samið vegna þess að það þýðir að land þeirra yrði lagt af. Þeir eru ófærir um að semja og leysa þessi mál. En það hefur komið hér fram og það er áreiðanlega rétt að enginn annar möguleiki er til en sá að Bandaríkjamenn skerist í leikinn. Þeim ber reyndar skylda til þess því það er á þeirra vegum sem Ísraelsríki hefur verið vopnað með þeim skæðu vopnum sem þeir búa yfir.

En ég sagði: Á Ísraelsríki framtíð fyrir sér á lítilli landræmu innikróað af múslimum? Ég hef leyft mér að efast um þetta. Það er talað um að senda friðargæslulið. Bandaríkjamenn verði að skerast í leikinn með vopnavaldi. Misminnir mig að Ísland hafi einhvern tímann verið þar nær sem greidd voru atkvæði um hvort senda skyldi friðargæslulið og setið hjá við þá afgreiðslu?

[15:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Sverris Hermannssonar sem sagði í upphafi máls síns að í þessu máli fyndi maður til vanmáttar því að undanfarna mánuði hefur maður fylgst með fréttum fjölmiðla og séð hvernig átökin hafa vaxið og ofbeldið orðið grimmara. Fólk er sótt heim í híbýli sín og skotið þar varnarlaust og enginn greinarmunur gerður á því hvort þar eigi palestínskir hermenn í hlut eða saklausir borgarar.

Herra forseti. Þetta ástand hefur fengið að þróast og ríkir vegna þess að í gildi er alveg sérstakt bandalag Bandaríkjanna og Ísraels og það er ein helsta ógnunin við heimsfriðinn í dag. Hinar skefjalausu árásir Ísraela á Palestínu og markvissar árásir á saklaust fólk um margra mánaða skeið hafa notið til fulls stuðnings Bandaríkjaforseta og Bandaríkjastjórnar, sem hefur beitt sér fyrir því með atkvæði Bandaríkjanna í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna að neita inngripi í deilurnar, hefur notað neitunarvald í nær öllum tillögum um einhverjar aðgerðir til að koma á friði í þessum heimshluta, tillögum sem bornar hafa verið upp í öryggisráðinu og hafa lotið að þessum málum. Þrátt fyrir að þær fáu bókanir sem samþykktar hafa verið hjá Sameinuðu þjóðunum hafi verið vægar fyrir Ísraelsmenn hefur þeim ekki dottið í hug að fara eftir þeim. Þetta sérstaka bandalag Ísraels- og Bandaríkjamanna hefur villt þeim svo sýn að þeir trúa að siðferði nái ekki lengur til þeirra.

[15:49]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Skelfilegir og hörmulegir atburðir eiga sér stað í deilu Ísraelsmanna og Palestínumanna og þar ganga deiluaðilar fram með ofbeldi og blóðsúthellingum hvor í annars garð, og ástandið fer dagversnandi. Þar verða óbreyttir borgarar síaukið fyrir barðinu á þessum deilum. Harkaleg framganga Ísraelsmanna hefur kallað fram sífellt meiri gagnrýni frá heimsbyggðinni, og einnig er ljóst að óeining innan raða Ísraelsmanna fer vaxandi. Friðelskandi fólk í Ísrael hefur áttað sig á því að harka og óbilgirni knúin fram með slíku ofbeldi sé ekki leið til friðar.

Ehud Barak, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, hefur sagt að Ísraelar hafi glatað siðferðilegum yfirburðum sínum. Orðrétt hefur hann sagt, með leyfi forseta: „Við höfum glatað siðferðilegum yfirburðum okkar á þeim tíma sem átökin við Palestínumenn hafa staðið yfir."

Þetta eru orð að sönnu enda sýnir umræðan í heiminum að þetta er líklega rétt hjá Ehud Barak. En það er alvarlegt að Ísraelsmenn virða að vettugi þann þrýsting sem alþjóðasamfélagið hefur beitt þá, og það er auðvitað alvarlegt að Ísraelsmenn virða ekki heldur vilja öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Nú má segja að fokið hafi í flest skjól hjá Ísraelsmönnum og það hlýtur að styttast í að alþjóðasamfélagið fari að beita beinum aðgerðum til að setja niður þessar deilur. Það er ljóst, herra forseti, að í því tilfelli og í því máli leika Bandaríkjamenn lykilhlutverkið og við hljótum að fara að gera auknar kröfur til þess að Bandaríkjamenn beiti valdi sínu til að setja niður þær deilur sem þarna eiga sér stað.

[15:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það eru átakanlegir atburðir sem berast okkur heim í stofu hvern einasta dag. Palestínska þjóðin hefur lengi verið í herkví en nú er hún beitt miklu ofbeldi og hörku, og sjálfstæð Palestína virðist langt undan. Ég tek undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, tafarlaust á að halda fund í utanrmn. Alþingi á að álykta og senda frá sér yfirlýsingu.

Herra forseti. Ég hef verið sátt við afstöðu utanrrh. og þau orð sem hafa verið eftir honum höfð. En ég spyr: Hafa íslensk stjórnvöld sent frá sér álit sitt? Hafa yfirlýsingar borist til ísraelskra stjórnvalda? Hvernig ætlar Ísland að þrýsta á Ísrael? Við erum yfirlýst vinaþjóð og það skiptir máli að *mótmæli komi héðan. Það hefur áhrif.*

Við erum smá þjóð en sterk. Ég hlýt að spyrja hvort Ísland geti beitt sér fyrir alþjóðlegum aðgerðum til að knýja Ísrael til að draga tafarlaust hersveitir sínar frá herteknu svæðunum. Ef það á að vera unnt verða íslensk stjórnvöld *og Alþingi að beita sér.*

Herra forseti. Í leiðara Washington Post í fyrradag var fjallað um þessi mál mjög afdráttarlaust. Þar var sagt að það væri einn maður í heiminum sem hefði vald til að leysa þessa deilu og hann heitir Bush. En hann þarf að heyra líka í frjálsum þjóðum, vinaþjóðum eins og okkar. Þannig eigum við að fara fram og þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvert hafa yfirlýsingar hans borist? Hvert hefur hann sent frá sér annað en í íslenska fjölmiðla þau orð sem frá honum hafa farið og sem ég hef tekið undir?

[15:53]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að eins og staðan er í dag eru meiri líkur á vaxandi átökum milli Ísraelsmanna og Palestínumanna en á þeirri nauðsynlegu málamiðlun sem er forsenda fyrir því að við náum viðunandi niðurstöðu í þessum heimshluta. Það er líka ljóst að ástandið eins og það hefur verið að þróast á undanförnum vikum og mánuðum milli Ísraelsmanna og Palestínumanna hefur orðið til þess að þeir hafa eflst sem ekki vilja fara friðarferlið sem *menn hafa þó viljað keppa að í alþjóðasamfélaginu.*

Ef við skoðun ástandið frá því í september árið 2000 þegar úti var um friðinn hafa 1.500 manns fallið, þar af um 250 Palestínumenn og 125 Ísraelsmenn bara á sl. mánuði. Þetta er auðvitað hroðalegt ástand sem allir hljóta að fordæma. Ég held hins vegar að það sé varasamt að gera það með þeim hætti, eins og hér var ýjað að áðan, að við ættum að beina mótmælum okkar eingöngu til annars aðilans. Við hljótum að fordæma hryðjuverk í hvaða formi sem þau eru, af hvaða aðila sem þau eru framin.

Ég vek athygli á því að þrátt fyrir að Arafat hafi fordæmt hryðjuverkin hefur hann hins vegar ekki kosið að ráðast af fullri hörku gegn þeim sem hafa staðið fyrir þessum hryðjuverkum, ef ekki á hans vegum þá einstakra Palestínumanna. Það er líka ljóst mál varðandi Sharon að sú leið sem hann er að fara er leið til glötunar í stríði sem er vonlaust að nokkur maður sigri. Það er ástæða til að fordæma það sem þar fer fram. Það er enn fremur augljóst mál að það er eingöngu ein leið til út úr þessu, það er pólitísk lausn sem hefst með tafarlausu vopnahléi á grundvelli Mitchell-skýrslunnar eins og hæstv. utanrrh. sagði. Framtíðarsýnin er og verður tvö sjálfstæð ríki, Ísrael og Palestína, sem búi hlið við hlið innan viðurkenndra og öruggra landamæra, alveg eins og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ályktað um og við Íslendingar höfum talað fyrir.

Ég vek athygli á því að það er líka sitthvað jákvætt að gerast, m.a. frumkvæði Sádi-Araba, ályktanir Sameinuðu þjóðanna, afskipti Bandaríkjamanna og ekki síður Evrópusambandsins af málunum á undanförnum dögum.

[15:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur verið og er skelfilegt upp á að horfa þá atburði sem fjölmiðlar bera okkur frá Miðausturlöndum og ég hygg að það sé ekki of djúpt í árinni tekið að segja að framganga Ariels Sharons og Ísraelshers síðustu sólarhringana sé endanlega að ganga fram af heimsbyggðinni. Ég hlýt að lýsa vissum vonbrigðum með að hér hafi verið upplýst í umræðunni af hæstv. utanrrh. að enn sem *komið er a.m.k. hefur engin formleg mótmælaorðsending* farið frá íslenskum stjórnvöldum til ísraelskra stjórnvalda. Og ég spyr: Er þess að vænta á næstunni? Ég leyfi mér að gera kröfur um að samtímis því sem málið verði áfram rætt á Alþingi í utanrmn. eða annars staðar sendi íslensk stjórnvöld harðorða mótmælaorðsendingu til ísraelskra stjórnvalda, og ég spyr: Sæti ísraelskur sendiherra í Reykjavík, væri þá ekki einu sinni búið að kalla hann til viðræðna við íslensk stjórnvöld til að bera fram við hann mótmæli? Og úr því að hann situr ekki hér er handhægt að koma bréfi til Óslóar.

Að sjálfsögðu fordæmum við hryðjuverk Palestínumanna en Arafat verður tæplega sakaður um að bera þessa sólarhringana ábyrgð á því að taka ekki í taumana, algjörlega

einangraður og umkringdur af andstæðingum sínum og hefur enga möguleika til að beita þó þeim takmörkuðu áhrifum sem hann gæti haft. Það er algjörlega óhjákvæmilegt að gera ísraelskum stjórnvöldum ljóst að þau hljóta að einangrast á alþjóðavettvangi með öllu ef svo heldur fram sem horfir.

En það þarf að gera meira, bandarískum stjórnvöldum verður líka að vera ljóst að heimsbyggðin ætlast til að þau axli sína ábyrgð. Í skjóli Bandaríkjanna þrífst Ísraelsríki, og þess fjárstuðnings og þeirrar hernaðarsamvinnu sem þar er á milli. Íslensk stjórnvöld eiga líka að láta rödd sína heyrast gagnvart Bandaríkjunum.

[15:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin og öðrum sem hér hafa tekið til máls. Það er ákveðinn samhljómur í málflutningi okkar. En ég set spurningarmerki við sitthvað í orðalagi okkar, og í orðalagi fjölmiðlanna þegar talað er um að setja niður deilur. Það er vísað til stjórnmálaþróunar fyrir botni Miðjarðarhafs.

Við erum að verða vitni að hroðalegum stríðsglæpum sem framdir eru frammi fyrir augum heimsins. Þegar talað er í anda átakafrétta um að fólk falli gleymum við því að það er verið að taka fólk af lífi, varnarlaust fólk, iðulega með bundið fyrir augun. Skriðdrekar eyðileggja heimili fólks. Hjúkrunarfólki er meinað að sinna særðum. Ráðist er að fólki sem leitað hefur skjóls í kirkjum gegn mótmælum presta og hjálparfólks. Ég er ekki að mælast til þess að Ísraelsmenn verði beittir hernaðarofbeldi, síður en svo. Ég vil friðsamlegar aðgerðir. Ég vil að friðargæslulið verði sent á þetta svæði. Síðan verði gripið til þeirra vopna sem við höfum á hendi, hinna diplómatísku vopna.

Mér finnst eðlilegt að við þessar aðstæður verði það alvarlega íhugað að draga úr og slíta jafnvel stjórnmálasambandi við Ísrael dragi þeir ekki þegar í stað herlið sitt frá herteknu svæðunum. Þetta er það tungumál sem þeir skilja. Ég mælist til þess við hæstv. utanrrh. að þegar í stað verði komið á framfæri við Ísraelsstjórn harðorðum mótmælum Íslendinga gegn því ofbeldi sem hún beitir varnarlaust fólk á svæðum Palestínumanna, og samsvarandi mótmælum verði komið á framfæri við verndara þeirra sem sitja á valdastólum í Washington.

[15:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að við Íslendingar höfum talað mjög skýrt í þessu máli, og Ísraelsmenn gera sér góða grein fyrir því hver afstaða okkar er. Hún var ástæðan fyrir því að sendiherrann fyrir Ísland kom hingað til lands og átti ítarlegar viðræður við utanrrn. Grannt er fylgst með því hvernig umræður eru hér á landi.

Við höfum stutt af mikill eindrægni aðgerðir og afstöðu Evrópusambandsins í þessu máli. Við höfum átt samráðsfundi með Evrópusambandinu út af þessu máli og afstaða þess er jafnframt afstaða okkar og Norðmanna. Við höfum stutt Norðmenn mjög eindregið í forustu þeirra í öryggisráðinu sem lauk núna um mánaðamótin, og það er ástæða til að þakka þeim sérstaklega þann árangur sem þeir náðu með því að ná fram í öryggisráðinu samhljóða ályktun.

Við notum jafnframt hvert tækifæri til að ræða þessi mál við aðrar þjóðir. Ég hef átt viðræður um þau við utanríkisráðherra Rússlands og utanríkisráðherra Spánar, sem er í forustu fyrir Evrópusambandið, og við munum halda áfram að nota hvert tækifæri til að leggja okkar lóð á vogarskálina í þessu afskaplega erfiða og viðkvæma máli. Ég tel að um það sé ágæt samstaða hér á hv. Alþingi sem ég tel mjög mikilvægt. Þessi skilaboð eru skýr, þau hafa komist til skila og við munum halda áfram að koma þeim til skila.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 3. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, frhnál. 1128.

[16:02]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hér hafa hv. þm. þæft um langa hríð frv. til laga um virkjun Jökulsár á Brú o.s.frv. Frv. snýst um að Landsvirkjun verði heimilað að virkja þetta mikla vatnsfall.

Í athugasemdum með frv. kemur fram forsendan fyrir þessari virkjun og forsendan er sú að rísi álver við Reyðarfjörð á vegum Norsk Aluminum, Reyðaráls og annarra þeirra sem tilgreindir eru sérstaklega. Hvernig sem á málið er litið, þá er þessi forsenda brostin með öllu. Og það er óþinglegt að halda fram frv. eins og þessu eftir að það hefur átt sér stað. Ef hæstv. ríkisstjórn hefði viljað fá sér þetta virkjunarleyfi bar henni skylda til þess samkvæmt þingvenjum að bera fram nýtt frv. reist á öðrum forsendum og þá þeim sem þeir halda fram, að von sé til að ná samningum um stóriðjuver sem yrði kaupandi að þeirri orku.

Ég ætla að fara fáum orðum um þetta mál nú og hef ekki nennu til þess að elta ólar við allt sem fram hefur komið hér af hálfu stjórnvalda, en ég verð að játa að mér sýnist vinnubrögð þeirra óhöndugleg þótt ég sleppi allri umræðu um ranga málsmeðferð eins og hér hefur verið mjög rædd og undir lögð í meira lagi. Og eins og mönnum liggur orð til þessa máls held ég þó a.m.k. að mörgu kunni að vera ólogið í framhaldinu, þó ekki sé meira sagt.

Það er auðvitað virðingarleysi við Alþingi sem kemur fram í málsmeðferðinni. Á því er ekki nokkur minnsti vafi. Það er svo sem ekki ný bóla. Hæstv. ríkisstjórn hefur margsinnis sýnt virðingarleysis- og tillitsleysisafstöðu til hins háa Alþingis, löggjafarsamkundunnar, þess aðila sem þó hæstv. ríkisstjórn þiggur frá umboð sitt. Ekki nóg með það heldur hefur það margsinnis átt sér stað að ríkisvaldið hefur snúist gegn dómsvaldinu með þeim hætti að fáheyrt hlýtur að teljast og er hægt að nefna um það mýmörg dæmi. Nægir að nefna öryrkjadóminn og það nægir að nefna fleiri en eitt atriði í sambandi við sjávarútvegsmál.

Hver eru aðalupptök þessa máls á sínum tíma sem runnið er undan rifjum formanns Framsfl.? Þau að efla atvinnu á Austurlandi. Hvaða nauðsyn bar sérstaklega til þess í þessu falli að stemma stigu við fólksflótta frá Austurlandi, sem er staðreynd, eins og öðrum landshlutum að kalla öllum nema suðvesturhorninu? Hvaða nauðsyn bar til? Þá nauðsyn að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., hafði verið frumkvöðull að því að loka eða hamla áframhaldandi rekstri aðalatvinnuvegs Austfirðinga í sjávarútvegi. Hann er meginhöfundur þess að mönnum er bannað að sækja sjóinn sinn og hann er aðalhöfundur þess kerfis sem er að ræna landsbyggðarmenn framfærslu sinni og til að skjóta skildi fyrir þetta í sínu eigin kjördæmi gerir hann það með því að hefjast handa um stóriðju. Þannig á að viðhalda byggðinni austur þar. Auðvitað mundi það aldrei standast til neinnar lengdar þótt nokkrum

atvinnufærum yrði komið þar á fót. Eina lausnin er auðvitað sú að menn fái að búa sjálfir að aðalatvinnuvegi sínum og þeirri framleiðslu sem hægt er að stunda í honum sjálfum.

Hvernig er reyndar ástandið í sjávarútvegsmálum, herra forseti, — sem þessu kemur bókstaflega við því að þær línur liggja saman — á Austurlandi um þessar mundir? Grindvíkingar hafa lagt undir sig sjávarútveginn á suðurfjörðum, Samherji á Akureyri er langt kominn með að leggja undir sig SÚN í Neskaupstað og ÚA á undirstöðuatvinnuveg Stöðfirðinga. Eskifjörður er enn þá sjálfstæður sem betur fer og verður vonandi ekki hruggað við honum nema ef Stoke á Englandi skyldi fara á hausinn, þá hefur það náttúrlega sín áhrif. Vopnafjörður heldur enn sinni stöðu og þó er þar á sótt af miklu kappi. Þeim hefur þó tekist að verjast en hafa þó orðið að sækja aðstoð í annan landshluta, sækja vopn sín til Hafnarfjarðar, og hefur þar aðeins tekist að stemma stigu við þeirri þróun um hríð. Hornafjörður, þar sem aðalfyrirtæki hæstv. utanrrh. er, stendur enn nokkuð fyrir sínu en það veit þó enginn hversu lengi það verður.

Sá sem hér stendur hefur lengi haft áhuga á að brúa vatnsföll á Austurlandi og hann hefur áhuga á að beisla hið firnamikla afl við Kárahnjúka. Hann hefur að vísu séð á því vankanta en hefur talið sér trú um að tækni framtíðarinnar mundi ráða bót á þeim og þau skilyrði sem sett hafa verið fram af hálfu umhvrh. sýnast honum vera mikils verð. Honum óar þó við að veita hinu mikla vatni í Jökulsá á Dal yfir í Fljótsdal og honum óar ekki síður við hinum miklu fjörum sem munu myndast á þessu ógnarlanga lóni beggja megin, 70 m fjöruborð sem myndast árlega, því að hann hefur kynnt sér hvílíkt vatnsfall Jökulsá á Dal er, sem í hlaupum er talin *flytja fram af föstu efni 150 þúsund smálestir á sólarhring.* Þegar menn fá sér í fötu úr ánni er $^1/_3$ sem sest til af föstum efnum þegar þann veg stendur á.

Ég hef haldið því fram og hef mikinn áhuga á að vera umhverfissinni en þó hef ég talið að okkur bæri nauðsyn til að víkja eitthvað af þeirri leið vegna beislunar þessa nauðsynlega afls okkur til handa. Það kann vel að vera, og ég er að vænta þess að þetta fráhvarf Norðmanna frá byggingu álvers verði lán í óláni, að þeirri miklu orku sem þarna gefst kostur á verði síðar varið til þess að framleiða t.d. vetni, einkum og sér í lagi það eldsneyti sem mun verða fært til notkunar alveg á næsta leiti. Ég fíkist ekkert í átta til tíu ár, það er ekki löng lykkjustund í lífi þjóðar.

Hér leyfa menn sér að hafa í frammi fullyrðingar sem geta ekki verið nema af því sem viðkomandi álíti sig vera að tala við barn eða flón. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði í morgun að þessi framkvæmd væri umhverfisvæn. Við hverja er verið að tala á hinu háa Alþingi með þessum hætti? Auðvitað er hún það ekki. Auðvitað ætlum við með því að virkja Kárahnjúka að fórna töluverðu og því miður kannski meira en okkur órar fyrir, því miður. En ég er ekki horfinn frá hugmyndum mínum enn um að beisla það mikla afl.

Hver er svo staða málsins nú? Forsendurnar fyrir frv. eru brostnar. Samt á að halda áfram og fá umboð til handa hæstv. iðnrh. að veita virkjunarleyfi. Ég hef áður rakið það hver reynsla okkar er af samningum og viðskiptum við Norðmenn. Það er ekki langt síðan við áttum orðastað um það, ég og hæstv. iðnrh., í þessum sal og vildi hún þá lítið mark taka á því sem ég sagði í því efni. Hafa menn ekki kynnt sér til að mynda Elkem-málið og járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, *þeir sem stjórna þessum málum nú til dags?*

Auðvitað vorum við óforsjál vegna járnblendiverksmiðjunnar á sínum tíma. Menn ruddust um og ruku til og virkjuðu Sigöldu og héldu sig þá hafa fasta í hendi samninga við hið fræga fyrirtæki Union Carbide í Bandaríkjunum. Það var þó það fast undir fótum með það mál að Union Carbide varð að leysa sig frá því máli með verulegum sektum á sínum tíma. En við höfðum þarna aflstöðina miklu en ekkert verkefni henni til handa.

Fyrir austan segja menn, eins og Finnur Ingólfsson í viðtali við Morgunblaðið, að þetta sé mjög arðsamt, þetta sé arðgæft. Þó að enginn kaupandi sé að orkunni sem þarna á að framleiða. Hverjir ná að skilja annan eins og þvílíkan málflutning og í þessu felst?

Nei. Og Elkem, Norðmenn sáu hvað okkur leið og þeir notuðu aðstöðu sína og það haustak sem þeir áttu á okkur með ótrúlegum hætti, jafnvel svo að árum saman tóku þeir fyrir tækniþekkingu sína 3% af allri veltu fyrirtækisins. Og orkuverðið? Ætli það sé u.þ.b. $^1/_3$ af því sem almenningur borgar fyrir sína orku núna? Kannski enn þá minna. Ég hef ekki tölur handbærar. Kannski enn þá minna.

Í fjögur, fimm ár er búið að þæfa þetta mál, sem við hér nú ræðum við Norðmenn, án þess að þeir hafi skuldbundið sig í einu né neinu. Við höfum nú í lögum bundið að við getum ekki farið niður fyrir ákveðin viðmiðunarmörk um verð á orkunni. Það goppaðist upp úr formanni Landsvirkjunar fyrir nær tveimur árum hygg ég að við þyrftum engar áhyggjur að hafa af orkuverðinu. Á hvaða forsendum skyldi hann hafa byggt þetta? Ég sé það fyrir mér, tel Landsvirkjunarmenn hafa upplýst Norðmenn um hvað væri lágmark orkuverðs sem hægt væri að semja um á grundvelli hinna nýju laga *um að ekki megi fara niður fyrir ákveðna viðmiðun* um orkuverðið. Norðmenn hafa brosað út í bæði og skálað við „frænder og venner" eins og þeirra er siður, en ekkert gefið út á málið.

Ég þóttist þá þegar sjá hvert stefndi vegna þess að álverð hefur verið að lækka í heiminum nú um margra ára skeið og það hefur lækkað núna á nokkrum árum úr 1.700 dollurum tonnið ofan í 1.300. Það munar um minna. Norðmenn hafa gert sér þá þegar grein fyrir því að ekki væri hægt að ná orkuverði hjá Íslendingum fyrir hina nýju virkjun sem hægt væri að reka áliðjuver á. Það er alveg augljóst og það er nákvæmlega sama hvaða reikninga menn setja upp, áliðjuver á Reyðarfirði verður ekki rekið fyrir það orkuverð sem hægt er að semja við þá um ef standast eiga rekstrarútreikningar Kárahnjúkavirkjunar, og verður vafalaust ekki um langa, langa framtíð og kannski aldrei.

Til dæmis eru Kínverjar sem hafa verið einir aðalkaupendur hrááls eða áls um langa hríð, að verða útflytjendur bráðum. Menn hafa kannski gert sér grein fyrir því hvaða virkjun þeir eru að ráðast í um þessar mundir. Þetta er því mjög mikið vafamál, en kannski má það heita ágætt í sjálfu sér að við komumst út úr þessum álframleiðslugeira.

Hvers vegna í ósköpunum sækja þá stjórnvöld eftir að Alþingi hið háa veiti þeim virkjunarleyfi nú? Það er alveg augljóst og blasir við að úr sögunni eru allir samningar við Norðmenn. Það er alveg augljóst að um langa hríð munum við engum samningum ná við neinn orkukaupanda um söluna á orkunni frá Kárahnjúkavirkjun.

Hvernig stendur þá á því að ríkisstjórn, sem á nú ekki eftir nema eins og eitt og hálft ár af líftíma sínum sækist svo harkalega eftir því að fá þetta virkjunarleyfi afgreitt? *Menn jafnvel höfðu það uppi sem röksemd að ef við ekki*

veittum þetta leyfi þá gætu aðrir hugsanlegir orkukaupendur í heiminum reiknað með að við værum bundnir af Norsk Hydro. Hvernig er þetta reiknað út, með leyfi? Og svo er í hinu orðinu sagt að álframleiðendur og stórorkukaupendur í heiminum séu ekki margir og fylgist svo vel hver með öðrum að þeir viti nákvæmlega hvað klukkan slær. Þeir vita að Norðmenn hafa horfið frá þessum viðskiptum.

En það er annað sem að baki býr og menn skulu minnast orða minna. Á útmánuðum næsta vetur mun hæstv. iðnrh. gefa Landsvirkjun virkjunarleyfi og pólitísku augnaþjónarnir í Landsvirkjun munu hefja vængjabusl og láta líta svo út að nú sé verið að fara af stað á Austurlandi með stórvirkjunina og stóriðjuver. Þetta eru atkvæðakaupin sem þarna eiga að fara fram og við vitum hverjir eru væntanlegir frambjóðendur þar. Minnist orða minna og hvort ég hef ekki rétt fyrir mér að þessu leyti.

Hinn nýi formaður viðræðunefndar mun ekki liggja á liði sínu með upplýsingar um að nú sé alveg að koma á samningur við stórorkukaupanda. Hann mun jafnvel búa í París einhverja hríð til þess að geta lýst því yfir að hann sé í innilegum viðræðum við Pechiney sem aldrei hefur virt okkur viðlits, veitti okkur Alberti heitnum Guðmundssyni einu sinni viðtal með naumindum. En forstjórinn var kvefaður og hafði ekkert um þetta mál að segja. Þar með lauk afskiptum Íslendinga af viðræðum við Pechiney, þetta mikla áliðjufyrirtæki.

Fenginn er til skjalanna fyrrv. iðnrh., hinn lítilþægi Finnur Ingólfsson, sem átti í samningum við Elkem á sínum tíma. Þegar gengi bréfa í járnblendiverksmiðjunni var talið 2,2–2,5 skrifaði Elkem bréf til Finns og bauðst til þess að kaupa af Íslendingum á genginu 1. Þótt venjulegir menn, ólítilþægir, hefðu ekki virt þetta viðlits settist Finnur undir eins niður með þeim til þess að semja við þá. Það getur vel verið að hann henti vel í þetta nýja embætti sitt ef það er rétt sem er fleygt að hann hafi gefið Norðuráli í Hvalfirði ádrátt á sínum tíma um sams konar orkuverð og hann samdi þá um við þá — ætli það sé helmingurinn af því sem neytandinn íslenski borgar í orkuverð? Ég stórefast um að það — að gefið hafi verið loforð um það að þeir gætu fengið meiri orku keypta á þeim prís sem þá var samið um. Lög sem síðar eru sett til viðmiðunar verka ekki aftur fyrir sig eins og menn þekkja. Þess vegna ætti hann að eiga mikið erindi nú til þessara mála.

Í viðtali við Morgunblaðið — og ég leyfi mér þegar ég vitna til þess viðtals, herra forseti, að leita leyfis fyrir þessum málsgreinum sem ég nú les, öllum í einu.

Hann kveðst bjartsýnn á að álver rísi á Austurlandi í framtíðinni. Á hverju skyldi hann byggja þá bartsýni eftir að við höfum orðið fyrir þessari útreið sem við höfum orðið fyrir, þ.e. að alls engar líkur eru á að neitt stóriðjuver verði byggt þarna? Hann er að byrja sem sagt að mála á vegginn fyrir kjósendur á Austurlandi því að því hlutverki ætlar hann aðallega að gegna að vera vottur um það fyrir Austfirðinga, þegar þeir kjósa næst, að þetta sé allt að koma.

Já, hann telur mikilvægt að nálgast verkefnið með opnum huga.

„Fyrsta verkefni okkar í nefndinni" — eins og segir hér orðrétt, —„er að meta stöðuna í þessum álmálum"

Hæstv. iðnrh. Hefur ekkert mat farið fram á þessari stöðu eða þessum málum yfirleitt? Þarf að sækja mann upp í Seðlabanka til þess að meta nú stöðuna? Hann ætlar bara alveg upp á nýtt að meta stöðuna í álmálinu. Og þetta er frumverkefni, frumrannsóknarverkefni, eins og skilja má þessi orð.

„Hann segist hafa þá trú að fyrirtæki, sem ætli að fjárfesta í áliðnaði í framtíðinni, séu tilbúin að fjárfesta í álveri á Reyðarfirði þar sem verkefnið sé mjög arðbært."

Ég sagði hér áðan og það liggur alveg fyrir að álver verður ekki rekið fyrir það orkuverð sem við þurfum fyrir orku frá Kárahnjúkavirkjun ef Kárahnjúkavirkjun á að standast, og það er langt, langt í það, langt, langt því frá. En hann er bjartsýnn og hann gengur með þessa bjartsýni til þess að meta nú stöðuna upp á nýtt.

„Álheimurinn er lítill og þröngur — segir þessi fyrrv. iðnrh. — „og þessum fyrirtækjum er án efa mjög vel kunnugt um Noral-verkefnið á Íslandi."

En samt þarf að samþykkja þetta heimildarfrumvarp til þess nú að menn gruni ekki að við séum bundnir af Norsk Hydro.

„Þau vita hvert af öðru í fjárfestingum og öðru slíku. Við getum ekkert sagt til um það á þessari stundu hverja við munum tala við eða í hvaða röð." — Og svo kemur hér spekin þar sem kafað er dýpst. — „Það er heldur ekki útilokað að þessir aðilar sýni málinu það mikinn áhuga að þeir hafi samband við okkur að fyrra bragði. Mér fyndist það ekki ósennilegt því verkefnið sem um ræðir er arðbært ..."

Hann mun náttúrlega fyrst, áður en hann gerir frekar upp stöðuna í álmálinu, fá sér myndir af biðröðunum. Þetta er bláber heimska, kjaftæði út í hött, með leyfi herra forseta.

Og svo er lokaatriðið í þessu makalausa viðtali:

„Aðalatriðið er að ná árangri í því að þarna verði byggt álver sem nýti raforku úr Kárahnjúkavirkjun."

Þetta er aðalatriðið en ekki það hvort við fáum nægjanlegt verð fyrir þessa orku. Það á bara að byggja hvort tveggja þótt ekkert standist og þótt Norðmenn séu búnir að segja okkur að það standist ekki neitt.

Einn megingalli á öllum viðræðum við Norðmenn frá upphafi var sá að ætlað var að við Íslendingar mundum eiga meiri hlutann í þessu stórvirki. Það á að vera frumskilyrði Íslendinga ef þeir semja um iðnfyrirtæki af þessum gráðum, að þeir eigi ekkert í þeim. Við áttum að eigi meiri hlutann en Norðmenn áttu að leggja til alla tæknina og þeir áttu að selja allt saman og þeir áttu að kaupa aðföngin. Við höfum sem sagt engu stjórnað og raunar er það fyrirsjáanlegt að við mundum engin áhrif hafa á hinum stóra álmarkaði heimsins.

Við megum engu til hætta af okkar eigin fé til byggingar slíks iðnvers. Það átti alltaf að vera afstaða okkar. Hún breyttist af neyð út af járnblendinu á sínum tíma, af hreinni neyð, þar sem við vorum neyddir til að eiga meiri hlutann og Elkem valsaði með eigur okkar eins og dæmin sönnuðu og núverandi forustumenn í iðnaðarmálum hljóta að hafa kynnt sér.

Og hann segir hér enn, seðlabankastjórinn:

„Ég tel að við höfum mjög margt upp á að bjóða hér, sem getur verið áhugavert fyrir hvaða stórfyrirtæki sem er á þessu sviði í heiminum. Við munum nálgast verkefnið út frá því ..."

Lýkur hér tilvitnun í þennan herramann.

Hvað er það sem við höfum að bjóða? Við höfum ekki orku að bjóða sem stenst fyrir iðjuverið. Þeir geta ekki verslað við okkur því að þá fer það lóðbeint á hausinn og þeim dettur það ekki í hug af því að því er lokið, þeim sið sem við höfðum, að ganga að því með opin augu að láta almenning á Íslandi borga niður orkuna sem við seldum stóriðjuverunum.

Við gengum að því við Alusuisse með opnum augum. Allt tal um svindl og sviksemi Alusuisse á sínum tíma var nú hrófatildur satt best að segja og hindraði okkur í mörg ár frá því að ná frambærilegu orkuverði. Árið 1984 munu menn hafa náð nýjum samningum um orkuverð sem ég hygg að hafi hækkað orkuverðið um eins og 3 milljarða á ári þá. Mig minnir að lágmarkið hafi verið 12,5 mill og hámarkið 18 mill og sveiflaðist það eftir álverði heimsins. En málatilbúnaður vinar míns, Hjörleifs Guttormssonar, var nú slíkur að mjög mikil hindrun var það í öllum samskiptum okkar við þetta fyrirtæki.

En það lá alveg ljóst fyrir á sínum tíma að til þess að koma Búrfellsvirkjun á þá urðum við að vinna málið svona. Og við kusum það með opin augu. Síðan hefur þetta alltaf verið mál sem ekki hefur mátt ræða með opnum munni og orkuverðið alltaf talið eitthvert hernaðarleyndarmál. Þetta er bara vegna þess að menn hafa ekki treyst sér til þess að standa frammi fyrir almenningi í landinu og segja: Heyrið þið, þið verðið að borga brúsann ef við skiptum við þessa háu herra.

Ég er alveg sannfærður um að þegar þeir semja um framhaldsstækkun við Norðurál í Hvalfirði með 10 mill orkuverði þá munu þeir svo sannarlega segja Íslendingum að það sé hernaðarleyndarmál sem aldrei verði upplýst.

Nú, þegar við ættum í raun að vera að ræða vantraust á ríkisstjórnina eða hæstv. iðnrh. sérstaklega vegna þess hvernig haldið hefur verið á þessu máli þá erum við að ræða um umboð til sömu stjórnvalda til þess að ákveða að leyfa stærstu framkvæmd í sögu þjóðarinnar. Sá sem hér stendur mun ekki veita slíkt umboð og tekur ekki þátt í slíkum endemis blekkingarleik eins og hér er verið að hafa í frammi, þar sem mönnum verður haldið í teygju, með von um að allt gangi fram eins og atkvæðasmalarnir hafa lofað upp í ermina á sér.

[16:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Frv. um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar er nú komið til 3. umr. Umræðan er orðin nokkuð löng og ströng og margt hefur borið á góma. Satt að segja er það makalaust þegar maður lítur til baka yfir umræðuna að ekki skuli hafa verið meiri málefnaleg skoðanaskipti um þetta stóra mál hér í þessum sal en raun ber vitni. Sannleikurinn er sá, herra forseti, að þegar maður lítur til baka eru ótal spurningar í loftinu sem ekki hefur verið svarað, og fjöldi órökstuddra fullyrðinga frá hæstv. ráðherra og hv. formanni iðnn. sem ekki hefur verið boðið upp á að tekist verði á um á málefnalegan hátt. Það er synd til þess að vita þegar svo afdrifaríkt mál er til umfjöllunar að þá skuli ekki vera meiri vilji fyrir málefnaleg skoðanaskipti en raun ber vitni hjá þeim sem hér fara með völd. Þetta vil ég gagnrýna, herra forseti, og láta koma fram við upphaf máls míns.

Ég hef í löngu máli og ítarlegu rakið ástæður þess að ég telji mál það sem hér er um fjallað vera glapræði. Það einkennist af óðagoti, skammsýni og kannski, eins og hv. síðasti ræðumaður á undan mér orðaði það, bláberri heimsku og kjaftæði.

Fyrsta atriðið sem ég vil gera að umræðuefni hér er mál sem ég varpaði fram spurningum um og fékk ekki svör við í 2. umr. Það var nokkru fyrir páska en þá gerði ég að umtalsefni skýrslu nokkra sem legið hefur fyrir í iðnrn. frá 10. okt. 2001. Skýrsla sú hefur að geyma mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Hún er unnin af sérstakri umsjónarnefnd sem var á forræði verkefnisstjórnar rammaáætlunar, og skýrslu þessari fylgir álit eða greinargerð frá Þjóðhagsstofnun sem fjallar um efnahagslegt umfang þjóðgarðs norðan Vatnajökuls.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, herra forseti, sem ég orða þessa skýrslu í þessum stóli. Sannleikurinn er sá að hún er til komin fyrir þrábeiðni náttúruverndarsamtaka sem óskuðu eftir því að mat af þessu tagi færi fram áður en ákvörðun yrði tekin um Kárahnjúkavirkjun og sömuleiðis óskaði Vinstri hreyfingin – grænt framboð formlega eftir því við hæstv. umhvrh. að mat af þessu tagi færi fram.

Síðast þegar ég átti orðaskipti við hæstv. iðnrh., sem fékk málið á sína könnu úr höndum hæstv. umhvrh., var 10. okt. 2001. Þá lagði ég fyrirspurn fyrir hæstv. iðnrh. þar sem ég óskaði eftir því að fá að vita hvað liði vinnu við þetta mat. Og það vill svo til, herra forseti, og ég var einungis að koma auga á það núna rétt áðan, að þann sama dag, 10. okt. 2001, er stimplað í ráðuneyti iðnaðarmála bréf frá verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem hæstv. iðnrh. er afhent mat þetta um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð, ásamt með álitsgerð Þjóðhagsstofnunar um efnahagslegt umfang þjóðgarðs norðan Vatnajökuls.

Þann sama dag sagði hæstv. iðnrh. í ræðustól á Alþingi að það væru mjög fáir dagar þangað til hún teldi mat þetta líta dagsins ljós. Það urðu ekki fáir dagar, herra forseti, heldur gerðist það skömmu seinna sama dag.

Frá því að þessum 10. okt. lauk hefur hæstv. iðnrh., mér vitanlega, ekki andað því út úr sér, a.m.k. ekki í þingsölum, að mat þetta liggi fyrir. Ég þráspurði í ræðu minni við upphaf 2. umr. um þetta mál hverju sætti því að ég komst á snoðir um að þetta mat lægi fyrir. Ég óskaði eftir að fá afrit af skýrslunni, við því var orðið, ég kynnti mér hana, hef vitnað til hennar í ræðu minni, spurt hæstv. ráðherra hvers vegna viðkomandi mat hafi aldrei verið kynnt og hvort ekkert ætti að gera með það eða þá hvernig hæstv. ráðherra hygðist nýta sér þetta í ljósi þess sem hún áður hefur sagt um málið og fékk, herra forseti, engin svör.

Við stöndum ekki hér að gamni okkar, herra forseti, og reynum að fá svör við spurningum. Við teljum okkur eiga rétt á þeim. Og við teljum okkur vera sýnd óvirðing ef spurningar okkar eru ekki virtar svars, ekki virtar viðlits. Og nú er ástæða til að spyrja: Hvers vegna hefur hæstv. ráðherra ekki séð sóma sinn í því að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hana fyrir páska um mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð og hvað hún hyggist gera við það mat í allri þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og allan þann tíma sem hún hefur staðið? Hvers vegna hefur hún ekki látið svo lítið að svara? Það er orðið meira en tímabært, herra forseti, að við fáum svörin við þeim spurningum. Og komi þau ekki fyrir lok þessar 3. umr. veit ég ekki alveg hvernig á að taka hér á málum því að ef við erum ekki hér til að takast á um hlutina á málefnalegan hátt veit ég ekki til hvers við erum kosin hingað sem fulltrúar þjóðarinnar.

Herra forseti. Með því að samþykkja frv. það sem hér liggur fyrir værum við að taka afskaplega afdrifaríkt skref. Skrefið væri m.a. fólgið í því að Kárahnjúkavirkjun, einni stærstu virkjun sem möguleg er á hálendi Íslands, yrði með samþykkt þessa frv. kippt undan vinnunni við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma. Yfirlýsingar hæstv. ráðherra, og ekki bara hæstv. iðnrh. heldur fleiri ráð-

herra í ríkisstjórninni, um að mat á gildi virkjanakosta sé í undirbúningi, verið sé að vinna að því — hæstv. ríkisstjórn hefur gefið yfirlýsingar um að hún vilji að það verði gert og til þess vandað. Það er ekki verið að vinna það í neinum felum, fjöldinn allur af hæfu fólki leggur því verkefni lið og það hefur nú þegar kostað umtalsvert fjármagn. Í orði kveðnu virðist ríkisstjórnin trúa því að rammaáætlun geti haft eitthvað að segja um val á virkjanakostum og nýtingaráætlun varðandi nýtingu þeirrar orku sem við höfum aðgengilega á Íslandi. Í orði kveðnu lítur það þannig út en með því að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir, herra forseti, erum við að kippa stærstu virkjun hálendisins undan þeirri matsvinnu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gagnrýnt það, og við höfum aldrei fengið frá hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. iðnrh. nokkur svör önnur en þau að álver á Reyðarfirði sé slík byggðaaðgerð og verkefnið sé svo arðbært að ekki sé annað hægt en að fara út í það. En ætlar hæstv. iðnrh. ekki að eyða á það einu einasta orði með hvaða rétti hún telji sig geta kippt þessari stóru framkvæmd undan rammáætluninni? Og nú hefur myndast svigrúm í ljósi atburða liðinna vikna, þ.e. Norsk Hydro gengið úr skaftinu og Finnur og Friðrik farnir út af örkinni til að finna risann. Því er lýst yfir að ekki verði nein ákvörðun fyrirliggjandi fyrr en kannski undir lok árs 2003. Af hverju beitir hæstv. ráðherra sér þá ekki fyrir því að þessi virkjun verði felld undir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma? Hvers vegna leyfir hæstv. ráðherra sér ekki þann munað?

Það væri sjálfsagt og eðlilegt að þetta verkefni öðrum fremur væri metið í heildarpakkanum um virkjunarkosti á Íslandi. Hæstv. ríkisstjórn hefur ótal tækifæri til þess að halda þannig á málum að sómi sé að. En hún ætlar að láta öll þau tækifæri renna sér úr greipum, og það tækifæri sem skapast hefur núna við svigrúmið sem myndast þegar Norsk Hydro gengur úr skaftinu ætlar hæstv. ríkisstjórn líka að láta sér úr greipum renna. Það er gagnrýnivert.

Herra forseti. Ég sagði áðan að Finnur og Friðrik hefðu verið sendir út af örkinni til að finna risann, álrisann úti í heimi. Og ég segi bara, herra forseti, verði þeim að góðu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað var það sem klikkaði við markaðssetninguna á landinu? Nægja ekki bækurnar góðu sem markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar gaf út og urðu frægar að endemum? Eða nýi fíni bæklingurinn, „Locate in Iceland, Resources for Growth", sem gefinn hefur verið út af fjárfestingarstofu orkusviðs og mun hafa komið hér út árið 2000? Þessir bæklingar hafa verið gefnir út til að markaðssetja Ísland fyrir stóra álframleiðendur. Virkar þetta ekki?

Hvað segir hæstv. ráðherra að Friðrik og Finnur geti bjargað því sem bæklingarnir geta ekki bjargað og öflugu starfi fjárfestingarstofu orkusviðs og markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar hefur ekki lukkast? Hvað er það í aðferðum Friðriks og Finns sem gæti gert það að verkum að risinn láti nú lokkast með feitu gulrótina á endanum á prikinu, feitu gulrótina þar sem veifað verður virkjunarleyfi, pólitískt fengnu umhverfismati og öðrum feitum kostum eins og ókeypis mengunarkvótum? Öllu þessu hafa stjórnvöld flaggað framan í risana hingað til og það hefur ekki dugað. Hvaða galdraformúlu fer Finnur með á fund risans?

Auðvitað er það óviðurkvæmilegt, herra forseti, að seðlabankastjóri skuli dubbaður upp í þennan búning með slöngvuna og fimm steina í vasanum því að Seðlabankinn hefur allt aðra stöðu í dag en hann hafði til skamms tíma. Með nýrri löggöf um Seðlabankann hefur verið reynt að gera hann sjálfstæðari en ekki að einhverjum þjóni stjórnvalda, hvorki hvað varðar ákvarðanir um vaxtahækkanir eða vaxtalækkanir, gengi né um það að lokka álversrisa til Íslands. Það er ámælisvert að ríkisstjórnin skuli leyfa sér að dubba seðlabankastjóra upp í þetta hlutverk núna. Og þegar hæstv. iðnrh. lætur að því liggja að þetta sé eitthvað sambærilegt við það þegar Jóhannes Nordal var á sínum tíma formaður stóriðjunefndar eða fór fyrir viðræðuhópum varðandi álver á árum áður er það bara rangt. Í fyrsta lagi vegna þess að Jóhannes Nordal var í þeirri viðræðunefnd sem stjórnarmaður í Landsvirkjun fyrst og fremst, en ekki fyrst og fremst sem seðlabankastjóri, og í öðru lagi vegna þess að um Seðlabankann giltu önnur lög þá en gilda nú. Ég gagnrýni því, herra forseti, þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar eða hæstv. iðnrh. að senda Finn Ingólfsson, fyrrv. hæstv. iðnrh. og núv. seðlabankastjóra, út af örkinni til að finna risann.

Herra forseti. Eitt af þeim atriðum sem við hæstv. iðnrh. höfum átt orðaskipti um úr þessum ræðustól eru skipulagsmálin. Í 1. umr. um málið spurði ég hæstv. ráðherra hverju sætti hvernig hún hygðist beita sér fyrir því að skipulagi miðhálendisins yrði breytt þannig að hægt væri með réttu og á löglegan hátt að setja niður virkjun og virkjunarlón af þeirri stærðargráðu sem Kárahnjúkavirkjun yrði.

Hæstv. ráðherra taldi sig hafa fulla heimild til þess að breyta því svæðisskipulagi og vildi meina, og ég ætla að fá að vitna beint í orð hennar í andsvari sem hún gaf héðan úr ræðustóli. — Herra forseti, það er eitthvað djúpt á þessu blaði virðist vera — nei, hér kemur það. Í andsvari því sem hæstv. ráðherra gaf á 78. fundi þessa löggjafarþings þegar málið var til 1. umr. og ég gerði athugasemd við það sem kemur fram í grg. með frv. að samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendisins, sem gildi til ársins 2015, sé gert ráð fyrir að svæðið sé orkuvinnslusvæði og samkvæmt því er gert ráð fyrir að orkuvinnslugeta þeirrar virkjunar sem þar er tilgreind sé um 3.200 gígavattstundir. Flatarmál lónsins sem þar er um fjallað geti orðið allt að 38 ferkm, en jafnframt er tekið fram að tilhögun virkjunarinnar yrði að vera háð skilyrðum sem sett eru í reglugerð um friðlýsingu Kringilsárrana.

Samkvæmt skipulagi miðhálendisins sem er í gildi og á að gilda til 2015 er ekki gert ráð fyrir að lón geti skert friðlýst land í Kringilsárrana. Einungis er gert ráð fyrir að lón á Hálslónssvæðinu geti orðið 38 ferkm en ekki 57 ferkm. Ég spurði hæstv. ráðherra hvernig hún hygðist koma þessu máli í gegn þar sem þetta væri í hróplegri andstöðu við svæðisskipulag miðhálendisins og hvort hæstv. ráðherra ætlaði að beita pólitískum þrýstingi og valdi til þess að breyta skipulagi miðhálendisins eða hvernig yfir höfuð hún hygðist gera þetta.

Hæstv. ráðherra svaraði á 78. fundi þingsins, með leyfi forseta:

„Þarna fer hv. þm. ekki með rétt mál. Þetta er í samræmi við svæðisskipulag miðhálendisins. Gert er ráð fyrir því í svæðisskipulagi að til þessara úrræða geti komið í sambandi við virkjunarmál norðan Vatnajökuls. Þetta eru bara staðreyndir sem liggja fyrir. " Þetta sagði hæstv. ráðherra, virðulegur forseti.

Þarna fór hæstv. ráðherra með rangt mál en ekki sú sem hér stendur, því að eftir að þessi orðaskipti áttu sér stað hef ég setið fundi samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins og í ljós hefur komið að orkuvinnslusvæðið sem

gildandi svæðisskipulag gerir ráð fyrir er með þeim hætti sem ég lýsti í spurningum mínum til ráðherrans.

Á þeim fundi sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins boðaði til var kynnt alveg makalaust plagg, tillaga að nýju svæðisskipulagi eða breytingum á staðfestu svæðisskipulagi miðhálendis Íslands vegna Kárahnjúkavirkjunar. Plagg þetta sem kynnt var á þeim fundi var útbúið af Landsvirkjun en ekki svæðisskipulagsnefndinni sjálfri, en þetta var kynnt engu að síður sem tillaga samvinnunefndarinnar, án þess að nokkur kynning hefði farið fram í nefndinni sjálfri á þeim hugmyndum. Blindandi lagði samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins fram á opnum kynningarfundi plagg og teikningar frá Landsvirkjun, framkvæmdaraðila virkjunarinnar, og ætlaðist til að þessu yrði bara veitt brautargengi og það mundi einhver hallelújakór upphefja þetta til skýjanna.

Svo varð auðvitað ekki, herra forseti, því að fyrirkomulagið á þeim kynningarfundi og á þessum vinnubrögðum var auðvitað gagnrýnt harðlega og samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins varð að yfirgefa þennan fund með skottið á milli lappanna, auðvitað.

Þegar hæstv. ráðherra sagði mig fara með fleipur um svæðisskipulag miðhálendisins þá hafði hún rangt fyrir sér. Og sannleikurinn ar auðvitað sá sem égýjaði að í máli mínu: Framkvæmdaraðilinn Landsvirkjun lagði fram tillögu um breytingu á svæðisskipulaginu og svæðisskipulagsnefndinni var gert að kyngja henni umyrðalaust, blindandi og að óathuguðu máli. Sem sagt, pólitískur þrýstingur í málinu enn eina ferðina. Allt skal þetta rekið í gegn, rekið áfram með skóhorni Framsfl. og hæstv. iðnrh., Valgerðar Sverrisdóttur. Þetta voru vinnubrögðin við svæðisskipulag miðhálendisins, herra forseti. Og þau eru auðvitað algjörlega á sömu nótum og vinnubrögðin við úrskurð hæstv. umhvrh. þegar fjallað var um kærurnar sem komu vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar.

Sannleikurinn er síðan sá og áframhaldið varðandi starf samvinnunefndar miðhálendisins að á fundi nefndarinnar í gær var lögð fram tillaga frá Hjörleifi Guttormssyni, fyrrv. hv. þm. og hæstv. iðnrh. Hann óskaði þar eftir því að tekin yrði til umfjöllunar tillaga hans að breyttu svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands þar sem gert væri ráð fyrir að náttúruverndarsvæði norðan Vatnajökuls milli Kelduár og Kreppu yrðu stækkuð til norðurs frá gildandi svæðisskipulagi og jafnframt yrðu felld úr gildandi skipulagi ákvæði og merkingar með og án fyrirvara um fyrirhuguð orkuvinnslusvæði sunnan umræddra marka, þ.e. um Kárahnjúkavirkjun og miðlun á Eyjabökkum og á Hraunum.

Ekki þarf svo sem að orðlengja það, herra forseti, en tillögu Hjörleifs Guttormssonar var að sjálfsögðu ekki tekið fagnandi í samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins. Tillagan fékk ekki brautargengi hjá nefndinni. En jafnframt má einnig segja frá því að af níu nefndarmönnum sátu þrír hjá við afgreiðslu svæðisskipulagstillögu Landsvirkjunar, þannig að verið er að þrýsta nýju svæðisskipulagi eða breytingum á svæðisskipulaginu í gegnum samvinnunefndina með pólitísku afli og ofan í mótmæli þeirra þriggja einstaklinga sem sitja í nefndinni.

Herra forseti. Óvissuatriðin í þessu máli eru afar mörg og það er alveg sama hversu oft hv. stjórnarþingmenn klifa á því að hér sé um afar arðbært verkefni að ræða, það verður ekki svo við fullyrðingar þeirra. Sannleikurinn er sá — og sá punktur hefur heldur ekki fengið málefnalega umfjöllun hér á þinginu vegna þess að þingmenn stjórnarflokkanna og hæstv. iðnrh. hafa auðvitað ekki látið svo lítið sem svara þeim rökstuddu ábendingum sem andmælendur málsins hafa fært fram — punkturinn er auðvitað sá að ef dæmið er rétt reiknað þá er arðsemi virkjunarinnar við Kárahnjúka engin og minni en engin því að hún yrði gífurlegt tap, tap sem mundi nema tugum milljarða kr. Skrifaðar hafa verið um þetta ótal greinar, fluttir hafa verið um þetta ótal fyrirlestrar, ótal rýnar hafa haldið þessu fram, fólk sem er fært á sínu sviði, sviði hagfræðinnar, og nægir að nefna hér til sögunnar fyrirsögn úr Morgunblaðinu þann 8. júní 2001, þar sem Þorsteinn Sigurlaugsson rekstrarhagfræðingur segir tap af Kárahnjúkavirkjun vera 22–51 milljarð kr. og fyrirsögnin er, með leyfi forseta: „Engar líkur til að Kárahnjúkavirkjun standi undir sér.“ Engar líkur til þess.

Ef við eigum að ræða þessi mál eingöngu á því fullyrðingaplani og hér standi bara fullyrðing gegn fullyrðingu þá verð ég að segja, herra forseti, að það er ekki skapandi málflutningur. Slíkur málflutningur leiðir auðvitað ekki til neins. Hann leiðir í öllu falli ekki til þess að verkefnið verði tekið upp og endurskoðað og gert þá þannig úr garði að við megi una með einhverju móti, vegna þess að þeir sem slá hér höfðinu við steininn í einu og öllu eru auðvitað hv. þm. stjórnarliðsins og hæstv. iðnrh.

Hæstv. iðnrh. segir að þeir sem mótmæla verkefninu og andmæla því séu að berja höfðinu við stein en ég vil meina, herra forseti, að það sé á hinn veginn, því að hér hafa mjög málefnaleg rök verið dregin fram í dagsljósið varðandi þennan þátt, þ.e. hina meintu arðsemi virkjunarinnar, og til þess að ramma enn frekar inn það sem ég hef dregið fram þá langar mig að fá að vitna í erindi Friðriks Más Baldurssonar, hagfræðings við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, en hann hélt erindi á ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans 31. okt. 2001 sem fjallaði um náttúruna, stóriðju og nýskipan raforkumála, og er erindi Friðriks Más að mörgu leyti afar athyglisvert.

Mig langar til að fá að grípa niður í það þar sem hann er búinn að fjalla um það sem gerst hefur markverðast í orkumálum landsins og hann fjallar um þetta breytta raforkuumhverfi sem væntanlegt sé með nýrri raforkulöggjöf. Síðan fjallar hann um stóriðjuverkefni og viðskiptahugmyndirnar á bak við slík verkefni. Hann fjallar mikið um Landsvirkjun og segja má að hann sé gagnrýninn í tóni á starfsemi eða nálgun fyrirtækisins og hann talar um að það þurfi að gæta þess að ákvarðanir um risafjárfestingar á borð við þær sem Landsvirkjun þykist ætla að ráðast í á næstu árum fái eðlilegt aðhald markaðsaflanna. Friðrik Már segir að hvorki fyrirtækið Landsvirkjun né íslenskt efnahagslíf hafi gott af öðru.

Nú skulum við líta nánar á það sem Friðrik Már Baldursson hefur að segja um þann kostnaðarlið sem við frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum gagnrýnt að skuli ekki vera inni í stofnkostnaðaráætlunum verkefnisins, þ.e. umhverfislega þætti, afgjald fyrir land eða vatnsréttindi. Náttúran er ekki metin á eina einustu krónu, það höfum við gagnrýnt og við höfum reynt að upphefja hér málefnalega umræðu um þetta en fengið lítið annað en einhvers konar skæting úr herbúðum hv. þm. stjórnarliða. En ég ætla að fá að vitna hér, með leyfi forseta, í orð Friðriks Más Baldurssonar um þetta efni. Hann segir:

„Hvernig getum við komið náttúrunni að í þessari orðræðu um hagkvæmni og arðsemi? Ef til væri markaðsverð

á umhverfisgæðum væri lausnin ósköp einföld: fjárfestar í nýjum raforkuverum myndu greiða markaðsverð fyrir ráðstöfun þessara gæða til virkjana nákvæmlega eins og fyrir fjármagn og vinnuafl. Vandinn er auðvitað sá að gæði á borð við ósnortin víðerni eru ekki markaðsvara, nema að takmörkuðu leyti. Hagfræðingar hafa hins vegar lengi unnið að þróun aðferða þar sem reynt er að meta verðmæti gæða sem ekki eru á markaði með ýmsu móti. Ef sæmilega öruggt mat af þessu tagi liggur fyrir má nota það í stað markaðsverðs. Algengasta aðferðin sem notuð er í þessu skyni er svokallað skilyrt verðmætamat þar sem beitt er viðtalskönnunum til að komast að verðmæti, segjum tiltekins ósnortins landsvæðis: hópur fólks er upplýstur rækilega um framkvæmd á borð við virkjun og kannað í vandlega hannaðri röð spurninga hver viljinn er til að greiða fyrir náttúruröskun af völdum verkefnisins. Augljós hætta er á skekkjum í slíkri könnun því þátttakendur reiða ekki af hendi raunverulegar greiðslur, en engu að síður virðist orðin nokkur sátt meðal hagfræðinga um að með vandaðri útfærslu og prófunum niðurstaðna gefi aðferðin marktækar niðurstöður. Í kjölfar tillagna sem hópur virtra bandarískra hagfræðinga setti fram fyrir nokkrum árum hefur myndast samstaða um bestu venjur við skilyrt verðmætamat. Þessari aðferð er beitt í miklum mæli í Bandaríkjunum og hún er óðum að ryðja sér til rúms í Evrópu."

Herra forseti. Ég ítreka fyrri spurningar mínar (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Þar sem tilvitnun er lokið vil ég minna hv. þm. á að þegar um beinar tilvitnanir er að ræða þá ber alltaf að fá leyfi forseta.)

Herra forseti. Ég óskaði eftir leyfi við upphaf tilvitnunarinnar. Ég minnist þess mjög vel og ég skal hafa það í huga framvegis.

Tilvitnuninni var lokið, herra forseti. Ég er að ítreka spurningar mínar til hæstv. iðnrh. um skilyrt verðmætamat. Hvers vegna er aðferðum hagfræðinnar, sem eru viðurkenndar til þess að ná fram verðmætamati á náttúruna, ekki beitt á þetta verkefni?

Miðað við fyrri yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar og miðað við umræðu þá sem átti sér stað hér um utanríkismál fyrir skemmstu og þema ræðu hæstv. utanrrh. við þá umræðu, sem var sjálfbær þróun, mætti ætla, herra forseti, að ríkisstjórn Íslands hafi hugsað sér að bera hag umhverfisins á einhvern hátt fyrir brjósti. Það má ráða í orð hæstv. ráðherra á þeim nótum. En hvers vegna er þá ekkert gert til þess að láta náttúruna njóta vafans, láta umhverfiskostnaðinn koma í ljós í verkefni af þessari stærðargráðu ef það er sýn stjórnvalda til framtíðar að umhverfið skuli einhvers metið?

Herra forseti. Við þessum spurningum á enn eftir að fá svör. Þau hafa ekki komið fram í þessum umræðum hér.

Herra forseti. Ég vil vitna aftur í erindi Friðriks Más Baldurssonar frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands þar sem hann er að fjalla áframhaldandi um þetta sama efni, með leyfi forseta. Hann segir:

„Með þessu er ég ekki að segja að þegar kemur að ákvörðunum um veitingu virkjanaleyfa eigi stjórnvöld ekki að taka tillit til annarra sjónarmiða en mats á náttúrunni í krónum talið og þess hvort fjárfestar eru til í að reiða fram gjald sem svarar a.m.k. til þess mats, en þannig tel ég eðlilegast að beita verðmætamatinu. Fjölmörg atriði önnur koma þar til og mat á umhverfisáhrifum verður t.d. örugglega ávallt mikilvægur þáttur í ákvörðunum. Not á hagrænu mati á verðmætum náttúrunnar við ákvarðanir stuðlar hins vegar að aukinni þjóðhagslegri hagkvæmni og því að ekki séu aðeins valdar öfgalausnir, þ.e. að náttúran sé einskis metin eða að hún sé ávallt metin óendanlega hátt."

Herra forseti. Þarna segir hagfræðingurinn að aðferðir hagfræðinnar til þess að meta umhverfiskostnaðinn auki þjóðhagslega hagkvæmni. Er ekki ástæða fyrir okkur að staldra við þegar fræðimenn á þessu sviði hafa hver á fætur öðrum fært okkur heim sanninn um að þessi aðferð virki og sé öflug aðferðafræði sem beri að nota á 21. öldinni? Hvers vegna þverskallast þá íslensk stjórnvöld svona við og anda ekki út úr sér einu orði um það hvers vegna þau skirrast við að beita þessum aðferðum? Herra forseti. Þessi þögn sem við höfum þurft að þola um þessi mál er ekki boðleg.

Ég var að fjalla um óvissuatriðin og þegar við á Alþingi veturinn 1999 fjölluðum um Fljótsdalsvirkjun með lóni á Eyjabökkum, sem síðan varð ekkert af, töluðum við mikið um að náttúran ætti að njóta vafans. Sú regla á rætur að rekja í pappírum Ríó-ferlisins og samþykktum Ríó-ráðstefnunnar. Sú regla byggir á því að ef um vafa sé að ræða, ef vísindalegur vafi leikur á því hver áhrif viðkomandi framkvæmda á umhverfið verði þá beri stjórnvöldum að haga málum þannig að náttúran njóti vafans.

Herra forseti. Þessi setning hefur ekki hljómað úr þessum stól nægilega oft og ég held kannski aldrei í þessari umræðu um Kárahnjúkavirkjun. En það er þá kominn tími til að láta hana hljóma. Það er enn fullt tækifæri, herra forseti, til þess og fullkomin ástæða til að láta þessa setningu hljóma: Ef um vísindalegan vafa er að ræða þá ber stjórnvöldum að láta náttúruna njóta vafans.

Um er að ræða mikinn vafa í þessu máli sem hér er fjallað um og það hefur verið gerð grein fyrir honum í löngu máli hér í ræðum, herra forseti. Ég ætla ekki að fara aftur yfir þau rök sem ég hef komið með áður í þessu en sannleikurinn er sá að mikill vafi er til staðar, bæði hvað varðar arðsemismat, hina efnahagslegu útreikninga og sömuleiðis ákveðna þætti í umhverfismálunum. Ég vildi óska þess að við stæðum hér og heimiluðum náttúrunni að njóta vafans, en ekki að hér væri þetta óþagot á þar sem stjórnvöld beita alþingismenn þrýstingi við að koma þessu máli í gegn sem ekkert liggur á að samþykkja, því eins og hér hefur verið vikið að þá er einungis verið að samþykkja hér heimild fyrir hæstv. ráðherra til að eiga virkjunarleyfi á lager, virkjunarleyfi sem heldur náttúrunni norðan Vatnajökuls í gíslingu næstu tíu árin. Herra forseti. Það er ekkert vit í þessu.

Eitt af því sem komið hefur til umfjöllunar hér við afgreiðslu þessa máls er á hvern hátt vegið hefur verið að umhverfisverndarfólki. Kannski má segja að gerð hafi verið einhvers konar aðför að því fólki sem hefur viljað merkja sig sem umhverfisverndarsinna eða náttúruverndarsinna í þessari umræðu allri. Það á við alveg frá því að ákvarðanir stjórnvalda voru teknar um að freista þess að fá stórkaupendur að raforku sem gæti verið framleidd með virkjunum á hálendinu norðan Vatnajökuls, en þá fóru náttúruverndarsinnar að láta skína í tennurnar og þeim óx ásmegin því að þeir höfðu baráttumál til að berjast fyrir.

Þetta var svo sem alveg í takt við það sem hafði verið að gerast í nágrannalöndum okkar. Umhverfisverndarsamtökum hafði verið að vaxa fiskur um hrygg síðustu áratugi síðustu aldar má segja og umhverfismálin voru orðin öflugur málaflokkur í allri þjóðmálaumræðu og allri stjórnmálaumræðu. Til marks um það er Árósasamningurinn svokallaði sem samþykktur var af — ég man nú ekki lengur hvort það

voru 89 lönd sem samþykktu hann í Árósum 1997, ef ég man rétt. En sá samningur kveður á um skyldu stjórnvalda til þess að mál sem varða umhverfið fái réttláta málsmeðferð. Samningurinn á sömuleiðis að tryggja aðilum sem ekki eiga beina aðild að máli samt sem áður að hægt sé að leita réttar umhverfisins eða náttúrunnar þannig að náttúran, sem á sér eðli málsins samkvæmt ekki neinn málsvara, fái hann í rödd umhverfis- eða náttúruverndarsamtaka. Samningurinn átti að tryggja slíkt.

Við höfum fjallað um þennan samning, herra forseti, á hinu háa Alþingi og það hefur gengið svo langt að við höfum fengið framlagða af hæstv. umhvrh. þáltill. sem átti að staðfesta þennan samning og sjá til þess að prinsippin í honum yrðu leidd í lög á Íslandi. Sú þáltill. var lögð fram á síðasta þingi en hún kom ekki til afgreiðslu. Kallað hefur verið eftir því hér af hv. þm. að slíkt gerðist, þ.e. að samningurinn yrði lögfestur eða staðfestur af Alþingi. En við höfum fengið vitneskju um það, herra forseti, að lagatæknileg atriði þvælist fyrir hæstv. ríkisstjórn við það að lögfesta Árósasamninginn.

Hver eru þau lagatæknilegu atriði, herra forseti? Jú, þau lúta að þessari aðild að máli. Okkur hefur skilist í hv. umhvn. að um það séu einhvers konar áhöld, að það sé ekki einfalt, að heimila það samkvæmt lögum að aðili sem eigi ekki lögvarða hagsmuni geti lögsótt vegna máls, nema þá að hann eigi að því beina aðild.

Hvers vegna er ég að rifja þetta upp hér, herra forseti? Jú, það er vegna þess að í fréttum Dagblaðsins í gær var sagt frá kæru sem er til meðferðar hjá héraðsdómi, kæru sem Náttúruverndarsamtök Íslands og nokkrir einstaklingar hafa lagt fram þar sem þeir hafa stefnt hæstv. umhvrh. vegna úrskurðarins í mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Nú hefur það gerst að ríkislögmaður hefur lagt fram frávísunarkröfu á þessa stefnu. Og hver skyldi ástæðan fyrir frásvísunarkröfu ríkislögmanns vera, herra forseti? Jú, það er dálítið merkilegt í ljósi þess sem ég hef áður sagt um Árósasamninginn og hin lagatæknilegu atriði sem vafist hafa fyrir stjórnvöldum við að lögfesta hann.

Í frétt DV frá í gær segir, með leyfi forseta:

„... að í stefnunni séu tengsl stefnenda við sakarefni málsins ekki útskýrð sérstaklega að öðru leyti en því að stefnendur virðist ganga út frá því að andmæla- og málskotsréttur á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum heimili aðild að dómsmáli á grundvelli einkamálalaga. Þessu er ríkislögmaður ósammála og telur að ekki sé lagagrundvöllur fyrir aðild stefnenda að málinu. Meginkrafa ríkislögmanns er sem fyrr segir að málinu verði vísað frá en til vara fer hann fram á sýknu."

Hvað er að gerast hér, herra forseti? Ríkislögmaður er að óska eftir því að máli, stefnu á hendur hæstv. umhvrh., verði vísað frá vegna þess að Árósasamningurinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi. Því er eðlilegt að spurt sé: Ætla stjórnvöld á Íslandi ekki að hleypa umhverfis- og náttúruverndarsamtökum að svona málum? Er það pólitísk ákvörðun ríkisstjórnarinnar? Það er ekki skrýtið þó spurt sé, herra forseti, í ljósi þess sem hér er að gerast. Það er fullkomlega eðlilegt að við leitum svara við þessum spurningum og eðlilegt að beðið sé um viðbrögð frá hæstv. iðnrh.

Það er víða vegið að umhverfisverndarfólki, herra forseti, og þeim sem setja spurningarmerki við þessi tröllauknu áform ríkisstjórnarinnar um virkjanir á hálendinu og mannvirki sem þeim fylgja, vegagerð og haugsvæði og línulagnir og guð veit hvað þetta allt saman heitir. Við munum öll eftir þeirri aðför sem Náttúruverndarsamtök Austurlands urðu fyrir þegar stór hópur manna úr félagsskapnum Afli fyrir Austurland ruddist inn á aðalfund Náttúruverndarsamtaka Austurlands og gerði þar usla og gekk í hreyfinguna til þess að geta beitt áhrifum sínum gegn markmiðum félagsins. Og hver man ekki eftir því að á landsfundi Sjálfstfl. á síðasta ári voru högg og spörk látin dynja á Ólafi F. Magnússyni sem hafði verið að berjast á vettvangi Reykjavíkurborgar og Sjálfstfl. í Reykjavík fyrir því að afstaða yrði tekin gegn Kárahnjúkavirkjun.

Síðan sáu nýir eigendur Dagblaðsins ástæðu til þess að láta ákafan náttúruverndarsinna og umhverfisverndarmann, Jónas Kristjánsson, fá reisupassann úr ritstjórastóli DV. Hann varð að hlíta þeim úrskurði nýrra eigenda DV. Og þann sama dag og Jónasi Kristjánssyni var vikið úr stóli ritstjóra DV tilkynnti Ari Edwald, sem er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, að þessi samtök atvinnulífsins á Íslandi sæju ekki lengur ástæðu til þess að taka þátt í starfi Landverndar, náttúruverndarsamtaka á landsvísu. Bæði félög og sömuleiðis einstaklingar eiga aðild að Landvernd. Samtök atvinnulífsins höfðu verið þar aðilar til margra ára og tekið þátt í starfinu. En þarna sáu þau skyndilega ástæðu til þess að segja sig frá þeirri aðild. Og ekki bara Samtök atvinnurekenda, herra forseti, heldur líka Samband íslenskra sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynnti í lok ágúst 2001 að þau hefðu sagt aðild sinni að Landvernd lausri frá og með áramótum 2001/2002.

Herra forseti. Þetta nefni ég sem dæmi um það hvernig umhverfissinnar og náttúruverndarsinnar á Íslandi hafa átt undir högg að sækja við þá umræðu sem hér hefur farið fram á undanförnum árum og missirum um stóriðjustefnu og virkjunaráform hæstv. ríkisstjórnar.

Herra forseti. Ég verð að segja að mér rennur til rifja þegar þessi mál eru rifjuð upp, þegar maður horfir yfir farinn veg og sér svart á hvítu hvernig náttúruverndarsinnar hafa þurft að þola nánast ofsóknir. Svo eru alltaf þeir sem berjast fyrir umhverfinu, sem á sér engan náttúrulegan málsvara, kallaðir öfgasinnar.

Herra forseti. Ég vísa auðvitað orðum af því tagi til föðurhúsanna. Náttúruverndarsinnar eru að sinna innri köllun. Og þeim ber skylda til að gera það, alveg eins og hv. alþingismönnum ber skylda til að fara að sannfæringu sinni þegar þeir greiða atkvæði í miklum málum á hinu háa Alþingi. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim þingmönnum sem í þessu máli hafa ákveðið að ganga gegn flokkslínum og greiða atkvæði gegn málinu því þar trúi ég á sanna sannfæringu náttúru- og umverfisverndarsinna og hef á tilfinningunni, herra forseti, að samviska þeirra þingmanna sem hafa ákveðið að tala fyrir umhverfinu og vera málsvarar þess í umræðunni sem hér fer fram sé hvítari og bjartari en hinna sem ætla að loka augunum fyrir þeim gífurlegu náttúruspjöllum sem framkvæmd af þessu tagi hefur í för með sér.

Það er mjög alvarlegt mál, herra forseti, að umturna ímynd lands. En það er nákvæmlega það sem þeir þingmenn koma til með að gera sem veita þessu máli brautargengi í gegnum þingið. Þeir umturna þeirri ímynd sem við höfum verið að reyna að byggja upp, ímynd náttúruverndar, ímynd hreinnar og tærrar náttúru, og úr því að ég er farin að tala um ímynd, herra forseti, langar mig til að vitna í blaðagrein úr Morgunblaðinu sem birtist fimmtudaginn 31. maí 2001 og er skrifuð af alkunnum náttúruverndarsinna sem oftar en aðrir hefur mátt þola það að vera kallaður öfgasinni. Það er Guð-

mundur Páll Ólafsson. Hann skrifaði grein í Morgunblaðið þennan dag undir titlinum „Að umturna ímynd" og þar segir, með leyfi forseta:

„Um alllangt skeið hefur það þótt klókt áróðursbragð í markaðssetningu að hampa ímynd lands og þjóðar og um leið hefur þessi ímynd verið menningarlegt kappsmál margra Íslendinga. Hún tengist hreinleika, heilnæmi, fegurð og ósnortinni náttúru og er blanda af veruleika og óskhyggju — andlit út á við og draumaland okkar inn á við. Ímyndin út á við er allsterk vegna þess að vistkerfi landsins, þegar frá er talin gróður- og jarðvegseyðing, er í sæmilegu ásigkomulagi. Íslensk náttúra er enn þá lítt menguð og það sem meira er um vert, hún varðveitir ótal gersemar í stærstu óbyggðum Evrópu. Þar má nefna Þjórsárver svo og Eyjabakka, sem ásamt elfum og gljúfrum, eld- og ísfjöllum öræfanna eru kjörin í nytjabanka framtíðar sem óvenjulegasti þjóðgarður á jarðarhveli."

Herra forseti. Við værum menn að meiri hér ef við fjölluðum um náttúruna norðan Vatnajökuls á þessum nótum. Ef við værum í alvöru að varðveita ímynd þessa lands sem við höfum verið að reyna að byggja upp, meðvitað, síðustu áratugi, kannski alla síðustu öld að einhverju leyti, ef við værum að efna hér í óvenjulegasta þjóðgarð á jarðarhveli værum við menn að meiri. En í staðinn er okkur boðið upp á umræðu um einhvers konar friðlýsingar á virkjanasvæði, einhvers konar umræðu um þjóðgarðsskrípi þar sem Kárahnjúkavirkjun yrði stærsta náttúruundrið.

Herra forseti. Þjóðgarði af því tagi hafna ég. Og það geri ég með opin augun og fullri meðvitund. Við eigum möguleika á að stofna óvenjulegasta þjóðgarð á jarðarhveli. Alþingi Íslendinga virðist ætla að klúðra því tækifæri, og það er til skammar.

Herra forseti. Það mætti líka hafa nokkur orð um náttúruverndarsinnann Pál Steingrímsson sem hefur verið óþreytandi í að koma ímynd Íslands á framfæri við útlendinga og hefur sömuleiðis, eins og Guðmundur Páll Ólafsson, lagst gegn stóriðju- og virkjanaáformum stjórnvalda á hálendinu. Páll Steingrímsson hefur skrifað grein um stíflugerðarmenn og stóriðjublindu, og í grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið á árinu 1999, ég hef ekki dagsetninguna, segir hann eftirfarandi orð, með leyfi forseta:

„Við verðum að ná tökum á ófreskjunni áður en hún gleypir gullin okkar. Íslendingar gætu allt eins vel búið við hamingju á þessari merkilegu eyju í önnur þúsund ár en það gera þeir ekki ef við lögum landinu."

Menn á borð við Guðmund Pál Ólafsson og Pál Steingrímsson hafa barist hetjulegri og óeigingjarnri baráttu gegn þessum áformum. Þeir hafa gert allt sem í þeirra valdi hefur staðið til að leiða þjóðinni og þingmönnum fyrir sjónir hversu alvarleg staða er hér á ferðum, hversu alvarlegt mál er hér til afgreiðslu. Og það er synd að þeir skuli ekki vera fleiri, þingmennirnir, sem láta ákall þessara náttúruverndarsinna snerta sig.

Fyrir skemmstu, herra forseti, fengu þingmenn bréf frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands þar sem þingmenn voru hvattir til að gæta ábyrgðar sinnar við komandi atkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun. Og þingmenn voru hvattir til að hlýða rödd samvisku sinnar. Í niðurlagi bréfsins frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands sem öllum þingmönnum barst og var skrifað á Egilsstöðum 28. febr. sl. segir, með leyfi forseta: „Mundu að nafn þitt verður letrað á spjöld sögunnar og þú verður metin(n) eftir því hvernig atkvæði þitt fellur." Þetta eru orð að sönnu, herra forseti, við hér í þessum sal verðum metin eftir því hvernig atkvæði okkar falla í þessu máli.

Herra forseti. Það er úr vöndu að ráða þegar verkefni af þessari stærðargráðu er til staðar. Við höfum ekki komið okkur saman um hvernig eigi að meta ákveðna þætti þess. Hvernig á t.d. að meta öræfakyrrð eða fuglasöng í óbyggðum? Hvernig á að meta alla þá tilfinningu og ástríðu sem ferðamenn, innlendir sem erlendir, upplifa þegar þeir eru staddir á hálendi Íslands og teyga að sér ómengað fjallaloftið? Hvernig á að meta alla þessa þætti? Sannleikurinn er sá að við eigum að meta þá á Alþingi en við getum það ekki. Sannleikurinn er auðvitað sá að með því að láta náttúruna ósnortna erum við að tryggja framvindu hennar til frambúðar og við erum að tryggja ímynd þessa lands.

Að lokum vil ég, herra forseti, fá að vitna til orða Friðriks Hansens. Mig langar til að vitna í ljóð sem hann orti um Jökulsá á Dal, sennilega veturinn 1911/1912, á Sleðabrjót í Jökulsárhlíð þar sem hann var kennari. (**HBl:** Sleðbrjót.) Sleðbrjót í Jökulsárhlíð. Þar var skáldið samvistum við Jöklu, heyrði hennar þunga nið á hverjum degi og upplifði kraftinn frá henni. Hann orti til hennar eftirfarandi, með leyfi forseta:

Með sterkum nið og straumsins þunga falli
þú streymir út í hafsins bláa djúp.
Og vegur þinn hann liggur fjall af fjalli,
og fjöllin eru sjaldan slétt og gljúp.
En þó var gatan greið um hrjóstursalinn.
Þú grófst þau sundur, bjóst til Jökuldalinn.

Og síðan hafa liðið ár og aldir
og ellin hrukkað marga slétta kinn,
en söm þú rennur veginn, sem þú valdir,
og votum tárum laugar dalinn þinn.
Og þú ert sífellt ný og ung þeim ungu
og alltaf sömu lög á þinni tungu.

Herra forseti. Ef Alþingi Íslendinga samþykkir það mál sem við hér erum að fjalla um er Alþingi Íslendinga að koma í veg fyrir að ljóð Jöklu og lög geti hljómað um ókomna framtíð eins og skáldið Friðrik Hansen heyrði fyrir sér að þau mundu gera.

[17:24]

Útbýting þingskjals:

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 705. mál, frv. VE o.fl., þskj. 1129.

[17:25]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í þessu stóra máli hefur margt verið sagt, en margt er ósagt enn. Svo stórkostleg framkvæmd sem hér er ætlunin að heimila leyfi fyrir, þ.e. Kárahnjúkavirkjun, virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröflu, er það stórt mannvirki hvernig sem við horfum á það, og þá í tengslum við þá stóriðju sem á að rísa samfara þessari virkjun, að það er ekki óeðlilegt að hér þurfi að fara yfir marga hluti, sérstaklega þegar undirbúningurinn hefur verið með þeim hætti sem raun ber vitni. Ég mótmæli því, herra forseti, að þetta mál þurfi ekki að ræða neitt frekar, það hafi fengið fulla þinglega meðferð, afgreiðslu með eðlilegum hætti og í raun sé ekkert annað að gera en að samþykkja það.

Ég mótmæli þessu vegna þess að sá tímarammi sem mati á umhverfisáhrifum þessarar stóru virkjunar var ætlaður var allt of skammur og það á að vera okkur sú lexía litið til

framtíðar að setja ekki svo umfangsmiklar framkvæmdir og mikil mannvirki undir sama hatt og brýr og vegarspotta hvað varðar mat á umhverfisáhrifum. Í framtíðinni verðum við að ætla slíkum mannvirkjum meiri tíma og meira svigrúm. Grunnurinn á að vera annar en við höfum í dag. Við eigum, eins og margoft hefur komið fram, að byggja á áætlun, sem kölluð hefur verið rammaáætlun, um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, áætlun sem er þá sátt um í þjóðfélaginu líkt og unnið er að sátt um svæðisskipulög og annan ramma utan um vinnuáætlanir.

Að mínu mati er ekki nóg að gera rammaáætlun um nýtinguna, við þurfum samhliða að vinna að verndaráætlun og kortleggja þau svæði sem við viljum til framtíðar að verði ósnert, hvort heldur er af virkjunarframkvæmdum eða öðrum framkvæmdum, þannig að við vinnum að verndaráætlun fyrir framtíðina samhliða rammaáætlun í okkar litla landi. Landið okkar er ekki það stórt og það er það viðkvæmt að ekki veitir af að fara að huga að heildarsýn. Við höfum tekið búr og búr og merkt sem náttúruverndarsvæði eða þjóðgarða en við höfum oft verið ansi smá í sniðum. Ekki erum við stórlátari þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga til að reka þjóðgarðana okkar. Það er í raun og veru hneisa hvernig við höfum staðið að rekstri þessara staða.

Við höfum ekki áttað okkur á því, herra forseti, að þetta er auðlegð — ekki kvöð — sem við eigum, og eigum að leggja rækt við. Því ber okkur að meta landið með viðeigandi hætti.

Ég gagnrýni og hef gagnrýnt allan tímann að sá tímarammi sem Noral-verkefnið setti allri undirbúningsvinnunni var of knappur. Það kemur fram í umsögn skipulagsstjóra og í álitum allra þeirra sérfræðinga sem urðu að vinna að mati á umhverfisáhrifum þessa verkefnis. Það kemur einnig fram í áliti Seðlabankans sem gat ekki unnið sjálfstætt mat á arðsemi þessa mikla samtengda verkefnis virkjunar og álvers heldur varð að styðjast þar við útreikninga Þjóðhagsstofnunar. Ekki það að nokkur sé að efast um þá niðurstöðu, þeir sem hafa náð að kynna sér hana, en þetta segir okkur bara að allur sá tími sem okkur var gefinn var of skammur.

Þó svo að málið hafi fengið rétta meðferð eftir að það kom í þingið þá gagnrýni ég líka harðlega og í raun og veru fordæmi þau vinnubrögð að umhvrh. skyldi ekki við þær aðstæður og þær athugasemdir sem komu fram við mat á umhverfisáhrifum og eftir niðurstöðu skipulagsstjóra sem í rauninni fellir þann úrskurð að það eigi ekki að fara í þessa framkvæmd, hafa ekki vísað málinu aftur til skipulagsstjóra og látið vinna þetta upp á nýtt. Það á eftir að láta á það reyna hvort sú vinna sem fór þá í gang standist lög og hvort við séum í rauninni með rétta niðurstöðu í höndunum sem frv. byggir á, að það sé í lagi frá umhverfislegu sjónarmiði að fara í þessa stóru virkjun. Þrátt fyrir þær varúðarráðstafanir sem hæstv. umhvrh. lagði til að yrðu gerðar, þá stendur eftir að fyrirsjáanleg eru umhverfisspjöll sem ekki er hægt að segja til um hvernig eigi að koma í veg fyrir, eða bæta. Það er heldur ekki fyrirsjáanlegt hvaða áhrif hækkandi vatnsborð í Leginum muni hafa á umhverfið, á tún og sveitir, líf og starf á Héraði, því ef þarna verða breytingar á náttúrunni, einhverjar þær breytingar sem við sjáum ekki fyrir, þá munu þær alltaf hafa áhrif á vatnsborðið, á vatnsstöðuna, á ræktunarmöguleika. Og ef um kólnun á fljótinu verður að ræða þá sjáum við ekki fyrir hvaða áhrif það muni hafa, fyrir utan að menn eru líka uggandi um ferðaþjónustu og annað á því svæði.

En það er ekkert skrýtið þó að við stöndum í þessum sporum núna því að það er í rauninni eingöngu pólitískt stolt sem rekur okkur áfram og það má rekja þetta að nær öllu leyti til hæstv. utanrrh., 1. þm. Austurl., sem hefur lagt sitt pólitíska stolt að veði vegna þessa máls og þetta skal knúið fram hvað sem tautar og raular. Það er alveg greinilegt að ekki á að fara inn í næstu kosningar með svik á bakinu og því skal keyra þetta áfram þrátt fyrir að staða málsins í dag sé sú að ekkert liggi á því að afgreiða frv. því að í dag er enginn orkukaupandi. Hann er ekki til staðar og það sem meira er að þrátt fyrir bestu fáanlegu sólgleraugu sem hæstv. iðnrh. og aðrir sem fylgja henni eftir setja upp verða þeir að viðurkenna að það verður í allra fyrsta lagi í lok ársins 2003 sem hægt er að segja til um hvort búast megi við einhverjum nýjum orkukaupanda. Það tekur þann tíma að finna nýjan aðila í staðinn fyrir Norsk Hydro og það er alveg sama hversu margir koma að málinu og hversu hart verður lagt að sér, það mun ekkert liggja fyrir um nýjan orkukaupanda fyrir lok ársins.

Því í ósköpunum erum við þá að böðlast svona áfram nema ef ske kynni af pólitísku stærilæti og hugsanlega því að þingmenn jafnt sem aðrir hafa ekki viljað kafa nægilega vel ofan í málið og taka mark á þeim aðvörunarröddum og öllum þeim aðvörunarbjöllum sem eru í gangi og leita annarra ráða til þess að efla byggð á Austurlandi ef það er tilgangur verkefnisins?

Það er út af fyrir sig sjónarmið að vilja efla byggð á Austurlandi, og þá vil ég setja spurningarmerki við það hvort þetta sé rétta leiðin. En ef menn eru að leita að leiðum til þess að styrkja afkomu okkar Íslendinga inn í framtíðina, þá hafa líka komið fram mjög gagnrýnar raddir á þá útreikninga sem sýna að Noral-verkefnið eigi að vera mjög arðvænlegt fyrir þjóðarbúið, gagnrýnisraddir sem benda á að inn í þá reikninga séu ekki teknir eðlilegir hlutir eins og að greiða fyrir mengun, greiða fyrir afnot af landi, að þurfa ekki að hafa áhyggjur af náttúruspjöllum og að hreinsa upp eftir sig þegar virkjunin verður ónothæf til síns brúks og verður komandi kynslóðum eingöngu til armæðu og náttúrunni til frekari spjalla. Því að það verða ekki eingöngu staðbundin áhrif, bundin við lónið og virkjunarsvæðið, heldur mun fok frá Hálslóninu hafa áhrif á stórt og mikið svæði, mikil víðerni á Vestur-Öræfum og það eru landspjöll og landeyðing sem ekki er hægt að sýna fram á hvernig eigi að hefta.

Herra forseti. Málið er knúið áfram af pólitískum ákafa. Ekki er staldrað við og tækifærið notað sem nú gefst til að draga andann djúpt og a.m.k. fresta málinu, ef menn eru ekki tilbúnir til þess að taka það út af borðinu. Menn hugsa ekki til þess að tileinka sér nýja sýn, ósnortin víðerni eru verðmæti sem geta gefið af sér umtalsverðar tekjur í þjóðarbúið ásamt fjölda starfa í fjölbreyttu atvinnulífi. Þann valkost á ekki að kanna, ekki á að bera hann saman við þann valkost sem verið er að heimila. Ekki á að nota tækifærið til þess að fá á það mat hvaða áhrif þjóðgarður, og þá þjóðgarður án virkjunar á þessu svæði, og friðland norðan Vatnajökuls gæti gefið af sér í þjóðarbúið og hvaða möguleika hann gæti skapað fyrir ekki bara Austfirðinga heldur íbúa á öllu Norðausturlandi og suður í Skaftafellssýslu, hvaða möguleika sá valkostur mundi gefa inn í nánustu framtíð og þegar lengra er litið. En ekki á að kanna þennan valkost og ekki að fá samanburð á arðsemi þessara tveggja valkosta.

Einnig hefur verið talað um, herra forseti, að ástæða þess að farið er í þessa virkjun sem er háð því að fundinn verði orkukaupandi, og þá er horft til stóriðju á Reyðarfirði því

að til framtíðar litið verða fá störf unnin tengd virkjuninni sjálfri. Horft er til starfa við hugsanlegt álver eða stóriðju sem staðsett yrði á Reyðarfirði og að mínu mati eru þau neikvæðu áhrif vanmetin sem yrðu á hið félagslega umhverfi og sem yrðu á aðrar atvinnugreinar vanmetin. En auðvitað mun stóriðja eða stór atvinnugrein eins og álver hafa jákvæð áhrif á miðhluta Austurlands að mörgu leyti. En mér finnst óverjandi að horfa eingöngu á jákvæðu þættina og það að með svo stórum vinnustað skapist afleidd störf og afleidd þjónusta sem byggðist upp í kringum þennan stóra vinnustað, sem er auðvitað jákvætt, en ekki sé horft á það að á sama tíma munu aðrar atvinnugreinar líða fyrir það. Í staðinn fyrir mjög fjölbreytt atvinnusvæði erum við hugsanlega að fá í framtíðinni mjög einhæft atvinnusvæði og mér finnst að horfa verði á slíka hluti líka, ekki bara þá jákvæðu.

Þetta eru ekki eingöngu úrtölur heldur eins og menn geta séð fyrir sér staðreynd sem er ekkert hægt að horfa fram hjá. Af svo stóru álveri eða stórum vinnustað verða jaðaráhrif sem munu hafa áhrif á svæðið utan Miðausturlands og því verða sveitarfélögin að undirbúa sig undir þessar breytingar og gera þar sérstakar ráðstafanir. Ef menn hafa áhuga á að halda Vopnafirði og svæðinu á norðausturhorninu í byggð og suðurfjörðunum þá þurfa að koma hliðarráðstafanir til að byggja upp andsvar gegn þessari miklu stóriðju.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum verið sökuð um að við séum varla fær um að fjalla um þetta mál og vinna að því á hinu háa Alþingi því að við sýnum svo mikla hlutdrægni og við séum fyrir fram búin að gefa okkur afstöðu í málinu vegna umhverfissjónarmiða. En, herra forseti, umhverfissjónarmiðin eru alveg næg út af fyrir sig til að hafna frv. og því til staðfestingar vil ég vitna til úrskurðar skipulagsstjóra og fjölmargra annarra sem hafa komist að sömu niðurstöðu og við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þó svo að við séum búin að mynda okkur þá skoðun að óverjandi sé að fara í Kárahnjúkavirkjun vegna þeirra náttúruspjalla sem hún veldur þá er ekkert sem segir að við getum ekki einnig myndað okkur skoðanir um aðra þætti málsins og afleiðingar þessarar stórframkvæmdar eins og efnahagslega þáttinn og félagslega þáttinn. Við erum ekkert að skipta um skoðun og sveiflast á milli rauðrar og grænnar slikju, heldur höfum við verið á mismunandi tíma að draga fram mismunandi áherslur eftir því sem þær hafa komið hér inn á þingið. Fyrst fjölluðum við jú um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og síðan í framhaldinu kom mat á hinum efnahagslega þætti og eðlilegt er að við förum í málin eins og þau koma fram.

En eins og ég sagði, herra forseti, það á að þjösna málinu áfram og við þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum einnig fengið að heyra að við finnum okkur allt til til þess að tefja málið. Það kom meira að segja fram á stórum fundi á Reyðarfirði sem haldinn var nú í vikunni, á miðvikudagskvöldið, mjög fjölmennum fundi sem hæstv. iðnrh. og Samband sveitarfélaga á Austurlandi stóðu fyrir til að skýra stöðu málsins eða Noral-verkefnisins og hvað yrði gert í framhaldinu. Á þeim fundi komu meira að segja fram aðvaranir og það var kannski af einhverri viðkvæmi að ég tók þær til mín m.a., að Austfirðingar ættu að standa þétt saman, sem er náttúrlega gott, en láta ekki efasemdaraddir og þá sem væru á móti frv. ná að nýta sér þá atburði sem liðnir eru hvað varðar yfirhylmingar eða þögn hæstv. iðnrh. og embættismanna um stöðuna, nýta sér þá atburði til þess að róta upp moldviðri og reyna að tefja málið hér á þingi og tefja fyrir því.

Það voru ekki við, herra forseti, þingmenn Vinstri grænna, sem höfðu einhverja vitneskju um stöðu málsins. Ef okkur blöskrar og það sérir réttlætiskennd okkar að hæstv. iðnrh. og ég leyfi mér að segja hæstv. utanrrh., því hann hefur ekki neitað því að hafa verið í beinum viðræðum við æðstu yfirmenn Norsk Hydro þó að hann hafi ekki upplýst hvað þeim fór á milli, þá dreg ég það í efa á þessum örlagatímum að þeir hafi verið að tala um veðrið eða bara að spjalla af því þeir eru gamlir kunningjar, að láta okkur þingmenn, sérstaklega í hv. iðnn., ekki vita um stöðu mála. Við höfum heyrt viðbrögð og svör hæstv. iðnrh. við þessum viðbrögðum okkar, að okkur mislíki eða misbjóði slík framkoma, og þá er talið af viðkomandi að ekki beri að upplýsa þingið fyrr en allt er staðfest. Siðferðiskennd mín segir mér að við eigum að haga okkur á þann hátt, og hefur mér verið kennt að það að þegja yfir hlutum sem geta haft áhrif á afgreiðslu mála eða haft áhrif á stöðu mála, sé kölluð hvít lygi. Það að þegja yfir vitneskju sem maður hefur og veit að skiptir máli — maður er ekki að ljúga, segir ekki ósatt, en maður gefur heldur ekki þær upplýsingar sem vitað er að hafa áhrif á afgreiðslu mála, eins og það gerir í þessu máli. Nú er enginn orkukaupandi, hann er ekki til staðar og þegar komin var óvissa í málið, þá gat það í raun og veru ekki þýtt nema eitt, að það mundi leiða til frekari frestunar. En tilgangurinn, herra forseti, helgar meðalið og þetta ber allt að sama brunni, að knýja málið áfram. Ef halda þarf upplýsingum leyndum, þá er það gert.

Því vil ég enn og aftur minna á þá tillögu og bókun sem fulltrúi okkar í forsn. hefur lagt fram, því við teljum að þetta sé í raun og veru víti til varnaðar. Við minnumst þess ekki í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þetta hafi komið upp áður að vitað hafi verið til þess að gestir sem hafa verið kallaðir fyrir þingnefndir hafi leynt upplýsingum. Auðvitað getur það svo sem verið án þess að það hafi nokkurn tímann komið fram eða orðið uppvíst. Þetta er litið mjög alvarlegum augum víða annars staðar ef það er gert í þeim tilgangi að hafa áhrif á gang mála, og ég held að við ættum, eftir að þetta mál er úr sögunni, að hafa það sem víti til varnaðar og skoða hvernig við getum einhvern veginn komið viðbrögðum við atburðum sem þessum inn í þingsköp, a.m.k. þurfum við að vera meðvituð um að þetta geti gerst og þá eigum við líka að vita hvernig við eigum að bregðast við.

Herra forseti. Hér hefur verið nefnt og minnst á svæðisskipulag miðhálendisins eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rifjaði upp í ræðu sinni áðan um hver staðan væri varðandi svæðisskipulagið á miðhálendinu. Staðan er sú að ekki er búið að breyta því, þó að það muni að öllum líkindum verða gert eins og tillögur Landsvirkjunar segja til um. Það er Kárahnjúkavirkjun og uppistöðulónin sem ráða þar ferð. Í rauninni er úrskurður hæstv. umhvrh. lagður til grundvallar nýju svæðisskipulagi á miðhálendinu, en uppistöðulónið er 35 km , en Hálslón á að vera 88 km . Þetta segir okkur bara hvílíkum stakkaskiptum þessi virkjun og Noral-verkefnið hefur tekið frá því menn fóru að skoða þetta fyrst, hve allt hefur í raun og veru farið úr böndunum hvað varðar stærðarhlutföll og hve Norsk Hydro hefur komist langt með kröfur sínar um stærð álversins í Reyðarfirði. Og ekki nóg með það, heldur þarf nú að stækka Kröflu til þess að fá þarna nægilega orku til framtíðar.

Við eigum, herra forseti, í þessu eins og öðru að láta náttúruna njóta vafans. Þó svo að umhverfissamtökum hafi vaxið fiskur um hrygg, þá eru þau sárlega fjársvelt og

njóta á engan hátt þeirrar fyrirgreiðslu eða þess stuðnings sem tíðkast víðast annars staðar, því það er talið eðlilegt í dag að náttúruverndarsamtök og umhverfisverndarsamtök veiti stjórnvöldum ákveðið aðhald og standi á verðinum og við eigum að meta þá vinnu og að hafa slíka varðmenn í þjóðfélaginu, því ekki veitir af. Ég veit að allt sem heitir aðkeypt vinna fyrir mörg þessara náttúruverndarsamtaka er fjárhagslega erfitt og það að fá sér lögfræðing eða sérfræðiþjónustu er þeim oft of þungur baggi og því hallar mjög á umhverfisverndarsamtökin þegar þau eru að glíma við svo stórt fyrirtæki sem Landsvirkjun er eða önnur stórfyrirtæki.

Er Kárahnjúkavirkjun skynsamleg framkvæmd burt séð frá náttúruspjöllunum? Það eru margir fleiri en þingmenn og kjósendur Vinstri grænna sem efast um það. Júlíus Sólnes, prófessor í umhverfis- og byggingaverkfræði, er einn af þeim sem efast um að þessi framkvæmd sé skynsamleg. Mig langar, herra forseti, að fá að grípa örstutt niður í grein hans sem birtist í tímariti fyrir skömmu. Með leyfi forseta, segir í hluta greinarinnar:

„Í seinni tíð hefur skilningur manna á verðmæti hinnar ósnortnu náttúru Íslands farið vaxandi og margir sjá öræfin norðan Vatnajökuls sem einhvern mesta fjársjóð sem Íslendingar eiga og geta tekið með sér inn í framtíðina. Það sé því óðs manns æði að ætla að skemma þetta land, sem er stærsta ósnortna hálendissvæði Vestur-Evrópu, með stórum virkjunum. Verðmæti þess með tilliti til þess aðdráttarafls, sem það hefur á innlenda og erlenda ferðamenn, er af mörgum talið margfalt á við það sem fengist með virkjun jökulánna. Svo mikið er víst að verði fórnarkostnaður eða verðmæti þess lands sem spillist, reiknaður sem hluti af stofnkostnaði virkjana á þessu svæði, er arðsemi þeirrar rokin út í veður og vind."

Á öðrum stað segir hann, herra forseti, ef ég má halda áfram:

„Stjórnvöld hafa mjög haldið því á lofti að Íslendingar geti dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda á hnattræna vísu með því að stuðla að byggingu álvera á Íslandi þar sem þau noti „hreina og vistvæna orku", þ.e. vatnsafl. Jakob Björnsson, fyrrv. orkumálastjóri, er einn þeirra sem hefur tekið hraustlega undir þetta sjónarmið í mörgum blaðagreinum, þar sem hann tíundar kosti þess að nota vatnsorkuna og velja áliðnaði stað á Íslandi. Álver yrði annars byggt þar sem notuð yrði raforka framleidd með kolum eða olíu sem mundi valda mikilli losun koltvíoxíðs.

Það gleymist í þessari röksemdafærslu," — herra forseti, ég vil halda örlítið áfram að vitna í grein Júlíusar Sólness — „að gríðarlegt óvirkjað vatnsafl finnst víða í heiminum; í Afríkuríkjum, Asíu og Suður-Ameríku væri hægt að byggja öll heimsins álver og nota til þess vatnsaflsvirkjanir. Í yfirliti Alþjóðaorkumálastofnunarinnar um virkjað og óvirkjað vatnsafl í heiminum kemst Ísland ekki einu sinni á blað. Í Venesúela eru sumar árnar virkjaðar í mörgum þrepum upp á þúsundir megavatta, og álverin eru þar í röðum. Nánast öll lönd Vestur-Evrópu nema Ísland hafa hafnað frekari álvershugmyndum, þar sem þau vilja ekki eyða takmarkaðri orkuframleiðslu sinni til slíkra hluta. Norðmenn, sem eru stórir álframleiðendur, hafa þannig ákveðið að hætta frekari nýtingu vatnsafls vegna of mikilla umhverfisspjalla, og þar með er frekari áliðnaður þar útilokaður. Vestur-Evrópuríkin nema Ísland líta orðið svo á að áliðnaður eigi frekar heima í þriðja heims ríkjum. Þau horfa miklu frekar til þekkingar- og upplýsingaiðnaðar, sem hæfir betur menntunarstigi þeirra. Það má því segja að við fáum engin prik hjá öðrum þjóðum, þótt við viljum stórskemma náttúru landsins til þess að geta reist álver. Undanþáguákvæðið svokallaða, sem íslensk stjórnvöld hafa barist fyrir, er því í rauninni óþarft. Það verður hins vegar að segja stjórnvöldum til hróss að það er nokkurt afrek að fá þjóðir heims til að fallast á að við fáum nánast frjálsar hendur til að auka losun á koltvíoxíði vegna stóriðju. Við gætum hagnast verulega á þessari heimild, því í rauninni ættum við að selja aðgang að notkun hennar dýru verði."

Í lokaorðum segir hann, herra forseti:

„Málinu hefur fram til þessa verið stillt upp þannig að um sé að ræða líf eða dauða fyrir Austfirði. Hefur jafnvel verið gefið í skyn að það sé réttlætanlegt að fara út í þessar framkvæmdir, þótt arðsemin sé ef til vill ekki ákjósanleg, vegna hinnar „jákvæðu" byggðaþróunar sem það hefði í för með sér. Þetta er mikill misskilningur sem byggir í rauninni á þeirri falshyggju að Íslendingar geti gert byggðavandamál sín að útflutningsvöru.

... Ef menn vilja í raun styrkja byggð á Austfjörðum verður það ekki gert með stóriðjuverum sem hafa takmörkuð áhrif. Aukin menntun, bættar samgöngur og hugsanlegur atvinnuþróunarsjóður til styrktar nýsköpun í atvinnulífinu mundu gagnast miklu betur heldur en stóriðjudraumar síðustu aldar. Ef Landsvirkjun er ætlað að vera byggðaþróunarstofnun, gæti fyrirtækið alveg eins útvegað fjármagn í slíkan atvinnuþróunarsjóð í stað þess að stórauka viðskiptahallann á næstu árum með óarðbærum framkvæmdum eins og Kárahnjúkavirkjun líklegast er. Hvernig væri t.d. að koma upp háskóladeildum á Egilsstöðum í samvinnu við Háskóla Íslands? Velmenntað, ungt fólk er miklu líklegra til að koma með hugmyndir til að skapa ný tækifæri fyrir austan heldur en afdankaðir stjórnmálamenn."

Herra forseti. Ég minnist þess að vitnað hefur verið í þessa grein hér áður. Þegar ég kom að setningunni um afdankaða stjórnmálamenn áttaði ég mig á því að það hefur greinilega verið lesið úr þessari grein. En ég vil ljúka tilvitnuninni:

„Með ofansögðu hefur spurningunni í upphafi í raun verið svarað neitandi. Það væri mikil skammsýni að ráðast í virkjun jökulsárinnar við Kárahnjúka með þeim gífurlegu og augljósu umhverfisspjöllum sem af hlytust í trássi við vilja nærri helmings þjóðarinnar. Afkomendur okkar mundu kunna okkur litlar þakkir fyrir. Skipulagsstofnun ríkisins hefur þegar lýst yfir að umhverfisáhrif virkjunarinnar séu of mikil til að hún sé ásættanleg. Látum það vera lokaniðurstöðuna."

En það var ekki lokaniðurstaðan, herra forseti. Áfram var haldið og nú á að heimila þessa virkjun í lögum og gefa hæstv. iðnrh. leyfi til að nýta sér þessa virkjunarheimild þegar einhver, hvort sem er álframleiðandi eða einhver annar úr stóriðjugeiranum, gefur sig fram.

Herra forseti. Það hefur verið talað um svartsýni og neikvæðni hjá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, við gerum þó ekki annað en að vera sama sinnis og margir aðrir, hvort sem það er af þjóðhagslegum, efnahagslegum eða umhverfislegum sjónarmiðum. Það væri mjög áhugavert fyrir hv. þm., hafi þeir ekki setið á ráðstefnu Landverndar og Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands sem haldin var 12. mars sl. í Háskóla Íslands, að kynna sér drög úr fyrirlestrum þeirrar ráðstefnu. Þeir sem þar tóku til máls gagnrýndu Kárahnjúkavirkjun og Noral-verkefnið mjög harkalega og með mismunandi hætti. Menn höfðu þar

mjög sterkar efasemdir, ekki bara um þessi miklu náttúruspjöll heldur kemst Sigurður Jóhannesson hagfræðingur að þeirri niðurstöðu að hugsanlega verði tap af framkvæmdinni 30–40 milljarðar kr. En það var ekki nákvæmt mat. Aðalatriðið er að það liggur fyrir hjá Landsvirkjunarmönnum sjálfum að ekki eru venjulegar rekstrarforsendur fyrir Kárahnjúkavirkjun, það er ljóst áður en hugsað er út í tjón á náttúrunni.

Herra forseti. Í þessum lokaorðum mínum vitnaði ég beint í skýrsluna. Það er greinilegt að Sigurður Jóhannesson reiknar þetta ekki út án þess að styðjast við niðurstöður eða upplýsingar frá Landsvirkjun sjálfri.

Ég var búin að nefna skoðun okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á því hve lítið er gert úr þinginu og nefndum þingsins, þ.e. að þeim hafi ekki verið gerð grein fyrir stöðu málsins þegar farið var að hrikta í undirstöðum og samningsdrögum Noral-verkefnisins. Nú verður þessi ferill kortlagður og upp á framtíðina er gott að hafa tímasetningar og staðreyndir málsins ljósar.

Herra forseti. Ég óskaði eftir því í umræðunni í gær við hæstv. utanrrh. að hann greindi okkur frá því hvað hefði farið fram í viðræðum hans við Norsk Hydro. Honum virtist ganga miklu betur að ná sambandi við yfirmenn þar en hæstv. iðnrh. en hann svaraði því ekki. Ég held að það væri mjög áhugavert ef það kæmi þá fram í þessari samantekt og skýrslu um þróunina undanfarna daga eða mánuði, að fá upplýsingar um samskipti hæstv. utanrrh. við þessa aðila.

Sunnudaginn 17. mars kom fram að Halldór Ásgrímsson utanrrh. hefði átt samskipti við Eyvind Reiten, forstjóra Norsk Hydro. Eins og ég sagði áðan þá trúi ég ekki að þeir hafi verið að spjalla um veðrið í Noregi eða veðrið þar sem þeir háttvirtu menn voru staddir á þeim tíma. Ég man ekki hvar hæstv. utanrrh. var þann 17. mars en hann gæti allt eins hafa verið erlendis. En sunnudaginn 17. mars birtist einnig í innlendum fréttum yfirlýsing frá Náttúruverndarsamtökum Íslands þar sem samtökin krefjast þess að iðnrh. dragi til baka frv. um Kárahnjúkavirkjun. Með leyfi forseta, vil ég lesa hvernig Morgunblaðið gerði grein fyrir þessari ályktun:

„Náttúruverndarsamtök Íslands krefjast þess að iðnaðarráðherra dragi til baka frumvarp um Kárahnjúkavirkun í ljósi fréttar Morgunblaðsins um að forsvarsmenn Norsk Hydro hafi gefið íslenskum stjórnvöldum til kynna, að þeir geti ekki staðið við þann tímaramma, sem búið var að semja um vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver á Reyðarfirði, og jafnframt að þeir séu ekki tilbúnir til að ganga frá nýrri tímaáætlun.

„Hin pólitíska forsenda frumvarps iðnaðarráðherra um Kárahnjúkavirkjun — þ.e.a.s. orkusala til álvers á Reyðarfirði — virðist nú brostin. Stjórnvöld hafa alla tíð réttlætt þann mikla umhverfisskaða sem mun hljótast af Kárahnjúkavirkjun með þeirri röksemd að virkjun og álver muni styrkja byggð á Austurlandi. Í ljósi fréttar Morgunblaðsins ber því iðnaðarráðherra að draga til baka frumvarp sitt. Að öðrum kosti er verið að blekkja almenning.

Frumvarpið er lagt fram á fölskum forsendum þar eð orkukaupandi er ekki fyrir hendi," segir í ályktun frá Náttúruverndarsamtökunum."

Náttúruverndarsamtök Íslands, ásamt öðrum náttúruverndarsamtökum víða um land, eru fjölmenn samtök þannig að það eru ekki eingöngu við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem gerum það sem við getum til þess að standa í fæturna og beina varnaðarorðum að öðrum þingmönnum og reynum að hafa áhrif á að þetta frv. verði ekki afgreitt. Við eigum samhljóm úti í þjóðfélaginu og það er þá alltaf spurningin um hver sé að berja höfðinu við steininn. Baráttan er auðveldari fyrir þá sem eru fjölmennari á þingi í þessu máli. Hér virðist mikill meiri hluti fyrir því og menn sáttir við að afgreiða þetta frv. Herra forseti, hins vegar getum við ekki haft samasemmerki á milli þess að menn séu sáttir við að afgreiða þetta frv. Það er alveg ljóst að meiri hlutinn mun afgreiða þetta frv. en ég læt það liggja milli hluta hvort allir séu sáttir við það.

Málið er auðvitað stórt. Bent hefur verið bent á að það þurfi ekki að vera með svo mikla viðkvæmni í þessu máli, hægt sé að koma við þjóðgarði. Hér hefur verið lögð fram tillaga um að koma upp þjóðgarði vestan við Kreppu og því hefur verið haldið fram að hægt sé að sameina þjóðgarð og virkjanir. En málið er að til eru alveg sérstakar alþjóðlegar flokkanir á þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Þessar flokkanir eru skilgreindar af stofnun sem heitir IUCN og sem var stofnuð 1948 í Frakklandi, á ensku The World Conservation Union. En þessi flokkun er sem sé alþjóðleg og þar er flokkurinn þjóðgarður, með leyfi herra forseta:

Þjóðgarður: friðlýst svæði skipulagt fyrst og fremst til verndar vistkerfum og til útivistar.

Náttúrulegt svæði lands/sjávar þar sem markmiðið er að:

Vernda vistfræðilega heild eins eða fleiri vistkerfa fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Að koma í veg fyrir nýtingu sem dregur úr verndargildi svæðisins.

Leggja grunn að möguleikum til vísindarannsókna, fræðslu, upplifunar ásamt því að tryggja umgengnisrétt almennings.

Markmið stýringarinnar eru að vernda náttúruleg og fögur landsvæði, mikilvæg þjóðum til að hrífast af, rannsaka, fræðast og stunda þar útivist og ferðast. Þessi þáttur er orðinn mikils metinn og er í raun auðæfi út af fyrir sig. Sem betur fer átta æ fleiri sig á og þekkja þessa skilgreiningu og vita að það er í raun ekki hægt að taka bara hvaða land sem er og fara með það eins og okkur sýnist, koma þar upp virkjunum eða iðnaði, þ.e. nýta svæðið á hvern hátt sem menn vilja og segja að það sé bara best að samnýta þetta með þjóðgarði. Það er ekki þannig. Einn af þeim mörgu sem hefur áttað sig á þessu er Guðmundur Páll Ólafsson. Hann skrifaði grein í Morgunblaðið 14. mars og með leyfi herra forseta, langar mig til að fá að grípa örstutt niður í greinina sem ber yfirskriftina Virkjunarþjóðgarðurinn. Hann lýsir þessu svo, með leyfi forseta:

„Í þjóðgarði án virkjunar felst hin raunverulega hagsýni því þá gætu Íslendingar varðveitt auðæfi sín og vistkerfi um ókominn tíma og hefðu upp á að bjóða stærsta friðaða svæði Evrópu, einn merkilegasta þjóðgarð heims — og þetta nútímaviðhorf myndi gjörbreyta umræðu um nýtingu náttúruauðlinda frá fjöru til fjalla og langt út á mið. Landspjöll kosta miklu meira en peninga. Umrótið og afleiðingarnar varða efnahag, sálarheill og velferð okkar og þjóðgarður utan um risanáttúruspjöll sem naga stöðugt auðæfi „þjóðgarðsins" er einfaldlega misskilningur.

Virkjunarþjóðgarður er óhugsandi fyrirbrigði. Þar yrði um að ræða þjóðgarð kringum virkjun sem eyðir þeim landgæðum og þeim þjóðararfi sem einmitt ætti að varðveita innan þjóðgarðsins — og spillir svo þjóðgarðinum. Þannig stangast virkjunin á við meginmarkmið þjóðgarða: að varðveita

líffræði- og jarðfræðilegan fjölbreytileika — og endurnýjanlegar auðlindir. Virkjunin gengur þvert á hugmyndir um sjálfbæra þróun og getur því ekki farið saman við þjóðgarð — fremur en stríð og friður fara saman.

Satt er að fleira er virkjanlegt norðan Vatnajökuls. Kreppa er á teiknibórði Landsvirkjunar vegna þess að Kárahnjúkavirkjun er óendurnýjanleg auðlind.

Vegna gífurlegs aurburðar myndi hún skreppa saman ár hvert. Kreppu þarf til að redda Kárahnjúkavirkjun og hún myndi heldur ekki duga.

Kárahnjúkavirkjun er botnlaus hít verkfræðirugls."

Hér leyfi ég mér að enda lestur minn úr þessari grein sem birtist 14. mars í Morgunblaðinu.

Herra forseti. Ég dró þetta fram inn í umræðuna vegna þess að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Hún hefur ekki fengið afgreiðslu og fékk í raun ótrúlega dræmar undirtektir í þingsalnum þegar hún var flutt. Það skýrist nú betur eftir atkvæðagreiðslu og afgreiðslu frv. sem við fjöllum um núna og greinilegt er að hjá þingmeirihlutanum er lítill áhugi á því að þjóðin fái að skera úr um hvernig eigi að nota og nýta hálendið norðan Vatnajökuls.

Við höfum einnig flutt þáltill. um Snæfellsþjóðgarð sem mundi falla mjög vel að þessu svæði. Það væri mjög áhugavert, herra forseti, ef við yrðum stórhugaðri en við vorum við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðsins sem eingöngu nær yfir jökulhettuna. Betra væri ef Vatnajökulsþjóðgarður næði yfir allan fjallgarðinn, alveg í kringum Vatnajökul og rúmlega það og tæki landfræðilega til þess svæðis sem tengist jöklunum, að sunnan, austan og norðan og mundi þá umlykja Snæfellssvæðið líka. Þar með værum við komin með samfelldan þjóðgarð, sem ég tel að við ættum að teygja norður yfir og yfir Mývatn og út í Skjálfanda. Framtíðarsýn okkar ætti að miðast við að vinna að því.

Þá hef ég rætt aðeins um það sem snýr að náttúru og virkjun. En það sem brennur helst á mér varðandi þetta mál allt saman er sú hugmyndafræði að líta á Noral-verkefnið sem var, Noral-verkefnið sáluga, sem eitt stærsta byggðamál allra tíma. Eftir stendur bara virkjunin. Það er undarlegt að hafa ekki aðra sýn á styrkingu byggðar í hinum dreifðu byggðum, hvort heldur er á Austurlandi, Norð-Austurlandi, Vestfjörðum eða á þeim stöðum sem íbúar hafa verið að flytja burt frá á undanförnum árum og ekki er fyrirsjáanlegt að þeir muni flytja til baka á næstu árum, eða nokkuð breytast. Mesta von okkar í dag er að íbúaþróunin standi í stað en haldi ekki áfram eins og verið hefur.

Herra forseti. Helga A. Erlingsdóttir varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði fram till. til þál. um að efla og samræma aðgerðir til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Þessi tillaga var lögð fram á 125. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu. Þar var komið fram með tillögur um ýmsar aðgerðir til þess að styrkja byggð, ekki bara á Austurlandi, heldur alls staðar í hinum dreifðu byggðum. Þar voru lögð til árleg framlög í fimm ár, 250 millj. kr., til eflingar atvinnulífs í dreifbýli í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuþróunarstarfi á viðkomandi svæðum. Þetta er alveg í þeim anda þáltill. okkar frá því í vetur um sérstakt svæðisbundið átak á Austurlandi. Þessari þáltill. fylgdi góð greinargerð.

Við höfum líka lagt fram till. til þál. um sjálfbæra atvinnustefnu. Þar var Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður okkar, 1. flm. Ef þessi tillaga hefði verið samþykkt og afgreidd hér og eftir henni farið, var hugmyndin sú að fara í verki að vinna eftir markmiðum Ríó-samningsins um Staðardagskrá 21 og Dagskrá 21, vinna að frágangi þessara markmiða stig af stigi og hafa þessi markmið ekki bara í orði heldur einnig á borði. Við höfum allt aðra sýn á atvinnuuppbyggingu og byggðastyrkingu en felst í stóriðju, því hún er ekki, herra forseti, hluti af sjálfbærri þróun og getur aldrei verið. Hugsanlegt væri að fá einhvers staðar í heiminum vatnsafl sem ylli ekki jafnmiklum náttúruspjöllum og Kárahnjúkavirkjun gerir, þ.e. einhverjar rennslisvirkjanir. En þegar við hér á Íslandi erum komin upp í þessa stærð og miðað við þau vatnsföll sem búið er að virkja, eru ekki margir kostir eftir nema þá að fara í Jökulsá á Fjöllum sem ég ætla að vona að fái að vera í friði. Þá erum við komin með virkjun sem getur aldrei verið sjálfbær. Því erum við í raun með vinnu okkar og þessari þáltill. að vinna gegn markmiðum ríkisstjórnarinnar. Ef við ynnum samkvæmt stefnumótun þeirri sem þáltill. gerir ráð fyrir þá er lögð áhersla á að atvinnuvegir landsmanna lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar og miðist við hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Það er líka miðað við að skapa nýjum atvinnugreinum á sviði þekkingar og tækni í umhverfismálum hagstæð vaxtarskilyrði og efla þannig atvinnulíf og auka fjölbreytni þess. Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara í gegnum þáltill. En ég vil draga þetta hérna fram.

Síðan vil ég enn og aftur beina þeim orðum til hæstv. forseta, að hann taki sem allra fyrst til afgreiðslu hér í þinginu þáltill. um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni, sem ég kynnti hér, dró aftur fram í umræðunni í gær. Tillagan hefur fram til þessa fengið þinglega meðferð og óska eftir því við hæstv. forseta að þessi þáltill. verði tekin hér til afgreiðslu. Hún hefur verið send til umsagnar þannig að það er frágengið. Staðan er þannig nú eftir að Noral-verkefnið var blásið af að Austfirðingar eru skildir eftir í enn einni biðinni og þó svo að þeir reyni stappa stálinu hver í annan þá er fólk sett í óþolandi aðstæður, þ.e. að bíða. Þess vegna ber okkur skylda til þess að standa fyrir kröftugum aðgerðum núna við þær þær stórframkvæmdir sem bíða og hefði að mínu mati mátt vera búið að fara í fyrir nokkrum árum síðan. Þar má fyrst nefna jarðgangagerð og uppbyggingu í vegagerð. Miðað við hugmyndir Austfirðinga og væntingar margra þá þekki ég það að í Fljótsdalshéraði og uppi á Jökuldal er hópur fólks sem hefur töluverðar væntingar til ferðaþjónustu í tengslum við virkjunarframkvæmdirnar, ef af verður. Það er í sjálfu sér ekkert að hugsa um virkjunina sem slíka eða álverið sem slíkt en sér mikla möguleika vegna fyrirhugaðra vegatenginga sem eiga að koma samhliða virkjuninni.

Ég legg til að við tökum undir þessar tillögur að undanskilinni virkjuninni því auðvitað á virkjun ekkert að vera skilyrði þess að fara í þessar framkvæmdir og byggja upp vegi þannig að hægt verði að nýta öræfin fyrir austan, efla ferðaþjónustu og byggja upp þær ferðamiðstöðvar sem hafa komið fram í sambandi við virkjunarframkvæmdirnar. Þetta eru og eiga að vera alveg sjálfstæðar ákvarðanir, sjálfstæðar framkvæmdir óháðar virkjunarframkvæmdunum, því vitaskuld er hægt að byggja upp og styrkja ferðaþjónustuna með svona hálendismiðstöðum og bættu vegakerfi þó svo að Landsvirkjun greiði það ekki eða leggi ekki vegina. Ég er alveg sannfærð um að það að fara í markvissa uppbyggingu til að nýta þetta svæði mundi skila miklu fyrir svæðið.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir nokkra þætti. En kannski væri áhugaverðast að hamra enn frekar á því að hvetja til þess að nú verði gefið í, ekki eins og kom fram á fundinum á Reyðarfirði, að gefa í og slá í truntuna hvað varðar virkjunarframkvæmdir og stóriðju, heldur gefa í hvað varðar aðra atvinnuuppbyggingu og láta það ekki dragast að bjóða út jarðgöngin á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Þau er búið að hanna. Þó svo að núna séu þau samtvinnuð Siglufjarðargöngunum svokölluðu þá hef ég lýst því hér áður að ég telji að það eigi að nýta þann valkost að bjóða þetta út einnig í tvennu lagi, ekki bara í einum pakka heldur hafa frávik, því ekkert segir — ég er fullviss um það — að öruggt sé að útboð í þessi tvenn jarðgöng saman muni koma betur út en bjóða þau út hvort í sínu lagi. Þetta má alla vega skoða. Það á að byrja á jarðgöngum fyrir austan og setja síðan upp áætlun og fara í göng á milli Héraðs og Vopnafjarðar í framhaldinu og leggja áherslu á að skapa Austfirðingum þá möguleika sem þeir sjálfir hafa bent á og vilja fara í. Til þess þarf fjármagn. Það fjármagn eigum við að leggja fram. Við eigum ekki að vera með puttana í því hvað þeir ætla að gera í atvinnuuppbyggingu. Ég vona, eftir að hafa kynnt aftur þær tillögur sem við höfum lagt hér fram í sambandi við atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum auk hinna svæðisbundnu á Austurlandi, að við fáum ekki enn og aftur að heyra að við vitum ekkert hvað við viljum og bendum bara á eitthvað annað.

Ef stóriðja er það eina sem skiptir stjórnarliða máli þá eru menn með bundið fyrir bæði augu. Við viljum styrkja fjölbreytt atvinnulíf og við eigum hvorki að þurfa að segja Austfirðingum né öðrum fyrir verkum. Hugmyndirnar eru til hjá heimamönnum sjálfum og þróunarfélögin og atvinnuþróunarfélögin eru þess vel megnug að styðja við fyrirtæki sem þess þurfa með. Þennan þátt eigum við að efla.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu að sinni.

[18:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla í þessari ræðu minni, fyrri ræðu minni í því sem kann að verða lokaumræðan um Kárahnjúkavirkjunarmál, fyrst og fremst að gera stöðu mála á Austurlandi og atvinnu- og byggðaþróun þar að umtalsefni. Mig langar að bæta aðeins við það sem áður hefur af minni hálfu komið fram um þau mál og minna á að ég hef krafið hæstv. ráðherra og forsvarsmenn þessarar ríkisstjórnar svara. Ég er ekki uppgefinn enn, herra forseti, við að fá þau svör eða a.m.k. heimta þau og mun að sjálfsögðu ganga eftir því að áður en þessari umræðu ljúki verði einhverjir tilburðir uppi hafðir af hæstv. ríkisstjórn til að svara til um þá stöðu. Til þess hef ég fullan rétt, herra forseti, að krefjast þess að hæstv. ráðherrar, ábyrgðaraðilar þessara mála eða byggðamála, nema hvort tveggja sé, veiti upplýsingar og svari þinginu spurningum sem bornar eru fram í þessum efnum.

Fyrst verður auðvitað að segja, herra forseti, að hún er ótrúleg þessi þráhyggja sem kemur fram í því að þrælast áfram í blindni með þetta mál eins og öllu er orðið háttað og taka það fram yfir öll önnur mál sem ríkisstjórnin og þingið hefði áhuga á að sinna og ljúka afgreiðslu á fyrir þinglausnir, innan fárra virkra daga. T.d. bíður hér, herra forseti, óafgreitt frv. sem bráðliggur á að lögfesta, um breytingar á kosningalögum, þ.e. kosningum til sveitarstjórna. Utankjörstaðaatkvæðagreiðsla er hafin vegna sveitarstjórnarkosninganna laugardaginn 25. maí nk. en þingið hefur ekki haft það af að afgreiða hér óhjákvæmilegar breytingar frá lögum um kosningar til sveitarstjórna, m.a. vegna þess að þessu máli er haldið hér á dagskrá og á fundum og ryður öðru frá sér. Maður spyr sig: Eru allir sáttir við þetta, herra forseti, þegar ljóst er að í raun er fjarað undan þessu máli? Það er strandað. Það er nánast komið aftur á byrjunarreit. Svo ekki sé nú talað um, herra forseti, að þingið hefði ærna ástæðu til að nota hér starfsdag eða svo í að ræða byggðamál. Hvar er byggðaáætlun hæstv. ráðherra, er hún ekki afvelta? Sá málaflokkur er gjörsamlega í upplausn. Byggðastofnun er óstarfhæf og atvinnuþróunarfélögin án samninga um stöðu sína o.s.frv. Hvað um vegaáætlun, nauðsynlega endurskoðun á vegáætlun yfirstandandi árs, þar sem koma þarf fyrir niðurskurði upp á 1.616 millj. kr.?

Það er kominn apríl, herra forseti, ef það skyldi ekki vera öllum ljóst. Það bíða verkefni úti um allt í óvissu vegna þess að það er auðvitað ekki hægt að bjóða út og ekki hægt að vinna með eðlilegum hætti að undirbúningi framkvæmda á þessu sumri fyrr en botn fæst í hvað á að gera og hvað ekki.

Eru þetta eðlileg vinnubrögð, herra forseti? Nei, þingið er ekki að taka tíma í endurskoðun á vegáætlun eða öðrum mikilsverðum málum sem maður skyldi ætla að áhugi væri á að ræða hér og afgreiða. Nei, það er þetta mikla forgangsmál ríkisstjórnarinnar, álver og virkjun sem eru jafnlangt úti í fjarskanum og fyrir tæpum fimm árum síðan. Menn eru í raun nánast á byrjunarreit og kannski að sumu leyti aftan við hann vegna þess að auðvitað er mörgum orðið ljóst hver ósköpin eru hér á ferðinni og vantrúin orðin mjög almenn í landinu á að af þessu óráði verði nokkurn tímann, sem betur fer.

Herra forseti. Það er líka ástæða til að minna á að það sem vegur langþyngst í þessu máli eru hin stórkostlegu óafturkræfu umhverfisáhrif og umhverfisspjöll sem þessum risaframkvæmdum öllum, vatnaflutningum og raski yrðu samfara. Það er í mínum huga langstærsta málið, þ.e. sú gríðarlega stóra óafturkræfa ákvörðun sem í því væri fólgin að fara inn á þetta svæði og hefja í hjarta þess umtalsverða mannvirkjagerð og röskun og breyta eðli þessa svæðis þannig að það yrði aldrei samt á nýjan leik. Það er svo stór ákvörðun fyrir þessa þjóð, sem hefur fengið þetta land til að búa í og gæta, að það yfirskyggir allt annað. Þó að þetta sé 300 milljarða pakki eða hvað það nú er og þó leiða megi að því líkur að af þessu yrði tap og allt það mundu menn væntanlega einhvern veginn klóra sig í gegnum það. En hinu gætu menn aldrei breytt ef þeir fórnuðu því umhverfi og náttúru sem þarna á í hlut.

Ég held líka, herra forseti, að það verði að skoða þetta í tengslum við þá umhverfisvakningu sem hefur sem betur fer orðið hér í landinu og segja má að hafi gengið yfir í hrinum, eins og oft vill verða. Það er enginn vafi á því að 8. áratugurinn var áratugur talsverðrar vakningar og umbóta í þessum málum, þá komu Náttúruverndarráð og margvísleg lagasetning til sögunnar. Hlutum fleytti þá fram. Hér voru gefin út rit og fram komu á sjónarsviðið menn sem höfðu umtalsverð áhrif á þróun mála. Ég hygg að þegar frá líður verði 8. áratugarins, eða tímabilsins fram undir 1970 og fram um 1980, minnst í þessum efnum sem merks kafla. Í því samhengi held ég að að öðrum ólöstuðum verði minnst manna eins og Eysteins Jónssonar og Hjörleifs Guttormssonar.

Eins og stundum vill verða koma á hinn bóginn tímabil þar sem mönnum miðar minna fram á veginn, jafnvel eitthvað afturábak. Það kemur bakslag en síðan nær þró-

unin sér aftur á strik. Það gerðist alveg tvímælalaust á 10. áratug síðustu aldar með tilkomu umhverfisráðuneytisins og margvíslegrar lagasetningar í framhaldinu og svo í verulegri vakningu, aukinni meðvitund þjóðarinnar um verðmæti landsins og ekki síst miðhálendisins núna á síðustu árum. Þetta sýna skoðanaðkannanir. Þetta sýnir umræðan. Þetta sýna blaðagreinar og margir hlutir aðrir.

Nú geta menn velt því fyrir sér hvort aðeins hafi dofnað yfir þessu á nýjan leik allra síðustu missiri eða mánuði. Ég er ekkert frá því að heiðarlegast og réttast sé að viðurkenna að maður hefur það svolítið á tilfinningunni. Því er ekki að leyna að sá harði slagur sem stóð hér um fyrirhugaða virkjun á Eyjabökkum, þar sem sökkva átti Eyjabökkum, fyrir eitthvert fáránlegasta uppistöðulón sem mönnum hefur nokkurn tímann dottið í hug að byggja í landinu, hefur þar haft sitt að segja. Á marflötum Eyjabökkunum átti að fórna tugum ferkílómetra af ómetanlegu gróðurlandi fyrir mjög grunnt miðlunarlón, uppistöðulón sem var ákaflega óhagkvæmt vegna þess að það var lítill og lélegur vatnsgeymir miðað við þau verðmæti sem í húfi voru. Þá reis upp mjög almenn andstaða í landinu, kraftmikil, sem átti samhljóm hér inni á þingi og allir vita hvernig því máli lyktaði. En kannski hafa menn verið eins og pínulítið dasaðir eftir þá lotu. Maður hefði gjarnan viljað heyra kraftmeiri samhljóm sleginn í andstöðu umhverfisverndarsamtaka almennings og þeirra stjórnmálaafla og stjórnmálamanna sem hafa haft kjark til að standa í lappirnar í þessu máli og eiga heiður skilinn, ekki síst þeir sem hafa risið gegn ofríki flokka sinna og látið það eftir sér að fylgja sannfæringu sinni hér í atkvæðagreiðslum á þingi. Þeir hefðu mátt vera fleiri en heiður og sómi sem það hafa gert er engu að síður samur og mikill.

Herra forseti. Já, 300 milljarða pakki til að leysa atvinnu- og byggðavanda á Austurlandi, segja margir hér. Þeir bæta gjarnan við að svo sé þetta þjóðhagslega óskaplega hagkvæmt. Það er nefnilega það já. Þetta er alla vega mikil fjárfesting. Alla vega verður að taka mikið af erlendum lánum. Hvað er á baksíðu Dagblaðsins í dag? Greiðslur af erlendum lánum þjóðarbúsins hafa tvöfaldast á örfáum árum og greiðslubyrðin af gríðarlega auknum skuldabagga okkar erlendis er svo mikil að þó að vöruskiptajöfnuðurinn sé orðinn jákvæður um milljarða á síðustu þremur mánuðum, á ársfjórðungi, þá dugar það ekki til. Viðskiptajöfnuður er samt neikvæður vegna þess að vextir og afborganir af gríðarlega auknum erlendum skuldum þjóðarbúsins vega orðið svo þungt, halda uppi þrýstingi á gengi krónunnar o.s.frv. Hvað dettur mönnum þá fyrst í hug? Að bæta 300 milljarða fjárfestingu við framkvæmd sem að verulegu leyti yrði fjármögnuð með nýjum erlendum lánum, hundruð milljarða króna erlendum skuldum til að skapa kannski þúsund störf, sem kostar á ársverkið 400 millj. kr., fertugfalt á við það sem má ætla að stofnkostnaður sé af nýjum ársverkum í mörgum öðrum atvinnugreinum. Tífalt á við það sem dýrast er í sjávarútvegi.

Hér er auðvitað á ferðinni fjárfesting sem er náttúrlega alveg úti í hafsauga, að ætla að réttlæta sérstaklega sem slíka, vegna þess að það eigi að skapa störf. Það er nú eiginlega það síðasta sem menn eiga að grípa til. (**Gripið fram í:** Hver borgar?) Já, hver borgar? Jú, þetta á að nafninu til að standa undir sér en er þó ekki glæsilegra dæmi en svo að Landsvirkjun þorir ekki að stofna um þetta sjálfstætt fyriræki, það gengur ekki, þá hrynur allt. Þetta er ekki glæsilegra en svo, það liggur fyrir. Og hver borgar? Jafnvel þó þetta stæði nú undir sér eða kæmi út á núlli, sem miklar efasemdir eru um, og jafnvel þó við með ýtrustu bjartsýni segjum að það yrðu jákvæðar þjóðhagslegar hliðarverkanir, sem stundum er gripið til þegar allt annað þrýtur, að segja að margfeldisáhrifin og tekjur ríkisins af launanum sem þarna skapast vegi upp tap af raforkusölunni, þótt með ýtrustu jákvæðni megi kannski segja að dæmið komi út á sléttu eða skili einhverju í þjóðhagslegu samhengi séð, er eitt nokkurn veginn alveg víst. Það er að fyrstu 25–40 árin fer þetta eiginlega allt í sjálft sig, tekjurnar fara í að borga niður fjárfestinguna, erlendu lánin. Það skilar ekki miklu inn nettó. Og þarf ekki að horfa á það? Jú, sérstaklega ef menn eru mjög skuldugir. Þeim mun skuldugri sem menn eru, þeim mun erfiðara er að ráðast í nýjar fjárfestingar sem skila engu um árabil öðru en að standa undir sjálfum sér. Þetta er einföld hagfræði.

Hvað gera þeir sem hafa litla fjármuni handa á millum og eru ekki í stöðu til að slá mikil lán? Þeir leita að tækifærum til að bæta stöðu sína án þess að hlaða á sig miklum viðbótarskuldum. Ætli heimilin hafi ekki sem betur fer flest rænu á þessu? Jú, það hygg ég vera. Ættum við Íslendingar þá ekki að hugsa að einhverju leyti eins? Það held ég. Þá vill svo vel til að það vantar ekki tækifærin og möguleikana. Það vantar ekki viðfangsefni. Þau eru í kippum á Austurlandi, ekki síður en annars staðar, þar sem áhugaverðir nýsköpunarkostir í atvinnumálum eða fjárfestingar og þróun í starfandi atvinnugreinum bíða úrlausnar en fá ákaflega takmarkaða úrlausn. Hvernig stendur þá á því, herra forseti, að niðurstaðan í þessu máli er að við taki ný bið, a.m.k. upp á eitt og hálft eða tvö ár. Það er lágmark segja þeir sem til þekkja. Jafnvel þó að kraftaverkamennirnir, Finnur Ingólfsson og Friðrik Sophusson, næðu miklum árangri í hringferð sinni milli álrisa heimsins og teymdu einhvern að samningaborðinu eftir sex til níu mánuði þá væri enginn bjartsýnni en svo að halda að það tæki a.m.k. ár í formlegum samningaviðræðum að komast á svipaðar slóðir og menn héldu að þeir væru komnir á í haust sem leið eða í vetur. Ergo: Við erum að tala um hið minnsta eitt og hálft til tvö ár í bið.

Hvað á að gera á meðan, herra forseti? Hvar eru svör ríkisstjórnar og ráðherra til Austfirðinga um það? Á að taka á í samgöngumálum? Við því fást engin svör. Þokukennd loðmulla kom út úr ráðherrum á Reyðarfjarðarfundinum um það mál. Ekki var hægt að svara neinu til um það. Það var ekki einu sinni hægt að gefa skýr svör um hvað af fyrirhuguðum vegaframkvæmdum, sem búið var að lofa mönnum í tengslum við virkjanirnar og stóriðjuframkvæmdirnar, yrði sett í gang eða fram haldið og hverju ekki. Alls ekkert kom í ljós um jarðgöngin.

Hvað um menntamál? Hvað með það sem menn hafa viljað byggja upp t.d. í skógræktarnámi og rannsóknum við Menntaskólann á Egilsstöðum eða verknámi í Verkmenntaskóla Austurlands? Fást svör um það? Fá menn einhvern stuðning í þeim efnum? Nám á háskólastigi á Austurlandi? Hver eru svörin frá meiri hlutanum? Engin.

Nú er nefnilega runnin upp sú stund, herra forseti, að tímabært sé að sumir fari að spyrja: Hvað ætlið þið að gera? Nú er hægt að spyrja þá sem hafa látið þá spurningu standa á þeim hafa leyft sér að andæfa þessum áformum undanfarin misseri: Ef þið viljið ekki álver hvað ætlið þið þá að gera? Þá voru allt í einu hlutverkaskiptin þannig að það var eins og stjórnarandstaðan bæri ein á herðum sínum alla ábyrgð á úrræðum í atvinnu- og byggðamálum.

Það kom ekki ríkisstjórninni við. Nei, hún þurfti engu að

svara því hún ætlaði að koma með álverið og leysa vandann. Nú kemur það ekki, a.m.k. ekki enn um langa hríð. Því spyr ég, herra forseti: Hvað ætlið þið þá að gera sem hafið haldið Austfirðingum uppi og á þessu snakki í fimm ár? Hvað á þá að gera? Hvar eru úrræði stjórnarmeirihlutans? Eru það einhverjar aðrar fabrikkur, herra forseti? Eru þær á takteinunum? Á ríkisstjórnin á lager loforð um iðjufyrirtæki og stórframkvæmdir sem aldrei koma eins og Landsvirkjun á að fá að hafa virkjunarleyfin? Á að lagera loforðunum líka, leikritunum sem hægt er að setja á svið til þess að halda mönnum við efnið?

Hvað með heilbrigðismál? Væri ekki ráð að taka Austfirðingafjórðung fyrir þar sem menn hafa m.a. unnið heimavinnuna sína mjög vel, endurskipulagt yfirstjórn heilbrigðismála í fjórðungnum og starfa, að ég best veit, saman nánast yfir allt svæðið? Þar eru miklir ónýttir möguleikar, í sjúkrahúsinu í Neskaupstað og víðar. Hvað með að nýta þá? Hvað með að styrkja þann rekstur? Hvað með aðra opinbera þjónustu sem ríkisstjórnin og stjórnvöld hafa verið að rífa af mönnum undanfarin ár? Þau hafa lokað pósthúsum, símstöðvum og bönkum. Hvað með það? Meira að segja bílnúmerin eru komin til Reykjavíkur, sagði hæstv. forseti Alþingis hér í gær. Allt er það rétt. Væri þá ekki ráð að fara yfir það? Er hægt að styrkja stöðuna, innviði mannlífs og byggðar á Austurlandi, með því að endurskilgreina það þjónustustig almannaþjónustu sem stjórnvöld eru tilbúin til að stuðla að að þarna sé? Fást svör við því? Liggja þau á borðum? Nei. Menn eru sáraóánægðir með það í nánast hverju einasta plássi á Austurlandi þar sem maður hefur farið um að undanförnu hvernig verið er að reyta af þeim þjónustuna. Rafmagnsveitur ríkisins draga saman seglin, draga úr lagerhaldi. Það tekur nokkra klukkutíma að ræsa út menn ef lína slitnar. Póstinum er lokað. Síminn er farinn. Það er ekki hægt að kaupa framlengingarsnúru við síma í heilum landshlutum. Á norðausturhorni landsins þarf a.m.k. til Húsavíkur ef ekki Akureyrar til að kaupa framlengingarsnúru við síma. Þannig er þjónustan sem mönnum er boðin í þessum efnum. Landsbankinn er opinn í tvo tíma á dag, banki allra landsmanna, o.s.frv. herra forseti.

Er verið að taka á í þessum efnum? Nei, þarna hefur hlutunum miðað hratt aftur á bak undir stjórn þeirra sömu manna og hafa spurt: „Hvað ætlið þið að gera?“ En við sjáum hvað þeir eru að gera. Þeir halda mönnum uppi á loforðum sem ekki rætast, sem renna út í sandinn, loftköstulum, spilaborgum sem hrynja við hrifningu ofan í hausinn á þeim og valda ákveðnum geðsveiflum eins og við heyrðum hérna í dag. Það sem þeir eru að gera hins vegar eða standa fyrir er það sem landsbyggðin veit vel hvað þýðir og hvað er og upplifir á eigin skinni, þ.e. stórkostleg afturför í almennri þjónustu og verri búsetuskilyrði í stórum stíl á landsbyggðinni. Það er staðreyndin. Það hallar á hana nánast að öllu leyti. Meðaltekjurnar dragast hratt aftur úr meðaltekjum höfuðborgarsvæðisins. Þjónustustigið lækkar og búsetuskilyrðin eru að verða erfiðari undir stjórn þeirra hinna sömu manna og sitja ofan á höndunum á sér gagnvart þessum hlutum, en halda svo að menn gíni við því að þeim sé lofað stóriðju ár eftir ár, sem aldrei kemur. Nei, herra forseti. Ég held að þessi vara gangi ekki vel út. Jafnvel þótt menn hafi kreist fram eitthvert klapp á Reyðarfjarðarfundinum þá efast ég um að hugur hafi fylgt máli í öllum hjörtum sem þar slógu, a.m.k. leyfi ég mér að túlka þann fund ekkert síður þannig en á hinn veginn sem aðrir hafa gert, að þar hafi líka mátt merkja efasemdir og ýmsa undirstrauma, enda væri annað skrýtið, verð ég að segja.

Hvað með ferðaþjónustuna, herra forseti? Er verið að hlúa sérstaklega að henni á Austurlandi? Jú, það má að vísu segja að örlítil viðleitni sé þar í gangi sem stjórnvöld hafi kannski að einhverju leyti komið að. Það er best að vera sanngjarn og viðurkenna þó það sem er, þó í litlu sé, en svo á að heita að verið sé að nudda upp nýrri aðstöðu á Seyðisfirði fyrir stækkaða ferju. Og að einhverju leyti hafa kannski stjórnvöld komið að því að beint flug á nú að hefjast á Austurlandi. En hefur eitthvað meira verið að gert? Hafa stjórnvöld sett í gang markaðsátak í samvinnu við heimamenn til að koma þessu fjarlæga landsvæði inn á kortið í ferðaþjónustunni sem er auðvitað mjög þarft mál að gera, ekki bara í byggðalegu tilliti heldur líka umhverfislegu og út frá því að nýta kosti landsins alls í ferðaþjónustu? Þá á alveg sérstaklega að horfa til norðan- og austanverðs landsins til að dreifa álaginu af ferðaþjónustunni í landinu. Ef við ætlum að taka hér innan fárra ára við einni milljón ferðamanna, hvar eiga þeir að standa, þær tvær milljón lappir? Hvar eiga þær að troða niður grasið? Allar hér á suðvesturhorni landsins? Þá verður nú þröngt í búi hjá smáfuglunum. Nei, er þá ekki betra að reyna að dreifa álaginu og hafa allt landið með, senda menn líka út á Langanes, niður í Víkur og inn á hálendið og annars staðar þar sem við erum búin að skapa góðar aðstæður til að taka við þeim þannig að þeir fari ekki allir Gullfosshringinn og sprangi um á Austurvelli?

Hvað með nýsköpun almennt í atvinnumálum? Er verið að leggja stóraukið fé í nýsköpun, hlúa að smáfyrirtækjum, að frumkvæði kvenna í atvinnulífi? Nei, það ganga ekki út peningarnir í sjóðunum þeirra. Þeir kaupa bréf hver í öðrum. Af hverju? Af því að þeir setja svo ströng skilyrði um arðsemi að það er varla hægt að uppfylla þau í New York og Reykjavík, hvað þá við erfiðar aðstæður í nýsköpun atvinnulífs úti á landsbyggðinni. Og þá náttúrlega bólgna sjóðirnir út og kaupa bréf hver í öðrum. Þannig er nú það. Atvinnuþróunarfélögin eru svelt og hafa enga samninga um sitt starf. Það er ekki vegna þess, herra forseti, að verkefnin séu ekki næg. Það er vegna þess að nýsköpun í atvinnulífi, það að stofnsetja fyrirtæki, er þvílík brekka á landsbyggðinni um þessar mundir að það þarf sérstakan stuðning til. Hann er alls staðar í boði í löndunum í kringum okkur, en ekki á Íslandi. Nei, menn fá upp undir 40% stofnstyrki á byggðaþróunarsvæðum eins og þau eru skilgreind á hinum Norðurlöndunum, líka í Noregi sem er aðili að INTERREG, byggðaáætlun Evrópusambandsins, en ekki á Íslandi, nei. Hvað hefur gerst á Íslandi síðustu árin? Það sem hefur gerst er að menn hafa einkavætt fjárfestingarlánasjóðina og bankakerfið og það hlær að landsbyggðinni ef menn biðja um peninga til atvinnuuppbyggingar þar. Allir sem vilja vita það vita að bankarnir hafa engan áhuga á því að taka áhættu með atvinnulífinu ef það er ekki hér á suðvesturhorni landsins. Það er bara þannig. Það er staðreynd.

Fiskveiðasjóður sem áður lánaði 60% til allra fjárfestinga í sjávarútvegi, hvar er hann? Hann er hluti af eigin fé Íslandsbanka og mér er ekki kunnugt um að Íslandsbanki telji sig hafa sérstakar skyldur við sjávarútveginn. Ég veit að svo er ekki því til mín hafa leitað margir forsvarsmenn minni sjávarútvegsfyrirtækja sem fá þar enga fyrirgreiðslu þó að Fiskveiðasjóður sé þar inni, sem áður tryggði mönnum sjálfkrafa 60% lán á hagstæðum vöxtum til langs tíma. Þá var munur að standa í framkvæmdum í sjávarútvegi, sérstak-

lega fyrir minni aðila sem ekki hafa greiðan aðgang að fé á markaði sjálfir.

Hvernig er með lítil iðnfyrirtæki á landsbyggðinni? Þau gengu áður að 60% fjármögnun húsbygginga og vélakaupa í iðnaði, líka þó þau væru úti á landi, og þetta voru talin fullgild veð í Iðnlánasjóði. Hvernig er staðan í dag? Stendur slíkt til boða ef menn banka upp á hjá Íslandsbanka? Nei, og ekki heldur Búnaðarbankanum eða Landsbankanum. Húsnæði á landsbyggðinni, ég tala nú ekki um atvinnuhúsnæði á afskekktum stöðum, er ekki talið merkilegt veð. Það er eitthvert veð í persónulegu nafni manna með sæmilega stöndugan fjárhag. Ef þeir leggja sjálfa sig, fjölskyldu sína, íbúðarhúsið sitt, og helst foreldra sinna og systkina undir líka, kann að vera að þeir geti kreist út einhverja peninga, en að áhætta sé tekin að öðru leyti til stuðnings atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni er ekki til í dæminu. Svona er þetta, herra forseti, og það er iðn.- og viðskrh. sem er yfirmaður þessara mála og ætti náttúrlega að vera hér til þess að svara fyrir það hvað eigi að gera í þessum efnum.

Þetta skiptir Austfirðinga máli og alla landsbyggðina, en ekki þetta álver sem hvort sem er kemur ekki. Og hverju væru menn nær á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, í Dölum, Húnavatnssýslu og Skaftafellssýslum, þó svo að þetta einhvern tímann yrði á Austurlandi, ef allar aðrar aðstæður í atvinnu- og byggðamálum breytast ekkert að öðru leyti? Engu.

Herra forseti. Í fiskeldi eru miklir möguleikar. Standa menn að því eins myndarlega og kröftuglega og þörf er á? Nei, ég segi hiklaust nei. Ég tel t.d. ámælisvert að stjórnvöld skuli ekki fyrir sitt leyti hafa stuðlað að miklu meiri rannsóknar- og þróunarvinnu í þorskeldi. Það er stórhættulegt fyrir Íslendinga að vera ekki með í því. Ef eldisþorskur á næstu 10–20 árum ryður sér inn á markaðinn og tekur drjúgan hluta af markaði fyrir hvítfisk, sem villtur Atlantshafsþorskur hefur hingað til haft, hvar standa Íslendingar þá með sína verðmætustu útflutningsafurð? (**Viðskrh.:** Hvað er á dagskrá?) Á dagskrá eru atvinnu- og byggðamál í tengslum við þetta frv., hæstv. atvinnu- og byggðamálaráðherra. Ætti nú hæstv. ráðherra að fagna því að þeim málaflokki sé sýndur áhugi. En af einhverjum undarlegum ástæðum bregður hæstv. ráðherra oft á það ráð að gerast önug ef þeir málaflokkar sem undir ráðherrann heyra eru teknir hér til umfjöllunar. Það er af einhverjum ástæðum sem er erfitt að skilja, nema ef vera skyldu þær að hæstv. ráðherra vilji sem minnst um þessa hluti tala. Kynni að vera að hæstv. ráðherra byggðamála sé yfirleitt ekkert áhugasöm um að þau mál séu hér á dagskrá?

Á Austurlandi eins og mjög víða annars staðar á landsbyggðinni og öllu landinu, herra forseti, eru auðvitað ýmsir verðmætir staðbundnir möguleikar sem eru fólgnir í náttúrufari, sögu og aðstæðum þessara byggða. Er verið að hlúa sérstaklega að þeim og rækta þá? Ég leyfi mér að segja nei. Maður dáist að einstökum atgervismönnum og frumkvæði einstakra byggðarlaga. Við getum tekið þar Borgarfjörð eystra sem dæmi þar sem menn hafa gert í raun ótrúlega merkilega hluti við erfiðar aðstæður, bæði í því iðnfyrirtæki sem þar hefur risið og í sambandi við ferðaþjónustu. Þeir velja sér svið innan ferðaþjónustunnar til að byggja á og leggja áherslu á það. En er sérstakur stuðningur af hálfu stjórnvalda í gangi í þessum efnum? Ég hef lítið orðið var við hann. Ég hef svo sem ekki farið ofan í það og þekki það ekki algjörlega út í hörgul í þessum einstöku dæmum. En almennt veit ég að svo er ekki. Það er af alveg ótrúlegum vanefnum sem menn eru að reyna að gera eitthvað í þessum efnum. Ég hef m.a. verið að fylgjast með því núna þar sem menn eru í einu ónefndu byggðarlagi að velta því fyrir sér hvort þeir geti ráðið ferðamálafulltrúa í tvo mánuði í sumar. Menn eru að ræða það, sveitarstjórn í byggðarlagi, hvort þeir ráði við þetta dæmi. Eigum við að segja að það sé 500 þúsund kall, herra forseti, sem það kostar að reyna að ráða ferðamálafulltrúa og koma svæði, byggðarlagi, á kortið í ferðaþjónustu?

Hvað með orkuvinnslumöguleika á Austurlandi í smærri stíl? Hefur hæstv. iðnrh. veitt einhver svör um það? Væri nú kannski ráð að dusta rykið af smávirkjanastefnunni, fara aðeins yfir það að e.t.v. væri nú gáfulegra að horfa til þess, a.m.k. jöfnum höndum, í orkupólitík landsmanna næstu 10–30 árin, að í staðinn fyrir að metta þarfir vaxandi almenns notendamarkaðar með yfirfallinu af stórvirkjunum sem menn eru alltaf að rembast við að byggja handa erlendum álfyrirtækjum, væru virkjaðar margar smærri virkjanir? Hefur hæstv. iðnrh. velt þeim möguleika fyrir sér (Gripið fram í.) að stefna að því að mæta hinni almennu orkuþörf næstu 10–20 ára með nokkrum tugum smárra og meðalstórra virkjana vítt og breitt um landið, sem eru hagstæðar bæði frá efnahagslegu og umhverfislegu sjónarmiði, hverra framkvæmdir á byggingartíma falla vel að getu viðkomandi byggðarlags? Verktakar heima fyrir og iðnaðarmenn gætu að mestu leyti annast framkvæmdirnar o.s.frv.

Hefur hæstv. iðnrh., og þó fleiri væru, lesið ævisögu Sigurðar heitins Thoroddsens verkfræðings? Eins og gengur, mun hún heita og er stórmerkileg og skemmtileg bók. Hann er sá maður sem ég fullyrði að á efri árum sínum vissi meira um virkjanir en nokkur annar Íslendingur, enda hafði hann hannað þær flestar og unnið við þau mál meira og minna frá því hann kom heim ungur maður frá námi. Þar varpar hann fram og svarar að hluta til mjög áleitnum spurningum um það að kannski hafi Íslendingar valið vitlausa leið þegar þeir blinduðust af stórvirkjunarstefnunni á sínum tíma. Menn hefðu átt að leggja miklu meiri áherslu á og horfa ekkert síður og jöfnum höndum til þess að nýta hina smærri virkjunarkosti dreift um landið og kosti þess sem það í raun hefur í för með sér, þ.e. öryggi, minna orkutap, viðráðanlegri framkvæmdir sem falla betur að aðstæðum á hverjum stað o.s.frv.

Herra forseti. Niðurstaða málsins er sem sagt sú að möguleikarnir eru bullandi. Það eru næg verkefni og næg tækifæri til að snúa sér að ef menn láta ekki blinda sig þessari álnauðhyggjustefnu sem því miður hefur ráðið för undanfarin ár.

Herra forseti. Ég ætla svo í síðari ræðu minni sem ég hef nú ákveðið að halda af því tilefni að klukkan er orðin sjö og vera kann að hæstv. forseti hafi hug á að fresta fundi, gera kvöldmatarhlé eða jafnvel bara gefa okkur frí þangað til á morgun — það væri ákaflega vel séð enda vorum við sum hver hér að fram á fjórða tímann í nótt og mættum snemma til starfa — en ætla ég að nota síðari ræðu mína sem yrði kannski ívið styttri en þessi til þess að ræða að lokum — og yrði það minn svanasöngur í þessari umræðu um Kárahnjúkavirkjunina sem aldrei rís — um verðmæti svæðisins norðan og austan jökla. Svo vill til að ræðumaður þekkir sæmilega til þess. Það er sá hluti hálendis Íslands sem ég þekki langbest og ég viðurkenni fúslega að ég er bundinn honum tilfinningalegum böndum. En ég held að jafnvel væri ástæða til, herra forseti, áður en þessari umfjöllun allri saman

lýkur að við ræddum einhvern tímann, ekki bara í almennum orðum um að þarna sé stórt og fallegt og ósnortið víðerni, heldur færum yfir þær perlur í náttúrufari og sögustöðum og almennri fegurð sem þarna er að finna. Ég skal reyna að standa mig í því stykkinu á morgun, herra forseti.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 19:03.

---

111. FUNDUR

föstudaginn 5. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 550. mál, þskj. 863, nál. 1010, 1014 og 1016, brtt. 1015 og 1017. — 2. umr.
2. Einkaleyfi, stjfrv., 453. mál, þskj. 723, nál. 1074. brtt. 1075. — 2. umr.
3. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468, nál. 907, brtt. 908. — 2. umr.
4. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, frv., 705. mál, þskj. 1129. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, frhnál. 1128. — Frh. 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]

4. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 39 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Kosningar til sveitarstjórna, 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (erlendir ríkisborgarar o.fl.). — Þskj. 863, nál. 1010, 1014 og 1016, brtt. 1015 og 1017.

[10:34]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Þetta er nál. frá meiri hluta félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Maríu Sæmundsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Gunnar Eydal frá Reykjavíkurborg, Ástu Þorleifsdóttur frá Einari J. Skúlasyni, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hjalta Zóphóníasson frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, sænskir, norskir og finnskir ríkisborgarar, sem átt hafi lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, njóti framvegis kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. Þá er lagt til að ekki verði lengur gerð krafa um meðmælendur með framboðslistum í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri. Aðrar breytingar með frumvarpinu miða að því að tryggja að ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna verði í samræmi við ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Arnbjörg Sveinsdóttir formaður, Magnús Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Pétur H. Blöndal og Drífa Hjartardóttir.

[10:35]

Frsm. 1. minni hluta félmn. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta félmn. um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna en nál. undirritar sú sem hér stendur og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Þar segir, með leyfi forseta:

Með frumvarpinu er lagt til að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, sænskir, norskir og finnskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, njóti framvegis kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. 1. minni hluti telur frumvarpið ganga of skammt. Annars staðar á Norðurlöndum fá norrænir ríkisborgarar kosningarrétt til sveitarstjórna um leið og þeir skrá lögheimili í viðkomandi landi. Sama á að gilda hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum að mati 1. minni hluta og er lögð til breytingartillaga í þá veru.

Jafnframt leggur 1. minni hluti til að aðrir erlendir ríkisborgarar en norrænir fái kosningarrétt til sveitarstjórna eftir þriggja ára búsetu hér á landi. Er þetta til samræmis við norrænar reglur, svo og reglur frumvarps til laga um útlendinga um búsetuleyfi, en veita má útlendingi slíkt leyfi eftir samfellda þriggja ára dvöl hér á landi. Er það mat 1. minni hluta að með frumvarpinu sé allt of skammt gengið í þessum málum.

Þá telur 1. minni hluti að með þeim breytingum sem nú er verið að gera hefðu átt að koma heimildarákvæði um rafrænar kosningar. Í því felst framtíðarsýn sem er óhjákvæmileg og hefði verið nauðsynlegt að taka á því efni nú með afgerandi hætti. Slíkt er ekki gert, þrátt fyrir umsagnir og óskir um lögfestingu slíkrar heimildar nú. Það hefur sýnt sig í aðdraganda væntanlegra sveitarstjórnarkosninga að margir nýttu sér rafrænt fyrirkomulag við val frambjóðenda og hefði það verið tilvalin reynsla til að nýta nú í kosningunum til sveitarstjórna. Leggur 1. minni hluti því til að slík heimild verði sett í ákvæði til bráðabirgða.

Að öðru leyti er 1. minni hluti samþykkur þeim breytingum sem felast í frumvarpinu, svo sem að fallið er frá kröfu um meðmælendur á framboðslistum í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri, svo og öðrum þeim breytingum sem lúta að samræmi við lög um kosningar til Alþingis.

Undir nál. rita hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Eins og ég sagði áðan erum við með brtt. til samræmi við breytingar á Norðurlöndunum. Okkur finnst það í rauninni undarlegt að úr því að verið er að fara í þessar breytingar að við samræmum okkur ekki með Norðurlöndunum. Mér finnst það afar sérkennilegt í rauninni að við séum að segja okkur úr hinu norræna samfélagi að hluta til með þeim hætti.

Jafnframt þetta með aðra útlendinga. Mér fyndist eðlilegt að við samhæfðum okkur með öðrum norrænum þjóðum og hefðum þriggja ára búsetuskilyrði í staðinn fyrir fimm. En okkur skildist strax við 1. umr. að um þetta mál hefði náðst þessi sátt í ríkisstjórninni. Hins vegar vitum við vel um mjög mikinn vilja hjá stórum hópi þingmanna, sérstaklega þeirra kannski sem þekkja vel til norræns samstarfs, um að verða við þessum breytingum. Við munum auðvitað láta á það reyna við atkvæðagreiðsluna.

Varðandi rafrænu kosningarnar þá þótti okkur mjög sérkennilegt að ekki kæmi inn heimild til bráðabirgða þannig að hægt væri að fara í slíkar tilraunir í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Okkur þótti það kannski sérkennilegast vegna þess að sá flokkur sem nýtti sér þá nýjung hvað mest í prófkjörum er einmitt einn af aðildarflokkum ríkisstjórnarinnar, Sjálfstfl. Okkur fannst það því skjóta mjög skökku við að bráðabirgðaheimildin skyldi ekki vera þarna inni.

Ég vona að tillögur okkar, sérstaklega hvað varðar norrænu borgarana, því við berum hag þeirra auðvitað mjög fyrir brjósti — við viljum breyta til samræmis við það sem er annars staðar á Norðurlöndunum, það er ekki eðlileg hugsun að við eigum alltaf að hafa meiri rétt en aðrir norrænir borgarar. Ég held að við verðum að láta af þeirri hugsun en fara að hugsa um jafnstöðu norrænna borgara.

[10:40]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hluta félmn. Þær athugasemdir sem ég hef við frv. að gera eru mjög hliðstæðar þeim sem komu fram í máli framsögumanns 1. minni hluta og með smáyfirlegu hefði e.t.v. mátt sameina nál. 1. og 2. minni hluta. En hlutirnir gerast hratt í félmn. og það átti ekki síst við um þetta mál sem hefði auðvitað þurft að vera búið að afgreiða fyrir löngu.

Í fyrsta lagi er í nál. mínu gagnrýnt hversu seint frv. kom fram. Það er náttúrlega mjög bagalegt að Alþingi skuli vera með þetta enn til meðferðar. Frv. kom skömmu áður en utankjörfundaratkvæðagreiðsla átti að hefjast og nú er hún hafin lögum samkvæmt fyrir nokkrum dögum. Það er auðvitað ekki eins og hlutina ætti að bera að, að á þeim tíma sé Alþingi enn með þetta í höndunum. Ekki er við félmn. að sakast því að þar var reynt að vinna að málinu eins hratt og kostur var. Nefndin var reyndar tilbúin með málið fyrir páska, en sérkennileg forgangsröðun ríkisstjórnar, meiri hluta eða forseta á þingmálum hefur valdið því að málið hefur verið sett aftur fyrir önnur sem að sjálfsögðu hefðu frekar átt að bíða eins og hið arfavitlausa og tilgangslausa frv. um Kárahnjúkavirkjun.

Þessi seinagangur á málum, herra forseti, — það er nefnt í nál. 2. minni hluta og það má kannski viðurkennast að vera pínulítill stráksskapur, en þar er spurt hvort þetta stafi af því að ríkisstjórninni hafi ekki verið ljóst að til stæði að kjósa til sveitarstjórna í vor og það væri auðvitað mjög merkilegt ef ríkisstjórn Íslands hefði ekki áttað sig á þeirri staðreynd. Má í því sambandi nefna að hæstv. félmrh. er giftur borgarfulltrúa í Reykjavík og það er ótrúlegt sambandsleysi á því heimili ef það hefur ekki komist til skila til félmrh. að kjósa eigi í vor.

Sömuleiðis var fyrrv. menntmrh. sem sat í ríkisstjórninni fram undir páska kominn í framboð í Reykjavík og það er með ólíkindum að hann skuli ekki hafa áttað sig á þessu fyrr en nokkrum dögum áður en hann bauð sig fram að kjósa ætti hér í vor. Hvað var ríkisstjórnin að hugsa í þessu máli að koma ekki þessum lagfæringum á kosningalögunum til sveitarstjórna fram fyrr en komið var inn á útmánuði? (**Gripið fram í:** ... í júlí.) Já, þetta vekur áleitnar spurningar, herra forseti, um verklagið í ríkisstjórninni og sambandsleysið milli manna. Það verður að segjast eins og er. Allt er þar á eina bókina lært meira og minna.

Yfirleitt eru breytingar samkvæmt frv. eðlilegar lagfæringar. Það er til samræmis við þær breytingar sem þegar er búið að gera á gildandi lögum eða eru nú í gildandi lögum um kosningar til Alþingis. Ég man ekki nákvæmlega hvenær við lagfærðum kosningalög til Alþingis í kjölfar stjórnarskrárbreytinga en það er alllangt um liðið síðan þeirri vinnu lauk þannig að ekki verða rök heldur sótt í það að menn séu að dauðyflast með þetta af hálfu félmrn. svona seint eins og raun ber vitni.

Ég ætla að gera tvö atriði að umtalsefni og það eru þau hin sömu og gerð voru áðan. Það fyrra varðar kosningarrétt erlendra ríkisborgara til sveitarstjórna og það eru tveir þættir þess máls sem mér finnst skipta mestu. Það eru annars vegar hin efnislegu ákvæði í lögunum og hins vegar hugsunarhátturinn, hugmyndafræðin á bak við það að hafa girðingar gagnvart því að nýir borgarar í samfélagi hafi rétt til þess að vera þátttakendur í stjórnum sveitarfélags síns. Mér finnst hún alveg gersamlega út í hróa hött, svo ég noti eitt nýjasta máltækið í tungunni. Hvaða hugsun er á bak við það ef ágætir nýir borgarar í sveitarfélagi hafa sett sig þar niður, flutt þangað lögheimili sitt, eru þar með fjölskyldur sínar, að þeir skuli ekki vera boðnir velkomnir m.a. með því að menn vilji fá þá sem þátttakendur um ákvarðanatöku um málefni byggðarlagsins eða sveitarfélagsins. Þetta er alveg gersamlega arfavitlaus hugsun, arfur frá löngu liðinni tíð þegar menn voru heldur á bremsunum og vildu ekki annað en að gömlu rótgrónu fjölskyldurnar hefðu forræði mála hjá viðkomandi sveitarfélagi. Tímarnir eru bara svo algerlega breyttir í þessum efnum. Fólk er miklu meira á hreyfingu og það skiptir miklu máli að bjóða fólk velkomið og fá það strax til að vera virkir þátttakendur í stjórnum samfélaga sinna. Þetta er lærdómurinn m.a. sem menn hafa dregið annars staðar á Norðurlöndunum af því að þróast í átt til fjölmenningarlegra samfélaga, að ein hættan í þeirri þróun er sú að ákveðnir hópar einangrist og verði ekki virkir þátttakendur í samfélaginu. Það verði hverfamyndun eða gettóamyndun, þar sem heitir á sænskunni „bolig segregering" og hún hefur m.a. í sér fólngar þær hættur að einhverjir hlutar samfélaganna, t.d. ákveðin hverfi í borgum verði algerlega óvirk. Liður í því að berjast gegn þessu er auðvitað að þetta fólk fái strax eða sem allra fyrst fullgild réttindi í samfélaginu og reynt sé að virkja það til þátttöku og ákvarðanatöku o.s.frv. Þess vegna á að snúa þessu algerlega við. Hugsunin í löggjöfinni, í lögum um málefni útlendinga, í sveitarstjórnarlögum og hvað varðar kosningar t.d. til sveitarstjórnarstigsins, á að vera sú að bjóða þetta fólk velkomið og reyna að fá það með frá byrjun og gera það að virkum þátttakendum strax. Þess vegna tel ég að í raun og veru ættu erlendir ríkisborgarar

hvort sem heldur eru norrænir eða aðrir að fá slík réttindi samstundis eða mjög fljótt.

Á hinum Norðurlöndunum eru málin eins og kunnugt er þannig að enginn greinarmunur er gerður á Norðurlandabúum. Þeir fá allir, án tillits til þjóðernis, sömu réttindi um leið og þeir fullnægja sömu skilyrðum í sínum sveitarfélögum, hafa flutt þangað lögheimili sitt og sett sig þar niður til varanlegrar búsetu, a.m.k. um skeið. Þessa njóta erlendir námsmenn á hinum Norðurlöndunum. Þeir eru ófáir. Ætli Íslendingum þyki ekki nokkurs um vert að þúsundir erlendra námsmanna og Íslendinga búsettra á hinum Norðurlöndunum, sem enn hafa íslenskt ríkisfang, njóti þessara réttinda? Er þá við hæfi að hér, á árinu 2002, afmælisári Norðurlandaráðs sem verður fimmtugt á þessu ári og hátíðahaldaári hinnar norrænu samvinnu, ætli Ísland að skera sig úr leik með þeim hætti að viðhalda í lögum gamalli aðgreiningu af þessu tagi? Þetta er mjög klaufalegt, herra forseti, og dapurlegt reyndar að einn af kempunum úr norrænu samstarfi, hæstv. félmrh. Páll Pétursson, sem um tíma gekk undir nafninu Palle Pedersen eins og kunnugt er, af því að hann var kannski fullt eins mikið á norrænum vettvangi og hér heima, skuli bera fram þetta mál. Þarna hefur orðið einhver fingurbrjótur, herra forseti, sem mér finnst að við hefðum átt að ná saman um að laga.

Efnislegu rökin fyrir því að viðhalda þessu hef ég engin heyrt, í raun og veru. Ég spyr reyndar eftir þeim, lýsi eftir þeim: Hver eru hin efnislegu rök fyrir því að halda þessum rétti frá öðrum norrænum borgurum hér á landi í þau ár sem frv. gerir ráð fyrir?

Ég hef þar af leiðandi flutt brtt. og mæli fyrir henni í leiðinni, herra forseti, um að þetta verði þannig að danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar — undir þessi ríkisföng falla líka sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland þannig að það er ekki vandamál — fái hér sambærilegan rétt og Íslendingar, sem og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í tvö ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum. Þarna gengjum við Íslendingar til jafns við Finna sem hafa skipað sér í fylkingarbrjósti þess að bjóða nýja borgara velkomna í löggjöf sinni. Þannig er fyrri brtt. mín.

Hin síðari varðar þetta með rafrænu kosningarnar, a.m.k. færslu rafrænna kjörskráa. Ég tel að það hefði mátt ganga þannig frá að opna vissa möguleika fyrir sveitarfélög sem hefðu viljað þróa aðferðafræði sína, að þau gætu t.d. sett upp rafræna kjörstaði til hliðar við hefðbundna. Segjum að menn hefðu viljað byrja á að prófa það og settir hefðu verið upp í Reykjavík eða á Akureyri einn eða tveir rafrænir kjörstaðir. Menn hefðu getað valið hvort þeir hefðu farið á þá eða hina hefðbundnu. Það hefði ekki átt að þurfa að skapa vandamál. Hið sama gildir um rafræna kjörskrá sem hefur í raun og veru mikla yfirburði. Það er augljóst mál og ættu allir að viðurkenna sem þekkja eitthvað til kjörskrárgerðar og vandamála sem tengjast kjörskrárfærslu að það að hagnýta hina rafrænu tækni hefur gríðarlega kosti.

Hugsum okkur bara allar breytingar á kjörskránni, kærur og annað því um líkt sem koma til og að kjörskrána sé hægt að lagfæra fyrirhafnarlaust án nokkurs pappírs alveg fram á síðasta dag. Um þetta þarf að sjálfsögðu að setja reglur og þarf að vera festa í því hvernig þetta er gert, það er manni ljóst, en ég er algerlega sannfærður um að að því rekur að menn taki þessa tækni í þjónustu sína að þessu leyti. Það mun hafa mikla kosti í för með sér þegar þar að kemur.

Hitt er ljóst, herra forseti, að nú þegar er kominn er 5. apríl. Tíminn er ekki lengri en raun ber vitni fram að sveitarstjórnarkosningunum í maí og mér er ekki kunnugt um að sveitarfélög hafi, vegna þess hvernig lögin eru, lagt í mikla vinnu í þessu efnum. Slíkt atriði er þannig orðið ópraktískt, ef svo má að orði komast, og kann vel að vera að það hafi ekkert upp á sig að setja svona ákvæði inn í lögin, þ.e. heimildarákvæði eða bráðabirgðaákvæði eins og ég hef engu að síður flutt brtt. um. Það er kannski heldur leiðinlegur svipur á því að láta að fella svona ákvæði þannig að ég ætla að skoða hvort ég kalla þessa tillögu frekar til baka en að láta hennar bíða þau örlög hér að verða felld. Mér fyndist ankannalegt ef Alþingi Íslendinga felldi tillögu um að menn mættu þróa áfram og gera tilraunir með rafræna tækni á þessu sviði.

Það kann e.t.v. að skýrast í umræðum með því að hæstv. félmrh. heiðri umræðuna með því að segja nokkur vel valin orð og tjái sig jafnframt um þennan þátt, þ.e. hvort hæstv. ráðherra sjái einhverja meinbugi á að svona heimildarákvæði kæmi inn, jafnvel þó að tímans vegna og aðstæðna á þessu vori yrði það ekki nýtt. Það væri þá þarna og annaðhvort mætti það þá nýtast næst eða menn yrðu búnir að breyta löggjöfinni og taka inn bein ákvæði í lögin um kosningar til sveitarstjórna sem opna mundu fyrir þessa möguleika.

[10:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna eins og ljóst er orðið. Aðallega höfum við verið að ræða brtt. sem minni hluti félmn. hefur lagt fram við þetta frv.

Það er auðvitað nánast hneykslí að menn ætli að láta aðrar reglur gilda um norræna borgara hér en gilda um um Norðurlandabúa alla á hinum Norðurlöndunum. Ég trúi því ekki að menn ætli að samþykkja í þinginu að um Norðurlandabúa eigi að gilda önnur lög og önnur réttindi hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Ég veit ekki betur en þetta hafi verið sérstakt baráttumál Norðurlandaráðs að samræma löggjöf sem kallað er „grænseløst Norden" þar sem Norðurlandabúar byggju við sambærilega löggjöf á öllum Norðurlöndunum hvað þetta varðar.

Það er líka ansi hart að horfa upp á að ekki eigi að bjóða nýja borgara, sem hafa komið hingað til lands og sest hér að, velkomna með því að leyfa þeim að taka þátt í að velja stjórn sveitarfélagsins sem þeir dvelja í og ég er því mjög hissa á að ríkisstjórnarflokkarnir skuli ekki ganga lengra í þessum efnum.

Mig langar líka til að minna á að Samfylkingin hefur barist fyrir því að breyta lögum í þá veru að auka rétt útlendinga til að taka þátt í kosningum. Ég minni á að nú liggur hjá félmn. þingmál, þ.e. frv. til laga um breytingar á þessum lögum sem við erum að fjalla um hér. Það frv. hefur verið flutt í tvígang. Fyrst var það Mörður Árnason varaþm. sem flutti frv. til breytinga um aukinn rétt útlendinga til þátttöku í sveitarstjórnarkosningum. Það var á 126. löggjafarþingi, þ.e. á síðasta þingi. Á þessu þingi fluttu síðan frv. hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og sú sem hér stendur.

Þetta mál hefur ekki fengist tekið fyrir í nefndinni. Hér er komið frv. sem gengur svo skammt að það er alveg með ólíkindum. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hefur gert grein fyrir brtt. sem við höfum lagt fram með þessu frv. en ég

vil hnykkja aðeins á henni. Við leggjum reyndar fram tvær brtt., annars vegar að norrænir íbúar hér eigi sama rétt og Íslendingar til kosninga sem og aðrir útlendingar eftir þriggja ára dvöl, eins og reglurnar eru á Norðurlöndunum.

Annað mál sem vil ég sérstaklega gera að umræðuefni er heimildin til að nota rafrænar kosningar. Við höfum hér lagt fram brtt. um ákvæði til bráðabirgða þar sem sveitarfélögum er heimilt að hafa til reynslu rafræna kjörstaði og færa rafræna kjörskrá. Við vitum að ýmis sveitarfélög hafa hug á rafrænni kosningu og þar sem rafræn kosning hefur verið reynd, m.a. í prófkjörum hjá Sjálfstfl., hefur þetta gefist ágætlega. Þess vegna er það sérkennilegt, eins og kom fram hér í umræðunni og hefur einnig komið fram í nefndinni að Sjálfstfl. skuli leggjast gegn því að beita nútímalegum vinnubrögðum við kosningar.

Ég sem þingmaður Reykvíkinga tel mikilvægt fyrir Reykjavíkurkjördæmi að heimilað verði að nota rafræna kjörstaði og rafrænar kosningar. Kosningaþátttaka hefur minnkað undanfarið, þeim hefur fækkað sem hafa tekið þátt í kosningum. Ég er alveg sannfærð um að rafrænn kjörstaður þar sem allir gætu komið, þ.e. væru ekki bundnir við ákveðna kjörstaði í byggðarlagi sínu eða hverfi, mundi auka og auðvelda kjósendum að komast á kjörstað. Það mundi alla vega ekki verða til að draga úr kjörsókn.

Herra forseti. Ég vildi koma þessu að. Ég tel að það eigi að greiða atkvæði um þetta. Ég er ekki sammála því að draga til baka brtt. í þá veru að rafrænar kosningar verði heimilaðar í bráðabirgðaákvæði. Ég trúi því ekki að meiri hluti þingmanna sé á móti því að beita slíkum aðferðum. Ég tel að það sé full ástæða til að láta á það reyna og það komi þá bara í ljós hver hugur þingmanna er í þeim efnum, hvort þeir eru á móti því að nota rafrænar kosningar þegar komin er ágæt reynsla á þær, eins og komið hefur fram í umræðunni. Ég tel að greiða eigi um það atkvæði við afgreiðslu á þessu frv.

Að öðru leyti er ég fylgjandi þeim breytingum sem eru í þessu frv. Þar er verið að færa löggjöfina um kosningar til sveitarstjórna til samræmis við alþingiskosningar. Þær breytingar eru flestar til bóta nema þá að ég tel fáránlegt að ganga svo skammt varðandi norræna íbúa og útlendinga og einnig að ekki skuli heimiluð rafræn kjörskrá og kjörstaðir í sveitarstjórnarkosningum.

[11:00]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Varðandi frv. sem hér er lagt fram um kosningar til sveitarstjórna, þá vil ég lýsa því yfir að mér finnst ekki hægt að vera með mismunandi reglur um kosningar til sveitarstjórna á Norðurlöndum þar sem Norðurlandaþjóðirnar aðrar en Íslendingar hafa gefið Íslendingum tækifæri til að kjósa hjá sér ef þeir hafa breytt lögheimilinu. Að ekki skuli gilda sama regla á Íslandi gagnvart öðrum Norðurlöndum finnst mér ekki við hæfi.

Ég styð það að Norðurlandabúar fái kosningarrétt hér, enda ekki nein rök fyrir öðru. Ég lagði það reyndar til í nefndinni en var því miður ekki við afgreiðslu málsins frá nefndinni og gat ekki komið sjónarmiðum mínum að við lokaafgreiðslu málsins þannig að það er skýringin á því að ég er ekki á nál. meiri hlutans með fyrirvara, en ég hefði viljað hafa fyrirvara um þetta atriði.

Komið hafa fram ýmis rök fyrir því hvers vegna þetta ætti að verða samræmt en ég hef ekki heyrt nein rök gegn því að þetta verði samræmt og hef heldur ekki heyrt það frá hæstv. félmrh. Ég lít því svo á að ástæðan fyrir því að þetta er ekki þarna inni sé bara lapsus eða þá að þetta hafi ekki verið skoðað nægilega til að menn áttuðu sig á því að þarna hefur orðið eitthvert misræmi sem eðlilegt er að leiðrétta. Ég vil ekki hafa langt mál um þetta. Það er alveg skýrt hvað mér finnst að eigi að gera.

Hvað varðar önnur atriði eins og rafrænar kosningar, þá kom fram í nefndinni að rafrænar kosningar væru ekki mögulegar við núverandi aðstæður. Ekki væri hægt að fara í gegnum lögin á svo skömmum tíma þannig að menn treystu því að þetta yrði ágallalaust. Einnig var ekki heldur ljóst hve mikill kostnaður mundi fylgja þessu. Að því leyti til voru menn ekki tilbúnir til þess að fara út í rafrænar kosningar, ekki einu sinni samhliða öðrum aðferðum við kosningar.

Ég lít svo á að rafrænar kosningar hljóti að vera framtíðin. Fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar, sem verða væntanlega eftir fjögur ár, verði búið að undirbúa það þannig að hægt verði að breyta lögunum, fara í gegnum alla lagabálka sem lúta að kosningum, samræma það á milli ráðuneyta, félmrn. og dómsmrn., og þá séu sveitarstjórnir einnig undirbúnar undir það að nýta rafræna kosningu. Það kom eins og flestir vita afskaplega vel út í prófkjörum sem haldin hafa verið, t.d. á Seltjarnarnesi. Þar var viðhöfð rafræn kosning í prófkjöri og samdóma álit manna þar var að það hefði gengið afskaplega vel. Sú reynsla sýnir að menn eiga ekki að óttast að fara út í rafrænar kosningar en í mínum huga er spurningin fyrst og fremst um tímann.

Ýmsir aðrir hafa svo sem lýst því yfir, ekki hér í þingsalnum heldur annars staðar í þjóðfélaginu, að gamli sjarminn við þessa svokölluðu handtalningu mundi hverfa við að tölur mundu birtast nánast um leið og kjörstöðum væri lokað. Út af fyrir sig dytti spennan úr kosningunum við það að bíða ekki heilt kvöld eða fram á morgun eftir því að fá úrslit hér og hvar úr kjördæmum og sveitarstjórnum. Ég lít svo á að þetta séu ekki nein rök sem haldi til lengdar, enda held ég að flestir séu sammála um að rafrænar kosningar yrðu þegar upp er staðið öruggari, nákvæmari og hraðari.

[11:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að hv. þm. er sammála okkur í minni hlutanum um réttindi Norðurlandabúa og geri ráð fyrir að hann muni styðja þá brtt. sem liggur hér fyrir og ég trúi að þeir verði örugglega fleiri.

Varðandi rafrænu kosningarnar er ekki rétt að menn hafi ekki talið unnt að koma á rafrænum kosningum. Þeir töldu það ekki unnt eins og lögin eru í dag og þess vegna hefði auðvitað þurft að koma með brtt. til þess að það væri unnt. Því erum við komin með brtt. um að þeir sem hafi hug á því að reyna rafrænar kosningar geti gert það ef þeim hugnast það, þ.e. í næstu kosningum með því að setja inn bráðabirgðaákvæði um rafrænar kosningar.

Umræðan um að handtalningin magni upp spennu um úrslit kosninganna þá er það auðvitað alveg rétt, en með rafrænum kosningum er líka hægt að ákveða hvenær upplýsingar eru birtar. Menn geta stjórnað því nokkuð sjálfir hvenær upplýsingar um niðurstöðu kosninga eru birtar þannig að ef menn vilja halda upp á það að kvöldi, þá er hægt að ákveða að kosningaúrslit verði birt um miðnætti eða hvenær sem menn ákveða slíkt.

Ég gat ekki heyrt annað, herra forseti, á hv. þm. en að hugur hans stæði til þess að styðja báðar brtt. sem koma fram frá okkur í minni hlutanum, annars vegar þess sem snýr að

Norðurlandabúunum og hins vegar því sem snýr að rafrænni kosningu því að hann taldi að það væri framtíðin og ég er alveg sammála hv. þm. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að bráðabirgðaákvæði sé um slíka heimild.

Varðandi kostnaðinn þá kostar það auðvitað að koma á algerlega rafrænni kosningu en að reyna þetta á nokkrum stöðum ætti ekki að vera svo kostnaðarsamt.

[11:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að rafrænar kosningar séu ekki mögulegar vegna þess að lagatæknilega séð er ekki hægt að gera þetta þannig úr garði að öruggt sé. Þess vegna get ég ekki stutt brtt. um rafrænar kosningar samhliða kosningum með gamla laginu en hefði að sjálfsögðu tekið undir þær hugmyndir í nefndinni ef ég hefði álitið svo vera. Mér heyrðist á fulltrúum bæði dómsmrn. og félmrn. að rafrænar kosningar væru ekki mögulegar af þeim ástæðum.

Í sambandi við hitt málið sem lýtur að kosningarrétti Norðurlandabúa, þá er ég sammála þeirri brtt. að gefa eigi Norðurlandabúum tækifæri til að kjósa hér með sama hætti og við fáum tækifæri til að kjósa hjá þeim til sveitarstjórna. Ég hef ekki fengið nein rök gegn því. Ég taldi mig hafa sagt það áðan að ég liti svo á að einhver misskilningur væri frá ráðuneytinu eða þeim sem útbjuggu þessa lagabreytingu að þetta skyldi ekki vera þarna núna. Þetta var rætt í nefndinni, ég vil taka það fram, og það eru, eins og menn sjá, þrjú álit. Ég ræddi þá skoðun mína að mér fyndist réttlátt og eðlilegt að sú breyting yrði að Norðurlandabúar sætu allir við sama borð.

[11:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að þetta var rætt í nefndinni um Norðurlandabúana en það komu engin rök fram um hvers vegna aðrar reglur ættu að gilda um þá hér en á Norðurlöndunum. Það væri auðvitað fróðlegt að fá þau rök fram í umræðunni og nánast nauðsynlegt. Ekki voru nein rök um það, bara sagt að ekki væri vilji fyrr því hjá stjórnarmeirihlutanum að ganga lengra hvað varðar frændur okkar frá Norðurlöndum.

Varðandi rafrænu kosningarnar þá held ég að einhvers misskilnings gæti hjá hv. þm. Lagatæknilega var það ekki hægt vegna þess að það var ekki í frv. Aftur á móti ef brtt. frá okkur yrði samþykkt, þá væri lagatæknilega hægt að vera með rafrænar kosningar að hluta til hjá þeim sveitarfélögum sem óska eftir því.

Öryggið er í lagi nema það kom fram í nefndinni að ekki væri í næstu framtíð hægt að gera ráð fyrir að beinu lýðræði yrði komið á þannig að menn gætu kosið t.d. í gegnum tölvu. Þar væri öryggið ekki fyrir hendi og mundi ekki verða í næstu framtíð þannig að það væri langtímamarkmið að huga að því. En rafrænar kosningar og rafrænir kjörstaðir ættu að geta verið hér samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu hjá þeim sem vilja hafa þær ásamt hinum venjulegu hefðbundnu kosningum.

[11:11]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé enginn misskilningur hjá mér. Þetta kom fram hjá ráðuneytismönnum og ég held að allir sjái að búið er að vera að þróa lög um kosningar til sveitarstjórna og til Alþingis síðan við byrjuðum að kjósa. Við þekkjum það sem höfum staðið í þessu hve auðvelt hefur verið að misskilja lagatextann og greiða hefur þurft úr flækjum vegna vafaatkvæða og hinna og þessara uppákoma sem verða þegar verið er að kjósa. Þessi lög hafa að sjálfsögðu þróast miðað við þá reynslu sem menn hafa fengið eftir kosningar hverju sinni.

Að halda að hægt sé að breyta þessum lögum bara á nokkrum vikum þannig að þau geti talist fullnægjandi, finnst mér í rauninni barnaskapur að ímynda sér. Ég verð að segja það. (Gripið fram í.) Mér finnst það einum of mikil bjartsýni að ímynda sér að hægt sé að breyta þessum lögum á svo skömmum tíma.

[11:12]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar kom fram að um einhvern lapsus í félmn. hafi verið að ræða að ekki væru teknar inn breytingar varðandi Norðurlandabúana. Ég vil að það komi skýrt fram að þar var ekki um neinn lapsus að ræða. Þetta var einfaldlega ákvörðun sem meiri hluti félmn. stendur að í því nál. sem hér liggur fyrir. Frv. gerði ekki ráð fyrir að teknar væru inn breytingar varðandi Norðurlandabúana, enda hafa þeir sömu réttindi og þeir hafa haft hér um árabil. Ráðherra lagði ekki til að breyting yrði á því að þessu sinni og meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að breyta því og lagði þess vegna til að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það var lagt fram á Alþingi með þeim breytingum á kosningalögunum sem þar eru gerðar.

Ég vildi að þetta kæmi fram, hæstv. forseti, að nefndin tók þá afstöðu mjög yfirvegað og að engin handvömm væri í því, ef þetta orð, lapsus, sem þingmaðurinn notaði ætti að þýða það. Ég vil jafnframt taka fram að þar sem hv. þm. á sæti í félmn. hafði hann öll tækifæri til þess að koma fram með brtt. ef hann vildi.

[11:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki orðið var við það í nefndarstarfi að menn kæmu með skriflega tillögu ef þeir vildu fá einhverjar breytingar á lögum eða þáltill. (Gripið fram í.) Ég sagði á fundi með nefndinni, ég vona að það hafi verið bókað, að ég teldi eðlilegt að Norðurlandabúar hefðu sama rétt til sveitarstjórnarkosninga og við hefðum annars staðar á Norðurlöndunum. Ég sagði það í nefndinni. Það getur vel verið að ekki muni það allir í nefndinni en ég veit að ég hafði þessi orð á nefndarfundi. Það er aftur allt annað mál hvernig það er svo hantérað.

Ég viðurkenni að ég var ekki á nefndarfundi þegar þetta mál var afgreitt og þess vegna útskýrði ég það áðan að ef ég hefði verið á fundinum, þá hefði ég verið með fyrirvara.

Ef ég hef sagt að það væri lapsus hjá nefndinni, þá var það ekki meining mín. Ég lít svo á að einhver yfirsjón hafi verið hjá þeim sem undirbjuggu frv. og lögðu það fyrir þingið, að taka þetta ekki með nefndarstarfinu og setja það í lagafrv. eins og það kom fyrir þingið og nefndina. Ég var ekki að meina að formaðurinn hefði gert einhver mistök að þessu leyti.

Það er svo aftur alveg rétt hjá hv. formanni að þetta er búið að vera svona lengi. Norðurlandabúar hafa búið við það hér að vera ekki með sömu réttindi og aðrir Norðurlandabúar veita okkur, en ég get ekki séð að það sé nein afsökun.

[11:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég fagna því efnisatriði í frv. sem kveður á um rétt útlendinga til kosninga við sveitarstjórnir og kjörgengis til þeirra. Hér er um að ræða nýmæli sem er fyllilega þarft. Ég vil minna á að ég varpaði fram hugmynd um það í umræðu fyrir nokkrum árum á Alþingi þegar við vorum að fjalla um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, að rétt væri að huga að þessari breytingu þannig að útlendingar sem hér lifa og starfa og hafa gert árum saman og taka á sig þær skyldur sem fylgir því að búa hér, svo sem að greiða skatta og annað slíkt, öðlist samhliða þann rétt sem fylgir því sem aðrir íbúar eiga í sveitarfélögum. Ég tel því að breytingin sem frv. gerir ráð fyrir sé mikið framfaraspor og mun styðja hana þó svo að ég leyni því ekki að ég hefði talið rétt og eðlilegt að framkvæma breytinguna að þessu sinni á þann hátt að ekki væri mismunur á réttindum útlendinga eftir þjóðerni.

Ég hef ekki fengið rök fyrir því að rétt sé að mismuna útlendingum hérlendis að þessu leyti, þ.e. eftir því hvort þeir eru fæddir á Norðurlöndum eða annars staðar.

Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið fyrr í umræðunni þar sem því er í raun beint að félmrh. að hann hafi ekki lagt fram frv. öðruvísi en með þessum hætti og þess vegna megi rekja það til hans að frv. sé svona úr garði gert, er rétt að það komi fram að við undirbúning málsins var gert ráð fyrir því að þessi réttur væri sá sami fyrir alla útlendinga. En það er eins og gengur í stjórnarsamstarfi að menn þurfa að ná saman um hlutina og niðurstaðan varð sú sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel því að menn eigi ekki að beina þeirri ábyrgð til félmrh. að hafa gengið frá málum eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég held að það sé ósanngjarnt og ekki réttlætanlegt að setja málið þannig upp að ætla megi að félmrh. standi gegn því að réttindi útlendinga að þessu leyti séu samræmd.

Ég vil hins vegar segja að málið er framfaraspor og oft er það þannig með framfaraspor að þau koma í áföngum. Náðst hefur samkomulag um þennan áfanga og er eðlilegt og sjálfsagt að standa við það samkomulag. Hitt kemur vonandi seinna þegar mönnum hefur tekist að tala fyrir því og öðlast meiri stuðning við það sjónarmið að réttindin verði samræmd. Ég er í engum vafa um það að það mun koma fyrr eða síðar.

Umræðu frestað.

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (frestir, umboðsmaður o.fl.). — Þskj. 723, nál. 1074, brtt. 1075.

[11:21]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum. Það er álit iðnn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín gesti og margar umsagnir. Hér er í rauninni um mjög einfalt frv. að ræða. Það er lagt fram í því skyni að laga lög um einkaleyfi að breytingum á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi og koma á því fyrirkomulagi að umboðsmenn einkaleyfishafa þurfi ekki að vera búsettir hér á landi, en það skilyrði núgildandi laga stríðir gegn meginmarkmiðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálst flæði þjónustu.

Í sjálfu sér er ekki mikið meira um þetta að segja. Þetta kemur skýrt fram á nál. á þskj. 1074. Nefndin gerir þó tillögu um smávægilegar breytingar sem jafnframt er gerð grein fyrir á þskj. 1075.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem er að finna á þskj. 1075. Undir nál. rita allir þeir sem sátu fundinn í hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 468, nál. 907, brtt. 908.

[11:23]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. vegna frv. til laga um breyting á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði allmikið um þetta mál. Það var sent til umsagnar og komu gestir á fund nefndarinnar svo sem getið er um í nál.

Nefndin gerir allnokkrar tillögur til breytinga á frv. Þær eru í níu liðum. Ég mun nú gera grein fyrir þessum brtt.

Í 1. lið brtt. er lagt að 3. efnismgr. 2. gr. frv. falli niður. Mál þetta snýst um hvort gera eigi þá kröfu að fyrirtæki sem færa ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðlum færi samhliða bókhald í íslenskum krónum. Eftir mikla umfjöllun varð niðurstaða nefndarinnar sú að ekki væri þörf á slíku heldur að grunnbókhaldið yrði aðeins í þeirri erlendu mynt sem fyrirtækin veldu sér.

Í 2. lið brtt. er gerð orðalagsbreyting fyrst og fremst til þess að fyrirbyggja misskilning. Hún snýst um hvað orðin „á starfsstöð" þýða.

Í 3. lið brtt. er orðalagsbreyting til samræmingar.

Í 4. lið brtt. er líka breyting á orðalagi til frekari skýringar. Spurningin snýst um hvar starfsemi félaga sé eða hvar viðskipti þeirra séu og hvernig farið er með slík mál. En fyrst og fremst er hér um að ræða skýringaratriði.

Í 5. lið brtt. er nokkuð veigamikil breyting sem fjallar um það að almennt gildi það svo að félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skuli umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó sé heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt verði heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gilti þegar innborganir fóru fram. Þetta er mikilvægt atriði til þess að þessar breytingar geti gengið betur fyrir sig.

Í 6. lið brtt. er gert ráð fyrir því að hægt sé að sækja um heimild til 30. apríl í stað 28. febrúar. Þetta stafar af því hvað hefur dregist að afgreiða málið.

Í 7. lið brtt. er fjallað um ákvörðun á skattstofnum og að sú umreikningsaðferð sem þarna er lögð til verði almennt viðurkennd í reikningsskilum þegar verið er að reikna fjárhæðir úr starfrækslugjaldmiðli yfir í annan gjaldmiðil þannig að þetta verði tiltölulega auðvelt í notkun.

Hér er um að ræða breytingu á skattalögunum og er í sjálfu sér ekki annað að segja um þetta en það að þegar fyrirtæki færa bókhald sitt og ársreikning í erlendum gjaldmiðli þá fylgir því ákveðið vandamál, því að ef tekjur fyrirtækisins eru flæðistærð sem verður til í erlendum gjaldmiðli þá er spurning hvernig þær tekjur umreiknast yfir í íslenskar krónur og hvernig skattur er lagður á, en almennt séð eru tekjur fyrirtækisins í erlendum gjaldmiðli útgangspunktur fyrir skattlagningu. Að öðru leyti má segja að þessar breytingar hafi engin áhrif á skattgreiðslu fyrirtækja. Eina álitamálið er í rauninni spurningin um tekjuskatt fyrirtækjanna. Það er ekkert álitamál varðandi virðisaukaskatt eða slíka skatta þar sem yfirleitt liggur fyrir hvernig skattkröfur myndast.

Í 8. lið brtt. er fjallað um tæknilegar breytingar sem snúa að launagreiðslum og slíkum þáttum, en ekki er reiknað með því að það hafi nein áhrif á núverandi framkvæmd.

Loks er í 9. lið brtt. lögð til breyting á gildistökuákvæði frv. þannig að lögin öðlist gildi í rauninni við samþykkt en að komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2002, þannig að fyrirtæki geti breytt um miðað við áramót 2002.

Virðulegi forseti. Þetta er í stuttu máli yfirlit yfir þær brtt. sem efh.- og viðskn. gerir á frv., en hún leggur til að málið verði samþykkt.

[11:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og sjá má af nál. og brtt. með þessu frv. hefur málið tekið miklum breytingum í meðferð nefndarinnar. Nefndin flytur fjölda brtt. við frv. um bókhald og ársreikninga. Með þessum breytingum hefur náðst víðtæk samstaða um þetta mál. Ríkisskattstjóri gerði töluvert miklar athugasemdir við málið eins og það var lagt fram, sérstaklega að því er varðar áhrif á skattframkvæmdina sem hann taldi að gæti orðið allvíðtæk, og síðan áhrif á skattlagninguna sem gæti orðið nokkur.

Herra forseti. Fram kom hjá ríkisskattstjóra um skattframkvæmdina og þau óæskilegu áhrif sem frv. eins og það leit út í upphafi gæti haft, að það þyrfti að lágmarki að sjá til þess að þrátt fyrir breytingar verði þeim félögum sem velja að halda bækurnar í erlendum gjaldmiðli skylt að halda og skila til skattyfirvalda upplýsingum í íslenskum krónum sem varða skil á tryggingagjaldi, virðisaukaskatti og öðrum sköttum.

Að því er varðar áhrif á skattlagninguna sjálfa þá taldi ríkisskattstjóri að áhrifin gætu orðið nokkur og að því leyti sem þau væru til staðar gæti skapast misræmi milli þeirra sem lúta almennum íslenskum bókhaldsreglum og hinna sem kjósa að nota erlendan gjaldmiðil við færslu á bókhaldi sínu. Þessi áhrif á skattlagninguna gætu orðið á hvorn veginn sem er, en það breytir engu um það að ekki er æskilegt að atriði eins og gjaldmiðill í bókhaldi ráði skattlagningu. Taldi ríkisskattstjóri það einkum vafasamt ef svo háttar að sumir skattaðilar geti valið sér léttari skattlagningu en almennt gerist.

Herra forseti. Á þessum athugasemdum hefur verið tekið í góðu samkomulagi milli nefndarinnar, ríkisskattstjóraembættisins og fjmrn. þannig að málið er í þeim búningi að við fulltrúar Samfylkingarinnar getum sætt okkur við það eins og það lítur út núna og munum greiða því atkvæði þegar það kemur til atkvæðagreiðslu.

[11:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessu frv. er ætlað að heimila íslenskum félögum sem uppfylla tiltekin skilyrði að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Miðað er við að þau félög og fyrirtæki sem fá þessa heimild notfæri sér hana í a.m.k. fimm ár nema þau hætti á einhverjum tíma að uppfylla skilyrðin fyrir notkun hennar. Þetta fyrirkomulag er lagt til svo að jafnvægi náist og skammtímahagsmunir ráði ekki ferðinni við samningu ársreiknings hverju sinni. Í frv. er einnig gert ráð fyrir breytingum á skattalögum til að tryggja að skattstofn þeirra félaga sem nýta sér heimildina verði áfram í íslenskum krónum.

Það sem við höfðum að leiðarljósi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þegar við ræddum þessi mál var tvennt. Í fyrsta lagi teljum við mikilvægt að skapa íslenskum fyrirtækjum sem best rekstrarumhverfi og reyna að tryggja í lögum að hagsmunir þeirra séu sem best tryggðir. Þar hefur verið bent á að það sé hagræði af því fyrir fyrirtæki sem hafi umfangsmikla starfsemi á erlendri grundu að geta haft þann hátt á sem lagt er til í frv.

Á hinn bóginn teljum við að sjálfsögðu mjög mikilvægt að farið sé að vilja og ráðleggingum íslenskra skattyfirvalda þannig að ríkissjóður verði ekki hlunnfarinn í neinu. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. eru mjög í þessa veru. Við teljum, þegar á heildina er litið, að þetta frv. sé atvinnufyrirtækjum til hagsbóta og þess vegna veitum við því stuðning.

Sá misskilningur hefur stundum verið uppi að til þess að greiða götu atvinnulífs á Íslandi sé bara ein lausn fyrir hendi, þ.e. að ganga í Evrópusambandið. Margir telja að það sé fyrst og fremst til þess fallið að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs. Við teljum það af og frá. Við höfum bent á að innganga í Evrópusambandið grafi undan fullveldi þjóðarinnar á ýmsum sviðum en á hinn bóginn er greinilegt að við getum, bæði gagnvart Evrópusambandinu og öðrum aðilum, gripið til ráðstafana eins og þetta frv. hér er dæmi um, sem stefna að þessu sama markmiði án þess að við þurfum að burðast með heilt bírókratí frá Evrópu á bakinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 11:35]

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða ápekkra atvika, 1. umr.

Frv. VE o.fl., 705. mál (framlenging ábyrgðar). — Þskj. 1129.

[11:47]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða ápekkra atvika, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Þetta er býsna langt nafn á einum lögum. En frv. er hins vegar afar stutt, í tveimur greinum og þar

af er ein efnismálsgrein og ein gildistökugrein. Málið snýst um að framlengja heimild sem ríkissjóður hefur haft til að taka á sig þessa ábyrgð frá 10. apríl 2002 til ársloka 2002.

Mál þetta hefur komið hér til umræðu áður, fyrst vegna staðfestingar á bráðabirgðalögum, síðan til framlengingar, og málið er þess vegna þekkt hér í þinginu. Staðan er sú núna að það var ákveðinn tímapunktur, sem var 31. mars. Þá var spurningin um hvort aðildarríki Evrópusambandsins og Bandaríkin mundu fella niður sambærilegar tryggingar eða sambærilega ábyrgð ríkisins vegna þessara mála. Það hefur síðan komið fram að þessi ríki hafa ákveðið að framlengja tryggingarnar um 60 daga. Það þýðir að ef við ætluðum að fylgja aðferðinni sem þar er beitt hefði tímabilið runnið út á þeim tíma sem þingið situr ekki. Þess vegna er nauðsynlegt að veita heimild til að framlengja þessa tryggingu þannig að íslenskir flugrekendur sitji við sama borð og aðrir. Við fylgjum með þessu eftir því fyrirkomulagi sem aðrir eru með.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn. Fyrirhugað er að halda fund í nefndinni nú í hádeginu og hefur orðið samkomulag um það við alla aðila í nefndinni að haldinn verði slíkur fundur, þar sem farið verði yfir málið. Ég vona að þetta mál geti átt greiða leið í gegnum þingið. Það er nauðsynlegt vegna þeirra dagsetninga sem liggja fyrir.

[11:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er enn og aftur verið að framlengja frv. sem ég hef haft afskaplega miklar efasemdir um vegna framkvæmdar þess. Mig langar til að spyrja hv. formann efh.- og viðskn., flutningsmann þessa máls, Vilhjálm Egilsson, að því hver sé hámarksáhætta eða hámarkstjón sem íslenska ríkið geti orðið fyrir ef allt færi á versta veg varðandi þetta mál. Ef hryðjuverkamenn tækju röð af íslenskum flugvélum. Vil ég spyrja: Hver er áhætta íslenska ríkisins?

Ég hef margoft bent á að fjmrh. ætti fyrir hönd ríkissjóðs að leita leiða til að fá aðrar þjóðir í gagnkvæmt endurtryggingarsamkomulag um þetta mál sem minnkaði áhættu allra aðila sem að því koma. Mér skilst að það hafi ekki enn verið gert. Ég vil því spyrja hv. flutningsmann, Vilhjálm Egilsson, hvort honum sé kunnugt um að íslenska ríkið hafi minnkað áhættu íslenska ríkisins með því að gera gagnkvæmt endurtryggingarsamkomulag við aðrar ríkisstjórnir.

Hér er um að ræða mál sem er þvílíkt að stærð að það mundi jafnast á við móðuharðindi ef mestu áföll sem hér er verið að ræða um mundu dynja yfir.

[11:52]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi spurningu hv. þm. Péturs Blöndals þá vil ég taka fram að það gefst tækifæri til að spyrja fulltrúa fjmrn. sérstaklega að því við umfjöllun nefndarinnar hvort ríkið hafi lagt eitthvað á sig til þess að reyna að koma á fót einhverju alþjóðlegu samstarfi um endurtryggingar eða hvort slíkt gagnkvæmt bandalag milli Íslands og annarra þjóða hafi verið í myndinni.

Varðandi kostnaðinn hefur áhættan farið minnkandi. Hún var, að því mér skilst, mjög veruleg eftir 11. sept., þ.e. fyrst þegar þessi trygging var veitt. En síðan hefur áhættan farið lækkandi og því ekki alveg nákvæmlega sama áhætta núna og var þegar tryggingin var upphaflega tekin. En ef öllum flugvélum sem Íslendingar eiga yrði grandað í einu með hryðjuverkum eða slíku þá yrði kostnaðurinn að sjálfsögðu yfirþyrmandi fyrir ríkið en ég hygg að afar litlar líkur séu á að slíkt tjón geti orðið.

[11:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fyrstu útgáfu þessa frv. var áhættan að mig minnir 2.700 milljarðar ísl. kr., þ.e. tvöföld öll eign íslensku þjóðarinnar og sennilega áttföld fjárlög ríkisins. Þetta yrði því meiri háttar áfall ef það kæmi upp. Mér er líka kunnugt um að þessi áhætta hafi minnkað en mér þykir undarlegt að flutningsmanni sé ekki kunnugt um hvaða áhætta felst í frv. sem hann flytur sjálfur. Ég óska eftir því að þetta verði kannað mjög nákvæmlega á fundi efh.- og viðskn. og einnig hvort menn hafi gert slíkan gagnkvæman endurtryggingarsamning, sem ég spyr um. Það er hægt að gera gagnkvæman endurtryggingarsamning milli tveggja ríkja, það þarf ekki heilt alþjóðasamstarf til þess. Íslendingar gætu, t.d. ef þeir eiga gott samstarf við Þýskaland, gert gagnkvæman endurtryggingarsamning við það ríki og minnkað áhættu beggja ríkjanna, þ.e. við tækjum þátt í því ef þeir lentu í tjóni, náttúrlega sáralítið, og þeir mundu taka þátt í okkar tjóni og þá að verulegum hluta.

Það þarf ekki einu sinni að hafa nein iðgjöld í slíkum samningi. Þetta væri gagnkvæmur endurtryggingarsamningur á milli tveggja ríkja. Og hann gæti verið tvíhliða, við Noreg eða hvaða ríki sem er.

Ég skora því á hv. þm. að beita sér fyrir því í efh.- og viðskn., sem ég á ekki sæti í, að lagt verði hart að íslensku ríkisstjórninni að leita slíkra leiða.

[11:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Meiri hluti efh.- og viðskn., með formann nefndarinnar í broddi fylkingar, flytur þetta mál. Ég vil taka það fram strax að Samfylkingin hafnaði því að vera með þeim í að flytja málið en eigi að síður er það svo að við munum greiða fyrir því að málið fái afgreiðslu í dag vegna þess að það er brýnt.

Ástæðan fyrir því að við vildum ekki flytja málið með þeim er, herra forseti, að ef það hefði verið gert hefði ekki verið hægt að taka það til rannsóknar eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal reifar einmitt að nauðsynlegt sé.

Ég er algjörlega sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um að hér er um mál að ræða sem ekki er hægt að líta á sem einhvers konar sjálfsafgreiðslumál. Hér er um gríðarlegar fjárhæðir að tefla. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur áður bent á að líkast til, ef allt færi á hinn allra versta veg, næmi ábyrgðin sem ríkið bakar sér með þessu frv., tvöföldum eigum íslensku þjóðarinnar og hún er svo há að það tæki þjóðina sennilega tíu ár að vinna fyrir henni.

Nú er það auðvitað svo, herra forseti, að það eru hverfandi, nánast engar líkur á að til þess kæmi. Hins vegar er ýmislegt í þessu frv. ekki nægilega skýrt. Það er lýðræðislegur réttur okkar sem sitjum á þinginu að fá að brjóta mál af þessu tagi til mergjar áður en menn afgreiða það með einhvers konar flýtiafgreiðslu hér í þinginu. En jafnframt er líka lýðræðisleg skylda okkar gagnvart þeim sem við störfum fyrir að kafa í málið.

Málavextir eru öllum ljósir. Það er þannig, herra forseti, að í lána- og flugvélaleigusamningum íslenskra flugrekenda sem stunda flug til og frá Íslandi er almennt kveðið á um að flugrekandi skuli vera vátryggður fyrir tiltekinni lágmarksfjárhæð gegn hverju einstöku tjóni af völdum viðkomandi

loftfars sem kynni að verða hjá þriðja aðila vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. sept. og vegna þeirrar óvissu sem í kjölfarið ríkti sögðu vátryggingafélög um allan heim upp slíkum ábyrgðartryggingum. Þau tilkynntu flugrekendum að þau mundu aðeins veita lítinn hluta af þeirri vátryggingavernd sem til þessa hefði verið veitt. Í kjölfar þessara atburða tilkynntu lánveitendur íslenskra flugrekenda og eigendum flugvéla að þeir litu svo á að með því að nema burt tryggingaverndina fæli það í sér vanefndir á viðkomandi lána- og flugvélaleigusamningum. Á þeim tíma lá þess vegna fyrir að allt flug mundi stöðvast ef ekki tækist með einhverjum hætti að útvega íslenskum flugfélögum slíka vernd. Erlendis var sú leið farin að ríkið tók að sér að tryggja endurtryggingarverndina. Það þótti að sjálfsögðu fullkomlega réttmætt að íslenska ríkið gerði slíkt hið sama til að koma í veg fyrir að samgöngur til og frá landinu í lofti stöðvuðust og til þess að íslensk flugfélög stæðu jafnfætis erlendum flugfélögum hvað þetta varðar.

Þess vegna var það svo að hæstv. forsrh. kvaddi á sinn fund leiðtoga stjórnarandstöðuflokkanna. Það var sjálfsagt mál af okkar hálfu, nánast án umhugsunar á þeim tíma vegna þess að tímalegar nauðir ráku svo fast á málið, að við styddum þá tilhögun. Við studdum þau bráðabirgðalög og höfum til þessa stutt allar þær framlengingar sem þurft hefur að gera á þessum heimildum.

Herra forseti. Hins vegar er um svo gríðarlegar upphæðir að tefla að ekki er hægt að líta á þetta sem einhvers konar sjálfsafgreiðslumál. Ég verð að segja að ég er algjörlega undrandi á þeim vinnubrögðum hæstv. fjmrh. að flytja þetta mál ekki sjálfur, að óska eftir því að efh.- og viðskn. flytji málið.

Ef það hefði verið gert — og ég vil sérstaklega vekja eftirtekt hv. þm. Péturs H. Blöndals á því — hefði ekki verið hægt að fara í málið og rannsaka það eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur einmitt bent á að þurfi að gera. Og líkast til hefur enginn þingmaður í þessum sölum jafnmikla sérþekkingu á tryggingamálum og einmitt hv. þm. sem, ef minni mitt brestur ekki, aflaði sér mikillar menntunar á því sviði áður en hann rak hingað á fjörur okkar í þinginu.

Ýmislegt í þessu máli þarf að skoða. Í fyrsta lagi hefur komið fram við fyrri umræður um þetta mál í þinginu að íslenska ríkið virðist taka á sig að endurgreiða að fullu það tjón sem kynni að verða. Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir höfum áður gengið eftir því hvað í þessu felist, hvers konar samningar séu á milli ríkisins, milli hins norræna frumvátryggjanda og fulltrúa hans hér á landi sem er Sjóvá-Almennar. Taka frumvátryggjendurnir einhverja áhættu á sig? Ef ekki, hvernig stendur þá á því að þeir fá í sinn hlut 15% af iðgjaldinu? Það er nokkuð mikið og mun hærra en ég átti að venjast þegar ég var í þessari grein hér á árum fyrri. Þetta þarf auðvitað að skoða.

Ég verð að segja líka að það kemur mér spánskt fyrir sjónir að heyra það núna hjá 1. flm. þessa máls að áhættan sem íslenska ríkið bakar sér með því að takast á hendur þessa vernd hefur minnkað frá upphafi málsins. Ég gerði mér ekki grein fyrir því. Þetta þarf auðvitað að skoða.

Síðan þurfum við líka að skoða það í nefndinni hvort nauðsynlegt sé að veita þessa miklu vernd svona langt fram í tímann. Í greinargerð frv. kemur fram að aðrir sem standa í sömu sporum fá þessa vernd til 60 daga núna. Hvers vegna 60 daga? Vegna þess að talið er að í bígerð sé að bjóða upp á einhvers konar samninga um endurtryggingar og tryggingar sem gætu leyst þetta mál.

Nú var okkur tjáð þegar málið kom síðast til kasta þingsins að þess væri skammt að bíða að alþjóðleg tryggingafélög mundu bjóða upp á einhvers konar vernd sem dygði. Þá vísa ég til þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur áður í umræðum um þetta mál upplýst að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafði væri hægt að kaupa sér slíkar tryggingar, en þær væru að vísu fokdýrar. Hversu dýrar, herra forseti? Svo dýrar að þær nema 300 kr., samkvæmt því sem ég minnist að hv. þm. taldi þá, á hvern miða. Það er nú ekki gríðarlega mikill kostnaður.

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir því að íslenska ríkið taki á sig þessa vernd til loka ársins. Ég spyr: Af hverju er nauðsynlegt að láta ríkið fá heimildina svona langt fram í tímann? Ég geri mér grein fyrir því að þessu þingi lýkur senn og fyrr en ella vegna sveitarstjórnarkosninga. Það er kannski umhendis að kveðja þingið saman ef talið er nauðsynlegt að framlengja þessa heimild í sumar. En þingið kemur aftur lögum samkvæmt saman 1. október. Ég spyr því hv. þm. Vilhjálm Egilsson hvort hann telji ekki meiri varfærni fólgna í því að við mundum einungis veita ríkinu eða framkvæmdarvaldinu þessa heimild til t.d. 10. október.

Það er alveg ljóst að ýmis mál þarf að skoða. Í fyrsta lagi: Af hverju þarf að láta ríkið fá þennan langa tíma? Í öðru lagi: Hver er raunveruleg áhætta íslenska ríkisins? Í þriðja lagi: Hvernig skiptist hún á milli ríkisins sem endurtryggjanda og síðan hinnar norrænu samsteypu sem frumvátryggjanda? Í fjórða lagi: Hver er hlutur Sjóvár-Almennra? Þetta þarf að skoða, herra forseti.

Almennt vil ég svo segja að Samfylkingin mun greiða fyrir þessu máli og ef nauðsynlegt er að það verði að lögum í dag þá munum við styðja það. Hins vegar er algjörlega fráleitt að ætla sér að reka þetta mál í gegnum þingið án þess að það komi til kasta þingnefndar, án þess að þingnefnd brjóti það til mergjar. Það er einfaldlega lýðræðisleg skylda okkar og ættu að vera sjálfsögð vinnubrögð vegna þess að hér eru svo miklir fjármunir í húfi.

[12:05]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það fram að áhættan fyrir ríkið hefur minnkað vegna þess að í fyrsta lagi er hægt að kaupa á markaði hærri grunntryggingu en áður var. Í öðru lagi hefur verið hægt að ná fram lækkun á þeim tryggingakröfum sem mundu verða gerðar á hendur flugrekendum ef illa færi. Þetta eru grunnástæðurnar fyrir því að áhættan hefur minnkað. Þetta er hins vegar bara áframhaldandi ferli að reyna að ná utan um þessa hluti.

Varðandi dagsetninguna í haust, sem hv. þm. nefndi þá kom sú dagsetning til umræðu þegar framlengingin til 10. apríl var veitt. Það var ákveðin stemning fyrir því í nefndinni á þeim tíma að miða við haustið og vera ekki að koma með málið aftur inn hér í vor. Fulltrúar fjmrn. vildu hins vegar hafa þessa dagsetningu inni og það var tillaga frá fjmrn. að hafa þetta inni til 10. apríl. Þess vegna tók nefndin það upp.

Ég tel í sjálfu sér ekkert áhorfsmál hvort miða skuli við 10. október, 1. nóvember eða 31. desember. Ég tel hins vegar að við höfum tekið á hinu háa Alþingi ákveðna prinsippafstöðu til þessa máls og að ríkið ætli sér að taka þátt í þessu með sama hætti og gert er í nágrannalöndum okkar. Þess vegna hef ég ákveðið að standa að þessu og flytja þetta mál.

[12:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fyrir að veita þessar upplýsingar. Mér var þetta ekki ljóst áður. Ég vissi ekki að áhætta ríkisins hafði minnkað né heldur að kostnaðurinn væri minni. Ég gerði mér ekki grein fyrir því. Þetta er auðvitað eitt af því sem við þurfum að skoða í nefndinni. Mér finnst að þegar um er að tefla svona mikla hagsmuni þurfi að ná vel utan um málið. Við þurfum að gera okkur nákvæmlega grein fyrir því hvað sé á ferðinni. Það gerum við einfaldlega ekki. Ég held að engum þingmanni nema e.t.v. hv. formanni efh.- og viðskn. sé nákvæmlega ljóst hvað í þessu liggur, hver kostnaðurinn sé og hver áhættan sé.

Herra forseti. Í öllu falli finnst mér ekki góð vinnubrögð að ætla að keyra þetta í einum rykk í gegnum þingið án þess að viðkomandi fagnefnd brjóti þetta mál til mergjar eins og vera ber. Ég held að við þurfum að vera algjörlega klár á því hvað við séum að gera hérna.

Málið er mjög óvanalegt. Það er mjög óvanalegt að ríkið grípi inn í mál með þessum hætti. Það var nauðsynlegt vegna þess að ella hefðu flugsamgöngur stöðvast. Við skiljum alveg nauðsyn þess og við styðjum það að gripið sé til þeirra úrræða sem nauðsynleg eru. Spurningin er: Eru þau úrræði sem hér eru lögð til algjörlega nauðsynleg? Er þessi langi tími algjörlega nauðsynlegur? Getur verið að hægt sé að kaupa einhvers konar tryggingar, þá e.t.v. við hærra verði, sem gerðu það að verkum að íslenska ríkið þyrfti ekki að fara með þessum hætti inn í málið?

Fyrst verið er að framlengja málið á þennan hátt hljóta menn síðan að skoða hvort hægt sé að gera endurtryggingarsamninga við önnur ríki. Hv. þm. Pétur Blöndal nefnir Noreg. Ef hægt er að gera slíkan samning við Noreg þá þýðir það að áhætta *íslenska ríkisins verður bara* $^{1}/_{20}$ *af því sem* hún hefði ella verið. Ef við gerðum slíkan samning við öll Norðurlöndin mundi hún sennilega minnka niður í 1% af því sem hún ella væri.

[12:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er einn flutningsmanna þessa frv. Hvers vegna? Jú, ég tel að við eigum ekki annarra kosta völ en að samþykkja þetta frv. sem við í rauninni tvívegis áður höfum samhljóða tekið jákvæða afstöðu til á Alþingi. Einhverjir kunna að hafa setið hjá eða greitt atkvæði gegn því, en yfirgnæfandi meiri hluti var alla vega samþykkur þessu frv. eða sams konar frumvörpum.

Ég tek hins vegar undir þau varnaðarorð sem hér hafa verið höfð uppi, m.a. af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Mér finnst ábendingar þeirra fullkomlega réttmætar. Það er réttmæt ábending að þetta frv. hefði átt að koma fram fyrr þannig að okkur hefði gefist tóm til að fara betur í saumana á þessum málum. Ég tek einnig undir það að þetta á ekki að vera neitt sjálfsafgreiðslumál. Það er rétt ábending hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að hér er um geysilegar upphæðir að ræða sem við eigum að ígrunda vel hvernig við höldum á.

Hér hefur verið rakinn aðdragandi þessa máls, en sem kunnugt er sögðu vátryggingafélög upp ábyrgðartryggingum flugrekenda í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. Í kjölfarið gengust ríkisstjórnir víðs vegar um heiminn í ábyrgð fyrir flugfélögin. Við erum í rauninni að fara að dæmi annarra þjóða, Bandaríkjamanna og Evrópuríkja, þegar við gerum slíkt hið sama.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að þetta frv. kveður á um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila. Ég vil leggja áherslu á að þetta er heimild. Það er unnt að hverfa frá þessu fyrirkomulagi fyrr ef ástæða þykir til. Mér finnst eðlilegt að efh.- og viðskn. skoði þessi mál eftir þessa lagasetningu, eftir að frv. hefur verið lögfest, því að við eigum ekki annarra kosta völ og um það deilir enginn. Enginn deilir um það eða a.m.k. fáir. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kann að hafa uppi gagnrýni. En aðrir hafa lýst samþykki við frv. að öðru leyti. Menn greinir á um tímasetningar. Við eigum ekki annarra kosta völ en að framlengja þessa heimild nú. Hún fellur úr gildi að öðrum kosti 10. apríl og þá stöndum við frammi fyrir því að vera einangruð og án samgangna við umheiminn. Með þessu fyrirkomulagi tekst okkur að halda tryggingum niðri, þ.e. með þessari bakábyrgð ríkissjóðs þannig að þetta er að sjálfsögðu öllum landsmönnum til góðs.

Ég hvet til þess að við förum rækilega í saumana á þessum málum í vor, sumar og þegar þing kemur saman að nýju og ég legg áherslu að hér er fyrst og fremst um heimildarákvæði að ræða. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum styðja þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til sveitarstjórna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (erlendir ríkisborgarar o.fl.). — Þskj. 863, nál. 1010, 1014 og 1016, brtt. 1015 og 1017.

[12:14]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alltaf álitamál hvaða rétt eigi að veita erlendum mönnum sem eru búsettir hér á landi. Hið sama má segja um hvaða réttar við getum krafist ef við erum í öðrum löndum. Í grófum dráttum er ég þeirrar skoðunar að um það hljóti að gilda almennar reglur vegna jafnréttisákvæða stjórnarskrárinnar og þeirra hugmynda sem nú eru uppi um þau efni í veröldinni.

Ég tel eðlilegt að Norðurlandabúar hafi ríkari rétt hér á landi en aðrir varðandi kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna af þeim sökum að þar er um gagnkvæmar heimildir að ræða. Ég man ekki alveg sögu þessa, en ef ég man rétt var gert ráð fyrir því á sínum tíma í áliti eða niðurstöðu nefndar um þessi efni að miða skyldi við þrjú ár, þriggja ára búsetu í hverju landi, og að lögum hafi verið breytt í samræmi við það, en Svíar hafi hins vegar gengið á undan öðrum og veitt ríkari rétt þar en var t.d. hér á landi og í öðrum Norðurlöndum. Þessi réttur, eins og ég man það, var á þeim tíma bundinn við norræna menn og um gagnkvæman rétt var að ræða. Þetta er raunar í samræmi við þau ákvæði sem sett voru í kosningalög eftir að Ísland varð fullveldi 1918. Þá var gert ráð fyrir því að til þess að danskir þegnar hefðu hér kjörgengi og kosningarrétt yrðu þeir að vera búsettir hér á landi í fimm ár og auðvitað átti það búsetuákvæði jafnt við um Íslendinga sem danska menn.

Í því frv. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að óbreytt ákvæði skuli gilda um Norðurlandamenn, að þeir skuli hafa átt lögheimili hér samfellt í þrjú ár fyrir kjördag til þess að hafa hér kosningarrétt. Á hinn bóginn er rétt að minna á að sú

regla gildir í löndum Evrópusambandsins að sama daginn og borgari færir lögheimili sitt þá öðlast hann slíkan rétt. Þannig hafa Spánverjar og Portúgalar atkvæðisrétt til sveitarstjórna í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi sama daginn og þeir flytja til þessara landa, ef þeim svo sýnist, einungis með því að flytja lögheimili sitt.

Ég skil auðvitað vel að þeir menn sem eru áhangendur þess að við göngum í Evrópusambandið skuli sækjast eftir því að þurrka út þann rétt sem íslenskir ríkisborgarar hafa hér á landi með þessum hætti og færa okkur þannig inn í það fjölþjóðasamfélag sem Evrópusambandið er. En þar sem ég er ekki hlynntur því að við Íslendingar göngum í Evrópusambandið get ég ekki undir það tekið.

Það eru að sjálfsögðu engin rök að við á Íslandi þurfum að breyta kosningalögum okkar einungis af því að aðrar hugmyndir eru uppi í þeim efnum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en hér á landi. Ég hygg að nauðsynlegt sé að þetta komi fram, að ég tel að hér sé um gagnkvæman rétt að ræða. Við höfum þennan rétt á öðrum Norðurlöndum og af þeim sökum eru forsendur fyrir því að aðrir erlendir ríkisborgarar en Norðurlandabúar skuli þurfa að eiga heima hér á landi samfellt í fimm ár til þess að öðlast hér kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna.

Ég vil að það sjónarmið mitt komi hér fram að mér finnst eðlilegt að áður en menn hafi rétt til þess að bjóða sig fram eða taka þátt í kosningum til sveitarstjórna þá hafi þeir búið einhvern tíma í viðkomandi landi, hafi áttað sig á kringumstæðum og hafi einhvern grun um hefð og venjur þeirra sem í því landi búa. Að vísu get ég skotið því hér inn sem hæstv. félmrh. skaut að mér áðan. Hann sagði að það væri í raun sama hversu lengi ég byggi í einhverju landi, ég mundi alltaf kjósa íhaldið og rata á þann básinn og má vera að það sé rétt hjá honum.

Ég vil jafnframt að það komi fram að ég er andstæður því að taka upp rafræna kosningu. Við sáum það glögglega í forsetakosningunum í Bandaríkjunum fyrir skömmu að margir ruglast í ríminu ef fara á að beita tækni og flóknum aðferðum við kosningar. Á hinn bóginn höfum við rekið okkur á að flestum þykir einfalt að krossa við bókstafinn með blýanti. Það er einfaldasta og besta reglan. Þetta kunna menn. Ég tel sjálfsagt að þessari reglu sé þess vegna haldið til þess að kosningarréttur manna nýtist og lítil hætta sé á því að atkvæði fari til spillis af því að menn kunna ekki á tæknina. En það er nú eins og það er að sumir eru þannig gerðir að þeir vilja gjarnan halda í það sem vel hefur reynst áður en hlaupið er til. Ég hef ekki fundið það í samtölum mínum við fólk að það sjái neitt athugavert við það þó það mæti á kjörstað eftir venjunni og nýti sér atkvæðisrétt eftir venjunni.

Hitt er auðvitað hálfbroslegt þegar menn eru að blanda þessu saman við það hversu langan tíma tekur að telja. Þá er nú einnig aftur hægt að vísa til Bandaríkjanna. Þetta átti nú allt að vera svo einfalt þar. Allt átti að telja í vélum og allt átti að vera sjálfvirkt. En það tók nú alllangan tíma vegna þess að vafamál voru uppi um hvaða atkvæði væru gild og þar fram eftir götunum. Aðalatriðið er auðvitað að vilji kjósenda komi fram og skiptir þá ekki máli hvort niðurstaða kosninga berst hálfum sólarhring fyrr eða síðar. Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að þessi sjónarmið kæmu fram.

Grundvallarhugsun mín er sú að við eigum að byggja kosningalöggjöf okkar og rétt einstaklingsins á gagnkvæmum samningum við aðrar þjóðir en ekki hlaupa til eftir því sem þar gerist og ákveðið er einhliða af öðrum. Við erum alveg menn til þess að ráða okkar málum sjálf og þurfum ekki að vera með minnimáttarkennd út af því að aðrar Norðurlandaþjóðir vilja halda öðruvísi á málunum en við höfum gert.

[Fundarhlé. — 12:23]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Brtt. 1017,1 felld með 23:13 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GAK, JóhS, KVM, KolH, KLM, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÓ, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, VS, VE.

1 þm. (KPál) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ÁSJ, ÁMM, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér virðist vera eitthvert los á því að menn átti sig alveg á hvað verið er að greiða atkvæði um. Þetta gengur einfaldlega út á að Íslendingar tryggi öðrum norrænum ríkisborgurum sama rétt hér á landi til kosninga til sveitarstjórna og við njótum annars staðar á Norðurlöndunum þannig að norrænir borgarar hér, námsmenn og aðrir, njóti sambærilegra réttinda á Íslandi og Íslendingar njóta annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta er augljóst sanngirnismál og á að vera hluti af því að við stöndum okkur í norrænu samstarfi. Á norrænum vettvangi er vinna í gangi sem miðar að því að leggja niður hindranir af þessu tagi, „grænseløst Norden" heitir það, og það væri algjörlega á skjön við það sem menn eru með á dagskrá í norrænu samstarfi ef hér sæti eftir í löggjöf uppi á Íslandi mismunun af þessu tagi þar sem aðrir norrænir ríkisborgarar fá ekki að njóta á Íslandi sama réttar og við njótum í þeirra löndum. Þarna á að ríkja gagnkvæmni og ég hvet hv. alþingismenn til að styðja þessa tillögu. Það er alveg einboðið.

[13:33]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er andvígur því að erlendir menn, þótt norrænir séu, fái atkvæðisrétt hér á landi frá fyrsta degi sem þeir hafa hér lögheimili. Ég tel nauðsynlegt að menn sem hafa atkvæðisrétt og vilja neyta hans þekki til í því landi þar sem þeir búa, og þess vegna álít ég að nokkur umþóttunartími sé nauðsynlegur áður en til slíks kemur.

Á hinn bóginn vil ég minna á að á þremur Norðurlöndum hefur þetta gengið svo langt að þessi atkvæðisréttur og þessi jafnstaða nær til allra ríkja Evrópusambandsins og má vera að hv. 3. þm. Norðurl. e. hafi haft það í huga.

Brtt. 1015,1 felld með 26:14 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GAK, JóhS, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

1 þm. (KPál) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁSJ, ÁMM, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JÁ, JB, JónK, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Enn gefst þingmönnum færi á því að styðja það að sömu reglur gildi um kjörgengi alls staðar á Norðurlöndunum, þ.e. fyrir norræna íbúa. Við leggjum hér til breytingu á þessu frv. þar sem danskir, norskir, sænskir og finnskir ríkisborgarar eigi sama rétt hér á landi eins og þeir eiga á Norðurlöndunum og við líka. Auðvitað á að gilda það sama. Ég minni á að það hefur verið sérstakt baráttumál *Norðurlandaráðs að koma þessu á. Og við tökum þátt í því.*

Sömuleiðis leggjum við til að þeir útlendingar aðrir sem hafa dvalið hér í þrjú ár eigi rétt á að kjósa í sveitarstjórnir. Það eru sjálfsögð mannréttindi að þeir fái að hafa áhrif á sveitarstjórnir sínar, þeir sem hafa búið hér. Ég hvet hv. þingmenn til að styðja þessa brtt.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hvet menn eindregið til að styðja þessa brtt. Hún er efnislega mjög sambærileg við þá sem því miður var felld hér áðan með þeirri breytingu þó að það tæki aðra ríkisborgara en norræna þrjú ár en ekki tvö að öðlast hér fullan rétt. Það er einmitt mjög mikilvægt að menn átti sig á því sem greinilega hefur ekki komist til skila, sennilega af því að menn eru hysknir við störf sín og lesa ekki þingskjöl áður en þeir greiða atkvæði, að þessar tillögur báðar, sú sem *felld var áðan og sú sem hér er til atkvæða*, gera einmitt greinarmun á norrænum borgurum og öðrum. Og það hélt ég að væri í anda þeirrar hugsunar okkar Íslendinga að lyfta norrænni samvinnu í efsta sæti og setja hana t.d. skör ofar en þátttöku í evrópskri samvinnu að öðru leyti. Þetta hefur farið fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. af einhverjum ástæðum og ég býð honum upp á námskeið í þessum efnum til að hann komi betur undirbúinn til atkvæðagreiðslna í framtíðinni.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JóhS, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁSJ, ÁMM, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JÁ, JB, JónK, JBjart, LMR, LB, ÓÖH, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Almennt er litið svo á samkvæmt þeim jafnræðishugmyndum sem nú eru uppi að menn eigi að njóta sama réttar af hvaða þjóðerni sem þeir eru og skiptir þá ekki máli hvort þeir eru enskir, þýskir eða frá Norðurlöndunum.

Á hinn bóginn er hér gert ráð fyrir því að skemmri tími sé fyrir Norðurlandabúa en aðra vegna þess að við höfum gagnkvæman rétt á Norðurlöndum þannig að við höfum rétt til þess að greiða atkvæði í sveitarstjórnarkosningum á Norðurlöndum samstundis en við sömdum á sínum tíma við þá um þrjú ár, og við höfum haldið okkur við þessi þrjú ár. Ég tel á hinn bóginn að með slíkum almennum rökum sé hægt að hafa þennan umþóttunartíma mislangan en er ósammála því að við getum ákveðið slíkan mismun á þjóðernislegum forsendum eins og stungið var upp á áðan.

[13:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. 1. gr. þessa frv. er til bóta frá því fráleita ástandi sem hér hefur ríkt hingað til, að aðrir en norrænir ríkisborgarar hafa alls ekki notið þess réttar að geta kosið til sveitarstjórna fyrr en þeir öðluðust hér ríkisfang. Vissulega er því þetta frv. til bóta frá því ástandi að gerður hefur verið mjög mikill greinarmunur á mönnum eftir ríkisfangi. Það er dálítið merkilegt að heyra menn flytja hér atkvæðaskýringar og lýsa sig í orði kveðnu andvíga því að gerður sé mismunur á mönnum eftir ríkisfangi eða þjóðerni en greiða svo atkvæði í þá átt að vilja ekki draga úr þeim mismun. Það er það sem mönnum hefur verið boðið upp á hér, og gerir upp að vissu marki með 1. gr. frv.

Herra forseti. Það er eins og 62 þingmenn haldi að þeir eigi þessa einu mínútu sem ég hef hér til að gera grein fyrir atkvæði mínu en ekki ég.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Þeirri mínútu er nú lokið, þessari einu mínútu hv. þm. er því miður lokið.)

Já, enda er naumt skammtað á 63 menn.

2.–24. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1015,2 felld með 27:16 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GAK, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁMM, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JÁ, JónK, JBjart, LMR, LB, ÓÖH, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um ákvæði til bráðabirgða þar sem sveitarstjórnum er heimilað að hafa til reynslu rafræna kjörstaði og færa rafræna kjörskrá.

Við umfjöllun um þetta mál vakti athygli að hvergi er gert ráð fyrir því að rafrænn kjörstaður sé haldinn fyrir þessar sveitarstjórnarkosningar eða í sveitarstjórnarkosningum almennt. Við mótmælum því, við viljum horfa til framtíðar. Rafræn kosning hefur gefist vel hingað til, jafnvel við undirbúning fyrir þessar kosningar í prófkjörum, m.a. hjá Sjálfstfl. sem hefur beitt sér einna harðast gegn þessum heimildum. En ég hvet hv. þm. sem þegar hafa lýst sig sammála þessu ákvæði að greiða atkvæði með því vegna þess að annars erum við aftur í fornöld varðandi kosningar.

[13:42]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Löngum hefur gefist vel að krossa með blýanti við þann lista sem menn vilja kjósa, og hefur ekki skapast hér samsvarandi vandræðaástand eins og gerðist t.d. í bandarísku forsetakosningunum sem skemmst er að minnast. Ég hygg að aðalatriðið sé að atkvæði komist til skila til þeirra sem viðkomandi vilja kjósa en ekki sé verið að flækja málið með því að elta tæknina í þessum efnum.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. upplýsti við 1. umr. þessa máls að ástæða þess að ekki var hægt að taka inn í stjfrv. ákvæði um rafræna kosningu og rafræna kjörskrá væri andstaða Sjálfstfl. Með leyfi, sagði hæstv. ráðherra í ræðu sinni:

„Sjálfstfl. ályktaði á landsfundi sínum einhverra hluta vegna gegn rafrænum kosningum og þess vegna eru ekki rafrænar kosningar inni í frv. vegna þess að Sjálfstfl. hefur það á prógrammi sínu að vera á móti rafrænum kosningum. Ég er hins vegar nokkuð undrandi á þeirri afstöðu," — sagði hæstv. félmrh. Það er ég einnig. Ég tel alveg sjálfsagt að samþykkja þessa tillögu. Og það er merkilegt að hér skuli koma upp fulltrúi forneskjunnar og vera á móti því að hagnýta nýjustu tækni, rafræna tækni í þessum efnum. Sami maður hefur þá væntanlega líka verið á móti krítarkortum á sínum tíma en það var ég ekki eins og kunnugt er.

Brtt. 1017,2 felld með 27:14 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

22 þm. (ÁSJ, ÁMM, BH, DO, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JÁ, JónK, JBjart, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (frestir, umboðsmaður o.fl.). — Þskj. 723, nál. 1074, brtt. 1075.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GE, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS, HBl, ArnbS, HGJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, ÍGP.

19 þm. (GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, JónK, JBjart, LMR, LB, ÓÖH, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÁSJ, ÁMM, BH, DO) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1075,1 (6. gr. verði ákv. til brb.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1075,2 (7. gr. verði 6. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 468, nál. 907, brtt. 908.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 908,1–7 samþ. með 43 shlj. atkv.

2.–8. gr., svo breyttar, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 908,8 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 908,9 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 705. mál (framlenging ábyrgðar). — Þskj. 1129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 13:55]

[14:17]

Útbýting þingskjala:

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 705. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1131; brtt. ÖS og JóhS, þskj. 1132.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 14:17.

---

112. FUNDUR

föstudaginn 5. apríl,
að loknum 111. fundi.

Dagskrá:

1. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 550. mál, þskj. 863. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Einkaleyfi, stjfrv., 453. mál, þskj. 723 (með áorðn. breyt. á þskj. 1075). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 347. mál, þskj. 468 (með áorðn. breyt. á þskj. 908). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Virðisaukaskattur og tryggingagjald, frv., 580. mál, þskj. 909. — 1. umr.

5. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, frv., 705. mál, þskj. 1129, nál. 1131, brtt. 1132. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

6. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, frhnál. 1128. — Frh. 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. í 1.–3. og 5. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Kosningar til sveitarstjórna, 3. umr.

Stjfrv., 550. mál (erlendir ríkisborgarar o.fl.). — Þskj. 863.

[14:19]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræður um þetta mál enda brýnt að afgreiða það. Ég kemst þó ekki hjá því að segja að ég hef orðið var við að umfjöllun þingsins um þetta mál hefur hreyft við fjölmörgum nýjum þegnum í þjóðfélaginu. Þar á meðal hefur haft samband við mig fólk með erlendan ríkisborgararétt, sumt búið að búa í landinu um áratuga skeið, og sagt reynslusögur sínar af því hvernig tekið hefur verið á móti því hvað þessi réttindi varðar.

Norskur ríkisborgari flutti hingað 16. júlí 1955, nokkrum dögum áður en undirritaður fæddist. Af hugsjóna- eða prinsippástæðum neitaði sú manneskja að taka upp íslenskan ríkisborgararétt vegna þess að skv. þágildandi lögum hefði hún orðið að breyta nafni sínu. Það vildi viðkomandi einstaklingur ekki og þar með naut hún ekki eðlilegra réttinda, ekki einu sinni þeirra réttinda að kjósa til sveitarstjórnar. Hún hefur átt þess kost í þrjú skipti, búin að búa í landinu frá 1955.

Þannig hefur þetta verið, herra forseti. Réttur hefur verið tekinn af þessu fólki í stórum stíl umfram það sem ríkisborgarar okkar hafa notið annars staðar á Norðurlöndunum. Það má spyrja sig þessa: Er okkur stætt á því að búa þannig að fólki sem hefur búið hér í landinu nánast allt sitt líf að það njóti ekki þess réttar að hafa áhrif á stjórn samfélags síns eða stjórn landsins? Er verið að virða grundvallarmannréttindi? Enda hafa menn stundum velt upp þeirri spurningu hvort viðkomandi aðilar gætu ekki neitað að greiða skatta og standa við skyldur gagnvart samfélagi sem þeim er meinað að hafa nokkur áhrif á.

Ég kemst ekki hjá því, herra forseti, að koma þessu að vegna þess að ég verð var við að umræður um þessi mál hafa hreyft við fólki. Mér þykir dapurlegt, herra forseti, að við skulum ekki ná því í þessum áfanga að útrýma með öllu þeim mun sem verið hefur á réttindum norrænna ríkisborgara hér á landi borið saman við þann rétt sem við höfum annars staðar á Norðurlöndunum.

Fyrir nokkru var haldið í Norræna húsinu málþing þar sem m.a. Gunnar G. Schram prófessor hélt erindi um muninn á því að vera Norðurlandabúi á Íslandi og að vera Íslendingur annars staðar á Norðurlöndunum. Ég hygg að sá fyrirlestur hafi verið ansi mikil hrollvekja hvað það varðar að á fjölmörgum sviðum höfum við verið eftirbátar hinna Norðurlandanna í að tryggja gagnkvæmni og að full réttindi færðust með mönnum með búsetu innan Norðurlandanna. Það er mjög miður, herra forseti, þannig að ég neyðist til að gera þessa athugasemd við lokaumfjöllun málsins.

[14:23]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hélt raunar þegar hv. þm. tók til máls um þá konu sem einungis hefði haft tækifæri til að kjósa hér þrisvar að hann væri að tilkynna að hann ætlaði að leggja fram skriflega brtt. við frv. um að þessi lög yrðu gerð afturvirk.

Við Íslendingar sem hér búum setjum okkur auðvitað lög og reglur í samræmi við þær hugmyndir sem við höfum. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að sú saga er ekki ný að Norðurlandaþjóðirnar vilji standa vel saman. Eins og ég drap á í ræðu í dag var á sínum tíma skipuð nefnd til að móta tillögur um hvernig réttur manna skyldi vera til að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum á Norðurlöndum. Þá varð niðurstaðan sú að miðað skyldi við þrjú ár en ég hygg þó að Svíar hafi á þeim tíma gengið lengra. Síðan hefur þetta verið að breytast.

Eins og ég rakti í ræðu í dag hafa allar þjóðir Evrópusambandsins rétt til að taka þátt í atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnarkosningum í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi frá þeim degi sem þær flytja lögheimili sitt. Þetta er auðvitað mjög athyglisvert. Með sama rétti getur maður velt því fyrir sér, þegar maður hugsar til Breta sem við höfum átt langt og gott samstarf við — góðar sagnir eru um það í Íslendingasögum að þegar mikið hafi legið við hafi menn selt þangað skreið — hvort ekki sé kominn tími til að við veitum Englendingum sama rétt til að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum hér eins og Norðurlandabúum, þá með gagnkvæmum samningi við Englendinga. Eins og ég hef áður sagt tel ég að eina forsendan sem við getum haft fyrir því að veita sumum þjóðum meiri rétt en öðrum hljóti að vera sú að um gagnkvæman rétt sé að ræða, og sú vinaþjóð okkar sem við viljum veita slíkan rétt hafi þá einnig veitt Íslendingum rétt til að taka þar þátt í sveitarstjórnarkosningum innan sama tíma.

Ef aðrar þjóðir vilja ganga lengra í þessu efni er það auðvitað þeirra mál. Ég hef aldrei skilið Norðurlandasamstarf þannig að við ætluðum að elta Norðurlandaþjóðirnar í allri löggjöf, sama upp á hverju þær tækju. Við höfum einmitt lagt þunga áherslu á það, ég og einnig hv. 3. þm. Norðurl. e. að því er ég hélt, að við vildum ekki gerast meðlimir í Evrópusambandinu vegna þess að við ætluðumst til að við sjálf réðum hvaða lög og reglur giltu hér á landi, við værum ekki aftaníossar annarra þjóða í þeim efnum. Þetta er auðvitað það grundvallarsjónarmið sem við hljótum að hafa.

Ég get ekki skilið þann málflutning sem hér hefur verið, að það eigi að vera einhver hipsumhapsregla sem ræður eftir hverju sé farið þegar verið er að ákveða hversu lengi erlendir menn skuli búa hér áður en þeir njóti atkvæðisréttar. Eins og ég sagði tel ég að um gagnkvæman rétt hljóti að vera að ræða ef við viljum gefa öðrum þjóðum meiri rétt en hin almenna regla segir til um. Þannig er það samkvæmt þessu frv. og samkvæmt lögum að við gefum Norðurlandabúum þriggja ára rétt í staðinn fyrir fimm sem verður hin almenna regla. Það er auðvitað á þessum gagnkvæma rétti sem það byggist.

Svo vil ég ítreka það sem ég sagði: Mér er fullkomlega óskiljanlegt þegar þingmaður eftir þingmann stendur hér upp og reynir að færa þau ein rök fyrir máli sínu að einhverjar aðrar þjóðir hafi skipað málum sínum með einhverjum hætti. Ég hélt satt að segja að sjálfsvirðing þingmanna, virðingin fyrir þjóð sinni og sjálfum sér, væri meiri en svo að þeir þyrftu að afsaka sig með slíkum rökum.

[14:27]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig afar athyglisvert sjónarmið sem hv. þm. og forseti Alþingis setti hér fram, að leita leiða til að gera þessi lög afturvirk þannig að þeir sem hafi ekki notið kosningarréttar til sveitarstjórna hér á undanförnum áratugum fái hann nú þótt seint sé. Ég hafði bara satt best að segja ekki verið nógu hugmyndaríkur til að láta mér detta þetta í hug.

Að sjálfsögðu ráðum við Íslendingar því hvernig við högum þessum málum í löggjöf okkar, innan ramma þeirra samninga og þjóðréttarlegu skuldbindinga sem við höfum undirgengist. Það er ljóst að okkur ber ekki skylda til að veita öðrum Norðurlandabúum þennan rétt enda er norræna samstarfið frjálst samstarf fullvalda ríkja sem ekki byggir á yfirþjóðlegu valdi eins og kunnugt er.

Þá kemur hins vegar að hinu: Fyrir hverju eru efnisrök, sanngirnisrök og hvað viljum við sjálf í þessum efnum? Viljum við veita öðrum norrænum ríkisborgurum varanlega áfram lakari réttindi en þeir veita okkur? Ég tel að þá þurfi að rökstyðja það. Ég hef fært rök fyrir hinu gagnstæða, að almennt eigi markmiðið að vera að bjóða nýtt fólk velkomið og hvetja það til þátttöku í málefnum samfélags síns, þar með talið að stjórna því, taka ákvarðanir um kjör fulltrúa í sveitarstjórnir og eftir atvikum einnig til Alþingis.

Ég er af efnislegum ástæðum og með rökum að færa fram þau sjónarmið að þessu eigi að breyta í þessa átt, ekki bara vegna þess að aðrar þjóðir hafi það þannig. Mér finnst það hins vegar líka vera rök í málinu að þjóðir annars staðar á Norðurlöndunum hafi ákveðið að ganga svona frá þessu og í anda þeirra góðu og gagnkvæmu samskipta og réttinda sem þar ríkja eru það auðvitað sjálfstæð rök að við skerum okkur úr í þessum efnum, ein þjóð meðal Norðurlandaþjóðanna.

[14:30]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Greinilega kom fram í ræðu hv. þm. að hann vill ekki að réttur til að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum gildi jafnt um allar þjóðir. Það er auðvitað mjög athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess að hann er að tala um að við eigum frá fyrsta degi að bjóða velkomna hingað til landsins erlenda menn og leyfa þeim að taka þátt í kosningum hér á landi sem hann telur raunar líka að eigi að vera forsendan fyrir því að við höfum heimild til að skattleggja tekjur sem erlendir menn hafa af vinnu sinni hér á landi, og ruglar öllu þessu saman.

Auðvitað hljótum við að meta það hverju sinni hversu langt við viljum ganga í samstarfi við aðrar þjóðir. Auðvitað hljótum við að ákveða slíkt á okkar forsendum. Auðvitað látum við ekki aðrar þjóðir ákveða fyrir okkur hvaða rétt við viljum veita þeim.

[14:31]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er að snúast yfir í hálfleiðigjarnt pex. Er hv. þm. Halldór Blöndal búinn að vera á Alþingi allan þennan tíma án þess að vita meira um eðli norræns samstarfs en ætla má af máli hans? Er hv. þingmanni ekki kunnugt um að samstarf Norðurlandaþjóðanna hefur um áratugi verið miklu nánara og gagnkvæm réttindi miklu ríkari en gilt hafa út á við gagnvart öðrum borgurum? Það er ekkert nýtt. Eða á að skilja orð hv. þingmanns þannig að hann sé andstæðingur norrænnar samvinnu, hinnar nánu norrænu samvinnu sem hefur fyrir löngu gert Norðurlöndin að einum vinnumarkaði, gert Norðurlöndin að einu svæði í félagslegu tilliti þannig að yfirfærsla félagslegra réttinda á að vera til staðar og að Norðurlöndin hafa lengi verið eitt vegabréfasvæði o.s.frv.? Þar höfum við auðvitað — ef menn vilja orða það svo — gert greinarmun á ríkisfangi manna eða þjóðerni.

Það er bara ekkert nýtt. Það er áratugagömul saga og ég hélt að hún væri almennt studd hér í íslenskum stjórnmálum, að menn væru fylgismenn hinnar nánu norrænu samvinnu. Það er pólitísk ákvörðun sem við höfum tekið og haft fullt sjálfstæði til. Við gerum í alþjóðlegu samstarfi greinarmun á hinu nána norræna samstarfi með ýmiss konar yfirfærslu réttinda og svo aftur samskiptum okkar við önnur lönd. Það yfirfærist auðvitað á ríkisborgarana, það leiðir af sjálfu.

En mér finnst algjörlega ástæðulaus og neikvæð nálgun að lesa út úr því einhverja mismunun á mönnum eftir þjóðerni í neikvæðum skilningi. Menn hafa yfirleitt ekki dregið það inn í umræður um hið nána norræna samstarf.

[14:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var satt að segja ekki undrandi á ræðu hv. þm. Í upphafsorðum hans gætti pínulítils skætings og síðan fór hann auðvitað rangt með (**Gripið fram í:** Nú?) og reyndi að lesa annað út úr því sem ég sagði áðan en hægt er að réttlæta.

Hv. þm. var áðan að tala um að hann vildi bjóða velkomna hingað erlenda menn. Ég tók það svo að hann hefði þar vísað til allra erlendra manna. Hafi svo ekki verið skal ég biðjast afsökunar á því og er ekkert við því að segja.

Eins og ég sagði áðan höfum við viljað eiga mjög náið samstarf við Norðurlandaþjóðirnar. Ég rakti einmitt að á þessum gagnkvæmu réttindum byggðist það að við viljum veita þeim meiri rétt en öðrum, t.d. rétt til að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum. Þannig liggur málið fyrir. Og ég ítreka það sem ég sagði, ég tel að við getum gert það af því að um gagnkvæm réttindi er að tefla út frá þeim jafnréttishugmyndum sem við höfum.

Ég vil líka ítreka það sem ég hef áður sagt, ég tel ekki eðlilegt að erlendir menn, af hvaða þjóðerni sem þeir eru, hafi rétt til kjörgengis og atkvæðis frá fyrsta degi sem þeir búa í landinu. Mér finnst það of langt gengið. Við það verður að sitja. Hv. þm. finnst það ekki of langt gengið. Mér finnst það hins vegar.

[14:34]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. Halldór Blöndal hafði miklar skoðanir á þessu máli fyrr í umræðunni og ég tjáði mig um það atriði sem snýr að Norðurlandabúum, hvernig aðkoma þeirra að sveitarstjórnarkosningum hér á landi ætti að

vera, vil ég bara árétta það sem ég sagði þá, og ég veit að hv. þm. gerði athugasemd við, að ég lít svo á að í rauninni sé því ekkert saman að jafna að Norðurlandabúar fái kosningarrétt hér til sveitarstjórnar þótt aðrar þjóðir Evrópusambandsins eða aðrar þjóðir yfirleitt fái hann ekki jafnfljótt. Ég get ekki séð neinn samjöfnuð þarna mögulegan eins og staðan er í dag. Miðað við þá miklu samvinnu sem verið hefur milli Norðurlandaþjóðanna frá upphafi er náttúrlega út úr kú að blanda þessu tvennu saman yfirleitt. Hér hefur verið minnst á vegabréfaréttindi, og síðan eru náttúrlega félagsleg réttindi af ýmsum toga sem hafa verið færð á milli Norðurlandanna.

Ég tel, herra forseti, að það hefði verið mjög æskilegt að í þessum lögum sem núna er verið að tala um að fara með í gegnum þingið hefði verið tekið á þessu atriði. Ég vona svo sannarlega að það takist næst þegar þessi mál verða tekin upp á hv. þingi en ég tel ekki neina ástæðu til að blanda því saman hvort við eigum að ná öðrum þjóðum inn í það en Norðurlandaþjóðum þegar um er að ræða að fá kosningarrétt með lögheimilinu.

[14:36]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því í hverju andsvar hv. þm. var fólgið nema ef vera kynni að hann væri að gera athugasemdir við að ég skyldi hafa bent á það nána samband og þau nánu kynni sem við höfum haft af Skotum og Englendingum í gegnum aldirnar. Ég vil minna hv. þingmann á að t.d. þegar verslun var gefin frjáls á 19. öld voru Skotar hinir fyrstu sem hingað komu til að nýta sér hið nýja verslunarfrelsi eins og við sjáum af ýmsum nöfnum hér á landi, t.d. á verslunum eins og Edinborg eða Glasgow. Eins má auðvitað rifja það upp að það var Coghill, sá ágæti sauðakaupmaður, sem fyrstur byrjaði hér að greiða peninga fyrir sauði sem m.a. olli því að Húnvetningar höfðu efni á að senda syni sína utan að læra til læknis.

[14:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, er vel að sér í sögunni. Ég ætla mér ekki að fara út í þá sálma. Ég held að hann sé samt sammála mér um að víkingarnir komu frá Norðurlöndum og voru þeir fyrstu sem komu hingað til landsins. Að því leytinu til höfum við blóðtengsl í þá áttina, sennilega meiri en nokkurn tíma til Skotlands og Englands þó að þaðan komi eflaust, samkvæmt nýjustu kenningum Íslenskrar erfðagreiningar, heilmikið af blóði okkar frá Bretum.

Ástæða þess að ég kom hér upp, herra forseti, var sú að hv. þm. talaði um að það ætti ekki að gilda nein hipsumhapsregla í þessum efnum. Með hipsumhaps leit ég svo á að hv. þm. meinti að ekki ætti að gilda nein önnur regla um Norðurlandabúa en aðra Evrópubúa. Ég tel að full ástæða sé til að mismunandi reglur gildi um þetta tvennt.

[14:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þessi umræða er búin að vera skringileg.

Verið er að auka réttindi fólks sem er af útlendu bergi brotið með þessu frv. Ríkisborgurum utan Norðurlanda er fenginn kosningarréttur eftir fimm ára búsetu í landinu. Það er svo einfalt mál. Áður þurftu þeir a.m.k. að hafa verið sjö ár í landinu til að öðlast ríkisborgararétt. Þetta er munurinn. Verið er að taka á móti útlendingum og gefa þeim færi á að hafa áhrif í sveitarstjórnarkosningum, bæði með kosningarétti og svo kjörgengi þegar þeir eru búnir að dvelja hér, með lögheimili, í fimm ár.

Þriggja ára búseta Norðurlandabúa er óbreytt ástand frá því sem verið hefur. Ekki er hreyft við þeim réttindum sem þeir höfðu, þeir voru búnir að fá þessi réttindi. En það er verið að rýmka rétt fyrir aðra en Norðurlandabúa.

Ég ítreka að hér er um stjfrv. að ræða. Það er borið fram af mér sem félmrh. en það þarf stuðning, ekki bara framsóknarmanna heldur sjálfstæðismanna líka. Hv. þm. Halldór Blöndal túlkaði ágætlega ráðandi sjónarmið sjálfstæðismanna í þessum umræðum. Þess vegna er þetta frv. eins og það er. Sjálfstfl. getur fellt sig við frv. í þeirri mynd sem það er nú. Sjálfstfl. ályktaði á landsfundi sínum gegn rafrænum kosningum. Þess vegna fór ég ekki á flot með slíkar kosningar í þessu frv.

Ég gengst ekki fyrir löggjöf í samstarfi við stjórnarandstöðu en í andstöðu við samstarfsflokkinn. Svo einfalt er það. Á meðan við framsóknarmenn erum í samstarfi við Sjálfstfl. vænti ég þess að við höldum þeirri reglu. (**Gripið fram í:** Verður það lengi enn?) Það getur orðið töluvert lengi enn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, GuðjG, GÁS, GÖ, GunnB, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KolH, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1135).

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 2. umr.

Frv. VE o.fl., 705. mál (framlenging ábyrgðar). — Þskj. 1129, nál. 1131, brtt. 1132.

[14:45]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndarmenn héldu svokallaðan „ekki-fund" og leituðu álits hjá Baldri Guðlaugssyni og Ingva Má Pálssyni frá fjármálaráðuneyti, Sigurði Helgasyni og Halldóri Vilhjálmssyni frá Flugleiðum, Lárusi Atlasyni frá Atlanta og Sólrúnu Halldórsdóttur frá Sjóvá-Almennum. Töluvert var rætt um þetta mál. Nefndin er sammála um að ástæða sé til að samþykkja frv. en undir nál. rita tveir nefndarmenn með fyrirvara.

Nefndin bendir á að heildarábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað úr 27.000 millj. bandaríkjadollara í 2.200 millj. bandaríkjadollara frá því að málið kom fyrst til kasta Alþingis. Ástæðan fyrir þessari lækkun er að tryggingarkrafan hefur lækkað, grunnfjárhæð tryggingar sem flugfélögin tryggja sjálf hefur hækkað úr 50 millj. bandaríkjadollara í 150 millj. bandaríkjadollara, og enn fremur hefur verið sett þak á ábyrgð gagnvart hverju einstöku flugfélagi sem takmarkast nú við tjón vegna einnar flugvélar. Fyrirkomulag þessara mála hérlendis hefur verið í samræmi við það sem almennt hefur tíðkast annars staðar. Tekið hefur verið þátt í almennri þróun í þessum málum, þar á meðal skoðað samstarf við önnur ríki en af því hefur ekki orðið. Þess vegna hefur Ísland ekki tekið þátt í slíku þrátt fyrir að umræður um það hafi farið fram.

Þá liggur einnig fyrir að þessi trygging er veitt í hvert skipti til mjög skamms tíma og aðeins framlengd ef nauðsyn krefur. Þannig er væntanlega veitt til tveggja mánaða í þetta skipti eða út maí og miðað er við að hægt sé að endurskoða málið þá. Hafi aðstæður þá skipast þannig að ekki sé þörf á þessari tryggingu af hálfu ríkisins verður hún ekki lengur veitt. Þannig er reynt að fara svipaða leið og aðrar þjóðir fara, og ekki verið að taka meiri áhættu á ríkissjóð en brýnasta nauðsyn krefst.

[14:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni skrifað undir þetta nál. efh.- og viðskn. með fyrirvara. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls lögðum við mikla áherslu á að það gengi með eðlilegum hætti til nefndar til að hægt væri að fá fram upplýsingar frá þar til bærum ýmsum aðilum um hvað gerst hefði frá því að Alþingi samþykkti áður slíka heimild til ríkissjóðs eins og hér hefur verið lýst. Ég held að þær upplýsingar sem við fengum fram í nefndinni sýni að full ástæða hafi verið til að fara yfir málið og fá fram upplýsingar um stöðuna.

Miklar breytingar hafa orðið frá því að Alþingi samþykkti síðast þessa ábyrgð eins og fram kemur í nál. Þar kemur einmitt fram það atriði sem hér hefur verið lýst, að heildarábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað úr 27.000 millj. dollara í 2.200 millj. dollara frá því að málið kom fyrst til kasta þingsins. Þar er ekki um neinn smámun að ræða. Ábyrgðin lækkaði úr 2.700 milljörðum ísl. kr. í 220 milljarða ísl. kr. Sú ábyrgð sem íslenska ríkið gengst í hefur því minnkað verulega. Ýmsar aðrar upplýsingar sem komu fram í nefndinni og greint er frá í nál. sýna að þróuninni í þessu máli miðar í rétta átt.

Sá fyrirvari sem við, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og sú sem hér stendur, gerum er að gildistími þessarar ábyrgðar verði ekki til næstu áramóta heldur einungis til 15. okt. komandi. Ástæða þess er einkum sú að það er nauðsynlegt að hafa þessa ríkisábyrgð til eins skamms tíma og mögulegt er. Við það hefur verið miðað í þeim undangengnu tveimur heimildum sem hafa komið til kasta þingsins. Önnur ríki Evrópu og Bandaríkin hafa einungis framlengt þessa ábyrgð núna í tvo mánuði, og fram kom á fundunum að Noregur hefði raunverulega eitt ríkja, svo vitað var um eða upplýst var um á fundunum, framlengt þessa ábyrgð til áramóta.

Reyndar kom fram hjá fulltrúa Sjóvár-Almennra sem mætti á fund nefndarinnar að ástæða væri til að ætla að búið yrði að leysa málið á komandi haustdögum. Við teljum enga ástæðu til að hafa þessa ábyrgð lengur en nauðsynlegt er. Ástæðan til að þetta er framlengt lengur en 60 daga eins og önnur Evrópuríki gera er að þingið gerir brátt hlé á störfum sínum og kemur ekki saman aftur fyrr en í haust. Við teljum rétt að miða við þá tímasetningu að ábyrgðin gildi þar til hálfur mánuður er liðinn af októbermánuði, þ.e. hálfur mánuður af haustþingi. Þá er hægt að meta stöðuna á nýjan leik. Það er ástæðan fyrir því að við flytjum þessa brtt.

Í sjálfu sér á engu að breyta gagnvart stöðunni þó að sá háttur verði hafður á sem við leggjum hér til. Við viljum eins og önnur Evrópuríki og önnur ríki sem hafa þurft að gangast undir þessar ábyrgðir halda þrýstingnum á til að fá lausn á þessu máli og það gerum við best með því að hafa þessar tryggingar til eins skamms tíma og hægt er. Sú er ástæðan fyrir því að við flytjum þessa tillögu.

Við sjáum auðvitað að það er töluvert langt í land enn þá vegna þess að upplýsingar komu fram um að áður en ábyrgðartryggingunum var sagt upp, þ.e. fyrir 11. sept., greiddu t.d. Flugleiðir 27.000 dollara á ári vegna trygginga en hefðu þurft, samkvæmt þeim markaðslausnum sem bjóðast nú, að greiða 60.000–70.000 dollara á mánuði á móti 27.000 dollurum á ári áður sem tryggingu vegna þessarar ábyrgðar.

Herra forseti. Ég vildi skýra þessa brtt. sem við flytjum. Við styðjum auðvitað málið í heild sinni en teljum affarasælla að hafa gildistímann eins og hér hefur verið lýst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]

Brtt. 1132 felld með 27:11 atkv. og sögðu

já: EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, PHB, RG, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

25 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, JónK, JBjart, KF, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JÁ, PHB) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, JónK, JBjart, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SJóh, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hér er um að ræða heimildarákvæði til að framlengja ábyrgðartryggingar ríkissjóðs gagnvart fluginu innan lands og utan. Þetta er til að tryggja okkur gegn hugsanlegum hryðjuverkum og þetta er vandi sem allar þjóðir heims standa frammi fyrir.

Ég hafði um það efasemdir á sínum tíma þegar við samþykktum þessi lög — við höfum gert það í tvígang — að þau næðu til nægilega langs tíma. Ástæðan fyrir því að ég tel mikilvægt að þetta taki til áramóta er sú að okkur þarf að gefast tóm til að skoða þessi mál ofan í kjölinn, og ég hef sannfærst um að vel er haldið á þessum málum af hálfu fjmrn. Í trausti þess að ríkisábyrgðinni verði aflétt eins fljótt

og unnt er styð ég að heimildin til ábyrgðartryggingarinnar taki til áramóta.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JÁ, PHB) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, JónK, JBjart, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (frestir, umboðsmaður o.fl.). — Þskj. 1133.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

24 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, JónK, JBjart, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SJóh, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1136).

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 1134.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

24 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, JónK, JBjart, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SJóh, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1137).

Virðisaukaskattur og tryggingagjald, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 580. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 909.

[14:59]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. sem flutt er af efh.- og viðskn. Frv. er í tveimur köflum og þremur greinum. Málið snýst um að breyta þarf lögum um virðisaukaskatt og lögum um tryggingagjald til samræmis við nýsamþykkt frv. um breytingu á lögum um bókhald og ársreikninga. Málið snýst í grundvallaratriðum um að alveg sé klárt að þegar fyrirtæki færir bókhald í erlendum gjaldmiðlum myndist skattkröfurnar vegna tryggingagjalds og virðisaukaskatts áfram í íslenskum krónum, og öll uppgjör sem snerta uppgjör á tryggingagjaldi og virðisaukaskatti séu í íslenskum krónum þrátt fyrir að bókhaldið sé fært í erlendum gjaldmiðlum. Þetta er ástæðan fyrir þessu frv. Það er ekki hægt að flytja það sem brtt. við það frv. sem var hér áður til umfjöllunar vegna þess að þetta snýr að öðrum lögum en þar er verið að breyta. Því er þetta flutt sem svokallaður skröltormur við það frv.

Herra forseti. Ég legg ekki til að málið fari til nefndar heldur beint til 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 15:00.

---

113. FUNDUR

föstudaginn 5. apríl,
að loknum 112. fundi.

Dagskrá:

1. Virðisaukaskattur og tryggingagjald, frv., 580. mál, þskj. 909. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, frv., 705. mál, þskj. 1129. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, frhnál. 1128. — Frh. 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. og 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur og tryggingagjald, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 580. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 909.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, 3. umr.

Frv. VE o.fl., 705. mál (framlenging ábyrgðar). — Þskj. 1129.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (JÁ, PHB) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, JónK, JBjart, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SJóh, SvanJ, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í þriðja sinn framlengjum við nú ábyrgð ríkissjóðs á flugvélaflota landsmanna. Þó að ábyrgðin hafi lækkað úr því að vera 2.700 milljarðar kr., þ.e. tvöfaldar eignir allra landsmanna með orkuverum og öllu saman, niður í 220 milljarða, sem eru svona nokkurn veginn fjárlög ríkisins, finnst mér að ég geti ekki greitt þessu atkvæði vegna þess að ábyrgð Íslendinga á þessu er 20 sinnum meiri en t.d. Norðmanna vegna þess að Íslendingar eru svo fáir. Ég hef margoft lagt til við hæstv. fjmrh. að hann taki upp gagnkvæman tryggingasamning við eitthvert eitt ríki til að minnka áhættu Íslands í þessu máli en það hefur ekki verið gert.

Ég get þess vegna ekki tekið á mig þá óskaplegu ábyrgð sem hér er lagt til þannig að ég sit hjá.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1138).

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 3. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, frhnál. 1128.
[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru örfá efnisatriði sem ég ætla að koma inn á til viðbótar í umræðum um þetta mál sem er sennilega að komast á lokasprettinn til afgreiðslu. Við höfum áður rætt ýmislegt sem lýtur að vinnubrögðum við mál og um tilgangsleysi þess og rúmlega það, að eyða dýrmætum starfstíma Alþingis hér á síðustu dögum í að afgreiða virkjunarheimild til handa Landsvirkjun, að Landsvirkjun fái inn í lög heimildir til að reisa Kárahnjúkavirkjun þó að enginn kaupandi sé í sjónmáli að raforkunni og fyrir liggi að a.m.k. einhverra ára bið sé fram undan í þeim efnum ef að líkum lætur. Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um það mál og ætla ekki að orðlengja um það.

Það sem ég vil gera sérstaklega að umræðuefni í lokin, herra forseti, er svæðið sem þarna var ætlunin að bera niður með stórfelldri mannvirkjagerð. Ég leyfi mér að halda því fram að það yrði ein stærsta ákvörðun sem nokkurn tíma hefði verið tekin á Íslandi um breyttar landnytjar ef menn tækju ákvörðun um að fara inn á þetta stóra, ósnortna eða tiltölulega lítt snortna svæði sem miðhálendi landsins og hálendið norðan og norðaustan Vatnajökuls er. Sú ákvörðun yrði auðvitað ekki aftur tekin. Öllum er ljóst að ef ráðist yrði í jafnstórfellda breytingu á náttúrufari og jafnstórfellda mannvirkjagerð og bygging Kárahnjúkavirkjunar yrði, með tilheyrandi stíflum, miðlunarlónum, vegalögnum, raflínulögnum og annarri mannvirkjagerð, að ógleymdum hinum risavöxnu vatnaflutningum, þá væri um að ræða meiri röskun á náttúrufari í landinu en nokkrar aðrar framkvæmdir hafa nokkurn tíma valdið og yrði sjálfsagt bið á öðru eins, skyldi maður þá vona.

Hvað er hér í húfi, herra forseti? Jú, að mínu mati er það í húfi að Ísland á í þessu svæði, miðhálendi landsins og svæðinu norðan og norðaustan Vatnajökuls, einstaka perlu sem á sér fáa líka í veröldinni. Ég leyfi mér að halda því fram að annað eins samspil elds og ísa, gróðurvinja og eyðimarka og þarna er að finna, á að vísu nokkuð stóru svæði, nokkurra tuga þúsunda ferkílómetra svæði, sé hvergi annars staðar að finna í heiminum. Engin önnur lönd sem skarta stórfelldum jöklum geta teflt fram sambærilegum auðnum, gróðurvinjum og jarðfræðimyndunum, eldfjöllum, jarðhita, háhita og öðru slíku og þarna er hægt að finna á tiltölulega afmörkuðu svæði á hnettinum. Enda er það út af fyrir sig þekkt og vitað og viðurkennt að jarðfræðilegar og náttúrufarslegar aðstæður á Íslandi eru um margt einstakar í heiminum.

Ísland er einn öflugasti heiti reitur hnattarins, ungt land með mikla jarðmyndun og mikla landmótun í gangi. Í raun er hvergi sambærilegar aðstæður að finna og þó að finna megi flesta hluti sem finnanlegir eru á Íslandi einhvers staðar annars staðar í heiminum eru þeir yfirleitt ekki í sama umhverfi og tengdir sömu aðstæðum og hér eru.

Hugmyndir, herra forseti, hafa verið uppi um að stofna þarna þjóðgarð, einn af stærstu þjóðgörðum heimsins og þjóðgarð sem enginn vafi er á að yrði á heimsvísu, ekki bara evrópska vísu heldur á heimsvísu, einstæður að mörgu leyti. Ég held að það sé enginn vafi á að með kynningu slíks þjóðgarðs og þess sem hann hefði upp á að bjóða mætti bæta nýrri perlu við það sem Ísland hefur upp á að bjóða sem

útivistarland, sem land fyrir ferðamenn og til þess að styrkja ímynd sína og kynna sig á vettvangi þjóðasamfélagsins.

Vatnajökull er stærsti jökull utan Suðurskautslandsins og Grænlands og heimskautajöklanna. Hann er um margt einstæður. Hann er þíðjökull þannig að í jökuljöðrunum er mikil virkni og stórár falla undan jöklinum. Það sem meira er, undir jöklinum eða í honum eru virk eldfjöll og virk háhitasvæði og þeirra sér sums staðar stað á yfirborði eins og í Kverkfjöllum. Þau hafa mikil áhrif á vötn sem falla frá jöklinum, samanber Grímsvatnahlaup og fleira sem nefna mætti í þessu sambandi.

Bara Vatnajökull einn og sér, jaðrar hans og það sem honum tengist, gerir svæðið einstakt í sinni röð. Í heiminum er leitun að annarri eins perlu og Skaftafell er. Samspil sands, gróðurs og jökuls er einstakt og hrífandi og margir ferðamenn sem þangað koma falla í stafi og eiga vart orð til að lýsa þeim dásemdum sem þar ber fyrir augu.

Ég ætlaði, herra forseti, að færa mig norður yfir jökulinn og fara kannski í smáhringferð um svæðið norðan, norðvestan og norðaustan jökulsins, þ.e. það sem í húfi er og menn fjalla gjarnan um sem stærsta ósnortna svæði Evrópu en ræða minna hvað þar er að finna.

Ósköp væri nú gaman, herra forseti, ef t.d. hæstv. iðn.- og viðskrh. og umhvrh. hefðu heiðrað okkur með viðveru sinni núna við lok þessarar umræðu.

Eigum við að hefja ferðalagið, herra forseti, við Tungnafellsjökul? Ég tel einboðið að í stækkuðum Vatnajökulsþjóðgarði, sem tæki ekki bara til jökulsins heldur jökuljaðranna og svæðisins, hálendisins, einkum norðan, norðvestan og norðaustan jökulsins, væri Tungnafellsjökull tekinn með. Austan Tungnafellsjökuls er Vonarskarð sem er sögufrægur staður eins og nafnið ber með sér og stórskáldin hafa ort um. Vestan Tungnafellsjökuls er sjálfur Sprengisandur og Fjórðungsalda og að sjálfsögðu ætti miðhálendisþjóðgarður eða Vatnajökulsþjóðgarður að taka til Sprengisands þó ekki væri nema af sögulegum ástæðum. En Sprengisandur er líka eyðimörk, merk eyðimörk á hánorrænum slóðum en hefur á sér öll einkenni eyðimarka. Það má reyndar segja að gildi um stærri hluta svæðisins í úrkomuskugganum norðan Vatnajökuls að það er ekki bara hitastig og loftslag sem veldur því að þar er snautt um gróður heldur líka sú staðreynd að þar er úrkoma afar lítil, merkilega lítil miðað við úthafsloftslag sem á Íslandi ríkir að öðru leyti.

Sé haldið norður Sprengisand og komið norður fyrir Háöldur er þar að finna þann blett landsins sem að mörgu leyti kemst næst því að vera miðja Íslands. Þar, á tiltölulega litlu svæði nálgast og nánast mætast upptök ekki minna en fjögurra stórvatna sem falla til þriggja héraða a.m.k. og tveggja landshluta. Þar falla vötn til Skagafjarðar, þar eru efstu drög Fnjóskár við Bleiksmýrardalsdrög og þar skammt norðaustur undan er Skjálfandafljót en sunnan við sandinn, sunnan til á sandinum eru upptakakvíslar Þjórsár, bergvatnskvísl Þjórsár. Þannig má á tiltölulega litlum bletti finna efstu drög allra þessara stóru fallvatna sem, eins og áður sagði, falla til a.m.k. þriggja héraða og tveggja landshluta. Eigi maður að reyna að staðsetja landfræðilega miðju Íslands held ég að menn komist býsna nálægt því með því að bera niður á sandauðnunum norður af Háöldum eða norðan til á Sprengisandi.

Þjóðgarðurinn ætti að mínu mati að taka til þessa svæðis og hann ætti að taka til efstu draga Fnjóskár og mörkin ættu síðan að sveigja til austurs og taka til Kiðagils, þótt ekki væri nema fyrir hið ágæta kvæði „Á Sprengisandi" þar sem reiðmennirnir lýsa því að þeir vilji gefa vænsta klárinn sinn til að komast ofan í Kiðagil. Kiðagilsdrögin eru að sönnu ekki merkilegt gróðurlendi en ég held að við getum vel gert okkur í hugarlund feginleik reiðmanna sem koma ofan af Sprengisandi að fyrstu gróðurtorfunum og fá það sannreynt að þeir séu komnir að vötnum sem falla norður af.

Ef við höldum í norðaustur frá Tungnafellsjökli er þar sjálf Tröllladyngja, einhver risavaxnasta smíð á landi hér, og að sjálfsögðu á hún að vera sem lengst innan þjóðgarðsmarkanna. Þar norðaustur af er Askja með Öskjuvatni og Víti, og Ódáðahraunið norður undan og þá er stutt til Herðubreiðar og Herðubreiðarlinda. Ef haldið er áfram norður með Jökulsá er komið í Grafarlönd og síðan áfram niður með ánni í þjóðgarðinn Jökulsárgljúfur þar sem er hann Dettifoss þar sem „aldrei á grjóti gráu / gullin mót sólu hlæja blóm" eins og skáldið kvað.

Í stefnu suðaustur af Tungnafellsjökli er Bárðarbunga, sú volduga smíð í Vatnajökli, og aðeins lengra til norðausturs er svo Dyngjujökull sjálfur með hinum miklu aurum Jökulsár fram undan. Þar til austurs og suðausturs liggja Kverkfjöll sem eru ein magnaðasta náttúrusmíð á landi hér. Þar er gríðarlegur jarðhiti og þar má finna ótrúlega hluti, háhitasvæði í hartnær 2.000 m hæð yfir sjó, Hveradali, og sjóðandi vatn sem bræðir ís af jöklinum.

Norður undan Kverkfjöllum liggur Krepputunga sem lengi var einskismannsland, heimsótt eingöngu af útilegumönnum, stöku sauðkindum og svo hreindýrum eftir að þau komu til sögunnar. Þar liggja Hvannalindir og þar höfðu útilegumennirnir Halla og Eyvindur bólsetu, a.m.k. Eyvindur, og hefur sennilega verið einna auðnarlegastur staður af öllum þeim sem hann dvaldi á, Hvannalindirnar. Þar skammt undan er gróðurvinin Fagridalur, vestast á Brúaröræfum geri ég ráð fyrir að megi kalla það, og norðvestur undan við Jökulsá, þar sem nú hefur verið brúað, liggja fjöllin Upptyppingar sem einhverjir kannast við að hafa séð á málverkum eftir Stefán Jónsson frá Möðrudal en hann málaði gjarnan á Herðubreiðarmyndir sínar einhverja hluta Upptyppinganna, benti á og sagði: „Þarna er hún Herðubreið og þarna eru Upptyppingarnir." Þeir sem vilja fá sér málverk eftir þann mikla listamann skyldu hyggja að því hvort ekki mætti á því greina til viðbótar við fjalladrottninguna sjálfa einhvern hluta af Upptyppingunum, en þessi kennileiti setja mjög svip sinn á útsýni af þeim slóðum úr Möðrudal og nágrenni þar sem Stefán ólst upp.

Norðaustur af Upptyppingunum liggur Arnardalur sem er ein af mögnuðustu hálendisgróðurvinjum þessa lands. Samkvæmt sögnum flutti þangað bóndinn af Jökuldal og bjargaði fjölskyldu sinni undan plágu mikilli fyrr á árum.

Ef við höldum svo það til austurs eða suðausturs erum við stödd á hinum eiginlegu Brúaröræfum sem eru magnað hálendissvæði, tekur í raun við til suðurs af Jökuldalsheiðinni, geymir margar perlur og nær að Jökulsá á Brú og hinum rómuðu Dimmugljúfrum. Erum við þá heldur betur farin að nálgast svæði það sem þetta mál varðar, áform um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal með svonefndri Kárahnjúkavirkjun.

Syðst á Brúaröræfunum eða suður af þeim er friðlandið í Kringilsárrana sem var að sumu leyti eins ástatt um og Krepputunguna lengi vel. Þangað voru litlar samgöngur eins og gildir einnig um Kverkárnes sem er undir norðvesturjaðri Brúarjökuls. Þetta eru sérstakir og merkilegir staðir. Kring-

ilsárraninn hefur kannski það fram yfir annað á þessum slóðum að hann geymir einstakar og einstæðar náttúruminjar þar sem eru Hraukarnir og hið merkilega samspil gróðurlands og jökuls sem þeir eru til marks um.

Ef við förum svo yfir Jöklu, segjum að við leggjum lykkju á leið okkar og göngum fyrir hana uppi á Brúarjökli, ber okkur yfir á Vestur-Öræfi. Þar gnæfir fjalladrottningin, ef svo má kalla Snæfellið einnig eins og Herðubreið, yfir öllu. Austan hennar eru Eyjabakkar og norður af Fljótsdalsheiðin. Austan Eyjabakkanna komum við á Hraun og síðan eru til austurs og suðausturs hin ægifögru og sérstæðu Lónsöræfi og svo áfram, herra forseti, eftir því sem tíminn leyfði okkur eða við vildum rekja okkur hringinn um jökulinn.

Ég læt hér staðar numið og geymi e.t.v. til betri tíma að fylgja jöklinum með austur- og suðurjaðrinum en þar er ekki síður margar og einstæðar perlur að finna.

Það sem ég hef verið að reyna að gera, herra forseti, er að draga upp eftir minni þetta einstaka svæði, þetta stóra, lítt- eða ósnortna svæði sem skartar fjölmörgum einstæðum náttúruperlum og myndar auðvitað allt eina heild. Hálendið umhverfis Vatnajökul norðan, norðvestan og norðaustan allt að byggð er auðvitað ein stór samstæð og einstæð heild og verður að skoðast sem slík. Mér er til efs, eins og ég sagði áður, herra forseti, að nokkurs staðar á byggðu bóli eða öllu heldur óbyggðu sé að finna sambærilega hluti. Þó að víðar séu eldfjöll, víðar hverir, víðar jöklar, hálendisgróðurvinjar og eyðimerkur held ég að það samspil sem þarna er að finna milli þessara þátta sé svo algjörlega einstætt að á heröum okkar Íslendinga hvíli mikil ábyrgð að vera vörslumenn þessa svæðis.

En þetta svæði býður líka upp á, herra forseti, gríðarlega möguleika. Ég held að þeir séu í hópi þess stærsta sem framtíðin kann að bera í skauti sér fyrir Íslendinga þannig að fáar ef nokkrar gersemar okkar gætu átt eftir að reynast magnaðri og verðmætari en einmitt þetta stóra, ósnortna hálendissvæði með öllum sínum perlum ef við berum gæfu til að gæta þess og nýta það skynsamlega. Um það snýst auðvitað þetta mál, herra forseti, hvort sú ráðstöfun sem hér hefur verið á dagskrá, að ráðast í þessar framkvæmdir, sé skynsamleg eða hvort við eigum að leggja þarna aðrar áherslur og huga að annars konar nýtingu og varðveislu þessa svæðis.

Ég held, herra forseti, að við getum t.d. velt fyrir okkur hvers konar aðdráttarafl, segull og gersemi Mývatnssvæðið hefur verið okkur Íslendingum við uppbyggingu ferðaþjónustu okkar. Það er ekki ýkja langt síðan gerð var skoðanakönnun og erlendir ferðamenn spurðir að því hvað það væri sem drægi þá til Íslands. Yfir 90% sögðu að þeir kæmu til Íslands vegna náttúrunnar og meira en helmingur af þessum ferðamönnum, ef ég man rétt, nefndi ekki bara Mývatn heldur fór þangað líka. Það segir sína sögu, og ég held að ekki sé um það deilt að Mývatn og Mývatnssvæðið hafa haft vinninginn sem einstakar perlur og aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Hvað mundi þá ekki mega segja, ef vel væri að verki staðið, um þjóðgarð á heimsvísu sem væri algerlega einstakur í sinni röð? Að mínu mati væri létt verk að kynna hann þannig umheiminum að frekar þyrfti að hafa áhyggjur af ágangi sem þar gæti skapast en hinu að hann drægi ekki að nóg af ferðamönnum, og þá alveg mögulega jafnt vetur sem sumar þó að því séu auðvitað ákveðin takmörk sett, m.a. af öryggisástæðum, hversu hyggilegt væri að draga fjölda ferðamanna inn á þetta svæði um hávetur. Vissir möguleikar gætu tengst líka jökuljöðrunum að sunnan og austan en líka þjóðgarðsmiðstöðvum sem sjálfgefið væri að reisa í útjaðri byggðar og við mörk þjóðgarðsins fyrir norðan og austan.

Ferðaþjónustan, herra forseti, var næststærsta atvinnugreinin, mælt í gjaldeyristekjum, á árinu 2000 ef ég man rétt frekar en á árinu 1999, fór þá fram úr stóriðjunni og færði íslenska þjóðarbúinu meiri gjaldeyristekjur, næstar á eftir sjávarútveginum. En það er fleira en hagsmunir þeirrar atvinnugreinar sem við eigum að hyggja að. Útivist landsmanna sjálfra gefur því gildi að búa í landinu, og það að varðveita landið og leyfa því að halda aðdráttarafli sínu skiptir miklu máli í því sambandi. Margir nefna sambúðina við landið sem ástæðu þess að þeir velja að búsetja sig hér frekar en að nýta menntun sína og starfskrafta annars staðar, möguleikarnir sem hér eru til einstæðrar útivistar ríði þar baggamuninn.

Ég nefni í þriðja lagi það sem við þurfum að hyggja að, orðstír Íslands og ímynd sem menn viðurkenna í æ ríkari mæli í nútímanum að er verðmæti í sjálfu sér. Í jákvæðri og vel kynntri mynd af landinu er fólgin verðmæt fjárfesting sem við þurfum að huga að og megum ekki spilla. Ýmsar þjóðir leggja mikla fjármuni í það eitt að reyna að kynna sig með jákvæðum formerkjum gagnvart umheiminum, ekki bara vegna ferðamennsku heldur einnig og ekki síður vegna annarrar atvinnustarfsemi, vegna sinna almennu útflutnings- og viðskiptahagsmuna eða jafnvel vegna þess að mönnum er ekki sama um orðstír sinn í heiminum. Menn vilja að þeir séu vel kynntir, sem eðlilegt er, og menn geta jafnvel séð ákveðna hagsmuni í að af þeim fari gott orð með tilliti til pólitískra áhrifa og möguleika á að gæta hagsmuna sinna í alþjóðasamstarfi.

Fyrir skömmu, herra forseti, rakst ég í tveimur tímaritum á viðtöl við unga, þekkta Íslendinga sem bæði hafa tengst spurningum um ímynd eða orðstír Íslands og álit með ýmsum hætti. Ég er hér að vitna í tímaritið „Ský" sem við sem mikið erum á ferðalögum sjáum stundum í sætisbökum flugvélastóla. Þar hafa með skömmu millibili birst viðtöl við einstaklingana Lilju Pálmadóttur og Ólaf Jóhann Ólafsson. Báðum þessu mætu einstaklingum hefur orðið tíðrætt um ímynd Íslands, orðstír Íslands og þau verðmæti sem fólgin séu í því að landið sé kynnt með jákvæðum hætti, þar á meðal og ekki síst hvað varðar umhverfi og náttúru. Í reynd er ég sannfærður um að tilfinning manna, sem á annað borð vita að Ísland er til og vita eitthvað um það, sé mjög samofin vitneskjunni um að hér sé sérstæð og einstök náttúra, fegurð, víðáttur og annað í þeim dúr sem eftirsóknarvert geti verið að njóta.

Þessi ímynd smitar yfir í útflutningshagsmuni okkar þegar kemur að matvælum og öðrum vörum. Þessa ímynd nefna báðir þessir ágætu einstaklingar sem hluta af þeim framtíðarverðmætum sem við þurfum að hlúa að, í öðru tilvikinu vegna mögulegra ávinninga okkar á sviði vatnsútflutnings og í hinu tilvikinu út af skyldum hlutum. Auðvitað má nefna aðra nýtingarmöguleika og -kosti sem tengjast sérstökum aðstæðum þessa svæðis. Þarna er að finna sérstæðan hálendisgróður og -grös sem eiga varla sína líka annars staðar í heiminum, t.d. fléttugróður og slíkar fremur sjaldgæfar tegundir með einstaka efnasamsetningu, ómengaða vegna þess að hér er lítil mengun af iðnaðarlofti, enn sem komið er a.m.k., og sem betur fer. Þessu fengu Íslendingar að kynnast, t.d. eftir Tsjérnóbíl-slysið þegar eftirspurn eftir m.a. fjallagrösum á Íslandi rauk allt í einu upp af því að þau voru geislamenguð á

hálendissvæðum Skandinavíu þar sem þau höfðu áður verið tínd, og voru verðmætt hráefni til lyfjagerðar og fleiri hluta. Nefni ég hér fjallagrös, sem stundum hefur borið á góma í þessari umræðu, en það er auðvitað fleira verðmætt sem við getum sótt í gróðurríkið og augu manna eru sem betur fer að opnast fyrir því.

Fjöldi lítilla fyrirtækja hefur sprottið upp á sviði lyfja-, heilsuvöru- og snyrtivöruframleiðslu og er þessi geiri ein mesta vaxtargreinin í íslensku atvinnulífi. Það er gaman fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh., ráðherra nýsköpunarmála í atvinnulífinu, að það sé nefnt hér að eitt af því ánægjulega við vöxt þessara greina er að hann er mikið drifinn áfram af hugviti og dugnaði kvenna. Allnokkur smá en vaxandi fyrirtæki sem konur hafa stofnað eru í mikilli sókn á útflutningsmarkaði með lyfja-, heilsuvöru- og snyrtivöruframleiðslu. (**Iðnrh.:** Ég veit þetta.) Hæstv. ráðherra veit þetta og þá veit væntanlega hæstv. ráðherra einnig að hráefnin eru m.a. sótt í hið sérstæða gróðurríki landsins, og það er líka og aftur ímyndin um hreina og ósnortna náttúru sem þarna er verið að selja.

Að síðustu, herra forseti. Við þurfum ekki bara af hagsmunatengdum ástæðum að ganga hægt um gleðinnar dyr og gæta vel að náttúru landsins og umhverfi. Náttúran hefur líka gildi í sjálfri sér og okkur ber að viðurkenna rétt hennar. Lífið hefur rétt og gildi, og öll náttúran. Í sjálfu sér er ekki mikið tjón eða líklegt að það sé mikið tjón í efnahagslegum skilningi að geirfuglinn er útdauður. Ég reikna ekki með að af honum væru stórfelldar nytjar þó að hann væri enn til. Væntanlega væri hann þá friðaður honum til varðveislu. En samt er eitthvað sem gerir það að verkum að við skynjum í brjóstinu að það var skaði að geirfuglinum var útrýmt. Það er vegna þess að við finnum að náttúran á sinn rétt, lífríkið á sinn rétt og við eigum að hlúa að því og varðveita það og leyfa því að njóta sín.

Maðurinn er ekki herra náttúrunnar heldur hluti af henni. Þess vegna, herra forseti, tel ég að við eigum núna að leggja þessi áform á hilluna og snúa okkur m.a. að því að móta framtíðaráherslur um friðlýsingu og verndun þessa stóra svæðis. Þar ber að taka stefnuna á heimsþjóðgarð. Ég teldi mjög athugandi að sá þjóðgarður yrði bæði evrópskur í þeim skilningi að leitað yrði samstarfs við evrópska aðila um uppbyggingu hans og varðveislu en hann yrði líka heimsþjóðgarður. Þetta svæði ætti að mínu mati að tilnefnast til Sameinuðu þjóðanna sem sameiginlegar gersemar mannkynsins sem beri að hlúa að til viðbótar Þingvöllum og fleiri svæðum sem ýmist hefur þegar verið ákveðið að tilnefna þangað eða er til skoðunar.

Eitt enn, að lokum, sem þarf að setja á dagskrá og vinna að er friðlýsing vatnasvæða. Það vantar hér að menn taki vatnasvæði með sambærilegum hætti til skoðunar og menn hafa áður unnið með landfræðilega afmörkuð svæði og einstakar náttúruperlur. En vatnasvæði, t.d. stórfljóta eins og Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, eru náttúrufarsleg heild. Þess vegna á að skoða slík svæði frá upptökum til ósa, og tvímælalaust ber að friðlýsa nokkur verðmætustu og sérstæðustu vatnasvæðin á næstu árum. Þar nefni ég, fyrir utan Jökulsá á Fjöllum og Kreppu og auðvitað allt það vatnasvæði, Hvítá með Gullfossi. Ég vildi gjarnan sjá fleiri sérstæð fallvötn koma þar a.m.k. til skoðunar eins og Skjálfandafljót, og mætti mörg fleiri til taka.

Herra forseti. Þetta held ég að væri þarfari iðja en að nudda áfram með þetta frv. í tilgangsleysi þar sem ljóst er að öll þessi áform eru komin í allt annað samhengi en áður var, þar af leiðandi tilgangslaust. Og auðvitað er það ekki bara tilgangslaust heldur beinlínis efnislega rangt að vera að afgreiða þessa lagaheimild nú. Ég vona, og reyndar spái því að sú von mín rætist og ég reynist hafa rétt fyrir mér í því, að nú skapist tóm til að taka þessi mál nýjum tökum svo að stórfelld nýtingaráform af þeim toga sem hér hafa verið á dagskrá verði ekki uppi á borðum á allra næstu missirum og árum. Þá eiga menn tvímælalaust að nota þann tíma til að fara yfir hlutina á þann hátt sem ég hef verið að reifa.

[15:36]

Útbýting þingskjala:

Einkavæðing ríkisfyrirtækja, 552. mál, svar forsrh., þskj. 1126.

Fjárfestingar Landssíma Íslands hf., 525. mál, svar samgrh., þskj. 1103.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar ef ég er að taka tíma frá hv. þingmönnum vinstri grænna með því að segja hérna nokkur orð. Ég stóðst það eiginlega ekki að koma hingað vegna þess að að mörgu leyti er ég mjög sammála hv. þm., það er nú ekkert annað en það, því að ég er nefnilega náttúruunnandi líka.

Ég held að þegar allt komi til alls skilji ekkert svo óskaplega mikið okkur að í skoðunum um þetta mikilvæga mál. Ég er að komast að því nú í lok umræðunnar. Kannski er heldur ekki óeðlilegt að við höfum ekkert ólíka sýn á landið og lífið þar sem við erum alin upp í sveit bæði tvö, þótt ekki sé í sömu sveit, á Norðurlandi eystra. Það sem skilur okkur að er að þrátt fyrir að ég unni þessu fagra landi vil ég nýta orkuna til að búa í haginn og til að við getum búið við lífsskilyrði sem eru vel sambærileg við lífsskilyrði annarra þjóða. Þess vegna legg ég svo mikla áherslu á að við virkjum við Kárahnjúka og sköpum þannig aðstæður á Austurlandi að þar vilji fólk búa, og fleira fólk en er í dag.

Ég met mikils hinn náttúrulega fjölbreytileika en ég met líka mjög mikils hinn mannlega fjölbreytileika. Það sem ég hef áhyggjur af er að ef fólkið heldur áfram að flytjast í svo ríkum mæli frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins verði þetta ekki sama Ísland því að t.d. sveitamenningin er okkur svo mikilvæg. Eins og ég segi, Ísland verður ekki sama Ísland nema sveitirnar séu blómlegar, og allir landshlutar. Þetta er það sem ég vil leggja áherslu á og er mér mikilvægt. Þess vegna vil ég nota orkuna til atvinnuuppbyggingar.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei í þessari umræðu né held ég nokkurs staðar annars staðar haldið neinu öðru fram en því að öllum þyki okkur vænt um þetta land og eigum það sameiginlegt.

Hins vegar deili ég ekki þeirri bjartsýni með hæstv. ráðherra að við séum á góðri leið með að verða öll sammála að lokum. Ég held þvert á móti að í umræðum og deilum um þetta mál kristallist að mörgu leyti býsna djúpstæður ágreiningur um það hvaða grundvallarstefnu eigi að taka í þessum efnum.

Það lýsir sér ekki bara í því hvort einhver tiltekin náttúruspjöll í págu framkvæmda séu réttlætanleg því að um það er svo sem eðlilegt að menn geti deilt, sérstaklega ef þar eru svona mikil álitamál uppi. Þetta lýsir sér líka í

því að sumir hafa tilhneigingu til að stilla þessu upp sem óumflýjanlegum andstæðum, annars vegar náttúruverndinni, umhverfisverndinni, og hins vegar hagvextinum og blómlegri byggð og búsæld. Það kom meira að segja á vissan hátt fram í stuttu andsvari hæstv. ráðherra. Því neita ég. Það er hvorki þannig né má vera þannig að við stöndum frammi fyrir einhverjum slíkum óumflýjanlegum árekstrum eða andstæðum. Það er ekki svo að mínu mati því að náttúruvernd á einmitt þvert á móti að geta orðið fullt eins góð stefna hvað varðar atvinnuuppbyggingu og þróun okkar samfélags, en á sjálfbærum forsendum.

Þess vegna held ég að þetta snúist dálítið mikið um það hvort menn horfa á þetta þröngt og með skammtímaefnahagsávinninga að leiðarljósi eða hvort menn líta til lengri tíma, horfa yfir sviðið í heild sinni og meta með réttum hætti gildi náttúrunnar og láta hana njóta sannmælis. Það er ekki gert í þessu máli, eins og menn vita, því að fórnarkostnaður hvað varðar náttúru og umhverfi er reiknaður inn í dæmin sem núll krónur.

[15:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði í ræðu sinni nokkuð um orðstír Íslands og ímynd. Það vill svo vel til að ímynd Íslands er mjög hrein og fögur. Það verðum við mjög mikið vör við í iðnrn. vegna þess að við erum þó nokkuð í samskiptum við erlenda aðila. Það er mikið leitað til okkar vegna þess hvað við nýtum mikið af okkar endurnýjanlegu auðlindum. Orka okkar er sem sagt 70% hrein orka sem við notum á Íslandi.

Svo er það eitt sem hefur bæst við núna á síðustu árum, vetnið, sem hefur vakið gríðarlega athygli víða um heim. Til okkar koma stöðugt fyrirspurnir varðandi það.

Hv. þm. nefndi hér tvo þekkta Íslendinga, Lilju Pálmadóttur og Ólaf Jóhann Ólafsson. Viðtöl við þessa einstaklinga hafa vakið athygli. Mér fannst að viðtalið við Ólaf Jóhann væri meira vangaveltur. Hann vildi ekki taka af skarið en hann var vissulega dálítið „svag" fyrir því að við ættum ekki að standa í stórframkvæmdum í óbyggðum vegna náttúrufegurðar og annars slíks.

Hins vegar vil ég geta þess í sambandi við Lilju Pálmadóttur og viðtalið við hana að það kom svo við mig að ég sá ástæðu til að svara henni með opnu bréfi sem birtist á heimasíðu minni sem hefur verið til umfjöllunar. Ég hugsaði með mér að þetta væri sett fram af einlægni, og það var full ástæða til að svara því. Ég vandaði mig þó nokkuð mikið við það.

Það er ekki annaðhvort eða. Við eigum bæði að nýta orkuna og njóta landsins.

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getum við prýðilega gert en það þarf ekki að kosta eins miklar fórnir og hér hefur verið ætlunin að leggja í. Stundum stöndum við frammi fyrir því að við getum ekki gert hvort tveggja. Við getum ekki virkjað og varðveitt einstakar náttúrugersemar eins og Kringilsárrana, Lindir og gróðurlendin út með Jökulsá á Brú niður að Kárahnjúkum og Dimmugljúfur. Við getum heldur ekki bæði varðveitt Lagarfljót og sullað Jökulsá á Brú yfir í og gegnum það.

Þó að við leitum að sjálfsögðu bestu samræmingar þessara sjónarmiða stöndum við stundum frammi fyrir einföldum ákvörðunum: Ætlum við að varðveita viðkomandi náttúruverðmæti eða ekki? Taka má ýmis fræg og þekkt dæmi úr sögunni þar um. Ég hef nefnt hér Rauðhólana við Reykjavík sem menn voru langt komnir með að moka upp einu sinni, sáu svo að sér og hættu þegar tjónið var auðvitað orðið mikið en því var þó bjargað sem eftir var. Slík dæmi eru augljós og gagnsæ um að við getum ekki alltaf gert hvort tveggja.

Þar koma kannski ákveðnar markalínur í ljós í umræðum um þessi mál, þegar menn standa frammi fyrir tiltölulega klárri ákvörðun um að fórna beinlínis einhverjum tilteknum náttúruverðmætum á altari meintrar velsældar, starfa o.s.frv. Þar geta menn eðlilega orðið ósammála, það hafa menn verið í þessu máli og ég held að menn séu það enn.

[15:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um að veita heimild fyrir virkjun á Jökulsá á Brú, Jökulsá í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar er komið til 3. og síðustu umræðu á Alþingi. Ítarlega hefur verið rakið í máli þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að allar forsendur væru nú til að þessu máli hefði verið frestað, ekki tekið á dagskrá nema þá með breyttum og nýjum forsendum ef þær kæmu upp. Af umhverfislegum, hagkvæmnis- og arðsemisástæðum er þetta ekki framkvæmd sem verjandi er að ráðast í. Nú síðast hefur komið upp að þær tímaáætlanir og þeir samningar sem íslensk stjórnvöld og íslenskir aðilar höfðu gert við Norsk Hydro í þessu máli hafa líka runnið út í sandinn. Tímarammi og framkvæmdamarkmið sem hafa mótað og stýrt þessu ferli á undanförnum vikum og mánuðum eru fallin um sjálf sig. Tímaferlið er núna í uppnámi þannig að þau meginrök sem stjórnvöld settu fyrir því að keyra málið áfram, að sækja þessar virkjunarheimildir, eru fallin. Þá átti, og á, að sjálfsögðu að viðurkenna orðinn hlut og axla ábyrgð, þá ábyrgð að fresta þessu máli og takast á við önnur og brýnni verkefni, bæði hvað varðar þjóðarheill og líka almenna hagsmuni Austfirðinga sem hér hefur verið bent mjög sterklega á í þessu sambandi.

Því miður, herra forseti, virðist ríkisstjórnin, hæstv. ráðherrar Framsfl. og hæstv. ráðherrar Sjálfstfl., svo heillum horfin og ganga svo á svig við skynsemina að ráðherrar vilja lemja höfðinu áfram við steininn og keyra málið áfram í gegnum þing í algjöru tilgangsleysi og beinum hroka við þá stöðu sem málið er í, beinum hroka við Alþingi í þessum efnum.

Herra forseti. Ég vitna í ágætt og mjög ítarlegt nál. hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. Í hans ítarlega nál. segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að stórvægileg óafturkræf náttúruspjöll munu eiga sér stað verði af áformum um Kárahnjúkavirkjun. Um yrði að ræða meiri umhverfisspjöll, vatnaflutninga, jarðrask og breytingar á landslagi og náttúru en áður hefur þekkst hér á landi. Þessar gríðarlegu framkvæmdir hefðu í för með sér eyðingu friðlands, röskun beitar- og burðarsvæða hreindýra og skerðingu búsvæða plantna og dýra. Með Hálslóni færu undir vatn einstæðir sethjallar, bæði að jarðgerð og fyrir jarðsögu, svo og sérstök gróðurvistkerfi, í sumarveðursælum háfjalladal fjarri sjó, sem eru hluti af órofa gróðurlendi frá sjó og upp að jökli. Hætta á áfoki frá Hálslóni og aurum þeim sem myndast við og út í lónið er af mörgum fræðimönnum talin veruleg, og stafar jarðvegi og gróðurfari á Vestur-Öræfum mikil hætta af þessu áfoki."

Og áfram segir í þessu ítarlega og ágæta nál. hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar: „Með Hálslóni færi sérstætt landslag undir vatn og yrði veruleg breyting á ásýnd og

hrifum Jökuldals og Fljótsdals og þar með Lagarfljóti við vatnabreytingarnar. Stórkostlegar breytingar yrðu á vatnafari jökulánna beggja, þegar annarri væri breytt í mun vatnsminni bergvatnsá löngum stundum að sumarlagi, en framhald hinnar í Lagarfljóti yrði að aurskolugu vatni með öllum þeim *breytingum á farvegi þeirra sem því fylgja. Þá hefðu slíkar* framkvæmdir þau áhrif að fjölmargir fossar skertust verulega og sumir hreinlega hyrfu."

Enn fremur segir, með leyfi forseta: „Kárahnjúkavirkjun fullnægir ekki nauðsynlegum skilyrðum til þess að hún geti talist sjálfbær og að hægt sé að tala um virkjun í sátt við umhverfið. Með tímanum fyllist Hálslón af aur og gert er ráð fyrir að eftir 100 ár verði afkastageta virkjunarinnar orðin verulega skert. Á endanum hættir lónið að geta tekið við *vatnsforða vegna aursöfnunar.*"

Virðulegi forseti. Við stöndum ekki frammi fyrir slíkri fátækt eða eymd að við þurfum með fantaskap að ganga á náttúru Íslands, náttúru- og orkuauðlindir okkar, eins og hér er lagt til til þess að við verðum bjargálna. Fjarri því. Við hörmum það að á undanförnum öldum hafi þjóðin þurft að ganga á orkuauðlindir sínar í skógi, viði og kjarri. Við hörmum það og við keppumst nú við að bæta úr því sem forfeður okkar urðu að gera þessum auðlindum þjóðarinnar *til að viðhalda lífi í landinu. Þá rak neyðin. En nú er ekki sú* neyð fyrir hendi. Þess vegna er á engan hátt verjandi að ganga með þeim hætti eins og hér er lagt til á þá óendurnýjanlegu orkuauðlind sem þarna er um að tefla.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram á undanförnum árum að þetta væri mikilvæg aðgerð til að efla og styrkja byggð á Austurlandi, og þess vegna yrði að færa svo miklar náttúrufórnir. Ég tek alveg heils hugar undir að mikilvægt er bæði að styrkja atvinnulíf og byggð á Austurlandi, *og víðar um land. Vissulega hafa stjórnvöld haft forgöngu* um að ala með Austfirðingum gríðarlegar væntingar til þessa eina verkefnis sem hefur byggst á hugmyndinni um Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju á Reyðarfirði. Henni hefur verið haldið svo stíft að Austfirðingum — eins og ekkert annað kæmi til greina fyrir þá í sama mæli og þessi virkjun — að það hefur nálgast hinn harðasta sértrúarboðskap.

Þá hefði viðkomandi stjórnvöldum verið jafnskylt þegar þau sáu að þær áætlanir sem Austfirðingum hafa verið *kynntar, eða lagðar á borð og þar með kynt undir væntingum,* standast engan veginn að koma þegar með aðrar víðtækar stuðningsaðgerðir til atvinnumála og byggðastyrkingar í þessum fjórðungi. Því miður, virðulegur forseti, virðist þar verulega á skorta. Manni blöskrar að þegar hæstv. ráðherra og formaður Framsfl., 1. þm. Austurl., fer á fjölmennan fund með Austfirðingum skuli höfðinu áfram vera lamið við steininn og slagorðið „við berjumst áfram fyrir álveri" áfram hrópað af kappi. Af nógu er að taka til að styrkja byggð og verkefni á Austurlandi.

Hér hefur verið talað um að styrkja háskólann, stofna háskólasetur á Austurlandi sem gæti einmitt haft að sérsviði náttúrufar, þjóðgarða og þær miklu náttúruauðlindir sem þetta landsvæði hefur yfir að búa. Þekking og þekkingarauður styrkir, efling menntunar styrkir einmitt viðkomandi byggðir og leiðir ungt fólk með góða menntun aftur heim í byggðirnar. Það hefur sannast þar sem það hefur verið reynt.

Ég hefði viljað heyra nú frá þeim sem hér hafa harðast varist og barið sér á brjóst yfir atvinnumálum Austfirðinga að þetta væri málið sem þeir mundu nú leggja þunga áherslu á og berjast fyrir. Ég hefði viljað heyra að þar yrði tekið á með myndarlegum hætti. Ég hefði viljað heyra líka að tekið yrði á í eflingu skógræktar, rannsókna, fræðslu, menningartengdrar skógræktar og skógræktarstarfa.

Skógrækt ríkisins og höfuðstöðvar hennar voru fluttar austur á land í þeim tilgangi að styrkja og efla það hérað *sem hefur um áratuga bil haft forgöngu um þróun í skóg*ræktarmálum. Aftur á móti heyrum við þar þær raddir að til standi að flytja þau verkefni sem þar væru betur komin í annan landshluta. Ég hefði viljað heyra hæstv. byggðamálaráðherra segja okkur hvernig hún tekur undir þær hugmyndir sem hæstv. landbrh. hefur viðrað um eflingu skógræktar og skógræktarmiðstöðva í landinu þar sem ráðgert er, samkvæmt hugmyndum sem hann hefur kynnt opinberlega á fundum, að skógrækt skuli ekki lengur byggð upp með sama hætti á Austurlandi heldur sú uppbygging færð í aðra landshluta. Ég hefði viljað heyra hvað hæstv. byggðamálaráðherra hefði um þetta að segja.

Ég hefði líka, herra forseti, viljað heyra afdráttarlausa yfirlýsingu frá hv. þingmönnum Austurlands um að þeir mundu nú berjast fyrir fyrirhuguðum jarðgöngum á Austurlandi sem eru fyrir löngu tilbúin til framkvæmda. Það er rangt sem haft er eftir hæstv. utanrrh. að þau séu enn í hönnun. Þau eru nú í útboði, og hægt hefði verið að flýta vinnu og útboði á jarð*göngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar ef vilji hefði* verið fyrir hendi. Enn heykjast menn við göngin og segja að framkvæmd þeirra hafi verið háð sölu Landssímans og þess vegna sé ekki hægt að fara í þau. Það er alveg fáránleg staðhæfing, og lýsir miklu ábyrgðarleysi gagnvart hagsmunum þessa landsfjórðungs. Menn tala annars vegar um hundraða milljarða króna verkefni með ríkisábyrgðum og hins vegar veigra menn sér við að standa með myndarlegum hætti að þessari jarðgangagerð sem er þó tilbúin til framkvæmda og kostar aðeins örfáa milljarða króna. Það er dapurlegt, herra forseti, að heyra hve heillum horfnir þingmenn Framsfl. virðast vera og hvernig þeir lyppast niður þegar íbúar þessa svæðis virkilega óska eftir því að þeir taki á honum stóra sínum.

Horfum á þessar tölur og horfum á stærðir. Þessi fjórðungur á mikla möguleika á að efla atvinnu sína í ferðaþjónustu. Ríkið ver nú í þróunar- og markaðsstarf og í ferðamál í landinu einungis um 700 millj. kr. Þeir hafa verið að monta sig af því að sú upphæð hafi verið aukin um 150 millj. kr. á yfirstandandi ári. Þessi atvinnuvegur skilaði okkur á síðasta ári 37 milljörðum króna í gjaldeyristekjur og er sá atvinnuvegur sem vex hraðast og skapar mestu möguleikana vítt og breitt um landið. En landsbyggðin gagnrýnir einmitt að uppbygging og þróunarstarf í ferðaþjónustu virðist enn þá miðast við að suðvesturhornið sé fullkominn miðdepill og þar skuli uppbyggingin fara fram. Þróunarstarf einstaklinga og framsæknin meðal fólks og heimamanna vítt og breitt um landið býr við algjört fjársvelti og við lifum það æ ofan í æ að þróunarstarf sem byggt hefur verið upp með miklum fórnum þessa fólks verður síðan fyrirtækjum og samsteypum á höfuðborgarsvæðinu að bráð sem kaupa það upp þegar þrýtur.

Þessu hefði þurft að snúa við. Hvert ársstarf í fyrirhuguðu álveri og virkjun við Kárahnjúka er talið kosta um 400 millj. kr. í stofnkostnaði. Meðalkostnaður við ársstarf í landinu er annars talinn um 10 millj. kr. Tvö ársstörf í stórverkefninu sem þarna er talað um að eigi að vera atvinnuspursmál fyrir Austfirðinga eru dýrari, þ.e. stofnkostnaðurinn nemur meira en ríkið ver til þróunar- og frumkvöðulsstarfs í ferðaþjónustu

í landinu. Telja menn að hér sé skynsemi á ferðinni? Það er dapurt, herra forseti, að stjórnvöld skuli ganga hér til verks með bundið fyrir augun.

Að lokum, herra forseti, vil ég gera framhaldið að umtalsefni. Í stað þess að viðurkenna orðinn hlut og horfa til nýrra lausna, framtíðarlausna í uppbyggingu atvinnulífs í landinu, þar sem auðlindir landsins yrðu nýttar með sjálfbærum hætti til frambúðar skal höfðinu lamið við vegginn, við hinn gráa, kalda vegg raunveruleikans í þessu máli og skipuð ný nefnd til að fara knékrjúpandi að leita að álrisum til að bjarga því sem þessi ríkisstjórn telur sig hafa sett að veði.

Það var skipuð ný nefnd undir forustu ágæts manns, Finns Ingólfssonar, núverandi seðlabankastjóra og fyrrv. hæstv. iðnrh. Ég dreg í efa, herra forseti, að rétt sé að fá til einn af æðstu embættismönnum þjóðarinnar, bankastjóra í Seðlabankanum. Seðlabankinn hefur nýlega fengið yfir sig lög sem fela honum aukið sjálfstæði og aukna ábyrgð í íslensku efnahagslífi. Höfum við ekki fengið nóg af því á undanförnum mánuðum hvernig fléttað hefur verið saman háttsettum embættum og þeim einnig verið falið að framfylgja misvitrum dekurmálum einstakra ráðherra eða ríkisstjórnar? Höfum við ekki fengið nóg af því hve illa það fer saman? Þó ég beri fulla virðingu fyrir og mikið traust til Finns Ingólfssonar og þeirra sem þarna skal skipa í stjórn tel ég að með þessum hætti sé gengið á trúnað og traust sem við eigum að geta borið til stjórnar og vinnu þeirra sem bera ábyrgð á stjórn Seðlabankans. Ég tel misráðið að gera þetta eins og ríkisstjórnin áformar auk þess sem ég tel að þessi nefnd sé algjörlega óþörf. Það á að snúa sér að öðrum verkefnum, byggja landið og atvinnulíf þess upp út frá öðru sjónarhorni en gegnum risastórar virkjanir og risastór álver sem passa engan veginn inn í atvinnulíf okkar.

Virðulegi forseti. Verði þessi virkjunarheimild samþykkt á Alþingi mun ég harma það. Ég mun harma það ef Alþingi gengur fram með þeim hætti að samþykkja virkjunarheimild á lager gagnvart verkefni sem alls ekki er í hendi. Fari svo óska ég þess að það komi aldrei til með að þurfa að nýta hana. Það á að kanna aðrar leiðir við að nýta orku vatnasvæða og náttúru á Austurlandi. Kanna mætti hvort ekki megi nýta þá orku sem þar er í minni virkjanir, í meiri sátt við náttúruna og umhverfið en þessi stórkostlegu óafturkræfu náttúruspjöll sem hér eru til umræðu.

Virðulegi forseti. Ég vona að það verði aldrei ráðist í þessa virkjun.

[16:05]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur lokið enn einni af sínum undarlegu ræðum, einkum í þessu máli. Í raun var aðeins síðasti kaflinn í ræðu hans skýr og sannleikanum samkvæmur, að hann er mótfallinn þeim virkjunaráformum sem hér eru til umræðu. En meginhlutann af ræðu sinni notaði hann til þess að kalla eftir aðgerðum og hugmyndum um aðgerðir til að styrkja atvinnulíf á Austurlandi. (**ÖJ:** Er það undarlegt?) Þar sagðist hann vilja sjá frá stjórnvöldum aðgerðir til að efla menntun, ekki síst á Austfjörðum. Hann sagðist vilja sjá aðgerðir til þess að efla rannsóknir og efla skógrækt. Hann sagðist vilja sjá aðgerðir til að efla ferðamál og sagðist vilja sjá að menn hættu ekki við jarðgöng á Austfjörðum.

Ef þingmaðurinn væri ekki svona blindaður af ofstæki í þessu máli og ef hann læsi þau gögn sem hér eru til vinnslu í þinginu, þar á meðal byggðaáætlun, fengi hann svör við þeirri stefnumörkun sem er til umfjöllunar í þinginu um að efla menntun á landsbyggðinni, efla þar rannsóknir, skógrækt, ferðamál og þar fram eftir götunum, með öðrum orðum svör við þeim spurningum sem hann er að velta upp en fullyrðir að menn séu ekkert að gera í.

Hvað jarðgöng varðar á hv. þm. að vita — hann veit það — að menn eru að undirbúa jarðgöng á Austfjörðum, hvort sem af virkjun verður eða ekki.

Síðan fullyrti hv. þm. í upphafskafla ræðu sinnar að Alþingi sýndi hroka, mundi sýna hroka með því að samþykkja þetta. Ég spyr hv. þm.: Er það hroki, er það lýðræðislegur hroki ef yfirgnæfandi meiri hluti hv. alþm. vill samþykkja frumvarpið en örfáir einstaklingar vilja hafna því? Hvar er hrokinn samkvæmt hugmyndum hv. þm. um lýðræðið?

[16:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason og formaður iðnn. hefur til umfjöllunnar í nefndinni hjá sér byggðaáætlunina. Hún hefur að vísu verið mjög umdeild og illa unnin. Ég mundi telja mun nær fyrir byggðir á Austfjörðum og Vestfjörðum, reyndar byggð um allt land, að hv. þm. og formaður iðnn. mundi beita kröftum sínum og vinnu í að koma þessari byggðaáætlun fram.

En byggðaáætlunin er bara áætlun. Hingað til hefur skort fjármagn. Ég á eftir að sjá að hv. þm. sjái til þess að henni fylgi nægilegt fjármagn. Má ég minna á að á Vestfjörðum, á Ísafirði, var fyrir einu og hálfu ári sett upp útibú eða deild frá Matra til þess að vinna að þróun í fiskvinnslu og fiskiðnaði. Það kostaði í kringum 2 millj. kr. að reka það áfram. En á síðasta hausti og í vetur fannst ekki fjármagn til að halda þessu úti. Það voru raunverulegar aðgerðir í byggðamálum.

Það er ekki nóg að gaspra um áætlun ef því fylgir ekki hugur. Það eru einmitt hin litlu verkefni sem skipta máli og á að stuðla að, en ekki segja bara: Þetta er svo lítið og hefur engin áhrif, tölum frekar í hundruðum milljarða króna. Ég er sannfærður um að það væri nær fyrir hv. þm., í staðinn fyrir að eyða tímanum í frv. um að veita virkjunarleyfi til álverksmiðju sem er búið að blása af, að vinna að því að koma byggðaáætluninni áfram.

[16:10]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kom dæmigert svar hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem snýst í hringi. Hann kallaði eftir stefnumörkun hæstv. ríkisstjórnar í byggðamálum og hafði uppi stór orð um að slík stefnumörkun væri ekki til staðar. Hann taldi hana eiga koma í staðinn fyrir virkjanir fyrir austan. Þegar honum er svarað því að sú stefnumörkun liggi fyrir og sé til vinnslu í Alþingi hleypur hann eitthvert allt annað. Þá fer hann að tala um að hugur þurfi að fylgja máli og að menn ættu frekar að einbeita sér að því að vinna að þessari áætlun, sem þó er til vinnslu eins og hv. þm. veit. Byggðaáætlun er til vinnslu á Alþingi og í þeirri byggðaáætlun sem er til umfjöllunar í hv. iðnn. eru beinar tillögur um fjármagn og stefnumörkun.

Hv. þm. ætti ekki að tala í hálfkveðnum vísum. Hann á að halda sig við að segja einfaldlega að hann sé á móti virkjuninni en ekki fara í þennan blekkingarleik sem hann er gjarn á að grípa til þegar hann verður rökþrota. Ég skal virða það sjónarmið hv. þm. að vera á móti virkjun, það virði ég fullkomlega þó ég sé ósammála. En ég virði það ekki þegar hann fer með ósannindi, hrein og klár ósannindi. Þegar honum er bent á þau ósannindi hleypur hv. þm. hins

vegar út og suður eins og mátti heyra í svari hans. Ég bið hv. þm. um að halda sig við efnislegar staðreyndir.

Byggðaáætlun er til staðar. Auðvitað mun menn greina á um áherslur þar en þar er stefnumörkun um þau atriði sem hv. þm. kallaði eftir. Þetta er stefnumörkun með beinum tillögum og það er ánægjulegt að vinna að henni í iðnn. En hv. þm. ber það ekki hér á borð að ekkert sé að gerast í þeim efnum. Það er einfaldlega, í því tilviki eins og mörgum öðrum, rangt hjá hv. þm.

[16:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að þetta kemur við viðkvæman blett hjá hv. þm. því sú byggðaáætlun sem hefur komið fram hefur reynst þannig (**HjÁ:** Hún er þó til staðar.) að ekki einu sinni þingflokkar stjórnarflokkanna hafa viljað veita henni blessun sína. Atvinnuþróunarfélögin standa meira að segja uppi fjárvana vegna þess að það var ekki hægt að veita nægilegt fjármagn til þeirra á sl. hausti á fjárlögum. Þetta er því í fullkomnu skötulíki.

Þegar rætt er um það núna, hvernig eigi að bregðast við og sýna Austfirðingum að komið verði til móts við þörfina fyrir verkefni þar — hæstv. iðnrh. kom inn á einmitt að það þyrfti að bregðast við til þess að draga úr hættu á fólksflótta úr héraðinu — hefur ríkisstjórnin, ráðherrar Framsfl., þingmenn Framsfl., þingmenn Norðurl. e. úr Framsfl., ekkert fram að færa. Þeir hafa ekkert fram að færa og segja: Áfram verður barist fyrir því að fá þetta álver. Sú framkoma finnst mér ábyrgðarlaus. Mér finnst hún ábyrgðarlaus og ósanngjörn.

Þess vegna er ég hér. Við erum ekki í meiri hluta hér á Alþingi, því miður. En við getum hvatt meiri hlutann og hæstv. ráðherra Framsfl. til að horfast í augu við veruleikann og sýna raunverulegan dug gagnvart Austfirðingum svo og í byggðamálum landsmanna almennt.

Ég vona, þjóðarinnar vegna, að þeir láti af þessari álnauðhyggju sinni, vakni af þessum bráðræðislegu stórvirkjunardraumum og snúi sér að íslenskum raunveruleika.

[16:14]

Útbýting þingskjals:

Heildarskuldir og vaxtabyrði í íslenska lánakerfinu, 706. mál, fsp. JóhS og JÁ, þskj. 1139.

[16:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég óska sérstaklega eftir því að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., verði viðstaddur umræðuna og hæstv. iðn.- og viðskrh., Valgerður Sverrisdóttir.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill láta þess getið að bæði eru hér í húsi og ég mun sjá til þess að þau komi áður en um langt um líður.)

Ég mun gera hlé á máli mínu þangað til þau eru komin í salinn.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Nú ganga þau í salinn, hæstv. iðnrh. og formaður iðnn.)

Herra forseti. Mjög fróðlegt var að fylgjast með andsvörum hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem hefur verið mjög gefinn fyrir það í umræðum þessa máls að gefa okkur einkunnir fyrir málflutning okkar, án þess þó að taka efnislega á rökum með spurningum sem við höfum beint til hans. Nú ætla ég að gefa honum færi á því að svara nokkrum spurningum sem er ósvarað í málinu.

Við erum að fjalla um frv. sem veitir heimild til stærstu virkjunar sem reist hefur verið á Íslandi og þeirrar dýrustu. Það sem við höfum fengið að heyra frá stjórnarmeirihlutanum, frá hæstv. ráðherra, frá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og gott ef ekki hv. þm. Hjálmari Árnasyni, þó ég skuli ekki fullyrða um það, er að hér sé um mjög arðsama framkvæmd að ræða. Hv. þm. hefur talað um mjög arðsama framkvæmd og hæstv. ráðherra hefur talað um bullandi arðsemi. Ég hef tekið undir þetta með bullið, en efast stórlega um arðsemina.

Arðsemin ræðst væntanlega af verðinu á rafmagninu sem framleitt yrði við virkjunina. Hvernig má það vera þegar engir samningar eru í hendi, ekki einu sinni samningsaðili, ekki hefur verið samið um sölu á neinu rafmagni, að hægt sé að fullyrða um að framkvæmdin verði bullandi arðsöm? Á hverju er það byggt? Það er viðurkennt og hefur komið fram, bæði hjá hæstv. ráðherra, hjá öðrum talsmönnum ríkisstjórnarinnar og nýbökuðum sendiherra í álmálum, Finni Ingólfssyni seðlabankastjóra, að við séum á núllpunkti. Farið er að tala um nýja samningsaðila. En eftir sem áður leyfa menn sér að koma í ræðustól á Alþingi eða hafa uppi yfirlýsingar um það í fjölmiðlum að við séum að samþykkja framkvæmd sem sé bullandi arðsöm. Hvernig má þetta vera? Þetta er fyrsta spurningin sem mig langar til að beina til hv. þm. Hjálmars Árnasonar.

Þetta verkefni er eitt og hið sama, virkjunin og álverið. Þetta er í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar sem stendur til að reisa eða stóð til öllu heldur að reisa virkjun sem á að framleiða orku fyrir einn kúnna. Og það er álver sem menn hugðust reisa á Reyðarfirði. Nú kann vel að vera að einhver þeirra sem ég hef vitnað til, og þá sennilega Finnur Ingólfsson seðlabankastjóri, sé að tala um bullandi arðsama fjárfestingu fyrir álfyrirtæki. Það má reyndar ráða af viðtali við hann, í DV mun það vera, í gær þar sem seðlabankastjórinn segir að hann hafi trú á því að aðilar í áliðnaði muni velta fyrir sér þessari fjárfestingu af áhuga. Og í framhaldinu segir hann, með leyfi forseta: „Það er enginn vafi á að þarna er um mjög arðbært verkefni að ræða. Hvers vegna skyldu slík fyrirtæki ekki hafa áhuga á að taka þátt í arðbæru verkefni?“ spyr Finnur Ingólfsson, nýbakaður samningamaður íslensku þjóðarinnar. Hann á að semja fyrir okkar hönd.

Hvað er það sem gæti gert verkefnið arðbært fyrir viðsemjandann, fyrir álrisana úti í heimi sem nú skal kropið frammi fyrir og þeir beðnir um að koma hingað til lands? Það er væntanlega lágt raforkuverð. Er það ekki það sem mundi gera þetta fyrirtæki arðsamt fyrir þá? Ég hefði haldið það. Eru þetta mennirnir sem eiga að standa vaktina og stunda hagsmunagæsluna fyrir hönd íslensku þjóðarinnar? Þeir tala eins og búið sé að virkja. Þeir ganga ekki á fund væntanlegra viðsemjenda og segja: Ja, það gæti svo farið að við virkjuðum ef ásættanlegir samningar næst. En að sjálfsögðu munum við gæta fullra hagsmuna íslensku þjóðarinnar og tryggja henni hagstætt verð fyrir raforkuna. Nei, svona er dæminu ekki stillt upp. Þetta eru menn sem koma á hnjánum. Ég spyr: Hvers konar hagsmunagæslumenn eru þetta fyrir Íslendinga?

Ekki hefur verið upplýst hvernig raforkuverðið yrði eða hvað það var sem menn þóttust hafa náð samkomulagi um við Norsk Hydro eða kunnu að hafa náð, ég ætla ekki draga það í efa. En menn hafa gert því skóna að það sé einhvers staðar á bilinu 15–20 mill. Hins vegar sýna útreikningar fram á, útreikningar manna sem ég treysti, að til þess að virkjunin yrði arðbær miðað við þær forsendur sem upp hafa verið gefnar, þyrftum við að fá 25–30 mill fyrir orkuna.

Ég vil fá nánari upplýsingar um þessi efni. Og ég hefði nú haldið að fleiri þingmenn en við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðu óskað eftir því að fá fyllri upplýsingar áður en samþykktur er þessi óútfyllti víxill.

Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi koma inn á. Það er um hina bullandi arðsemi og frá báðum hliðum, frá sjónarhjóli íslensku þjóðarinnar og frá álframleiðenda, þyrfti að skýra nánar hvað hér hangir á spýtunni.

Mörgum öðrum spurningum er ósvarað. Það vakti athygli þegar Geir A. Gunnlaugsson upplýsti í viðtali í Kastljósi 26. mars að eitt ágreiningsmálið sem uppi hefði verið lyti að 800 milljón dollara ábyrgðartryggingu, það eru 80 milljarðar kr. Ég óskaði eftir upplýsingum um þetta í efh.- og viðskn. Það hafði ekki nokkur maður áhuga á að grafast fyrir um það. 80 milljarðar! Hver er það sem hefði átt að gangast í ábyrgð? Var það ríkissjóður? Voru það innlendir fjárfestar, lífeyrissjóðirnir? Eða, sem ég held nú fremur, sneri þetta að álfyrirtækinu? Var þetta hugsanlega tilboð Norsk Hydro um að gangast í slíka ábyrgð til þess að fá því framgengt sem vitað er að þeir helst vilja, 15–20% eignaraðild, en ráða engu að síður öllu um gang fyrirtækisins, hafa þar tögl og hagldir og fá samning um raforku til 15–20 ára? Var það þetta? Hvers vegna fáum við ekki upplýsingar um þessi efni? Hvers vegna í ósköpunum er þetta ekki upplýst? Er eðlilegt að frá þessu verði gengið án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir? Ég óska eftir skýringum á þessu og svörum. Ég frábið mér alla einkunnargjöf. Nú vil ég bara svör. Ég er að beina spurningum mínum til hæstv. ráðherra og hv. formanns iðnn.

Þá vil ég einnig fá upplýsingar um tilkostnað Landsvirkjunar. Hver er hann orðinn? Hver er hönnunarkostnaðurinn? Búið er að gera samninga við fyrirtæki upp á milljarða um hönnunarkostnað því eins og menn vita er þegar byrjað að bjóða verkefni út og það er ekki gert nema áður liggi fyrir hönnun. Á grundvelli slíkrar hönnunar er boðið út. Við hvaða fyrirtæki hefur verið samið? Hvað er um háar upphæðir þarna að tefla? Hve marga milljarða? Og hver er tilkostnaður Landsvirkjunar orðinn til þessa?

Þetta síðasta ævintýri hófst fyrir sex árum eða þar um bil. Einhver sagði í fjölmiðlum, hvort það var ekki Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Reyðaráls, að Norsk Hydro væri búið að setja 400 eða 500 milljónir í þetta og það væri til marks um hver alvara væri þar að baki. Hann vísaði þar til fyrirtækis sem er með 2.000 milljarða veltu á ári. Þetta mundi samsvara því að Landsvirkjun léti 3 milljónir — þar er ársveltan um 13 milljarðar — í athugun á verkefnum. Þetta eru ekki háar upphæðir. Þegar samningar voru gerðir á sínum tíma um járnblendið við Union Carbide voru gerðir skaðleysissamningar. Það voru gerðir skaðleysissamningar. Þeir samningar voru upp á 8 millj. dollara sem á núverandi gengi væru 800 milljónir. Dollarinn var þá verðmætari. Við erum að tala þar um 1 milljarð.

Hafa einhverjir slíkir skaðleysissamningar verið gerðir hér? Hver er tilkostnaður Landsvirkjunar þegar orðinn? Eru það 8 milljarðar? Þá er ég að tala um hönnunarkostnaðinn. Hver er hann? Og hver er kostnaðurinn við þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í undir lok 9. áratugarins og síðar? Hver er sá tilkostnaður orðinn? Getum við fengið upplýsingar um þetta?

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál að sinni. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að þessi þingfundur verði ekki ýkja langur. Við höfum komið á framfæri meginsjónarmiðum okkar. Ég vil hins vegar minna á að ég hef varað við þessu verkefni á þeim forsendum að um geysilega áhættu sé að ræða og þetta sé mjög varasöm framkvæmd fyrir íslensku þjóðina. Ég hef nefnt þar þrjá stóra áhættuþætti. Ég hef í fyrsta lagi vikið að áhættunni fyrir innlenda fjárfesta. Íslenskir fjárfestar hafa verið hvattir til að koma að þessu, íslenskir lífeyrissjóðir á meðal annarra.

Ég hef sagt: Við skulum læra af reynslunni. Við skulum horfa til járnblendireynslunnar þar sem samningar voru gerðir við Elkem Spigerverket eftir að Union Carbide gekk úr skaftinu og greiddi þá skaðleysisupphæðina. Við gerðum hins vegar samkomulag við Elkem Spigerverket 1976 um að hér yrði reist verksmiðja. Elkem átti þá 45% eignarhlut og íslenska ríkið 55%. Eftir sem áður hafði Elkem Spigerverket tögl og hagldir í fyrirtækinu. Hvernig skyldi það hafa gerst? Jú, það var vegna þess að Íslendingar sátu uppi með ónýtta orku, þó í minna mæli en þetta fyrirtæki býður upp á, og þurftu að koma henni í notkun og létu það yfir sig ganga að gerðir voru samningar þar sem Elkem hafði tögl og hagldir auk þess sem þeir fengu 3%, eins konar umboðslaun, umsýslugjöld. Þeir höfðu þannig milljarða út úr þessari starfsemi en Íslendingar blæddu. Þegar upp er staðið og komið fram á þennan tíma þá hefur það gerst að Elkem er komið með tæplega 73% eignarhlut og hlutur íslenska ríkisins kominn niður í u.þ.b. 10%. Íslenskir fjárfestar eru þar einnig á spýtunni, en hlutur þeirra brann upp. Hvernig gerðist það? Jú, vegna þess að þetta fyrirtæki hefur tvívegis farið á hausinn og í síðasta skiptið, sem var í haust, var hlutafé niðurskrifað um 75%. Síðan var komið inn með aukna fjárhæð, 600 milljónir af hálfu Elkem, 50 af hálfu íslenska ríkisins. Hvers vegna? Til þess að halda fyrirtækinu inni á Verðbréfaþingi og til að vernda það fé sem Íslendingar höfðu sett í það. En þetta olli því að þeir fjármunir sem Íslendingar höfðu sett í þetta fyrirtæki brunnu upp og við höfum enga samningsstöðu sem lýsir sér í því orkuverði sem þetta fyrirtæki borgar, innan við 10 mill.

Það er svona sem hlutirnir gerast og í þessu felst sú áhætta sem innlendir fjárfestar kunna að standa frammi fyrir.

Í öðru lagi hef ég varað við þeirri áhættu sem ríki og sveitarfélög, eigendur Landsvirkjunar, standa frammi fyrir. Í hverju er áhættan fólgin þar? Hún er fólgin í því að orkuverðið sem einblínt er á og sem er allt of lágt samkvæmt fréttum kann heldur ekki að standa. Vera kann að það stæðist ekki heldur. Hvers vegna? Vegna þess að orkuverðið er samtengt verði á áli og gengið var út frá því að álverðið haldist um næstu framtíð 1.550 dollarar á tonnið. Núna er þetta álverð um 1.400 dollarar og ætla má að það fari lækkandi. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um það. Það getur enginn fullyrt um það. Menn byggja hins vegar í senn á líkindareikningi sem horfir aftur í tímann, byggir á þróun aftur í tímann og síðan eru framsýnir menn að velta því fyrir sér hvað framtíðin beri í skauti sér.

Það sem blasir við er að álframleiðslan, frumframleiðslan, er að færast til Afríku og Asíu, Suður-Afríku, Mósambík, Víetnam, Kína. (**HjÁ:** Kanada, Noregur.) Já, þar eru aðrir hlutir að gerast. (**HjÁ:** Þar eru álver líka.) Þar eru aðrir hlutir að gerast. Í þeim heimshluta er að eiga sér stað aukin endurvinnsla, (**HjÁ:** Líka ný.) aukin endurvinnsla. Sérfræðingar gera því skóna að samruninn við þýska fyrirtækið VAW muni leiða til þess að Norsk Hydro fari í auknum mæli inn á þá braut. Þar þarf miklu minni orku, 5%, þ.e. í endurvinnslu á áli. En frumframleiðslan mun fara til Kína og Suður-Afríku og víðar, nærri báxítnámunum og ódýru vinnuafli, og þess

vegna mun álverðið fara lækkandi. Svo er annað að gerast. Kínverjar hafa flutt inn ál. Talið er að eftir þrjú til fimm ár verði þeir útflytjendur á áli. Gera menn sér grein fyrir því hve stærsta virkjun sem Kínverjar eru að reisa nú um stundir er stór? Hún er 15.000 megavött. Hún er tuttugu sinnum stærri en fullbyggð Kárahnjúkavirkjun. Hver einasti hverfill eða túrbína er jafnstór og Kárahnjúkavirkjun, eða 750 megavött. Þarf ekki svolítið að horfa á þessar staðreyndir? Þurfum við ekki að velta vöngum yfir afleiðingum þess að Kínverjar eru núna að ganga í Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, og hvaða áhrif það hefur á viðskipti þeirra í heiminum þegar þeir búa við hagstæðari skattakjör og tollakjör en verið hefur? Þarf ekki að ræða þetta? Þarf ekki að skoða þetta?

Það er í þessu sem áhætta íslenska ríkisins og Landsvirkjunar felst. Það þýðir ekkert að vísa í einhverjar Monte Carlo-formúlur eða hvað hann nú heitir líkindareikningurinn sem menn hafa byggt á og hvílir á fortíðinni.

Í þriðja lagi hef ég vísað í þá áhættu sem við erum að taka fyrir efnahagslífið, þ.e. að þessi framkvæmd sé svo risavaxin að hún rúmist ekki í íslensku efnahagslífi. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma núna. Ég ætla að ljúka máli mínu einfaldlega vegna þess að við höfum gert um það samkomulag að ljúka þingfundi von bráðar. En ég get alveg fullvissað hæstv. forseta um að ég hef nóg enn til málanna að leggja.

En að lokum þetta: Ég tel að þessi framkvæmd sé algerlega óaðgengileg, hún sé mjög óráðleg og varasöm á efnahagslegum forsendum. En síðan er hitt að sjálfsögðu, eins og ég hef margoft bent á, að ég er andvígur þessari virkjun vegna þeirra óafturkræfu spjalla á náttúru Íslands sem hún hefði í för með sér.

[16:38]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín fyrirspurnum og bað um að ekki yrðu gefnar einkunnir. Tilefni hans var andsvar mitt við hv. þm. Jón Bjarnason. Andsvar mitt við hv. þm. Jón Bjarnason byggði á þeirri fullyrðingu hans að stjórnvöld hefðu enga byggðastefnu og væru ekki með neinar aðgerðir fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni. Ég hrakti það einfaldlega. Andsvar mitt við hv. þm. byggðist líka á því þegar hann talaði um að það væri verið að sýna Alþingi hroka. Lái mér hver sem vill þó ég dragi þá fullyrðingu mjög í efa þegar yfirgnæfandi meiri hluti Alþingis vill taka þessa pólitísku ákvörðun. Það er lýðræðisleg niðurstaða, en ekki hroki.

Hvað varðar arðsemina og verðið þá segir hv. þm. að engir samningar hafi legið fyrir. Það er ekki alveg rétt. Fyrir lágu samningsdrög sem menn höfðu meira að segja sett stafi sína á, byggð á ákveðnum forsendum. Til bæði efh.- og viðskn. og iðnn. komu ýmsir sérfræðingar. Það var a.m.k. mat átta nefndarmanna af níu í hv. iðnn. að treysta þeirri ráðgjöf sem þeir sérfræðingar kynntu þarna, m.a. á grundvelli þessa samnings.

Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir því og reikna ekki með því að skoðun hv. þm. muni breytast. Þetta var niðurstaða okkar og okkar mat. Ég vek líka athygli á því að hér er verið að fjalla um leyfi Alþingis til hæstv. iðnrh. sem mun ekki gefa út virkjunarleyfi fyrr en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ég vek líka athygli á því að Landsvirkjun mun ekki leggja út í framkvæmd nema viðunandi samningar náist, viðunandi fyrir Landsvirkjun og sem skila henni arði. Fyrr verður virkjunarleyfið ekki gefið út af framkvæmdarvaldinu. Hv. Alþingi er einungis að vinna sína heimavinnu sem er eðlilegt, hinn almenna ramma. Síðan koma hin almennu skilyrði sem framkvæmdarvaldið sér um.

[16:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við ætluðum nú að sýna þessari þjóð virðingu þá væri farið með þetta mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Við höfum rætt það.

Varðandi Landsvirkjun og þá staðhæfingu að Landsvirkjun muni ekki fara út í neina framkvæmd nema samningar liggi fyrir. Það er alveg rétt að það var fullyrt að það ætti ekki að gera það. En annaðhvort vorum við slegin blindu eða leggjum einhvern annan skilning í framkvæmdir þegar við vorum á ferð á þessum slóðum sl. haust og fylgdumst með framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar á þessu svæði.

Síðan er hitt. Það hafa verið gerðir samningar upp á milljarða og það hefur verið framkvæmt fyrir milljarða. Ég hef spurt: Hve marga? En að leyfa sér að koma hingað upp og segja að Landsvirkjun muni ekkert gera fyrr en samningar liggi fyrir er harla undarlegt svo ekki sé tekið djúpt í árinni þegar þessir samningar hafa verið gerðir og þessi fjáraustur hefur þegar verið hafinn fyrir mörgum árum. Ég spyr aftur hv. formann iðnn.: Upp á hve háar upphæðir eru þessir samningar og hver er þessi tilkostnaður Landsvirkjunar þegar orðinn? Eru það 8 milljarðar? Og hvað af því, ef svo væri — ég tel að það sé þar um bil — hvað af því er hönnunarkostnaðurinn? Hafa einhverjir skaðleysissamningar verið gerðir? Ég óska eftir upplýsingum um þetta.

[16:42]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi einnig spurningu til mín um arðsemi álversins og fjallaði nokkuð um að álverð mundi haldast óbreytt í heiminum að öllum líkindum. Í þeim samningsdrögum sem fyrir lágu er gert ráð fyrir því að álverð muni lækka í heiminum og það er byggt á spá helstu sérfræðinga í álheiminum á því. Það er nú einu sinni svo að báðir samningsaðilar hagnast og allir sem að málinu koma. Því er spáð á grundvelli þeirra samningsdraga sem lágu fyrir að Landsvirkjun mundi hagnast verulega af þessu máli og virkjunin afskrifuð á 25–30 árum. Hún væri þá skuldlaus. Því er spáð að þjóðfélagið muni hagnast á því með aukinni þjóðarframleiðslu um 1%, byggðir landsins muni styrkjast, ekki síst á Austfjörðum, útflutningsverðmæti aukast um 14%. Það er auðvitað allt saman mjög jákvætt ef það gengur eftir.

Að sjálfsögðu er líka hagstætt ef álverið og eigendur álversins hagnast á þessu líka. Það er, herra forseti, hið besta mál ef allir aðilar sem að því koma munu hagnast. Út á það ganga viðskipti yfirleitt.

Þingmaðurinn spyr um kostnað. Það er alveg ljóst að Landsvirkjun hefur lagt í verulegan kostnað við þetta. Ég hygg að þær tölur séu á milli 2 og 3 milljarðar. Það er engin hönnun. Það er rangt hjá hv. þm. að búið sé að bjóða út hönnunina. Því hefur verið slegið á frest vegna óvissunnar. Hins vegar byggir megnið af þeim kostnaði sem til er fallinn á kostnaði vegna undirbúningsrannsókna. Og hvers vegna er lagt í þær undirbúningsrannsóknir? Það er á grundvelli laga sem m.a. hv. þm. sjálfur stóð að að samþykkja, því þegar framkvæmdaaðili vill láta rannsaka hugsanlegt virkjunarstæði þarf hann sjálfur að bera kostnaðinn af því. Það er það sem Landsvirkjun hefur gert, en fær þann kostnað aftur ef af framkvæmd verður.

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Hér gætum við þess vegna verið að hefja umræðuna að nýju um þjóðhagslega arðsemi af þessu verkefni sem ég hef fært rök fyrir að er ekki fyrir hendi að mínum dómi. Við skulum ekki fara nánar út í þá sálma. En ég beindi einmitt spurningu til hv. þm. um tilkostnað Landsvirkjunar og hann staðhæfir að hann sé 2–3 milljarðar kr. Og hann staðhæfir að engir hönnunarsamningar hafi verið gerðir. Nú er að ljúka umræðu um þetta mál. En ég mun grafast fyrir um sannleiksgildi þessa. Getur verið að boðin hafi verið út verk, þar á meðal jarðgöng, án þess að þau hafi verið hönnuð, án þess að verkkaupandinn viti hvað hann er að bjóða í? Getur það verið? Ég mun grafast fyrir um þetta.

Hér hefur það verið staðhæft af hálfu formanns iðnn. að engir hönnunarsamningar hafi verið gerðir. Þetta verður kannað. (Gripið fram í.) Þetta verður kannað.

[16:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Nú er 3. umr. um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar að niðurlotum komin þó að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs láti engan bilbug á sér finna og gætu staðið lengur í ræðustóli og flutt áfram efnismiklar ræður í málinu eins og þeir hafa gert hingað til. En þar sem þessi þingfundur er kominn fram á síðustu mínúturnar ætla ég að láta nægja í lokaræðu minni að geta um nýjar upplýsingar í málinu. Ég er viss um að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gaman af að heyra þær upplýsingar og sömuleiðis hv. formaður iðnn., Hjálmar Árnason, en ég er einmitt að koma af samráðsfundi Landsvirkjunar sem nú stendur yfir. Þar flutti forstjóri fyrirtækisins, Friðrik Sophusson, ræðu. Hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans hafa klifað á því að um arðbæra framkvæmd sé að ræða, það hefur verið ítrekað í hverri ræðunni á fætur annarri, og því tel ég þessum hv. þingmönnum hollt að heyra eftirfarandi boðskap forstjóra Landsvirkjunar úr ræðu sem hann flutti rétt áðan á Grand Hóteli hér í Reykjavík. Með leyfi forseta, sagði forstjóri Landsvirkjunar:

„Það er álit allra undirbúningsaðila að verkefninu hafi miðað vel“ — þ.e. Noral-verkefninu — „og ljóst að það sé að öllum líkindum arðsamt“ — að öllum líkindum arðsamt — „fyrir alla hlutaðeigandi aðila.“

Já, herra forseti. Forstjóri Landsvirkjunar viðurkennir veikleikana í málinu. Hann lætur svo um mælt á þeim fundi sem stendur nú yfir á Grand Hóteli að verkefnið sé að öllum líkindum arðbært en hann fullyrðir ekki á sömu nótum og hæstv. ráðherra og hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans hafa gert hver á fætur öðrum um arðsemi verkefnisins.

Ég vil vekja athygli Alþingis á öðru, herra forseti. Forstjóri Landsvirkjunar predikar, eða boðar, heiðarlega og opna umræðu um þessi mál gerist sekur um að segja ósatt um tölur, segja ósatt um stækkunaráform álvera í landinu. Það er til skammar þegar stórt opinbert fyrirtæki á borð við Landsvirkjun leyfir sér að láta frá sér fara efni í prentuðu máli þar sem rangt er farið með tölur um stækkunaráform sem uppi eru hjá stóriðjufyrirtækjunum á Íslandi. Þau eru stórlega færð niður. Þau eru meira að segja færð langt niður fyrir það sem getið er um í greinargerð Orkustofnunar sem fylgir frv. hæstv. iðnrh. sem fylgiskjal.

Það er gífurlegt misræmi milli þess sem Landsvirkjun gefur út á yfirstandandi samráðsfundi og þess sem getið er um í greinargerð Orkustofnunar. Orkuþörfin sem Landsvirkjun segir vera í farvatninu fyrir stóriðju á næstu árum er talin samkvæmt því sem þar er gefið upp 12.000 gígavattstundir meðan frv. iðnrh. og greinargerð Orkustofnunar gerir ráð fyrir 22.200 gígavattstundum í stóriðju sem stóriðjufyrirtækin hafa, formlega eða óformlega, óskað eftir.

Nú spyr ég hæstv. iðnrh.: Hvað ætlar hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir mikilli stækkun stóriðjufyrirtækja á Íslandi? Ætlar hæstv. iðnrh. að ganga þá píslargöngu sem hún nú hefur gengið fyrir Reyðarál hf. og Norsk Hydro sem gengið er úr skaftinu fyrir Ísal og Norðurál þegar barið verður af hörku og alvöru á dyrnar varðandi stækkun þar? Og ætlar þá hæstv. iðnrh. að ganga fremst manna og berjast fyrir því að 22.000 gígavattstundum af vatnsafli íslenskra jökulvatna og bergvatnsáa verði eytt á altari stóriðjunnar? Ég segi við hæstv. iðnrh.: Það væri feigðarflan og ég get ekki óskað hæstv. ráðherra góðrar ferðar í slíka för. En vísbendingarnar eru nægar, þær getur að líta í greinargerð Orkustofnunar sem hæstv. ráðherra gerir svo hátt undir höfði að hún lætur fylgja sem fylgiskjal með frv.

Herra forseti. Ekki er hægt að ljúka þessari umræðu án þess að gagnrýna enn eina ferðina þá herför gegn landinu sem á að fara í eingöngu til þess að Landsvirkjun geti eignast á lager fleiri virkjunarleyfi. Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að enn lifir og vakir virkjunarleyfið um gömlu Fljótsdalsvirkjun einhvers staðar í fórum Landsvirkjunar, gefið út 1991 af þáv. hæstv. iðnrh. (**Iðnrh.:** Hjörleifi Guttormssyni.) Nú ætlar hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir að fá í sinn vasa heimild til að gefa Landsvirkjun leyfi til að virkja við Kárahnjúka stærstu virkjun sem möguleiki er á að framkvæma hér Íslandi.

Ég gagnrýni harðlega að Landsvirkjun skuli vera gert heimilt að safna á lager virkjunarleyfum fyrir stóriðjufyrirtæki sem guð einn veit hvort nokkru sinni verða látin rísa á Íslandi. Og guð forði íslenskri þjóð frá því að nokkur af þeim áformum um stóriðjuuppbyggingu líti dagsins ljós. Það er sannarlega hægt að láta í ljósi þá ósk að stjórnvöld snúi af villu síns vegar og heyi atvinnuuppbyggingu á öðrum nótum en þeim sem hæstv. iðnrh. hefur boðað og lagt sig fram um að hér verði.

Lokaorðin í máli mínu, herra forseti, koma úr sama ljóði og ég vitnaði til í ræðustóli í umræðunni í gær. Það er ljóð Friðriks Hansens sem hann orti líklega veturinn 1911/1912 þar sem hann var staddur á Sleðbrjóti í Jökulsárhlíð og mun hafa verið þar kennari. Þar orti hann mikið og fagurt ljóð til Jöklu. Eitt erindi þessa mikla ljóðabálks á vel við sem lokaorð í þessari umræðu, og það er svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

Þig getur ekkert afl í heimi bundið
og enginn brýtur gígjustrenginn þinn.
Og hvenær verður meira og fegra fundið
en finna að ekkert bugar kraftinn sinn?
Þú hlærð svo frjáls að hlekkjum þúsund ára
því hjá þér vaggar frjáls hin minnsta bára.

Herra forseti. Mín ósk er sú að bára Jöklu fái að renna frjáls um gljúfrin miklu næstu þúsund ár.

[16:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér gæti ég líka farið með ljóð. Það er alltaf gaman að því og hin íslenska þjóð á mörg fögur ljóð. Orðin afl og kraftur komu bæði fyrir í því ljóði sem hv. þm. las hér. Þetta mál gengur einmitt mjög út á afl og kraft og

orku. Ég ætla ekki að gera mér vonir um að við getum verið sammála í lok umræðunnar en örfá atriði ætla ég að nefna.

Örlítið hefur verið talað um rammaáætlun. Kárahnjúkavirkjun er hluti af vinnu rammaáætlunar. Vinna vegna Kárahnjúkavirkjunar er hins vegar lengra komin en hvað varðar flestar aðrar virkjanir, og rannsóknir ítarlegri. En sannleikurinn er sá að í sambandi við þetta verkefni kemur engin önnur virkjun til greina en Kárahnjúkavirkjun og þess vegna er málið þannig vaxið sem raun ber vitni. Auk þess vil ég geta þess að rammaáætlun er ekki svo nákvæm vinna að hægt sé að byggja ákvörðun nákvæmlega á þeirri vinnu. Hins vegar er hún mikils virði, ekki síst í sambandi við áætlanagerð til framtíðar.

Hv. þm. spurði í lokin hve miklu meiri áform ég hefði uppi um að stækka stóriðjuver. Í sjálfu sér liggur ekki fyrir nákvæm stefna í þeim efnum á þessari stundu enda byggist þetta ákaflega mikið á því hvað fjárfestar vilja gera og hversu mikill áhugi er fyrir stækkun þessara iðjuvera. Hins vegar er ljóst að við höfum þó nokkur viðbótartækifæri til að virkja fallvötnin. Einhvers staðar liggja samt mörkin, það held ég að sé nokkuð ljóst. Þegar talað er um að 15–20% séu nýtt er vissulega tekið tillit til þess að ekki allt verði virkjað en ég geri mér alveg grein fyrir því að það er pólitískt umfjöllunarefni hvar línan liggur.

Hv. þm. nefndi Fljótsdalsvirkjun og það er rétt hjá henni að um þá virkjun liggur fyrir heimild. Hún var afgreidd frá Alþingi Íslendinga með öllum atkvæðum í tíð Hjörleifs Guttormssonar sem iðnrh. Saga hans í sambandi við virkjanamál er athyglisverð og kannski verður hún einhvern tíma rifjuð upp. Ég held að mörgum muni þykja barátta hans athyglisverð. (**ÖJ:** Kannski ástæða til að lengja svolítið umræðuna.) Ég vona að mér leyfist að nefna þetta. Þetta getur ekki verið svo viðkvæmt mál. En ég er ekki að vekja upp umræðuna. Ég held að hann hafi ekki þurft að skammast sín fyrir það. Hann gegndi starfi iðnrh. um tíma. (**ÖJ:** Og á að njóta sannmælis.) Og nýtur eflaust sannmælis.

Það sem ég vildi segja um verðmæti lands er að það að meta land er mjög flókið viðfangsefni. Engar viðurkenndar aðferðir eru til hvað það varðar en þær eru í þróun og í tengslum við rammaáætlun hafa verið gerðar tilraunir til að meta land til verðmæta. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar um efnahagslegt umfang þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, sem kom út í ágúst 2001, er ákveðin niðurstaða. Hún er sú að verði svæðið gert að þjóðgarði, og virkjun verði að auki við Kárahnjúka, minnki verðmæti landsins um 240 milljónir á ári miðað við að ekkert verði gert. Hins vegar skulum við hafa í huga að með því að virkja og auk þess stofna til þjóðgarðs er verðmætið um 10 milljarðar á ári. Það er nokkuð ljóst að ef við horfum bara á efnahagslegan þátt málsins er hagkvæmt að fara út í þessa framkvæmd. Svo geta menn alltaf velt fyrir sér og haft á því skoðanir, sem eru þó meira og minna byggðar á áætlunum og ekki mjög nákvæmar, hversu mikið ferðaþjónustan gefur. Hún gefur vissulega mikla fjármuni en að mínu mati er virkjun arðbærari kostur.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um svæðisskipulagið og í andsvari við framsöguræðu í 1. umr. hélt hv. 17. þm. Reykv. því fram að Kárahnjúkavirkjun væri í hróplegri andstöðu við svæðisskipulag miðhálendisins og spurði hvort ég hygðist beita pólitískum þrýstingi og valdi til þess að breyta svæðisskipulaginu. Í svari mínu vísaði ég til þeirra orða í greinargerð svæðisskipulagsins að gert sé ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú, sem sagt Kárahnjúkavirkjun, og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnjúkalón geti nýst sem miðlun fyrir bæði vatnasviðin og þar með talið Hálslón. Ég tel að vinna við breytingar á svæðisskipulagi sé í réttum farvegi og í samræmi við þau sjónarmið sem um það hafa ríkt.

Að síðustu vegna orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að Finnur Ingólfsson seðlabankastjóri eigi að semja fyrir hönd Íslendinga, þá er það ekki alveg nákvæmt. Málið er að sú nefnd sem skipuð hefur verið hefur fyrst og fremst það verkefni að þreifa á þeim möguleikum sem til staðar kunna að vera hjá erlendum álfyrirtækjum, en ekki, a.m.k. hefur ekki verið tekin um það ákvörðun á þessari stundu, að sú nefnd eigi að ganga svo langt að ef til samningaviðræðna komi verði það þeir aðilar sem taki þátt í því.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson talar mikið um verðið, það verð sem Landsvirkjun telur sig þurfa til þess að framkvæmdin sé arðbær og telur að þurfi 25–30 mill. Það held ég sé ekki rétt hjá honum. Þetta er málefni sem efnahagssérfræðingar okkar hafa ekki verið alveg sammála um. Það er náttúrlega mismunandi hvaða forsendur menn gefa sér þegar þeir reikna þetta, hvort þeir reikna álverðið bókstaflega alveg niður í heiminum eða hvort þeir reikna það þannig að á einhverju stigi fari álverð ekki lengra niður vegna þess að markaðurinn sjái til þess að halda ákveðnu verði. Auðvitað byggist þetta á líkindareikningi að einhverju leyti, en miðað við það sem hefur gerst fram að þessu held ég að sé hægt að halda því fram að Landsvirkjun hafi ekki gert slæma samninga.

Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur svarað ýmsum spurningum sem komið hafa fram og tíminn er naumur, en ég ætla samt að segja í lokin að mér finnst hv. þingmenn gera of mikið úr því að Alþingi eigi nánast að vera samningsaðili í þessum efnum. Auðvitað er Alþingi það ekki. Það finnst mér mikilvægt að komi hér fram og þess vegna verður framkvæmdin að vera á þann veg að Alþingi sé á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir hverju sinni að taka ákvörðun um hvort það vilji heimila viðkomandi virkjun eða ekki. Eins og ég lét koma fram einhvern daginn í vikunni er það svo að samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir um ný raforkulög, þá verður það ekki lengur verkefni Alþingis að taka slíka ákvörðun vegna þess að ekki er litið svo á að þetta sé pólitísk ákvörðun í raun heldur þurfi að byggja á ákveðnum upplýsingum og að sjálfsögðu er mikilvægt í þeim efnum að við höfum lög um umhverfismat og það skiptir máli. Eins er ég sannfærð um að sú vinna sem nú fer fram í sambandi við rammaáætlun mun verða mikið gagn til aðstoðar okkur í framtíðinni hvað það varðar að velja virkjunarkosti.

Ég þakka fyrir umræðuna og vonast til þess að sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar verði landi og þjóð til framdráttar.

[17:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að hv. fyrrv. þm. og hæstv. fyrrv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, fái að njóta sannmælis héðan úr ræðustóli. Ég gagnrýni hæstv. iðnrh. fyrir að hún skuli láta að því liggja að það megi hengja Fljótsdalsvirkjun um háls Hjörleifi Guttormssyni. Það er ekki svo. Hæstv. ráðherra veit vel að Hjörleifur Guttormsson hefur verið fullkomlega einlægur í baráttu sinni fyrir annars konar atvinnuuppbyggingu en þeirri sem byggir á stóriðju. Ég bið hæstv. ráðherra um að láta hæstv. fyrrv. iðnrh. njóta sannmælis héðan úr þessum ræðustóli.

Herra forseti. Ég mótmæli einnig þeim ummælum hæstv. iðnrh. að ekki séu til viðurkenndar aðferðir til að meta land. Ég hef vikið að því í löngu máli í ræðum mínum í umræðunni hvernig hagfræðingar telja að þær aðferðir sem ætlaðar eru til að meta land séu orðnar svo vel reyndar að þær séu orðnar viðurkenndar. Bandaríkin eru nefnd sérstaklega til sögunnar og ég hef vitnað í máli mínu til virtra hagfræðinga á Íslandi sem telja að þeim aðferðum hafi fleygt fram á seinni árum og hafa ekki talið neitt því til fyrirstöðu að þær verði notaðar við mat á verðgildi lands norðan Vatnajökuls. Og þessir íslensku hagfræðingar hafa gengið lengra. Þeir hafa margir hverjir sagt að það sé í hæsta máta óeðlilegt að þeim aðferðum sé ekki beitt hér. Þess vegna segi ég við hæstv. iðnrh.: Það er óeðlilegt þegar við eigum viðurkenndar aðferðir að stjórnvöld skuli ekki beita sér fyrir því að þeirri mælistiku sem þar er í hendi sé beitt á verkefnið.

Herra forseti. Varðandi svæðisskipulag miðhálendisins þykir mér vænt um að hæstv. ráðherra skuli vera búin að átta sig á því að hún var að fara með rangt mál þegar hún vændi mig um að segja ekki rétt frá varðandi svæðisskipulag miðhálendisins. Ég veit í hvaða farvegi málin eru þar. Þau eru í samræmi við sjónarmið þeirra sem vilja stóriðju allt í íslensku atvinnulífi.

[17:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að Finnur Ingólfsson er fyrrv. hæstv. iðnrh. Ég geri mér líka grein fyrir að hann er framsóknarmaður, sem er náttúrlega lykilatriði. En hann er seðlabankastjóri Íslands. Finnst hæstv. ráðherra það heppilegt og eðlilegt, ekki síst í ljósi nýrra seðlabankalaga, að hann sé gerður að sérstökum erindreka í þessu efni? Hlutverk Seðlabankans er fyrst og fremst að sjá til þess að verðbólgumarkmið verði í heiðri höfð. Það sem efnahagssérfræðingar hafa margir helst gagnrýnt við þessa framkvæmd er að þetta muni örva þenslu og verðbólgu í landinu og ekki rúmast í efnahagslífi okkar. En hæstv. ráðherra segir að hann eigi að fara að þreifa á álfyrirtækjum. Hvar liggur línan á milli þreifinga og samninga? Hvert er umboð Finns Ingólfssonar í þessu efni?

Varðandi forsendur sem menn gefa sér, þá bendir hæstv. ráðherra réttilega á að sérfræðingar hennar hafi horft aftur í tímann um þróun álverðs. Þeir sérfræðingar sem við höfum verið að leggja við hlustir gagnvart horfa fram í tímann og vísa á þær kerfisbreytingar og miklu breytingar sem eru að eiga sér stað í heiminum á þessu sviði. Finnst hæstv. ráðherra ekki varasamt að taka ekki þau varnaðarorð alvarlega sem koma frá þeim aðilum?

En varðandi forsendurnar sem byggt er á þegar ég staðhæfi að við þyrftum að fá 25–30 mill fyrir raforkuna, þá er það byggt á forsendum sem þegar liggja fyrir af hálfu Landsvirkjunar og annarra aðila.

[17:08]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál, nál. félmn., þskj. 1140; brtt. félmn., þskj. 1141.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:09.

114. FUNDUR

mánudaginn 8. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra, skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, stjtill., 615. mál, þskj. 963. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), stjtill., 622. mál, þskj. 975. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), stjtill., 623. mál, þskj. 976. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 636. mál, þskj. 1008. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, stjfrv., 503. mál, þskj. 795, frhnál. 1128. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Virðisaukaskattur og tryggingagjald, frv., 580. mál, þskj. 909. — 3. umr.
8. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 333. mál, þskj. 1045. — 3. umr.
9. Geislavarnir, stjfrv., 344. mál, þskj. 1025. — 3. umr.
10. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 371. mál, þskj. 1026, brtt. 1046. — 3. umr.
11. Kirkju- og manntalsbækur, stjfrv., 372. mál, þskj. 574. — 3. umr.
12. Kirkjubyggingasjóður, stjfrv., 428. mál, þskj. 688. — 3. umr.
13. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035. — 3. umr.
14. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.
15. Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjtill., 551. mál, þskj. 864, nál. 1021. — Síðari umr.
16. Fasteignakaup, stjfrv., 253. mál, þskj. 291, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.
17. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 363. mál, þskj. 527, nál. 1062. — 2. umr.
18. Rafeyrisfyrirtæki, stjfrv., 454. mál, þskj. 724, nál. 1063. — 2. umr.
19. Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, stjfrv., 489. mál, þskj. 774, nál. 1064, brtt. 1065. — 2. umr.
20. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358, nál. 1020. — 2. umr.
21. Tollalög, stjfrv., 576. mál, þskj. 903, nál. 1022. — 2. umr.
22. Búnaðargjald, stjfrv., 600. mál, þskj. 946, nál. 1031, brtt. 1032. — 2. umr.
23. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141. — 2. umr.
24. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018. — 1. umr.
25. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 651. mál, þskj. 1050. — 1. umr.
26. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 639. mál, þskj. 1019. — 1. umr.
27. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1051. — 1. umr.
28. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1052. — 1. umr.
29. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1094. — 1. umr.
30. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945. — Frh. fyrri umr.
31. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048. — 1. umr.
32. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082. — 1. umr.
33. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1083. — 1. umr.
34. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084. — 1. umr.
35. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085. — 1. umr.
36. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086. — 1. umr.
37. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096. — Fyrri umr.
38. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097. — Fyrri umr.
39. Gjaldþrotaskipti, frv., 177. mál, þskj. 178. — 1. umr.
40. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193. — Fyrri umr.
41. Framkvæmd meðlagsgreiðslna, frv., 391. mál, þskj. 647. — 1. umr.
42. Stjórnarskipunarlög, frv., 426. mál, þskj. 686. — 1. umr.
43. Hvalveiðar, frv., 648. mál, þskj. 1047. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur, 347. mál, þskj. 1134.
Einkaleyfi, 453. mál, þskj. 1133.
Lýðheilsustöð, 707. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1144.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Um fyrirkomulag þingfundar í dag er þess að geta að þingflokksfundir verða á venjulegum tíma. Fyrsta dagskrármálið, fyrirspurnir til ráðherra, verður tekið fyrir klukkan þrjú að loknum þingflokksfundum. Atkvæðagreiðslur verða eftir fyrirspurnatímann, um klukkan hálffjögur, um 2.–6. dagskrármálið svo og önnur mál þar sem lokið er umræðu. Gera má ráð fyrir að þingfundur geti staðið fram á kvöld.

Virðisaukaskattur og tryggingagjald, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 580. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 909.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 1045.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Geislavarnir, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 1025.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (dreifing ösku, kirkjugarðaráð o.fl.). — Þskj. 1026, brtt. 1046.

[10:33]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. er um að heimila líkbrennslu og að dreifa ösku og brenndum líkum um landið, reyndar samkvæmt ákveðinni reglugerð sem ráðherra setur. Ég tel varhugavert að opna fyrir slíkar heimildir. Það er svo sem skiljanlegt í einstaka tilvikum að einstaklingar sem hafa tekið miklu ástfóstri við lönd eða svæði vilji láta dreifa ösku sinni þar yfir. Við höfum heyrt af ýmsum óskum sem bornar hafa verið fram, t.d. um að ösku af einstaklingi sé dreift yfir Breiðafjörð, dreift á ákveðnum stað á hálendi Íslands eða einhvers staðar á slíkum stöðum sem viðkomandi ber mikinn hug til.

Mér finnst samt að ekki eigi að opna fyrir svona heimildir. Við höfum ákveðna siði og ákveðnar reglur í sambandi við bæði frágang og jarðsetningu á líkum. Ef viðkomandi vill láta brenna sig þá er það í sjálfu sér eðilegur kostur og þá er hægt að jarðsetja þær jarðnesku leifar eftir öðrum reglum en að dreifa þeim um. Þetta býður heim mörgum álitamálum um hvar eigi að staldra við, hvar eigi að dreifa þessari ösku.

Ég ætla reyndar ekki að vitna neitt til Eyrbyggju þar sem lýst er hvernig aska af látinni manneskju fór í bæjarlækinn og kýrin sem gekk með kálfinn drakk öskuna og úr varð síðan nautið Glæsir.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þm. um að gefa betra hljóð í salnum.)

Virðulegi forseti. Ég vil í stuttu máli ítreka að ég tel að við eigum að halda okkar tiltölulega þröngu ákveðnu reglum um meðferð á líkum og að ekki eigi að opna hér fyrir möguleika á því að dreifa þessu um land eða sjó eða vötn. Þó svo að það sé falið í vald hæstv. dóms- og kirkjumrh. að setja um þetta reglur þá veit maður ekki hvert það ber þegar út í þá leið verður farið. Mér vitanlega hafa ekki verið slík vandamál í kringum greftrunarsiði á Íslandi að þau krefjist þess gerðar séu svo róttækar breytingar sem hér eru lagðar til. Ég tel ekki ástæðu til þess og ég er andvígur því að að veita heimild til þess að dreifa ösku af látnu fólki yfir lönd og vötn og sjó eða hvar annars staðar sem menn vilja dreifa henni. Ég tel að við eigum að halda okkur við tiltölulega þrönga og ákveðna greftrunarsiði og að það sé okkur til miklu meiri farsældar en að opna fyrir eitthvað sem við vitum ekki hvert leiðir okkur, að ástæðulausu, gjörsamlega að ástæðulausu, virðulegi forseti.

[10:38]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get nú ekki orða bundist og vil andmæla örlítið ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það er auðvitað ekki svo að fara eigi að dreifa líkum um landið. (Gripið fram í.) það er verið að tala um að dreifa ösku um landið. Í öðru lagi þótti okkur í hv. allshn. líka allt í lagi að fólk gæti ákveðið þetta sjálft. Við viljum ekki taka það sjálfsforræði af fólki.

Fyrir það fyrsta eru nú ekki brenndir nema um 10% þeirra sem deyja. Það er afar lágt hlutfall miðað við það sem gerist annars staðar í heiminum, afar lágt. Við erum að tala um að kannski einn af þessum 10% mundi vilja láta dreifa ösku sinni t.d. yfir öræfi eða þess vegna í sitt græna tún í garði sínum. Mér finnst fólk tala eins og það muni ganga um í einhverjum gjóskulögum þannig að ekki verði þverfótað fyrir ösku látinna manna á öræfum og úti um allt.

Mér finnst þetta byggjast á ákveðnum misskilningi. Við vitum meira að segja að þeir sem látnir eru og vildu láta brenna sig lenda í því að þeir eru ekki brenndir af því að ættingjar eru á móti því. Kirkjan var einmitt að vara aðallega við þessu, þ.e. að það er yfirleitt alltaf ósætti um að láta brenna sig.

Mér finnst þetta allt í lagi ef fólk gengur frá því skilmerkilega og skriflega áður en það deyr að það vilji láta brenna sig og dreifa ösku ösku sinni. Vitið þið að mér finnst það bara sjálfsagt mál að slíkt sé leyft.

[10:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir talar um þetta mál af ástæðulausri léttúð finnst mér. Maður gæti svo sem stundað sömu léttúðina og hv. þm. er hér að opna fyrir. Ef viðkomandi ætti að vera búinn að ganga frá því skriflega áður en hann dæi að hann vildi láta brenna sig þá gæti það nú stangast á við reglur dóms- og kirkjumrh., þ.e. annars vegar óskir hans og hins vegar reglur eða samþykktir dóms- og kirkjumrh. Þá er ekki víst að hann geti beðið með að deyja þangað til sá úrskurður lægi fyrir þannig að hann væri sáttur við að dreifast með þeim hætti sem dóms- og kirkjumrh. úrskurðar að lokum. Hv. þm. hefur eiginlega ekki áttað sig á því hvers konar mál hér er á ferðinni. Ég vil bara benda hv. þm. á það, virðulegi forseti.

Samkvæmt 1. gr. frv. á 4. mgr. 7. gr. laganna að orðast svo, með leyfi forseta:

„Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað, samkvæmt nánari reglum er hann setur, að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna ...“

Hinn látni getur ekki sett fram neina ósk eftir að hann er látinn. Mér vitanlega er það útilokað. Ég hef aldrei vitað til þess að látinn maður geti sett fram ósk nema í draumi eða á annan hátt slíkan.

Virðulegi forseti. Mér finnst að þetta frv. sé keyrt fram fremur af gáleysi en af virðingu og skynsemi gagnvart umgengni við látið fólk. (**Gripið fram í:** Hvar er séra Karl?)

[10:42]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Spurt er: Hvar er séra Karl?

Auðvitað ganga þeir sem hafa svona sértækar óskir yfirleitt frá þessu fyrir fram áður en þeir deyja. Auðvitað getur ósk hins látna ekki verið nein nema þá í gegnum miðilsfund eða eitthvað slíkt, þ.e. ef það á að fara eftir því. Það er nú yfirleitt búið að ráða þessum ráðum fyrir fram. Auðvitað er ekki meiningin að ræða um þetta af léttúð. Mér finnst bara fólk vera að misreikna þann fjölda sem um væri að ræða í málinu. Við erum kannski að tala um í hæsta lagi einn eða tvo menn á ári. Við erum ekki að tala um að múgur og margmenni vilji láta dreifa ösku sinni o.s.frv.

Þetta er viðtekin venja í öllum öðrum heimsálfum og öðrum þjóðríkjum. Mér finnst bara sjálfsagt mál að þessi möguleiki sé gefinn hér þeim sem svo kjósa. Þetta er ekki meira mál fyrir mér en svo.

[10:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ekki hafa komið fram margar óskir, en það er vegna þess að þetta hefur heldur ekki verið leyfilegt. Það verður fróðlegt að vita hvernig hæstv. dóms- og kirkjumrh. ætlar að búa út sínar reglur því að ég býst við að kannski þurfi leyfi landeigenda, þ.e. að ósk hins látna sé ekki nóg heldur þurfi viðkomandi landeigandi líka að samþykkja hana, sá sem á landið sem á að dreifa öskunni yfir. Því er, held ég, eins gott í sambandi við meðferð málsins að hér liggi fyrir hvers konar reglur dóms- og kirkjumrh. hugsar sér að setja.

Virðulegi forseti. Ég ítreka því í ljósi þess að þetta hefur ekki verið vandamál og að greftrun, grafarró og hvernig við búum látnu fólki umgjörð er almennt nokkuð viðkvæmt mál, að alveg ástæðulaust er að opna fyrir einhverja leið, möguleika eða ferli sem getur boðið upp á deilur eða óánægju. Þetta er í góðu horfi. Það á ekki að opna fyrir svona mál fullkomlega að óþörfu.

[10:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek það fram að ég kem ekki hingað til þess að gera neitt grín að því sem hv. þm. var að segja. Ég vil hins vegar bara segja að mér finnst þarna ótrúlegt afturhald á ferðinni hvað þetta varðar. Ég átta mig bara ekki á því í hvaða mæli fólk heldur eiginlega að þessi aska verði. Þó að öllum Íslendingum yrði dreift sama daginn yfir hálendi Íslands, eftir að hafa verið brenndir, þá yrðu þeir menn nú ekki varir við mikið öskufok sem eftir sætu á skerinu. Þarna er um að ræða þvílíkt agnarbrot sem verið er að tala um að dreifa.

Ég sé ekkert athugavert við að menn velji sér það að ösku þeirra yrði dreift yfir fiskimiðin t.d. Ég gæti ímyndað mér að margir vildu láta dreifa ösku sinni yfir sjó. Og hvað er að því? Ég sé ekki að neitt sé að því. Ef menn eru að hugsa um að einhvers konar mengun verði af þessu þá er það náttúrlega gjörsamlega út í hött því að þetta er eingöngu aska sem allt lífrænt hefur horfið úr.

Ég átta mig alls ekki á þessu. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi í raun velt því fyrir sér hve óskaplega lítið þetta er sem verið er að tala um. Auðvitað þarf dómsmrh. að hafa reglurnar þannig að þessu sé dreift þannig að enginn hafi ama af því. Enginn lætur sér detta í hug að þessari ösku verði dreift með renniflugi yfir þá sem liggja í sólbaði einhvers staðar þannig að menn hafi af þessu einhvern ama.

Mér finnst menn komnir á svolítið skrýtnar brautir í þessari umræðu ef þeir halda það. Ég geri ráð fyrir að treysta megi hæstv. dómsmrh. fyrir því að hafa reglurnar eðlilegar og þá er ekkert athugavert við að gera þetta.

[10:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég ber enga virðingu fyrir nálgun hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að málinu — síður en svo. Þetta mál snýst ekki um mengun, öskufok eða eitthvað þess háttar. Ég ber enga virðingu fyrir slíkri nálgun að málinu.

Fyrir mér er þetta bæði menningarlegt, trúarlegt og siðferðilegt mál og ég hef skoðun á því. Ég tel að það eigi ekki að opna fyrir þessa meðferð við lokagreftrun á dánu fólki. Hvað varðar siðferðilega, menningarlega og trúarlega afstöðu mína til málsins finnst mér það ekki passa. Ég tel eðlilegra að fólki sé búinn lokalegstaður á þar til völdum stöðum. Ég er þess vegna á þeirri skoðun að þetta frv., þar sem gert er ráð fyrir að ösku sé dreift, hvort sem er yfir hafsvæði, landsvæði eða vatnasvæði, í byggð eða óbyggðum — það er ekki í takt við siðferðislega, menningarlega eða trúarlega afstöðu mína til þessara mála. Ég frábið mér því að umræðan sé leidd inn á eitthvert mengunar- eða öskufoksstig.

[10:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað hafa þeir sem óska eftir þessu líka fyrir því forsendur, menningarlegar og trúarlegar og siðferðilegar. Það er einfaldlega það sem við erum að fjalla um, hvort fólk eigi ekki að vera frjálst að velja sér þessa leið.

Hv. þm. virðist ekki vilja velja þessa leið fyrir sjálfan sig. Ég er ekki að setja neitt út á það. Ég ætla að vona að dómsmrh. geri það ekki að skyldu og mönnum detti ekki í hug að þarna sé um skyldu að ræða heldur að þeir sem vilja velja þessa leið geti gert það. Út á það gengur þetta allt saman.

Mér finnst hv. þm. ganga dálítið langt í forsjárhyggjunni, að vilja skylda alla til að velja tiltekið greftrunarform en að menn hafi ekki þetta val sem mjög víða er til staðar.

[10:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef litlu við þetta að bæta. Ég get litlu svarað hv. þm. Jóhanni Ársælssyni öðru en því að ég tel ekki skynsamlegt að gefa hér nokkuð rúma lagaheimild til að dreifa ösku látinna um lönd, vötn eða sjó. Þó svo að dóms- og kirkjumrh. sé falið að setja um það reglur er það frá mínum sjónarhóli ekki rétt. Ég tel að við eigum að halda í heiðri þær greftrunarreglur sem við búum við. Við leggjum mikla áherslu á að ná jarðneskum leifum ástvina okkar, vina eða samborgara sem látast, til að þeir geti fengið legstað og eðlilega útför og kveðju. Við leggjum mikla áherslu á það. Ég

tel að við eigum líka að leggja áherslu á að sú lokaumgjörð sem við búum hinum látnu verði áfram í nokkuð föstum, ákveðnum, samfélagslegum skorðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkju- og manntalsbækur, 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (kostnaður). — Þskj. 574.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjubyggingasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 688.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fasteignakaup, 2. umr.

Stjfrv., 253. mál. — Þskj. 291, nál. 1056, brtt. 1057.

[10:52]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um fasteignakaup.

Það var mikill einhugur í nefndinni þegar fjallað var um þetta mál enda er um afar vandað mál að ræða. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. dómsmrh. fyrir frumkvæðið að því að láta semja jafnviðamikinn lagabálk og þetta frv. gengur út á og hins vegar Viðari Má Matthíassyni lagaprófessor, en hann sá um að semja þetta annars ágæta frv.

Á Íslandi gilda ekki sérstök lög um fasteignakaup. Reglum um lausafjárkaup og almennum reglum kröfuréttar hefur verið beitt með ýmsum hætti eftir því sem við hefur átt en sú réttaróvissa hefur sætt gagnrýni á síðustu árum og hafa kostnaðarsöm málaferli verið algeng. Við samningu frv. var tekið mið af lögum um lausafjárkaup enda ótvíræður kostur að samræmi sé milli reglna um lausafjárkaup og fasteignakaup. Þau lög voru að norskri fyrirmynd og var því talið rétt að hafa norsk lög á þessu sviði jafnframt til hliðsjónar.

Efni reglna frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi lúta ákvæði þess að réttarsambandi kaupanda og seljanda. Um er að ræða kröfuréttarlegar reglur sem einkum mæla fyrir um skyldur kaupanda og seljanda og hverju það varði ef þær eru ekki efndar. Í öðru lagi eru reglur um ástandsskýrslur sem er algert nýmæli í íslenskri löggjöf.

Nefndin lítur svo á að afar brýnt sé að lögfesta reglur um fasteignakaup til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur á þessu sviði og telur að málaferlum muni fækka í kjölfarið. Nefndin mælir því með að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur nefndin heppilegra að fjallað verði um greiðslumark bújarðar sem fylgifé fasteignar samfara endurskoðun á jarðalögum sem nú á sér stað í landbúnaðarráðuneytinu og leggur því til að 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins falli brott. Þá ræddi nefndin ítarlega reglur VIII. kafla frumvarpsins um ástandsskýrslur. Nefndinni bárust ábendingar um þær sem hún telur þurfa frekari skoðunar við og m.a. þurfi að kanna nánar reynslu af slíkum skýrslum annars staðar á Norðurlöndunum. Nefndin leggur því til að VIII. kafli frumvarpsins falli brott. Hins vegar telur nefndin reglurnar afar áhugaverðar og er sammála um að þær eigi að koma til umfjöllunar hjá nefndinni strax á næsta þingi. Þá er lagt til að lögin taki eingöngu til þeirra samninga sem gerðir eru eftir gildistöku þeirra. Þetta sem sagt ákveðið lagaskilaákvæði. Loks leggur nefndin til smávægilegar orðalagsbreytingar.

Ég vil aðeins koma inn á ástandsskýrslurnar. Við ræddum þann kafla, sem er í raun merkileg tillaga í sjálfu sér, mjög vel í nefndinni. Við ræddum kostnað ástandsskýrslanna og það er alveg ljóst að miðað við þau skilyrði sem gerð eru til ástandsskýrslna samkvæmt frv. mundi kostnaður hugsanlega hlaupa á hundruðum þúsunda. Gestir sem komu á fund nefndarinnar voru að tala um á bilinu 300–500 þús. sem er auðvitað allt of há fjárhæð. Okkur er kunnugt um reynslu Norðmanna, sem gera reyndar ekki jafnítarlega kröfu til umfangs ástandsskýrslna. Þar hleypur kostnaður á bilinu 3.000–6.000 norskar kr., sem eru þetta 30–60 þús. Þar erum við í raun að tala um allt annan hlut en í þessu frv. Eigi að síður, herra forseti, er um mjög athyglisverða hugmynd að ræða og þess vegna ítrekar nefndin ósk sína um að farið verði betur yfir þetta í sumar og nefndin fái þessar tillögur aftur til umfjöllunar á næsta þingi. Þessar tillögur geta stuðlað að auknu réttaröryggi í samskiptum kaupenda og seljenda á þeim mikilvæga markaði sem fasteignamarkaðurinn er.

Herra forseti. Nefndin og þeir sem skrifa undir þetta þingskjal — þar er enginn fyrirvari gerður — leggur til að frv. verði samykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (innherjaviðskipti). — Þskj. 527, nál. 1062.

[10:57]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og till. til breytingar vegna þessa frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Frv. þetta er afar einfalt í sniðum, aðeins tvær greinar og þar af er önnur gildistökugrein. Málið snýst um að skerpa betur á ákvæðum um heimildir þeirra sem búa yfir trúnaðarupplýsingum í fyrirtækjum til að ráðstafa verðbréfum fyrir eigin reikning eða annarra. Mál þetta er til komið vegna þess að þau ákvæði sem í lögunum eru í dag eru ekki fullnægjandi að bestu manna yfirsýn og þótti rétt að breyta þeim.

Nefndin hefur fjallað um málið, sent það til umsagnar og fengið á sinn fund þá aðila sem hafa látið sig málið varða. Það er almennur stuðningur við þessa breytingu og leggur nefndin til að hún verði samþykkt.

Síðan leggur nefndin til aðra breytingu á lögunum sem felst í að tekið verði inn í lögin að brot gegn þeim varði refsingu, hvort heldur þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Málið snýst um að brot af gáleysi verði líka refsivert. Þá munu gerðar meiri kröfur til þeirra sem starfa við þessi mál en hingað til svo þeir geti ekki borið fyrir sig gáleysi við alvarleg brot á lögunum.

Virðulegi forseti. Öll efh.- og viðskn. skrifar undir þetta án fyrirvara. Við leggjum til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu sem ég hef gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafeyrisfyrirtæki, 2. umr.

Stjfrv., 454. mál (EES-reglur). — Þskj. 724, nál. 1063.

[10:59]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Efh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um rafeyrisfyrirtæki. Þetta er algjörlega nýtt mál og er þörf á ákvæðum um uppbyggingu á þessari starfsemi og því að gefa henni lagalegan grundvöll.

Þetta mál hefur verið sent til umsagnar. Fulltrúar þeirra aðila sem létu sig málið varða voru kvaddir til fundar við efh.- og viðskn.

Þetta frv. tengist því að innleiða í íslenskan rétt tilskipanir frá Evrópusambandinu um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim. Það fjallar þess vegna um hvaða leikreglur eiga að gilda um þessa starfsemi.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er óvenju vel undirbúið af hálfu ráðuneytisins og vandað í alla staði. Það fór í gegnum allmikla athugun hjá þeim aðilum sem málið varðar áður en það var lagt fram á hinu háa Alþingi. Mér er því mikil ánægja að standa hér og leggja til að þetta frv., sem er upp á einar 22 greinar auk ákvæða til bráðabirgða, verði samþykkt óbreytt.

Að þessu stendur öll nefndin, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 774, nál. 1064, brtt. 1065.

[11:01]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Frv. felur í sér heildarlöggjöf um þetta svið. Nefndin fjallaði um þetta á nokkrum fundum, sendi málið til umsagnar og fékk til sín á fund þá aðila sem höfðu látið sig málið varða. Frv. er lagt fram í því skyni að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um tiltekna lagalega þætti þeirra mála og þeirrar starfsemi. Meginreglan er sú að um rafræn viðskipti og rafræna þjónustu gildi sams konar meginreglur og gilda á öðrum sviðum viðskipta. Þó er tekið tillit til séraðstæðna á því sviði.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frv. Í fyrsta lagi er lagt til að þegar innlendir aðilar eru að beina rafrænni þjónustu eða gefa íslenskum neytendum upplýsingar um verð á rafrænni þjónustu þá skuli skattar innifaldir í verði. Þetta er fyrst og fremst til þess að tryggja samræmi milli sölu á rafrænni þjónustu og auglýsingum á rafrænni þjónustu við það sem almennt gildir á Íslandi. Þannig er innlendum aðilum sem selja þjónustu til útlanda ekki skylt að taka fram með skatta en þetta á eingöngu við þegar íslenskir aðilar selja íslenskum neytendum rafræna þjónustu að þá skuli skattar innifaldir í verði.

Síðan er við 9. gr. gerð smábreyting þar sem hnykkt er á ákvæðum um upplýsingaskyldu við pöntun og þar sem spurningin er að upplýsa hvernig samningur verði aðgengilegur fyrir neytandann.

Síðan er í þriðja lagi ákveðin breyting á tilvísun til þess að leiðrétta.

Þetta eru ekki miklar breytingar, virðulegi forseti, á svo viðamiklu frv. og ég vil lýsa ánægju minni með hvað frv. er vel unnið og það hefur greinilega farið til umsagnar og meðhöndlunar hjá þeim aðilum sem málið varðar áður en það var lagt fram og þess vegna eru ekki gerðar veigamiklar breytingar á frv. af hálfu nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú rakið. Undir nál. skrifa allir nefndarmenn án fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flokkun og mat á gærum og ull, 2. umr.

Stjfrv., 293. mál (ullarmat). — Þskj. 358, nál. 1020.

[11:05]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1020 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti og farið yfir umsögn sem barst frá Bændasamtökum Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starf eftirlitsmanns með ullarmati verði lagt niður en kostnaður við það hefur hingað til verið greiddur úr ríkissjóði. Afurðastöðvum verður eftir sem áður heimilt að ráða til sín ullarmatsmenn á eigin kostnað.

Ég vil geta þess að gert er ráð fyrir að þetta spari ríkissjóði um 8 millj. kr. á ári.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Þuríður Backman ritar undir nál. með fyrirvara. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita eftirtaldir hv. þm., sú sem hér stendur, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl V. Matthíasson, Einar Oddur Kristjánsson, Þuríður Backman, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[11:06]

Útbýting þingskjals:

Samgönguáætlun, 384. mál, brtt. JB, þskj. 1145.

[11:07]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er í raun nokkuð sterkur því að hér er verið að leggja niður embætti yfirmatsmanns á ull, og ástæðuna fyrir því að ég hef þennan fyrirvara ætla ég að rekja hér í nokkrum orðum.

Árið 1990 var þetta embætti sett á laggirnar og það kom ekki til af góðu. Þá hafði gengið yfir hrina gjaldþrota fyrirtækja sem voru í ullariðnaði og ástandi á mati á ull var mjög ábótavant. Þótti rétt að koma þeim málum betur í lag, kenna matsmönnum rétt vinnubrögð, samræma vinnubrögð, halda uppi fræðslu og tryggja rétta meðferð ullar og húða þannig að sem mest verð fengist fyrir ullina og þar af leiðandi að bændur fengju sem best kjör fyrir afurð sína.

En nú er öldin önnur. Eingöngu eitt fyrirtæki kaupir ull, það er fyrirtækið Ístex, sem er orðið eina fyrirtækið á þessum markaði í dag og allur ullarþvottur fer fram á þess vegum í Ullarþvottastöðinni í Hveragerði, og líklegt er að þessar aðstæður og hið lága verð á ull núna um nokkuð langan tíma hafi orðið þess valdandi að menn vildu þarna spara og telja að ullarmatið sé best komið í höndum þess fyrirtækis sem kaupir ullina, sem er bara eitt, og þá afurðastöðvanna ef þau vilja hafa ullarmatsmenn.

Fyrir tveimur árum voru alls starfandi 33 ullarmatsmenn í landinu sem fengu reglubundna þjálfun. Yfirmatsmaður, sem hefur verið starfandi allan þennan tíma, er Kristinn Arnþórsson. Hann hafði líka það hlutverk að sjá til þess að vinnuaðstaða eftirlitsmannanna væri fullnægjandi þannig að þarna kom utanaðkomandi aðili, hlutlaus gagnvart afurðastöðvunum, gagnvart ullarkaupandanum og hlutlaus gagnvart bændum. Hlutverk hans sem úrskurðaraðila var að sjá um fræðslu. Og ég óttast auk þess, herra forseti, að með því að leggja niður þetta embætti muni það örugglega auka álag á ullarmatsnefndina sem á að starfa áfram og þarf þá að gera ráð fyrir því að hún hafi möguleika á að sinna fleiri verkefnum og fá fjármagn til þess að sinna að hluta því starfi sem yfirmatsmaður hefur sinnt fram að þessu. Í raun og veru er það kostnaður við embættið sem er undirrót þessara breytinga. Það er ekki það að menn viðurkenni ekki að slíka menntun þurfi áfram, heldur hefur þurft eftir því sem ég fæ upplýsingar um, að taka fé af kjötmatsgjaldinu og nota það á ull, í ullarmatsgjaldið, og vegna lágs vöruverðs er jú verið að spara. En ég er hrædd um, herra forseti, að þetta geti farið í sama farið aftur, að ullarmatið verði ekki í þeirri þróun sem það hefur verið og að þessi hlutlausi aðili með þá ábyrgðarskyldu sem hann hefur hvað varðar menntun skili sér innan fárra ára í flokkun á ull og meðferð á ullinni. Hann er líka hlutlaus gagnvart bændum og nú reka bændur fæstir afurðastöðvar sínar á sínu svæði þannig að þeir eiga hvergi fulltrúa þarna inni í því ullarmati. Því tel ég að meira álag verði á ullarmatsnefndinni eftir að þetta embætti verður lagt niður. En auðvitað er hægt í framtíðinni að setja það á aftur en ég vil að í reglugerð verði kveðið á um menntun matsmannanna sem starfa, hvort heldur hjá afurðastöðvunum eða hjá söluaðilunum, að kveðið verði skýrt á um hvaða menntun þeir fái og hvaðan þeir fái hana. Það þarf þá að hafa það alveg tryggt að þeir hafi viðhlítandi menntun. Menntunarkröfurnar koma að mínu mati ekki nægilega fram en það þarf þá að koma fram í reglugerð.

Kostnaður við störf þessa embættis hefur verið greiddur úr ríkissjóði og má segja sem svo að verið sé að leggja niður enn eitt embættið sem hefur verið ákveðin trygging fyrir ákveðna sérþekkingu í landinu og stuðlað að betri meðferð á ull og hærra verði til bænda. Þótt verðið sé lágt núna getur það breyst. En það er fyrst og fremst fjármagnsskortur sem ræður slíkri ákvörðun en ekki fagleg ákvörðun. En þar sem Bændasamtökin hafa lagt blessun sína yfir þetta þá er erfitt að mæla gegn því, en það hefði verið — ég er ekki viss um að umsögn þeirra hefði verið á þennan veg ef fjármagn hefði verið tryggt úr ríkissjóði til að standa undir umræddu mati.

[11:14]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Aðeins til áréttingar, hér er lagt til að felld verði brott ákvæði sem gera ráð fyrir að landbrh. ráði sérstakan eftirlitsmann með ullarmati með sérþekkingu, en með því er verið að draga úr kostnaði við vinnslu ullarinnar sem því nemur. Eins og ég gat um áðan er þetta sparnaður um 8 millj. á ári og kostnaður við störf hans hefur verið greiddur úr ríkissjóði. En að sjálfsögðu geta afurðastöðvarnar haldið uppi því ullarmati sem þær vilja. En ég vil árétta það að landbn. vill að frv. verði samþykkt.

[11:15]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er í sjálfu sér um að ræða afar einfalt mál. Stefnt er að því að leggja niður starf eftirlitsmanns með ullarmati sem starfar á grundvelli laga frá 1990, um flokkun og mat á gærum og ull. Í staðinn er gert ráð fyrir að unnt sé að skylda afurðastöðvar og lögaðila, þar með taldar sútunarverksmiðjur, til að hafa á sinn kostnað í þjónustu sinni löggilta matsmenn til að annast mat á ull samkvæmt lögunum og sjá þeim fyrir aðstöðu við matið.

Að mínu mati var farið ákaflega vel yfir þetta mál í hv. landbn. og það var sannfæring mín, eftir þá yfirferð, að með þessu væri ekki dregið úr kröfum, að áfram yrði tryggt að þetta mat færi fram og að það mundu annast löggiltir matsmenn.

Ég skrifa því undir nál. þar sem mælt er með samþykkt þessa frv. Ég skrifaði undir það án fyrirvara og það gerði einnig hinn fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni, hv. þm. Karl V. Matthíasson.

[11:17]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil bara lýsa því yfir að ég, eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, félagi minn í Samfylkingunni, skrifaði undir þetta nál. landbn. Við teljum að það sé bara verið að hagræða innan þessarar greinar. Mér sýnist ekki af veita. Það er orðið nokkuð mikið um alls konar milliliðakerfi í tengslum við landbúnaðinn sem er farið að verða áþján fyrir bændur. Maður er farinn að upplifa það þannig. Síðustu fréttirnar, herra forseti, af grænmetismálum gefa t.d. tilefni til að segja þessi orð hér.

Eins og ég segi styðjum við þetta, ég og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og náttúrlega aðrir í þessari nefnd. Við teljum að þekking og færni í að meta ull og skoða muni alls ekki hverfa þó að þetta verði samþykkt. Ullin mun áfram verða metin, skoðuð og dæmd.

[11:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kemur stundum fyrir í sölum Alþingis að hér er rætt um mál sem ekki verður séð að eigi beint erindi hingað inn. Lög sem við höfum búið við um

langan tíma eru að hluta til úrelt miðað við það umhverfi sem við búum við á landinu, m.a. rekstrarumhverfið. Ég verð þó að segja að ég fagna því sérstaklega að þarna er verið að taka út einn þátt, starf ullarmatsmanns, þ.e. að starfsemi þess embættis sé greidd úr ríkissjóði en eins og fram kemur í frv. og áliti fjárlagaskrifstofunnar er gert ráð fyrir að þarna sparist árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna verkefnisins um 8 millj. kr.

Ég sé ekki að þetta sé verkefni ríkisins. Það er hægt að setja rammareglur um hvernig eftirlitinu skuli háttað en það hlýtur fyrst og fremst að vera Bændasamtakanna, afurðastöðva og söluaðila að sjá til að þessu eftirliti sé framfylgt eðlilega með fullnægjandi hætti. En það er aldeilis ekki framkvæmdarvaldsins eða ríkisins að greiða fyrir þetta eftirlit. Ég held að það sé löngu tímabært að þetta frv. komi fram og sé afgreitt og er mjög stolt af þeirri afstöðu sem fulltrúar Samfylkingarinnar í þessari nefnd hafa tekið.

[11:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ein ástæða þess að leggja á niður þetta embætti og í raun einu rökin fyrir því er kostnaðurinn við eftirlitið. Eftirlitsgjöld eiga að standa undir viðkomandi embætti og þar sem verð á ull er mjög lágt þá hefur ekki verið talið hægt að leggja á eftirlitsgjöld. Þar af leiðandi hefur fjármagn verið tekið úr kjötmatsgjaldi. En þar með er ekki sagt að þetta embætti sé ekki mikilvægt. Við verðum auðvitað að forða því að allt fari í sama farið og var í kringum 1990 þegar mat á ull var í óefni komið.

Ég vil endurtaka, herra forseti, að það er mjög mikilvægt að skýr ákvæði séu um menntun ullarmatsmanna og að mínu mati ætti það að verða skilyrt að Ullarþvottastöðin í Hveragerði sjái um nám þessara manna. Þar er þekkingin fyrir hendi og þar ætti nám og þjálfun ullarmatsmannanna að geta farið fram. Þetta á ekki heima í þessu frv. en væri mjög eðlilegt að taka upp í reglugerð og kveða fast á um að það sé ekki bara heimilt að hafa þessa menn heldur skuli ullarmatsmenn ráðnir til starfa. Skýr ákvæði þarf um menntun þeirra og hvernig hún verði tryggð.

[11:23]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað á þessa umræðu, 1. umr. um málið líka og lesið frv. en mér er það óskiljanlegt hvers vegna Bændasamtökin, afurðastöðvarnar, söluaðilarnir geti ekki sett þessar reglur sjálf. Það er þeirra hagur að þessi mál séu í lagi. Mér finnst, virðulegi forseti, hreint fráleitt að þingmenn fjalli sérstaklega um það. Ég treysti Bændasamtökunum, söluaðilum og afurðastöðvum til að sjá um þetta og sé ekki ástæður þess að þetta séu mál sem þurfi að koma hér inn í þingið eða að það þurfi að setja þessar reglur af þinginu.

[11:24]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að þetta kemur hér inn í þingið, þ.e. hvernig eigi að haga þessari menntun og eftirliti, er einfaldlega sú að um flokkun og mat á gærum og ull gilda sérstök lög. Það gilda ákveðnar vinnureglur hvað varðar eftirlit, ekki bara á ull heldur kjöti og öllum vörum. Um það eftirlit eiga að gilda reglugerðarákvæði en ekki eingöngu vinnureglur Búnaðarsambandsins eða Bændasamtakanna.

[11:25]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki varð þessi rökstuðningur til þess að ég skipti um skoðun. Ég er jafnsannfærð eftir sem áður um að Bændasamtökin, afurðastöðvarnar og söluaðilarnir eigi að setja sér þessar reglur sjálfir vegna þess að það er fyrst og fremst þeirra hagur að þessi mál séu í lagi.

[11:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingar á lögum um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum, er hér til 2. umr. Ég hef hlýtt á bæði framsögu hv. formanns landbn., Drífu Hjartardóttur, og einnig aðrar ræður hér.

Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að hér er bara verið að leggja til breytingar á gildandi lögum. Einstakir þingmenn geta haft skoðun á því hvort setja eigi svo nákvæm lög um þennan málaflokk, um flokkun og mat á gærum og ull, en það er annað mál. En hér er aðeins verið að leggja til breytingar á mjög afmörkuðum greinum sem lúta fyrst og fremst að kostnaði, kostnaðarþátttöku ríkisins í ákveðnum þætti sem að þessu lýtur. Hér er ekki verið að breyta lögum um flokkun og mat á gærum og ull eins og skilja mátti af ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Hún talaði um að Bændasamtökin gætu tekið þessi mál í sínar hendur og gert það. Ég er sammála hv. þm. í því að Bændasamtökin eru ábyggilega fyllilega fær um að gera það.

Ég hefði á ýmsan hátt talið eðlilegra að öll lögin um flokkun og mat á gærum á ull, allur lagabálkurinn eða öll þessi lög, hefðu verið tekin til endurskoðunar til að vita hverju mætti breyta og færa af verkefnum út úr lagasetningu og inn í umgjörð atvinnugreinarinnar sjálfrar. Ég er sammála hv. þm. þar. En hér er aðeins til umræðu lítil breyting á lögunum. Það er vert að hafa í huga þegar fjallað er um málið.

Mér sýnist að hér sé fyrst og fremst verið að færa til kostnað. Hér er lagt til að leggja niður opinberan, eða ríkisgreiddan, eftirlitsmann með ull og gærum sem nú starfar á grundvelli 6. gr. þessara laga. Síðan er kostnaðurinn færður yfir á viðkomandi afurðastöðvar eftir því sem þær telja þörf á. Hér er því í sjálfu sér ekki verið að fella burt kostnað úr þessum ferli heldur er verið að færa hann til. Ég held að það sé mikilvægt að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því. Þarna er í sjálfu sér ekki um að ræða sparnaðaraðgerð ef menn hafa ... (**Gripið fram í:** Fyrir ríkissjóð.) Já, en ekki fyrir ferilinn í heild sinni. Það er ekki verið að tryggja að lokaverði vörunnar eða kostnaði af meðferð vörunnar verði breytt. Þarna er bara verið að færa kostnað yfir á bændur. Vafalaust munu þeir taka á sig aukinn kostnað af hálfu afurðastöðvanna sem fellur vegna þessa mats. Ég held að það sé gott að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því hver tilgangurinn raunverulega er með því sem þarna er á ferð.

En ég er á ýmsan hátt sammála því að færa eigi aukin verkefni til atvinnugreinarinnar sjálfrar en ég er ekki sammála því í sjálfu sér að ríkið eigi stöðugt að skorast undan sameiginlegum ábyrgðum eða kostnaði sem nauðsynlegt getur verið að ríkið beri gagnvart umgjörð eins atvinnuvegar. Ég vek athygli á að hér er aðeins verið að taka einn mjög afmarkaðan þátt út úr þessum lögum um flokkun og mat á gærum og ull en ekki verið að endurskoða lögin í heild sinni eða að athuga hvaða verkefni megi færa út úr þessum lögum

og inn til atvinnugreinarinnar. Mér finnst mikilvægt að hv. þingmenn átti sig á því.

Ég vil svo líka taka undir orð hv. þm. Þuríðar Backman, sem lagði áherslu á að það væri ekki sleppt út þeirri áherslu eða þeirri kröfu til þekkingar þeirra aðila sem væru að fjalla um mat og gæðastuðla á þessum vettvangi. Það er ekki ástæða til þess að fella eða rýra áherslur hvað því viðvíkur.

Ég vildi líka aðeins víkja orðum til hv. formanns landbn. varðandi lagabreytingar um flokkun og mat á ull og gærum. Hvernig samrýmast þær þeim ströngu gæðareglum sem nú á að innleiða í svokallaðri gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Ég tel reyndar að þar sé allt of langt gengið, þar sem verið er að setja nánast hvert skref í framleiðslu sauðfjárafurða undir lögregluauga. Hér er samt verið að fjalla um tiltekinn þátt í gæðaferli sem framleiðslan þarf að hafa hliðsjón af.

Virðulegi forseti. Ég kom fyrst og fremst í stólinn til að vekja athygli á því að það er ekki verið að endurskoða lögin um flokkun og mat á gærum og ull í heild sinni, sem hefði kannski verið full þörf á, að skoða hinn lagalega bakgrunn að baki flokkun og mati á gærum og ull og reglugerðarskilyrðum landbrn., hvort færa mætti einhverja þætti þarna í auknum mæli út úr lagaumgjörð og inn í atvinnugreinina sjálfa. Í öðru lagi felur frv. í sér að í rauninni er verið að fella niður um 8 millj. kr. kostnað sem ríkið hefur borið af samræmdri ullarmatsvinnu. Ábyrgðin á þeim kostnaði og þeirri vinnu er færð til afurðastöðvanna og þannig er ekki ljóst að þetta leiði í sjálfu sér til minnkandi kostnaðar í heild sinni, heldur virðist um það að ræða að færa kostnað frá ríkinu til framleiðanda.

Ég vildi bara draga þetta inn í umræðuna en ég teldi fulla ástæðu til að lögin um flokkun og mat á gærum og ull hefðu verið endurskoðuð í heild sinni úr því að verið var að opna lagabálkinn.

[11:32]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég árétta að þetta er mjög einfalt mál. Hér er aðeins verið að leggja niður starf eftirlitsmanns með ullarmati. Það verður áfram ullarmat og ullarmatsnefnd. Það er eftirlitið með þessari nefnd sem er verið að leggja niður og það var ekki hlutverk landbn. að endurskoða algjörlega lögin um flokkun og mat á gærum og ull.

Ofstjórnin í landbúnaðinum gengur hins vegar út yfir allt og að lesa reglugerðina um þennan málaflokk er með ólíkindum og væri í rauninni þáttur til að hafa á skemmtikvöldi.

[11:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér engu við þetta að bæta. Ég er sammála hv. þm. um það sem hún kom fram með, að reglugerðafarganið varðandi marga þætti í landbúnaði sem menn virðast ætla að vaða áfram í hefur á margan hátt orðið þessari búgrein til verulegrar íþyngingar. Ég er sammála hv. þm. um það.

Ég gerði mér líka grein fyrir því að heildarlögin um flokkun og mat á gærum og ull voru ekki til endurskoðunar. Ég vildi draga það inn í umræðuna að þetta væri helst til lítill hortittur að draga út úr þessari heildarlöggjöf til að finna hvernig mætti spara ríkinu 8 millj. kr. og hugsanlega að færa þann kostnað yfir á framleiðendur. Mér þótti þetta of lítill hortittur til að fara að opna lög um flokkun og mat á gærum og ull sem þarf að endurskoða í heild sinni. Þar eru margir aðrir þættir sem mikilvægara væri að endurskoða en hvernig ríkið gæti komið af sér 8 millj. kr. ábyrgð, þó svo að ég sé líka sammála því að þessi framkvæmd á ábyrgðinni eigi ekki að vera á hendi ríkisins.

Í sjálfu sér hef ég engu öðru við þetta að bæta en tel að þarna sé í raun verið að opna lög um flokkun og mat á gærum og ull af litlu tilefni, fyrst og fremst til að færa hugsanlega kostnað af ríkinu og yfir á bændur.

[11:35]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki verið ágreiningur um þetta mál milli þeirra sem kaupa og selja ullina. Það er gert ráð fyrir því að áfram verði kæruheimild í lögunum ef ágreiningur rís um ullarmatið. Í samræmi við þessa yfirferð er ekki lengur talið nauðsynlegt að hafa eftirlitsmann með ullarmati starfandi, líkt og gert hefur verið ráð fyrir í núgildandi lögum. Það þykir sjálfsagt að fella niður þennan eftirlitsmann með ullarmatsnefnd.

[11:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi árétta að ef verið er að fella niður opinberan samræmingaraðila í ullarmati, eins og hér er verið að leggja til, hefðu jafnframt átt að fylgja tilmæli eða kveða á um að einhver önnur samræming væri tryggð, sérstaklega á meðan við erum með þessi lög sem kveða á um mikil opinber afskipti af meðferð, flokkun og mati á ull og gærum. (Gripið fram í.) Nei, ég tek undir það með hv. þm., að um það er í sjálfu sér enginn ágreiningur.

Við getum bara velt því fyrir okkur hversu mikilvægt það er að taka þetta sérstaklega út úr þessum lagabálki. Það er eiginlega það sem ég er fyrst og fremst hér að vekja athygli á. **(Gripið fram í:** Minnka báknið.)

[11:37]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst gæta ákveðins misskilnings í máli hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er þeir tala um að verið sé að draga úr hæfnis- og menntunarkröfum matsmanna. Í 5. gr. laganna frá 1990, um lög um flokkun og mat á gærum og ull, segir:

„Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á gærum og ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim.“

Þannig er ekki verið að draga úr neinum hæfniskröfum og kveðið er á um þetta í lögunum. Þess vegna þarf ekki að setja sértækar kröfur um hæfni og menntun matsmanna í reglugerð.

[11:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki miklu við þetta að bæta. Það sem verið er að gera með þessu frv. er að það er verið er að fella út þennan samræmingaraðila sem verið hefur af hálfu ríkisins, eins og stendur í gömlu lögunum, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra ræður eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar.“

Hann hefur haft ákveðið samræmingarhlutverk. Þá veltur enn meir á því ullarmatskerfi sem eftir er farið, að þar sé tryggð samræmd þekking og mat.

En ég vek athygli á því að þessi breyting er gerð í ljósi þeirra laga sem gilda, lög um mat á gærum og ull sem eru býsna nákvæm. Þeim fylgir og reglugerð sem er býsna nákvæm. Meðan þessi lög eru með þessum hætti eru þau í sjálfu sér á ábyrgð ríkisins.

En að öðru leyti er af minni hálfu ekki um neitt stórmál að ræða, fyrst og fremst ábending um framkvæmd.

[11:39]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Atvinnugreinin sjálf hefur alltaf annast eftirlitið og hún mun eftir sem áður gera það. Það er einn kaupandi að ullarvörum hér á landi og sá kaupandi hefur haft í þjónustu sinni matsmenn samkvæmt framangreindum ákvæðum. Reynslan hefur sýnt að mat þeirra uppfyllir í meginatriðum þær kröfur sem markaðurinn gerir til vörunnar. Það er ekkert verið að breyta einu eða neinu þar. Það er eingöngu verið að leggja niður starf yfirmatsmanns sem kostar ríkið 8 millj. árlega. Ég held að það sé mjög til bóta að gera þessa breytingu og ég held að við eigum að treysta atvinnustarfseminni sjálfri til að annast eftirlit með sjálfri sér.

[11:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú rétt að benda hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttur á að engu að síður er áfram í lögunum kæruferli til að kæra mat ef menn eru ekki sáttir við það. Það kæruferli er til staðar og getur í sjálfu sér kostað fjármuni. Það kæruferli er áfram á ábyrgð landbrh., þ.e. því er skotið til hans og hann skipar til verkefnisins menn. Afskipti hæstv. landbrh. eru þar enn þá og þessi samræmingaraðili sem þar er hefur kannski getað útilokað eitthvert slíkt tilfelli.

Meðan lögin eru með þeim hætti sem þau eru er þessi ferill til staðar samt sem áður. Það má ekki oftúlka þá lagabreytingu sem yrði með samþykkt þessa frv. Hún er fyrst og fremst til að færa þennan kostnað, þessar 8 millj. kr. sem ríkið hefur kostað til embættis yfirullarmatsmanns, þ.e. manns sem ríkið hefur sett, til framleiðenda ef þörf krefur.

[11:41]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í lögum um flokkun og mat á gærum og ull er annars vegar talað um gærumatsmenn og hins vegar um ullarmatsmann, eftirlitsmann með ullarmati.

Mér sýnist að það sem er verið að fella út hér sé:

„Landbúnaðarráðherra ræður eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar."

Verkefni hans, það sem hann á að skoða er sem hér segir, með leyfi forseta:

„Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum ullarmatsnefndar.

Og svo segir:

„Öll þvegin ull, sem selja á, skal metin af ullarmatsmönnum ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útflutning ullar."

Ég verð, virðulegi forseti, að taka undir þau orð hv. þm., formanns landbn., að hér er um hreina og klára ofstjórn að ræða. Auðvitað hefði átt að taka þessi lög og fella þau úr gildi. Því í ósköpunum á Alþingi að fjalla um þetta og setja svo nákvæmar reglur í lög? Um þetta ætti að vera rammalöggjöf sem heimilar ráðherra að setja reglugerð og ullarmatsmaður á að starfa á vegum Bændasamtakanna og afurðastöðvanna, söluaðila. Þetta snýst ekki bara um 8 millj. Þetta snýst um breytta stjórnarhætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 576. mál (tollar á grænmeti). — Þskj. 903, nál. 1022.

[11:43]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1022 um frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, frá hv. landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fólk frá landbrn., Samtökum atvinnulífsins, BSRB, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 6. gr. A í tollalögum þannig að landbúnaðarráðherra hafi meira svigrúm við ákvörðun um tollvernd þeirra vara sem tilgreindar eru í viðaukum IVA og B við lögin. Samkvæmt gildandi lögum er landbúnaðarráðherra bundinn breytingu á tolli í 25%-þrepum en í því felst að ráðherra getur lækkað eða hækkað tollinn þannig að hann nemi 0, 25, 50 eða 75% af verð- eða magntolli sem tilgreindur er í tollskrá. Eftir breytingarnar mun ráðherra hafa meira svigrúm þannig að hann getur breytt tolli í 10%- þrepum, frá 0 til 90%.

Nefndin vekur athygli á því að í greinargerð með frumvarpinu er aðeins rætt um aukið svigrúm ráðherra til að ákveða tollvernd grænmetis en lagalega séð eru breytingarnar víð tækari en svo. Þær vörur sem viðaukar IVA og B ná til eru m.a. kjöt, mjólk og mjólkurvörur, smjör, ostur, egg, lifandi eða afskorin blóm og plöntur, grænmeti o.fl.

Nefndin telur þessar breytingar vera til verulegra bóta og vonast til að þær leiði til minni tollverndar en verið hefur þannig að íslenskir neytendur geti notið þess í lækkuðu matvælaverði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Guðjón A. Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þuríður Backman ritar undir álitið með fyrirvara.

Undir nál. þetta rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl V. Matthíasson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson og Þuríður Backman, með fyrirvara.

[11:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil geta þess í örstuttu máli að ég er samþykk þessari breytingu í sjálfu sér. Ég held að hún sé til bóta, þ.e. að geta haft vægari sveiflur og geta stjórnað verð- og magntolli á mildari hátt en áður var. En það eru afleiðingar af þessum breytingum. Það að fella niður tolla á grænmeti getur haft þær afleiðingar að rekstrarumhverfi

garðyrkjubænda verði erfiðara. Við því vil ég vara og í raun er gert ráð fyrir því að ekki muni allir ylræktarbændur verða ofan á í samkeppni við innflutt grænmeti og því er gert ráð fyrir því að þeim verði hjálpað til að úrelda gróðurhús sín. Eins má geta þess að í tengslum við svona breytingar þarf að herða eftirlit með smásöluálagningunni og dreifingaraðilum þannig að þessar tilfærslur, niðurfelling tolla og beingreiðslur til bænda, skili sér til neytenda. Eftirlit með smásöluversluninni þarf því að verða meira.

[11:48]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Við Karl V. Matthíasson, fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. landbn., skrifuðum undir þessa breytingu sem hér er verið að gera á tollalögum til að greiða fyrir lækkun á grænmeti á innanlandsmarkaði sem fyrirhuguð var. En eitt kom mjög skýrt fram við 1. umr. í okkar máli og að gefnu tilefni vil ég endurtaka það hér. Hér er verið að breyta tollalögum, setja skattfé borgaranna í niðurgreiðslur til bænda til að lækka verð til neytenda. Það er tilgangurinn. Því er mjög brýnt að unnt reynist að búa þannig um hnútana að greiðslur með þessari afurð sem eiga að vera til hagsbóta fyrir neytendur og til hagsbóta fyrir innlenda framleiðendur svo þeir geti tekið þátt í samkeppninni, að þetta fjármagn sem lagt er þarna fram renni ekki í vasa milliliða. Þetta kom skýrt fram við 1. umr. málsins. Eins og ég sagði áður tel ég mjög brýnt að nefndin framfylgi því í meðferð málsins í framhaldinu að þannig verði búið um hnútana að þetta komist til skila þangað sem það á að fara en renni ekki til stórra milliliða í greininni svo þeir geti makað krókinn á þessum peningum. Til þess voru þeir aldrei ætlaðir.

[11:50]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breyting á tollalögum sem hér er til umræðu og snýr að landbúnaðarvörum er hluti af þeirri umgjörð sem var gerð í framhaldi af tillögum og greinargerð svokallaðrar grænmetisnefndar sem var skipuð af hálfu landbrh. til þess að „... meta starfsskilyrði, álagningu tolla og verðmyndun á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum við framleiðslu, heildsölu og smásölu.“ Þetta stendur í skipunarbréfi nefndarinnar, með leyfi forseta.

„Þá er hópnum falið að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um það hvernig tryggja megi framleiðslumöguleika íslenskrar garðyrkju og lækka verð á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum til neytenda.“

Í framhaldi af því var m.a. lagt til að breytingar yrðu á tollum og þeir lækkaðir. En til að tryggja á móti samkeppnisstöðu grænmetisframleiðslunnar var ákveðið að leggja til að beingreiðslur yrðu veittar til framleiðenda ásamt ákveðnum öðrum hliðaraðgerðum. Það var ákveðið til að styrkja samkeppnisstöðuna.

Í fréttum síðustu daga hefur komið fram að ekki er tryggt að þessar beingreiðslur sem voru hugsaðar af hálfu stjórnvalda til að styrkja samkeppnisstöðu greinarinnar og gróðurhúsabænda kæmust allar til skila til þeirra, né heldur að þær muni skila sér til þess að lækka vöruverð til neytenda eins og ráð var fyrir gert. Fréttir herma að söluaðilar sem hafa milligöngu um sölu vörunnar til verslana hafi gert kröfu um að fá hlut sinn hækkaðan í þessari meðferð allri. Það þýðir í raun að framlagið sem var hugsað að færi til bænda lækkar sem nemur því sem milliliðirnir vilja taka til sín.

Þetta er í sjálfu sér mjög alvarlegt mál, virðulegi forseti. Ég vil því spyrja hv. formann landbn. hvort hann og nefndin hafi tekið eða hyggist taka til umræðu þessa nýju og breyttu stöðu sem er að koma upp. Var meiningin að hluti af þessu framlagi eða fjármagni sem þarna er verið að setja inn, þ.e. að þessar aðgerðir hins opinbera, það að lækka tolla á innfluttu grænmeti og styrkja samkeppnistöðu framleiðenda með beingreiðslum og öðrum slíkum beinum stuðningi, fari til sölusamtaka þeirra? Og þar sem ný staða hefur komið upp, þ.e. að hluti af þessu fjármagni fer til sölusamtakanna en ekki til bænda og ekki til framleiðenda, eru þá ekki forsendur nokkuð breyttar fyrir þeim lagafrv. sem við erum að leggja fram á þingi?

Ég vísa til tillögu og greinargerðar hinnar svokölluðu grænmetisnefndar landbrh. sem komst að ákveðnum niðurstöðum og lagði fram ákveðnar tillögur sem síðan var ákveðið að styrkja með lögum. Það var gert opinskátt þar að álagning mundi ekki breytast í sjálfu sér og að þetta þýddi ekki að milliliðir ættu að fá hlut af þessari framleiðslustyrkingu. En nú eru fréttir um annað.

Hyggst formaður landbn. taka málið aftur inn í landbn. og kalla þar til þá aðila sem málið varðar og breyta álagningarreglum sínum þvert á þau stefnumið og þau fyrirheit sem var talið að verið væri að gefa með því að lækka tolla á grænmeti og taka upp beingreiðslur til bænda? Ég vil fá vitneskju um hvort meining hv. landbn. hafi verið að hluti af þessum greiðslum ætti að fara í þennan milliliðakostnað? Hvað hyggst formaður landbn. og landbn. gera til að upplýsa þingið betur um þetta mál áður en það verður afgreitt héðan?

[11:56]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo vill til að það frv. sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi áðan er til meðferðar í landbn. Það kemur í sjálfu sér ekki þessu máli beint við. Það er frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Þau frv. eru bara til meðferðar í hv. landbn. og að sjálfsögðu verða allir þeir aðilar kallaðir til sem þurfa að koma að málinu. En ég legg áherslu á að þetta frv. verði samþykkt án frekari tafa.

[11:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara benda á að þessar tollalækkanir sem hér er verið að leggja til, og eru í sjálfu sér fagnaðarefni, eru samt hluti af því heildarsamkomulagi sem þarna var lagt til gagnvart grænmetisframleiðslunni hér á landi og markaðssetningu hennar. Þetta frv. sem við erum hérna með var hluti af þeim heildarpakka. Þó það snúi ekki beint að bændum er það hluti af þeim heildarpakka sem stjórnvöld voru að taka á, annars vegar gagnvart verðmyndun og verði á grænmeti og hins vegar líka samkeppnishæfni framleiðenda. Ég vil því benda hv. þm. Drífu Hjartardóttur á að þetta var hluti af þeim sameiginlega pakka sem stjórnvöld voru að takast á um, en hefur núna allt aðra stöðu samkvæmt fréttum en a.m.k. ég og ábyggilega flestir væntum eða gerðum okkur grein fyrir.

[11:58]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við erum að ræða hér frv. til laga um breyting á tollalögum. Til að útskýra málið vil ég segja að nokkurs misskinings virðist gæta hér í þingsölum. Þetta mál fjallar ekki um niðurgreiðslur á grænmeti eða beingreiðslur

til bænda. Það frv. liggur fyrir í þinginu núna. Það er allt annað mál en það sem verið er að fjalla um núna. Frv. um beingreiðslurnar hefur náttúrlega komist í fréttirnar vegna þess að sölusamtök eða söluaðilar garðyrkjubænda eru farnir að gera tilkall til fjármuna sem ekki er búið að ákveða endanlega hvert fari, og um það allt saman verður náttúrlega rætt í landbn. á næstu dögum, þ.e. þá hlið málsins. Auðvitað er mjög alvarlegt, herra forseti, þegar gefin eru fyrirheit um að efla eigi ákveðna atvinnugrein ef svo sölusamtök viðkomandi greinar ætla sér strax að ná í eitthvað af því fé. Þetta verður að segjast fyrst hv. þm. Jón Bjarnason er að vekja máls á þessu hér. Hér erum við að ræða annars vegar um frv. til laga um breyting á tollalögum, en hitt er allt annað frv.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa úr athugasemdunum með frv. til að skýra hvers vegna ég skrifa undir þetta meirihlutaálit:

„Núverandi lagarammi er með þeim hætti að verð- og/eða magntollur getur verið hæstur eins og hann er tilgreindur í tollskrá en ráðherra er heimilt að hreyfa við tollinum í 25% þrepum, þ.e. unnt er að lækka hann eða hækka þannig að hann nemi 0, 25, 50 eða 75% af þeim verð- og/eða magntolli sem tilgreindur er í tollskrá. Samkvæmt þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpi þessu getur tollurinn verið hæstur eins og hann er tilgreindur í tollskrá en heimilt er að lækka hann eða hækka í minni þrepum en áður."

Um það snýst málið. Verið er að veita heimildir til þess að lækka þau þrep. Í staðinn fyrir t.d. að setja 25% toll er hægt að setja 10%. Verið er að veita ráðherranum heimild ef aðstæður eru til þess og hann telur það heppilegt til að veita garðyrkjubændum aðhald eða koma fram með ákveðið mótvægi ef verið er að dæla inn á markaðinn eða inn kemur óeðlilega mikið magn af grænmeti á markaðinn frá útlöndum. Þetta er ákveðið styrktarákvæði eins og er í flestum öðrum löndum þar sem verið er að tala um tolla til verndar framleiðslu, innlendri framleiðslu. Ég tel því, herra forseti, að hér gæti nokkurs misskilnings í umræðunni. Ekki er verið að ræða um beingreiðslumálin í þessu frv. Þau koma síðar og þau verða til umfjöllunar hjá landbn. og hún mun bregðast við þeim aðstæðum og þeim fréttum sem okkur berast af því sem er að gerast í garðyrkjugeiranum. Ég held því, herra forseti, að ekki þurfi að blanda þessum málum saman. Þetta er jákvætt mál, þetta er jákvætt fyrir neytendur og þetta er jákvætt fyrir bændur. Þess vegna skrifa alþingismenn Samfylkingarinnar undir frv. og greiða því atkvæði.

[12:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um að þetta sé gott mál og nauðsynlegt að lækka þessa tolla. Það var alveg tímabært og er hið besta mál.

Hins vegar er það ekki alveg rétt hjá hv. þm. að þetta sé fullkomlega óskylt því sem lýtur að beingreiðslum til garðyrkjubænda. Þetta er hluti af þeim heildartillögum sem svokölluð grænmetisnefnd varð sammála um og lagði til. Það var annars vegar að á málinu skyldi tekið á tollagrundvelli og hins vegar skyldi tekið á því gagnvart framleiðendunum sjálfum. Þó að það komi svo í tveimur frv. fyrir Alþingi vegna þess að það heyrir undir ólíka aðila þá var þetta í sjálfu sér hluti af þeirri heild sem það á að fjalla um og lagt er til. En við afgreiðslu í þinginu er þetta í sjálfu sér sjálfstætt mál.

[12:03]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er alveg rétt að öll lög sem fjalla um grænmeti og það sem það varðar lúta náttúrlega að greininni. Ég tek alveg undir það með hv. þm. og ég held að allir hafi gert sér grein fyrir því. Það er líka gott að hann tekur undir það sem ég var að segja áðan að þetta er allt annað mál en hitt málið í sambandi við beingreiðslurnar. Það má aldrei láta að því liggja að ef við samþykkjum þetta frv., t.d. ég, að þá sé ég að samþykkja hitt frv. í sambandi við beingreiðslurnar. Ég hef ekki tekið afstöðu til þess enn þá og ekkert liggur fyrir um það hvernig við ætlum að afgreiða það en það kemur í ljós. Kannski verðum við með því og kannski á móti því, við verðum að skoða það mál betur og hvað er í gangi í því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 2. umr.

Stjfrv., 600. mál (gjaldstofn). — Þskj. 946, nál. 1031, brtt. 1032.

[12:05]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum, frá hv. landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið gesti á sinn fund. Umsögn um málið barst frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um búnaðargjald sem eiga að tryggja að búnaðargjald greiðist eingöngu af framleiðslu en ekki af öðrum þáttum og jafnframt að gjaldið reiknist aðeins einu sinni af sömu framleiðslu.

Fyrir nefndina hefur verið lögð ályktun búnaðarþings 2002 þar sem samþykkt var lækkun búnaðargjalds úr 2,55% í 2,00% en það felur í sér um 100 millj. kr. lækkun gjaldsins. Bændasamtök Íslands hafa óskað eftir að orðið verði við ályktun þessari og að breytingar á gjaldhlutfalli taki gildi við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu gjaldsins á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

Nefndin fellst á röksemdir Bændasamtaka Íslands og leggur til að búnaðargjald verði lækkað í 2,00%.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 1032.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu. Aðrir nefndarmenn eru samþykkir álitinu án fyrirvara.

[12:07]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál. Ég ætla aðeins að ítreka að við skrifum undir nál. sem fylgir frv. frá nefndinni án fyrirvara og teljum ekki ástæðu til annars en að verða við þeim óskum sem komið hafa fram frá Bændasamtökunum um að breyta þessu hlutfalli þó að það geti ekki orðið fyrr en þá í fyrsta lagi á næsta ári því að þetta getur aldrei orðið nema óbreytt á þessu ári.

Í framhaldi af þessu má kannski segja að svona gjöld sem ein sérstök stétt er að leggja á sig til þess að auka veg stéttarinnar á hinum ýmsu sviðum, sem vissulega hefur verið gert með þessu gjaldi, það hefur vissulega verið notað til

góðs — ég fæ ekki alveg skilið hvers vegna slíkt gjald þarf að fara í gegnum Alþingi. Mér finnst þetta vera svipað og ákveðin stéttarfélög hafa nú verið að ákveða að taka t.d. 1% af launum um margra ára skeið, af launum umbjóðenda sinna, og leggja í t.d. kjaradeilusjóð. Það hefur ekki þurft að fara í gegnum Alþingi hingað til þó að það sé auðvitað hið þarfasta framlag. Það mætti nefna margar fleiri slíkar álögur sem ákveðnar stéttir ákveða að setja á sig til hagsbóta fyrir stéttina. (Gripið fram í.) Ja, hér er minnt á framlag frá ríkinu sem Samtök iðnaðarins fái, sem hefur nokkuð verið til umræðu undanfarið. En ég verð að segja að mér finnst að við mættum í heild hugsa okkur svolítið um hvort ríkið á áfram að vera með puttana í þessu öllu.

Ég sé t.d. að ýmsir líta á búnaðargjöldin, sem ríkið sér um að innheimta og er svo aftur úthlutað samkvæmt fyrir fram ákveðnum reglum, sem opinbera styrki til bænda og Bændasamtakanna sem þau eru náttúrlega ekki. Það er undirrót slíks misskilnings. Þetta er t.d. tekið með í tölur núna þar sem verið er að bera saman opinber framlög til landbúnaðar á Íslandi og í öðrum löndum bara út af því að við erum með þessa sérstöku löggjöf og þetta er innheimt á þennan hátt til endurúthlutunar.

En í þessu tilviki höfum við, fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. landbn. skrifað upp á frv. Það er einnig eitt annað atriði sem frv. fjallar um, að fyrir hefur komið að mér skilst, að þetta gjald hafi verið lagt jafnvel oftar en einu sinni á sömu framleiðsluna og þar að auki lagt á þætti í framleiðslunni sem var aldrei meiningin að búnaðargjald legðist á, t.d. kostnað og virðisauka af framleiðslunni og eins kaupverð lífdýra sem eru keypt til áframeldis. Þetta er skýrt með frv. og ætti þá ekki að þvælast fyrir mönnum meir.

Ég styð frv. eins og það liggur fyrir en ég legg til að það verði hugsað upp á nýtt hvort ríkið á sjálft að vera að innheimta slík gjöld.

[12:11]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur varðandi búnaðargjaldið og bendi á, eins og hefur reyndar komið fram í umræðunni, að það eru fleiri samtök sem fá gjöld sem eru ákveðin með lögum. Það kom hérna fram m.a. að Samtök iðnaðarins hafa í gegnum lög fengið í sinn hlut iðnaðarmálagjaldið, mig minnir að það heiti iðnaðarmálagjald, sem ég spurði m.a. eftir í fyrirspurn til hæstv. forsrh. í byrjun þings og hef fengið svar þar um. Þar kemur m.a. fram að Samtök iðnaðarins fá tugi milljóna, hundruð milljóna á síðustu árum í gegnum iðnaðarmálagjald og það gjald er innheimt ekki eingöngu af þeim sem eru aðilar að Samtökum iðnaðarins heldur einnig af fyrirtækjum sem eru utan Samtaka iðnaðarins. Það er eins og stéttarfélag ákveðinnar stéttar fari að innheimta félagsgjöld frá öðrum utan stéttarfélagsins.

Það er því rík ástæða til að taka þessi lög til endurskoðunar þar sem innheimt eru félagsgjöld til ákveðinna samtaka gegnum ríkið. Ég vildi með andsvari mínu taka undir með hv. þm. varðandi þetta atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 638. mál (starfsleyfi, hollustuvernd o.fl.). — Þskj. 1018.

[12:13]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, felur í sér nokkrar lítils háttar breytingar á lögunum.

Í fyrsta lagi er kveðið á um skyldu tiltekinnar starfsemi og atvinnurekstrar til að hafa gilt starfsleyfi, gefið út af Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefnd. Lagt er til að skýrar verði kveðið að orði í lögunum um starfsleyfi, skyldu og efni starfsleyfa, en ekki er gert ráð fyrir að þetta leiði til mikilla breytinga á núverandi framkvæmd.

Annars vegar er um að ræða starfsleyfi sem gefin eru út til að stuðla að framkvæmd hollustuverndar og verður sú starfsemi sem afla þarf slíkra starfsleyfa talin upp í fylgiskjali með lögunum. Helsta breytingin hvað þessi starfsleyfi varðar felst í því að nú munu verslanir sem hafa til sölu vörur er innihalda fegrunar- og snyrtiefni, hættuleg efni og eiturefni þurfa að afla sér starfsleyfis. Hins vegar er um að ræða starfsleyfi gefin út til handa atvinnurekstri sem haft getur í för með sér mengun. Ekki er lagt til að gerðar verði breytingar á núverandi framkvæmd hvað þessi starfsleyfi varðar en ástæða þykir til að kveða skýrar að orði í lögunum.

Í öðru lagi er skilgreining hugtaksins hollustuvernd rýmkuð frá því sem nú er þannig að nú falli innan hugtaksins eftirlit með fegrunar- og snyrtiefnum og tilteknum öryggisþáttum. Á vissum sviðum eru atriði er varða öryggi almennings og slysavarnir svo tengd heilbrigðiseftirliti að rétt þykir að víkka skilgreiningu hugtaksins hollustuvernd þannig að hún nái til þessara þátta. Á þetta sérstaklega við um öryggismál á íþrótta- og sundstöðum og stöðum þar sem börn dvelja.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 14. gr. laganna þar sem lagt hefur verið fram frv. af heilbr.- og trmrn. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990 og fleiri lögum, þar sem gert er ráð fyrir að embætti héraðslækna verði lögð niður. Því er hér lagt til að í stað þess að héraðslæknar verði heilbrigðisnefndum til ráðgjafar og aðstoðar tilnefni landlæknir einn úr hópi yfirlækna heilsugæslu til að sinna því starfi.

Að lokum eru lagðar til lítils háttar orðalagsbreytingar á 19. og 31. gr. laganna.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni frv. og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[12:16]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Við lestur á þessu frv. sem hér er til umfjöllunar vekur athygli að í 8. gr. sem vísar á fylgiskjal er tekin upp og nefnd sú starfsemi sem þarf að sækja um starfsleyfi fyrir skv. 4. gr. laganna. Einnig kemur fram í 1. gr. frv. að fegrunar- og snyrtiefni eru sett undir eftirlit hjá Hollustuvernd en í grg. með frv. gat ég ekki séð röksemdir fyrir því að fegrunar- og snyrtiefni séu sett undir þetta eftirlit. Með flesta aðra starfsemi sem fellur undir þetta fylgiskjal skýrir sig sjálft af hverju eftirlits er krafist en varðandi fegrunar- og snyrtiefni er mér það hins vegar ekki ljóst.

Til samanburðar má nefna að apótek sem m.a. farga lyfjum og öðrum hættulegum eiturefnum eru ekki á þessum lista meðan verslun með fegrunar- og snyrtiefni er á hinn bóginn á listanum. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvaða rök liggi að baki því að þessi verslun er sett undir starfsleyfi. Það er alveg ljóst að starfsleyfi eru íþyngjandi og gild rök þurfa að vera fyrir því að starfsleyfis sé krafist. Ég bendi jafnframt á að á slíkum stöðum, verslunum með fegrunar- og snyrtiefni, er yfirleitt verslað með vöru sem er í lokuðum umbúðum og kannski ekki ástæða til að krefjast starfsleyfis.

[12:18]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að á listanum sem verður sem fylgiskjal með þessum lögum þar sem fram kemur hverjir skuli hafa starfsleyfi, gefið út af heilbrigðisnefnd, er m.a. talin upp verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni og verslun með fegrunar- og snyrtiefni. Það er nýmæli að kveða þurfi á um starfsleyfi en m.a. ber að líta til þess að verið er að selja t.d. snyrtivörur í apótekum þar sem menn handfjatla líka ýmis hættuleg efni. Þess vegna er talið eðlilegt að menn hafi einn aðila sem kemur að eftirliti með þessu en síðan hefur Lyfjaeftirlitið einnig með eftirlit með apótekum að gera. Rökin eru sem sagt þau að menn vilja ná utan um eftirlitið með því að láta Hollustuverndina bera ábyrgð á eða fylgjast með því að einnig séu gefin út starfsleyfi fyrir verslanir með fegrunar- og snyrtiefnum.

[12:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Af andsvari hæstv. ráðherra mátti skilja að hér væri átt við apótek en ekki verslun með fegrunar- og snyrtiefni. En ég vakti athygli á því í andsvari mínu að apótekin eru ekki nefnd þarna heldur eingöngu þessar verslanir. Jú, vissulega er verslað með fegrunar- og snyrtiefni í apótekum en það er ekki megináherslan í starfi þeirra, það eru lyfin. Ég vildi því biðja ráðherrann um að gefa mér kannski nákvæmari svör um þessi efni en jafnframt tel ég að hv. umhvn. þurfi að skoða þetta mál betur. Það er ekki æskilegt að setja kvaðir á verslanir eða starfsemi sem ekki eru gild rök fyrir.

Þar sem ég hef örfáar sekúndur til viðbótar langaði mig líka aðeins að fá upplýsingar um það hvers vegna miðað er við daggæslu með sex börn eða fleiri í heimahúsum. Það er alveg ljóst að í 3. gr. frv. er talað um að eftirlit Hollustuverndar felist m.a. í athugun á hreinlæti, öryggisráðstöfunum, sóttvörnum o.s.frv., og það er náttúrlega alveg ljóst að við daggæslu í heimahúsum þar sem eru færri börn en sex þarf samt ákveðin aðstaða að vera fyrir hendi og sams konar kröfur þarf að gera og þó að um fleiri börn væri að ræða. Einmitt að gefnu tilefni þarf kannski að skoða þetta nánar.

Annars finnst mér sem sagt að verið sé að setja of miklar kröfur á ákveðna starfsemi og kannski of litlar á aðra. En þetta verður náttúrlega allt saman að vega og meta hverju sinni, hvað er of mikið og hvað of lítið, og þá með hliðsjón af tilgangi laganna.

[12:21]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi snyrtivörurnar falla þær undir eiturefni í lögum þannig að það er eðlilegt að heilbrigðisnefndirnar séu með sams konar eftirlit og það sem snýr að eiturefnum þar sem snyrtivörurnar flokkast sem eiturefni þó að menn upplifi vöruna alla jafna ekki þannig. Reyndar var verið að fjalla um það í útvarpinu í morgun að ýmis eiturefni væru í snyrtivörum.

Varðandi daggæslu í heimahúsum með sex börn eða fleiri eru ekki almennar breytingar á þeim lista sem fylgir með frv., og er hluti af því, nema á mjög sértækum sviðum. Hér er ekki um neina breytingu að ræða, bara er verið að skjóta sterkari lagastoð undir starfsleyfin. Ef færri börn en sex eru í daggæslu er samkvæmt stöðlum einungis um einn starfsmann að ræða. Starfsemin er mun umfangsminni og þess vegna er miðað við þennan fjölda. Þegar börnin eru fleiri en sex er starfsemin víðtækari og menn þurfa að hafa fleiri en einn starfsmann. Hér er ekki um neina breytingu að ræða.

[12:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta mál sé dálítið seint á ferðinni, það hefði þurft að koma fram fyrr. Mig langar að grípa, með leyfi forseta, niður í umsögn um 4. gr. en þar er verið að fjalla um þessar tvær gerðir starfsleyfa:

„Þessar tvær gerðir starfsleyfa lúta að formi til svipuðum reglum, en eru efnislega ólík og fjalla um mismunandi atriði, þ.e. annars vegar um framkvæmd hollustuverndar og hins vegar um mengunarvarnir. Af þeim sökum var farin sú leið að fjalla um þau í tveimur aðskildum ákvæðum. Er það til samræmis við þá leið sem farin er í núgildandi lögum. Yfirleitt eru starfsleyfi þau sem hér um ræðir meira íþyngjandi fyrir rekstraraðila og leggja á hann meiri kvaðir. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er ekki gert ráð fyrir breytingu á framkvæmd varðandi starfsleyfi þessi heldur er verið að styrkja lagastoð þeirra."

Og svo segir:

„Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um þá skyldu atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun að hafa gilt starfsleyfi. Skv. 6. gr. núgildandi laga eru starfsleyfi þessi annars vegar gefin út af Hollustuvernd ríkisins og hins vegar af heilbrigðisnefndum. Sú tegund atvinnurekstrar sem fær útgefin starfsleyfi af Hollustuvernd ríkisins er talin upp í fylgiskjali með lögunum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ákveðið sé með reglugerð hvaða atvinnurekstur fær útgefið starfsleyfi af heilbrigðisnefndum, sbr. 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Ekki er lagt til að breyting verði á þessu fyrirkomulagi."

Ég verð að segja að ég lýsi yfir efasemdum um að skipta þessu með þessum hætti. Ég tel að það geti valdið ruglingi. Það er dálítið skrýtið að sjá upptalningu á hinum aðskiljanlegasta atvinnurekstri sem á að gefa út á vegum heilbrigðisnefndanna en svo er allur iðnaður og alls kyns starfsemi sem hefur með eiturefni og hættuleg efni að gera utan þessa lista og á að ákvarðast með öðrum hætti. Mér finnst einhvern veginn að þetta hefði mátt vera undir sambærilegum ákvæðum.

Menn þurfa þá auðvitað að skera úr um það hvort um er að ræða verkefni heilbrigðisnefndanna eða Hollustuverndar ríkisins en mér sýnist að þetta geti skarast töluvert þegar sums staðar er jafnvel verið að tala um sömu eða sams konar starfsemi, eins og t.d. talið er upp í 2. gr. Þá eru taldir upp starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir. Þetta er hluti af starfsemi fyrirtækja sem þurfa svo með öðrum hætti að fá starfsleyfi frá hinu opinbera þannig að fyrirtæki þurfa þá að fá tvenns konar leyfi til að uppfylla settar reglur. Ég set svo

sem ekkert út á að menn þurfi að uppfylla reglur en mér finnst a.m.k. ástæða til að nefna það hér að það sé kannað, og nefndin geri það þá kannski, hvort ekki sé nægilegt fyrir viðkomandi starfsemi að hafa eitt starfsleyfi og hún þurfi þá ekki á því að halda að sækja eftir starfsleyfi heilbrigðisnefndanna ef starfsleyfið frá Hollustuvernd er fyrir hendi.

Ég hef ekki skoðað málið nógu rækilega til að geta rætt um það út í hörgul en mér finnst það vera, ég endurtek það, fullseint fram komið til að það nái að komast í gegn í þetta skipti. Ég fullyrði svo sem ekki um það en nefndin mun auðvitað taka þetta til skoðunar og vonandi gengur það.

[12:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er hægt að taka undir með hv. síðasta ræðumanni að þetta mál er heldur aftarlega á merinni í þingstörfunum. Menn líta kannski svo á að hér sé ekki um tímamótastórmál að ræða en þó, þarna eru hlutir sem eðlilegt er að verði skoðaðir vandlega. Eins og stundum vill verða hjá okkur finnst mér þetta frv. líka bera viss merki bútasaums í stjórnsýslunni, mál skoðuð hólfað eftir því sem heyrir undir einstök ráðuneyti en minna um samræmda stefnu.

Hér kemur t.d. við sögu hlutverk það sem héraðslæknar hafa haft með höndum í umdæmum sínum á undanförnum árum og þess mun sjá stað í lögum víðar að sjálfsögðu ef sú ákvörðun gengur hér í gegn að leggja þau embætti niður. Það er að vísu ekki orðið að lögum enn en framkvæmdarvaldið vinnur greinilega í trausti þess að Alþingi geri það sem fyrir það er lagt og afgreiði frv. eins og þau koma frá ráðuneytunum. Það er greinilega ekki gert ráð fyrir þeim möguleika t.d. að Alþingi ákveði að hætta við þetta því að umhvrn. hefur unnið alla sína vinnu út frá því að þessi aðgerð sem í raun og veru var fyrst og fremst hugsuð í sparnaðarskyni af hálfu þeirra sem héldu um pyngjuna í heilbrrn., ef ég veit rétt, nái fram að ganga.

En því má velta fyrir sér hvort þetta sé endilega góð breyting í stjórnsýslunni að færa það stjórnsýsluvald sem þarna var og þó þessa dreifingu á valdi í stjórnkerfi heilbrigðismála sem lögin á sínum tíma, frá 1974 ef ég man rétt, með tilkomu heilbrigðisráða í kjördæmunum, embættum héraðslækna o.s.frv. var ætlað að hafa í för með sér, að leggja það allt niður og færa þá til miðstjórnarvaldsins á nýjan leik og/eða ætla t.d. heilsugæslulæknum eða yfirlæknum heilsugæslustöðva, eins og hér er meiningin, að taka við þessu verkefni. Það kann vel að henta ágætlega á sumum svæðum þar sem slík svæði eru til staðar og vel afmörkuð og skilgreind en annars staðar er þetta kannski ekki eins einfalt. Að mínu mati hefði líka þurft að horfa til þess hvaða breytingar þetta kunni að þurfa að hafa í för með sér á embætti landlæknis og hlutverki hans, og hefði kannski frekar átt að skoða þá hluti saman, embætti landlæknis væri styrkt og að einhverju leyti endurskipulagt, jafnvel þannig að landlæknisembættið hefði starfsmenn í landshlutunum og þeir tækju þá við slíkum verkefnum og fleirum sem gætu þá færst út í umdæmin en ekki öfugt.

Ég vil a.m.k. hafa alla fyrirvara á því að þetta sé að öllu leyti æskileg þróun sem þarna er pínulítið tilviljanakennt að verða til og a.m.k. ekki sá þáttur hennar sem þýðir uppgjöf gagnvart því markmiði sem var á sínum tíma að reyna að auka eitthvað sjálfstjórn og ábyrgð manna á sviði heilbrigðismála í einstökum kjördæmum eða á einstökum svæðum.

Hvað varðar þá skipulagsbreytingu í frv. að öðru leyti að taka fegrunar- og snyrtiefni inn undir starfsleyfisskylda starfsemi samkvæmt lögunum um holluhætti og mengunarvarnir, þá hef ég kannski ekki heitar meiningar um það. Ég hef ekki velt því mjög mikið fyrir mér, en það er náttúrlega eðlilegt að beðið sé um rök. Maður fer líka að velta fyrir sér hlutum eins og baráttu fyrir því t.d. að verslun með tóbak í búðum yrði leyfisskyld. Ekki hefur blásið byrlega fyrir henni. Hér á hins vegar að gera verslun með fegrunar- og snyrtiefni að starfsleyfisskyldri starfsemi á grundvelli þessara laga.

Þá má líka spyrja hvort í þessu sé að öllu leyti það samræmi sem ætti að vera. Eru þessar vörur það alvarlegar eða líklegar til að geta valdið vandræðum eða hættum að þær ættu að færast þarna inn frekar en jafnvel ýmislegt annað?

Síðan kemur það, herra forseti, að meiningin er að Hollustuverndin fari þá að hafa eftirlit, ekki bara með þessum vörum sem slíkum eða þeim seljendum sem eru með starfsemi á þessum sviðum heldur líka öryggisþáttum, umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum eins og stendur í 1. gr. og á að bætast inn í 2. mgr. 3. gr. laganna.

Þá spyr maður: Bíðum nú við, er ekki hætta á tvíverknaði þar og skörun við Vinnueftirlitið og önnur lög sem eiga að taka til aðbúnaðar og öryggis á vinnustöðum? Ég verð að játa að þetta vekur ýmsar spurningar sem maður getur kannski ekki svarað og vill fá að velta betur fyrir sér en ég er ekki alveg sannfærður um að það sé endilega hyggilegt að fleiri aðilar fari að skoða þarna sömu þættina. Það kann vel að vera að til sanns vegar megi færa að ákveðnir öryggisþættir séu mjög nátengdir hinni starfsleyfisskyldu starfsemi að öðru leyti. Hér eru nefnd íþróttahús og sundstaðir sem dæmi en ég held að þetta eigi bara almennt við og ég spyr: Er þetta ákvæði útfært í góðu samstarfi við Vinnueftirlitið og eru menn þar á bæ sáttir við þau landamæri sem er verið að draga upp? Ég held að þingnefndir sem um þetta véla þurfi a.m.k. að fara ofan í þetta og reyna eins og kostur er að tryggja að ekki verði þarna neinir árekstrar.

Að síðustu, herra forseti, veit ég ekki betur en að hæstv. ráðherra hafi nýlega boðað alveg grundvallarumbyltingu á öllu þessu kerfi, og þá sérstaklega skipulagslega. Það hefur satt best að segja verið dálítið erfitt að henda reiður á því hvað hefur komið út úr hinum einstöku blaðamannafundum hjá hæstv. ríkisstjórn þegar hún er að boða eina allsherjarstofnun á sviði matvælaeftirlits eða þegar hæstv. umhvrh. kemur allt í einu í fjölmiðlum og er búin að ákveða að stokka saman stofnanir undir umhverfisráðuneytinu, m.a. þessa hér ef ég veit rétt, Náttúruvernd og Hollustuvernd og guð má vita hvað. Væri þá ekki hyggilegast að gera minna en meira þangað til ríkisstjórnin hefur komið sér í aðalatriðum niður á það hvernig hún ætlar að hafa þetta.

Mér finnst vera orðið ansi mikið los, herra forseti, á stjórnsýslunni að þessu leyti. Það er eins og hæstv. ráðherrar líti svo á að stjórnsýslan, stofnanir og viðfangsefni sem undir þá heyra, séu eins og legókubbar sem ekkert mál sé að raða bara upp á nýtt. Er endilega víst að það sé heppilegt fyrir hóflega stjórnfestu í þessum efnum? Ef í vændum eru svo meiri háttar skipulagsbreytingar á þessum stofnunum hefði ég haldið að menn ættu að reyna að fá niðurstöðu í þau mál fyrst. Verkaskiptingin eða breytingar af þessu tagi tækju þá mið af framtíðarfyrirkomulaginu hvað varðar stofnanirnar og verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Alkunna er að mál geta orðið býsna snúin ef menn missa slíka hluti upp í deilur og togstreitu. Ég ætla ekkert að gefa mér fyrir fram um að í

þessu máli séu fólgnar miklar hættur af þeim toga en það er þó algjörlega ljóst að við erum að tala um viðfangsefni sem geta skarast talsvert milli stofnana og jafnvel milli ráðuneyta, eins og ég hef lítillega farið yfir og nefnt í því sambandi þessa leyfisskyldu starfsemi, öryggisþættina og annað í þeim dúr.

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra er í færum til að upplýsa okkur eitthvað betur um hvar þessi mál eru á vegi stödd. Maður gefur sér að ekki gerist mikið í þessu fyrir vorið, á þeim örfáu starfsdögum sem eftir eru. Einnig má spyrja: Er þetta mál svo brýnt og áríðandi að það þurfi nauðsynlega að fá afgreiðslu nú óháð öðru sem þarna er á dagskrá?

[12:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi spurninguna um hvort brýnt sé að koma þessu máli áfram er það auðvitað alltaf matsatriði hvað er brýnt og hvað ekki. Megináherslan í frv. er að skjóta styrkari lagastoð undir starfsleyfin. Ég tel að ekki ætti að vera mikill ágreiningur um það og væri því mjög æskilegt að málið yrði unnið í þinginu til enda.

Hv. þm. kom inn á ýmislegt sem ég ætla að reyna að svara að einhverju leyti í mjög stuttu andsvari. Um öryggisþættina sem hér var spurt um, hvort samráð hefði verið haft við aðila, ber að svara því játandi. Samráð var haft við Vinnueftirlitið. Einnig hefur verið haft samráð við menntmrn. Þær veigalitlu breytingar sem eru í sambandi við þann þátt hafa verið unnar í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Hv. þm. ræddi aðeins um uppstokkun á stjórnsýslusviðinu hjá umhvrn., og það er rétt hjá honum að við erum að stokka upp hluta af stjórnsýslunni og skoða aðra þætti. Til tals hefur komið í fyrirspurnatíma á Alþingi að við erum að stofna nýja umhverfisstofnun á grunni nokkurra stofnana, þar á meðal Hollustuverndar ríkisins sem er komið inn á í frv. sem á að fylgjast með slíkum leyfum. En það er einungis rannsóknarþáttur umhverfisstofnunar eða Hollustuverndar, matvælarannsóknaþátturinn, sem fylgir ekki með í því og sem tengist þeim hugsanlegu nýjungum varðandi mætvælastofu sem menn hafa ekki náð að sauma saman enn þá. Sú matvælarannsóknastofa er rekin sér, innan Hollustuverndarinnar, þannig að auðvelt er að taka hana frá. Rekstur hennar er aðskilinn frá eiginlegri starfsemi þannig að mjög einfalt er að taka hana út úr þeirri umhverfisstofnun sem við viljum gjarnan stofna.

[12:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, þau upplýsa málið a.m.k. að hluta. Þó leitar á mann önnur spurning í framhaldi af svarinu við þeirri með starfsleyfin: Er sú lagastoð sem þarna hefur verið fyrir útgáfu starfsleyfa ófullnægjandi? Hafa menn lent í vandræðum af þeim sökum? Hefur verið vefengt að útgáfa starfsleyfanna sem slík, eins og um hana hefur verið búið fram að þessu, hafi verið fullnægjandi? Þegar svona er tekið til orða, „skjóta styrkari lagastoð undir starfsleyfin", heldur maður að hún sé óstyrk. Auðvitað er það þá rétt og skylt því að ekki er til fyrirmyndar ef menn eru með ótraustan grunn undir íþyngjandi kvöðum af því tagi að menn skuli þurfa að sækja um og fá og greiða fyrir starfsleyfi.

Í öðru lagi, um öryggisþáttinn. Ég fagna því að þetta hefur verið unnið í einhverju samstarfi við Vinnueftirlitið. Það er mjög mikilvægt til að ekki sé nein hætta á að þarna verði um óæskilega skörun eða togstreitu að ræða eða, það sem verra væri auðvitað, ef einhver göt myndast í eftirlitið og einhverjir þættir liggja á milli hluta, ekki væri ljóst hver ætti að sjá um hvað. Náttúrlega geta orðið þá ákaflega alvarleg atvik ef ekki er ljóst að fullnægjandi eftirliti sé sinnt á öllum sviðum.

Varðandi uppstokkun á stofnunum og stjórnsýslu sýnist manni náttúrlega borin von að slíkt geti orðið eitthvert flýtiverk, a.m.k. hvað þátt Alþingis varðar á örfáum starfsdögum hér á vori, þannig að ég spyr: Er ekki ljóst að það verkefni bíður a.m.k. næsta þings, og er þá ekki hyggilegt að nota tímann í sumar og undirbúa þá hluti vel og vinna og gera sem minnstar breytingar þangað til?

[12:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lagastoðin er ekki ófullnægjandi að okkar mati en hún mætti vera skýrari. Þess vegna sjáum við ástæðu til að kveða skýrar á varðandi starfsleyfin í lögunum.

Í sambandi við götin sem lúta að öryggisþáttunum þá felur frv. einmitt í sér að hafa það alveg skýrt hver fer með hvaða eftirlit. Verið er að minnka götin ef eitthvað er. Menn hafa rætt þetta milli stofnana, m.a. við Vinnueftirlitið eins og hér hefur komið fram, og þetta lagafrv. er m.a. reist á samkomulagi sem var gert við þá um hvar bæri að skýra mörk milli stofnana.

Ég teldi mjög æskilegt að við kláruðum málið um nýja umhverfisstofnun núna í vor en ég veit að tíminn er mjög skammur. Nokkuð breið samstaða ríkir um það mál hjá stofnununum. Ég veit að það er mjög erfitt þegar menn fara í miklar breytingar, það er bara mannlegt að menn hafi varann á sér, en nokkuð breið samstaða ríkir um þetta. Ég vil líka benda á að við höfum rætt þetta við frjáls félagasamtök sem voru tiltölulega jákvæð og það kom m.a. fram hjá einum forustumanna þeirra að þetta væri löngu tímabær breyting. Ég tel því að menn eigi ekki að vera mjög tortryggnir gagnvart því. Ég tel þetta vera mjög jákvætt mál og að við getum eflt umhverfismálin í landinu með því að sameina þær stofnanir sem um ræðir í eina öfluga nýja umhverfisstofnun.

[12:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins um þetta síðasta aftur, ég er ekki með neina fyrirframtortryggni í garð þess að þetta geti ekki verið ágæt breyting í stjórnsýslunni og stjórnkerfinu. Þó þarf alltaf að fara mjög vel yfir það hversu vel hlutirnir eigi saman í einni stofnun. Það er ekki endilega þannig að einasta aðferðin til að efla einhverja starfsemi sé að slá henni saman í enn þá stærri stofnanir. Þvert á móti getur það skapað ýmis vandamál, og mjög miðstýrð stofnanagerð stjórnsýsla er ekki endilega það sem við eigum að stefna að. Ég er þó að vísu þeirrar skoðunar almennt að betra sé að efla upp fagstofnanir en að ráðuneytin sjálf þenjist út í hið óendanlega. Það hefur líka mikil vandamál í för með sér. Báðar aðferðirnar hafa þá hættu í sér fólgna ef menn eru ekki með opinn hug gagnvart því að dreifa valdi og verkefnum að um mjög miðstýrða og lokaða stjórnsýslu verði að ræða hér í póstnúmeri 101.

Ég hef verið spenntur fyrir því, ekki síst með mál á sviði umhvrn., að þau yrðu skoðuð með vald- og verkefnadreifingu í huga. Það fyndist mér þá eiga að gera í tengslum við endurskipulagningu þessara mála og hleypa öllum að því borði, líka forsvarsmönnum sveitarfélaga, fagaðilum, áhugamannasamtökum sem hér voru nefnd o.s.frv. Það er þá hið

besta mál og einhvern veginn leggst þetta mál allt saman þannig í mig, af því að þessa hluti ber tiltölulega brátt að, samanber það að ekki eru nema nokkrar vikur síðan hæstv. ráðherra kynnti þessi áform í fyrsta skipti opinberlega, að menn ættu að taka sér sumarið í að vinna þessa hluti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðhöndlun úrgangs, 1. umr.

Stjfrv., 651. mál (EES-reglur). — Þskj. 1050.

[12:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um meðhöndlun úrgangs.

Þann 28. september 2001 skipaði ég nefnd til að semja drög að frv. til laga um urðun úrgangs til að uppfylla kröfur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins um urðun úrgangs. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, dags. 18. maí 2001, var tilskipunin felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Með tilskipuninni er kveðið á um að minnka í áföngum magn þess lífræna heimilisúrgangs sem fer til urðunar á 15–19 árum. Kveðið er á um strangari skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað og eftirlit með urðunarstað í kjölfar lokunar hans o.fl.

Um meðhöndlun úrgangs hefur hingað til verið fjallað í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þar ber helst að nefna að þann 1. janúar 1990 tók gildi mengunarvarnareglugerð þar sem settar voru fram kröfur um meðhöndlun úrgangs og starfsleyfi móttökustöðva. Ítarlegri kröfur komu fram þegar Ísland gerðist aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið árið 1994. Á síðustu árum hefur mikið áunnist í að bæta förgun úrgangs. Mörg sveitarfélög hafa unnið í þessum málaflokki af miklum metnaði og farið í samvinnu sín á milli með stofnun byggðasamlaga.

Ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru almenns eðlis. Gilda þau um alla starfsemi sem haft getur í för með sér mengun, auk þeirrar starfsemi þar sem sérstaklega þarf að gæta að hollustuþáttum. Lögin taka því til mjög margvíslegrar starfsemi.

Í tilskipun um urðun úrgangs eru mjög sérhæfð ákvæði um urðunarstaði. Sum ákvæði tilskipunarinnar þykja þó eiga jafnt við um aðrar móttökustöðvar fyrir úrgang. Það er einkum í móttökustöðvum, þ.e. flokkunarmiðstöðvum, sorpbrennslustöðvum og urðunarstöðum sem kerfisbundin meðhöndlun á úrgangi fer fram. Þykir eðlilegt að um slíka kerfisbundna meðhöndlun gildi samræmdar reglur. Var því ákveðið að fara þá leið að gera tillögu um frv. til sérlaga þar sem kveðið yrði á um meðhöndlun úrgangs. Markmið frv. er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og að draga úr þeirri hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt er það markmið frv. að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eins og unnt er, þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði skipulögð þannig að hún nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Meðal almennra ákvæða frv. eru ákvæði um stjórnsýslu á sviði úrgangsmála. Eru þau nokkuð nákvæmari en þau hafa verið hingað til. Einnig eru ákvæði um útgáfu starfsleyfis, almenn fyrirmæli um meðhöndlun úrgangs og ákvæði um tryggingu vegna flutnings úrgangs milli landa.

Sérákvæði um urðunarstaði eru í III. kafla frv. og sérákvæði er um sorpbrennslur í IV. kafla frv. Er þar haft til hliðsjónar að einnig hefur verið samþykkt ný Evróputilskipun um sorpbrennslur.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að aðlögun starfandi urðunarstaða skal lokið fyrir 16. júlí 2009.

Helstu nýmæli frv. eru ákvæði um ákvörðun gjalds fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 11. gr. frv., ákvæði um sérstaka tryggingu fyrir því að staðið sé við ákvæði starfsleyfis, þar á meðal lokunar- og eftirlitsaðgerðir eftir lokun urðunarstaðar, sbr. 15. gr. frv. og um kerfisbundna vöktun rekstraraðila urðunarstaðar í kjölfar lokunar hans, sbr. 17. gr. frv.

Við undirbúning frv. þessa hefur verið náin samvinna við Samband íslenskra sveitarfélaga. Aflað var lögfræðilegrar álitsgerðar m.a. vegna ákvæða tilskipunar um urðun úrgangs og um vöktun eftir að urðunarstað er lokað með tilliti til þess hvort þau ákvæði fælu í sér að setja þyrfti lagaákvæði um bótaábyrgð rekstraraðila á mengunartjóni. Niðurstaða álitsgerðarinnar var að svo væri ekki, en eðlilegt væri að kveða á um slíka ábyrgð í framhaldi af samþykkt þessara laga. Ég hef því ákveðið að setja á fót nefnd síðar á árinu til að skoða hvernig megi koma fyrir bótaábyrgð vegna mengunartjóns sem gildi um starfsemi þar sem hætta er talin á mengun.

Mikilvægt er vegna samnings um Evrópska efnahagssvæðið að frv. þetta nái fram að ganga sem fyrst þar sem lögleiðingu urðunartilskipunarinnar átti að vera lokið 18. nóvember sl.

Hæstv. forseti. Ég hef þá lokið framsögu um þetta frv. til laga um meðhöndlun úrgangs og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til umfjöllunar í hæstv. umhvn.

[12:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna að hér skuli komið fram heildstætt frv. til laga um meðhöndlun úrgangs. Ég tel það löngu tímabært.

Það sem ég hegg hér fyrst eftir, herra forseti, og vildi spyrja hæstv. ráðherra út í, eru ýmsar skilgreiningar. Hún slær mig óneitanlega fyrsta skilgreiningin um afskekkta byggð. Skilgreiningin er þessi, með leyfi forseta:

„Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, ...“

Mér finnst að varlega eigi að fara í að ræða hvað sé afskekkt byggð. Ég veit að við Norðlendingar segjum að vandamálið við Reykjavík sé hvað hún er afskekkt, hvað hún stendur afskekkt og er mikið úr leið. Ég óska eftir því að nefndin skoði það að nota önnur orð þegar hún er að flokka land huglægt í þjónustusvæði eða eitthvað annað. Ég tel að þetta sé kannski gert meira af kæruleysi eða óaðgætni.

Síðan vildi ég líka spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki komi til greina að fært sé saman og landið hreinlega skipulagt formlega í sorpurðunarstaði. Eins og hæstv. ráðherra var hér að gera grein fyrir þá eru býsna harðar og ákveðnar reglur um staðinn, um vöktun, um tryggingar og meira að segja

áratugum eftir að urðun er hætt. Kæmi ekki til greina að gera eitthvert formlegt skipulag fyrir allt landið?

[12:52]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason kom hérna inn á skilgreininguna á afskekktri byggð. Þessi skilgreining er tekin beint upp úr tilskipuninni þannig að þetta er ekkert sem við erum að finna upp á. En varðandi þetta orðalag „afskekkt byggð" þá má vel vera að umhvn. finni eitthvert orðalag sem mönnum líkar betur. En þessi skilgreining er tekin beint upp úr tilskipuninni og snýr að því að afskekktir staðir — hvernig svo menn vilja líta á hvað það þýðir — sem falla undir þessa skilgreiningu geta sótt um að vöktun verði minni en ella.

[12:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég ítreka það að ég vek athygli á því hversu varasamt sé að taka inn bein skilgreiningarhugtök erlendis frá, t.d. á því hvað sé afskekkt, þ.e. að notaðir séu einhverjir staðlar frá Mið-Evrópu um íbúafjölda á ferkílómetra o.s.frv. Í öðru lagi tel ég að gæta eigi varúðar við að nota huglægar flokkanir eins og þarna. Ég tel það raunar ekki rétt og að það eigi að skoða vandlega hvort ekki megi nota þarna einhverja aðra aðferð til að nálgast málið.

Hæstv. ráðherra nefndi starfshóp sem ætti að skoða þessi mál í heild. Nú fylgir þessu öllu mikill kostnaður, mikil umhverfisleg og rekstrarleg ábyrgð og tryggingar, eftirátryggingar. Væri kannski hugsanlegt að á landinu öllu væru bara ein, tvær eða þrjár slíkar stöðvar? Hvað ber landið og hvað berum við sem þjóð margar slíkar sorp- og urðunarstöðvar miðað við þær reglur og kvaðir sem verið er að setja núna um þessa staði og þá starfsemi sem ég ber svo sem virðingu fyrir? En þessu fylgja gríðarlega miklar kvaðir, gríðarlega mikil ábyrgð og gríðarlega mikill kostnaður, og reyndar ábyrgð sem nær áratugi fram í tímann eftir að búið er að loka viðkomandi urðunarstað og sorpstað meira að segja. Ber landið, ber þjóðin mjög marga slíka staði? Mér er spurn: Hefur hæstv. ráðherra nokkuð metið það?

[12:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þróunin hefur verið slík hin seinni ár að urðunarstöðum hefur farið fækkandi sem betur fer að mörgu leyti því auðvitað eru gerðar meiri kröfur í dag en áður fyrr til þessara staða og þá borgar sig að menn sameinist sem mest um slíka urðunarstaði. Sveitarfélögin sem bera meginábyrgð á þessari starfsemi hafa einmitt sameinast í æ ríkari mæli um urðunarstaði og ég vænti þess að sveitarfélögin muni gera það enn frekar í framtíðinni. En hvort það sé búið að reikna út hve marga staði landið ber eða eitthvað slíkt þá eru engar tölur beint til yfir það. Landið ber alla vega nógu marga urðunarstaði til að eðlilegt megi teljast. Við erum að setja hér meiri reglur en við höfum séð áður um vöktun á þessum urðunarstöðum. Það má vel vera að þeim fækki eitthvað eilítið vegna þessa þar sem menn vilja þá sameinast öðrum til að standa betur undir kostnaðinum við slíkt.

[12:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ef það var ástæða til að gera athugasemd við að málið sem við ræddum á undan þessu væri seint fram komið þá er ástæða til að hafa þá athugasemd uppi núna því þetta mál er auðvitað miklu stærra í sniðum en hitt málið sem við ræddum áðan. Ég tel að málið sé að mörgu leyti bráðnauðsynlegt og ætla ekkert að setja út á hvernig það er búið að öðru leyti en því að mig langar til þess að spyrja dálítið nánar um tvö eða þrjú atriði.

Mér finnst vera svolítið óljóst hvernig menn hugsa innheimtu á gjöldum fyrir þessa hluti. Í 11. gr. frv. um gjald fyrir meðhöndlun úrgangs stendur, með leyfi forseta:

„Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, ..."

Þar er og sagt að:

„Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald ..."

Hér er orðið „skal" notað. Það er ekki bara sagt að viðkomandi aðilar skuli innheimta gjald heldur að þeir skuli innheimta gjald og að gjaldið skuli nægja fyrir öllum kostnaðinum. Þarna eru fyrirmæli frá löggjafanum um að ekki verði notaðir aðrir peningar til þess að reka þessa starfsemi heldur skuli þeir innheimtast með þessum hætti. En í næstu málsgrein á eftir segir síðan:

„Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs."

Mér finnst þetta svolítið óljóst. Þarna er allt í einu farið að tala um að sveitarfélögunum sé þetta heimilt. Á maður að skilja þetta þannig að sveitarfélögunum sé þá heimilt að velja sér á hvaða stigi meðhöndlunar úrgangs þau innheimta gjöldin, en að þau skuli innheimta gjöld sem duga fyrir öllum kostnaðinum? Ef það er meiningni með þessu þá hef ég skilið það rétt. En þá er fortakslaust ætlast til þess að sveitarfélögin noti ekki aðra peninga til þess að sjá fyrir þessum hlutum en þá sem þeir innheimta með sérstökum gjöldum til þess.

Síðan er talað um tryggingu aðila sem taka að sér að urða. Í frv. er einhvers staðar óljóst orðalag um að „tryggja eins og mögulegt er" eða eitthvað svoleiðis. Þessi hugsun er auðvitað mjög góð, að þeir sem taka að sér að urða úrgang eigi með starfsemi sinni fullkomlega að bera ábyrgð á þessari starfsemi allt til enda, þ.e. að það sé þá tryggt að mengun vegna þessarar urðunar verði ekki til baga síðar og að til séu peningar til að standa straum af kostnaðinum. Það getur verið flókið að tryggja að þetta standist.

Ég verð að segja eins og er að ég tel fulla ástæðu til að halda að starfsemi sem á að greiða í einhvers konar tryggingasjóð á meðan hún stendur yfir geti lent í rekstrarerfiðleikum og vandamálum. Það er viðbúið að mjög erfitt verði að tryggja hana nema að til komi einhverjar aðgerðir sem endurtryggi hana með einhverjum hætti, t.d. ef allir förgunaraðilar í landinu stæðu saman að einhvers konar tryggingasjóði eða aðgerðum sem tryggðu að menn fengju ekki upp vandamál á einstökum urðunarsvæðum vegna þessa. Ef sveitarfélög bjóða t.d. út urðun, viðkomandi aðili lendir í einhverjum vandræðum og það reynir á þessa hluti þurfa að vera ákvæði, eða ég spyr: Hefur verið skoðað að einhver ákvæði um tryggingu geti komið til sem þessir aðilar verða þá að taka þátt í frá upphafi?

Ég ímynda mér að um býsna háar fjárhæðir gæti orðið að ræða vegna skaða af völdum svona urðunar ef eiturefni verða urðuð, mistök eiga sér stað eða viðkomandi aðili brýtur af sér með urðun á efnum sem ekki átti að urða þar. Síðar gætu komið upp einhver vandamál vegna hreinsunar eða endurvinnslu af slíkum urðunarsvæðum og til slíks gæti þurft að kosta miklum peningum. Þá er brýnt að til staðar sé einhver trygging eða sjóður sem hægt sé að grípa til.

Síðan erum við að tala um vöktun langt fram í tímann. Mér finnst að þessi atriði hefðu þurft að vera svolítið skýrari, a.m.k. sýnist mér í fljótu bragði að það sé ekki alveg á skýru að fyrir því sé séð að menn lendi ekki í vandamálum eins og þeim sem ég er að lýsa hér.

En það er ekki annað. Ég mun starfa að þessu í nefndinni og ég hlakka til þess. Ég held að þetta sé mál sem full ástæða sé til að taka til við að vinna sem allra fyrst. Vonandi verður hægt að afgreiða það en mér finnst það vera býsna seint fram komið til þess.

[13:03]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að mönnum liggur heldur hlýlegt orð til þessa frv. enda er að mínu mati mjög brýnt að afgreiða það. Við erum tiltölulega sein með það hér inn, það er rétt, miðað við það hvenær við áttum að uppfylla þessa tilskipun.

Varðandi kostnaðinn sem menn geta lent í vegna fjárhagslegra trygginga á hann að endurspeglast eins og mögulegt er í gjaldinu. Hann getur auðvitað verið misjafn eftir því hvernig urðunarstað er um að ræða. Tryggingin snýr að vöktuninni þannig að hún fari örugglega fram í þessi 30 ár eftir að urðunarstað er lokað en hún snýr ekki að bótaábyrgð ef eitthvað kemur upp á. Það er næsta skref sem þarf að skoða og það er ekki í þessu frv. heldur þarf að skoða það alveg sértækt.

Varðandi að óskýrt sé hvað átt er við með gjaldtökuheimildinni í 11. gr. kemur þar fram að gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangs. Hins vegar er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Þetta er eiginlega tvennt ólíkt. Annars vegar er förgunin og hins vegar meðhöndlun úrgangs. Og það er búið að slá á að förgun úrgangs gæti verið u.þ.b. 30% af meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt þessu frv., verði það samþykkt, er því skylda að taka gjald fyrir förgunina, 30% hlutann, en heimilt er að taka fyrir allt. Ákveðið var að fara ekki í að skylda menn eða sveitarfélög til að taka gjald fyrir alla meðhöndlunina. Það er miklu stærra skref. Sum lönd hafa gert það, t.d. Noregur. Mér skilst að það sé skylda sveitarfélags að taka raungjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs þannig að menn geti ekki velt því fram og aftur, út í útsvar o.s.frv. En hér er einungis verið að taka það skref að skylda menn til að taka gjald fyrir förgunina sjálfa.

[13:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil þetta núna og hef ekkert sérstakt við það að athuga að menn setji þetta fram með þessum hætti. Ég tel þó að gera þurfi greinarmun á þessari innheimtu þannig að förgunargjöldin endurspegli sem allra mest förgun viðkomandi. Ég tel að það sé verulega mikið atriði að þeir aðilar sem í raun og veru valda mengun eða þurfa að farga mengandi efnum beri kostnaðinn en ekki aðrir og að með öllum ráðum verði reynt að tryggja að fjárhagsleg skuldbinding vegna þeirra efna sem menn nota lendi á réttum stöðum. Þetta finnst mér vera stórt atriði og ég vil bara að það komi hér fram. En ég lít þá þannig á að þetta ákvæði þar sem heimilt er að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun sé sem sagt allt annað ákvæði og eigi ekki að lesast í neinu samhengi við það sem það kostar að farga.

Umræðu frestað.

Gjaldþrotaskipti, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 177. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 178.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 186. mál. — Þskj. 193.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmd meðlagsgreiðslna, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 391. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 647.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 426. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 686.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hvalveiðar, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 648. mál (leyfi til veiða). — Þskj. 1047.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:09]

Heimsókn fulltrúa sænska þjóðþingsins.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að forseti sænska þingsins, Birgitta Dahl, er stödd á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Forsetinn og fylgdarlið hennar eru stödd hér á landi í boði Alþingis. Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forseta sænska þingsins, Birgittu Dahl, og fylgdarlið velkomið

í Alþingishúsið og vænti þess að för þeirra til Íslands verði til að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli Alþingis og sænska Ríkisdagsins. Ég vil biðja hv. þingmenn að votta hinum sænsku gestum og sænsku þjóðinni vináttu og virðingu með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál, brtt. ÁRJ og GÖ, þskj. 1146; brtt. SJS, þskj. 1150.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 595. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1149.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 594. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1148.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Ályktun um sjálfstæði Palestínu.

[15:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við höfum mörgum sinnum rætt hér málefni Palestínu og hæstv. starfandi forsrh. hefur oft tekið undir það að íslenska þjóðin þurfi með einhverjum hætti að sýna samstöðu með palestínsku þjóðinni.

Ég kem hingað samt sem áður, herra forseti, til þess að undrast að hið háa Alþingi láti sitt eftir liggja í þessum efnum. Ógnaröld ríkir í Palestínu og við sjáum ólýsanlegar hörmungar þar. Við sjáum að Sharon forsætisráðherra, sem sumir telja að hafi framið stríðsglæpi fyrr á árum, ætlar sér greinilega að láta kné fylgja kviði og ganga milli bols og höfuðs á palestínsku þjóðinni. Við sjáum að ísraelskir hermenn varðir af bryndrekum og herþyrlum fara hús úr húsi, jafna hús við jörðu og reka palestínskar fjölskyldur af heimilum sínum. Bara í síðasta mánuði voru 5–6 þúsund manns tekin höndum, tilviljanakennt, á götum úti og á heimilum af Ísraelsher, 1.650 í heimaborg Arafats og Mustafas Barghouthis, sérstaks vinar íslensku þjóðarinnar, og í Ramallah voru 1.500 manns limlestir eða slasaðir, 250 manns dóu. Þetta er samkvæmt opinberum tölum, herra forseti, og þó segir Mustafa Barghouthi að líklegt sé að miklu fleiri hafi orðið fyrir búsifjum.

Herra forseti. Það ljótasta birtist í því að ísraelskir hermenn koma nú í veg fyrir að hægt sé að hjúkra særðum og þjáðum með því að ráðast á sjúkrabíla og koma í veg fyrir að hægt sé að flytja sjúkt fólk og sært á sjúkrahús.

Herra forseti. Fyrir þinginu liggur tillaga. Hún hefur ekki fengist afgreidd. Það eru skilaboð til umheimsins. Ég vil þess vegna spyrja formann Framsfl., utanrrh. og hæstv. starfandi forsrh.: Telur hann ekki rétt að beita liðsinni sínu til þess að Alþingi afgreiði þetta mál?

[15:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Það er mjög alvarlegt og hefur orðið tilefni til umræðu á Alþingi skipti eftir skipti og ekki að ástæðulausu. Við vitum öll að ef finna á viðunandi lausn á þessu máli þurfa margir að koma þar til: Evrópusambandið, Arabalöndin, Bandaríkin og Sameinuðu þjóðirnar ekki síst. Þannig mænir gjörvöll heimsbyggðin á þetta ástand og við hljótum að vonast eftir því að næstu daga takist vopnahléssamningar sem verið er að vinna að.

Oft hefur verið rætt um þetta mál hér á hv. Alþingi. Mér er kunnugt um að till. til þál. liggur fyrir þinginu. Ég hef rætt málið við hv. utanrmn. Þar hefur málið verið rætt. Það er að sjálfsögðu í höndum utanrmn. að afgreiða þau mál sem þar liggja fyrir. Nú fer í hönd nefndavika. Ég vænti þess að hv. þingmenn stefni að því að afgreiða þetta mál hið fyrsta. Ég hef ekkert nema gott um það að segja og tel mikilvægt að ályktun komi fram á Alþingi og þingmenn reyni að ná saman um texta hennar. Ályktanir Sameinuðu þjóðanna, öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, hljóta að vera aðalgrundvöllurinn fyrir slíkri ályktun. Ég veit ekki betur en fullur áhugi sé á því hjá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi að ná saman um slíka afgreiðslu.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Enginn efast um hinn góða vilja hæstv. forsrh. Hann hefur mörgum sinnum komið fram á þessu þingi en það dugir ekki lengur. Það felast ákveðin skilaboð í því ef fyrir þinginu liggur tillaga um stuðning við málstað Palestínumanna, tillaga sem byggir á nákvæmlega því sem hæstv. utanrrh. er að tala um, þ.e. ályktunum Sameinuðu þjóðanna, og hún fæst ekki afgreidd.

Hvaða skilaboð eru það til umheimsins, herra forseti, ef við blasir að hæstv. utanrrh. segir að breið samstaða sé í þinginu með málstað Palestínumanna og fyrir liggur tillaga um stuðning en hún fæst ekki afgreidd?

Ég er líka að tala við formann Framsfl. sem hefur hefð fyrir því að styðja málstað Araba og Palestínumanna í skærunum við Ísrael. Það liggur einfaldlega fyrir að oft var þörf. Var einhvern tíma nauðsyn? Já, það var núna. Og núna verð ég segja, herra forseti, að það var í valdi hæstv. utanrrh. að sjá til þess að vilji meiri hluta þingsins fái fram gengið. Það er bara einn flokkur sem virðist draga lappirnar í þessu en það er ekki flokkur hæstv. utanrrh.

Frumvarp um Þjóðhagsstofnun.

[15:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Nýverið kom fram að hæstv. forsrh. hafi kynnt á ríkisstjórnarfundi frv. um að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Margir höfðu vonast til að þetta mál væri út af borðinu því að fæstir sjá nokkra skynsemi í því að leggja niður Þjóðhagsstofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki sem óháð stofnun við hagrannsóknir og greiningu á stöðu og spá um þróun efnahagslífsins, þó e.t.v. megi endurskipuleggja verkefni þeirra stofnana sem fjalla um hagrannsóknir og efnahagsmál.

Satt að segja treystu margir á að Framsfl. mundi standa fast í ístaðinu og sporna af festu við því að leggja stofnunina niður en allar hugmyndir um hvað eigi að koma í staðinn hafa hingað til verið fráleitar, eins og að færa gerð efnahagsspár til fjmrn.

Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. og starfandi forsrh. hvort samkomulag sé milli stjórnarflokkanna um að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Ef svo er, spyr ég: Hvaða fagleg og fjárhagslög rök standa til þess að leggja niður hina sjálfstæðu og óháðu stofnun sem svo mikla þýðingu hefur haft, m.a. við

greiningu og hagstjórn í efnahags- og atvinnulífinu?

[15:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er samkomulag milli stjórnarflokkanna um að leggja fram frv. um að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður. Frv. verður dreift hér síðar í dag. Verkefnum Þjóðhagsstofnunar verður komið fyrir hjá öðrum stofnunum að því er varðar ráðgjöf t.d. hjá Alþingi, við stjórnmálaflokka, ráðgjöf við aðila vinnumarkaðarins. Þessir þættir verða í höndum Seðlabankans eins og nánar er gert ráð fyrir í frv.

Einnig hefur tekist mjög gott samstarf með Alþýðusambandi Íslands út af þessu máli þannig að Alþýðusamband Íslands getur tekið að sér aukið hlutverk á sviði efnahagsmála. Aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. samtök atvinnurekenda og samtök launafólks innan vébanda Alþýðusambands Íslands, styðja þessa breytingu og telja hana mikilvæga. En hv. þingmenn geta farið betur yfir það og gert sér grein fyrir því þegar frv. verður dreift á borð þeirra á eftir.

[15:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja að þær upplýsingar sem hér koma fram valda mér miklum vonbrigðum. Ég tel að það muni ekki auka á faglega umfjöllun um efnahagsmál eða þjóðarbúskapinn. Þvert á móti tel ég hættu á að greining á stöðu og þróun efnahagsmála lúti pólitískri forskrift ef á að leggja niður þessa sjálfstæðu stofnun. Það býður heim miklum ágreiningi um trúverðugleik í spám varðandi þróun efnahagslífsins.

Ég sé ekki að það sé nokkur einasta hagræðing í að leggja stofnunina niður og vil spyrja hæstv. utanrrh. hvaða sparnaður er af því að leggja niður þá stofnun og færa verkefnin annað eins og hæstv. ráðherra hefur lýst? Ég lít svo á að hér sé fyrst og fremst um að ræða tilfærslu á verkefnum og með þessu sé fyrst og fremst verið að draga úr faglegri umfjöllun og faglegum spám varðandi þróun efnhagslífs með þeirri breytingu sem ráðherra hér boðar.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það virkilega svo að á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þingi ætlist ráðherrann til að þingið afgreiði málið?

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er afskaplega mikilvægt að málið verði afgreitt á hv. Alþingi. Ég tel að það sé tiltölulega einfalt. Þjóðhagsstofnun er í ákveðinni upplausn í dag. Starfsfólk stofnunarinnar hefur margt sagt upp og koma þarf málum fyrir þannig að hægt verði að halda áfram að vinna að þeim málum með eðlilegum hætti.

Gert er ráð fyrir að ríkisstjórn á hverjum tíma setji fram forsendur sínar og spár um þróun efnahagsmála beint á fjárlagagerðinni. Hins vegar er gert ráð fyrir að Seðlabankinn meti stöðuna á eigin forsendum á sjálfstæðan hátt. Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki þýðir fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að setja fram bara einhverja spá. Hún verður að sjálfsögðu að vera faglega unnin og öllum opin og Seðlabankinn mun meta slíka spá á eigin forsendum. Ég tel því að verið sé að styrkja áætlunargerðina í þjóðfélaginu, gera hana sjálfstæðari og með því að bæði fjmrn. og Seðlabankinn vinni sjálfstætt að þessum málum ætti það að verða enn trúverðugra gagnvart Alþingi en nokkru sinni fyrr.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð. Ég heyri að hæstv. ráðherra ætlast til að þetta mál verði afgreitt. Þetta er stórt og mikið mál sem þarf að skoða mjög ítarlega. Ég held að mörg verkefni sem stofnunin hefur haft verði í hreinu uppnámi eftir þá breytingu. Þjóðhagsstofnun hefur haft ýmis verkefni á sinni könnu, t.d. reiknilíkön tengd sjávarútvegs- og stóriðjumálum, almannatryggingaog skattamálum. Hvar á að koma slíkum verkefnum fyrir?

Ég nefni líka, ef á að fara að styðja hagdeild ASÍ: Hvað með hagdeildir vinnuveitenda, BSRB og fleiri aðila? Fá allar þær hagdeildir einhvern stuðning af hálfu ríkisvaldsins ef fara á þessa leið? Ég held að þessi leið sé óskynsamleg í alla staði og ég lýsi fullkominni andstöðu við hana.

Herra forseti. Það er ekki boðlegt, ég segi það, að ætlast til að þingið afgreiði þetta mál á fimm eða sex vinnudögum sem eftir eru af þessu þingi.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég bið hv. þm. að bíða með afstöðu sína þar til hv. þm. hefur séð málið, farið yfir það og kynnt sér það í nefnd. Ég reikna með því að nefndin þurfi að kalla til fjölmarga aðila til að fara yfir þetta mál.

Að því er varðar heilbr.- og trn. þá mun þeim verkefnum komið fyrir á Hagstofu Íslands. Að því er varðar iðnrn. og sjútvrn. er gert ráð fyrir auknum möguleikum þessara ráðuneyta til að vinna að sínum eigin málum sem áður hefur verið unnið að af Þjóðhagsstofnun. Það munu allir hafa beinan aðgang að líkönunum. Þau verða opin hagsmunaaðilum, Seðlabanka og öllum öðrum sem vilja hafa aðgang að þessum líkönum. Því hefur ekki verið hægt að verða við í öllum tilvikum áður fyrr. En með nýrri tækni er það mögulegt. Eins og búið er að koma þessum málum fyrir og fara yfir þau tel ég að um styrkingu þessarar starfsemi verði að ræða. Ég held að það sé ekki að ástæðulausu að stór samtök eins og Alþýðusambandið telji þessa breytingu mikilvæga.

Þátttaka seðlabankastjóra í álversviðræðum.

[15:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eftir að lögum um Seðlabanka Íslands var breytt fyrir tæpu ári hefur Seðlabankinn það meginhlutverk með höndum að stýra efnahags- og peningamálum í þann farveg, eftir því sem hann hefur tæki til, að markmið um lága verðbólgu náist.

Seðlabankinn sem samkvæmt lögum á að vera sjálfstæður og óháður pólitísku framkvæmdarvaldi hefur fyrst og fremst það hlutverk að bregðast við með vaxtastýringu ef verðbólga fer úr böndum og efnahagslífið hitnar úr hófi fram.

Hvernig réttlætir hæstv. viðskrh.- og iðnrh. að seðlabankastjóra skuli nú falið að annast könnunarviðræður við erlend álfyrirtæki og greiða þannig fyrir pólitísku baráttumáli ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum?

Að mínu mati eru þetta mjög óeðlileg vinnubrögð og vandséð hvernig hæstv. ráðherra réttlætir þá pólitísku ákvörðun sína.

[15:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég hef látið koma fram opinberlega oftar en einu sinni tel ég það hafa verið mikinn feng að fá seðlabankastjóra, Finn Ingólfsson, til að leiða það starf sem nú hefst í könnunarviðræðum við álfyrirtæki í heiminum, bæði vegna þess að hann hefur þessa stöðu seðlabankastjóra, sem gefur verkefninu ákveðna vigt, og ekki síður fyrir að hann er fyrrv. iðn.- og viðskrh. og þekkir málaflokkinn mjög vel. Í þriðja lagi er þarna um ákaflega duglegan mann að ræða sem tekur þetta verkefni eflaust mjög alvarlega.

Það að reyna að gera það tortryggilegt af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kemur mér svo sem ekki á óvart. Það er bara enn ein leiðin til að reyna að koma í veg fyrir að okkur takist það ætlunarverk okkar, ríkisstjórnarinnar, sem hefur vaxandi fylgi meðal þjóðarinnar, þ.e. að virkja við Kárahnjúka og að byggja stórt álver í Reyðarfirði sem yrði mörg hundruð manna vinnustaður.

Ásamt seðlabankastjóra í þessari nefnd er annar fyrrv. ráðherra, Friðrik Sophusson, sem bæði hefur gegnt starfi iðnrh. og fjmrh. Ég held þannig að ekkert fari á milli mála að þarna sé vel skipað og þriðji maðurinn er skrifstofustjóri í iðnrn.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Seðlabankinn hefur haft uppi alvarleg varnaðarorð vegna virkjunar- og stóriðjuáforma ríkisstjórnarinnar. Þessi varnaðarorð lúta að tvennu, að ofhitnun efnahagslífsins og verðbólgunni og baktryggingu hins opinbera í þessari risavöxnu áhættufjárfestingu.

Seðlabankinn eða öllu heldur talsmenn hans hafa sagt að unnt sé að grípa til mótvægisaðgerða. Þar er vísað til hærri vaxta, að vextir þurfi að hækka. Það er talað um 2,5% í upphafi aðgerðanna.

Herra forseti. Hér er verið að setja seðlabankastjóra í harla mótsagnakennda stöðu. Þegar sagt er að við séum að gera þetta ótrúverðugt eða tortryggilegt þá er það vegna þess að þetta er tortryggilegt og þetta er ótrúverðugt. Hæstv. utanrrh. talaði um mikilvægi þess að halda sjálfstæði og trúverðugleika Seðlabankans. Það er ekki gert með þessari ákvörðun.

[15:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er algerlega ósammála hv. þm. hvað þetta varðar. Ég vil hins vegar ítreka að það verkefni sem þessi nefnd fær er fyrst og fremst að standa fyrir könnunarviðræðum við þessi fyrirtæki. Ef til þess kemur að farið verði í samningaviðræður er komin upp ný staða. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hverjir mundu skipa slíka samninganefnd. Þetta vildi ég líka að kæmi fram.

Við erum að tala um stórkostlegt efnahagsmál, þ.e. þetta verkefni á Austurlandi. Það skiptir mjög miklu máli að af því verði. Það eru fordæmi fyrir því, eins og hv. þm. veit eflaust, að seðlabankastjóri hafi verið í forustu fyrir samningaviðræðum við álfyrirtæki frá því er Jóhannes Nordal gegndi starfi seðlabankastjóra.

Ég hef hins vegar fengið mjög sterk og jákvæð viðbrögð við þessari nefndarskipan. Ég fann það strax og ég tilkynnti það á fundi á Reyðarfirði að þetta féll í góðan jarðveg.

[15:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er mjög erfitt að átta sig á umboði Finns Ingólfssonar seðlabankastjóra í þessum viðræðum. Hæstv. ráðherra hefur talað um að hann eigi að þreifa, eigi að hafa þreifingar með höndum, þreifa á erlendum fyrirtækjum. En hvar liggur markalínan á milli þreifinga og raunverulegra samningaviðræðna? Það er harla óljóst.

Herra forseti. Það var eitt sem ég gleymdi að nefna í upphafi. Hér er ekki aðeins á ferðinni seðlabankastjóri og fyrrv. ráðherra. Hér er á ferðinni fyrrv. varaformaður Framsfl. Það gerir málið líka ótrúverðugt. Þetta er pólitískt verkefni. Finnur Ingólfsson á að reka þrönga flokkspólitíska hagsmuni Framsfl. í þessu máli. Það er það sem m.a. gerir þetta mál ótrúverðugt.

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér stóð í ræðustóli formaður BSRB, þingmaðurinn Ögmundur Jónasson. Hverjum ferst að tala um að pólitík eigi ekki að koma við sögu þar sem teknar eru ákvarðanir? Ég held að ef einhver hefur blandað saman pólitískum afskiptum og afskiptum af því tagi að vera formaður BSRB sé það hv. þm. sem hér mælti og fórst það ekki vel.

Verð og reglur um útfluttan fisk.

[15:25]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. sjútvrh. Tilefnið er að það hefur vakið athygli mína og margra annarra að það er verið að flytja út fisk frá Íslandi. Hann er seldur á markaði erlendis á miklu lægra verði en gerist á íslenskum fiskmörkuðum. Samkvæmt því sem fram kom í síðasta fimmtudagsblaði Morgunblaðsins var meðalsöluverð ýsu á erlendum mörkuðum á 138 kr. en meðalverð á íslenskum mörkuðum var í kringum 250 kr. Spurning mín er: Hefur hæstv. sjútvrh. einhverja skýringu á þessu? Hver gæti verið skýringin á bak við þetta?

Síðan er ástæða til þess að spyrja hvaða reglur gilda um skráningu á lönduðum afla úr íslenskum skipum eða úr gámum, hvernig sem fiskurinn er fluttur til útlanda. Hvaða reglur gilda um það?

Það er auðvitað margt í sambandi við þessi mál sem ástæða er til að velta fyrir sér. Það er t.d. ótrúlegt — og fyrir það getur ráðherra að sjálfsögðu ekki svarað — að flutningur á frystum fiski með flutningafyrirtækjunum kosti þriðjung af því sem það kostar að flytja ferskan fisk. Það eru einhver skrýtin lögmál þar á bak við og virkilega ástæða til að fara yfir þessi mál, hvernig fiskmarkaðirnir eru reknir, hverjar ábyrgðir þeirra eru gagnvart kaupendum. Kaupendur verða t.d. að leggja fram stórar upphæðir og tryggingar til að fá að vera í viðskiptum en fiskmarkaðirnir hafa kannski ekki einu sinni reglur við að styðjast þó að þessi fyrirtæki fari með mikla fjármuni, jafnvel milljarða í hverjum mánuði. Það er ástæða til að ræða mörg þessara mála.

[15:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. reki í vörðurnar þegar hann sér verðmismun eins og þarna er um að ræða. Ekki kann ég skýringar á þeim mun frekar en hann, hvers vegna menn eru svo vitlausir að flytja út fyrir lægra verð

fremur en að selja heima á hærra verði. En ég hef hins vegar oft rekið mig á það í lífinu að mér finnist menn gera vitlausa hluti án þess að ég geti gefið á því nokkrar skýringar.

Um útflutning á ferskum fiski eins og útflutning á öðrum fiski gilda ákveðnar reglur og um skráningu. Þegar fiskur er fluttur út á markað óunninn er lagt á hann ákveðið álag og hann síðan skráður á þeim mörkuðum sem hann er fluttur til erlendis og upplýsingar sendar til baka til Fiskistofu. Það eru ekki nema tilteknir markaðir sem heimilt er að flytja fisk á, markaðir sem hafa viðurkenningu íslenskra aðila og með þeim er haft reglubundið eftirlit.

Þetta er hins vegar eitt af þessum ég vil segja stóru deilumálum í íslenskum sjávarútvegi, hvort það eigi að flytja fisk óunninn á erlendan markað, hvort það eigi að heimila slíkt. Ég er þeirrar skoðunar að það séu mjög mikilvægir markaðir fyrir ferskan íslenskan fisk erlendis sem hafi gefið okkur mjög gott og hátt verð í gegnum tíðina. Auðvitað geta komið upp dæmi eins og hv. þm. nefndi en við eigum ekki að setja í lás og setja slagbrand fyrir að ferskur óunninn fiskur sé fluttur á markað. Við þurfum hins vegar að gæta að því að innlendir aðilar hafi möguleika til þess að nálgast þennan fisk svo fremi sem þeir eru í stakk búnir til þess að greiða sama verð.

Eins og fram hefur komið hefur nefnd sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson var í forustu fyrir gert tillögur til ráðuneytisins um að um þetta verði settar ákveðnar reglur. Það er unnið að því, herra forseti, að útfæra þær reglur og þær verða væntanlega að reglugerð innan tíðar.

[15:29]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Þau voru nokkuð skýr og virðist sem fleiri hafi rekið augun í þetta en ég og þeir sem við mig hafa talað, þar sem verið er að setja reglur um þessi mál. En það hvarflar að manni að verið sé að gefa upp allt annað magn heldur en raunverulega er verið að koma út. Það hvarflar að manni að verið sé að selja meira á fiskmarkaði. Þess vegna spurði ég eftir reglum sem gilda um skráningu á lönduðum afla.

Þetta er skelfilegt mál. Ef þeir sem vinna fisk og skapa atvinnu á Íslandi fá ekki aðgang að afla sem landað er á allt að helmingsverði erlendis miðað við það sem gerist hérlendis er fyllsta ástæða til að taka á málinu og fara mjög rækilega yfir það. Ég held að það sé varla nóg að setja þessa reglugerð. Það þarf að fylgja því nákvæmlega eftir hvað er verið að gera.

[15:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Í þessu eins og öðru að þurfum við auðvitað að halda uppi eftirliti. Það verður að gera af skynsemi. Ef menn virkilega ætla að komast hjá reglunum og brjóta þær þá finna þeir alltaf einhverjar smugur. Þeir eru yfirleitt á eftir eftirlitsmönnunum. Þeir koma síðan á eftir og loka fyrir.

Við skulum hins vegar hafa í huga að þessi útflutningur hefur á undanförnum árum verið nokkuð stöðugur þó að auðvitað geti verið einhverjar sveiflur. (**Gripið fram í:** Við eigum ekki að loka fyrir það.) Þess vegna held ég, eins og hv. þm. segir, að við eigum ekki að loka fyrir þetta. Við eigum að reyna að gera innlendum aðilum kleift að mæta þessari samkeppni og gæta þess eins og við frekast getum að ekki sé farið í kringum eða fram hjá reglunum eða svindlað, gæta okkur á að búa ekki til eitthvert lögregluríki. Við eigum að gæta hófs í þessu sem öðru, herra forseti.

Nýting orku frá Kárahnjúkavirkjun.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér og öðrum í þessum sal er vel kunnugt um yfirlýsingar hæstv. ráðherra og áform hennar um að komi til þess að Kárahnjúkavirkjun verði reist þá verði orkan nýtt á Austurlandi og hvergi annars staðar.

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji að virkjunarleyfið sem frv. um virkjun Jöklulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar gefur henni heimild til að gefa út, sé á einhvern hátt formlega skilyrt hvað varðar nýtingu orkunnar, þ.e. að hana beri að nýta á Austurlandi.

Herra forseti. Jafnframt langar mig að vita hvort hæstv. ráðherra telji að yfirlýsingar þær sem hún hefur gefið um að ekki verði virkjað við Kárahnjúka nema orkan verði nýtt á Austurlandi bindi hendur þeirra ráðherra sem á eftir henni kæmu. Segjum, herra forseti, að nýr ráðherra setjist í iðnrn. eftir næstu kosningar. Er þá eitthvað í formlegri afgreiðslu þessa máls nú sem tryggir það að nýr ráðherra sé bundinn af yfirlýsingum hæstv. iðnrh. Valgerðar Sverrisdóttur í málinu?

Herra forseti. Við skulum ekki gleyma því að hér er um að ræða heimild sem á eftir að lifa í fórum hæstv. iðnrh. í tíu ár. Ef, herra forseti, orkunýtingin verður bundin við Austurland hvað Kárahnjúkavirkjun varðar, hvað þá með orkuna sem fæst við stækkun Kröflu?

[15:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju með það að ég heyri að hv. þm. er farin að gera ráð fyrir að af þessum framkvæmdum verði. Það er gott út af fyrir sig.

Ég hef haldið því fram og get ítrekað það hér að orkan sem verður til við virkjun þessara vatnsfalla verður nýtt á Austurlandi. Það hef ég látið koma fram hvað eftir annað. Þar sem samþykkt Alþingis í sjálfu sér kveður ekki á um þetta þá hljóta orð ráðherra að skipta miklu máli. Almenna reglan er sú að ráðherra sem tekur við, ef svo verður í þessu tilfelli að kominn verði nýr ráðherra þegar af þessum framkvæmdum verður — þ.e. þá met ég það svo að orð mín skipti þar mjög miklu máli og skipti þar raunar öllu máli þannig að sú ákvörðun sem þarna liggur fyrir sé að þessi orka verði ekki flutt t.d. hingað á suðvesturhornið, enda væri það í alla staði mjög óhagstætt því þá væri ekki hægt að bjóða upp á samkeppnishæft orkuverð.

[15:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að allur texti sem ég flutti í fyrirspurn minni var í viðtengingarhætti hvað varðar þann möguleika að af þessum framkvæmdum verði og á þann hátt er trú mín undirstrikuð í málfari mínu. Mín trú er sú að af þessu verði ekki.

Herra forseti. Komið hefur í ljós í svari hæstv. ráðherra að hún telji orð sín vega afar þungt jafnvel þó svo að nýr ráðherra tæki við málaflokknum innan skamms eða áður en virkjunarleyfið yrði gefið út. En ég lít svo á að hæstv. ráðherra hafi jafnframt gefið okkur til kynna að ekkert í þessu máli bindi formlega hendur þeirra ráðherra sem á eftir henni kunna að koma í ráðuneytið.

Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, frh. fyrri umr.

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 963.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), frh. fyrri umr.

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 975.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), frh. fyrri umr.

Stjtill., 623. mál. — Þskj. 976.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), frh. fyrri umr.

Stjtill., 636. mál. — Þskj. 1008.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, frh. 3. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 795, frhnál. 1128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. samþ. með 44:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS, ArnbS, HGJ, ÁMM, ÁMöl, BH, HBl.

nei: JB, KolH, RG, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÁSJ.

2 þm. (GAK, KF) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GÁS, GunnB, LMR, ÓÖH, SJóh, ÁRJ, BBj) fjarstaddir.

18 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í dag munum við ná merkum áfanga í virkjunarsögu Íslands. Alþingi Íslendinga mun veita Landsvirkjun heimild til þess að virkja vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal með byggingu Kárahnjúkvirkjunar sem verður langstærsta raforkumannvirki þjóðarinnar að því er séð verður um ókomna tíð. Að baki samþykkt okkar býr afar vönduð vinna færustu sérfræðinga okkar um tæplega áratugar skeið sem liðinn er frá því að þessi virkjunarkostur var fyrst opinberlega kynntur. Frá þeim tíma hefur markvisst verið unnið að því að finna hagkvæmustu lausnir á gerð mannvirkisins og um leið leitað allra leiða til að draga úr óhjákvæmilegum umhverfisáhrifum þess.

Með ákvörðun Alþingis höfum við stigið gríðarstórt spor fram á veginn til aukinnar nýtingar hinna hreinu orkulinda þjóðarinnar sem mun auka hagsæld hennar um langa framtíð. Ég segi já.

[15:41]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég segi já við þessu máli. Þetta mál er feikilegt framfaramál fyrir Austfirðinga, fyrir alla landsbyggðina og fyrir alla þjóðina ef af því skyldi verða. (Gripið fram í.) Ég hef þann metnað að að því muni koma. Ég bendi á að í fyrirspurn áðan kom fram ákveðin staðfesting á því að þetta gæti orðið hagkvæmt, jafnvel svo hagkvæmt að nú eru Vinstri grænir farnir að óttast það að orkan verði flutt í burtu frá Austurlandi því það mundi borga sig að fjárfesta í línulögnum og flytja orkuna í annan landshluta til þess að nýta hana. Því er augljóst að hér er um mikið framfaramál að ræða. Þeir sem hafa talað mest á móti því hafa mikla trú á því að þetta gangi upp. Ég segi því já.

[15:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Með þessum lögum er verið að heimila þau mestu óafturkræfu náttúruspjöll sem orðið hafa af mannavöldum í sögu landsins. Auk hinna fyrirsjáanlegu náttúruspjalla er líklegt að stór gróskumikil svæði breytist í örfoka land og óvíst er með öllu hvaða áhrif hækkun vatnsborðs Lagarfljóts hefur á búsetu við fljótið.

Kárahnjúkavirkjun er ekki sjálfbær orkuveita og við vísum allri hreinsun og uppgræðslu á svæðinu til afkomenda okkar. Þessi hönnun sem er sniðin að Noral-verkefninu svokallaða réttlætir hvorki hugsanlega arðsemi né byggðastyrkingu á Miðausturlandi. Því segi ég nei.

[15:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er andvígur því að veita heimild fyrir þeim virkjunaráformum sem kveðið er á um í frv. og mundu valda meiri umhverfisspjöllum en dæmi eru um í Íslandssögunni.

Þá finnst mér óhugnanleg sú staðreynd að hér skuli senn vera komin óútfylltur víxill, ekki til ríkisstjórnarinnar heldur til Framsfl. sem fer með þennan málaflokk og hefur sýnt að hann rekur málið á grundvelli þröngra stjórnmálahagsmuna, enda hefur nú verið ákveðið að fyrrverandi varaformaður

Framsfl. og núverandi seðlabankastjóri, Finnur Ingólfsson, haldi út í heim með hina óútfylltu ávísun sem hér er verið að samþykkja.

Herra forseti. Hér er ekki hyggilega að verki staðið. Ég greiði atkvæði gegn þessu frv.

[15:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er von og ósk okkar Austfirðinga að sem fyrst verði gefið út virkjunarleyfi samkvæmt þeim lögum sem við erum nú að samþykkja í dag um virkjun við Kárahnjúka. Það er trú okkar Austfirðinga að orkan úr Jöklu og Jökulsá í Fljótsdal, eins mikla virðingu og við berum fyrir þeim vatnsföllum, eigi eftir að færa okkur hagsæld, bæði í Austfirðingafjórðungi og fyrir þjóðarhag. Hér er stigið gæfuspor í dag.

Hæstv. forseti. Ég segi já.

[15:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að afgreiða lög um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsá í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Í ljósi þess að ekki er kominn kaupandi að orkunni *gefst svigrúm til að fresta lagasetningunni og fella verkefnið* undir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þess vegna segi ég nei, virðulegur forseti.

[15:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Samfylkingarinnar hafa þegar við 2. umr. lýst afstöðu sinni til þessa máls en meiri hluti þingflokksins styður það. Við gerum það í trausti þess að áætlanir um arðsemi framkvæmdarinnar standist, að land norðan Vatnajökuls verði verndað í kjölfar virkjana með þjóðgarði og að tryggt sé að þjóðhagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu jákvæð þegar og ef út í hana verður farið.

Þeir hv. þm. Samfylkingarinnar sem hafa lýst yfir andstöðu við framkvæmdina gera það vegna umhverfissjónarmiða og við virðum að sjálfsögðu afstöðu þeirra. Að öðru leyti greiðir þingflokkur Samfylkingarinnar atkvæði með frv., og ég segi já.

[15:47]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Við Íslendingar verðum að nýta auðlindir okkar til lands og sjávar innan skynsamlegra marka til að auka hagsæld þjóðarinnar á komandi árum. Kárahnjúkavirkjun mun skapa möguleika á mikilli uppbyggingu atvinnulífsins á Austurlandi, uppbyggingu sem getur skapað allt að 1.000 ný störf í þessum landshluta sem hefur átt undir högg að sækja á undanförnum árum.

Nauðsynlegt er að finna sem fyrst aðila sem eru tilbúnir að fjárfesta í iðnaðaruppbyggingu á Austurlandi þannig að Landsvirkjun geti ráðist í framkvæmdir við virkjunina. Gögn sem lögð hafa verið fyrir iðnn. Alþingis sýna að þarna verður um mjög arðsama framkvæmd að ræða.

Kárahnjúkavirkjun er stærsta byggðaaðgerð sem samþykkt hefur verið á Alþingi um langt árabil og á án efa eftir að færa Austfirðingum mikla hagsæld. Ég segi já.

[15:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég álít það eitt af hlutverkum mínum sem alþingismanns að vinna með framtíðinni en ekki gegn henni. Ég vil styrkja atvinnulíf Íslendinga. Á síðustu sjö árum hefur, oft í andróðri í þinginu, tekist að skapa þann grundvöll að 15–20 þús. störf hafa orðið til í landinu. Atvinnuleysi er vart til lengur.

Vinir mínir í Vinstri grænum eru mér áttaviti hvert ég á að fara. Þess vegna segi ég já í þessu máli.

[15:49]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson upplýsti áðan styður Framsfl. þetta frv. Það gerir hann vegna þess að framkvæmdin sem frv. býður upp á getur lagt grunninn að mikilli efnahagslegri velsæld á Íslandi. Hún kann að auka þjóðarframleiðslu varanlega um 1%. Hún kann að auka útflutningstekjur Íslendinga um 14,5%. Hún mun styrkja efnahagslíf okkar, hún mun styrkja byggðir landsins og hún mun skapa hundruð ef ekki þúsundir starfa. Með öðrum orðum mun hún styrkja velsæld og efnahagslegar framfarir á Íslandi og þar með leggja grunninn að áframhaldandi uppbyggingu velferðarkerfisins á Íslandi. Þess vegna segi ég með góðri samvisku já.

[15:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort *heimila skuli ein mestu óafturkræfu umhverfisspjöll af* manna völdum á Íslandi. Með ákvörðun sem við tækjum hér, ef þetta verður samþykkt, göngum við á auðlindir framtíðarinnar, við erum að ganga á rétt barna okkar og ófæddra komandi kynslóða. Við höfum engan rétt til þess.

Þess ber og að geta að hvert ársstarf sem verður til með fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun og tilheyrandi álverksmiðju er talið að kosti um 400 millj. kr. meðan kostnaður við meðalársstarf á Íslandi er nú í kringum 10 millj. kr. Það sér hver heilvita maður, eða ætti að sjá, að þetta er kolröng forgangsröðun í atvinnuuppbyggingu þjóðarinnar. Ég bið þess að við nýtum aldrei þetta virkjunarleyfi en verjum áherslum okkar, *styrk og krafti til uppbyggingar atvinnulífs í takt við* umhverfi landsins, í takt við vilja um bjarta framtíð fyrir íslenska þjóð. Ég segi nei.

[15:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Með lokaafgreiðslu þessa máls hefur Alþingi lýst eindregnum vilja sínum til að nýta orkulindir norðan Vatnajökluls og nota þær til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi. Hér er um stórmál að ræða fyrir íslensku þjóðina. Hér er um stórmál að ræða fyrir Austurland. Þetta er sérstakt fagnaðarefni og skilaboð Alþingis í þessu máli, og því segi ég já.

[15:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessu máli hefur náttúran ekki átt sér neinn málsvara. Hæstv. umhvrh. sem ætti að vera málsvari hennar sveik hana með því að snúa úrskurði Skipulagsstofnunar við sem gefið hafði virkjuninni falleinkunn. Hæstv. iðnrh. sem samþykkti að fram færi faglegt mat á náttúruverndargildi svæðisins norðan Vatnajökuls og það borið saman við nýtingarhugmyndir stjórnvalda hefur setið á faglega unninni skýrslu umsjónarnefndar um málið síðan 10. okt. 2001 og hefur engu svarað um skýrsluna þó að hún hafi verið þráspurð úr þessum ræðustóli.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti því að sökkva náttúruperlum í þágu erlendrar stóriðju sem er ekki einu sinni í sjónmáli í dag. Þess vegna segi ég nei af ástríðu og af hugsjón með hag náttúrunnar og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi.

[15:54]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Áhrif þessarar virkjunar á umhverfi sitt eru óvenjulítil miðað við margar aðrar virkjanir sem við höfum reist hér á landi. Ef litið er á umhverfisáhrif per orkueiningu í Kárahnjúkavirkjun, miðað t.d. við Blönduvirkjun, eru til tölur sem segja okkur að þau eru lítil. 40 ferkílómetrar gróins lands fara undir vatn vegna Kárahnjúkavirkjunar sem er 700 megavött. Vegna Blönduvirkjunar fóru tæpir 60 ferkílómetrar gróins lands undir vatn fyrir 150 megavatta virkjun. Það gefur því augaleið að ef við erum að leita að umhverfisvænni virkjun yfir höfuð er Kárahnjúkavirkjun sennilega umhverfisvænsta virkjun sem við getum farið út í ef við miðum við að einhverju þurfi að fórna af náttúrunni til að koma upp frekari raforkuvirkjunum hér á landi. Ég segi já.

[15:55]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. er forsenda fyrir virkjun og álveri á Austurlandi, mestu framkvæmd á Íslandi. Hún verður góð fyrir Austurland og þjóðarhag.

Ég er sannfærður um að af þessu verkefni verði fyrr en margir hyggja því að módelið, rannsóknir, umhverfismat, fjármögnun, orkuverð, skipulag og verkhönnun, er hér með fullskapað. (**Gripið fram í:** Og ríkisábyrgð.) Það er siðferðisleg skylda okkar Íslendinga gagnvart öllu mannkyni að nýta hreinar orkulindir okkar í þágu alls heimsins. Ég segi já, með gleði.

[15:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel að Kárahnjúkavirkjun gefi okkur kost á því að nýta vistvæna orku sem aðrar þjóðir eru ekki eins heppnar og við að búa yfir heldur þurfa þær að notast við kol, olíu og kjarnorku. Virkjunin fór í gegnum ítarlegt umhverfismat, ítarlegra en við höfum séð áður, og sú er hér stendur úrskurðaði þannig að umhverfisáhrifin voru minnkuð verulega í því mati.

Það er ljóst að við munum í framtíðinni skoða þjóðgarðshugmyndir norðan Vatnajökuls enda verður um stærstu ósnortnu víðernin í Vestur-Evrópu að ræða þrátt fyrir Kárahnjúkavirkjun. Ég tel því að að undangengnu ítarlegu mati og nákvæmri skoðun vegi kostirnir við þetta mál þyngra en gallarnir. Ég segi því já.

[15:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Bæði af efnislegum ástæðum og vegna kringumstæðna er fráleitt að afgreiða eða samþykkja þetta óþarfaframsóknarfrv. Hin miklu óafturkræfu náttúruspjöll eru óverjandi og ein og sér fullnægjandi ástæða til að leggjast gegn málinu. Málið er þar á ofan í upplausn og nánast á byrjunarreit aftur eftir tæplega fimm ára þrautagöngu og margra milljarða áfallinn kostnað. Það er fráleitt að afgreiða óskilyrt virkjunarleyfi inn á lager hjá Landsvirkjun. Þessir virkjunarkostir eiga að vera hluti af vinnu að rammaáætlun um forgangsröðun nýtingarkosta eins og aðrir.

Nú á að hefja nýtt biðtímabil. Austfirðingar fá engin svör um framkvæmdir þar meðan enn á að bíða. Ég segi nei, herra forseti, vegna landsins og framtíðarinnar.

[15:58]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Forsendur fyrir virkjun stórfljótanna samkvæmt þessu frv. er auðvitað að finna í athugasemdum með því en athugasemdir með lögum eru til hliðsjónar við framkvæmd þeirra og túlkun. Þær forsendur eru virkjun til handa stóriðju á Reyðarfirði og eru brostnar. Þar af leiðandi eru forsendur fyrir afgreiðslu þessa máls í sjálfu sér brostnar.

Eins og sakir standa í stóriðjumálum heims er veiting leyfis til stórvirkjunar í stóriðjuskyni sýndarleikur, uppfærður í pólitísku blekkingarskyni. Sá sem hér stendur veitir engum umboð sitt til slíkra vinnubragða, og því segir hann nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1154).

Virðisaukaskattur og tryggingagjald, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 580. mál (reikningshald í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 909.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GAK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1155).

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

[16:01]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er verið að lögfesta að stjórnsýslu og eftirliti með fiskeldi verði skipt milli tveggja ráðuneyta í blóra við ráðleggingar þeirra sem best til þekkja. Það er heldur ekki gert ráð fyrir að innheimt sé gjald fyrir leyfin né fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum, eftirsóttu rými í fjörðum okkar og flóum. Samfylkingin greiðir atkvæði gegn þessu frv. sem byggir bæði á úreltum hugmyndum og úreltri stjórnsýslu.

[16:02]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki greitt þessu frv. atkvæði mitt, aðallega vegna þess að ég tel að hér sé farin röng leið með því að skipta stjórnsýslunni á tvö ráðuneyti. Það er mat flestra að stjórn málsins ætti að vera í höndum eins ráðuneytis, þá hefur verið sérstaklega nefnd landbrn. þar sem mikil fagþekking er fyrir hendi. Aðallega vegna þessa sit ég hjá við atkvæðagreiðsluna.

Frv. samþ. með 31:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
nei: BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1156).

Geislavarnir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 1025.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, ÍGP, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1157).

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (dreifing ösku, kirkjugarðaráð o.fl.). — Þskj. 1026, brtt. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Brtt. 1046 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (JB, KVM, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJóh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 46:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: JB.
2 þm. (KVM, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1158).

Kirkju- og manntalsbækur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (kostnaður). — Þskj. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. samþ. með 46:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: KVM.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1159).

Kirkjubyggingasjóður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
15 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1160).

Fasteignakaup, frh. 2. umr.

Stjfrv., 253. mál. — Þskj. 291, nál. 1056, brtt. 1057.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1057,1–12 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

5.–70. gr. (verða 5.–62. gr.), svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1057,13 samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (innherjaviðskipti). — Þskj. 527, nál. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1062 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Rafeyrisfyrirtæki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 454. mál (EES-reglur). — Þskj. 724, nál. 1063.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–22. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 774, nál. 1064, brtt. 1065.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1065,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1065,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
10.–22. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1065,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
24.–25. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum og ull, frh. 2. umr.

Stjfrv., 293. mál (ullarmat). — Þskj. 358, nál. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÖS.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (ÁSJ) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, ÍGP, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 576. mál (tollar á grænmeti). — Þskj. 903, nál. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Búnaðargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 600. mál (gjaldstofn). — Þskj. 946, nál. 1031, brtt. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Brtt. 1032,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1032,2 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1032,3 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 638. mál (starfsleyfi, hollustuvernd o.fl.). — Þskj. 1018.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Gjaldþrotaskipti, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 177. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 186. mál. — Þskj. 193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framkvæmd meðlagsgreiðslna, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 391. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 647.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 426. mál. — Þskj. 686.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Hvalveiðar, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 648. mál (leyfi til veiða). — Þskj. 1047.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1145, 1146 og 1150. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

Meðhöndlun úrgangs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 651. mál (EES-reglur). — Þskj. 1050.

[16:18]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um meðhöndlun úrgangs sem hæstv. umhvrh. mælti fyrir fyrr í dag. Þetta er í sjálfu sér stórmál og fyllilega er tímabært að leggja fram heildstæða löggjöf sem tekur á því. Í markmiðsgrein laganna stendur, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.

Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma."

Herra forseti. Þarna eru mjög metnaðarfull markmið sett. Síðan er allítarlega í einstökum lagagreinum farið yfir hvernig skuli fara með úrgang, hvernig sorpeyðingu skuli háttað, hvernig skuli hátta til með urðunarstaði og urðun á sorpi, flokkun sorps og einnig hvernig fara skuli með gjald, gjaldtöku og kostnað vegna þessa verkefnis. Mig langar aðeins til að koma frekar inn á þau atriði í ræðu minni. Í andsvari við hæstv. ráðherra fyrr í dag um skilgreiningu og flokkun í frv. á byggð eftir því hversu þéttbýl hún er, minntist ég á þá flokkun sem þar er tilgreind, þ.e. skilgreininguna á því hvað sé afskekkt byggð. Í frv. er hún skilgreind. Ég varaði eindregið við því, herra forseti, að setja í einstök frv. til laga huglæg atriði eins og t.d. flokkun byggða eða flokkun fólks.

Í þessu lagafrv. eru margar aðrar skilgreiningar á hugtökum sem ekki eru þó kannski eins huglægar og þessi skilgreining á afskekktri byggð sem ég er reyndar á móti þarna. Ég lýsti því í morgun að ég væri á móti nálgun á skilgreiningu afskekktrar byggðar eins og þar er. Þar er miðað við erlenda staðla og erlendar skilgreiningar. En byggð og

byggðamunstur er allt annað hér á Íslandi en í Mið-Evrópu og skilgreiningin á byggðum lýtur því allt öðrum lögmálum. Ég hef borið fram ósk um að bæði hæstv. ráðherra og hv. umhvn. skoði sérstaklega notkun þessa hugtaks, afskekkt byggð.

Varðandi aðrar skilgreiningar sem þarna eru tíundaðar þá vil ég ítreka þá skoðun mína og það sem ég hef áður sagt hér um nýyrðasmíð og skilgreiningar á hugtökum í lagafrv., að það er mín skoðun að senda eigi slíka hugtakasmíð til t.d. Íslenskrar málnefndar. Það á ekki að líða það, þrátt fyrir góðan vilja og sjálfsagt hina bestu þekkingu, að einstök ráðuneyti geti bara með huglægum hætti vakið upp og búið til nýyrði eða nýjar skilgreiningar á þekktum hugtökum. Vonandi er raunin ekki oft sú að til vandræða sé. En við höfum t.d. Íslenska málefnd eða aðra slíka aðila til að starfa með ríkinu eða einstökum ráðuneytum. Ég tel að það eigi að vera skilyrðislaus regla að áður en ráðuneyti leggja svona lagað fram, þ.e. langan lista af hugtökum og skýringum, þá eigi það að fara til slíkrar nefndar þannig að til komi þriðji aðili sem fari yfir það hvort viðkomandi málnotkun og viðkomandi skýringar á skilgreiningum séu í takt við íslenska málhefð og sinni þá líka nýyrðasmíð ef um það er að ræða.

Herra forseti. Þetta vil ég ítreka og óska eftir því að hæstv. forseti beri þessi orð mín áfram inn í forsn. um að þessi háttur verði hafður á. Ég minnist þess — ég held reyndar að svo sé meira að segja — að á fjárlögum ríkisins séu fjárveitingar til þess arna, ætlaðar til málnefndar og til sérstaks starfs við nýyrðasmíð og skilgreiningar á hugtökum. Ég skora á hæstv. forseta að taka þetta til umfjöllunar þannig að forsn. beini því til ráðuneyta að hafa þennan háttinn á svo við séum ekki stöðugt að fá hér inn á borð frv. með einkaskilgreiningum á kannski mörgum hugtökum sem eiga sér aðra og ákveðna hefð í íslensku máli. Ég vil að þetta verði síðan lögskýringargagn. Ef mál koma upp þá er þetta lögskýringargagn og þá er kannski með lögum búið að breyta merkingu eða láta orð og hugtök fá aðra merkingu en þau hafa áður haft eða breyta merkingu ákveðinna hugtaka. Nóg um það.

Ég vil að öðru leyti gera að umtalsefni kostnað og skipulagshlið þessara mála. Það er alveg ljóst að sorp, sorpurðun og meðferð úrgangs er eitt stærsta mál fyrir okkur til að taka á. Stöðugt koma fram ný og ákveðnari viðhorf um það hvernig með úrgang skuli fara, endurnýtingu endurnýtanlegs úrgangs og flokkun sorps. Lífrænt sorp skal ekki urða heldur á að endurnýta það til þess að styrkja betur hina lífrænu endurnýjanlegu orku landsins. Flokkun þess og allt sem að henni lýtur er því afar mikilvægt mál.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að hve miklu leyti þetta frv. hefur t.d. verið unnið í samráði við umhverfissamtök á þessu sviði og aðra fagaðila sem hafa um þetta meiningar og á því skoðanir. Sömuleiðis er ljóst að þetta er líka skipulagsmál og varðar fjármál gríðarlega. Þetta er eitt þeirra verkefna sem sveitarfélögunum hefur verið falið að bera ábyrgð á hverju fyrir sig. Mig langar til að heyra hjá hæstv. ráðherra hvaða undirbúningsvinna hafi farið fram milli hæstv. umhvrn. og t.d. Samtaka sveitarfélaga við undirbúning og framsetningu þessa máls. Þetta er í sjálfu sér stórmál sem við erum þarna að fjalla um og ábyrgðinni og framkvæmdinni er að langmestu leyti varpað á sveitarfélögin. Þrátt fyrir að umhvrh. fari með yfirstjórn málanna samkvæmt lögunum, er engu að síður framkvæmdaáætlunin og framkvæmdin á ábyrgð sveitarfélaganna. Við þurfum að gjalda varhug við að samþykkja hér íþyngjandi lög á margan hátt, hvað kostnað varðar, fyrirhöfn og ábyrgð án þess að það sé gert í fullu og nánu samráði við þá aðila sem eiga að framkvæma þau.

Ég vil líka aðeins gera að umtalsefni 11. gr. þar sem fjallað er um gjald fyrir meðhöndlun úrgangs. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði ...“

Herra forseti. Hér er tekið dálítið djúpt í árinni því að í fyrsta lagi er förgunin bara einn liður í meðferð úrgangs. Við höfum lagt áherslu á að flokka úrgang, þ.e. að fram fari ítarleg flokkun þannig að ekki væri verið að urða eða brenna úrgang sem ætti að meðhöndla eða nýta með öðrum hætti. Mér finnst því að huga ætti nánar að gjaldtöku eingöngu fyrir förgun úrgangsins. Hvað með eigendur umbúðanna? Við vorum líka að ræða förgun á umbúðum og umbúðagjald. Hvernig er innheimta gjalds af þessum úrgangi hugsuð? Á bara neytandinn sem síðastur skilar af sér þessum úrgangi að bera gjaldið? En hvað með þá sem framleiða umbúðirnar og bera ábyrgð á þeim o.s.frv.? Við höfum áður verið með umbúðagjald. Mér finnst þessi gjaldtaka mjög óljós. Hana þarf að skýra nánar.

Í 11. gr. segir t.d., með leyfi forseta:

„Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs.“

Hvað felur það í sér, öll meðhöndlun úrgangs? Hæstv. ráðherra var með vissa skýringu á því áðan en þetta er svo margbreytilegur úrgangur sem við erum með og öll meðhöndlun hans. Hver er ábyrgð framleiðendanna á úrganginum, t.d. á öllum umbúðunum? Ber aðeins neytandinn sem skilar því á síðasta stigi, ábyrgð á förgunarkostnaði eða meðhöndlun úrgangsins o.s.frv.? Ég vildi vekja athygli á að við fyrstu sýn finnst mér frv. lítið unnið hvað þetta varðar en það má lengi bæta.

Þá komum við að urðunarstöðunum sem fjallað er sérstaklega um og auknar kröfur sem gera á til urðunarstaða. Mér finnst alveg hárrétt að auka þær bæði hvað varðar umhverfisleg áhrif, hvernig jarðvegurinn er og annað því um líkt. Einnig er fjallað um hvað á að fara fram á urðunarstað og hvað má urða. Mér finnst þó að það mætti koma skýrar fram hvað er í raun heimilt að urða.

Það er mikill kostnaður við koma upp urðunarstöðum og auk þess eru líka auknar kröfur til vöktunar og eftirlits, meira að segja löngu eftir að hætt yrði að nota viðkomandi urðunarstað. Kostnaðurinn sem hér er skotið á er því fullkomlega út í bláinn en sá kostnaður mundi áfram hvíla á sveitarfélögunum. Þannig yrði erfitt að innheimta einhvern ótiltekinn vöktunarkostnað til 30–40 ára eða lengur, meira að segja eftir að urðun er lokið og hætt. Og þá hvílir náttúrlega sá kostnaður á viðkomandi sveitarfélögum. Með þessum lögum í heild sinni er því verið að leggja allítarlega kostnaðarábyrgð og ábyrgð af framkvæmd og rekstri á sveitarfélögin, þ.e. Alþingi leggur aukna ábyrgð á þriðja aðila samkvæmt þessu frv.

Mér finnst koma til greina að skipulega verði farið í gang með það að skoða hver væri lágmarksfjöldi urðunarstaða í landinu og koma þannig í veg fyrir að einstök sveitarfélög lendi í basli við að koma sér upp urðunarstöðum sem

yrðu síðan þungur baggi í rekstri þeirra og auk þess áhætta gagnvart umhverfinu.

Á þessu vildi ég vekja athygli, herra forseti. Sömuleiðis er umsögn fjmrn. um frv. til laga um meðhöndlun úrgangs jafnmikið út í loftið. Í rauninni er ekkert vitað hvaða kostnað þetta mun hafa í för með sér gagnvart sveitarfélögunum. Það er fráleitt að ætla sér að skilyrða í lögum að hægt sé að krefjast þess að neytendur, eða þeir sem skila af sér úrganginum á lokastigi, beri af þessu allan kostnað. Það er fráleitt að skilyrða það við þá og mun aldrei ganga upp. Þess vegna tel ég, þegar fjmrn. áætlar kostnað af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna, að það sé meira eða minna út í loftið eða ekki miklar heimildir eða öruggar forsendur fyrir þeirri kostnaðaráætlun.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að þetta mál er varhugavert. Við þurfum að fara gætilega, þó að um góð mál sé að ræða, að samþykkja ábyrgð og fjárhagslegar álögur á annan aðila, t.d. sveitarfélögin í þessu tilviki ellegar þá að skilyrða að notkunargjöld standi undir rekstri eins og hér er gert ráð fyrir.

[16:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur svo mörgum spurningum verið beint til mín að ég treysti mér ekki til að svara þeim í andsvari. Ég kýs heldur að svara þeim í stuttri ræðu.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á að það hlyti að hafa verið haft samráð við hagsmunaaðila varðandi þetta frv. Það er alveg rétt. Það kemur fram í athugasemdum við lagafrv. að við vorum í samráði við hagsmunaaðila á þessu sviði. Frv. samdi nefnd sem var undir forustu umhvrn. en þar var einnig aðili frá mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins. Þar var einnig sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga enda tengist þetta mál auðvitað sveitarfélögunum afar mikið þar sem sveitarfélögin bera ábyrgð á því að urðunarmál sveitarfélaga séu í lagi.

Með nefndinni vann lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og umhverfisverkfræðingur frá Hollustuvernd ríkisins. Nefndin hafði einnig samráð við Árna Pál Árnason lögmann, Sigmar Ármannsson hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Ögmund Einarsson, forstjóra Sorpu. Nefndin óskaði einnig skriflegra upplýsinga frá samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga varðandi starfsleyfistryggingar. Víðtækt samráð var því haft varðandi samningu þessa frv. enda má segja að það nái til ýmissa þátta á þessu sviði og sé fremur sérhæft.

Í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar kom fram að það væri verið að kasta einhvers konar ábyrgð á sveitarfélögin með frv. en þau bera í dag ábyrgð á urðunarmálum, þ.e. sjá um sorpmál hjá íbúum og atvinnufyrirtækjum sínum. Í sjálfu sér er ekkert verið að breyta því. Hins vegar er verið að gera meiri kröfur um hvernig sveitarfélögum beri að standa að þessum málum til að endurspegla m.a. tilskipanir frá Evrópusambandinu.

Sveitarfélögin hafa að mínu mati sýnt mikinn metnað í þessum málum. Fyrir ekki mjög löngu síðan voru hér fjölmargar opnar sorpbrennslur þar sem sorpi var brennt við lélegar aðstæður. Nú er búið að loka þeim og koma málum í viðunandi horf. Menn hafa einnig verið að fikra sig áfram varðandi sameiningu á urðunarstöðum og það er vel. Ég býst við að menn muni í framhaldinu, m.a. eftir að þetta frv. verður samþykkt, fara í að sameina enn fleiri urðunarstaði, enda er verið að setja fram kröfur sem væri skynsamlegt, út frá hagræðingu, að menn sameinuðust um að bera þungann af.

Ég get nefnt dæmi, virðulegur forseti, um hvar sveitarfélögin hafa staðið sig vel. Eitt dæmið er Reykjavíkurborg sem hefur staðið vel að þessum málum og er núna að taka upp kerfi þar sem menn borga eftir því hve miklu af rusli þeir henda. Menn eru þannig að nálgast hugmyndafræðina sem felst í mengunarbótareglunni, þ.e. að mengarinn borgar. Ég get líka nefnt sem dæmi að í Skaftárhreppi, sem er miklu minna sveitarfélag en Reykjavíkurborg, eru 170 heimili. Nær öll heimilin á Kirkjubæjarklaustri flokka lífrænan heimilisúrgang. Þar eru heimili, bæði á Klaustri og í sveitinni, með heimajarðgerð og sveitarfélagið rekur jarðgerðartromlu. Sveitarfélagið sjálft lagði til flokkunarfötur í eldhús til allra heimila sem vildu og niðurgreiddu jarðgerðarkassa fyrir þá sem vildu fara í heimajarðgerð. Aukakostnaður er sáralítill að þeirra mati og talið er að til langs tíma verði sparnaður af þessari aðgerð. Sveitarfélögin sýna þannig metnað og ég ber fullt traust til þeirra og þess að þau geti líka staðið við skilyrðin í þessu frv.

Varðandi 11. gr. sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á er rétt að þar kemur fram að taka skuli gjald fyrir förgun. Eins og við ræddum fyrr í dag, þá lýtur þessi skylda að förguninni. Síðan kemur fram í sömu grein að sveitarfélögum sé heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Meðhöndlun úrgangs felur í sér förgun en miklu meira en það. Áætlað er að förgunin sé u.þ.b. 30% af heildarkostnaði við meðhöndlun úrgangs og í dag, samkvæmt mínum upplýsingum, eru sveitarfélögin yfirleitt ekki að innheimta raunkostnað fyrir förgun af íbúunum. Sorpa innheimtir raunkostnað af atvinnulífinu en almennt er ekki verið að innheimta raunkostnað af íbúunum. Innheimtan er allt frá 0% og upp í 18% miðað við tölur sem menn hafa skoðað. Það er því alveg ljóst að með því að samþykkja þetta frv. mun förgunarkostnaðurinn hækka, sveitarfélögin munu innheimta meira, þ.e. um 30% af kostnaðinum við meðhöndlun úrgangs til að geta staðið undir því að innheimta raunkostnað.

Hér er að mínu mati ekki um óeðlilegar skyldur að ræð eins og mér fannst hv. þm. gefa í skyn. Hann taldi að þetta yrði erfitt fyrir sveitarfélögin. Ég held að það sé eðlilegt að sá sem mengar borgi fyrir það og að við fikrum okkur áfram í þeirri hugmyndafræði. Þetta er auðvitað hugmyndafræði sem menn hafa þekkt hér og hefur rutt sér meira til rúms með sjálfbærri þróun. Víða annars staðar hafa menn gengið lengra en við, t.d. í Noregi. Þar innheimta sveitarfélögin raunkostnað fyrir allri meðhöndlun á úrgangi. En við göngum ekki svo langt hér. Við heimilum sveitarfélögunum að gera það en við skyldum þau ekki til þess. Við skyldum þau einungis til að innheimta raunkostnað fyrir förgun.

Hv. þm. kom inn á úrvinnslugjald sem hefur verið rætt hér áður. Hér var flutt frv. um svokallað úrvinnslugjald þar sem hugmyndin var að þegar menn flytja ýmsar vörur í umbúðum hingað til lands yrði tekið af því gjald í tolli, þ.e. af þeim umbúðum, einhverja ákveðna auratölu eða krónutölu eftir því hvað það er dýrt. Þar var gert ráð fyrir því að menn reiknuðu út kostnaðinn við að flytja viðkomandi umbúðir og koma þeim í lóg, þ.e. annaðhvort í endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun. Það mál er ekki frágengið en nefnd er að störfum og skoðar m.a. hvernig við getum framfylgt svokölluðu úrvinnslugjaldi.

Ég býst ekki við að við munum sjá niðurstöðuna af því máli fyrr en í haust og þá verði flutt frv. um úrvinnslugjald

eða framkvæmd á úrvinnslugjaldi á haustþingi. Við viljum helst setja þetta gjald í miðlæga innheimtu í tolli þannig að það geti enginn komið sér undan því að greiða þetta gjald og fallið hóp „free riders", eins og það er kallað erlendis, þ.e. þeirra sem koma sér undan því að greiða þetta gjald. Ég held að hér sé um mikið framfaramál að ræða og það mál er ekki innifalið í þessu frv. Við erum einungis að fjalla um skyldur gagnvart förguninni og heimila sveitarfélögunum að taka gjald fyrir alla meðhöndlun. Menn verða síðan að sjá í haust hvernig frv. kemur út gagnvart úrvinnslugjaldinu.

Varðandi vöktunina, sem er líka innifalin í þessu frv. — menn eiga að vakta urðunarstað í 30 ár eftir að honum er lokað til að fylgjast með sigvatni og efnum sem koma frá urðunarstöðum — er eðlilegt að sú skylda hvíli á sveitarfélögunum sem reka urðunarstaðina. Við erum þar af leiðandi að setja auknar kröfur á sveitarfélögin. Það kostar, það er alveg rétt, eins og fram kemur í kostnaðarmati fjmrn. sem fylgir frv. Sveitarfélögin munu hins vegar innheimta gjald fyrir þetta þannig að þau eiga ekki að bera mjög miklar fjárhagslegar byrðar af þessu. Sveitarfélögin geta líka, varðandi tryggingarnar sem þau þurfa að hafa fyrir urðunarstöðunum, fjárhagslegar tryggingar svo að það sé alveg tryggt að menn geti farið út í vöktun eftir að urðunarstað er lokað, gefið tryggingar sem byggja á þeirra eigin fé. Þessu er ágætlega lýst í greinargerð með frv.

Ég býst við að við náum að koma þessu máli í framkvæmd með skikkanlegum hætti verði þetta frv. samþykkt en ég geri mér grein fyrir því að við sjáum ekki í dag nákvæmlega á hverju kostnaðurinn hleypur, hvorki upp á krónur né milljónir króna. Það er það flókið að finna út úr því að við munum ekki geta það fyrir fram heldur verðum við að sjá hvernig málin þróast hjá sveitarfélögunum. Það skiptir verulegu máli, hvernig þau sjálf standa að því að hvetja sína íbúa til að flokka og koma úrganginum í þær rásir sem upp á er boðið, fyrir árangurinn. Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppur er kominn langt í þessu. Önnur sveitarfélög eru komin styttra þannig að þetta virkar líka sem hvati á sveitarfélögin til að standa sig.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi. Ég geri mér grein fyrir því hve stuttur tími er til stefnu en við hefðum átt að uppfylla þær skuldbindingar sem frv. fylgja í nóvember á síðasta ári. Við erum heldur seint á ferð með þetta. En þannig er þetta í stjórnsýslu okkar, sem er ekki mjög umfangsmikil og fjölmenn, að við erum ekki komin lengra en svo að við erum að flytja þetta mál núna, frekar seint á þessu þingi. En þetta er framfaramál og ég býst við að pólitísk samstaða sé um það enda er málið mjög jákvætt fyrir umhverfið.

[16:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir upplýsingar og áframhaldandi innlegg við 1. umr. frv. Ég vil vekja athygli á þeim vandkvæðum á góðum málum eins og þessum að þegar við samþykkjum íþyngjandi reglur og íþyngjandi framkvæmdaratriði á annan aðila eins og t.d. sveitarfélögin gera í þessu tilviki, hversu góð sem málin eru er ljóst að við erum að auka fjárhagsleg útgjöld þeirra hvort heldur sem er sveitarfélögin sjálf eða íbúarnir. Það er mjög vandasamt að gera það öðruvísi en að því fylgi þá einhverjir tekjustofnar á móti. Ég vil benda hæstv. ráðherra t.d. á að mikil og metnaðarfull áætlun er um fráveitumál sveitarfélaga en þar er svo mikill stofnkostnaður að mörg sveitarfélög hafa átt í miklum vandræðum með að framfylgja eða koma til móts við þær tilskipanir, lög og reglugerðir sem lúta að fráveitumálum. Þar samþykktum við lög sem áttu sér eiginlega enga möguleika í framkvæmd eða í reynd.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki eigi að vera meiri opnun fyrir fjárhagslegri þátttöku af hálfu hins opinbera, sérstaklega hvað varðar stofnkostnað við sorpbrennslur, við urðunarstaði og slíkt til að gera það mögulegt að þetta verði, það verði ekki, eins og hér er lagt til, alfarið sett á herðar sveitarfélagsins og íbúa viðkomandi sveitarfélaga heldur sé þetta að einhverjum hluta samfélagslegt verkefni okkar allra.

[16:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki innifalið í frv. að ríkið komi eitthvað sérstaklega að stofnkostnaði við urðunarstaði. Þessi mál hafa verið á höndum sveitarfélaganna. Við erum einungis að gera meiri kröfur um hvernig reka á þá urðunarstaði þannig að þeir mengi ekki út frá sér.

[16:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi lög eru að sjálfsögðu miklu víðtækari en hæstv. ráðherra sagði hér. Þetta er líka varðandi úrgang sem myndast og hvernig honum verður komið í endurnotkun og endurnýtingu o.s.frv. Þetta lýtur að miklu fjölbreyttari úrgangi en bara þeim úrgangi sem er síðan að lokum urðaður þannig að flokkunin og meðhöndlunin á úrganginum öllum er kannski stærsta málið í þessu en þar getur verið um töluverðan stofnkostnað að ræða. Einnig skiptir máli með hvaða hætti við ætlum að endurnýta úrgang. Eins og hæstv. ráðherra minntist á hefur t.d. í Skaftárhreppi úrgangurinn verið nýttur til að hita upp vatn, hita upp sundlaug o.s.frv. Ráðast þarf í stofnkostnað til að vel sé að málum staðið.

Ég vek athygli á því að það frv. sem laut að fráveitumálum sveitarfélaga strandaði einmitt á því að þar voru sett háleit markmið en fjárhagsgeta sveitarfélaga til að uppfylla þau var fjarri þeim raunveruleika sem þau stóðu frammi fyrir, meira að segja svo að það litla fjármagn sem ríkið hafði veitt á fjárlögum til að styrkja sveitarfélögin á móti, greiða 20–23% af kostnaðinum sem næmi virðisaukaskattinum, hefur ekki einu sinni verið nýtt vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki efni eða tök á því að ráðast í slíkar framkvæmdir. Hér er vissulega um gott og þarft mál að ræða en það þarf að tryggja því líka örugga framkvæmd og ég tel að ríkið og samfélagið allt beri ábyrgð á því að svo verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Stjfrv., 639. mál (vinnsla persónuupplýsinga). — Þskj. 1019.

[16:52]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988. Hér eru lagðar til breytingar á 2. gr. laganna sem lúta að heimildum til að

halda skrár um fanga. Lagt er til að hjá Fangelsismálastofnun og í fangelsum verði vinnsla persónuupplýsinga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar.

Hér er í reynd ekki um breytingar að ræða á framkvæmdinni en fram til þessa hefur skort skýrar lagaheimildir til þess að Fangelsismálastofnun og fangelsi haldi skrár um fanga. Þó er talið nauðsynlegt að halda slíkar skrár, m.a. með viðkvæmum persónuupplýsingum. Má þar t.d. nefna vinnslu upplýsinga um fullnustu refsidóma og aðrar ákvarðanir sem fela í sér refsingar og stofnuninni berast til fullnustu og hafa verið haldnar um árabil. Með því að setja skýra lagaheimild um vinnslu persónuupplýsinga á þessu sviði er verið að uppfylla lagaskilyrði fyrir slíkri vinnslu samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd mun hafa eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga hjá stofnuninni.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:53]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum.

Hér er verið að heimila Fangelsismálastofnun vinnslu persónulegra upplýsinga. Ég hef svo sem ekkert við það að athuga annað en að vissulega þarf að hafa hönd í bagga og passa upp á að ekki verði neinar upplýsingar samkeyrðar og ekkert sjálfsagt í þeim efnum þannig að nú mun hv. allshn. taka málið til umfjöllunar og þá um leið fá umsögn Persónuverndar um málið.

Hins vegar kom fram í þeim lagatexta sem fram hefur verið lagður um útlendinga að talið var að gengið væri fulllangt í vinnslu persónuupplýsinga. Það þarf því fyrst og fremst að fara með varúð. Þetta eru viðkvæmir hlutir og aðalatriðið er að ekkert sé samkeyrt og þegar Persónuvernd hefur rætt málið við allshn. sé ég ekkert því til fyrirstöðu að það verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (Umferðarstofnun o.fl.). — Þskj. 1051.

[16:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum. Með frv. eru lagðar til breytingar á ákvæðum umferðarlaga sem fjalla annars vegar um ökuréttindi að því er varðar akstursmat og hins vegar um stjórnsýslu bifreiðamála. Bæði þessi atriði hafa verið til skoðunar í dómsmrn. undanfarin ár og er meginmarkmið beggja tillagna að auka umferðaröryggi.

Annað meginefni frv. er að koma á heildstæðu skipulagi í stjórnsýslu bifreiðamála með því að sameina í eina stofnun starfsemi Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs. Með sameiningu er stefnt fyrst og fremst að því að tryggja markvissa framkvæmd umferðaröryggismála með því að sameina á einn stað málefni ökutækja, umferðarfræðslu og umferðaröryggis og fleiri verkefni sem tengjast ökutækjum og umferð. Einnig næst með þessu rekstrarleg hagkvæmni þegar til lengri tíma er litið, m.a. vegna samnýtingar sérhæfðs húsnæðis, búnaðar og starfskrafta.

Skráningarstofan hf. sinnir ýmsum verkefnum á sviði bifreiðamála, einkum varðandi skráningu ökutækja o.fl. Hlutafé Skráningarstofunnar hf. er nú allt í eigu ríkisins og því tímabært að taka afstöðu til þess hvernig framtíðarfyrirkomulag verður á þeirri starfsemi sem hlutafélagið nú sinnir. Skráningarstofan hf. sinnir í dag ýmsum verkefnum sem ekki snúa beint að skráningu ökutækja eða skyldum þáttum og má þar nefna umsjón með tölvumiðstöð dóms- og kirkjumrn. og sérhæfðri tölvuþjónustu vegna Schengen-upplýsingakerfisins samkvæmt samningum við ráðuneytið.

Í frv. er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn verði skipuð til að fara yfir þessi atriði og fleiri og taka ákvarðanir um hvaða verkþættir sem nú eru í höndum Skráningarstofunnar hf. skulu færðir til Umferðarstofnunar og hvað unnt er að fela einkaaðilum með útboði eða öðrum hætti.

Gert er ráð fyrir því í frv. að Umferðarráð, þ.e. ráðið sjálft, starfi áfram en með breyttri tilhögun. Gert er ráð fyrir að meginhlutverk þess verði að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum og eins og áður er nefnt er sérstaklega ætlast til þess að Umferðarráð verði dómsmrh. til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar. Með þessu er tryggt að sérþekking þeirra aðila sem skipa Umferðarráð nýtist betur en áður í umferðaröryggismálum.

Brýnt hagsmunamál landsmanna allra er að auka umferðaröryggi, og frv. þetta er skýrt skref í þá átt. Með því að sameina Skráningarstofuna og Umferðarráð munu starfa innan sömu stofnunar aðilar sem vinna að reglum um gerð og búnað ökutækja, skráningu bifreiða, umferðarfræðslu, umferðaröryggi og ökukennslu. Sérþekking allra þessara aðila mun því nýtast heildstætt innan stofnunar og með þeim hætti efla alla þessa starfsemi og um leið umferðaröryggi.

Þá má einnig nefna að stofnun sem fjallar heildstætt um bifreiðar og umferðaröryggismál er einnig mjög vel í stakk búin til að sinna því hlutverki að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál og taka þátt í að gera tillögur að reglum er varða ökutæki og umferð á innlendum vettvangi og á vettvangi EES-samstarfsins.

Með frv. eru einnig lagðar til breytingar á ákvæðum umferðarlaga sem fjalla um skilyrði fyrir útgáfu fullnaðarskírteinis og að komið verði á svokölluðu akstursmati með það að markmiði að auka kröfu til ungra ökumanna. Byggt er á tillögum starfshóps sem skipaður var haustið 2000 til að fara yfir umferðarlög og eru reglur settar á grundvelli þeirra í þeim tilgangi að gera tillögur og ábendingar um atriði sem betur mættu fara í því skyni að auka umferðaröryggi og bæta umferðina. Hv. formaður allshn., Þorgerður Gunnarsdóttir, var formaður þessa starfshóps.

Í frv. er lagt til að sérstök skilyrði verði sett fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini til þess sem hefur undir höndum bráðabirgðaskírteini. Þessi skilyrði eru að hlutaðeigandi hafi farið í akstursmat eftir að hafa haft bráðabirgðaskírteini í a.m.k. eitt ár og að viðkomandi hafi ekki undanfarandi ár fengið punkta í punktakerfi ökumanna eða verið án ökuréttar vegna sviptingar. Samkvæmt umferðarlögum er bráðabirgðaökuskírteini gefið út til byrjanda og gildir í tvö ár. Í frv. er gert ráð fyrir að unnt verði að sækja um fullnaðarskírteini þegar umsækjandi hefur haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár.

Hugmyndin á bak við að heimila ökumönnum að fá fullnaðarskírteini eftir eitt ár í staðinn fyrir tvö, eftir áfallalausan akstursferil og að undangengnu akstursmati, er að verið er að umbuna þeim sem hafa staðið sig vel í umferðinni. Það hefur jafnframt þau hvetjandi áhrif á unga ökumenn að vanda sig við akstur. Á sama hátt stefnir frv. að því að lengja tímann fram að útgáfu fullnaðarskírteinis ef í ljós kemur að ökumaður með bráðabirgðaökuskírteini hefur fengið punkta í punktakerfi ökumanna eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar. Við þær aðstæður verður gefið út nýtt bráðabirgðaskírteini að loknu akstursmati.

Það er vel þekkt staðreynd að ungir og reynslulitlir ökumenn valda hlutfallslega fleiri slysum en aðrir í umferðinni. Þær raddir hafa því heyrst að rétt sé að hækka ökuleyfisaldur með þeim rökum að það muni draga úr slysatíðni hjá byrjendum ef þeir hefja akstur eldri og þroskaðri. Þetta hefur hins vegar ekki verið leitt í ljós með óyggjandi hætti og er lagt upp með það í frv. að heppilegra sé að sporna við slysum hjá ungum ökumönnum með öðrum og vægari aðgerðum sem byggja bæði á fræðslu og hvatningu til ungra ökumanna um að fylgja umferðarreglum. Slíkar aðgerðir byggjast á trausti og taka mið af því að velflestir ungir ökumenn eru til fyrirmyndar í umferðinni. Í frv. er gert ráð fyrir að fullnaðarskírteini verði gefið út að loknu akstursmati en akstursmat er endurskoðun á aksturshættum og öryggi í umferðinni. Tilgangur þess er að stilla saman viðhorf og sjálfsmat ökumanns og raunverulega getu hans í umferðinni. Gert er ráð fyrir að akstursmat fari fram hjá ökukennara en ekki er gert ráð fyrir að akstursmat verði jafnumfangsmikið og verklegt ökupróf. Nánar verður kveðið á um framkvæmd og umfang akstursmats í reglugerð.

Gert er ráð fyrir að árangur þessa úrræðis verði kannaður að liðnum nokkrum tíma frá því að akstursmati er komið á. Stefnt er að slíkri úttekt að liðnum þremur árum frá gildistöku laganna þar sem lagt verður mat á hvort reglur um akstursmat hafi skilað árangri, t.d. í fækkun slysa í umferðinni þar sem ungir ökumenn eiga í hlut eða fækkun brota þessa aldurshóps. Með hliðsjón af þeim niðurstöðum verður metið hvort rétt sé að stefna að því að hækka ökuleyfisaldur.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn.

[17:02]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er tiltölulega nýbúin að sjá þetta frv. en ég var að velta fyrir mér og langar þess vegna að spyrja hæstv. dómsmrh.: Er verið að snúa til baka með einkavæðingu Bifreiðaskoðunar hf.? Þá væri afskaplega fróðlegt að fá að vita ástæður fyrir því. Hefur hitt ekki virkað eða hefur þeirri starfsemi verið eitthvað ábótavant?

Þá verður að spyrja: Er búið að hafa samráð við starfsmenn um þessi mál? Hvað verður um þá starfsmenn sem núna vinna hjá háeffinu?

[17:02]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ágæt ábending hjá hv. þm. Ég er sammála henni um að vissulega beri að stuðla að einkavæðingu á sem flestum sviðum í þjóðfélaginu. Hins vegar er þannig með þessa stofnun eins og ég skýrði frá í framsögu minni að nú á ríkið öll hlutabréf í fyrirtækinu. Þetta er ekki fyrirtæki í samkeppnisrekstri heldur gegnir það mjög hefðbundnu hlutverki í þjónustu, t.d. með skráningu á bifreiðum. Ég tel rétt, eftir að hafa farið yfir þennan málaflokk varðandi umferðaröryggismál sem hefur verið að mestu skipt á milli þessara tveggja stofnana, þ.e. Skráningarstofunnar og Umferðarráðs, að rétt sé að sameina þær í eina. Ég tel að með því munum við fá fram mun meiri árangur í umferðaröryggismálum. Þar munum við fá saman fleiri sérfræðinga til að vinna að málum og annað því um líkt. Ég held því að það sé tvímælalaus kostur að þetta mál nái fram að ganga.

Hins vegar verður að stofna undirbúningsnefnd sem verður að fara nánar yfir öll þau verkefni sem hér er um að ræða og athuga hvernig þeim verður best komið fyrir. Það eru auðvitað ýmis verkefni sem Skráningarstofan fer með eins og tölvumiðstöð dómsmrn. sem þarf að athuga sérstaklega. En ég treysti því að hv. allshn. muni skoða þetta mál vel og fá viðhlítandi svör.

[17:04]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get alveg verið sammála því að nauðsynlegt sé að samhæfa, gera hlutina skilvirkari og ekki hafa þá á of mörgum stöðum. Ég hef hins vegar örlitlar áhyggjur af þessu með starfsmennina og kannski er spurning um það hvernig þessi mál hafa verið rædd í þeim stofnunum sem nú á að samhæfa. Það væri því fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra.

[17:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórn Skráningarstofunnar hf. er auðvitað fullkunnugt um þetta mál. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið rætt við starfsmenn, hef fengið upplýsingar um það. En ég bendi á það enn og aftur að stofna þarf undirbúningsnefnd sem þarf að fara yfir þetta mál og skoða betur hvernig málum verður fyrir komið og þá verður starfsmannastefnan væntanlega líka skoðuð sérstaklega.

[17:05]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. sem við erum að ræða hér, um breyting á umferðarlögunum, nema kannski tvö atriði sem ég vildi aðeins koma inn á. Í fyrsta lagi fagna ég þeirri breytingu sem lögð er til hér varðandi bráðabirgðaskírteini. Hér er í raun verið að fara ákveðna hvatningarleið vegna ungra ökumanna sem ég tel mikilvægt.

Eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. áðan var ég í starfshópi sem var skipaður til að fara yfir þessi mál, og eftir mikla yfirlegu varð niðurstaðan m.a. sú að fara ekki einföldustu leiðina, að hækka aldurstakmarkið upp í 18 ár, heldur kom í ljós þegar öll nefndin fór að skoða gögnin og kalla til sín fólk að það var í rauninni ekki það sem mundi gefast best heldur aukið aðhald ungra ökumanna. Það hefur einnig sýnt sig að heimildin um æfingaaksturinn frá 16–17 ára hefur bætt aksturslag ungra ökumanna til muna. Ég held því að ákvæðið sem er í 1. gr. sé áhugavert og afdráttarlaust eitthvað sem við eigum að skoða vel. Ég efa ekki að það geti komið að notum til að bæta aksturslagið.

Síðan er hitt atriðið og það finnst mér í rauninni gegnumgangandi. Við ætlum að ræða á eftir, hæstv. forseti, tillögu um umferðaröryggisáætlun. Þetta er eiginlega atriði sem gæti líka fallið þar undir en er í rauninni samræming umferðaröryggismála. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig og hvort það hafi verið kannað á samstarfsvettvangi samgrn. og dómsmrn. að reyna að samhæfa það hvar og hvernig umferðaröryggismálum verði stjórnað og hvar stefnumótun

sem slík fari fram. Mér finnst miður, herra forseti — við höfum þegar rætt á Alþingi samgönguáætlun sem er mjög metnaðarfull áætlun í samgöngumálum til lengri tíma en þar er málið afgreitt. Með leyfi forseta vil ég lesa það sem segir á bls. 22 í samgönguáætluninni:

„Margt mælir með því að stjórnsýsla umferðarmála fyrir utan umferðareftirlit og stjórnun færist frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins. Þetta er hliðstætt skipan mála hjá Flugmálastjórn og Siglingastofnun. Einnig er þetta sama skipan og gildir víðast hvar hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við, þar sem umferðaröryggismál teljast til samgöngumála. Vegagerðin lætur nú þegar mikla fjármuni renna til umferðaröryggismála og umferðareftirlits."

Ég ætla í sjálfu sér ekki, herra forseti, að segja til um það hvar umferðaröryggismál eigi heima. Það sem ég er að kalla eftir er að ráðuneytin tali saman í þessum mikilvæga málaflokki. Þegar verið er að fara út í jafnumfangsmiklar breytingar eins og lagt er til í þessu frv. varðandi Umferðarráð og Skráningarstofuna sem síðar verður breytt í Umferðarstofnun finnst mér eðlilegt að spyrja þessarar spurningar: Hvað var nákvæmlega gert til að samræma þau sjónarmið sem við köllum öll eftir, að litið verði heildstætt á umferðaröryggismál?

Ég held að ég láti þetta þá kyrrt liggja að sinni en ég hlakka til að takast á við þetta mál í allshn. og fá tækifæri til að ræða það þar enn frekar.

[17:10]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt að umferðaröryggismál heyra undir dómsmrn. Í mínum huga er það kostur að framkvæmd á umferðarmálum eins og í sambandi við vegáætlun og annað sé ekki á sömu hendi og eftirlitið, þ.e. öryggismálin. Ég veit að nýverið hafa verið gerðar breytingar, t.d. í Danmörku, þar sem umferðaröryggismálin hafa verið færð aftur undir sama ráðuneyti, dómsmrn. eftir því sem ég best veit.

Hins vegar hefur þetta ekki haft nein vandamál í för með sér. Dómsmrn. og samgrn. gera meira en að tala saman um þessi mál, milli ráðuneytanna er mjög gott samstarf. Ég vil benda á að það er t.d. víða mjög mikið samstarf milli lögreglunnar og Vegagerðarinnar. Ýmsir árangurs- eða samstarfssamningar hafa verið gerðir varðandi t.d. umferðareftirlit, og margvíslegt samstarf er í þessum málaflokki.

Minnst var á umferðaröryggisáætlun sem mun halda áfram væntanlega í 1. umr. hér á eftir. Af því tilefni vil ég líka geta þess sérstaklega að fulltrúi Vegagerðarinnar var einmitt í þessum þriggja manna hópi sem samdi hana. Menn hafa þarna mjög mikið samráð þannig að ég tel ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af þessum hlutum. Ég tek hins vegar undir með formanni hv. allshn. að það er full ástæða til að skoða alla hagræðingu á þessum sviðum og að sjálfsögðu að tryggja gott samráð.

[17:12]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni eru spurningar mínar ekki að ástæðulausu. Við erum með þessu frv. m.a. að leggja til umfangsmiklar breytingar á Skráningarstofunni hf. annars vegar og Umferðarráði hins vegar. Maður les svona texta í samræmdri samgönguáætlun, þessari merku áætlun að mínu mati, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Dreifing verkefna og ábyrgðar með framangreindum hætti í litlu landi er órökrétt og felur í sér aukakostnað og óhagræði. Ekki verður þó nánar fjallað um þessi mál hér þar sem það er ekki á verksviði samgönguáætlunar að koma með tillögur á þessu sviði stjórnskipulags samgöngumála. Þetta er því sett fram sem ábendingar en hér er fyrst og fremst um pólitísk viðfangsefni að ræða."

Það er nákvæmlega mergur málsins. Þetta er pólitískt viðfangsefni og eins og ég hef áður komið inn á er það í rauninni krafa okkar sem tökum þátt í samfélaginu, erum í umferðinni, að fjármagnið sé nýtt til umferðaröryggismála á sem bestan og hagkvæmastan hátt. Því hlaut ég að spyrja: Hvaða samræður hafa átt sér stað milli samgrn. og dómsmrn. til að efla enn frekar samhæfni þeirra stofnana sem þar heyra undir?

[17:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur óskyld efnisatriði sem eru á ferðinni í þessu frv. til laga um breyting á umferðarlögum, þ.e. annars vegar breytingar á útgáfu ökuskírteina og þeirra ákvæða sem gilda um bráðabirgðaskírteini og síðan fullnaðarskírteini, hins vegar þær skipulagsbreytingar sem hér eru boðaðar, og þeirra sér aðallega stað í 2. og 3. gr. en þó sérstaklega 6. gr. frv. og áfram þar sem til sögunnar kemur hin nýja Umferðarstofnun.

Um fyrsta atriðið vil ég segja að ég tel alveg koma til álita að gera þá breytingu sem hér er lögð til, að stytta gildistíma bráðabirgðaskírteinis niður í eitt ár enda hafi menn ekið áfallalaust á þessu fyrsta ári. Ég hef þó ef eitthvað er frekar verið talsmaður hins gagnstæða, að fara mjög varlega í sakirnar hvað varðar útgáfu þessara réttinda. Ég hefði talið á sínum tíma að reynsluakstursleyfið hefði allt eins átt að bætast við eða koma til sögunnar frá og með 17 ára aldri frekar en að verða með vissum hætti til þess að lækka aldurinn þannig að menn geta hafið reynsluakstur, að sjálfsögðu undir leiðsögn, strax við 16 ára aldur sem er með því yngsta sem þekkist það ég best veit hvað varðar ökuréttindi. Mjög víða hefur aldurinn verið hækkaður. Við vitum að það er ekkert sérstaklega vinsælt að boða slíkt en ætli menn verði ekki að vera menn til að standa í lappirnar og velta fyrir sér hvar heppilegast sé að þessi mörk liggi. Ég hef a.m.k. miklar efasemdir um að gera þarna nokkrar breytingar, nema að vel yfirveguðu ráði, sem gengju í þá átt að draga eitthvað úr aðhaldinu sem ætlunin er að veita með þá í fyrsta lagi reynsluakstursmöguleikanum, síðan bráðabirgðaskírteininu og loks fullnaðarskírteini.

Ég hef reyndar nokkrum sinnum flutt á þingi brtt. við nákvæmlega þessi ákvæði umferðarlaganna sem gengu út á að taka upp fyrirkomulag sem er þekkt sums staðar erlendis frá, að sérstakt byrjendaskírteini komi til sögunnar, þ.e. eiginleg ökuréttindi en þó sé skilyrt að ökumaður með tiltekna reynslu sé jafnan með í för. Það má segja að þetta sé reynsluakstursfyrirkomulag, bara fært í hina áttina. Þannig er þetta sums staðar erlendis, að menn mega fyrsta árið eða fyrsta hálfa árið stjórna bifreiðum. En að jafnaði þarf þá að vera með ábyrgur aðili, 21 árs að aldri eða eitthvað slíkt. Husunin er sú að menn hafi það aðhald sem því er samfara fyrsta árið eða fyrsta hálfa árið sem þeir eru úti í umferðinni. Ástandið eins og það er í dag er þannig, eins og allir vita, að unglingur, nýorðinn 17 ára, getur fyllt bifreiðina af jafnöldrum sínum eða jafnvel yngra fólki og haldið út í umferðina, þess vegna rétt fyrir verslunarmannahelgi. Þá hvíla á herðum mjög ungs og kannski lítt reynds ökumanns fimm mannslíf.

Tölfræðin talar sínu máli um hið háa hlutfall slysa og óhappa sem yngstu ökumennirnir lenda í og ber allt að sama brunni. Þarna verður að reyna að vanda eins vel til verka og nokkur kostur er. Allra síst, herra forseti, gefur þróunin í umferðaröryggismálunum, þá sérstaklega hvað alvarlegu slysin og banaslysin varðar, tilefni til að fara af neinni léttúð í kringum þetta.

Sem sagt, ég vildi koma þessum hugleiðingum á framfæri og mun sjálfsagt skoða hvort ég blæs lífi í þessa brtt. eða þetta frv. sem ég hef nokkrum sinnum flutt. Það mundi breyta réttindaávinnslukerfinu svolítið frá því sem nú er þannig að menn tækju þetta í raun í einu skrefi í viðbót. Í raun er það umhugsunarefni, herra forseti, að þessi afdrifaríku réttindi, ökuréttindi sem mönnum eru veitt, eru ekki stiggreind hér milli bifreiða t.d. eins og mjög algengt er á öðrum sviðum. Það er mjög algengt þegar réttindi af þessum toga sem eru veitt að einhverju leyti sambærileg, koma í mörgum þrepum. Þar getum við t.d. tekið réttindi sem flugmenn öðlast stig af stigi. Strax í þjálfuninni eða náminu byrja menn að ávinna sér réttindi og mega fljúga með kennara sér við hlið. Síðan fá menn sólópróf og mega stjórna flugvél einir en mega þá ekki bera ábyrgð á öðrum lífum en sjálfs sín. Síðan fá menn flugréttindi, þá atvinnuréttindi o.s.frv. Þetta er tekið í mörgum þrepum. Alltaf þarf að líða viss tími á milli og menn að öðlast viðbótarreynslu á milli.

Það má segja að þetta sé að nokkur leyti innbyggt í bráðabirgða- og fullnaðarskírteinisfyrirkomulagið en er þó í raun og veru tekið í færri skrefum en vel gæti komið vel til greina að athuga að mínu mati.

Í öðru lagi langar mig að spyrja, herra forseti, aðeins um Umferðarstofnunina og hlutverk hennar eða ræða um það mál. Í fyrsta lagi er svolítið erfitt að átta sig á því hvort þarna sé verið að opna glugga í átt til mögulegrar einkavæðingar. Ég nefni þá sem dæmi það sem færist frá ráðuneyti til lögreglustjóra, skipulag ökunámsins og aðra slíka hluti. Hins vegar mætti segja að það væri um ákveðna ríkisvæðingu að ræða. Það stendur hér ákaflega skýrum stöfum að Umferðarstofnun skuli vera sérstök ríkisstofnun. Hún tekur yfir, þ.e. mögulega ef sú verður niðurstaðan hjá starfshópnum, eitthvað af verkefnum Skráningarstofunnar hf. Þá er náttúrlega verið að færa þau verkefni til baka og menn hafa sagt að þar sé ekki mikil breyting af því að ríkið eigi Skráningarstofuna alfarið eins og er. Gott og vel. Mér finnst máli skipta hvernig menn hugsa þetta. Hvaða verkefni fara undir hina nýju stofnun, hver ekki og hvað verður um þau?

Ég spyr t.d. líka um skráningu ökutækja og skráarhaldið sjálft. Á hér að stofna vaxandi ríkisstofnun í Reykjavík, í póstfangi 101, eða hefur hæstv. ráðherra t.d. hugsað sér að í vinnunni verði skoðaður sá möguleiki að einhver hluti þessara verkefna, t.d. skráningarvinnan og skráarhaldið gæti orðið að fjarvinnsluverkefni fyrir fyrirtæki einhvers staðar á landsbyggðinni? Mér er kunnugt um að einmitt slíkar skrár — það er þekkt sums staðar í nágrannalöndunum — hafi orðið kjölfestan í uppbyggingu fjarvinnslufyrirtækja í fjarlægum afskekktum byggðarlögum. Ég hygg að norska firmaskráin sé færð inn lengst norður í Noregi, gott ef ekki á Lofoten-svæðinu eða einhvers staðar þar. Ég hef heyrt að ökutækjaskrá sé á einhverju hinna Norðurlandanna einnig færð utan höfuðborgarinnar. Mér fyndist prýðilegt ef hæstv. ráðherra mundi taka vel í að sá starfshópur sem meiningin er að skipa samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu, eða verkefnisstjórn svo maður hafi þetta eins og það er orðað, færi yfir þessa hluti, að þarna væri haldið opnum öllum möguleikum til að vinna þessi verkefni annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Þar með gæti þetta verið liður í að dreifa verkefnum og störfum á vegum hins opinbera um landið.

Auðvitað gæti hin nýja Umferðarstofnun í heild sinni komið til sögunnar í öðru byggðarlagi en hér. Það má kannski segja að vel beri í veiði þegar beinlínis er verið að stofna nýja ríkisstofnun, sem gerist ekki á hverjum degi þó að reyndar sé núverandi ríkisstjórn ótrúlega dugleg við það. Það verður að segjast, og er dálítið merkilegt, að það eru að læðast í gegn býsna margar opinberar stofnanir hjá hæstv. ríkisstjórn. Hérna rétt áðan vorum við að ræða við hæstv. umhvrh., herra forseti, um Umhverfisstofnun. Það verður líka heilmikil ríkisstofnun. Þeim er því kannski ekki eins leitt og þeir láta, hæstv. ráðherrum, að ríkisstofnanir sinni málunum.

Í þriðja lagi, herra forseti, spyr ég um stjórnkerfið þegar kemur að því að Umferðarráð á að starfa áfram. Það er náttúrlega ljóst að það verður í gerbreyttu samhengi þar sem verkefnin eða reksturinn sem Umferðarráð hefur haft með höndum hverfur til hinnar nýju Umferðarstofnunar og eftir situr ráð með ráðgefandi hlutverk, ef ég hef skilið rétt. Það á að vinna almennt að auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum og á að koma að og vera til ráðgjafar við gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar. Það skal og koma að fræðslu- og upplýsingamiðlun, segir í 10. gr. og vera samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða.

Allt hljómar þetta prýðilega, herra forseti. En svo kemur á daginn að Umferðarstofnun á eftir sem áður að vera umsagnaraðili um umferðarfræðslu í skólum en ekki Umferðarráð. Hvernig kemur þetta heim og saman ef eitt meginhlutverk Umferðarráðs, á eftir sem áður að vera fræðsla og upplýsingamiðlun? Manni finnst skjóta svolítið skökku við að hin opinbera stofnun, stjórnsýslustofnunin, eigi samt að taka við þessum þætti málsins. Ég hélt einmitt að eitt af því sem menn væru almennt sammála um væri að Umferðarráð hefði sinnt mjög vel umferðarfræðslu í skólunum. Flestum er kunnugt um efnið sem Umferðarráð sér um að senda börnum varðandi aðgát í umferðinni o.s.frv.

Maður fer að velta því fyrir sér, hvaða hlutverk verður eftir fyrir Umferðarráð. Dagar það ekki pínulítið uppi? Endar það kannski eins og Náttúruverndarráð, að nokkrum árum eftir að Náttúruvernd ríkisins var komið á sem stofnun og verkefnin fóru frá ráðinu, þá var það slegið af? Það kom að vísu til af pólitískum ástæðum líka því ráðið hafði verið með óþægð við hæstv. umhvrh. sem sá sér þægð í að losna við það. Það er ljóst að slíkur aðili stendur að mörgu leyti veikari að vígi hafi hann ekki á sínum snærum starfsfólk, þekkingu og burði sem eru þó samfara nokkuð öflugri starfsemi.

Þá má alveg eins fara að velta fyrir sér hvort það ætti að leggja ráðið niður, án þess að ég sé talsmaður þess. Ég er ekki að mæla með því en þó er alveg ljóst að engum er greiði gerður með því að skilja ráðið eftir eins og illa gerðan hlut þannig að innan fárra ára fyndist mönnum kannski einfaldast að slá það af. Mér finnst að eitt af því sem þyrfti að athuga mjög vel í þessu máli, herra forseti, sé staða Umferðarráðs þegar hin nýja Umferðarstofnun væri komin til sögunnar og hefði að ýmsu leyti yfirtekið hin praktísku verkefni sem þar hafa áður verið á ferðinni.

Ég held, herra forseti, að þar með hafi ég talið upp þær

athugasemdir sem ég sé ástæðu til að gera við 1. umr. málsins.

[17:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þ.e. að hann vildi bæta við fleiri reynslustigum eða bráðabirgðastigum í þessu ökuferli. Ég aftur á móti tel þá leið sem valin er í þessu frv. allrar athygli verða. Það er eiginlega tvennt sem ég tel geta stuðlað að bættu umferðaröryggi, sér í lagi meðal ungs fólks, þ.e. ekki að fara þráðbeint út í að hækka ökuprófsaldurinn í 18 ár — það kom skýrt fram í vinnu þess starfshóps sem ég var í — heldur mæltu þeir fagaðilar sem við í nefndinni töluðum við frekar með því að auka aðhaldið með jákvæðri uppbyggingu og fræðslu eins og þetta frv. felur í sér, þ.e. akstursmati og hærri sektum. Þetta tvennt held ég að muni gefa góða raun ef samþykkt verður og ég mæli með því að leiðin sem um getur í frv. verði farin enda segir m.a. í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að árangur þessa nýja úrræðis verði kannaður að liðnum nokkrum tíma frá því að akstursmati er komið á. Stefnt er að slíkri úttekt að liðnum þremur árum frá gildistöku laganna og þá lagt mat á það hvort reglur um akstursmat hafa skilað árangri."

Það kom alveg skýrt fram í vinnu hjá okkur í þessari nefnd að hann hefur skilað mjög góðum árangri, miklu meiri árangri en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi, þessi æfingarakstur frá 16–17 ára aldurs. Í raun má segja að þeir 17 ára unglingar sem hafa fengið ökupróf eftir að hafa verið í æfingaakstri séu betur settir en þeir sem tóku það ekki á sínum tíma. Ég held því að þetta sé eitt skref til bóta í átt að auknu umferðaröryggi.

[17:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að það sé alveg skýrt og misskiljist ekki. Ég er í sjálfu sér ekki með hugmyndir um að fara út í að hækka aldurinn. Ég var frekar að mæla varnaðarorð með því að menn slökuðu á nokkurn hátt á og ég held að það sé alveg rétt að aukið aðhald og punktakerfi hefur skilað árangri. Ég þykist vita það sjálfur sem faðir nýlega tilkomins ökumanns að menn eru meðvitaðir um það og ákveðin ögun er fólgin í því að eiga það á hættu ef menn fá á sig blossa á ljósi eða eitthvað því um líkt.

Þegar ég flutti frv. mitt um byrjendaskírteini, hálfsársbyrjendaskírteini sem fyrsta hlutann af þessu réttindaávinnslukerfi, þá var að vísu enginn æfingaakstur kominn til sögunnar og hugsun mín var þá einmitt sú að í reynd kæmi eins og ákveðinn æfingaakstur til sögunnar sem fyrsta hálfa árið í ferli hvers ökumanns. Sú leið var valin að leyfa mönnum að sækja um og hafa þau réttindi frá 16 ára aldri samhliða ökunáminu áður en þeir fengju svo bráðabirgðaskírteini og enginn vafi er á því að það hefur skilað árangri. Ég held að ástæða sé til að hvetja til þess að menn nýti sér það. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að það er gert. Reyndar má velta því fyrir sér hvort þurfi t.d. ekki síður að huga að öðru árinu því að út úr tölfræðinni má lesa að sum árin að undanförnu hafa slys og óhöpp sem tengjast 18–19 ára ökumönnum verið hlutfallslega jafnalgeng eða algengari en þau sem tengjast ökumönnum á fyrsta ári. Það segir kannski ákveðna sögu um að það byrjar að slakna á þegar eins og ár er liðið frá því að menn fengu réttindin.

Af því að ég var að tala um hve stjórnin væri drjúg við að dæla inn nýjum ríkisstofnunum, þá var athygli mín vakin á því að einmitt í þeim töluðum orðum var dreift hér frv. til laga um lýðheilsustöð sem er enn ein ný ríkisstofnun sem stjórnin er að koma á laggirnar.

[17:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mikið frekar. Ég held að þær tölur, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var með um slys á öðru ári eða 18–19 ára, hafi verið hærri fyrir tilkomu æfingaakstursins og það hefur sýnt sig að á þessu öðru ári hafa tölur lækkað eftir tilkomu æfingaakstursins.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli þingmannsins á því að verið var að dreifa frv. á borðin um að leggja niður Þjóðhagsstofnun og síðan er hitt að frv. um að leggja niður Kvikmyndastofnun Íslands er líka á ferðinni í meðferð Alþingis og ég vænti þess að hv. þm. styðji þau frv.

[17:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer allt eftir því hver starfsemin er og hversu þörf og nauðsynleg hún er, hvaða afstöðu ræðumaður hefur í þeim efnum. Ég hef ekki hugsað mér að rjúka beinlínis til og fara að hjálpa til við að slá Þjóðhagsstofnun af því að hún var einmitt stofnun sem var kannski með vissa óþægð við yfirvöldin og fær það að launum að hún er bara slegin af svona eins og Náttúruverndarráð sem brúkaði kjaft við umhvrh. En það er ekki rétta aðferðin í stjórnsýslunni.

Ég held að við þurfum að fara vel yfir það í hverju tilviki hvaða verkefni stofnanirnar hafa með höndum, hvað á að vera hjá ráðuneytunum sjálfum, hvað á að vera í stjórnsýslueða fagstofnunum og hvernig þeim hlutum er best fyrir komið. Það er engin töfralausn eða formúla til í þeim efnum.

Allra síst finnst mér að menn eigi að taka skref aftur á bak eins og það er óumdeilanlega að leggja niður sjálfstæða stofnun sem metur þjóðhagsforsendur og getur veitt hlutlægar og helst hlutlausar upplýsingar um þær. Miklu nær væri að taka skref í hina áttina að koma slíkri stofnun í skjól af Alþingi og efla hana þannig að hún gæti sinnt hlutverki sínu vel og allir, jafnt Alþingi, stjórn sem stjórnarandstaða, og opinberar stofnanir ættu þar greiðan aðgang að sjálfstæðri, óháðri stofnun sem óumdeilanlega væri engum háð nema sjálfri sér í sinni faglegu vinnu. Ég verð því að hryggja hv. þm. með því að lofa henni ekki stuðningi heldur þvert á móti harðri andstöðu við þetta reiðifrv., um að refsa Þjóðhagsstofnun fyrir óhlýðnina með því að leggja hana niður.

Varðandi Umferðarstofnunina, þá tel ég einfaldlega rétt að skoða það mál mjög vandlega. Þetta er þrátt fyrir allt viðkvæmur málaflokkur þar sem menn eiga að reyna að vinna faglega og helst þverpólitískt og hafa samkomulag um hlutina því að það er engum greiði gerður með neinu öðru.

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Eftirlitsgjöld á kjöti, 708. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1147.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 672. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 1088.

Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, 683. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1099.

Útlendingar, 433. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1142; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1143.

Þjóðhagsstofnun o.fl., 709. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1153.

[17:36]

Ásta Möller:

Herra forseti. Mig langar að hafa örfá orð um það frv. til laga sem hér er til umfjöllunar, um breytingu á umferðarlögum. Í 1. gr. frv. er lagt til að bráðabirgðaskírteini verði gefið út eftir eitt ár að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ég verð að segja að á síðustu árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á umferðarlögum sem hafa verið til bóta varðandi þá unglinga sem eru að fá ökuskírteini. Ég get nefnt þar nokkur dæmi, m.a. punktakerfið sem hefur reynst mjög vel sem ákveðin gulrót, ákveðinn hvatning til unglinga að gera betur.

Í máli hv. þingmanna hefur komið fram að eftir að æfingaaksturinn var tekinn upp hafi hann skilað sínu. Nefndar voru tölur sem var kannski ekki farið nákvæmt í en sem þó var hægt að lesa út ákveðna tilhneigingu um að eftir að æfingaakstur var tekinn upp hafi slysum fækkað hjá ungmennum og það er rétt. Meira að segja er mjög einfalt að sjá það út að veruleg breyting hefur verið á milli ára eftir því hvort árgangurinn hefur fengið æfingaakstur eða ekki. Í þessu tilfelli skiptir verulegu máli að krakkarnir fái þjálfun, fyrst og fremst þjálfun og leiðbeiningu og þeir fái það sem kalla má raunveruleikaþjálfun. Slíkar ráðstafanir hafa því leitt til þess að umferðaröryggið er betra og slysum hefur í einhverju fækkað hjá þessum ungmennum.

Einnig hafa verið töluverðar breytingar í Ökuskólanum. Fræðslan hefur verið bætt og við vitum líka að tryggingafélög hafa tekið upp hjá sjálfum sér að kalla þá unglinga sem lent hafa í tjónum inn á námskeið á vegum tryggingafélaganna. Ég hef séð tölur um að einmitt þeir krakkar hafa bætt sig verulega eftir slíka þjálfun. Sú breyting sem hér er lögð til á umferðarlögum er enn eitt lóð á vogarskálarnar til að auka öryggi ungmenna í umferðinni þegar þau eru að taka fyrstu skrefin í akstri.

Síðan langar mig að fjalla aðeins um Umferðarráð sem aðrir hv. þm. hafa jafnframt tekið til. Ég hef ákveðnar efasemdir um þetta nýja umferðarráð sem fær með frv. nýtt hlutverk, annað hlutverk. Gert er ráð fyrir að hið nýja umferðarráð sé ráðgefandi en hafi jafnframt ákveðinn framkvæmdastjóra sem mér finnst vera ákveðið stílbrot. Ég get séð að hægt væri að leysa þetta með sama hætti og gert hefur verið við margar ríkisstofnanir upp á síðkastið, að setja fagráð sem eru til ráðgjafar viðkomandi stofnun. Ekki stjórn heldur fagráð sem er þá skipað aðilum sem hafa sérþekkingu á viðkomandi máli. Það truflar mig sem sé dálítið að tvöföldun skuli vera á þessu kerfi, annars vegar Umferðarstofnun sem tekur við verkefnum núverandi Umferðarráðs en samt stendur eftir umferðarráð sem er með annað hlutverk sem við áttum okkur ekki á hvernig mun þróast. Ég hvet allshn. til að taka þetta til sérstakrar skoðunar.

Þriðja málið sem ég vil líka aðeins nefna er varðandi Skráningarstofuna og niðurlagningu hennar. Það truflar mitt einkavæðingarhjarta að verið sé að færa stofnun sem hefur verið hlutafélagavædd aftur inn í ríkiskerfið. Ég tel að við þurfum að skoða þetta með það í huga hvort hægt er að finna leiðir og gera þetta einhvern veginn öðruvísi eða jafnvel skoða það hvort Umferðarstofnun eigi að hlutafélagavæðast ein og sér.

Ég vildi aðeins með örfáum orðum koma þessum hugleiðingum mínum fram við 1. umr. og síðan mun ég þá leggja hugleiðingar mínar fram í allshn. þar sem ég á sæti.

[17:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller á einmitt sæti í hv. allshn. þannig að ég treysti því að hún fái tækifæri til þess að skoða þetta vel. En ég vil benda á það sem stendur í greinargerð á bls. 4 í frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Meginmarkmiðið með endurskoðun á stjórnsýslu bifreiðamála er að koma á heildstæðu skipulagi á þessu sviði. Er það talið nauðsynlegt til að tryggja markvissari framkvæmd umferðaröryggismála með því að sameina á einum stað málefni ökutækja, umferðarfræðslu og umferðaröryggis og fleiri verkefni sem tengjast ökutækjum og umferð. Einnig næst með þessu rekstrarleg hagkvæmni, m.a. vegna samnýtingar sérhæfðs húsnæðis, búnaðar og starfskrafta."

Enn fremur segir í 2. mgr. 7. gr.:

„Umferðarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur."

Sameining þessara tveggja stofnana gefur einmitt færi á að bjóða út verkefni, hagræða og einkavæða í þessum málaflokki.

[17:42]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svar ráðherra í þessu efni. Ég er með innleggi mínu ekki að efast um að markmiðin séu réttlætanleg. Mjög gott var að fá þá ábendingu frá hæstv. dómsmrh. að þarna eru gefnar heimildir í frv. að færa ákveðin verkefni, sem mundu þá vera undir verkefnum hinnar nýju stofnunar, til annarra aðila. Ég hlýt að fagna því og jafnframt að skoða það með opnum huga hvort ákveðin verkefni sem hafa verið undir Skráningarstofunni mundu fara þá leið. En þetta eru allt saman atriði sem eru í mótun. Það er einmitt mjög mikilvægt að komin sé ákveðin samhæfing í þennan málaflokk til að nýta betur starfskraftana og til að ná betri árangri í málaflokknum. Við hljótum alltaf að skoða það á hverjum tíma hvernig best er að gera hlutina og með athugasemdum mínum kom ég fram með hugmyndir mínar inn í þá vinnu.

[17:44]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um það frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur fylgt úr hlaði, um breytingu á umferðarlögum, og þá umræðu sem hér hefur verið sem óneitanlega blandast töluvert saman við það sem síðar er á dagskrá þessa fundar, þ.e. umferðaröryggisáætlunina fyrir árin 2002–2012, vegna þess að í athugasemdum við frv. er oft vitnað í umferðaröryggismál.

Því verð ég að segja það strax, herra forseti, að mér finnst að umferðaröryggismál hafi á umliðnum árum verið hálfgert olnborgabarn hæstv. dómsmrh. og dómsmrn. Það sést af því að umferðaröryggisáætlun kemur jafnseint fram og raun ber vitni. Kem ég að því síðar þegar við ræðum þá áætlun.

Hér er verið að boða breytingar, þ.e. sameina verkefni Skráningarstofunnar hf., hlutafélagsins, og Umferðarráðs í nýja stofnun sem á að heita Umferðarstofnun. Það leiðir hugann að því hvers vegna ekki hafi verið gengið í það sem landsfundur Sjálfstfl. hefur ályktað um, þ.e. að færa umferðaröryggismál úr dómsmrn. í samgrn. þar sem þau eiga miklu frekar heima að mínu mati.

Í hvert skipti sem rætt er um vegagerð, vegáætlun og þá miklu peninga sem lagðir eru í vegaframkvæmdir og annað slíkt kemur þetta upp í hugann vegna þess hvað þetta blandast rosalega mikið saman. Því vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. dómsmrh. út þetta vegna þess að hér er verið að gera breytingar sem ráðherra telur til bóta. Ég ætla ekki að úttala mig um þær hér og nú. En í athugasemdum með frv. segir:

„Með þessu er að því stefnt fyrst og fremst að tryggja markvissa framkvæmd umferðaröryggismála í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda."

Nú er það að sjálfsögðu ekki stefnumið núv. hæstv. ríkisstjórnar að framkvæma þá breytingu sem ég gerði að umtalsefni, þ.e. að færa umferðaröryggismálin til samgrn., samtvinna þau meira vegáætlun og þeirri vinnu allri og að Vegagerðin komi miklu meira að þeim. Varðandi umferðaröryggismálin þá er allra verst í þeim málaflokki öllum — og skiptir þá ekki máli hvort málaflokkurinn er vistaður í dómsmrn. eða samgrn. eða hvort þessar stofnanir eru leiddar saman og sameinaðar undir Umferðarstofnun — það skiptir í raun engu máli hvað gert er ef peningar fylgja ekki með. Það er aðalatriðið í umferðaröryggismálum í dag og svo hefur verið undanfarin ár að peningar hafa ekki fylgt með þeirri áætlun. Þessar glæsilegu skýrslur sem settar eru fram, t.d. umferðaröryggisáætlun og fleira, eru allt saman góð plögg og það er gott sem stendur í þeim. En gallinn er bara sá að það er allt of lítið farið eftir þeim vegna peningaleysis. Þess vegna vil ég líka nota tækfærið og spyrja hæstv. dómsmrh. út í þetta hér og nú. Það var boðað að meiri peningar kæmu á fjárlögum fyrir árið 2002 til þess að vinna að þessum mjög mikilvæga málaflokki sem nágrannaþjóðir okkar setja svakalega mikla peninga í. Ég kem betur að því undir hinum dagskrárliðnum. Þá tek ég dæmi um hvernig Norðurlöndin gera þetta. Um þetta vildi ég spyrja út í núna, herra forseti, í tengslum við þessa breytingu, vegna þess, eins og ég segi, að ég sé ekkert endilega tilganginn með því að sameina þetta. Hér kemur fram að verið sé að spara peninga og húsnæði o.s.frv. Ef til vill er það rétt að betur verði hægt að nýta mannskap ef frv. verður samþykkt. En aðalatriðið er auðvitað að hægt verði að fylgja þessu eftir á þann hátt sem ég hef gert að umtalsefni.

Herra forseti. Þessar tvær spurningar vildi ég leggja fyrir hæstv. dómsmrh. vegna þess að í frv. er boðuð sameining þessara tveggja stofnana í eina ríkisstofnun, Umferðarstofnun, til að nýta betur peninga, mannskap, fjármuni og húsnæði. Þá leitar spurning á huga minn: Hvernig á að vinna að umferðaröryggismálum með ekki meiri peningum en lagðir hafa verði fram í dag, því þeir eru sáralitlir?

Af því að ég stend í stólnum að ræða þessi mál vil ég segja að ég hef verið að skoða þessa skýrslu um umferðaröryggisáætlun, þ.e. eftir að ég fékk hana loksins gefins frá hæstv. dómsmrh. þegar málið var fyrst lagt fram. Ég tek þó skýrt fram að skýrslan var lögð í hólf okkar þingmanna að sjálfsögðu. En það fór fram hjá mér. Og ég sé dálítið mikinn mun á þeirri umferðaröryggisáætlun sem hér er lögð fram af hæstv. dómsmrh. fyrir árin 2002–2012 og umferðaröryggisáætlun sem hefur verið í gildi fyrir Reykjavík. Á þeim er mikill munur.

Ég get tekið dæmi. Þar fylgir þó með dagsett og tölusett framkvæmdaáætlun, þ.e. með tölum sem skýra út hvernig skuli vinna. Eftir því sem ég kemst næst hafa öll markmið þeirrar umferðaröryggisáætlunar sem R-listinn í Reykjavík beitti sér fyrir fljótlega eftir að hann komst þar til valda gengið eftir, bæði hvað fjármuni varðar og fækkun slysa. Það er vel. Ég hygg að það staðfesti og sýni að hægt sé að vinna að bættri umferðarmenningu á öllum sviðum og að umferðaröryggisáætlun sanni gildi sitt ef peningar fylgja með. En umferðaröryggisáætlun án peninga er ekkert nema fallegur glanspappír.

[17:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. bendir á um að fjármagn þurfi til framkvæmda og eftirlits með framkvæmdum. Þá er hann m.a. að vísa í umræðu um umferðaröryggisáætlun sem hér er líka á dagskrá þingsins og ég hef þegar mælt fyrir fyrir nokkru. En mig langar til að vísa í 4. tölulið í greinargerð með þáltill. sem fylgir þessari umferðaröryggisáætlun. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Þá leggur nefndin til að skipuð verði framkvæmdanefnd sem hafi það meginverkefni að tryggja að unnið sé í samræmi við umferðaröryggisáætlun og að markmiðum Alþingis og stjórnvalda verði náð. Nefndin skili skýrslu til Alþingis í byrjun hvers árs þar sem hún geri grein fyrir hvernig til hafi tekist."

Ég tel að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé mjög mikilvæg og muni tryggja meira eftirlit í þessum málaflokki, eftirlit með því að framkvæmd verði ákveðin áhersluatriði sem koma fram í þessari áætlun. Að sjálfsögðu þarf svo að tryggja fjármagn til þeirra hluta þegar fyrir liggur hvað eigi að gera.

[17:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þetta svar. Margt ágætt kemur nú fram í þáltill. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi, t.d. það að velja hv. þm. í nefnd um umferðaröryggismál og tryggja þar með sennilega meiri áhuga hinna póliltísku flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi á umferðaröryggismálum.

Hæstv. ráðherra vitnaði í greinargerð með þáltill. um að nefndin ætti að skila Alþingi skýrslu í byrjun hvers árs þar sem hún gerir grein fyrir hvernig til hafi tekist. Auðvitað er það mjög gott. En í gildandi umferðaröryggisáætlun sem fyrrv. hæstv. dómsmrh. flutti var líka gert ráð fyrir því að dómsmrh. flytti Alþingi skýrslu í upphafi eða fyrir síðasta ár í raun og gerði grein fyrir henni. Þegar hæstv. dómsmrh. fylgdi þessari tillögu úr hlaði — ég var einmitt að fá þá ræðu prentaða — spurði ég út í skýrsluna, þ.e. um hvernig til hefði tekist undanfarin ár. Ég get ekki annað séð, herra forseti, en að dómsmrh. hafi flutt skýrslu á fyrsta þingi þessa kjörtímabils en síðan ekki söguna meir. Ég gat hvorki séð í fundargögnum né þinggögnum annað en að svo hafi verið. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. í þessu stutta andsvari hverju sæti að skýrsla um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar fyrir undanfarin tvö ár hafi ekki verið flutt þinginu. Þessi fyrsta skýrsla, sem ég vitnaði til og hef hér, var flutt þinginu eða lögð fram í þinginu fimmtudaginn 11. maí árið 2000 að mig minnir. Þingi lauk 13. maí. Ég man ekki hvað klukkan var, en því lauk sem sagt þarna. Alþingi fékk bara skýrsluna en málið var ekkert rætt. Það er þetta sem auðvitað er að, þ.e. að umferðaröryggismál eru ekki rædd á hinu háa Alþingi.

[17:54]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alþekkt að þó skýrslur séu lagðar fram þá eru þær ekki alltaf ræddar, sérstaklega á hinu háa

Alþingi. Í sambandi við þessa síðustu umferðaröryggisáætlun þá er það rétt hjá hv. þm. að komu hennar á þingið hefur seinkað nokkuð. Raunar er nokkuð langt síðan hún kom inn á þingið. Hún hefur hins vegar ekki komist á dagskrá. Við vorum einmitt að ræða þessi mál fyrir páska. Ýmsar skýringar eru á þessu, m.a. sú að mannaskipti urðu í starfshópnum sem samdi þessa áætlun þannig að þar komu upp ákveðin vandkvæði.

Hins vegar voru drög að þessari áætlun rædd mjög vandlega á sérstöku umferðarþingi sem haldið var í sumar. Þar komu fram margar áherslur sem einnig koma fram í þessari áætlun. Þær voru ræddar á þessu þingi sem mjög margir sóttu.

Ég ítreka að búið er að vinna mjög mikið í þessum málum. Ég skil eiginlega ekki hvers vegna hv. þm. er að reyna að gera stöðu umferðaröryggismála hér á landi tortryggilega. Það er búið að gera mjög mikið á þeim þremur árum sem liðin eru af þessu kjörtímabili. Það er ekki nóg að vera alltaf með einhver orð á blaði heldur þarf að framkvæma hlutina. Ég hygg að hv. þm. sjái það mætavel ef hann skoðar afskipti lögreglunnar af málum og sér hvaða árangri hún hefur náð, alla samstarfssamningana sem lögreglan hefur gert milli umdæma, m.a. við Vegagerðina og fleiri aðila, allan þann áróður sem hafður hefur verið í frammi og lagabreytingar sem hér hafa komið fram eða eru væntanlegar. Ég bið hv. þm. um að kynna sér þetta betur.

[17:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að fjármunir hafa ekki fylgt með umferðaröryggisáætlun á hinu háa Alþingi í fjölda ára og það á ekkert frekar við um þetta kjörtímabil en önnur. Ég skal koma að því síðar í dag eða kvöld og rökstyðja mál mitt þá þegar ég hef betri tíma.

Grundvallaratriðið er að peningar hafa ekki fylgt með. Við getum farið yfir það á eftir því ég hygg að að hæstv. dómsmrh. sé sammála mér um það miðað við það sem haft hefur verið eftir henni í blöðum eftir umrætt umferðarlagaþing. Þar var sérstaklega ályktað að umferðaröryggisáætlun væri nánast einskis nýtt plagg ef ekki fylgdi með framkvæmda- og peningaáætlun til þess að hrinda hlutum í framkvæmd.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan við eigum að bera saman umferðaröryggisáætlun 2002–2012 sem er mjög gott plagg — þar er fullt af góðum tillögum — og svo umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar fyrir síðastliðin ár. Á þeim er mikill munur. Þar er framkvæmdaáætlun um hvað skuli gera á hverju ári og hvaða fjármunum verði varið í það. Þetta var gert og þetta stóðst. Það væri dálítið meiri myndarbragur á umferðaröryggisáætlun sem við ræðum á Alþingi ef þetta fylgdi með núna. Í athugasemdum við frv. sem við ræðum hér og er um að sameina þessar tvær stofnanir, kemur fram að verið sé að spara peninga, nýta betur húsnæði og starfsmenn o.s.frv. Allt er þetta gott og blessað vafalaust. Svo er vafalaust. En til umferðaröryggismála veitum við smáaurum í dag á Íslandi.

[17:58]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð satt að segja að viðurkenna að mér finnst gæta orðhengilsháttar hjá hv. þm. Kristjáni Möller. Hann kemur upp og er með ýmsar efasemdir og vafasamar athugasemdir um þær umferðaröryggisáætlanir sem settar hafa verið fram. Ég vil taka það strax fram að allir hafa metnað og mikið hefur verið gert, bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og þeirra sem standa bæði að stjórn og stjórnarmeirihlutanum á þingi.

Ég vil benda á að m.a. á grundvelli þessarar stefnu hefur slysum fækkað, alvarlegum slysum á undanförnum árum þannig að eitthvað hefur verið gert.

Hv. þingmanni er umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar ofarlega í huga. Það besta sem hefði verið hægt að gera fyrir umferðaröryggismál í Reykjavíkurborg væri ef R-listinn hefði lufsast til þess setja fram stefnumótun fyrir fjölförnustu gatnamót landsins, þ.e. gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Nei. Í stað þess voru þessi fjölförnu hættulegu gatnamót látin dankast í kerfinu og menn skýldu sér sér á bak við hinar og þessar athugasemdir. Það hefði verið það besta sem Reykjavíkurborg undir forustu R-listans hefði getað gert í umferðaröryggismálum.

Herra forseti. Ég vil einnig geta þess að við ræðum frv. til laga um breyting á umferðarlögum. Þar er þess m.a. getið hvað eigi að gera varðandi bráðabirgðaskírteini. En hv. þm. Kristján Möller kemur hingað upp og minnist ekki einu orði á þetta ákvæði sem að mínu mati getur stuðlað að enn betra og meira umferðaröryggi á götum landsins. Þess vegna langar mig til þess að vita viðhorf hans til 1. gr. frv. sem við nú ræðum.

[18:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég blandaði mér í umræðuna vegna þess að í athugasemdum við lagafrv., þar sem verið er að fjalla um sameiningu þessara tveggja stofnana í Umferðarstofnun, er víða getið um umferðaröryggi. Ég fór í gegnum það. Hv. þm. spyr mig út í 1. gr. og ég skal koma að henni á eftir, kannski bara í seinni ræðu.

Hv. þm. ræðir líka um umferðaröryggismál í Reykjavík. Ég ætla bara að segja það, og það kemur kannski betur í ljós á eftir ef hv. þm. verður þá viðstödd umræðuna, að umferðaröryggisáætlun sem var í gildi til ársins 2000 í Reykjavík er fyrirmyndarplagg. Þar er tekið á mjög mörgum málum eins og ég hef áður greint frá og stórkostleg framkvæmdaáætlun sett upp, tölusett, sagt hvað á að gera og annað slíkt. Þetta er áætlun að mínu skapi vegna þess að þá verður ekki farið fram hjá því að standa við það sem þar er boðað, og það hefur verið gert.

Það er dálítið annað hér. Það kemur fram og hefur komið fram að menn vilja sjá meiri fjármuni renna til umferðaröryggismála á Íslandi. Umferðarþing ályktaði sérstaklega um, eins og ég mun koma betur að á eftir, að ekkert gagn væri að góðri umferðaröryggisáætlun ef ekki fylgdu fjármunir með.

Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar, sem er alveg hárrétt að eru stórhættuleg og aldrei hægt að fara fram hjá, eru atriði sem við munum ræða, kannski í dag, undir liðnum Vegáætlun og hvernig staðið hefur verið að þeim málum. Ég ætla ekki að fara mikið út í það hér enda gefst ekki tími til þess í stuttu andsvari. Hitt er ljóst og það hefur komið fram að menn telja að í Reykjavík sé ekki unnið eins mikið í vegamálum og gert hefur verið, og e.t.v. er það vegna þess að hér eru ekki sömu aðilar í landstjórn og í stjórn borgarinnar.

[18:02]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta plagg sem hv. þm. Kristján Möller er sífellt að vitna í varðandi umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar er ekki meira en svo að ekkert hefur verið gert í

því að taka ákvörðun um þessi fjölförnu gatnamót. Það vita allir sem vilja vita, og m.a. hv. þm. Kristján Möller sem er í samgn., að ef Reykjavíkurborg hefði sagt: Við forgangsröðum Miklubraut/Kringlumýrarbraut, hefði verið farið í það mannvirki hið snarasta. En það var ekki hægt út af einhverri ringulreið í hugsunarhætti R-listamanna.

Varðandi það, herra forseti, hvað hægt er að gera til að efla enn frekar umferðaröryggi á vegum landsins vil ég ítreka að slysum hefur fækkað en það er ekki nóg að gert, og að því komum við einmitt í umræðunni á eftir. Þar er metnaðarfullt markmið sett, að við ætlum okkur að fækka enn frekar umferðarslysum, og ég veit að ég og hv. þm. Kristján Möller erum sammála um það. Við þurfum að auka aðhaldið meðal ungra ökumanna. Við þurfum að hafa fræðslu og jákvæða uppbyggingu, sérstaklega fyrir þessa ungu ökumenn. Við þurfum að hugsa um punktakerfið. Skilar það okkur því sem við viljum að það skili okkur? Þetta er gott kerfi en það má bæta.

Við sjáum líka að hærri sektir skila sér í auknu aðhaldi og þá sérstaklega í hraða meðal ungra ökumanna og líka meðal hinna eldri. Það er verið að gera mikið af góðum og merkum hlutum. Það er ákveðin stefna í gangi og við eigum að reyna að fylgja henni, sameinuð.

[18:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það má segja að inntak þessarar umræðu hafi gerbreyst áðan í andsvörum milli hæstv. ráðherra og hv. 19. þm. Reykv., Ástu Möller. Þá loksins boðaði ráðherra kannski megintilgang þessa frv. þegar hún útskýrði hvernig líta bæri á næstsíðustu mgr. 7. gr. frv. Þetta átti sér þann aðdraganda að hv. þm. Ásta Möller kom í ræðustól og lýsti því að ákveðin atriði í frv. kæmu við sitt einkavæðingarhjarta. Ég verð að játa að ég veit ekki hvernig svoleiðis hjarta lítur út, ég er bara með venjulegt hjarta, ekki svona einkavæðingarhjarta, og það tekur enga kippi í mér, hjartað, þó að ríkið eða hið opinbera hafi með höndum einhverja starfsemi fyrir hönd íbúanna í landinu. Það er ekki nokkur minnsta hætta á því að blóðið fari að renna öfugt í gegnum hjartað á mér þó að við veljum okkur það fyrirkomulag að láta opinberar stofnanir sjá um tiltekna hluti fyrir okkur sem hefur í aðalatriðum gefist okkur vel.

En það er ljóst að aðrir hafa aðrar skoðanir. Fyrir ýmsa er bara markmið í sjálfu sér, burt séð frá öllu öðru, að koma sem mestri starfsemi í hendur einkaaðila. Þá er í raun og veru ekki mikið að verða eftir þegar maður fer yfir það hvað mönnum dettur í hug að gæti verið ástæða til að einkavæða. Hv. þm. Ásta Möller hefur haldið ræður um mikilvægi þess að einkavæða duglega í heilbrigðisþjónustunni, ef ég veit rétt, og er sjálfri sér samkvæm í því. Þá er náttúrlega eðlilegt að hún vilji einkavæða líka í umferðaröryggismálum og umferðarmálum eins og kostur er.

Hæstv. ráðherra vísaði til þessarar næstsíðustu málsgreinar, 2. mgr. 7. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Umferðarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.“ — Punktur.

Það er dálítið magnað að ganga svona frá hlutunum. Ég var búinn að fara í umsögn um 7. gr. á bls. 7 þar sem fjallað er um þetta, og maður skyldi ætla að ef markviss og einbeittur pólitískur ásetningur væri á bak við þessa setningu væru menn ekki að fela hann. Þá stæði skýrt, annaðhvort í greinargerð frv. eða í umsögn um 7. gr., hvað til stæði — en svo er ekki. Í athugasemd við þessa nefndu 7. gr. þar sem hlutverk Umferðarstofnunar er tilgreint segir, með leyfi forseta:

„Í grófum dráttum er lagt til að Umferðarstofnun taki við verkefnum sem Skráningarstofan hf. og Umferðarráð sinna nú. Upptalning verkefna er þó ekki jafnítarleg og nú er um verkefni Umferðarráðs í 112. gr. laganna. Rétt þykir að í lögum verði einungis helstu þættir starfseminnar tilgreindir, en nánari upptalning á verkefnum Umferðarstofnunar verði að finna í reglugerð.“ — Gott og vel.

Maður skyldi ætla af þessari lögskýringu að þetta væru þau verkefni sem Umferðarstofnun ætti að hafa með höndum — en svo er ekki. Þessi dæmalausa setning í 7. gr. frv. gerir það að verkum að Umferðarstofnun getur svo gott sem og í raun og veru alveg lagt sjálfa sig niður ef henni sýnist svo. Hún þyrfti ekki að vera til nema í orði kveðnu því að þetta er án nokkurra takmarkana eða undanþágna sett aftast í 7. gr. þar sem hlutverki stofnunarinnar er lýst og það er ekkert undan dregið. Umferðarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, bara allt saman. Það má einkavæða allt heila klabbið ef svo ber undir.

Hvað hefur þá upptalning af þessu tagi upp á sig? Hlutverk Umferðarstofnunar er að annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu, annast ökupróf, veita leyfi, annast fræðslu og upplýsingamiðlun, annast skráningu umferðarslysa, annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum o.s.frv. Þetta er allt saman nokkuð ítarlega sundurgreint en svo kemur bara setningin: Þetta er allt í plati — því það má einkavæða þetta allt saman ef Umferðarstofnun sýnist svo samkvæmt reglum sem ráðherra þá setur. Það á að færa ráðherranum algjört vald til að einkavæða þessa starfsemi eins og hún leggur sig ef svo ber undir.

Þetta er auðvitað mjög sérkennilegt, herra forseti. Að nafninu til er þetta frv. um að stofna opinbera stofnun, „ríkisstofnun“ stendur í umsögn um 6. gr. frv. Þar segir: „Lagt er til að stofnuð verði sérstök ríkisstofnun er beri heitið Umferðarstofnun.“ Já, en svo er bara hægt að einkavæða starfsemina eins og hún leggur sig út um bakdyrnar. Þetta er sambærilegt ofstæki og kom inn á þing þegar setja átti í heilbrigðislögin eitt einfalt ákvæði sem ráðherrar gætu svo haft í höndunum til að einkavæða nánast heilbrigðisgeirann eins og þeim sýndist, og gott ef þeir áttu ekki bara að geta haft ríkisreksturinn eins og leir í höndum sínum á hverjum tíma út á einhver heimildarákvæði. Má ég biðja um betri stjórnsýslu en þetta, aðeins meiri festu í hlutina.

Við skulum þá fara í gegnum það og takast á um hvað ríkið á að hafa með höndum í þessum efnum, og hvað ekki. Ræðum það heiðarlega en förum ekki svona með málin. Þá er til lítils að setja lög. Alþingi liggur að nafninu til yfir því hvað þessi Umferðarstofnun eigi að gera. Það er sundurliðað í löngu máli en svo bara ræður ráðherra því eða kommissarinn í þessari stofnun. Þeir geta farið á kaffihús, hérna út á Hótel Borg, verðandi framkvæmdastjóri í þessari stofnun og ráðherra, einhver á komandi árum, og gert það sem þeim sýnist í þessum efnum, þess vegna ákveðið, í grófum dráttum talað, að leggja Umferðarstofnun niður, hún verði eingöngu til að nafninu til og feli öðrum aðilum öll verkefni sín enda glaðnaði mjög yfir hv. þm. Ástu Möller þegar hún hafði fengið þessar útskýringar frá hæstv. ráðherra, þarna væri einkavæðingarsjónarmiðunum borgið. Þarna er hægt að einkavæða og hagræða, sagði hæstv. ráðherra. Og þá er bara best að taka það upp á borðið, herra forseti.

Látum vera að menn hefðu séð þetta þannig fyrir sér í einhverjum praktískum þáttum eins og t.d. í j-liðnum, að annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum. Látum vera að þann rekstur mætti bjóða út, og stofnunin þyrfti ekki endilega sjálf að annast það. En það er grundvallarmunur á því og þeirri stjórnsýslu og því öryggishlutverki sem þessari opinberu stofnun er ætlað, sem hefur verið hjá Umferðarráði og þá eftir atvikum hjá Skráningarstofunni. Væri þá ekki nær að þessi stofnun dreifði verkefnum í fjarvinnslu, stæði fyrir þeim í gegnum fjarvinnslu annars staðar í landinu heldur en að færa þetta allt saman á altari einkavæðingarinnar? Og hefur það gefist svo vel? Eru menn mjög stoltir sem hafa farið yfir — eða kannski hafa menn ekki einu sinni haft fyrir því að kynna sér hvernig þjónustan hefur þróast, t.d. í sambandi við skoðanir á ökutækjum, skráningar þeirra og ýmislegt fleira? Veit hæstv. ráðherra hvernig er t.d. að þurfa að láta endurskoða vörubíl víða á landsbyggðinni? Það þarf að keyra mörg hundruð kílómetra með tugþúsunda króna kostnaði — eins og gjaldskrárnar séu ekki nógu háar. Það er ekki lengur hægt að afskrá ökutæki og fá það skráð aftur til að losna við gjöld nema með höppum og glöppum af því að númerin þurfa öll að fara til Reykjavíkur. Það er meira og minna búið að leggja alla þjónustu á landsbyggðinni niður á þessu sviði. Menn muna kannski hvernig gjaldskráin fór upp úr öllu valdi á fyrstu árum einkavæðingar Bifreiðaskoðunar hf. Muna menn það? Fyrirtækið margfaldaði gjaldskrárnar á örfáum árum. Vissulega var verið að ráðast í fjárfestingar og byggja upp fína og dýra aðstöðu. Það skal ekki lastað að búnaður í landinu til skoðunar batnaði en það kostaði líka sitt. Rjúkandi hagnaður var af fyrirtækinu nánast á hverju ári þrátt fyrir grenjandi fjárfestingar. Svo dýrt var það. Þá sagði enginn múkk af því að það var búið að einkavæða. Ég er ansi hræddur um að það hefði heyrst í mönnum ef Bifreiðaeftirlit ríkisins sáluga hefði hegðað sér þannig. Það var að berjast við að halda uppi góðri þjónustu um allt land og menn þurftu ekki að keyra hálft landið á enda til að fá skoðun á þeim tíma. Nei, hún stóð til boða í hverju einasta byggðarlagi landsins á samræmdu verði sem tók til landsins alls. Núna er hluti landsmanna dæmdur í miklu lakari þjónustu og gríðarleg útgjöld vegna þess að hin einkavædda starfsemi tekur fyrst og fremst mið af hagsmununum þar sem markaðurinn er stærstur og lætur hinn hlutann mæta afgangi. Ég er ekki hrifinn, og ekki par hrifinn af einhverjum einkavæðingarofstækishugmyndum sem læðast hér inn í þetta frv. (Forseti hringir.) — Mátti ekki nefna þetta orð, herra forseti?

(**Forseti** (ÁSJ): Tíminn er búinn.)

Nú, er tíminn búinn? Það er bara svona, þá er hann búinn.

[18:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umsnúningur ríkisstjórnarinnar og hæstv. dómsmrh. í einkavæðingarmálum vekur athygli mína. Mér kemur þetta afar mikið á óvart. Ég minnist þess þegar verið var að einkavæða Bifreiðaskoðun á sínum tíma. Þá fóru hér fram langar og miklar umræður þar sem menn tókust á um þessa hluti. Satt að segja fannst ýmsum ekki glæsilegt hvernig menn höfðu hugsað sér að hafa þetta, þ.e. að bifreiðaskráningin ætti að vera hjá einkavæddu fyrirtæki og síðan áttu aðrir að stofna önnur einkavædd fyrirtæki sem ættu að keppa við þetta einkavædda fyrirtæki sem hefði bifreiðaskrána. Menn voru staffírugir yfir því að það væri bara rosalega fínt að hafa þetta svona.

Svo hröktust menn auðvitað frá þessu því að þetta var tóm vitleysa og nú eru menn komnir allan hringinn. Ég fagna því. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég fagna því. Nú eru menn komnir til baka og sjá að þetta er ekkert voðalega sniðugt. Grundvöllur einkavæðingar hlýtur alltaf að vera sá að hægt sé að mynda einhvers konar samkeppnisumhverfi fyrir starfsemina sem um er að ræða. Það er einfaldlega ekki fyrir hendi fyrir þá starfsemi sem hér er.

Ég missti af fyrstu ræðum hér í dag og veit ekki hvort menn hafa lesið bréf sem a.m.k. sumir þingmenn fengu frá starfsmönnum Skráningarstofunnar. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þetta stutta bréf sem 40 starfsmenn Skráningarstofunnar skrifa undir.

Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirvofandi breytingar munu að okkar mati raska því góða starfi sem hjá okkur er unnið og því jafnvægi sem við höfum náð í starfsemi okkar. Einnig erum við hissa á þessari stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar sem hefur haft einkavæðingu að markmiði. Teljum við að rekstur hlutafélags sé skilvirkari en stofnanarekstur. Við viljum því biðja ykkur að gæta hags okkar og tryggja okkur áframhaldandi starfsgrundvöll í því umhverfi sem við nú störfum í."

Undir þetta skrifa, að mér taldist til í snarheitum, 40 manns. Þetta er þeirra sjónarmið og ég virði það fullkomlega. Ég hef að vísu aðra skoðun en þetta fólk en ég tel ástæðu til að koma skilaboðum þess til skila.

Erindi mitt í ræðustól er fyrst og fremst að segja að ég er ekki á móti einakvæðingu en ég tel að sú einkavæðing þurfi að byggjast á því að hægt sé að mynda samkeppnisumhverfi þar sem nokkrir aðilar takist á um starfsemina og bjóði þjónustu. Það er einfaldlega ekki hægt í öllum tilfellum í okkar litla landi og þetta er að mínu viti eitt þeirra atriða sem við getum ekki kannski myndað mikla samkeppni um.

Þetta er ekki eini leiðangurinn í einkavæðingu sem hefur farið illa á undanförnum árum. Við sáum hvernig farið var í einkavæðingu skoðunarstofa í sambandi við fiskeftirlit og skip. Menn voru þar komnir af stað með ein átta fyrirtæki. Þessi fyrirtæki voru í samkeppni um að gefa vottorð um eftirlit í sjávarútveginum. Auðvitað varð þetta margfalt dýrara en verið hafði áður og gekk ekki eins og til var ætlast.

Í málinu sem við sjáum hér finnst mér þó virðingarvert að menn hafi séð að sér. Menn hafa þó séð að þetta gengur ekki og vilja ganga til baka. Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á k-lið 7. gr. frv. Ég tel að menn ættu bara að varast vítin og setja ekki inn ákvæði sem bjóða upp á að dómsmrh. næstu ára geti slysast til að gera nýjar tilraunir af þessu tagi. Það væri a.m.k. ástæða til að fleiri en hann bæru ábyrgð á slíkri tilraun, ekki eingöngu einn ráðherra. Ég hvet til að þessu ákvæði verði bara kippt út úr frv. Sá dómsmrh. sem hefði áhuga á að fara í nýjan einkavæðingarleiðangur á þessu sviði þyrfti þá að leggja á sig að fá slíkar fyrirrætlanir samþykktar á hv. Alþingi. Ég held að það sé affarasælast.

Ég ætla að geyma mér að ræða um umferðaröryggismál í tengslum við þetta. Ég verð þó að segja að ég hef því miður fullar efasemdir um að ákvæðin sem sett eru hér í 1. gr. frv. nái þeim árangri sem við vildum sjá. Ég verð að viðurkenna þá skoðun mína að því miður hafi nokkur fjöldi ungra ökumanna ekki þroska til að fá ökupróf fyrr en upp úr tvítugu. Ég þekki því miður þó nokkuð mörg dæmi þessa. Með einhverjum ráðum þarf að hafa reglurnar þannig að þetta fólk sé ekki að skaða sig sjálft og aðra. Það þarf þess vegna mjög strangar reglur um þessa hluti.

Ég tel að það kæmi vel til greina að hafa lágmarksaldur til bílprófs hærri en hér er. Satt að segja sé ég ekki neina óskaplega nauðsyn á því að hann sé svo lágur. Mér finnst að nefndin ætti að gefa sér svolítinn tíma til að fara yfir þessi mál þó að ég viti svo sem ósköp vel að það hefur verið gert í gegnum tíðina. Menn hafa rætt þetta fram og til baka. En því miður valda ungir ökumenn, og sérstaklega karlmenn, langflestum þessara slysa. Þeir hafa ekki þroska til að hafa bílpróf. Þannig er það því miður.

Alþingi ber ábyrgð á þeim reglum sem um þetta gilda. Það er ekki vansalaust að horfa upp á öll slysin sem verða af völdum þessa hóps. Ég held að það verði að standa vaktina mjög vel hvað þetta varðar. Ef þær reglur sem menn hyggjast núna setja virka ekki verða menn einfaldlega að taka á þessu máli með því að hækka lágmarksaldurinn. Það er skoðun mín í þessu samhengi.

[18:24]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ábendingar hans.

Auðvitað er ósköp eðlilegt að skoðanir geti verið skiptar um umferðaröryggismál og hvaða leiðir séu bestar til að ná því markmiði að fækka slysum. En ég vil benda á að ég tel það mikið gleðiefni að í síðustu umferðaröryggisáætlun náðist einmitt þetta markmið, m.a. að fækka slysum. Fram á það er hægt að sýna með tölum.

Varðandi unga ökumenn hygg ég að allir þingmenn deili áhyggjum af þeim og þætti þeirra í slysum í umferðinni. Það hafa auðvitað orðið skelfileg slys í umferðinni og miklar mannfórnir, því miður. Ég held að allir séu sammála um að við verðum að taka í sameiningu á þeim málum. Eins og við vitum eru skiptar skoðanir um ökuprófsaldurinn, hvort það eigi að hækka hann eða ekki. Þó er gerð tilraun til að koma til móts við þau sjónarmið í þessu frv., þ.e. með því að benda á að eftir þrjú ár, eftir að akstursmat hefur farið fram, verði gerð úttekt á því hvernig sú breyting hefur reynst, hvort hún hafi leitt til fækkunar slysa hjá ungum ökumönnum eða hvort ástæða sé til frekari breytinga, þar á meðal hvort hækka eigi þennan aldur. Ég vildi láta það koma fram.

Varðandi þetta bréf frá starfsmönnum Skráningarstofunnar hef ég auðvitað séð það eins og allir aðrir þingmenn. En ég vil benda hv. þm. sérstaklega á bls. 8 í frv. þar sem fjallað er um ákvæði til bráðabirgða. Þar er talað um að skipuð verði sérstök verkefnisstjórn sem muni meta hvaða verkefni fara undir þessa stofnun, hvernig deildaskipting stofnunarinnar skuli vera o.s.frv. En það er líka tekið fram að starfsfólki Umferðarráðs skuli boðin störf hjá Umferðarstofnun. Einnig er lagt til að heimilt verði að bjóða starfsfólki Skráningarstofunnar hf. störf hjá Umferðarstofnun þegar ákvarðanir um tilfærslu verkefna frá Skráningarstofunni til Umferðarstofnunar liggja fyrir.

[18:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég dreg ekki í efa að menn muni standa við þessi orð. Ég vonast til að þessir starfsmenn geti orðið álíka hamingjusamir og þeir voru hjá Skráningarstofnunni þó að þeir telji greinilega, a.m.k. í bréfi sínu, að fyrirkomulag sem er núna sé betra en það sem starfseminni er ætlað í framtíðinni.

Ég verð að segja eins og er, að mér finnst að þau þrjú ár sem verið er að tala um sem reynslutíma á þetta fyrirkomulag sem hérna er lagt til að verði tekið upp séu of langur tími. Ef þetta skilar sér ekki strax — ég held nefnilega að menn sjái þetta býsna fljótt hvað slysin varðar — í fækkun slysa tel ég að menn þurfi að bregðast við og hafa ekki takmarkandi frest hvað þetta varðar. Ég hvet hæstv. ráðherra til að líta þannig á málið að ef menn telji að þetta ákvæði bindi að einhverju leyti verði því einfaldlega breytt þannig að endurskoðun fari fram strax og menn telja ástæðu til.

[18:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé í raun ekkert sem mælir gegn því að slíkt sé gert. Að sjálfsögðu þarf að fylgjast vel með þróun þessara mála. Ég deili vissulega áhyggjum hv. þm. af ungum ökumönnum en ég bendi líka á að það hafa verið mjög skiptar skoðanir um ökuprófsaldur, m.a. hefur verið bent á að þetta gæti skapað ákveðna erfiðleika fyrir ungt fólk á landsbyggðinni, fólk sem þarf að keyra nokkuð langa leið til að komast í skóla eða vinnu. Það eru svo sem ýmis sjónarmið á bak við í þessu máli en vissulega er það svo, að ég held, að einu löndin í Evrópu sem enn þá hafa 17 ára aldur eru Ísland og Bretland. Alls staðar annars staðar er ökuleyfið miðað við 18 ára aldur.

Menn hafa á hinn bóginn sagt að það hafi engar óyggjandi sannanir komið fram um að þó að aldurinn væri hækkaður mundi slysum fækka. En svo sannarlega þarf að fylgjast með þróun þessara mála.

[18:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar óyggjandi sannanir fyrir því að því neðar sem ökuleyfisaldurinn er færður því meiri hætta verði á slysum. Við getum látið okkur detta í hug að halda áfram með hann niður í svona 10–11 ár til að sanna það sem ég er að segja hér. Ég tel að ekki þurfi að ganga lengra.

Hvort menn hafa borið saman 17 og 18 ára aldur þannig að það sé óyggjandi skal ég ekkert um segja en ég held að það verði að horfast í augu við þessa hluti, annaðhvort með því að hækka aldurinn almennt eða ganga enn harðar fram í því að fresta ökuleyfisrétti þeirra sem ekki hafa náð þroska til að aka bifreið. Ef vaktin er staðin vel og reglur eru strangar getur það kannski orðið til að ungir ökumenn í þessum áhættuflokki missi prófin nægilega snemma, áður en þeir valda skaða. Þeir fengju öllu heldur ekki framhaldspróf, eins og menn ætla sér með þeim reglum sem hér eru til umræðu. Þetta vildi ég segja um málið.

Mér finnst að ganga verði mjög hratt fram í því að reyna að breyta þessu. Það er ekki við það búandi að horfa upp á þessi slys áfram. Við höfum einfaldlega ekki leyfi til þess, finnst mér, að taka okkur langan tíma til að prófa nýtt fyrirkomulag ef það skilar ekki árangri.

[18:31]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, 675. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1091.

Fasteignakaup, 253. mál, þskj. 1161.

Húsnæðismál, 710. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1165.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 378. mál, brtt. SJS, þskj. 1152.

[18:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um breytingu á umferðarlögum en meginefni frv. er að koma á heildstæðu skipulagi

á stjórnsýslu umferðarmála með því að sameina verkefni Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs og ýmis verkefni dómsmrn. og fela þau einni stofnun, Umferðarstofnun.

Í umsögn um 6. gr. frv. er vísað til Umferðarstofnunar sem ríkisstofnunar og í 7. gr. eru síðan tíunduð þau verkefni sem hún á að hafa á hendi. Það er að:

„a. annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,

b. annast ökupróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu,

c. veita leyfi til að annast skoðun ökutækja og hafa eftirlit með þeirri starfsemi í samvinnu við Löggildingarstofu,

d. annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál,

e. styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi,

f. vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,

g. annast mótun reglna er varða ökutæki og umferð,

h. annast skráningu umferðarslysa og rannsóknir á orsökum umferðarslysa,

i. sinna þróunarverkefnum á starfssviði sínu,

j. annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum og

k. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra."

Þetta eru þau verkefni sem sú ríkisstofnun, sem svo er skilgreind í umsögn um frv., á að annast. Síðan kemur í ljós, eins og hér hefur verið bent á við umræðuna, að þeirri stofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra samkvæmt reglum sem dómsmrh. setur.

Hér er vert að fá nánari skýringar á því hvað af þeim liðum sem taldir hafa verið upp gætu hafnað út í markaðsvæðingu. Stendur t.d. til að einkavæða mótun reglna er varða ökutæki og umferð? Kæmi til greina að vinna við þetta yrði markaðsvædd? Er ekki eðlilegt að verkefni á borð við þessi séu hjá ríkisstofnuninni? Mér finnst harla undarlegt að fela það í sjálfsvald hæstv. dómsmrh. á hvern hátt hann skilgreinir verkefni ríkisstofnunarinnar annars vegar og þeirra sem kæmu til með að annast einstök verkefni á markaði hins vegar. Þetta er allt of óljóst.

Það er svo sem engin nýlunda að fara þessa leið í einkavæðingu. Menn þekkja það t.d. frá almannasamgöngum, þar á meðal víða á Norðurlöndunum, að svo á að heita að almannasamgöngur séu á vegum sveitarfélaganna þegar þær í reynd hafa verið einkavæddar. Þannig er það t.d. í Kaupmannahöfn að fyrirtæki eða stofnun öllu heldur, almannastofnun á vegum borgarinnar og rekin af henni, annast umsýslu almannasamgangna í Kaupmannahöfn. Hins vegar er sjálf framkvæmdin, rekstur strætisvagnanna og eignarhald á öllum tækjabúnaði í höndum einkafyrirtækja. Þetta eru í rauninni ekkert annað en orðin tóm þegar talað er um eða vísað er til slíkra stofnana sem opinberra stofnana. Þessu má líkja við egg þar sem skurnin er á vegum almannaþjónustunnar en allt sem þar er fyrir innan er einkavætt og verið er að opna á það í frv.

Hins vegar eru aðrir þættir í frv. sem vert er að gaumgæfa og hafa vakið talsverða umræðu við 1. umr. málsins. Að sjálfsögðu ber að lofa það þegar frv. er sett fram fyrir lok þings þannig að gott tóm gefist yfir sumarið til að skjóta því til umsagnar til þeirra aðila sem um málin eiga að fjalla þannig að þingið sé betur í stakk búið þegar það kemur saman að hausti til að taka á málinu áður en það verður afgreitt sem lög.

Ég mun að sjálfsögðu leggja mitt af mörkun í umfjöllun allshn. þar sem ég á sæti sem áheyrnarfulltrúi þegar kemur að því að fjalla um málið bæði núna í vor og í haust eftir að umsagnir um frv. hafa borist. En það er greinilegt af þeirri umræðu sem þegar hefur farið fram, þar sem menn hafa þó lítið gert annað en að viðra almenn sjónarmið að ýmsar hugmyndir eru uppi.

Ég vil taka fram að ég fékk einnig í hendur bréf frá starfsmönnum Skráningarstofunnar hf. þar sem fólkið lýsti áhyggjum af framtíð sinni. Reyndar hafði það miklar áhyggjur af því að hafna inni í ríkisstofnun, vildi gjarnan vera í hlutafélagi, (Gripið fram í.) vera markaðsvætt. Nei, ég er sammála fólkinu að því leyti að ég vil standa vörð um atvinnuöryggi þess og fagna þeim yfirlýsingum sem komu frá hæstv. dómsmrh. áðan varðandi það atriði. Hins vegar er ég ósammála starfsmönnunum hvað viðvíkur rekstrarforminu. Ég tel að hér sé um svo almenna stjórnsýslu að ræða að þetta eigi heima hjá opinberri stofnun, þótt ég geti fallist á að einstaka verkþættir verði þess vegna boðnir út eða fengnir í hendur einkafyrirtæki, sitthvað sem lýtur að tölvum og öðru slíku.

En þegar kemur að hinu, að annast mótun reglna er varða ökutæki og umferð og annað sem snertir sjálfan kjarna stjórnsýslunnar þá tel ég að það eigi tvímælalaust heima hjá opinberri stofnun.

[18:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mig langar að gera að smáumræðuefni ákveðið atriði í frv. sem ekki hefur komið fram í umræðunni, en það er í b-lið 1. gr. þar sem sagt er: „hafi ekki í eitt ár samfellt fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota". Þetta er sem sagt um það að ungt fólk eigi að geta fengið útgefið varanlegt skírteini.

Síðar segir í athugasemdum á bls. 5 um 1. gr.:

„Telji hann ökumann" — þ.e. ökukennari sem framkvæmir akstursmat — „vel hæfan kveður hann á um þann árangur í umsögninni og getur mælt með því að hann fái útgefið fullnaðarskírteini."

Í 1. gr. virðist mér að í b-lið sé algjörlega tæmandi og takmarkandi tálmun á því að þrátt fyrir að viðkomandi hafi farið í akstursmat og að áliti ökukennara staðist allar kröfur og sýnt afburðahæfni við aksturslag þá geti hann ekki öðlast framtíðarskírteini vegna þess að hann hafi e.t.v. á fyrsta mánuði ökuferils síns gerst brotlegur og fengið einhvern punkt.

Nú er það svo og allir þekkja það að menn geta fengið punkta í þessu punktakerfi af ýmsum mismunandi ástæðum. Ég nefni sem dæmi hálku á vegamótum, þegar menn ætla að stöðva og ná því ekki og telja þá skynsamlegast að fara yfir vegamótin frekar en eitthvað annað án þess að það valdi slysi. Ég nefni ungan ökumann sem fylgir umferðarhraða annarra á þjóðvegi, sem er víðast hvar svona rýmilega yfir mörkum.

Ég er að vekja athygli á þessu vegna þess að mér finnst það dálítið snúið að ef ungur maður hefur fengið einn eða tvo punkta snemma á ökuferli sínum í þessu svokallaða punktakerfi og síðan ekki söguna meir, hefur síðan sýnt af sér alla hæfni þess að vera mjög fær og góður ökumaður að mati þess sem prófar hann, að þá skuli það samt vera svo að sá sem framkvæmir akstursmatið, ökukennarinn, þó að hann að öllu leyti telji manninn hæfan til að fá skírteini til

frambúðar, þá sýnist mér að honum sé það alls ekki heimilt samkvæmt b-lið 1. gr.

Um þetta vildi ég spyrja og þá jafnframt hvort ekki væri rétt að athuga í fyrsta lagi um hve marga punkta þarna ætti að vera að ræða eða á þetta að vera eins og hér er uppsett alfarið fall á fyrstu mistökum hvernig svo sem ökuferill mannsins er að öllu öðru leyti?

[18:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég tók fram í framsögu minni með frv. þá er það svo í framkvæmdinni í dag að ungir ökumenn fá bráðabirgðaökuskírteini fyrstu tvö árin. Hér er verið að opna fyrir ákveðna umbun til þeirra ökumanna sem standa sig mjög vel, t.d. með því að fá ekki punkta í sína skrá. Ég vil taka skýrt fram að menn fá ekki punkta nema um sé að ræða alvarleg umferðarlagabrot.

Ég tel því að þetta sé í raun og veru mjög spennandi leið sem verið er að tala um í frv. Verið er að tala um að umbuna ungum ökumönnum fyrir að aka rétt í umferðinni og fylgja öllum settum reglum. Ég hygg að það komi alveg skýrt fram í frv. og vænti þess að það muni reynast vel. En einnig er lagt til að það verði metið eftir ákveðinn tíma, þrjú ár, hvernig þetta hefur gengið fyrir sig og hvort það hefur gefið góða raun eða ekki.

[18:44]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil alveg hvað í frv. stendur. Það sem ég var að vekja athygli á var það að ég sé ekki að nokkur þörf sé á því fyrir ungmenni að eiga ekki von til þess að fá neina umbun þrátt fyrir að um algjörlega slysalausan akstur hafi verið að ræða, ef ungmennið hefur lent í því á fyrstu mánuðum ökuferils síns að fá einn punkt, því að þetta er algjörlega takmarkandi ákvæði. Hvað svo sem ökukennarinn segir þegar hann er búinn að fara með viðkomandi í akstursmat, telur manninn vel hæfan og standast að öllu leyti þær kröfur sem hægt sé að gera til ökumanns, þá hefur hann engan rétt á þeirri umbun sem felst í frv. vegna þess að ákvæðið er algjörlega tæmandi, það þarf ekki nema einn punkt.

[18:45]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja orð í belg varðandi 7. gr. frv., um það hlutverk Umferðarstofnunar að undirbúa ökukennslu ungra Íslendinga og ökupróf. Auðvitað blandast þar inn í það sem við höfum öll mestan áhuga á, að fækka slysum. Það verður að segjast að því miður má rekja mörg umferðarslys til þeirra sem eru nýkomnir með próf vegna þess að þá skortir reynslu til að bregðast við hinum ýmsu þáttum í akstri. Við getum rifjað upp dagana þegar maður sjálfur byrjaði að keyra og borið við hvernig það er í dag. Margt þarf að taka inn í reikninginn, hvort sem það er akstur í hálku, akstur í myrkri, að búfénaður hlaupi yfir veginn o.s.frv.

Allt er þetta góðra gjalda vert sem hér er gert ráð fyrir. Hér er m.a. fjallað að veita umbun samkvæmt 1. gr., sem ég var spurður út í áðan og mér sýnist mjög góð, til þeirra sem á fyrsta ári fá ekki refsistig eða punkta.

Í framhaldi af 7. gr. ætla ég ekki að blanda mér í umræðuna sem var hér áðan, um hvort einkavæða ætti einhvern hluta af þessu. Ég vona að svo fari ekki vegna þess að ég held að þetta sé hlutverk ríkisvaldsins og sé best komið þar. Ég er samt ekki mikill ríkisrekstrarsinni. En það er fjallað um hlutverk Umferðarstofnunar í að annast ökupróf og starfrækja ökuskóla o.s.frv. í 7. gr. Ég ætla ekki að lesa það upp en vildi hins vegar minna á, herra forseti, tillögur frá einum hóp sem starfaði á umferðarlagaþinginu árið 2000. Þar starfaði hópur 3 undir forustu Kristjáns Þorbjörnssonar, yfirlögregluþjóns á Blönduósi. Þar komu fram merkilegar tillögur en sá hópur fjallaði um unga ökumenn og annað. Hann komst að þeirri niðurstöðu að umferðarfræðsla þyrfti að fara meira fram skólakerfinu, ýmist í leikskólum, grunnskólum eða framhaldsskólum.

Við vitum að oft og tíðum, vonandi í flestum sveitarfélögum, koma lögreglumenn og sinna umferðarfræðslu í leikskólum og grunnskólum. Sú fræðsla er náttúrlega meira um hvernig gangandi börn og unglingar eiga að haga sér í umferðinni. En þar var líka rætt um framhaldsskólana þar sem unglingar eru komnir með aldur til að taka ökupróf. Ég vildi gera að umtalsefni hvort ekki hafi komið til tals í þessari umræðu um unga ökumenn að taka hreinlega umferðarkennslu að einhverjum hluta, alls ekki alla að sjálfsögðu, en a.m.k. bóklega umferðarkennslu, inn í framhaldsskóla og gera að skyldufagi sem gæfi punkta til stúdentsprófs. Ég held að það væri mjög mjög mikilvægt atriði, þ.e. hvernig farið verður gegnum ákveðna þætti þar. Það væri þá verkefni menntmrn. og annarra að búa til námsgögn fyrir kennsluna.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, vegna þess að ég held að þetta sé ákaflega mikilvægt. Ég tel það reyndar hafa verið til mikilla bóta þegar byrjendakennsla ungra ökumanna var gerð þannig að foreldrar mættu annast hluta af henni. Ég held að það hafi verið til góðs, að annaðhvort foreldri eða annað skyldmenni fylgi viðkomandi fyrstu kílómetrana, vonandi tugi kílómetra, í akstri. En samt sem áður má úr bæta en ég ætla ekki að blanda mér inn í umræðuna um aldursmörk til að fá ökupróf, hvort menn eigi að vera 17 eða 18 ára. Það eru kostir og gallar við það allt saman.

Mér kom það hins vegar á óvart sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan. Ég verð að viðurkenna að ég vissi ekki að það væru eingöngu Ísland og Bretland sem veittu ökuleyfi við 17 ára aldur en aðrir væru þar komnir í 18 ára aldursmörk. Ég held hins vegar að hér sé verið að stíga góð skref hvað þetta varðar og tíminn verði að leiða í ljós hver árangurinn verður af skráningu á þeim umferðarslysum sem ungir ökumenn varða valdir að. Verði það ljóst af statistíkinni, svo ég noti það slæma orð, að ungir ökumenn á bilinu 17–18 ára séu valdir að svo og svo mörgum alvarlegum slysum þá verður auðvitað að taka þessa hluti til skoðunar.

Þetta vildi ég segja. Ég legg höfuðáherslu að taka umferðarfræðsluna meira inn í skólakerfið, þá sérstaklega framhaldsskólakerfið eins og ég ræddi um áðan, að framhaldsskólanemendur séu skyldaðir af skólunum til að fara inn í svo og svo mikla umferðarfræðsu til undirbúnings því að foreldrar taki við í akstri með æfingaleyfi og til frekara undirbúnings því er ökukennarinn tekur við og klárar umferðarkennslu sem á að vera góður grunnur að góðum ökumanni. En inn í þetta blandast vafalaust peningar. Hvar á að fá peninga til þess að stunda þetta og gera þetta? Framhaldsskólar eru frekar í fjársvelti en hitt.

Það kom líka fram í áliti þessa ágæta hóps sem ræddi þetta á umferðarþinginu að umferðarsektir gætu runnið í einhvers konar forvarnasjóð eða til frekari umferðarfræðslu fyrir unga ökumenn, eða til þess, sem er vafalaust það allra besta, að umferðarlöggæsla verði stórefld. Það er náttúrlega

mjög eðlilegt að tillaga um að umferðarlöggæsla verði stórefld kæmi fram í þessum hópi sem Kristján Þorbjörnsson, yfirlögregluþjónn á Blönduósi, stýrði. Ég hef áður sagt að ég held að það séu ekki mörg lögregluumdæmi sem standa sig jafn vel og Blönduósslögreglan í að fylgjast með ökuhraða og fylgjast með umferð í gegnum Húnavatnssýslu. Það þekkja þeir sem keyra þar oft um, m.a. sá sem hér stendur, sem hefur þó nokkrum sinnum lent í þessum ágætu mönnum fyrir að keyra e.t.v. of hratt.

Ég verð hreinlega að játa að sá sem hér stendur keyrir ákaflega hægt í gegnum þessa sýslu þar sem mæta má þessum öruggu og miklu umferðareftirlitsmönnum sem lögreglan á Blönduósi er, en var þó síðast tekinn fyrir of hraðan akstur þegar ég var að koma úr jólafríi á þrettándanum, fyrir að keyra nokkrum kílómetrum of hratt. En ég hafði mér það til málsbóta að jeppinn minn var á stærri dekkjum en hann var seldur á og lögreglan huggaði mig með því að kílómetrarnir umfram gætu hafa verið út af þessum stóru dekkjum. En seinna meir fékk ég 7.500 kr. umferðarlagasekt sem ég þurfti að greiða í ríkissjóð.

Ég hygg að öðrum sé farið eins og mér þegar ekið er í gegnum Húnavatnssýslu og viti að þar er eins gott sé að passa sig. Þetta segi ég og tek persónulegt dæmi vegna þess að sennilega er hin aukna löggæsla, sýnileg löggæsla á þjóðvegum landsins langáhrifaríkust í umferðinni. Það kostar peninga en ríkissjóður fær líka peninga til baka. Ég hygg að þeir oft eru teknir fyrir of hraðan akstur og þurfa oft að borga 7.500 kr. í umferðarlagasekt í ríkissjóð hljóti að passa sig. Þetta kemur við budduna. Alla vega er sá sem hér stendur farinn að aka hægar en áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 1. umr.

Stjfrv., 653. mál (rafræn vöktun o.fl.). — Þskj. 1052. [18:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Meginefni þessa frv. er tvenns konar. Annars vegar er er lagt til að lögfest verði ákvæði sem kveða skýrt á um í hvaða tilvikum megi safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum sem verður til við rafræna vöktun og hvernig skuli fara með slíkt efni. Þá eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um fræðslu- og viðvörunarskyldu ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða.

Notkun einkaaðila á búnaði til sjónvarpsvöktunar hefur aukist verulega. Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er ekki kveðið sérstaklega á um hvernig skuli fara með myndefni sem verður til við sjónvarpsvöktun heldur hafa almenn ákvæði laganna verið látin taka til vinnslunnar. Vegna séreðlis þessarar vinnslu gæti reynst torvelt að finna henni stoð í ákvæðum laganna, jafnvel þótt hún kunni að eiga sér fyllilega lögmætt og málefnalegt markmið. Með frumvarpinu er leitast við að bæta úr þessu.

Samkvæmt 1. gr. frv. verður heimilt að safna hljóð- og myndefni sem verður til við rafræna vöktun að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi þarf vöktunin að vera nauðsynleg og fara fram í öryggis- og eignavörsluskyni, í öðru lagi má ekki vinna frekar eða afhenda efni sem verður til við vöktunina án samþykkis þess sem upptaka er af. Þó er alltaf heimilt að afhenda lögreglu slíkt efni ef það inniheldur upplýsingar um refsiverðan verknað eða slys. Í þriðja lagi er skylt að eyða því efni sem til verður við vöktunina innan ákveðinna tímamarka eða þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það. Sá tímafrestur mun almennt vera skammur.

Þá felur frv. einnig í sér heimild fyrir Persónuvernd að setja nánari reglur um vöktunina og vinnslu efnis sem verður til við hana, sbr. 5. gr. frv. Slíkar reglur mundu t.d. kveða nánar á um hversu lengi mætti varðveita myndefni og gæfu svigrúm til að kveða á um mismunandi varðveislutíma eftir því á hvernig stað vöktunin færi fram, t.d. hvort um væri að ræða vínveitingahús eða banka.

Sökum gríðarlegrar aukningar á notkun eftirlitsmyndavéla er nauðsynlegt að skýr ákvæði séu í lögum um notkun slíks búnaðar og hvernig beri að fara með myndefnið sem safnast við eftirlitið. Með þeirri lagabreytingu sem lögð er til með 1. gr. frv. mun t.d. ekki leika vafi á því að óheimilt er að senda myndefni sem safnast við slíkt eftirlit til fjölmiðla eða setja inn á veraldarvefinn nema samþykki þess sem myndefnið er af liggi fyrir.

Þá felst loks í frv. breyting á ákvæðum 20. og 21. gr. laga um fræðslu og viðvörunarskyldu sem hvílir á þeim sem safnar upplýsingum. Breytingarnar miða einkum að því að samræma efni og framsetningu þessara tveggja greina, einfalda efni þeirra og laga textann betur að Evróputilskipun 95/46, en það er sú tilskipun sem núgildandi lagaákvæði byggja á. Breytingin er til hægðarauka fyrir þá sem þurfa að vinna með lögin, bæði fyrir þá sem vinna persónuupplýsingar, svo sem fyrirtæki og stofnanir sem annast vísindarannsóknir og þá aðila sem starfa í stjórnsýslunni.

Þá felst einnig mikilvæg efnisbreyting í frv. sem hefur það markmið að einfalda verulega stjórnsýslu sem tengist 21. gr. laganna. 21. gr. fjallar um skyldu þess sem aflar upplýsinga til að tilkynna hinum skráða ef upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða. Í 2. mgr. greinarinnar eru svo undanþágur frá þeirri meginreglu. Ein undanþága er háð því að tilkynning til aðila sé að mati Persónuverndar óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á þann sem safnar upplýsingum en með sanngirni megi krefjast. Samkvæmt ákvæðinu metur Persónuvernd hvort undanþáguákvæðið eigi við í hvert skipti sem til greina kemur að beita því.

Til að einfalda stjórnsýslu og minnka skriffinnsku er lagt til í frv. að ekki þurfi að sækja sérstaklega um leyfi Persónuverndar til að beita þessari undanþágu frekar en öðrum undanþágum í ákvæðinu. Í athugasemdum með frv. er lögð áhersla á að þessi undanþága eigi einkum við um vísindarannsóknir eins og kveðið er á um í tilskipun 95/46/EB. Nefndar eru sem dæmi vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem hlotið hafa samþykki siðanefndar eða vísindasiðanefndar samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga. Persónuvernd fer eftir sem áður með eftirlit með því að lögunum sé framfylgt. Til að tryggja að Persónuvernd geti sinnt þessu eftirlitshlutverki á skilvirkan hátt er lagt til að ábyrgðaraðila verði gert skylt að tilkynna Persónuvernd um hvernig hann hyggist uppfylla fyrirmæli 20. og 21. gr. áður en vinnsla persónuupplýsinga fer fram, sbr. 4. gr. frv. Þannig getur Persónuvernd gripið inn í ef hún telur ástæðu til. Verði ágreiningur um rétt-

mæti beitingar undanþáguheimildarinnar sker Persónuvernd úr því álitaefni rétt eins og hún sker úr öðrum deilum um túlkun laganna.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[Fundarhlé. — 19:02]

[19:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fjöllum við um breytingar á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ég vil nefna það í upphafi máls míns líkt og ég gerði um mál sem hafa verið rædd hér fyrr í dag að það er virðingarvert að hæstv. ráðherra skuli leggja þessi frv. fram áður en þingi lýkur svo að tóm gefist til að skjóta málum til umsagnaraðila, og þinginu gefist tækifæri til að gaumgæfa málin rækilega þegar þing kemur saman í haust. Við ræddum allítarlega við 1. umr. um nýja Umferðarstofnun sem svipaður háttur er hafður á. Þetta eru þakkarverð vinnubrögð.

Í þessu frv. er lagt til að lögfestar verði reglur sem skuli gilda um hvernig farið verði með upplýsingar sem til verði við rafræna vöktun. Í grg. með frv. segir á þá leið að heimilt verði að safna hljóð- og myndefni sem verði til við rafræna vöktun, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Síðan er fjallað um hver þessi skilyrði eru og ætla ég ekki að fara nánar út í þá sálma enda ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta frv. við 1. umr.

Aðeins að nefna hve mikilvægt er að við hyggjum vel að lagasmíð sem lýtur að þessu. Sannast sagna held ég að menn séu nokkuð tvískiptir í afstöðu sinni. Annars vegar hljótum við að vera því fylgjandi að öryggis okkar, og eigna þess vegna, sé vel gætt og ef hægt er að auka slíkt öryggi með vöktun ætti hinn heiðarlegi maður ekki að þurfa að óttast slíkt. Og hinn heiðarlegi maður ætti þess vegna ekki að þurfa að óttast að vera fylgt eftir öllum stundum af vökulu auga myndavélanna. En á þessu er að sjálfsögðu önnur hlið og ég held að við mundum vakna til vitundar um þá hlið ef við værum stödd í ríki sem við teldum vera einræðisríki. Þá vektu eftirlitsvélar með okkur mikinn óhug, það held ég að sé óhætt að segja, vegna þess að það er hægt að misnota þær upplýsingar sem aflað er um einstaklinga. Og þegar allt kemur til alls viljum við öll, að sjálfsögðu, hafa okkar einkalíf og láta standa vörð um það. Nú er svo komið að það er hægt að kortleggja nánast alla neyslu okkar og athafnir með því að fylgjast með greiðslukortum, og síðan taka rafrænar myndavélar við. Hér kemur fram að notkun einkaaðila á búnaði til sjónvarpsvöktunar, sem er ein tegund rafrænnar vöktunar, hafi aukist verulega á síðustu árum. Og þetta frv. gengur út á að setja einkaaðilum meðal annarra, einkaaðilum ekki síður en opinberum aðilum, strangar reglur og skýrar um hvernig farið skuli með þessar upplýsingar. Þeim skal þannig gert að eyða efni sem verður til við vöktunina innan ákveðinna tímamarka.

Þá felur frv. einnig í sér heimild fyrir Persónuvernd til að setja nánari reglur um vöktunina og vinnslu þess efnis sem verður til við hana. Það er tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu að mikilvægt sé að skýrar reglur séu til um einstaka þætti vöktunarinnar svo að réttaróvissa ríki ekki á þessu sviði.

Eins og ég sagði, herra forseti, ætla ég ekki að fara ítarlega í þetta frv. að svo stöddu. Þetta er 1. umr. þess og líklegt að það eigi eftir að fá ítarlega umfjöllun í allshn. þingsins eftir að frv. hefur verið vísað til umsagnaraðila, umsagnir hafa borist og nefndarmönnum gefist tækifæri til að gaumgæfa þau sjónarmið sem fram koma hjá umsagnaraðilum. Ég ætla því ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni en mun fylgja því eftir af miklum áhuga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:38]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 600. mál, þskj. 1164.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, 489. mál, þskj. 1163.

Verðbréfaviðskipti, 363. mál, þskj. 1162.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 678. mál (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.). — Þskj. 1094.

[19:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Með frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum til að íslenska ríkið geti átt aðild að þremur alþjóðasamningum er varða hryðjuverk. Um er að ræða samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988, bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988 og samning um vörslu kjarnakleyfra efna frá 26. okt. 1979.

Hæstv. utanrrh. hefur lagt fyrir þingið till. til þál. um aðild að fjórum alþjóðasamningum en þrír þeirra samninga gáfu tilefni til breytinga á löggjöf og eru það þeir samningar sem frv. þetta lýtur að. Fjórði samningurinn, um merkingu plastsprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau frá 1. mars 1991, kallaði ekki á lagabreytingar.

Aðdragandi þess að Ísland hyggst gerast aðili að samningum þessum er að í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin þann 11. sept. sl. hvatti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þjóðir heims til að fullgilda þá alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum sem þegar höfðu verið gerðir, og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd.

Alls voru alþjóðasamningar sem féllu undir hryðjuverkasamninga 13 talsins. Ísland hafði þegar fullgilt meiri hluta þeirra og stjórnvöld settu það markmið að fullgilda þá sem eftir stóðu fyrir vorið 2002. Þann 8. mars 2002 heimilaði Alþingi fullgildingu á þeim tveimur samningum sem taldir voru mikilvægastir, samningi um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og samningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Frv. sem gerðu viðeigandi lagabreytingar voru lögð fyrir Alþingi af því tilefni og hafa verið rædd á þinginu.

Þeir fjórir samningar sem eftir standa eru þeir samningar sem utanrrh. hefur nú lagt fyrir þingið.

Samningurinn um öryggi í siglingum á sjó og bókun við hann um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu kveða á um refsinæmi þess að ógna öryggi skipa á sjó og botnföstum mannvirkjum á landgrunninu.

Samningurinn um vörslu kjarnakleyfra efna kveður á um hvernig gæslu slíkra efna sem nota skal í friðsamlegum tilgangi skuli háttað á meðan slík efni eru flutt milli landa, og hins vegar til hvers konar ráðstafana aðildarríki skuli grípa vegna ólögmætra athafna varðandi vörslu og flutning á slíkum efnum.

Þær breytingar sem lagðar eru til í almennum hegningarlögum með 1. gr. frv. eru til að fullnægja skilyrðum samninganna um að ríki afli sér refsilögsögu eins og samningarnir kveða á um.

Breytingarnar í 2. gr. frv. eru vegna áskilnaðar samningsins um öryggi í siglingum og bókunar um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu en þar er þess krafist að ríki geri yfirtöku skips með ólögmætum hætti refsiverða. Í 2. mgr. 165. gr. laganna er nú þegar ákvæði sem tekur til ólögmætrar yfirtöku loftfars en ekki til skipa eða botnfastra mannvirkja. Því er lagt til að ákvæðið nái einnig til þessa.

Breytingarnar sem lagðar eru til í 3. gr. eru komnar til vegna þess að refsivert er samkvæmt bókuninni um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu að raska öryggi slíkra mannvirkja. Samkvæmt 168. gr. laganna er refsivert að ógna öryggi skipa, flugvéla og annarra farartækja en greinin tekur ekki til botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

Þær breytingar sem gerðar eru með 4. gr. frv. eru vegna samningsins um vörslu kjarnakleyfra efna. Í 7. gr. samningsins er samningsríkjum m.a. gert að kveða á um refsinæmi þeirrar háttsemi að taka ólöglega við og hafa í vörslum sínum kjarnakleyf efni þannig að það stofni lífi manna í hættu. Til að taka af öll tvímæli um að íslensk hegningarlög samræmist 7. gr. samningsins er lagt til að nýju ákvæði, 169. gr. a, verði bætt við hegningarlögin.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 599. mál. — Þskj. 945.

[19:44]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Nú er nokkuð umliðið síðan hæstv. dómsmrh. fylgdi úr hlaði þeirri till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi sem hér er til umræðu, og kynnti þá tillögu sem þar er. Út af fyrir sig get ég sagt að ég fagna að sjálfsögðu þessari tillögu og því sem þar kemur fram, sem m.a. kemur fram í þessu riti, Umferðaröryggisáætlun 2002–2012. Allt eru þetta hin bestu gögn og bestu tillögur sem hér eru lagðar til og fluttar, mikið af upplýsingum sem að gagni kunna að koma í þessu máli o.s.frv. En það er eitt atriði sem spilar náttúrlega aðalhlutverkið í umferðaröryggisáætlun og það eru auðvitað peningar, peningar til að fylgja þessari umferðaröryggisáætlun eftir.

Og það er rétt, herra forseti, að minnast á að á síðasta umferðarþingi, þann 1. des. árið 2000, var samþykkt einróma eftirfarandi ályktun sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Umferðarþing, haldið í Reykjavík 30. nóv. og 1. des. árið 2000, fagnar þeirri myndarlegu stefnumörkun dómsmálaráðherra að miða við 40% fækkun dauðaslysa og meiri háttar slysa í umferðinni á næstu tólf árum á Íslandi.

Umferðarþing bendir á að fullnægjandi umferðaröryggisáætlun verður að innihalda fjárhags- og framkvæmdaáætlun og tryggja verður að til hennar renni nægt fé úr opinberum sjóðum.

Umferðarþing lýsir vonbrigðum sínum yfir því að í fjárlögum fyrir árið 2001“ — sem þá var verið að afgreiða á Alþingi — „varð nánast ekkert vart við aukna fjármuni til þessarar baráttu. Umferðarþing skorar því á ríkisstjórn og Alþingi að lýsa því nú þegar yfir að væntanleg tólf ára áætlun muni uppfylla framangreind skilyrði.“

Herra forseti. Ég átti þess kost að sitja að mestu leyti á þessu umferðarþingi sem var mjög fróðlegt fyrir þá sem hafa áhuga á umferðaröryggismálum, og sú ályktun sem ég las upp er mjög mikilvæg og kannski aðalatriðið í því sem ég vildi gera hér að umtalsefni. Þessi ágæta áætlun sem hér hefur verið lögð fram, og stefnumörkun, er mjög góð en ég óttast að erfitt verði að framfylgja henni vegna þess að ekki fylgja með peningar. Og nú virðist, tæpu einu og hálfu ári eftir að þessi ályktun var samþykkt vegna tólf ára áætlunarinnar, sem áætlunin hér innihaldi ekki neina fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

Þetta er mjög mikilvægt. Ég vitnaði áðan í umferðaráætlun sem Reykjavíkurborg hefur gert en með henni fylgdi framkvæmda- og fjárhagsáætlun sem er mjög merkilegt að skoða í plagginu Umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavík. Þar sagði m.a. í ávarpi borgarstjóra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, að Reykjavíkurborg hefði í upphafi þessa kjörtímabils ákveðið að gera umferðaröryggisáætlun sem hefði það að markmiði að fækka slysum í umferðinni í Reykjavík um 20% fram að aldamótum. Síðan er því lýst í ávarpinu hvernig að þessu skuli standa. Og sú framkvæmdaáætlun, herra forseti, sem birtist í þessu plaggi er auðvitað það sem maður saknar langmest að sjá ekki í þeirri umferðaröryggisáætlun sem hæstv. dómsmrh. flutti. Slík áætlun, samþykkt af Alþingi, mundi varða leiðina að því hvernig við viljum vinna að þessum málum. Þetta er eitthvað annað en bara orð á þessum pappírum og auðvitað höfum við séð fullt af svona áætlunum sem því miður hefur ekki verið hægt að fara eftir, fögur og góð markmið, vegna þess að peninga hefur skort.

Áætlun R-listans í Reykjavík um fækkun umferðarslysa um 20% fyrir árslok 2000 stóðst hins vegar fullkomlega, m.a. vegna þess að sú fjárhags- og framkvæmdaáætlun sem ég hef gert að umtalsefni fylgdi með. Enda er það svo, herra forseti, að alls staðar á Norðurlöndunum er verið að vinna þessa þætti í svipuðum takti og hér er lagt til en þar fylgja miklir peningar með. Danir eru t.d. nýbúnir að samþykkja vandaða áætlun til tólf ára þar sem umferðarslysum verður fækkað um 40% samkvæmt áætluninni, líkt og hér á að gera, en þeir gera líka ráð fyrir fjárveitingum úr opinberum sjóðum öll árin tólf. Hvorki meira né minna en 11 þús. millj. danskra kr. fara í þessi umferðaröryggismál en ekki t.d. í almenna vegagerð, þar er mikill munur á. Og þessar 11 þús. millj. eru ansi miklir peningar á tólf árum eða um 10 milljarðar ísl. kr. á ári. og ef við gefum okkur það sem ég held að sé rétt, að Danir séu 20 sinnum fleiri en við, ættum við samkvæmt þessu að verja 500 millj. á ári til umferðaröryggismála.

Ég vil því nota þetta tækifæri hér og spyrja hæstv. dómsmrh., sem fylgdi úr hlaði þessu merka plaggi, um

fjármögnun á því og hvaða peningar fylgi hér með. Það er nefnilega þjóðhagslega mjög arðbært að gera þetta og það er það sem Danir hafa líka reiknað út vegna þess að þeir gera ráð fyrir að spara um 45 þús. millj. danskra kr. alls vegna færri óhappa og slysa á þessum tólf árum. Þetta eru miklir peningar, og auðvitað ber að hafa í huga að Danir eru töluvert fleiri en við. Engu að síður, ef mér skjátlast ekki við útreikninginn, væru þetta í kringum 500 millj. sem við ættum að leggja hér fram.

Herra forseti. Á þessum stutta tíma sem ég hef í fyrri ræðu minni vildi ég leggja áherslu á þessi atriði, spyrja út í þessa fjármögnunarleið og hvað eigi að gera. Með ályktun umferðarþings var birt viðtal við hæstv. dómsmrh. um hana, og þá stóð í fyrirsögn með þeirri grein, sem ég ætla ekki að séu orð hæstv. dómsmrh. heldur blaðamanns, að ekki sé tímabært að ræða fjárhagsáætlun á þessu stigi, á því stigi þegar umferðarþingið var að vinna þessa ályktun sem ég las upp. Ég hef því miður ekki tíma til að lesa upp allt það sem þar kemur fram. En ég ítreka spurningu til hæstv. dómsmrh. og ósk um að fá útlistanir á því hve miklir fjármunir muni fylgja með til að vinna að því göfuga markmiði sem boðað er í þessari þáltill. sem ég er hjartanlega sammála. Ég tek undir öll fögru og góðu markmiðin sem eru í þessari umferðaröryggisáætlun. Hún er líka mjög göfug og góð, og allt gott sem er þar í, e.t.v. spurning um hvað vantar eins og gengur og gerist. Þetta verður að mínu mati, herra forseti, alls ekki framkvæmt öðruvísi en að töluverðir fjármunir fylgi með.

[19:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það sem mig langar m.a. til að taka fyrir í tengslum við þessa þáltill., um stefnumótun um aukið umferðaröryggi, er atriði sem ég hef verið upplýstur um, hina svokölluðu tímamælingu á þá menn sem keyra flutningabíla. Hún getur m.a. valdið því að menn eru í mikilli pressu við að ná innan ákveðinna tímamarka til ákveðinna staða, t.d. að vetrarlagi milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Ég hygg að þær reglur sem við höfum varðandi hvað hver ökumaður má keyra lengi samfellt á ákveðnu tímabili geti beinlínis verkað þannig að menn keyri á lögboðnum hámarkshraða við aðstæður sem bjóða ekki upp á slíkt aksturslag. Ég vildi vekja athygli á þessu vegna þess að ég tel að þetta sé eitt af því sem þarf að taka mjög gaumgæfilega til athugunar þegar verið er að tala um umferðaröryggi hér á landi, og hvernig umferðarþunginn er um þjóðvegi þess. Eins og allir vita hafa vöruflutningar á þjóðvegum mikið aukist. Síðan eru kröfur á menn um að standast ákveðnar viðmiðunarreglur varðandi samfellda keyrslu í tíma.

Það er m.a. þetta sem ég vildi vekja athygli á. En mig langar að vekja athygli á öðru, og það er akstursþráði. Þegar menn tala um akstursþráða telja þeir yfirleitt að frekar eigi að færa hann niður en hitt. Á Vestfjörðum hagar þannig til að alveg nýverið var lagt varanlegt slitlag á allan veginn í Ísafirði, innst í Ísafjarðardjúpi. Þegar Vestfirðingar margir, sérstaklega þeir sem eru í einkaerindum, keyra hina frægu Þorskafjarðarheiði yfir sumartímann hagar svo til að á þeim slæma vegi mega menn keyra á allt að 70 km hraða, ef ég man rétt, en þegar menn koma niður í Ísafjörðinn á malbikaðan veg með tiltölulega lítilli umferð mega menn mest fara í 90 km hraða. Ég er að draga þetta fram vegna þess að mér finnst ákaflega lítið samræmi þarna á milli miðað við í hvernig ásigkomulagi þessir tveir vegir eru. Ég held því að við þurfum að athuga mjög margt varðandi umferðaröryggi hér á landi, t.d. hvaða takmarkanir við höfum í hámarkshraða eftir árstíma. Ég held að við eigum að skoða það í alvöru hvort eðlilegt sé e.t.v. að hafa breytilegan hámarkshraða á ákveðnum köflum á þjóðvegum landsins miðað við árstíma, þá líka miðað við umferðarþunga.

Þessum hugmyndum vildi ég bara varpa inn í umræðuna til að vekja á þeim athygli, og ég vonast annars vegar til þess að sú ályktun sem við ræðum hér, um aukið umferðaröryggi, verði almennt til þess að auka það en ég held hins vegar að það sé að mörgu að hyggja, m.a. þessum dæmum sem ég hef nefnt.

Síðan tek ég undir það sem hv. síðasti ræðumaður, Kristján L. Möller, nefndi. Slíkum áætlunum sem hér er lagt upp með verður auðvitað að fylgja fjárveiting og plan um það hvernig við ætlum að fylgja þeim málum eftir sem við setjum stefnuna á. Að öðru leyti held ég að margt gott sé í þessu plaggi og tel að það sé að mörgu leyti góður vegvísir.

[19:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu þingmáli. Ég tel að jákvæð vinna sé í gangi til þess að reyna að draga úr slysum í umferðinni. Mér finnst samt að kannski hefði verið ástæða til þess að ræða málin dálítið meira í samhengi heldur en gert er. Þessi stefnumótun um aukið umferðaröryggi þarf auðvitað að ræðast í tengslum við verkefni í vegamálum. Mín skoðun er sú að það sem veldur mestum vandræðum í umferðinni og mestri slysahættu sé þetta mikla misvægi sem er í raun og veru milli hins ófullkomna vegakerfis sem við höfum, bílanna sem við erum farin að nota og slitlagsins sem er komið á vegina. Þetta kallar á að menn geta við góðar aðstæður keyrt mjög hratt en þegar aðstæður breytast verða þær stórhættulegar á vegi sem er kannski hinn besti vegur ef þær eru góðar.

Ég tel reyndar að vegir sem hafa einungis eina akrein í hvora átt þar sem menn keyra á 100 km hraða geti aldrei orðið öruggir vegir við íslenskar aðstæður. Til þess að þeir séu öruggir þarf umferðarhraðinn að lækka afar mikið þegar aðstæður versna. Brýnasta verkefnið til að auka öryggi finnst mér vera fólgið í að breyta þessu. Það er þess vegna sem menn hafa þrýst svo á um breikkun Keflavíkurvegarins og auðvitað hlýtur maður líka að benda á aðra vegkafla eins og t.d. Vesturlandsveginn þar sem slysatíðni er afar há. Þessi slysatíðni er hæst á þeim stöðum þar sem verið er að keyra á vegi sem hefur einungis eina akrein í hvora átt. Þarna eru aðstæður auðvitað afar slæmar. Þegar kemur að því að menn reyna við kannski hinar verstu aðstæður, í rigningu, að fara fram úr stórum flutningabílum er voðinn vís. En það er ekki um annað að ræða en að slíkur framúrakstur verði vegna þess að mismunur á hraða þessara bíla er of mikill til að menn sætti sig við að dóla á eftir flutningabílum tímunum saman á svona vegköflum eins og ég er að tala um þar sem töluvert mikil umferð er.

Að mínu viti er ástæða til að velta því fyrir sér að setja upp sérstaka áætlun um að breikka vegina út frá höfuðborgarsvæðinu þar sem mesta umferðin er, taka þær framkvæmdir miklu hraðar en menn hafa gert ráð fyrir fram að þessu. Ég held að ekki verði veruleg breyting á slysatíðni á þessum vegum fyrr en mönnum tekst að hrinda í framkvæmd verkefnum af þessu tagi sem ég er að tala um. Mér þætti við hæfi að menn settu upp einhverja áætlun um að koma á

fleiri akreinum á þessa vegi út frá höfuðborginni sem liggja 100–150 km út frá henni eða að veg sem greinist í fleiri áttir og dregur verulega úr umferð. Umferðin skiptir auðvitað miklu máli í þessu sambandi.

Mér finnst vanta upp á að hér hafi verið rekin umferðarpólitík þar sem menn hafi haft yfirsýn. Ég tel það mál sem hér er til umræðu til bóta og vonandi til marks um að menn ætli sér að fara yfir þessi mál. Ég tel að það þurfi að gera með heildaryfirsýn og taka fleira inn í það en hér er verið að tala um. Ég nefni dæmi eins og þegar menn stukku til og gerðu breytingar á tollalögum í hittiðfyrravetur, ef ég man rétt, vegna þess að allt í einu töldu menn hið versta mál að einhverjar tilteknar stærðir af jeppum kostuðu of mikið. Þessi tollabreyting virtist valda skriðu af jeppum. Meðal annars var talað um það úr þessum ræðustóli að þarna væri á ferðinni öryggismál. Það hefur ekki aldeilis reynst svo. Það er ekki vafi að þau slys sem verða þar sem í hlut eiga jeppar og minni bílar verða mjög alvarleg í minni bílunum. Þetta hefur því miður sannast í hverju slysinu á fætur öðru þannig að þau rök voru a.m.k. ekki haldmikil sem þar voru sett fram.

Það er svo fjöldamargt sem hægt væri að benda á sem þyrfti að taka til umræðu í samhengi. Ég vil nefna eitt, umferðina í borginni. Hér er t.d. það vandamál að vegslit er mjög mikið vegna nagladekkja. Úti um land er alþekkt þar sem mikil hálka er að fólk á þeim stöðum kaupir sér bíla með fjórhjóladrifi. Allir vita að bílar með fjórhjóladrifi eru öruggari í hálku en aðrir bílar. Ríkið heldur sig samt við það að innheimta hærri gjöld fyrir innflutning á bílum með fjórhjóladrifi en af öðrum bílum. Ég hefði talið að t.d. væri vert að skoða hvort ætti ekki að koma til móts við þá sem fjárfesta í svolítið dýrari bílum af þessu tagi, á þeim forsendum að þar væri á ferðinni tillag til þess að auka öryggi í umferðinni. Mér finnst það, og ég hvet til þess að menn horfi yfir þessi mál í stærra samhengi. Ég tel ástæðu til að sérhver ríkisstjórn og Alþingi hafi eitthvað sem maður gæti kallað umferðarpólitík með heildaryfirsýn.

[20:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi er í sjálfu sér metnaðarfull þar sem Alþingi ályktar að á næstu 11 árum skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Í sjálfu sér er mjög mikill vandi að setja sér svona markmið. Þó að það sé góðra gjalda vert er að sumu leyti skynsamlegra að setja sér almennt markmið um að ná árangri í að tryggja aukið umferðaröryggi. Allar talnalegar ályktanir eins og þetta eru stefnumið svolítið út í bláinn. Við þekkjum nokkurra ára gamla yfirlýsingu um vímulaust Ísland árið 2000, að mig minnir, en það hefur heldur farið á hinn veginn. Að sjálfsögðu er svona ályktun samt hvatning til þess að úr slysum dragi og nokkuð ávinnist í umferðaröryggi.

Þessu vildi ég víkja til hæstv. dómsmrh., einmitt út af hinni metnaðarfullu þáltill. og að auki vegna umferðaröryggisáætlunar fyrir árin 2002–2012 sem er fylgiskjal með þáltill. Í umferðaröryggisáætluninni eru talin upp mýmörg atriði og bent á hvaða áhrif þau hafi á umferðaröryggismál. Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, skjóta nokkuð skökku við — ég hef áður vikið að því á Alþingi — að í frv. til laga um samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir að vinna langtímasamgönguáætlun er hvergi minnst á umferðaröryggismál. Það finnst mér mjög kyndugt.

Ég ber virðingu fyrir hinni miklu áherslu hæstv. ráðherra á umferðaröryggismálin, og undirtektum Alþingis vegna mikilvægis þess að vinna átak í þessum málum. Jafnframt hefur komið fram í umræðum, og öllum er það fyllilega ljóst, að það eru framkvæmdir í vegamálum og áhersla í vegagerð sem ráða mestu um hvaða árangur næst í umferðaröryggismálum. Að sjálfsögðu er hægt að bæta ýmislegt með aukinni löggæslu og eftirliti en það er í sjálfu sér ekki sú nálgun sem við viljum hafa á umferðaröryggi og umferðaröryggismál. Við viljum að umferðin geti gengið sem öruggast án lögregluafskipta. Ég hygg að við séum öll sammála um það, hv. þingmenn, að við viljum geta komist í umferðina án þess að lögreglan mæli okkur endilega.

Þá er það fyrst og fremst áhersla í tengslum við vegáætlun og framkvæmdir í vegagerð sem hefur áhrif. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hún hafi ekki gert neina tilraun til að koma þessum áherslum inn í samgönguáætlunina. Í henni er lögð áhersla á að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla í vegaframkvæmdum en á öryggismál er ekki minnst í sjálfum textanum. Mér finnst skjóta verulega skökku við að við erum samtímis á þinginu að ræða samgönguáætlun, áætlun um samgöngumál, áherslur í samgöngumálum bæði til skemmri og lengri tíma, en ekki er minnst á öryggismál í sjálfum lagatextanum. Jafnframt erum við að ræða mjög alvarlegt mál, till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi og skýrslu þar að lútandi. Ég leyfi mér að ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort hún hafi ekki gert neina tilraun til að fylgja þessum málaflokki eftir í samgönguáætlun því að þar á þetta heima. Eða er takmarkað samband á milli samgrn. og dómsmrn.? Slíkt má ekki verða — sem ég hef reyndar ekki trú á — til þess að við vinnum að og samþykkjum samgönguáætlun sem ekki tekur tillit til mikilvægra atriða eins og öryggismála.

Ég flutti brtt. við samgönguáætlun við 2. umr. þar sem ég lagði til að taka ætti mið af umferðaröryggismálum ásamt öðrum markmiðum samgönguáætlunar. Því miður felldi meiri hluti Alþingis þá tillögu við 2. umr., taldi ekki ástæðu til að umferðaröryggismál kæmu inn í lagatextann um samgönguáætlun.

Ég skil ekki þessa nálgun, virðulegi forseti, og skora á hæstv. dómsmrh. sem ég veit að fylgir þessu máli eftir af einurð, vill gera það og hefur metnað til þess að við náum árangri í þessu, til að beita sér jafnframt fyrir því að þetta komi inn í lagatextann við 3. umr. um samgönguáætlun. Ég vek t.d. athygli á því atriði sem ræður ekki hvað minnstu um öryggismál í samgöngumálum, breikkun á einbreiðum brúm. Það ætti í rauninni að vera sérstakt forgangsverkefni í vegamálum.

Auk þess vil ég í lokin spyrja hæstv. dómsmrh. hvaða reglur gildi t.d. um lengd á flutningabílum með flutningavögnum því að mér virðist það vera orðið nokkurt vandamál á þjóðvegunum. Það eru mörg atriði sem þarna þarf að halda til haga, virðulegi forseti, og ég legg áherslu á að umferðaröryggismál ættu náttúrlega að koma inn í lagatextann um samgönguáætlun.

[20:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkuð langt er um liðið síðan ég mælti fyrir þessari tillögu. Hv. þm. nefndi m.a. að það væri vandi að setja sér markmið eins og um 40% fækkun slysa til næstu tólf ára, eins og kemur fram í þessari tillögu. Vissulega er rétt að það er nokkuð vandasamt en það er hins vegar alveg nauðsynlegt. Það er ekki hægt að setja fram svona áætlun

án þess að í henni séu skýr markmið. Þetta gerist alls staðar í nágrannalöndum okkar. Ég veit að þetta er metnaðarfullt markmið en ég vona svo sannarlega að við náum árangri. Við höfum nokkuð langan tíma til stefnu. Ég vil líka fá að rifja upp að í síðustu umferðaröryggisáætlun náðust þau markmið sem þar voru sett, 20% fækkun slysa minnir mig. Það var mjög ánægjulegt og það gerðist þrátt fyrir að bílaeign hefði aukist alveg gríðarlega og umferð á vegum þar með.

Ég veit ekki betur en að Vegagerðin sé með umferðaröryggisáætlun og það er afskaplega gott samstarf milli dómsmrn. og samgrn. í þessum efnum. Við vinnum mjög náið með Vegagerðinni. Lögreglan gerir það mjög víða. Það eru alls kyns samningar og samstarfsverkefni í gangi þar þannig að umferðareftirlit hefur aukist alveg gríðarlega. Það sést best á þeim tölum sem lögreglan hefur þar sem menn hafa verið teknir fyrir umferðarlagabrot.

Það er svo margt sem kemur inn í umferðaröryggismál. Það eru ekki eingöngu vegirnir. Það er löggæsla, spurning um sektir, ölvunarakstur og bílbelti. Ótal marga hluti má nefna. Það þarf líka að huga að ökukennslu og mörgum þeim atriðum sem við vorum einmitt að ræða í frv. fyrr á dagskránni, um breyting á umferðarlögunum, bæði um hlutverk Skráningarstofu og Umferðarráðs. Ég bið hv. þingmann að hafa það í huga.

[20:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég ber virðingu fyrir metnaðarfullum áformum í þáltill. um að fækka slysum um 40% miðað við árin 2000–2012 á næstum tólf árum og tek alveg heils hugar undir þá ósk með hæstv. ráðherra um að það náist.

Það sem ég vek athygli á er að stór hluti af slysum og því að ná árangri í að fækka slysum tengist vegaframkvæmdum, tengist áherslunni í vegamálum, tengist því hvort við leggjum meiri áherslu á að fækka einbreiðum brúm og fleiru slíku. Þess vegna leyfi ég mér ítrekað að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort henni finnist eðlilegt að ekkert skuli vera minnst á umferðaröryggismál í lagatextanum um gerð langtímasamgönguáætlunar. Þar er hins vegar talað um forgangsröðun á notkun á fjármagni og mannafla og að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best til framkvæmdanna, en það er einmitt í gegnum samgönguáætlunina sem við leggjum áherslu og drögum áherslurnar í samgöngumálum.

Ég leyfi mér ítrekað að spyrja hæstv. ráðherra: Fyndist henni ekki eðlilegt að við gerð samgönguáætlunar væri eitt af markmiðunum einmitt á sviði umferðaröryggismála og að samgönguáætlun ætti að vinna m.a. með tilliti til að stuðla að auknu umferðaröryggi, það ætti að koma í sjálfum lagatextanum í þeirri markmiðssetningu sem er ítrekuð þar?

[20:18]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. að ég tel að markmiðið í umferðaröryggismálum eða til að bæta umferðaröryggi ætti að vera á sem flestum stöðum, nánast í öllum málaflokkum sem því máli tengjast.

En út af því sem hann sagði áðan vil ég vitna í blað frá Vátryggingafélagi Íslands sem m.a. var dreift með Morgunblaðinu í gær eða fyrradag þar sem er viðtal við Jón Baldursson, yfirlækni á slysa- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Það sem stendur upp úr rannsóknum sem aðallega hafa farið fram á vegum rannsóknarnefndar umferðarslysa er að alvarlegustu slysin stafa af einhverju af þessu þrennu: Beltisleysi er atriði númer eitt, ölvunarakstur er í öðru sæti og hraðakstur er í því þriðja."

Það er alveg ljóst að þetta eru atriði sem þarf að taka mjög rækilega á. En ég dreg hins vegar ekki úr því sem hv. þm. bendir á, ástand vega, umhverfi, merkingar, einbreiðar brýr. Það eru mörg atriði sem koma til skoðunar í þessu máli.

[20:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið undir þær áherslur sem hæstv. ráðherra leggur fram varðandi öryggi í umferðinni og leyfi mér áfram að ítreka að ég tel að við gerð samgönguáætlunar, langtímasamgönguáætlunar eigi að vera tilvísun til þess að hún taki tillit til umferðaröryggismála. Ég mun koma að því seinna í kvöld í umræðunum um samgönguáætlun. Ég tel það einn af meginveikleikum samgönguáætlunar að ekki skuli vera kveðið skýrt á um að tekið skuli tillit til öryggismála við gerð samgönguáætlunar í forgangsröðun og vali á verkefnum í vegamálum, hvort sem eru merkingar, brúargerð eða annað sem lýtur að umgjörð vega. Ég get ekki annað en ítrekað að mér finnst að hæstv. dómsmrh. ætti að koma auknum áhrifum sínum inn í áætlanagerð og framkvæmdaáætlanir í samgöngumálum þannig að öryggismálin komi þar fyllilega til jafns við aðra þætti sem eru hafðir að markmiði við gerð þeirra áætlana.

[20:21]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég sagði í fyrri ræðu minni að ég ætlaði að halda ræðu hér aftur. Ég vænti þess hins vegar að hæstv. dómsmrh. muni svara einhverju af þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram um þau atriði og kannski það atriði sem ég gerði að umtalsefni, sem ég vil ítreka, að ég tel að þessi umferðaröryggisáætlun, þetta mikla og góða plagg og þau miklu og góðu markmið sem sett eru muni ekki nást nema aukið fé fylgi með.

Það er sannarlega rétt sem hér kemur fram að gerð er tillaga um að svo og svo mikill hluti, einhver hluti af sektum, t.d. vegna ölvunaraksturs og hraðaksturs, renni í ákveðna þætti umferðaröryggismála. Auðvitað ber að fagna því.

Í þeirri umferðaröryggisáætlun sem hér liggur fyrir og því plaggi sem dreift hefur verið með koma reyndar fram á mörgum stöðum áhyggjur þeirra ágætu manna sem skrifuðu um að peningar fylgi ekki með.

Ég ætla að grípa niður á nokkrum stöðum. Á bls. 13 er sagt, með leyfi forseta:

„Lögð er áhersla á að umferðaröryggisstarfið sé gert markvisst og að fjármagn sem varið er til þess nýtist sem best.".

Á bls. 16 er fjallað um þetta líka: „Ekki nægir að hafa góða áætlun ef ekki er til framkvæmda- og fjárhagsáætlun og gott eftirlit með því að hún gangi fram."

Þetta er á bls. 16 og í áhersluatriðum þar kemur fram: „Gerð verði markviss framkvæmdaáætlun og stórauknu fjármagni verði varið til umferðaröryggismála."

Og áfram er haldið. Á bls. 17 er fjallað um þetta: „Til þess að tryggja að svo verði er afar brýnt að gerð verði markviss framkvæmdaáætlun fyrir þetta tímabil og stórauknu fjármagni varið til umferðaröryggismála."

Svona má halda áfram á fleiri, fleiri blaðsíðum í þessu ágæta riti. Þess vegna ítreka ég þá spurningu sem ég setti fram áðan til hæstv. dómsmrh. um hvernig eigi að vinna þessi göfugu markmið. Á ekki að gera framkvæmdaáætlun, eins og ég vitnaði hér til, eins og gert var í umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavík til ársins 2000, sem samþykkt var 25. nóv. 1997? Þar kom fram að Reykjavíkurborg var frumkvöðull í umferðaröryggismálum sem setti sér markmið um að ráðast í þau verkefni. Þetta var fyrsta skiptið í umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar þar sem fjárhags- og framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum var gerð á Íslandi, og það er sannarlega við hæfi að höfuðborg landsins sé frumkvöðull í þessum efnum. Ef Reykjavíkurborg hefur verið frumkvöðull í þessum efnum er þá ekki kominn tími til, herra forseti, að ríkissjóður, að ríkisvaldið komi á eftir og geri framkvæmdaáætlun um þetta?

Eins og ég sagði áðan vitnaði ég í marga staði í þessu ágæta riti þar sem þeir sem skrifa skýrsluna, tillögu starfshóps um umferðaröryggisáætlun, gera tillögur um þau atriði.

Og rétt í lokin, herra forseti, vegna þess að tíminn er stuttur, þá vitna ég aftur til þess sem hæstv. dómsmrh. sagði í viðtali við Morgunblaðið eftir að umferðarþing samþykkti þá ályktun sem ég las upp áðan. Fjallað var um að það væri ósanngjörn gagnrýni að fjalla um þetta atriði á þessu stigi.

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr þessu viðtali, með leyfi forseta, og grípa hér niður í:

„Sólveig [dómsmrh.] sagði í samtali við Morgunblaðið að gagnrýnin sem kom fram í ályktun umferðarþings væri ekki sanngjörn. Hún benti á að enn væri unnið að umferðaröryggisáætlun fyrir árin 2001–2012 og það plagg sem kynnt var á umferðarþingi væri aðeins drög. „Þetta er rammi sem hér er fram settur og síðan þarf að ræða um áætlunina á Alþingi. Það er því ekki tímabært að ræða nákvæmlega fjárhagsáætlun núna", sagði dómsmálaráðherra og bætti við að fjárveitingar til umferðaröryggisáætlunarinnar kæmu til umræðu við fjárlagagerð fyrir árið 2002."

Enn ítreka ég spurningu mína til hæstv. dómsmrh. um að fá að vita hvað líður því að með þessu góða plaggi, eins og ég segi enn og aftur, fylgi framkvæmdaáætlun, tölusett framkvæmdaáætlun með upphæðum í þessum efnum.

Herra forseti. Mig minnir að ég hafi séð einhvern tíma í fjárlögum að um 300 millj. kr. innheimtist í umferðarlagasektir á Íslandi. Eitt af þeim atriðum sem nefnd eru í þáltill. er að hluti af þeim peningum renni til umferðaröryggismála. Ég er að sjálfsögðu sammála því að það sé gert. Ég tel að við ættum að taka góðan part af umferðarlagasektum og leggja í einhvers konar sjóð sem verður til ráðstöfunar varðandi umferðaröryggismál.

Rétt í lokin um eina tillögu sem er einnig í þáltill., um að koma á fót svokallaðri umferðaröryggisnefnd. Í henni er nefnt að alþingismenn muni eiga að sitja í þeirri nefnd og því vil ég fagna alveg sérstaklega. Ég tel að skipa eigi nefnd þar sem jafnvel fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem eiga menn á Alþingi skipi í slíka umferðaröryggisnefnd. Þetta segi ég vegna þess að þá er umferðaröryggismálum gefin meiri vigt. Viðkomandi stjórnarflokkar munu að sjálfsögðu tilnefna í þá nefnd og viðkomandi stjórnmálaflokkar munu leggja metnað sinn í umferðaröryggismál. Ég er viss um að þá yrði umferðaröryggismálum gefinn meiri gaumur og meira yrði fylgst með og að stjórnmálaflokkar muni leggja meira fram í þeim málefnum, sérstaklega hvað varðar fjárveitingar til að fylgja þeim eftir.

En, herra forseti, á þeim stutta tíma sem við þingmenn höfum til að ræða þáltill. er ekki hægt að fara ítarlega í gegnum öll atriði heldur tæpa á og fara í gegnum þau helstu. Ég hef gert að umtalsefni það sem ég tel helsta atriðið í þessu efni. Það er fjárskortur til umferðaröryggismála. Þess vegna ítreka ég þá spurningu mína hér enn einu sinni til hæstv. dómsmrh. og vona að hún muni svara okkur og gefa okkur einhverjar vísbendingar um hvað hæstv. ríkisstjórn ætli sér að gera í þessum efnum.

Þó að ég sé ekki nýbúinn að fletta fjárlagafrv. held ég að við fjárlagagerðina fyrir árið 2002 hafi ekki miklir peningar komið til umferðaröryggismála. Þá undanskil ég náttúrlega alveg sérstaklega peninga sem varið er til umferðar- eða vegamála og í annað slíkt. Það er ekki sama og umferðaröryggismál, það er tvennt ólíkt þó að Vegagerðin og lögreglan, eins og hæstv. dómsmrh. sagði áðan, starfi mikið saman að eftirliti á þjóðvegum landsins, eins og ég ræddi líka fyrr í dag, sem er mjög gott og það hefur sannarlega aukist. En það jókst frá allt of litlu þannig að það er kannski enn of lítið vegna þess að ég hygg að aukið eftirlit lögreglu með umferðarhraða sé einna virkasta aðgerðin til að draga úr því sem veldur flestum slysum, þ.e. mikill hraði.

[20:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. tekur svona vel í þessa áætlun og er sammála henni og eins og hann sagði reyndar í fyrri ræðu sinni — hjartanlega sammála henni. Það þykir mér gott mál.

Ég á hins vegar svolítið erfitt með að skilja hversu oft hann kemur með þessa spurningu fram í þinginu því að ég tel mig hafa svarað henni. Ég hef skýrt frá því og það kemur fram í tillögunni að skipuð verði sérstök framkvæmdanefnd eftir að þáltill. hefur verið samþykkt hér á þinginu og ég vona að það gerist sem fyrst. Sú framkvæmdanefnd mun hafa eftirlit með framkvæmd þessara mála, væntanlega með framkvæmdaáætlun og að þingmenn allra flokka komi að því máli. Það er auðvitað þannig að það eru þingmenn hér á hinu háa Alþingi sem vinna að gerð fjárlaga og samþykkja þau, ekki satt? Það eru margir sem koma að þessu máli.

Ég vil benda á að talið er sérstaklega upp í 9. gr. frv. það sem var rætt hér áðan, um breytingu á umferðarlögum, hvaða gjöld eru innheimt í sambandi við þessi mál. Þar eru talin upp gjöld fyrir skráningu ökutækja, gjöld fyrir skráningarmerki, gjöld fyrir gerðarviðurkenningu, gjöld fyrir einkamerki, umferðaröryggisgjald og önnur gjöld sem Umferðarstofnun innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af dómsmrh. Að lokum á að leggja, eins og verið hefur, sérstakt umferðaröryggisgjald á, en það rennur til Umferðarstofnunar, að fjárhæð 200 kr. og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki.

Þar að auki er það rétt að ein af þeim tillögum sem bent er á í umferðaröryggisáætluninni eða tillögu til hennar, það er liður 6, eins og hv. þm. nefndi sérstaklega, að þróun er meðal Evrópulanda að sektir vegna umferðarlagabrota renni beint eða að hluta til umferðaröryggisstarfsins. Ég tel að þetta sé athyglisverð hugmynd.

[20:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er smátt og smátt að koma, að mér finnst. Mér finnst hins vegar enn á vanta. Ég vil taka skýrt

fram að auðvitað eru fjárlög gerð af stjórnarmeirihlutanum. Ég minnist þess að við fjárlagagerð 2000 fluttu nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar brtt. um að 100 millj. kr. yrði varið til umferðaröryggismála. Það var náttúrlega kolfellt af stjórnarmeirihlutanum. Sannarlega segi ég að ekki skal standa á stjórnarandstöðunni við að finna því flöt að setja meiri peninga í þetta mál.

Peningar eru í þessu máli, eins og ég hef farið yfir, allt of litlir eins og boðað var af hæstv. dómsmrh. í Morgunblaðinu eftir að umferðarþingið gerði þessa merkilegu ályktun þar sem það lýsir vonbrigðum sínum yfir því að í fjárlögum fyrir árið 2001, sem þá var verið að afgreiða, varð nánast ekkert vart við aukna fjármuni til þessarar baráttu. Það er nákvæmlega sama nú vegna fjárlaga 2002. Þó að hæstv. dómsmrh. hafi beðið menn að bíða rólega og sagt að gagnrýnin væri ósanngjörn vegna þess að þetta væri ekki tímabært verð ég að segja alveg eins og er, herra forseti, að í fjárlögum fyrir árið 2002 gátum við ekki séð að meiri peningar væru að koma í umferðaröryggismál.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, það eru töluverðir peningar ef 300 millj. kr. eru innheimtar af þeim sem aka of hratt eða eru teknir fyrir önnur umferðarlagabrot. Ég verð að segja alveg eins og er að ég sakna þess að stærsta hlutanum af þessum peningum skuli ekki vera varið til umferðaröryggismála. Mér finnst mjög blóðugt að þessar sektir skuli renna beint í ríkissjóð í almennan rekstur en fari ekki í þau atriði sem er þó gerð tillaga um í dag.

Auðvitað fagna ég samt framkvæmdanefndinni sem á að skipa, sem og öðru hér. Það sem ég óttast hins vegar er að þau góðu markmið sem sett eru hérna fram náist ekki í gegn vegna fjárskorts.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tækniháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 649. mál. — Þskj. 1048.

[20:34]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Tækniháskóla Íslands.

Með lagafrv. þessu er verið að samræma lög um Tækniskóla Íslands lögum um háskóla, nr. 136/1997, en þau lög kveða á um að sérlög um einstakar háskólastofnanir verði endurskoðuð og efni þeirra aðlagað þeim lögum. Stærsti hluti þess náms sem veitt hefur verið á vegum Tækniskóla Íslands hefur verið á háskólastigi og hefur skólinn útskrifað nemendur með viðurkenndar háskólagráður. Jafnframt hefur skólinn átt aðild að samstarfsnefnd háskólastigsins ásamt öðrum háskólum. Með frv. er því verið að staðfesta stöðu skólans sem háskóla í skólakerfinu jafnframt því sem skipulag skólans er aðlagað háskólalögum.

Núverandi starfsemi skólans byggir á lögum nr. 66/1972, með síðari breytingum, en þau lög hafa um alllangt skeið verið í endurskoðun. Á undanförnum tveimur árum hefur menntmrn. leitað til aðila vinnumarkaðarins um að þeir kæmu að eða yfirtækju rekstur skólans en viðræður þar að lútandi skiluðu ekki árangri. Niðurstaðan er því sú að leggja þetta frv. fram þar sem lög um háskóla frá 1997 gera ráð fyrir því að endurskoða skuli lög um háskólastofnanir sem undir lögin heyra. Sú endurskoðun hefur farið fram síðustu árin hjá öðrum ríkisháskólum og er Tækniskólinn sá síðasti í þeirri röð.

Frv. hefur verið unnið í menntmrn. en upphafleg frumvarpsdrög voru send Tækniskóla Íslands til umsagnar. Sérstakur stýrihópur á vegum Tækniskólans skilaði ráðuneytinu umsögn sem tekið var mið af við gerð frv. Þá hefur fulltrúi Tækniskólans unnið með starfsmönnum ráðuneytisins að frágangi frv. á síðustu stigum þess.

Ákvæði frv. um stjórnsýslu Tækniháskóla Íslands eru í samræmi við lög um háskóla og hafa verið aðlöguð að þeim auknu völdum og þeirri auknu ábyrgð sem fylgir í kjölfar aukins sjálfstæðis skólans. Auk þess eru ýmis ákvæði frv. sambærileg ákvæðum laga um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Þannig er stuðlað að samræmi á milli þessara háskóla og jafnframt lagður traustari grunnur að auknu samstarfi Tækniháskólans við aðra skóla á háskólastigi. Meginmarkmið frv. er því að koma á innri skipulagsbreytingu í skólanum en í því felst m.a. að skólastjórnendum er falin aukin ábyrgð og vald. Verði frv. að lögum munu skólastjórnendur, háskólaráð og rektor, hafa tækifæri til að aðlaga skólann að breyttum aðstæðum og hrinda í framkvæmd hugmyndum sem fram hafa komið í aðdraganda frv.

Við Tækniskóla Íslands hefur verið rekin frumgreinadeild sem veitir sérhæfðan undirbúning fyrir nám í tæknigreinum og fleiri greinum á háskólastigi. Námið telst vera á framhaldsskólastigi. Samningur menntmrn. og Tækniskóla Íslands, sem undirritaður var í ágúst 2001, fjallar m.a. um áframhaldandi rekstur frumgreinadeildar. Ekki er fjallað sérstaklega um frumgreinadeildina í frv. þessu enda er þar ekki um að ræða nám á háskólastigi. Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri frumgreinadeildar við Tækniháskóla Íslands sem verður byggður á samningi milli háskólans og menntmrn.

Við frumvarpsgerð þessa hefur nokkuð verið fjallað um nafn skólans. Í frv. er lagt til að skólinn heiti Tækniháskóli Íslands. Tækniháskóli Íslands á að vera fagskóli á sviði tækni og rekstrar sem miðlar sérhæfðri þekkingu á háskólastigi. Markmið hans er að búa nemendur undir að takast á við síbreytileg viðfangsefni og krefjandi störf í atvinnulífinu. Nám í Tækniháskóla Íslands á að opna nemendum sínum leið til viðbótarmenntunar í öðrum háskólum.

Herra forseti. Með þessu frv. fylgir allítarleg greinargerð og mun ég því ekki fjölyrða um það að sinni. Ég legg hins vegar áherslu á að þessi skóli er metnaðarfullur og það er mikils virði fyrir hann að hann hljóti verðugan sess innan háskólakerfisns. Það er mjög brýnt að ganga frá málefnum skólans þannig að hann geti tekist á við þetta nýja hlutverk sitt. Hann hefur gegnt mikilvægu starfi í menntakerfinu, það er verið að tryggja stöðu hans sem háskóla og ég legg því mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga.

[20:39]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í upphafi er rétt að fagna því að þetta frv. skuli vera hér til umræðu, og meira fagnaðarefni ef það hefði verið nokkru fyrr. En eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrv. og kom fram hjá hæstv. menntmrh. hafa á undanförnum tveimur árum staðið yfir tilraunir til að ná samstarfi við aðila vinnumarkaðarins um að þeir tækju þátt í eða yfirtækju rekstur skólans. Þess vegna má segja að of langur tími hafi liðið í þeim tilraunum því að þær hafa ekki

borið árangur. Auðvitað hefði verið ástæða til að yfirheyra hæstv. ráðherra um hvað olli því að svo mikill tími fór í þær árangurslausu viðræður en um ástæður þess veit kannski fyrrv. menntmrh. meira.

Þó er nauðsynlegt, herra forseti, að spyrja hæstv. ráðherra eins. Á undanförnum árum hefur líka verið nokkuð í umræðunni um framtíð þessa annars ágæta skóla hvort hugsanlegt væri að færa hann annað, allan eða að hluta, t.d. til Háskólans á Akureyri, eða gera einhverjar breytingar varðandi verkfræðideild Háskóla Íslands, annaðhvort með því að færa einhvern hluta frá verkfræðideildinni eða einhvern hluta af Tækniskólanum til verkfræðideildarinnar. Ég ætla ekki á þessu stigi að fjölyrða mikið um það en fróðlegt væri að heyra viðhorf hæstv. menntmrh. til þeirra hugleiðinga.

Það eru örfá atriði, herra forseti, á þessu stigi sem ég vildi gera að umræðuefni. Ég vil þó taka fram að ég geri ráð fyrir að hv. menntmn. muni einbeita sér að því að hraða störfum eins og kostur er um þetta frv. Ég tel allar líkur á að mikill samhljómur sé í nefndinni um mikilvægi þess að ljúka vinnu við það því að of lengi hefur nýrra laga um Tækniháskóla Íslands verið beðið, eins og ég sagði áðan.

Já, það eru nokkur atriði, herra forseti, sem ég vildi velta aðeins upp hér. Ég vildi gjarnan að hæstv. menntmrh. gæfi okkur skýringar á mun á ákvæðum í þessu frv. til laga um Tækniháskóla Íslands og þeim sem ég hef verið að skoða um Kennaraháskólann varðandi ráðningu, t.d. prófessora, dósenta og lektora. Það er aðeins öðruvísi orðalag í frv. en í lögum um Kennaraháskólann og mér virðist eins og ekki sé jafnmikill metnaður til handa Tækniháskólanum og er þó í Kennaraháskólanum varðandi þessar ráðningar. Á því eru þær skýringar hugsanlegar að lög Kennaraháskólans eru eldri og menn hafa e.t.v. verið að færa þetta eitthvað nær reynslunni.

Þó er hér atriði sem ég tel rétt að hæstv. ráðherra skýri líka fyrir okkur, og það er að nú eru teknar út allar skýringar á hinum svokölluðu skrásetningargjöldum. Í lögum um Kennaraháskólann er nokkuð skýrt af hverju þessi gjöld taki mið, þ.e. af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum sínum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi háskólans. Á undanförnum árum hafa orðið töluverðar umræður, einmitt nú síðast við afgreiðslu fjárlaga og bandorms sem tengdist breytingum á ríkisfjármálunum, um þessi efni. Mér sýnist, miðað við það orðalag sem hér er, að verið sé að stíga enn eitt skrefið í þá átt að auðveldara verði að hækka þessi gjöld án þess að þurfa að færa jafnsterk rök fyrir því og verið hefur fram að þessu. En það væri fróðlegt, herra forseti, ef hæstv. ráðherra gæti gefið okkur skýringar á því af hverju orðalag hér er töluvert frábrugðið því sem er í lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Í háskólaráði væntanlegs Tækniháskóla sitja miklum mun færri en t.d. í Kennaraháskólanum, og ég tek eftir því í athugasemdum við einstakar lagagreinar að þar er kveðið á um fjöldann, samanber það sem segir í athugasemd við 5. gr. frv., með leyfi forseta:

„Lagt er til að háskólaráð verði ekki fjölmennara en nauðsynlegt má teljast eða að sex fulltrúar skipi ráðið."

Það eru hins vegar níu fulltrúar sem skipa ráðið í Kennaraháskólanum. Þá vekur athygli að fulltrúum menntmrn. er ekki fækkað þannig að menntmrh. skipar tvo af sex í væntanlegt háskólaráð Tækniháskóla Íslands en tvo af níu í háskólaráð Kennaraháskóla Íslands. Það er því eðlilegt, herra forseti, að spyrja hæstv. menntmrh. hverju það sæti að hlutfall menntmrn. þurfi að vera mun hærra í væntanlegum Tækniháskóla en t.d. í Kennaraháskóla Íslands.

Í 13. gr. frv., herra forseti, er rætt um að háskólaráði sé heimilt að semja við félög nemenda, hollvinasamtök o.s.frv. Herra forseti. Mér er kunnugt um að hæstv. menntmrh. þekkir býsna vel til í Háskólanum á Akureyri. Þar hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að kalla ekki samtök sem þessi „hollvinasamtök" heldur „góðvinasamtök". Væri hæstv. ráðherra mjög á móti skapi að hv. menntmn. velti a.m.k. fyrir sér hvort þarna mætti hugsanlega skipta um orð eða hafa „og/eða" á milli til að geta a.m.k. gefið tækifæri til að menn hefðu sjálfdæmi um hvað þessi annars ágætu samtök hétu. (**KHG:** Sleppa „holl" og segja bara vinasamtök.) Eða vinasamtök — þá hefðu menn opið hvaða forskeyti væri þar fyrir framan. Hér er tillaga sem vissulega mætti skoða í nefndinni.

En það er eitt atriði, herra forseti, sem nauðsynlegt er að fá skýringar á en mér finnast ákvæðin varðandi embætti rektors tækniháskóla ekki nægjanlega skýr. Í þeim lögum sem ég hef hér vitnað til, þ.e. kennaraháskólalögunum, voru einmitt líka ákvæði til bráðabirgða sem gengu reyndar út á að rektor Kennaraháskólans yrði rektor hins nýja kennaraháskóla, þ.e. við þær breytingar sem urðu síðast gagnvart þeim skóla. Þar sér maður í ákvæðum til bráðabirgða hvernig tryggð er algjör samfella í embættisfærslunni. Hér er hins vegar örlítið bil á milli. Það segir hér í ákvæðum til bráðabirgða, b-lið, að embætti rektors Tækniskóla Íslands verði lagt niður 3. júní 2002. Hins vegar er gert ráð fyrir að hið nýja háskólaráð, sem á að taka til starfa 1. júní 2003, eigi að ganga frá tilnefningu rektors, sem ráðherra skal skipa skv. 7. gr., eigi síðar en 1. júlí 2002. Þarna líður rétt tæpur mánuður án þess að nokkur gegni embætti rektors skólans. Á meðan á menntmrh. að skipa þrjá fulltrúa í háskólaráðið og á einn þeirra að gegna störfum forseta ráðsins þar til rektor hefur verið skipaður. Það er spurning hvernig á þessu stendur og hvernig eigi að tryggja fullkomlega embættisfærslur þennan mikilvæga tíma, breytingin sem lagafrv. kallar á er væntanlega a.m.k. komin af stað.

Herra forseti. Að lokum vil ég minnast örlítið á fylgiskjalið frá fjmrn. Ég held að þar sé nauðsynlegt að bæta við upplýsingum, það muni flýta fyrir störfum í hv. menntmn. ef hæstv. menntmrh. gæti veitt frekari upplýsingar um þau mál. Það kemur einmitt fram í umsögn fjmrn. að við blasi verulegur uppsafnaður rekstrarhalli í Tækniskólanum. Jafnframt kemur fram að hann hafi numið um 180 millj. kr. í árslok 2001 og hafi aukist um fast að 80 millj. kr. á árinu, þ.e. á því ári sem nú er að líða, samanborið við 45 millj. kr. hallarekstur árið 2000.

Hér virðist um vaxandi rekstrarhalla að ræða. Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Þessar tölur benda til þess að skólinn muni ekki halda sig innan fjárheimilda á yfirstandandi ári enda þótt þær hafi verið ákveðnar á grundvelli samnings við skólann frá því í ágúst 2001. Fjárhagsvandi skólans er ekki síst tilkominn vegna fámennra nemendahópa á tæknisviðum og mikils kennslustundafjölda. Að óbreyttum fjárveitingum þarf að gera verulegar breytingar á náminu og endurskipuleggja þjónustuna til að draga úr kostnaði."

Ég held að það sé rétt að vekja athygli á orðalaginu „að draga úr kostnaði". Flest í þessu frv., þegar verið er að færa skólann alfarið yfir á háskólastig, mun eðlilega frekar auka kostnað en hitt.

Berum þetta saman við það sem segir svo örstuttu neðar varðandi stjórnkerfi skólans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að óbreyttum reglum um fjárveitingar þarf skólinn að draga úr öðrum kostnaði til að mæta því að væntanlega mun stjórnunarkostnaður aukast.“

Herra forseti. Þetta er auðvitað býsna erfitt mál fyrir nýjan skóla, þ.e. að byrja við þessar aðstæður. Því er eðlilegt að spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki muni fylgja í kjölfar þessa óskir, a.m.k. af hálfu hæstv. menntmrh., um að þessum aukna kostnaði verði mætt á annan hátt en þann að skólinn þurfi að byrja á að draga úr ýmsum öðrum kostnaði við að fara af framhaldsskólastigi yfir á háskólastigið.

Herra forseti. Þetta heldur nefnilega áfram hér í næstu klásúlu, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Kostnaði vegna hærri meðallauna“ — það er nú eiginlega sjálfgefið við þessa tilfærslu — „þarf skólinn að mæta með lækkun kostnaðar á öðrum sviðum að óbreyttum reglum um framlög til kennslu í háskólum.“

Herra forseti. Ýmislegt virðist benda til að skoða þurfi gaumgæfilega fjármálahlið þessa máls. Það er auðvitað býsna mikilvægt vegna þess, eins og ég vitnaði í áðan, að því miður hefur verið viðvarandi rekstrarhalli á Tækniskólanum. Það er að sjálfsögðu ekki mjög góð meðgjöf við þessar breytingar.

Herra forseti. Rétt að lokum segir hér í ummælum fjárlagskrifstofu fjmrn.:

„Þegar á allt er litið telur fjármálaráðuneytið í fyrsta lagi að frumvarpið gefi tilefni til nokkurs útgjaldaauka sem skólinn þarf að óbreyttum reglum um fjárveitingar að mæta með hagræðingu í rekstri.“

Herra forseti. Ég geri ekki lítið úr því að skólar eins og aðrar stofnanir sinni hagræðingu í rekstri. Það er ábyggilega hægt að ná hagræðingu í rekstri þessarar stofnunar eins og ýmissa annarra stofnana. En ég held að flestum sé ljóst að það er býsna erfitt að fara í breytingarnar sem fylgja þessu lagafrv. ef að auki þarf að grípa til margs konar hagræðingar í rekstri. Þessi breyting ein og sér hlýtur óhjákvæmilega að kalla á aukinn kostnað.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi, að þrátt fyrir þessar einstöku athugasemdir fagni ég framkomu þessa frv. Ég tel að hv. menntmn. muni leggja sig mjög fram um að reyna að hraða störfum við frv. eins og best verður á kosið.

[20:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna frv. til laga um Tækniháskóla Íslands. Sömuleiðis er ástæða til að fagna því að formlega skuli Sjálfstfl. hafa látið af mislukkuðum tilraunum sínum til að einkavæða tækninám á háskólastigi.

Það er ekki ástæða til að fara í löngu máli yfir þá þrautargöngu en nægir að nefna skipbrot síðustu tilrauna sem bar upp á sker með Margmiðlunarskólanum sem var mikið í umræðunni fyrir örfáum vikum.

Það er mjög mikilvægt þegar mál af þessu tagi kemur til umfjöllunar menntmn. að þess sé gætt í hvívetna að lög þessi verði í fullu samræmi við lög um Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Það kemur til með að verða eitt af meginverkefnum nefndarinnar, að kanna hvort sú samræming er til staðar eins og kveðið er á um í frv.

Tækniskólinn hefur nýlega sett fram mjög aðgengilega, öfluga og bjarta framtíðarsýn fyrir tækninám á háskólastigi. Sú framtíðarsýn hefur verið gefin út í formi skýrslu og menntmn. hefur haft þá skýrslu til skoðunar. Þar er satt að segja afar margt athyglisvert þannig að ég treysti mér til að fullyrða að þeir sem stýra tækninámi í dag í Tækniskóla Íslands eru sannarlega í stakk búnir til að takast á við það metnaðarfulla verkefni sem þetta frv. leggur þeim á herðar. Ég er sannfærð um að þeir sem þar stýra málum nú iða í skinninu eftir því að þessi lög verði að veruleika. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að þetta mál fái farsæla lausn og skjóta í menntmn. því að það ríður á að lög um tækninám á háskólastigi, lög um Tækniháskóla Íslands verði samþykkt á Alþingi.

Það er kannski ekki ástæða til þess að fara djúpt í greinar frv. Hæstv. ráðherra fór yfir helstu atriðin í máli mínu. Það sem ég vil kannski fagna sérstaklega er 12. gr. varðandi aðstöðuna til rannsókna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Tækniháskóla Íslands er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra, sem sinnir hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum í þágu atvinnulífsins.“

Það er afar mikilvægt að þessi grein skuli vera til staðar. Hún er forsenda þess að rannsóknarhlutverk hins væntanlega háskóla verði rækt með miklum myndarbrag.

Síðar í greininni, herra forseti, segir:

„Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita nemendum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.“

Herra forseti. Ég læt í ljós þá frómu ósk að því verði aldrei borið við í rannsóknastofnun Tækniháskóla Íslands að aðstæður leyfi ekki að nemendum skólans sé veitt ráðgjöf og fræðsla varðandi skipulagningu rannsókna. Auðvitað er það algjört lykilatriði að nemendur hafi greiðan aðgang að þeirri rannsóknastofnun sem skólinn kemur til með að starfrækja.

Varðandi 13. gr. er auðvitað mikilvægt að hún sé í samræmi við lög um Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Ég tek undir það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði í ræðu sinni áðan. Það þarf aðeins að líta á þetta með háskólaráðið, hvort hér sé um stórt atriði að ræða eða ekki, þ.e. hlutfall þeirra sem skipaðir eru í háskólaráðið af menntmrh. Það verður skoðað í vinnu nefndarinnar og sömuleiðis geri ég ráð fyrir að það verði eilítið flókið að fara í gegnum ákvæði til bráðabirgða varðandi umskiptin þegar Tækniskóli Íslands verður gerður formlega að háskóla. Ég treysti því að hér sé gert ráð fyrir að haldið verði á málum á sanngjarnan hátt. Að þessu frv. lesnu hef ég ekki ástæðu til að ætla annað. Ég geri þó ráð fyrir að nefndin gefi þessu atriði sérstakan gaum.

Það er mikilvægt að í grg. með frv. skuli markmið skólans orðuð á þann hátt sem þar er gert. Markmið hans er samkvæmt grg. að búa nemendur undir að takast á við síbreytileg viðfangsefni og krefjandi störf í atvinnulífinu. Það er afar þýðingarmikið, eins og þeir vita sem komið hafa að málum í Tækniskóla Íslands, að hafa opinn og skapandi vettvang í atvinnulífinu og í samstarfi við atvinnulífið. Það hefur verið mikill vilji til þess. Bolmagn skólans hefur kannski verið fulllítið til að hann hafi getað rækt það samband nægilega en ég læt í ljós þá ósk að hægt verði að rækja það samband betur og efna til meiri áburðargjafar í þann akur þegar skólinn er formlega kominn á háskólastig. Ég sé ekki annað en að í frv. sé gert ráð fyrir öflugum og skapandi tengslum við atvinnulífið sem er nauðsynlegt.

Svo er líka mikilvægt sem fram kemur í grg., að nám í Tækniháskóla Íslands eigi að opna nemendum hans leið til viðbótarmenntunar í öðrum háskólum. Tækniháskóli Íslands

yrði auðvitað þrep, áframhaldandi menntun biði þeirra hæfu nemenda sem þaðan útskrifuðust. Ég geri ráð fyrir að ef metnaðurinn sem fram kemur í þessari setningu grg. fær að ráða komi fjöldi nemenda til með að halda áfram og kanna frekari lendur tækninám á háskólastigi.

Það er ekki þörf á því að lengja verulega umræðuna um umsögn fjármálaskrifstofu fjmrn. Það er hárrétt, sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson benti á, að það vekur óneitanlega ugg að fram kemur í umsögn fjmrn. á þremur eða fjórum stöðum, þ.e. að það skuli tekið svo skýrt fram í henni og svo oft, að að óbreyttum fjárveitingum þurfi að gera verulegar breytingar á náminu og endurskipuleggja þjónustuna til að draga úr kostnaði.

Þetta getur ekki verið markmið löggjafans með setningu þessara laga. Við í menntmn. vitum manna best við hvaða kost Tækniskóli Íslands hefur þurft að búa undanfarin ár. Við höfum gert það sem í okkar valdi hefur staðið í vetur til að reyna að koma þessum málum á rekspöl. Við höfum kallað sérstaklega til okkar aðstandendur Tækniskóla Íslands. Fjárhagsstaða þess skóla hefur verið afar erfið, eins og reyndar kemur fram í umsögn fjmrn. Auðvitað er það brýnna en margt annað að löggjafinn, þá náttúrlega fjármálavaldið, standi þannig að málum við lagasetninguna að þar verði tekið svo myndarlega á að fjárhagur skólans, hins nýja skóla, verði vel tryggður í upphafi þessa öfluga náms. Ég tel mikilvægt að koma í veg fyrir að strax verði farið í að herða sultarólina að hugsjónunum eða skera af sér handlegg eða fótlegg til að geta gert nokkurn skapaðan hlut.

Það sem kemur fram í umsögn fjmrn. er þess eðlis að manni virðist sem þeir lesi það út úr frv. að ekkert eigi að gera til breytinga á fjárhag eða fjármálum tækninám á háskólastigi. En auðvitað er lífsnauðsynlegt að þar verði tekið myndarlega á og fyrirheit um slíkt þurfa auðvitað að fylgja frá hæstv. menntmrh. í kjölfar frv. Ekki er hægt að ætlast til þess að öflugt tækninám á háskólastigi verði sett á legg í nýrri öflugri menntastofnun ef ekkert á að gera til þess að leiðrétta gamlan halla og búa til nýjan tryggan fjárhagsgrundvöll.

Ég treysti því að við þurfum ekki að stranda á þeirri umsögn sem fjmrn. hefur látið frá sér fara sem fylgiskjal með greinargerðinni, heldur að tekið verði á þeim fjármálum á öflugan hátt strax í byrjun. Fyrirheit um öruggan og tryggan fjárhag þarf að fylgja frv. í gegnum menntmn.

Að svo mæltu, herra forseti, lýsi ég því yfir að ég tel vera metnaðarfulla framtíðarsýn fólgna í frv. Ég tel löggjafann skulda tækninemum og atvinnugreinum sem eiga í hlut að málið fari til menntmn. og fái þar öfluga og skjóta afgreiðslu, vandaða en skjóta, því ég tel mjög mikilvægt að frv. verði gert að lögum á þessu þingi.

[21:02]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst koma upp til að fagna þessu frv. sem við höfum lengi beðið hér, við sem sitjum í hv. menntmn. Á ýmsu hefur gengið á undanförnum árum og stundum hélt maður að sá skóli mundi hreinlega hverfa í björg og það hin undarlegustu björg. En nú standa mál þannig að hér sitjum við eða stöndum og tölum fyrir frv. til laga um Tækniháskóla Íslands á Alþingi Íslendinga og eftir því sem mér heyrðist á hæstv. ráðherra menntamála er meiningin að afgreiða frv. fyrir vorið. Ég fagna því ákaflega og ég mun leggja mitt af mörkum til að frv. fái farsæla, góða og skjóta — tek ég undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur 17. þm. Reykv. — afgreiðslu í hv. menntmn.

Frv. er flutt til að samræma lög um Tækniskóla Íslands lögum um háskóla. Um nokkurt skeið hefur Tækniskóli Íslands verið rekinn að mestu leyti á háskólastigi. Öll kennsla þar hefur verið á háskólastigi og það hefur háð skólanum óskaplega mikið að hann hefur í rauninni ekki verið fyllilega viðurkenndur sem háskólastofnun og lengi vel t.d. ekki fengið fjárveitingar sem slíkur. Ég veit ekki hvort á þar einhverja sök að þeir hafa verið innan borðs með frumgreinadeild sem er afskaplega góð deild og nauðsynleg fyrir rekstur skólans, til að brúa það bil sem góðir iðnaðarmenn sem hafa áhuga á frekara framhaldsnámi þurfa að yfirstíga, en frumgreinadeildin er á framhaldsskólastigi og verður það áfram samkvæmt frv. Ég veit ekki hvort þetta hefur átt einhverja sök á því að erfiðlegar hefur gengið en ella að fá skólann viðurkenndan sem háskólastofnun, það má vera, en ég held að þetta sé ein af þeim styrku stoðum sem gerir Tækniskólann að svo góðri skólastofnun sem hún er.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna því hér hefur verið farið ákaflega vel ofan í þau atriði sem ég hafði hugsað mér að minnast á, en ég verð þó að koma að þeim ígrundunum fjmrn., fjárlagaskrifstofu, um fjárhag skólans. Ég verð að segja að það tók mig allharkalega niður úr skýjunum sem ég sat á, þar sem ég hélt frv. í höndunum, þegar ég las þessa umsögn þar sem mér finnst verið að hóta því að jafnframt þeim breytingum á skólanum yfir í tækniháskóla verði settar á hann sérstakar hagræðingarkröfur. Það var ekki það sem ég átti sérstaklega von á vegna þess að þær vonir sem ég bind við þennan skóla eru að það takist sérstaklega að efla þær deildir skólans sem eru með sérstaka tæknimenntun á sínum vegum.

Segja má að ýmiss konar rekstrartækni megi læra í öðrum háskólum á Íslandi, en tæknihliðinni hefur ekki verið annars staðar betur sinnt en í Tækniskólanum og þær deildir eru einmitt dýrar og þær þarf sérstaklega að efla með öllum ráðum til heilla fyrir íslenska þjóð. Og það mun kosta. Ákveðið grunnkapítal verður að leggja í það, en það mun líka margborga sig fyrir þjóðina þegar upp er staðið því það er kannski ekkert nám sem launar þjóðinni eins vel og gott og öflugt tækninám.

Ég vona að við þurfum ekki að hafa miklar áhyggjur af fylgiskjalinu sem heitir umsögn frá fjmrn. Ég vona að einhver smámistök og misskilningur hafi valdið þeim niðurstöðum sem þeir ágætu sérfræðingar sem þar um véla hafa komist að og þeir þurfi aðeins að hugsa sig betur um og jafnvel skila einhverju aukafylgiskjali áður en við förum áfram með málið til afgreiðslu.

[21:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Eftir frv. sem hér er til umræðu hefur verið beðið nokkuð lengi eins og heyra má á ræðum hv. þm. því menn hafa viljað skipa málum tæknimenntunar með öðrum hætti og betri en verið hefur og það er ekki að ástæðulausu að menn hafi kallað eftir breytingum á því sviði. Ég tel að þær viðræður sem hafa verið í gangi undanfarin ár við Margmiðlunarskólann hafi heldur hægt á þeirri þróun, sem hefði þurft að vera hafin fyrir löngu, að styrkja tækninám, færa það yfir á háskólastig og gera það öflugra en menn hafa búið við til þessa.

Ég vil þó segja fyrst um málið að ég tek eftir því að í skýringum með frv. kemur fram að Tækniskólinn er í raun og veru fremur lítill skóli. Miðað við fjárlög þessa árs miðar fjárveiting við um 650 nemendur. Af þeim eru um 150 í

frumgreinadeild sem ekki fellur undir háskólastigið og af þeim 500 sem þá eru eftir eru aðeins um 230 á tæknisviði. Ef við skoðum Tækniskólann og greinum starfsemi skólans þannig, athugum hversu margir þar eru beinlínis í því tækninámi sem efni málsins tekur fyrst og fremst til, þá eru þetta innan við 250 nemendur. Það er ákaflega lítill skóli og í raun og veru mjög lítill háskóli. Meiri þörf er á því að skólar á háskólastigi séu sæmilega fjölmennir en skólar á neðri skólastigum og ég hef nokkrar áhyggjur af því að stofna nýjan háskóla og bæta við í háskólaflóruna sem er ekki stærri eða fjölmennari en þessar upplýsingar gefa til kynna.

Ég held að menn eigi því að skoða möguleikana á að byggja upp háskólastigið þar sem hið opinbera hefur afskipti af því með þeim hætti að ekki verði allt of margir skólar á því stigi. Við höfum þegar ekki bara Háskóla Íslands, sem er auðvitað yfirburðastór í þessari háskólaflóru, heldur hafa byggst upp skólar sem ekki eru í raun og veru mjög stórir eins og uppi í Borgarfirði eða á Akureyri. Fremur en að fjölga litlum skólum tel ég að menn eigi að huga að skipulagsbreytingum til að láta þá skóla vinna meira saman og mynda heild sem er öflugri en stefnir í. Ég leyni því ekki að ég tel að menn eigi að skoða möguleikana á því að Tækniháskólinn sem stefnt er að að verði með þessu frv. verði hluti af einhverjum þeim háskólum sem fyrir eru í dag.

Að vissu leyti má segja að eðlilegast sé að tæknimenntun verði sameinuð þeirri starfsemi sem fer fram í Háskóla Íslands. Þar er mesti skyldleiki við starfsemina og sjálfsagt mest samlegðaráhrif. Annar möguleiki er að fella slíka menntun undir Háskólann á Akureyri. Og ég hef nokkurn áhuga á því máli. Ég veit að fram hafa farið viðræður við menntmrn. af hálfu forsvarsmanna Háskólans á Akureyri um það efni og hafa staðið yfir nokkuð lengi. Ég held að hæstv. menntmrn. ætti að taka þann þráð upp að nýju sem spunninn var fyrir tveimur árum í þeim efnum. Ég tel að ýmiss konar ávinningur fengist fram með því móti. Ég tel að það yrði sterkari skóli þó svo hann yrði staðsettur á tveimur stöðum, Akureyri og Reykjavík, sem ég tel enga frágangssök nema síður sé. Sameiginleg yfirstjórn yrði og það mundi byggja upp og styrkja báðar einingar skólans. Ég hvet til þess að slík hugmynd verði skoðuð og mun beita mér fyrir því í menntmn. að svo verði gert.

Ég vil nefna annað sem styrkir það að skoða þennan möguleika og það er sú staðreynd sem segja má að sé orðin almennt viðurkennd að eitt það atriði sem hvað mest styrkir landsbyggð eða landsvæði er starfsemi á háskólastigi, hvort sem það eru skólar eða sjúkrahús eða annað slíkt þar sem eru vinnustaðir háskólamenntaðs fólks sem fellur inn í samfélagið að öðru leyti og myndar almennt meiri breidd í þeim.

Við erum að fjalla um byggðaáætlun í Alþingi um þessar mundir og sú áhersla kemur mjög sterkt fram í þeim gögnum sem unnin hafa verið í aðdraganda þeirrar áætlunar. Ég tel að menn eigi að taka pólitíska ákvörðun um það og vera ófeimnir við að kannast við þær áherslur að stuðla að því að byggja upp háskólamenntun á þremur stöðum á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins. Þar er ég að tala um Ísafjörð, Akureyri og Miðausturland. Ef menn ætla sér að styrkja þau svæði, sem ég hygg að sé pólitísk samstaða um að eigi að gera, a.m.k. endurspeglast eining um það mál t.d. á vettvangi sveitarstjórna, þá verða menn að huga að uppbyggingu menntastofnana á þeim stöðum og koma á fót styrkari stofnunum á þessu sviði, styrkja þær sem fyrir eru og koma þeim á fót þar sem þær eru ekki fyrir.

Ég er ekki að tala fyrir sérstökum háskóla á Austurlandi eða á Vestfjörðum, ég held að það væri ekki skynsamlegt, en ég held að þar eigi að koma á fót háskólakennslu og aðgangi að háskólakennslu í gegnum einhvern þann háskóla sem starfar í dag, hvort sem það er Háskólinn á Akureyri eða einhver annar háskóli. Mér finnst reyndar að af þeim háskólum sem starfa í dag hafi Háskólinn á Akureyri sýnt mikið frumkvæði á undanförnum árum í því að hasla sér völl á landsbyggðinni og að eðlilegt sé að líta fyrst til stjórnenda þess skóla um vilja þeirra til að standa að því með stjórnvöldum að byggja upp háskólamenntun á þeim stöðum, Vestfjörðum og Austfjörðum. Það væri sannarlega vel við hæfi að því yrði stjórnað frá Akureyri sem mundi þá styrkja þann stað líka. Ég nálgast þessi mál líka út frá öðrum forsendum en leggja má kannski til grundvallar sem menntunarlegum, þ.e. byggðarlegum. Mér finnst hvort tveggja mæla með því að menn hugi að því að færa tæknimenntun upp á háskólastig með þeim hætti að fella þá menntun að því kerfi sem fyrir er fremur en að stofna sjálfstæðan skóla sem yrði, a.m.k. miðað við þessar upplýsingar, aldrei annað en mjög lítill skóli.

Ég vil í öðru lagi víkja að 13. gr. frv. um heimild skólans til að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan lögmæltrar þjónustu, svo og gjald til að taka fyrir símenntun og fræðslu fyrir almenning. Ég vil aðeins hreyfa þeim sjónarmiðum að mér finnst ekki endilega sjálfgefið að það fyrirkomulag sem þróast hefur hér á landi á undanförnum árum varðandi greiðslu fyrir aðgang að menntun sé það eina rétta. Mér finnst það ekki sjálfgefið að þeir sem sækja sér menntun eftir að æskuárum er lokið og menn komnir út í atvinnulífið eigi að gera það á þeim forsendum að það sé þeirra að greiða að fullu fyrir þá þjónustu sem þeir sækja, hvort sem það er símenntun eða fræðsla fyrir almenning. Ég tel að menntakerfið eigi að vera fyrir þá hópa ekkert síður en fyrir ungt fólk sem er að afla sér menntunar eftir hefðbundnum leiðum námsins. Ég vil tala fyrir því að það sjónarmið endurspeglist einmitt í gjaldtökunni. Ég tel að við eigum að reka menntastefnu sem höfðar til allra þjóðfélagshópa og aldurshópa og sé ekki sérstaklega að miða að einhverri hefðbundinni leið í gegnum menntakerfið, gera þá leið tiltölulega eins þægilega og hægt er kostnaðarlega séð en þeir sem fara aðrar leiðir þurfi að greiða fyrir þá menntun að fullu eða mjög miklu leyti, eins og við þekkjum í gegnum Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þeir sem fara þangað og sækja sér menntun þurfa að greiða fyrir hana fullu verði. Ég tel að 13. gr. sé út af fyrir sig þannig orðuð að hún geti rúmað þau sjónarmið sem ég tala fyrir, því það segir ekki í henni að heimildin afmarkist við að gjald fyrir símenntun og fræðslu fyrir almenning eigi að vera með þeim hætti að það eigi að standa undir öllum kostnaði við að veita þá menntun. Út af fyrir sig væri fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra um það.

Ég tek undir þá ábendingu sem hér kom fram fyrr í umræðunni að mjög nákvæmar skýringar þurfi að vera á skrásetningargjöldum þannig að það fari ekki á milli mála hvað felst í þeirri heimild sem þarna er veitt.

Ég vil, herra forseti, segja að lokum að ég tel að frv. sé heldur til framfara miðað við núverandi ástand, en auðvitað þarf að vinna bug á þeim fjárhagsvanda sem skólinn er í í dag og menn losna ekkert við þann vanda með því að skipta um nafn eða færa skólann að einhverju leyti upp á háskólastig.

Menn verða fyrr eða síðar að taka á fjárhagsvanda skólans og ég treysti því að hæstv. ráðherrar, sem það mál brennur á fyrst og fremst, geri sér grein fyrir því og beiti sér fyrir því að það verði gert.

[21:20]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að við getum öll verið sammála um að meginmarkmiðið er að byggja upp og efla almennt tæknimenntun í landinu og út frá því séð get ég vel fallist á að við eigum líka að efla tæknimenntun og framboð á tæknimenntun á Akureyri. En mér brá að heyra hv. þingflokksformann Framsfl. leggja það til nú, þegar við erum að afgreiða frv. til laga um Tækniháskóla Íslands, að það eigi frekar en að stofna þennan skóla að flytja hann til Akureyrar. Mér kemur þetta mjög á óvart.

Hverjir sækja þennan skóla fyrst og fremst? Fyrst og fremst eru þetta mjög góðir námsmenn úr iðnaðarmannastétt sem vilja fá sér frekari tæknimenntun. Þetta eru mjög oft menn sem eru komnir með fjölskyldu og það mundi hreinlega hamla þeim að geta stundað nám sitt ef þeir þyrftu að flytja út á land til þess. Það væri mjög erfitt. Ég verð að segja að ég held að það sé alveg höfuðnauðsyn, ef við ætlum raunverulega að efla tæknimenntun í landinu, að bjóða einmitt upp á öflugan tækniháskóla og endilega að fjölga þeim sem sækja hann og leita sér tæknimenntunar en ekki að hrekja þá út á landsbyggðina. Það er ekki lausn á málinu.

[21:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. hafi eitthvað misskilið það sem fram kom í máli mínu eða ekki heyrt allt það sem ég sagði. Ég nefndi það alveg sérstaklega að þar sem þetta yrði fyrirsjáanlega afar lítill skóli yrði að mínu viti miklu skynsamlegra að fella hann inn í aðra einingu þannig að menn hefðu stærri skóla til að reka og ýmis áhrif af því yrðu til styrktar þeirri menntun. Ég held t.d. að það mundi styrkja tæknimenntunina að tengjast öflugri yfirstjórn og tengjast annarri starfsemi þannig að úr yrði heild sem yrði tiltölulega fjölmenn og af því yrði ávinningur.

Ég lét það einnig koma mjög skýrt fram af minni hálfu þegar ég rifjaði upp þær viðræður sem fóru fram fyrir fáeinum árum milli Háskólans á Akureyri og menntmrn. að gert var ráð fyrir að skólinn starfaði á tveimur stöðum, bæði á Akureyri og í Reykjavík. Mér finnst óþarfi að dramatísera þessa hugmynd með því að tala um að hrekja menn frá námi með því að ætlast til þess að menn sæki námið út á land. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir því í þessum hugmyndum að þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu þurfi að sækja menntunina út fyrir það því gert er ráð fyrir að skólinn starfi hér eins og fyrir norðan.

Í öðru lagi mætti snúa þeim röksemdum við og segja að með því að hafa núverandi fyrirkomulag þar sem tæknimenntun væri eingöngu byggð upp á höfuðborgarsvæðinu væri verið að hrekja fólk af landsbyggðinni frá námi. Ég er ekki viss um að hv. þm. sé tilbúin að standa við þá fullyrðingu.

[21:24]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mig hafa hlustað ákaflega grannt á málflutning hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og ég gat ekki skilið betur en að hann væri að segja að Tækniskóli Íslands eins og hann væri núna, með aðeins 250 nemendur í tæknigreinum, væri of lítil eining og það bæri ekki að reka hana áfram heldur bæri að sameina þá einingu öðrum háskólum og þar benti hann sérstaklega á Háskólann á Akureyri.

Ég vil ítreka að ég er mjög hlynnt því að Háskólinn á Akureyri verði efldur, ég tala nú ekki um sú tæknimenntun sem hann býður upp á þannig að nemendur utan af landi geti átt þar innhlaup. En ég tel að það væri mjög rangt af okkur í þeirri stöðu sem við erum í í dag að leggja niður Tækniskólann í Reykjavík. Tvímælalaust eigum við að efla hann. Við eigum að setja honum skýr og aðgengileg lög og við eigum að efla hann þannig að þær tæknideildir sem núna hafa um 250 manns verði mun fjölmennari.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. í því sem hann talaði um varðandi gjaldtöku og vil taka það fram að gjaldtaka í tækninámi, eins og fyrirhuguð var þegar verið var að tala um að gera skólann að einkaskóla, mun ekki draga fólk að frekari tækninámi en stundað er hér í dag.

[21:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég árétta það að ég er þeirrar skoðunar að ég hygg að það sé ekki háskólamenntun á Íslandi til framdráttar að hún dreifist á marga skóla sem eru smáir og ég tel það ekki skynsamlegt skref að fjölga smáum háskólum.

Hins vegar má segja að þróunin er að mörgu leyti skiljanleg í ljósi þess að Háskóli Íslands, sem var auðvitað sá háskóli sem þjóðin byggði upp, virtist ekki hafa haft þau viðhorf í fyrirrúmi að hann ætti að starfa annars staðar en í Reykjavík. Það er auðvitað ástæðan fyrir því að menn fóru af stað í því að koma upp háskólamenntun utan höfuðborgarsvæðis til að mæta kröfum fólks þar um að færa menntunina til þess. Því miður má segja að sú forneskja sem ríkt hefur í Háskóla Íslands að þessu leytinu til hafi spillt fyrir uppbyggingu háskólamenntunar að mínu mati. Ég tel að mun betur hefði farið á því að menn hefðu byggt upp Háskóla Íslands á fleiri stöðum landsins en bara Reykjavík og gætt þess við þá uppbyggingu að dreifa menntuninni þannig að ekki væri verið að bjóða upp á alla þætti á öllum stöðum heldur að afmarka sig við ákveðin viðfangsefni sérstaklega á ákveðnum stöðum. Þá hefði slík uppbygging farið að mínu viti mun skynsamlegra fram en verið hefur.

Ég er ekki þar með að segja að litlu skólarnir séu endilega slæmir, en ég tel að af eðlilegum ástæðum hljóti þau viðhorf að gilda við háskóla eins og aðra skóla og aðrar stofnanir og fyrirtæki að mörg fá og smá fyrirtæki eða stofnanir eru veikari en þau sem eru stærri.

[21:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem jafnframt er formaður þingflokks Framsfl. kom með afar athyglisvert innlegg inn í umræðuna.

Ég vil í andsvari mínu víkja fyrst að fjárhagshliðunum og vil inna hv. þm. eftir því hvaða umfjöllun fjármál Tækniskólans hafa fengið hjá þingflokki Framsfl. Hér kemur fram að skuldir skólans eru nú þegar um 180 millj. kr. eða voru við síðustu áramót og ekki líkur til að þær hafi minnkað. Þetta var að vísu ljóst við fjárlagagerð síðast og samt ástæða til að hækka gjöld á nemendum skólans en fjárhagur hans er áfram mjög erfiður.

Hefur þingflokkurinn rætt þessa fjárhagsstöðu í tengslum við frv.? Ég get ekki séð í umsögn fjmrn. annað en að honum sé ætlað að verða að háskóla án þess að fá til þess aukið fé, samanber það sem þar stendur:

„Kostnaði vegna hærri meðallauna“ — við að breytast í háskóla — „þarf skólinn að mæta með lækkun kostnaðar á öðrum sviðum að óbreyttum reglum um framlög til kennslu í háskólum.“

Ekki er gefið undir fótinn að hækka eigi framlög til skólans heldur eigi hann að taka innan úr sér þá breytingu, en áfram er hann með mikinn halla. Það er fráleitt að ætla að afgreiða lög um tækniháskóla og láta hann svo jafnframt sitja uppi með kannski á þriðja hundrað milljón króna halla.

Auk þess vil ég líka spyrja hv. þm. hvort hann sakni þess ekki að í frv. stendur hvergi hver ber í rauninni fjárhagslega ábyrgð á skólanum. Hvergi stendur að hann sé formlegur ríkisháskóli eða hver beri fjárhagslega ábyrgð á honum. Eina sem stendur um fjármál að því er ég hef séð er um gjaldtöku vegna ýmissar þjónustu eins og hv. þm. kom inn á, en það stendur hvergi í frv., svo ég sjái, hver beri fjárhagslega ábyrgð á skólanum.

[21:30]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það segir sig sjálft að í þessu frv. er um að ræða ríkisskóla. Fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi skólans er því á hendi ríkissjóðs. Það er alveg ljóst, eins og skilmerkilega er dregið fram í umsögn fjmrn. um fjárhag skólans, að þar hafa verið erfiðleikar sem menn þurfa að taka á. Ég held að þessi breyting geti auðveldað mönnum að taka á þeim fjárhagsvanda. Ég held að hugmyndir um að fella þenna skóla, rekstrarlega a.m.k., saman við aðra skóla muni auðvelda mönnum líka að takast á við þennan vanda því ég held að augljóst sé að kostnaðurinn við að reka fámennan skóla er meiri en að reka stærri skóla.

Það verður auðvitað viðfangsefni okkar við fjárlagagerð næsta árs að taka á þeim fjárhagsvanda sem hér er skilmerkilega gerð grein fyrir og ég hef engar efasemdir um að þeir ráðherrar sem glíma við það mál muni komast að farsælli niðurstöðu.

[21:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að ítreka aftur spurningu mína. Í umfjöllun um frv. til laga um Tækniháskóla Íslands hljóta menn að líta til þess fjárhags og fjárhagsramma sem hann annars vegar býr við nú og hins vegar þarf að búa við áfram ekki síður þegar hann er orðinn að háskóla. Mér finnst dapurleg meðhöndlun á fjármálunum að hvergi eru neinir tilburðir til eða ýjað að því að bæta eigi eða rétta fjárhag hans heldur eru einungis setningar um að hann verði að taka aukinn kostnað við breytinguna í háskóla innan úr sér, þ.e. með hagræðingu innan skólans sjálfs.

Herra forseti. Ég ítreka að það hefur lítið upp á sig að samþykkja lög um að breyta þessum skóla í tækniháskóla ef honum verður áfram gert að dragnast með þennan halla frá fyrri árum. Ríkisvaldið kreppir að námi og skólum í landinu og það speglast í þessum skóla.

Ég inni hv. þm. Kristin H. Gunnarsson ítrekað eftir þessu: Er ásættanlegt að hans mati að fjalla hér um frv. um stöðu skólans án þess að því fylgi úrbætur í fjármálum því annars hefur litla þýðingu að breyta þessum skóla? Það skiptir engu máli hvort hér er um stóran eða lítinn skóla að ræða. Hann þarf sitt fjármagn til þess að geta starfað.

Þarna skortir verulega á. Ég óska svara frá hv. þm. sem ég veit að er annt um að hægt sé að reka skóla en þeir ekki fjársveltir eins og við nú búum við.

[21:33]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna líkt og aðrir þingmenn sem komið hafa hér upp frv. til laga um Tækniháskóla Íslands sem nú hefur loksins litið dagsins ljós. Um of langt skeið hafa málefni Tækniskóla Íslands verið í lausu lofti og framtíð hans því á reiki. En hér er verið að stíga það framfaraskref að samræma lög um Tækniskóla Íslands lögum um háskóla og þannig er staða skólans sem háskóla staðfest og skipulag hans aðlagað háskólalögum.

Fyrr í vetur fékk hv. menntmn. sem ég á sæti í á sinn fund nokkra góða fulltrúa frá Tækniskóla Íslands þar sem þeir gerðu nefndinni grein fyrir þeirri biðstöðu sem skólinn hefur verið í. Beindu þeir m.a. þeim óskum til nefndarinnar að ýta á eftir því frv. sem hér um ræðir og sjá síðan til þess að þetta mál fengi skjóta og góða meðferð hjá nefndinni. Er það von mín og trú að sú verði raunin og að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

[21:35]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að frv. til laga um Tækniháskóla Íslands skuli vera komið fram. Það er mjög ánægjulegt að þessi skóli skuli í bili a.m.k. sloppinn úr einkavæðingarkrumlum ríkisstjórnarinnar sem hann hefur verið í á undanförnum mánuðum og missirum, en ítrekað hefur verið reynt að koma þessum skóla úr ábyrgð ríkisins til hinna ýmsu einakaðila sem hefur verið biðlað til um að taka hann að sér. Eins og hér hefur verið minnst á hefur verið afar dapurlegt að fylgjast með því á undanförnum mánuðum og missirum hvernig stjórnvöld undir forustu fyrrv. hæstv. menntmrh. hafa lagt þennan skóla í einelti og reynt að leggja eins marga steina í götu hans og þeim hefur verið kostur, sérstaklega til þess að einkavæða hann og losa sig undan ábyrgð á rekstri hans. Því er virkilega fagnaðarefni að skólinn losni með þessu frv. úr einkavæðingarkrumlunum og fái að starfa eðlilega.

Ég vil nálgast þetta mál á annan hátt en hv. Kristinn H. Gunnarsson. Ég tel að í okkar litla landi sé stærð háskóla ekkert meginmál. Það er meginmál hvar þar fer fram. Skólar hér á landi verða alltaf litlir á alþjóðlegan mælikvarða. Nám almennt í þjóðfélaginu er að færast upp á hærra námsstig. Það er eðlileg þróun. Fyrir nokkrum árum þótti fyllilega nægilegt að vera með tvo eða þrjá menntaskóla í landinu og menn bjuggust ekki við að fleiri skólar yrðu á því námsstigi. Nú þykir eðlilegt að við séum með menntaskóla eða framhaldsskóla í flestum eða öllum landshlutum og við vildum helst hafa þá í flestum eða öllum byggðarlögum þannig að ungt fólk geti sótt framhaldskólanám heiman að frá sér daglega. Svona hafa nú viðhorf og kringumstæður breyst.

Sama gildir um háskólanámið. Fyrir nokkrum árum var hér einn háskóli og þótti það ærið. Nú eru komnir fjórir eða fimm háskólar hér á landi og háskólamenntun er að verða að meira og meira leyti almennari menntun en áður var í samfélaginu. Mér finnst skortur á framsýni að halda því fram að nauðsynlegt sé að takamarka sig við ákveðinn fjölda eða ákveðna stærð háskóla.

Ég tel að við eigum að vinna að því að efla háskólanám með fjölgun á háskólum víða um land þannig að háskólar og háskólanám verði í boði sem allra víðast á landinu. Það getur vel gerst undir litlum skólum sem hafa sjálfsforræði á sínum málum en styrkja sig með samstarfi við aðra skóla, hvort heldur er hérlendis eða erlendis.

Ég skal taka dæmi af þeim skóla sem ég starfaði við um árabil, skólanum á Hólum í Hjaltadal. Þar var byggt upp háskólanám. Þar er hægt að velja nám í einstökum áföngum á háskólasviði og það er styrkt með samstarfi ekki bara við háskóla innan lands heldur líka með samstarfi við háskóla erlendis, hvort heldur er í Kanada, á Norðurlöndunum eða í Bretlandi. Þar er háskólanámið styrkt með samstarfi við þessa skóla. En frumkvæðið, umsýslan og stjórnunin í þessu tilfelli er á hendi skólans sem ég nefndi, þ.e. skólans á Hólum í Hjaltadal.

Það lýsir mikilli þröngsýni að binda sig við einhverja stærð. Aðalatriðið er að staðið sé að frjóu og öflugu skólastarfi sem byggt er upp með námi og rannsóknum og hægt er að styrkja það með samstarfi við skóla hvort heldur hérlendis eða erlendis. Ég tel það skammsýni af hálfu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar halda því fram að vegna þeirra raka sé nauðsynlegt að binda sig við að steypa litlum háskólum saman í einn eða tvo stærri háskóla. Það er engin forsenda fyrir því að starf þeirra styrkist. Aðalatriðið er að innviðirnir séu slíkir að námið sé öflugt, fái viðurkenningu og að staðið sé undir því sem í boði er. Þá viðurkenningu getur maður bæði sótt til innlendra og erlendra háskóla eftir því sem við á til stuðnings ef ástæða er til.

Þess vegna tel ég að Tækniháskólinn sé ekkert of lítill, að það sé ekki vandamál hans að vera of lítill til þess að standa undir sínum forsendum. Hann byggir fyrst og fremst á öflugu, metnaðarfullu og menntuðu starfsfólki og á framsæknum og metnaðarfullum nemendum. Það myndar í rauninni skóla og gefur honum gildi fyrst og fremst en ekki stærðin sem slík.

Ég vil taka undir að ástæða er til að styrkja og efla Háskólann á Akureyri. Ég hef sagt á Alþingi að mér fyndist t.d. óeðlilegt ef Háskóli Íslands byggði upp háskólanám á sviði sjávarútvegsmála sem átti fyrst og fremst að vera við Háskólann á Akureyri. Mér hefði fundist það óþarfi og sömuleiðis að Háskóli Íslands skuli endilega fara í að byggja upp miðstöð fyrir háskólanám á sviði ferðamála þegar verið er að byggja upp háskólanám á því sviði og ákveðið að það mundi m.a. hafa sína móðurstöð við Háskólann á Akureyri. Að ýmsu er því að hyggja.

Ef við lítum t.d. til Austurlands þá tel ég að eitt sterkasta sóknarfæri fyrir Austurland liggi í uppbyggingu háskóla. Ég teldi meira að segja réttara ef sá háskóli væri sjálfstæð eining og henni stýrt á eigin ábyrgð heldur en ef hann væri styrktur með samstarfi við aðra háskóla því þá væri sá háskóli sérhæfður miðað við forsendur þar. Þar er miðstöð skógræktar. Þar eru uppi hugmyndir um þjóðgarða og þar fara fram ýmiss konar rannsóknir og fræðsla í umhverfis- og náttúruverndarmálum og væri ekkert óeðlilegt ef það væri tengt háskóla á Egilsstöðum.

Það er háskóli á Ísafirði. Hann gæti þess vegna tengst sjávarfangi og rannsóknum á auðlindum við strendur landsins. Það gæti verið grunnþemað þar.

Ég tel einnig að háskóla mætti vel stofna í Skagafirði. Þar er Hólaskóli, eins og ég segi, með rétt til takamarkaðrar háskólakennslu og háskólanám þar mætti líka efla. Ég tel reyndar að mesta sóknarfæri Skagafjarðar sé fólgið í að stofna þar háskóla.

Háskólar þurfa ekkert að vera stórir. Þeir geta verið litlir. Mestu máli skiptir að þar viti menn hvað þeir ætli að gera og til hvers þeir ætli að vinna.

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að ljúka umfjöllun um þetta frv. um Tækniháskóla Íslands nema víkja að fjármálunum. Ég verð því að spyrja hæstv. menntmrh.: Er ætlunin að láta þetta frv. ganga fram án þess að leyst sé úr fjárhagsvandræðum Tækniskóla Íslands? Er ætlunin að við sýnum þá reisn að samþykkja frv. um Tækniháskóla en leysa ekki úr þeim fjárhagsvanda sem hann nú stendur frammi fyrir, uppsöfnuðum vanda frá fyrri árum auk rekstrarvanda til næstu mánaða og ára?

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv. segir:

„Að mati fjármálaráðuneytisins munu auknar menntunarkröfur leiða til hærri meðallauna fastra kennara í dagvinnu en ekki eru forsendur til að meta hækkunina. Kostnaði vegna hærri meðallauna þarf skólinn að mæta með lækkun kostnaðar á öðrum sviðum að óbreyttum reglum um framlög til kennslu í háskólum."

Virðulegi forseti. Mér finnst að við þurfum skilyrðislaus svör við þessu: Er ekki ætlunin að breyta þessum reglum svo að skólanum sé fjárhagslega gert kleyft að breyta sér í háskóla? Ég vil fá svör við því. Sömuleiðis vil ég taka undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni varðandi það að lögð er áhersla á að skólinn standi undir ákveðinni starfsemi með gjaldheimtu, þ.e. að það sé ætlunin. Að óbreyttu getur hann því ekki hafið rannsóknastörf, endurmenntun eða aðra ýmsa þjónustu og þjónustustarfsemi sem nauðsynleg er innan háskóla, öðruvísi en að hann selji þá þjónustu. Er ekki ætlunin að koma til móts við skólann með auknu fjármagni til þess að unnt verði að breyta honum í háskóla? Ég verð að spyrja að þessu, virðulegi forseti.

Í lokamálsgrein umsagnar fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv. segir:

„Þegar á allt er litið telur fjármálaráðuneytið í fyrsta lagi að frumvarpið gefi tilefni til nokkurs útgjaldaauka sem skólinn þarf að óbreyttum reglum um fjárveitingar að mæta með hagræðingu í rekstri."

Þessi skóli skuldar nú þegar nærri 200 millj. kr. og hefur ekki enn fengið úrlausn sinna mála til þess leysa þann vanda. Hvernig á hann axla aukna ábyrgð og aukin verkefni sem háskóli án þess að tillit til þess sé tekið á fjárlögum?

Herra forseti. Mér finnst að þegar við samþykkjum þetta um margt ágæta frv. um Tækniháskóla, beri okkur jafnframt skylda til þess að svara því hvernig við ætlum að taka á þeim fjárhagsvanda sem skólinn nú þegar býr við þannig að honum verði búin eðlileg fjárhagsleg skilyrði og mönnum takist það verkefni að breyta honum í tækniháskóla.

[21:49]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður sem að mestu leyti hafa verið mjög gagnlegar og að mestu leyti einnig mjög vinsamlegar þessu frv. Ég skal í eins stuttu máli og ég get fara yfir þær athugasemdir sem borist hafa, að svo miklu leyti sem ég hef svör við þeim. Einna flestar spurningar voru settar fram af hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem tók fyrstur til máls og spurðist fyrir um allmargar greinar frv. Raunar hafa allmargir þingmenn átt það sameiginlegt að spyrjast fyrir um mat fjmrn. á kostnaði við skólann. Skal ég víkja að því síðar.

Hér hefur verið nokkuð um það talað að leiða megi líkur að því að þegar texti þessa frv. er borin saman við lög um Kennaraháskólann, sé um að ræða einhvers konar gengisfellingu á metnaði. Það fer nú eftir því hvernig á það er

litið. Ég legg áherslu á að hv. þm. lesi saman frv. til laga um Tækniháskóla Íslands og lög um háskóla. Í lögunum um háskóla er gefið ákveðið svigrúm sem er nýtt eftir því sem aðstæður krefjast hverju sinni. Hér háttar t.d. öðruvísi til um fjölda fulltrúa í háskólaráði, en svigrúm þar um er markað í lögum um háskóla. Gert er ráð fyrir því að í þessu tilfelli verði sex fulltrúar í ráðinu og þar af tveir skipaðir af menntmrh. Þetta er nokkuð misjafnt eftir skólum. Ég mundi nú ekki orða það þannig, þó menn geti haft þá skoðun, að því fleiri ráðsmenn sem sitja því meiri sé metnaðurinn. Það finnst mér ekki sjálfgefið. Hins vegar finnst mér mjög líklegt að fjöldi þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af menntmrh. sé í beinum tengslum við það að talið er ákjósanlegt að aðilar úr atvinnulífinu væntanlega komi inn í stjórn skólans og það eru einmitt þeir sem gert er ráð fyrir að menntmrh. skipi. Þar af leiðandi finnst mér fara vel á því að þeir séu tveir í þessum skóla sem á að hafa mjög náin tengsl við atvinnulífið. Þetta getur nefndin að sjálfsögðu skoðað, en afstaða mín til málsins er þessi. Ég vil því gjarnan að nefndin skoði það, um leið og hún skoðar þessi ákvæði, hvort ekki sé ástæða til að styrkja stöðu þessa skóla sérstaklega gagnvart atvinnulífinu.

Ég tek fram að öll ákvæði í þessum lögum um skólagjöld eru fyllilega sambærileg við aðra skóla eða við lögin um háskóla. Þau eru sniðin eftir þeim og ekki er gert ráð fyrir því að nein breyting verði á þeim málum.

Hvað ákvæðin um hollvinasamtökin varðar þá tel ég að hollvinasamtök sé hugtak sem væntanlega nái yfir góðvinasamtök og tel því að það rúmi samtök eins og þau sem stofnuð hafa verið um Háskólann á Akureyri þótt orðalagið sé þannig í þessum lögum og lögum um háskóla væntanlega líka.

Ég vil taka fram að sá sem hér stendur er ekki mjög vel að sér um aðdraganda þessa máls og viðræður við önnur skólastig. Sérstakar ástæður voru fyrir því að viðræður við Margmiðlunarskólann heppnuðust ekki. Einnig ollu sérstakar ástæður því að viðræður við verkfræðideild Háskóla Íslands leiddu ekki til niðurstöðu sem var ásættanleg. En ég þykist alveg fullviss um að nefndin geti kallað þessar upplýsingar inn á borð til sín og fengið fullnægjandi upplýsingar um það hvers vegna þessar viðræður sigldu í strand. Ég get hins vegar ekki tekið undir með hv. ræðumönnum sem hér glöddust sérstaklega yfir því að ekki hefði tekist að efna til samstarfs um þennan skóla á grundvelli einkaskóla. Það hefði líka getað verið mjög forvitnileg tilraun, enda hefur sá sem hér stendur ekki haft fordóma almennt gegn einkaskólum sem mér þykir stundum bera á í þessum virðulega sal.

Einnig hefur komið fram að margir þingmenn hafa velt fyrir sér upplýsingum í mati fjmrn. á stöðu skólans og spurt hvort eigi að arfleiða skólann að halla Tækniskóla Íslands. Nú ber þessi uppsafnaði halli óneitanlega vott um ófullnægjandi aðhald í rekstri Tækniskóla Íslands. Það er alveg ljóst að skólinn hefði þurft að huga betur að rekstrarmálum sínum. Í raun er einnig ljóst að þessi uppsafnaði rekstrarhalli tengist að einhverju leyti ákvörðunum sem hafa verið teknar í skólanum og rúmast ekki innan fjárheimildar skólans. Slíkt er ekki hægt að verja. Menntmrn. getur ekki varið það. Það er ætlast til þess að hinn nýi skóli taki frá upphafi á rekstrarmálum sínum og haldi sig innan fjárheimilda. Sem menntmrh. er ég fullviss um að skólinn muni axla þá ábyrgð. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef gætt verður aðhalds í rekstri skólans frá upphafi og starfsemi hans sniðin að fjárheimildum mun menntmrn. leita leiða og finna leiðir til þess að gera upp halla skólans án þess að það bitni á hinni nýju stofnun. Ég segi þetta til þess að það sé alveg ljóst. En ætlast er til þess að hinn nýi skóli takist á við þann vanda að halda rekstri sínum innan fjárheimilda. Ég reikna með að allir hv. þm. séu sammála því að sú kvöð hvíli almennt á ríkisstofnunum að halda sig innan fjárheimilda.

Skólinn mun fara af stað, eins og háskólar hafa raunar gert, hægt og rólega og byggja sig upp. Á það sérstaklega við um rannsóknir. Háskólinn á Akureyri byggði upp rannsóknastarf sitt í áföngum. Hann stökk ekki alskapaður inn í rannsóknarumhverfi sitt. Háskólinn í Reykjavík er að byggja upp rannsóknir með takmörkuðum fjármunum enn. En þetta er framtíðin hjá þessum skólum og verður framtíðin hjá Tækniháskóla Íslands.

Ég vek athygli á því, þannig að það fari ekki á milli mála í þessari umræðu, að í þeirri grein frv. sem fjallar um rannsóknir er um að ræða heimildarákvæði. Í ákvæðinu segir að skólanum sé: „... heimilt að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum ...“ Hér er með öðrum orðum um heimildarákvæði að ræða sem opnar fyrir þessa starfsemi skólans. En það verður háð samningum milli skólans og menntmrn. hvernig þessi starfsemi verður byggð upp.

Það er einmitt þetta atriði sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurðist fyrir um þegar honum fannst eitthvert metnaðarleysi í ákvæðunum um það hvernig starfsfólk skuli starfa við skólann. Í raun er það bein afleiðing þeirrar ákvörðunar að skólinn hefur ekki rannsóknarskyldu frá upphafi heldur heimild til rannsókna. Því þarf að skapa svigrúm fyrir skólann til að ráða sér starfsfólk án þess að það hafi þessar skyldur. Þetta er skýringin á þessu. En metnaður skólans frá upphafi felst í því að hann byggi sig upp skref fyrir skref sem háskóli, en heimildarákvæði nær yfir rannsóknirnar, og gert var ráð fyrir að heimildarákvæðið verði í fyllingu tímans nýtt með samningum við menntmrn. Þetta vil ég taka skýrt fram þannig að menn velkist ekkert í neinum vafa um þetta.

Hér hafa orðið nokkrar umræður um það hvort þennan skóla hefði átt að sameina öðrum skólum eða ekki og um meinta smæð skólans. Ég held að þar hafi gætt einhvers misskilnings. Þessi skóli verður ekki 270 manna háskóli. Þessi skóli verður 500 manna háskóli til að byrja með vegna þess að þó að tæknisviðið sé að vísu ekki mjög stórt þá eru þarna nemendur á háskólastigi. Þeir eru 500. (Gripið fram í.) Þarna erum við því ekki að tala um mjög smáan skóla og við ætlum líka að þessi skóli muni eiga nokkra vaxtarmöguleika.

Ég held að hægt sé að fullyrða að þörf hefur verið fyrir þetta nám og þörf fyrir þennan skóla. Þar af leiðandi væri það sérkennileg ráðstöfun ef menntmrh. setti fram einhverjar hugmyndir um að þvinga þennan skóla til annarra landshluta. En vegna þess að menn hafa rætt um hugsanlega samstarfsmöguleika Tækniháskóla Íslands, þ.e. ef og eftir að þetta frv. verður að lögum væru kannski hugsanlegir samstarfsmöguleikar við Háskólann á Akureyri, þykir mér rétt að geta þess að í gangi er samningur milli Tækniskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um samstarf. Að sjálfsögðu hindrar ekkert þessa skóla í að auka samstarfið og leita leiða til þess að feta sig áfram á þeirri braut að efla samstarfið í þeim tilgangi að auka hagræðinguna. En það er skilyrði fyrir því frá mínum bæjardyrum séð að báðir skólarnir sjái sér hag í þessu. Það er ekki góð forskrift á því að neyða upp á stofnanir samstarfi sem þær kæra sig ekki um. Fyrir slíku þarf að vera góður grundvöllur. Ekkert er því til fyrirstöðu

í samstarfi þessara tveggja skóla, sem hefur verið gott, að þeir efli það á grundvelli samstarfssamnings sem þeirra er í millum. Ef skólarnir óska eftir slíku mun ekki verða lagst gegn því heldur þvert á móti leitað leiða til að styðja það.

Hins vegar er mikilvægt fyrir Tækniháskóla Íslands að hann finni til þeirrar ábyrgðar sem hvílir á sjálfstæðri stofnun á nákvæmlega sama hátt og það er mikilvægt fyrir Háskólann á Akureyri, og hefur alltaf verið mikilvægt, að vera sjálfstæður og finna til þeirrar ábyrgðar sem hvílir á sjálfstæðri stofnun. Í krafti þessa er þetta frv. lagt fram og lögð drög að því að Tækniháskólinn geti samkvæmt þessu frv. tekist á við þau vandamál sem hann kýs að sinna innan ramma þeirra samninga sem gerðir verða við skólann.

Ég vil einnig víkja að því að hv. þm. Einar Már Sigurðarson taldi fyrirsjáanlegt að í ákvæði til bráðabirgða væri gert ráð fyrir að skólinn yrði rektorslaus í mánuð. Þar er fulldjúpt í árinni tekið. En sagt er að ráðherra skuli skipa rektor skv. 7. gr. eigi síðar en 1. júlí þannig að þarna er verið að búa til svigrúm sem hægt er að nýta þó að ég geri ekki ráð fyrir því að það svigrúm verði nýtt.

Ég held að ég hafi komið inn á flest þau atriði sem beðið hefur verið um svör við. Ef eitthvað er mun ég reyna að bregðast við andsvörum og veita frekari svör ef þau eru tiltæk.

[22:05]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka fram að orð hæstv. ráðherra um samstarf háskóla á Íslandi og nauðsyn þess að efla það voru eins og töluð út úr mínu hjarta. Það er einmitt þannig sem ég hugsa um þetta. Það er mjög nauðsynlegt að efla samstarf háskólanna. Það er mjög nauðsynlegt að koma á því andrúmslofti að háskólarnir sjálfir vilji taka upp samstarf og efla samstarf. Hins vegar er ekki hægt að knýja neinn til samstarfs að þessu leyti.

Ég vil sérstaklega taka fram varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um þann mikla halla sem hefur verið á rekstri Tækniskóla Íslands, að ég held að ekki sé alfarið við stjórn skólans að sakast. Ég sat í eina tíð árum saman í hv. fjárln. og það komu á hverju ári mjög vel útfærðar og vel rökstuddar tillögur til fjárlaga frá Tækniskóla Íslands. En það var aldrei litið á þær tillögur og enginn áhugi var á að fara eftir þeim og þeir fengu aldrei framlög eftir því sem þeir töldu sig þurfa. Ég held að þetta sé ástæðan fyrir því hver staðan er núna.

[22:06]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði, að það er vilji ráðuneytisins að koma til móts við skólann og hjálpa honum að leysa uppsafnaðan rekstrarhalla, en að því tilskildu að skólinn sýni og sanni að hann muni sem Tækniháskóli Íslands halda sig innan fjárheimilda.

[22:07]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það verði líka skilyrðislaust að gera þá kröfu til stjórnvalda að áætluð fjárþörf skóla sé sanngjörn og réttlát og að mögulegt sé að fara eftir því sem krafist er.

Það hefur verið ákveðið vandamál að of litlir hópar hafa verið í hinu sérstaka tækninámi. En það er einmitt það nám sem sérstök ástæða hefur verið til að hlúa að. Því hafa skólayfirvöld farið þá leið að auka framboð í námi sem mikil aðsókn er að og hagkvæmt er í rekstri, t.d. rekstrartækni.

Ég held að mikill vilji hafi komið fram hjá skólayfirvöldum í Tækniskólanum til að laga stöðu skólans með þeim breytingum í rekstri sem þeir hafa staðið fyrir. Það hefur ekki tekist sem skyldi. En ég tel samt að þeir hafi reynt að vinna í þeim málum.

[22:08]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að árétta að á undanförnum árum hefur mikil vinna verið lögð í að gera rekstrarumhverfi skólastofnana sambærilegt milli skóla og innan skólastiga. Það er að vísu flókið verkefni að gera skólana sambærilega í þessum svokölluðu rekstrarlíkönum. En það er afar brýnt verkefni.

Á vissan hátt hefur verið erfitt að gera þetta og það hefur þurft aðlögun. Það er verið að vinna að þessari aðlögun. En í ljósi þessara líkana verða skólarnir smám saman meira og meira samanburðarhæfir og þá eigum við að fá gleggri mynd af því hvaða kröfur við getum gert til reksturs skólanna.

[22:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. menntmrh. um að stofnanir eigi að sjálfsögðu að halda sig innan fjárheimilda — það á að vera grunnregla — enda sé þannig búið að þeim fjárhagslega að þær geti staðið undir þeim og við þau skilyrði og þær skuldbindingar sem þær eiga að taka að sér og sinna.

Ég er líka sammála hæstv. ráðherra um mikilvægi sjálfstæðis ríkisstofnunar eins og þessarar því að á grundvelli sjálfstæðis síns og sjálfstæðrar stöðu getur hún tekið upp samninga við aðrar stofnanir og styrkt sig.

En ég leyfi mér að spyrja, virðulegi forseti: Er virkilega ætlun hæstv. ráðherra að láta skólann fara inn í háskólaumhverfið að óbreyttu reiknilíkani og að óbreyttum áætlunum um fjármagn og fjárþörf frá núverandi stöðu? Nú þegar er vitað að reiknilíkanið sem hefur verið beitt á framhaldsskólana hingað til og tækniskólana hefur verið mjög refsandi og íþyngjandi tækninámi.

[22:10]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Reiknilíkanið er ekki og getur ekki verið smíðað utan um einn skóla. Þannig eru líkönin ekki. Það er ekki hægt við lagabreytingu eins og þessa að sérsmíða reiknilíkan utan um Tækniháskóla Íslands. Tækniháskóli Íslands er í fyrsta lagi með starfsemi sem er sambærileg starfsemi annarra skóla. Líkönin væru í raun tilgangslaus ef þau væru sérsmíðuð utan um skóla. Reiknilíkanið verður endurskoðað. En það verður ekki endurskoðað í tilefni af lagasetningu um einn skóla.

Af því að mér láðist að svara hv. þm. um ákvæði um það hver væri fjárhagsleg ábyrgð í þessu — mér láðist að svara því áðan — þá vil ég líka taka það fram að þar þarf hann að lesa saman almenn lög um háskóla, sérstaklega 19. gr. Þá kemur þetta í ljós.

[22:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það hver ber fjárhagslega ábyrgð á skólanum þá tel ég að það hefði átt að standa alveg skýrt og skorinort að þetta væri ríkisháskóli vegna þess að allir háskólar, hvort sem þeir eru ríkisháskólar eða einkaháskólar,

eiga að falla að háskólalögum. Sú tilvitnun ein og sér dugar ekki til þess að tryggja stöðu háskólans hvað fjárhagslega ábyrgð varðar. Allir háskólar eiga að falla undir hin almennu háskólalög til þess að fá heitið háskólar.

Herra forseti. Ég ítreka að það er ljóst og viðurkennt að það reiknilíkan sem hefur verið beitt sérstaklega á tækninám og starfsnám hefur verið rangt og gefið rangar niðurstöður, rangar vísbendingar um kostnað, og tækninám og starfsnám hefur goldið þess. Ég óttast um framtíð þessa skóla ef ekki verður tekið á þessu af meiri krafti en ýjað er að hér í umsögn fjmrn. þar sem er sagt: Þið verðið bara að sækja fjármagnið til ykkar sjálfra.

[22:13]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að einhver vafi leiki á því að Tækniháskóli Íslands sé ríkisháskóli og ábyrgð á starfsemi hans sé hjá menntmrh. þá er það misskilningur. Það er mjög auðvelt fyrir hv. þm. að átta sig á því ef hann les saman þetta lagafrv. og lög um háskóla, sérstaklega 19. gr. þar sem skýrt er tekið fram hvernig gengið er frá slíkum málum.

Varðandi reiknilíkanið þá er verið að endurskoða það. Ég hef hins vegar lagt á það mikla áherslu að menn endurskoði reiknilíkanið af yfirvegun því það er viðkvæmt stjórntæki. Ef það á að endurskoða það þarf að gera það varlega því að öðrum kosti væri hægt að spilla þessu mikilvæga stjórntæki sem ég heyri, og er mjög ánægður með, að hv. þm., síðasti ræðumaður, er orðinn mjög hlynntur. Ég tel það mikinn kost að hafa fengið svo kappsaman (**JB:** Það er staðreynd ...) fylgismann í lið með mér.

[22:14]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann veitti í ræðu sinni. Þau voru flest og nær öll afar fullnægjandi og upplýsandi um málið. Ég fagna t.d. þeirri yfirlýsingu sem gengur raunverulega lengra en það sem segir í lagatextanum og tek undir með hæstv. ráðherra, að það er afar mikilvægt, sérstaklega við þennan skóla, að fulltrúar frá atvinnulífinu séu í háskólaráðinu. Ég fagna því mjög ef hæstv. ráðherra mun nýta sinn tilnefningarrétt til þess að auka tengsl skólans við atvinnulífið.

Þá er það metnaðarmálið, sem ég verð að nýta þann litla tíma sem ég hef til þess að fara í. Þegar við berum saman annars vegar frv. um Tækniháskólann og síðan lög um Kennaraháskólann kemur fram að gerðar eru mun ítarlegri kröfur til væntanlegra starfsmanna í Kennaraháskólanum en gert er ráð fyrir í frv. um Tækniháskólann. Skýringar hæstv. ráðherra eru þær að það sé vegna þess að skólinn muni vaxa skref fyrir skref og að eingöngu séu heimildarákvæði um rannsóknirnar. En ég hlýt að spyrja, herra forseti: Hefði ekki verið eðlilegra að gera fullnaðarkröfur í upphafi en láta síðan bráðabirgðaákvæði nægja um að þetta gilti ekki fyrr en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum?

[22:15]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gengið í stofnun þessa skóla með að mörgu leyti mjög sambærilegum hætti og annarra háskóla sem hafa vaxið upp í að verða rannsóknarstofnanir. Þessi skóli fer af stað með þessum hætti, með heimildarákvæði, og það er vilji ráðuneytisins að skoða hvernig þetta heimildarákvæði í samningnum verði nýtt í framtíðinni. Þannig er þessu máli hrint úr vör og það er þess vegna vilji ráðherrans að standa við málið að þessu leyti.

[22:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra um að af hálfu hans sé fullur vilji varðandi það að þessum metnaði sé mætt eins og kostur er.

Þá tel ég rétt að minnast örlítið á eitt atriði enn. Það varðar það sem hreyft var örlítið um aðdragandann að stofnun skólans og þær hugmyndir sem verið hafa uppi, m.a. um tengslin við Háskólann á Akureyri og verkfræðideildina í Háskóla Íslands. Fyrirrennari ráðherrans hefur aðallega haft með þessi mál að gera undanfarin ár og kannski er eðlilegt að hæstv. ráðherra, sem setið hefur stutt á stóli, hafi þar af leiðandi ekki fullnægjandi upplýsingar um hversu nákvæmlega var skoðað að t.d. hluti skólans hefði farið í enn nánara samstarf við Háskólann á Akureyri og/eða hluti af verkfræðideildinni færi í Tækniháskólann til að styrkja hann enn frekar. Ég er að velta þessu fyrir mér vegna þess að við höfum talað fyrst og fremst um tæknihluta skólans en það er ljóst að það er líka töluvert rekstrarnám í skólanum sem einnig er stundað í Háskólanum á Akureyri, og enn fremur er heilbrigðissvið í skólanum sem er jafnframt nokkuð öflugt í Háskólanum á Akureyri.

[22:17]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef tekið fram fyrr í umræðunni finnst mér ekkert því til fyrirstöðu að hv. menntmn. kalli á allar upplýsingar um aðdraganda málsins — ég hygg að þær séu til í ráðuneytinu — til að upplýsa sig í nokkrum smáatriðum um það hvernig þær viðræður gengu og hvað olli því að þær náðu ekki fram að ganga.

Að því er varðar samstarfið við Háskólann á Akureyri er ljóst að í gildi er samstarfssamningur milli háskólanna tveggja, í raun einnig viðamiklir samstarfssamningar við Háskóla Íslands og það er ekkert sem hindrar að skólarnir efli þetta samstarf. Hægt er að segja að eðlilegasta aðferðin við að skoða þessa möguleika sé að skólarnir fari sameiginlega í að skoða hvaða flötur sé á eflingu samstarfs þeirra og þeir gangi þá til þeirrar samvinnu á jafnréttisgrundvelli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 1998, 1. umr.

Stjfrv., 666. mál. — Þskj. 1082.

og

Lokafjárlög 1999, 1. umr.

Stjfrv., 667. mál. — Þskj. 1083.

[22:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998 sem dreift hefur verið á þskj. 1082. Frv. var lagt fyrir Alþingi á síðasta þingi en var ekki afgreitt þá og er nú endurflutt. Einnig mæli ég samhliða fyrir frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999 á þskj. 1083. Frv. bæði eru lögð fram til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir umrædd ár.

Framsetning á talnaefni þessara frv. er í samræmi við niðurstöðu ríkisreiknings og hefur ekki breyst frá því að frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998 var lagt fram á síðasta þingi. Frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999 er unnið á sama hátt. Í 1. gr. frumvarpanna er leitað heimilda til að breyta fjárveitingum vegna frávika í ríkistekjum sem áhrif hafa á fjármögnun stofnana og verkefna en í 2. gr. frumvarpanna er lögð til niðurfelling á stöðu fjárheimilda í árslok vegna verkefna sem ráðast af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem almannatryggingum, vaxtagjöldum og lífeyrisskuldbindingum eins og nánar verður komið að.

Frumvörp til lokafjárlaga eru lögð fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og eru til staðfestingar á ríkisreikningum 1998 og 1999 eins og áður er fram komið.

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga skal í lokafjárlögum leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir ársins og á ónotuðum fjárheimildum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal í frv. leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsfjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimild er í lögunum til að greiða slík umframgjöld af fjárveitingum næsta árs. Einnig skal í frv. gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í 1. gr. frumvarpanna eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika, og öðrum rekstrartekjum og mörkuðum tekjum miðað við fjárlög en nánari skipting er í sundurliðun 1. Er um að ræða breytingar í samræmi við niðurstöður ársins 1998 og 1999 þar sem skilað er lögboðnum ríkistekjum til þeirra verkefna sem þær eru ætlaðar eða fjárheimild lækkuð í þeim tilfellum sem tekjurnar hafa verið ofáætlaðar í fjárlögum.

Í 2. gr. er sótt um heimildir til uppgjörs frá ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum sem ekki flytjast á milli ára og vísa ég til nánari skiptingar í sundurliðun 2. Í sumum tilfellum eru heimildir felldar niður í árslok og er þar um nokkuð hefðbundna afgreiðslu að ræða sem lítið breytist á milli ára. Veigamikil breyting frá uppgjörsfjáraukalögum fyrri ára er þó fólgin í því að nú eru fjárlög á rekstrargrunni og er því sýnd rekstrarstaða stofnana sem ekki eru með efnahag í A-hluta ríkisreiknings, en það eru einkum sjálfseignastofnanir. Lagt er til að staða þessara stofnana miðað við fjárheimildir verði felld niður í árslok enda miðast framlög til þeirra við fjárveitingar í fjárlögum og skuldir eða inneignir þessara stofnana eru við aðila utan ríkiskerfisins.

Einnig er sótt um breytingar á fjárheimildum lögboðinna tilfærsluverkefna, svo sem almannatrygginga, og til breytinga á ríkistekjum sem m.a. eru taldar upp í 1. gr.

Í fylgiskjali er í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins birt yfirlit yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins.

Í 37. gr. laganna er heimild til að geyma ónýttar fjáveitingar í lok reikningsársins, og með sama hætti að draga umframgjöld fyrra árs frá fjárveitingu ársins.

Með frumvörpunum eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs umræddra ára, þ.e. 1998 og 1999, og vísa ég til greinargerðar í fjáraukalögum og í ríkisreikningi fyrir þau ár um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála þessi ár og um helstu frávik á tekjum og útgjöldum. Þá hefur Ríkisendurskoðun einnig lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 1998 og 1999 og um hana hefur verið fjallað í fjárln.

Herra forseti. Hér er um að ræða fyrstu lokafjárlögin sem koma til afgreiðslu Alþingis á grundvelli nýrra fjárreiðulaga. Af óviðráðanlegum ástæðum tæknilegs eðlis hefur orðið dráttur á framlagningu og afgreiðslu þessara mála. Tel ég ástæðu til að geta þess hér um leið og beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur. Er þess að vænta að unnt verði að leggja frumvörp til lokafjárlaga fyrir árin 2000 og 2001 fram á Alþingi þegar á næsta hausti og ætti vinnsla og afgreiðsla þessara mála þar með að verða komin í fastar skorður.

Ég hef, herra forseti, aðeins farið almennum orðum um frumvörpin og hlutverk þeirra í tengslum við lög um fjárreiður ríkisins. Ég tel ekki ástæðu til að tíunda einstaka liði í frumvörpunum sem varða uppgjör samkvæmt fyrirliggjandi reikningum, en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 1. umr.

Stjfrv., 668. mál (bókhald í erlendum gjaldeyri). — Þskj. 1084.

[22:25]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög. Frv. er 668. mál og er að finna á þskj. 1084.

Fyrir Alþingi liggur frv. til laga um breytingu á lögum um bókhald og lögum um ársreikninga þar sem m.a. er lagt til að félögum sem kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, en það eru einkum félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda sem uppfylla tiltekin skilyrði um vægi viðkomandi gjaldmiðils í starfsemi sinni, verði heimilað að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Í athugasemdum með því frv. sem og í framsöguræðu fjmrh. er gerð grein fyrir efni þess frv. Ætla ég ekki að tíunda það nánar hér.

Frv. það sem ég mæli fyrir gerir ráð fyrir að alþjóðlegum viðskiptafélögum verði heimilt með sama hætti og öðrum félögum að færa bókhald sitt og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli enda fer starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga að langmestu leyti fram á erlendri grundu. Ástæða þess að nauðsynlegt er talið að breyta ákvæðum 13. gr. laga um alþjóðleg viðskiptafélög hvað þetta efni varðar er sú að greinin eins og hún stendur í dag gerir ráð fyrir að fjmrh. en ekki ársreikningaskrá veiti heimild til að færa bókhald í hinum erlenda gjaldmiðli. Verði frv. að lögum á að tryggja samræmi á milli laga um alþjóðleg viðskiptafélög annars vegar og laga um bókhald og ársreikninga hins vegar að því er varðar heimildir alþjóðlegra viðskiptafélaga til þess að færa bókhald sitt og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. á þessu stigi og geri tillögu um að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 1085.

[22:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Þann 13. des. 1999 samþykkti Evrópusambandið tilskipun um aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða. Efni tilskipunarinnar gengur út á að tryggja almenningi aðgengilegar upplýsingar um eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun í útblæstri nýrra fólksbifreiða með auglýsingum og auglýsingaskiltum á sölustöðum slíkra bifreiða. Tilskipunin var felld inn í XX. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8 frá 31. jan. 2001. Markmið hennar er að reyna að draga úr eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun frá bifreiðum með því að hafa áhrif á val neytenda með upplýsingagjöf. Slíkt er til þess fallið að hvetja neytendur til að velja frekar bifreiðar sem þurfa minna eldsneyti og draga þannig úr losun koltvísýrings.

Ákvæðum tilskipunarinnar má skipta í fjóra þætti. Í fyrsta lagi er kveðið á um að aðildarríki skuli sjá til þess að miði um eldsneytiseyðslu og losun koltvísýrings sé greinilega festur við hverja nýja fólksbifreið á sölustað eða komið fyrir í grennd við hana. Í öðru lagi skulu aðildarríki sjá til þess að í samráði við framleiðendur og í samræmi við kröfur tilskipunarinnar verði að minnsta kosti ár hvert samið yfirlit yfir eldsneytiseyðslu og losun koltvísýrings. Í þriðja lagi skulu aðildarríki sjá til þess að fyrir hverja bifreiðategund verði komið fyrir veggspjöldum með lista yfir opinbera eldsneytiseyðslu og opinbera tiltekna losun koltvísýrings allra nýrra fólksbifreiða sem eru sýndar eða boðnar til sölu eða leigu á sölustað eða í umboði sölustaðar. Í fjórða lagi er lagt á aðildarríki að sjá til þess að í öllum kynningarritum séu upplýsingar um þekkta eldsneytiseyðslu og losun koltvísýrings frá þeirri fólksbifreið sem vísað er til.

Samkvæmt upplýsingum orkuspárnefndar nam notkun bifreiða og annarra tækja á bensíni og gasolíu u.þ.b. 250 þús. tonnum árið 2000. Meðalnotkun bifreiða á eldsneyti hefur minnkað undanfarna áratugi en á móti kemur að bifreiðum hefur fjölgað. Í eldsneytisspá orkuspárnefndar 2001–2030 er gert ráð fyrir að orkunýting bifreiða haldi áfram að batna þó að það gerist ekki eins hratt og síðustu tvo áratugi. Þá gerir orkuspárnefnd ráð fyrir að meðaleldsneytisnotkun bifreiða á ekinn kílómetra minnki um 7% til loka spátímabilsins. Miðað við þessar forsendur verður eldsneytisnotkun bifreiða og tækja 300 þús. tonn árið 2030.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–15., 23. og 36.–38. mál.

Fundi slitið kl. 22:31.

---

115. FUNDUR

þriðjudaginn 9. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 639. mál, þskj. 1019. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 651. mál, þskj. 1050. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1051. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1052. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1094. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1083. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1153. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
13. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
14. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086. — 1. umr.
15. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096. — Fyrri umr.
16. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097. — Fyrri umr.
17. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 672. mál, þskj. 1088. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
18. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, stjtill., 675. mál, þskj. 1091. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
19. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, stjtill., 683. mál, þskj. 1099. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
20. Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 684. mál, þskj. 1100. — Fyrri umr.
21. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, stjtill., 685. mál, þskj. 1101. — Fyrri umr.
22. Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, stjtill., 686. mál, þskj. 1102. — Fyrri umr.
23. Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjtill., 551. mál, þskj. 864, nál. 1021. — Síðari umr.
24. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.

25. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.
26. Fasteignakaup, stjfrv., 253. mál, þskj. 1161. — 3. umr.
27. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 363. mál, þskj. 1162. — 3. umr.
28. Rafeyrisfyrirtæki, stjfrv., 454. mál, þskj. 724. — 3. umr.
29. Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, stjfrv., 489. mál, þskj. 1163. — 3. umr.
30. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358. — 3. umr.
31. Tollalög, stjfrv., 576. mál, þskj. 903. — 3. umr.
32. Búnaðargjald, stjfrv., 600. mál, þskj. 1164. — 3. umr.
33. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.
34. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.
35. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391, nál. 978, brtt. 979. — 2. umr.
36. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 493. mál, þskj. 783, nál. 1011. — 2. umr.
37. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 594. mál, þskj. 936, nál. 1148. — 2. umr.
38. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 595. mál, þskj. 937, nál. 1149. — 2. umr.
39. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687, nál. 996. — 2. umr.
40. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142, brtt. 1143. — 2. umr.
41. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum, stjfrv., 650. mál, þskj. 1049. — 1. umr.
42. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073. — 1. umr.
43. Raforkulög, stjfrv., 662. mál, þskj. 1072. — 1. umr.
44. Jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku, stjfrv., 673. mál, þskj. 1089. — 1. umr.
45. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 674. mál, þskj. 1090. — 1. umr.
46. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 545. mál, þskj. 853. — Frh. 1. umr.
47. Endurskoðun laga um innflutning dýra, þáltill., 654. mál, þskj. 1053. — Fyrri umr.
48. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 247. mál, þskj. 283. — Fyrri umr.
49. Innflutningur dýra, frv., 373. mál, þskj. 585. — 1. umr.
50. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 404. mál, þskj. 661. — Fyrri umr.
51. Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, þáltill., 439. mál, þskj. 706. — Fyrri umr.
52. Gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða, þáltill., 442. mál, þskj. 709. — Fyrri umr.
53. Notkun svifnökkva til fólks- og vöruflutninga milli lands og Vestmannaeyja, þáltill., 443. mál, þskj. 710. — Fyrri umr.
54. Alþjóðleg rannsóknamiðstöð á sviði landverndar, þáltill., 528. mál, þskj. 830. — Fyrri umr.
55. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frv., 579. mál, þskj. 906. — 1. umr.
56. Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, þáltill., 586. mál, þskj. 915. — Fyrri umr.
57. Neysluvatn, þáltill., 679. mál, þskj. 1095. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögfræðingi.

[10:30]

Útbýting þingskjals:
Almannatryggingar o.fl., 359. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1167.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):
Um kl. 4 í dag fer fram umræða utan dagskrár um aukin vanskil og fjölgun fjárnáma í landinu. Málshefjandi er hv. þm. Karl V. Matthíasson en hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Um fundahaldið í dag er þess að geta að hádegishlé verður milli hálfeitt og hálftvö. Eins má vænta þess að þingfundur standi fram eftir kvöldi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Dagskrá fundarins.

[10:31]

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að mótmæla því hvernig staðið er að uppsetningu dagskrár. 12. mál á dagskrá þessa fundar er frv. til laga um að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Ætlunin er að leita afbrigða við því að þetta mál komi á dagskrá en það er mjög seint fram komið eins og allir vita.

Við höfum krafist þess að till. til þál. sem hér hefur legið fyrir vikum saman, um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar, komist á dagskrá eigi síðar en jafnframt þessu frv. Það vekur því mikla undrun, herra forseti, að þrátt fyrir að hér séu 57 mál á dagskrá fundarins, þar af þáltill. með hærri þingskjalsnúmeri, er nefnd tillaga, þ.e. 614. mál, engu að síður ekki á dagskrá fundarins. Þessu mótmæli ég mjög harðlega, herra forseti. Það hljóta að vera takmörk fyrir því hvernig er komið fram gagnvart dagskrármálum, þingmálum sem þingmenn hafa flutt og beðið úrlausnar á vikum saman.

Þó tekur steininn úr ef þau eru að engu höfð samtímis því að troða skal á dagskrá með afbrigðum mjög umdeildu frv. frá ríkisstjórn sem hún hefur loksins, löngu eftir að frestur til framlagningar þingmála rann út, komið sér saman um með hrossakaupum. Eða var það eins og venjulega? Lak Framsókn niður þegar á átti að herða og gaf eftir í því að leggja niður Þjóðhagsstofnun?

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum harðlega, herra forseti, og fer fram á skýringar. Hverju sætir það að ekki var orðið við kröfu okkar frá því í gær um að yrði hreyft við frv. ríkisstjórnarinnar yrði jafnframt á dagskrá þess fundar eða þeirra funda áðurnefnd tillaga um starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar? Sú tillaga gengur út á að málið verði kannað og vandlega unnið, þar á meðal sá kostur að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi.

Þessum vinnubrögðum mótmæli ég og mun leggjast gegn því að þetta mál verði tekið á dagskrá fundarins með afbrigðum, þ.e. frv. ríkisstjórnarinnar.

[10:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst athugasemd hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fullkomlega réttmæt. Frv. sem ríkisstjórnin er að koma á dagskrá er ákaflega seint fram komið. Það er bersýnilegt að ráðherrar hafa velkst með þetta mál sín á milli og auðvitað hefði átt að koma með það fram miklu fyrr. Það er auðvitað þeirra vandamál, herra forseti.

Málefni Þjóðhagsstofnunar hafa verið ákaflega umdeild og það er óhætt að segja að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í því máli eru ekki verð eftirbreytni. Þegar maður skoðar hins vegar frv. sem nú á að leggja fram og ræða í dag er ljóst að margt bendir til þess að kostnaður við þessar breytingar verði jafnvel ívið meiri en rekstrarkostnaðurinn núna. Það er alveg ljóst að þessar breytingar munu líka daga úr möguleikum okkar þingmanna á að fá upplýsingar frá hlutlausum aðila, ekki síst okkar í stjórnarandstöðunni. Þar af leiðandi, herra forseti, hlýtur einn kosturinn í stöðunni að vera að fara þá leið sem lögð er til í þáltill. sem hv. þm. nefndi áðan, þ.e. að Þjóðhagsstofnun verði gerð að einni af undirstofnunum Alþingis.

Mér finnst mjög óeðlilegt að við ræðum frv. þar sem vélað er um framtíð Þjóðhagsstofnunar án þess að samhliða eða á undan sé rædd sú tillaga sem hv. þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram í formi þáltill. Ég tel að það sé kostur sem þingheimur allur hljóti að skoða mjög grandgæfilega. Þess vegna tek ég undir kröfu hv. þm. og formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að sú tillaga verði jafnhliða tekin á dagskrá.

[10:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það eru engin fordæmi fyrir því að ræða tillögu ríkisstjórnar samhliða tillögu stjórnarandstöðu.

[10:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. 12. dagskrárliður þessarar dagskrár varðar Þjóðhagsstofnun, stjfrv. sem gerir ráð fyrir því að stofnunin verði lögð niður. Þessi ráðstöfun hefur verið harðlega gagnrýnd víðs vegar í þjóðfélaginu og starfsmenn stofnunarinnar hafa einnig sett fram mjög eindregna gagnrýni.

Ég veit að hæstv. forseti Alþingis kannast við að á fundi þingflokksformanna í gær lagði ég fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs áherslu á að samhliða þessu frv., ef svo færi að það yrði tekið á dagskrá, yrði tekin til umfjöllunar þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefði lagt fram. Sú tillaga felur í sér endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar.

Vera kann að málin verði ekki rædd samtímis en það er lágmarkskrafa að þessi þingmál verði sett á dagskrá sama daginn. Við munum leggjast gegn því að afbrigði verði veitt nema horfið verði frá þessari ráðstöfun og okkar þingmál sett á dagskrá.

[10:37]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir mótmæli um vinnulagið á Alþingi á síðustu dögum þingsins. Hér birtast stór mál frá hæstv. ríkisstjórn þegar einungis nokkrir dagar eru eftir af þingstörfunum, eins og t.d. frv. sem hér hefur verið nefnt, um Þjóðhagsstofnun, sem ansi lengi hefur staðið til að leggja niður. Eða var það ekki á haustdögum sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir að til stæði að leggja stofnunina niður? Maður hlýtur því að spyrja, herra forseti: Hvað tafði? Hvað veldur því að þetta frv. þarf að koma fram á síðustu dögum þingsins og stefna þingstörfunum í algert uppnám?

Á sama tíma bíður í hv. utanrmn. þingsins tillaga samfylkingarmanna um sjálfstæði Palestínu, sem mér skilst að vinnist ekki tími til að taka fyrir í hv. utanrmn. Við höfum margsinnis mótmælt því.

Herra forseti. Þetta er algerlega ólíðandi ástand, sem við búum við. Ég mótmæli þessu vinnulagi. Hæstv. ríkisstjórn á að virða þær vinnureglur sem þingsköp setja henni nema sérstakar aðstæður hamli. Við hljótum því að spyrja, herra forseti: Hvaða aðstæður valda því að ekki var hægt að leggja þetta frv. fram fyrr en á síðustu dögum þingsins?

[10:39]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að mjög eðlilega sé staðið að þessum málum. Þetta mál hefur lengi verið í undirbúningi. Það kemur fram núna og mjög vandað til þess í alla staði. Oft hefur það verið þannig þegar mál hafa komið fyrir þingið án þess að vera lengi í undirbúin að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa kvartað undan því að það væri ákveðin fljótaskrift á frv. Þeir hafa kvartað undan því að þau væru illa undirbúin. En nú þegar búið er að taka tíma í að sjá fyrir öllum lausum endum er kvartað undan því að málið komi of seint fram. Ég held að það sé tvímælalaust nauðsynlegt að fara í þetta mál og afgreiða það. Ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að hv. þm. Vinstri grænna viðri sínar hugmyndir um hvernig þeir vilja koma þessum málum fyrir í þeirri umræðu sem á eftir að fara fram og því starfi sem á eftir að fara fram í þingnefndinni.

Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að niðurstaða fáist í þessu máli sem allra fyrst. Starfsfólk Þjóðhagsstofnunar bíður eftir því að það komi niðurstaða í þetta mál, hvernig það eigi að fara. Ég held að það sé þess vegna um að gera að ganga í að klára málið. Ég tel líka nauðsynlegt, vegna undirbúnings fjárlaga fyrir næsta ár og undirbúnings þjóðhagsspár fyrir næsta ár, að allir viti hvernig eigi að standa að þessum málum og ekki þurfi að fara með það mál í gegnum þingið á sama tíma og fjárlög eru undirbúin á haustmánuðum.

Öll rök mæla með því að farið verði í þetta mál núna og það klárað. Ég veit að hv. þm. Vinstri grænna og hv. þm. Össur Skarphéðinsson mun vanda sig mjög í þeirri vinnu sem fram undan er í þinginu við að klára þetta mál með sóma.

[10:41]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er greinilega rétt sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir, að lausu endarnir hafa nú verið hnýttir — hnýttir fyrir skilningarvitin á Framsfl.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm., formaður þingflokks Samfylkingarinnar sagði. Hér er þannig unnið að málum að ekki getur talist frambærilegt á hinu háa Alþingi. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að minn gamli vinur og fóstri, hér á bak við mig, hæstv. forseti, skuli ekki taka í þessa tauma. Þetta er sönnun þess að við búum ekki lengur hér á landi við þingbundna stjórn, heldur stjórnbundið Alþingi þar sem ráðherrarnir fara sínu fram eftir því sem þeim sýnist.

Það var og rétt að á haustdögum talaði framkvæmdarstjóri Þjóðhagsstofnunar af sér. Eða öllu heldur talaði hann

ekki eins og æðstráðið vildi heyra. Þá var auðvitað ákveðið að leggja þessa stofnun niður. Hvað á að gera við hlutverk hennar? Færa það nær stjórnvöldum, upp í Seðlabanka, þar sem í fyrirsvari eru menn sem aldrei snýta sér öðruvísi en með skriflegu leyfi frá æðstaráðinu. Menn reyna að benda á að þessi stofnun hafi eitthvert sjálfstæði til að taka ákvörðun um hvort heldur gengi eða vextir. Vaxtafátið um daginn voru fyrirmæli ofan úr forsrn. af því sem hann hafði talað illa af sér við iðnaðarmenn og vildi borga á sig með þeim hætti sem þar var gert.

[10:43]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það á ekki að koma neinum á óvart þó að þetta mál um Þjóðhagsstofnun sé komið fram. Það er auðvitað ljóst að það hefur fengið langan og vandaðan undirbúning. Stjórnarflokkarnir leggja áherslu á að þetta mál komist á dagskrá í dag. Við ætlum að ljúka því í vor.

Það er líka alveg ljóst, af því sem menn hafa sagt hér í dag, að þingmenn vilja ræða þessi mál, jafnt stjórnarandstaða sem stjórnarliðar. Það hlýtur þá auðvitað að vera ljóst að stjórnarandstaðan á að geta komið fram með brtt. við þetta mál. Það hefur einnig komið fram af hálfu forseta að það eru ekki fordæmi fyrir því að ræða samtímis mál frá stjórn og stjórnarandstöðu, jafnvel þó að um skyld málefni sé að ræða.

Síðan vil ég að gefnu tilefni, vegna þess að inn í þessa umræðu var dregin umfjöllun um þáltill. Samfylkingarinnar um málefni Palestínu og sérstaklega nefnt að hún fengist ekki rædd í utanrmn., vísa því algerlega til föðurhúsanna sem staðlausum stöfum. Það eru fjórir þingdagar síðan þessari tillögu var vísað til utanrmn. Það hefur ekki verið reglulegur fundur í nefndinni eða fundatími fram til þessa. En hún verður að sjálfsögðu rædd þegar nefndin kemur saman.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er einstakur snillingur í að standa á haus í umræðum hér. Það sést best þegar hann heldur því fram að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar varðandi undirbúning þessa frv. um Þjóðhagsstofnun séu vönduð og það sé sérstakur gæðastimpill hvað hrossakaupin hafi tekið langan tíma. En það liggur fyrir að það er ekki fyrr en fyrir nokkrum vikum að Framsókn gafst endanlega upp í málinu eftir að hafa verið á móti því að gera það sem Sjálfstfl. hefur núna beygt hann undir að gera.

Tillaga okkar mælir hins vegar fyrir um vandaða vinnu með fulltrúum allra þingflokka og starfsmanna þar sem skoðað verði hvernig þessum verkum verði best fyrir komið og sá kostur skoðaður að efla Þjóðhagsstofnun í skjóli Alþingis sem sjálfstæða og óháða fagstofnun á þessu sviði. Það er auðvitað að bíta höfuðið af skömminni að þá stofnun, sem sýnt hefur vissa sjálfstæðistilburði og leyft sér að gagnrýna m.a. hagstjórn í landinu á undanförnum árum, skuli nú eiga að leggja niður, færa verkefnin undir hið pólitíska vald í fjmrn. og að einhverju leyti inn Seðlabankann.

Ég spyr síðan í öðru lagi, herra forseti: Er það viljandi sem forseti efnir hér til illinda með því að hafa ekki þáltill. okkar á dagskránni? Hefði verið allur munur á því þótt hér væru 58 mál á dagskrá fundarins í staðinn fyrir 57? Það er allt og sumt sem hér er verið að ræða, að tillaga stjórnarandstöðunnar fái að vera á dagskrá sama fundar. Málin ættu þá auðvitað að vera hlið við hlið. Ég veit ekki hvað vakir fyrir forseta með að standa svona að málum nema hann sé að sýna vald sitt.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að það er fyrst og fremst hæstv. forsrh. sem hefur verið óánægður með störf Þjóðhagsstofnunar. Þess vegna á að refsa henni með því að leggja hana niður. Þetta er gert án nokkurs samráðs við starfsfólk. Það liggur núna fyrir. Það að tala um vönduð vinnubrögð kemur því úr hörðustu átt, herra forseti.

[10:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þau tíðindi urðu að hv. formaður utanrmn. fékk skyndilega málið varðandi málefni Palestínu. Hér höfum við rætt það fram og aftur í þingsölum og alltaf hefur Samfylkingin lagt áherslu á að sú tillaga, sem við höfum lagt fram um málefni Palestínu og virðist njóta breiðs stuðnings í þinginu og allar götur upp í ríkisstjórnina sjálfa, verði tekið fyrir í utanrmn. Hið háa Alþingi er nefnilega að senda ákveðin skilaboð með því að láta þá tillögu liggja óafgreidda. Ég segi það fullum fetum, herra forseti, að það er til skammar, til vansæmdar, hvernig Sjálfstfl. hefur legið á þeirri tillögu. Það er breiður stuðningur allra flokka nema Sjálfstfl. við þetta mál. (Gripið fram í.) Ég bendi hv. formanni þingflokks Sjálfstfl. á að ég hef orðið að þessu sinni.

Að öðru leyti, herra forseti, fagna ég því að mér virðist sem loksins sé að rofa til í huga hv. formanns þingflokks sjálfstæðismanna og hún muni beita sér fyrir því að málið verði loksins tekið fyrir.

Að öðru leyti vil ég hrósa happi yfir því að hv. þm. er hér í salnum. Hún er dugleg við að segja okkur til um hvernig eigi að haga þingstörfum. Ég vil auðvitað þakka hv. þm. fyrir að hafa bent okkur í stjórnarandstöðunni á það að þegar frv. ríkisstjórnar um Þjóðhagsstofnun kemur til umræðu þá megum við og getum lagt fram brtt. við það frv. Ég gleðst sérstaklega yfir þessu örlæti af hálfu Sjálfstfl. að ætla að leyfa okkur það.

Herra forseti. Hér er verið að tala um fagleg vinnubrögð. Það kemur engum á óvart að ríkisstjórnin vilji ræða þetta mál. Eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir munum við í stjórnarandstöðunni örugglega leggja faglegan metnað í að vinna það vel. En það væri e.t.v. hægt að ná betri samstöðu um vinnubrögðin, ef ekki sjálfa niðurstöðuna, ef allar tillögurnar sem fram hafa komið væru ræddar og kæmust á dagskrá. Það liggur fyrir tillaga frá stjórnarandstöðunni, frá Vinstri grænum, sem er allrar athygli verð og maður hlýtur að spyrja sig: Hvers vegna er hún ekki á dagskrá?

[10:49]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur mikinn áhuga á í hvaða stellingum ég er hér í ræðustól. Ég vona að ég geti staðið í lappirnar hér eftir sem hingað til. Það er kannski spurning um það, þegar við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon erum saman í fótbolta, hvaða stellingum við verðum í en staðan er ekki þannig núna.

Ég vil bara mótmæla því sem hv. þm. sagði, að það hafi ekki verið rætt við starfsmenn Þjóðhagsstofnunar. Vissulega var rætt við þá og þeim hefur verið fullkunnugt um hvað til hefur staðið. Þeir tóku þátt í undirbúningi málsins. Það hefur hins vegar komið fram að starfsmenn stofnunarinnar voru ekki sammála. Það er ekki hið sama, hvort þeir eru ekki sammála eða hvort ekki hefur verið við þá talað.

Þegar verið er að breyta stofnunum með þessum hætti borgar sig fyrir alla aðila að ákvarðanir séu teknar fljótt og þeim hrint í framkvæmd. Það versta sem fyrir getur komið

í starfi einnar stofnunar er ef lengi er verið að velkjast með málið eftir að búið er að taka ákvörðun um hvernig halda eigi á þeim. Ég held þess vegna að það sé öllum fyrir bestu, líka starfsfólki, að það sé gengið það. (Gripið fram í.) Það er búið að taka ákvörðun um það í ríkisstjórninni að leggja þetta til. (**SJS:** Já, en þingið ræður þessu.) Það liggur hér frv. fyrir þinginu og liggur fyrir að þingflokkar stjórnarflokkanna hafa samþykkt þetta frv. Það liggur fyrir að það er meiri hluti í þinginu fyrir að breyta þessu.

Hins vegar er einnig ljóst það er vilji til að hlusta á það sem hv. þm. hefur um málið að segja, eins og alltaf er, og vonandi að hv. þm. fari að segja eitthvað af viti um þetta mál.

Fangelsi og fangavist, frh. 1. umr.

Stjfrv., 639. mál (vinnsla persónuupplýsinga). — Þskj. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðhöndlun úrgangs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 651. mál (EES-reglur). — Þskj. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (Umferðarstofnun o.fl.). — Þskj. 1051.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 653. mál (rafræn vöktun o.fl.). — Þskj. 1052.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 678. mál (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.). — Þskj. 1094.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 599. mál. — Þskj. 945.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tækniháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 649. mál. — Þskj. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Lokafjárlög 1998, frh. 1. umr.

Stjfrv., 666. mál. — Þskj. 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Lokafjárlög 1999, frh. 1. umr.

Stjfrv., 667. mál. — Þskj. 1083.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 668. mál (bókhald í erlendum gjaldeyri). — Þskj. 1084.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ef minni mitt svíkur ekki þarf líka að leita afbrigða því að þessu máli var ekki útbýtt fyrr en í gær. Þannig þarf tvöföld afbrigði til að þetta mál fái að koma á dagskrá. Ég óska alla vega eftir því að verða upplýstur um það ef svo er ekki. Hitt er þó víst að þetta mál er ekki einu sinni komið á borð þingmanna í prentaðri útgáfu heldur er það hér ljósritað.

Ég tel að eins og hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að verki í öllu þessu máli og forseti eða forusta þingsins stendur hér að málum, að hafa að engu óskir þingflokks um að náskylt þingmál fái svo mikið sem vera á dagskrá fundarins, séu engin efni til þess að við förum að greiða götu þessa máls inn á dagskrá fundarins, hvorki hvað varðar frestinn 1. apríl, látum það þó vera, né að fara að taka málið á dagskrá með forgangshraði innan við sólarhring eftir að því var dreift.

Vinnubrögðin öll í sambandi við þetta mál eru líka þannig að ekkert mælir með því að það fái einhverja flýtimeðferð. Málið er mjög umdeilt og ríkisstjórnin og forusta þingsins sýnir að mínu mati mikinn þjösnaskap með því að ætla að troða því, eins og allt er í pottinn búið, fremst á dagskrá þessa fundar.

Ég leyfi mér að inna hæstv. forseta eftir því hvenær kemur að því að forseti fari að kalla til funda um hvernig eiginlega eigi að haga þinghaldinu þá örfáu daga sem eftir eru. Það vottar ekki fyrir því að nokkurt skipulag sé í gangi. Það vottar ekki fyrir því að það beri á neinni forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Hér sólarhringum eytt í óþörf ágreiningsmál á sama tíma og ýmis önnur viðfangsefni sem við vitum að þurfa að ná afgreiðslu, eins og endurskoðun vegáætlunar fyrir sumarið sem í hönd fer, eru ekki tekin á dagskrá. Það mætti ætla að forseti hefði hugsað sér að halda þing samfellt fram að hundadögum, miðað við það hvernig staðið er að málum.

Allt, herra forseti, ber þetta að sama brunni. Ekki er reynt að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um nokkurn skapaðan hlut heldur mætti ætla að það væri markmið í sjálfu sér að hafa hér illindi um hlutina, jafnvel um svo einfaldan þátt og að fá mál á dagskrá þegar eftir því er óskað. Ég mun því greiða atkvæði gegn því að þetta mál komi á dagskrá með afbrigðum og bið um staðfestingu á þeim skilningi mínum að aukinn meiri hluta þurfi til ef málið á að koma fyrir, vegna þess að jafnframt þarf að leita afbrigða vegna þess að frv. var dreift í gær.

[11:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er laukrétt hjá hv. þingmanni að samkvæmt 2. mgr. 36. gr. er einnig nauðsynlegt að leita afbrigða. Það vill svo til að mér hefur orðið á í messunni að því leyti að venja er til að leita afbrigða fyrst eftir fyrri mgr. 36. gr. og er rétt að gera það. Þá er leitað afbrigðis vegna þess að of skammt er liðið frá útbýtingu þingskjala samanber fyrri mgr. 36. gr. þingskapa, og er sjálfsagt að gera það fyrst.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 12. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 30:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GHall, GÁS, HjÁ, KHG, LMR, LB, ÓÖH) fjarstaddir.

[11:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hygg að það sé nauðsynlegt að það komi fram að ekki er að mínum dómi nauðsynlegt að aukinn meiri hluti sé fyrir því að mál megi koma á dagskrá samkvæmt fyrri mgr. 36. gr. (**Gripið fram í:** Nú?) og er rétt að lesa þá málsgrein upp eins og hún er í þingsköpum:

„Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt."

Það segir hér þannig að gert er ráð fyrir því í þingsköpum að hægt sé að leita samþykkis þingsins fyrir því að málið megi fyrir koma. Í 90. gr. þingskapa segir:

„Eftir uppástungu forseta eða formanns þingflokks má bregða út af þingsköpum þessum ef tveir þriðju hlutar þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja." (Gripið fram í.)

Hér er ekki verið að tala um aukinn meiri hluta heldur þyrfti aukinn meiri hluta t.d. ef greidd yrðu atkvæði um það hvort nauðsynlegt yrði samkvæmt 39. gr. að ein nótt liði frá 1. umr. eða útbýtingu þingskjals áður en umræða fer fram. Hér er ekki um það að ræða heldur er beinlínis gert ráð fyrir því í þingsköpum að heimilt sé að leita afbrigða um þetta ákvæði og það er talað um samþykki þingsins en það er ekki talað um aukinn meiri hluta í því sambandi. Þetta er algengt

orðalag og hv. þingmanninum á að vera þetta kunnugt.

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég tel að hér sé farið út á nýja braut í skilgreiningu þingskapa og gengið gegn ítrekuðum og staðfestum fordæmum þar sem önnur túlkun hefur verið uppi höfð. Er skemmst að minnast þess þegar stjórnarandstaðan var harkalega gagnrýnd, m.a. af hæstv. forsrh., Víetnamfaranum, fyrir að stöðva að frv. til laga um bráðabirgðalög á sjómenn eða lög á sjómenn kæmust á dagskrá áður en tilskilinn tveggja nátta frestur væri liðinn. Ég hygg að hv. þingmenn muni vel þá hörðu sennu sem hér varð einmitt af því tilefni, og þá var nákvæmlega þetta ákvæði túlkað á gagnstæðan hátt. Það er ljóst að varðandi útbýtingu eftir 1. apríl er sérstakt ákvæði um að einfaldur meiri hluti nægi en gagnvart öðrum frávikum frá þingsköpum þessum sem hér eiga við hefur ævinlega verið litið svo á að aukinn meiri hluta þurfi. Ég hvet hæstv. forseta í allri vinsemd til að taka sér örlítinn tíma áður en hann lýsir úrslitum atkvæðagreiðslunnar, gera hlé á fundinum, fara yfir málið og skoða fordæmi. Þá veit ég hver niðurstaðan verður því að það er algerlega óvefengjanlegt að í sögunni er það geymt að þetta hefur ævinlega verið túlkað með gagnstæðum hætti við það sem forseti hafði uppi áðan.

[11:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hygg að það sé ekki rétt hjá hv. þingmanni að túlkun á þessu ákvæði hafi verið á einn veg. Ég hygg að ég muni það rétt að fordæmi séu fyrir öðru, og kom mér sá skilningur mjög á óvart að það skyldi þurfa að leita samþykkis tveggja þriðju hluta þingsins þegar ég heyrði um hann fyrst. Ég hef athugað þetta gaumgæfilega og í 36. gr. stendur skýrum stöfum:

„Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt."

Ég hygg að það megi lengi leita að þeim manni sem skilur þessi ákvæði svo að þau þýði annað en það sem þar stendur.

[11:06]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, að það eru a.m.k. fordæmi fyrir því að þessi grein hafi verið túlkuð á þann hátt sem hann lýsti. Ég tek því undir það, herra forseti, með honum að biðja hæstv. forseta um að skoða það í allri vinsemd eins og hann orðaði það hvort ekki sé ástæða til að hinkra aðeins með málið þangað til þetta hefur verið skoðað betur. Ég veit að hæstv. forseti veit jafn vel og ég að þessa ákveðnu grein þingskapanna sem hann vitnaði til, og segir að mál verði því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það, hlýtur að sjálfsögðu að þurfa að skoða í samræmi við aðrar greinar þingskapanna sem kveða á um aukinn meiri hluta. Það hlýtur líka að skipta máli, herra forseti, ef það er rétt, sem ég held, að fordæmi séu fyrir því að þessi grein hafi verið túlkuð á þann hátt og aukinn meiri hluta þurfi fyrir þessum tilteknu afbrigðum. Þá vil ég taka undir það og biðja hæstv. forseta að skoða þetta í fullri vinsemd og bíða með að taka málið á dagskrá þar til það hefur verið útkljáð.

[11:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Eins og ég sagði hef ég athugað þetta mál sérstaklega og ég ítreka það sem ég sagði einnig, að í öðrum greinum eins og t.d. 39. og 40. gr. er hvergi komist að orði með svipuðum hætti. Hér segir afdráttarlaust í fyrri mgr. 36. gr.:

„Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt."

Samþykki þingsins liggur fyrir. Meiri hluti þingmanna hefur samþykkt að umræðan megi fara fram og ég treysti mér ekki til að standa gegn samþykkt þingsins í þessu efni.

[11:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst vera svo alvarlegt mál á ferð þegar forseti breytir þeirri túlkun þingskapa sem áður hefur verið uppi höfð, og því er ekki mótmælt hér að í mjög afdrifaríkum og stórum málum, eins og lagasetningunni á sjómenn fyrir skömmu, var gagnstæð túlkun staðfest í verki. Með þá niðurstöðu var meiri hlutinn, forsrh. og forseti þingsins, efalaust ákaflega óánægðir en hlíttu samt að stjórnarandstaðan hefði það vald að tryggja að farið væri að þessum frestum. Ég held að þessi túlkun hafi verið þannig að öll ákvæðin um fresti hafi verið meðhöndluð með sama hætti nema það eitt sem lýtur að framlagningu þingmála eftir 1. apríl en þar er tekið fram með pósitífum hætti að einfaldur meiri hluti dugi. Er þá ekki óhjákvæmilegt, herra forseti, að gagnálykta af því að um alla aðra fresti gildi hið almenna ákvæði 90. gr. um að tvo þriðju meiri hluta þurfi til að víkja frá þeim eins og öðrum ákvæðum þingskapa? Ég tel þetta var algeran bláþráð sem hæstv. forseti reynir að spinna hér með því að vísa til þess að í 36. gr. er verið að tala um samþykki þingsins. Það er miklu eðlilegra að líta svo á að það vísi til tveggja þriðju meiri hluta samþykkis vegna þess að allir frestir aðrir en þessi eini sem með pósitífum hætti er tengdur við einfaldan meiri hluta hafa verið meðhöndlaðir þannig.

Ef hæstv. forseti ætlar að standa við þennan úrskurð sinn óska ég eftir að hann geri hlé á fundinum og gefi formönnum þingflokka færi á að ræða við sig því að hér er um grafalvarlegan atburð, herra forseti, að ræða í þingsögunni. Það er alveg ljóst að þessir frestir og þessi ákvæði þingskapanna eru ætluð til að tryggja ákveðna málsmeðferð. Þau tryggja minni hluta á hverjum tíma ákveðin réttindi. Þetta eru ákveðnir öryggishemlar sem menn hafa í höndum sínum til að ekki sé hægt að setja færibandið á margfaldan hraða. Það væri svo sem eftir öðru að sú viðleitni væri uppi af hálfu meiri hlutans eða ríkisstjórnarinnar að setja færibandið á fulla ferð til að rúlla þessu Þjóðhagsstofnunarmáli í gegn en svo léttúðugir mega menn ekki vera, herra forseti, að þeir gefi sér ekki einu sinni tíma til að skoða málin og ræða saman. Ég ítreka því eindregnar óskir mínar um að forseti geri hlé á þessum fundi svo að færi gefist á fundahöldum og menn fái örlítið tóm til að skoða málið.

[11:11]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni segja að það er að minni hyggju út í hött að halda því fram að ekki sé gert ráð fyrir því í þessum þingsköpum að leitað sé eftir samþykki þingsins til að umræða megi fara fram eftir eina nótt. Það er beinlínis sagt í 90. gr. og ég skal lesa það aftur:

„Eftir uppástungu forseta eða formanns þingflokks má bregða út af þingsköpum þessum ...“ (Gripið fram í.) Rólegur, hv. þingmaður. — „má bregða út af þingsköpum þessum ef tveir þriðju hlutar þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja.“

Hér er ekki verið að tala um að bregða út af þingsköpum. Hér er verið að tala um að fara eftir þingsköpum því að það stendur beinlínis í 36. gr. þingskapa, er beinlínis gert ráð fyrir því og með jákvæðum hætti tekið fram að heimilt sé að leita eftir samþykki þingsins til þess að mál megi koma fram. Og ég þekki ekkert dæmi þess í lögum að samþykki Alþingis geti þýtt annað en samþykki Alþingis.

[11:12]

Kristján L. Möller *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég er sífellt að læra á þingsköp, hef ekki langa þingreynslu en sá hæstv. forseti sem situr í forsetastóli hefur mikla þingreynslu. Ég sé það hins vegar á þingsköpunum sem okkur var gert að lesa þegar við komum til þings að hér er forseti þingsins að vaða reyk, það er ljóst. Í 36. gr. segir, með leyfi forseta:

„Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt.“

Síðan fjallar 90. gr. um tvo þriðju hluta atkvæða. Í mínum huga er það alveg ljóst að til að taka þetta mál á dagskrá þingsins núna þarf tvo þriðju atkvæða. Hins vegar, herra forseti, í næstu atkvæðagreiðslu sem fjallar um það að lagafrv. sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu verða þau því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það.

Herra forseti. Mér finnst þetta alveg ljóst og ég hvet hæstv. forseta til að gera hlé á fundi þingsins og lesa þetta í ró og næði. Í mínum huga er alveg skýrt hvernig á að fara með þetta mál.

[11:14]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég sagði að með þessari atkvæðagreiðslu er ekki verið að bregða frá þingsköpum. Það er beinlínis farið eftir þeim og leitað eftir heimildum þingsins eftir þeim reglum sem þingsköp setja. Og ég vil biðja hv. þingmann að lesa rétt það sem þar stendur.

[11:14]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér eru uppi mismunandi sjónarmið. Ég tek undir þá ósk sem þegar hefur komið fram um að hlé verði gert á fundinum og formönnum þingflokka gefist tóm til að koma saman til fundar með hæstv. forseta og ræða þessi mál.

[11:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það blasir við að forseti Alþingis hefur átt von á að ekki yrði sátt um að taka þetta mál á dagskrá. Það blasir við að hæstv. forseti hefur að eigin frumkvæði kannað hvað felist í þingsköpunum. Nú eru þau túlkuð með öðrum hætti en fyrr. Áður hefur þessi grein verið túlkuð þannig að tvo þriðju hluta þurfi til að fallast á að taka mál á dagskrá hafi ekki liðið tilskilinn tími frá því að málinu var útbýtt.

Hér er verið að kynna nýja túlkun á þingskapaákvæði. Ekki er valin sú leið að kalla þingmenn saman til fundar og lýsa fyrir þeim að forseti hafi álitið að fyrri túlkanir hafi verið rangar. Nei, þess í stað er beðið eftir því að sjá hvernig hv. Alþingi bregst við og þegar ljóst er að ekki liggur fyrir samþykkt tveggja þriðju hluta þá kemur hin nýja túlkun. Þessu mótmæli ég, herra forseti. Ég mótmæli vinnubrögðunum á þessum morgni. Hér hefði verið einkar lagið að setja á dagskrá þingmannafrumvarp, eins og oft hefur verið gert í stórum málum, svo sem eins og stjfrv. um stjórn fiskveiða þegar þingmannafrumvörp koma á dagskrá samhliða. Ekki þarf endilega að lýsa því yfir að þau verði rædd saman heldur er ljóst að menn muni koma með innihald slíkra þingmannafrumvarpa inn í umræðuna. Það mun líka gert í þessu máli þegar það verður tekið á dagskrá. Allar hliðar þess verða ræddar.

Það sem blasir við er að í stað þess að hæstv. forseti leiti samráðs við stjórnarandstöðuna um síðustu daga þingsins er farið fram með valdi, valdi af því tagi sem við höfum átt að venjast af framkvæmdarvaldinu, hvort heldur það er Biskupsstofa, Hæstiréttur, Alþingi eða fjölmiðlar, sífellt beitt valdi til þess að sýna hvernig eigi að haga sér í þessu samfélagi. Nú á að beita Alþingi slíku valdi og ég mótmæli þessu. Hingað til hefur þurft tvo þriðju hluta atkvæða undir þessum kringumstæðum. Ég tel það eðlilegast, herra forseti, að hér verði staldrað við og haldinn fundur með þingflokksformönnum til að ræða þá stöðu sem upp er komin.

[11:17]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég áður sagði af þessu gefna tilefni. Hér stendur berum orðum:

„Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu ...“ — o.s.frv.

Það þýðir með samþykki þingsins. Ég hef ekki úrskurðað um þetta með öðrum hætti.

[11:18]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það fer að verða vandlifað á hinu háa Alþingi ef við þingmenn getum ekki verið vissir um það frá degi til dags hvernig ákveðnar greinar þingskapanna eru túlkaðar. Það liggja fyrir því fordæmi, herra forseti, a.m.k. í forsetatíð þess forseta sem hér situr, að þetta ákvæði hafi verið túlkað á tiltekinn hátt. Fyrir því hafa menn nefnt hér fordæmi, a.m.k. um frv. um stjórn fiskveiða og mér skilst að menn séu að ræða sín á milli um fleiri fordæmi. Hæstv. forseti hlýtur að þurfa að gera upp við sig á hvern hátt hann ætlar að túlka þessa grein þannig að við vitum til frambúðar hvernig ber að túlka hana.

Það stendur, herra forseti, í 36. gr. að eigi megi nema með samþykki þingsins taka frv. til umræðu. Það eru a.m.k. fordæmi fyrir því að þessi orð, „með samþykki þingsins“, hafi verið túlkuð þannig að það eigi við um 90. gr. vegna þess að það sé ekki verið að vísa til einfalds meiri hluta eins og gert er í 2. mgr. 36. gr.

Herra forseti. Það verður ekki sátt um þá túlkun sem hæstv. forseti hefur lagt til hér, sérstaklega á grundvelli þess að hann hefur túlkað þetta á annan veg fyrir ekki svo löngu síðan. Þess vegna hljótum við að krefjast þess að forseti geri hlé, reyni þá að sætta sjónarmið manna í þessu máli og sýni þeim fram á það með óyggjandi hætti að þessi túlkun sé rétt og hún muni þá vera til frambúðar en ekki verði gripið til hinnar þegar það hentar.

[11:19]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil segja eins og áður, að hér var ekki tillaga um að bregða út af þingsköpum, eins og hv. þm. er kunnugt ef vel er lesið.

[11:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég tel þessa fundarstjórn hæstv. forseta alveg forkastanlega. Auðvitað hefði, ef til stóð að breyta þeirri hefðarhelguðu túlkun sem verið hefur á þessu ákvæði, átt að fara vandlega yfir það mál í forsn. í samráði við formenn þingflokka. Það hefði átt að fara í lögskýringargögn og hefðu allir átt að hafa jafna aðstöðu til að setja sig inn í forsendur málsins. Ég spyr: Hefur það verið gert? Hefur verið farið yfir öll lögskýringargögn í þessu máli, m.a. hvernig þetta ákvæði var hugsað á sínum tíma þegar það kom inn í þingsköpin?

Þetta er heldur ekki bara spurning um lestur, herra forseti, og máltilfinningu virðulegs forseta. Þetta mál hefur efnislegt innihald. Tveggja nátta reglan er ekki út í loftið. Hún er til þess að tryggja þingmönnum eðlilegan undirbúningstíma þar sem ekki sé hægt að ætlast til þess að þeim sé skellt í umræður um flókin eða umdeild mál nánast fyrirvaralaust. Það verður að horfa til efnisatriða við lögskýringu í þessu sambandi, herra forseti. Það verður að horfa til sanngirnisreglna og meðalhófsreglna. Stenst þessi túlkun hæstv. forseta meðalhófsreglu í stjórnsýslu? Nei. Það er alveg augljóst að hún gengur í þá átt að taka af mönnum þann rétt sem þeir hafa í þessum efnum. Hún er ef svo má að orði komast íþyngjandi gagnvart þingmönnum, starfsskilyrðum þeirra og aðstæðum hér. Það er því alveg fráleitt, herra forseti, að ætla að afgreiða þetta mál sisvona og án þess að mönnum gefist kostur á að ræða það og tefla fram sínum rökum. Það er undarlegt að hæstv. forseti bregðist í engu við, hvorki beiðnum um að þetta mál sé sett í samhengi við eldri fordæmi né óskum um að nú verði gert hlé á þessum fundi og þessu ekki fram haldið með sama hætti. Hér er forseti að mínu mati, mér þykir leitt að þurfa að segja það, að beita valdi sínu með algerlega óviðeigandi hætti.

Hvað segja aðrir nefndarmenn í forsn. þingsins um þetta mál? Hafa þeir haft aðstöðu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við virðulegan forseta o.s.frv.? Ég held að hæstv. forseti hljóti að átta sig á því sem þingreyndur maður að hér er um svo afdrifaríka og mikilvæga túlkun á vandasömum lagaákvæðum að ræða, sem hafa mótað leikreglur stjórnar og stjórnarandstöðu á þessum vettvangi um áratuga skeið, að það er ekki hægt að gera þetta svona. Það nær engri átt, herra forseti. Ýmislegt er hægt að bjóða okkur upp á í þessum samskiptum en ekki þetta.

Ég mótmæli harðlega fyrir hönd þingsins, fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, þingræðisins og þeirra lögbundnu og hefðarhelguðu samskiptareglna sem hér hafa vigðengist, að svona sé staðið að málum. Það er alger óhæfa, herra forseti.

[11:22]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þm. á að þetta sérstaka ákvæði var sett í þingsköp árið 1991 svo það er varla um áratuga túlkun á því að ræða.

Ég vil líka benda hv. þm. á að það er erfitt að gera hlé á fundi og hitta formenn þingflokka meðan hv. þingmenn óska eftir því að fá að tala um þingsköp.

[11:23]

Guðjón Guðmundsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er kominn hefðbundinn vorfiðringur í stjórnarandstöðuna. Hér eru 57 mál á dagskrá og menn virðast ætla að ræða til hádegis um störf þingsins, um fundarstjórn forseta, úrskurð forseta, um þingsköp o.fl. — allt til að koma í veg fyrir að eitt tiltekið mál komist á dagskrá. Við þekkjum þetta sem höfum setið hér lengi ... (**Gripið fram í:** Þetta er ómálefnalegt.) Gott væri ef hv. þingmenn Vinstri grænna gætu setið á sér. Þeir geta kannski fengið orðið þegar ég er búinn ef þeim sýnist svo. Þeir hafa talað talsvert um þetta mál.

Þetta er bara árvisst hérna. Alltaf þegar líður að þinglokum á vorin byrjar þetta ströggl. Það er farið að ræða fundarstjórn forseta, störf þingsins og þetta og hitt og einhver tafafiðringur í mönnum. Ég skil þetta ekki alveg.

Ég bið hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að snúa sér að því að ræða þau fjölmörgu mál sem hér eru á dagskrá, hætta þessu ströggli og virða úrskurð forseta og stjórn hans á þinginu. Hann kann þetta öðrum mönnum betur. Við getum alveg treyst úrskurðum hans. (**SJS:** Við viljum að farið sé að lögum.)

[11:24]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram. Það er lágmarkskrafa þegar breytt er frá ákvörðunum sem hafa gefið fordæmi, að hæstv. forseti rökstyðji það. Það er grundvallaratriði að hann rökstyðji hvers vegna breytt hefur verið frá fordæmunum. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að þeir sem áður hafa setið á forsetastóli hafa allir verið vel læsir og hafa vel getað lesið það ákvæði sem hæstv. forseti hefur lesið upp í þrí- eða fjórgang á þessum fundi. Þetta ákvæði hefur verið túlkað með ákveðnum hætti. Það hefur verið túlkað þannig að það þurfi samþykki tveggja þriðju hluta þingsins. Eigi að breyta því er lágmarkskurteisi af hæstv. forseta að rökstyðja það.

Ég vil líka mótmæla því að hér sé um hefðbundið nöldur stjórnarandstöðunnar að ræða. Þingsköpin kveða m.a. á um rétt minni hlutans á þessu þingi. Þetta er ekki einungis þannig að meiri hlutinn geti troðið öllu ofan í kokið á minni hlutanum hvenær sem honum sýnist.

Það sem hér er að gerast er ekkert annað en geðþótta- og tilviljanakennd valdbeiting, ekkert annað. Hæstv. forseti hefur í engu rökstutt þá niðurstöðu sem hann hefur hér komist að að undanskildu því að hann hefur lesið upp ákvæði sem margoft hefur verið túlkað áður. Síðan ég kom á þing fyrir sjö árum hefur það ætíð verið túlkað þannig, þegar kemur að þessum ákvörðunum, að samþykki tveggja þriðju hluta þurfi í tilvikum sem þessu. Ég bara bið hæstv. forseta að hugleiða hvers konar stjórn það er á fundinum, hvers konar bragur það er á þinginu ef hæstv. forseti breytir með geðþóttaákvörðunum út frá fordæmum án þess svo mikið sem gerast svo stór að rökstyðja þær breytingar, þ.e. hvers vegna breytt er út frá fyrri fordæmum.

[11:26]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil benda hv. þm., sem er lögfróður, á að 90. gr. þingskapa fjallar um afbrigði frá þingsköpum. Í þessari atkvæðagreiðslu er ekki verið að leita afbrigða frá þingsköpum heldur er verið að leita eftir heimild til að taka mál á dagskrá eins og mælt er fyrir um í 36. gr.

[11:27]

Vilhjálmur Egilsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að virðulegur forseti hafi lesið þetta alveg rétt. Ég veit ekki til annars en að þar sem stendur í lögum að leita skuli samþykkis Alþingis eða samþykkis þingsins sé átt við einfaldan meiri hluta. Ég veit ekki til þess að það þýði eitthvað annað, þ.e. að leita samþykkis Alþingis vísi til annars en einfalds meiri hluta, nema þá að annað sé sérstaklega tekið fram.

Varðandi þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á hæstv. forseta, um að hann hefði fyrir fram átt að vera búinn að ræða þetta mál, þá verð ég að segja að það þarf býsna mikið hugmyndaflug til þess að láta sér detta það í hug að hv. þingmenn neiti um afbrigði á þessu máli og greiði atkvæði gegn því að það komi á dagskrá. Ég hlustaði áðan á kröfur, frá hv. þm. Vinstri grænna ekki síst, um að þetta mál fengi vandaða meðferð í þinginu. Til þess að þetta mál fái nú sem vandaðasta meðferð þá þarf að ræða það í dag og vísa til nefndar fyrir nefndadagana sem eru á miðvikudag, fimmtudag, föstudag og mánudag í næstu viku. Það hefði greitt fyrir því að málið fengi vandaða meðferð og allar þær góðu hugmyndir sem hv. þingmenn telja að þeir hafi í þessu máli fengju eðlilega meðhöndlun.

Það er hætt við því að það gefist ekki jafnmikill tími til þess að hlusta á hv. þingmenn fjalla um þetta mál ef það kemst ekki til nefndar í dag. Þess vegna hefði maður haldið fyrir fram að hv. þingmenn mundu segja já við þessu. Það væri kannski ráð að hæstv. forseti endurtæki atkvæðagreiðsluna þannig að hv. þm. gætu skipt um skoðun og greitt atkvæði með þessu. (**Gripið fram í:** Nægir að leggja málið fram á réttum tíma.)

[11:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég sat hér lengi í forsetastól og reyndi að skilja þessi þingsköp. Ég efast ekki um að lestrarkunnáttan er söm hjá þingmönnum, og þar feilar þeim ekki, en skilningurinn er misjafn. Þannig stendur málið.

En þegar ég skoða þingsköpin þá fjalla 89 greinar þingskapanna eftir skýrum lögum um hvernig við störfum hér. 90. gr. fjallar um ef eitthvað kemur upp afbrigðilegt. Mér finnst þetta alveg ljóst hér þegar ég les, bæði samkvæmt lestrarkunnáttu minni og skilningi. Í 36. gr. segir um þetta mál, sem er komið fram eftir sex mánaða frestinn — það eru sex mánuðir liðnir af þinghaldinu — að fara þurfi með það sérstaklega þess vegna. Minn skilningur er alveg ljós þegar ég les 36. gr. með leyfi forseta:

„Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það.“ (**SJS:** Um það er ekki deilt.) Um hvað er þá ágreiningurinn? (**Gripið fram í:** Fyrri málsgreinina.) Mér finnst hún auðskilin líka.

„Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi.“ (**SJS:** Þetta er ljósritað.) „Hverju frumvarpi skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt.“ (**Gripið fram í:** Tvær nætur.) Tvær nætur. Við greiðum atkvæði um það. Það er einfaldur meiri hluti sem ræður. (**GE:** Nú er verið að bregða af þeim vana.) Þetta er alveg skýrt inni í þingsköpunum, hvernig á að fjalla um en ef eitthvað óvænt gerist á þingfundi af hálfu forseta, hann tekur ákvörðun sem stangast á við þingsköp, getur þingið greitt atkvæði um það samkvæmt 90. gr. Þetta er augljóst mál. (Gripið fram í.) Þetta er einhver morgunþrjóska hér í hv. þingmönnum. (Gripið fram í.) Ég sé að lestrarkunnáttan er betri en mín en skilningurinn er verri þannig að ég vil biðja hv. þingmenn að bæta skilninginn.

[11:32]

Sverrir Hermannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég kem aðallega hingað til að leiðrétta það sem haldið var fram um gildi þingskapa að þessu leyti, áratugi aftur í tímann. Fram til 1988 þurfti ekki aukinn meiri hluta fyrir afbrigðum eins og þessum. 36. gr. verður ekki misskilin um það hvaða aðferðum á að beita, og samkvæmt henni er einfaldur meiri hluti nægjanlegur.

Hér er hins vegar komin ný grein sem hefur áreiðanlega komið inn í þingsköpin eftir að sá sem hér stendur hafði af þeim náin kynni. Þar er gert ráð fyrir því að breyta megi út af þingsköpunum, þar á meðal 36. gr., ef aukinn meiri hluti samþykkir, þ.e. tveir þriðju hlutar.

Aðalmálið er þó það að ef fordæmi er fyrir þessari túlkun sem hér er vitnað til vegur það gríðarlega þungt og ég vildi í allri vinsemd, upp á gamla einkavináttu við hæstv. forseta, fara eindregið fram á að hann skoði sig vandlega um bekki og fresti fundi aðeins meðan menn ná andanum.

[11:33]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Túlkun hæstv. forseta verður æ flóknari. Í 90. gr. er í þessari útgáfu þingskapa talað um afbrigði frá þingsköpum en hæstv. forseti hefur nú upplýst okkur um að við séum ekki að ræða afbrigði frá þingsköpum þannig að ég fer að verða æ ráðvilltari.

Ég vil gera grein fyrir atkvæðagreiðslu frá 9. febrúar 1998 sem ég fékk útprent af, afbrigði um dagskrármál, atkvæðagreiðsla. Hún varðaði frumvarp um stjórn fiskveiða, um lagasetningu á vinnudeilu sjómanna:

„Of skammt var liðið frá útbýtingu dagskrármálsins. — Afbrigði felld með 22:39 atkv., að viðhöfðu nafnakalli.“ Já sögðu 39, nei sögðu 22. Þessi afbrigði voru felld., herra forseti, þannig að það er von að við spyrjum okkar kæra forseta hvernig túlka eigi þessa grein þingskapanna. Sú túlkun sem hann leggur til í dag segir okkur að túlkun hæstv. fyrrverandi forseta Alþingis, Ólafs G. Einarssonar, hafi verið röng.

[11:35]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forseti hefur nú lesið nokkrum sinnum upp 36. gr. Í henni er fjallað um tvenns konar undanþágu, þ.e. tvo sólarhringa og sex mánuði. Í síðari mgr. þessa ákvæðis er tekið sérstaklega fram að því er lýtur að þessum sex mánuðum að samþykki meiri hluta þingmanna þurfi, og því hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna á ekki hið sama við um fyrri mgr.?

Síðan höfum við fordæmi þar sem þetta hefur verið túlkað á þann hátt að gerð sé krafa um tvo þriðju. Þannig höfum við það a.m.k. fyrir framan okkur. Miðað við það fordæmi sem við höfum, virðulegi forseti, held ég að skilningur allra, eða flestra, hafi verið sá að það þurfi samþykki tveggja þriðju hluta þingmanna. Ef til stendur að breyta út frá því ítreka ég þá lágmarkskröfu að hæstv. forseti skýri það miklum mun betur en hann hefur gert hingað til og beiti ekki valdi sínu með einhvers konar geðþótta- og tilviljanakenndum hætti.

Ég hvet forseta, líkt og fleiri hafa gert, til að gera hlé á fundinum, láta reyna á lögfræði- og lestrarkunnáttu sína í hópi með fleirum og komast að þannig niðurstöðu að sómi sé að fyrir þingið.

[11:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta svo að tóm gefst þá til þess að eiga fund með formönnum þingflokka. En ég ítreka það sem ég áður sagði að í 36. gr. er kveðið nákvæmlega á um það hvernig að skuli farið í þessu tilviki (**Gripið fram í:** Nei.) og þarf ekki að hafa um það fleiri orð.

[Fundarhlé. — 11:37]

[11:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það varð að samkomulagi milli mín og formanna þingflokka að ég leitaði álits Sigurðar Líndals, fyrrv. prófessors, um það atriði sem hér hafa staðið deilur um og mun það álit síðan verða lagt fyrir forsn.

Nauðsynlegt er að stjórn þingsins sé örugg og gagnrýni hv. þm. röggsöm. Þess vegna teljum við rétt að breyta dagskrá þingsins með þeim hætti að 12. dagskrármálið verði tekið út af dagskrá og boðað til fundar á morgun en nefndardagar frestist um einn dag þannig að gert er ráð fyrir þingfundi á morgun til þess að ræða það mál og síðan verða nefndardagar til og með þriðjudags í næstu viku.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:59]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 13. og 17.–19. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, DO, EKG, GAK, GÁS, GÁ, HjÁ, KHG, KLM, LMR, ÓÖH, StB, ÖS) fjarstaddir.

13. og 17.–19. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþykkt með 30 shlj. atkv. að taka það til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, DO, EKG, GAK, GÁS, GÁ, HjÁ, KVM, KHG, KLM, LMR, MF, ÓÖH, StB, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 710. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1165.

[12:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Í frv. er lagt til að í stað núgildandi X. kafla laganna komi nýr X. kafli er hafi fyrirsögnina Varasjóður húsnæðismála. Þegar lögin um húsnæðismál voru samþykkt á þingi árið 1998 vannst ekki tími til að ganga frá leiguíbúðaþættinum og það hefur verið í vinnslu síðan. Sveitarfélög víða um land hafa átt í verulegum erfiðleikum vegna íbúða sem þau hafa orðið að leysa til sín samkvæmt lögum. Unnið hefur verið að lausn þessa vanda.

7. desember árið 2000 skipaði ég nefnd sem í voru Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn. sem var formaður nefndarinnar, Guðmundur Bjarnason, framkvæmdarstjóri Íbúðalánasjóðs, Gunnlaugur Júlíusson, deildarstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Hallgrímur Guðmundsson, deildarstjóri í fjmrn., Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í félmrn., og Helgi Hjörvar, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur. Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur í félmrn., starfaði með nefndinni.

Nefndin skilaði áliti fyrir nokkrum dögum og frv. sem hér liggur fyrir er byggt á áliti nefndarinnar. Jafnframt var gert samkomulag milli mín og fjmrh. annars vegar fyrir hönd ríkissjóðs og forsvarsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og Þórðar Skúlasonar, hins vegar. Þetta samkomulag er dags. 4. apríl og frv. byggist líka á því samkomulagi.

Í stuttu máli sagt er efni frv. það að myndaður skuli allsterkur sjóður til að leysa umræddan vanda. Við hugsum okkur að hann verði leystur á næstu fimm árum. Í þennan sjóð rennur varasjóður viðbótarlána sem er í eigu sveitarfélaganna, Tryggingarsjóður vegna byggingargalla sem líka er í eigu sveitarfélaganna, sjóðurinn fái framlag úr jöfnunarsjóði og auk þess framlag frá ríkinu, þ.e. 60 millj. á ári næstu fimm ár.

Sjóðurinn hefur ferns konar hlutverk. Hann stendur að veði fyrir viðbótarlánunum eins og áður, hann stendur til tryggingar byggingargöllum eins og áður og síðan hefur hann það hlutverk að aðstoða sveitarfélögin við að selja innleystar íbúðir sem sveitarfélögin vilja ekki reka sem leiguíbúðir og í fjórða lagi að aðstoða sveitarfélögin við að reka leiguíbúðir þar sem leigufjárhæð dugir ekki til þess að standa undir rekstri íbúðanna. Þar kann að vera um að ræða offramboð á húsnæði í viðkomandi sveitarfélagi þannig að sveitarfélögin sitji uppi með auðar íbúðir.

Í frv. eru Íbúðalánasjóði veittar heimildir til að afskrifa lán allt að 40 millj. á ári á átakstímanum gegn jafnhárri afskrift frá viðkomandi sveitarfélagi til þess að taka úr notkun íbúðir sem eru það illa farnar að ekki borgar sig að gera við þær. Sjóðurinn kemur til með að lúta stjórn sérstakrar ráðgjafarnefndar þar sem sveitarfélögin eiga þrjá fulltrúa, fjmrn. eitt og félmrh. skipar formann ráðgjafarnefndarinnar.

Reiknað er með að ráðgjafarnefndin forgangsraði og reglugerðarheimildir fylgja að sjálfsögðu til frekari útfærslu.

Þar að auki er einstaklingum sem búa í félagslegu húsnæði veitt heimild til þess að ráðstafa húsnæði sínu að eigin vild,

þ.e. fallið er frá kaupskyldunni í þeim tilfellum þegar viðkomandi óskar eftir því. Ekki er verið að taka rétt af neinum en verið er að rýmka rétt einstaklinga í allmörgum sveitarfélögum, þ.e. ef markaðsverð íbúðar er lægra en uppreiknað verð húsnæðisnefndar, þá er það hagur einstaklingsins að láta sveitarfélagið innleysa íbúðina, en ef markaðsverðið er hærra en uppreiknað verð húsnæðisnefndar, eins og er t.d. á höfuðborgarsvæðinu, þá er það verulegur hagur einstaklingsins að fallið sé frá kaupskyldunni. Kaupskyldan átti við mikil rök að styðjast og það voru sterk rök sem hnigu að því að halda í hana. Þetta voru upphaflega félagslegir peningar sem þarna voru á ferðinni, þ.e. verið var að aðstoða fólk við að koma sér upp þaki yfir höfuðið með mjög hagstæðum lánum og niðurgreiddum vöxtum og eðlilegt að sú hugsun væri ráðandi að þeir peningar færu þá ekki út úr kerfinu og þau réttindi eða skyldur fyrntust á ákveðnu árabili.

Nú hafa aðstæður fólks breyst á tímabilinu. Þetta er orðið mjög óvinsælt. Fólk hefur talið sig vera fanga í íbúðunum. Fjölskyldur hafa stækkað, ung hjón sem keyptu sér íbúð í félagslega kerfinu fyrir 10 eða 12 árum, geta verið búin að eignast nokkur börn og íbúðin orðin of lítil og þá eru þau í vandræðum að komast úr íbúðinni nema fá fyrir hana tiltölulega lágt verð. Á hinn bóginn var hagnaður af sölu þessara íbúða hluti af fjármögnun varasjóðs viðbótarlána. Varasjóður viðbótarlána vann mál fyrir Hæstarétti gegn Hafnarfjarðarbæ sem ekki vildi nýta kaupskyldu en þurfti að gera það samkvæmt hæstaréttardómnum.

Þá brá svo við að mjög dró úr því að fólk hreyfði sig úr félagslegum íbúðum þannig að þær tekjur sem þarna fengust af voru sýnd veiði en ekki gefin. Fólk veigraði sér við því að hverfa úr íbúðunum og sat þar bara sem fastast og lét tímann líða þangað til kaupskyldan væri fyrnd.

Mér er það ljóst, herra forseti, að frv. er allt of seint fram komið og ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að mæla fyrir því. Mér er það mjög mikið áhugamál að frv. nái fram að ganga fyrir þinglok. Geysimikil vinna hefur verið lögð í undirbúning þessa verkefnis og miklar samningaviðræður sem farið hafa fram. Samkomulag hefur tekist milli þeirra aðila sem að þessu þurftu að koma, gott samkomulag um skynsamlegt plan. Hér er verið að merkja til þessa verkefnis 1.100 millj. og það er mat þeirra sem yfir þessu hafa setið að það muni duga til þess að leysa vanda sveitarfélaganna á landsvísu. Sveitarfélögin eru misjafnlega sett, misjafnlega stödd en með þessari aðferð telur nefndin að mögulegt sé að vinna sig út úr þeim vanda.

Þess má einnig geta að í sambandi við söluna á Orkubúi Vestfjarða var ákveðinn hluti af söluverðinu settur á biðreikning á nafni hvers sveitarfélags sem væri til ráðstöfunar ef til þess þyrfti að grípa til að leysa vanda í félagslega kerfinu. Nú verða þeir peningar lausir þegar þetta nær fram að ganga og þurfa menn ekki að deila um það lengur eða halda því fram að Orkubú Vestfjarða hafi verið selt til þess að leysa vandann í félagslega kerfinu.

Ég vonast eftir því að þegar þessari umræðu lýkur, sem ég reikna með að verði markviss og þurfi ekki að taka mjög langan tíma því að það líður á þingtímann, þá verði málið sent til athugunar í hv. félmn. og ég treysti því að hv. félmn. reyni að afgreiða málið fyrir þinglokin því hér er um mikið hagsmunamál margra að ræða, bæði íbúa í félagslega kerfinu og ekki síður sveitarfélaga vítt um land.

[12:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra um ákvæði í þessu frv. þar sem veita á rekstrarframlög til íbúða sem staðið hafa auðar í lengri tíma: Hvað er „lengri tími" langur?

Síðan væri mjög gott ef hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur nú, þegar umræðan er komin þetta á veg að ráðherrann hefur mælt fyrir frv., hversu margar íbúðir á landinu öllu standa auðar, hvað þær eru sem hlutfall af heildinni og hvar þær eru helst.

[12:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hef ég ekki nógu nákvæm svör við spurningum hv. þm., hvorugri spurningunni. Við ætluðum ráðgjafarnefndinni að fjalla um hvað telst „lengri tími". Í mínum huga er lengri tími a.m.k. missiri, kannski ár eða jafnvel meira. Ég tel að þó að íbúð sé yfirgefin og standi auð í fáa mánuði sé það ekki tilefni til að tala um lengri tíma.

Varðandi hitt atriðið, hve margar íbúðir standa auðar, hef ég ekki svör á takteinum heldur. Það eru þó nokkrir tugir íbúða sem standa auðir. Þær eru nokkuð dreifðar um landið. Ég veit að það hefur verið verulegt vandamál í Bolungarvík, í Vesturbyggð, á Raufarhöfn, og fleiri staði mætti telja. Það er bæði fyrir austan og vestan og reyndar fyrir norðan líka sem íbúðir hafa staðið auðar. Enn fremur hafa verið vandræði í félagslega kerfinu í Vestmannaeyjum. Þar hafa verið vandamál, og jafnvel á Akranesi.

[12:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað lykilatriði hvað við er átt með þessu ákvæði í frv. þegar talað er um íbúðir sem staðið hafa auðar í lengri tíma. Það er forsenda fyrir úthlutun og framlagi þannig að nefndarmenn þurfa að vera klárir á því hvað við er átt.

Ég held að það sé líka mikilvægt að þessar auðu íbúðir séu strax skoðaðar. Iðulega eru villandi umræður uppi um þær og látið að því liggja að um sé að ræða auðar íbúðir um allt landið. Staðreyndin er hins vegar sú að auðar íbúðir eru 1–1,5% af heildinni, þær eru 174 af 10–12 þús. félagslegum íbúðum, og engin á höfuðborgarsvæðinu. 65 af þessum 174 eru á Vestfjörðum og síðan eru þær á Austurlandi, aðallega í Fjarðabyggð, og í Vestmannaeyjum. Þetta eru staðirnir. Þetta eru staðbundin vandamál. Ég held að það sé mikilvægt að menn hafi það í huga þegar verið er að ræða þessi mál. Þegar ég tala um 174, herra forseti, er ég bara að tala um íbúðir sem hafa staðið auðar í tvo mánuði eða lengur. Ef við töluðum um íbúðir sem hefðu staðið auðar í 4–6 mánuði værum við kannski að tala um eitthvert brot úr prósentu þannig að menn verða að átta sig á því að ekki er um stórt vandamál að ræða í félagslega kerfinu þó að það sé ein af forsendunum fyrir því að það var lagt niður.

[12:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki má líta svo á að eingöngu sé verið að koma til móts við sveitarfélög vegna auðra íbúða. Það geta verið fleiri erfiðleikar við að reka hið félagslega kerfi í einstökum sveitarfélögum.

Í árbók sveitarfélaga er á hverju ári ágæt skilagrein yfir rekstur ásamt með öðrum reikningum viðkomandi sveitarfélags. Þá er gert upp sérstaklega hvernig félagslega kerfið kemur út. Ef menn fletta árbók sveitarfélaga sjá þeir að í æðimörgum tilfellum eru þau gerð upp með tapi. Sums staðar

er tapið verulegt, sums staðar minna. Sums staðar er tapið upp á eina eða tvær millj. en sums staðar hefur það hlaupið á tugum millj. Þessi rekstrarframlög eiga líka að geta aðstoðað þau sveitarfélög, ekki bara þau sem eru með auðu íbúðirnar.

Jafnframt er hugsunin sú að með aðstöðu til að selja út úr kerfinu minnkar sá pakki sem sveitarfélagið ber ábyrgð á. Það á líka að létta smám saman á rekstrinum hjá sveitarfélögunum.

[12:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að fagna því þótt seint sé, og lítið, sem hér birtist loksins í frumvarpsformi frá hæstv. ríkisstjórn um að koma til móts við vanda sveitarfélaganna vegna skuldbindinga á sviði félagslegs íbúðarhúsnæðis. Það er auðvitað stórkostlega ámælisvert að þetta mál skuli vera búið að vera svo lengi í vinnslu eins og hæstv. ráðherra sjálfur sagði, réttilega, frá 1998 og nú er komið fram á vordaga ársins 2002. Þá loksins tekur fjallið jóðsótt og þessi litla mús fæðist. Ég verð því miður að leyfa mér að kalla það svo. Þetta er náttúrlega langtum minna, sérstaklega hvað varðar framlag ríkisins, en ég held að allir hefðu átt von á. Það á einhvern tíma eftir að fara yfir það, trúi ég, og reikna hvað ríkið hefur í raun og veru komist upp með að losna frá þessum málum og öllum skuldbindingum sínum í sambandi við félagslegt íbúðarhúsnæði í landinu, velta þeim vanda yfir á einstaklingana og sveitarfélögin og sleppa svo í lokin með hreint skiterí, 60 millj. á ári í fimm ár, 300 millj. í allt, gagnvart vanda sem hefur verið reiknaður upp á 2–3 milljarða hið minnsta, þ.e. sem skuldirnar þyrftu að lækka um til að þetta húsnæði væri eitthvað nálægt því að standa fyrir því sem á því hvílir.

Um efnisatriði frv., herra forseti, vil ég segja að það er að sjálfsögðu ekki gott að t.d. þeir einstaklingar sem núna sitja, að sumu leyti fangar, í félagslegu húsnæði eiga þess ekki lengur kost að færa sig til innan kerfisins eins og áður var, t.d. stækka við sig íbúðir, og það varð auðvitað að taka á því máli. Hvort sem það er gert nákvæmlega svona, með því að aflétta kaupskyldunni og heimila þessu fólki að selja á frjálsum markaði, eða með einhverjum öðrum hætti er að sjálfsögðu ekki hægt annað en taka undir það. Það gat ekki haldið þannig áfram að fólk svo að segja neyddist til að búa í því húsnæði sem það hafði einhvern tíma farið inn í við allt aðrar fjölskylduaðstæður o.s.frv. af því að af hagsmunaástæðum var annað ómögulegt.

Í öðru lagi, herra forseti, fagna ég tilkomu rekstrarframlaga til sveitarfélaga vegna rekstrarhalla á leiguíbúðum og langvarandi auðra íbúða. Það er angi þessa máls sem hingað til hefur alveg skort að á væri tekið, og er auðvitað alveg sérstakur vandi. Ef menn hafa búið við það að annaðhvort væru leigutekjur svo lágar að þær dygðu engan veginn til að standa undir kostnaði eða beinlínis að íbúðir hafa af og til staðið auðar er það að sjálfsögðu hluti vandans sem átti að taka á og hefði þurft að vera búið að gera fyrir löngu.

Aðalatriðið í mínum huga er þó það, herra forseti, að ríkið leggur alveg ótrúlega lítið af mörkum, hvort heldur er mælt í raunverulegum peningum eða — svo ég tali ekki um — ef það er sett í samhengi við þær gríðarlegu skuldbindingar sem ríkið bar í kerfinu eins og það var og hefði á ári hverju axlað með áframhaldandi starfrækslu þess. Það er því auðvitað alveg ljóst að með breytingunum 1998 losaði ríkið sig undan alveg gríðarlegum skuldbindingum í þessum málaflokki og sleppur svo í raun og veru út úr þeim án þess að leggja nema pínulítið af mörkum til að gera upp vandann. Og það eru sveitarfélögin eins og stundum áður sem draga styttra stráið.

Það er umhugsunarefni, herra forseti, að þannig er þetta nánast alltaf í þessum samskiptum. Bágstödd sveitarfélögin — ekki síst einmitt þau sem þessi vandi brennur á — ganga oftast með skarðan hlut frá borði. Til móts við vandann hér, eins og ég segi, upp á milljarða kr. kemur ríkið með 300 millj., 60 millj. á ári í fimm ár. Á móti falla niður önnur framlög ríkisins, og hvað er það? Ég man ekki betur en í ákvæði til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál frá 1998 hafi verið ætlunin að ríkið legði 50 millj. á ári í afskriftasjóð eða varasjóð húsnæðislána. Og ég spyr hæstv. félmrh. að því og bið hann að svara því hér í lok umræðunnar eða þegar hann tekur næst til máls: Hvað hefur ríkið lagt fram af þessu sem þarna stóð til? Er það nema 50 millj. í eitt eða kannski tvö skipti? Og ef þessar 50 millj. greiðslur falla niður, eru það þá 10 millj. í viðbót nettó sem koma út úr samkomulaginu hvað varðar framlög ríkisins? Ég óska eftir svari af því að það verður ekki ráðið af gögnum málsins. Ég gagnrýni það að greinargerð frv. skuli ekki vera skýrari en raun ber vitni. Í raun og veru er maður nær því að átta sig á þessu með því að fara í umfjöllun Morgunblaðsins um málið í dag. Þar er þó a.m.k. dregið skýrt fram að sveitarfélögin sjálf reiða fram 600 millj. af þessum 1.100. Það er þannig. Úr sjóðum sem þeim tilheyra eða í mótframlögum þeirra kemur meiri hlutinn af þessu. Afgangurinn kemur úr Íbúðalánasjóði gegn mótframlögum sveitarfélaganna og svo þetta skiterí frá ríkinu.

Dró hæstv. félmrh. ekki meira en þetta, ekki nema þessa aumu burst úr nefi fjmrh.? Er það þar sem stóri hnefinn er á lofti og ræður ferð? Það er von að spurt sé.

Herra forseti. Mér finnst líka annað umhugsunarefni í þessu sambandi. Ég nefni dæmi: Hvað eru menn að skipta sér af því hvernig sveitarfélögin fyrir sitt leyti halda utan um þessar íbúðir? Hvað er þessi nefnd eða frv. að skipta sér af því að sveitarfélögin skuli stofna eignarhaldsfélög um þetta? Mega þau ekki hafa þetta eins og þeim sýnist? Ég hélt það. Og þetta gætu verið bara venjuleg sveitarfélagaverkefni, sjálfseignarstofnanir eða eitthvað annað ef svo bæri undir. Mér finnst þetta óþarfaforræðishyggja.

Af öðru hef ég verulegar áhyggjur. Á bls. 5 í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að sveitarfélög verði aðstoðuð við að selja félagslegar eignar- og leiguíbúðir á almennum markaði í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er yfir markaðsverði íbúðanna. Nefndin leggur til að þetta eigi við um allar félagslegar íbúðir sveitarfélaga, ekki eingöngu eignaríbúðir.“

Hvaða tón er hér verið að slá? Er það orðið að markmiði í sjálfu sér að sveitarfélögin losi sig við allar félagslegar íbúðir, og eigi t.d. eiginlega engar leiguíbúðir? Hvað er verið að fara? Er það virkilega orðið þannig að bæði ríkisvaldið og sveitarfélögin séu að verða sammála um að markaðurinn einn eigi að vera þarna á ferð og það eigi alls ekki að vera með nein úrræði uppi til að mæta þörfum t.d. tekjulágra einstaklinga, námsmanna eða annarra þeirra sem eru á ferðinni og þurfa tímabundið á húsnæði að halda og eru náttúrlega háðastir því að til staðar sé skilvirkur og sanngjarn leigumarkaður? Ég vara við þessari hugsun. Það er alveg ljóst að þessar breytingar hafa, nákvæmlega eins og við spáðum fyrir um 1998, leitt til þess að dregið hefur úr framboði á leiguhúsnæði á hagstæðum og viðráðanlegum kjörum. Í sumum sveitarfélögum landsins ríkir frumskógar-

ástand hvað leigumarkaðinn snertir. Verðið hefur skrúfast upp úr öllu valdi, framboðið er ónógt og fólk hírist í stórum stíl í kytrum sem eru varla mönnum bjóðandi. Við förum aftur á bak en ekki áfram, því miður, að mörgu leyti hvað varðar ástand húsnæðismála hjá tekjulágu fólki og það er dapurlegt í sjálfu góðærinu, herra forseti. Það er mikil ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig ýmislegt hefur þróast í þessum efnum. Helsta ljósið í myrkrinu eru tilraunir til að koma á samstarfi — fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar ekki síst — verkalýðshreyfingar, lífeyrissjóða og stjórnvalda um átak í byggingu leiguíbúða sem er góðra gjalda vert. Mér líkar hins vegar ekki sérstaklega tónninn sem hér er sleginn af hálfu sveitarfélaganna hvað það varðar að það sé eiginlega orðið markmið í sjálfu sér að losa sig við þetta allt saman, herra forseti.

Ég minni að lokum á það að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum á undanförnum þingum við afgreiðslu fjárlaga, bæði í desember sl. sem og í desember 2000, gott ef ekki strax haustið 1999, lagt til að í fjárlögum væru ríflegar heimildir til handa ríkinu til að ganga til samstarfs við sveitarfélögin um lausn þessara mála. Það er ámælisvert hversu lengi það hefur dregist. Á hverju einasta ári sem liðið er síðan þetta mál var á dagskrá, 1998, hefur fjárhagsstaða sveitarfélaganna versnað. Hún hefur gert það, herra forseti, hvað sem menn segja um skuldir eða annað því um líkt. Það sést best á því að marktækasta kennitalan út úr rekstri þeirra, það hversu hátt hlutfall skatttekna fer beint í rekstur, hækkar á hverju einasta ári. Hún fór á fimm ára tímabili, frá 1996/1997 upp í 2000/2001, úr 77% í 83% og núna er það algengt þegar maður ræðir við forsvarsmenn sveitarfélaga að samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 sé þessi tala í kringum 90%. Um $^{9}/_{10}$ af heildartekjum sveitarfélaganna fara beint í rekstur og þá sjá allir menn að það er lítið eftir til allra annarra hluta, til fjárfestinga, til að greiða niður skuldir o.s.frv.

Herra forseti. Inn í þetta samhengi verður að taka þessar, mér liggur við að segja, nánasarlegu 60 millj. kr. á ári í fimm ár sem ríkisvaldið af rausn sinni ætlar að leggja af mörkum til þess að taka á þessum vanda hjá bágstöddum sveitarfélögum í landinu. Það er ekki rausnarbragur yfir þessu. Það er ekki eins og góðbóndi og höfðingi séu á ferð sem hafi gaman af því að veita vel á sínu búi þegar hæstv. félmrh. kemur hér með þetta skiterí inn í dæmið. En kannski ættum við að hafa líka við umræðuna hæstv. fjmrh. og banka pínulítið í kollinn á honum hvað það varðar að þar hafi verið staðið á bremsunum með þessum hætti. En það er alveg ljóst í öllu falli, herra forseti, að í óefni stefnir um fjárhag og rekstur sveitarfélaganna og hér er gengið allt of skammt til þess að koma til móts við þau.

[Fundarhlé. — 12:32]

[13:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við höldum áfram umræðu um frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Eins og komið hefur fram í umræðunni eru lagðar til breytingar á X. kafla, sem snýr að varasjóði viðbótarlána sem ætlað er að breyta í varasjóð húsnæðismála, eins og frv. liggur hér fyrir.

Hér er reynt að bregðast við ýmsum vanda sem komið hefur upp í félagslega húsnæðiskerfinu, sérstaklega eftir að eldra félagslega húsnæðiskerfinu var lokað 1998. Ég verð að taka undir gagnrýnina sem sett hefur verið fram við þessa umræðu á að hér sé seint komið til og lítið gert. Með þessu er ætlunin að bregðast við ágöllum sem urðu til við breytingarnar, við það að loka gamla kerfinu. Gert er ráð fyrir því að þessi varasjóður húsnæðismála komi til hjálpar þeim sveitarfélögum sem hafa verið í fjárhagsvanda vegna félagslegra íbúða sem þau hafa ekki getað losa sig við.

Herra forseti. Það kom fram í andsvari í upphafi umræðunnar að um væri að ræða 174 íbúðir, af 11–12 þúsund íbúðum í félagslega kerfinu. Þessum sjóði er ætlað að koma til aðstoðar í þessum ákveðnu tilvikum og er talið að aðallega þurfi þrjú sveitarfélög slíka aðstoð, þ.e. Bolungarvík, Vesturbyggð og Vestmannaeyjar. Þetta eru þannig sértæk úrræði.

Sömuleiðis er verið að leysa vanda einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum í fjölmiðlum standa á þriðja þúsund Reykvíkinga frammi fyrir því að hafa nánast verið í átthagafjötrum eða prísund. Þeir hafa ekki getað skipt um húsnæði. Þeir hafa ekki getað losnað út úr þessu kerfi eða fært sig til innan kerfisins eins og var. Það hefur verið tekið fyrir slíkt. Þegar fjölskylda stækkaði gat fólk t.d. ekki fært sig til. Það er því verið að leysa vanda sem hefði þurft að vera búið að leysa fyrir löngu.

Þessar fjölskyldur, á þriðja þúsund í Reykjavík, voru í þeirri stöðu að þær þurftu að skila íbúðum sínum til borgarinnar á uppreiknuðu verði. Talið er að þar hafi munað allt að 3 millj. kr. frá markaðsverði íbúðar. Borgin keypti þessar íbúðir síðan á lágmarksverði og eins og allir sjá var þetta náttúrlega ófremdarástand sem skapast hafði.

Vissulega er hér verið að reyna að leysa vanda sem er mjög brýnn. En við að lesa þetta frv. í gegn vakna auðvitað ýmsar spurningar og er full ástæða til þess, þegar félmn. fær það til umfjöllunar, að hún skoði ýmsa þætti þessa máls. Þó svo þetta þingmál hafi verið unnið í samstarfi við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga er engu að síður ýmislegt sem þyrfti að fást upplýst. Ég velti fyrir mér hvort sveitarfélögin hafi ekki farið fram á meiri framlög frá ríkinu en hér er gert ráð fyrir til að leysa þennan vanda.

Hér er gert ráð fyrir 60 millj. á ári í fimm ár. Aftur á móti er sveitarfélögunum ætlað að borga 600 millj. kr. og Íbúðalánasjóði 200 millj. kr. Ég velti fyrir mér, herra forseti: Fram á hvað fóru sveitarfélögin í þessari umræðu? Hversu hárra greiðslna óskuðu þau? Síðan velti ég einnig fyrir mér hvernig sú tala fékkst sem hér er til umfjöllunar, þ.e. þær upphæðir sem fjallað er um í þessu máli. Hvaðan koma þessar upphæðir?

Auðvitað er einnig full ástæða til að fá svar við því sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fyrr í umræðunni: Þar sem gert er ráð fyrir að ríkið leggi fram 60 millj. kr. á ári í fimm ár, var ekki gert ráð fyrir því að ríkið setti í afskriftasjóð 50 millj. kr. á ári? Er hér bara verið að bæta við 10 millj.?

Þá vakna auðvitað fleiri spurningar. Hversu oft hafa þessar 50 millj. kr. verið greiddar? Hvert hafa þær farið og hverjir hafa fengið þessar greiðslur? Þetta eru spurningar sem full ástæða væri til að fá svar við við þessa umfjöllun. Hvernig var staðið að úthlutunum úr þessum 50 millj. kr. afskriftasjóði? Þetta er auðvitað nokkuð sem þarf að fá upp á borðið. Ég vil segja að mér finnst frv. seint á ferðinni og lítið að gert. Okkur er hér stór vandi á höndum.

Ég hefði talið fulla ástæðu til að félmn. skoðaði tillögur sem liggja fyrir nefndinni um húsnæðismál. Það liggja bæði fyrir tillögur um leiguíbúðir og ýmsar aðrar tillögur, m.a. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, í félmn. sem full ástæða er að skoða í þessu samhengi.

Auk þessa vaknar spurningin um hvort dregið hafi úr framboði íbúða á leigumarkaði, eins og spurt hefur verið um. Ég verð að segja að ég hef ekki verið sérfræðingur í húsnæðismálum en þegar maður fer að setja sig inn í þessi mál kemur manni náttúrlega ýmislegt á óvart. Í frétt í Morgunblaðinu í morgun kemur m.a. fram að frá árinu 1999 hafi engar félagslegar íbúðir bæst við í félagslega kerfinu. Það finnst mér umhugsunarefni, sérstaklega vegna þess hvernig ástandið er, m.a. hér á höfuðborgarsvæðinu, í húsnæðismálum.

Herra forseti. Ég á sæti í félmn. sem mun fá þetta mál til umfjöllunar og get kallað eftir frekari upplýsingum í umfjöllun þar. En ég vonast til að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum, þ.e. í sambandi við afskriftasjóðinn og greiðslurnar þangað og hvort það sé virkilega svo að ríkið ætli að bæta við 10 millj. kr. á ári til að leysa þennan vanda miðað við þær 50 millj. kr. greiðslur sem fyrir voru. Einnig spyr ég hvort varpa eigi nánast öllum, eða a.m.k. meiri hluta kostnaðarins, þ.e. 600 millj. yfir á sveitarfélögin, ríkið taki á sig 300 millj. og síðan Íbúðalánasjóðurinn 200 millj. kr. Ég vona að hæstv. félmrh. svari þessum spurningum síðar í umræðunni.

[13:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við sem við ræðum húsnæðismál í þessum sal. Það hefur gerst undir mismunandi formerkjum. Þegar ég kem í ræðustól í dag bærast með mér mjög blendnar tilfinningar. Ég finn til stolts og ég finn til hryggðar. Ég finn til stolts þegar ég hugsa um að flokkurinn minn, flokkur jafnaðarmanna, gerði sér grein fyrir því á sínum tíma, fyrir um 70 árum, hversu mikilvægt væri að koma á húsnæðislöggjöf sem gerði efnalitlu fólki kleift að eignast þak yfir höfuðið.

Það voru jafnaðarmenn sem ákváðu á sínum tíma að setja á oddinn í stjórnarsamstarfi að byggðar yrðu félagslegar íbúðir og lög sett þar um þannig að útrýmt yrði saggakjöllurum og heilsuspillandi húsnæði þar sem barnmargar fjölskyldur höfðust við og að það væri þýðingarmesta velferðarmálið að gera fólki kleift að búa sómasamlega. Það var stærsta fjölskyldumálið að gera börnum kleift að vaxa úr grasi í heilbrigðu umhverfi.

Maður getur enn fundið til stolts þegar maður keyrir um bæinn í gömlu hverfunum og sér húsin, þessi glæsilegu hús t.d. í Vesturbænum, sem þyddu grundvallarbreytingar á kjörum fólks. Mér finnst satt að segja, herra forseti, þegar maður ræðir þessi mál, les um hversu miklu þau breyttu, um það þegar braggahverfunum var útrýmt, að maður finni hve miklu máli að lífsskoðanir fólks eru ólíkar. Fólk með ólíkar lífsskoðanir raðar sér saman í það sem við köllum flokka til að hafa áhrif á umhverfi sitt og gera breytingar á þjóðfélaginu sem það lifir í, til að reyna að útrýma misrétti og skapa eitthvert form jafnréttis, sérstaklega fyrir börnin og æskufólkið og þau fái vaxið úr grasi án þess að mikil mismunun blasi við. Þegar ég hugsa um þessa framtíðarsýn og þær breytingar sem urðu í samfélaginu í hvert skipti sem jafnaðarmenn voru við stjórnvölinn finn ég til stolts.

Af hverju er ég þá að tala um hryggð? Jú, það er vegna þess að ekki hafa allir haft þessa sýn. Stundum höfum við á hv. Alþingi gert lagabreytingar sem hafa orðið mjög afdrifaríkar og haft þau áhrif að kjör fólks hafi versnað og m.a. haft þau áhrif að húsnæðisúrræði eru enn þá vandamál.

Ég vil strax taka fram að við erum núna að ræða um húsnæðismál í öðru umhverfi en húsnæðismál voru rædd fyrir 70 árum. Við erum líka að ræða þau í öðru umhverfi heldur en húsnæðismál voru rædd, við skulum segja fyrir 15 árum, þegar bæði flokkur minn og flokkur hæstv. félmrh. voru að gera breytingar til framfara í húsnæðismálum fólksins í landinu. Fyrst og fremst skiptir það máli að við erum að ræða húsnæðismál í því umhverfi að búið er að breyta lögum, lögum sem voru til þess fallin að auka framboð félagslegs húsnæðis, fyrst og fremst félagslegs eignarhúsnæðis af því að það var mikil eftirspurn eftir því. Fyrir nokkrum árum voru gerðar breytingar sem gera það að verkum að félagslegar íbúðir eru ekki lengur, nema þá leiguíbúðir og af þeim er ekki byggt nægilega mikið. Ég mun því ræða frv. sem hér er út frá stöðunni sem málin eru í í dag og á vissan hátt taka jákvætt í nokkrar breytingar sem lagðar eru til þessu frv.

En áður en ég geri það vil ég aðeins staldra við hugmyndafræðina frá því á fyrri hluta síðustu aldar og hugmyndafræðina í dag. Þetta með mikilvægi félagslegra úrræða, það að gera fólki kleift að lifa með reisn, helst þannig að allir geti séð fyrir fjölskyldu sinni og fundið að þeir eru að vinna fyrir sér og sínum og það sem þeir geri geri þeir í krafti dugnaðar og sjálfsvitundar og það er þarna sem okkar stærsta verkefni er.

Ég hlýt þá að velta fyrir mér hvort núna séu breyttir tímar. Já, þeir eru breyttir. Það tókst að hjálpa fólki upp úr saggakjöllurum. Það tókst að byggja gífurlega mikið af góðu húsnæði þannig að húsnæðismál í landinu eru almennt séð og í stóru dráttum til fyrirmyndar. Samt er það enn þá svo að fólk býr í kjöllurum. Fólk býr enn þá við óviðunandi aðstæður. Fólk býr í einu litlu herbergi og með aðgang að salerni frammi á gangi. Fólk býr í kjöllurum sem eru svo niðurgrafnir að örmjóa glugga ber við gangstéttina þar sem fólk gengur. Ekki er víst að okkur mundi finnast viðunandi að setjast að í slíku húsnæði. Og það er fólk sem er ekkert með of flottar íbúðir sem býr við þvílíka greiðslubyrði að enn í dag er verið að fást við greiðsluerfiðleikalán og enn er það að hringja í okkur þingmenn til að vita hvað það geti gert; allt leit vel út, teknar voru ákvarðanir út frá greiðsluáformum sem virtust í lagi, en svo breyttist umhverfið hjá því, lán hækkuðu, verðbólga jókst, vextir hækkuðu en laun þess lítið og aðstæður breyttust ekki, þannig að það sem átti að vera í lagi reynist ekki í lagi og svo getur farið að það missi íbúðirnar.

Það sem ég er að segja er: Það er enn þá fátækt. Margt fólk býr við greiðsluerfiðleika. Mjög margt fólk mun ekki geta eignast íbúðir þrátt fyrir lög um að það geti fengið félagsleg lán til viðbótar venjulegu láni og það er það fólk sem við verðum að hugsa um og tryggja að eigi kost á leiguhúsnæði og að við höfum búið til slíkt umhverfi í húsnæðismálum að það geti fallið að högum sem flestra, að þeir sem hafa fjármuni geti leikið sér að því að skipta um húsnæði og kaupa og selja, enda er það á þeirra eigin ábyrgð, en að þeir sem minna hafi fái stuðning við það að koma sér inn í sómasamlegt húsnæði á viðunandi kjörum og að þeir sem alls ekki geta keypt eða búa við erfiðleika, veikindi, fötlun eða annað, eigi kost á húsnæði.

Þetta er markmiðið sem ég tel að við sem tilheyrum félagshyggjuflokkum eigum að sameinast um. Þess vegna ætla

ég fyrst og fremst að tala um frv. út frá þeirri stöðu sem er í dag.

Hins vegar get ég ekki stillt mig um, vegna þess að ég stend hér, þingmaður í stjórnarandstöðu, og ræði við hæstv. félmrh. sem valdið hefur, að minna á að við vorum ekki sammála þeim breytingum sem hæstv. félmrh. gerði á húsnæðiskerfinu fyrir fimm árum. Við sögðum fyrir um ýmsar afleiðingar sem mundu verða að óbreyttu en ekki var hlustað á það og þær gengu því miður eftir. Ég minni á að óþarfi var að breyta Húsnæðisstofnun í Íbúðalánasjóð og ég hef það á tilfinningunni að sú breyting hafi verið eins og sú sem við ræðum á morgun, þegar breyta á Þjóðhagsstofnun og leggja hana niður, að þarna sé fyrst og fremst verið að stokka upp til þess að losa um starfsmannahald. Íbúðalánasjóðurinn varð dýrari en gamla Húsnæðisstofnunin og ljóst er hvað varðar þá breytingu sem við munum ræða á morgun að ekki verður sparnaður af því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Ég hlýt að minna á þetta vegna þess að við erum alltaf að leita að einhverjum sannleik og réttlæti og sjáum það á ólíkan hátt.

Ég ætla líka að minna á að niðurlagning félagslega kerfisins hafði gífurleg áhrif á verð íbúða, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Í einu vetfangi var hætt að byggja félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga, sem voru u.þ.b. 300 á ári, og á næstu tveimur árum á eftir fór einkageirinn ekki í gang og fækkun varð á íbúðum hér samhliða stórauknum flutningi fólks til höfuðborgarsvæðisins. Þetta olli verðhækkunum, hækkuðu fasteignamati, lægri vaxtabótum og lægri barnabótum og hafði áhrif á afkomu fjölmargra fjölskyldna.

Herra forseti. Nú ætlum við að breyta þessu og ég tel nauðsynlegt að Alþingi setji lög sem lagfæra óviðunandi ástand og þá verður það líka að vera lausn. Þeir þingmenn sem hafa talað á undan mér hafa borið fram spurningar sem ekki eru komin svör við. Ekki er ásættanlegt að setja lög þar sem réttlæting laganna er önnur úrræði sem eiga að koma síðar og þau úrræði koma ekki, og þá vísa ég til leiguíbúðanna. Ef komið hefðu góð úrræði og mikið fjármagn verið veitt 1998 til byggingar leiguíbúða, eins og við lögðum til, þá væri ekki sami vandi uppi hjá sveitarfélögum hér í þéttbýlinu eins og er í dag. Það kemur fram hjá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hefur verið að kaupa íbúðir sem fólk vill selja og leyst þær inn og mönnum hefur ekki líkað að vera að taka íbúðir af efnalitlum fjölskyldum á slíku lágmarksverði. Þetta er m.a. afleiðing af því að kerfinu var breytt að hluta 1998, en það sem við átti að eta kom ekki fyrr en síðar. Við hljótum að sameinast um það að gera fólki kleift að stækkandi fjölskyldur geti stækkað við sig. Ef það er í félagslegu kerfi þá geti það stækkað við sig í félagslegu kerfi sé það nauðsynlegt miðað við tekjur og aðstæður heimilisins.

Ég vil einnig minna á að í frv. erum við að ræða um tvennt, vanda sveitarfélaganna sem er sértækur og vanda fólksins sem fær þessar íbúðir eða þarf á þeim að halda, sem er allt annar. Fólkið þarf að eiga möguleika á öruggu húsnæði eins og ég hef talað um og ef það ræður ekki við félagslegar eignaríbúðir, að leiguíbúðir séu þá fyrir hendi. Við verðum að skoða það að í þessu tilviki er mesta álagið á Reykjavík vegna þess að þegar hallar undan fæti, þá sækir fólk til höfuðborgarinnar þar sem þjónustan er, þar sem úrræðin eru, þar sem læknisþjónustan er ef veikindi eru hjá börnum, og í stóru bæina þar sem úrræði eru t.d. hvað varðar fatlaða og aðra. Það er mjög ríkt tilhneiging til þess að fólk flytji frá smærri sveitarfélögum þar sem þjónusta er minni.

Vandi sveitarfélaganna er annar. Þau hafa í mörgum tilfellum byggt of margar íbúðir. Í mörgum tilfellum litið of mikið til atvinnulífsins á staðnum og byggingariðnaðar og sátu strax uppi með fleiri íbúðir en þörf var fyrir og við vitum nákvæmlega hvaða svæði þetta eru. Það þekkir enginn betur en ég sem var formaður húsnæðismálastjórnar á þeim tíma og reyndi að sporna gegn þessu, og þekki nákvæmlega viðbrögðin og hvernig aðhafst var til að fá íbúðir hvað sem það kostaði. Og síðan er það kaupskyldan, þegar menn þurfa að leysa til sín íbúðirnar samkvæmt lögum og hafa ekkert við þær að gera og þá myndast halli.

Ég geri mér alveg grein fyrir, herra forseti, að það þýðir ekkert núna árið 2002 að standa hér og segja: Já, en ástæðan var þessi. Vegna þess að hver svo sem ástæðan var, þá erum við þar komin að við verðum að sameinast um að leysa vandann.

Hér hefur komið fram að sveitarfélög geta leyst til sín leiguíbúðir. Þá hlýt ég að spyrja varðandi það: Má sveitarfélag selja íbúð og fá framlag af því að íbúðin sem sveitarfélagið leysti til sín var á miklu verri kjörum og miklu dýrari en íbúð sem sveitarfélagið gat keypt á almennum markaði í sveitarfélaginu? Og getur sveitarfélagið síðan, þegar það er búið að selja þær íbúðir sem það leysti til sín í gegnum kerfið og fékk framlag til þess, keypt aðrar íbúðir á markaðsverði? Við skulum muna það um leið og ég ber fram þessa spurningu að markaðsverðið er það sem fólk fær fyrir eignina sína eftir því hvort einhver eftirspurn er eftir eignum. Ef of mikið húsnæði er í boði, þá er engin eftirspurn. Markaðsverð þýðir í þessu tilfelli oft á tíðum að fólk er að selja lífsstarfið sitt á útsölu vegna þess að það kostaði fólk einhvers staðar annars staðar jafnmikið að byggja sitt hús eins og það kostaði mig eða hæstv. félmrh. en það skilur lífsstarfið sitt eftir á stöðum úti á landi af því það fær svo lítið fyrir og á oft ekki einu sinni fyrir útborgun í lítilli íbúð hér. Mér finnst mikilvægt að fá að heyra hvort sveitarfélag getur núna leikið sér með þá lagareglu í kjölfar þess að hafa leyst til sín íbúðir innan kerfisins.

Í öðru lagi óska ég eftir upplýsingum um 1. gr., a-lið. Þar segir að þóknun ráðgjafarnefndar varasjóðsins verði greidd úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra. Ég er nýbúin að fá svar við fyrirspurn um störf þóknunarnefndar á mitt borð og þar kemur í ljós að þóknunarnefndin ákveður í flestum tilfellum þóknun, en í sumum tilfellum er slíkt ákveðið annars staðar og oftast nær þá hjá kjaranefnd. Ég vil því spyrja hvaða leið verði farin til að ákveða þóknun fyrir þessa nefnd, er það þóknunarnefnd, kjaranefnd eða sértæk ákvörðun ráðherra?

Ég ætla líka að spyrja um 4. tölul. í b-lið 1. gr., þ.e. að hafa umsýslu með Tryggingargjóði vegna byggingargalla og að varasjóður húsnæðismála skuli taka við öllum eignum, réttindum og skyldum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Það er áhugavert að vita hvernig sá sjóður hefur virkað hingað til. Hefur mikið verið sótt í hann? Eru fjármunir í þeim sjóði? Eru miklar kröfur gerðar til þess sjóðs? Er hugsanlegt að það verði of þungt að vera með þetta sameiginlega, eða er talið að varasjóður húsnæðismála hafi ávinning af því að fá tryggingarsjóðinn inn til sín?

Af því að okkur sem höfum farið ofan í þetta mál þykir sem 60 millj. á ári frá ríkinu til þessa varasjóðs sé mjög lítið, þá langar mig til að spyrja hvort aðrar tillögur hafi verið af hálfu sveitarfélaganna. Liggur einhvers staðar fyrir mat sveitarfélaganna á því hvaða fjármagn þyrfti að vera í þeim sjóði til þess að viðunandi staða náist hjá sveitarfélögunum þegar þau fara í þá uppstokkun sem verður í kjölfar þess að

lögin verða sett, vonandi í þannig sátt að ef upp koma góðar ábendingar eða annað í félmn. verði reynt að skoða þetta í einhverju samkomulagi af því þetta er eitt það þýðingarmesta sem við fáumst við?

Herra forseti. Eins og ég hef rakið hafa jafnaðarmenn lagt mikla áherslu á húsnæðismál alla tíð og á sínum tíma var mjög mikið byggt og skipti miklu máli ekki síst fyrir Reykjavík og stóru bæina á suðvesturhorninu hvað mikill kraftur var í uppbyggingunni í Reykjavík, í Kópavogi, í Hafnarfirði og í Mosfellsbæ. Þetta gjörbreytti aðstæðum fólks og möguleikum á að búa vel. Þessu viljum við ekki breyta, þ.e. við gerum okkur grein fyrir að komin eru ný lög um húsbréf og félagsleg lán og mjög mikilvægt er að þau virki þá eins og þau eru hugsuð og að það sem hér verður gert verði til þeirra úrbóta sem enn þá hefur á skort. Ég heyri það á fulltrúum Samfylkingarinnar í félmn. að þeir ætla að skoða þessi mál með opnum huga, en ég hvet líka til þess að hæstv. félmrh. geri nú það átak sem þarf til að koma þessum málum í viðunandi ástand vegna þess að hrakspár okkar á sínum tíma voru ekki af óvilja eða löngun til að halda því fram að eitthvað væri vont, heldur komu þær fram af mikilli þekkingu fólks sem hefur unnið með húsnæðismál, ekki bara í ár heldur áratugi.

[14:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hygg að flestir geri sér ljóst að ekkert skiptir eins miklu máli fyrir kjör láglaunahópa í þjóðfélaginu og viðunandi húsnæðisaðstaða, að lánakerfi og leigumarkaður séu með þeim hætti að kjör varðandi húsnæðismál séu viðráðanleg. Ég held að það sé ljóst að við mikinn vanda er að glíma hjá láglaunafólki í húsnæðismálum. Við sjáum það kannski ekki síst á því sem birtist okkur þessa dagana í fréttum um fátækt hér á landi hjá láglaunafólki, öldruðum, einstæðum foreldrum, öryrkjum og námsmönnum. Það er ekki síst vegna þess að það er mjög dýrt að þurfa að leigja íbúð og þetta fólk hefur ekki möguleika á að koma sér þaki yfir höfuðið.

Biðlistarnir eftir leiguíbúðum eru mjög langir eins og við þekkjum. Ég hygg að lítið hafi grynnkað á þessum biðlistum frá því að skýrsla nefndar á vegum félmrn. kom út þar sem fram kom að um 2 þús. einstaklingar og fjölskyldur væru á biðlistum eftir leiguíbúðum. Í Reykjavík voru t.d. á síðasta ári, a.m.k. þegar ég skoðaði málið síðast, um 600–700 einstaklingar og fjölskyldur sem höfðu þörf fyrir leiguíbúðir. Hjá Félagsstofnun stúdenta voru umsóknir um 835 íbúðir á síðasta ári og ekki hægt að leysa þörfina nema hjá um 50–60% nemenda. Hjá Öryrkjabandalaginu voru um 450 manns á biðlista og við þann biðlista þá bættust um 100 manns árlega. Staðan er því alveg gífurlega erfið fyrir þessa hópa og þá er mikið undir því komið að stjórnvöld hafi skilning á þessu máli, að búa þurfi svo um hnútana að þetta fólk geti ráðið við að koma sér sér þaki yfir höfuðið, annaðhvort í leigu- eða eignakerfinu. Ég held að því sé ekki að heilsa eins og staðan er núna.

Herra forseti. Ég sé ekki mjög bjarta tíma fram undan, herra forseti, jafnvel þó að hæstv. ráðherra hafi beitt sér fyrir auknum lánum til þess að byggja leiguíbúðir. Þau vaxtakjör sem bjóðast á þeim íbúðum henta hins vegar fæstum sem eru á annað borð bisa við að koma upp leiguíbúðum fyrir skjólstæðinga sína, t.d. Félagsstofnun stúdenta fyrir námsmenn og Öryrkjabandalagið fyrir skjólstæðinga sína o.s.frv.

Við sjáum t.d. átak sem hæstv. ráðherra beitti sér fyrir, að veita lán til búsetuíbúða. En þessar íbúðir mjög dýrar og ég sé ekki hverjir eiga að geta komist í þær íbúðir vegna þess að 70 fermetra íbúð hjá Búseta í búsetakerfinu kostar um 70 þús. kr. á mánuði. Þá er bara miðað við lægstu vexti sem bjóðast í þessu kerfi. En þegar verið er að tala um hærri vextina, ég man ekki hvort þeir eru 4,5 eða 4,9%, þá eru menn að tala um að þriggja herbergja, 75 fermetra leiguíbúð geti kostað um 100 þús. kr. á mánuði. Maður heyrir að verktakarnir vilji gjarnan koma upp slíkum íbúðum til leigu, en ég spyr: Hvar finna þeir leigjendur sem geta borgað 100 þús. kr. á mánuði fyrir þriggja herbergja íbúð?

Því miður, herra forseti. Þetta er staðan. Fólki stendur ekki annað til boða en að leigja íbúðir á bilinu 70–100 þús., litlar þriggja herbergja íbúðir. Þetta er staðan sem við stöndum frammi fyrir eftir að félagslega kerfinu var lokað.

Við verðum bara að viðurkenna að ef við á annað borð viljum halda uppi einhverjum félagslegum lausnum í húsnæðismálum þá kostar það peninga. Ef við ætlum ekki að láta láglaunafólkið sjálft standa undir þessu — sem það getur engan veginn, með kannski 100 þús. kr. mánaðarlaun, að það fari allt í leiguíbúðir — verðum við að láta til þess fjármagn. Og það var gert myndarlega hér á árum áður, áður en félagslega húsnæðiskerfinu var lokað. Þá var ríkisframlag iðulega á bilinu 500 milljónir til einn milljarður til þeirra mála.

En hérna höfum við verið að ræða um það í dag að ríkið ætli að setja 60 milljónir á ári í fimm ár í þess að leysa vanda ýmissa sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða. Ég held að það hafi verið mikil mistök, kannski mestu mistök hæstv. félmrh. í ráðherrastól, að gangast inn á það, sem ég hygg að Sjálfstfl. hafi verið mjög áfram um, að leggja niður félagslega íbúðakerfið og leggja raunverulega niður leiguíbúðir hér á landi. Þetta er smátt og smátt að færast yfir á almenna leigumarkaðinn. Það er búið að opna möguleika fyrir verktakana til að reisa leiguíbúðir. Þeir sækja í að taka þessi lán sem eru á 4,5% vöxtum. En, herra forseti, ég sé ekki hverjir eiga að komast inn í slíkar í búðir, sem kosta á bilinu 70–100 þús. kr.

Vandinn sem við erum að tala um núna er fyrst og fremst sprottinn af því að örfá sveitarfélög fóru of geyst, fóru óvarlega í uppbyggingu íbúða. Innlausn íbúða er sveitarfélögum erfið í ýmsum tilvikum þar sem markaðsverð á íbúðum er langt undir venjulegu markaðsverði, kostnaðinum við að koma upp þessum íbúðum. Það er auðvitað vandinn sem við blasir.

Ég fór yfir það í andsvari við hæstv. ráðherra eftir framsöguræðu hans að við værum að ræða hér um 174 íbúðir sem hefðu staðið auðar í tvo mánuði. Á Vestfjörðum væru þær 65, þar af mest á Bolungarvík 28, Ísafirði 20 og Vesturbyggð 16 íbúðir. Það eru engar lausar íbúðir í Reykjavík eða Reykjanesi. Þar hefur þetta ekki verið vandamál. Þar hefur þetta fyrst og fremst leyst vanda þúsunda og aftur þúsunda láglaunafjölskyldna við að koma sér þaki yfir höfuðið. Á Vesturlandi er ein auð íbúð, á Norðurlandi vestra fjórar, á Norðurlandi eystra 18 og á Austurlandi 61, eða mest í Fjarðarbyggð, þ.e. 38 íbúðir. Á Suðurlandi eru þær 25 og engin á Reykjanesi.

Þetta varðandi auðu íbúðirnar eru staðbundin vandamál sem hafa verið notuð sem grýla, á sínum tíma, til að geta lagt niður þetta félagslega íbúðakerfi sem, eins og hv. síðasti ræðumaður lýsti svo ágætlega, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, hefur þjónað láglaunafólki í 70 ár með miklum ágætum

og orðið til að fólk hafi getað komið sér upp sómasamlegum íbúðum.

Hæstv. forseti. Við stöndum frammi fyrir þessu. Ráðherrann hafði þessa afstöðu og við erum hér að fjalla um frv. sem kallar auðvitað fram ýmsar spurningar sem þarf að fá svör við áður en málið er afgreitt frá þinginu. Málið er hins vegar auðvitað sjálfsagt á margan hátt og bein afleiðing þess að félagslega kerfið var lagt niður. Við sögðum það á árinu 1998 að þetta mundi fjötra íbúðakaupendur, fólkið yrði bundið í þessum íbúðum ef hætt yrði að byggja hér eða koma á fót félagslegum íbúðum. Þetta fólk hefði þá ekki möguleika til að stækka við sig innan félagslega kerfisins og gæti ekki farið á almenna markaðinn, ekki einu sinni með viðbótarláni. Menn festust inni í kerfinu. Nú er verið að leysa þann vanda og ég styð það. Úr því sem komið er verður að leysa vandann sem skapaðist með lokun kerfisins og setja t.d. íbúðirnar á frjálsan markað.

Mér sýnist að töluverður fjöldi, af því sem fram kemur hér í frv., hafi neyðst til að selja sínar íbúðir á árunum eftir að kerfinu var lokað. Það fólk hefur þá ekki getað selt það á frjálsum markaði ef ég skil málið rétt. Og við sjáum hér tölur um hagnað og tap af sölu íbúða á árinu 1999, 2000 og 2001. Sjálfsagt hafa ýmsir ekki getað beðið eftir því að þessi lausn fengist, sem margir töldu að fyrr yrði gripið til en hefur tekið tíma að koma í framkvæmd.

Herra forseti. Þær 60 millj. kr. sem ríkið lætur af hendi til að leysa þessi vandamál eru ansi snautleg upphæð eftir allan þennan tíma. Það er verið að tala um að sveitarfélögin sjálf leggi fram 600 milljónir, ef ég skil þetta rétt, þar af einhvern hluta úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Íbúðalánasjóður leggur til 200 millj., með heimild til afskrifta þegar svo stendur á, ef ég skil það rétt. Ríkið kemur svo inn í með 300 millj. en þó er skýrt tekið fram í fylgiskjali með frv. frá fjármálaráðuneytinu:

„Önnur framlög ríkissjóðs til varasjóðs viðbótarlána falla þar með niður."

Hver hafa þessi framlög verið? Þau hafa verið til þess að brúa mismuninn á hagnaði og tapi á innleystum íbúðum. Á árinu 2000 og 2001 voru það um 82 millj., nálægt þeirri fjárhæð sem ríkið lætur núna í þessa púllíu. Á árinu 2000 voru það 50 millj. ef ég man það rétt. Á árinu 2001 voru það 17 millj. sem komu einhvern tímann á árinu og síðan aftur tæpar 15 millj. Þetta er því bara tilfærsla á fjármunum sem ríkið hefur látið inn í þetta kerfi. Þetta er fiff sem fjmrn. og hæstv. fjmrh. eru mjög sniðugir í þegar reynt er að leysa einhvern vanda. Hér er því fyrst og fremst um tilfærslu að ræða, herra forseti.

Ég spyr: Þegar kemur að innlausnum þessara íbúða og ríkið ætlar ekki að koma þarna að, hvernig mun dæmið þá standa eftir einhvern tíma? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort einhver úttekt liggi bak við þessar 1.100 millj. kr. sem hér er verið að leggja fram til að leysa vandann varðandi þessar auðu íbúðir sem ég hef nú farið yfir að eru ekki nema 1,5% af heildarfjölda félagslegra íbúða, þ.e. 170 af 10–12 þús. íbúðum. Hvað síðan með þann vanda sem skapast þegar þarf að leysa til sín félagslegar íbúðir og markaðsverðið er langt undir markaðsvirði íbúðanna?

Maður veltir fyrir sér hvort einhver úttekt hafi verið gerð sem geri það að verkum að þarna er gengið út frá þessum 1.100 millj. Það er ýmislegt sem þessi sjóður á að gera. Varasjóði húsnæðismála er ætlað að veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa lengi staðið auðar. Hæstv. ráðherra verður að skilgreina það og það verður að skýra í meðförum nefndarinnar. Ég beini því til nefndarmanns, Ástu R. Jóhannesdóttur sem hér er og kannski fleiri nefndarmanna, þ.e. að skilgreina hve lengi þessar íbúðir þurfi að hafa verið auðar til að fá slíkt rekstrarframlag.

Varðandi framlög til sveitarfélaga til að greiða fyrir innlausn félagslegra eignar- og leiguíbúðar og sölu þeirra á hinum almenna markaði segir í frv.: „Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélag að afskrifa að hluta eða að öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð" — sem ekki verður leigð út vegna slæms ástands eða að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Liggur einhver úttekt á bak við þetta? Er hægt að fá sundurliðað hvað ætlað er í hvern þátt málsins fyrir sig? Er það eitthvað sem liggur fyrir? Verða þær upplýsingar afhentar í nefndinni? Fær nefndin þær til skoðunar þegar hún fjallar um málið?

Vextina finnst mér að ráðherrann verði aðeins að ræða við þessa umræðu. Hann hlýtur að hafa áhyggjur af því hve vextir eru háir af leiguíbúðunum eins og ég hef hér lýst. Ég spyr ráðherrann: Nú eru 60 milljónir á fjárlögum til þessarar niðurgreiðslu á leiguíbúðum sveitarfélaga, hvernig sér hann fyrir sér framhaldið á því? 2 þús. manns bíða eftir leiguíbúðum. Það þýðir ekkert að bjóða hér lán til leiguíbúða hundruðum saman, mér er alveg sama þó það væru 5.000, ef fólk getur ekki staðið undir greiðslum eða félagasamtök geti einhvern veginn greitt þau niður.

Ég held að eitt af forgangsverkefnum þegar ný ríkisstjórn tekur við að loknum næstu kosningum hljóti því að vera að endurskoða þessar félagslegu lausnir sem eru engar orðnar eftir raunverulega í húsnæðismálum landsmanna og láglaunafólks.

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra geti upplýst okkur um hve mörgum íbúðum hefur verið breytt í leiguíbúðir, hvað sveitarfélög hafa breytt mörgum íbúðum sem þau hafa fengið innleystar til sín í leiguíbúðir. Liggur eitthvað fyrir um það? Ég hef mikinn áhuga á að skoða það. Ef ráðherrann hefur ekki þær upplýsingar held ég væri fróðlegt að fá upplýsingar um það inn í nefndina og hvar það er helst sem íbúðir hafa verið leystar inn, þ.e. í hvaða sveitarfélögum.

Síðan vil ég spyrja um það sem fram kemur á bls. 4. Afskrift íbúða vegna ástands, er fyrirsögn þess kafla. Hefur einhver úttekt verið gerð á því um hve margar íbúðir hér sé að ræða? Það tilheyrir auðvitað spurningunni sem ég var með áðan um forsendurnar á bak við þessar 1.100 milljónir

Nefndin leggur til að nýtt samstarfsverkefni fái það hlutverk að annast samræmingu og framkvæmd aðgerða þegar leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga er ekki talið íbúðarhæft og endurbygging ekki talin skynsamleg í ljósi stöðu á fasteignamarkaði.

Hvað er verið að tala um margar íbúðir? Liggur eitthvað fyrir um það? Ég vil fá meiri tilfinningu, herra forseti, fyrir því hvað hér eigi raunverulega að fjármagna, hverju sé verið að lofa. Er hér ekki í raun og sanni verið að lofa miklu meiru en þessir peningar geta staðið á bak við? Stöndum við kannski uppi með það eftir einhvern tíma að þetta sé ekki nærri nógu mikið fjármagn miðað við þær forsendur sem gefnar eru upp í frv.? Það verður að skýra þetta nánar en mér finnst hafa verið gert hér.

Síðan velti ég aðeins vöngum yfir þessari nefnd sem á að fara í þessa framkvæmd sem mér finnst nú vera ansi mikið batterí. Hér er verið að setja á fót mikið sjálfstætt batterí sem félmrn. á að hafa umsjón með. Hér stendur að gert verði sérstakt samkomulag við ríkissjóð um fast ákveðið framlag til þessara verkefna sjóðsins næstu fimm árin. Ég spyr: Hver er hugsunin á bak við þetta? Er þetta nefnd sem á að hafa fastan starfsmann? Hver verður kostnaðurinn í kringum þessa nefnd? Er þetta ekki ansi mikið apparat sem hér er verið að setja af stað? Og ég spyr líkt og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir: Er eðlilegt að ráðherrann ákveði þessa þóknun eða kostnað við störf nefndarinnar? Er það ekki eitthvað sem menn eru að falla frá? Verður þetta ekki allt samræmt með sama hætti hjá þóknunarnefnd? Ég hef svolitlar áhyggjur að hér sé verið að setja á fót nefnd, hugsanlega með starfsmanni og einhverri aðstöðu, sem kostar meira fjármagn en menn gera sér kannski ljóst á þessari stundu.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Nokkrar spurningar lagði ég fyrir hæstv. ráðherra sem ég vænti að hann svari við þessa umræðu.

[14:20]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. um leiðir til að leysa vanda sveitarfélaganna sem hafa staðið frammi fyrir miklum vanda út af félagslegu húsnæði. Ég held að óhætt sé að fagna því að hæstv. félmrh. skuli leggja þetta frv. fram. Menn hafa verið lengi að smíða frv. eða koma saman tillögum til þess að sveitarfélögin nái að sjá fram úr þessum vanda sem þau hafa mörg hver verið að kikna undan á síðustu árum. Og þau hafa kallað eftir lausnum. Að sjálfsögðu er mjög flókið mál að gera svona samkomulag þar sem báðir aðilar eru sæmilega sáttir við hvernig lausnin verður. Ég held að óhætt sé að segja að hér hafi náðst samkomulag milli hæstv. félmrh. og ríkisstjórnar og sveitarfélaganna í landinu og það er afskaplega mikilvægt. Sveitarfélögin ganga að þessu samkomulagi. Þetta er ekki einleikur ríkisins. Mér finnst einhvern veginn að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræði málið eins og hér sé um einhverja nauðgun upp á sveitarfélögin að ræða. Sveitarfélögin hafa samþykkt þetta og þau eru sátt við þessa niðurstöðu.

Auðvitað hafa sveitarfélögin viðurkennt upp að vissu marki að ýmislegt fór úrskeiðis á undanförnum árum í uppbyggingu á félagslegu húsnæði vegna gylliboða sem komu frá ráðuneytum hér á árum áður. Sveitarfélög fóru út í að byggja félagslegar íbúðir sem var í raun ekki nauðsynlegt alls staðar og þegar upp var staðið ekki heldur rekstrargrundvöllur fyrir. Þessi vandamál hafa síðan hrannast upp. Við getum sagt að það hafi svo verið verkefni þeirra félagsmálaráðherra sem á eftir komu að reyna að leysa þetta. (**JóhS:** Eru mikil vandamál á Reykjanesi?) Sem betur fer eru misjafnlega mikil vandamál hjá sveitarfélögunum. Ég get upplýst hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem grípur hér fram í, að í Njarðvík var stefnan t.d. sú að byggja lítið sem ekkert félagslegt húsnæði, taka ekki þeim boðum sem höfðu komið um sífellt aukin félagsleg úrræði á byggingarmarkaðnum. Markaðurinn sjálfur var látinn ráða því hvernig þetta mundi þróast. Fólk byggði sínar eigin íbúðir að mestu leyti. Félagslegt húsnæði á Suðurnesjum var því lítið í mörgum sveitarfélögum, mismunandi mikið að sjálfsögðu. En auðvitað er ekki saman að jafna því svæði og t.d. Vestfjörðum sem hafa verið mjög illa leiknir í þessum málum.

Það er ekkert launungarmál og hefur oft komið fram í þessum þingsal að mörg sveitarfélög fóru út í byggingar á félagslegu húsnæði til að halda uppi atvinnu og byggingariðnaðinum á svæðinu. Það var gert með þegjandi samkomulagi við Húsnæðisstofnun og ráðherra á þeim tíma. Auðvitað fóru sveitarfélögin í þetta vegna þess að þau trúðu því að hægt væri að ná upp nýrri sveiflu, að hægt væri á ný að stuðla að íbúafjölgun eins og var t.d. á áttunda áratugnum, að menn mundu ná því upp með því að hafa íbúðir til reiðu af ýmsum gerðum og stærðum og þær mundu síðan fyllast. Slík áhætta hefur svo sem verið tekin. Við þekkjum fullt af dæmum héðan af höfuðborgarsvæðinu þar sem tekin hefur verið áhætta með því að búa land undir byggð sem hefur beðið jafnvel árum saman. Síðan hefur allt í einu komið tækifæri, allt í einu komið bylgja og þetta land hefur fyllst af húsnæði á örskömmum tíma. Það þekkjum við. En þessi sveifla náði aldrei út á land. Þess vegna sitja sveitarfélögin uppi með þessi vandamál. Það er verið að leysa þau eins og kemur fram í frv. og ég held að sá háttur sé góður.

Einnig má geta þess að þetta eru ekki einu úrræðin sem gripið hefur verið til til lausnar þessu vandamáli. Þegar er búið að afgreiða til Vesturbyggðar í gegnum Íbúðalánasjóð 48 milljónir vegna félagslegs húsnæðis. Afgreiddar voru 22 milljónir vegna vandamála í Reykhólahreppi. Hvort aðrar lausnir verða fyrir þessara aðila umfram það sem hér er verið að ræða um á eftir að koma í ljós.

Ef við lítum svo á hvaða aðferðum var beitt við að aðstoða fólk við að eignast sitt eigið húsnæði eftir að félagslega íbúðakerfinu var lagt virðist mér að þetta viðbótarlánaafyrirkomulag hafi reynst vel. Ég heyri ekki kvartað yfir 90% lánum, þ.e. húsnæðislánin plús viðbótarlánin. Alveg gríðarlegur hópur fólks er að fá viðbótarlán. Þetta gengur mjög fljótt fyrir sig. Aldrei stendur á því að fólk fái þessar úthlutanir sem um er beðið. Tíminn t.d. sem fer í að bíða eftir viðbótarláni er kannski tvær vikur og rúmlega það í einstaka tilfellum. (**JóhS:** Hverjir eru vextirnir á þeim?) Vextirnir eru bara venjulegir. Þeir eru 5,7% og vextirnir af öðrum lánum Íbúðalánasjóðs eru 5,1%. Þetta eru því mjög viðráðanlegir vextir. Þetta eru hagstæðustu vextir sem menn geta fengið til íbúðakaupa í dag. Fólk sem er að kaupa sér húsnæði upp á 10 millj. borgar 50–60 þús. kr. á mánuði í afborganir og vexti af þessum íbúðum. Ég geri ekki ráð fyrir því að hægt sé að fá það öllu ódýrara á höfuðborgarsvæðinu.

Ég held að ekki sé hægt að segja að þetta kerfi hafi skapað vandamál. Þetta kerfi hefur þvert á móti leyst mörg vandamál sem voru í pípunum vegna þess að sífellt var verið að úthluta eftir á inn í félagsíbúðakerfið. Það var samkvæmt gamla laginu. Nú þarf ekki að bíða. Nú þurfa menn ekki að vera í biðröðum, á listum hjá félagsmálastofnunum, íbúðalánanefndum eða húsnæðisnefndum sveitarfélaga eftir því að fá inni í félagslegu húsnæði. Ég er ekki alveg viss um að hv. þm. Samfylkingarinnar sem hér hafa talað nokkuð digurbarkalega um þetta og eins hv. þm. Vinstri grænna, hafi skoðað hvernig þetta hefur þróast. Þeir eru fyrst og fremst í gamla farinu.

Ein aðalósk sveitarfélaganna síðustu ár hefur verið sú að losna undan kaupskyldunni. Í þessu frv. er verið að losa sveitarfélögin undan kaupskyldunni. Það er náttúrlega ekkert lítið mál fyrir þau sveitarfélög þar sem mest er af þessum íbúðum að losna undan þessu oki.

Ég held því þegar litið er á plúsa og mínusa í þessu máli að sveitarfélögin geti verið ánægð. Þó að hægt sé að segja að þau leggi ýmislegt til með þessu frv. eru þau samt að fá

úrlausnir sem þau hafa sóst eftir í langan tíma. Þess vegna fagna ég því að félmrh. hefur lagt frv. fram í þessari mynd.

[14:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er stundum gaman að þessari umræðu. Ég efast um að sá hv. þm. sem hér talaði hafi hlustað á ræður okkar úr Samfylkingunni. Ég efast um að félmrh. hafi heyrt mikið jákvæðari ræður um frumvarp sem hann hefur flutt í sambandi við húsnæðismálin en hann hefur heyrt frá okkur í dag. Ég ætla líka að nefna það að til er fólk sem heldur því fram að það sé á móti Tryggingastofnun af því að til sé fólk sem svindlar á henni og nær sér í tryggingabætur eða hvað það nú er sem fólk heldur fram. Ég veit ekki hversu oft ég hef talað um að það sé dapurt ef það er látið bitna á góðu velferðarkerfi að fólk finnur sér smugur til að svindla á því. Og mér varð hugsað til þess þegar þingmaðurinn var að lýsa því að kerfið hefði verið notað til atvinnulífsins en ekki fyrir fólkið. Ég þekki það vel, mjög vel, vegna þess að sama sveitarfélag hafði fyrir stuttu oft beðið um undanþágur varðandi úthlutanir, sótti samt um aftur og við því var brugðist.

Ég minnist þess líka þegar hv. þm. var bæjarstjóri í Ólafsvík. Þá átti hann umtalsverð samtöl við mig, þá aðstoðarmann félmrh., og fannst að þau lög sem við værum að setja um kaupleiguíbúðir yrðu lyftistöng fyrir landsbyggðina, einmitt vegna þess að sveitarfélaginu væri gert mögulegt að byggja upp húsnæði og fólki gert kleift að leigja fyrst og kaupa síðar ef það settist að. Því vil ég segja að ég vona, úr því að búið er að umbylta kerfinu með þessum hætti sem gert hefur verið, að framtíðin eigi ekki eftir að leiða í ljós umtalsverða erfiðleika. Það veit hvorki þingmaðurinn né ég. En það er alveg ljóst að það kerfi sem hefur verið við lýði í 70 ár hefur lyft grettistaki fyrir fjölskyldur í þessu landi.

[14:32]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er ansi viss um að hv. þm. man ekki rétt samtöl okkar sem áttu sér stað 1988 eða 1989, geri ég ráð fyrir. Ég lét reikna út fyrir mig hvað það mundi kosta að hafa kaupleiguíbúðir og ég man að það var einmitt til umræðu í Borgarnesi þegar ég var þar á fundi og ræddi þetta við marga sveitarstjórnarmenn. Borgnesingar höfðu sérstakan áhuga á þessu kaupleigukerfi. Við sáum fyrir okkur að leigan í því yrði 60–70 þús. kr. á mánuði þá. Það var algjörlega óviðráðanlegt að taka upp þetta nýja kaupleigufyrirkomulag sem þá var til umræðu. Það var út af fyrir sig góð hugmynd en leigan var óviðráðanleg. Það var ekki fyrir nokkurn mann að leigja í þessu kerfi. Ég held að flestallir hafi séð það fyrir rest. (**Gripið fram í:** Hver er ... núna?) Ég held að flestallir hafi séð fyrir rest að ekki var hægt að byggja á þessu kerfi.

Hvað gamla félagsíbúðakerfið varðar átti fólk auðvitað ekki að svindla á því en það er samt staðreynd málsins að kerfið var gengið sér til húðar. Kerfið nýttist ekki. Það gat ekki brugðist við vandanum og þeim óskum sem lágu fyrir hverju sinni. Þetta var allt eftir á þannig að kerfið sem slíkt var bara sprungið. Fyrir löngu hefði átt að vera búið að breyta þessu í það fyrirkomulag sem er núna. Þetta var eflaust ágætt þegar þetta kom á sínum tíma en þetta var löngu sprungið.

[14:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að takast á við þingmanninn um margra ára gömul samtöl en ég man þau af því að þau glöddu mig, og ég hef oft sagt frá því síðar. Það var ekki oft sem maður fékk jákvæðar upphringingar á þeim tíma út af einhverju slíku máli.

En hvað ætli kosti að leigja þessar íbúðir í dag? Gerir þingmaðurinn sér grein fyrir því að lengst af voru vextirnir á þessum íbúðum 2,4%? Veit hann hvað þeir eru í dag? Veit hann að fólk borgar 70–80 þús. kr. í leigu? Hann var áðan að tala um vextina til húsnæðiskaupa — veit hann að það er hægt að fara bara í bankana og fá sömu vaxtakjör og eru núna á þessum lánum sem verið var að tala um? Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni að það hvernig maður vildi búa að þegnum landsins snerist um lífssýn og afstöðu, og að pólitísk afstaða væri mjög oft bara lífsskoðun fólks. Og ég er stolt af því hvernig minn flokkur, jafnaðarmenn, hefur í gegnum tíðina staðið að málum og viljað búa í haginn fyrir fólk sem hefur lítið milli handanna.

Auðvitað vill maður helst að allir búi við þau kjör og beri það úr býtum fyrir vinnu sína eða það sem það hefst að að fólk geti bara gert hluti eins og það kýs sjálft. Þannig er það ekki og þá er reynt að grípa til félagslegra úrræða. Þess vegna er þetta frv. hér í dag. Þess vegna hafa verið flutt frv. til breytinga á þeim lögum sem mönnum þykja ekki nógu góð, lögum sem við settum. Þess vegna erum við að þessu, af því að kjör eru ólík. En það sem þingmaðurinn hefur haldið fram í ræðu sinni er alveg dæmalaus útúrsnúningur saman við slatta af fáfræði, svo ég noti líkt tungutak og hæstv. forsrh. gerir títt í þessum sal nema að hann notar gjarnan eitthvað um greind fólks.

[14:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að þræta fyrir að ég hafi sagt eitthvað í þessum dúr sem hv. þm. segir, 1988. Ég man það ekki svo gjörla. Ég man að þessi hugmynd leit ekki illa út en þegar farið var að skoða hana var leigan svo há að það var ekki hægt að nota upplagið frá ráðuneytinu á þessu máli. Sú var niðurstaðan enda voru sárafáir sem treystu sér til að fara út í þessar kaupleiguíbúðir.

Varðandi leiguna í dag er ég alveg sammála því að hún er mjög há. Aftur á móti er mjög auðvelt að eignast sitt eigið húsnæði. Það er miklu betra fyrir fólk að eignast sitt eigið húsnæði, kaupa sér íbúð af heppilegri stærð, enda fær fólk 90% lán. (Gripið fram í.) Það er mun ódýrara að gera þetta þannig heldur en að leigja sér, miklu ódýrara. Hvers vegna ætti fólk að leigja? Ég veit að leigan hjá einkaaðilum er mjög há. Enginn venjulegur maður ræður við hana. Ef fólk ræður ekki við að kaupa sér samkvæmt því kerfi sem er í dag getur það ekki frekar leigt og þá eru það sveitarfélögin sjálf sem verða að grípa inn í og eiga húsnæði á leigukjörum sem fólkið ræður við. Þetta er ekki flóknara en svo og má segja að það hafi alltaf verið þannig. Í megninu af því félagslega húsnæði sem hefur verið notað í dag er fólk sem í rauninni getur ekki borgað háa leigu og verið er að nýta þetta húsnæði til að bjarga fólki úr sárum vanda.

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja meira um þetta í bili. Ég hef ekki annað en gott um þennan ágæta þingmann, Rannveigu Guðmundsdóttur, 4. þm. Reykn., að segja og ætla ekki að agnúast út í það hvernig hún kemur fram við mig.

[14:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég nenni að vera með andsvar við hv. þm. en ég verð samt að mótmæla því sem kom fram í ræðu hans áðan, ummælum sem hann viðhafði um hv. þingmenn Samfylkingarinnar, um að þeir væru alltaf í sama gamla farinu. Þetta er alrangt og ég leyfi mér að efast um að hv. þm. hafi t.d. fylgst með þeim ræðum sem voru haldnar hér um þetta mál. Ég get nefnt sem dæmi að ég taldi þær breytingar sem kæmu hér fram nauðsynlegar. Aftur á móti væru þær nokkuð seint fram komnar og of skammt gengið. Síðan spurði ég ýmissa spurninga sem ég er reyndar ekki búin að fá svar við. Ég get ekki séð að það sé að vera „í gamla farinu". Ég mótmæli ummælum hv. þingmanns um ræður hv. þingmanna sem hafa verið hér með málefnalega umræðu. Þó að þeir hafi farið í svolitla söguskoðun er hún nauðsynleg í umræðum sem þessum.

[14:40]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að þingmenn Samfylkingarinnar eru afskaplega viðkvæmir fyrir þessu máli. Ég hlustaði á hv. þm. Samfylkingarinnar, Jóhönnu Sigurðardóttur, og ég tók afskaplega vel eftir því sem hún sagði um þetta mál. Mér heyrðist hún einmitt tala um hlutina á nákvæmlega sama hátt og mér hefur heyrst hún tala á undanförnum árum. Ég segi ekki að aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafi talað með sama hætti en ég minntist sérstaklega á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég minntist ekkert á hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur eða Rannveigu Guðmundsdóttur.

Ég fagna því ef hv. þingmenn Samfylkingarinnar yfir höfuð eru að komast á þá skoðun að húsnæðiskerfið hafi verið hrunið og að þær aðgerðir sem gripið var til hafi verið nauðsynlegar til að hægt væri að mæta þörfum fólksins. Það er nefnilega akkúrat það sem hefur gerst með þessu nýja kerfi, þörfum fólksins hefur verið mætt. Það fær úrlausn mála sinna nánast strax. Í dag tekur einhverja daga að ljúka málum þeirra og uppfylla kröfurnar. Áður tók mánuði eða jafnvel ár að uppfylla kröfur fólks. Í því liggur munurinn.

[14:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eins og við var að búast. Hv. þm. var með tóma útúrsnúninga í svarinu við andsvari mínu. Hann alhæfði í ræðu sinni og talaði um þingmenn Samfylkingarinnar, hann tók ekki neina út úr þar þegar hann talaði um að við værum öll í sama gamla farinu.

Ég ítreka bara hér að ég tel þessar aðgerðir nauðsynlegar. Hér vorum við með allgott félagslegt kerfi en því var lokað. Í kjölfar þess komu upp ýmis vandamál sem varð auðvitað að bregðast við, er verið að bregðast við hér og hefði þurft að vera búið að bregðast við fyrr. Það er kjarni málsins.

Og ég, herra forseti, frábið mér svona útúrsnúninga eins og hjá hv. þingmanni. Það var alveg greinilegt á máli hans að hann hafði alls ekki hlustað, t.d. á mál mitt í upphafi umræðunnar eftir hádegi.

[14:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að teygja lopann hérna. Ég fagna því bara að hv. þm. er svona ánægð með frv. og þær lausnir sem hafa verið gerðar í félagslega íbúðakerfinu á undanförnum árum.

[14:43]

Útbýting þingskjala:

Aðalnámskrá grunnskóla, 633. mál, svar menntmrh., þskj. 1168.

Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, 682. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1098.

[14:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál sem hér er til 1. umr. og hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir er í sjálfu sér lofsverð viðleitni eða a.m.k. ákveðin viðleitni af hálfu hins opinbera til að mæta þeim gríðarlega vanda sem hefur safnast upp hjá sveitarfélögunum vegna greiðslustöðu sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins.

Virðulegi forseti. Ég held að mjög hollt sé að halda stöðugt til haga hvernig þessi skipan komst á, hver bar ábyrgð á því að hún komst á, en það var með lögum frá Alþingi. Alþingi *mótaði stefnu í húsnæðismálum og samþykkti þessi lög*, bæði um félagslega íbúðakerfið og félagslegt leiguhúsnæði. Auk þess stendur líka í lögum, a.m.k. í sveitarstjórnarlögum, að það sé almenn skylda sveitarfélaga að sjá íbúum sínum fyrir húsnæði. Á sveitarfélögunum hvílir sem sagt sú skylda sjá til þess að þar sé stöðugt framboð af fullnægjandi húsnæði fyrir íbúa þess og það er skylda sveitarfélagsins að grípa þar inn í ef brýna nauðsyn ber til. Þarna kemur löggjafinn að með tvennum hætti, annars vegar með því að skylda sveitarfélögin til þess að sjá til þess að þar sé húsnæði og í öðru lagi ákveður svo löggjafinn leikreglurnar, ákveður m.a. að sveitarfélögin skuli bera bakábyrgð og innlausnarskyldu á félagslegum eignaríbúðum sínum.

Þegar þessari tilhögun var komið á var mikil bjartsýni víða um land. Menn voru bjartsýnir á að fólki mundi fjölga í þéttbýli vítt og breitt um landið og að stefna ríkisstjórnarinnar eða stefna stjórnvalda í byggðamálum og atvinnumálum mundi stuðla að því að byggð og búseta efldist frekar en hitt. Í því ljósi réðust sveitarfélögin að sjálfsögðu í að byggja íbúðarhúsnæði, eins og þeim bar reyndar skylda til, fyrir sína íbúa og töldu að að óbreyttu ástandi eða alla vega ef ástand í byggðamálum og atvinnumálum versnaði ekki, ætti þetta fyrirkomulag ekki að verða þeim vandamál. En annað kom á daginn. Nú síðustu ár hefur einmitt mjög hallað á í byggða- og búsetumálum. Mörg sveitarfélög sem héldu að þau væru að ganga til móts við bjartari tíma hafa mátt þola mikinn samdrátt, brottflutning atvinnutækifæra og samþjöppun í sjávarútvegi sem hefur svipt einstök sveitarfélög eða íbúa þeirra forræði yfir auðlindum og atvinnufyrirtækjum. Það hefur leitt til þess að íbúar hafa flutt burt og þá gjarnan þeir íbúar sem hafa áður haft hærri tekjur í sveitarfélaginu. Eftir stendur fækkun íbúa og minnkandi tekjur sveitarfélaganna. Þetta er sú byggðastefna í raun sem mörg sveitarfélög hafa staðið frammi fyrir á undanförnum árum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum því í umræðum á Alþingi og með tillöguflutningi á Alþingi lagt ríka áherslu á að það sé skylda Alþingis, skylda ríkisvaldsins, að koma til móts við og leysa bráðavanda margra þeirra sveitarfélaga sem eru í þessari stöðu, að það sé lágmarksskylda fyrir utan það náttúrlega að snúa við þeirri öfugu byggðaþróun sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir með margvíslegum aðgerðum sínum.

Við höfum flutt á Alþingi tillögur um að ríkisvaldið veiti fé m.a. til félagslega íbúðakerfisins hjá þeim sveitarfélögum

sem þar eru verst stödd. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum verið afar andvíg því að gengið sé á eignir sveitarfélaganna, þjónustueignir sveitarfélaganna til þess að leysa greiðsluvanda félagslega íbúðakerfisins. Nægir t.d. að minna á harða andstöðu okkar við að knýja sveitarfélögin á Vestfjörðum til að selja orkubú sitt og láta andvirði þess ganga m.a. upp í skuldir við félagslega íbúðakerfið. En þetta er sameiginlegt vandamál. Þetta er samfélagsvandamál. Byggðastefnan hefur ekki gengið upp, byggðastefnan sem stjórnvöld bera að verulegum hluta ábyrgð á. Sömuleiðis bera stjórnvöld ábyrgð á fyrirkomulagi félagslega íbúðakerfisins þar sem m.a. eru lagðar þær kvaðir á sveitarfélögin að þau skuli bera innlausnarskyldu á félagslegum eignaríbúðum.

Í þetta hafa svo verið settar nefndir. Hæstv. félmrh. hefur af og til sýnt ákveðna viðleitni til að kanna hvernig mætti koma að þessu máli, þó ég hafi verið andvígur þeirri hugmynd og aðgerð að nota Orkubú Vestfjarða til þess að leysa vanda félagslega íbúðakerfisins. Hæstv. félmrh. skipaði þá nefnd. Í henni sátu Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, Gunnlaugur Júlíusson og fleiri. Hæstv. ráðherra getur leiðrétt mig, en mig minnir að þessi nefnd hafi lagt til ákveðnar leiðir til þess að koma inn í þessa fjármögnun. Hún skilaði af sér minnisblaði 21. maí árið 2001 þar sem lagðar voru til ákveðnar aðgerðir. Ég held að sú nefnd hafi lagt þar til miklu stærri hlut af hálfu ríkisins inn í þetta púkk.

Mér þætti ágætt ef hæstv. félmrh. gæti rifjað upp hvað sú nefnd lagði til og hvernig þær tillögur hafa síðan þá þynnst út. Ég hef fyrir framan mig Bæjarins besta á Ísafirði frá 29. ágúst 2001. Þar stendur að nefndin hafi ekki talið sig hafa umboð til að semja um fjármögnun og skiptingu. Með leyfi forseta, vitna ég í þessa frétt:

„... en afstaða fulltrúa sveitarfélaga í nefndinni er sú að skiptingin verði 90% fjárframlag frá ríki á móti 10% framlagi sveitarfélaga árlega eftir þörf hvers eignarhaldsfélags."

Þá var verið að hugsa um stofnun eignarhaldsfélags um þessar félagslegu íbúðir. Mér sýnist nú að þær tillögur sem lagðar eru til í þessu frv. víki allmjög frá því sem þarna var lagt til.

Herra forseti. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna hefur haldið áfram að versna, eins og ég vék að áðan, margra þeirra og einmitt þeirra sömu og eiga í fjárhagslegum erfiðleikum með félagslega íbúðakerfið. Ég hygg að hjá sumum sveitarfélögum fari næstum 80–90% af rekstrartekjum og jafnvel meira til lögbundinna skyldurekstrarverkefna. Þá verður lítið eftir til þess að greiða niður fjárfestingar eða til að leggja í stofnkostnað. Þetta hefur farið versnandi hjá mörgum þessum sveitarfélögum á undanförnum árum. Þess vegna verður sú aðgerð sem hér er lögð til um að sveitarfélögin komi í megindráttum að fjármögnun þessa, að teljast svona heldur dapurleg og fátækleg. En eins og fram hefur komið hér í umræðunni er lagt til að af þessum 1,1 milljarði sem ætlunin er að verja á næstu fjórum, fimm árum í aðstoð við félagslega íbúðakerfið, komi 600 millj. kr. frá sveitarfélögunum eða af fjármagni sem þeim tilheyrir, en einungis um 300 millj. frá ríkinu og 200 millj. frá Íbúðalánasjóði.

Virðulegi forseti. Þessi skipting finnst mér vera röng. Mér finnst ábyrgð Íbúðalánasjóðs sem hér kemur fram allt of lítil. Meira að segja er í þeirri grein þar sem vikið er að þátttöku Íbúðalánasjóðs, þar sem Íbúðalánasjóði er heimilað að afskrifa útistandandi kröfur á félagslegum íbúðum sveitarfélaga, þess krafist að sveitarfélögin komi með hluta á móti, einmitt þessi fátæku sveitarfélög sem ekki hafa efni á að standa í skilum með greiðslur af þessum íbúðum. Þarna eru því sett nokkuð ströng skilyrði fyrir því að Íbúðalánasjóður megi koma inn með þessum hætti hvað varðar afskriftir á kröfum. Hætt er því við að þessi aðferð falli að einhverju leyti um sjálfa sig og verði illframkvæmanleg ef þeiri kröfur verður haldið til streitu að sveitarfélögin komi með þessi mótframlög, einmitt þessi fátækustu sveitarfélög sem eiga í þeim greiðsluvandræðum sem leiða til þess arna.

Virðulegi forseti. Þess vegna finnst mér það sem ríkið kemur hér inn með vera ansi dapurlegt og bera vott um mikla smámunasemi. Þó að Samband sveitarfélaga meti það svo að betra sé að sjá örlitla viðleitni heldur en ekki neitt, þá er engu að síður dapurlegt að ekki skuli komið hér myndarlegar að því það gæti hugsanlega leitt til árangurs.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh.: Hver mikil er hin bráða skuldastaða í félagslega íbúðakerfinu, þ.e. vandi þess? Mig minnir að í ágætu yfirliti sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, flutti fyrir nokkrum mánuðum síðan á fundi hjá sveitarfélögum hafi verið greint frá því að þessi bráðavandi væri einhvers staðar á milli 2 og 3 milljarðar kr. Það væri bráðavandi sem þyrfti í rauninni að afskrifa. Það þyrfti að skrifa þessar skuldir niður. Þetta væru ekki heildarskuldirnar heldur það sem þyrfti að lækka skuldirnar um, þ.e. bráðavandi sem þyrfti að lækka skuldirnar um. Þau skref sem hér er verið að stíga eru því náttúrlega ansi smá miðað við þessa brýnu þörf, þörf sem, að mínu mati, hið opinbera, ríkið, ber alveg jafna ábyrgð á. Þetta er líka fjármagn sem Íbúðalánasjóður, að mínu mati, ætti að bera aukna ábyrgð á. Mér fyndist jafnframt að það ætti skoða hvort ekki þyrfti að breyta lögum um Íbúðalánasjóð þannig að rýmka mætti þær heimildir sem hann hefði til þess að afskrifa skuldir og taka þátt í þessari fjármögnun.

Virðulegi forseti. Ég vildi líka spyrja hæstv. ráðherra út í sérmálefni eins og málefni sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Nú var þess krafist í uppgjörsferlinu eða söluferli Orkubús Vestfjarða, þegar ríkið yfirtók eignir Orkubús Vestfjarða og eignir sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða, að hluti andvirðisins sem átti að falla í skaut einstakra sveitarfélaga yrði sett, að mig minnir, á biðreikninga sem áttu að vera til tryggingar ákveðnu uppgjöri í sambandi við skuldir vegna félagslega íbúðakerfisins, meira að segja skulda sem ekki voru einu sinni fallnar í gjalddaga. Þó voru sveitarfélögin krafin um að setja þessar ákveðnu upphæðir inn á biðreikninga meðan verið væri að leysa og finna fullnægjandi úrlausn á fjárhagsvanda félagslega íbúðakerfisins á landsvísu. Þá voru þau krafin um að setja þetta inn á biðreikninga.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig standa mál varðandi þessa eignafrystingu eða peningafrystingu sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna félagslega íbúðakerfisins og hvenær má vænta þess að sveitarfélögin geti fengið þessa peninga, leyst þá út, þ.e. að þessi mál komist í varanlegt horf? Hver verður staða þeirra sveitarfélaga sem voru knúin til þess að geyma hluta af söluandvirðinu, frysta það upp í ábyrgðir vegna félagslega íbúðakerfisins þótt þau væru í fullum skilum? Þar sem við erum að ræða núna breytingar og inngrip í félagslega húsnæðiskerfið finnst mér rétt að skýra stöðu þeirra sveitarfélaga sem knúin voru til eignasölu.

Ég átta mig ekki alveg á hvort það verði skylda að sveitarfélögin stofni eignarhaldsfélög utan um rekstur leiguíbúðanna eða hvort þau megi vera með annað form á. Mér hugnast ekki, virðulegi forseti, að verið sé að setja að nauðsynjalausu kvaðir og tilskipanir á sveitarfélögin hvað varðar

rekstrarform félagslegra viðfangsefna sinna. Ég spyr því hvort verið sé að gera það að skilyrði að ákveðnu eignarformi eða rekstrarformi verði komið á til að slík aðgerð og þetta verkefni fari í gang hjá einstökum sveitarfélögum.

Ég vek einnig athygli á því að í frv. virðist vera veruleg hvatning til þess að sveitarfélögin reyni að losa sig við félagslegar íbúðir sínar og ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra sjái þá sterku hvatningu sem lögin bera þar með sér í samræmi við þær skyldur sem sveitarfélagið ber gagnvart því að geta ávallt útvegað íbúum sínum fullnægjandi húsnæði. Er félagslega rétt að vera með þá beinu hvatningu eða aðgerðahvatningu í þá veruna að sveitarfélögin eigi að hafa það sem markmið að losa sig við hið félagslega húsnæðiskerfi? Ég tel það ekki vera. Ég tel að hvert sveitarfélag þurfi stöðugt og ávallt að hafa ákveðinn fjölda af íbúðum til ráðstöfunar til að geta leigt út fyrir íbúa sína sem af ýmsum ástæðum annaðhvort vilja ekki eða geta ekki ráðist í að eiga eigið húsnæði, og fráleitt sé að setja lög sem gangi þvert á þær samfélagslegu skyldur sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Ég hef nefnt nokkur þau atriði sem ég hafði viljað koma á framfæri við 1. umr. málsins. Mér finnst að ekki hafi komið fram hver vandinn er í raun, hversu stór hann er, hversu háar upphæðir er um að ræða sem er bráðavandi sveitarfélaganna hvað þetta varðar og auk þess líka hversu langt þessi tillaga um aðgerðir kemur til móts við það. En ég ítreka að í sjálfu sér má þakka það litla skref sem hér er stigið þó fátæklegt og veikburða sé og hvergi í takt við þær skyldur og ábyrgð sem ríkisvaldið hefur gagnvart félagslega íbúðakerfinu og fjárhagsvanda sveitarfélaganna hvað það varðar.

[15:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að þó að ég telji að hér sé frekar skammt gengið í að leysa þann vanda sem a.m.k. ég hef staðið í meiningu um að væri í félagslega húsnæðiskerfinu, þá held ég að hér sé verið að stíga spor í rétta átt og því beri að fagna frv. eins og það liggur fyrir og að það muni taka á hluta þess vandamáls sem við höfum búið við að því er varðar félagslega húsnæðiskerfið.

Í stuttu máli má kannski lýsa vandanum í félagslega íbúðakerfinu á tvennan hátt, þ.e. vandanum sem skapast hefur víða úti á landi, að þaðan hefur orðið mikill brottflutningur fólks sem m.a. hefur stafað af atvinnuástandi og ákveðnum stefnumálum sem ríkisstjórnin hefur keyrt eftir varðandi atvinnuhætti úti um landsbyggðina, m.a. í sjávarútvegi. Þar hefur vandinn skapast vegna þess að fólk hefur flutt af svæðinu og íbúðirnar standa auðar og lítt notaðar.

Vandinn er hins vegar með allt öðrum hætti á suðvesturhorninu, á Stór-Reykjavíkursvæðinu sérstaklega, þar sem vandinn er sá að hér vantar frekar leiguhúsnæði og húsnæði sem láglaunafólk getur átt aðgang að á félagslegum grundvelli sem er alveg öfugt við það ástand sem hefur skapast víða á landsbyggðinni. Það er einfaldlega þannig að margt fólk þarf á því að halda að eiga aðgang að félagslega íbúðakerfinu eða öðru sambærilegu ódýru leiguhúsnæði sem fólk getur átt innkomu í. Sá vandi, eins og ég gat um, er fyrst og fremst á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Biðlistar lengjast eftir leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi er víða ónotað húsnæði.

Vandinn er tvenns konar og frv. sem hér er verið að ræða tekur að hluta til á þeim vanda sem skapast hefur á landsbyggðinni og ber að fagna því að það skref skuli stigið sem hér er lagt til þó að ég telji að það dugi varla til að taka á þeim vanda eins og honum hefur verið lýst, sem mig minnir að hafi verið upp á 2–3 milljarða kr.

Lengi hefur verið beðið eftir að frv. í þessa veru kæmi fram í þinginu sem tæki að hluta á því vandamáli sem frv. er ætlað að leysa, sennilega í ein fjögur ár, eða frá árinu 1998. Vandi margra sveitarfélaga þar sem fólksflótti hefur orðið af svæðum hefur verið mikill samfara íbúðarhúsnæði sem sveitarfélögin hafa setið uppi með.

Ég vil einnig fagna því sem kom fram í máli hæstv. félmrh. fyrr í dag um þá fjármuni sem bundnir hafa verið eftir að Orkubú Vestfjarða var selt, að þeir verði nú lausir til notkunar fyrir sveitarfélögin sem þar eiga hlut að máli. Ég er eftir sem áður ekki mjög hlynntur því að sveitarfélögin séu sett í þá stöðu að þurfa vegna m.a. íbúðalánakerfisins eða þróunar atvinnumála sem er bein afleiðing af stefnu stjórnvalda, að ganga á eignir sínar og selja þær, eins og t.d. Orkubú Vestfjarða sem ég leit svo á að væri eftirsóknarverður eignarhluti fyrir vestfirsk sveitarfélög til framtíðar þegar horft væri til uppbyggingar á orkumálum og annarrar uppbyggingar sem vissulega var þörf á í þeim landshluta. En það mál ræddum við lengi á síðasta vetri og því lauk eins og allir vita með því að orkubúið var selt og hluti af þeim fjármunum var notaður af sveitarfélögunum til að laga stöðu sveitarfélaganna.

Beðið var lengi eftir því að tekið væri á vandanum á landsvísu og frv. sem við nú ræðum tekur á því að hluta og því ber auðvitað að fagna þó það sé seint fram komið og þó ég telji að meiri fjármuni vanti inn í þetta frá hendi ríkisins til að taka á vandamálinu á landsvísu. Samt ber ekki að lasta það sem hér er verið að gera því ég tel að þetta sé til bóta en nokkuð skammt sé gengið til að ná utan um það vandamál sem hefur verið lýst í félagslega kerfinu á landsvísu og einkum að því er snýr að þeim byggðum þaðan sem mikill fólksflótti hefur verið á undanförnum árum og tekjur sveitarfélaga hafa dregist verulega saman.

En að öðru leyti get ég endað mál mitt á því að lýsa því yfir að vissulega munum við styðja frv.

[15:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er út af fyrir sig þægilegt að segja: Þetta er allt of lítið. Ríkissjóður sleppur allt of billega. Þetta er minna en við vonuðumst eftir að kæmi. Þetta er of seint fram komið.

Þetta er niðurstaða af vinnu sem ég vil trúa að hafi verið mjög vönduð. Hinir færustu menn sátu yfir þessu verkefni — ég taldi þá upp í framsöguræðu minni, fyrir utan starfsmenn frá félmrn. og fjmrn. Að verkinu komu fulltrúar sveitarfélaganna, þ.e. forstjóri hagdeildar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnlaugur Júlíusson hagfræðingur, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og Helgi Hjörvar, forseti borgarstjórnar í Reykjavík. Sér til aðstoðar höfðu þeir reiknimeistara frá viðurkenndum bókhaldsstofum sem settu upp dæmi og reiknuðu og búið er að setja upp mörg dæmi og reiknilíkön í þessu skyni. En þetta er sem sagt niðurstaðan af þeirri vinnu sem þar var unnin og samkomulag er um að hrinda í framkvæmd milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara að fjölyrða mjög um þessar umræður. Ég undirstrika að ekki er verið að krefjast þess að sveitarfélögin leggi fram fé. Hins vegar er verið að nota sjóði sem safnast hafa og sveitarfélögin eiga. Sveitarfélögin gátu ekki tekið þá peninga til sín, búið var að leggja

þá á og koma þeim fyrir, 300 milljónum í varasjóði viðbótarlána og 300 milljónum eða þar um bil í Tryggingarsjóð vegna byggingargalla. Og af því að spurt var um hvað hefði verið borgað út á byggingargallana á undanförnum árum eða frá því að Tryggingarsjóður vegna byggingargalla var settur á fót, þá hafa fallið á hann 7 milljónir. Safnast hafa í hann 300 milljónir, en útgreiðslurnar hafa verið 7 milljónir. Það var hugmynd sveitarfélaganna og tillaga ættuð frá sveitarfélögunum um að leggja hann í þetta púkk ásamt með varasjóðnum og framlagi frá ríkinu.

Komið hefur í ljós að ríkið hefur ekki verið greiðugt á fé við varasjóðinn. Það eru 50 milljónir sem komu fyrsta árið. Síðan hefur gengið erfiðlega að heimta fé af ríkinu í varasjóðinn. Ég vil taka það fram að það er engin skylda að stofna rekstrarfélög. Sveitarfélögin ráða því alveg sjálft hvort þau gera það. Ég held hins vegar að þar sem mikil umsvif eru sé það áreiðanlega skynsamlegt. Ég er alveg viss um að það var skynsamlegt hjá Reykjavíkurborg að stofna Félagsbústaði hf. til að halda utan um rekstur svo mikils batterís sem Félagsbústaðir eru. Ég hygg að í stærri sveitarfélögum sé það mjög hyggilegt.

Það er fjarri lagi að halda því fram, eins og hér kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., að verið sé að reyna að koma í veg fyrir að sveitarfélögin eigi leiguíbúðir. Auðvitað eiga sveitarfélögin að eiga leiguíbúðir. Það leiðir af sjálfu. Engum manni hefur dottið í hug annað en að eðlilegt sé að sveitarfélögin eigi töluvert af leiguíbúðum. (Gripið fram í.) Hitt er svo aftur matsatriði hvað þær eigi að vera margar á hverjum stað.

Ég er t.d. ekkert sannfærður um að skynsamlegt sé fyrir sveitarfélagið Bolungarvík að eiga yfir 70 leigubúðir. Ég held að betra væri fyrir sveitarfélagið Bolungarvík að selja eitthvað af þessum leiguíbúðum. Ég er ekkert viss um að það sé skynsamlegt fyrir Blönduós að eiga 45 leiguíbúðir. Blönduós hefur þurft að innleysa á undanförnum árum 45 íbúðir. Að vísu er fólk í þeim flestum, ekki nema tvær hafa staðið auðar lengur en tvo mánuði.

Af því hér kom fram spurning um hvað innlausnaríbúðirnar eru margar þá er ég hér með skrá um innlausnaríbúðir sveitarfélaga. Þau hafa leyst til sín samtals 1.055, eða voru búin að því núna 15. febrúar. Skráin er síðan þá. Það er afar misjafnt hvar þær eru, en 84 eru búnar að standa lengur auðar en eitt ár. Þetta eru tölur frá 15. febrúar. Þær eru ekki alveg glænýjar og geta verið eitthvað breyttar.

Rétt er að halda því til haga í þessari umræðu að við höfum líka gengist fyrir sérstöku átaki til að fjölga leiguíbúðum. Á undanförnum árum hafa bæst við eða Íbúðalánasjóður hefur lánað út á í kringum 400 nýjar leiguíbúðir á hverju ári. Árlega hafa bæst við í leiguíbúðapakkann í kringum 400 íbúðir. Það var ákveðið til að greiða fyrir sveitarfélögunum að innlausnaríbúðirnar mættu standa á gamla láninu út líftíma lánsins, þ.e. sveitarfélag sem innleysti íbúð sem á hvíldi lán á 1% eða 2,4% mátti láta lánið standa út upphaflegan lánstíma og fá síðan viðbót á markaðsvöxtum ef það kærði sig um þannig að heildarlánstíminn gæri orðið 50 ár. Þetta var verulega hagræðing fyrir sveitarfélögin sem hafa þurft að leysa til sín íbúðir fyrir utan þessar 400 sem bætast við á ári og eru ætlaðar fólki innan skilgreindra tekju- og eignamarka, þ.e. sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi, námsmannasamtökum og þess háttar. Vextirnir af þessum lánum eru 3,5%. Ríkissjóður tekur það á sig samkvæmt samkomulagi að greiða Íbúðalánasjóði mismuninn á þeim 3,5% vöxtum og þeim vöxtum sem Íbúðalánasjóður þarf að sæta hjá lífeyrissjóðunum, sem núna eru í kringum 6%. Ríkissjóður er því að leggja gott betur en þessar 60 milljónir í hið félagslega húsnæðispúkk. Hann er líka að leggja þarna til mismuninn á vöxtum sem eru núna 6,1% eða eitthvað svoleiðis — það er ávöxtunarkrafa lífeyrissjóðanna — og 3,5%.

Enn fremur er farið í gang sérstakt átak í samstarfi við lífeyrissjóðina. Þar er fyrirhugað að bæta við 600 leiguíbúðum extra sem verða leigðar á almennum markaði án þess að gera kröfu um tekju- eða eignamörk. Það verða 150 byggðar á ári og vextir af þeim lánum verða 4,5%. Búið er að semja við Búseta um að byggja helminginn af þessum íbúðum, þ.e. 300, og sú vinna er að hefjast.

Ekki má gleyma því að á undanförnum árum, síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa, hafa verið veitt í kringum 2.000 viðbótarlán á ári, þ.e. 2.000 efnalitlar fjölskyldur hafa árlega komist í eigið húsnæði. Viðbótarlánaíbúðirnar koma í staðinn fyrir félagslegar eignaríbúðir, félagslegar kaupleiguíbúðir og leiguíbúðir sem voru eitthvað í kringum 300 á ári þannig að ólíku er nú saman að jafna.

Það er misskilningur að fjárhagsstaða sveitarfélaganna hafi verið að versna. Til eru að vísu sveitarfélög þar sem fjárhagsstaðan hefur verið að versna. En ef litið er á heildarsummuna, hvernig þróun fjárhagsstöðu sveitarfélaganna hefur verið háttað, hefur hallarekstur þeirra minnkað á undanförnum árum. Í fyrra var hann 1 milljarður, sem er út af fyrir sig 1 milljarði of mikið. En í hittiðfyrra var hann 3 milljarðar og svipaðar tölur og upp í 5 milljarða á árunum þar á undan.

Eins og ég sagði áðan kom nefndin sér saman um reiknilíkan eða módel, þ.e. hvernig það ætti að vera. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, kaflann um auðar íbúðir, því þar kemur fram að vissu leyti nákvæmara svar en ég veitti hv. 5. þm. Reykv. í upphafi umræðunnar:

„Til viðbótar við ofangreint rekstrarframlag er veitt viðbótarframlag vegna auðra íbúða. Lagt er til með líkaninu að veitt verði framlag fyrir hvern þann mánuð sem íbúð stendur auð umfram þrjá.“ — Umfram þrjá. „Framlagið nemi þó aðeins 40% af útreiknuðum mánaðarlegum kostnaði samkvæmt 3. lið hér að ofan. Það er mat nefndarinnar að með ofangreindum takmörkunum varðandi auðar íbúðir þá sé hvati fyrir sveitarfélög að hafa íbúðirnar sem minnst auðar. Sveitarfélög gera grein fyrir þeim íbúðum sem standa auðar fjölda mánaða og leggja fram gögn frá Hagstofu því til staðfestingar. Lagt er til að hvert ár verði gert upp eftir á eða þegar allar forsendur liggja fyrir. Þannig hefur nefndin nú notað árið 2001 sem viðmiðunarár við smíði umræddrs reiknilíkans. Niðurstaðan úr því er sú að gefnum framannefndum forsendum að fjárþörfin er á bilinu 50–60 milljónir. Með því móti er staða þeirra sveitarfélaga sem eiga við mestan rekstrarvanda vegna félagslegra íbúða að etja, verulega bætt.“

Hér er talað um 50–60 milljónir. Við rýmkuðum þessar heimildir upp í 80 milljónir.

Herra forseti. Að endingu er rétt að nefna að við höfum húsaleigubætur og þær hafa verið hækkaðar. Nú eru húsaleigubætur greiddar í öllum sveitarfélögum á landinu. Þær eru orðnar skattfrjálsar síðan um síðustu áramót. Við bætast 2.000 íbúðir á ári með félagslegri aðstoð með 90% láni. Það bætast við 400 nýjar leigubúðir á ári á 3,5% vöxtum. Það eiga að bætast við 150 á ári með 4,5% vöxtum og síðan verða heimildir til viðbótar ef á þarf að halda með markaðsvöxtum.

Rétt er að nefna að víst er húsaleiga of há í Reykjavík og maður heyrir ljótar sögur af því. En ég hef í höndum hvernig Félagsbústaðir hf. prísuðu leiguíbúðir í árslok. Tveggja herbergja íbúð var á 22.500, þriggja herbergja íbúð á 32.000 og fjögurra herbergja íbúð á 42.000. Þarf mann svo ekki að undra þó að myndist biðlistar eftir leiguhúsnæði hjá Félagsbústöðum.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. vísar til þess að hér sé um að ræða mál sem sé afrakstur samkomulags ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Ég á ákaflega erfitt með að ímynda mér annað en að sveitarfélögin líti á það sem nauðungarsamkomulag í raun því þarna er sveitarfélögunum er gert að sæta slíkum kostum. Það er til marks um samningsstöðuna, til marks um að sveitarfélögin eru meira og minna á hnjánum gagnvart ríkinu sem sífellt neytir aflsmunar, að þau skuli lúta að svona litlu. Þetta samkomulag er að mestu leyti borgað af þeim sjálfum og ríkið er að leggja sáralítið, nánast ekkert, fram til viðbótar því sem gefin voru fyrirheit um í bráðabirgðaákvæðinu með lögunum á sínum tíma. Svo kemur á daginn að það hefur ekki einu sinni verið efnt. Hér upplýsir hæstv. ráðherra að aðeins í eitt skipti hafi ríkið skilað í sjóðinn þeim 50 milljónum á ári sem til stóð og kannski einhverjum smáaurum í annað skiptið, 17 millj. heyrði ég hér á göngum þannig að ríkið hefði á þessum árum greitt í sjóðinn kannski 67 milljónir í allt. Það er alveg augljóst, herra forseti, að ríkið er einfaldlega að láta sveitarfélögin taka þessar byrðar á sínar herðar. Væntanlega er ástæða þess hversu málið hefur dregist gríðarlega að sveitarfélögin hafa þráast við og lifað í voninni um að þau fengju eitthvað út úr þessu. En að lokum lúta þau svo þessum afarkostum.

Varðandi það að rekstrarstaða sveitarfélaganna sé að batna þá tel ég það ekki einhlítan mælikvarða þó að hallareksturinn sem slíkur, mældur í milljörðum, minnki þegar útgjöldin vaða á sama tíma upp sem hlutfall af skatttekjum. Er það ekki alveg eins ávísun á að sveitarfélögin eru hætt að geta hreyft sig, hætt að geta fjárfest? Þau eru orðin svo skuldsett að þau komist ekki lönd né strönd og allar tekjur þeirra fara orðið í rekstur?

[15:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Finnst hv. þm. líklegt að Gunnlaugur Júlíusson hagfræðingur sem einu sinni var töluvert mikið kunnugur hv. þm. (**SJS:** Er enn.) og er enn, lúti að einhverjum nauðungarsamningum? Ég get varla hugsað mér mann sem fráleitara væri að ætla að neyða. Ímyndar hann sér að Helgi Hjörvar, forseti borgarstjórnar, færi að gera það fyrir ríkisstjórnina að sættast á einhverja nauðungarsamninga? Ég er hræddur um ekki. Ímyndar hv. þm. sér að Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, sem þekkir manna best af eigin reynslu hvernig er að reka og standa í rekstri félagslega íbúðakerfisins á Vestfjörðum fari að lúta að einhverjum nauðungarsamningum? Ég ætla ekki að ímynda mér það.

Varðandi fjárhag sveitarfélaganna þá er alveg rétt að þarna er um meðaltal að ræða og þarna er um of lélega útkomu að ræða. Meðan skuldasöfnunin er meiri en eignasöfnunin þá er það auðvitað slæm þróun. En ekki má mála fjandann á vegginn og halda að öll sveitarfélög séu að fara yfir um. Auðvitað vegur það mjög þungt að Reykjavík stendur afar vel og Reykjavík vegur mjög þungt í þessum samanburði. En þess má líka geta að ekki fullnýta nærri öll sveitarfélögin tekjustofna sína.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það á auðvitað ekki að mála skrattann á vegginn, hvorki hvað tekjur sveitarfélaga varðar né annað. Einhver góður maður á að hafa sagt að þess þyrfti ekki, skrattinn kæmist þangað hjálparlaust.

Það er líka rétt að örfá sveitarfélög eru í nokkurri sérstöðu hér í landinu. Það eru fyrst og fremst moldríkir svefnbæir þar sem meðaltekjur eru mjög háar og menn hafa litla þjónustubyrði og geta látið það eftir sér að fullnýta ekki tekjur sínar. En það eru undantekningar sem sanna regluna.

Hin almenna regla, alveg sérstaklega hjá meðalstórum sveitarfélögum á landsbyggðinni, er að sveitarfélögin sjá engan veginn fram úr rekstrarútgjöldum sínum. Þar hefur orðið svakaleg breyting til hins verra á örfáum árum. Það veit hver einasti maður sem fer um og hittir forsvarsmenn þessara sveitarfélaga að máli, t.d. miðlungs og minni sjávarplássa á landsbyggðinni, hefðbundinna sveitarfélaga með 200–500 eða 1.000–2.000 íbúa, að þar sjá menn yfirleitt ekki fram úr því hvernig þeir eiga að klára rekstur sveitarfélaga sinna, hvað þá nauðsynlegar fjárfestingar við að greiða niður skuldir á komandi árum. Þetta veit hæstv. félmrh. Þetta er svona. Það er m.a. í því ljósi sem mér finnst þessi útkoma dapurleg og slök fyrir sveitarfélögin.

Hér voru nefndir miklir kappar og ágætir kunningjar mínir allir: Gunnlaugur Júlíusson, Helgi Hjörvar og Halldór Halldórsson. Þetta eru allt baráttumenn. En þeir hafa væntanlega hugsað svo að lokum: Það er betra að fá eitthvert lítilræði en ekki neitt. Hæstv. félmrh. má ekki gleyma því að þetta ströggl er búið að standa í bráðum fjögur ár. Lögunum var breytt árið 1998 og þá blasti þessi óuppgerði vandi við. Síðan hafa starfað nefndir og þetta hefur nuddast undan. Væntanlega gerist það þarna að lokum að sveitarfélögin eru í svo lélegri samningsstöðu að þau verða að lúta að svo litlu og hirða þetta lítilræði frekar en ekki neitt í lokin.

Reyndar hefur hæstv. félmrh. gefið okkur skýrt í skyn að hann sé sjálfur hundóánægður með þessa niðurstöðu. Hann dró bara ekki meira að landi.

[15:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er himinlifandi með þessa niðurstöðu því ég held að hún sé góð. Þetta er lausn á landsvísu sem aðilar málsins sætta sig við, sem samkomulag er um og menn telja fullnægjandi. Ég get ekki beðið um meira. Ég er mjög ánægður með það.

Ég kom því ekki að í ræðu minni áðan að svara hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Biðreikningurinn átti að standa þangað til lausn á landsvísu væri kominn. Þar af leiðir að peningarnir verða lausir þegar þessi lög taka gildi. Það er skynsamlegt fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum sem telja að þau þurfi að losna við húsnæði að geyma eitthvað af þessum peningum til að nota í mótframlag á móti afskriftum Íbúðalánasjóðs. Ég veit að í Vesturbyggð er t.d. áhugi fyrir því að rífa eitthvað af húsnæðinu.

Það er rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að sveitarfélög eru sum í vandræðum. Hins vegar hefur líka orðið mikill viðsnúningur hjá sumum sveitarfélögum. Sveitarfélögin sem voru verst sett, Vestfjarðasveitarfélögin, eru öll komin í fínasta rekstrarform, (**SJS:** Jahá!) en þau seldu náttúrlega eignir. (**SJS:** Já.) Sauðárkrókur seldi eignir. Sauðárkrókur var illa

skuldsettur en nú er búið að bjarga sveitarfélaginu með því að selja eignir. (**SJS:** Hvað ætla þeir að selja næst?) Nú geta þeir rekið sveitarfélagið. Nú geta þessi sveitarfélög rekið sig og þurfa ekki að eyða í vaxtakostnað meiri parti þess sem þau hafa til ráðstöfunar. (**JB:** Þetta er hörmungarkerfi.)

[15:35]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra sem hann svaraði ekki.

Hve miklu af innlausnaríbúðum hefur verið breytt í leiguíbúðir frá því félagslega kerfinu var lagt, þ.e. sem sveitarfélögin hafa leyst til sín?

Hver er áætlaður kostnaður við ráðgjafarnefnd varasjóðsins?

Hvers vegna ráðherraþóknun? Ég hélt að við værum að hverfa frá því, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði einnig um.

Ég spyr líka um hvort gerð hafi verið gerð einhver úttekt á kostnaðinum af þessu. Duga þessar 1.100 millj. fyrir þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að sinna samkvæmt þessu frv.?

Mun félmn. fá úttekt sem er á bak við þessa tölu? Það nægir ekki að setja málið svona fram. Við verðum að vera viss um að hér sé ekki verið að ávísa inn í framtíðina 1.100 millj. sem dekka ekki verkefnið.

Síðan vil ég spyrja hvernig á að afgreiða málin út úr þessum sjóði. Þetta á að gerast á fimm árum. Það koma væntanlega margar umsóknir í einu. Hvaða forgangsröðun verður á þessu? Hefur eitthvað verið hugsað fyrir því?

Síðan væri mjög gott, herra forseti, að hæstv. ráðherra, sem gjarnan fer með tölur um 400 lán til 400 leiguíbúða o.s.frv., upplýsti fólk, sem þarf að borga 70–100 þús. kr. í leigu á mánuði vegna þessara íbúða vegna þessara háu vaxta, hvernig þetta fólk á að fara að því að greiða þessa vexti. Það þýðir ekki að vísa í einhverjar tölur í Reykjavík upp á 25–30 þúsund sem eru auðvitað vegna lána á íbúðum með 1% vöxtum. En þetta er greiðslubyrðin af lánum núna, með 3,5 og 4,5% vöxtum. Frá 70–100 þús. kr. kostar á mánuði að leigja þessar íbúðir, m.a. þessar búsetaíbúðir. Ég bið um, fyrir hönd þeirra þúsunda sem bíða eftir leiguíbúðum, að ráðherrann segi þessu fólki hvernig það eigi að fara að því að borga leiguna af þessum íbúðum.

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Ég get verið sammála hv. þm. um eitt atriði, þ.e. að leiga hér á höfuðborgarsvæðinu er of há hjá einkaaðilum. Það er vandamál og ég viðurkenni það. Hitt er annað mál að það er líka vandamál fyrir fólk að standa undir lánum hjá Íbúðalánasjóði, þó ódýr séu. Vaxtastigið í landinu er nefnilega of hátt. Lífeyrissjóðirnir eru ekki barnanna bestir. Þeir ávaxta fé sitt ekkert síður en aðrir. Þeir halda uppi hárri ávöxtunarkröfu og vilja frá rentu af sínu fé.

Ég geri ráð fyrir því að ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála forgangsraði hvernig unnið verði úr þessu. Ég lít svo á að það verði hennar hlutverk. Það er álit nefndarinnar að þetta dugi. Það er engin uppfinning frá mér að þessir peningar dugi til að leysa þennan vanda á landsvísu. Það hafa verið búin til mörg módel og það sem þeir birta með sinni skýrslu á að þeirra áliti að duga.

Varðandi kostnað vegna þessarar stjórnarnefndar þá ég ekki von á því að hann verði mjög hár. Ég ímynda mér, ef ég slæ því fram í fljótu bragði, að hann geti verið um helmingur af launum stjórnar Íbúðalánasjóðs eða eitthvað svoleiðis. Mér fyndist það ekkert fráleitt. Stjórn Íbúðalánasjóðs er lakar launuð en bankaráðin.

Innlausnaríbúðir sem hafa verið gerðar að leiguíbúðum held ég að séu 1.060.

[15:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar síðustu tölur þarf að skoða nánar. Ef það er rétt, herra forseti, að frá því að kerfið var lagt niður 1998 hafi á annað þúsund innlausnaríbúða verið breytt í leiguíbúðir hlýtur það að hafa slegið verulega á þann vanda sem við erum að tala um. Ég vildi gjarnan fá sundurliðun frá hæstv. ráðherra á hvernig þetta skiptist milli kjördæma og hvort um sé að ræða tölur frá 1998, þegar kerfið var lagt niður.

Eitt erum við hæstv. ráðherra hjartanlega sammála um — það kom loks að því í þessari umræðu — að vaxtastigið er allt of hátt. Það er að fara með mörg sveitarfélög sem eru að kikna undan skuldabyrði þetta háa vaxtastig. Lífeyrissjóðirnir eru þar ekki barnanna bestir. Ég tek svo sannarlega undir það.

Ráðherrann svaraði að öðru leyti spurningum mínum. Ráðherra segir að forgangsröð eigi að ráða. Ég hef dálitlar efasemdir um að ekkert hafi verið sett niður um það og engar hugmyndir verði lagðar fyrir í nefndinni um hvernig eigi að halda á þessum málum. Ég efast um að fá eigi nefndinni þetta alfarið í hendur. Ég geri ráð fyrir að félmn. fjalli um þetta atriði.

Ég óska líka eftir því að ráðherrann beiti sér fyrir því að félmn. fái forsendurnar bak við þessar 1.100 millj. Ég spyr ráðherrann: Er það svo að sveitarfélagið eigi ekki frekari kröfu á hendur ríkinu þó í ljós komi að þessar 1.100 millj. dugi ekki fyrir því sem gera á samkvæmt þessu frv.? Ég held að afar mikilvægt sé að fá fram hvort frá málunum sé gengið milli ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin eigi ekki frekari kröfur á hendur ríkinu. Hvernig er frá því máli gengið? Það er líka mikilvægt fyrir nefndina sem fjallar um málið að hafa á hreinu hvernig búið hefur verið um þá hnúta.

[15:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að nefndin kalli fyrir sig þá reiknimeistara sem bjuggu þessi módel til og þeir geti útskýrt fyrir nefndinni á hverju þeir byggja niðurstöðu sína.

Það er trú okkar og skoðun að vandinn verði leystur með þessu fimm ára plani, þ.e. vandinn vegna félagslegra íbúða. Auðvitað verða fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga stöðugt í skoðun á hverju einasta ári. Það er ýmislegt sem ríki og sveitarfélög eiga eftir að tala um, m.a. um hvernig þau eigi að skipta sameiginlegum verkefnum, húsaleigubótum og slíku á milli sín.

Varðandi íbúðirnar sem hafa verið innleystar þá hafa verið innleystar 45 á Blönduósi, 37 á Bolungarvík, í Borgarbyggð 24, Dalvík 58 og Fjarðabyggð 32, svo ég nefni nokkur dæmi af handahófi. Ég hef ekki töluna um Reykjavík og biðst afsökunar á því. Það vantar tölu úr Reykjavík, Mosfellsbæ, Skútustaðahreppi og Vík í Mýrdal. En á því blaði sem ég er með eru 1.055 íbúðir taldar upp, þ.e. innlausnaríbúðir sem komnar eru í leigu. Þetta eru sem sagt innlausnaríbúðir sem hafa einhvern tímann verið félagslegar eignaríbúðir en

sveitarfélögin hafa leyst til sín. Ég skal gefa hv. þm. ljósrit af þessu blaði mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:44]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar o.fl., 359. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1166.

Umhverfisstofnun, 711. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1170.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, fyrri umr.

Stjtill., 680. mál. — Þskj. 1096.

[15:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Samkvæmt vegalögum ber að endurskoða vegáætlun á tveggja ára fresti. Sé tekið mið af því á að endurskoða þessa áætlun nú á þessu þingi. Þetta þýðir að óbreyttum lögum að samþykkja þarf nýja vegáætlun árin 2002–2005.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um samgönguáætlun og frv. um ýmis lagaákvæði er varða samgönguáætlun. Samkvæmt þessum frv. er gert ráð fyrir að lagðar verði fyrir Alþingi næsta haust till. til þál. um samgönguáætlun og jafnframt um fjögurra ára áætlun hennar. Hin nýja samgönguáætlun mun þá taka til áranna 2003–2014 og fjögurra áætlunin, sem í raun tekur við hlutverki hafnaáætlunar, sjóvarnaáætlunar, vegáætlunar og flugmálaáætlunar, mun ná til áranna 2003–2006. Samgönguáætlun mun verða mun víðfeðmari en fyrri áætlanir, þ.e. ætlunin er að í henni komi fram auk fjárfestingaráætlana yfirgripsmikil markmiðssetning um flesta þætti samgangna og horft verður lengra fram á veginn en áður og þá með hliðsjón af reynslu sem fengist hefur með langtímaáætlun í vegagerð.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið verður ekki talið hyggilegt né hagkvæmt að leggja fram vegáætlun til fjögurra ára nú þegar hún getur einungis gilt fyrir árið 2002. Því er hér lögð fram till. til þál. um vegáætlun til eins árs, þ.e. ársins 2002. Við það næst eðlilegt framhald vinnunnar að teknu tilliti til þess að framangreind lagafrv. verði samþykkt á hinu háa Alþingi. Nái þetta fram að ganga skapast eitt vandamál sem er eingöngu formlegs eðlis. Það er svo að undirbúningur framkvæmda tekur mun lengri tíma en áður var og jafnframt gildir um stærri framkvæmdir að þær ná margar yfir meira en eitt ár. Því skapast óvissa um heimildir Vegagerðarinnar til þess að bjóða út framkvæmdir á þessu ári sem ná yfir á næsta ár eða fleiri ár. Jafnframt skapast óvissa um sams konar framkvæmdir sem þegar hafa verið boðnar út á þessu ári en eru til lengri tíma. Lagt er því til að með nál. samgn. um vegáætlun fyrir árið 2002 fylgi listi yfir slíkar framkvæmdir sem staðfesti þær heimildir sem um er að ræða. Hér er fyrst og fremst um formsatriði að ræða þar sem vænta má tillögu um samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar á upphafsdögum Alþingis næsta haust sem festa nauðsynlegar heimildir í því skyni eins og fyrr var getið um.

Samgn. lagði fram frhnál. við 3. umr. þar sem lagt er til nýtt bráðabirgðaákvæði í frv. til laga um ýmis lagaákvæði er varða samgönguáætlun er heimilar framangreinda tilhögun mála sem við byggjum á.

Tekjuhlið vegáætlunar er með nokkuð hefðbundnum hætti. Markaðir tekjustofnar eru sem fyrr uppistaðan í fjáröfluninni. Þar er gert ráð fyrir óbreyttum gjaldskrám út árið en lítið eitt hækkandi tekjum í þungaskatti, einkum vegna fjölgunar minni dísilbifreiða. Er þetta í takt við þá þróun sem verið hefur undanfarin ár. Heildarupphæð markaðra tekna að frátekinni umsýslugjaldi er 10.346 millj. kr.

Vegagerðinni hafa verið falin nokkur ný umsýsluverkefni að undanförnu. Má þar nefna umsjón með sérleyfum, hópferðum og vöruflutningum og útgáfu leyfa til leyfishafa í slíkum flutningum. Einnig hefur hún umsjón með leigubifreiðum og leyfisveitingum til rekstraraðila í þeim akstri. Gjald er greitt fyrir leyfisveitingarnar sem á að standa undir kostnaði við þær.

Þá var Vegagerðinni á síðasta ári falin umsjón með þeim flugleiðum sem ríkið styrkir. Með því fylgdu fjárveitingar úr ríkissjóði til að standa undir styrkjum, 123 millj. kr. í ár. Önnur fjáröflun er viðbótarfé, 500 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, og er það sama upphæð og komið hefur úr ríkissjóði síðustu þrjú árin.

Við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi vorið 2000 var lögð til sérstök fjáröflun að upphæð 2,3 milljarðar kr. og var m.a. áformað að afla þessa fjár með sölu ríkiseigna.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002 var ákveðið að fresta framkvæmdum í vegáætlun fyrir 1.616 millj. kr. og lækka framlög úr ríkissjóði sem því nemur. Verður nánar vikið að frestuninni í tengslum við gjaldahlið vegáætlunar.

Framsetning gjaldahliðar vegáætlunar víkur nokkuð frá því sem tíðkast hefur undanfarið. Er hún sveigð að framsetningu fjárlaga og einnig samræmd við áætlanir annarra samgöngustofnana. Er þá m.a. verið að undirbúa gerð samgönguáætlunar á hausti komanda.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 var útgjaldarammi vegáætlunar endanlega ákveðinn. Niðurstöðutala fjárlaganna er 1.616 millj. kr. lægri en útgjaldatala vegáætlunar eins og áður er getið um. Verður því að draga úr framkvæmdum á árinu 2002 sem nemur þeirri upphæð. Af þessari upphæð falla þó 97 millj. kr. á liðinn Rekstur og þjónustu, svo og viðhald. Hefur sú upphæð þegar verið dregin frá útgjaldatillögu áætlunarinnar. Afgangurinn, 1.519 millj. kr., kemur fram sem frestun stofnkostnaðar og hefur ekki verið skipt á einstaka framkvæmdaliði í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Árið 2001 var frestað nýbyggingarframkvæmdum fyrir 700 millj. kr. miðað við vegáætlun. Til að raska vegáætlun sem minnst úr þeirri framkvæmdaröðun sem þar var sett fram er eðlilegt að þau verkefni sem frestað var árið 2001 fái fjárveitingar sínar til baka í ár. Þær tillögur um sundurliðun stofnkostnaðar sem lagðar verða fyrir samgn. og þingmannahópa munu taka mið af þessu. Að öðru leyti verða tillögur um frestun framkvæmda við það miðaðar að þær valdi sem minnstri röskun á framvindu verka.

Þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin varðandi frestun framkvæmda munu einnig verða höfð að leiðarljósi í haust þegar kemur að gerð samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hennar. Þá verður að miða við þau verkefni sem frestað er í ár og fjárveitingar á næsta ári.

Tillaga um frestun framkvæmda verður lögð fyrir samgn. og þingmenn kjördæma eins og venja er. Verður ekki fjallað nánar um það hér að öðru leyti en því að rétt er að víkja lítillega að jarðgangagerð.

Unnið hefur verið að undirbúningi og hönnun jarðgangaverkefna samkvæmt gildandi vegáætlun. Gögn til forvals á verktökum verða send út síðar í þessum mánuði. Miðað er við að velja fjóra til sex verktaka til að bjóða endanlega í og munu þeir fá útboðsgögn send í júní- eða júlímánuði í sumar þannig að unnt verði að byrja framkvæmdir ef allt gengur fram sem að er stefnt síðla hausts.

Í gildandi vegáætlun eru 1.450 millj. kr. fjárveiting til jarðganga. Augljóst er að ekki verður notaður nema hluti af því fé í ár. Þessi liður hlýtur því að leggja verulega af mörkum til frestunar framkvæmda á árinu 2002 miðað við þau áform sem uppi eru og miðað við það sem mögulegt er vegna undirbúnings þeirra verka.

Um gjaldahliðina að öðru leyti er rétt að ítreka það að liðirnir Rekstur og þjónusta eru mjög bundnir og ekki unnt að lækka þá svo neinu nemur. Með sívaxandi kröfum um aukna þjónustu hljóta þeir liðir að fara hækkandi á komandi árum og blasir sú þörf við nú þegar í ýmsum þáttum þeirra liða. Á þetta ekki síst við vaxandi kröfur um vetrarþjónustu sem allir þekkja.

Þrátt fyrir þá frestun framkvæmda sem hér hefur verið gerð grein fyrir er rétt að ítreka að útgjöld til vegamála eru með því allra mesta sem hefur nokkru sinni verið. Það er einungis síðasta ár, árið 2001, sem skilar hærri framlögum til vegamála á föstu verðlagi en vegáætlun 2002 gerir núna ráð fyrir.

Málefni Sundabrautar hafa af eðlilegum orsökum færst inn í umræður nú þegar sveitarstjórnarkosningar eru fram undan. Árið 1999 hófu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinnu við sameiginlegt svæðisskipulag. Lokavinna við svæðisskipulag stendur nú yfir. Talsverðar breytingar hafa orðið á forsendum Sundabrautar. Helstu breytingar eru að uppbyggingu Álfsness hefur verið seinkað og er nú ekki fyrirhuguð fyrr en eftir árið 2024 sem hlýtur að hafa áhrif á áform við framkvæmdir við vegagerð á þessu svæði.

Umfjöllun um legu Sundabrautar hefur að verulegu leyti legið niðri undanfarin missiri. Ástæðan er fyrst og fremst endurskoðun á umferðarlíkani svæðisins sem fór fram samhliða vinnu við svæðisskipulagið að frumkvæði sveitarfélaganna. Vinna við mat á umhverfisáhrifum hefur þó verið í gangi og er í gangi.

Nú liggur endurskoðað umferðarlíkan fyrir og vinna við svæðisskipulagstillöguna er á lokastigi. Ætlunin er að vinnuhópur Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar láti fara fram arðsemismat á þeim kostum sem helst hafa komið til greina á forsendum svæðisskipulagstillögunnar, en þær forsendur eru talsvert öðruvísi en aðalskipulagið gerði ráð fyrir.

Vinnuhópurinn hefur einkum unnið með tvær leiðir yfir Kleppsvík sem er fyrsti áfangi Sundabrautar. Borgaryfirvöld hafa frekar horft til ytri leiðarinnar, en Vegagerðin frekar til innri leiðarinnar. Verulegur kostnaðarmunur er á þeim leiðum eða 2–6 milljarðar kr. háð útfærslu og tilhögun mannvirkja og er þá miðað við fjórar akreinar. Að mati Vegagerðarinnar er um mjög lítinn mun að ræða á umferðarflæði milli þessara leiða samkvæmt þeim umferðarmódelum sem notuð hafa verið. Ég hef sjálfur lagt á það áherslu að ríkissjóður taki þátt í fjármögnun þessa verkefnis á grundvelli hagkvæmni að teknu tilliti til umferðar og kostnaðar. Sé valin leið sem hefur í för með sér mikinn umframkostnað, þá verði aðrir að bera hann en ríkið. Þetta sjónarmið er í samræmi við 29. gr. vegalaga.

Eins og áður sagði hefur vinna við Sundabraut að miklu leyti legið niðri undanfarið, en nú þarf að taka málið upp að nýju, enda er gert ráð fyrir uppbyggingu í Gufunesi og í Geldinganesi á næstu árum. Í vegáætlun er gert ráð fyrir fjárveitingum til þess að hægt verði að vinna fullum fetum að undirbúningi vegna framkvæmda við Sundabraut.

Þó að vegáætlun taki nú einungis til eins árs er eðlilegt að vinnulag við hana verði með hefðbundnu sniði. Á það við um verkaskiptingu og samspil samgn. og þingmanna einstakra kjördæma, svo og aðra samvinnu við samgrn. og Vegagerðina.

Ég nefndi áðan að æskilegt sé að listar yfir þau verkefni sem binda fjármagn á árunum eftir 2002 fylgi nál. samgn. Drög að slíkum listum verða lögð fyrir samgn. og þingmenn einstakra kjördæma við vinnslu málsins.

Meðal verkefna sem þegar hafa verið boðin út og ekki lýkur á þessu ári má nefna Vestfjarðaveg um Bröttubrekku, Vestfjarðaveg um Klettsháls, Djúpveg í Skötufirði og Norðausturveg á Tjörnesi.

Sem dæmi um verk sem bjóða þarf út á þessu ári en þurfa jafnframt á fjármagni að halda á næsta ári eru eftirfarandi: Brúargerð á Þjórsá, breikkun Reykjanesbrautar, hringvegur á Mývatnsheiði og breikkun brúa á Vatnsdalsá.

Öll þau verkefni sem hér hafa verið talin munu verða á áðurtöldum lista ásamt ýmsum öðrum sem svipað er ástatt um. Þá getur þurft að breyta framkvæmdaröð. Sem dæmi um slíkt er að tillaga hefur komið um að flýta gerð mislægra gatnamóta við Stekkjarbakka í Reykjavík. Mikil þörf er á að ráðist verði í þá framkvæmd sem fyrst og hefur það orðið enn ljósara eftir að umferðarmannvirkin í Mjódd voru opnuð sl. haust. Er eðlilegt að fjárveiting fáist á þessu ári til hönnunar gatnamótamannvirkjana og undirbúnings þannig að hægt verði að bjóða verkið út í haust. Flýting þessara framkvæmda hefur hins vegar óhjákvæmilega í för með sér að fresta verður einhverju öðru hér á svæðinu, en fram hafa komið tillögur frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu um að framkvæmdir við gatnamót Stekkjarbakka og Reykjanesbrautar verði teknar fram fyrir og ég er því sammála. Auk þess hafa aðrir komið og vakið athygli á þessu.

Við hefðbundna endurskoðun vegáætlunar er að jafnaði farið yfir breytingar á vegakerfinu, flokkun vega og óskir um nýja vegi ef þær eru fyrir hendi. Með hliðsjón af því að endurskoðun nú tekur einungis til eins árs og samgönguáætlun verður unnin í haust er eðlilegt að fresta því til haustsins að fara yfir vegakerfið að öðru leyti.

Ég hef hér á undan vikið að nokkrum helstu atriðum vegáætlunar 2002. En að lokinni umræðu, herra forseti, legg ég til að hæstv. samgn. fái áætlunina til meðferðar og henni verði vísað til síðari umr.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Aukin vanskil og fjölgun fjárnáma í landinu.

[16:01]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil gera að umtalsefni á hinu háa Alþingi aukin vanskil og fjölgun fjárnáma í landinu.

Um þessar mundir berast okkur fréttir af því að vanskilum hafi fjölgað verulega. Um síðustu áramót námu þau um 22,4 milljörðum kr. en um ári fyrr námu þau 12,9 milljörðum kr.

Hér er um 74% aukningu að ræða sem hlýtur að valda okkur miklum áhyggjum. Þessi aukning vanskila á sér stað bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Í kjölfar þeirra sjáum við einnig gífurlega mikla aukningu fjárnáma og mikla aukningu í nauðungarsölum.

Herra forseti. Við skulum vona að skriða gjaldþrota sé ekki á leiðinni hjá fjölda heimila og fyrirtækja. Við skulum líka vona að allir þessir gífurlegu fjármunir, þ.e. 22,4 milljarðar, verði sem allra skemmst á 22% vanskilavöxtum, en það nemur um hálfum milljarði króna á einu ári.

Já, dráttarvextir eru háir og það sem kallað er verðbætur hér og venjulegir vextir eru það líka. Fyrir skömmu voru vextir reyndar lækkaðir á óverðtryggðum lánum en því miður eru vextir enn gífurlega háir og þjónustugjöld bankanna fara hækkandi. Gæði útlánastofnana felast ekki í að ausa út fé á báðar hendur ef þeir sem taka lánin eru ekki borgunarmenn fyrir þeim.

Ég tel, herra forseti, að tími sé kominn til að gerð sé gangskör í því að bankarnir sýni mun meiri ábyrgð í útlánum sínum og komi til móts við skuldunauta sína sem margir hverjir horfa fram á dimma daga. Samfélagið mun ekki hagnast á að fjöldi manna, þá sértaklega ungt fólk, verði gerður gjaldþrota, í mörgum tilvikum vegna gylliboða og tálsýna sem leiddu þá í freistni. Við þær aðstæður sem nú blasa við verða útlánastofnanir að hugsa sinn gang áður en farið er út í fjárnámsaðgerðir með tilheyrandi innheimtukostaði og alls kyns gjöldum sem hafa þau áhrif að venjulegu fólki fallast hendur, þá ekki síst þeim sem hafa tekið að sér að skrifa upp á lán hjá vinum og vandamönnum af því að bankarnir hafa mikla tilhneigingu til að kalla fleiri til ábyrgðar en þá sem þeir lána peninga.

Herra forseti. Það er allt of mikil útlánagleði í þessu landi. Hér keyra menn á bílalánum, yfirdrætti og kreditkortum og það á fleygiferð. Ég tel, herra forseti, að því miður sé um samfélagslegt mein að ræða og vil ég auðvitað alls ekki kalla lánastofnanir einar til ábyrgðar. Auðvitað verða lántakendur líka að vera ábyrgir í gerðum sínum og ég vona að annar andi en sá sem ríkt hefur hér á landi taki nú senn við og að flest það fólk sem leiðst hefur í neyslulánagildruna sleppi þaðan með litlum skaða.

En því miður eru teikn hættunnar á lofti. Okkur berast þær fréttir að sífellt fleira fólk sem lent hefur í greiðsluerfiðleikum sæki í ríkari mæli á náðir félagsmálastofnana, Hjálparstofnunar kirkjunnar og fleiri aðila sem vilja koma þeim illa settu til hjálpar.

Það er athyglisvert, herra forseti, að bankarnir skuli geta skilað milljarða hagnaði og það stórlega vaxandi hagnaði á sama tíma og vöxtur vanskila er slíkur sem raun ber vitni. Eru þessi vanskil kannski forsenda alls þessa hagnaðar? Ef svo er hljótum við að velta fyrir okkur hvort ekki sé meira en lítið að í bankakerfinu.

Svo virðist sem alvarleg slagsíða sé komin á útlánastofnanirnar. Verði hún öllu meiri er hætta á því að þær fari á hliðina. Sú hætta vex með hverjum þeim lántakanda sem lendir í vanskilum, að ekki sé talað um þá sem verða gjaldþrota. Það er betra að hagnaður bankanna, herra forseti, sé minni ár hvert og vari lengur en að hið gagnstæða gerist.

Herra forseti. Ég beini nú eftirfarandi spurningum mínum til hæstv. viðskrh.:

Hver er skoðun hennar á þessari þróun?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að útlánastofnanir verði ábyrgari í útlánum sínum?

Hyggst hæstv. viðskrh. leggja til við útlánastofnanir að þær auki fjármálalega ráðgjöf sína þannig að minni hætta sé á að fólk lendi í vanskilum þeim sem nú er orðin raunin á?

[16:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að taka þetta mál hér upp utan dagskrár. Ég tel málið brýnt og þarfnast umræðu hér á hv. Alþingi.

Það er rétt hjá hv. þm. að vanskil hafa verið að aukast að undanförnu og að fjárnámum hefur fjölgað. Ef ég tek vanskil sem dæmi þá hafa eins mánaðar vanskil einstaklinga hjá innlánsstofnunum vaxið úr 3,33% af útlánum í árslok 2000 í 4,91% í lok síðasta árs.

Það þarf reyndar ekki að koma mjög á óvart að vanskil hafi aukist á síðustu mánuðum. Síðustu ár hafa vanskil nefnilega verið í sögulegu lágmarki. Kaupmáttur heimilanna hefur aukist gríðarlega, um fjórðung síðan 1995, og næga atvinnu hefur verið að fá. Hagvöxtur hefur á sama tíma aukist mun meira en í samkeppnislöndum okkar. Á þessu hlaut að hægja á endanum þó ekkert bendi til að lendingin í efnahagsmálum þjóðarinnar verði hörð. Þó er búist við að landsframleiðsla dragist saman um 0,5% á þessu ári og kaupmáttur ráðstöfunartekna minnki lítillega.

Hins vegar er það óneitanlega mikið áhyggjuefni þegar skuldir heimila við lánakerfið rúmlega tvöfaldast á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst um fjórðung. Nú eru skuldir heimila við lánakerfið nálega 700 milljarðar kr. en voru 317 milljarðar árið 1995. Hverju er um að kenna? Kunna Íslendingar fótum sínum ekki forráð í fjármálum? Er þetta hugsanlega sök bankanna sem hafa freistað fólks með gylliboðum? Við þessum spurningum er ekki til neitt einhlítt svar og engin einn sökudólgur. Þrátt fyrir mikinn stöðugleika í efnahagsmálum í yfir áratug hefur Íslendingum ekki auðnast að læra þá göfugu list að spara og fara vel með fé.

Í þessu efni eru bankarnir ekkert betri en þjóðin sem skapar þá og á þó að gera miklar kröfur til banka. Bankarnir hafa starfsleyfi frá stjórnvöldum á fjármálamarkaði. Þar starfar vel menntað fólk í fjármálum og bankarnir eiga að gegna lykilhlutverki í að efla vitund þjóðarinnar fyrir sparnaði. Útlánastefna þeirra á að vera ábyrg og taka mið af greiðslugeta viðskiptavinanna. Bankarnir verða að þekkja viðskiptavini sína, gefa þeim góð ráð og gæta þess að þeir reisi sér ekki hurðarás um öxl. Láti bankarnir stjórnast af stundargróða, læra viðskiptavinirnir ekki af þeim góða siði.

Það er mitt mat að bankarnir standi sig betur en áður í þessum efnum. Í auknum mæli eru lánveitingar miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Greiðslugeta greiðanda er metin í sífellt fleiri tilvikum og er það skylda bankanna að meta hana við tilteknar aðstæður. En þó er langt frá því að bankarnir fái toppeinkunn fyrir frammistöðu sína á þessu sviði. Um það vitna mýmargar sögur frá einstaklingum og fyrirtækjum um allt land.

En hvað er til ráða? Hér skiptir hugarfarið meira máli en setning reglna. Fræðsla er lykilatriði í þessu sambandi. Í aðalnámskrá grunnskóla er nú að finna námsgreinina lífsleikni sem m.a. tekur á fjármálum heimilanna þó í litlum mæli sé. Hér er að mínu viti hægt að gera betur. Stjórnvöld, bankar og aðrir hagsmunaaðilar geta hrundið af stað þjóðarátaki til að efla fjármálavitund þjóðarinnar líkt og að sporna gegn verðbólgu. Þetta tvennt er reyndar nátengt. Þegar skuldir

heimila eru orðnar langt umfram árlegar ráðstöfunartekjur er orðin veruleg þörf á þjóðarátaki um sparnað.

Hæstv. forseti. Reglur geta verið til margra hluta nytsamlegar þó þær séu reyndar ekki allra meina bót. Ég og forverar mínir í starfi hafa lagt fram ótal frv. í gegnum tíðina til að bæta stöðu neytenda. Ugglaust er þó hægt að gera enn betur í því efni. Ég vil sérstaklega nefna eitt atriði sem farið hefur fyrir brjóstið á mér og sjálfsagt fjölmörgum viðskiptavinum bankanna í gegnum tíðina, þ.e. að verðtryggð lán skuli yfirleitt vera með breytilegum vöxtum en ekki föstum vöxtum. Ég á mjög erfitt með að sjá siðferðileg og viðskiptaleg rök fyrir þessu fyrirkomulagi. Með þessu eru lánveitendur bæði með belti og axlabönd. Þeir hafa varið sig gegn verðbólgu en geta engu að síður breytt vöxtum eftir því sem vindar blása.

Með þessu fyrirkomulagi á lántaki enga möguleika á að gera sér grein fyrir raunverulegri greiðslubyrði sinni til lengri tíma. Ég mun óska eftir því við Seðlabankann að þessu fyrirkomulagi verði breytt.

[16:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Málið sem hv. þm. Karl V. Matthíasson hefur hér tekið upp er alvarlegt miðað við stöðuna sem við erum í í dag. Samkvæmt fréttum hafa aldrei jafnmargir sótt um aðstoð frá Mæðrastyrksnefnd eða hjálparstarfi kirkjunnar eins og nú fyrir páska. Á sama tíma koma fréttir af miklum hagnaði, milljarða hagnaði, viðskiptabankanna og að hvergi séu þjónustugjöld jafnhá og hér á landi, hjá þeim.

Herra forseti. Það er vaxandi fátækt í landinu. Bilið eykst, þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari. Hver eru viðbrögð stjórnvalda í þessari þróun? Jú, aukin einkavæðing í heilbrigðiskerfinu, hærri hlutdeild sjúklinga og þeirra sem þurfa að leita á náðir heilbrigðiskerfisins, hærri hlutdeild þeirra í komukostnaði, hærri hlutdeild í lyfjakostnaði. Þetta, virðulegi forseti, lendir harðast á þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

Hver voru viðbrögð ríkisvaldsins í skattamálum? Jú, í stað þess að hækka skattleysismörk eða að koma til móts við þá þjóðfélagshópa sem lægstar tekjurnar hafa var valið að lækka hátekjuskatt, hjá þeim sem hafa hæstar tekjurnar og breiðustu bökin. Er það nú rétt leið, virðulegi forseti?

Lítum á vaxtastefnu bankanna, Landsbankans og Búnaðarbankans, sem eru í meirihlutaeigu ríkisins, meirihluti hlutabréfanna í þeim er í eigu ríkisins. Meiri hlutinn gæti líklega ráðið og sagt þessum þjónustustofnunum hver vaxtastefnan skuli vera.

Virðulegi forseti. Það er ríkisstjórnin sem bregst í þessu tilviki.

[16:14]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Hann er ótrúlegur þessi samfelldi söngur um að hinir ríku séu að verða ríkari og hinir fátæku að verða fátækari hér á Íslandi þegar samanburður á milli ríkja sýnir trekk í trekk að hvergi er jöfnuður meiri en einmitt hér á Íslandi, í öllum alþjóðlegum samanburði.

Varðandi málið sem hér er til umræðu er kannski rétt að hafa í huga að íslenskt efnahagslíf og þjóðfélag almennt hefur verið að breytast afar hratt á undanförnum árum. Við sáum fyrir tveimur til þremur árum að einkaneysla jókst mjög hratt og umfram það sem kaupmáttur heimilanna jókst. Fólk var sem sé að fjármagna neyslu sína með lánum. Þegar hægir á, eins og nú hefur gerst í efnahagslífinu, er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að við sjáum vanskil aukast í bönkunum og annars staðar.

Ég held að ef við skoðum þessa hluti nánar sé merkilegt hvað vanskil hafa aukist lítið og hvað bankarnir hafa í raun gengið langt í að koma til móts við fólk og hvernig það hefur tekist að auka þjónustu bankanna á undanförnum árum þannig að fólk lendi ekki í sömu vandræðum og áður fyrr. Fólk þarf ekki annað en fara inn í banka núna og skoða hvernig útlits er þar miðað við það sem var fyrir 10–15 árum. Þá var varla hægt að fá lán án þess að tala við bankastjórann. Nú eru það fyrst og fremst þjónustufulltrúar sem aðstoða viðskiptavini við að fá meiri lán og til að lækka lán og veita alls konar ráðgjöf í fjármálum. Það er engin tilviljun að staða margra heimila hefur batnað mjög verulega við að bankarnir tóku upp greiðsluþjónustu og byrjuðu að jafna greiðslur fyrir fólk.

Ég nefni t.d. að á Sauðárkróki eru yfir 400 fjölskyldur í greiðsluþjónustu hjá bönkunum. Þetta hefur haft mjög mikla þýðingu og komið virkilega vel út fyrir íbúa þar.

[16:16]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa nauðsynlegu umræðu um þessi mál.

Við ræðum í raun skelfilegt ástand hjá fjölmörgum einstaklingum og fjölskyldum sem eru sokknar upp fyrir haus í skuldum, margar vegna trausts á góðæristali hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Nauðungaruppboðaflóðið sem verið hefur síðustu sex mánuði ber vitni um margvíslegar hörmungar. Fólk leitar til hjálparstofnana og fjölskyldna sinna í sárri neyð og sér ekki fram á önnur ráð. Eldri borgarar sem ekkert hafa nema bætur safna skuldum sem nema 200–300 þús. kr. á ári þó að þeir veiti sér ekki einu sinni það að eiga bíl. Þeir aldraðir sem eiga húsnæði eru smátt og smátt að taka lán út á eignir til að endar geti náð saman í heimilishaldi. Skuldir heimilanna, sérstaklega ungra fjölskyldna, hafa aldrei vaxið jafnhratt og síðustu tvö til þrjú ár. Gylliboðin og aðgengi að fjármögnun bifreiða, húsbúnaðar og tækjafjárfestinga eru slík að fólk hefur fallið í skuldagildrur og til að kóróna allt saman er síðan vaxtaokrið og gengishrunið með viðbótarferli sem er að ganga frá þeim fjölda sem hefur fallið í fenið. Grunnurinn að vanda heimilanna er óstjórn fjármála, ekki síst stjórnvalda.

Virðulegur forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra viðskiptamála: Hefur hún á reiðum höndum viðmið í krónum talið um hvað einstaklingur er talinn þurfa til framfærslu? Hefur hæstv. ráðherra á reiðum höndum viðmið um hvað eftirlaunahjón þurfa til framfærslu, sem eiga íbúð sem kostar 12 milljónir, bifreið sem kostar 500 þús. kr. og eru með afnot af síma og sjónvarpi?

[16:18]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tek heils hugar undir orð viðskrh. þar sem hún segir að vextir af verðtryggðum lánum eigi að vera fastir. Það er í raun með ólíkindum að lánastofnanir geti breytt vöxtum á verðtryggðum lánum að vild. Eins og hæstv. ráðherra komst svo ágætlega að orði áðan, þarna eru bankarnir bæði með belti og axlabönd.

Ég skrifaði litla grein um daginn í Morgunblaðið sem ég kallaði: Hvernig kynslóð erum við að ala upp? Þar kemur m.a. fram sú alvarlega staða að fjölmargt ungt fólk verður gjaldþrota á aldrinum 20–30 ára vegna einkaneyslu. Hvar-

vetna eru í raun og veru gildrurnar. Það eru kreditkortin. Það eru léttgreiðslurnar. Það eru bílalánin. Það eru tölvulánin. Það eru símalán o.fl.

Ég fékk ótrúlega mikil viðbrögð við þessari grein. Þar segir m.a. að nauðsynlegt sé að kenna fjármál í skólum og nauðsynlegt sé að bankastofnanir kenni fólki um fjármál. Ég var afar glaður yfir því að í pósthólfinu mínu í þinginu í morgun var bréf frá Gísla Jafetssyni sem sendi mér þetta. Það eru til bankar í landinu, þ.e. sparisjóðirnir sem eru vítt og breitt um landið, sem gefa út efni til þess að kenna bæði ungu fólki og eldra fólki um fjármál, hvað í raun og veru gerist þegar menn skrifa undir skuldabréf, ábyrgðir og þess háttar. Þetta tel ég vera mjög gott.

Greiðsluvandræði fólks eru samfélagslegt vandamál. Það er ekki hægt að kenna einhverjum ríkisstjórnum um það. Við verðum að kenna fólki að fara með peninga. Ef við berum okkur t.d. saman við Danmörku þá hugsa Danir á allt annan hátt um þessi mál en við. Við þurfum að temja okkur ný vinnubrögð hvað þetta varðar.

[16:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ein af staðreyndum efnahagslífsins á undanförnum árum að skuldir heimilanna hafa aukist gríðarlega. Þær eru komnar langt fram úr árstekjum og við erum komin í þann sérstaka klúbb þjóða þar sem hlutföllin eru á þann veg. Ég hygg reyndar að við séum komin með einhverjar hæstu skuldir heimila í heiminum, mældar sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eða árstekjum heimilanna. Við höfum skotið þar þjóðum eins og Japönum og fleirum ref fyrir rass.

Góðærið var með öðrum orðum, herra forseti, í allt of miklum mæli tekið að láni. Eftir situr mjög þunglestað atvinnulíf. Heimili og einstaklingar stynja núna undan skuldabyrðinni. Vanskilin hafa aukist umtalsvert. Það sýna allar mælingar og annríkið hjá sýslumannsembættunum í landinu. Bankarnir og útlánastefnan, útlánagleðin sem þar ríkti á ákveðnu árabili er vissulega hluti af þessu máli. Það er algjörlega ljóst að þessar stofnanir freistuðust til þess að gera út á vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa og voru hér með mjög lausan tauminn hvað varðaði útlán á þessum tíma.

Nú þarf að glíma við þennan vanda, þessar miklu skuldir heimilanna, einstaklinganna, atvinnulífsins og síðast en ekki síst þjóðarbúsins út á við. Það sem öllu máli skiptir í því, herra forseti, er að reyna að ná niður kostnaðinum, að hér sé ekki verðbólga, að hér séu hagstæðir vextir og að bankarnir okri ekki á viðskiptavinum sínum með óhóflegum þjónustugjöldum. Það er alveg ljóst að hagnaður bankanna kemur ekki af himnum ofan. Gróðinn verður ekki til í bönkunum eins og sumir bankastjórar hafa haldið hér á umliðnum árum og áratugum, heldur eru það viðskiptavinirnir sem leggja hann til með greiðslum sínum í formi vaxta eða þjónustugjalda, yfirdráttarvaxta o.s.frv.

Herra forseti. Því skiptir miklu máli að á komandi mánuðum og missirum verði allt gert sem hægt er til þess að létta skuldugum heimilum og skuldsettu atvinnulífi það að ráða við sína greiðslubyrði.

[16:23]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur löngum verið talið landlægt á Íslandi að við séum eyðsluþjóð og förum óvarlega í peningamálum. Þó hafa nú menn bent mér á það, glöggir bankamenn, að veruleg breyting sé að verða á þessu. Það sjáum við best á því að frá árunum 2000–2001 var gríðarleg sveifla niður á við í einkaneyslunni sem sýnir að mjög margt fólk hefur vald á þessu, nær tökum á fjármálum sínum.

Ég geng út frá því að hv. frummælanda gangi það fyrst og fremst til að vekja athygli á vandamálum þeirra sem ekki hefur tekist að höndla þessi mál, ekki hefur tekist að höndla fjármál sín. Það er sannarlega rétt hjá honum og athugunarefni hvernig megi koma þeim til aðstoðar.

Við höfum haft nokkur mál hér í þinginu til umfjöllunar. Ég minnist sérstaklega máls sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson stóð fyrir og við fleiri studdum um að fara í gegnum persónuábyrgðirnar sem bankarnir eru að nota. Fleiri atriði getum við farið yfir, t.d. siðferði banka almennt, hvernig þeir standa að útlánum. Við vitum að bankastofnanirnar hafa í auknum mæli verið að fá einstaklinga til að kaupa framvirka gjaldeyrissamninga, taka þátt á afleiðuviðskiptum o.s.frv. Þetta eigum við að skoða því að við þurfum virkilega á því að halda að fólki sé leiðbeint. Það fer ekki á milli mála.

Hitt er svo annað mál að við erum þó hluti af hinum vestræna heimi. Það verður aldrei snúið til baka með það. Við verðum að átta okkur á því að fjármagnsflæði er frjálst. Menn geta ekki og munu aldrei vera undir forsvari ríkisins eða opinberra aðila um fjármál sín. Það verður aldrei snúið til baka til þeirra tíma þegar pólitísk skömmtun var á peningum. Því er mjög brýnt að menn átti sig á því að öll leiðsögn, öll menntun og kennsla er því betri sem hún er veitt fyrr og því yngri sem nemendurnir eru. Það er nauðsynlegt að koma þessu til skila.

[16:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fjöldi heimila þarf að framfleyta sér á dýrum yfirdráttarlánum á hverjum einasta mánuði til þess að eiga fyrir nauðþurftum. Formaður efh.- og viðskn. segir við þetta fólk að það eigi bara að taka meira af þessum okurlánum. Hæstv. ráðherra segir við þetta fólk að það eigi að spara. En auðvitað dugar það ekki.

Ég ætla að leggja fyrir hæstv. ráðherra fjórar tillögur sem kosta ríkissjóð sama og ekki neitt en skipta fjölda heimila í þessu landi gífurlega miklu og geta forðað þeim frá gjaldþroti.

Í fyrsta lagi legg ég til að samþykkt verði frv. þingmanna Samfylkingarinnar um greiðsluaðlögun. Það er úrræði sem kemur í veg fyrir gjaldþrot heimila og er leið fyrir fólk til að vinna sig út annars vonlausri stöðu án þess að missa eignir sínar. Framsfl. lofaði fólki þessu á árinu 1995. Það er orðið tímabært fyrir Framsfl. að standa við það.

Hæstv. ráðherra á að drífa inn í þingið frv. sem sjálfstæðismenn sitja á um innheimtulög sem kemur í veg fyrir okur lögmanna á skuldugum einstaklingum. Fyrirskipa á lánastofnunum að standa fyrir víðtækri fræðslu til lántakenda, m.a. um kostnað við lántöku, og gera betur í að framkvæma tillögu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem samþykkt var á Alþingi fyrir nokkrum árum um víðtæka fjármálakennslu í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Samþykkja þarf frv. þingmanna Samfylkingarinnar um ábyrgðarmenn sem m.a. tryggir að ekki verði gerð aðför að fasteign ábyrgðarmanns, þ.e. þeirri sem hann býr í, þannig að tryggt sé að fólk missi ekki heimili sín þótt það gangist í ábyrgð fyrir skuldir þriðja aðila.

Þetta eru leiðir sem duga. Ég skora á hæstv. ráðherra að framfylgja þessum tillögum.

[16:27]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. frummælanda, Karli V. Matthíassyni, fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er verið að fjalla um í rauninni eitt af stærri málum þjóðarinnar, skuldir heimilanna sem hafa vaxið með ólíkindum á undanförnum árum.

Herra forseti. Í því samhengi rétt að hafa eftirfarandi í huga: Hvað skapar skuldir? Það eru tveir þættir, þ.e. annars vegar tekjur, innstreymið, og hins vegar útstreymið eða eyðslan. Þegar við lítum á tekjurnar liggur fyrir að kaupmáttur hefur vaxið gífurlega mikið á undanförnum árum og er kenndur við góðærið. En á sama tíma hafa skuldirnar aukist allverulega.

Hvað segir það okkur? Það segir okkur auðvitað að þjóðin er að eyða um efni fram. Það segir okkur líka að vandinn er fyrst og fremst vitund þjóðarinnar. Við höfum ekki náð að tileinka okkur ráðdeild og sparnað eins og þekkt er meðal margra annarra þjóða. Það kann í rauninni að eiga sínar sögulegu skýringar, þ.e. hina gömlu vertíðarhugsun. En á sama tíma kyndir bankakerfið, eins og hér hefur rækilega komið fram, undir neyslu með gylliboðum á sínum alræmda vaxtamun. Það má segja að sé hömlulaust. Þeir bjóða lán til þess að fólk eyði. Á sömu árar leggjast síðan þjónustufyrirtæki og verslanir til þess að ýta undir neysluna. Kaupmáttur hefur vaxið en eyðslan margfalt umfram það. Hér er mikill vandi á ferð og þetta er þjóðarvandi.

Herra forseti. Rétt eins og þjóðin, stjórnmálamenn, samtök og fyrirtæki í þjóðfélaginu öllu hafa skorið upp herör til þess að verðbólgan nái ekki hinum alræmdu rauðu strikum, er vert að fylgja því eftir með þjóðarátaki til þess að efla sparnað, ráðdeildarsemi og ábyrgð allra í þjóðfélaginu. Það er væntanlega besta kjarabótin og mesta hagsæld til framtíðar sem við getum náð hér.

[16:30]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og þakka hæstv. ráðherra einnig fyrir svör hennar og þá yfirlýsingu að hún muni beita sér fyrir því að vextir á verðtryggð lán verði gerðir fastir en geti ekki rokkað upp og niður eftir behag eða gróðafíkn eða hvað sem ég á að kalla það.

Hins vegar verð ég að segja, herra forseti, að ég velti oft fyrir mér réttmæti verðtryggðra lána. Eru þau réttlætanleg? Ég minni á það í þessari umræðu að þingmenn, bæði þeir sem sitja nú í ríkisstjórnarflokkum og í stjórnarandstöðu hafa lagt fram frumvörp um afnám verðtryggingar vegna þess að fólk hefur reynt það og upplifað að verðtryggingin hafi hækkað skuldirnar mjög mikið. Þó að aðstæður hafi lagast í samfélaginu skömmu síðar hefur þessi mikla krónutöluhækkun setið eftir á láninu og fólkið sér ekkert fram úr því að það geti klárað að borga lánin. Þetta sjá margir námsmenn fram á og margir þeir sem skulda húsnæðislán og lífeyrissjóðslán.

Hér hefur verið talað um ábyrgðarmenn og ég minni aftur á umræðuna. Lúðvík Bergvinsson og fleiri hafa lagt fram frumvarp um ábyrgðarmenn þar sem gert er ráð fyrir að dregið sé úr þeirri háttsemi að láta þriðja aðila ábyrgjast lánin.

Þá vil ég einnig taka heils hugar undir þau góðu orð sem féllu hér úr munni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún vék að ýmsum atriðum í sambandi við vanskil þar sem komið væri til móts við fólk og því hjálpað áður en það lendir í öllu innheimtuferlinu og öllum aukakostnaðinum sem fellur nú á fólk á hverjum degi og skapar því ómældar þjáningar og erfiðleika.

Ég vona svo sannarlega, herra forseti, að samfélagið okkar fari að breytast á þessu sviði og að lán verði ekki áfram með þeim vöxtum sem nú tíðkast.

[16:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hefur verið málefnaleg að mestu leyti. Að vísu sé ég ekki hvernig ímynduð einkavæðing í heilbrigðiskerfinu hefur áhrif á þetta atriði eins og kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Hér var talað um að vanskil væru að aukast á öllum sviðum en reyndar hafa heildarvanskil verið í lágmarki hjá Íbúðalánasjóði. Þó hefur umsóknum um greiðsluerfiðleikaaðstoð fjölgað, og breytingar sem gerðar voru á reglugerð urðu til þess að fólk kemur fyrr og sækir um greiðsluerfiðleikafyrirgreiðslu sem er gott mál. Eins má nefna að með reglugerðarbreytingu er nú hægt að framlengja lán um allt að 15 ár þegar þannig stendur á.

Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi það líka að af því að ríkið ætti meiri hluta í bönkunum gæti það örugglega ákveðið vaxtastigið. Þetta er náttúrlega mikill misskilningur, grundvallarmisskilningur, þar sem um hlutafélög er að ræða og fer að sjálfsögðu eftir hlutafélagalögum.

Í sambandi við persónuábyrgðir og ábyrgðarmenn sem hér hefur komið til umfjöllunar vil ég segja að stjórnvöld hafa náð samkomulagi, bæði við fjármálastofnanir og neytendasamtök, um það hvernig tekið er á þeim málum. Ég held því fram að það sé með miklum ágætum eins og því er framfylgt í dag og því sé ekki þörf á lagasetningu á því sviði.

Um verðtryggingu er það að segja að hún er hvorki ákveðin né bönnuð með lögum en samningsaðilum er heimilt að verðtryggja langtímalán kjósi þeir svo.

Ég vil að síðustu leggja áherslu á það sem kom fram í máli mínu að samkvæmt vaxtalögum getur Seðlabankinn, að fengnu samþykki viðskrh., ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Og ég mun óska eftir því við Seðlabankann að þetta verði skoðað.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 680. mál. — Þskj. 1096.

[16:35]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hæstv. samgrh. hefur fylgt úr hlaði er um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Það er skemmst frá því að segja að vorið 2000, nánar tiltekið 13. maí, rétt fyrir þinglausnir, var samþykkt á Alþingi till. til þál. um vegáætlun 2000–2004, og um þá áætlun var mikil sátt. Sú tillaga var samþykkt af öllum þeim þingmönnum sem viðstaddir voru, tæplega 40 minnir mig. Þessi áætlun var náttúrlega byggð á þeirri langtímaáætlun sem Alþingi samþykkti í byrjun júní 1998.

Þessi áætlun er öðruvísi að því leytinu til, eins og hæstv. ráðherra minntist á áðan, að fyrir þinginu liggur frv. til laga um samræmda samgönguáætlun sem því miður er ekki útrætt en núna, við 3. umr., hefur komið fram tillaga um að m.a. vegáætlun og flugmálaáætlun verði gerðar aðeins til eins

árs, þ.e. fyrir árið 2002. Eins og ég segi er sú tillaga ekki samþykkt. Engu að síður held ég að það sé víðtækur stuðningur við hana hér í þinginu og þess vegna er það eðlilegt að vegáætlun sé gerð nú fyrir árið 2002, eins og reyndar hefur komið fram á fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar í hv. samgn.

Ég er út af fyrir sig hlynntur þessu og tel að þarna sé rétt að málum staðið, hefði þó talið allt í lagi að setja inn vegáætlun 2003 til hliðsjónar en á fundum í samgn. hefur komið fram að vafalaust muni það fylgja með í nál. samgn. til að sýna fram á — vegna þess að mörg verk fara yfir áramótin — hvernig Alþingi ætlar að veita fé á næsta ári. Samkvæmt boðun hæstv. samgrh. mun þessi samræmda samgönguáætlun sem sagt koma inn í þingið næsta haust, og þá verður tekið til við að búa til áætlun í takt við það sem þá liggur fyrir þar sem horft verður lengra fram í tímann.

Ég sagði áðan að við síðustu samþykkt, 13. maí 2000, hefði verið víðtæk samstaða um vegáætlunina. Hún tók töluverðum breytingum í meðförum samgn., frá því að hún var lögð fram, þar sem allmiklu fé var bætt við til vegamála og í raun og veru var töluverð flugeldasýning, skrautsýning, sett upp í framhaldi af því.

Þau áform voru ágæt, mjög góð. Þau sýndu fram á vilja til að verja auknu fé af sértekjum til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu sem margir þingmenn höfðu kallað eftir. Ég held að það hafi verið ágætt mál og gott enda studdi ég það. Þá var hins vegar ástandið í þjóðfélaginu þannig að allir helstu efnahagsspekúlantar þjóðarinnar komu fram á sviðið og vöruðu mjög við þensluáhrifum og lýstu áhyggjum af þessum miklu vegaframkvæmdum. Nú hefur dregist saman í efnahagsmálum, herra forseti, það hefur kólnað, þenslan er ekki eins mikil og þess vegna ættu hvorki þau áhrif að koma fram núna né áhyggjur. Engu að síður er nú sett inn frestun upp á tæpa 2,2 milljarða kr., þ.e. frestun á framkvæmdum núna fyrir 1,5 milljarða og frestun framkvæmda frá síðasta ári upp á 700 millj., sem koma inn núna. Samkvæmt þessu þarf að færa til verkefni sem eru í gildandi vegáætlun fyrir rúma 2,2 milljarða kr.

Þó að freistandi sé að segja „miðað við kólnun í efnahagslífinu og minni þenslu“ væri auðvitað mjög eðlilegt að auka við framkvæmdir í samgöngumálum og vegamálum á þessum tíma. En við það að hafa farið í gegnum þau gögn sem hafa fylgt með og við í samgn. höfum fengið er ekki svo gott að fara í gegnum það, aðallega vegna þess að mörg verk sem áttu að fara í gang á þessu ári hafa tekið miklu lengri tíma í hönnun en ætlað var, og að fara eftir öllum þeim lagabálkum sem á að fara eftir. Þess vegna eru mörg af þeim verkum bara hreinlega ekki tilbúin. Í raun og veru kemur sjálfkrafa inn töluverð frestun vegna þess að verk eru ekki tilbúin. Það hefur komið fram, herra forseti, að það taki Vegagerðina lengri tíma að búa verk til útboðs. Það er m.a. út af auknu samráði við aðila, mjög miklum og auknum kröfum og síðast en ekki síst vegna stóraukinna krafna um mat á umhverfisáhrifum. Þetta hefur leitt til þess, herra forseti, að undirbúningur verka tekur lengri tíma. Þess vegna eru mörg verk sem áttu að hefjast á þessu ári, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, ekki tilbúin til útboðs og verða það ekki fyrr en seint á þessu ári og jafnvel ekki fyrr en um áramót. Þess vegna e.t.v. er frestunin bara sjálfkrafa.

Þetta vildi ég aðeins draga fram, herra forseti, og það er sama hvort það eru hin fjölmörgu verkefni sem áttu að fara í gang á höfuðborgarsvæðinu, sjálfsögð og eðlileg verkefni eins og mislæg gatnamót og breikkanir á götum og vegum, eða framkvæmdir við jarðgöng. Þar liggur það fyrir, herra forseti, að framkvæmdir gætu ekki hafist fyrr en seint á árinu og þess vegna liggur það beinast við að niðurskurður verði á því fjármagni, þ.e. af þeim 1.450 millj., sem ætlað var í vegáætlun þessa árs. Engu að síður er það þannig sett upp að útboðsferlið og verkáætlunin eru í fullum gangi, forval á verktökum stendur yfir og verkið verður boðið út í heild sinni. Því ber auðvitað að fagna að þetta verk geti hafist þótt seint sé á þessu ári.

Sama á við um hin margvíslegu verkefni sem átti að vinna á höfuðborgarsvæðinu. Það sem hefur líka komið fram, sem kannski er öllu alvarlegra, er að svo virðist sem margar þær framkvæmdir sem eru í frekari hönnun taki til sín miklu meiri peninga en ætlað var, m.a. út af auknum kröfum eins og við mislæg gatnamót o.s.frv. Þetta eru bara hlutir sem rétt er að draga fram í þessari umræðu, herra forseti, og sem leiðir ósjálfrátt til þessa niðurskurðar upp á 2,2 milljarða. Ég held að miðað við efnahagsástand hefði frekar átt að gefa í við ýmsar framkvæmdir. En þetta var ákveðið við afgreiðslu fjárlaga og styðst því miður við þau rök sem ég hef hér farið yfir þar sem verk eru hreinlega ekki tilbúin til framkvæmda.

Herra forseti. Ekki gefst tími á þeim átta mínútum sem þingmenn hafa til að ræða þáltill. í þaula. Að öðru leyti er þetta mjög hefðbundin áætlun, bæði hvað varðar tekjuliðina, skiptingu á bensíngjaldi, þungaskatti og öðru slíku nema það kemur fram, miðað við fyrstu áætlanir, að bensíngjald lækkar en sérstakur þungaskattur, árgjald, hækkar að sama skapi. Það er sennilega þróunin sem á sér stað í landinu þar sem menn fara meira út í dísilbifreiðar.

Herra forseti. Eins og ég segi, á þessum stutta tíma gefst ekki tími til að fara yfir þessa áætlun frekar en þar sem ég sit í hv. samgn. bíð ég spenntur eftir því að geta farið að fjalla um þessa áætlun.

[16:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til fyrri umr. till. til þál. um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Eins og hæstv. ráðherra greindi frá nær þessi fjögurra ára áætlun aðeins til eins árs. Rökin sem hafa verið færð fyrir því eru að uppi eru hugmyndir, og liggja fyrir mál í þinginu, um að önnur skipan verði tekin upp á áætlunargerð í samgöngumálum, samræmd áætlun, bæði fyrir vegi, flug og sjóflutninga.

Sú fyrirhugaða skipan er að mínu viti skynsamleg og ég vænti þess að hún verði einungis til þess að styrkja og efla uppbyggingu samræmdra samgangna í landinu. Engu að síður tel ég, virðulegi forseti, að rétt hefði verið af hæstv. samgrh. að leggja fram till. til þál. um fjögurra ára vegáætlun eins og lög kveða á um. Vegáætlun hefur ætíð verið áætlun og framkvæmd hennar á hverju ári er bundin af því fjármagni sem veitt er til hennar á fjárlögum. Hins vegar hefur í henni verið fólgin ákveðin stefnumörkun um hvert framhald í áherslum skuli vera og það hefði verið mikilvægt og nauðsynlegt fyrir bæði vinnu, útboð og undirbúning á framkvæmdum að þarna væri horft til lengri tíma þó að fjármagn hvers árs skammti þá áfanga sem ráðist er í.

Þess vegna verð ég að segja, herra forseti, að ég tel þá framkvæmd að leggja fram till. til þál. um breytingu á vegáætlun, þessa fjögurra ára áætlun bara til eins árs, vera ranga nálgun á því viðfangsefni. Og sú afsökun sem hæstv. ráðherra hefur borið fram við því finnst mér heldur ekki

marktæk. Það er alveg ljóst að mun betra hefði verið að vinna áfanga til lengri tíma á grundvelli áætlunarinnar. Þótt vísað sé til þess að að sjálfsögðu verði tekið mið af þeirri vegáætlun sem var í gildi eða hefur verið í gildi til næstu komandi ára varðandi verkefni, þá hefði hreint og beint alveg eins verið gott að stilla upp fjögurra ára áætlun í vegamálum og hún síðan lotið breytingum á næsta ári eins og alþekkt er.

En kannski speglast þarna einmitt það að hæstv. samgrh. hefur ekki haft stuðning eða sýn til þess að treysta sér til að leggja fram samgönguáætlun til næstu ára. Kannski er það að speglast hér miklu frekar en sú afsökun sem borin hefur verið fram. Þetta vil ég, virðulegi forseti, gagnrýna í upphafi og tel ekki góð vinnubrögð að leggja fram frv. til aðeins eins árs sem senn er nærri hálfnað.

Þá vil ég víkja að vegáætluninni sjálfri. Í tillögunni eru í sjálfu sér ekki kynntar aðrar tölur en þær sem eru í áætluninni, en hins vegar hafa verið kynntar á öðrum vettvangi þær heildarniðurskurðarhugmyndir í vegáætlun sem ætlunin er að komi til framkvæmda á þessu ári, en heildarniðurskurðurinn er áætlaður liðlega 2 milljarðar kr. frá gildandi vegáætlun.

Ef litið er til ástandsins og stöðunnar í atvinnumálum, í verktakamálum og í vinnu við verkefni af því tagi sem vegagerð er nú, þá fyndist mér það einmitt vera athugandi af hálfu ríkisvaldsins að skera ekki niður framkvæmdir til vegamála og samgöngumála. Ljóst er að framkvæmdir við stórvirkjanir eins og fyrirhugaðar voru við Kárahnjúkavirkjun munu frestast um lengri eða skemmri tíma, a.m.k. koma þær ekki inn á þessu ári eða aðrar stórframkvæmdir sem þeim tengjast en sú virkjun eða framkvæmdir við þá virkjun voru undirliggjandi rök fyrir því að tefja framkvæmd við jarðgangagerðina, að varhugavert væri að taka mörg stórverkefni í einu á ári. En nú er ljóst að af þeim stórframkvæmdum sem tengjast virkjunum verður ekki og þá væri einmitt virkilegt svigrúm til að gera átak í jarðgangagerðinni.

Það eru heldur lítil rök að segja að undirbúningur sé ekki kominn nægilega langt til þess að hraða framkvæmdum þar. Ef sú stefna hefði verið tekin strax fyrir ári eða jafnvel fyrr að setja meiri kraft í undirbúning jarðgangagerðar, þá gætum við verið að ráðast í framkvæmdir á þeim brýnu jarðgöngum nú á þessu ári. Og þau vinnubrögð vil ég gagnrýna, herra forseti, að ekki skuli hafa verið lögð meiri áhersla og fyrr á undirbúning jarðgangagerðarinnar. Þegar við sjáum þá stöðu sem nú er uppi á Austurlandi að ekki eru líkur á að ráðist verði í Kárahnjúkavirkjun í bráð eða í framkvæmdir á Reyðarfirði sem tengdust fyrirhugaðri álverksmiðju þar þá hefði verið bæði samfélagslegt svigrúm og einnig líka mjög gott innlegg í byggðaaðgerðir þar að ráðast í stórverkefni á sviði samgöngumála í þeim fjórðungi sem hefur svo mjög verið dreginn á loforðum í samgöngumálum.

Virðulegi forseti. Ég vildi draga þetta hér fram. Ég vil að endingu einnig leggja áherslu á að niðurskurðurinn má heldur ekki koma niður á vegum um hinar dreifðu byggðir landsins. Í byggðaáætlun og öllum úttektum sem lúta að byggðaáhrifum er lögð áhersla á vegaframkvæmdir út um land. Og einmitt nú er ekki hvað síst ástæða til að gera þar aukið átak í vegaframkvæmdum í stað þess að skera þær niður. Ég tel það ranga nálgun í því efnahagsástandi sem er og í þeim verkefnum sem er brýnt að á verði tekið, að skera niður í vegamálum og ég mótmæli því.

[16:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ekki er hægt að segja annað en að það sé heldur dapurlegt tilefni sem við ræðum nú, þ.e. þessi sumarvegáætlun hæstv. samgrh. sem eftir dúk og disk er hér loksins á dagskrá þegar komið er langt fram í aprílmánuð, til að útdeila niðurskurði frá gildandi vegáætlun upp á 1.600 millj. kr. miðað við árið í ár og í raun til viðbótar því koma fyrir frestun frá síðasta ári upp á 700 millj. kr. Þegar farið er yfir sögu þeirra hluta þá er þetta ekki mjög trúverðugt eða traust, ef svo má að orði komast, að við afgreiðslu eða uppbyggingu síðustu vegáætlunar voru reistar miklar skýjaborgir. Það hefur gerst í tvígang á undanförnum árum að menn hafa ætlað sér að auka verulega fjárveitingar til samgöngumála og samgönguframkvæmda, ekki síst vegagerðar, með viðbótarfé eða sérstakri fjáröflun úr ríkissjóði og síðan eru þeir loftkastalar eða þær skýjaborgir, þau góðu áform eða hvað sem við köllum það meira og minna öll skorin niður og gerð að engu þegar til stykkisins kemur, þegar á á að reyna.

Og núna er nákvæmlega það að gerast, herra forseti, því miður, að fjármagnið samkvæmt hinni sérstöku fjáröflun sem menn gerðu nú ekki svo lítið með þegar vegáætlunin var hér til afgreiðslu fyrir tímabilið 2002–2004, þegar þetta átti einkum að skila sér í stórauknum framlögum, gufar eiginlega upp og eftir situr í grófum dráttum u.þ.b. svipað raungildi til framkvæmda og verið hefur að undanförnu. Þær glæstu vonir eru því allar að engu orðnar.

Ég vil einnig segja, herra forseti, að þessi tenging við einhverja meinta sölu ríkiseigna — mikið óskaplega fer þetta rugl í taugarnar á mér. Þegar veita á fjárveitingar úr ríkissjóði til einhverra opinberra verkefna, þá er eyrnamerking af þessu tagi út í loftið. Ef eignirnar eru ekki seldar, þá eru þær þarna í fyrsta lagi áfram og þau verðmæti þá til staðar, eins og forsrh. er nú óþreytandi að benda á með Landssímann. Og í öðru lagi er það auðvitað þannig að tekjurnar í ríkiskassanum, krónurnar þar, þekkjast ekki í sundur, hvort þær eru komnar inn í kassann vegna virðisaukaskatts eða sölu eigna eða af einhverjum öðrum ástæðum. Þetta er því bara spurning um forgangsröðun og áherslur í þeim efnum sem við eigum að ræða. Sem betur fer er ástandið ekki slíkt að einhver greiðsluþurrð sé eða einhver vandræði á að efna skuldbindingar ríkisins þó að það sé til samgönguframkvæmda, ef við erum þeirrar skoðunar að það sé pólitískt og efnahagslega skynsamlegt að ráðast í þær framkvæmdir og verja til þess opinberu fé. Í reynd er það svo að tekjustofnar Vegagerðarinnar mundu ráða mjög vel við þetta framkvæmdastig ef þeir hefðu t.d. verið látnir vera nær því að fylgja verðlagi að undanförnu. Ég viðurkenni að vísu að það hefur kannski ekki árað vel til þess að láta þá fylgja verðlagi á tímum bensínverðshækkana og vaxandi verðbólgu á allra síðustu missirum, en það er engu að síður umhugsunarefni að mikill slaki er orðinn og vantar verulega upp á að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar hafi fylgt vísitölum að undanförnu, t.d. byggingarvísitölu, og það hefur vissulega sín áhrif þegar frá líður ef þróunin er þannig að þetta gliðnar í sundur árum saman. Af hverju er það óskynsamlegt, herra forseti? Jú, það er vegna þess að umferðin vex og þörfin fyrir úrbætur á þeim sviðum vex. Og ekki batnar vegakerfið úti á landi og allra síst í þeim byggðarlögum sem hafa beðið úrlausna áratugum saman með handónýta malarvegi.

Ég held að ástæða sé til að minna á í þessu samhengi, herra forseti, hvernig ástandið raunverulega er í fjölmörgum

landshlutum. Ég nefni þar norðausturhornið og Vestfirði þar sem menn búa enn við það ástand að vera með bráðónýta malarvegi svo hundruðum kílómetra skiptir, sem hafa á undanförnum árum tekið á sig svo til alla þungaflutninga til og frá þeim landshlutum — því það er eitt afrekið að búið er næstum því að leggja niður strandsiglingar á Íslandi — og upp á malarvegina, ef hægt er að segja upp á því það er nú í sumum tilvikum nær að segja niður á malarvegina sem eru sums staðar neðan við yfirborð, hafa þessir flutningar farið. Og menn bíða og bíða eftir úrlausn.

Ég get því ekki sagt annað en það, herra forseti, að mér finnst niðurskurðurinn tilfinnanlegastur af öllu þegar kemur að hinum almennu vegaframkvæmdum sem mest ríður á að mínu mati að hraða sem nokkur kostur er þannig að allir landsmenn séu í nútímavegasamgöngum. Það er ekki þannig í dag. Það er jafnfráleitt að halda því fram og að þeir sem búa við langa malarvegi, svelta af viðhaldi, með takmarkað burðarþol þannig að það fer niður í sex tonna öxulþunga vikum saman á vori hverju, búi við nútímavegasamgöngur, það er svona sambærilegt og var að halda því fram um kerruslóðirnar áratugum eftir að bílar voru komnir til sögunnar. Ég held því, herra forseti, að við hljótum að flokka það undir mikið forgangsmál í vegamálum að hraða þeim almennu framkvæmdum þar sem þannig háttar til.

Auðvitað er líka brýnt að leysa erfiðustu flöskuhálsana, t.d. á höfuðborgarsvæðinu bæði vegna umferðarþungans og umferðröryggis. Það er alveg ljóst að hér eru blettir sem þarf að takast á við. Og sama gildir um einstök sérverkefni og stórverkefni eins og t.d. jarðgangaframkvæmdir. Ég tel það auðvitað mjög bagalegt og ekki síst í ljósi aðstæðna eystra að dregist hefur svo úr hömlu sem raun ber vitni að koma af stað næsta áfanga í jarðgangagerð hér í landinu. Það er komið margra, margra ára gat í þær framkvæmdir sem er mjög bagalegt vegna þess að okkur miðar náttúrlega nær settu marki ef við náum því að vera a.m.k. með eina framkvæmdaseríu í gangi á hverjum tíma. Sú frestun sem hér er verið að boða í raun og veru leynt og ljóst, t.d. á jarðgangaframkvæmdunum fyrir austan og norðan, er mjög tilfinnanleg.

Herra forseti. Ég hlýt þar af leiðandi að lýsa allverulegum vonbrigðum með að þetta skuli vera verkefnið og gagnrýna það óheppilega ráðslag að útdeiling þess niðurskurðar á einstök verkefni liggur ekki enn fyrir hér þegar farið er að falla fram að miðjum aprílmánuði, herra forseti, og einhverja daga þarf þingið til að skoða þetta. Auðvitað hlýtur það að vera óheppilegt vegna þeirra framkvæmda sem ætlunin hefur verið að ráðast í á þessu vori eða sumri og vinna á hagkvæmasta tíma ársins, og hefði þá auðvitað þurft að vera búið að undirbúa og bjóða út í mjög mörgum tilvikum.

Síðast en ekki síst, herra forseti, hefur þenslan ekki plagað menn út um landið og ekki verða sótt rök í það að það komi illa út efnahagslega eða hvað atvinnustig snertir að halda a.m.k. óbreyttum dampi í almennum vegaframkvæmdum um landið. Það er fjarri öllu lagi. Hvernig sem á málið er litið, herra forseti, þá er það jafntilfinnanlegt að þessi skuli vera boðskapur sumarvegáætlunar hæstv. ráðherra, að útdeila niðurskurði upp á 1,5 milljarða, sem er þó nær því að vera 2,2 milljarða kr. niðurskurður.

[17:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla bara að taka undir það að auðvitað er slæmt þegar fresta þarf framkvæmdum. Ég vil láta það koma skýrt fram að á mjög mörgum svæðum á landsbyggðinni er sannarlega þörf á miklum framkvæmdum í vegamálum. Ég reyndi að fara yfir þetta áðan. Eftir fund sem forsvarsmenn Vegagerðarinnar áttu með samgn. þar sem farið var yfir ýmis af þessum gögnum sem fyrir liggja kom mér á óvart, eins og ég sagði áðan, hve mörg verkefni sem áttu að hefjast á þessu ári eru ekki tilbúin. Ég fór yfir það hérna áðan og þeir vegagerðarmenn fóru yfir það hvers vegna svo er, og ég ætla ekki að bæta því við. En ég staldraði við eitt í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og vil spyrja hann aðeins út í það. Hann talaði um tekjustofna Vegagerðarinnar, þessa mörkuðu tekjustofna, bensíngjald, kílómetragjaldið í þungaskatti og árgjaldið í þungaskatti. Hann sagði að það hefði ekki fylgt vísitölu. Sannarlega er það rétt að það hefur ekki gert það og það dregur úr möguleikum Vegagerðar til framkvæmda. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Ekki hefðum við viljað halda áfram að hækka bensíngjald og hækka bensín til þess að fá meiri tekjur til Vegagerðarinnar, er það? Ég verð líka að segja að auðvitað dró úr framkvæmdagetu Vegagerðarinnar þegar við lækkuðum þungaskattinn um 10% ekki alls fyrir löngu. Var hv. þm. nokkuð að segja að hann væri á móti því að spornað væri við því?

Ég get örugglega verið sammála hv. þm. um að Vegagerðin þarf frekari tekjustofna. Ég sagði það hér áður þegar við ræddum vegáætlun að mér finnst að Vegagerðin hefði á uppgangstímanum og þenslutímanum átt að fá töluvert meira af innflutningsgjöldum af bifreiðum, ekki eingöngu af bensín- og þungaskatti, heldur innflutningsgjöldum af bifreiðum til þess að auka möguleikana til þessa.

En ég vildi aðeins spyrja hv. þm. um þetta með tekjustofnana þar sem hann taldi að þeir hefðu ekki fylgt vísitölu, sem er sannarlega rétt.

[17:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. hefur bundið vonir við að hann drægi hér út úr mér yfirlýsingu um að ég vildi hækka bensínið enn þá meira og lemja síðan á mér fyrir það að ég hefði viljað hækka hér verðbólgu og auka flutningskostnað á landsbyggðinni með hærri þungasköttum þá verður hv. þm. fyrir vonbrigðum. Ég tók skýrt fram að ég viðurkenndi alveg þær verðlagsforsendur og þær aðstæður sem hefðu verið gagnvart þessu á undanförnum missirum þar sem bensínverð hefði verið á uppleið og þar af leiðandi hefðu menn séð enn þá meiri hækkanir ef þeir hefðu samtímis reynt að láta þessa tekjustofna Vegagerðarinnar fylgja verðlagi. En það er staðreynd engu að síður, sem meira að segja er í greinargerð þessa frv., að þetta hefur ekki verið hækkað síðan 1999. Það munar auðvitað um það að þarna er orðið verulegt bil á milli.

Ég tel einnig að til skoðunar hljóti koma hlutföllin milli skattlagningar í þágu Vegasjóðs, þ.e. þeirra hluta bensíngjalds sem fara í Vegasjóð og þess hluta sem er hreinn tekjustofn fyrir ríkið. Ef við tökum skattlagningu á umferðina í heild þá er hún 25–30 milljarðar í heild sinni. (**Gripið fram í:** 26.) Já, 26 upplýsir hér glöggur maður. En af því rennur til vegamála, eins og við vitum, ekki nema undir helmingur, því tekjustofnar Vegagerðarinnar skila henni 11 milljörðum kr. eða svo, 10–12 milljörðum kr. um þessar mundir. Við þær aðstæður t.d. að ríkið er svo að afsala sér tekjum með skattalækkunum til hátekjufólks og fyrirtækja, gæti þá ekki ríkið látið það vera en leyft Vegasjóði að fá hlutfallslega meira af þeim sköttum sem lagðir eru á umferðina í dag? Það væri einn góður möguleiki að endurskoða

þessi hlutföll. Til eru ýmis fleiri úrræði en bara þau að hækka beint gjöldin sem renna til Vegasjóðs sjálfs miðað við óbreytt hlutföll. Það sem ég er að draga athygli að er þessi þróun og minni á þá miklu þörf sem er fyrir framkvæmdir og úrbætur á þessu sviði og það kostar jú peninga eins og við vitum báðir, ég og hv. þm.

[17:04]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér líður miklu betur eftir þetta andsvar hv. þm. Ég held að við séum alveg á sömu línu hvað þetta varðar. Það gladdi mig mjög varðandi tekjustofna Vegagerðarinnar að það var ekki þannig meint að bensínverð og þungaskattur hefðu átt að hækka.

Hér hefur komið fram að skattlagning af umferðinni, ef það er rétt, sé í kringum 25–26 milljarðar kr. Við sjáum svo hvað rennur til vegamála. Því er það auðvitað hárrétt, og um það erum við vafalaust sammála, að gefa þarf betur í með framkvæmdir í vegamálum víða á landsbyggðinni og við erum sammála um að þessi upphæð þurfi að aukast og vegaframkvæmdir þurfi að fá meira af þessum 26 milljörðum kr.

Hér kom t.d. fram í gær í umræðu um umferðaröryggismál að heildarumferðarlagasektir sem innheimtar eru hjá ríkissjóði séu í kringum 300 millj. kr. Lítið sem ekki neitt, ef bara nokkuð af því, rennur til umferðarmála í raun og veru eða umferðaröryggismála. Við sjáum í hvaða óefni þarna er komið þar sem ekki er markaður tekjustofn til umferðaröryggismála af þessum sektum. Það hefur komið fram, svo við tökum eitt dæmi þó það sé ekki beint skylt þessu, að þó Reykjavíkurborg taki sig til, kaupi umferðargæslumyndavél og setji upp við gatnamót, sem getur svo blikkað á þá keyra yfir á rauðu ljósi eða annars staðar t.d. í jarðgöngum þegar menn keyra of hratt — sem Reykjavíkurborg keypti að vísu ekki — þá renna þær umferðarlagasektir beint til ríkissjóðs en fara ekki í það að kaupa fleiri myndavélar eða þess háttar. Þetta er enn eitt dæmið um skattlagningu af umferð sem fer ekki til þess að skila okkur betri umferðarmenningu og svo er það sá skattpeningur sem tekinn er af umferðinni en rennur ekki í nægilega miklum mæli til vegamála.

[17:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held reyndar að sektirnar muni kannski ekki draga langt í þessu þó þetta geti verið grundvallarmál, prinsippmál, þ.e. ef einhver er að auka eftirlit og leggja í kostnað af þeim sökum þá er dálítið ankannalegt að tekjurnar renni annað. En ætli það sé ekki stóra skattlagningin sem mestu skiptir þarna. Þar eru hlutföllin þessi og hallað hefur á Vegasjóð. Það er alveg ljóst að hann fær hlutfallslega minna til sín miðað við heildarskattlagningu af umferð en hann gerði þegar best lét. Það er alveg ljóst. Vegna þess hvað þörfin er brýn og aðkallandi víða, vegna þess hve umferðin vex, af umhverfisástæðum og hvernig sem á málið er litið, eru í raun ekki efni til annars en að ráðstafa þessum fjármunum til framkvæmda. Ég er enginn sérstakur talsmaður þess — svo það misskiljist heldur ekki — að lækka eitthvað skattlagningu af umferð. Ég tel að hún eigi að vera mikil m.a. vegna þess að þar þarf gríðarlegar framkvæmdir og það er dýrt. Og það hefur líka umhverfisáhrif ef umferð vex upp úr öllu valdi, ekki síst í þéttbýlinu.

Varðandi það sem kom fram áðan um að mörg verk væru einfaldlega ekki tilbúin og þess vegna væri kannski þessi samdráttur ekki eins tilfinnanlegur þá verð ég að segja að eigi það við um einhver af stærri verkefnunum, sem ég gef mér þá að sé verið að vitna til, þá skapar það ekki mikið vandamál ef vilji er fyrir hendi til þess að halda framkvæmdastiginu uppi. Það bíður miklu meira en nóg af brýnum verkefnum í almennri vegagerð sem hægt er að ráðast í staðinn, svo sem endurbygging vega þar sem ekki er verið að víkja að neinu ráði frá vegarstæðinu og styrking og lagning slitlags. Því þarf ekki að nota það sem afsökun eða skálkaskjól fyrir því að verkefni vanti eða ekki sé hægt að ráðst í verkefni vegna þess að ekki sé búið að gera umhverfismat eða vegna þess að gerð útboðsgagna sé svo flókin o.s.frv. Það er nóg til af öðrum verkefnum þar sem hvorugt á við og hægt er með nokkurra vikna fyrirvara að ráðast í mjög brýnar framkvæmdir. Það er þá bara að snúa sér að því að færa fjármunina yfir í það.

[17:09]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Till. til þál. um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004 er hér til umræðu og ekki er nema von að menn skiptist á skoðunum í því efni og sitt sýnist hverjum. Komið var inn á það áðan að tekjur af umferðinni væru um 26 milljarðar og ekki kæmu til vegamála nema 11–12 milljarðar af því. En menn mega ekki gleyma því að annað og meira þarf til þegar horft er á tekjur vegna umferðar. Það er ekki bara hægt að láta það allt renna til vegamálanna sjálfra vegna þess að einu og öðru sem hlýst af umferðinni þarf að mæta öðruvísi en þannig að það renni allt til brúargerðar, mislægra gatnamóta eða vegakerfis með bundnu slitlagi.

Hér hefur verið rætt um nauðsyn á frekari framkvæmdum vegna umferðar á höfuðborgarsvæðinu og það er rétt. Hitt er annað mál að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa gert ákveðnar tillögur um framtíð og framgang þeirra mála sem stangast nokkuð á við það sem veitt hefur verið í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu á umliðnum árum. Það er auðvitað mál sem þarf að taka til frekari umfjöllunar því sveitarfélögin gera kröfu til verulegs umframfjármagns vegna þeirra framkvæmda.

Hér var komið aðeins inn á frestun framkvæmda vegna þess að sveitarfélög hafi ekki skilað sínum heimaverkefnum. Vil ég þar sérstaklega nefna mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar þar sem fara um 80 þúsund bifreiðar á dag. Ég held að það sé einsdæmi, en á fjárlögum fyrir tveimur árum voru eyrnamerktar 200 millj. til væntanlegra framkvæmda við mislæg gatnamót í Reykjavík. En ótiltekið var hvar þau yrðu vegna þess að verið var að bíða eftir því að borgaryfirvöld kæmu sér saman um það hvernig ætti að byggja þetta mikla mannvirki. Nú skilst mér að það sé þó í burðarliðnum og að menn séu á eitt sáttir um það hvernig eigi að halda á þeim málum og betur er að svo sé þegar litið er til þess, eins og ég sagði hér áðan, að þarna er gífurleg umferð, um 80 þúsund bílar á dag.

Hæstv. samgrh. kom hér líka inn á aðrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem eru mjög nauðsynlegar, t.d. við þær leiðir sem liggja út úr höfuðborginni. Sú staðreynd blasir t.d. við að Akurnesingur á leið til Reykjavíkur er jafnlengi að keyra frá Akranesi til Mosfellsbæjar og frá Mosfellsbæ í miðborg Reykjavíkur. Það kemur náttúrlega til af því að mikið umferðarálag er á Vesturlandsveginum, 18–19 þúsund bílar á dag. Menn horfa samt til Reykjanesbrautar og telja að hún eigi að njóta forgangs, en um hana aka um 7–8 þúsund bílar á dag. En svona eru menn að deila um hvað sé

best. Síðan koma þingmenn hinna dreifðu byggða og ég skil þá vel þegar þeir tala um að þar þurfi að taka myndarlega á.

Hér talaði síðasti ræðumaður, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, um að það hefði nánast verið tekið svo á vöruflutningum að þungaflutningum hafi verið komið niður á vegina. Ég er alveg sannfærður um að auðvitað er meining þingmannsins allt önnur en felst í þessum orðum sem hann segir. Tíminn gerir þessar kröfur og tímarnir hafa breyst eins og ég hef áður sagt. Fólk vill fá vöruna fyrr og á annan hátt en með strandsiglingum. Það vill fá matvöruna löngu áður en dagsetning vörunnar, þ.e. síðasti söludagur, rennur út o.s.frv. Fólk sem pantar vörur í dag vill fá þær á morgun en ekki eftir viku. Þessi þróun er auðvitað ný og henni þarf að mæta. En það gerist ekki í fjárhagsáætlun til vegamála af þeim krafti sem hér er talað um.

Rætt var um það áðan að eðlilegt væri að sektir vegna umferðarlagabrota rynnu í Vegasjóð. En á það má einnig benda að Vegagerðin leggur allverulegar upphæðir til öryggismála og öryggigæslu á vegum og er það auðvitað vel.

Það er rétt sem hér hefur verið komið inn á að þröskuldar eru hér á höfuðborgarsvæðinu sem auðvitað þarf að taka á. En við þingmenn Reykjavíkur gerum okkur líka fulla grein fyrir því að það þarf að taka tillit til vega úti á landi og jafnframt þarf að vinna að uppbyggingu og lagfæringu þeirra. En ekki er hægt að sinna öllu því sem menn vilja gera og fjármagn sem til þessara hluta er lagt er takmarkað. Það er því verk samgn. og líka þingmanna kjördæma, sem munu hefja störf í dag eða næstu daga með Vegagerðinni, að raða niður þeim verkefnum sem mest brennur á. Ég held að það sé mjög gott fyrirkomulag að alþingismenn hafi fingurna á púlsi umferðarinnar og þeirra óska sem helst brenna á í hverju kjördæmi.

Herra forseti. Það er vissulega verk að vinna fyrir samgn. að taka á þessum málum. Við munum fjalla um þessa till. til þál. og vona ég að við getum unnið úr henni þannig að allir megi nokkuð sáttir við sitja.

[17:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil bæta örfáum atriðum við í fyrri umr. um vegáætlun og vildi heyra skoðun hæstv. ráðherra á þeim.

Í fyrsta lagi velti ég fyrir mér þessu mati á stöðu verklegra framkvæmda. Nú þegar ljóst er að ekki verður ráðist í stórvirkjanir á Austurlandi eins og ráð var fyrir gert, er þá ekki einmitt tækifæri til að endurskoða þessar niðurskurðarhugmyndir? Þessar niðurskurðarhugmyndir sem hér eru inni eru gamlar, voru kynntar sl. haust við fjárlagagerðina. Þá var einmitt horft til að ráðist yrði í virkjunarframkvæmdir og því erfitt að hafa þetta undir að auki. En nú er það breytt. Sömuleiðis eru horfur á að það gæti verið hagkvæmt að bjóða út eða fara í stórverkefni á þessum tíma. Eða hver er staðan í verktakabransanum þegar kemur að vegagerð?

Við höfum áður rætt vegaframkvæmdir, að taka þurfi tillit til almennrar stöðu í verktakarekstrinum og starfseminnar þar og sömuleiðis stöðunnar í þjóðfélaginu í heild hvað varðar og áhrif verkefnanna á þenslu. Hver er staðan í dag? Væri ekki skynsamlegra að ráðast nú í aukin verkefni og minnka þennan niðurskurð? Ég spyr: Hefur þetta verið athugað? Hefur þetta verið kannað? Ég vildi heyra mat hæstv. ráðherra á því. Eins og ég sagði eru þessar niðurskurðartölur frá því í haust.

Ég tek fram að ég tel að vegaframkvæmdir eigi í sjálfu sér ekkert að tengjast sölu á ríkisfyrirtækjum. Ég tel fáránlegt að tengja þær því. Ef tengja á vegaframkvæmdir sölu Landssímans þá hefur ekki orðið af því. Landssíminn er áfram eign þjóðarinnar, prýðileg eign sem bætir veðhæfni þjóðarinnar til að taka lán til framkvæmda þar sem af sölu hefur ekki orðið. Ég vildi nú spyrja að þessu.

Í öðru lagi eru það stórframkvæmdirnar. Ég hefði t.d. viljað sjá að vegurinn um Þverárfjall hefði komið inn sem stórframkvæmd og fjármagn ætlað í hann og vil spyrja hæstv. ráðherra um hann. Hver er staða vegarins um Þverárfjall? Verður hann flokkaður sem stórframkvæmd svo til hans fáist fjármagn til þess að keyra áfram þær umbætur? Ég hefði gjarnan viljað sjá það gerast.

Ég hefði líka viljað, virðulegi forseti, heyra af stefnumörkun eða tillögum af hálfu samgrn. varðandi niðurskurð í vegaframkvæmdum. Verður skorið niður í framkvæmdum við tengivegina, safnvegina eða sveitavegina? Má búast við því að niðurskurður í vegaframkvæmdum komi þar niður? Það eru nú ekki svo miklir fjármunir sem lagðir eru í safn- og tengivegi eða þessa svokölluðu sveitavegi, að þar sé tilefni til að skera niður. Ég minni á að í umræðunni um byggðamál var ekki hvað síst lögð áhersla á uppbyggingu vega innan sveita til að styrkja þar samgöngur svo hægara verðir að sækja skóla, atvinnu og sinna aðdrætti. Ég vildi heyra hjá hæstv. ráðherra hvort einhver slík tilmæli séu varðandi ráðstöfun fjár til vegaframkvæmda um að beina niðurskurði á það litla framkvæmdafé sem ætlað er til sveitavega, tengi- og safnvega.

Hið sama gildir um brýrnar. Það hefur verið lögð þung áhersla á það í umræðunni á síðustu missirum og árum að útrýma einbreiðum brúm og að herða þar frekar á en hitt, sérstaklega á hringveginum og hættulegum aðalleiðum þar sem mikil slysahætta hefur verið af. Er fyrirhugað að beita þessum niðurskurði sem hér er verið að tilkynna á þann þátt? Ég held að það skipti máli í þessari umfjöllun hvar niðurskurðurinn verður. Ég segi fyrir mig að ég er andvígur því að honum verði beitt til að fresta brúarframkvæmdum, fresta því að breikka einbreiðar brýr. Í vegaframkvæmdunum eru ákveðin atriði sem mér finnst við eiga að standa vörð um, t.d. breikkun á einbreiðum brúm og þessi niðurskurður komi ekki þar niður.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði bara að bæta þessum atriðum við og spyrja hvort hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin hefðu farið yfir efnahagsástandið, yfir stöðuna á verktakamarkaði, hjá þeim sem helst mundu taka að sér framkvæmdir í vegamálum. Hvernig er staðan á þeim markaði nú og gefur hún ekki tilefni til að endurskoða niðurskurðinn, m.a. í ljósi þessa og annarra atriða sem ég hef nefnt?

[17:24]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Jón Bjarnason, kom inn á mikilvægt mál, þ.e. einbreiðar brýr. Það er mikil þörf á að breikka þær á þjóðvegi 1. En þá kemur að fjármagninu. Ég vildi benda hv. þm. á að 80 millj. eru ætlaðar til girðingaframkvæmda meðfram þjóðvegum og 40 millj. til reiðvega. Telur þingmaðurinn að e.t.v. væri rétt að nota það fjármagn, sleppa girðingum meðfram þjóðvegum og reiðvegum, og taka þar 120 millj. til að flýta tvöföldun brúa á þjóðvegi 1? Eða hvernig eigum við að finna fjármagn til þess að fara í þær fjölmörgu framkvæmdir sem hv. þm. kom hér inn á og taldi mjög brýnar?

Ég er alveg sammála honum í því að mörg verkefni eru mjög brýn en þegar fjármagn er takmarkað þarf auðvitað

að forgangsraða. Ég held að allir þingmenn séu að reyna að finna fleti á því að nokkur sátt megi ríkja um vegáætlunina sem hér er til umræðu.

[17:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að benda ítrekað á mikilvæga þætti í samgöngumálum og einmitt varðandi öryggismálin. Það er í sjálfu sér erfitt að gera upp á milli þeirra atriða sem hv. þm. var að nefna. Það sem ég var að leita eftir var hvort fyrirhugað væri að beita þessum niðurskurði á þær tiltölulega lágu upphæðir sem veittar eru til slíkra öryggismála, m.a. að girða af og verja veginn búfé og fækka einbreiðum brúm.

Ég minni á ágæta umræðu sem fram fór í gær um umferðaröryggismál þar sem lagt hefur verið fram metnaðarfullt frv. frá hæstv. dómsmrh. um að draga úr slysum í umferð á næstu árum. Það er metnaðarfullt frv. en með því verður ekki náð árangri nema umferðaröryggismálum verði forgangsraðað.

Ég vil spyrja hv. þm. á móti, sem ég geri ráð fyrir að hafi fylgst með umræðunni um umferðaröryggismálin í gær, hvort honum finnist þar einmitt ekki mikilvægt atriði í samgöngumálum sem ástæða væri til veita hærri sess við ráðstöfun á fjármagninu og verja ætti slíka þætti niðurskurði.

[17:27]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á öryggismálin. Það er einmitt kjarni málsins þegar spurt er: Af hverju ekki að hætta við girðingar meðfram þjóðvegi 1 og breikka frekar brýr? Þá kemur á móti að það er ákveðin hætta á ferðum ef við girðum ekki fyrir búpening meðfram þjóðvegi 1. Hið sama á við um reiðvegi. Það er mjög nauðsynlegt að koma hestamönnum og hrossum af þjóðveginum og við þurfum auðvitað fjármagn til að búa þeim brautir utan þjóðvega.

Eins og komið hefur fram áður eru um 26 milljarða tekjur af umferðinni. Við notum 11–12 milljarða af þeim til umferðarþáttarins. En stór hluti af því fer hins vegar í þann þátt öryggismála sem kannski er samfélagið, þ.e. hvernig við tökum á málum þegar slys verða. Það kostar fjármagn og hlýtur að vera eðlilegt að nýta þær tekjur sem verða af umferðinni til að koma til móts við hinn almenna skattborgara. Þá fjármuni hlýtur að mega nýta til að mæta þeim alvarlegu slysum sem verða í umferðinni. Þá komum að enn öðru sem er þyrla Landhelgisgæslunnar. Um hana er yfirleitt rætt sem björgunartæki sjómanna en hún er í fleiri tilvikum nýtt hér uppi á landi, vegna slysa í umferð og m.a. vegna erlendra túrista sem klífa fjöll. Þegar við tökum að spinna allan þennan vef ber okkur niður á ólíklegustu stöðum.

[17:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ágætis hugleiðing hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, formanni samgn.

Það sem ég vildi vekja athygli á er að hugsanlega séu svo miklir hagsmunir í húfi í vegaframkvæmdum, fyrir öryggismál á þjóðvegum, að ástæðulaust og rangt sé að skera niður fjármagn til vegamála, eins og hér er gerð tillaga um. Er það ekki rangt? Er það ekki líka rangt með tilliti til þjóðfélagsástæðna, þ.e. með tilliti til ástandsins á vinnumarkaðnum og þeirra verkefna sem fyrir liggja? Eru ekki margir samverkandi þættir sem segja að við ættum ekki að skera niður?

Ábending mín númer tvö var síðan að ákveðnar framkvæmdir ætti ekki að skera niður. Það var spurning mín til hæstv. ráðherra: Eru ákveðnir þættir varðir fyrir niðurskurði?

[17:31]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið rædd samræmd samgönguáætlun til tólf ára og nú ræðum við um vegáætlun sem á eingöngu að taka til þessa árs. Það er af tæknilegum ástæðum eins og farið hefur verið hér yfir, að til að koma á samræmdri samgönguáætlun þarf að stilla af í tíma vegáætlun í langtímaáætluninni. Lagt er til að skera niður framkvæmdafé til vegagerðar og ég tek undir þá gagnrýni að þetta sé ekki rétti tíminn, miðað við að aðeins hefur hægst á hjólum atvinnulífsins og því ber að verja það að ekki hægi of mikið á.

Ástæðan fyrir niðurskurðinum er sögð sú að ekki hefur gengið eftir sala á ríkisfyrirtækjum. Slík spyrðing á milli sölu ríkisfyrirtækja og á jarðgangagerðar finnst mér ekki vera rétt. Ég ætla aðeins, herra forseti, að fara nokkrum orðum um jarðgangaáætlunina og öryggismálin, en láta þetta að öðru leyti vera nokkrar athugasemdir og bíða frekar síðari umr. Það á eftir að fara vel yfir þessa vegáætlun.

En hvað varðar jarðgangaáætlunina, þá er líklegt að þar verði um frestun að ræða. Hún er beintengd sölu ríkisfyrirtækjanna, en þau jarðgöng sem núna eru í undirbúningi, jarðgöng á Austurlandi milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og fyrir norðan, svokölluð Siglufjarðargöng, eru samspyrt og þau á að bjóða út í einum pakka. Og, herra forseti, ég hef nefnt það áður að miðað við það ástand sem er á Austurlandi, þá verða nú þegar að koma inn örugg og stór verkefni og ég tel að jarðgangagerð á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar væri framkvæmd sem ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir. En ekkert er öruggt í hendi hvað varðar útboðið, að bjóða út saman þennan stóra jarðgangapakka. Það stendur misjafnlega á í verktakabransanum og það getur allt eins komið betur út að bjóða göngin út hvort í sínu lagi og ég tel rétt að leyfa frávik frá heildarútboði og sjá hvað kemur út úr því tilboði. Það er alveg hugsanlegt að ekki verði síðra fyrir ríkissjóð og framkvæmdaraðila að bjóða út hvort í sínu lagi. Þann valkost sjáum við ekki nema bjóða út með fráviki og sjá hvað kemur út úr tilboðunum.

En ég tek undir þær ábendingar sem hér hafa komið fram varðandi öryggisþætti í umferðinni. Þar þurfum við að huga að mörgum þáttum eins og einbreiðum brúm og við gætum horft til annarra þátta í ríkisútgjöldunum varðandi hugsanlegan niðurskurð eða hvar væri hægt að fá inn fé til vegagerðar til þess að skera ekki niður eins og nú er ætlað.

[17:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og þær ágætu undirtektir sem eru við það frv. sem hér er til umfjöllunar, þ.e. endurskoðun á vegáætlun. Ég vil fara nokkrum orðum um það sem hér hefur komið fram sem er út af fyrir sig ekki efnislega mikið sem þarf að svara eða gera athugasemdir við, en þó vil ég gera nokkur atriði að umtalsefni.

Fyrst um það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði að væri röng nálgun að leggja fram þessa breytingu sem nær eingöngu til ársins í ár. Ég vil aðeins rifja það upp að hér er um að ræða hlut sem ekki verður undan vikist vegna þess

að eins og fram hefur komið erum við að ganga inn í miklar breytingar sem fylgja lögum um samgönguáætlun, sem ég vona að verði að lögum á næstu sólarhringum. Lögin um samgönguáætlun gera ráð fyrir að í haust verði lagt fram frv. til nýrrar áætlunar sem leiðir það af sér að óhjákvæmilegt er að gera þá breytingu að taka eingöngu árið í ár. Það hefði í rauninni verið mjög óeðlilegt ef við hefðum farið að leggja fram núna fjögurra ára vegáætlun og umturna henni síðan í haust. Með því að samræma áætlanir, hafnaáætlun, vegáætlun, flugmálaáætlun og jarðgangaáætlun erum við að leggja upp með algerlega nýtt vinnulag og þess vegna er það ekki röng nálgun að leggja fram áætlun til eins árs við þær aðstæður.

Hv. þm. Jón Bjarnason gagnrýndi seinagang við undirbúning jarðgangaframkvæmda. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það.

Hvers vegna þurfum við að undirbúa og nota mikinn tíma í undirbúning framkvæmda við jarðgöng? Hér er um mjög stórar framkvæmdir að ræða sem þurfa m.a. að fara í gegnum umfangsmikið ferli umhverfismats. Og ég er mjög undrandi á því ef hv. þm. Vinstri grænna hafa á móti því að slíkt fari í gegnum vandað ferli umhverfismats, framkvæmdir eins og í Héðinsfirði. Þetta þarf allt saman langan tíma, langan aðdraganda, hönnun og undirbúningur, og ég tel að það sé allt með eðlilegum hætti, fyrir utan það að þetta eru svo stórar framkvæmdir sem um er að ræða að þær þurfa að fara í útboð á hinu Evrópska efnahagssvæði. Því er um eðlilegan framgang að ræða.

Hv. þm. Jón Bjarnason velti fyrir sér stöðunni á verktakamarkaðnum og ræddi um hvort ekki væri hægt að hraða framkvæmdum, bæta í fremur en að draga úr vegna þess að áform um framkvæmdir við virkjanir og stóriðju drægjust eitthvað. Þess er nú ekki farið að gæta enn á þessu ári og minnast má þess að við erum að fjalla um framkvæmdir á árinu 2002. Ekki hafði verið gert ráð fyrir mjög miklum framkvæmdum við virkjanir á þessu ári, þannig að ég held að forsendur fjárlaga sem við byggjum á við endurskoðun á vegáætlun standist hvað þetta varðar. Við töldum nauðsynlegt að draga úr ríkisútgjöldum til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs og afkomu hans og það er sú viðmiðun sem við þurfum að hafa inn í þetta ár.

Hv. þm. fjallaði nokkuð um Þverárfjallsveg og velti fyrir sér hvort hann væri partur af stórverkefnum. Svo er ekki. Þverárfjallsvegur var fjármagnaður með framlögum af almenna vegafénu úr kjördæminu, Norðurl. v., og hins vegar sérstökum framkvæmdum. Hins vegar er Norðurárdalsvegurinn hluti af stórverkefnaframkvæmdunum. Skiptingin er því þannig.

Þingmaðurinn velti fyrir sér frestun framkvæmda undir liðunum safnvegir og tengivegir. Það er nú mjög undir því komið hvernig þingmenn hvers kjördæmis stilla þessu upp, því það mun koma í hlut þingmanna kjördæmanna að leggja upp áformin um framkvæmdir þannig að af hálfu samgrn. er ekki lögð nein lína um það að dregið verði úr framkvæmdum við einn vegaflokk umfram annan. Það verður því algjörlega á ábyrgð og í höndum þingmanna kjördæmanna að gera tillögur um það til samgn.

Sama er um brúarframkvæmdir. Ekki eru nein sérstök áform um frestun þeirra, en það kemur í hlut þingmanna kjördæmanna að líta til þess.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór nokkrum orðum um tekjuöflun og nefndi sérstaklega það sem hv. þm. Kristján L. Möller tók upp, að slaka á tekjuöflun vegna Vegasjóðs. Og vissulega er rétt að það hefur ekki alveg fylgt verðlagi, en við höfum ekki treyst okkur til þess að hækka tekjur til vegagerðar umfram það sem við höfum gert samkvæmt fjárlögum og það er auðvitað skýringin á þeim slaka.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi tekjur vegna eignasölu og gagnrýndi það að hengja það saman. Ég tel að sérstaklega fyrir þau margvíslegu verkefni sem eru út um landið, svo sem eins og jarðgöng, þá hljóti það að vera af hinu góða í augum þingmanna sem hafa áhuga á framkvæmdum við jarðgöng að nýta fjármuni vegna eignasölu vegna þess að það er af mörgu að taka til að nýta tekjur ríkissjóðs. Ég er því ekki sammála þingmanninum að það sé neikvætt.

Það kom út af fyrir sig ekki margt fleira fram sem ég tel ástæðu til að gera að umtalsefni. Ég vil því í lokin endurtaka að ég þakka fyrir undirtektir þingmanna við afgreiðslu þessarar áætlunar og vænti þess að hv. samgn. taki til við að vinna og ljúka við áætlunina, þannig að okkur megi takast sem allra fyrst að afgreiða hana á þessu vori.

[17:44]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þær upplýsingar sem hann kom með í seinni ræðu sinni. Það sem ég vildi halda til haga er að jarðgöng, t.d. milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar eru búin að vera lengi á dagskrá. Það hefði því verið í lófa lagið, ef vilji hefði verið til, að undirbúa þau miklu fyrr. Það er í rauninni engin afsökun fyrir því og ekki er hægt að fela sig þar á bak við að framkvæma þurfi mat á umhverfisáhrifum, hægt hefði verið að gera það miklu fyrr.

Ég skil þó orð hæstv. ráðherra ekki þannig að hann vilji sleppa því ferli sem lýtur að mati á umhverfisáhrifum á slíkum stórframkvæmdum, ég vona að það sé ekki skoðun hans. Ég tel það alveg í hæsta máta eðlilegt að mat á umhverfisáhrifum stórframkvæmda sé bara eðlilegur liður og þurfi ekki að vera að skella sökinni á það ferli eitt sér í svona málum og vona að hæstv. ráðherra sé ekki á móti því að það sé gert, að þetta sé vandlega undirbyggt.

En eins og ég segi, jarðgöngin milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar eru búin að vera lengi á dagskrá og var þess vegna í lófa lagið að undirbúa þau miklu fyrr. Fyrir því er í rauninni engin afsökun annað en viljaleysi. Hins vegar er alveg rétt með jarðgöngin frá Siglufirði og inn í Ólafsfjörð, þau jarðgöng sem þar hafa verið fyrirhuguð hafa verið seinna á ferðinni varðandi undirbúning, en í sjálfu sér hefði líka verið hægt að flýta þeirri vinnu ef eindreginn vilji hefði verið til. Ég vil bara halda því hér til haga, herra forseti, að þarna hefði verið hægt að taka miklu myndarlegar á og fyrr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun árið 2002, fyrri umr.

Stjtill., 681. mál. — Þskj. 1097.

[17:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um flugmálaáætlun 2002.

Samkvæmt lögum um flugmálaáætlun ber að endurskoða hana á tveggja ára fresti. Sé tekið mið af því á að endurskoða þessa áætlun nú á þessu þingi. Þetta þýðir að óbreyttum lögum að samþykkja þarf nýja flugmálaáætlun áranna 2002–2005.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um samgönguáætlun og frv. um ýmis lagaákvæði er varða samgönguáætlun. Samkvæmt þessum frv. er gert ráð fyrir að næsta haust verði lögð fyrir Alþingi till. til þál. um samgönguáætlun og jafnframt um fjögurra ára áætlun. Hin nýja samgönguáætlun mun taka til áranna 2003–2014 og fjögurra ára áætlunin, sem í raun tekur við hlutverki hafnaáætlunar, sjóvarnaáætlunar, vegáætlunar og flugmálaáætlunar, mun ná til áranna 2003–2006.

Samgönguáætlun mun verða miklu víðfeðmari en fyrri áætlanir, þ.e. ætlunin er að í henni komi fram, auk fjárfestingaráætlana, yfirgripsmikil markmiðssetning um flesta þætti samgangna og horft verður mun lengra fram á veginn en áður, en þó með hliðsjón af ómetanlegri reynslu sem fengist hefur með langtímaáætlun í vegagerð. Með hliðsjón af því sem að framan er rakið verður hvorki talið hyggilegt né hagkvæmt að leggja fram flugmálaáætlun til fjögurra ára nú þegar hún einungis getur gilt til ársins 2002 þar sem samgöngunáætlun tekur yfir 1. jan. 2003. Með öllu verður því að teljast óþarft að ríkisstjórn og Alþingi fjalli um öll fjögur árin þar sem þrjú þeirra verða hvort sem er tekin fyrir á nýjan leik næsta haust eins og margsinnis hefur komið fram í umræðum um vegáætlun.

Hér er því lögð til þáltill. um flugmálaáætlun til eins árs, þ.e. 2002. Við það næst eðlilegt framhald vinnunnar að teknu tilliti til þess að framangreint lagafrv. verði samþykkt, sem ég geri ráð fyrir að gerist á næstu sólarhringum. Nái þetta fram að ganga skapast eitt vandamál sem þó er eingöngu formlegs eðlis. Undirbúningur framkvæmda tekur mun lengri tíma en áður og jafnframt gildir um stærri framkvæmdir að þær ná margar yfir meira en eitt ár. Því skapast óvissa um heimildir stofnana til þess að bjóða út framkvæmdir nú á þessu ári sem ná yfir næsta ár eða fleiri ár. Jafnframt skapast óvissa um sams konar framkvæmdir sem þegar hafa verið boðnar út á þessu ári en eru til lengri tíma.

Því er lagt til að með nál. samgn. um framangreindar áætlanir fyrir árið 2002 fylgi listi um slíkar framkvæmdir sem staðfesti þær heimildir sem um er að ræða. Drög að listum þessum verða send nefndinni sérstaklega. Enn og aftur skal tekið fram að hér er um formsatriði að ræða þar sem vænta má tillögu um samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar strax á upphafsdögum Alþingis næsta haust, þ.e. að samþykkt verði að festa þær heimildir sem þarf.

Samgn. hefur lagt fram frhnál. fyrir 3. umr. þar sem lagt er til nýtt bráðabirgðaákvæði er heimilar framangreint í frv. til laga um ýmis lagaákvæði er varða samgönguáætlun. Sú tillaga að flugmálaáætlun sem hér er lögð fram tekur mið af því að eingöngu er um eitt ár að ræða. Í henni er sett fram skilgreind áætlun um allar framkvæmdir á þessu sviði. Ég tel rétt að fara hér yfir þær helstu breytingar sem um er að ræða.

Áður en það er gert er rétt að víkja sérstaklega að einu atriði sem telja verður ógn við fjármögnun flugmálaáætlunar og snýr að þeim efasemdum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur látið í ljós að eigin frumkvæði en ekki er vitað til þess að aðilar úti í þjóðfélaginu hafi kvartað yfir. Eins og þekkt er telur stofnunin núverandi mun á flugvallargjöldum milli brottfara eftir því hvort áfangastaðurinn sé innan lands eða erlendis, ólöglegan. Flugvallargjald innan lands er 165 kr. á farþega en 1.250 kr. í millilandaflugi. Hér skal ekkert fullyrt um réttmæti efasemda ESA. En nái stofnunin þeim markmiðum sínum fram sem hún hefur kynnt er núverandi kerfi fjármögnunar flugmála á Íslandi í uppnámi og innanlandsflugið reyndar einnig hart leikið. Lausn á þeim vanda sem við þetta skapast er vandfundin eins og sakir standa.

Við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir frestun verkefna. Frestun á verkefnum flugmálaáætlunar nemur 68 millj. kr. Það skal tekið skýrt fram að hér er um að ræða frestun en ekki niðurfellingu verkefna enda er um að ræða skýrt afmarkaða tekjustofna sem farþegar greiða. Uppsetning flugmálaáætlunar tekur að hluta mið af væntanlegri samræmdri uppsetningu samgönguáætlunar og er það mitt mat að hin nýja uppsetning sé skýrari og aðgengilegri en áður.

Tekjuhlið flugmálaáætlunar er hefðbundin og er gert ráð fyrir að tekjur af flugvallargjaldi verði 721 millj. á þessu ári. Það er lítils háttar hækkun frá fyrra ári. Lántaka er hins vegar veruleg eða um 311 millj. kr. En samkomulag er um að viðkomandi lán verði greitt niður af framtíðartekjum flugmálaáætlunar. Hér fyrst og fremst um lántöku vegna framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli að ræða.

Í umfjöllun um gjaldahlið flugmálaáætlunar 2002 verður ekki undan því vikist að fjalla um Reykjavíkurflugvöll enda fara 76% af fjármagni hennar til þessarar miklu framkvæmdar sem var orðin löngu tímabær og er í raun ein af forsendum fyrir flugöryggi á Íslandi.

Framkvæmdir við endurbætur Reykjavíkurflugvallar hófust í október 1999, eftir að samkomulag hafði tekist milli samgrh. og borgarstjórans í Reykjavík um tilhögun framkvæmda, og miðað er við að þeim ljúki árið 2003. Framkvæmdir sem boðnar voru út og áætlað var að lyki í júlí 2002 eru endurbætur á flugbrautum, sem er feiknarlega stór framkvæmd, ný akbraut og endurbætur á eldri akbrautum, endurbætur á öryggissvæðum flugbrauta, nýtt afvötnunarkerfi, endurnýjun á öllum flugbrautar- og aðflugshallaljósum ásamt rörakerfi fyrir alla rafstrengi, ný fjarlægðar- og leiðbeiningaskilti við allar brautir, ný málning á öllum brautum. Annað sem verður unnið við er girðing umhverfis völlinn, sjósetningaraðstaða fyrir björgunarbát, lokafrágangur ljósa og skilta ásamt uppsetningu veðurmælibúnaðar við völlinn.

Ég ætla ekki á þessum vettvangi að hefja á nýjan leik umræður um staðsetningu vallarins. Um það hefur þegar verið svo mikið rætt og ritað. Ég bendi á orð forstjóra Flugfélags Íslands á málþingi um samgönguáætlun nú nýverið þar sem fram kom sú skoðun hans að verði af flutningi innanlandsflugsins frá Reykjavíkurflugvelli muni það leggjast af í núverandi mynd með tilheyrandi röskun á búseturskilyrðum víða á landsbyggðinni. Svo mikilvægur er Reykjavíkurflugvöllur í augum forsvarsmanna Flugfélags Íslands.

Eins og áður sagði er meginþungi framkvæmda á þessari flugmálaáætlun á Reykjavíkuflugvelli. Gert er ráð fyrir lántökuheimildum, eins og áður sagði, til fjármögnunar utan flugmálaáætlunar. Lán þessi verða síðan endurgreidd af tekjum flugmálaáætlunar fram undir árið 2009. Því er ekki gert ráð fyrir nema tímabundinni fjármögnun ríkissjóðs til þessa mikla verkefnis. Nánar verður gerð grein fyrir þessari áætlun í till. til þál. um samgönguáætlun 2003–2014, en þá verður í reynd mögulegt að staðfesta slíkar langtímaheimildir í fyrsta skipti.

Þó að meginþungi framkvæmda að þessu sinni sé á Reykjavíkurflugvelli verður að nefna að lögð er til veruleg fjárveiting til Akureyrarflugvallar, um 25,9 millj. kr., og er þar innifalin undirbúningsfjárhæð vegna deiliskipulags og hönnunar vélageymslu sem fyrir löngu er orðin tímabær framkvæmd á Akureyrarflugvelli.

Á Ísafjarðarflugvelli er gert ráð fyrir byggingu nýs flugturns þar sem sá gamli er mjög lélegur og aðstaða ófullnægjandi. Kostnaður vegna þeirrar framkvæmdar er áætlaður 10 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir því að undirbúa lengingu flugbrautarinnar á Þingeyri, en Þingeyrarflugvöllur er afar mikilvægur vegna flugs til Vestfjarða þegar aðstæður leyfa ekki lendingu á Ísafjarðarflugvelli. Er því nauðsynlegt að horfa til uppbyggingar þessara flugvalla, Ísafjarðarflugvallar og Þingeyrarflugvallar, samtímis.

Margt bendir til þess að kostnaður vegna flugverndar eigi eftir að aukast verulega á næstu árum. Innan ESB er verið að semja reglur um þetta efni sem einnig munu gilda innan Evrópska efnahgssvæðisins. Ekki er enn þekkt hversu víðtækar þær verða og til hversu mikils hluta af innanlandsflugi þær muni ná.

Í þessari tillögu að flugmálaáætlun 2002 er gert ráð fyrir að á árinu verði keyptur vopnaleitarbúnaður og aðstaða byggð vegna leitar á farþegum og í handfarangri fyrir 20,2 millj. kr. á áætlunarflugvöllum þaðan sem millilandaflug er stundað. Hvorki er í þessari áætlun gert ráð fyrir fjármagni til kaupa á vopnaleitarbúnaði vegna innanlandsflugs né til leitar í lestarfarangri, en niðurstaða Evrópusambandsins um kröfur til slíks búnaðar mun væntanlega liggja fyrir síðar á þessu ári.

Ef ýtrustu kröfur ná fram að ganga um flugvernd í innanlandsflugi gæti árlegur kostnaður numið 300–400 millj. kr. á ári. Kostnaðurinn sem af þessu hlýst mun væntanlega liggja fyrir síðar á þessu ári. Verði það niðurstaðan þarf að taka sérstaklega upp þá fjármögnunarkosti sem fyrir hendi eru en víst er að það verður erfitt verkefni og þá ekki síst ef innheimta flugvallargjalda verður einnig í uppnámi þar til viðbótar.

Nokkrum verkefnum hefur verið frestað frá gildandi áætlun. Ber þar helst að nefna að endurnýjun aðflugsbúnaðar á flugbraut 13 er frestað og byggingu tækjageymslu á Akureyrarflugvelli er frestað að hluta, en undirbúningur verður hins vegar á áætluninni. Til viðbótar má nefna að komið hefur bakslag í áform um næturaðflug á Ísafirði vegna tæknilegra orsaka. Er það miður því að næturflug á Ísafirði hefði verið afar mikilvægt. En fátt bendir til þess að sá möguleiki verði fyrir hendi.

Vinna samgn. nú fram undan mun m.a. felast í að fara yfir þær tillögur að frestun verkefna sem fyrir liggja á þessu ári, taka afstöðu til þeirra og fjalla um möguleika þess að ljúka framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll á þessu ári. Rétt er hér einnig að minna sérstaklega á framkvæmdir sem geta staðið fram á næsta ár og fjalla þarf um í ljósi þess að verið er að breyta aðeins einu ári eins og fyrr var getið. Í þessu samhengi er vísað til þess sem hér hefur verið sagt á undan.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að þáltill. verði vísað til hv. samgn. og síðari umr.

[17:59]

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög, 546. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1172.

Gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð, 712. mál, fsp. KolH, þskj. 1174.

Hlutafélög, 547. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1171.

Útlendingar, 433. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1173.

[17:59]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. hefur fylgt úr hlaði till. til þál. um flugmálaáætlun sem í raun hefði átt að vera, eins og venja er til, fyrir næstu fjögur ár en er gerð til eins árs í takt við það sem við ræddum um áðan í tengslum við vegáætlun.

Það þarf auðvitað ekki að taka það fram en þó er rétt að halda því til haga að þetta er náttúrlega gert vegna breytinga sem er verið að undirbúa, þ.e. að búa til eina stóra samgönguáætlun, að sníða þessar áætlanir sem við þurfum að gera núna til að geta gert samræmda samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, með fjögurra ára áætlun fyrir árin 2003–2006. Ég hef áður lýst yfir stuðningi við málið eins og það liggur fyrir og vænti þess að umræðunni um það ljúki hér á eftir. Hér er eingöngu verið að ræða um áætlun fyrir 2002 og eins og kom fram í ræðu hæstv. samgrh. er bagalegt að 2003 og 2004 skuli ekki vera þarna inni. En það kom líka fram að í nál. samgn. komi fram áætlun til þess að ekki skapist óvissa um framkvæmdir næstu ára eða útboð á þessu ári sem nái yfir næsta ár einnig.

Þetta er eins og ég segi, herra forseti, í takt við það sem við höfum verið að ræða um vegáætlun og þarf ekki að ræða frekar, þetta er sjálfsögð aðlögun. Í raun og veru má segja að umræðan, hin stóra og mikla umræða um hvort sem er vegáætlun, flugmálaáætlun, sem mun þá væntanlega heita samgönguáætlun frá og með næsta hausti, frestist fram á næsta haust.

Í þeirri till. til þál. sem hér er flutt er þetta á hefðbundinn hátt, nema hér er sett inn upphæð upp á frestun framkvæmda um 68 millj. kr. sem er lítil upphæð af þeim 3,4 milljörðum sem í áætluninni eru. Þær miklu framkvæmdir sem staðið hafa yfir á Reykjavíkurflugvelli taka auðvitað langmest af þeim peningum og lántaka upp á 331 millj. sem þar kemur inn er einnig hér inni.

Um tekju- og gjaldahliðina þarf ekki að ræða mikið. Þetta er á hefðbundinn hátt. Tekjur af alþjóðaflugþjónustunni eru tæpar 1.400 millj. kr. sem sýnir hversu mikilvæg hún er íslensku atvinnulífi, hve sú alþjóðaflugþjónusta er mikilvæg í samgöngumálum okkar Íslendinga í raun og veru. Í ræðu hæstv. samgrh. kom fram um þau mál sem ESA er að fjalla um, þ.e. um mismuninn á flugvallagjaldinu milli millilandaflugs og innanlandsflugs, eða 1.250 kr. í millilandafluginu og 165 kr. í innanlandsflugi, að vissulega setur það þetta mál mjög í uppnám. Ég ætla rétt að vona að ekki komi til sá niðurskurður að við þurfum að fara að hækka slíkar álögur á innanlandsflugið, nóg kostar innanlandsflugið í dag samt sem áður, farseðlarnir, og nógu mikill er nú taprekstur flugfélaganna við að sinna þessu.

Hér kemur hins vegar fram, herra forseti, að til verkefnisins Viðhald og styrkir eða Viðhaldssjóðir, eru eingöngu ætlaðar 17 millj. kr. Í skýringum kemur fram að sú upphæð þyrfti að vera 50–60 millj. kr. Þetta er mjög bagalegt og við höfum rætt það hér áður. Þetta er m.a. að mig minnir vegna tilflutnings á peningum frá þessum lið til öryggismála í fluginu. En fram kemur hér að sú upphæð þyrfti að vera 50–60 millj. kr. á ári í þau venjubundnu viðhaldsverkefni sem eru

tengd malbiki, klæðningu og málningu á flugbrautum og auðvitað er þetta allt of lág upphæð.

Einnig kom fram að við skulum sannarlega búa okkur undir það að við munum fá á okkur miklar og harðar kröfur frá alþjóðaflugsamfélaginu ef svo má að orði komast vegna flugverndar. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þessi mál eru öll á fleygiferð út um allan heim eftir hin miklu hryðjuverk sem framin voru 11. september. Ef það verður virkilega þannig eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra, að árlegur kostnaður Íslendinga gæti aukist um 300–400 millj. kr. vegna þessa, þá er nú rétt að halda því aðeins til haga hvað hin hryllilegu hermdarverk sem framin voru 11. september muni kosta alþjóðasamfélagið.

Herra forseti. Í sambandi við framkvæmdir á einstökum flugvöllum er þetta rætt og rætt er um Reykjavíkurflugvöll og að útlit er fyrir að þær framkvæmdir fari 115–120 millj. kr. fram úr áætlun. Hér er einnig rætt um framkvæmdir á Akureyrarflugvelli við að endurnýja búnað í flugturni og skipta um stjórnbúnað í flugturni til að bæta þar vinnuaðstöðu og það er vel. Við sem ferðumst mikið út á land höfum auðvitað orðið vör við þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á flugstöðinni á Akureyri, sem ég tel að hafi tekist ákaflega vel, þó þær séu ekki endanlega búnar. Það sem þar hefur verið gert er til mikillar fyrirmyndar. Hins vegar verður að halda því til haga að deiliskipulag á svæðinu hefur ekki verið gert og ég held að ekki sé hægt að fresta því lengur, enda er gert ráð fyrir 3 millj. kr. í þann lið á árinu 2002, þó ég hafi nú ákveðnar efasemdir um að mikið verði gert fyrir þær upphæðir til að vinna slíkt deiliskipulag, en það er ákaflega brýnt að vinna það til þess að hanna megi og byggja vélageymslu sem er ákaflega mikilvægt.

Þess má einnig geta í sambandi við flugöryggisútbúnaðinn að aðflugsratsjáin sem staðsett er rétt hjá flugvellinum er orðin 27 ára gömul og er því komin til ára sinna. Hún var þó aðeins bætt með breyttri skiparatsjá. Þetta er útbúnaður sem er ekki í takt við nútímann og gerir það m.a. að verkum að þessi ratsjá á stundum erfitt með að greina í sundur endurkast frá flugvélum eða endurkast frá úrkomuskýjum, svo því sé nú haldið til haga. Auðvitað er þetta ófremdarástand sem þarf að bæta.

Það er rétt, það er sannarlega slæmt ef ekki verður hægt að hefja næturflug til Ísafjarðarflugvallar, það er auðvitað bagalegt.

Um ýmsar aðrar framkvæmdir sem settar eru hér upp er mikið rætt og sýnt fram á það sem gera á. Jafnframt fylgir með flokkun flugvalla sem við ræddum ekki alls fyrir löngu í tilefni af umræðu um samgönguáætlun. Ég hika ekki við að halda því fram að varðandi Grímseyjarflugvöll, Vopnafjarðarflugvöll og Gjögurflugvöll þarf auðvitað að taka á. En ég ætla ekki að lengja umræðuna vegna þess að við ræddum vanda þeirra flugvalla við samgönguáætlunargerðina, og þau svör sem þá komu frá hæstv. samgrh. fannst mér mjög góð og sýna það og sanna að hæstv. samgrh. hefur skilning á því að samgöngum við þá staði, hvort sem það er við Gjögur, Grímsey eða Vopnafjörð, verður ekki með góðu móti haldið uppi nema með öruggum og góðum flugsamgöngum.

[18:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um flugmálaáætlun er aðeins fyrir árið 2002. Eins og hefur komið fram hefði verið eðlilegast að við fjölluðum um fjögurra ára áætlun í flugmálum, þ.e. framkvæmda- og viðhaldsáætlun. Ég ítreka það sem ég sagði við umræðuna hér á undan um till. til þál. um vegáætlun sem líka var til eins sumars, að ég tel að það hefði átt að leggja fram fjögurra ára áætlun þannig að það sæist hvaða samfella væri fyrirhuguð á þessum verkefnavettvangi, þó svo síðan það hefði verið samhæft og samræmt í haust eða á næsta ári í tengslum við breytta tilhögun þar sem gert er ráð fyrir að unnin verði samræmd samgönguáætlun fyrir flug, vegi og flutninga á sjó.

Ég vil halda þessu til haga, virðulegi forseti, og ítreka að ég tel að svo hefði átt að vera, því að bæði varðandi framkvæmdir og framtíðarsýn hefði verið rétt að það hefði verið tilgreint hver væri stefnan til næstu ára í megindráttum, því að sjálfsögðu verða enga framkvæmdir unnar fyrr en fyrir liggur fjármagn, þ.e. afgreiðsla fjárlaga til þeirra verkefna.

Þá vil ég, herra forseti, spyrja hæstv. samgrh. hvort samþykkt á nýjum lögum um loftferðir hefðu haft breytingar í för með sér nú þegar á flokkun flugvalla í landinu. Hvort flugvellir yrðu flokkaðir í t.d. flokk 1–6 eftir því hvers konar umferð gert er ráð fyrir að fari um þá velli og hvers konar kröfur þeir eigi að uppfylla. Ég vildi forvitnast um hvort nýsamþykkt lög um loftferðir hefðu haft áhrif á að breyta flokkun á einstökum flugvöllum í landinu. Og í öðru lagi hvort þessi nýsamþykktu lög um loftferðir hafi haft í för með sér aukinn kostnað sem þurfi að ráðast í varðandi aðbúnað á flugvöllum í landinu og að hve miklu leyti, ef svo er, hvort þess sér stað í frv. sem hér er til umræðu. Því í frv. um loftferðir var einmitt kveðið nánar á um auknar kröfur og um ýmiss konar aðbúnað sem gera þyrfti til flugvalla til þess að þeir uppfylltu þær kröfur sem var verið að skerpa á og setja í lögum um loftferðir. Hvaða áhrif hefur það nú þegar haft á flugmálaáætlum sem við erum að fjalla um hér eða hvaða áhrif mun það hafa á flugmálaáætlun?

Síðan vildi ég forvitnast nánar um Ísafjarðarflugvöll. Umræða hefur verið á undanförnum árum um að koma þar upp búnaði sem nýttist til þess að þangað mætti fljúga eftir að komið væri á myrkur. Það mundi gjörbreyta samgöngum við Ísafjörð ef flugvöllurinn væri búinn slíkum tækjum að hægt verði að koma þar að í myrkri. Þetta hefur verið til umræðu sitt á hvað. Stundum hafa komið upp ábendingar um að þetta væri hægt og síðan aðrar um að þetta væri ekki hægt. Ég vil fá að heyra hvernig þetta mál stendur nú og þá röksemdafærslu sem liggur þar fyrir.

Virðulegi forseti. Umræða hefur verið um og virkilegur áhugi á því að bæði Egilsstaðaflugvöllur og Akureyrarflugvöllur gætu í auknum mæli þjónað sem alþjóðlegir flugvellir. Þangað væri hægt að skipuleggja flug erlendis frá og jafnvel að flugvellir eins og Egilsstaðaflugvöllur gætu verið áningarstaður fyrir flug, fyrir fragtflug frá Evrópu, frá Rússlandi til Bandaríkjanna, t.d. til eldsneytistöku eða annarra slíkra þátta sem væri nauðsynlegt að fá aðstöðu fyrir og þarna gæti orðið viðskipta- og atvinnugrundvöllur t.d. fyrir flugvöllinn á Egilsstöðum. Mig langar til að forvitnast um hvernig Egilsstaðaflugvöllur og Akureyrarflugvöllur eru í stakk búnir til þess að takast á við slíkt verkefni, aukna umferð og aukna millilandaumferð sem ég tel mjög mikilvægt að verði.

Hæstv. samgrh. kom í umræðunni inn á vopnaleit og þess háttar nokkuð sem gæti náttúrlega verið veruleg fjárhagsleg íþynging ef slíkt þyrfti að taka upp hér í innanlandsfluginu. En það sem ég spyr fyrst og fremst um varðandi þá flugvelli væri annar tæknilegur búnaður, flugvöllurinn sjálfur og sá aðbúnaður sem þar þarf að vera. Ég vil líka fá að heyra

— umræða var hér í fyrra og hittiðfyrra um eldsneyti, um eldsneytisafgreiðslur á þeim flugvöllum — á hvaða stigi það er. Hvort verð á eldsneyti á Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli sé svipað og verð á eldsneyti á Reykjavíkurflugvelli eða Keflavíkurflugvelli. Hvort einhver mismunun sé í samkeppnisstöðu þessara flugvalla hvað varðar verð á flugvélaeldsneyti og auk þess líka á möguleikunum á að dæla eldsneyti á viðkomandi flugvélar. Fyrir tveimur árum man ég að sú staða var á Egilsstöðum að þar annaði ekki einu sinni dælan því að dæla eldsneyti á flugvélar með viðeigandi hætti. Hvernig er sú staða nú? Það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi þetta ekki á hraðbergi, en þá mundi ég óska að þessar upplýsingar kæmu fram í samgn. í umfjöllun um málið. Hver er staða þeirra flugvalla til að taka á sig aukna alþjóðlega umferð, bæði tæknileg staða og samkeppnisleg staða hvað þetta varðar?

Eitt annað langaði mig líka til að minnast á, virðulegi forseti, það er varðandi ábyrgð á flugvallarsvæðum og nágrenni þeirra. Það var óljóst í umfjöllun um lögin um loftferðir hvar sú ábyrgð lægi varðandi mannvirki eins og umgjörð í kringum flugvelli, girðingar og annað slíkt, hvar lægi ábyrgð á vegum sem lægju að flugvöllum sem ekki væru lengur í notkun sem áætlunarflugvellir, hver bæri ábyrgð á slíkum vegum?

Að óbreyttu eru slíkir vegir orðnir einskismannsvegir, því vegir sem liggja að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir — það er náttúrlega alveg ótækt. Auðvitað þurfa vegir að flugvöllunum að vera skilgreindir að mínu mati sem hluti af flugvallarsvæðinu og á ábyrgð þeirra.

Virðulegi forseti. Málið kemur að sjálfsögðu til umræðu í samgn. og þá getum við farið nánar í einstaka þætti þess, en ég hef nefnt nokkur atriði sem mér fannst vera ástæða til að fá upplýst.

[18:16]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um till. til þál. um flugmálaáætlun árið 2002. Ég vil bæta örfáum orðum við þessa umræðu. Langstærsti pósturinn er auðvitað Reykjavíkurflugvöllur og mig langar til að segja nokkur orð um uppbygginguna á honum. Við sem búum úti á landi gerum okkur öll grein fyrir gríðarlegu mikilvægi flugvallarins fyrir okkur öll og fyrir ferðaþjónustuna í landinu. Ég sakna þess að sjá hér ekki meiri umfjöllun um umhverfisþætti Reykjavíkurflugvallar. Ég vil brýna hæstv. samgrh. að taka þau mál mjög föstum tökum vegna þess að eins og við vitum er gríðarlega umdeilt hvort flugvöllurinn eigi að vera hér í borginni eða ekki. Ég tel að fyrir okkur sem viljum stuðla að því að hann sé hér sem lengst eigi ekki að bíða með að fara í umhverfisþátt vallarins. Ég tel að til lengri tíma litið verði það til að styrkja stöðu hans og með því geti fleiri sætt sig við að hann verði hér í miðju borgarinnar ef við gerum myndarlegt átak í þessum stóru framkvæmdum og fylgjum því vel eftir.

Við vitum öll að stór hluti þeirra sem eru á móti vellinum hefur verið á móti vallarstæðinu vegna ástands umhverfismála umhverfis brautirnar, kannski sérstaklega hér við norðurhlutann þar sem ekki hefur verið gengið frá. Þó má segja að úr þurfi að bæta allt í kringum völlinn. Þetta er gríðarlega vandasamt verk og þarf að hanna þetta mjög vel til að vel fari. Ég er alveg sannfærður um það, út frá eigin reynslu í þessum málum, að það verður miklu meiri sátt um að svona mannvirki geti verið þarna til frambúðar ef gengið verður í þessi mál af myndarskap og flugvellinum sem fyrst gefin sú umgjörð sem hann þarf, þar sem hann er nánast inni í borginni.

Ég vildi einkum koma þessu á framfæri. Það er ekki að sjá að farið sé að huga sérstaklega að þessum málum. Gert er ráð fyrir upphæð til að fara í hönnun á nýrri flugstöð, sem er mjög mikilvæg. Ég held eitt mikilvægasta málið sé líka að fljótt og vel verði staðið að uppbyggingu á flugstöðvarbyggingu á Reykjavíkurflugvelli. Við sem förum oft um þennan flugvöll vitum þetta öll, þó að við séum kannski samdauna ástandinu. Það eru helst gestir sem benda manni á hversu hræðilegt ástand er þarna orðið.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé mjög mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina, bæði fyrir okkur Íslendinga sem notum þetta mikið og ekki síður ferðaþjónustuna. Umhverfismál flugbrautarinnar í borgarlandinu ráða hvað mestu um hvort hinn almenni borgari getur sætt sig við slíkt umferðarmannvirki innan borgarmarkanna. Ég vildi undirstrika þetta.

Síðan er í áætluninni — ég er ánægður með það — farið nokkrum orðum um kaup á vopnaleitarbúnaði til notkunar á áætlunarflugvöllum þar sem millilandaflug er stundað, vegna leitar á farþegum og í handfarangri. Til þess eru ætlaðar 20,2 millj. Þá gerir maður fyrst og fremst ráð fyrir að um millilandaflugvellina á Egilsstöðum og Akureyri sé að ræða. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort málum sé ekki þannig komið að engar hindranir verði fyrir því að þjóna millilandaflugi á þessum tveimur völlum. Eins og hæstv. ráðherra veit hafa sveitarfélögin við Eyjafjörð, Akureyri og sveitarfélögin þar og náttúrlega Héraðsbúar, lagt gríðarlega mikið af mörkum til að koma á millilandaflugi. Sú staða má ekki koma upp að tæknibúnaður af einhverju tagi hindri að hægt sé að fljúga inn á þessa staði. Það er mjög mikilvægt, með tilliti til hagsmuna landsbyggðarinnar, að þannig sé búið um hnútana að á engan hátt verði hægt að benda á hnökra í þjónustunni á Egilsstaðaflugvelli og á Akureyri. Það eru einkum þessi mál sem ég mundi vilja brýna hæstv. samgrh. með, að þannig verði staðið að málum að afgreiðslan geti verið eðlileg og þurfi ekki að steyta á þeirri þjónustu sem nauðsynleg er á þessum tveimur völlum.

Það verður flogið frá útlöndum til Egilsstaðaflugvallar í sumar. Það er náttúrlega alltaf eitthvað um það að vélar komi frá útlöndum inn á Akureyrarflugvöll, síðast núna um daginn. Það er okkur á landsbyggðinni mjög mikilvægt að þessir tveir vellir séu þannig úr garði gerðir að þeir geti þjónað þessari umferð.

Virðulegi forseti. Ég held að aukin áhersla á umhverfismál Reykjavíkurflugvallar yrði til þess fallin að auka sáttina um að þetta nauðsynlega mannvirki fyrir okkur landsbyggðarfólk geti verið þarna áfram. Það þarf að fara í það mál af myndarskap til þess að sýna fólki á höfuðborgarsvæðinu að flugvöllur inni í borg þarf ekki að vera lýti á borginni. Það er til mikils hagræðis eins og allir vita sem úti á landsbyggðinni búa, að þessi möguleiki sé fyrir hendi hér.

Ég þarf ekki að vitna í hugmyndir ferðaþjónustuaðila í þessu sambandi. Það hafa verið ritaðir þykkir doðrantar um mikilvægi og nauðsyn Reykjavíkurflugvallar til að þjóna ferðaþjónustunni eða undirbyggja hana á landsbyggðinni. Ég vildi koma þessum punktum alveg sérstaklega að í umræðunni, virðulegi forseti, og læt máli mínu lokið.

[18:22]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi kem ég upp í andsvar við hv. þm. vegna þess að hann talaði um umhverfi Reykjavíkurflugvallar. Í því máli er verulegt átak þar sem eftir á að girða um 2,1 kílómetra í kringum Reykjavíkurflugvöll. Þegar hefur verið gert átak upp á rúma 7 kílómetra, þannig að þar er mikið verk að vinna.

Ég held að flugmálayfirvöld og hæstv. samgrh. geri sér fulla grein fyrir því að það er mál málanna, svo Reykjavíkurflugvöllur verði nú ekki til óyndis, hve brýnt það er að girða og ganga fallega frá flugvallarsvæðinu í Reykjavík.

En ég get þó ekki látið hjá líða að fagna þessari umræðu hjá hv. þm. um Reykjavíkurflugvöll og stöðu mála þar. Ég er einn þeirra þingmanna Reykjavíkur sem styðja eindregið að Reykjavíkurflugvöllur verði hér áfram. Ég hef oft bent á það við stóðum frammi fyrir vanda og Reykvíkingar deildu hart á okkur fyrir að Landmælingar Íslands skyldu fluttar upp á Akranes þar sem voru rúm 20 stöðugildi. Hluti sama hóps deildi á að Reykjavíkurflugvöllur skyldi vera hér áfram og vildi hann burt en þar eru 1.200 störf og miklir viðskiptalegir hagsmunir sem skipta miklu máli. Ég fagna því hve þingmenn utan Reykjavíkur standa fast að baki okkur þingmönnum hér í Reykjavík um vörslu Reykjavíkurflugvallar og sérstaklega um það sem snýr að flugstöðinni.

Það er alveg rétt, eins og hv. þm. kom inn á, að við höfum kannski fallið bara í viðjar vanans og ekki gert neinar athugasemdir við þessa flugstöð, látið hana dankast alveg frá því seinni heimstyrjöldinni lauk. Það er ekki fyrr en fólk, gestir með glöggt auga, fer að spyrja hvernig standi á því að flugstöðin er eins og hún er að menn taka að huga að þessum málum. Þess vegna fagna ég átakinu sem nú er verið að gera og fagna ummælum þingmannsins varðandi þetta mál.

[18:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góð orð í minn garð. Við gerum okkur báðir fulla grein fyrir því að um þetta mál eru deildar meiningar. Menn skiptast í tvö horn hvað varðar flugvöllinn en ég hef alltaf varið mikilvægi hans fyrir landsbyggðina. Ég vil brýna menn til þess að huga vel að umhverfismálum. Ég held að það sé aðalmálið, eins og kom nú reyndar fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Raunar þarf þar meira til en girðingar og eiginlega ætti Flugmálastjórn að hafa frumkvæði að samvinnu við Reykjavíkurborg um að taka öll svæðin þar í kring og umhverfi vallarins og gera það myndarlega úr garði. Ég get fyrir mína parta alveg séð það fyrir mér að lenda í hálfgildings náttúruparadís á þessu svæði. En það þarf gríðarlegar framkvæmdir, ekki bara girðingarframkvæmdir, heldur líka jarðvegsframkvæmdir, uppgræðslu og því um líkt. Að þessu þarf að standa af myndarskap og það er liður í því, eins og ég sagði í ræðu minni, að menn geti betur sætt sig við að svona mannvirki sé innan borgarmarkanna.

[18:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu umræður sem hér hafa orðið um flugmálaáætlun og ágætar undirtektir við þau áform sem hún felur í sér þó að það sem við erum að fjalla um hér nái einungis til eins árs.

Sérstaklega vil ég fagna því sem kom fram hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli að fá þann stuðning sem fram kom í hans ræðu gagnvart Reykjavíkurflugvelli. Ég vil nú hvetja hv. þm. til þess að halda nokkrar ræður yfir forsvarsmönnum R-listans hér í Reykjavík og sérstaklega þeim hópi sem tilheyrir Vinstri grænum. Það þyrfti svo sannarlega að rétta kúrsinn hjá þeim þegar litið er til afstöðu þeirra til Reykjavíkurflugvallar. Formaður skipulagsnefndar borgarinnar skipti t.d. um skoðun í miðju kafi gagnvart uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar sem þekkt var. Ég held að hv. þm. ætti að halda fyrirlestur um það sem fram kom í ræðu hans fyrir forsvarsmenn borgarinnar.

Hv. þm. nefndi sérstaklega, sem er alveg rétt, að það er afar mikilvægt að huga að umhverfismálum Reykjavíkurflugvallar og að því er unnið. Samkvæmt flugmálaáætlun gerum við ráð fyrir framkvæmdum við að girða af flugvöllinn og ganga sem best frá því og ýmsu öðru. Eins og sakir standa má búast við að eitthvað verði eftir til næsta árs og um það verður fjallað í haust þegar samgönguáætlun verður lögð fyrir þingið. Þá verður að taka afstöðu til þess hversu miklir fjármunir verði lagðir í lokafrágang við Reykjavíkurflugvöll vegna þeirra framkvæmda sem hafa staðið yfir.

Það er afar mikilvægt að umhverfi flugvallarins sé vel frágengið, sé okkur til sóma og ekki lýti á borgarmyndinni eins og verið hefur í áratugi, mannvirki, hús og frágangur flugvallarins hefur verið fjarri öllu lagi. Nú stendur þetta hins vegar allt saman til bóta. Samkvæmt flugmálaáætlun er gert ráð fyrir að ljúka öllum framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll, ekki seinna en á næsta ári og hljóta ýmsir að fagna því.

Þá kem ég að öðru atriði sem hv. þm. nefndi, flugstöðinni við Reykjavíkurflugvöll. Hún þarfnast að sjálfsögðu endurbóta og það er sérstakur hópur undir forustu Leifs Magnússonar, fyrrum formanns flugráðs og framkvæmdastjóra hjá Flugleiðum, sem vinnur að því að leggja á ráðin um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll, sem sinnt gæti bæði flugi og öðrum samgönguþáttum á svæðinu. Ég bind miklar vonir við tillögurnar frá þeim hópi en allt sem þar yrði gert mundi að sjálfsögðu byggjast á því að flugvöllurinn geti orðið einhvern tíma áfram í mýrinni. Það er því af mörgu að taka í þessum efnum.

Hv. þm. ræddi um hindranir vegna millilandaflugs til Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar, nauðsyn þess að tryggja þær séu ekki til staðar. Ég rifjaði það upp í framsöguræðu minni fyrir tillögunni að á vegum Evrópusambandsins — væntanlega mun það einnig gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði — er verið að vinna að flugverndarmálum og unnið að því að setja upp regluverk vegna flugverndar. Það mun taka til hins íslenska svæðis og hinna íslensku flugvalla. Það mun væntanlega hafa í för með sér kostnað upp á 300–400 millj. ef þær tillögur verða að veruleika, þ.e. 300–400 millj. á ári að halda úti þeim öryggisþáttum sem ráð er fyrir gert í innanlandsfluginu. Hér er því um mjög stórt mál að ræða sem væntanlega kemur fram í samgönguáætluninni í haust. Ég minni á þetta og vísa til þess að ákveðin upphæð hefur verið sett í að undirbúa þetta mál í áætlun fyrir árið í ár. En í haust verðum við að fjalla um og taka afstöðu til úrbóta sem gera þarf til að tryggja að öllum reglum sé framfylgt í innanlandsfluginu og í millilandafluginu á þeim flugvöllum sem flogið er til á landinu, sérstaklega á Akueyri og Egilsstöðum. Þarna er um stórmál að ræða sem þarf að huga að.

Ég held að sé ekki fleira sem ég þarf að svara hér. Ég má til með að vekja athygli á að í umræðum hér í dag, sem hafa

verið ágætar, bæði um vegáætlun og flugmálaáætlun, hefur nú eins og fyrri daginn farið mest fyrir þingmönnum annarra kjördæma en höfuðborgarsvæðisins. Einungis einn hv. þm., formaður samgn., af höfuðborgarsvæðinu hefur tekið þátt í þessari umræðu.

En það sem hefur hins vegar vakið athygli mína síðustu vikurnar er að einn þingmaður fyrir utan hv. þm., formann samgn., hefur rætt sérstaklega við mig um framkvæmdir við samgöngumannvirki á höfuðborgarsvæðinu. Það er hv. þm. Björn Bjarnason, sem leggur alveg upp í samræmi við það sem hann hefur sýnt í verkum sínum. Hann hefur rætt við mig sérstaklega, m.a. um framkvæmdir í vegamálum hér á höfuðborgarsvæðinu. (**Gripið fram í:** Fólk hlær að þessu.) Hann hefur m.a. rætt við mig, og vildi ég nefna það hér, um að flýta framkvæmdum við hin miklu gatnamót við Stekkjarbakka. Það sýnir bara hvaða tökum sá ágæti þingmaður ætlar að taka nýtt verkefni. Ég vil að það komi alveg sérstaklega fram við þessa umræðu. Ég hefði satt að segja búist við því að fleiri af þingmönnum höfuðborgarsvæðisins kæmu til umræðu um flugmálaáætlun og vegáætlun.

[18:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja á því athygli að ég tel að Reykjavíkurflugvöllur sé landsbyggðinni afar verðmætur þar sem hann er staðsettur núna. Ef ég veit hins vegar rétt liggur fyrir sú stefnumótun hjá Reykjavíkurlistanum að flugvöllurinn fari árið 2016. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvort einhverjar viðræður hafi farið fram eða áætlanir gerðar á á hans vegum um það hvað eigi að taka við og hvar flugvöllurinn eigi þá að vera staðsettur. Ég tel að ferðatími innan lands með flugi megi alls ekki lengjast. Með batnandi vegakerfi mun flugið eiga undir högg að sækja og frekari töf eða lengri ferðatími mun ekki verða fluginu til framdráttar.

[18:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara hv. þingmanni.

Ég hef lýst því sem afstöðu minni að æskilegast væri að Reykjavíkurflugvöllur þjónaði innanlandsfluginu áfram. Sá kostur sem er til staðar ef Reykjavíkurflugvöllur verður að víkja úr Vatnsmýrinni er að nýta Keflavíkurflugvöll. Ég tel ekki koma til álita að fara að byggja þriðja flugvöllinn einhvers staðar í hraunnunum milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkurflugvallar með öllum þeim kostnaði sem því fylgir að byggja upp aðstöðu flugvallar, með aðflugs- og tæknibúnaði og allri aðstöðu sem flugfélögin og þjónustufyrirtæki sem eru við flugvöllinn þurfa að koma sér upp. Kostirnir í mínum huga eru því einungis tveir, annaðhvort Keflavíkur- eða Reykjavíkurflugvöllur.

[18:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessi svör.

Annað atriði sem mig langar að víkja að og fá svar við frá hæstv. samgrh. varðar Ísafjarðarflugvöll og Þingeyrarflugvöll, hvort fyrirhuguð sé einhver frekari vinna við að skoða möguleika á næturflugi þangað. Ég veit um það sem búið er að gera og sú niðurstaða sem virðist liggja fyrir er sú að þetta verði ekki kostur í framtíðinni. Hefur hæstv. samgrh. hugsað sér að skoða það mál enn frekar?

[18:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og sakir standa er fátt sem bendir til þess að það sé tæknilega gerlegt að koma upp aðstöðu til næturflugs á Ísafjarðarflugvöll eins og hann er núna. Rannsóknir og útreikningar benda til þess þannig að ekki blæs byrlega úr þeirri átt. Hins vegar tel ég að auðvitað þurfi að fylgjast vel með. Ef í framtíðinni koma upp lausnir sem gætu leitt til þess að hægt væri að koma upp búnaði til næturflugs þarf auðvitað að hafa það í huga en eins og er bendir fátt til þess. Þess vegna þurfum við eins og við gerum ráð fyrir í þessari flugmálaáætlun að undirbúa úrbætur á Þingeyrarflugvelli með lengingu flugbrautarinnar þar og með því að setja upp lýsingu og að því verður stefnt.

[18:39]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem í andsvar vegna orða hæstv. samgrh. um R-listann og Reykjavíkurflugvöll. Ég held að ef við horfum raunsætt á stöðuna og fram hjá því að sveitarstjórnarkosningar eru á döfinni sé staðan bara þannig í borginni að mjög deildar meiningar eru um þetta verk. Þess vegna var framsetning mín þess eðlis að við þyrftum öll að snúa bökum saman sem gerum okkur grein fyrir nauðsyn vallarins og beita öllum ráðum til að gera hann eins vel úr garði og hægt er til þess að alls staðar verði sátt um hann. Það var það sem ég vildi undirstrika.

Samkvæmt skoðanakönnunum hallar ekki á ef við tölum um fylkingar í þessu efni. Þannig er staðan í borginni. Og hluti af þessari andstöðu er vegna þess hvernig umhverfi vallarins hefur verið öll þessi ár. Ég tel að með því að gera þetta vel úr garði — ég hef reynslu af því, ég kom að því að setja Akureyrarflugvöll inn í óshólmasvæði Eyjafjarðarár á sínum tíma — verði afstaða hjá almenningi gagnvart slíkum verkefnum öll önnur.

[18:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að við þurfum að snúa bökum saman sem teljum að Reykjavíkurflugvöllur gegni mikilvægu hlutverki. Sú áætlun sem við ræðum hér gerir ráð fyrir því að ljúka framkvæmdum og ganga frá umhverfi Reykjavíkurflugvallar þannig að við getum verið stolt af og eins og hæfir höfuðborginni.

Aðeins út af skoðanakönnunum. Í fyrra var gerð könnun sem sýndi að meiri hluti kjósenda í Reykjavík vildi að flugvöllurinn yrði áfram. Mjög umfangsmikil skoðanakönnun sýndi það. Síðan var kosið um hvort völlurinn ætti að fara eða vera og það var nánast, eins og ég hef sagt, bræðrabylta. Það var varla sjónarmunur á þeim fylkingum sem tóku þátt í kosningunum. Ég minni á að mjög fáir kusu og ég lít svo á að þessi kosning hafi í raun ekki verið marktæk.

[18:41]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mörgum kann að finnast þessi 15 eða 16 ár sem leyfi fyrir völlinn kveður á um vera stuttur tími. Ég og hæstv. samgrh. erum svo sem ekki ósammála. Ég er sannfærður um að með því að standa vel að málum muni menn átta sig á þeim tækifærum sem völlurinn gefur í framtíðinni. Ég held að með því að gera þetta vel á alla kanta, útbúa vallarstæði vel og vanda frágang frá umhverfissjónarmiðum opni menn augun fyrir ýmsum möguleikum sem menn hafa kannski ekki áttað sig á í dag. Út úr þessari umræðu kemur náttúrlega það að við sem landsbyggðarmenn erum sammála og samstiga í þessu máli þannig að ég þarf svo sem ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, virðulegi forseti.

[18:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Já, ég get tekið undir það með hv. þingmanni og endurtekið það að mjög miklu máli skiptir að skapa sátt um flugvöllinn. En það eru fleiri en ríkið, samgrn. og Flugmálastjórn sem þurfa að koma þarna að. Þegar við verðum búin að ganga vel frá flugvellinum svo sómi sé að þarf auðvitað að gera kröfur til þeirra fyrirtækja sem eru á vallarsvæðinu, flugfélaga og þjónustuaðila sem eiga byggingar og umgangast flugvallarsvæðið. Ég tel að miklu máli skipti að allir leggist á eitt um að gera flugvallarsvæðið eins aðlaðandi og kostur er um slíkt umhverfi og skapa með því sem mesta sátt um flugvöllinn.

Við getum auðvitað ekki gengið um eða nýtt flugvöllinn þannig að ekki sé sátt gagnvart íbúunum í höfuðborginni og við verðum að leita allra leiða til að það geti orðið.

[18:44]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það sem hæstv. samgrh. kom inn á í lokin, að það hlýtur að vera hagur allra, líka þeirra sem hafa þá skoðun að Reykjavíkurflugvöllur eigi að fara eftir 2016, að umgjörð öll sé þar til fyrirmyndar. Við skulum því ekki eingöngu ræða um þá sem vilja hafa völlinn áfram á sama stað heldur líka það. Ég reyndar tel að völlurinn eigi að vera áfram en virði skoðanir hinna líka.

Ég tek undir það að byggingar, þjónusta á vellinum og umgengni er fjarri því að vera til sóma þannig að þarna þarf að taka verulega á.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra út í það sem hann kom inn á í andsvari sínu um Ísafjarðarflugvöll og Þingeyrarflugvöll: Er þá markmiðið að Þingeyrarflugvöllur geti orðið með næturflugsaðstöðu? Mér finnst það skipta máli í þessari umræðu. Það er stutt á milli Ísafjarðar- og Þingeyrarflugvalla. Er verið að vinna að því að Þingeyrarflugvöllur gæti þjónað sem næturflugvöllur?

[18:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ekki fyrir, en það er partur af þeirri undirbúningsvinnu sem þarf að vinna núna, og þess vegna er sérstök fjárveiting á þessu ári til að huga að endurbótum á Þingeyrarflugvelli. Ef vel tekst til, þá er ekki óhugsandi að svo geti orðið, en það þarf að undirbúa, koma upp í fyrsta lagi lengingu vallarins og í öðru lagi lýsingu á hann og síðan í þriðja lagi að búa hann þeim búnaði sem þarf til þess að hann nýtist sem best með flugbrautinni á Ísafirði. Ég vil ekkert fullyrða um næturflugsaðstöðuna fyrr en athugun hefur leitt slíka niðurstöðu í ljós, en ég legg ríka áherslu á að endurbætur á Þingeyrarflugvelli geti nýst sem best fyrir svæðið og ég geri ráð fyrir að tekið verði til við að undirbúa það á næstunni.

[18:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra um nauðsyn þess að bæta flugaðstöðuna á Þingeyri. En engu að síður ætti þegar í stað að vera hægt að kanna hvort forsendur væru fyrir næturflugi þangað eða hvað þarf til að svo megi verða, því það er umgjörðin, fjallahringurinn og önnur slík umgjörð sem þar getur ráðið. Að mínu viti væri hægt að fara í að kanna það þegar í stað og ég er reyndar hissa á að það skuli ekki hafa verið gert.

Í lokin varðandi hrifningu hæstv. samgrh. af flokksbróður sínum, Birni Bjarnasyni, og að hann skuli velja hér vettvang til að hjálpa honum í kosningabaráttunni, þá velti ég fyrir mér hvort hæstv. samgrh. hafi átt viðræður við hann um einkavæðingu samgöngukerfisins á höfuðborgarsvæðinu, því hv. þm. Björn Bjarnason er jú þekktur af sínum mikla einkavæðingaráhuga og hvort hann hafi líka verið að ræða það hvernig hann gæti tekið vegaspotta og sett upp tollverði á hinum einstöku brúm til þess að innheimta brúartolla og einkavæða þetta, hvort það hafi nokkuð borið á góma í umræðu þeirra félaga.

[18:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margt borið á góma þegar við hv. þm. Björn Bjarnason höfum talað saman, þannig að af ýmsu er að taka þegar litið er til verkefna á höfuðborgarsvæðinu sem þarf að vinna á næsta kjörtímabili, svo maður fari nú aðeins í umræðuna um sveitarstjórnarmál.

En hins vegar þarf ekki að koma hv. þm. á óvart þó ekki liggi fyrir hvort næturflugsaðstaða verði á Þingeyrarflugvölli vegna þess að allt fram á síðustu mánuði hefur öll áhersla verið lögð á að reyna að koma upp og rannsaka hvort næturflugsaðstaða geti verið á Ísafjarðarflugvelli. Ef það hefði orðið niðurstaðan, þá hefði það verið besti kosturinn. Nú liggur fyrir að engar eða mjög litlar líkur eru á að það geti orðið og þá snúum við okkur að næsta verkefni sem er að rannsaka hvernig við búum Þingeyrarflugvöll þannig að hann geti sinnt því hlutverki sem flugvellirnir á Ísafjarðar- og Vestfjarðasvæðinu þurfa.

Það er því allt eðlilegt hvað varðar þennan undirbúning eins og ég hef margítrekað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (norsk-íslenski síldarstofninn). — Þskj. 1086.

[18:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hófust aftur frá Íslandi árið 1994 eftir 27 ára hlé. Á því ári veiddu Íslendingar 21 þús. lestir af síld. Árið 1995 gerðu Íslendingar og Færeyingar með sér tvíhliða samkomulag um nýtingu síldarinnar eftir árangurslausar viðræður þessara þjóða við Rússa og Norðmenn. Árið 1996 tókust samningar milli Færeyinga, Norðmanna, Rússa og Íslendinga um nýtingu síldarstofnsins og árið 1997 bættist Evrópusambandið í hóp samningsaðila. Hlutur Íslands á ári úr leyfilegum heildarafla hefur síðan 1995 verið á bilinu 132–233 þús. lestir.

Um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum giltu á árunum 1998–2001 sérstök tímabundin lög, nr. 38 11. maí 1998, sem féllu úr gildi í lok síðustu síldarvertíðar.

Í frv. er lagt til að almenn lög um stjórn fiskveiða, þ.e. í þessu tilfelli lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, gildi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, er fjallað um hvernig standa skuli að úthlutun aflahlutdeildar til einstakra skipa þegar ákvörðun er tekin um að takmarka heildarafla úr stofni sem veiðist bæði innan og utan lögsögu Íslands. Samkvæmt þessari grein skal hlutdeild hvers skips ákveðin á grundvelli veiðireynslu þess miðað við þrjú bestu veiðitímabil þess á undangengnum sex veiðitímabilum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að vikið verði frá úthlutunarreglu 2. mgr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands með tvennum hætti. Í fyrsta lagi verði aflareynslan alveg frá upphafi síldveiða á árinu 1994 látin ráða aflahlutdeildinni og í öðru lagi verði kveðið með skýrum hætti á um það að hafi skip komið í stað skips þá flytjist aflareynslan jafnframt á milli skipanna. Ástæða þess að lagt er til að miðað verði við veiðar frá upphafi við úthlutun aflahlutdeildar er sú að hluta tímabilsins hefur stjórn veiðanna verið með þeim hætti að skipum hefur verið úthlutað ákveðnu aflahámarki sem hefur verið framseljanlegt, að minnsta kosti að hluta. Framsal aflaheimilda hefur því haft mikil áhrif á aflareynslu skipanna og þar af leiðandi aflahlutdeild þeirra. Með því að miða við veiðar öll árin í stað þriggja þeirra bestu er í raun komið í veg fyrir að sama skipið geti notið fullrar aflareynslu en hafi jafnframt haft áhrif á aflareynslu annarra skipa með framsali. Að aflareynsla flytjist milli skip er í raun í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast hefur við sambærilegar úthlutanir veiðiheimilda en ástæða þykir til að kveða með skýrum hætti á um það hér.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[Fundarhlé. — 18:52]

[20:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Heiti frv. sem við ræðum núna er ekki sérstaklega gegnsætt, þ.e. hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Í raun snýst þetta frv. hins vegar um norsk-íslensku síldina, um deilistofn sem nú á að falla undir þessi lög. Upphaflega féll norsk-íslenska síldin undir lögin um úthafsveiðar. Eins og menn þekkja voru síðan sett sérstök lög um norsk-íslensku síldina. Í fyrra voru þau lög framlengd þrátt fyrir áskilnað í lögum um að ráðherra ætti að flytja hér frv. um framtíðarfyrirkomulag þessara mála á liðnu hausti. Nú er sem sagt komin niðurstaða í þetta mál, að því er virðist, af hálfu hæstv. sjútvrh. Norsk-íslenski síldarstofninn á að falla undir úthafsveiðilöggjöfina og sjálfsagt og eðlilegt að svo sé.

Það sem hér um ræðir eru sérákvæði sem í sjálfu sér breyta ekki miklu en hið fyrra gerir þó ráð fyrir að í stað þess að miðað sé við þau veiðitímabil sem sagt er til um í lögunum verði öll þau ár sem síldin hefur veiðst tekin. Það kemur í stað þess að nýta 2. mgr. 5. gr. laganna um fiskveiðar utan lögsögu þar sem segir:

„Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum."

Það á sem sagt ekki að fara nákvæmlega eftir þessari grein miðað við fyrri málsgrein þessarar greinar frv. Frv. er raunar ekki nema ein grein fyrir utan gildistökugreinina. En samkvæmt þessu skal miða við árin frá 1994–2001. Síðan er svona áréttíng á því, að hafi skip komið í stað annars skips sem áunnið hefur sér veiðireynslu eigi það skip sem í staðinn kemur að njóta þeirrar aflareynslu sem hið fyrra hafði áunnið sér.

Menn geta velt því aðeins fyrir sér, af því hér er verið að úthluta aflahlutdeild en ekki aflamarki eða tonnafjölda byggðan á reynslu, hverju er í raun og veru verið að úthluta. Það er verið að úthluta aflahlutdeild sem byggir á veiði frá 21 þús. lestum og upp í 233 þús. lestir þegar best gerði. Ef vonir manna rætast og norsk-íslenski síldarstofninn verður eins stór og bjartsýnir aðilar hafa vonast til erum verið ekki að tala um neitt smáræði í lestafjölda. Ætli við gætum þá ekki verið að tala um kannski 4–5 þús. lestir af síld, séum við að horfa til þess hvernig þetta gat verið hér á árum áður.

Mér finnst full ástæða til þess, herra forseti, að við horfum á málið í þessu ljósi. Nú hafa hæstv. sjútvrh. og stjórnarflokkarnir ákveðið að úthluta aflahlutdeild á skip. Það á sem sé ekki að horfa til tonnafjölda eða aflamarks sem skipin hafa verið að veiða heldur á að fara í hlutdeild. Það getur orðið býsna mikill afli þegar fram líða stundir ef vonir manna um stækkun á stofninum rætast. Þá er nú verið að úthluta mönnum býsna miklum gæðum og nokkuð ljóst að menn eru missáttir við það fyrirkomulag sem hér er lagt til.

Þegar hæstv. ráðherra framlengdi lögin um norsk-íslenska síldarstofninn fyrir um ári kom fram að það væri gert vegna þess að verið væri að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða, eða eins og segir hér í athugasemdum við það lagafrv., með leyfi forseta: „Ráðgert er að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna verði framkvæmd samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fiskveiða á vegum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða ..."

Það var sem sagt vilji ráðherrans að þetta yrði unnið samhliða. Nú er það svo að frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram hefur að fæstra mati verið álitið nokkur heildarendurskoðun heldur einungis rétt eitt krafsið í löggjöfina um stjórn fiskveiða. Auk þess áttu menn kannski erfitt með að sjá fyrir sér af hverju þurfti að horfa til þess hvernig löggjöfin um stjórn fiskveiða liti út á endanum — það sér reyndar enginn fyrir enn þá — áður en menn færu í það að ræða síldina. En þetta var niðurstaðan og nú virðist ráðherrann orðinn það öruggur og sáttur við verk sitt varðandi endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða að óhætt sé að ganga varanlega frá síldinni.

Ég vil af þessu tilefni, herra forseti, rifja upp að Samfylkingin hefur verið á móti þeirri löggjöf sem sett hefur verið um síldveiðarnar. Við höfum nokkrum sinnum borið fram brtt. og höfum líka lagt fram sjálfstæð frv. um hvernig fara skuli með norsk-íslenska síldarstofninn. Það er ljóst að þegar farið var að veiða síld hér árið 1994 var veiðireynsla ekki fyrir hendi. Síldveiðar höfðu þá ekki verið stundaðar svo neinu næmi í um 30 ár. En það er ljóst að með þeim samningum sem gerðir hafa verið hafa Íslendingar tryggt sér veiðiréttindi úr þessum stofni og fyrirkomulagið hefur verið skoðað til bráðabirgða. En það er ástæða til að rifja upp, herra forseti, að fyrirkomulagið hefur verið álitið til bráðabirgða. Þó svo að fyrst væri fjallað um norsk-íslensku síldina undir formerkjum úthafsveiðilaganna, sem nú er verið að færa hana undir aftur, var alveg ljóst að meiri hluti sjútvn. var á því við afgreiðslu frv. um úthafsveiðar að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum ættu ekki að mynda grunn að fastri aflahlutdeild. Í nál. meiri hluta nefndarinnar um 57. mál á 121. þingi segir, með leyfi forseta:

„Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild."

Maður hafði kannski haldið að meiri hluti sjútvn., sem var skipaður sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum — hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem situr í salnum var nú einmitt einn af þeim sem stóðu að þessu meirihlutaáliti — léti ekki þróunina verða þá sem hún hefur síðan orðið, þ.e. að smám saman hefur framsal og veiðireynsla verið að leggja þessar veiðar undir sig. Nú er sem sagt verið að fullkomna þetta dæmi með því að setja það inn í nákvæmlega sama fasa og þær veiðar sem eru kvótasettar samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða.

Það er full ástæða til, herra forseti, að menn ræði svolítið hvort siglingin á þessu máli hefur verið í samræmi við það sem menn vildu sjá og í framhaldi af því hvort það er meiri hluti fyrir málinu í hæstv. sjútvn. Þar sitja nokkrir þeirra sem stóðu að þessari niðurstöðu sem ég var að lesa upp áðan, að veiðarnar yrðu samkvæmt leyfum og ættu ekki að mynda stofn til varanlegrar aflahlutdeildar. Við eigum, herra forseti, því eftir að sjá hvort meiri hluti er í nefndinni fyrir þessu máli.

Ég kom hér upp fyrst og fremst til þess að lýsa afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Hún er óbreytt frá því sem hún hefur verið. Við munum skoða í nefnd hvort ástæða er til að flytja breytingartillögu enn einu sinni til að reyna að hafa áhrif á hvernig þessi mál ganga fyrir sig. Það er ljóst eins og ég sagði, herra forseti, að hér er þannig gengið frá hlutum að ég álít að fullkomin óvissa sé um hvort meiri hluti er fyrir málinu í sjútvn.

[20:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. um enn eina varanlegu kvótasetninguna á fisktegund, nú á norsk-íslensku síldinni. Hér er byggt á því að veiðireynslan gegnum tíðina skuli ráða að mestu en ekki taka neitt til hliðar eins og verið hefur á undanförnum árum, t.d. 10% sem ný skip eða aðrir aðilar gætu átt aðgang að.

Rétt er að vekja athygli á að fyrirhuguð úthlutun byggist á veiðireynslu skipa og verður, eins og ég skil frv. „varanleg úthlutun" þeirra fiskiskipa sem síldveiðar hafa stundað á norsk-íslenska síldarstofninum á undanförnum árum. Hins vegar er hvergi vikið að því að sá floti sem nú á að fá úthlutað þessum aflaheimildum eigi á nokkurn hátt að falla undir reglur sem gerði honum að skila einhverju hlutfalli inn af öðrum tegundum, eins og gert var þegar karfanum á Reykjaneshrygg var úthlutað. Svo er um tegundir sem bæði veiðast innan og utan lögsögu okkar og ef ég man rétt var hið sama gert þegar úthlutað var kvótareynslu á Flæmingjagrunni.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til að huga að því nú þegar verið er að úthluta varanlega nýjum kvótum til útgerðanna sem stundað hafa veiðar á norsk-íslensku síldinni á undanförnum árum, að með engum hætti er gert ráð fyrir að þeir sem nú fá þessar veiðiheimildir skili inn einhverju hlutfalli af öðrum veiðiheimildum sínum eins og gert var þegar úthlutað var vegna veiða á úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

Nýlega var með reglugerð frá ráðuneytinu ákveðinn kvóti á kolmunnann á grundvelli veiðireynslu og þar var skipt upp magni sem sjútvrn. hafði ákveðið að yrði veitt fyrir næsta fiskveiðiár, en ætli þar sé ekki líka verið að leggja grunninn að næstu úthlutun, varanlegri úthlutun aflahlutdeilda?

Það er því ýmislegt sem þarf athugunar við í hæstv. sjútvn. þegar málið kemur þar til skoðunar. Við skulum ekki gleyma því að sú veiðireynsla sem myndast hefur með veiðum á norsk-íslensku síldinni hefur myndast af þeim reglum sem hafa verið notaðar undanfarin ár, m.a. þar sem ákveðið hlutfall af aflanum hefur verið ákvarðað miðað við burðargetu, og ákveðið hlutfall af aflanum verið ákvarðað miðað við jafna úthlutun.

Í því sambandi væri kannski rétt að vekja athygli á því og skoða það hvernig við stóðum að úthlutun loðnuheimilda á sínum tíma. Það þyrfti að rifja það upp þegar farið er yfir þetta mál.

Ég vil líka vekja athygli á því að við þessa kvótasetningu, ef litið er á þær byggðir sem legið hafa að þessum miðum, þ.e. veiðum á norsk-íslensku síldinni sem er vissulega að stærstum hluta Norðausturland og Austfirðirnir alveg suður til Hornafjarðar þó að vissulega hafi skip frá Vestmannaeyjum og Akranesi og víðar að af landinu tekið þátt í veiðunum, þá held ég að því verði ekki á móti mælt að Austfirðirnir hafa notið nálægðar sinnar við veiðar á norsk-íslensku síldinni.

Þarna er einnig að verða breyting á með tilkomu fullkominna úrvinnsluskipa sem vinna aflann úti á sjó. En mér er spurn: Er engin ástæða til að taka tillit til byggðasjónarmiða í þessu máli? Í frv. um stjórn fiskveiða sem núna liggur hjá sjútvn. er gert ráð fyrir sérstakri viðbótarúthlutun byggðakvóta vegna aflaheimilda til þess að taka á vanda byggða sem upp kynnu að koma. Mér finnst að í þessu frv. hefði mátt huga að því að slík vandamál gætu komið upp m.a. í byggðum norðanlands og norðaustanlands og austanlands sem vissulega liggja best að nýtingu síldarinnar eins og verið hefur. Hvers vegna eru engin byggðasjónarmið í því frv. sem hér er lagt fram heldur er eingöngu lagt til að hér verði varanleg úthlutun til fiskiskipanna. Síðan er það alfarið útgerðarmannsins að ráða því hvað verður um þá aflahlutdeild, hvert hún verður seld og engin önnur sjónarmið eru í þessu máli að því ég fæ séð.

Þessum lögum var breytt fyrir tveimur árum á vorþinginu árið 2000. Þá var breytt reglum um hvernig mætti flytja aflamark á milli skipa og afnema takmörkun á flutningi sem þá hafði áður miðast við veiðireynslu. Meginrökin á þeirri framsalsrýmkun sem þá var lögð til, eins og kom fram í máli hæstv. sjútvrh. þá, var að í lok tveggja síðustu vertíða hefði skapast mjög erfið staða vegna þess að gildandi lög byggðu á því að til endurúthlutunar aflahámarks kæmi og væri slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja nýtingu heildarveiðiheimildanna, þ.e. sú breyting sem mælt var fyrir. Og með því að auka heimild til flutnings aflamarks, eins og þar var lagt til, var talið að skynsamleg nýting síldarkvótans væri betur tryggð með þeirri skipan en verið hafði tvær síðustu vertíðir. Þetta var nú sagt vorið 2000 þegar við vorum að breyta lögum varðandi framsalsréttinn.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvernig nýtingu veiðiheimildanna hafi verið háttað undanfarnar tvær vertíðir. Hvað hefur veiðst af kvótunum? Hvað hefur veiðst á alþjóðahafsvæðinu og hvað hefur veiðst innan lögsögu Noregs? Hve mikið hefur verið fært milli skipa sl. tvö ár og er verulegur munur á nýtingunni á síðustu tveimur árum, árinu 2000 og 2001, miðað við það sem var árin tvö þar á undan? Því að tilgangurinn var sá og rökin fyrir því að breyta þessu framsali voru þau að í lok tveggja síðustu vertíða þar

á undan hefði skapast mjög erfið staða þar sem ráðuneytið hefði þurft að endurúthluta o.s.frv. til að tryggja nýtingu heildarveiðiheimildanna.

Ég vil því spyrja hvort hæstv. ráðherra telji að það sem hann leggur núna til muni tryggja nýtingu kvótans, og það sem hafi verið í gildi síðustu tvö ár hafi tryggt betur nýtinguna heldur en tvö árin þar á undan, en það var forsendan þá fyrir lagabreytingunni.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. Ég fæ tækifæri til að skoða málið vandlega í sjútvn. En ég vil vekja athygli á því að núna er verið að búa til veiðireynslu á grundvelli reglna sem byggðar hafa verið upp þannig að burðargetan hefur verið látin ráða þó nokkuð miklu og meiri hluta í veiðireynslu annars vegar og síðan hefur verið hluta úthlutað jafnt á milli skipa.

En ég vil að lokum ítreka að ég sakna þess að menn skuli ekki velta því upp hvaða rétt byggðirnar eða fólkið eigi í þeirri úthlutun sem núna er verið að gera. Og hvort það sé svo, þó uppsjávarafli sé jafnmikilvægur Austfirðingum og Norðausturlandi eins og allir vita, sérstaklega veiðarnar á norsk-íslensku síldinni sem fara nú fram langt austan við land vegna þess hversu lítt síldin hefur gengið inn í lögsögu okkar, að þá skuli hvorki vera skilin eftir 10% til annarrar úthlutunar í framtíðinni né vera tekið tillit til byggðasjónarmiða, ef þau kæmu upp og atvinnuástand á Austfjörðum þyrfti á því að halda á einhverjum stöðum, að mönnum væri gefinn þar ákveðinn forgangur.

[20:24]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem hv. þm. spurði um.

Hann nefndi fyrst Reykjaneshrygginn og Flæmingjagrunn varðandi skil á allt að 8% heimilda inni í lögsögunni. Ef ég man rétt þá gerðist þetta þegar úthlutað var á Reykjaneshryggnum, en þetta var held ég ekki þegar úthlutað var á Flæmingjagrunni. Í þessu tilfelli væri um það að ræða að verið væri að skila íslensku sumargotssíldinni, loðnu eða kolmunna í flestum tilfellum miðað við þann hóp skipa sem hér um ræðir og ég held að það þjónaði engum sérstökum tilgangi að færa þannig á milli þessa flota sem er að verða mjög sérhæfður í uppsjávarveiðunum.

Verið er að aðlaga veiðarnar að hinu almenna í þessu kerfi eða það byggist á aflareynslunni. Gömlu reglurnar voru mjög sérstakar miðað við það sem hefur tíðkast hjá okkur. Þær bötnuðu mjög þegar framsalið var aukið og reyndar var 100% framsal á þeim veiðum. Það hjálpaði mjög mikið á vertíðinni 2000 miðað við það sem hafði verið á vertíðinni áður, það var mjög einkennileg stjórnun að endurúthluta á miðju tímabili. Það tókst hins vegar ekki eins vel á síðustu vertíð vegna þess hvernig síldin gekk þá og vegna þeirrar áherslu sem verið var að leggja á kolmunnaveiðarnar.

Ég held að miðað við hvernig þessar veiðar hafa þróast að undanförnu, þá sé það eðlilegt að þau skip sem hafa verið að veiða og þær byggðir sem hugsanlega er lagt upp hjá muni njóta þeirrar úthlutunar og ekki þurfi að hafa sérstakar áhyggjur af byggðunum umfram það sem þessi aðferð felur beinlínis í sér að tekið sé tillit til. Það helgast sérstaklega af því að tekið er tillit til allra veiðanna frá 1994 í þessari úthlutun.

[20:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að það komi fram í umræðunni eftir andsvar hæstv. ráðherra að að uppistöðu til er þetta sami flotinn og fékk á sínum tíma sérstakar aflabætur vegna loðnubrests, sérstakar aflabætur í þorski og sérstakar aflabætur í rækju. Það var sérstaklega bent á þá að slíkar bætur væri sjálfsagt að veita hluta flotans þegar hann lenti í erfiðleikum, en þær ættu ekki að vera framseljanlegar. Þess vegna læt ég þetta koma fram.

Ég læt það koma fram vegna þess að nú telur hæstv. ráðherra að engin ástæða sé til að þessi hluti flotans þurfi að skila neinu inn í aflaheimildir til annarra skipa innan lögsögunnar á sama tíma og verið er að úthluta nýjum varanlegum rétti. En þegar sá floti fékk á sínum tíma bætur endaði það nú með því að þær voru nánast allar seldar örfáum árum síðar og í stað þess að það væru bætur sem menn hefðu getað veitt og nýtt sér, þá endaði það nú með því að akkúrat sá floti sem hefur sérhæft sig í uppsjávarveiðum seldi frá sér þær aflaheimildir sem eingöngu áttu að vera til þess að bæta aflabrest sem hann varð fyrir.

Ég held að ekki sé rétt úr því við erum með þá reglu að þegar úthlutað er aflahlutdeild í nýjum tegundum, þá skuli ekki tekið tillit til þess að skilað skuli inn að einhverjum hluta, því ekki er gerð stór krafa um það í lögunum, en að einhverjum hluta heimildum innan lögsögunnar. Það var gert þegar við úthlutuðum á Reykjaneshryggnum þó það væri mjög umdeilt hvernig að því var staðið. Ég get farið yfir það síðar.

[20:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt orkar auðvitað tvímælis þá gert er. En það sem hv. þm. fór með varðandi sérstakar úthlutanir til þessa flota, einhvern tímann, ekki á þessum áratug, ekki á síðasta áratug, heldur á þarsíðasta áratug — ég get ekki alveg staðfest að hann fari nákvæmlega rétt með þó að ég ætli ekki að segja að ég hafi yfirleitt staðið hann að því að segja nokkuð annað en sannleikann — en það er alveg örugglega búið að gera einhver mistök í þeirri þróun á fiskveiðistjórnarkerfi okkar. Ef við ætlum alltaf að horfa þannig í baksýnisspegilinn í hvert skipti sem við erum að reyna að koma hlutunum betur fyrir og fara að tala um einhver slík mistök og að bæta eigi mönnum eitthvað upp sem gert var, ekki á þessum áratug, ekki á síðasta áratug, heldur á þarsíðasta áratug, þá held ég að við hv. þm. gerðum lítið annað.

[20:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála ráðherranum um að hann og margir forverar hans hafi gert mörg mistök við úthlutun á heimildum. Þegar verið er að úthluta nýjum tegundum og þegar skipaflotar fá ný og varanleg verkefni eins og í þessu tilviki tel ég að skoða eigi hver innskilareglan eigi að vera úr því að við erum með það í lögum.

Ég hygg að ég fari rétt með að bæði hafi verið skilað inn á Reykjaneshrygg á sínum tíma og á Flæmingjagrunni. Hins vegar kom útfærslan á innskilareglunni eins og á Reykjaneshrygg náttúrlega mjög misjafnlega út vegna þess að mönnum var gefið sjálfdæmi í því að skila í ákveðnum tegundum. Ef ég man rétt, þegar þessi úthlutun átti sér stað á Reykjaneshryggnum, skiluðu flestir inn í ufsa sem þá veiddist ekki. Þar fyrir utan átti togaraflotinn stærstu heimildirnar í ufsanum

og fékk þeim þar af leiðandi endurúthlutað í staðinn fyrir að skilað væri jafnt inn í þorskígildum.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu. Ég tel nauðsynlegt að farið verði gaumgæfilega yfir þetta mál í sjútvn., forsöguna, lögin eins og þau eru í dag og hvaða áhrif þetta hefur til framtíðar.

Ég hygg að þótt kvótakerfið sé um margt umdeilanlegt sé einna mestur friður um kvótastýringuna á veiðum uppsjávarfisksins, þar megi frekast nýtast við að þar hafi tekist sæmilega til.

[20:32]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar o.fl., 359. mál, brtt. ÁRJ og MF, þskj. 1176.

Fjármálafræðsla í skólum, 713. mál, fsp. RG, þskj. 1175.

[20:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. við 1. umr. en vil þó segja að við vonum jú öll að norsk-íslenski síldarstofninn hressist og að við getum áður en allt of langt um líður upplifað svipað göngumunstur síldarinnar og þegar best lét. Kannski erum við að tala um töluvert stórt mál þegar við leggjum drög að því að úthluta aflahlutdeild á grunni veiðireynslu. Ég vil bara velta því upp af því að fleiri hv. þm. hafa komið inn á það mál, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Ég held að við verðum að skoða það við umræðuna í hv. sjútvn. að hér er náttúrlega verið að festa gríðarlega mikil verðmæti, ég tala ekki um ef vel fer að ganga.

Ég vil líka taka undir það sjónarmið hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að auðvitað er ekki sjálfgefið að menn eigi að geta gengið að þessu á þennan hátt, sérstaklega ef við erum sannfærð um að á næstu árum skapi síldin mikil verðmæti. Auðvitað verða í síldinni meiri verðmæti eftir því sem hún kemur nær ströndinni og gengur vestar, eins og var, og fitnar meira. Þá erum við að tala um gríðarlega atvinnuuppbyggingarmöguleika í öllum sjávarbyggðum, vonandi frá Húnaflóa og austur eftir og suður um, þannig að hér erum við e.t.v. að tala um stóra og mikla hluti. Ég held því að við verðum að skoða hvort það er rétt leið núna í stöðunni að fara út í aflahlutdeildarúthlutun, hvort ekki væri enn um sinn betra að notast við kvótaúthlutun meðan við erum að átta okkur á stöðunni og hvernig þetta gengur fyrir sig.

Svo finnst mér að alveg megi skoða það, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, hvort ekki sé ráð að menn skili þá inn í hlutfalli öðrum heimildum á móti ef menn fá slíkar úthlutanir með aflahlutdeild og það fer að ganga betur. En það verður farið í gegnum þetta allt í hv. sjútvn. og við þurfum bara að skoða þau mál. Hér og nú er ekki tilefni til að fara ítarlega í málið. Auðvitað vonum við öll að síldin taki upp sitt fyrra göngumunstur og að við getum átt von á því að fá hana upp að landi, vestur um eftir Norðurlandi, og eigum möguleika á að veiða kannski miklu meira úr þessum stofni.

Það eru önnur mál sem við þurfum líka að skoða í nefndinni þó að þau tengist ekki þessu frv. Mönnum finnst núna, miðað við reynslu síðustu ára, að við höfum kannski samið af okkur gagnvart Norðmönnum um að eiga ekki möguleika á að veiða meira í lögsögu þeirra. Á þeim tíma sem samningurinn um veiðarnar var gerður stóðu menn hins vegar í þeirri trú að ekki yrði fýsilegt fyrir íslenska útgerðarmenn að veiða við Noreg.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. núna, við förum með það í hv. sjútvn. og tökum það til umfjöllunar þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 672. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1088.

[20:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en frv. þetta er að finna á þskj. 1088.

Þetta frv. hefur að geyma breytingar á ýmsum lögum sem nauðsynlegt er að gera til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt hinum nýja stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða svokölluðum Vaduzsamningi. Það lýtur að þeim atriðum innlendrar löggjafar sem fjallar um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar. Frv. snertir lög sem falla undir ýmis ráðuneyti og eru hér felld inn í einn lagabálk eða frumvarpsbálk.

Alþingi hefur undanfarið haft til umfjöllunar till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda Vaduzsamninginn og í athugasemdum með þeirri þáltill. er vikið að tilurð þessa nýja stofnsamnings sem ég tel ekki ástæðu til að endurtaka hér.

Markmið þessa frv. er afskaplega einfalt, það er að veita ríkisborgurum og lögaðilum EFTA-ríkjanna sambærileg réttindi og ríkisborgarar og lögaðilar EES-ríkjanna hafa á grundvelli EES-samningsins. Í reynd er hér einvörðungu verið að bæta við ríkisborgurum og lögaðilum frá Sviss því að ríkisborgarar og lögaðilar hinna aðildarríkja EFTA, Noregs og Liechtensteins auk Íslands, hafa þessi réttindi nú þegar á grundvelli EES-samningsins eins og áður hefur verið vikið hér að.

Herra forseti. Ég vitna að öðru leyti til umræðu um þáltill. sem þegar hefur farið fram, og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, fyrri umr.

Stjtill., 675. mál. — Þskj. 1091.

[20:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem hæstv. samgrh. hefur þegar mælt fyrir, frv. til laga sem varðar þetta sama mál. Það byggist á því að Ísland gerist aðili að þeirri samþykkt sem hér um ræðir, og þessi þáltill. er nauðsynleg í samhengi við það mál.

Ég legg til, herra forseti, að því verði vísað að lokinni þessari umræðu til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, fyrri umr.

Stjtill., 683. mál. — Þskj. 1099.

[20:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er líka um að ræða mál sem hefur komið fyrir Alþingi því að hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram frv. um breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem taka mið af þeim samningi sem hér um ræðir og bókunum sem fylgja honum. Samgrn. hefur staðfest aðild Íslands að þessum samningum og bókunum en ég tel ekki nauðsynlegt að fara mjög ítarlega yfir þetta mál. Það tengist samstöðu okkar gegn hryðjuverkum í heiminum. Um það er mikil samstaða, og það er nauðsynlegt að Ísland gerist aðili að þeim samningum. Við höfum skuldbundið okkur til þess á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að standa að slíkum málum en þetta tengist einkum því að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó. Skal hvert aðildarríkja leggja refsingu við þeim afbrotum sem fjallað er um í þessum samningi.

Ég legg til að lokinni þessari umræðu, herra forseti, að þessu máli verði vísað til hv. utanrmn.

[20:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mál á vettvangi utanrmn. eru í eðli sínu stór mál, og í dag höfum við beðið eftir því að þessar tillögur að ályktunum um alþjóðasamninga kæmust á dagskrá. Á meðan hef ég notað tækifærið og farið yfir þá og ég skil vel að hæstv. utanrrh. þyki ekki ástæða til að nota mikinn tíma í að fara í einhver smáatriði í þessum samningum. Ég lít svo á að þetta séu tillögur sem við munum skoða í utanrmn. og sé heldur ekki ástæðu til að fara í djúpa umræðu um þessa tillögu núna.

Það er þó ein tillaga á dagskrá sem er ástæða til að ræða og sem verður rædd af okkar hálfu, tillagan um aðild að Kyoto-bókuninni en varðandi hina samningana tek ég undir orð hæstv. utanrrh. Við munum skoða þetta í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrri umr.

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1100.

[20:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er jafnframt um mál að ræða sem hefur verið rætt mjög mikið á Alþingi og e.t.v. meira en flest önnur mál sem hér hafa verið til umfjöllunar. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerð var 10. desember 1997.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður í New York 9. maí 1992, Ísland gerðist aðili að þeim samningi 16. júní 1993 og hann öðlaðist gildi 21. mars 1994. Þessi samningur var stefnumarkandi alþjóðasamningur um viðbrögð við loftslagsbreytingum en hann hafði hins vegar ekki að geyma lagalega bindandi ákvæði um markmið eða einstakar aðgerðir.

Síðan er hv. þingmönnum kunnugt um þá þróun sem varð í þessum málum í framhaldi af aðildarríkjaþingi rammasamningsins sem var haldið í Berlín 1995 og síðan hinn sögulega fund sem haldinn var í desember 1997 í Kyoto.

Markmið þessarar svokölluðu Kyoto-bókunar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda sem hefur aukist undanfarin 150 ár, fyrst og fremst í iðnríkjunum. Bókunin kveður á um að aðildarríki skuli draga úr útstreymi tiltekinna lofttegunda og viðmiðunin er árið 1990. Fyrsta skuldbindingartímabil þessarar bókunar er 2008–2012.

Meginákvæði bókunarinnar er að finna í 3. gr. hennar. Þar er framangreindum ríkjum gert að takmarka sameiginlega og hverju um sig útstreymi þeirra gróðurhúsalofttegunda sem skráðar eru í viðauka A við bókunina, þannig að samanlagt árlegt útstreymi þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu verði að meðaltali 5,2% minna en viðmiðunarárið 1990.

Við samþykkt Kyoto-bókunarinnar var ljóst að samþykkja yrði ítarlegri ákvarðanir um framkvæmd einstakra atriða bókunarinnar áður en iðnríkin gætu fullgilt hana. Á fjórða aðildarríkjaþinginu í Buenos Aires árið 1998 var samþykkt sérstök framkvæmdaáætlun um undirbúning þessara ákvarðana. Var hún upphafið að því samningaferli sem leitt var til lykta á sjöunda aðildarríkjaþinginu í Marrakesh í nóvember 2001.

Kyoto-bókunin lá frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 16. mars 1998 til 15. mars 1999. Bókunin var undirrituð af 84 ríkjum. Hinn 4. apríl höfðu alls 53 ríki fullgilt bókunina, þar af aðeins tvö ríki, Rúmenía og Tékkland, af þeim sem skráð eru í I. viðauka og veitt hefur verið útstreymisheimild. Bókunin öðlast gildi þremur mánuðum eftir að minnst 55 aðildarríki að rammasamningnum hafa afhent fullgildingarskjöl sín. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um þau aðildarríki sem tilgreind eru í I. viðauka stefna ríki Evrópusambandsins og Noregur að því að fullgilda bókunina fyrir leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldinn verður í Jóhannesarborg 26. ágúst til 4. september 2002.

Eins og margoft hefur komið hér fram og er kunnugt hefur hún ekki verið undirrituð fyrir hönd Íslands. Því var lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að ekki bæri að undirrita hana þar sem ekki væri sýnt að Ísland gæti fullnægt skuldbindingum hennar. Jafnframt var því lýst yfir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 28. maí 1999 að Ísland mundi gerast aðili að Kyoto-bókuninni þegar fyrir lægi ásættanleg niður staða í sérmálum þess.

Hér hefur margoft á hv. Alþingi verið rætt um þá niðurstöðu sem fékkst í þessu máli. Með þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar er með fullnægjandi hætti tekið á sérstöðu Íslands, eins og margoft hefur verið rætt á Alþingi, og leystur sá vandi sem skilgreindur var á aðildarríkjaþinginu í Kyoto.

Umhverfisráðuneytið hefur staðfest að ákvæði Kyoto-bókunarinnar stangist ekki á við gildandi lög hér á landi og kallar aðild Íslands að bókuninni því ekki á breytingar á lögum.

Skuldbindingar samkvæmt bókuninni eru þess eðlis að þær kalla á víðtæka stefnumörkun og útfærslu. Ríkisstjórnin hefur samþykkt nýja stefnumörkun um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyotobókunarinnar.

Stefnumörkunin felur í sér tillögur um ráðstafanir á næstu árum sem leiða muni til lækkunar á útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða aukinnar bindingar kolefnis.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[20:50]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er nokkurt gleðiefni að hér skuli vera tekin til umræðu till. til þál. um aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Eins og hv. þm. er fullkunnugt um þá gekk ekki þrautalaust að ganga frá þessari bókun á vettvangi rammasamningsins. En það tókst að lokum og þó svo að niðurstaðan hafi kannski ekki verið okkur öllum fullkomlega að skapi þá hefur það mjög mikið gildi í sjálfu sér að gengið hafi verið frá Kyotobókuninni og að samningar hafi náðst um það til hvaða aðgerða eigi að grípa og skuli gripið á fyrsta samningstímabili eða skuldbindingartímabili samningsins frá 2008–2012. Því ber að fagna, herra forseti.

Mjög mikilvægt er samt að hafa í huga að fyrsta skuldbindingartímabilið er einmitt það sem í nafninu felst, þ.e. fyrsta skuldbindingartímabilið. Strax á næstu missirum og árum þurfum við að huga bæði á alþjóðlegum vettvangi og hér heima að því sem þá tekur við, þ.e. eftir 2012, þ.e. hver verði þá bæði samningsmarkmið Íslands og einnig það hvernig best verði komið til móts við þau ríki sem á fyrsta skuldbindingartímabilinu hafa verið undanskilin í losunarkvótunum en munu þurfa að axla sínar byrðar þegar fram í sækir.

Eins og oft hefur verið rætt á hinu háa Alþingi hafa stjórn og stjórnarandstaða mest deilt um samningatækni stjórnvalda vegna hins svokallaða íslenska sérákvæðis. Sérákvæðið fékkst samþykkt á elleftu stundu á lokasprettinum í Marrakesh. Án þess að ég ætli að fara efnislega út í ákvæðið sem slíkt vil ég að það komi skýrt fram, herra forseti, að þetta voru fyrst og fremst deilur um aðferðir.

Við í Samfylkingunni vorum því t.d. algjörlega mótfallin að við skyldum ekki undirrita bókunina og síðan ganga til samninga og fylgja þeim þannig eftir. En hæstv. ríkisstjórn ákvað hins vegar að rita ekki undir bókunina og reyna svo að ganga til samninga og um það hefur verið deilt á hinu háa Alþingi hvort það hafi reynst farsæl leið. Ég hef lýst því áður yfir og ég er enn þeirrar skoðunar að við hefðum átt að undirrita bókunina og semja síðan um framhaldið. En gert er gert og þetta er niðurstaðan, herra forseti, fyrir hið fyrsta skuldbindingartímabil, árin frá 2008–2012.

Í annan stað ber að halda því til haga að um stefnumörkun hér á landi hefur næsta lítið verið fjallað. Jú, í fylgiskjali þessarar þáltill., fskj. III, liggur fyrir almennt orðuð stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyotobókunarinnar. Það er mín skoðun að þessa stefnumörkun þurfi að útfæra miklum betur en gert hefur verið og þar þurfi líka að taka fleira inn í dæmið, ef þannig má að orði komast. Mér þykir þessi stefnumkörkun nokkuð naum, herra forseti. Það er ekki hugsað miklu lengra fram í tímann en til þessa fyrsta skuldbindingartímabils. Reyndar kemur fram að þessa stefnu beri að endurskoða árið 2005. Hér eru taldar upp ráðstafanirnar í samgöngum, vegna fiskiskipaflotans, flúorkolefnis við álframleiðslu, meðhöndlun úrgangs og bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt. Allt eru þetta hin ágætustu markmið en býsna almennt orðuð. Þá er einnig kveðið á um fræðslu og upplýsingagjöf til almennings og rannsóknir og þróun.

Það vekur sérstaka athygli undir þessum áhersluatriðum er varða rannsóknir og þróun að til þess að geta staðið við skuldbindingar loftslagssamningsins og til þess að marka stefnu til framtíðar um loftslagsmál hér á landi þá hefði ég haldið að vetnisvæðingin svokallaða ætti hér að vega þyngra en hún í raun gerir. Það hefur valdið mér þó nokkrum vonbrigðum að fylgjast með málflutningi hæstv. ríkisstjórnar í þeim málum því að mest hefur verið talað, lítið gert og enn minna fé reitt fram til þess að stuðla að rannsóknum og þróun á vetni sem orkubera.

Herra forseti. Hér á dögunum kom fram í svari til hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að gefin hafa verið fyrirheit um 80 millj. kr. framlag til rannsókna og þróunar vegna vetnisvæðingarinnar. En það er athyglivert, herra forseti, að langstærstur hluti þess rannsóknarfjár sem fer til þessara hluta kemur úr sjóðum Evrópusambandsins. Það er allt gott um það að segja í sjálfu sér. Ég hefði hins vegar haldið, miðað við málflutning hæstvirtra ráðherra, að meiri metnaður byggi hér að baki og að menn hefðu gert sér grein fyrir því að til þess að ná verulegum, miklum og mikilvægum framförum við að þróa nýja orkugjafa þyrfti að leggja meira til en nokkra tugi milljóna króna.

Herra forseti. Ég vil einnig halda því til haga að rammasamningurinn sem hér um ræðir felur í sér almennar skuldbindingar um fjárhagslega aðstoð til þróunarríkjanna. Alþjóðlega umhverfissjóðnum, sem á ensku heitir Global Environment Facility, hefur verið falið að hafa milligöngu um þessa aðstoð. Það kemur fram í þessu þingskjali að endurfjámögnun sjóðsins standi nú yfir og að nauðsynlegt sé að íslensk stjórnvöld, og væntanlega hið háa Alþingi, taki afstöðu til hennar. Þó nokkuð mörg ríki, iðnríki, hafa lýst yfir vilja sínum til þess að fjármagna sjóðinn og það er vel. En ég vek hins vegar athygli á því, herra forseti, að ekki hefur verið gengið frá því hvernig framlög eigi að skiptast á milli iðnríkjanna í þennan sjóð og hversu háa upphæð Íslendingar ætli að láta af hendi rakna í sjóðinn. Ég held að þessi sjóður sé algjört grundvallaratriði fyrir áframhaldandi þróun og framgang þessa samnings og ég vona svo sannarlega að íslensk stjórnvöld láti sitt ekki eftir liggja við að leggja þróunarríkjunum lið við að þróa hreina orkugjafa.

[20:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Ég tel rétt í upphafi máls míns að lýsa yfir ánægju minni með að nú skuli loksins vera runnin upp sú stund að íslensk stjórnvöld ætla að ganga fram fyrir skjöldu og fullgilda Kyoto-bókunina. Ég vil óska okkur þingmönnum til hamingju með það. En ég vildi óska að þetta hefði getað gerst fyrr. Ég vildi líka óska að þetta hefði getað gerst án þess að við værum hér það sem kallað er á útlendum málum „Free Rider", þ.e. að við fleytum hér rjómann af öllu og förum í gegnum Kyoto-ferlið án nokkurra skuldbindinga með gífurlegri meðgjöf sem við fáum ókeypis. Þrátt fyrir allt

þetta er ég glöð yfir því að þessum áfanga skuli þó vera um það bil náð.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sem fylgir hér málinu úr hlaði hefði gjarnan mátt fara nánar út í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda varðandi Kyoto-málin. Ef við eigum að hafa hér málefnalega umræðu um þá stefnumörkun þá hefði verið fengur að því að hann hefði fylgt þeim hluta þessa máls betur úr hlaði með ítarlegri yfirferð varðandi stefnumörkun, því auðvitað er ekki alveg sanngjarnt að þingmönnum sé bara gert það kleift á annatímum í þinginu að lesa þær blaðsíður sem hafa að geyma stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í þessum málum. Það er alveg sjálfsagt að bjóða upp á málefnalega umræðu í þinginu þó að við séum öll þreytt, þó að miklar annir séu. En mér heyrist á því hvernig hæstv. utanrrh. flutti mál sitt áðan að hann ætli ekki að bjóða upp á neinar sérstakar umræður um þá stefnumörkun. Um hana er sannarlega þörf að að ræða og ég geri mér vonir um að þingmenn, þeir sem hafa haft áhuga á þessum málum allar götur síðan 1997 eða 1998, hafi í pokahorninu ýmislegt sem þeir gætu lagt stjórnvöldum til, góð ráð, uppbyggileg og málefnaleg, til þess að stefnumörkun íslenskra stjórnvalda geti orðið efnislega gjöful og frjósöm þrátt fyrir þá annmarka sem eru á öllu málinu frá byrjun.

Herra forseti. Það er svo sem ekki ástæða til að rekja neitt frekar hér hvernig okkur gekk í árdaga þessarar Kyoto-bókunar. Baráttan var hörð, það var ansi mikil krafa úr samfélaginu á ríkisstjórnina um að fullgilda bókunina strax á þeim tíma sem hún lá frammi til staðfestingar, jafnvel undirritunar. Íslensk stjórnvöld ákváðu að gera það ekki fyrr en, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það og hefur verið orðað í ótal plöggum íslensku ríkisstjórnarinnar, „ásættanleg niðurstaða næðist í sérmálum Íslendinga".

„Ásættanleg niðurstaða" náðist í Marrakesh. Og hver var þessi ásættanlega niðurstaða? Jú, herra forseti, Íslendingar fá að losa 1,6 millj. tonna af gróðurhúsalofttegundum án þess að þurfa að kaupa fyrir það losunarheimildir. Og þessar 1,6 millj. tonna ætla íslensk stjórnvöld, að því er virðist, að færa stóriðjufyrirtækjum á silfurfati. Það er alveg ljóst af þeim tölum sem koma fram í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar að hér er um að ræða ákveðin eyrnamerkt verkefni. Þessi tala, 1,6 millj. tonna, er engin tilviljun því að hún er klæðskerasniðin utan um þau verkefni sem eru í farvatninu.

Nú væri í sjálfu sér eðlilegt, herra forseti, að við fengjum hér upp umræðu um hvernig íslensk stjórnvöld sjá fyrir sér losunarheimildir fyrir annan iðnað, iðnað sem ekki er gert ráð fyrir í þessum stóriðjuverkefnum sem eru alltaf tekin sem viðmiðun við þessar 1,6 millj. tonna. Það er eðlilegt að við spyrjum: Ef upp kæmi iðnaður á Íslandi sem ekki tengdist þessum eyrnamerktu stóriðjuverkefnum, iðnaður sem þyrfti samt á losunarheimildum að halda, mundu íslensk stjórnvöld senda þá iðnrekendur út af örkinni til að kaupa sér losunarkvóta? Til viðbótar er eðlilegt að maður spyrji: Hvaða sérsamningar eru það sem álfyrirtækin eiga að njóta sem aðrir iðnrekendur, sem mögulega þurfa að losa gróðurhúsalofttegundir, fá ekki notið? Maður spyr sig: Eru Samtök atvinnulífsins og atvinnurekendur sátt við þetta? Er hér verið að gæta jöfnuðar eða er hér verið að gera upp á milli fyrirtækja?

Nú treysti ég því, herra forseti, að hæstv. utanrrh. geti komið með einhver svör eða sagt okkur meira af því sem gerst hefur í herbúðum hæstv. ríkisstjórnar varðandi þessi mál, þ.e. nákvæmlega um það hvernig íslensk stjórnvöld sjá þetta allt saman fyrir sér á næstu árum.

Varðandi framtíðarsýnina er eðlilegt að spurt sé: Hvernig sjá íslensk stjórnvöld fyrir sér að þau geti árið 2005 lagt fyrir skrifstofu samningsins marktæka áætlun um það hvernig við ætlum að standa við þessar skuldbindingar? Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að samkvæmt Kyoto-bókuninni eigum við, öll löndin sem eru í Annex I, að vera farin að sýna mælanlegan árangur árið 2005. Þá eigum við að vera farin að sýna að við séum á réttri leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að sýna fram á það 2005? Það er ekki langt í það ártal.

Herra forseti. Kann kannski að vera að íslensk stjórnvöld þurfi bara ekki að gera neitt til að geta staðið við allar skuldbindingarnar? Eru íslensk stjórnvöld e.t.v. bara fullkomlega afslöppuð í þessu máli þar sem þau fengu heimild til að auka losun um 10%, ein þjóða sem fékk svo háa losunarheimild samkvæmt Kyoto-bókuninni, og með 1,6 millj. tonnunum sem þau fengu í Marrakesh? Er málið bara þannig vaxið að íslensk stjórnvöld þurfa ekki að leggja neitt af mörkum?

Herra forseti. Það er eðlilegt að leitað sé svara í umræðunni við þessari spurningu því að hér er um afskaplega flókin reikningsdæmi að ræða. Þó að hv. umhvn. hafi fengið til skrafs og ráðagerða starfsfólk úr umhvrn. er sannleikurinn sá að hér er um það flókin mál að ræða að við eigum eftir að fá að heyra og sjá meira til þess að við trúum því í alvöru að íslensk stjórnvöld ætli sér að leggja eitthvað af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið. Ég geri ráð fyrir að við fáum frjóa umræðu og treysti því að hæstv. utanrrh. geti bætt hér um betur, bætt við upphafsræðu sína, og kem svo sjálf til með að hafa tækifæri á síðari ræðu.

[21:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margkomið fram af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar að við höfum fengið möguleika til að leggja okkar af mörkum til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda í heiminum með því að gera það mögulegt að nýta hreina orku í því sambandi. Það er það stóra í þessu máli.

Að því er varðar aðra þætti hefur verið sett upp áætlun um þá og er verið að vinna að henni. Við höfum ýmsa möguleika í samgöngukerfi okkar að því er varðar breytta tækni. Við erum hins vegar mjög háð umferð á vegum, getum t.d. ekki nýtt okkur rafmagnsjárnbrautir með sama hætti og ýmsar stærri þjóðir. Við höfum möguleika á að draga úr mengun af hálfu fiskiskipaflota okkar með áframhaldandi hagræðingu í sjávarútveginum og með því að viðhalda í öllum meginatriðum því kvótakerfi sem við höfum komið á sem er þess eðlis að það dregur úr mengun. Þetta eru mjög mikilvægir þættir.

Ég er fyrir mitt leyti stoltur af því hvernig við höfum staðið að þessu máli. Ég tel að Íslendingar geti með miklu stolti horft framan í umheiminn í þessu máli og það er leitt til þess að vita að þingmenn Vinstri grænna skuli nota hvert tækifæri til að reyna að eyðileggja áform um uppbyggingu íslenskra atvinnuvega, ekki bara hér innan lands heldur líka í málum sem varða baráttu okkar á alþjóðavettvangi. Það er alveg sama hvað við reynum í þessu sambandi, þau finna hvert einasta mál til að reyna að koma í veg fyrir þetta. Sem betur fer tókst það ekki í þessu máli.

[21:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég í mestu vinsemd að reyna að eiga orðastað við hæstv. ráðherra og þá þykir mér afskaplega leiðinlegt að hann skuli eina ferðina enn leyfa sér að falla í þá gryfju að halda því fram að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs geri allt sem í þeirra valdi stendur til að eyðileggja uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Það er rangt og það veit hæstv. ráðherra fullvel og það að hann skuli alltaf hreint koma með þessa bábilju í ræðustól gerir það að verkum að ekki er hægt að eiga við hann málefnaleg skoðanaskipti. Allt sem ég sagði í fyrri ræðu minni bauð upp á það og ég er ósátt við að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér að koma upp í andsvar við mig með fullyrðingar af þessu tagi sem hann veit vel að eru rangar og eiga sér eingöngu rætur í hans eigin pirringi.

Herra forseti. Ég ætla að gera tilraun til að svara honum á málefnalegan hátt. Varðandi það sem hæstv. ráðherra segir um aðgerðir Íslendinga til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu minni ég á hina gullvægu reglu sem finna má í Ríó-yfirlýsingunni þar sem þjóðir heimsins eru hvattar til að bregðast við heima fyrir þó að þær hugsi hnattrænt. Þetta er setning sem ég veit ekki hvort hefur tekist að þýða nægilega vel á íslensku en á engilsaxnesku er hún svona: „Think Globally, Act Locally." Sem sagt: Hugsum á heimsvísu en bregðumst við heima fyrir.

Mér sýnist hæstv. ríkisstjórn Íslands hafa snúið þessari gullvægu reglu við. Hún gætir eigin hagsmuna með því að halda því fram að hún geti brugðist við á heimsvísu en gert nákvæmlega það sem henni sýnist heima fyrir. Íslendingar taka ekki á sig sameiginlegar byrðar veraldarinnar meðan álframleiðsla er ekki bundin við það að rafmagnið sé framleitt með jarðefnaeldsneyti. Þeir væru hins vegar menn að meiri ef þeir væru í alvöru að efna til vetnisvæðingar sem þeir gera ekki með stóriðjustefnu sinni.

[21:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að undirbúa vetnisvæðingu og það er unnið að því máli af mikilli elju og mikilli alvöru. Það er eitt af því sem getur skipt miklu máli fyrir framtíðina en það tekur hins vegar alllangan tíma.

Ég er ekki sammála því sem hv. þm. segir um að við bregðumst ekkert við heima fyrir. Við erum að sjálfsögðu að bregðast við heima fyrir með því að nýta okkar hreinu og endurnýjanlegu orku. Það eru viðbrögð af okkar hálfu þannig að við föllum algjörlega inn í þá hugsun sem á sér stað á alþjóðavettvangi. Það er að sjálfsögðu þess vegna sem við höfum fengið stuðning við málstað okkar. Heldur hv. þm. e.t.v. að við hefðum fengið þennan stuðning nema vegna þess að viðkomandi lönd höfðu sannfæringu fyrir því að rétt væri að taka tillit til okkar sérstöku aðstæðna og litla hagkerfis? Ég er alveg ósammála því að við séum ekki að bregðast við heima fyrir.

Það þýðir hins vegar ekki að við þurfum ekki að bregðast við í öðrum atvinnugreinum og öðrum þáttum þessa máls eins og í fiskveiðum, samgöngum og öðru sem að þessu lýtur. Þar verðum við að sjálfsögðu að taka á líka og getum ekki undanskilið okkur ábyrgð á þeim sviðum. Mér dettur það ekki í hug. Og að því er verið að vinna.

[21:12]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra nefnir samgöngur og sjávarútveg og segir að verið sé að vinna að þessum málum og að þarna getum við tekið á. Auðvitað er það gott og ég styð íslensk stjórnvöld í því að taka vel á málum, ekki hvað síst í þessum greinum, samgöngum og sjávarútvegi.

Hins vegar verð ég að segja að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með þær tilraunir sem íslensk stjórnvöld hafa birt okkur, þjóð og þingi, í þessum tilraunum sínum. Hvaða tillögur höfum við heyrt varðandi samgöngurnar? Jú, það eigi að lækka gjöld á dísilbíla. Það er eina viðleitnin. Það á alls ekki að reyna að draga úr notkun einkabílsins. Nei. Það á ekki að reyna að draga úr innflutningi bifreiða. Nei. Það á bara að sjá til þess að bílarnir sem við flytjum inn í ómældu magni verði dísilbílar frekar en bensínbílar.

Þetta er ekki raunhæf aðgerð, herra forseti. Hvenær höfum við heyrt íslensk stjórnvöld tala um hreyfilhitara, tæki sem sjá til þess að bílar sem keyrðir eru stuttar vegalengdir í köldu loftslagi eyði ekki jafnmiklu bensíni og mengi ekki eins mikið og þeir gera þegar við erum ekki með hreyfilhitarana?

Og hvað eru íslensk stjórnvöld að gera marktækt í sjávarútveginum? Við erum ekki enn farin að sjá þau eða heyra anda út úr sér neinum tillögum varðandi það að fiskiskipaflotinn verði keyrður á vistvænni orkugjöfum. Það eina sem við höfum heyrt er einhver ávæningur af því að verið sé að ræða málin en engar raunhæfar hugmyndir eru enn komnar upp á borðið í þessum efnum.

En ég segi það, herra forseti, að ég kem til með að styðja íslensk stjórnvöld um leið og ég sé þau taka marktæk skref og sameiginlega ábyrgð með öðrum þjóðum í hinum iðnvæddu löndum til að draga úr eyðslu jarðefnaeldsneytis og minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

[21:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér tökum við til umræðu till. til þál. um að Alþingi álykti að heimila að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerð var 10. desember 1997.

Eins og fram kom í framsögu hæstv. utanrrh. höfum við mjög oft rætt þetta mál hér. Við höfum tekist á um aðferðafræðina, við höfum tekist á um hvort réttmætt hafi verið og þá út frá hvaða sjónarmiðum að kalla eftir sérstöku íslensku ákvæði.

Nú erum við hér til þess að ræða heimildina sjálfa. Og auðvitað verður það auðsótt fyrir hæstv. utanrrh. að fá stuðning við að við fullgildum bókunina. En þetta er í eðli sínu stórt mál og öll Kyoto-umræðan er þess eðlis að ég hefði kosið að við ræddum þessa tillögu við allt aðrar aðstæður, ekki sem eitthvert 20. mál á dagskrá fundar sem er með 57 mál og við erum hér stödd klukkan korter yfir níu um kvöld, heldur fersk að morgni dags með þingsalinn fullan af fólki sem vill ræða það með hvaða hætti við ætlum að horfa inn í framtíðina, hvert við ætlum að stefna og hvernig við ætlum að útfæra þetta, ekki bara næstu fimm ár eða tíu ár heldur í framtíðinni.

Þannig er það ekki, virðulegi forseti. Við erum að taka þetta sem eitt af þessum hraðmálum sem á að ná í gegn á þessu vori, á þeim 16 dögum sem eftir lifa. Þess vegna mun ég ekki halda langa ræðu heldur fyrst og fremst koma

inn á örfá atriði sem mér finnst mikilvæg í tengslum við umræðuna og þá ákvörðun sem hér á að taka.

Á bls. 5 í skjalinu kemur fram að staðfest sé af umhvrn. hálfu að ákvæði Kyoto-bókunarinnar stangist ekki á við gildandi lög og að aðild Íslands að bókuninni kalli ekki á breytingar á lögum, en: „Skuldbindingar samkvæmt bókuninni eru þess eðlis að þær kalla á víðtæka stefnumörkun og útfærslu." Þannig er það orðað í skjalinu: „... að þær kalla á víðtæka stefnumörkun og útfærslu."

Sú víðtæka stefnumörkun og útfærsla hefur ekki farið fram að mínu mati þegar litið er á fylgiskjalið sem fylgir tillögunni.

Þessar fjórar línur fá mig til að velta því fyrir mér að eðlilegt hefði verið að hæstv. umhvrh. hefði verið hér viðstödd þegar við ræðum þessa tillögu. Ég geri mér alveg grein fyrir að tillagan sem slík er á forræði hæstv. utanrrh. en svo mikið höfum við rætt þessi mál og svo stór hluti útfærslunnar mun hvíla á herðum hæstv. umhvrh. að mjög eðlilegt hefði verið að hún hefði verið hér ef eitthvað hefði komið upp í umræðunni sem við hefðum kosið að fá upplýsingar um.

Í stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands er almenna ákvæðið að almennt skuli útstreymi gróðurhúsalofttegunda ekki aukast meira en sem nemur 10% frá árinu 1990 og vera innan við 3.200 þús. tonna koltvíoxíðígilda á árunum 2008–2012.

Þegar litið er til þeirra ráðstafana sem á að grípa til eru það í fyrsta lagi samgöngurnar. Og það verður að segjast eins og er að á þeim árum sem við höfum fjallað um aðild að bókuninni höfum við farið okkur afar hægt með að stýra mengun frá samgöngum. Ég geri ekki lítið úr neinni þeirri aðferð sem hægt er að nýta til þess en við höfum farið okkur hægt og það er ástæða til að herða þá för og grípa til aðgerða.

Einnig er talað um að fyrirtæki í áliðnaði geri fullnægjandi ráðstafanir, og ég hef rætt það við hæstv. iðnrh. að möguleiki er á að nýta afgas frá stóriðjunni til að framleiða metanól en metanólið er talið verða ein af þeim leiðum sem farin verður til að breyta um orkugjafa í bifreiðum. Ljóst er að málmblendiverksmiðjan hefur verið jákvæð og hefur verið tilbúin að fara í slíkt rannsóknarverkefni með kanadísku fyrirtæki og það væri eðlilegasti hlutur í heimi að íslensk stjórnvöld gerðu um það samkomulag við þá aðila sem vilja annaðhvort stækkun eða nýja aðila sem vilja koma hér og reisa álver, að þeir undirgangist það að láta afgas af hendi vegna þess að jafnvel þó að það verði ekki nýtt í vetniseða metanólframleiðslu er alveg ljóst að það minnkar mjög mikið útstreymi frá slíkum verksmiðjum og ætti þess vegna að vera eitt af því sem ríkisstjórnin leggur mesta áherslu á.

En, herra forseti, það sem mig langar að nefna áður en tíma mínum er lokið eru mengunarkvótarnir og ég spyr: Hvernig ætlum við að fara með þá? Þeir hafa verðgildi vegna þess að í öðrum löndum geta fyrirtæki sem menga þurft að greiða fyrir mengunarkvótana. Og það hlýtur að vera framtíðin á Íslandi að við gerum kröfur til þeirra fyrirtækja sem menga, að það sé ekki einkamál hvernig Íslendingar haga málum sínum heldur sé því með einhverjum hætti stjórnað með aðgerðum stjórnvalda.

Ég sakna þess mjög í umræðunni að á Íslandi skuli ekki vera auðlindastefna eða auðlindapólitík. Það var rakið hér ágætlega í umræðunni um virkjanir fyrir fáum dögum af hálfu talsmanns okkar þar hversu ólíkt við hefðumst að í sambandi við sjávarútveg, orkumál, landnýtingu eða fiskeldi, hvort við erum að greiða fyrir rannsóknir, hvort veittir eru styrkir, hvort greitt er fyrir afnot af landi eða ekki eða varðandi eldið, hvernig á að haga sér ef tveir vilja nýta sama fjörð o.s.frv. Auðlindastefnu vantar og við þurfum að setja okkur hana og við verðum að hætta að mismuna fyrirtækjum sem nýta sameiginlegar auðlindir eða sem njóta einhvers sem í felst verðmæti, því að ekki get ég fengið mig til að nota orðið „auðlind" yfir mengunarkvótana. Hins vegar hafa þeir verðgildi og það hlýtur að vera eitt af fyrstu verkefnum ríkisstjórnar í kjölfar þess sem hér verður ákveðið að setja sér auðlindastefnu og að við fáum að vita hvernig á að halda á slíkum málum í útfærslunni.

[21:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Lítill vafi er á því að gróðurhúsaáhrifin svonefndu eða loftslagsbreytingar af mannavöldum vegna aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda er alvarlegasta ógnin sem að lífríki jarðarinnar steðjar og þar með lífsskilyrðum manna á jörðinni ekki síður en annarra tegunda. Þeim fækkar sem reyna að mæla því í mót eða vefengja þau vísindalegu gögn sem hrannast upp í þeim efnum þó að vissulega fyrirfinnist þeir enn.

Það vill svo til, herra forseti, að einmitt í dag kom upp í hendurnar á mér blaðið International Herald Tribune, og hvað er nú á forsíðu þess nema einmitt umfjöllun um gróðurhúsaáhrifin eða loftslagsbreytingarnar eins og þær eru í borginni Houston í Texas? Þar eru birtar tvær myndir, önnur er af borginni á vormorgni eftir rigningu og loftið er hreint og skýjakljúfarnir gnæfa við himin við sjónadeildarhringinn. En sama mynd er tekin undir sama sjónarhorni á sama stað síðdegis á sólardegi í ágúst og skýjakljúfarnir eru horfnir í mengun.

Upplýst er í grein í blaðinu að tæpur metri af strandlengju Galveston-flóans hverfur nú á hverju ári og sjórinn gengur hratt inn á landið með hækkandi sjávarborði og þeim breytingum sem við vel þekkjum. Við þekkjum eyríki sem eru á hraðri leið með að hverfa af yfirborði jarðar og við þekkjum þau vandamál hverra bíða þau örlög, ákveðinna eyríkja, að bókstaflega hverfa af yfirborði jarðar ef svo heldur sem horfir. Veðurfarsóreglan og sveiflurnar með vaxandi tíðni fellibylja og stórviðra, þurrka eða hellirigninga annars staðar eru líka stórfelld vandamál sem yfirgnæfandi tölfræðilegar upplýsingar benda til að fari vaxandi.

Viðfangsefnin hér á landi sem þessu tengjast eru að við reynum a.m.k. með einhverri meðvitund að leggja okkar af mörkum, en það bólar nú lítið á því, herra forseti. Ég ætla að nefna þrennt.

Vaxandi notkun er á innfluttu jarðefnaeldsneyti til orkuframleiðslu á Íslandi. Það er algjörlega óhrekjanlegt að í vaxandi mæli er verið að taka olíu í notkun til að framleiða gufu í iðnaði til að nota í fiskimjölsiðnaðinum, loðnubræðslur ganga svo til allar fyrir olíu og þar mætti áfram telja. Svo hlálegt sem það nú er, ofan í allt talið um hina miklu vistvænu orku, þá er í auknum mæli í almennum iðnaði verið að taka innflutt jarðefnaeldsneyti í notkun í staðinn fyrir rafmagn eða a.m.k. ekki nýta það eins og hægt væri til margs konar iðnaðarstarfsemi af því tagi. Ég hef sannreynt það með samtölum við menn, sem ég þóttist reyndar vita fyrir og hef fylgst með undanfarin ár, að það má heita í hverfandi tilvikum sem menn telja rafmagn samkeppnisfært og heitt loft eða gufa er búin til með olíu eða jafnvel gas er notað frekar en innlent rafmagn.

Í öðru lagi nefni ég þróunina í flutningum og þá staðreynd að strandsiglingar eru að mestu aflagðar við landið og flutningarnir komnir upp á vegina með margfaldri orkunotkun.

Og ég nefni í þriðja lagi stóraukna orkunotkun í flotanum og þróun í átt til aukinnar orkunotkunar þar, bæði vegna aukinnar vélastærðar og vaxandi vinnslu aflans úti á sjó þar sem rafmagn til frystingar er framleitt með jarðefnaeldsneyti í staðinn fyrir rafmagn og vatnsorku í landi.

Stjórnvöld á Íslandi mættu því gjarnan vinna heimavinnuna sína, herra forseti. Framganga íslenskra stjórnvalda í sambandi við Kyoto-málið var mjög umdeild, herra forseti. Sú staðreynd að Ísland skyldi eitt ríkja skerast úr leik og ekki undirrita bókunina var okkur mörgum mikil vonbrigði og við töldum að Ísland ætti þá að vinna sérstöðu sinni framgang að svo miklu leyti sem slíkt væri efnislega réttlætanlegt með öðrum hætti en þeim einum að skerast úr leik eins og óþægur krakki og nota þá síðan auðvitað þá stöðu sína að ætla eitt þróaðra, vestrænna ríkja, að skerast þannig úr leik til þess að reyna að fá kröfur sínar viðurkenndar.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að allt tal um hina vistvænu orku sem við eigum hér til raforkuframleiðslu sem kappsmál sé að nýta í þágu iðnaðar, sem annars sé rekin með jarðefnaeldsneyti eða óhagstæðum orkugjöfum annars staðar, er óskaplega tvíbent vegna þess að þessi vistvæna orka — að svo miklu leyti sem hún er vistvæn í þeim skilningi að henni séu ekki samfara óréttlætanlegar umhverfisfórnir á öðrum sviðum — kemur okkur þá til góða í hverju tilfelli og er sú forgjöf sem við höfum, þó að við hefðum undanþágulaust gerst aðilar að Kyoto-bókuninni. Það er staðreynd sem ekki verður fram hjá horft.

En krafa Íslands var um að losunin vegna iðnaðarstarfseminnar jafnframt fengist líka í forgjöf upp að vissu marki og um það snerist hið íslenska ákvæði. Og færa má fram rök bæði með því og móti að það sé sanngjarnt eða réttlætanlegt að Ísland fái þannig algera sérmeðhöndlun ofan í 10% aukningu sem okkur, einum ríkja, var viðurkennd, þannig að það var nú ekki beðið um lítið að heimta þar til viðbótar þá sérmeðhöndlun sem Ísland fékk. Staðreyndin er sú að ef hér yrði sameiginlegur markaður með losunarkvóta, þá væri iðnaðaruppbygging á Íslandi, þó í litlu hagkerfi væri, í nákvæmlega sömu aðstöðu og iðnaðaruppbygging annars staðar hvað það varðar að menn gátu þá keypt sér losunarkvóta fyrir viðbótariðnaðarlosuninni en notið góðs af því að orkan væri framleidd með vatnsorku eða jarðhita og það þyrfti þá ekki að kaupa kvóta hennar vegna.

Þegar betur er farið yfir þetta dæmi, herra forseti, þá orkar það á ýmsan hátt mjög tvímælis ef maður vill vera sanngjarn í garð þeirrar viðleitni, hinnar almennu viðleitni um að menn taki sameiginlega á þessu vandamáli. Útreikningarnir sem hér voru bornir á borð um hið mikla framlag til alþjóðaumhverfismála byggðu yfirleitt á því að valkosturinn væri uppbygging sams konar iðnaðar í þróunarríkjunum sem væru undanþegin kvótunum. Og þá var hægt að setja dæmið þannig upp að það væri mikið framlag til sameiginlegra umhverfismála að gera þetta á Íslandi en um leið og það var komið til einhvers annars iðnvædds ríkis sem var með kvóta kom dæmið ekki þannig út, heldur þvert á móti.

Að síðustu verð ég að segja, herra forseti, að óskaplega er það brjóstumkennanlegt að heyra hæstv. utanrrh. endalaust koma hér upp og ráða aldrei við sig í skoðanaskiptum við fólk, sem að einhverju leyti hefur önnur viðhorf en hann sjálfur til umhverfismála eða áherslu í atvinnumálum, að ætla þá að afgreiða það með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði hér áðan. Mikið óskaplega er það erfitt, herra forseti, eða hlýtur að vera erfitt og brjóstumkennanlegt að vera þannig á sig kominn í rökræðum um mál að komast alls ekki yfir það að til er fólk með aðrar skoðanir og aðrar áherslur en maður sjálfur.

[21:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel fullkomlega eðlilegt að hv. þingmenn hafi allt aðrar skoðanir en ég. Það er bara allt í lagi. Hins vegar verða viðkomandi þingmenn að viðurkenna skoðanir sínar. Það liggur alveg ljóst fyrir að hv. þm. hafa ekki viljað styðja íslensk stjórnvöld í baráttunni fyrir hinu svokallaða íslenska ákvæði sem felur í sér svigrúm fyrir stækkun Ísals sem þegar hefur verið stækkað um 90 þús. tonn. Átti þá að loka þeirri verksmiðju? Það hefur og gefið svigrúm fyrir stækkun járnblendiverksmiðjunnar, sem þegar hefur orðið að nokkru leyti. Það gefur einnig svigrúm fyrir byggingu Norðuráls, framtíðarstækkun Norðuráls og síðan byggingu álverksmiðju á Reyðarfirði.

Það liggur alveg ljóst fyrir að án þessa svigrúms hefði ekki orðið af þessum verkefnum. Það hefði verið ósamrýmanlegt að berjast ekki fyrir íslenska ákvæðinu. Þetta eru staðreyndir. Það er ekki nóg að berjast á móti ákveðnum málum á Alþingi, menn verða líka að viðurkenna afleiðingar þess.

Það er rangt að Íslendingar hafi einir barist fyrir ákveðnum sérmálum. Skógarnir voru viðurkenndir í heild sinni á síðustu stigum málsins. Allt flugið er utan við þetta, stór þáttur í samgöngum víða í Evrópu. Þannig hafa orðið margvíslegar breytingar frá upphaflegum ákvæðum.

Það er að mínu mati brjóstumkennanlegt að hér skuli hv. þm. á Alþingi standa upp og bera á borð að íslensk stjórnvöld hafi ein verið að berjast fyrir sérstökum hagsmunamálum þjóðar sinnar.

[21:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekkert um að önnur stjórnvöld hefðu ekki reynt að fá breytinga vegna sérstöðu sinnar. Það liggur fyrir að í upphaflegu samningagerðinni var komið til móts við sérstöðu ríkja. Sumum var gert að draga úr losun, önnur fengu óbreyttan kvóta í sinn hlut og enn önnur ríki fengu heimild til að auka nokkuð losun, m.a. Noregur, Ástralía og Ísland, sem fékk langmest, þ.e. 10%. Krafa Íslands um hið sérstaka íslenska ákvæði gekk miklu lengra en allt annað.

Það má líka deila um hvort áformin, hin göfugu áform um að ná þarna umtalsverðum árangri í þágu umhverfisins og loftslagsins á jörðinni, hafi ekki verið þynnt dálítið út með ýmsum þeim undanþágum, eins og flugi og öðru slíku, sem teknar voru inn. Það er meining margra.

Ég hef aldrei hafnað því að ákveðin efnisleg rök geti verið fyrir ákveðinni sérstöðu Íslands. Við töldum hins vegar að þá ætti að vinna henni brautargengi þannig að undirrita með fyrirvara um að þeirra mál yrðu skoðuð. Það var upphaflegi ágreiningurinn í þessu máli. En ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að skera sig algjörlega úr leik ef hún fengi ekki sinni kröfu framfylgt tók íslenska ríkisstjórnin ein ríkisstjórna. Meira að segja Bandaríkin undirrituðu, eins og kunnugt er, á síðasta degi sem tilskilinn var til þess.

Það að krefjast þess að sérstaða Íslands yrði metin er eitt. En hitt, að krefjast undanþágu fyrir öll stóriðjuáform

ríkisstjórnarinnar, alla stækkun og nýjar fabrikkur sem voru á borðinu, er íslenska ákvæðið. Íslenska ákvæðið er að fá að taka alla stóriðju sem ríkisstjórnina dreymdi um að mögulega gæti verið í sjónmáli á næstu árum komplett inn sem undanþágu. Það er nú millivegur á milli þessa, herra forseti.

[21:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að ríkisstjórnin vann að því að fá íslenska sérákvæðið til að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu þessara atvinnufyrirtækja. Þess vegna hafa þau verið að rísa. Þess vegna var Ísal stækkað. Þess vegna var álverksmiðjan í Hvalfirði byggð og járnblendiverksmiðjan stækkuð.

Ég hef litið þannig á málflutning hv. þingmanna, sem ég hef vitnað til, að við hefðum ekki átt að biðja um þetta eða vinna að málinu. Nú heyri ég að hv. þm. dregur í land og það er vel.

Ég veit ekki betur en að flokkur hans tali um það í sveitarstjórnarmálum uppi á Akranesi að það beri að stækka Norðurál í Hvalfirði. Á sama tíma hefur mér heyrst að hér á Alþingi séu hv. þm. sama flokks að berjast gegn því að þessi verksmiðja geti starfað, m.a. með afstöðu í þessu máli.

Það má vel vera að hv. þm. líki það illa að þessi þáttur sé dreginn fram og hann þoli það illa. Hann telur kannski ekkert mál að vera á móti svona málum og geta síðan sagt að það skipti engu máli, það hafi engin áhrif. Ég heyri að að hv. þm. tekur það tekur það til sín. En það er nauðsynlegt að draga fram þennan sannleika. Menn geta ekki komist upp með endalausan tvískinnung í atvinnumálum.

[21:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það nú þannig að Ísland fékk heimild til að auka sína losun um 10% miðað við 1990 meðan mörg önnur iðnvædd ríki og ekkert óskaplega mikið iðnvædd stóðu frammi fyrir því að þurfa verulega að draga úr losun sinni. Við höfðum nú í fyrsta lagi þetta 10% svigrúm.

Í öðru lagi gátum auðvitað aukið losun í samræmi við það sem okkur hefði tekist með aðgerðum að draga úr henni á öðrum sviðum. Það svigrúm stóð atvinnulífinu til boða.

Í þriðja lagi hefði að sjálfsögðu verið hægt að reisa hér fyrirtæki á komandi árum, eftir að þetta fyrirkomulag væri komið á, með því að kaupa út losunarheimildir, eins og bíður manna í iðnaðaruppbyggingu annars staðar í iðnríkjunum. Þannig er beinlínis rangt að halda því fram að frekari iðnaðaruppbygging á Íslandi hefði þar með verið úr sögunni. Það eru heimatilbúin rök sem hæstv. ráðherrar hafa smíðað sér.

En það er að vísu rétt að menn hefðu ekki haft á lager stórfelldar ókeypis losunarheimildir til að lokka að nýja stóriðju eins og hæstv. ríkisstjórn vildi fá. Það er rétt. Sá hefði orðið munurinn á.

Varðandi tugguna hjá Framsókn um að félagar okkar á Akranesi séu með aðra stefnu í umhverfis- og stóriðjumálum en flokkurinn að öðru leyti þá er hún óskaplega þreytt. Ég verð að segja um Framsókn gömlu: Ja, litlu verður Vöggur feginn. Það er lítið sem tungan finnur ekki. Þetta er það eina sem þeir hafa til að draga fram í þessa umræðu.

Staðreyndin er auðvitað sú að það sem félagar okkar á Akranesi segja um þetta mál er í beinu samhengi við þá staðreynd að fyrirtækið hefur starfsheimildir til að auka umsvif sín og í tengslum við atvinnu- og skipulagsmál bæjarfélagsins og ganga félagar okkar út frá þeim veruleika. Það er nú allt og sumt sem Framsókn hefur fundið. En að sjálfsögðu deila þeir meiningum og skoðunum með okkur í almennu samhengi umhverfismála, þar á meðal því að við gerum sömu kröfur til virkjana og framkvæmda í þessu samhengi eins og öðru hvað umhverfisáhrif snertir. Ég hugga hæstv. utanrrh. með því að þannig er það.

[21:39]

Útbýting þingskjals:

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1177.

[21:39]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um till. til þál. um aðild að Kyoto-bókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar vekur í sjálfu sér athygli á því hvernig við stöndum okkur í tengslum við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum gengist undir í sambandi við sjálfbæra þróun og umhverfismál.

Hæstv. utanrrh. hefur verið mjög upptekinn af því að mæra árangur sinn á alþjóðavettvangi og hvernig Íslendingar hafi getað vikist undan að axla hliðstæða ábyrgð og aðrar þjóðir. En hins vegar er rétt að skoða hvernig við stöndum. Sá koltvísýringskvóti sem við höfum fengið er í sjálfu sér ekki ótakmarkaður. Það er önnur starfsemi hér á landi en stóriðja sem losar koltvísýring.

Einn stærsti þáttinn er samgöngurnar. Ríkisstjórnin hefur sett sér stefnumið í samgöngum, þ.e. um að takmarka mengun, og hún er líka aðili að alþjóðlegum samningum þar að lútandi. Ég vil vekja athygli á því að losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum sl. tíu ár hefur aukist um nærri 10%. Það virðast ekki uppi neinir sérstakir tilburðir til að draga úr losun á koltvísýringi frá samgöngum hér á landi. Alla vega er þar töluvert langt í að við uppfyllum þá samninga sem við höfum undirgengist og þær yfirlýsingar sem við höfum samþykkt, og hins vegar áherslnanna í reynd í samgöngumálum. Ég vil draga þetta fram.

Í frv. til laga um samgönguáætlun, sem hér er til umræðu á þinginu, er t.d. ekki minnst á umhverfismál eða mengunarmál í lagatextanum, eða samninga á því sviði sem við Íslendingar höfum þó skuldbundið okkur til að fylgja eftir. Það er ekki minnst á það í markmiðstexta laganna um samgönguáætlun. Þetta er þannig í reynd sú sýn sem ríkisstjórnin hefur á þessi mál.

Herra forseti. Ég mátti til með að draga þetta hér fram. Það er líka ástæða til að horfa til annarrar þróunar í atvinnulífi hér á landi hvað þessu viðvíkur. Við höfum minnst á samgöngurnar og ég gat þess að koltvísýringsmagnið hefur aukist um 10% á sl. tíu árum án þess að nokkuð hafi þar verið að gert. Samgöngurnar eru að fara af sjó upp á land og því fylgir stóraukin mengun. Stefnan í sjávarútvegi hefur leitt til þess að vinnslan fer að allt of stórum hluta fram úti á sjó. Flutningar á fiski fara fram á landi, landshorna á milli. Það er m.a. afleiðing af stefnunni í sjávarútvegsmálum. Allt þetta miðar að því að auka mengun og losun á koltvísýringi út í andrúmsloftið. Þarna eru ekki neinir tilburðir við að koma á skipulagi í samræmi við þær alþjóðaskuldbindingar sem við höfum undirgengist um að draga úr mengun á þessu sviði.

Tökum sem dæmi þróunina í slátrun, flutning á sláturfé hér innan lands. Allt hefur þar miðast að því að færa vinnsluna í stórar einingar og leggja niður hinar minni einingar. Það hefur haft í för með sér flutninga á sláturfé landshorna

á milli með aukinni mengun. Það er líka í trássi við allar hugmyndir um gæðastýringu vörunnar. Hvar sem okkur ber niður hér innan lands ganga öll stýritæki þvert á stefnu sem við höfum annars samþykkt varðandi mengunarmál, þ.e. að draga úr losun koltvísýrings.

Virðulegi forseti. Ég mátti til með að draga þetta hérna fram. Í lagatexta samgönguáætlunar er ekki minnst á þessar skuldbindingar okkar. Samgöngur eru einn stærsti aðilinn í losun á koltvískýringi út í andrúmsloftið. Það er ekki minnst á þetta í lagatextanum. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Finnst honum eðlilegt að í lögum um stefnumörkun í samgönguáætlun skuli ekki á það minnst? Mér finnst það ekki og hef gagnrýnt það. Mér finnst langt á milli orða og athafna hvað það varðar að taka á málum innan lands samkvæmt skuldbindingum sem við höfum undirgengist varðandi losun á gróðurhúsalofttegundum.

Mér er til efs, virðulegi forseti, eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan, að hann skilji hugtakið, hina almennu skilgreiningu á bak við hugtakið sjálfbær þróun. Alla vega eru skýringar hans á því hugtaki með öðrum hætti heldur en ég hef áður heyrt.

[21:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins benda hv. þingmönnum sem hafa verið að ræða um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á það að þessi stefnumörkun er prentuð sem fylgiskjal í þessari tillögu á bls. 32–38. Þar kemur skýrt fram á bls. 34 hver er spá um meðalútstreymi frá árunum 2008–2012. Útstreymisheimild Íslands er 3.200 tonn og það er gerð sú áætlun að við gætum náð þeim árangri að vera innan þeirra marka, eða í 3.000 tonnum, með því að halda áfram því mikla landgræðslu- og skógræktarstarfi sem hefur m.a. verið hafið í tíð núverandi ríkisstjórnar af miklum krafti og stefna mörkuð í því sambandi. Jafnframt kemur fram áætlun um stóriðjuna þar sem við gerum ráð fyrir því að vera innan þeirra marka sem við höfum samið um. Þessi stefnumörkun kemur því mjög skýrt fram í þessu sambandi. Þar er rakið hver spáin er að því er varðar samgöngungar, hver spáin er að því er varðar iðnaðinn og fiskiskipin og annað sem máli skiptir í þessu sambandi. Því er beinlínis rangt að hér sé ekki hugað vel að framtíðinni.

Að því er varðar sjálfbæra þróun sem hv. þm. telur að ég skilji ekki þá læt ég mér það í léttu rúmi liggja. Ég flutti hér ræðu við umræðu um utanríkismál þar sem ég gerði það mál að sérstöku umtalsefni. Þar kemur fram skilningur minn á því máli. Hvort sá skilningur sé í andstöðu við alþjóðaskilgreiningar í þessu sambandi þá held ég svo ekki vera. En ég ætla ekki að fara í neina samkeppni við hv. þm. um það að hann skilji hlutina vel og kunni þá vel en sá sem hér stendur viti ekkert í sinn haus.

[21:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þessi nálgun á málinu að halda sig innan marka þegar pólitísk stefna er að draga úr og vinna sig inn í ákveðið ferli. Þar skilur á milli. Ég benti á í ræðu minni hvernig við í atvinnulífinu erum ekki að vinna að því að draga úr eins og mér fyndist að við ættum að gera. Fyrir mér er sú friðþæging að halda sig innan markanna ekki nægjanleg. Mér er sú nálgun ekki hugnanleg, þó svo ég skilji sjónarmið hæstv. utanrrh. hvað þetta varðar.

Ég benti á samgöngurnar sem dæmi um stórmál á þessu sviði þar sem við höfum undirgengist skuldbindingar, yfirlýsingar og sáttmála um að draga úr mengun af völdum samgangna. Samt hafa þær, eins og ég sagði áðan, aukist um 10% á síðustu tíu árum. Samt sem áður er í þessu lagafrv. um samgönguáætlun ekki minnst einu orði, þ.e. í lagatextanum, á þessa mikilvægu stefnumörkun sem allar þjóðir eru uppteknar af. Við heyrðum t.d. síðast í fréttum í gær um flugið að settur yrði mengunarkvóti á flugið. Allar þjóðir eða alla vega þjóðir í nágrenni okkar eru því uppteknar af þessari umræðu um mengun frá samgöngum. En samt er ekki minnst einu orði á það hér í stefnumarkandi frv. til laga um samgöngur. Ég sakna þess að sjá ekki áherslur í þá veruna hér innan lands.

[21:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Helsta ráðið til þess að draga úr losun að því er varðar samgöngur er skattlagning. Það er gagnrýnt mjög í heiminum hversu lítil skattlagning er á eldsneyti í Bandaríkjunum. Það er alveg ljóst að ef bensínverð yrði hækkað verulega í Bandaríkjunum þá kæmi það til með að draga mjög úr losun, en þar er bensínverð mjög lágt. Það stendur í okkur hér að hækka eldsneytisverð til flutninga innan lands, ekki síst með tilliti til byggðamála. Það er því ekki auðfundin leið í þessu sambandi.

En af því er hv. þm. hefur svona mikinn metnað að gera miklu meira en hér er gert, er hann þá að leggja til að lagður verði á nýr eldsneytisskattur á dísilolíu og bensín til flutninga til þess að draga úr þessum flutningum þannig að þeir borgi fullkomlega það sem vegirnir kosta? Svo er ekki í dag. Fróðlegt væri að vita hvort það er það sem hv. þm. er að tala um. Það er ekki nóg að koma hér upp í máli eftir máli og segja í þessu máli að þetta beri að gera, en segja svo í öðru máli að eldsneytið og flutningskostnaðurinn sé allt of hár. Það er þessi tvískinnungur sumra þingmanna í þessu máli sem mér finnst ekki vera boðlegur.

[21:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þessi útúrsnúningur hæstv. utanrrh. heldur ekki vera boðlegur. Ég rakti m.a. hvernig skipan atvinnumála hér á landi stuðlaði að því að auka flutningskostnað, að auka flutninga sérstaklega á landi. Flutningar eru færðir upp á land, og það þýðir aukna losun á koltvísýringi, með því að reka þannig fiskveiðistjórnarstefnu að fiskur er fluttur landveg landshorna á milli. Þessa nálgun er ég að gagnrýna, virðulegi forseti. Ég er líka að gagnrýna það að stefnumörkun á sviði orkumála sé ekki sett inn í lagatexta frv. um samgönguáætlun í samræmi við stefnuyfirlýsingu og skuldbindingar ríkisstjórnarinnar.

Það er alveg sjálfsagt og alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að við Íslendingar erum mjög háðir samgöngum og bílum og notkun á eldsneyti. En það er ekki þar með sagt að við séum háðir því að nota endilega dýrustu bílana eða bílana sem nota dýrasta eldsneytið og mest af því. Það mætti huga að ákveðinni pólitík í þeim efnum með skattlagningu á þá bíla sem nota mest eldsneyti og eru kannski bara helst notaðir af efnamesta fólkinu. Við getum kannski stýrt skattlagningu á bíla þannig. Að sjálfsögðu verðum við að treysta á bílinn við samgöngur. En við getum ekki á þeim grundvelli vikið okkur undan þeirri ábyrgð að stefnumörkunin er að draga úr koltvísýringslosun og halda henni í lágmarki.

[21:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Allir vita sem fylgst hafa með þessum málum öllum að Bandaríki Norður-Ameríku ákváðu að vera ekki með í Kyoto-bókuninni. Það olli þjóðum heims mjög miklum vonbrigðum að sú þjóð sem losar mest, það iðnríki sem losar mest á hvern mann skuli ekki ætla að gangast undir þessa sameiginlegu regnhlíf.

Nú er staðreyndin sú að menn hafa setið á rökstólum og reiknað hvort hægt sé að sjá fram á það að bókunin taki í raun gildi og geti orðið virk án Bandaríkjanna. Á vefsíðum á netinu sem fylgjast með þessum málum kveður nú við nokkuð bjartsýna tóna því nú virðist ljóst að það sé vilji hjá mjög stórum losendum að vera með. Þar eru nefnd til sögunnar Japan og Rússland sem að öllum líkindum ætla sér að reyna að fullgilda bókunina. Og staðfest hefur verið að það sé stefna Evrópusambandsins, sem í bókuninni er í raun litið á sem einn aðila, þ.e. þeirra 15 landa sem undir hatti þess eru, að fullgilda bókunina um miðjan júní n.k. Menn eru því farnir að sjá að orðið geti af því að bókunin taki gildi.

En þetta hefur verið ansi löng og ströng vegferð, herra forseti, og mikið hefur gengið á. Það hefur svo sannarlega ekki verið einfalt mál að komast að samkomulagi á vettvangi þjóðanna um sveigjanleikaákvæði þessarar bókunar. Hæstv. utanrrh. nefndi skógræktina til sögunnar í ræðu sinni áðan og það hvernig skógarnir hafa verið viðurkenndir undir Kyoto-bókunina sem bindingarfaktor, þ.e. það var viðurkennt að skógar og jarðvegur binda kolefni og þess vegna geta lönd talið sér það til tekna ef þar eru skógar. Þau geta talið fram skóga sem hluta af bindingu sem vegur þá upp á móti losun. En, herra forseti, það er alveg nauðsynlegt að hér komi fram að þegar ákveðið var að heimila slík ákvæði þá gekk það ekkert þrautalaust. Það var látið undan gífurlegum þrýstingi á þeim tíma sem menn voru að vona að Bandaríkin gætu lufsast til þess að vera með, sem þau reyndar gerðu á endanum ekki. Ástæðan fyrir því að látið var undan þessum þrýstingi var fyrst og fremst sú að ef ekki hefði verið tekið tillit til skógræktar og landgræðslu þá hefði bókunin ekki getað gengið í gildi. Þetta var því björgunaraðferð sem iðnríkin fóru í á þennan hátt, þ.e. að heimila það að lönd gætu talið sér skógrækt og landgræðslu til tekna.

Það má ekki líta svo út í þessari umræðu að þetta hafi verið sjálfsagt mál því upphaflega átti ekki að hlusta á þær raddir sem gerðu kröfu um að skógræktin og landgræðslan yrðu þarna kreditfærð.

Herra forseti. Miðað við stefnu íslenskra stjórnvalda í þessum málum þá er alveg ljóst hvernig þau sjá fyrir sér fyrsta skuldbindingartímabilið frá 2008–2012. En í þessu samhengi þarf að horfa til langs tíma og við þær spurningar sem ég spurði hæstv. utanrrh. í fyrri ræðu minni vil ég bæta einni sem mér finnst afar þýðingarmikil: Hvernig sjá íslensk stjórnvöld fyrir sér framhaldið, þ.e. næsta skuldbindingartímabil? Við hverju megum við búast í þeim efnum? Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að halda á málum Íslendinga í umræðum um það?

Í framhaldi af því er kannski rétt að spyrja, vegna þess að það mun vera fyrir næsta haust sem stjórnvöld þurfa að tilkynna hvort ákvæðin sem Ísland fékk samþykkt í Marrakesh verða yfir höfuð notuð: Ætla íslensk stjórnvöld að skila skýrslu til skrifstofu samningsins, þ.e. með yfirlýsingum um það að ákvæðið verði notað á fyrsta skuldbindingartímabili? Sjá íslensk stjórnvöld það langt fram í tímann varðandi stóriðjuverkefnin að þau geti sagt fyrir um það á komandi haustdögum hvort sveigjanleikaákvæðið sem Íslendingar fengu samþykkt í Marrakesh verði notað eða ekki?

Herra forseti. Þá er líka alveg nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. gefi okkur örlítið meira utan á beinin en við höfum í þessum pappírum varðandi íslenska ákvæðið. Nú er það ljóst og kemur fram í skýrslu hæstv. umhvrh. sem hún flutti í þinginu fyrr í vetur, skýrslu um niðurstöðu 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, að einungis losun koltvíoxíðsins sjálfs sé undanþegin í ákvæðinu en ekki losun flúorkolefna. Það kemur fram á bls. 6 í skýrslunni frá hæstv. umhvrh., með leyfi forseta:

„Þar sem losun flúorkolefna frá álverum fellur ekki undir íslenska ákvæðið mun árangur stóriðjufyrirtækjanna í því að halda losun þeirra í lágmarki ráða nokkru um möguleika Íslands til þess að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar.“

Í þessari umræðu, herra forseti, er eðlilegt að við fáum að fræðast um það hvernig íslensk stjórnvöld sjá fyrir sér þennan þátt flúorkolefnanna. Það er ekki einfalt mál að gera samning við álfyrirtæki um losun þeirra sem lýtur öðrum lögmálum en losun annarra gróðurhúsalofttegunda. Í svari sem ég fékk frá hæstv. umhvrh. á síðasta löggjafarþingi kom fram að ekkert lægi þá fyrir um hvernig tekið yrði á losun flúorkolefnanna en alveg ljóst var á svari hæstv. umhvrh. að innan skamms yrði að taka nánar á útfærslu þess atriðis í samningum við fyrirtækin.

Herra forseti. Af því að hæstv. utanrrh. gaf til kynna í andsvari áðan að losunarheimildirnar sem Íslendingar hafa fengið gefi svigrúm fyrir atvinnuuppbyggingu tengda stóriðju vil ég spyrja: Hvernig er hægt að halda því fram að Íslendingum beri að gefa stóriðjufyrirtækjum þetta svigrúm endurgjaldslaust þegar stóriðjufyrirtæki annars staðar í hinum iðnvædda heimi þurfa að öllum líkindum að greiða fyrir losunarheimildir? Hvernig sér hæstv. utanrrh. okkur réttlæta það að stóriðjufyrirtæki fái hér losunarheimildir án þess að þurfa að greiða fyrir en þurfi kannski að greiða fyrir þær í nágrannalöndum okkar? Ég þarf að fá svör við því hvort honum finnist þetta alveg réttlætanlegt.

[22:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að sú stefnumörkun liggi fyrir meðal annarra þjóða að stóriðjufyrirtæki greiði fyrir losun sína. Sú stefnumörkun liggur fyrir, og það er unnið að því, að losunarkvótar gangi kaupum og sölum þannig að hægt sé að kaupa upp kvóta í öðrum löndum með fjárfestingum, t.d. í löndum Austur-Evrópu, Mið-Evrópu og víðar í heiminum, og ýmis fyrirtæki í heiminum sjái sér hag í því að fjárfesta í þessum löndum og skapa þannig aukið svigrúm. En það liggur náttúrlega jafnljóst fyrir að það mun hafa nokkur áhrif á arðsemi þessara fyrirtækja ef hér á landi á að skattleggja þau þeirra sem ætla að byggja upp stóriðju sérstaklega, og gæti komið í veg fyrir að viðkomandi fyrirtæki risu hér á landi.

Ýmsir draga í efa að þau fyrirtæki sem hér hafa verið að rísa og eiga eftir að rísa gefi nægilegan arð. Ég held að það sé nokkuð snemmt að byrja núna að tala um réttmæti þess að skattleggja þessi fyrirtæki. Engin slík áform eru uppi af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að þessi fyrirtæki geti starfað hér en ekki að koma í veg fyrir starfsemi þeirra, svo það sé alveg skýrt. Það er ekki stefna

íslenskra stjórnvalda að gera einhverjar allt aðrar kröfur til fyrirtækja á Íslandi en í samkeppnislöndunum.

Það er stefna íslenskra stjórnvalda að íslenskt atvinnulíf sé samkeppnisfært við fyrirtæki á alþjóðlegum markaði. Við þurfum á því að halda að fá fleiri fyrirtæki hingað til lands, meiri erlenda fjárfestingu sem er minni hér á landi en víðast hvar annars staðar í heiminum, sérstaklega í vestrænum löndum. Það vill svo til að orkulindirnar eru okkar mikilvægasta auðlind og við hljótum að nýta þær til að auka velferð Íslendinga og samkeppnishæfni á alþjóðlegum mörkuðum en ekki til að draga úr þessari samkeppnishæfni. Hvað síðar kann að gerast í þessum efnum vil ég ekki spá neitt um, eða hvernig við munum halda þessum málum áfram á öðrum hluta þess tímabils sem hér er verið að tala um. Við erum með stefnumörkun að því er varðar fyrsta hluta þessa tímabils, til ársins 2012. Þar kemur ýmislegt fram, t.d. í samgöngumálum, á bls. 36, sem hefur verið sagt hér að ekkert komi fram um. Það er því ekki rétt að ekki sé verið að huga að því.

Að því er varðar útstreymi fyrirtækja í áliðnaði í sambandi við flúorkolefni er stefnt að því og það tryggt í þessari stefnumörkun að útstreyminu verði haldið í lágmarki, og það mun verða gert.

Út af fullyrðingu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um að það væri engin auðlindastefna — að sjálfsögðu er auðlindastefna. En hún þarf ekki að byggjast á því að fara út í það á þessu stigi að skattleggja sérstaklega útstreymi í stóriðju. Þá kemur spurningin: Er ekki rétt að skattlegja annað útstreymi? Það má vel vera að sá dagur komi að við þurfum að gera það í einhverjum meiri mæli, ég ætla ekki að útiloka það, en á þessu stigi tel ég rangt að fara út í sérstaka skattlagningu á stóriðjuna nema þá ef áhugi hv. þingmanna beinist að því að koma í veg fyrir byggingu þessara fyrirtækja. Það er ekki stefna núverandi ríkisstjórnar, það eitt er víst. Við viljum byggja nauðsynlegar virkjanir til að hægt sé að halda þeim áformum sem eru uppi um uppbyggingu stóriðju hér á landi. Við teljum það nauðsynlegt íslensku efnahagslífi, íslensku velferðarkerfi, íslenskum almenningi sem þarf að auka kaupmátt sinn og íslenskum byggðum. Við ætlum ekki að finna upp einhverja skattpíningarstefnu til að koma í veg fyrir það.

[22:10]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hrædd um að orð hæstv. utanrrh. um skattpíninguna gætu orðið fleyg hér á hinu háa Alþingi, og má nú heyra enduróm af umræðu um sjávarútvegsmál og kvótaskiptingu í íslensku samfélagi og réttlætið og ranglætið sem því fylgir. En ég ætla ekki að ræða það hér, herra forseti.

Auðvitað er það alveg rétt að okkur skortir auðlindapólitík til að byggja á. Þegar talað er um að losunarkvótarnir á gróðurhúsalofttegundirnar hafi verðgildi er það einmitt það sem gerir það að verkum að þeir geta gengið kaupum og sölum á markaði. Og ég get ekki séð að það sé í neinum takti við heilbrigða hugsun um samkeppni eða heilbrigt samkeppnisumhverfi að verðmæti eins og losunarkvótar séu afhentir ókeypis. Það hlýtur að vera hluti af samkeppninni að fyrirtækin borgi fyrir þau verðmæti sem felast í losunarkvótunum og það sé hluti af þeim útreikningi sem fer fram þegar fyrirtæki fjárfesta. Ef það er eitthvað sem gengur í blóra við samkeppnina er það það að afhenda kvótana sem eru mjög verðmætir, og verða eflaust enn verðmætari þegar fram í sækir, á silfurfati.

Ég skil hins vegar ágætlega að það er í fullu samræmi við stefnu hæstv. utanrrh. í virkjanapólitík og byggðapólitík. Það kemur mér ekki á óvart. En þetta bara gengur ekki upp í samkeppnishugsuninni.

[22:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að tala um fyrirtæki sem hafa verið að byggja sig upp fram á þennan dag. Við erum að tala um fyrirtæki sem verða að byggja sig upp áður en þetta fyrsta tímabil gengur í garð. Líka er rétt að það komi fram að verið er að vinna í tilskipun á vegum Evrópusambandsins á þessu sviði. Þó að við getum ekki haft nægileg áhrif á hana vegna þess að við höfum ekki sama aðgang að vinnunni og Evrópuríkin verðum við væntanlega að taka hana til umfjöllunar hér þegar þar að kemur. Í þessu uppkasti að tilskipun er gert ráð fyrir því að stóriðjan sé undanskilin. Eigum við þá að ganga lengra en Evrópusambandið til að gera þessum fyrirtækjum ómögulegt að starfa hér á landi?

Nú kann það að vera þóknanlegt þeim sem eru andvígir öllum áformum í þessu, hvort sem það er álver á Austurlandi, stækkun Ísals í Hafnarfirði eða stækkun Norðuráls í Hvalfirði. Það kann að vera. En er ekki rétt að gera það með öðrum hætti og vera þá bara á móti þeirri uppbyggingu? Þarf endilega að vera að búa til einhverja sérstaka skattpíningarstefnu hér á landi til að gera þessum fyrirtækjum ómögulegt að starfa umfram það sem gildir í öðrum löndum? Það er mér ómögulegt að skilja, herra forseti, og ég endurtek að það verða að vera starfsskilyrði hér á landi fyrir þessi fyrirtæki sem þola alþjóðlegan samanburð við alþjóðlega samkeppni. Annars verður ekkert úr þessari uppbyggingu.

[22:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hafi hæstv. utanrrh. haldið að ég mundi kikna í hnjáliðunum af því að hann nefndi Evrópusambandið gerist það ekki, og það skiptir mig engu þótt búið sé að undanskilja stóriðjuna í einhverjum drögum að tilskipun sem er væntanleg frá Evrópusambandinu einhvern tímann í nánustu framtíð. Það er alveg jafnslæmt.

Mig langar líka, herra forseti, til að benda á að það er hægt að fjárfesta í fleiru en stóriðju. Það vill þannig til að erlendir fjárfestar hafa áhuga á fleiru en stóriðju. Það eru hins vegar íslensk stjórnvöld sem hafa bara áhuga á stóriðju og halda að allir aðrir vilji bara fjárfesta á Íslandi í stóriðju. Það er hinn mikli misskilningur í þessu máli, herra forseti.

Auðvitað vefst það líka fyrir íslenskum stjórnvöldum að það er ekki mjög fýsilegt að fjárfesta á krónusvæði. Líklega er það þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Þess vegna þarf að grípa til alls kyns aðgerða til að laða hingað erlenda fjárfesta sem létu sér ekki detta í hug, því miður, að fjárfesta hér á landi nema ókeypis losunarkvótar fylgdu með í kaupunum á silfurfati, að ekki sé talað um það annað sem fylgir í náttúruspjöllum og öðru ef við erum að tala um stóriðju, virkjanir og álver. Þetta verður allt að hanga saman, herra forseti.

Það breytir því ekki að auðlindapólitíkin er ekki til, hún liggur ekki til grundvallar. Þess vegna er í raun aldrei hægt að komast að niðurstöðu um það hvernig eigi að fara með þessi verðmæti, hvort sem þau heita kvótar í sjávarútvegi eða umhverfismengunarkvótar, meðan sú pólitík er ekki fyrir hendi, herra forseti.

[22:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem betur fer er áhugi fyrir því að fjárfesta í öðrum atvinnuvegum en stóriðju. Og áhugi ríkisstjórnarinnar stendur líka til þess, að sjálfsögðu. Það er nauðsynlegt að fjárfest sé í öllu því sem getur gefið af sér þá afkomumöguleika að viðkomandi fyrirtæki standi undir sér og geti borgað mannsæmandi laun. Þar gildir mestu að nýta þau tækifæri sem gefast en ekki að útiloka þau og segja svo í leiðinni: Við skulum gera eitthvað annað. Þannig gengur efnahagslífið ekki fyrir sig. Þess vegna er nauðsynlegt að nota þessa möguleika eins og aðra möguleika.

Hv. þm. sagði að vandamálið að því er varðar þessa stóriðju væri að viðkomandi vildi ekki fjárfesta á krónusvæði. Þessi stóru fyrirtæki eru tiltölulega lítið háð íslensku krónunni. Þau selja megnið af afurðum sínum erlendis, lítið hér á innlendum markaði. Mest af kostnaði þeirra er greiðsla fyrir íslenska orku. Ég get því ekki séð að það sé neitt sérstakt vandamál. Þar að auki hefur íslenska krónan staðið sig tiltölulega vel að undanförnu og hún er því ekki sú hindrun sem kom fram í máli hv. þm. Ég tel að staðið sé algjörlega eðlilega að málum og það beri að gera það áfram. Ég er alveg viss um að hv. þm. mundi sjá það ef hv. þm. stæði frammi fyrir því að bera ábyrgð á þessum málum og bæri ábyrgð á framtíð þjóðarinnar í þeim mæli sem hún gerir þegar hún stendur að ríkisstjórn.

[22:18]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að halda því til haga að sjálfbær þróun sem er undirrótin að þeirri bókun sem hér er fjallað um byggir á þremur meginstoðum, hinni umhverfislegu, hinni félagslegu og hinni efnahagslegu. Þær stoðir þurfa allar að vera til staðar til að við getum fjallað um sjálfbæra þróun af alvöru. Og af því hæstv. ráðherra talar hér um einhverja skattpíningarstefnu sem hann ætli ekki að undirgangast, þá verð ég að benda honum á að samkvæmt Ríó-yfirlýsingunni og því ferli sem hefur verið í gangi síðan á ráðstefnunni í Ríó, þá hefur ein af meginreglunum verið sú að verð vöru þurfi að endurspegla allan kostnað sem til fellur við framleiðslu hennar og förgun. Ef álfyrirtæki þurfa að borga losunarheimildir, þá fellur kostnaðurinn auðvitað við þær losunarheimildir á vöruverðið. Ef vara mengar, þá er eðlilegt að fyrirtækin þurfi að borga fyrir förgun sem eyðir menguninni eða gangi þannig frá menguninni að hún sé engin eða svo gott sem engin.

Þegar íslensk stjórnvöld ætla sér að heimila stórfyrirtækjum að framleiða hér ál og blása gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið endurgjaldslaust, þá eru þau ekki að standa undir skuldbindingum sínum varðandi sjálfbæra þróun af því þau ætla sér ekki að láta verð vörunnar endurspegla allan kostnað sem eðlilegt er að til falli við framleiðslu vörunnar. Það sama á við varðandi meðgjöfina í Kárahnjúkavirkjun þar sem landið undir virkjunina kostar ekki nokkurn skapaðan hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, fyrri umr.

Stjtill., 685. mál. — Þskj. 1101.

[22:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir máli sem hefur komið fyrir hv. Alþingi mjög lengi sem varðar heimildir Færeyinga til veiða innan íslenskrar landhelgi og Íslendinga til veiða innan færeyskrar lögsögu. Samkvæmt þeim samningi munu aðilar semja fyrir 20. júní nk. um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2003. Er eins og í samningi landanna frá því í fyrra við það miðað að það verði 30.000 lestir og síðan er gert ráð fyrir að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2002–2003 að veiða allt að 10.000 lestum af loðnu innan íslenskrar lögsögu. Auk þess er gert ráð fyrir heimildum til kolmunnaveiða, gagnkvæmra, í landhelgi landanna. Og loks er gert ráð fyrir að íslensk skip hafi heimild til að veiða allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld innan færeyskrar lögsögu á þessu ári, af annarri síld en þeirri norsk-íslensku, en við höfum heimildir til þess að veiða í færeyskri lögsögu úr þeim stofni.

Ég veit að þessi tillaga er hv. þingmönnum mjög kunnug og legg til að henni verði að lokinni umræðu vísað til hv. utanrmn.

[22:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi samningur er nokkuð gamalkunnur og hefur verið með nokkuð líku sniði milli Íslands og Færeyja á undanförnum árum. Það er þó eitt sem mig langar til að fá upplýst ef hæstv. utanrrh. getur upplýst mig um það, það eru ákvæðin í 4. gr. samningsins um aðgang Íslendinga að veiðum á 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld úr öðrum síldarstofnum en þeim norsk-íslenska. Mig langar til að vita hvernig nýting okkar hefur verið á þeim veiðiheimildum á undanförnum árum, hvort til séu upplýsingar um það hverjir hafi nýtt sér slíkar heimildir, hvaða útgerðir og í hvaða magni okkur hafi tekist að nýta okkur þær heimildir sem kveðið er hér á um í 4. gr.

[22:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um það hvernig þær veiðar hafa gengið. Ég hygg þó að þær hafi ekki verið nýttar að öllu leyti. Einhverjar veiðar hafa átt sér stað á makríl, en eftir því sem ég best veit hafa átt sér stað tiltölulega litlar eða engar veiðar af síld úr öðrum síldarstofnum en norsk-íslensku síldinni. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að hér er ekki um samning að ræða sem er fullt jafnvægi í. Til dæmis er gert ráð fyrir að færeysk skip hafi heimild til að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2002, en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt og eðlilegt að koma slíkum upplýsingum á framfæri við hv. nefnd sem mun fjalla um málið og mun ég gera ráðstafanir til þess.

[22:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er eiginlega fátt nema gott og ekkert nema gott að segja um samskipti Íslands og Færeyja á sviði sjávarútvegsmála. Þau hafa lengi verið góð og gagnkvæmt hagstæð báðum ríkjum. Ég leyfi mér að fullyrða að Íslendingar hafi á ýmsan hátt notið góðs af, þó svo að ljóst sé að

þau samskipti séu og voru náttúrlega einkum framan af alls ekki jöfn í þeim skilningi að Færeyingar nutu hér lengi og njóta enn talsvert meiri veiðiréttinda en við hjá þeim. Það er alveg frá þeim tíma að Færeyingar byggðu sjávarútveg sinn að verulegu leyti upp á sókn á Íslandsmið og Íslendingar sýndu því skilning þegar þeir færðu út landhelgina og Færeyingar hafa hér lengi síðan notið talsverðra heimilda. En ég minni líka á að þau fiskveiðiréttindi Færeyinga sem áttu undir högg að sækja á ákveðnum tíma og skammsýnir íslenskir stjórnmálamenn og forsvarsmenn í íslenskum sjávarútvegi gerðu á ákveðnum tíma harða hríð að þeim einhliða fiskveiðiréttindum sem Færeyingar höfðu hér og töldu að við ættum að afnema þau þegar erfiðir tímar gengu yfir í íslenskum sjávarútvegi og við þurftum að takmarka dálítið veiðar okkar. Sem betur fer tókst að koma í veg fyrir það og það hefur nú bærilega skilað sér á seinni árum, því hagsmunir Íslands hafa farið að liggja í verulega ríkari mæli í því að hafa þessi góðu samskipti við Færeyinga.

Það er t.d. ljóst að við mundum alls ekki hafa náð þó þeirri hlutdeild í norsk-íslensku síldinni sem við náðum í samningum þar um, nema vegna þess að á grundvelli góðra samskipta við Færeyinga fengum við veiðiréttindi í færeysku lögsögunni og tókum drjúgan hluta af afla okkar í norsk-íslenska síldarstofninum, einkum á árunum 1996 og 1997 og fram á ár 1998 innan færeysku lögsögunnar. Einnig er ljóst að gagnkvæm veiðiréttindi t.d. í kolmunna og fleiri tegundum hafa ekki síður nýst okkur Íslendingum vel núna seinni árin heldur en öfugt.

Það er eitt atriði þó sem ástæða er til að spyrja um í þessum samskiptum og það er kolmunninn. Nú hafa ekki náðst um hann samningar eins og kunnugt er, sem menn jafnvel gerðu ráð fyrir, og það stendur í 7. gr. samningsins sem er settur á blað í febrúar, að menn séu sammála um það, eða eins og segir á færeyskunni: „Partarnir eru samdir um, at vegna væntandi broytingar í umsitingini av svartkjaftastovninum í íslendskum og/ella føroyskum sjógvi," — þá ætli menn að tala saman um þau mál og þessi endurskoðun eigi að fara fram — „áðrenn 15. mars 2002".

Nú er nýlega lokið eða fyrir stuttu árangurslausum fundum um þessi mál í Grænlandi og ég veit ekki hvort íslensk og færeysk stjórnvöld hafa haft með sér eitthvert samband síðan. Það er ekki endilega víst að það verði alveg jafnvandkvæðalaust að tryggja fullkomna samstillingu Íslendinga og Færeyinga í þessu máli af augljósum ástæðum, því við erum upp að vissu marki keppinautar um hlutdeild í þeim stofni. Og ég ætla ekki að fara að rukka utanrrh. um einhver viðkvæm samningahagsmunamál, en ég leyfi mér að spyrja eftir því hvort sé eitthvað af þessu að frétta, hvernig hæstv. sjútvrh. meti stöðuna í samningum almennt um kolmunnann og þá líka þau samskipti okkar og Færeyinga í því ljósi.

[22:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er engin ástæða til mikillar bjartsýni í sambandi við samninga um nýtingu kolmunnastofnsins og því miður er það svo að um ofveiði hefur verið að ræða og þess vegna höfum við gripið til þess ráðs að takmarka afla okkar í þeirri von að aðrir geri það sem virðist vera að menn ætli sér að gera. Við höfum ekki verið ánægðir með þá hlutdeild sem okkur er ætluð í þessu sambandi, en það er alveg rétt hjá hv. þm. að Íslendingar og Færeyingar hafi ekki verið algjörlega samstiga í þessu máli. Þar er eins og oft vill verða um ólíka hagsmuni að ræða.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að við höfum átt mjög góð samskipti við Færeyinga og okkur tókst í eitt sinn þegar slitnaði upp úr samningaviðræðum um nýtingu síldarstofnsins að ganga frá samningum milli Íslands og Færeyja að næturlagi til þess að reyna að tryggja rétt okkar sem best sameiginlega gagnvart öðrum í því máli og það var skref sem skipti miklu máli um framhaldið.

Sem betur fer hefur ríkt góð samvinna á milli þjóðanna á sviði sjávarútvegsmála og ég vona sannarlega að svo verði áfram og íslensk stjórnvöld hafa, eftir því sem ég best veit eða a.m.k. ávallt meðan ég hef komið þar að málum, alltaf átt mjög góða samvinnu við Færeyinga og sú góða samvinna hefur m.a. byggst á því að við Íslendingar höfum verið tilbúnir til þess að sýna sérstöðu og málum þeirra fullan skilning.

[22:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði þá held ég nú að það hafi verið hyggindi sem í hag komu og við höfum notið góðs af, án þess að ég sé að mæla með því að við leggjum einhliða hagrænan mælikvarða á gildi þeirra samskipta. Ég tel að okkur hafi verið sómi að því að koma vel fram við frændur okkar og vini Færeyinga í því tilviki að þeirra aðstæður breyttust mjög með útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar á sínum tíma. Ef það stendur okkur nærri að reyna að koma sæmilega rausnarlega fram við einhverja þá held ég það séu nú þessir ágætu grannar okkar.

Það mætti reyndar margt af samskiptum okkar við Færeyinga læra og væri betur t.d. ef jafnhnökralaus væru og hefðu verið í gegnum tíðina samskipti okkar við nágrannana í vestri, Grænlendinga. Þar hefur ekki tekist að leysa jafngreiðlega úr öllum samskiptamálum og vantar upp á í raun að samningar séu til staðar um mál, þó það valdi kannski ekki miklum vandræðum eins og nú háttar.

Varðandi kolmunnastofninn aftur þá held ég að ákaflega mikilvægt sé að reyna að halda góðu sambandi við Færeyinga og ef mögulegt er að Íslendingar og Færeyingar stilli saman kröfur sínar eins og kostur er. Það gætu alveg átt eftir að verða uppi sambærilegir tímar að einhverju leyti í því máli eins og átti við um norsk-íslensku síldina. Ég er alveg sannfærður um að ef Íslendingum og Færeyingum tekst að finna sanngjarnar leikreglur sín í milli þannig að við þurfum ekki að óttast að upp komi erfiður ágreiningur um innbyrðis skiptingu, þ.e. ef slíkt yrði að einhverju leyti uppi á teningunum, þá finnst mér margt benda til þess að sameiginlega væru þjóðirnar sterkari í heildina tekið í þessari glímu vegna þess að þá er komin stór lögsaga þar sem kolmunninn heldur sig mikið og krafan auðvitað orðin stærri og sterkari sem gerð væri sameiginlega. Ég tel því að menn eigi að leggja nokkuð á sig í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, fyrri umr.

Stjtill., 686. mál. — Þskj. 1102.

[22:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna sem gerður var í Vínarborg 2. mars 1980. Þetta er einn af þeim samningum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktaði um og hvatti ríki heims til að staðfesta. Við höfum lagt okkur mjög fram að undanförnu við að staðfesta alla þá samninga sem ályktun öryggisráðsins gerir ráð fyrir.

Hér er um að ræða samning sem öðlaðist gildi 8. febrúar 1987 og 20. mars 2002 voru aðildarríki hans orðin alls 75. Þessi samningur felur í sér að nauðsynlegt er að breyta íslenskum lögum og hæstv. dóms- og kirkjumrh. hefur þegar lagt fram frv. þess efnis sem tekur mið af ákvæðum samningsins. Því sé ég ekki ástæðu til, herra forseti, að gera nánari grein fyrir þessu máli hér. Það hefur áður komið fram á Alþingi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, síðari umr.

Stjtill., 551. mál. — Þskj. 864, nál. 1021.

[22:35]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Nefndin hefur fjallað um málið, en með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu sem undirritaður var í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001.

Fríverslunarsamtök Evrópu voru stofnuð í Stokkhólmi árið 1960 og gilti samningurinn um fríverslun með vörur og aðra samvinnu milli aðildarríkjanna tengda henni. Síðan samningurinn var gerður hafa geysimiklar breytingar orðið á viðskiptaumhverfinu og samstarfi Evrópuríkja og því var talið tímabært að endurskoða stofnsáttmálann.

Breytingarnar eru mjög yfirgripsmiklar. Ákvæði um fríverslun með vörur, ríkisaðstoð, opinber fyrirtæki og einkasölur, undirboð og samkeppni hafa verið endurskoðuð og aukið við reglum um tæknilegar hindranir, hugverkavernd, frelsi fólks til flutninga, fjárfestingar, þjónustuviðskipti og opinber innkaup. Þá hefur stofnanaþátturinn verið endurskoðaður.

Fullgilding samningsins kallar á lagabreytingar hér á landi. Fyrir utanríkismálanefnd hafa verið lögð drög að frv. til breytinga á ýmsum lögum, en lagabreytingarnar lúta einkum að því að veita svissneskum ríkisborgurum sams konar réttindi og borgarar á Evrópska efnahagssvæðinu njóta samkvæmt EES-samningnum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og er einróma í þeirri afstöðu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 315. mál (viðauki, niðurfelling gjalda, endurgreiðslur o.fl.). — Þskj. 391, nál. 978, brtt. 979.

[22:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. við frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt. Nefndin hefur fjallað um málið, sent það til umsagnar og farið yfir það.

Markmið frv. er að gera smávægilegar breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem flestar snúast um framkvæmdaatriði. Það veigamesta snýr að endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði. Málið snýst um að þessar endurgreiðslur geti komið hraðar en nú hefur verið.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frv. sem snúast fyrst og fremst um að gera þessa endurgreiðslu hægari fyrir þá sem þurfa að taka við þessum peningum, m.a. að bætt verði inn ákvæði um hámarkstíma sem skattstjóri hefur til þess að afgreiða slík erindi.

Síðan eru lagðar til breytingar á tollskrárnúmerum sem snúast um leiðréttingar.

Þetta eru í stórum dráttum þær brtt. sem nefndin gerir tillögu um. Undir álitið skrifar öll efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 493. mál (lögreglumenn). — Þskj. 783, nál. 1011.

[22:39]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. vegna frv. til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Þetta mál er tengt kjarasamningum við lögreglumenn sem voru undirritaðir í júlí árið 2001. Í framhaldi af því og í tengslum við þá kjarasamninga var gefin út yfirlýsing um ákveðna breytingu á lífeyrismálum lögreglumanna sem snýst um að samræma lífeyrisréttindi miðað við að lögreglumenn hætti almennt séð 65 ára. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að fleiri stéttir en lögreglumenn sem telja sig eiga tilkall til slíkra kjara og búast má við að á næstu árum komi mál sem þessi til umfjöllunar hér í þinginu.

Það kom líka fram í umfjöllun um málið að þeir lögreglumenn sem eru nú eldri en 65 ára vilja gjarnan fá lengri umþóttunartíma til þess að hætta störfum en að gert er ráð fyrir í frv. Er því gerð tillaga um að rýmkaður verði sá tími sem fyrirhugaður var. Í frv. var gert ráð fyrir að þeir verði hættir fyrir 1. október 2002, en í brtt. sem nefndin gerir er lagt til að dagsetningin verði 1. maí 2003.

Undir þetta nefndarálit skrifa þeir hv. nefnarmenn sem voru viðstaddir afgreiðslu málsins og er ekki ágreiningur um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 594. mál (viðmiðunarlaun, réttur barna og maka o.fl.). — Þskj. 936, nál. 1148.

[22:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir enn einu nál. vegna frv. til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Það frv. sem hér er á ferðinni snýst um að festa í lög ákveðnar venjur sem hafa tíðkast við afgreiðslu mála hjá sjóðnum. Ýmis álitamál hafa komið upp þar sem stjórn sjóðsins hefur sett ákveðnar viðmiðanir um það hvernig með skuli fara. Stjórn sjóðsins telur ástæðu til að lögfesta þessar starfsreglur.

Nefndin hefur farið yfir málið, sent það til umsagnar og fjallað um það töluvert. Komið hefur fram að þetta mál snýr að sumu leyti að kennurum. Bent er á að algengt sé að kennarar taki sér launalaust leyfi sem vari akkúrat tólf mánuði. Það er því rétt að í athugasemdum við frv. hefði orðalagið þurft að vera þannig að „að algengt sé að kennarar láti tímabundið af störfum í tólf mánuði."

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það stendur og tekur undir það þess vegna með stjórn lífeyrissjóðsins að eðlilegt sé að þær viðmiðanir sem hafa verið notaðar í starfi stjórnarinnar verði lögfestar.

Undir þetta nefndarálit ritar öll nefndin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 2. umr.

Stjfrv., 595. mál (réttur barna og maka). — Þskj. 937, nál. 1149.

[22:44]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti vegna frv. til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Þetta mál er sambærilegs eðlis og það sem var til umfjöllunar áðan og snerist um að þær viðmiðanir sem notaðar hafa verið í störfum stjórnar lífeyrissjóðsins verði lögfestar. En það sem einkum er verið að fjalla um í þessu frv. er að ekki sé verið að greiða út maka- og barnalífeyri á sama tíma og laun eru greidd vegna viðkomandi starfsmanns. Þessa reglu hefur stjórn sjóðsins viðhaft og er í frv. lagt til að hún verði lögfest.

Nefndin gerir ekki athugasemd við frv. og leggur til að það verði samþykkt. Undir þetta ritar öll nefndin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun laga um innflutning dýra, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 654. mál. — Þskj. 1053.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 247. mál. — Þskj. 283.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Frv. ÞKG o.fl., 373. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 585.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 404. mál. — Þskj. 661.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 439. mál. — Þskj. 706.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða, fyrri umr.

Þáltill. KPál og GHall, 442. mál. — Þskj. 709.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun svifnökkva til fólks- og vöruflutninga milli lands og Vestmannaeyja, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 443. mál. — Þskj. 710.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg rannsóknamiðstöð á sviði landverndar, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 528. mál. — Þskj. 830.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 1. umr.

Frv. KPál og EOK, 579. mál (löndun fiskúrgangs). — Þskj. 906.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 586. mál. — Þskj. 915.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neysluvatn, fyrri umr.

Þáltill. KF, 679. mál. — Þskj. 1095.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Steinullarverksmiðja, 1. umr.

Stjfrv., 663. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 1073. [22:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

Rekstur Steinullarverksmiðjunnar var erfiður í byrjun. Erfiðleikarnir stöfuðu annars vegar af tæknilegum ástæðum og hins vegar af mikilli skuldsetningu fyrirtækisins í erlendri mynt á tímum óðaverðbólgu. Fljótlega tókst að leysa tæknileg vandamál við framleiðsluna og afurðir fyrirtækisins urðu fyllilega samkeppnishæfar við afurðir frá öðrum framleiðendum. Með tímanum tókst að byggja upp markað í Færeyjum, Bretlandi og víðar, en útflutningur á afurðum fyrirtækisins hefur gert það að verkum að afkastagetan hefur verið að mestu fullnýtt frá því starfsemin hófst.

Hæstv. forseti. Í ágúst 2001 samþykkti byggðaráð Skagafjarðar að óska eftir formlegum viðræðum við aðra ráðandi hluthafa í Steinullarverksmiðjunni hf. um sölu á hlutabréfum sveitarsjóðs í félaginu. Hinn 5. okt. sl. var haldinn fundur fulltrúa stærstu hluthafa Steinullarverksmiðjunnar hf. og var tilefni hans að ræða ósk sveitarfélagsins um sölu á hlut þess. Á fundinum kom fram að sveitarfélagið stefndi að því að selja allan hlut sinn og var af hálfu þess lögð áhersla á að sem best sátt ríkti milli aðila hluthafasamkomulagsins frá 1989 um framkvæmd sölunnar. Var niðurstaða fundarins sú að sveitarfélagið legði fram nánari hugmyndir um sölu bréfanna og tæki í framhaldi af því upp viðræður við einstaka hluthafa.

Í lok nóvember 2001 gerði sveitarfélagið aðilum hluthafasamkomulagsins skriflegt tilboð um að kaupa hlut þess á genginu 3,05. Byggðist tilboðið á mati sérfræðinga á virði Steinullarverksmiðjunnar hf., en matið var á bilinu 794,6–842,4 millj. kr. Það svarar til gengis á bilinu 2,88–3,05 fyrir hvern hlut. Í bréfinu kom fram að stefna sveitarfélagsins væri að selja bréfin fyrir lok ársins og var þess óskað að svör bærust fyrir 5. desember.

Af hálfu ríkisins var tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað. Í síðari hluta desembermánaðar gerðu GLD heildverslun og Kaupfélag Skagfirðinga sameiginlegt tilboð í 52% hlut sveitarfélagsins og Paroc Group í fyrirtækinu. Ef tilboðinu hefði verið tekið hefði hlutur GLD heildverslunar og Kaupfélags Skagfirðinga orðið tæp 70%. Þegar eftir að ríkinu varð kunnugt um að slíkt tilboð hefði komið fram var óskað eftir fundi með aðilum hluthafasamkomulagsins til að ræða breyttar forsendur sem upp væru komnar og framtíðareignarhald á félaginu. Á fundinum lýstu fulltrúar ríkisins því yfir að þar sem fyrir lægi að Paroc hefði breytt um afstöðu og vildi nú selja hlut sinn í fyrirtækinu þá vildi ríkið jafnframt taka til athugunar að selja sinn hlut. Jafnframt var því lýst yfir af hálfu ríkisins að það vildi láta á það reyna hvort hægt væri að ná samstöðu um að bjóða bréf ríkisins, sveitarfélagsins og jafnvel Parocs til sölu með sameiginlegu útboði. Af hálfu sveitarfélagsins og Paroc var þeirri leið hafnað.

Hinn 18. febrúar sl. barst ríkinu, Paroc Group og sveitarfélaginu Skagafirði kauptilboð í eignarhluti framangreindra aðila í Steinullarverksmiðjunni hf. frá Húsasmiðjunni hf., BYKO hf. og Kaupfélagi Skagfirðinga. Hinn 1. mars sl. náðist samkomulag á grundvelli sameiginlegs gagntilboðs ríkisins, Paroc Group og sveitarfélagsins Skagafjarðar um sölu á hlutum þessara aðila í Steinullarverksmiðjunni hf. til þeirra þriggja fyrirtækja sem stóðu að kauptilboðinu frá 18. febrúar.

Í samkomulaginu kom fram að eftirfarandi skilyrði þurfi að uppfylla áður en gengið verður frá endanlegum samningi um viðskiptin:

a. að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði,

b. að seljandi heimili lagalega og/eða fjárhagslega áreið-

anleikaskoðun af hálfu aðila sem kaupandi tilnefnir og að niðurstaða áreiðanleikaskoðunarinnar verði án efnislegra athugasemda,

c. að eftirfarandi samningar verði undirritaðir samhliða:

i. „samstarfs- og leyfissamningur" til langs tíma milli félagsins og Paroc Group Oy AB, Finnlandi, og

ii. „dreifingarsamningur" milli félagsins og Paroc Group,

d. að Alþingi, sveitarstjórn Skagafjarðar og allar félagsstjórnir sem málið varðar staðfesti og heimili kaupin, tilboðið og kaupsamninginn milli aðilanna, hér eftir nefndur „kaupsamningurinn",

e. að kaupandi gefi skriflega yfirlýsingu um þá ætlun sína að halda áfram rekstri félagsins á Sauðárkróki,

f. að sveitarstjórn Skagafjarðar gefi skriflega yfirlýsingu um að halda áfram að veita félaginu þjónustu, t.d. heitt og kalt vatn, hafnaraðstöðu og viðeigandi og samþykkt svæði til úrgangslosunar; gjöld fyrir þessa þjónustu skulu vera á sambærilegum kjörum og gilda fyrir önnur fyrirtæki í sveitarfélaginu,

g. að ríkisstjórn Íslands gefi skriflega yfirlýsingu um þá ætlun sína að aðstoða við umsóknarferli og greiða í góðri trú fyrir endurnýjun starfsleyfis félagsins á sanngjörnum kjörum.

Hæstv. forseti. Þetta mál er þannig vaxið að það stendur upp á ríkið og stjórnvöld að Alþingi samþykki frv. sem ég hef hér mælt fyrir fyrir mánaðamót til að af þessari sölu geti orðið. Ég legg því mikla áherslu á að það fái skjóta afgreiðslu. Ég held að það sé mikilvægt að fram komi að ríkið hafði ekki frumkvæði að því að selja hlut sinn í fyrirtækinu heldur er það skoðun stjórnvalda að miðað við að ráðandi aðilar tóku ákvörðun um að selja hlut sinn þá var nauðsynlegt fyrir ríkið til þess að verja eign sína að selja einnig. Því er þetta mál hér fram komið.

Ég mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[22:57]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Steinullarverksmiðjuna er hálfdapurlegt. Það er dapurleg staðreynd að frv. af þessum toga sé komið hér inn á Alþingi.

Þannig var með Steinullarverksmiðjuna á sínum tíma að tekist var á um stofnsetningu hennar og staðsetningu. Urðu miklar deilur um það og sjálfsagt pólitísk refskák á þeim tíma. Það var m.a. tekist á um hvort hún skyldi byggð hér á Suðurlandi eða á Sauðárkróki. Fyrir beinan pólitískan atbeina á sínum tíma var ákveðið að Steinullarverksmiðjan skyldi byggð á Sauðárkróki. En það var alls ekki einfalt mál og um þetta voru miklar deilur.

Steinullarverksmiðjan hefur reynst mikill happafengur fyrir Sauðárkrók og fyrir Skagafjörð. Þó að nokkrir byrjunarörðugleikar hafi verið við rekstur hennar þá gekk rekstur inn afar vel þegar á leið og hefur hún skilað góðum arði til eigenda sinna. Hún hefur skilað öruggu starfi til þeirra starfsmanna sem þar eru og drjúgum tekjum til sveitarfélagsins, bæði í hinum ýmsu gjöldum og fasteignagjöldum.

Fjárhagur hennar er afar góður. Á fyrirtækinu hvíla litlar skuldir þannig að hún er í sjálfu sér í mjög góðu lagi. Þetta fyrirtæki er í góðu lagi og er í góðum rekstri. Það skaffar örugga og góða atvinnu fyrir byggðarlagið og skapar byggðarlaginu tekjur.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka þetta fram í upphafi. Hæstv. ráðherra sagði að stjórnvöld hefðu ekki haft beinan atbeina að þessu máli. Það má segja að þau hafi haft hann óbeinan með stefnu sinni gagnvart sveitarfélögunum vegna þess að þau hafa ekki haft tekjustofna til að standa undir nauðsynlegum verkefnum sem þeim hafa verið falin. Við ræddum fyrr í dag um félagslega íbúðakerfið sem hefur verið sveitarfélögum mjög þungt sem og ýmis annar rekstur.

Eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. fyrr í dag hefur einmitt fjárhagur sveitarfélagsins Skagafjarðar verið mjög þungur á undanförnum missirum og hefur þess verið krafist af sveitarfélaginu að það bæti fjárhag sinn og fjárhagsstöðu. Hefur eftirlitsnefnd með fjárhag sveitarfélaganna hjá félmrn. krafist þess að sveitarfélagið bætti fjárhag sinn.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur orðið að beygja sig undir þessar kröfur og þetta ástand sem stjórnvöld hafa skapað í umgjörð sveitarfélaganna. Í fyrra var sveitarfélagið í Skagafirði knúið til að selja Rafveitu Sauðárkróks, félag sem hafði skilað sveitarfélaginu drjúgum tekjum og auk þess staðið undir og veitt margháttaða þjónustu sem kom sveitarfélaginu til góða. Sveitarfélagið var samt knúið til að selja þessa rafveitu sína, og það var meira að segja gert þannig að ríkið veitti fjármagn til Rariks til að kaupa rafveituna. Það hefði þá verið alveg eins gott og miklu eðlilegra, eins og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lögðu reyndar til, að þessir fjármunir hefðu farið beint til sveitarfélagsins Skagafjarðar en ekki í gegnum Rarik þannig að Rarik fengi peninga frá ríkinu til að yfirtaka Rafveitu Sauðárkróks.

Svona hefur þetta gengið og nú er komið að því að knýja sveitarfélagið til að selja Steinullarverksmiðjuna. Ég segi „knýja" vegna þess að það hefur verið knúið á af hálfu stjórnvalda um að sveitarfélagið rétti fjárhag sinn og það hefur ekki fundið aðrar leiðir en að selja eignir. Hafi afgreiðsla um sölu á Rafveitu Sauðárkróks verið umdeild í héraðinu er salan á Steinullarverksmiðjunni enn umdeildari þannig að sá gjörningur sem hér er verið að mæla fyrir er mjög umdeildur heima í héraði og mikil ósátt um framkvæmd hans. Þetta vil ég að komi fram þannig að það sé alveg ljóst.

Víkjum þá að öðrum framgangsatriðum hér. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra á ríkissjóður um 30% af hlutafé, að mig minnir, í fyrirtækinu. Til þess að mega selja hluti sem þessa, hluti ríkisins, þarf samkvæmt lögum að vera til þess heimild á fjárlögum. Svo er ekki, það er engin heimild á fjárlögum fyrir ríkið til að selja þennan hlut sinn þannig að þó að verið sé að flytja hér einhver sérlög um Steinullarverksmiðjuna vegna þess að um hana gilda sérlög — það er í raun og veru verið að leggja til breytingu á sérlögum sem gilda um Steinullarverksmiðjuna — þarf engu að síður að vera heimild á fjárlögum til að ríkið megi selja sinn hlut. Þá heimild skortir þannig að hér er þá ekki, virðulegi forseti, um löglegan gerning að ræða hvað þetta varðar.

Í öðru lagi er ríkinu jafnframt skylt, með svo stóran eignarhlut í slíku fyrirtæki, hlutabréf sín, að bjóða hann til sölu á almennum markaði og leita þar hæstu tilboða. Það hefur ekki verið gert heldur er bara gengið til samninga við einn aðila um sölu á hlutabréfunum. Þetta lagaákvæði sem lýtur að meðferð á eignum ríkisins og sölu þeirra er því heldur ekki í heiðri haft. Allur framgangsmáti hér af hálfu ríkisins er á svig við lög.

Þá er rétt að geta þess jafnframt, sem hæstv. iðnrh. kom reyndar inn á í framsögu sinni, að fyrirvari er m.a. um að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði. Nú hefur Samkeppnisstofnun óskað eftir

öllum gögnum sem lúta að sölu þessa fyrirtækis. Verði af sölunni fer þessi framleiðsla nánast á einokunarhendur þannig að þeir aðilar sem munu vilja kaupa einangrunarefni sem þessi verksmiðja framleiðir verða ofurseldir hreinni einokun á markaðnum. Samkeppnisstofnun hefur einmitt óskað eftir öllum upplýsingum um þetta og áskilið sér tíma til að kanna og fjalla um. Það er því algjörlega ótímabært, herra forseti, að leggja fram frv. um sölu á Steinullarverksmiðjunni núna þótt ekki ekki komi annað til en þetta. Eigum við að láta það yfir okkur ganga að Alþingi afgreiði lög með fyrirvara því að þau snúast um þær eignabreytingar á Steinullarverksmiðjunni sem hér er verið að fjalla um? Ætlast þá hæstv. ráðherra til þess að þessi lög verði afgreidd með fyrirvara um að Samkeppnisstofnun samþykki gerninginn? Það eru nefnilega litlar líkur á því að Samkeppnisstofnun verði búin að afgreiða málið fyrir sitt leyti áður en þingi lýkur í vor. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er það hugmynd ráðherrans að þetta verði afgreitt með fyrirvara?

Auk þess, eins og ég segi, virðist þessum gerningi með einhverjum hætti vera þvingað inn á sveitarfélagið. Fjárhagsstaða Steinullarverksmiðjunnar er sterk, og eins og kaupsamningur er hér lagður upp munu kaupendur ekki þurfa að leggja fram neina fjármuni, þeir geta sótt þá inn í fyrirtækið því það er eignalega svo vel sett. Nýir eigendur geta einfaldlega sótt fé inn í fyrirtækið til að greiða það út. Hefði í sjálfu sér verið nær hjá sveitarfélaginu Skagafirði að styrkja fjárhag sinn með því hreinlega að finna aðrar leiðir, láta t.d. bara Steinullarverksmiðjuna kaupa hlut í sjálfri sér og láta eigendurna fá fé með þeim hætti. Miklu nær hefði verið að kanna þær leiðir.

Nei, herra forseti, það er eitthvað mjög kyndugt hér á ferð, einhver kyndugur bakgrunnur varðandi allan þennan kaupskap.

Þá er og vert að geta hins sérkennilega ferlis að án þess að vera búið að ganga frá kaupum eða sölu á þessu fyrirtæki er hæstv. iðnrh. á fundum í Skagafirði, í blaðaviðtölum og útvarpsviðtölum, farin að útdeila þessu fé, farin að útdeila því fé sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður fái fyrir söluna, t.d. 100 millj. kr. í Þverárfjallsveg. Þverárfjallsveg á að fjármagna í fyrsta lagi á allt annan hátt, og á vegáætlun, en samt er hæstv. ráðherra farin að deila út þessum fjármunum.

Verði af þessari sölu sem ég tel alls ekki víst, og tel reyndar óheppilegt ef af verður, renna þeir fjármunir í sjálfu sér inn í ríkissjóð. Hæstv. iðnrh. hefur ekkert umboð til að deila út fé eins og ráðherrann hefur verið að gera og ég get vitnað í viðtöl við ráðherrann þar sem húnýjar að því með hvaða hætti fjármagninu verði skipt. Það er við afgreiðslu fjárlaga sem það er ákveðið og er alveg hreint makalaust þegar ráðherrar fara umboðslaust upp á sitt eindæmi að lofa peningum í þetta og hitt.

Herra forseti. Þetta ferli allt er með endemum enda heyrði ég einmitt hjá ákveðnum aðilum í Skagafirði að þarna væri verið að útvega fé í kosningasjóð Framsfl. fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar og að hæstv. ráðherra hefði verið að reyna að útdeila þangað fé. Það eru ekki mín orð en ég heyrði þau sögð. Þessi umgerð öll á sölu þessarar verksmiðju er alveg með endemum enda er hugmyndin mjög umdeild heima í héraði.

Virðulegi forseti. Það er ekki sjálfgefið að halda verksmiðjum og atvinnufyrirtækjum sem þessum gangandi úti á landi. Með stefnu ríkisstjórnarinnar, t.d. í samgöngu- og flutningamálum, er flutningskostnaður á framleiðsluvöru verksmiðjunnar orðinn verulega hár og íþyngjandi því að það verður að segjast eins og er að markaðurinn fyrir vöru þessarar verksmiðju er náttúrlega fyrst og fremst á suðvesturhorninu. Sömuleiðis verður að flytja stóran hluta af hráefninu af suðvesturhorninu til verksmiðjunnar. Vegna stefnu stjórnvalda hvað varðar flutningsmál hafa þessir þættir einmitt verið stórlega að þyngjast síðustu missiri, og hafa vissulega gert það að verkum að rekstur verksmiðjunnar sem slíkrar er ekki eins öruggur og góður og áður. Það er því verið að taka verulega áhættu í rekstri hennar með því að breyta eignarhluta á henni að ástæðulausu, og að færa eignarhluta hennar til stórfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu sem væri í lófa lagið að sækja fjármagn inn í þessa verksmiðju og gera síðan svo háar arðsemiskröfur til hennar að hún eigi mjög erfitt með að standa undir þeim kröfum og reikna hana þannig óhagkvæma. Þetta er bara reikningsdæmi.

Það er því mjög slæm aðgerð finnst mér, virðulegi forseti, að hrófla við stöðu þessa ágæta fyrirtækis, þessa örugga atvinnufyrirtækis í héraðinu. Ríkið átti mjög góðan hlut að þegar þetta fyrirtæki var stofnað, það var að sönnu umdeilt, og þetta fyrirtæki er gott fyrirtæki þar sem það er og í því eignarhaldi og því rekstrarformi sem er á því. Mikilvæg eignaraðild að þessu fyrirtæki er einmitt eignaraðild þessara finnsku aðila sem eiga það. Síðast þegar ég vissi var ekki ljóst hvort þeir mundu halda áfram hlut sínum í verksmiðjunni við fyrirhugaða eignabreytingu. Það var a.m.k. ekki í hendi og þeir eru, að ég best veit, ekki endanlega búnir að gera upp við sig hvort þeir muni verða áfram eignaraðilar eða ekki, og þá hversu stórir. Það eru þarna margir þættir sem er verið að setja í óvissu. Það er verið að tala um að starfsmenn og einhverjir aðrir óskilgreindir aðilar eigi að koma inn sem eignaraðilar. Það mál er hins vegar algerlega ókannað. Fjölmörg grundvallaratriði sem þessi verksmiðja og starfsemi hennar byggir grundvöll sinn á er verið er að setja í uppnám með þeim aðgerðum sem hæstv. iðnrh. boðar.

Virðulegi forseti. Til viðbótar vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort fjáraukalög séu væntanleg samtímis þessum aðgerðum sem leggja til að þessi sala á ríkisbréfunum verði heimiluð. Í öðru lagi vil ég ítrekað spyrja: Telur hæstv. ráðherra að farið hafi verið að lögum varðandi ríkishlutina þegar samið var um sölu þeirra án þess að leitað væri hæstu tilboða? Telur hæstv. ráðherra vera löglega staðið að þessu? Mitt mat er að svo sé ekki. Ég vil að endingu vekja athygli á því samkomulagi sem hæstv. ráðherra las upp, t.d. „... að kaupandi gefi skriflega yfirlýsingu um þá ætlun sína að halda áfram rekstri félagsins á Sauðárkróki ...“ Hvers virði er svona barnaleg yfirlýsing? Það getur enginn staðið við svona. Hvernig var með þessar yfirlýsingar þegar verið var að selja suður fyrirtækin á Akureyri? Hvað stendur mikið eftir af þeim loforðum? Svona barnaleg yfirlýsing eins og þarna á í hlut er náttúrlega afar lítils virði enda er engin leið að krefja aðilana um að standa við hana á nokkurn hátt. Hvernig ætti að gera það? Hvernig á að krefja kaupendur um að standa við það að halda rekstri félagsins eða fyrirtækisins áfram á Sauðárkróki eftir að þeim hefur t.d. tekist að gera rekstur hennar óhagkvæman þar?

Virðulegi forseti. Það er dapurt hvernig ríkið vill leysa fjárhag sveitarfélaganna og dapurlegt hvernig það ætlar að *koma inn í og veikja atvinnugrundvöll fyrirtækja úti um* land.

[23:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður að segjast að þetta frv. til laga um sölu Steinullarverksmiðjunnar er ákaflega sérkennilegt mál. Það á sér óvenjulegan aðdraganda og málið er allt mjög sérkennilegt.

Eins og hér hefur komið fram og hv. þm. Jón Bjarnason fór yfir er í fyrsta lagi verið að selja ríkiseign án þess að fyrir því sé lagaheimild. Fyrir því er ekki einu sinni heimildargrein í fjárlögum, hvað þá annað. Heimildar skal sem sagt leitað eftir á og þar á ofan var staðið að sölunni þannig að hlýtur að orka stórkostlega tvímælis. Salan er ekki í samræmi við lög og verklagsreglur um opinberar framkvæmdir, meðferð opinberra fjármuna og annað slíkt. Það liggur alveg fyrir að hér er valin mjög óvenjuleg aðferð, að selja þennan hlut án þess að leita í hann tilboða, án þess að Alþingi hafi áður komið að málinu o.s.frv.

Herra forseti. Það vakti jafnframt mikla undrun mína þegar ég heyrði í fjölmiðlum — ekki í umræðum um málið á þingi, nei, í fjölmiðlum — að hæstv. ráðherra reyndi að fegra þennan gjörning með því að helmingi söluandvirðisins ætti að verja til verkefna sem ráðherra sjálfur tilgreindi að væri skynsamlegt að setja þetta í, svo sem vegabóta eða annarra verkefna. (**Gripið fram í:** Í kosningasjóð.) Þá er nokkuð langt gengið, finnst mér. Það er nokkuð óvenjulegt þegar slíkt er boðað í fjölmiðlum, þegar menn slá þannig um sig í fjölmiðlum að ef menn verði þægir og láti svona gjörning kyrran liggja fái þeir þessa mola af borðunum til verkefna sem venjan er að skipa með opinberri áætlanagerð og ákvörðunum Alþingis. Síðan hvenær var það verkefni iðn.- og viðskrh. að boða mönnum einstakar vegaframkvæmdir úti í kjördæmum landsins? Það er nokkuð langt gengið, verð ég að segja. Til hvers er þá þetta stred hér með vegáætlun, fjárlög, fjárreiðulög, ákveðnar verklagsreglur, áætlanir og lög um skipan opinberra mála, ef málin eru meðhöndluð með þessum hætti, herra forseti?

Ég tel þessi vinnubrögð gersamlega fyrir neðan allar hellur. Almennt talað orka þessa eyrnamerkingar, sem menn eru í æ ríkari mæli farnir út í, mjög tvímælis. Ég vil að farið verði yfir það hér málefnalega hver tengingin er. Hver eru rökin fyrir því að þessir peningar úr ríkissjóði, söluandvirði hlutar ríkisins í Steinullarverksmiðjunni, ef seld verður, renni í ríkissjóð söluandvirðið væntanlega eða á að stofna sérstakan bankareikning á Sauðárkróki og láta þennan hlut ríkisteknanna renna þangað en ekki í ríkissjóð, ekki í kassann? Hvað á þessi eyrnamerking í sjálfu sér að þýða?

Auðvitað kann að vera að efnisleg rök standi til þess að byggðarlagið eða nágrannasvæði eigi skilið einhverja uppbót vegna þess að ríkið hleypur frá fyrirtækinu. Ég spyr þá hæstv. ráðherra að því: Eru það rökin? Eru það vísindin á bak við það að helmingur, ekki 40% eða 60% heldur helmingur skuli renna til framkvæmda á þessu svæði, að atvinnureksturinn verði það mikið óöruggari í byggðarlaginu og sveitarfélögin þurfi umbun fyrir? Hver væru rökin ef ekki þau? Sé út af fyrir sig farið yfir það hefur þetta svæði auðvitað notið góðs af því, í formi þessarar atvinnuuppbyggingar, að ríkið var þátttakandi í þessu og kom starfseminni á sínum tíma af stað. Það hafa hins vegar önnur sveitarfélög ekki gert. Meðan þessi atvinnustarfsemi helst á svæðinu þarf í sjálfu sér ekki, af þeim ástæðum, að bæta þessu svæði eitthvað umfram önnur byggðarlög landsins sem geta átt í atvinnuerfiðleikum með viðbótarfjármuni?

Ég féllst á það á sínum tíma þegar ríkið seldi sinn hlut í kísilverksmiðjunni að vegna sérstakra aðstæðna þar og þeirrar miklu ábyrgðar sem sveitarfélagið bar á þróun atvinnulífs og uppbyggingar á því svæði, vegna þess óöryggis sem þá blasti við um framhaldið, að ekki væri óeðlilegt að veita fjármuni úr ríkissjóði til að treysta stoðir atvinnulífs á því svæði. Þá hlýtur sambærileg röksemdafærsla að liggja hér að baki, eða hvað? Er hæstv. iðnrh. ekki þeirrar skoðunar að rekstur Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki, á Sauðárkróki til framtíðar, hafi óljósari stöðu, sé óóruggari í framtíðinni þegar ríkið hverfur þar frá sem eignaraðili? Ef svo er ekki bið ég um rökin fyrir þessari ráðstöfun fjármuna.

Þar fyrir utan, herra forseti, og ég spyr ég út í það sem ég tel fáheyrt: Hefur verið farið yfir, t.d. af þeim mönnum sem þekkja vel til laga um fjárreiður ríkisins, hlutverk fjárln. og annað slíkt, það að lagatexti af þessu tagi skuli borinn hér á borð? Með leyfi forseta stendur í 2. mgr. 1. gr.:

„Helmingur söluandvirðisins skal renna til samgöngubóta eða annarra verkefna ...“ — það er ekki nánar skilgreint. Til samgöngubóta, sem gætu þess vegna verið flugmál eða hafnarframkvæmdir, eða annarra verkefna, sem er nokkuð vítt, kannski einhver önnur verkefni sem ríkinu dytti á í hug að leggja fjármuni í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi steinullarverksmiðjunnar. Í frv. segir:

„Helmingur söluandvirðisins skal renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi steinullarverksmiðjunnar,“ — er það sveitarfélagið Skagafjörður? Eru það líka sveitarfélögin handan Skaga? Er það Akrahreppur? Er það Siglufjörður? Hvar liggja mörkin?

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum, herra forseti, sem gerir þennan frumvarpstexta algerlega einstæðan, þ.e. „... samkvæmt nánari ákvörðun“. Hvers? Fjárln.? Alþingis? Nei, ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar skal söluandvirðinu varið til einhverra samgöngubóta eða einhverra verkefna í einhverjum sveitarfélögum sem teljast eiga hagsmuna að gæta samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Hér er aldeilis framsal á ferðinni, herra forseti. Vill ekki bara ríkisstjórnin taka þetta að sér almennt? Vegáætlunina eða nýju samgönguáætlunina og almenna ráðstöfun fjármuna úr ríkissjóði. Auðvitað eru þetta ekkert annað en tekjur í ríkissjóð eins og annað söluandvirði eigna ríkisins sem eiga að lúta lögum og leikreglum í því sambandi. Ég fullyrði, herra forseti, að þetta væri algerlega einstæður lagatexti næði hann fram að ganga. (**Gripið fram í:** Það var eins með Kísiliðjuna, sá samningur.) Já, herra forseti. Það var öðruvísi vaxið mál eins og ég hef farið yfir. Þetta mál ber að með allt öðrum hætti. Ég held að hæstv. ráðherra verði að finna sér haldbetri rök en þau. Hafi svo galopin heimild verið veitt til algerlega óskilyrtra ráðstöfunar fjármuna hefur það verið yfirsjón að samþykkja slíkt sem bindur ekki hendur mínar gagnvart því að gagnrýna þetta. Þetta er ekki það verklag sem menn vildu almennt taka upp hér.

Herra forseti. Svo kemur að því að upphaf þessa máls, eins og hæstv. ráðherra fór hér yfir, er að sveitarfélagið Skagafjörður taldi sig þurfa að losa fjármuni út úr þessu fyrirtæki, ef ég kann söguna rétt. Þá það. Út af fyrir sig er vitað að það sveitarfélag eins og mörg fleiri búa við erfiðan fjárhag. Það er auðvitað dapurlegt til þess að vita að þetta sveitarfélag virðist hafa upplifað sig í þeirri stöðu, verið í

þeirri stöðu, að það hafi nauðugt viljugt orðið að fara út í þær ákvarðanir sem örugglega hafa ekki verið sársaukalausar og örugglega ekki óumdeildar, að selja verðmætar eignir sveitarfélagsins til að grynnka á skuldum og ná endum saman í rekstri. Sveitarfélagið snýr sér til meðeigenda sinna og fer fram á viðræður um hvort þeir séu tilbúnir að kaupa hlut sveitarfélagsins, kaupa sveitarfélagið út.

Hvað gerist þá? Ríkið hafnar fyrir sitt leyti kaupum á hlut sveitarfélagsins, í desemberbyrjun eða svo. Ég spyr, herra forseti: Hvenær var sú ákvörðun tekin, af hverjum og hvers vegna? Af hverju hafnaði ríkið fyrir sitt leyti að taka þátt í að kaupa sveitarfélagið út ef það varð að losa um eignarhlut sinn? Af hverju hafnaði ríkið því að koma til móts við sveitarfélagið Skagafjörð með sambærilegum hætti og það keypti eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða skömmu áður? Er það jafnræði í framkvæmd? Hvað lá fyrir um afstöðu annarra hluthafa ef ríkið hefði fyrir sitt leyti a.m.k. verið tilbúið að kaupa hlutfallslega sitt eða jafnvel eitthvað meira þannig að sem minnst röskun yrði á eignarhaldi í fyrirtækinu og ríkið hefði áfram með eignarhaldi sínu að hluta til tryggt stöðugleika og m.a. áhrifavald í fyrirtækinu til að tryggja áframhaldandi rekstur þess á staðnum?

Liggur ekki hundurinn grafinn þar, herra forseti, að það er með ákvörðun ríkisins um að hafna því sem málið fer í allt annan farveg? Eða var það eitthvert sjónarspil? Var það leikflétta að fara fram á þessar viðræður við ríkið? Tók ríkið þátt í einhverri sviðsetningu með því að koma málunum í nýtt samhengi með því að synja um þetta í byrjun sl. desembermánaðar eða hvort það var í nóvember?

Ríkið átti fyrir 30% hlut þannig að ekki geta það talist háskaleg eða óverjandi ríkisumsvif — er það? — að ríkið eigi þarna mikinn minni hluta í verksmiðju af þessu tagi, ríkið sem hefur átt og á enn af sögulegum, praktískum og fullgildum ástæðum drjúgan eignarhlut í fjölmörgum mikilvægum atvinnufyrirtækjum og iðnfyrirtækjum sem ekki hefðu komið til sögunnar nema fyrir atbeina ríkisins á sínum tíma. Þá voru menn ekki feimnir við það. Dæmi um það eru Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan og fleiri fyrirtæki mætti nefna. Ef ríkið hefði keypt sinn hlut af eignarhlut bæjarsjóðs Sauðárkróks upp á tæp 24%, þ.e. tæpan þriðjung af þeim hlut, þá væru það væntanlega rúm 7% í eign. Ríkið hefði þá farið upp í rúm 37%. Var það ekki allt í lagi ef aðrir samstarfsaðilar hefðu verið tilbúnir til að auka sinn hlut að sama skapi? Hvers vegna hafnaði ríkið því? Ég hef engin rök eða engin svör heyrt um það mál og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra komi með þau hér. Það er ekki endilega sjálfgefið að þetta mál sé útkljáð. Samningurinn er að sjálfsögðu með öllum þeim fyrirvörum sem í honum hlutu að verða, þar á meðal og ekki síst með fyrirvara um samþykki Alþingis. Það kemur enginn til með að segja að þetta mál gæti ekki tekið nýja stefnu ef svo bæri undir og vilji væri til þess. Mér er ekki kunnugt um að hinir finnsku samstarfsaðilar sem hafa verið mjög verðmætir samstarfsaðilar í þessu fyrirtæki hafi verið með neinar kröfur um að losna út með sinn hlut nema síður sé. Af hverju ættu þeir svo sem að vera það? Það samstarf hefur verið báðum aðilum hagstætt og aðkoma finnska fyrirtækisins skipti miklu á sínum tíma og gerir enn, m.a. og ekki síst í tengslum við markaðssetningu, tækniþekkingu og fleira.

Herra forseti. Ég spyr aftur: Hvað ræður því að framganga ríkisvaldsins í málefnum af þessu tagi er jafntilviljanakennd og mótsagnakennd og raun ber vitni? Allt í einu þegar það virðist henta ríkisstjórninni af pólitískum ástæðum þá er stokkið til og eignarhlutur sveitarfélaganna á Vestfjörðum keyptur á ríflegu verði. Það var út af fyrir sig vitað. Þau voru að vísu þvinguð til þess að selja þennan hlut sinn til að bjarga sér í sambandi við aðsteðjandi vanda, m.a. og ekki síst vegna félagslega íbúðarhúsnæðisins af því að þar var slíkt endemis sleifarlag á að ekki bólaði á neinum efndum eða neinni þátttöku ríkisins í að leysa þann vanda sem nú að vísu örlar á þó að í litlu sé í frv. sem akkúrat núna er til umfjöllunar á þessum klukkutímum í þinginu.

Herra forseti. Ég bendi á þetta. Það er algerlega mótsagnakennt að í einu tilvikinu sé ríkið tilbúið til að kaupa að fullu, 100%, hlut sveitarfélaga í eignum en í öðru tilviki neitar það, hafnar það fyrir sitt leyti að taka þátt í því ásamt fleirum að leysa út eignarhlut sveitarfélags. Ég sé ekki sanngirnis- eða efnisrökin fyrir því að ganga fram með svona mismunandi hætti.

Herra forseti. Ég fullyrði að þó að vissulega hafi ákveðnir byrjunarerfiðleikar verið í uppbyggingu og rekstri steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki eins og hér hefur komið fram, þá má í það heila tekið segja að þar hafi tekist mjög vel til. Það var góð ákvörðun á sínum tíma að ríkið stuðlaði að því að þetta iðnfyrirtæki — og ég vek athygli á því, meðalstórt iðnfyrirtæki sem féll vel að stærð og aðstæðum í viðkomandi byggðarlagi — var reist þar sem það var reist. Það hefur tvímælalaust orðið mikil lyftistöng fyrir þetta byggðarlag og sýnir að fleira getur verið álitlegt í þessum efnum en risafabrikkur erlendra aðila sem eru algerlega ofvaxnar viðkomandi byggðarlögum og eru þannig að við Íslendingar ráðum engan veginn við þær einir og sér. Steinullarverksmiðjan er einmitt mjög gott dæmi um iðnaðarkost af millistærð sem betur væru fleiri og víðar í landinu af sama toga. Menn hefðu mátt leggja meiri orku í að leita að slíkum kostum og stuðla að því með atbeina ríkisins að koma þeim upp heldur en eyða allri þeirri orku til einskis í leitinni að risaverkefnunum sem jafnoft, næstum því að segja, herra forseti, hafa runnið út í sandinn.

Herra forseti. Salan orkar líka tvímælis vegna þess, eins og hér hefur verið bent á, að hinir nýju eigendur sem verða mjög ráðandi og nánast einráðir í þessu fyrirtæki eru tvær stærstu byggingarvöruverslanirnar í landinu. Þykir mönnum ekki nóg um fákeppnina og samþjöppunina sem almennt er að verða á fjölmörgum sviðum viðskipta og verslunar hér? Það er eins og ríkisvaldinu verði ekki flökurt, og ekki einu sinni þeim ráðherra sem fer með samkeppnismál, við að stuðla að því með ráðstöfun á eignarhlut ríkisins að þessi samþjöppun aukist. Bara það eitt að ríkið hefði haldið sinni eign hefði tryggt meira jafnvægi og dreifðari eign í fyrirtækinu. Var sá kostur ekki einu sinni athugaður að ríkið segði við meðeigendurna og þá sveitarfélagið Skagafjörð þess vegna: „Gott og vel, ef þið viljið losa eignarhlut ykkar og ef aðrir eru tilbúnir til að kaupa ykkur út þá mega þeir það okkar vegna. En við ætlum að halda okkar hlut af því að við teljum mikilvægt að hann sé til staðar og tryggi kjölfestu og stöðugleika í rekstri fyrirtækisins."

Það vakna mjög margar áleitnar spurningar um þetta, herra forseti. Af hverju í fyrsta lagi var ríkið ekki tilbúið til þess fyrir sitt leyti að taka þátt í að kaupa sveitarfélagið út? Af hverju var það í öðru lagi og þá til vara ekki einu sinni tilbúið til að halda eignarhlut sínum þó það hefði ekki viljað auka hann? Og hvers vegna í ósköpunum er staðið svona undarlega að þessu að öllu leyti, herra forseti?

Að síðustu, eins og hér kom fram og hv. þm. Jón Bjarnason gerði að umtalsefni, vakna auðvitað umsvifalaust spurningar um það hvort nokkuð sé á því að byggja ef þessar breytingar verða að þetta fyrirtæki hverfi ekki af staðnum eftir fáein ár. Þetta minnir óhuggulega á, og margt bendir í átt til þess, þegar ríkið hefur látið frá sér fyrirtæki sem hafa verið látin borga sig sjálf í framhaldinu meira og minna. Dæmi um það eru SR-mjöl og Áburðarverksmiðjan (Gripið fram í.) sem var keypt á 1.100 millj. en reyndist svo eiga 700 millj. verðmæti í áburðarbirgðum og hefur núna verið seld með hagnaði upp á meira en hálfan milljarð kr. til handa aðila sem hefði ekkert gert annað í raun en að eiga verksmiðjuna í örfá ár. Og það sem meira er, nú blasir það auðvitað við að þessi ákvörðun á sínum tíma jafngilti því að leggja Áburðarverksmiðjuna niður og hætta þessari starfsemi í landinu. Það skyldi nú ekki fara svo að þau örlög gætu átt eftir að bíða Steinullarverksmiðjunnar, að annaðhvort flytjist hún hingað suður eða þá hitt sem jafnvel gæti einnig komið til og orðið enn dapurlegra, þ.e. að menn sjái sér hag í því, að aðilar geti bara einfaldlega fært sig yfir í að flytja varninginn inn og hagnast á því að selja hann, inn í landið gegnum tröllatök sín á byggingarvörumarkaðnum og sjái alveg eins gróða í því að höndla með varninginn í formi innflutnings eins og að endurselja framleiðslu sem verksmiðjan mundi halda áfram að framleiða innan lands ef hún yrði til og hvar sem hún yrði þá staðsett.

[23:38]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju. Við erum að tala um fyrirtæki sem var stofnað á Sauðárkróki með undirritun samnings 2. desember 1982. Það kemur fram í greinargerð með frv. að fyrstu starfsár fyrirtækisins voru erfið. En eftir endurskipulagningu á fjárhag þess 1989 fóru hlutir að ganga vel. Í greinargerðinni segir:

„Þær langtímaáætlanir sem lagðar voru til grundvallar hinni fjárhagslegu endurskipulagningu árið 1989 hafa gengið eftir. Fyrirtækinu hefur tekist að þróa nýjar vörutegundir bæði fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings. Í þeim efnum hefur fyrirtækið notið góðs af samstarfi við Partek á sviði tækni- og vöruþróunar. Markaðsstaða fyrirtækisins er traust og mikil umsvif í byggingariðnaði hér á landi á síðustu árum hafa leitt til þess að efnahagur fyrirtækisins er sterkur. Fyrirtækið hefur staðið vel að viðhaldi og endurnýjun framleiðslubúnaðar og síðasta haust var tekinn í notkun nýr og fullkominn pökkunarbúnaður."

Virðulegi forseti. Þannig standa málin að við erum að tala um, eins og segir í greinargerðinni, mjög traust og mjög gott fyrirtæki. Við erum að tala um fyrirtæki sem er starfrækt á landsbyggðinni. Út frá öllum málatilbúnaðinum er fáránlegt út frá byggðasjónarmiðum að selja þetta fyrirtæki á Sauðárkróki, sérstaklega þegar maður fer yfir málatilbúnaðinn eða það hvernig sú hugmynd verður til að það eigi að selja þetta fyrirtæki. Það má alveg lesa milli línanna að auðvitað átti byggðaráð Skagafjarðar í fjárhagserfiðleikum og það ríður á vaðið með að reyna að losa peninga út úr eignum. Þannig er málið til komið og þannig fer það af stað.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er fáránlegt frá mínum bæjardyrum séð að nálgast þessa hluti eins og hæstv. iðnrh. ætlar að gera nú. Miklu nær hefði verið að ríkið kæmi inn í þetta fyrirtæki með framlögum og hefði aukið eignarhlut sinn. Nú hefur Sauðárkrókur selt rafveituna, þó að það sé í gegnum Rarik, en hún er grunnþjónustufyrirtæki sem hefði að mínu mati átt að vera í eigu sveitarfélagsins. Miklu ríkari ástæða hefði verið til þess að selja ríkinu eignarhlut bæjarins í þessu félagi. Ríkið átti augljóslega að koma að því dæmi.

Það er mjög vanhugsað út frá byggðalegum sjónarmiðum að taka fyrirtæki í góðum rekstri á þennan hátt og leika sér með það eins og hér á að gera. Það er mjög vanhugsað. Ef maður les á milli línanna þá er Kaupfélag Skagfirðinga að koma inn í þessa sölu og maður getur alveg getið sér þess til af hverju félagið er að strekkja sig í þá átt að koma að því að kaupa fyrirtækið af ríkinu og af bænum. Það er vegna þess að það félag hefur fjárhagslega burði og þar innan veggja eru hugsjónir um að viðhalda byggð og treysta byggð í Skagafirði. Út frá byggðasjónarmiðum er því fáránlegt að setja kaupfélagið í þá stöðu að þurfa að beita fjárhagslegu afli sínu til þess að halda þessari vel reknu framsæknu verksmiðju í byggðarlaginu þegar það félag gæti farið í næg önnur verkefni að öðrum kosti. Þannig sé ég þetta mál.

Þetta mál þarf mikillar umræðu við vegna þess, eins og ég sagði áðan, að það er röng byggðaleg aðgerð að mínu mati að brjóta þetta fyrirtæki upp og selja. Ég tel það líka ranga byggðalega aðgerð út frá stöðu Kaupfélags Skagfirðinga. Á þess að vita það tel ég að ákvörðunartaka þess byggist fyrst og fremst á þeim grundvallarsjónarmiðum að það vilji treysta byggð og efla bæjarfélagið á Sauðárkróki og Skagafjörð. Það fyrirtæki mun undir öllum kringumstæðum nota alla þá fjármuni sem það hefur til ráðstöfunar til þess að efla atvinnuuppbyggingu á svæðinu á öðrum sviðum þurfi það ekki að vera í slíkum varnarleik sem þetta frv. framkallar.

Virðulegi forseti. Þetta frv. á eftir að fara til nefndar. Við þurfum að fá útskýringar á tilurð þess. Augljóst er hvernig hugmyndin er sett á flot. Hugmyndin að því að selja er fyrst og fremst til komin vegna fjárhagslegrar stöðu sveitarfélagsins. Það hefur viljað losa um peninga. En ríkisstjórnin á auðvitað að hafa önnur markmið að leiðarljósi. Þarna er kjörið tækifæri til þess að viðhalda sterku fyrirtæki í heimabyggð í stað þess að selja, vita ekkert um framtíð fyrirtækisins og vera svo í alls konar byggðaaðgerðum upp á nýjan leik. Þetta eru ekki sannfærandi vinnubrögð, virðulegi forseti.

Ég þarf svo sem ekki að hafa fleiri orð um þetta núna við 1. umr., en við munum kalla eftir því hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að gefnar verði frambærilegar skýringar á því hvers vegna hæstv. ríkisstjórn fer þessa leið. Hún ætlar að nota ágóðann af sölunni til ýmiss konar verkefna. En til lengri tíma litið verður manni hverjum ljóst að það að hafa svo stórt og hlutfallslega stöndugt fyrirtæki í sveitarfélaginu Skagafirði hlýtur að vera gulls ígildi fyrir allt það svæði.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu ætla ég að láta máli mínu lokið. Við munum fara fram á í nefnd að fá miklar og góðar skýringar á því hvers vegna þessi vegferð er farin.

[23:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er eitthvað sem mér finnst ekki alveg ganga upp í málflutningi hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því að annars vegar er því haldið fram að ríkið hefði átt að eiga lítinn hlut í þessari verksmiðju ásamt því fyrirtæki sem nú hefur gert tilboð í kaup á mestöllum hlutum í fyrirtækinu, sem hefði þýtt að sá hlutur ríkisins hefði orðið ákaflega verðlítill ef ekki verðlaus. Jafnframt er því haldið fram að ríkið hafi staðið illa að málum í sambandi

við sölu á Áburðarverksmiðjunni og þá er eins og það hafi átt að vera aðalatriðið að tryggja söluna þannig að gott verð fengist, þannig að það rekur sig hvað á annars horn.

Mörg orð eru höfð um það að þetta fyrirtæki hafi verið mikill happafengur og sé gulls ígildi og allt þar fram eftir götunum og get ég tekið undir það. Þetta er mikilvægt fyrirtæki og skiptir umrætt byggðarlag ákaflega miklu máli. En ekki verður horft fram hjá því að þegar sú staða var komin upp að sveitarfélagið vildi selja og finnska fyrirtækið, Paroc Group, að ríkið varð að hugsa um að verja sinn hlut í þessu ágæta fyrirtæki og komast þá inn í þá sölu sem varð niðurstaðan. Ég held því að þarna hafi verið staðið mjög skynsamlega að málum af okkar hálfu, ég leyfi mér að halda því fram.

Það að hér sé staðið óeðlilega að málum og þetta sé gert án lagaheimildar eins og hér hefur verið haldið fram, þá er með frv. verið að leita heimildar löggjafarsamkomunnar til þess að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni. Auðvitað gengur sú sala og þau viðskipti ekki fram nema að samþykktu þessu frv.

Það sem hér var sagt um samkeppnismál, þá er það svo að samkeppnisyfirvöld þurfa að fara yfir þá stöðu sem þarna mun skapast verði af þessum viðskiptum, og mikilvægt að þau svör liggi fyrir fyrir lok þessa mánaðar og verði jákvæð til þess að af viðskiptum geti orðið. Allt tal um að samkeppnismálaráðherra eigi ekki að standa að þessu er náttúrlega ekki sanngjarnt vegna þess að á þessari stundu veit ég ekkert um hvort þetta stenst ákvæði samkeppnislaga og það er einfaldlega til meðferðar á þeim stað sem er bær um að meta það.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um að betra væri ef fleiri slíkar verksmiðjur væru starfandi á landinu og ég er alveg sammála honum um það. Ég hefði gjarnan viljað sjá sambærilega vinnustaði miklu víðar og auðvitað erum við alltaf að vinna að því að reyna að finna slík fyrirtæki og fjárfesta sem eru tilbúnir í að leggja fjármagn í vinnustaði sem þennan. Það er ekki á hverju strái sem við finnum slíka aðila en þó eru ný dæmi um að líklegt virðist vera að farið verði í uppbyggingu á áhugaverðu fyrirtæki í Helguvík. Það sýnir að auðvitað erum við með allar klær úti og reynum eins og við getum að skapa slíkar aðstæður og slík tækifæri.

Haft var á orði að sérkennilegt væri að það skyldi eiga að verja einhverju fé í uppbyggingu á viðkomandi svæði, annaðhvort í sambandi við atvinnulíf eða samgöngubætur. Vel má vera að það sé umdeilanlegt. En hins vegar tel ég mikilvægt að hluti af þessu fjármagni geti farið til uppbyggingar á landsbyggðinni og lít á það sem byggðamál. Og það að samgöngumál hafi komið þar til umræðu er fyrst og fremst hugsað sem framlag ríkisins og ríkisstjórnar í þeim efnum að lækka flutningskostnað hingað á Stór-Reykjavíkursvæðið ef af því yrði að því fjármagni yrði varið til uppbyggingar á veginum yfir Þverárfjall. Það mundi stórbæta samgöngur suður þar sem markaðurinn er stærstur auk þess sem það mundi vera nánast bylting í samgöngubótum í héraði og ég veit ekki betur en þingmenn þessa kjördæmis, Norðurl. v., hafi verið sammála um að leggja áherslu á þennan veg. Ég vonast því sannarlega til að hv. þingmenn standi þá með mér í því að því fjármagni verði varið til slíkra samgöngubóta. Þessi texti er í samræmi við það sem sett var fram í sambandi við Kísiliðjuna og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon studdi það mál, sem mér þótti ákaflega vænt um, kom mér kannski aðeins á óvart en samt sem áður er það alltaf gleðilegt ef maður fær svona stuðning úr óvæntum áttum.

Ég var búin að fara yfir það hvers vegna ekki þótti skynsamlegt af ríkinu að eiga áfram sinn hlut eftir að ljóst var að tilboð mundi berast í hlut bæði Paroc og Skagafjarðar og tel að full rök séu fyrir því þar sem þar hefði verið um 70% hlut að ræða.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að fara frekar út í þau atriði sem hér hafa verið til umfjöllunar. Ég heyri að hv. þingmenn hafa efasemdir um þennan gjörning og þannig er það, að allt orkar tvímælis þá gjört er, en ég stend við það að ég tel að hér hafi verið staðið vel að málum og vonast til að frv. eigi greiðan gang í gegnum þingið.

[23:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að leggja tvær spurningar fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh., ráðherra byggðamála. Fyrri spurningin er sú hvort ráðherrann óttist ekki að sú sala sem fyrirhuguð er á hlut ríkisins, sveitarfélagsins einnig, geti orðið til þess að verksmiðjan verði ekkert endilega rekin í framtíðinni á Sauðárkróki, gæti þess vegna alveg eins verið flutt þaðan innan nokkurra ára. Þetta var fyrri spurningin og snýr að því að viðhalda atvinnutækifærum og efla byggð í landinu, og lýsir áhyggjum mínum af því hvaða afleiðingar þetta gæti haft.

Í annan stað spyr ég hvort sú stefnumótun sem birtist í því að ákveðinn hluti þeirra fjármuna sem ríkið selur fyrir verði notaður til framkvæmda heima í héraði, hvort megi líta svo á að hér sé um stefnumótun almennt að ræða. Nú er þetta þriðja dæmið sem viðkomandi hæstv. ráðherra stendur fyrir í þessa veru. Það fyrsta var salan á Orkuveitu Suðurnesja og hluti af þeim fjármunum notaður til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Síðan Kísiliðjan í Mývatnssveit og nú salan á Steinullarverksmiðjunni og í öllum tilfellum hafa fjármunir verið notaðir eða ætlast til að þeir verði notaðir í viðkomandi landshlutum. Því spyr ég: Komi til þess að ríkið selji Orkubú Vestfjarða, mun þá hluti af þeim fjármunum verða notaður á Vestfjörðum?

[23:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar fyrstu spurninguna, þá er það svo eins og sjá má í greinargerðinni að í samkomulagi sem gert verður við sölu er þess getið í e-lið að kaupandi gefi skriflega yfirlýsingu um þá ætlun sína að halda áfram rekstri félagsins á Sauðárkróki. (Gripið fram í.) Það má vel vera að þetta skipti engu máli eins og kom fram í ræðu eins af þeim hv. þm. sem tóku til máls, en engu að síður finnst mér þetta skipta máli.

Eins það sem ég nefndi að verði af því að fjármagn verði veitt til þess að flýta framkvæmdum yfir Þverárfjall, þá er það liður í því að lækka flutningskostnað og það styrkir stöðu verksmiðjunnar þar sem hún er staðsett í dag.

Hvort ég óttaðist ekki fordæmi hvað það varðar að í þriðja skipti núna, með samþykkt þessa frv., sé ákveðnum hluta fjármagns varið til uppbyggingar í héraði þegar fyrirtæki eru seld, þá undrast ég það mjög ef hv. þingmenn sem oft tala fyrir byggðastefnu og framlögum til byggðamála geta ekki samglaðst þegar ákvarðanir sem þessar eru teknar vegna þess að það hlýtur að skipta máli. Og mér þótti vænt um að heyra hv. þm. Steingrím J. Sigfússon segja áðan að Orkubú Vestfjarða hefði verið keypt á ríflegu verði því ég hef ekki heyrt hann áður samþykkja það eða viðurkenna að svo hafi verið. Ég er alveg sammála honum um að Orkubú Vestfjarða var keypt á ríflegu verði og það var byggðaaðgerð þannig að

oft er ríkisstjórnin að reyna að leggja sig fram um að standa sig í byggðamálum.

[23:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu að nálgast miðnætti en ekki er ástæða til að heyra neinar ofheyrnir hjá hæstv. ráðherra. Ég spurði eingöngu hvort mætti vænta þess að ef ríkið seldi Orkubú Vestfjarða, þá yrði hluti þeirra fjármuna notaður á Vestfjörðum. Ég var ekki sérstaklega að gagnrýna það að fjármunir af þessum sölum væru notaðir til atvinnuuppbyggingar á viðkomandi svæðum. Ég sagði beinlínis í sambandi við Orkuveitu Suðurnesja að það væri frekar af hinu góða.

Ég spurði hins vegar að því hvort líta mætti svo á að hér væri komin stefnumótun sem fylgt yrði eftir m.a. ef Orkubú Vestfjarða yrði selt.

[23:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar á því ef ég hef misskilið hv. þm. og gert athugasemd hans neikvæðari en hún var í raun. En hvað það varðar að hugsanlega verði Orkubú Vestfjarða selt og hvort þeim fjármunum yrði varið til uppbyggingar á Vestfjörðum, þá get ég ekki svarað neinu um það á þessu stigi málsins. Ég held að það sé réttast. Þessi þrjú dæmi eru ekki þannig að búið sé að taka ákvörðun til allrar framtíðar heldur eru þetta tilvik sem voru leyst á þennan hátt að þessu sinni og svo verðum við bara að sjá til með framhaldið.

[23:59]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá það alveg skýrt hjá hæstv. ráðherra hvort hún telji að ekki þurfi sérstaka fjárlagaheimild til að selja bréf ríkissjóðs, hvort það sé mat ráðherrans að þess þurfi ekki.

Í öðru lagi vil ég fá að heyra líka hvort ráðherrann telji að það sé í fyllilega í samræmi við lög og reglur um sölu á hlutabréfum í eigu ríkisins eins og þarna er staðið að verki. Þau eru ekki boðin föl til kaups á markaði eða leitað annarra tilboða. Telur ráðherrann að þarna sé rétt staðið að? Já eða nei.

Í þriðja lagi að upplýsa það hvort umræða hæstv. ráðherra um að hluti af söluandvirði verksmiðjunnar af ríkisins hálfu ætti að fara í veginn yfir Þverárfjall, hvort það sé ástæða þess að ekkert fjármagn eða mjög takmarkað fjármagn er sett í veginn um Þverárfjall á vegáætlun. Umræða var um það og ósk um það að Þverárfjall yrði tekið í flokk stórverkefna og varið til þess ákveðnu fjármagni en er þetta kannski ástæða þess að ekki þykir ástæða til að láta sérstakt fjármagn á vegáætlun til Þverárfjalls vegna þess að hæstv. iðnrh. er búin að lofa því að fé komi frá sölu á verksmiðjunni til þess? Ja, þá er svolítið kynduglega að verki staðið, virðulegi forseti.

[00:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einhvern tíma lærði ég að sama væri hvaðan gott kæmi. Ef fjármagn fæst í tengslum við þessa sölu í þessa mikilvægu framkvæmd, þ.e. lagningu vegar yfir Þverárfjall, þá held ég að hv. þm. hljóti að geta glaðst yfir því, frekar en að hugsanlega geti dregist í einhver ár að ljúka við þessa framkvæmd. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef ætti það fjármagn sem þarna fæst að duga til þess að ljúka við veginn, a.m.k. fjallveginn sjálfan, og þannig mundi opnast t.d. vegur á milli Skagastrandar og Sauðárkróks miklu fyrr en menn gerðu sér vonir um. Ég veit að heimafólk á þessu svæði gleðst mjög yfir því.

[00:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að fá veg yfir Þverárfjall. En ætli það verði ekki skynsamlegra að fjármagna hann eftir öðrum leiðum, eftir hefðbundnum leiðum í gegnum vegáætlun? Er það leið hæstv. iðnrh. og Framsfl. að ganga á eignir sveitarfélaga vítt og breitt um landið til þess að láta þær með þátttöku ríkisins renna til almennra skyldubundinna verkefna sem ríkið á að bera ábyrgð á?

Telur hæstv. iðnrh. að hún hafi umboð til þess að lofa greiðslum með þessum hætti? Hefur þetta verið unnið í nánu samráði við samgrh.? Ágætt væri að fá það upplýst. Hvernig telur hæstv. ráðherra að fjárlagagerð, fjárlagavinna og aðkoma Alþingis eigi að vera að svona málum, þó svo að við viljum fá veginn yfir Þverárfjall, virðulegi forseti?

[00:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. spurði áðan hvort ekki þyrfti sérstaka lagaheimild vil ég fyrst segja að þetta er sérstök lagaheimild sem hér er verið að fara fram á, sem sagt að iðnrh. sé heimilt að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni.

Um það hvort ég hafi umboð til að lofa þá segi ég ekkert meira en það sem stendur í textanum. Þar stendur að þetta skuli gert og ákveðið samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það held ég að hljóti að vera nokkuð skýrt.

Hvað er hv. þm. að meina þegar hann segir að ríkið sé að ganga á eignir sveitarfélaga víðs vegar um land? Það gerist ekki alla vega með því að samþykkja þetta frv. Því fer víðs fjarri.

[00:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. iðnrh. ekki svara neinu því sem ég spurði um, þ.e um málatilbúnað hennar í þessu máli. Þetta er vel rekið fyrirtæki. Það kemur fram í greinargerðinni. Það á að selja þetta fyrirtæki á sama tíma og hæstv. ráðherra upplýsir að stöðug vinna sé í gangi til að finna atvinnutækifæri sem henta á landsbyggðinni. Þetta kemur ekki alveg heim og saman. Hvers vegna í ósköpunum er þetta mál komið fram á þennan hátt?

Síðan vil ég fá svar við öðru. Nú er Kaupfélag Skagfirðinga sett í varnarstöðu. Telur hæstv. ráðherra ekki að það sé mjög hæpin byggðaaðgerð? Dæmið væri öðruvísi ef um væri að ræða vonlausa verksmiðju. En hér er upplýst að þetta er fyrirmyndarfyrirtæki sem á bjarta framtíð fyrir sér á þeim grunni sem það er á núna. Ég segi fyrir mína parta að verksmiðjan sé hin besta byggðaaðgerð, enda var staðsetning hennar á sínum tíma byggðaaðgerð. Verksmiðjan var reist sem slík og er nú komin á góðan rekstrargrunn. Hefði ekki verið nær að taka stöðuna þrátt fyrir fjárhagsörðugleika sveitarfélagsins og renna inn styrkum stoðum þarna þó svo sveitarfélagið væri leyst undan þátttöku sinni í fyrirtækinu?

[00:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að taka það fram að frv. gengur ekki út á að leggja fyrirtækið niður heldur selja það ábyrgum aðilum. Ég get alveg tekið undir það að þetta er vel rekið fyrirtæki og á vonandi glæsta framtíð fyrir sér. Það er ekki

hægt að halda því fram að verið sé að setja kaupfélagið í einhverja varnarstöðu. Kaupfélagið er bara burðugt og það stendur í því að kaupa þennan hlut ásamt Húsasmiðjunni og BYKO. (**Gripið fram í:** Nauðugt ...) Því er ekki nokkur fótur fyrir því sem hv. þm. kallar fram í, að það hafi nauðugt farið út í þessi kaup. Það er svo langt frá því. Ég gæti miklu frekar trúað því að kaupfélagið hefði áhuga á að kaupa enn meira.

Og varðandi það hvers vegna þetta sé nú á borðum hv. þm. Það er einfaldlega vegna þess að sveitarfélagið Skagafjörður vildi selja og ríkið er að hugsa um að verja sinn hlut og fá viðunandi verð fyrir hlut sinn í þessu fyrirtæki. Það gerist með því að hoppa upp í þennan vagn og selja ásamt sveitarfélaginu. Mér finnst þetta mjög eðlilegur framgangur í málinu og átta mig ekki á því hvaða tónn þetta er sem heyrist hér á hv. Alþingi.

[00:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi það ekki skilist í ræðu minni, þá finnst mér þetta óeðlilegur framgangsmáti. Ég tel ekki verjandi að fara þessa leið þegar hér er um að ræða gott fyrirtæki sem er staðsett á landsbyggðinni og þess vegna hafi verið valinn lakasti kosturinn með einhverri sýn á markaðsmál að leiðarljósi.

Fyrirtækið var sett á laggirnar til þess að treysta atvinnustarfsemi úti á landsbyggðinni og því má halda áfram þó svo að því þurfi eitthvað breyta hvernig eignaraðilar koma að fyrirtækinu. Það var ég að draga fram. Ég er sannfærður um, þó að hæstv. iðnrh. sé það ekki, að aðkoma Kaupfélags Skagfirðinga byggir fyrst og fremst á því að þar eru stjórnendur hræddir um að ef heimamenn missi yfirráð og ítök í fyrirtækinu þá sé mikil hætta á að það fari burt.

[00:09]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Gert var ráð fyrir því að hér yrði kvöldfundur. Ekki var talað um næturfund. En nú er klukkan komin fram yfir miðnætti. Á dagskrá fundarins voru 57 þingmál. Þingið hefur í dag afgreitt 40 þingmál.

Nú vil ég beina því til hæstv. forseta að við förum að ljúka þessum fundi. Nokkur þingmál eru enn eftir. Þingmálið sem nú er til umræðu er enn órætt að fullu. Einhverjir þingmenn eru enn á mælendaskrá. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að við förum að ljúka þessum degi. Gert er ráð fyrir þingstörfum í fyrramálið kl. 8. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum ekkert eftir okkur að vinna langan vinnudag, enda eru margir þingmenn, flestir þingmenn þingflokksins í þinghúsinu. Það á ekki við um alla aðra þingflokka þótt hér séu nokkrir þingmenn og hæstv. ráðherra enn til staðar. Ég vil beina því til hæstv. forseta að við ljúkum þessari umræðu nú og gerum hlé á störfum þingsins þar til fyrramálið.

[00:11]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að þetta er síðasta málið sem tekið verður fyrir á fundinum. Enn eru tveir þingmenn eftir á mælendaskrá og þeir hafa hvor sínar tíu mínúturnar. Forseti hyggst freista þess að ljúka þessu máli og slíta síðan fundi.

[00:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kom var ekki gert ráð fyrir að hér yrði næturfundur. En nú er komið fram yfir miðnætti þannig að næturfundur er hafinn. Ég vek athygli forseta á því.

En varðandi málið sem hér er til umræðu er mjög mikilvægt að átta sig á tilurð þessa fyrirtækis. Hún var pólitísk aðgerð til að styrkja atvinnulíf í Skagafirði. Þingmenn Norðurl. v. á þeim tíma beittu sér fyrir því með dyggum stuðningi annarra þingmanna að þessi verksmiðja yrði reist þarna. En það var ekki einboðið. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, sé í húsinu, því ég tel að honum sem 1. þm. kjördæmisins beri að vera við þessa mjög svo umdeildu umræðu. Ég óska eftir því að honum sé gert viðvart um að þessi umræða standi yfir.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, er ekki í húsinu.)

Virðulegi forseti. Ég vil engu að síður að honum sé gert viðvart sem 1. þm. Norðurl. v. og hann látinn vita að þessi umræða standi yfir.

(**Forseti** (ÍGP): Eftir því sem forseti veit best er hv. 1. þm. Norðurl. v. fullkunnugt um að þessi umræða fer fram því að hann mælti hér fyrir fjölmörgum málum ekki alls fyrir löngu.)

Virðulegi forseti. Ég tel samt að ekki sé ljóst að hv. 1. þm. Norðurl. v. viti það vegna þess að mörg mál voru eftir á dagskrá þegar hann mælti fyrir sínum málum og ítreka ég því að hann verði látinn vita. Þá var einungis gert ráð fyrir kvöldfundi en ekki næturfundi. Hv. þm. hefur kannski gert ráð fyrir því að þessi mál kæmust ekki á dagskrá, þannig að við séum ekki að gera honum rangt til. En hann er 1. þm. kjördæmisins og gat ekki vænst þess að öll mál yrðu tekin á dagskrá af því að hér hafði aðeins verið boðaður kvöldfundur. Ég óska því eftir að þingmaðurinn fái að vita af því að hér sé verið að ræða þetta mál sem snertir mjög kjördæmið.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mun sjá til þess en minnir á að það er undir hv. þm. sjálfum komið hve fundurinn dregst fram eftir kvöldi.)

Virðulegi forseti. Ég harma það að hv. 1. þm. Norðurl. v. skuli ekki látinn vita að þessi umræða standi yfir vegna þess m.a. að þetta mál er mjög umdeilt heima í héraði, heima í sveitarfélaginu Skagafirði. Það er svo umdeilt að meira að segja í atkvæðagreiðslu í sveitarstjórn um málið greiddu fulltrúar Sjálfstfl. í sveitarstjórn atkvæði gegn þessari ákvörðun sveitarfélagsins. Mér er einnig kunnugt um að þeir munu hafa leitað til þingmanna sinna, sjálfstæðismanna á Alþingi, til þess að tjá þeim þessa skoðun sína og þetta mat. Mér hefði því fundist eðlilegt að hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, greindi í þingsölum frá afstöðu sinni til þessa máls þannig að umbjóðendur hans heima í Skagafirði gætu vitað um hana.

Ég leyfi mér líka að spyrja hæstv. iðnrh.: Hefur þetta mál fengið velþóknun og blessun á öllum þáttum hjá samstarfsflokknum, Sjálfstfl.? Hefur hæstv. iðnrh. fengið þá blessun að þetta skuli keyrt í gegn þó að Samkeppnisstofnun hafi ekki kveðið upp úrskurð eða aðrir annmarkar geti verið á því að þetta megi samþykkja? Mér er spurn. Það er a.m.k. gott fyrir fólk í héraði að vita hver afstaða þingmanna kjördæmisins er til þessa máls. Ég hygg að fólki heima í héraði sé ljós afstaða Framsfl. Það er sama afstaða þar og keyrð er í gegn í öðrum sveitarfélögum. Þar sem greiðsluvandræði koma upp skulu sveitarfélögin knúin til að selja eignir sínar til þess að standa skil á lögboðinni starfsemi sinni. Í stað þess ætti Framsfl. með hæstv. félmrh. og hæstv. byggðamálaráðherra bæði í broddi

fylkingar að beita sér fyrir því að hagur sveitarfélaganna yrði réttur af, að tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga yrði rétt af þannig að sveitarfélögin fengju sinn eðlilega hlut og þyrftu ekki að ganga á mikilvægar og góðar eigur sínar til að standa skil á lögboðnum verkefnum sínum. En svona hefur stefna Framsfl. birst hjá báðum þessum hæstv. ráðherrum. Það er dapurlegt en fólk úti um hinar dreifðu byggðir landsins veit hver stefna Framsfl. er í þessum málum, að ganga á og ýta undir sölu á eigum sveitarfélaganna með því að krefja þau um að rétta fjárhag sinn í erfiðri stöðu.

Virðulegi forseti. Það er líka alveg með endemum að heyra hæstv. iðnrh. sem fer með byggðamál tala um þessa aðför sem byggðaaðgerð. Ég er hræddur um að þeir þingmenn sem á sínum tíma stóðu að því að þessi verksmiðja var sett niður á Sauðárkróki mundu heldur betur leggja kollhúfur og spyrja: Á hvaða vegi er þessi hæstv. ráðherra? Svo mikið lögðu menn á sig á sínum tíma til að koma þessari verksmiðju á koppinn með þátttöku ríkisins og að tryggja stöðu hennar þar sem byggðaaðgerð að þeim hefði ekki dottið í hug að hér sæti ráðherra byggðamála sem teldi það vera byggðaaðgerð að ríkið losaði sig út úr ábyrgð á rekstri hennar og tæki þar með þátt í að stofna framtíð þessa mikilvæga fyrirtækis á staðnum í tvísýnu. Ég held að engum af þeim þingmönnum sem stóðu að þessari aðgerð á þeim tíma gæti dottið í hug að þetta væri ráðslag í byggðalegu tilliti.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að endingu taka undir orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um stöðu Kaupfélags Skagfirðinga. Það er sterkt fyrirtæki sem er annt um að halda uppi öflugu atvinnulífi í héraðinu, og að sjálfsögðu ber það kvíðboga fyrir því að þetta fyrirtæki fari. Ég þykist vita að það horfi kvíðablandið á hvernig ríkið hagar sér með því að draga sig út úr því og rugga því þar með. En Kaupfélag Skagfirðinga hefði kannski eitthvað annað með fjármunina að gera til að tryggja atvinnulíf og efla í Skagafirði en að kaupa hlut ríkisins í þessu fyrirtæki. Hefði ekki Kaupfélag Skagfirðinga eitthvað annað og betra með þessa fjármuni að gera í byggðalegu tilliti? Jú, ég er svo sannfærður um það þannig að það er dapurlegt að ríkið skuli hér eiginlega krefja þessa ábyrgu heimaaðila til að kaupa sig út í þeirri von að það gæti orðið til þess að draga úr líkum á að fyrirtækið færi úr héraði. Sú aðgerð sem ríkið gengst hér fyrir er fjandsamleg byggðaaðgerð. Þarna er verið að rugga mikilvægu fyrirtæki sem er vel rekið og skiptir þetta byggðarlag miklu máli. Framganga ríkisins eins og hún birtist hér er hvergi til sóma, síður en svo.

[00:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka það fram að mér finnst fundarstjórn forseta vera óþarflega stíf, og miður að forseti skuli ekki verða við góðlátlegum tilmælum um að menn láti staðar numið eins og gert hafði verið ráð fyrir um miðnætti. Það getur varla skipt öllu máli þegar þingið hefur þegar meðhöndlað upp undir 40 mál hvort menn láti þá staðar numið þar sem þeir eru staddir, láti nótt sem nemur þegar miðnætti gengur í garð. Ég lýsi nokkurri óánægju með það, herra forseti, að svona hlutir skuli ekki standa. Þegar menn hafa gert ráð fyrir því að störfum ljúki fyrir eða í síðasta lagi um miðnætti á það auðvitað að vera þannig. En ekki meira um það. Ég ætla ekki að ergja mig á að ræða þetta frekar við forseta en það er sem sagt kominn mínus á reikninginn hjá hæstv. forseta svo að hann hafi það bara í huga.

Í öðru lagi finnst mér alger óþarfi hjá hæstv. ráðherra iðnaðar, viðskipta og byggðamála að ónotast út í þingmenn þó að þeir reifi ýmis sjónarmið í þessu máli, og að hún láti t.d. að því liggja að menn séu eitthvað óhressir með að fjármunir fari til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni eða til samgöngumála, bara vegna þess að menn skrifa ekki fyrirvaralaust upp á það ráðslag sem hér er upp tekið. Hvað á svona málflutningur að þýða? Til hvers er að sproksetja hvert annað með slíkum hætti? Það er fullkomlega gilt og réttmætt að reifa efasemdir um ýmislegt sem þessu máli tengist. Þótt menn séu einlægir stuðningsmenn atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni og vilji samgöngubætur er það bara allt annað mál. Við skulum ræða hlutina í því samhengi sem þeir eru. Er það nákvæmlega svona sem við sjáum þetta fyrir okkur eða einhvern veginn öðruvísi?

Það er að mínu mati alveg ljóst, herra forseti, að þótt einhver fordæmi séu fyrir eyrnamerkingum af því tagi sem menn ástunda hér orka þær tvímælis og munu gera það í æ ríkari mæli eftir því sem menn fara meira út í þær. Ef þetta verður einhver almenn venja, að ríkið eyrnamerki sölu á tilteknum framkvæmdum í tilteknum byggðarlögum, hvers eiga þá þau byggðarlög að gjalda þar sem engar slíkar eignir eru? Hvað á að gera fyrir þau? Og vel að merkja, þau byggðarlög hafa ekki einu sinni notið þess að ríkið hafi þá tekið þátt í einhverri atvinnuuppbyggingu þar. Eru ekki næstu byggðarlög við Skagafjörð, t.d. Húnavatnssýslurnar eða einhver önnur byggðarlög, sem ekki hafa fengið slíkt fyrirtæki sem því nemur lakar stödd og ættu þau þá ekki alveg eins, og jafnvel enn þá frekar, að þurfa sérstakan stuðning ríkisins? Það má greinilega setja stórt spurningarmerki við þessa aðferðafræði.

Ef menn ætla að reyna að telja mönnum trú um að þeir fái tilteknar, tilgreindar samgönguframkvæmdir gegnum ráðstöfun söluhagnaðar fyrirtækis af þessu tagi, hvað gerist þá ef slíkir hlutir ganga til baka? Verður þá ekkert úr samgönguframkvæmdinni? Er hún þar með orðin skilyrt og spyrt við það að þetta gangi eftir? Ótal spurningar af þessu tagi munu vakna. Og eru síðan þingmenn, Vegagerðin og samgrn. almennt jákvæð gagnvart því að menn tíni út einstakar samgönguframkvæmdir og eyrnamerki þær sölu tiltekinna ríkisfyrirtækja eða öllu heldur krónunum sem koma inn í kassann fyrir tiltekna sölu eigna ríkisins. Auðvitað eru það allt saman peningar í ríkissjóði rétt eins og aðrir peningar í ríkissjóði. Eins og ég hef stundum reynt að benda á þekkja menn ekki krónurnar í sundur þegar þær eru komnar í kassann hjá hæstv. ráðherra Geir Hilmari Haarde, hvort þær koma inn sem virðisaukaskattur, fyrir sölu á verksmiðjum eða hlutabréfum í bönkum eða einhverju slíku. Það er bara rugl. Það er bara pólitísk framsetning mála að hengja hlutina þannig saman. Það á að halda þessu aðgreindu, ræða þörfina fyrir tilteknar framkvæmdir eða tiltekin útgjöld og líta svo á samhengi tekna og gjalda ríkissjóðs eins og það kemur fyrir án eyrnamerkinga af slíku tagi. Þær munu leiða menn út í ógöngur og það er dálítið hlægilegt að þessi ríkisstjórn skuli núna gera þetta í pólitísku skyni í æ ríkari mæli. Þetta er sama ríkisstjórnin og hataðist við alla markaða tekjustofna, vildi engar slíkar tengingar af því að þetta átti allt að vera aðgreint, var það ekki? Það er ekki beinlínis í samræmi við ræðuhöldin á fyrri missirum um það að fara svo út á þessa braut þegar það hentar pólitískt að eyrnamerkja hlutina svona.

Þverárfjall. Er það ekki þörf samgönguframkvæmd? Er ekki eðlilegt að áhugi sé á henni á viðkomandi svæði? Jú, mikil ósköp. Það má deila um það hversu mikil for-

gangsframkvæmd þetta ætti að vera eins og svo sem oft endranær, en guð minn góður, eru þær ekki margar samgönguframkvæmdirnar úti um allt sem bíða og eru ekki síður brennandi? Er þá endilega nokkuð óréttlátara að eitthvað af þessum krónum eða öðrum krónum úr ríkissjóði færi í að flýta þeim? Ætli hæstv. ráðherra þekki það ekki að menn eru orðnir býsna langeygir í biðinni eftir betri vegum á norðausturhorni landsins? En þar stendur bara engin steinullarverksmiðja sem verið er að selja um þessar mundir þannig að hægt sé að eyrnamerkja söluna á henni t.d. því að leggja veg yfir Öxarfjarðarheiði. Þess vegna bíða menn ár eftir ár eftir ár eftir þeirri framkvæmd í byggðarlagi sem á mjög undir högg að sækja um þessar mundir. Hvar er örlætið og hvar er viljinn til að gera eitthvað í þeim efnum? Er þetta ekki allt saman ein þjóð sem býr í einu landi með einn ríkissjóð og sömu krónurnar milli handanna?

Herra forseti. Ég leyfi mér í fullri einlægni að segja þetta og ég hef engar áhyggjur af því að Skagfirðingar skilji ekki að svona verður að fjalla um hlutina í samhengi. Ég hef ekki trú á að menn slái miklar pólitískar keilur eða afli sér gríðarlegra vinsælda með því að skapa óöryggi um framtíð Steinullarverksmiðjunnar og ætla að kaupa menn góða með því að segja: Þið fáið kannski hluta af aurunum til baka í Þverárfjall eða eitthvað annað. Það er ekki mjög rismikil framsetning mála verð ég að segja, herra forseti. Þessar eyrnamerkingar ætti að mínu mati ekki að ástunda svona.

Hæstv. ráðherra gerði ráðstöfun tekna vegna sölu kísilgúrverksmiðju í Mývatnssveit að umræðuefni og fullyrti að hér væri um sambærileg ákvæði að ræða og eru í þeim lögum, lögum nr. 80/1966, en svo er ekki. Þar er að vísu talað um að söluandvirðið skuli renna til svæðisins, til sveitarfélaga sem eiga verulegra hagsmuna að gæta, en þar er talað um almennt til atvinnuuppbyggingar. (**Iðnrh.:** Munar það mjög miklu?) Já, það getur munað býsna miklu, herra forseti. Þann skilning má leggja í það orðalag að ríkið ætli ekki að fara að hlutast til um í hvaða einstöku framkvæmdir — ég tala ekki um á samgöngusviðinu — söluandvirðið renni heldur að það verði t.d. framlag í sjóði eða til almennrar atvinnuþróunar á svæðinu. Á því er munur eða hinu að ríkisstjórnin ætli að handvelja einhverjar framkvæmdir, koma svo og segja: Hér er ég. Við komum með Þverárfjall handa ykkur. Það var ekki Alþingi, ekki þingmannahópur kjördæmisins og það er ekki á almennri vegáætlun. Það er á einkavegáætlun ríkisstjórnarinnar sem kemur fyrir söluandvirði tiltekinna ríkisfyrirtækja sem ríkisstjórnin meðhöndlar í reynd eins og hún eigi ein og umgengst þannig fram hjá fjárveitingavaldi Alþingis, fram hjá þeim verkefnum sem þingmannahópar kjördæma hafa lögum samkvæmt með höndum, að skipta vegafé. Samkvæmt vegalögum er það hlutverk þingmannahópa kjördæma að skipta vegafé, og vegaframkvæmd er vegaframkvæmd. Ég held því, herra forseti, að þegar þetta er betur skoðað orki margt tvímælis. Þó að ég kunni að hafa stutt þessar ráðstafanir um söluandvirði kísilgúrverksmiðjunnar lít ég á það og játa á mig sem yfirsjón ef svona framsal verkefna sem heyra öðrum með lögum hefur átt sér þar stað. Þá er það yfirsjón af minni hálfu að hafa stutt það og ég er væntanlega ekki maður að minni þó að ég viðurkenni það. Og menn eiga ekki að nota þá aðferðafræði í röksemdafærslu að þó að mönnum hafi orðið á einu sinni og einhverjir beri ábyrgð á því sé þar með orðin góð venja að gera það áfram, eða hvað? Ég ólst upp við að nálgast hlutina ekki þannig. Ég veit ekki hvar menn enda almennt ef þeir réttlæta óvönduð vinnubrögð með því að einhvern tíma áður hafi mönnum orðið á í messunni. Það verður okkur auðvitað öllum því að við erum ekki fullkomin en við eigum þá að ræða það út frá því sjónarmiði að við ætlum ekki að endurtaka mistökin og ekki heldur nota slíkt til að réttlæta þau. Það er ekki góð latína að framselja með þessum hætti ótakmarkað vald til ráðstöfunar fjármuna. Stífar reglur eiga að gilda um slíka hluti sem ég veit að hæstv. ráðherra hlýtur (Gripið fram í.) að kannast við.

[00:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef fylgst af athygli með umræðunni og sannast sagna þegar ég sá frv. fyrst hélt ég að hæstv. ráðherra væri að leggja fram frv. til kynningar sem yrði síðan tekið til skoðunar og afgreitt á næsta þingi. En síðan kemur í ljós að af hálfu Framsfl. er þetta fyrst og fremst hugsað sem formsatriði. Verið er að skjóta lagastoð undir ákvörðun sem þegar hefur verið tekin. Það er þegar búið að ganga frá kaupsamningi þegar Alþingi fær í hendur frv. til samþykktar. Mér finnst þetta vægast sagt furðuleg vinnubrögð. Og mér leikur forvitni á að vita hver afstaða þess fólks er sem starfar við þetta fyrirtæki. Þarna starfa tugir manna. Hver er afstaða þess fólks? Ég hef ekki orðið var við að það kæmi fram við umræðuna. Hefur það verið kannað? Hafa farið fram viðræður við starfsfólkið? Eftir því sem mér er tjáð er þar mikil andstaða gegn þessari ráðagerð auk þess sem hér hefur verið bent á að á meðal sveitarstjórnarmanna eru miklar deilur um málið. (Gripið fram í.)

Síðan hafa komið fram staðreyndir við umræðuna sem mér finnst vert að gaumgæfa og þær lúta að hinum margfræga markaði. Hér er gert ráð fyrir að selja hlut ríkisins þeim aðilum sem höndla með þessa vöru, koma henni á markað og fá þannig kverkatak eða eignarhald öllu heldur yfir framleiðandanum. Ef það væri þeirra hagur að beina viðskiptunum annað, til útlanda til innkaupa á vörunni, þá verður það gert eða farnar aðrar leiðir. Að þessu beinast varnaðarorðin, að rekstur verksmiðjunnar yrði ekki tryggari með slíku fyrirkomulagi. Þvert á móti yrði hann ótryggari. Það er þetta sem sveitarstjórnarmenn hafa verið að benda á og það er þetta sem mér er sagt að starfsmenn verksmiðjunnar hafi áhyggjur af. Mér finnst að hæstv. ráðherra skuldi Alþingi nánari skýringar á þessu.

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ég furða mig á því að við umræðuna skulu ekki vera mættir allir þingmenn Norðvesturlands vegna þess að þetta er atvinnumál sem brennur á fólki og menn vilja láta taka alvarlega. En það sem ég staldra við í upphafi eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í málinu, að gengið skuli vera frá samningum og Alþingi síðan ætlað að skjóta undir þá lagastoð. Mér finnst þetta vera forkastanleg vinnubrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12., 24.–34., 39.–41. og 43.–46. mál.

Fundi slitið kl. 00:36.

116. FUNDUR

miðvikudaginn 10. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál, sbr. 42. gr. þingskapa.
2. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 672. mál, þskj. 1088. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, stjtill., 675. mál, þskj. 1091. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, stjtill., 683. mál, þskj. 1099. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 684. mál, þskj. 1100. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, stjtill., 685. mál, þskj. 1101. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, stjtill., 686. mál, þskj. 1102. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjtill., 551. mál, þskj. 864, nál. 1021. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
13. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391, nál. 978, brtt. 979. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 493. mál, þskj. 783, nál. 1011. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 594. mál, þskj. 936, nál. 1148. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 595. mál, þskj. 937, nál. 1149. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Endurskoðun laga um innflutning dýra, þáltill., 654. mál, þskj. 1053. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 247. mál, þskj. 283. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
20. Innflutningur dýra, frv., 373. mál, þskj. 585. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
21. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 404. mál, þskj. 661. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
22. Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, þáltill., 439. mál, þskj. 706. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
23. Gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða, þáltill., 442. mál, þskj. 709. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
24. Notkun svifnökkva til fólks- og vöruflutninga milli lands og Vestmannaeyja, þáltill., 443. mál, þskj. 710. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
25. Alþjóðleg rannsóknamiðstöð á sviði landverndar, þáltill., 528. mál, þskj. 830. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
26. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frv., 579. mál, þskj. 906. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
27. Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, þáltill., 586. mál, þskj. 915. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
28. Neysluvatn, þáltill., 679. mál, þskj. 1095. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
29. Fasteignakaup, stjfrv., 253. mál, þskj. 1161. — 3. umr.
30. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 363. mál, þskj. 1162. — 3. umr.
31. Rafeyrisfyrirtæki, stjfrv., 454. mál, þskj. 724. — 3. umr.
32. Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, stjfrv., 489. mál, þskj. 1163. — 3. umr.
33. Flokkun og mat á gærum og ull, stjfrv., 293. mál, þskj. 358. — 3. umr.
34. Tollalög, stjfrv., 576. mál, þskj. 903. — 3. umr.
35. Búnaðargjald, stjfrv., 600. mál, þskj. 1164. — 3. umr.
36. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1153. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
37. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
38. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
39. Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, stjtill., 682. mál, þskj. 1098. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
40. Starfsemi og staða Þjóðhagsstofnunar, þáltill., 614. mál, þskj. 961. — Fyrri umr.
41. Húsaleigubætur, frv., 637. mál, þskj. 1013. — 1. umr.
42. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 665. mál, þskj. 1081. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Íslenskur ríkisborgararéttur, 715. mál, frv. meiri hluta allshn., þskj. 1178.

Athugasemdir um störf þingsins.

Mál á dagskrá.

[10:32]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það hefur jafnan ekki þótt gott ráð að vega tvisvar í sama knérunn. Allir muna umræðuna um afbrigðamál hæstv. forsrh. í gær, um Þjóðhagsstofnun, en mér sýnist enn verra vera upp á teningnum nú varðandi 38. mál. Það er sótt um afbrigði því til handa.

Ég vil skjóta því hér inn í að þessi ákvæði um tímamörk á framlögðum málum hljóta bráðum að verða einskis virði og menn með hugarfóstur sín hljóta að fá afbrigði veitt fyrir þau. En hér er sótt um afbrigði fyrir fráleitasta og heimskulegasta mál sem sá sem hér talar hefur nokkru sinni á ævidögum sínum séð eða heyrt.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það eigi við undir liðnum umræður um störf þingsins að vekja athygli á því hvernig hér er staðið að málum. Dagskráin eins og hún er samansett vekur dag frá degi æ meiri undrun.

Nú á að bjóða þinginu upp á að taka glóðvolg á dagskrá a.m.k. tvö stórmál sem hér var dreift í ljósriti síðdegis í gær, þ.e. um Umhverfisstofnun, um gerbreytingu, umbyltingu á öllu stjórnkerfi umhverfismála, og um 38. dagskrármál sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni. Þar er ekki lítið undir lagt þegar taka á til við að veita eins og á einni kvöldstund 20 milljarða ríkisábyrgð.

Mér telst svo til, herra forseti, að með deginum í dag að telja, miðað við þá breytingu sem var ákveðin í gær, séu sex virkir dagar eftir af starfstíma Alþingis ætlaðir til fundahalda fyrir utan þrjá eða fjóra sem eiga að fara í nefndafundahald. Þá, herra forseti, hlýtur auðvitað að vekja mikla athygli að það er eins og menn telji ekki tiltökumál að henda inn á þingið nokkrum stórmálum á dag og ætlast til að þau séu tekin til umræðu svo gott sem undirbúningslaust.

Ég nefndi það hér í gær, herra forseti, að það er ekki tilviljun að ákveðin tímamörk eru innbyggð í þingsköpin. Þau eru sett til að þingmenn hafi eðlilegan umþóttunartíma og eðlilegan tíma til að búa sig undir umræður um stórmál, svo umræður geti farið fram á sæmilega upplýstum grundvelli og menn hafi tíma til að afla sér gagna o.s.frv. Ég leyfi mér, herra forseti, að gagnrýna að svona sé að málum staðið. Ég tel fullkomlega óeðlilegt að taka stórmál af þessu tagi til umræðu nánast undirbúningslaust, hvað þá að ætla að gera það dag eftir dag. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, herra forseti.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál, sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 710. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (norsk-íslenski síldarstofninn). — Þskj. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 680. mál. — Þskj. 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Flugmálaáætlun árið 2002, frh. fyrri umr.

Stjtill., 681. mál. — Þskj. 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 672. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1088.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, frh. fyrri umr.

Stjtill., 675. mál. — Þskj. 1091.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, frh. fyrri umr.

Stjtill., 683. mál. — Þskj. 1099.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, frh. fyrri umr.

Stjtill., 685. mál. — Þskj. 1101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 686. mál. — Þskj. 1102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. síðari umr.

Stjtill., 551. mál. — Þskj. 864, nál. 1021.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JÁ, JóhS, LMR, LB, MF, PHB, RG, StB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1179).

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 315. mál (viðauki, niðurfelling gjalda, endurgreiðslur o.fl.). — Þskj. 391, nál. 978, brtt. 979.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 979,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 979,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 979,3 samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 979,4 (ný 7. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 493. mál (lögreglumenn). — Þskj. 783, nál. 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]
1. gr. samþ. með 53:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, ÍGP, LMR, MF, StB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: PHB.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JBjart, LMR, MF, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1011 samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
13 þm. (BBj, BH, DO, EKG, GAK, GÁS, ÍGP, JÁ, JBjart, LMR, LB, MF, StB) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JÁ, LMR, MF, StB) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
12 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, GÁS, GunnB, ÍGP, LMR, LB, MF, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: PHB.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, LMR, MF, StB, ÖS) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 594. mál (viðmiðunarlaun, réttur barna og maka o.fl.). — Þskj. 936, nál. 1148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JÁ, LMR, MF, StB) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 595. mál (réttur barna og maka). — Þskj. 937, nál. 1149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:46]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, LMR, LB, MF, StB) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Steinullarverksmiðja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 663. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (ÁSJ, JB) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, GunnB, ÍGP, KÓ, KolH, LMR, MF, PHB, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Endurskoðun laga um innflutning dýra, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 654. mál. — Þskj. 1053.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 247. mál. — Þskj. 283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Frv. ÞKG o.fl., 373. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 404. mál. — Þskj. 661.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 439. mál. — Þskj. 706.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál og GHall, 442. mál. — Þskj. 709.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Notkun svifnökkva til fólks- og vöruflutninga milli lands og Vestmannaeyja, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 443. mál. — Þskj. 710.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Alþjóðleg rannsóknamiðstöð á sviði landverndar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 528. mál. — Þskj. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 1. umr.

Frv. KPál og EOK, 579. mál (löndun fiskúrgangs). — Þskj. 906.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 586. mál. — Þskj. 915.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Neysluvatn, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF, 679. mál. — Þskj. 1095.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Fasteignakaup, 3. umr.

Stjfrv., 253. mál. — Þskj. 1161.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JÁ, KF, LMR, SJS, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1182).

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (innherjaviðskipti). — Þskj. 1162.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, ÍGP, LMR, ÓÖH, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1183).

Rafeyrisfyrirtæki, 3. umr.

Stjfrv., 454. mál (EES-reglur). — Þskj. 724.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, LMR, LB, MS, SP, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1184).

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 489. mál (EES-reglur). — Þskj. 1163.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, KolH, LMR, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1185).

Flokkun og mat á gærum og ull, 3. umr.

Stjfrv., 293. mál (ullarmat). — Þskj. 358.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, LMR, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1186).

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 576. mál (tollar á grænmeti). — Þskj. 903.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JóhS, LMR, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1187).

Búnaðargjald, 3. umr.

Stjfrv., 600. mál (gjaldstofn). — Þskj. 1164.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JóhS, LMR, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1188).

Húsaleigubætur, 1. umr.

Frv. ÁRJ, 637. mál (bótaréttur fráskilinna). — Þskj. 1013.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 665. mál (þjónusta við börn, endurgreiðslur). — Þskj. 1081.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
36. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 35:1 atkv. að taka það til meðferðar og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: SvH.
16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JB, KVM, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JÁ, JóhS, LMR, StB, ÞBack) fjarstaddir.

37. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 33 shlj. atkv. að taka það til meðferðar og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JB, LMR, StB) fjarstaddir.

38. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 33:3 atkv. að taka það til meðferðar og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: LB, PHB, SvH.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JóhS, LMR, StB) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 37. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 32:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JóhS, LMR, StB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og ég lýsti í umræðum um störf þingsins teljum við þetta ótæk vinnubrögð að hér skuli hent á borð þingmanna dag eftir dag fleiri en einu og fleiri en tveimur stórmálum og síðan ætlast til þess að þingmenn gangi til umræðna um þau svo til fyrirvaralaust og undirbúningslaust. Það er ekki að ástæðulausu að innibyggðir eru í þingsköpin ákveðnir frestir til þess að þingmenn geti skoðað mál og tekið þátt í umræðum um þau sæmilega undir það búnir.

Ef ég man rétt, þá var verið að dreifa þeim tveimur málum sem nú á að fara að greiða atkvæði um, fyrst 37. og síðan 38. dagskrármálinu undir kvöld í gær ef ekki beinlínis

eftir kvöldmat. Þá komu þessi mál glóðvolg úr ljósritunarvélunum. Annars vegar er um það að ræða að umbylta öllu stjórnhverfi umhverfismála og hins vegar er hin umdeilda ríkisábyrgð sem væntanlega verður á skuldabréfaútgáfu deCODE genetics, amerísks fyrirtækis. Við mótmælum þessum vinnubrögðum, herra forseti, og ég greiði atkvæði gegn því að afbrigði séu veitt við þessar aðstæður.

[10:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál um nýja Umhverfisstofnun er að koma fram núna þegar þinginu er að ljúka og þó að ég og Samfylkingin leggist ekki gegn því að það komi á dagskrá, þá sitja menn hjá. Í því eru auðvitað fólgin skilaboð.

Ég verð að segja eins og er að ég greiði ekki atkvæði gegn þessu í trausti þess að málið fari til umfjöllunar í nefnd en verði ekki afgreitt í þinginu, að það fái tímann í sumar og menn fari yfir málin og skoði þau því að það hefur komið svo sannarlega fram nú þegar að undirbúningnum er alls ekki svo háttað að möguleiki sé á því að fjalla um málið á svo stuttum tíma sem nú er ætlaður til þess á hv. Alþingi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 38. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 31:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SI, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, LB, PHB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JóhS, LMR, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er óskað eftir því að Alþingi veiti afbrigði til að afgreiða með hraði heimild til ríkisstjórnarinnar upp á 20 milljarða kr. ríkisábyrgð fyrir eitt tiltekið fyrirtæki í landinu, deCODE. Þetta vekur ýmsar spurningar, sá hraði sem á að hafa á við þessi vinnubrögð og ég spyr: Þolir þetta mál ekki vandaða umfjöllun í þinginu? Það eru nokkrar vikur síðan forsrh. skýrði frá því í opinberri umræðu hvað stæði til að gera. En það er núna fyrst sem þetta kemur inn á borð þingmanna.

Alþingi á að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar, allra fyrirtækja í landinu og mér finnst það vel koma til greina að veita atvinnufyrirtækjum stuðning, og ekki síður á þessu sviði en öðrum.

Herra forseti. Þegar Alþingi og ríkisstjórn ganga til fundar við fyrirtækin í landinu þá á að hafa jafnræðishugsun uppi, en ég hef tekið eftir því að þegar gengið er til fundar við þetta tiltekna fyrirtæki, deCODE, hefur ríkisstjórnin tamið sér ákveðið göngulag. Hún er alltaf á hnjánum.

(**Forseti** (HBl): Ég veit ekki hvort mér er óhætt að skjóta því inn í að ef maður er á hnjánum á Skjálfandaflóa, þá er maður á einhverjum lengsælustu bátamiðum sem þar eru.)

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 39. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 36.–40. mál.

Fundi slitið kl. 11:02.

---

117. FUNDUR

miðvikudaginn 10. apríl,
að loknum 116. fundi.

Dagskrá:

1. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 391 (með áorðn. breyt. á þskj. 979). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 493. mál, þskj. 783 (með áorðn. breyt. á þskj. 1011). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 594. mál, þskj. 936. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 595. mál, þskj. 937. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1153. — 1. umr.

6. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170. — 1. umr.

7. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177. — 1. umr.

8. Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, stjtill., 682. mál, þskj. 1098. — Fyrri umr.

9. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.

10. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.

11. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 510, nál. 1166, brtt. 1167 og 1176. — 2. umr.

12. Einkahlutafélög, stjfrv., 546. mál, þskj. 854, nál. 1172. — 2. umr.

13. Hlutafélög, stjfrv., 547. mál, þskj. 855, nál. 1171. — 2. umr.

14. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.

15. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.

16. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687, nál. 996. — 2. umr.

17. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143. — 2. umr.

18. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784, nál. 994, brtt. 995. — 2. umr.

19. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum, stjfrv., 650. mál, þskj. 1049. — 1. umr.

20. Raforkulög, stjfrv., 662. mál, þskj. 1072. — 1. umr.

21. Jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku, stjfrv., 673. mál, þskj. 1089. — 1. umr.

22. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 674. mál, þskj. 1090. — 1. umr.

23. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 545. mál, þskj. 853. — Frh. 1. umr.

24. Starfsemi og staða Þjóðhagsstofnunar, þáltill., 614. mál, þskj. 961. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ með 53 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 493. mál (lögreglumenn). — Þskj. 1181.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, GÁS, ÍGP, JÁ, JóhS, LMR, PHB, RG, StB, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1189).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 594. mál (viðmiðunarlaun, réttur barna og maka o.fl.). — Þskj. 936.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]
Frv. samþ. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
9 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, LMR, LB, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1190).

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 3. umr.

Stjfrv., 595. mál (réttur barna og maka). — Þskj. 937.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EKG, GÁS, ÍGP, LMR, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1191).

Þjóðhagsstofnun o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 709. mál. — Þskj. 1153.

[11:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil fá að grípa fram í. Ég sé að þingmenn þurfa að bregða sér frá og vil biðja þá að vera fljóta að því.)

Það kemur ekki að sök, herra forseti, þó að einhver kliður sé. Ég byrja aftur.

Ég mæli fyrir frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl., sem felur í sér nauðsynlegar lagabreytingar um að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður eins og heiti frv. ber reyndar með sér.

Hugmyndir í þessa veru eru ekki nýjar af nálinni heldur hafa tillögur af þessu tagi komið fram í einni eða annarri mynd allt frá miðjum 9. áratugnum eins og rakið er í II. kafla athugasemda við frv. Á þeim tíma hafa miklar breytingar orðið á sviði efnahagsmála í þjóðfélaginu og starfsemi annarra stofnana sem starfa á því sviði, einkum fjmrn., Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands, hefur aukist og styrkst.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil aftur biðja hæstv. utanrrh. afsökunar og biðja hv. þm. að eiga þessi áríðandi samtöl annars staðar en hér á ganginum fyrir framan ræðumann.)

Herra forseti. Þær stofnanir sem hér voru nefndar eru vel í stakk búnar til að taka við helstu verkefnum Þjóðhagsstofnunar, eins og síðar verður gerð grein fyrir. Í meginatriðum er við það miðað að færsla þjóðhagsreikninga og opinber hagskýrslugerð verði færð til Hagstofunnar og sameinuð skyldum verkefnum þar, en gerð efnahagsáætlana og ráðgjöf við stjórnvöld á því sviði verði í hendi fjmrn. Hlýtur það að teljast eðlileg verkaskipting og í samræmi við það sem tíðkast í flestum vestrænum ríkjum.

Efnahagsráðgjöf við stjórnvöld er nú með allt öðrum hætti en þegar gildandi lög um Þjóðhagsstofnun voru sett. Hún felst nú fyrst og fremst í mati á framvindu og horfum þegar móta skal stefnu til næsta árs eða næstu ára og þá einkum stefnu í ríkisfjármálum við gerð fjárlaga. Þjóðhagsspár eru

nauðsynleg forsenda fyrir ákvarðanir stjórnvalda í efnahagsmálum, einkum við gerð fjárlaga. Fjármálaráðuneytið hefur eflt starfsemi sína á þessu sviði enda nauðsynlegt að það geti sem best lagt mat á þróun og horfur í efnahagsmálum vegna fjárlagagerðar og almennrar hagstjórnar.

Þetta fyrirkomulag felur það í sér að spárnar eru settar fram með hliðsjón af efnahagsstefnu stjórnvalda hverju sinni. Það á reyndar ekki bara við um opinberar efnahagsspár heldur er það almennt viðtekin venja flestra aðila sem fást við slíkar spár, hvort sem það eru fjármálastofnanir, aðilar vinnumarkaðarins eða aðrir. Hinar opinberu spár og efnahagsstefna stjórnvalda eru sá grunnur sem byggt er á og síðan ræða menn hugsanleg frávik frá þeim, meðal annars með tilliti til breyttra forsendna og annarra atriða sem skipta máli.

Seðlabankinn rekur öfluga starfsemi um allt sem lýtur að því að fylgjast með framvindu og horfum í efnahagsmálum enda forsenda þess að ákvarða vexti í ljósi horfa um verðbólgu allt að tvö ár fram í tímann. Með nýjum Seðlabankalögum eru lagðar meiri kvaðir en áður á bankann um miðlun upplýsinga til stjórnvalda, jafnt ráðuneyta sem Alþingis, og almennings, þannig að Seðlabankinn er mun betur í stakk búinn en áður var til að þjóna þessu hlutverki.

Almennt mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum mun því í vaxandi mæli verða hluti af starfsemi þeirra stofnana hins opinbera, fjármálaráðuneytis og Seðlabanka, sem annast veigamikla þætti efnahagsmála og hagstjórnar. Eðlilegt er að ríkisstjórn setji fram forsendur sínar og spár um þróun efnahagsmála beint við fjárlagagerðina og Seðlabankinn meti stöðuna á eigin forsendum og hafi yfir að ráða upplýsingum og möguleikum til að gera það og veita þannig spá stjórnvalda á hverjum tíma nauðsynlegt aðhald, þannig að sem mestur trúverðugleiki ríki í þessum efnum.

Þjóðhagsstofnun hefur unnið að ýmsum verkefnum fyrir einstök ráðuneyti, Alþingi, aðila vinnumarkaðarins o.fl. Má þar meðal annars nefna athuganir sem tengjast sjávarútvegsmálum, orku- og iðnaðarmálum, umhverfismálum og tryggingamálum. Gert er ráð fyrir að athugunum af þessum toga verði framvegis sinnt af hlutaðeigandi ráðuneytum eða þau verði falin öðrum stofnunum og einkaaðilum. Í þessu sambandi má nefna að gert er ráð fyrir að hagfræðilegar athuganir á sviði sjávarútvegsmála færist til sjávarútvegsráðuneytisins en það geti aftur leitað til annarra aðila, bæði opinberra stofnana og einkaaðila. Grundvöllur slíkra athugana yrði annars vegar í Hagstofu hvað varðar afla, framleiðslu og uppgjör fyrir liðna og líðandi tíð. Hins vegar er áformað að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytis muni annast mat á horfum í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum, meðal annars á grundvelli fyrirliggjandi reiknilíkana sem verða vistuð þar. Iðnaðarráðuneytið og stofnanir þess hafa fengist við margvíslegar athuganir á sviði stóriðju og orkumála og er reiknað með að svo verði áfram.

Á sviði umhverfismála hefur umhverfisráðuneytið sjálft staðið fyrir ýmsum athugunum. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram og ráðuneytið geti jafnframt falið öðrum stofnunum eða fyrirtækjum að annast ýmis verkefni auk þess sem mat efnahagsáhrifa verður á verksviði efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hvað snertir verkefni á sviði heilbrigðis- og tryggingamála er gert ráð fyrir að þeim verði sinnt af stofnunum ráðuneytisins, Hagstofu og efnahagsskrifstofunni. Tryggingastofnun hefur í vaxandi mæli annast ýmsar athuganir á sviði almannatrygginga og styrkt starfsemi sína á því sviði. Hagstofan hefur byggt upp verulegt gagnasafn um heilbrigðis- og tryggingamál í samvinnu við ráðuneytið, landlæknisembættið og Tryggingastofnun, en jafnframt er nú áformað að leggja enn ríkari áherslu á athuganir á þessu sviði, meðal annars í tengslum við áætlanir um samræmda skýrslugerð um þennan málaflokk innan vébanda hagskýrslusamstarfs EES-ríkja. Loks má nefna að fjármálaráðuneytið sinnir að sjálfsögðu margvíslegum athugunum á sviði skattamála, ekki síst fyrirspurnum frá Alþingi, aðilum vinnumarkaðarins o.fl.

Þannig er ljóst að þótt Þjóðhagsstofnun verði lögð niður verður áfram fyrir hendi sérþekking til að vinna verk eins og þau sem hér hafa verið nefnd og koma að mörgum aðilum í samfélaginu.

Hagstofan leggur mörgum aðilum til reglubundnar og sértækar upplýsingar um framvindu efnahagsstærða, svo sem stjórnvöldum, samtökum á vinnumarkaðinum og einstökum fyrirtækjum, ekki síst á fjámálamarkaði. Jafnframt hefur hún annast athuganir og álitsgerðir fyrir stjórnvöld og stofnanir og látið Alþingi í té upplýsingar og umsagnir. Þá hefur Hagstofan um langan aldur átt mikil samskipti og samstarf við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega á sviði verðlags- og launamála. Við flutning hagskýrsluverkefna Þjóðhagsstofnunar til Hagstofunnar er gert ráð fyrir að upplýsingastarfsemi Hagstofunnar um hvaðeina, sem lýtur að efnahagsframvindu og breytingum þjóðhagsstærða, verði aukin og styrkt.

Meðal annars er áformað að leggja aukna áherslu á að afla og miðla upplýsingum um skammtímabreytingar efnahagsstærða til þess að sú vitneskja nýtist sem best við mótun efnahagsstefnu og athuganir á efnahagsframvindunni á hverjum tíma. Hagstofan verður enn fremur betur í stakk búin til að þjóna ríkisstjórn, Alþingi og aðilum vinnumarkaðarins með upplýsingagjöf og athugunum á grundvelli sameinaðra haggagnasafna frá stofnununum tveimur. Eðlilegt er og nauðsynlegt að áhersla verði lögð á þessa starfsemi þegar allir helstu þættir opinberrar hagskýrslugerðar um efnahagsmál verða saman komnir í einni stofnun eins og stefnt er að með frumvarpinu. Auk þess er fyrirhugað að endurskipuleggja Hagstofuna jafnframt að öðru leyti og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyra hagskýrslugerðinni beinlínis. Nánar er fjallað um þau áform í V. kafla athugasemda við frv. og boðað að leita verði eftir viðeigandi lagabreytingum í því skyni á hausti komanda.

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að Seðlabanki Íslands er reiðubúinn að taka að sér hagfræðilegar athuganir og skýrslugerðir um efnahags- og peningamál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála og að láta nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahags- og peningamál, enda stangist það ekki á við ákvæði laga um Seðlabanka Íslands og samrýmist að öðru leyti hlutverki hans og sérfræðiþekkingu.

Jafnframt kemur fram í athugasemdunum eftir viðræður við Seðlabanka Íslands að á sömu forsendum er Seðlabankinn reiðubúinn að láta aðilum vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkum sem fulltrúa eiga á Alþingi í té upplýsingar og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir eftir því sem um semst og væntanlega getur það orðið til þess að skapa þessum aðilum fullnægjandi aðstæður til að leggja mat sitt á stöðu og framvindu í efnahagsmálum. Seðlabankinn hefur fengið það sjálfstæði sem kunnugt er með lögum að hér ætti að vera um góðan vettvang að ræða fyrir þá aðila sem hér um ræðir.

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að benda á að starfsemi ýmissa ráðgjafar- og þjónustufyrirtækja á hinum ýmsu sviðum auk rannsóknastofnana háskólanna hefur eflst verulega á undanförnum árum og í mörgum tilvikum getur beinlínis verið æskilegt að leita til slíkra aðila um úrvinnslu verkefna. Sama gildir um miðlun upplýsinga, hvort sem er til ríkisstjórnar, Alþingis eða annarra aðila. Fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, Seðlabankinn og aðrar opinberar stofnanir munu sem fyrr veita öllum þessum aðilum upplýsingar og aðra þjónustu eftir því sem starfsemi þeirra segir til um.

Opinber umræða um efnahagsmál fer nú fram á mun breiðari og faglegri grunni en áður var og það hefur að sjálfsögðu gerst með breyttri þjóðfélagsgerð. Enn fremur hefur miðlun upplýsinga um efnahagsmál til almennings farið vaxandi á undanförnum árum og þar koma fjölmargar stofnanir við sögu. Aðilar vinnumarkaðarins hafa um alllangt skeið rekið öfluga starfsemi á þessu sviði sem hefur einna skýrast birst í þætti Alþýðusambands Íslands hvað varðar almenna stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Sama má segja um Samtök atvinnulífsins. Þetta er mikilvægur þáttur í almennri efnahagsumræðu og mótun efnahagsstefnunnar hverju sinni og nauðsynlegt að renna styrkum stoðum undir hann.

Þá hefur starfsemi fjármálastofnana á þessu sviði eflst verulega með tilkomu greiningardeilda þeirra og margar þeirra gefa út mánaðarlegar skýrslur um efnahagsmál eins og kunnugt er. Þær eiga því stóran þátt í umræðunni og hafa breikkað hana til muna frá því sem áður var. Rannsóknastofnanir háskólanna hafa einnig eflst og eru að eflast. Þótt þessir aðilar birti ekki heildstæðar þjóðhagsspár setja þeir fram rökstutt álit á þeim spám sem birtast og ekki ólíklegt að þeir muni í framtíðinni gera eigin spár eftir því sem þeim vex fiskur um hrygg. Það er því af sem áður var að slíkar upplýsingar verði að sækja til einnar og sömu stofnunar.

Til þess að styrkja upplýsingamiðlun og efla faglega umræðu enn frekar er stefnt að því að gera helstu reiknilíkön og gagnasöfn sem notuð eru við gerð þjóðhagsspár o.fl. öllum aðgengileg, t.d. á vefnum. Þetta mun gera efnahagsspár stjórnvalda og allar meginforsendur þeirra gagnsærri auk þess sem öðrum aðilum verður gert kleift að nýta sér þessi líkön og gera spár og athuganir á eigin forsendum og skapa nauðsynlegt aðhald í þessu sambandi í samfélaginu þannig að áreiðanleiki og trúverðugleiki þeirra verði meiri.

Að öllu samanlögðu verður því að telja að áfram verði vel séð fyrir þeim verkefnum og þeirri starfsemi sem Þjóðhagsstofnun hefur sinnt auk þess sem verkaskipting opinberra stofnana á þessu sviði verður skýrari og til lengdar hagkvæmari en nú er. Sú þróun sem orðið hefur þar sem fleiri aðilar koma að þessum málum en áður, ekki síst á almenna markaðinum, er bæði eðlileg og æskileg og stuðlar að markvissari umræðu og styrkir faglega umfjöllun á þessu sviði sem skiptir að sjálfsögðu miklu máli fyrir hv. Alþingi sem þarf að hafa sem mestar og bestar upplýsingar um stöðu og framvindu efnahagsmála og þá skiptir miklu máli að sem flestir komi þar að þannig að álit sem flestra birtist.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar sérstaklega um einstakar greinar frv. heldur vil ég vísa um það til athugasemda við þær að svo miklu leyti sem þær skýra sig ekki sjálfar.

Að svo mæltu vil ég leggja til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gladdist mikið þegar ég heyrði að leggja ætti niður Þjóðhagsstofnun og hélt að nú ætti að fara að spara. En svo er ekki. Samkvæmt kostnaðarumsögn á ekki að spara neitt heldur á að auka kostnað. Ég vil spyrja hæstv. starfandi forsrh. hvernig á því standi að ekki megi leggja niður stofnun án þess að auka kostnað, hvort hvergi nokkurs staðar séu samlegðaráhrif í þeim stofnunum sem um er að ræða.

Þá vil ég spyrja hvaða afstöðu hann tekur til þeirra slagsmála sem eru nú þegar byrjuð á milli ASÍ og Samtaka atvinnulífsins um að hirða mola af þessu borði.

[11:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar til lengri tíma er litið er talið að hagkvæmni og sparnaður verði af þessum breytingum. Það er oft þannig þegar breytingar eiga sér stað verður ákveðinn kostnaður vegna tilflutnings og annarra aðstæðna og það sem skiptir meginmáli eins og hv. þm. veit vel er að til lengri tíma litið skili hagkvæmnin sér hvort sem það er í opinberum rekstri eða í fyrirtækjarekstri. Það er gert ráð fyrir að svo verði.

Hins vegar er rétt að afskipti aðila bæði á vinnumarkaði og annarra hafa aukist á þessu sviði og í því kemur fram einhver aukinn kostnaður, t.d. í Seðlabankanum. Það er líka nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu þannig að sem flestir komi hér að og það er áreiðanlega mjög erfitt að leggja afgerandi mat þar á.

[11:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru ákaflega óljós loforð fyrir framtíðina. Ég hefði viljað sjá einhverja áætlun um að þetta yrði raunverulega lækkað, segjum eftir eitt, tvö eða þrjú ár þannig að menn fari að nýta saman þá krafta sem eru í þeim stofnunum sem þessi verkefni eiga að flytjast til. Það hlýtur að vera hægt að gera þetta ódýrar þegar þetta er gert á einum stað heldur en víða.

Ég vildi gjarnan sjá í umræðunni gögn um það hvernig og hvað mikið menn hyggist spara í staðinn fyrir þann kostnað sem fellur til núna á fyrsta ári.

[11:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. úr því að svo vel ber í veiði að hér mælir fyrir frv. hæstv. utanrrh., starfandi forsrh. og jafnframt formaður Framsfl. hvað hafi orsakað hinn algera viðsnúning Framsfl. í málinu. Formaður þingflokks framsóknarmanna boðaði í marsmánuði 2001 harða andstöðu flokksins við þetta mál og taldi framgöngu hæstv. forsrh. furðulega þegar hann lýsti því yfir í fjölmiðlum að leggja ætti stofnunina niður. Ef ég man rétt, þá var hæstv. utanrrh. sjálfur stuttur í spuna og sagði að málið væri órætt í ríkisstjórn. Síðan var fjölmiðlaumfjöllun um málið á þann veg mánuðum saman og var látið ómótmælt að Framsfl. væri andvígur því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Ég spyr því hæstv. utanrrh.: Hvað olli sinnaskiptum Framsfl. í málinu? Hvaða rök hefur flokkurinn fyrir því að snúa við blaðinu og bera nú hér fram eða standa að frv. um að leggja Þjóðhagsstofnun niður sem flokkurinn hafði áður lýst sig andvígan?

[11:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Framsfl. hefur aldrei lýst sig andvígan því að gera breytingar á þessu sviði og reyndar veit ég ekki til þess að nokkur stjórnmálaflokkur á Alþingi hafi gert það vegna þess að þetta mál hefur verið svo oft til umfjöllunar. Við höfum farið vandlega yfir málið. Þeim verkefnum sem hér um ræðir hefur verið komið vel fyrir hjá öðrum stofnunum og þess vegna tel ég það vera til bóta að gera slíka breytingu.

Eins og hv. þm. veit ríkir mikil óvissa um starf stofnunarinnar um þessar mundir og þess vegna er afskaplega mikilvægt að eyða þeirri óvissu með því að afgreiða málið á þessu þingi. Þetta hefur verið til umfjöllunar nánast í áratugi með þáltill. og umræðum á Alþingi. Og með þeim breytingum sem hafa orðið m.a. á seðlabankalögunum teljum við að þessum málum sé vel fyrir komið og þess vegna stöndum við að því eftir ítarlega yfirferð yfir málið eins og verður venjulega þegar flokkar og þingmenn fara yfir mál.

[11:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður hlýtur þá að spyrja hvort formaður þingflokks framsóknarmanna hafi verið umboðslaus, einn og einangraður í flokki sínum þegar hann lýsti andstöðu sinni í fyrra og vel að merkja hafði sá sami hv. þm., Kristinn H. Gunnarsson, áður staðið að tillöguflutningi á Alþingi um að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi og styrkja hana. Og það að umræður hafi skapað óvissu um framtíð stofnunarinnar er í raun og veru ekki rétt vegna þess að tillöguflutningur og umræður á undangengnum árum hafa ætíð gengið út á að styrkja stofnunina og hugmyndir um að færa hana í skjól Alþingis til þess að tryggja sjálfstæði hennar og efla hana. En auðvitað má segja að það sé ein aðferð til þess að eyða óvissu að leggja menn niður, að slá menn af, að taka menn af. Það er mjög róttæk og markviss aðgerð til þess að eyða óvissu en það er ekki sú aðferð sem starfsfólk Þjóðhagsstofnunar biður um. Það er á móti henni og ekki er nokkur minnsti vafi á því í mínum huga að það mundi vilja að málin væru skoðuð betur frekar en að þessu frv. væri troðið í gegn.

[11:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel þá skipan mála að stofnun eins og Þjóðhagsstofnun heyri beint undir Alþingi vera skipan sem ekki kemur til álita. Ég veit ekki til þess að nokkurs staðar í heiminum sé slík skipan mála í framkvæmd. Alþingi er löggjafarstofnun og undir Alþingi heyrir eftirlitshlutverkið með framkvæmdarvaldinu. Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi en að ætla sér að fara að færa síðan ýmsar stofnanir þjóðfélagsins og ríkisins beint undir Alþingi og byrja á Þjóðhagsstofnun tel ég vera skipan mála sem ekki samrýmist hefðbundinni skiptingu milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ég teldi það vera alveg í andstöðu við þá skipan mála sem aðskilnaður framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins ber með sér.

[11:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í frv. að skipta á starfsemi Þjóðhagsstofnunar á milli Hagstofu og fjmrn. Samkvæmt upplýsingum frv. á starfsemin sem á að færast til Hagstofu Íslands að kosta 88 millj. kr. Starfsemin sem fer til fjmrn. á að kosta 44 millj. kr. Samtals eru þetta 132 millj. kr. Það vill svo til að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002 hefur Þjóðhagsstofnun úr að spila 132 millj. kr. Samkvæmt þessu er ekki gert ráð fyrir því að það dragi úr kostnaði við rekstur þeirra verkefna sem er verið að flytja til þessara tveggja stofnana.

Þar að auki kemur fram í máli hæstv. starfandi forsrh. að Seðlabankinn eigi að taka að sér tiltekið hlutverk og jafnframt á að styrkja ASÍ til að taka að sér svolítinn hluta af starfseminni. Þá hlýt ég að spyrja hæstv. starfandi forsrh.: Er ekki alveg ljóst samkvæmt þessu að kostnaðurinn hlýtur að aukast?

[11:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel líklegt að kostnaðurinn verði eitthvað meiri fyrst í stað, meðan þessi breyting er að ganga yfir. Það er t.d. ljóst að aukið sjálfstæði Seðlabankans hefur það í för með sér að Seðlabankinn verður að leggja í aukinn kostnað til að standa undir því hlutverki sínu. Breytt þjóðfélagsgerð og breyttar aðstæður í efnahagsmálum kalla á meiri starfsemi á því sviði.

Hins vegar tel ég að þegar til lengri tíma er litið muni þessi skipan verða hagkvæmari. Það skiptir meginmáli. Hins vegar tel ég ekki rétt, eins og fram kemur í öllum gögnum, að gera ráð fyrir sparnaði fyrst í stað. Af breytingunni verður sparnaður og meiri hagkvæmni þegar til lengri tíma er litið.

[11:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. starfandi forsrh. segist gera ráð fyrir að þegar tímar líði muni þessi breyting leiða til hagræðis sem muni draga úr kostnaði. Má ég spyrja hæstv. starfandi forsrh.: Af hverju telur hann það? Engin rök fyrir því komu fram í máli hans.

Það liggur fyrir að hæstv. fjmrh. hefur lagt fram gögn sem sýna svart á hvítu að hans ráðuneyti gerir ekki ráð fyrir að rekstur verkefnanna sem flutt eru á tvær stofnanir kosti minna en áður. Þar að auki bætist síðan við 50 millj. kr. kostnaður vegna biðlauna og flutnings.

Ég sé ekki betur, herra forseti, en hér sé hæstv. ríkisstjórn að kasta fjármunum á glæ. Hér er farið eftir duttlungum hæstv. forsrh. sem kom hingað og færði þinginu þær fréttir að það ætti að leggja niður stofnunina af því að honum hugnuðust ekki þeir spádómar sem hún lagði fram. Þetta er ekkert annað en hrein hefndaraðgerð, herra forseti, sem mun kosta íslenska ríkið á bilinu 50–100 millj. kr.

[11:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta verði hagkvæmara þegar til lengri tíma er litið, m.a. vegna þess að Seðlabankinn hefur ákveðið að styrkja hagsýslugerð sína og spár til að geta staðið undir því nýja hlutverki sem Seðlabankanum er falið með nýjum lögum frá Alþingi. Það hefur m.a. gert það að verkum að þessar breytingar eru gerðar.

Það er jafnframt ljóst að efnahagsskrifstofa fjmrn. hefur tekið að sér aukið hlutverk til að geta staðið betur að fjárlagagerð á hverjum tíma. Ég er því fullviss um að þessi skipan mála muni leiða til minni kostnaðar þegar til lengri tíma er litið.

Þar með er ekki sagt að minna fjármagni verði varið til þessarar starfsemi. Ég tel að þær breytingar sem hafa orðið í efnahagsmálum kalli á meiri starfsemi á þessu sviði.

[11:35]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt áliti fjmrn. kostar a.m.k. 50 millj. meira að leggja niður Þjóðhagsstofnun en að reka hana. Þá eru ótalin verkefni sem á að færa inn í ráðuneytið sem hlýtur að kalla á aukinn mannskap þar og jafnvel á að færa verkefni til einkaaðila. Þá er og ótalið það fé sem ég get ekki skilið betur en eigi að fara í að efla hagdeild ASÍ. Ég vil spyrja: Liggja fyrir útreikningar á bak við þetta, hvað það kostar að færa verkefni inn í ráðuneytin og að efla hagdeild ASÍ? Ég vil líka spyrja: Eru ekki áform um að efla aðrar hagdeildir aðila vinnumarkaðarins?

Síðan vil ég spyrja hvernig á því stendur að ekki liggur fyrir í gögnum með frv. sérálit Þórðar Friðjónssonar, minnihlutaálit sem hann skilaði. Það er mjög upplýsandi fyrir allt þetta mál. Hvers vegna fylgir ekki heldur með frv. sérálit frá Starfsmannafélagi Þjóðhagsstofnunar. Þetta eru allt mikilvæg gögn í málinu og ótækt ef verið er að halda þeim frá þinginu.

[11:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi gögn verða að sjálfsögðu lögð fram við meðferð málsins í hv. nefnd og engin tilhneiging til að leyna þeim á nokkurn hátt. Hins vegar er rétt að taka fram að þó gert sé ráð fyrir því að þetta fjármagn færist annars vegar til fjmrn. og hins vegar til Hagstofunnar er ekki þar með sagt að fjmrn. og Hagstofan muni nýta það algerlega til sömu verka og verið hefur hjá Þjóðhagsstofnun. Það verður reynt að hagræða sem best og sinna einnig öðrum verkefnum.

Það er t.d. gert ráð fyrir því að Hagstofan sinni í auknum mæli verkefnum sem ekki hefur verið sinnt nægilega. Það er gert ráð fyrir því að með þessum tilflutningi verði hægt að hagræða þannig í rekstri Hagstofunnar að hún þurfi a.m.k. ekki að sækja á í sama mæli um aukið fjármagn til starfsemi sinnar og annars hefði verið. Að sjálfsögðu á svipað við í fjmrn. Ekki er hægt að segja nákvæmlega fyrir um það á þessu stigi hvernig það mun reynast. En við trúum því að af því verði aukinn sparnaður og hagræðing.

[11:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg augljóst að reiðikast forsrh. fyrir um ári, þegar hann ákvað í beinni útsendingu að leggja niður Þjóðhagsstofnun, verður þjóðinni ansi dýrt. Það er þegar komið fram. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort áform séu um að styrkja bara hagdeild ASÍ. Eru áform um að styrkja aðrar hagdeildir aðila vinnumarkaðarins? Ef ekki, hvaða rök eru þá fyrir því að styrkja bara hagdeild ASÍ?

Ég spyr um útreikningana líka. Það hljóta að liggja fyrir útreikningar á hvað þetta geti kostað ef verkefni eru færð inn í önnur ráðuneyti eða jafnvel til einkaaðila, eins og hér er lagt til. Það vantar að auki þá fjárhæð sem á að fara til ASÍ.

Ég harma, herra forseti, að áðurnefnd álit fylgi ekki með við 1. umr. málsins, sem mundi auðvitað gera þessa umræðu ljósari, þ.e. sérálit Þórðar Friðjónssonar og álit starfsmannafélags stofnunarinnar.

[11:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega mikilvægt að hagdeildir þeirra sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði séu öflugar, bæði að því er varðar vinnuveitendur og eins verkalýðshreyfinguna. Það fara fram mjög flóknir samningar milli þessara aðila sem eru grundvöllur alls annars í þjóðfélaginu að því er varðar gengi, verðbólgu og almennt afkomu fólksins í landinu.

Það eru sérstaklega þessir aðilar, þessar hagdeildir, sem þurfa á því að halda að hafa sem bestar upplýsingar til að geta unnið umbjóðendum sínum sem mest gagn og þjóðfélaginu í heild. Það er eðlilegt að ríkisvaldið vinni með þeim að því að þetta fari sem best fram. Ríkisstjórnin er fyrir sitt leyti tilbúin að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að þessu eins og fram hefur komið.

[11:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns mótmæla þeim vinnubrögðum sem þinginu er boðið upp á, að ætla að afgreiða þetta stóra mál, sem skoða þarf vandlega í nefnd, á örfáum dögum. Það er ekki boðlegt. Við munum gera kröfu um það þegar málið fer til efh.- og viðskn. að það fái þar eðlilega umfjöllun, eins og þörf er á. M.a. þarf að senda frv. til umsagnar til ýmissa aðila. Það er ekki nóg, eins og stundum er gert með hraði í þinglok þegar mál koma seint fyrir þingið, að efh.- og viðskn. kallar 20–30 manns í einu inn á fund í klukkutíma og þar með sé umfjöllun af hálfu nefndarinnar lokið. Í svona stóru máli þurfa að koma fyrir þingið skrifleg álit.

Varðandi málið sjálft þá verð ég að segja að það vakti nokkra undrun mína að málið skyldi koma fyrir þingið. Það að leggja niður Þjóðhagsstofnun kom, eins og allir vita, fyrst fram í sjónvarpsviðtali við hæstv. forsrh. fyrir um ári, að því er best verður séð í reiðikasti hans vegna umfjöllunar Þjóðhagsstofnunar um að ógætilega væri farið við hagstjórnina. Auk þess voru stjórnvöld ekki sátt við verðbólguspá sem Þjóðhagsstofnun hafði sett fram. Það er alveg ljóst að ýmsir fá á baukinn bjóði þeir valdinu birginn, þeir sem ganga ekki í takt við hæstv. forsrh. Það er alveg ljóst að þetta frv. er auðvitað eitt afkvæmi þess ástands.

Ég sé ekki, herra forseti, að nein fagleg eða fjárhagsleg rök séu fyrir því að leggja niður þessa sjálfstæðu og óháðu stofnun sem svo mikla þýðingu hefur haft m.a. fyrir greiningu og hagstjórn í efnahags- og atvinnulífi á mörgum umliðnum árum. Ég held að það sé fyrst og fremst verið að þjóna dyntum forsrh. sem unir því ekki að Þjóðhagsstofnun hafi aðrar skoðanir eða spár en honum þóknast.

Ég held að fæstir sjái nokkra skynsemi í að leggja niður Þjóðhagsstofnun, sem gegnir mikilvægu hlutverki sem óháð stofnun við hagrannsóknir og greiningu á stöðu og spá um þróun efnahagslífsins. Það vekur vonbrigði að andstaða Framsfl., sem birtist fyrst þegar þessi hugmynd kom fram, hafi breyst. Þeir hafa lyppast niður í þessu máli og ætla að fylgja sjálfstæðismönnum í þessu.

Hvorki í frv. né í framsöguræðu hæstv. starfandi forsrh. komu fram nein frambærileg rök fyrir því að leggja niður þessa stofnun. Það má vel vera að ástæða sé til að skoða endurskipulagningu á öllum þeim stofnunum sem fjalla með einum eða öðrum hætti um hagrannsóknir eða efnahagsmál. En er þetta endilega rétta leiðin, að leggja niður Þjóðhagsstofnun? Hefði ekki eins verið ástæða til að efla Þjóðhagsstofnun eins og að leggja hana niður?

Ef það átti að fara út í að endurskipuleggja málin hjá þeim stofnunum sem fjalla um hagstjórn, hagskýrslur, þjóðhagsspá og efnahagsstjórn átti auðvitað allt að vera undir. Í þeirri endurskipulagningu hefði átt að taka með í reikninginn verkefni Seðlabankans, Hagstofu, Þjóðhagsstofnunar,

efnahagsskrifstofu fjmrn., hagdeilda innan stofnana ráðuneytisins o.s.frv. Þess í stað er byrjað á öfugum enda. Menn setja sér fyrst og fremst eitt markmið, þ.e. að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Það er útgangspunkturinn en engin markmið eru sett um greiningarvinnu, hverju eigi að ná fram í hagræðingu eða þjónustu við stjórnvöld og Alþingi, aðila vinnumarkaðarins o.s.frv. Útgangspunkturinn er bara að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Punktur og basta. Þetta eru auðvitað forkastanleg vinnubrögð og ég held að menn muni sitja uppi með höfuðverk af óhagkvæmara kerfi og umfram allt miklu dýrara, eins og við vorum að ræða áðan.

Þrátt fyrir að ítrekað hafi verið gengið á hæstv. ráðherra áðan hefur því ekki verið svarað hvað það kostar að færa inn í ráðuneytin ýmis af þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft. Talað hefur verið um að flytja jafnvel þessi verkefni til einkaaðila. Við þekkjum hvað sérfræðiþjónusta hefur almennt blásið mikið út hjá ráðuneytunum og ég mun í efh.- og viðskn. óska eftir útreikningum á því hvað viðbótarkostnaður getur orðið mikill hjá ráðuneytunum þegar þau eiga að fara að taka til sín ýmis verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft á sinni könnu.

Auðvitað þarf líka að fá fram hverju ASÍ hefur verið lofað í þessum efnum og ég er alveg sannfærð um að aðrar hagdeildir aðila vinnumarkaðarins, eins og hjá Samtökum atvinnulífsins, BSRB, BHMR og hjá fleiri aðilum munu kalla eftir sambærilegri fyrirgreiðslu. Ég sem fyrrv. félmrh. þekki það að félmrn. hafði úr einhverri púllíu að spila til þess að leggja til hagdeilda aðila vinnumarkaðarins og það mátti aldrei setja krónu meira í aðra hagdeildina en hina þannig að allar þessar hagdeildir munu gera sömu kröfu um að auka jafnmikið við sig og ASÍ fær í sína hagdeild.

Af því að ég er að ræða um ASÍ vil ég nefna það að verið er að réttlæta að ASÍ fái aukið hlutverk í efnahagsmálum við niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar. Í Morgunblaðinu í dag segir Gylfi Arnbjörnsson að það sé ekki nægilegt að hans mati fyrir ASÍ að verið sé að færa þessi verkefni inn í Seðlabankann sem taki að sér aukið hlutverk við efnahagsráðgjöf í stað Þjóðhagsstofnunar. Orðrétt segir Gylfi Arnbjörnsson, með leyfi forseta, „að ASÍ hefði lýst skilningi á að slíkt gæti hentað t.d. Alþingi og stjórnmálaflokkunum“ — þ.e. að færa þetta inn í Seðlabankann, og að Alþingi og stjórnmálaflokkar gætu leitað þangað, en síðan er „bent á að samtökin ættu hins vegar mjög erfitt með að fallast á þá leið. Ástæðan væri sú að Seðlabankinn tæki ákvarðanir um framkvæmd peningamálastefnunnar, ASÍ ætti oft á tíðum í hagfræðilegri umræðu við bankann og það fengi ekki samrýmst ef bankinn væri á sama tíma ráðgjafi ASÍ um ákveðin mál. Slíkt mundi leiða til árekstra.“

Það á nákvæmlega sama við um þingið, herra forseti, og þingmenn. Þeir geta iðulega staðið í deilum við Seðlabankann um þá hagstjórn sem hann er með. Þetta er hagstjórnaraðili sem hefur það hlutverk að vinna með ákveðið stýritæki til að ná ákveðnum verðbólgumarkmiðum og það er ótækt, með sömu rökum og Gylfi Arnbjörnsson nefnir hér, að þingmenn eigi sína ráðgjöf komna undir Seðlabankanum. Seðlabankinn og efnahagsdeild fjmrn. eru ákveðnir hagstjórnaraðilar sem er mjög mikilvægt að óháð efnahagsstofnun hafi með sjálfstæðri og óháðri spá visst aðhald með, og því er verið að kippa frá með þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Það eru náttúrlega mjög furðulegar staðhæfingar sem koma fram í frv. þar sem stendur að Þjóðhagsstofnun hafi ekki lengur hlutverki að gegna og að hætta væri á að verkaskipting yrði óljós og óhagkvæm að óbreyttu skipulagi. Síðan kemur löng runa um að fjmrn. eigi að sinna alls kyns viðbótarverkefnum, og að þetta og hitt verkefnið verði unnið af hinum og þessum, flytjist inn í ráðuneytin, til einkaaðila o.s.frv. þannig að ef eitthvað er óljóst og óhagkvæmt er það þetta sem á að taka við þegar Þjóðhagsstofnun verður lögð niður. Önnur rök sem má finna í þessu frv. er að margir séu farnir að gera verðbólguspá eins og hæstv. starfandi forsrh. nefndi áðan. Það má vel vera, en hverjir gera grunnspá eins og Þjóðhagsstofnun sem byggir á einkaneyslu, landsframleiðslu og öðrum mikilvægum þáttum hinna ýmsu efnahagsstærða? Staðreyndin er sú að enginn annar en Þjóðhagsstofnun gerir þjóðhagsspá og þjóðhagsáætlun sem er mikilvægt gagn í þinginu. Hagdeildir hinna ýmsu stofnana gera jú verðbólguspá en oft út frá þeim forsendum sem Þjóðhagsstofnun setur fram en ekki sjálfstæða þjóðhagsspá. Maður veltir fyrir sér hvort þetta verði í síðasta skipti sem við fáum slíka þjóðhagsáætlun eins og árlega er lögð fyrir þingið, mjög ítarlega með alls konar upplýsingum og greiningum varðandi efnahagsmál, stöðu þeirra og þróun.

Jafnframt vekur athygli, herra forseti, að Þjóðhagsstofnun byggir verkefni sín og vinnu á ákveðnum lögum um Þjóðhagsstofnun. Þau eru í átta greinum og þar eru talin upp verkefni Þjóðhagsstofnunar þannig að það er lögbundið hvaða verkefni á að gera á sviði hagrannsókna sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að lesa það upp núna en það er furðulegt að hér skuli nægja ein grein um að leggja eigi Þjóðhagsstofnun niður. Það verður sem sagt ekki lögbundið hér eftir að vinna þau verkefni sem eru núna bundin í lögum um Þjóðhagsstofnun, ýmis verkefni á sviði hagrannsókna, hagfræðilegra athugana, skýrslugerða og að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Það er lögbundið núna samkvæmt lögum um Þjóðhagsstofnun en það verður ekki eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt. Það nægir að skrifa eina setningu um að leggja niður Þjóðhagsstofnun og taka svo úr öðrum lögum þar sem fyrir kemur orðið Þjóðhagsstofnun. Þetta er þinginu boðið upp á, herra forseti, og það er auðvitað alveg ótækt að ekki skuli vera lögbundið hvar og hver eigi að vinna þau mikilvægu og lögbundnu verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur á sinni könnu.

Kjarni málsins er sá að það þarf að vera til sjálfstæð efnahagsstofnun til að veita hagstjórnaraðilum eins og Seðlabanka og fjmrn. aðhald. Það er einfaldlega kjarni þessa máls.

Ég fæ ekki betur skilið en að ráðuneytin eigi líka að þurfa að einhverju leyti að leita með útreikninga sína til fjmrn. í ýmsum þeim verkefnum sem þau eru að vinna að, og ég spyr: Er það nægilega hlutlaus aðili? Er ekki eðlilegra að ráðuneytin, ef svo ber undir, geti leitað með útreikninga sína og annað til óháðrar stofnunar í staðinn fyrir að leita með þau til fjmrn.? Ráðuneytin standa í glímu við fjmrn. á hverju ári vegna fjárlagagerðar til að fá fjármagn til verkefna sinna og nú verða þau háð fjmrn. um að fá upplýsingar um hvað hin og þessi verkefni kosta í staðinn fyrir að geta leitað með það til Þjóðhagsstofnunar, t.d. verkefni á sviði skattamála og almannatrygginga. Þjóðhagsstofnun hefur verið hagdeild margra ráðuneyta og nú á að fara að stofna hagdeildir við öll ráðuneytin, eða hvernig er hugsunin á bak við þetta? Þetta er allt saman mjög ógegnsætt og óljóst.

Herra forseti. Mér finnst mjög sérkennilegt í umræðu um svona mikilvægt mál sem þinginu er gefinn skammur tími til að ræða að starfandi forsrh. sem fylgir þessu máli úr hlaði skuli ekki sýna þeim þingmönnum sem hafa áhuga á að ræða þetta mál þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna. (**Utanrrh.:** Ég er viðstaddur.) Það er ágætt. Ég vona að hæstv. ráðherra sem ég sá ekki til í hliðarsal hlusti þá á mál mitt. (**Utanrrh.:** Hvert orð.)

Herra forseti. Það eru engin hagfræðileg rök fyrir að leggja niður stofnunina. Það eina sem þetta gerir er að þrengja mjög að faglegri umfjöllun og sjálfstæði í hagrannsóknum og þjóðhagsspá og ávinningurinn virðist bara vera tilfærslur á útgjöldum og tilflutningur á verkefnum varðandi gerð þjóðhagsreikninga og efnahagsspáa. Sérþekking og reynsla mun glatast og ég spái því að starfsmenn stofnunarinnar verði ekki allir mjög viljugir að láta færa sig á milli stofnana eftir það sem á undan er gengið.

Það er ekki trúverðugt, herra forseti, hvernig sett er fram í frv. hvernig haga á ýmsum hagrannsóknum í mörgum þeirra verkefna sem stofnunin hefur haft með höndum, t.d. verkefni, úttektir og reiknilíkön tengd sjávarútvegs- og stóriðjumálum, almannatrygginga- og skattamálum, sem hvergi er gert ráð fyrir í þessari endurskipulagningu en í frv. er gert ráð fyrir að færa þetta inn í ráðuneytin og setja til Hagstofu eða færa til einkaaðila. Ef ég hefði haft tíma til hefði ég viljað fara yfir sérálit Þórðar Friðjónssonar sem ég hef undir höndum. Hann gagnrýnir þessa málsmeðferð sem hér er lögð til og hann segir varðandi reiknilíkön, með leyfi forseta:

„Hagkvæmt er við aðstæður hér á landi að hafa eina opinbera greiningar- og þjónustustöð sem getur í senn þjónað Alþingi, stjórnvöldum og almenningi. Þetta stafar m.a. af því að slík stofnun þarf að sjá um og viðhalda mörgum reiknilíkönum og gagnagrunnum eins og Þjóðhagsstofnun gerir nú. Þessi líkön eru flókin og viðamikil og byggja að hluta á upplýsingum og gagnavinnslu sem á varla heima í ráðuneyti. Jafnframt þarf auðvitað sérþekkingu og reynslu til þess að vinna með þau, og þessum málum eru hvorki gerð viðhlítandi skil í frumvarpinu né voru þau rædd að gagni við undirbúning þess."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta álit Þórðar Friðjónssonar þar sem fram kemur að hann telur greinilega alls ekki með fullnægjandi hætti gert ráð fyrir reiknilíkönunum í því frv. sem við ræðum. Hann nefnir sem dæmi um reiknilíkön á vegum stofnunarinnar þjóðhagslíkön, sjávarútvegslíkön, loftslagslíkön og skatta- og almannatryggingalíkön. Þar fyrir utan er stofnunin að sjálfsögðu líka með spár fyrir verðbólgu en þær er víða annars staðar að finna.

Herra forseti. Þetta gengur allt út á það sama. Niðurlagningin mun ekki auka á faglega umfjöllun um efnahagsmál eða þjóðarbúskapinn. Þvert á móti er hætta á að greining á stöðu og efnahagsspá lúti pólitískri forskrift þegar hún fer inn í Seðlabanka, og ég tala nú ekki um efnahagsskrifstofu fjmrn. Þetta býður auðvitað heim miklum ágreiningi um trúverðugleika í spám um þróun efnahagslífsins.

Herra forseti. Ég held að það sé rétt sem kom fram hjá Katrínu Ólafsdóttur, hagfræðingi Þjóðhagsstofnunar og formanni Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar, í Morgunblaðinu í síðustu viku. Verði stofnunin lögð niður verður ekki til sjálfstæð stofnun sem fjallar um efnahagsmál. Hún segir að aðrir möguleikar um endurskipulagningu hafi ekki fengist ræddir. Ég gagnrýni með þessum hagfræðingi að auðvitað er ótækt að búa við það að ekki hafi fengist ræddir aðrir möguleikar á endurskipulagningu. Þjóðhagsstofnun hefur líka haft mikla sérstöðu að því er varðar aðgang þingmanna að upplýsingum um efnahagsmál og það er ekki ásættanlegt að vísa þingmönnum á fjmrn., ekki síst fyrir stjórnarandstöðu á hverjum tíma, enda lýtur ráðuneytið pólitískri forustu. Þingmenn og stjórnarandstaða vinna oft með mál sem þau vilja fá útreikninga á og það er ekki boðlegt að ætla þingmönnum það og stjórnarflokkunum að fá útreikninga sína t.d. hjá Seðlabanka eða fjmrn.

Varðandi starfsmennina hef ég undir höndum ítarlegt álit frá starfsmannafélaginu þar sem þau gagnrýna mjög alla málsmeðferð. Ég vil spyrja um það sem fram kemur hjá þeim, sem ég vildi að ég hefði haft tíma til að fara í gegnum hér, að þeim hafi verið lofað því að fá sambærileg störf. Það kom fram þegar málið var rætt í nefndinni sem fjallaði um þetta mál. Í frv. er ekki gert ráð fyrir því. Það er ekki tekið fram að um sambærileg störf sé að ræða og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hverju geta starfsmennirnir átt von á? Mér finnst ríkisstjórnin hafa farið illa með starfsmennina sem hafa búið við óvissu í heilt ár, og fullkomin óvissa ríkir nú um hvað þeirra bíður þegar þessi stofnun verður lögð niður.

Ég vil þá ljúka máli mínu, af því að tími minn er búinn, með því að vitna í það sem fram kom hjá Þórði Friðjónssyni 29. mars fyrir ári en þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta: „Fyrir ári, þegar Davíð lýsti því yfir á ársfundi Seðlabankans að hann teldi að það væri rétt að endurskoða verkaskiptingu á milli stofnana, var tekin ákvörðun eftir samtal mitt við Davíð um að þessi mál yrðu skoðuð á yfirvegaðan hátt og í samráði við mig og starfsmenn stofnunarinnar."

Þetta hefur gjörsamlega brugðist, herra forseti, og þetta loforð sem forustumönnum Þjóðhagsstofnunar og starfsmönnum var gefið hefur ekki gengið eftir. Það ber að harma. Þetta mál er allt illa unnið. Fyrst og fremst mun það leiða til ófaglegrar umfjöllunar um efnahagsmál og hagstjórnina og er margfalt dýrara en að reka Þjóðhagsstofnun eins og hér hefur komið fram.

[12:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hygg að það sé ekki ofsögum sagt að ævisaga þessa þingmáls sé alveg í hnotskurn lýsandi fyrir stjórnarsamstarfið í þessari ríkisstjórn. Öll þjóðin man hvernig þetta mál bar að, þ.e. hæstv. forsrh. fyrtist við þegar Þjóðhagsstofnun leyfði sér að hafa uppi spár og svo ég tali nú ekki um gagnrýni á hagstjórn hæstv. ríkisstjórnar í umfjöllun sinni. Er ég þá sérstaklega að vísa til skýrslu sem Þjóðhagsstofnun sendi frá sér í marsmánuði 2001, ritsins Þjóðarbúskapsins. Reyndar örlaði á því að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson væri ekki alveg ánægður með stofnunina þegar hún í desembermánuði 2000 spáði heldur meiri verðbólgu og heldur verri þjóðhagshorfum á árinu 2001 en forsrh. þótti gott. Það kom svo á daginn að stofnunin hafði hárrétt fyrir sér og rúmlega það því verðbólgan fór mun hærra á árinu 2001 en meira að segja Þjóðhagsstofnun þarna spáði.

Þá komu kenningar frá hæstv. forsrh. um að þetta væri ekki merkilegur pappír, þessi spá Þjóðhagsstofnunar, því þeir hefðu m.a. gleymt að reikna inn í lækkandi olíuverð því það vissu allir menn, sagði forsrh., að olíuverðið mundi lækka á árinu 2001. Þannig var með ýmsum hætti reynt að gera spá þessarar stofnunar ótrúverðuga. Þegar það svo gerist í mars 2001 að ritið Þjóðhagsbúskapurinn kemur út og spáir mun meiri verðbólgu og dekkri þjóðhagshorfum en áður hafði verið talið og gefur m.a. þær skýringar á að slök hagstjórn

á árunum 1998–1999 sé að birtast mönnum í verki, þá fauk í tröllið. Þá reiddist hæstv. forsrh. og boðaði að stofnunin yrði slegin af. Af varð nokkur hvellur í þjóðfélaginu. Þetta var eins og fleiri stórtíðindi í íslenskum stjórnmálum, gert í beinni útsendingu. Það eru helst ekki teknar stórar ákvarðanir í íslenskum stjórnmálum þegar verulega feitt er á stykkinu, slegnar eru af ríkisstjórnir eða stofnanir, nema það sé gert umhugsunarlaust í beinni útsendingu. Það mun hafa verið í viðtali í þættinum Ísland í dag sem hæstv. forsrh. kvað upp dauðadóminn yfir Þjóðhagsstofnun. Þannig var það, herra forseti.

Svo er þannig komið að nú hlýtur hæstv. utanrrh., starfandi forsrh., þau dapurlegu örlög að mæla fyrir þessu frv., frv. um aftöku á Þjóðhagsstofnun, sem sterkur grunur lék á að Framsfl. væri á móti, sem hv. formaður þingflokks Framsfl., Kristinn H. Gunnarsson, lýsti sig alveg andvígan og taldi framgöngu forsrh. forkastanlega. En þetta er auðvitað stjórnarsamstarfið í hnotskurn. Niðurstaða mála er alltaf á annan hvorn veginn, að Framsókn lekur niður í málunum bótalaust eða hún verslar og fær eitthvað í staðinn ef hún hefur aðstöðu til þess. Það eina sem í raun er fróðlegt og spennandi að velta fyrir sér í þessu tilliti er hvort eigi nú betur við. Hvort lak Framsókn niður bótalaust í þessu máli eða náði hún að versla og fá eitthvað fyrir snúð sinn? Getur verið að þetta mál sé tengt þeirri þráhyggju framsóknarmanna að troða hér Kárahnjúkafrv. í gegn í tilgangsleysi? Er hugsanlegt að til hafi orðið einhver pakki í samtölum hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. um svona brýn framfaramál og þjóðþrifamál ríkisstjórnarinnar, eins og að leggja niður Þjóðhagsstofnun sem er orðið persónulegt metnaðarmál hæstv. forsrh. að skuli ganga fram hvað sem tautar og raular, og þá önnur mál sem t.d. höfðu sálrænt mikla þýðingu fyrir Framsfl., eins og að troða í gegn Kárahnjúkamálinu í því augljósa tilgangsleysi sem þar var á ferðinni þar sem málið er í biðstöðu og í raun nánast aftur á byrjunarreit? Að minnsta kosti er orðin veruleg töf þar á og ekki mun þörf á heimildinni næstu eitt til tvö árin a.m.k.

Til að fullkomna sköpunarverkið, herra forseti, til að fullkomna þetta, er hæstv. forsrh. að sóla sig í Víetnam. Hann er að leggja blómsveig á leiði Ho frænda og skoða hvernig skæruliðar Víetkong höfðu það á sínum tíma og telur þetta allt hið athyglisverðasta. Morgunblaðið er svolítið vandræðalegt yfir þessu máli. Það birtir að vísu myndir samviskusamlega af leiðtoganum í heimsókninni þar sem hann leggur blómsveig á leiði Ho Chi Minh og skríður út úr jarðhýsum skæruliða Víetkong, en er samt pínulítið vandræðalegt og spyr hvort forsrh. þyki þetta ekkert óþægilegt vegna Víetnamstríðsins og kalda stríðsins og þeirra stellinga sem Ísland, Sjálfstfl. og Morgunblaðið var í á þeim tíma. Nei, nei, forsrh. telur að það eigi að heiðra siðvenjur heimamanna þegar maður er þeirra gestur og það er allt rétt í því. En uppi á Íslandi er hæstv. utanrrh. í flórmokstrinum. Á meðan forsrh. sólar sig í Víetnam með fjölmennu föruneyti eru þau dapurlegu örlög dæmd yfir hæstv. utanrrh. að hann er hér í flórmokstrinum, að moka í gegnum þingið þessu gæluverkefni hæstv. forsrh. sem allir menn sjá að engin sérstök rök standa til að afgreiða, allra síst með þeim hætti að troða þessu í gegn illa undirbúnu í andstöðu við starfsmenn og í raun gegn öllum efnislegum rökum því það birtist mönnum meira að segja hér í pappírunum að þetta muni kosta aukin útgjöld og engin leið er að færa rök fyrr því að þetta muni skila skilvirkari þjóðhagsspám eða að þær verði taldar betur marktækar þegar þær verða komnar í armslengd frá sjálfu framkvæmdarvaldinu í enn ríkari mæli en nú er, til að mynda sá hluti þeirra sem fer beint inn í fjmrn. sjálft. Það er þó sá munur á að Þjóðhagsstofnun hefur verið tiltölulega sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem hefur borið trúnað fyrst og fremst gagnvart sjálfri sér hvað varðar fagleg vinnubrögð og aðra slíka hluti. Forsrh. hefur vissulega farið með málefni hennar og ráðið þar til forstjóra og annað því um líkt. En lögin hafa tryggt stofnuninni hlutverk og tiltekið sjálfstæði sem hverfur í burtu.

Hver ræður deildum fjmrn.? Hver segir þeim fyrir verkum? Hver ræður því hvort tekið er mark á þeim pappírum sem þar eru unnir eða þeir sýndir nokkurn tíma? Það er húsbóndinn. Það er fjmrh. Hvert einasta handtak sem gert er í ráðuneyti er gert á ábyrgð ráðherrans. Hann ræður hverjum stafkrók sem þaðan fer og sem þaðan er sýndur á pappír. Þannig er það samkvæmt stjórnskipun landsins. Svo kemur hæstv. utanrrh. í andsvörum og ætlar að kenna okkur það stafróf að illa fari á því ef Þjóðhagsstofnun væri undir Alþingi því að þá væri ruglað saman hlutverkum og þrískiptingu valdsins. Þvílíkt öfugmæli! Ef eitthvað er að rugla saman hlutverkunum, þá er það þetta, þ.e. að fara með þjóðhagsáætlanir og gerði þjóðhagsspáa til framkvæmdarvaldsins sjálfs en ætla samt að reyna að fá menn til að taka mark á því sem hlutlægu og óháðu verki. Nei, herra forseti. Það gengur auðvitað engan veginn upp.

Það er ekkert að því að taka annan kost til skoðunar, þ.e. sjálfstæða, ekkert endilega stóra stofnun en sjálfstæða stofnun sem hefði fyrst og fremst það hlutverk með höndum að gera þjóðhagsspárnar. Það hefur auðvitað verið meginverkefni Þjóðhagsstofnunar út á við hvað þennan þátt varðar þó að þjóðhagsreikningarnir hafi verið það líka. En hið vandasama faglega eða pólitíska verkefni — ekki flokkspólitíska heldur pólitíska vegna þess að það tengist stjórnmálunum, samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu, aðila vinnumarkaðarins o.s.frv. — hefur verið gerð þjóðhagsspárinnar. En að búta þetta upp og setja sumt inn í fjmrn., sumt til Hagstofunnar sem heyrir undir forsrh., sumt inn í Seðlabankann og einhvern fjórða bút til ASÍ, er furðuleg niðurstaða, herra forseti. Hún er aldeilis furðuleg. Ég hefði talið að það væri nær máli ef þetta hefði allt farið til Hagstofunnar, ef Þjóðhagsstofnun og Hagstofan hefðu bara verið sameinaðar og þjóðhagspátturinn, þjóðhagsreikningarnir og þjóðhagsspárnar hefðu orðið að sjálfstæðri deild eða sjálfstæðum þætti í starfsemi Hagstofunnar. En þessi sláturtíð að taka Þjóðhagsstofnun og slátra henni í fernt — það á að skera skrokkinn í fjóra parta og skutla einum inn í fjmrn., öðrum inn í Hagstofuna, þeim þriðja inn í Seðlabankann og þeim fjórða til ASÍ. Er það nú verklag, herra forseti.

Aðeins um Seðlabankann. Hér var haldin ræða um hvað Seðlabankinn væri orðinn merkt fyrirtæki, sjálfstæður, óháður og með mikilvægt hlutverk á sviði hagstjórnarmála, gott og vel. En hefur það ekki líka ákveðnar afleiðingar í för með sér? Er ekki í mótsögn við það, herra forseti, að ætla jafnframt að setja til Seðlabankans verkefni sem kallar á samskipti hans við stjórnmálaflokkana í landinu og aðila vinnumarkaðarins? Jú, það er auðvitað þannig að þó að Seðlabankinn kunni vegna þessarar nýju stöðu sinnar að vilja efla sína burði, auka sína burði hvað varðar sjálfstætt mat á þjóðhagsforsendum þá er jafnaugljóst að það fer ekki saman við samskipti eða þjónustu við aðra aðila utan veggja Seðlabankans. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef

skömm á þeim mönnum sem voru hér uppi með ræðuhöld um mikilvægi þess að efla sjálfstæði Seðlabankans, færa hann í átt til þess sem seðlabankar annarra landa hafa orðið á undanförnum árum. Ég tók þátt í því að vinna með slíkum mönnum og tók mark á þeim. Hvar eru þeir í dag? Hvar eru þeir menn sem ættu núna að koma til varnar sjálfstæði Seðlabankans og mótmæla því að Finnur Ingólfsson sé gerður að pólitískum verkamanni hjá Framsfl. og mótmæla því að viðfangsefni af þessu tagi séu sett yfir í Seðlabankann? Herra forseti. Það er greinilega ekkert að marka þessa menn. Þeir segja það sem þeim hentar hverju sinni. Það er voðalega áferðarfallegt að tala um sjálfstæði Seðlabankans og mikilvægi þess að hann geti sjálfstætt og óháð öllum beitt peningalegum stjórntækjum sínum. En svo finnst mönnum ekkert að því að öllu sé grautað saman aftur á nýjan leik og vitnað er í Jóhannes Nordal fyrir 40 árum síðan. Og eru það þá rökin að í reynd hafi ekkert breyst? Menn vilja hafa þetta svona í sínu gamla góða helmingaskipta pólitíska kerfi og allt blaðrið um nýja tíma, sjálfstæði og óhæði, markaðsaðhald og annað því um líkt, á auðvitað ekki við þegar annað hentar.

Nei, herra forseti. Svo er auðvitað gengið algerlega fram hjá starfsfólkinu í þessu máli. Það er búinn að vera loddaraleikur í gangi í sambandi við það. Það átti að heita að einhver undirbúningur færi af stað þar sem fyrrverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar væri þátttakandi. Hann var boðaður einu sinni til fundar, einu sinni. Þar með lauk því. Síðan er upplýst að það átti að heita svo að starfsfólkið ætti aðild að þessari vinnu sem leiddi til niðurstöðunnar núna þegar stjórnarflokkarnir voru búnir að ná saman, Framsókn búin að gefast upp eða fá eitthvað fyrir snúð sinn. En það er algerlega augljóst, og það segja fulltrúar starfsmannafélaga Þjóðhagsstofnunar, að það var sýndarmennska. Aldrei var ljáð máls á því að taka sjónarmið starfsfólksins til greina. Í áliti sem ég hef undir höndum frá fulltrúum starfsmanna segir:

„Tekið skal fram að í þeirri vinnu“ — þ.e. þeirri vinnu sem fulltrúar starfsmannanna náðarsamlegast fengu að koma að — „sem fram hefur farið hefur meiri hluti samstarfshópsins“ — fulltrúar valdsins — „aldrei ljáð máls á því að ræða aðra möguleika til endurskipulagningar en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun.“

Til hvers er þá samráð? Það var aldrei ljáð máls á öðrum möguleika en þeim að fara að vilja forsrh., aldrei. Það var aldrei neitt annað inni í myndinni en að vilji hans hátignar, hæstv. forsrh., gengi fram. En til þess að það líti aðeins betur út á við er starfsfólkinu leyft að sitja þarna í tilgangsleysi, en svo er auðvitað ekkert gert með vilja þess né faglegt álit þess fólks og þeirra manna sem unnið hafa að þessu undanfarin ár. Hvar er þekkingin saman komin á Íslandi um gerð þjóðhagsspáa? Hún er í Þjóðhagsstofnun. Hverjir hafa sinnt alþjóðlegu samstarfi fyrir Íslands hönd á þessu sviði? Það er starfsfólk Þjóðhagsstofnunar.

Ég tel ekki hægt að ýta áliti starfsmanna út af borðinu vegna þess að þeir eigi hagsmuna að gæta eða áliti Þórðar Friðjónssonar. Þetta eru aðilar sem búa að faglegri þekkingu á þessu sviði. Ég tel að fremur eigi að taka með fyrirvara áliti úr hinni áttinni, frá þeim stofnunum sem auðvitað finnst ekkert að því að fá verkefnin til sín og fjármuni með. Hver vill ekki gjarnan bæta við sig hæð og fá nokkra starfsmenn í viðbót ef hann fær til þess peninga á silfurfati frá ríkinu og það ríkulega skammtað? Það liggur svo mikið við að þetta nái fram að ganga að það er skjalfest að kostnaðurinn mun fara verulega upp á við við breytinguna. Svo segir hæstv. utanrrh., starfandi forsrh., í flórmokstrinum fyrir forsrh., að þetta sé hagræðing. Hver er hagræðingin? Er hagræðing að dreifa verkefnunum í fjórar áttir, að láta Hagstofuna fá 88 millj. og fjmrn. 44 í viðbót, rúmlega upphæðina sem Þjóðhagsstofnun fær í heild í dag; að bæta við kostnaði upp á tugi milljóna vegna biðlauna? 20–25 millj. kr. er það talið kosta að bæta við ýmiss konar standsetningu húsnæðis, búnaði, flutningi, tölvukerfum upp á segjum 25 og eiga þá eftir að horfa til þeirra útgjalda sem bætast við hjá Seðlabankanum. Kannski ræður bankinn við það en það kostar peninga samt þó þeir komi ekki úr ríkissjóði. Er svo ekki búið að lofa Alþýðusambandi Íslands verulegum fjárhæðum í hagdeildir þess? Hvað gera samtök annarra launamanna? Eðlilega munu þau auðvitað ekki þola þá fráleitu mismunun sem væri fólgin í því að láta ein samtök launamanna í landinu, þó stór séu, fá sérstöðu í þessum efnum.

Það verður að segjast eins og er að t.d. umfjöllun Morgunblaðsins í morgun um samskipti Alþýðusambandsins og hæstv. utanrrh. er merkileg. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna í þá frétt. Þar er leiddur fram Gylfi nokkur Arnbjörnsson og hann segir, með leyfi forseta, um að færa þetta inn í Hagstofu og fjmrn.:

„Gylfi sagði við Morgunblaðið að ASÍ hefði lýst skilningi á að slíkt gæti hentað t.d. Alþingi og stjórnmálaflokkunum en benti á að samtökin ættu hins vegar mjög erfitt með að fallast á þá leið.“ — Þá er farið að semja við þau. En ASÍ telur að þetta henti Alþingi og stjórnmálaflokkunum. Megi það vera alveg ljóst að ASÍ talar ekki fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli. Það hentar okkur ekki að sjálfstæð Þjóðhagsstofnun verði slegin af og verkefnin færð undir pólitískan ráðherra í fjmrn. Það er algerlega fráleit framganga, herra forseti.

Síðan hefur eitthvað mildast andrúmsloftið í þessum samskiptum. Það hefur verið upplýst, með leyfi forseta:

„Forystumenn ASÍ voru yfir alla helgina í samskiptum við Halldór Ásgrímsson, starfandi forsætisráðherra, vegna málsins og að sögn Gylfa telur ASÍ sig hafa fengið fyrirheit stjórnvalda, sem geri ASÍ kleift að sinna þessum verkefnum sjálft og efla starfsemi hagdeildar samtakanna.“

Peningar, heitir þetta á mannamáli. ASÍ hefur verið lofað ríflegum peningum til að gera gott úr málinu. Í hvers umboði er það gert? Það er vísað á ríkiskassann okkar þannig að hæstv. utanrrh. hefur verið dýr á fóðrum um helgina, hefur lofað fjármunum til viðbótar kostnaði sem verður meiri en af núverandi rekstri Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsstofnun er til húsa í Seðlabankanum, samnýtir margs konar aðstöðu þar og mér er vel kunnugt um að það fyrirkomulag er tiltölulega hagkvæmt. Það er þess vegna ekki þannig að nein sérstök rök verði sótt í að gera þessar breytingar.

Ég minni á það, herra forseti, að fyrir þinginu liggur tillaga um að fara vandlega í málið þannig að nefnd, fulltrúar þingflokkanna ásamt með starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og fulltrúa frá forsrh., skoði málið, m.a. þann kost — því er ekki slegið föstu en m.a. bent á þann kost — að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi, þ.e. þannig að hún starfi sem algerlega sjálfstæð og óháð stofnun í skjóli Alþingis. Ég er sannfærður um að það væri álitlegur kostur og gæti nýst okkur ágætlega að hafa litla en kröftuga og hagkvæma stofnun sem væri óumdeilanlega sjálfstæð og gæti lagt mat á þessa hluti. Við erum að mörgu leyti í allt annarri stöðu í þessum efnum en stórþjóðirnar þar sem fjölmargir óháðir aðilar, rannsóknastofnanir og háskólar, fyrir utan öfluga

banka og fjármálastofnanir, eru með ýmiss konar spágerð á þessum sviðum. Þar er auðvitað byggt á opinberum og traustum gögnum og að við eigum að horfa á þetta út frá þeim aðstæðum og því fyrirkomulagi sem hér hefur verið og umgangast allar ákvarðanir af virðingu gagnvart starfsfólki og öðrum aðilum.

[Fundarhlé. — 12:21]

[13:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um brottfall laga um Þjóðhagsstofnun er nýtt inngrip í stjórnsýslu og verkefnastöðu efnahagsmála í landinu.

Meginhlutverk Þjóðhagsstofnunar hefur m.a. verið að færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár og -áætlanir, semja og birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerðir um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál og veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Virðulegi forseti. Af þessu má sjá hversu mikilvægt það er að Þjóðhagsstofnun og það starf sem hún hefur innt af hendi á þeim vettvangi sé unnið á sjálfstæðan og óháðan hátt, slík starfsemi sé óháð öllum hagsmunasamtökum, standi óháð gagnvart framkvæmdarvaldinu og geti komið fram sem hlutlaus aðili gagnvart þeim aðilum sem þurfa að nýta sér upplýsingar hennar í starfi sínu við gerð efnahagsáætlana, við gerð og undirbúning kjarasamninga o.s.frv. Þetta hefur verið og er hið mikilvæga hlutverk Þjóðhagsstofnunar. Og eðlilega er það svo að Þjóðhagsstofnun getur komið fram með áætlanir og tölur, lagt fram forsendur og spár sem ekki hugnast þeim sem spyrja um þær hverju sinni. Það getur verið að framkvæmdarvaldinu hugnist ekki spár Þjóðhagsstofnunar ef þær ganga þvert á væntingar þess eða á það sem það vildi sjá. Það má vel vera að launþegasamtökin við gagnaöflun í undirbúningi kjarasamninga geti fengið þar gögn, upplýsingar og tölur sem þeim þyki kannski ekki henta sem best við undirbúningsgerð krafna í kjarasamningum. Sama er með Samtök atvinnulífsins. Það má vel vera að þau hafi aðra skoðun eða aðrar væntingar en slík óháð stofnun hefur komið fram með varðandi efnahagsstærðir og áætlanir í þjóðarbúskapnum. Þetta er einmitt það sem við höfum, virðulegi forseti, fengið að upplifa á hinu háa Alþingi að á haustdögum kom Þjóðhagsstofnun með aðra spá en framkvæmdarvaldinu og hæstv. forsrh. var þóknanleg. Þá var við því brugðist eins og alþjóð veit og á þann hátt sem alþjóð er þegar orðið kunnugt um hvernig stjórnarhættir eru hjá meiri hlutanum á Alþingi, hjá ríkisstjórninni, hjá oddvitum ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., að þá er bara stjórnað með tilskipunum og ef eitthvað birtist sem er óhentugt, þá skal það bara skorið af. Gildir þar einu hvort um er að ræða dóma Hæstaréttar eða spár Þjóðhagsstofnunar. Það skal allt lúta vilja og geðþótta stjórnarherranna.

Vissulega ber slíkt framferði allt merki þess að við erum að sigla inn í meiri einræðistilburði í stjórnsýslu landsins en hér hefur þekkst um áratuga skeið. Við erum að sigla inn í miklu meiri einræðistilburði og ekki bara tilburði heldur í ákveðnum þáttum hreint og klárt einræði. Það er alvarlegt mál í lýðfrjálsu landi og hjá þjóð sem vill telja sig vera einn af forgönguaðilum í baráttu fyrir auknu og sterku lýðræði.

Í því ljósi erum við að ræða þetta mál, virðulegi forseti. Við erum að ræða þetta í ljósi þeirra hörðu einræðistilburða sem við nú upplifum í stjórnsýslunni.

Hlutverk Þjóðhagsstofnunar hefur verið, eins og ég hef sagt, að veita m.a. Alþingi og alþingismönnum upplýsingar í vinnu þeirra við gerð t.d. fjárlaga sem byggjast m.a. líka á þeim efnahagsspám og efnahagsforsendum sem lagðar eru fyrir yfirstandandi tíma, næsta ár og næstu ár. Ég hef starfað í fjárln. síðan ég kom á þing og ég verð að segja, herra forseti, að vitundin um að hafa Þjóðhagsstofnun til að koma með tölur og upplýsingar við meðferð og gerð fjárlaga og við að meta stöðu efnahagsmála og til að geta spáð í hvað í vændum geti verið, vitundin af tilveru og návist Þjóðhagsstofnunar hefur skipt þar afar miklu máli því að þær tölur sem við í hv. fjárln. fáum til að vinna úr koma jú annars frá framkvæmdarvaldinu, frá fjmrn. sem fer með hina peningalegu og fjármálalegu stýringu á fjármálum ríkisins og efnahagsmálum. Það er ekki nóg, virðulegi forseti, og það hygg ég að hv. þm. Kristján Pálsson sem situr í fjárln. upplifi oft og tíðum alveg eins og sá sem hér stendur að oft eru upplýsingar sem koma frá fjmrn. eðlilega bundnar eða tengdar vilja og óskum ríkisstjórnarinnar en þurfa ekki endilega að vera í takt við þann raunveruleika sem við erum að fást við. (Gripið fram í.) Já, ég get sýnt fram á það, virðulegi forseti, og það er einmitt ágætt, virðulegi forseti, að fá þessa góðu ábendingu frá hv. þm. sem ætti einmitt að minnast þess við síðustu fjárlagagerð í haust, og það er gott að hv. þm. Kristján Pálsson skuli einmitt koma inn á það, kannski hefur hann sjálfur, hv. þm. sem situr í fjárln., gleymt því hve mikið bar á milli í spám fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar við fjárlagagerð í haust. Ég skal aðeins rifja upp með hv. þm. (Gripið fram í.) Já. Hér stendur í þjóðhagsforsendum fjárlaga fyrir árið 2002, með leyfi forseta, ég vona að hv. þm. Kristján Pálsson fylgist með, þar spáir fjmrn. í fjárlögum að einkaneysla dragist saman um 1%, Þjóðhagsstofnun spáir 1,5% sem munar miklu í fjárlögum ríkisins. Tökum líka fjárfestingu. Þar spáir fjmrn. að fjárfesting dragist saman um 12% en Þjóðhagsstofnun spáir því að hún dragist saman um 14%.

Við skulum taka annað dæmi af innflutningi á vöru og þjónustu sem skiptir afar miklu máli í þjóðarbúskapnum, ekki síst í þeim viðskiptahalla sem við höfum verið að berjast við á undanförnum árum og hefur í rauninni ráðið efnahagslífinu hér, hinn mikli viðskiptahalli sem hefur náttúrlega speglað hina röngu efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. En þar munar heldur betur í forsendum fjmrn. annars vegar og hins vegar spám Þjóðhagsstofnunar sem setti öll fjárlögin upp í loft eftir því hvor viðmiðunin var tekin, en í spá fjmrn. stendur að innflutningur vöru og þjónustu dragist saman á þessu ári um 4,3% en Þjóðhagsstofnun spáir 7% samdrætti. Það hefur ekki svo lítið að segja bæði í mati á viðskiptahallanum, einnig í mati á tekjum ríkissjóðs sem eru svo mjög háðar innflutningsgjöldum og virðisaukaskatti, þannig að þarna bar verulega á milli. En hvers vegna ætli hafi borið þarna á milli? Jú, ríkisstjórnin og fjmrn. voru að stilla fjárlögin af til að fá þá niðurstöðutölu í fjárlögin sem þeir vildu fá. (**Gripið fram í:** Hvernig varð niðurstaðan?) Niðurstaðan varð sú að þeim tókst að búa það til að fjárlögin voru hér um bil á sléttu gjalda- og teknamegin með þessu fiffi. Ef þeir hefðu tekið tölu Þjóðhagsstofnunar, þá var bullandi halli á fjárlögum, og var ekki svo skemmtilegt, fannst þeim, að fara að kynna fjárlög á Alþingi með bullandi halla, þannig

að fjmrn. valdi að koma með allt aðra útreikninga og allt annað mat en Þjóðhagsstofnun til þess að stemma af fjárlög sín. Hvor ætli sé nær því núna sem er að gerast? Hver er samdrátturinn orðinn? Að vísu erum við bara á miðju ári en það stefnir í að samdrátturinn á innflutningi verði ekki minni en Þjóðhagsstofnun áætlaði og enn fjarri því sem fjmrn. áætlaði.

Herra forseti. Ég get rakið fleiri svipuð dæmi. Sama gildir um þjónustuinnflutninginn. Þar bar líka gríðarlega mikið á milli, að fjmrn. var með allt aðrar tölur en Þjóðhagsstofnun. Fyrir okkur þingmenn sem erum að fjalla um þessi stóru mál og höfum engin tök á að setja okkur inn í einstaka þætti efnislega þannig að við verðum að trúa og treysta á það sem fyrir okkur er lagt, þá skiptir afar miklu máli að eiga aðgang að stofnun sem við vitum að er ekki bundin af því að framkvæma eða túlka tímabundinn vilja, áhuga eða væntingar ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Nei, virðulegi forseti, ég er ekki að væna neinn um að mistúlka tölur, heldur vinnur hver á sínum forsendum og hver eftir sínum tilskipunum einnig. Ég geri fastlega ráð fyrir að fjmrn. hafi lagt upp úr því að vinna þetta vel en engu að síður er þessi munur og það er hann sem er niðurstaðan. Ég geri ráð fyrir að báðir aðilar hafi reynt að vinna vel á sínum forsendum en þetta er samt munurinn. Önnur stofnunin er hluti af framkvæmdarvaldinu, hin stofnunin starfar sjálfstæð og óháð og á að vera ráðgefandi. Þetta er bara dæmi, af því að hér kom fram ósk úr sal frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að nefna dæmi um hvernig spár fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar hefði greint á í mikilvægum atriðum við gerð fjárlaga. (**GE:** Það hefur aldrei verið svona mikill munur.) Aldrei verið svona mikill munur. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni og sem réði algerlega niðurstöðutölum í fjárlagafrv., á fjárlögunum þegar þau voru afgreidd hvort þau væru í plús eða mínus hvað tekjur og gjöld varðaði.

Ég get, virðulegi forseti, látið hv. þingmenn fá ljósrit af þessum samanburði til að fríska þau atriði upp, hvernig þetta er. En ég ítreka að þingmenn geta ekki allir sett sig inn í einstök smáatriði eða þó þau séu stór, í mörgum málum. Þeir hafa engin tök á að setja sig inn í slíkt og eru því háðir því að taka og vinna út frá þeim tölulegu forsendum sem eru lagðar upp í hendur þeirra.

Víkjum í framhaldi af þessari umræðu að hugmyndinni um að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Ætlunin er að færa verkefni hennar til annarra aðila, m.a. til Seðlabankans, Hagstofunnar, fjmrn. og ASÍ. Þegar uppboðsmarkaðurinn var kynntur, þ.e. hvert ætti að dreifa þessum verkefnum og áttu þeim náttúrlega að fylgja fjármunir. Þetta er ekki sparnaðarfrv. heldur kostnaðaraukafrv. þó annað megi ráða af upphafstexta athugasemda við frv. Samkvæmt þeim á frv. að vera til hagræðingar- og sparnaðar en séu tölur fjmrn. lesnar kemur í ljós að frv. hefur í för með sér kostnaðarauka. Þar stangast fullyrðingar á. En þegar þau fóru á þennan uppboðsmarkað, þ.e. verkefnin, hver ætti að fá hreið þegar því yrði skipt upp, fjölgaði kostnaðarliðunum. ASÍ segir í frétt í Morgunblaðinu 10. apríl, með leyfi forseta:

„Í samskiptum við Halldór Ásgrímsson yfir helgina:

Forystumenn ASÍ voru yfir alla helgina í samskiptum við Halldór Ásgrímsson, starfandi forsætisráðherra, vegna málsins og að sögn Gylfa“ — Gylfa Arnbjörnssonar, sem er framkvæmdastjóri ASÍ — „telur ASÍ sig hafa fengið fyrirheit stjórnvalda, sem geri ASÍ kleift að sinna þessum verkefnum sjálft og efla starfsemi hagdeildar samtakanna.“

Gylfi Arnbjörnsson segir enn fremur í greininni:

„Við teljum það fagnaðarefni og mikilvægt að fá það viðurkennt í frumvarpinu að það skipti máli að verkalýðshreyfingin og hennar sjónarmið komi að umræðu um efnahagsmál og mótun efnahagsstefnunnar.“

Vissulega er það mikið fagnaðarefni og í hæsta máta eðlilegt. En að það sé gert að hluta af efnahagsstjórninni, þeir séu á launum hjá ríkinu er aftur annað mál. Enda kemur svo annað hljóð í strokkinn þegar rætt er við framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins sem segir að ekkert hafi verið við sig talað og vill líka fá hlutdeild í þessum efnahagsspám. Eiga þeir ekki fleiri eftir að koma? Hvað með Neytendasamtökin? Er ekki eðlilegt að þau fái verkefni frá ríkinu við að vinna efnahagsspár? Það skiptir afar miklu máli að þau geti unnið efnahagsspár. Mér finnst eðlilegt að Bændasamtökin fái fjármagn frá ríkinu til að taka þátt í efnahagsumræðunni. Svona mætti áfram telja.

Auðvitað er gott að sem flestir komi að efnahagsumræðunni. En það er ekki gott að þeirri hlutlausu ábyrgð sem snýr að Alþingi og þjóðinni sé komið á samtök atvinnulífsins, hvort sem það eru vinnuveitendur eða launþegar. Ábyrgðinni af því að koma hlutlausum upplýsingum um efnahagsforsendur og efnahagsstærðir til þjóðarinnar á ekki að deila milli einstakra hagsmunaaðila. Það er alveg fáránlegt. Með þeim hugmyndum sem hér er talað fyrir er í raun verið að veikja þingræðið í landinu stórkostlega og færa stjórnarfar til aukins einræðis- og tilskipunarvalds.

Fyrir Alþingi liggja tillögur frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni, um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar sem miða að því að gera úttekt á starfsemi hennar og þeim verkefnum sem henni hafa verið falin sem nauðsynlegt er að slík óháð og sjálfstæð stofnun vinni að. Þar er mælt með að kannað verði hvort ekki megi færa hana undir Alþingi og styrkja hana á þeim vettvangi gagnvart Alþingi, styrkja sjálfstæði Alþingis í að meta efnahagsforsendur og þá jafnframt fjárlagagerð. Þessa nálgun tel ég miklu eðlilegri, virðulegi forseti.

Ég er líka, virðulegi forseti, með álit fulltrúa starfsmanna Þjóðhagsstofnunar á frv. til laga um að fella Þjóðhagsstofnun niður eða loka henni. Þar er með mjög sterkum röksemdum mælt gegn því, einmitt á grundvelli þessa hlutleysis sem slíkri stofnun ber að vinna samkvæmt. Slíkt hlutleysi er nauðsynlegt til að afla upplýsinga um efnahagslegar forsendur, um hvert stefnir í efnahagsmálum þannig að Alþingi og aðrir aðilar í þjóðfélaginu hafi aðgang að eins hlutlausum, öruggum og traustum upplýsingum og kostur er til að meta áherslur sínar og áætlanagerð.

[13:51]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum frv. sem vakið hefur nokkrar deilur og úlfúð í þinginu, þ.e. frv. til laga um að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Maður veltir fyrir sér hvers vegna verið er að leggja niður stofnun eins og Þjóðhagsstofnun, sem hefur notið mikils trausts og álits í þjóðfélaginu, hjá þingmönnum og einstökum stofnunum, þ.e. þeim sem hafa þurft að leita til óháðs aðila varðandi efnahagsmál.

Í riti Þjóðhagsstofnunar sem gefið var út í mars árið 2001 segir, með leyfi forseta:

„Það fer ekki á milli mála að brýnasta verkefni hagstjórnar á næstunni er að draga úr viðskiptahallanum með því að koma á betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna.

Eins og fram hefur komið hér á undan er hallinn nú um 10% af landsframleiðslu sem er meiri halli en hefur áður verið hér á landi við sambærilegar aðstæður.“

Gæti verið, virðulegur forseti, að slík ummæli hafi orðið til þess að menn fóru á fulla ferð við að losna við óþægilega aðila sem teldu að hagstjórnin væri að fara úr böndunum. Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Gífurleg útlánaaukning, slaki í hagstjórn, einkum 1998 og 1999, og almennar launahækkanir umfram launabreytingar í helstu viðskiptalöndum hafa viðhaldið uppgangi og eftirspurn í efnahagslífinu. Andlagið er hins vegar mikill viðskiptahalli og erlend lántaka bankakerfisins. Svona mikill halli fær ekki staðist til lengdar og gerir efnahagslífið viðkvæmara fyrir breytingum í ytri aðstæðum.“

Gæti verið að þessi orð hafi orðið til þess fallin að menn vildu losna við óháðan aðila úr samfélaginu sem vildi siða til ríkisstjórnina. Hér segir jafnframt, með leyfi forseta, áfram:

„Þegar öllu er á botninn hvolft bjóða stjórntæki Seðlabanka ekki upp á að tryggja samtímis verðstöðugleika og minni viðskiptahalla samfara aðstreymi fjármagns. Fyrir vikið er mikilvægt að ríkisfjármálum sé beitt til frekara aðhalds en gert hefur verið. Þar er um að ræða hagstjórnartæki sem samtímis getur stuðlað að því að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla.“

Virðulegur forseti. Gæti verið að þessi orð hafi verið sett fram á óheppilegum tíma og það hafi orðið til þess að á ársfundi Seðlabankans árið 2000 hafi hæstv. forsrh. látið þau orð falla að það þyrfti að leggja þessa stofnun niður eða breyta henni.

Virðulegi forseti. Hér er ein tilvitnunin enn í þetta rit Þjóðhagstofnunar, um þjóðarbúskapinn á árinu 2000 og horfur ársins 2001:

„Eins og fram kemur hér á undan er ástæða til að endurskoða peninga- og gengisstefnuna og jafnframt auka vægi ríkisfjármálastefnunnar í hagstjórninni.“

Ég skil vel, virðulegur forseti, að menn hafi hrokkið við og átt bágt með að þola ábendingar og aðfinnslur líkt og hér eru settar fram.

Samkvæmt lögum er Þjóðhagsstofnun falið að sinna ákveðnum verkefnum sem er mjög eðlilegt, m.a. að færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár og áætlanir, semja og birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum og m.a. að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál. Enn fremur er henni ætlað að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Stofnunin gegnir að auki því hlutverki að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Hluta af þessum verkefnum tel ég að auðvelt væri að færa til annarra aðila. Mér sýnist að út af fyrir sig væri hægt að færa þjóðhagsreikninga til einhverrar stofnunar. Það má ugglaust verja það að styrkja aðila vinnumarkaðarins til að reikna út ýmsar forsendur fyrir hagfræðilegum athugunum og gera úttektir á því. Ég er hins vegar sannfærður um að það er nauðsynlegt að hafa óháðan aðila sem semur þjóðhagsspá og áætlun og veitir pólitískum aðgerðum aðhald með því að láta starfsmenn sína gera þjóðhagsáætlanir.

Ég hygg að eitt atriði hafi orðið til að flýta fyrir þessari aðgerð, að leggja niður þessa stofnun. Þjóðhagsstofnun hafði smíðað og tekið í notkun nýtt þjóðhagslíkan sem stofnunin studdist við og vildi vinna eftir. Við síðustu fjárlagagerð kom í ljós að verulega bar á milli, virðulegur forseti, þess sem hagfræðingar fjmrn. settu fram og niðurstaðna Þjóðhagsstofnunar. Þar munaði verulega og hefði verið farið eftir spá Þjóðhagsstofnunar er ljóst að fjárlögin hefðu verið með verulegum halla. Ætli það geti ekki verið að sú athugasemd sem hér er sett fram, virðulegur forseti, í sama riti og ég vitnaði til áður, um fjármál hins opinbera, geti verið ástæðan fyrir því að menn eru að leggja þessa stofnun niður.

Það má sjá einnig í þessari skýrslu, virðulegur forseti, að annáll efnahagsmála árið 2000, fyrir hvern einasta mánuð frá janúar til desember, sýnir ótvírætt hvernig stefndi í óreiðu í ríkisfjármálum sem kemur í ljós með óðaverðbólgu, sem svo má kalla, þrefaldri verðbólgu miðað við viðmiðunarlönd okkar, þreföldum stýrivöxtum miðað við það sem gerist í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þar kemur kannski ástæðan fyrir því að menn vilja leggja niður svo óþægilega stofnun sem Þjóðhagsstofnun virðist fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Virðulegur forseti. Athugasemdir mínar lúta fyrst og fremst að því hve seint þetta mál er sett fram á þinginu. Þessar hugmyndir hafa reyndar verið á flökti síðan árið 1991. Ég er fús að viðurkenna að minn gamli flokkur, Alþfl., setti ásamt með Sjálfstfl. fram hugmyndir, árið 1991, um að breyta þessari stofnun. Ég er ekki á móti breytingum en ég vil fá að sjá hvað á að koma í staðinn.

Ég hef áður nefnt það að á ársfundi Seðlabankans gaf hæstv. forsrh. út að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður og síðan hafa starfsmenn Þjóðhagsstofnunar verið í mikilli óvissu um á hvern hátt þetta yrði framkvæmt. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að öll óvissa og lausung, ekki síst í störfum þessarar stofnunar, skapar óstöðugleika. Ég hef ekki trú á því að verði af þessum breytingum standist sú kostnaðaráætlun sem gerð er grein fyrir í þessu frv. Ég held að biðlaunakostnaður og ýmis annar kostnaður muni fara langt fram úr því sem hér er áætlað. Það mun koma í ljós þótt síðar verði.

Ég velti auðvitað fyrir mér í þessu sambandi hvað menn eru að gera. Lánasýsla ríkisins er annað fyrirtæki, og er enn að störfum. Hvað er búið að gera við þessa stofnun? Hún er núna orðin meðleigjandi hjá Íbúðalánasjóði, og eftir stendur á Hverfisgötunni líklega 700 fermetra hæð í leigu hjá ríkinu. Það er eðlilegt að maður nefni hana um leið, þetta eru skyldar stofnanir, og hvernig stendur á þessari framkvæmd? Hvers vegna var sú stofnun færð? Hvað er verið að gera þar? Er verið að hagræða eða hvað er á ferðinni?

Virðulegur forseti. Ég sagði áðan að ég legðist ekki gegn hagræðingu. Ég er tilbúinn að breyta en mér finnst að það eigi að skýra á einfaldan máta megintilgang aðgerða, hagræn áhrif og grunnrök fyrir þeim aðgerðum sem hér um ræðir. Í þessu frv. sem ég held á í höndunum finnst mér það ekki koma skýrt fram. Hæstv. ríkisstjórn, stórverkefnaaðilar og atvinnugreinarnar þurfa mjög á því að halda að stofnun sem unnt er að skilgreina sem sjálfstæða óháða stofnun sé starfrækt svo gæta megi jafnvægis. Slík óháð stofnun þarf að hafa sjálfstæði til að gefa, eins og hér er gert, ábendingar um áhrif fjárlagagerða, kjarasamninga, stórframkvæmda og áhættuverkefna sem hafa áhrif á gengi og efnahagsmál í landinu.

Virðulegi forseti. Ég rakti annál í heftinu Þjóðarbúskapnum, og það er kannski sá annáll efnahagsmála ársins 2000 sem er lykillinn að því að menn fylgja málinu eftir og ætla að leggja stofnunina niður. Hér er að finna mjög alvarlegar ábendingar til hæstv. ríkisstjórnar um að hún sé að missa tök á efnahagsmálum. Ég tel rétt að láta komandi sumar líða og

nýta það betur til að skilgreina á hvaða hátt og hvað það er sem við viljum fá í staðinn. Ég sé ekki, virðulegur forseti, að það liggi nægilega fyrir. Þess vegna ætla ég að ljúka máli mínu með því að beina spurningu til hæstv. starfandi forsrh. og inna hann eftir hugmyndum hans um sjálfstæða óháða stofnun sem unnt er að skilgreina á þann veg sem ég tel að þurfi að vera og sé hægt að treysta sem slíkri, stofnun sem gefur upplýsingar sambærilegar við það sem leitað hefur verið eftir hjá Þjóðhagsstofnun, m.a. af minni hlutanum í fjárln. og fjárln. í heild. Eins hafa einstakir þingmenn getað treyst því að þar er verið að setja fram óháðar viðmiðanir og áætlanir.

Fram hefur komið í máli þingmanna og hv. þm. Jóns Bjarnasonar núna rétt áðan sá mismunur sem orðið hefði ef stuðst hefði verið við áætlanagerð Þjóðhagsstofnunar við fjárlagagerðina miðað við áætlanagerð fjmrn. Með fullri virðingu fyrir þeim sem tilnefndir eru til að taka við hlutverkum eru þeir að mínu viti, hæstv. utanrrh. og starfandi forsrh., allir á einhvern hátt háðir atvinnulífi, pólitík eða fjármálastarfsemi. Þess vegna sé ég ekki að það sé kominn neinn skilgreindur aðili í þessum hugmyndum í lagafrv. Það er engin skilgreining á því hvers konar aðili á að koma í staðinn. Það er engin hugmynd að skipuriti um hvernig svona stofnun á að starfa. Þess vegna legg ég þessar spurningar fram og ég geri atugasemdir og tel að skynsamlegt sé að fresta málinu.

[14:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins reyna að svara þeirri spurningu sem hér kom upp. Ég tel að með þeirri skipan sem þarna er gert ráð fyrir muni fjárln. fá frv. til fjárlaga í sínar hendur eins og það er afgreitt frá ríkisstjórn og undirbúið af fjmrn. á grundvelli þeirrar vinnu sem þar fer fram. Síðan getur fjárln. leitað til Seðlabankans um álit á því sem þar stendur og þeim forsendum sem þar eru til staðar. Fjárln. í heild, minni hluti fjárln. eða stjórnmálaflokkar geta jafnframt leitað til annarra stofnana í þjóðfélaginu eins og bankanna sem eru með álit á slíkum málum. Það er líka eðlilegt að leitað sé til aðila vinnumarkaðarins um álit á þeim forsendum sem þarna eru fyrir hendi þannig að möguleikarnir til að kalla fram upplýsingar sem geta verið gagnrýnar á það sem liggur fyrir frá ríkisstjórninni eru mjög miklir og miklu meiri en nokkru sinni fyrr. Ég sé því enga ástæðu, hv. þingmaður, til að óttast um það fyrir hönd t.d. stjórnarandstöðuflokka, hverjir sem þeir eru á hverjum tíma, að ekki verði hægt að sjá vel fyrir þeim málum. Og ég skil þá þörf sem þarna er fyrir hendi. Ég held að enginn geti dregið sjálfstæði Seðlabankans í þessu sambandi í efa. Þjóðhagsstofnun heyrði undir forsrn., og heyrir. Seðlabankinn heyrir ekki undir neinn. Hann er að vísu á ábyrgðarsviði forsrn. eins og málum er skipað í dag en Seðlabankanum er tryggt algjört sjálfstæði með lögum um hann.

[14:08]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. starfandi forsrh. fyrir svar við þessari spurningu sem ég bar fram. En ég vil og verð að benda á að við fjárlagagerðina hefur fjárln. gjarnan kallað til þá aðila sem hann nefndi hér, Seðlabanka, stuðst við gögn frá honum, fulltrúa vinnumarkaðarins á stundum, og er gleggst að minnast þess að við síðustu fjárlagagerð virðist, eins og nú er komið í árinu, sem markaskasta spáin hafi verið spá Þjóðhagsstofnunar. Það er eðlilegt að maður haldi í það vegna þess að það var gífurlegur munur á spá Þjóðhagsstofnunar og spá fjmrn. í áætlunargerðinni. Þess vegna hugsar maður málið þannig að þar hafi verið, og maður treystir því, óháð stofnun, og þess vegna kalla ég eftir þessu og hef áhyggjur af að Seðlabankinn sé háður — þótt hann eigi að vera óháð stofnun — á einhvern hátt því stjórnvaldi sem hann lýtur. Alveg sama er með peningastofnanirnar. Þær geta verið óhagstæðar stjórnvöldum, maður veit ekkert um það. Kannski er alltaf hægt að efast um að hægt sé að útbúa sjálfstæða og óháða stofnun en reynsla mín þau ár sem ég hef starfað í virðulegri fjárln. er sú að við höfum fengið traustustu og haldbestu ábendingarnar um fjárlög og efnahagsmál frá Þjóðhagsstofnun.

[14:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hv. þingmaður og aðrir hafa fengið ágætar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun og notið starfa hennar. Það hefur sá sem hér stendur jafnframt gert, bæði sem stuðningsmaður ríkisstjórnar og í stjórnarandstöðu.

Það er náttúrlega langt frá því að það sé eitthvert sérstakt hagsmunamál ríkisstjórnar á hverjum tíma að byggja á vitlausum spám. Það er náttúrlega alveg fráleit hugsun af ríkisstjórn og meiri hluta að byggja vinnu sína á einhverjum falsvonum um framtíð. Það kemur ávallt í bakið á mönnum. Menn hljóta að reyna að gera sér sem raunhæfastar hugmyndir um framtíðina til að geta tekið réttar ákvarðanir, og þó að þarna beri stundum í milli getum við ekki fullyrt að einhver sé óskeikull í þeim efnum. En ég sé enga ástæðu til að efast um vilja Seðlabankans í þessum málum. Dettur einhverjum í hug að Seðlabanki Íslands fari að láta hafa sig í það að koma með rangar spár til að þóknast ríkisstjórn á hverjum tíma? Það liggur alveg ljóst fyrir að þar með væri Seðlabankinn rúinn trausti sem gæti haft áhrif á ýmsa þætti efnahags- og peningamála, gengi og trú á íslenskt samfélag. Það vill svo til að Seðlabankinn hefur ákveðið að stórauka starf sitt á þessu sviði þannig að hann geti lagt sjálfstætt mat á þessa þætti og komið sér upp upplýsingakerfi sem sé óháð öðrum. Þetta hefur komið fram í samtölum mínum við Seðlabankann og ég treysti því að þeir muni gera það með hlutlægum hætti.

[14:13]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka enn svör hæstv. starfandi forsrh. Ég er ekki að væna Seðlabankann eða aðrar stofnanir um óheilindi heldur er ég bara að velta fyrir mér þeim hagsmunum sem þeir þurfa að líta til í hvert skipti.

Ég hef áhyggjur af því ef færa á Þjóðhagsstofnun, þau störf sem þar voru, til aðila sem eru á einhvern hátt háðir, hvort sem það eru peningastofnanir, atvinnulífið eða enn annað. Ég tel að þjóðhagsspá og áætlanir eigi að vinna af sérstakri stofnun. Ég tel að hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð eigi að vera sameiginlega í sérstakri stofnun og ég tel að við þurfum að hafa stofnun sem lætur alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Ég hygg að við séum ekki ósammála, ég og hæstv. starfandi forsrh., í þessum efnum. Ég kallaði eftir því hvort einhver skilgreind hugmynd væri til um þetta en mér sýnist að menn ætli sér að flytja þessi verkefni ýmist til atvinnulífsins, aðila vinnumarkaðarins, Seðlabankans eða jafnvel treysta á það sem væri kallað óháðar peningastofnanir.

[14:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur allt í einu birst frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun. Satt að segja vorum við hætt að eiga von á því á hv. Alþingi að slíkt mál kæmi fram svo mjög sem liðið er á það þing sem nú stendur. Manni datt ekki lengur í hug að þetta mál kæmi fram.

Hins vegar vissu menn svo sem af því að áhugi var á því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Sá áhugi virtist á tímabili a.m.k. vera fyrst og fremst hjá hæstv. forsrh. sem lýsti því eftirminnilega yfir að hann teldi að leggja ætti þessa stofnun niður.

En ég minnist þess að þegar hæstv. forsrh. lýsti þessu yfir, héldu framsóknarmenn ró sinni mjög og töldu enga ástæðu til þess að leggja þessa stofnun niður. Þeir sögðu að það hefði ekki verið rætt í ríkisstjórn og það væri, að því sem mér skildist, allt að því fráleitt að ræða það að leggja þessa stofnun niður eða a.m.k. að framkvæma það þó menn hefðu kannski viljað ræða málið. En þetta, sem helst nú varast vann, varð þó að koma yfir hann, var einhvern tíma ort. Nú liggur það sem sagt fyrir hæstv. utanrrh. og formanni Framsfl. að mæta sjálfur með þetta mál og mæla fyrir því í sölum hv. Alþingis. Mér finnst það út fyrir sig honum mátulegt að þurfa að gera það sjálfur. En ég er satt að segja ekki ánægður með þetta frv. Ég tel að með því fyrirkomulagi sem menn ætlast til að taki við sé ekki með sama hætti greiður aðgangur að upplýsingum sem eru unnar í umhverfi sem ekki er undir áhrifum af einhverju tagi. Þjóðhagsstofnun var óháð stofnun sem gat, án þess að vera sjálf þátttakandi í málefnum sem um var verið að tefla, metið og skoðað horfur og spáð um framtíðina og látið koma fram hvað hún teldi líklegast.

Hagstofan er eins og allir vita miklu tengdari forsrn. og forsrh. Ég efast um að menn muni taka með sama hætti — ég efast reyndar ekki um það. Ég er sannfærður um að menn munu ekki taka með sama hætti mark á tölum, spám og yfirlýsingum þaðan og frá Þjóðhagsstofnun. Með allri virðingu fyrir Seðlabankanum, þó svo hann eigi að vera sem sjálfstæðastur og að menn hafi samþykkt lagabreytingar til þess að gera hann sjálfstæðari en hann hefur verið, þá er Seðlabankinn líka gerandi hér í efnahagsmálum. Hann tekur ákvarðanir. Hann gerir spár og hann reynir að taka ákvarðanir sem eru í takt við þessar spár. Á þeim bæ er örugglega tilhneiging til þess að reyna að láta hlutina koma út, eðlilega, í samræmi við það sem þeir hafa spáð á þeim bæ og er svo sem ekkert nema gott um það að segja. En frá honum er að mínu viti ekki endilega að vænta heildaryfirsýnar með sama hætti óháð verkefnum hans eins og frá Þjóðhagsstofnun. Og verkefni sem fara til ASÍ úr þessum ranni verða auðvitað unnin af fullum heilindum þar. En menn geta ekki heldur gleymt því að þar á bæ hafa þeir það helst hlutverka að passa upp á umbjóðendur sína, verja hagsmuni þeirra og reyna að hafa áhrif á þjóðfélagsmálin með öllum sínum gerðum til hagsbóta fyrir þann hóp.

Það sama má segja um hin ýmsu samtök atvinnulífsins að þau hafa líka hagsmuni umbjóðenda sinna að verja. Taka ber upplýsingar, athuganir og spár þessara aðila allra með slíkum fyrirvörum. Ég get því ekki séð annað en að málið standi einfaldlega þannig þegar menn hafa tekið ákvörðun um að leggja Þjóðhagsstofnun niður, að í raun geti engin stofnun eða aðili farið með sama hætti með þessi mál sem hér er um að ræða. Það er miður. Ég tel að menn hefðu þurft að hugsa þessi mál betur og reyna að sjá til þess að einhver aðili væri til staðar í þjóðfélaginu sem menn gætu treyst að væri óháður og mæti þessi málefni sem slíkur. Ég tel líklegt að þingmenn muni ekki fá í hendur spár og umsagnir sem þeir muni geta treyst á sama hátt og þeir hafa talið sig geta treyst því sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara á undanförnum árum, þ.e. eftir að búið er að leggja hana niður. Þó svo að hæstv. ráðherra hafi sagt hér áðan að menn gætu leitað til bankanna t.d. og skoðað spárnar frá þeim þá er auðvitað allt annar hlutur þar á ferðinni og verður til í allt öðruvísi umhverfi. Mér finnst sem sagt að menn hefðu þurft að gefa sér betri tíma til að fara yfir þessi mál. Málið er seint fram komið. Ég tel að það þurfi að leggja fram tillögur um breytingar ef menn ætla sér að leggja niður Þjóðhagsstofnun, sem a.m.k. gæfu möguleika á því að vinna spár á sambærilegan hátt og gert hefur verið hjá Þjóðhagsstofnun.

Ég verð því miður að segja að ég tel að allt þetta mál sé merki um að þarna hafi farið fram kaupskapur milli stjórnarflokkanna. Hæstv. forsrh. var greinilega mjög mikið í mun að ná því fram að þessi stofnun yrði lögð niður og nú er mönnum allt í einu alveg sama hvort skipulagsbreytingar valda sparnaði eða ekki. Nú liggur það bara fyrir í umræðunni og enginn kippir sér upp við það á stjórnarheimilinu að verið sé að gera skipulagsbreytingu til að leggja niður stofnun og það sparist ekki neitt á því, menn muni bara borga meira fyrir það sem þessi stofnun framleiddi og afurðirnar muni ekki vera sambærilegar. Það er mín skoðun. Afurðirnar verða ekki sambærilegar. Það verður ekki hægt að treysta þeim með sama hætti og það hefur ekki verið rökstutt í umræðunni af þeim hv. þingmönnum og ráðherra sem ég hef hlustað á að hægt verði að treysta með sama hætti þeim upplýsingum sem menn hafa aðgang að eftir að búið verður að leggja þessa stofnun niður.

Til hvers er þá verið að standa í þessu ef menn græða ekki neitt, ef menn bara tapa, borga meira fyrir verri upplýsingar? Ég segi bara: Er þá ekki rétt að skoða málið betur? Er ekki ástæða til þess að leggja þessu máli við stjóra fram á næsta vetur a.m.k. og verður þá einhver skaði að því? Það er svo sem hugsanlegt að Þjóðhagsstofnun hafi beðið slíkan hnekki við þessa umræðu að þar á bæ séu menn ekki að vinna með fullum afköstum og með sambærilegum hætti og þeir gerðu áður. Ég hvet hv. þm. sem eiga sæti í efh.- og viðskn. að fara vandlega yfir það hvort stofnunin muni ekki geta unnið eðlilega fram á næsta vetur meðan menn fara betur yfir þessa hluti en hér hefur verið gert og að tekið verði til vandlegrar íhugunar hvort ekki sé rétt að gefa bæði þingi og þeim aðilum sem hlut eiga að máli tækifæri til að vinna meira og betur að þessu. Mér hefur skilist á umræðunni og yfirlýsingum frá bæði fyrrverandi forstöðumanni þessarar stofnunar og starfsmönnum að þeim hafi ekki verið gefin tækifæri til þess að hafa nokkur áhrif á hvernig heimilinu er skipt upp eða hvað ætti að taka við af þeirri starfsemi sem þarna hefur verið rekin. Ekki er það góður vitnisburður um vinnubrögðin, verð ég að segja, eftir allan þennan tíma því hæstv. forsrh. upplýsti að það hefði verið áhugamál hans býsna lengi að leggja þessa stofnun niður. Ekki er það góður vitnisburður um vinnubrögðin að ekki hafi einu sinni verið hægt að vinna þannig að málum að starfsmenn og forstjóri stofnunarinnar fengju tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum, a.m.k. gefin tækifæri til þess að hlýða á það sem menn höfðu til málanna að leggja.

Ég minnist þess þegar stóra yfirlýsingin kom frá hæstv. forsrh. á fundi Seðlabankans þar sem hann sagði frá því að

verið væri að vinna að því að leggja þessa stofnun niður. Hann sagði í framhaldi af því að einhver starfshópur væri í málinu og að meira að segja forstjóri Þjóðhagsstofnunar væri í þeim starfshópi. En forstjórinn svaraði því til að hann hefði aldrei verið kallaður þar til starfa og ekki virðist hann hafa verið kallaður mikið meira til starfa eftir reiðilestur forsrh. og ákvörðunina um að leggja stofnunina niður því hann skrifaði bréf sem lesið var við umræðuna í morgun, og ég ætla ekki að þreyta hv. þingmenn á að lesa aftur, þar sem hann rekur hinar ýmsu athugasemdir sínar sem ekki hefur verið hlustað á í umfjöllun um þetta mál.

Mér finnst allt bera að sama brunni, að hér sé á ferðinni ákvörðun sem tekin er í einhverju hugarástandi sem menn ættu helst ekki að vera í þegar þeir taka stórar ákvarðanir. Það er því miður ekki einsdæmi að íslenskir ráðherrar taki slíkar ákvarðanir. Ég minnist þess að núna liggur fyrir frv., sem á að ræða hér á eftir, um stofnun nýrrar stofnunar, Umhverfisstofnunar. Það hefur svo sem verið nefnt áður að slík stofnun gæti orðið til. En umfjöllunin um þetta mál hefur ekki tekið mjög langan tíma og mér a.m.k. dettur í hug að ákveðinn árekstur á milli hæstv. umhvrh. og forstöðumanns einnar af stærstu stofnununum sem þarna á að sameina með öðrum hafi valdið því að hæstv. ráðherra hafi stokkið til á síðustu dögum þingsins til þess að leggja þessar stofnanir saman í eina.

Hæstv. forseti. Ég ætla mér ekki að halda hér einhverja langhunda um þetta mál. Mér fannst hins vegar ástæða til að gera athugasemdir við það hvernig að þessu öllu saman er staðið. Ég viðurkenni að ég er óánægður með að það umhverfi sem á að bjóða hv. þingmönnum upp á í framhaldinu af þessari breytingu verði eins og ég lýsti hér áðan þannig að menn geti ekki treyst þeim upplýsingum sem þeir fá jafn vel og að þær verði ekki til í umhverfi sem gefur tilefni til þess að treysta því að þær verði unnar af óháðum aðilum sem ekki láta nein verkefni eða skyldur sínar hafa áhrif á það hvernig staðið er að því að vinna þessi verkefni. Það óttast ég að muni geta gerst ef Seðlabanki, bankar eða ASÍ eða önnur samtök atvinnulífsins fjalla um þessa hluti. Lái mér hver sem vill. Töluverður munur hefur verið á spádómum þessara aðila þó þeir hafi verið að spá tiltölulega stuttan tíma fram í framtíðina. Ég tel þess vegna ástæðu til þess að halda að ég sé að fara með rétt mál.

Hæstv. forseti. Ég mun auðvitað fylgjast með þessu máli. Ég satt að segja vona að hv. þingmenn í efh.- og viðskn. leggi mikla vinnu í að fara yfir þetta. Ég vil alveg sérstaklega fara fram á að menn fari vandlega yfir og leggi ekki til annað hér í niðurstöðu sinni en tillögur sem miða að því að aðgangur Alþingis og annarra í þjóðfélaginu að þeim upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun hefur miðlað fram að þessu verði áfram til staðar og að menn þurfi ekki að efast um að þar hafi óháðir aðilar um vélað.

[14:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hvað er það sem einkennir samtímann? Það eru örar breytingar á flestum sviðum og pólitísk átök um þann farveg sem beina á þessum breytingum í. Hvað er mikilvægt við slíkar aðstæður? Það er mikilvægt að þeir sem taka ákvarðanir hafi góðan aðgang að upplýsingum, góðan óheftan aðgang að upplýsingum og að þeir sem veita upplýsingarnar séu sjálfstæðir, standi á eigin fótum óháðir þeim sem ákvarðanirnar taka.

Þeir sem þekkja til pólitískrar atburðarásar á Nýja-Sjálandi vita að þar er margt sambærilegt við það sem gerst hefur hér á landi. Um 1984 var hafist handa um mjög róttækar þjóðfélagsbreytingar á Nýja-Sjálandi. Þær fólust í einkavæðingu og uppstokkun samfélagskerfisins, og var stundum vísað í Nýja-Sjáland sem eins konar tilraunabúrs fyrir frjálshyggjuna í heiminum og þangað beindu menn sjónum sínum. Þjóðfélagið var í fyrstu mjög dofið og lítið var um andóf. Það gerist ekki fyrr en um 1990 að gagnrýnisraddir fara að magnast. Og hvaðan skyldi gagnrýnin hafa komið? Hún fór fyrst af mjög veikum mætti að heyrast frá aðilum innan verkalýðshreyfingar, innan háskólanna og um 1990 frá nýsjálensku þjóðhagsstofnuninni, National Economic Council.

Hvað skyldi nýsjálenska ríkisstjórnin hafa gert þegar þjóðhagsstofnun þar í landi fór að láta á sér kræla? Hún lagði hana niður. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Árið 1990 frekar en 1991 var þjóðhagsstofnunin á Nýja-Sjálandi lögð niður á nákvæmlega sama hátt og við erum að verða vitni að gagnvart íslensku stofnuninni. Hún leyfði sér að hafa aðrar áherslur en aðrir efnahagsráðgjafar ríkisstjórnarinnar og þjóðfélagsins alls. Þjóðhagsstofnun þjónar ekki aðeins ríkisstjórn heldur Alþingi, þingmönnum og samfélaginu almennt. Hún leyfði sér að hafa aðrar áherslur uppi í sínum spádómum en fjmrn. og aðrir aðilar sem um slík málefni fjalla. Í ágætri ræðu sinni áðan rakti hv. þm. Jón Bjarnason nokkur dæmi um þennan ágreining, t.d. frá því síðast við vinnslu fjárlaganna. Þá kom fram að spádómar um vöruinnflutning og þjónustuinnflutning voru í allveigamiklum atriðum frábrugðnir hjá Þjóðhagsstofnun því sem kom frá fjmrn. Menn vísuðu hér í ræðum sínum í gagnrýni beina og óbeina sem kom fram á hæstv. forsrh. og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum frá Þjóðhagsstofnun og það varð þess síðan valdandi að sá ágæti maður, hæstv. forsrh., birtist í fjölmiðlum og sagði að nú yrði Þjóðhagsstofnun lögð niður.

Í fyrstu bundu menn nokkrar vonir við andóf innan úr ríkisstjórninni því að menn vissu að Framsfl. var þessu andvígur í hjarta sínu. En auðvitað hafa menn kynnst því hvernig sá flokkur hagar sér í hinni pólitísku tilveru. Hann er orðinn að skúffu í skrifborði Sjálfstfl. og iðulega og oftast er sú skúffa tóm. Þegar til kastanna kemur hefur Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. sitt fram.

Ég spurði í upphafi hvað einkenndi samtímann. Örar breytingar og pólitísk átök um þann farveg sem ætti að beina þessum breytingum í. Það er annað sem er einkennandi fyrir íslenskt stjórnarfar nú um stundir. Það er hið sterka framkvæmdarvald. Framkvæmdarvaldið er sterkt. Það er sterkt, ekki vegna þess að andstaðan sé ekki öflug á Alþingi af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hún gerir það sem hún getur, það sem hún megnar. En stjórnarandstaðan er stjórnarandstaða vegna þess að hún er í minni hluta og fær ekki alltaf miklu þokað öðru en að reyna að varpa ljósi á málin og hafa áhrif á gang þeirra. En framkvæmdarvaldið er fyrst og fremst sterkt vegna þess hve stjórnarmeirihlutinn sem ríkisstjórnin styðst við er veikur. (**Gripið fram í:** Leiðitamur.) Leiðitamur er sennilega réttara hugtak, leiðitamur. Við erum að verða vitni að því hvernig niðurlæging stjórnarmeirihlutans birtist okkur í þeim málum sem hér eru til umræðu, þ.e. Þjóðhagsstofnun og máli sem leitað var afbrigða við í dag og kemur síðar til umræðu á þinginu, 20 milljarða tryggingu ríkissjóðs við fyrirtækið deCODE.

Það er greinilegt að vitað var um það mál fyrir allnokkru síðan vegna þess að þegar menn láta hugann reika aftur í

tímann þá minnumst við þess þegar hæstv. forsrh. ávarpaði, hvort það var Verslunarráðið eða Samtök atvinnulífsins og vék að þessu máli sérstaklega. Hann sagði hvað stæði fyrir dyrum án þess að fjalla ítarlega um það. Nú er að koma í ljós um hvað málið snýst. En eigin þingmönnum, samherjum á þinginu, er kynnt þetta á þingflokksfundum í gær og það er í þessari framkomu sem ljóst verður hve veikur stjórnarmeirihlutinn er og leiðitamur, að allt þetta skuli nást fram á þennan hátt.

Við sem höfum uppi efasemdir og gagnrýni á það mál eða þetta sem er hér til umræðu vitum að við eigum þungan róður fram undan vegna þess að nú vitum við að búið er að múlbinda samstarfsmennina á þingi. Þetta kennir einfaldlega reynslan okkur. Það er við þessar aðstæður, örar breytingar og sterkt framkvæmdarvald, að mikilvægt er að styrkja frjálsar stofnanir, óháðar stofnanir sem sýsla með upplýsingar í samfélaginu sem lúta að efnahagsmálum. Ýmsar stofnanir hafa þetta verkefni með höndum, bæði á vegum opinberra aðila og einnig annars staðar í samfélaginu, þ.e. Seðlabankinn, Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun og Hagfræðistofnun háskólans sem nýr aðili sem er kominn til sögunnar. Hæstv. *utanrrh. vísaði í bankana, hagdeildir þeirra og hagdeildir* samtaka launafólks. Það eru ýmsir aðilar sem sinna þessu hlutverki. En þótt ég hafi ekki alltaf verið sammála öllu sem kemur frá Þjóðhagsstofnun, því það hef ég ekki alltaf verið, þá hef ég talið mjög mikilvægt að efla einmitt þá stofnun. Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum lagt fram þáltill. í þá veru. Við höfum verið með hugmyndir um að Þjóðhagsstofnun yrði færð undir Alþingi, gerð að sjálfstæðri stofnun sem þjónaði Alþingi sérstaklega. Á þingfundinum í dag er einmitt til umfjöllunar þetta þingmál okkar sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að setja á fót nefnd til að gera úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar allra þingflokka, einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og einn fulltrúi forsætisráðuneytis og skal hann jafnframt vera formaður. Verkefni nefndarinnar verði, auk almennrar úttektar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi."

Þetta er mjög í anda þess sem frv., sem lagt var fyrir Alþingi fyrir fáeinum árum, kveður á um, en 1. flm. þess var núv. hv. formaður þingflokks Framsfl., Kristinn H. Gunnarsson. Hann lagði til ásamt þremur öðrum þingmönnum að þetta yrði gert. Þar í hópi voru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og þingmennirnir Lúðvík Bergvinsson og Gísli S. Einarsson. Þetta er á dagskrá núna en hefur ekki fengist rætt. Ef eðlilega hefði verið að málum staðið hefði þetta þingmál verið tekið til umfjöllunar í þingflokkum Framsfl. og Sjálfstfl. um leið og þessar hugmyndir hæstv. *forsrh. voru* kynntar, þ.e. ef menn á annað borð hefðu viljað fá málefnalega umræðu um hvernig best yrði að þessum málum staðið í framtíðinni.

Í frv. ríkisstjórnarinnar kemur fram að þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur nú með höndum, þar á meðal margvísleg skýrslugerð og upplýsingaöflun fyrir alþingismenn, fyrir nefndir Alþingis og upplýsingar til aðila vinnumarkaðarins um efnahagsmál o.s.frv., verði færð til annarra aðila. Þrír aðilar eru nefndir sérstaklega, þ.e. Hagstofan, Seðlabankinn. Núna segja menn að Seðlabankinn sé sjálfstæður og það er alveg rétt að í 1. gr. laga um Seðlabanka er einmitt kveðið á um að hann sé og eigi að vera sjálfstæð stofnun. Engu að síður kemur einnig fram í lögum um Seðlabankann að hann skuli „... stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, ..." svo ég vitni orðrétt í 3. gr. laganna, með leyfi forseta. Því hefur hann annað hlutverk en Þjóðhagsstofnun hefur haft að þessu leyti varðandi alla upplýsingaöflun til aðila.

Hvert eiga menn þá að snúa sér hér eftir um upplýsingaöflun? Hæstv. utanrrh. hefur nefnt samtök á vinnumarkaðnum, ASÍ, og hann talaði áðan um bankana. Ég veit ekki hvort hann ætlast til þess að þingmenn og þingnefndir leiti þangað. Að sjálfsögðu eru þetta ekki óháðir aðilar. Þetta eru aðilar sem eiga að vera sterkir og eiga að hafa sterkar hag- og greiningardeildir, og það á að sjálfsögðu við um öll samtök launafólks. Það er mikilvægt að bankarnir hafi á að skipa sterkum og öflugum sveitum sérfræðinga. Síðan er það Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Hvað er að gerast þar á bæ? Jú, þar er einmitt að færast í aukana að aðilar í þjóðfélaginu snúi sér þangað um alls kyns úttektir gegn greiðslu. Gegn greiðslu? Þetta er ekki lengur frjáls þjónustustarfsemi vegna þess að samfara þessum breytingum er verið að innleiða slíka hættu. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinnur úttektir fyrir aðila í þjóðfélaginu gegn greiðslu. Er verið að fara inn á það svið? Eiga menn að þurfa að kaupa sér aðgang að upplýsingunum? Er það þetta sem menn vilja?

Hér er ég aftur kominn til Nýja-Sjálands. Það sem hið pólitíska vald gerði þar þegar gagnrýnin fór að láta á sér kræla var að ýta til hliðar öllum þeim sem höfðu slíka gagnrýni uppi. Þess vegna var þjóðhagsstofnunin í Nýja-Sjálandi lögð niður, nákvæmlega eins og menn ætla að gera hér núna.

Herra forseti. Ýmsum spurningum er ósvarað í þessu máli, og þá horfi ég ekki síst til þeirra verkefna sem menn eru að færa frá Þjóðhagsstofnun til annarra aðila. Menn hljóta þá að spyrja hvaða aðgengi þeir muni hafa að þeim aðilum. Er ætlast til að samtök á vinnumarkaði leiti til Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um allar upplýsingar? Er það það? Ég spyr. Auðvitað þurfa að fást upplýsingar vegna þessa.

Herra forseti. Undir lokin, af því að ég hef ekki ótakmarkaðan tíma í þessari umræðu um málið, langar mig til að vísa í álitsgerð frá fulltrúum Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar á þessu frv. Þar er kveðinn upp þungur áfellisdómur yfir þeim sem standa að þessari lagasmíð. Hún lýtur fyrst og fremst að þeim verkefnum og því starfi sem unnið hefur verið innan Þjóðhagsstofnunar, og áhyggjum er lýst yfir hvert nú stefni. Í niðurlagi bréfsins, og ég vil leggja áherslu á að þessir fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar gera það ekki að aðalatriði, er vísað í framtíð starfsmanna sem þar starfa. Þeir starfsmenn sem veita þetta álit leggja ekki þyngsta áherslu á það atriði en ég vil gjarnan gera það í mínu máli, þ.e. hvaða *framtíð þessu fólki yrði búin ef þetta frv. yrði samþykkt.* Upphaflega mun hafa verið rætt um það við fólkið að því yrðu tryggð sambærileg störf og það gegnir nú en á öðrum vettvangi, í öðrum stofnunum, sem það yrði flutt nauðungarflutningum til. En nú er búið að breyta orðalaginu og talað er um að starfsfólkinu skuli fundið starf, eitthvert starf. Þetta þarf að sjálfsögðu allt að skoðast. En í upphafi bréfsins segja fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar eru algerlega mótfallnir þeim áformum er birtast í frumvarpinu og telja að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar

um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu samstarfshópsins hefur í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar."

Í greinargerð sem fylgir frv. er einmitt vísað í þennan starfshóp sem greinilega hefur unnið að þessum málum nánast til málamynda vegna þess að niðurstaðan var ákveðin. Hæstv. forsrh. birtist í fjölmiðlum og sagðist ætla að leggja þessa stofnun niður, þessa stofnun sem hafði vogað sér að setja fram gagnrýni á efnahagsstefnu hans og ríkisstjórnarinnar. Síðan eru búnir til málamyndastarfshópar til að ræða málin en niðurstaðan er fyrir fram gefin. Það sem mér finnst ömurlegt við þetta, ekki síst eftir þau orð sem uppi voru höfð á sínum tíma af hálfu Framsfl., er að hann skuli láta þetta yfir sig ganga.

[14:51]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hér ræða menn forsendur þess að Þjóðhagsstofnun er slegin af. Ef farið er yfir þá reynslu sem menn hafa og þekkingu á starfsemi Þjóðhagsstofnunar hefur aldrei komið fram nein bitastæð gagnrýni á starfsemi hennar. Aldrei. Hún hefur staðið ótrúlega vel í stykkinu, gegnt hlutverki sínu ámælalaust og verið óhlutdræg í umsögn sinni og álitsgerðum á hinum þýðingarmestu þjóðmálum. Hverjar eru þá forsendurnar fyrir því að hún er lögð niður? Þær eru ekki til nema geðbrigði formanns Sjálfstfl. Menn hafa verið að binda einhverjar vonir við það að Framsfl. mundi spyrna við fæti og hann hefur talað í þá veru. Aldrei hefur mér dottið það í lifandi hug. Til þess þykist ég þekkja of vel innihald þess flokks sem nú er orðinn kleppur í hala Sjálfstfl. í öllum málum.

Það á sem sagt að leggja þessa óhlutdrægu, mikilvægu stofnun af sem til að mynda hefur verið hinu háa Alþingi mjög gagnleg og þýðingarmikil í meðferð hinna mikilvægustu mála, og færa starfsemi hennar undir ráðuneyti til að mynda, og Seðlabanka svo að eitthvað sé nefnt. Greinilega er verið að færa þetta nær ríkisvaldinu sjálfu.

Menn tala um að í 1. gr. laga um Seðlabanka sé tekið fram að hann sé sjálfstæð og óháð stofnun. Þar stjórna þeir menn sem eru rækilegustu taglhnýtingar ríkisstjórnarvaldsins, Birgir Ísleifur Gunnarsson og Finnur Ingólfsson. Rækilegustu taglhnýtingar sem fyrirfinnast og halla aldrei neinu til öðruvísi en hafa vitað fyrir fram til hvers var ætlast af þeim af ríkjandi stjórnvaldi, þeim sem nú sitja. Og einhvern hluta af þessu á að færa undir vinnumarkaðinn eða öllu heldur ASÍ eins og nú standa sakir, en auðvitað hafa samtök atvinnurekenda gert vart við sig og talað um jafnræðisregluna. Er trúlegt að álitsgerð frá þessum samtökum um þýðingarmestu mál, t.d. í fjármála- og efnahagskerfinu, verði talin og geti talist óhlutdræg? Það er ekki verið að væna þessa menn um óheiðarleik en þeir hljóta að álykta út frá sínum eigin hagsmunum fyrst og fremst sem þurfa ekki að fara saman við almannahag.

Þessu fylgja stóraukin útgjöld og ekkert láta menn sér það í augum vaxa. Sjálfur flutningur stofnunarinnar kostar tugi millj. króna. Glansmyndasmiðirnir sem stöðugt tala um hina miklu velferð íslenskrar þjóðar skoða ekki hug sinn um að verja fjármunum til allra sinna geðþóttaverkefna. Þeir ættu að rifja upp fyrir sér biðraðirnar hjá mæðrastyrksnefnd. Kannski er það ónotaleg mynd sem þar birtist og þá verður kannski þess að vænta að fram verði lagt frv. um að leggja hana niður til þess að fækka óþægindum, og þá Hjálparstofnun kirkjunnar. Hver veit hvaða geðþótti tekur við, og skapbrigðaframferði?

Þessi vinnubrögð sem við stöndum frammi fyrir eru ekki vinnubrögð sem hægt er að sætta sig við. Þau eru auðmýkjandi fyrir stjórnarflokkana sem ætlast er til að samþykki þessi ósköp. Þau niðurlægja þá ágætu starfsmenn sem skilað hafa verkefnum sínum með sóma í Þjóðhagsstofnun um árabil. Það er það sem upp af stendur þegar við þessi vinnubrögð er skilist af stjórnarmeirihlutanum. Nei, hér er svo langt gengið að upphaf og endir þessa máls er geðröskunarmál, nýyrði sem formaður Sjálfstfl. mun hafa fundið upp, geðröskunarmál þess manns.

[14:57]

Útbýting þingskjala:

Álbræðsla á Grundartanga, 716. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1193.

Ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum, 628. mál, svar menntmrh., þskj. 1127.

Vaxtamunur og þjónustutekjur bankanna, 626. mál, svar viðskrh., þskj. 1192.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætlaði að nota seinni ræðu mína til að gera aðeins betur grein fyrir þeirri till. til þál. um skoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar sem við höfum flutt og var dreift á Alþingi fyrir miðjan marsmánuð að gefnu tilefni, reyndar endurflutt tillaga frá síðasta vori, og er hér síðust á dagskrá þessa fundar ef ég veit rétt. Það er eðlilegt að hún sé rædd eða skoðuð í samhengi við þetta frv. Ég leyfi mér og hlýt reyndar, herra forseti, að láta í ljósi nokkra óánægju með að þingmál af þessu tagi, dagskrármál um viðfangsefni sem brennur á mönnum, kemst ekki einu sinni á dagskrá af þeirri einföldu ástæðu að það er flutt af þingmönnum en er ekki forgangsmál ríkisstjórnar. Þetta er, herra forseti, að mínu mati ein skýringin á því að Alþingi Íslendinga sem stofnun nýtur ekki þeirrar virðingar sem hún gjarnan mætti gera. Við berum ósköp einfaldlega ekki næga virðingu fyrir okkar eigin störfum og hlutverki á þinginu, og forsetar þingsins hljóta auðvitað að axla sinn hluta af þeirri ábyrgð. Með þeirri algeru þjónkun undir forgangsröðun ríkisstjórnar á málum sem hér er sýnd gerist það t.d. að ef þingmenn vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri, leggja til efnistök í sambandi við mál af þessu tagi, þegar allt í einu kemur upp sú hugmynd að slá Þjóðhagsstofnun af, kemst það ekki á dagskrá. Það sjónarmið fæst ekki einu sinni rætt heldur er beðið og beðið eftir því að ríkisstjórnin komi sér með hrossakaupum eða einhverjum öðrum aðferðum saman um hvað eigi að verða þar ofan á. Því er rúllað hérna inn á færibandið þegar frestir til að leggja fram ný þingmál eru löngu liðnir, og svo er ýtt á hnappinn. Í gegn með það. Það þarf baráttu til að svo mikið sem fá inn á dagskrá þingfundarins þingmál sem hér hefur legið fyrir um margra vikna skeið.

Tillaga okkar gengur út á það að Alþingi setji á fót nefnd til að gera ítarlega úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Í nefndinni sitji fulltrúar allra þingflokka, fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi frá forsrn. Verkefni nefndarinnar verði, auk almennrar úttektar á starfi Þjóðhagsstofnunar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi.

Ég leyfi mér að segja, herra forseti, að ekki væri það mikið þó að hæstv. ríkisstjórn féllist á að sumarið yrði tekið í þetta. Ég segi fyrir mitt leyti að ég væri tilbúinn til að fallast á það í staðinn að þegar niðurstaða úr slíku starfi lægi fyrir með haustinu, t.d. í októbermánuði, afgreiddi þingið frá sér lyktir málsins, og eins þótt þær yrðu mér ekki endilega að skapi. Þá væri búið að fá vandaða vinnu í nefnd yfir sumarið, skoðun, starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hefðu komið sjónarmiðum sínum að og menn hefðu gefið sér aðeins tíma til að tala saman og fara yfir hlutina. Þetta eru, herra forseti, alveg ömurleg vinnubrögð, að sjá hvernig ríkisstjórnin þjösnast áfram með pólitísk gæluverk af þessu tagi eða bara einhver einkaþráhyggjumál eins einasta ráðherra sem að vísu í þessu tilviki er hæstv. forsrh. En það er alveg sama, geðvonskuköst og einkaþráhyggja einstakra stjórnmálamanna á ekki að ráða svoleiðis lögum og lofum í lýðræðisríki og þingræðisríki að öllu sé rutt til hliðar, öllum faglegum, vönduðum vinnubrögðum, viðhorfum starfsmanna eða því að skoða málin og velta upp ólíkum möguleikum. Svo láta menn hafa sig í það, þar á meðal samstarfsflokkur forsrh., að ganga í flórmoksturinn eins og ég kalla það. Þetta er ekkert annað, þeir vaða flórinn upp að hnjám, framsóknarmenn, í þessu máli eins og fleirum þegar ordrurnar koma, hvort sem þær koma frá Víetnam í það skiptið eða einhvers staðar annars staðar frá. Einhvern tíma hefði þótt saga til næsta bæjar að íslenski utanrrh. tæki við fyrirmælum frá Víetnam. En það er þannig þessa dagana.

Hæstv. utanrrh. telur alveg fráleitt að setja þessa stofnun undir Alþingi, það væri óeðlileg aðgreining hins þríþætta valds. Það fer vel á því að hæstv. utanrrh. sitji í þessum töluðum orðum við hliðina á Kristni H. Gunnarssyni — ef hv. þingmaður mætti viðbindast augnablik þarna í hliðardyrum — ég er með frv. í höndunum frá 1997–98, 122. löggjafarþingi, um breytingu á lögum um Þjóðhagsstofnun, nr. 54/1974, með síðari breytingum. Fyrsti flutningsmaður Kristinn H. Gunnarsson, annar flutningsmaður Lúðvík Bergvinsson, þriðji sá sem hér talar og fjórði Gísli S. Einarsson.

Frv. gengur samkvæmt 1. gr. út á að 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og starfar á vegum Alþingis. Forsætisnefnd Alþingis ræður forstjóra hennar til fimm ára í senn ...“ o.s.frv.

Ekki eldra þingmál en þetta var flutt af formanni þingflokks Framsfl. Hann vildi ekki bara kanna þá tilhögun að stofnunin fengi skjól af Alþingi, nei, hann vildi lögbinda hana strax, þá tilhögun sem hæstv. utanrrh. segir núna í nauðvörn sinni fyrir þessu gæluverkefni forsrh. að sé ómögulegt. Þeir þurfa að ræða eitthvað saman held ég, formaður Framsfl. og formaður þingflokksins. Þeir ættu að halda með sér einkafund. Hvort þeir hafa þar á boðstólum kaffi og kleinur eða eitthvað annað má einu gilda ef þeir gætu aðeins samræmt sjónarmið sín í þessu máli.

Í þriðja lagi, herra forseti, liggur fyrir að hér er verið að sóa fé. Frá byrjun hefur legið fyrir að það á að sóa peningum í þetta gæluverkefni. Reksturinn verður frá byrjun dýrari en heildarrekstrarkostnaður Þjóðhagsstofnunar er í dag. Þar til viðbótar kemur kostnaður Seðlabankans og þá það sem á að verðlauna ASÍ með fyrir þægðina auk biðlauna, flutningskostnaðar og annarra slíkra hluta sem mælast kannski af stærðargráðunni 50–70 millj. kr. Það eru ekki auralausir menn sem hafa ráð á þessu enda eru tölur stórar um þessar mundir, samanber 20 milljarðana. Þeir eru hættir að leika sér með aukastafina, þessir menn. Það er ekki baunatalning sem fer fram núna á stjórnarheimilinu þegar milljónatugirnir fjúka á báða bóga og milljarðatugirnir falla til í ríkisábyrgðum, og það tekur þingflokk Sjálfstfl. kortér að afgreiða málið. Samkvæmt nákvæmum upplýsingum mun málið ekki hafa verið öllu lengur á dagskrá fundarins (**Gripið fram í:** Sextán og hálfa.) eða kannski sextán og hálfa mínútu er hér upplýst, ekki var það meira. Hún er dýr, hver mínútan, hjá þessum háu herrum, er það ekki, þegar ábyrgðirnar rúlla í gegn.

Nei, herra forseti. Auðvitað er það þannig hvort sem við nálgumst þetta mál frá hinum sögulega bakgrunni, hinum efnislegu þáttum þess eða hvernig það ber að Alþingi allt of seint að þinginu er auðvitað sýnd fullkomin lítilsvirðing dag eftir dag með því að rúlla málunum glóðvolgum úr ljósritunarvélunum. Það má aldrei bíða eftir prentverkinu, það liggur svo á með málin að prentverkið er orðið langt á eftir. Þetta er allt ljósritað núna og svo er bara afbrigði og aftur afbrigði við því að taka þessi mál á dagskrá. Það er verið að leggja niður stofnanir eða umbylta öðrum og þykir alveg sjálfsagt mál.

Ég held að ég verði að segja, herra forseti, að þessi vinnubrögð eru verri en mig rekur minni til að hafi verið í háa herrans tíð, og í raun og veru þau bráðum 19 ár sem ég er búinn að vera hér. Ég held að aldrei hafi ríkt annað eins kaos í sambandi við framlagningu þingmála og vinnubrögð og skipulag á þinginu örfáum sólarhringum áður en til stendur að ljúka störfum. Stórmálin rúlla hér inn og höfðinginn sjálfur, hæstv. forsrh., er bara að sóla sig í útlöndum og er með fótgönguliðið í verkunum.

Þetta er, herra forseti, líka angi af því að þingræðið á Íslandi er veikt, og hefur veikst núna síðustu árin. Ég fullyrði það þó að mér þyki miður að þurfa að segja það. Það ber öll merki þess að hér hefur setið valdamikill flokkur í sterkum meirihlutastjórnum sem ekkert tillit hefur þurft að taka til þingsins um árabil. Hann hefur haft sér við hlið geðlitlar hækjur sem hafa lekið niður og framkvæmt stefnu Sjálfstfl. meira og minna athugasemdalaust. Annað væri upp á teningnum ef hér væri sterkt rótgróið þingræði, svo ég tali nú ekki um t.d. ef maður ber þetta saman við þau lönd þar sem minnihlutastjórnir hafa setið, þær sem hafa þurft að taka tillit til þingsins og semja um framkvæmd mála sinna gagnvart því. Þá væru þessi hlutföll allt önnur. Þetta er því, herra forseti, angi af því máli sem er auðvitað dapurlegt að þurfa að ræða, að framkvæmdarvaldið er gjörsamlega hugsunarlaust farið að telja það sjálfgefinn hlut að valta yfir Alþingi eins og því sýnist.

[15:09]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að taka þátt í þessari umræðu um frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingum.

Eins og allri þjóðinni er ljóst á að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Mér finnst þetta vera þvílík valdníðsla og í sjálfu sér eftir öðru á þessu háa þingi og þeim vinnubrögðum sem nú eru viðhöfð að maður getur ekki setið undir þessu án þess að koma aðeins inn í umræðuna.

Þjóðhagsstofnun þarf að taka breytingum eins og aðrar stofnanir í samræmi við þróunina, og ég tel að Þjóðhagsstofnun hafi gert það. Það sem er þó mikilvægast af öllu er að við eigum óháða og sjálfstæða stofnun sem getur gefið Alþingi, ríkisstjórn og þjóðinni þjóðhagsspár og þær upplýsingar sem við getum öll treyst að séu óháðar.

Nú á að leggja þessa stofnun niður. Við drögum ekki í efa að það eigi að útdeila þeim verkefnum sem stofnunin hefur unnið og koma þeim fyrir annars staðar en það skiptir ekki öllu máli.

Hér er ekki verið að spara. Þvert á móti. Hér er ekki verið að hagræða. Þvert á móti. Verið er að veikja stöðu Alþingis, styrkja framkvæmdarvaldið og styrkja núverandi ríkisstjórn. Það sem er alvarlegast í málinu er að það er ekki sama hver vinnur þessi verk. Það þarf að vera stofnun sem við getum treyst að sé óháð. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talið eins og aðrir að tími sé kominn til að endurskoða starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar í víðara samhengi. Eins og hér hefur komið fram liggur fyrir till. til þál. um endurskoðun á starfsemi stofnunarinnar flutt af tveimur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hún er hins vegar með allt öðrum hætti. Við vildum leita leiða til að styrkja stofnunina, hafa um það góða sátt og gefa okkur tíma til þess. Mér finnst undarlegt að þingmenn stjórnarflokkanna skuli taka því þegjandi og láta það yfir sig ganga að leggja stofnunina niður.

Hvert eigum við að leita? Eigum við að leita til Seðlabankans sem samkvæmt lögum á að vera óháður? Ég vil koma því strax að svo það gleymist ekki í þessari umfjöllun — hvernig eigum við í dag að geta treyst niðurstöðu Seðlabankans hvað varðar þjóðhagsspá þegar einn af seðlabankastjórunum er kominn í nefnd til að finna einhvern til að fjárfesta í og reka álver á Austurlandi? Hvert er orðið hlutleysi Seðlabankans þegar við erum komin með einn seðlabankastjóra í þessi erindi? Hvernig getum við treyst því að Seðlabankinn meti áhættuna af því að koma á samningum um eitthvert álver? Hvar er hlutleysið? Eigum við þá líka að treysta þjóðhagsspám þessa sama seðlabankastjóra sem er í leit að fjárfesti fyrir álver? Þessi staða núna er sérkennileg. Á sama tíma og verið er að leggja niður Þjóðhagsstofnun er einn seðlabankastjóri hafður í þessu langstærsta verkefni sem hugur meiri hlutans á Alþingi stendur til, að leita að risaálveri sem getur þess vegna kollvarpað hér öllu. Hvernig eigum við að geta treyst þessu hlutleysi?

Nokkrum orðum hefur verið farið um upphafið að þessari hugmynd sem orðin er að frv. til laga um að leggja niður Þjóðhagsstofnun, að hún hafi komið úr brjósti eins manns, hæstv. forsrh., sem var aldeilis óánægður með að Þjóðhagsstofnun var ekki með spár eins og ríkisstjórnin gaf út. Hér hafði verið mikið þenslutímabil, skuldir safnast upp hjá þjóðinni og á heimilunum. Sala ríkiseigna hefur ekki gengið eins og til var ætlast og allt þetta olli ríkisstjórninni töluverðum höfuðverk og pirringi, ég tala nú ekki um þegar Þjóðhagsstofnun kom ekki með glansmynd af góðærinu, því góðæri sem var búið að vera svo ríkjandi í huga hæstv. forsrh. að hann var löngum teiknaður með sólgleraugu í skopseríu Morgunblaðsins.

Þjóðhagsstofnun gekk ekki með sólgleraugu. Hún reyndi að meta stöðuna eins og hún var. Það mislíkaði hæstv. forsrh. og hann hafði ekki einu sinni fyrir því að kynna þessar hugmyndir sínar í eigin þingflokki, ég tala nú ekki um samstarfsflokknum sem kom þetta varla við og heyrði fyrst um það í fjölmiðlum að leggja ætti Þjóðhagsstofnun niður.

Spár Þjóðhagsstofnunar og verk hennar eru ekki heilög frekar en önnur mannanna verk. Það er alveg ljóst að spár hennar hafa ekki alltaf verið samhljóma spám Seðlabankans en það er okkar að leggja mat á þær og hagur okkar að hafa a.m.k. þennan óháða aðila.

Herra forseti. Þetta er bara einn liður meðal margra til að veikja lýðræðið enn frekar. Það er vegið að því, eðlilegum tjáskiptum og upplýsingagjöf. Á þessum síðustu dögum þingsins er ruðst fram með hvert stórmálið á fætur öðru. Það er með ólíkindum að menn láti sér detta í hug að koma með svo stór ágreiningsmál nokkrum sólarhringum fyrir þinglok og sýnir það eitt að sá sterki meiri hluti sem hér er, hinn stóri þingflokkur sem hér hefur ráðið, telur sig ekki þurfa á samskiptum við þingið að halda. Hann geti böðlað öllu í gegn og sýnt vald sitt.

Ef við erum með umdeild mál skulum við a.m.k. gefa okkur sómasamlegan tíma til að ræða þau, fá umsagnir, vinna með þau og afgreiða svo með eðlilegum hætti á þinginu. Það er meiri hluti fyrir þeim samt sem áður en þá fást kannski eðlileg vinnubrögð. En að ætla sér að taka málin á dagskrá þegar varla er tími til að lesa þingskjölin, hvað þá að fara betur efnislega ofan í málið, er auðvitað algjörlega forkastanlegt. Þar fyrir utan þurfum við tíma í þingsalnum fyrir þessi lýðræðislegu orðaskipti. Þau verða ekki til staðar ef afgreiða á öll mál frá ríkisstjórninni. Hér má þá ekki tala. Hér verður ekki hægt að takast á um málin með eðlilegum hætti öðruvísi en að það verði þá kallað að vera með málþóf sem að vetrarlagi teldist bara eðlileg umræða.

Ég hef áhyggjur, herra forseti, af lýðræðinu í landinu. Mér finnst allt benda til þess að við séum á mörgum sviðum að höggva skörð í það. Við eflum a.m.k. allt sem heitir einkavæðing og frjálshyggja og færumst óðfluga inn í þann hugsunarhátt að hinn sterki ráði.

Mig langar til að fara aðeins í það álit sem fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar sendu frá sér um þetta frv. Það er skrifað 26. mars þannig að á þeim tíma höfðu starfsmennirnir augljóslega fjallað um það. Þetta frv. hefur því verið til um tíma. Hugsanlega hefur tekið þennan tíma að lemja niður Framsfl., samstarfsflokkinn, til að samþykkja það. Hugsanlega er tilkoma þessa frv. nú hluti af einhverjum stærri hrossakaupum um afgreiðslu mála hér, a.m.k. hefur Kárahnjúkafrv. eitthvað kostað. Það er alveg ljóst, ég tel að ekki hafi öllum verið ljúft, í hjarta a.m.k., að afgreiða það hér.

Mér finnst álit fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar ekki vera byggt á áliti vegna persónulegra hagsmuna heldur bera þau greinilega hagsmuni stofnunarinnar fyrir brjósti og þau segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðhagsstofnun hefur mikla sérstöðu í efnahagsumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem nýtur trausts og álits og er talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafa verið falin. Þá nýtur stofnunin trúnaðar atvinnurekenda jafnt og verkalýðshreyfingar. Henni hafa verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafa til sérfræðinga stofnunarinnar. Þjóðhagsstofnun tryggir því greiðan aðgang þingmanna allra flokka, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings að áreiðanlegum upplýsingum um framgang efnahagsmála og er þessi starfsemi tryggð í lögum um stofnunina."

Herra forseti. Bent hefur verið á að dreifa megi verkefnum Þjóðhagsstofnunar. Ég tel að alþingismenn geti leitað til Hagstofunnar, fjmrn. og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, en þykir okkur trúlegt að við leitum til hagdeildar ASÍ, eða að önnur verkalýðsfélög innan annarra samtaka leiti til hennar til að afla sér þeirra upplýsinga sem Þjóðhagsstofnun hefur borið ábyrgð á? Eigum við, hv. þingmenn, að fara í bankana og leita upplýsinga? Mér finnst hreint hinar skraut-

legustu hugmyndir á borð bornar sem rök fyrir því að leggja Þjóðhagsstofnun niður.

Þetta er ekki til að spara, herra forseti. Hér höfum við verið í ýmsum niðurskurði, síðast í þessari viku. Það voru einar átta litlar millj. sem spöruðust þegar eitt embætti var lagt niður. Mikill ávinningur þótti að því að leggja niður embætti ullarmatsmanns og mikil hagræðing þótt það hafi hugsanlega í för með sér að ullar- og gæðamatið fari úr böndunum á næstu árum. Hér er hins vegar ekki verið að hugsa um það. Hér er ekki verið að hugsa um að spara, og jafnvel þvert á móti.

Herra forseti. Aðeins að réttindum starfsmannanna sem vinna við Þjóðhagsstofnun. Ef allt gengur eftir, að vilja hæstv. forsrh. og frummælanda þessa frv. núna, hæstv. utanrrh., verður þessi stofnun lögð niður hvað sem við reynum að andmæla því hér á þingi en ég vil benda á umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar um bráðabirgðaákvæði frv., með leyfi forseta:

„Að lokum vill Starfsmannafélagið benda á að það telur bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ábótavant þar sem það tryggi ekki rétt starfsfólks, auk þess sem það er ekki í samræmi við umræður samstarfshópsins og skipunarbréf hans. Í skipunarbréfi segir: „Er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins stendur hins vegar: „Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“

Þarna getur verið himinn og haf á milli. Ég ítreka að verði af þessari óheillabreytingu verði hagsmunir starfsmanna Þjóðhagsstofnunar tryggðir með sambærilegum störfum.

Herra forseti. Þetta var það sem ég vildi að kæmi fram við 1. umr. um þetta frv., og mér væri ekkert sárt um að það dagaði upp í nefnd.

[15:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef aðeins fáeinar mínútur í þessari seinni umferð um þetta frv., að hámarki 10 mínútur, en í upphafsorðum mínum í fyrri ræðunni vék ég að aðdragandanum eins og við þekkjum hann öll, hvernig hæstv. forsrh. reiddist Þjóðhagsstofnun sem leyfði sér að hafa uppi aðrar meiningar en hann og ríkisstjórnin um efnahagsmálin og þróun þeirra. Ég vísaði í sögulegan eða öllu heldur sagnfræðilegan samanburð við Nýja-Sjáland þar sem Þjóðhagsstofnun var einnig lögð niður í byrjun 10. áratugarins þegar hún leyfði sér að hafa uppi efasemdir um einkavæðingarstefnu nýsjálensku stjórnarinnar sem þá hafði haldið niðurskurðarsveðjum gagnvart samfélagsþjónustunni á lofti nær allan 9. áratuginn. Þegar þessi stofnun fór að hreyfa sig eitthvað var hún hreinlega slegin af á sama hátt og verið er að gera hér. Þetta er sambærilegt að mörgu leyti.

Andstaðan við þetta mál er margþætt og af ýmsum rótum. Hún hlýtur náttúrlega að vera hin innibyrgða óhamingja hins grátklökkva niðurbeygða manns í stjórnarmeirihlutanum sem er andvígur stofnuninni. Ég hef ekki trú á öðru en að í stjórnarmeirihlutanum séu margir andvígir frv. Það kom fram hjá Framsfl. á sínum tíma. Hann hafði uppi miklar efasemdir og gagnrýni en hefur núna verið settur aftur niður í vasann á Sjálfstfl. eins og í svo mörgum öðrum málum. Þess vegna nær þetta mál fram. Að sjálfsögðu er þessi hópur niðurbeygður og óhamingjusamur þótt hann láti lítið á því bera.

En víkjum þessu til hliðar og förum yfir hin málefnalegu rök í málinu þótt þetta sé vissulega einnig málefnalegt að tala um það hvernig gangverk lýðræðisins er hér nú um stundir.

Það sem menn finna að frv. er að verið er að leggja niður stofnun sem hefur haft einhverja tilburði til sjálfstæðis og þvert á móti hafa brtt. sem fram hafa komið á Alþingi gengið í þá átt að við eigum að efla sjálfstæði stofnunarinnar. Menn hafa haft af því áhyggjur innan þings og utan að erfiðara verði að fá upplýsingar um efnahagsmálin frá sjálfstæðum aðila. Þetta lýtur að Alþingi, bæði einstökum alþingismönnum og þingnefndum sem hér starfa. Ég get tekið sem dæmi úr eigin starfi að undir lok síðasta árs aflaði ég mér upplýsinga um skuldastöðu þjóðarinnar og þróun skuldastöðunnar á síðasta áratug. Ég fór þess á leit við Þjóðhagsstofnun að fá þær upplýsingar í hendur og þetta var unnið mjög samviskusamlega og mjög vel. Það getur vel verið að ég hefði fengið slíkar upplýsingar frá Seðlabanka eða öðrum aðilum en ég tel að upplýsingar af þessu tagi eigi að koma frá stofnun sem heyrir undir Alþingi og út á það hafa tillögur okkar gengið. Þetta er dæmi um upplýsingaöflun fyrir einstakan þingmann.

Við höfum fjallað um það hvernig þingnefndir hafa nýtt sér störf Þjóðhagsstofnunar, t.d. og ekki síst fjárln., en einnig efh.- og viðskn. þingsins, þar sem ég sit og hef af því reynslu. Þar voru uppi mismunandi sjónarmið frá fjmrn. og Þjóðhagsstofnun við afgreiðslu skattalaga sl. haust. Ég er ekki að halda því fram að fjmrn. sé vísvitandi misnotað, ég er ekki að gera það. Og ég er ekki að segja það heldur að ég hafi verið eða sjái fram á að vera alltaf sammála Þjóðhagsstofnun jafnvel þótt hún yrði færð undir þingið. Ég er að tala um mikilvægi þess að efla sjálfstæði stofnana og að upplýsingaveiturnar séu margar, ekki ein heldur margar, ekki ein miðstýrð upplýsingaveita færð undir framkvæmdarvaldið. Og þá eru þær hættur vissulega fyrir hendi þótt ég sé ekki með neinar ásakanir á hendur sérfræðingum fjmrn. í þessari umræðu.

Gagnrýni hefur einnig komið utan úr þjóðfélaginu. Ég hef orðið var við gagnrýni frá hendi aðila á vinnumarkaði. Menn setja þá gagnrýni kannski fyrst og fremst fram núna í spurnarformi vegna þess að þetta er allt saman í véfréttastíl. Talað er um að færa slíka upplýsingaöflun og miðlun til Alþýðusambands Íslands. Ég er því hjartanlega sammála að það er gott að efla hagdeildir samtaka launafólks, mér finnst það mjög æskilegt. Þar á bæ hefur verið rætt um að stofna til sérstakrar efnahagsstofnunar verkalýðshreyfingarinnar allrar, sjálfstæðrar stofnunar sem hafi með hagstærðir að sýsla, og þá er horft til verkalýðshreyfingarinnar allrar. Og ég hef nú grun um að á einhverjum bæjum muni menn vilja fá nánari aðgang að þeirri umræðu, ég hef grun um það. En hér er talað í véfréttastíl þannig að við vitum ekki hvað raunverulega er upp á teningnum.

Síðan hef ég varað við því að við förum út á þá braut að aðgangur verði seldur að upplýsingum og þeirri vinnu sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum, skýrslugerð og upplýsingaöflun fyrir aðila á vinnumarkaði, fyrir þingið og þingnefndir, en sá háttur er nú hafður á hjá hagfræðideild Háskóla Íslands, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mun hún heita, og sinnir slíkum verkefnum gegn gjaldi. Þetta er þróunin og viljum við þetta? Viljum við fara að taka aðgangseyri að upplýsingum í þjóðfélaginu um efnahagsmál? Ég held ekki.

Mér finnst við vera að stíga skref aftur á bak en ég segi það líka að ég tel mjög brýnt að efla hagfræðirannsóknir hjá Samtökum atvinnulífsins, mér finnst það vera mjög æskileg þróun. En það er ekki óháður aðili. Að sjálfsögðu ætlast menn til þess að þar starfi fólk sem misnotar ekki upplýsingar heldur fer vel með þær og setur þær fram á málefnalegan og heiðvirðan hátt. Ég er að tala fyrir fjölbreytninni í lýðræðisþjóðfélagi í örri þróun sem býr við yfirþyrmandi framkvæmdarvald. Það er við slíkar aðstæður sem við eigum að efla fjölbreytnina og efla stofnanir á borð við Þjóðhagsstofnun í stað þess að bregða fyrir þær fæti hverju sinni sem þær hafa uppi einhverja tilburði til gagnrýni og hvað þá að þær verði lagðar niður eins og ráð er fyrir gert með Þjóðhagsstofnun.

En hér er kominn hæstv. fjmrh. og verður mjög fróðlegt að hlýða á mál hans því að ég hef bent á að í þeim fréttum sem borist hafa um þessar breytingar er talað mjög í véfréttastíl og við væntum þess að fá ítarlegar upplýsingar af hálfu fjmrh. um málið.

Ég velti því líka fyrir mér hvort hæstv. fjmrh. hafi kynnt sér álit fulltrúa starfsmanna Þjóðhagsstofnunar, sem eru algerlega mótfallnir þeim áformum sem birtast í frv. ríkisstjórnarinnar sem „muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum." Á þessa leið er álit þeirra. Og bent er á að þeirri stofnun hafi verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafi til sérfræðinga stofnunarinnar, ég hef rakið þetta hér í máli mínu, og hvernig starfsmenn hafi reynt að tryggja þessum aðilum greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum.

En síðan segir, með leyfi forseta, og ég er að ljúka máli mínu:

„Samkvæmt frumvarpinu verður gerð efnahagsspáa og áætlana færð til fjármálaráðuneytis. Spágerðin yrði því undir pólitísku forræði ..." Pólitísku forræði, þetta eru þung orð, og verður fróðlegt að hlýða á ræðu hæstv. fjmrh. hér á eftir.

[15:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Loks er hér komið til umræðu mál sem hefur verið töluvert rætt, ekki bara á undanförnum mánuðum og missirum heldur reyndar miklu lengur, þ.e. spurningin um hvernig haga skuli verkaskiptingu milli þeirra stofnana á Íslandi sem véla um hagtölur, efnahagsspár, hagrannsóknir og skýrslugerð í því sambandi.

Auðvitað er það út af fyrir sig mjög athyglisvert og þætti sjálfsagt víða annars staðar alveg furðulegur hlutur að menn skuli standa í háværum pólitískum deilum af því tagi sem hér hafa átt sér stað um slíka verkaskiptingu og staðsetningu þeirra verkefna sem um er að tefla. Ég hygg að það þætti víða stórfurðulegt.

Ég nefndi það að þetta mál væri ekki nýtt af nálinni. Það er meira að segja svo gamalt að það var uppi þegar hv. þm. Sverrir Hermannsson, sem hefur þetta mál allt á hornum sér, var hér í sínu fyrra lífi sem þingmaður og þetta var eitt af því sem ríkisstjórnin sem hann settist í 1983 hafði vélað um, þ.e. spurninguna um að breyta þeirri verkaskiptingu. Sú ríkisstjórn setti á laggirnar sérstaka stjórnkerfisnefnd þar sem m.a. var gerð tillaga í líkingu við það sem felst í frv., að sjálfsögðu að breyttu breytanda, vegna þess að ýmislegt hefur nú sem betur fer breyst á þeim 19 árum sem síðan eru liðin.

Annar ágætur þingmaður flutti á sínum tíma þáltill. um að leggja niður Þjóðhagsstofnun og sú tillaga var samþykkt í breyttri mynd sem ályktun Alþingis að mig minnir á árinu 1988. (**JóhS:** Hvernig breyttri mynd?) Hún var samþykkt þannig að ákveðið var að Alþingi samþykkti að fela ríkisstjórninni að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort hagkvæmt væri að fela öðrum verkefni hennar. Segja má að það hafi tekið nokkuð langan tíma að framkvæma þá athugun en niðurstaðan liggur fyrir í þessu frv. þar sem verið er að fela öðrum aðilum þá starfsemi sem hún hefur með höndum.

Það er því algjörlega fráleitt að halda því fram að þetta mál sé til komið vegna sérvisku, geðvonsku, sérskoðana (**Gripið fram í:** Duttlunga, kannski.) eða duttlunga ákveðins manns. (Gripið fram í.) Það er bara alveg fráleitt. (**SJS:** Þú kannt orðin samt.) Já, ég hef verið að hlusta á ykkur, herrar mínir. (**SvH:** Geðbrigði ...) Ja, það er nú slíkt nýyrði að ég hef ekki tileinkað mér það enn þá.

En með öðrum orðum er þetta ekki nýtt mál og auðvitað eiga menn að geta rætt það í góðu jafnvægi hvernig eigi að skipta hér verkum. Og það er niðurstaða af hálfu ríkisstjórnarinnar að rétt sé að gera breytingar á og þær felast í því að skipta upp þeim verkefnum með þeim hætti sem fram kemur í frv. og menn telja sig sjá út úr því ekki bara langtímasparnað, ekki bara hagræðingu til lengri tíma, heldur einnig betri nýtingu á starfsfólki, mannafla og öðru sem þarna tilheyrir og bætta verkaskiptingu.

Það hefur t.d. alltaf verið mikið álitaefni hvort gerð þjóðhagsreikninganna ætti að vera hjá þessari stofnun eða hvort hún ætti að vera á Hagstofunni. Nú er tekið af skarið með það að Hagstofan tekur þetta að sér. Reyndar hefur það verið mikið álitamál lengi að mínum dómi hvort Hagstofan ætti að vera sjálfstætt ráðuneyti, eins og hún hefur nú verið nokkra áratugi, og ætlunin er að gera líka breytingu á því, hún verði bara stofnun undir ákveðnu ráðuneyti eins og raunin er í öðrum löndum, enda gegnir hún ekki stefnumótunarhlutverki eins og ráðuneyti almennt gera. Þó svo að hugsanlega komi þarna til einhvers biðlaunakostnaður, og ég vænti þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, geri nú ekki lítið úr því að staðið sé við þau réttindi sem menn eiga í þeim efnum og þrátt fyrir að til kunni að koma — sem við vitum ekki enn — einhver kostnaður af þeim sökum þá er hann að sjálfsögðu tímabundinn. En til lengri tíma má hiklaust reikna með því að út úr þessu komi sparnaður og í það minnsta betri nýting og bætt verkaskipting frá því sem nú hefur verið.

Ég gat þess áðan að breyttar aðstæður væru í þjóðfélaginu frá því sem var árið 1983 þegar menn voru að velta þessu fyrir sér í tengslum við myndun ríkisstjórnar. Hin hefðbundnu verkefni sem þekktust á þeim tíma hjá umræddri stofnun eru gjörbreytt. Nú er það þannig að efnhagsmálin snúast í miklu ríkari mæli en áður var um tvennt, þ.e. stefnuna í peningamálum og stefnuna í ríkisfjármálum, með svipuðu móti og alls staðar annars staðar. En áður fyrr var það eitt meginverkefni Þjóðhagsstofnunar, sem hefur ekki með þetta tvennt að gera eins og við vitum, peningamál og ríkisfjármál, að útbúa alls kyns efnahagspakka, t.d. í tengslum við aðgerðir í sjávarútvegsmálum, í tengslum við aðgerðir í verðlagsmálum og fleira þess háttar, sem núna er liðin tíð. Þess vegna hefur ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar að þessu leyti varðandi almenn efnahagsmál minnkað mikið, og það er það sem menn eru að tala um í sambandi við breytta tíma og breytta stöðu í þjóðfélaginu varðandi þessi málefni. Og

auðvitað er ekkert óeðlilegt við það að menn taki sig saman og endurskoði mál sem þetta og hlutverk stofnunar sem nú er orðin 28 ára gömul og taki það til endurskoðunar.

Síðan er það þannig að fjölmargir aðrir aðilar í þjóðfélaginu hafa sem betur fer komið sér upp aðstöðu til þess að fylgjast með þessum málum á sjálfstæðan hátt, þar á meðal sú skrifstofa sem hv. þm. Ögmundur Jónasson veitir forstöðu á Grettisgötu 89, þ.e. skrifstofa BSRB, og aðrir aðilar á vinnumarkaðnum, ég vil segja sem betur fer. Sama er að segja um bankastofnanirnar og fjármálastofnanirnar í landinu sem geta á sjálfstæðan hátt gefið álit og veitt aðhald. Og hvernig dettur mönnum svo í hug að halda því fram í aprílmánuði árið 2002 að það að líkönin sem fylgja gerð þjóðhagsáætlunar og þeirra hluta, að slík líkön skuli flytjast yfir í efnahagsskrifstofu fjmrn. þýði það að nú fari menn allt í einu að kokka þau mál með pólitískum hætti? Hvernig dettur mönnum í hug að nokkur viti borinn stjórnmálamaður eða hagfræðingur eða fagaðili á þessu sviði láti sér detta í hug að ætla að fara að kokka eitthvað með það með pólitískum hætti vitandi það hvernig aðhaldið er frá þeim aðilum sem hafa eigin burði til þess að fylgjast með þessum málum. (**SJS:** En grunnupplýsingarnar?) Staðreyndin er sú að það mundi ekki nokkur einasti stjórnmálamaður komast upp með slíka tilburði nema einu sinni vegna þess að hann mundi þá verða gerður ber að ómerkilegum vinnubrögðum og ekkert okkar sem hér vinnum kærum okkur um slíkt.

Við gerð allra efnahagsspáa verða menn hins vegar auðvitað að reyna að átta sig á stefnu stjórnvalda, hvaða áhrif hún hefur á þróun mála og þar með á þær spár sem menn eru að reyna að búa til í þessum líkönum. Af þeim sökum er ekki óviturlegt að efnahagsskrifstofa fjmrn., sem hefur beinan aðgang að þeirri stefnumótun, hafi þær upplýsingar tiltækar í spágerð sinni enda er þetta svona í öðrum löndum. Í nálægum löndum er þessu fyrir komið eins og hér er verið að leggja til að því er ég best veit. Það er því alveg fráleitt að gera því skóna að með þessum tilflutningi verkefna, annars vegar til Hagstofunnar og hins vegar í efnahagsskrifstofu fjmrn. og hugsanlega að einhverju leyti í Seðlabankann, sé verið að gera efnahagsspárnar sem koma út reglulega að einhverju pólitísku tæki sem ríkisstjórnin gæti og væri líkleg til að misnota. Ég segi það a.m.k. fyrir sjálfan mig — ég þykist vita að það eigi líka við um þá sem hafa verið að halda þessu fram, að þeir vilji ekki vera staðnir að verki í slíku spili — að ekki vil ég láta það spyrjast um mig. Ég veit að hinir ágætu forustumenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mundu heldur ekki falla í svo ómerkilega freistingu að misnota slíka aðstöðu.

Nei, ég held að hér beri allt að sama brunni, herra forseti. Það er orðið tímabært að gera þessar breytingar. Séð verður fyrir þörfum þeirra sem hafa nýtt sér þjónustu Þjóðhagsstofnunar með ákveðnum hætti. Það er ekkert óeðlilegt að t.d. sjútvrn., iðnrn., umhvrn. og aðrir sem þangað hafa leitað um hluti annaðhvort annist mál sín sjálf eða kaupi þá þjónustu úti á markaðnum þar sem hún er nú fáanleg, eða hjá háskólanum eða þessum greiningarfyrirtækjum, þegar þau þurfa á því að halda varðandi skýrslur um málefni sín. Að öðru leyti geta þau fallið undir efnahagsskrifstofuna í fjmrn., Hagstofuna og að einhverju leyti Seðlabankann eins og hér er gert ráð fyrir og eins og utanrrh. gerði mjög ítarlega grein fyrir í framsögu sinni.

Hér er verið að gera úlfalda úr mýflugu. Allir hafa fengið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, þar á meðal starfsmenn stofnunarinnar. Þeir hafa látið álit sitt í ljósi. Hvernig er það, hv. þingmenn, þegar tvö algjörlega misjöfn álit eru uppi? Þá verður að fara aðra hvora leiðina. Það er ekki hægt að taka tillit til beggja, fara hálfa leið og leggja niður helminginn af Þjóðhagsstofnun. Sú pólitíska stefna var mörkuð að fara þessa leið. Auðvitað hafa starfsmennirnir fullan rétt á því að hafa aðra skoðun á málinu og það er auðvitað ætlunin að koma fram við þá með eðlilegum hætti og af fullri reisn þannig að þeir geti haldið áfram sínum mikilvægu störfum vegna þess að verkefnin sem hér er um að tefla þarf auðvitað að vinna áfram og eflaust eru engir betur til þess fallnir en þeir starfsmenn sem hafa verið að vinna við þetta. Ég vil nota tækifærið og undirstrika að það er mjög mikilvægt að gefa þeim tækifæri til að vinna áfram við þessi verkefni þó að það verði á öðrum stofnunum.

Ég skil ekki þessa íhaldssemi hv. þingmanna Vinstri grænna og tregðu til breytinga sem kemur fram í þessari afstöðu, þessari stofnanaást þessara ágætu vina minna.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að ég tel mjög brýnt að þetta mál hljóti afgreiðslu vegna þess að ella getur óvissan um það torveldað mjög starfsemi stofnunarinnar og það sem fram undan er í verkefnum hennar. Það er sjálfsagt ekkert skemmtilegt að vera starfsmaður á stofnun þar sem svona óvissa ríkir, og áreiðanlega hyggja hinir og þessir aðilar í þjóðfélaginu gott til glóðarinnar að því er varðar þennan starfskraft, geta hugsað sér að fá þetta fólk í þjónustu sína. Til þess að ríkið geti tryggt sér þjónustu þessara starfsmanna þarf náttúrlega að ljúka málinu og allir þurfa að vita hvar þeir standa, bæði ríkið sem vinnuveitandi og sem sá aðili sem ber ábyrgð á þessari starfsemi og svo auðvitað það góða starfsfólk sem þarna er og hefur margt hvert unnið þar langtímum saman. Af þeirri ástæðu m.a. er auðvitað alveg nauðsynlegt að fá botn í þetta mál, ljúka því, fá frv. afgreitt og samþykkt sem lög frá Alþingi.

[15:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. byrjaði á því að furða sig á þessari umræðu allri um málið en sagði síðan að það hefði fengið töluverða umræðu í þjóðfélaginu. (**Fjmrh.:** Í 20 ár.) Sú umræða — nú, í 20 ár var það núna — um þetta frv. frá því að það var fyrst reifað hefur verið mjög á einn veg. Að undanskildum hæstv. forsrh. og öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni hafa menn verið mjög gagnrýnir á þessar breytingar, bæði innan þings og utan. Við heyrðum það frá samstarfsflokknum á sínum tíma, sem nú er að nýju kominn niður í vasa Sjálfstfl., og við höfum heyrt það innan þingsins.

Hæstv. ráðherra vísar í starfsmenn Þjóðhagsstofnunar. Málflutningur þeirra er mjög gagnrýninn og þeir lýsa því yfir að þeir séu þessum breytingum algerlega mótfallnir. Þeir benda m.a. á að gerð efnahagsspáa og -áætlana verði færð til fjmrn., að spágerðin verði þannig undir pólitísku forræði og geti því ekki talist óháð, eins og þeir segja. „Þessi breyting felur því í sér að stjórnvöld sjá ekki ástæðu til að reka pólitískt óháða efnahagsstofnun.“ Þetta er gagnrýni sem forsvarsmaður fjmrn. verður að taka og hann verður að svara henni líka málefnalega.

Það er ljóst að hæstv. ráðherra hefur ekki hlýtt á alla umræðuna hér vegna þess að hér var tekið sérstaklega fram, og ég gerði það, að menn væru ekki að væna starfsmenn fjmrn. um óheiðarleik í starfi, síður en svo. Menn eru hins vegar að leggja áherslu á mikilvægi þess að til sé óháð stofnun til að tryggja fjölbreytileikann. Við bentum á dæmi

þess við fjárlagagerðina og umræðu um skattamál sl. haust að mismunandi upplýsingar komu, annars vegar frá Þjóðhagsstofnun og hins vegar fjmrn.

[15:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir aðilar sem um þessi mál véla hafa stundum mismunandi mat á hlutunum. Má ég benda á að Þjóðhagsstofnun hefur nýlega endurskoðað spá sína um hagvöxt á þessu ári? Mig minnir að hún hafi spáð 1% minnkun þjóðarframleiðslu á þessu ári, hefur endurskoðað það núna upp í mínus 0,5 og hver veit nema það eigi enn eftir að breytast, og fjmrn. hafði ákveðna afstöðu sem var öðruvísi í haust. Þetta fórum við í gegnum í tengslum við fjárlagaumræðuna og ég hygg að spár fjmrn. hafi ekki reynst lakari en hinar. En það er ekki kjarni málsins í þessu sambandi.

Ég held að kjarni málsins sé sá að þessi vinna verður eftir sem áður unnin af færustu mönnum, hún verður unnin faglega og eins ópólitískt og við verður komið með svona málefni. Það er auðvitað alveg fráleitt að gera því skóna að einhver sérstök pólitísk stýring verði á þjóðhagsspám við það að þjóðhagslíkanið flytjist í efnahagsskrifstofu fjmrn. Ég bendi á að árið 1988, þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat í ríkisstjórn, varð sú breyting að tekjuáætlun fjárlagafrv. var flutt frá Þjóðhagsstofnun yfir í fjmrn., 1988 þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ríkisstjórn, (Gripið fram í.) og ég hef ekki orðið var við að sú tekjuáætlun hafi legið undir einhverju sérstöku ámæli fyrir það að fjmrh. á hverjum tíma hafi verið að reyna að tosa hana upp, hafi verið að reyna að auka eða ýkja tekjuáætlunina. Þetta hefur verið svona í 14 ár og gengið bara nokkuð vel þrátt fyrir þá pólitísku stýringu sem formlega er á þessu vegna þess að fjmrh. er ábyrgur fyrir öllu sem gert er í ráðuneytinu eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði. Vissulega er það rétt.

[15:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum mikla ást á stofnunum. En svo mikla ást má hæstv. fjmrh. ekki hafa sjálfur á þeirri stofnun sem hann veitir forstöðu að hann vilji færa alla vinnslu á efnahagsupplýsingum undir hana því að um það snýst þetta mál. Við höfum af því áhyggjur að ekki sé nægjanlegt mótvægi gagnvart þessari vinnslu. Þess vegna höfum við viljað efla Þjóðhagsstofnun og færa hana undir forsjá Alþingis. Mikilvægi þess að hafa fjölbreytileika á þessu sviði í þjóðfélaginu hefur einnig komið fram hjá verkalýðshreyfingunni. Þar hefur verið rætt um að búa til sérstaka rannsóknar- og efnahagsstofnun á hennar vegum.

Hins vegar snýr hæstv. ríkisstjórn sér til hluta verkalýðshreyfingarinnar og í véfréttastíl er um þau mál rætt. Að sjálfsögðu munu menn fara nánar í saumana á því síðar en hitt vil ég gagnrýna að meiri einokun verði á þessu sviði en verið hefur.

[15:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vísaði til þess að svipaðar hugmyndir hefðu verið uppi á árinu 1983 en þá voru ekki uppi hugmyndir, eða það var ekki samþykkt, að það ætti að vinna að því að leggja Þjóðhagsstofnun niður heldur var samþykkt að meta hvort hagkvæmt væri að fela öðrum verkefni hennar. Það var 1983. 1991, átta árum síðar, tekur ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþýðuflokks, undir forustu Davíðs Oddssonar, af skarið í þessu efni. Hún segir að skoða skuli hvort færa eigi ákveðin verkefni Þjóðhagsstofnunar, sem voru þá heföbundin hagstofuverkefni, til Hagstofunnar en það var ákveðið tekið af skarið varðandi stöðu Þjóðhagsstofnunar og eftirfarandi sagt, árið 1991: „Önnur verkefni, þar með talið spár og efnahagsráðgjöf, verði áfram unnin af stofnuninni sem mun starfa í nánari tengslum við forsætisráðuneytið en verið hefur."

Ríkisstjórnin tók þarna alveg af skarið. En ég vil nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. fjmrh. um þær spár sem hér eru hjá fjárlagaskrifstofunni, hvað þetta þýðir í útgjöldum. Talað er um að flytja þann kostnað sem fylgir Þjóðhagsstofnun, 132 millj., og skipta á milli fjmrn. og Hagstofunnar, bæta við 50 millj. vegna biðlauna og flutnings og síðan er ekki gert ráð fyrir ýmsum útgjöldum eins og að kaupa greiningarþjónustu sem ráðherra nefndi hér, verkefnum sem flytja á til hinna ýmsu ráðuneyta, sem kallar væntanlega á aukinn mannskap, og síðan þann kostnað sem hlýst af því að einhverjir peningar verða settir yfir til hagdeildar ASÍ sem aðrir aðilar á vinnumarkaðnum eru farnir að kalla eftir, t.d. Samtök atvinnulífsins, BSRB, BHMR og fleiri aðilar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Þegar öll þessi heildarútgjöld eru skoðuð, er þá ekki nærri lagi að áætla að það verði helmingi dýrara að leggja Þjóðhagsstofnun niður en að reka hana?

[16:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið við þessu er auðvitað nei. Það verður ekki helmingi dýrara. En það fellur á þetta verk ákveðinn upphafskostnaður sem ekki er hægt að meta til fulls á þessu stigi vegna þess að ógerningur er að átta sig á því hversu mikill biðlaunakostnaður gæti orðið til. Það fer eftir viðbrögðum starfsfólks og því hversu margir þeirra hætta störfum og nýta sér slíkan rétt sem ég vænti að hv. þm. vilji ekki frá þeim taka.

Hitt er síðan ekki að fullu upp gert hvernig þeim kostnaði sem fylgt hefur Þjóðhagsstofnun til þessa verður endanlega skipt milli þeirra aðila sem hérna eiga hlut að máli. Talið er núna að þessu verði skipt í þeim hlutföllum sem þingmaðurinn nefndi. Það má vera að hægt verði að hnika því eitthvað til, t.d. ef upp kemur að einstök ráðuneyti vilji styrkja sig á þessu sviði, þá getur vel verið að hægt væri að gera það innan þess ramma sem þarna er um að ræða. Þetta eru útfærslumál sem ekki er búið að ganga frá. En aðalatriðið er að við teljum að til lengdar verði þarna bæði sparnaður, hagræðing og betri nýting á því vinnuafli sem um er að tefla, þessu góða og hæfa starfsfólki sem við þetta vinnur og sömuleiðis að verkaskiptingin eins og hún verður, bætt verkaskipting muni í sjálfu sér þýða hagræðingu og betri útkomu, betri nýtingu fjármuna og starfsfólks en nú hefur verið og það á kannski ekki síst við á Hagstofunni þar sem skyldir hlutir falla saman, hagskýrslugerðin verði komin á eina hendi og auðséð að með því móti megi hagræða og innan þess ramma e.t.v. taka að sér að gera nýja hluti.

[16:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Athyglisvert er að þegar við ræðum um aukin útgjöld vegna þessara breytinga sem hér eru á döfinni erum við á sama tíma að fjalla um það að önnur greiningarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, getur ekki sinnt hlutverki sínu og er öll í uppnámi með langa biðlista vegna þess að hún fær ekki 20 eða 30 millj. sem vantar til þess að hægt sé að halda þar uppi eðlilegri starfsemi. Út af fyrir

sig er rétt hjá hæstv. ráðherra að ákveðinn upphafskostnaður er í þessu, 50 millj kr., en 132 millj. sem kostar að reka Þjóðhagsstofnun verða áfram til staðar.

Síðan spyr ég um það að verkefni sem eiga að færast til annarra ráðuneyta hljóta að kalla á aukinn mannskap. Ég spyr hæstv. ráðherra — og það er líka talað um einkaaðila sem kosta sitt — hver eru rökin fyrir því að bara á að veita fjármagn til hagdeildar ASÍ en ekki annarra hagdeilda aðila vinnumarkaðarins? Hver eru rökin fyrir því að eingöngu ASÍ fær viðbótarfjármagn til að reka hagdeild sína við þessar breytingar en ekki aðrir aðilar á vinnumarkaðnum?

[16:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er kominn botn í þá hlið málsins, hv. þm., og er rétt að geyma sér allar fullyrðingar um það þar til það mál skýrist. En ég vil aðeins út af því sem þingmaðurinn gat um í upphafi fyrra andsvars síns varðandi stjórnarsáttmálann frá 1991 nefna að þar er stigið skref í þessa átt og þó að þingmaðurinn hafi þá verið í ríkisstjórn og jafnvel hugsanlega verið eitthvað á móti þessu, bæði í þeirri ríkisstjórn sem þá var mynduð og þeirri næstu á undan, en hafi þingmaðurinn verið á móti þessu máli þá, þá má segja að hún hafi haft sitt fram vegna þess að það varð því miður ekkert af þeim áformum sem um er getið í stjórnarsáttmálanum 1991. En síðan hafa þessi mál verið að þróast. Greiningardeildir fjármálafyrirtækjanna voru ekki til árið 1991. Þeir aðilar sem hafa komið sér upp aðstöðu til þess að vinna slík verk voru ekki til eða starfsemi þeirra var ekki hafin. Það hefur því margt gerst á þessu tíu ára tímabili og þetta mál var því orðið mjög tímabært.

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég hef heyrt meira sannfærandi varnarræðu hjá hæstv. fjmrh. en þá sem hér var flutt og í það heila tekið finnst mér þeir félagarnir, forsvarsmenn málsins af hálfu ríkisstjórnar, hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh., ekki verka sannfærðir þegar þeir eru að mæla fyrir ágæti þessa máls, heldur sé þetta eins og eitthvert skylduverk sem hafi lent á þeirra herðar.

Auðvitað er þetta ekki bara reikningsdæmi, herra forseti, og þar á ofan er nú algerlega ósýnt og meira en það að út úr þessu yrði sparnaður. Þvert á móti verður þetta dýrara í byrjun og það er erfitt að rökstyðja að það verði skilvirkara og ódýrara að taka verkefni sem eiga mjög vel saman í stofnun eins og færsla þjóðhagsreikninganna, gerð þjóðhagsspáa, söfnun grunnupplýsinga og greining þeirra og dreifa þeim á fjóra aðila. Hvernig á að sannfæra mann um að það verði skilvirkara og ódýrara að tvístra þeim verkefnum í fjórar áttir, en það er það sem málið gengur út á, til fjmrn. — og hæstv. ráðherra er auðvitað ánægður með það að fá eitthvað undir sig — til Seðlabankans, til Hagstofunnar og til hagdeildar ASÍ?

En best þykja mér rökin, herra forseti, um að þetta sé svo mikilvægt til þess að eyða óvissu. Og það er auðvitað sannarlega að eyða óvissu að taka menn og leggja þá niður. Það er engin óvissa um þá eftir það, það er rétt. En eigum við ekki að ræða við starfsfólk Þjóðhagsstofnunar sem menn eru þá væntanlega að bera hér fyrir brjósti og spyrja það: Hvort vilja menn heldur að óvissunni um þá sé eytt með því að slá þá af eða t.d. með að málin fari í vandaða skoðun í sumar og málin verði svo gerð upp og afgreidd á haustmánuðum, t.d. kláruð í október þannig að stefna megi að lagabreytingum um næstu áramót? Eru það ekki vandaðri og trúverðugri vinnubrögð, herra forseti?

[16:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég held ekki að svo sé. Ég held að vönduðustu vinnubrögðin séu þau að afgreiða frv. og ljúka málinu og gera það núna á þessu vorþingi.

Aðeins út af því sem þingmaðurinn sagði í upphafi um afstöðu mína til málsins, þá get ég kannski sagt honum það undir fjögur augu að ég hef löngum og mjög lengi reyndar verið þeirrar skoðunar að gera þyrfti breytingar á þeirri verkaskiptingu sem er milli þeirra stofnana sem um þessi mál hafa vélað. Ég hef mjög lengi haft þá skoðun t.d. að þjóðhagsreikningar væru betur komnir á Hagstofunni en á Þjóðhagsstofnun og ýmsar skýrslur sem þeim tengjast. Og stærstur hluti starfsliðsins á Þjóðhagsstofnun vinnur nú við slíka hluti.

En síðan hefur það einnig gerst undanfarin ár að upp eru komnir í þjóðfélaginu allir þeir aðilar sem geta unnið að þessum málum sjálfstætt. Það er ekki lengur sama þörfin fyrir þetta og svo er það sem ég gat um núna áðan að þeir eru sem betur fer liðin tíð, þeir efnahagspakkar og allt það sem þeim fylgdi, sem fylgdu stjórnarfarinu og efnahagsóreiðunni á árum áður þegar Þjóðhagsstofnun var upp á sitt besta og menn gátu ekki einu sinni myndað ríkisstjórnir í friði án þess að vera búnir að fá þriggja vikna úttekt frá Þjóðhagsstofnun fyrst um ástand mála. Þetta verkefni er horfið. Ég held að við ættum öll að fagna því að það er ekki lengur þannig umhorfs hér í efnahagsmálum að sérstök stofnun sé nauðsynleg til þess að moka þennan flór reglulega og annast þá stjórnmálamenn sem að því máli hafa komið. Það er sem betur fer liðin tíð. Efnahagsstjórnin í dag byggist á stjórn peningamála og ríkisfjármála, annars vegar Seðlabankanum og hins vegar fjmrn. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, en hlutverk Þjóðhagsstofnunar er orðið allt annað en var þegar hún var upp á sitt besta í þessum efnum.

[16:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórn peningamála, gengis, vaxta, ríkisfjármála er líka vandasamur hlutur og þó að það séu önnur viðfangsefni á öðrum tímum en voru á tímum reddinganna sem hæstv. fjmrh. fer hörðum orðum um en á nú einhverja aðild að, hann og flokkur hans, þá er líka gott að hafa sjálfstæða óháða stofnun sem getur látið álit sitt í ljósi á því hvernig menn eru að beita hinum nýju tækjum, markaðsstýringartækjunum. Það gerði Þjóðhagsstofnun í mars 2000 og 2001 og fékk hótanirnar fyrir að hún yrði lögð niður. Auðvitað eru það ekki rök fyrir því að ekki sé þörf fyrir sjálfstæða stofnun sem safnar saman, greinir og metur þjóðhagsupplýsingar að hér hafi orðið breytingar á hagkerfinu. Það eru bara ekki rök, herra forseti, og það að aðrir aðilar séu að fást við þetta í dag eru heldur ekki fullnægjandi rök.

Að lokum tek ég að vísu undir það að helst er þó hægt að heimfæra það að þessi verkefni að einhverju leyti eða öllu leyti gætu verið hjá Hagstofunni enda mundi ég gera greinarmun á því ef verið væri að sameina Þjóðhagsstofnun og Hagstofuna í eina sterka stofnun eða þessu sem hér er verið að bjóða upp á.

[16:10]

Útbýting þingskjals:

Almannatryggingar o.fl., 359. mál, brtt. ÞBack, þskj. 1194.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:11]

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[18:02]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég stíg hingað upp til að spyrja hæstv. forseta hvort hann geti gefið okkur einhverjar upplýsingar um hvað hann áætli að þessum fundi verði haldið áfram langt fram á kvöld. Við höfum setið nokkuð drjúgt við þessa vikuna. Hér hafa verið næturfundir og kvöldfundir og nefndarfundir snemma morguns. Fram undan er erfið nefndarvinna og mér þætti ósköp vænt um að fá upplýsingar um framhald umræðunnar í kvöld.

Sjálf teldi ég ósköp heppilegt að ljúka umræðunni eftir þetta mál, um kvöldmatarleytið, og hafa ekki kvöldfund.

[18:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hafði gert mér vonir um að það tækist að tæma dagskrána. Úr því sem komið er hygg ég að eðlilegt sé að miða við að hægt sé að koma málum sem eru til 1. umr. til nefndar, þ.e. 5., 6., 7. og 8. dagskrármáli svo fundinum geti fram haldið og þessum málum verði komið til nefnda.

Hugmynd mín hafði verið sú að umræðu um þau gæti lokið nú í kvöld og síðan yrði boðað til stutts fundar á morgun til að vísa málunum til nefnda.

[18:04]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Trúlega berum við bæði þá ósk í brjósti að fundi ljúki sem fyrst. Ég er bara að tala um að honum ljúki nú um kvöldmatarleytið. Það getur alla vega ekki orðið ef taka á fyrir þau mál sem eru til 1. umr. Þau mál sem eru þá eftir, Umhverfisstofnun og um ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar eru næturfundarmál, hvort fyrir sig. Eigi að klára þessi tvö þá mál sé ég ekki annað en að við verðum hér til morguns og allan sólarhringinn að störfum.

[18:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég minni á að nefndavika er að byrja. Ég man eftir því að meðan ég var í stjórnarandstöðu þurfti ég einu sinni að sitja á fundi í 36 tíma, þannig að við erum rétt að byrja.

[18:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég átti ekki von á því að það yrði vitnað í fundi sem haldnir voru langt fyrir minni flestra núv. þingmanna, sem hefðu staðið jafnvel í 36 tíma hér á hv. Alþingi, þegar spurt er í einlægni um hve lengi menn ætli að halda áfram starfi hér í dag. Ég tel að það hafi verið staðið nokkuð vel að málum, a.m.k. miðað við þann tíma sem hv. þm. hafa varið til starfa hér undanfarna daga. Það er ekki hægt að bjóða upp á að hér verði næturfundur eftir þennan dag. Ég bið hæstv. forseta að kanna hvort hann telji að það sé upp á það bjóðandi að hér verði næturfundur eftir þennan dag. Ég óska eftir því að menn ræði það vel við formenn þingflokka hvort ekki sé hægt að stjórna málum eitthvað öðruvísi í framhaldinu en þannig að hafa þurfi enn einn næturfundinn.

Mér er alveg sama þótt meiningin sé að hafa fundi í nefndum en það er nauðsynlegt að menn geti mætt á þá fundi og tekið þátt í þeim störfum sem þar fara fram. Það er nú þess vegna sem verið er að gera hlé á fundum þingsins til að nefndir geti starfað. Væntanlega verða ekki haldnir nefndarfundir á meðan þingfundir eru. En það stefnir í það ef hæstv. forseti ætlar sér að stjórna fundum með svipuðum hætti og hann minnist úr bernsku sinni hér á Alþingi.

Þjóðhagsstofnun o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 709. mál. — Þskj. 1153.

[18:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef oft talað fyrir því hér á hv. Alþingi að endurskoða þurfi rekstur ríkisins, verkefni stofnana, hvað eigi að vera hjá ríkinu, hvað eigi að vera hjá sveitarfélögum og hvaða verkefni er hægt að flytja yfir til einstaklinga. Ég hef einnig talið ástæðu til þess að skoða stofnanir og ráðuneyti þar sem verkefni skarast, fara yfir það og skýra verkaskiptinguna frá því sem nú er.

Ég hef verið hlynnt því að færa ýmis verkefni sem hafa verið hjá ríkinu frá því, í takt við tímann og breytt umhverfi. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að um allar þær stofnanir sem fjalla um efnahagsmálin gildi allt önnur lögmál heldur en um annan rekstur ríkisins. Ég held að frv. sem hér er til umræðu, um að leggja niður Þjóðhagsstofnun, sé stórt skref aftur á bak varðandi stjórn efnahagsmála og upplýsingagjöf, hvort sem er til almennings, Alþingis, verkalýðshreyfingarinnar eða atvinnurekenda. Með þessu á að rjúfa sjálfstæði stofnunar sem hefur fjallað um og gefið út bæði spár og áætlanir í efnahagsmálum. Ég tel að með þessu sé rofið sjálfstæði sem þó hefur verið reynt að byggja upp á undanförnum árum.

Hæstv. fjmrh., sem talaði hér áðan, sagði að það yrði að klára þetta mál, að óvissan væri verst, vond fyrir stofnunina og vond fyrir starfsfólkið. Ég get alveg fallist á það. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að óvissan um rekstur Þjóðhagsstofnunar hefur verið gjörsamlega óþolandi í heilt ár. Maður skyldi þá ætla að hafi hæstv. forsrh. verið óánægður með reksturinn þá hefði árið verið notað, þ.e. frá því að hæstv. forsrh. tilkynnti starfsfólki þessarar stofnunar það að hún yrði lögð af, til að hafa samráð við starfsmenn Þjóðhagsstofnunar um hvernig ætti að standa að málum í fullu samráði við starfsmenn stofnunarinnar.

En svo er ekki, virðulegi forseti. Í áliti fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar á frv. til laga um afnám og brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, kemur mjög skýrt fram að það hafi í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar.

En þar segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar eru algerlega mótfallnir þeim áformum er birtast í frumvarpinu og

telja að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu samstarfshópsins hefur í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar."

Síðar segir um aðdragandann, með leyfi forseta:

„Þá vill Starfsmannafélagið benda á þann aðdraganda sem málið hefur haft. Ár er liðið síðan forsætisráðherra nefndi í sjónvarpsviðtali að leggja ætti Þjóðhagsstofnun niður í sömu andrá og hann lýsti óánægju með spár stofnunarinnar. Í byrjun apríl 2001 boðaði ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis starfsmenn til fundar þar sem hann ræddi um að framkvæma ætti þær breytingar sem frumvarpið fjallar um. Taldi ráðuneytisstjórinn að hægt væri að framkvæma þessa endurskipulagningu án lagabreytinga. Síðar var hætt við þessi áform og skipaður samstarfshópur í júní. Þessi hópur hittist nokkrum sinnum til málamynda síðastliðið haust og stendur meiri hluti hans að frumvarpinu. Tekið skal fram að í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur meiri hluti samstarfshópsins aldrei ljáð máls á því að ræða aðra möguleika til endurskipulagningar en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun."

Hæstv. fjmrh. talaði um að sú óvissa sem starfsfólkið hefur búið við þetta ár hafi verið ólíðandi. Ég get tekið undir að fullu en því er alls ekkert lokið þó að þetta frv. yrði nú samþykkt frá hv. Alþingi. Þeirri óvissu yrði aldeilis ekkert lokið samkvæmt því sem segir í áliti starfsmanna, með leyfi forseta:

„Starfsmannafélagið bendir á að það telur bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ábótavant þar sem það tryggi ekki rétt starfsfólks, auk þess sem það er ekki í samræmi við umræður samstarfshópsins og skipunarbréf hans. Í skipunarbréfi segir: „... er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.""

Niðurstaðan er hins vegar önnur. Í bráðabirgðaákvæði frv. stendur hins vegar:

„Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar."

Í grg. með frv. kemur fram, virðulegi forseti, að svo gæti farið að ekki yrði um sambærileg störf að ræða þar sem eðli starfseminnar breytist og skiptist niður á fleiri en eina stofnun.

Maður skyldi ætla að það væru ekki margir lausir endar þegar frv. um að leggja Þjóðhagsstofnun niður, sem hefur legið í loftinu í heilt ár, er loks lagt fyrir Alþingi. Það kemur hins vegar ekki einu sinni á réttum tíma, þ.e. innan þeirra marka sem þingið setur sér um framlagningu mála. Maður skyldi hins vegar ætla að búið væri að hnýta alla lausa enda og ganga þannig frá málunum í sátt við starfsfólkið, sem mér finnst nú skipta mjög miklu. Mér finnst það reyndar skipta meginmáli, að starfsfólk sem hefur sinnt verkefnum Þjóðhagsstofnunar á undanförnum árum með afbrigðum vel og býr yfir gífurlegri sérþekkingu á þeim verkefnum sem falla undir verksvið Þjóðhagsstofnunar, sé sátt við frv. þegar það er lagt fram. Það hefði þurft að vinna í sátt við starfsfólkið.

Svo er þó ekki miðað við þá umsögn sem við höfum fengið frá starfsmannafélaginu og þær greinar sem birst hafa frá einstökum starfsmönnum í dagblöðum eða viðtöl í fjölmiðlum á undanförnum vikum.

Ef frv. verður samþykkt verður það að lögum 1. júlí 2002, og enn eru verulega lausir endar á því hvert verkefni sem eru hjá Þjóðhagsstofnun eiga að fara, og þá kannski ekki síst það sem lýtur að því að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Samtök launafólks hafa haft mjög gott samstarf við Þjóðhagsstofnun á undanförnum árum. Þar hefur byggst upp gagnkvæmt traust og samtök launafólks hafa getað leitað til Þjóðhagsstofnunar með ýmis úrlausnarefni, bæði hvað varðar upplýsingar um efnahagsmál og einnig til að fá stofnunina til að vinna fyrir sig hagfræðilegar athuganir.

Nú sýnist mér þetta vera þannig, það sem er ljóst og kemur fram í grg., að einhver hluti þeirra verkefna sem unnin voru af þessari sjálfstæðu stofnun fyrir samtök launafólks fari m.a. inn í ráðuneyti. Það hefur komið fram í umræðunni og kemur einnig fram í umsögn starfsmannafélagsins sem ég hef hér áður vitnað í og geri aftur, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun hefur mikla sérstöðu í efnahagsumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem nýtur trausts og álits og er talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafa verið falin. Þá nýtur stofnunin trúnaðar atvinnurekenda jafnt og verkalýðshreyfingar. Henni hafa verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafa til sérfræðinga stofnunarinnar. Þjóðhagsstofnun tryggir því greiðan aðgang þingmanna allra flokka, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings að áreiðanlegum upplýsingum um framgang efnahagsmála og er þessi starfsemi tryggð í lögum um stofnunina.

Samkvæmt frumvarpinu verður gerð efnahagsspáa og áætlana færð til fjármálaráðuneytis. Spágerðin yrði því undir pólitísku forræði og gæti því ekki talist óháð. Þessi breyting felur því í sér að stjórnvöld sjá ekki ástæðu til að reka pólitískt óháða efnahagsstofnun. Eðlilegra hefði verið að auka enn frekar sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar."

Ég vil, virðulegi forseti, taka eindregið undir þau ummæli sem hér koma fram í umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar um frv. og tel að það skipti afar miklu máli að þeir sem þurfa á þeirri vinnu að halda sem hefur verið innt af hendi innan Þjóðhagsstofnunar geti treyst því fullkomlega að hún sé ekki undir pólitísku forræði eða að þar ráði mat ríkjandi stjórnvalda á hverjum tíma. Með þessu er ekki verið, eins og hér hefur komið fram í máli hæstvirtra ráðherra og þá sérstaklega hjá hæstv. fjmrh. sem talaði rétt fyrir þinghlé, að væna starfsmenn fjmrn. um óheil vinnubrögð.

Málið snýst ekki um það. Starfsmenn fjmrn. eiga auðvitað fyrst og fremst að koma til skila ákvörðunum ríkisstjórnar á hverjum tíma. Það er bara ósköp einfaldlega hlutverk þeirra. Þegar ríkisstjórn hefur mótað efnahagsstefnu sína mun hún að sjálfsögðu koma fram í ráðuneytum, hvort sem um er að ræða fjmrn. eða önnur fagráðuneyti. Jafnframt eru skilaboðin skýr til þeirra stofnana sem heyra til þessara ráðuneyta. Fæstar þeirra, og kannski engin, búa við sjálfstæði að því marki að geta gefið ópólitíska ráðgjöf vegna þess að þessar stofnanir eru flestar og nánast allar bundnar af pólitískri stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Og það er ekkert víst að það sé neitt svo sérstaklega ámælisvert vegna þess að að sjálfsögðu verður að búast við því að stofnanir ríkisins framfylgi þeirri stefnu sem ríkisvaldið á hverjum tíma hefur sett.

Hér hefur hins vegar verið starfandi Þjóðhagsstofnun sem hefur vaxið og dafnað á undanförnum árum og lagt mjög mikinn faglegan metnað í verk sín og þá ekki hvað síst samskipti sín við samtök launafólks í landinu. Ég sé ekki,

eftir að hafa lúslesið grg., hvar slík verkefni verða vistuð og hvernig þeim verður mætt þannig að samtök launafólks geti treyst því fyllilega að þar sé um ópólitíska ráðgjöf eða niðurstöður að ræða.

Ég hlustaði, virðulegi forseti, á samtal við framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands í morgun í fjölmiðli. Þar sagði hann að fyrir helgi hefðu stjórnvöld haft samband við ASÍ til að ræða þessar breytingar, þ.e. að leggja niður Þjóðhagsstofnun og þá þjónustu sem Þjóðhagsstofnun ber lögum samkvæmt að veita aðilum vinnumarkaðarins. Það hefðu síðan átt sér stað einhverjar tvíhliða viðræður á milli ASÍ og ríkisstjórnarinnar um helgina og náðst í þeim niðurstaða hvað varðar þau verkefni. Ég gat ekki betur skilið en að það ætti að bæta ASÍ á einhvern hátt upp þann missi sem þessi stóru samtök verða fyrir hvað varðar ráðgjöf, hugsanlega þá með því að efla þau eða hagdeild ASÍ, sem ég held að sé nú án starfsmanns þessa stundina, að um það hefði náðst ákveðið samkomulag. Fréttamaðurinn þráspurði framkvæmdastjórann í hverju þetta samkomulag fælist. Og framkvæmdastjórinn svaraði því ekki.

Ég leitaði að svörum í grg. með frv. um hvers konar samkomulag væri hugsanlega að ræða á milli ríkisstjórnarinnar og ASÍ, um það hvernig þessu skuli fyrir komið gagnvart ASÍ. Það eina sem er að finna þar er á bls. 6 í grg. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aðilar vinnumarkaðarins hafa um alllangt skeið rekið öfluga starfsemi á þessu sviði sem hefur einna skýrast birst í þætti Alþýðusambands Íslands hvað varðar almenna stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Sama má segja um Samtök atvinnulífsins. Þetta er mikilvægur þáttur í almennri efnahagsumræðu og mótun efnahagsstefnunnar hverju sinni og nauðsynlegt að renna styrkum stoðum undir hann."

En á hvern hátt á að bregðast við, á það er ekki minnst. Þegar talað er um aðila vinnumarkaðarins og hlutverk Þjóðhagsstofnunar gagnvart aðilum vinnumarkaðarins og þá ekki síst gagnvart samtökum launafólks þá er þar ekki bara um að ræða ASÍ. Það eru gott betur fleiri samtök launafólks sem hafa þurft að sækja ráðgjöf til Þjóðhagsstofnunar og renna þarf styrkum stoðum undir þá starfsemi gagnvart þeim ekki síður en ASÍ. Það er, virðulegi forseti, afar mikilvægt að ná góðu samkomulagi við Alþýðusamband Íslands um hvernig þessum málum verður fyrir komið, en það er ekki síður mikilvægt að ræða það við BHM, BSRB, Kennarasamtökin, Samtök bankamanna og aðra sem starfa fyrir launafólk í landinu. Því það þarf ekkert að segja mér að hægt sé að gera einhvern samning, sem enn þá virðist vera einhver leynisamningur sem ekki megi greina frá hvernig þeim málum skuli fyrir komið, við Alþýðusamband Íslands svo sterkt og gott sem það nú er, að það veiti öðrum launþegasamtökum þjónustu, að hagdeild ASÍ eigi hugsanlega að koma í staðinn fyrir þá þjónustu sem Þjóðhagsstofnun hefur veitt samtökum launafólks í landinu. Það bara gerist ekki þannig.

Oft og tíðum eru aðrar forsendur sem liggja að baki þeim beiðnum sem fara frá Alþýðusambandinu til Þjóðhagsstofnunar varðandi útreikninga og upplýsingagjöf og faglega skoðun á málum heldur en frá öðrum samtökum launafólks í landinu, ég nefni t.d. BSRB og BHM. Það getur ekki gengið að fram fari einhliða viðræður við ASÍ og náð sé samkomulagi við ASÍ um það hvernig þessum málum skuli fyrir komið, en önnur samtök launafólks í landinu sitji hjá garði, það kemur bara ekki til greina. Ekki er hægt að samþykkja frv. á þeim forsendum. Ekki er hægt að bjóða þingheimi upp á það að segja: Þessum málum er vel fyrir komið — nema nákvæmlega liggi fyrir hvert þessi verkefni fara, hver á að vinna upplýsingarnar fyrir samtök launafólks í landinu og þá öll. Fyrr verður frv. ekki afgreitt hér.

Ég býst við að býsna margir þingmenn séu sama sinnis og muni vera tilbúnir til að standa hér í pontu við 2. umr. málsins og ræða það fram og til baka þangað til fyrir liggur hvers konar samkomulag er búið að gera varðandi þetta sérstaka verkefni Þjóðhagsstofnunar, svo ekki sé minnst á önnur verkefni, eins og það sem snýr að okkur þingmönnum. Ég legg því mikla áherslu á, virðulegi forseti, að þær upplýsingar liggi fyrir þegar nefndin lýkur störfum og okkur verði ekki boðið upp á að fara í 2. umr. án þess að við vitum nákvæmlega hver á sinna þeim verkum.

Fyrir liggur, eins og ég nefndi áðan, að ef frv. verður samþykkt taka lögin gildi 1. júlí nk. Og þá er komið að kostnaðarþættinum. Fram hefur komið í umsögn starfsmannafélagsins að það verður enginn sparnaður, sem er eitt af meginmarkmiðunum sem maður getur lesið um í grg., að ná fram hagræðingu og sparnaði, en það er ekki svo. Meira að segja er reiknað með því að kaupa þurfi af einkaaðilum töluvert af þeirri þjónustu sem Þjóðhagsstofnun hefur veitt. Og á hverjum lendir það þá? Það lendir á þeim sem hafa hingað til nýtt sér þá þjónustu og þar á meðal Alþingi. Ég hef ekki séð þess stað — ég skoðaði fjárlögin og skoðaði grg. með frv. til fjárlaga og það er ekki gert ráð fyrir því í fjárlögunum að þeir sem hafa þurft að nýta sér þessa þjónustu, þ.e. sem fellur undir fjárlög íslenska ríkisins, að einhverjir peningar séu til þar til að kaupa aukna þjónustu. Það er ekki þannig. Alþingi hlýtur þá að fara fram á að við fáum fjárveitingar til að mæta þeim kostnaði, þeim aukakostnaði sem hlýst af því að við þurfum að leita eftir þeirri þjónustu annars staðar en til Þjóðhagsstofnunar. Ég fullyrði að það kostnaðarmat sem hér kemur fram frá fjmrn. er að því leytinu til rétt að verið er að skipta kostnaðinum upp, fjárveitingum sem eru til Þjóðhagsstofnunar, en það mun, virðulegi forseti, bætast við ekki kannski jafnmikill kostnaður en allt að því.

[18:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel að það liggi nokkuð ljóst fyrir eftir þá umræðu sem hefur orðið um frv. í dag að hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hafa getað gert mjög illa grein fyrir því hvað verður um öll þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum og langt í frá að þeir hafi getað sannfært þingheim um að hér verði faglega að verki staðið við þessa breytingu, sem ég tel mjög vanhugsaða. Það stendur líka upp úr, herra forseti, eftir þessa umræðu að ráðherrar og ríkisstjórn hafa ekki hugmynd um þann kostnað sem mun fylgja þeirri breytingu að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Eitt er víst og hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað, hæstv. fjmrh. og hæstv. starfandi forsrh., hafa þó viðurkennt það að hér sé ekki um sparnað að ræða, enda er erfitt að gera það þegar maður skoðar bæði frv., grg. og fylgiskjal fjárlagaskrifstofunnar þar sem fram kemur að miklu frekar er um að ræða aukningu heldur en að dregið sé úr útgjöldum. Og ég spái því, herra forseti, að við munum standa frammi fyrir því þegar upp er staðið að það verður helmingi dýrara að fara þessa leið en að hafa málin í þeim farvegi sem þau eru núna með óháðri stofnun sem greinir stöðu efnahagsmála og er í hagrannsóknum.

Þegar liggur fyrir að allt það fjármagn sem hefur farið til að reka Þjóðhagsstofnun fer núna í fjmrn. og skiptist milli fjmrn. og Hagstofunnar. Síðan kemur þessi tímabundni aukakostnaður varðandi biðlaunin og varðandi flutninginn og síðan er alveg ljóst og þar liggur óvissan sem ráðherrar hafa ekki getað svarað þótt þeir ítrekað hafi verið spurðir að færa á verkefni til ráðuneyta sem kallar alveg örugglega á útgjöld sem við munum sjá þegar við næstu fjárlagagerð og færa á verkefni til einkaaðila og kaupa greiningarþjónustu eins og hæstv. fjmrh. orðaði það í dag.

Það er líka alveg ljóst eftir þá umræðu sem hér hefur orðið og fyrirspurn til hæstv. fjmrh. þar að lútandi að menn vita ekkert hvað þeir eru að fara að því er varðar hagdeildir aðila vinnumarkaðarins. Hæstv. ráðherrar koma sér undan því að svara þegar þeir eru spurðir hvaða kostnað um sé að ræða í því sambandi, hvort hagdeild ASÍ eigi ein að sitja að því að fá fjármagn til að styrkja hagdeild sína eða hvort jafnræði verði milli hagdeilda samtaka atvinnulífsins, bæði atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar, í þessu efni. Ég spái því að þegar upp verður staðið verði helmingi dýrara að þjóna þessum dyntum hæstv. forsrh.

Reyndar kemur fram í áliti fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar orðrétt að því er þennan þátt varðar, og les ég nú úr álitinu með leyfi forseta: „Reyndar viðurkenndi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis á fundi með starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar í apríl árið 2001 að ekki væri um að ræða sparnað með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun, heldur mundu útgjöld vaxa í kjölfarið, a.m.k. fyrst um sinn." Það liggur því meira að segja fyrir staðfest af ráðuneytisstjóra í forsrn.

Það er ansi klént, herra forseti, að standa hér og ræða þetta frv. ríkisstjórnarinnar sem kallar á tvöföldun á kostnaði frá því sem nú er. Þegar upp verður staðið munum við hafa farið út í um 100 millj. kr. útgjaldaaukningu að því er varðar hagrannsóknir og greiningu á þjóðhagsspá. Á sama tíma er Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem hefur það verkefni að greina fötluð börn, önnur ráðgjafarstöð á vegum ríkisins, í uppnámi af því að ekki er hægt að setja til starfsemi hennar þær 10–30 millj. sem þarf til þess að hún geti grynnkað á biðlistum þannig að börn fái eðlilega greiningu. Þannig er forgangsröðin hjá þessari ríkisstjórn, herra forseti.

Alveg er deginum ljósara að mjög mun þrengja að allri aðstöðu þingmanna til að fá aðstoð, útreikning og annað sem þeir þurfa á að halda til að sinna starfi sínu að því er þetta mál varðar. Fróðlegt væri að spyrja hæstv. starfandi forsrh. hvað eftirfarandi í greinargerðinni þýðir, með leyfi forseta: „Á sömu forsendum er Seðlabankinn reiðubúinn að láta aðilum vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkum, sem fulltrúa eiga á Alþingi, í té upplýsingar og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst."

Hvað þýðir þetta „eftir því sem um semst"? Á eftir að semja um það að hve miklu leyti Seðlabankinn er tilbúinn að annast þær athuganir og útreikninga sem þingmenn og stjórnmálaflokkar þurfa á að halda eða er bara verið að tala um stjórnmálaflokkana í heild? Er verið að tala um að einstakir þingmenn geti leitað til Seðlabankans eftir þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda og þarf eitthvað sérstaklega að semja við Seðlabankann um þetta mál? Ég held að verið sé að þrengja mjög, herra forseti, að aðstöðu þingmanna. Í þeim töluðum orðum er rétt að rifja upp frv. Kristins H. Gunnarssonar o.fl. sem flutt var á 122. löggjafarþingi sem sýnir að sá ágæti formaður þingflokks framsóknarmanna, sem ekki hefur látið sjá sig við þessa umræðu, var allt annarrar skoðunar fyrir örfáum árum. Þá taldi hann að breyta ætti lögum um Þjóðhagsstofnun, ekki í þá veru að leggja hana niður heldur að færa hana undir Alþingi, og með hvaða rökum, herra forseti? Þar segir í greinargerð þingmannsins, með leyfi forseta:

„Vegna hlutverks stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún sé að öllu leyti óháð stjórnvöldum."

Nú er þessi hv. þm. allt í einu farinn að styðja það að flytja allar efnahagsspár og stóran hluta verkefna Þjóðhagsstofnunar inn í fjmrn. þar sem þau munu lúta pólitískri forskrift þeirra sem þar stjórna. Þingmaðurinn segir í greinargerð sinni, með leyfi forseta:

„Telja verður óheppilegt og jafnvel óeðlilegt að Þjóðhagsstofnun skuli heyra undir forsætisráðuneytið jafnframt því að stofnunin eigi að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn."

Þessi hv. þm. er því aldeilis búinn að breyta um skoðun og telur enga ástæðu til að greina þinginu frá því við þessa umræðu.

Ég ítreka fyrirspurn mína til hæstv. ráðherra varðandi starfsmennina. Þeir hafa eðlilega miklar áhyggjur af atvinnuöryggi sínu og í áliti fulltrúa starfsmannafélagsins er sagt að hugmyndin hafi verið að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar yrðu tryggð „sambærileg störf" hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar en í ákvæði til bráðabirgða í frv. er núna einungis talað um „annað starf" hjá þeim stofnunum. Ég spyr, herra forseti: Er hugmyndin meðan málið er til meðferðar í þinginu að fram fari samtöl við starfsmennina um hvernig störfum þeirra verði fyrir komið, hvað í boði verði til tryggingar starfsöryggi þeirra og annarra réttindamála? Ég held að það sé afar mikilvægt að þingmenn fái vitneskju um þá hlið þessa máls sem lýtur að starfsmönnum áður en málið verður afgreitt frá þinginu.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað hafa tíma til að fara betur yfir sérálit Þórðar Friðjónssonar en tíma mínum er því miður að ljúka. Hann gerir í einum sex töluliðum mjög ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til þessa frv. og verkefnaflutnings sem hér á að eiga sér stað við niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar. Þau rök sem hann færir fyrir því að sú leið sem ríkisstjórnin fer sé óskynsamleg eru mjög sannfærandi, herra forseti, og hljóta að verða rædd ítarlega í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar. Rök þessa fyrrum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar sýna glöggt að ríkisstjórnin er á algjörum villigötum með því að leggja niður þessa stofnun og sannfærir okkur enn og aftur, sem erum á móti því að fara þessa leið, að hér er fyrst og fremst verið að þjóna dyntum hæstv. forsrh.

[18:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þingmanns um Seðlabanka Íslands — gert er ráð fyrir því að Seðlabankinn geti veitt nefndum Alþingis, stjórnmálaflokkum og alþingismönnum þá þjónustu sem Þjóðhagsstofnun hefur veitt og alþingismenn geta ekki leitað til annarra með. Ég tel að Seðlabankinn hafi þá stöðu gagnvart Alþingi að það ætti ekki að vera á nokkurn hátt verra fyrir hv. þingmenn að leita eftir þjónustu þar miðað við það hvað Seðlabankinn styrkir starfsemi sína mikið á þessu sviði. Þetta hefur verið rætt við Seðlabankann og ég geri ráð fyrir því að hv. þingmaður taki

þátt í að ræða málið við Seðlabankann þegar það kemur til umfjöllunar í nefnd.

Að því er varðar málefni starfsmanna verða þeim öllum boðin störf hjá þeim stofnunum sem verkefnin færast til. Leitast verður við að bjóða starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum og þeir hafa sinnt áður. Jafnframt þarf samt að hafa hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttri verkefnaskipan.

Líka er rétt að taka fram að í ákvæði til bráðabirgða eru þau störf sem starfsmenn Þjóðhagsstofnunar verða ráðnir í hjá þessum stofnunum undanþegin auglýsingaskyldu starfsmannalaga en að öðru leyti fer um réttindi þeirra samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þ.e. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[18:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Starfsmennirnir hafa verið í mikilli óvissu frá því að forsrh. sló fram þessari yfirlýsingu í beinni útsendingu fyrir ári. Það sem ég var að leita eftir var hvenær hafin verði samtöl við starfsmennina um starfsöryggi þeirra og hvort þau fái þá sambærileg eða svipuð verkefni og þau hafa haft hingað til. Þau telja það sem stendur í frv. ekki vera í samræmi við það sem við þau var sagt, að þau fengju sambærileg störf, heldur er talað um önnur störf.

Ég var að leita eftir því við hæstv. ráðherra hvort gengið yrði í þessi samtöl meðan við erum að fjalla um málið í þinginu. Ég tel það alls óviðunandi ef starfsmennirnir þurfa að bíða í óvissu í einhverjar vikur enn eftir svörum um starfsöryggi sitt, og sjálfsagt er nauðsynlegt að ræða aðra þætti sem lúta að réttindamálum þeirra við þessa breytingu.

Varðandi Seðlabankann og að hann muni annast alla þjónustu við þingið og þingmenn ber ég það ekki alveg saman við óháða stofnun eins og Þjóðhagsstofnun sem hægt sé að leita til í þessu efni. Seðlabankinn er hagstjórnaraðili sem hefur áhrif á vextina og verðbólguna í vinnu sinni eins og menn þekkja en er ekki óháður greiningaraðili. Hann er því ekki óháður aðili og ekki hægt að leita til hans með sama hætti og þingmenn og þingflokkar hafa getað leitað til Þjóðhagsstofnunar. Auðvitað þarf að skoða hvaða fyrirvari er settur í grg. með frv. þar sem verið er að tala um að hann muni sinna þeirri þjónustu sem um semst hvað sem það svo þýðir.

[18:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel enga ástæðu til að vantreysta Seðlabankanum í þessu efni, og þeim hagfræðingum sem þar vinna. Þeir munu að sjálfsögðu vinna á faglegum grundvelli að málum sem leitað verður til þeirra með. Með „eftir því sem um semst" er gengið út frá því að þeir geti í langflestum tilvikum tekið að sér slík verkefni. Það er þó ekki hægt að útiloka að það gangi ekki upp, með sama hætti og ég býst við að það hafi ekki verið alveg sama með hvað þingmenn hafa þurft að leita til Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsstofnun hefur ekki getað leyst úr öllum málum. Fyrst og fremst er verið að leggja áherslu á það í þessum orðum að Alþingi og alþingismönnum verði þjónað með nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð í sambandi við mat á hagfræðilegum málefnum. Ég tel mjög þýðingarmikið að svo verði áfram.

Að því er varðar starfsmennina er það hagsmunamál þeirra stofnana og ríkisins að starfsemin geti haldið áfram án teljandi truflana. Þess vegna er mjög mikilvægt að ná samningum við starfsmenn sem allra fyrst. Þarna hefur verið mikil óvissa, það er rétt, og það er nauðsynlegt að eyða henni. Margir starfsmenn hafa þegar sagt upp störfum, m.a. forstjóri stofnunarinnar, þannig að það er allt sem mælir með því að reyna að taka á því sem allra fyrst. Eins og ég sagði eru starfsmönnum boðin önnur störf og leitast verður við að þeir geti sinnt svipuðum verkefnum og þeir hafa gert. Þær stofnanir sem taka við þessum verkefnum þurfa á þeim að halda vegna þess að það þarf að reka þessi módel áfram og alla þá starfsemi sem þarna hefur verið.

[18:44]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

Ég vil aðeins í máli mínu, virðulegi forseti, gagnrýna hvernig málið er fram komið. Það er algerlega óásættanlegt að breytingar af þessu tagi skuli keyrðar í gegn án samráðs, t.d. við stjórnarandstöðuna. Þjóðhagsstofnun er mikilvægt tæki og hlutlaus aðili. Hún framkvæmir og vinnur undirbúningsvinnu, m.a. vegna áætlana fyrir stjórnarandstöðuna, sem allir geta treyst og það er eiginlega merkilegt að ríkisstjórnin skuli ekki hafa tekið við útréttri hendi, því að 24. mál á dagskránni er till. til þál. um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar. Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, leggja fram þessa till. til þál. Við erum í sjálfu sér ekki andvíg því að opinberar stofnanir séu í stöðugri endurskoðun. Hennar er stöðugt þörf en það er ekki sama hvernig að henni er staðið. Tillaga hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Ögmundar Jónassonar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að setja á fót nefnd til að gera úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar allra þingflokka, einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og einn fulltrúi forsætisráðuneytis og skal hann jafnframt vera formaður. Verkefni nefndarinnar verði, auk almennrar úttektar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi.

Nefndin skili niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Virðulegi forseti. Þess vegna er ákaflega undarlegt að standa frammi fyrir því að mál skuli keyrð inn á síðustu dögum þingsins með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn ákveður að gera það án þess að hafa samráð við kóng eða prest, án þess að velta fyrir sér möguleikum sem byggjast á þessari þáltill. sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon hafa lagt fram.

Það er dálítið undarlegt að standa frammi fyrir því, lesa það í gögnum og upplifa það í umræðunni að hér er á engan hátt um neins konar hagræðingaraðgerð að ræða því fram hefur komið að það er heldur kostnaðarauki af þessum aðgerðum. Hæstv. ríkisstjórn getur því ekki skákað í skjóli kostnaðar vegna þess að við erum að tala um kostnaðarauka jafnvel upp á 50 millj. kr., a.m.k. fyrstu árin. Allt málið er sett þannig fram að um mikinn flumbrugang er að ræða. Menn hafa ekki sést fyrir í þessu máli, enda er búið að rekja aðdraganda þess þar sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir nánast í beinni útsendinu í sjónvarpi að hann hygðist gera þessar

breytingar án þess að hafa ráðfært sig að því er virðist við nokkurn aðila í stjórnarliðinu eða samstarfsflokknum, enda var það lengi vel svo að framsóknarmenn settu sig algjörlega á móti þessum breytingum.

Virðulegi forseti. Við erum andvíg svona vinnubrögðum. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram þáltill. sem skapaði mögulegan grunn til þess að vinna faglega að þessum málum þannig að sátt væri um og að hægt væri að freista þess að stjórn og stjórnarandstaða yrðu sáttar við hugsanlegar breytingar sem hefði mátt gera á stofnuninni á grunni þessarar þáltill. sem sett var fram og er 24. mál á dagskrá þingsins nú. Eftir því sem manni sýnist og eftir því sem málum vindur fram, eru kannski ekki miklar líkur á því að þessi þáltill. verði rædd fyrir hlé vegna nefndadaga. Þó hefði verið fyllsta ástæða til þess að ræða þessi mál samhliða og koma vinnunni í annað form.

Mikið hefur verið rætt um stöðu starfsmanna Þjóðhagsstofnunar. Þeir hafa frétt af sínum vinnustað og hugsanlegri framtíð hans í fréttum. En þetta er í raun bara nýi stíllinn í sambandi við einkavæðingarstefnuna og er angi af honum. Þar er formúlan að framkalla ótta og öryggisleysi í framhaldi af því að brjóta niður opinberan rekstur. Í raun eru þær formúlur sem notaðar eru í þessu máli í mjög í svipuðum dúr og þegar menn eru með yfirlýsingar vegna einkavæðingaráforma í öðrum rekstri sem hingað til hefur verið opinber. Þetta hefur verið og er til mikils tjóns fyrir samfélagið. Þetta leiðir til rótleysis. Besta starfsfólkið notar fyrsta mögulega tækifæri til þess að fara úr opinberum rekstri og eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, þá eru þetta vinnubrögð sem við getum engan veginn verið þekkt fyrir að viðhafa á hinu háa Alþingi þegar um heilar stofnanir er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara koma þessu að í umræðunni, greina frá því að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vorum búin að undirbúa þáltill. sem laut að því að endurskoða starfsemi stofnunarinnar í ljósi breyttra tíma, fara yfir í viðfangsefnin og sjá hvernig mætti raða hlutum upp á nýtt. Ég harma að tækifærið sem gafst með þeirri þáltill. skuli ekki hafa verið notað til þess að vinna faglega að málum Þjóðhagsstofnunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, fyrri umr.

Stjtill., 682. mál. — Þskj. 1098.

[18:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fullgildingu Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni. Þessi samningur var gerður þann 22. maí 2001.

Samningurinn tekur til takmörkunar á framleiðslu og notkun svonefndra þrávirkra lífrænna efna. Um er að ræða flokk efna sem brotna hægt niður í náttúrunni og geta borist langar leiðir með fartegundum, loft- eða hafstraumum og safnast fyrir í vistkerfum fjarri uppruna sínum. Þessi efni voru flest hver tekin í notkun um eða eftir síðari heimsstyrjöld. Þótt þessi efni hafi lítið verið notuð hér á landi eru þau vel mælanleg í íslensku umhverfi.

Það hefur verið mikið baráttumál Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi að takmarka notkun þessara efna til þess að vernda umhverfi okkar og þá ekki síst hafið í kringum landið og þær miklu auðlindir sem eru undirstaða tilveru okkar.

Þetta mál hefur lengi verið til umfjöllunar. Íslensk stjórnvöld vöktu einnig athygli á málinu við undirbúning alþjóðlegrar aðgerðaáætlunar um varnir gegn mengun hafsins vegna mengunar frá landi sem samþykkt var í Washington 1995 og á síðasta undirbúningsfundi áætlunarinnar, sem ríkisstjórn Íslands bauð til í Reykjavík í mars 1995, undir forustu umhvrn., komst skriður á málið. Síðan enduðu þessi mál með því að samkomulagið sem hér liggur fyrir tókst. Það er mikið fagnaðarefni að Ísland skuli hafa náð þessum árangri í málinu á alþjóðavettvangi og að þessi samningur skuli liggja fyrir. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að við fullgildum hann sem fyrst og væntum við þess að aðrar þjóðir geri það sama þannig að notkun þessara efna verði minni og að stórlega dragi úr þeim því það getur skipt miklu máli í sambandi við verndun hafsins í framtíðinni og fyrir tilverugrundvöll okkar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:56]

Umhverfisstofnun, 1. umr.

Stjfrv., 711. mál. — Þskj. 1170.

[19:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í umhvrn. hefur verið unnið að því að styrkja eftir megni stjórnsýslu umhverfismála. Einn liður í því starfi er að sameina í eina stofnun stjórnsýslu hinna hefðbundnu umhverfismála sem undir umhvrn. fellur. Þessir þættir snerta fyrst og fremst náttúruvernd; hollustuhætti, þar á meðal matvælamál; mengunarvarnir; veiðar á villtum dýrum og dýraverndarmál. Helstu rök fyrir samtengingu þessara málaflokka í eina stofnun í stað þess að reka þá á vegum þriggja stofnana og tveggja ráða er að með því er auðveldara að móta stefnu á sviði umhverfismála innan stjórnsýslunnar. Þannig næst einnig að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með að auka réttaröryggið og styrkja faglega stöðu málaflokksins.

Þetta ætti enn fremur að leiða til þess að auðveldar yrði að sækja fram og ná fram þeim stefnumiðum sem sett eru fram í umhverfismálum. Þessi leið hefur verið valin í nágrannalöndunum og má sem dæmi nefna Statens Naturvårdsverk í Svíþjóð. Þar hafa menn um margra ára skeið byggt stjórnsýslu umhverfismála upp með þessum hætti.

Í frv. því sem hér liggur fyrir og samið er í umhvrn. er lagt til að sú starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðistjóraembættið annast samkvæmt þar til greindum lögum verði sameinuð undir einni stofnun, Umhverfisstofnun, sem taki til starfa 1. jan. 2003. Enn fremur að starfsemi hreindýraráðs, sem er stjórnsýslunefnd á vegum ráðuneytisins, verði færð undir stofnunina og tekið verði á dýraverndarmálum með sama hætti og öðrum málum innan stjórnkerfisins. Í dag annast engin stofnun dýraverndarmál,

heldur stjórnskipað ráð, dýraverndarráð, sem þó er aðeins til ráðgjafar.

Þessi verkefni eru fyrst og fremst á sviði stjórnsýslu, en áðurnefndum stofnunum er í dag falið að annast framkvæmd tiltekinna málaflokka fyrir hönd umhvrn. Auk þess yrði stofnuninni ætlað að annast eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra samninga hér á landi á sviði mengunarvarna og náttúruverndar, sem í dag er í höndum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhvrn.

Til að byrja með yrði innan Umhverfisstofnunar rekin sú starfsemi sem tengist matvælaeftirliti, sem Hollustuvernd ríkisins annast í dag, en þar er rekið sérstakt matvælasvið. Hins vegar er ljóst að vænta má að sett verði á fót sérstök matvælastofnun hér á landi í framtíðinni og mun sú starfsemi þá færast undir hana. Matvælasvið Hollustuverndar ríkisins hefur farið með umtalsverðan þátt í opinberu matvælaeftirliti í landinu og sinnt lögbundnum verkefnum sínum afar vel. Ég legg áherslu á að búið verði vel að matvælasviði í Umhverfisstofnun þar til matvælastofnun verður sett á fót og sú öfluga starfsemi matvælaeftirlits sem fram fer í dag á vegum matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins verði tryggð í Umhverfisstofnun.

Þá er gert ráð fyrir því að rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins, sem fyrst og fremst annast matvælarannsóknir, færist ekki yfir til Umhverfisstofnunar, heldur starfi hún sem sjálfstæð rannsóknastofa undir umhvrn. þar til annað verður ákveðið. Rekstur rannsóknastofunnar er í dag fjárhagslega aðskilinn rekstri Hollustuverndar ríkisins og staða rannsóknastofunnar er sterk. Til skoðunar kemur, þegar endanleg niðurstaða fæst um skipan matvælamála, hvernig tengja mætti rannsóknastofuna og starfsemina sem þar fer fram við Matvælastofnun eða sameina öðrum hliðstæðum opinberum rannsóknastofum.

Starfsemi þeirra sem ætlunin er að sameina í Umhverfisstofnun er í dag rekin á þremur stöðum á landinu. Starfsemi Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins er í Reykjavík svo og dýraverndarráð. Á Akureyri er rekin starfsemi á vegum veiðistjóraembættisins og hreindýraráð er með starfsemi á Austurlandi. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á þessu fyrirkomulagi.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi nein áhrif á stöðu starfsfólks áðurnefndra stofnana, enda verður því tryggður réttur til áframhaldandi starfa. Þó er ljóst að hjá stofnuninni mun aðeins starfa einn forstjóri í stað þriggja í dag, forstjóra Hollustuverndar ríkisins, forstjóra Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóra. Breyting yrði óhjákvæmilega á stöðu þessara aðila en þeim eiga að vera tryggð áframhaldandi störf á nýrri stofnun kjósi þeir svo.

Til að undirbúa sem best starfsemi hinnar nýju stofnunar frá upphafi er í frv. lagt til að skipuð verði nefnd sem í sitja forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóri, auk fulltrúa ráðuneytisins. Mun nefndin verða ráðherra til aðstoðar við að undirbúa starfsemi Umhverfisstofnunar.

Þá er enn fremur lagt til að forstjóri hinnar nýju stofnunar verði ráðinn frá og með 1. ágúst nk. og starfi með nefndinni að undirbúningi hennar. Lagt er til að aðsetur stofnunarinnar verði í Reykjavík. Eins og áður segir verður jafnframt rekin starfsemi á Akureyri og á Austurlandi. Mikilvægt er að starfsemi Umhverfisstofnunar í Reykjavík verði frá byrjun rekin í sama húsnæði svo hægt verði að samþætta starfsemina sem mest frá upphafi. Þannig mundi sú starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins sinna sameinast í sama húsnæði. Finna þarf starfseminni nýtt húsnæði. Rannsóknastofa Hollustuverndar yrði áfram í núverandi húsnæði.

Skrefið sem hér er stigið er það fyrsta í tengslum við sameiningu og uppstokkun stofnana á vegum ráðuneytisins. Einnig hefur verið ákveðið að kanna það hvort fella eigi saman stjórnsýslu byggingarmála og brunamála í eina stjórnsýslustofnun. Sú stofnun sæi um þá þætti sem Brunamálastofnun annast í dag, sem og starfsemi á byggingarsviði, sem Skipulagsstofnun fer með, auk annarra þátta er varða byggingarmál. Yrði þar með skilið á milli skipulagsmála og byggingarmála í stjórnkerfinu. Þetta kallar á lagabreytingar og er endurskoðun viðkomandi laga að hefjast. Síðar er einnig nauðsynlegt að skoða starfsemi á vegum umhvrn. varðandi vöktun, rannsóknir og vísindastarfsemi og fara yfir kosti þess að endurskipuleggja þá starfsemi.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir meginefni frv. Ég tel mikilvægt að þessar breytingar nái fram að ganga á þessu þingi. Ég er sannfærð um að þær muni þegar frá líður reynast mikill styrkur fyrir stöðu umhverfismála í stjórnsýslunni. Afgreiðsla málsins nú mun eyða óvissu meðal starfsfólks og verður sem fyrst hægt að hefja undirbúning að rekstri Umhverfisstofnunar.

Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hæstv. umhvrn.

[19:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. umhvrh. hefur hér mælt fyrir frv. til laga um Umhverfisstofnun sem mun vera ný stjórnsýslustofnun. Það vakti athygli mína að hæstv. umhvrh. notaði ekki tíma sinn til að færa ítarleg rök fyrir því hvers vegna þurfi að setja á fót Umhverfisstofnun eða hvert markmið þeirrar stofnunar eigi yfir höfuð að vera. Nú er það ekki svo, herra forseti, að ég sé mótfallinn því að gerðar séu breytingar í stjórnsýslunni til hagræðingar, betri skipulagningar og vonandi betri stjórnsýsluhátta sem koma hinum almenna borgara til góða, en ég verð að segja eins og er, að undirbúningur þessa máls og hvernig það ber að hér á hinu háa Alþingi er með hreinum ólíkindum. Þó er það í takt við önnur vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn viðhefur þessa dagana hér á Alþingi.

Mig minnir að tæpar þrjár vikur séu frá því að hæstv. umhvrh. kynnti þessa fyrirætlan sína á blaðamannafundi og talaði þá um að stofnunin yrði nýtt, öflugt stjórntæki sem skapaði nýja vídd í stjórnsýslunni. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að eftir að hafa hlýtt á framsöguræðu hæstv. umhvrh. er ég engu nær um hvaða nýja vídd Umhverfisstofnun á að vera í stjórnsýslunni.

Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum. Það er fjórar greinar en í því eru ákvæði til bráðabirgða, sem segja kannski meira um það en margt annað.

Í 1. tölul. ákv. til brb. segir:

„Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Umhverfisstofnun samkvæmt lögum þessum skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið."

Í annan stað, herra forseti — það hefur nú vakið mesta athygli mína við lestur þessa frv. — segir hér, með leyfi forseta:

„Þegar lög þessi hafa verið samþykkt" — það er gengið út frá því að þau verði samþykkt — „skal umhverfisráðherra skipa starfshóp sem í eiga sæti auk fulltrúa ráðuneytisins forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóri." — Þeirra stofnana sem hér skal sameina. — „Starfshópurinn skal undirbúa gildistöku laganna."

Ég er ekki sérmenntuð í stjórnunar- eða skipulagsfræðum, herra forseti, en *ég hefði haldið að nær væri fyrir hæstv.* umhvrh. að hefja þessa vinnu á að skipa starfshópinn og kalla til yfirmenn og starfsmenn þeirra stofnana sem hér eru til umræðu til að undirbúa slíka sameiningu þannig að hún fari fram í samráði við starfsmenn og yfirmenn og í sátt og samlyndi, herra forseti. Ég held að það skipti mestu máli þegar svona miklar fyrirætlanir eru í bígerð. En hér er, eins og svo oft áður hjá hæstv. ríkisstjórn, byrjað á öfugum enda. Fyrst er lagt fram frv. til laga um Umhverfistofnun, frekar rýrt frv., herra forseti, *þar sem lítið er sagt um tilgang þessarar* sameiningar. En svo les maður bráðabirgaákvæðin og þar kemur í ljós að það á auðvitað eftir að vinna alla vinnuna. Þess vegna er kannski þetta frv. eins efnislítið og raun ber vitni, þ.e. vegna þess að hin ráðgerða undirbúningsvinna hefur ekki farið fram.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnast þessi vinnubrögð hæstv. umhvrh. og umhvrn. til lítils sóma. Ég tel þau raunar algerlega óviðunandi. Nú þegar *nokkrir dagar eru eftir af þinghaldi þessa vetrar er okkur gert* að fjalla um þetta mál hér við tvær umræður eða þrjár og inni í hv. umhvn.

Það vakti líka athygli mína, herra forseti, að í 3. lið ákv. til brb. segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal forstjóri Umhverfisstofnunar skipaður frá 1. ágúst 2002 og skal hann frá þeim tíma taka þátt í starfshópi skipuðum samkvæmt 2. tölul."

Það á að ráða forstjórann í sumar, áður en starfshópurinn *hefur lokið störfum og áður en fyrir liggur hvaða skipurit er* hér lagt til grundvallar.

Ég verð að segja að mér líka ekki þessi vinnubrögð, mér þykja þau flaustursleg. Ég held að það hafi ekki verið nokkur nauðsyn á því að nálgast þetta mál með þessum hætti. Ef það er vilji hæstv. umhvrh. að stokka upp í stjórnsýslunni þá er sú sem hér stendur öll af vilja gerð til að skoða það frá öllum hliðum og taka þann tíma sem þarf til að fjalla um þá uppstokkun. En með þessum hætti held ég að hæstv. umhvrh. geri sér erfiðara fyrir en þörf krefur. Það hefði verið betra að undirbúa þetta mál betur, bæði í samráði við starfsmenn, forstöðumenn og svo auðvitað við stjórnarandstöðuna, herra forseti.

Í 2. gr. þessa frv. er kveðið á um að ráðherra setji í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra sem á að ráða 1. ágúst nk., nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það er mjög erfitt að sjá það fyrir án þess að hafa í höndum nýtt skipurit eða nýjar hugmyndir um nýtt skipulag á starfsemi þessara stofnana. Hafi maður ekki slíkt í höndunum þá er mjög erfitt að gera sér grein fyrir því hvaða sparnaður felst í þessari aðgerð, hvaða samlegðaráhrif eins og það kallast víst, eða hvaða hagkvæmni. Þess vegna er mjög erfitt að taka afstöðu til málsins á grundvelli þeirra litlu upplýsinga sem hér liggja fyrir, herra forseti, í þessu efnislitla frv.

Í 1. mgr. 1. gr. frv. segir reyndar, með leyfi forseta:

„Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík en getur rekið hluta af starfsemi sinni annars staðar á landinu."

Ekki ætla ég að setja mig á móti því að stofnun af þessum toga sé staðsett í höfuðborginni, en þarf að kveða á um það í lögum? Hvernig væri ef hentugt húsnæði undir svona mikla starfsemi fyndist einhvers staðar í nágrannabyggðarlögunum? Á stofnunin að vera bundin af því að verða að vera í Reykjavík þó að leigan kynni að vera lægri annars staðar á *höfuðborgarsvæðinu? Ég sé enga ástæðu til að binda þetta í* lög, herra forseti, og mun mælast til þess að það falli út þó að ég eigi frekar von á því að þetta frv. nái ekki í gegn á þeim stutta starfstíma sem eftir er á þessu löggjafarþingi.

Hér er auðvitað verið að stokka upp og færa verkefni milli þeirra stofnana sem fyrir eru, og í athugasemdum við frv. er m.a. tekið fram, með leyfi forseta:

„Auk þess mun Umhverfisstofnun annast framkvæmd alþjóðlegra samninga hér á landi á sviði mengunarvarna og *náttúruverndar sem nú eru í umsjá Hollustuverndar ríkisins,* Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands."

Gott og vel. Hollustuvernd og Náttúruvernd eiga að heyra undir þessa nýju stofnun en það gerir Náttúrufræðistofnun Íslands ekki. Það liggur fyrir að innan Náttúrufræðistofnunar er mikil sérfræðiþekking á þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland hefur gert á sviði umhverfismála. Ég spyr sjálfa mig að því, og hæstv. umhvrh. líka, hvernig þetta hafi verið hugsað. Á að kippa í burtu umsjón, sem ég hygg að Náttúrufræðistofnun hafi farist mjög vel úr hendi, frá þeirri ágætu stofnun og inn í þessa nýju stofnun án þess að þekkingin fylgi með? Ég geri mér fulla grein fyrir að auðvitað er hægt að byggja upp þá þekkingu aftur en það tekur tíma og það er líka spurning um tvíverknað eða hvort ekki væri ráð að hafa það með öðrum hætti fyrst þekkingin er þegar fyrir hendi.

Ég leyfi mér því að efast um það, herra forseti, að þessi sameining muni efla stofnanir ráðuneytisins faglega og stuðla að hagkvæmari rekstri. Ég leyfi mér að efast um það vegna þess að ekkert í þessu frv. færir rök fyrir því að það muni gerast. Hafi hæstv. umhvrh. ætlað sér að leggja fram pottþétt frv. sem mundi renna í gegn á örfáum dögum í lok þingsins hefði hæstv. umhvrh. átt að leggja aðeins meiri vinnu í frv. og koma því þannig inn á þingið að það mundi renna hér í gegn vegna þess að það væri svo gott. Eins og það liggur fyrir, herra forseti, get ég ekki með nokkru móti séð að hægt sé að styðja það.

[19:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur farið yfir það hvílík ómynd þetta frv. til laga um Umhverfisstofnun er, frv. sem við reynum að fjalla um á elleftu stundu. Ég tek undir þau orð hv. þm. sem talaði á undan mér að þetta er algjör hryggðarmynd, satt að segja, herra forseti, og ef hæstv. ráðherra er alvara með því að vilja skapa nýja vídd í umhverfismálum held ég að hún hefði átt að vinna heimavinnuna sína betur en hún gerir hér. Það er auðvitað algjörlega til skammar að ætla að bjóða þingmönnum upp á það á þessum nánast síðustu klukkustundum þingsins að taka til umfjöllunar mál sem er jafnilla reifað í greinargerð og raun ber vitni, jafnilla undirbúið úti á akrinum meðal fólksins sem starfar í þessum geira og raun ber vitni og að *ætla umhvn. að fjalla um málið án þess að það verði sent út* til umsagnar. Það veit hver maður að umsagnir sem okkur í

nefndunum berast eru ekki hristar fram úr erminni á tveimur dögum. Það er eðlilegt að nefndasvið gefi þeim sem fjalla um frv. og þung mál a.m.k. tveggja vikna frest til að skila inn umsögnum. Stundum er sá frestur jafnvel lengri eins og hv. þingmönnum er kunnugt.

Er hæstv. umhvrh. alvara með að ætla að kreista málið í gegnum þingið á þessum síðustu dögum án þess að það fari til umsagnar? Hvers lags óvirðing er fólki sem vinnur þarna úti sýnd, fólki sem á störf sín undir þessu frv.? Ef bæta þarf úr einhverju óöryggi meðal þess spyr ég: Hver hefur búið til það óöryggi? Hver bjó til þetta frv.? Hver boðaði nýja vídd í umhverfismálum með þessu frv. og hristi þar með upp í þeim stofnunum sem hér um ræðir? Það var, herra forseti, hæstv. umhvrh. og engin önnur. Ef hæstv. umhvrh. vill lægja einhverjar óróleikaöldur á hún náttúrlega ekki að láta sig dreyma um að þetta frv. fari lengra en hingað.

Ef hæstv. umhvrh. dreymir hins vegar metnaðarfulla drauma fyrir hönd umhverfisins og náttúruverndar á Íslandi á hún að safna að sér fólki sem starfar í þeim geira og tappa af því þeim góðu hugmyndum sem það hefur. Og ég fullyrði, herra forseti, að þær eru nægar. Síðan á hún að efna til samstarfshópa meðal þess fólks sem þar starfar og þess fólks sem hún hefur á að skipa í ráðuneytinu og hún á að sjá til þess að skapað verði metnaðarfullt umhverfi fyrir umhverfis- og náttúruvernd á Íslandi. Þessi hryggðarmynd í líki frv. gerir það ekki.

Hæstv. umhvrh. fer eins rangt að og hugsast getur. Hún fellur í allar tiltækar gryfjur. Þetta er kennslubókardæmi um hvernig ekki á að vinna málum brautargengi, algjört kennslubókardæmi, verður eflaust skráð í þingsögunni sem slíkt og verður frægt að endemum áður en yfir lýkur.

Herra forseti. Eftir að hafa hellt örlítið úr skálum reiði minnar — ég verð að viðurkenna að ég er reið — mér finnst móðgandi að leggja fram svona frv. og beita afbrigðum í þinginu til að fá það á dagskrá. Það er ekki búið að liggja hér í tvær nætur og var lagt fram löngu eftir að frestur til að skila inn nýjum þingmálum var runninn út þannig að það er eðlilegt að þingmenn séu móðgaðir, herra forseti, og tali þá í þeim tóni — hef ég satt að segja nokkrar spurningar sem ég verð að bera upp við hæstv. umhvrh. sem ég treysti síðan að við fáum svör við síðar í umræðunni.

Í óundirbúnum fyrirspurnatíma, sennilega 11. mars, lagði hv. þm. Jóhann Ársælsson fyrir hæstv. umhvrh. spurningu varðandi fyrirhugaðan samdrátt í landvörslu. Því er skemmst frá að segja, herra forseti, að hæstv. umhvrh. fór í pontu og svaraði hv. þm. fullum hálsi. Hún sagði að það samrýmdist alls ekki hugmyndum hennar um náttúruvernd og öflugt starf Náttúruverndar ríkisins að skera niður landvörsluna. Hæstv. umhvrh. þrástagaðist á því í stuttu máli sínu að það væri alveg ljóst að hún mundi aldrei samþykkja að landvarslan yrði skorin niður. Hún sagði raunar að hún vildi heldur auka hana en hitt. Hv. þm. spurði þá hvernig á því stæði að þessar fréttir kæmu upp. Jú, rekstraráætlun Náttúruverndar ríkisins hafði borist hæstv. ráðherra skömmu áður og þar hafði hæstv. ráðherra orðið þess áskynja að uppi hjá stofnuninni væru einhverjar hræðilegar hugmyndir um að skera niður landvörsluna en það gengi algjörlega þvert gegn vilja hennar.

Nú vil ég fá að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er svo skelfilegt í rekstraráætlunum Náttúruverndar ríkisins að hún verðskuldi að vera skömmu síðar, sama dag liggur mér við að segja, herra forseti, nánast lögð niður? Hvað er það í rekstraráætlunum, plönum og framtíðarsýn Náttúruverndar ríkisins sem gerir það að verkum að hæstv. umhvrh. nánast kippir fótunum undan starfi stofnunarinnar? Eitthvað gífurlegt hlýtur að vera að þessum rekstraráætlunum. Eru starfsmenn Náttúruverndar ríkisins kannski að fara fram á aukið fjármagn í málaflokkinn? Ja, guð hjálpi okkur. Það væri náttúrlega alveg skelfilegt. Fólk sem búið er að bruðla í flutningunum, leyfir sér meira að segja að kaupa húsgögn, stóla undir rassinn á sér og skrifborð til að sitja við. Herra forseti. Það var líka til skammar hvernig hæstv. umhvrh. talaði niður til Náttúruverndar ríkisins fyrir það að þau skyldu hafa flutt og eytt fjármunum í nýtt innbú á nýjar skrifstofur Náttúruverndar ríkisins.

Mig langar til að fá að vitna í svar hæstv. umhvrh. sem hún lét falla úr þessum stóli þegar hún svaraði hv. þm. Jóhanni Ársælssyni í fyrrgreindum umræðum en þetta sagði hún um flutning stofnunarinnar:

„Stofnunin flutti nýlega og þeir flutningar kostuðu mun meira en áætlað var. Menn tóku t.d. ákvarðanir um að fjárfesta í húsgögnum sem hlupu á mörgum milljónum. En það er alveg ljóst að stefnumörkun okkar og vilji minn í umhverfismálum miða ekki að því að skerða landvörsluna. Menn verða að finna aðrar leiðir til að hagræða."

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi munað eftir að biðja um leyfi fyrir þessari tilvitnum. Þetta var sem sagt tilvitnun í svar hæstv. umhvrh. í umræðunum 11. mars hér í þinginu. Ég vildi vitna í þetta svar, herra forseti, til að koma því að að samkvæmt mínum heimildum var talsvert mikil ráðdeild sýnd í flutningi Náttúruverndar ríkisins úr þröngu og nánast óviðunandi húsnæði við Hlemm í nokkuð góðar og bjartar og boðlegar skrifstofur við Skúlagötu. Ég hef þær heimildir, herra forseti, að Framkvæmdasýslu ríkisins hafi bara þótt takast nokkuð vel til. Ég hef meira að segja heyrt að flutningur Náttúruverndar ríkisins sé gjarnan nefndur hjá Framkvæmdasýslunni sem dæmi um fyrirmyndarflutning.

Nú held ég að hæstv. umhvrh. skuldi hv. þingmönnum það að hún leggi fram í þessari umræðu kostnaðaráætlun vegna flutninga Náttúruverndar ríkisins og standi þá þannig fyrir máli sínu að hún sýni okkur hvernig sá flutningur fór úr böndunum fjárhagslega. Ég hef ástæðu til að ætla að hann hafi ekki farið úr böndum. Ef hæstv. umhvrh. hefur hins vegar aðrar upplýsingar þar um legg ég til að hún sýni okkur þær í þessari umræðu.

Herra forseti. Í 2. gr. þessa frv. sem við ræðum er getið um að við stofnunina skuli starfa forstjóri sem skipaður eigi að vera af umhvrh. til fimm ára og hann skuli hafa háskólamenntun. Ekkert er getið um hvernig háskólamenntun. Hann skal hafa þekkingu á verksviði stofnunarinnar, þ.e. náttúruverndar, hollustuverndar, dýraverndar eða þessara málaflokka, og reynslu af stjórnun.

Herra forseti. Með því að setja þennan forstjóra sem virðist einungis eiga að vera skrauthúfa yfir þeim forstjórum sem nú þegar starfa hjá Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins — ég veit ekki hvort hægt er að kalla veiðimálastjóra forstjóra, ég held að ekki séu nema tveir menn sem starfa undir embætti hans norður á Akureyri, en í öllu falli eru þrír yfirmenn málaflokka sinna í dag — verða núverandi yfirmenn gengisfelldir með því að setja yfir þá silkihúfu sem er forstjóri með háskólamenntun.

Ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvernig í ósköpunum mundi skipulagsbreyting sem ber í sér skrautflúraða silkihúfu yfir

þrjá gjaldfallna forstjóra í sér nýja sýn til framtíðar í umhverfismálum eða hvernig auðveldar þessi aðgerð okkur að sækja fram í umhverfismálum? Hvernig auðveldar þessi eini forstjóri, sem settur verður þarna yfir, okkur að sækja fram í umhverfismálum? Það væri ekki verra að fá svör við því, herra forseti, því ekki er gerð tilraun til að mála upp þessa sýn í grg. sem fylgir frv. Ekki veikburða tilraun, og enginn rökstuðningur.

Herra forseti. Stofnanir þær sem setja á undir þessa silkihúfu eru allt öflugar stofnanir hver á sínu sviði. Hollustuverndin er kannski ekki stór stofnun en hún er í eðli sínu mjög viðamikil og sinnir mjög viðamiklu hlutverki. Hæstv. umhvrh. hefur sjálf sagt hér oftar en einu sinni í ræðum að þungt hlutverk hvíli á herðum Hollustuverndar ríkisins þar sem þar er höfð yfirumsjón með þýðingum og framfylgni mikils meiri hluta, að ég held, EES-tilskipananna eða reglugerðanna sem við erum að innleiða.

Ég þekki það af eigin raun, hafandi sem nefndarmaður í umhvn. heimsótt Hollustuvernd, að hún býr við afar slæm skilyrði og svo hefur verið í fjöldamörg ár. Þær eru ekki ófáar ræðurnar sem haldnar hafa verið á Alþingi í tíð þess hæstv. umhvrh. sem nú situr, Sivjar Friðleifsdóttur, og þeirra sem á undan henni hafa setið, þar sem alþingismenn hafa gert athugasemdir við fjármuni þá sem Hollustuvernd verður að láta sér nægja til þess að sinna sínum veigamiklu hlutverkum. Það sama gildir raunar um hina stofnunina, Náttúruvernd ríkisins. Hún hefur að mati þingmanna í gegnum árin sömuleiðis verið fjársvelt.

Herra forseti. Hér eru tvær fjársveltar stofnanir sem hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til þess að sinna lögbundnum hlutverkum sínum með mjög rýra fjármuni. Hæstv. umhvrh. hefur ekki sinnt því neyðarkalli sem komið hefur frá þessum stofnunum um aukna fjármuni. Hún hefur ekki talað máli þeirra við fjárlagavaldið. Hún hefur ekki náð þeim árangri sem hún hefði þurft að ná til þess að hin metnaðarfullu hlutverk gætu náðst. Þá er ég t.d. að tala um náttúruverndaráætlun sem enn hefur alls ekki náð svo langt að hægt sé að segja að það sjái fyrir endann á henni. Jafnvel þó að hæstv. umhvrh. hafi sett einhverjar 10 eða 15 milljónir í náttúruverndaráætlunina þá er það ekkert sem skagar upp í þá upphæð sem upphafleg kostnaðaráætlun náttúruverndaráætlunar gerði ráð fyrir að hún mundi á endanum kosta. Náttúruverndaráætlun sú sem er í smíðum hjá Náttúruvernd ríkisins á því að verða til fyrir örlítið brot af þeim fjármunum sem viðurkennt var í upphafi að mundi kosta að búa til náttúruverndaráætlun á þeim nótum sem lög gera ráð fyrir.

Þess vegna ítreka ég þessa spurningu: Hvernig sér hæstv. ráðherra það fyrir sér að það muni auka veg málaflokksins og auðvelda okkur að sækja fram ef tvær fjárvana stofnanir verða sameinaðar undir silkihúfu án þess að til komi nokkrir nýir fjármunir, nokkur ný loforð, að það komi yfir höfuð fram á sjónarsviðið ný framtíðarsýn?

Herra forseti. Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að við fáum hæstv. umhvrh. til að svara okkur því hvernig unnið hefur verið að undirbúningi þessa máls. Í athugasemdunum við frv. segir, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur verið unnið að því í umhverfisráðuneyti að móta hugmyndir um hvernig mætti sækja fram á sviði umhverfismála með því að einfalda uppbyggingu stofnana ráðuneytisins þannig að reknir yrðu á vegum einnar stofnunar þeir stjórnsýsluþættir umhverfismála sem undir ráðuneytið falla."

Ég spyr, herra forseti: Hvernig hefur verið unnið að því að móta þessar hugmyndir? Hvenær var hafist handa við að móta þessar hugmyndir? Hverjir hafa tekið þátt í þessum undirbúningi? Og þá ekki hvað síst: Hverjir á sviði þeirra stofnana sem hér um ræðir og hverjir á sviði náttúruverndarsamtaka eða umhverfisverndarsamtaka sem búa við samstarfsyfirlýsingu hæstv. ráðherra, þ.e. hafa þessi félög t.d. fengið að koma að því að móta þessar hugmyndir um það hvernig sækja mætti fram á sviði umhverfismála?

Ef svo er ekki þá lýsi ég bara frati á þær hugmyndir sem við höfum ekki enn þá fengið að sjá, því að hæstv. umhvrh. veit náttúrlega mætavel að hún er skuldbundin samkvæmt yfirlýsingum sínum um að hún vilji lögleiða Árósasamkomulagið til að leita eftir hugmyndum frjálsra félagasamtaka í landinu hvað varðar hugmyndir um að sækja fram á sviði umhverfismála. Ég vil fá að vita, herra forseti, hvort hún hafi gert það og ef svo er ekki þá hvers vegna.

Herra forseti. Síðar í athugasemdunum við lagafrv. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Tímabært og eðlilegt er að endurskipuleggja stofnanaskiptingu ráðuneytisins nú þegar það hefur starfað í rúman áratug. Markmið endurskipulagningarinnar er að styrkja og efla stjórnsýslu umhverfismála með sameiningu stofnana."

Ég spyr, herra forseti: Hver eru rökin fyrir nákvæmlega þessari setningu og þessu orðavali? Hver eru rökin fyrir því að tímabært sé og eðlilegt að endurskipuleggja stofnanaskiptingu ráðuneytisins þegar ráðuneytið hefur einungis starfað í rétt yfir einn áratug?

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi fá að vitna í svar hæstv. umhvrh. sem hún gaf fréttamanni Ríkisútvarpsins þann 22. mars, sem var dagurinn sem fréttatilkynning ráðuneytisins um Umhverfisstofnun var send út. Þá sagði hæstv. umhvrh. við Hermann Sveinbjörnsson sem hafði þá spurt hana um þessar hugmyndir hennar um að sækja fram og hvort umhverfismálin hafi eitthvað setið á hakanum. Og hæstv. ráðherra svarar, með leyfi forseta:

„Umhverfismálin eru mjög ný mál. Umhverfisráðuneytið er yngsta ráðuneytið og ég finn að almenningur og stjórnvöld eru að vakna mjög mikið til vitundar um umhverfismálin. Þannig að það er ástæða til að sækja fram um þessar mundir þegar fólk er að átta sig betur og betur á því að það er afar mikilvægt að standa sig vel í umhverfismálunum og þetta hefur átt sér stað um allan heim, þannig að umhverfisráðuneytin eru að verða með öflugustu ráðuneytum í hinum vestræna heimi ..."

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að umhverfismálin væru mjög ný mál og að umhvrn. væri yngsta ráðuneytið. Í því sambandi má spyrja: Er þá ekki hægt að gera einhvers konar stöðumat eftir þennan áratug sem umhvrn. hefur starfað, bjóða fólki þar að borði til að ræða stöðuna og athuga hvernig fólki finnst að betur megi fara í málaflokknum, en ekki að koma með einhvers konar gerræðislegar yfirlýsingar um að nú skuli sem aldrei fyrr taka til hendinni, sameina stofnanir og hagræða? Og hvað þýðir hagræða á mannamáli, herra forseti? Það þýðir að spara. Og ef tvær fjársveltar stofnanir eiga að vera eitthvað betur settar sem ein stór fjársvelt stofnun hvernig á það þá að auðvelda okkur að sækja fram í málaflokknum? Hvað er hæstv. umhvrh. að hugsa?

Já, umhverfismálin eru mjög ný mál, sagði hæstv. umhvrh. í viðtalinu við Hermann Sveinbjörnsson. Herra forseti. Ég gat ekki varist þeirri hugsun þegar ég var að lesa þetta en að það mætti halda að þetta viðtal hafi verið tekið upp

úr Stokkhólmsráðstefnunni 1972 eða kannski 1962 þegar Rachel Carson gaf út bókina sína Raddir vorsins þagna.

Herra forseti. Það hefur verið talað á öflugan hátt um umhverfismál í hálfa öld í heiminum. En hæstv. umhvrh. á Íslandi leyfir sér að koma hér í fréttir og segja að umhverfismálin séu mjög ný mál. Herra forseti. Það er ekki hægt að halda sér rólegum yfir þessu. Það er heldur ekki hægt að halda sér alveg rólegum eftir yfirlýsingar hæstv. umhvrh. um Matvælastofnun, sem er ný stofnun. Enginn veit meir. Það á bara að vera voða fínt að stofna Matvælastofnun. Ætli það auðveldi ekki okkur að sækja fram í matvælamálum?

Herra forseti. Það er ekki boðlegt að láta okkur hafa þetta mál hér svo illa undirbúið sem raun ber vitni og með svo skömmum fyrirvara, og ætla svo að segja: „Og svo vil ég að þið afgreiðið þetta strax." Það er ekki boðlegt fyrir okkur.

Herra forseti. Í lokin á þessari fyrri ræðu minni ítreka ég bara eina af þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra í máli mínu: Hver er, hæstv. umhvrh., hin nýja vídd í umhverfismálunum?

[20:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frv. til laga um Umhverfisstofnun. Það hefur komið fram, og ég vil taka undir þá gagnrýni, að þetta mál er allt of seint fram komið til að menn geti vonast til þess að það klárist núna á þessu þingi. Ég tel hins vegar að það sé hið besta mál að málið komi fram núna í trausti þess að það fái tækifæri í sumar til að skoðast betur og að hægt verði að gera þá á því þær breytingar sem þarf til þess að það komi að sem allra bestu gagni.

Ég ætla ekki fyrir fram að halda því fram að þessi tillaga sé mjög vond og að ekki megi búa til stofnun af þessu tagi. Ég tel hins vegar að í þessari umræðu þurfi að taka afstöðu til fleiri stofnana en hér er talað um. Ég ætla bara að nefna Landgræðsluna í því sambandi. Mér finnst, þegar hæstv. umhvrh. kemur með frv. af þessu tagi og gengur svo langt að tala um það sem nánast allsherjarendurskoðun á starfsemi af þessu tagi undir umhvrn., að þá hefðu menn líka átt að láta þessa endurskoðun ná til allra þeirra stofnana sem hugsanlega kæmi til mála að rugla reytunum saman hjá. Ég er sannfærður um að þar kemur vel til greina að skoða starfsemi Landgræðslunnar.

Það liggur við að manni detti í hug að einhver ósköp liggi á að ráða nýjan forstjóra, því eitt af aðalatriðunum í frv. er að hann megi ráða sem allra fyrst til þess að hann geti komið að því að móta framtíðarfyrirkomulagið hjá þessari nýju stofnun. Ég tel reyndar að pólitísk leiðsögn þeirra sem bera ábyrgð á málunum skipti þarna mestu máli og að menn eigi að huga að því hver eigi að fá embættin þar á eftir en ekki á undan. Mér finnst því ekki alveg rétt röð á því sem menn eru að gera hér. Mér liggur við að segja að það hafi flögrað aðeins að mér að hæstv. ráðherra hafi hlaupið til þess að klára mál í fljótræði sem hún hafi hugsað sér að gefa sér betri tíma til að vinna. Ég vitna til þess sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi áðan, sem var opinber árekstur hæstv. ráðherra og eins af forstöðumönnum þeirra stofnana sem hér á að sameina.

Mig langar til að byrja á því að fara yfir frv. Í 1. gr. þess stendur í upphafi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík ..."

Ég vil taka undir það sem hér kom fram að ekki er ástæða til þess að festa það algjörlega í lögum að stofnunin eigi að eiga höfuðaðsetur í Reykjavík. Nú er ég ekki að halda því fram að það geti ekki verið ágætt að hún sé í Reykjavík. En ég held að Reykjavík í augum landsmanna þýði að mörgu leyti miklu frekar höfuðborgarsvæðið. Ég tel ekki einu sinni að um höfuðborgarsvæðið þurfi endilega að vera að ræða, en ég geri ráð fyrir því að langlíklegast sé að stofnuninni sé haganlegast fyrir komið á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf ekki að þýða að það þurfi endilega að vera innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, þótt það geti fyllilega komið til greina að mínu mati.

Hvorki meira né minna en 25 lög gilda um þessar stofnanir sem hæstv. ráðherra er að leggja til að verði að einni stofnun. Því er greinilega verulega víðfeðmt hlutverk hér á ferðinni og ástæða er til þess að vanda vel undirbúninginn að því sem hér er verið að gera.

Mig langar til þess að nefna að í ákvæði til bráðabirgða stendur, með leyfi forseta:

„1. Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Umhverfisstofnun samkvæmt lögum þessum skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar."

Mér finnst svolítið sérkennilegt að taka svona til orða. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvað sé eiginlega átt við með þessu. Ég sé ekki betur en að einhvern tíma geti tekið að breyta þessari stofnun. Ef þarna verður ráðinn nýr forstjóri þá er hann orðinn yfirmaður yfirmanna þeirra stofnana sem hér um ræðir. Það tekur einhvern tíma, eins og ég sagði áðan, að endurskipuleggja þessa starfsemi alla. Mér finnst ástæða til að þeir sem starfa hjá þessum stofnunum hafi fortakslaust forgangsrétt að störfum sem verða þarna til og þó að breyta þurfi einhverjum starfsheitum þá sé ekki verið að setja þarna fram, eins og mér finnst nánast, að þegar árið er liðið sé hægt að láta alla fara. Mér finnst þetta nánast vera orðað þannig að svo megi skilja það.

Eins og ég nefndi áðan virðist liggja afskaplega mikið á að ráða þarna forstjóra. Það kemur fram í 3. lið ákvæða til bráðabirgða að forstjórinn skuli skipaður frá 1. ágúst 2002 og skal hann frá þeim tíma taka þátt í starfshópi skipuðum skv. 2. tölul.

Mér finnst þetta sérkennileg röð á hlutunum, eins og ég sagði áðan, og tel ástæðulítið að hafa þetta svona. Ég vonast til að þetta mál fái lengri tíma til vinnslu. Hæstv. ráðherra hefur næg ráð undir sínum rifjum til að láta vinna þetta mál og setja í það hið besta fólk í sumar. Hún getur lagt frv. að nýju inn í þingið næsta vetur og haft málið vel undirbúið þannig að ekki verði að því fundið, þó að menn geti haft pólitískar meiningar um hvernig málið er sett fram, það er náttúrlega bara hið eðlilegasta.

Í upphafi athugasemda með frv., eins og hæstv. umhvrh. las upp áðan, segir, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur verið unnið að því í umhverfisráðuneyti að móta hugmyndir um hvernig mætti sækja fram á sviði umhverfismála."

Og niðurstaðan virðist vera sú að þessi skipulagsbreyting sé einhvers konar flugtak eða hvað á maður að segja, upphafið að nýju skipulagi. Ég ætla ekkert að tala niðrandi um hugmyndir hæstv. ráðherra eða starfsfólks hans um að lyfta á flug hugmyndum um hvernig sækja megi fram í umhverfismálum. En mér finnst að það hefði átt að hugsa þetta mál í víðara samhengi og horfa yfir allar stofnanir og starfsemi undir umhvrn. sem kæmu til greina. Ég vil endurtaka það hér.

Ég vil einnig gagnrýna að um leið og okkur er ætlað að samþykkja að þessi nýja stofnun verði til eigi að færa starfsemi undir hana frá öðrum stofnunum sem ekki er meiningin að verði með í þessari samkundu. Þá er ég að tala um alþjóðasamstarf sem Náttúrufræðistofnun hefur að verulegu leyti séð um fyrir hönd ráðuneytisins. Ég geri auðvitað ekki ráð fyrir að það muni gerast mjög snarlega, að slík starfsemi verði flutt inn í þessa stofnun og sé í sjálfu sér ekki endilega að það sé nauðsynlegt. Ég hvet til þess að menn skoði málið út frá því sjónarmiði að þeir fari ekki að eyða í tvíverknað, þ.e. kostnað sem ekki þarf að fara í. Ég geri ekki ráð fyrir að neitt reki mjög á að sú starfsemi sem þar hefur verið innt af hendi þurfi að fara strax inn í þessa nýju stofnun sem örugglega tekur einhvern tíma að skipuleggja og fá til að virka eins og best verður á kosið þegar þar að kemur.

Ég átta mig ekki alveg á því hvernig sú starfsemi sem nú er úti á landi en á að færast undir þessa stofnun mun koma til með að virka í þessu samstarfi. Þar eru sjálfstæðir yfirmenn stofnana. Þeir eru allt í einu komnir með yfirmann yfir sig. Ég geri ráð fyrir því að einhver vandamál skapist við að skerða sjálfstæði þessara stofnana eða starfsemina sem þar fer fram. Mig langar til að biðja hæstv. umhvrh. að segja frá því sem hún hefur hugsað sér, t.d. í sambandi við veiðistjóraembættið og aðra starfsemi sem þar á að vera til húsa. Sá þarf allt í einu að sækja ráðin til forstjóra hér í Reykjavík, eins og stendur í frv.

Ég held að það væri nú ráð að hæstv. ráðherra gerði okkur svolítið grein fyrir stöðu starfandi yfirmanna í þessum stofnunum og stöðu þeirra eftir að þessi nýja skipan mála tekur við. Þessi nýi forstjóri á að koma til starfa og verkefni hans til að byrja með er einmitt að ákveða hverjir verði valdir sem forstöðumenn og annað starfsfólk þessarar stofnunar. Ég endurtek að ég tel að það hljóti að þurfa að líta til þess að þeir sem hafa starfað hjá þessum stofnunum hafi til þeirra starfa töluverðan forgang.

Ég undrast, og nefni það í sambandi við 3. gr. frv., hversu mikið hæstv. ráðherra liggur allt í einu á úr því að hún kemur með málið svo seint inn. Hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir því að hægt verði að koma málum í höfn, eins og segir í frv., fyrir næstu áramót og að hin nýja stofnun á að hefja störf 1. jan. 2003. Vel má það ganga og ég tel að það sé talsverð bjartsýni fólgin í þessu öllu saman.

Ég veit ekki hvort ég á að teygja mikið lopann hér í kvöld við þessa umræðu. Ég tel að í nefndinni þurfi menn að kalla til starfsmenn og fá umsagnir, bæði frá þeim og öðrum sem eiga viðskipti við þessar stofnanir og fleiri sem ástæða er til að ræða þessi mál við. Ég vonast sannarlega til að nefndin taki sér til þess þann tíma sem þarf. En eigi að vinna þetta mál eðlilega þá þarf að senda það út til umsagnar. Menn þurfa að fá skriflegar umsagnir og tækifæri til að ræða við helstu aðila sem þarna eiga hlut að máli.

Ég tók eftir því að hæstv. umhvrh. sagði að það lægi sérstaklega á vegna þess að það þyrfti að eyða óvissu hjá starfsfólki. Hvers vegna er þessi óvissa hjá starfsfólkinu? Hún er einfaldlega komin til vegna þess að hæstv. umhvrh. skellir þessu frv. fram. Ekki nóg með að hún skelli því fram heldur er frv. þannig úr garði gert og yfirlýsingar hæstv. ráðherra þannig að málið eigi að ganga hér í gegn þingið á augabragði. Þar með er auðvitað allt í uppnámi og óvissu í þessum stofnunum þangað til menn vita hvort þetta muni ganga fyrir sig eins og hæstv. ráðherra ætlast til.

Ég held að það væri hið besta mál að hæstv. ráðherra sæi villu síns vegar. Villan er talsverð. Mér þætti eðlilegast að hún lýsti því yfir að hún sætti sig við að málið taki þann tíma sem þarf, að menn fái tækifæri í sumar til að fara yfir þessi mál og hæstv. ráðherra komi með málið inn í þingið næsta vetur. Þá væri þessi óvissa ekki lengur til staðar. Starfsmenn gætu þar með séð fram á að fá tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.

Annað fannst mér líka dálítið skondið í þessu sambandi. Eitt af því sem um hefur verið rætt er kostnaðurinn. Ein af þeim stofnunum sem á að sameina öðrum var fyrir skömmu að flytja í nýtt húsnæði. Hæstv. ráðherra kemur hér með frv. strax eftir að flutningurinn hefur verið gagnrýndur og nýju húsgögnin og segir: Ja, nú þurfum við annað húsnæði. Við þurfum nýtt húsnæði fyrir þetta því að þessi stofnun þarf stærra húsnæði heldur en þetta nýja hús sem ein af stofnununum var að flytja inn í.

Það húsnæði er náttúrlega ekki fundið. Spurningin er auðvitað hvort mönnum tekst að leysa það fyrir næstu áramót. Ég geri ekki ráð fyrir að það standi í kokinu á mönnum að stofna stofnunina á pappírnum áður en hún getur flutt inn í nýtt húsnæði og sameinað starfsemi sína í því.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst ekki til fyrirmyndar að koma með mál til afgreiðslu hér í þingið með þessum hætti. Slíkt veldur því að þingmenn eru síður jákvæðir í garð málanna en ella væri. Þingmenn sem starfa í viðkomandi nefndum sjá fram á að ef hæstv. ráðherra, í þessu tilfelli, fær sitt fram þá geti þeir ekki starfað að málinu með eðlilegum hætti og ekki gert sér góða grein fyrir því hvort skynsamlega sé að tillögunum staðið og hvort framtíðarsýnin í þessum verkefnum er skynsamleg. Mér finnst niðurstaðan satt að segja dapurleg þegar hæstv. umhvrh. fer í heildarendurskoðun á ráðuneyti. Hún rökstyður þetta með því að þó að þetta unga ráðuneyti hafi starfað hér rúman áratug þurfi engu að síður að fara yfir — sem enginn mótmælir — stofnanasamsetninguna í ráðuneytinu. Mér finnst dapurlegt að hæstv. ráðherra skuli ekki gefa sér betri tíma en þetta og mæti til leiks á síðustu dögum þings með frv. sem augljóslega hefði mátt vinna ítarlegar og gera betur úr garði en frv. sem við höfum hér undir höndum. Þetta mun auðvitað valda því að hæstv. ráðherra lendir í vandræðum með að koma málinu gegnum þingið á þessu ári.

Ég verð að segja að ég tel ekki þurfa að beita neinum sérstökum ráðum til að tefja þetta mál, dytti einhverjum í hug að nefna tafir í þessu sambandi. Mál sem ætlað er að fari í gegnum þingið með svo skömmum fyrirvara sem hér er lagt upp með ættu aðeins að vera mál sem allir eru sammála um. Það þyrfti að vera mjög stór og breið samstaða um slík mál. Í þessu tilfelli er ekki búið að tryggja þá samstöðu. Mér finnst að hæstv. ráðherra hefði nú þurft að huga að því fyrr.

[20:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er erfitt að gefa vinnubrögðunum í kringum þetta mál, eins og reyndar í kringum fleiri mál þessa dagana, háa einkunn, því miður. Hæstv. ráðherra boðaði þetta frv., ef ég man rétt, í fjölmiðlum fyrir einhverjum vikum. Ja, kannski eru það orðnar vikur síðan. En ekki er langur tími síðan ég heyrði fyrst af þessu og mig rak í rogastans að heyra hvernig að þessu ætti að standa. Þaðan af síður hvarflaði það að manni að ætlunin væri að dengja þessu frv. inn, allt of seint og ætlast til að fá það afgreitt í vor. Ég hef ekki enn heyrt hæstv. ráðherra taka af skarið

með það, sem er auðvitað eina vitið, að málið sé lagt fram til kynningar og í mesta lagi fari það til nefndar og verði sent þaðan út til umsagna, þannig að menn geti unnið þetta síðan í sumar í ljósi viðbragða úti í þjóðfélaginu og mætt aftur að hausti til að fara yfir málin.

Eins og þetta ber nú að okkur, herra forseti, þá var þessu máli dreift hér ljósrituðu í gær, gærkvöldi ef ég man rétt. Það þurfti auðvitað afbrigði til þess að koma því á dagskrá í dag, og svo er verið að þrælast á þessu á þriðja kvöldfundinum í röð, herra forseti. Hér hefur verið fundað frá átta á morgnana fram um eða fram yfir miðnætti og nú er komið þriðja kvöldið í röð þar sem þingmönnum er ætlað að taka til umræðu ný og ný stórmál nánast án nokkurs fyrirvara eða möguleika til þess að undirbúa sig. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta og forseti má svara því þegar ég fer úr ræðustólnum: Er ekki meiningin að fara að segja þetta gott í kvöld, herra forseti? Ég held að þetta sé orðinn alveg þokkalegur starfsdagur og þessir sem við höfum lagt að baki hérna undanfarna daga. Það er alla vega alveg á hreinu, herra forseti, að ég mótmæli því að hér standi fundir langt fram á kvöldið eða inn í nóttina þriðja daginn í röð. Það er algjör óhæfa þegar menn eiga svo að mæta hér klukkan átta í fyrramálið á nefndarfundi sem munu standa frá morgni til kvölds næstu fjóra daga. Nú er því nóg að gert.

Herra forseti. Það er algerlega fráleitt að afgreiða þetta mál á þessu vori. Það er gjörsamlega ótæk stjórnsýsla. Ég veit ekki hvaðan hæstv. ráðherrum í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur komið sú speki að stjórnkerfið og starfsmenn hins opinbera, í opinberum stofnunum og ráðuneytum, séu leir sem þeir hafi rétt til að hnoða bara eins og þeim sýnist í höndum sér. Það er verið að henda málefnum þessara starfsmanna og þessara stofnana, og ekki bara það heldur viðfangsefnunum, til með þessum hætti. Þetta er algerlega fráleit stjórnsýsla, herra forseti. Þetta er engin stjórnfesta, eins og það heitir á góðu máli. Ég fer fram á það að menn láti af þessum ósiðum sem þeir eru að temja sér hér. Það er ekki til fagnaðar að ástunda flas af þessu tagi í sambandi við grundvallarskipulag stjórnsýslunnar í landinu, störf starfsmanna og annað í þeim dúr, svo ekki sé nú minnst á atvinnuréttindi þeirra sem eru iðulega fótum troðin í þessum efnum. Og svo er höfuðið bitið af skömminni þegar ráðherrarnir sjálfir eru búnir að skapa óvissuna með látum af því tagi sem ástunduð eru í málefnum Þjóðhagsstofnunar og þessara stofnana hér. Þá koma þeir og segja við þingið: „Það verður að afgreiða þetta í hvelli til þess að eyða óvissu.“

Hverjir sköpuðu óvissuna? Ráðherrarnir og ríkisstjórnin sem heldur að það sé einkamál hennar og geðþóttamál hennar að henda þessum hlutum svona til. Það er ekki þannig. Það eru lög í landinu sem marka rammann um stjórnsýsluna og það á að vanda til verka ef menn ætla að breyta þeim lögum og það er Alþingi sem á að halda utan um þá vinnu. Það á að gerast með ítarlegri og vandaðri endurskoðun laganna á Alþingi en ekki með þeim hætti að mönnum sé stillt upp frammi fyrir því sem virðist vera gerður hlutur og ætlaðir nokkrir sólarhringar til að afgreiða þetta yfir færibandið. Þannig ber þetta að okkur, herra forseti.

Og hverju er verið að breyta hérna? Lögum sem er nýbúið að setja og sem þingnefndir Alþingis, umhvn. hefur legið yfir heila vetur núna undanfarna vetur. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég tel það stórlega ámælisvert — og það er ágætt að embættismenn umhvrn. eru hérna nærstaddir — að setja hlutina fram eins og gert er í greinargerð með frv., því að það læðist að mér sá grunur að hæstv. umhvrh. hafi ekki samið þetta allt sjálf þó að hún beri auðvitað pólitíska ábyrgð á því. Það kann a.m.k. að vera að þeir hafi prófarkalesið það, embættismennirnir í ráðuneytinu hjá henni.

Því er haldið fram hér, herra forseti, á bls. 3 í greinargerðinni að:

„Stofnanaskipting ráðuneytisins byggist að verulegu leyti á gömlum grunni frá því áður en umhverfisráðuneytið var stofnað en fram að stofnun þess heyrðu þessar stofnanir undir mismunandi ráðuneyti. Tímabært og eðlilegt er að endurskipuleggja stofnanaskiptingu ráðuneytisins nú þegar það hefur starfað í rúman áratug.“

En hver er svo staðan, herra forseti? Elstu lögin sem við erum hér að starfa eftir eru væntanlega lögin um Hollustuvernd ríkisins frá 1998, a.m.k. sem svona heildarlög. Lögin um Náttúruvernd ríkisins sem og sú stofnun eru enn yngri. Það eru lög nr. 44/1999. Náttúruvernd ríkisins er glæný stofnun. Hún varð til þegar Náttúruverndarráð og verndarhlutverkið var aðskilið. Þar á ofan er stofnunin nýflutt í glæsilegt húsnæði. Veiðistjóraembættið er nýkomið norður á Akureyri, fyrir fáeinum árum, og starfar eftir nokkurra ára gömlum lögum. Þau kunna að vísu að vera frá því á fyrri hluta tíunda áratugarins þannig að ekki er rétt að lögin um Hollustuverndina séu elst. Það eru hins vegar lögin um veiðistjóraembættið og hreindýraráð, sem eru bæði frá því um miðjan tíunda áratuginn. Öll lögin sem gilda um þessa starfsemi eru því nokkrum árum yngri en umhvrn. Samt segja höfundar greinargerðarinnar að þetta sé allt saman arfur frá því fyrir daga ráðuneytisins. Það er a.m.k. gefið í skyn með þessum texta. Herra forseti. Þetta er ósköp einfaldlega ekki fagleg framsetning mála.

Það er þannig að í raun er það kannski Hollustuverndin ein sem er rekin með tiltölulega svipuðu sniði í dag og hún var þegar umhvrn. var stofnað. Náttúruvernd ríkisins er ný stofnun, starfar samkvæmt glænýjum lögum og er í nýju húsnæði með að verulegu leyti nýjum starfsmönnum. Veiðistjóraembættið er nýkomið norður á Akureyri og hreindýraráð hefur verið eflt með starfsmanni á Austurlandi og hefur nýlega gengið í gegnum mikla endurskipulagningu.

Hvað á þetta að þýða, herra forseti? Menn skulu bara koma með þau rök sem raunverulega eru hér að baki en ekki smíða sér timburkastala af þessum toga. Þau verða ekki sótt í það að hér sé um svo gamalt skipulag að ræða að ástæða sé til að ætla að allir, og þar með talið Alþingi, sjái ástæðu til að breyta því. Alþingi er nýbúið að endurskoða þessi lög og festa þessar stofnanir niður með sín hlutverk á grundvelli nýrra laga. Ég blæs því á þessar röksemdir. Þær eru út í loftið. Umhvn. þingsins og Alþingi lágu yfir þessum málum og eyddi, ef ég man rétt, t.d. í náttúruverndarlögin og það skipulag allt gríðarlegum tíma. Þetta eru því óframbærilegar röksemdir, herra forseti. Eitthvað annað liggur þarna á bak við.

Herra forseti. Svo leyfi ég mér að hreyfa efnislegum efasemdum um að þetta sé skynsamlegt. Er þetta til bóta? Hvað á veiðistjóraembættið norður á Akureyri sem hefur með höndum mjög afmarkað og sérstakt verkefni, þ.e. að fylgjast með hinum villtu dýrategundum, veiðum á þeim o.s.frv., skylt við starfsemi Hollustuverndarinnar í Reykjavík? Er veiðistjóranum norður á Akureyri betur borgið sem útibúi, svo lengi sem hann fær þá að vera fyrir norðan, en sem sjálfstæðri lítilli stofnun í góðu sambýli við aðrar norður

á Akureyri? Ég segi nei. Útibúakontórastefnan hefur ekki gefist vel. Það vill þorna upp og það vill renna undir höfuðbólin sem er reynt að gera í formi verkefna og valddreifingar úti á land þannig. Ég segi því fyrir mitt leyti, a.m.k. hvað veiðistjóraembættið snertir og sama gildir um hreindýraráð sem mín vegna mætti vera í heild sinni stofnun á Austurlandi, að ég hef grundvallarefasemdir um að því sé endilega betur fyrir komið í einu miðstýrðu bákni í Reykjavík. Ég hef það, herra forseti.

Síðan er ég ekkert viss um að þessi verkefni, annars vegar Náttúruverndarinnar og hins vegar Hollustuverndarinnar, eigi að öllu leyti vel saman. Það er bara ekkert rökstutt í frv. Ekki er gerð tilraun til þess að sannfæra okkur um það. Settir eru í textann hins vegar brandarar eða aulafyndni af því tagi sem er í annarri línu greinargerðarinnar, þ.e. að þetta sé liður í því „að móta hugmyndir um hvernig mætti sækja fram á sviði umhverfismála". Já, nú á að sækja fram á sviði umhverfismála. Með því að vernda miðhálendið? Nei, nei, nei. Það á að sökkva því. En það á að breyta stofnunum, ha! Það á að sækja fram á sviði umhverfismála í forminu, rútta til stofnunum og svona. Það er mikil umhverfisvernd. En svo malbikum við yfir og sökkvum miðhálendinu. Það er allt annað mál. En þegar stofnanirnar eru endurskipulagðar, þá eru menn nú heldur betur að sækja fram í þágu umhverfismála. Það er bragur á þessu, herra forseti.

Nei, það læðist að manni sá grunur — og ég er greinilega ekki sá eini sem hef fengið þá tilfinningu — að hér liggi fiskur undir steini, herra forseti, eins og er viðeigandi að segja í þessu tilviki — það er verst að Veiðimálastofnun skuli ekki vera með í þessu líka því að þá ætti það enn betur við. — að það sé eitthvað annað sem liggi svona á en þetta. Þá vekur auðvitað alveg sérstaka athygli þetta merkilega bráðabirgðaákvæði um að það eigi að ráða forstjórann strax, helst í gær. Og hann á að vera í starfi næstum í hálft ár áður en stofnunin verður til, bara svona til að undirbúa sig, máta föt, naga blýanta og svona pússa sig við embættið, ha!

Bíddu, hvað er að gerast hér? Er kannski megintilgangur þessa máls að búa til embætti? Þarf Framsókn að hrókera svolítið hjá sér? Eru einhver innanbúðarmál sem þarf að leysa þannig að það þurfi að drífa upp mátulega vigtað forstjóraembætti 1. ágúst nk., svona vel fyrir þing næsta haust? Ja, spyr sá sem ekki veit. Alla vega er þetta afar óvenjuleg tilhögun, herra forseti, og vekur sérstaka athygli að Alþingi er ætlað að samþykkja að ráðinn verði forstjóri að stofnun sem á þó ekki að verða til fyrr en um næstu áramót, strax að afliðnu sumri. Þarna er, herra forseti, ákaflega sérkennilega að verki staðið.

Það vekur líka athygli hvernig búið er um menntunarkröfur eða hinar faglegu kröfur sem gera á til þessa forstjóra. Þar er talað um að forstjórinn skuli hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar, ekki menntun á verksviði stofnunarinnar, nei, þekkingu á verksviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun.

Herra forseti. Venjan er nú sú að skilgreina annaðhvort faglegar menntunarkröfur eða sleppa því í svona tilvikum. Við ræddum hér fyrir nokkru síðan mjög þröngar faglegar menntunarkröfur sem átti að gera til embættismanns. Hann átti að vera landgræðslusérfræðingur eða eitthvað svoleiðis. Það var svo nákvæmlega afmarkað. Ég spurði einmitt hvort ekki mætti nú víkka þetta út í búvísinda- og náttúrufræðimenntun á háskólastigi. Nei, hann átti að vera sko bara alveg nákvæmlega landgræðslufræðingur. En hér þarf ekkert slíkt.

Ég verð nú að segja fyrir hönd minnar stéttar og kollega að ég hefði viljað sjá að þarna væri einhver skírskotun til náttúruvísinda og umhverfisfræða ef menn eru að skilgreina einhverjar faglegar menntunarkröfur á annað borð. En kannski má það ekki af því að það henti ekki manninum sem búið er að ákveða að fari í djobbið. Hefur hann þá menntun sem ekki mundi falla inn í slíka faglega skilgreiningu þannig að það verði að hafa þetta opnara? En hann hefur háskólapróf. Það vitum við. Það verður fróðlegt að sjá hvað út úr þessu kemur, herra forseti.

Allt er þetta afar sérkennilegt og ég leyfi mér að spyrja: Ætlar þingið að láta þetta svona frá sér fara? Ég spyr hæstv. ráðherra að þessu: Af hverju er þetta orðað nákvæmlega svona?

Í öðru lagi spyr ég: Hvaða breytingar yrðu á lögunum um verndun Laxár og Mývatns, af því að þau eru nefnd hér undir liðnum um starfsemi Náttúruverndar ríkisins? Hvað með rannsóknarstöðina við Mývatn? Eru menn með hana þarna í huga að einhverju leyti eða hvaða aðrar breytingar yrðu þarna á?

Herra forseti. Ákvæðin um starfsmenn í bráðabirgðaákvæðinu eru mjög sérkennileg. Ég þykist nú hafa fylgst sæmilega með öllu bröltinu hjá einkavæðingarliðinu undanfarin ár þegar menn hafa verið að einkavæða fyrirtæki og aftur og aftur brotið rétt á starfsmönnum, verið dæmdir vegna þess að þeir hafa ekki virt biðlaunarétt, forgangsrétt til starfa o.s.frv. Af hverju er þetta orðað svona, þ.e. „... skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar."? Af hverju er ekki starfsmönnunum tryggður réttur? Af hverju eru þeim bara ekki tryggð sambærileg störf og þeir hafa með höndum í dag í hinni nýju stofnun? Hver er ástæðan fyrir því, herra forseti, að það er ekki gert? Það er þó að verða nokkurn veginn venjan að það er ósköp einfaldlega sagt að við breytingar af þessu tagi sem ekki er ætlunin að hafi áhrif á eða raski starfi stofnananna, að starfsmönnum verði tryggð festa í starfi og að þeir skuli fá sambærileg störf í hinni nýju stofnun og þeir hafa með höndum í eldra fyrirkomulagi. Það er ekki gert hér, heldur er mjög sérkennilega um þetta búið og þar á ofan er sagt að ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1976, laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, gildi ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið. Samt eru starfsmönnunum ekki tryggð sambærileg störf samkvæmt orðanna hljóðan. Því spyr ég: Af hverju er þá 7. gr. tekin úr sambandi? Er þá ekki verið að brjóta rétt á mönnum? Ég mundi ætla það. Ég held að yfir þetta þurfi að fara lögfræðilega mjög vandlega því að ríkisvaldið og Alþingi reyndar líka er búið að verða sér nógu oft til skammar með því að hafa kastað til höndunum hvað varðar réttindamál starfsmanna og lögvarinn rétt þeirra og tapað slíkum málum aftur og aftur fyrir dómstólum. Það er ekki til eftirbreytni og menn ættu að reyna að venja sig af slíku.

Herra forseti. Ég veit svo sem ekki hvað á að segja mikið meira um þetta nema að hnykkja á því sem ég áður sagði, að það er alveg ljóst að þessi stofnun á að hafa aðsetur í Reykjavík. Að sjálfsögðu kemst ekkert annað að hjá hæstv. ríkisstjórn. Þess vegna óttast maður, þegar til stendur að slá þessu saman í eina stóra miðstýrða stofnun, að þetta verði afturför en ekki framför í því tilliti að dreifa verkefnum út um landið. Mjög stór hluti af þessum verkefnum fellur til á landsbyggðinni. Það gerir auðvitað náttúruverndin, landvarslan og eftirlitið af því tagi. Í raun og veru er þetta stofnun sem færi prýðilega á að væri beinlínis staðsett úti á landi. Væri ekki

glæsilegt að Umhverfisstofnunin, eða þessar stofnanir, væri t.d. sett upp á Akureyri, Hólum, Hvanneyri, Egilsstöðum, eða verkefnum þeirra dreift til að styðja þá uppbyggingu sem þar á sér stað, við landbúnaðarháskólana, skógræktargeirann á Héraði eða Háskólann á Akureyri? Engin slík hugsun er hér í gangi, engin, heldur lyktar þetta auðvitað allt af miðstýringu. Maður óttast að frekar muni draga úr og fjara undan þeim vísum að starfsemi sem í þessum geira hafa verið settir upp úti á landi. Og menn hafa lengi kvartað undan því að of lítið af verkefnum sem þessu tengjast féllu til á landsbyggðinni sjálfri þar sem þó er verið að sinna hlutunum. Ég hlýt að gagnrýna þetta, herra forseti.

Síðan vil ég segja að ég átta mig ekki alveg á hvort hæstv. umhvrh. heldur að með þessari Umhverfisstofnun, ef hún kemst á laggirnar, muni hún reisa sér minnisvarða, þetta verði bautasteinn undir lokin á glæstum ferli hæstv. ráðherra. Reyndar má deila um hversu glæstur hann hefur verið að þessu leyti. Ég held að þessi aðgerð dugi ekki til. Ég held að eitthvert brölt í þessum stofnunum muni ekki, þegar tímar líða, verða talið til tímamóta eða sérstaklega framsækinnar stefnu í umhverfismálum. Skipulagið og formið hefur ekki staðið mönnum fyrir þrifum í þessum efnum. Það sem hefur háð þessum stofnunum er að illa hefur verið að þeim búið. Þær hafa verið í fjársvelti, eins og við vorum rækilega minnt á hér þegar Náttúruvernd ríkisins var í þrengingum sínum að reyna að sjá hvernig hún gæti lifað árið af, m.a. með því að skera niður landvörslu. Þá rauk hæstv. ráðherra upp í bakið á stofnuninni í staðinn fyrir að auðvitað hefði hæstv. ráðherra átt að standa í stykkinu og reyna að tryggja þessum stofnunum sæmileg starfsskilyrði. Það færist ekki teknamegin á reikning hæstv. ráðherra að ætla svo að fara að rútta þessum stofnunum til sem miklu nær hefði verið að búa almennilega að og skapa viðunandi starfsskilyrði.

Herra forseti. Ferill hæstv. ráðherra byrjaði ekki allt of vel þegar hún missti það út úr sér að henni þætti ekki mikið til Eyjabakka koma. Ekki tók betra við þegar ráðherra sneri úrskurði Skipulagsstofnunar við með pólitísku valdi í einu stærsta máli á sviði umhverfismála sem hér hefur um áratuga skeið verið uppi. Og ekki, herra forseti, held ég að það muni auka á frægð hæstv. umhvrh. að hafa lagt Náttúruverndarráð niður með þeim hætti sem ráðherra gerði í kjölfar þess að hafa lent í deilum við það. Hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það. Hæstv. forsrh. hefur auðvitað gefið tóninn, stofnanir með óþægð eru lagðar niður. Þau urðu örlög Náttúruverndarráðs og nú á það sama að bíða Þjóðhagsstofnunar, eins og kunnugt er, og guð má vita hvað er bak við þetta stofnanabrölt hjá hæstv. umhvrh. Eitt er víst og það er, herra forseti, að það er algerlega ótækt að hroða þessu svona í gegnum þingið. Það eru vinnubrögð sem við getum ekki látið bjóða okkur í hverju málinu á fætur öðru.

[20:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um Umhverfisstofnun. Ég skal viðurkenna að ég væri kannski ferskari í framsetningu ef ég væri ekki, eins og við mörg hér, búinn að vaka meira og minna í þrjá sólarhringa. Ég vil þó segja við hæstv. umhvrh. að þessi framsetning, eins og lagt er upp með hér, er algjörlega ótæk í grundvallaratriðum. Hér erum við að fara út í miðstýringu í gríðarlega stóru landi en það á að nálgast þetta mál allt saman út frá allt öðrum forsendum en hér er gert. Vænleg umhverfisstefna og náttúruvernd verður aldrei keyrð hér út frá miðstýrðu batteríi. Þess vegna er það lykilatriði að hæstv. umhvrh. taki þetta mál allt saman aftur inn á borð til sín og hugsi uppsetningu dæmisins algjörlega upp á nýtt.

Til þess að hefja framfarasókn í umhverfismálum og gera betur úti um allt land á að mínu mati að stilla málum þannig upp að ríki og sveitarfélög taki höndum saman. Mjög víða úti um landsbyggðina eru sveitarfélögin með myndarlegar umhverfisdeildir sem sjá um stóra þætti umhverfismála. Það er að sjálfsögðu í Reykjavík, hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, stórum sveitarfélögum eins og Akureyrarbæ og víðar.

Til þess að utan um þennan málaflokk sé vel haldið þarf fyrst og fremst að styrkja þessar einingar með öllum tiltækum ráðum. Ef ég tek dæmi af Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu er borðleggjandi í mínum huga að þar á að nálgast málið þannig að t.d. veðistjóraembættið sem ríkisstofnun geti verið hluti af því umhverfisbatterí sem þar er rekið. Á alveg sama hátt á að nálgast hlutina fyrir austan ef við tökum það sem þegar er orðið, hreindýraráð, en það á að koma inn í samvinnuverkefni á vegum sveitarfélaganna og ríkisins þar sem verkefnin eru styrkt með póstum sem meira og minna er lagt til að verði miðstýrðir. Það er gallað fyrirkomulag. Þó að við vitum að forstöðumenn viðkomandi stofnana eigi að stjórna verður það ævinlega þannig að höfuðgarðurinn leiðir. Sú uppsetning ein og sér leiðir til þess að á örfáum missirum kemst þessi hugsun í gang úti um þetta stóra land: Hvað vilja þeir gera í þessum efnum? Í nálægðinni kæmi frekar hugsunin: Hvað getum við gert?

Þetta er lykilatriði hvað varðar þessi mál, og tala ég af nokkurri reynslu eftir að hafa obbann af starfstíma mínum verið umhverfisstjóri fyrir eitt stærsta sveitarfélag landsins. Það er lykilatriði að hugsað sé um þessi mál á sem breiðustum grunni og sem mest á heimavelli. Það er líka í anda þeirrar nýju hugsunar sem er í gangi í umhverfismálum. Þess vegna er þetta frv. gjörsamlega ónýtt, óbrúklegt, að mínu mati. Við eigum að stilla okkur upp allt öðruvísi, stilla því helst upp þannig að enga Umhverfisstofnun þurfi heldur verði þessum málum komið fyrir, eins og ég er að tala um, á stöðum þar sem þykir gott að vera með vissa starfsemi — sem samkvæmt frv. er ætlað að vera í miðstýrðu batterí — og styrkja þannig framkvæmd umhverfismála úti um allt land. Ég geld varhuga við þessari miðstýringu allri og get ekki nógsamlega reynt að undirstrika hættuna af henni fyrir umhverfismálin.

Ég spái því að aldrei verði neitt félag úr þessu, og ekki þær framfarir sem við óskum að sjá í þessum málaflokki, ef miðstýringarhugsunin verður ráðandi. Það er lykilatriði í þessum málum. Ég veit ekki betur en að vel hafi gengið með veiðistjóraembættið á Akureyri, þetta er lítil skrifstofa í umhverfi sem tengist öðrum málaflokkum hvað varðar rekstur umhverfismála, bæði á vegum ríkisins og bæjarins, og þetta er það heppilegasta sem við getum gert.

Störfin við landvörslu geta líka tengst slíkum stofnunum sem settar yrðu á laggirnar vítt og breitt um landið þar sem aðstaða er til þess. Landvarsla, meðferð lands, rekstur og eftirlit á stórum landsvæðum gæti plumað sig án þess að því væri miðstýrt með ærnum tilkostnaði. Ég hef upplifað svona breytingar sjálfur sem embættismaður.

Það er hjákátlegt að segja frá því en ég upplifði miklar breytingar eftir að umhvrn. í Reykjavík var stofnað. Það hafði lítið að gera fyrstu árin og brá á það ráð að senda

alls konar sérfræðinga til að skoða og hafa eftirlit með því sem embættismaðurinn á Akureyri, staðkunnugur maðurinn, hafði séð um, líklega í ein átta ár, án þess að nokkur sæi tilefni til að gera athugasemdir við starfið. Þannig voru tilburðir til að taka frumkvæði og atorku frá heimastjórnvöldum og koma því í miðstýrðan pott. Það var ákaflega óheppileg aðferð, aðferð sem verið er að leggja upp með hér líka þó að ráðuneytinu hafi ekki tekist ætlunin á Akureyri á sínum tíma.

Þess vegna held ég að við eigum að taka okkur tíma í þetta mál, skoða það algjörlega í nýju ljósi. Ekki velja miðstýrða stofnun, kortleggja verkefnin og sjá hvernig hægt er að fela aðilum úti um hinar dreifðu byggðir vissa hluti. Reynum heldur að koma þar á samvinnu, annaðhvort varðandi húsnæði eða með einhverjum formlegum hætti þar sem ríki og bær vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Þetta er í mínum huga algjört grundvallaratriði til að við getum stjórnað svona stóru landi. Þegar til lengri tíma er litið mun þetta reynast miklu ódýrara — eins og komið hefur fram eru verkefnin að langmestu leyti úti á landi, hvort sem það eru rannsóknir á lífríkinu, landið sjálft eða varslan á því — vegna þess að stjórn þessara mála úti um hinar dreifðu byggðir, stjórnsýsluþátturinn og ferðalögin út frá höfuðborginni, er gríðarlega kostnaðarsamt dæmi. Það á að setja upp kerfi sem gerir þessa hugsun meðvitaða: Hér erum við, hvað ætlum við að gera? Svona gerum við best. Með miðstýringu eykst hættan á að „við" víki fyrir „þeim". Ég er hræddur um að afraksturinn af svona uppsetningu yrði sá.

Við eigum gríðarlega möguleika á grunni verklags sem hefur að allra mati gefist vel, samanber veiðimálastjóraembættið og hreindýraráðið sem hafa að allra mati gengið prýðilega. Að vísu hefur ekki verið gengið eins langt og ég legg hér til, með því að fara í viðræður við sveitarfélögin á heimavelli sem hafa tvíþætt gildi, þ.e. að koma þessum málaflokkum fyrir á stofnunum eða deildum sem þar yrðu reknar og jafnframt að hafa það að leiðarljósi og markmiði að gera þessum sveitarfélögum kleift að standa vel að sínum málum. Öll svona styrking með einhvers konar verkefnum af því tagi sem hefur verið sent út, eins og veiðistjóraembættið og hreindýraráð, styrkir auðvitað möguleikana á að gera stjórnsýsluna virkari heima fyrir.

Virðulegi forseti. Við verðum að láta af því að haga okkur hér viku eftir viku nánast eins og atvinnumálanefnd höfuðborgarsvæðis þar sem allt er tekið hingað inn. Við verðum að fara að líta á verkefnin sem á að vinna og temja okkur þann þankagang að koma verkum sem best fyrir. Það er grundvallaratriði. Það er ekki gert hér með svona uppsetningu, alls ekki. Þetta mun ekki gefast vel í því stóra landi sem við byggjum. Kannski gæti þetta gengið í Danmörku en þó gera þeir hlutina ekki á þann hátt eins og hér er verið að leggja upp með.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara leggja þetta í púkkið. Ég held að hér hefði átt að nota tækifærið til að koma fram með nýja hugsun, deila út verkefnum, ná markmiðum sem við sannarlega höfum ekki náð og þurfum að ná, auka möguleika sveitarfélaganna til að standa vel að þessum málum úti um landið og vera með framkvæmdina eins mikið í návígi og hægt er í staðinn fyrir miðstýringu.

Þess vegna legg ég til, virðulegi forseti, við hæstv. umhvrh. að þetta frv. verði látið bíða um sinn og menn freisti þess að hugsa þessi mál upp á nýtt. Ég er töluvert kunnugur og málkunnugur í mínum faghópi og ég tel að þorri þeirra sem hafa sýslað með þessi mál aðhyllist þá grunnhugsun sem ég set hér fram. Þess vegna er mikilvægt að ekki sé unnið með bundið fyrir augun frá miðstýrðum borðum höfuðborgarinnar, og þannig haldi menn að með fallegum orðum á blaði sé hægt að koma málum fyrir. Það er ekki svo.

[21:02]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um Umhverfisstofnun. Frv. er á þskj. 1170 og er 711. mál. Ég nefni hér hversu þingskjalsnúmerið er hátt vegna þess að það segir til um hversu seint þetta mál er lagt fram á þinginu, enda var því dreift hér í kvöld sem leið.

Ég vil taka undir þær raddir sem hér hafa komið fram um að þessi vinnubrögð eru aldeilis forkastanleg. Hér er mjög umdeilt mál á ferðinni og óundirbúið. Það hefur ekki verið umræða í gangi, hvorki í þjóðfélaginu né á þessum stofnunum, um breytingar í þessa átt. Þetta kemur því næstum eins og köld gusa framan í fólk. Að vísu er þessi kalda gusa tímasett þannig að ég held að fæstum þingmönnum hafi dottið í hug að úr því sem komið var og liðið á þingið að þetta frv. mundi nokkurn tíma líta dagsins ljós. En hæstv. umhvrh. var búinn að láta þau orð falla að til stæði að koma á Umhverfisstofnun og punktur, búið með það.

Nú á að eyða, eins og í öðru máli, óvissu hjá starfsmönnum. Það er hægt að eyða þeirri óvissu með því að slá þetta mál af eða gefa því lengri frest. Óvissan stafar af því að þau orð eru látin falla að það eigi að koma á Umhverfisstofnun, en það er ekki talað við starfsmennina. Þeir eru ekki hafðir með í ráðum. Þessar stofnanir sem hér um ræðir, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, embætti veiðistjóra og hreindýraráð sem fjallar um dýravernd, hafa ekki verið með í undirbúningi þessa frv. Fólk veit því ekkert á hverju það á von, nema einhverri Umhverfisstofnun. Í því felst óvissan.

Mér finnst að í svona stóru máli séu nú góð vinnubrögð og öllum til sóma, og hæstv. umhvrh. hefði fengið góða einkunn fyrir að viðhafa slíkt, að hafa starfsmenn og forstjóra þessarar stofnunar með í ráðum og undirbúningi að þessu starfi. En ég veit að það hafa alla vega ekki allir fengið.

Látið er að því liggja og kemur það fram í frv. að tilgangur þess sé að styrkja stofnunina, styrkja markmið á borði hæstv. umhvrh. En þá vil ég spyrja: Hvers vegna í ósköpunum hafa þessar stofnanir verið fjársveltar hver og ein um lengri tíma? Það er alveg ljóst að bæði Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofurnar hafa verið í miklu fjársvelti. Ef tilgangur frv. er að styrkja þessar stofnanir og ná fram einni sterkri umhverfisstofnun, hvers vegna í ósköpunum eigum við að trúa því að ein umhverfisstofnun fái hærra fjárframlag úr ríkissjóði eða verði betur studd með ríkisframlögum og héðan af þingi en hver og ein þessara stofnana fær í stuðning í dag?

Hvað varðar áframhaldandi vinnu vil ég segja að úr því að frv. er komið hér inn á borð og er til umræðu þá tel ég algjört lágmark að það verði núna sent út til umsagnar og sumarið notað til þess að vinna þessum hugmyndum brautargengi. Þörf er á ítarlegum umsögnum og tíma fyrir þingmenn til að skoða hvað þetta getur þýtt fyrir þessar stofnanir og hvort við teljum að þessi leið sé heppileg til þess að styrkja umhverfisvernd í landinu.

Ég tek undir þau sjónarmið að afar óheppilegt sé að gera veiðistjóraembættið að einhvers konar útibúi. Það sama má

segja um náttúrustofurnar sem eru í dag útibú frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þær hefði að mínu mati átt að styrkja og efla þær hverja og eina á sínum forsendum og gera þær enn sjálfstæðari í vinnubrögðum sínum en er í dag. Þar væri komið til móts við sjálfstæði og frumkvæði hjá starfsmönnum og þessi stofnun styrkt inni í fjórðungunum með þeim staðbundnu verkefnum sem náttúrustofurnar hafa. Það væri mikil byggðastyrking að efla náttúrustofurnar og gera þær sem sjálfstæðastar. Það á ekki að draga enn frekar úr sjálfstæði þeirra með því að setja þær undir Umhverfisstofnun þangað sem öllu verður steypt.

Herra forseti. Mér finnst ákvæði um ráðningu forstjóra umhugsunarverð bæði hvað varðar lýsingu á menntun og eins því að forstjóri skuli eiga að móta þessa stofnun. Ef svo langt er í land í hugmyndafræðinni við koma á þessari Umhverfisstofnun að forstöðumaðurinn skuli byrja á að vinna að mótun starfsins þá tel ég rétt að vinna málið áfram og hafa þá hugmyndafræðina og rekstur þessarar stofnunar ljósari en virðist vera í dag og vinna málið betur.

Í ákv. til brb. segir, með leyfi forseta:

„1. Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Umhverfisstofnun samkvæmt lögum þessum skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar."

Hvað þýðir þetta? Er gert ráð fyrir því að hægt verði að losna við óæskilega starfsmenn? Á þetta að vera einhvers konar hreinsun út úr þeim stofnunum sem nú eru starfandi? Þannig mundi ég líta á það, herra forseti, ef ég starfaði á einhverri þessara stofnana. Ég mundi ekki líta á það sem neitt starfsöryggi að ráða mig til nýrrar Umhverfisstofnunar ef það mætti svo hreinsa út og það væri alfarið forstjórans að ákveða það eftir fyrsta starfsárið. Ég hefði talið að annað hvort yrði það starfsfólk sem nú er starfandi ráðið að nýrri stofnun og þar við sæti. Það mundi sanna sig í nýrri stofnun eins og í núverandi stofnun. Ef fólk er óhæft í starfi þá er því sagt upp. En að hafa þetta eins konar hreinsunartímabil eftir eitt ár finnst mér ekki vera góður tónn til þeirra starfsmanna sem mundu flytja sig þarna á milli.

Ég skil hæstv. umhvrh. vel að því leytinu til að vilja efla og styrkja umhverfisvernd og starf núverandi stofnana í landinu. Ég hefði viljað að sagan hefði borið hæstv. ráðherra betra vitni um störf hennar fram til þessa en því miður verður hægt að segja í þó nokkrum stórum málum, þó að margt gott hafi verið gert og dreg ég ekkert úr því. En stór högg hafa verið reidd sem verða ekki aftur tekin, sem mér hefur ekki fundist vera í anda þess sem við teljum góða umhverfisvernd og umhyggju fyrir náttúrunni. Núverandi stofnanir hafa fyrst og fremst þurft að glíma við peningalegar áhyggjur. Verkefnin eru næg. Ég hefði viljað sjá þá þróun að þessar stofnanir yrðu styrktar hver á sínu sviði þar sem verkefnin falla til, en ekki svona miðlægt eins og hér er lagt til. Alltaf fellur til ákveðinn kostnaður bara við það að hafa svona miðlægar stofnanir þegar verkefnin eru úti um allt land. Einn þeirra þátta sem við þurfum að hugsa varðandi styrkingu byggðar er að skapa störf sem hafa verið kölluð störf fyrir vel menntað fólk. Hver og ein þessara stofnana hefur yfir að ráða slíkum starfskröftum og það er m.a. á þeirri forsendu sem ég tel að við ættum að skoða þetta miklu betur, en afgreiða þetta ekki nú á þessu þingi. Það finnst mér alveg hreint forkastanlegt.

[21:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir umræðurnar sem hafa orðið um þetta mál. Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín sem ég ætla að reyna að gera skil í þessari ræðu.

Í fyrsta lagi hafa nokkrir þingmenn komið inn á að þetta mál geti skapað nýja vídd, þ.e. að ég hafi sagt það. Og ég tel að svo sé, ég tel að með því að sameina þessar stofnanir sem hér um ræðir skapist ný vídd í umhverfismálunum, meiri heildarsýn náist á málaflokkinn og ég held að allir sem starfa í þessum málaflokki sjái að tengslin á milli mengunar og náttúruverndar verða æ sýnilegri þannig að það er eðlilegt að menn skoði málin í einni stofnun. Sú stofnun hefði þá meiri heildaryfirsýn á þessi mál og horfði á allt sviðið í einu.

Það er líka alveg ljóst, eins og fram kemur í greinargerð með frv., að með þessum hætti verður stjórnsýslan einfaldari og jafnframt skilvirkari, öflugri og faglegri þannig að mörg mikilvæg og þung rök mæla með því að við stígum þetta skref.

Nokkuð hefur verið rætt um að ráðherra hafi skapað óvissu. Ég tel að sameining stofnana skapi óhjákvæmilega óvissu. En ég held að betra sé að sameina þær tiltölulega hratt en að gera það á afar löngum tíma. Ég tel ekki eðlilegt að starfsfólkið búi lengi við óvissu. Ég hef einmitt rætt þessi mál, m.a. við forstöðumenn viðkomandi stofnana, og heyri þau rök að betra sé að afgreiða svona mál tiltölulega hratt þegar menn fara af stað með þau en að hafa þau yfir sér í langan tíma.

Líka hefur verið rætt um skipuritið sem verður á þessari stofnun, og talað um að það hefði átt að vinna með einhverjum öðrum hætti en gert er ráð fyrir í frv. Í frv. er sagt að núverandi forstjórar ásamt fulltrúa úr umhvrn., ásamt nýjum forstjóra eftir að búið er að ráða hann, eigi að vinna upp nýtt skipurit og ég tel að það sé mjög eðlilegt. Það er auðvitað ljóst að sömu skyldur hvíla á þessari stofnun eins og núverandi stofnunum en skipuritið mun trúlega breytast. Núna er ekki hægt að segja fyrir um hvernig það muni verða. Það er samt mjög mikilvægt að forstjórarnir, sem eru þeir sem hafa bestu yfirsýn yfir það í dag, komi að þessari vinnu með nýjum forstjóra.

Mikið veður hefur verið gert út af því að ráða eigi nýjan forstjóra 1. ágúst. Það hefur verið tortryggt hérna á ýmsa kanta. Fyrst þegar við skoðuðum þetta frv. töldum við best að skipa nýjan forstjóra frá og með 1. okt. en við fengum ábendingu á starfsmannafundi hjá Náttúruvernd ríkisins um að betra væri að skipa forstjóra fyrr þannig að menn fengju fyrr sýn forstjóra inn í þetta mál. Við tókum tillit til þeirrar ábendingar og færðum dagsetninguna fram til 1. ágúst. Við finnum fyrir þeim vilja að betra sé að fara tiltölulega hratt í að setja upp þessa nýju stofnun en ekki gera það á of löngum tíma. Samt er hér ekki verið að rasa um ráð fram, alls ekki, eins og hér hefur verið gefið í skyn.

Jafnframt hefur verið spurt um frjáls félagasamtök. Við áttum fund með þeim til að ræða þetta mál og kynna fyrir þeim að hugur okkar stæði til þessa, og þar kom þá m.a. fram að fulltrúi frá einum samtökum taldi að þetta væri brýnt mál og að fyrir löngu hefði átt að vera búið að þessu. Ég var að vonum mjög ánægð að heyra að menn telja að sameina þurfi þessar stofnanir, sem eru tiltölulega litlar, í eina öflugri stofnun.

Hér hefur verið rætt svolítið um alþjóðasamninga og tengsl þeirra við Náttúrufræðistofnun Íslands. Hún er

vísindastofnun, rannsóknastofnun, ekki stjórnsýslustofnun þannig að við teljum eðlilegt að nýja Umhverfisstofnunin, sem verður stjórnsýslustofnun, fari með alþjóðasamninga.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hélt ræðu áðan sem var samfelldur reiðilestur, heyrðist mér, og tók meira að segja upp það ráð mér til virðingar að breyta röddinni til að líkja eftir mér. Ég hef ekki lent í því áður en alltaf lendir maður í einhverju nýju í þessu starfi. Hv. þm. spurði m.a. hvað það væri í rekstraráætlun Náttúruverndar ríkisins sem verðskuldaði það að hún yrði sameinuð. Svarið er: Það er ekkert. Það er ekki verið að sameina Náttúruvernd ríkisins við aðrar stofnanir út af einhverri rekstraráætlun hennar, alls ekki, það tengist bara ekki neitt. Við erum að sameina þessar stofnanir til að sækja fram á þessu sviði af því að við teljum rétt að einfalda stjórnsýsluna og gera hana öflugri.

Hv. þm. ræddi líka um skrauthúfu, að komandi forstjóri ætti að vera einhver skrauthúfa, og að í því fælist einhver ný sýn. Forstjórinn einn mun ekki valda því að hér verði um einhverja nýja sýn að ræða. Það er miklu meira. Þessi nýja stofnun mun stuðla að því. Að mínu mati er alls ekki hægt að ræða þessi mál á þessum nótum eins og hér hefur verið gert.

Hv. þm. kom enn fremur inn á það í lestri sínum að umhvrh. hefði ekki talað máli þessara stofnana við fjárveitingavaldið. Ég mótmæli þessum málflutningi. Það hefur einmitt verið gert. Ég hef látið fletta hér upp tölum vegna þeirra orða sem féllu. Árið 1999 voru fjárveitingar til Hollustuverndar ríkisins, miðað við þær tölur sem við tíndum saman áðan, 165 millj., á yfirstandandi ári 247 millj. Hollustuverndin hefur sem sagt fengið 50% hækkun á valdatíma núverandi ríkisstjórnar.

Náttúruvernd ríkisins fer úr 72 millj. 1999 í 140 millj. á yfirstandandi ári, þ.e. fær 100% hækkun. Það er aldeilis búið að tala máli þessara stofnana við fjárveitingavaldið. Auðvitað viljum við gjarnan fá meira fé. Og við munum vinna að því áfram að tala fyrir því að þessar stofnanir fái aukið fé.

Hér var spurt: Hvernig var unnið að þessu máli? Það hefur verið mjög lengi í umræðunni. Það hefur meira að segja verið í umræðunni frá því að aðrir ráðherrar voru í umhvrn. þannig að þetta er engin ný bóla sem kemur upp núna, alls ekki. Það er búið að tala um þetta afar lengi í ráðuneytinu en mesta vinnan hefur farið fram undanfarið ár. Ég ræddi þennan vilja og þessa sýn mína á fundi sem ég átti með forstöðumönnunum sameiginlega í Viðey á síðasta ári og þá kom m.a. fram hjá einum forstöðumanni, reyndar ekki forstöðumanni á viðkomandi stofnunum heldur öðrum sem heyrir undir umhvrn., að þetta væri gamall draumur hans. Ég hef rætt við forstöðumennina sem tengjast þessu máli og ég heyri ekki betur en að þeir sjái sóknarfæri í þessari aðgerð. Ég er reyndar mjög ánægð með að heyra það af því að forstöðumennirnir horfa þá ekki einangrað á eigin stöðu sem breytist við þetta heldur horfa þeir til framtíðar. Mér finnst það mikið þroskamerki og ég er mjög ánægð með það af því að það er alltaf mannlegt að horfa á allt út frá stöðu sjálfs sín.

Hér hefur líka verið spurt: Af hverju er verið að gera þetta yfirleitt? Er tímabært að endurskoða þetta núna? Já, ég tel þetta fyllilega tímabært. Umhvrn. hefur starfað í um tólf ár og við fengum stofnanir undir ráðuneytið frá öðrum ráðuneytum á sínum tíma og miklar breytingar hafa orðið í þessum málaflokki. Þetta er í reynd nýr málaflokkur. Það er alveg rétt að menn hafa talað um þessi mál lengi en þetta eru ný mál ef maður horfir á stjórnsýsluna, og þetta er nýjasta ráðuneytið. Það er því eðlilegt að við förum yfir þetta og skoðum alla málaflokkana.

Við höfum hins vegar bara skoðað það sem fellur undir umhvrn. Við höfum ekki skoðað Landgræðsluna eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Það er ekki stofnun sem fellur undir okkur. Enginn veit hvað verður í framtíðinni en við skoðuðum okkar málaflokka varðandi yfirsýnina núna.

Hér hefur svolítið verið talað um að á fyrsta starfsári hafi starfsmennirnir forgang. Hvað þýðir það? Ég hef fundið að í umræðunni gætir einhvers misskilnings út af því. Þetta þýðir ekki að fyrst eigi að ráða alla inn og svo eigi að reyna að ýta einhverjum út á fyrsta ári, alls ekki. Þetta þýðir að frá og með því að stofnunin tekur til starfa 1. jan. nk., ef þetta frv. verður að lögum sem ég vona svo sannarlega, fara menn að ráða þetta fólk sem hefur þá forgang og við væntum þess að það verði gert strax í upphafi. Vera má að það dragist með einhverja, ég skal ekki segja, þannig að það svigrúm er eitt ár. Það er alls ekki eins og það eigi að ýta út einhverju fólki á þessu ári eða eftir að það er liðið. Það er alveg fráleitt að halda því fram.

Hér hefur líka verið spurt: Hvað þýðir þetta fyrir landsbyggðina, hvað með veiðistjóraembættið og hreindýramálin fyrir austan og er þetta ekki bara miðstýring? Ég tel einmitt að í þessu séu mikil sóknarfæri fyrir landsbyggðina. Núna verður starfsemi Umhverfisstofnunar á Norðurlandi — á Akureyri — og á Austurlandi mun víðtækari en í dag. Við sjáum fyrir okkur að þau mál sem veiðistjóraembættið hefur haft á Akureyri verði þar áfram, og einnig svo með hreindýramálin fyrir austan, en við bætast nýju verkefnin sem Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins hafa í dag þannig að það skapast svigrúm til að efla starfsemina úti á landsbyggðinni við þetta, og sóknarfæri.

Varðandi stöðu forstjóranna í dag er ljóst að þeir verða ekki, allir þrír, forstjórar í nýrri stofnun. Ráðinn verður einn nýr forstjóri. Vel má vera að þeir sæki allir um eða hluti þeirra eða enginn, ég skal ekki segja, en staða þeirra breytist.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók til máls, og satt best að segja varð ég svolítið svekkt fyrir hönd embættismanna minna þegar hann réðst að þeim — þeir geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér í þessum ræðustóli — og sagði að það væri ámælisvert hvernig þeir hefðu sett fram greinargerðina. Hv. þm. kaus að ráðast á þá hér. (Gripið fram í.) Ég tel að hér hafi verið látin falla orð sem ekki eiga við rök að styðjast. Það sem hv. þm. las upp, og stendur með réttu í greinargerðinni, að „stofnanaskipting ráðuneytisins byggist að verulegu leyti á gömlum grunni“, er bara staðreynd. Það er margoft búið að gera breytingar á lögunum, efnisbreytingar, en hér er verið að skoða þessa stofnanaskiptingu ráðuneytisins. Náttúruvernd ríkisins byggir á gamla Náttúruverndarráðinu. Við erum reyndar með nýjar stofnanir eins og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar en það er hárrétt sem stendur í greinargerðinni.

Hv. þm.ýjaði líka að því að búið væri fyrir fram að ráða einhvern forstjóra. Það er ekki búið að því, alls ekki. Og það er ekki verið að sauma inn einhverjar menntunarkröfur sem passa fyrir einhvern einstakling, alls ekki, ég vísa því algjörlega á bug. Þær kröfur sem við setjum fram í frv. eru eðlilegar. Það er eðlilegt að forstjóri hafi háskólapróf og þekkingu á sviði þessara stofnana og stjórnunarreynslu.

Hv. þm. spurði líka um landsbyggðina og ég hef reynt að svara því. Hér eru sóknarfæri fyrir landsbyggðina en alls ekki það að draga eigi eitthvað úr starfseminni þar.

Hv. þm. kaus líka að draga hér inn Náttúruverndarráð og ég sé ástæðu til að minna á það aftur, ég hef reyndar gert það hér áður, að vinstri grænir, allir nema einn, samþykktu að leggja niður Náttúruverndarráð enda erum við að losa þar fé sem má nýta miklu betur fyrir náttúruverndina í landinu. Það var einn þingmaður sem samþykkti þetta ekki enda var hann fjarstaddur.

Hv. þm. Þuríður Backman spurði af hverju þessar stofnanir væru fjársveltar. Það er ekki hægt að segja að þær séu það, og ég er búin að lýsa því hér hversu mikið aukið fé þær hafa fengið. Hins vegar eru þar verkefni sem þarf að fjármagna í framtíðinni. Það má taka fram hér að til Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins og í minna mæli til veiðistjóraembættisins koma aukin verkefni sem þarf að fjármagna.

Virðulegur forseti. Ég bind vonir við að hv. þingmenn sjái að hér er um framfaraskref að ræða. Sjái þeir það ekki núna vona ég að þeir sjái það síðar þegar þetta er um garð gengið. Ég veit að það er alltaf erfitt að gera breytingar og það er erfitt að fara í gegnum óvissu. En ég tel að þetta sé það brýnt og gott mál að við eigum að taka af skarið núna og sameina þessar stofnanir í eina nýja Umhverfisstofnun til að sækja fram í málaflokknum.

[21:30]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alls kostar sátt við svörin sem ég fæ frá hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hana. Ekki það að ég hafi kannski búist við því að ég fengi fullkomin svör. En mér þykir það ekki mæta kröfum mínum þegar hún svarar spurningunni um hver sé hin nýja vídd í umhverfismálum með því að aukin verði heildarsýn á málaflokkinn. Er hin nýja vídd í umhverfismálum meiri heildarsýn á málaflokkinn? Hún kallaði það reyndar síðar í ræðu sinni heildaryfirsýn, það auki heildaryfirsýn.

Herra forseti. Ég auglýsti eftir framtíðarsýn í ræðu minni. Ég get vel séð það í hendi mér að með því að sameina þrjár stofnanir í eina og setja einn forstjóra yfir þær þrjár stofnanir, þá hafi sá forstjóri meiri heildaryfirsýn yfir málaflokkinn. En er það framtíðarsýn hæstv. ráðherra hvað varðar náttúruvernd og umhverfisvernd á Íslandi að auka heildaryfirsýn á málaflokkinn? Mér finnst þetta ekki nógu góð rök til þess að stofna umhverfisstofnun, herra forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er. Og þó að það geti einfaldað stjórnsýslu að sameina stofnanir, þá sé ég ekki að það geri stjórnsýsluna öflugri eða faglegri. Og með því að hæstv. umhvrh. skuli halda því fram er hún um leið að halda því fram að þær stofnanir sem hér um ræðir séu hvorki öflugar né faglegar í dag. Þar með er hún að gera lítið úr starfi fólks sem starfar við lítil efni og ég minni hæstv. ráðherra á að þegar nýju náttúruverndarlögin tóku gildi var lagt mat á það hvað náttúruverndaráætlun mundi kosta. 430 millj. kr. á fjórum árum var talan. Og hver hefur hækkunin til Náttúruverndar ríkisins verið? Ekki brot af þessu.

[21:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er búið að stórauka fé til Náttúruverndar ríkisins, um 100% á nokkrum árum. Allt annað tal er rangt.

Varðandi þá framtíðarsýn sem ég sé vegna þessa máls — ég get endurtekið það þó ég efist um að þingmaðurinn vilji taka það til greina miðað við hvernig hér er talað, þá tel ég að með þessari aðgerð sé verið að gera stjórnsýsluna einfaldari, skilvirkari og faglegri. Ég sé öll rök mæla með þessu. Ég tel líka að mengunarvarnamál, náttúruverndarmál og dýraverndarmál séu að tengjast meir og meir, samþættast meira en verið hefur og ég held að það sjái allir. Það er því eðlilegt að sameina þessar stofnanir í eina öfluga og það sér fjöldi manns, m.a. forstjórar í þeim stofnunum. Þeir sem starfa í þessum málum sjá tækifæri í þessu. Af hverju sjá þeir tækifærin? Ég held að það sé rétt hjá þeim og ég deili því með þeim að mikil tækifæri eru í slíkri aðgerð fyrir umhverfismálin í landinu, þ.e. ein og öflugri stofnun en þær sem við höfum núna. Með því er ekki verið að segja að starfsfólkið standi sig ekki í þeim stofnunum, alls ekki. Ég átta mig ekki á því hvernig hv. þm. getur verið að saka mig um það. Ég vil einmitt fá það starfsfólk sem er sérhæft á sínu sviði og þekkir málaflokkana sína mjög vel, ég vil fá þetta fólk til að starfa saman í öflugri stofnun þannig að það geti aðstoðað hvert annað þvert á þá geira sem það vinnur í núna í einni, nýrri Umhverfisstofnun.

[21:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins áfram um fjármálin. 100% aukning á 3–4 árum til Náttúruverndar ríkisins. Ég vil fá að heyra hversu mikil hækkun hefur verið á framlaginu ef verðbreytingar eru ekki teknar inn í myndina og ég vil benda hæstv. umhvrh. á það að náttúruverndaráætlun var nýtt atriði í nýjum lögum 1999 og átti þess vegna ekki að takast af þeim rekstri sem fyrir var til staðar. Það er því eðlilegt að við fáum líka að vita hversu mikið hefur verið sett í heildina í náttúruverndaráætlunina.

Herra forseti. Af því að hæstv. ráðherra sagði frá því áðan að náttúruverndarsamtök og umhverfisverndarsamtök hefðu lýst stuðningi við þetta, a.m.k. einn aðili frá þeim náttúruverndarsamtökum sem hún hefur rætt við, ég veit ekki betur en náttúruverndarsamtökin sem standa að samstarfsyfirlýsingunni séu átta eða níu talsins þannig að ég vil ekki taka það sem dæmi um neinn gífurlegan stuðning.

Í lokin, herra forseti, vil ég segja þetta: Úr því að búið er að ákveða að kippa fótunum undan stofnun, þá er alveg eins gott að gera það hratt, maður meiðir sig kannski minna. Ég veit það ekki.

[21:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að þetta hafi verið bráðsnjallt sem hv. þm. sagði í lokin, að eðlilegt væri að gera þetta hratt frekar en mjög hægt. Það er skoðun mín. Það er miklu betra að fara í svona mál af festu heldur en ekki. Það er vont fyrir starfsfólkið að búa við óvissu. En maður býr alltaf við óvissu þegar farið er í gegnum slíkar breytingar og það er mannlegt að verða hræddur við þær. Þess vegna finnst mér afar jákvætt hvað þó hefur verið tekið vel á móti þessu máli.

Hér hefur hv. þm. talað um náttúruverndaráætlun. Við erum ekkert að ræða neinar sundurliðanir og ég er ekki með neinar tölur um það, einhverjar sundurliðanir á verkefnum innan Náttúruverndar ríkisins. Ég er ekki með það. En við getum farið í þá umræðu þegar það passar betur.

En varðandi fjármagnið sem fer til Náttúruverndarinnar af því að hér sakaði hv. þm. mig um að hafa ekki reynt að stuðla að auknum fjárveitingum til þessara stofnana, það er

bara alrangt. Þær stofnanir hafa fengið hækkanir, önnur 50% hækkun og hin 100% hækkun frá 1999–2002.

[21:37]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrr má nú fara hratt í málin en svona, að koma með mál á síðustu dögum þingsins og ætla að keyra það í gegn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún ætlist virkilega til þess að málið verði ekki sent út til umsagnar og að menn eigi ekki að gefa sér tíma til að ræða við viðkomandi aðila og hvort hún telji virkilega að það sé tími til þess núna. Ef búið væri að taka ákvörðun um að lengja þingið fram yfir sveitarstjórnarkosningar — hvers konar hugmyndir eru á bak við það að koma með málið á þessum tíma? Ef menn hafa viljað minnka óvissuna sem allra mest, þá hefðu menn líklega komið með málið fyrr þannig að öruggt væri að það ynnist tími til að klára það.

Í sambandi við Landgræðsluna sem ég nefndi áðan, þá langar mig að spyrja: Er ríkisstjórnin í slíkum vanda í umræðunni um stjórnsýsluna og stöðu ráðuneytanna og verkefna þeirra sem eru hjá ráðuneytunum að ekki komi til mála að ræða um aðrar stofnanir þegar verið er að fara í breytingar af þessu tagi? Kom ekki til umræðu að velta því fyrir sér að Landgræðslan ætti þá heima í stofnun eins og þessari úr því að menn eru að skoða heildaryfirsýn í þessum málaflokki? Hvers lags eiginlega vinnuaðferðir eru þetta ef slíkt er ekki skoðað?

Ég kemst að þeirri niðurstöðu, hæstv. forseti, að illa sé að málinu unnið og höndunum kastað til þess úr því að svona liggur. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég hef orðið var við það áður að umræða innan ríkisstjórnarinnar um að taka á málum í stjórnsýslunni virðist vera í einhvers konar ógöngum eða svelti. Við höfum fengið inn í þingið mál sem bera þess merki.

[21:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þingið geti klárað málið á þeim tíma sem eftir er. Ég tel málið ekki vera það flókið að menn geti það ekki. Þetta er ekki tæknilega flókið, þetta er mjög einfalt. Þetta er spurning um hvort menn deili slíkri sýn eða ekki. Ég veit að það er pólitískt afl hér inni sem er algerlega á móti þessu og við því er ekkert að gera. Menn eru ekkert sammála um þetta. En ég skal ekki segja um Samfylkinguna. Mér finnst það kannski aðeins óljósara hvaða skilaboð hún er að gefa af því að hún talar ekki afar skýrt í þessu máli, vill fá meiri tíma til að sjá málið, fresta því til að átta sig betur á því, en kannski er málið samt gott o.s.frv. En ég tel að menn geti klárað þetta á þessum tíma og ég tel æskilegt að menn geri það.

Ég hef mjög mikla sannfæringu fyrir því að rétt sé að taka þetta skref og þess vegna tel ég æskilegt að það sé klárað á þeim stutta tíma sem eftir er af þinginu, ég tel að hann nægi. Auðvitað verður umhvn. að kalla til sín fólk og vinna eftir því sem hún telur eðlilegt. Ég tel að það sé hægt.

Varðandi Landgræðsluna, þá vorum við að skoða þær stofnanir og þá málaflokka sem heyra undir umhvrn. Við litum ekki til Landgræðslunnar, við litum ekki til Skógræktarinnar, við litum ekki til atriða sem stundum hafa verið í umræðunni í sambandi við umhvrn., hvers vegna hitt og þetta heyri ekki undir umhvrn, við gerðum það ekki. Ég tel að uppstokkun ráðuneyta og stærri málaflokka geti verið það flókin að auðveldara sé að gera það í kringum t.d. ríkisstjórnarskipti. Við tókum það því ekki inn í þessari endurskoðun okkar. Við tókum einungis þær stofnanir sem heyra undir okkur og vinna á hinu hefðbundna unhverfissviði.

[21:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ekki gert, nei. Ríkisstjórnin er komin langt með annað kjörtímabil sitt. (**Gripið fram í:** Og síðasta.) Og örugglega það síðasta, já. Ekki hefur tekist að gera neinar marktækar breytingar á stjórnsýslunni á þeim tíma og menn gripu ekki tækifærið við stjórnarskiptin. Það virðist vera vonlaust að menn fari yfir þessi mál þó að mikil nauðsyn sé á því.

Við sjáum hæstv. sjútvrh. koma með mál þar sem verið er að búa til nýtt apparat til að fylgjast með fiskeldi þannig að það verði örugglega tvöfalt það apparat á vegum ríkisins sem sér um fiskeldi í landinu. Í staðinn fyrir að endurskipuleggja hlutina er staðið svona að málum. Hæstv. umhvrh. telur það allt í lagi og eðlilegt að hún horfi bara í gaupnir sér þegar hún er að velta því fyrir sér hvernig eigi að hafa hlutina og það sé ekki rætt innan ríkisstjórnarinnar að endurskipuleggja hlutina með tilliti til lengri framtíðar.

[21:42]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki á mínu valdi að stokka upp í Stjórnarráðinu en auðvitað getur maður átt aðild að því ef um uppstokkun er að ræða.

En varðandi umhvrn. þá er aldeilis búið að gera ýmislegt varðandi stjórnsýsluna þar. Ég get nefnt sem dæmi að við höfum núna enga stjórn yfir stofnun. Það er bara ráðherra, forstöðumaður og starfsmenn. Búið er að leggja niður t.d. stjórn Landmælinga og stjórn yfir Brunamálastofnun þannig að við höfum verið að hugsa stjórnsýslu okkar alveg upp á nýtt. Við erum búin að klára að hreinsa út allar stjórnir. Við töldum ekki æskilegt að hafa þær.

Við erum búin að leggja niður Náttúruverndarráð sem var umdeilt í upphafi en síðan sáu allir að það var eðlilegt að gera og samþykktu það og núna erum við að skoða Umhverfisstofnunina og teljum eðlilegt og brýnt að henni verði komið upp. Við höfum því aldeilis skoðað stjórnsýsluna í umhvrn.

[21:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að oftúlka umræður eða snúa út úr þeim. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur aldrei útilokað einhverja endurskipulagningu á stjórnskipulagi umhverfismála eða stofnana en við skrifum ekki upp á þessi vinnubrögð hæstv. ráðherra. Það verður ráðherra að hafa alveg á hreinu. Og við áskiljum okkur rétt til þess að ræða hvaða tillögur sem upp koma í þeim efnum efnislega og erum alveg ófeimin við að vera á móti því sem við teljum þar óskynsamlegt hvort sem það varðar efni máls eða vinnubrögð.

Hæstv. ráðherra kýs að snúa því þannig að ég hafi ráðist að embættismönnum umhvrn. þegar ég gagnrýndi grg. frv. Ég tók í næstu setningu alveg skýrt fram að það væri ráðherra sem bæri alla ábyrgð á innihaldi grg. En ég sagði sem svo að það væri ágætt að æðstu embætti ráðuneytisins væru hér í hliðarsal ef þeir skyldu hafa aðstoðað hæstv. ráðherra eitthvað við að semja hana, t.d. prófarkalesið hana. Það má kannski kalla óþarfa stráksskap að taka svona til orða. En það var alveg skýrt í máli mínu, hin pólitíska ábyrgð er ráðherrans og ég held að það sé alveg ástæðulaust að útleggja

það sem einhverjar árásir á embættismennina þó að þeir séu nefndir til sögu, því að þeir eru svo duglegir í vinnunni sinni að þeir sitja hérna í hliðarsalnum til styrkingar ráðherra sínum sem er hið besta mál. Það þarf ekkert að snúa út úr því. Við vitum það bæði, ég og hæstv. ráðherra, að það eru ráðherrar sem bera ábyrgð á öllum embættisathöfnum, öllum gjörðum, pappírum og öðru sem út úr ráðuneyti ganga.

Gagnrýni mín á framsetninguna í grg. stendur hins vegar óhögguð og ég dreg hana ekki til baka. Það er villandi að taka til orða með þeim hætti sem þarna er gert og láta að því liggja, gefa það í skyn að þetta sé allt saman gamalt kerfi meira og minna frá því fyrir daga ráðuneytisins þegar staðreyndin er sú að löggjöfin er svo til öll ný, yngri en ráðuneytið og búið er að endurskipuleggja margar þessar stofnanir eða flytja þær á allra síðustu missirum þannig að það stendur óhaggað.

[21:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hálfaumkunarvert að hlusta á þetta yfirklór. Talandi um stráksskap, þá voru þau orð sem hér féllu áðan ekki sögð í sérstökum stráksskap. Það var ekki verið að tala mjög smekklega til embættismanna hér, sagt að ámælisvert væri að þeir hafi sett inn þetta og hitt og að ekki gæti verið að ráðherrann hafi samið þetta sjálf, það hljóti embættismennirnir að hafa gert o.s.frv., en að ráðherrann beri ábyrgð á þessu. Það er verið að hnýta í embættismenn og mér finnst ekki sæmandi að gera það.

Varðandi það sem kemur fram í greinargerðinni þá er allt rétt sem stendur þar, hvort sem hv. þm. vill taka það til baka eða ekki. Það er rétt sem kemur fram þar að um að stofnanaskipting ráðuneytisins byggist að verulegu leyti á gömlum grunni o.s.frv. Í greinargerðinni er verið að fjalla um að við erum að skoða þessa stofnanaskiptingu og við erum ekki bara að skoða þær stofnanir sem hér um ræðir. Við erum að skoða aðrar stofnanir líka og þær byggja á gömlum grunni. Það er eðlilegt þegar við höfum verið starfandi um 12 ára skeið að fara yfir þetta heildstætt.

Það er rétt að við erum alltaf að endurskoða löggjöfina. Það er verið að uppfæra hana, enda er svo mikið að gerast í þessum málaflokki að það er mjög eðlilegt að svo sé gert. En stofnanirnar byggja á gömlum grunni og það er eðlilegt að við sækjum fram með þær með því að sameina þessar stofnanir sem hér um ræðir eins og við erum að gera. Allt er því hárrétt sem stendur í greinargerðinni.

[21:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi spilaborg er hrunin hjá hæstv. ráðherra. Hér viðurkennir hæstv. ráðherra að löggjöfin er öll ný og það er líka staðreynd að þessar stofnanir hafa verið endurskipulagðar og einar þrjár þeirra hafa í verulegum mæli tekið breytingum á allra síðustu árum. Náttúruvernd ríkisins er ný stofnun og alveg í glænýju húsnæði. Veiðistjóraembættið er nýflutt norður á Akureyri og hreindýraráð hefur verið endurskipulagt og fengið starfsmann á Austurlandi.

Við skulum fá útskrift af því sem ég sagði fyrr í kvöld um embættismenn og ráðherra. Ég er alveg ófeiminn við að skoða það. Ég er ósammála ráðherra um að í því hafi falist einhverjar ómaklegar árásir á embættismennina. Auðvitað hlýtur að mega nefna þá. Æðstu embættismenn í stjórnsýslunni hafa hlutverki að gegna. Þeir eru svo sem ekki yfir það hafnir að þeir séu nefndir á nafn. En það ber að sjálfsögðu að gera málefnalega. Ég mun biðjast afsökunar á því ef þarna hafa fallið einhver orð sem ég tel tilefni til þess.

Varðandi hina miklu sókn hæstv. ráðherra í umhverfismálum með því að endurskipuleggja stofnanir þá vísa ég til fyrri orða minna um það. Þetta verður ekki merkilegur bautasteinn, þ.e. ef þetta brölt hér gengur yfir höfuð fram.

[21:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. telur að skýjaborgir séu að falla af því að ráðherra hafi viðurkennt að löggjöfin sé ný. Hverjir voru að deila um það? Auðvitað er löggjöfin meira og minna ný. Við erum alltaf að koma fram með ný frv. úr umhvrn. (**SJS:** Er það ekki Alþingi sem ...) Það stendur engin deila um það. Ráðuneytið hefur komið inn með frumvörp og Alþingi hefur síðan fjallað um þau.

Hins vegar viljum við að stofnanirnar endurspegli þennan nýja tíma. Við teljum að taka beri það skref núna að sameina þessar stofnanir í eina nýja. En hv. þm. sem er í forustu fyrir Vinstri grænum vill kannski að tíminn standi í stað að þessu leyti og við höldum okkur bara alltaf við þessar gömlu stofnanir. Það mætti halda það miðað við það hvernig hérna er talað.

[21:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við höfum rætt málin hér síðan klukkan tvö í dag, fyrst um Þjóðhagsstofnun, núna um Umhverfisstofnun og síðan eigum við eftir að ræða nýja stofnun á vegum Íslenskrar erfðagreiningar. (Gripið fram í.) Ja, mér var tjáð, hv. þm., af forseta þingsins að þannig mundi þessi umræða verða. Mig langar til að taka aðeins annan vinkil á þá umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag.

Um hvað höfum við í raun verið að ræða? Atvinnumál í Reykjavík í víðum skilningi þess orðs. Við vorum að ræða um starfsemi Þjóðhagsstofnunar og þingmenn hafa rætt hana vítt og breitt í dag. Að mörgu leyti get ég tekið undir áhyggjur manna yfir því að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Ég tel að það sé misráðið og að réttara hefði verið að skoða þann málatilbúnað sem Vinstri grænir lögðu til í því efni, þ.e. að fara í rólegheitum yfir það mál. En hvað um það. Í þeirri umræðu er eingöngu verið að tala um að færa til störf eins og segir í greinargerð með því máli.

„Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til skyldra sviða í fjármálaráðuneyti og Hagstofu Íslands og styrkja þau, ...“

Svo á að færa einhverjum öðrum störfin. Verið er að tala um að tryggja áfram störf í Reykjavík. Allt er gott um það að segja.

Nú er verið að ræða um Umhverfisstofnun. Ekki veit ég hvað menn eru að tala um mörg störf þar en alla vega er stór hluti af þeim störfum einnig í Reykjavík.

Næsta mál á dagskrá er ábyrgð sem ríkið ætlar sér að veita við stofnun nýs fyrirtækis sem á að skapa 250–300 störf. Ég held að þetta sé einhver lengsti atvinnumálafundur sem ég hef setið, alla vega um störf í Reykjavík. Verið er að ræða vítt og breitt um hin ýmsu svið en í raun snúast málin öll um það að hafa skipulag á störfum sem að langstærstum hluta eru unnin á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Miðað við stefnumótunina í þessum þremur málum þá verður svo áfram. Ég get t.d. ekki séð að í því máli sem við ræðum núna, þ.e. Umhverfisstofnun, sé nein sérstök stefnumörkun hjá hæstv. umhvrh. um að færa störf út á land. Það kom heldur ekki fram

í umræðunni þegar við vorum að ræða um Þjóðhagsstofnun að til stæði að færa eitthvað af þeim störfum út á land. Eru þau störf þó talin upp á bls. 3. Störf Þjóðhagsstofnunar sem hugsanlegt er að halda áfram að vinna í Reykjavík eru, með leyfi forseta, að:

„1. Færa þjóðhagsreikninga.

2. Semja þjóðhagsspár og -áætlanir.

3. Semja og birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum.

4. Annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir ...“

Við bætist að vinna fyrir Alþingi og aðila vinnumarkaðarins. Vafalaust mætti vinna stóran hluta af þessum störfum úti á landi. En ekki er talað um það. Síðan eigum við að ræða næst á dagskránni mál um að að stofna til 250–300 nýrra starfa í Vesturbænum með sértækum aðgerðum ríkisins. Það er hin nýja Vesturbæjaraðstoð. Þetta er í raun það sem við höfum rætt í allan dag, þ.e. atvinnumál í Reykjavík, og hvernig þeim verði fyrir komið.

Ef við hefðum verið að ræða þetta undir þeim formerkjum að setja þessi störf út á land þá hefði vafalaust spunnist mikil umræða um hvernig það mætti vera að það ætti að fara að setja alla þá fjármuni sem hér er verið að tala um út á landsbyggðina. Það má ekki. Atvinnumál á landsbyggðinni mega halda áfram að þróast á þann hátt að þar fækki störfum og þar verði tilflutningur.

Ég vildi koma inn í þessa umræðu og draga þetta saman um þau þrjú mál sem við höfum aðallega verið að ræða í dag, þ.e. um Þjóðhagsstofnun, Umhverfisstofnun núna, og síðan málið sem við eigum eftir að ræða, um ábyrgð ríkisins í sértækum aðgerðum til þess að stofna til nýrra starfa í Reykjavík eða á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Oft þegar við ræðum atvinnumál og þau snúa að landsbyggðinni þá þykir það voðalega neikvætt. Ég man eftir umræðum um það þegar veitt var svokölluð Vestfjarðaaðstoð fyrir nokkrum árum. Þó margt mætti um hana segja og sumt í henni væri mjög misráðið, þá þótti það afar neikvætt. En það þykir aldrei neitt neikvætt að ræða fjármuni sem er ráðstafað til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Út af fyrir sig er ég ekkert að mótmæla því að störf skuli unnin á höfuðborgarsvæðinu. En ég sakna þess í svona víðtækri umræðu um störf og starfstilflutning og nýjar stofnanir þar sem kannski er um að tefla 400–500 manna vinnustaði þegar allt er lagt saman, að menn víki ekki að því í neinum mæli hvernig þessar breytingar mættu hugsanlega gagnast landsbyggðinni, þ.e. ef það er vilji ríkisstjórnarinnar að gera allt sem hún er hér að boða. Ég sakna þess að slík umræða skuli alls ekki hafa komið inn í þetta mál og vonast til að þessi ábending mín geti hugsanlega orðið til þess að hugað verði í alvöru að því þegar verið er að breyta skipulagi að það er líka hægt að vinna stóran hluta þessara starfa úti á landi. Það er ekki lögmál að þessi störf séu í Reykjavík.

[21:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að fá að lesa 1. gr. laga um náttúruvernd aðeins til að bregða sjóngleri á þennan málaflokk sem hæstv. umhvrh. þykist vilja bæta við einhverja nýja vídd eða senda inn í einhverja nýja vídd. 1. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.“

Herra forseti. Og við stöndum hér dauðþreytt seint að kvöldi og ræðum um form og stjórnsýslu í náttúruverndarmálum.

Herra forseti. Ég vil halda því fram að það sé löngu orðið tímabært að við sjáum hæstv. umhvrh., Siv Friðleifsdóttur, fara að framfylgja 1. gr. laganna um náttúruvernd. Það getur hún gert algerlega án þess að ösla í einhverri stjórnsýslu og formbreytingum. Það þarf hugarfarsbreytingu fyrst og fremst til þess að fara að sinna því hlutverki sem 1. gr. laganna um náttúruvernd segir að sé markmið laganna. Sú hugarfarsbreyting á ekki að endurspeglast í formbreytingum á stjórnsýslu.

Herra forseti. Það er alrangt sem hæstv. umhvrh. hefur verið að halda hér fram, að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs séu á móti einhverri Umhverfisstofnun. Það er ekki rétt. En hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa gagnrýnt þetta mál fyrir það hversu seint það er fram komið, fyrir það hversu illa það er unnið og fyrir það að hæstv. umhvrh. skuli ætla að láta umhvn. fjalla um málið á einum eða tveimur fundum rétt fyrir þinglok án þess að tóm eða tækifæri gefist til að senda málið út til umsagnar. Þó að hæstv. ráðherra hafi sagt í ræðu sinni áðan að auðvitað komi umhvn. til með að fjalla um málið á þann hátt sem hún telji eðlilegt þá er hægt að fullyrða, herra forseti, að nefndin telur eðlilegt að senda málið út til umsagnar. En hvaða tíma höfum við til þess? Engan. Og hver sníður okkur þann stakk? Hæstv. umhvrh. Að segja það svo hér að hv. umhvn. geti unnið málið eins og hún telji eðlilegt, er bara argasta öfugmæli. Undir þeim kringumstæðum sem þingmenn eru að vinna hér er ekkert svigrúm til að vanda til verka í þessu máli. Það er það sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa gagnrýnt hér. Úr því að þetta er svona löngu til komið og hugmyndin svona löngu kviknuð í ráðuneytinu þá verðum við, herra forseti, að fá svör við því hvers vegna í ósköpunum þessi seinagangur er á því að málið sé fram komið. Og hvers vegna í ósköpunum var það þá ekki látið bíða til hausts? Hvers vegna í ósköpunum bjó hæstv. umhvrh. til þá óvissu sem nú ríkir meðal stofnananna sem hér um ræðir og heldur því svo hér fram að hún verði að eyða þeirri óvissu hratt og að hún vilji fá tilstyrk Alþingis til þess að gera það? Mér finnst þetta algerlega fáheyrður málflutningur, herra forseti. Hann er ekki til sóma þeim umhvrh. sem ætlar sér að sýna metnað gagnvart þeim málaflokki sem hún á að sinna og standa vörð um.

Herra forseti. Í máli hæstv. umhvrh. áðan kom fram að ég hefði í fyrri ræðu minni spurt hvað í rekstraráætlunum Náttúruverndar ríkisins gerði það að verkum að stofnunin verðskuldaði að vera sameinuð. Það voru ekki mín orð, herra forseti. Ég spurði hvað í rekstraráætlunum Náttúruverndar ríkisins gerði það að verkum að stofnunin virtist verðskulda að vera lögð niður. Eins og hæstv. ráðherra hefur kynnt hugmyndir sínar virðist hún leggja til að forstjórar stofnananna sem nú eru við lýði verði gengisfelldir og stofnanirnar svo gott sem lagðar niður og settar undir silkihúfuna sem ég nefndi svo, forstjóra Umhverfisstofnunar. Ég vil fá að

vita hvort það er verið að refsa starfsfólki Náttúruverndar ríkisins og háleitum markmiðum og fyrir að rekstraráætlun stofnunarinnar greini raunþarfir stofnunarinnar til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Ég tel, herra forseti, algerlega tímabært að við fáum afhjúpaða fjárþörf stofnunarinnar, ekki bara Náttúruverndar ríkisins heldur ekki síður fjárþörf Hollustuverndar ríkisins fyrir árið 2003. Auðvitað tengjast þessi mál fjárframlagi til stofnananna.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson talaði áðan um að hér væri verið að fjalla um störf og fyrst og fremst fjölgun starfa í Reykjavík. Ég get alveg verið sammála honum um að störfunum í Reykjavík fjölgi en ég held að hér sé annars ekki um fjölgun starfa að ræða. Ég er satt að segja, herra forseti, hrædd um að ef fram heldur sem horfir og þetta nær fram að ganga verði um fækkun starfa hjá þessum stofnunum að ræða. Hvernig ætlar hæstv. umhvrh. að sjá til að þetta verði til hagræðingar í málaflokknum þegar við vitum öll að hagræðing þýðir sparnað. Hvar ætlar hæstv. ráðherra að spara? Hún ætlar ekki að skera niður Landgræðsluna. Hún er búin að gefa okkur það til kynna. Hún hlýtur þá að ætla að fækka starfsmönnum hjá stofnunum. Ég held því fram, herra forseti, að hér sé fremur um fækkun starfa að ræða heldur en fjölgun.

Herra forseti. Eitt mál hefur ekki verið nefnt í umræðunni, þ.e. mögulegir hagsmunaárekstrar milli Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins. Nú er það svo í starfsuppleggi þessara stofnana að starfsleyfistillögur hafa hingað til verið umsagnarskyldar hjá Náttúruvernd ríkisins en Hollustuvernd ríkisins veitir formlega starfsleyfi. Nú vil ég spyrja hæstv. umhvrh.: Er ekki hætt við, þegar þetta er komið undir einn og sama hatt og orðin ein stofnun þá muni hún hafa eftirlit með sjálfri sér? Hingað til hefur Náttúruvernd ríkisins verið gagnrýnin á starfsleyfisveitingar Hollustuverndarinnar en hvernig á Umhverfisstofnun að geta verið gagnrýnin á starfsleyfisveitingar Umhverfisstofnunar? Er þetta góð stjórnsýsla? Ekki eftir mínum kokkabókum, herra forseti. En það kann vel að vera, að hæstv. umhvrh. viti betur eða kunni betur. Ég vil þá gefa henni tækifæri til þess að svara þessu hér.

Herra forseti. Við vorum að ræða um fjármál Náttúruverndar ríkisins. Ég vil fá að spyrja um kostnaðinn við flutning Náttúruverndar ríkisins. Er það rétt að kostnaður við flutninginn hafi verið tekinn af rekstrarfé stofnunarinnar? Ég held að alþingismenn þurfi að fá að vita það. Við verðum að fá hæstv. umhvrh. til að standa við stóru orðin, að hún hafi stóraukið fé til Náttúruverndar ríkisins.

Mörg atriði væri virkileg þörf á að ræða í þessu sambandi. Ég get nefnt það sem ekki hefur verið fjallað um í þessari umræðu, sem hefur verið stutt fram að þessu, þ.e. þætti eins og gróðurvernd almennt. Við höfum ekki fjallað um hana. Við höfum ekki rætt um jarðvegsvernd heldur. Þetta eru tveir þættir sem hafa komið til umfjöllunar í umhvn. þegar landgræðslufrumvörpin hafa verið inni í nefndinni, þættir sem umhvn. hefur látið í ljós fullan vilja til að kafa frekar ofan í, jafnvel möguleikana á að skilja þessa þætti frá Landgræðslunni, frá stofnun sem heyrir undir landbrn. og setja formlega undir umhvrn., undir Náttúruvernd ríkisins til að efla hana og starf hennar og styrkja lögbundið hlutverk hennar.

Hvað með vernd hafsins? Má ekki hugsa sér að vernd hafsins verði tekin formlega úr sjútvrn. og skorið á þau tengsl sem þarna virðast vera á milli? Þarna skarast alltaf milli sjútvrn. og umhvrn. Yrði þessum málaflokki ekki vel fyrir komið, vernd hafsins, hjá Náttúruvernd ríkisins? Og hvað með vatnsvernd? Hvað með vatnstilskipun ESB? Mér skilst að við eigum að fara að lögleiða vatnstilskipun ESB á næsta eða þar næsta ári. Ég gæti ímyndað mér að kosti sitt. Það er rétt að hæstv. umhvrh. fræði okkur um þetta.

Í lok máls míns vil ég segja að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er fyllilega reiðubúin til að ræða alla þætti þessa málaflokks. Hún vill efla hann í hvívetna en það gerum við ekki á elleftu stundu með allt niður um okkur í lok þings.

[22:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta hefur verið nokkuð mikil umræða og um margt gagnleg. Þrátt fyrir allt hefur hún dregið fram ýmsa þætti þessa máls sem vert er að athuga. Að vísu finnst mér hafa heldur spillt fyrir umræðunni að hæstv. ráðherra hefur verið kergjuleg í svörum og ekki hjálpað til við uppbyggilega umræðu. Hún hefur tekið illa í alla gagnrýni og önnur sjónarmið sem sett hafa verið fram og ekki einu sinni fengist til að viðurkenna augljósar staðreyndir eins og þær að þetta mál er auðvitað illa undirbúið, kemur allt of seint fram og er að hluta til borið inn á röngum forsendum.

Herra forseti. Ég verð að segja að umræðan hefði getað orðið enn þá betri. Það er mikill skaði að hér skuli vera í salnum hæstv. fyrrv. umhvrh., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, án þess að hafa enn heiðrað okkur með því að taka þátt í umræðunni. Það er nokkur skaði. Mér finnst miður að hæstv. fyrrv. ráðherra, núv. hv. þm. Össur Skarphéðinsson, doktor að mennt í líffræði, skuli ekki hafa dýpkað og breikkað þessa umræðu með því að tala af reynslu sinni m.a. sem fyrrv. hæstv. umhvrh. Eins og menn minnast, þá átti hæstv. þáv. ráðherra Össur Skarphéðinsson oft góða spretti í því ráðuneyti, skrifaði bréf og hringdi símtöl sem menn minnast. Hæstv. fyrrv. ráðherra hefði af víðtækri reynslu að miðla ef hann vildi auðga umræðuna með því að taka lítillega þátt í henni. Út af fyrir sig hafa vaskir talsmenn verið með í umræðunni frá Samfylkingunni þannig að það er kannski til of mikils mælst að formaðurinn sjálfur heiðri okkur með þátttöku í henni. En fróðlegt hefði verið að heyra viðhorf hv. þm. til þessara breytinga og vinnubragða.

Ég tel, herra forseti, að undir lok þessarar umræðu sem verður væntanlega síðust á dagskrá þessa fundar í kvöld standi það eftir að röksemdafærslan er hrunin, röksemdafærslan um hinar gömlu stofnanir sem séu arfur frá því fyrir daga umhvrn. er hrunin eins og spilaborg. Ég held að spilaborg hafi verið orðið sem ég notaði hæstv. ráðherra en ekki skýjaborg. Skýjaborgir hverfa með öðrum hætti en spilaborgir hrynja gjarnan. (**ÖS:** Hinar gufa.) Hinar gufa upp fyrir augunum á manni.

Lögin eru eiginlega öll ný. Þau eru öll yngri en ráðuneytið og sum glæný. Stofnanirnar eru endurskipulagðar og nýlega fluttar, ýmist innan borgarinnar, norður á Akureyri eða austur á land. Þannig stendur ekki steinn yfir steini í þeirri röksemdafærslu að hér séum við að glíma við einhvern gamlan stofnanaarf sem löngu sé orðið tímabært að endurskipuleggja. Hæstv. ráðherra horfir fram hjá þeirri staðreynd að Alþingi hefur nýlega talað í málinu. Alþingi hefur sett niður þessa starfsemi með lögum hjá þessum stofnunum eins og þær eru í dag. Það er nýbúið að fara í gegnum það mál og endurskoða það. Ég sé því ekki að sótt verði mikil rök í að hér sé um svo fornan arf að ræða að það eitt og sér kalli á

þessar breytingar, fyrir utan það að stundum á að láta gamla og góða hluti í friði.

Stundum er það vitlausast af öllu að breyta bara til þess að breyta. Sumt fyrirkomulag er þannig að menn hafa leitað hundruðum ára að öðru betra betra. Þingræðið og lýðræðið eru þannig. Dómskerfið er þannig. Menn hafa ekki fundið miklar skipulagsbreytingar sem yrðu til bóta, t.d. hjá Hæstarétti. Er það? Nei. Er það ekki stundum þannig að ákveðið fyrirkomulag öðlast í raun klassískt gildi af því að það hafi sannað gildi sitt og gefist vel? Það þarf líka að huga að því að menn séu ekki svo ástríðufullir við að breyta bara breytinganna vegna og það beri menn ofurliði.

Mér finnst þetta lykta af því, að svo miklu leyti sem ég af ýtrustu jákvæðni reyni að lesa út úr þessu einhvern efnislegan velviljaðan tilgang, að menn hafi hugsað sem svo: Það er svona og svona hvernig okkur hefur gengið í umhverfismálunum og þá er best að reyna að skora prik með því að fara í að endurskipuleggja. Þetta orðalag, að „sækja fram á sviði umhverfismála með því að einfalda uppbyggingu stofnana ráðuneytisins" finnst mér benda til að menn hafi verið að heyja sér rök í slíkan leiðangur. Nema hitt sé hinn raunverulegi tilgangur öðrum þræði, jöfnum höndum eða í bland, að þurft hafi að gera þetta til að búa til embætti í blóðspreng þannig að hægt sé að koma hinum nýja forstjóra fyrir í stólnum strax 1. ágúst nk. sem er auðvitað ákaflega sérkennilegt fyrirkomulag, herra forseti.

Ég geri ráð fyrir að djobbið verði auglýst, a.m.k. í þykjustunni. Þá er bara að gera það alveg á næstu vikum til þess að þar sé eðlilegur umsóknarfrestur og frestur til að vinna úr umsóknunum o.s.frv., sérstaklega ef þetta er eins og ráðherra segir, að það sé alls ekki búið að ákveða hver eigi að fá starfið. Þá veitir ekki af að drífa í því ef ráða á í þetta strax 1. ágúst. Sumarið er ódrjúgt til svona starfa, það eru sumarleyfi og alls konar frátafir þannig að það er greinilega ekki seinna vænna, herra forseti.

Nei, að öllu gamni slepptu leyfi ég mér að skora á hv. umhvn. Alþingis að láta ekki kúga sig til að sulla þessu máli í gegn á örfáum sólarhringum. Það er ekkert flókið mál, herra forseti. Það er engin leið að vinna þetta frv. þinglega ef það á að fá afgreiðslu í vor. Það er ekki hægt. Það er ekki hægt að senda það út til umsagnar til þeirra aðila sem örugglega væri ástæða til því að málið varðar ekki fáa, allt verksvið Hollustuverndarinnar, Náttúruverndar ríkisins o.s.frv. Þyrfti ekki að gefa þessum aðilum nokkurra vikna frest til að skila inn vönduðum umsögnum? Það eru hin venjulegu þinglegu vinnubrögð og hér er farið fram á að Alþingi hendi því öllu saman, færibandið sé sett á fulla ferð og málinu rúllað í gegn á örfáum sólarhringum. Það er algerlega ómögulegt. Ég blæs á þessi rök, að það sé nauðsynlegt að eyða óvissu sem ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra hefur sjálfur skapað. Ég tel að umhvn. eigi þá að byrja á að kalla fyrir fulltrúa starfsmanna þessara stofnana og spyrja þá: Eruð þið á móti því að við tökum okkur tíma til þess að skoða þetta mál í sumar, m.a. með aðild ykkar þannig að farið verði vandlega og faglega yfir það hvort þetta séu réttu breytingarnar ef menn vilja ráðast í einhverjar o.s.frv. Sama á auðvitað að gera með Þjóðhagsstofnun og önnur mál sem hæstv. ríkisstjórn er, mér liggur við að segja, með ósvífni sinni að ætlast til að troðið sé í gegnum Alþingi á örfáum sólarhringum, síðustu starfsdögum þess. Það er engin framkoma, herra forseti, og ekki góð vinnubrögð. Við eigum að láta af slíku.

Að síðustu ítreka ég tilmæli mín til hæstv. forseta að við förum að láta hér nótt sem nemur. Þetta er orðinn nokkuð drjúgur starfsdagur hjá okkur. Ég inni hæstv. forsrh. eftir því: Er sá skilningur minn ekki alveg örugglega réttur að þetta verði síðasta málið sem verður tekið fyrir í kvöld?

[22:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því í máli hv. þm. Steingríms Jóhanns Sigfússonar að fjarvera mín úr ræðustóli hefur mjög svipt hann innri ró. Þar sem allt bendir til, miðað við það sem hv. þm. segir, að skammt sé til þess að hann, og við e.t.v. fleiri, gangi til náða finnst mér ekki rétt að raska næturró hans með því að hann viti ekki nákvæmlega hver afstaða mín er. Ég mæli því nokkur orð í tilefni af ræðu hans.

Herra forseti. Afstaða mín til þessa máls mótast af því að þegar ég var ráðherra umhverfismála taldi ég nauðsynlegt að reyna með einhverjum hætti að sameina þær dreifðu rannsókna- og eftirlitsstofnanir sem undir ráðuneytið heyrðu. Ég var þeirrar skoðunar árið 1994, ef mig misminnir ekki um ártalið, að rétt væri að stefna að stofnun umhverfisstofnunar, og horfði þá til fyrirmyndar í öðrum löndum. Þessi stofnun átti að taka til ýmissa þeirra stofnana sem hér eru undir, þó ekki þeirra allra. Þegar við ræddum þetta var til að mynda ekki búið að færa ýmsa starfsemi undir ráðuneytið sem er þar nú. Það var gert síðast í ráðherratíð minni. En ég vildi reyndar gera meira en það, herra forseti, ég taldi að það ætti að riðla þeirri hefðbundnu skiptingu sem er milli ráðuneyta og ég vildi líka taka inn í þessa uppstokkun stofnanir eins og Landgræðsluna, Skógrækt ríkisins og enn fremur Veiðimálastofnun. Ég var þeirrar skoðunar að það kæmi til mála að taka eftirlit og rannsóknir á auðlindum hafsins undir stofnanir umhvrn. en hins vegar að ákvarðanir um nýtingu væru skyldar í annað ráðuneyti. Ég er því þeirrar skoðunar að það sem hér er á ferðinni sé spor í rétta átt. Ýmislegt af því sem hér liggur undir er ég kannski óhress með en það eru smærri atriði. Hin stærri mynd er sú að við þurfum að sameina þessar dreifðu stofnanir. Það þarf hins vegar að undirbyggja mun nákvæmar, og má vel vera að það hefði mátt taka lengri tíma af hálfu hæstv. ráðherra.

[22:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni að það hafi raskað stórlega sálarró minni að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi ekki tekið þátt í umræðunni. Ég hangi á hjörunum í grófum dráttum enn þá. En hitt er rétt að ég saknaði hv. þingmanns til umræðunnar, og með réttu, það var ákaflega upplýsandi að fá hann inn í umræðuna og heyra viðhorf hans í þessum efnum. Hv. þm. upplýsti að hann hefði sem umhvrh. verið þeirrar skoðunar að það ætti að huga t.d. að því að sameina hina dreifðu rannsóknastarfsemi. Það get ég að mörgu leyti tekið undir. Sumt af þessu færi kannski betur saman, annað ekki. Það sagði ég einmitt í fyrri ræðu minni, að fara þyrfti efnislega yfir það hvað af þessu á vel saman og hvað ekki, hvað rekst kannski á, og nefndi t.d. hvort starfsemi veiðistjóraembættisins norður á Akureyri væri eitthvað betur sett sem útibú, og veiðistjóri sem deildarstjóri, í þessari stóru stofnun í Reykjavík. Það er ég ekki viss um.

Ég er líka sammála hv. þingmanni um að ef menn vilja fara virkilega vel í gegnum þennan geira þarf líka að taka til skoðunar landamærin milli umhvrn. annars vegar og hins vegar t.d. landbrn. og sjútvrn. Það er alveg rétt. Þetta vitum við að er eitt af heitu málunum í þessum samskiptum.

Þetta er má segja svolítið eins og heit kartafla sem menn kasta kannski á milli sín. Hvar á náttúruverndarrannsóknarþátturinn að liggja og hvar nýtingarþátturinn? Það eru líka landamæri sem koma vel til greina og ég get alveg játað að ég væri að mörgu leyti hallur undir það fyrirkomulag en verð þó að viðurkenna líka að vegna hinna sögulegu ástæðna sem liggja að baki því að þetta er vafið inn í atvinnugreinarnar og fagráðuneytin atvinnugreinaskipt þarf náttúrlega líka rök til að rífa það fyrirkomulag upp. En þetta eru allt saman rök fyrir því að þetta mál þarf að vinna betur, og jafnframt að hv. þm. átti að taka þátt í umræðunni.

[22:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að nokkrar nauðir hafi rekið til þess að ég tæki þátt í þessari umræðu því að þeir sem hér hafa talað af hálfu Samfylkingarinnar hafa með ýmsum hætti túlkað þau sjónarmið sem finna mátti hér og hvar í minni stuttu ræðu.

Það gleður mig líka að hv. þm. er tiltölulega friðsamur og spakur þó að komið sé undir miðnættið, og venju samkvæmt ókyrrist hann oft á þeim tíma sólarhringsins.

Herra forseti. Mergur málsins er þessi: Við búum við Stjórnarráð sem er á eftir tímanum. Það þarf að stokka upp ráðuneytin, það þarf að stokka upp verkaskiptingu þeirra. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að það komi sterklega til greina að leggja niður það ráðuneyti sem hv. þm. veitti einu sinni forstöðu, þ.e. landbrn. Ég er þeirrar skoðunar þó að það sé utan við þessa umræðu. Það á að stokka upp ráðuneytin og það á að stokka upp þessar rannsóknastofnanir með þeim hætti sem ég nefndi áðan.

Ég nefni annað dæmi sem tengist e.t.v. hv. þingmanni sökum hans fyrra lífs, áður en hann gerðist stjórnmálamaður. Hv. þm. hefur meira en nasasjón af jarðfræði. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi líka með vissum hætti að taka stofnanir og rannsóknir sem eru undir menntmrn. og iðnrn., sem tengjast jarðfræði, inn í þessa uppstokkun. Allt kallar þetta á tíma og yfirlegu, herra forseti, og það er rétt hjá hv. þingmanni að ef menn ætluðu að gera þetta með þeim hætti að bragur væri að ættu menn að gefa sér góðan tíma til og taka allar þessar stofnanir undir. Ég get þá sagt hv. þingmanni að ef forlögin ætla okkur þann hlut e.t.v. að starfa einhvern tíma saman í ríkisstjórnum, sem vel gæti einhvern tíma gerst í fjarlægri eða skammri framtíð, er þetta eitt af því sem við þyrftum að taka höndum saman um að gera, að stokka upp verkaskiptingu Stjórnarráðsins, brjóta upp veggi millum ráðuneyta, búa til ný, sameina og sömuleiðis allar þessar stofnanir sem við höfum hér í ræðum okkar verið að drepa á til að færa stjórnsýsluna inn í nútímann.

[22:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi varðandi tímann og kveldin. Þvert á móti því sem hv. þm. hélt fram er ég þeirrar skoðunar að ég sé yfirleitt hvað spakastur og rólegastur á kvöldin og sérstaklega um lágnættið. Við sem erum fædd og uppalin við hið nyrsta haf erum alltaf undir sérstökum áhrifum þegar vorar, um lágnættið. Það er af því að þá er miðnætursólin auðvitað fegurst við heimskautsbaug, og það er jafnan helgistund í okkar huga. Og þó að við séum stödd á þessum stað og sjáum ekki beint til sólar í augnablikinu getum við alveg dregið hana upp fyrir hugskoti okkar og orðið undir áhrifum, ég segi þó ekki ölvuð, af þeirri tilhugsun.

Ég held að það sé alveg hárrétt að ef menn ætla að fara í endurskipulagningu þessara mála af einhverri alvöru — loksins, þótt seint sé, alveg í blálokin á umræðunni fara menn að ræða þetta almennilega og hafa allt undir — á auðvitað að byrja á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Þá á að byrja á því að svara: Hvernig er skipulagið hvað varðar atvinnuvegaráðuneytin, hina faglegu skiptingu? Hvar eru rannsóknir? Eru þær allar hjá menntmrn. eða eru þær faggreindar, og þá jafnvel t.d. þannig að allar sem heyra undir umhvrn. séu þar? Það er auðvitað eitt mögulegt fyrirkomulag. Síðan halda menn þá áfram niður á við út frá því, þegar menn eru búnir að komast að niðurstöðu um þessi stóru atriði, og endurskipuleggja hlutina og draga upp landamæri milli stofnana í ljósi verkaskiptingar innan Stjórnarráðsins o.s.frv. Um þetta erum við sammála. Og mér fannst eiginlega óþarfafyrirvarasemi af hálfu hv. þingmanns að vera með þetta „ef" um ríkisstjórnina sem ætlar að fara í það verk að endurskipuleggja þetta. Eigum við ekki bara að slá því föstu að það sé ekkert ef í því, þetta verði gert?

[22:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég kem upp til að svara spurningu sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir beindi sérstaklega til mín. Hún spurði: Hvað er það í rekstraráætlunum Náttúruverndar ríkisins sem gerir það að verkum að hún verðskuldi að vera lögð niður? Eins og ég reyndi að útskýra í umræðum áðan er það ekkert enda var farið að ræða þetta mál löngu áður en nokkur umræða fór fram um landvörslu og rekstraráætlanir Náttúruverndar ríkisins.

Eins og ég sagði áðan — þess vegna furða ég mig á því að þingmaðurinn spyrji svona aftur — komst þetta m.a. til tals á samráðsfundi sem ég átti með forstöðumönnum undirstofnana umhvrn. í Viðey á síðasta ári. Það var líka löngu áður en nokkuð var farið að ræða um landvörslu og rekstraráætlanir þannig að þetta er ekki mál sem tengist landvörslumálinu með neinum hætti. Þó að hv. þingmaður gangi með einhverjar slíkar grillur í kollinum er það alls ekki. Þetta er miklu eldra og stærra mál en svo að það taki því að tengja það við mun minna mál eins og hér hefur verið reynt að gera.

Það er heldur ekki rétt að það standi til að fækka störfum hjá stofnununum eða þessari nýju stofnun. Það hefur komið fram að allir starfsmenn hafa forgang að störfum, en nýr forstjóri verður ráðinn. Það er ekki búið að ákveða hver það verður. Hér verður sem sagt ekki um fækkun starfa að ræða, frekar trúlega um aukningu í framtíðinni af því að fleiri verkefni koma inn í þessa nýju stofnun. Við sjáum það alveg fyrir.

Það er líka afar líklegt, mér finnst það eiginlega liggja í augum uppi, að störf munu færast út á land í framtíðinni með þessu fyrirkomulagi af því að starfsemin verður fjölbreyttari en hún er í dag hjá veiðistjóraembættinu og hreindýraráði.

Hv. þm. spurði líka út í umsagnir Náttúruverndar, t.d. með starfsleyfin sem Náttúruverndin sendir til Hollustuverndarinnar, og hvernig menn sjá það fyrir sér í einni stofnun, hvort hún eigi að hafa eftirlit með sjálfri sér eins og hér var sagt. Ég tel að það sé mjög gott fyrirkomulag að menn hafi í sömu stofnuninni aðkomu að starfsleyfunum þannig að þeir sem hafa sérþekkingu á náttúruverndarþættinum geti komið að þeim þætti innan frá á þessari stofnun varðandi starfsleyfin en hafi ekki áhrif á það utan frá eins og í dag með því að senda umsagnir milli stofnana. Þannig sé ég fyrir mér að menn fái í þessari stofnun strax heildstæða sýn á starfsleyfin.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér í umræðunum að hann hefði á tilfinningunni að verið væri að breyta breytinganna vegna. Það er alls ekki svo. Við erum að gera þetta af því að við teljum þetta vera rétt og faglegt. Við teljum að þetta styrki faglega stjórnsýslu nýrrar stofnunar. Við mundum aldrei nenna að standa í því að fara með þetta mál fram breytinganna einna vegna.

Ég fagna því sem hér kom fram að lokum, virðulegur forseti, hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar. Hann sagði að hér væri um spor í rétta átt að ræða, og ég finn það að hv. þm. hefur íhugað þessi mál um langt skeið, enda var hann umhvrh. á sínum tíma, og ég deili því með honum að þetta er rétt skref. Ég tel þetta reyndar ekki bara spor í rétta átt, ég tel þetta mjög mikilvægt skref. Þess vegna vona ég að þetta mál verði unnið til enda á yfirstandandi þingi þannig að við getum byrjað með nýja og öfluga Umhverfisstofnun strax í upphafi næsta árs.

[22:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því þegar kvöldinu vatt fram að það væri sérstök eftirspurn eftir því að ég kæmi og deildi með þingheimi reynslu minni af umhverfismálum og skoðunum. Ég tek sérstaklega eftir því að þótt hv. þingmanni og formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sé kannski ekki tregt um tungu að hræra líður honum ekki vel nema hann fái frekari útskýringar á viðhorfum mínum til stofnanamála umhvrn.

Ég verð þá að segja, herra forseti, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að umhvrn. sé eitt mikilvægasta ráðuneytið sem við höfum innan Stjórnarráðsins. Það helgast ekki af því að ég var einu sinni umhvrh. heldur er ég þeirrar skoðunar að þau verkefni sem umhvrn. fjallar um séu þess eðlis að þegar maður horfir til langs tíma varða þau bókstaflega framtíð, heill og hamingju íslensku þjóðarinnar. Ég vek sérstaklega eftirtekt á tveimur þáttum sem umhvrn. lætur til sín taka og sem skipta mjög miklu máli varðandi grundvallarþætti íslenskrar framtíðar eins og t.d. sjávarútveg.

Í fyrsta lagi er það samningurinn um takmörkun á losun þrávirkra, lífrænna efna. Herra forseti. Það er eitthvert það allra merkilegasta mál sem íslenska stjórnsýslan vinnur að og það er auðvitað tímanna tákn að hér fyrr í dag rann það mál í gegnum þingið, þ.e. staðfesting á slíkum samningi, án þess að nokkur maður tæki til máls. Það finnst mér ákaflega merkilegt vegna þess að ég held að ... (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég tek eftir því að hæstv. fjmrh. hefur dormað einhvers staðar í afkima hússins og ekki fylgst með framvindu þingmála. *En ég vildi segja, herra forseti, að sá* samningur sem ég sem umhvrh. átti nokkurn þátt í og starfsemi starfsmanna minna og núv. starfsmanna hæstv. umhvrh. átti verulegan þátt í að breyta afstöðu Bandaríkjanna á fundi í Reykjavík sem gerði það að verkum að það tókst að hnika þeim samningi í höfn. Af hverju skiptir það máli? Vegna þess að slík eiturefni eru þess eðlis að þau safnast fyrir á hinum köldu hafsvæðum og skiptir engu máli hvar þau eru losuð út í andrúmsloftið. Þau safnast fyrir á norðurskautinu og þau eru svo langlíf samanber nafnið þrávirk að löngu eftir að við og ættbogi okkar er horfinn yfir í annan heim, þá eru þau áfram virk í hafinu og eðli þeirra er slíkt að þau gætu leitt til þess að fótum yrði kippt undan a.m.k. ákveðnum tegundum í höfunum sem sjávarútvegur okkar hvílir á. Löngu áður en það gerðist gæti hins vegar farið svo að markaðurinn mundi hafna því að kaupa afurðir af þeim köldu hafsvæðum vegna ákveðinnar vitneskju sem er að koma fram um skaðlega virkni slíkra efna. Skiptir ákaflega miklu máli, herra forseti, að menn berjist gegn þessu og það er eitt af því sem umhvrn. er að gera.

Hitt sem ég ætla ekki að fjalla mikið um er rannsóknir á veðurfari og viðleitni til þess að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

Herra forseti. Stjórnsýslan okkar, verkaskipting Stjórnarráðsins, hefur ekkert fylgt breytingum tímans. Umhvrn. var á sínum tíma stofnað af vanefnum og starfsemi þess hefur alltaf verið hömluð af því að menn fóru ekki af stað af nægilega miklum stórhug. Stofnanir sem eiga auðvitað að vera undir umhvrn. eru þar ekki í dag og það er skoðun mín að við ættum að horfa yfir sviðið allt saman eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók undir með mér áðan. Það eru lykilstofnanir sem umhvrn. á að fara með eða stóra þætti í núverandi starfsemi þess, skógrækt, Landgræðsla ríkisins og Veiðimálastofnun eru að sjálfsögðu stofnanir sem eiga að vera undir umhvrn. Rannsóknir á auðlindum hafsins, öllum nytjategundum og öðrum tegundum í hafinu eiga að vera í höndum umhvrn. og verða áreiðanlega í framtíðinni. Það þýðir hins vegar ekki að veiðunum eigi að vera stjórnað þar. Það á að skilja á milli annars vegar ákvörðunar um nýtingu þeirra og hins vegar rannsókna.

Ég tek sem dæmi líka að í minni tíð fjölluðum við talsvert um það hvort ekki væri rétt með einhverjum hætti að stofna Jarðfræðistofnun Íslands. Ég er þeirrar skoðunar að Norræna eldfjallastöðin sem ég held að sé enn þá undir stjórnsýslu menntmrn. og jarðfræðirannsóknarhluti Orkustofnunar eigi líka að flytjast undir umhvrn. Þetta kostar hins vegar allt saman átök og þetta er mjög erfitt. En ég er þeirrar skoðunar að þó allt þetta eigi kannski ekki að fara undir Umhverfisstofnun þá gæti það vel verið að það færi ákaflega vel á því að rannsóknirnar sem eru undir þeim stofnunum ættu heima í einni stofnun. En ég er hins vegar ekki alveg viss um það að mengunarþátturinn sem við höfum hér verið að ræða í kvöld eigi heima þar, ég er ekki viss um það.

Annað sem bagar mjög starfsemi rannsóknastofnana umhvrn. er að það eru nokkrar litlar stöðvar sem eru einangraðar og e.t.v. ekki hægt að ná því út úr sökum smæðarinnar sem væri hægt ef þær tengdust með öðrum hætti. Rannsóknastöðin við Mývatn hefur vakið heimsathygli og hefur unnið ákaflega merkilegt starf. Hún er lítil einangruð stöð. Hún á í rauninni hvergi heima. Hreindýraráð, eftirlit með hreindýrum, er sömuleiðis dálítið stakt fyrirbæri og einangrað. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Hún er að vísu í góðum *tengslum við Háskólann á Akureyri þannig að ekki vil ég* kalla hana munaðarlausa. En allt eru þetta litlar stofnanir og það skiptir auðvitað máli hvernig hægt er að styrkja þær með einhvers konar tengingum.

Ég nefni það einnig, herra forseti, að nauðsynlegt er að huga að öðrum þætti sem tengist starfsemi umhvrn. og það eru skyldar stofnanir sem í dag eru enn þá sitt í hvoru lagi, sú stofnun sem fer með skipulagsmál og hins vegar brunavarnir. Brunavarnir eru ekkert annað en hluti af skipulagsmálum. Og fyrst hæstv. umhvrh. er í uppstokkunarhug þá á hún auðvitað að ráðast í það líka. Hún á að taka þær tvær stofnanir og renna þeim saman, búa til úr þeim eina stofnun því undir einni stjórnsýslu yrðu þetta miklu öflugri stofnanir.

Að því er varðar hvernig á að stýra þeim stofnunum sem nú eru til umræðu, þá sýnist mér í fljótu bragði að það sem

verið er að gera sé aðallega breytingar í efstu lögunum. Ég sé ekki að það sé miklu meira sem þarna er á ferðinni. Ég er þeirrar skoðunar varðandi forstjóramálin sem hér hafa komið til umræðu, þá finnst mér mjög umhendis fyrst menn eru að gera kröfur um menntun, reynslu og þekkingu, að ekki skuli vera gerð krafa um að forstjóri slíkrar stofnunar hafi menntun sem tengist náttúrufræðum. Ég skil það ekki. Ég skil ekki rökin fyrir því, herra forseti.

Ég held að ef á að ráða mann til þess að hafa eftirlit með þjóðgörðum, friðlýstum svæðum, hreindýrum, vera yfir veiðistjóra o.s.frv. verði hann að bera eitthvert skyn á hinar náttúrulegu auðlindir.

Síðan er ég, herra forseti, þeirrar skoðunar að í framtíðinni munum við í miklu ríkari mæli leggja áherslu á þjóðgarða, á friðlýst svæði og mér hefur oft komið til hugar hvort ekki væri rétt að gera um það sérstaka stofnun sem ætti ekkert endilega heima undir þessu. Slíkri stofnun væri best komið einhvers staðar utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. í grennd við stóran þjóðgarð. Miklar deilur hafa verið um það hvernig eigi að fara með náttúruna á Austurlandi og þingflokkur minn lagði fram tillögu um eins konar sáttatillögu sem vitaskuld mætir andstöðu víða og skiljanlegri. En hún fól það í sér að gerður yrði stór þjóðgarður norðan og norðaustan Vatnajökuls og lagður við Vatnajökulsþjóðgarðinn. Ég var reyndar þeirrar skoðunar að slíkur þjóðgarður ætti að vera enn stærri en kom fram í tillögu Samfylkingarinnar. Við töldum hins vegar að þetta væri heppilegt skref. En það hefði líka átt að taka undir þann þjóðgarð svæðin suðaustan Vatnajökuls og með ströndinni og síðan upp, þ.e. vesturhlið Vatnajökuls þannig að Lakagígar væru þar undir líka. Það mundi þýða að sá þjóðgarður hefði verið 16 þús. ferkílómetrar, aðkoma að honum hefði verið úr a.m.k. tveimur kjördæmum og úr fjórum áttum og ég er þeirrar skoðunar að það hefði átt að láta hann undir stjórn heimamanna. En það hefði farið ákaflega vel á því að þjóðgarðastofnun eða sú stofnun sem ég er að reifa hér hefði t.d. verið sett niður á staði eins og Kirkjubæjarklaustur eða Höfn í Hornafirði.

Herra forseti. Nú er ég kominn út fyrir hið eiginlega umræðuefni en ég er þeirrar skoðunar að það sé spor í rétta átt að taka þessar litlu stofnanir undir umhvrn. og reyna með einhverjum hætti að þætta þær saman í eina stærri stofnun. Hvort hæstv. umhvrh. er algerlega á réttri leið með þá tillögu sem hér liggur fyrir skal ég ekkert um segja vegna þess að ég hef einfaldlega ekki skoðað það nógu vel. Hitt er alveg ljóst að það bíður nýrrar ríkisstjórnar að taka þessar stofnanir og stofnanirnar sem núna eru undir landbrn. og renna þeim öllum saman og þá geta menn spurt: Hvað er eftir af landbrn.? Það er ekkert eftir af því þá nema búvörusamningar og 14 litlar dreifðar rannsóknastöðvar. Hvaða þjóð dettur það í hug að reka 14 rannsóknastöðvar á sviði landbúnaðar, sér í lagi í landi eins og Íslandi? Að sjálfsögðu á að taka landbrn., leggja það niður, stokka upp ráðuneytin og færa starfsemi þess undir nýtt atvinnuvegaráðuneyti. Ég er þeirrar skoðunar. Menn geta verið annarrar skoðunar en það á að gera þetta, taka stóran hluta af iðnrn. og sjútvrn. og renna því saman í atvinnuvegaráðuneyti og taka þessa rannsóknarþætti sem ég hef verið að reifa og setja þá undir umhvrn. Ég er slíkrar skoðunar.

[22:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að það sé vel þekkt hugsun og hefur oft verið uppi að stofna hér atvinnuvegaráðuneyti, þá finnst mér að við eigum ekki að orða það þannig að í því felist að við ætlum að leggja landbrn. niður og síðan að búa til atvinnuvegaráðuneyti og sameina sjútvrn. og hluta af iðnrn. o.s.frv. Atvinnuvegaráðuneyti kemur vissulega vel til greina, en auðvitað eru ákveðin rök fyrir því að við höfum t.d. eitt fárra ríkja haft sjálfstætt sjútvrn. o.s.frv. á sama tíma og hjá mörgum öðrum þjóðum er það lítil aumkunarverð deild í landbúnaðarráðuneyti.

Ég var þeirrar skoðunar á sínum tíma að það orkaði mjög tvímælis að slá saman iðnrn. annars vegar og viðskrn. hins vegar og hefði viljað fara allt aðra leið í þeim efnum.

Ég er sammála hv. þm. um að umhvrn. og verkefni þess eru mjög mikilvæg og þau hafa ekki fengið nægan stuðning eða skilning í stjórnkerfinu.

Ég nefni þar til þriðja þáttinn sem hv. þm. nefndi ekki sérstaklega og það er þetta gríðarlega hlutverk sem hann hins vegar gerði að umtalsefni, þ.e. vernd, varsla og gæsla landsins sem er auðvitað ekkert smáræði sem umhvrn. hefur þar verið falið, enda ef það stæði vel í stykkinu í þeim efnum væri það náttúrunnar megin í átökum líðandi stundar í þeim efnum.

Ég er hins vegar dálítið ósammála hv. þm. um að umhvrn. hafi verð stofnað af sérstökum vanefnum. Ég minni á að það var umdeilt, það þurfti að berjast mjög harðri baráttu fyrir því að koma umhvrn. á koppinn. Og hverjir stóðu gegn því eins og grenjandi ljón? Það voru sjálfstæðismenn og töluðu hér sólarhringunum saman, sem þeir höfðu auðvitað fullan rétt til að gera, gegn því og lásu upp úr bókum í hinni efri deild sálugu o.s.frv. En það var þó stofnað, það varð til, fékk ýmsar stofnanir og þar á meðal kom það ekki síst í hlut undirritaðs sem þá var bæði landbrh. og samgrh. að láta til þess stofnanir eins og veiðistjóraembættið, Veðurstofuna, mengunarvarnadeild, Siglingamálastofnun og sjálfsagt einhverjar fleiri sem ég er búinn að gleyma.

[22:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað eiga menn að stíga varlega til jarðar og það er sennilega hárrétt hjá hv. þm. að menn eiga ekki að taka svo til orða að taka eigi ráðuneyti og leggja þau af. Hugsun mín er sú að það eigi að taka ráðuneyti og slá þeim saman, sameina þau. Ég er ekki að segja að þær hugmyndir sem ég hef reifað hérna í kvöld séu endilega hinar kórréttu en þær eru hugmyndir og af hugmyndum spretta nýjar hugmyndir og þær hugmyndir sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur reifað í tengslum við þetta eru auðvitað þess virði að skoða líka.

En skoðum landbrn., sjáum hvernig það er að þróast. Hvað er líklegt að verði vaxtarbroddur þess í framtíðinni? Ég held að það verði eldi laxfiska. Ég held að á næstu 20–30 árum muni vegna þeirrar tækni sem nú er til spretta ákaflega lífvænlegt fiskeldi hérna. Það er undir landbrn. En það er hins vegar á mörkum tveggja vistkerfa, lands og lagar, lands og hafs.

Ég er þeirrar skoðunar að innan sjútvrn. verði mesti vaxtarbroddurinn á næstu árum líka eldi fiska, þ.e. sjávarfiska. Þetta er ákaflega skylt. Ég held þess vegna að rökin sem mæla sterklegast með sameiningu þessara tveggja ráðuneyta sem mögulegs fyrsta skrefs eða lokaskrefs í uppstokkun á stjórnkerfinu, sé að finna í þeirri framtíð sem blasir við, þ.e. breytt áhersla innan þessara tveggja ráðuneyta gerir þau enn heppilegri til sameiningar en ella. Þá eru eftir t.d. hjá sjútvrn.

og hjá landbrn. ákveðnar rannsóknarskyldur, gríðarlega mikilvægar og þær er heppilegt að taka og færa undir umhvrn., styrkja það og gera að lykilráðuneyti. Partur af framtíðinni og framtíð hins íslenska stjórnkerfis er að umhvrn. verði að lykilráðuneyti. Í dag er það kannski ekki afgangsstærð en heldur veikt ráðuneyti.

[22:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög áhugaverð umræða og í raun og veru þyrfti sérstakan eldhúsdag um þetta. Væri slag í því að Alþingi tæki sig einu sinni til og ræddi stjórnkerfis- og stjórnskipunarmál af þrótti í eins og einn dag og færi yfir það þó það væri ekki nema til þess að hafa um það málstofu hvaða framtíðarsýn menn hafa í þessum efnum því að þetta er alltaf að skjóta upp kollinum af og til en svo gerist ákaflega lítið eins og kunnugt er.

Ég útiloka ekkert í þessum efnum að skoða t.d. sameiningu þeirra ráðuneyta í atvinnuvegaráðuneyti. Það fer að vísu dálítið eftir því hvernig maður leggur hlutina upp og hvert eitt fyrirkomulag í þessum efnum hefur sína kosti og galla. Samþættingin í ráðuneyti eins og landbrn. sem fór með eiginlega alla anga landbúnaðarmálanna, hin faglegu mál, málefni búgreinanna, menntunarmálin, rannsóknirnar, það hefur líka kosti. Því er ekkert að leyna að það má alveg sjá í litlu þjóðfélagi ýmsa kosti í því. Þess vegna var ég hikandi við og studdi reyndar ekki hugmyndir sem voru að skjóta upp kollinum um að landbúnaðarskólarnir yrðu færðir undir menntmrn. eða þegar umhvrn. kom til sögunar að nýtingartengdir þættir eins og í skógrækt og landgræðslu færu þarna yfir. Það var í raun og veru það sem réði landamærunum að þessu leyti að menn lögðu þá ekki í að fara að skipta upp, annars vegar því sem væru rannsóknir, umsjá eða gæsla og hins vegar möguleg nýting tengd búgreininni eða atvinnugreininni í landbúnaði.

Síðan er eitt eftir í þessu og það er spurningin um umhvrn. versus fagráðuneytin. Á það að vera svona sem hv. þingmaður kallar meginráðuneyti eða eiga umhverfismálin að vera samþættuð meira inn í fagráðuneytin og deildir í þeim? Þetta er umræða sem við tókum líka 1989/1990 þegar umhvrn. var í burðarliðnum og menn horfðu til þess að sums staðar höfðu byggst upp feiknastór umhverfisráðuneyti, orðið að bákni. Annars staðar höfðu menn farið hina leiðina og lentu kannski í því eins og stundum áður að fara kannski bil beggja.

[22:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll þessi umræða er hv. þm., formanni VG, að kenna því að hann gaf sterklega til kynna að ekki gæti hann hugsað sér að ganga til náða án þess að heyra viðhorf formanns Samfylkingarinnar til þessara mála.

Ég nefndi áðan að umhvrn. hefði verið af vanefnum stofnað. Það sem ég átti við er, eins og hv. þm. benti á, að auðvitað lagðist sterk stjórnmálahreyfing gegn stofnun þess. Það tómlæti sem þá birtist gegn málaflokknum fylgdi honum allar götur, a.m.k. í þeirri ríkisstjórn sem ég sat í. Þar þurfti ég að slást við þá drauga sem fylgdu stofnun ráðuneytisins. Það bjó við mikið fálæti og var mjög erfitt að slást fyrir fjármagni til að rækja skyldur ráðuneytisins.

Í annan stað er umhvrn. auðvitað illa fatlað á meðan það fer ekki með lykilstofnanir eins og Skógræktina og Landgræðsluna. Það gefur augaleið. Það var hins vegar svo að í ráðherratíð minni voru lögð drög að styrkingu þess, þ.e. Hollustuvernd var þá færð undir ráðuneytið og þá voru líka lögð drög að því sem Guðmundur Bjarnason fylgdi síðan eftir, að Brunamálastofnunin var tekið undir ráðuneytið.

Það er einfaldlega þannig að umhvrn. nær aldrei fluginu sem það þarf að taka fyrr en það fær þessi vopn í hendur. Hvernig má það vera að ráðuneyti er falin varsla landsins en hefur ekkert að segja um landgræðslu eða um skógrækt? Það er auðvitað alveg út í hött.

Umræða um uppstokkun innan stjórnkerfisins er mjög þörf. Við höfum með vissum hætti byrjað hana hérna en hún tengist umræðum mínum við hv. þm. Ögmund Jónasson um daginn, um rannsóknir og vísindi. Það þarf auðvitað að taka margt með í reikninginn. En vissulega boðar það gott að við skulum hafa vaknað af værum blundi og tekið þetta til umræðu.

[22:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einkanlega eitt sem mér þótti athyglisvert í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann var að lýsa ágæti þjóðgarðs sem hann ásamt ýmsum öðrum þingmönnum úr Samfylkingunni, þó ekki hv. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, hefur hugmyndir um hvernig ætti að stjórna og hver eigi að annast gæslu hans. Innan þessa þjóðgarðs á samkvæmt tillögum Samfylkingarinnar að vera Krepputunga, hluti af Mývatnsöræfum, Herðubreiðarlindir, góður skiki af Ódáðahrauni, svona þvers á brunann. Hv. þm. sér fyrir sér að þessum þjóðgarði verði stjórnað frá Kirkjubæjarklaustri eða Höfn í Hornafirði og er að tala um að heimamenn eigi að stjórna þjóðgarðinum. Þeim megin, að sunnanverðu, er það blájökullinn sem á að vera innan þjóðgarðsins en hins vegar á að fara út fyrir þjóðgarðinn fyrir norðan. Sérstaklega er tekið fram í grg. með frv. að meiningin sé að viðhalda beit á þessum slóðum, á Mývatnsöræfunum og Útbruna, sem mér þótti mjög athyglisvert, Herðubreiðarlindum og Hvannalindum.

Má vera að þessar hugmyndir séu í samræmi við að hv. þm. óski eftir því að verða umhvrh. á nýjan leik og vill þá standa fyrir miklum búrekstri og taka að sér skógrækt og landgræðslu og þykjast vera góður búhöldur. Eru þetta allt merkilegar hugmyndir og gagnlegar hjá hv. þm.

Ég hefði á hinn bóginn ætlað að umhvrn. ætti að hafa með hendi gæslu þeirrar framkvæmdar sem er í landinu á viðkvæmum svæðum og þar fram eftir götunum og ætti ekki sjálft að bera ábyrgð á framkvæmdinni, ætti ekki sjálft að stýra traktorunum. En við höfum greinilega ólíkar skoðanir um hlutverk umhvrn. og kemur mér satt að segja ekki á óvart.

[22:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki betur en að þegar ég var umhvrh. og átti í talsverðu stappi við kjósendur hv. þm. sem bjuggu nálægt Mývatnsöræfum sem jafnan beittu þá fé sínu á brunann og þann viðkvæma gróður sem þar var hafi ég ekki átt mikinn hauk í horni hjá hæstv. páv. landbrh. sem var ákaflega óhress með málflutning páv. umhvrh. einmitt varðandi þetta.

Hins vegar sagði ég áðan, herra forseti, að ég gleddist yfir því að menn hefðu vaknað af værum blundi. Nú sé ég að hv. 1. þm. Norðurl. e. er ekki nema hálfvaknaður, a.m.k. hefur hann ekki fylgst nákvæmlega með því sem ég sagði. Það kemur mér svo sem ekkert á óvart. Ég var að ræða um þann möguleika að í framtíðinni yrði e.t.v. stofnuð sérstök

ríkisstofnun, þjóðgarðastofnun eða eitthvað slíkt, sem mundi þá fara með umsjón með friðlýstum svæðum og þjóðgörðum sem ég taldi að mundi fjölga mjög í framtíðinni. Þeirri stofnun væri til að mynda, sagði ég, vel fyrir komið á Höfn í Hornafirði eða á Kirkjubæjarklaustri. Ég var ekki að tala um að það ætti að stýra öllum þessum þjóðgarði þaðan.

Ég hef lagt fram, ásamt þingmönnum Samfylkingarinnar, frv. til breytinga á lögum um náttúruvernd sem gerir það mögulegt fyrir umhvrn. í gegnum Náttúruvernd ríkisins að framselja rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarða í hendur heimamanna. Það kemur fram í þessari greinargerð sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur greinilega ekki nennt að lesa í gegn að við leggjum til að efnt verði til sérstaks íbúaþings til að koma með tillögur um hvernig eigi að stýra þessum stóra þjóðgarði, sem mér skilst raunar að hv. þm. Halldór Blöndal telji ákaflega gagnlega hugmynd.

[22:53]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það gagnlega hugmynd að heimamenn eigi að stjórna þjóðgarði og sannfærðist um það á meðan hv. þm. Össur Skarphéðinsson var umhvrh. og fór með þessi mál.

Nú er það svo að þegar hv. þm. gerir grein fyrir hugmyndum sínum um þjóðgarð — hann var að tala áðan um hugmyndir sínar um að þessum Vatnajökulsþjóðgarði yrði stjórnað frá Kirkjubæjarklaustri eða Höfn — talaði hann að vísu um að leggja Síðumannaafrétt undir þjóðgarðinn með Lakagígum og því svæði. Ég vil líka skýra betur þær hugmyndir sem hv. þm. hefur um að leggja niður landbrn. Eins og stendur í tillögu hans þá talar hann sérstaklega um að beitarnýting verði sem minnst skert og leggur mikla áherslu á það í plaggi sínu. Hann talar raunar á öðrum stað sérstaklega um að nýsköpun í sveitabúskap og þar fram eftir götunum, að ræktun og uppgræðsla miðist við þarfir búrekstrar.

Nú skilst mér að ræktun og uppgræðslu eigi að koma fyrir í umhvrn. þannig að eiginlega vantaði það eitt í ræðu hans áðan að hann segði að leggja ætti landbrn. undir umhvrn. Þá væri þetta allt saman fullkomnað. Þá sæi maður fyrir sér hvar hv. þm. stýrði miklum rekstri upp á Mývatnsöræfum, um Útbruna niður Bárðardal, í krafti sinna miklu umhverfishugsjóna. (**SJS:** Og kæmi við í Svartárkoti.) Og kæmi við í Svartárkoti.

[22:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aldrei mundi mér koma til hugar að stýra slíkum rekstri nema forustuhrúturinn væri eitthvað svipaður þeim sem hér talaði áðan og jarmaði hátt í ræðustól. Það er svo að hugmyndir mínar um þjóðgarða hafa breyst á síðustu árum í krafti reynslunnar.

Ég fékk samþykkta í ríkisstjórn Íslands tillögu um að stofna þjóðgarð um Snæfellsjökul. Það tók gríðarlega langan tíma að koma því í gegn. Naut ég þó atbeina kappsamra manna eins og hæstv. núv. samgrh. sem ég skipaði formann sérstakrar nefndar til þess að ráða því máli til lykta. Hvarvetna þar sem menn hafa reynt að friðlýsa lönd eða setja upp þjóðgarða á þeim forsendum að þar sé ríkiseign og leggja þurfi niður hefðbundinn búskap á viðkomandi svæði um leið og lýst er stofnun þjóðgarðs eða land er friðlýst þá rísa menn öndvert gegn slíkum hugmyndum.

Ég hef lært af reynslunni og ekki bara ég heldur líka þeir sem hafa staðið fyrir stofnun þjóðgarða erlendis. Ég nefni sérstaklega lönd eins og Skotland, Frakkland og Austurríki. Þar hafa menn sömu reynslu og hafa lent á sömu veggjum og við. Þar hafa menn þess vegna í vaxandi mæli reynt að starfa með heimamönnum. Þess vegna skiptir ákaflega miklu máli að þegar menn fara í svona ferðalag sé alveg ljóst að því sé ekki stefnt gegn hagsmunum heimamanna og að þeim sé gert kleift að viðhalda rekstri sínum innan viðkomandi þjóðgarða.

Þetta er hugsanabreyting hjá mér eins og hjá ýmsum öðrum. Ég tel jafnvel líkur á því að ef hv. 1. þm. Norðurl. e. mundi einhverja andvökunóttina leggja sig niður við að hugsa um þetta mundi hann komast að sömu niðurstöðu og ég. Honum er þrátt fyrir allt ekki alls varnað þegar náttúruvernd er annars vegar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 22:57]

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[23:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir að gera hlé á fundinum og boða formenn þingflokka til fundar við sig til að ræða þinghaldið. Þar gerði hæstv. forseti grein fyrir því að hann hygðist halda fundinum áfram enda þótt áliðið væri kvölds. Ég vil að það komi fram að ég tel það rangt. Í dag höfum við þegar afgreitt tvö stórmál til nefndar. Eins minni ég á að í gær var næturfundur, þá stóð þingfundur vel yfir miðnættið. Það er gert ráð fyrir nefndafundum í fyrramálið.

Ég geri mér vissulega grein fyrir því að samkvæmt áætlun þingsins er gert ráð fyrir því að ljúka þinghaldinu fyrir sumardaginn fyrsta. Ef það ætti að standast eru sex þingdagar eftir. Fjöldi þingmála bíður og ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því á þessari stundu að eitthvað verður undan að láta og að nokkur þeirra stórmála sem ríkisstjórnin hyggst koma fram á þessu þingi muni ekki ná fram að ganga ætlum við að halda okkur við tímaáætlanir þingsins.

Ég legg til, herra forseti, að við gerum núna hlé á fundinum, það verði haldið við fyrri áætlanir varðandi nefndastarf á morgun en þau þingmál sem enn eru óafgreidd verði tekin til umfjöllunar að loknum nefndadögunum. Það teldi ég eðlileg vinnubrögð.

[23:12]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þriðja kvöldið í röð vinnum við fram undir og yfir miðnætti. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að málin sem við höfum verið að ræða í dag hafa meira og minna komist á dagskrá þingsins með afbrigðum vegna þess að þau eru of seint fram komin miðað við það sem þingsköp Alþingis gera ráð fyrir og koma öll frá hæstv. ríkisstjórn, herra forseti. Við þingmenn erum ósáttir við þennan seinagang af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég tel reyndar, herra forseti, að öll þessi mál hefðu getað komið fyrir þingið miklu fyrr. Við hefðum getað gefið okkur miklu meiri tíma í að ræða þau. Það er a.m.k. ljóst að það hefur staðið til nokkuð lengi að þessi mál kæmu á dagskrá

þingsins, a.m.k. tvö þeirra — kannski ekki það sem við eigum eftir að ræða eða stendur til að ræða inn í nóttina.

Ég vil, herra forseti, taka undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan. Það væri æskilegt að hætta nú, ljúka störfum þessa dags nú þegar nálgast fer miðnætti og byrja upp á nýtt þegar nefndarstörfum lýkur og reyna að stokka svolítið spilin þannig að við gerum okkur grein fyrir því sem við náum að ljúka áður en áætlun þingsins lýkur. Hins vegar er ljóst að við munum ekki ráða við að klára öll þau mál sem fyrir hinu háa Alþingi liggja áður en fyrirhugaðri starfsáætlun þingsins lýkur.

[23:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það vekur mér undrun sem hér er upplýst, að hæstv. forseti hafi tilkynnt mönnum á stuttum samráðsfundi, nú þegar líður að miðnætti og við erum að funda þriðja kvöldið eða þriðju nóttina í röð með þessu verklagi, að nefndafundir eða störf hefjist klukkan átta að morgni og það er fundað fram að miðnætti eða inn í sjálfa nóttina eins og gert var í gær. Ég furða mig á því að hæstv. forseti skuli undir þeim kringumstæðum boða mönnum þau tíðindi að nú eigi að taka fyrir enn eitt stórmálið, enn eitt deilumálið sem ætla má að verði og enn eitt málið sem dreift er og tekið hér á dagskrá með afbrigðum af því að það er of seint fram komið og of stutt síðan því var útbýtt. Þingmönnum er trekk í trekk ætlað að hefja umræður um stórmál sem þeir hafa sáralítinn tíma haft til að búa sig undir og þetta eru ekki góð vinnubrögð, herra forseti. Það er algerlega á hreinu.

Herra forseti. Það var aldrei talað um neinn næturfund á þessum degi. Það er augljóst að ef fara á að hefja umræðu um svona stórmál þá endi það inni í nóttinni. Forseti varaði menn í byrjun vikunnar við því að búast mætti við miklum fundahöldum fram á kvöld og í gær hygg ég að menn hafi vitað að fundurinn gæti orðið langur en þegar sú ákvörðun var tekin að í staðinn fyrir nefndastörf á þessum degi yrði fundað, þá var talað um fund á morgun. Menn skildu það auðvitað sem svo að hér yrði fundað lungann úr deginum eða eitthvað í þeim dúr.

Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé í raun ekki sanngjarnt að setja þingmenn í þá stöðu að ræða þetta mál núna inn í nóttina.

Það er líka ljóst, herra forseti, að það er í reynd þrengt að rétti manna til þess að tjá sig um mál þegar svona er að verki staðið. Menn veigra sér auðvitað við því að nýta sér rétt sinn til fulls til þess að tala um svona mál ef það kostar næturfundahöld og vökur manna og starfsfólksins hér þriðja sólarhringinn í röð. Það er bara þannig. Það vill þá fara svo að menn veigri sér við að nýta rétt sinn til þess að tjá sig um mál. Hæstv. forseti hlýtur að viðurkenna, hygg ég, að þetta er alveg á jaðrinum gagnvart því að hægt sé að segja að réttur manna sé virtur með eðlilegum hætti, að ætla mönnum að að tjá sig eftir svo skamman undirbúningstíma um þetta stóra mál inn í nóttina.

Hitt kann svo vel að vera, herra forseti, að betur henti aðstandendum málsins að það sé rætt í myrkri og að næturlagi. Það er allt annað mál. En við skulum halda okkur við formið. Ég held ég hljóti að segja, herra forseti, að ég mótmæli mjög þessari fundarstjórn. Hún er ekki sanngjörn. Hún er ekki skynsamleg og ekki réttmæt að mínu mati.

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 1. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1177.

[23:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um heimild til handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Með frv. þessu er lagt til að fjmrh. verði heimilað að veita einfalda ríkisábyrgð á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 millj. bandaríkjadala, þ.e. tæplega 20 milljörðum íslenskra króna, útgefnum af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar, deCODE genetics til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjaþróunar.

Íslensk erfðagreining ehf. og móðurfyrirtæki þess deCODE genetics áforma að hefja þróun nýrra lyfja á grundvelli þeirra erfðafræðilegu uppgötvana sem til hafa orðið í núverandi starfsemi fyrirtækisins. Hin nýja nálgun þess á sviði grunnrannsókna byggðum á lýðerfðafræði gerir lyfjaþróun á þeim grundvelli afar áhugaverða, ekki síst vegna þess forskots, sem árangur fyrirtækisins á framangreindu sviði hingað til veitir.

Sú uppbygging sem Íslensk erfðargreining fyrirhugar krefst fjárfestingar sem nemur um 35 milljörðum króna. Er gert ráð fyrir að 250–300 ný störf geti skapast hér á landi innan tveggja til þriggja ára ef fyrirætlanir fyrirtækisins ganga eftir.

Þetta nýja fyrirtæki getur því haft víðtæk áhrif á atvinnuþróun hérlendis ekki síst í hátækni- og vísindagreinum. Ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni að stuðla markvisst að uppbyggingu slíkra tækifæra hér á landi.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir margháttuðum aðgerðum til að skapa fyrirtækjum sem starfa vilja á Íslandi eftirsóknarvert starfsumhverfi. Samhliða auknu frelsi í alþjóðaviðskiptum hafa augu stjórnvalda í vaxandi mæli beinst að því að treysta samkeppnisstöðu fyrirtækja, meðal annars með nýlegri lækkun fyrirtækjaskatta. Þessi stefna var og er nauðsynleg til þess að íslensk fyrirtæki geti mætt sífellt aukinni samkeppni erlendra keppinauta þar sem landamæri skipta sífellt minna máli og fjármagn og fyrirtæki leita einfaldlega til þeirra landa sem bjóða hagstæðustu aðstæðurnar.

Mikil alþjóðleg samkeppni ríkir um að bjóða upp á aðlaðandi starfsumhverfi fyrir þekkingarfyrirtæki enda hafa svæði þar sem slíkar alþjóðlegar þekkingarmiðstöðvar hafa risið notið góðs af þeirri þróun. Þekkingariðnaður er þess eðlis að fyrirtæki, jafnvel þó þau séu í samkeppni sín á milli, njóta góðs af því að vera staðsett nálægt hvert öðru. Því er hér um að ræða veruleg sóknarfæri fyrir Ísland sem haft getur í för með sér jákvæða keðjuverkun sem skilað getur þjóðarbúinu miklum tekjum og möguleikum þegar fram í sækir.

Til viðbótar við það sem áður er nefnt má nefna eftirfarandi ástæður fyrir aðkomu íslenska ríkisins að áformum þessa fyrirtækis:

1. Staðsetning verkefnisins. Ein meginforsenda þess að unnt verði að starfrækja verkefnið á Íslandi er aðkoma ríkisvaldsins með þeim hætti sem hér er lagt til.

2. Stærð verkefnisins. Verkefnið er af þeirri stærðargráðu að eðlilegt er að leitað sé eftir samstarfi við stjórnvöld.

3. Sérhæft verkefni. Með því að hefja lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði er ljóst að Ísland væri að skipa sér í flokk með þróuðustu ríkjum á sviði hátækni.

4. Nýsköpun. Um er að ræða verkefni á sviði nýsköpunar, þekkingar- og hátækniiðnaðar sem er til þess fallið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, efla menntun og þekkingarstig og gera landið eftirsóknarverðara fyrir hátækni- og háþekkingarfyrirtæki.

Með því að greiða fyrir nýrri starfsemi af þessu tagi og uppbyggingu hátæknisamfélags á Íslandi sem hefur mikla þjóðhagslega þýðingu, styrkir það efnahag þjóðarinnar þegar til lengri tíma er litið. Áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu þessa iðnaðar í Evrópu, m.a. innan Evrópusambandsins.

Samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð er stjórnvöldum heimilt að veita ríkisaðstoð á sviði rannsókna- og þróunarverkefna og getur sú ríkisaðstoð ýmist verið í formi beinna fjárstyrkja, skattaívilnana eða ríkisábyrgða svo dæmi séu nefnd. Um sérstakar ríkisábyrgðir til rannsókna- og þróunarverkefna gilda almennt minni kröfur um greiðslu markaðsverðs, þ.e. iðgjalds, og tryggingar fyrir ríkisábyrgðina en ef um almenna ríkisábyrgð væri að ræða.

Álitið er að ríkisábyrgð sú sem veitt er með frumvarpi þessu uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsókna- og þróunarverkefna, eins og þau eru tilgreind í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð. Tilkynna þarf um ríkisaðstoð af þessum toga til Eftirlitsstofnunar EFTA og verður það gert samhliða frumvarpi þessu.

Ríkisábyrgðin, sem frumvarpið kveður á um, getur jafnframt uppfyllt skilyrði sem sett eru fyrir veitingu almennra ríkisábyrgða í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð. Eru þau almennu skilyrði sambærileg þeim sem kveðið er á um í lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Ákvörðun um gjaldtöku fyrir ríkisábyrgðina mun m.a. ráðast af því hvers eðlis ríkisaðstoðin sem í frumvarpinu felst verður talin vera.

Gert er ráð fyrir að skuldabréfin verði gefin út með umbreytingaskilmálum sem fela í sér að ef gengi hlutabréfa í deCODE nær ákveðnum viðmiðunarmörkum breytast skuldabréfin í hlutabréf í félaginu. Þar með verður ekki lengur um lán að ræða og ríkisábyrgðin fellur brott.

Þar sem um einfalda ábyrgð ríkissjóðs verður að ræða mun deCODE bera fulla ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna og verður skuldareigandi að fullreyna innheimtu hjá fyrirtækinu áður en ábyrgð ríkissjóðs verður virk.

Andvirði skuldabréfanna mun renna til hinnar nýju starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á Íslandi og mun verða gerður samningur milli móðurfélags og dótturfélags vegna fjármögnunarinnar. Íslensk erfðagreining mun jafnframt að fullu ábyrgjast greiðslu skuldabréfanna.

Kostnaður ríkissjóðs af einfaldri ábyrgð á skuldabréfaútgáfunni, ef heimildin verður nýtt, er óviss. Í eðli sínu er lyfjaþróun áhættusöm starfsemi og Íslensk erfðagreining starfar á hátæknisviði þar sem breytingar geta verið mjög örar. Hins vegar er gert ráð fyrir umbreytingu skuldabréfanna í hlutabréf í deCODE ef gengi bréfa þess fer yfir ákveðin mörk og mun gildistími ríkisábyrgðarinnar þá styttast að sama skapi eins og áður er getið um. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvernig gjaldtöku fyrir ábyrgðina verður háttað eins og áður er fram komið, þ.e. gjaldtökunni fyrir ábyrgðinni.

Með því að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfunum gengur ríkissjóður í bakábyrgð fyrir deCODE. Ef skuldabréfin gjaldfalla verður að ganga að eignum félagsins áður en ábyrgð ríkissjóðs verður virk. Ávinningur fyrirtækisins af ábyrgðinni er fyrst og fremst auðveldari aðgangur að lánsfé og lægri vaxtakostnaður. Væntur kostnaður ríkissjóðs er fólginn í þeirri áhættu sem felst í ábyrgðinni verði heimildin nýtt.

Herra forseti. Að mörgu leyti er um óvenjulegt þingmál að ræða. Sú stefna hefur verið uppi á undanförnum áratug að hverfa frá því að veita ríkisábyrgðir til atvinnustarfsemi í landinu. En að sjálfsögðu höfum við miklar ábyrgðir sem hvíla á ríkissjóði vegna þeirra lánastofnana sem ríkið á, bæði ríkisbankana, Íbúðalánasjóðs og annarra stofnana sem eru að vísu mun minni heldur en þær sem ég hef nefnt. Eigi að síður teljum við réttlætanlegt í þessu tilfelli að fara út á þessa braut vegna þeirrar sérstöðu sem þetta mál hefur. Ríkisábyrgðir til atvinnufyrirtækja eru sem betur fer á undanhaldi. En við höfum í landinu sérstök lög um ríkisábyrgðir sem gera ráð fyrir að unnt sé að veita ábyrgðir ef sérstakar aðstæður eru uppi. Þess vegna eru líka sérstök ákvæði í EES-samningnum sem heimila slíkt við tilteknar aðstæður. Við teljum að þær aðstæður séu fyrir hendi í þessu máli og þetta mál sé því ekki aðeins réttlætanlegt heldur skynsamlegt. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja til við Alþingi að þessi heimild verði veitt.

Heimildin sem frv. gerir ráð fyrir felst í að fjmrh. verði heimilað að ganga frá þessari ábyrgð að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Það er ekki enn vitað nákvæmlega með hvaða hætti næst að uppfylla þau en brýnt er, herra forseti, að heimildin fáist áður en þingstörfum lýkur í vor.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. þessu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr.

[23:26]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég mun hafa skammar signingar yfir þessu máli núna. Málið er að vísu stórmál en í sjálfu sér ekki flókið í sniðum. Ég mun e.t.v. lengja mál mitt þegar fyrir liggur umsögn hv. efh.- og viðskn. Sér í lagi vil ég sjá hvernig hv. þm. Vilhjálmur Egilsson tekur málinu. Væntanlega eru verslunarráðsmenn miklir áhugamenn um að þetta mál nái fram að ganga til að geta notað sér fordæmið. Allt tal um að þetta sé ekki fordæmismyndandi eru orð út í hött sem merkja enga guðs grein.

Ég vil taka fram, til að forðast allan misskilning, að ég er og hef verið mikill áhugamaður um þá starfsemi sem Íslensk erfðagreining hefur með höndum. Ég átti þess raunar kost á frumdögum þess fyrirtækis að greiða fyrir því án þess að ég kæri mig um að hafa fleiri orð þar um.

En málið sem hér liggur fyrir er aftur á móti ótrúlegt og ég verð að játa að ég ætladi ekki að trúa eigin augum og eyrum þegar það kom á daginn í morgun að að þessu mundi hæstv. ríkisstjórn stefna. Það er út af fyrir sig hennar mál að taka U-beygju í ríkisábyrgðarmálum en það gerir hún í þessu falli. Allt önnur stefna hefur verið uppi, að mínum dómi rétt stefna, að koma sér frá því að ríkið gangi í ábyrgð, ég tala nú ekki um fyrir einkarekstri.

Hér er sem sé lagt til að ríkið gangi í ábyrgð fyrir 20 þús. millj. kr. fyrir fyrirtækið deCODE. Þetta er að vísu sérstætt mál eins og hæstv. fjmrh. sagði, mjög sérstakt mál. Þetta mál hefur afar mikla sérstöðu. Mér hefði aldrei boðið í grun að forsvarsmenn íslenska ríkisins mundu leggja til að gengið

yrði í ábyrgð fyrir fyrirtæki, eins og það virðist í laginu — þetta fyrirtæki.

Hver er staða þess? Það kemur ekki bókstaflega fram hér. Þess er að vísu getið hver eiginfjárstaða þess er, en með leyfi: Hver var talin eiginfjárstaða Enrons rétt áður en það fór á hliðina?

Þegar þetta fyrirtæki nam hér land voru uppi stórkostlegar fréttir um að þetta efnahagslega eldsterka félag væri komið til að beita vopnum sínum. Ég man áreiðanlega rétt að fjármálastofnanir eins og Landsbanki Íslands fjárfestu í því. Ég tek það fram að það var eftir minn dag þar þannig að ég er ekki að segja frá neinu leyndarmáli sem ég hafði með höndum. Þeir seldu ýmsum viðskiptavinum sínum hluti á genginu allt yfir 60. Hvert er gengið nú? Er það rétt hjá mér að það sé 5,5? Er það rétt munað hjá mér að það sé löngu komið niður fyrir 10 og þyki fréttir nú ef það skrönglast upp fyrir 6 og 7? Hver er staða þessa fyrirtækis? Um það þurfum við að fá miklu nákvæmari og nánari upplýsingar en gefast í greinargerð og upplýsingum sem þessu frv. fylgja.

Satt að segja, svo að ég skjóti því hér inn í, hafa öll umsvif þessa fyrirtækis minnt að sínu leyti á fjárglæfra, stórt orð en þannig er a.m.k. minn smekkur á þessum umsvifum. Því er haldið fram að við eigum að grípa þessa gæs og fullyrt er að ódýrara sé að koma þessu fyrirtæki á fót í Bandaríkjunum. Það er nýtt ef stórfyrirtæki heims gera einhver gustukaverk á öðrum þjóðum. Ef þetta 35 milljarða fyrirtæki væri ódýrara í uppbyggingu í Bandaríkjunum kæmi ekkert annað til mála en að stjórnendur fyrirtækisins mundu ákveða bygginguna þar. Af hverju er þá verið með þessar vífilengjur? Af því að deCODE er þannig statt að það nær ekki í lánsfé til að byggja þetta fyrirtæki, hefur ekki mátt á því, nema með aðstoð hinnar hæstv. íslensku ríkisstjórnar. Þannig er þetta mál alveg augljóslega vaxið. Þetta fyrirtæki hefur ekki mátt á að framkvæma þessi áform sín. Það er þannig álit á því á bandarískum fjármálamarkaði að það nær ekki vopnum sínum þar. Þess vegna á íslenska ríkisstjórnin hæstv. að hlaupa undir bagga, og ætlar sér það.

Hér er talað um einfalda ábyrgð og við vitum hvað það þýðir. Þá þurfa kröfuhafar að ganga að öllum eigum fyrirtækis áður en skuldin fellur á ábyrgðaraðilann. Mér virðist og sýnist á þessu að ríkisábyrgðargjald sé fellt niður. Það nemur sjálfsagt hundruðum millj. kr. Talið er að ávinningur deCODE af þessari ábyrgð kunni að nema 600–800 millj. kr. þannig að hér er eftir nokkru að slægjast svo ekki sé meira sagt.

Menn vísa því frá sér að hér kunni að verða um fordæmi að tefla. Auðvitað er slíkt tal út í hött. Auðvitað merkir það ekki neitt að hafa slíkar fullyrðingar í frammi, og stenst auðvitað ekki neitt ef menn hugsa til þeirrar jafnræðisreglu sem menn hljóta nú að fara eftir samkvæmt þeim alþjóðaskuldbindingum sem við erum bundin við. Þess er ekki dulið að þessi atvinnurekstur er talinn þrefalt áhættusamari en meðaltal annars stóratvinnureksturs. Ég spyr, og bið um svar: Hafa menn gert sér grein fyrir þeirri stöðu sem upp kemur ef gengið verður að þessari ábyrgð? Ég leyfi mér að efast um það. Ég held að menn hljóti að hafa sannfært sjálfa sig um að til þess komi aldrei því að sú staða væri engu lík. Með því að ganga í þessa ábyrgð er hæstv. ríkisstjórn að hætta lífi *sínu, a.m.k. stjórnmálalífinu.*

Nei. Það er skemmst frá því að segja að hvernig sem á þetta mál er litið er það hin mesta ófæra. Auðvitað er þetta mikilvæg starfsemi — hverjum dettur annað í hug? — og stórgott að fá reksturinn hingað til Íslands. En annað er að vilja og hitt að geta, og með þessum aðferðum getur það alls ekki gengið.

Ég spyr: Hvað liggur að baki því að hæstv. ríkisstjórn skuli taka þetta upp á arma sína? Hvað í ósköpunum getur legið að baki því að menn bregða á þetta ráð, þetta ótrúlega óráð? Hæstv. ríkisstjórn vekur á sér grunsemdir um að hér sé ekki allt með felldu án þess að ég ætli að hafa uppi ávirðingar þess efnis. Ég held að komið hafi fram í fjölmiðlum á þessu kvöldi, eða í dag, að hér væri eftirspurn mjög stríð eftir því vinnuafli sem sóst yrði eftir hjá þessu nýja fyrirtæki, eftirspurnin sé svo mikil hjá þeim sem nú þegar starfa í landinu að hvergi nærri verði fullnægt, og að því leyti erum við enn vel sett um atvinnu fyrir slíkt fólk.

Það kann að vera að ég sé viðkvæmari en aðrir menn en þetta mál vekur mér hroll. Þótt ég sé allur af vilja gerður að reyna að líta á það með jákvæðu hugarfari er alveg fjarri því að ég fái fest hendur á nein þau rök sem að neinu leyti geta mælt með því að þessi leið verði farin. Þetta deCODE-mál er einhver nýr Don Kíkóti lukkuriddari í íslensku fjármálalífi.

[23:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Fyrirtækið deCODE kom inn í íslenskt atvinnulíf með nokkrum blæstri. Styr hafði staðið um fyrirtækið. Hér á hinu háa Alþingi höfum við staðið mörg í þessari pontu og deilt á ýmislegt sem okkur þótti miður fara þegar verið var að setja lög um gagnagrunn. Ég var einn af þeim sem greiddu atkvæði gegn því frv. Ég gerði það af þeim ástæðum að ég taldi ekki réttlætanlegt að láta þetta fyrirtæki fá einkaleyfi á að starfrækja gagnagrunn. Ég tel það hins vegar lykilatriði þegar við ræðum þetta mál að menn losi sig frá þeirri umræðu og þeim hörðu átökum sem þá urðu. Það skiptir ákaflega miklu máli. Við þurfum að vega og meta þetta mál á grundvelli kosta og galla þess sjálfs, og einangra það frá fyrri átökum.

Þetta mál er klárlega umdeilanlegt. Það er klárt að því fylgir nokkur áhætta. Það er jafnljóst að í því geta falist mikilvæg sóknarfæri fyrir framtíð íslensks atvinnulífs, mikilvæg sóknarfæri fyrir litla þjóð sem geldur oft hinnar landfræðilegu einangrunar sinnar. Auðvitað þarf að skoða málið vel og brjóta til mergjar en ég vil segja alveg skýrt að á þessu stigi er málið þannig vaxið að Samfylkingin mun ekki bregða fæti fyrir það.

Herra forseti. Við stjórnmálamenn þurfum oft að taka áhættu. Stjórnmálamenn sem starfa á vettvangi þjóðar eins og þeirrar íslensku þurfa kannski að taka meiri áhættu en aðrir þegar við veltum fyrir okkur með hvaða hætti við getum búið til Ísland sem hæfir börnum okkar og framtíðinni, samkeppnishæft Ísland. Það sem skiptir mjög miklu þegar við veltum þessu máli fyrir okkur er að það blasir við að ástæðan fyrir því að menn þurfa að fara þessa leið, ef á að stofnsetja fyrirtækið sem hér um ræðir á Íslandi, er einfaldlega sú að alþjóðlegir fjárfestar sem væru reiðubúnir til að koma með fé til að byggja upp þetta sérstaka fyrirtæki, t.d. á bandarískri grund, eru ekki reiðubúnir til að koma til Íslands og setja peningana niður hér. Hvers vegna? Vegna þess að við erum úr hinni alþjóðlegu alfaraleið, við erum lítil eyþjóð staðsett norður undir heimskauti. Þá má spyrja: Á að láta ásku Íslands gjalda þess? Á að láta framtíð Íslands gjalda þess?

Minn flokkur, Samfylkingin, verður auðvitað að vera samkvæmur sjálfum sér í þessu máli, og hann hefur lagt fram á þessu þingi þingmál þar sem beinlínis er gert ráð fyrir því að við reynum að jafna þann mun sem er á möguleika Íslendinga til að koma á fót nýjum fyrirtækjum annars vegar, og hins vegar Evrópubúa innan Evrópusambandsins. Samfylkingin hefur t.d. lagt fram þáltill. um að íslenska ríkið taki upp stofnkostnaðarstyrki til að gera tilteknum fyrirtækjum kleift að rísa á legg og flytja þannig tækifæri inn í landið sem ella mundi einungis staðnæmast úti í Evrópu þar sem slíkir styrkir eru.

Ég segi það alveg hreinskilnislega, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að mál af þessu tagi þurfi menn að skoða vel. Ég vil í framtíðinni byggja Ísland sem býr að fjölbreyttu atvinnulífi þar sem æska Íslands á kost á því að finna hálaunastörf sem byggjast á mikilli menntun sem eru segull sem festir hana við Ísland. Við erum oft og tíðum, herra forseti, að reifa hér þann vanda sem enginn íslenskra stjórnmálaflokka hefur getað fundið bót á, þ.e. byggðaröskun, og við höfum talað um að með einhverjum hætti þurfi að grípa til aðgerða til að stemma flutninga fólks af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Við höfum ekki borið gæfu til að geta snúið þessu alveg við. Þetta er mikill vandi í okkar landi en sá vandi gæti hins vegar breyst í það að verða enn alvarlegri ef straumurinn stoppar ekki í Reykjavík, hér á suðvesturhorninu, heldur heldur áfram til útlanda.

Herra forseti. Ég held þess vegna að eitt af því sem við þurfum að velta fyrir okkur í fullri alvöru sé með hvaða hætti við getum orðið til þess að hér verði til umhverfi sem laðar að sér eða gerir a.m.k. kleift að stofna fyrirtæki, alþjóðleg stórfyrirtæki á sviði hátækni. Þetta er ljóslega ein leiðin til þess, herra forseti, og þess vegna höfum við engin efni á því að kasta þessu í hugsunarleysi eða á grundvelli einhverra fordóma frá okkur án þess að brjóta málið til mergjar. Ég tel að það skipti miklu máli fyrir þróun Íslands í framtíðinni að Reykjavík sem höfuðborg landsins verði alþjóðleg höfuðborg. Með alþjóðlegri höfuðborg á ég við að hér verði háskólar sem standist, a.m.k. á sumum sviðum, erlendum háskólum snúning og að hér vaxi atvinnulíf sem byggist á nýrri tækni, sem byggist á mikilli menntun, en ekki einungis þessum hefðbundnu atvinnuvegum sem landið hefur grundvallast á síðustu öldina. Ég tel að þrátt fyrir að styr hafi staðið um Íslenska erfðagreiningu sé alveg ómótmælanlegt að fyrirtækið hefur verið gríðarleg lyftistöng fyrir hátæknivætt atvinnulíf á Íslandi.

Mér finnst það ganga kraftaverki næst að fyrirtækið hefur leitt til þess að fjöldi Íslendinga sem hefur svipaða menntun og ég hef til að mynda hefur átt kost á því að koma til Íslands og finna sér vellaunuð störf í vísindalegri framleiðslu þar sem þeir hafa verið í fararbroddi, hafa getað notið þeirrar sköpunargleði sem felst í því að búa til nýja þekkingu og finnast líka að þeir séu að vinna landi sínu og þjóð mikið gagn. Þetta skiptir mig töluverðu máli, herra forseti.

Ég er þeirrar skoðunar að þær hugmyndir sem fram hafa komið og verið þróaðar í samstarfi ríkis og borgarstjórnar Reykjavíkur um þekkingarþorp skipti ákaflega miklu máli.

Ég tel að ef það væri hægt, ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu að ásættanlegt væri að taka áhættuna sem felst í þessu frv., held ég að það mundi skipta sköpum fyrir framtíð Reykjavíkur sem alþjóðlegrar stórborgar þar sem væri hægt að reisa hátæknivædd fyrirtæki af þessu tagi. Mér hefði aldrei komið til hugar, herra forseti, fyrir áratug að við ættum eftir að sjá á Íslandi rísa fyrirtæki sem er í fremstu röð á ákveðnu sviði, á því sviði framleiðslu þar sem skemmstur vegur er milli nýrrar þekkingar annars vegar, uppgötvana, og hins vegar hagnýtingar í framleiðslu. En það er erfðafræðileg lyfjagerð. Í engri annarri atvinnugrein í heiminum í dag er þessi fjarlægð eins lítil. Það er það sem skiptir máli í hinu hátæknivædda samfélagi framtíðarinnar.

Hins vegar er eðlilegt að menn staldri við og, í fyrsta lagi, velti fyrir sér áhættunni. Hún er giska mikil. Sú ábyrgð sem hér er verið að leggja til er einföld ábyrgð. Hún er þannig að áður en til kæmi að íslenska ríkið þyrfti að láta til sín taka og reiða fram fé væri búið að ganga að fyrirtækinu. Þá væri búið að taka hvert tangur og tetur sem það á. Þetta fyrirtæki er sterkt í dag. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að þær uppgötvanir sem þar er verið að gera muni í framtíðinni og á næstu árum leiða til þess að vegur fyrirtækisins verði mikill. Ég tel að við þurfum að skoða vel hvort það sé ekki þess virði að taka áhættu.

En menn þurfa auðvitað að gera sér grein fyrir öðrum lögmálum líka, lögmálum jafnræðisins. Það er eðlilegt að menn staldri við og hugsi sem svo: Er hér ekki verið að beita sértækum lausnum sem hygla einu tilteknu fyrirtæki, einni atvinnugrein á kostnað annarrar? Þá verð ég að segja sem klassískur jafnaðarmaður, herra forseti, að ég skil vel að þingmenn Sjálfstfl. skirrist við að beita slíkum aðferðum. En ég segi hins vegar hreinskilnislega að mér finnst ekkert að því þó að ríkisvaldið reyni með aðstoð sinni að byggja upp nýjan atvinnuveg. Ég tel að líka sé hægt að færa sterk rök að því að hér sé ekki verið að mismuna fyrirtækjum eða atvinnugreinum. Hvers vegna? Fyrirtækið sem hér um ræðir er sérstakt að því leyti til að það á ekki bara að starfa að lyfjagerð heldur á það að beita sérstakri erfðatækni til þess að þróa lyfjavísa, og það er einfaldlega þannig að engin önnur fyrirtæki í landinu starfa á þessu sviði. Ég hygg að ekki starfi mörg fyrirtæki á Norðurlöndum á þessu sviði. Það er eitt íslenskt fyrirtæki sem kemst nálægt þessu en þó er ekki hægt að segja að það starfi á sama vettvangi og það sem við erum hér að ræða. Sé sú fullyrðing mín rétt er óhjákvæmilegt að draga líka þá ályktun að við séum ekki að hygla neinu fyrirtæki á kostnað annars, þ.e. við erum ekki að skaða samkeppnisstöðu eins eða neins. Það skiptir ákaflega miklu máli, herra forseti.

Því hefur verið haldið fram líka að óeðlilegt sé og í andstöðu við t.d. alþjóðlega samninga sem við eigum aðild að með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu að þarna sé verið að lyfta undir eina tiltekna atvinnugrein. Það er alveg hárrétt. Það er verið að því. Þarna er verið að lyfta undir erfðafræðilega lyfjaframleiðslu. Ef við skoðum hins vegar Evrópusambandið er hægt að benda á að Evrópusambandið hefur tekið vaxtarsprota, nýjar atvinnugreinar og beinlínis byggt þær upp í löndum eins og Írlandi og í Portúgal sem hefur aftur leitt til þess að landshlutar sem áttu í vök að verjast eru þar mjög sterkir núna. Ég bendi t.d. á að á Írlandi hefur sértæk aðstoð af þessu tagi beinlínis bjargað gelískunni. Hún hefur beinlínis snúið við dauða byggðarlaga í kringum Galway þar sem eina afdrep gelískunnar var þannig að ég er þeirrar skoðunar að þessi aðgerð brjóti ekki endilega í bága við það.

Herra forseti. Hitt er svo annað mál, að hluti áhættunnar sem hér er verið að taka felst í eftirfarandi: Við erum að velta því fyrir okkur að fara að samþykkja frv. sem á eftir að fara í gegnum nálarauga ESA. Ég spyr, og ætlast ekki til að nokkur

svari því sérstaklega: Hvað gerist ef ESA hafnar frv. og segir að það stangist á við EES-samninginn? Hvað halda menn að það þýddi fyrir gengi deCODE sem eins og fram hefur komið hefur heldur lækkað? Til hvers halda menn að það gæti leitt, samanber það sem gerðist fyrir gengi hlutabréfa í fyrirtækinu á einni nóttu? Ég held að það gæti verið ákaflega slæmt og í þessu felst ekki síst áhætta. Það gæti leitt til þess að gengið lækkaði allverulega og að erlend stórfyrirtæki sem auðvitað skynja vaxtarbroddinn í þessu fyrirtæki í dag gætu eignast það á tiltölulega lágu verði. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hafa menn með einhverjum aðferðum kannað mögulega afstöðu ESA til þessa máls?

Við þurfum líka að velta fyrir okkur fleiri hlutum. Er ekki alveg ljóst, herra forseti, að þessi ábyrgð verður því einungis veitt að tekin verði ákvörðun um að þetta fyrirtæki verði staðsett á Íslandi? Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að forráðamaður Íslenskrar erfðagreiningar hefur tekið þannig til máls í tveimur fjölmiðlum að það mætti misskilja. Það er nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram, herra forseti, hvort svo sé ekki. Ég spyr líka með hliðsjón af því að lagt er til að móðurfélaginu verði veitt ábyrgðin en ekki dótturfélaginu sem á að starfa á sviði lyfjaþróunarinnar.

Á þeim tíma sem mér hefur gefist til að kanna frv. verð ég einfaldlega að segja að mig brestur skyn og vit til að skilja af hverju menn leggja til það fyrirkomulag sem er að finna í 2. gr. Hvað veldur því að það á að undanþiggja þennan gerning lögum sem við samþykktum 1997 um ríkisábyrgðir? Ég hélt í fyrstu, herra forseti, að það væri til þess að undanþiggja fyrirtækið ábyrgðargjaldi. Út af fyrir sig hefði ég alveg getað skilið að menn væru að hugsa eitthvað slíkt. Ég hefði verið því mótfallinn en ég hefði þó skilið rökfærsluna í því. Það kemur reyndar fram þegar maður les frv., á einum stað í greinargerðinni og líka í kostnaðarumsögn fjmrn., að gert er ráð fyrir ábyrgðargjöldum.

Hæstv. fjmrh. gat þess líka að upphæð þess gjalds mundi ráðast af því hvernig ESA mundi flokka þennan stuðning. En ég spyr: Hvað veldur því, herra forseti, að menn leggja til það fyrirkomulag sem er að finna í 2. gr.?

Í öðru lagi: Hvað má vænta að gjaldið verði hátt? Mér finnst auðvitað skipta verulega miklu máli að fyrirtækið greiði iðgjald af þessari ábyrgð eins og önnur fyrirtæki sem njóta ríkisábyrgðar.

Ég vil líka spyrja: Hefur íslenska ríkið á einhvern hátt aflað sér ráðgjafar í formi erlendra óháðra ráðgjafarfyrirtækja sem starfa á þessu sviði? Hefur íslenska ríkið með einhverjum hætti reynt að meta áhættuna sem í þessu felst?

Herra forseti. Okkur er talsverður vandi á höndum þegar við fáum mál af þessu tagi. En ég ítreka það sem ég segi að við getum ekki kastað möguleika eins og þessum hugsunarlaust frá okkur. Við þurfum að skoða þetta mál til hlítar. Ég segi fyrir mig sjálfan að ég sé í þessu margvísleg sóknarfæri. Ég er þeirrar skoðunar að fullkomlega verjanlegt sé að íslenska ríkið taki nokkra áhættu til þess að reyna að byggja upp nýjan atvinnuveg. Hér er nefnilega um að ræða nýjan atvinnuveg. Þetta er ekki erfðagreining. Þetta er ekki lyfjaframleiðsla. Þetta er samþætting hvors tveggja og þetta er ný atvinnugrein. Þetta gæti á næstu áratugum, ef vel tekst til, skapað hérna gríðarleg verðmæti fyrir Íslendinga, skapað hérna atvinnugrein þar sem mjög margir fengju vel launuð störf. Ég er ekki þá bara að hugsa um þá 300 eða 350 sem munu beinlínis starfa í þessu fyrirtæki. Ég er líka að hugsa um þá 600 sem líklegt er að fái vinnu við einhvers konar afleidd störf sem tengjast þessu. En auðvitað felst stóri vinningurinn í því að ef þetta tekst er líklegt að upp muni spretta fleiri slík fyrirtæki hér á landi. Gleymum því ekki að vísirinn er þegar til.

Ég el þá von í brjósti ef af yrði, ef vel tækist til, að hér yrðu til fleiri smáfyrirtæki í höndum frumkvöðla og einhvern tíma þegar fætur okkar allra yrðu kaldir orðnir en börn okkar e.t.v. í fullum blóma lífsins ættu þau möguleika á því að skapa hér samfélag sem væri þess eðlis að eftirsóknarvert yrði fyrir íslenska ásku að nema staðar á Íslandi. Gleymum því ekki að samkeppnin sem við munum standa í á næstu áratugum er einmitt um blóma kynslóðanna, um íslenska ásku, og hún stendur við útlönd. Það er sá slagur sem ég horfi til þegar ég tala svona um þetta mál. Ég vil ekki kasta þessu frá okkur. Ég tel að við eigum að skoða það til hlítar. Við höfum núna nokkra daga til þess að gera það í efh.- og viðskn. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að í þeirri nefnd muni úrslit þessa máls ráðast. Ég ítreka að eins og málið horfir við í dag mun Samfylkingin ekki bregða fæti fyrir það.

[23:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á mál hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég virði sjónarmið hans og góðan hug til atvinnuuppbyggingar á Íslandi. En velviljinn þarf að byggja á raunsæi. Óneitanlega brá mér í brún þegar hann lýsti því yfir, fyrir sig og Samfylkinguna, að hann mundi ekki leggjast gegn þessu máli.

Þetta mál hefur ekki fengið skoðun eða umræðu. Við erum að fá þetta frv. í hendur í dag. Talað er um að ljúka þingi eftir sex þingdaga. Er ekki hv. þm. Össur Skarphéðinsson sammála mér um að það væri mikið fljótræði að knýja þetta mál til afgreiðslu á þessum skamma tíma?

[23:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gætti þess vendilega að þrítaka í ræðu minni, í upphafi, í lokum og um miðbik hennar, að miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir er þetta afstaðan. Hins vegar er alveg ljóst að þó að eftir séu sex þingdagar eins og hv. þm. gat um, höfum við núna eina fjóra nefndadaga þar sem við í efh.- og viðskn. höfum tækifæri til að kalla fyrir okkur alla þá sérfræðinga sem við viljum. Ég tel að á þeim tíma eigi að vera hægt að fá yfirsýn yfir þetta mál, skoða kosti þess og galla.

Þegar ég sagði áðan að við munum ekki bregða fæti fyrir þetta mál ber auðvitað að skoða þá yfirlýsingu í ljósi þess hvar við erum stödd á þingtímanum. Það er einfaldlega þannig að ef flokkur eins og Samfylkingin sem hefur yfir 17 þingmönnum að ráða vildi leggjast gegn þessu máli og koma í veg fyrir að það yrði samþykkt þá hefur Samfylkingin fullt vald á því.

[23:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir mun Samfylkingin ekki bregða fæti fyrir frv.

Herra forseti. Það liggja nánast engar upplýsingar fyrir. Við höfum ekkert verið upplýst um þetta mál. Mér finnst ekki boðlegt að Alþingi Íslendinga, fyrir hönd skattborgara í landinu, undirgangist það að veita 20 þús. millj. kr. tryggingu án þess að við höfum kynnt okkur þetta mál rækilega.

[23:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem bíður hv. þm. Ögmundar Jónassonar á næstu dögum er að kynna sér þetta mál rækilega. Það verður tekið fyrir í einni af fagnefndum þingsins þar sem menn munu kalla fyrir þá sérfræðinga sem málið varðar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson getur kallað fyrir alla þá sem hann vill.

Skoðum aðeins hver áhætta ríkisins er. Hún er 20 þús. millj. Þetta er mikil upphæð. Verið er að ræða um að 300 störf skapist beinlínis við fyrirtækið og ef að líkum lætur er líklegt að önnur 600–900 störf skapist í tengslum við það. Ef við gefum okkur, og það er auðvitað verulega gróf nálgun, að 1.000 manns fái störf sem verða til vegna þessa fyrirtækis og að þessi 1.000 manns hafi að meðaltali launin sem við höfum, þingmannslaun sem þykja ekki sérstaklega há, þá þýðir bara það launaveltu í samfélaginu árlega upp á 5 milljarða. Ríkið fær strax þriðjung þess í sínar tekjur. Slíkt fyrirtæki þarf ekki að starfa í ýkja mörg ár til að íslenska ríkið verði búið að fá obbann af þessum 20 þús. millj. í vasa sína. Þetta skulu menn hugsa líka um þegar þeir tala um áhættuna.

Menn skulu heldur ekki gleyma því að þetta fyrirtæki sem móðurfélagið er, Íslensk erfðagreining, hefur skilað gríðarlega miklu í samfélagið og það er líklegt að ný verkefni skapist á vettvangi þess vegna þessa máls sem við erum að ræða hér. Það skulum við líka taka inn í reikningana.

[00:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu stórmál. Mér þætti vænt um að viðstaddir þessa umræðu yrðu hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. en báðir eru þeir í húsi.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sé rétt ókominn. Ég held að óhætt sé að fullyrða að á Alþingi sé engin gleði ríkjandi og engin ánægja í þinghúsinu með frv. sem hér er til umræðu. Það er ekki aðeins vegna þess að miklar efasemdir eru uppi um frv. heldur er það hitt sem veldur ógleðinni að þingmenn gera sér grein fyrir því að þingið er að verða fyrir mikilli niðurlægingu.

Það er ekki rétt að setja allan þingheim undir sama hatt. Auðvitað er það fyrst og fremst stjórnarmeirihlutinn sem lætur ríkisstjórnina og sérstaklega hæstv. forsrh. niðurlægja sig og beygja. Niðurlæging stjórnarmeirihlutans bitnar hins vegar á þinginu öllu.

Í dag höfum við fjallað um þrjú mál sem í sjálfu sér eru stórmál hvert um sig. Í fyrsta lagi fjölluðum við um uppstokkun á stjórnsýslunni á sviði umhverfismála, í öðru lagi frv. sem gerir ráð fyrir því að leggja niður Þjóðhagsstofnun og í þriðja lagi þetta þingmál, 20 milljarða trygging til fyrirtækisins deCODE.

Það sem þessi stórmál eiga sameiginlegt er að þau eru öll seint fram komin og hefur þurft að leita afbrigða til að fá þau tekin til umfjöllunar í þinginu. Einhver kynni að segja að þetta beri vott um slæleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég er ekki viss um að það sé rétt. Ég held að það sé gert með ráðnum hug að láta þessi frv. koma seint fram.

Tvö þessara mála eiga sér samnefnara. Hver skyldi hann vera? Samnefnarinn er hæstvirtur því hann er forsráðherra landsins og heitir Davíð Oddsson. Tvö þessara mála eru nefnilega sérstök gælumál hans. Það var hæstv. forsrh. sem ákvað að Þjóðhagsstofnun skyldi lögð niður. Það gerði hann eftir að Þjóðhagsstofnun hafði vogað sér að setja fram gagnrýni á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þá gerðist hið sama og á sínum tíma á Nýja-Sjálandi þegar þjóðhagsstofnunin þar vogaði sér eftir sex ára þögn að andæfa einkavæðingarstefnu sem þar var fylgt. Einnig hún var lögð niður.

Síðan er það þessi skuldbinding upp á 20 þús. millj. kr. af skattfé Íslendinga. Menn segja að mikið liggi við að koma þessu máli til nefndar svo það fái vandaða meðferð. Vissulega væri það vel ef hugur fylgdi máli, og að sjálfsögðu munum við leggja okkar af mörkum til að svo verði. En ég fullyrði að það verður á brattann að sækja. Hvers vegna? Vegna þess að það er búið að semja um þetta mál. Það er búið að ganga frá þessum málum. Ég minnist ræðu sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson flutti, hvort sem það var hjá Verslunarráðinu, Samtökum atvinnulífsins eða öðrum sambærilegum samtökum, þar sem hannýjaði að þessu máli. Fyrst núna kemur í ljós hvað bjó að baki.

Hvers vegna kemur málið svona seint fram? Er það tilviljun? Nei, það er engin tilviljun. Þetta mál þarf einfaldlega að keyra í gegnum þingið með leiftursókn. Þetta minnir nefnilega á annað mál sem snertir sama fyrirtæki, fyrirtækið deCODE. Á sínum tíma urðu miklar umræður um gagnagrunninn á Alþingi en auðvitað vissum við öll að málin höfðu áður verið til lykta leidd á öðrum vettvangi. Það vissum við þegar hæstv. forsrh. birtist baðaður kastljósum fjölmiðlanna milli forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar og Hoffman la Roche í Perlunni. Þar var gagnagrunnsmálið til lykta leitt. Í þessu felst niðurlæging stjórnarmeirihlutans. Nú er honum stillt upp við vegg. Honum er sagt að heiður hæstv. forsrh. sé í veði, ríkisstjórnin sé í veði, samstarf stjórnarflokkanna í húfi og menn verði að samþykkja málið.

Síðan er komið að öðru, að því að setja menn í hina siðferðilegu spennitreyju og spyrja: Ætlið þið að koma í veg fyrir atvinnuuppbyggingu á þessu sviði? Ætlið þið að vera á móti? Ætlið þið að bregða fæti fyrir þetta góða fyrirtæki? Þannig á að stilla okkur upp við vegg. Það eru þessi vinnubrögð sem valda ógleðinni hjá mönnum í dag.

Herra forseti. Hver hefur þróunin verið í stjórnartíð ríkisstjórna hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar? Hún hefur fyrst og fremst verið í þá átt að innleiða einkavæðingu og markaðsvæðingu á öllum sviðum samfélagsins. Það er ekki bara Pósturinn og Síminn sem hafa verið gerð að hlutafélögum, einnig bankakerfið. Þegar við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og aðrir þingmenn andæfðum þessu og sögðum að fjármálastofnanir ættu að vera í senn þjónustustofnanir við fólk, byggðarlög og fjármálastofnanir, hlógu menn. Menn áttu ekki orð þegar við lýstum því jafnframt yfir að fjármálastofnanir hefðu félagslega ábyrgð gagnvart byggðarlögum og atvinnulífi. Menn sögðu: Þetta er tímaskekkja. Þið tilheyrið rangri öld.

Síðan var hafist handa við að taka lánastofnanir atvinnuveganna og sameina undir einum hatti sem síðan var einkavæddur. Menn tóku til hendinni, einkum á sviði verslunar og þegar upp var staðið var meiri fákeppni og einokun en dæmi eru um í langan tíma. Við höfum hins vegar allaf lagt áherslu á að eðlilegt væri að líta svo á að hlutverk lánastofnana og fjármálastofnana landsins væri m.a. að axla félagslega ábyrgð, stuðla að atvinnuuppbyggingu og taka því ekki þegjandi eða í aðgerðaleysi þegar heil byggðarlög nánast legðust af eða þegar kreppti að byggðunum, fyrirtækin yrðu gjaldþrota og fólk yrði að leggja á flótta. Ég minnist þess þegar talsmenn lánastofnana höfnuðu lánum til

einstaklinga og fyrirtækja á Vestfjörðum og víðar og sögðu: Það er liðin tíð að fjármálastofnanir gangist í ábyrgð fyrir fólk og fyrirtæki sem ekki á veð.

Þetta eru hinar nöpru staðreyndir. Við skulum bara horfast í augu við þær þegar við höfum núna í höndunum frv. sem gerir ráð fyrir því að ríkissjóður verði skuldbundinn til að gangast í ábyrgð fyrir eitt fyrirtæki upp á 20 þús. millj.

Málið gefur ekki fordæmi, segir hæstv. fjmrh. Þegar eru farin að berast bréf frá fyrirtækjum á sama sviði sem óska eftir ábyrgðartryggingu ríkissjóðs. Ég verð að segja, herra forseti, að ég hef fulla samúð með fyrirtækjum víðs vegar um landið, viðkvæmum sprotafyrirtækjum eða fyrirtækjum sem berjast í bökkum og óska eftir tryggu og ódýru fjármagni. Ég hef mikla samúð með þeim.

Ég hef viljað styrkja Byggðastofnun sem lánastofnun sem kemur fyrirtækjum til aðstoðar með ódýru tryggu fjármagni. Mér finnst það eðlilegt. En áður en að ég léti mér til hugar koma að samþykkja frv. á borð við þetta teldi ég það frumskyldu okkar að fara mjög rækilega í saumana á þessu máli. Mér finnst það ótækt ef menn ætla sér að knýja þetta mál í gegnum þingið á fáeinum dögum. Mér finnst það ótæk vinnubrögð. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að gagnvart slíkum vinnubrögðum tel ég réttmætt að stinga niður fæti. Annað væri ábyrgðarleysi gagnvart því fólki sem kosið hefur okkur hingað á þingið, m.a. til að gæta hagsmuna sinna, hagsmuna skattborgarans. Auðvitað leggur maður eyrun við þegar menn byrja að tjá sig um þetta mál. Það eru menn byrjaðir að gera.

Viðskiptablaðið var að koma út. Þar eru þrír aðilar spurðir álits. Einn þeirra heitir Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, virtur hagfræðingur. Hann segir fráleitt að fjármagna verkefnið svona. Ég ætla að leyfa mér að vitna í ummæli hans, með leyfi forseta:

„Yfirleitt er þetta mjög óeðlilegt, því einkafyrirtæki — og þá sérstaklega fyrirtæki í áhætturekstri — ættu undir eðlilegum kringumstæðum að geta fjármagnað rekstur sinn með eigin fé annars vegar og lánsfé hins vegar. Það er yfirleitt mjög slæmt ef fyrirtæki geta tekið lán með ríkisábyrgð, einfaldlega vegna þess að það þýðir að aðhald markaðarins er ekki lengur fyrir hendi, þ.e. hvatinn til að velja á milli góðra og slæmra viðskiptahugmynda.

Fyrir ríkið er þetta líka mjög hættulegt og í raun og veru er staðan þannig að ef vel gengur, þá fær ríkið lítið sem ekkert í sinn hlut, en ef illa gengur getur ríkið og þar með skattgreiðendur tapað stórfé."

Ég er ekki sammála þessari hugmyndafræði. Ég gerði grein fyrir því hér áðan. Mér finnst undir sumum kringumstæðum vera réttmætt að veita atvinnurekstrinum lánsfé, jafnvel áhættufé, að vel athuguðu máli til að stuðla að atvinnuuppbyggingu víðs vegar um landið.

Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, bendir hins vegar á þá áhættu sem í þessu felst fyrir skattgreiðandann og auðvitað hlýtur maður þarna að horfa á stærð upphæðarinnar. Maður hlýtur að gera það. Það er einn þáttur sem þarf að meta vegna þess að þetta er raunveruleg áhætta. Það er staðreynd. Maður spyr sjálfan sig líka í ljósi þess að þetta fyrirtæki er rekið með milljarðahalla á ári hverju. Ég veit ekki hvort þeir eru fimm eða sex. Vonandi rætist úr. Það gæti gert það ef fyrirtækinu auðnaðist að koma á markað lyfjum sem seldust vel. Þá mundi rætast úr. Ef ekki verður skattborgarinn látinn greiða tapið. Ég spyr: Er þarna verið að flækja ríkið inn í vef sem það ekki kemst út úr, það muni gerast með þetta fyrirtæki eins og stundum hefur gerst með önnur fyrirtæki að það sé hreinlega ekki hægt að láta það verða gjaldþrota? Það gæti auðveldlega gerst.

Annar sem spurður er í Viðskiptablaðinu heitir Jón Steinar Gunnlaugsson. Stundum hefur hent að hæstv. forsrh. hlusti á ráð hans, og jafnvel hæstv. fjmrh. líka. Hvað skyldi Jón Steinar Gunnlaugsson, lögfræðingur og hæstaréttarlögmaður, segja? Fyrirsögnin er: Einfaldlega nei. Með leyfi forseta vitna ég í Jón Steinar Gunnlaugsson: „Nei. Svarið við því er einfaldlega nei og það er ekkert frekara við því að segja." Jú, ég held að það sé eitthvað frekara við því að segja. Við skulum skoða þetta mál en við gerum það ekki á 5–6 dögum. Við gerum það ekki á hálfum mánuði. Ef mönnum er einhver alvara með því að málið þurfi að koma sem fyrst til nefndar, efh.- og viðskn. þingsins, til að fá þar skoðun skulum við líka láta þá skoðun koma fram. Þá þarf að leita víða fanga, ekki bara hér á landi. Við munum leita eftir upplýsingum um stöðu þessara fyrirtækja, að sjálfsögðu einnig á erlendri grundu, í Bandaríkjunum. Við munum leita inn á bandaríska verðbréfamarkaðinn sem gerir fyrirtækjum að birta ítarlegar upplýsingar um stöðu sína. Allt verður þetta skoðað, að sjálfsögðu.

Síðan er sjónarmið sem fram kemur hjá Sigríði Ásthildi Andersen lögfræðingi. Hún er með enn eitt sjónarmiðið. Hún segir að þetta skekki samkeppnisstöðuna. Að því viðhorfi hefur reyndar verið vikið aðeins hér þegar menn hafa velt fyrir sér hvað gerist á grundvelli EFTA-samningsins, EES. Ég hef ekki haft sérstaka samúð með því fyrirbæri og stundum viljað láta reyna á þá biblíu betur en gert hefur verið hér. En þetta sjónarmið sem hún lýsir, Sigríður Á. Andersen lögfræðingur, í Viðskiptablaðinu kemur einnig fram frá fyrirtækinu Lyfjaþróun. Þar segir m.a. í bréfi sem fjmrh. hefur verið sent, og fulltrúar í efh.- og viðskn. Alþingis hafa einnig fengið afrit af, með leyfi forseta:

„Til þess að eðlileg samkeppni á jafnræðisgrundvelli verði möguleg við þessar aðstæður fer stjórn Lyfjaþróunar hf. fram á að félaginu verði veitt hliðstæð ríkisábyrgð og framlagt frumvarp fjallar um." — Ballið er rétt að byrja. Verður ekki fordæmi, segir hæstv. fjmrh. í þessu sama Viðskiptablaði og ég hef verið að vitna til. Ja, það á eftir að reyna á það.

[00:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta mál snýst ekki um það hvort þingmenn séu með eða á móti þekkingariðnaði, Íslenskri erfðagreiningu eða eflingu hátækniiðnaðar hér á landi heldur snýst það um hvort aðkoma ríkisvaldsins að þessu máli sé eðlileg og hvort sértækar aðgerðir fyrir einkafyrirtæki séu réttlætanlegar. Þetta mál snýst um það hvort það sé réttlætanlegt, og spurning er í mínum huga hvort stjórnvöld geti leyft sér fyrir hönd skattgreiðenda að taka þá miklu áhættu sem felst í að veita þessa ríkisábyrgð. Á því hef ég allan fyrirvara. Ég hef allan fyrirvara að því er varðar afgreiðslu þessa máls.

Það er alveg ljóst að skattgreiðendur geta tapað gífurlegu fé með þeirri ríkisábyrgð sem hér á að veita. Við höfum verið að fara út í einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum, m.a. til þess að afnema ríkisábyrgð. Við höfum margoft farið yfir það hér að ríkisábyrgð skekkir samkeppnisstöðu, bæði gagnvart fyrirtækjum í sömu grein og í öðrum atvinnugreinum. Maður veltir fyrir sér hvort ríkið eigi að taka áhættuna ef ekki finnast fjármögnunaraðilar hjá fyrirtækjum í einkarekstri sem eru að fjárfesta.

Hér hefur hæstv. fjmrh. sagt að þessi mikla ríkisábyrgð upp á 20 milljarða sé ekki fordæmisgefandi. Engu að síður þurfa menn að velta fyrir sér hvort þetta skekki samkeppnisstöðuna. Ég vitna í sama bréf til hæstv. fjmrh. og síðasti ræðumaður, bréf frá fyrirtækinu Lyfjaþróun hf. sem er í nýsköpun í lyfjaþróun og á sama sviði og væntanlegt fyrirtæki kemur til með að starfa á. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þó að rannsóknir fyrirtækjanna skarist ekki að fullu er augljóslega um að ræða samkeppni um sama starfsfólk og sömu fjárfesta á þessum markaði." Í bréfinu segir að þetta fyrirtæki, Lyfjaþróun, sé að leita að fjárfestum til að taka þátt í fjármögnun á uppbyggingu fyrirtækisins til næstu 3–4 ára og er þessa dagana í viðræðum við erlenda fjárfestingarbanka um að taka að sér útboð á nýju hlutafé í fyrirtækinu. Síðan segir í þessu bréfi til hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Hingað til hefur Lyfjaþróun hf. getað ráðið til sín nauðsynlegt starfsfólk en með aukinni samkeppni sem ekki er á jafnræðisgrunni er hætt við að það eigi eftir að reynast okkur erfiðara. Fyrirtæki sem hefur yfir að ráða miklu og ódýrara fjármagni en önnur fyrirtæki á þessu sviði hefur yfirburðastöðu í samkeppni um starfsfólk."

Síðar segir í þessu bréfi, með leyfi forseta:

„Til þess að eðlileg samkeppni á jafnræðisgrundvelli verði möguleg við þessar aðstæður fer stjórn Lyfjaþróunar fram á að félaginu verði veitt hliðstæð ríkisábyrgð og framlagt frumvarp fjallar um. Lyfjaþróun hf. mun leggja fram gögn um fjármagnsþörf sína ásamt nauðsynlegum fylgigögnum verði viðbrögð jákvæð við þessu erindi. Áætlaður rekstrarkostnaður félagsins til næstu fjögurra ára eru 4 milljarðar kr."

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé reiðubúinn að svara jákvætt ósk og beiðni þessa fyrirtækis um að fá sömu eða hliðstæða fyrirgreiðslu og það fyrirtæki sem á að fara að veita 20 milljarða kr. ríkisábyrgð. Þetta fyrirtæki segir að það fyrirtæki sem við erum að veita ríkisábyrgð muni hafa yfirburðastöðu í samkeppni um starfsfólk og það er eðlilegt að það spyrji hvort það fái hliðstæða fyrirgreiðslu og um það spyr ég hæstv. ráðherra.

Við hljótum að velta fyrir okkur hvort það sé hlutverk ríkisvaldsins að vega og meta hvaða fyrirtæki eigi að skapa hér arðvænleg störf. Öll fyrirtæki skapa störf en er það ríkisins að velja þau fyrirtæki og setja þau í einhverja forgangsröð með ríkisábyrgð? Hingað til hef ég haldið að það væri ekki hlutverk ríkisins, og hefði haldið að það væri líka skoðun stjórnarflokkanna. Hlutverk ríkisins er að skapa samkeppnishæft og arðvænlegt umhverfi fyrir atvinnulífið, t.d. í skattalegu tilliti og með almennum hætti þar sem jafnræði allra fyrirtækja er í fyrirrúmi. Við höfum skapað slíkt umhverfi fyrir fyrirtæki og raunverulega miklu meira en nauðsynlegt var þar sem hvergi eru eins lágir skattar og hér á landi, 18% skattar.

Áhættan við að veita þessa ábyrgð er mikil. Hér hefur komið fram að meta megi þessa ríkisábyrgð til 3–4% lægri lánskjara eða á ársgrundvelli vaxtasparnaði sem nemur 600–800 millj. kr. Talað er um að fyrirtækjaáhættan í lyfjaþróunarfyrirtækjum sé metin allt að þrefalt meiri en meðaltalsáhætta fyrirtækja almennt. Greiningardeild Búnaðarbankans hefur skoðað áhættuþætti í 100 atvinnugreinum og þar kemur fram að 11 atvinnugreinar af þessum 100 eru með meiri fyrirtækjaáhættu en fyrirtæki í líftækni- og lyfjaþróunariðnaði en 87 atvinnugreinar með minni fyrirtækjaáhættu. Við erum að tala um að ríkisábyrgð upp á 20 milljarða kr. samsvari 2,6% af landsframleiðslu. Ég hélt satt að segja að Sjálfstfl. hefði á árinu 1991 horfið frá slíkum sértækum aðgerðum fyrir einkafyrirtæki, t.d. með sameiningu á fjárfestingarlánasjóðunum. Mér finnst þetta sem við erum hér að ræða því lykta af hálfgerðum pilsfaldakapítalisma.

Ef við lítum aðeins á stöðu fyrirtækisins, hver er hún? Það tapaði 4 milljörðum kr. á sl. ári og fyrirtækið hefur í heild tapað um 15–16 milljörðum kr. Við erum að tala um að veita því ríkisábyrgð upp á 20 milljarða kr. og þetta er fyrirtæki með eigið fé upp á 17,5 milljarða kr. Það þýðir, herra forseti, að ef ekki kemur nýtt fjármagn eða ný innspýting inn í fyrirtækið, þá mun eigið fé hrökkva til þess að reka fyrirtækið í þrjú ár ef um sama eða sambærilegt tap yrði að ræða eins og var á sl. ári. Áhættan er því alveg gífurleg að því er þetta fyrirtæki í lyfjaiðnaðinum varðar. Það er því ekki skrýtið að við hrökkvum aðeins við og viljum skoða þetta mál mjög vandlega í nefnd.

Herra forseti. Ég dreg það hreinlega í efa að í nokkru landi geti einkafyrirtæki í slíkum bransa eða einkafyrirtæki almennt fengið svona fyrirgreiðslu eða ábyrgð sem samsvarar 22,6% af landsframleiðslu. Ég spyr hæstv. ráðherra, getur hann nefnt eitthvert land í Evrópu eða ríkisvald í Evrópu sem hafi veitt einkafyrirtæki svo mikla fyrirgreiðslu eins og við erum hér að ræða?

Hæstv. ráðherra nefnir það sem kom reyndar fram í viðtali við hæstv. ráðherra ég held í dag, hann sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Geir sagði að eftir að Alþingi hefði lokið umfjöllun um málið yrði það lagt fyrir Eftirlitsstofnun EFTA til að ganga úr skugga um að málið stæðist kröfur sem gerðar væru í EES-samningnum."

Þetta þýðir með öðrum orðum, og ég bið þá hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef það er ekki rétt, að við munum ekki vita um það fyrr en eftir að frv. er orðið að lögum hvort þetta standist ákvæðin að því er varðar EES-samninginn. Ég spyr: Hefur hæstv. ríkisstjórn, hæstv. ráðherra eða einhver á hans vegum kannað hvaða möguleikar eru á því að þetta standist þær kröfur sem gerðar eru í EES-samningnum? Það er nokkuð sérstakt að vera að afgreiða þetta mál hafandi þá mikilvægu vitneskju í málinu.

Ég vil líka spyrja, herra forseti, hæstv. ráðherra varðandi 1. gr. Eins og orðað er í 1. gr. veitir fjmrh. ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gildar. Hvaða skilyrði yrðu sett sem ráðherrann metur gild sem 1. gr. hljóðar upp á? Væntanlega, og ég spyr um það, verður þá gerður samningur við fyrirtækið og sett skilyrði t.d. sem binda staðsetningu fyrirtækisins hér á landi um einhvern ákveðinn tíma. Og ég spyr: Til hve langs tíma? Er það til svo langs tíma eins og þessi ríkisábyrgð nær, þ.e. til sjö ára? Ég held að mikilvægt sé að fá það fram varðandi framgang málsins.

Ég spyr einnig um lögin um ríkisábyrgð. Þau taka ekki til þessarar ábyrgðar að undanskilinni 5. gr. þeirra laga og hún fjallar um afskriftir þannig að það ákvæði í ríkisábyrgðarlögunum sem fjallar um afskriftir er það eina sem í gildi er ef ég skil málið rétt. Ríkisvaldið er því viðbúið að það þurfi að beita afskriftum að því er varðar þetta lán en mér finnst mjög sérstakt ef ekki er gert ráð fyrir því í afskriftareikningi þegar verið er að taka slíkt lán. Ég get ekki skilið það öðruvísi í frv. og grg. þess að ekkert verði lagt inn á afskriftarreikninginn eins og hér segir, með leyfi forseta: „...ekki talin þörf á sérstöku framlagi á afskriftareikning á þessu stigi." Mér finnst það mjög sérstakt með tilliti til þess að hér er um eigið

fé að ræða hjá fyrirtækinu upp á 17,5 milljarða og þetta er fyrirtæki sem hefur tapað sem samsvarar 15–16 milljörðum og á síðasta ári um 4 milljörðum, að ekki sé talin nein ástæða til að setja neitt á afskriftarreikninginn. Það getur auðvitað ekki þýtt annað en að þeir sem standa fyrir því að veita slíka ríkisábyrgð hafa verulega trú á þessum rekstri og hafa ekki neina trú á að hér sé um verulega áhættu að ræða.

Ég sé heldur ekki að það sé eitthvað mikils virði sem trygging, að ákvæði í skuldabréfinu sem er þess eðlis, eins og hér hefur komið fram, að um er að ræða að umbreytingarskilmálar verði þannig að eigendur skuldabréfanna geti breytt þeim í hlutabréf í deCODE miðað við ákveðið gengi á hlut eða um 18 dollarar, ef ég skil málið rétt, en gengi núna er á bilinu — var ekki talað um 5–6 dollarar? Ég sé ekki að það sé mikils virði vegna þess að það er bara staðfesting á því að þessi viðskiptahugmynd hafi gengið upp ef þessir umbreytingaskilmálar taka gildi.

Herra forseti. Viðbrögð þeirra sem hafa tjáð sig um þetta mál á síðasta sólarhringi eru öll á einn veg. Greiningardeild Íslandsbanka segir að þetta sé ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um minnkun ríkisafskipta í atvinnulífinu. Þetta skapi neikvætt fordæmi.

Vitnað hefur verið til aðila í Viðskiptablaðinu eins og Gylfa Magnússonar sem telur að hér sé um fráleita hugmynd að ræða og segir að hugsanlega geti skattgreiðendur tapað stórfé og segir Gylfi að það sé fráleitt að fyrirtækið geti tekið lán með ríkisábyrgð einfaldlega vegna þess að það þýði að aðhald markaðarins sé ekki lengur fyrir hendi, þ.e. hvatinn til að velja á milli góðra og slæmra viðskiptahugmynda. Hann segir að þetta sé ekki réttlætanleg ríkisábyrgð nema einhverjar mjög sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og hann segir að í geira á borð við lyfjaþróun fari slíkt víðs fjarri.

Jón Steinar Gunnlaugsson segir einfaldlega nei við því hvort skynsamlegt sé og eðlilegt að veita einkafyrirtækjum ábyrgð á lánum og Sigríður Andersen, sem ég man ekki betur en sé starfsmaður Verslunarráðsins, starfsmaður hjá Vilhjálmi Egilssyni, hefur allt á hornum sér vegna þessarar ríkisábyrgðar og telur hana óskynsamlega.

Ef vitnað er í Kauphing, þá segja þeir að þetta sé á skjön við þá þróun sem verið hefur á Vesturlöndum og segja orðrétt, herra forseti, með leyfi forseta:

„Þessi afstaða virðist nokkuð á skjön við þá þróun sem verið hefur á Vesturlöndum undanfarinn áratug en beggja vegna Atlantsála hefur verið lagt kapp á að draga úr aðkomu ríkisins að almennum starfs- og fjármögnunarskilyrðum fyrirtækja. Íslendingar hafa tengst þessu ferli, einkum í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem um margt bindur hendur stjórnvalda til að hygla innlendum fyrirtækjum fram yfir erlend."

Það er ekkert í hendi með að grænt ljós komi á þetta þó að þingið veiti þessa heimild.

Herra forseti. Í heildina tekið hef ég verulegar áhyggjur af því ef svo fer að ríkisábyrgð verði veitt. Við eigum auðvitað eftir að fjalla um málið í efh.- og viðskn. Eins og staðan er nú og málið blasir við mér, þá hef ég allan fyrirvara á því og stuðning við það en við eigum eftir að fara yfir málið í efh.- og viðskn. og fá fram umsagnir ýmissa aðila sem við munum kalla á fund nefndarinnar.

Herra forseti. Ég tel að um svo sértækar aðgerðir fyrir einkafyrirtæki sé að ræða að vart sé réttlætanlegt að fara út í slíka ríkisábyrgð og tel, herra forseti, að það sé mikil spurning hvort stjórnvöld hafi yfirleitt leyfi til þess fyrir hönd skattgreiðenda að veita slíka ríkisábyrgð.

[00:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um heimild til handa fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Til þess að ekkert fari milli mála, herra forseti, þá er ég eindreginn andstæðingur frv. Fyrir tíu árum var sagt: Tími sértækra ráðstafana er liðinn. Nú beitum við almennum ráðstöfunum fyrir atvinnulífið. Þetta var sagt vegna mjög daprar reynslu Íslendinga af sértækum aðgerðum. Við þekkjum sögu Atvinnutryggingasjóðs, Hlutafjársjóðs, laxeldis, refa- og minkaeldis o.s.frv. Við þekkjum líka sögu ríkisbankanna sem voru reknir á núllinu í fjölda ára. Þetta er allt ein sorgarsaga. Síðan hefur kerfisbundið verið unnið gegn sértækum lausnum sem skekkja samkeppni og skemma stjórnun fyrirtækja. Fyrirtæki sem fær styrk þarf ekki að sinna stjórnun, þarf ekki að standa sig, getur verið illa rekið áfram. Þetta er þekkt.

Þegar slík stefna almennra lausna hafði verið rekin í nokkur ár kom blómatíð, góðæri, enda er það í samræmi við kenninguna, herra forseti, að þegar atvinnulífið stendur á eigin fótum, á jafnræðisgrundvelli, þá brestur á góðæri. Frá þessari stefnu eru vissar undantekningar þar sem ekki hefur tekist enn að undanskilja ríkisábyrgð. Nefni ég þar sérstaklega orkugeirann, Landsvirkjun með feiknarlegar skuldbindingar og svo að sjálfsögðu eru það lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs þar sem menn hafa ekki enn þá greitt velferðarkerfi undanfarandi áratuga. En að mestu leyti hafa menn vikið frá stefnu um sértækar ráðstafanir.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum er afturhvarf frá slíkri stefnu. Það er stefnubreyting, herra forseti. Hér er um að ræða sértæka lausn og ekki bara það. Þetta er eintæk lausn því að hún er ekki einu sinni ætluð fyrir hluta af fyrirtækjum, fyrir einhvern landsfjórðung, fyrir einhverja ákveðna stétt eða eitthvað slíkt. Nei, hún er ætluð fyrir eitt einstakt fyrirtæki. Og við það magnast áhættan. Dreifing áhættunnar sem á sér stað þegar við veitum kannski 100 fyrirtækjum sértæka lausn svo að þau fari nú ekki öll á hausinn á sér ekki lengur stað.

Áður en lengra er haldið vil ég undirstrika, herra forseti, að ríkisábyrgð er ígildi og nákvæmlega sama eins og að ríkissjóður veitti viðkomandi fyrirtæki lán. Vegna hvers? Vegna þess að það er alveg sama hver selur þetta skuldabréf með ríkisábyrgð, hvort það er ríkissjóður sem gerir það beint og borgar svo fyrirtækinu, lánar því eða hvort fyrirtækið selur skuldbréfið í umboði ríkissjóðs. Það er reyndar dálítill munur hvað varðar innheimtuna á því, þ.e. ef fyrirtækið gengur svona la la, þá getur vel verið að það gæti borgað ríkisábyrgðina og farið þar af leiðandi nánast á hausinn. En það er ekki meginmunur á þessu.

Herra forseti. Mig langar til að lesa síðu 3 í frv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vöxtur lyfjaiðnaðarins hefur að verulegu leyti átt sér stað hjá fyrirtækjum sem staðsett eru í Bandaríkjunum." — Svo kemur setningin: „Þróun og markaðssetning 1–2 lyfja hafa í mörgum tilfellum haft afgerandi áhrif á rekstrargrundvöll og uppbyggingu einstakra fyrirtækja."

Hvað er verið að segja okkur hér, herra forseti? Það er verið að segja okkur að fyrirtæki framleiði ekkert lyf, eitt

lyf, tvö lyf eða þrjú lyf og ef það framleiðir eitt lyf, tvö lyf eða þrjú lyf þá gangi vel. Þá fer gengið upp í himininn, kannski upp í 60, upp í 100, upp í 200, ekki neina 18 dollara heldur 200 dollara á hlut, þ.e. ef það nær að þróa tvö lyf, ef menn kasta upp teningi og fá upp tvo, herra forseti. Þetta er teningur með þremur hliðum. Þar eru núll, einn og tveir.

Ég efast um, herra forseti, að til sé meiri áhætta. Hér hefur verið rætt um að lyfjaiðnaður sé með arðbærasta iðnaði í heimi. En það er ekki verið að tala um lyfjaiðnað. Við erum að tala um lyfjaþróunariðnað sem er allt annar handleggur og miklu áhættusamari. Það er minni áhætta fólgin í að framleiða lyf sem einhver annar er búinn að uppgötva og borga honum leyfisgjald fyrir. Það er miklu minni áhætta. Það er bara ákveðinn kostnaður, markaðssetning o.s.frv. Maður þarf að borga fyrir leyfið o.s.frv. Það liggur allt klárt fyrir og er ekkert óskaplega mikil áhætta, reyndar dálítil áhætta en ekkert óskaplega mikil. En í lyfjaþróunariðnaði finna menn, eins og stendur í grg.: ekkert lyf, eitt lyf, tvö eða þrjú. Og ef þeir finna eitt, tvö eða þrjú, þá gengur glimrandi. Þá hafa menn unnið í lottó í Monte Carlo fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda.

Við skulum kíkja á hvað gerist með þá sem koma að þessu, þ.e. ríkissjóður með ríkisábyrgð, hluthafar og einhverjir lánveitendur. Ríkissjóður fær ríkisábyrgðargjald á sjö árum. Ef við reiknum með 4% á ári, sem er hámark þess sem menn geta hugsað sér, er það svona um 28% af láninu. Lánveitandinn fær vexti með ríkisábyrgð og þarf ekki að hafa neinar áhyggjur. Hluthafinn fær dúndurávöxtun ef teningurinn fellur rétt, einn, tveir eða þrír, en tapar sínu ef upp kemur núll. En hann átti möguleikann á dúndurávöxtun sem ríkissjóður átti ekki, herra forseti. Ríkissjóður átti bara rétt á 28% að hámarki.

Ég legg til að hv. efh.- og viðskn. skoði að í staðinn fyrir að veita ríkisábyrgð á svona lottói sé keyptur hlutur í því til að ríkissjóður fái alla vega eitthvað fyrir sinn snúð ef það skyldi ganga vel, ef fundin yrðu upp eitt, tvö eða þrjú lyf á þessum sjö árum. Þá fáum við alla vega dúndurávöxtun á peningana eins og hinir hluthafarnir, hinir sem hætta sínu fé.

Síðan segir hérna á bls. 8, herra forseti — mér hefur reyndar ekki gefist mikill tími til þess að skoða þetta — en þar kem ég að því nákvæmlega sama og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir:

„Hvað varðar afskriftarþörf vegna áhættu er, með hliðsjón af sterkri eiginfjárstöðu skuldara, ekki talin þörf á sérstöku framlagi á afskriftareikning á þessu stigi."

En það liggur fyrir um fyrirtæki í rannsóknum og lyfjaþróun, að það tekur þau sex til tíu ár að ná fram hagnaði. Þetta er vitað. Þess vegna þurfa menn að hafa mjög þolinmótt hlutafé. Það brennur upp á tímanum. Það koma ekki tekjur strax. Það varð 4 milljarða tap á síðasta ári hjá þessu fyrirtæki. Það sáu menn fyrir og þykir ekkert voðalegt. En það þýðir það að eigið fé brennur upp á fjórum til fimm árum. En við erum að tala um sjö ár og þá er ekkert eftir þannig að rökin um sterka eiginfjárstöðu eru ekki til staðar.

Herra forseti. Það er sagt að skapa eigi 250–300 störf, vísindastörf og rannsóknastörf. Ég er afskaplega ánægður með þann hluta af þessu verkefni. En við erum að hætta til þess 20 milljörðum, þ.e. 70–80 millj. kr. á hvert starf. Við erum að tryggja 60% af fjárfestingunni, herra forseti. Ég legg til að við auglýsum þetta bara, að við tryggjum 60% af fjárfestingu fyrirtækja sem vilja koma til Íslands, um 70–80 millj. á starf. Ég er nærri sannfærður um að hér myndaðist biðröð af fyrirtækjum og mörg hver miklu áhættuminni en þetta. Ég nefni t.d. fyrirtæki í fjármálaumsýslu sem eru með mjög hálaunuð störf og sérfræðinga. Ætli maður að fara út á þessa braut þá legg ég til að menn geri það með markaðslausnum, bjóði þetta bara upp, auglýsi í bandarískum tímaritum, selji ríkisábyrgð gegn því að fá störf.

Herra forseti. Hvað erum við að gera? Við erum að kaupa starfsemi frá Boston. Við erum að skekkja staðarval. Við erum að rugla markaðinn. Við erum að rugla hina duldu hönd markaðarins. Ég held að Adam Smith hafi sagt þetta. Við erum að gera nokkuð sem er ekki gott, ekki er skynsamlegt. Til þess ætlum við að nota íslenska skattpeninga. Við ætlum að borga 20 milljarða, þ.e. 70 þús. kr. á hvern íbúa, nærri 300 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu á landinu. Þessu ætlum við að hætta til að ná í þessi störf. Þetta eru 2.000 íbúðir, bara til þess að hafa einhverja viðmiðun. Þetta ætlum við nota í mjög áhættusama fjárfestingu, eins og ég gat um, til að fá hingað 250–300 störf. Ég segi, herra forseti: Það er of dýru verði keypt. (**Gripið fram í:** 70 þús. á mann.) 70 þús. á hvern einasta Íslending? Já. Það eru mánaðarlaun eftir skatta hjá fjölda fólks í landinu. Ég er að tala um litlu börnin líka og gamalmennin. (**Gripið fram í:** Loksins fengu sjálfstæðismenn sérfræðing í lyfjaþróun.)

Herra forseti. Eins og ég gat um er ríkisábyrgð sama og ígildi láns án veða og án tryggínga vegna þess að það er bara fyrirtækið sem stendur á bak við þetta. Í raun erum við að fjárfesta og þá skulum við, herra forseti, setja okkur í fjárfestingarstellingar, eins og við værum að fjárfesta. Ég hugsa að sérþekkingu á sviði fjárfestinga sé ekki mikla að finna hér innan sala hv. Alþingis. Hv. þm. stunda ekki mikið fjárfestingar í atvinnulífinu að því mér er kunnugt. En við verðum að setja okkur í stellingar af því að við erum að fjárfesta. Grunnreglan í fjárfestingum er, herra forseti, að maður á að fjárfesta í því sem maður þekkir.

Þekkjum við eitthvað til lyfjaþróunar? Ekki ég, ekki baun. Þá ætti frekar að fjárfesta í demantaslípun eða einhverju slíku. (Gripið fram í.) Ég veit ekkert um lyfjaþróun, ekki nokkurn skapaðan hlut og ég á að fara að taka ákvörðun um hvort ég vilji fjárfesta í lyfjaþróun. Ég veit pínulítið um sjávarútveg. Ég veit af vissum ástæðum dálítið um hugbúnað en ekkert um lyfjaþróun. Ég er búinn að lesa dálítið á netinu í dag af því að mér hafa borist örfá bréf í tölvupósti, sex eða sjö, þar sem mér er bent á viss atriði um lyfjaþróun. Ég er búinn að lesa mér til um þetta. Þetta er óskaplega flókið og ég botna ekkert í því. En ég á samt að taka ákvörðun um að fjárfesta í lyfjaþróun, rottum og músum, öpum og því um líku.

Nei, maður á að fjárfesta í því sem maður þekkir. Við kunnum ekkert á lyfjaþróun. Og hvað gerist? Eru einhverjir Íslendingar sem kunna að rækta rottur, mýs og slíkt? Ég efast um að nokkur kunni það. Við þurfum að flytja allt þetta fólk inn, hvern einasta mann. Alla vega til að byrja með. Þessi 200–300 manns verða ekkert Íslendingar. (**Gripið fram í:** En meindýraeyðar?)

Svo er þetta spurning um dýraverndunarlög. Leyfa þau að menn dýfi apa ofan í ískalt bað til að vita hvort hann þolir ákveðin lyf í ís þangað til hann hálfdrepst? (**Gripið fram í:** Setja apa á ís?) Nei, herra forseti. Þetta frv. gengur út á að skekkja markaðinn, markaðinn sem minn flokkur hefur hingað til staðið vörð um. Það er verið að skekkja markaðinn. Það er verið að rugla hina duldu hönd markaðarins sem á að stýra fjárfestingum á eðlilega braut. Þetta er ekkert annað en það sem reynt var í Sovétríkjunum í 70 ár með heldur

dapurri niðurstöðu. (Gripið fram í.) (**JóhS:** Þú ert ekki í réttum flokki, Pétur.) Eða flokkurinn er ekki ... (**Gripið fram í:** Flokkurinn er ekki með rétta þingmenn.) Það skyldi nú ekki vera.

Nei, herra forseti. Ég hlýt að verða á móti þessu. Þetta frv. gengur ekki upp og menn taka allt of mikla áhættu með þessu. Þetta er í raun óskapleg áhætta sem menn ætla að taka og ég get ómögulega stutt þetta.

Síðan þorir maður varla að spyrja sig: Hvað gerist ef þessi vegferð fer ekki til enda? (Gripið fram í.) Það merkilega er að þessi vegferð sem hafin er hækkaði ekki gengið á deCODE. Menn hafa ekki meiri trú á þessu. Menn meta það svo að það að kaupa viðskiptin eða þessa starfsemi frá Boston til Íslands skili engu. Það er talið svo mikið óhagræði að hafa þessa starfsemi á Íslandi að þessi 20 milljarða ríkisábyrgð breyti í raun sáralitlu.

Nei, herra forseti. Það sem við eigum að vinna að er að gera umhverfi atvinnulífsins á Íslandi enn betra. Við þurfum að skoða allar reglur og skoða skattalög. Við þurfum að sjá hvað við gætum gert þannig að hin dulda hönd markaðarins stýri fjölda hátekjustarfa til Íslands. Það þurfum við að skoða en ekki á þennan hátt, herra forseti.

[00:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég biðst velvirðingar á að ég var ekki alveg undir það búinn að hv. þm. Pétur H. Blöndal lyki svona skyndilega máli sínu. Hv. þm. var á svo prýðilegu flugi að ég hélt að hann mundi halda sér í háloftunum um skeið og var óviðbúinn því að hann lyki máli sínu þó að ég hlýddi á ræðu hans í hliðarherbergi.

Já, herra forseti. Örlög okkar mannanna eru undarleg og okkar þingmanna stundum. Ég mundi m.a. segja að það ætti við þegar við ræðum þetta stórmál við þessar aðstæður á þriðja sólarhring nánast í látlausu fundahaldi án þess að hafa haft færi á að undirbúa okkur og kynna okkur þetta stórmál betur en raun ber vitni. Það er svo sem ekki heiglum hent í sjálfu sér. Þau gögn sem fram eru reidd í málinu eru ekki ýkjamikil. Þingskjalið sjálft er ekki mikið. Það eru tíu bls. á 20 milljarða með stóru letri. Það eru 2 milljarðar á bls. í þessu litla þingskjali sem málið snýst um. Ekki eru reidd fram ýkjamikil gögn um fyrirtækið eða um áform þess, alla vega ekki tölusett eða þannig að auðvelt sé að glöggva sig á því sem hér er í húfi og e.t.v. er það ekki hægt nema að takmörkuðu leyti þar sem þessi starfsemi er þess eðlis og allt málið þannig úr garði gert.

Herra forseti. Ég verð þó að trúa því að t.d. hv. efh.- og viðskn. fái aðstæður til að fara dálítið rækilega ofan í saumana á þessu máli, kalla eftir gögnum, fá til viðtals við sig sérfræðinga úr þessum geira, óháða aðila jafnt sem þá sem fyrirtækinu tengjast, og fái aðgang að bókhaldslegum upplýsingum frá fyrirtækinu þó svo í trúnaði sé. Það væri auðvitað algerlega glórulaust, herra forseti, ef þessi ábyrgð yrði veitt sisona án þess að slíkar upplýsingar lægju fyrir og vitnisburðir þeirra manna sem við treystum til að meta þessa hluti fyrir okkar hönd í efh.- og viðskn. áður en þessi heimild yrði veitt. Þótt aðeins sé um heimild að ræða er það ekki eins og fjmrh. þjóðarinnar sé á hverjum degi falið það verkefni að hafa í hendi sér valdið til að ákveða að skrifa 20 milljarða tékka. Þessi upphæð slagar upp í 10% af árlegum fjárlögum. En þau verða örlög hæstv. fjmrh. ef þetta verður afgreitt svona, þ.e. að sitja með það vald að eiga kannski einhvern tíma eftir að draga upp pennann og skrifa 20 milljarða ávísun. Ekki hafa margar verið skrifaðar sverari, ef svo færi.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að frv. er líka nokkuð sérstakt ef út í það er farið. Fjmrh. fær heimild til að veita ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild. Út af fyrir sig er kannski best að hafa það þannig að hæstv. ríkisstjórn sé bara með þetta, e.t.v. bara hæstv. forsrh. sjálfur sem liggur undir grun um að vera nokkuð áhugasamur um málið, og að ekki sé verið að þvæla öðrum inn í það mál, ekki lögbundnum skilmálum ríkisábyrgðalaga. Nei, því þau eru aftengd. Ekki í samráði við fjárln. eða efh.- og viðskn. Nei, því það er ekki farið fram á slíkt, að þingið axli einhverja ábyrgð með ríkisstjórninni í þessu. Það er bara beðið um að fjmrh. fái þetta vald.

Herra forseti. 2. gr. frv. vekur óneitanlega mikla athygli. Ég hef fylgst nokkuð vel með umræðunni en ég held að enginn hafi enn gert hana sérstaklega að umtalsefni. Ég spyr því hæstv. fjmrh. sérstaklega út í það atriði til viðbótar því að fróðlegt væri að heyra hvernig hæstv. fjmrh. lýsir því sjálfur að eiga það e.t.v. í vændum að fá þennan kaleik á sitt borð. Er alveg óumflýjanlegt að ganga þannig frá málum að mati hæstv. fjmrh. að aftengja lögin um ríkisábyrgð? Þau eiga ekki að eiga við um þessa einhverja stærstu veitingu ríkisábyrgðar í sögunni því að í 2. gr. segir:

„Lög þessi taka þegar gildi ...“ — en það er ekki þar með búið — „og koma í stað ákvæða laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, ...“

Þau eru tekin úr sambandi að undanskildu einu ákvæði þeirra, þ.e. 5. gr. sem fjallar um eftirlitshlutverk samkvæmt þeim lögum, þ.e. eftirlitshlutverk nefndar eða hver það nú er sem fer með þetta verkefni hjá Ríkisábyrgðasjóði eða þar sem um þessi mál er fjallað. Herra forseti. Þetta vekur strax allmikla eftirtekt.

Aðdragandi málsins er að sjálfsögðu ekki sá sem æskilegt hefði verið, þ.e. að menn hefðu haft ráðrúm til að skoða þetta vel og Alþingi hefði síðan haft allrúman tíma til að fjalla um málið og vinna það. Það er engin leið að halda fram öðru en því sem við blasir þó að ýmislegt sé reynt í umræðum. Að ætla að hasta í gegn heimild fyrir 20 milljarða ríkisábyrgð á örfáum sólarhringum er auðvitað yfirgengilegt.

Herra forseti. Ég lét segja mér það a.m.k. tvisvar eins og Njáll forðum að Sjálfstfl. hefði afgreitt það lítilræði á stuttum kvöldfundi að fallast á að leggja fram þetta frv., að þingflokkur Sjálfstfl. hefði ekki þurft nema stuttan kvöldfund til að ákveða að leggja frv. fram, að standa á bak við það og ábyrgjast það. Það gerði að vísu ekki hver einasti maður eins og hér hefur þegar komið fram. En þetta frv. er flutt sem stjfrv. án fyrirvara þannig að að því standa þá báðir stjórnarflokkarnir. Vel að merkja, herra forseti, Framsfl. er ekki alveg stikkfrí heldur þó að menn af eðlilegum ástæðum hafi kannski tilhneigingu til að ræða þetta meira við Sjálfstfl. vegna þess hvernig sá flokkur er sífellt gapandi um að hann sé á móti ríkisábyrgðum og ríkisafskiptum og hafi boðað hér og komið á nýjum tímum í þessum málum öllum saman.

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er ekki í sjálfu sér einna mest hugsi yfir því að þessi flokkur einkaframtaks og andstæðingur ríkisábyrgðar, flokkur samkeppni, flokkur markaðsögunar snúi öllu á haus hjá sjálfum sér. Það má vera hans mál. (**Gripið fram í:** Og ætlaði að selja Rás 2.) Ég er miklu meira hugsi, herra forseti, yfir því hvaða fordæmi hér sé verið að gefa og hvernig þetta í raun er fært sisona án þess að fara rækilega í gegnum hvaða nýja stefna verður þá

við lýði hvað varðar sambærilegan stuðning við alla aðra. Og hvernig svörum við þeim sem á undanförnum árum hafa staðið í stórmerkilegu starfi, þróunarstarfi, rannsóknastarfi, nýsköpun, verið í landvinningum, í útflutningi og enga sambærilega aðstoð fengið? Hvernig svörum við þeim sem ekki eru til í dag, m.a. öllum ósköpunum af litlum fyrirtækjum og meðalstórum sem hafa reynt fyrir sér í nýsköpun, oft í útflutningsgreinum, á landsbyggðinni og orðið að lúta í lægra haldi? Hverju svörum við þeim sem ekki hefur staðið neitt sambærilegt til boða? Jú, ég veit að hæstv. fjmrh. segir að þetta mál sé alveg sérstakt. En hversu sérstakt er það í raun? Jú, þetta er ríkisábyrgð, stór pakki, en í boði er fyrirtæki sem skapar störf í landinu. Hefur það ekki verið áður? Þarna er um að ræða tæknigreinar og hámenntað fólk vinnur þarna. Hefur það ekki verið áður? Hvað með útrás lyfjaiðnaðarins íslenska og allmargra fyrirtækja á sviði lyfjaþróunar, eins og snyrtivöruframleiðslu o.s.frv.? Hafa þau fengið ríkisábyrgðir? Hafa merk sprotafyrirtæki sem jafnvel hafa vakið athygli langt út fyrir landssteinana eins og Össur, Marel, Sæplast og 3X-Stál á Ísafirði? Hafa þau fengið stuðning eitthvað sambærilegan við þetta? Þetta eru allt gríðarlega mikilvæg fyrirtæki, framsækin, nánast alfarið í útflutningi, rammíslensk fyrirtæki, sum staðsett á landsbyggðinni. Þau hafa ekki fengið neina sambærilega fyrirgreiðslu eða meðhöndlun svo ég viti. Ég skal fullyrða það hér vegna þess að ég hef þegar orðið var við mikil viðbrögð í þá átt, að alveg helling af mönnum svíður í hjartað sem hafa gengið milli Pontíusar og Pílatusar, fengið sáralitla eða enga úrlausn mála sinna, vantað smáaura, ekki endilega í formi styrks heldur bara jafnvel lánafyrirgreiðslu til að koma atvinnustarfsemi sinni á fót eða tryggja grundvöll hennar og orðið bónleiðir frá búð að hverfa.

Það eru auðvitað fleiri fyrirtæki á nánast þessum sama markaði. Hvað með erfðatæknifyrirtækið Urði, Verðandi, Skuld? Hvert verður svarið ef það kemur á morgun og bankar upp á hjá ríkisstjórninni? Við ætlum að byggja upp þróunardeild í framhaldi af rannsóknum okkar sem ég hygg að séu gagnmerkar. Hvað með rannsóknastörf jafnvel bara einstakra hópa vísindamanna og lækna? Ef þeir segja á morgun eða hinn: Við viljum gjarnan halda áfram og fá stuðning til að byggja upp starfsemi okkar. Gott og vel, ef við náum utan um það og ráðum við að styðja þetta allt saman skulum við ræða það því ekki ætla ég að gerast einhver andstæðingur þess að ríkið reyni fyrir sitt leyti að stuðla með ábyrgðum og öðru slíku að nýsköpun í atvinnumálum. En það verður að vera eitthvert samhengi í hlutunum. Þar verður að gæta einhvers jafnræðis. Það er ekki hægt að búa bara til nýja reglu sisona og klæðskerasauma hana utan um eitt fyrirtæki. Þótt mig langi til þess er það ekki stjórnsýsla sem á að bjóða upp á í dag. Ég hlýt því að segja, herra forseti, að í ljósi þessa er ekki hægt að horfa fram hjá því að svona ákvörðun verður óhjákvæmilega fordæmisgefandi. Hún gefur tóninn. Hún hlýtur a.m.k. að vera það í öllum þeim tilvikum sem eru eðli máls samkvæmt eitthvað nálægt því sambærileg. Hæstv. fjmrh. verður að viðurkenna að það er engin einasta leið önnur.

Það er að vísu mjög sérstakt í þessu tilviki að um erlent fyrirtæki er að ræða, deCODE genetics Inc. Ég veit ekki einu sinni hvar það á heima. Ég held að það sé einhvers staðar vestan hafs. (**Gripið fram í:** Delawere.) Já, Delawere. Það fer vel á því. Ég hélt kannski reyndar að það væri Connecticut en ekki er verra að eiga heima í Delawere. Þó að þetta eigi að bindast með samningum við starfsemi hér á landi, við hliðina á dótturfyrirtæki þess, er samt staðreynd að um erlent fyrirtæki er að ræða. Að vísu er það þá að veði með eignum sínum á móti.

Herra forseti. Nú er ljóst og ekki um það deilt að áhættan er gríðarleg. Þróun nýrra lyfja getur kostað, segir í greinargerð, eitthvað á bilinu 500–800 millj. bandaríkjadala og tekur yfirleitt fimm til tíu, kannski með nýrri tækni ef vel gengur fjögur til átta ár ef menn ná að hagnýta sér þessa lyfjatækni. 35 milljarða fjárfestingin sem veita á 20 milljarða ríkisábyrgð upp í dugar bara í fyrsta áfanga. Þá er eftir að fjármagna framhaldið til þess að gera verðmæti úr vörunni ef menn ætla að ná alla leið. Menn geta hugsanlega selt einhverjar verðmætar upplýsingar á leiðinni. En ef þeir ætla virkilega að fá sjálft gulleggið í hendurnar er mikið eftir enn. Þá verða 35 milljarðarnir kannski að 70 eða 100 milljörðum. Hvað ætlar íslenska ríkið að gera ef það gengur í þessa ábyrgð? Og svo telja menn sig vera, að henni uppurinni eða þeim peningum sem út á hana er aflað, þ.e. þegar menn eru nokkurn veginn búnir með 35 milljarðana telja þeir sig vera með eitthvað verðmætt í höndunum sem bara vanti herslumuninn á að koma í verð. Verða menn ekki ansi bognir gagnvart því að segja þá: „Nei, við stoppum hér. Þetta voru bara 20 milljarðar sem við lögðum í púkkið"? Er ekki íslenska ríkið í reynd komið með ábyrgð sína á þessu ævintýri öllu saman á herðarnar ef við veitum þessa ábyrgð? Er þá ekki réttast bara að horfast í augu við það? Kannski er það réttlætanlegt. Ég hef miklar efasemdir um að vogandi sé að taka slíka áhættu þó að okkur langi til að veðja á þennan geira, þó að okkur langi til að spila í þessu lotteríi, þessari rúllettu.

En áhættan er gríðarleg. Brottfall fyrirtækjanna er gríðarlegt og í raun ná ekki í gegn nema örfá fyrirtæki af hverjum 1.000 sem reyna fyrir sér á þessu sviði, nema þá stóru risarnir. Það eru nokkrir risar sem eru auðvitað orðnir svo öflugir og sterkir og græða þvílík reiðinnar ósköp á þeim lyfjum sem þeir hafa í dag bundin einkaleyfum að þeir þola hvað sem er og leggja í rannsóknir og þróun fjárhæðir sem eru kannski af stærðargráðu íslensku fjárlaganna. Hin fyrirtækin reyna að veðja á að vinna í happdrættinu, ná einu lyfi inn á markaðinn. Hundruð fyrirtækja og rannsóknarhópa eru auðvitað að reyna þetta en sárafáir ná alla leið vegna þess að brottfallslíkurnar eru svo gríðarlega miklar.

Ríkisábyrgðin er sama sem ríkisaðstoð. Það er viðurkennt í greinargerð með frv. En hún er talin samrýmast evrópskum reglum af því að þær leyfa framlög, hvort heldur er styrki, ábyrgðir eða fyrirgreiðslu til þróunarstarfs og rannsókna að uppfylltum tilteknum reglum. En hér um að ræða ríkisaðstoð. Og hve mikil er hún? Hún er umreiknuð yfir í eitthvað af stærðargráðunni 500–800 millj. kr. á ári á meðan ábyrgðin varir, þessi sjö ár. Það er ekkert smáframlag, herra forseti. Svo er okkur boðið upp á það að kostnaður ríkisins af því að veita þessa ábyrgð er óviss. Það viðurkennir hæstv. ráðherra. Það er í greinargerð frv. og það er vel. Það er ekki verið að reyna að fela það. En það er líka sagt: Það á eftir að ákveða hvort eitthvert ríkisábyrgðargjald verður tekið. (**Gripið fram í:** Hvort? Hvað mikið.) Nú, hvað mikið, já. Hvað mikið? 5 millj., 50 eða hvað? Hér er verið að tala um svo gríðarlega fjármuni hvernig sem á málið er litið, pakka upp á 20 milljarða í ríkisábyrgð, einfalda ríkisábyrgð á bak við þessi skuldabréf sem helst í sjö ár í öllu falli, að hvað verður um hana ef fyrirtækið nær ekki í mark? Og þessa

aðstoð er auðvelt að umreikna yfir í beinan stuðning, yfir í styrk til fyrirtækisins upp á kannski 500–800 millj. kr. á ári. Eigum við að prófa að bjóða þeim það frekar og losna undan þessari ofboðslegu áhættu? Kannski væri bara góður kostur að leggja fram sem styrk 500 millj. á ári í sjö ár — það eru þó ekki nema 3.500 millj. en ekki 20.000 millj. (**Gripið fram í:** Sleppa þá ...) eins og hitt er — og sleppa þá ábyrgðinni. Er það kannski ráð? Eru engar aðrar leiðir í þessu dæmi til að fá þetta inn í landið ef menn vilja keppa eftir því og þessi 250–300 störf sem auðvitað enginn maður gerir lítið úr að væri ánægjulegt að sjá verða til hér? En það getur ekki verið alveg sama hvað það kostar. Það þýðir ekki að nálgast málið þannig. Svo hljótum við líka að velta því fyrir okkur hvílík reiðinnar ósköp gætum við gert fyrir þessar fjárhæðir eða þessar ábyrgðir ef þær væru veittar annars staðar. (Gripið fram í.) Já, þetta eru háar fjárhæðir og ekki er annað hægt en skilja að ýmsum forsvarsmönnum annarra fyrirtækja, þeirra sem eru gengnir upp að hnjám í baráttu fyrir því að skapa atvinnu í byggðarlagi sínu eða halda fyrirtæki sínu á floti, verði um og ó þegar þeir sjá þetta sisona.

Ég fékk tölvubréf frá forsvarsmanni fyrirtækis og lítils byggðarlags langt norður í landi sem hefur gengið milli Pontíusar og Pílatusar, þar á meðal okkar þingmanna kjördæmisins, og beðið um stuðning við sig og byggðarlagið. Og hvað biður hann um frá opinberum aðilum til að bjarga atvinnutækifærum á staðnum? 10 millj. kr. til að bjarga vinnustað sem hlutfallslega er sennilega stærri í viðkomandi byggðarlagi en þessi yrði í Reykjavík. En eru þær til? Getur íslenska ríkið lagt það af mörkum til að draga úr áföllum sem eitt af fámennustu og afskekktustu byggðarlögum landsins hefur þegar orðið fyrir í atvinnumálum? Nei, sennilega ekki. Ja, ég veit ekki. Ég vil auðvitað ekki gerast svartsýnn. En það bólar ekkert á því enn þá, herra forseti, sem þekkir vel til málsins, að hægt sé að bjarga þessu. Þó er búið að reyna í margar vikur og tala við háttsetta menn um málið, forseta Alþingis, iðn.- og viðskrh. og þingmenn kjördæmisins. Það bara situr allt kolfast enda ekki nema 10 millj. (**Gripið fram í:** Ekki nógu arðsamt.) Og áhættan er auðvitað engin ósköp því að þessir aurar færu náttúrlega beint í að greiða þegar áfallnar skuldbindingar, borga fólki laun o.s.frv. Ekki mundi það tapast. Og svo færir formaður Samfylkingarinnar það fram sem sérstök rök í málinu að vera jákvæður, að þessir fjármunir muni ekki gufa upp. Nei, vonandi gufa þeir ekki upp. En það er nú ekki sama hvernig til tekst (Gripið fram í.) þrátt fyrir það að einhverjir menn fái vinnu í einhver ár ef þetta yrði kannski þannig og því miður þannig að þetta gengi ekki allt saman eftir.

[01:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Já, mál það sem hér er fjallað um er afar alvarlegt og það ber að taka alvarlega og gefa því góðan tíma. Í ljósi þess get ég ekki annað en tekið undir gagnrýnisraddir þeirra sem hér hafa talað á undan mér. Það er auðvitað ekki boðlegt, herra forseti, að láta okkur standa hér upp á endann þegar klukkan er langt gengin í tvö og fyrirsjáanlega eigum við eftir að vera hér kannski eitthvað fram á fjórða tímann, jafnvel lengur, að ræða málefni af þessu tagi. Ekki er hægt að ætlast til þess að heilasellurnar í hv. þingmönnum séu í essinu sínu við slíkar kringumstæður. (**Gripið fram í:** Heiður forsrh. er í veði.)

Mál af þessu tagi á auðvitað skilið athygli þingmanna úr því að hæstv. ríkisstjórn ákveður að leggja þetta mál fyrir okkur. Við þurfum því að veita því athygli og við þurfum að gefa því svigrúm og þann tíma sem þarf til að vinna það út í hörgul.

Í máli þingmanna hefur komið fram að þeir séu fúsir að styðja ríkisstjórnina til góðra verka og almennt séð eru þingmenn ákafir um að taka þátt í atvinnuuppbyggingu í landinu og styðja ríkisstjórnina til að gera slíkt. En þegar þetta verkefni er skoðað, herra forseti, þá fara ótal viðvörunarbjöllur af stað og mörg rauð ljós blikka. Þá fer maður að athuga mælaborðið. Hvað er það við þetta mál sem gerir það að verkum að viðvörðunarljósin fara að blikka og bjöllurnar að hringja?

Það er kannski fyrst að nefna, herra forseti, stærðargráðuna. Ekki verður fram hjá því horft að við búum í litlu samfélagi. Hér er um lítið hagkerfi að ræða, fámennan vinnumarkað og hagkerfi af okkar stærðargráðu lýtur allt öðrum lögmálum en t.d. hagkerfi Dana, Hollendinga eða Portúgala. Þarna er ég að nefna þjóðir sem í Evrópusambandinu eru taldar til smáþjóða. Það skýtur skökku við að ætla að líkja hagkerfi okkar og atvinnulífi við slíkar stórþjóðir þannig að stærðargráðan á þessu máli er þess eðlis að maður fær viðvörunarflautur til að hvína.

Það vildi svo til, herra forseti, að ég rakst á í Viðskiptablaðinu fyrir nokkru síðan, reyndar í gömlu eintaki frá því í júlí 1999, athyglisverða grein sem fjallar um merkar uppgötvanir hjá fyrirtæki sem heitir Lyfjaþróun hf. og hefur borið á góma í ræðum hv. þingmanna sem eiga sæti í efh.- og viðskn. Þessi grein Viðskiptablaðsins segir frá fyrirtækinu sem á þeim dögum var eitt af nýjum þekkingarfyrirtækjum í landinu sem hafði þá fengið tvö einkaleyfi á efnablöndum sem auðvelda áttu bólusetningu með nefúða. Segja má að í greininni sé sagt frá því að fyrirtækið megi rekja tilvist sína til eins manns — eins og gjarnan er í þessum iðnaði eftir því sem segir í greininni — dr. Sveinbjörns Gissurarsonar, en hann mun hafa unnið doktorsverkefni sem snerist um insúlíngjöf um nef og ákveðnar aukaverkanir sem af því hlutust og þær leiddu til áhuga Sveinbjörns á að þróa bólusetningu gegnum nefið eða með nefúða. Ég les áfram í greininni, herra forseti, og ég verð áhugasöm um mál þessa litla fyrirtækis. Dr. Sveinbjörn Gissurarson hafði áhuga á að afla sér möguleika eða skilyrða til að vinna áfram að rannsóknum sínum. Hann setur á stofn fyrirtæki, safnar hlutafé og fær húsnæði í Hafnarbúðum við Geirsgötu, 350 fermetra og á þeim tíma sem greinin er skrifuð, í júlí 1999, er verið að ljúka við að búa þetta 350 fermetra húsnæði tækjum. Þá eru fastir starfsmenn níu auk ráðgjafa.

Hugsjónir þessa hóps sem starfaði í lyfjaþróun um mitt ár 1999 eru þær að fá einkaleyfi á efnablöndum sem koma bólusetningunni til skila án þess að lifandi sýklar séu notaðir. Síðan er haldið áfram í greininni og afar fróðlegt er að sjá fyrir sér hvernig þetta fyrirtæki verður til, þetta tíu manna fyrirtæki. Því er ég að rekja þessa sögu hér, herra forseti, að það vakti áhuga minn og athygli, það bréf sem hv. þingmenn efh.- og viðskn. báru fram í umræðunni núna rétt áðan, því að að loknum lestri greinarinnar um Lyfjaþróun hf. fór ég að hugleiða: Hvar ætli þetta fyrirtæki sé núna? Svarið við þeirri spurningu er einmitt að finna í bréfinu sem hv. þm. hafa nú leitt fram í dagsljósið og mun hafa borist þeim í dag. Þar kemur í ljós að Lyfjaþróun er fyrirtæki sem hefur nú 33 starfsmenn ráðna, níu einstaklinga með doktorspróf á sviði lyfjafræði, ónæmisfræði, efnafræði, eðlisfræði, sameindalífræði, sálfræði og lífefnafræði. Þá starfa hjá fyrir-

tækinu læknar, dýralæknir, lyfjafræðingar, lögfræðingur og líffræðingar auk fleiri sérfræðinga.

Áætlanir þessa fyrirtækis, herra forseti, gera ráð fyrir að starfsmönnum muni fjölga verulega á næstu árum og gert er ráð fyrir að þeir verði um það bil 80 eftir tvö ár og allt að 120 innan 4–5 ára. Síðan er getið um það og rakið í bréfinu, herra forseti, hvernig Lyfjaþróun hf. hefur verið fjármögnuð og hvernig hún sér reksturinn til framtíðar.

Ég verð að segja, herra forseti, að allt í sögu fyrirtækisins Lyfjaþróun hf. á miklu betur við innyfli mín, mitt innra, vegna þess að mér finnst þetta vera fyrirtæki sem hefur vaxið á afskaplega eðlilegan hátt. Það hefur vaxið upp af hugviti eins manns sem hefur safnað í kringum sig færum sérfræðingum sem hafa getað stutt við þekkingu hans og kunnáttu á því sviðum sem hann er sérhæfður í. Mér þykir markmið þessa fyrirtækis, að þróa ný lyf, lyfjameðferðir og lyfjaform eins langt og hægt er hér á landi miðað við það starfsfólk og fjármagn sem fæst til slíks verkefnis, vera raunhæft. Ég verð að segja, herra forseti, að öll þessi saga er í miklu réttari takt að mínu mati við okkar litla hagkerfi, við það sem okkar litla þjóð getur solt staðið á bak við.

Verkefni sem við hins vegar ræðum í frv. til laga um heimild handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. er allt annað mál, af allt annarri stærðargráðu, algerlega eins og tunglflaug hafi lent á morgunverðarborðinu hjá okkur. Allar stærðir í því verkefni eru út úr öllu formati sem við í raun og veru þekkjum og sem við getum sagt að við getum myndað einhver lífræn tengsl við. Ég held að þetta sé meginástæðan fyrir því að viðvörunarbjöllur mínar fara að hringja.

Ég get nefnt sem dæmi bara það að Íslensk erfðagreining skuli reisa 15 þús. fermetra byggingu á 11 mánuðum í Vatnsmýrinni þegar það tekur íslenska ríkið sennilega um átta ár að reisa Náttúrufræðihús á sama stað. Náttúrufræðihúsið í Vatnsmýrinni hefur nú reynst þungur baggi á íslenska ríkinu en Íslensk erfðagreining getur drifið upp á 11 mánuðum 15 þús. fermetra húsnæði og það mun hafa kostað 3 milljarða að koma því húsi upp. Ekki nóg með það, heldur þegar það var gert heyrum kunnugt að deCODE, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, hefði keypt fyrirtækið MediChem einhvern tíma í janúar ef ég man rétt, þá var farið að fjalla um að fjárfesta þyrfti í nýrri lóð í Vatnsmýrinni og byggja nýtt stórhýsi. Ég held að nýja lóðin hafi átt að vera um 8 þús. fermetrar. Hvort gert var ráð fyrir því að stærðin á húsnæðinu yrði — það hefur ekki komið fram hversu stórt húsnæðið yrði, en 8 þús. fermetrar ætti lóðin að vera. Hér sjáum við líka svona stærðarhlutföll sem skjóta manni óneitanlega skelk í bringu og styðja við þá sögu sem ég sagði áðan af því litla fyrirtæki, Lyfjaþróun hf.

Ef við skoðum, herra forseti, Íslenska erfðagreiningu örlítið nánar, þá fyndist mér eðlilegt að með frv. fylgdu fylgiskjöl sem gerðu þingmönnum betur grein fyrir því hvar það fyrirtæki stendur. Það er eðlilegt að maður spyrji: Hver er árangur fyrirtækisins t.d. í því starfi sem það hefur verið að sinna á árabilinu frá 1996–2002? Og þá er spurningin hvort árangur fyrirtækisins réttlæti slíka fyrirgreiðslu. Í hvað stefnir fyrirtækið? Hversu raunhæf er sú stefna? Hefur hæstv. fjmrh. fengið mat óháðra aðila á árangri fyrirtækisins og stefnu þess til framtíðar? Er það líklegt út frá mati óháðra sérfræðinga að þetta verði einhvern tíma fugl í hendi? Mér heyrist að hv. þm. Pétur H. Blöndal máli myndina ansi dökkum litum og þó að hann hafi viðurkennt í ræðustóli áðan að hann þekki lítið til lyfjaþróunar, þá virðist sú nasasjón sem hann hefur fengið í gegnum það að kynna sér einhverjar sex netsíður færa honum heim sanninn um að hér sé um gífurlega áhættusaman iðnað að ræða. Þeim mun meiri ástæða er til, herra forseti, að hafa vaðið fyrir neðan sig í einu og öllu og til þess að hafa þéttriðið öryggisnet fyrir neðan sig í slíkum málum, þá þarf maður auðvitað að vinna af alúð og vinna málið lengra en hér virðist hafa verið gert að mínu mati, herra forseti.

Varðandi fyrirtækið Íslenska erfðagreiningu held ég að það sé alveg eðlilegt að við förum ofan í það sem fyrirtækið tilkynnti þegar kaup þessa fyrirtækis, MediChem, lágu fyrir — MediChem Life Science heitir það víst fullu nafni, herra forseti — en það mun hafa verið í byrjun janúar sem Íslensk erfðagreining keypti bandaríska lyfjafyrirtækið MediChem Life Science. Í fjölmiðlum hefur verið skýrt frá því að það sé eins konar brautryðjandi í lyfjaþróun og þjónusturannsóknum fyrir líftækni- og lyfjaiðnaðinn. Íslensk erfðagreining sagði frá því í fjölmiðlum á þessum tíma að þessi kaup mundu auka möguleika fyrirtækisins á því að fylgja uppgötvunum sínum eftir. Allt gott er um það að segja. Markmiðið mun hafa verið að reyna að koma nýjum lyfjum á markað. Í fréttaviðtali sem Bylgjan átti við Kára Stefánsson, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, þann 8. jan. sl. segir varðandi þetta, með leyfi forseta:

„Næsta skref verður að búa til aðstöðu sem brúar á milli erfðafræðinnar sem við erum að vinna núna og þessarar efnafræði."

Þá fer maður að spyrja, herra forseti: Hvað er það nákvæmlega sem er fólgið í lyfjaþróun? Kári Stefánsson afhjúpar það eða segir frá því í þessu viðtali, herra forseti, og ég verð að segja að þegar þetta mál kom upp á okkar borð og við þingmenn fórum að skoða þetta í raun og veru í gærkvöldi kl. 10 þegar málinu var dreift rak mig minni til þess að Kári Stefánsson hefði útskýrt í þessu fréttaviðtali sem ég heyrði á sínum tíma hvað væri fólgið í lyfjaþróun. Ég vitna áfram til viðtalsins við Kára en hann segir, með leyfi forseta:

„Og það sem við þurfum til þess að brúa það bil er að byggja upp vinnu að dýralíkönum og alls konar líffræði."

Síðan talar Kári um þessi 200–300 manns sem störfin muni útheimta. Og Árni Snævarr fréttamaður spyr, með leyfi forseta: „Hvað þarf til þess að þetta muni vera hér á landi?" — Og Kári Stefánsson svarar: „Við þurfum að hafa möguleika á því að fjármagna það á þann hátt sem eðlilegt má teljast ..." — Það er eflaust á þennan hátt sem hér er lagt fyrir sem Kári Stefánsson telur eðlilegt að fjármagna fyrirtækið. Ég set spurningarmerki við það og tel að hv. efh.- og viðskn. verði að fara djúpt í saumana á því hvort það megi teljast eðlilegt að fyrirtæki af þessari stærðargráðu og af þessu tagi sé fjármagnað með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. leggur hérna til.

Horfum frekar á lyfjaþróunina og hvað í henni er fólgið. Kári sagði í viðtalinu við Árna Sævarr að til þess að brúa það bil þyrfti að „byggja upp vinnu að dýralíkönum og alls konar líffræði". Hvað þýðir það? Herra forseti. Svarið kemur fram í öðru viðtali sem haft var við Kára Stefánsson þennan sama dag, 8. jan. 2002, í Ríkisútvarpinu. Kári Stefánsson segir í því viðtali varðandi þessa brú sem á að byggja, með leyfi forseta:

„Efnafræðin sem slík reikna ég með að verði áfram í Illinois en til þess að brúa á milli efnafræðinnar og þeirrar erfðafræðivinnu sem við vinnum hér uppi á Íslandi þarf að setja upp starfsemi sem krefst einhvers staðar milli 200 og 300 manns. Sá möguleiki er vel fyrir hendi að sú starfsemi verði hér uppi á Íslandi. Það yrði spennandi, það yrði skemmtilegt og yrði gott fyrir okkar samfélag." — Og fréttamaðurinn spyr: „Hvaða starfsemi er það?" — Kári Stefánsson svarar: „Það er vinna að dýralíkönum af sjúkdómum, það er vinna með líffræði í frumuvexti o.s.frv. Það er alls konar líffræði og dýravinna."

Herra forseti. Fréttamaðurinn spyr: „Með öðrum orðum, dýratilraunir?"

Kári Stefánsson svarar: „Að hluta dýratilraunir, já."

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að þetta er ein önnur ástæða fyrir þeim viðvörunarbjöllum sem hljóma innra með mér því að þegar ég var ung stúlka og var að byrja að nota snyrtivörur var mér kennt að það væri göfugast að nota snyrtivörur sem ekki hefðu verið þróaðar með neinum tilraunum á dýrum. Ég hef allt til þessa dags reynt, herra forseti, að nota snyrtivörur frá fyrirtækjum sem segjast ekki gera tilraunir á eða styðjast við tilraunir á dýrum þannig að eitthvað snýst við inni í mér þegar ég sé fyrir mér rannsóknastofu á 18 þús. fermetra lóð í Vatnsmýrinni þar sem á að gera tilraunir á dýrum. Hvaða dýrum? Ég spyr eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði í pontu áðan: Eru það apar eða bara mýs og rottur? Eða eru það kettir og hundar? Á að flytja dýrin inn, og hvað svo? Verða þau mikið meidd? Deyja öll tilraunadýr? Allar þessar spurningar koma upp í hugann, herra forseti. Ég fer að spyrja sjálfa mig um siðferði og hvort akkúrat þetta í líftækniiðnaðinum sé eftirsóknarvert eða hvort ég sé bara svona mikil pempía að ég vilji aldrei horfa á dökku hliðarnar. Kannski er það bara það. Ég sé að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kinkar kolli. Herra forseti. Þá er það kannski það en það breytir ekki því að innra með mér líður mér ekki vel yfir þessu.

Mér líður heldur ekki vel yfir því að hér skuli vera um að ræða fyrirtæki sem ég hef alveg ástæðu til að tortryggja því að sl. haust kom í Morgunblaðinu grein um klíníska tilraunir á mönnum. Sú grein var birt í tilefni af því að ritstjórar margra helstu læknatímarita heims höfðu þá sakað lyfjafyrirtæki um að hafa iðulega afskipti af tilraunum með ný lyf og ritstjórarnir voru að reyna að skera upp herör gegn lyfjafyrirtækjunum og vildu að skilgreindar yrðu nýjar siðareglur sem ættu að leiða í ljós hvort t.d. kostunaraðili rannsókna hefði haft áhrif á niðurstöður þeirra. Þetta var stórfrétt í Morgunblaðinu. Daginn eftir kemur lítil klausa í Morgunblaðinu sem hefur fyrirsögnina „Engar klíníska tilraunir með lyf hérlendis". Gott og vel. Þegar fréttin er lesin kemur í ljós að það er upplýsingafulltrúi Íslenskrar erfðagreiningar sem fullyrðir að klíníska rannsóknir séu tilraunir með fólk og það sé nokkuð sem við komum hvergi nálægt á neinu stigi málsins. Örfáum dögum síðar birtist í Morgunblaðinu tilkynning frá Lyfjastofnun þar sem segir að Íslensk erfðagreining hafi sent talsvert margar umsóknir til hennar vegna þess að þar á bæ sé verið að gera klíníska tilraunir á mönnum.

Herra forseti. Þegar öll kurl eru komin til grafar heyrast mér viðvörunarbjöllurnar mínar hljóma af nokkuð mörgum ástæðum. Ég hef reynt að gera grein fyrir nokkrum þeirra hér og vil taka það fram, herra forseti, að ég er alls ekki örugg eða viss hvernig ég á að fóta mig áfram í þessu máli og finnst miður hversu mjög er ýtt á eftir okkur með þetta hér.

[01:38]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það fer ekki milli mála að það frv. sem hér liggur fyrir hefur að geyma töluverða stefnubreytingu af hendi ríkisstjórnarinnar frá því sem verið hefur síðustu 11 ár. Það væri fráleitt annað en að viðurkenna það og fara í gegnum það.

Fyrir 11 árum var kveðið upp úr með það að menn töldu að tími sértækra aðgerða væri liðinn og að við ættum að einbeita okkur að almennum aðgerðum í efnahagsmálum. Við höfum nokkurn veginn farið eftir þessu síðan en þetta frv. er stefnubreyting.

Ég held því fram, herra forseti, að vel kunni að vera grundvöllur fyrir því að breyta þessari stefnu og ég get verið alveg tilbúinn til að fylgja þeirri stefnubreytingu. Ég get viðurkennt að sannarlega megi nefna dæmi um það á undanförnum árum að við höfum kannski verið á of stífum gormum varðandi þetta og að allt í lagi sé að endurskoða stefnuna og setja sér nýjar reglur. Það verða menn þá líka að gera.

Ég hjó eftir því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. sagði í sjónvarpsþætti í kvöld að hann vildi „ógjarnan fá gamaldags biðraðir" og ég get sannarlega skilið hann og tekið undir með honum. Það er hins vegar hætt við því að við fáum gamaldags biðraðir ef við mörkum ekki stefnuna alveg skýrt, hina nýju stefnu, setjum nákvæmlega fram hvaða viðskiptaskilyrði við viljum hafa og hvaða almennu reglur við ætlum þá að hafa fyrir aðra. Við verðum að gera það og ég ætla að allir almennir stuðningsmenn þessarar ágætu ríkisstjórnar muni krefjast þess. Réttast hefði verið að sú stefna fylgdi með þessu frv. og ég vonast sannarlega til þess að áður en þetta frv. verður gert að lögum liggi hún fyrir. Annars gætum við lent í því að við værum að brjóta stjórnarskrá, brjóta hinar nýju reglur sem við höfum haft svo mikið fyrir að halda utan um. Það er mjög nauðsynlegt að gera þetta. Hér eru mjög framsækin fyrirtæki, mikil nýsköpun og mjög mikil gróska og það er áríðandi að við pössum að gæta jafnræðis.

Menn hafa haft áhyggjur af því að við værum með þessu að brjóta ESA-reglur. Ég held að svo sé ekki, herra forseti, en tel ástæðu til að taka fram að við höfum oft séð það — og ég hef verið sannfærður um það lengi — að alls staðar í hinum vestræna heimi, bæði Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, er gríðarleg hræsni í gangi varðandi það að þykjast ekki koma nálægt atvinnurekstri. Allar þjóðir Vesturheims reyna að nýta hvaða tækifæri sem þær eiga til að styðja iðnað sinn, þá ekki hvað síst hátækniiðnaðinn, bæði með hergagnaframleiðslu og ýmsum öðrum ráðum, og svífast sumir einskis til þess. Við sem erum lítil þjóð, örlítil þjóð, minnsta þjóðin af þessum öllum, þurfum að gæta þess þó að það verði að gera það með ákveðnum reglum.

Hins vegar er það við þetta frv. að athuga að mér finnst ákaflega litlar upplýsingar fylgja með því, og ákaflega erfitt að átta sig á því um hvað þetta nákvæmlega snýst. Raunverulega fylgir engin viðskiptahugmynd með, ekkert bisnessplan. Við gerum því skóna, eðlilega, að þetta rannsóknarfyrirtæki vilji reyna að komast lengra í þessari lyfjakeðju og ég lít á það sem ákaflega merkilega og metnaðarfulla tilraun. Ef það tekst — ég veit að áhættan er mikil — er það gríðarlegur ávinningur fyrir Ísland, ávinningur sem okkur hefði ekki dreymt um fyrir nokkrum árum. Ég tek þetta fram vegna

þess að á sínum tíma, þegar við ræddum um miðlægan gagnagrunn, var ég einn þeirra sem voru alveg ófáanlegir til að gleypa þá flugu — og hef ekki skipt um skoðun síðan — en þetta fyrirtæki hefur markað algjörlega ný spor í íslenskt efnahagslíf, gefið mönnum nýja sýn. Það væri eftir gríðarlega miklu að slægjast ef þetta væri hægt, ef við gætum komið þessu fyrirtæki, lyfjaþróuninni, upp á þetta þrep tvö ef við getum kallað það svo sem er greinilega það sem sóst er eftir.

Ég ætla að efh.- og viðskn. þingsins standi nú frammi fyrir mjög erfiðri og flókinni vinnu, að leggja frv. fyrir þingið, fara í gegnum það, kanna þetta eins og hægt er og reyna að átta sig á því um hvað er að ræða. Allir eru sammála um að hér er gríðarleg áhætta á ferðinni. Það er enginn að deila um það og enginn sem efast um það. Þetta eru mjög miklir fjármunir en við fjöllum um mikla fjármuni daglega. Í dag afgreiddum við t.d., herra forseti, frv. um lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Við samþykktum þar hærri upphæðir en gert er ráð fyrir í þessu frv. Deplaði þó enginn auga nema hv. þm. Pétur Blöndal. Hann var einn um það. Við tökum oft mikla áhættu, eigum að gera það og verðum að gera það.

Það er einlæg von mín að efh.- og viðskn. þingsins takist á þeim skamma tíma sem hún hefur þó til stefnu að fara þannig í gegnum þetta, leggja fyrir okkur nógu glöggar upplýsingar um stöðu þessa máls, að við getum séð — sem ég vona — að áhættan sé ásættanleg þannig að þetta geti orðið að lögum þó að um mjög mikla stefnubreytingu sé að ræða, stefnubreytingu sem við verðum að fylgja eftir, eins og ég sagði í upphafi, með mjög skýrri, nýrri stefnu.

[01:46]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst það mjög merkilegur punktur hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að við þyrftum að gera okkur grein fyrir því að hér væri um stefnubreytingu að ræða og ég vil spyrja hann hvernig hann sjái þessi mál ganga fyrir sig. Nú eru víða um land mjög mikil og spennandi verkefni í gangi. Sér hann það fyrir sér að bæjarsjóðir muni fara fram á að eiga möguleika á því aftur að veita bæjarábyrgðir vegna spennandi verkefna í atvinnuuppbyggingu?

Ef við lítum á þetta verkefni fyrir Reykjavík sem slíka, þá er þetta ekki nema eins og lítil borg í einu litlu eða góðu landi í Evrópu. Auðvitað er hér um stefnubreytingu að ræða. Ég tek það fram að ég er ekki á móti ríkis- eða bæjarábyrgðum til þess að ná markmiðum varðandi byggðaþróun og atvinnuuppbyggingu en ég er sammála þingmanninum í því að hér er um prinsippmál að ræða og hæstv. ríkisstjórn verður að gera sér grein fyrir því að það munu aðrir hugsa sér gott til glóðarinnar sem hafa farið halloka í samfélaginu og ekki átt kost á því að byggja upp t.d. spennandi atvinnu sem menn trúa á og mörg eru verkefnin af því tagi.

Þá vil ég spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki að menn muni gera kröfu til þess að stefnubreyting verði í sambandi við bæjarábyrgðir og almennari heimildir hvað varðar ríkisábyrgðir ef menn eru með spennandi verkefni sem þeir vilja fara í, stór og smá.

[01:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get náttúrlega alls ekki gefið tæmandi svar við þessu því að ég hef alls ekki hugsað það til enda eins og gefur að skilja. En meginmálið held ég þó að eigi að vera það að við verðum að fara ákaflega varlega og hafa stakkinn mjög þröngan. Það sé ekki nema í þeim tilfellum þegar við ætlum að um nýsköpun sé að ræða sem geti skotið alveg nýjum stoðum undir efnahagslíf okkar sem við höfum hingað til verið sammála um að þjáist vegna þess hversu einhæft það er. Það sem hefur heillað menn í sambandi við Íslenska erfðagreiningu er náttúrlega fyrst og fremst það að með starfsemi hennar komu til nýir möguleikar, ný sýn á að hámenntaðir Íslendingar ættu möguleika á að nýta þekkingu sína og sérhæfni heima á Íslandi. Þetta var hlutur sem heillaði menn og ekki að ástæðulausu vegna þess að við höfum horft svo lengi til þess að það væri nánast vonlaust að okkar besta fólk ætti möguleika heima á Íslandi.

Þetta held ég að sé hin stóra sýn sem hafi breytt viðhorfum okkar til þess að við megum ekki vera á of stífum gormum varðandi það hvar og hvenær við leggjum fram opinbert áhættufé. Ég ætla að þetta hafi verið breytingin og þetta verðum við að hafa í huga. Ég held að það geti verið okkur hollt en almennt held ég að hér gildi reglan eins og alls staðar annars staðar að við verðum að gæta okkar mjög vel, sérstaklega gagnvart bæjarsjóðum. Bæjarsjóðir hafa allt aðra tekjustofna og allt aðra tilveru og annað hlutverk heldur en ríkissjóður.

[01:50]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég deili skoðun með hv. þm. á því að auðvitað eigum við að eiga möguleika á að skjóta inn og styðja við vaxtarsprota af ýmsu tagi. Það eru margar hugmyndir í samfélaginu en það er víða skortur á fjármagni og það er skortur á ábyrgðum. Þess vegna fagna ég því að þingmaðurinn gefur inn með það að við þurfum að setja í umræðuna hvers konar reglur við ætlum að setja okkur í sambandi við þetta.

En ég er aðallega að hugsa um landsbyggðina og okkur sem þar lifum og hrærumst. Við gerum okkur grein fyrir því að það verður náttúrlega litið vonaraugum til þess ef sú stefnubreyting verður að íslenska ríkið telur sig geta með svona myndarlegum hætti stutt við bakið á nýsköpun. Það eru víða alls konar verkefni sem fólk vill fara í. Nýbreytni í atvinnulífinu á öllum mögulegum sviðum, lyfjaiðnaði jafnvel, snyrtivöruiðnaði og þess háttar. Sums staðar eru slík fyrirtæki komin af stað og auðvitað væri það gulls ígildi hvar sem væri í smáu og stóru ef stefnubreyting yrði hvað það varðaði að hægt væri að styðja við bakið á slíkri uppbyggingu. Auðvitað lítur landsbyggðin mjög mikið til þess hvernig verður tekið á þessum málum varðandi þá framtíð sem menn sjá fyrir sér úti um allt land varðandi atvinnuuppbyggingu.

[01:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við eigum og við viljum reyna að hafa þetta atvinnulíf að sjálfsögðu sem ábyrgast sjálft. Við höfum verið fylgjandi þeirri opinberu stefnu að reyna að láta ríkisvaldið koma þar sem allra minnst að. Við erum að breyta því með þessu frv. og þess vegna hef ég verið að taka það fram mjög skýrt, eins skýrt og mér hefur verið mögulegt, að ríkisstjórnin sem ég styð móti það jafnframt mjög nákvæmlega, annað er ekki hægt, um leið og hún breytir stefnu sinni hvaða stefnu hún ætlar að taka, skilgreini það mjög nákvæmlega, geri grein fyrir því hvaða viðskiptaskilyrði, hvernig og hvenær hún vill framkvæma. Það er lífsnauðsynlegt að slík stefnubreyting fylgi þegar ríkisstjórnin gengur fram fyrir skjöldu með slíkt frv. eins og hún gerir núna. Hún verður krafin þess

og það er eðlilegt að gera það. (**Gripið fram í:** Ríkisábyrgðir hafa aldrei verið meiri heldur en núna.)

[01:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að það hlýtur að vera sársaukafullt fyrir hv. þingmenn Sjálfstfl. að samþykkja frv. miðað við það hvernig þeir tala. Á þessu kjörtímabili hefur það gerst að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur margsinnis samþykkt ríkisábyrgð á bak við endurtryggingar á gervöllum flugflotanum og hefur samþykkt þar með hundrað sinnum meiri ábyrgð en hér er til umræðu.

Hv. þm. er nýbúinn að tala fjálglega fyrir stórvirkjun á Austurlandi sem aldrei hefði verið reist nema vegna þess að ríkið ábyrgist hana. Ég verð þess vegna að segja, herra forseti, að mér finnst það hálfgerð hræsni að heyra í hv. þm. þegar hann kemur hérna og talar um einhverja stefnubreytingu.

Á hvaða grundvelli eru menn að ræða þetta mál? Á grundvelli laga sem hv. þm. samþykkti árið 1997. Hann greiddi atkvæði með lögum um ríkisábyrgð. Hvernig getur verið um stefnubreytingu að ræða þegar í gildi eru lög um ríkisábyrgð? Hver er stefnubreytingin? Ég er ekki viss um að hv. þm. geti útskýrt það hvort um einhverja stefnubreytingu er að ræða. Ég held ekki. Hér er bara um að ræða einhverjar innantökur hjá Sjálfstfl. í þessu máli.

Ég segi það hins vegar fyrir sjálfan mig að mér finnst það koma fyllilega til greina að ríkisvaldið komi að verki þegar um er að ræða að reisa nýja atvinnugrein. Þetta er ný atvinnugrein. Það er ekki að mínu viti hægt að rökstyðja það til hlítar að hér sé um ójafnræði að ræða og þar með brot á stjórnarskrá eins og mér finnst hv. þm. vera að ýja að, en hann er fyrsti þingmaðurinn sem tekur til máls og lætur í veðri vaka að ríkisstjórnin sé e.t.v. að brjóta stjórnarskrána, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ef hann hefði hlustað á ræðu mína fyrr í kvöld hefði hann komist að raun um það að ég reyndi þar að útskýra að frá mínum bæjardyrum séð er ekki verið að beita hérna mismunun eða ójafnaði.

[01:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi þarf ekki að blanda ábyrgðum á flugvélunum saman við þetta. Það er alþjóðlegt vandamál sem allir stóðu frammi fyrir. Um stórvirkjun á Austurlandi lét ég vera að taka til máls, þetta er misminni hjá hv. þm. þannig að það er engin hræsni í mér þegar ég met það svo að um stefnubreytingu sé að ræða.

Mín ríkisstjórn hefur staðið fyrir því að hafa það sem grundvallaratriði að við ætlum ekki að nýta okkur eða notfæra sértækar aðgerðir í atvinnumálum. Það er mjög auðvelt að sýna fram á það að frv. er mjög sértæk aðgerð en ég var líka að halda því fram, herra forseti, að ég gæti vissulega séð það fyrir mér og ég væri jafnvel reiðubúinn til þess að styðja það svo framarlega sem meiri hluti efh.- og viðskn. gæti komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé ásættanlegt. Ég held að það sé alveg ljóst og ég sagði það líka, herra forseti, að það kynni að vera að við hefðum á undanförnum árum verið á of stífum gormum. Við mættum kannski ekki taka svona harðar prinsippákvarðanir heldur yrðum við að meta það og vega hvað hentaði samfélagi okkar á hverjum tíma. Jafnframt hef ég látið liggja að því og hef sagt það alveg skýrt að við eigum um leið og við gerum þetta að skilgreina nákvæmlega, eins nákvæmlega og við getum hvaða skilyrði, viðskiptaskilyrði það eru, hvaða almennar reglur um er að ræða vegna þess að við komum í veg fyrir vandræði með því að skilgreina þetta. Ef við skilgreinum það ekki, þá er ég alveg viss um að við munum fá mikinn fjölda af umsóknum, ábendingum og áskorunum um að ríkið komi inn með ábyrgðir. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir okkur að gera þetta nú.

[01:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sat í ríkisstjórn sem greip til sértækra ráða til þess að hjálpa Vestfjörðum. Vel kann að vera að hv. þm. sem þá var ekki á þingi hafi verið á móti því en það var gert vegna þess að Vestfirðingar neyttu allra ráða til að fá þá aðstoð og fengu hana.

Ég er þeirrar skoðunar og tala þá auðvitað bara sem jafnaðarmaður af hinum klassíska skóla að það sé algerlega verjanlegt að ríkisvaldið komi að því að byggja upp nýjar atvinnugreinar. Það gera menn úti í hinum stóru löndum. Það gera menn t.d. í Bandaríkjunum. Ef þetta fyrirtæki væri reist í Bandaríkjunum, þá er alveg ljóst að það mundi njóta einhvers konar opinberra styrkja, einhvers konar fríðinda sem væru sennilega mun flóknari en það sem við erum að tala um hérna en líkast til ekki nándar nærri eins umfangsmikil. Ég geri mér alveg grein fyrir því.

Ég tel að við þurfum auðvitað sem stjórnmálamenn að taka áhættu. Við þurfum líka að skyggnast inn í framtíðina og við þurfum að reyna að byggja upp atvinnulíf sem er fjölskrúðugt og sem gerir hinni íslensku ætt framtíðarinnar kleift að starfa hér á landi við hátækniframleiðslu sem byggist á mikilli þekkingu og mikilli menntun. Ef okkur tekst það ekki, þá glötum við þessari ætt og þá horfum við einfaldlega fram á það að Ísland mun í framtíðinni verða annars eða þriðja flokks. Við munum ekki halda samkeppnishæfni okkar og þar með munum við tapa okkar besta atgervi. Það þarf ekki að halda langar ræður um til hvers það mun síðan leiða.

Þetta er það sem við þurfum að hafa í huga og þess vegna getum við ekki leyft okkur að kasta þessum möguleika fyrir róða. Ég er ekki að halda því fram að hv. þm. geri það en mér finnst hann ekki tala af nógu mikilli einlægni um málið. Hann kemur hérna, býr sér til skjöld og segir: Ég ætla að styðja þetta ef meiri hluti efh.- og viðskn. styður þetta.

Ætlar hv. þm. að halda því fram að hann geti ekki gefið sér fyrir fram hvað félagar hans í stjórnarliðinu munu gera?

[02:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyndi einar sjö mínútur að gera grein fyrir því að ég hef nákvæmlega sömu skoðun á málinu og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég var að reyna að verja það að við mættum undir ákveðnum kringumstæðum styðja atvinnulífið en við ættum að skilgreina hvernig við gerðum það. Ég sé engan mun á mínum málflutningi og hans þannig að þetta andsvar var þess vegna alveg óþarft. (**ÖS:** Mér tókst það á tveimur mínútum.) Ég hefði kannski getað gert það líka, herra forseti, en ég er ákvað að nota sjö.

Ég gat um að ég vissi að í öllum hinum vestræna heimi væri meiri og minni hræsni í gangi varðandi stuðning við atvinnurekstur. Það er verið að styðja atvinnureksturinn, bæði í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Ég hef oft og tíðum óttast að við, í afstöðu okkar til atvinnurekstrarins og löggjafans, værum kaþólskari en páfinn. Ég hef óttast það og mér hefur oft sýnt það í samskiptum við EES og af allri umræðu um það að við værum kaþólskari en páfinn.

Við ættum fyrst og fremst að hugsa um samkeppnishæfni Íslands, möguleika íslenskra fyrirtækja og reyna að nýta okkur aðstöðu okkar til hins ýtrasta. Ég sé ekki annað en að við séum alveg sammála um þetta. Það liggur fyrir að efh.- og viðskn. fær málin að sjálfsögðu til skoðunar. Nefndin á eftir að fara ofan í þetta vegna þess að okkur skortir náttúrlega heilmiklar grunnupplýsingar. Ég geri mér vonir um að álit meiri hlutans verði jákvætt. En ef þeir komast að annarri niðurstöðu, sem við vitum ekki núna, sem væri neikvæð mundum við lenda í vandræðum með þetta mál. Ég vona innilega, og ég lét það í ljós við minn þingflokk, að þannig mundu mál skipast að við gætum stutt málið.

[02:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um heimild til handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar sem hér hefur verið til umræðu. Það felur í sér að veita móðurfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar, deCODE genetics, 20 milljarða kr. ábyrgð, þ.e. ríkisstuðning. Þetta er stórmál og á vissan er hér til umræðu prinsippmál.

Ég vil í upphafi segja að í sjálfu sér er jákvætt og allt gott um það að segja að þetta fyrirtæki, Íslensk erfðagreining, geti þroskast, dafnað og eflst á heilbrigðum forsendum, bæði hvað varðar innri störf og alla fjármögnun og fjárhagslega uppbyggingu. Það þarf hins vegar að gerast á heilbrigðum, traustum og öruggum forsendum. Þannig eru væntingar mínar í garð þessa fyrirtækis.

Hins vegar hljótum við að líta á þetta mál frá öðrum sjónarhóli. Kannski er rétt að geta þess, virðulegi forseti, að þetta mál er komið hér fram í mikilli skyndingu. Því er dreift hér fyrst í dag á Alþingi og síðan keyrt áfram í 1. umr. án þess að hægt sé að skoða mjög ítarlega það sem hér er lagt fram. Eftir að hafa blaðað í þessu frv. og heyrt mál annarra þingmanna hér hefur komið í ljós að í frv. eru í sjálfu sér sáralitlar upplýsingar um málið. Hér eru almenn orð um almenna þætti í rekstri fyrirtækisins og almennt fjallað um hvernig eigi að ganga frá skuldabréfum. Í frv. kemur í raun hvergi fram hver sé greiðslugeta eða fjárhagslegt ástand fyrirtækisins til að takast á hendur þetta verkefni enda er það algerlega þoku hulið.

Í raun, virðulegi forseti, er eiginlega ekki hægt að taka afstöðu til þessa máls að svo stöddu þegar engin gögn liggja fyrir um það önnur en beiðni um að ríkissjóður veiti þessu fyrirtæki heimild, að þetta fyrirtæki fái ríkisstuðning til að byggja sig upp sem nemur 20 milljörðum kr. Þó er vert að rifja upp það sem hér hefur reyndar áður verið gert í umræðunni, að þetta frv. er flutt af fjmrh. Sjálfstfl., flokks sem hefur haft á stefnuskrá sinni að ríkið ætti ekki að axla með beinum hætti fjárhagslegar ábyrgðir í einstökum fyrirtækjum.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal rifjaði hér upp þau orð hæstv. forsrh. sem fræg urðu þegar hann komst til valda og áhrifa í íslenskum landsmálum. Þá urðu frægar ýmsar setningar hæstv. forsrh. á þá lund að tíma sértækra aðgerða væri lokið og það sem kallað var í sjónvarpsumræðuþætti í morgun „steingrímskan" eða framsóknarmennskan í uppbyggingu atvinnulífs, þ.e. að veita ríkisábyrgðir í stórum stíl.

Í umræðunni hefur verið minnst á að menn sátu í biðröðum til að fá ríkisábyrgðir. Slíku átti að ljúka samkvæmt því sem hæstv. forsrh. sagði þegar hann kom inn í ráðuneytið. (**ÖS:** Hinn Steingrímurinn?) Já, svo koma hinir Steingrímarnir allir. Smám saman, virðulegur forseti, eftir því sem liðið hefur á feril Sjálfstfl. í ríkisstjórn hefur ekki mátt á milli sjá í hvorum væri meiri steingrímska, núv. hæstv. forsrh. eða fyrrv. hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni. Mjög hefur dregið saman með þeim félögum þannig að nú má ekki á milli sjá, og ekki síst þegar við ræðum þetta í dag, hvor er reiðubúinn til að taka á móti lengri biðröðum þegar kemur fram yfir helgina. Þannig er komið hjá þeim félögum. Þeir virðast þar labba í takt.

Þó er vert að geta um þau varnaðarorð sem hér hafa verið höfð uppi um þetta mál. Án þess að ég ætli að gera þau orð að mínum hafa Heimdellingar mótmælt ríkisábyrgð á deCODE sem hér liggur fyrir. Í fréttatilkynningu sem barst frá þeim í dag segir, með leyfi forseta, að stjórn Heimdallar telji það ekki hlutverk hins opinbera að taka þátt í einkarekstri og leggist gegn tillögu ríkisstjórnarinnar um að ríkissjóður ábyrgist útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Þarna er Sjálfstfl. því ekki í takt við það sem ýmsir aðrir í flokknum telja að hann eigi að stefna að.

Áður hefur verið vitnað í ummæli hagfræðinga sem hafa verið á sömu skoðun um að þarna sé farið inn á mjög hættulega braut af hálfu ríkisins. Meira að segja sérlegur ráðunautur ríkisstjórnarinnar um árabil, hæstaréttarlögmaðurinn Jón Steinar Gunnlaugsson, segir í viðtali við Viðskiptablaðið þegar hann er spurður að því hvort það sé eðlilegt að ríkið veiti einkafyrirtækjum ábyrgðir á lánum:

„Nei. Svarið við því er einfaldlega nei og við því er ekkert frekar að segja."

Þetta segir einn aðalráðgjafi ríkisstjórnarinnar og sérstakur ráðgjafi hæstv. forsrh. um árabil.

Sama er uppi á teningnum hjá Gylfa Magnússyni, dósent í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, og sömuleiðis hjá Sigríði Ásthildi Andersen lögfræðingi sem vekur athygli á að þetta skekki verulega samkeppnisstöðu fyrirtækja. Með þessari aðgerð er vissulegar gripið inn í þróun atvinnurekstrar. Verið að velja — ef taka á mark á orðum hæstv. fjmrh. að hér sé um einstaka aðgerð að ræða en aðgerðin sé ekki fordæmisgefandi — einstakt fyrirtæki úr og leggja því til opinbert fé eða opinberar ábyrgðir sem eru ígildi fjárstuðnings í starfi. Þar hafa menn áhrif á eitt fyrirtæki umfram annað.

Í viðtali við Morgunblaðið, í ágætum greinaflokki sem skrifaður var af blaðamanninum Rögnu Söru Jónsdóttur fyrir nokkru síðan, var fjallað um uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi og möguleika þess. Í forustugrein í Morgunblaðinu 30. jan. sl. er einmitt vitnað í viðtöl sem þessi ágæti blaðamaður tók, m.a. við Kára Stefánsson, einn af aðaleigendum Íslenskrar erfðagreiningar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar hugsað er til framtíðar má ekki gleyma að þau íslensku fyrirtæki, sem nú virðast eiga mesta vaxtarmöguleika, hefðu sennilega síst birst í kristalskúlunni hefði hún verið dregin fram fyrir stofnun þeirra. Þar eru sennilega fremst í flokki Íslensk erfðagreining og Össur."

Síðar í greininni er m.a. vitnað beint í Jón Sigurðsson, forstjóra Össurar, með leyfi forseta:

„Öll fyrirtæki sem skapa verðmæti eru góð." Kári Stefánsson tekur í sama streng: „Ég held að það sé afar mikilvægt að ríkisvaldið sé ekki að fikta í atvinnuvegunum." — Samsinnir þessi ágæti maður, Kári Stefánsson.

Það er afar mikilvægt að ríkisvaldið sé ekkert að fikta í atvinnuvegunum, segja þeir. (Gripið fram í.) Samkvæmt greininni virðist þetta hin almenna skoðun og ráð hans til stjórnvalda. Þarna eru gefin ráð og umsögn um hvernig

stjórnvöld skuli starfa. Þar leggur Kári Stefánsson áherslu á að ríkið sé ekkert að fikta í atvinnugreinunum. Áfram er vitnað í Kára Stefánsson í þessari ritstjórnargrein Morgunblaðsins:

„Það er þýðingarmikið að búa atvinnugreinum sem bestan grundvöll, en það er mikill vandi að styðja án þess að skipta sér af og leyfa hlutum að vaxa og dafna."

Þarna er verið að horfa á almenn skilyrði og auðvitað erum við öll sammála því að búa atvinnugreinunum sem bestan grundvöll en ég held að það sé hollt að huga að orðum þessa merka manns, sem hefur sýnt mikið frumkvæði í uppbyggingu á fyrirtæki sínu. Hann leggur áherslu á að ríkið sé ekki að skipta sér af og á að ríkið komi ekki inn og velji eina atvinnugreina umfram aðra heldur eigi ríkið að halda sig frá en búa atvinnugreinunum almenn skilyrði.

Slíkt er er ekki verið að gera hér, virðulegi forseti. Því mætti spyrja hvort ríkisstjórnin gangi hér í berhögg við stefnumörkun þessa fyrirtækis með því að veita því fyrirgreiðslu. Ég vildi draga þetta fram, virðulegi forseti, til áminningar.

Það er vissulega mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að hér er um fordæmisaðgerð að ræða. Þó að hæstv. fjmrh. láti að því liggja og fullyrði hreinlega í blaðaviðtali í dag að hér sé ekki um fordæmisgefandi aðgerð að ræða held ég að það sé mikill barnaskapur að halda slíku fram. Ég þykist vita að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að þetta eru í rauninni bara sögð orð sem ekki er hægt að búast við að standi, og kannski heldur ekki réttlátt. Einn mesti fjármálasérfræðingur þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, kom í ræðustólinn og sagði að það yrði að setja um þetta frekari reglur, ekki væri hægt að taka svona einstakt atriði út og segja: Þetta er bara einstakt, við afgreiðum einstakt atriði í dag og svo afgreiðum við annað einstakt atriði á morgun. Það gengur ekki upp og ég virði það við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að hann gerir sér grein fyrir því að það gengur ekki. Það verður að setja reglur og ég vona að í efh.- og viðskn. verði séð til þess að almennum reglum um veitingu ríkisábyrgða sem taki á þessari breyttu mynd verði komið á með stuðningi hv. þingmanns og fjármálasérfræðings Sjálfstfl., Einars Odds Kristjánssonar. Ég tek undir kröfur hans um það því að það er útilokað að hugsa sér að þetta sé bara einstök aðgerð.

Vissulega er oft þörf á að ríkið komi að og styðji með beinum eða óbeinum hætti uppbyggingu atvinnulífs. Við skulum þá huga að því hvar atvinnulífið stendur veikast fyrir einmitt núna varðandi útvegun fjármagns. Hvar skyldi það vera, virðulegi forseti? Það er einmitt úti um land þar sem bankar og aðrar peningastofnanir gera miklu hærri kröfur til veða á bak við lánveitingar heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er arðsemiskrafan hjá peningastofnunum orðin svo svimandi há að almennur atvinnurekstur á mjög erfitt með að standa undir henni, sérstaklega ef það er ekki sprengidægurbóluatvinnurekstur heldur einhver atvinnurekstur sem byggður er upp til langs tíma. Úti um land vantar einmitt þetta fjármagn.

Peningastofnanir hafa á undanförnum árum, í kjölfar einkavæðingarinnar og hömlulausra arðsemiskrafna, verið að draga við sig almenna þjónustu við atvinnulíf á landsbyggðinni. Þær hafa verið að gera það, virðulegi forseti, með afdrifaríkum afleiðingum. Ég er t.d. hér með fréttatilkynningu um íbúaþróun á landinu á fyrstu þrem mánuðum þessa árs. Íbúum á landsbyggðinni heldur áfram að fækka. Þeim fækkaði um 142 á fyrsta fjórðungi ársins þannig að þróunin heldur áfram. Hvers vegna ætli það sé? Það er vegna þess að atvinnulífið og heimilin úti um land standa ekki jafnfætis höfuðborgarsvæðinu í því að fá fjármagn til starfsemi sinnar. Auðvitað hljóta þau nú að horfa til þess fordæmis sem hér er verið að gefa. Hvernig er hægt að segja við fólk í atvinnurekstri úti um land að það sé eitthvað minna virði eða skipti þjóðina minna máli en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu þó að góð séu? Hvernig er hægt að segja það við fólk á Blönduósi? Ég var á fundi á Blönduósi í dag með sveitarstjórn og atvinnumálanefnd Blönduóss þar sem einmitt kom fram að fjárhagur sveitarfélagsins og þeirra fáu fyrirtækja sem þar eru starfandi er svo bágur að þau hafa engan ákallsmöguleika og eru í krappri vörn, m.a. vegna þess hversu dýrt fjármagnið er. Einn framkvæmdastjóri þar og eigandi eins fyrirtækis sagði: Við horfum með miklum væntingum til þess að frv. sem nú liggur fyrir Alþingi um að veita deCODE ríkisábyrgð verði samþykkt þannig að þá getum við líka sótt um ríkisábyrgðir. Við viljum ekki viðurkenna að við séum neitt minna virði í samfélaginu eða okkar starfsemi skipti ekki jafnmiklu máli og starfsemi atvinnufyrirtækjanna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er mjög skiljanlegt. Fólk og fyrirtæki úti um land mun ekki líða að það verði flokkað niður af hálfu ríkisvaldsins hverjir séu mikilvægir og hverjir ekki, hverjir séu mikilvægir fyrir framtíðarþróun og hverjir skipti engu eða minna máli hvað varðar möguleikana til þróunarstarfs, uppbyggingar og rekstrar.

Tökum ferðaþjónustuna í landinu, ferðaþjónustu úti um allt land, sem á í miklum fjárhagslegum vandræðum en er þó sá atvinnuvegur sem vex núna hraðast. Samkvæmt fréttum í dag skilaði ferðaþjónustan á síðasta ári 38 milljörðum kr. í gjaldeyristekjur og er í öðru sæti. Hve margir sem eru í ferðaþjónustu og vinna þar mjög merkilegt og mikilvægt þróunarstarf eiga ekki við verulegan fjárhagsvanda að stríða, og sérstaklega skort á lánsfé á viðráðanlegum kjörum? Hversu stórt átak væri ekki hægt að gera í ferðaþjónustu vítt og breitt um landið ef fyrirtæki í ferðaþjónustu hefðu aðgang að ríkisábyrgðum sem lækkuðu fjármagnskostnað þeirra um 4–5% í vöxtum og gæfi þeim aukna möguleika? Ferðaþjónustan úti um land er ekki minna mikilvægur atvinnuvegur en við gerum ráð fyrir í uppbyggingu Íslenskrar erfðagreiningar. Fjarri því. Miklar vonir eru einmitt bundnar við þessa atvinnugrein til að efla atvinnulíf úti á landi.

Virðulegi forseti. Um leið og við metum forsendur þessa tiltekna máls gagnvart Íslenskri erfðagreiningu ehf. eða gagnvart móðurfélagi hennar, deCODE genetics, hljótum við að verða að meta þetta mál í heild sinni fyrir atvinnulíf og sprotafyrirtæki um allt land.

[02:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál er vægast sagt dálítið sérstætt, og það er mjög sérstakt en kannski eðlilegt í ljósi eðlis málsins að við skulum ræða það hér í skjóli myrkurs. Mig undrar í raun og veru ekki að við skulum ræða þetta klukkan að verða hálfþrjú að nóttu til. En það eru nokkur orð, virðulegi forseti, sem ég vildi segja um þetta mál.

Í fyrsta lagi setur það mann í talsverðan vanda að þurfa að ræða um fyrirtæki eins og Íslenska erfðagreiningu sem er á markaði, og um leið og við ræðum það hér ræðum við orðstír fyrirtækisins. Við höfum áhrif á fyrirtækið. Við fjöllum óhjákvæmilega um fyrirtækið vegna þess að þetta mál er á dagskrá. Ég tel út af fyrir sig áhættusamt að við skulum ræða

á hinu háa Alþingi fyrirtæki sem er á Nasdaq-markaði, með hinar takmörkuðu upplýsingar sem við höfum. Mér finnst mjög sérstætt að fyrirtækið skuli taka í mál að setja orðstír sinn þannig að veði. Vissulega er eitt aðalatriðið, og kannski það stærsta þegar kemur að verðmæti fyrirtækisins, hver orðstír þess er. Þess vegna er sérstakt að íslenskir alþingismenn skuli vera settir í þá stöðu að þurfa að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að veita þessu fyrirtæki ríkisábyrgð.

Og þá er ekki síður umhugsunarefni, virðulegi forseti, hver staða þessa fyrirtækis er ef Alþingi fellir ríkisábyrgðina. Hver yrði staða fyrirtækisins ef þau skilaboð bærust út á markaðinn að ríkið treysti sér ekki til að gangast í fjárhagsábyrgð fyrir það? Hér eru því hv. íslenskir alþingismenn settir í mjög erfiða stöðu. Þeir þurfa að fjalla um fyrirtæki sem þeir hafa ekki tæmandi þekkingu á. Umræðan getur haft veruleg áhrif á orðstír fyrirtækisins og ef það frv. sem hér um ræðir nær ekki fram að ganga eru það mjög vafasöm skilaboð út á markaðinn. Þó að ég ætli ekki að gerast spámaður í þeim efnum get ég vel ímyndað mér að það hefði slæm áhrif á gengi fyrirtækisins ef þetta mál næði ekki fram að ganga.

Þá komum við líka að því, virðulegi forseti, hvaða spurningum er beint til íslenskra þingmanna. Þeirri spurningu er beint til hv. þingmanna hvort rétt sé að ríkissjóður, að almenningur í þessu landi, gangist í fjárhagsábyrgðir fyrir fyrirtækið, fyrirtæki sem þingmenn hafa mjög litla og takmarkaða þekkingu á. Ég held að menn hafi almennt velvild til fyrirtækisins, menn hafi verið ánægðir með að sjá þá uppbyggingu sem hér hefur farið fram en á móti kemur að við erum spurð hvaða afstöðu við höfum til þess að ríkissjóður gangist í 20 milljarða kr. ábyrgð fyrir fyrirtækið.

Ég held að það sé ekki stórt upp í sig tekið að segja að grundvallarforsendur til að geta tekið þessa ákvörðun sé að þekkja fjárhagsstöðu fyrirtækisins, þekkja hverjir sitja þar í stjórn og hverjir nákvæmlega stjórna ferðinni. Maður hefði haldið, virðulegi forseti, að þegar hæstv. ríkisstjórn rökstyður mál af þessum toga hefðu þessar upplýsingar komið fram í greinargerð. Það er alveg sama hver það er sem ætlar að veita lán gegn tiltekinni ábyrgð, hann hlýtur að leita eftir öllum þeim upplýsingum sem máli skipta þegar kemur að spurningunni um hvort lánið verði greitt til baka eður ei. Hér ættu því eðlilega að liggja fyrir ársreikningar, upplýsingar úr bókhaldi o.s.frv. til þess að við getum tekið afstöðu í þessu máli. Það er stór ákvörðun um að binda ríkissjóð, binda almenning, upp á 20 milljarða. Það er mjög stór ákvörðun. Og mér þykir sjálfum mjög óþægilegt að standa í þessum sporum án þess í raun og veru að hafa mikla þekkingu á því sem ég á að taka afstöðu til.

Þá hef ég ekki síður litla þekkingu á lyfjamarkaðnum í heild sinni og þeirri þróun sem þar er hugsanleg. Eins og fram kemur þó í greinargerðinni virðist manni sem hér sé um gríðarlega áhættumikinn rekstur að ræða. Hér segir að áætlaður heildarkostnaður við þróun nýs lyfs sé á bilinu 500–800 milljónir dala, þ.e. 50–80 milljarðar íslenskra kr. Hér segir líka að stærsti hluti þessa kostnaðar sé sá að áður en lyf kemst á markað eru yfirleitt um það bil 1.000 efnasambönd sem hefur þurft að gefast upp við. Einungis 1 af hverjum 10 lyfjum sem fundin eru upp halda áfram inn í klínískar tilraunir eins og þær eru kallaðar í greinargerðinni.

Hér er með öðrum orðum verið að biðja okkur um að gangast í ábyrgð upp á 20 milljarða fyrir fyrirtæki sem er á markaði þar sem möguleikinn á árangri er að því er mér virðist alveg í lágmarki. Það er í raun og veru verið að biðja um ríkisábyrgð gegn því að við fáum einhvern lottóvinning í óskilgreindri framtíð. Um það er beðið.

Verið er að biðja um slíka hluti án þess að leggja, að mínu viti, fram þær upplýsingar til að við getum tekið faglega á og rætt þetta af nokkru viti. Það er því kannski eðlilegt að við ræðum þetta í skjóli myrkurs með lágmarksgögn í höndunum. Það er í raun og veru eðlilegt í ljósi þess sem hér er á ferðinni.

Einnig er fróðlegt að skoða hvernig fyrirtækinu hefur vegnað því mér virðist fyrirtækið hafa tapað frá árinu 1996 137,7 millj. dollurum eða tæplega 14 milljörðum. Á síðasta ári virðist mér tapið vera 52,6 millj. dollarar eða u.þ.b. 5,3 milljarðar. Ég held að mikilvægt sé að halda því til haga. Það eru rúmlega 25–26% af þeirri ábyrgð sem hér er ætlast til að við tökum ákvörðun um hvort við veitum eða veitum ekki. Ekki er nema von að það standi dálítið í þingmönnum að taka ákvörðun um slíkt.

Þá er ekki síður eftirtektarvert í allri þessari umræðu að enginn sérfræðingur sem ég hef heyrt taka til máls í umræðunni hefur mælt með því að ríkið gangist í ábyrgð, ekki einn. Enginn af þeim sem eiga að hafa sérþekkingu á því sem hér er verið að ráðast í hefur mælt með því að gengið sé í slíka ábyrgð. Og með fullri virðingu fyrir þeirri hæstv. ríkisstjórn sem nú situr, þá hlýtur það líka að vera dálítið sérstæð niðurstaða að hún ein virðist sjá þá möguleika sem þetta býður upp á, hún ein virðist meta það svo að þetta sé áhættunnar virði á meðan enginn sérfræðingur tekur undir það að rétt sé að taka þá ábyrgð, a.m.k. af þeim sem ég hef heyrt í. Vel má vera að eitthvað hafi fram hjá mér farið í þeim efnum, ég skal ekki útiloka það, en af þeim sem hafa tjáð sig og ég hef heyrt í hefur enginn mælt með þessu.

Þá er ekkert skrýtið þó að maður velti því líka fyrir sér hvernig fjármögnun fyrirtækisins fer fram. Hún fer fram á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði og því ættu kjörin fyrst og fremst að fara eftir því hvaða möguleika menn telja að sú viðskiptahugmynd sem hér er verið að fara af stað með gangi upp og hvernig eiginfjárstaða fyrirtækisins er. Það er grundvallaratriði þegar þetta er metið og því hefði maður talið að Ísland væri ekki svo illa staðsett að það skipti sköpum þegar kemur að vaxtakjörum hvar fyrirtækið er sett niður. Það er því ekki nema von að menn hafi velt því fyrir sér í umræðunni hvort vanti ekki talsvert upp á að öll kurl komi til grafar í þessari umræðu.

Þá er ekki síður umhugsunarvert að velta því fyrir sér hvers konar ríkisstyrkur hér er á ferðinni. Hæstv. fjmrh. hefur reynt af megni að halda því fram að um sé að ræða styrk til þróunar og rannsókna og ég held að flestir sem hafa kynnt sér þetta, a.m.k. af þeim gögnum sem hér liggja fyrir og kannski spurst fyrir um geri sér grein fyrir að um fjárfestingarstyrk er að ræða og getur ekki verið neitt annað því hér er fyrirtæki að fara af stað með verkefni sem er ætlað að skila arði þegar fram líða stundir. Það er markmiðið með fyrirtækinu. Það er markmiðið með því að fara af stað með það. Hér er því augljóslega um það að ræða að á ferðinni er fjárfestingarstyrkur en ekki bara styrkur til þróunar og rannsókna. Því verð ég að segja það alveg eins og er að mér þykir ólíklegt að slíkur ríkisstyrkur verði samþykktur af ESA þegar þar að kemur eða Eftirlitsstofnun EFTA.

Þá er líka alveg augljóst að þetta skekkir alla samkeppnisstöðu. Öll mismunun skekkir samkeppnisstöðu. Það er bara í eðli mismununar að skekkja slíka stöðu. Fyrirtækið ætlar að eiga þátt í því að þróa og framleiða lyf. Hversu mikinn

þátt hef ég bara einfaldlega ekki þekkingu til að meta. Sumir tala um að hér séu nokkur stig á ferðinni og fyrirtækið ætli að taka þátt í einhverjum stigum. Hversu langt það ætlar að ganga veit ég ekki um en ýmsir tala um það líka að fyrirtækið ætli að reyna að komast alla leið, sem ég vona að því takist, ég segi það alveg eins og er.

En hér er alveg klárlega í mínum huga um að ræða mismunun sem önnur fyrirtæki munu án efa láta á reyna hvort þau fái ekki slíka aðstoð eða hvort þessi mismunun standist fullkomlega.

Í ljósi þessa alls, virðulegi forseti, hlýtur maður að spyrja hvort það sé siðferðilega réttlætanlegt að þingmenn sem litlar sem engar upplýsingar hafa um þetta fyrirtæki, litlar sem engar upplýsingar hafa um lyfjamarkaðinn — einu upplýsingarnar sem fram hafa komið eru þær að hér er um gríðarlega áhættu að ræða. Það þarf alveg gríðarlegt fjármagn til að koma einu lyfi af stað. Í greinargerðinni, sem ekki er ítarleg eða mikil að burðum þó þar megi að einhverju leyti lesa meiri þekkingu á lyfjamarkaðnum í fjmrn. en ég átti von á, kemur þó fram að líkurnar á því að finna upp lyf séu mjög litlar, brottfall fyrirtækja og tilrauna sé mjög mikið, það þurfi 1.000 efnasambönd að meðaltali, ef ég man þetta rétt, til að framleiða eitt lyf en einungis eitt lyf af tíu halda áfram inn í klíniskar tilraunir.

Þetta er það erindi sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn kemur með inn á þingið og spyr: Er þetta ekki í lagi hjá okkur? Er þetta ekki bara fínt? Getum við ekki farið í þetta? Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég á mjög erfitt með að svara þessu. Ég hef engar forsendur til þess og ég held satt best að segja að það væri miklu eðlilegra að slík ábyrgð í málum eins og þessum væri ekki hjá þinginu, a.m.k. ekki þegar málin koma inn með þessum hætti að þær upplýsingar sem liggja fyrir gera það að verkum að maður hefur engar forsendur til að taka faglega afstöðu til málsins. Það eina sem ég sé í málinu er að áhættan er ógnvænleg. Að baki hverju starfi ef fram fer sem horfir, ef tekst að skapa hér 200 störf, eru 100 millj. í ábyrgð. Ef tekst að skapa 300 störf eru u.þ.b. 70 millj. í ábyrgð á bak við hvert starf. Ef illa fer þarf hver einstaklingur í landinu að standa undir 70 þús. kr. Þetta eru þær spurningar sem við stöndum frammi fyrir og því miður eru upplýsingar alveg í lágmarki.

[02:40]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér hafa staðið yfir miðnættið og inn í nóttina nokkuð merkilegar umræður um grundvallaratriði, merkilegar og áhugaverðar umræður sem hefði verið skemmtilegra að taka undir öðrum kringumstæðum en þeim að þurfa að vera að takast á við þingmál eins og það sem hér liggur fyrir en eru nú óhjákvæmilegar vegna málsins. Um grundvallaratriði segi ég vegna þess að hér hafa menn verið að tala um hvort og með hvaða hætti ríkisvaldið ætti að koma að stuðningi við atvinnulífið, hvort ein aðgerð skapaði fordæmi fyrir aðra, hvort hér sé um stefnubreytingu að ræða að komið er frv. til laga um heimild til fjmrh. að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi í landinu o.s.frv.

Mér hefur líka fundist sú hlið umræðunnar sem snýr að byggðamálum vera einkar áhugaverð og mjög í þeim anda sem ég hef viljað horfa á málin. Verið er að fjalla um byggðaáætlun í iðnn. Mikill ljóður er á því plaggi að það er einungis byggðaáætlun fyrir þá hluta landsins sem eru ekki skilgreindir höfuðborgarsvæði. Ég hef verið á þeirri skoðun, herra forseti, að þegar við tölum um byggðaáætlun eigum við að tala um byggðaáætlun fyrir Ísland og það er sú byggðaáætlun og umræða um þess háttar byggðamál sem mér hefur fundist áhugaverð hér í kvöld. Menn hafa verið að tala um hvernig og þá hvort þetta er rétta leiðin til þess að laða að fyrirtæki í atvinnugreinum sem byggja á mannauði og þekkingu fyrst og fremst og af því að ég kann óþarflega vel, finnst mér stundum, umræðuna um það hvað er mikilvægt fyrir landsbyggðina á Íslandi, hve mikilvægt væri að menn beittu sértækum aðgerðum þar til að fá fyrirtæki sem eru með atvinnugreinar framtíðarinnar en ekki fortíðarinnar til að setja sig niður, þá er dálítið gaman að heyra fólk sem tekur kannski ekki alla jafna þátt í þeirri umræðu ræða þessi mál á forsendum landsins alls og heyra að það eru nákvæmlega sömu orð, nákvæmlega sömu áherslur, við erum að tala um nákvæmlega sömu hluti bara á svolítið öðrum skala.

Ég ætla að segja það strax, herra forseti, að þegar þannig háttar til að okkar litla samfélag, þetta fámenna samfélag sem segir einhvers staðar í texta að sé eilíft kraftaverk, þegar það á þess kost að hér komi erlend fjárfesting af þeirri stærð sem hér er um að ræða, erlend fjárfesting í atvinnugrein sem byggir á þekkingu, atvinnugrein sem við horfum á sem hluta af framtíðaratvinnugreinunum, sem við gerum ráð fyrir að skapi hér afleidd störf sem eru eftirsóknarverð líka, þá vil ég staldra við, skoða málið opnum hug og vera jákvæð þótt ég viðurkenni að ég hafi ekki öll svörin. Ég vil þá leita þeirra á jákvæðan hátt vegna þess að mér finnst skipta miklu þegar slíkt tækifæri gefst að við leitum leiða til að nýta það.

Við vitum öll að íslenskt atvinnulíf skortir erlenda fjárfestingu. Við vitum að það hefur verið mjög erfitt að fá erlend fyrirtæki til þess að fjárfesta hér. Menn eru meira að segja nokkur vissir um að enda þótt fjöreggið sjálft, sjávarútvegurinn væri þannig settur lagalega að erlendir aðilar mættu fjárfesta þar þá er spurning hvort nokkur liti við honum. Af hverju? Jú, það er svo mikil áhætta að fjárfesta á örmarkaði sem býr við örgjaldmiðil. Þess vegna hefur okkur, herra forseti, ekki tekist að ná erlendri fjárfestingu inn í landið nema í algjörum undantekningartilfellum og ef það er eitthvað sem skiptir máli þá hefur það aldrei gerst öðruvísi en með ákveðnum ívilnunum. Þess vegna finnst mér umræðan um stefnubreytingu og andstöðu við sértækar aðgerðir sem hér hefur farið fram svo fyndin. Ég velti stundum fyrir mér: Heyrðu, bíddu, erum við ekki öll í sama samfélaginu, samfélagi 290 þúsund manneskja sem búa á Íslandi? Vorum við ekki öll hérna 1997 þegar lögin um álbræðslu á Grundartanga t.d. voru samþykkt? Það er lagabálkur með endalausum undanþágum frá íslenskum lögum, skattalögum sem og öðrum til þess að það fyrirtæki gæti komið sér fyrir hér sem haganlegast. Við erum með mýmörg svona dæmi.

Herra forseti. Fyrir liggur að þegar okkur hefur gefist kostur á erlendri fjárfestingu sem okkur hefur fundist að væri veigur í fyrir íslenst atvinnulíf, íslenskt efnahagslíf, þá hafa menn verið tilbúnir í sértækar aðgerðir. Það er staðreynd málsins. Menn þurfa því ekkert að vera með neinn tepruskap í kvöld fyrir sértækum aðgerðum. Menn þurfa heldur ekki að tala um stefnubreytingu.

Á meðan til eru lög um ríkisábyrgðir er sú stefna væntanlega í gangi að þær sé hægt að veita. Af því að menn hafa verið að tala um að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafi á einhverjum tíma sagt að tími hinna sértæku aðgerða væri liðinn, hvort það var rétt á undan eða eftir Vestfjarðaaðstoðinni man ég ekki, þá er ljóst að auðvelt er að sigla eftir slíkum

áttavita þegar efnahagslífið er í bullandi uppgangi. Þegar hlutafjármarkaðurinn er að springa út og mörgum finnst hann spennandi og vilja taka þátt í honum, þegar bankarnir eru útbærir á fé m.a. vegna þess að eigið fé þeirra var aukið, þegar uppgangurinn er þannig að menn eru fullir bjartsýni þá er hægt að segja svona hluti. Það er hins vegar spurning hvort stjórnmálamenn eigi að segja svona hluti vegna þess að menn þurfa líka að hafa augu í hnakkanum og átta sig á því að það heyrir ekki allt upp á sama daginn í íslensku atvinnulífi eða íslensku efnahagslífi og einn góðan veðurdag kemur að því að menn þurfa að horfast í augu við að það sem þeir einu sinni héldu að mundi aldrei verða þeirra hlutskipti er allt í einu orðið það.

Herra forseti. Nú háttar einmitt þannig til að efnahagslíf okkar er ekki í þeirri bullandi uppsveiflu sem það hefur verið undanfarin ár og hæstv. ríkisstjórn og við öll viljum gjarnan finna leiðir til þess að koma í veg fyrir að hér verði samdráttur sem kemur mjög harkalega við heimilin í landinu eða atvinnulífið. Þess vegna erum við tilbúin til þess að skoða hluti eins og þessa. Þess vegna vorum við líka tilbúin til þess fyrir örfáum dögum síðan að horfa til þess að fyrirtæki eins og Landsvirkjun sem er að hálfu ríkisfyrirtæki fengi ríkisábyrgð upp á 118 milljarða, einfalda ábyrgð eins og hér er verið að tala um upp á 20 milljarða. Allt er þetta, herra forseti, vegna þess að við erum tilbúin til þess að horfa á þessa hluti jákvætt, af því að við erum meðvituð um að þegar þarf að spýta í í efnahagslífinu þá taka menn ákvarðanir sem geta leitt til þess. Það er engin stefnubreyting. Það er bara lífið eins og það hefur alltaf gengið fyrir sig í þessu landi. Þegar menn búa við aðstæður eins og á Íslandi þar sem hagkerfið er lítið, fyrirtækin smá og oft þarf að beita afli hins opinbera til að gera hlutina vel, til að gera þá eins vel og við helst vildum þá eiga menn ekki að vera með þennan tepruskap. Menn eiga bara að viðurkenna að ef þeir ætla sér að takast á við hlutina á hverjum tíma eins og þeir eru þá þurfa þeir bæði að vera tilbúnir til þess að veita ríkisábyrgðir og beita sértækum aðgerðum þess vegna. Menn þurfa sem sagt að vera tilbúnir til þess að lifa við þær aðstæður sem þeim eru skapaðar.

Menn velta fyrir sér: Af hverju ríkisábyrgð vegna þessa fyrirtækis? Er það vegna sérstöðu fyrirtækisins eða er það vegna sérstöðu starfseminnar? Jú, eftir því sem fram hefur komið er það vegna sérstöðu þessarar starfsemi sem er nánast einstök hér og fágæt á Norðurlöndum, jafnvel fágæt í Evrópu. Menn velta líka fyrir sér hvort ástæðan sé bara sérstaða hins íslenska samfélags og okkar örsmáa markaðar og það er auðvitað hluti af svarinu. Það er hluti af því svari sem ég hef verið að fara yfir að við höfum jafnan þurft að beita sértækum aðgerðum ef við höfum ætlað að laða til okkar erlenda fjárfestingu sem skiptir máli.

Herra forseti. Nú er ég ekki að segja að ég sé tilbúin til þess að styðja þetta mál án tillits til þess hvað kann að koma fram í efh.- og viðskn. sem á eftir að fara yfir málið. Auðvitað er það laukrétt sem hér hefur komið fram að eins og staðan er núna höfum við ekki miklar upplýsingar, enda er þetta 1. umr. málsins. Það nýkomið fram og var tekið á dagskrá með afbrigðum. En nefndavinnan er eftir og út úr efh.- og viðskn. kemur væntanlega niðurstaða sem er byggð á meiri þekkingu en þeirri sem við teljum að við höfum í kvöld, þekkingu sem við teljum okkur vanta nú. Eins og ég sagði, herra forseti, finnst mér eðlilegt þegar tækifæri sem þetta býðst að menn horfi til þess jákvætt og leiti þeirra leiða sem færar eru til þess að mögulegt verði að fá erlenda fjárfestingu inn í landið sem leiðir af sér störf og verkefni sem byggja á þekkingu, sem byggja á mannauði og sem geta leitt til meiri fjölbreytni í atvinnulífi okkar.

Í greinargerð frv. er nokkuð fjallað um ástæður aðkomu ríkisins að málinu. Þær liggja nokkuð saman við þær aðstæður sem eru raktar sem hinar sérístensku aðstæður. Ég hef svo sem litlu við það að bæta öðru en því sem ég hef þegar sagt. Menn hafa svolítið talað um það í kvöld að þessu fylgi mikil áhætta og auðvitað er þetta áhætta. Mér finnst hún samt ekki eins mikil og ýmsir hér hafa reifað. Ég er ekki eins hrædd við hana eins og mér finnst margir vera. Þegar menn spyrja hvort stjórnvöld hafi leyfi til að binda skattborgarana með þessum hætti þá er ég allt eins til í, herra forseti, að spyrja: Hafa stjórnvöld leyfi til að hleypa svona tækifæri fram hjá sér? Mér finnst það líka vera spurning sem við þurfum að svara.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið fer nú fram algjör frumumræða þessa máls. Kannski eiga eftir að koma fram upplýsingar sem gera það að verkum að málið er óaðgengilegra en mér sýnist það vera á þessari stundu. Kannski gerist hið öndverða. Það kemur í ljós þegar við sjáum það nefndarálit sem kemur frá efh.- og viðskn. En að mínu mati er ekki bara ástæða til að leggja dálítið á sig til að fá fyrirtæki og starfsemi framtíðarinnar út á land. Það er líka hægt og á að leggja dálítið á sig til að fá fyrirtæki og atvinnustarfsemi framtíðarinnar til Íslands frá öðrum löndum og það er hér verið að gera.

[02:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er áliðið nætur. Það hefði verið heppilegra að ræða þetta mál í dagsljósi eins og við lögðum til. En eins og við vitum er það ríkisstjórninni kappsmál að koma þessu máli til nefndar fyrir nefndadaga. Við höfum þegar gagnrýnt hvernig staðið er að málinu og ætla ég ekki að orðlengja um það.

Hér hafa ýmis sjónarmið komið fram við umræðuna. En áður en ég hef mitt mál sem þó verður ekki langt, langar mig til að koma á framfæri einni örlítilli leiðréttingu. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vísaði til atkvæðagreiðslu sem fram fór fyrr í dag — eða var það í gær? — um nokkur frv. sem snerta Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og sagði að þingheimur hefði samþykkt þessi frv. án þess að depla auga, eins og hann komst að orði, að einum þingmanni undanskildum, hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég held að hann hafi sagt að við hefðum verið að samþykkja milljarða fjárskuldbindingar, (Gripið fram í.) jafnvel stærri og meiri fjárskuldbindingar en nemur þessum 20 milljörðum kr. Staðreyndin er sú að þessi frv. hafa flest engar fjárskuldbindingar í för með sér, engar greiðslur úr ríkissjóði að undanskildu einu sem lýtur að starfsaldri lögreglumanna. Þar er verið að stíga mikið framfaraspor og lækka aldurstakmörk þau þegar lögreglumenn geta hætt störfum eða eiga að hætta störfum niður í 65 ár. Þetta mun að öllum líkindum hafa í för með sér 30–40 millj. kr. aukin ríkisútgjöld næstu fimm ár. Það er nú allt og sumt. Þar erum við að stíga mjög mikilvægt framfaraskref og skipa okkur á bekk með öðrum þjóðum þar sem starfsaldur lögreglumanna er miklu lægri en hann er hér.

Hin frv. sem hv. þm. Pétur H. Blöndal greiddi atkvæði sitt gegn, staðfastur í andstöðu sinni við lífeyrissjóði, lúta að barna- og makalífeyri. Verið er að staðfesta vinnubrögð eða

lögfesta öllu heldur vinnubrögð lífeyrissjóðsins um langan tíma. Einnig er verið að skjóta lagastoð undir þá framkvæmd lífeyrissjóðsins að hægt sé að ákvarða viðmiðunartekjur þeirra sem standa utan kjarakerfis opinberra starfsmanna þannig að þeir geti ekki skammtað sér um of lífeyrisgreiðslur. Það er því verið að koma böndum á þetta. Þetta er allt og sumt sem þarna var að gerast og væri æskilegt að alþingismenn kynntu sér málin betur en þessir ágætu hv. þm. hafa greinilega gert.

Varðandi þetta mál hafa mörg athyglisverð sjónarmið komið fram. Svo ég haldi mig við ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þá hafði hann vissulega uppi efasemdir en sagði þó að sennilega hefðu menn á liðnum árum verið heldur stífir á gormunum, harðir á prinsippunum, of prinsippfastir og nú væri mikilvægt að setja skýrar reglur ef farið yrði inn á þá braut að veita ríkisábyrgðir fyrir lánum til fyrirtækja. Vel kann að vera að það sé nauðsynlegt ef fara á inn á þá braut sem ég er ekki að mæla gegn, að atvinnufyrirtækjum verði veittur stuðningur. Ég hef oft talað fyrir því þótt ég hafi efasemdir um þetta tiltekna mál og meira en litlar efasemdir.

Aðeins varðandi þessa prinsippfestu, þá hefur það ekki verið vandamál þessarar ríkisstjórnar að hún hafi verið of prinsippföst því hún hefur verið afskaplega laus við öll prinsipp. Þegar kemur að því að hygla fjármálamönnum og ýmsum fjármálafyrirtækjum þá held ég að sé leitun að ríkisstjórn í sögu síðustu áratuga sem hefur gengið lengra en þessi ríkisstjórn hefur gert. Þar vísa ég í einkavæðinguna, söluna, sem svo átti að heita, á Áburðarverksmiðju ríkisins svo dæmi sé tekið þar sem fjármálamönnum var færð þessi eign nánast á silfurfati ef ekki með meðgjöf. Taka má fjölmörg önnur dæmi sem sýna einmitt skort á prinsippfestu.

Eins og ég sagði þá ætla ég ekki að hafa mörg orð undir lok þessarar umræðu. Ég hef komið sjónarmiðum mínum á framfæri og það höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert. Við höfum látið í ljós mjög miklar efasemdir um þetta frv. Sá ótti sem býr í okkar brjósti snertir einmitt prinsippin og prinsippfestuna. Það sem veldur óneitanlega áhyggjum er hvernig þetta mál allt saman ber að. Greinilegt er að hæstv. forsrh. hefur gengið til samninga utan þingsins. Hann hefur heitið þessu fyrirtæki fyrirgreiðslu og síðan gerist það að þingflokkum ríkisstjórnarinnar er stillt upp við vegg. Það gerðist í gær þar sem þeim er gert nánast að fara að vilja hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Það er þetta sem vekur óhug, þessi skortur á prinsippfestu og prinsippum. En nú verður látið reyna á hvaða tökum menn vilja taka þetta mál. Það fer til efh.- og viðskn. Alþingis til umfjöllunar og verður látið reyna á viljann til að taka málefnalega á þessu máli.

[03:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að hafa örfá orð um þetta mál hér í lok umræðunnar. Ég vil taka fram að Íslensk erfðagreining er fyrir margra hluta sakir spennandi fyrirtæki sem veitir mörgu hámenntuðu fólki atvinnu. En á sama hátt og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um fyrr í umræðunni tel ég að þetta snúist um grundvallaratriði. Ég er ekki andvígur því að veita ríkisábyrgðir en ég held að við verðum að staldra við og sjá hvert við ætlum með þessi mál og skapa reglur sem væru altækar.

Ég vil taka undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur en hún gat um það í ræðu sinni að umræðan hefði þróast á líkt og umræða um byggðamál oft þróast þegar talað er um að grípa þurfi til sértækra aðgerða. Við hljótum að fylgjast með þessu máli af gríðarlegum áhuga, sérstaklega við sem búum úti á landi. Tökum sem dæmi eldi nytjastofna sjávar. Í þeirri grein t.d. erum við Íslendingar fremstir í flokki hvað varðar lúðueldi.

Við framleiðum nú 70% af þeim lúðuseiðum sem framleidd eru í heiminum en staða greinarinnar er þannig að langmest af þessari framleiðslu er selt úr landi vegna þess að fjárfestingarkostnaður í áframeldi er talinn svo mikill hér á landi að menn treysta sér ekki í það. Ég er hér um bil viss um að ef þeir sem eru í þessum bransa mundu eygja möguleika á því, teldu sig hafa möguleika á því, að fá ríkisábyrgð til að fara í áframeldi á þessum stofni, sem hugur þeirra hefur staðið mjög til, þá væri uppi allt önnur staða og hér erum við ekki að tala um beina samkeppni. Aðrir aðilar úti í löndum sem taka við þessari afurð njóta stofnstyrkja og alls konar fyrirgreiðslu sem ekki hefur verið fyrir hendi hér.

Þeir hv. þm. sem hér hafa talað hafa bent á mikilvægi nýrra atvinnutækifæra fyrir höfuðborgina o.s.frv. og landið allt náttúrlega. Við hljótum því að spyrja svona spurninga. Í lúðueldinu er ekki mikil áhætta. Þar hafa menn náð tökum á klakinu og áframeldið kunna menn. Hér er um gríðarlega tekjumöguleika að ræða, ég tala nú ekki um ef svona fyrirtæki til áframeldis væri hægt að byggja upp með ríkisaðstoð og ódýrari peningum til þess að það gangi betur fyrir sig.

Það má nefna aðra grein sem er í hröðum vexti og bjartsýnustu menn hafa talað um að á örfáum árum mætti fara upp í 30 þús. tonn á áframeldi á þorski. Fyrir landsbyggðina væru þetta sértækar aðgerðir sem gætu notið ríkisbakábyrgða og væru þá komnar í allt allt annað samhengi fyrir þá sem vilja feta sig út á þessar brautir. Mörg slík dæmi mætti taka.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki andvíg svona aðgerðum ef settar eru reglur um hvernig eigi að standa að þeim og markmið þeirra aðgerða er atvinnuuppbygging og aukin velsæld.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara koma þessum orðum að. Ég hef ekki þekkingu á fyrirtækinu sem hér er til umræðu. Hér er hins vegar um að ræða sértækar aðgerðir og hlýtur að vera litið til þeirra varðandi verkefni í svipuðum dúr, möguleika á að koma inn og fá bakstuðning af því tagi sem hér er verið að tala um á miklu miklu breiðari grunni en varðandi þetta eina fyrirtæki. Á mörgum sviðum í landinu væri þörf á slíku. Ég er sannfærður fyrir mína parta um að það mundi verða til gríðarlegra hagsbóta fyrir landið ef við tækjum t.d. bara möguleikana á lúðueldi. Það er ekkert smotterí, 70% af heimsframleiðslunni og langmest af því í áframeldi erlendis vegna þess að efnahagsleg staða leyfir ekki áframeldi hér á landi. Menn geta ímyndað sér hvað það mundi gera fyrir svæði eins og Eyjafjörð ef menn eygðu möguleika á baktryggingu fyrir áframeldi eins og hugur manna stendur til en efnahagur þeirra leyfir ekki.

Það eru svona mál sem koma upp í þessari umræðu, prinsippin, þ.e. hvernig við ætlum að standa að þessu. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um viljum við sjá að settar verði einhverjar reglur og menn gæti jafnræðis og setji sér markmið varðandi það hvernig þeir ætli að beita þessum tækjum alhliða.

[03:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir býsna áhugaverðar umræður um þetta mál og málefnalegar sem hér hafa farið fram undanfarna klukkutíma á þessum óvenjulega tíma

sólarhrings. Það er rétt að ástæðan er sú að það er brýnt að koma þessu máli í vandaða nefndarmeðferð á komandi nefndardögum. Ég vil þakka forseta og þingmönnum fyrir að hafa greitt fyrir því.

Ég lét þess getið að hér hafa verið málefnalegar umræður þar sem menn hafa velt upp hinum ýmsu hliðum þessa máls því að vissulega eru þær margar. Það kemur mér ekki á óvart að ýmsir þingmenn skuli bregðast við málinu með efa í huga og hafa uppi efasemdir um að mál sem þetta eigi rétt á sér. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að mál af þessu tagi sé óumdeilt eins og þetta er allt í pottinn búið.

Ég get alveg viðurkennt að ég hafði efasemdir um að þetta væri rétt leið þegar málið kom fyrst til minna kasta. Ég hef hins vegar sannfærst um að það sé rétt leið sem hér er lagt til að fara til að koma til móts við þetta fyrirtæki og veita því aðstoð innan ramma þeirra reglna sem um slíka hluti gilda. Það er rétt sem m.a. kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að það sem hér er lagt til er vissulega eitt form ríkisaðstoðar. En það er gert á þeim grundvelli og á þeirri forsendu að hér er um að ræða algerlega nýja atvinnugrein í landinu. Við erum í samkeppni við Bandaríkin um þessa staðsetningu þar sem ekki er minnsti vafi á því að fyrirtækjum af þessu tagi eru boðnar mjög góðar aðstæður til starfsemi sinnar og sennilega einnig bein eða óbein aðstoð í einhverju formi sem ég skal þó ekki fullyrða nákvæmlega um. Við stöndum sem sagt frammi fyrir þessu vali. Viljum við leggja eitthvað á okkur til að koma til móts við starfsemi af þessu tagi eða ætlum við bara að segja: Við erum svo prinsippföst hér á Alþingi og í ríkisstjórninni að slíkt kemur aldrei til greina?

Hvað halda menn að sagt yrði ef upplýst yrði eftir á að slíkum möguleika hefði bara verið hafnað, ef upplýst hefði verið að við hefðum átt þess kost að greiða fyrir starfsemi af þessu tagi, 300 manna nýjum vinnustað og bara sagt: Það kemur ekki til greina vegna þess að við erum ekkert í því sama og Bandaríkjamenn og margir fleiri, að vera eitthvað að liðka til fyrir slíkri starfsemi.

Nú er það reyndar þannig, eins og ég gat um í upphafsræðu minni, að það hefur verið á stefnuskrá ríkisstjórnar hér frá 1991 að láta almennt af ríkisábyrgðum og stuðningi við atvinnufyrirtæki. Hins vegar höfum við eins og ég gat um sérstök lög um ríkisábyrgðir. Bara það að við skulum hafa slík lög gefur til kynna að einhvern tíma geti til þess komið að við grípum til slíkra ábyrgða þó að lögin fjalli á hinn bóginn að sjálfsögðu líka um þá staðreynd að hér eru fyrirtæki í eigu ríkisins þar sem ríkið er ábyrgðaraðili að skuldbindingum í gegnum eignarhald sitt. Á ég þar t.d. við ríkisbankana, Íbúðalánasjóð og slíka aðila.

Ég læt þess enn fremur getið, eins og ég gerði í upphafi, að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem er hugsaður til þess að tryggja jafna samkeppnisstöðu og afnám mismununar, í það minnsta á grundvelli þjóðernis, eru einmitt ákvæði um við hvaða aðstæður sé réttlætanlegt að leggja fram aðstoð af hálfu ríkisins. Það þýðir auðvitað að við einhverjar aðstæður er það leyfilegt. Við teljum að það sé í þessu tilfelli. Eigi að síður er ekki óeðlilegt, heldur þvert á móti mjög eðlilegt að menn velti fyrir sér: Hvað með aðra? Hvað með aðra sem kunna að vera í sambærilegri stöðu eða telja sig þurfa á aðstoð að halda?

Svarið við því af minni hálfu er að þetta sem hér er lagt til getur ekki skapað fordæmi á almennum forsendum fyrir atvinnurekstur í landinu. Við erum ekki með þessu að opna glufu fyrir hvað sem er í atvinnurekstri að því er varðar ríkisábyrgðir. Ég tel ekki að verið sé að gera það. Komi hins vegar einhver aðili með hluti sem klárlega eru sambærilegir, þarf auðvitað að skoða á grundvelli jafnræðissjónarmiða hvort það sé réttlætanlegt með sama hætti og varðandi þetta mál hér. Auðvitað er það þannig, eins og reyndar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki bara spurði um heldur fullyrti að við mundum þá gera, þ.e. að við mundum þá skoða slíkt mál. Við mundum gera það á grundvelli þess að kanna hvort jafnræði væri fyrir hendi.

Herra forseti. Spurt var í umræðunni af hverju frv. liti svo út sem það gerir að því er varðar 2. gr. þess, þ.e. að almennu lögin um ríkisábyrgðir víki að undanskilinni 5. gr. Það er vegna þess að hér er verið að setja sérlög og þá þarf ekki þann búning utan um þau sem hin almennu lög setja að því er varðar flest slík atriði, eins og t.d. atbeina Ríkisábyrgðasjóðs að þessu tiltekna máli. Það er verið að veita hér sérstaka lagaheimild. Hins vegar er ekkert óeðlilegt við það, þvert á móti eðlilegt, að Ríkisábyrgðasjóður skv. 5. gr. hinna almennu laga fylgist með rekstrinum, hafi eftirlit með rekstrinum og hafi sínu almenna hlutverki að gegna að því er þetta mál varðar. En að öðru leyti eiga greinar laganna ekki við um það mál sem hér er til umræðu, enda er hluti af þeim greinilega hugsaður fyrir annað en þetta, t.d. banka- og lánastofnanir o.s.frv. í eigu ríkisins.

Menn hafa nokkuð velt fyrir sér hvaða skilyrði komi til greina að setja fyrir þessari lánveitingu. Þau munu tengjast niðurstöðu og viðræðum við Eftirlitsstofnun EFTA. Þau munu líka tengjast öðrum atriðum eins og t.d. ábyrgðargjaldinu sem ekki hefur enn verið ákveðið. En það er aftur líka tengt hinum evrópsku reglum. Hugsanlega koma þarna enn fremur fleiri hlutir til greina. Það kemur til greina að setja skilyrði um fleiri þætti. Það er ekki fullákveðið hvernig það verður gert.

Ég var líka inntur eftir því hvernig tímaáætlun varðandi EES-viðræður væri. Ég get upplýst að þegar hefur verið haft samband við Eftirlitsstofnun EFTA út af þessu máli. Það er ætlunin að fylgja því núna eftir þegar frv. er komið fram og í kjölfar væntanlegrar afgreiðslu þess þannig að fyrir liggi að þær kannanir eru hafnar og það mál er á vitorði þeirra eftirlitsstofnunarmanna.

Þetta vildi ég láta koma fram í tilefni þeirra fyrirspurna sem til mín hefur verið beint. Ég geri hins vegar engar athugasemdir við að um þetta mál séu skiptar skoðanir. Það er eðlilegur hlutur. Það er eðlilegur hlutur að menn skuli velta fyrir sér ákveðnum grundvallarhugmyndum um atbeina ríkisvaldsins að atvinnurekstri í tilefni af þessu máli og það er gott að menn hafi gert það hér og velt öllu því fyrir sér eins og nú hefur komið fram í þessari umræðu.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að efh.- og viðskn. vandi sitt verk í þessu. Að sjálfsögðu mun ekki standa á fjmrn. að leggja nefndinni lið og ég treysti því að við fáum góða niðurstöðu út úr því verki. Ég er reyndar sannfærður um að þegar því verki er lokið af hálfu nefndarinnar verðum við með enn traustari skjöl í höndum að því er þetta varðar en nú er.

[03:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hvernig hann lokar þessari umræðu því að hvernig svo sem þetta mál fer í meðhöndlun efh.- og viðskn. finnst mér mjög mikilvægt að hann skuli ljá máls á því að gefa gaum tilsvarandi hlutum

og ég nefndi áðan, t.d. um áframeldi nytjastofna sjávar. Ég benti á að þar hefur verið unnið gríðarlega mikið vísindastarf á heimsmælikvarða þar sem 70% af heimsframleiðslunni í lúðu er hér á landi. Með nákvæmlega sömu rökum og hafa verið færð fram fyrir frv. sem er til umræðu þá erum við að tapa þarna möguleikum vegna stofnstyrkja til áframeldis í öðrum löndum o.s.frv. Við getum náttúrlega ekki horft framan í það að standa frammi fyrir því, eins og hæstv. ráðherra segir, að hafa sagt nei við þeim gríðarlegu möguleikum sem í þessu felast og það er vísindafólk okkar sem hefur náð þessum árangri. Ég bendi bara á þetta.

Nú veit ég ekki hvort þeir munu bera sig eftir því ef hæstv. ráðherra gefur kost á þessu. (Gripið fram í.) Það verður að ráðast. En þarna eru, með nákvæmlega sömu rökum og hafa verið færð fram í því máli sem við höfum fjallað um í dag, gríðarleg sóknarfæri sem tæplega er hægt að segja nei við.

[03:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þykir mér þingmaðurinn túlka frjálslega það sem ég sagði áðan. Ég var ekki að taka undir þetta. Ég var eingöngu að segja að ef við stöndum frammi fyrir máli sem er algjörlega sambærilegt í stærð, umfangi, mikilvægi og nýsköpun þá er óhjákvæmilegt að skoða það. (Gripið fram í.) Hins vegar er ekki hægt að draga þá ályktun af þessu og því sem ég sagði áðan sem hv. þm. gerði.

[03:23]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú veldur hæstv. fjmrh. mér aftur á móti gríðarlegum vonbrigðum vegna þess að ég hélt að hann væri kannski sömu skoðunar og ég, þ.e. að heppilegra væri fyrir margra hluta sakir að taka ekki stóru sprengjuna endilega, ekki vera með mörg egg í sömu körfunni, dreifa áhættunni. Í prinsippinu á engu máli að skipta hvort um stór eða smá fyrirtæki sé að ræða. Ef prinsippið í málinu og aðkoman er sú sama þá tel ég ekki að það ætti að skipta nokkru máli. Það veldur mér vonbrigðum að hæstv. ráðherra skuli líta á hlutina þeim augum. Auðvitað á ekki að gera það. Ef við stæðum frammi fyrir því að eiga tíu möguleika sem uppfylla þá kategóríu sem hæstv. ráðherra telur að þurfi að vera fyrir hendi þá á stærðin ekki að skipta nokkru máli. Ég lýsi vonbrigðum mínum með þetta.

En í sambandi við lúðuna gæti kannski verið að þeir þyrftu bara að spýta í lófana og klekja svo sem eins og 10–20 sinnum fleiri hrognum en þeir gera núna til þess að ná upp í 20 milljarðana. Ég hef ekki kynnt mér það. (Gripið fram í.)

[03:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara lýsa vonbrigðum mínum með vonbrigði þingmannsins út af þessu máli og ég held að við það verði að sitja í bili.

[03:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi biðja hæstv. fjmrh. að varpa ljósi á eitt atriði. Ég skildi ekki alveg hvað hann átti við þegar hann hafði uppi samanburð á milli deCODE annars vegar og banka og Íbúðalánasjóðs hins vegar. DeCODE er fyrirtæki á markaði. Bankar eru það að sönnu líka. Þeir eru fjármálastofnanir og þjónustufyrirtæki við landslýð allan, byggðalögin öll í landinu og það er ástæðan fyrir því að við höfum viljað halda þeim í almannaeigu. En þarna er ekki saman að jafna. Hér hefur verið auglýst eftir meiri prinsippfestu af hálfu ríkisins. Það er einmitt mergurinn málsins að ríkisstjórnin virðist ekki alltaf gera sér grein fyrir hvar línurnar liggja á milli almannaþjónustu annars vegar og einkareksturs hins vegar. Okkur ber að skapa einkarekstrinum almennan lagaramma. Ég hef talað fyrir því, og við höfum gert það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að styðja við atvinnureksturinn hugsanlega með aðgangi að ódýru fjármagni. En þessar línur þurfa að sjálfsögðu að vera skýrar.

Nú hælir ríkisstjórnin sér af því og hefur stundum gert að hún vilji hugsa stórt, t.d. gagnvart þessu fyrirtæki. Staðreyndin er sú að þessi ríkisstjórn hefur hugsað afskaplega smátt, ekki síst gagnvart rannsóknum í landinu og allri nýsköpun. Hér var t.d. vakin athygli á því að á sama tíma og deCODE reisir sitt mikla hús í Vatnsmýrinni þá hefur annað hús sem er á forræði ríkisstjórninnar, Náttúrufræðistofnun, verið í byggingu í átta ár þegar það verður fullbúið.

[03:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því að ríkisvaldið hugsi smátt að því er varðar rannsóknir. Ég veit ekki betur en við séum að verja stórfé, mörgum milljörðum, sennilega 10–12 milljörðum til rannsókna á ári hverju í gegnum hinar ýmsu stofnanir ríkisins og með framlögum af ýmsu tagi.

Herra forseti. Ástæða þess að ég nefndi ríkisbankana og Íbúðalánasjóð sem hv. þm. var að spyrja um var auðvitað ekki sú að ég væri að leggja þá starfsemi að jöfnu við þá starfsemi sem fer fram hjá deCODE. Hún er auðvitað annars eðlis. En þetta er starfsemi sem er með ábyrgð ríkissjóðs, þ.e. ríkisbankarnir og Íbúðalánasjóður, og um þetta eru sérstök ákvæði í lögunum um ríkisábyrgðir og það eru þessir aðilar sem eru tilefni stærsta hluta þeirra ríkisábyrgða sem fyrir hendi er. Þetta er ekkert flókið mál. Ég var ekkert að tala um þessar stofnanir með neitt óeðlilegum hætti. Ég var bara að benda á að ríkið ber ábyrgð á skuldbindingum þessara aðila. Þannig er það bara.

[03:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé staðreynd að gagnvart rannsóknum á vegum hins opinbera og opinberra stofnana hefur þessi ríkisstjórn hugsað afskaplega smátt. Við höfum séð núna upp á síðkastið umræðu í fjölmiðlum um það hvernig vísindaheimurinn hefur kvartað yfir framlagi úr skattsjóðum til Rannís og annarra aðila sem útdeila rannsóknarfé. Það er staðreynd líka að þrengt hefur verið að rannsóknastarsemi á vegum hins opinbera. Ég held að því verði ekki í móti mælt.

En hér finnst mér í þessu stutta svari hæstv. fjmrh. koma í ljós sú blinda sem ríkisstjórnin er slegin. Annars vegar er verið að tala um deCODE og hins vegar Íbúðalánasjóð og verið er að tala um þær skuldbindingar sem ríkið hafi gagnvart Íbúðalánasjóði. Íbúðalánasjóður er hluti af íslensku velferðarsamfélagi. Hann er stuðningur við fólk sem er að koma sér upp húsnæði. (Gripið fram í) Þessu er einfaldlega ekki saman að jafna.

[03:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enda hefur því ekkert verið jafnað saman. (**ÖJ**: Nú, var ekki verið að gera það áðan?)

[03:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra spurði sem svo: „Ja, hvað hefði nú verið sagt hefði það verið upplýst að menn hefðu bara hafnað svona tækifæri vegna prinsippfestu?“ En hæstv. ráðherra verður, held ég, að hafa í huga að langur vegur er frá því að hafna einhverju svona löguðu, ég tala nú ekki um að óathuguðu máli, og hinu að hoppa upp á lest sem menn hafa litla sem enga vitneskju um hvert sé að fara. Svona er auðvitað ekki hægt að stilla rökfræðinni upp.

Herra forseti. Annars bar hér fyrr á fundinum á góma flórmokstur þeirra framsóknarmanna í þágu búskaparins á íhaldsbúinu. Nú hefur þessi langa umræða um ríkisábyrgð staðið inn í nóttina. Svo vill til að hagyrðingi hér í húsinu hefur orðið þetta að yrkisefni og ég veit að hæstv. forseti og hæstv. fjmrh. fyrirgefa þó að ég noti tækifærið og komi því á framfæri. Það er þá svona:

Á íhaldsbúinu er framsóknarflór
sem fyllist skjótt
og ríkisábyrgðin roknastór
er rædd fram á nótt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi og staða Þjóðhagsstofnunar, fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 614. mál. — Þskj. 961.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 9.–23. mál.

Fundi slitið kl. 03:32.

---

118. FUNDUR

fimmtudaginn 11. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1153. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, stjtill., 682. mál, þskj. 1098. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Starfsemi og staða Þjóðhagsstofnunar, þáltill., 614. mál, þskj. 961. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

[10:00]

Útbýting þingskjals:

Útflutningur hrossa, 357. mál, nál. landbn., þskj. 1195; brtt. landbn., þskj. 1196.

Þjóðhagsstofnun o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 709. mál. — Þskj. 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:02]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BBj, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, ÍGP, JB, KF, KLM, LMR, LB, MF, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að leggja niður stofnun, Þjóðhagsstofnun. Þá bregður svo við að það á að kosta peninga. Það kemur hvergi fram að það eigi að spara peninga.

Ég skora á hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umsagnar að kanna leiðir til að unnt sé að spara peninga við að leggja niður stofnun og komast hjá því að það kosti ríkissjóð. Ég greiði atkvæði á móti þessu.

(**Forseti** (HBl): Það eru rafrænar aðferðir til þess.)

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umhverfisstofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 711. mál. — Þskj. 1170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 42:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, RG, SI, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, ÍGP, KF, KLM, LMR, LB, MF, SJóh, SF, StB, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði um gífurlega ríkisábyrgð fyrir eitt fyrirtæki. Burt séð frá því að þetta frv. er algert brot á stefnu flokks míns sem hefur viljað almennar aðgerðir í efnahagsmálum en ekki sértækar, hvað þá eintækar, er hér um svo mikla áhættu að ræða fyrir ríkissjóð, 70 þús. kr. á hvern einasta íbúa landsins, litlu börnin talin með, að ég get engan veginn staðið að þessu. Ég greiði atkvæði gegn því að það fari til 2. umr. (**GE:** Þú verður að halda þeirri skoðun í sætið.)

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, frh. fyrri umr.

Stjtill., 682. mál. — Þskj. 1098.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:05]

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Starfsemi og staða Þjóðhagsstofnunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 614. mál. — Þskj. 961.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:05]

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 10:06.

119. FUNDUR

miðvikudaginn 17. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, fsp., 484. mál, þskj. 768.
2. Framlag Íslands til þróunarsamvinnu og niðurstöður Monterrey-ráðstefnunnar, fsp. SJS, 656. mál, þskj. 1060.
3. Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis, fsp. ArnbS, 671. mál, þskj. 1087.

Til forsætisráðherra:

4. Þjóðareign náttúruauðlinda, fsp. RG og SvanJ, 578. mál, þskj. 905.
5. Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, fsp. ÖJ, 610. mál, þskj. 957.
6. Skráning í þjóðskrá, fsp., 658. mál, þskj. 1068.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Jarðalög, fsp. ÁRJ, 429. mál, þskj. 689.
8. Endurskoðun jarðalaga, fsp. SJóh, 561. mál, þskj. 881.

Til fjármálaráðherra:

9. Aðgerðir í skattamálum til styrktar landsbyggðinni, fsp. KVM, 518. mál, þskj. 816.

Til heilbrigðisráðherra:

10. Breyting á reglugerð nr. 68/1996, fsp. MF, 529. mál, þskj. 833.
11. Heilbrigðisþjónusta fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma, fsp. ÁMöl, 603. mál, þskj. 950.
12. Evrópusamstarf um sjaldgæfa sjúkdóma, fsp. ÁMöl, 602. mál, þskj. 949.
13. Lyfjakostnaður lífeyrisþega, fsp. JóhS, 617. mál, þskj. 969.
14. Heyrn skólabarna, fsp. SvanJ, 695. mál, þskj. 1114.
15. Bifreiðakaupastyrkir, fsp. ÁRJ, 703. mál, þskj. 1122.

Til umhverfisráðherra:

16. Úrelt skip í höfnum landsins, fsp. LB, 588. mál, þskj. 921.
17. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, fsp. KolH, 643. mál, þskj. 1040.

Til ráðherra norrænna samstarfsmála:

18. Réttindi Norðurlandabúa, fsp. RG, 644. mál, þskj. 1041.

Til samgönguráðherra:

19. Kísilvegur, fsp. KLM, 591. mál, þskj. 924.
20. Bakkaflugvöllur, fsp. LB, 592. mál, þskj. 925.

Til menntamálaráðherra:

21. Tilnefning á heimsminjaskrá UNESCO, fsp. KolH, 645. mál, þskj. 1042.
22. Húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands, fsp. RG, 655. mál, þskj. 1059.
23. Textun íslensks sjónvarpsefnis, fsp. SJóh, 661. mál, þskj. 1071.
24. Nám í málm- og véltæknigreinum, fsp. RG, 691. mál, þskj. 1110.
25. Aðflutningsgjöld af hljóðmagnarasettum til kennslu, fsp. SvanJ, 692. mál, þskj. 1111.
26. Jöfnun námskostnaðar, fsp. KLM, 693. mál, þskj. 1112.
27. Málefni Þjóðminjasafnsins, fsp. KolH, 697. mál, þskj. 1116.

Til félagsmálaráðherra:

28. Atvinnuleysistryggingasjóður, fsp. MF, 646. mál, þskj. 1043.

Til dómsmálaráðherra:

29. Öryggisráðstafanir lögreglunnar í tengslum við fund utanríkisráðherra NATO, fsp. ÞSveinb, 660. mál, þskj. 1070.

Til iðnaðarráðherra:

30. Gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð, fsp. KolH, 712. mál, þskj. 1174.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 605. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1198.

Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 684. mál, nál. utanrmn., þskj. 1206.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, 675. mál, nál. utanrmn., þskj. 1203.

Barnaverndarlög, 318. mál, nál. félmn., þskj. 1197.

Eiturefni og hættuleg efni, 587. mál, nál. umhvn., þskj. 1208.

Fjöldi leguplássa og starfsmanna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 606. mál, svar heilbrrh., þskj. 1151.

Flugmálaáætlun árið 2002, 681. mál, nál. samgn., þskj. 1209; brtt. samgn., þskj. 1210.

Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, 682. mál, nál. utanrmn., þskj. 1204.

Kostnaður við stjórn fiskveiða, 445. mál, svar sjútvrh., þskj. 1169.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 493. mál, þskj. 1181.

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., 669. mál, nál. iðnn., þskj. 1214.

Óhefðbundnar lækningar, 33. mál, nál. félmn., þskj. 1215.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 629. mál, nál. félmn., þskj. 1201.

Samkeppnislög, 596. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1213.

Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, 683. mál, nál. utanrmn., þskj. 1205.

Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, 615. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1202.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 616. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1200.

Tryggingagjald o.fl., 582. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1211; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1212.

Virðisaukaskattur, 315. mál, þskj. 1180; brtt. fjmrh., þskj. 1199.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill láta þess getið að ráðgerðar eru tvær umræður utan dagskrár í dag. Hin fyrri verður kl. 12.30 og er um verðlagsmál. Málshefjandi er hv. þm. Viljálmur Egilsson. Hæstv. forsrh. verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. hálftvö, að loknu hádegishléi, og er um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. félmrh. verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Orð forseta Íslands um Evrópusambandið.

[10:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þau tíðindi gerðust sl. mánudag að forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hélt erindi á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs í Reykjavík sem fjallaði um lýðræðismál. Í ræðu sinni gerði hann m.a. að umtalsefni Evrópusambandið og ýmsa þætti í rekstri þess og var satt að segja býsna gagnrýninn á ýmislegt sem þar fer fram. Af því tilefni langar mig til að beina orðum mínum til hæstv. utanrrh. því það er auðvitað ekki á hverjum degi sem forseti Íslands ræðir viðkvæm pólitísk deilumál, hápólitísk deilumál á borð við þau sem hér um ræðir. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort honum finnist þessi afskipti forseta lýðveldisins eðlileg og sjálfsögð.

Ég hef heyrt í opinberri umræðu um þessi mál að sumum finnist það ekki úr vegi að forseti Íslands geti annað slagið skotið yfir sig skikkju fræðimannsins, stjórnmálafræðingsins, og hætt að vera forseti Íslands og þá um leið yfir það hafinn að ræða pólitísk háhitamál. Ég er þessu allsendis ósammála. Forseti Íslands er forseti Íslands og verður það, er það í augum þjóðarinnar og er það í augum alþjóðasamfélagsins. Mér er kunnugt um að áhorfendur erlendis, sérstaklega á þessari ráðstefnu Norðurlandaráðs, hlýddu ekki á stjórnmálafræðinginn Ólaf Ragnar Grímsson heldur forseta Íslands, herra Ólaf Ragnar Grímsson.

Ég óska viðbragða hæstv. utanrrh. við þessum ábendingum mínum.

[10:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Úr því að ræða forseta Íslands á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um lýðræði og hnattvæðingu er hér gerð að umtalsefni, sem út af fyrir sig er ekkert nema gott um að segja og velta þá upp þeirri spurningu hvort forsetinn hafi með ræðu sinni og boðskap hennar farið út fyrir eðlileg mörk embættis síns, þá vil ég segja það að í fyrsta lagi fannst mér ræðan góð og vel upp byggð og í raun og veru til fyrirmyndar hvernig forsetinn lagði umræðum um þetta mikilvæga mál lið með því að taka að sér að vera fyrsti málshefjandi á þessari glæsilegu ráðstefnu sem tókst í alla staði vel.

Í öðru lagi tel ég að í ræðu forsetans, efnislega, hafi ekki verið neitt það sem stangast á nokkurn hátt á við þá stefnu sem framfylgt er í þessum málum á Íslandi. Ég veit ekki til þess, ef hv. þm. er að vitna sérstaklega til ummæla forsetans um Evrópumál, að það sé á stefnuskrá á Íslandi, hvorki ríkisstjórnar né nokkurs stjórnmálaflokks, að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þó svo að við færum yfir það efnislega hvort þarna hefðu einhver ummæli verið látin falla sem hefðu strítt gegn stefnu stjórnvalda þá fullyrði ég að svo var ekki.

Í þriðja lagi tel ég náttúrlega að menn verði að hafa í huga að þarna tekur forsetinn að sér sem einstaklingur, að sjálfsögðu verandi forseti Íslands, að fjalla um þetta viðfangsefni, þetta málefni á þessum vettvangi sem lið í umræðum á vettvangi Norðurlandaráðs um stöðu lýðræðis á tímum hnattvæðingar. Og auðvitað hlýtur hver einstaklingur, hvaða stöðu sem hann gegnir, að hafa einhvern rétt til þess við slíkar aðstæður að reifa mál út frá persónulegum sjónarmiðum sínum. En það kemur ekki að sök í þessu tilviki vegna þess að ég fullyrði, hafandi lesið ræðuna vel og fylgst með þeim ágætu umræðum og tekið þátt í þeim umræðum sem hún kveikti, að ræðan var ekki á nokkurn hátt í andstöðu við yfirlýsta stefnu stjórnvalda í málinu né hægt að halda því fram að hún hafi skaðað hagsmuni Íslands eða annað því um líkt, enda væri fráleitt að halda slíku fram.

[10:37]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst dálítið sérkennilegt að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson skuli gera athugasemd við það að forseti Íslands, sem kemur fram á ráðstefnu Norðurlandaráðs ekki sem þjóðhöfðingi heldur sem fræðimaður, skuli hafa skoðanir á því hvort Íslendingar eigi að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Mér finnst persónulega mjög eðlilegt að allir Íslendingar hafi skoðanir á því og ekkert síður Ólafur Ragnar Grímsson sem er forseti þessa stundina. Ég verð að viðurkenna að það sem kom fram á ráðstefnunni er í takt við það sem mér finnst um málið og í sjálfu sér ekkert í andstöðu við það sem ég þekki best um málið, þ.e. að fyrir Íslendinga er í rauninni alveg óraunhæfur kostur í nánustu framtíð að geta gengið í Evrópusambandið. Það er ekkert sem bendir til þess að þar hafi eitthvað breyst sem máli skiptir varðandi sjávarútvegsstefnu sambandsins og þar af leiðandi held ég að þau orð sem Ólafur Ragnar Grímsson lét falla hafi verið orð í tíma töluð og í rauninni í takt við það sem margir aðrir hafa sagt. Ég fagnaði því yfirlýsingu forsetans og vona að menn taki henni sem slíkri en ekki sem einhverri árás á aðra aðila, og mér finnst þetta upphlaup dálítið sérkennilegt af hálfu Samfylkingarinnar svo ekki sé meira sagt.

[10:39]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég sat einmitt þá ráðstefnu sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ræðir hér um, þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um norrænt lýðræði 2020, þar sem fjallað var vítt og breitt um lýðræðið og þær breytingar sem eru að verða á þjóðfélagsmunstri okkar, bæði á Íslandi og annars staðar í heiminum, þar sem talað var um alþjóðavæðinguna og á hvern hátt hún hefði áhrif á lýðræði viðkomandi landa, og forseti Íslands flutti merkilega ræðu. Hann tók að vísu mjög djúpt í árinni og flutti óvenjupólitíska ræðu. Forsetar lýðveldisins flytja venjulega ekki mjög pólitískar ræður en þar sem forseti Íslands er fræðimaður á þessu sviði var hann einmitt fenginn til þess að flytja ræðu á ráðstefnunni. Þetta var auðvitað heilmikið krydd í umræðunni. Það voru mjög margir sem tóku eftir ummælum hans og þarna voru líka fyrirlesarar sem mótmæltu þeim fullyrðingum forsetans að þjóðþingin væru á vissan hátt að afsala sér lýðræðinu með því að ganga í samtök eins og ESB. Einn þeirra manna sem mótmæltu þessu harðlega var fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, Carl Bildt. Þetta skapaði því miklar umræður á þessari ágætlega heppnuðu ráðstefnu Norðurlandaráðs. Menn eru alls ekki á eitt sáttir um þessar fullyrðingar og það kom beinlínis í ljós, en umrædd þemaráðstefna var einmitt til þess fallin að skiptast á skoðunum, skiptast á skoðunum um ýmiss konar fullyrðingar og sú varð einmitt raunin, en eins og ég sagði flutti forseti Íslands mjög kjarnyrta ræðu á þemaráðstefnunni.

[10:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Vegna þess að spurningum er beint til mín vildi ég aðeins segja það að hefð er fyrir því að forseti Íslands blandi sér ekki inn í viðkvæm pólitísk deilumál hér innan lands og sú hefð er bæði gömul og rík. Geri forseti annað hlýtur það að kalla á umræðu. Það hlýtur að kalla á umræðu

hér innan lands eins og t.d. hér, og í þessu tilviki er ljóst að forseti Íslands hefur blandað sér í slíka umræðu og á því eru ýmsir gallar að mínu mati. Ég tel að mikilvægt sé að forsetaembættið sé hafið yfir pólitískt dægurþras. Ef forseti kýs hins vegar að taka þátt í því liggur alveg ljóst fyrir að það kallar á viðbrögð eins og hér.

Ég tel ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál. Að sjálfsögðu hafa allir heimild til þess að hafa skoðun á málum. Ég er hins vegar ósammála mörgu af því sem forseti Íslands sagði við þetta tækifæri um alþjóðavæðingu og markaðsvæðingu og reyndar ýmislegt sem hann sagði um Evrópusambandið, sem kemur ekki beint aðild að Evrópusambandinu við, en ég ætla ekki að tjá mig frekar um það að þessu sinni.

[10:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. hreinskilin svör og ég lýsi því yfir að ég deili skoðunum hans. Mér finnst það í hæsta máta mjög hættuleg braut sem fetuð er ef forsetaembættið ætlar nú í fyrsta skipti og þá væntanlega í framtíðinni að blanda sér í pólitísk viðkvæm deilumál. (**SJS:** Eru Evrópumálin kannski á dagskrá?) Það gengur auðvitað ekki, herra forseti, að líta þannig til að af því að Norðurlandaráð hafi verið að funda hér þá hafi það verið í lagi. Af því að forseti Íslands hafi í þeim tilfellum talað sem fræðimaður þá hafi það verið í lagi. Og eins og hv. þingmenn, fulltrúar Sjálfstfl. og Vinstri grænna hafa farið fram og af því að skoðanir forseta Íslands féllu í þessu tilfelli að viðhorfum þessara flokka í þessu tiltekna máli þá sé það í lagi. Um það er ekki verið að fjalla hér, herra forseti. Hér er verið að fjalla um það með hvaða hætti forseti Íslands kemur að umræðum í samfélaginu.

Það urðu miklar deilur um það á sinni tíð þegar forseti Íslands gagnrýndi lélega vegi í Barðastrandarsýslu, það voru engar deilur um að vegirnir væru vondir, en mörgum þótti samt forseti Íslands hafa gengið býsna langt þá. Hafi hann gengið langt í gagnrýni sinni þá, þá spyr ég: Hversu langt gekk hann nú? Svari hver fyrir sig.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er nokkuð undrandi á ummælum hæstv. utanrrh. og einnig hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um þetta mál. Í staðinn fyrir að ræða efnislega hvað það var, herra forseti, sem forsetinn sagði í ræðu sinni sem er svo ósamrýmanlegt yfirlýstri stjórnarstefnu á Íslandi og stöðu þessa máls í íslenskum stjórnmálum að forsetinn hafi þar lent út af sporinu — það er ekki tilgreint hér — fara menn heldur kuldalegum orðum um það að forsetinn skuli hafa leyft sér að reifa málin með þeim hætti sem þarna var gert.

Þarna var um ráðstefnu á vegum Norðurlandaráðs að ræða. Verið var að ræða um mjög vítt umræðuefni, stöðu lýðræðisins á tímum hnattvæðingar og horfurnar hvað það snertir til ársins 2020. Forseti Íslands var ekki þarna til að tala fyrir stefnu Íslands sérstaklega. Um það var ekki beðið heldur efnislegt innlegg í umræður um þetta mál í almennu samhengi. Það verður að skoða þessi ummæli öll út frá því. Það sem þarna er sagt um Evrópusamband í ræðunni er eingöngu skoðað frá þessum sjónarhóli lýðræðisins og stöðu þess. Það er ekki tiltakanlega umdeilt mál að það sé greiðsluhalli á lýðræðisreikningnum hjá Evrópusambandinu. Um það eru flestir sammála í umræðum um þessi mál, líka eindregnir stuðningsmenn og aðdáendur Evrópusambandsins, nema þá helst hér á Íslandi þar sem menn eru orðnir svo kaþólskir að ekki einu sinni má viðurkenna að á þessu fyrirbæri geti verið einhverjir gallar, t.d. að þessu leyti. Ég held að menn gerðu þá rétt í því að tefla fram kostunum sem þeir sjá við þetta til að vega upp á móti því sem er eiginlega ekki umdeilt, að þarna sé lýðræðishalli á.

Síðan finnst mér það, herra forseti, dálítið sérkennilegt að þeir stjórnmálamenn sem mest væla undan því að ekki megi ræða Evrópumál ætla að ganga af göflunum þegar forseti Íslands leggur slíkri umræðu lið.

[10:47]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ráðstefna Norðurlandaráðs var mjög vel heppnuð og þar kom mjög margt forvitnilegt og áhugavert fram.

Það er alveg ljóst að forseti Íslands var fenginn til að vera ræðumaður á ráðstefnunni sem forseti Íslands. Hann er fenginn til að koma þarna fram í raun og veru í krafti embættis síns og hann getur ekki kastað af sér forsetakápunni og farið í fræðimannskápuna á slíkri ráðstefnu. Það er auðvitað algjörlega ljóst.

Forseti Íslands er sameiningartákn þjóðarinnar og við hljótum að hlusta á það sem hann segir á kannski svolítið annan veg en það sem aðrir segja. Það leggur honum líka mjög ríkar skyldur á herðar.

Ég vil að það komi fram af minni hálfu að margir erlendir gestir sem voru á ráðstefnunni voru nokkuð undrandi á umfjöllun hans og spurðu okkur Íslendingana hvort það væri vanalegt á Íslandi að forseti lýðveldisins tæki afstöðu í málum sem væru kannski deilur um. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en þannig upplifði ég þessa umræðu.

[10:49]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða nákvæmlega það sem forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fjallaði um á ráðstefnu Norðurlandaþings. Eflaust er ég sammála honum í mörgu en það er ekki meginmálið. Meginmálið er hvort forseti Íslands eigi að taka þátt í svona pólitískri umræðu eða ekki. Er hlutverk forseta Íslands þá að breytast? Við eigum einmitt, eins og hæstv. utanrrh. sagði áðan, einfaldlega eftir að ræða það hvort hlutverk forseta Íslands sé að breytast. Sú umræða hefur ekki farið fram en kannski er fyrsta skrefið stigið hér í dag.

Ég get ekki verið sammála því að við eigum að fara í þá átt og taka þau skref sem forseti Íslands tók í rauninni sjálfur á þessum fundi Norðurlandaráðs. Ég held að við eigum að hugleiða þessa þróun mjög vel, ekki bara hér heldur líka úti í samfélaginu. Mér finnst líka athyglisvert ef ég get skilið hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þannig að hann sé hlynntur slíkri breytingu sem forsetaembættið stuðlar að vissu leyti að með umræddum ummælum forseta Íslands á fundi Norðurlandaráðs.

[10:51]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég held að það sé öllum vitanlegt að forsetar lýðveldisins hafa forðast, allir utan sá sem nú gegnir þeirri stöðu, að blanda sér í pólitísk deiluefni. Eitt dæmi var um það þegar Vigdís Finnbogadóttir hafði uppi tilburði með að skipta sér af framkvæmd bráðabirgðalaga sem sett voru. Þá varð mikill undirgangur og hún beygði af í afstöðu sinni.

En það er ekki nýtt að herra forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, brjóti þessa hefð. Þetta er a.m.k. í þriðja skiptið. Honum er það sjálfrátt. Hann er að breyta með því eðli embættisins og enginn hefur neitt um það að segja. Það kann að leiða til þess að á næstu árum kjósi menn forseta hápólitískri kosningu. Hið háa Alþingi segir forsetanum ekki til um þetta og á ekki að gera. Þetta er staðreynd sem við blasir, hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

[10:52]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það megi ráða af orðræðum manna hér að forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hafi stigið skref sem leiðir til pólitískra deilna og álitamála í þinginu og sennilega meðal þjóðarinnar. Það að tveir hv. þm., Kristján Pálsson og Steingrímur J. Sigfússon, hafa mælt því bót að forseti Íslands hafi tekið þessi skref sýnir að hér er farið inn á pólitískt svið sem mun leiða til pólitískra álitaefna. Ég vil því taka undir þau ummæli sem komu fram með svo skýrum hætti hjá hæstv. utanrrh. að ég tel óheppilegt að forseti Íslands stígi þessi skref inn á pólitískt svið, hvet til þess að menn hafi skýrar skoðanir á slíku og hæstv. forseti Íslands sýni hófsemi á þessu sviði.

Framlag Íslands til þróunarsamvinnu og niðurstöður Monterrey-ráðstefnunnar.

Fsp. SJS, 656. mál. — Þskj. 1060.

[10:54]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Framlag Íslendinga til þróunarsamvinnu hefur verið dapurlega lágt um langt árabil og lítið gengið að hækka það jafnvel þótt yfirlýst stjórnarstefna hafi um nokkurra ára skeið staðið til þess að lyfta því eitthvað í áföngum. Ég hef af og til reynt að minna á þetta mál þau tæpu 19 ár sem ég hef setið á þingi, og verður ekki sagt að árangurinn sé óskaplega mikill. Þess vegna er mjög dapurlegt að hafa nú í höndunum tölur sem staðfesta að í raun og veru miðar okkur nánast ekki neitt fram á veginn í þessum efnum og hlutfallið er nánast það sama og það hefur verið nokkur undanfarin ár, rétt í kringum 0,1% af þjóðarframleiðslu. Þarna skerum við okkur verulega úr í samanburði við t.d. frammistöðu annarra á Norðurlöndunum sem hér eru gjarnan nefndir til samanburðar. Danmörk og Noregur hafa verið um árabil í hópi fyrirmyndarríkjanna að þessu leyti, uppfyllt fullkomlega og jafnvel rúmlega það alþjóðlegar viðmiðanir og takmark Sameinuðu þjóðanna um að þróuð ríki verji um 1% af þjóðartekjum sínum til þróunarsamvinnu, þar af opinberir aðilar 0,7%. Svíþjóð og Finnland standa sig allvel, skammt á eftir hinum, og það gera reyndar fleiri ríki, t.d. Holland.

Að vísu hafa Danir, því miður, ákveðið að skera sérstaklega niður framlög til þróunarsamvinnu enda fastir í klóm ískaldrar hægri stjórnar þannig að þeirra hlutur mun eitthvað daprast. Eins og áður segir, herra forseti, er framlag Íslands þarna 0,1–0,2% í ár eins og var í fyrra. Það hefur þar af leiðandi sáralítið hækkað sl. 4–5 ár þvert ofan í það sem til stóð. Þessu til staðfestingar vitna ég í nál. minni hluta utanrmn. frá því í desember, sem ég skrifaði, og hafði þá aflað upplýsinga um þessi mál. Eins vísa ég í svar hæstv. utanrrh. við skriflegri fyrirspurn hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur.

Hin mikla ráðstefna í Monterrey í Mexíkó var ætluð til að þoka þessum málum fram á veginn og yfirlýst markmið ráðstefnunnar var að ná þar samkomulagi um að þróuð ríki tvöfölduðu framlög sín til þróunarsamvinnu. Bandaríkin komu með andstöðu sinni í veg fyrir að það yrði gert og niðurstaða ráðstefnunnar varð mjög dapurleg.

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að ríkisstjórn Íslands hafi eitthvað skoðað hug sinn í þessum efnum í tengslum við ráðstefnuna og ef ég man rétt var hæstv. fjmrh. á ráðstefnunni sem fulltrúi ríkisstjórnar Íslands.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh. spurninga af þessu tilefni:

1. Hvert er mat ráðherra á niðurstöðum Monterrey-ráðstefnunnar?

2. Hver eru viðhorf ráðherra til þeirra sjónarmiða sem bandarísk stjórnvöld settu fram á ráðstefnunni?

3. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til þess hvort auka beri framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu sérstaklega í framhaldi af ráðstefnunni?

Þau þyrfti að lágmarki að tvöfalda svo okkur miðaði eitthvað fram á veginn, herra forseti, í átt að alþjóðlegum markmiðum.

[10:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni var Monterrey-ráðstefnan um fjármögnun þróunaraðstoðar afskaplega vel heppnuð. Þetta var í fyrsta skipti sem alþjóðleg ráðstefna tók beinlínis á fjármögnun þróunaraðstoðar og að því leyti var þessi ráðstefna söguleg og einnig vel heppnuð þó að á henni hafi líka verið hnökrar. Hún var mjög vel sótt. Rúmlega 50 leiðtogar ríkja og yfir 300 ráðherrar, þar af yfir 50 fjármálaráðherrar víðs vegar að úr heiminum, sóttu þessa ráðstefnu. Hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde, sótti hana og í fylgd með honum voru embættismenn, bæði frá utanrrn. og fjmrn. Fyrir fundinum lágu drög að svokölluðum Monterrey-sáttmála. Mikill undirbúningur lá að baki honum og komu þar að fulltrúar þróunarríkja og iðnríkja og einnig fulltrúar alþjóðastofnana, félagasamtaka atvinnulífs og ýmissa opinberra stofnana.

Við Íslendingar tókum virkan þátt í undirbúningi sem fram fór í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Breið þátttaka ólíkra aðila er mikilvæg í þessum málum og þátttakan á ráðstefnunni á sér því ekki hliðstæðu.

Sáttmálinn var samþykktur samhljóða á ráðstefnunni. Þar kemur m.a. fram gagnkvæm ábyrgð þróunar- og iðnríkja í þróunarmálum og baráttunni gegn fátækt. Þetta er nýlunda og í raun mjög merkileg. Þar er kveðið á um mikilvægi ábyrgrar efnahagsstefnu, lýðræðislegra stjórnarhátta, baráttu gegn spillingu o.fl. ef þróunaraðstoð á að skila árangri. Að sama skapi er ábyrgð iðnríkjanna mikil. Í sáttmálanum er lögð áhersla á opin og frjáls viðskipti, bættan markaðsaðgang fyrir vörur þróunarríkja og að mikilvægt sé að auka fjárhagsaðstoð við þau.

Fjöldi ríkja skuldbatt sig til aukinna fjárframlaga til þróunaraðstoðar. Ríki Evrópusambandsins skuldbundu sig til að verja 0,39% af þjóðarframleiðslu sinni til þróunarmála árið 2006, sem gerir rúmlega 20 milljarða bandaríkjadala ef öll ríkin standa við þær skuldbindingar. Að sama skapi hyggjast Bandaríkin hækka framlög sín til þróunarmála verulega, um 50% næstu þrjú árin. Það leiðir til aukningar um 5 milljarða bandaríkjadala á ári fram yfir framlög þeirra í dag.

Niðurstöður ráðstefnunnar eru því að mínu mati jákvæðar og vonandi að þeim pólitíska vilja sem þar kom fram fylgi raunhæfar aðgerðir. Ég hef fulla trú á að svo verði.

Skilaboð Bandaríkjanna á þessari ráðstefnu voru að mínu mati jákvæð. Sú hækkun fjárhæðar sem þarna var tilkynnt er mikil og Bandaríkjamenn kynntu málstað sinn vel. Þeir reifuðu til að mynda hugmyndir sínar um styrki í stað lána til þróunarríkja þar sem þróunarríki mörg hver geta ekki staðið við endurgreiðslu lána. Þetta eru athyglisverðar hugmyndir og eru til umræðu víða, t.d. í Alþjóðaframfarastofnuninni IDA.

Einnig ræddu Bandaríkjamenn nauðsyn þess að fjárfesta í heilsugæslu og berjast gegn eyðni sem takmarkar mjög möguleika ýmissa ríkja til vaxtar. Bandaríkjamenn lögðu einnig áherslu á mikilvægi frjálsra viðskipta í þessu samhengi og samstöðu ríkja gegn fátækt, sem ég tel afskaplega mikilvæga. Samstaða og samvinna er nauðsynleg til að vinna megi bug á ýmsum þeim vandamálum sem blasa við í þessum fátæku ríkjum. Skilyrði Bandaríkjamanna fyrir fjárhagsaðstoð liggja enn ekki fyrir að fullu en ljóst er að þar verður lögð áhersla á ábyrga efnahagsstefnu, góða stjórnarhætti og virðingu fyrir lögum og mannréttindum.

Um þriðju spurninguna er það að segja að um það hefur ekki verið tekin ákvörðun í ríkisstjórn. Núverandi fimm ára áætlun ríkisstjórnarinnar um þróunaraðstoð lýkur á árinu 2003. Það hefur gengið vel að vinna eftir þeirri áætlun og þar hefur verið veruleg aukning á framlögum. Hins vegar verður að hafa í huga að þjóðarframleiðsla okkar hefur aukist mjög mikið á þessum árum. Það liggur fyrir að gerð verður úttekt á tvíhliða þróunaraðstoð Íslands. Sú vinna er að hefjast og er niðurstaðna að vænta með haustinu. Gert er ráð fyrir að úttektin nái einnig til marghliða þróunaraðstoðar. Á grundvelli þessara athugana, þegar þær liggja fyrir, mun ríkisstjórnin taka ákvörðun um aukin framlög og marka stefnu í þróunarmálum til næstu ára eins og gert var á sínum tíma með þeirri áætlun sem lýkur 2003.

[11:03]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin en hlýt að lýsa nokkrunm vonbrigðum með þau. Sumpart lýsi ég mig algjörlega ósammála viðhorfum hæstv. ráðherra.

Það er vissulega rétt að Monterrey-ráðstefnan var söguleg en það er ekki hægt að halda því fram að hún hafi að öllu leyti verið vel heppnuð. Eftir stendur sú staðreynd að Bandaríkjamenn, með andstöðu sinni við að uppfylla markmið ráðstefnunnar um tvöföldun framlaga til þróunarsamvinnu, þynntu út niðurstöður ráðstefnunnar. Því miður var það látið eftir þeim eins og stundum áður. Sáttmálinn er góðra gjalda verður en aflið felst vissulega í þeim fjármunum sem velmegandi ríki eru tilbúin til að leggja í þennan málaflokk.

Í öðru lagi er ég mjög undrandi á svörum hæstv. ráðherra hvað varðar viðhorfin sem Bandaríkjamenn settu fram á ráðstefnunni. Bandaríkjamenn, eins og áður sagði, gerðu í fyrsta lagi að engu þau markmið sem fyrir lágu, að stórhækka framlögin. Í öðru lagi ákváðu þeir að skilyrða framlög sín. Það er auðvitað mjög háskalegt í sjálfu sér, ef einstök ríki ákveða að skilyrða framlög sín við ýmis pólitísk markmið.

Í þriðja lagi vísuðu Bandaríkin á fjölþjóðafyrirtækin og sögðu að það ætti að greiða götu þeirra um heiminn og þau mundu með fjárfestingum sínum leysa vandann. Annað hefur nú komið á daginn í Asíu, Indónesíu og víðar þar sem menn geta sagt tvennar sögur af þeirri blessun að fá fabrikkur frá alþjóðafyrirtækjunum og því prælahaldi sem í kringum það þrífst. Þannig er full ástæða til að hafa verulegar áhyggjur einmitt af því hvernig Bandaríkin komu fram á þessari ráðstefnu. Ég tel að það verðskuldi ekki þau jákvæðu ummæli sem hæstv. utanrrh. hafði hér, þótt hann langi mikið að vera í góðum færum við Bandaríkjamenn og geta átt við þá vinsamleg samtöl.

Jafnframt eru það vonbrigði að ríkisstjórn Íslands skuli ekki á nokkurn hátt hafa mótað sér áherslur í þessum efnum. Það er ekki rétt að það hafi gengið vel að framfylgja fimm ára áætlun ríkisstjórnarinnar. Hlutfallið af þjóðartekjum til þróunarsamvinnu stendur nánast í stað hvert árið á fætur öðru.

[11:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur gengið afskaplega vel að auka þjóðarframleiðsluna. Ég er alveg fullviss um það að okkur mun takast það á næstu árum miðað við þau áform sem eru í atvinnumálum á Íslandi og að sjálfsögðu skiptir það máli til þess við getum lagt meira af mörkum í þessu samhengi.

Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að auka okkar hlut. Það er nauðsynlegt að gera það hægt og sígandi. Það er ekki nóg að moka út peningum. Það verður að skipuleggja verkefnin og það höfum við gert. Það tekur tíma að koma þessum verkefnum á góðan rekspöl. Ég tel að við séum búin að byggja upp mjög góðan grunn fyrir þróunaraðstoð okkar og það hafi tekist vel til á undanförnum árum og allir möguleikar séu á því að halda áfram að auka framlög okkar. Það verðum við að gera en til þess þurfum við að hafa góðar aðstæður. Þetta er ekki bara spurningin um peninga heldur líka hvaða gagn verður að þeim.

Ég endurtek að ég tel að Bandaríkjamenn hafi sent jákvæð skilaboð á þessari ráðstefnu. Það má vel vera að hv. þm. finnist allt vont sem kemur frá Bandaríkjamönnum. Hann ásakar mig um að vera jákvæður í garð Bandaríkjamanna í ákveðnum málum vegna þess að ég vilji koma mér í mjúkinn hjá þeim. Þetta er alrangt. Ég er hins vegar ekki á þeirri skoðun að það sé alveg sama hvað Bandaríkin geri, það eigi að tala neikvætt um alla hluti. (Gripið fram í.) Það gerir hv. þm. iðulega.

Hv. þm. ásakar mig hvað eftir annað fyrir að taka alltaf sérstaklega undir með Bandaríkjamönnum. Ég tek undir með Bandaríkjamönnum í þeim málum sem mér finnst ástæða til að taka undir. Þeir hafa lagt margt jákvætt af mörkum í heiminum og halda áfram að gera það, sem stærsta og öflugasta ríki veraldar. Að sjálfsögðu vilja Íslendingar eiga góða samvinnu við þá en það virðist hv. þm. ekki vilja.

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.

Fsp. ArnbS, 671. mál. — Þskj. 1087.

[11:07]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Til eru þýðingafyrirtæki úti á landi sem vinna bæði fyrir stærri og minni fyrirtæki, einstaklinga og jafnframt erlenda aðila. Ég ætla að taka dæmi um tvö þýðingafyrirtæki.

Fyrra dæmið er um þýðingafyrirtæki á Egilsstöðum, Lingua að nafni, sem tekur að sér verkefni alls staðar að

af landinu og hefur m.a. unnið fyrir ýmis stórfyrirtæki. Fyrir það fyrirtæki vinnur einnig fólk alls staðar að af landinu, allt frá Breiðdal til Reykjavíkur. Eigandinn, Philip Vogler, sagði mér að hann hafi haft allt að tíu manns starfandi í einu að einu og sama verkefninu en alls geti hann leitað til 20–30 manns víðs vegar um landið. Þetta er mögulegt með tilkomu internetsins og tölvusamskipta og þannig er auðvelt að reka fyrirtæki af þessu tagi. Auk þess eru til þýðingaforrit og gagnagrunnar sem eru nútímaþýðendum til mikils gagns og hægðarauka.

Hitt dæmið sem ég vil taka er írskt fyrirtæki, sem m.a. hefur útstöð á Seyðisfirði. Stofnandi fyrirtækisins Global Translations, Vera Taslova að nafni, starfar hér á landi en sonur hennar hefur tekið við rekstri fyrirtækisins í Írlandi. Fyrirtækið er þannig upp byggt að fimm manns starfa á skrifstofunni í Dublin en 300 manns starfa fyrir fyrirtækið utan þess sjálfs, reyndar flestir á Írlandi, en auk þess sem Vera starfar á Seyðisfirði. Fyrirtækið ræður yfir kunnáttu í þýðingum á allt að 70 tungumál. Fyrirtækið er með fastan samning við írska dómsmálaráðuneytið um þýðingar og túlkun. Það starfar m.a. einnig fyrir írsku lögregluna, lögfræðinga, lyfjafyrirtæki og fjármálafyrirtæki. Einnig tekur fyrirtækið að sér þýðingar fyrir Evrópusambandið og þekkir því að sjálfsögðu Brussel-termínólógíuna. Þessi fyrirtæki hafa bæði lagt sig fram um að veita skjóta og örugga þjónustu.

Hæstv. forseti. Ég tek þessi tvö dæmi annars vegar til að sýna fram á að til eru þýðingafyrirtæki úti um land nú þegar sem takast á við stór og flókin þýðingaverkefni. Hins vegar vil ég með þessu benda á að ekki virðist vefjast fyrir írska stjórnkerfinu að gera samninga við einkafyrirtæki um stórverkefni sem eru unnin vítt og breitt um Írland og einnig á Austfjörðum á Íslandi.

Við hljótum því að spyrja okkur, hæstv. forseti, hvort hinar miklu þýðingar utanríkisráðuneytisins séu ekki kjörið verkefni fyrir stjórnvöld að flytja út á land í leit okkar að heppilegum verkefnum til að deila út úr Stjórnarráðinu til landsbyggðarinnar.

Það er mikið umhugsunarefni að einkafyrirtæki hafa flutt starfsemi sína út á land vegna þess að þau telja sig hafa hag af því og það sé heppilegt fyrir rekstur þeirra. Þetta virðist ekki gilda um opinber fyrirtæki og stofnanir. Það virðist kosta mikil átök, úlfúð og umræður að hið opinbera íhugi að flytja störf út á land og nýta starfskrafta þess fólks sem þar býr.

Ég hef því beint þessum spurningum til utanrrh. varðandi þýðingamiðstöðvar.

[11:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þýðingamiðstöð utanrrn. sinnir þýðingum af öllum þeim gerðum sem eru teknar upp í EES-samninginn og þýðir þannig nokkur þúsund blaðsíður á ári. Þessar þýðingar eru mjög sérhæfðar og krefjast mikillar nákvæmni og reynslu. Þýðingamiðstöðin tryggir að EES-reglur séu aðgengilegar Íslendingum og Ísland uppfylli þær skuldbindingar EES-samningsins er varða þýðingar yfir á þjóðtungur samningsaðila. Jafnframt gegnir þýðingamiðstöðin mikilvægu hlutverki við að varðveita íslenska tungu með því að gæta samræmis og gæða í þýðingum á EES-reglum, auk þess að sinna nýyrðasmíði í samráði við Íslenska málstöð eftir því sem þörf krefur.

Ég ætla síðan að svara þeim spurningum sem hér komu fram. Að því er fyrstu spurninguna varðar vinna 15 manns á þýðingamiðstöðinni í 14,25 stöðugildum.

Að því er varðar aðra spurninguna eru allir starfsmenn þýðingamiðstöðvar með háskólapróf, BA-próf, tvöfalt BA-próf, MA-próf, hluta af doktorsnámi, flestir á sviði íslensku og/eða erlends tungumáls, en nokkrir starfsmenn hafa háskólapróf í raunvísindum og félagsvísindum. Auk formlegrar menntunar hafa margir starfsmenn áralanga reynslu af þýðingum.

Að því er varðar þriðju spurninguna starfar eins og stendur enginn á vegum þýðingamiðstöðvarinnar í fjarvinnslu. Ráðuneytið hefur hins vegar unnið að athugun á því hvort til greina geti komið að færa hluta af starfsemi þýðingamiðstöðvar utanrrn. út á land og/eða gefa fólki úti á landi færi á að vinna að þýðingaverkefnum á vegum ráðuneytisins. Iðntæknistofnun var fengin til að gera á því könnun hvort vænlegt væri að sinna slíkri þýðingarvinnu á landsbyggðinni.

Niðurstaða skýrslunnar var á þá leið að það kæmi vel til greina að fá einstaklinga úti á landi til að vinna að þýðingaverkefnum, en forsenda þess væri að þýðingamiðstöðin tæki í notkun svokallað „þýðingarminni", hugbúnað sem stuðlar að samræmdum og vönduðum þýðingum. Í skýrslunni er jafnframt vakin athygli á því að þær þýðingar sem þýðingamiðstöðin fæst við eru alla jafna mjög þungar og tæknilegs eðlis og því ekki taldar vænlegar fyrir einyrkja að eiga við, heldur fremur hóp þýðenda.

Þýðingamiðstöðin hefur að undanförnu unnið að uppbyggingu um 30 gagnagrunna í þýðingarminni og verður síðar á þessu ári hægt að meta að hvaða leyti grunnurinn geti nýst við þýðingar í fjarvinnslu og í framhaldi af því, þegar það liggur fyrir, verða frekari ákvarðanir teknar.

[11:14]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir að hafa orð á þessu máli. Það er eðlilegt að gera miklar kröfur varðandi þær þýðingar sem hér um ræðir. Auðvitað er hægt að gera það með samningum við þá sem taka þessi mál að sér að tryggt sé að gæðin séu samkvæmt ákveðnum kröfum í þessum verkefnum eins og öðrum verkefnum. Það er ekki bara á höfuðborgarsvæðinu sem menn hafa vald á erlendu tungumáli, svo er auðvitað víða annars staðar. Ég verð að játa að ég verð fyrir miklum vonbrigðum í hvert skipti sem þessi mál ber á góma vegna þess hversu erfitt virðist að færa þessi störf út á land.

Það rifjast upp fyrir mér að ég spurði einu sinni líka um möguleika á að færa til verkefni á vegum Ratsjárstofnunar út á land. Það er einfaldlega þannig að Ratsjárstofnun starfar á höfuðborgarsvæðinu, í Keflavík og í nokkrum ratsjárstöðvum á landsbyggðinni og er að mínu mati eðlilegt að reyna að styrkja þessa starfsemi á landsbyggðinni, færa verkefni sem nú eru unnin á vegum Ratsjárstofnunar inn í ratsjárstöðvarnar og styrkja starfsemi þeirra og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni í leiðinni.

[11:15]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka umræðuna hér og hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég tel að það sé mjög mikilsvert að nú sé verið að vinna að því í ráðuneytinu að koma þessum störfum út úr ráðuneytinu. Þetta eru greinilega störf sem hægt er að vinna annars staðar. Það er mjög skiljanlegt að það hafi þurft að byggja upp vissan gagnagrunn í upphafi þegar menn tóku yfir EES-samninginn. Hins vegar að tíu árum liðnum hlýtur sá gagnagrunnur að vera orðinn slíkur að þýðendur geti nýtt hann hvar sem þeir starfa á landinu. Það ætti að tryggja

vönduð vinnubrögð að slíkur gagnagrunnur sé til. En það er alveg ljóst að þessi verkefni, ekki síst þýðingaverkefni, geta menn unnið í fjarvinnslu. Það gera menn nú þegar, þ.e. vinna í fjarvinnslu, og þó að það sé á höfuðborgarsvæðinu þá vinna menn svona störf í fjarvinnslu.

Við fréttum af því á sínum tíma þegar við fjölluðum um málefni þýðenda hjá sjónvarpinu að t.d. er fólk sem vinnur erlendis en starfar við að þýða fyrir íslenska ríkissjónvarpið. Þetta eru störf sem þarf ekki að vinna þannig að allir séu saman í grúppu. Þetta eru heppileg störf til þess að flytja út um land og ég vil hvetja hæstv. utanrrh. til þess að vinna mjög ákveðið að því máli nú að koma þessum störfum sérstaklega út til landsbyggðarinnar. Ég vil leggja áherslu á það.

Þjóðareign náttúruauðlinda.

Fsp. RG og SvanJ, 578. mál. — Þskj. 905.

[11:19]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn frá okkur hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um þjóðareign náttúruauðlinda sem hljóðar svo:

Hvað líður framkvæmd þeirrar megintillögu auðlindanefndar að ákvæði um þjóðareign náttúruauðlinda og landsréttinda sem ekki eru háð einkaeignarrétti verði sett í stjórnarskrá?

Tillagan er um nýtt ákvæði í VII. kafla stjórnarskrárinnar þar sem náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti verði lýstar þjóðareign. Ákvæðið verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti.“

Herra forseti. Nú er til meðferðar í þinginu frv. frá hæstv. sjútvrh. um stjórn fiskveiða. Þannig erum við enn á ný að breyta lögum um stjórn fiskveiða án þess að bundinn sé endi á þá réttaróvissu sem ríkt hefur um rétt þeirra sem fengið hafa leyfi til veiða, svo notuð séu orð úr skýrslu auðlindanefndar. Það er orðið afar brýnt að Alþingi móti auðlindastefnu þannig að fyrir liggi hvernig fara skuli með heimildir til nýtingar auðlinda, en mjög ólíkar reglur gilda um aðgang og nýtingu auðlinda okkar. Nefna má nýlegan úrskurð óbyggðanefndar um að ríkið eigi öll vatnsréttindi sem Landsvirkjun hefur nýtt, en engin stefna er um hvernig skuli fara með almenn vatnsréttindi, hvað þá hvort greiða skuli fyrir afnot af þeirri auðlind. Ég bendi á, herra forseti, að í Morgunblaðinu 13. apríl lýsti Eiríkur Tómasson lagaprófessor því yfir að hann teldi að Landsvirkjun bæri að greiða ríkinu auðlindagjald fyrir vatnsréttindi.

Rannsóknir um hugsanlega olíu á landsgrunni okkar eru hafnar. Hvernig verður farið með slíka auðlind? Ég hef áhuga á því að heyra frá hæstv. forsrh. hvernig hann hyggst bregðast við þessari tillögu auðlindanefndar og hvort hann muni lögfesta þetta eða beita sér fyrir því að við munum setja þetta ákvæði í stjórnarskrá.

[11:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í tilefni af fyrirspurn fyrirspyrjanda vil ég vekja athygli á því að ríkamstaða var um það í auðlindanefninni sem svo hefur verið kölluð að setja beri ákvæði í stjórnarskrá, stjórnarskipunarákvæði, er lúti að eignarhaldi þjóðarinnar á þar til teknum auðlindum. Það hefur ætíð verið hugsun ríkisstjórnarinnar að þær tillögur sem ríkisstjórnin mundi leggja fram í tilefni af tillögum auðlindanefndar yrðu lagðar fram á haustþingi og að unnið yrði að þeim nú í sumar. Það lýtur þeim lögmálum sem stjórnarskipunarlagabreytingar lúta, að þegar þær hafa verið samþykktar þá beri að rjúfa þing innan tiltölulega skamms tíma. Ég hygg að þingheimi almennt hafi verið það ljóst að þannig yrði að málinu unnið.

Þar sem auðlindanefndin, þar sem ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarflokkarnir, getum við sagt, höfðu sína trúnaðarmenn, komst að sameiginlegri niðurstöðu sem segja má að hafi um margt verið grundvöllur að annarri niðurstöðu nefndarinnar þá er afar sennilegt að ríkisstjórnin muni byggja á, eða a.m.k. hafa ríkulega hliðsjón af, þeirri niðurstöðu sem þar náðist því ella mætti gera því skóna að aðrar niðurstöður nefndarinnar kynnu að vera í uppnámi ef þær grundvallarforsendur sem nefndin bersýnilega lagði mikið upp úr af eðlilegum ástæðum væru brostnar.

Að sjálfsögðu get ég ekki sagt að ríkisstjórnin muni í einu og öllu yfirfæra textann í stjórnarskrárbundna tillögu eða stjórnarskipunartillögu. En ég er ekki að útiloka það. Eðli málsins samkvæmt get ég ekki fullyrt það því ríkisstjórnin þarf að fara yfir málið a.m.k. að formi til og einnig efni og einnig leita til sinna stuðningsflokka í þinginu. En líklegast þykir mér þó, eins og ég sagði, að það hljóti að þurfa að hafa afar mikla hliðsjón af því sem nefndin komst að þannig að grundvöllur starfsins bresti ekki.

[11:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft afar mikilsverðu máli og full ástæða er til þess að taka grannt eftir því sem hæstv. forsrh. er að segja. Hann segir sem sagt að þetta sé allt saman í þoku enn þá, að það sé þó líklegt að eitthvað verði gert í málinu. Samt er hæstv. forsrh. búinn að standa fyrir því að leggja fram frv. til laga um stjórn fiskveiða sem á að heita einhverjar efndir á loforðunum fyrir síðustu kosningar. En það fylgir ekki með nein skýr yfirlýsing um það hvernig eigi að fara með þessa auðlind í framtíðinni.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst að það hefði átt að koma fram strax hverjar þessar fyrirætlanir væru og að ekki ætti að hafa það dulið í þoku þangað til einhvern tímann, því það liggur ekkert fyrir. Auðvitað vita allir að ef á að gera breytingu á stjórnarskránni þá verður það gert á því þingi sem lýkur fyrir kosningar. Gott og vel, en það er samt hægt að tala skýrt í málinu og setja fram stefnu stjórnar.

[11:26]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þó svo að hæstv. forsrh. hafi kannski ekki talað alveg skýrt hér áðan, mátti þó skilja af máli hans að vilji væri fyrir því að breyta stjórnarskránni í þá veru að þar yrðu skýrð réttindi, bæði eigenda náttúruauðlinda og sömuleiðis þeirra sem fá leyfi til að nota þær. Þetta er mjög mikilvægt, herra forseti, vegna þess að þjóð sem lifir að eins miklu leyti á nýtingu náttúruauðlinda og Íslendingar gera, þarf að hafa ákveðið skikk á þessum málum. Á meðan menn gátu enn verið í landnámi á hverju sviðinu á fætur öðru var þörfin kannski ekki jafnbrýn og nú.

En nú er farið að þrengjast um, herra forseti. Nú þurfum við svo sannarlega að setja reglur. Menn þurfa að vita hver réttur þeirra er, hvort sem þeir eru eigendur auðlindarinnar eða notendur. Ákvæði það sem auðlindanefnd lagði til er vel hugsað og vel grundað þannig að ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn kjósi að nota það.

[11:27]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta svar. Þegar við vorum að ræða frv. hæstv. sjútvrh. um stjórn fiskveiða fyrir fáum vikum síðan spurði ég hann sérstaklega um þetta atriði vegna þess, eins og hér hefur komið fram, að okkur í Samfylkingunni hefur fundist að við þyrftum að vita hvernig sú grundvallarstefna sem þarf að vera mörkuð í stjórnarskrá verði orðuð og á hvaða grundvallarstefnu önnur lagaákvæði sem eru sett hér í þessum sal byggja. Hæstv. sjútvrh. vísaði þessari spurningu frá sér og upplýsti að hún lægi náttúrlega ekki á hans borði. Á honum var að skilja að þetta mál hefði ekki verið rætt í ríkisstjórninni, án þess að ég ætli þar með að leggja honum skoðun í munn. En það var ástæða þess að ég bar fram þessa fyrirspurn. Og ástæða þess að ég las allt ákvæðið sem birt er og tillaga er um í skýrslu auðlindanefndar er sú að mér finnst þetta ákvæði segja allt sem segja þarf um hvað við þurfum að halda utan um varðandi okkar auðlindir og þjóðareign.

Það sem ég heyri hæstv. forsrh. segja og sem að hluta til hefur verið gagnrýnt hér hjá félögum mínum úr Samfylkingunni, er að hann er ekki tilbúinn að segja nákvæmlega hvernig ákvæðið verði bundið í stjórnarskrá, en að á komandi vetri muni hann beita sér fyrir því að hér verði lögð fram tillaga sem fari í hefðbundið ferli, verði afgreidd á næsta þingi og á fyrsta þingi eftir næstu kosningar. Mér finnst það á sinn hátt fagnaðarefni, en undirstrika að mikilvægt er að þau atriði sem auðlindanefndin hefur undirstrikað verði tekin fyrir í þeirri tillögu.

[11:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fundið var að því að ég hefði ekki talað hér nægilega skýrt og vel má vera að ég hafi ekki gert það. En ég talaði eins skýrt um þetta mál og efni eru til á þessari stundu.

Ég hlýt þó að viðurkenna það sem ég hygg að margir hafi vitað, að þegar þessi ákvæði voru í mótun í auðlindanefndinni þá voru þau auðvitað kynnt bæði mér og hæstv. utanrrh. á vinnslustiginu. Og þó að við höfum ekki verið í þeirri stöðu að leggja endanlega blessun yfir þær, vegna þess að það var nefndarinnar en ekki okkar, þá voru okkur kynntar þessar tillögur. Ég minnist þess að við utanrrh. fórum sameiginlega fyrir þær a.m.k. nokkrum sinnum þannig að í þeim var ekkert sem kom okkur á óvart, enda hefði verið óeðlilegt að mínu viti að a.m.k. stjórnarfulltrúar í slíkri nefnd hefðu ekki látið okkur fylgjast með því sem menn voru að kokka um svo mikilvæg málefni. Við nauðaþekkjum því þessar tillögur alveg frá getnaði til fæðingar, ef svo má segja. Ég segi því að við hljótum að byggja á þeim a.m.k. að verulegu leyti. Ég vil ekki taka sterkar til orða því að ég vil ekki skuldbinda ríkisstjórnina eða þingflokkana. Mér finnst það ekki eðlilegt. En þetta er sagan. Þetta er forsendan. Og ég bæti því við, eins og ég gerði áðan, að ég mundi ætla að ef þeir sem síðan stóðu að verkum í auðlindanefndinni teldu ef að innihald þessara mikilvægu stjórnarskipunartillagna mundi ekki koma þá hefði grundvellinum eiginlega verið kippt undan því samstarfi og samkomulagi sem þarna náðist.

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila.

Fsp. ÖJ, 610. mál. — Þskj. 957.

[11:32]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. forsrh. um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila. Árið 1999 flutti ég ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs till. til þál. sem var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem athugi hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Þar til nefndin hefur skilað álitsgerð verði öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd slegið á frest."

Í greinargerð með þáltill. er vikið að ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um að breyta nokkrum opinberum stofnunum í hlutafélög og markaðsvæða þær og einnig er vísað í einkaframkvæmd á ýmsum sviðum almannaþjónustunnar, svo sem í skólum og á sviði öldrunar- og heilbrigðisþjónustu. Í greinargerðinni segir enn fremur orðrétt, með leyfi forseta:

„Mjög brýnt er að um allar grundvallarbreytingar sem gerðar eru á samfélagsþjónustunni fari fram vönduð og lýðræðisleg umræða til að tryggja tvennt: Í fyrsta lagi séu breytingar gaumgæfðar frá öllum sjónarhornum áður en í þær er ráðist. Vönduð vinnubrögð eru forsenda þess að vel takist til. Í öðru lagi er eðlilegt að freista þess að breytingar séu þannig úr garði gerðar að um þær sé tryggð víðtæk þjóðfélagssátt.

Einkavæðing opinberra stofnana og sala fyrirtækja í ríkiseign hefur verið uppi á teningnum víða um lönd á undanförnum árum og hefur þegar fengist allvíðtæk reynsla af þeirri stefnu. Mikilvægt er að fram fari ítarleg gagnasöfnun og skipulögð athugun á því hvernig til hefur tekist hjá öðrum þjóðum. Þegar liggja fyrir gögn um þessi efni og má í því sambandi vísa til könnunar sem breska verkalýðshreyfingin hefur gert á því hvernig einkaframkvæmd almannaþjónustunnar í Bretlandi hefur reynst. Þar í landi hefur þessi stefna verið höfð að leiðarljósi bæði af hálfu Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins enda þótt hún sé mjög umdeild. Fram hafa komið rökstuddar staðhæfingar um að einkaframkvæmdin sé, þegar upp er staðið, dýr kostur fyrir skattborgarana og ávísun á félagslegt misrétti þegar til lengri tíma er litið.

Afar brýnt er að breytingar sem gerðar eru á grundvallarþáttum samfélagsins séu vel ígrundaðar, byggist á traustum rökum og haldgóðum upplýsingum en ekki framkvæmdar af handahófi. Þá er nauðsynlegt að breytingar séu gerðar með framtíðarsýn á hlutverk hins opinbera í huga þar sem skýrt komi fram hvaða verkefni eigi að vera á vegum ríkis og hvar skuli koma til kasta fyrirtækja á markaði."

Þetta fékkst ekki samþykkt á þinginu 1999 og var endurflutt árið 2000. Þá fékkst tillagan samþykkt en með þessari breytingu, og nú les ég hana orðrétt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum."

Þetta var samþykkt 9. maí árið 2000. Hvað líður skipan þeirrar nefndar?

[11:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. las þá tillögu sem hann og félagar hans í Vinstri grænum fluttu á sínum tíma. Sú tillaga var nokkuð skýr, ljós og skiljanleg. Að vísu voru menn kannski ekki sammála því sem fylgdi tillögunni, að það bæri að fresta öllum hugmyndum um einkavæðingu meðan efni tillögunar yrði framkvæmt.

Síðan gerist það í þinginu að tillögunni er loks breytt og þegar ég fékk málið til meðferðar og ætlaði um haustið að fara að vinna samkvæmt tillögunni, þá var mér það gjörsamlega og algerlega ómögulegt svo ég skrifaði þinginu bréf 1. nóvember sem ég les, með leyfi forseta:

„Forseti Alþingis, Halldór Blöndal,
Alþingi við Austurvöll, 150 Reykjavík.
Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Ráðuneytið hefur fengið lærða menn í ýmsum fræðum til að fara yfir fyrirmæli Alþingis og það fær enginn skilið hvað í þeim felst."

Hvernig er nú þessi texti:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd," — þetta skilja allir — „sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka sem geri samanburð á þróun og reynslu ..." — það á að gera samanburð á þróun og reynslu. Hvað þýðir þetta? — „í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum." — Gera samanburð á þróun og reynslu í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd. Ég gat ekki skipað nokkra nefnd eða gefið slík fyrirmæli. Þessi texti er algerlega óskiljanlegur öfugt við frumtexta Vinstri grænna sem var algerlega skýr og ljós. Þegar nefndin loks lagði blessun sína yfir tillöguna og samþykkti hana — ég verð því miður að viðurkenna, ég er búinn að láta fletta því upp, að ég greiddi þessari brtt. frá nefndinni atkvæði og sjálfsagt allur þingheimur. En það er algerlega ómögulegt að segja fyrir um það hvað átti að gerast þarna. Ég átti von á því, þegar ég hafði sent þetta bréf til þingsins, að þá yrði nefndinni gerð grein fyrir þessum vanda, þetta var 1. nóvember sl., er að verða hálft ár síðan, þannig að hún gæti þá tekið á málinu því það virðist hafa verið vilji hennar til að gera eitthvað efnislega í málinu, og á því tímabili hef ég náttúrlega ekki gert neitt í málinu. Mér var það algerlega hulið og ómögulegt. Ég vænti þess að nefndinni yrði sýnd þessi niðurstaða framkvæmdarvaldsins sem verður að hlýða þinginu í þessum efnum en það verður að vera þannig að hægt sé að framkvæma það. En það er ekki hægt ef við lesum textann, öfugt við þann texta sem Vinstri grænir fluttu.

[11:38]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að karpa um þetta mál við hæstv. forsrh., mér finnst það vera alvarlegra en svo. Í fyrsta lagi vil ég að fram komi að mér hefur ekki verið gerð grein fyrir bréfinu sem hæstv. forsrh. vísar í og mér finnst mikilvægt að umræða verði tekin upp um það á þinginu. Ég mun taka það upp í efh.- og viðskn. þingsins en undir brtt. og þál. sem var samþykkt samhljóða í þinginu skrifuðu eftirtaldir hv. þingmenn: Vilhjálmur Egilsson, Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Ég er ósammála hæstv. forsrh. um efni tillögunnar, að það sé illskiljanlegt. Mér finnst það fullkomlega skiljanlegt og í greinargerð með þáltill. eins og hún var upphaflega flutt er rækilega tíundað með hvaða hætti hægt er að framkvæma þáltill. Vísað er til þess að í Bretlandi og víða um lönd hefur verið ráðist í rannsóknir og samanburðarrannsóknir á reynslu af einkaframkvæmd og einkavæðingu innan almannaþjónustunnar. Ég get vísað hæstv. forsrh. á slík gögn og slíkar skýrslur máli mínu til stuðnings.

En það sem mér finnst skipta máli hér er að þáltill. var samþykkt á Alþingi samhljóða fyrir nærri tveimur árum, og ég leyfi mér að gera þá kröfu að farið verði að vilja Alþingis í þessu efni. Þetta mál er ekki útrætt af minni hálfu.

[11:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er svo sem von, og hv. þm. er vorkunn, að hann lesi upp greinargerð með þeirri tillögu sem þingið samþykkti ekki og meira að segja hafnaði í tvígang. Í fyrsta lagi með því að afgreiða hana ekki og síðar með því að gera brtt. sem er algerlega óskiljanleg. Við gátum ekki elt einhverjar vísbendingar í greinargerð með tillögu sem þingið hafnar. Þingið hafnaði í rauninni þeirri tillögu þar sem þessi greinargerð var lögð fram og kom með þennan samsetning. Og það verður að gera þá kröfu til þingsins og ég á minn hlut í þeirri ábyrgð því að það kemur á daginn við athugun að ég hef greitt þessu atkvæði. (**ÖJ:** Þetta er fullkomlega skiljanlegt.) Þá eru skilningarvit hv. þm. óskaplega góð. (**ÖJ:** Já, ég ...) Hvernig ætlar hann að gera samanburð á þróun annars vegar og reynslu hins vegar? Er þetta ekki sami hluturinn? (**ÖJ:** Gæti verið að menn séu komnir ...?) Nei, nei. Hvernig á ég að gefa mönnum fyrirmæli um það að gefa ...? Það er bara beðið um einn hlut: Að gera samanburð annars vegar á þróun og hins vegar reynslu. (**ÖJ:** Nei, ...) Að gera samanburð ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Hæstv. forsrh. hefur orðið.)

Verkefnið er þetta: Að gera samanburð á þróun og reynslu í tengslum við einkavæðingu. Þetta stendur í textanum og hann er óskiljanlegur. Það er ekki hægt að ætlast til þess að framkvæmdarvaldið fari að geta í einhverjar eyður í þessum efnum. Þessi tillaga hefur bersýnilega verið krulluð saman á hlaupum og ekki unnið betur að henni en þetta. (Gripið fram í.)

En af því að hv. þm. talar um að liðin séu tvö ár, þá var þessi tillaga samþykkt í lok þinghalds að vori og við fórum að athuga hana strax að hausti eins og jafnan er gert og létum þingið vita um afstöðu okkar. (Gripið fram í.) Það er ekki mitt. Við skrifuðum réttum aðilum í þinginu og ég tel að

þingnefndin hefði átt að fara yfir málið og koma því skýrt og gott horf eða þá að setja ofan í við ríkisstjórnina og mig sérstaklega fyrir að vera svona skilningsvana að geta ekki lesið í þennan texta en það er mér alveg fyrirmunað.

Skráning í þjóðskrá.

Fsp. EMS, 658. mál. — Þskj. 1068.

[11:42]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. um skráningu í þjóðskrá. Ástæða þess er sú að athygli mín hefur verið vakin á því að fólk hefur lent í vandræðum í samskiptum sínum við Hagstofu Íslands varðandi skráningu á nöfnum í þjóðskrá. Þannig hefur t.d. fólk vakið athygli mína á því að barn sem heitir tveimur nöfnum og samtals með 30 stöfum og tveimur bilum komist ekki inn í þjóðskrá og fái þá skýringu eina að tölvukerfi Hagstofunnar eða þjóðskrárinnar ráði ekki við slíkan fjölda stafa og bila. Það hlýtur, herra forseti, að vekja afar mikla undrun á árinu 2002 að tölvukerfi þjóðskrárinnar ráði ekki við nöfn sem ekki eru lengri en þetta.

Það má auðvitað færa fyrir því rök að það sé hluti af mannréttindum að fá skráð nöfn sín í þjóðskrá en ...

[11:44]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti biður hv. þm. afsökunar en mistök virðast hafa orðið á. Það misfórst að koma réttum skilaboðum til hæstv. forsrh. um að honum bæri að svara nefndri fyrirspurn á þessum fundi þannig að hæstv. forsrh. mun ekki hafa undirbúið sig sérstaklega undir það. Forseti biður forláts á þessum mistökum en er nauðbeygður að taka málið af dagskrá og lýkur hv. þm. þar með ræðu sinni.

[Fyrirspurn tekin af dagskrá en fyrirspyrjandi óskaði skriflegs svars.]

Jarðalög.

Fsp. ÁRJ, 429. mál. — Þskj. 689.

[11:45]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Þann 14. desember sl. sendi Ríkisendurskoðun landbrh. álit sitt á framkvæmd landbrn. á sölu ríkisjarða. Ráðherra hafði þá beðið um slíkt álit bréflega 3. október. Í þessu áliti kemur fram að Ríkisendurskoðun lagði ekki mat á söluverð þeirra jarða sem seldar voru, enda var óháður sérfræðingur fenginn til að meta þær eða fagaðili, Ríkiskaup, og verðmat þeirra lagt til grundvallar.

Við mat á verðgildi jarða var miðað við að ábúandi ætlaði að stunda þar áfram hefðbundin búskap. Varðandi það beinir ríkisendurskoðandi þeim tilmælum til landbrn. að það kanni hvort ekki sé tímabært að huga að breytingu á þessari áherslu þannig að við mat á ríkisjörðum megi taka tillit til annarra mögulegra nytja við verðlagningu þeirra.

Nú hefur komið í ljós að sumir sem keypt hafa ríkisjarðir hafa ekki haft áform um hefðbundinn búskap og hafa þeir haft verulegan hagnað af kaupunum. Við mat á ríkisjörðum er ekki metinn fullvirðisrétturinn sem fylgir jörðinni og bóndinn eignast við kaupin. Ég hef áður nefnt sölu jarðarinnar Kaldbaks sem bóndi keypti á rúmar 4 millj. af ríkinu en fékk síðan milli 5–6 millj. kr. fyrir fullvirðisréttinn sem hann eignaðist við kaupin.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur Ríkiskaupum ekki verið falið að meta ríkisjarðirnar, þ.e. ekki hlunnindin sem þeim fylgja svo sem fullvirðisréttinn, þ.e. verðmæti sem ættu að metast og bætast við verðið þegar ríkisjörð er seld.

Ég er með annað dæmi til samanburðar þar sem ábúanda ríkisjarðar var synjað um kaup á jörðinni sem hann bjó á. Hann fékk reyndar skeyti um uppsögn á jörðinni. Öðrum var seld jörðin undir annað en hefðbundinn búskap. Þessi bóndi eignaðist því ekki fullvirðisrétt sinn sem var rúmar 3 millj. kr. að verðgildi, nokkuð sem hæstv. ráðherra kallaði umbun fyrir ævistarfið í umræðu um sölu ríkisjarða í vetur. Því spyr ég:

Er ekki ástæða til að allir bændur fái þessa umbun, ekki bara sumir sem fá að kaupa ríkisjarðirnar?

Í ljósi ábendinga Ríkisendurskoðunar frá 14. desember spyr ég hæstv. ráðherra:

Eru áform um að breyta lögum í framhaldi af áliti Ríkisendurskoðunar eða þá reglum um að taka tillit til annarra nytja en hefðbundins landbúnaðar við matið eða skoða mismununina sem snýr að bændum með kvóta eins og þeim sem ég nefndi í dæminu áðan, þ.e. um bóndann sem tapar kvótanum við að fá ekki að kaupa jörðina og bóndann sem fær að kaupa og öðlast réttinn á kvótanum og getur selt hann háu verði?

[11:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil segja í upphafi þessa máls að mér hefur alltaf leiðst að eiga viðræður við hv. þm. um jarðamál því að vanþekkingin liggur algjörlega fyrir og dylgjurnar koma fram í hverri einustu ræðu.

Hér leyfði hv. þm. sér á nýjan leik að taka upp Kaldbaksmálið sem hún hafði gert áður með miklum aðdróttunum bæði að þeim sem hér stendur og fjölskyldu bóndans sem átti kaupréttinn og keypti. Ég get lýst því enn einu sinni yfir að bóndinn sem keypti þessa jörð eins og hv. þm. segir á 4 millj., selur hana aftur á rúmar 20, átti allar eignir sjálfur persónulega á jörðinni, þ.e. hann og hans fjölskylda, þar á meðal íbúðarhús byggt 1974 sem hefði sennilega verið selt á 20 millj. í Reykjavík o.s.frv. þannig að hann var ekki að fá meira en hann hafði lagt í jörðina og það var hans ævistarf.

Það er erfitt að tala við hv. þm. sem alltaf er með dylgjur og kemur núna með nafnlausa jörð inn í umræðuna þannig að ég get ekki rætt það mál. Það eru dylgjur enn og aftur. Þetta eru ekki góð vinnubrögð, hæstv. forseti.

Svo vil svo segja um hitt atriðið sem hv. þm. spyr um og hafði sett inn í sína fyrirspurn hvað varðar áform um að endurskoða jarðalögin, þá hefur það legið fyrir og hefur um langa hríð verið unnið að gerð frv. til nýrra jarðalaga og ábúðarlaga sem fela í sér heildarendurskoðun á núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, og ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum. Frumvörpin eru nánast fullunnin og hafa verið send til umsagnar hjá ýmsum aðilum. Umsagnir um þau hafa borist ráðuneytinu. Ég hef hins vegar ákveðið að leggja þessi frv. fram á haustþingi þannig að þessi frv. um jarðamálin verði mín fyrstu frv. á haustþingi. Því miður hefur

þessi vinna staðið lengur en ég sjálfur vildi. Þetta er vandasamt verk eins og hv. þm. veit og þessi frv. munu líta dagsins ljós í haust. Það er ekki gert af því að Ríkisendurskoðun hafi bent á þessi atriði. Þessi mál eru því miður búin að vera lengur í endurskoðun en ég sjálfur vildi og hafa reynst flóknari í meðferð en menn gerðu sér grein fyrir. Þetta hefur því miður tafist. En þau munu koma í haust.

Ég vil svo enn og aftur segja um jarðakaupin að ríkisendurskoðandi sem hér er vitnað til hefur farið yfir þessi mál og gefur þeim sem hér stendur í ráðherratíð hans nánast heilbrigðisvottorð um að unnið hafi verið eftir settum reglum og vandlega unnið að þeim málum. Mér finnst því ástæðulaust, hæstv. forseti, að sitja undir eilífum dylgjum frá hv. þm. sem virðist þekkja mjög lítið til þessa málaflokks.

[11:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en harmað hvernig hæstv. ráðherra landbúnaðarmála í landinu bregst við kurteislegri fyrirspurn þingmanns um ákveðin mál sem hafa verið mikið í umræðunni. Bæði sakar hann hana um þekkingarleysi og hefur uppi alls konar dylgjur um hennar málflutning yfirleitt. Svo kemur hann hér með ástæðurnar fyrir þessum rökum sínum og þá kemur í ljós að hann bæði sakar hana um að tala um ákveðið mál undir nafni vegna þess að þar með sé hún að veitast að ákveðinni fjölskyldu og í hinu orðinu sakar hann hana um að tala um mál sem hún hafi nafnlaust sem sé algjörlega fyrir neðan allar hellur.

Auðvitað er hv. þm. að impra á máli sem liggur á fjölda manna í þessu landi og er mjög brýnt að ræða. Það er ekki hægt að ráðast að fólki þó það komi með undirbúnar fyrirspurnir sem fyrir löngu eru komnar fram um þessi mál.

[11:53]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Mér finnst málflutningur hæstv. ráðherra fyrir neðan allar hellur og sýna að hann er greinilega í vondum málum. A.m.k. virðist hann hafa eitthvað að fela þegar hann bregst svona illa við kurteislegri fyrirspurn frá mér þar sem ég bar saman tvö dæmi. Ég get tilgreint jörðina sem ég nefndi til samanburðar þar sem bónda í Gufudal og Reykjakoti í Ölfusi var synjað um að kaupa ríkisjörð og var hann nánast flæmdur af jörðinni sem átti fullvirðisrétt upp á 3 millj. en sem hann eignaðist ekki vegna þess að hann fékk ekki að kaupa jörðina. Það er ekkert mál að nefna það, enda hefur þetta dæmi komið fram í blöðum og víða.

Þarna er verið að mismuna bændum. Annars vegar er bóndinn á Kaldbak sem fær að kaupa jörðina og eignast fullvirðisréttinn sem var hærri en 5 millj. Hins vegar er það bóndinn í Gufudal, fyrst hæstv. ráðherra vill að ég nefni hér dæmin, sem fær ekki að kaupa jörðina og tapar þar með fullvirðisréttinum, yfir 3 millj. Ég er að nefna það hér hvort ekki sé full ástæða til þess að skoða lögin með tilliti til jafnræðis með þeim bændum sem öðlast hafa fullvirðisrétt á ríkisjörðum og standa síðan uppi annars vegar með hagnað af fullvirðisrétti sínum en fá hins vegar ekki neitt. Ég tel fulla ástæðu til þess að það verði skoðað. Hæstv. ráðherra segir að verið sé að endurskoða jarðalögin. Ríkisendurskoðandi gaf hæstv. ráðherra ekki algjört heilbrigðisvottorð. Hann var með ábendingar í áliti sínu frá 14. desember um að það þyrfti að skoða hvernig jarðirnar yrðu nytjaðar. Ég tel fulla ástæðu til þess að halda hæstv. ráðherra við efnið. Það er ástæðulaust fyrir hann að bregðast illa við þó hann sé spurður. Hann á auðvitað að svara kurteislega eins og vel upp alið fólk. Ég hélt að hæstv. ráðherra væri það. En annað virðist vera að koma í ljós, herra forseti. (Gripið fram í.)

[11:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Enn þá heldur málið áfram. Hv. þm. er með dylgjur án þess að þekkja málið. Nú rifjar hún upp Reykjakot og Gufudal þar sem ábúanda var kippt í burtu af forvera mínum og landbrn. til að skapa frið um útivistarsvæði Hvergerðinga og Ölfusinga, þekktan golfvöll. Sá ábúandi sem þar sat gekk að samningi við landbrn. og fyrirrennara minn og jörðin var keypt þar á miklu yfirverði til þess að skapa frið um svæðið. Þetta þekki ég úr mínu kjördæmi.

Ég veit líka að sá ábúandi sem fékk þá miklu peninga vildi einnig kaupa jörðina á nýjan leik þannig að ég þekki þetta mál allt saman þegar hv. þm. nefnir nafnið. (Gripið fram í.)

Ég var fyrst og fremst, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, að ræða um það áðan að hér hafa fyrr komið fram dylgjur um Kaldbak sem hafa sært viðkomandi fjölskyldu. Þess vegna finnst mér ástæðulaust að það komi aftur upp í dylgjustíl af hendi hv. þm. þegar ég er þegar búinn að leiðrétta það einu sinni í þinginu og fara yfir sögu þess máls. Þetta sýnir að hlustunin (Gripið fram í.) er ekki alltaf fyrir hendi. Síðan geta þingmenn auðvitað sagt allt staðreyndir. Ég hef boðið þessum hv. þingmanni upp í ráðuneyti til þess að fara yfir þessi mál. Hún er ekki farin að eiga við mig það stefnumót enn þá (**ÁRJ:** Getur þú svarað ...) Það bíður auðvitað og stendur opið að taka á móti henni þar og fara yfir þessi mál og fyrst formaður Samfylkingarinnar er hér væri full ástæða til að biðja hann um að koma því í kring að af þessu stefnumóti geti orðið svo ég geti veitt hv. þm. þessar upplýsingar. (**ÁRJ:** ... hafa milligöngu ...) Ég held að það þurfi að halda sérstakan fund með þessum hluta Samfylkingarinnar. Ég veit að margir hv. þm. hennar eru vel upplýstir um þessi mál. (**ÖS:** Ég bendi á ...)

Hæstv. forseti. Tíma mínum er lokið. Ég vil vera kurteis í fyrirspurnum. Fyrirspurnin var kurteislega orðuð en það sem kom fram í máli hv. þm. var með þeim hætti að erfitt er að sætta sig við það. (Gripið fram í.)

[11:57]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna ábendinga sem beint hefur verið til forseta um þetta og meintar kvartanir þá virðist forseta að fullar sættir hafi náðst með margnefndu stefnumóti og fyrirspurninni telst svarað.

Endurskoðun jarðalaga.

Fsp. SJóh, 561. mál. — Þskj. 881.

[11:58]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. landbrh. út í jarðalög, nr. 65/1976, en í 13. og 14. gr. þeirra laga er að finna eftirfarandi lagaákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„13. gr. Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum

jarðanefndar og stjórnar Bændasamtaka Íslands, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur. Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er samkvæmt framansögðu. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

14. gr. Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og stjórn Bændasamtaka Íslands mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms."

Svo mörg er þau orð. Finnst hæstv. ráðherranum að með þessum lagaákvæðum sé ekki vegið nokkuð harkalega að ákvæðum stjórnarskrár Íslands um jafnræði þegnanna og eignarrétt? Er von á því, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherrann beiti sér fyrir því að jarðalög verði endurskoðuð á næstunni með tilliti til aðstæðna í þjóðfélaginu í dag?

Ástæða þess að ég ber fram þessa fyrirspurn er að nokkrir aðilar sem telja sig hafa verið beitta miklum órétti í krafti þessara lagaákvæða hafa haft samband við mig. Ég hef leitað mér upplýsinga um hvernig þessu sé farið í nálægum löndum og eftir því sem ég kemst næst eru þvílík ákvæði ekki í gildi þar í dag. Ég sé ekki betur en hér sé verið að brjóta mannréttindi á þeim sem fyrir verða. Þarna eru ábúendum veittar heimildir til að hrifsa til sín eignir annarra nánast bótalaust. Til þess að teljast bóndi er nóg að vera með nokkra hesta á jörðinni eða lítinn kindahóp eða bara vera með ferðaþjónustu af einhverju tagi. Umsagnaraðilar um yfirtöku eru valdir þannig að þeir eru alltaf talsmenn bóndans og meðeigendurnir eiga sér enga talsmenn samkvæmt lögunum.

[12:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli mínu áðan er unnið að heildarendurskoðun á núgildandi jarðalögum og ábúðarlögum með síðari breytingum og eru frv. nánast tilbúin og munu koma inn á haustþing til umfjöllunar Alþingis.

Með frv. er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir á Íslandi í nútímalegra horf í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa átt sér stað í landbúnaði og í þjóðfélaginu í heild frá þeim tíma þegar núgildandi lög voru sett. Gert er ráð fyrir að frv. standist að öllu leyti ákvæði stjórnarskrár enda ber svo að vera.

Um ræðu hv. þm. vil ég segja að auðvitað eiga menn rétt sinn ef ég veit rétt þegar kemur til uppgjörs. Menn geta auðvitað krafist þess að fá hlutlausan aðila í svona mál og þá skipar sýslumaður oft dóm. Það er skipuð matsnefnd og þá held ég að sá sem gerir kröfu um slík uppskipti eigi enn mann og hinn aðilinn annan og sýslumaður skipi oddamann þannig að það er ákveðið ferli til í dag sem er til staðar lögum samkvæmt.

Það er mjög mikilvægt að endurskoða þessi lög og ég treysti því að Alþingi muni taka frv. vel í haust þegar þau koma. Ég hefði gjarnan viljað fá þau miklu fyrr fram en þau hafa tafist á þessari leið en ég vona að það verði ekki lengur og málið líti dagsins ljós í haust.

[12:03]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar að lögin séu í endurskoðun og muni koma inn í þingið í haust endurskoðuð hvað þetta varðar því það er ekki vansalaust að svona ákvæði séu í lögum. Ég fagna því og mun auðvitað setjast yfir þau frv. í hv. nefnd þegar þar að kemur.

Ég sé ekki betur en þau lög sem núna eru í gildi séu þannig úr garði gerð að ábúendum jarða sé stórkostlega hyglað á kostnað þeirra sem t.d. hafa erft viðkomandi jörð með þeim sem eru búsettir í bæ eða borg. Ég tel að það væri til mikillar farsældar fyrir alla sem málið við kemur að lögin yrðu endurskoðuð eins og hér er verið að gera samkvæmt þeim upplýsingum sem hér komu fram. Ég vona að sú endurskoðun verði til þess að réttar allra sem eiga og erfa slíkar jarðir verði betur gætt því það kann ekki góðri lukku að stýra þegar einum er hyglað á kostnað annars. Ég þekki fjölmörg dæmi þess að slík mál hafa skapað ómæld leiðindi í fjölskyldum og illindi milli náinna ættingja og hafa sundrað fjölskyldum. Þetta hefði ekki gerst ef lögin hefðu verið þannig úr garði gerð að gætt hefði verið réttlætis fyrir alla sem hlut áttu að máli.

Ég fagna því að fram hafi komið að þessi úreltu lagaákvæði skulu vera í endurskoðun.

[12:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Samfylkingarinnar fyrir málefnalega umræðu og hef í sjálfu sér ekkert við hana að athuga en vil þó minna hv. þm. á að jarðamál eru einhver flóknustu mál sem upp koma og á margan hátt erfið. Auðvitað eiga lögin ekki að hygla neinum en þó er það svo í mörgum löndum. Landbúnaðarhagsmunir hafa ákveðinn rétt hér sem annars staðar og ég þekki auðvitað mörg deiluefni um uppskipti jarða. Því miður bera auðvitað fjölskyldurnar sína ábyrgð á því hvernig það hefur þróast. Stundum er allt of seint farið í uppskiptin og ég þekki margar jarðir sem mann fram af manni eru setnar kynslóð fram af kynslóð án þess að uppskipti hafi átt sér stað og eigendurnir verða margir og sjónarmiðin ólík þannig að þetta er mikið harmsefni hvernig þetta hefur þróast og það þarf auðvitað að hvetja einstaklingana líka til þess sjálfa að leysa mál sín. Þeir eru með eldsmat í höndunum sem getur sundrað heilu fjölskyldunum eins og svo mörg dæmi eru um.

Ég tek auðvitað undir með hv. þm. að lögin þurfa að vera skýr og þau þurfa að geta tekið á í þessum efnum og skorið úr. En enginn getur skotið sér undan ábyrgð. Ég finn það núna sérstaklega að með hækkuðu verði á landi eins og hér hefur þróast mjög á síðustu árum er þetta líka erfiðara fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem eru að taka við búinu að fá það á því verði sem það getur ráðið við og framfleytt fjölskyldu sinni og setið jörðina með sóma. Þar er því eitt verkefnið líka. Þau eru mörg verkefnin sem snúa að jarðamálum og ég vil lýsa því yfir vegna umræðna að ég tel mig ekki í vondum málum, eins og hv. samfylkingarmaður Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði, í jarðamálum heldur miklu fremur ágætum málum og vil vinna að því með þinginu að þau frv. verði að lögum á næsta þingi.

[12:08]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 678. mál, nál. allshn., þskj. 1218.

Framkvæmd þingsályktunar um þriggja fasa rafmagn, 717. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 1219.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 653. mál, nál. allshn., þskj. 1216.

Stjórnsýslulög, 598. mál, nál. allshn., þskj. 1217.

Störf rannsóknarnefndar sjóslysa 2001, 719. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1224.

Aðgerðir í skattamálum til styrktar landsbyggðinni.

Fsp. KVM, 518. mál. — Þskj. 816.

[12:10]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um hvort ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í skattamálum til þess að styrkja búsetu og lífskjör á landsbyggðinni.

Undanfarin ár höfum við horft upp á, herra forseti, að landsbyggðin hefur átt mikið undir högg að sækja í samkeppni um vinnuafl og einnig í verslun og á mörgum öðrum sviðum. Við höfum horft upp á mikla flutninga fólks utan af landi til höfuðborgarsvæðisins og hefur það skapað margvísleg vandamál í byggðunum, keðjuverkandi vandamál og væri í löngu máli hægt að telja upp afleiðingarnar af þeim.

Fyrir þinginu liggur þáltill. um aðgerðir í byggðamálum frá hæstv. iðnrh. og þar er ekki mikið vikið að þeim málum en ég minnist þess, herra forseti, að byggðanefnd forsrh. sem sett var á stofn vegna kjördæmabreytinga skilaði samdóma áliti sem hæstv. forsrh. lýsti stuðningi við. Þar á meðal kom fram tillaga um breytingu á reglum í sambandi við endurgreiðslu á námslánum þar sem fram kemur vilji til þess að þeir sem eru að greiða námslán sín þrufi ekki að greiða eins ört eða mikið og þeir sem búa hér á þéttbýlissvæðinu. Þetta er gert til að hvetja fólk sem hefur verið í námi til að flytja sig út á land.

Einnig má spyrja í sambandi við tryggingagjaldið hvort hæstv. fjmrh. sjái fyrir sér að það verði lækkað á fyrirtækjum úti á landi einkum í tengslum við þá umræðu sem fram hefur farið um byggðamál og sérstaklega tryggingagjaldið þegar verið var að breyta lögunum um það og tekjuskattinn. En þar kom fram að ef lögin um tryggingagjaldið kæmu til framkvæmda kæmi það afar illa niður á mörg fyrirtæki á landsbyggðinni.

Nefna má marga aðra kosti sem lúta að þessu eins og t.d. að persónuafslátturinn verði hagstæðari úti á landi og einnig að sveitarfélög á landsbyggðinni fái jafnvel hærra hlutfall af skattgreiðslum til sín. Ég ætla ekki að telja fleira upp. Meginefnið er að fá fram sjónarmið hæstv. fjmrh. og líka hvort rætt hafi verið í hæstv. ríkisstjórn að koma til móts við íbúa landsbyggðarinnar í þessu efni.

[12:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég skil mætavel áhyggjur hv. fyrirspyrjanda varðandi þá byggðaþróun sem hefur verið hér í landinu á undanförnum árum. Til að bregðast við henni hefur ríkisstjórnin starfað eftir sérstakri byggðaáætlun og nú er ný útgáfa af henni til meðferðar á hinu háa Alþingi þar sem koma við sögu ýmsar aðgerðir og hugmyndir um hvernig bregðast megi við þeim vanda.

Ég tel hins vegar að ekki sé ráðlegt að beita skattalöggjöfinni sérstaklega í því skyni og þá er ég að tala almennt. Ég tel ekki að það sé ráðlegt að vera með almennt talað lægri skatta úti á landi en í Reykjavík. Ég tel að það standist ekki jafnræðissjónarmið og sé þar að auki mjög erfitt í framkvæmd ef byggja á á skráðri búsetu manna, skráðri búsetu fyrirtækja o.s.frv. í þeim málefnum. Ég tel heldur ekki að það gæti gengið að vera með mismunandi persónuafslátt einstaklinga eftir því hvar þeir eru skráðir til heimilis í landinu. Ég held að fara verði mjög varlega í allar aðgerðir af þessu tagi hvort sem þær eiga við um tekjuskatt fyrirtækja, eintaklinga eða tryggingagjald og tel almennt að óæskilegt sé að hugsa sér slíkar breytingar.

Þetta er svarið, hv. þm., við spurningunni af minni hálfu.

Þingmaðurinn nefndi tryggingagjaldið. Það er þess eðlis að mínum dómi að það ber að haga því þannig að það sé sama prósenta hvar sem er í landinu svo ég nefni dæmi. Ég er sem sagt andvígur því að fara þá leið sem er verið að gefa undir fótinn með í þessari spurningu.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því sem ríkisstjórnin hefur verið að gera í þessum efnum til hagsbóta m.a. fyrir fyrirtæki, byggðarlög og almenning út um land sem eru almennar skattalækkanir eins og við beittum okkur fyrir fyrr á þessu þingi þegar skatthlutfall fyrirtækja var lækkað úr 30% niður í 18%. Ég held að það sé virkileg innspýting í atvinnureksturinn og þar með mannlíf og þjóðfélag alls staðar í landinu og ekki síður úti á landi en í Reykjavík. Á þeim grundvelli vil ég vinna þau mál áfram til hagsbóta fyrir byggðarlögin vítt og breitt um landið en ég vara eindregið við hugmyndum um að bjóða fólki þar upp á lægra skatthlutfall en er annars staðar eða einhver afbrigði af slíkum hugmyndum.

[12:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir koma atvinnulífinu almennt til góða. En þegar við ræðumst í þær fyrr á þessum vetri var sýnt fram á það með tölum frá Þjóðhagsstofnun að þær komu fyrst og fremst stórum fyrirtækjum á þéttbýlissvæði suðvesturhornsins til góða. Fyrirtæki úti á landi nutu þess ekki í jafnríkum mæli. Það er kannski aukaatriði málsins.

Hv. þm. Karl Matthíasson spyr hvort hæstv. ráðherra íhugi tilteknar aðgerðir í skattamálum til að rétta hlut landsbyggðarinnar. Ástæðan fyrir því er m.a. að í nefnd sem forsrh. setti á stofn var svona hugmyndum gefið undir fótinn. Ég skil það mætavel. Mörg rök eru fyrir því að þetta sé ekki æskileg leið. Um það er pólitískur ágreiningur. Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra sagði að hann teldi að þetta stæðist ekki jafnræðisreglu og ég spyr hann: Hefur hann látið skoða það lagalega?

[12:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að það eigi að beita úrræðum í skattkerfi til að ná fram markmiðum í stefnu af þessu tagi sem fyrirspurnin lýtur að og menn eigi ekki að vera kaþólskari en páfinn í því að hafna þeim úrræðum fremur en öðrum.

Ég bendi á að kynntar voru á Alþingi tillögur nefndar með stuðningi allra þingflokka sem gera ráð fyrir mismunandi endurgreiðslu námslána eftir búsetu. Ég bendi líka á að í dag er atvinnugreinabundin mismunun sem ekki er talin

stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar og á ég þar við sjómannaafsláttinn sem vegna eðlis atvinnugreinarinnar og dreifingar hennar kemur fyrst og fremst út sem landsbyggðartengdur afsláttur.

Við getum beitt fleiri úrræðum, herra forseti. Ég tel t.d. afar einfalt að beita þeim úrræðum að styrkja fjárhag fámennra sveitarfélaga sem standa fjarri stórum atvinnusvæðum með því að þau fái stærri hluta af staðgreiðslu til sín og að ríkið gefi eftir hluta af sínum hlut.

[12:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sat í þeirri nefnd þingflokka sem skipuð var í tengslum við breytingar á kjördæmaskipan og stjórnarskrá sem gerði tillögur til ríkisstjórnar og Alþingis um aðgerðir í byggðamálum í tengslum við þessar kjördæmabreytingar. Eins og hér hefur réttilega verið bent á var í þeim tillögum hreyft hugmyndum um skattalegar aðgerðir og jafnvel að menn þreifuðu sig áfram með það hvort hægt væri að beita skattalegum úrræðum í þessum efnum.

Í því starfi komu aldrei upp efasemdir um að það væri ekki hægt vegna einhverra jafnræðisákvæða stjórnarskrár og ég minni á að í Noregi er þessum tækjum beitt í allverulegum mæli þar sem skattar, a.m.k. á fyrirtæki og ég held líka einstaklinga, eru nokkuð breytilegir eftir landsvæðum. Norska byggðaprógrammið eins og það leggur sig hefur fengið viðurkenningu Evrópusambandsins vegna þess að Noregur er aðili að INTERREG-byggðaáætlun Evrópusambandsins þannig að það væru þá einhverjar algerlega séríslenskar ástæður sem yllu því að ekki væri hægt að beita slíkum úrræðum.

[12:20]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson):

Herra forseti. Það hefur stundum verið sagt að stjórnmálamenn séu loðnir í svörum og tali ekki skýrt. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að tala skýrt. Hann lýsir því yfir að hann hafi ekki áhuga á að fram komi skattaívilnanir fyrir landsbyggðina sem á mjög undir högg að sækja. Ekki þarf að rekja vandkvæðin neitt frekar enda deilir hann áhyggjum af landsbyggðinni með okkur.

Hins vegar vil ég segja, herra forseti, að þegar við deilum út fé og auðæfum ef svo má að orði komast, auðlindum, er náttúrlega um mismunun að ræða eins og við sjáum best í því sem er að gerast á Vestfjörðum þessa dagana. Smábátakvótanum er útdeilt með þeim afleiðingum að það logar allt stafnanna á milli í illindum, a.m.k. sums staðar. Ég ætla ekki að segja alls staðar en auðvitað er friður forsenda þess að byggðir séu góðar og gott að búa í þeim þannig að það er ekki gott að þar séu illindi.

Hins vegar tek ég undir þau orð sem hafa fallið hér að það á að vera algjörlega hægt að koma á fót ýmsum ívilnunum. Ég beini því til hæstv. fjmrh. í sambandi við tryggingagjaldið að ef hann sneri af þeirri braut sem ákveðin var, lækkaði tryggingagjaldið á ný og hækkaði skattinn — það er svo augljóst mál að hækkun tryggingagjaldsins hefur slæm áhrif á fyrirtæki á landsbyggðinni miðað við mörg stórfyrirtæki á þessu svæði hér, t.d. bankana og fleiri sem skila gífurlega miklum hagnaði og greiða þá minni tekjuskatt — þyrfti jafnvel ekki aðrar ívilnanir.

[12:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í sambandi við þetta síðasta atriði vil ég rifja upp að ríkisstjórnin gaf verkalýðshreyfingunni ákveðin fyrirheit um breytingar á tryggingagjaldinu færi svo að þau markmið næðust í verðlagsmálum í maímánuði sem kennd eru við rauð strik. Margt bendir til að þau markmið muni nást og þá munum við að sjálfsögðu standa við okkar hluta að því er varðar tryggingagjaldið og gera ráðstafanir með tilliti til lagabreytinga næsta haust. Ég vildi bara rifja upp að þetta liggur fyrir af okkar hálfu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði um lagalegu hliðina á þessu máli og hvort lögfræðingar hefðu rannsakað með fullnægjandi hætti hvort ákvæði sem þessi stæðust stjórnarskrá. Nú skal ég ekki segja hvort um það hefur verið skrifuð einhver ritgerð eða þess háttar en þeir lögfræðingar sem ég hef persónulega rætt þetta við eru þessarar skoðunar. Vera má þó að það væri gott innlegg í þessa umræðu í þinginu að slíkt lögfræðiálit lægi fyrir þannig að menn þyrftu ekki alltaf að vera að tala um þetta án þess að hafa fastara land undir fótum. Ég tel hins vegar að það sé a.m.k. mikið álitamál að þetta geti gengið upp.

Ég vil annars almennt, hv. fyrirspyrjandi, gjarnan ívilna atvinnurekstrinum úti um land en ég vil gera það um leið og við ívilnum atvinnurekstrinum á höfuðborgarsvæðinu. Ég bendi t.d. á að ein aðgerð sem við gerðum í skattapakkanum fyrir jólin var að gera mönnum kleift að breyta einstaklingsrekstri sínum yfir í einkahlutafélög og brjótast þannig út úr ákveðnum viðjum sem menn hafa, margir hverjir í smærri atvinnurekstri, verið fastir í, ekki síst úti á landi, og getað sig hvergi hreyft vegna aðstæðna. Nú erum við búin að gera mönnum það kleift að breyta umhverfi sínu án þess að vera refsað óhóflega í skattalegu tilliti fyrir slíka formbreytingu eina. Ég er viss um að þetta er til góðs fyrir atvinnureksturinn úti á landi og með ýmsum slíkum aðgerðum er hægt að koma virkilega til móts við menn þar.

[Fundarhlé. — 12:24]

Umræður utan dagskrár.

Verðlagsmál.

[12:31]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Hagstofan sendi frá sér fréttatilkynningu þann 15. apríl sl., þ.e. í fyrradag, um að vísitala neysluverðs miðað við verðlag í aprílbyrjun hafi verið 221,9 stig og einungis hækkað um 0,04% frá fyrra mánuði. Þetta er afar góð frétt vegna þess að hún gefur til kynna líkur á því að rauða strikið svokallaða samkvæmt kjarasamningum, 222,5 stig, haldi í byrjun maí. Þessi tilraun sem samtök vinnumarkaðarins, launþegasamtökin og Samtök atvinnulífsins gerðu, að reyna að snúa ofan af verðbólguvæntingunum og beina þeim í annan og lægri farveg, virðist vera að takast.

Þau markmið sem þessir aðilar settu sér voru afar metnaðarfull. Þau þurftu að vera metnaðarfull vegna þess að það ástand blasti við að aðilar í þjóðfélaginu voru að taka ákvarðanir á þeim grundvelli að verðbólgan yrði á bilinu 7, 8 og 9%. Slíkar tölur voru óásættanlegar. Þess vegna skiptir miklu máli og er afar jákvætt að líkur eru á því að þetta rauða strik hafi haldið.

Þá vaknar spurningin um framhaldið og væri athyglisvert að fá sýn hæstv. forsrh. á það hvert hann telur framhald verðbólguþróunarinnar verða þegar líður á árið. Það er ástæða til að spyrja hann þess hvort einhver sérstök merki séu um

að verðlagsþróunin muni snúast á verri veg þegar líða fer á sumarið. Margt bendir til þess að allt vinni með okkur þessa dagana. Gengi krónunnar hefur verið að hækka, gengisvísitalan var komin í 133,75 stig í gær og hefur lækkað um tæp 10% frá því sem hún fór hæst að meðaltali í nóvember. Gengi krónunnar hefur því verið að hækka og verð á erlendum gjaldmiðlum að lækka sem hefur þau áhrif að verðlagið hækkar síður og þrýstist frekar niður á við. Þannig vinnur sá þáttur með okkur.

Reyndar hefði ég talið að gengisvísitala í kringum 130 væri tiltölulega æskileg staða. Hún gefur útflutningstækifærunum góða viðspyrnu og góðan hagnað. Ef hún færi mikið niður fyrir 130 segði ég að það væri ekki sérstaklega hagstætt fyrir hagkerfið í heild en ég held líka að fari hún mikið upp fyrir 135 komi fullmikill þrýstingur á verðhækkanir á nýjan leik. Æskilegasta staðan fyrir efnahagslífið er að vísitalan sveiflist milli 130 og 135.

Í lokin vil ég aðeins ræða um vextina. Ég tel mjög mikilvægt að Seðlabankinn haldi áfram á þeirri braut að lækka vexti, fylgi þannig þeirri þróun í verðlaginu sem orðið hefur og styðji jafnframt við atvinnulífið á nýjan leik. Það er eitt sem ég vil nefna í sambandi við vextina. Ég tel alveg sjálfsagt mál fyrir ríkisstjórnina að taka upp á nýjan leik forustu fyrir því að sameina ríkisbankana. Ég tel að staðan á fjármagnsmarkaðnum þar sem Íslandsbanki hefur yfirburðastöðu og þarf í rauninni ekki annað en að stilla sig af við þann keppinaut sem kemur næstur í röðinni sé ekki nægilega góð. Það mundi hreyfa við markaðnum að sameina bankana á nýjan leik, það mundi auka samkeppnina, og ég tel alveg sjálfsagt að ganga í þetta mál. Taki Samkeppnisstofnun jafnvitlausa ákvörðun og hún gerði á sínum tíma varðandi sameiningu þessara banka verði farið með það mál fyrir dómstóla og látið reyna á það alla leið hvort Samkeppnisstofnun ætlar virkilega að taka þátt í því að halda uppi vaxtastiginu í landinu.

[12:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ræddi um þróun efnahagsmála á undanförnum mánuðum og missirum. Það er ljóst að sú þróun hefur ekki verið með öllu átakalaus. Í kjölfar hagvaxtarskeiðs og uppgangs í íslensku efnahagslífi kom tímabil nokkurrar þenslu. Ríkisstjórnin ásamt aðilum vinnumarkaðarins lagði á það mikla áherslu að koma í veg fyrir að verðbólgan næði að grafa um sig í hagkerfinu með afleiðingum sem öllum Íslendingum eru því miður allt of vel kunnar. Allt bendir nú til þess, eins og hv. þm. nefndi, að góður árangur muni nást við stjórnun efnahagsmála og að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa gripið til hafi verið réttar og tímabærar og hafi reynst árangursríkar.

Nýjasta verðlagsmæling Hagstofunnar sýnir svo ekki verður um villst að böndum hefur verið komið á verðbólguna og allar líkur benda til þess að rauðu strikin svokölluðu haldi. Þar með hefur verið tryggður friður á vinnumarkaði og um leið forsenda þess að verðbólga verði áfram lág hér á landi öllum landsmönnum til hagsbóta.

Þetta tímabil hefur verið merkilegt fyrir margra hluta sakir. Það hefur út af fyrir sig verið nokkur prófsteinn á menn. Eins og við mátti búast hefur gefið á bátinn og því er ekki að neita að stundum hafa sumir af þeim sökum misst algjörlega sólarsýn. Þeir hafa ekki þótt efni í góða skipstjóra sem ætíð hafa haldið við minnsta goluþyt að nú sé hin hinsta stund upp runnin, skútan hljóti að sökkva. Lýsandi dæmi um þetta var umræðan um viðskiptahallann, og er fróðlegt að rifja hana upp. Sá sem hér stendur var og er þeirrar skoðunar að viðskiptahallinn, þótt mikill hafi verið um tíma, hafi verið langt frá því að vera óviðráðanlegt vandamál. Ég mátti sitja undir miklum glósum hér, á þinginu, vegna þessarar skoðunar minnar og miklum stóryrðum mikilla spekinga í þingsalnum.

Viðskiptahallinn var til kominn vegna fjárfestinga og neyslu einstaklinga en ekki ríkisvaldsins. Það var eðlismunurinn sem ég lagði ætíð áherslu á. Því sagði ég að þegar draga þyrfti saman seglin mundu þessir aðilar gera það og viðskiptahallinn mundi minnka hratt og örugglega. Efnahagsstofnanir og ýmsir þingmenn hér töldu sig ekki geta trúað þessum niðurstöðum. Viðskiptahallinn reyndist ekki vera sú tifandi tímasprengja sem springa átti framan í þjóðina með rosalegum gauragangi og hrikalegum afleiðingum. Reyndar virtist þessi tímasprengja vera eitthvert mesta sigurverk sem sögur fara af. Hún virtist ekki bara geta sprungið einu sinni heldur aftur og aftur, þessi sama sprengja, með sama hætti og aðrar púðurkerlingar. En það sýndi sig að viðskiptahallinn dróst saman hratt og örugglega og fór nákvæmlega eins og stjórnarliðar höfðu spáð í þessum sal. Sprengjan mikla sprakk sem sagt hvergi nema í hugarheimi sprengjusmiðsins og þar sannaðist kannski það sem lektor einn við háskólann sagði, að eina sprengjan sem tifaði væri sú hætta sem þjóðinni væri búin af því að búið væri að sameina allt vitlausasta fólkið í landinu í efnahagsmálum í einn flokk. Það var fræg setning eins og menn muna.

Ég vil nefna vantrú hv. formanns Samfylkingarinnar, Össurar Skarphéðinssonar. Fyrir þremur mánuðum sagði þessi hv. þm. hér í salnum:

„Miðað við þær hækkanir sem yfirleitt verða á verðlagi á þessum tíma árs bendir ekkert til þess að við verðum undir þessum rauðu strikum. Hver segir það? Ekki bara formaður Samfylkingarinnar heldur segir forstjóri Þjóðhagsstofnunar að ...“ — Reyndist þetta rétt? Heldur betur ekki. Það bendir allt til þess að þetta muni allt saman ganga fram. Á sama þingfundi sagði sami hv. þm.:

„Var það ekki örugglega fyrir síðustu jól, herra forseti, sem ríkisstjórnin lýsti því hvernig verðbólgan mundi senn hníga hægt en örugglega og var það ekki fyrir jólin sem ríkisstjórnin talaði líka um svigrúmið sem var að myndast til að lækka vexti þegar krónan mundi styrkjast? Jú, herra forseti. Ef mig misminnir ekki, þá var það einmitt fyrir síðustu jól. En ríkisstjórnin eins og svo margir aðrir að því er þetta varðar fór því miður í jólaköttinn.“

Jæja. Var það svo? Það er nefnilega þetta sama með jólaköttinn og tifandi tímasprengjuna, þetta sprakk allt í einni lotu í hugarheimi viðkomandi þingmanns. Það er fróðlegt að sjá þessa hluti, hvernig þetta hefur gerst og hvernig veruleikinn hefur síðan birst mönnum.

Gengisvísitalan hefur farið úr 151 niður í 133 með styrkingu gengisins sem menn sögðu um jólin að væri algjörlega vonlaust. Vaxtalækkunarskeið er hafið, segir seðlabankastjóri í dag. Þegar Seðlabankinn lækkaði vexti 26. mars var hann gagnrýndur af ýmsum, þar á meðal Þjóðhagsstofnun. Nú er komið á daginn að þetta var hárrétt ákvörðun hjá Seðlabankanum, og studd af ríkisstjórninni auðvitað. Fram undan eru aftur tímar sem virðast vera rólegir. Sumarið hefur jafnan verið mjög rólegt í verðlagsmálum. Það er engin undirliggjandi verðbólga að mati Seðlabanka og annarra slíkra

aðila þannig að ef við höldum rétt á spilum verður verðbólgan væntanlega um eða í kringum 2% frá upphafi til loka ársins sem er mikill munur frá 9,7–9,8% frá upphafi til loka fyrra árs. Þetta lítur heldur betur vel út, herra forseti.

[12:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því þegar boðað var til þessarar umræðu að hún væri aðallega til þess að setja plástra á sært stolt og særðan metnað hæstv. forsrh. Það hefur komið fram hér að auðvitað klúðraði hæstv. forsrh. gengi krónunnar, það er hann sem með óforsjálni sinni hefur veikt gengi krónunnar sem leiddi til þess að viðskiptahallinn sprakk eins og tímasprengja, sprengdi gengið sem leiddi aftur til þess að hér rauk verðbólga upp. Það leiddi aftur til þess sem við búum við enn í dag og verður að leggjast við dyr hæstv. forsrh. og einskis annars, og það er vaxtastigið í landinu.

Staðan er auðvitað þannig, herra forseti, að vextir í landinu eru mörgum sinnum hærri en t.d. í evrulöndunum. Af hverju er það, herra forseti? Vegna þess að Seðlabankanum reyndist nauðsynlegt að halda við gengi krónunnar þegar þessir háu herrar í ríkisstjórninni höfðu ekki forsjálni til að bera til þess að grípa í taumana þegar þenslan fór úr böndum. Herra forseti. Það er ástæðan fyrir því að leggja þurfti í allan þennan leiðangur.

Hæstv. forsrh. rifjar hér upp orð mín fyrir þremur mánuðum. Ég leyfi mér að rifja upp orð mín líka, herra forseti. Ég sagði að ekki mundi takast að halda verðbólgunni í skefjum, ná þessum rauðu strikum, nema menn réðust í aðgerðir. Það var nákvæmlega það sem hæstv. forsrh. gerði, ekki fyrir orð mín heldur orð verkalýðshreyfingarinnar. Og það var táknrænt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði um tilraun tveggja aðila, þ.e. atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar, en hann nefndi ekki hæstv. ríkisstjórn vegna þess að það var forusta verkalýðshreyfingarinnar sem dró hæstv. ríkisstjórn á stertinum til þessara aðgerða. Það er fyrst og fremst forustu verkalýðshreyfingarinnar sem ber að þakka þetta. Hún fór á skaflajárnum um allt samfélagið og henni ber að þakka þennan árangur en ekki þeim manni sem stendur hérna eins og særður lítill drengur og hrósar sér af því að tekist hafi að vinna aftur það sem hann með mistökum sínum leiddi yfir þjóðina.

[12:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hér fer fram. Ég gleðst yfir afar ábyrgri afstöðu ASÍ-manna og atvinnurekenda, og frumkvæði þeirra og ríkisstjórnarinnar í að draga úr verðbólgu með afar samstilltu átaki. Verkalýðsfélögin eins og reyndar mörg önnur frjáls félagasamtök eiga undir högg að sækja og ég fullyrði að við þetta frumkvæði ASÍ-manna hefur ímynd þeirra breyst til mikilla muna.

Þetta hefur vakið fólk og fyrirtæki til umhugsunar um verðlagsmál og verðmyndun vöru, og ekki að ástæðulausu þar sem ákveðin fákeppni ríkir í sölu, t.d. á matvörum. Margir hafa brugðist við af mikilli ábyrgð og sanngirni með samstillingu. Þetta vekur okkur auðvitað til umhugsunar um hverjar raunverulegar kjarabætur hins almenna launþega eru. Það er auðvitað lág verðbólga, stöðugleiki verðlags, hæfilega sterk staða íslensku krónunnar og það er alveg ljóst að það er nauðsynlegt að lækka vexti meira en orðið hefur hjá okkur. En við getum glaðst yfir því að böndum hefur verið komið á verðbólguna og við erum svo sannarlega á réttri leið við að ná verðbólgunni niður í 2%. Ég er þess fullviss að það tekst og enn og aftur gleðst ég yfir því að við getum unnið saman, þ.e. ríkisstjórnin, ASÍ-menn og atvinnurekendur, á jafnábyrgan hátt og gerst hefur í þessu máli.

[12:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að vísitala neysluverðs helst nú 1. maí innan þeirra marka sem launþegasamtök og atvinnurekendur settu fyrir óbreyttri stöðu kjarasamninga. Herra forseti. Þetta sýnir líka hversu mikilvægt það er að við höfum yfir að ráða sjálfstæði í ráðstöfun efnahagsmála okkar.

Ótti almennings og atvinnulífs við verðbólguna er mikill og sú umræða og sá þrýstingur sem beitt hefur verið gegn verðhækkunum síðustu mánuði hefur örugglega haft áhrif og dregið úr eða seinkað hækkunum verðlags.

Rétt er að hafa í huga að uppsveiflan í hagkerfi síðustu 5–10 árin hefur verið rekin áfram sérstaklega á stóraukinni einkaneyslu og allt of stór hluti þessarar einkaneyslu er fjármagnaður með lántökum. Hvernig hagkerfið bregst síðan við þegar einkaneyslan dregst saman og byrðin vegna endurgreiðslu lána þyngist er eftir að sjá. Handaflsaðgerðir í hagstjórn eins og beitt hefur verið á síðustu mánuðum geta átt rétt á sér í afmörkuðum tímabundnum aðgerðum en sem almennu framtíðarstjórntæki í efnahagsmálum held ég að fáir mæli með þeim.

Sú hagstjórnartækni sem beitt hefur verið undanfarið hefur fyrst og fremst beinst að huglægum þáttum og því að styrkja trú almennings og atvinnulífs á gengi, trú á það að hægt sé að halda hér stöðugu verðlagi o.s.frv. Ég tek undir að sá þáttur er mikilvægur, hann er mikilvægur í rekstri hverrar þjóðar og hvers þjóðarbús. En þá er líka eins gott að setja fingur í kross um það hvernig framhaldið verður.

Nú berast fréttir af því að verslunin sé rekin með tapi og það sé óvíst hversu lengi hún getur haldið niðri verðlagi. Sömuleiðis tímabundnar aðgerðir eins og lækkun gjalda á bensíni og slíkar aðgerðir, hve langt draga þær?

Það sem þarf að gera, herra forseti, er að styrkja innviði íslensks atvinnulífs. Útflutningstekjur þurfa að aukast, framleiðslan innan lands þarf að aukast, það þarf að styrkja byggð og búsetu um land allt, og mér ógnar áframhaldandi brottflutningur fólks af landsbyggðinni og veiking atvinnulífs þar. Slík þróun er ávísun á óstöðugleika.

[12:48]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Því hljóta allir að fagna ef menn fá fang á verðbólgunni að kveða hana niður. En því miður eru þær þensluástæður sem legið hafa til grundvallar í hinni miklu verðbólgu ekki úr sögunni, þeim hefur að mestu verið frestað.

Á þeim handahlaupum sem tíminn gefur mönnum í þessu falli í umræðunni þá langar mig aðeins að rifja upp örfáar fyrirsagnir úr blöðum síðustu mánuðina. Fréttablaðið segir í haust er leið: „Hörð gagnrýni á efnahagsstefnu. Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, gagnrýnir stefnu stjórnvalda. Erlendar skuldir hafa aukist úr 50% af landsframleiðslu í 84% á skömmum tíma."

Formaður Samtaka iðnaðarins talaði um blindflug í efnahagsmálum sem væri hættulegt og framkvæmdastjórinn sagði að góðærið á Íslandi væri knúið áfram með erlendri

skuldasöfnun. Skattar á einstaklinga hafa margfaldast á síðustu tíu árum, 66 milljarða gjaldaaukning meðan bætur hafa aðeins aukist um 1,4 milljarða.

„Gjaldþrotahrina mesta ógnunin", sagði Árni Tómasson, bankastjóri Búnaðarbankans, „framtíð lánastofnana í mikilli tvísýnu."

„Hundruð prósenta hækkanir á kostnaðarhlutdeild sjúklinga", segir í frétt frá 19. desember sl. „Heilbrigðisráðherra staðfestir að útgjöld til heilbrigðismála hækki um 6,4 milljarða, en kostnaðarhlutur sjúklinga stórhækkar. Ekki samstaða um að mæta þessu með öðrum leiðum, segir ráðherrann."

Síðan segir Dagblaðið á sínum tíma: „Gjöld hafa þrefaldast en bætur staðið í stað."

Þannig getum við haldið áfram að rifja upp og stiklað á því stærsta en allt ber að sama brunni: Við erum illa stödd fjárhagslega og efnahagslega séð enn sem komið er.

[12:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mig minnir að það hafi verið fyrir u.þ.b. ári, í apríl í fyrra, að formenn tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna gengu fram fyrir skjöldu sama daginn í Morgunblaðinu og lýstu því yfir að nú væri brotlending fram undan í íslenskum efnahagsmálum, brotlending. Annað hefur komið á daginn. Nú er búið að ná tökum á þeirri þróun með mjög afgerandi hætti, þ.e. á efnahagsþróuninni. Viðskiptahallinn er á hraðri niðurleið, verðbólgan er á hraðri niðurleið, gengið er að styrkjast dag frá degi, ríkisfjármálin eru í mjög traustu horfi og þannig mætti lengi telja. Að vísu verður smáhlé á hinum mikla hagvexti sem verið hefur á undanförnum árum og hann verður minni eða kannski enginn á þessu ári og margir hafa kannski gott af því að kasta mæðinni í því ástandi. En við munum síðan stefna áfram upp á við í þeim efnum, m.a. með þeim áformum sem fram undan eru á sviði virkjanamála og ýmissa nýjunga í atvinnumálum á Íslandi. Þetta er með öðrum orðum það sem ég hef leyft mér að kalla snertilendingu. Við lendum og hefjum okkur síðan aftur til flugs að því er varðar hagvöxtinn og auknar þjóðartekjur.

En það eru ekki bara forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar sem halda þessu fram. Í gær kom út álit frá bandarískra matsfyrirtækinu Moody's á lánshæfi Íslands þar sem staðfest er mjög gott og traust lánshæfi Íslands og hin háa einkunn sem skuldbindingar íslenska ríkisins hafa eru staðfestar og útlit talið vera stöðugt sem þýðir að ekki eru horfur á því að þetta góða lánshæfismat rýrni.

Við erum samt ekki eina þjóðin sem höfum verið að gangast undir mat hjá öðrum, þ.e. lánshæfisfyrirtækjunum. Í fyrradag lækkaði annað lánshæfisfyrirtæki mat sitt á stórveldinu Japan vegna ástandsins sem þar er í þeim málum. Það er því ekki sjálfgefið að ríki haldi lánshæfismati sínu eins og sem betur fer er raunin hjá okkur.

[12:52]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er rétt að rifja aðeins upp þróun gengismála á síðasta ári. Þegar það er skoðað skortir menn orð til að lýsa þeirri þróun. Eigum við að rifja þetta aðeins upp?

Í janúar 2001 var gengisvísitalan 121 stig, fór í 151 stig í lok nóvember. Í janúar kostaði bandarískur dollar 83 kr. en fór í nóvember í 111 kr., evran í 80 kr. og fór í 97 kr. Herra forseti. Þetta er 30% gengisfelling á einu ári. Auðvitað er það svo að hjá þjóð sem er jafnháð innflutningi og við erum, þá fór þessi gengisfelling þráðbeint út í verðlagið og það er það sem magnaði upp hina miklu verðbólgu sem verið hefur í landinu sem allur almenningur er nú að blæða fyrir í háu verðlagi og stórhækkuðum skuldum almennings sem síðan er að kikna undan mikilli greiðslubyrði lána sinna, að ekki sé talað um okurvextina sem eru í landinu. Að sjálfsögðu hefur þetta komið sjávarútvegsfyrirtækjum og öðrum útflutningsfyrirtækjum til góða, enda læðist það að mönnum að nokkrir aðilar geti stjórnað þróun gengismála og jafnvel tekið gjaldmiðilinn í gíslingu ef svo má að orði komast.

Hæstv. ríkisstjórn hélt ákaflega illa á efnahagsmálum á seinni hluta síðasta árs og þess vegna tók forusta Alþýðusambandsins sig til og tók í raun og veru stjórn efnahagsmála í sínar hendur. Ríkisstjórnin kveikti verðbólgubál með aðgerðaleysi sínu á sumum sviðum og vitlausum aðgerðum á öðrum. Það er forusta Alþýðusambandsins sem hefur farið um landið eins og slökkvilið, rætt við forustumenn fyrirtækja og sveitarfélaga og dregið úr verðbólgubálinu. Þeir hafa líka verið í starfi nokkurs konar forvarnafulltrúa.

Að hlusta svo á hæstv. ráðherra, forsrh. og fjmrh., koma hér og ætla að eigna sér það sem gert hefur verið í þessum málum, þá kemur upp í huga minn gamall íslenskur málsháttur sem lýsir best hæstv. ríkisstjórn nú um þessar mundir: „Margur elur dramb sitt á annarra svita."

[12:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal fúslega játa að ég hafði efasemdir um það og lýsti þeim á sínum tíma að raunhæft markmið væri að ná þessum verðlagsviðmiðunum inn fyrir rauðu strikin og ég held að allir viti að það hlaut að verða mjög tæpt. Það er auðvitað fagnaðarefni ef þetta tekst. Það skapar þá fyrir sitt leyti skilyrði til að glíma áfram við vandann. En það væri hins vegar mikið óraunsæi og óskhyggja að reikna með því að hann væri þar með gufaður upp um aldur og ævi. Undirliggjandi er jafnvægisleysi í íslenska hagkerfinu og við erum enn að súpa seyðið af hagstjórnarmistökum sem sannanlega voru gerð þegar þenslunni var hleypt allt of mikið úr böndunum.

Það sem er líka alvarlegt, herra forseti, og við skulum ekki gleyma, er að staðan er að því leyti breytt að skuldsetning þjóðarbúsins, atvinnulífs og heimila er meiri en nokkru sinni fyrr og það setur öllum aðgerðum í efnahagslífi og hagstjórn þröngar skorður, en síðast en ekki síst, herra forseti, skiptir framtíðin að sjálfsögðu mestu máli. Áhyggjur manna eru af því að hér kunni að vera um mjög tímabundinn árangur að ræða þar sem menn taki í raun og veru þátt í því átaki og hafi úthald til þess svo nokkrum mánuðum nemur. Við eigum eftir að sjá undirliggjandi hluti koma upp úr kafinu á haustmánuðum þannig að sú jákvæða þróun sem núna hefur verið í nokkrum mælingum í röð kann að reynast skammgóður vermir. Það er auðvitað mesta hættan, herra forseti. Að sjálfsögðu er það jákvætt upp á framhaldið líka að tekist hefur að hægja á hlutunum en það skiptir mestu máli þegar frá líður hvort þarna eru að nást tök á þessu varanlega. Það skiptir máli bæði efnahagslífsins vegna en það skiptir líka máli vegna þeirra markmiða að verja kaupmátt og varðveita hann í landinu. Því getur, herra forseti, að mínu mati enginn nema framtíðin svarað hvernig þetta kemur til með að líta út þegar kemur fram á haustið eða inn í næsta vetur.

[12:57]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Fyrir tæpu ári birtist í Morgunblaðinu grein undir fyrirsögninni „Brotlending að verða í efnahagsmálum." Þar var rætt við þá Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri grænna, og Össur Skarphéðinsson, formann Samfylkingar. Báðir sögðust þeir á þeim tíma telja ljóst að brotlending í efnahagsmálum væri í uppsiglingu. Reyndar taldi hv. þm. Össur Skarphéðinsson sig ekki vera að spá brotlendingu heldur beinlínis að lýsa henni yfir og taldi hafa komið á daginn að viðskiptahallinn hefði orðið okkur að falli.

Raunin er hins vegar sú að viðskiptahallinn var alltaf allt annars eðlis en við þekktum frá því áður. Þetta kom fram í öllum skýrslum alþjóðastofnana sem fjölluðu um stöðu íslenskra efnahagsmála. Nú hefur þróunin snúist við enda var ekki við öðru að búast. Samkvæmt nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur þróun viðskiptajöfnuðar snúist við og búist er við 6,6 milljarða afgangi á vöruskiptajöfnuði og 9,3 milljarða afgangi á viðskiptum með þjónustu á þessu ári.

Formaður Samfylkingarinnar sagði einnig í sama viðtali, með leyfi forseta: „Trú manna á gjaldmiðil endurspeglar jafnan trú markaðarins á efnahagsstefnu viðkomandi ríkisstjórnar." — Er þá ekki hin mikla styrking íslensku krónunnar nú til mats um góða frammistöðu ríkisstjórnarinnar?

Herra forseti. Nú er spáð kröftugum hagvexti hér strax á næsta ári. Viðskiptahallinn er að snúast við eins og eðlilegt mátti teljast. Gengið hefur náð jafnvægi og er nú mun sterkara en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Kaupmáttur eykst í ár áttunda árið í röð á Íslandi, verðbólgunni er haldið í skefjum, útlit er fyrir að rauða strikið haldi og friður á vinnumarkaði verði tryggður.

Herra forseti. Ef þetta er brotlending í efnahagsmálum þá verður að segjast að ríkisstjórnin brotlendir bara býsna vel.

[12:59]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að mjög æskilegt hafi verið að aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. samtök launþega og atvinnurekenda, tóku sig saman um þessa markmiðssetningu og leituðu til ríkisstjórnarinnar um að taka þátt í því átaki að koma verðbólgunni úr þeim farvegi sem hún var í og yfir í þennan lægri farveg. Ástæðan er sú að þegar aðilar vinnumarkaðarins taka þetta frumkvæði, þá er markmiðssetningin þeirra og ábyrgðin að mörgu leyti þeirra líka að þetta náist. Og þetta virkar allt öðruvísi þegar aðilar vinnumarkaðarins taka slíkt frumkvæði heldur en ef ríkisstjórnin kæmi með eitthvert boð eða einhverja stefnu og ætlaði síðan að fara að senda menn út og suður í slíka baráttu. Þess vegna hefur þetta virkað og ríkisstjórnin hefur bakkað þetta átak afar vel upp og þær aðgerðir sem hafa verið gerðar hafa einmitt virkað vegna þess að þetta er liður í átaki sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu frumkvæði að.

Varðandi gengið þá held ég að það hafi engin ein breyting á stjórn efnahagsmála haft jafnmikil og jafngóð áhrif fyrir íslenska hagkerfið og nýju lögin um Seðlabanka Íslands og breytingin á peningastefnunni sem í þeirri breytingu fólst.

Gengisbreytingin sem hefur orðið síðan þetta gerðist er algert skólabókardæmi um það hvernig frjálst gengi virkar til að ná jafnvægi í efnahagsmálum. Það sem menn töluðu um fyrir ári sem tifandi tímasprengju, viðskiptahallann, er ekkert vandamál í dag nákvæmlega út af því að gengisbreytingarnar hafa svínvirkað. Ég tel að það sé bjart fram undan í efnahagsmálunum. Ég tel að það sé sífellt viðfangsefni að stjórna efnahagsmálunum. Þess vegna var ég að ræða um það, ég tel að eðlilegt sé að gengisvísitalan verði á bilinu 130–135. Ég tel líka að vinna eigi í því að lækka vexti með því m.a. að stuðla að sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans.

[13:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda frumkvæði hans að þessari umræðu og öllum þeim öðrum sem tekið hafa þátt í henni.

Enginn vafi leikur á því að Alþýðusambandið og aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið sig afar vel í byrjun þessa árs í þeim verkefnum sem þeir hafa unnið að af miklum krafti, ekki síst forustumenn Alþýðusambands Íslands. En við skulum átta okkur á því út á hvað þetta verkefni gekk. Áður en það verkefni fór af stað sögðu spámenn Seðlabankans að verðbólga mundi fara úr 9,7% frá upphafi til loka síðasta árs, í 3% frá upphafi til loka þessa árs. Því var ljóst að verðbólgan var á hraðri niðurleið algjörlega óháð slíku átaki. En Seðlabankinn sagði jafnframt að hins vegar mundi ekki takast að halda verðbólgunni á fyrri parti ársins undir viðmiðunarmörkum rauðu strikanna. Alþýðusambandið, atvinnurekendur og ríkisstjórnin fóru í verkefni til þess að tryggja það.

En ég fullyrði að það var ekkert gert í þeim efnum sem er í raun tímabundnar aðgerðir sem síðan munu springa lausar. Menn benda á: „Var lækkun bensíngjalds ekki tímabundin? Gengur hún ekki til baka?" Jú, en hvers vegna var hún gerð? Hún var gerð vegna þess að uppi var tímabundin hækkun á bensínverði sem menn ætluðu ekki að láta rugla þessa stöðu. Bensínverð er núna byrjað að ganga til baka vegna þess að menn óttast ekki lengur innrás í eða árás á Írak og það hefur orðið dálítil breyting á viðhorfum manna í fjórða stærsta olíuríki heims, Venesúela. Þess vegna gengur þetta til baka og á móti kemur að lækkun á bensíngjaldinu mun falla saman við þessi atriði. Það er engin undirliggjandi verðbólga. Ég verð að hryggja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon með því að það er engin undirliggjandi verðbólga sem hann getur horft til í haust. (Gripið fram í.) Hún er ekki fyrir hendi. (Gripið fram í.) Hún er ekki fyrir hendi. Það sýna tölurnar og það er afar mikilvægt. Og það er þess vegna sem seðlabankastjórinn segir í dag í viðtali að hann sjái ekki betur en vaxtalækkunarferlið sé hafið. En vextir hér á landi hafa verið hærri en til að mynda í Evrópulöndunum af því að þar er atvinnuleysi á bilinu 10–15%.

[Fundarhlé. — 13:04]

Umræður utan dagskrár.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

[13:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er fyrir neðan allar hellur og bæði ómanneskjulegt og óskynsamlegt að hafa Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í því uppnámi sem hún hefur verið um langt skeið vegna fjárskorts. Með 30–40 millj. kr. viðbótarframlagi væri hægt að gjörbreyta stöðunni og stytta biðlistana verulega. Starfsemi stöðvarinnar er gríðarlega mikilvæg og það fyrirbyggjandi starf sem þar fer fram tryggir allt í senn,

sparnað sem ella kæmi fram í auknum útgjöldum síðar í heilbirgðiskerfinu og síðan það sem mest er um vert, þroskamöguleika fatlaðra einstaklinga. Það er því verið að brjóta rétt á þroskahömluðum börnum sem ekki fá greiningu og meðferð.

Fram hefur komið að löng bið fatlaðra barna eftir greiningu og meðferð geti komið í veg fyrir að þau nái nokkurn tímann þeim þroska sem hægt væri ná með rétti meðferð sem hæfist fyrr. Það er því algert skilningsleysi á því ómetanlega starfi sem fram fer á Greiningarstöðinni að halda henni í svo miklu fjársvelti að vel á annað hundrað börn séu á biðlistum og bið eftir greiningu og þjónustu geti verið eitt til tvö ár. Jafnvel þó Greiningarstöðin fengi þá fjóra starfsmenn til viðbótar sem nú er verið að auglýsa eftir væri starfsmannafjöldinn sá sami og hann var fyrir ári síðan og þá höfðu þegar myndast langir biðlistar eftir þjónustu og m.a. árs bið eftir þjónustu fyrir grunnskólabörn.

Ráðherrann bítur líka höfuðið af skömminni þegar hann reynir að afgreiða langa biðlista með því að lýsa yfir óánægju með afköst starfsmanna. Það er hæstv. ráðherra til ævarandi skammar og auðvitað verður ráðherra að líta til þess að peninga þarf þegar skjólstæðingum hefur fjölgað svo verulega.

Afköst stöðvarinnar hafa aukist gríðarlega og hagræðing og breytt skipulag hefur leitt til þess að kostnaður við hvern einstakling sem fær þjónustu hefur minnkað um 70% á sjö ára tímabili. Staðreyndin er sú sem ráðherra hefur greinilega ekki kynnt sér, að frá árinu 1997 hefur hópur barna með þroskafrávik sem þarf á aðstoð stöðvarinnar að halda tvöfaldast meðan fjöldi starfsfólks hefur staðið nánast í stað. Skjólstæðingum hefur fjölgað um 107% á fimm ára tímabili meðan starfsfólki hefur fjölgað um 8,6%. Skjólstæðingar voru 290 árið 1996 en voru árið 2000 511. Auk þess er afar erfitt að fá starfsfólk að stöðinni, m.a. vegna þess að launakjör eru þar miklu lélegri en á öðrum sambærilegum stofnunum. Má t.d. nefna að laun margra starfsmanna stöðvarinnar eru um 20–30% lægri en annars staðar.

Dæmi eru um að starfsfólk stöðvarinnar hafi hækkað um 50–60 þús. kr. í launum á mánuði með því að fara í sambærileg störf hjá sveitarfélögunum. Þetta er meginskýring þess vanda sem við er að glíma.

Hæstv. ráðherra verður líka að gera sér grein fyrir því að hann sinnir ekki embættisskyldu sinni með því að halda stöðinni í svo miklu fjársvelti að það bæði skerði og komi í veg fyrir að þroskaheft börn fái þjónustu. Það er brot á lögum, bæði lögum um málefni fatlaðra og grunnskólalögum.

Úthlutun sveitarfélaganna á fé til grunnskóla vegna fatlaðra barna getur oltið á greiningu stöðvarinnar og það er ekki forsvaranlegt að börn fái ekki þá sérkennslu sem þau eiga rétt á. Stuðningur og sérkennsla sem sum börn með þroskafrávik eiga rétt á er því víða í algjörri óvissu.

Forsenda þjónustu sem fötluð börn eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra byggir á því að barnið hafi fengið greiningu hjá Greiningarstöðinni og í sumum tilvikum geta umönnunarbætur foreldra oltið á því að barnið fái greiningu stöðvarinnar.

Vandamálin byrjuðu að hrannast upp við stöðina þegar skipulagsbreytingar voru gerðar árið 1996, en þá jukust verulega tilvísanir til stöðvarinnar ekki síst vegna barna og unglinga á grunnskólaaldri, auk þess sem stöðin fékk aukin verkefni frá Barna- og unglingageðdeildinni vegna einhverfra barna. Aukning hefur líka orðið mikil vegna einhverfutilvika, m.a. vegna þess að greiningartæknin er orðin mun betri og öruggari en áður var.

Í nýlegu svari félmrh. til mín kom fram að einhverfutilvik hafa þrefaldast á stuttum tíma og er reiknað núna með 20 börnum í hverjum árgangi á móti níu til tíu börnum árið 1999. Við þessu þarf að bregðast. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra:

Hverjar eru tillögur ráðherra til að stytta biðlista eftir þjónustu?

Telur ráðherra það verjandi að börn með þroskahömlun þurfi að bíða á annað ár eftir þjónustu og greiningu og að börn á grunnskólaaldri fái ekki sérúrræði í skólakerfinu?

Mun ráðherra styrkja stöðu Greiningarstöðvarinnar sérstaklega vegna vaxandi einhverfutilvika?

Er ráðherrann reiðubúinn að beita sér fyrir úrbótum og samræmingu kjara starfsfólks stöðvarinnar og starfsfólks í sambærilegum störfum til að tryggja að starfsmenn fáist til að starfa við Greiningarstöðina?

[13:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. 1. mars í ár voru 31,2 störf á Greiningarstöðinni. Þau eru tveimur færri en 1. mars árið 2001, en jafnmörg og árið 2000 og 1999. Til þess að auka þjónustustig og leysa bráðavanda Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hefur verið auglýst eftir starfsfólki. Í fyrsta lagi hefur verið auglýst eftir sálfræðingi í 100% stöðu á sviði þroskahamlana, barnalækni í 100% starf, 50% á sviði þroskahamlana og 50% á sviði einhverfu og málhamlana, talmeinafræðingi í 80% stöðu á sviði einhverfu og málhamlana, þroskaþjálfa í 100% stöðu á sviði hreyfi- og skynhamlana og sálfræðingi í 80% stöðu í afleysingar. Umsóknarfresturinn rennur út 25. apríl nk. Gert er ráð fyrir því að strax verði gengið til ráðninga á hæfum umsækjendum að loknum umsóknarfresti. Að þessum ráðningum loknum verður unnin sérstök áætlun um það hvernig staðið verður að greiningu þeirra barna sem talin eru hafa brýnustu þörfina.

Rétt er að taka fram að öll börn innan tveggja ára fá greiningu strax, þ.e. biðtími getur orðið einn mánuður, í mesta lagi þrír. Áformað er að 1. júlí verði búið að ákveða hvernig staðið verði að greiningu þeirra barna sem eru í mestri þörf.

Á vegum ráðuneytisins er nú hafin úttekt á faglegum og fjárhagslegum þáttum Greiningarstöðvar. Úttektin mun sérstaklega ná til eftirfarandi þátta, þ.e. vanda stöðvarinnar í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á greiningarviðmiðum og aukinnar ásóknar í þjónustu stöðvarinnar, innra skipulags, skilgreiningar verkefna, lágmörkunar rekstrarútgjalda að teknu tilliti til skilgreindra verkefna. Í framangreindri vinnu verða stafskjör stöðvarinnar tekin til endurskoðunar.

Fulltrúar ráðuneytisins og Greiningarstöðvarinnar hafa að undanförnu unnið sameiginlega að lausn þess fjárhagsvanda sem stöðin virðist vera í. Í kjölfar þess hef ég m.a. ákveðið að óska eftir viðbótarfjárheimild í fjáraukalögum ársins svo auka megi núverandi þjónustustig stofnunarinnar. Verði slík ósk samþykkt, er það sameiginlegt mat aðila að þannig verði hægt að vinna á bráðavanda stofnunarinnar enda verði samhliða gripið til annarra nauðsynlegra rekstraraðgerða.

Rétt er að taka fram að fjárheimildir stofnunarinnar í ár eru nú þegar 20 millj. hærri en reksturinn reyndist á síðasta ári.

Það hefur líka verið óskað eftir tilnefningum í stjórn Greiningarstöðvarinnar, en skipunartími fyrri stjórnar er runninn út. Gert er ráð fyrir því að hin nýja stjórn stöðvar-

innar verði starfhæf í byrjun maí eða taki til starfa í byrjun maí nk.

Í framhaldi af þeirri úttekt sem nú er hafin er gert ráð fyrir því að fram fari heildstætt mat á þjónustu við fötluð börn og ungmenni og ábyrgð hinna ýmsu þjónustuaðila gagnvart greiningu þeirra og fötlun. Hér er átt við hlutverk Greiningarstöðvarinnar, hlutverk heilbrigðisþjónustunnar og hlutverk sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir því að þessi vinna hefjist í byrjun júní og verði lokið 1. september nk.

Að lokinni þessari frumúttekt á starfi Greiningarstöðvarinnar er gert ráð fyrir vinnu við valkostagreiningu þar sem reynt verður að meta framtíðarsýn og framtíðarhlutverk Greiningarstöðvarinnar í heildstæðri þjónustu við fötluð börn á Íslandi til framtíðar. Það er gert ráð fyrir að þessi vinna fari af stað 1. september og taki u.þ.b. þrjá mánuði.

Á árinu 2000 voru meðaldagvinnulaun háskólamenntaðra starfsmanna Greiningarstöðvarinnar alls ekki lakari en dagvinnulaun háskólamenntaðra starfsmanna í sambærilegum störfum hjá öðrum ríkisstofnunum samkvæmt athugun sem ráðuneytið gerði á liðnu ári.

[13:41]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Enn eru málefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins rædd á Alþingi þar sem góð orð hæstv. félmrh. og hæstv. heilbrrh. um að finna lausn á rekstrarvanda stöðvarinnar hafa ekki gengið eftir.

Vandi Greiningarstöðvarinnar er eingöngu fjárhagslegur. Faglega stendur stöðin mjög vel og hefur á að skipa góðum, vinnusömum og metnaðarfullum starfsmönnum, mörgum hverjum með langan starfsaldur við stöðina. Þar vantar bara að geta ráðið fleiri.

Þó að Greiningarstöðin hafi fengið loforð fyrir aukafjárveitingu til rekstursins á þessu ári dugar hún ekki til að vinna á biðlistunum og koma þeim í það horf að enginn þurfi að bíða lengur en í þrjá mánuði og að öllum aldurshópum verði sinnt svo að hægt verði að senda sérfræðinga út á land til að sinna meðferð og styðja við skjólstæðinga í heimabyggð.

Það nægir alls ekki að miða auknar fjárveitingar við starfsemina eins og hún var fyrir ári síðan því þá hafði þegar orðið mikil skerðing á starfseminni og biðlistarnir voru óásættanlegir. Það verður að taka tillit til þess að stöðugt greinast fleiri börn sem þurfa á þjónustu Greiningarstöðvarinnar að halda til að fá viðeigandi meðferð og stuðning.

Vandi Greiningarstöðvarinnar er m.a. sá að vera launalega ekki samkeppnisfær við aðra vinnustaði á þessu sviði á hinum frjálsa markaði. Mikil samkeppni er um svo reynda og faglega hæfa starfskrafta og því hefur öll töf á rekstrarlegri lausn málsins mjög alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi og mönnun Greiningarstöðvarinnar. Afleiðingar þrenginga Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hafa ekki látið á sér standa og hafa bitnað með fullum þunga á þeim sem síst skyldi, fötluðum börnum þessa lands og fjölskyldum þeirra.

[13:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Félmn. Alþingis átti þess kost að skoða Greiningar- og ráðgjafarstöðina í nóvember sl. og það er greinilegt að þar fer fram mjög sérhæft og vandasamt starf. Það var afskaplega upplýsandi fyrir okkur þingmenn að kynna okkur þessa starfsemi. En ég tel jafnframt að það ríki mikill skilningur á starfseminni, jafnt hér í Alþingi og í félmrn.

Ljóst er að vandi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar á sér nokkrar mismunandi uppsprettur. Rétt er að minna á að t.d. stóð til að flytja málaflokk fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og í því samhengi var samið lagafrv. til þess að styrkja stöðu Greiningarstöðvarinnar og þess hóps sem á að njóta þjónustu hennar.

Eins og við vitum varð ekkert af þeim áformum. Því verður að skoða stöðu Greiningarstöðvarinnar í nýju ljósi. Leyst var úr þeim vanda sem stöðin var komin í vegna uppsafnaðs rekstrarhalla með fjáraukalagagerð nú fyrir áramótin og það var aukning á fjárlögum yfirstandandi árs miðað við rekstur síðasta árs.

Nú er verið að vinna að skammtímavandamálum stöðvarinnar sem hafa skapast m.a. af því að starfsmenn eru í fæðingarorlofi og fleira kemur til. Mjög aukin eftirspurn er eftir þjónustu og aukin fjöldi barna sem greinst hafa með einhverfu hefur þar sitt að segja.

Eins og fram hefur komið er búið að auglýsa eftir fleira starfsfólki til stöðvarinnar og því er við því að búast að hægt verði að vinna á þeim biðlistum eftir þjónustu sem hafa myndast nú að undanförnu.

Hæstv. forseti. Nú er mikilvægt að líta til framtíðar. Við verðum að hafa heildarsýn á málaflokkinn og skipuleggja og skilgreina starfsemi stöðvarinnar með það að markmiði að þjónusta geti verið sem best. Það er okkar markmið nú.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Rekstrarvandi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins bitnar illa á fötluðum börnum og aðstandendum þeirra. Biðtími barna á grunnskólaaldri eftir greiningu er nú á annað ár og stofnunin telur fyrirsjáanlegt að skerða verði þjónustu við fötluð börn á grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra. Með þessu er verið að brjóta skýlausan rétt fatlaðra barna til þjónustu, bæði samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni fatlaðra. Þetta alvarlega ástand hefur nú varað í u.þ.b. hálft ár. Svo löng bið eftir greiningu sem raun ber vitni getur komið í veg fyrir að börnin nái nokkurn tímann þeim þroska sem þau gætu náð ef meðferð hæfist fyrr.

Á biðlista Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar eru nú 100 börn og þau og foreldrar þeirra þurfa að búa við þá óvissu að vita ekki hvenær röðin kemur að þeim. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur þá lagaskyldu að greina fötluð börn í grunnskólum. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er eina stofnunin hér á landi sem hefur breiða þverfaglega þekkingu til að greina og aðstoða börn með alvarlegar þroska- og hreyfihamlanir og einhverfu.

Starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar telja að launakjör við stofnunina séu svo léleg að borin von sé að sérfræðingar fáist til starfa. Þeir telja nauðsyn bera til að leiðrétta launakjörin sem fyrst svo unnt verði að leysa vandann.

Ekki vantar fé til að efla utanríkisþjónustu okkar í fjarlægum löndum, en á sama tíma hefur eina sérhæfða stofnunin hér á landi sem greinir þroskafrávik barna verið í fjársvelti í langan tíma.

Frjálslyndi flokkurinn skorar á ríkisstjórnina að grípa nú þegar inn í vanda Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Það er ekki um háar fjárhæðir að tefla miðað við það bráðnauðsynlega starf sem er í húfi og miðað við það að verið er

að brjóta harkalega á rétti barna með þroskafrávik.

[13:48]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Við hér inni vitum vel að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ein af grunnstofnunum samfélagsins. Við þekkjum öll mikilvægi hennar og við vitum öll um þörfina fyrir þjónustu stofnunarinnar, því það er mikil þörf. Við vitum einnig hversu þörfin fyrir þjónustu hefur aukist en að sama skapi hefur því miður ekki fylgt það fjármagn sem hefði þurft. Við vitum líka að stofnunin hefur haft á að skipa afar öflugu fagfólki og fagvinna þar hefur verið eins og best verður á kosið. Slíkt má alls ekki glatast.

Við vitum jafnframt hversu miklu máli skiptir fyrir börn og fjölskyldur þeirra að þau fái greiningu þegar frávik frá þroska er um að ræða til að hægt sé að veita þeim þjónustu við hæfi og sinna þeim þörfum sem eru brýnastar á hverju skeiði fyrir sig í lífi og þroska barna.

Ég veit líka að þingmenn hafa viljað leggjast á árar til að styrkja þessa mikilvægu stofnun. Og ég fullyrði að mjög margir þingmenn voru reiðubúnir til þess að samþykkja aukið fjármagn til stofnunarinnar á síðustu fjárlögum. Því miður var málið kæft en þar var verið að ræða um 24 millj. til þess að koma stofnuninni á réttan kjöl. Því gleðst ég yfir hugmyndum hæstv. félmrh. um fjáraukaheimild.

Við vitum að ef greining fer ekki fram þá er ekki veitt þjónusta í samræmi við þarfir barnanna og það gengur auðvitað ekki. Eins til tveggja ára biðtími er afar langur tími í lífi og þroska lítils barns og því er mikilvægt að bregðast við sem fyrst, slíkt eykur alla möguleika á lífsgæðum barna. Við getum ekki brotið á börnum á þennan hátt. Réttur slíkra barna er alveg jafnmikilvægur og réttur annarra barna, ef ekki mikilvægari.

En mig langar að spyrja hæstv. félmrh. í framhaldi af því sem kom fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur:

Hvenær er að vænta breytinga á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þannig að um hana gildi sérlög?

Við vitum vel að í því felast mjög miklir möguleikar fyrir stofnunina til að þróast í takt við þarfir barna og í takt við nýja tíma.

[13:50]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Það á að vera forgangsverkefni okkar að standa vörð um velferð þeirra sem minnst mega sín og mesta þörf hafa fyrir þjónustu og stuðning samfélagsins, barna sem búa við fötlun, þroskafrávik eða erfiðleika af öðrum toga. Annað er okkur ekki sæmandi og auk þess í bága við þau réttindi sem við höfum skuldbundið okkur til að tryggja þessum börnum.

Það liggur nú fyrir að unnið er að því að leysa þann vanda sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur búið við. Hæstv. félmrh. hefur boðað að farið verði fram á viðbótarfjárheimild á fjáraukalögum til að mæta þörfinni, aukinni þörf fyrir þjónustu stofnunarinnar og unnið er að faglegri og fjárhagslegri úttekt á stöðinni. Ég treysti því að hún verði til þess að leggja grunn að enn öflugri starfsemi stöðvarinnar og enn betri þjónustu. Fullur pólitískur vilji er til þess að tryggja skjólstæðingum stöðvarinnar þá bestu þjónustu sem völ er á.

Þörf er á að stöðug umræða sé í gangi um jafnmikilvæg mál og þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar, en það skiptir líka miklu máli að sú umræða sé fagleg.

Einnig er löngu orðið tímabært að ræða heildstætt vanda barna í grunnskóla sem þurfa á ýmiss konar sérfræðiþjónustu og öðrum stuðningi að halda. Sveitarfélögunum ber að sjá skólum fyrir sérfræðiþjónustu samkvæmt reglugerð þar um og sérfræðingurinn á að vinna bæði að forvarnastarfi í samvinnu við starfsmenn skóla, m.a. með kennslufræðilegum og sálfræðilegum athugunum og hann á líka að vinna að greiningu nemenda sem eiga í erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Þeir eiga einnig að gera tillögur um viðeigandi meðferð og úrræði og til viðbótar öllu öðru eiga þeir jafnframt að gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda.

Samkvæmt reglugerðinni er lágmarsviðmið um slíka þjónustu að það sé einn sálfræðingur eða annar sérfræðingur sem sinni 1.400 börnum. Menn geta rétt ímyndað sér hvað mikið vantar upp á að þessi þjónusta standi undir nafni og þeim verkefnum sem henni eru ætluð og hver biðin er víða eftir slíkri þjónustu. Jafnframt er augljóst að því meira sem upp á vantar að þessi þjónusta mæti þörfinni í hverjum skóla, því meiri er þörfin eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar.

[13:52]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Mikilvægi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er ótvírætt. Þar fer fram afar mikilvæg þjónusta sem við getum ekki verið án. Mjög fróðlegt var fyrir okkur sem störfum í félmn. að heimsækja Greiningarstöðina sl. haust og hitta þar starfsmenn stofnunarinnar.

Mál eins og þessi sem við ræðum hér í dag eru alltaf mikil tilfinningamál sem verður þó að ræða af yfirvegum og það þjónar engum tilgangi og við leysum ekki vandann með upphlaupi og stóryrðum. En það er eðlilegt að hlusta á gagnrýni og bæta úr því sem betur má fara.

Herra forseti. Segja má að fæðing barns sé alltaf kraftaverk en það er ekki sjálfgefið að öll börn fæðist heilbrigð. Þau börn sem búa við fötlun þurfa og eiga að fá hjálp frá samfélaginu. Það er eindreginn vilji félmrh. að leysa þann vanda sem kominn er upp eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. Þá hefur ráðuneytið einnig tilkynnt í fjárlagatillögum sínum óskir um verulega aukið fjármagn til reksturs Greiningarstöðvarinnar. Það er gert til þess að hægt verði að vinna að bráðavanda stofnunarinnar og samhliða þessu verði gripið til annarra nauðsynlegra rekstraraðgerða.

Í svari hæstv. félmrh. við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kemur fram að 196 einstaklingar greindust með einhverfu eða skyldar raskanir á tímabilinu 1992–2001. Og þá spyr maður sig, hvað er að gerast, hvers vegna er tíðni einhverfu að breytast svona ört? Það kemur líka fram í svarinu að það megi reikna með að 20 börn í hverjum árgangi þurfi á mismiklum stuðningi að halda, en sú tala var áætluð 9–10 börn á árinu 1999.

Herra forseti. Það er brýnt að í framhaldi af frumúttekt á Greiningarstöðinni fari fram heildstætt mat á þjónustu við fötluð börn og ungmenni og ábyrgð þeirra sem koma að greiningu á fötlun og það verði ljóst hvert hlutverk sveitarfélaganna er, hvert hlutverk heilbrigðisþjónustunnar er og síðast en ekki síst — hvert er hlutverk Greiningarstöðvarinnar?

[13:55]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Greiningar- og ráðgjafarstöðin er mikilvægur hlekkur í velferðarþjónustunni og sá hlekkur má ekki

fela í sér veikleika. Það er ljóst að mikil þörf er fyrir þá þjónustu sem stöðin veitir og allt of margir einstaklingar bíða nú eftir þjónustu hjá stöðinni. Það er aðkallandi að leysa þetta mál sem allra fyrst þannig að þau börn sem þurfa á þjónustunni að halda fái hana. Það er ekki ásættanlegt fyrir okkur að þetta ástand vari lengur.

Eins og á við um aðrar stofnanir ríkisins þegar fjárhags- og rekstrarvandi kemur upp, er mikilvægt að greina fjárhagslega stöðu stöðvarinnar og starfsemi hennar í heild. Úrbætur eiga m.a. að byggjast á grundvelli slíkrar úttektar. Eins og fram hefur komið er nú unnið að því verkefni og er það vel.

Í mínum huga er það forgangsmál að leysa það mál sem hér er rætt. Það á að vera forgangsverkefni okkar að tryggja að þau börn sem þurfa á þjónustu Greiningar- og ráðgafarstöðvarinnar að halda fái hana á eðlilegan hátt. Ég treysti hæstv. félmrh. vel til að leysa þetta mál, enda er nú unnið að því markvisst eins og fram hefur komið.

Herra forseti. Það mál sem hér er rætt fjallar um mikilvæga hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra. Þeir hagsmunir snúa ekki síst að framtíðinni, að framtíð viðkomandi barna og eru þeir varðir í lögum. Við eigum og okkur ber að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja þá mikilvægu hagsmuni sem hér eru í húfi.

[13:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vandi Greiningarstöðvarinnar hefur verið hér til umræðu í þingsölum oft og nú í þinglok er ástæða til að fá upplýsingar um stöðu hennar og þeirra skjólstæðinga hennar sem hafa beðið þjónustu og bíða enn. Okkur hafa borist mörg bréf frá örvæntingarfullum foreldrum fatlaðra barna, m.a. skólabarna, sem beðið hafa greiningar fyrir börn sín allt upp í tvö ár. Og á meðan þau bíða eftir greiningu fá þau ekki þjónustu sem þeir ber og þeim stæði ella til boða. Eitt ár, hvað þá tvö í lífi barns, er langur og dýrmætur tími og verður að leysa mál þessara barna áður en enn eitt skólaárið hefst.

Þess vegna fagna ég þeim ummælum hæstv. ráðherra sem komu fram í svari hans í upphafi um að verið sé að vinna að úrbótum. Vonast ég til þess að þeim verði lokið fyrir haustið.

Varðandi launamál starfsmanna þá verður það að koma hér fram að um atgervisflótta hefur verið að ræða frá stöðinni. Það kom bæði fram í heimsókn félmn. og hefur komið fram oftar.

Ég vonast til þess að lausn verði fundin á málefnum Greiningarstöðvarinnar og hún verði komin í fullan gang og þjónusta þar verði veitt að fullu fyrir haustið, þannig að þau fjölmörgu börn sem bíða og hafa beðið fái greiningu og í kjölfar þess þá þjónustu sem þau eiga rétt á í skólakerfinu.

[13:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Skilaboðin til hæstv. ráðherra eftir þessa umræðu eru skýr. Það á að leysa þetta mál og leysa það strax. Þetta er forgangsmál eins og hér var sagt. Og það er með ólíkindum hvað það vefst fyrir ráðherrum og ríkisstjórn að leysa þetta mál og setja í það 20–30 milljónir til að hægt sé að leysa brýnasta vandann, en það vefst ekkert fyrir ráðherrunum að skammta til aðalskrifstofu ráðuneyta sinna 170 milljóna raunaukningu á þessu ári.

Ráðherrann hefur ekkert hér að segja í umræðunni við þau börn á skólaaldri sem ekki fá nauðsynlega sérkennslu í grunnskólunum vegna skorts á greiningu Greiningarstöðvarinnar sem hún getur ekki veitt vegna fjárskorts, hann hefur ekkert að segja varðandi það sem fram hefur komið í umræðunni um að einhverfutilvik hafa þrefaldast. Hann var spurður um hvort hann teldi ekki ástæðu til þess að styrkja Greiningarstöðina sérstaklega vegna þessa og ég óska svara ráðherrans við því.

Ráðherrann fer með rangt mál þegar hann segir að starfsfólkið hafi sambærileg kjör á þeirri stofnun og öðrum sambærilegum stofnunum. Það munar 20–30% og fólk sem þaðan fer getur fengið tugi þúsunda kr. meira í mánaðarlaun ef það fer á sambærilegar stofnanir hjá sveitarfélögunum.

Staðreyndin er sú að staðan er svo þröng hjá Greiningarstöðinni að hún hefur ekki getað gert nauðsynlega stofnanasamninga við starfsfólk sitt með líkum hætti og aðrar stofnanir hafa gert sem hafa rýmra svigrúm.

Ég fagna því auðvitað að viðbótarfjárveiting á að koma á fjáraukalögum til þessa verkefnis, en ég skora á ráðherrann að henda nú ekki 5–6 milljónum í stofnunina sem engu mun skila. Það þarf að leysa þessi mál með viðunandi og traustum hætti. Það er ekki forsvaranlegt fyrir þingið eða framkvæmdarvaldið að búa þannig að stofnuninni, sem svo miklu máli skiptir fyrir þroskaheft börn, að þau þurfi að standa í biðröðum árum saman til að fá nauðsynlega þjónustu.

[14:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er óbærilegt ef alvarlega fötluð börn þurfa að bíða lengi eftir þjónustu. Rétt er að hafa í huga að börn upp að tveggja ára aldri eru greind strax og þurfa ekki að bíða.

Það er áformað samkvæmt því sem ég sagði áðan að fyrir 1. júlí í ár verði búið að ákveða hvernig og hvenær þau, alvarlega veiku börnin, fá þjónustu og þá verði það tilkynnt foreldrum þeirra. Þau mega sem sagt eiga von á því að fyrir 1. júlí verði þeim tilkynnt hvenær hægt verði að greina þeirra börn.

Á næsta þingi stefni ég að því að flytja lagafrv. um Greiningar- og ráðgjafarstöðina enda verði þá lokið þeirri fjárhagslegu og faglegu úttekt sem verið er að gera á Greiningarstöðinni. Ég vænti þess að eitthvað muni um það í afköstum stöðvarinnar þegar fjölgað er um þrjá sérfræðinga í fullt starf eins og auglýst hefur verið eftir og tvo í 80% starf hvorn. Það er sem sagt verið að fjölga þarna um fimm, væntanlega á það að geta skipt verulegu máli og þá er orðið fleira starfsfólk á Greiningarstöðinni en nokkurn tíma hefur verið.

Ég vænti mikils af nýrri stjórn og vil taka fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef voru á árinu 2000 meðaldagvinnulaun háskólamenntaðra starfsmanna á Greiningarstöðinni ekki lakari en dagvinnulaun háskólamenntaðra starfsmanna í sambærilegum störfum hjá öðrum ríkisstofnunum. (Gripið fram í.) Ég tek fram að hér er um að ræða dagvinnulaun.

[14:03]

Útbýting þingskjala:

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 520. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1220; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1221.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 10.–30. mál.

Fundi slitið kl. 14:03.

---

120. FUNDUR

miðvikudaginn 17. apríl,
að loknum 119. fundi.

Dagskrá:

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, skýrsla, 388. mál, þskj. 1055. — Ein umr.

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, ein umr.

Skýrsla heilbrrh., 388. mál. — Þskj. 1055.

[14:04]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Tekið er fyrir eina dagskrármálið, Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, skýrsla heilbrrh. Samkomulag er milli formanna þingflokka um að umræðan standi í um það bil eina klukkustund. Ráðherra og skýrslubeiðandi hafa tíu mínútur hvor til umráða en aðrir þingmenn og ráðherrar fimm mínútur hver.

[14:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns færa skýrslubeiðanda, hv. 12. þm. Reykn., þakkir fyrir að eiga frumkvæði að gerð skýrslunnar sem er tilefni umræðunnar hér.

Hér ræðum við alvarleg og viðkvæm mál sem menn hafa e.t.v. talað um vitað um í áratugi án þess eðli málsins samkvæmt að þau hafi endilega átt heima á hinum opinbera vettvangi. Skoðun mín er sú að jafnmikilvægt og það er að ræða þessa afmörkuðu fortíð heilbrigðisþjónustunnar sé að taka tillit til og sýna þeim virðingu sem á einhvern hátt eiga hér hlut að máli. Við skulum ekki gleyma að við erum að tala um aðgerðir sem byggðust á lögum nr. 16/1938 og voru í gildi til 1975. Í fyrsta lagi er fortíðin þess vegna ekki langt að baki og í öðru lagi getur stundum verið snúið að bregða mælistiku nútímans á fortíðina eða hugmyndaheim næstsíðustu aldamótakynslóðar.

Þegar ég hafði kynnt mér efni þessarar skýrslu var mitt fyrsta verk að kalla til höfundinn sem fenginn var til að ráðast í þetta verk og þakka fyrir gott dagsverk. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur á hrós skilið enda hefur hún leyst vandasamt verkefni með prýði og þó nokkuð hafi dregist að svara beiðninni vonast ég til að menn sjái af skýrslunni sjálfri að gerð hennar var tímafrek, fyrir utan þann tæknilega undirbúning sem nauðsynlegur er til að rannsaka jafnviðkvæm mál.

Í öðru lagi er rétt að fram komi að ég ræddi það strax við höfundinn hvort hún væri tilbúin að vinna frekari upplýsingar í hendur heilbrrh. og mér er ánægja að segja frá því í upphafi umræðunnar að sú verður raunin. Höfundur skýrslunnar hefur fallist á þá beiðni mína að kanna frekar tiltekna þætti sem fram koma í því verki sem hér hefur verið lagt fyrir Alþingi og er það starf þegar hafið.

Í fyrsta lagi hyggst höfundur gera frekari úttekt á heildarframkvæmd laganna nr. 16/1938, en nákvæmari rannsóknar er þörf, að hennar mati, til að hægt sé að átta sig betur á hvort ástæða sé til að rannsaka tiltekna þætti málsins enn frekar.

Í öðru lagi hefur höfundur skýrslunnar fallist á að fara frekar yfir tiltekin mál sem gætu hugsanlega flokkast sem vafamál á einhvern hátt. Hér er ekki síst horft til þess að svara því nákvæmar hvort dæmi eru um og þá að hve miklu leyti framkvæmd laganna víkur frá upphaflegum markmiðum þeirra.

Í þriðja lagi varpar höfundur í skýrslu sinni fram spurningum um tiltekna þætti í framkvæmd laganna sem hún hefur fallist á að skoða og reyna að skýra nánar. Í þessu sambandi þykir mér t.d. eðlilegt að gera frekari grein fyrir þeim mikla mun sem er á ófrjósemisaðgerðum kvenna og karla sem sumpart er eðlilegur, en þarfnast nákvæmari skoðunar.

Að endingu hefur Unnur Birna Karlsdóttir tekið að sér að bera saman með nákvæmari hætti framkvæmd laganna hérlendis og svipaðra laga í nálægum löndum, sem eðlilegt er þar sem lögin hér byggðust að verulegu leyti á lögum sem sett höfðu verið í Danmörku og Noregi. Þetta er vandasamt og tímafrekt mál, en sem heilbrrh. tel ég rétt að skoða þessa tilteknu þætti frekar.

Virðulegi forseti. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

Lögin sem ófrjósemisaðgerðirnar falla undir voru í gildi í 38 ár og tóku þau gildi eins og áður sagði 1938. Fyrsta aðgerðin var gerð það ár, sú síðasta árið 1975 þegar ný lög tóku gildi. Alls voru framkvæmdar 726 ófrjósemisaðgerðir, þar af voru 722 í flokknum vananir og fjórar aðgerðir á körlum í flokknum afkynjanir, þ.e. skurðaðgerð þar sem kynkirtlar voru numdir brott. Í skýrslunni kemur fram að tilgangurinn með fyrrnefndu aðgerðinni, vönun, hafi verið sú að gera viðkomandi ófrjóan án þess að raska kyngetu, en í þeirri síðarnefndu, afkynjun, hafi auk þess verið ætlun að svipta mann getu og kynhvöt.

98% þeirra sem gengu undir ófrjósemisaðgerðir skv. lögum nr. 16/1938 voru konur, en alls gengust 707 konur undir aðgerð og 19 karlar, fjórar afkynjanir meðtaldar. Um 55 af hundraði þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir bjuggu í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum og um 45% voru úr kaupstöðum og öðrum sveitum landsins. 83,4% ófrjósemisaðgerða, eða alls 602 aðgerðir, voru framkvæmdar af læknisfræðilegum ástæðum, þ.e. vegna sjúkdóma og langvarandi veikinda viðkomandi, hættu á veikindum konu á meðgöngu eða misförum hennar eða barns í fæðingu, sterkum líkum á fósturskaða ef um frekari meðgöngur yrði að ræða eða erfðagöllum. Í 16,6% ófrjósemisaðgerða, eða í alls 120 aðgerðum, var andlegur vanþroski eða geðveiki sögð meginástæða aðgerðar. Um 90% þeirra umsókna um ófrjósemisaðgerðir sem komu til framkvæmda voru undirritaðar af þeim sem gekkst undir aðgerð, eða um 646 umsóknir. Alls 17 umsóknir voru undirritaðar af þeim sem gera átti ófrjóan ásamt öðrum aðila. Oftast voru það foreldrar, en

einnig systkini eða skipaðir tilsjónarmenn. 59 einstaklingar voru gerðir ófrjóir án þess að undirrita beiðni um það. Í meiri hluta þeirra tilfella voru foreldrar umsækjendur eða í 42 tilvikum. Í tíu þeirra sótti foreldri um sem skipaður tilsjónarmaður barns síns þar sem það hafði náð 16 ára aldri.

Fulltrúar barnaverndarnefnda undirrituðu alls fimm beiðnir um aðgerðir sem komu til framkvæmda og framfærslufulltrúi bæjarfélags undirritaði eina. Þess utan eru dæmi um að frumkvæði að því að fólk var gert ófrjótt hafi komið frá einhverjum utan fjölskyldunnar. Hér er átt við fulltrúa félagsmálastofnana, barnaverndarnefnda, bæjarstjórna eða lækna. Upplýsingar um fjölda slíkra málsatvika liggja ekki endanlega fyrir.

Virðulegi forseti. Hér var drepið á helstu niðurstöðu skýrslunnar, en lengra mál mætti hafa um hana almennt og tiltekna þætti hennar. Ég endurtek það álit mitt að ég tel afar mikilvægt að upplýsingar þessar liggi nú fyrir og verði því eðlilegur hluti sögu okkar. Eðli málsins samkvæmt tel ég nauðsynlegt að kafa frekar ofan í tiltekna þætti skýrslunnar eins og ég sagði í upphafi máls míns og hef þegar fengið ágætan höfund hennar til að vinna áfram með málið og er hún þegar byrjuð á því verki. Lögin sem heimiluðu ófrjósemisaðgerðir voru á sinni tíð fyrst og fremst sett hér eins og annars staðar með það að markmiði að heimila ófrjósemisaðgerðir á þroskaheftu og geðsjúku fólki. Þau voru að sönnu hluti af viðurkenndri heilbrigðisstefnu á Norðurlöndum og víðar, en eins og kemur fram í sögulegu yfirliti skýrslunnar, má eflaust finna dæmi um það einhver staðar að tilhneigingin hafi verið að túlka lögin rúmt.

Virðulegi forseti. Umræða um þessa fortíð okkar er mikilvæg vegna þess að okkur er hollt að horfast í augu við fortíðina í þessu máli eins og öðrum og framtíðarinnar vegna er brýnt að læra af reynslu fortíðar. Það er von mín að umræðan hér í dag og það samkomulag sem ég hef gert við höfund skýrslunnar um framhaldsrannsóknir megi verða til þess að þeir þættir þessa viðkvæma máls sem á annað borð er unnt að upplýsa og fjalla um, muni að endingu liggja opinberlega fyrir.

[14:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að fylgja skýrslunni um ófrjósemisaðgerðir á árunum 1938–1975 úr hlaði og hæstv. forseta fyrir að taka hana á dagskrá þingsins.

Ástæða þess að skýrslubeiðnin var lögð fram, fyrst á 125. löggjafarþingi, var umfjöllun Morgunblaðsins, sem sú sem hér stendur rak augun í, í júnímánuði 1999, um dóm sem féll árið 1996, en þá var íslenska ríkinu gert að greiða manni 4 millj. kr. í bætur vegna ólögmætrar ófrjósemisaðgerðar sem á honum hafði verið gerð árið 1973. Þá hefur verið samið við tvo aðra einstaklinga um bótagreiðslur vegna ólögmætra ófrjósemisaðgerða.

Hæstv. forseti. Skilningur okkar á samtímanum hlýtur m.a. að byggja á þekkingu okkar á sögunni. Skýrsla sú sem hér er til umræðu er um margt fróðleg og gagnleg og varpar ljósi á sögu okkar og ráðandi stjórnmálastefnur á fyrri hluta 20. aldarinnar. Höfundur skýrslunnar, Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur, hefur greinilega lagt sig fram um að koma staðreyndum til skila á faglegan og hlutlægan hátt.

Lög nr. 16/1938 féllu úr gildi árið 1975, eins og fram hefur komið, nema að því er varðar afkynjanir, en ég mun víkja að þeim síðar í ræðu minni. Vilmundur Jónsson, landlæknir og þingmaður Alþýðuflokksins, var höfundur laganna og greinargerðar þeirrar sem fylgdi lögunum og lög svipuð þessum voru sett víða um heim á fyrri hluta 20. aldar. Lagasetningin er skilgetið afkvæmi arfbótastefnunnar og þótt hún hafi verið nokkuð mismunandi eftir löndum var, svo vísað sé beint í skýrsluna, með leyfi forseta, „... fyrst og fremst miðað að því að heimila ófrjósemisaðgerðir á þroskaheftu og geðsjúku fólki.“ Lögin hlutu litla umræðu á Alþingi 1937 og voru samþykkt samhljóða.

Það er mikilvægt að hafa í huga að tilgangur löggjafarinnar var ekki síst að hafa vit fyrir fólki sem talið var að kynni ekki fótum sínum forráð vegna greindarskorts eða sjúkdóma. Var það almennt álitið bæði sjálfsagt og mannúðlegt, eins og afgreiðsla þingsins á frv. ber með sér, enda geri ég ráð fyrir því að löggjöfin hafi endurspeglað tíðarandann í samfélaginu á fjórða áratug síðustu aldar.

Einnig þótti það ekki athugavert að því er virðist að draga úr viðkomu þeirra, eins og það er orðað, sem þóttu búa yfir lökum erfðaeiginleikum með almannahagsmuni í huga, ekki síst til þess að koma í veg fyrir að fleiri lentu á sveit, ellegar væru dragbítar á efnahagslegum og menningarlegum framförum þjóðar, eins og segir í skýrslunni.

Í greinargerð Vilmundar Jónssonar segir, með leyfi forseta:

„Vönun andlegra fáráðlinga léttir þeim lífið, er þjóðinni til hagsbóta og dregur úr úrkynjun komandi kynslóða.“

Arfbótastefnan var sem sagt talin mannúðleg og öllum fyrir bestu.

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa upplýsingar um nauðungaraðgerðir, þ.e. ófrjósemisaðgerðir án vitundar og vilja viðkomandi sem gerðar voru í öðrum löndum í krafti svipaðra lagasetninga kallað fram sterk viðbrögð almennings, t.d. í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Sums staðar hefur ríkisvaldið greitt miskabætur þeim sem sýnt þykir að brotið hefur verið á, en fólk hefur einnig leitað réttar síns fyrir dómstólum.

Í lögunum frá 1938 eru ófrjósemisaðgerðir nefndar vananir, þótt samkvæmt íslenskri málvenju séu vananir notaðar um geldingu karldýra. Hins vegar þykir rétt að kalla aðgerðirnar hér sínu rétta nafni, þ.e. ófrjósemisaðgerðir. Eins og fram hefur komið voru gerðar alls 722 ófrjósemisaðgerðir hér samkvæmt þessum lögum á árabilinu 1938–1975. 98% þeirra sem undirgengust þær voru konur og langflestar aðgerðirnar, eða um 83%, voru gerðar af læknisfræðislegum ástæðum.

Hafa verður í huga að góðar og öruggar getnaðarvarnir fyrir konur komu ekki á markað fyrr en undir lok sjöunda áratugarins og ljóst er að margar konur hafa valið þann kostinn að gangast undir ófrjósemisaðgerð til þess að koma í veg fyrir frekari barneignir. Það eru hins vegar, herra forseti, þær 120 aðgerðir, eða 16% heildarfjöldans, sem framkvæmdar voru vegna andlegs vanþroska eða geðveiki viðkomandi sem við lestur skýrslunnar kalla á nánari athugun. Tæpur helmingur þessara 120 einstaklinga undirritaði ekki sjálfur umsókn um ófrjósemisaðerð.

Ákvæði laganna um ófrjósemisaðgerðir voru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„2. Vönun skal því aðeins leyfa:

a. Að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð

til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.

b. Að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu."

Rúmlega 90% þeirra sem gengust undir aðgerðirnar af framangreindum sökum voru konur og ungar stúlkur. Það vakti sérstaka athygli mína við lestur skýrslunnar að gerðar voru ófrjósemisaðgerðir á telpum niður í 11 ára aldur og 31 kona sem gekkst undir aðgerðina án þess að undirrita sjálf umsóknina var tvítug eða yngri.

Hæstv. forseti. Fjórar afkynjanir voru framkvæmdar samkvæmt umræddum lögum, allar á körlum. Síðast var slík aðgerð framkvæmd hér á landi árið 1971. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að benda hv. þingmönnum á að afkynjanir eða geldingar eins og þær heita á mannamáli, eru enn heimilar samkvæmt lögum á Íslandi. Án þess að hafa kannað það sérstaklega leyfi ég mér að efast um að slíkar aðgerðir séu enn löglegar í nágrannalöndum okkar og spyr hæstv. heilbrrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir því að þetta forna og villimannslega ákvæði verði fellt úr gildandi lögum.

Hæstv. forseti. Í skýrslunni segir að þær heimildir sem úttektin styðjist við gefi að jafnaði engar upplýsingar um það hvernig staðið var að því að fá samþykki þess er gera átti ófrjóan þegar frumkvæðið kom frá öðrum en honum sjálfum, þ.e. í þau skipti sem viðkomandi samþykkti aðgerðina en átti ekki frumkvæði að henni.

Það kemur enn fremur fram að í flestum tilfellum hafi verið óljóst hvaðan frumkvæði að beiðni kom raunveruleg fram þegar sótt var um ófrjósemisaðgerð vegna andlegs vanþroska eða geðsjúkdóms, en aðdragandinn er með margvíslegum hætti eins og fram kemur í skýrslunni á bls. 14. Þetta atriði krefst ítarlegrar rannsóknar eins og skýrsluhöfundur bendir á og er ástæða til þess að fagna því að hæstv. heilbrrh. hafi hér í framsöguræðu sinni lýst vilja sínum til þess að láta vinna ítarlegri skýrslu um þessi atriði og fleiri.

Hæstv. forseti. Ég dreg þá ályktun af lestri skýrslunnar um ófrjósemisaðgerðir á árunum 1938–1975 að hið opinbera hafi ekki unnið kerfisbundið að því að gera þá ófrjóa sem sagðir voru greindarskertir, geðsjúkir eða á annan hátt andfélagslegir. Þær upplýsingar sem hér liggja fyrir kalla engu að síður á frekari rannsóknir á framkvæmd fyrrgreindra laga.

Ég vil því ítreka þakkir mínar til hæstv. heilbrrh. um að sú rannsókn eigi að fara fram og að nánar verði kannað hvernig heildarframkvæmd þessara laga var háttað, farið betur yfir hugsanleg vafamál og tilteknir þættir í framkvæmd laganna, t.d. kynskiptingin, kannaðir nánar og einnig að samanburður verði gleggri við útlönd eða þau lönd sem við höfum helst borið okkur saman við í þessu máli.

Ég vil taka undir með hæstv. heilbrrh. að brýnt er að læra af reynslu fortíðar til þess að móta stefnu til framtíðar.

[14:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka skýrslubeiðanda, hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, fyrir að kalla eftir þessari skýrslu. Þetta er orðið sögulegt plagg sem okkur í dag er mjög mikilvægt að skoða vel og læra af. Því vil ég þakka hv. heilbrrh. fyrir þau orð sem hann lét hér falla um að hann muni fela Unni Birnu Karlsdóttur, höfundi skýrslunnar, áframhaldandi vinnu við ýmsa þætti sem í fyrsta lagi vannst ekki tími til og erfitt var að grafa upp á þeim tíma sem skýrslan var í undirbúningi, fyrir utan ýmsar spurningar sem skýrslan vekur óneitanlega upp. Ég vil auk þess þakka skýrsluhöfundi, Unni Birnu Karlsdóttur, fyrir þetta verk því *mér sýnist hún hafa náð að vinna hér mikið verk á stuttum* tíma, setja það mjög skýrt fram og í raun vekja upp áhugaverðar spurningar sem ég tel að við eigum að hafa vakandi inn í framtíðina.

Þegar við fjöllum um skýrslu sem þessa sem tekur yfir tímabil sem nær frá 1938–1975, þ.e. á meðan löggjöf um ófrjósemisaðgerðir eins og við köllum það í dag var í gildi, verður maður að horfa á þetta í sögulegu ljósi og út frá aðstæðum sem þá voru ríkjandi. Okkur bregður í brún í dag miðað við kröfur um umönnun fatlaðra og með tilliti til þeirrar umræðu sem við vorum í áðan um kröfu okkar til að greina misþroska og kröfuna um að misþroski sé greindur sem fyrst og að öll börn fái tilhlýðilega meðferð og stuðning til þess að ná þeim mesta mögulega þroska sem þau hafa burði til og eins þegar við lítum á öll þau meðferðarúrræði sem við krefjumst að séu til staðar, t.d. hvað varðar félagsþjónustuna, geðsjúkdóma, áfengissýki og annað sem heldur áfram að hrjá mannkynið. En á þessum tíma var samfélagið þannig að ómagar eins og þeir voru kallaðir voru á sveitinni og það var sveitarfélaganna að sjá fyrir þeim. Því verður maður að horfa á það frumkvæði sveitarfélaganna að óska eftir slíkum aðgerðum í því ljósi að þar var í raun um sparnaðaraðgerðir að ræða hjá þeim til að koma í veg fyrir að fleiri ómagar yrðu á þeirra framfæri. Sama varðaði þann þátt sem nefndur var ófélagslegur, þ.e. drykkjusýki og annað sem menn töldu að arfberar væru fyrir þá var álitið að hægt væri að koma í veg fyrir með því að takmarka barneignir.

Undirliggjandi í þessu öllu saman var hugmyndafræðin sem var í gangi á þessum tíma og var hvatinn að löggjöfinni, þ.e. um úrval kynstofnanna, um að rækta upp úrvalið, um að draga úr áhrifum þeirra óæskilegu sem voru þá þeir sem hér eru taldir. Mér finnst hollt fyrir okkur að fara yfir þessa skýrslu og líta til þessarar hugmyndafræði með tilliti til þeirra möguleika sem við höfum í dag um skimun snemmfóstra eftir erfðagöllum, eftir hugsanlegum misþroska fóstra eða alvarlegum göllum og eins þegar við erum með hugmyndir inn í framtíðina um einræktun manna. Ég þakka því fyrir þessa skýrslu og tel að hún geti örugglega verið efni í fleiri ræður hér.

[14:27]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér er til umræðu merk skýrsla frá heilbrrh. um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru á árunum 1938–1975 og eru upplýsingarnar byggðar á óbirtri rannsókn Unnar Birnu Karlsdóttur eins komið hefur fram. Ég vil þakka fyrir þessa skýrslu og það frumkvæði sem þingmaðurinn Þórunn Sveinbjarnardóttir hafði um að óska eftir henni.

Árið 1975 féllu lög um ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar úr gildi, þ.e. lögin frá 1938, og við tóku ný lög með nýju hugarfari. Rétt er í upphafi að geta þess að það sem lýst er í skýrslunni heyrir sögunni til og mikilvægt er að halda því til haga hvernig að málum var staðið á árum áður og hvers vegna.

Lögin frá 1938 giltu í ein 38 ár og á þeim tíma voru framkvæmdar 726 ófrjósemisaðgerðir. Svo til allar teljast

til flokksins ófrjósemisaðgerðir eða vananir, en það eru aðgerðir þar sem rásum til kynkirtla karla og kvenna er lokað með skurðaðgerð. Einnig voru fjórir karlar afkynjaðir, þ.e. kynkirtlar þeirra fjarlægðir með skurðaðgerð til að svipta mennina getu og kynhvöt vegna kynferðisafbrota.

Í ofannefndri skýrslu kemur fram að í 16,6% ófrjósemisaðgerða, eða alls 120 aðgerðum, var andlegur vanþroski eða geðveiki sögð meginástæða aðgerðar. Langflestar ófrjósemisaðgerðirnar hins vegar, eða alls 602 aðgerðir, voru framkvæmdar af læknisfræðilegum ástæðum. Þær voru að meðaltali um 16 á ári og voru gerðar vegna sjúkdóma eða langvarandi veikinda viðkomandi, hættu á veikindum konu á meðgöngu eða misförum hennar eða barns í fæðingu, sterkum líkum á fósturskaða ef um frekari meðgöngur yrði að ræða eða erfðagöllum. Heimilt var að taka tillit til erfiðra félagslegra aðstæðna ásamt læknisfræðilegum, en ekki eingöngu félagslegra. Flestar þessar aðgerða voru gerðar á konum. Rétt er að hafa í huga að á þessum árum var ekki um auðungan garð að gresja hvað getnaðarvarnir varðar því pillan svonefnda kom ekki á markað hér á landi fyrr en haustið 1965 og alllangan tíma tók að vinna henni sess, vel fram yfir 1970. Þó að lykkjan hafi einnig komið til var hún eingöngu nothæf fyrir þær konur sem eignast höfðu börn. Hún var mjög stór og fyrirferðarmikil og olli óþægindum við uppsetningu og var ekki sett upp hjá konum sem ekki höfðu átt börn.

Um 90% þeirra umsókna um ófrjósemisaðgerðir sem komu til framkvæmda á þessum árum voru undirritaðar af þeim sem gekkst undir aðgerð eða alls 646 umsóknir, en 17 undirritaðar af þeim sem gera átti ófrjóan ásamt öðrum aðila, foreldrum, systkini eða skipuðum tilsjónarmanni. 59 einstaklingar voru gerðir ófrjóir án þess að undirrita sjálfir beiðni um það. Í flestum tilvikum sóttu þá foreldrar um að aðgerð færi fram. Andlegur vanþroski var skráður ástæða aðgerða í flestum tilvikum og geðveiki í nokkrum. Þeir einstaklingar sem voru gerðir ófrjóir án þess að undirrita sjálfir umsókn, þ.e. samkvæmt beiðni annarra, voru á aldursbilinu 11–46 ára. Þar af voru 37 um eða innan við tvítugt, 15 voru á þrítugsaldri, fimm á fertugsaldri og tveir á fimmtugsaldri, eins og segir í skýrslunni.

Herra forseti. Í bókinni Umdeildar fjölskyldur eftir Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur og Rannveigu Traustadóttur sem út kom hjá Félagsvísindastofnun 1998 var sagt frá erlendum rannsóknum á fjölskyldum þroskaheftra og var bókin sniðin að þörfum fagfólks. Í nýlegri bók eftir sömu höfunda, Ósýnilegar fjölskyldur, sem gefin var út af Háskólaútgáfunni 2001 er á nærfærinn hátt fjallað um seinfærar eða þroskaheftar mæður og börn þeirra. Ég skrifaði ritdóma um báðar þessar bækur fyrir Morgunblaðið. Í síðarnefndu bókinni er lýst rannsókn sem gerð var hér á landi og byggt á viðtölum við fjölda fólks en aðalviðmælendur, grunnurinn, eru þó 10 þroskaheftar eða seinfærar konur á aldrinum 26–83 ára svo og viðtöl við þrjú uppkomin börn þeirra.

Nokkuð algengt er að þroskaheftir foreldrar eignist þroskaheft börn. Af áðurnefndum 20 börnum sem þessar konur eignuðust hafa sjö greinst á eftir í þroska. Konurnar elskuðu börnin sín eins og flestar konur gera og vildu þeim allt það besta, og börnin lýsa því hvernig var að alast upp hjá þroskaheftri móður. Alls staðar skín í gegn djúpur skilningur, væntumþykja og móðurást eins og hjá hverjum öðrum. Þær 10 konur sem fjallað er um í bókinni hafa eignast alls 20 börn en aðeins sjö kvennanna fengu að halda börnum sínum og ala þau upp. Raunalegt er til þess að hugsa að sumar þessar fötluðu konur urðu þungaðar eftir nauðganir eða kynferðislega misnotkun og fyllist maður réttlátri reiði í garð þeirra misindismanna sem nýttu sér veikleika fatlaðra kvenna sem ekki gátu borið hönd fyrir höfuð sér.

Herra forseti. Rétt er að hafa í huga að á þeim árum sem skýrsla þessi fjallar um var ekki um auðugan garð að gresja í getnaðarvörnum eins og fram hefur komið. Nú er öldin önnur og má segja að varla nokkur slík aðgerð hafi átt sér stað sl. 10–15 ár. Það viðhorf ríkir nú að beiðnum um ófrjósemisaðgerðir er hafnað nema samþykki og vitneskja sjúklings sé fyrir hendi. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið hefur einungis ein slík beiðni komið fram frá árinu 1994, og henni var hafnað.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja að í mörgum tilvikum sem að ofan er lýst, þar sem 59 einstaklingar voru gerðir ófrjóir án þess að undirrita sjálfir beiðni um það, er um mannlega harmsögu að ræða og með því að rifja upp söguna er tryggt að hún er geymd en ekki gleymd.

[14:33]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að leggja fram beiðni um þessa skýrslu. Að fortíð skal hyggja þá framtíð skal byggja.

Sú skýrsla sem hér liggur frammi, verk Unnar Birnu Karlsdóttur, er mjög umfangsmikil og kannski efni í doktorsritgerð að hluta. Hér hefur verið mikið verk að vinna enda oft erfitt að ná í svona gömul gögn. Ekki hafa þau öll legið á einum stað en sem betur fer lét hún ekki deigan síga.

Þegar um svona skýrslu var beðið óttuðust þingmenn kannski að við gætum fengið upp svipuð dæmi og í Skandinavíu forðum þar sem í ljós kom að fjöldi kvenna á heilu stofnununum var tekinn úr sambandi í þeim skilningi sem við ræðum hér. Það voru auðvitað afar alvarleg mál og í rauninni mannréttindabrot þó að einhverjar heimildir hafi verið í lögunum.

Það er líka afar fróðlegt að líta til baka og skoða orðnotkunina eins og hún var þá, samanber t.d. bls. 3, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi sú aðgerð sem nefnd er „vönun“ í lögunum. Þar var átt við skurðaðgerðir þar sem göng til kynkirtlanna eru hlutuð í sundur eða þeim lokað (eggvegir kvenna, sáðrásir karla). Eins og vitað er var og er orðið „vönun“ annað orð í íslensku yfir geldingu karldýra, þ.e. þá aðgerð þegar eistu eru tekin burt með skurðaðgerð. Skýringin á notkun orðsins „vönun“ yfir annars konar aðgerð var sú að Vilmundi Jónssyni, þáverandi landlækni og höfundi lagafrumvarpsins, þótti orðið þjált ...“ — Í rauninni er alveg hreint ótrúlegt að svona skuli háttað. Í skýrslunni segir svo áfram: „Hann útskýrði það með því að ekkert orð væri til í íslensku yfir slíka aðgerð sem væri „vægileg og lítils háttar,“ miðað við geldingu.“

Gelding er líka það sem auðvitað er notað í tengslum við dýrin. Og síðan er það sjálf afkynjunin. Þau lög eru enn í gildi alls staðar á Norðurlöndunum og sennilega um allan heim en auðvitað þarf að skoða þau í dag með tilliti til þess raunveruleika sem við búum við. Eflaust hefur mjög oft verið ætlunin að taka þau upp en ástæðan fyrir því að svo hefur ekki verið gert hér er sennilega sú að þetta er bara ein lítil lagagrein sem hefur eiginlega ekkert verið notuð. Kannski ég beini því til hæstv. heilbrrh. að hann láti skoða þetta.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted fór yfir stöðu kvenna sem er líka afar fróðlegt erindi vegna þess að í rauninni lýtur þetta mjög að stöðu kvenna á þessum tíma. Við erum að tala hér fyrst og fremst um konur, í öðru lagi um þroskaheftar konur og að örlitlum hluta karla. Því er háttað þannig enn í dag að karlmenn láta lítið taka sig úr sambandi, þroskaheftir eða ekki, til að stemma stigu við barneignum. Mér finnst líka afar mikilvægt að halda því til haga hér að ófrjósemisaðferð er afar góð aðgerð til að forðast barneignir og fín getnaðarvörn fyrir þær konur sem vilja ekki eiga fleiri börn. Það er engin ástæða til að tala illa um þá aðgerð því hún er mjög góð í réttu samhengi.

Fimm til tíu árum áður en þessi lög féllu úr gildi voru ófrjósemisaðgerðir meira eða minna fyrst og fremst gerðar að ósk kvennanna sjálfra. Þannig er það enn fremur í lögunum í dag, einstaklingurinn sjálfur biður um þessa aðgerð, karl eða kona. Eitt hefur kannski mjög skort á og það er skrásetning á ófrjósemisaðgerðum karla, því miður. Það félag sem ég er í forustu fyrir, Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir, hefur bent á þetta. Úr því þarf að bæta og mun verða bætt.

Fortíðin leiðir líka hugann að þeim hópi sem ekki er fjallað um í þessari skýrslu. Það eru allar þær konur sem sóttu um aðgerðir en fengu synjun. Það er afar stór hópur kvenna og ég sá hluta þeirra skýrslna þegar ég vann á kvennadeild. Það er alveg óskaplega fróðlegt að sjá ægivald lækna og annarra í þeim efnum þannig að þar er nýtt viðfangsefni sem væri mjög gaman að bæta við slíka rannsókn. Ég býst líka við að næsta skref Unnar Birnu Karlsdóttur sé doktorsritgerð við Háskóla Íslands.

[14:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Á fyrri hluta síðustu aldar voru afar útbreiddar þær kenningar arfbótasinna að sigrast mætti á þjóðfélagsvanda með afskiptum af barneignum og ræktun manna. Þessar hugmyndir voru þó ekki nýjar því að í flestum vestrænum samfélögum hafði áður verið rík tilhneiging til ýmiss konar afskipta af fátæku fólki, m.a. vegna framfærslu. Meginhvatinn að lögum sem heimiluðu að fólk væri gert ófrjótt var fyrrnefnd arfbótastefna í bland við rasisma og þjóðernishyggju. Horfum ekki fram hjá ártalinu 1938. Í þeirri blöndu fólust m.a. hugmyndir um misjafnt virði manna fyrir þjóðfélagið eftir heilsufari, efnahag, þjóðfélagsstöðu, ætterni, uppruna eða kyni. Krafan um ófrjósemisaðgerðir á greindar- og þroskaskertu fólki var hluti þessarar stefnu.

Frv. til þeirra laga sem við ræðum hér í dag fór á sínum tíma viðstöðulaust í gegn, samþykkt af öllum flokkum, einróma. Alls 120 einstaklingar gengust undir ófrjósemisaðgerðir á þessum árum vegna andlegs vanþroska eða geðveiki, 111 konur og 9 karlar. Það gæti bent til þess að þótt meintur ótti við kynfylgjuna og skírskotun til heilbrigðis væri talinn upp sem fyrstu rök hafi þau í raun og veru verið miklu fremur félagsleg, að viðkomandi gæti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu. Foreldrar óttuðust líka að einhverjir karlmenn mundu notfæra sér heftan þroska stúlkna. Sá ótti var ekki úr lausu lofti gripinn. Sótt var um ófrjósemisaðgerðir á ófrískum þroskaheftum stúlkum, allt niður í 15 ára aldur, sem leiðir aftur hugann að hulinni sögu kynferðislegrar misnotkunar á þroskaheftum og fötluðum konum á Íslandi.

En þessi umræða hér í dag er ekki hugsuð til þess að áfellast fyrri kynslóðir. Löggjöfin frá 1938 og framkvæmd hennar var barn síns tíma. Það er okkar að draga lærdóm af því sem liðið er.

Herra forseti. Sama hugsun er enn á sveimi í löggjöf okkar og við getum í raun gengið mun lengra í arfbótastefnunni en þá var hægt vegna þess að nú leyfir tæknin ýmislegt sem þá var ekki gerlegt. Í núgildandi löggjöf er t.d. gert ráð fyrir því að unnt sé að gera fólk ófrjótt samkvæmt leyfi sérstaklega skipaðs lögráðamanns ef talið er að sjúkdómur dragi úr getu viðkomandi til að annast barn og þegar ætla má að barn viðkomandi eigi á hættu að fæðast vanskapað eða gæti verið haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar. Allt er þetta þó í viðtengingarhætti, herra forseti.

Barnshafandi konur geta líka fengið skimun og öllum konum sem komnar eru á tiltekinn aldur er boðin legvatnsprufa. Síðan er unnt að fá fóstri eytt eða rjúfa þungun ef ætla má að barn sem kona gengur með eigi á hættu að fæðast vanskapað. Með þessu er auðvitað verið að bjóða upp á úrræði, herra forseti, en í leiðinni afar erfitt val, ekki um það hvort viðkomandi vill eignast barn — ef svo væri hefðu önnur úrræði verið valin áður — nei, þegar þarna er komið sögu snýst spurningin um hvernig barn. Og það er viðurkennt, herra forseti, að slíkt val fari fram.

Til að það valdi engum misskilningi er sú sem hér stendur þeirrar skoðunar að það eigi að vera val hverrar konu hvort hún eignast barn eða ekki og styður því fóstureyðingar. Hitt stendur þó eftir að þegar valið fer að snúast um fleira en þá grundvallarspurningu hvort vilji er til að eignast barn fjölgar auðvitað hinum siðferðilegu álitaefnum. Tæknin gefur nútímamanninum færi á að ganga mun lengra á ýmsum sviðum en hann ræður siðferðilega við og þau mál þarf að ræða. Ef ekki, herra forseti, bíða okkar stærri vandamál í framtíð en þau sem við þykjumst vera að leysa í nútíð.

Okkur finnst að inn í framkvæmd laganna og í lögin frá 1938 hafi vantað ákveðnar siðferðilegar viðmiðanir, að mannréttindi og mannhelgi hafi ekki verið virt sem skyldi. Þessa reynslu eigum við að spegla í nútímanum, draga ályktanir og bregðast við í samræmi við hugmyndir okkar um mannréttindi og mannhelgi. Þar liggur skylda okkar í dag. Þess vegna eigum við að safna upplýsingum, herra forseti, og þess vegna eigum við að ræða þær. Skylda okkar liggur til þess að gera betur en virða þó það sem aðrir hafa gert á undan í bestu meiningu.

[14:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sú skýrsla sem við ræðum hér í dag er að mörgu leyti afar fróðleg. Hún vekur upp ýmsar spurningar þegar hún er lesin og efni hennar skoðað. Eftir sem áður liggur auðvitað fyrir að hér er partur af okkar fyrri sögu. Lögin eru sett 1938 og eru auðvitað barn síns tíma. Þau viðhorf sem þá voru ríkjandi eru auðvitað ástæða þess að þau voru sett. Samt vekur athygli að í töflu í skýrslunni kemur í ljós að það er ekki fyrr en eftir 1950 sem lögunum er virkilega beitt.

Lögunum er að langmestu beitt gagnvart konum. Eins og ég sagði er það eftir miðja síðustu öld sem lögin fara í fulla virkni ef hægt er að segja sem svo, a.m.k. þegar litið er á þann fjölda aðgerða sem framkvæmdar eru samkvæmt lögunum. Á fyrsta hluta tímabilsins, frá 1940–1950, eru aðgerðirnar tiltölulega fáar en fjölgar svo verulega og komast upp í það að vera á fimm ára tímabili um 200. Eins og ég sagði, og hefur komið fram í máli fyrri ræðumanna, hafa þessar ófrjósemisaðgerðir að langmestu leyti snúið að konum.

Ef til vill hafa þau sjónarmið verið mjög ríkjandi á fyrri hluta síðustu aldar að það væri eðlilegt að takmarka barneignir kvenna sem væru að einhverju leyti, eins og tíminn skilgreindi það, ekki heilbrigðar, þ.e. vangefnar eða ættu við ákveðna fötlun að stríða. Þegar hins vegar leið lengra fram á öldina fór það ekki að þykja sjálfsagt að konur ættu fjölda barna. Ég minnist orða gamallar konu sem hafði eignast sextán börn þegar hún var spurð hvort ekki hefði verið óþarfi að eignast öll þessi börn. Hún sneri sér að viðmælandanum og sagði: Og hvert þeirra skyldi ekki hafa átt að lifa? Ég held nefnilega að það sé afar erfitt fyrir fólk, okkur sem lifum nú á tímum, að dæma það sem hér birtist. Það er hins vegar alveg nauðsynlegt að við þorum að horfast í augu við fortíð okkar og draga af henni lærdóm, velta henni fyrir okkur og spyrja okkur spurninga um það sem þar birtist.

Ég ætla ekki að hafa um þessa skýrslu mörg orð. Mér finnst hún mjög fróðleg. Það er auðvitað eins og ég sagði afar sláandi að aðgerðir samkvæmt þessum lögum skuli fyrst og fremst hafa snúið að konum á þessu 38 ára tímabili sem lögin voru í gildi, og þó einkum á seinni hluta þess tímabils.

Sem betur fer eru ríkjandi viðhorf þess tíma nú verulega á undanhaldi og nánast horfin. Nú er talið eðlilegt að horfa með allt öðrum augum til fólks sem að einhverju leyti býr við fötlun heldur en gert var á þessu tímabili. Því ber auðvitað að fagna en líka því að þessi skýrsla er til. Af henni getum við lært.

[14:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um skýrsluna sem nú liggur fyrir. Ég vil endurtaka að ég hef gert ráðstafanir í samráði við höfund skýrslunnar til að kanna tiltekin atriði hennar betur. Ég vil einnig taka eitt atriði út úr sem rætt var sérstaklega, þ.e. um lagaákvæði sem í gildi eru um afkynjanir og hvort breytinga á þeirri lagasetningu sé að vænta hjá okkur.

Ég get sagt það eitt í því að þau lög sem eru í gildi núna varðandi þessi mál verða skoðuð í tengslum við vinnuna við þessa skýrslu og framhaldsvinnuna sem í hefur verið farið. Hitt vil ég þó taka fram að lagaákvæðum um afkynjanir hefur ekki verið beitt á síðari árum. Það verður auðvitað að horfa á þessi lagaákvæði í tengslum við umhverfið sem við lifum í nú, eins og fram kom í umræðunni áðan. Núorðið eru ströng ákvæði í gildi um persónuvernd, um mannréttindi og umhverfið hefur breyst að þessu leyti. Eigi að síður þurfum við að skoða þau ákvæði sem eru í gildi varðandi þessi mál.

Við ætlum okkur að hafa þennan málaflokk til umfjöllunar áfram. Ráðning höfundar skýrslunnar er þáttur í að þessi mál komi til skoðunar í heilbrrn. og þessi ákvæði koma auðvitað til skoðunar í tengslum við þá vinnu.

Ég held að ég lengi þessa umræðu ekki meira. Ég tel að hún hafi verið gagnleg og ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hafa tekið þátt í henni.

Fundi slitið kl. 14:51.

---

121. FUNDUR

miðvikudaginn 17. apríl,
að loknum 120. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Breyting á reglugerð nr. 68/1996, fsp. MF, 529. mál, þskj. 833.
2. Heilbrigðisþjónusta fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma, fsp. ÁMöl, 603. mál, þskj. 950.
3. Evrópusamstarf um sjaldgæfa sjúkdóma, fsp. ÁMöl, 602. mál, þskj. 949.
4. Lyfjakostnaður lífeyrisþega, fsp. JóhS, 617. mál, þskj. 969.
5. Heyrn skólabarna, fsp. SvanJ, 695. mál, þskj. 1114.
6. Bifreiðakaupastyrkir, fsp. ÁRJ, 703. mál, þskj. 1122.

Til umhverfisráðherra:

7. Úrelt skip í höfnum landsins, fsp. LB, 588. mál, þskj. 921.
8. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, fsp. KolH, 643. mál, þskj. 1040.

Til ráðherra norrænna samstarfsmála:

9. Réttindi Norðurlandabúa, fsp. RG, 644. mál, þskj. 1041.

Til samgönguráðherra:

10. Kísilvegur, fsp. KLM, 591. mál, þskj. 924.
11. Bakkaflugvöllur, fsp. LB, 592. mál, þskj. 925.

Til menntamálaráðherra:

12. Tilnefning á heimsminjaskrá UNESCO, fsp. KolH, 645. mál, þskj. 1042.
13. Húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands, fsp. RG, 655. mál, þskj. 1059.
14. Textun íslensks sjónvarpsefnis, fsp., 661. mál, þskj. 1071.
15. Nám í málm- og véltæknigreinum, fsp. RG, 691. mál, þskj. 1110.
16. Aðflutningsgjöld af hljóðmagnarasettum til kennslu, fsp. SvanJ, 692. mál, þskj. 1111.
17. Jöfnun námskostnaðar, fsp. KLM, 693. mál, þskj. 1112.
18. Málefni Þjóðminjasafnsins, fsp. KolH, 697. mál, þskj. 1116.

Til félagsmálaráðherra:

19. Atvinnuleysistryggingasjóður, fsp. MF, 646. mál, þskj. 1043.

Til dómsmálaráðherra:

20. Öryggisráðstafanir lögreglunnar í tengslum við fund utanríkisráðherra NATO, fsp. ÞSveinb, 660. mál, þskj. 1070.

Til iðnaðarráðherra:

21. Gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð, fsp. KolH, 712. mál, þskj. 1174.

Breyting á reglugerð nr. 68/1996.

Fsp. MF, 529. mál. — Þskj. 833.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. 1. janúar sl. tók gildi breyting á reglugerð nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Reglugerðin fól það í sér að

læknar fengju ekki greitt sérstaklega fyrir útgáfu læknisvottorða eins og áður hafði verið, það væri hluti af vinnuskyldu þeirra.

Sú stefna að koma öllum vottorðagreiðslum í föst laun lækna er út af fyrir sig í lagi. En það hlýtur þó að gerast þannig að laun þeirra taki mið af slíkum breytingum, annars er um að ræða kjaraskerðingu sem ekki lá fyrir við gerð gildandi kjarasamnings. Fráleitt er að hægt sé að taka ákvörðun sem þessa án samráðs eða samninga við lækna.

Breytingin sem tók gildi 1. janúar gerði ekki ráð fyrir að kjör heilsugæslulækna yrðu bætt um leið og reglugerðin tók gildi. Þetta hefur eðlilega valdið óánægju meðal þeirra. En ráðuneytið lét ekki staðar numið við þessa breytingu. 22. mars kom önnur breyting á sömu reglugerð þar sem kveðið er á um að þessar breytingar sem gerðar voru varðandi greiðslur fyrir vottorð nái aðeins til þeirra sem starfa í heilsugæslunni.

Virðulegi forseti. Þetta eru með öllu óskiljanleg vinnubrögð. Heilsugæslulæknar hafa um langt skeið búið við allt önnur og lakari kjör en aðrir sérfræðingar. Það hefur m.a. leitt til þess að erfitt reynist að fullmanna þær stöður sem eru í heilsugæslunni, þessari mikilvægu þjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Í breytingunni, eins og staðið var að henni, felst ákveðin lítilsvirðing við störf þessarar stéttar. Leitað hefur verið álits umboðsmanns Alþingis á þessari nýjustu breytingu, kjaraskerðingu sem aðeins á að ná til þeirra sérfræðinga sem starfa í heilsugæslu en ekki annarra sérfræðinga. Í svörum frá umboðsmanni Alþingis hefur komið fram að hann hafi þegar haft samband við ráðuneytið vegna þessa máls.

Virðulegi forseti. Það er ólíðandi að sérfræðingum sem vinna á heilsugæslu sé gert að búa við önnur kjör en aðrir sérfræðingar í heilbrigðisþjónustunni búa við. Það mun veikja heilbrigðisþjónustuna í heild sinni og er ekki sá sparnaður sem vænast er sé horft til framtíðar. Þess vegna hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. þar sem segir:

1. Hversu háum fjárhæðum er áætlað að útgáfa læknisvottorða skili heilsugæslunni eða heilbrigðisstofnunum eftir breytingar á reglugerð nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi 1. janúar sl.?

2. Hvað er áætlað að tekjur heilsugæslulækna skerðist mikið við þessar breytingar og er ætlunin að bæta þeim tekjuskerðinguna með einhverju móti?

3. Hyggjast heilsugæslulæknar láta af störfum vegna breytinganna? Ef svo er, hve margir hyggjast hætta og hvernig ætlar ráðuneytið að bregðast við því?

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, beindi til mín spurningu varðandi útgáfu læknisvottorða og launakjör heilsugæslulækna.

Spurt er: „Hversu háum fjárhæðum er áætlað að útgáfa læknisvottorða skili heilsugæslunni eða heilbrigðisstofnunum eftir breytingar á reglugerð nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi 1. janúar sl.?"

Því er til að svara að breytingin 1. janúar hafði ekki í för með sér breytingar á því að gjöld fyrir læknisvottorð rynnu til heilsugæslustöðva, eingöngu var verið að skerpa á þeirri meginreglu að gjöld sem sjúklingar greiða fyrir þjónustu á heilsugæslustöð skuli greiða stöðinni sjálfri. Í ljós hefur komið að gjöld fyrir hluta vottorða hafa ekki í öllum tilvikum runnið til stöðvanna sjálfra heldur hafa þau runnið til heilsugæslulækna.

Á liðnu ári bárust ráðuneytinu kvartanir frá einstaklingum og samtökum vegna þess að viðkomandi töldu hækkanir á gjaldskrám lækna fyrir vottorð vera óeðlilegar og voru af hálfu sumra settar fram efasemdir um réttmæti einhliða hækkana umfram það sem almennt gilti um gjald fyrir útgáfu vottorða. Því er ekki fyllilega ljóst hversu hárri fjárhæð útgáfa læknisvottorða mundi skila heilsugæslustöðvum eða heilsustofnunum.

Hv. þm. spurði einnig um ætlaða skerðingu á tekjum heilsugæslulækna við þessar breytingar og hvort ætlunin væri að bæta þeim tekjuskerðinguna með einhverju móti.

Ekki liggur fyrir hvort um tekjuskerðingu allra lækna verður að ræða. Tekjur vegna tiltekinna vottorða hafa, eins og áður segir, í mörgum tilvikum runnið til heilsugæslulækna og þar af leiðandi ekki verið færðar til tekna í bókhaldi heilsugæslustöðva eða heilbrigðisstofnana. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júlí 2001, um greiðslur opinberra aðila til lækna á árinu 2000, kemur reyndar fram að heilsugæslulæknar fái engar greiðslur beint frá sjúklingum. Á einstaka stað hafa greiðslur fyrir vottorð þó verið færðar á viðskiptareikning viðkomandi læknis í bókhaldi stofnunar en í þeim tilvikum má ætla að tekjur fyrir vottorð geti verið á bilinu 200–500 þús. kr. á ári.

Vegna framangreinds hef ég óskað eftir því við kjaranefnd að hún úrskurði heilsugæslulæknum laun fyrir vinnu við vottorð í þeim tilvikum þar sem úrskurður kjaranefndar frá 3. mars 1998 hefur ekki gert ráð fyrir greiðslum til heilsugæslulæknanna. Kjaranefnd hefur málið til meðferðar og er úrskurður varðandi launaþáttinn ókominn. Hins vegar hefur kjaranefnd fellt þann úrskurð að útgáfa á vottorðum sé hluti af aðalstarfi heilsugæslulækna og þeim sé ekki heimilt að taka sérstaka þóknun fyrir útgáfu vottorða, umfram það sem kjaranefnd úrskurðar.

Hv. þm. spyr að síðustu hvort og þá hve margir heilsugæslulæknar hyggist láta af störfum vegna þessara breytinga og hvernig ráðuneytið ætli að bregðast við því.

Því er til að svara að ráðuneytinu hefur borist bréf frá samtals 34 læknum þar sem fram kemur að þeir telji að með því ákvæði reglugerðarinnar sem kveður á um að tekjur fyrir vottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins skuli renna til stofnunar hafi ráðningarsamningi þeirra verið sagt upp. Það er af og frá að hægt sé að túlka reglugerðarbreytinguna um áramótin sem ígildi uppsagnar, enda hefur heilsugæslulæknum, samtökum þeirra og reyndar Læknafélaginu, verið tilkynnt með beinum og óbeinum hætti að svo sé ekki.

Ráðuneytið hefur í þrígang, fyrst með bréfi dagsettu 18. desember 2001, farið þess á leit við kjaranefnd að launakjör heilsugæslulækna verði tekin til endurskoðunar og tekið verði tillit til tekna sem heilsugæslulæknar hafi af útgáfu læknisvottorða. Er þess vænst að úrskurður þar um liggi fyrir fljótlega og gildi frá 1. janúar.

Að gefnu tilefni er rétt að undirstrika að að mati lögfræðinga ráðuneytisins var nauðsynlegt að hnykkja á reglum um greiðslur fyrir útgáfu vottorða. Ég vil einnig ítreka það sem ég hef áður sagt um starfskjör heilsugæslulækna, að standi vilji þeirra til að skipa málum með öðrum hætti en með kjarnanefndarúrskurði er ég tilbúinn að leggja þeim lið í þeim efnum.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við þeim spurningum sem ég lagði fram. En eftir að ég lagði fram þessar spurningar til hæstv. ráðherra hér á Alþingi var þessari reglugerð breytt aftur. Áður mátti ætla að hið sama gilti um alla sérfræðinga í öllum greinum varðandi útgáfu vottorða og eitt ætti yfir alla að ganga. En með reglugerð sem birtist í mars fylgdi bréf frá ráðuneytinu. Þar er kynning á þeirri reglugerð og þeirri breytingu sem þar á sér stað. Þar segir að reglugerðin taki til gjaldtöku heilsugæslustöðva fyrir útgáfu læknisvottorða. Þar er um mjög grófa mismunun að ræða sem ég hlaut að minnast á í fyrri ræðu minni og gera aftur að umtalsefni núna þegar eingöngu er um að ræða sérfræðinga sem eru á sviði heilsugæslu sem þessar breytingar eiga að taka til, ekki annarra sérfræðinga.

Ég skil það svo af fréttum sem hafa borist að undanförnu ásamt bréfum sem við hv. þm. höfum fengið frá heilsugæslulæknum, að gífurleg óánægja ríki með þá mismunun sem heilsugæslulæknar búa við miðað við aðrar sérfræðingastéttir. Síðast í morgun er í Morgunblaðinu birt ályktun frá stjórn Félags ungra lækna þar sem þeir beina spurningu til hæstv. ráðherra. Þeir segja:

„Viljum við þess vegna beina þeirri spurningu til heilbriðgis- og tryggingamálaráðherra hvort það sé stefna hans að leggja niður heilsugæslu í landinu í framtíðinni."

Þessi spurning er fyrst og fremst sett fram vegna þess að starfsumhverfi heilsugæslulækna verður verra og verra og eins er um svo gífurlega mismunun að ræða í samanburði við aðra sérfræðinga. Við erum áður búin að taka til umræðu mikilvægi heilsugæslunnar og þess að efla heilsugæsluna í landinu. Ég tel að þetta hafi ekki verið spor í þá veru.

[15:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt að það er óánægja í röðum heilsugæslulækna sem þetta vottorðamál er hluti af en óánægjan er víðtækari en varðandi það mál eingöngu. Óánægjan er líka til komin vegna starfsumhverfis læknanna. Við þá eru gerðir samningar með öðrum hætti en við aðra sérfræðinga. Það er auðvitað þáttur í því sem hv. þm. bætti við spurningu sína, að aðrir sérfræðingar fá laun sín í gegnum aðra samninga heldur en heilsugæslulæknar.

Ég hef verið í viðræðum við forustu heilsugæslulæknanna um hvort hægt sé að breyta starfsumhverfi þeirra með einhverjum hætti. Ég hef ekki lokað á það af minni hálfu. Ég vil samt hafa grundvöllinn í því að heilsugæslan sé grunnþjónusta, þjónusta sem veitt er úti í hverfunum og sé, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, aðgengileg fyrir alla og kosti það sama fyrir alla. Ég útiloka hins vegar hvorki að skoða aðferðina við að gera launasamninga við heilsugæslulækna né að skoðað verði við hvaða starfsumhverfi þeir starfa. Þær viðræður standa yfir.

Önnur ástæða óánægjunnar eru deilur sem liggja utan við ráðuneytið, þ.e. viðbrögð aðila úti í samfélaginu sem hafa borið upp á lækna lögbrot og sjálftöku. Þau orð eru ekki mín. Það var hefð fyrir þessu fyrirkomulagi og það hafði viðgengist um nokkurra ára skeið. Ég hef hvorki borið upp á læknana lögbrot né sjálftöku í þessum efnum. Ég vil að það komi fram í þessari umræðu.

Heilbrigðisþjónusta fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma.

Fsp. ÁMöl, 603. mál. — Þskj. 950.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Sjaldgæfir sjúkdómar hafa verið skilgreindir sem sjúkdómar sem hrjá færri en fimm af hverjum tíu þúsund. Hætta er á að þarfir einstaklinga sem hafa sjaldgæfa sjúkdóma verði út undan og þeir njóti ekki eins góðrar heilbrigðisþjónustu og aðstoðar í velferðarkerfinu og fólk með algenga sjúkdóma. Þetta er alþekkt staðreynd um allan heim þar sem áhersla er jafnan lögð á rannsóknir og þróun meðferðar sjúkdóma sem hrjá marga. Afleiðingin er skortur á upplýsingum og skortur á samhæfingu fagaðila sem meðhöndla fólk með sjaldgæfa sjúkdóma.

Hins vegar er það svo að þegar taldir eru saman þeir sem eru haldnir sjaldgæfum sjúkdómum af ýmsum toga eru þeir nokkuð margir. Mér er ekki ljóst hve stór þessi hópur er hér á landi en í fyrirspurn minni til hæstv. heilbrrh. beini ég sérstaklega sjónum mínum að börnum með sjaldgæfa sjúkdóma og hvernig þörfum þeirra er sinnt.

Vegna aukinnar þekkingar á sjúkdómum lifa einstaklingar í dag með sjúkdóma sem hefði þótt ómögulegt að lifa með fyrir nokkrum árum. Þetta eru oft ólæknanlegir sjúkdómar sem hafa veruleg áhrif á líðan og lífsgæði viðkomandi og fjölskyldu hans. Sjúklingurinn þarf oft að dveljast langdvölum og endurtekið á sjúkrahúsum og þarfnast stöðugrar umönnunar og eftirlits. Auk þess lifir hann og fjölskylda hans undir stöðugu álagi þeirrar vitneskju að sjúkdómurinn geti leitt til ótímabærs dauða ef viðeigandi meðferð er ekki beitt.

Sjaldgæfir sjúkdómar eru í mörgum tilvikum lítt rannsakaðir og sjaldnast er um eiginlega vísindalega viðurkennda meðferð við sjúkdómnum að ræða. Hverri rannsókn sem birt er og leiðir til aukins skilnings á eðli sjúkdómsins og möguleika á lækningu, frestun eða linun sjúkdómseinkenna, er tekið sem himnasendingu af þeim sem málið varðar. Í raun er það svo í mörgum tilvikum að sjúklingarnir sjálfir eða foreldrarnir, ef um börn er að ræða, verða ekki síður sérfræðingar í sjúkdómi sínum og barna sinna en heilbrigðisstarfsfólk sem er ábyrgt fyrir meðferð þeirra, enda leggja þeir oft mikið á sig til þess að afla upplýsinga um sjúkdóminn hérlendis og erlendis.

Víða erlendis hefur verið komið á fót þjónustumiðstöðvum fyrir fólk með sjaldgæfa sjúkdóma. Í Danmörku hefur slík miðstöð starfað í um 12 ár og með góðum árangri. Hún safnar upplýsingum um sjaldgæfa sjúkdóma, um niðurstöður rannsókna og ráðlagðar meðferðir. Þessar upplýsingar eru gerðar aðgengilegar fyrir fagfólk og foreldra. Þjónustumiðstöðin gefur út upplýsingaefni og veitir fólki ráðgjöf og stuðning til að takast á við heilbrigðisvanda sinn eða barna sinna.

Hér á landi eru starfandi samtök undir heitinu Einstök börn. Þetta er stuðningsfélag barna með sjaldgæfa, alvarlega sjúkdóma. Þessi samtök hafa um nokkurt skeið barist fyrir stofnun slíkrar þjónustumiðstöðvar, sem er m.a. forsenda samstarfs við aðrar þjóðir á sama vettvangi.

Spurning mín til hæstv. heilbrrh. snýr að því hvort ráðherra telur þörf á að setja á laggirnar miðstöð vegna sjaldgæfra sjúkdóma þar sem m.a. fari fram öflun og miðlun

upplýsinga sem og samhæfing á meðferð fólks með sjaldgæfa sjúkdóma?

[15:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 19. þm. Reykv. spyr um heilbrigðisþjónustu fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma.

Skilgreining á því hvað teljast skuli algengur eða sjaldgæfur sjúkdómur er nokkuð á reiki, bæði hjá börnum og fullorðnum. Fer þetta m.a. eftir því hve langt er gengið í flokkun sjúkdómanna í undirflokka þeirra. Formlegar tölur um fjölda barna með sjaldgæfa sjúkdóma eru því ekki til þó að sjúkdómsskráning sé ítarleg hér á landi og miðist við alþjóðlega staðla og flokkunarkerfi. Undirflokkanir algengra sjúkdóma geta leitt til þess að endanleg greining verður sjaldgæf þó sjúkdómurinn teljist það ekki sem slíkur.

Þörfum barna með sjaldgæfa jafnt sem algenga sjúkdóma er fyrst og fremst sinnt af Barnaspítala Hringsins á Landspítala og barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akueyri sem annast hafa þessi börn á þann hátt sem best verður kosið og telja verður fyllilega sambærilegt við það sem gert er meðal nágrannaþjóða.

Ég tel ekki forsendur fyrir að setja á laggirnar sérstaka heilbrigðisstofnun vegna sjaldgæfra sjúkdóma hjá börnum en tel að sinna verði þörfum þeirra sem allra best. Ég bind miklar vonir við og hef miklar væntingar til barnadeildanna, ekki síst Barnaspítala Hringsins, um að geta sinnt börnum með þessa sjúkdóma og þeirra nánustu, starfsfólks og annarra sem að þessum sjúkdómum koma af myndarskap, ekki síst eftir að öll aðstaða Barnaspítalans gjörbreytist og batnar við að flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði á hausti komanda, væntanlega í nóvember ef áætlanir standast.

Ég tel að jafnhliða þeim flutningi þurfi að vinna að því að bæta og breyta þjónustu spítalans. Ég tek hins vegar fram að hún hefur verið mjög góða miðað við aðstæðurnar sem stofnunin hefur búið við til þessa.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Þótt hæstv. heilbrrh. hafi ekki treyst sér til þess að nefna fjölda þeirra barna sem greind eru með sjaldgæfa sjúkdóma hér á landi eru í samtökunum Einstök börn 89 fjölskyldur með börn sem eru með yfir 60 greinda sjúkdóma. Fjöldi þeirra er því töluverður. Ég vil líka benda á að hugmyndir um þjónustumiðstöð vegna sjaldgæfra sjúkdóma eru í þá veru að hún verði innan Barnaspítalans.

Stöðu þeirra sem eru með sjaldgæfa sjúkdóma og aðstandenda þeirra má lýsa á ýmsa vegu. Sjálfir hafa þeir sagt að þeir hafi orðið undir í umræðunni, hafi lítið verið í umræðunni. Ákveðin óvissa um greiningu á sjúkdómi leiðir oft til ómarkvissrar meðferðar. Greining á sjúkdómnum tekur oft langan tíma, sérþekking er ekki til staðar hér á landi og fagfólk og aðstandendur þurfa oft að leggja mikið á sig til að afla réttra upplýsinga. Þetta er ekki sagt til þess að ásaka einn eða neinn, heldur er þetta það sem fólkið upplifir.

Tryggingakerfið er oft óvisst um hvernig það eigi að taka á vanda þeirra og oft þegar fólk hefur tekið ákvörðun um að leita til sérfræðinga erlendis vegna sjúkdómsins tekur við óvissa um hvort tryggingakerfið taki þátt í kostnaðinum. Þetta er ofan á annað líkamlegt og andlegt álag vegna umönnunar viðkomandi sjúklings og óvissu um framtíð hans.

Í ræðu minni hér á undan ræddi ég um þjónustumiðstöð vegna sjaldgæfra sjúkdóma sem hefur verið rekin í Danmörku sl. 12 ár. Það hefur verið gert árangursmat á þessari þjónustumiðstöð og m.a. komið fram að sjaldgæfir sjúkdómar hafa orðið sýnilegri. Sjaldgæfir sjúkdómar hafa þannig fengið viðurkenningu fyrir sérstöðu sína, sem sjálfstætt viðfangsefni sem krefst sérstakrar athygli og úrlausna. Aðgangur sjúklinga og aðstandenda þeirra að sérhæfðri þekkingu og ráðgjöf hefur aukist verulega og leitt til betri þjónustu. Upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun hefur batnað verulega og nýjustu rannsóknir og meðferðir liggja fyrir. Einnig hafa verið gerðar klínískar leiðbeiningar um ákveðinn fjölda sjaldgæfra sjúkdóma. Ljóst er að þetta er það sem við viljum sjá í framtíðinni og ég legg áherslu á að þörfum þessa fólks sé mætt.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu viljum við í heilbrrn. fylgjast sem best með í þessum efnum. Við höfum reyndar haft veður af því sem nágrannaþjóðirnar gera í þessu efni. Ég tel að taka verði þessi mál til umræðu og grípa til aðgerða hjá okkur. Ég tel að það sé tækifæri til þess núna, einmitt þegar verið er að gera stórátak í heilbrigðiskerfinu í bættri þjónustu við börn. Það hefur auðvitað í för með sér endurskipulagningu á starfsemi stærstu stofnunarinnar sem vinnur á þessu sviði. Ég tel að þessi þáttur muni vissulega koma þar inn en ég sagði reyndar í svari mínu að ég teldi að þarna ætti Barnaspítalinn að leika lykilhlutverk.

Ég endurtek þakkir til fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp því ég tel að þarna þurfi að fylgjast grannt með og finna út hvernig þessum málum verði best fyrir komið.

Öryggisráðstafanir lögreglunnar í tengslum við fund utanríkisráðherra NATO.

Fsp. ÞSveinb, 660. mál. — Þskj. 1070.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmrh. um öryggisráðstafanir lögreglunnar í tengslum við fund utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins sem eins og kunnugt er verður haldinn í Reykjavík 14.–15. maí nk. Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Til hvaða öryggisráðstafana mun lögreglan grípa í tengslum við fund utanríkisráðherra NATO í Reykjavík 14.–15. maí nk.?

2. Hver er heildarkostnaður ríkisins við þær öryggisráðstafanir?

3. Hver er sundurliðaður kostnaður lögreglunnar við tækjakaup í tengslum við fundinn og í hverju felst sá kostnaður?

4. Hefur sérstök sveit óeirðalögreglumanna verið þjálfuð fyrir fundinn? Ef svo er, hvers vegna, hvert er hlutverk hennar og hver er kostnaðurinn við þjálfun og störf slíkrar sveitar?

Eftir að þessi fyrirspurn var lögð fyrir á hinu háa Alþingi birtist frétt í Morgunblaðinu — það var 12. apríl sl. — þar sem fjallað var um að lögreglumenn hefðu meiðst á námskeiðum sem haldin væru vegna fundarins, það væri sem sagt verið að halda sérstök þjálfunarnámskeið fyrir lögreglumenn vegna NATO-fundarins, og að verið væri að grafast fyrir um

orsakir þessara meiðsla. Ég læt þetta fylgja með, herra forseti, þó að þetta sé kannski ekki aðalatriði fyrirspurnarinnar. Hér má þó t.d. lesa að menn ætla að búa sig undir ýmislegt misjafnt á fundinum í maí. Ég les upp úr fréttinni, með leyfi forseta:

„Tildrög einna meiðslanna voru rakin til þess að lögreglumanni var falið að leika „óeirðasegg" með því að hlaupa á varnarlínu sem félagar hans mynduðu með lögregluskjöldum. Þegar óeirðaseggurinn lenti á varnarlínunni kom hann illa niður á jörðina og mun hafa lent á steinvölu, svo liðband í fæti varð fyrir hnjaski."

Ég geri mér fulla grein fyrir því, herra forseti, að lögreglan þarf að vera við flestu búin. En mig langar til þess að inna hæstv. dómsmrh. eftir því hvort það sé hreinlega gert ráð fyrir því að óeirðir verði í borginni vegna þessa fundar. Ég leyfi mér að velta því fyrir mér hvort það sé endilega rétta hugarfarið til þess að nálgast þetta viðfangsefni. Ég geri mér grein fyrir því að það þarf að gæta öryggis þeirra fyrirmenna sem hér verða og fylgdarliðs þeirra, en hingað til höfum við reynst tiltölulega friðsöm þjóð og ég sé það ekki alveg blasa við að óeirðir verði vegna fundarins.

[15:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Eðli máls samkvæmt er ekki hægt að gefa fyrirspyrjanda á þessum vettvangi ítarlegar eða nákvæmar upplýsingar um öryggisráðstafanir lögreglu eða annarra í tengslum við utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í maí næstkomandi, enda er um að ræða upplýsingar sem bundnar eru trúnaði. Ég vil þó upplýsa að dómsmrh. og utanrrh. fólu á síðasta ári ríkislögreglustjóra yfirstjórn löggæsluverkefnisins og hefur ríkislögreglustjóri unnið að undirbúningi öryggisgæslu í samráði við lögregluliðin á suðvesturhorni landsins.

Hér er um umfangsmikinn fund að ræða en hátt í 50 ráðherrar og háttsettir embættismenn munu mæta til fundarins frá jafnmörgum ríkjum. Öryggisráðstafnir eru í samræmi við umfang fundarins, en alþjóðlegar reglur sem farið er eftir við slík tækifæri mæla fyrir um að stranglega skuli tryggja öryggi þessara gesta og það dregur ekki úr þeim þrýstingi sem við, sem gestgjafar fundarins, þurfum að mæta að eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september búum við í breyttum heimi. Öryggisgæsla lögreglu á fundinum mun eðlilega taka mið af þeirri stöðu.

Hvað varðar kostnað vegna löggæslu á fundinum er rétt að rifja það upp að á fjárlögum þessa árs eru veittar 50 millj. kr. vegna kostnaðar við öryggisgæsluna á fundinum. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort sú fjárveiting er nægjanleg, en vissulega verður reynt að halda kostnaðinum innan þeirra marka. Sundurliðun vegna einstakra kostnaðarliða liggur ekki endanlega fyrir en í grófum drættum skiptist fjárveitingin í búnaðarkaup og laun fyrir viðbótarvinnuframlag lögreglumanna sem sérstakt álag vegna fundarins skapar, samtals 45 millj. kr., og síðan þjálfun og annan undirbúning vegna fundarins, samtals 5 millj. kr.

Til upplýsingar um umfangið í heild sinni er gert ráð fyrir því að þegar mest verður komi 330 lögreglumenn að löggæslu vegna fundarins. Til samanburðar má geta þess að síðast þegar utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins var haldinn hér á landi árið 1987 komu 250 lögreglumenn að löggæslunni. Þá mættu til fundarins 16 ríki, en til fundarins nú mæta ráðherrar frá 46 ríkjum Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess. Umfangið nú er því eðlilega mun meira.

Hv. fyrirspyrjandi óskar í síðasta lagi eftir upplýsingum um þjálfun lögreglu fyrir fundinn. Mikilvægur þáttur í undirbúningi ríkislögreglustjóra hefur verið að halda þjálfunar- og kennslunámskeið fyrir lögreglumenn og snýr sú þjálfun að öllum atriðum í tengslum við fund af þeirri stærð sem hér um ræðir. Þeir lögreglumenn sem sinna löggæslu á fundinum verða því undir það búnir að sinna öllu því sem upp getur komið í tengslum við fundinn, þar á meðal að takast á við óeirðir ef slíkt kemur upp.

Það er mat þeirra sem koma að undirbúningi öryggisgæslu að ekki séu líkur á óeirðum. En í ljósi þess að slíkt er ekki útilokað væri það ábyrgðarleysi ef lögreglan byggi sig ekki undir að slíkt gæti komið upp.

Rétt er að taka það fram að öryggisráðstafanir lögreglu miða ekki að því að kveða niður eða torvelda friðsamleg mótmæli. Það er sjálfsagt og eðlilegt í opnu lýðræðisríki þar sem tjáningarfrelsi ríkir að menn geti komið skoðunum sínum á framfæri óhindrað og mun lögreglan eiga góða samvinnu við þá aðila sem hyggjast standa fyrir friðsamlegum mótmælum í tengslum við þennan fund og skapa þeim aðstöðu til þess.

Það hefur hins vegar færst í vöxt og það hefur væntanlega ekki farið fram hjá hv. þm. að friðarspillar hafa sótt opinbera fundi um allan heim að undanförnu eingöngu í þeim tilgangi að efna til ofbeldis- og skemmdarverka. Þeim hefur tekist að dyljast á meðal friðsamra mótmælenda og í rauninni misnota sér hin friðsömu mótmæli í þeim tilgangi að koma af stað uppþotum. Það er því ekki síður hlutverk lögreglu að vernda friðsama mótmælendur fyrir slíkum hópum sem einungis hafa það að markmiði að koma af stað uppþotum og beita ofbeldi sem bitnar jafnt á hinum friðsömu mótmælendum og þeim lögreglumönnum sem stilla eiga til friðar.

[15:22]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna hér og nú að mér þótti það furðuleg fífldirfska af íslenskum yfirvöldum að bjóða Ísland fram undir þennan fund NATO í maí í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa erlendis vegna þeirra sem hæstv. dómsmrh. kallaði hér friðarspilla og hafa ferðast á milli slíkra samkoma og sett allt á annan endann. Ég sé ekki hvað getur varið okkur hér gegn því að þessi hópur komi. Ég óttast ekki innlenda mótmælendur. Þeir mótmæla venjulega mjög friðsamlega. En ég satt að segja óttast þetta fólk sem gæti komið frá útlöndum.

Þegar lögreglan er nú við æfingar farin að leika óeirðaseggi þá er ekki von að vel fari. Þeim er sjálfsagt ýmislegt tamara. En bara þetta atriði að það stendur að stranglega skuli tryggja öryggi hlýtur (Forseti hringir.) að kalla á gríðarlegan kostnað og ég er alveg sannfærð fyrir mitt leyti um að þeir peningar sem eru til þessa ætlaðir á fjárlögum muni ekki duga.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin. Ég er svolítið undrandi á því að kostnaðurinn við öryggisgæslu vegna fundarins skuli ekki liggja fyrir. Það er tæpur mánuður til fundarins og ég hefði haldið að áætlanir þar um lægju fyrir. Eins og hæstv. dómsmrh. benti á voru ætlaðar til öryggisgæslunnar 50 millj. kr. á fjárlögum yfirstandandi árs, en ekki er víst það það nægi.

Herra forseti. Ég vildi gjarnan vita hvort við séum að tala um einhverjar milljónir í viðbót eða jafnvel einhverja tugi milljóna í viðbót því auðvitað er hér verið að ráðstafa skattfé borgaranna til þessarar öryggisgæslu.

Ég ætla ekki að gera lítið úr nauðsyn öryggisgæslunnar. Ég leyfði mér hins vegar að benda á hugarfarið sem því fylgir að búast við óeirðum og ef menn, eins og segir í sportinu, búast við hinu versta. Ég hef sjálf orðið vitni að því við friðsamlegar mótmælaaðgerðir erlendis að það var greinilegt að lögreglan átti von á einhverju allt öðru en við sem vorum að mótmæla ætluðum okkur. Þá getur skapast mjög eldfimt ástand og ábyrgð lögreglunnar er vissulega mjög mikil.

Einnig geri ég mér grein fyrir því að auðvitað eru aðstæður aðrar eftir 11. september. En mig langar að inna hæstv. dómsmrh. nánar eftir því hvaða alþjóðlegu reglur hún vísar í sem mæla fyrir um öryggisgæsluna á fundi sem þessum.

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það er rétt að ítreka það sem ég sagði áðan að við erum skuldbundin samkvæmt alþjóðlegum reglum til að sinna öryggisgæslu með ákveðnum hætti og í samræmi við þá stöðu sem er í heiminum hverju sinni. Við getum ekki vikið okkur undan því á neinn hátt. Ég tel sjálfsagt að útvega hv. fyrirspyrjanda nákvæmar upplýsingar um það efni ef hún óskar eftir því.

Það verður að hafa í huga að á þessum dögum verða haldnir fimm mismunandi fundir með aðkomu 46 utanríkisráðherra og alþjóðareglur kalla á að við sinnum öryggisgæslu þeirra með ákveðnum hætti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að ekki liggur enn fyrir hvort fjárveiting dugar til í þessum efnum, en það verður svo sannarlega reynt að halda sig innan þeirra marka.

Það er ekki verið að koma upp óeirðalögreglusveit eins og hv. þm.ýjar að í spurningu sinni. Hins vegar er rétt að lögreglan er að búa sig undir að takast á við allt sem upp getur komið í tengslum við fund af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Þar á meðal eru óeirðir. Líkurnar á því eru hins vegar ekki miklar eins og ég hef einnig vikið að.

Það er á okkar ábyrgð að tryggja öryggi þeirra sem sækja þennan fund og þeim skyldum okkar ætlum við ekki að bregðast. Eins og ég vék að þá liggur ekki fyrir endanleg sundurliðun kostnaðar vegna fundarins en búnaðarkaup eru vissulega stór þáttur í þeim kostnaði. Það verður að hafa í huga í því sambandi að í ljósi umfangs fundarins verður lögregla að vera undir það búin að takast á við það ef reynt verður að efna til uppþota. Það er því fullkomlega eðlilegt að búa lögregluna út með viðeigandi hætti þannig að hún geti tekist á við það sem upp getur komið. Búnaður þessi er fyrst og fremst hugsaður til þess að verja lögreglumenn fyrir árásum ofbeldismanna og koma í veg fyrir að lögreglumenn slasist alvarlega.

Varðandi athugasemd frá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur þá var hún ágæt. Það er vissulega rétt athugað hjá henni að við þurfum að fylgjast vel með hugsanlegri komu einhverra slíkra aðila hingað til lands sem vilja e.t.v. koma af stað einhverjum uppþotum og óeirðum.

Evrópusamstarf um sjaldgæfa sjúkdóma.

Fsp. ÁMöl, 602. mál. — Þskj. 949.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Fyrirspurnin sem ég ber fram er í framhaldi af fyrirspurn sem var til umræðu hér á undan. Árið 1999 samþykktu Evrópuþingið og Evrópuráðið að setja af stað sérstaka framkvæmdaáætlun til fimm ára um sjaldgæfa sjúkdóma á sviði lýðheilsu. Þátttaka í þessari framkvæmdaáætlun er opin fyrir ESB-ríkin, EFTA-ríkin, þar á meðal Ísland en einnig Möltu og Kýpur. Markmið áætlunarinnar er að tryggja hágæðaheilbrigðisþjónustu fyrir þá sem þjást af sjaldgæfum sjúkdómum með því að auka þekkingu á slíkum sjúkdómum. Þetta yrði m.a. gert með því að setja á laggirnar samræmt evrópskt upplýsinganet um sjaldgæfa sjúkdóma til að auðvelda upplýsingamiðlum um þá milli fagaðila, rannsakenda og þeirra sem slíkir sjúkdómar hafa bein eða óbein áhrif á. Þetta yrði einnig gert með því að hvetja til og styrkja fjölþjóðlegt samstarf milli faghópa og hagsmunahópa sem láta sig sjaldgæfa sjúkdóma varða.

Í framkvæmdaáætluninni er litið svo á að sjaldgæfir langvinnir sjúkdómar sem ógna lífi eða hafa verulega fötlun í för með sér kalli á sértækar fjölþjóðlegar aðgerðir til að auka lífslíkur þeirra sem haldnir eru slíkum sjúkdómum svo og til að auka lífsgæði þeirra og efnahagslegar og félagslegar aðstæður. Þessi framkvæmdaáætlun er til fimm ára og henni lýkur á næsta ári. Töluvert fjármagn hefur verið sett í þessa áætlun. Augljóst er að mikilvægt er að tryggja að Ísland hafi aðgang að slíku fjölþjóðlegu upplýsinganeti um sjaldgæfa sjúkdóma þar sem aðgangur að nýjustu upplýsingum á hverjum tíma er tryggður.

Við fyrri fyrirspurn mína áðan kom fram í máli mínu að 60–90 börn hér á landi að lágmarki þjáist af sjaldgæfum sjúkdómum. Ég hefði reyndar kosið að fá nákvæmari upplýsingar um það. Þessar upplýsingar hef ég frá samtökunum Einstökum börnum, en ekki er víst að foreldar allra barna sem falla undir þessa skilgreiningu séu í þeim samtökum. Það er einnig óljóst hve margir fullorðnir hér á landi mundu falla undir þá skilgreiningu að vera með sjaldgæfan sjúkdóm.

Ég hef lýst stöðu þeirra hér á landi og nauðsyn þess að taka sérstaklega á þeirra málum. Ein leiðin er þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi sem Evrópuráðið og Evrópuþingið hafa hrint af stað. Því varpa ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrrh.:

Á hvern hátt hafa íslensk heilbrigðisyfirvöld tekið þátt í fimm ára áætlun Evrópusambandsins vegna sjaldgæfra sjúkdóma?

[15:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 19. þm. Reykv. spyr á hvaða hátt íslensk heilbrigðisyfirvöld hafi tekið þátt í fimm ára verkáætlun Evrópusambandsins vegna sjaldgæfra sjúkdóma.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa tekið þátt í vinnuhópum um lýðheilsu og tekið þátt í verkáætlunum Evrópusambandsins á því sviði undanfarin ár. Hófst þetta í samstarfi við hin EFTA-löndin, þ.e. Liechtenstein og Noreg, og voru verkáætlanirnar á sviði heilsueflingar, krabbameinsvarna, vímuvarna, heilbrigðisgátar og varna gegn alnæmi og fleiri smitsjúkdómum. Evrópusambandið setti síðan á laggirnar þrjár umfangsminni áætlanir, þ.e. um sjaldgæfa sjúkdóma, slysavarnir og sjúkdóma tengda mengunarvörnum.

EFTA-löndin hafa tekið þátt í þessum þremur nýju áætlunum frá byrjun árs 2000 en þá þegar hafði verið ákveðið innan Evrópusambandsins að slá öllum þessum átta áætlunum saman í eina til þess að mæta breyttum tímum og gera áætlanirnar markvissari. Það er gert ráð fyrir að ný og töluvert breytt áætlun um lýðheilsu gangi í gildi í byrjun árs 2003.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa einbeitt sér að því að fylgjast vel með starfi nefndarinnar þau þrjú ár sem eftir lifðu af áætlununum þegar þátttaka EES-landanna var samþykkt. Hefur sóttvarnalæknir verið fulltrúi heilbrigðisyfirvalda og tengiliður við áætlunina. Tengist það m.a. tilkynningakerfum um sjaldgæfar sýkingar sem tilkynntar eru sameiginlega innan Evrópusambandsins og EFTA-landanna.

Þar sem ljóst var að um tímabundna áætlun yrði að ræða sem fljótlega mundi breytast þótti rétt af hálfu íslenskra yfirvalda að fylgjast vel með starfinu án þess að leggja út í verulegan kostnað við þátttöku. Greinargóðar upplýsingar hafa eigi að síður fengist af gangi mála og hefur þátttaka Íslands takmarkast við að fylgjast á þann hátt með starfi nefndarinnar.

Þegar ný verkáætlun Evrópusambandsins tekur gildi í byrjun árs 2003 mun Ísland ásamt öðrum EES-löndum taka þátt í því starfi.

Herra forseti. Ég vona að þetta hafi svarað spurningum hv. 19. þm. Reykv.

[15:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langaði bara að hér kæmi fram að *þessi mál hafa verið til umræðu á vettvangi Norðurlandaráðs.* Læknir sem var formaður í Norðurlandanefnd sem reyndar var lögð af við síðustu áramót við skipulagsbreytingar sem urðu á Norðurlandaráði, beitti sér mjög fyrir þessum málum og að í þeim yrði unnið á vegum Norðurlandaráðs, t.d. að stuðningi við félög sjúklinga mjög fámennra hópa. Þetta hlaut mikinn stuðning og fór svo um áramót inn í velferðarnefnd og er unnið þar sjálfsagt áfram. Þó að ég hafi ekki tök á að fylgjast með því nú í dag veit ég að svo er og mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi fram hér.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans og hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir þátttökuna í þessari umræðu. Það er alveg ljóst af upptalningu hæstv. heilbrrh. á þeirri vinnu sem Ísland hefur tekið þátt í á vettvangi Evrópuráðsins og Evrópuþingsins varðandi heilbrigðismál, þ.e. lýðheilsu, heilsueflingu, vímuvarnir og alnæmi, að þegar í dag sjáum við árangur af þessu samstarfi milli Evrópuþjóða og Íslands. Þess vegna fagna ég því sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, að Ísland hefur tekið þátt í vinnu varðandi sjaldgæfa sjúkdóma þó það hafi ekki verið gert með eins nánum hætti og fyrri verkefni. En það segir okkur í raun hvað þetta samstarf er mikilvægt.

Ljóst er að Evrópuþjóðirnar hafa lagt mikið á sig á undanförnum árum til að koma til móts við þarfir fólks sem þjáist af sjaldgæfum sjúkdómum og þessi framkvæmdaáætlun sem hefur verið hér til umræðu um sjaldgæfa sjúkdóma er mikilvægt skref og mikilvæg viðurkenning á þörfum þessa fólks sem líður fyrir að vera með þess konar sjúkdóma.

Stærstur hlutinn af þessu samstarfi er að setja upp gagnabanka, fjölþjóðlegan gagnabanka, og augljóst er að Íslendingar hafa mikinn hag af þátttöku í því og það mun til lengri tíma spara mikilvæga vinnu sem annars hefði verið unnin frá grunni hér heima. Ég legg því áherslu á hvað þetta er stórkostlegt tækifæri til þess að byggja upp heilbrigðisþjónustu fyrir verulega stóran hóp sem er í hættu. Ég er ekki að segja að hann sé afskiptur, en hann er í verulegri hættu á að vera afskiptur.

Í fyrri ræðu minni við fyrri fyrirspurn lagði ég áherslu á að verulegur árangur hefur náðst í Danmörku á síðustu 12 árum í þjónustu við þetta fólk, einmitt með ákveðnum sérstökum aðgerðum í þá veru.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við að bæta. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessum málum í tveimur fyrirspurnum. Ég ítreka að við ætlum okkur að taka þátt í þessum áætlunum og fylgjast vel með og afla okkur þekkingar og sambanda á þessum vettvangi. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að alþjóðlegt samstarf er afar mikilvægt að þessu leyti og það að læra af reynslu annarra. Það er einn grundvöllurinn að okkar heilbrigðisþjónustu og við þurfum að nýta okkur þá möguleika sem gefast á þessu mikilvæga sviði.

Lyfjakostnaður lífeyrisþega.

Fsp. JóhS, 617. mál. — Þskj. 969.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í svari heilbrrh. í vetur við spurningu minni um hlutdeild sjúklinga í lyfja- og lækniskostnaði kom fram að hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði hefði vaxið um 80% að raunvirði á árunum 1995 til ársins 2000. Í þessu skriflega svari má sjá *verulegar breytingar á greiðsluþátttöku sjúklinga*, bæði í lágmarks- og hámarksverði á árinu 2000. Lágmarksgreiðslur höfðu rúmlega þrefaldast og hámarksgreiðslan hækkaði um 50% frá árinu 1995 til ársins 2000.

Í könnun á vegum BSRB kemur fram að lyfja- og lækniskostnaður hafi aukist um tugi og í sumum tilvikum hundruð prósenta á umliðnum árum. Í nýrri könnun á lyfjaverði sem ASÍ gerði og birt var nýlega kemur fram að hækkun á greiðsluhlutfalli sjúklinga um síðastliðin áramót hafi öll lent á sjúklingum en apótekin ekki tekið neitt af breytingunum á sig. Mesta hækkun á lyfseðilsskyldum lyfjum á höfuðborgarsvæðinu í þeirri könnun var 28,5% og mesta hækkun hjá lífeyrisþegum 387% á tilteknu lyfi.

Í lyfjaverðskönnun sem gerð var, sem byggði á samantekt úr könnunum á lyfjaávísunum úr nokkrum apótekum á landinu, komu fram sláandi niðurstöður um gífurlegan lyfjakostnað elli- og örorkulífeyrisþega. Þar koma allt of oft fram dæmi um að öryrkjar og aldraðir greiði hærri fjárhæð úr eigin vasa vegna lyfja en sem svarar meira en mánaðar lífeyrisgreiðslum, eða 75–80.000 kr. á ári. Í þessari úttekt vari líka dæmi um að öryrki greiddi 170.000 sjálfur í lyf á ári en fengi aðeins 58.000 kr. endurgreiddar. Einnig var dæmi um öryrkja sem greiddi tæpar 130.000 kr. í lyf á ári en fékk aðeins 50.000 kr. endurgreiddar.

Herra forseti. Það heyrist æ oftar að aldraðir og öryrkjar hafi ekki efni á að leita sér læknisþjónustu eða kaupa lyf. Þetta er auðvitað svartur blettur á velferðarkerfi okkar sem ekki verður við unað. Ég hef leyft mér, herra forseti, að flytja

fyrirspurn til hæstv. ráðherra um lyfjakostnað lífeyrisþega, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hver var meðallyfjakostnaður árin 2000 og 2001 hjá
a. ellilífeyrisþegum,
b. örorkulífeyrisþegum?

Óskað er eftir upplýsingum um allan lyfjakostnað, bæði fyrir lyf sem Tryggingastofnun tekur þátt í að greiða og lyf sem lífeyrisþegar greiða að fullu.

2. Hversu mikinn afslátt fá lífeyrisþegar hjá lyfjaverslunum að meðaltali?"

[15:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. spyr um meðallyfjakostnað ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega árin 2000 og 2001.

Umbeðnar upplýsingar er helst að finna í lyfjagagnagrunni Tryggingastofnunar ríkisins. Þar kemur fram skipting lyfjakostnaðar milli Tryggingastofnunar og sjúklinga fyrir árið 2001 og fyrstu þrjá mánuði ársins 2002. Lyfjagagnagrunnurinn hefur að geyma um 80% allra lyfjaafgreiðslna apóteka árið 2001 og 95% afgreiðslna fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2002. Sambærileg skipting fyrir árið 2000 er því miður ekki í grunninum. Fjöldi afgreiðslna það ár var ekki talinn nægjanlegur og upplýsingar um lyf sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki fyrir voru ekki skráðar í gagnagrunninn fyrr en um mitt ár 2001. Niðurstöðutölur fyrir árið 2001 hafa verið leiðréttar, m.a. með tilliti til þessa.

Hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði er ávallt reiknaður miðað við hámarksverð, þar sem Tryggingastofnun hefur ekki upplýsingar um raunverulegt verð lyfja til sjúklinga.

Árið 2001 greiddu elli- og örorkulífeyrisþegar 20,6% lyfjakostnaðar. Til samanburðar var hluti einstaklinga án afsláttar 54,2% af lyfjakostnaði sama ár. Hvað fyrstu þrjá mánuði yfirstandandi árs varðar er hluti elli- og örorkulífeyrisþega 20,7% en annarra 55%.

Hlutfallsleg skipting lyfjakostnaðar milli Tryggingastofnunar ríkisins og sjúklinga breyttist því lítið milli ársins 2001 og fyrstu þriggja mánaða ársins 2002 þrátt fyrir að greiðsluhluti sjúklings hafi verið hækkaður 1. janúar sl. Skýringuna er að finna í hærra lyfjaverði en á síðari hluta ársins 2001 hækkaði lyfjaverðið vegna gengisfalls krónunnar. Verðhækkunin lendir að stærstum hluta á Tryggingastofnun ríkisins, þar sem sjúklingur er með fast greiðsluþak, óháð verði lyfsins.

Ekki er unnt að finna meðallyfjakostnað á ári fyrir einstaka hópa þar sem Tryggingastofnun er ekki heimilt að vinna upplýsingar á kennitölur úr lyfjagagnagrunninum.

Lyfjagagnagrunnur Tryggingastofnunar fer sífellt stækkandi. Daglega fara í gegnum lyfjaeftirlitskerfi stofnunarinnar rúmlega 5.000 færslur sem fara í grunninn. Uppbygging grunnsins og tenging apóteka við hann hefur tekið nokkur ár og gengur rekstur kerfisins orðið vel. Til þess að fá tölfræðilegar upplýsingar úr gagnagrunni sem þessum þarf að vinna mikla forvinnu, bæði við flokkun upplýsinga og forritun við staðlaðar fyrirspurnir. Vinna sem þessi er tímafrek og verður að mestu leyti aðeins unnin af sérfræðingum utan Tryggingastofnunar. Til að mynda kostaði það stofnunina 300.000 kr. í aðkeyptri vinnu að nálgast þær upplýsingar sem hér eru birtar.

Það þarf vart að ítreka mikilvægi þess fyrir heilbrigðisyfirvöld að fá nánari upplýsingar um lyfjakostnað Tryggingastofnunar ríkisins áður en ákvarðanir eru teknar um breytingar, ekki síður en að hafa möguleika á að meta áhrif breytinganna. Það er þó verulegur galli á þessari gagnasöfnun að ekki hefur fengist leyfi til að dulkóða sömu kennitöluna alltaf eins þannig að hægt sé að fá nánari upplýsingar um lyfjanotkun og kostnað einstakra sjúklingahópa.

Næsta skref stofnunarinnar varðandi lyfjagagnagrunninn er að gera hann notandahæfan, þannig að hægt verði að svara fyrirspurnum úr grunninum á skömmum tíma.

Hv. þm. spyr einnig hversu mikinn afslátt lífeyrisþegar fá að meðaltali úr lyfjaverslunum.

Því er til að svara að slíkur afsláttur, ef einhver er, er alfarið ákvarðaður af lyfjaverslunum sjálfum. Slíkar upplýsingar liggja því ekki fyrir í heilbrrn. Hins vegar hefur komið fram, í könnunum sem birtar hafa verið í fjölmiðlum, að umræddur afsláttur er mjög breytilegur á hverjum tíma og hvergi nærri sá sami á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Ég vona, herra forseti, að þetta, með þeim fyrirvörum sem ég hef haft um upplýsingaöflun, svari að einhverju leyti spurningum hv. þm.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. ráðherrar eru mjög flinkir við að koma sér hjá að svara því sem um er spurt. Það vafðist ekkert fyrir Ólafi Ólafssyni, fyrrverandi landlækni, að skoða þetta mál og fá dæmi úr raunveruleikanum með því að skoða málið í gegnum kannanir á lyfjaávísunum í apótekum í landinu eins og gert var á hans vegum að ég held. Það var á árunum 1998–2000 og fjöldi lyfjaávísana sem var í úrtakinu var tæp 140 þúsund. Út úr þessu má lesa þær sláandi upplýsingar sem ég var að tala um, að algengt er að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfi að greiða 75–80 þús. kr. á ári beint úr eigin vasa í lyf, sem samsvarar eins mánaðar lífeyrisgreiðslu. Og dæmi voru um lífeyrisþega sem greiddi sjálfur 130 þús. í lyf á ári.

Nú eru þetta dæmi beint úr raunveruleikanum, herra forseti, þannig að ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra beint, fyrst hann getur ekki svarað fyrirspurn minni, um afstöðu hans til þessara talna sem ég nefni sem eru beint úr því lífi sem elli- og örorkulífeyrisþegum er búið. Telur ráðherrann eðlilegt að svo sé nú komið í þjóðfélaginu að margir aldraðir og öryrkjar eigi ekki fyrir læknisþjónustu eða lyfjakaupum?

Ég vil spyrja ráðherrann hvort hann telji ekki eðlilegt að endurskoða endurgreiðsluhlutfallið til elli- og örorkulífeyrisþega. Það gengur auðvitað ekki í velferðarþjóðfélagi að svo sé búið um hnútana að sjúklingar geti ekki keypt sér þau nauðsynlegu lyf sem þeir þurfa á að halda og það sé eilíflega verið að hækka þann kostnað á þeim hópum. Þær tölur sem hæstv. ráðherra nefndi segja okkur auðvitað ekki neitt, en þær tölur úr lífi elli- og örorkulífeyrisþega sem þurfa að eyða eins mánaðar lífeyrisgreiðslum í kaup á lyfjum segja okkur sína sögu og eru auðvitað svartur blettur á þjóðfélaginu. Ég spyr ráðherrann um afstöðu hans til þeirra upplýsinga sem fram komu í þeim könnunum sem Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, beitti sér fyrir.

[15:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr mig um afstöðu til einstakra dæma sem fyrirspyrjandi hefur á reiðum höndum. Ég þekki auðvitað ekki hvað liggur þar að baki en ég get svarað því til að mér finnst þetta háar tölur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Ég undirstrika það að ég tel að fara þurfi yfir lyfjamálin í víðu samhengi, í fyrsta lagi greiðsluþátttökuna en hún var færð upp til verðlags um síðustu áramót

eins og umræða hefur verið um hér í Alþingi. Í öðru lagi verðmyndun og notkun lyfja, ekki er síður ástæða til að fara yfir þau mál og við höfum verið að vinna að þeim málum í ráðuneytinu að undanförnu hvernig sú verðmyndun er.

Við höfum verið að skoða m.a. álagningu á lyf og ég varð var við það í fréttum að starfsmenn lyfjaverslana töldu að ef álagningin lækkaði þá mundi það bitna á afslætti til sjúklinga. Þetta er því vandmeðfarið.

En ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að auðvitað er full þörf á því að hafa gætur á hvað aldraðir og öryrkjar fara með í lyfjakostnað og við þurfum að bæta upplýsingakerfi okkar í því efni og ég er ekkert að rengja upplýsingar frá háttvirtum fyrrverandi landlækni, þeim ágæta manni, en við þurfum eigi að síður að bæta upplýsinganet okkar.

[15:50]

Útbýting þingskjala:

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 641. mál, nál. iðnn., þskj. 1222.

Smygl á tóbaki og áfengi, 718. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1223.

Svört atvinnustarfsemi, skattsvik og eftirlit, 589. mál, svar fjmrh., þskj. 1225.

Heyrn skólabarna.

Fsp. SvanJ, 695. mál. — Þskj. 1114.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það er þó nokkuð fjallað um agamál í dag þegar skólamál koma til umfjöllunar. Taldar eru fram ýmsar ástæður fyrir því að agavandamál þykja meiri í dag en einatt áður. Eitt af því sem kann að valda er það að nemendur heyra einfaldlega ekki það sem þeir þurfa til þess að geta nýtt sér það sem fram fer. Það er alveg ljóst að ef nemendur ekki heyra þá eru þeir heldur ekki með, taka ekki við fyrirmælum og eru þar af leiðandi hugsanlega reiðubúnari til þess að vera við eitthvað annað en það sem ætlast er til.

Erlendar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna að þegar hlustunargeta barna var könnuð, þá kom í ljós að við nokkuð góð skilyrði gátu eðlilega heyrandi börn einungis skilið 71% af orðum kennarans og börn við verstu skilyrði náðu aðeins að skilja 30%. Þetta eru auðvitað mjög alvarlegar tölur, herra forseti, og væri áhugavert að vita hvort eitthvað sambærilegt er á ferðinni hér þó þessi fyrirspurn snúist ekki beinlíns um það.

Jafnframt kom fram í þeirri erlendu könnun, sem er frá 1998, að gera mætti ráð fyrir því að 8–10% nemenda yngri en 13 ára gætu átt við námsörðugleika að stríða og þessir nemendur þyrftu þess vegna enn betri skilyrði til að heyra en aðrir. Þá hefur verið sýnt fram á í þessari sömu könnun að 25–30% yngstu barna gætu verið með tímabundna heyrnardeyfu af völdum eyrnabólgu. Í Morgunblaðinu 16. desember 2000 var grein sem fjallaði um heyrnarskaða. Þar var bent á að prófessor í Bandaríkjunum héldi því fram að allt að 75% af framhaldsskólanemum þar hefðu forstigseinkenni viðvarandi heyrnardeyfu.

Herra forseti. Slíkar upplýsingar ásamt og með umfjöllun um agavandamál í íslenskum skólum kalla óhjákvæmilega á spurningar um það hvernig þessu sé háttað hér hjá okkur. Því hef ég sett eftirfarandi spurningu fram til hæstv. heilbrrh.:

Hve stór hluti barna á grunnskólaaldri er með það alvarlega heyrnardeyfu að ætla má að þeim nýtist ekki til fulls almenn kennsla?

Ég vil með þessu undirstrika mikilvægi þess að þau skilyrði séu fyrir hendi að börn nemi þau skilaboð sem þeim eru ætluð, skilaboð kennarans, ella séu þá gerðar ráðstafanir, herra forseti, til þess að svo megi verða.

[15:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Til að svara þessari spurningu var leitað upplýsinga hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og frá íslenskum yfirlækni heyrnardeildar í Lundi í Svíþjóð við það að undirbúa þetta svar.

Vandasamt er að meta hve stór hluti þeirra er sem hafa heyrnardeyfu eða eiga erfitt með að nýta sér til fulls almenna kennslu í grunnskólun landsins. Til að svara því þyrfti að gera allítarlega könnun á umfangi vandans en slíkt hefur ekki verið gert. En nálgast má svarið með því að skoða ýmsar tölur sem geta gefið góðar vísbendingar.

Svo virðist sem tíðni alvarlegrar heyrnarskerðingar nýfæddra sé svipuð og í flestum nágrannalöndum okkar, eða um 1,5–2 börn af hverjum þúsund fæddum börnum. Það þýðir að 8–9 börn með verulega heyrnarskerðingu fæðast hér á ári hverju, en að sjálfsögðu sveiflast þessi tala nokkuð milli ára. Hjá um 10–20% þessara barna hrakar heyrninni er árin líða. Mjög mikilvægt er að þau börn finnist sem fyrst svo koma megi að viðeigandi meðferð eða stuðningi.

Hér á landi eru nýfædd börn sem talin eru í áhættuhópi skoðuð sérstaklega fljótlega eftir fæðingu. Þessi skimun er samstarfsverkefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og fæðingardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Starfsfólk fæðingardeildar flokkar börn eftir áhættu, en starfsmenn Heyrnar- og talmeinastöðvar mæla heyrn barnanna. Þessi skimun nær þó aðeins til hluta fæddra barna en áform eru uppi um að efla hana. Tilraunir eru nú gerðar með skimun á öllum nýfæddum börnum, t.d. í hluta Stokkhólms og víðar í Svíþjóð og þykja þær tilraunir lofa góðu.

Heildarfjöldi barna á landinu sem eru með heyrnartæki, eitt tæki eða tvö, eru um 130 börn. Þar af eru um 16 börn á forskólaaldri, þ.e. fædd 1996 og yngri og falla því utan við þann ramma sem hér er til skoðunar. Um 19 börn stunda nú nám í Vesturhlíðarskóla, sem er skóli fyrir heyrnarlaus og alvarlega heyrnarskert börn. Þau börn fá sérhæfða kennslu og nýta sér lítið sem ekkert hið almenna skólakerfi. Því er hér um að ræða 95 börn með heyrnartæki, eitt tæki eða tvö, sem ganga í almenna grunnskóla. Samkvæmt upplýsingum Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar geta aðeins fá þeirra, eða um tíu börn, flokkast með væga heyrnarskerðingu. Þessi flokkun er að sjálfsögðu ekki mjög nákvæm.

Því munu vera um 85 börn á landinu öllu á grunnskólaaldri sem búa við töluverða heyrnarskerðingu og stunda nám í grunnskólum landsins. Um fjórðungur til þriðjungur barnanna býr utan höfuðborgarsvæðisins. Þessi börn þurfa öll á einhvers konar aðstoð sérfræðinga að halda og það þarf að fylgjast vel með þeim. Þörf fyrir stuðninginn eykst eftir því sem ofar dregur í grunnskóla og mikilvægt er að þau börn, foreldrar og aðstandendur fái faglegan stuðning við hæfi.

Gera verður ráð fyrir að öll þessi börn eigi í vandkvæðum með að nýta sér til fulls almenna kennslu eins og hún er veitt

í grunnskólum, en þó er að sjálfsögðu misjafnt hve miklir erfiðleikarnir eru.

Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi um miðjan desember og tóku þegar gildi var hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar endurskilgreint. Stofnuninni ber nú að halda saman upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða eru með talmein. Nú er verið að endurskipuleggja tölvukerfi stofnunarinnar en að því loknu getur hún betur sinnt því hlutverki sínu og svör við spurningum eins og þeirri er hér er svarað verða aðgengilegri.

Þá ber stofnuninni einnig samkvæmt 2. mgr. 37. gr. sömu laga að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum, ásamt ráðgjöf, þjálfun og endurhæfingu vegna þeirra.

Við yfirstandandi endurskipulagningu stofnunarinnar opnast væntanlega möguleikar á að sinna þessum þætti betur en verið hefur og mun það ekki síst nýtast börnum sem búa við skerðingu á þessu sviði.

Þess skal getið að börn hafa forgang að þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar við mælingar, úthlutun tækja og fleira og svo mun verða áfram.

Ég vænti þess að þessar upplýsingar hafi svarað að einhverju leyti spurningu hv. þm.

[15:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að Heyrnar- og talmeinastöðin mældi heyrn hjá nýfæddum börnum. En í umræðunni um Heyrnar- og talmeinastöðina var það rætt að stöðin færi kerfisbundið í það að fara í skólana og mæla heyrn hjá börnum í skóla og hefði ég viljað spyrja hæstv. ráðherra hvenær það verði að veruleika.

Einnig langar mig að minnast á eitt af baráttumálum talmeinafræðinga, að kennarar fái hljóðnema, bæði til þess að þeir fari betur með helsta vinnutæki sitt, röddina, og einnig til þess að mál kennara nái betur eyrum nemendanna, barnanna í skólanum. Og því velti ég fyrir mér hvort ráðherra telji eðlilegt að slíkir hljóðnemar gætu verið hluti af hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða.

[15:59]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir þau svör sem hér komu, þó að þau séu auðvitað afar takmörkuð sakir þess að hann fjallaði einungis um þau börn sem eru það alvarlega heyrnarskert að þau nota heyrnartæki.

Sannarlega er það svo að stór hópur barna er hér í skólakerfinu rétt eins og annars staðar, og ég vitnaði þar í erlendar rannsóknir, sem er með heyrnardeyfu sem er hamlandi í námi og verður þess valdandi að þau börn, miðað við þær rannsóknir sem fyrir liggja, nýta sér ekki það sem fram fer með fullnægjandi hætti. Ljóst er að skólahjúkrunarfræðingar mæla heyrn skólabarna og geta gefið kennurum ákveðnar upplýsingar og ráðleggingar. Upplýsingar þeirra liggja greinilega ekki fyrir hjá Heyrnar- og talmeinastöð og væri sjálfsagt og eðlilegt að bæta úr því og væntanlega er það þá meðal þeirra hlutverka sem stöðin hefur í framtíðinni að safna saman ítarlegri upplýsingum.

En ég vil vísa til þess, herra forseti, að þessi fyrirspurn mín tengist annarri fyrirspurn sem ég verð með síðar í dag til hæstv. menntmrh. varðandi niðurfellingu gjalda af rafmagnshljóðmagnarasettum til kennslu í skólum vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að slíkt magnarakerfi dregur ekki bara úr álagi á rödd kennara heldur heyra börnin betur og slíkt kerfi kemur heyrnarskertum börnum sérstaklega til góða. Þetta hefur þegar verið kannað í íslenskum skólum og liggur fyrir en ekki hefur fengist áheyrn hjá stjórnvöldum varðandi úrbætur þar að lútandi. Þetta er kannski lausn sem er frekar beint að börnum sem vegna eyrnabólgu eða annars eru með heyrnardeyfu án þess þó að þurfa hjálpartæki á borð við heyrnartæki.

En ég vænti þess, herra forseti, að í framtíðinni verði auðveldara fyrir þá hæstv. heilbrigðisráðherra sem þurfa á þessu að taka að nálgast upplýsingar og að þær liggi þá fyrir aðgengilegri en virðist vera í dag.

[16:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram.

Varðandi Heyrnar- og talmeinastöðina hefur mikil vinna verið lögð í endurskipulagningu á henni með nýrri löggjöf. Það hefur verið viðfangsefni ráðuneytisins að fást við fjárhagsmál hennar og getu til að sinna því hlutverki sem hún hafði, og hefur nú með nýrri löggjöf. Það hefur verulega áunnist í því og ég vona og veit að hugur forráðamanna þar stendur til að auka þjónustuna, m.a. með því að færa hana út og þar á meðal inn í skólana, án þess að ég geti sagt nákvæmlega á þessari stundu hvenær það verður. Ég tel auðvitað að hljóðnemar í skóla tilheyri búnaði skólans en tek hins vegar undir með fyrirspyrjanda að vafalaust væri hið þarfasta mál að koma slíkri skipan mála á. Vitanlega er ég til viðræðu um slík mál ef heilbrrn. gæti stutt eitthvað við slíkar áætlanir. Auðvitað yrði tekið til skoðunar hvort hljóðnemar gætu flokkast undir hjálpartæki fyrir þá sem á þeim þurfa mest að halda en ég get ekki svarað því úr þessum ræðustól hvernig slík mál yrðu meðhöndluð. Auðvitað finnst mér sjálfsagt að fara yfir þau eins og önnur mál sem upp koma á þeim vettvangi.

[16:04]

Útbýting þingskjals:

Þjóðhagsstofnun o.fl., 709. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1230.

[Fundarhlé. — 16:04]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, 599. mál, nál. allshn., þskj. 1229.

Veiting ríkisborgararéttar, 720. mál, frv. allshn., þskj. 1227.

Vopnalög, 40. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1228.

Bifreiðakaupastyrkir.

Fsp. ÁRJ, 703. mál. — Þskj. 1122.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég beini fsp. til hæstv. heilbrrh. um það hvort áform séu uppi um að endurskoða reglur um bifreiðakaupastyrki til fatlaðra. Í ljós hefur komið að breyttar reglur sem tekjutengja bifreiðastyrki almannatrygginga fyrir fatlaða gera það að verkum að fólk á vinnumarkaði sem er bundið hjólastól og þarf á sérstökum bílum að halda hefur

þurft að hætta vinnu vegna þessara reglna. Það gerir það að verkum að t.d. menntaskólakennari í hjólastól neyddist til að segja upp störfum og fara á tryggingabætur. Nokkrir fatlaðir einstaklingar í sömu stöðu og hann íhuga nú uppsögn starfa sinna og jafnvel hjónaskilnað þar sem tekjur þeirra og makanna koma í veg fyrir að þeir fái bílastyrk. Án bílsins geta þeir hins vegar ekki unnið og vinnutekjurnar duga illa fyrir sérútbúnum bíl sem þeim er nauðsynlegur.

Þetta kom fram m.a. á málþingi um endurhæfingu á Degi endurhæfingar 15. mars sl. Þar sagði Jón Sigurðsson líffræðingur og menntaskólakennari frá þessari reynslu sinni en hann hefur verið bundinn við hjólastól í 25 ár. Hann sagði frá því hvað bíllinn væri honum nauðsynlegt hjálpartæki og að hann gæti síst verið án hans. Þar til fyrir þremur árum gat hann fengið styrk fyrir 40% af kaupverði fjölnota bíls með lyftu en þá var reglunum breytt og styrkirnir tekjutengdir þannig að fatlaður maður með yfir tvær millj. í árstekjur, eins og hann sem menntaskólakennari, fær ekki styrkinn.

Eins og segir á heimasíðu Tryggingastofnunar hafa reglurnar verið tekjutengdar þannig varðandi þessa sérútbúnu bíla að ef maður er með yfir 190 þús. kr. á mánuði í laun fær hann ekki bílakaupastyrkinn, og tvöföld þessi upphæð er viðmiðunarmark hjóna og sambúðarfólks. Ef maki manns í hjólastól er með meðaltekjur á vinnumarkaði fær sá sem er í hjólastól ekki þennan styrk. Það er auðvitað afleitt þegar reglurnar eru farnar að vinna þannig gegn fötluðum á vinnumarkaði að þeir verða að hætta störfum og fara á tryggingabætur. Þær mega auðvitað ekki virka vinnuletjandi og alls ekki hvetja til hjónaskilnaða eins og komið hefur fram í máli Jóns Sigurðssonar og fleiri sem búa við þessi kjör. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort uppi séu áform um að endurskoða þessar bifreiðakaupareglur þegar þær eru farnar að vinna gegn hagsmunum þeirra sem þær eiga í rauninni að styðja við.

[18:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. spyr hvort uppi séu áform um að endurskoða reglur um bifreiðakaupastyrki til fatlaðra. Svarið er já. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því í heilbr.- og trmrn. að endurskoða reglur um bifreiðakaupastyrki.

Þann 25. jan. á síðasta ári ákvað heilbr.- og trmrh. að skipa nefnd til að endurskoða lög, reglugerðir og vinnureglur varðandi bifreiðamál hreyfihamlaðra. Sérstaklega var nefndinni ætlað að athuga hvort lög og reglugerðir endurspegli nægjanlega þau markmið að gefa hreyfihömluðum tækifæri til að eignast nýjar eða nýlegar bifreiðar ásamt aðstoð við að reka þær. Nefndin var skipuð tveim fulltrúum Öryrkjabandalagsins, tveim fulltrúum Sjálfsbjargar og fulltrúa ráðherra sem jafnframt var formaður. Hún skilaði ítarlegum tillögum og áliti þann 25. apríl á síðasta ári sem hefur síðan verið í áframhaldandi vinnslu innan ráðuneytisins. Stefnt er að því að nýjar reglur taki gildi um nk. áramót og að næsta úthlutun byggist á þeim.

Helstu breytingar sem horft er til með nýjum reglum er að leggja niður lánveitingar til bifreiðakaupa á vegum Tryggingastofnunar en hækka í stað þess upphæðir bifreiðastyrkja og fjölga þeim nokkuð. Afgreiðslunefnd verður færð inn til Tryggingastofnunar ríkisins og skipuð af forstjóra í stað ráðherra. Aldur þeirra sem hafa rétt til að sækja um styrk verður væntanlega hækkaður úr 70 í 75 ár, eins og var hér áður fyrr, en aldraðir hafa einkum lagt á það áherslu að aldursmarkið verði aftur fært til fyrra horfs. Á Norðurlöndum gilda nokkuð mismunandi reglur í þessu tilliti, Norðmenn halda sig við 70 ár en Svíar fara ekki yfir eftirlaunamörkin sem eru 65 ár hjá þeim.

Bifreiðastyrkir verða veittir, eins og verið hefur, til fjögurra ára og skapast þá fyrst réttur til að sækja um á nýjan leik. Þetta er mun rýmri réttur en annars staðar á Norðurlöndunum en í stað þess má segja að einungis helmingur umsækjenda hefur fengið styrk í hvert sinn og einhverjir lenda því í þeirri stöðu að þurfa að bíða um sinn. Einnig er nauðsynlegt að hafa þessa stuttu fresti þegar fólki er gefinn kostur á að kaupa eldri bifreiðar sem ganga fljótar úr sér.

Hugtakið „umferðarhömlun" hefur komið til álita sem betra hugtak en hugtakið „hreyfihömlun" þegar ígrundað er hverjir koma til greina sem réttbærir aðilar. Ýmsir sjúkdómar eins og hjartveiki, lungnaþemba o.fl. geta orsakað að einstaklingur er ekki frekar ferðafær en sá sem hefur misst fótlegg en þarf engu að síður að komast ferða sinna. Það sama má segja t.d. um blinda einstaklinga. Þessi tilfelli þarf að skilgreina mjög nákvæmlega til að ekki leiki vafi á því hverjir koma til greina til veitingar á bifreiðastyrk. Niðurstaðan verður sennilega sú að læknadeild Tryggingastofnunar verður falið að leggja fram skýr skilaboð hvað þetta snertir.

Þar sem allflestir umsækjendur eru hreyfihamlaðir og þegar á skrá hjá Tryggingastofnun sem slíkir verður gert ráð fyrir því að þessir aðilar þurfi ekki lengur að gera grein fyrir hreyfihömlun sinni með því að láta vottorð fylgja umsókn. Það má því sleppa öllum vottorðum nema í þeim tilfellum að umsækjandi hafi ástæðu til að ætla að hreyfihömlun hans sé ekki kunn hjá læknadeild eða þá svo lítt kunn að nýtt vottorð geti leitt til hærri styrks. Svo er sennilega í fæstum tilfellum en möguleiki þó.

Meðferð bifreiðastyrkja og rekstrarstyrkja, þ.e. hinn svokallaði bensínstyrkur, verður nú á einni hendi í Tryggingastofnun og meðferð öll gerð einfaldari. Gert verður ráð fyrir því að aðgengi að styrkjum verði gert mun frjálslegra og hægt verði að sækja um bifreiðastyrki allt árið í stað einu sinni á ári nú, og að veiting styrkjanna fari fram t.d. fjórum sinnum á ári.

Herra forseti. Tillögur að nýrri reglugerð um bifreiðastyrki munu verða tilbúnar til setningar seinna á árinu. Vera má að nauðsynlegt reynist að breyta lagatexta í því sambandi en það mun þá gerast í upphafi næsta þings. Það er von mín að nýtt fyrirkomulag bifreiðastyrkja verði hreyfihömluðum heilladrjúgt til framtíðar.

Ég vona að þetta hafi svarað sem mestu af fyrirspurnum hv. þingmanns.

[18:08]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og fagna þeim. Ég heyri á máli hans að þarna er verið að vinna að því að bæta ástandið til muna. Meðal annars er reyndar verið að tala um að leggja niður lánveitingar til bílakaupa en í tímans rás hafa þær orðið óhagstæðari fötluðum. Bílalánin voru mun hagstæðari fyrir nokkrum árum.

Ég fagna því að skilgreina eigi að nýju hreyfihömlunarákvæðið í þessum reglum því að fólk sem er blint eða með lungnaþembu, hjartveikt eða slíkt og á erfitt með að hreyfa sig hefur fallið undir hreyfihömlunarhugtakið, og ekki alveg með réttu.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra aðeins ítarlegar út í þessar reglur sem á að fara að setja. Í núverandi reglum er

tenging við tekjur maka, og ég spyr: Verða þær tengingar aflagðar? Sömuleiðis er eignatenging í gildandi reglum og ég spyr einnig hæstv. ráðherra hvort þær verði teknar út. Fólk fékk ekki styrkinn ef það átti peninga eða verðbréf yfir fjórar millj.

Ég vil sérstaklega lýsa yfir ánægju minni með að það eigi að hækka aldursmörkin því að 70 ára reglan var náttúrlega óviðunandi, og að fara upp í 75 ár aftur finnst mér vera mjög til bóta. Ég get ekki séð annað, herra forseti, en að þarna sé verið að laga heilmikið til. Ég trúi því og treysti að sú regla sem hefur haft það í för með sér að fólk hefur þurft að hætta á vinnumarkaði og íhugi jafnvel hjónaskilnað vegna hennar verði sem sagt aflögð og að hér taki við mun réttlátari reglur. Miðað við það sem hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni hef ég fyllstu ástæðu til bjartsýni.

[18:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrirspyrjandi gerði hér að umræðuefni tekjutengingar. Ég vil víkja aðeins að því máli í þessu andsvari mínu. Það hefur verið til umræðu í þessari endurskoðun hvort rétt sé að beita tekjumörkum vegna eigin tekna og vegna tekna maka þegar of margir umsækjendur eru um of fáa styrki, eins og jafnan er.

Reglur tryggingaráðs hafa gert ráð fyrir því að afgreiðslunefnd bifreiðastyrkja geti beitt sér fyrir því að skilja á milli. Reglur annarra Norðurlanda gera ráð fyrir að eigin tekjur og tekjur maka hafi áhrif á veitingu bifreiðastyrkja þannig að þeir fara stiglækkandi, t.d. í Svíþjóð, og detta alveg niður við 160 þús. s.kr. í árstekjur. Ekki verður gert ráð fyrir því í nýrri reglugerð heilbr.- og trmrn. að tekjur muni hafa áhrif á veitingu hærri styrkja þar sem um er að ræða að gefa verulega hreyfihömluðum einstaklingum tækifæri til að stunda atvinnu eða nám. Áhöld eru hins vegar um það enn þá hvort beita eigi þessu úrræði sem síðasta skilyrði af mörgum við veitingu lægri styrkja. Þetta erum við enn að skoða í ráðuneytinu og höfum ekki tekið ákvörðun um það. Einnig erum við að skoða eignamörkin enda eru þau meðal þeirra atriða sem við höfum verið að skoða í þeirri framhaldsvinnu sem er í ráðuneytinu eftir að nefndin sem ég gat um í upphafi hefur skilað áliti.

Úrelt skip í höfnum landsins.

Fsp. LB, 588. mál. — Þskj. 921.

[18:12]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að koma neinum á óvart í ljósi þeirrar þróunar sem hér hefur verið varðandi fiskveiðistjórnarkerfið að sífellt fleiri skip verða verkefnalaus. Það er stöðugt verið að færa aflaheimildir á færri hendur og af þeim sökum verða stöðugt fleiri skip verkefnalaus.

Samkvæmt könnun sem nefnd eða ráð á vegum Hafnasambands sveitarfélaga gerði dagana 4.–7. des. árið 2000 virðist mér sem þá hafi u.þ.b. 160 verkefnalaus skip legið í höfnum landsins, og eru þá ekki talin með flök við strendur. Á þeim tímapunkti var um að ræða 160 skip og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að þeim hefur fjölgað.

Hér er því að minni hyggju um verulegt vandamál að ræða, og enn verulegra í uppsiglingu, því að þessi skip taka mikið pláss. Menn hafa reiknað að þau verkefnalausu skip sem hér hafa verið nefnd taki u.þ.b. 5 km af viðlegukanti, og það segir sig sjálft að þær miklu fjárfestingar sem liggja í höfnum eru dýrar ef þær nýtast ekki til annars en að verkefnalaus skip liggi þar.

Það er alveg augljóst að ef ráðast á í förgun á þessum skipum er um gríðarlegan kostnað að ræða. Hér er því að minni hyggju verulegt vandamál í uppsiglingu, og kannski löngu orðið að vandamáli. Kannski má taka sem dæmi að menn hafa reynt að reikna út að þessi 160 skip séu u.þ.b. 37 þús. tonn að brúttórúmlestum. Því hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að beina fsp. til hæstv. umhvrh. um úrelt skip í höfnum landsins, sem hljómar svo:

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við sífellt vaxandi fjölda skipa sem úreldast í höfnum landsins og nauðsynlegt er að farga?

Þó að það komi ekki beint fram í þeirri fsp. sem hér er vænti ég þess að hæstv. ráðherra hafi skilið spurninguna þannig að hér sé verið að kalla eftir þeirri stefnu sem menn hyggjast framfylgja í þessu máli. Það er alveg augljóst að í þetta verkefni verður ekkert ráðist í einu vetfangi, það er allt of stórt til þess, þannig að ég leyfi mér að beina þessari fsp. til hæstv. umhvrh.

[18:15]

Umhverfisráðherra (Sif Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt: „Hvernig hyggst ráðherra bregðast við sífellt vaxandi fjölda skipa sem úreldast í höfnum landsins og nauðsynlegt er að farga?“

Því er til að svara að í mars 1999 skilaði starfshópur um úreldingu, niðurrif og förgun skipa áliti sínu. Starfshópurinn fjallaði um tæknilegar lausnir við förgun skipa, reyndi að meta ástandið og gerði grein fyrir því eins og það var í desember 1998. Þá lágu 87 skip og bátar í reiðileysi við strendur landsins. Víða er að finna í fjörum og höfnum landsins skip sem nauðsynlegt er að fjarlægja, eins og hér hefur komið fram. Í mörgum tilvikum er óvíst um eigendur og í öðrum líklega erfitt að treysta á að þeir séu færir um að leysa mál sín þó að ábyrgðin sé augljóslega þeirra.

Málefni þetta heyrir undir fjögur ráðuneyti, umhvrn., samgrn., sjútvrn. og dómsmrn. Starfshópurinn taldi þörf á því að breyta löggjöf og skapa hagrænan hvata með myndun sjóðs til að fjármagna fyrirliggjandi verkefni.

Nefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, í desember 1998, var falið að fara yfir tillögur áðurnefnds starfshóps. Gerði hún þá tillögu að tekið yrði á óreiðuskipum í höfnum í tengslum við afgreiðslu frv. til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda en það er til umfjöllunar hér á Alþingi. Gerði nefndin tillögu um að ráðherra skyldi í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, Siglingamálastofnun Íslands, hafnarstjóra og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gera áætlun um hreinsun stranda og hafnasvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu, meta kostnað sem af því leiðir og skuli sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2004.

Í framangreindu frv. er lagt til að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot eða hafi skip legið óhreyft í fjöru í tvö ár beri eiganda þess að fjarlægja það. Telji eigandi slíkt ill- eða ógerlegt er lagt til að honum verði heimilt að leggja fram beiðni til Hollustuverndar ríkisins um að skipið verði óhreyft þar sem það er og að með slíkri beiðni fylgi áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið. Við ákvörðun á slíku yrði Hollustuvernd ríkisins fyrst og fremst að taka tillit

til umhverfissjónarmiða, þ.e. hvort betra sé að skipið sé þar sem það hefur strandað í fjöru og hvort það hefur truflandi áhrif á siglingar.

Þetta ákvæði setur ákveðna festu í málið til framtíðar samþykki Alþingi frv. Ég teldi því eðlilegt í framhaldi af samþykkt frv. að gerð yrði áætlun um að taka á fortíðarvanda þessa máls. Rétt væri að fela Hollustuvernd ríkisins eða nýrri Umhverfisstofnun í samráði við hlutaðeigandi stjórnsýslustofnun, sveitarfélög og hagsmunasamtök að gera tillögu að lausn og áætlun um kostnað við hana. Stærsta vandamálið er kostnaðurinn við förgun úreltra skipa en eins og áður hefur komið fram er oft enginn eigandi fyrir hendi eða erfitt að finna hann til að láta hann bera þann kostnað.

Að undanförnu hefur verið talsverð umræða um þessi mál á alþjóðavettvangi, þ.e. um skylduna til að fjarlægja skipsflök sem liggja í fjörum þannig að hér er ekki um að ræða séríslenskt vandamál og nú er unnið að gerð alþjóðasamnings innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar að lútandi.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er, því miður, að það svar sem ég fékk var kannski ekki í samræmi við þá spurningu sem hér var borin fram. Einnig vil ég segja að það kemur mér dálítið á óvart, af því að ég hef ekki verið neitt á bólakafi í umhverfismálum, að það skuli vera ég sem upplýsi hæstv. ráðherra um það að í desember árið 2000 hafi 160 skip verið verkefnalaus í höfnum. Það kemur mér dálítið á óvart að í raun og veru er ekki að finna neina stefnu, a.m.k. ekki í orðum hæstv. ráðherra, um að ætlunin sé að reyna að bregðast við þessu ört vaxandi vandamáli. Það eina sem kom fram í svari hæstv. ráðherra var að skipaður hefði verið starfshópur árið 1999 sem hefði haft það hlutverk að leggja fram frv. að því er varðar skip sem hefðu strandað við strendur landsins.

Ég spurði einnig um hið ört vaxandi vandamál sem felst í verkefnalausum skipum í höfnum, vandamál sem við þurfum að takast á við. Ég var kannski fyrst og fremst að kalla eftir því hvaða hugmyndir og hvaða stefnu hæstv. umhvrh. hefði í þessum efnum. Það er alveg augljóst að það vandamál sem er í uppsiglingu er mikið og það er vaxandi. Þess vegna hefði verið gott, og ég hefði talið það í sjálfu sér ofur eðlilegt, að einhver sjónarmið lægju fyrir, einhverjar hugmyndir um það hvernig ætti að bregðast við vandamálinu. Ábyrgðin er vissulega eigendanna en ég veit að sum fyrirtækin hafa orðið gjaldþrota, og sitt lítið af hverju skýrir veru skipanna. Ég hefði viljað heyra frá hæstv. umhvrh. hvaða hugmyndir hún hefur til að takast á við þetta vandamál. Það finnst mér vera lykilatriðið en ekki sagnfræðileg upprifjun á því sem gert hefur verið.

[18:21]

Umhverfisráðherra (Sif Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég skil spurninguna og það kemur alveg fram að ... (**LB:** Fjöldi skipa í höfnum, 160 árið 2000.) Hv. þm. er að spyrja um skip sem úreldast í höfnum og nauðsynlegt er að farga. Eins og ég sagði einmitt í svari mínu tel ég rétt að Hollustuvernd ríkisins eða ný Umhverfisstofnun, sem við stefnum á að setja á laggirnar, í samráði við nokkra hagsmunaaðila sem hér voru taldir upp líka ætti að gera tillögu að lausn og áætlun um kostnað. Stærsta vandamálið við úreldingu þessara skipa er kostnaður, sérstaklega þegar menn finna ekki eigendur að skipunum.

Auðvitað er meginreglan sú að menn eiga að bera ábyrgð á eigum sínum, menn eiga að koma skipum sínum í úreldingu, menn eiga ekki að skilja skip sín eftir í einhverri höfn og labba í burtu. Þeir sem eiga skipin eiga sjálfir að standa undir kostnaði við að úrelda þau. Það eru fyrirtæki sem taka við slíkum skipum. En vandamálið er gagnvart þeim skipum sem eigandi finnst ekki að (Gripið fram í.) og þess vegna kem ég inn á það í svari mínu að ég tel að þeir sem hér voru taldir upp áðan ættu að gera tillögu að lausn og áætlun um kostnað, og þessi kostnaður verður trúlega mjög mikill.

Ég vil fyrst sjá tillögur að lausn áður en ég get eitthvað frekar kveðið upp úr með hvaða leið verður farin. (**Gripið fram í:** Það er ekkert annað.)

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.

Fsp. KolH, 643. mál. — Þskj. 1040.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á umhverfisþingi sem haldið var í janúar 2001 lagði hæstv. umhvrh. fram drög að stefnumörkun um sjálfbæra þróun á nýrri öld, stefnumörkun sem ná átti til 20 ára, skiptist í eina 14 kafla og var fylgt úr hlaði með ávarpi hæstv. ráðherra. Stefnumörkunin var rædd á þinginu og boðið var upp á að fólk fengi að taka þátt í gerð hennar þannig að hún var ekki kynnt sem eitthvert endanlegt plagg eða einhver vinna sem lokið væri heldur þvert á móti vinna sem ætti að fara fram með aðkomu almennings og félagasamtaka. Ég hef spurnir af því að einhver hópur fólks hafi farið af stað og tekið áskorun hæstv. ráðherra, lagt upp í þá leið að grandskoða drög þau sem hæstv. umhvrh. lagði fram, gert við þau ýmsar tillögur, sent inn til ráðuneytisins og eiginlega má segja að sagan endi hér því að í öllu falli veit ég ekki hvað gerst hefur síðan félagasamtök og almenningur sendu til umhvrn. hugmyndir sínar og tillögur til að gera þessa stefnumörkun fullburða.

Það sem ég veit er að Vinstri hreyfingin – grænt framboð tók þátt í þessari vinnu, tók henni fagnandi, sendi inn öfluga umsögn og yfirgripsmiklar tillögur um viðbætur og nýja kafla í stefnumörkunina og eitt og annað. Við skrifuðum með þessum tillögum okkar bréf til ráðuneytisins þann 6. júní 2001 þar sem við gerðum grein fyrir sjónarmiðum okkar, bæði jákvæðum því að mjög margt í þessari stefnumörkun horfir til betri vegar, en svo vildum við líka gagnrýna nokkur atriði. Við töldum einsýnt að það yrði affarasælast að stofna einhvers konar starfshóp sem gæti lagt umhvrn. lið í þessari vinnu því að við töldum að slíkur starfshópur gæti verið mjög gjöfull í áframhaldandi vinnu við stefnumörkunina. Við höfum ekki verið kölluð til í slíkan starfshóp en það kann vel að vera að hann sé að störfum engu að síður. Ég spyr í framhaldi af þessu hæstv. ráðherra:

Hvað líður mörkun stefnu um sjálfbæra þróun á nýrri öld sem kynnt var á umhverfisþingi í janúar 2001 og hvernig er háttað þátttöku almennings og félagasamtaka við stefnumörkunina?

Í hve miklum mæli er tekið mið af áætlun um sjálfbær Norðurlönd við stefnumörkunina sem er mjög yfirgripsmikil skýrsla sem Norðurlöndin gáfu út á síðasta ári og Ísland á aðild að?

[18:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi þessa fyrirspurn er því til að svara að stefnumörkunin er langt komin. Stefnt er að því að hún verði tilbúin og gefin út fyrir leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg í haust um sjálfbæra þróun.

Á umhverfisþingi var óskað eftir athugasemdum við fyrstu drög að stefnumörkuninni og bárust 20 slíkar athugasemdir. Haustið 2001 tók til starfa samráðsnefnd ráðuneyta um sjálfbæra þróun sem hafði það hlutverk að ljúka gerð stefnumörkunar stjórnvalda um sjálfbæra þróun auk þess að hafa umsjón með framkvæmd norrænnar áætlunar um sjálfbæra þróun og ræða önnur málefni sem tengjast stefnumótun í henni.

Nefndin er undir forustu umhvrn. en auk þess eiga sæti í henni fulltrúar forsrn., fjmrn., iðnrn., landbrn., samgrn. og sjútvrn. Samráðsnefndin hefur unnið að gerð stefnumörkunarinnar síðustu mánuði og hefur þar byggt á fyrstu drögum, athugasemdum sem bárust við þau og samráði við sérfræðinga.

Í byrjun mars voru send út önnur drög að stefnumörkuninni til þeirra sem sendu inn athugasemdir á sínum tíma auk frjálsra félagasamtaka sem aðild eiga að formlegu samráði við umhvrn. Samráðsfundur með þessum aðilum var haldinn 12. apríl sl. þar sem þeim gafst færi á að koma með athugasemdir og ábendingar varðandi stefnumörkunina. Þessi drög hafa einnig verið send hagsmunaaðilum til umsagnar. Auk þess er ráðgert að halda sérstakan samráðsfund með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Staðardagskrár 21 en hann hefur ekki verið tímasettur.

Varðandi seinni spurninguna um í hve miklum mæli mið er tekið af áætlun um sjálfbær Norðurlönd við stefnumörkunina er því til að svara að samráðsnefndin sem vinnur að stefnumörkun stjórnvalda hefur einnig á sinni könnu umsjón með framkvæmd norrænnar áætlunar um sjálfbæra þróun. Með því er reynt að tryggja að samræmi sé á milli stefnumörkunar á þessu sviði en einnig við breytingar í framtíðinni. Bæði norræna áætlunin og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda eru hugsuð sem leiðarvísir til langs tíma sem verður uppfærður og endurbættur í ljósi reynslunnar og breyttra aðstæðna og áherslu stjórnvalda á hverjum tíma.

Tekið hefur verið tillit til áætlunar um sjálfbær Norðurlönd við gerð stefnumörkunarinnar en þó er nokkur munur á áherslum og uppbyggingu þessara áætlana. Þannig eru áherslur norrænu áætlunarinnar að stórum hluta á sviði sameiginlegra verkefna Norðurlandanna, m.a. á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, auk þess sem lagðar eru línur um það hvernig Norðurlöndin geta beitt sér sameiginlega í fjölþjóðlegu samstarfi. Þannig er einungis hluti framkvæmdarinnar á vegum stjórnvalda heima fyrir í einstökum ríkjum. Stefnumörkun íslenskra stjórnvalda fjallar einnig aðallega um sérískenskar áherslur svo sem varnir gegn mengun hafsins, vernd víðerna, sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og endurheimt landgæða.

[18:29]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég er nokkuð hissa á að heyra hæstv. umhvrh. lýsa því hér yfir að í byrjun mars hafi verið send út endurnýjuð drög til þeirra sem lýstu áhuga á því að taka þátt í þessari vinnu og að 12. apríl hafi það fólk verið kallað saman til skrafs og ráðagerða. Ég veit ekki betur en að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi lýst sig reiðubúna til að taka þátt í þessari vinnu en mér hefur ekki borist fregn af því að til okkar hafi verið leitað með það að mæta á fund 12. apríl eða yfir höfuð að taka frekari þátt í þessari vinnu. Mér þætti því vænt um að fá að sjá listann yfir það fólk eða þau samtök sem hafa fengið drögin. Það kann vel að vera að bréfið hafi borist þótt það hafi ekki borist til mín og gleymst hafi að láta mig vita af því. En mér þætti allténd vænt um að fá þennan lista.

Varðandi hins vegar samanburðinn við áætlun um sjálfbær Norðurlönd er auðvitað alveg ljóst að þó að litið sé að miklu leyti til sameiginlegra verkefna Norðurlandanna er alveg eðlilegt að Íslendingar geri þá kröfu til sinna stjórnvalda að þau taki mið af þótt ekki væri nema bara kaflaskiptingu sem væri sambærileg við áætlunina sem Norðurlöndin gera. Og þar vil ég t.d. vísa til þess að í drögunum sem dreift var á umhverfisþinginu í janúar fyrir tæplega einu og hálfu ári er t.d. enginn kafli um samgöngur sem ég tel að væri alveg lífsnauðsynlegt — og þá gengur hæstv. samgrh. í salinn — ég held að það væri alveg lífsnauðsynlegt að hafa kafla um samgöngur í stefnumörkun af þessu tagi.

Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að ákveðnir þættir í þessum drögum hafi verið túlkaðir mjög þröngt og ég ítreka að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafði mjög margt við þetta að athuga þannig að ég tel það alveg einsýnt að þeir sem hafa lagt þessu verkefni eitthvert lið og sagst vilja vinna að því áfram eiga að sjálfsögðu að fá aðkomu að því. En hæstv. ráðherra hefur náttúrlega ekki svarað neinu um það hvenær við fáum að sjá nýja stefnumörkun því að það er orðið mjög brýnt að við fáum hana hingað.

[18:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er ekki alveg rétt að ég hafi ekki sagt hvenær við fáum að sjá nýja stefnumörkun. Í svari mínu kom fram að við erum að vinna að því að klára hana fyrir Jóhannesarborgarfundinn í haust, í lok ágúst, þannig að við kappkostum að reyna að klára þessa áætlun fyrir þann tíma. Ég get hins vegar ekki upplýst á þessari stundu nákvæmlega hvaða dag við gerum það, það er ekki endanlega fyrirséð.

Varðandi þá sem sendu inn athugasemdir — samkvæmt mínum upplýsingum úr ráðuneytinu voru sem sagt send út drög nr. 2 fyrir stuttu, í byrjun mars, til þeirra sem sendu inn athugasemdir þannig að þá hefði Vinstri hreyfingin – grænt framboð átt að hafa fengið þann pakka. Ég þarf að láta athuga hvort eitthvað hefur þar misfarist. Þetta var sent til þeirra sem sendu inn athugasemdir á sínum tíma sem er auðvitað eðlilegt, það er fólkið sem hefur áhuga á að taka þátt í þessu starfi, og til frjálsra félagasamtaka.

Samráðsfundur var svo haldinn með þessum aðilum. Hér er reyndar ekki tilgreint hverjir „þessir aðilar" eru, hvort það eru e.t.v. bara frjálsu félagasamtökin, en ég skil það svo miðað við upplýsingarnar sem ég hef úr ráðuneytinu að það séu þeir sem hafi sent inn athugasemdir. Ég tel eðlilegt í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að ég fari yfir það í ráðuneytinu hvort einhverjir sem sendu inn athugasemdir hafi ekki verið á þessum lista. Ég tek undir það að auðvitað eiga þeir sem sýna þessu áhuga og hafa burði í sér til að koma með ábendingar að fá að taka þátt í þessari stefnumótun þó að menn séu svo ekki endilega sammála að lokum um hvað fer inn og hvað ekki.

Réttindi Norðurlandabúa.

Fsp. RG, 644. mál. — Þskj. 1041.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ráðherranefnd Norðurlandaráðs fékk Ole Norrback sendiherra og fyrrverandi ráðherra til að vinna skýrslu um réttindi Norðurlandabúa. Þegar áfangaskýrsla var kynnt í vetur vakti hún mikla athygli þar sem í ljós kom að réttindi Norðurlandabúa sem við töldum að væru mjög lík í löndunum eða tryggð réttindi voru afar misjöfn eftir búsetu.

Í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs hér í Reykjavík um helgina voru lokaniðurstöður kynntar ásamt hugmyndum um aðgerðir til úrbóta. Ég vil taka það sérstaklega fram að fram undan er meðferð skýrslu og tillagna af hálfu ráðherraráðs og Norðurlandaráðs en ég taldi fulla ástæðu til að inna hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandaráðs eftir því hvaða þætti í skýrslu við hér á Íslandi þyrftum að taka til endurskoðunar og hvernig unnið verði úr niðurstöðum skýrslunnar.

Mikill munur er á skattlagningu í löndunum, á velferðarkerfinu, einkum varðandi ellilífeyri og stefnu í fjölskyldu- og menntamálum, en jafnframt er talað um framkvæmd hjá fyrirtækjum svo sem eins og háan símakostnað á sumum svæðum og flókna bankaþjónustu. Á mörgum þeim sviðum sem ég hef nefnt má rekja mismun til ólíkrar pólitískrar stefnu í löndunum. Í öðrum tilfellum hefur norrænum samningum og ákvörðunum ekki verið fylgt eftir í aðildarlöndunum og á sjálfsstjórnarsvæðunum. Þá gerist það að yfirlýst réttindi sem fólk telur sig hafa við búsetuflutning milli landa reynist ekki til staðar. Fróðlegar upplýsingar þar að lútandi hafa komið frá gagnabankanum „Halló Norðurlönd" en þar hafa yfir 800 fyrirspurnir verið bornar upp.

Nokkur dæmi úr skýrslunni langar mig að nefna. Nemendur missa rétt til námslána til framhaldsnáms þegar um er að ræða búsetu á skólaárinu í öðru landi. Hvorki land ríkisfangsins né búsetulandið veitir námslánarétt. Náms- og starfsréttindi frá einu landi eru ekki virt í öðru. Ellilífeyrir, greiddur einstaklingi búsettum í öðru landi, er skattaður í báðum löndunum, atvinnuleysisbætur fást ekki greiddar við flutning frá einu landi til annars. Íslendingur, einstætt foreldri með tvö börn, flutti til Noregs í níu mánuði og fékk engar barnabætur af því að viðkomandi taldist brottflutt frá Íslandi en krafist var eins árs dvalar í dvalarlandinu. Fólk þarf að bíða margar vikur í sumum löndum eftir að stofna bankareikning eða greiðslukort eða annað sem kallar á kennitölu.

Í skýrslunni segir að allt of lítil athygli hafi beinst að vandamálum sem tengjast norrænum samningum, aðallega vegna þess að miðstöðvar stjórnsýslu Norðurlandanna hafa ekki séð vandamál í tengslum við þá, eða þekkingu á þeim skortir. Áherslan á Evrópusambandið er sögð annar áhrifaþáttur.

Það sem ég hef áhuga á að heyra frá hæstv. samstarfsráðherra er hvað hún hefur skoðað í sambandi við skýrsluna og hvernig hún snýr að okkur hér uppi á Íslandi.

[18:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi þá fyrirspurn sem hér um ræðir frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur er því til að svara að lokaskýrsla Oles Norrbacks um réttindi Norðurlandabúa var afhent norrænu samstarfsráðherrunum í fyrradag, 15. apríl, hér í Reykjavík í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs. Svein Ludvigsen, formaður samstarfsráðherranna, og sú er hér stendur tóku við skýrslunni fyrir hönd ráðherranefndarinnar.

Fundur í hópi samstarfsráðherranna er hins vegar ekki á dagskrá fyrr en í sumar. Undirbúningur fyrir næstu skref er þó hafinn með það að markmiði að fyrir þann fund verði lögð drög að ráðherranefndartillögu um viðbrögð ráðherranefndarinnar við skýrslunni. Gangi undirbúningurinn samkvæmt áætlun verður tillagan lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í haust.

Hvað varðar þá þætti skýrslunnar sem snúa að umbótum í löndunum sýnist mér líklegast að um framkvæmd þeirra verði samráð og að löndin verði samferða eftir því sem tök eru á. Ég geri fastlega ráð fyrir að ráðherranefndartillagan taki einnig til a.m.k. hluta þeirra viðbragða sem lagt er til að löndin grípi til einhliða. Skýrslan inniheldur fjölmargar góðar og gagnlegar tillögur sem nauðsynlegt er að skoða grannt með tilliti til viðbragða. Sumar tillagnanna eru auðframkvæmanlegar og mér finnst eðlilegt að þeim verði hrint í framkvæmd innan þess tímaramma sem lagt er til.

Styrking á starfsemi þjónustusímans „Halló Norðurlönd" er lykilatriði hvað viðbrögðin varðar en Norræna félagið á Íslandi sinnir þeirri starfsemi fyrir hönd ráðherranefndarinnar. Sú starfsemi verður endurmetin á næsta ári og ég bind vonir við að það endurmat verði grundvöllur þess að starfsemi þjónustusímans verði styrkt og aukin.

Það er augljóst að kynning þarf að fara fram innan stjórnsýslunnar á þeim réttindum sem norrænum borgurum hefur verið veitt með samningum milli norrænna ríkja. Sú kynning þarf að vera víðtæk því að ekki nægir að þekking á þessum réttindum sé fyrir hendi í ráðuneytum eingöngu. Hún þarf einnig að vera fyrir hendi hjá starfsmönnum þeirra stofnana sem fara með viðkomandi mál og almenningur leitar til.

Eins er augljóst að upplýsingar fyrir almenning um réttindin þurfa að komast á netið og vera þannig aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Aðrar tillögur eru þess eðlis að það er of snemmt að segja til um hvort og hvenær unnt verður að fylgja þeim eftir með aðgerðum.

Þetta mál verður á dagskrá samstarfsráðherranna næstu mánuði og ég mun því síðar á árinu geta lagt fram betri upplýsingar um fyrirhuguð viðbrögð. Að lokum, virðulegur forseti, þakka ég fyrirspyrjanda fyrir að sýna þessu mikilvæga máli áhuga.

[18:40]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra ágæt svör. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er ekki hægt að gefa afdráttarlausari svör á þessu stigi. Mér finnst hins vegar mjög mikilvægt að frá fyrstu stund fylgjum við skýrslunni eftir og áttum okkur á hvað þarf að gera.

Við verðum líka að muna að þrátt fyrir að hægt sé að gera samræmdar aðgerðir varðandi ýmislegt sem er fremur einfalt er samt mikill munur á félagslegum réttindum í löndunum. Hér á Íslandi eru t.d. minni réttindi í ýmsum málum er snúa að börnum, barnabætur eru lægri, orlofsdagar vegna veikinda barna fáir, hvers konar umönnunarstuðningur minni, og þetta breytist ekki með útfærslu á samningum Norðurlandaráðs nema ríkisstjórnir breyti um stefnu í þessum málum. Sama má segja um ýmis félagsleg réttindi sem eru mikilvæg fjölskylduúrræði, þar er fremur um pólitíska stefnu og

aðgerðir á pólitískum grunni að ræða en samræmd norræn réttindi.

Svo er það hitt sem skýrslan bendir í mörgum tilfellum á sem hægt er að laga, almenn réttindi sem eiga að ganga í gildi í næsta landi þegar maður flytur, alveg eins og við búum við sömu réttindi þegar við flytjum á milli staða innan lands. Fyrir utan þau dæmi sem ég tilgreindi þegar í fyrri ræðu minni vega t.d. þungt náms- og starfsréttindi sem fólk hefur gengið út frá að gildi í næsta landi en reynast ekki gera það vegna þess að komulandið gerir kröfur um að ýmislegt sé alveg eins og hjá þeim heima fyrir.

En ég geri mér grein fyrir því að við verðum að hafa framhald á þessari umræðu í haust. Ég þakka ráðherranum aftur svörin og hvet til þess að við Íslendingar látum ekki okkar eftir liggja í að reyna að gera það sem hægt er, að þetta góða samstarf sem hefur haft svo góðan orðstír verði virkt.

[18:42]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég er sammála því að við eigum að leggja okkar af mörkum til að viðhalda því góða samstarfi og þeim góðu samningum sem hafa ríkt milli landanna. En það er greinilega víða pottur brotinn eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skýrði áðan og tók upp úr skýrslunni ýmis dæmi. Ég veit þess dæmi að okkar fólk sem fer til Noregs hefur búið sér til einhvers konar einkaupplýsingabanka á netinu og fengið sendar inn ábendingar um hvernig fólk geti náð sér í réttindi sín — þannig hefur fólk safnað slíku saman sjálft. Það sýnir manni auðvitað að það þarf að koma betri upplýsingum á framfæri, miðlægt, þannig að fólk þurfi ekki að standa í slíku eftir að hafa rekið sig á alls konar veggi.

Það er því mjög brýnt að við tökum á þessu máli. Það er of lítil þekking fyrir hendi í stjórnsýslunni. Úr því þarf að bæta og þjónustusíminn „Halló Norðurlönd" er einn af lyklunum til að gera það.

Mig langar líka að koma inn á það hér að það sem kom mér svolítið á óvart í þessari skýrslu var að Evrópusamningarnir eru farnir að yfirtaka svo mikið þessa norrænu samninga. Sums staðar eru komnar nýjar reglur sem gilda á öllu ESB-svæðinu og taka gildi hér líka með EES-tilskipunum þannig að við erum auðvitað komin í alveg nýtt umhverfi eftir að þetta Evrópusamstarf varð svona virkt, og mikið og mikilvægt.

Kísilvegur.

Fsp. KLM, 591. mál. — Þskj. 924.

[18:44]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fyrir allnokkru lagði ég fram fsp. til hæstv. samgrh. um Kísilveg. Það er í framhaldi af því að nokkrum sinnum hefur það komið fyrir að vetrarviðhaldi hefur ekki verið sinnt nema fimm daga vikunnar, þ.e. vegurinn hefur ekki verið mokaður nema svo. Síðan hefur töluverður tími liðið og ýmislegt gerst í vegáætlun og öðru slíku.

En ég ætla fyrst að rifja aðeins upp. Kísilvegur, sem er vegur nr. 87, er stofnbraut og liggur frá Mývatnssveit niður á norðausturveg hjá Laxamýri. Vegurinn er alls í kringum 46 km langur. Mývatnssveit og Reykjahverfi má hiklaust skilgreina sem mikið vaxtarsvæði ef vel er á málum haldið og þar með er vegurinn um Hólasand orðinn ein aðalsamgönguæð fyrirtækja í héraðinu, sama hvort um er að ræða ferðaþjónustu eða iðnaðarframleiðslu. Sem dæmi um hve mikið fer um þennan veg má geta þess að heildarframleiðsla Kísiliðjunnar er um 30 þús. tonn og það þýðir að um Kísilveg eru keyrðar 27–30 ferðir á viku, þ.e. 5,4 ferðir á dag, með þessa iðnframleiðslu.

Ef við setjum þetta í annað samhengi má segja að um 1.600 40 feta gámar, bara framleiðsla Kísiliðjunnar, hafi farið um þennan veg á síðasta ári. Ef við skýrum enn betur hve mikill flutningur fer um þennan veg er talið að búið sé að flytja um 767 þús. tonn af kísilgúr um hann til Húsavíkur til útflutnings frá 1998 þegar þetta hófst. Þetta, herra forseti, sýnir hvað þetta er mikilvæg samgöngubót og mikilvægur vegur en sá galli er á gjöf Njarðar að hann er ákaflega slæmur. Það eru ekki nema um 26 km af þessum vegi með slitlagi.

Eins og allir vita er kísilgúrinn notaður í hreinlætisiðnaði, m.a. til sínar í blóðbönkum og í tannkrem svo dæmi séu tekin. Þess vegna er það ótti þeirra sem við þetta starfa að vegurinn geti haft slæm áhrif á kaup á kísilgúr, jafnvel í framtíðinni.

Þess vegna hef leyft mér að leggja fram eftirfarandi fsp. til hæstv. samgrh.:

1. Hver eru áform Vegagerðarinnar um framkvæmdir á Kísilvegi (87) á næstu árum, og hvenær er áætlað að ljúka fullnaðaruppbyggingu þessa vegar með bundnu slitlagi?

2. Eru uppi áform um að auka vetrarþjónustu á þessum vegi, t.d. með snjómokstri alla daga vikunnar?

[18:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller hefur lagt fram fyrirspurn sem hann hefur gert grein fyrir, sem er í fyrsta lagi: „Hver eru áform Vegagerðarinnar um framkvæmdir á Kísilvegi á næstu árum, og hvenær er áætlað að ljúka fullnaðaruppbyggingu þessa vegar með bundnu slitlagi?"

Svar mitt er þetta: Kísilvegur er stofnbraut og liggur úr Mývatnssveit niður á Norðausturveg hjá Laxamýri. Hann er 46 km á lengd og 26,6 km eru lagðir bundnu slitlagi, eins og fram kom hjá hv. þm., en um 19,5 km eru enn malarvegur. Sá kafli sem enn er malarvegur er frá slitlagsenda upp í Mývatnssveit og að slitlagsenda fyrir neðan Geitafell eða um Hólasand allan. Í Reykjahverfi er allur vegurinn með bundnu slitlagi. Áætlað er að kostnaður við að ljúka endurbyggingu vegarins sé um 300–400 millj. kr., nokkuð háð því hve miklar breytingar á veglínu verður talið nauðsynlegt að gera.

Í vegáætlun fyrir árin 2000–2004, sem nú er í endurskoðun, er 56 millj. kr. fjárveiting árið 2002 til framkvæmda á Kísilvegi. Kísilvegur var ekki meðal þeirra vega sem skilgreindir voru sem stórverkefni við gerð langtímaáætlunar í vegagerð til 2010 sem samþykkt var á Alþingi 1998. Í samræmi við það hafa fjárveitingar til hans komið af almennum verkefnum í kjördæminu. Vegurinn er hins vegar talinn til grunnnets í tillögu stýrihóps að samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Í samræmi við frv. til laga um samgönguáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi á að leggja fram tillögu að samgönguáætlun 2003–2014 á næsta þingi svo og tillögu að fjögurra ára áætlun hennar. Við þá áætlanagerð hlýtur Kísilvegur að koma til skoðunar eins og aðrir vegir í grunnnetinu og þá kemur til kasta hv. þingmanna hvað það varðar.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Eru uppi áform um að auka vetrarþjónustu á þessum vegi, t.d. með snjómokstri alla daga vikunnar?“

Svar mitt er þetta: Samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar frá desember 2001 er Kísilvegur mokaður fimm daga í viku, þ.e. alla daga nema þriðjudaga og laugardaga og hefur svo verið sl. þrjú ár. Möguleiki er á tilfærslu á dögum í samráði við heimamenn. Snjómokstursreglur eru endurskoðaðaðar á nokkurra ára fresti. Ekki liggur fyrir á þessu stigi ákvörðun um endurskoðun reglnanna og þá heldur ekki áform um aukna þjónustu á einstökum leiðum.

Snjómoksturstíðni á Kísilvegi er hin sama og er á leiðinni frá Húsavík um Melrakkasléttu og allt til Bakkafjarðar. Á hringvegi um Mývatnsheiði og áfram frá Mývatni austur á Egilsstaði var við síðustu endurskoðun snjómokstursreglna, þ.e. á síðasta ári, bætt við einum degi þannig að mokað er sex daga í viku þá leið, sem er breyting frá því sem áður var. Sama gildir um veginn frá hringvegi til Vopnafjarðar og raunar einnig milli Vopnafjarðar og Bakkafjarðar, en þar var komið til móts við sérstakar óskir heimamanna vegna samnýtingar grunnskólanna. Með síðustu breytingum á snjómokstursreglum var þjónusta aukin, vetrarþjónusta á umræddu svæði sem var talið afar mikilvægt og ég vænti þess að heimamenn hafi verið sáttir við.

[18:51]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir það svar sem hann veitti við þeirri fyrirspurn sem ég lagði fram um Kísilveg. Það er sannarlega rétt, eins og hér hefur komið fram, að áætlað er að það kosti 300–400 milljónir að klára þann veg.

Nú er það svo, herra forseti, að einmitt á þessum tímapunkti eru þingmannahópar, fulltrúar kjördæmanna, að ræða um endurskoðun á vegáætlun, sem er dálítið sérstök vegna þess að hún er eingöngu gerð fyrir árið 2002, eins og fram hefur komið, vegna þess að við erum að samræma þennan tíma og munum ræða þetta frekar í haust.

Boðað hefur verið að skera þurfi niður fjárframlög til vegamála á þessu ári upp á næstum því 2.000 milljónir og þingmenn hinna einstöku kjördæma eru nú að ræða þessi mál á þessum tímapunkti.

Ég ítreka og vil segja það hér að þessi vegur er ákaflega mikilvægur og ég óttast það að sú krafa gæti komið upp frá erlendum kaupendum á kísilgúr að það efni sem verið er að selja og flytja þarna, verði flutt eftir betri vegi en þarna er, með öðrum orðum, að menn muni ekkert sætta sig við að slíkir flutningar muni eiga sér stað á moldardrulluvegi eins og í raun og veru þarna er, ég tala nú ekki um þegar hann er hvað verstur.

Þess vegna ítreka ég það og segi: Það er ákaflega mikilvægt, eins og náttúrlega með marga aðra vegi, að þarna sé tekið á. En ég vil líka ítreka það sem ég sagði áðan um mikilvægi þessa svæðis sem iðnaðar- og ferðamannasvæðis.

Rétt í lokin, það er náttúrlega ekki hægt að una við það að svo mikilvægur vegur sem miklir flutningar fara um sé eingöngu mokaður fimm daga vikunnar. Og það er ekki eingöngu moksturinn heldur er vetrarviðhald. Við vitum að vetrarviðhald, hálkuvörn og annað hefur verið lítið og þarna hafa orðið slys og ég tala nú ekki um stór og mikil tjón á bílum sem keyrt hafa um þennan veg.

[18:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. þá vil ég vekja athygli á því sem hægt er að sjá í skýrslu Vegagerðarinnar að vetrarþjónusta hefur vaxið hröðum skrefum og kostnaður við hana er töluverður. Það er því nauðsynlegt að minnast þess hver sú þróun hefur verið þegar verið er að gagnrýna Vegagerðina fyrir vetrarþjónustuna.

Að hinu leytinu vil ég segja að engar upplýsingar hafa komið til mín um kröfur þeirra sem reka kísilgúrverksmiðjuna um að uppi sé einhver hætta vegna notkunar þessa vegar fyrir þá framleiðslu sem flutt er um veginn til útflutnings, þannig að það kemur mér á óvart ef svo er. En auðvitað þurfum við að hraða uppbyggingu vegakerfisins og það eru margir vegarspottarnir á norðausturhorninu sem ég veit að þingmenn hafa mikinn áhuga á að byrja á framkvæmdum við. Og þá er að velja og hafna og forgangsraða. Að því koma að sjálfsögðu þingmenn hvers kjördæmis þegar það er unnið.

En mér er alveg ljóst að Kísilvegurinn svokallaði er meðal þeirra vega sem þarf að flýta framkvæmdum við en allt verður að hafa sinn tíma.

Bakkaflugvöllur.

Fsp. LB, 592. mál. — Þskj. 925.

[18:55]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Eitt af einkennum samgöngumála á Íslandi er að samgöngur eru ríkisstyrktar. Breytir þar litlu hvort um flugferðir er að ræða innan lands eða ábyrgðir sem þarf að gangast í vegna trygginga, hvort um er að ræða rútuferðir, þ.e. styrkveitingar í formi sérleyfa eða hvort um er að ræða bein framlög eins og á milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur. Þetta á einnig við um siglingar sem eru styrktar hér innan lands og leigubifreiðar hafa sérleyfi o.s.frv. Þannig að einkenni á samgöngum á Íslandi er að þær eru ríkisstyrktar. Og í sjálfu sér þarf það ekkert að koma á óvart, a.m.k. hvað marga þá þætti varðar því að við búum, eins og við vitum öll, í strjálbýlu landi og það er ólíklegt að hægt væri að halda uppi þeim samgöngum eins og nú eru nema þær væru ríkisstyrktar á einn eða annan hátt.

Í Vestmannaeyjum hafa um nokkuð langt skeið verið miklar umræður um samgöngumál og spurninguna um hvernig þær megi bæta. Kaupstaður eins og Vestmannaeyjar sem er umlukinn sjó á allar hliðar er því mjög bundinn af því að samgöngur séu góðar. Undanfarin ár hefur verið byggð upp góð aðstaða á Bakka, búið er að malbika þar flugbraut og smám saman er verið að byggja þar upp aðstöðu sem skiptir Vestmannaeyinga mjög miklu máli. Hins vegar kemur það í veg fyrir að sá flugvöllur verði nýttur eins og hann ella gæti verið að engar beinar almenningssamgöngur eru milli Bakkaflugvallar og næstu þéttbýlisstaða eða höfuðborgarsvæðis.

Nú hef ég ekki nákvæma tölu um þá sem fara um Bakkaflugvöll en ef ég man rétt og hæstv. ráðherra gæti þá leiðrétt mig, þá fara um 20 þúsund manns eða svo um Bakkaflugvöll á hverju ári, jafnvel 30 þúsund, ég man þá tölu reyndar ekki nákvæmlega, en það er a.m.k. verulegur fjöldi. Sá fjöldi væri

án efa meiri ef um almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll og næstu þéttbýlisstaði væri að ræða eða höfuðborgarsvæðið.

Því er hér fyrirspurn sem ég beini til hæstv. samgrh., en hún hljóðar svo:

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll verði styrktar sérstaklega?

Í ljósi þeirra orða sem ég hef látið frá mér fara er alveg ljóst að spurningin lýtur einvörðungu að því hvort pólitískur vilji sé til þess að styrkja almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll eður ei og lýtur spurning mín einungis að því.

[18:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr: „Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll verði styrktar sérstaklega?"

Svar mitt er eftirfarandi: Vegagerðin vinnur nú að gerð skipulags varðandi almenningssamgöngur á landi í samræmi við lög nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, og einnig með hliðsjón af væntanlegri samræmdri samgönguáætlun.

Í skýrslu stýrihóps um samgönguáætlun, sem liggur fyrir, er m.a. gert ráð fyrir að almenningssamgöngum verði haldið uppi til allra þéttbýlisstaða með fleiri en 200 íbúa og að samfélagið tryggi sem flestum íbúum landsins för til og frá höfuðborgarsvæðinu með einhverjum hætti á innan við þremur og hálfri klukkustund. Nánari stefnumótun um þetta efni verður lögð fyrir Alþingi næsta haust.

Á síðasta ári var önnur flugbraut Bakkaflugvallar endurnýjuð og lögð bundnu slitlagi fyrir hátt í 50 millj. kr. og á þeim flugvelli er vakt allan daginn en flugvöllur þessi er einstakur fyrir margra hluta sakir og þjónar megnið af árinu eingöngu Vestmannaeyjum. Á flugvelli þessum lenda aðallega mjög smáar flugvélar sem varla fylgja neinni áætlun og því er erfitt um vik að halda uppi áætlunarferðum á landi í tengslum við þær ferðir. Flugsamgöngur eru sem stendur mjög góðar milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Ferjusiglingar eru styrktar milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og sérleyfi styrkt með Austurleið milli Þorlákshafnar og Reykjavíkur.

Í dag er verulegum fjármunum varið af hálfu ríkisins til þess að styrkja samgöngur milli lands og Eyja. Segja má að rekstur Herjólfs með afborgunum og vöxtum af lánum kosti ríkissjóð milli 300 og 350 millj. kr. á ári. Því má fullyrða að tæplega helmingur alls þess fjár sem ætlað er til að styrkja við almenningssamgöngur af fjárlögum til samgrn. renni til verkefna tengdum Vestmannaeyjum. Þeir fjármunir sem ætlaðir eru til þess að styrkja almenningssamgöngur á landi eru takmarkaðir og verður því að gæta þess að fullnægja nefndum grunnmarkmiðum áður en lengra er gengið. Er því ekki gert ráð fyrir því að almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll verði styrktar að svo komnu máli.

Rétt er að geta þess í því sambandi að ég hef tekið ákvörðun um að skipa sérstakan starfshóp og hef óskað eftir tilnefningum í hann en sá starfshópur á að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja með þarfir atvinnulífsins, íbúa og ferðaþjónustunnar í huga. Ég hef fengið tilnefningar í þennan starfshóp og vil geta þess sérstaklega við þessa umræðu um fyrirspurnina. Frá Siglingastofnun kemur Gísli Viggósson, frá Vegagerðinni Kristín H. Sigurbjörnsdóttir. Flugmálastjórn skipar einnig í þennan starfshóp og þar er Haukur Hauksson. Samtök atvinnulífsins voru beðin að um að tilnefna fulltrúa og hafa tilnefnt Arnar Sigurmundsson. Vestmannaeyjabær hefur tilnefnt Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóra, Þróunarfélag Vestmannaeyja og Ferðamálasamtök Vestmannaeyja hafa tilnefnt Sigmar Georgsson. Formaður þessa hóps er Kristján Vigfússon, starfsmaður Siglingastofnunar.

Hlutverk þessa starfshóps er m.a. að gera úttekt á hinum ýmsu kostum sem mögulegir eru til flugs og siglinga milli lands og Eyja í samanburði við þá þjónustu sem boðið er upp á í dag og gera frumrekstraráætlanir fyrir nýja kosti sem vætnanlega verða taldir sem raunhæfir kostir til þess að þjóna Vestmannaeyjum sem eiga svo mjög undir því að samgöngur bæði á sjó og með flugi séu sem bestar. Ég tel einsýnt að hópurinn muni fara yfir og gera tillögur um úrbætur bæði hvað varðar flugið, flug frá Reykjavík til Vestmannaeyja, flug um Bakkaflugvöll til og frá Vestmannaeyjum og einnig að sjálfsögðu hvað varðar framtíðarþjónustu með siglingum. Ég vænti mikils af störfum þessa hóps og hann mun að sjálfsögðu m.a. fara yfir þá styrki sem veittir eru vegna samgangna við Vestmannaeyjar.

[19:04]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og ráðherra fyrir svarið.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að samgöngur skipta Vestmannaeyjar verulega miklu máli og það er mjög nauðsynlegt að kanna alla möguleika á að bæta samgöngur milli lands og Eyja, og þess vegna hef ég lagt fram þáltill. um að kanna sérstaklega möguleika á notkun svifnökkva til þess að auka og bæta samgöngur við Vestmannaeyjar.

Flugfélag Vestmannaeyja hefur starfað um langt árabil og virkar í raun og veru eins og leigubíll á milli lands og Eyja og veitir afar góða þjónustu og það er auðvitað sjálfsagt að kanna nýja möguleika eins og almenningssamgöngur og á sama hátt er alveg nauðsynlegt að ljúka malbikun á kaflanum frá Gunnarshólma að afleggjaranum við Búðarhól til þess að tengja Bakkaflugvöll enn þá betur við samgöngurnar á landi.

[19:05]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé mjög brýn umræða sem hér fer fram um samgöngur til Vestmannaeyja.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en ég koma þangað í þingmannaheimsókn sl. vor hvað samgönguþátturinn er gríðarlegt mál fyrir Vestmannaeyjar og hvað fólk tók það nærri sér þegar verið var að hóta því að hætta flugi til Vestmannaeyja einmitt á þeim tíma sem ég var þarna úti. Mér finnst satt að segja að það eigi alveg að vera til í dæminu, fyrst verið er að styrkja allt milli himins og jarðar, að styrkja sérstaklega samgöngur yfirleitt til Vestmannaeyja þannig að þær megi vera sem bestar.

Það er dálítið svifaseinn ferðamáti fyrir fólk að fara með ferjunni til Þorlákshafnar en hún er sjálfsagt ágæt til vöruflutninga. Ég vil vekja athygli á því að sá ferðamáti að fljúga frá Bakka er mjög sveigjanlegur og góður kostur og ég vil líka taka undir að athugað verði með svifnökkva.

[19:07]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þetta mál hér inn og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt fyrir allar eyjarnar okkar sem eru byggðar að við þær séu góðar samgöngur og

maður finnur það á ferðalögum að fyrir fólkið sem þar býr er það lykilatriði. Ég held að við séum öll innstillt á það að slíkar samgöngur á að niðurgreiða í verulegum mæli og eftir því sem mér skilst finnst almenningi í Vestmannaeyjum orðið dýrt t.d. að fara með Herjólfi og ég treysti því að á vegum samgrn. verði unnið að þessum málum í heildstæðri mynd fyrir eyjarnar þannig að vel fari alls staðar og það verði ekki þrándur í götu þess að fólk vilji búa þar framvegis. Það er okkur nauðsyn út frá samfélagslegum sjónarmiðum.

[19:07]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin verð ég að lýsa því yfir að það veldur mér miklum vonbrigðum að hæstv. ráðherra telur að ekki komi til álita að styrkja almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll.

Ég vil líka segja að ég held að það sé að mörgu leyti ágætur kostur að taka upp þá umræðu sem hæstv. ráðherra vísaði til í umræðunni og sagðist hann hafa skipað nefnd til þess að fjalla um það. Hann tilgreindi sérstaklega að fjalla ætti um raunhæfa kosti. Því miður hefur það kannski verið svo að í umræðunni hafi verið spilað ögn á kosti sem er mjög langsótt að telja mjög raunhæfa og ég held að það hafi ekki verið umræðunni til framdráttar.

En um leið og hæstv. ráðherra talar um raunhæfa kosti þá er hann að segja að það sé ekki raunhæfur kostur að styrkja almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll. Hæstv. ráðherra færði þau rök fyrir máli sínu að yfirleitt væri flogið þarna á litlum vélum og því erfitt að halda uppi áætlun. Flugleiðin þarna á milli tekur u.þ.b. fimm mínútur og ég er sannfærður um að það flugfélag sem stendur sig framúrskarandi vel í þessu flugi mundi samræma sín flug við slíka áætlun ef þarna væru til að mynda tvær til þrjár ferðir á dag á þennan flugvöll. Og það er dálítið sérstætt í ljósi þess hversu mikilvægar samgöngur við Eyjar og allar byggðar eyjar eru, eins og hér kom fram í umræðunni, að hæstv. ráðherra skuli ekki taka undir þau sjónarmið, sérstaklega í ljósi þess að í samgöngumálum á Íslandi er allt milli himins og jarðar, eins og hér kom fram, styrkt á einn eða annan hátt. Flugferðir eru styrktar, rútuferðir eru styrktar, leigubifreiðar eru styrktar, siglingar eru styrktar. Þess vegna veldur það mér miklum vonbrigðum, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra skuli ekki sjá sér fært að leggja því lið að styrkja almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll.

[19:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég vekja athygli á því sem hv. þm. sagði undir lokin að leigubílar væru styrktir. Ég kannast ekki við að beinir styrkir séu þar á ferðinni.

En ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið sem auðvitað vekur athygli á því stóra verkefni sem er skipulag almenningssamgangna og það styrkjakerfi sem þar er í gangi, og ég vakti meðal annars athygli á að 300–350 millj. eru veittar í beina styrki vegna samgangna við Vestmannaeyjar sem er afar mikilvægt að séu tryggar.

Það er ekki rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, Lúðvíki Bergvinssyni, að ég telji ekki raunhæfan kost að styrkja flug á Bakkaflugvöll eða tengingu samgöngunetsins þangað, það kom ekki fram hjá mér. Ég tel að þetta þurfi að skoðast allt saman í samhengi og aðalatriðið er að valdir séu kostir sem þjóna íbúunum. Það er dálítið flókið að hafa almenningssamgönguþjónustu á Bakkaflugvöll vegna þess að ekki er áætlunarflug þangað. Ef það væri áætlunarflug væri viðráðanlegra að eiga við það þannig að þetta þyrfti að skipuleggjast. En hvað um það, sá hópur sem ég sagði frá og á að skoða alla þætti samgöngumála fyrir Vestmannaeyjar mun að sjálfsögðu fara yfir þetta og ég vænti þess að sá hópur geri tillögur sem hægt verður að taka á.

Ég get ekki tekið undir það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði að siglingar væru svifaseinn kostur fyrir Vestmannaeyjar. Mér líður alltaf afskaplega vel að sigla með Herjólfi og tel að sú þjónusta sé komin í mjög gott lag núna, ekki síst eftir að ferðum með Herjólfi var fjölgað og þjónustan þar með aukin, þannig að við höfum skipulega verið að reyna að bæta þjónustuna með uppbyggingu á Bakkaflugvelli, með úrbótum á flugvellinum í Vestmannaeyjum og með meiri þjónustu Herjólfs. Það er eðlilegt.

Gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð.

Fsp. KolH, 712. mál. — Þskj. 1174.

[19:14]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hér hefur kannski einhver ruglingur orðið á röðinni, ég var undir það búin að leggja fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. þar sem sú fyrirspurn var á undan á dagskránni en ég er engu að síður tilbúin í fyrirspurn mína til hæstv. iðnrh., ef ég mætti fá blaðið með spurningunum, herra forseti.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Sjálfsagt mál.)

Þannig er mál með vexti, herra forseti, að ég hef átt hér orðastað oftar en einu sinni við hæstv. iðnrh. varðandi mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Sú umræða kom upp oftar en einu sinni í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og umræðuna um þá miklu framkvæmd. Einhvern tíma í því ferli miðju þegar mér hafði ekki tekist að fá svör frá hæstv. ráðherra við spurningum sem ég hafði lagt fyrir hana, þá lagði ég fram á sérstöku þingskjali eftirfarandi spurningar:

1. Hvernig verður farið með mat það sem umsjónarnefnd á vegum Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma skilaði iðnaðarráðuneyti í október 2001, um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð?

2. Er fyrirhuguð sérstök kynning á skýrslu nefndarinnar eða útgáfa hennar og tengdra gagna?

Rétt er að það komi fram hér, herra forseti, að ég hef nú aflað mér þessarar skýrslu sjálf sem er afar yfirgripsmikil og afar merkt plagg sem þegar í það var efnt var gert ráð fyrir að lægi frammi til skoðunar á sama tíma og mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar, sem var sumarið 2001. Það fór nú svo sannarlega ekki svo, því öllu umhverfismati var lokið áður en vinna við skýrsluna var sett í gang. Það fór heldur ekki svo að hægt væri að taka til umfjöllunar eða kynna þessa sérstöku skýrslu áður en Alþingi var búið að taka ákvörðun um að veita hæstv. ráðherra heimild til að láta virkja Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal. Það er því alveg eðlilegt að hæstv. ráðherra gefi okkur einhver svör um það hvort hún yfir höfuð ætlar að gera eitthvað við þá skýrslu, eða hvort við getum litið svo á að þetta sé vinna sem er á glæ kastað því það kemur auðvitað fram í skýrslunni þegar hún er skoðuð að talið er að verndargildi svæðisins komi til

með að minnka umtalsvert verði af áformum stjórnvalda um Kárahnjúkavirkjun.

Þess má líka geta að daginn sem samráðsfundur Landsvirkjunar var haldinn, þann 5. apríl sl., ræddi hæstv. ráðherra um gildi þess að verkefnisstjórn um rammaáætlunina hraðaði störfum sínum þannig að tilbúið yrði bráðabirgðamat fljótlega í þeim efnum. Varðandi allt þetta mat sem verkefnisstjórnin er að vinna er eðlilegt að við fáum að heyra betur af því, hvenær það klárist og hvað hæstv. ráðherra hyggst gera við það?

[19:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Svarið er eftirfarandi:

Í ágúst árið 2000 barst umhvrn. yfirlýsing frá níu náttúruverndar- og útivistarsamtökum þar sem þess var farið á leit að stjórnvöld beittu sér fyrir því að verndar- og útivistargildi svæðisins norðan Vatnajökuls yrði metið með faglegum hætti. Þar var bent á að mat á gildi þjóðgarðs norðan Vatnajökuls sem hluta af fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði þyrfti að fara fram, bæði fyrir atvinnulíf og náttúruvernd svæðisins. Umhvrn. ritaði iðnrn. bréf í september þar sem það álit ráðuneytisins kom fram að það teldi erindi þetta tengjast vinnu á vegum rammaáætlunar um virkjun vatnsafls og jarðvarma og óskaði eftir því að iðnrn. kannaði hvort og þá með hvaða hætti verkefnisstjórn rammaáætlunar gæti tekið á þeim þáttum sem nefndir voru í yfirlýsingunni.

Verkefnisstjórn taldi sig geta lagt til efni og upplýsingar vegna vinnu sinnar sem komið gætu að gagni við að leggja mat á gildi þessa lands. Var gerð sérstök verklýsing um verkefni sem staðfest var af iðnrh. í desember. Verkið fólst einkum í að meta útivistargildi og verndargildi svæðisins með hliðsjón af þróun ferðamennsku og ferðaþjónustu og hugmyndum um uppbyggingu á nauðsynlegri þjónustu.

Verkefnisstjórn fól sérstakri umsjónarnefnd að stýra verkinu undir formennsku forstjóra Náttúruverndar ríkisins sem lagði einnig til starfsmann. Vinna þessi dróst nokkuð á langinn af ýmsum ástæðum og umsjónarnefndin skilaði drögum og skýrslu til verkefnisstjórnar í september 2001 er bar heitið „Mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð". Lauk þá umsjónarnefndin störfum sínum fyrir verkefnisstjórn. Þá vann Þjóðhagsstofnun einnig sérstaka skýrslu fyrir verkefnisstjórn sem bar heitið „Efnahagslegt umfang þjóðgarðs norðan Vatnajökuls" þar sem fjallað var um hinn hagræna þátt þjóðgarðs, ferðamennsku á svæðinu með og án Kárahnjúkavirkjunar.

Upp úr þessum gögnum og að fengnu áliti nokkurra sérfræðinga vann síðan verkefnisstjórn sérstaka samantekt og skilaði áliti sínu til mín 9. október 2001, en umhvrn. fékk samrit af svari verkefnisstjórnar. Í kjölfarið var fulltrúa þeirra samtaka er óskuðu eftir þessari vinnu send niðurstaða verkefnisstjórnar.

Af ofansögðu má sjá að umsjónarnefndin, sem fyrirspurnin fjallar um, var aðeins vinnuhópur á vegum verkefnisstjórnar sem vann hluta þess verkefnis sem umhverfisverndarsamtök höfðu farið fram á að unnið yrði.

Hvað meðferð þessa máls varðar hefur verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða er fram hafa komið við þessa vinnu í störfum faghópa rammaáætlunar. Og af hálfu verkefnisstjórnar hefur verið litið á þessi gögn sem undirgögn sem mat og flokkun hennar styðst við.

Síðari fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Er fyrirhuguð sérstök kynning á skýrslu nefndarinnar eða útgáfa hennar og tengdra gagna?"

Svo er ekki frekar en gert hefur verið. Eins og ég hef þegar sagt fengu þeir sem óskuðu eftir þessari vinnu öll gögn í hendur fyrir um hálfu ári. Því var ekki talin ástæða af hálfu verkefnisstjórnar eða ráðuneytis til að gefa þessi gögn sérstaklega út. Hins vegar gæti komið til álita, þegar niðurstöður fyrsta hluta rammaáætlunarinnar liggja fyrir, að gefa út þessi gögn ásamt niðurstöðum og öðrum gögnum sem stuðst hefur verið við í starfi verkefnisstjórnar og faghópa. Sem stendur hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það.

[19:21]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Það voru ekki eingöngu þessi umhverfis- og náttúruverndarsamtök sem óskuðu eftir því formlega að ráðuneytið léti þessa vinnu fara fram. Það gerði Vinstri hreyfingin – grænt framboð einnig með formlegu bréfi og ályktun sem send var umhvrh. Það er rétt að það komi hér fram að mér vitanlega hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki fengið þessa skýrslu senda þó að flokkurinn hafi óskað þess að skýrsla af þessu tagi yrði lögð fram.

Hitt vil ég líka að komi hér fram, herra forseti, að ég er hér með þingskjal nr. 1414 frá síðasta löggjafarþingi, mál nr. 698, sem er svar hæstv. iðnrh. við fyrirspurn minni um viðbrögð við erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í þessu svari segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Umsjónarnefndin er að leggja lokahönd á fyrstu drög skýrslu sinnar um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Ætlunin er að kynna þau á fundi verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Það fer eftir viðbrögðum verkefnisstjórnar hvenær endanleg skýrsla verður tilbúin. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun verður skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar auglýst á *næstunni*." — *Þetta er undir vor 2001, herra forseti.* Svo segir undir lok þessa svars:

„Skýrslurnar ættu því að geta legið frammi á sama tíma."

Það er alveg ljóst, maður les það úr þessu svari að ráðherrann hefur á þessum tíma gert ráð fyrir að skýrslurnar, sem ég þurfti mikið að hafa fyrir að fá í iðnrn., lægju frammi á sama tíma og mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Það gerðist ekki. Það er auðvitað skammarlegt að ráðherrann hafi ekki lagt þær fram. Hún hefur legið á þessu í ráðuneyti sínu síðan 10. október, daginn sem hún talaði fyrir málinu um virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótdal, án þess að segja okkur að skýrslurnar væru þá komnar fram.

[19:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér virðist hv. þm. ætla að gera aukaatriði að aðalatriði í þessu máli. Aðalatriðið hlýtur að vera að þessi vinna hefur farið fram. Það liggur fyrir skýrsla. Ég kannast bara ekki við það að hv. þm. hafi þurft að hafa mikið fyrir því að fá hana. Hv. þm. hefur haft hana undir höndum í langan tíma og þegar hún lá fyrir var hún að sjálfsögðu send þeim samtökum sem um hana báðu (**KolH:** Ekki til Vinstri grænna.) og hafi einhver mistök orðið varðandi ákveðna stjórnmálaflokka biðst ég afsökunar á því. En hv. þm. hefur skýrsluna undir höndum. Hún er þingmaður viðkomandi stjórnmálaflokks og það kann að vera að svo hafi verið litið á að þar með væri viðkomandi stjórnmálaflokkur búinn að

fá skýrsluna. Í mínum huga er hv. þm. mjög tengd þessum stjórnmálaflokki og stór hluti af honum.

Ef vandamálið er eingöngu að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ekki fengið skýrsluna senda með formlegum hætti er mjög fljótlegt að ráða bót á því vandamáli.

Eins og ég sagði í svari mínu áðan gefur þarna að líta mikilvægt gagn í sambandi við lokavinnuna, þ.e. þegar 1. áfanga rammaáætlunar verður skilað. Það sem nú er í burðarliðnum er í sjálfu sér bara tilraun til að átta sig á hvernig þessi vinna skilar sér best til þjóðarinnar og þeirra sem koma til með að nýta hana. Þetta er ekki formleg afgreiðsla, sem nú fer fram. Hún verður ekki fyrr en í upphafi næsta árs. Mér finnst að þetta sé allt saman í bærilegu lagi og hv. þingmaður geti verið nokkuð sátt.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Fsp. MF, 646. mál. — Þskj. 1043.

[19:26]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Um nokkurra ára skeið hefur verið uppi ágreiningur milli stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og stjórnvalda. Að því er mér hefur skilist hefur fjmrn. ekki verið sammála stjórninni um fjárhagslegt sjálfstæði sjóðsins gagnvart ríkissjóði. Stjórn sjóðsins fór á síðasta ári fram á það við Sigurð Líndal, fyrrv. lagaprófessor, að hann ynni álitsgerð um réttarstöðu sjóðsins. Niðurstöður Sigurðar Líndals eru athyglisverðar en þar kemur fram að ýmsar athafnir og ákvarðanir stjórnvalda varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð hafi ekki haft lagastoð og í sumum tilvikum sé jafnvel um hreint lögbrot að ræða, sbr. þegar ákvörðun var tekin um flutning sjóðsins úr B-hluta fjárlaga í A-hluta án vitundar stjórnar eða án samráðs við stjórn. Einnig kemur fram að framsetning í fjárlögum fyrir árið 2002 sé ekki í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar og laga um tryggingagjald, sjóðurinn hafi sjálfstæðan tekjustofn og löggjöf hafi þróast í þá veru að sjóðurinn yrði óháður framlögum úr ríkissjóði. Þá telur Sigurður Líndal að Atvinnuleysistryggingasjóði verði helst jafnað til sjálfseignarstofnunar undir forræði Alþingis þar sem hvorki stjórnvöldum né stjórn sjóðsins sé heimilt að ráðstafa sjóðnum án takmarkana eins og væri ef hefðbundins skilnings eignarréttarlaga nyti við. Þar segir að óheimilt sé að taka hluta þess fjármagns, sem sjóðnum ber samkvæmt lögum, í ríkissjóð.

Hæstv. fjmrh. hefur verið ósammála þessum skilningi en sjóðurinn heyrir lögum samkvæmt undir hæstv. félmrh. og því er fyrirspurnum beint til hans. Hæstv. fjmrh. telur sjóðinn eign ríkisins. Stjórn sjóðsins hefur hins vegar komist að niðurstöðu sem er nær túlkun Sigurðar Líndals og um þetta hafa staðið deilur um nokkurn tíma. Í áliti Sigurðar Líndals segir m.a. að sjóðurinn sé ekki undirstofnun ráðuneyta, afskipti þeirra og ráðherra eigi fremur að vera bundin við samráð og eftirlit og ef ágreiningur rísi milli stjórnar sjóðsins og ráðherra sem ekki tekst að útkljá hljóti að koma í hlut Alþingis að taka á málinu.

Nú hefur um langan tíma verið um verulegan ágreining að ræða milli ríkisvaldsins annars vegar og stjórnar sjóðsins hins vegar. En sá ágreiningur hefur ekki verið ræddur hér á Alþingi. Sigurður Líndal skilaði álitsgerð sinni í desember 2001. Í umfjöllun í blaðinu „Af vettvangi vinnumála" sem Vinnumálastofnun gefur út segir í lokaorðum að í kjölfar álits Sigurðar Líndals sé stefnt að því að reyna að leysa úr ágreiningsefnunum með ásættanlegum hætti.

Ég beini því svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

„Hver eru viðbrögð ráðherra við þeirri niðurstöðu álitsgerðar Sigurðar Líndals um réttarstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs að ýmsar athafnir og ákvarðanir stjórnvalda varðandi sjóðinn hafi ekki lagastoð og séu jafnvel lögbrot?"

[19:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Álitsgerð Sigurðar Líndals prófessors um réttarstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs var afhent mér í lok janúar sl. Í kjölfarið hafa fulltrúar félmrn. haldið fundi með fulltrúum fjmrn. og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem farið hefur verið yfir málin. Á fundinum með fulltrúum sjóðstjórnar lýstu þeir áhyggjum af því að fé Atvinnuleysistryggingasjóðs væri ekki nægjanlega sérgreint í ríkissjóði.

Af því tilefni ritaði félmrn. bréf til fjmrn. þar sem óskað var eftir því að það staðfesti með skýrum hætti að sá hluti tryggingagjaldsins sem renna skal í Atvinnuleysistryggingasjóð og er innheimtur á grundvelli laga um tryggingagjald væri sérgreindur í ríkisreikningi og óheimilt að ráðstafa því fé til annarra en Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Svar hefur borist frá fjmrn. þar sem staðfest var að Ríkisbókhald hefur árlega reiknað út á grundvelli laga um tryggingagjald stöðu óhafins hluta atvinnutryggingagjalds sem markað er til hans. Jafnframt eru sjóðnum færðir til tekna vextir af útistandandi fjárhæð miðað við mánaðarlega stöðu. Vaxtareikningur miðast við vexti ríkisvíxla í útboðum að frádregnu álagi vegna kostnaðar sem nemur 0,25%. Þá er í ríkisreikningi með sérstöku yfirliti gerð grein fyrir stöðu óhafinna framlaga rétthafa markaðra tekna þar sem fyrirgreind krafa Atvinnuleysistryggingasjóðs á ríkissjóð kemur fram. Er sá hluti atvinnuleysistryggingagjaldsins sem ekki þarf að ráðstafa á hverjum tíma til verkefna sjóðsins því sérgreindur í ríkisreikningi sem krafa sjóðsins á ríkissjóð.

Í sambandi við stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs vil ég segja þetta: Meginreglan er sú að ráðherrar fari með yfirstjórn stjórnsýslunnar nema hún sé sérstaklega lögum undanskilin, sbr. 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar. Í framkvæmd hefur þó löggjafanum verið talið heimilt að ákveða með lögum að tiltekin starfsemi, t.d. stofnun eða stjórnsýslunefnd, skuli vera sjálfstæð og þar með undanskilin yfirstjórn ráðherra. Beiti löggjafinn þessari heimild sinni afléttir hann jafnframt ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra, svo og þinglegri ábyrgð gagnvart Alþingi.

Ekki var það vilji löggjafans við setningu laga um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997, með síðari breytingum, að Atvinnuleysistryggingasjóður stæði utan við stjórnsýsluna án ráðherraábyrgðar og væri sjálfstæður sjóður. Verður því að telja sjóðinn eign ríkisins og að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum hans enda ekki í lögum að finna takmörkun á henni.

Þessi skilningur var áréttaður með bréfi fjmrn. 23. janúar 2001. „Skorti Atvinnuleysistryggingasjóð fé ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum hans." Þessu til stuðnings er kveðið á um það í lögum að félmrh. og fjmrh. komi að ákvörðunum um fjárþörf og ráðstöfun fjár sjóðsins.

Því ber að taka fram að þótt tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs séu sérgreindar með lögum og þar með sé á forræði Alþingis að taka ákvörðun um tekjur hans verður ekki litið

svo á að hann sé þar með öllu óháður framlögum úr ríkissjóði. Í þessu sambandi má ekki gleyma því að fjármál ríkisins eru í megindráttum ákveðin af Alþingi samanber fjárlögin og það sama á við um alla skattheimtu, sbr. 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessu tilliti hefur Atvinnuleysistryggingasjóður enga sérstöðu en hann byggist á skattheimtu í skjóli valdheimilda ríkisins sem verður að kveða á um í lögum. Þegar um sérgreindan skatt er að ræða er ekki heimilt að nýta þá fjármuni til annars en lög ákveða. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að þeir séu áfram sérgreindir í vörslu ríkissjóðs þar til þeirra gerist þörf nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Hvað varðar stöðu sjóðsins samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins fólu lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, m.a. í sér umfangsmiklar breytingar á flokkun ríkisaðila í ríkisreikningi og á ýmsan hátt fyllri skilgreiningu á því hvað telst ríkisaðili og ríkisstarfsemi. Starfsemi ýmissa ríkisaðila var endurskilgreind og flokkun þeirra breytt þannig að utan A-hluta ríkissjóðs falla nú einungis þeir ríkisaðilar sem starfa á sviði viðskipta og byggja tekjur sínar á sölu vöru eða þjónustu á almennum markaði. Af þessum ástæðum var m.a. óhjákvæmilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður færðist við gildistöku laganna úr B-hluta ríkisreiknings yfir í A-hluta hans með vísan til þess að starfsemi hans fellur beint undir hina almennu skilgreiningu sem er að finna í 1. tölul. 3. gr. laganna.

[19:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég tel að hér hafi verið í stuttu máli reynt að fara yfir þau sjónarmið sem hafa gilt hjá ríkisvaldinu, þ.e. hjá ríkisstjórninni, inni í ráðuneytum varðandi framkvæmd laga um Atvinnuleysistryggingasjóð en ekki þau sjónarmið sem hafa komið upp hjá stjórn sjóðsins. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að eðlilegt væri að fjármunir sjóðsins væru í vörslu ríkissjóðs en niðurstaða prófessors Sigurðar Líndals er með öðrum hætti. Hann segir að fyrir það fyrsta sé stjórninni falið að taka ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins og hann telur það m.a. vera eina forsendu þeirrar niðurstöðu að hér sé um „sjálfstæða stofnun" að ræða sem heyri hugsanlega þá helst til Alþingis og að breyta þurfi lögum ef um er að ræða að það eigi að geyma fjármuni sjóðsins í vörslu eða þeir skuli vera í vörslu ríkissjóðs.

Það er reyndar niðurstaða Sigurðar Líndals einnig eins og segir hér, með leyfi forseta: „Niðurstaðan verður þá sú að við gerð fjárlaga og ríkisreiknings hafi verið teknar ákvarðanir sem standast ekki umfram það sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt vegna þess að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fari að fullu með forræði sjóðsins." Jafnframt segir í niðurstöðum prófessors Sigurðar Líndals: „Flutningur Atvinnuleysistryggingasjóðs úr B-hluta í A-hluta án vitundar stjórnar er ekki í samræmi við lög."

Heilmiklar ásakanir koma fram í þessari álitsgerð sem Sigurður Líndal hefur unnið og jafnframt var tekin ákvörðun um að reynt yrði að leita sátta milli stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og stjórnvalda. Og ég ítreka þá spurningu mína: Hefur það verið gert?

[19:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Sem svar við þeirri spurningu sem hv. þm. bar fram í lok ræðu sinnar vil ég segja að það hefur verið gert að því leyti til að við leituðum eftir því við ríkissjóð og fengum staðfestingu á að tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs væru sérgreindar, sérstaklega vaxtafærðar og ekki notaðar til annars en á að nota þær.

Benda má á að Atvinnuleysistryggingasjóði er tryggð hlutdeild í tryggingagjaldi til að standa undir kostnaði við starfsemi sína. Óumdeilt er að tryggingagjald er skattur. Fjárreiðulögin gilda jafnt að öðru leyti um fjárreiður sjóðsins eftir því sem við á, m.a. um fjárheimildir, framkvæmd fjárlaga og eftirlit. Einungis var um formbreytingu að ræða. Hún laut að flokkun sjóðsins innan ríkisreiknings. Hún hafði að öðru leyti engin áhrif á lögbundna réttarstöðu hans þegar hann var færður úr A-hluta í B-hluta. Verður ekki annað séð en að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs innan A-hluta ríkisreiknings sé í samræmi við gildandi lög enda þótt hann hafi verið skipaður í B-hluta ríkisreiknings samkvæmt eldri lögum.

Með bréfi dagsettu 25. mars sl. sendi Ríkisbókhald sjóðnum uppgjör vegna ársins 2001. Samkvæmt því var óhafin staða atvinnuleysistryggingagjalds 5.441 milljón í byrjun árs en 7.601 milljón í árslok 2001. Vaxtatekjur af inneign sjóðsins námu 623 millj. kr. í ríkiseign. Ég hef enga trú á því að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði ávaxtað hann betur.

Ég tel að núverandi fyrirkomulag sé eðlilegt og rétt og engin lögbrot þarna á ferðinni. Ef einhverjum þykir samt ekki nógu skýrt kveðið á um að svona eigi að fara með sjóðinn, þá er hægt að breyta þeim lögum.

Tilnefning á heimsminjaskrá UNESCO.

Fsp. KolH, 645. mál. — Þskj. 1042.

[19:40]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Árið 2002 er samkvæmt forskrift Sameinuðu þjóðanna helgað varðveislu menningarverðmæta, og er það vel. Í ljós hefur komið að hæstv. ríkisstjórn er að vinna að varðveislu menningarverðmæta Íslands samkvæmt forskrift Sameinuðu þjóðanna því að í desember sl. gaf menntmrn. út fréttatilkynningu sem byggði á minnisblaði frá páv. hæstv. menntmrh. Birni Bjarnasyni og hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur en þau höfðu lagt minnisblað fram á ríkisstjórnarfundi sem var samþykkt þar. Minnisblað þetta laut að hugmyndum um að Íslendingar tilnefndu staði inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Sannarlega tímabært að slíkt verði gert.

Herra forseti. Fyrir skemmstu kom upp í hendurnar á mér bók mikil og mjög merkileg sem heitir á skandinavísku „Vor nordiske verdens arv" eða Okkar norræni menningararfur, og ég verð að segja að mér þótti afar leiðinlegt að sjá að bókin sem fjallar um norræna staði á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna hafði eingöngu að geyma staði frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi. Ég held að löngu sé orðið tímabært að Íslendingar fylli þann flokk þjóða sem hafa tilnefnt staði inn á þessa mjög svo merku skrá. Ég held að það gæti orðið Íslandi verulega til framdráttar, t.d. á sviði ferðaþjónustu, því vitað er að staðir sem eru á þeirri skrá eru staða vinsælastir fyrir ferðamenn til að heimsækja.

Í tilefni allra þessara vangaveltna hef ég lagt eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. menntmrh.:

1. Hvað líður undirbúningi við tilnefningu Þingvalla og Skaftafells á heimsminjaskrá UNESCO sem ríkisstjórnin samþykkti að hefja 4. desember 2001?

2. Hefur komið til athugunar að vinna að fleiri tilnefningum af Íslands hálfu?

3. Hvernig er háttað samstarfi menntamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis varðandi þetta málefni?

4. Hvenær má vænta niðurstöðu í málinu?

[19:42]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir fsp. Svarið við fyrstu spurningunni hljóðar svo:

Samráðsnefnd um samning UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifð heimsins og þar með einnig um heimsminjaskrána hefur unnið að gerð kostnaðar- og verkáætlunar ásamt starfsmönnum Þjóðminjasafns og Náttúruverndar. Nefndin er skipuð Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði, sem er formaður, Árna Bragasyni, forstöðumanni Náttúruverndar ríkisins, Sigurði Þráinssyni, fulltrúa umhvrn., og Þorgeiri Ólafssyni, fulltrúa menntmrn.

Skipuð hefur verið verkefnisstjórn með fulltrúum frá Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafni Íslands, Þingvallanefnd, Örnefnastofnun Íslands, Landmælingum Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og þjóðgarðsverðinum í Skaftafelli. Verkefnisstjóri er Stefán Benediktsson, fyrrv. alþingismaður og starfsmaður Náttúruverndar. Stefnt er að því að kynna menntmrh. og umhvrh. kostnaðar- og verkáætlun fyrir lok aprílmánaðar.

Gera má ráð fyrir að kostnaður við umsóknirnar verði umtalsverður því þeim þurfa að fylgja nákvæmar náttúrulýsingar og gróðurkort, rökstuðningur fyrir vægi staðanna í menningarlegum eða náttúrufarslegum skilningi, greinargerð um réttarstöðu, ný landakort, loftljósmyndir, friðunar- og verndaráætlanir, fornleifaskrá og margt fleira.

Þær stofnanir sem að málinu koma munu leggja fram þau gögn sem fyrir liggja en ljóst er að mikið vantar af frumrannsóknum og gögnum til að uppfylla kröfur UNESCO. Kostnaður við gerð umsóknanna gæti legið á bilinu 10–20 millj. kr.

Þar sem ekki liggur fyrir með hvaða hætti verkefnið verður fjármagnað er ekki hægt á þessari stundu að segja hvort hægt verði að leggja fram umsóknirnar fyrir 1. febrúar á næsta ári en stefnt hefur verið að því.

Undirbúningur á yfirstandandi ári hefur verið fjármagnaður með framlögum menntmrn. og umhvrn., samtals 500 þús. kr.

Svar við annarri spurningu: „Hefur komið til athugunar að vinna að fleiri tilnefningum af Íslands hálfu?“ er svohljóðandi:

Ekki hafa komið fram neinar hugmyndir eða tillögur í þá veru enda varla tímabært fyrr en umsóknum vegna Þingvalla og Skaftafells hefur verið komið til UNESCO og fyrir liggur hvaða afgreiðslu umsóknirnar fá.

Þriðja spurningin er: „Hvernig er háttað samstarfi menntamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis varðandi þetta málefni?“ Svarið er svohljóðandi:

Samningur UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifð heimsins er á forræði menntmrn., og menntmrh. skipaði samstarfsnefndina um hana. Menntmrn. hefur haft fullt samráð við umhvrn. um undirbúning umsókna um íslenska staði á heimsminjaskrá.

Fjórða spurningin er: „Hvenær má vænta niðurstöðu í málinu?“

Svarið er: Ef umsókn berst til UNESCO fyrir 1. febrúar 2003 má búast við niðurstöðu síðla árs 2004. Margt bendir þó til þess að ekki verði hægt að ljúka gerð íslensku umsóknanna fyrir þann tíma og liggja þá niðurstöður væntanlega ekki fyrir fyrr en í árslok 2005.

[19:46]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. innilega greinargóð svör. Ég fagna því að málið skuli þó vera á þeim rekspöl sem raun ber vitni að kostnaðar- og verkáætlun skuli líta dagsins ljós að öllum líkindum fyrir lok apríl. Það kemur auðvitað dálítið á óvart að heyra hversu umfangsmikil umsókn af þessu tagi þarf að vera og hversu gífurlega kostnaðarsöm hún er. Sömuleiðis kemur það kannski á óvart að mikið af grunnrannsóknum vanti til að við getum veitt allar þær upplýsingar sem UNESCO gerir kröfu um. Það segir kannski svolítið um það á hvaða stigi við erum í rannsóknunum okkar. Við teljum auðvitað að við höfum staðið okkur sæmilega en það er greinilegt að betur má ef duga skal.

Ég held, herra forseti, að það sé afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld haldi áfram vel á spöðunum í þessu máli þó að kostnaður við umsókn af þessu tagi geti hlaupið á einum eða tveimur tugum millj. Ýmislegt er kannski í sölurnar leggjandi fyrir þann ávinning sem mögulega væri af því að komast í heimsminjaskrána.

Það vekur kannski athygli í svari hæstv. ráðherra að enn hafi eingöngu verið settar 500 þús. kr. í undirbúninginn. Það má kannski spyrja hvort það nægi á þessu stigi. Það kann vel að vera, ég þekki ekki þannig til þessarar vinnu. En mér þykir eðlilegt að ég ljúki hér máli mínu með einlægri hvatningu til hæstv. menntmrh. að halda þessu máli vakandi og gera það sem í hans valdi stendur til að íslenskir staðir geti komist inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna sem allra fyrst.

[19:49]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að umsóknin er yfirgripsmikil og sérstaklega þá heimildasöfnunin og rannsóknirnar sem fylgja. Verkefni af þessu tagi eru eðli síns vegna flókin og það þarf að mynda mikla síu því skráin er verðmæt, einmitt vegna þess að hún er sjaldgæf, og það kostar að koma slíkum stöðum inn á skrána vegna þess að hún er ætluð fágætum menningar- og náttúrufyrirbærum.

Í sambandi við Þingvelli er röksemdafærslan öðrum þræði byggð á sérstöðu náttúrunnar og umhverfisins en að mestu leyti er þetta þó tengt sögu og menningu, þróun lýðræðisins og íslenskri og evrópskri menningarsögu. Þar liggja rökin fyrir, þ.e. upplýsingarnar um mikilvægi staðarins. Þá umsókn ætti að vera hægt að vinna án mikils tilkostnaðar. Hins vegar eru náttúrlega margvíslegar aðrar heimildir og rannsóknargögn sem þarf að vinna og því held ég að ekki sé ofáætlað að reikna með þessum kostnaði sem er vissulega mjög mikill.

[19:50]

Útbýting þingskjala:

Fé til rannsókna á nýjum orkugjöfum, 722. mál, fsp. KPál, þskj. 1235.

Rannsóknir á nýtingu fiskúrgangs, 721. mál, fsp. KPál, þskj. 1234.

Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, 615. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1233.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 616. mál, brtt. minni hluta félmn., þskj. 1231.

Um fundarstjórn.

Nefndafundir á þingfundartíma.

[19:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta hefur verið langur fyrirspurnadagur með nokkrum utandagskrárumræðum og sérstökum umræðum hér í dag. Nú ber svo við að vikið hefur verið frá dagskránni að nokkru leyti og fsp. verið teknar fram fyrir sem hefur vakið undrun þeirrar sem hér stendur og er búin að vera að bíða eftir að mál komist á dagskrá. Þá kemur í ljós að m.a. er verið að hagræða málum þannig að þingmenn sem eiga að mæta á nefndafundi klukkan átta geti fengið að ljúka sínum fsp. svo þeir komist á nefndafund. Þá spyr ég: Er þetta ný stefna á Alþingi að hér eigi að standa þingfundur en jafnframt eigi að hefja nefndafundi úti á nefndasviði? Það er alveg nýtt og ég vil bara heyra hvaða rök eru fyrir því að grípa til þeirra ráða.

[19:52]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að það er mikið annríki í þinginu og ástæður fyrir því að ýmsum liðum hefur verið vikið út af dagskrá eru margar, m.a. þær að hæstv. ráðherrar hafa verið upptekni við störf sín annars staðar eins og gengur og gerist. Þess vegna hefur nú, eins og oft áður, verið gripið til þess ráðs að hagræða dagskrá, bæði þingmönnum í vil sem ekki hafa verið í þingsalnum þegar að þeim hefur komið og eins hafa ráðherrar verið fjarstaddir. Nú hyggst forseti kappkosta að halda áfram dagskránni þannig að henni megi ljúka sem allra fyrst.

[19:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ekki er það svo að sú er hér stendur hafi ekki verið í salnum þegar fsp. sem að henni snúa áttu að koma á dagskrá. Næsta fsp. mín er númer 13 en mér sýnist að við séum búin að afgreiða allflestar fsp. niður að númer 21. Það er samt ekki málið heldur er spurningin sú hvort búið sé að breyta um þá stefnu í þinginu að nefndafundir og þingfundir séu ekki á sama tíma. Og ég þekki allt um það að annríki hafi verið í þinginu á lokadögum þess og ég veit líka hver skapar það annríki. En þetta hefur verið grundvallaratriði. Ýmist eru nefndafundir eða þingfundir. Mér er auðvitað kappsmál sjálfri að ljúka þeim fsp. sem ég á óræddar við hæstv. menntmrh.

Þetta er grundvallaratriði sem ég spyr um. Ef þessi stefnubreyting hefur orðið vil ég heyra hvers vegna og við hverja hefur verið rætt um það að hafa þingfund og nefndafundi á sama tíma.

[19:54]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil taka það fram sérstaklega í þessu sambandi án þess að líta á það sem gagnrýni á störf forseta að mér var tjáð að fsp. til menntmrh. mundi koma á dagskrá um klukkan sjö. Ég lét þá flýta þeim viðburði sem ég var að sinna svo að ég gæti komið hingað á réttum tíma og ég hygg að ég hafi gert það. Þá var ekki komið að þeirri fsp. þannig að það er ekki að minni beiðni sem gerð hefur verið breyting á þessu máli.

[19:55]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að samkvæmt starfsskrá Alþingis er þetta í raun og veru síðasti möguleiki til að fá svarað fyrirspurnum þingmanna. Enn þá er nokkrum fsp. ósvarað og þess vegna kappkostar forseti að halda dagskrá þannig að svara megi þeim fsp. sem hv. þm. hafa lagt fyrir viðkomandi ráðherra.

[19:55]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þá spurningu og í rauninni þá gagnrýni sem fólst í spurningu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Hér lítur út fyrir að halda eigi þingfundi áfram þótt nefndafundir séu að hefjast. Ég get upplýst það hér að sjálf á ég að mæta á nefndafundi, einn klukkan átta og annan klukkan níu.

Þetta er ekki samkvæmt þeirri starfsáætlun sem okkur þingmönnum var afhent þegar við komum til þings í haust. Svo er ekki heldur um þann fund sem nú stendur því hann hófst klukkan hálfellefu í morgun. Málið er nefnilega það, herra forseti, að það er ekki lengur farið eftir starfsáætlun Alþingis. Jafnvel þó að ekki sé verið að fara eftir starfsáætlun Alþingis tek ég undir að það er í hæsta máta óeðlilegt að menn ætli hér einnig að fara að brjóta þá venju sem verið hefur, að menn séu ekki með þingfund og nefndafundi á sama tíma. Þingmenn hafa gjarnan viljað fylgjast með þeim fsp. sem hér eru í gangi, koma inn í þær og taka þátt í umræðunni eftir atvikum. Það er beinlínis verið að brjóta á möguleikum og rétti þingmanna með því að vera með þetta hvort tveggja í gangi á sama tíma.

Eins og ég sagði verð ég sjálf bundin við nefndastörf frá klukkan átta og annar fundur sem ég þarf að vera á hefst klukkan níu. Svo er um fleiri hér. Það eru þrjár nefndir sem eiga t.d. að funda samtímis klukkan átta. Ég fer því fram á það við herra forseta að sami háttur verði hafður á og endranær, og þessum þingfundi slitið. Það hlýtur að vera einfalt að finna tíma fyrir þær fsp. sem út af standa áður en þingfundum verður frestað fyrir vorið. Það getur varla verið meira mál að finna fsp. þingmanna stað heldur en öllum þeim stóru málum sem mér sýnist að ríkisstjórnin leggi ofurkapp á að verði afgreidd.

[19:58]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að hann freistaði þess að ljúka fsp. Hér er alls ekki um stefnubreytingu að ræða en við hefðum gjarnan viljað láta svara metnaðarfullum fsp. hv. þingmanna. Það er greinilegt að okkur tekst það ekki og því verður forseti við þeirri ósk hv. þingmanna að slíta fundi núna.

[19:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Nú er það alveg ljóst að hæstv. forseti breytir hér rétt. Hann frestar auðvitað fundi vegna þess að hér eru þingmenn að fara á boðaða nefndafundi. Ég vil samt að það komi fram að þær fsp. sem við eigum eftir og erum búin að búa okkur undir verða að komast á dagskrá áður en þessu þingi verður slitið 24. apríl. Ég geri þá kröfu, herra forseti, að það verði rætt í forsn. að fsp. sem út af standa fái sitt eðlilega pláss í dagskrá þingfundanna á næstu dögum.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að þessum skilaboðum verður komið á framfæri í forsn.)

Út af dagskrá voru tekin 13.–18. mál.

Fundi slitið kl. 20:00.

---

122. FUNDUR

fimmtudaginn 18. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1153, nál. 1230. — 2. umr.
2. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, stjtill., 675. mál, þskj. 1091, nál. 1203. — Síðari umr.
3. Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, stjtill., 682. mál, þskj. 1098, nál. 1204. — Síðari umr.
4. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, stjtill., 683. mál, þskj. 1099, nál. 1205. — Síðari umr.
5. Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, stjtill., 615. mál, þskj. 963, nál. 1202 og 1233. — Síðari umr.
6. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.
7. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.
8. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.
9. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 1180, brtt. 1199. — 3. umr.
10. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 510, nál. 1166, brtt. 1167, 1176 og 1194. — 2. umr.
11. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.
12. Einkahlutafélög, stjfrv., 546. mál, þskj. 854, nál. 1172. — 2. umr.
13. Hlutafélög, stjfrv., 547. mál, þskj. 855, nál. 1171. — 2. umr.
14. Tryggingagjald o.fl., stjfrv., 582. mál, þskj. 911, nál. 1211, brtt. 1212. — 2. umr.
15. Samkeppnislög, stjfrv., 596. mál, þskj. 938, nál. 1213. — 2. umr.
16. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784, nál. 994, brtt. 995. — 2. umr.
17. Stjórnsýslulög, stjfrv., 598. mál, þskj. 942, nál. 1217. — 2. umr.
18. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1052, nál. 1216. — 2. umr.
19. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1094, nál. 1218. — 2. umr.
20. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687, nál. 996. — 2. umr.
21. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945, nál. 1229. — Síðari umr.
22. Útflutningur hrossa, stjfrv., 357. mál, þskj. 497, nál. 1195, brtt. 1196. — 2. umr.
23. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 587. mál, þskj. 917, nál. 1208. — 2. umr.
24. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990, nál. 1201. — 2. umr.
25. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197. — 2. umr.
26. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.
27. Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 641. mál, þskj. 1036, nál. 1222. — 2. umr.
28. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085, nál. 1214. — 2. umr.
29. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
30. Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, þáltill., 677. mál, þskj. 1093. — Fyrri umr.
31. Strandsiglingar, þáltill., 466. mál, þskj. 747. — Fyrri umr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingsályktun um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila.

[10:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í framhaldi af orðaskiptum sem ég átti í gær við hæstv. forsrh. Davíð Oddsson þar sem ég spurði um afdrif þáltill. sem var samþykkt á Alþingi í maímánuði árið 2000. Tildrögin voru þau að áður hafði ég ásamt öðrum þingmönnum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði borið fram þáltill. um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila. Í tillögunni fólst að skipuð yrði nefnd sem athugaði hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila en þar til hún hefði skilað áliti yrði öllum áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd slegið á frest. Í greinargerð er vísað í nauðsyn þess að afla gagna um reynslu þeirra þjóða sem hafa farið út á þessa braut af einkavæðingunni. Þetta fékkst ekki samþykkt en efh.- og viðskn. þingsins sameinaðist engu að síður um tillögu sem á þessari var grunduð. Hv. formaður nefndarinnar, Vilhjálmur Egilsson, sagði eftirfarandi þegar hann kynnti þá tillögu, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til breytingu á tillögugreininni. Leggur hún til að umræddri nefnd verði falið að gera samanburð milli landa á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og vísar þar sérstaklega til reynslu þeirra sem gengið hafa lengst í einkavæðingu, eins og Bretlands og Nýja-Sjálands. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum.““

Við umræðuna í gær kynnti hæstv. forsrh. bréf sem hann hafði ritað forseta Alþingis 1. nóv. 2001 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið hefur fengið lærða menn í ýmsum fræðum til að fara yfir fyrirmæli Alþingis og það fær enginn skilið hvað í þeim felst."

Nú vil ég gera athugasemdir við tvennt, herra forseti. Í fyrsta lagi að ekki skuli hafa verið gerð grein fyrir þessu bréfi fyrr en nú. Mér hefur aldrei borist það í hendur og að því er ég best veit ekki heldur efh.- og viðskn. þingsins, og í öðru lagi finnst mér ófært að ekki sé farið að vilja þingsins eins og hann ótvírætt stendur til. Það má vel vera að það megi snúa út úr þessari tillögu en vilji þingsins er skýr.

[10:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að það er rétt að mér varð á. Mistök mín voru þau að ég tók þetta bréf ekki fyrir á fundi forsn. Alþingis. Ég biðst afsökunar á því að bréfið skyldi ekki hafa verið tekið fyrir með formlegum hætti eins og rétt hefði verið.

Ég vil í annan stað taka undir það sem fram hefur komið að texti tillögugreinarinnar eins og hún er samþykkt á Alþingi 9. maí 2000 er óljós og ég vil biðja formann efh.- og viðskn. að taka málið fyrir á fundi sínum, endurskoða tillögugreinina eins og hún var samþykkt af Alþingi og leggja hana á nýjan leik fyrir Alþingi svo að hún megi skiljast.

[10:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég ítreka það sem fram hefur komið að ég hef svo sannarlega ekkert á móti því nema síður sé að Alþingi samþykki tillögu af þessu tagi og tel sjálfsagt auðvitað að fara eftir vilja Alþingis í þeim efnum eins og ber að gera. En bæði við lagasmíð og ályktunartillögur verður texti að vera þannig úr garði gerður að hann skýri sig sjálfur, ekki þurfi að leita í umræður eða annað þess háttar til að texti sé skiljanlegur.

Okkur var reyndar kennt það í lagadeildinni á sínum tíma að menn ættu gjarnan að leita í lögskýringargögn, greinargerðir, ummæli einstakra ráðherra, fagráðherra í hverju tilviki eða formanns nefndarinnar ef menn væru í miklum vafa. Út af fyrir sig eru þetta hjálpargögn en tilhneigingin í lögfræði í hinum vestræna heimi er núna sú að gera verði kröfu til þess að lagatextinn sé skýr þannig að allur almenningur sem ekki hefur aðgang að þessum hlutum og á að horfa á lagatextann láti það nægja þó að dómstólar geti í einhverjum tilvikum horft á leiðbeinandi hluti. Þessi texti var ekki nægilega skýr, hann var óljós, og reyndar eftir minni meiningu og annarra sem hafa skoðað hann ekki heil brú í honum þannig að það er nauðsynlegt að laga hann og þá verður sjálfsagt farið eftir þessu. Ég vona að við getum bara gert það fyrir þinglok. Það er fullur vilji, eins og forseti þingsins nefndi, hjá öllum að taka þátt í að lagfæra það.

[10:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka undir að ég mun beita mér fyrir því að hægt verði að taka tillögugreinina fyrir á nýjan leik ef tillaga kemur um það frá efh.- og viðskn.

[10:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hæstv. forsrh. að það er gríðarlega mikilvægt að lagatexti sé fyllilega skýr og þingið á að leggja metnað í að gera hann svo úr garði. Auðvitað má segja að hið sama eigi að gilda um þáltill. en ég verð þó að segja, herra forseti, að það er náttúrlega heilmikill munur á eðli annars vegar lagatexta og hins vegar þáltill. Þáltill. er fyrst og fremst viljayfirlýsing Alþingis um að tiltekið atriði skuli skoðað og ef textinn er óskýr eins og vissulega má segja í þessu tilviki vegna þess að út úr hinum eiginlega tillögugreinartexta falla orðin „á milli landa" er textanum vitanlega ábótavant. Í þennan texta vantar samanburð á milli landa þannig að það er bara talað um samanburð á reynslu og þróun sem er of óljóst.

Hafi hæstv. forsrh. kallað til lærða menn eins og hann segir í bréfi sínu til forseta Alþingis hefði kannski verið eðlilegt af þeim að skoða framsögu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., sem gerir brtt. á þessari þáltill. Þar kemur skýrt fram hver vilji Alþingis er, herra forseti. Þar segir:

„Nefndin leggur til breytingu á tillögugreininni. Leggur hún til að umræddri nefnd verði falið að gera samanburð milli landa á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu" o.s.frv. Sé þetta lögskýringargagn skoðað, framsaga formanns nefndarinnar, kemur þetta strax í ljós, herra forseti. Vilji Alþingis liggur mjög skýrt fyrir ef maður skoðar bara framsögu með brtt.

[10:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála að Alþingi hefði getað vandað sig betur við frágang á þessu máli og það á auðvitað við um alla sem þátt tóku í því, bæði mig, forsrh. og forseta. Úr því sem komið er er langbest að reyna að skýra málið og ég tel sjálfsagt að verða við ósk forseta um að nefndin komi saman til að taka málið fyrir. Ég mun beita mér fyrir því að fundur verði í efh.- og viðskn. í kvöldmatarhléi til að taka þetta mál fyrir.

[10:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessi viðbrögð. Ég er alveg sammála því að lagatexti og texti þáltill. á að vera skýr. Texti þessarar þáltill. er ekki eins skýr og upphafleg þáltill. sem flutt var og ég vænti þess að þetta mál verði til lykta leitt í samræmi við þegar samþykktan vilja Alþingis. En aðeins svo að það komi fram fóru fram umræður um þetta mál áður en gengið var til atkvæða. Þar sagði ég m.a., með leyfi forseta:

„Það sem fyrir okkur vakir er að fá málefnalega umræðu um þessi efni og leiða fram í dagsljósið rök og upplýsingar sem liggja fyrir hjá þeim þjóðum sem farið hafa út á braut einkavæðingar og einkaframkvæmdar. Þar er ekki síst vísað til ríkja á borð við Bretland og Nýja-Sjáland. Ég held að tillögutextinn misskiljist ekkert. Það er þetta sem vakir fyrir þeim sem að þessari tillögusmíð standa, að fá fram í dagsljósið upplýsingar um reynslu annarra þjóða af einkaframkvæmdinni og að sjálfsögðu okkar eigin."

Þetta var sagt við umræðu um þetta mál. Auðvitað hefði maður óskað þess að hinir lærðu menn sem hæstv. forsrh. kvaddi sér til aðstoðar hefðu farið yfir hana. En, herra forseti, ég þakka fyrir þessi viðbrögð.

[10:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður út af fyrir sig. Ég vil aðeins nefna það af því að núna eru fleiri í salnum en voru í gær að það er ekki verið að reyna að koma höggi á einn eða neinn og ég tók það sérstaklega fram að rannsókn hefði sýnt að ég hefði sjálfur greitt atkvæði með tillögunni í þessu formi. Ég ber því alveg sömu sök og aðrir í salnum.

[10:42]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég sé ekki betur en þetta mál sé til lykta leitt og við því að búast að efh.- og viðskn. geti komið sér saman um textann.

Umræður utan dagskrár.

Þróun matvælaverðs á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd.

[10:42]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um þróun matvælaverðs á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd. Málshefjandi er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir en til andsvara er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hef fengið athyglisverð svör frá ráðherra Hagstofu Íslands um þróun matvælaverðs á Íslandi samanborið við Norðurlönd. Það blasir við að á Íslandi er matvara mjög dýr miðað við Norðurlöndin. Næst okkur í samanburðinum kemur Noregur. Í samanburðinum sker sérstaklega í augu þróun grænmetisverðs undangenginn áratug en hækkun grænmetisvísitölunnar á tímabilinu er tæp 46% á Íslandi, 37% í Noregi en fer niður í mínus 6,7% í Finnlandi. Sömu sögu er að segja um landbúnaðarafurðir, þ.e. kjöt, mjólk, osta, egg, grænmeti, kartöflur o.s.frv., helstu vörurnar í ísskápnum á hverjum heimili. Þar liggjum við langhæst í samanburðinum.

Nú er þinginu að ljúka en í framhaldi af þessu svari liggur beinast við að óska úttektar á því hvernig matvælaverð er hér í samanburði við hin löndin og fá samanburð á útgjöldum heimilanna.

Gjörbreytt verðlag á mat í Finnlandi kallar fram spurningar en Finnar gengu í Evrópusambandið 1995. Svipaða sögu er að segja um Svíþjóð. Í þessum löndum er matvælaverð óbreytt í dag frá því sem var árið 1990. Það hækkar smávegis fyrri hluta tímabilsins en byrjar að lækka aftur um miðjan áratuginn eftir að löndin gerast aðilar að Evrópusambandinu. Hér á Íslandi er hins vegar bein lína upp á við í verðlagi matvöru allan áratuginn. Skortur á samkeppni og samþjöppun á matvælamarkaði hefur greinilega mikil áhrif á verðmyndunina hérlendis. Við erum ágætlega samkeppnishæf í verði á pakka- og dósamat sem er mest innflutt vara en það vegur ekki þungt því að 85% af veltu matvöruverslana eru innlendar vörur. Tollaverndin gefur aðeins 3% innflutningskvóta af markaði. Út á þennan kvóta eru stundum fluttir inn ostar, stundum kalkúnn, stundum lundir, stundum kjúklingar, aðeins þetta takmarkaða magn. Þeir sem bjóðast til að greiða hæstu tolla fá að flytja inn.

Hérlendis hefur fjölskyldubúahugmyndafræði ráðið í landbúnaði. Smæð búa á e.t.v. rætur í smæð þjóðar og innflutningshöft eru til stuðnings þessari framleiðslu. Þau gilda jafnframt um kjúklinga sem ræktaðir eru með stórbúaformi. Bæði varðandi kjúklinga- og svínarækt gildir innflutningsverndin.

Á Íslandi hafa innflutningshöft oft verið notuð til að vernda framleiðslu og stýra þannig neyslu. Einu sinni var bannað að flytja inn stóla en nú þarf iðnaðurinn að keppa við innflutta vöru. Innlendar matvörur eru eins og fyrr segir 85% af neyslu okkar. Óhófleg samþjöppun á smásölumarkaði birtist okkur í því að tvær verslanakeðjur eru með 67% allrar smásölu á matvælum. Slík fákeppni hefur afdrifaríkar afleiðingar.

Þegar Samkeppnisstofnun tók út álagningu á árunum 1996–2000 kom í ljós að vara hækkaði í verslunum þótt verð frá birgjum stæði í stað. Þannig hækkaði brauð, nautakjöt, lambakjöt og egg t.d. um 14–35% meðan sáralítil hækkun varð á þessari vöru frá framleiðendum og því alveg ljóst að samþjöppun og skortur á samkeppni valda stórauknum kostnaði fyrir neytendur.

Til viðbótar koma mun hærri vextir hér en í nágrannalöndunum sem auðvitað hefur áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja og framleiðenda. Umræða um aukinn vaxtamun og áhrif hans á stöðu íslenskra fyrirtækja ef önnur Evrópulönd taka upp evruna vekur líka ugg.

Kaupmáttur hér er um það bil 20–25% hærri en fyrir fimm árum. Fyrri hluta tímabilsins sem hér um ræðir var hann hins vegar alveg flatur. Kaupmáttaraukning í Danmörku hefur verið svipuð og hér en eins og fram hefur komið í samanburðinum er þróun matvælaverðs miklu hagstæðari þar sem þýðir að Danir hafa þá meira til ráðstöfunar til annarra nota.

Það er mikilvægt að fá fókus á þessi mál. Þess vegna er stofnað til þessarar umræðu í kjölfar þeirra upplýsinga sem fram hafa komið og skýringa leitað hjá hæstv. forsrh. Er skýringuna að finna í ESB-aðildinni? Noregur, eins og við, stendur utan Evrópusambandsins meðan Danmörk, Svíþjóð og Finnland eru aðilar að sambandinu. Það er ekki sjálfgefið að ESB-aðildin ein og sér geti breytt samkeppnisumhverfinu en meginlínan í Evrópusambandinu er aukið frelsi í viðskiptum, afnám hafta, stærri markaðir og beingreiðslur. Það er skylda stjórnvalda að svara því hvað það er í uppbyggingu og umhverfi matvælaverðs hjá okkur sem er öðruvísi en hjá hinum löndunum því við stöndum frammi fyrir því að breytingar á heimsmarkaðsverði ná ekki hingað til okkar.

[10:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í fyrirspurn hv. þm. er spurt um hverjar séu líklegustu ástæðurnar til þess að munur sé á þróun á vísitölu matvöruverðs á Norðurlöndum. Þar er fyrst til að taka að engar forsendur voru fyrir Hagstofuna að svara þessari spurningu þingmannsins þannig að vel væri. Til þess hefði þurft miklu meiri rannsókn en efni og aðstæður leyfðu. Það er til að mynda ógerningur fyrir Hagstofuna að leggja eitthvert mat á hvort mismunandi þróun matvöruverðs helgist fremur af mismunandi framleiðsluháttum í hverju landi fyrir sig, mismunandi verslunarháttum, verndaraðgerðum eða tengslum við Evrópusambandið eins og þingmaðurinn nefndi. Allir þessir þættir kunna að hafa áhrif.

Hvað varðar vangaveltur hvort skýringarinnar sé að leita í mismunandi sambandi ríkjanna við Evrópusambandið er rétt að vara mjög við því að þingmenn dragi svo víðtækar ályktanir eins og hún gerði áðan af þeim talnagögnum sem fram komu í svarinu. T.d. er mjög varhugavert að ályktа sem svo að þessi gögn sýni með einhverjum hætti að hag almennings í þeim löndum sem eru meðlimir í Evrópusambandinu sé betur borgið en hag almennings í þeim löndum sem kjósa að standa utan sambandsins eins og Noregur og Ísland. Nauðsynlegt er að líta á afkomu almennings í miklu víðtækara samhengi en því sem birtist í hinu skriflega svari sem þingmanninum hefur borist. Ef reyna á að fá einhverja vitræna mælikvarða á lífsafkomu fólks er miklu nær að skoða þróun kaupmáttar. Kaupmáttarþróun endurspeglar betur en flestir aðrir mælikvarðar hversu vel þjóðfélaginu farnast og hversu vel því tekst að bæta lífskjör almennings.

Rétt er að taka fram að tölur um kaupmátt innihalda verðbólgutölur og taka því m.a. tillit til þróunar á verði matvæla. Þjóðhagsstofnun hefur nýverið gert samanburð á þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna á Norðurlöndunum árin 1995–2000. Með því að miða við 1995 sem er grunnár kemur eftirfarandi í ljós:

Kaupmáttur Finna hefur vaxið mest af öllum Norðurlöndunum, þ.e. um tæp 30%, á því tímabili sem hér um ræðir. Rétt er í þessu samhengi að minna á að á árunum á undan gengu Finnar í gegnum mjög mikla og djúpa efnahagslægð og kreppu og voru því á leið upp úr þeim mikla öldudal.

Við Íslendingar erum í öðru sæti á eftir Finnum en hér óx kaupmátturinn um 21% á þessu tímabili. Í þriðja sæti eru Norðmenn með tæplega 18%, í því fjórða eru Svíar með 11% vöxt og neðstir á listanum eru Danir með 4%, ekki það sama og við eins og hv. þm. hélt fram hér áðan. Það er algjörlega rangt. Kaupmátturinn hefur aðeins vaxið um 4% í Danmörku á þessu tímabili.

Þessar tölur gefa að mínu mati ágæta mynd af því hvernig lífsafkoma fólks hefur verið að batna á öllum Norðurlöndunum, mismikið, en alls staðar hafa kjörin batnað og það er gleðiefni. Mér þykir áhugavert að að Finnlandi slepptu hefur kaupmáttur vaxið mest í þeim tveimur löndum sem standa utan Evrópusambandsins, Íslandi og Noregi. Það er þó engan veginn hægt að draga þá ályktun að það sé vegna þess að löndin standi utan Evrópusambandsins frekar en hægt sé að draga hina ályktunina sem hv. þm. gerði. Það er ekki hægt að draga slíka ályktun, málið er miklu flóknara en svo.

Sama á við um vísitöluþróun matvælaverðs. Enga víðtæka ályktun um stöðu Íslands á alþjóðavettangi er hægt að draga af þeim tölum. Það er rétt að matvæli hafa hækkað meira hér og í Noregi en annars staðar á Norðurlöndunum. Það er á sama tíma staðreynd að kaupmáttur almennings hefur hækkað meira hér og í Noregi en til að mynda í Danmörku og Svíþjóð sem eru Evrópusambandslönd. Hagur almennings hefur því ekki versnað í þessum löndum í samanburði við hin Norðurlöndin, þvert á móti hefur hagur almennings á Íslandi og í Noregi batnað umfram það sem hefur gerst í Svíþjóð og Danmörku. Danmörk hefur lengi verið í Evrópusambandinu og Svíþjóð ætti þá að sýna aðrar tölur eftir að það fór inn í Evrópusambandið en hagur fólks hefur ekki batnað jafnmikið og í Noregi og á Íslandi.

Mér þykja á hinn bóginn þessar tölur um þróun matvöruverðs mjög áhugaverðar burt séð frá allri umræðu um samskipti Íslands og Noregs við Evrópusambandið sem er öll á mjög barnalegu róli í þessum sal, því miður. Það er fyrst til að taka að matvöruverð hækkaði minna á áratugnum 1990–2000 en neysluverðlag í öllum ríkjunum sem voru til skoðunar. Hvað Ísland varðar sérstaklega stingur óneitanlega í augu hin mikla hækkun sem orðið hefur á grænmeti, einkum á tímabilinu 1995–2000. Engar reglur hafa breyst hjá okkur í því sambandi. Samt hækkar þetta svona mikið. Það er athugunarefni fyrir alla þá sem á þessum markaði starfa, sem og fyrir stjórnvöld sem bera ábyrgð á því að umgjörð markaðarins sé með þeim hætti, að samkeppni sé tryggð eins og mögulegt er.

Ég vil ekki fjölyrða hér um ástæður þessarar hækkunar, þær kunna að vera fjölmargar og flóknar. En við hljótum að vænta þess að þær breytingar sem gerðar hafa verið að undanförnu á verðmyndun á grænmetismarkaði komi til með að skila sér til neytenda í formi lægra verðs. Út af fyrir sig hlýtur maður þá að hugsa að kannski megi rekja einhverjar af þessum hækkunum þráðbeint upp í Óskjuhlíð.

Það er einnig athyglisvert hvernig matvöruverð þróaðist hér á síðasta áratug. Framan af áratugnum hækkaði það minna en neysluverðlag og má án efa rekja það til mikillar og harðrar samkeppni á matvörumarkaði. Síðan er sláandi að sjá hver þróunin hefur orðið eftir miðjan áratuginn. Þá hækkaði matvælavísitalan umfram neysluverðlag svo um munaði. Á sama tíma hefur orðið mjög mikil samþjöppun á matvörumarkaði. Þetta er umhugsunarvert og hlýtur að kalla á mikla athygli. Bæði ég og hv. formaður Samfylkingarinnar höfum á undanförnum mánuðum og missirum vakið athygli á þessari þróun, og mér finnst að þessar tölur ýti undir að það verði tekið til gaumgæfilegrar skoðunar.

[10:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hreyfir hér mjög þýðingarmiklu og alvarlegu máli, þ.e. þróun matvöruverðs hér á landi. Ekki hvað síst alvarlegt er það sem hv. þm. kom ekki inn á sem er breytilegt matvöruverð innan lands. Það er nefnilega ekki sama hvar maður er staðsettur í landinu. Ég held aftur á móti að hv. þm. sé að fara yfir lækinn til að sækja vatnið, að ætla að fara að sækja styrk sinn til Evrópusambandsins. Ég held miklu frekar að við eigum að sækja inn til okkar sjálfra í að bæta úr því sem hér er að fara úrskeiðis.

Ég vil einmitt vekja athygli á nokkrum atriðum. Hæstv. forsrh. minntist á hver þróunin hefur verið á undanförnum árum, þ.e. það kom tímabil samkeppni og samruna, verð var keyrt niður og fyrirtæki þvinguð út af markaðnum með þeim hætti. Í skjóli fákeppni eða einokunar er svo verðsamkeppnin minni og verðið hækkar á ný. Ég held að þetta sé mjög alvarlegt og eigi að taka á, og það fyrr en seinna.

Ég vil líka vekja athygli á þeim mikla mun sem er á vöruverði á höfuðborgarsvæðinu og úti um land. Vöruflutningarnir eru skattlagðir, ríkið skattleggur fjarlægðina frá innflutningshöfnunum að dreifiaðilunum úti um land. Þetta finnst mér að eigi að endurskoða.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, herra forseti, að á fimm ára tímabili hefur verð til sauðfjárbænda fyrir framleiðsluvörur þeirra lækkað um 6% en hækkað til neytenda um 17%. Er ekki eitthvað að þarna? Ekki hefur samþjöppunin skilað hagræðingu og lækkun vöruverðs. Ég held, herra forseti, að við eigum að líta í eigin barm og bæta úr, og fyrr en seinna.

[10:56]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þegar menn velta fyrir sér og leita skýringa á því af hverju matvöruverð er hærra hér og í Noregi en í Evrópusambandslöndum eins og hv. frummælandi gerði er út af fyrir sig eðlilegt að velta fyrir sér hvort aðild að Evrópusambandinu skipti þar höfuðmáli. Ég skal ekki útiloka að það geti haft töluverð áhrif eða a.m.k. einhver áhrif en ég er þó á þeirri skoðun að önnur atriði hafi mun meiri áhrif til að skýra þennan mun, fyrst og fremst þau að þetta eru fámenn lönd og stór að flatarmáli með breiða íbúabyggð. Ég held að þau atriði skýri meira hærra verð en hitt atriðið sem framsögumaður nefndi.

Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að í þessum tveimur löndum, Noregi og Íslandi, hefur kaupmáttur vaxið mjög mikið á síðustu árum og mun meira en í þeim löndum sem borin voru hér saman við. Ég held að það bendi til þess að efnahagsstjórn og atvinnulíf sé með þeim hætti að lífskjör þróist a.m.k. jafn vel ef ekki betur í þessum löndum þrátt fyrir að menn séu ekki aðilar að Evrópusambandinu. Ég held að kannski þurfi að horfa á önnur atriði sem tengjast fámenni og fákeppni, sem er hin mikla samþjöppun á atvinnumarkaði, og hin sterku eignatengsl á milli smásöluverslunar annars vegar og safn- og dreifingarverslunar hins vegar. Mér sýnist hún hafa leitt til þess að haldið hafi verið uppi matvöruverði umfram það sem tilefni gefur til eins og ævinlega gerist þegar ekki er ríkjandi nægileg samkeppni milli aðila í verslun eins og ætla má að sé hér á landi. Það held ég að sé okkar stærsta áhyggjuefni, að glíma við afleiðingar af fákeppninni sem ríkir á íslenskum markaði í þessari atvinnugrein.

[10:58]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Svörin við fyrirspurnum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um samanburð á matvælaverði á Norðurlöndunum hefur vakið athygli mun víðar en hér á landi enda eru niðurstöðurnar sláandi fyrir þau ríki sem standa utan ESB, Noreg og Ísland. Eitt víðlesnasta dagblað Noregs, Aftenposten, vakti athygli á málinu og hið sama gerðu helstu dagblöð Danmerkur því svörin þóttu tíðindum sæta.

Hæstv. forsrh. vill ekki draga of víðtækar ályktanir af þessum tölum og tengslum þeirra við Evrópusambandsaðild. Ég get að mörgu leyti tekið undir það enda gerði hv. þm. það ekki heldur í framsögu sinni. Hún velti einungis vöngum yfir þessum tölum og hvort Evrópusambandsaðild gæti haft eitthvað að segja þannig að ég held að enginn hafi í þessari umræðu fullyrt neitt um tengsl þessara talna við Evrópusambandsaðild. Þær vekja okkur eigi að síður til umhugsunar, herra forseti, um áhrif Evrópusambandsaðildar ef til hennar kæmi því þær varða beinlínis fjármál heimilanna og lífskjörin í landinu.

Möguleg aðild að Evrópusambandinu getur líka haft grundvallarþýðingu fyrir starfsumhverfi og möguleika fyrirtækjanna en við Íslendingar sem bjuggum lengi við háa verðbólgu og óstöðugt efnahagslíf óttumst fátt meira en að slíkir hlutir endurtaki sig og því hefur stöðugleikaumræðan veigamiklu hlutverki að gegna í afstöðu fólks til mögulegrar Evrópusambandsaðildar.

Upptaka evru t.d. mundi leiða til þess að vextir yrðu svipaðir og á evrusvæðinu. Þjóðhagsstofnun hefur áætlað að við upptöku evru á Íslandi kunni raunvaxtastig að lækka um 1,5–2% sem mundi á ársgrundvelli valda lækkun vaxtagreiðslna um 15 milljarða kr. eða svo. Af því féllu $^2/_3$ hlutar til heimilanna, þ.e. um 10 milljarðar.

Herra forseti. Við þurfum að velta því fyrir okkur hvort heimilin og fyrirtækin á Íslandi þoli til lengdar þá skertu samkeppnishæfni sem kann að fylgja því að standa utan Evrópusambandsins og evrunnar.

[11:00]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Lengi hefur legið fyrir að matvælaverð á Íslandi er nokkuð hátt og hefur alla tíð verið það. Fyrst er náttúrlega til að taka sem allir vita að við búum á norðlægri slóð og ekkert óeðlilegt við það þó að landbúnaður á Íslandi sé ekki að öllu leyti samkeppnisfær við landbúnað í suðrænum ríkjum. Við höfum þó viljað standa að þeim landbúnaði og hefur verið nokkurn veginn samstaða um það.

Aðferðin til að knýja niður vöruverð er bara ein, þ.e. að tryggja samkeppni og það er eilíf vakt sem þarf að standa gagnvart því. Það er engin önnur aðferð til að tryggja lágt og sem allra lægst vöruverð en frjáls samkeppni, frjáls verðmyndun. Það er sá stígur sem við höfum verið að feta með mjög góðum árangri á Íslandi þó að sannarlega megi betur fara og við getum gert betur og ætlum okkur að gera betur.

Hins vegar er annar hlutur sem ræður þarna jafnmiklu og það er verðskyn og verðvitund almennings. Lengi bjuggum við við þá óstjórn efnahagsmála að verðvitund almennings var ekki til, menn gátu ekki myndað sér neina skoðun um hvað væri rétt verð og hvað væri rangt, þetta var allt í rugli eins og menn muna og þekkja.

Nú eru gleðidagar á Íslandi því að nú mælist algert logn, nú erum við algerlega á núlli. Við höfum ekki náð slíkum árangri lengi og það er mjög eftir því að keppa að við getum haldið því jafnvægi. Þetta jafnvægi er lykillinn að því að við getum haldið áfram að knýja niður verðlagið til þess að tryggja sem allra best lífskjör á Íslandi.

[11:02]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að koma inn á verðlagsmál á matvöru í landinu. Ég vil þó árétta að ég held að við séum öll sammála um að hafa íslenskan landbúnað og framleiða það sem hægt er í landinu. Það er okkur öllum mikilvægt en ég held að það sé langt seilst að halda að tenging í evru eða innganga í Evrópusambandið leysi okkar mál vegna þess að ef við fylgjum vínberjaklasa frá Suður-Afríku og norður í Evrópu, hvort sem það er til Íslands eða Danmerkur, þá er verðið miklu hærra á Íslandi þó að mílulengdin sé svipuð.

Þá liggur næst við að skoða innanbúðarmálin, þ.e. flutningsmálin til landsins, verslunina innan lands og dreifinguna hér. Ég held að við eigum að taka þau mál í því samhengi í staðinn fyrir að kasta okkur yfir verðið eins og það birtist hverju sinni. Að því leyti til er ég sammála hæstv. forsrh. að af svona könnun má ekki draga neinar víðtækar ályktanir vegna þess að við erum í þeirri stöðu, kannski eitt Evrópuríkja, að við flytjum inn á heimsmarkaðsverði allan mjólmat t.d. og alla ávexti. Það er sennilega engin þjóð í þeirri stöðu. Þess vegna ættu þeir vöruflokkar alla vega að mælast á lægra eða svipuðu verði og í öðrum löndun. Þeir gera það ekki í öllum tilvikum og þá liggur beinast við að skoða flutningana til landsins, vörudreifinguna og samkeppnisstöðu innan lands.

[11:04]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég velti oft fyrir mér verðmyndun og framleiðsluferli vöru. Hvernig verður varan til og hvert er útsöluverð hennar? Hvernig verður t.d. einn lítri af mjólk til sem seldur er út úr búð? Hvernig verður einn lítri af sódavatni til sem seldur er út úr búð? Hvort framleiðsluferlið er einfaldara og hvers vegna er sódavatnið dýrara en mjólkin? Framleiðsluferlið er ósambærilegt. Hvað kostar að framleiða vöruna? Hvað fær framleiðandinn, hvað fá milliliðir, hvað fær kaupmaðurinn og hvað fá söluaðilarnir? Er eðlilegt að framleiðendur t.d. kartaflna fái um 30–40 kr. fyrir að framleiða hvert kíló, auk þess sem þeir hreinsa og setja kartöflurnar í neytendaumbúðir, sem síðan eru seldar á 100–150 kr. út úr búð? Eru þetta sanngjörn viðskipti? Er þetta sanngjörn álagning?

Ég hvet til þess að þeir aðilar sem hafa ríkjandi markaðsstöðu í dagvöruverslun taki upp verðmerkingar þar sem í stórum dráttum kemur fram verðmyndun vörunnar, hvað fær framleiðandinn, hvað fá milliliðir, hvað fær ríkið, hvað fær kaupmaðurinn? Verðmerking sem þessi er leikandi létt á tölvuöld. Munum að við framleiðum landbúnaðarvörur á Íslandi sem eru í sérflokki og eru með þeim bestu sem gerist í heiminum. Við eigum að sjálfsögðu að standa vörð um framleiðslu á íslenskum landbúnaðarafurðum og við eigum að taka upp verðmerkingar þar sem við sjáum hvað varan kostar í raun og veru.

[11:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta mál upp og vekja eftirtekt á þeirri staðreynd að verð í Noregi og á Íslandi hefur hækkað umfram það sem hefur gerst í öðrum Evrópusambandslöndum. Hvaða skýringar sem kunna að vera á því eru þær vitaskuld ekki einhlítar en hér er aðeins um staðreyndir að ræða og það er ekki nokkur spurning að aðild þeirra ríkja að Evrópusambandinu sem miðað er við hefur þar veruleg áhrif. Hversu mikil áhrif nákvæmlega er kannski erfitt að segja um en þetta eru staðreyndir sem hér hafa verið dregnar fram.

Í sjálfu sér fannst mér dálítið broslegt að hlýða á hæstv. forsrh. fara út í þá talnaleikfimi að hugsanlega hefði kaupmáttur aukist meira hér en annars staðar. Það má líka velta því upp að vöruverð hefur verið mun hærra hér en annars staðar. Það má líka velta því upp að að meðaltali hafa laun verið lægri en í þeim samanburðarlöndum sem við berum okkur saman við þannig að ég gef lítið fyrir þá talnaleikfimi sem hæstv. forsrh. var með til að reyna að draga athyglina frá þeirri staðreynd að vöruverð á Íslandi og í Noregi, matvælaverð í þeim löndum er hærra en í Evrópusambandslöndunum.

Einnig er nauðsynlegt að vekja eftirtekt á því, virðulegi forseti, þegar menn hafa verið að reyna að koma fram með skýringar á þessu og menn tala um samþjöppun á matvælamarkaði að þau fyrirtæki sem eiga hvað stærstan hlut í matvælamarkaðnum eru þó fyrirtækin sem eru með lægst vöruverð og maður hefði haldið að ef þau fyrirtæki eru að „keyra upp vöruverðið“ sé að myndast a.m.k. eitthvert svigrúm fyrir önnur fyrirtæki til að koma inn á þennan markað og stinga sér þá inn í það svigrúm til að ná í ákveðna markaðshlutdeild.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta þurfi að ræða á miklu breiðari grunni, en hins vegar er sú staðreynd ljós að Ísland og Noregur eru með hærra matvöruverð en önnur Evrópusambandsríki.

[11:09]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Matvælaverð á Íslandi hefur lækkað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum nú síðari ár. Matvælakostnaður heimilanna var hæsti útgjaldaliðurinn áður fyrr en hefur nú hin síðari ár lækkað þannig að það eru aðrir liðir nú í útgjöldum heimilanna sem eru hærri, svo sem húsnæðiskostnaður og almennur ferðakostnaður fjölskyldna.

Síðustu daga hafa dagblöðin verið að gera úttekt á mismunandi verði, bæði hér á landi og í Evrópu. Meðal annars kemur fram að verð á grænmeti er breytilegt milli tegunda hér á landi sem og í öðrum löndum. Ég vil benda mönnum að í slíkri úttekt verður að taka tillit til þess hvert upprunaland er hverju sinni. Það er einmitt þannig með ferskvörur eins og grænmeti og reyndar ávexti að sú vara kemur yfir háveturinn frá suðlægum löndum t.d. Kanaríeyjum. Síðan þegar fer að vora kemur hún frá meginlandi Spánar og loks kemur hún frá Hollandi. Það eru mismunandi verðtímabil á vorin eftir því hvaðan varan er og eftir því hvort hún er að koma ný á markað frá viðkomandi löndum hverju sinni. Þetta verða menn að athuga þegar slíkur samanburður er settur saman eins og gert hefur verið í dagblöðunum síðustu daga.

Það kemur m.a. fram að tómatar hafa hækkað á íslenskum markaði. Þeir eru væntanlega að koma frá Hollandi núna og eru dýrastir fyrst. Jafnframt kemur fram að gúrkur hafa lækkað verulega hér á landi á markaði.

Í dag framleiða íslenskir framleiðendur um 90% af gúrkum sem eru markaði hér á landi en einungis um 10% markaðshlutdeild á tómötum yfir þá mánuði sem kannanir dagblaða ná yfir þannig að við sjáum að aðferðir sem við erum að fara að taka upp á þessum markaði munu leiða til lægra verðs á umræddum vörum.

[11:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ef til vill leiðir svarið okkur þráðbeint upp í Öskjuhlíð, segir hæstv. forsrh. Það er líka svar. Þessi umræða er mikilvæg og hún endar ekki hér. Bæði fyrirspurn mín til ráðherra Hagstofu, svarið og umræðan hér er byrjun á einhverju sem við verðum að komast áfram með.

Í sambandi við það að ég hafi verið með aðrar upplýsingar varðandi kaupmátt Dana, þá var ég með mjög traustar upplýsingar og mun að sjálfsögðu kanna þær eftir umræðuna.

Það er afskaplega mikilvægt að fá úttekt á útgjöldum og stöðusamanburð vegna þess að hér er talað um að laun hækki en ef matarverð hækkar alltaf líka, þá er það svo að við komumst aldrei inn í sömu aðstöðu og löndin í kringum okkar og Íslendingar ferðast svo mikið að þeir vita sjálfir hver samanburðurinn er þegar þeir tala við annað fólk.

Herra forseti. Ef Ísland gengi í Evrópusambandið og sú innganga hefði svipuð áhrif til lækkunar vöruverðs og í Finnlandi og í Svíþjóð, mundi vísitala neysluverðs lækka um 2,4% og áhrif slíkrar lækkunar vísitölunnar á skuldir heimilanna í landinu næmi 12–13 milljörðum kr. Þetta er staðreynd. Ég er ekki að segja að við eigum að ganga í Evrópusambandið eða að upplýsingar hér þýði það en þetta er staðreynd.

Þegar umræðan var um að Noregur og Svíþjóð gengju í Evrópusambandið sagði Gro Harlem Brundtland mörgum sinnum að ef Svíþjóð færi inn og Noregur ekki, þá yrði til

samfelldur verslunardiskur meðfram landamærum landanna. Nú verslar 1 milljón Norðmanna í Svíþjóð.

Herra forseti. Ef Evrópusambandið færir okkur ekki neitt og við látum skoðun á aðild lönd og leið, hvað ætlar forsrh. þá að gera? Er t.d. breyting á grænmetisverðlagningunni nýverið og umhverfi þess það sem koma skal frá ríkisstjórninni?

[11:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta er reginmisskilningur hjá hv. þm. Við getum gert allar þær breytingar sjálfir sem við viljum á reglum um umhverfi varðandi matvælainnflutning, þurfum ekki að fá fyrirmæli um það annars staðar frá. Það er misskilningur.

Varðandi Danina, þá er þetta ný úttekt Þjóðhagsstofnunar sem liggur fyrir um kaupmáttarþróunina þar. Ég vænti þess að hv. þm. sé ekki að draga ályktun Þjóðhagsstofnunar í efa hvað þetta varðar, menn hafa nú ekki viljað gera það. (**Gripið fram í:** Er þetta síðasta úttektin?) Þetta er ný úttekt Þjóðhagsstofnunar. Ég skal ekki segja hvort hún verður sú síðasta.

Varðandi aðra hluti þá er út af fyrir sig athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni. Það er auðvitað hárrétt hjá honum sem hann lýsti varðandi þróun á matvöruverðinu og árstíðabundnum ástæðum þess. En það er þó eitt gleðilegt sem varð núna þegar umræðan var um tómatana. Þá hættu menn að segja eins og var jafnan sagt: Ástæðurnar eru ofurtollarnir á Íslandi. Alltaf þegar slíkar breytingar urðu þá var alltaf sagt um leið: Þetta hefur ekkert með okkur að gera, ástæðan er ofurtollarnir á Íslandi. Núna skipta þeir ekki máli hvað þetta varðar en samt verður þessi hækkun.

Varðandi vínberin sem nefnd voru líka. Eftir að þau hækkuðu um 1100% í kringum jólin, þá var ég 4–5 dögum seinna staddur í London og fór þar inn í Mayfair-hverfið sem er eitt það allra dýrasta sem þar er, ég fór þar inn í einhverja sælkerabúð sem er sjálfsagt ein af þeim dýrari sem þar er og spurðist fyrir um vínber frá Suður-Afríku. Þeir áttu þau og þau kostuð 400 kr. kg út úr þeirri búð, en það var sem sagt 1.100 kr. kg hér. Það er engin skynsamleg skýring á þessu því aðalflugleiðin frá Suður-Afríku er að baki þegar menn koma til London þannig að það er margt sem er umhugsunarvert í þessum efnum.

En það eru þó gleðileg tíðindi líka. Það var gleðilegt að Finnur Árnason, forstjóri Hagkaupa, gaf þá yfirlýsingu í gær eða fyrradag að Hagkaup stefndu að því að lækka vöruverð á einum 700 tegundum um allt að 8%. Það er gleðilegt að þetta stóra fyrirtæki skuli taka við sér með þeim hætti.

Aðeins vegna þess að einn hv. þm. sagði að það væri broslegt að nefna til kaupmáttinn í þessum efnum. Ef það er svo að matvöruverð sé hærra hér og í Noregi vegna ESB og menn draga þá ályktun að ESB skipti máli í því sambandi, en kaupmátturinn er hærri hér og hefur vaxið miklu meira hér en í Danmörku og Svíþjóð, þá hlýtur að mega draga sams konar ályktun að það sé a.m.k. ekki vegna þess að við séum ekki í ESB.

Athugasemdir um störf þingsins.

Málefni Palestínu.

[11:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að taka upp málefni Palestínu sem við höfum mörgum sinnum rætt hér í vetur. Ég vil ræða við hæstv. forsrh. um möguleikana á að íslenska ríkisstjórnin veiti sérstaka fjárhagsaðstoð til að aðstoða flóttamenn í Palestínu.

Nú hefur komið fram að hér í þessum sölum ríkir breið samstaða með baráttu Palestínumanna. Við vitum öll af fregnum undangenginna vikna að þar hefur ríkt óöld og í kjölfar hennar mikil vesöld vegna þess að Ísraelar hafa farið með harðfylgi gegn Palestínumönnum og sprengt í loft upp skólahús, heilsugæslustöðvar, spítala og sjúkrabifreiðar. Þeir hafa jafnvel orðið sekir um að meina starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar að sækja særða og látna og koma þeim í hús.

Í löndunum í kringum okkur hefur vaknað vilji til að styrkja palestínska flóttamenn. Ég vísa til þess, herra forseti, að hæstv. forsrh. er nýkominn úr heimsókn frá Noregi þar sem hann átti m.a. viðræður við Bondevik, forsætisráðherra Norðmanna. Í norska þinginu hefur fyrrum utanríkisráðherra og formaður norska Verkamannaflokksins, Jagland, lagt til að Norðmenn stofni sérstakan sjóð með 100 millj. norskra króna framlagi til að aðstoða flóttamenn í Palestínu. Undir þetta tók forsætisráðherra Noregs heils hugar.

Mig langar því að inna hæstv. forsrh. Íslands eftir því hvort hann telji ekki rétt, í ljósi þeirrar breiðu samstöðu sem er í þessum sölum og þeirrar miklu samúðar sem ríkir meðal stjórnmálamanna allra flokka sem hér sitja, að íslenska ríkisstjórnin geri slíkt hið sama, reiði af höndum fjárupphæð til að hlynna að og aðstoða flóttamenn í Palestínu. Íslenska ríkið hefur áður gert það með myndarlegum hætti og við munum afdrif þess; Ísraelar sprengdu skólahúsnæði og heilsugæslustöð sem við lögðum fram í loft upp. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann væri ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir þessu innan ríkisstjórnarinnar.

[11:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Áður en ég svara spurningunni beint, þá vil ég nefna nokkra þætti.

Undanfarin ár hafa verið greiddir af Íslands hálfu 5 þús. bandaríkjadalir árlega í frjáls framlög til Palestínu-flóttamannaaðstoðarinnar, þ.e. til handa flóttamönnum á hernumdu svæðunum. Þetta framlag var nýverið hækkað upp í 30 þús. dali. Í annan stað ákvað ríkisstjórnin nýlega að greiða 2 millj. kr. til Hjálparstofnunar kirkjunnar vegna mannréttindavaktar í Palestínu. Eins og hv. þm. nefndi voru á sínum tíma veittar 92 millj. kr., á núverandi verðlagi um 105 millj. kr., til uppbyggingar á sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna á Gaza á Vesturbakkanum. Það var í tengslum við friðarsamkomulag Palestínumanna og Ísraela og dálítið skrýtið að tala um friðarsamkomulag eins og ástandið er. Hluta þessa fjármagns var ráðstafað gegnum Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauða kross Íslands og Alþjóðabankann til íslensk-palestínskrar verkfræðistofu, en stærsti hlutinn, 50 millj., fór í að fjármagna byggingu tólf skólastofa í Beit Ulla stúlknaskólanum í Hebron og sex skólastofa annars staðar. Þetta fjármagn var veitt í gegnum Palestínuaðstoð Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma.

Norðmenn hafa verið mjög örlátir í þessum efnum, sennilega hlutfallslega örlátastir þjóða. Það helgast að hluta til af forustu þeirra um Óslóar-samkomulagið og þeirri ábyrgð sem þeir báru á því mikla samkomulagi sem núna er auðvitað allt í uppnámi og væntanlega unnið fyrir gýg í bili, þó að vonandi verði hægt að hverfa að því síðar meir.

Ég tek hins vegar undir með þingmanninum. Ég held að við ættum að heita því að þegar aðeins hægist um og hægt verður að gera eitthvað, því það er ekki hægt að koma neinu á framfæri þarna núna — þetta er allt í hers höndum, í orðsins fyllstu merkingu. En mér finnst eðlilegt að við náum saman um það í þinginu að styrkja þá sem þarna eru hraktir og hjálparlitlir.

[11:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þær hugmyndir sem hér voru settar fram af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það er mikilvægt að við sýnum vilja okkar í verki.

Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. forsrh. Það hefur verið veitt aðstoð víðs vegar að úr heiminum til uppbyggingar á stoðkerfi í Palestínu. Hann vísaði sérstaklega í skóla og sjúkrahús og aðra þætti. Staðreyndin er sú að það er verið að eyðileggja allt það sem áður var byggt upp og að því verki stendur ísraelski herinn.

Við eigum að sýna vilja okkar í verki. Heimurinn hefur orðið vitni að einhverjum viðbjóðslegustu stríðsglæpum og alvarlegustu sem framdir hafa verið í seinni tíð. Ég tek hjartanlega undir þá tillögu sem hér var sett fram.

[11:21]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Verkin tala. Það efast enginn um stórhug íslensku ríkisstjórnarinnar og stórlyndi íslensku þjóðarinnar þegar Palestína er annars vegar. Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að ríkisstjórnin og Íslendingar hafa reitt af höndum fé sem hefur nýst vel til uppbyggingar í Palestínu. Illu heilli hefur það allt beinlínis verið sprengt í loft upp.

Ég þakka hæstv. forsrh. hjartanlega fyrir þær góðu undirtektir sem frá honum koma við þessari hugmynd minni. Hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir að hann teldi koma sterklega til greina að þegar um hægðist og menn sæju svona hvernig þróunin yrði þarna mundi ríkisstjórn Íslands aftur velta fyrir sér með hvaða hætti hún gæti komið þarna til styrktar. Ég skil orð hæstv. forsrh. þannig að hann muni á þeim tímapunkti leggja til einhvers konar fjárframlög til styrktar palestínskum flóttamönnum og þakka honum kærlega fyrir þær undirtektir.

[11:22]

Útbýting þingskjala:

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 520. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1242.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 723. mál, fsp. KolH, þskj. 1236.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 724. mál, fsp. KolH, þskj. 1237.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 725. mál, fsp. KolH, þskj. 1238.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 726. mál, fsp. KolH, þskj. 1239.

Stuðningur við frjáls félagasamtök, 727. mál, fsp. KolH, þskj. 1240.

Stuðningur við frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála, 728. mál, fsp. KolH, þskj. 1241.

Þjóðhagsstofnun o.fl., 709. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1243; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1244.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 315. mál (viðauki, niðurfelling gjalda, endurgreiðslur o.fl.). — Þskj. 1180, brtt. 1199.

[11:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem hæstv. forseti kynnti á þskj. 1199. Í brtt. er gert ráð fyrir því að undanþáguákvæði í virðisaukaskattslögunum sem hingað til hefur einvörðungu náð til bóka á íslensku nái framvegis til allra bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, á íslensku sem erlendum málum. Breytingin er sú að lagt er til að núverandi undanþáguákvæði verði útvíkkað með þessum hætti þannig að ekki verði framar gerður greinarmunur á því hvort bækur sem hér eru til sölu eru á íslensku eða öðru tungumáli.

Aðdragandi þessa máls er sá að látið hefur verið á það reyna fyrir dómstólum hvort mismunurinn sem hér er á ferðinni standist ákvæði EES-samningsins. Þetta ákvæði í gildandi virðisaukaskattslögum er gamalt og hefur verið talið liður í að stuðla að verndun og stuðningi við íslenska tungu. Í tengslum við áðurnefnt dómsmál var leitað ráðgefandi álits hjá EFTA-dómstólnum sem komst að þeirri niðurstöðu að hér væri um að ræða óleyfilega mismunun á grundvelli tungumáls eða þjóðernis sem ekki samrýmdist EES-samningnum.

Þá er tvennt til ráða, herra forseti, annaðhvort að hækka virðisaukaskattinn á bókum á íslensku eða lækka hann á öðrum bókum. Það er tillagan sem gerð er hér í þessari brtt.

Málið sem ég gat um fyrir dómstólum hefur ekki verið endanlega til lykta leitt en að því er þetta atriði varðar held ég að niðurstaðan sé borðleggjandi. Það verður að samræma þetta og þá er spurningin: Hvenær á að gera það? Niðurstaða okkar í fjmrn. og ríkisstjórn er sú að best sé að gera það strax þannig að breytingin komi sem fyrst til framkvæmda í stað þess að bíða endanlegrar niðurstöðu í málinu sem ég gat um áðan. Þess vegna er lagt til að þessi breyting verði samferða frv. sem hér liggur fyrir í þinginu hvort sem er og að breytingin öðlist gildi líkt og önnur ákvæði þessa lagafrv.

Auðvitað mun þetta hafa í för með sér eitthvert tekjutap fyrir ríkissjóð, jafnvel töluvert. Sala á erlendum bókum hér á landi er umtalsverð, m.a. sala námsbóka í framhaldsskólum og ekki síður á háskólastiginu. Þannig má segja að þessi breyting komi námsmönnum til góða, enda hefur borist ábending um það frá stúdentaráði Háskóla Íslands þar sem óskað er eftir því að þessari breytingu verðið hraðað.

Okkur telst til að hugsanlegt tekjutap á ári við þessa breytingu geti verið allt að 150 millj. kr., sem er auðvitað veruleg fjárhæð. Ég tel eigi að síður óhjákvæmilegt að ráðast í þessa breytingu frekar en að leggja til hækkun á skatti af bókum á íslensku.

Þetta mál, herra forseti, hefur ekki verið rætt við fyrri umræður um þetta frv. Þannig er eðlilegt að hv. efh.- og viðskn. gefi sér tíma til að fara yfir þessa brtt. Ósk mín er einfaldlega sú að málið hljóti afgreiðslu fyrir þinglok og um það vænti ég að geti orðið breið samstaða.

Ég þakka fyrir, herra forseti, að fá að skjótast með þetta mál á dagskrána á þessum fundi vegna þess að það stendur þannig á hjá mér að ég hef ekki aðstöðu til að vera hér næstu tvo dagana.

[11:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta mál ber að með nokkuð óvanalegum hætti en hv. þm. í þessum þingsal eru ýmsu vanir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hér er lögð fram brtt. við 3. umr. lítils frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem efh.- og viðskn. afgreiddi í góðu samkomulagi. Hér við 3. umr. kemur allstór brtt. sem fjmrh. mælir fyrir án þess að nokkur greinargerð fylgi með þessari brtt. sem hefði verið eðlilegt í svo stóru máli. En hæstv. ráðherra hefur nú skýrt þetta mál og tildrög þess og kostnaðinn við þessa breytingu.

Auðvitað er sjálfsagt að skoða þetta mál en það verður að fá eðlilega umfjöllun í efh.- og viðskn. Það hefur komið fram af hálfu hæstv. ráðherra að hann geri ráð fyrir að nefndin fjalli um málið og hún verður auðvitað að taka sinn tíma til þess. Hér er eins og fram hefur komið um töluverðan kostnað að ræða en eins og ráðherrann sagði nýtist þetta til að mynda námsmönnum mjög vel. Hér er brugðist við ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins um mismunandi skattlagningu á bókum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvenær þetta álit EFTA-dómstólsins kom fram. Málið er mjög seint á ferðinni og hefði verið eðlilegra að fjalla um það þegar efh.- og viðskn. var með virðisaukaskattsfrv. til umfjöllunar. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, sem hefur rökstutt það af hverju ríkisstjórnin leggur til að þetta verði gert strax og telur þetta til að mynda mjög brýnt vegna námsmanna: Hvenær er nauðsynlegt að afgreiða þessa breytingu með tilliti til álits EFTA-dómstólsins?

Að öðru leyti er þetta mál sem við munum reyna að greiða fyrir eins og kostur er. Hins vegar er gagnrýnisvert hvernig það ber að.

[11:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af ábendingum hv. þm. þá vildi ég láta koma fram að nokkrar vikur eru síðan álitið barst frá EFTA-dómstólnum, þetta ráðgefandi álit vegna þess dómsmáls sem hér hefur verið höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Það hefur legið fyrir um nokkra hríð og var hér í fréttum á sínum tíma. Hins vegar hefur Alþingi það auðvitað í hendi sér hvenær orðið er við slíku áliti eða ákveðið að fara eftir því. Hugmynd mín var upphaflega sú að bíða með þetta fram á næsta þing og leggja til að málið yrði þá afgreitt hér á hinu háa Alþingi. En að betur athuguðu máli sýnist mér að ekki væri eftir neinu að bíða með að afgreiða þetta mál. Fyrst á annað borð verður nauðsynlegt að gera það, þá er alveg eins gott að gera það strax, en ég tek undir með hv. þm. að eðlilegt er að þingnefndin gefi sér tíma til að skoða málið eins og ég reyndar gat um áður.

[11:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að bregðast verður við þessu áliti EFTA-dómstólsins og ég er sammála þeirri leið sem hæstv. ráðherra leggur til í þessu efni, en hann nefndi að um tvær leiðir hefði verið að ræða, að hækka virðisaukaskattinn á innlendum bókum upp í 24,5% eða lækka hann á erlendum bókum til samræmis við það sem er á íslenskum bókum.

En það sem ég er að gagnrýna er að mikill ósiður er hvernig hæstv. ráðherrar umgangast þingið á lokadögum þess. Hér upplýsir ráðherrann að þetta hafi legið fyrir í nokkrar vikur í ráðuneytinu og á meðan við vorum að fjalla um það mál í efh.- og viðskn. sem hér er verið að gera brtt. um við 3. umr. Það er gagnrýnisvert. Þetta er eins og þegar ríkisstjórnin var með hjá sér í nokkra mánuði það stóra frv. sem við erum með í efh.- og viðskn. um ríkisábyrgð, tvo mánuði að ég held, en ætlar síðan þinginu að afgreiða það á fjórum eða fimm dögum. Með sama hætti þó þetta sé miklu minna mál, þá er þetta mikill ósiður, herra forseti, sem ráðherrar eru að temja sér, því þetta er greinilega alveg óþarfi í þessu máli eins og ráðherrann upplýsir hér. Málið hefur legið fyrir í nokkrar vikur í ráðuneytinu og er fyrst komið með það inn í þing eftir að frv. sem á að gera breytingu við er komið úr nefnd og komið til 3. umr. Það er það sem ég er að gagnrýna, herra forseti.

[11:34]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og hér hefur verið skýrt af hæstv. fjmrh. felur sú brtt. sem hann leggur til í sér ákveðið viðbragð við áliti EFTA-dómstólsins á því hvort heimilt sé að hafa það fyrirkomulag sem við höfum haft hér á landi, að íslenskar bækur beri lægri virðisaukaskatt en erlendar bækur, en þær hafa borið 14% virðisaukaskatt á meðan erlendar bækur hafa borið 24,5%.

Nú hefur komið í ljós að niðurstaða EFTA-dómstólsins er sú að þetta sé ekki heimilt á grundvelli EES-samningsins, vegna þess að samkeppnisreglurnar eins og þær eru útfærðar samkvæmt EES-samningnum, samkeppnisreglur ESB, heimili þetta ekki. Dómstóllinn byggir niðurstöðu sína eins og honum ber að gera á þeim veruleika sem við búum við og stöndum frammi fyrir á grundvelli EES-samningsins. Það eru þær samkeppnisreglur sem voru í raun og veru í gildi í Evrópusambandinu á þeim tíma sem EES-samningurinn var gerður, en þær hafa tekið breytingum, herra forseti, og ég held að mikilvægt sé að draga það inn í umræðuna hér að á þessu hafa verið gerðar miklar breytingar sem við Íslendingar njótum ekki góðs af.

Með Amsterdam-sáttmálanum var gerð breyting á samkeppnisreglum Evrópusambandsins, en þessi Amsterdam-sáttmáli er kominn til eftir að við göngum inn í EES og EES-ríkin njóta því ekki góðs af þeim breytingum. Sú breyting fól það í sér að hún heimilar ríkjum að fá að gera mismunun af þessu tagi eins og við höfum búið við hér á Íslandi, ef hægt er að rekja þá skattalegu mismunun til menningarlegrar sérstöðu þjóðarinnar. Samkeppnisreglur ESB voru með öðrum orðum mun óvægnari í garð lítilla þjóða á borð við okkar og menningarlegrar sérstöðu okkar heldur en þær eru í dag, en við njótum ekki góðs af þeim breytingum, herra forseti, vegna þess að við búum við gamlar reglur síðan 1992 eða svo.

Íslendingar telja 286.000 manns samkvæmt nýlegum tölum Hagstofu og það eru aðeins 286.000 manns sem tala okkar ástkæra ylhýra tungumál. Það gefur augaleið í mínum huga, herra forseti, að það er dýrt og dýrara að gefa út bækur fyrir svo lítinn markað en fyrir stærri markað t.d. á borð við kannski þá sem lesa enska tungu. Og það er þess vegna mjög eðlileg krafa, herra forseti, að þjóð á borð við okkar sem vill halda í sína menningarlegu sérstöðu, að mismunur sé á því hversu hár virðisaukaskatturinn er á íslenskum bókum versus erlendar. Ég tel það vera mjög æskilegt fyrir okkur að

hafa slíka skattalega mismunun vegna okkar menningarlegu sérstöðu og mikilvægi þess að við viðhöldum henni.

Ég vildi vekja athygli á þessu, herra forseti, að ef við værum t.d. innan Evrópusambandsins í dag, þá mættum við hafa þessa mismunun. Ég er í sjálfu sér ekki að gagnrýna þá útfærslu sem hæstv. fjmrh. notar og hvernig hann bregst við þessu, hann velur þá leið að lækka virðisaukaskattinn á öllum bókum í stað þess að hækka hann á íslensku bókunum upp í 24,5%, sem væntanlega hefði gengið nærri því að drepa íslenska bókaútgáfu, þannig að ég held að útfærsla hans sé alveg rétt og hárrétt að bregðast við þessu á þann hátt sem hann gerir. En við hljótum að skoða möguleikana sem við höfum haft ef við værum og hefðum notið góðs af þeim breytingum, þeim jákvæðu breytingum sem hafa verið að eiga sér stað á vettvangi Evrópusambandsins síðan við gerðumst aðilar að EES-samningnum, en við njótum ekki góðs af.

Evrópusambandið hefur, herra forseti, verið að þróast verulega í þessa átt síðan EES-samningurinn var gerður. Tekið hefur verið mun meira tillit til menningarlegrar sérstöðu og lítilla þjóða en var árið 1992 og það er ekki aðeins þannig, heldur er lögð meiri áhersla á það sem kallað er nálægðarreglan sem gengur út á það að reynt sé að færa valdið meira nær þeim stað sem hagsmunirnir eru. Það Evrópusamband sem EES-samningurinn er byggður á var miklu óvægnara að þessu leyti og í raun og veru var miklu meiri viðleitni þá til þess að búa til menningarlega einsleitni heldur en eins og þróunin hefur verið síðan þá, að auka menningarlega fjölbreytni.

Ég harma það, herra forseti, að við skulum ekki njóta góðs af þeirri þróun því fyrir litla þjóð eins og Ísland er mjög mikilvægt að halda í menningu okkar og ég held reyndar að þessi þróun innan Evrópusambandsins segi okkur að þar á bæ skilji menn mun betur í dag en í upphafi mikilvægi þess að viðhalda menningarlegri fjölbreytni innan sambandsins, reyna ekki að búa til eitthvert einsleitt samfélag þjóðanna, heldur leyfa hverri og einni þjóð að eiga sín sérkenni, aðeins þannig er líklegt að góður friður haldist um sambandið og að öll þau ríki sem þar innan búðar eru fái notið sín.

Ég vildi einungis draga þetta hér inn í umræðuna, herra forseti, án þess að ég hafi í sjálfu sér efnislegar athugasemdir a.m.k. á þessu stigi við útfærslu hæstv. fjmrh. En það sem snýr að virðisaukaskattinum á íslenskum bókum og stöðu íslenskra bókaútgáfu gagnvart erlendri segir okkur meira en margt annað um mikilvægi þess að við höldum í við þá jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað innan Evrópusambandsins síðan EES-samningurinn var gerður. Hann er því miður ekki nógu dínamískur. Hann tekur t.d. ekki upp atriði á borð við þetta, þannig að við erum að bíta í það súra epli, herra forseti, að búa við reglur sem Evrópusambandið hefur viðurkennt að voru mistök og eru í raun og veru ekki til farsældar fyrir þær þjóðir sem eru þar innan búðar, en við njótum ekki þeirra úrbóta vegna þess að við byggjum samstarf okkar við Evrópusambandið á gömlum og að hluta til úreltum reglum.

[11:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi umræða er nú að þróast í hefðbundinn farveg, ástaróð til dýrðar Evrópusambandinu og vill það stundum gleymast að þegar talað er um hag neytenda, þeir sem tala hæst um þetta vilja undirgangast það að Íslendingar fari að burðast með hið dýra skrifræðiskerfi Evrópusambandsins á bakinu.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram við umræðuna að að vissu leyti er óeðlilegt að þetta mál komi fram núna við 3. umr. málsins. Það er þó góðs viti að hæstv. fjmrh. vill að málið fari til gaumgæfilegrar skoðunar í efh.- og viðskn. þingsins þótt hann vilji að það gerist þar með hraði. Það er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni, en við leggjum að sjálfsögðu áherslu á að málið verði vel skoðað — óeðlileg vinnubrögð en ekki óvenjuleg vinnubrögð. Því eins og þingheimur veit er búið að setja færibönd ríkisstjórnarinnar í gang og nú er skóflað úr nefndunum frumvörpum, þáltill. og álitsgerðum sem koma úr stjórnarherbúðunum og ætlast er til að þetta verði allt saman afgreitt með miklum hraði á næstu dögum.

Í gærkvöldi var rifið úr efh.- og viðskn. frv. um ríkisábyrgð fyrir fyrirtækið deCODE. Ég bókaði þar mótmæli gegn þeim vinnubrögðum sem þar voru viðhöfð, því málið er á engan hátt fullrætt í nefndinni. Við höfum ekki fengið á borð okkar þau gögn sem duga til að taka vitiborna og upplýsta afstöðu til málsins. Þar er um að tefla ríkisábyrgð upp á 20 þús. millj. króna.

Þetta mál hér er hins vegar smærra í sniðum. Þar er þó einnig um að ræða umtalsverðar fjárupphæðir. Frumvarpið felur það í sér að tekjur ríkissjóðs munu rýrna um 150 milljónir eða þar um bil, ef ég tók rétt eftir staðhæfingum um það efni í ræðu hæstv. fjmrh. Að sjálfsögðu þarf að skoða öll þessi mál. Hér er vísað í jafnræði á markaði og reglur sem gilda á EES-svæðinu. Ég vil að vissu leyti taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að það er ekkert óeðlilegt að mismuna á jákvæðan hátt í þágu íslenskra menningar, til þess var leikurinn gerður á sínum tíma, þegar virðisaukaskattur á bókum var lækkaður, það var til að gera tvennt í senn, að styrkja undirstöður íslensku bókaforlaganna sem þá áttu í miklum erfiðleikum og einnig að stuðla að því að hér væri á boðstólum innlent, íslenskt menningarefni, að bókaútgáfan væri treyst. Undir það sjónarmið vil ég taka að svo verði áfram búið um hnútana í framtíðinni.

Ég vil að lokum segja þetta: Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því að málið fái hraða en vandaða skoðun engu að síður.

[11:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var svolítið erfitt að átta sig á því hvaða afstöðu hv. þm. hafði til þessa máls. Nú geri ég ekki neina sérstaka kröfu til þess að hann móti sér hana út í hörgul þegar við erum að ræða málið við 1. umr. en maður hefði þó talið að formaður BSRB, sem berst fyrir hag umbjóðenda sinna og að þeir geti fengið sem mest fyrir aurana sína, mundi koma hingað og fagna því að verið væri að lækka ákaflega þá mikilvægu neysluvöru sem erlendar bækur eru.

Ég varð ekki var við neinn fögnuð hjá hv. þingmanni yfir því, og það er skiljanlegt. Það kemur í ljós að hv. þm. er þeirrar skoðunar að það sé æskilegt að hafa annan hátt á. Hann telur að sökum hinnar þjóðernislegu sérstöðu Íslendinga, sökum þeirrar staðreyndar að við erum lítil þjóð sem verjumst stundum í vök gagnvart ásælni erlendra menningaráhrifa, sé rétt að reisa einhvers konar skattamúra til að vernda framleiðslu íslenskrar menningarvöru, og það eru sjónarmið sem sannarlega er hægt að taka undir.

En þá ber svo við, herra forseti, að í upphafi ræðu sinnar notar hann nokkur augnablik til að agnúast út í hv. þm.

Bryndísi Hlöðversdóttur sem leyfði sér að benda á að ef Íslendingar væru innan Evrópusambandsins væri kleift að ná því markmiði sem hv. þm. lýsir fylgi við.

Ég spyr því hv. þm. Ögmund Jónasson, af því að ég veit að hann er bæði umburðarlyndur og fordómalaus: Telur hann ekki að það væri mjög heppilegt frá sjónarhóli menningarlegrar sérstöðu Íslands, frá sjónarhóli þeirra sem vilja verja hana gegn erlendum straumum, að við værum innan Evrópusambandsins og gætum þá til að mynda reist slíkar skattalegar borgir, skattaleg vígi, til að verja arfleifðina og þar með hólmann sem barist er um?

[11:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef margoft sagt það hér í þessum ræðustól að ég er mikill fylgismaður þess að við rekum öfluga velferðarþjónustu á Íslandi og að hún sé kostuð af almannafé, skattfé. Ég geri mér grein fyrir því að lækkun á sköttum, sem í þessu tilviki hefði vissulega í för með sér lækkað vöruverð á innfluttum bókum, gæti leitt til aukinna útgjalda á öðrum sviðum, t.d. innan heilbrigðisþjónustunnar, og það kæmi sér illa og miklu verr fyrir launafólk og þá sem eru tekjulitlir að fara þá leið. Ég segi að við eigum að skoða málin í því samhengi.

Þegar vísað er til Evrópusambandsins í þessari umræðu hefur það verið gert á tvennan hátt. Annars vegar er talað um verndun tungunnar, hvaða möguleika við höfum átt innan Evrópusambandsins í því efni, en að öðru leyti hefur verið vísað í krónur og aura. Menn hafa sagt að með inngöngu í Evrópusambandið náum við verðlagi niður.

Ég bendi á að innganga í Evrópusambandið hefði í för með sér stóraukin útgjöld fyrir Íslendinga. Nemur það mörgum milljörðum króna, mörg þúsund millj., sem við greiddum inn í þessa hít umfram það sem út úr henni mundi koma til okkar, og ég er að vekja athygli á þessu samhengi þegar vísað er í krónur og aura.

Þegar hins vegar er vísað í hinn þáttinn, um möguleika okkar til að hafa áhrif, vil ég fara aðra leið og treysta fullveldi þjóðarinnar í stað þess að fara bónbjargarleið inn í skrifræðið í Brussel.

[11:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á umhyggju hv. þingmanns fyrir umbjóðendum sínum innan BSRB og ég heiti honum fullum stuðningi mínum í þeirri baráttu. En hv. þm. getur ekki komið hingað og haft uppi þennan málflutning. Hann getur ekki sagt að það sé svo dýrt að vera þátttakandi í Evrópusambandinu að það mundi óhjákvæmilega leiða til þess að við þyrftum að draga úr útgjöldum okkar innan heilbrigðiskerfisins og þar með ýta kostnaði yfir á fátækt fólk. Það er það sem hv. þm. sagði.

Það er einfaldlega þannig að þó að hann og hæstv. forsrh. séu sammála um að það kosti einhverja peninga að ganga í ESB hefur það ekki verið reiknað út. Bein útgjöld eru einhvers staðar frá 3 og upp í 15 milljarða.

Hvað heldur hv. þm. að það mundi auka við kaupmátt umbjóðenda hans ef við gengjum í Evrópusambandið og nytum sama matarverðs og þar er? Ætli það mundi ekki bæta svona 10–15% við kaupmáttinn? Hvað heldur hv. þm. að það mundi bæta við kaupmátt þess fólks sem hann ber svo fyrir brjósti ef við nytum sömu vaxtakjara og eru innan Evrópusambandsins? 10% samkvæmt útreikningum hagfræðideildar Alþýðusambands Íslands sem ég veit að hv. þm. ber mikla virðingu fyrir.

Á þessu eru margar hliðar og hv. þm. verður að beita því sem er aðall hans og kostur í umræðum oft, umburðarlyndi og fordómaleysi. En mér finnst að þessir tveir höfuðkostir þessa ágæta þingmanns sjáist aldrei þegar hv. þm. á orðastað við mig og aðra um Evrópusambandið.

Við erum hér að tala um menningarlega sérstöðu. Hvernig stendur á því, herra forseti, að ef við skoðum þjóðarbrotin í Evrópu vilja þau öll efla Evrópusambandið, allt frá Katalónum til þeirra sem byggja í Bayern og til Íra? Hvers vegna? Vegna þess að Evrópusambandið ýtir undir menningarlega sérstöðu. Það er gott að vera lítill innan Evrópusambandsins.

[11:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott til þess að vita að hv. þm. Össur Skarphéðinsson tekur undir þau sjónarmið sem lúta að hagsmunum launafólks innan BSRB, ASÍ og allra samtaka launafólks í landinu.

Við vorum að tala um krónur og aura og það hefur verið reiknað út hvað það muni kosta okkur að ganga inn í Evrópusambandið. Það er að vísu byggt á líkindareikningi en það hefur verið sett fram, m.a. í skýrslu hæstv. utanrrh. Þar kemur fram að við erum að tala um marga milljarða sem Íslendingar yrðu að greiða í hít Evrópusambandsins umfram þá sem út úr þeim sjóðum kæmu.

Hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson gert sér grein fyrir því að með inngöngu í Evrópusambandið mundum við afsala okkur réttinum til að gera viðskiptasamninga við önnur ríki og önnur svæði? Og hefur hann reiknað út hvað það hefði í för með sér í verðlagi á vörum frá ríkjum sem við þegar höfum gert samninga við? Auðvitað þarf að skoða þessi mál öll en hitt stendur upp úr í mínum huga að með inngöngu í Evrópusambandið mundu Íslendingar glata fullveldi sínu, það mundi draga stórlega úr möguleikum okkar til að hafa áhrif á efnahagsmálin, á menningarmálin og á öll okkar mál.

[11:53]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Þetta litla frv. hæstv. fjmrh. hefur þróast í allmerkilega umræðu um Evrópumál annars vegar og hins vegar úttekt á mannkostum hv. þm. Ögmundar Jónassonar, hvort tveggja afskaplega mikilvæg umræðuefni og þörf, en ég kom ekki hingað til að blanda mér í þá umræðu að þessu sinni heldur einungis til að lýsa yfir miklum stuðningi við þetta ágæta frv. hæstv. fjmrh.

Með sanni má taka undir það sem hér kom fram, að brtt. beri að með nokkuð óvenjulegum hætti, en ég tel það algjört aukaatriði í málinu. Það er efni málsins sem skiptir höfuðmáli. Þarna er sem sagt um að ræða mismunandi skattlagningu á bókum þar sem erlendar bækur eru með hærra virðisaukaskattshlutfall en þær innlendu. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. má með sanni segja að það sé tímaskekkja og þó að þetta byggi á úrskurði ESA þarf að bregðast við því, eins og hæstv. fjmrh. sagði, og annaðhvort gerist það með því að hækka virðisaukaskatt á íslenskar bækur eða með því að lækka á hinum erlendu. Ég hlýt auðvitað að fagna þeirri leið sem hæstv. fjmrh. kynnir hér.

Það er auðvitað tímaskekkja að vera með ólíkan virðisaukaskatt á bókum eftir þjóðerni, ef svo má segja, ekki síst ef við horfum til þess að menntastig þjóðarinnar hefur

hækkað verulega, sérstaklega á síðustu 100 árum. Það er grundvöllurinn að okkar efnahagslegu velferð, og menntastigið hefur hækkað ekki síst vegna þess að Íslendingar hafa verið iðnir og duglegir við að lesa bækur. Bókin hefur verið lykillinn að menntun. Þess vegna er það afskaplega mikilvægt að aðgengi almennings að bókum sé gott. Um leið og menntastig þjóðarinnar hefur hækkað hefur auðvitað þörfin fyrir það að afla sér fróðleiks innan lands, og ekkert síður erlendis í alþjóðasamfélaginu, farið vaxandi. Það að sækja þekkingu til erlendra þjóða og ná henni hingað inn í landið hefur einmitt byggt upp þetta sterka og háa menntastig sem við getum státað af.

Erlendar bækur eru einmitt mikilvægur hluti af þessu og því er mikilvægt að hafa aðgengi að erlendum bókum sem best. Það kemur sér vel fyrir almenning til þess að njóta erlendra bóka, fagurbókmennta sem annarra, það kemur sér vel fyrir námsfólk og ekkert síður fyrir þann vaxandi fjölda almennings sem stundar símenntun sem gegnir sífellt stærra hlutverki í samfélagi okkar. Þess vegna hlýtur maður að fagna þessu og lýsa yfir stuðningi við frv.

Auðvitað missir ríkissjóður af einhverjum tekjum, 100–150 millj. kr., en það er líka rétt að benda á að til lengri tíma litið munu þær tekjur koma til baka. Við skulum gera ráð fyrir því að lestur erlendra sem innlendra bóka leiði til aukinnar menntunar og aukin menntun leiðir til aukinnar hagsældar sem síðan hefur áhrif á hinn síhungraða ríkissjóð.

Þess vegna fagna ég þessu og tek undir það að þetta þurfi að vinnast hratt og vel. Auðvitað er eðlilegt að hv. efh.- og viðskn. skoði þetta en væntanlega þarf hún ekki langan tíma til þess. Málið er afskaplega skýrt, það snýst um það að lækka virðisaukaskatt á erlendum bókum. Kostnaður af því hvað varðar tekjumissi ríkissjóðs liggur fyrir en sá peningur mun skila sér í annarri mynd. Því hvet ég til þess að málið fái afgreiðslu á þessu vorþingi sem allra fyrst.

[11:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. ekki neitt. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að slá skattalegan múr í kringum menningarlega arfleifð okkar eftir því sem kostur er. Ég tel að það ætti að hafa mismunandi skatta, ef kostur væri, á innlendum og erlendum bókum. Ég geri það með sömu rökum og hv. þm. Hjálmar Árnason taldi upp áðan, og ýmsir fleiri á undan honum. Það er æskilegt að reyna að styrkja menningarlega framleiðslu lítillar þjóðar sem verst í vök í flaumi tímans þar sem hún er undir margvíslegu áreiti. Ég tel a.m.k. að svo sé við þessar aðstæður.

Við horfum hins vegar fram á það að við erum aðilar að erlendum samningi sem gerir það að verkum að við eigum ekki annarra kosta völ eftir úrskurð ESA en að breyta lögum okkar, og undir það gengst ég fúslega. Þetta er hluti af því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson var að tala um áðan, hann kallaði það að vísu að við hefðum tapað fullveldi, ég kalla þetta að deila fullveldi. Ég kalla það að deila fullveldi með öðrum þjóðum í gegnum alþjóðlega samninga þar sem menn styrkja stöðu þjóða eins og okkar með því að fá margvísleg réttindi í krafti alþjóðlegra samninga en til endurgjalds fallast menn á ákveðnar kvaðir. Þetta er ein af þeim.

Það hefur hins vegar komið fram í þessari umræðu, herra forseti, að ef við værum fullgildir aðilar að Evrópusambandinu gætum við haft þessa mismunandi álagningu, hvað virðisaukaskatt áhrærir, á bókum. Að vísu, herra forseti, er ég almennt þeirrar skoðunar að það eigi að draga úr og hafa sem minnsta skattlagningu á framleiðslu eins og bókum og geisladiskum, og rétt að greina frá því að þegar þetta mál kom til afgreiðslu á sínum tíma í þinginu var ég stjórnarliði í flokki ríkisstjórnar Alþýðuflokks og Sjálfstfl. og ég greiddi atkvæði gegn því að virðisaukaskatturinn yrði 14%. Hvers vegna? Ég vildi að hann yrði 0%. Ég er þeirrar skoðunar, ekki bara með hliðsjón af afdrifum bókaútgáfu í landinu, heldur með hliðsjón af því að ritun bóka er einhver innsti og grónasti hluti af menningu okkar. Bækur og ritun bóka eru ástæðan fyrir því að íslenska þjóðin er til í dag. Bækur og ritun bóka varðveittu tunguna, og tungan er það sem gerir það að verkum að við erum í dag sérstök þjóð. Þess vegna geld ég jafnan varhuga við því ef menn taka upp hverjar þær aðgerðir sem gætu með einhverjum hætti dregið undan henni.

Herra forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir dró inn í umræðuna ákaflega merkilegan hlut. Hún benti á að við erum núna að undirgangast þessa kvöð í krafti þess að við erum aðilar að EES-samningnum. Við undirrituðum hann og staðfestum 1993. Það var áður en sú breyting á sáttmála Evrópusambandsins var gerð sem kennd er við Amsterdam. Með þeirri breytingu var hins vegar ýtt undir möguleika þjóða til að lyfta sinni menningarlegu sérstöðu. Ef við hefðum gert samninginn eftir þetta eða ef við værum aðilar að Evrópusambandinu gætum við gert, ég segi ekki hvaðeina, en ákaflega margt sem þessu tengist til að slá skjaldborg um menningarlega arfleifð okkar, t.d. í formi bókaritunar.

Herra forseti. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Hjálmari Árnasyni um að þetta er í eðli sínu einfalt frv., það þarfnast ekki mikillar skoðunar. Auðvitað er sjálfsagt að við tökum það til afgreiðslu í efh.- og viðskn. og brjótum það þar til mergjar. Ég tel að við eigum að kveðja til fundar við okkur þá sem véla um bókaútgáfu í landinu og heyra viðhorf þeirra en mér finnst heldur ekkert umhendis, í krafti jafnræðis, að við veltum því fyrir okkur hvort ekki ætti enn fremur að spyrja um afstöðu þeirra sem framleiða og flytja inn annars konar menningarvarning eins og geisladiska.

Ég er líka sammála hæstv. fjmrh. um að úr því sem komið er sé bara rétt að afgreiða þetta sem fyrst. Þetta er ekki mál sem er rétt að láta dankast. ESA hefur fellt úrskurð sinn — það liggur fyrir — og við verðum að undirgangast hann. Þá er ég sammála hæstv. ráðherra, við skulum bara afgreiða málið hið fyrsta og gera það á þessu þingi. Ekki stendur á mér eða Samfylkingunni í þeim efnum.

[12:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að möguleikum okkar til að hafa áhrif innan Evrópusambandsins og sagði að innganga í Evrópusambandið væri til að treysta fullveldi þjóðarinnar. Ég tel að svo sé ekki.

Sú var tíðin að innan Evrópusambandsins höfðu einstök ríki mikinn rétt til áhrifa, m.a. með neitunarvaldi. Sá réttur hefur vikið fyrir meirihlutavaldi innan stjórnunarstofnana Evrópusambandsins. Hvernig er því háttað, stjórnunarkerfi Evrópusambandsins? Þar er valdamest framkvæmdastjórn. Að baki henni er ráðherranefnd. Þar eru núna 87 ráðherrar. Þeir verða 237 eftir stækkun. Hver verða áhrif smæstu ríkjanna? Þau verða 1%.

Til hliðar er síðan þing Evrópusambandsins. Þar sitja núna 626 þingmenn. Eftir stækkun, hver verður áhrifamáttur smæstu ríkjanna? Hann verður um hálft prósent.

Telur hv. þm. það til þess fallið í slíku stjórnunarkerfi að treysta fullveldi Íslendinga með því að afsala okkur valdi til að gera viðskiptasamninga við aðrar þjóðir? Gæti verið að hv. þm. sé farinn að fylgja einangrunarstefnu í stað þess að horfa til heimsins alls eins og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum til?

[12:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt er hægt að saka félaga mína í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um en þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri því kastað fram að þeir séu alþjóðasinnar. Það er auðvitað við hæfi að það komi úr þeirra eigin röðum. Það skýtur skökku við þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson kallar mig einangrunarsinna. Það er vísast þannig að það eru ekki margir alþjóðlegar sinnaðir í þessum þingsölum en ýmsir þingmenn Samfylkingarinnar. Það stafar af sögulegum og pólitískum rótum okkar.

Herra forseti. Innganga í Evrópusambandið, mun hún draga úr fullveldi okkar? Síður en svo. Farnast smáþjóðum illa innan Evrópusambandsins eða almennt í samfélagi þjóðanna? Nei. Hvers vegna? Þær bera jafnan gæfu til þess að starfa saman. Það hefur verið gerð vísindaleg úttekt á þessu af hálfu íslensks fræðimanns við Háskóla Íslands, Baldurs Þórhallssonar. Hann hefur komist að því að smáþjóðunum vegnar betur. Hvers vegna? Þær læsa saman klónum og berjast harkalega fyrir fáum, einangruðum, mikilvægum hagsmunamálum og hafa yfirleitt komið betur út en stærri þjóðirnar. Ég vísa því þess vegna á bug að smáþjóðirnar séu einangraðar. Þær virðast eiga auðveldar með að ná fram hagsmunum sínum en ýmsar stærri þjóðirnar.

Að því er varðar hið formlega tap á fullveldi þá er rétt að vekja eftirtekt hv. þm. á því að þegar við samþykktum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið var það gert miðað við ákveðna innri gerð Evrópusambandsins þar sem við höfðum möguleika til að koma viðhorfum okkar á framfæri. Breytingar á innviðum Evrópusambandsins, til þess að auka lýðræðislegt vægi innan sambandsins, hafa hins vegar dregið úr þessum möguleikum okkar. Þannig má segja að dag frá degi, hægt en bítandi, séum við að tapa fullveldi sem við sömdum ekki um og vissum ekki af þegar við gengum í Evrópska efnahagssvæðið. Þess vegna segi ég að ef við færum í Evrópusambandið þá mundum við endurheimta þessa möguleika. Rödd okkar mundi heyrast og að því leyti held ég að við mundum styrkja fullveldið með því að gerast aðilar að Evrópusambandinu.

[12:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kemur hjá hv. þm. að við höfum glatað fullveldi eða að það hafi dregið úr því og við höfum ekki samið um það. En er þá betra að semja um að grafa undan fullveldinu og afsala okkur því? Það mun svo sannarlega gerast með inngöngu í Evrópusambandið.

Ég ætla ekki að saka hv. þm. Össur Skarphéðinsson um að vera ekki alþjóðlega sinnaðan. Það er hann og hefur margoft sýnt. En ég er að halda því fram að þessi Evrópuhyggja sé í raun einangrunarhyggja. Evrópa er að loka sig af gagnvart lausn á brýnustu vandamálum sem heimurinn stendur frammi fyrir. Ég vísa þar í þá umræðu sem fram fer innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og fleiri alþjóðlegra stofnana. Við eigum að opna hugann.

Það er ekkert grín þegar ég held því fram að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett fram tillögur í þessa veruna, alþjóðlega sinnaðar. Við höfnum hins vegar að sjálfsögðu einangrunarhyggju Evrópusambandsins og ég hlakka til að taka áfram upp umræðu við hv. þm. um það efni.

[12:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber fulla virðingu fyrir viðhorfum og stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það vill svo til að ég tel að þeir séu ekki ýkja alþjóðlega sinnaðir. Þeir svara því jafnan með því að segja að Evrópusambandið sé svo eintrjáningslegt að það vilji einangra sig frá umheiminum. Auðvitað vita allir sem þekkja til að þetta er rangt.

Hugtakið „þjóðríki“ og skilgreining á því hefur breyst með framvindu tímans eins og allt breytist. Nú er það einfaldlega þannig að heimurinn er miklu flóknari og alþjóðlegu samskiptin meiri. Til þess að tryggja fullveldi ríkja þá er ein aðferðin og e.t.v. besta aðferðin sú að deila því. Þetta höfum við Íslendingar gert í vaxandi mæli á síðustu áratugum.

Þegar við urðum t.d. aðilar að samningi Norðurlandanna um sameiginlegan vinnumarkað afsöluðum við okkur þeim hluta fullveldisins sem fólst í að meina útlendingum frá ákveðnum löndum að koma hingað til Íslands og gerast fullgildir aðilar á vinnumarkaðnum. Sama gerðist með samningi okkar um tvíhliða varnarsamstarf við Bandaríkin. Þar afsöluðum við okkur því sem mikilvægast er í fullveldi, sem eru varnirnar. Það má vera að hv. þm. sé andstæður því en svona gera þjóðir í dag. Þær deila fullveldi sínu til þess að styrkja það

[12:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti það merkilegt sem fram kom í ræðu hv. 9. þm. Reykv. að úrskurður ESA væri ekki í samræmi við þær reglur sem gilda í Evrópusambandinu. Mér þótti sú viðbót merkileg hjá formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, þegar hann reyndi að réttlæta þetta með því að við hefðum ekki vitað um þessa hluti, ekki hugsað út í þá og þess vegna hefðum við ekki samið um að hafa sama rétt og Evrópusambandið þegar kemur að réttinum til að verja menningarverðmæti okkar og menningarlega hagsmuni. Svo er að skilja á formanni Samfylkingarinnar að honum finnist eðlilegt að við sættum okkur við að sitja við annað og verra borð í þessu efni heldur en þjóðir Evrópusambandsins.

Mér finnast þetta mjög merkilegar upplýsingar ef þær eru réttar, að úrskurður ESA sé ekki í samræmi við gildandi reglur innan Evrópusambandsins og þær leikreglur sem þar gilda, eins og fram kom hjá þessum tveim hv. þm. Samfylkingarinnar. Það er alveg greinilegt af ummælum þeirra að þeir sætta sig við þetta ástand.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði, ég hygg ég hafi náð því orðrétt: ESA hefur fellt sinn úrskurð og við verðum að undirgangast hann. Í hinu orðinu segir hann að þær þjóðir sem séu innan Evrópusambandsins þurfi ekki að undirgangast úrskurð af sama tagi.

Þetta er óþolandi og þetta hlýtur að verða að athuga sérstaklega. Það verður að gera nána grein fyrir því hvernig á slíku stendur. Og það eru þokkapiltar sem þannig haga sér í samstarfi við vinaþjóð, ef þetta er rétt.

[12:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir nánast hvert orð sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði. Það er auðvitað óþolandi ef Íslendingar geta ekki beitt ákveðnum aðgerðum til þess að vernda menningarlega sérstöðu sína, sem aðrar þjóðir innan Evrópu og innan Evrópusambandsins geta hins vegar.

Staðan er hins vegar einfaldlega þannig að þær samkeppnisreglur sem í dag ríkja innan Evrópusambandsins, í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á Amsterdam-fundinum, heimila svona mismunandi skattlagningu eins og við erum hér að ræða um. Þær samkeppnisreglur sem við undirgengumst með EES gera það ekki. Þetta var útskýrt hér áðan í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur. Þetta er einfaldlega staðreyndin og liggur til grundvallar þeirri skoðun minni að þarna sé enn ein röksemdin fyrir því að við stígum skrefið sem felst í að sækja um og samþykkja aðild að Evrópusambandinu, þetta er eitt af því sem gerir það að verkum að ég tel að það sé ákjósanlegt.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að það er óþolandi að ekki skuli hægt að taka mið af þessum breytingum og breyta EES-samningnum. Það vill svo til, herra forseti, að það er einn íslenskur stjórnmálamaður sem virðist sætta sig við þetta. Það er hæstv. forsrh. Hann fór nýlega í heimsókn til kollega síns, Bondeviks í Noregi, og þar urðu þeir ásáttir um að það væru engar tímanlegar nauður sem rækju til þess að menn færu í að uppfæra EES-samninginn fyrr en núverandi stækkun Evrópusambandsins væri frá og staðfestingarferlið búið. Ég er alveg sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um að þetta er auðvitað ófært. Það þarf að gera þetta miklu fyrr. Hinu átti ég ekki von á, að hann yrði ósammála forsætisráðherra sínum í þessum efnum.

[12:13]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var með nokkuð óvæntum hætti að umræður um þetta mál tóku að snúast um stöðu okkar í Evrópusambandinu. Það er athyglisvert að upp á síðkastið nota þingmenn Samfylkingarinnar hvert tækifæri til að koma að ást sinni á því. Ég vil segja af því tilefni að mér þótti merkilegt og gott, í blaðagrein sem nú birtist þar sem skýrt var frá sjónarmiðum hv. 9. þm. Reykv., Bryndísar Hlöðversdóttur, að fram kæmi að hv. þm. teldi eðlilegt að flokkur hennar mundi leggja fram á næsta Alþingi brtt. við stjórnarskrána sem hún teldi fullnægjandi til að við gætum gengið inn í Evrópusambandið. Þegar hv. þm. var að ræða um að við gætum tekið þær umræður upp fyrr en ella mundi og fyrr en hæstv. forsrh. mat sagði hún að hægt væri að flýta þessari þróun með því að leggja slíka brtt. fyrir hér á Alþingi.

Ég hlýt að láta í ljósi ánægju yfir því að við umræður um þá brtt. sem formaður þingflokks Samfylkingarinnar með þessum hætti boðaði skuli hægt að taka upp almennar umræður um stöðu Íslands innan Evrópusambandsins og hvaða breytingar hv. þm. telur nauðsynlegt að gera á stjórnarskránni í þeim tilgangi að draga úr sjálfstæði okkar og forræði yfir eigin málum.

Nú veit ég ekki hvort rétt er að minna á það í þessu sambandi — m.a. vegna þess að formaður Samfylkingarinnar hafði orð á því að Íslendingum mundi betur vegna innan Evrópusambandsins en utan af því að við erum smáþjóð — að forveri Samfylkingarinnar, Alþýðuflokkurinn, hafði t.d. miklar efasemdir um það á sínum tíma hvort við Íslendingar værum menn til að hafa okkar eigin hæstarétt, ég tala nú ekki um afstöðu Alþýðuflokksins og forustumanna hans til lýðveldisstofnunarinnar 17. júní 1944. En það er svo aftur annað mál.

Það sem við ræðum hér er tillaga fjmrh. um að rétt sé að hafa sama virðisaukaskatt á öllum bókum. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að gera það. Ég tel að íslenskri tungu og íslenskri menningu stafi ekki hætta af því þótt erlendar bækur lækki hér í verði. Við höfum séð að menning okkar hefur risið hæst þegar við höfum átt mestan aðgang að öðrum þjóðum, og sennilega hefur íslensk tunga og íslensk ritmenning aldrei risið hærra en á fyrstu árum íslenskrar ritaldar hér á landi, þegar íslenska málfræðiritgerðin var skrifuð og þar fram eftir götunum, sem sýndi þekkingu og kunnáttu Íslendinga á öðrum málum, sérstaklega latínu á þeim tíma. Það að Íslendingar skyldu hafa leitað háskólanáms í mörgum þjóðlöndum, einnig þá, varð okkur til mikillar gæfu og upplyftingar. Við höfum líka séð það þegar Íslendingar fengu tækifæri til að kynnast erlendum bókmenntum, m.a. með þýðingum stórskálda eins og Matthíasar Jochumssonar á sínum tíma og áður Jóns Þorlákssonar á Bægisá, svo að dæmi séu tekin, eða Jónasar Hallgrímssonar eða Sveinbjörns Egilssonar. Sjóndeildarhringur okkar víkkaði með þeim hætti og þá hlaut auðvitað næsta skrefið að vera það að Íslendingar tileinkuðu sér erlendar tungur. Ég tel að það sé í alla staði gott að erlendar bækur geti lækkað hér á markaði. Það kemur sér vel, bæði fyrir alþýðu manna og það fólk sem er við nám.

Auðvitað er það matsatriði ævinlega hversu skattleggja skuli bækur. Ég heyrði að hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, taldi að rétt væri að fella niður allan virðisaukaskatt af bókum. Þetta er gamall draumur en ég hef ekki orðið var við að stjórnmálamenn hafi verið reiðubúnir til að benda á hvar þá ætti að nema staðar né heldur útskýra hvernig afla eigi annarra tekna í staðinn. Þegar þessi umræða var uppi hér fyrir 10–15 árum í efri deild man ég eftir því að rætt var um barnaföt í því sambandi. Ýmsir vildu fara að dæmi Margrétar Thatcher og láta föt fyrir smábörn vera undanþegin virðisaukaskatti.

Það er auðvitað matsatriði hversu langt skuli gengið en ég hlýt að segja að það er mín skoðun að íslenskri tungu stafi ekki hætta af því þó að fleiri lesi erlendar bækur, það held ég að sé öldungis ljóst. Ég held að ef svo væri fyrir okkur komið væri þjóðlegur metnaður og þjóðleg menning okkur ekki mikils virði. Það er mín skoðun.

En ég kvaddi mér kannski hljóðs til að láta í ljósi hryggð mína yfir því að þessi breyting skuli koma til vegna þess að við séum einhvers konar annars flokks þjóð í samstarfi við Evrópusambandið, að litið skuli vera á okkur sem einhvers konar hjú, að ESA-dómstóllinn skuli ekki hafa burði til þess að láta okkur ná sama rétti gagnvart þjóðum Evrópusambandsins og einstakar þjóðir Evrópusambandsins ná gagnvart hver annarri í svo sjálfsögðu máli eins og þessu þar sem reynir á einföldustu atriði eðlilegrar samkeppni og eðlilegrar jafnstöðu milli þjóða.

Þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig að því hvernig sé um önnur mál innan Evrópusambandsins, t.d. allar þær gerðir sem við erum rekin til að lögfesta á Alþingi, og síðan les maður og fræðist um það að stórþjóðir Evrópusambandsins telji sig ekki þurfa að lögfesta slíkar gerðir í sínu landi. Eru um það ótal dæmi sem sýna auðvitað hver staða smáþjóða er í þessu þjóðakraðaki sem Evrópusambandið er, sýna lítilsvirðinguna á smáþjóðunum og gagnvart þeim sem ekki eru

með nýjustu pappíra í hendi. Að mannréttindi okkar og þjóðarréttindi eigi að vera önnur í samstarfi við Evrópuþjóðir en á milli góðra nábúa og vinaþjóða nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið um að það séu óeðlileg vinnubrögð að hæstv. fjmrh. skuli leggja þessa brtt. fram vil ég að síðustu segja að það má líka telja óeðlilegt að efh.- og viðskn. skuli ekki hafa tekið þetta mál upp á eigin vegum.

[12:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er um margt ákaflega sammála viðhorfum hv. þm. Halldórs Blöndals. Við erum hins vegar auðvitað bersýnilega algjörlega andstæðrar skoðunar um það hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Þegar hv. þm. segir hins vegar að það sé með öllu ótækt að við séum, svo ég noti sem næst hans eigin orðum, „rekin til að lögfesta á Alþingi gerðir Evrópusambandsins sem stórþjóðir þess telji sig ekki þurfa að gera" er það með öllu ótækt. En þá spyr ég hv. þm. Halldór Blöndal: Við hvern telur hann að sé að sakast í þeim efnum, Evrópusambandið eða íslenska embættismenn?

Ég vil deila með honum þeirri reynslu sem ég öðlaðist þegar ég var ráðherra með honum í ríkisstjórn. Þá voru uppi ýmsar gerðir sem var talið nauðsynlegt að samþykkja en sem mér, sem ráðherra, fannst ekki nauðsynlegt að samþykkja og sem mér fannst ekki eiga erindi við íslenskt samfélag. Ég minnist til að mynda ákveðinnar gerðar um erfðabreyttar örverur sem mér fannst gjörsamlega tilefnislaust að samþykkja á Íslandi. Og það var ekki gert á meðan ég var ráðherra, einfaldlega vegna þess að ég var ósammála embættismönnunum.

Spurning mín til hv. þm. er því: Eru það þá ekki íslenskir embættismenn og íslenskir ráðherrar, kannski fyrst og fremst hæstv. forsrh., sem standa ekki í ístaðinu gagnvart Evrópusambandinu í efnum eins og þessum? Ég held að hann ætti frekar að skamma kollega sína.

[12:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með formanni Samfylkingarinnar, hv. 7. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, að auðvitað hlýtur maður að velta fyrir sér af hverju íslenskir embættismenn eru svona duglegir að reka okkur áfram til að samþykkja þessar ýmsu gerðir. Það má kannski líka segja að það væru þá mikil meðmæli með því að ganga í Evrópusambandið ef við gætum hagað okkur eins og Frakkar og þyrftum ekki að taka upp allar þessar gerðir. Mér skilst að Frakkar hafi ekki samþykkt einar 800 gerðir. Það hefði aldeilis verið munur fyrir okkur Íslendinga ef við hefðum losnað við þann óskapnað allan sem þessum 800 gerðum hefur fylgt.

[12:25]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég má til með að bregðast í nokkrum orðum við ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals og því sem fram kom í henni áðan.

Eins og hann sagði, og var m.a. ástæðan fyrir því að hann kvaddi sér hljóðs, vakti ég athygli á því fyrr í þessari umræðu að þetta ákvæði sem bannar okkur að hafa sérstakt virðisaukaskattsþrep á íslenskum bókum væri hluti af því gamla Evrópusambandi sem við gerðum samning við árið 1992. Ég held að þetta sé gott dæmi um þann skort á aðlögunarhæfni sem við búum við vegna þess að við byggjum á EES-samningnum. Ég taldi mikilvægt að draga það inn í umræðuna.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði að þetta liti þannig út að við værum annars flokks þjóð í samstarfi við ESB og fáraðist mjög yfir því að Evrópusambandið kæmi svona fram við okkar ágætu þjóð. En, herra forseti, ég verð að segja eins og er að auðvitað má setja þetta þannig upp að við séum einhvers konar annars flokks þjóð í samskiptum við Evrópusambandið en það er nú einu sinni það samstarf, í gegnum EES-samninginn, sem við höfum valið okkur þannig að það er engum um að kenna nema okkur sjálfum. Við höfum valið okkur þetta form í samskiptum við Evrópusambandið, að byggja á EES-samningnum. Því fylgja margir kostir en því fylgja líka margir gallar, herra forseti, m.a. sá að við búum við reglur sem voru í gildi þá. Við byggjum samskipti okkar m.a. að mestu leyti á framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem hefur misst heilmikil völd síðan 1992 vegna þess að þar hafa menn verið að færa valdið yfir til ráðs og þings. Það eru ýmsir slíkir gallar sem hafa komið fram á samningnum hvort sem okkur líkar betur eða verr, herra forseti.

Nú höfum við leitað eftir því að taka upp samninginn og fengið formlega neitun, okkur sagt að ekki sé hægt að fá efnislega uppfærslu á honum en hugsanlega tæknilega uppfærslu síðar. Þetta er bara staðan, herra forseti, sem við erum í á grundvelli EES-samningsins. Ég vil ítreka að EES-samningurinn hefur að mínu mati fært okkur gríðarlega margt gott og að mörgu leyti verið mjög góður grundvöllur þessa samstarfs. En í tímans rás og sérstaklega í tengslum við stækkun Evrópusambandsins höfum við ekki fengið að njóta þeirra jákvæðu breytinga sem hafa orðið á reglum sambandsins. Ég nefndi áðan nálægðarregluna og ég nefndi þetta með heimildina til að taka tillit til menningarlegrar sérstöðu sem er gríðarlega mikilvæg fyrir litla þjóð eins og Ísland. Ég held að þetta sé bara svona, herra forseti, og ég verð að segja við hv. þingmann að það er í raun og veru engum um að kenna nema okkur sjálfum. Við höfum valið okkur þetta og því fylgja kostir og því fylgja gallar.

Ég verð líka að bregðast við því að hv. þm. vitnaði til viðtals við mig um það að flokkur minn teldi eðlilegt að leggja fram stjórnarskrárbreytingu strax í haust. Ég verð að fá að vita hvaða viðtal það er sem hv. þm. vitnar til vegna þess að þetta hef ég aldrei sagt. Í þessu umræddu viðtali brást ég við orðum sem hæstv. forsrh. hefur gjarnan viðhaft í umræðu, hér og reyndar erlendis líka, að það taki mörg ár, sjö, átta eða jafnvel upp undir tíu ár, áður en við getum gengið inn í Evrópusambandið og vísar þar til ákveðinna tæknilegra vandamála við stjórnarskrárbreytingar. Það sem ég benti á í því viðtali, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé að vitna til, er það að ef pólitískur vilji væri fyrir hendi væri þetta mögulegt. Ég er ekki að segja að hann sé fyrir hendi og geri mér meira að segja fullkomlega grein fyrir því að hann er það ekki, og það er allt í lagi. Tæknilegu vandamálin eru samt ekki eins stór og ég held að menn hafi verið að segja.

Auk þess átta ég mig þá ekki á því ef við þyrftum að gera stjórnarskrárbreytingu áður en við sæktum um aðild að sambandinu. Væntanlega þarf að gera stjórnarskrárbreytingu en yrði þá ekki eðlilegt, herra forseti, að hún yrði gerð í tengslum við það að einhver samningsdrög yrðu lögð fyrir þjóðina ef til þessa kæmi?

Allt þetta, herra forseti, er sagt með fyrirvörum sem ég

tel að séu allir fullkomlega réttir. Það þarf pólitískan vilja til og ég átta mig fullkomlega á því að hann er ekki til staðar í dag. Það væri í mínum huga auk þess fráleitt að leggja stjórnarskrárbreytinguna fram áður en menn sæktu um og könnuðu hvort þeir fengju einhvern viðunandi samning.

Herra forseti. Ég sé þetta ferli þannig fyrir mér og var að reyna að útskýra það í þessu umræddu viðtali að sótt yrði um og farið í einhvers konar samningaviðræður, ef til þess fengist pólitískur vilji og pólitískur meiri hluti að gera það, og síðan yrði þing rofið ef þetta væri á miðju kjörtímabili, sem er tæknilega mögulegt, og samningurinn borinn undir þjóðina ásamt stjórnarskrárbreytingu sem yrði samþykkt beggja megin við kosningar á tveimur þingum.

Herra forseti. Ég vil bara ítreka að ég hef aldrei sagt að flokkur minn, eða ég, telji eðlilegt að leggja slíka stjórnarskrárbreytingu fram strax og hún yrði samþykkt á næsta hausti. Þetta eru rangfærslur, herra forseti, og ég hvet hv. þingmann til að sýna mér þetta umræddu viðtal. Ef þessi orð eru þar viðhöfð eru þau rangt eftir mér höfð. Umræðan um þetta í viðtalinu snerist einungis um hvað væri pólitískur vilji og hvað væri tæknilegur möguleiki og það er það sem ég var að reyna að útskýra.

Herra forseti. Ég verð því enn og aftur að segja að ég og hv. þm. Halldór Blöndal erum sammála því að það er mikilvægt að lítil þjóð á borð við Ísland njóti þeirrar menningarlegu sérstöðu sem við höfum haft hingað til, að hafa t.d. sérstakt virðisaukaskattsþrep á íslenskar bækur — það er dýrt að halda úti útgáfu fyrir svo lítinn markað — en við getum það ekki vegna þess að við erum bundin af þessum gömlu samkeppnisreglum. Við hefðum heimild til þess núna ef við byggðum á þeim breytingum sem hafa verið gerðar síðan EES-samningurinn tók gildi.

[12:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú gaman að því núorðið að það er nánast sama hvaða mál kemur upp í þinginu þá spretta fulltrúar Samfylkingarinnar upp með miklum lofsöng um Evrópusambandið. En þetta er eiginlega dálítið dapurlegt á að hlusta, þetta er orðið svo fáránlegt. Þó segjast þeir ætla að taka ákvörðun um afstöðu til Evrópusambandsins einhvern tíma í haust. Þetta fók þarf ekki að taka neina ákvörðun í haust, lofsöngurinn er slíkur að maður hefur aldrei heyrt annað eins.

Hins vegar kom ég ekki upp til að vekja athygli á þessu, þetta sjá allir menn. En hv. þm. fór hins vegar með reginmisskilning hér og sýndi að hún þekkir ekki EES-samninginn þegar hún fjallaði um það að ef eitthvað væri sem væri hagstæðara gert síðar meir í Evrópusambandinu, þá gætum við ekki tekið það upp án þess að breyta EES-samningnum.

EES-samningurinn byggir á því, öfugt við sambandsaðild, að Alþingi hefur áfram sjálfstæða lagaheimild. Ef Alþingi sæi að eitthvert efni — þetta er bara grundvallaratriði að þingmenn átti sig á og fari ekki með svona staðlausa stafi — ef Alþingi sæi að atriði hefðu gerst í Evrópusambandinu sem væru hagfelldari en í EES-samningnum og giltu um Evrópusambandið þá mundi Alþingi einfaldlega breyta lögunum og laga umhverfi sitt að því. Evrópusambandið, ef það væri andstætt því, getur ekkert gert gagnvart þeim lögum annað en að grípa til mótvægisaðgerða, hefndaraðgerða á einhverjum sviðum. Það getur Evrópusambandið ekki gert ef verið er að breyta samningum eða lögum hér til samræmis við það sem gerst hefur í Evrópusambandinu. Hvernig ætti Evrópusambandið að geta farið út í hefndaraðgerðir — Samfylkingin gengur út frá hefndaraðgerðum — vegna þess að Íslendingar hefðu lagað löggjöf sína til hagsbóta fyrir sig umfram það sem stæði í EES-samningnum og hefði þegar verið gert í Evrópusambandinu? Þetta er slíkur reginmisskilningur, þetta er fyrsta blaðsíðan í bókinni og hv. þm. á ekki að láta taka sig á svona grundvallaratriðum.

[12:33]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn að láta taka sig á einu eða neinu nema ef vera kynni hæstv. forsrh. Þetta er nú bara þannig, herra forseti, og ég hlýt þá að spyrja hæstv. forsrh. ef það er svo að við getum bara breytt hér lögum eins og okkur sýnist okkur til hagsbóta, af hverju í ósköpunum er þá hæstv. fjmrh. að gera breytingar á íslenskum lögum um virðisaukaskatt í samræmi við það sem EFTA-dómstóllinn segir að honum beri að gera á grundvelli EES-samningsins, þar sem virðisaukaskattþrepið er jafnað á milli innlendra og erlendra bóka? Það er bara þannig, herra forseti. Og í þeim úrskurði EFTA-dómstólsins, sem ég hef reyndar séð og lesið alveg ágætlega, blaðsíðu eitt og alveg til enda, þá segir þar að þetta sé ekki heimilt vegna þess að við byggjum á grundvelli EES-samningsins. Síðan þá hafa verið gerðar breytingar sem heimila að taka tillit til menningarlegrar sérstöðu, m.a. að gerð sé þessi skattalega mismunun með tilliti til menningarlegrar sérstöðu. Við megum ekki gera það vegna þess að við byggjum á EES-samningnum.

Ef þetta er rétt, herra forseti, þá hvet ég hæstv. forsrh. til þess að tala við kollega sinn, hæstv. fjmrh., og láta hann taka út þá brtt. sem hann hefur lagt fyrir þingið og við erum að ræða um vegna þess að hún gengur út á þetta, að honum beri skylda til þess að jafna skattþrepin og hann velur þá leið að jafna þau niður á við, sem ég held að sé alveg rétt af honum að gera í annars erfiðri stöðu, í staðinn fyrir að jafna þau upp á við og hækka virðisaukaskattinn á íslenskar bækur.

Þetta er það sem við erum að ræða um hér, herra forseti. Ef þetta er misskilningur í mér og hæstv. fjmrh. þá held ég að mjög mikilvægt sé að við leiðréttum hann hér og nú.

[12:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ákvörðun sem við tökum með okkar eigin lagasetningarvaldi sem við höldum enn þá af því að við erum í EES en ekki í Evrópusambandinu. Þetta er okkar eigin ákvörðun.

Ef það er svo að menn hafi breytt reglum eftir að EES-dómstóllinn hefur kveðið upp álit sitt, sem við erum ekki skyldug til að fara eftir, við getum haft lögin eins og við viljum, en við gætum lent í mótvægisaðgerðum. En þær mótvægisaðgerðir geta ekki komið til hafi Evrópusambandið síðar breytt reglum sínum á þá lund, eftir að EES-dómstóllinn hefur kveðið upp sinn dóm sem gerði það að verkum að þeir hefðu ekki stöðu til mótvægisaðgerða. Þetta er grundvallarmunurinn.

Og ef hv. þm. hefði lesið þá álitsgerð sem fjórir til fimm lögfræðingar rituðu í tilefni af inngöngu okkar í EES, þá liggur þetta algjörlega skýrt og ljóst fyrir. Sá sem var formaður þess hóps er reyndar sjálfur dómari í EES-dómstólnum. Þetta liggur því algjörlega skýrt og klárt fyrir. ESB hefur aðeins mótvægisreglur, við getum sett hvaða lög sem við viljum. Þeir geta hins vegar komið með mótvægisaðgerðir. En þeir geta að sjálfsögðu ekki farið í mótvægisaðgerðir — það

liggur í augum uppi og sér hvert barn — gegn því að við færum lög í búning sem er hagfelldari en áður var, sem þeir hafa sjálfir breytt í þann búning. Þeir geta ekki farið í mótvægisaðgerðir út af því og mundu aldrei gera að sjálfsögðu.

[12:36]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var svolítið skrýtin ræða. Við megum gera það sem við viljum, við ráðum, en við gerum það vegna þess að við gætum lent í mótvægisaðgerðum, ég skildi ræðuna þannig.

Herra forseti. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að við erum að breyta lögum um virðisaukaskatt í þá veru að jafna þetta hvort sem það er á grundvelli einhverrar klárlega lagalegrar skyldu eða bara vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem við teljum okkur vera bundin af. Að sjálfsögðu værum við ekkert að því, herra forseti, nema við teldum að við þyrftum að gera það á grundvelli þess samnings sem við skrifuðum undir á sínum tíma við Evrópusambandið og heitir samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Auðvitað erum við með lagasetningarvald og allt það, það er enginn að efast um það. Eins og ég sagði áðan hefur margt gott komið í gegnum EES-samninginn. En við verðum líka að horfast í augu við gallana á honum.

Og ég vil líka segja, af því að hæstv. forsrh. nefnir lagasetningarvaldið, að þegar kemur að gerðum Evrópusambandsins sem við þurfum að samþykkja, þá vitum við það öll hér inni að við höfum ekki neitt um það að segja að gera einhverjar breytingar á því. Og þó að menn óttist það, eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan, að við hefðum engin áhrif innan ESB sem lítil þjóð þá er það þó eigi að síður þannig að við hefðum a.m.k. einhver áhrif á undirbúning gerðanna en það höfum við ekki í þessu núverandi ástandi. Þó að við séum sennilega öll sammála um það að EES-samningurinn hafi fært okkur margt gott og sé að mörgu leyti ágætur grundvöllur, þá verðum við líka að horfast í augu við gallana sem honum fylgja.

[12:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem hér er til 3. umr. hefur vakið upp mjög sérstæða umræðu.

Sú brtt. sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir í upphafi umræðunnar, sem felur í sér að þýddar bækur og erlendar bækur skuli vera með sama virðisaukaskatti og innlendar bækur, hefur vakið upp umræðu um stöðu okkar í alþjóðaheiminum. Og ein ástæðan sem hæstv. fjmrh. hafði m.a. sem röksemd fyrir því að þetta þyrfti að gerast var að við þyrftum að fullnægja dómsúrskurði frá ESA-dómstólnum. Að hann hefði dæmt svo að ólöglegt væri að hafa þarna á mismunun og með þessu værum við að brjóta samning okkar við Evrópska efnahagssvæðið og þess vegna mættum við ekki hafa þetta með þessum hætti.

Þær umræður sem síðan fóru fram í kjölfarið hafa leitt ýmislegt í ljós sem vekur upp spurningar. Í fyrsta lagi vil ég segja, herra forseti, að fyrir mér er það svo að þegar ég heyri hæstv. forsrh. lýsa stöðu okkar gagnvart samningnum við Evrópska efnahagssvæðið þá finnst mér það vera allt annar samningur en þegar ég heyri hæstv. utanrrh. lýsa þeim sama samningi. Hæstv. forsrh. lýsir því að að sjálfsögðu höfum við enn þá sjálfstætt löggjafarvald og getum ráðið því sem við mundum tapa ef við göngum í Evrópusambandið. Hæstv. utanrrh. segir aftur á móti að þetta sé bara orðið formsatriði og sé ekki í rauninni virkt í reynd, þetta sjálfstæða löggjafarvald á þeim sviðum sem lúta að því sem við höfum samið um við Evrópusambandið. Þannig að fyrir mér er þarna um tvenns konar gjörólíka túlkun að ræða, um tvo samninga að ræða, og væri fróðlegt og nauðsynlegt, virðulegi forseti, að hæstvirtir oddvitar ríkisstjórnarinnar mundu nú setjast niður og skýra þessi mál og ná niðurstöðu í því hver ræður hvar en ekki að vera að skjóta hér stöðugt í kross þannig að enginn botnar upp né niður í hver staðan er því það er ekki góð staða.

Til viðbótar kemur Samfylkingin inn í umræðuna um hvert málið á fætur öðru og snýr því upp í aðildarumræðu að Evrópusambandinu. Við vorum með utandagskrárumræðu í morgun þar sem verið var að fjalla um mismunandi matvælaverð. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir taldi að skoða bæri aðild að Evrópusambandinu til að rétta af matvælaverð á Íslandi, hvort sem var í Reykjavík, norður á Langanesi eða vestur á fjörðum. En umræðan snerist nú á hinn veginn, að kannski væru vandamálin hér innan lands sem við þyrftum að takast á við og ekki vera að hlaupa til útlanda til þess að hoppa frá þeim vanda sem okkur ber að taka á. Þar var Evrópusambandsumræðan dregin inn. Í þessu máli hér, um jöfnun á virðisaukaskatti á bókum, þá er Evrópusambandsumræðan líka dregin inn og skoðanir og sýn Samfylkingarinnar á hugsanlegri aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Virðulegi forseti. Ef svo á að ganga að við hvert mál sem hér kemur fram þurfum við að fara í gegnum stefnu Samfylkingarinnar í Evrópumálum og heyra misvísandi skýringar og skoðanir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., sem því miður er ekki við hér en við þekkjum, á stöðu okkar gagnvart þeim samningum, þá mun nú þinghaldinu miða hægt. En kannski er nauðsynlegt að fara að taka slíka umræðu, kannski getum við ekki haldið áfram með mál á þingi fyrr en Samfylkingin er búin að gera það upp við sig hvort hún ætlar endanlega að sækja um aðild að Evrópusambandinu og ferill hennar sé þá orðinn klár, og við getum tekið á málum.

Ég hef áhyggjur af einu varðandi bækur og skatta á bókum sem hér er verið að tala um, það er sú staða sem uppi er að prentun bóka, það ég best veit, er að stórum hluta komin úr landi. Prentun og frágangur á bókum til útgáfu er kominn úr landi, ekki bara til Evrópu heldur suður um Asíu. Að mínu viti er þarna um verulega veikingu á okkar eigin sjálfstæði að ræða, að við skulum ekki vera í stakk búin eða að hér skuli ekki vera boðin sú staða að við getum haldið samkeppnisstöðu okkar við útgáfu bóka, að prentun bóka skuli vera nánast öll komin úr landi það ég best veit, og það er skaðleg þróun. Ég tel afar mikilvægt, herra forseti, að þegar við setjum lög á Alþingi að þá gætum við þess að rýra ekki stöðu okkar, sérstöðu okkar menningar sem eyþjóðar, sem samfélags, sem þjóðar, að við gætum þess í öllu írafárinu í að fylgja eftir alþjóðlegum tilskipunum að huga að stöðu okkar, huga að uppruna okkar, huga að sérstöðu okkar og þeim verðgildum sem við stöndum fyrir en ekki að falla máttlaus í strauminn fyrir kröfum erlendis frá um að uppfylla hinar og þessar tilskipanir, ég tala nú ekki um eins og heyrst hefur stundum að við ættum að ganga jafnvel á undan í fordæminu og vera á undan þeim að samþykkja hverja tilskipunina á fætur annarri til að sýna hinum Evrópuþjóðunum gott fordæmi. Við erum á hættulegri braut, herra forseti, og ástæða er til að skoða hvert mál gaumgæfilega og

ljúka einhvern tíma þessari umræðu Samfylkingarinnar um aðild að Evrópusambandinu. (**Gripið fram í:** Áður en hún byrjar.) Áður en hún byrjar.

[12:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist fara ákaflega í taugarnar á hv. þm. Jóni Bjarnasyni að innan Samfylkingarinnar fari fram mikil umræða um Evrópusambandið og hvort rétt sé að sækja um aðild að því eða ekki. Ég veit ekki hvort taugaæsingurinn sem greip hv. þm. stafar af því að innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs virðist mjög óljós afstaða til utanríkismála. Hv. þm. og formaður þingflokks Vinstri grænna hefur ítrekað komið hér upp í morgun og kvartað undan því að þingmenn Samfylkingarinnar væru svo miklir einangrunarsinnar en það sé eitthvað allt annað með hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hvað heyrist mér nú á hv. þm. Jóni Bjarnasyni? Hvað er það sem hann vill í þessum efnum?

Finnst honum óeðlilegt, miðað við þá stöðu sem uppi er, að þessi mál séu tekin til ítarlegrar umræðu? Ef svo er þá er hann einn af örfáum mönnum sem telur óæskilegt að ræða þetta sem hæstv. utanrrh. kallar langmikilvægasta hagsmunamál Íslendinga, þ.e. tengslin við Evrópu. Hver eiga þau að vera?

Það hefur komið fram, t.d. við þessa umræðu, af hálfu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að sá gerningur sem við erum að grípa til kynni að vera óþarfur ef við værum innan Evrópusambandsins, þ.e. að þá kynni staðan að vera sú að við gætum leyft okkur að beita skattkerfinu til mismununar í því skyni að vernda íslenska menningarframleiðslu. Skiptir það ekki máli fyrir hv. þm. Jón Bjarnason sem talaði um nauðsyn þess að ýta undir íslenska menningu, m.a. íslenska prentlist? Skiptir það hann ekki máli að möguleiki kunni að vera á að hafa þetta með öðrum hætti sem mér virðist að honum þætti fýsilegri, ef afstaða okkar til Evrópusambandsins væri önnur og ef við værum þar fyrir innan? Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að þetta mál sé rætt og hv. þm. Jón Bjarnason á ekki að láta það raska geðprýði sinni.

[12:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf meira til að raska geðró þó að hér verði nokkur orðaskipti um Evrópudekur Samfylkingarinnar.

Varðandi stefnu Vinstri grænna þá er hún alveg ljós. Við viljum hafa sjálfstæða stöðu til að semja við þjóðir um gagnkvæm viðskipti, hvort sem þær þjóðir eru í Evrópu, Asíu eða Ameríku, Suður-Ameríku eða Ástralíu. Við viljum hafa sjálfstæði til að semja við þjóðir hvarvetna um hagsmunamál okkar. Göngum við í Evrópusambandið þá framseljum við þennan rétt og verðum að gangast undir samninga Evrópusambandsins að stórum hluta. Þetta er okkur nú alveg fullkomlega ljóst.

Hitt er aftur á móti vandamál sem ég reifaði hér í ræðu minni, þ.e. að við skyldum hér á Alþingi stöðugt verða að fara í gegnum innantökur Samfylkingarinnar í Evrópuumræðunni. Væri ástæða til þess að Samfylkingin geti bara lokið þessari umræðu utan þings og komið svo með málið fyrir þingið. Ég hafði orð á því en skoðun okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í utanríkismálum er alveg skýr í þessum efnum.

[12:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi spursmálið um lagasetningarvaldið. Meginbreytingin sem mundi verða við inngöngu í Evrópusambandið er að lagasetningarvaldið í samvinnumálefnum hyrfi og við værum undirsettir Evrópudómstólinn hvað það varðar. Það er stóra málið. Það þýðir ekkert að halda því fram að við höfum ekki lengur sjálfstætt lagasetningarvald því að ef menn halda því fram þá mundi Hæstiréttur Íslands dæma allt það sem gert hefur verið á grundvelli EES-samningsins ólöglegt sem bryti gegn stjórnarskránni. Það var meginniðurstaða allra þeirra lögfræðinga sem um þetta fjölluðu, bæði þeirra sem hlynntir voru samningnum eða töldu að EES-samningurinn rúmaðist innan stjórnarskrár, undir forustu Þórs Vilhjálmssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, og hinna sem ég hygg hafa verið undir forustu Guðmundar S. Alfreðssonar, að ef samningurinn tæki af frítt lagasetningarvald Alþingis þá stæðist hann ekki stjórnarskrá. Guðmundur S. Alfreðsson lögfræðingur taldi að EES-samningurinn tæki af lagasetningarvaldið í svo miklum mæli að það stæðist ekki stjórnarskrá en hinir lögfræðingarnir héldu öðru fram og á því var byggt í þinginu.

Ef menn halda því fram núna að lagasetningarvaldið sé í raun horfið eru þeir að fikra sig á mjög hálli braut. Ef því yrði fylgt eftir fyrir dómstólum og þeirri skoðun haldið fram þá væru allar þær gerðir og öll þau lög sem hefðu verið ákveðin í tilefni af EES-samningnum dæmd ólög sem brytu í bága við stjórnarskrána. Þannig er ekki hægt að fara frjálslega með þetta efni, það liggur algerlega ljóst og klárt fyrir.

Eins og ég var að útskýra hér áðan þá er sá misskilningur uppi, barnalegi misskilningur, að ef eitthvað er búið að gera hagstæðara í ESB en er í okkar EES-samningi þá megum við ekki laga löggjöf okkar að því. Það getum við alltaf gert. Evrópudómstóllinn getur ekki dæmt það og ESB yrði að fara í gagnverkandi aðgerðir gagnvart okkur. Það geta þeir aldrei gert á grundvelli þess að við höfum fært lagabúninginn í það horf sem gildir í Evrópusambandinu. Því hélt Bryndís Hlöðversdóttir alþingismaður fram hér áðan — þú hefur bara ekki hlustað, hv. þm.

[12:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna orðum og áherslum hæstv. forsrh. hér um stöðu Íslands, rétt okkar til lagasetningar og að í raun sé sá réttur óskertur nema að því sem lýtur að aðlögun okkar að alþjóðlegum samningum.

Hins vegar vil ég leyfa mér að benda á að því er æ ofan í æ beitt sem rökum fyrir því að við tökum hér upp þessar og hinar tilskipanirnar í formi reglugerða eða laga að þar verðum við að lúta ákvörðunum Evrópusambandsins. Þessu er beitt sem rökum. Samkvæmt orðum hæstv. forsrh. eru þau rök fullkomlega röng eða á misskilningi byggð. Við nálgumst þetta á sjálfstæðan hátt þó að við reynum í sjálfu sér, ef okkur finnst það skynsamlegt, að laga löggjöf okkar að því sem er hjá öðrum þjóðum. Við förum þá að þeim samningum sem við skuldbindum okkur til að fylgja.

Mér finnst hæstv. forsrh. hafa allt aðra sýn á þessi mál en marka má af því hvernig við upplifum rökstuðning fyrir lögum og tilskipunum sem borin eru fram hér á Alþingi.

Ég vil líka leyfa mér að vitna til þess sem ég minnist að hafa heyrt haft eftir hæstv. utanrrh., þ.e. að hann telji vafasamt að EES-samningurinn standist stjórnarskrána einmitt hvað þessi lagasetningarákvæði varðar. Þannig er

afar mikilvægt að okkur sé alveg fyllilega ljós staða okkar í þessu máli. Þegar við erum að gera ákveðinn hlut þá vitum við nákvæmlega á hvaða forsendum það er, hvort sem er lagasetning eða gildistaka tilskipana, að lög og reglur gangi út frá íslenskum forsendum. Það er mjög miklvægt að það sé á hreinu. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um að við sækjum ekki gull í að ganga í Evrópusambandið.

[12:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þannig þegar EES-samningurinn var samþykktur að meiri hluti framsóknarmanna í þingsal, 7 af 13, töldu að EES-samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána. Ég man ekki til þess að hæstv. núv. utanrrh. hafi lýst því yfir enda sat hann hjá. Hann greiddi ekki atkvæði gegn samningnum. Hann var í hópi þeirra sem sátu hjá við gerð samningsins. En meiri hluti framsóknarmanna hélt því fram hér í þinginu að samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána og þar vísuðu þeir ekki síst til álitsgerða lögfræðinga á borð við Guðmund S. Alfreðsson, þ.e. á þeim tíma. Þetta munum við sem hér sátum þá.

En niðurstaðan varð önnur. Meiri hluti Alþingis axlaði þá ábyrgð á grundvelli annarra lögfræðilegra álitsgerða að samningurinn bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Forsendan fyrir því og haldreipið í því var að Alþingi hefði sjálfstætt löggjafarvald og gæti sett lög sem gengju þvert á EES-samninginn og tilskipanir Evrópusambandsins en gæti þá þurft að lúta því að Evrópusambandið gripi til mótvægisaðgerða.

Að koma hér, eins og gert var í dag, og halda því fram að Evrópusamabandið mundi grípa til mótvægisaðgerða ef við settum lög í samræmi við lög Evrópusambandsins er ótrúlegur barnaskapur og misskilningur og það var ég knúinn til að leiðrétta.

[12:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka bara fyrir orð hæstv. forsrh. Ég tek náttúrlega fullt mark á þeim og ítreka það sem ég hef áður sagt, að það er afleitt og fráleitt, ekki síst í ljósi orða hæstv. forsrh., að hér skuli æ ofan í æ, hvort sem er formaður Framsfl. og hæstv. utanrrh. eða fulltrúar Samfylkingarinnar, segja að þetta sé á annan veg, að við höfum ekki þetta vald og séum í stjórnarskrárlegri óvissu með þetta vald. Það er afleitt hvernig þetta blandast æ ofan í æ í þingstörfin hér, í umræður um lagasetningar og tilskipanir. (**GÁS:** Það er mikill samhljómur Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins hér.)

Ja, þetta er bara þannig. Hafa skal það sem rétt er en ekki stöðugt snúa út úr og reyna að finna króka sem ekki eru til.

[12:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Varðandi þetta með fullveldið þá er alveg rétt að margir hafa haldið því fram að við höfum skert fullveldi okkar þegar við undirgengumst EES-samninginn. Spurningin er: Hvað er þá til ráða?

Við þekkjum það úr heimi alkóhólismans að menn sem hafa fengið sér einn sjúss telja allra meina bót að fá sér annan og jafnvel tæma úr flöskunni, eins og tillögur Samfylkingarinnar ganga út á, að undirgangast í einu og öllu skrifræði og skrifstofuveldi Evrópusambandsins. Í þessari umræðu hefur mér oft fundist skorta á skilning á ákvarðanatöku innan Evrópusambandsins.

Menn halda því fram að með því að ganga í það bandalag séum við farin að hafa áhrif. Hvernig eru ákvarðanir teknar í Evrópusambandinu? Þar er ráðandi framkvæmdanefnd. Að baki henni er ráðherraráð. Það verða 237 ráðherrar í því ráði. Hve marga hafa smæstu þjóðirnar? Tvo. Það eru innan við 2% áhrif þar. Til hliðar er svo Evrópuþingið. Þar sitja 626 fulltrúar. Þar koma smæstu ríkin til með að hafa um hálfs prósent áhrif.

Menn halda því fram að með því að ganga í Evrópusambandið muni Íslendingar ráða nokkru um örlög sín. Ég held ekki. Það sem menn eru tilbúnir að afsala sér er fullveldi þjóðarinnar til að gera sjálfstæða viðskiptasamninga við önnur ríki, við Japan, Bandaríkin, Suður-Ameríku og önnur ríki í heiminum. Við værum að afsala okkur þeim rétti. Hafa menn reiknað það út, sem vilja setja þetta allt niður í krónur og aura, hvaða áhrif þetta hefði á vöruverð sem tryggt er í viðskiptasamningum við þessi ríki? Hafa menn skoðað hvað það þýðir í krónum og aurum þegar við undirgöngumst það að fjármagna skrifræðisbákn Evópusambandsins? Menn eru sammála um að það muni skipta mörgum milljörðum, mörg þúsund milljónum króna sem við yrðum að greiða í þá hít, umfram það sem út úr henni kæmi. Þetta eru staðreyndir.

En ég gleymdi einu. Ég hef gleymt einu þegar ég hef vikið að þessu áður, þ.e. valdi fjölþjóðafjármagnsins. Það var m.a. verið að upplýsa um það vald innan Evrópusambandsins í ágætri grein í breska stórblaðinu Guardian í gær. Þar kemur fram að Evrópusambandið beitir nú öllum ráðum til að ganga erinda fjölþjóðafyrirtækja gagnvart samningum um GATT, sem svo eru nefndir, sem unnið er að á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnuna WTO. Það er verið að upplýsa það núna að Evrópusambandið hefur á leynilegan hátt áhrif í þá veru að almannaþjónusta um heim allan, ekki bara innan Evrópusambandsins, verði einkavædd. Það er nokkuð sem ég held að okkur sé hollt að hugleiða, þegar við veltum vöngum yfir þeim áhrifum sem Íslendingar geti haft innan þessa sambands.

Við höfum verið að ræða málefni á borð við raforkugeirann, hvernig eigi að skipuleggja hann. Þar hafa menn vísað til þess sem er að gerast, annars vegar í Evrópu og hins vegar í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum er raforkugeirinn meira og minna einkavæddur. Það er þó á valdi hvers einstaks ríkis, í sumum tilvikum borgar, hvaða háttur er hafður á í því efni. Í Los Angeles er raforkugeirinn undir handarjaðri borgarinnar, borgarbúa. Í Kaliforníu var þetta að öðru leyti einkavætt eins og Enron-dæmið minnir okkur á.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hann eigi eftir langan tíma af ræðu sinni vegna þess að gert er ráð fyrir fundarhléi klukkan eitt.)

Talsvert, þannig að ég mundi kjósa að gera hlé á ræðu minni en fá að ljúka þeirri setningu sem gengur út á að minna menn á muninn sem annars vegar er í þessu musteri kapítalismans, Bandaríkjunum, og hins vegar í Evrópusambandinu þegar kemur að miðstýrðu reglugerðarvaldi. Í Evrópusambandinu er öllum gert að fara að miðstýrðum ákvörðunum, gagnstætt því sem gerist í Bandaríkjunum. Við verðum að hlíta reglum sem eru settar í Brussel og taka til Orkubús Vestfjarða ekkert síður en raforkuframleiðslunnar í Frankfurt. Og það er þessi miðstýringarárátta, að skipa öllu lífi manna með

reglustiku út í hörgul, sem veldur því að við tryggjum ekki fullveldi okkar með inngöngu í Evrópusambandið.

Ég mun ljúka máli mínu þegar við komum aftur saman til fundar að loknu hádegisverðarhléi.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:30]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Ég tek þá upp þráðinn að nýju þar sem ég sleppti honum um eittleytið þegar við gerðum hádegisverðarhlé. Við erum að ræða hér lagafrv. um breytingu á virðisaukaskatti, og frv. gengur í grófum dráttum út á það að breyta virðisaukaskatti á innfluttum bókum til samræmis við þann skatt sem er á innlendum bókum.

Fyrir fáeinum árum var virðisaukaskattur á innlendum bókum lækkaður til að styrkja íslenska bókaútgáfu en á þeim tíma voru uppi háværar kröfur í þjóðfélaginu um þetta efni, auk þess sem mörg íslensk bókaforlög áttu í miklum fjárhagserfiðleikum. Við þessu var orðið.

Síðan var það kært til ESA-dómstólsins, væntanlega af hálfu innflytjenda á bókum, að þarna nytu menn ekki jafnræðis, sami skattur ætti að vera á innlendum bókum og innfluttum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þarna ætti sama skattprósentan að gilda, og frv. gengur einmitt út á að jafna þarna á milli, ekki með því að hækka skatta á innlendum bókum heldur með því að lækka skatt á innfluttu bókunum.

Í upphafi þessarar umræðu nefndi ég það sjónarmið að það væri mikilvægt að við hygðum að því hvaða afleiðingar þetta hefði í för með sér fyrir ríkissjóð og vakti athygli á því að þetta mundi að öllum líkindum rýra tekjur hans um 150 millj. kr., og að við yrðum jafnan að hafa í huga hvaða áhrif niðurskurður af þessu tagi gæti haft á öðrum sviðum. Auðvitað kæmi sér vel fyrir fólk að fá lækkun á bókakostnaði, og hefur verið vísað í námsmenn í því sambandi, en á móti væri það bagalegt ef þetta kallaði á hækkanir á þjónustugjöldum eða einhverjum íþyngjandi gjöldum á öðru sviði. Á þessu vildi ég vekja athygli.

Af þessu hafa síðan spunnist miklar umræður um Evrópusambandið og um það hvaða áhrif við getum haft innan þess. Því hefur verið hreyft að þessar reglur væru aðrar ef við værum innan Evrópusambandsins en gerist nú samkvæmt EES-skilmálum. Ég ætla ekki að fella neinn dóm um það, ég hef ekki kynnt mér það rækilega þótt ég hafi talsverðar efasemdir um að þetta sé rétt. Þetta er nokkuð sem þarfnast frekari skoðunar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, herra forseti, en aðeins að botna það sem ég var byrjaður að ræða í síðari ræðu minni um áhrif sem Íslendingar mundu hafa innan Evrópusambandsins ef þeir sæktu um aðild. Hér hefur hver samfylkingarmaðurinn á fætur öðrum talað einmitt því máli að við gengjum inn í Evrópusambandið til að hafa áhrif. Ég hef fært rök fyrir því að þetta sé mikill misskilningur, við mundum ekki hafa nein teljandi áhrif innan Evrópusambandsins, og vísaði í stofnanaveldið og uppbyggingu þess, hvernig við kæmum til með að hafa innan við 2% þátttakenda í ráðherraráðinu sem er eins konar baknefnd fyrir framkvæmdanefnd Evrópusambandsins sem öllu ræður þar, og að á Evrópuþinginu yrðum við sennilega með um hálft til eitt prósent.

Ég var þar kominn í sögunni að ég var að leggja áherslu á að ákvarðanir innan Evrópusambandsins eru mjög duldar. Sú umræða sem hér fer fram um áhrifaleysi gagnvart Evrópusambandinu á sér stað í öllum Evrópusambandsríkjunum. Þar er víða uppi mikil gagnrýni innan þjóðþinganna í þá veru að Evrópusambandið og miðstýringarvaldið sé að soga til sín sífellt meiri völd. Ég vék einnig að því og vísaði þar í grein sem birtist í breska blaðinu Guardian í gær að fjölþjóðafyrirtæki, fjármagnið, hafa mjög mikil áhrif á alla stefnumótun innan Evrópusambandsins. Í þessari grein í Guardian segir hvernig fjölþjóðafyrirtækin hafa beitt miðstýringarvaldinu í Brussel til að hafa áhrif í þá veru að á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WPO, verði samið um einkavæðingu á stoðþjónustu samfélaganna um heim allan. Evrópusambandið er núna, upplýsir Guardian, að leita leiða gagnvart ríkjum utan Evrópusambandsins til að þrýsta á þau um einkavæðingu. Í þessari blaðagrein er vitnað í Dave Timms frá Þróunarsamvinnuhreyfingunni, hreyfingu sem ber hag þróunarríkja fyrir brjósti, sem segist vera furðu lostinn og gagnrýnir það mjög að Evrópusambandið sé að beita sér í þessa veru í þágu fjölþjóðlegs fjármagns. Síðan er farið um þetta ítarlegum orðum.

En í þessu sambandi langar mig, áður en ég lýk ræðu minni, til að vekja athygli á því að á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Doha á Arabíuskaganum fyrir fáeinum vikum var tekin um það ákvörðun að hefja umræður um svokallaða GATTS-samninga. Það er framhald á gömlu GATT-samningunum um afnám eða lækkun tolla og skatta. Það er búið að bæta S aftan við sem skírskotar í „services", í þjónustu. Á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var tekin ákvörðun um það á fundinum í Doha að nú yrði farið á fulla ferð í þessum samningum. Innan Evrópusambandsins var tekin um það ákvörðun í framkvæmdanefndinni að Evrópusambandið mundi beita sér í þessa veru. Og í þessari grein í Guardian er einmitt vísað í það starf.

En ég spyr, herra forseti: Hvað er að gerast hér á landi? Eftir því sem ég hef frétt um ber okkur fyrir júnílok, fremur en júlílok, að hafa komið á framfæri við Alþjóðaviðskiptastofnunina óskum Íslendinga í þessa veru. Ég hef einnig fyrir því fréttir að þegar sé farið að vinna að því í utanrrn. að móta stefnu Íslendinga. En ég spyr, herra forseti: Hvar er umræða um þessi efni hér? Auðvitað á hún heima í sölum Alþingis. Við eigum að ræða það hér hvaða áherslur Íslendingar ætli að hafa í þessu alþjóðasamstarfi. Hvernig viljum við skilgreina þjónustu? Þetta hefur ekki verið rætt og það finnst mér vera gagnrýnivert. Einmitt þessi framgangsmáti er mjög einkennandi fyrir Evrópusambandið. Þar eru ákvarðanir teknar, jafnvel um svona efni, bak við luktar dyr, og þetta eru staðreyndir. Það kostar rannsóknarblaðamenn mikla vinnu að grafast fyrir um það hvað Evrópusambandið er að sýsla í þessum efnum.

Mér finnst að öllu þessu þurfi að halda til haga þegar við erum að ræða um Evrópusambandið og áhrifamátt Íslendinga innan þess sambands ef við gerðumst aðilar að því. Sá áhrifamáttur yrði afskaplega lítill. Við eigum hins vegar að beita okkur á fjölþjóðlegum vettvangi í alþjóðasamfélaginu í kröftugri umræðu um þessi efni. Að sjálfsögðu eigum við að gera það. En við eigum ekki að einangra okkur við það sem gerist innan Evrópusambandsins og það er í því samhengi sem ég hef vísað til evrópsku einangrunarhyggjunnar.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni ef hann telur að sá sem hér stendur sé talsmaður annars en fjölþjóðahyggju og alþjóðahyggju. Ég hef átt þess

kost, m.a. á vettvangi verkalýðshreyfingar, að sækja alþjóðlegar ráðstefnur verkalýðssamtaka heimsins, og mér hefur alltaf fundist koma ferskur blær þegar heimurinn allur sendir fulltrúa sína til leiks, þegar fulltrúar úr öllum heimshornum koma saman til að ráða ráðum sínum, móta stefnu og hafa áhrif á framvinduna. Oftar en ekki finnst mér ég hafa átt samleið með fulltrúum verkalýðshreyfinga utan Evrópu ekkert síður en þeim sem þar eru innan, jafnvel fremur. Ég hef stundum undrast það í heimi sem er að alþjóðavæðast, þar sem fjármagnið spyr ekki um landamæri, hvernig í ósköpunum menn kenna það við alþjóðahyggju að ætla að einangra sig innan múrveggja Brussel sem miðstýrir öllum ákvörðunum um þau efni sem ég hef hér m.a. verið að vekja athygli á. Og það er Evrópusambandið sem öllum öðrum fremur beitir sér nú fyrir því í heiminum að stoð- og almannaþjónusta verði einkavædd, og ekki bara innan þeirra landamæra. Nei, þar á bæ horfa menn til heimsins alls í þessu efni vegna þess að verið er að greiða götu fjölþjóðlegra fyrirtækja, auðhringanna, evrópsku og amerísku auðhringanna. Þetta er nýlendustefna á nýjan leik, og upp á hana skrifa ég ekki.

Að fara að kenna þetta og samsömun við þessa stefnu og þessi sjónarmið við alþjóðahyggju finnst mér ekki vera rétt. Ég vil hafa heiminn allan undir.

[13:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Má nú vera að við séum komin nokkuð frá tilefni umræðunnar í þessum ræðuhöldum okkar hér. Ég get samt ekki annað en komið upp til þess að eiga orðastað við hv. þm. Ögmund Jónasson.

Ég hef þegar lýst fyrir honum að gerð verður úttekt á því hver staða smáþjóða er innan Evrópusambandsins. Það kemur í ljós að smáþjóðir hafa með sér mjög náið samstarf og í krafti þess ná þær miklum árangri í að ná fram hagsmunum sínum. Þetta vildi ég undirstrika gagnvart hv. þingmanni. Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar að við mundum styrkja fullveldi okkar með því að ganga í Evrópusambandið. Það er a.m.k. eitt af því sem við þurfum að skoða ákaflega vel. Það er hárrétt sem hv. þm. sagði í ræðu sinni, að þegar við gerðumst aðilar að EES afsöluðum við okkur fullveldi. Í hve miklum mæli? Að dómi þeirra fjögurra lagaspekinga sem kvaddir voru til í því skyni að meta það var það ekki í svo miklum mæli að við værum að brjóta stjórnarskrá. Það var hins vegar tæpt, að mati þeirra. Af því dreg ég þá ályktun að ekki megi mikið gerast í þeim efnum. Síðan hafa orðið breytingar innan Evrópusambandsins sem draga úr möguleikum okkar á því að hafa áhrif á okkar eigin örlög eins og þau eru mótuð af lögum og reglum innan Evrópusambandsins. Við sáum ekki fyrir að þessar breytingar yrðu innan ESB. Það má vel vera, og er ekki ólíklegt, að þetta aukna fullveldistap sem gerðist án þess að við ættum nokkurn þátt í því og án þess að við vissum að svo mundi fara í upphafi hafi ýtt okkur yfir þessa línu.

Ég held þess vegna, herra forseti, að innganga í Evrópusambandið mundi styrkja fullveldið.

[13:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að smáríkin innan Evrópusambandsins hafi náð miklum árangri. Þau hafi bundist bandalagsböndum þar innan og kræft sig saman eins og hann orðaði það fyrr í dag og náð miklum árangri. Til hvaða þjóða er verið að vísa og í hverju liggur sá árangur? Og hvernig stendur á því að þær þjóðir láta það þá viðgangast að Evrópusambandinu er beitt í þágu fjölþjóðlegs fjármagns eins og dæmin sanna?

Síðan um þau dapurlegu örlög okkar og fullveldisins sem hv. þm. vísar til. Það er alveg rétt eins og oft hefur verið bent á að um 80% af Evrópulöggjöfinni ratar inn í íslenska löggjöf. En að uppistöðu til eru þetta reglur sem lúta að margvíslegri stöðlun til að greiða götu viðskipta og samstarfs, nokkuð sem allir mundu skrifa upp á og allir skrifa upp á og enginn ágreiningur ríkir um. Þetta eru reglur sem eru smíðaðar af embættismönnum og eiga rót í stofnanakerfi þjóðanna og um þetta er enginn ágreiningur. Þegar kemur hins vegar að hinum stóru pólitísku álitamálum um hvernig eigi að skipuleggja raforkugeirann, fjarskiptakerfið og þar fram eftir götunum, þar eigum við að leita annarra leiða en við höfum gert, leita undanþágu í ríkari mæli en við höfum reynt að gera. En að telja sér trú um að við mundum fá því ráðið hver stefnumótun er á þessu sviði, það held ég sé mikill misskilningur.

[13:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr hvort það sé til marks um lýðræðisást og virðingu Evrópusambandsins fyrir smáþjóðum að sambandið skuli beita sér fyrir því að þjóðir þriðja heimsins séu knúnar til þess að einkavæða og selja ýmiss konar sameiginleg fyrirtæki eins og veitufyrirtæki. Ég vísa til þess, herra forseti, að hv. þm. sagði sjálfur að þær fyrirætlanir væru huldar leynd. Það hefði verið rannsóknarblaðamennska einhverra blaða í Bretlandi sem hefðu upplýst þetta. Ég ætla ekki að bera á móti því að þetta kunni að vera í gangi, ég hef aldrei um það heyrt. Ég fullyrði hins vegar að þetta er fráleitt opinber stefna Evrópusambandsins og ég velti því fyrir mér hvort hér sé ekki það að gerast að einhverjir örfáir fullmektugir séu að taka völdin af okkur þeim hinum lýðræðislega kjörnu fulltrúum fólksins. Ég held sem sagt að það sé algjörlega fráleitt að Evrópusambandið hafi þetta sem einhvers konar opinbera stefnu eða muni nokkru sinni gera, m.a. vegna þess að því er ráðið af jafnaðarmönnum og þetta er í andstöðu við það sem þeir vilja og það sem þeir gera.

Það sem mig langaði einnig til að ræða aðeins við hv. þm. er að hann sagði að með því að ganga í Evrópusambandið mundum við afsala okkur rétti til viðskiptasamninga við aðrar þjóðir. Herra forseti. Evrópusambandið hefur fleiri og víðtækari viðskiptasamninga við heiminn en nokkurt annað bandalag. Hvaða viðskiptasamninga höfum við gert í gegnum EFTA sem Evrópusambandið hefur ekki líka gert? Allir okkar samningar í gegnum EFTA eru ekkert annað en eltingarleikur við þá samninga sem Evrópusambandið hefur gert. Þetta eru allt samhliða samningar, nema einn, samningurinn við Kanada. En honum hefur aldrei verið lokið. Í gegnum aðild að Evrópusambandinu mundum við nefnilega ná miklu víðtækari samningum um frjálsa verslun, um verslun og markaði fyrir afurðir okkar heldur en við gætum með því að standa utan við það.

Þetta bið ég hv. þm. að skoða í hjarta sínu vegna þess að ég veit að hann hefur vit til þess að skilja þetta.

[13:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef vakið athygli á því að með inngöngu í Evrópusambandið mundu Íslendingar afsala sér fullveldisrétti til að gera viðskiptasamninga við aðrar þjóðir eins og við höfum gert með ágætum árangri og ég hef beint því til

fulltrúa Samfylkingarinnar að íhuga hvaða áhrif það hefði ef við yrðum að láta alla þessa samninga niður falla og undirgangast viðskiptastefnu Evrópusambandsins. Ég held að fram hjá þessu hafi iðulega verið horft.

Það er hins vegar staðreynd í sambandi við það sem rannsóknarblaðamennirnir hafa verið að upplýsa að Evrópusambandið, framkvæmdanefnd Evrópusambandsins, hefur tekið þá ákvörðun varðandi samninga um GATT innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að beita sér fyrir víðri túlkun. Menn hefðu hins vegar ekki gert sér í hugarlund hve langt menn eru tilbúnir að ganga í þessu efni því hér hefur verið upplýst að Evrópusambandið er farið að beita sér fyrir því að túlkunin verði svo víð að þjónusta, „services", verði túlkuð sem vatn og aðrir þættir sem hafa verið skilgreindir sem hluti af stoðkerfum samfélaganna.

Þetta er að gerast og það sem menn eru að vekja athygli á í stórblaðinu Guardian er að Evrópusambandið sé í þessu efni farið að ganga erinda fjölþjóðlegra fyrirtækja.

En ég vil að lokum árétta það sem ég sagði áðan, að mikilvægt er að Íslendingar og Alþingi fylgist með því sem nú er að gerast í utanrrn. vegna þess að fyrir mitt sumar eiga Íslendingar að hafa sent frá sér áherslur, stefnu sína, í samningum um GATT. Engin umræða hefur farið fram um þetta á þingi og ég kalla hér með eftir því að hún verði færð inn í þingið.

[13:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði satt að segja ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en get ekki orða bundist fyrst og síðast vegna afar sérkennilegrar ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. sem hér gengur í salinn. Menn eru nú vanir því að hann fari ýmsar krýsuvíkurleiðir að málum og horfi gjarnan um öxl og til fortíðar og stundum ansi langt til fortíðar þegar hann reynir að sanka að sér röksemdum til að koma á andstæðinga sína skotum. Hann brást ekki venju sinni hér í ræðustólnum í morgun og fór með einkar óviðfelldnum hætti aftur til fyrri hluta síðustu aldar og lagði þar Alþýðuflokkinn í einelti og fór með ósannindi um veigamikinn þátt í sjálfstæðisbaráttu okkar og í sögu stjórnmála okkar á Íslandi á síðustu öld.

Ég ætla einkum og sér í lagi að staldra við tvö atriði. Annars vegar þar sem hv. þm. fullyrti að Alþýðuflokkurinn hefði lagst gegn stofnun Hæstaréttar. Og hins vegar það að Alþýðuflokkurinn hefði lagst í víking gegn lýðveldisstofnun á Þingvöllum árið 1944 þann 17. júní. Þetta er svo sem ekkert ný saga og þetta hefur maður heyrt frá barnsaldri af hálfu hægri manna, af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Þeir hafa gjarnan þegar þeim hefur þótt það henta reynt að ata jafnaðarmenn auri í því sambandi og reynt að gefa til kynna að jafnaðarmenn fyrr og síðar væru óalandi og óferjandi, væru óþjóðhollir.

Herra forseti. Það er augljóst mál að hér er aðeins reykurinn af réttunum. Hér er tónninn gefinn í þeirri umræðu sem í gang er farin og fram mun fara á næstu mánuðum og missirum um Evrópusambandið. Það á nefnilega að taka til hinna gömlu vopna, hina gömlu baráttuaðferða, að gefa til kynna að við sem viljum halda Íslandi í góðu sambandi við umheiminn og bestu vini okkar, vinaþjóðir okkar í Evrópu, séu hættulegir menn, séu að stefna sjálfstæði þjóðarinnar í stórhættu. Það hefur því svo sem fátt eitt breyst hér á hinu háa Alþingi, herra forseti, þótt ár og dagar hafi liðið, þótt áratugir hafi liðið. Sjálfstfl. og talsmenn hans á hinu háa Alþingi eru svo sannarlega samir við sig.

Og enda þótt ýmislegt hafi nú gerst á þessari, ja, meira en hálfu öld sem liðin er frá því Ísland fékk sjálfstæði frá Dönum, þá er ennþá hoggið í sama knérunn. Það sem hefur einkum og sér í lagi gerst er að okkur jafnaðarmönnum hefur tekist að sýna Sjálfstfl. fram á mikilvægi þess og nauðsyn þess að Ísland losaði sig úr þeim höftum, þeirri einangrun, sem landið bjó við, ég mundi segja á öldum áður og raunar á síðustu öld sömuleiðis. Það gerðum við fyrst í viðreisnarstjórninni og það gerðum við ekki síður þegar okkur tókst að fá Sjálfstfl. til liðs við okkur þegar að gerð EES-samningsins kom.

Af því hæstv. forsrh. hefur talað þannig að hann einn kunni stafrófið í þeirri bók, þeim samningi sem við undirgengumst árið 1991 við gerð EES-samningsins, þá er rétt að halda því til haga hvernig sá flokkur sem að vísu laut nú formennsku annars einstaklings en Davíðs Oddssonar í þeirri kosningabaráttu, hafði nú ýmislegt á hornum sér þegar kom að samvinnunni við Evrópu, þegar kom að hugsanlegri gerð nýs samnings við Evrópusambandið. Það var ekki fyrr en eftir þær kosningar 1991 sem Sjálfstfl. skilaði sér í hús og gat fallist á þá kröfu okkar alþýðuflokksmanna að gengið yrði til gerðar EES-samningsins, þess samnings sem Sjálfstfl. telur núna gull og gersemar, sem Sjálfstfl. telur núna alfa og omega þess að við Íslendingar getum yfirleitt verið þjóð með þau lífsgæði sem við gerum kröfu til og við höfum búið við. Ýmislegt breytist því á stuttri vegferð, herra forseti. En nauðsynlegt, bráðnauðsynlegt er að halda til haga grundvallaratriðum á borð við þessi.

Það er nefnilega ekki í fyrsta skiptið sem við jafnaðarmenn höfum haft forustu um að tengja hina íslensku þjóð, bæði á menningarlegan hátt og ekki síður viðskiptalegan, við umheiminn. Og það oft við hatramma andstöðu í þessum sal frá Sjálfstfl. þegar honum þykir henta fyrr og síðar, frá Framsfl. fyrr og síðar, en okkur hefur þrátt fyrir það mjakað í rétta átt, okkur hefur miðað fram á veg. Og út af fyrir sig þakklætisvert. Þetta tókst Alþýðuflokknum og okkur jafnaðarmönnum þrátt fyrir býsna lítinn þingstyrk með köflum. En góð mál fá framgang um síðir og það vissum við.

Það er vegna þessa, herra forseti, sem Samfylkingin og við jafnaðarmenn í Samfylkingunni teljum að nú sé sú stund runnin upp að við eigum að setja þau mál, stórmál, á dagskrá sem hér hafa verið talsvert til umræðu, nefnilega Evrópumálin. Og það er auðvitað ekki að undra að við þurfum að ryðja brautina í þeirri umræðu. Við höfum gert það áður, jafnaðarmenn, og erum vanir því og ætlum að halda því áfram.

Herra forseti. Í tengslum við Evrópusambandsumræðuna vil ég nefna tilraunir forustu ríkisstjórnarinnar, forustu Sjálfstfl. réttara sagt, til að villa um fyrir þjóðinni í þeirri umræðu og hvernig þær birtast okkur í fjölmiðlum og opinberri umræðu. Hæstv. forsrh. gerir sér ferð til Noregs til að eiga þar orðastað við prestinn Bondevik, kollega sinn, forsætisráðherra þar í landi, og lætur síðan í veðri vaka, fullyrðir raunar, við þarlenda fréttamenn að koma þurfi til stjórnarskrárbreytingar áður en Íslendingar geti gengið til viðræðna um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu, gera þurfi stjórnarskrárbreytingu áður en samningaviðræður um aðildarumsókn Íslendinga fari fram. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi. Þetta er svo fráleitt sem frekast getur verið. Ég bíð eftir því að forsrh. finni þessum orðum sínum stað og skjóti undir yfirlýsingar sínar einhverjum þeim stoðum sem hægt sé að taka á. Það hefur hann ekki gert.

Komi til þess í kjölfar allsherjaratkvæðagreiðslu innan lands að svona samningur, ef næðist, yrði samþykktur liggur vissulega ljóst fyrir að þá kæmi til kasta og atbeina Alþingis um að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá. En að það að fara til aðildarviðræðna við Evrópusambandið kallaði eitt og sér á breytingar á stjórnarskrá er alveg ný lögfræði fyrir mér, og ég bið hæstv. forsrh. að útskýra fyrir mér hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu.

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal sagði hér fyrr að Alþýðuflokkurinn hefði lagst gegn stofnun Hæstaréttar árið 1920. Lög um stofnun Hætaréttar voru samþykkt í febrúar 1919. Þá var einn þingmaður Alþýðuflokksins kjörinn á þing, Jörundur Brynjólfsson. Hann samþykkti þá löggjöf eins og raunar allur þingheimur. Fullyrðing hv. þingmanns er því röng.

Í annan stað er það auðvitað þekkt hverju mannsbarni á Íslandi hvernig mál gengu til í aðdraganda lýðveldisstofnunar á Þingvöllum 1944. Sannarlega voru uppi deilur milli svokallaðra hraðskilnaðarsinna og lögskilnaðarsinna um hvernig að ætti að standa. Ekki þarf að fara yfir það hér aftur. Málið snerist um það fyrst og síðast hver tímasetningin ætti að vera, hvort það væri eðlilegt og sjálfsagt í ljósi ástands heimsmála, í ljósi þess veruleika að herraþjóðin Danmörk var í herkví Þjóðverja, að lýsa yfir sjálfstæði strax eða hvort bíða ætti þess að hún yrði frjálsborin á nýjan leik áður en af sjálfstæðisyfirlýsingu okkar yrði. Áttum við að nýta það ákvæði sem samningur frá 1918 veitti okkur svigrúm til og halda til streitu þeim 25 ára samningi sem í honum fólst, eða bíða? Um þetta urðu nokkrar deilur. Niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslu varð hins vegar sú að þjóðin vildi taka af skarið og fylgja 25 ára ákvæðinu. Á hinu háa Alþingi urðu lyktir máls eins og þjóðin óskaði. Auðvitað var enginn ágreiningur um ákvörðunina sem tekin var og hefur aldrei verið síðan. Það jaðrar sannarlega við sögufölsun að halda því fram að Alþýðuflokkurinn hafi lagst gegn því að Ísland yrði sjálfstætt ríki og það sett hér í beint samhengi við þann litla eldshúsdag sem orðið hefur til um hugsanlega Evrópusambandsaðild.

Ég segi enn og aftur: Ég hef það á tilfinningunni, herra forseti, að þetta sé aðeins reykurinn af réttunum, hér sé aðeins tónninn sleginn. Mér kemur satt að segja á óvart að hann skuli berast frá gömlum samstarfsmönnum mínum í ríkisstjórn árin 1991–1995, mönnum sem stóðu að því að gera þennan ágæta EES-samning og stóðu í baráttu við framsóknarmenn á þingi þá þar sem þeir héldu nákvæmlega þessu sama fram, að með EES-samningnum færi landssala fram, að með EES-samningnum væri verið að selja ár og læki og dali og að hér mundu hrúgast inn stórgrósserar frá Evrópu og kaupa upp okkar fallega land. En það er augljóst mál að engu á að eira og í þetta farið ætlar hluti Sjálfstfl. greinilega að fara, og þá er bara að taka því.

[14:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór ekki nákvæmlega rétt með í máli sínu og Evrópuákafa, eins og getur kannski gerst þegar mikið liggur við. Það var reyndar ég sem leiddi flokkinn 1991 en ekki Þorsteinn Pálsson. Hv. þm. hefði átt að muna eftir kosningabaráttunni. Í henni lagðist ég aldrei gegn EES-samningnum. Þetta er því misminni hjá honum. Á hinn bóginn hafði Sjálfstfl. verið þeirrar skoðunar, ef ég man rétt, að kanna bæri möguleika á tvíhliða samningum. Það var áður en ég kom til þess að leiða flokkinn en ég leiddi hann í þessum kosningum.

Hv. þm. notaði orðalagið að „koma þurfi til stjórnarskrárbreytingar áður en Íslendingar geti gengið til viðræðna um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu". Þetta hugtak er ekki til og hann er því á villigötum. Til þess að fara í viðræður verður að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það þýðir ekki það að fara þurfi í einhverjar viðræður til að breyta stjórnarskránni. Við verðum að sækja fyrst um aðild að Evrópusambandinu. Og það gerum við ekki nema með lögum héðan frá Alþingi um að samþykkja heimild til ríkisstjórnarinnar um að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Samkvæmt stjórnarskránni gengur aðild ekki upp. Halda menn að Alþingi mundi samþykkja að sækja um aðild að einhverri alþjóðlegri stofnun eða Evrópusambandinu ef það lægi fyrir að slík aðild væri ekki heimil samkvæmt stjórnarskránni? Þingmaðurinn var að rugla þegar hann sagði að auðvitað mættu menn fara í viðræður án þess að breyta stjórnarskrá. Þarna var meginmisskilningur á ferðinni hjá hv. þingmanni sem hann þarf auðvitað að leiðrétta.

Mér kemur á óvart að Samfylkingin tali alltaf um að þau ætli að móta stefnu og afstöðu til Evrópusambandsins einhvern tíma í haust en þau tala eins og menn í trúarbragðavíkingi nú þegar. Hvað ætla þeir að meta og ákveða í haust, þessir menn, sem eru löngu búnir að ákveða hvað þeir ætla að gera samkvæmt þessu? Fá nokkra ofstækisfulla Evrópusinna og starfsmenn Evrópusambandsins til að búa til handa sér bækur og segja: Við höfum rannsakað málið. Hvaða rannsóknir hafa þessir menn gert? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta er þeirra rökræða. Hún byggir bara á ofstækisfullum yfirlýsingum heittrúaðra manna.

[14:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú spurning um hvorum megin hryggjar þessi heittrúnaður liggur. Því hefur gjarnan verið haldið fram í þessum sal að þingmenn Vinstri grænna fari mikinn í heittrúnaði á ýmsa hluti, að vísu yfirleitt í að vera á móti hlutum. Ég heyri hins vegar ekki betur en að hæstv. forsrh. og flokkur hans séu sama marki brenndir. Það virðist fara afskaplega mikið í taugarnar á þeim í þessari umræðu að menn vilji taka Evrópusambandsmálin á dagskrá. En okkur hefur tekist að koma þeim á dagskrá.

Hæstv. forsrh. spyr hér: Um hvað ætlar Samfylkingin raunverulega að taka ákvörðun í haust? Jú, nefnilega það hvort stefna Samfylkingarinnar verði að sækja um aðild og hvort flokksmenn hennar þúsundum saman verði einhuga um það. Enginn talsmaður Samfylkingarinnar í þessari umræðu né í orðræðu fyrr í forustu hennar hefur afdráttarlaust lýst því viðhorfi sínu og án skilmála að við eigum að sækja um aðild. Ég vil halda því til haga.

Við viljum hins vegar málið á dagskrá og það er ekkert launungarmál að margir þingmenn í hópi samfylkingarmanna eru eindregnir talsmenn þess að það skuli gerast. En það er hinn lýðræðislegi prósess í Samfylkingunni, sem þeir sjálfstæðismenn eiga ekki að venjast, að fólkið, grasrótin, tekur ákvarðanirnar, ekki einn einstaklingur.

Herra forseti. Ég vefengdi það, og geri enn, að sérstaka stjórnarskrárbreytingu þurfi áður en sótt er um aðild að Evrópusambandinu. Ef við hugsum okkur að sú stjórnarskrárbreyting yrði gerð og síðan næðust ekki samningar milli Íslands og Evrópusambandsins — væri þá túlkun hæstv. forsrh. að gera þyrfti aðra stjórnarskrárbreytingu til baka til að færa stjórnarskrána að fyrri háttum?

[14:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi síðasta spurning var algjörlega út í hött. Það sem um er að ræða er að það er viðurkennt, og um það deilir enginn lögfræðingur, að aðild að Evrópusambandinu fæli í sér fullveldisafsal sem ekki er heimilað í stjórnarskrá. Ég efast um að nokkur þingforseti mundi leyfa að tekið yrði á dagskrá mál sem stangast á við stjórnarskrá.

Samningaviðræður við Evrópusambandið — hvað fengist? Af hverju talar hv. þm. svona? Hann veit að samningaviðræður við Evrópusambandið ganga eingöngu út á aðlögunarfresti, ekki það að menn geti komist undan þeim meginþáttum sem fela í sér fullveldisafsalið. Það er ekkert ósanngjarnt við það af hálfu Evrópusambandsins, það er alveg sanngjörn krafa. Meginstjórnarskrá og -skipun Evrópusambandsins með 300–400 millj. manna er ekki breytt af því að Íslendingar, 290 þús., ætla að koma inn. Það er ekkert ósanngjarnt við það. Það á ekki að gefa í skyn að hægt sé að semja sig frá þessum þáttum. Það sýnir að þeir sem tala fyrir inngöngu í Evrópusambandið trúa ekki á málstað sinn fyrst þeir eru alltaf að gefa í skyn að í samningaviðræðum sé hægt að losa sig við óþægilega hluti. Þeir vita betur og eiga ekki að gefa þetta í skyn.

Þeir eiga heldur ekki að gefa í skyn, eins og hv. þm. gerði, að við værum með sömu rökum og Framsfl. á sínum tíma að lýsa andstöðu okkar við Evrópusambandið af því að hingað mundu flæða inn einhverjir menn og kaupa upp jarðir. Hvenær höfum við sagt það? Meginbreytingin er sú að bæði ég og hæstv. þáv. ráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, sögðum hér að EES-samningurinn gerði það að verkum að við þyrftum ekki að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þetta er haft eftir okkur báðum úr þessum ræðustól. Það er meginbreytingin. Við vildum nefnilega ná þeim þáttum sem snúa að frjálsu markaðsflæði og frjálsum markaði. Við höfum það. Að líkja því við stöðu okkar núna, að menn hafi verið á móti því að ná samningum við Evrópusambandið án þess að hafa allan þennan markaðsaðgang, er alveg fráleitur málflutningur, og ósanngjarn.

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að hæstv. forsrh. rifjar upp tíð hans í samstarfi við fyrrum hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., vil ég vekja athygli á því að síðan eru liðin 11 ár. Sitthvað hefur gerst í henni Evrópu á þessum 11 árum.

Ég vil hins vegar nota ferðina og biðja afsökunar á að ég skyldi gleyma þeirri sögulegu staðreynd að hæstv. forsrh. varð formaður Sjálfstfl., ef ég man rétt, í mars 1991 og leiddi lokasprett baráttu Sjálfstfl. í þeim kosningum. Það er líka hárrétt hjá honum að með því formannskjöri varð nokkur áherslubreyting og Sjálfstfl. kom að vissu leyti til byggða í afstöðunni til Evrópu og EES. Forveri hans hins vegar talaði mest um tvíhliða samning. Það er kannski vegna þessa sem það veldur mér sérstökum vonbrigðum að hæstv. forsrh. og formaður Sjálfstfl., Davíð Oddsson, skuli vera á þessum stífu gormum þegar menn ræða þá möguleika í Evrópusamvinnunni sem við svo sannarlega þurfum að skoða.

Varðandi atbeina Alþingis og hugsanlega stjórnarskrárbreytingu fyrir samningaviðræður eða aðildarumsókn að Evrópusambandinu þætti mér vænt um að hæstv. forsrh. sýndi mér fram á það frá sérfróðum aðilum að til þessa þurfi að koma. Ég man ekki eftir einu einasta ríki í Evrópu sem fór í þá vinnu að breyta stjórnarskránni áður en til viðræðna var komið. Ég minnist þess ekki að Norðmenn hafi í tvígang breytt stjórnarskrá sinni fyrir fram ef til þess kæmi að samningar næðust. Það er þá alveg nýtt að það þurfi að gerast hér á hinu háa Alþingi Íslendinga. Ég er tilbúinn að hlusta og taka mið af nýjum upplýsingum ef hæstv. forsrh. hefur yfir þeim að ráða.

[14:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, hv. 6. þm. Reykn., er það rétt munað hjá honum að Jörundur Brynjólfsson greiddi á sínum tíma atkvæði með því að við Íslendingar stofnuðum Hæstarétt hér enda man hv. þm. að Jörundur Brynjólfsson hvarf síðan af þingi, kom svo á þing á nýjan leik sem framsóknarmaður.

En það sem ég vék að, og veit að hv. þm. man eftir, er að það var undandráttur í Alþýðublaðinu um það hvort við værum menn til þess að vera hér með íslenskan hæstarétt. Ég man ekki betur. Nú hef ég að vísu ekki tíma til að fletta þessu upp en við getum gert það í sameiningu, flett Alþýðublaðinu og athugað hvort þetta sé rétt munað eða ekki. Ég hygg að í annan stað muni hv. þm. m.a. eftir orðsendingum fyrrverandi formanns Alþýðuflokksins, Hannibals Valdimarssonar, í sambandi við stofnun lýðveldis 17. júní 1944 og hver afstaða hans var og hvernig ýmsir aðrir alþýðuflokksmenn drógu lappirnar í því máli, eins og ég kýs að orða það.

Í þriðja lagi vil ég minna hv. þm. á að formaður þingflokks Samfylkingarinnar, Bryndís Hlöðversdóttir, lýsti því yfir hér í ræðustól og líka í blaðaviðtali að það væri spurning um pólitíska vilja hvort menn legðu á næsta þingi fram tillögu um það að breyta stjórnarskránni í samræmi við það afsal sjálfstæðis sem í því fælist að gerast meðlimur í Evrópusambandinu. Það hefur komið fram hjá þessum hv. þingmanni hér og líka hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að pólitískur vilji Samfylkingarinnar standi ekki til þess að flytja slíka tillögu á hausti komanda.

[14:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir það að draga til baka fyrri yfirlýsingar sínar í þá veru að Alþýðuflokkurinn hefði lagst í víking gegn stofnun Hæstaréttar eins og hann fullyrti hér í fyrri ræðu sinni í morgun. Ég vil enn fremur þakka honum fyrir það að hafa dregið í land með fyrri yfirlýsingar um að Alþýðuflokkurinn hefði hér lagst í víking gegn stofnun lýðveldisins á Þingvöllum 1944.

Það er auðvitað himinn og haf á milli þess hvort Alþýðuflokkurinn lagðist á fyrstu árum í starfsemi sinnar gegn stofnun Hæstaréttar ellegar hvort grein hafi verið birt í Alþýðublaðinu á þessum tíma, þar sem einhverjir hafa lagt þar eitthvað til málanna.

Ég þakka honum fyrir að hafa afsakað fyrri yfirlýsingar í þessa veru. Einnig veit ég, vegna orða hans hér og nú varðandi lýðveldisstofnun á Þingvöllum 1944, að þau skoðanaskipti sem áttu sér stað í aðdraganda þeirrar baráttu, hraðskilnaðarsinna og lögskilnaðarsinna, hafði ekkert með það að gera hvort Íslendingar vildu sjálfstæði eður ei, heldur eingöngu hver tímasetningin ætti að vera, hvort aðskilnaðurinn yrði á þeim tíma er vinaþjóð okkar Danmörk væri hersetin af nasistum ellegar hvort bíða ætti þess að Danir fengju frelsi og við samhliða.

[14:18]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði ekki um að þeir hefðu lagst í víking, alþýðuflokksmenn, enda á ég erfitt með að sjá þá leggjast í víking. Ég veit ekki hvort þeir eru menn til þess.

En það sem ég sagði áðan stend ég við, þ.e. að ég man ekki betur en að í Alþýðublaðinu hafi verið uppi efasemdir um stofnun Hæstaréttar. Á þeim tíma, eins og ég sagði, var Jörundur Brynjólfsson á förum úr Alþýðuflokknum og átti ekki afturkvæmt sem alþýðuflokksmaður á þing. Hann var hér um áratugi fyrir Framsóknarflokkinn. Það skildu leiðir með Jörundi Brynjólfssyni og Alþýðuflokknum. Jörundur var m.a. mjög mikill hvatamaður þess að hér yrði stofnað lýðveldi 17. júní 1944, sem var gagnstætt við sjónarmið margra forustumanna Alþýðuflokksins á þeim tíma eins og hv. þm. veit.

[14:19]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega að verða eins og eins konar sögutími og hefur kannski ekki mikið gildi í umræðunni sem hér fer fram og mun fara fram á næstu mánuðum og missirum, þ.e. um Ísland í samfélagi þjóðanna. Það er þó mikilvægt að halda málunum til haga þannig að það sem sagt er úr þessum ræðustóli sé rétt. Eins og ég sagði áðan þá er hér eingöngu um að ræða reykinn af réttunum. Hér er reynt að skapa tengsl í sögu íslensku þjóðarinnar, hinni pólitísku sögu, og reynt að gera okkur jafnaðarmenn tortryggilega í þeirri umræðu sem fram fer nú um stundir og óhjákvæmileg er, um stöðu Íslands í Evrópu. Hér er látið í veðri vaka að það sé ekki nýtt af nálinni að jafnaðarmenn hafi sýnt litla þjóðhollustu þegar kemur að stöðu Íslands í þeim efnum.

Staðreynd er auðvitað sú að sagan hefur sýnt og sannað að í einu og öllu höfum við jafnaðarmenn haft rétt fyrri okkur þegar að þessum málum hefur komið. Í einu og öllu hefur Alþingi og þeir flokkar sem setið hafa á því um áratugi, fallist á sjónarmið okkar jafnaðarmanna fyrr og síðar þegar kemur að því að skilgreina stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

Ég nefndi hér þetta litla dæmi um EES. Það er hins vegar mjög táknrænt og segir okkur margt um það. Hv. þm. Halldór Blöndal kom til byggða í því máli eins og allir aðrir þingmenn Sjálfstfl. og samþykkti góðu heilli EES-samninginn forðum daga þótt hann hefði í aðdraganda þeirrar kosningabaráttu látið sem hann hallaðist að öðrum aðferðum, tvíhliða samningi.

Herra forseti. Sagan er jú ólygnust. Kannski er okkur hollt að fara í gegnum hana hér annað slagið til að átta okkur á því hvernig okkur hefur vegnað, okkur Íslendingum, og af hvaða sökum. Við jafnaðarmenn berum höfuði hátt þegar sú saga er skoðuð á hlutlægan hátt.

Umræðu frestað.

Þjóðhagsstofnun o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 709. mál. — Þskj. 1153, nál. 1230 og 1243, brtt. 1244.

[14:23]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingum og fleira frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila til viðræðna um það. Það kom allt saman að góðu gagni við umfjöllun nefndarinnar. Einnig bárust nefndinni nokkrar umsagnir um frv.

Í frumvarpinu er lagt til að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður, en verkefni hennar færð til skyldra sviða fjármálaráðuneytis og Hagstofu Íslands. Í meginatriðum er miðað við að þau verkefni Þjóðhagsstofnunar sem lúta að opinberri hagskýrslugerð verði færð til Hagstofunnar, en gerð efnahagsspáa og áætlana og efnahagsráðgjöf verði færð til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðrir aðilar á borð við Seðlabanka Íslands, aðila vinnumarkaðarins og einkaaðila geti tekið að sér og sinnt einhverjum verkefnum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við gildistöku laganna verði starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum hennar. Í greinargerð segir um þetta að leitast verði við að bjóða starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum og þeir hafa áður sinnt þar sem jafnframt verði þó höfð hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttri verkefnaskipan. Meiri hlutinn bendir á að með þessu er í raun átt við að hverjum og einum starfsmanni verði boðið starf og látið á það reyna hvort sameiginlegur skilningur viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda hans næst um það að starfið sé sambærilegt fyrra starfi hans. Ef slíkur skilningur næst ekki getur vaknað upp biðlaunaréttur starfsfólks Þjóðhagsstofnunar samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem snúa eingöngu að samræmingu laga sem hafa að geyma ákvæði um Þjóðhagsstofnun við niðurlagningu hennar. Ekki er um efnisbreytingar að ræða.

Herra forseti. Ég geri nokkur atriði þessa máls að frekara umtalsefni. Mikil áhersla hefur verið lögð á það við undirbúning og vinnslu málsins að sú upplýsingaöflun sem hefur átt sér stað hjá Þjóðhagsstofnun verði áfram tryggð, sem og þau gagnasöfn sem orðið hafa til í gegnum tíðina. Öll sú upplýsingagjöf sem Þjóðhagsstofnun hefur veitt verður áfram fyrir hendi. Séð verður fyrir öllum þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með hendi en í meginatriðum er miðað við að þau verkefni stofnunarinnar sem lúta að opinberri hagsýslugerð, flytjist til Hagstofunnar, en efnahagsskrifstofa fjmrn. taki að sér gerð efnahagsspáa og áætlana, auk efnahagsráðgjafar. Á undanförnum árum hefur fjármálaráðuneytið eflt starfsemi sína á þessu sviði, þar sem nauðsynlegt er að það geti lagt sem best mat á þróun og horfur í efnahagsmálum, vegna fjárlagagerðar og hagstjórnar.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Hagstofunnar verði endurskipulögð og efld mjög samkvæmt frv. Um leið og hún tekur við þeim verkefnum Þjóðhagsstofnunar sem snúa að þjóðhagsreikningum og hagskýrslugerð, verða samtímis flutt frá

henni verkefni sem ekki tilheyra hagskýrslugerðinni beinlínis, eins og þjóðskrá, almannaskráning og skráning fyrirtækja. Skýrslugerðin er betur komin hjá Hagstofunni en Þjóðhagsstofnun, þar sem meginverkefni Þjóðhagsstofnunar hefur verið að gera efnahagsspár. Hagræðið sem fólgið er í niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar, felst ekki síst í því að fyrirsjáanlegt er að aðrar stofnanir muni byggja sig verulega upp. Auk þess er gert ráð fyrir því í frv. að ráðuneytisstaða Hagstofunnar verði afnumin á næstunni og Hagstofan gerð að stofnun sem heyri undir forsrh. Með þessum breytingum yrði Hagstofan hrein hagsýslustofnun með skýrt afmörkuð verkefni. Miðað er við að þau verkefni sem flutt verða frá Hagstofunni við breytingarnar, verði falin embætti ríkisskattstjóra.

Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn taki við einhverjum verkefnum Þjóðhagsstofnunar, en fram kom hjá fulltrúum bankans sem komu fyrir efh.- og viðskn. að þegar á það muni reyna verði litið grannt til þeirra lagaákvæða sem gilda um bankann og hlutverk hans, svo engin hætta skapist á árekstrum.

Opinber umræða um efnahagsmál fer nú fram á mun breiðari og faglegri grunni en áður var. Enn fremur hefur miðlun upplýsinga um efnahagsmál til almennings farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Þar koma fjölmargar stofnanir við sögu. Aðilar vinnumarkaðarins hafa um alllangt skeið rekið öfluga starfsemi á þessu sviði sem hefur einkum birst í þætti ASÍ hvað varðar almenna stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Sama má segja um Samtök atvinnulífsins. Þetta er mikilvægur þáttur í almennri efnahagsumræðu og mótun efnahagsstefnunnar hverju sinni og er nauðsynlegt að renna styrkum stoðum undir hann.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um þessi atriði og sýndist sitt hverjum, m.a. um hlutverk ASÍ. Þar voru önnur launþegasamtök sem gagnrýndu að ekki skyldi gert ráð fyrir að þeirra starfsemi á þessu sviði yrði efld á sama hátt.

Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem á sér langan aðdraganda. Til marks um það má nefna að árið 1987 var samþykkt hér á þinginu ályktun um að fela ríkisstjórninni að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort hagkvæmt væri að fela öðrum verkefni hennar. Ekkert varð úr framkvæmd þingsályktunarinnar en einnig vil ég nefna að í samstarfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks 1991 var áformað að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Það gekk hins vegar ekki eftir. Það er því ljóst að áform um endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar eru ekki ný af nálinni eins og ýmsir hafa haldið fram.

Ég vænti þess að við eigum málefnalegar umræður á þinginu um það mikilvæga mál sem hér er á dagskrá og þær verði jafnframt líflegar og fjörugar.

[14:30]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meðferð þessa máls í efh.- og viðskn. og fjöldi gesta sem kom á fund nefndarinnar staðfestir að það er ekkert sem hrekur þá skoðun okkar í stjórnarandstöðunni að það skorti öll hagfræðileg og fagleg rök til að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Staðreyndin er sú að kostnaðurinn við að leggja niður Þjóðhagsstofnun mun tvöfaldast. Hér er því í fyrsta lagi um að ræða heimsku, að leggja hana niður, og í öðru lagi sóun á fjármunum.

Ég vil spyrja hv. frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. að því sem fram kemur í nál. Þar er talað um að gert sé ráð fyrir að aðilar á borð við Seðlabanka, aðila vinnumarkaðarins og einkaaðila geti tekið að sér og sinnt einhverjum verkefnum, sem Þjóðhagsstofnun hefur væntanlega haft á sinni könnu. Hvaða „einhver" verkefni er hér um að ræða? Staðreyndin er nefnilega sú að málið er vanbúið til afgreiðslu. Það sýnir að menn eru alls ekki vissir um hvert þeir eiga að flytja öll þessi verkefni.

Í annan stað spyr ég hvaða aðila vinnumarkaðarins er verið að tala um sem geta tekið að sér að sinna einhverjum verkefnum. Er bara verið að tala um ASÍ? Er verið að tala um önnur heildarsamtök launafólks eða er verið að tala um Samtök atvinnulífsins? Þetta kemur hér fram í nál. og krefst skýringa. Ég óska svara við því frá hv. frsm. meiri hluta. Hvaða verkefni eru þetta sem flytja á til Seðlabankans og við hvaða aðila vinnumarkaðarins er átt í nál. meiri hlutans?

[14:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum einfaldlega ósammála, hv. síðasti ræðumaður og sú sem hér talar, um að öll rök skorti fyrir því að leggja niður stofnunina. Það eru færð mjög gild rök fyrir því í greinargerð með frv.

Spurt var hvaða verkefni væri um að ræða og hvernig ætlunin væri að færa þessi verkefni Þjóðhagsstofnunar yfir til annarra aðila en fjmrn. og Hagstofunnar. Ég ætla að fara yfir það.

Í frv. er gert ráð fyrir að gerð þjóðhagsreikninga fari til Hagstofu og þar með allt sem varðar úrvinnslu og birtingu gagna, skýrslugerð, upplýsingagjöf og annað á því sviði. Í öðru lagi að gerð þjóðhagsspár og áætlana fari til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis. Í því felst m.a. gerð þjóðhagsspár í tengslum við framlagningu fjárlagafrv. og endurskoðun hennar á ársfjórðungsfresti líkt og verið hefur. Enn fremur verða þau haglíkön sem fyrir eru á Þjóðhagsstofnun vistuð á efnahagsskrifstofu.

Gerð ýmissa efnahagsskýrslna skiptist á milli Hagstofu og efnahagsskrifstofu í samræmi við fyrrnefnda verkaskiptingu, þ.e. skýrslur um ástand og horfur í efnahagsmálum færast almennt til efnahagsskrifstofu en gerð hagskýrslna um liðna tíð til Hagstofu. Gerð hagfræðilegra athugana og efnahagsskýrslna fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir lýtur svipuðum lögmálum hvað varðar verkaskiptingu milli Hagstofu og efnahagsskrifstofu.

Gert er ráð fyrir að upplýsingagjöf og skýrslugjöf fyrir Alþingi verði í meginatriðum sinnt af Seðlabanka, Hagstofu og efnahagsskrifstofu, auk viðkomandi ráðuneyta. Einnig má reikna með að aðrir aðilar, svo sem Hagfræðistofnun Háskólans og fleiri geti komið að verkefnum á þessu sviði. Sama fyrirkomulag getur í meginatriðum gilt um upplýsingagjöf og ýmsa hagfræðilega úrvinnslu fyrir aðila vinnumarkaðarins og auk þess verður leitast við að styrkja almenna upplýsingamiðlun um efnahagsmál, m.a. með því að gera aðgengileg öll helstu reiknilíkön og gagnasöfn sem notuð eru við fyrrgreind verkefni.

[14:35]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er að lesa skýringar af skjali sem ég kallaði eftir frá fjmrn. þar sem óljóst var í frv.

— enda unnið í miklum flýti — hvernig þessi verkaskipting væri. Jafnvel þótt það skjal hafi verið lagt fram er verkaskiptingin enn mjög óljós að því er ýmsa þætti varðar. Enda ber nál. það með sér, sem meiri hlutinn og hv. þm. skrifar undir. Hér er sagt:

„Jafnframt er gert ráð fyrir að aðrir aðilar á borð við Seðlabanka Íslands, aðila vinnumarkaðarins og einkaaðila geti tekið að sér og sinnt einhverjum verkefnum."

Ég krefst þess, herra forseti, að skýrt verði hvað átt er við í nál. þegar talað er um að aðilar vinnumarkaðarins geti tekið að sér að sinna „einhverjum verkefnum". Í fyrsta lagi spyr ég hverjir eigi að taka að sér einhver verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft. Eða er átt við að að styrkja eigi hagdeildir, t.d. Samtaka atvinnulífsins, fjárhagslega? Það skiptir meginmáli hvort um er að ræða að aðrir taki að sér verkefni og taki þá að sér þjónustu fyrir þá sem þurfa að leita eftir ýmsu sem Þjóðhagsstofnun hefur haft á sinni könnu eða hvort styrkja eigi hagdeildir Samtaka atvinnulífsins að þeir geti sjálfir sinnt eigin útreikningum á því sem þeir þurfa á að halda. Ég óska eftir að þessu verði svarað.

Það er ekki hægt að komast hjá því, þegar aðilar vinnumarkaðarins eru nefndir, að svara hvort bara sé átt við ASÍ, eins og haldið hefur verið fram. Það hefur komið fram hjá hæstv. ráðherrum vegna þess að aðrir aðilar vinnumarkaðarins sem komu á fund nefndarinnar töluðu mikið um að nauðsynlegt væri, raunverulega skylda stjórnvalda, að gæta jafnræðis milli aðila vinnumarkaðarins að því er varðar fjárhagslegan stuðning t.d. til hagfræðilegra útreikninga. Þetta þarf því að skýra miklu betur, herra forseti. Ég óska eftir svari frá hv. frsm. meiri hlutans hvað þetta varðar.

[14:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. getur ekki vænst þess að fyrir liggi í minnstu smáatriðum útfærslur á því hvernig þetta verði framkvæmt. Það er algjörlega útilokað. Þegar stofnunin verður lögð niður hljóta menn náttúrlega að þurfa að ganga í gegnum það. Það er ekki hægt að ætlast til þess að hægt sé að svara þeim hlutum í minnstu smáatriðum við 2. umr.

Það sem fyrst og fremst er verið að tala um, t.d. varðandi ASÍ, er að styrkja vinnu þeirra á þessu sviði, vinnu sem þeir hafa sinnt um alllangt skeið. Það hefur komið fram í umræðu um þetta mál.

[14:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. gladdist ég yfir því að leggja ætti niður stofnun, þangað til ég las umsögn fjmrn. um kostnaðinn fyrir ríkissjóð. Þar kom í ljós að ekkert sparast og nákvæmlega sami kostnaður verður áfram, skiptist í hlutföllunum $^2/_3$ og $^1/_3$, á milli Hagstofu Íslands og fjmrn. Auk þess kostar það 45–50 millj. að leggja niður stofnunina.

Það kemur heldur ekkert fram í umsögn hv. efh.- og viðskn. um þetta mál að einhvern tímann sparist eitthvað. Það er náttúrlega afskaplega erfitt að styðja svona lagað. Maður hélt að þegar stofnun væri lögð niður þá mundi eitthvað sparast en þetta virðist bara eiga að kosta peninga. Auk þess eiga svo einhverjir ótilgreindir aðilar, aðilar vinnumarkaðarins væntanlega, að fá styrk til að sinna þeim verkefnum. Það bætist þá líklega við.

Ég spyr hv. frsm. efh.- og viðskn. hvort það sé virkilega þannig að hvergi komi fram sparnaður í framtíðinni og hvort lagt hafi verið mat á að sá stofnkostnaður sem farið er út í skili sér í framtíðinni. Það hlýtur að vera. Þessi verkefni eru unnin víða og oft í tvígang og maður kynni að halda að með því að sameina þessa starfsemi annarri mundi koma fram einhver hagræðing þannig að kostnaður minnki. Það er afskaplega erfitt að styðja það að leggja niður stofnun þegar það aðeins kostar ríkissjóð peninga.

[14:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Pétri Blöndal að það er ánægjulegt að ríkisstofnunum skuli fækkað. Auðvitað hefði maður gjarnan viljað sjá að samtímis væri hægt að minnka kostnað ríkissjóðs. Ég get ekki lagt mat á það á þessari stundu hvort svo verði, þegar til framtíðar er litið. En það er alveg ljóst af kostnaðarmati fjmrn. að þar er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður stofnunarinnar skiptist á milli Hagstofu Íslands og fjmrn. í hlutföllunum $^2/_3$ á móti $^1/_3$, þ.e. $^2/_3$ yrðu hjá Hagstofunni og síðan gæti hugsanlega einhver biðlaunakostnaður fallið á ríkissjóð. Á þessari stundu er ekki hægt að meta þann kostnað nákvæmlega en það hefur verið áætlað að hann gæti orðið á bilinu 20–25 millj. Síðan er gert ráð fyrir að stofnkostnaður og flutningur gagna milli tölvukerfa o.s.frv. sé um 24 millj. kr.

[14:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það virkilega svo að hv. efh.- og viðskn. hafi ekki kallað eftir upplýsingum um hvað það að leggja niður þessa stofnun mundi spara í framtíðinni? Er það virkilega svo að ef einhverjir hætta vegna þess að þeir sætti sig ekki við nýtt starf og þarf að borga þeim biðlaun þá eigi að ráða í staðinn fyrir þá? Er það virkilega svo að menn ætli að halda starfsmannafjöldanum óbreyttum, jafnvel þótt verið sé að setja menn inn í nýjar stofnanir þar sem fyrir er fólk með svipaða hæfileika sem vinnur svipuð verk, að enginn sparnaður komi fram neins staðar?

Ég hefði talið að hægt væri að sleppa því að ráða starfsmenn í staðinn fyrir þá sem hætta og nýta sér biðlaunarétt sinn. Þannig kæmi fram sparnaður. Ég hefði talið að með tímanum, með því að ráða ekki í stöður þeirra sem hætta, mætti líka ná fram sparnaði. Ég hefði talið eðlilegt að hv. efh.- og viðskn., þegar hún fjallaði um þetta mál, kallaði til sérfræðinga til að leiða í ljós hversu mikill þessi sparnaður yrði.

[14:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér býður svo í grun að umræðan um að leggja niður Þjóðhagsstofnun, sem hér er tekin til 2. umr., muni taka nokkurn tíma í þingsölum, ekki síst ef svör meiri hlutans sem ber ábyrgð á þessu máli verða jafnrýr við þeim spurningum sem á okkur brenna og hér kom fram í andsvörum framsögumanns nál. meiri hluta efh.- og viðskn.

Það er alveg ljóst að meiri hlutinn hefur ekki svör við grundvallaratriðum eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal var að spyrja um varðandi kostnaðinn. Hann hefur heldur ekki svör við grundvallaratriðum eins og hvert mörg þessara verkefna eigi að fara. Enn er óljóst hvert á að flytja ýmis verkefnanna. Það staðfestir auðvitað, herra forseti, það sem við höfum margsagt, að þetta mál er vanhugsað og illa undirbúið.

Auðvitað verða að fást svör við því sem ég var að inna hér eftir, um það hvað aðilum vinnumarkaðarins er ætlað við þessa breytingu, hvort það eigi að styðja bara eina hagdeild, ASÍ, eða hvort styðja eigi aðrar hagdeildir, t.d. heildarsamtaka launafólks hjá hinu opinbera. Ég tel það ekki síður nauðsynlegt þegar öll þjóðhagsspá og ýmis mikilvæg reiknilíkön eiga að flytjast inn í fjmrn. til fjmrh. sem er aðalviðsemjandi samtaka opinberra starfsmanna, svo dæmi sé tekið.

Það kom reyndar fram í svari forstöðumanns efnahagsskrifstofu fjmrn. við spurningum okkar í nefndinni að ekki yrði ljóst hvert ýmis þessara verkefna mundu flytjast fyrr en eftir að frv. yrði að lögum. Menn hafa ekki gert sér betur grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur að leggja Þjóðhagsstofnun niður.

Ég get svarað hv. þm. Pétri Blöndal, sem eðlilega spyr um kostnaðinn, að sannfæring mín er sú, eftir að hafa skoðað þetta mál í efh.- og viðskn., að hann muni a.m.k. tvöfaldast frá því sem hann er nú við að reka Þjóðhagsstofnun. Hv. frsm. meiri hlutans átti engin önnur svör við spurningum þingmannsins um þennan kostnað en að lesa upp úr áliti fjárlagaskrifstofu. Þar kemur fram að skipta eigi þessum kostnaði — þessum 120 eða 132 millj., ég man ekki hver kostnaðurinn við rekstur Þjóðhagsstofnunar er núna — milli Hagstofunnar og fjmrn. Ef ég man rétt eiga $^2/_3$ að fara til Hagstofu og $^1/_3$ til fjmrn.

Menn tala um skammtímakostnað sem gæti falist í biðlaunum og flutningi upp á 45–50 millj. en það er ljóst að útgjöldin eru meiri. Í fyrsta lagi segi ég það vegna þess að hugsunin er að ýmissi þjónustu sem Þjóðhagsstofnun hefur haft — t.d. við hin ýmsu ráðuneyti varðandi útreikninga á málum, frv. sem ráðuneytin eru að undirbúa, svo sem í heilbrrn., í almannatryggingakerfinu, og varðandi sjávarútvegsmál í sjútvrn. — verði sinnt af ráðuneytunum sjálfum. Og við þekkjum málið það vel hér í þingsölum að þegar ráðuneytin fá aukin verkefni kalla þau eftir auknu fjármagni. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að einkaaðilar geti tekið við einhverju af þessum verkefnum, og það er jafnljóst og margt annað í þessu máli eða hitt þó heldur — það er talað um „einhver verkefni" og „einkaaðila". Hvað þýðir það? Eitthvað mun það alltént kosta, við þekkjum hvað sérfræðiþjónusta sem ráðuneytin hafa keypt gegnum tíðina hefur blásið út.

Síðan er það sem ég mun nú eyða nokkuð löngu máli í hér á eftir, þjónustan við þingið og þingmenn. Að hluta til er vísað á Hagfræðistofnun Háskólans, að þingmenn og Alþingi eigi að fá þjónustu þar. Ég hef aldrei vitað til þess að sú þjónusta væri ókeypis. Og þá er auðvitað spurning hver á að borga hana. Er það þingið, eða hver á að borga hana?

Síðan koma aðilar vinnumarkaðarins og það mál er alveg í vindinum. Einhver loforð hefur ASÍ fengið um stuðning við sína hagdeild ef ég skil málið rétt. Það kom skýrt fram í máli fulltrúa ASÍ, þrátt fyrir það sem stendur í nál. meiri hlutans, að þeir hefðu þann skilning að þeir tækju ekki við neinum verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft þannig að þeir ætli að fara að þjónusta einhverja aðila heldur var litið á þetta fyrst og fremst sem fjárhagslegan stuðning við ASÍ til að styrkja hagdeildir þeirra. Það er alveg ljóst að aðrir aðilar vinnumarkaðarins, bæði á atvinnurekendahliðinni og launþegahliðinni, þ.e. heildarsamtökin, munu ekki sætta sig við annað en að jafnræði gildi í þessu efni. Það kom mjög skýrt fram í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál þegar við fengum fulltrúa þessara samtaka á okkar fund.

Það var einmitt nokkuð sérstakt að fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, sem talaði fyrir þessu jafnræði, stóð í þeirri trú — og hafði þá greinilega ekki lesið frv. eða grg. eða farið neitt ofan í saumana á þessu máli — að sparnaður fylgdi því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Ég þekki það frá minni tíð sem félmrh. að í ráðuneytinu var safnliður sem átti að skiptast milli aðila vinnumarkaðarins. Þá mátti aldrei rétta öðrum aðilanum, t.d. verkalýðsmegin, eitthvað meira inn í sínar hagdeildir, þá var á sömu stundu hringt frá Samtökum atvinnulífsins, Vinnuveitendasambandinu, og beðið um slíkt hið sama, krónu á móti krónu. Það munu þeir auðvitað gera núna, og eru byrjaðir. Þeir segja sem svo hjá Samtökum atvinnulífsins — ég sá það haft eftir núverandi framkvæmdastjóra eða formanni, ég man ekki hvor þeirra það var — að þeir gerðu ekki neinar sérstakar kröfur um að fá aukna peninga inn í sína hagdeild en ef ASÍ fengi eitthvað yrði að gæta jafnræðis, og þeir yrðu að fá slíkt hið sama.

Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, frsm. meiri hlutans, vitnaði í forsöguna með þessu máli, að það væri ekkert nýtt að menn vildu leggja Þjóðhagsstofnun niður og hugmyndin hefði verið uppi á borðum lengi — hún vísaði alla leið aftur til ársins 1987 í því sambandi — og þar með reyndi hún að sýna fram á að þetta væri ekki út af dyntum hæstv. forsrh. sem var ekki ánægður með ummæli Þjóðhagsstofnunar eða spá hennar varðandi efnahagsstjórnina. Hún lét í veðri vaka að þetta væru ekki bara vanhugsuð orð hæstv. forsrh. sem hann hefði misst út úr sér í reiðikasti í beinni útsendingu í sjónvarpi heldur ætti þetta mál sér langa sögu, og helst mátti skilja af máli hennar að búið væri að kortleggja það og skoða fram og til baka hvað væri hagkvæmast í þessu allt frá árinu 1987.

Staðreyndin er sú að þetta var vissulega uppi á borðum á árinu 1987, þá var þingmannafrumvarp um þetta mál samþykkt um að það ætti að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort ekki væri hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar. Árið 1991 — þá skyldi maður ætla að einhver skoðun hefði farið fram á þessu máli miðað við samþykkt Alþingis 1987 — kemur fram eftirfarandi stefnumörkun í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, með leyfi forseta:

„Unnið verði að breytingum á skipulagi Þjóðhagsstofnunar og stefnt er að því að ákveðnir þættir heyri í framtíðinni undir Hagstofu Íslands í þeim tilvikum þegar um hefðbundin hagstofuverkefni er að ræða."

Það hafa menn skoðað mjög jákvætt, líka þeir aðilar sem eru á móti því að leggja niður Þjóðhagsstofnun, að skoða mætti verkefnatilfærslur og hagskýrslugerðir og færa þau verkefni yfir til Hagstofunnar. Auðvitað ætti allt að vera undir í því efni, líka þau verkefni annarra aðila sem fást með einum eða öðrum hætti fyrir hið opinbera við efnahagsmál og hagstjórn. Þau ættu öll að vera á borðinu.

Síðan segir, herra forseti, í stjórnarsáttmálanum:

„Önnur verkefni, þar með talið spár og efnahagsráðgjöf, verði áfram unnin af stofnuninni."

Þarna finnst mér að alveg ákveðin stefna hafi verið tekin, nokkuð skynsamleg, um að það ætti að vinna spár og efnahagsráðgjöf áfram hjá stofnuninni. Þetta var 1991. Þessu vildi ég halda til haga, herra forseti.

Síðan vildi ég, herra forseti, ræða það líka að margir aðilar hafa mjög gagnrýnt — ekki bara starfsmenn Þjóðhagsstofnunar og fyrrverandi forstjóri hennar heldur Samband bankamanna líka, stjórnarandstaðan og ýmsir gestir

sem komu á fund nefndarinnar — að ekki væri hægt að segja að mikið samráð hefði verið haft við starfsmenn stofnunarinnar eða að menn hafi farið þá skynsamlegu leið að nýta þá sérþekkingu sem ýmsir sérfræðingar hennar búa yfir. Ekki er hlustað á sjónarmið þeirra varðandi breytingar sem menn vilja skoða varðandi endurskipulagningu á verkefnum þeirra stofnana sem hafa með einum eða öðrum hætti með spágerð, greiningu og hagsýslugerð að gera.

29. mars 2001 — ég held að það hafi verið daginn eftir, eða fáeinum dögum síðar, þessa frægu yfirlýsingu hæstv. forsrh. í beinni útsendingu — er eftirfarandi haft eftir fyrrum forstjóra Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Fyrir ári, þegar Davíð lýsti því yfir á ársfundi Seðlabankans að hann teldi að það væri rétt að endurskoða verkaskiptingu á milli stofnana, var tekin ákvörðun eftir samtal mitt við Davíð“ — ég minni á að þetta er haft eftir Þórði Friðjónssyni — „um að þessi mál yrðu skoðuð á yfirvegaðan hátt og í samráði við mig og starfsmenn stofnunarinnar.“

Það er þetta, herra forseti, sem hefur ekki gengið eftir. Það var ekki haft eðlilegt og nauðsynlegt samráð við sérfræðinga Þjóðhagsstofnunar sem búa yfir hvað mestri þekkingu á sviði efnahagsmála hér á landi. Það verður ekki séð, herra forseti, að hæstv. forsrh. hafi staðið við þessi orð.

Við stöndum þá frammi fyrir því, herra forseti, að það stefnir í að frv. verði lögfest og að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður frá og með 1. júlí 2002. Svo mikið liggur á. Þingmenn fá ekki tækifæri til að skoða þetta mál á yfirvegaðan hátt og fara í gegnum þá kosti sem í boði eru heldur eru knúnir til að taka afstöðu til máls sem er vanbúið af hálfu stjórnvalda. Ég hygg að ekki hafi margir legið yfir því hvað skynsamlegast sé að gera í þessu efni í þessu húsi. Samt er á þá lagt að taka þá afdrifaríku ákvörðun að greiða atkvæði með eða á móti því að þessi stofnun verði lögð niður.

Ég man eftir því að þegar við ræddum þetta mál í þessum sal fyrir fáum dögum, daginn sem hæstv. starfandi forsrh. Halldór Ásgrímsson upplýsti að samkomulag væri meðal stjórnarflokkanna að leggja niður Þjóðhagsstofnun, orðaði hann það svo að starf og starfsemi innan Þjóðhagsstofnunar væri í uppnámi, ekki væri hægt að bíða með málið fram á haust heldur yrði bara að lögfesta þetta strax þannig að það gæti tekið gildi 1. júlí nk.

Þau sinnaskipti sem orðið hafa hjá framsóknarmönnum í þessu máli eru auðvitað kafli út af fyrir sig — og gengur hér einn hæstv. framsóknarráðherrann í salinn — vegna þess að ekki var annað að heyra þegar þessi yfirlýsing kom fram hjá hæstv. forsrh. fyrir ári síðan en að framsóknarmenn væru á móti þessu og að yfirlýsing hæstv. forsrh. hafi verið gefin án þess að rætt hafi verið við formann hins stjórnarflokksins um málið.

Hvað hafi orðið til þess að Framsfl. lyppaðist niður í málinu er út af fyrir sig óskiljanlegt og engin sérstök skýring komið á því í meðferð málsins í efh.- og viðskn. Framsóknarmenn hafa að vísu lítið haft sig í frammi í nefndinni, látið fara mjög lítið fyrir sér, enda eiga þeir ýmsir forsögu í málinu eins og formaður þingflokks framsóknarmanna og varaformaður efh.- og viðskn., sem vekur nokkra athygli að skuli ekki í fjarveru formanns efh.- og viðskn. standa hér og mæla fyrir áliti meiri hlutans. Á ég þá við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Það er alveg ástæða til af því tilefni að rifja upp hvaða skoðun hann hafði á 122. löggjafarþingi á árunum 1997–1998 í þessu máli.

Hann vildi jú breyta lögum um Þjóðhagsstofnun. Hann lagði til ásamt nokkrum öðrum þingmönnum frv. í því efni, en það var ekki um að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Það var um að stofnunin ætti að starfa á vegum þingsins. Herra forseti, með hvaða rökum var það?

Það kemur fram í grg. með því frv. en þar segir:

„Meginbreytingin er að stofnunin er færð frá forsætisráðuneyti og mun framvegis heyra undir Alþingi nái frumvarpið fram að ganga. Vegna hlutverks stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún sé að öllu leyti óháð stjórnvöldum. Telja verður óheppilegt og jafnvel óeðlilegt að Þjóðhagsstofnun skuli heyra undir forsætisráðuneytið jafnframt því að stofnunin eigi að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn. Má benda á að Alþingi ákvað fyrir rúmum áratug að færa Ríkisendurskoðun frá framkvæmdarvaldinu undir yfirstjórn Alþingis, ...“

Með öðrum orðum, hv. þm. var á árunum 1997–1998 hræddur um einhverja pólitíska forskrift að því er varðar það að stofnunin heyrði undir forsrh. og vildi flytja hana til þingsins. En nú stendur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að því að leggja þá stofnun niður, ekki flytja hana til þingsins heldur leggja hana niður og flytja þjóðhagsspá, greiningu á stöðu og þróun efnahagsmála inn í fjmrn. Og það er sá þáttur sem margir gagnrýna hvað mest.

Ég ætla aðeins, herra forseti, áður en ég vík frá því sem ég ræddi hér fyrir stuttu að það lægi á að afgreiða málið núna þannig að það yrði að lögum og stofnunin yrði lögð niður 1. júlí 2002, og fara aftur í rök hæstv. utanrrh. um að starf stofnunarinnar væri í uppnámi. Ég hef ekki orðið vör við það. Stofnunin hefur sinnt skyldum sínum af kostgæfni eins og ávallt, lagt fram ítarlega þjóðhagsáætlun fyrir árið 2002 og sinnt greiningum sínum og þjónustu við þingið, aðila vinnumarkaðarins og aðra eins og hún hefur gert áður. Og þó að maður hefði ákveðinn skilning á því að starfsmennirnir væru orðnir yfir sig þreyttir á þeirri óvissu sem þarna hefur ríkt frá því að hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu sína þá eru það nú ekki nema þrír eða fjórir starfsmenn sem hafa hætt störfum á þessu ári frá því að sú yfirlýsing kom og þar á meðal er fyrrverandi forstjóri stofnunarinnar.

Ef vitnað er í afstöðu starfsmanna Þjóðhagsstofnunar sem kom fram í DV föstudaginn 12. apríl í viðtali við Katrínu Ólafsdóttur, forstöðumann hjá Þjóðhagsstofnun og formann starfsmannafélags stofnunarinnar, þá segir hún eftirfarandi, með leyfi forseta:

Hún segir að: „... hún vilji frekar að beðið verði með ákvörðun í málinu þangað til í haust.“

Og hún segir, með leyfi forseta, eftirfarandi síðar í viðtalinu:

„Ég vil frekar hafa óvissuna áfram ef tíminn verður nýttur í að vinna almennilega að málinu.“

Ég hygg að starfsmönnum stofnunarinnar sem hafa byggt upp mikla faglega þekkingu þarna innan dyra sé umhugað um hvað verður um þau verkefni sem hafa þar verið innt af hendi og vilja jafnvel, þó að þau séu í óvissu áfram, vinna í stofnuninni ef það þýddi að menn vildu setjast skynsamlega yfir málið og huga að endurskipulagningu með öðrum hætti en í þeirri fljótaskrift sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft í málinu. Það er því ekki hægt að bera það fyrir sig að starfsmenn stofnunarinnar séu kalla á að þeirri óvissu ljúki með þeim hætti að frv. verði að lögum þess vegna, þeir eru einmitt að biðja um það að málið verði skoðað af meiri faglegri yfirsýn en gert hefur verið til þessa.

Herra forseti. Ég vildi gjarnan biðja um að mér yrði útveguð brtt. sem ég hef lagt fram og hef ekki við höndina hér í stólnum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Ögmundi Jónassyni sem ég mun lýsa hér í framsögu minni.

Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. en minni hlutann skipa ásamt mér hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Það er alveg ljóst, herra forseti, og var það sem stóð upp úr í starfi nefndarinnar — ég vænti þess að fleiri þingmenn séu á skrifstofum sínum að hlýða á mál okkar hér af því að þeir eiga að greiða atkvæði um þetta mál á næstu dögum — að það stóð upp úr í starfi nefndarinnar og umsögn gesta var hörð gagnrýni, herra forseti, á þau áform ríkisstjórnarinnar að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Þeir voru ansi fáir af þeim fjölda gesta sem komu á fund nefndarinnar sem mæltu því bót að leggja stofnunina niður. Þvert á móti, herra forseti, var það skoðun flestra okkar gesta — það voru örfáir annarrar skoðunar — að það væru engin hagfræðileg eða fagleg rök fyrir því að leggja stofnunina niður.

Gagnrýnin beindist að því að engin skynsemi væri í að leggja niður stofnun sem hefur haft svo mikilvægu hlutverki að gegna sem óháð stofnun við hagrannsóknir, greiningu og spá um þróun efnahagslífins á undanförnum áratugum. Einmitt þessi óháða stofnun hefur mikilvægu hlutverki að gegna í framtíð alveg eins og í fortíð og nútíð. Og það er afar mikilvægt, herra forseti, að hafa hér óháða greiningarstofnun, óháða efnahagsstofnun sem hefur og veitir hagstjórnaraðilum aðhald. Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að þó að Þjóðhagsstofnun hafi vissulega haft uppi réttmæta gagnrýni þá hefur mér oft á tíðum fundist á það skorta að stjórnvaldsaðilar hefðu hér nægjanlega mikið aðhald. Hvað verður um það aðhald, herra forseti, þegar óháð stofnun er lögð niður? Hætta er á því að þjóðhags- og efnhagsspár lúti, a.m.k. á meðan þessi ríkisstjórn situr, pólitísku forræði. Verulegan hluta af verkefnum Þjóðhagsstofnunar á að flytja til fjmrn. en það býður heim heilmiklum ágreiningi um trúverðugleika í spám um þróun efnahagslífsins.

Það eru ekki bara við, herra forseti, í stjórnarandstöðunni sem höldum þessu fram. Það voru fleiri aðilar sem komu á fund nefndarinnar sem höfðu einnig þá skoðun sem ég er að lýsa. Ég get þar t.d. dregið fram viðtal, ef ég finn það hér í gögnum mínum, við Gylfa Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, sem segir í Speglinum 10. apríl að honum lítist illa á þessa ráðstöfun. Það hefur verið litið á Hagfræðistofnun Íslands sem tiltölulega óháðan aðila, þó þar fari fram allt önnur starfsemi en Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa það sem Gylfi Magnússon segir, með leyfi forseta:

„Ég reikna með að kveikjan að þessu sé það að Þjóðhagsstofnun hefur verið mjög gagnleg í sumum af verkum Samtaka atvinnulífsins og ASÍ, þ.e. þegar er verið að karpa um kaup og kjör, þá hefur Þjóðhagsstofnun gefið álit á ýmsum álitamálum. Núna verður ekki hægt að leita til hennar með það og það liggur nánast í hlutarins eðli að fjmrn. er ekki rétti aðilinn til þess að veita slíka ráðgjöf, þannig að einhvern veginn verða ASÍ og Samtök atvinnulífsins og aðrir aðilar sem hafa leitað til Þjóðhagsstofnunar að fá álit og úrlausn og greiningu eins og Þjóðhagsstofnun hefur veitt, þannig að ég reikna með því að þarna sé verið að gefa því undir fótinn að það verði veittir einhverjir styrkir til þess að vinna slík verkefni eða eitthvað í þá áttina."

Hér er hann að svara spurningu spyrils um að talað sé um að færa verkefni til ASÍ og jafnvel Samtaka atvinnulífsins.

Síðan heldur Gylfi áfram, með leyfi forseta:

„En þetta er nú eitthvað of óljóst til að leggja neitt út af því frekar. Það má reyndar í þessu samhengi geta þess að það eru ekki bara svona aðilar, aðilar vinnumarkaðarins, sem leita til Þjóðhagsstofnunar heldur hafa alþingismenn að einhverju marki getað gert það líka, jafnvel þingmenn stjórnarandstöðu, þeir hafa farið fram á það að Þjóðhagsstofnun kannaði hitt og þetta. Það verður mjög erfitt að sjá hvernig þeir geta t.d. leitað til fjmrn. um greiningu á einhverjum álitamálum, alla vega ekki ætlast til þess að fjmrn. vinni þá sem aðili óháður fjmrh. og ríkisstjórn. Það gerir það venjulega ekki."

Herra forseti. Það er ekki stjórnarandstaðan sem hér talar heldur er það Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild háskólans, sem hefur þessa skoðun. Og hann segir hér líka, með leyfi forseta:

„Hins vegar verður veruleg eftirsjá að Þjóðhagsstofnun sjálfri og sérstaklega þeim hluta hennar sem hefur séð um efnahagsspár og greiningu á stöðu efnahagsmála og meta afleiðingar ýmissa aðgerða sem verið er að skoða. Það allt saman hefur Þjóðhagsstofnun gert mjög vel og ég tel vandséð að þær stofnanir sem rætt er um að taki við þessum hlutverkum eða þessum verkefnum geti gert það, a.m.k. ekki jafn vel og Þjóðhagsstofnun, ekki kannski vegna þess að þær hafi ekki nógu vel menntað starfsfólk til þess að gera það — það er ekki álitamálið enda er hægt að færa starfsfólk á milli — það er miklu frekar álitamál hvort þær hafi t.d. rétta stöðu gagnvart ríkisstjórn. Það er mjög erfitt að sjá t.d. að fjmrn. geti tekið við miklu af þessum þjóðhagsspárverkefnum og greiningum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft vegna þess að fjmrn. er bara hluti af eða heyrir undir fjmrh. sem er í ríkisstjórninni og vinnur mjög náið með henni þannig að þær spár yrðu alltaf heldur vandræðalegar. Það væri erfitt að túlka hvort þetta væru faglegar spár eða hvort þær væru byggðar á vilja og ósk ríkisstjórnarinnar."

Hér talar dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og hann lýsir þeim afleiðingum sem það getur haft að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Hann segir að erfitt yrði að túlka spárnar, hvort þær væru faglegar eða hvort þær væru byggðar á vilja og ósk ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Út af fyrir sig finnst mér ég vera búin að setja fram alveg nægjanleg rök fyrir því að það er mjög óskynsamlegt að leggja þessa stofnun niður. Ég gæti farið úr ræðustólnum þess vegna. Það er hins vegar miklu meira en ég hef reitt hér fram, herra forseti, sem staðfestir þá skoðun okkar í minni hlutanum að hér sé verið að fara mjög óskynsamlega leið. Af því að við erum að tala um að flytja kannski það veigamesta, greiningu og þjóðhagsspá, inn í fjmrn. er gott að vitna til umsagnar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, herra forseti. Ég hef þegar vitnað í dósentinn við Háskóla Íslands en Samtök banka og verðbréfafyrirtækja segja orðrétt í umsögn sinni til nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Hins vegar má velta fyrir sér hvort nægilegrar hlutlægni verði gætt með því að færa hina þættina yfir til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, eins og tillögur eru gerðar um."

Herra forseti. Í þessu sambandi vil ég nefna að ráðherrar og þeir talsmenn ríkisstjórnarinnar sem vilja leggja niður

þessa stofnun segja aftur og aftur að svo margir greiningaraðilar séu komnir á markaðinn að alveg sé óhætt að leggja hana niður. Þá er oft verið að vitna í bankana t.d., það séu komnar svo margar greiningardeildir hjá bönkunum, og ég minnist þess að forsrh. hefur einmitt viðhaft þessi orð. En Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafa ýmis aðvörunarorð uppi varðandi þessar breytingar þó að þeir séu sjálfir með eigin greiningardeildir enda fer þar fram allt önnur greining og allt önnur grunngerð að því er varðar spárnar heldur en Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum. Ég ætla að vitna frekar í Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, með leyfi forseta:

„Starfsemi greiningardeilda fjármálafyrirtækja byggist fyrst og fremst á því að greina fyrirtæki landsins og starfsumhverfi þeirra, auk þess að leggja mat á skuldabréfamarkaðinn á hverjum tíma og þar með á stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum til að geta metið væntanlega þróun vaxtastigs í landinu.

Grundvöllurinn að slíkri starfsemi er að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum grunnupplýsingum, þ.e. hagtölum og yfirliti yfir þróun þjóðarbúskaparins sem unnar eru á hlutlægan máta. Heiti þeirrar stofnunar eða aðila sem veitir slíkar upplýsingar skiptir ekki máli heldur sú hlutlægni og traust sem borið er til hans og áreiðanleiki upplýsinganna sem veittar eru.

Í 2. gr. gildandi laga um Þjóðhagsstofnun eru talin upp í sex liðum þau verkefni sem stofnuninni ber að sinna. Af þeim skipta þau verkefni sem talin eru upp í 1.–3. lið fjármálafyrirtækin máli, þ.e. færsla þjóðhagsreikninga, birting þjóðhagsáætlana og opinberra skýrslna um þróun og horfur í þjóðarbúskap. Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að flytja færslu þjóðhagsreikninga til Hagstofunnar og verður það að teljast samræmast hlutverki hennar vel." — Og, herra forseti, það er í samræmi við það sem margir hafa talað fyrir, að rétt og skynsamlegt væri að skoða það. En síðan segja þeir, eins og ég sagði hér áðan, herra forseti: „Hins vegar má velta því fyrir sér hvort nægilegrar hlutlægni verði gætt með því að færa hina þættina yfir til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins eins og tillögur eru gerðar um."

Og síðan segir, herra forseti:

„Í greinargerð frumvarps er því teflt fram sem einum af rökum fyrir breyttu fyrirkomulagi að greiningardeildir fjármálafyrirtækja sinni sambærilegri starfsemi og gefi margar út mánaðarlegar skýrslur um efnahagsmál. Rétt er að ítreka að þær skýrslur hafa m.a. byggst á fyrirliggjandi úttektum Þjóðhagsstofnunar, en greiningardeildirnar bæði meta forsendur að baki þeim tölum og nýta þær síðan í að greina áhrif á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaðinn í landinu. Greiningardeildirnar hafa hins vegar ekki spáð fyrir um helstu þjóðhagsstærðir á sama hátt og Þjóðhagsstofnun, enda hafa þær ekki byggt upp þjóðhagslíkön né hafa heimildir til að innkalla upplýsingar og gögn með sama hætti og Þjóðhagsstofnun."

Þar með liggur það fyrir, herra forseti. Þeir gjalda varhuga við ákveðnum þáttum sem munu eiga sér stað með þessari breytingu, eins og ég lýsti, og þeir velta fyrir sér hvort nægilegrar hlutlægni verði gætt með yfirfærslu ýmissa verkefna til efnahagsskrifstofu fjmrn. Þetta eru Samtök banka og verðbréfafyrirtækja með allar sínar greiningardeildir, herra forseti.

Herra forseti. Ég held að tvímælalaust hefði verið rétt að skoða hvort ekki væri nær að efla sjálfstæði stofnunarinnar og færa henni aukin verkefni. Þeirri hugmynd hefur m.a. verið hreyft að færa stofnunina beint undir Alþingi. Þingmenn hafa flutt það mál, eins og ég lýsti áðan, Kristinn H. Gunnarsson sem nú vill leggja niður stofnunina var þá fyrsti flm., og síðan liggur hér frv. frá þingmönnum Vinstri grænna sem ekki fæst rætt, um að skoða þetta mál með miklu ítarlegri hætti en hér er gert, m.a. þann möguleika að færa verkefni stofnunarinnar undir Alþingi.

Kjarni þessa máls, herra forseti, er að með því að leggja niður einu óháðu stofnunina sem vinnur að þjóðhagsspá er þrengt mjög að allri faglegri umfjöllun og sjálfstæði í hagrannsóknum og efnahagsspám. Það sem er auðvitað sérkennilegt og ég fór yfir í upphafi máls míns — og við höfum rætt hér lítillega og ýmsir hafa áhyggjur af, t.d. hv. þm. Pétur Blöndal — er að það virðist vera mun dýrara, ég segi helmingi dýrara, að leggja stofnunina niður en að reka hana, bæði til skemmri og lengri tíma, herra forseti. Áhrifin virðast því fyrst og fremst vera tilfærsla á verkefnum og verulega aukin útgjöld eins og við höfum hér lýst.

Það sem ég óttast, herra forseti, er að það sé hætta á því að þessi breyting dragi úr faglegri umfjöllun um efnahagsmál og að sérþekking og reynsla glatist. Og ég segi, herra forseti, skyldi nú engan undra þó að ekki sé á vísan að róa með að reyndir starfsmenn stofnunarinnar með mikla sérþekkingu fáist til að flytja sig til fjmrn., Hagstofu eða Seðlabankans bjóðist þeim það, eftir það sem á undan er gengið. Formaður starfsmannafélagsins, Katrín Ólafsdóttir, hélt því m.a. fram í efh.- og viðskn. að hún teldi nærri öruggt að starfsmennirnir mundu ekki allir fara til þessara stofnana jafnvel þótt þeim byðist það. Það á auðvitað eftir að koma í ljós, herra forseti, og það væri auðvitað mikil eftirsjá að því ef þessir reyndu starfsmenn með mikla sérþekkingu væru búnir að fá svo yfir sig nóg af öllu saman að þeir leituðu eitthvert annað en í þessar stofnanir sem eiga að fá þessi verkefni.

Ég verð að segja, herra forseti — og ég tala þar fyrir munn mjög margra þingmanna tel ég næsta víst — að maður hefur fengið sérstaklega góða þjónustu hjá Þjóðhagsstofnun þegar maður hefur leitað þangað enda er þar um yfirburðaþekkingu að ræða. Í fyrsta lagi fær maður mjög góðar upplýsingar og góða útreikninga þegar maður leitar eftir. Þeir eru vel unnir og afgreiddir með hraði.

Ég hef ekki alltaf, herra forseti, haft sömu sögu að segja af öðrum stofnunum eða ráðuneytum sem ég hef þurft að leita til eða minn flokkur. Þjóðhagsstofnun hefur haft alveg sérstöðu í þessu tilliti varðandi þingmenn, ekki síst þingmenn í stjórnarandstöðu. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að geta leitað til slíkrar óháðrar stofnunar. Þess vegna er það auðvitað kafli út af fyrir sig, og ég mun koma að því síðar í máli mínu, hvernig starfsmenn stofnunarinnar hafa verið hunsaðir, hvernig fram hjá þeim hefur verið gengið, bæði varðandi ráðgjöf og hugmyndir þeirra um hvernig endurskipulagningu ætti að koma fyrir. Eins og kom fram í séráliti fulltrúa starfsmanna — ég held að ég fari alveg rétt með heitið, og er örugglega með álitið einhvers staðar hér — hafa þær hugmyndir ekki einu sinni fengist ræddar, þ.e. aðrar hugmyndir en að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Það var markmiðið, herra forseti. Það var bara eitt markmið og það var að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Síðan átti að vinna málin út frá því. Það mátti ekki allt vera undir í þessum potti heldur var þetta markmiðið og síðan unnu menn út frá því. Það eru ekki skynsamleg vinnubrögð, eða fagleg, herra forseti.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa álit Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar þannig að inn í Alþingistíðindin fari frá orði til orðs hvað þau hafa að segja um þetta mál. Álitið er ekki langt en það er skýrt og afdráttarlaust. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar eru algerlega mótfallnir þeim áformum er birtast í frumvarpinu og telja að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu samstarfshópsins hefur í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar.

Þjóðhagsstofnun hefur mikla sérstöðu í efnahagsumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem nýtur trausts og álits og er talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafa verið falin. Þá nýtur stofnunin trúnaðar atvinnurekenda jafnt og verkalýðshreyfingar. Henni hafa verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafa til sérfræðinga stofnunarinnar. Þjóðhagsstofnun tryggir því greiðan aðgang þingmanna allra flokka, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings að áreiðanlegum upplýsingum um framgang efnahagsmála og er þessi starfsemi tryggð í lögum um stofnunina.

Samkvæmt frumvarpinu verður gerð efnahagsspáa og áætlana færð til fjármálaráðuneytis. Spágerðin yrði því undir pólitísku forræði og gæti því ekki talist óháð. Þessi breyting felur því í sér að stjórnvöld sjá ekki ástæðu til að reka pólitískt óháða efnahagsstofnun. Eðlilegra hefði verið að auka enn frekar sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar.

Í frumvarpinu felst að færa eigi starfsemi Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana og ráðuneyta. Það sem sparast á fjárlagalið stofnunarinnar mun því koma fram sem kostnaðarauki hjá öðrum stofnunum og ráðuneytum. Rekstur stofnunarinnar hefur verið mjög hagkvæmur fram til þessa og því ljóst að truflun á þeirri starfsemi og flutningur verkefna hennar til annarra stofnana er dýrari en óbreytt starfsemi. Reyndar viðurkenndi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis á fundi með starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar í apríl árið 2001 að ekki væri um að ræða sparnað með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun, heldur mundu útgjöld vaxa í kjölfarið, a.m.k. fyrst um sinn."

Þarna liggur það fyrir. Hvar er hv. þm. Pétur Blöndal? Þetta segir ráðuneytisstjóri forsrn. Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er ráðgert að aðgreina enn frekar en nú er söfnun og frumúrvinnslu gagna um efnahagsmál og greiningu gagnanna. Styrkur Þjóðhagsstofnunar felst í samþættingu þessara verkefna. Þetta hefur reynst hagkvæmt fyrir faglega vinnu innan stofnunarinnar og skapað möguleika á meiri fjölbreytni í störfum einstakra starfsmanna. Flestir starfsmenn stofnunarinnar koma að gerð þjóðhagsreikninga, greiningu og spágerð og því er ljóst að starfssvið starfsmanna stofnunarinnar mun breytast mikið ef þetta frumvarp nær fram að ganga.

Þá vill Starfsmannafélagið benda á þann aðdraganda sem málið hefur haft. Ár er liðið síðan forsætisráðherra nefndi í sjónvarpsviðtali að leggja ætti Þjóðhagsstofnun niður í sömu andrá og hann lýsti óánægju með spár stofnunarinnar. Í byrjun apríl 2001 boðaði ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis starfsmenn til fundar þar sem hann ræddi um að framkvæma ætti þær breytingar sem frumvarpið fjallar um. Taldi ráðuneytisstjórinn að hægt væri að framkvæma þessa endurskipulagningu án lagabreytinga. Síðar var hætt við þessi áform og skipaður samstarfshópur í júní. Þessi hópur hittist nokkrum sinnum til málamynda síðastliðið haust og stendur meiri hluti hans að frumvarpinu. Tekið skal fram að í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur meiri hluti samstarfshópsins aldrei léð máls á því að ræða aðra möguleika til endurskipulagningar en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Að lokum vill starfsmannafélagið benda á að það telur bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ábótavant þar sem það tryggi ekki rétt starfsfólks, auk þess sem það er ekki í samræmi við umræður samstarfshópsins og skipunarbréf hans. Í skipunarbréfi segir: „.... er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar."

Ég man ekki betur en það hafi verið hæstv. forsrh. hafi skrifað undir það skipunarbréf eðli málsins samkvæmt. Þar segir hæstv. forsrh. að það eigi að tryggja starfsmönnunum sambærileg störf.

Í áliti starfsmanna stofnunarinnar segir að lokum, með leyfi forseta:

„Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins stendur hins vegar: „Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum, er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.""

Fulltrúi starfsmanna og starfsmenn sem mættu á fund efh.- og viðskn. lýstu mjög mikilli óánægju með þetta og töldu ekki staðið við það sem lagt var upp með. Þeir lögðu áherslu á að þessu yrði breytt í meðferð málsins á þingi. Meiri hlutinn hefur ekki orðið við því þó að við í minni hlutanum höfum leitað eftir því. Önnur af tveimur brtt. minni hlutans, sem flutt er á þskj. 1244, er að þetta ákv. til brb. breytist, er svohljóðandi:

„Við ákvæði til bráðabirgða: Í stað orðanna „annað starf" í 1. málsl. komi: sambærilegt starf."

Herra forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að verkefnum Þjóðhagsstofnunar. Þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum eru tiltekin í lögum. Hins vegar er ljóst, herra forseti, að með því að afnema lög um Þjóðhagsstofnun verður hvergi lögbundið hvar þessum verkefnum verði sinnt eða hver eigi að hafa þau með höndum. Mér finnst mjög sérstakt þegar stofnun sem hefur með höndum mikilvæg verkefni er lögð niður, að það þurfi ekki að fastsetja með lögum hver eigi þá að sinna þessum verkefnum. Ég mun líka koma að því síðar að það er mjög óljóst hvernig forsvarsmenn Seðlabankans líta á þennan verkefnatilflutning og hvað komi til með að heyra undir þá að því er varðar þessi verkefni.

Verkefni Þjóðhagsstofnunar samkvæmt lögum eru eftirfarandi:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.

2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.

3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum.

4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.

6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Hið síðastnefnda, herra forseti, sem hefur nú verið lögbundið hingað til, er algjörlega úti í kuldanum. Enginn veit hvað tekur við þegar þetta er lagt niður. Það er ekki lögbundið t.d. að láta eigi þingmönnum í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál og veita þeim þjónustu þegar þeir þurfa á henni að halda vegna verka sinna hér í þinginu.

Eins og ég segi þá er það varla boðlegt fyrir þingið sem forstöðumaður efnahagsskrifstofu hélt fram í efh.- og viðskn., þ.e. að endanleg útfærsla á því hvert verkefnin yrðu flutt og skilgreining á þeim verkefnaflutningi lægi ekki fyrir fyrr en frv. yrði að lögum. Þetta er auðvitað í samræmi við ýmis vinnubrögð sem Alþingi er boðið upp á af hálfu framkvæmdavaldsins þessa dagana.

Það eina sem virðist ljóst og fast í hendi að því er varðar þessar breytingar er að þjóðhagsreikningar muni flytjast til Hagstofu og þjóðhagsspár og áætlanir til efnahagsskrifstofu fjmrn.

Herra forseti. Ég hef af því nokkrar áhyggjur — það kom nú reyndar fram á fundi nefndarinnar hjá gestum nokkrum sem heimsóttu okkur að þeir deila þeim áhyggjum með mér — af ýmsu er varðar reiknilíkön sem eiga að flytjast frá Þjóðhagsstofnun sem Þjóðhagsstofnun hefur séð um og haldið við. Það er full ástæða til þess að benda á sérálit Þórðar Friðjónssonar, fyrrv. forstjóra Þjóðhagsstofnunar, en þar kemur fram afstaða hans varðandi þessi reiknilíkön.

Hann segir í áliti sínu, með leyfi forseta:

„Hagkvæmt er við aðstæður hér á landi að hafa eina opinbera greiningar- og þjónustustöð sem getur í senn þjónað Alþingi, stjórnvöldum og almenningi. Þetta stafar m.a. af því að slík stofnun þarf að sjá um og viðhalda mörgum reiknilíkönum og gagnagrunnum eins og Þjóðhagsstofnun gerir nú. Þessi líkön eru flókin og viðamikil og byggjast að hluta á upplýsingum og gagnavinnslu sem á varla heima í ráðuneyti. Jafnframt þarf auðvitað sérþekkingu og reynslu til að vinna með þau. Þessum málum eru hvorki gerð viðhlítandi skil í frumvarpinu né voru þau rædd að gagni við undirbúning þess. Sem dæmi um reiknilíkön sem stofnunin hefur á sínum vegum eru þjóðhagslíkön (til langs og skamms tíma), sjávarútvegslíkön, loftslagslíkan og skatta- og almannatryggingalíkön."

Síðar segir í álitinu:

„Þessi reiknilíkön eru notuð við spágerð og áætlanagerð í efnahagsmálum en einnig í sérverkefnum af ýmsu tagi. Til marks um slík verkefni má nefna mat á áhrifum EES, ESB og evrunnar, stóriðju, loftslagssamninga, mismunandi nýtingar fiskstofna o.fl. Við má bæta verkefnum á sviði skatta og almannatrygginga. Jafnframt eru þessi líkön oft notuð vegna fyrirspurna frá Alþingi og umsagna um frumvörp. Umræða um þetta efni í frumvarpinu er lítil og byggð á veikum grunni."

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að hér komi fram að fulltrúi LÍÚ, sem mætti á fund nefndarinnar, Sveinn Hjartarson, ef ég man rétt, hafði af þessu verulegar áhyggjur. Hann sagði að samtökin væru háð upplýsingum um verðvísitölu sjávarafurða og mati á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi. Hann taldi nauðsynlegt að óháður aðili ynni slíkar upplýsingar. En eftir því sem ég skil málið er hugmyndin að flytja þetta líkan í sjútvrn. Ég tel það ekki eðlilegt.

Það má líka benda á, herra forseti, að það er nauðsynlegt og mikið hagræði í að hafa þessi líkön á einum stað hjá óháðri stofnun en því fylgir óhagræði að flytja þau á marga staði. Hjá Þjóðhagsstofnun hefur t.d. fólk séð um fleira en eitt líkan, auk þess sem gögn eru samnýtt úr líkönunum sem allir sjá auðvitað að þýðir verulegt hagræði.

Herra forseti. Ég hef rætt nokkuð um kostnaðinn við þessar breytingar og hvernig hér á að fara leið sem er miklu kostnaðarsamari fyrir skattgreiðendur og ríkissjóð en að reka stofnunina áfram. Það hafa ekki fengist viðhlítandi skýringar á því hver hinn raunverulegi kostnaður til lengri tíma getur orðið. Það fékkst t.d. ekki fram á fundi nefndarinnar, og var kannski ekki við því að búast af starfsmönnum fjmrn. eða ráðuneytisstjóra í forsrn., hver væri hugsunin á bak við þann stuðning sem, ef ég skil málið rétt, ASÍ hefur verið heitið. Ég vil, af því að hæstv. forsrh. situr eðlilega undir þessari umræðu, spyrja hann hvort hann getur upplýst það nánar en við höfum fengið að heyra. Í hvaða formi verður stuðningurinn? Ég vil einnig vita hvort jafnræðis verði gætt þannig að önnur heildarsamtök launafólks fái sambærilegan stuðning. Einnig er rétt að halda því til haga að Samtök atvinnulífsins hafa líka kallað eftir honum. Ég hef samt minni áhyggjur af þeim. Ég held að þeir hafi miklu frekar burði til að halda úti hagdeild en heildarsamtök launafólks. Mig langaði að vita hvort jafnræðis yrði gætt og hvort öll heildarsamtök launafólks fái þá sambærilegan stuðning. Er þá ekki rangt sem er haldið fram hér í nál. meiri hlutans — það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo — þ.e. að einhver verkefni sem hafa verið á hendi Þjóðhagsstofnunar eigi að flytjast yfir til aðila vinnumarkaðarins.

Mér fannst það vera alveg afgreitt og skýrt, herra forseti, og við í minni hlutanum skildum það svo að það væri ekki verið að tala um það að verkefni á vegum Þjóðhagsstofnunar ættu að flytjast yfir til aðila vinnumarkaðarins, eins og hér er orð. Við töldum fyrst og fremst um að ræða stuðning við ASÍ og hagsvið þess þannig að þeir gætu frekar treyst á sitt eigið hagsvið en verið hefur til þessa með ákveðnum fjárhagslegum stuðningi.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh. hvort hann óttist ekki að kallað verði eftir fleiri stöðugildum frá hinum ýmsu ráðuneytum sem eiga að taka við verkefnum við þessa breytingu. Ég nefni það ef sjútvrn. á að fá til sín sjávarútvegslíkan svo dæmi sé tekið. Ég veit ekki hvað á að verða um það líkan sem hefur verið að því er varðar almannatryggingakerfið, hvert það á að fara, hvort það á að fara inn í fjmrn. eða inn í Tryggingastofnun. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort útgjöldin muni ekki blása út hjá ráðuneytunum líka og hvort það sé ekki það sem við getum átt von á.

Herra forseti. Svo ég haldi því líka til haga sem ekki hafa fengist svör við: Hvaða einkaaðila er verið að tala um að flytja verkefni til og hvaða verkefni — ég vænti að hæstv. forsrh. heyri mál mitt — eru það sem einkaaðilar gætu hugsanlega fengið til sín sem verið hafa hjá Þjóðhagsstofnun og hvaða einkaaðila er hér átt við? Og enn fremur hvort hæstv. ráðherra óttist ekki að kaup á sérfræðiþjónustu hjá ráðuneytum blási út við slíka breytingu.

Herra forseti. Ég hef farið nokkuð yfir álit Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar, en okkur í stjórnarandstöðunni þótti mjög áhugavert álit Sambands íslenskra bankamanna sem var lagt fyrir efh.- og viðskn. sem styður mjög það sem fram hefur komið hjá starfsmönnunum. Þeir bentu á mjög athyglisverð dæmi þar sem stofnunum hefur verið breytt og lagðar niður í nafni hagræðingar og sparnaðar, sem ekki hefur gengið eftir. Þeir nefna í umsögn sinni dæmi um hagræðingu hjá ríkisfyrirtæki og nefna Húsnæðisstofnun, þá breytingu sem varð þar á árinu 1995 þegar Húsnæðisstofnun var breytt

í Íbúðalánasjóð. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram ítarlega fyrirspurn fyrir nokkru um þann sparnað sem að því hefði hlotist og þá kom fram, herra forseti, að niðurstaðan varð sú að það var um verulega útgjaldaaukningu að ræða við þá breytingu. Mig minnir að það hafi verið um 100 millj. kr. ef ég man rétt. En það var gert í nafni sparnaðar. Húsnæðisstofnun væri að blása svo út að breyta þyrfti henni í Íbúðalánasjóð og niðurstaðan var að það leiddi til meiri útgjalda en ekki minni. Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eru félagsmenn í Sambandi íslenskra bankamanna svo því sé haldið til haga. Þeir vitna einnig til þess þegar starfsemi Byggðastofnunar var flutt í andstöðu við starfsmenn. Og Húsnæðisstofnun var líka breytt í andstöðu við starfsmenn.

Í umsögn sinni segja þeir varðandi Byggðastofnun, með leyfi forseta:

„Þegar þessi ákvörðun var tekin var hún m.a. studd með þeim rökum að húsnæðiskostnaður yrði mun minni á Sauðárkrók en hér í Reykjavík og að það kostaði samkvæmt úttekt ráðgjafarfyrirtækis aðeins kr. 2 milljónir að flytja. Þetta var því framkvæmt í nafni hagræðingar og byggðasjónarmiða. Starfsmenn voru andvígir þessum flutningi á faglegum forsendum en einnig misstu þeir allflestir starf sitt og lífsviðurværi. Þeir gerðu einnig athugasemdir við framlagða kostnaðarreikninga, sem pantaðir voru frá ráðgjöfum.

En ákvörðunin um flutninginn stóð eins og flestar ákvarðanir framkvæmdarvaldsins. Flutningarnar hafa nú þegar kostað tugi milljóna fyrir utan ýmsan ágreining, sem þingmenn hljóta að þekkja manna best."

Og síðan segir orðrétt:

„Þessi tvö mál eru rifjuð hér upp vegna þess að þessar aðgerðir voru gerðar í nafni hagræðingar og í andstöðu við starfsmenn og allar ráðleggingar þeirra. Hagræðingin varð engin en mistökin mörg og því er það grátlegt að þurfa nú enn einu sinni að lesa það í frumvarpi frá ríkisstjórn að stofnun í eigu ríkisins verði lögð niður í nafni hagræðingar."

Það væri auðvitað ástæða til að fara ítarlegar ofan í umsögn Sambands íslenskra bankamanna en ætla ég aðeins að drepa hér á eina eða tvær setningar sem mér finnst skipta máli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það eru einkennileg fræði og samrýmist illa vandaðri meðferð fjármuna og mannauðs að rífa niður öflug, virt og hagkvæmt ríkisfyrirtæki til þess eins að þjóna duttlungum. Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa mikla og góða menntun og langa reynslu við gerð þjóðhagsreikninga, samningu þjóðhagsspár og þjóðhagsáætlana. Þeir hafa veitt alþingismönnum, nefndum Alþingis og aðilum vinnumarkaðarins mikilvægar upplýsingar um efnahagsmál, sem allir hafa getað treyst og treysta vegna þess að Þjóðhagsstofnun er sjálfstæð og algerlega óháð framkvæmdarvaldinu. Innan fyrirtækisins er nú samstæður hópur starfsmanna, sem byggt hefur upp samræmd og öguð vinnubrögð en einnig öflug verkfæri, þar með talið hugbúnað, fyrir gerð þjóðhagsspár og önnur þau verkefni er stofnunin vinnur samkvæmt lögum."

Herra forseti. Það fer nú að líða á síðari hluta ræðu minnar í þessum umgangi. Ég hlýt þó að fara aðeins betur yfir það sem margir hafa áhyggjur af, þ.e. flutning á ýmsum verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft yfir til fjmrn.

Minni hluti efh.- og viðskn. telur það ganga gegn öllum faglegum vinnu brögðum og aðhaldi við efnahagsstjórnina að færa gríðarlega mikilvæg verkefni á sviði efnahagsmála frá óháðri stofnun til hagstjórnaraðila eins og Seðlabanka og fjármálaráðuneytisins sem lýtur pólitískri forustu ráðherra.

Það er skoðun minni hlutans að ef endurskipuleggja á stofnanir sem fjalla um hagstjórn, hagskýrslur, þjóðhagsspá og efnahagsstjórn ættu verkefni allra stofnana sem fjalla á einn eða annan hátt um efnahagsstjórn eða hagsýslugerð að koma til skoðunar.

Í áliti fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar kemur fram að aldrei hafi verið léð máls á því að ræða aðra möguleika við endurskipulagningu.

Við teljum því, herra forseti, að málið sé mjög vanhugsað að því er þennan þátt varðar. Það hlýtur að teljast mjög sérkennilegt að gerð þjóðhagsspár í tengslum við framlagningu fjárlagafrv. og endurskoðun hennar á ársfjórðungsfresti verði hjá efnahagsskrifstofunni auk þess sem þjóðhagslíkönin og einhver önnur haglíkön verði flutt til efnahagsskrifstofu. Og það er að sjálfsögðu fullkomlega óeðlilegt og ótrúverðugt að sami aðili og stýrir fjárlagagerðinni hafi á hendi spágerð og greiningu á stöðu og þróun efnahagsmála. Það veikir allt aðhald og sjálfgefið er að það býður heim mikilli gagnrýni á efnahagsspár ráðuneytisins og mat þess á framtíðarhorfum í þjóðarbúskapnum.

Herra forseti. Það sem við teljum að hefði þurft að skoða miklu betur er að við teljum að þessi breyting muni veikja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er auðvitað gjörsamlega óviðunandi fyrir þingmenn og stjórnmálaflokka að þurfa að leita með alla útreikninga, upplýsingar og ráðgjöf varðandi þingmannafrv. til efnahagsskrifstofu sem lýtur pólitísku forræði ráðherra.

Það er óhæfa að þingmenn í stjórnarandstöðu séu settir í þá stöðu að þurfa að leita eftir greiningu á álitamálum til fjmrn., en þingmenn stjórnarandstöðu standa iðulega í deilum við ráðuneytið og fjmrh. um ýmis mál sem tengjast efnahagsmálum, skattamálum eða fjármálum. Og það veikir auðvitað stöðu Alþingis og manna gagnvart framkvæmdarvaldinu að þurfa að leita með ráðgjöf og útreikninga við meðferð stjórnarfrv. á Alþingi til fjmrn. í stað óháðrar efnahagsskrifstofu, en mörg veigamestu frumvörp á sviði efnahags- og skattamála eins og við þekkjum eru eðli máls samkvæmt hjá því ráðuneyti.

Í frv. er líka settur fyrirvari, herra forseti, á upplýsingagjöf Seðlabankans til aðila vinnumarkaðarins, Alþingis og stjórnmálaflokka, því einungis er sagt að þeir muni láta í té upplýsingar og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir eftir því sem um semst, herra forseti. En fulltrúi Seðlabankans sem mætti á fund nefndarinnar sagði að viðfangsefni bankans hefðu þrengst mikið með nýjum lögum um bankann og bankinn mundi því líta til lagaákvæða og hlutverks síns þegar metin yrði upplýsingagjöf til fyrrgreindra aðila. Hann er þegar farinn að færast með þessum orðum, herra forseti, undan því að veita ráðgjöf og upplýsingar t.d. til þingmanna og þingsins og setur fram, herra forseti, að verkefnin hafi verið þrengd með breytingum sem voru gerðar á lögum um bankann og þeir muni líta til lagaákvæða og hlutverks síns þegar metin yrði upplýsingagjöf til þessara aðila sem þeir nefna, þ.e. aðila vinnumarkaðarins, Alþingis og stjórnmálaflokka, og láta í té upplýsingar eins og um semst. Erfitt er að fá á því skýringu hvað við er átt þegar talað er um „eftir því sem um semst".

Og það er einnig ljóst að Seðlabankinn er ekki óháður aðili þó sjálfstæði hans hafi verið aukið. Hann er hagstjórnaraðili sem hefur einkum það verkefni að beita stýritæki sínu til að ná þeim efnahags- og verðbólgumarkmiðum sem bankinn og ríkisstjórnin setja í sameiningu. Samkvæmt lögum er

meginmarkið Seðlabankans að stuðla að stöðugu verðlagi og lýsa yfir með samþykki forsrh. að tölulegum markmiðum um verðbólgu og jafnframt skal hann stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Þetta er alls ekki óháður aðili, herra forseti, hann á að stuðla að framgangi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Þetta er hagstjórnaraðili með líkum hætti og fjmrn. Og það er nauðsynlegt, herra forseti, að hafa við hliðina á þeim hagstjórnaraðilum óháða stofnun sem vinnur og greinir ýmsar upplýsingar varðandi efnahagsmál og stöðu og þróun efnahagsmála. Seðlabanki sem hefur með höndum framkvæmd peningastefnunnar getur aldrei komið í stað óháðrar stofnunar og aðstoðað við nauðsynlega útreikninga og greiningu vegna þingmála stjórnarfrv. og ýmissa annarra verkefna. Það er því skýrt, herra forseti, að með þessari breytingu er staða þingsins veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Minni hluti efh.- og viðskn. telur því nauðsynlegt að tryggja að ekki dragi úr styrk Alþingis til að veita stjórnvöldum aðhald við þessa breytingu.

Við höfum því flutt brtt., herra forseti, sem er brtt. nr. 2 á þskj. 1244, um að við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„Stofna skal sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis sem taki til starfa 1. janúar 2003. Kostnaður af starfsemi þess greiðist af fjárlögum.

Forsætisnefnd Alþingis skal annast undirbúning og meta nauðsyn á umfangi sviðsins."

Herra forseti. Við erum auðvitað hér inni, þau sem stöndum að þessari tillögu með líkum hætti og ASÍ að reyna að verjast þeim gjörningi sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir þannig að ekki dragi úr þeirri aðstoð við sem höfum haft sem hefur verið mjög brýn, t.d. á sviði efnahagsmála, varðandi ýmsa útreikninga og athuganir sem við þurfum að fá gerðar fyrir okkur, bæði vegna frv. ríkisstjórnarinnar og vegna málatilbúnaðar og frumvarpa sem þingmenn eru með.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka fyrri hluta ræðu minnar. En ég á auðvitað eftir, herra forseti, að fara yfir ýmsar umsagnir eins og frá BSRB og fleiri aðilum sem sendu inn umsagnir um málið. En ég vænti að ég og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum tækifæri til þess síðar á þessum fundi að draga fram önnur álit sem fram hafa komið.

Herra forseti. Áður en þessari umræðu lýkur þarf einnig að fara yfir bréf, dagsett 13. apríl 2002, sem fylgdi minnisblað um þjónustu Þjóðhagsstofnunar, dagsett 16. apríl, sem ekki vannst tími til þess að fara yfir í efh.- og viðskn. áður en málið var afgreitt. Það hefði náttúrlega verið nauðsynlegt til að geta betur metið verkefni Þjóðhagsstofnunar og hverjir muni taka við þeim.

Þjóðhagsstofnun segir í þessu bréfi, og það er hinn nýi forstjóri, Sigurður Guðmundsson, sem skrifar undir það:

„Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fór þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún gæfi umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, 709 mál. Þjóðhagsstofnun tekur ekki afstöðu til frv. Bréfi þessu fylgir minnisblað um þjónustu stofnunarinnar við ýmsa aðila ef það mætti auðvelda nefndinni umfjöllun um þetta mál."

Á minnisblaðinu er rakið mjög skilmerkilega hverjir hafa aðgang að Þjóðhagsstofnun og leita eftir þjónustu hennar. Þeir eru taldir upp, þ.e.: almenningur, viðskiptabankar, rannsóknarstofnanir, erlendir aðilar, Eurostat, OECD, námsmenn, hagsmunasamtök, erlend sendiráð, opinberar nefndir, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, blaðamenn, alþingismenn, stjórnvöld, þingnefndir, Sameinuðu þjóðirnar, Seðlabankinn, háskólar, sveitarfélög, einkafyrirtæki og lánshæfismatsfyrirtæki.

Fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn munu hafa nóg að gera eftir að Þjóðhagsstofnun hefur verið lögð niður eigi að sinna öllum þeim sem hafa leitað til stofnunarinnar hingað til. Þá eru ótalin þau verkefni sem hér er lýst varðandi þjónustu Þjóðhagsstofnunar og ég ætla að geyma mér að ræða þar til síðar á þessum fundi.

Ég vil í lokin lýsa í stuttu máli afstöðu heildarsamtaka launafólks með fáeinum orðum.

ASÍ lýsir ekki andstöðu við frv. enda telja þeir sig hafa fengið fyrirheit um stuðning við að efla eigin hagdeild. Önnur heildarsamtök launafólks, BSRB, BHM, Kennarasamband Íslands og Samband ísl. bankamanna gagnrýna að aðeins hafi verið haft samráð við ein heildarsamtök launafólks um málið. Þau lýsa andstöðu við málið og telja fráleitt að færa þá starfsemi sem nú er á vegum Þjóðhagsstofnunar undir fjmrn. sem sé í eins nánum tengslum við pólitískt framkvæmdarvald og hugsast getur. Fulltrúi BHM benti réttilega á að það gengur ekki að bjóða samtökum upp á að leita eftir úrvinnslu upplýsinga og spágerð hjá fjmrn. sem er aðalviðsemjandi þeirra í kjarasamningum. Jafnframt telja samtökin eðlilegt að gætt sé jafnræðis ef veita á ASÍ sérstakan stuðning við eigin rannsókn og spágerð.

Herra forseti. Ég hef lokið fyrstu ræðu minni í dag hvað þetta mál varðar. Ég geri ekki ráð fyrir því að þetta verði síðasta ræða mín um þetta mál enda er það stórt og umfangsmikið og krefst mikillar umfjöllunar í þessum þingsal. Minni hluti efh.- og viðskn. leggst alfarið gegn því að leggja niður Þjóðhagsstofnun með þeim rökum sem hér hefur verið lýst. Málið er vanbúið og óskynsamlegt, herra forseti, og dýrt að leggja Þjóðhagsstofnun niður og flytja verkefnin til annarra stofnana eins og ríkisstjórnin áformar.

Það er mjög sérstætt, herra forseti, að ríkisstjórnin, sem ekki hefur einu sinni peninga, og ég enda kannski ræðu mína á því, til að veita 30–40 millj. kr. í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þar sem á annað hundrað fatlaðra barna bíða eftir þjónustu og þurfa að bíða í eitt, tvö ár af því að það er ekki hægt að veita þessar 30 eða 40 millj. kr. þangað, þau sömu stjórnvöld telja sig hafa efni á að leggja niður Þjóðhagsstofnun með þeim kostnaði sem því fylgir og við höfum lýst. Ég er sannfærð um að hið nýja fyrirkomulag verði helmingi dýrara en rekstur Þjóðhagsstofnunar. Það verða lokaorð mín, herra forseti. Þetta er óskynsamleg ráðstöfun og illa að henni staðið.

[16:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vildi að ég gæti fagnað því að við værum að ræða málefni Þjóðhagsstofnunar og framtíð þeirrar stofnunar. Það er löngu tímabært að sú umræða fari fram. En ástæðan fyrir því að þessi umræða er mér ekki fagnaðarefni er að sjálfsögðu sú að áður en umræðan hófst var niðurstaðan gefin.

Við í minni hluta efh.- og viðskn. högum engu að síður málflutningi okkar á þann veg að hugsanlega megi hnika sjónarmiðum einhverra sem enn eiga eftir að gera upp hug sinn. Hér á að taka ákvörðun sem skiptir mjög miklu máli. Þetta er að mörgu leyti mjög örlagarík ákvörðun. Ég ætla að gera grein fyrir því hvers vegna ég tel svo vera.

Í fyrsta lagi langar mig til að minna á að þetta er ekki í fyrsta sinn sem málefnum Þjóðhagsstofnunar er hreyft á þann

veg að menn vilji gera grundvallarbreytingar. Fyrir fáeinum árum, á löggjafarþinginu sem 1997–1998, lögðu fjórir þingmenn, með hv. þm. Kristin H. Gunnarsson í broddi fylkingar, fram frv. til laga sem gerði ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun yrði færð undir Alþingi.

Í 1. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Forsætisnefnd Alþingis ræður forstjóra hennar til fimm ára í senn. Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart þinginu.“ — Síðan eru fleiri atriði tíunduð í 1. gr. frv. til laga sem lagt var fram á löggjafarþinginu 1997–1998.

Þetta náði ekki fram að ganga. Síðan gerist það að enn er lagt fram þingmál um endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar en flutningsmenn þess voru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá er hér stendur. Sú þáltill. var fyrst lögð fram á árinu 2000 og síðan endurflutt á löggjafarþinginu 2001–2002. Í þessari þáltill. er lagt til að gerð verði úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar, að sett verði sérstök þingskipuð nefnd til að annast það starf og í henni eigi sæti fulltrúar allar þingflokka, einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og einn fulltrúi forsrn. sem jafnframt skuli vera formaður þeirrar nefndar.

Verkefni nefndarinnar er samkvæmt tillögu okkar, auk almennrar úttektar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi. Síðan var nefndinni, samkvæmt þessari tillögu, gert að skila skýrslu til Alþingis.

Það er ástæða til að vísa í þetta vegna þess að þetta þingmál var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. jafnhliða umfjöllun um frv. ríkisstjórnarinnar og má geta þess að í umræðu sem fram fór í nefndinni var einnig hreyft mörgum öðrum athyglisverðum tillögum en þeirri sem hér er vísað til, þ.e. að flytja Þjóðhagsstofnun undir Alþingi. Meðal annars var sú hugmynd reifuð að sameina Hagstofu og Þjóðhagsstofnun og efla sérstaka greiningardeild á vegum slíkrar stofnunar. Ég nefni þetta til að sýna fram á að menn hafa velt ýmsum valkostum fyrir sér. En sú umræða hefur aldrei fengið að fara fram og það er mjög miður vegna þess að sú nefnd sem starfaði á vegum ríkisstjórnarinnar var með fyrir fram gefin markmið.

Það var hálfömurlegt að hlýða á talsmenn meiri hluta nefndarinnar halda því aftur og ítrekað fram að öll sjónarmið hefðu átt að fá að blómsta í þessari umræðu þegar jafnframt var sagt af hálfu sömu aðila að niðurstaða væri gefin. Það átti að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Þetta gerir náttúrlega alla umræðu máttlitla vegna þess að það dregur máttinn úr fólki þegar það finnur að rökin sem það reiðir fram eru að engu höfð.

Það sem ég hef haft mestar áhyggjur af er framtíð starfsmanna. Því hefur verið haldið fram að rangt sé að skilja starfsmenn eftir í lausu lofti, í óvissu um framtíðina. Þetta höfum við fengið að heyra þegar við höfum stungið upp á að málinu verði skotið á frest fram á haustið og við tækjum ekki ákvörðun fyrr en að afloknu sumarhléi þar sem okkur gæfist ráðrúm til að rýna í málið.

Það er alveg rétt. Það kom fram af hálfu starfsmanna að ef niðurstaðan yrði áfram gefin, sú ákvörðun stæði óhögguð að leggja Þjóðhagsstofnun niður, væri best að fá niðurstöðu í málið hið allra fyrsta. Það sjónarmið kom fram. Hins vegar lögðu starfsmenn mjög ríka áherslu á, og þar hvíldi meginþunginn, að ef menn væru reiðubúnir að skoða alla valkosti og endurmeta stöðuna frá grunni þá væri það leiðin sem starfsmenn kysu að fara.

Í grg. með þáltill. okkar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar er vísað í þetta fyrra þingmál sem flutt var af Kristni H. Gunnarssyni og fleirum á 122. löggjafarþingi. Þar var jafnframt sagt eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Þjóðhagsstofnunar af því tagi sem gert er ráð fyrir að verði skoðuð samkvæmt tillögunni mundi styrkja stofnunina sem óháða fagstofnun, sjálfstæða gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mikilvægt er að stofnun, sem hefur það með höndum að meta stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum, hafi svigrúm til að miðla hlutlægum upplýsingum í hvívetna og njóti sem slík almenns trausts í þjóðfélaginu. Ljóst er að slík stofnun gæti jafnframt orðið Alþingi til styrktar við að rækja eftirlitshlutverk sitt og komið að gagni við gerð fjárlaga.

Eitt meginhlutverk Þjóðhagsstofnunar er að fylgjast með framvindu efnahagsmála, meta árangurinn af efnahagsstjórn ríkisstjórnar á hverjum tíma og líklegar afleiðingar ráðstafana í efnahagsmálum. Því getur tæpast talist heppilegt að stofnunin heyri beint undir forsætisráðuneytið sem fer með yfirstjórn efnahagsmála og hefur þar á ofan nýlega tekið við forsvari fyrir Seðlabankann. Benda má á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar, sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu, urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Sömu sögu er að segja af starfsemi umboðsmanns Alþingis, þó að ekki sé um efnislega sambærilega hluti að ræða, að vistun starfseminnar í skjóli Alþingis hefur reynst haldgóð trygging fyrir því að stofnunin njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð séu ekki dregin í efa, einmitt vegna þess hver staða hennar er í stjórnsýslunni.

Í tilefni af breytingum sem líklega eru í aðsigi, m.a. á stöðu Seðlabankans, á gjaldeyris- og peningamarkaði og fleiri sviðum, er eðlilegt að farið sé yfir stöðu og hlutverk stofnana og embætta sem hlutverki gegna á þessu sviði. Tillagan hefur sem grundvallarforsendu að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu stofnana á þessu sviði séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.“

Hér vitnaði ég í grg. till. til þál. sem borin var fram af okkur hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í annað skipti á þessu þingi og var til umræðu hér í síðustu viku og jafnhliða frv. ríkisstjórnarinnar í efh.- og viðskn. þingsins. Tillagan fékkst því miður ekki afgreidd út úr nefndinni. Ég gerði tillögu um að hún yrði afgreidd og Alþingi gæfist kostur á að greiða um hana atkvæði á sama hátt og við munum væntanlega greiða atkvæði um frv. ríkisstjórnarinnar verði það ekki dregið til baka í ljósi þess sem fram kemur við þessa umræðu.

Hver eru síðan helstu gagnrýniefnin? Í hverju felst gagnrýni okkar? Jú, við höfum lagt áherslu á ýmsa þætti, og einn vildi ég nefna í upphafi. Hann snýst um framtíð starfsmanna stofnunarinnar. Ef svo fer að þetta verði samþykkt er mjög mikilvægt að tryggja framtíð þeirra. Í frv. ríkisstjórnarinnar er vísað til þess að þeim verði boðin störf við þær stofnanir sem verkefnum Þjóðhagsstofnunar verður skákað til en þar er ekki vísað til sambærilegra starfa eins og fyrirheit munu hafa verið gefin um þótt í grg. meiri hluta efh.- og viðskn. komi fram að vilji sé til þess að finna starfsfólkinu störf

svipaðs eða sambærilegs eðlis þeim sem það áður gegndi. Það er inntakið í meirihlutaálitinu.

Við fengum það staðfest í efh.- og viðskn. að í reynd skipti orðalagið þarna ekki öllu máli, menn yrðu að taka það trúanlegt að reynt yrði eftir bestu getu að finna fólki sambærileg störf. Við viljum að þá verði einmitt stigið það skref í sjálfum lagatextanum og gerum tillögu um að lagatextinn verði orðaður þannig að fólki verði tryggð sambærileg störf verði þetta frv. að lögum. Við í minni hlutanum höfum lagt fram tillögu þar að lútandi.

Við leggjum einnig fram aðra tillögu — ef svo fer að frv. nái fram að ganga — sem lýtur að styrkingu þeirrar þjónustu — vegna þess að á Alþingis er ekki til neitt sem heitir hagsvið — sem alþingismenn ættu kost á á því sviði sem Þjóðhagsstofnun hefur starfað.

Þetta var það sem ég vildi nefna í upphafi, staða starfsmanna og framtíð þeirra. Það er mjög mikilvægt að þessi grein frv. verði endurskoðuð, og ef ekki höfum við lagt fram brtt. Mér fyndist æskilegt að ríkisstjórnin og hæstv. forsrh. beittu sér fyrir því að lagagreininni yrði breytt að frumkvæði stjórnarmeirihlutans.

Hvað er það sem við höfum helst gagnrýnt í frv.? Það er margt eins og ég nefndi áðan. Í fyrsta lagi er margt mjög óljóst um þá verkaskiptingu sem verður milli þeirra aðila sem koma til með að fá verkefni Þjóðhagsstofnunar í hendur. Hverjir eru þessir aðilar? Það er Seðlabanki Íslands, það er Hagstofan og það er fjmrn. Þetta eru þeir aðilar í opinberri stjórnsýslu sem fá þessi verkefni í hendur en að auki er vísað til þess að aðilar á markaði, stofnanir og samtök, yfirtaki verkefni sem áður hafi verið hjá stjórnsýslunni en einnig verði stuðlað að því að hagdeildir verkalýðssamtaka verði efldar. Þar er sérstaklega vísað til hagdeildar Alþýðusambands Íslands en því hefur aldrei verið neitað að hið sama gildi um aðra aðila, og er vel að ríkisstjórnin vilji stuðla að því að samtök launafólks geti sinnt umræðu um efnahagsmál og haft til þess fjárhagslega burði. Það er sem sagt margt óljóst um hvað verður um verkefnin og þessa verkaskiptingu.

Hvers vegna leggjum við svona mikla áherslu á þetta mál? Ég skal alveg gera þá játningu að ég hef ekki alltaf verið sáttur við Þjóðhagsstofnun og enn síður við forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sérstaklega þegar hann hefur verið á álskónum sínum, um tíma ráðuneytisstjóri í iðnrn. og stjórnarformaður í stóriðjunefnd ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekki alltaf verið sáttur við hann en ég geri enga kröfu til þess að vera alltaf sammála honum eða sáttur við hann.

Þetta snýst nefnilega ekki um einstaklinga sem stýra stofnunum. Ég vil taka það fram að um margt hef ég verið mjög ánægður með störf hans og er ekki að gera lítið úr þeim nema síður sé. Það sem málið snýst um er sú þjónusta sem Þjóðhagsstofnun veitir. Þar vil ég gera aðra játningu. Hún er sú að alltaf þegar ég hef leitað til Þjóðhagsstofnunar, og ég þekki til þess að það sama á við um aðra þingmenn og það á einnig við um samtök launafólks þar sem ég einnig þekki til, hefur þjónustan verið mjög góð. Hún hefur verið afbragðsgóð. Hún hefur verið fagleg og vel af hendi innt. Það er mjög mikilvægt að þetta komi fram.

Þingmenn ætla að gera úttekt á stöðu í skuldamálum heimila, fyrirtækja, hins opinbera, ríkis, sveitarfélaga. Hvert snúa þeir sér? Þeir hafa snúið sér til Þjóðhagsstofnunar og að bragði eru þessi gögn komin í okkar hendur í aðgengilegu formi. Það er síðan okkar að vinna frekar úr þeim. Það er þetta sem menn hafa áhyggjur af að verði ekki eins traust og verið hefur.

Við 1. umr. málsins vakti ég athygli á þáttum sem einkenna samtíð okkar. Í fyrsta lagi vísaði ég til þess að í þjóðfélaginu eru mjög örar breytingar, ekki bara okkar heldur um heiminn allan, og þessar breytingar eiga sér stað í mjög flóknu efnahagsumhverfi. Til að geta stýrt þessum breytingum þurfum við að þekkja forsendur þeirra, þar á meðal efnahagslegar forsendur þeirra. Þess vegna er mjög mikilvægt að til þess bærir aðilar, og færir, varpi ljósi á þá þætti.

Í annan stað vakti ég athygli á því að við búum við mjög sterkt framkvæmdarvald, og að sama skapi veikt löggjafarvald. Oft hefur verið talað um nauðsyn þess að efla þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu en það hefur ekki tekist sem skyldi að mínum dómi og hefur það verið einkennandi, ekki síst síðustu árin, hvert ægivald framkvæmdarvaldið hefur, ekki síst sá sem þar trónir efst, hæstv. forsrh., yfir stjórnarmeirihlutanum og þar með þinginu. Einnig í ljósi þessa er mikilvægt að efla alla gagnrýna umræðu vegna þess að framvindan og ákvarðanir ráðast sem betur fer ekki bara af meirihlutavaldinu og vöðvastyrknum í þingsölum heldur væntanlega einnig þeim rökum sem teflt er fram. Það eru þau vopn sem minni hluti á þingi hefur, þ.e. að tefla fram upplýsingum og rökum. Þá þarf að búa þessi vopn í hendur okkar, upplýsingar og aðgengi að þeim. Þess vegna höfum við af því áhyggjur þegar Þjóðhagsstofnun er lögð niður, og þau verkefni sem hún hefur sinnt gagnvart okkur eru færð til stofnana sem heyra beint undir pólitískt framkvæmdarvald. Það á svo sannarlega við þegar um fjmrn. er að ræða. Um það deilir enginn. Það er augljóst að þar er þessi beintenging eins náin og hugsast getur. Það á ekki við í eins ríkum mæli gagnvart Seðlabankanum. Í 1. gr. seðlabankalaga segir að hann eigi að vera sjálfstæð stofnun, stofnun í eigu ríkisins. En í 3. gr. seðlabankalaganna segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu skv. 1. mgr.“

Þar er aftur vísað reyndar í sjálfstæði stofnunarinnar en hann hefur þetta hlutverk, að framfylgja stefnu stjórnvalda.

Mér fannst umsögn Seðlabankans um þetta frv. athyglisverð, og koma þar mjög vel í ljós hvernig hann túlkar sjálfstæði sitt. Ég vona að hæstv. forsrh. heyri þetta. Í umsögn sinni um frv. segir Seðlabankinn m.a., með leyfi forseta:

„Í samstarfshópnum hafði bankinn hlutlausa afstöðu til þess hvort leggja bæri Þjóðhagsstofnun niður en var engu að síður reiðubúinn að axla einhver viðfangsefni sem honum kynnu að verða falin, enda samrýmdist það ákvæðum laga um bankann.“

Seðlabankinn hefur hlutlausa afstöðu. Hvað þýðir þetta í raun? Þýðir þetta að maður segir ekki meiningu sína? Þýðir þetta að það er ekki sagt sem bankinn telur vera vitlegt og skynsamlegt í þessum efnum? Ætli raunin sé sú að hann láti svo valdi framkvæmdarvaldsins, ríkisstjórnarinnar, að hann láti af allri eigin sannfæringu, sitji þarna á áhorfendabekknum meðan ríkisstjórnin fer sínu fram? Seðlabankinn þorir ekki einu sinni að segja okkur hvað honum finnst um þetta efni, hvort honum finnst það skynsamlegt, rétt eða rangt. Fulltrúi bankans er settur í nefnd og þorir síðan ekki að hafa skoðun.

En auðvitað er þetta afstaða. Þetta felur það í sér að tekin er afstaða með þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar að leggja

Þjóðhagsstofnun niður. Það er mergurinn málsins. Þetta er afstaða í sjálfu sér, þetta er ekki hlutleysi. Þetta er jákvæð afstaða með ríkisstjórninni, þetta er pólitísk afstaða. Og þetta er einn aðilinn sem verið er að færa verkefnin undir.

Þá erum við komin með tvo. Við erum komin með fjmrn. og Seðlabankann sem á þó samkvæmt laganna hljóm að reyna að halda sjálfstæði sínu.

Þá erum við komin að Hagstofunni. Hagstofan er fyrst og fremst aðili sem safnar saman gögnum. Hagstofan er ekki greiningarstöð, hún hefur ekki haft með höndum að greina þjóðhagsstærðir, hlutverk hennar hefur verið allt annað og mér finnst sjálfsagt að efla Hagstofuna í þjónustuhlutverki sínu. Ég minni aftur á þá hugmynd sem fram var sett og ég vísaði til í umræðu í efh.- og viðskn. hvort til álita kæmi að sameina Þjóðhagsstofnun og Hagstofu og koma á fót greiningarstofnun eða greiningardeild innan slíkrar nýrrar stofnunar. Mér finnst koma fyllilega til athugunar að fara þá leið.

Þar erum við aftur komin að þeirri niðurstöðu sem við höfum komist að, að eðlilegast væri að viðhalda Þjóðhagsstofnun sem öflugri þjónustustofnun við þingmenn, við þingið, þingnefndir, við samtök launafólks og aðila á vinnumarkaði, við LÍÚ, sem lýsir áhyggjum yfir því að verkefni sem hafi verið unnin á vegum Þjóðhagsstofnunar séu færð undir ráðuneytið, beint undir framkvæmdarvaldið. Þar erum við aftur komin að sams konar gagnrýni og ég vísaði áður til.

Það er alveg rétt sem bent hefur verið á og hæstv. forsrh. hefur meðal annarra bent á og aðrir þeir sem hafa tjáð sig um þetta málefni, að á síðari árum hefur þeim aðilum fjölgað sem sýsla með efnahagsstærðirnar, bæði í bönkunum og í fjármálastofnunum eru til komnar greiningarmiðstöðvar, greiningardeildir. Verkalýðshreyfingin hefur í nokkuð langan tíma haft hagdeildir, það eru fleiri samtök en ASÍ sem hafa haft slíkt starf með höndum, atvinnurekendasamtökin hafa haft það líka. Enn má nefna Háskóla Íslands og reyndar er einhvers staðar í þessum gögnum vísað í að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands geti tekið að sér verkefni, þjónustuhlutverk sem áður var hjá Þjóðhagsstofnun. En hvað þýðir það? Það þýðir að þeir sem sækja þá þjónustu verða að greiða fyrir hana. Aðgangur að upplýsingum er þannig orðinn söluvara. Það kostar að fá aðgang að upplýsingum, það kostar að fá að taka þátt í efnahagsumræðu á viti borinn upplýstan hátt. Vilja menn fara út á slíka braut? Finnst mönnum þetta vera eðlilegt? Mér finnst það ekki.

Það sem við eigum að gera og það er nútíminn og það er framtíðin, það er að vera með óháða, öfluga, kröftuga stofnun sem safnar efnahagsupplýsingum saman, býr þær þannig út að þær verða auðvelt úrvinnsluefni fyrir samtök þess vegna á markaði og, ef því er að skipta, kemur fram með eigin greiningu.

Ég held t.d. að það hafi verið til góðs og gert umræðuna hér um fjárlögin frjórri að til sögunnar komu upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, ég held að það hafi verið til góðs. Hv. þm. Jón Bjarnason vísaði til þess í ræðu sinni við 1. umr. málsins að þegar fjárlögin fyrir þetta ár voru til umfjöllunar í fjárln. þingsins hafi komið greining á þjóðhagsstærðum og spádómar um framtíðina frá Þjóðhagsstofnun sem voru talsvert frábrugðnir því sem kom frá fjmrn. Ég er hér með blað sem sýnir þennan mismun sem er talsverður, bæði varðandi spádóma um innflutning á vöru og þjónustu o.s.frv. Hver reyndist hafa rétt fyrir sér? Ég veit það ekki. (Gripið fram í.) Já, það er ekki aðalmálið. Aðalmálið er að það séu fleiri en einn aðili sem sýsli með slíkar stærðir. Sá sem hefur rétt fyrir sér í dag kann að hafa rangt fyrir sér á morgun. Þannig er lífið, vegna þess að við erum að tala um líkindareikning. Þótt vissulega felist í því vissar hættur að færa stofnanir og greiningarstöðvar og spádómsdeildir, beintengja þær pólitísku framkvæmdarvaldi, það felast vissulega í því ákveðnar hættur að menn samsami sig ákveðinni hugsun sem þar er þótt ekkert óheiðarlegt sé þar að baki. Ég er ekki að halda því fram að starfsmenn fjmrn. eða þeirra stofnana séu óheiðarlegir í störfum sínum, ég er ekki að halda því fram. Ég er að segja að mjög mikilvægt er að vera með margbreytilega flóru á sviði upplýsingaöflunar, gagnasöfnunar og efnahagsspádóma. Það er gott fyrir lýðræðið. Og ég held að það sé líka gott fyrir lýðræðið og sérstaklega gott fyrir Alþingi að hafa greiðan aðgang að slíkri þjónustu sem við höfum einmitt fengið hjá Þjóðhagsstofnun. Þetta er þungamiðjan í því sem ég er að halda fram.

Þess vegna fagna ég því, mér finnst það gott að rætt sé um að örva hagdeildir verkalýðssamtakanna. Vísað er í *Alþýðusamband Íslands, en ég hef oft hreyft þeirri hugmynd* að æskilegt væri að samtök launafólks sameinuðust um starfsemi af þessu tagi, hugsanlega í sjálfstæðri efnahagsstofnun sem teflt væri fram gegn þjónustustofnunum atvinnurekenda, ríkisvalds og öðrum aðilum. Það mundi ekki breyta því að slík þjónustustofnun þyrfti að hafa aðgang að upplýsingabönkum á borð við þá sem Þjóðhagsstofnun hefur búið yfir.

Í álitsgerðunum sem fylgja nál. okkar kemur fram andstaða. Þegar á heildina er litið kemur fram andstaða við frv. Greinilegt var að þeir sem var falið það verkefni af hálfu ríkisstjórnarinnar að finna leiðir til að leggja niður Þjóðhagsstofnun, þ.e. að finna verkefnunum annan samastað, voru vissir í sinni sök enda höfðu þeir starfað í anda þessara fyrirmæla. En flestir aðrir sem komu að þessu máli voru annaðhvort með efasemdir eða hlutleysi í besta falli, eins og Seðlabankinn sem á sinn djarfa og hugprúða hátt sagðist hafa sýnt hlutleysi í málinu, sem er náttúrlega ekkert hlutleysi, sem er sennilega bara máti þeirrar stofnunar að segja að hann hafi haft efasemdir. Þó skal ég ekkert um það fullyrða, mér finnst þetta undarleg framsetning, en þeir sem ekki komu fram fyrir hönd stofnanakerfis ríkisins voru með harða gagnrýni á slíkar breytingar. Einna hörðust var gagnrýni sem kom frá Sambandi íslenskra bankamanna. Í umsögn sinni eru þeir reyndar mjög harðorðir í garð Alþýðusambandsins og segja, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eru félagsmenn í Sambandi íslenskra bankamanna (SÍB) og taka kjör sín samkvæmt kjarasamningum SÍB. SÍB er ekki aðili að ASÍ og á ekkert formlegt samstarf við þau samtök. Það eru forkastanleg vinnubrögð að ráðherra og forusta ASÍ skuli vinna að því í sameiningu að leggja niður Þjóðhagsstofnun og taka núverandi störf frá starfsmönnum þar. Þetta er fyrst nefnt hér þar sem utanríkisráðherra (starfandi forsætisráðherra) telur það skrautfjöður og máli ríkisstjórnar til framdráttar að hafa gert *einhvern samning* við ASÍ. *Eitthvað hljóta þá önnur* samtök á vinnumarkaði að fá í sinn hlut!"

Þetta segir m.a. í umsögn um frv. frá Sambandi íslenskra bankamanna.

Þess skal getið að í umræðum á fundum efh.- og viðskn. kom fram hjá fulltrúum Alþýðusambandsins að þeir hefðu ekki verið áfram um þessar breytingar og viðbrögð þeirra

hefðu verið í nauðvörn. Þar sem þeir hefðu tekið það sem gefna niðurstöðu að sú yrði raunin að stofnunin yrði lögð niður vildu þeir tryggja að þeir hefðu burði til þess að sinna þjónustustarfsemi við félagsmenn sína og samfélagið allt með hagfræðirannsóknum og vildu þess vegna umræður um það efni.

Samband íslenskra bankamanna leggur áherslu á að það hafi átt að heita svo að hagræðing ætti að nást af þessum breytingum og er vísað í athugasemdum samtakanna til frv. eða grg. frv. þar sem þessi ásetningur ríkisstjórnarinnar er tíundaður.

Síðan segir Friðbert Traustason, formaður SÍB, sem skrifar umsögnina fyrir hönd félagsmanna sinna, að þótt haft hafi verið á orði að samstarf hafi verið haft við starfsmenn Þjóðhagsstofnunar, helstu sérfræðinga landsins á sviði hagskýrslugerðar, þá hafi lítið sem ekkert verið gert í því máli. Og hann hreinlega blæs á þetta tal um samstarf og samráð. Það eina sem hafi gerst hafi verið það að fulltrúum starfsmanna hafi einfaldlega verið tilkynnt að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður og að ráðherrann, og vísar þá væntanlega í hæstv. forsrh., hafi þegar ákveðið að svo yrði. Hann bendir enn fremur á að tilraunum starfsmanna til að ræða aðrar leiðir við endurskipulagningu hagskýrslugerðar á vegum ríkisns og þjóðhagsspár hafi verið sópað burt og að engin umræða hafi fengist um málið. Friðbert segir að oftast og oft hafi þetta reynst raunaleg niðurstaða af svokölluðu samráði ríkisvaldsins við starfsmenn þegar pólitískur skollaleikur eða duttlungar ráðherra ráða för.

Þetta er alveg rétt hjá formanni Sambands íslenskra bankamanna. Við erum búin að horfa upp á þetta margoft á undanförnum árum. Þegar ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um breytingar þá eru kallaðir til starfsmenn eða fulltrúar þeirra, þeim er tilkynnt um breytingar, mótmæli þeirra að engu höfð og þegar þeir síðan snúast til varnar réttindum sínum í ljósi þeirra breytinga sem þröngvað skal í gegn þá er sagt: Nú er hafið mikið samráð, nú er samráð hafið. Þetta var gert t.d. þegar bönkunum var breytt í hlutafélög, þar var allt í bullandi samráði, samráð upp á hvern einasta dag enda þótt samtök bankamanna mótmæltu þá er samráðið á þessum nótum.

Síðan segir Friðbert Traustason enn fremur, með leyfi forseta:

„Það eru einkennileg fræði og samrýmist illa vandaðri meðferð fjármuna og mannauðs að rífa niður öflug, virt og hagkvæmt ríkisfyrirtæki til þess eins að þjóna duttlungum."

Nú ætla ég aðeins að víkja frá þessari tilvitnun vegna þess að hæstv. forsrh. er hér í salnum. Við þessa umræðu hefur því verið haldið fram að það séu einmitt duttlungar hæstv. forsrh. í þessu tilviki sem hafi ráðið því að þessi stofnun er lögð niður, að dropinn sem hafi fyllt mælinn í því efni hafi verið gagnrýni frá Þjóðhagsstofnun og forstjóra Þjóðhagsstofnunar á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Því hefur margoft verið haldið fram að svo hafi verið og hefur minnt okkur svolítið á atburðarás í öðru landi sem heitir Nýja-Sjáland. Þar fóru menn í svipaðar æfingar og við höfum fengið að kynnast í okkar landi á síðustu tíu árum, að samfélagsþjónustan var einkavædd, meira að segja í ríkari mæli en hér hefur verið gert og ýmsar efnahagsráðstafanir verið gerðar sem við könnumst við.

Þetta tímabil í sögu Nýsjálendinga hófst, þessi innreið inn í tilraunabú frjálshyggjunar, um miðjan níunda áratuginn, 1984 held ég að upphafið hafi verið að þeirri göngu. Þá var þögn í landinu, verkalýðshreyfingar andæfðu ekki og þjóðhagsstofnanir þess lands voru ósköp daufar á fyrstu árunum. Síðan gerist það árið 1990 að þjóðhagsstofnunin í Nýja-Sjálandi vaknar skyndilega til lífisins og andæfir ríkisstjórninni og forsætisráðherra sem þar sat. Hvað skyldi hann nú hafa gert? Hann lagði niður þjóðhagsstofnunina á Nýja-Sjálandi. Ég held að hún hafi heitið National Economic Council. Hún var hreinlega lögð niður.

Og hverjar voru afleiðingar þessa? Jú, það dró aftur úr gagnrýninni þjóðfélagsumræðu, gagnrýninni umræðu um þjóðfélagsmál. Reyndar gengu þeir lengra. Þar var farið í að mola niður upplýsingakerfið sem hafði verið grunnurinn að umræðu um efnahags- og þjóðfélagsmál á Nýja-Sjálandi. Reyndar er nú svo komið eftir einkavæðingarfárið á Nýja-Sjálandi að það er mjög erfitt að halda þar uppi viti borinni umræðu, t.d. um heilbrigðismál. Ef menn ætla að fá upplýsingar um tölfræði á sviði heilbrigðismála verða menn að fara bónarveg að dyrum sjúkrahúsanna. Hvers vegna? Þetta eru hlutafélög sem búa yfir leyndarmálum, viðskiptaleyndarmálum.

Með þessu er gert ógerlegt að halda uppi einhverri samfélagsumræðu. Fyrst er þjóðhagsstofnun þar í landi lögð niður og síðan haldið inn á þessa braut. Við þekkjum hluta af þessari þróun í hlutafélagavæðingunni þar sem umræða um málefni Símans og aðrar stofnanir sem gerðar hafa verið að hlutafélögum er komin á bak við tjöldin. Það er búið að loka á hana. Á Nýja-Sjálandi var þetta einn liður í að veikja þjóðfélagslega umræðu, að leggja niður þjóðhagsstofnun þeirra. Það er bara nákvæmlega það sama og við erum að upplifa hér.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Hverju svarar hann þeim ásökunum sem fram hafa komið og mér finnst þurfa að taka alvarlega, að það sé verið að leggja Þjóðhagsstofnun niður vegna þess að hún hafi ekki gefið yfirlýsingar að skapi stjórnvalda og þá sérstaklega hæstv. forsrh.?

Áfram segir formaður Sambands íslenskra bankamanna, Friðbert Traustason, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa mikla og góða menntun og langa reynslu við gerð þjóðhagsreikninga, samningu þjóðhagsspár og þjóðhagsáætlana. Þeir hafa veitt alþingismönnum, nefndum Alþingis og aðilum vinnumarkaðarins mikilvægar upplýsingar um efnahagsmál sem allir hafa getað treyst og treysta vegna þess að Þjóðhagsstofnun er sjálfstæð og algerlega óháð framkvæmdarvaldinu. Innan fyrirtækisins er nú samstæður hópur starfsmanna, sem byggt hefur upp samræmd og öguð vinnubrögð en einnig öflug verkfæri, þar með talið hugbúnað, fyrir gerð þjóðhagsspár og önnur þau verkefni er stofnunin vinnur samkvæmt lögum.

Nú á samkvæmt tillögu ráðherra að flytja þessa samræmdu vinnu á þrjá til fjóra staði innan ríkiskerfisins og til ASÍ, samkvæmt ræðu ráðherra og viðtali við hann í Morgunblaðinu. Það er ekki bara einkennileg, heldur miklu frekar óskiljanleg ráðstöfun og mun einungis leiða til ómarkvissari vinnubragða og kosta ríkið mikið meira en rekstur Þjóðhagsstofnunar kostar nú. Sumar þær stofnanir sem eiga að taka yfir verkefni Þjóðhagsstofnunar geta vart talist óháðar framkvæmdarvaldinu og því munu aðrir hagsmunaaðilar setja spurningarmerki við niðurstöður þeirra. Þjóðhagsstofnun nýtur hins vegar trausts allra þeirra sem átt hafa viðskipti við stofnunina og fengið upplýsingar frá starfsmönnum hennar. Það er þjóðinni nauðsynlegt að eiga eina óháða stofnun sem allir geta treyst."

Þetta segir m.a. í álitsgerð Sambands íslenskra bankamanna. Ég held reyndar að það sé ekki alveg rétt skilið af hálfu talsmanns sambandsins að verkefni verði flutt frá Þjóðhagsstofnun til Alþýðusambandsins. Ég held að hugsunin sé ekki sú þótt svo hafi mátt skilja á starfandi forsrh. þegar þetta mál var kynnt, hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni. Það mátti skilja orð hans þannig. Ég held hins vegar að hugmyndin sé sú að efla aðila á borð við ASÍ til hagfræðirannsókna eftir því sem dregið verður úr starfsemi á vegum hins opinbera.

Ég er sammála þessu að hluta til. Mér finnst eðlilegt að styðja og styrkja hagfræðideilir samtaka launafólks. Þar horfi ég til launafólks almennt og allra heildarsamtaka sem ég vona að komi til með að bera gæfu til þess þegar fram líða stundir og ekki allt of langt inni í framtíðinni, að stofna til sameiginlegrar hagfræði- og rannsóknarstofnunar. Ég held hins vegar að það sé ekki rétt að hugmyndin sé að flytja verkefni þangað. Þessum verkefnum verður að einhverju leyti sinnt af Hagstofunni og Seðlabankanum, eftir því sem um semst eins og segir varðandi Seðlabankann. Að einhverju leyti munu þau færast á aðra aðila og þá hugsanlega gegn einhverri greiðslu.

Í greinargerð sinni, sem ég ætla ekki að lesa nánar upp úr, víkur Friðbert Traustason, formaður Sambands íslenskra bankmanna, einnig að reynslunni af svokallaðri hagræðingu á vegum ríkisstjórnarinnar, öllum þessum kerfisbreytingum sem eru til að hagræða jafnvel þótt sýnt sé að þær verði miklu kostnaðarsamari. Hann víkur að hagræðingunni í tengslum við að breyta Húsnæðisstofnun í Íbúðalánasjóð. Það varð ekki til þess að draga úr kostnaði og reyndar er nú svo margt undarlegt í ákvörðunum ríkisstjórnarinnar þegar kemur að „hagræðingunni" að það er erfitt að nota það orð án þess að setja það rækilega innan gæsalappa. Íbúðalánasjóður, svo dæmi sé tekið, var áður í eigin húsnæði. Húsnæðisstofnun átti sitt eigið húsnæði. Húsnæðisstofnun var gert að selja sitt húsnæði og leigir núna dýrum dómum hér í bænum ásamt öðrum stofnunum. Það hefur verið gerð úttekt á því hve geysilegt óhagræði er að þessu. Það er orðinn mjög fýsilegur og ábatasamur kostur fyrir fyrirtæki að reisa húsnæði utan um ríkisfyrirtæki. Það er ábatasöm atvinnugrein. Hvers vegna? Jú, vegna þess að leigan er svo dýr. Það hefði verið miklu heppilegra fyrir Húsnæðisstofnun, núverandi Íbúðalánasjóð, að eiga áfram húsnæði sitt en greiða ekki fyrir það dýrum dómum í leigu.

Annað dæmi er náttúrlega talsvert umrætt hér, þ.e. Landssíminn okkar blessaður sem seldi höfuðstöðvarnar hér við Austurvöll og borgar núna í húsaleigu 1% af söluandvirðinu á hverjum einasta mánuði. Þetta er svo undarleg hagræðingarhagfræði að menn eiga að taka því af fullri varúð þegar ríkisstjórnin segist ætla að hagræða, eða öllu heldur hótar því að hagræða. Þetta er niðurstaðan.

Einnig er bent á reynsluna af flutningi Byggðastofnunar í þessu yfirliti og álitsgerð Friðberts Traustasonar. Ég ætla reyndar, þó að ég hafi sagst ekki ætla að lesa meira úr hans áliti, að vitna í niðurlagsorð hans en þau eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hér er ekki á nokkurn hátt kastað rýrð á störf starfsmanna annarra stofnana eða fyrirtækja sem sinna þjóðhagsreikningum af einhverju tagi. Þeir gera það örugglega samkvæmt bestu samvisku og í samræmi við vilja þeirra sem þar stjórna. Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar voru tilbúnir með ýmsar aðrar útfærslur og hugsanlega samvinnu stofnana, en á þeirra sjónarmið var aldrei hlustað eða þau rædd. Það er skammarlegt og í algerri andstöðu við atvinnulýðræði að hunsa vilja starfsmanna og rýrir þann trúnað og traust sem nauðsynlegt er að skapa milli starfsmanna og atvinnurekenda.

Stjórn Sambands íslenskra bankamanna er algjörlega mótfallin þeim áformum sem birtast í þessu frumvarpi og telur að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum."

Fleiri umsagnir eru birtar með minnihlutaálitinu. Ég hef áður vísað í umsögn Seðlabanka Íslands sem segist vera hlutlaus í þessu máli. En samkvæmt minni greiningu felst hlutleysi Seðlabankans í því að hlýða fyrirskipunum ríkisstjórnarinnar. Það er hlutleysi Seðlabankans, þ.e. ekki að greina frá því sem bankanum finnst rétt eða rangt. Hann tekur heldur hlutlausa afstöðu, sem þeir kalla, en segist jafnframt tilbúinn að axla einhver viðfangsefni sem honum kynnu að verða falin.

Þetta segir í áliti frá stofnun sem er falið það verkefni að gera tillögur um hvernig þessum málum verði best fyrir komið í framtíðinni. Þetta er álitsgerð frá 15. apríl. Seðlabankinn átti fulltrúa í samstarfshópi til að vinna að framgangi viðamikillar endurskipulagningar á verkaskiptingu stofnana ríkisins á sviði efnahagsmála en tekur hlutlausa afstöðu. Seðlabankinn er tilbúinn að axla einhver þau verkefni sem honum kynnu að verða falin. Þetta er ekki mjög djarfmannlegt.

Hér er síðan umsögn frá BSRB. Þar segir að nauðsynlegt sé að skipulag opinberrar þjónustustarfsemi sé stöðugt til endurskoðunar. Allar skipulagsbreytingar þurfi hins vegar að vera vel grundaðar og til þess fallnar að stuðla að betri og markvissari vinnubrögðum.

„Eflaust kunna að vera rök fyrir breyttri verkaskiptingu," — segir BSRB — „á milli opinberra aðila varðandi skráningu og úrvinnslu opinberra gagna en að okkar mati eru engin sjáanleg rök fyrir því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Hún gegnir mikilvægu upplýsingahlutverki og væri æskilegt að efla hana og styrkja sjálfstæði hennar til dæmis með því að færa hana undir Alþingi eins og lagt er til í þingmáli númer 614." — Þarna er vísað til þáltill. sem við leggjum fram, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur. Síðan segir orðrétt í áliti BSRB, með leyfi forseta:

„Fráleitt er að færa alla þá starfsemi sem nú er á vegum Þjóðhagsstofnunar undir fjármálaráðuneytið sem er í eins nánum tengslum við pólitískt framkvæmdarvald og hugsast getur. Þá er vandséð að Seðlabanki Íslands eða Hagstofan muni sinna því upplýsinga- og þjónustuhlutverki sem Þjóðhagsstofnun hefur sinnt.

BSRB vill taka fram að þegar leitað hefur verið til Þjóðhagsstofnunar af hálfu samtakanna hefur stofnunin brugðist vel við og jafnan af mikilli fagmennsku. Þá vill BSRB lýsa furðu á því að leitað hafi verið eftir áliti Alþýðusambands Íslands um frumvarpið en gengið fram hjá öllum öðrum samtökum launafólks. BSRB hefur tekið virkan þátt í umræðu um efnahagsmál á opinberum vettvangi og sent inn álitsgerðir sem snerta efnahags- og samfélagsmál til Alþingis, ráðuneyta og annarra aðila. Þessar álitsgerðir hafa verið unnar af skrifstofu samtakanna, þar á meðal hagfræðideild BSRB og í samráði við félagslega kjörna fulltrúa.

BSRB er reiðubúið til viðræðu um hvernig efla megi vandaða umræðu um efnahagsmál í landinu og munu samtökin eftir sem áður leggja sitt af mörkum til hennar. Við

teljum það hins vegar afar misráðið að leggja Þjóðhagsstofnun niður og leggjum til að ríkisstjórn og Alþingi gefi sér betri tíma til þess að fjalla um framtíðarskipan þessara mála. BSRB leggst því alfarið gegn því að frumvarpið verði samþykkt en mælir með þingsályktunartillögu númer 614.“

Undir þessa álitsgerð BSRB skrifar Svanhildur Halldórsdóttir.

BHM, Bandalag háskólamenntaðra manna, leggst einnig gegn þessu frv. og segir að að mati samtakanna hljóti alltaf að koma til álita að hagræða í opinberum rekstri og nú leyfi ég mér að vitna í álitsgerðina, með leyfi forseta: „... enda sé gætt jafnræðis og meðalhófs og undirbúningur fari fram í samráði við þá sem eiga hlut að máli. Hins vegar telur BHM að það verði að vera hafið yfir allan vafa að tilefni til slíkrar hagræðingar hjá þeim sem fara með frumkvæðisvald — og eftir atvikum til niðurlagningar eins og hér um ræðir — sé ekki annað og óskylt.

BHM gagnrýnir hinn skamma tíma sem ætlaður er þingmeðferð máls nr. 709 svo og allan óformlegan aðdraganda málsins hvað varðar skort á samráði við aðila vinnumarkaðarins og hlutaðeigandi stéttarfélög. Ekki virðist hafa verið haft samráð við nema ein heildarsamtök á vinnumarkaði — ASÍ — þrátt fyrir að Þjóðhagsstofnun hafi það hlutverk samkvæmt gildandi lögum að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir. BHM hefur m.a. óskað eftir slíku auk þess sem aðildarfélög BHM hafa nýtt sér þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar í aðdraganda kjarasamninga. Hefur það skipt miklu máli að sú spá sé ekki unnin hjá stærsta viðsemjanda stéttarfélaganna, sem er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins, heldur komi frá aðila utan framkvæmdarvaldsins. Í ljósi framangreinds er það lágmarkskrafa að jafnræðis verði gætt milli heildarsamtaka eigi að bæta aðilum fjárhagslega skerta þjónustu miðað við gildandi lög. ASÍ getur ekki gætt hagsmuna alls launafólks í landinu.

Loks gagnrýnir BHM að ekki skuli hafa verið haft samráð við stéttarfélög sem starfsmenn eru í, einkum Samband íslenskra bankamanna (SÍB).

Í ljósi framangreindrar gagnrýni leggst BHM gegn því að frumvarp ríkisstjórnarinnar, sbr. þingmál nr. 709, verði að lögum og tekur um leið undir þingsályktunartillögu, sbr. þingmál 614, þess efnis að sett verði á fót stjórnskipuð nefnd til þess að endurskoða starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar — þó með þeirri breytingu að í nefndinni sitji fulltrúar allra heildarsamtaka launafólks og viðsemjenda þeirra. Í þeirri nefndarvinnu yrði metið hvort og þá hvernig megi hagræða í starfi sem lýtur að úrvinnslu opinberra gagna svo og vinnumarkaðs- og hagfræðirannsóknum. Kæmi þá til álita hvort unnt væri að láta slíka stofnun heyra undir sameiginlega stjórn aðila vinnumarkaðarins.

Tekið skal undir efnisatriði í umsögn SÍB um mál nr. 709.“

Undir þetta rita Björk Vilhelmsdóttir, formaður BHM, og Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri BHM.

Þarna er það gagnrýnt að þjónusta sem samtökin hafa sótt til Þjóðhagsstofnunar verði færð undir stærsta viðsemjanda stéttarfélaganna innan BHM. Og þarna er aftur komið að þeirri beintengingu við pólitískt framkvæmdarvald sem menn hafa varað við. Í annan stað er aftur vísað í þá hugmynd að samtök launafólks komi sér hugsanlega saman um einhverja sameiginlega úrvinnslu á sviði efnahagsmálanna.

Fyrr við umræðuna hefur verið vakin athygli á umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, sérstaklega því sem fram kemur í eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hins vegar má velta fyrir sér hvort nægilegrar hlutlægni verði gætt með því að færa hina þættina yfir til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, eins og tillögur eru gerðar um.“

Þarna eru menn að efast um að nægilegrar hlutlægni verði gætt. Þetta er í rauninni fremur vandmeðfarin umræða. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt að ég vantreysti ekki starfsmönnum fjmrn. eða Hagstofunnar þótt ég hafi efasaemdir um ýmislegt sem kemur frá toppunum í Seðlabankanum. Ég hef gagnrýnt það og stend fyllilega við þá gagnrýni. Enginn er hafinn yfir hana. Engu að síður er staðreynd að það er mikilvægt að við högum skipulaginu þannig að óháðar rannsóknar- og greiningarstofnanir séu smíðaðar, óháðar hinu pólitíska valdi. Ef þessi tengsl eru náin hættir mönnum til að stilla dæminu upp samkvæmt formúlum yfirboðarans. Og þótt heiðarlega sé unnið að allri úrvinnslu, þótt vinnan sé heiðarleg og fagleg, er hætt við því að hinn pólitíski yfirboðari geti ráðið nokkru um útkomuna að því leyti að hann setur fram úrlausnarefnið.

Kennarasamband Íslands leggst gegn þessu frv. Telur Kennarasambandið „eðlilegt að skipulag opinberrar þjónustu sé endurskoðað reglulega með það að markmiði að þjónustan sé í senn bæði markviss og hagkvæm“. Þarna er aftur vísað í mikilvægi þess að „þeir sem njóta þjónustunnar geti treyst því að fagmennska og hlutleysi séu aðalsmerki opinberrar þjónustu“.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun hefur, að mati Kennarasambandsins, gegnt hlutverki sínu með sóma, enda starfa þar margir af fremstu sérfræðingum þjóðarinnar á sviði efnahagsmála.

Eðli málsins samkvæmt eru fulltrúar stéttarfélaga annars vegar og stjórnvöld hins vegar ekki alltaf sammála mati Þjóðhagsstofnunar á einstaka málum og við því er ekkert að segja. Það er í fyllsta máta óeðlilegt að leggja niður stofnun fyrir það eitt að starfa samkvæmt lögum og hafa sjálfstæða skoðun sem byggir á faglegu mati.

Kennarasamband Íslands telur að engin rök hafi komið fram sem styðja það að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður í núverandi mynd og starfsemi hennar dreift til annarra stofnana.

Kennarasamband Íslands leggur áherslu á að allar hugmyndir um að Alþýðusamband Íslands taki að sér einhver af verkefnum stofnunarinnar eru í algjörri andstöðu við forustu Kennarasambandsins. Alþýðusamband Íslands getur aldrei, miðað við núverandi skipulag, tekið að sér þjónustu við önnur samtök launafólks á Íslandi hvað varðar upplýsingagjöf eða annað er varðar efnahagsmál.“

Og undir þessa umsögn Kennarasambands Íslands frá 16. apríl ritar formaður sambandsins, Eiríkur Jónsson.

Í umfjöllun um þetta mál hefur verið vísað í álit Sambands íslenskra bankamanna, Seðlabankann, BSRB, BHM, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja og Kennarasambandsins. Reyndar fylgja fleiri umsagnir, og að lokum ætla ég að vísa í umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar. Þar kemur fram að þau eru algjörlega mótfallin þeim áformum sem birtast í frv. og telja að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu samstarfshópsins hefur í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofn-

unarinnar. Hér er vísað í þá staðreynd að í þessum starfshópi ríkisstjórnarinnar voru fulltrúar starfsmanna, og þeim var í upphafi talin trú um að nú ætti að ræða um framtíð Þjóðhagsstofnunar. Síðan kom á daginn að það átti ekki að ræða um hana nema á mjög þröngan afmarkaðan hátt — með það eitt fyrir augum að leggja stofnunina niður. Þessir starfsmenn voru því algjörlega mótfallnir og vildu hreyfa öðrum sjónarmiðum, ræða aðra valkosti. Þeim var meinað að gera það. Þetta eru náttúrlega ekki boðleg vinnubrögð. Auðvitað átti þessi umræða að fara fram með allt öðrum hætti, menn áttu að koma sér saman um þau markmið sem þeir vildu ná, á hvern hátt ætti að tryggja faglega upplýsingagjöf, hverjum ætti að tryggja þessar upplýsingar — Alþingi, aðilum á vinnumarkaði, einstaklingunum í samfélaginu, fyrirtækjum, stofnunum — og síðan átti að ræða með hvaða hætti það yrði best gert. En það var ekki gert. Tilskipun kom frá ríkisstjórninni, frá hæstv. forsrh., og eftir henni áttu menn að vinna. Sumir tóku þessu þegjandi, eins og Seðlabankinn sem sagðist ætla að vera hlutlaus í málinu. Hlutleysi hans fólst í því að fara að þeirri skipun sem hann fékk í hendur. Það kalla ég ekki hlutleysi — það kalla ég að taka afstöðu með hinu pólitíska valdi. Hins vegar má til sanns vegar færa að hann á að starfa í anda efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, ég hafði bara ekki gert mér grein fyrir því að hann ætti að ganga þetta langt og afsala sér allri dómgreind þegar honum væri falið að vinna að verkefnum á borð við þetta.

Hér segir enn fremur í umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun hefur mikla sérstöðu í efnahagsumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem nýtur trausts og álits og er talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafa verið falin. Þá nýtur stofnunin trúnaðar atvinnurekenda jafnt og verkalýðshreyfingar. Henni hafa verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafa til sérfræðinga stofnunarinnar. Þjóðhagsstofnun tryggir því greiðan aðgang þingmanna allra flokka, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings að áreiðanlegum upplýsingum um framgang efnahagsmála og er þessi starfsemi tryggð í lögum um stofnunina.

Samkvæmt frumvarpinu verður gerð efnahagsspáa og áætlana færð til fjármálaráðuneytis. Spágerðin yrði því undir pólitísku forræði og gæti því ekki talist óháð. Þessi breyting felur því í sér að stjórnvöld sjá ekki ástæðu til að reka pólitískt óháða efnahagsstofnun. Eðlilegra hefði verið að auka enn frekar sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar.

Í frumvarpinu felst að færa eigi starfsemi Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana og ráðuneyta. Það sem sparast á fjárlagalið stofnunarinnar mun því koma fram sem kostnaðarauki hjá öðrum stofnunum og ráðuneytum. Rekstur stofnunarinnar hefur verið mjög hagkvæmur fram til þessa og því ljóst að truflun á þeirri starfsemi og flutningur verkefna hennar til annarra stofnana er dýrari en óbreytt starfsemi. Reyndar viðurkenndi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis á fundi með starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar í apríl árið 2001 að ekki væri um að ræða sparnað með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun, heldur mundu útgjöld vaxa í kjölfarið, a.m.k. fyrst um sinn.

Í frumvarpinu er ráðgert að aðgreina enn frekar en nú er söfnun og frumúrvinnslu gagna um efnahagsmál og greiningu gagnanna. Styrkur Þjóðhagsstofnunar felst í samþættingu þessara verkefna. Þetta hefur reynst hagkvæmt fyrir faglega vinnu innan stofnunarinnar og skapað möguleika á meiri fjölbreytni í störfum einstakra starfsmanna. Flestir starfsmenn stofnunarinnar koma að gerð þjóðhagsreikinga, greiningu og spágerð og því er ljóst að starfssvið starfsmanna stofnunarinnar mun breytast mikið ef þetta frumvarp nær fram að ganga.

Þá vill Starfsmannafélagið benda á þann aðdraganda sem málið hefur haft. Ár er liðið síðan forsætisráðherra nefndi í sjónvarpsviðtali að leggja ætti Þjóðhagsstofnun niður í sömu andrá og hann lýsti óánægju með spár stofnunarinnar. Í byrjun apríl 2001 boðaði ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis starfsmenn til fundar þar sem hann ræddi um að framkvæma ætti þær breytingar sem frumvarpið fjallar um. Taldi ráðuneytisstjórinn að hægt væri að framkvæma þessa endurskipulagningu án lagabreytinga. Síðar var hætt við þessi áform og skipaður samstarfshópur í júní. Þessi hópur hittist nokkrum sinnum til málamynda síðastliðið haust og stendur meiri hluti hans að frumvarpinu. Tekið skal fram að í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur meiri hluti samstarfshópsins aldrei léð máls á því að ræða aðra möguleika til endurskipulagningar en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Að lokum vill Starfsmannafélagið benda á að það telur bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ábótavant þar sem það tryggi ekki rétt starfsfólks, auk þess sem það er ekki í samræmi við umræður samstarfshópsins og skipunarbréf hans. Í skipunarbréfi segir: „.... er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins stendur hins vegar: „Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum, er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.““

Undir þetta rita Katrín Ólafsdóttir og Ásgeir Daníelsson.

Herra forseti. Hér kemur aftur og ítrekað fram hvers konar umræða fór fram um þetta mál. Fulltrúar starfsmanna í starfshópnum segja að hópurinn hafi hist nokkrum sinnum til málamynda. Finnst hæstv. forsrh. boðlegt að bjóða upp á slíka umræðu eða voru fulltrúar starfsmanna fyrst og fremst hugsaðir þarna til ráðgjafar og þá hugsanlega til að ræða um framtíð sína og koma með tillögur þar að lútandi? Ef þeim hefur einnig verið ætlað að sjá um að hagsmunir starfsmanna við breytinguna yrðu tryggðir spyr ég hvort ekki sé ráð að taka tillit til breytingartillagna þeirra varðandi framtíðarstörfin?

Ég mun fyrir mitt leyti, og hvet sem flesta til að gera það ef þetta frv. verður samþykkt, fylgjast mjög vel með framtíð starfsmanna stofnunarinnar. Þeir sem ég mun sérstaklega beina sjónum mínum að eru þeir sem hafa vogað sér að standa uppi í hárinu á stjórnvöldum og standa fast á sannfæringu sinni. Ég hvet til að fólk verði virt fyrir að hafa talað samkvæmt skoðunum sínum. Ég held að mikilvægt sé að við sköpum þá hefð í landi okkar að fólk sem hefur miklar meiningar og byggir þær á faglegri þekkingu eins og hér er, af störfum sínum og starfsumhverfi og heldur þessum skoðunum fram í hita leiksins eins og nú er gert af hálfu þessara starfsmanna, verði ekki látið gjalda þess. Jafnvel þótt það hafi sagt, eins og hérna kom fram í textanum sem ég las upp, að ákvörðun eða yfirlýsingu um að Þjóðhagsstofnun skyldi lögð niður, hafi komið fram í sömu andrá og forsrh. þjóðarinnar lýsti óánægju með spá stofnunarinnar.

Nú er gott til þess að vita að hér er hæstv. forsrh. þjóðarinnar, Davíð Oddsson, til að skýra okkur nánar frá því hvað raunverulega gerðist.

[17:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara hv. þm. á þessu stigi. Ég sé á mælendaskrá að margir fleiri eiga eftir að tala og tjá sig, sem eðlilegt er, um þetta mál. En ég vil þó sérstaklega nefna það sem hv. þm. nefndi og gekk eftir svari við. Það hafa fleiri mennýjað að þessum þætti og hafa reyndar sumir, til að mynda hv. formaður Samfylkingarinnar samkvæmt því sem ég hef lesið í ræðum, fullyrt að þessi breyting sé til komin vegna einhvers konar æðiskasts forsrh.

Hann veit betur, sá hv. þm. eins og aðrir. Frá þessu var sagt í viðtali við Kristin Hrafnsson fréttamann, að mig minnir, á sínum tíma. Í því viðtali var sérstaklega tekið fram að að þessu máli hefði verið unnið um alllanga hríð í ráðuneytinu. Það var tekið fram. En menn kjósa að sleppa því til að gera þetta eins dularfullt og óhugguleget og mögulegt er og helst að draga upp þá mynd af forsrh. að hann sé eiginlega ófreskja í mannsmynd þegar kemur að málum af þessu tagi. Þessi ósannindi hafa síðan verið endurtekin slag í slag, sjálfsagt í þeim göfuga tilgangi að reyna að gefa ósannindunum líf. Það er þekkt að menn telja að ef ósannindi séu endurtekin nógu oft fari menn að trúa.

Þetta er auðvitað ekki sannleikur málsins. Svo var ekki fremur árið 1987 þegar Alþingi samþykkti að fela ríkisstjórninni að kanna hvort ekki megi leggja niður Þjóðhagsstofnun og fela öðrum aðilum störf hennar. Ég hygg að Alþingi hafi ekki gert það í neinu reiðikasti heldur vegna þess að menn sáu að störfin voru þá þegar farin að skarast og aðrir voru orðnir burðugri að taka að sér ýmis verkefni. Hafi það verið rétt mat hjá Alþingi 1987 er nú enn frekar svo komið.

[17:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því verður ekki á móti mælt að hæstv. forsrh. hefur reynst harðdrægur við að koma sínum vilja fram. Það er staðreynd að yfirlýsingar um niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar komu fram á sama tíma og spár stofnunarinnar sem voru ríkisstjórninni ekki að skapi og ekki í hennar anda. Þetta eru staðreyndir. Hins vegar stendur hér fullyrðing gegn fullyrðingu hvað þetta snertir. Hæstv. forsrh. heldur því fram að þetta sé gert í hagræðingarskyni.

Nú höfum við hins vegar sýnt fram á að það er mjög til efs að þetta sé til hagræðingar, hvort sem menn skoða nýtingu fjármunanna eða vinnslu gagna. Auk þess hefur það verið gagnrýnt, bæði af hálfu samtaka á vinnumarkaði og af hálfu Alþingis, sérstaklega minni hlutans á þinginu, að þessar breytingar séu til þess fallnar að veikja stöðu Alþingis og þá sérstaklega minni hlutans, veikja stöðu samtaka launafólks á vinnumarkaði og grafa þannig undan viti borinni upplýstri umræðu um efnahagsmál í þjóðfélaginu sem er forsenda þess að lýðræði fái vel þrifist.

Mig langar að heyra viðbrögð hæstv. forsrh. við þessum þáttum. Auk þess vil ég ganga eftir því við hæstv. forsrh. hvort hann sé reiðubúinn að breyta þeim lagatexta sem lýtur að framtíð starfsmanna.

[17:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að bera af mér þær dylgjur sem hafa verið hafðar uppi. Mér finnst þær á slíku plani. Ég ætla ekki að gera það. Hins vegar fannst mér hv. þm. spyrja að þessu með málefnalegum hætti og ekki felast neinar dylgjur í málatilbúnaði hans varðandi það. Ég ítreka, eins og kom fram strax þegar þetta var sagt, að þetta hafði verið í undirbúningi í ráðuneytinu um alllangan tíma. Það hefur verið upplýst að þegar Sjálfstfl. og Alþýðuflokkur tóku til starfa árið 1991 var í vinnusáttmála, sem birtur var milli flokkanna, gert ráð fyrir að hluti af verkefnum Þjóðhagsstofnunar yrði þá þegar færður til. Mér dettur ekki í hug að hv. þm. Ögmundur Jónasson né hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, þegar þeir lögðu til að færa stofnunina hingað undir þetta hús, ef svo má segja, hafi lagt það mál fram vegna þess að þeim mislíkaði við stofnunina eða treystu ekki þeim mönnum sem þar voru á ferðinni o.s.frv., að þar hafi annað gilt.

Sagan sýnir, m.a. ályktun Alþingis sjálfs frá 1987 sem þá var samþykkt, að menn sáu þá og vitanlega miklu fremur nú, það blasir við hverjum manni, að það fer fram tvíverknaður milli Þjóðhagsstofnunar annars vegar og Seðlabanka hins vegar. Það er einnig tvíverknaður í störfum Þjóðhagsstofnunar annars vegar og fjmrn. hins vegar. Eins fer fram tvíverknaður milli þessarar stofnunar og Hagstofunnar hins vegar. Það er algjörlega út í hött að viðhalda þeim tvíverkanði.

Í annan stað hefur hagfræðileg þekking ýmissa aðila hvarvetna í þjóðfélaginu vaxið verulega. Það hlutverk Þjóðhagsstofnunar, að uppfræða fávísan almenning eða fyrirtæki og félög, hefur gjörbreyst. Þann veruleika ættu menn að viðurkenna þótt þeir falli kannski í þá freistni að reyna að koma höggi á forsrh. en ég ber mig ekkert undan því.

En svona er þetta. Það er um tvíverknað að ræða. Þeim tvíverknaði þarf að hætta. Það verður örugglega farsælt þegar fram í sækir.

Fjmrn. hefur á undanförnum árum tekið meira mark á sínum eigin spám en Þjóðhagsstofnunar. Og það er þýðingarmikið að geta fjmrn. vaxi hvað þetta varðar.

[17:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú stendur það upp úr flestum sem tjáð hafa sig um þetta mál, ef ekki öllum, að æskilegt og nauðsynlegt sé að endurskoða þessa starfsemi og verkaskiptingu á milli þeirra sem sýsla með haggögnin og sinna efnahagsspám í þjóðfélaginu. Sú þáttill. sem ég stend fyrir hér ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni gerir ráð fyrir slíkri úttekt. Við teljum að á meðal þeirra kosta sem til álita koma sé að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi. En við leggjum áherslu á að slík úttekt fari fram. Það hefur ekki verið gert í þessari vinnu. Það er settur niður vinnuhópur sem fær niðurstöðuna í veganesti. Hann á síðan að ræða leiðir til að komast að því marki. Okkur finnst þetta vera óvönduð vinnubrögð og þessu hafa starfsmenn Þjóðhagsstofnunar mótmælt. Þessu mótmæla þeir sem njóta þjónustu Þjóðhagsstofnunar. Ég held að það sé ekki ofsögum sagt að það er mjög mikil andstaða og óánægja með vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu efni og þá niðurstöðu sem hún er að reyna að keyra í gegnum þingið.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[17:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hefur enginn sóma af því að tala um dylgjur í sinn eigin garð og dylgja síðan um framferði annarra. Það var ekki hægt að skilja hæstv. forsrh. hér áðan

öðruvísi en svo að ég hefði einhverju sinni í viðtali, í ræðu eða einhvers staðar — ég skildi ekki af máli hans hvar það hefði verið — sagt að sú ákvörðun sem hæstv. forsrh. er ábyrgur fyrir, þ.e. að leggja fram þetta frv. um að leggja af Þjóðhagsstofnun, hafi verið ákveðin í æðiskasti. Herra forseti. Þetta hef ég aldrei sagt, aldrei látið að því liggja.

Hæstv. forsrh. er skáld gott og ber gott skyn á rím. Það er samt sitt hvað, æði eða bræði. Ég hef starfað með hæstv. forsrh. og veit að hann er bráður. Ég hef aldrei sagt að hann sé óður. Ég hef heldur aldrei sagt að þennan gerning hafi hann ákveðið í æðiskasti. Og mér finnst mikilvægt að það komi fram, herra forseti.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hæstv. forsrh. óskar að bera af sér sakir.

[17:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er að svara þessum ásökunum sem fólust í ... (**ÖS:** Er forsrh. að bera af sér sakir?) Ég er að bera af mér sakir, já. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér, með leyfi forseta:

„Hér er farið eftir duttlungum hæstv. forsrh. sem kom hingað og færði þinginu" — hvenær? — „þær fréttir að það ætti að leggja niður stofnunina af því að honum hugnuðust ekki þeir spádómar sem hún lagði fram." — Sagði ég það hér í þinginu? — „Þetta er ekkert annað en hrein hefndaraðgerð, herra forseti, sem mun kosta íslenska ríkið á bilinu 50–100 millj. kr."

Það er fullyrt að ég hafi komið hér í þingsalinn og sagt að leggja ætti niður þessa stofnun af því mér hugnist ekki spádómar þeirra. Það er bara fullyrt. Ég er með þetta skrifað eftir þingmanninum frá 10. apríl, það er nú ekki lengra síðan. Er nema von að mér sé misboðið?

Ég sagði nákvæmlega hvar ég hefði svarað þessu til í sjónvarpsviðtali við Kristin Hrafnsson fréttamann. Ég sagði jafnframt við þær aðstæður að þetta hefði verið undirbúið í ráðuneytinu fyrir mörgum, mörgum mánuðum að þetta stæði til. En að ég hafi komið og lýst því yfir því að mér líkaði ekki spá Þjóðhagsstofnunar og þess vegna ætti að leggja hana niður. Það er fullyrt að ég hafi gert það hér í þinginu. Ég held að maðurinn sem bar af sér sakir ætti að biðjast afsökunar.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[17:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Aðallega kem ég þó hér upp undir þessum sakarafburði til þess að þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa í reynd borið af mér þær sakir sem hann áður bar á mig. Hæstv. forsrh. las hér upp það sem ég sagði, las upp ummælin sem hann var að vísa til og það er með engu móti hægt að finna þar orðið æðiskast, né heldur draga þá ályktun af þessu að ég hafi talið að hæstv. forsrh. hafi verið í einhvers konar æði eða óður þegar hann tók þessa ákvörðun. Og það var hæstv. forsrh. sem sjálfur las upp ummæli mín og þar með bar hann af mér þá sök sem hann hafði áður á mig borið og ég er honum þakklátur fyrir það.

[17:32]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðleg viðskiptafélög, 668. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1256.

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 564. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1250.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 670. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1253.

Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar, 640. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1245; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1246.

Tollalög, 583. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1254.

Tækniháskóli Íslands, 649. mál, nál. menntmn., þskj. 1248; brtt. menntmn., þskj. 1249.

Vörur unnar úr eðalmálmum, 620. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1255.

[17:33]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við ræðum hér um frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu. Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni að tilgangur frv. er að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Mig langar, herra forseti, í framhaldi af þeim orðum sem féllu hér rétt áðan um orðaskipti hæstv. forsrh. við hv. þingmenn Ögmund Jónasson og Össur Skarphéðinsson, að tímasetningarnar standa hvað varðar þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar og framlagningu þessa frv., þ.e. tilkynninguna eða þá ákvörðun að leggja fram frv., hver svo sem hvatinn þar á bak við var og undir hvaða geðshræringu það var gert, þá var sú tímasetning auðvitað til þess að koma á ákveðnu hugarróti hjá þjóðinni og vangaveltum yfir því hvort þarna væri samhengi á milli. Þetta getur allt verið tilviljun, en tímasetningarnar standa.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð lýsir sig alfarið andvíga frv. og fulltrúi okkar í efh.- og viðskn. ásamt fulltrúa Samfylkingarinnar, fulltrúa minni hlutans í nefndinni, hefur farið vel yfir nál. og rökstuðning minni hluta efh.- og viðskn. og þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hvers vegna við erum á móti frv. Ég tel að með frv. séum við í raun að vega að lýðræðinu í landinu því við erum að veikja stofnun Alþingis og við erum að veikja lýðræðislega umræðu í landinu. Ég segi þetta vegna þess að Þjóðhagsstofnun er sjálfstæð stofnun. Hún hefur ekki alltaf verið samhljóða Seðlabankanum eða öðrum þeim stofnunum sem hafa verið að gefa út þjóðhagsspár eða lýsa okkur veginn hvað varðar ákvarðanir um aðgerðir varðandi fjármál og fjárfestingar. Við þurfum á óháðri stofnun að halda og við eigum að standa vörð um sjálfstæði stofnunarinnar.

Eins og fram hefur komið lifum við á tímum mikilla breytinga í þjóðfélaginu hér eins og alls staðar í nágrannalöndum okkar og auðvitað breytist verksvið þeirrar stofnunar sem og annarra og það er sjálfsagt að fara yfir verksvið Þjóðhagsstofnunar og skoða hvort þar sé skörun við aðrar stofnanir, hvort sú skörun sé eðlileg. Ég tel að þó svo að ákveðin skörun sé á milli Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans varðandi ýmis verkefni sé það tvíverknaður og kostnaður sem okkur ber að taka á okkur. Það geti verið hluti af því að styrkja lýðræðið í landinu og sjálfstæði stofnunarinnar. En það er hugsanlegt að hægt sé að færa á milli og sameina stofnanir með öðrum hætti en hér er gert, að leggja hana niður og dreifa þeim verkefnum.

Einnig hefur komið fram í umræðunni að áhugavert væri að skoða hvort Hagstofan og Þjóðhagsstofnun gætu verið ein stofnun og þá sterk og óháð stofnun þar sem Hagstofan er fyrst og fremst í því að safna tölfræðilegum gögnum og Þjóðhagsstofnun í úrvinnslu og færi hugsanlega vel á því að gera þessar tvær stofnanir að einni sterkri óháðri stofnun.

En við þingmenn og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs viljum eins og ég sagði áðan styrkja sjálfstæði stofnunarinnar eða annarrar svipaðrar sem nyti trausts, og þingmenn eða þjóðin geti treyst að sé ekki undir hælnum á ríkisstjórninni, hvort sem er núv. ríkisstjórn eða öðrum, og eins hefur komið fram í umsögnum um frv. að mjög æskilegt sé ef ekki bara nauðsynlegt í okkar litla landi að þar sé ein stofnun sem haldi utan um gagnagrunna og þau reiknilíkön sem stofnunin vinnur úr, því þetta eru miklir gagnagrunnar og flókin líkön og það sé einfaldlega hagkvæmni í því fólgin að hafa þetta á einum stað, hjá einni stofnun.

Nú vitum við ekki hvernig farið verður með þá grunna, hvernig þeim verður tvístrað, en það er alveg öruggt að þeim verður tvístrað og ég tek mark á því sem kemur frá Þjóðhagsstofnun að það geti verið og verði mjög óheppilegt fyrir alla úrvinnslu.

En það sem er þó einna kynlegast við þessa hugmynd og frv. er að leggja niður stofnun í sparnaðarskyni því öruggt er að ekkert sparast við það. Að öllum líkindum mun þetta jafnvel valda meiri þenslu heldur en ef við hlúðum betur að stofnuninni og styrktum hana frekar, því það er einu sinni svo að ef við ætlum að færa ráðuneytunum aukin verkefni sem hafa stöðugt verið að aukast hjá hverju ráðuneyti fyrir sig, þá hefur það kallað á meiri þenslu í ráðuneytunum og nú á að fara að koma upp sérstakri deild innan fjmrn. og það er alveg öruggt að ekki verður ódýrara að vinna slíka verkþætti þar en hjá Þjóðhagsstofnun í dag. Þetta er bara hluti af því að verið er að vinna að því á mörgum sviðum að styrkja ríkisvaldið en veikja Alþingi.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum einnig, ef svo fer að frv. verði afgreitt núna í þinglok, að hugsað verði um starfsöryggi starfsmannanna og að þeim verði sannarlega tryggð sambærileg störf og þeir hafa í dag. Þetta eru mjög sérhæfð störf og við eigum að tryggja það og þá í lagatexta að þeim verði tryggð samsvarandi störf og þeir hafa í dag.

En það sem við eigum eftir að finna hér fyrir á þingi og þá sérstaklega stjórnarandstaðan er að hafa ekki aðgang að Þjóðhagsstofnun. Og það eru ekki bara við í stjórnarandstöðunni, það eru líka starfsmannafélög, starfsgreinafélögin, stóru verkalýðsfélögin sem hafa getað leitað til Þjóðhagsstofnunar sem eiga eftir að finna fyrir brottfalli stofnunarinnar. Hvernig í ósköpunum eiga stéttarfélögin að geta leitað til fjmrn., til Seðlabankans, til að fá upplýsingar um stöðu mála þegar verið í harðri kjarabaráttu?

Ég tek undir að æskilegt sé að efla hagdeild Alþýðusambands Íslands en það mun aldrei duga til þess að önnur stéttarfélög eða samtök launafólks muni geta nýtt sér þá hagdeild. Ekki mundi það nú vera skynsamlegt að stór samtök launafólks komi sér upp hvert um sig slíkri hagdeild. Það er hugsanlegt að í nánustu framtíð muni þau standa saman að einni sameiginlegri sem ynni þá fyrir hönd allra launþegasamtakanna, en þó svo að ég styðji það að hagdeild ASÍ sé efld, þá dugar það ekki til.

Mér finnst þetta alvarlegt mál og það verður það þegar kemur að kjaradeilum og það mun koma að þeim. Við lifum ekki í dag í einhverju sæluríki til framtíðar þar sem við getum til eilífðarnóns haldið rauða strikinu niðri og það kemur að samningum. Og einhvern tímann kemur að því að gerðar verða launakröfur og þá er eins gott að hafa stofnun sem stéttarfélögin og samtök launþega geta leitað til og treyst á án þess að hafa þær upplýsingar og spár frá brjósti ríkisstjórnarinnar.

Margoft hefur komið fram, og þarf svo sem ekki að fara yfir það, að það á að flytja verkefni Þjóðhagsstofnunar yfir til Hagstofunnar, Seðlabankans og fjmrn. Hagfræðideild Háskóla Íslands getur hugsanlega tekið við einhverju og einkaaðilar sömuleiðis. Þetta er allt mjög óljóst og í raun og veru óskiljanlegt að menn séu ekki komnir lengra með þessa vinnu ef til stendur að afgreiða þetta mál, að ekki skuli vera orðið skýrara hvert verkefnin eiga að fara.

Ég tel að fyrir Alþingi verði þetta fyrirkomulag dýrara. Ef við ætlum að leita til hagfræðideildar Háskóla Íslands þarf Alþingi að kaupa þær upplýsingar. Og hvernig getum við, þingmenn í stjórnarandstöðu, treyst þeim spám sem koma frá fjmrn.? Ég vantreysti ekki starfsmönnunum en þeir vinna jú eftir stefnu ríkisstjórnarinnar, og þeim ber að gera það. Þeir eru þannig smitaðir og það hefur auðvitað áhrif á vinnu þeirra. Þótt þeir séu samviskusamir við hana verða þær spár aldrei trúverðugar bara fyrir það hvar þær eru unnar.

Það sama má segja um Seðlabankann. Þar er unnið samkvæmt ákveðnum lögum. Hann er orðinn sjálfstæð stofnun en honum ber eftir sem áður að vinna að markmiðum ríkisstjórnarinnar. Ég tel að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi komið því mjög vel til skila áðan að við höfum fengið smjörþefinn af þeim vinnubrögðum þar sem Seðlabankinn er alveg hlutlaus þegar kemur að umsögn um að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Hvaða trúverðugleiki verður þá í framtíðinni? Enginn fyrir okkur, ekki neinn. Þá er ég ekki að kasta neinni rýrð á starfsmennina.

Það hlýtur að vera réttmæt krafa frá Samtökum atvinnulífsins að vilja fá sömu fyrirgreiðslu og ASÍ, þ.e. að hagdeildir þeirra verði styrktar með sama hætti og ASÍ hefur fengið loforð fyrir. Ég tel heldur ekki óeðlilegt að styrking komi til annarra launþegasamtaka líka.

Mér finnst mjög alvarlegt að hlusta á og fara hér yfir umsagnir þeirra gesta sem komu á fund efh.- og viðskn. og þeirra sem sendu inn umsagnir. Allt hnígur í sömu átt, að þessi ráðstöfun sé óskynsamleg, bæði stjórnsýslulega og efnahagslega. Hún mun aldrei spara neitt heldur verða þjóðinni dýrari.

Ég ætla ekki að endurtaka tilvitnanir í ummæli og umsagnir eins og Gylfa Magnússonar, dósents við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, en þar koma fram mjög alvarlegar ábendingar um galla þess að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Ég vil, herra forseti, leggja áherslu á hvaða þýðingu þetta hefur fyrir stjórnarandstöðu allra tíma að hafa ekki aðgang að stofnun sem þeir geta treyst að sé óháð, og hversu mikilvægt það hefur verið að standa vörð um sjálfstæði stofnunarinnar. Ég vil nefna sem dæmi að þegar forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar hefur verið settur í forsvar fyrir opinberar nefndir upp á síðkastið hefur það veikt álit manna á Þjóðhagsstofnun, ekki það að maður hafi ekki getað treyst vinnubrögðum og starfsmönnum en ekki þarf meira til en að forstöðumaðurinn sé í störfum fyrir ríkisstjórnina, í hápólitískum verkefnum, til að pólitískan fnyk leggi af starfseminni, og þá veikir það niðurstöður og spár stofnunarinnar.

Það sama má segja um Seðlabankann og spár hans. Það er í besta falli óheppileg ráðstöfun að setja Finn Ingólfsson seðlabankastjóra í forsvar fyrir hápólitíska nefnd til að leita að álversrekanda úti í hinum stóra heimi. Ég segi að það sé óheppileg ráðstöfun vegna þess að Seðlabankinn á að vera

óháður aðili. Hann á að geta metið stöðu þjóðarbúsins og þar á að vera hægt að meta hversu miklar álögur ætti að leggja á þetta litla þjóðarbú okkar. Það getur ekki verið trúverðugt að þessi sami aðili sé svo úti um heim að leita að stóru álveri. Hann situr í raun og veru beggja vegna borðsins þó að hann sé ekki beinn samningsaðili í þessu álversmáli. Allir svona tilburðir veikja stofnanirnar og mér finnst það umhugsunarefni fyrir ríkisstjórnina hvort hún ætlar út á þessa braut. Það hlýtur að hafa verið hægt að finna aðra vel hæfa menn í þau störf sem forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar voru falin og eins að finna jafnhæfan mann og Finn Ingólfsson til að fara fyrir álinu og hlífa þar með þessum stofnunum, Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, og treysta þær frekar í sessi.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þessi orð mín ekki öllu fleiri en ítreka andstöðu mína við þetta frv. að öllu leyti. Og þó að þessar hugmyndir hafi komið upp fyrir nokkuð mörgum árum voru þær á þann veg að starfsemi stofnunarinnar skyldi skoðuð, hvaða breytingar þyrfti að gera til að aðlaga hana breyttri þjóðfélagsmynd og rekstri. Þeir sem fluttu tillögur um endurskoðun á Þjóðhagsstofnun höfðu ekki látið sér detta í hug að leggja hana niður.

Ég minni á brtt. frá minni hluta efh.- og viðskn. og eins till. til þál. um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar þar sem flm. eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson. Henni hefur verið lýst hér og hún lesin upp og ég ætla ekki að endurtaka það. Það hefði verið, herra forseti, þinginu til sóma að hafa þá tillögu til afgreiðslu samhliða þessari svo að við hefðum eitthvert val við afgreiðslu málsins, annaðhvort um að leggja Þjóðhagsstofnun niður eins og ríkisstjórnin leggur til eða að Alþingi setji á fót nefnd til að gera úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Ég ætla að fá að lesa eftirfarandi úr þáltill., með leyfi forseta:

„Verkefni nefndarinnar verði, auk almennrar úttektar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi."

Það er þetta, að meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi, sem ég vil leggja áherslu á því með stöðugri styrkingu ríkisvaldsins veitir ekki af að fara í mótvægisaðgerðir, styrkja Alþingi, og þetta væri hluti af því.

[17:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í framhaldi af þeim orðaskiptum sem hér urðu milli mín og hæstv. forsrh. áðan vil ég ítreka að ég tel ekki að hæstv. forsrh. hafi lagt í þessa sjóferð í einhvers konar æðiskasti heldur er ég þeirrar skoðunar að miklu meiri yfirvegun en svo hafi búið að baki ákvörðun hans. Þó er ég þeirrar skoðunar að ekki hafi sú tegund yfirvegunar verið æskileg við ákvörðun af þessu tagi.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að vitna í viðtal sem Morgunblaðið átti við fyrrverandi þjóðhagsstofustjóra, Þórð Friðjónsson, þegar hann lýsti því yfir að þessar tillögur hefðu komið honum á óvart. Þá sagði þjóðhagsstofustjóri, með leyfi forseta:

„Fyrir ári, þegar Davíð lýsti því yfir á ársfundi Seðlabankans að hann teldi að það væri rétt að endurskoða verkaskiptingu á milli stofnana, var tekin ákvörðun eftir samtal mitt við Davíð um að þessi mál yrðu skoðuð á yfirvegaðan hátt og í samráði við mig og starfsmenn stofnunarinnar."

Herra forseti. Ég held að þetta mál væri í allt annarri stöðu ef menn hefðu farið eftir þessu, ef hæstv. forsrh. hefði farið eftir þeirri forskrift sem hann sjálfur lýsti að ætti að verða leiðarljósið í þessari vinnu, þegar hann upplýsti yfirmann Þjóðhagsstofnunar um þennan vilja sinn. Staðreyndin er hins vegar sú, eins og við höfum komist að raun um eftir að hafa hlustað á þá sem komu til fundar við efh.- og viðskn., að ekki er með nokkru móti hægt að halda því fram að þetta frv. hafi verið lagt fram eftir yfirvegað samráð millum stjórnvalda og þeirra sem höfðu vit á þessum málum, að ég nefni ekki starfsmenn stofnunarinnar.

Í ljós hefur komið að ekkert samráð var haft við þá fulltrúa stofnunarinnar sem áttu kost á því að sitja í nefnd sem vélaði um þetta mál, herra forseti. Að öllu leyti sýnist mér því illa að þessu máli staðið. Ég er þeirrar skoðunar að hægt hefði verið að ná nokkuð farsælli niðurstöðu um þetta mál ef vilji hefði staðið til þess af allra hálfu sem að því komu með einhverjum hætti. En málinu var kastað fram í þessu formi í tiltölulegri skyndingu. Eins og fram hefur komið tilkynnti hæstv. forsrh. um það í sjónvarpsviðtali um leið og hann lýsti yfir mikilli óhamingju sinni með það hvernig Þjóðhagsstofnun stæði að þessum spám sínum.

Herra forseti. Það þýðir hins vegar ekki að Þjóðhagsstofnun sé heilög stofnun. Um hana hlýtur auðvitað að gilda, eins og allar aðrar stofnanir ríkisins, að hún þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Við þurfum stöðugt að skoða hvort með einhverjum hætti mætti bæta starfsemi þeirra, hvort rétt sé að flytja frá þeim verkefni, flytja til þeirra verkefni, hvort jafnvel eigi að leggja þær niður eða hvort kannski eigi að sameina þær einhverjum öðrum stofnunum.

Hæstv. forsrh. lýsti því áðan sem sinni skoðun að skoða þyrfti hvort ekki væri hægt að komast hjá tvíverknaði millum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans, millum Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar og millum Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. Ég held að með ýmsu móti sé hægt að halda því fram að hæstv. forsrh. hafi nokkur lög að mæla og að í öllum þessum tilvikum sé einhvers konar tvíverknaður í gangi. Auðvitað er það skylda okkar sem vélum með fjármuni skattborgaranna að reyna að draga úr slíku og reyna að koma í veg fyrir að við séum að eyða peningum í að vinna svipuð verk á tveimur stöðum. Það er t.d. engum blöðum um það að fletta að hluti af starfsemi Þjóðhagsstofnunar átti heima hjá Hagstofu Íslands. Við sjáum að ýmiss konar skýrslugerð hefur mjög eflst á þeirri stofnun og við þurfum t.d., sem aðilar að EES, í vaxandi mæli að standa skil á ýmiss konar tölum úr rekstri og hagþróun samfélagsins gagnvart stofnunum EES. Það er á ábyrgð Hagstofunnar. Það er því ekkert sem mælir gegn því að flytja þarna til verkefni.

Herra forseti. Á sama tíma sjáum við hins vegar að ákveðnir þættir í starfsemi Þjóðhagsstofnunar sem við höfum lagt mikinn þunga á og teljum skipta miklu máli, eins og þjóðhagsspárnar og efnahagslíkönin, eru að koma upp hjá öðrum stofnunum. Engum blöðum er um það að fletta, herra forseti, að á sama tíma og við erum núna að hugsa um að flytja spárnar og efnahagslíkanið yfir til fjármálaráðuneytisins þá er Seðlabankinn líka að koma upp slíkri getu innan sinna vébanda. Þar er því tvíverknaður í gangi sem beinlínis er að gerast núna. Maður hefði því getað velt fyrir sér hvort flytja ætti þetta alfarið til Seðlabankans. En við viljum auðvitað vinna gegn tvíverknaðinum. Það sem ég vildi nú sagt hafa, herra forseti, er að þetta hefði þurft að gerast allt með miklu meiri hægð.

Það er talsverð saga að baki þessu máli. Þjóðhagsstofnun er gömul stofnun. Hvenær var hún stofnuð? 1974. Að stofni til má rekja hana til þess að Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður árið sem ég fæddist, 1953. Við hann var starfrækt hagdeild sem var komið á fót beinlínis til þess að vinna að hagsýslugerð um efnahagsmál og hvers kyns efnahagsráðgjöf. Þessi hagdeild gerði fyrstu þjóðhagsreikningana sem síðan voru gefnir út í merku riti sem hét Úr þjóðarbúskapnum, og við könnumst flest við og hefur að geyma ákaflega miklar og merkar upplýsingar úr hagsögu Íslands. Þetta rit, Úr þjóðarbúskapnum, var gefið út af efnahagsmálaráðuneytinu sem var stofnað einum sjö árum síðar og þegar það var lagt niður og efnahagsstofnuninni komið á fót 1962 með sérstökum samningi sem þá var gerður á milli Seðlabankans, Framkvæmdabankans og ríkisstjórnarinnar, varð til sérstök deild sem tók yfir gerð þjóðhagsreikninganna frá hagdeild Framkvæmdabankans.

Síðan var það 1974 að Þjóðhagsstofnun var komið á fót með sérstökum lögum. Hún kom þá í stað þessarar hagrannsóknadeildar og hún tók við öllum verkefnum hennar. Þjóðhagsstofnun hefur starfað eftir þessum lögum og meginverkefni hennar síðan hafa verið að færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár og áætlanir, birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum. Hún hefur líka annast ýmiss konar hagfræðilegar úttektir og athuganir um efnahagsmál fyrir alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála og auðvitað fyrir ríkisstjórnina. Snar þáttur í starfi Þjóðhagsstofnunar sem hefur skipt ákaflega miklu máli, ekki síst vegna þess mikla trausts sem stofnunin hefur notið, er að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá ýmsar hagfræðilegar athuganir.

Það sem okkur alþingismenn varðar er síðan sú staðreynd að Þjóðhagsstofnun hefur beinlínis haft frá 1974 lögbundið hlutverk sem felst í því að gefa okkur alþingismönnum allar upplýsingar sem hún getur og við óskum eftir um efnahagsmál. Mér kom það mjög á óvart, herra forseti, þegar ég kom hingað ungur þingmaður árið 1991 hversu greiðviknir og viljugir starfsmenn Þjóðhagsstofnunar voru þá við að láta okkur í té hvers konar upplýsingar sem við spurðum um, hvort heldur það var um þróun afla á tilteknum fisktegundum, þróun verðlags á fiski, um horfur í landbúnaði, hvaðeina sem um var spurt, allt lét hún til reiðu. Ég hélt þá, herra forseti, að þetta stafaði af því að ég var þá í liði ríkisstjórnarinnar og stofnunin væri svona viljug að aðstoða okkur sem vorum þá stjórnarliðar. En auðvitað kom það í ljós þegar ég varð hluti af stjórnarandstöðunni að ekki lá stofnunin á liði sínu.

Herra forseti. Snar þáttur í því að geta haldið uppi lýðræðislegu aðhaldi stjórnarandstöðunnar er að geta fengið upplýsingar og aðstoð frá Þjóðhagsstofnun. Við þurfum að spyrja, herra forseti: Hvert á stjórnarandstaðan að leita núna? Á hún að leita til fjmrn.? Á það virkilega að vera þannig, herra forseti, að stjórnarandstaðan eigi að leita til þeirra sem fara með töglin og hagldirnar í hinu pólitíska lífi landsmanna og spyrja þá um upplýsingar? Eigum við að leita aðstoðar þar? Er hægt að gera því skóna að stjórnarandstaða hverju sinni sé reiðubúin til þess að gera það uppskátt hvað hún er að hugsa, láta stjórnarliðið fá vísbendingar um það með hvaða hætti hún er að velta fyrir sér tillögum og hugmyndum? Að sjálfsögðu ekki. Ég held að engum komi það til hugar, að engum í stjórnarliðinu detti það í hug.

Hvernig á hún þá að geta orðið sér úti um þessar upplýsingar? Sumar getur hún vafalítið fengið frá Hagstofunni. Ég hef sjálfur mörgum sinnum leitað til Hagstofunnar eftir ýmiss konar upplýsingum og hún hefur jafnan gagnast mér vel. En hún býr ekki og eftir því sem mér skilst á því sem hér liggur fyrir þá mun hún ekki búa yfir tilteknum upplýsingum sem við þurfum á að halda. Þar að auki er alveg ljóst að hún er undir ráðherra þannig að um hana gildir að þessu leytinu hið sama og fjmrn., að það er tæpast hægt að ætlast til þess að stjórnarandstaða hverju sinni leiti til ígildis ráðuneytis með viðkvæmar spurningar um mál sem hún er að velta fyrir sér og lúta að pólitískri stefnumótun hennar. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að hún sæki til Seðlabankans um ýmis mál.

Seðlabankinn hefur nú ekki alltaf reynst okkur lipur sem erum í stjórnarandstöðu og tökum þátt í hinu pólitíska ati hér á þingi þegar kemur að því að spyrja ýmissa flókinna spurninga. Að vísu er gefið það vilyrði í greinargerð með frv. að Seðlabankinn muni taka að sér slíkt hlutverk. Ég spurðist sérstaklega fyrir um það hjá fulltrúa Seðlabankans í efh.- og viðskn. hvernig bankinn hygðist sinna þessu hlutverki sínu og hvort til hans hefði verið leitað sérstaklega með það. Og mikið rétt, fulltrúi bankans gekkst fúslega við því að leitað hefði verið eftir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að stjórnarandstaðan gæti sótt til bankans slíkar upplýsingar. Af þeim þremur stofnunum sem ég hef hér nefnt er ég auðvitað sannfærður um að Seðlabankinn er þeirra best fallinn til þess.

En það kom líka fram hjá þeim fulltrúa að hann gerði sér ekki grein fyrir því í hvaða færum bankinn yrði með að veita ákveðnar upplýsingar. Svona til gamans spurði ég hann sérstaklega út í það hvort ég gæti sem pólitískur áhugamaður um þróun grænmetisverðs á Íslandi, og tiltók sérstakar grænmetistegundir, leitað til bankans eins og ég hafði í fyrra og hittiðfyrra leitað til Þjóðhagsstofnunar með óskir um ákveðnar upplýsingar á þessu sviði. Fulltrúi bankans kaus að svara því ekki. Ég ímynda mér því, herra forseti, að þetta kunni mjög að þrengja möguleika okkar í stjórnarandstöðunni til þess að verða okkur úti um vopn, til þess að verða okkur úti um góðar tölur, verða okkur úti um upplýsingar sem oft eru í eðli sínu flóknar, sem við þurfum á að halda til þess að geta tekist á við ríkisstjórnina hér í þessum sölum, til þess að geta sinnt því hlutverki sem við eigum að sinna.

Herra forseti. Ég held þess vegna, þ.e. ef þetta er gerningur, ef það er eins og mér auðvitað sýnist vera, að hæstv. ríkisstjórn muni sjá til þess að frv. sem hér er verði gert að lögum, þá hlýtur hún í allri sanngirni að horfa til þess hvaða möguleika stjórnarandstaðan hafi til þess að verða sér út um upplýsingar af þessu tagi. Ef menn ætla að vera sanngjarnir hljóta þeir að fallast á þá skoðun og þau rök sem ég hef hér flutt að það er ekki af sanngirni að hægt að ætlast til þess að við reiðum okkur á þessar stofnanir. Við sem sitjum fyrir Samfylkinguna og Vinstri græna fyrir stjórnarandstöðuna í efh.- og viðskn. tökum auðvitað mið af hinum pólitíska veruleika og það blasir við að ríkisstjórnin ætlar sér að samþykkja þetta frv.

Við höfum þess vegna lagt hér fram brtt. þar sem gert er ráð fyrir því að Alþingi ráði í þjónustu sína hagfræðinga sem verði okkur alþingismönnum til nokkurs liðsauka þegar kemur að þeim flókna vettvangi sem hagfræðin og hin dýpri efnahagsmál eru.

Herra forseti. Þegar ég kom til setu á Alþingi árið 1991 var núverandi nefndadeild í mótun. Þá störfuðu ekki, ef ég

man rétt, mjög margir lögfræðingar á vegum hennar. Við sem þá settumst hérna og vildum flytja mál þurftum að vinna þau sjálf og síst vil ég lasta þá reynslu sem menn öðlast af því að vinna flókin þingmál sjálfir. Óneitanlega skipti þó mjög um til hins betra þegar nefndadeild Alþingis réð í þjónustu sína æ fleiri góða unga lögfræðinga sem jafnan hafa verið boðnir og búnir til þess að veita okkur lið. Ég fullyrði, herra forseti, að það hefur mjög lyft standard á lagasetningu og frv. og flutningi þingmála hér í salnum.

Aðeins áður en hæstv. forsrh. víkur úr salnum langar mig af þessu tilefni að spyrja hann. Svo er mér sama þótt hann gangi annað í bili. Mig langar til þess að spyrja hann: Hvaða afstöðu hefur hæstv. forsrh. til þeirrar tillögu sem við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, höfum lagt fram og lýtur að því að þingið taki í þjónustu sína einn eða fleiri hagfræðinga? Þá er ég ekki bara að hugsa um að við fáum svipaða aðstoð og við höfum fengið á sviði lögfræðinnar heldur vísa ég líka til þess að komið hefur fram að þau líkön sem menn nota til þess að gera stóra hluta af þjóðhagsspám og þjóðhagsáætlunum, efnahagslíkön, verða sett á netið. (**Forsrh.:** Ég hef ekkert á móti því.) Þar með gætum við þingmenn sem erum kannski meira menntaðir á sviðum líffræði en ýmissa hagvísinda notfært okkur þetta í talsvert ríkum mæli, ef við hefðum til þess nægilegan liðsstyrk til þess að koma því á það form sem tölvurnar taka við.

Nú hefur hæstv. forsrh. um stundarsakið vikið sér úr þingsal og ég geri engar athugasemdir við það. Ég vil samt að það komi fram að í frammíkalli sagði hæstv. forsrh. að hann gerði engar athugasemdir við það.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum frekari útskýringu á vilja stjórnarliðsins í þessum efnum. Ég tel að það yrði mjög til þess fallið að draga úr þeim viðsjám sem þetta mál hefur skapað ef það kæmi skýrt fram í þessari umræðu eða í umræðu í hv. efh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. að ríkisstjórnin væri reiðubúin fyrir sitt leyti að stuðla að því að þingið kæmi sér upp einhvers konar vísi að hagdeild. Ég held að það skipti miklu máli, herra forseti.

Við þingmenn stjórnarandstöðunnar sem sitjum í fagnefndinni höfum lagt fram tillögu sem gerir því skóna að þessi breyting verði tekin upp hér hjá þinginu og það væri ákaflega jákvætt ef stjórnarliðið treysti sér til þess að taka hana upp. Þó að hæstv. forsrh. sé ekki í salnum nákvæmlega núna er samt nauðsynlegt að taka hér aðeins fyrir ummæli sem komið hafa fram hjá honum, hjá hæstv. utanrrh. þegar hann mælti fyrir frv. við 1. umr. í fjarveru hæstv. forsrh. Þessi ummæli lúta að sögu þessa máls.

Því er haldið fram, herra forseti, að á upphafsdögum fyrstu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, sem Alþfl. stóð að ásamt Sjálfstfl. og ég átti sæti í, hafi komið fram vilji til breytinga á Þjóðhagsstofnun. Sumir hafa túlkað málið þannig að í reynd sé verið að leggja fram svipað mál. Það er nú alls ekki svo, herra forseti, nema síður væri. Ég man þetta gjörla vegna þess að talsverðar umræður urðu um það í þingflokki Alþfl. á fyrstu tveimur vikum þeirrar stjórnar, þegar brotið var til mergjar hvaða mál við vildum gera að leiðarhnoða í stefnu þeirrar ríkisstjórnar, að mjög var rætt um Þjóðhagsstofnun. Sumir voru þeirrar skoðunar að stofnunina ætti að láta óbreytta og óhreyfða, aðrir voru þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að gera á henni breytingar. En allir voru sammála, herra forseti, um að verkefni sem tengdust spám og efnahagsráðgjöf ættu áfram að vera unnin af Þjóðhagsstofnun. Hins vegar var það mál þingmanna á þeim tíma að sú stofnun ætti að starfa í nánari tengslum við forsrn. en hún gerði þá.

Þetta kom í framhaldi af miklum umræðum sem höfðu þá staðið um nokkurra ára skeið, allar götur frá upphafi vinstri stjórnarinnar sem góðu heilli tók til valda skömmu fyrir 1990. Raunar var það þannig að árið 1983 var sérstök nefnd starfandi á vegum ríkisstjórnarinnar, sem gekk undir því stórbrotna nafni „stjórnkerfisnefnd", og hún gerði drög að frv. til laga um Stjórnarráð Íslands. Þetta frv. var tilbúið síðla árs 1984 og var lagt fyrir þetta þing 1985. Líkt og áður hafði verði hlutskipti þingmála sem tengdust Þjóðhagsstofnun sýndist sitt hverjum og þetta mál var ekki útrætt, því var aldrei lokið. En það var fróðlegt að því leyti að þar var gert ráð fyrir að sá hluti Þjóðhagsstofnunar sem vann að gerð þjóðhagsáætlana og annarra skyldra verkefna yrði færður til forsrn. Þá var jafnframt lagt til að Hagstofan yrði gerð að sérstakri stofnun utan Stjórnarráðsins og að þjóðhagsreikningarnir sjálfir yrðu færðir til hennar. Það varð ekkert úr þessum breytingum en það er athyglisvert að þarna kemur fram vísir að þeirri hugmynd sem birtist núna í frv. hæstv. forsrh., sem sé að þjóðhagsáætlunin skuli færð frá óháðri stofnun inn í ráðuneyti. Þá var talað um að forsrn. hefði sérstaka vigt sem efnahagsmálaráðuneyti svo sem í dag. Í dag eru menn hins vegar að tala um fjmrn.

Í framhaldi af umræðunum um gildi þessarar stofnunar og breytingarnar á því kom svo þessi ályktun fram 1987 hér á Alþingi, sem var samþykkt hérna. Í henni samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að endurskoða alla starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Uppistaðan í þeirri hugmynd var auðvitað sú að meta hvort það væri hagkvæmt að fela öðrum verkefnið. Það varð ekkert úr framkvæmd þessarar samþykktar þó að þingið hefði náð saman um hana.

Það var svo í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að umræðan kom upp enn einu sinni árið 1989. Þá var enn annarri nefnd á vegum stjórnarinnar falið að endurskoða starfshætti og skipulag Stjórnarráðsins. Þessi nefnd skilaði ansi merku frv. sem, ef ég man rétt, varð heldur ekki útrætt, var hvorki vísað til ríkisstjórnar né annað. Það dagaði einfaldlega uppi í nefnd. En þar var gert ráð fyrir því að Hagstofan yrði sérstök stofnun og um hana yrðu sett sérstök lög, sem og var gert. Hún heyrði beint undir forsrn. Þá var einmitt í fyrsta skipti reifuð þessi hugmynd að taka til íhugunar og endurskoðunar skylda starfsemi innan Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar með það fyrir augum að sameina þetta tvennt.

Þá kem ég aftur að því sem hæstv. forsrh. nefndi hér áðan, að það væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir tvíverknað. Það er nákvæmlega mergur másins. Okkur er falin sú skylda að koma í veg fyrir að við eyðum fjármunum skattborgaranna með því að láta vinna sömu verk á tveimur stöðum. Það er hægt, herra forseti. En það er hins vegar ekki hægt að gera með því að leggja þjóðhagsspána sjálfa inn í fjmrn. Að því hef ég fært rök.

En nú er hæstv. forsrh. genginn í salinn. Þá vil ég leyfa mér að rifja upp sameiginlegar minningar okkar frá vordögum 1991 þegar fyrsta ríkisstjórn hæstv. núv. forsrh. var mynduð með tilstyrk hans eigin flokks og Alþýðuflokks. Í starfsáætlun þeirrar ríkisstjórnar, í framhaldi af þeim umræðun og þeirri þróun sem orðið hafði varðandi Hagstofuna og Þjóðhagsstofnun allar götur frá 1983 og ég hef vonandi rakið hér í skýru máli — ég veit að hæstv. forsrh. hefur hlýtt á það hér í afkima — var lagt til að enn yrði ráðist í að

skoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og unnið að því að breyta skipulagi hennar. Í stjórnarsáttmálanum, sem við samþykktum öll, stóð að stefna ætti að að því að flytja ákveðna þætti undir Hagstofu Íslands og það væri þá í þeim tilvikum sem um væri að ræða svona hefðbundin hagstofuverkefni.

En síðan sagði alveg klárt og kvitt, herra forseti, með leyfi forseta, og hér vitna ég í þennan merka stjórnarsáttmála sem stýrði nú lífi mínu í pólitík á milli áranna 1991 og 1996. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Önnur verkefni, þar með taldar spár og efnahagsráðgjöf verða áfram unnin af stofnuninni sem mun starfa í nánari tengslum við forsrn. en verið hefur."

Af þessu er ljóst, herra forseti, að gert er ráð fyrir því að efnahgsráðgjöfin og spárnar verði áfram unnar á stofnuninni. Ég held þess vegna, herra forseti, að hefðu menn gefið sér góðan tíma hefði verið hægt að komast að þokkalegri sátt um þetta mál. Ég held að menn hefðu með yfirvegun og nægu samráði við starfsmenn stofnunarinnar og ýmsa sérfræðinga komist að því að hægt væri að flytja talsvert af verkefnum til Hagstofunnar, ýmislegt inn í fjmrn. og eitthvað til Seðlabankans, þó að ég vilji ekkert fullyrða um það núna vegna þeirra skörpu skila sem orðin eru á milli Seðlabankans annars vegar og Stjórnarráðsins hins vegar. Ég held hins vegar að það hefði með einhverjum hætti þurft að hafa þjóðhagsáætlunina og spárnar innan sérstakrar stofnunar.

Þá komum við að því, herra forseti, hvort ekki hefði verið hægt að hagræða og spara með þeim hætti. Stofnunin hefði vafalaust minnkað töluvert en það er ekkert sem mælir því í móti.

Ef ég man rétt, herra forseti, kemur það fram í kostnaðarmati fjmrn. að á fjárlögum sé gert ráð fyrir því að það kosti fast að 150 eða 132 millj. kr. (**Forsrh.:** 132.) að reka stofnunina í dag. Það á að skipta þessu milli tveggja ráðuneyta, tveggja stofnana. Maður spyr sig: Í hverju felst hagræðið? Hvað gerist þegar fram í sækir og biðlaunakostnaður er frá, Verður eitthvert hagræði? Við höfum þráspurt um þetta hér í þessum sölum, innan efh.- og viðskn. Í hverju felst hagræðið? Svörin hafa verið með þeim hætti sem við heyrðum í máli hv. þm. Péturs Blöndals í andsvari við hv. flm. nál. meiri hlutans, Sigríðar Önnu Þórðardóttur. Hv. þm. Pétur Blöndal kom hér upp og sagðist hafa orðið fyrir verulegum vonbrigðum. Hann kvaðst hafa talið við 1. umr. að hér væru menn að efna til hagræðingar sem mundi leiða til þess að fjármunir mundu sparast. En hann var kominn á þá skoðun að svo væri ekki.

Ég verð að taka undir þessa skoðun hv. þm. Ég hef reynt að skoða þetta mál og fæ ekki séð hvernig það á að spara peninga á þessu. Í fyrsta lagi kemur skýrt fram í kostnaðarmati fjmrn. að a.m.k. að svo stöddu sé gert ráð fyrir því að kostnaður við núverandi verkefni minnki ekki. Í öðru lagi hefur komið fram í umfjöllun málsins að það er gert ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands þétti með einhverjum hætti hagdeild sína, m.a. með það fyrir augum væntanlega að geta gefið ýmsum stofnunum samfélagsins ráð, þar á meðal þessari. Það kostar peninga. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands muni í einhverjum tilvikum gefa álit og gera skýrslur. Það kostar peninga eins og við vitum öll.

Í fjórða lagi er svo gert ráð fyrir að ASÍ fái fjármagn til að styrkja sína hagdeild. Allt kostar þetta peninga. Nú er það svo að af öllu því sem ég rakti hér þá fagna ég því mest að hagdeild ASÍ fái aukið fjármagn vegna þess að hún á það skilið. ASÍ hefur staðið sig feikilega vel við greiningu á efnhagsástandinu eins og hæstv. forsrh. veit manna best. Það er kannski ekki síst vegna getu hennar á því sviði sem ASÍ skynjaði reykjarlykt úr innviðum efnahagslífsins og gerði öðrum hlutum samfélagsins viðvart þó að að vísu þyrfti langan tíma til að fá ríkisstjórnina með í þann slag.

En mergurinn málsins er þessi: Það er gott að styrkja hagdeild ASÍ en auðvitað má spyrja, eins og fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, spurði hér í dag: Í krafti reynslunnar af því að veita fjármagn til að styrkja hagdeild Alþýðusambands Íslands, munu ekki önnur samtök og aðrir aðilar vinnumarkaðarins biðja um sitt? Að sjálfsögðu. Þeir eru þegar búnir að blása í herlúðra og gefa til kynna að þeir muni gera það líka.

Niðurstaða mín að því er varðar hagræðinguna, herra forseti, er auðvitað sú að ég er sammála hv. þm. Pétri Blöndal, ég sé ekki alveg hagræðið í þessu. En ég er reiðubúinn til að hlusta ef menn reyna að skýra það út fyrir mér en það hefur enginn reynt af nokkurri alvöru. Ég spurði hæstv. utanrrh. hér þegar hann mælti fyrir málinu. Hann gat ekki gert það.

Ég hegg eftir því í umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar að þar er vísað í ummæli sem ráðuneytisstjóri forsrn. viðhafði í apríl 2001 með starfsmönnunum. Þar gerir hann því skóna að engin hagræðing verði af þessu, a.m.k. ekki fyrsta kastið, eins og það er orðað.

En, herra forseti, það sem ég vildi að lokum ítreka í formi *spurningar til hæstv. forsrh. er þetta: Er hæstv. ráðherra* sammála því að æskilegt sé að þingmenn, ekki síst stjórnarandstaðan, hafi aðgang hér innan vébanda þingsins, að einhvers konar hagfræðilegri þekkingu til þess að geta styrkt stöðu hennar að því er varðar greiningu á efnahagsástandi og mótun pólitískrar stefnu á því sviði? Ef svo er, er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því að sú breyting verði gerð á tilhögun þingsins að ráðnir verði hagfræðingar hingað í því skyni?

[18:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessu síðasta, eins og ég sagði hér í frammíkalli áðan, hef ég svo sannarlega ekkert á móti að þingið efli þann þátt í sínu starfi. Ég tel að það eigi að vera þingsins að gera, án afskipta ríkisstjórnarinnar, með sama hætti og það hefur byggt upp starfsemi sína, þekkingu á sviði lögfræði og annað þess háttar, innan vébanda þingsins.

Ég sé líka fyrir mér að þingið gæti mjög auðveldlega gert fasta samninga við stofnun eins og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, fasta trúnaðarsamninga við þá stofnun. Ég get nefnt að þrátt fyrir aðgang okkar að Seðlabanka, Þjóðhagsstofnun og slíkum stofnunum þá höfum við í ýmsum tilvikum í forsrn. gert sérstaka samninga við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um tiltekin afmörkuð verkefni og okkur líkar vel sú þjónusta sem við höfum fengið þaðan. Við höfum ekki gert þetta í stórum mæli, við höfum gert þetta svona til reynslu, en það sem við höfum gert hefur okkur líkað ágætlega. Og ég get alveg séð fyrir mér líka eins og að raða hér inn starfsmönnum, að eins mætti gera sérstaka samninga við Hagfræðistofnun þannig að hún kynni að vera með eins konar bakvakt gagnvart þinginu því að það er nú þannig, hygg ég, að þetta er nú sjálfsagt dálítið árstíðabundið eftir því hvaða mál er efst á baugi í þinginu og þingið tekur sér líka hlé frá störfum o.s.frv. en ég sé þann kost fyrir mér gagnvart Alþingi.

Aðeins út af því hvort ekki felist í þessu sparnaður. Ég er sannfærður um að til lengri tíma horft þá felst í þessu sparnaður vegna þess að menn eru að vinna tvöfalda vinnu, vinnu sem skarast á svo mörgum sviðum. Á hinn bóginn var það ætlun forsrn. sérstaklega að reyna að ná góðu samkomulagi um þessi mál við starfsmennina og því var lögð á það áhersla að setja hagræðinguna og sparnaðinn í annað sæti og reyna að ná sæmilegri sátt við starfsmennina í fyrsta sæti.

Ég hygg hins vegar að ein meginástæðan fyrir því að ekki náðist sæmileg sátt hafi verið að það gengu þær sögur til að mynda hér í þinginu, ég var nú spurður um þetta tvisvar, að ósátt væri um málið milli stjórnarflokkanna. Ég svaraði því tvívegis að það væri ekki, mér væri ekki kunnugt um það og sú var enda niðurstaðan.

[18:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að drepa á því sem hæstv. forsrh. sagði varðandi þá möguleika sem þingið ætti að hafa til þess að verða sér úti um einhvers konar liðsinni á sviði hagfræði.

Ég er auðvitað staddur í ákveðnum veruleika og ég geri mér alveg grein fyrir því hvernig hann er. Ég sé það alveg og veit að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera frv. að lögum og meiri hlutinn hlýtur að ráða og á að ráða. Ég er mótfallinn frv. og ég hef skýrt hvað það er sem mér finnst verst við það. Það sem mér finnst verst við það sem þingmanni hérna er að ég á ekki lengur kost á því að fá hlutlausa ráðgjöf.

Ég spurði hæstv. forsrh. hvaða afstöðu hann hefði til þess viðhorfs að til þingsins yrðu þá ráðnir hagfræðingar, einn eða fleiri eftir atvikum, til að veita okkur það liðsinni. Hæstv. forsrh. svaraði því til að hann gerði engar athugasemdir við það en ég er auðvitað að spyrja hæstv. forsrh. ekki sem forsrh. heldur sem atkvæðamann hér í þinginu sem hefur mikil völd innan annars stjórnarflokksins hvort hann sé reiðubúinn til að veita liðsinni sitt til þess að þetta verði að veruleika. Og ég er út af fyrir sig sáttur við þau svör sem hæstv. forsrh. hefur veitt mér í þeim efnum.

En hitt vil ég líka segja að ég er fyllilega til viðtals um það fyrirkomulag sem hæstv. forsrh. nefndi hérna að gerður yrði samningur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um ákveðið liðsinni, ákveðna ráðgjöf sem þingið ætti kost á að njóta, kannski ekki síst við í stjórnarandstöðunni, og það er alveg rétt sem hann segir að þetta er árstíðabundið. Ég segi það t.d. sem fyrrv. fjárlaganefndarmaður að það er ákaflega erfitt á köflum fyrir þá sem ekki hafa sérmenntun á sviði fjármála og hagfræði að starfa þar og eiga að brjóta til mergjar t.d. þjóðhagsáætlun og koma á skömmum tíma með pólitísk viðhorf og stefnu gagnvart slíkum gögnum. Við höfum að vísu fengið að njóta aðstoðar eins starfsmanns Ríkisendurskoðunar en samningur af þessu tagi er eitthvað sem ég tel að við ættum að skoða í framtíðinni.

[18:34]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu. Umræður hafa verið um málið í allan dag og á síðustu tímunum hefur mér fundist að menn séu að finna kannski nýjan vinkil á málinu, þ.e. að nauðsyn sé á því að efla stöðu Alþingis og sérstaklega stjórnarandstöðunnar til hlutlausra upplýsinga um hagspár. Og hæstv. forsrh. kom hér inn með jákvæðar undirtektir um það að e.t.v. væri hægt að semja við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um að veita þá þjónustu.

Ég vil í upphafi máls míns aðallega gera athugasemdir við það hvernig þetta mál ber að, að það er náttúrlega mjög óheppilegt og er eðlilegt að stjórnarandstaðan hrökkvi við og vilji ræða málið í þaula þegar ákvörðun um að fara í slíkar breytingar, að leggja niður Þjóðhagsstofnun, að ákvörðunin er tekin á mjög viðkvæmum tíma hvað efnahagshorfur og -þróun varðar í samfélaginu. Ég held því að sú staða og hraði málsins inn í þingið hafi kannski orðið til þess að menn vilja ræða þetta meira en annars hefði orðið vegna þess að eins og fram hefur komið í umræðunni er svo sem ekkert nýtt að menn vilji ræða stöðu Þjóðhagsstofnunar.

Ég er hér t.d. með þáltill. frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem er till. til þál. um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar og flutningsmenn að henni eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Þessi till. til þál. var flutt í fyrra og er endurflutt núna. Í henni segir:

„Alþingi ályktar að setja á fót nefnd til að gera úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar allra þingflokka, einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og einn fulltrúi forsætisráðuneytis og skal hann jafnframt vera formaður. Verkefni nefndarinnar verði, auk almennrar úttektar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi

Nefndin skili niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Ekki er hægt að segja annað en að stjórnarandstaðan, eins og reyndar hefur komið fram í umræðunni í dag, hefur um margra mánaða og missira skeið verið tilbúin til þess að endurskoða störf og stöðu Þjóðhagsstofnunar. Ég held að þessi óheppilega tímasetning á málinu hafi gert málið allt enn þá flóknara og verra í meðförum en það hefði nokkurn tíma þurft að vera. Með þeirri nefndarskipan sem kemur fram í þáltill. held ég að hægt hefði verið að færa hlutina til betri vegar í meiri sátt og meira samlyndi en raunin er.

Það átta sig nefnilega allir á því að þau verk sem Þjóðhagsstofnun vinnur núna eru unnin víða í samfélaginu og við gerum okkur öll fulla grein fyrir því og gríðarlegar breytingar hafa orðið á síðustu missirum og árum hvað það varðar. Þjóðhagsspár eru birtar og efnahagshorfur eru kannaðar í flestum bönkunum og verkalýðshreyfingin er með öfluga starfsemi og deildir innan sinna vébanda sem fara í þessi mál. Og stærstu hagdeildirnar eins og hjá ASÍ og BSRB eru auðvitað ómetanlegar.

Í frv. er lagt til að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður og verkefni hennar færð til skyldra sviða fjmrn. og Hagstofu Íslands og í meginatriðum er miðað við að þau verkefni Þjóðhagsstofnunar sem lúta að opinberri hagsýslugerð verði færð til Hagstofunnar en gerð efnahagsspáa og áætlana og efnahagsráðgjöf verði færð til efnahagsskrifstofu fjmrn. Jafnramt er gert ráð fyrir að aðrir aðilar á borð við Seðlabanka Íslands komi að verkefnum sem hafa verið unnin á vegum Þjóðhagsstofnunar.

Ég held að það standi upp úr í umræðunni að Alþingi og sérstaklega stjórnarandstaðan verður að hafa aðila sem allir eru sáttir um að séu hlutlausir til þess að einhver friður verði um afgreiðslu mála og sérstaklega efnahagslegs eðlis. Af minni reynslu hér í þinginu, sem er nú reyndar ekki löng,

tel ég alveg af og frá að menn geti sæst á það að slíkar upplýsingar komi frá ráðuneytunum og stofnunum sem fyrst og fremst lúta valdi framkvæmdarvaldsins. Það gefur alltaf tilefni til tortryggni og þess vegna er sú leið ófær hvað varðar þingið, þó svo að menn geti út frá viðskiptalegum sjónarmiðum verið sammála um að allar þær upplýsingar er hægt að vinna í þessum stofnunum, málið í raun snýst ekki um það. Þess vegna er það eiginlega sorglegt að við skulum ekki hafa farið í þá vinnu þverpólitískt að fara í þetta mál því að allir hafa verið sammála um að það mætti taka upp.

Þannig var t.d. frv. um að flytja Þjóðhagsstofnun til Alþingis flutt af Kristni H. Gunnarssyni og fleirum á 122. löggjafarþingi og oft og iðulega hefur verið rætt um óháða starfsemi á vegum Alþingis á því sviði. Mér finnst að núna í umræðunni hafi komið upp nýr flötur í málinu þar sem hæstv. forsrh. ljáir máls á því að Alþingi geti, og þá sérstaklega stjórnarandstaðan, með samningum við t.d. háskólann gengið að hlutlausum upplýsingum og beðið um þær og fengið að vild, að þá séum við kannski komin ansi nálægt því að breyta um það form sem gildir um Þjóðhagsstofnun og færa hana hreinlega undir Alþingi eins og gert er ráð fyrir í þáltill. sem flutt var, eins og ég sagði áðan, af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni. Og það er eiginlega mergurinn málsins í allri umræðunni, það er traust allra á óháðum aðila og að framkvæmdarvaldið komi ekki fram með þær upplýsingar sem þingmenn stjórnarandstöðunnar telja sig þurfa á að halda á hverjum tíma.

Það vekur líka athygli í þessum málatilbúnaði öllum að maður átti nú von á því að þegar verið væri að leggja niður opinberar stofnanir þá mundi verða hagræðing af því að færa til verkefni og fela þau öðrum þannig að einhver kostnaðarminnkun yrði af. En samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum er farin leið sem leiðir til mikils kostnaðarauka og hann er verulegur. Talað hefur verið um jafnvel 50 milljónir, a.m.k. nokkur fyrstu árin. Við erum því ekki að leggja fram tillögu sem lýtur að því að spara peninga fyrir ríkið, enda held ég að þegar upp er staðið geti sú hugsun að spara peninga með þeim hætti að láta vinna upplýsingar í stofnunum eða ráðuneytum sem lúta að framkvæmdarvaldinu aldrei leitt til góðs. Það leiðir til illdeilna um upplýsingarnar hér inni í þinginu, við höfum reynslu af því, og þess vegna er það svo mikilvægt að þetta sé hlutlaus aðili og hann lúti sem sagt ekki framkvæmdarvaldinu.

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst og fremst koma þessum málum á framfæri en samkvæmt gildandi lögum er Þjóðhagsstofnun falið að sinna eftirtöldum verkefn um að:

1. Færa þjóðhagsreikninga.

2. Semja þjóðhagsspár og -áætlanir.

3. Semja og birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum.

4. Annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

5. Láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.

6. Veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Nú er ég á því að sum þessara verka gætu verið hjá öðrum stofnunum þar sem er verið að setja niður á blað og birta praktískar upplýsingar. En stór hluti af þeirri starfsemi sem fer fram í Þjóðhagsstofnun er til geysilega mikils gagns og stuðnings, sérstaklega fyrir þingmenn stjórnarandstöðunnar vil ég meina.

Minni hluti efh.- og viðskn. hefur sett frá sér stórt og mikið nál. sem fjallar um málið og færir rök fyrir því hvers vegna á ekki að fara þessa leið. Minni hlutinn bendir á að verkefnaflutningarnir séu mjög ómarkvissir og það liggi ekkert fyrir hvar verkefnin eigi að vistast nema í grófum dráttum og það er jafnvel talað um að sum verkefnanna megi framkvæma á hinum frjálsa markaði. Það væri mjög mikið gagn að því fyrir þingið að málið hefði verið unnið öðruvísi þannig að menn gætu áttað sig á því hvernig menn vildu nálgast þetta og þá sérstaklega í þessu nýja ljósi sem kemur fram í andsvörum hæstv. forsrh. að hann sjái fyrir sér samninga á vegum þingsins við óháðan aðila eins og háskólann sem gæti gefið þessar upplýsingar. Mér finnst því málið vera komið í nýtt ljós þegar menn eru að tala um að annaðhvort með samningum eða með því að ráða mannskap hér að þinginu sem vinnur slík störf þá séum við nú komin ansi nærri því að flytja alla vega hluta Þjóðhagsstofnunar undir þingið, ef menn tala í þeim dúr sem hér hefur átt sér stað núna á síðustu klukkutímunum. Ég held því að hv. þingmenn, sérstaklega stjórnarandstöðunnar, hefðu þurft að fá miklu haldbetri upplýsingar um það hvernig menn hugsa sér að standa að slíkum verkefnaflutningi.

Minni hlutinn bendir líka á að kostnaðurinn blæs út. Rekstur stofnunarinnar kostar núna 132 millj. kr. á fjárlögum 2002 og talið er að með þeim breytingum sem nú eru fyrirhugaðar af hæstv. ríkisstjórn verði þar um verulegan kostnaðarauka að ræða.

Síðan kemur fram í minnihlutaáliti, og ástæða er til þess að hafa áhyggjur af því, að sjónarmið starfsmanna stofnunarinnar virðast algjörlega hafa verið hunsuð, þeim hafi á einn eða annan hátt verið tilkynnt um hvert stefndi en framkvæmdarvaldið og hæstv. ríkisstjórn hafi ekki á nokkurn hátt leitað eftir áliti þeirra.

Með því að færa, eins og ég kom inn á áðan, verkefnin inn í stofnanir framkvæmdarvaldsins, inn í ráðuneytin, Hagstofuna o.s.frv. er verið að skapa grunn fyrir tortryggni á verklag. Það er engum vafa undirorpið og það er mesta áhyggjuefnið. Þá gætum við lent í því að menn tortryggðu niðurstöður og segðu sem svo að spágerð mundi lúta pólitísku forræði. Verði þetta raunin er alveg klárt í mínum huga, eins og minni hluti efh.- og viðskn. bendir á, að við erum að veikja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og það er kannski stærsta málið í þessu öllu. Þá kem ég enn og aftur að þáltill. sem lögð var fram af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Steingrími J. Sigfússyni um að færa Þjóðhagsstofnun eða þá starfsemi sem heyrir undir hana í dag að einhverju eða öllu leyti undir forræði Alþingis. Það hefði verið heillavænlegt skref.

Í minnihlutaálitinu er síðan farið yfir afstöðu heildarsamtaka launafólks. Það gefur augaleið að auðvitað munu heildarsamtök launafólks eins og ASÍ sem hefur gríðarlega mikla starfsemi á sínum vegum í sambandi við þjóðhagsspár, fagna því að vissu leyti ef hæstv. ríkisstjórn og framkvæmdarvaldið eru með plön um að veita þeim framlög til þess að auka starfsemi sína. Ég get vel skilið það. En fulltrúi BHM bendir á að það gengur ekki að bjóða samtökum upp á að leita eftir úrvinnslu upplýsinga og spágerð hjá fjmrn. sem er aðalviðsemjandi þeirra í kjarasamningum, svo dæmi sé nefnt. Jafnframt telja þau samtök eðlilegt að gætt sé jafnræðis ef veita á ASÍ sérstakan stuðning til að gera eigin

rannsóknir og spár og minni hluti efh.- og viðskn. tekur undir þau sjónarmið.

Minni hluti efh.- og viðskn. leggst alfarið gegn því að leggja niður Þjóðhagsstofnun með þeim rökum sem lýst er í greinargerð með frv. Framvinda þessa máls er því mikið áhyggjuefni víða í samfélaginu og náttúrlega ekki síst á hinu háa Alþingi, og aðallega, og það stendur upp úr í umræðunni, snúast áhyggjur manna um hlutleysi þess sem gefur upplýsingarnar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á í ræðu sinni að ef veita á félagasamtökum t.d. félagasamtökum launafólks framlög til þess að gera hagspár munu náttúrlega allir vilja sitja við sama borð hvað það varðar þannig að e.t.v. horfum við fram á það, ef fylgja á þessari formúlu, að kostnaðurinn verði enn þá meiri en menn eru að spá fyrir um í þeim plöggum sem liggja fyrir framan okkur.

Virðulegi forseti. Þó ég hafi ekki langa þingreynslu eins og ég sagði áðan held ég í ljósi sögunnar, en manni skilst af umræðunni að þetta mál hafi verið rætt á þungum nótum meira og minna í tíu ár, að hægt hefði verið að standa öðruvísi að vinnslu málsins og komast að niðurstöðu sem hefði verið ásættanleg fyrir alla, þ.e. um breytingar á starfseminni og að einhverju leyti um að færa verkefni sem Þjóðhagsstofnun vinnur út í aðrar stofnanir – ekkert er því til fyrirstöðu — en setja á sama tíma upp einhvers konar skrifstofu tengda Alþingi sem veitir hlutlausar upplýsingar sem eru stjórnarandstöðunni bráðnauðsynlegar og bráðnauðsynlegar þinginu til þess að friður verði um þingstörfin í kringum umfjöllun um efnahagsmál. Ég held að það sé meginmálið. Ef það verður ekki gert, virðulegi forseti, held ég að við séum að efna til ófriðar í framtíðinni í umræðu um efnahagsmál og stjórn efnahagsmála vegna þess að þá muni fylkingarnar, stjórnarliðar og stjórnarandstaða, takast á um hvaða upplýsingar séu réttar og hvaða upplýsingar séu ekki réttar. Það er vondur grunnur að byggja á. Formúlan er einhvers konar stofnun tengd Alþingi með hæfu fólki sem getur gefið hlutlausar upplýsingar. Við höfum t.d. góða reynslu af Ríkisendurskoðun sem er undir stjórn Alþingis og maður getur vel ímyndað sér að Þjóðhagsstofnun yrði stofnun á einhverjum svipuðum nótum. Ég hef ekki orðið var við það í störfum mínum á hinu háa Alþingi í þann stutta tíma sem ég hef starfað hér að menn væru að tosast á um áreiðanleika upplýsinga sem koma t.d. frá Ríkisendurskoðun. Ef menn settu upp einhvers konar skrifstofu á svipuðum nótum um þessi mál, mál Þjóðhagsstofnunar, ef þau væru tengd Alþingi þá bindur maður vonir við að friður verði um þá upplýsingagjöf og ekki þyrfti að eyða tíma hv. þingmanna í framtíðinni í endalaust karp um hvaða tölur og hvaða spár hafi þann áreiðanleika sem hægt er að byggja á.

Það er eðlilegt að þingmenn stjórnarandstöðunnar spyrni við fótum vegna þess að við upplifum það í hverjum mánuði að framkvæmdarvaldið er að styrkja stöðu sína. Það er alla vega mín tilfinning. Hingað koma inn mál eftir mál þar sem aðkoma þingmanna er veikt. Við verðum því að vera á varðbergi og gæta þess að þingstörf geti átt sér stað á sem eðlilegustum nótum og menn þurfi ekki að eyða tíma sínum á hinu háa Alþingi í að rífast um grundvallaratriði, þ.e. grunnupplýsingar, hvort þær komi frá hlutlausum, ábyggilegum aðilum eða ekki. Það tel ég meginmálið í þessari umræðu. Ég segi fyrir mína parta að það ætti að hvíla þetta mál, fara yfir það í nýju ljósi og koma með það í nýjum búningi í þingið á haustdögum og hafa þá með í farteskinu form á þeirri stofnun eða starfsemi sem þingið gæti reitt sig á, hvort sem það yrði samningur við óháða aðila sem þingmenn gætu fallist á, t.d. Háskóla Íslands eða þá stofnun deildar eða stofnunar sem lyti Alþingi og menn gætu sæst á um að væri hlutlaus ráðgjafi í þeim málum sem heyra undir Þjóðhagsstofnun eins og hún er rekin núna. Ég held að það sé meginmálið og þess vegna legg ég til, virðulegi forseti, og skal hafa það lokaorð í ræðu minni, að menn skoði þessi mál í því nýja ljósi. Ég er viss um að miklu betri sátt næst um allar breytingar sem menn vilja gera ef þetta mál verður látið bíða í sumar, unnið í því og að síðan verði komið með heildarpakka sem Alþingi getur sætt sig við á næsta þingi, strax í haust, og þá verður sérstaklega að hnýta inn í þann pakka stöðu Alþingis hvað varðar upplýsingagjöf af því tagi sem hér er rætt um.

[18:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að menn í þinginu verði nú seint þeirrar gerðar að þeir hætti að rífast um tölur. Þá breytast þeir mikið. Þó nú sé talað fallega hér um Þjóðhagsstofnun þá hef ég nú í mínu minni allmargar ásakanir hér í þessari stofnun um að tölum hennar megi í ýmsum tilvikum vart treysta, að hún sé að ganga erinda ríkisstjórnar o.s.frv. Það hef ég út af fyrir sig heyrt.

En það er nákvæmlega það sem felst náttúrlega í tillögum manna sem vildu færa Þjóðhagsstofnun frá forsrn. undir Alþingi. Forsendan var sú að henni væri ekki treyst meðan hún væri undir forsrh. Þó menn kjósi að tala núna eins og hún sé algjörlega hlutlaus og allir megi treysta henni þá var undirrót þess að leggja til að hún yrði færð frá forsrh. í þingið sú að menn treystu henni ekki. Ég hef líka heyrt menn gagnrýna hér Ríkisendurskoðun og aðferðafræði hennar í gegnum tíðina þannig að engin stofnun er slík að allir telji sér fært að líta til himnaríkis þegar þær koma fram með fullyrðingar sínar.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði. Mér finnst þingmenn svolítið glannalegir í því margir hverjir — ekki endilega síðasti ræðumaður en þó vottaði fyrir því — að tala eins og ráðuneytunum sé bara alls ekki treystandi, þau gangi um ljúgandi í þingmenn hvenær sem þeim hentar. Ég vek athygli á því að reglubundið koma fram fyrirspurnir sem óskað er að svarað sé skriflega af hálfu einstakra ráðuneyta. Þetta er gert í tugum tilvika. Ég man ekki eftir því að því hafi verið haldið fram að þessum upplýsingum mætti ekki treysta, að verið væri að reyna að fegra þær í þágu viðkomandi ráðherra eða þess háttar. Ég held því fram að ráðherrarnir lesi yfirleitt ekki sjálfir þessi svör yfir, þeir framsendi þau til þingsins í góðri trú um að þetta hafi verið unnið faglega enda man ég varla eftir því að hv. þingmenn hafi gagnrýnt skrifleg svör tugum saman úr hinum og þessum ráðuneytum á þeirri forsendu að þar hafi menn verið að falsa upplýsingar.

[18:58]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. segir að við mærum störf Þjóðhagsstofnunar í þessari umræðu. En ég nefndi að það var á þinginu í fyrra sem fram kom þáltill. frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Steingrími J. Sigfússyni, um að breyta stofnuninni og færa hana undir Alþingi. Þar voru settar fram tillögur. Ég taldi mig því ekki vera að segja að stofnunin væri yfir gagnrýni hafin. Ég tel mig ekki glannalegan þó að ég segi það bara af minni reynslu — ég held að enginn vantreysti ráðuneytunum. Á þessum þremur árum sem ég hef starfað á hinu háa Alþingi

hafa menn viljað fá hlutlausa yfirferð á málum, sérstaklega átakamálum sem koma úr ráðuneytunum og ég held að það sé mjög nauðsynlegt til þess að þingstörf geti gengið greiðlega fyrir sig. Þó svo að það sé kannski þannig nú að menn takist ekkert mikið á um tölfræðilegar upplýsingar sem koma úr ráðuneytunum þá getur þróun í þá átt að upplýsingar sem hv. þm. þurfa að byggja á komi einhliða þaðan leitt til ófarnaðar. Það er það sem ég er fyrst og fremst að segja. Við verðum að hafa þennan möguleika til þess að afla upplýsinga og fá upplýsingar frá aðilum sem allir eru sæmilega sáttir um að séu hlutlausir gagnvart hinum. Það taldi ég mig vera að segja með málflutningi mínum. Ég tel því að við hæstv. forsrh. séum ekkert ósammála í grunninn. Ég hef aldrei sagt að ég teldi að ráðuneytismenn væru að fylgja einhverri línu ráðherra í einu og öllu. Ég hef ekki vantreyst þeim á þann hátt. En hlutlausar upplýsingar eru engu að síður nauðsynlegar að mínu mati.

[19:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ýmsir hafa gert því skóna að efnahagslegum upplýsingum frá fjmrn. mætti vart treysta á sama hátt og frá Þjóðhagsstofnun. Hugsum okkur nú að fjmrn. legði fram þjóðhagsspár eða þess háttar hluti við gerð einna fjárlaga. Síðan stæði ekki steinn yfir steini þegar næstu fjárlög yrðu lögð fram vegna þess að ráðuneytinu hefði mistekist í öllum sínum spám. Hvernig halda menn að það mundi virka fyrir fjmrn. eða viðkomandi fjmrh.? Ég hygg að engum fjmrh. dytti annað í hug en að leggja fram spár sem þeir tryðu á sjálfir, tryðu a.m.k. að væru unnar eftir bestu getu.

Ég hygg að með mér í ríkisstjórn hafi starfað einir 25 ráðherrar. Ýmsir þeirra eru núna í stjórnarandstöðu, til að mynda er einn hér í gættinni. Ég er viss um að þeim ráðherra, eða öðrum þeim ráðherrum sem með mér hafa verið, hefur aldrei dottið í hug að biðja embættismenn sína að setja ósannindi inn í svör til þingsins enda yrði það mikið alvörumál ef upp kæmist. Ráðherrann gæti ekki horft framan í sjálfan sig, hvað þá framan í þingheim, ef það kæmi fram. Menn skulu hafa hugfast að spurningar sem koma frá þinginu eru teknar mjög hátíðlega og alvarlega.

Það er ekki alltaf þægilegt að fá spurningar. Stundum bregður samt spyrjendum þegar þeir sjá svörin sem embættismenn hafa unnið að beiðni þeirra. Stundum græða nefnilega ráðherrarnir heilmikið á því að fá spurningar frá þingmönnum því jafnvel er tekið á hlutum sem ráðherrann hafði ekki spurt um sjálfur í sínum daglegu önnum og þá græðir hann á því að þingmenn leggja til að unnin séu svör fyrir þingheim.

[19:03]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo bregður við að ég er sammála hæstv. forsrh. um að í stöðunni eins og hún er í dag dytti auðvitað engum í hug að reyna að falsa upplýsingar, allra síst úr fjmrn. Ég er alveg sammála því að staða mála er þannig í dag með hagdeildum eins og t.d. hjá samtökum launafólks og bönkunum að slíkar falsanir stæðust aldrei og menn hefðu ekki uppi tilburði til þess. Það er ekki það sem ég er að tala um.

Það sem hér er verið að tala um er hlutleysi aðila og jafnframt er þetta spurning um traust. Til hvers á að fara til að fá upplýsingar? Það held ég að sé mjög mikilvægt og það stóð upp úr í mínum málflutningi. Ég gat ekki betur heyrt en að hæstv. forsrh. væri á því að það væri skynsamlegt að alþingismenn hefðu þennan möguleika, annaðhvort með samningum við háskólann eða þá sérstaka stofnun sem yrði tengd Alþingi. Ég held að ágreiningurinn sé ekki ýkja mikill og ég er sammála skilgreiningu hæstv. forsrh. á því að auðvitað er staðan í þessum málum öllum í dag þannig að engum dytti í hug að blekkja vísvitandi. Menn mundu missa andlitið, hvort sem þeir væru að vinna að þessum málum í banka eða á vegum verkalýðssamtaka eða í fjmrn., ef þeir væru með einhverja slíka tilburði. Allir gera sér grein fyrir því í dag.

En það er spurning um að allir hafi traust og þau verkfæri sem þeir telja sig þurfa á að halda til að geta unnið vinnuna sína. Það er ósköp einfalt í mínum huga.

[19:05]

Útbýting þingskjala:

Umferðarlög, 652. mál, nál. allshn., þskj. 1258; brtt. allshn., þskj. 1259.

Vörur unnar úr eðalmálmum, 620. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1260.

[19:05]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að fara aðeins yfir sannfæringu mína varðandi hlutverk þingmanns. Í mínum huga er hlutverk hans að stuðla að því á allan mögulegan hátt að uppbygging þjóðfélagsins haldi stöðugt áfram á eðlilegan máta og í samræmi við þarfir eins og þær eru á hverjum tíma. Það er hlutverk þingmanns að líta til þess að farið sé að lögum og þau sett eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Atvinnulífið, framleiðsla, viðskipti, menntun og grunnþjónusta eru lyklar þeirrar undirstöðu sem öll okkar velferð byggist á.

Í síbreytilegu heimsumhverfi verða menn á heimaslóð að aðlagast því sem er að gerast. Ef tækniframfarir verða tilteinkum við okkur þær, annars drögumst við aftur úr. Ef ástand breytist á einhvern hátt í heiminum verðum við samstundis að bregðast við. Við verðum að taka tillit til annarra og leggja okkar af mörkum til að veröldin sem við lifum í verði sem best.

Þessi aðfaraorð eru eðlileg í ljósi þess sem undirritaður leyfði sér að segja við 1. umr. um það mál sem hér er til umfjöllunar, þ.e. að leggja af Þjóðhagsstofnun. Af því að hæstv. forsrh. ræddi um spurningar þingmanna og svör úr ráðuneytum má ég til með að byrja á því, virðulegur forseti, að taka undir að veitt svör eru almennt mjög skýr og hrein, eindregin svör við því sem spurt er um. Þó hefur undirritaður búið við það að við sérstakri fyrirspurn, einmitt til þess ráðuneytis sem rætt var um áðan, fjmrn., voru svörin a.m.k. loðin og teygjanleg á sínum tíma, að ekki sé meira sagt. Þær vörðuðu Lánasýslu ríkisins og það þurfti að spyrja þrisvar sinnum til að fá niðurstöðu. Ef til vill má segja að spurningarnar hafi ekki verið nógu skýrt fram settar á þeim tíma. Þó töldu hæfir menn sem ég bar mál mitt undir að nægilega skýrt hefði verið spurt í upphafi. Um þetta mál er síðan búið að fjalla töluvert, menn vita sitthvað um það og ég þarf ekki að ræða það frekar. Ég get þó vottað að engin lygi var fram borin. Það var bara ekki allt sagt, ekki fyrr en í þriðju tilraun.

Í Hávamálum segir, með leyfi forseta:

Veistu hve rísta skal?
Veistu hve ráða skal?
Veistu hve fá skal?
Veistu hve freista skal?

Veistu hve biðja skal?
Veistu hve blóta skal?
Veistu hve senda skal?
Veistu hve sóa skal?

Virðulegur forseti. Á undanförnum dögum hef ég mikið velt fyrir mér þeirri aðgerð að leggja niður þessa stofnun sem við, þingmenn, og ekki síst þeir þingmenn sem sitja í hv. fjárln., höfum leitað til. Hvernig snýr þetta mál við okkur og hvert eigum við að snúa okkur framvegis? Ég lýsti því í fyrstu ræðu minni um þetta mál að ég væri ósáttur vegna þess að ég vissi ekki hvað koma skyldi. Ég er ekki enn búinn að fá svör við því. Ég hef aðeins heyrt hugleiðingar. Þess vegna er það að í hvert skipti sem ég hef litið í bók eða hugsað um þessi mál er eitthvað að brjótast um í mér. Við lestur þessa erindis úr Hávamálum fór ég að velta fyrir mér þýðingu þess. Veistu hve rísta skal? Að rísta þýðir að rista valrún. Hún var sett fram fyrir bardaga. Veistu hve ráða skal? Það þýðir að koma fyrir kattarnef. Veistu hve fá skal? Það þýðir að láta líta vel út. Veistu hve freista skal? Það þýðir að ginna. Veistu hve biðja skal? Það þýðir að sleppa við. Veistu hve blóta skal? Það þýðir að færa fórn. Veistu hve senda skal? Það þýðir að láta fram fara. Veistu hve sóa skal? Það þýðir að verja illa.

Þessar skýringar sem ég fer hér með hafa allar verið að bögglast fyrir mér aftur á bak og áfram. Þegar ég var svo á ferð í dag voru að brjótast um í mér línur úr uppáhaldskvæði eftir stórskáldið Einar Benediktsson, úr kvæðinu „Móðir mín", einkum þessi orð, með leyfi forseta: „Ég skildi, að orð er á Íslandi til / um allt, sem er hugsað á jörðu."

Kannski er það þannig að við getum fundið skýringar á öllu með því að leita í okkar ástkæra, ylhýra mál.

Ég gæti lagt, virðulegi forseti, í langtum lengra máli út af þessum orðum í Hávamálum vegna þess að það er hægt að búa um allt Þjóðhagsstofnunarferlið á bak við þau orð sem ég skýrði áðan, meira að segja aftur til 1991 þegar minn flokkur, Alþýðuflokkurinn þáverandi, var með í hugleiðingum um að breyta Þjóðhagsstofnun — eða leggja hana niður og að annað kæmi í staðinn. Ég sagði, virðulegur forseti, í fyrri ræðu minni að ég væri ekki á móti breytingum. Ég vil hins vegar skýlaust fá að vita hvað kemur í staðinn, minnugur þess að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Því segi ég að á sjö ára tímabili mínu í fjárln. hefur mér lærst að það er mismunur á milli upplýsinga, það eru mismunandi upplýsingar sem fjárlaganefndarmenn fá frá mismunandi stofnunum. Og það er rétt, virðulegur forseti, sem hæstv. forsrh. sagði áðan — ekkert er hafið yfir gagnrýni. Þó er það svo að undanfarin ár höfum við sem sitjum í fjárln. og höfum ekki hagfræðiþekkingu getað reitt okkur á útgefin rit, útgefnar spár og útgefnar þjóðhagsáætlanir sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram. Við höfum getað skoðað þetta aftur á bak í tíma og þar með séð að á þessu var að byggja. Því miður verð ég að segja að gögnum sem fulltrúar fjmrn. lögðu fyrir fjárln. sl. haust bar ekki saman við gögn Þjóðhagsstofnunar. Það var nokkur munur þar á. Þetta olli auðvitað miklum heilabrotum og vangaveltum. Það var alveg sama hvað við bárum fyrir okkur í viðræðum við fulltrúa fjmrn., þeir héldu fast við sitt. Við fengum alla þessa sígildu aðila á fundi, við fengum umsögn úr Seðlabanka, frá Ríkisendurskoðun að því leyti sem hægt var að fá hana, og það er auðvitað á mörgu að byggja, og að mörgu að hyggja reyndar, þegar verið er að velta fyrir sér gagnsemi slíkrar stofnunar sem Þjóðhagsstofnun er, og þá ekki bara fyrir Alþingi. Það skiptir þjóðarbúskapinn í heild máli því að Þjóðhagsstofnun gerir þjóðhagsreikninga og í þjóðhagsreikningum er hægt að fara yfir gögn og útreikninga aftur á bak í tíma og skoða hvernig áætlanir hafa staðist miðað við framlagðar tillögur.

Eitt skal ég fúslega játa að við fjárlagagerð hafa mál þróast þannig á undanförnum árum, sérstaklega eftir tilkomu fjárreiðulaganna, að þar hafa vinnubrögð allra batnað að mínu mati og orðið til hins betra. Samt sem áður tel ég að stofnun eins og Þjóðhagsstofnun, einhver sambærileg stofnun þurfi að vera til, sem fjallar um landsframleiðslu og þjóðartekjur, sem fjallar um magnvísitölur og landsframleiðslu einstakra þátta. Það þarf að skoða árlega meðalvöxt þjóðarframleiðslu. Það þarf að skoða lands- og þjóðarframleiðslu á verðlagi hvers árs eins og það liggur fyrir. Það þarf að skipta landsframleiðslu upp í þætti. Það þarf að skoða þjóðhagslegan sparnað og samhengi helstu þjóðhagsstærða. Það þarf að skoða hlut atvinnuveganna í landsframleiðslu. Það þarf að skoða magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar. Það þarf að skoða einkaneysluna. Það þarf að skoða samneysluna. Það þarf að skoða fjármunamyndun og það þarf að skoða marga þætti, fjölmarga þætti. Þetta hefur þessi stofnun, Þjóðhagsstofnun, farið með og fjallað um. Ég gæti, virðulegur forseti, rakið miklu fleiri atriði með tilvitnun í plagg sem er um þjóðhagsreikningana. En ég læt þetta nægja sem dæmi. Ég tel að þessir hlutir séu mjög nauðsynlegir. Ég er ekki að segja að þeir geti ekki farið fram annars staðar. En ég er svo hræddur um að þetta brenglist vegna þess að jafnvel þótt ég treysti ASÍ vel þá eru það hagsmunasamtök sem vinna háð sínum umbjóðendum. Sama má segja um Vinnuveitendasambandið. Sama má segja um BSRB. Sama má segja um bankana sem eru háðir eigendum sínum. Þess vegna setti ég það fram í fyrstu ræðu minni um þetta mál að það yrði að vera klárt hvað ætti að koma í staðinn.

Ágætir félagar mínir úr Samfylkingunni hafa lagt fram hugmyndir um að e.t.v. mætti setja upp hagdeild við þingið. Til hvers? Jú, til þess að gefa ráð í einstökum tilvikum sem varða efnahagsmál. Slík deild gæti aldrei fjallað nema mjög takmarkað um þær stærðir og atriði sem ég rakti hér áðan.

Við þurfum að vita staðreyndir um einkaneyslu á hverju ári. Við þurfum að vita staðreyndir um samneyslu hins opinbera. Við þurfum að vita magnvísitölu fjármunamyndunar á hverju tímabili fyrir sig, hvort sem það eru þrjú ár, fjögur ár eða tvö ár eða hvernig við hugsum þetta. Þetta eru grunnatriði sem ég fékk ekki svör við í fyrstu ræðu minni, virðulegur forseti, hvernig menn ætluðu að leysa. Talað er um að til séu greiningarstofnanir við hin ýmsu fyrirtæki, t.d. bankana. Það er reynar vísað til háskólans og vel má vera að háskólinn geti sett upp svið ef honum yrðu skaffaðir fjármunir til þess. Ég vonast til þess að það fólk sem vinnur hjá Þjóðhagsstofnun fái störf á sambærilegu sviði og það hefur verið að vinna við því að eins og ég skil þá hluti sem þar hafa verið unnir þá eru það leiðbeiningar til atvinnulífsins, til ríkisstjórnar, til stjórnarandstöðu og nær því að segja til hvers einasta aðila í samfélaginu sem er háður efnahagsaðgerðum, og þeim eru allir háðir.

Virðulegur forseti. Ég held á plaggi frá því í október 2000 sem fjallar um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun. Þetta er greinargerð unnin fyrir nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Virðulegur forseti. Hverjar eru helstu niðurstöður? Helstu niðurstöður eru, með leyfi forseta:

„Hlutdeild samdráttarstaðanna í veiðiheimildum í þorski

hefur minnkað verulega á undanförnum árum en hlutdeild vaxtarstaðanna hefur aukist á sama tíma.“

Virðulegur forseti. Af því þetta er frekar stirfið mál ætla ég að reyna að útskýra hvað þetta þýðir. Á litlu stöðunum fyrir vestan og litlu stöðunum fyrir austan sem hafa misst veiðiheimildirnar hefur fólkinu fækkað en á stóru stöðunum sem hafa náð til sín veiðiheimildunum hefur fólkinu fjölgað. Þetta er staðreynd. Þetta er óþægileg staðreynd sem segir að fiskveiðistjórnarkerfið sem við höfum búið við er gallað.

Í öðru lagi segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Samband milli úthlutaðra og raunverulegra veiðiheimilda er margslungið, m.a. vegna þess hversu algengt er að útgerðarmenn breyti þeim með leigu og flutningi milli skipa sem geta verið gerð út frá mismunandi stöðum.“

Hvað er Þjóðhagsstofnun að segja okkur með þessum orðum? Ég vil skilja þetta þannig að galli sé á því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við og að hann þurfi að laga. Þetta er greinargerð og skýrsla um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun sem er gerð fyrir nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Enn segir, með leyfi forseta:

„Ráðstöfun afla hefur breyst verulega á undanförnum árum. Á mesta samdráttartímanum lagðist útflutningur á óunnum afla nær alveg af. Útgerð verksmiðjuskipa hefur breytt ráðstöfun afla en á þeim stöðum sem hér eru til athugunar er sú breyting ekki umtalsverð. Mesta breytingin er á því hversu miklu meiri afli fer til vinnslu utan heimahafnar skips.“

Þetta þarf ekki að skýra, virðulegur forseti. Þetta eru hlutir sem fylgja því stjórnkerfi fiskveiða sem við búum við.

Virðulegur forseti. Niðurstaða mín bara eftir skoðun á fyrstu síðu, þ.e. niðurstöðum frá Þjóðhagsstofnun, er að ég skil þetta sem svo að því kerfi sem við búum við þurfi að breyta. Hér er um að ræða ráðgjöf sem mér sýnist að fari í andstöðu við stefnu og vilja hæstv. ríkisstjórnar. Með leyfi forseta, ætla ég að vitna í síðasta punktinn um helstu niðurstöður Þjóðhagsstofnunar. Þar segir:

„Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað á samdráttarstöðunum en fjölgað á vaxtarstöðunum. Samdrátturinn í sjávarútvegi virðist þó vera hluti af almennum samdrætti á samdráttarstöðunum, enda er fækkun sjávarútvegsstarfa 38% af heildarfækkun starfa. Á vaxtarstöðunum hefur störfum í öðrum greinum ekki fjölgað þótt sjávarútvegurinn hafi eflst. Skýringa er að einhverju leyti að leita í því að aðrar framleiðsluatvinnugreinar hafa dregist saman.“

Í þessari skýrslu er síðan farið yfir þá 20 útgerðarstaði þar sem íbúum fækkaði hlutfallslega mest á árunum 1989–1999 og það í réttu hlutfalli við það sem fiskveiðiheimildir þessara staða hafa dregist saman. Hér segir:

„Vaxtarstaðir: Tíu útgerðarstaðir þar sem íbúum fjölgaði hlutfallslega mest 1989–1999.“

Það er skýrt og klárt að þarna ræður mestu það stjórnkerfi sem við búum við. En þetta er ráðgjöf. Þetta er ábending frá þessari stofnun. Þessi ábending er ábyggilega óþægileg fyrir þá aðila sem eru ósammála eða þá sem vilja halda í það kerfi sem við höfum búið við en hefur leitt til þeirrar byggðaþróunar sem er staðreynd, þ.e. að fólki fækkar á litlu stöðunum úti á landi og fólki fjölgar þar sem aflaheimildirnar eru mestar og stóru útgerðarfyrirtækin eru, þ.e. á þéttbýlisstöðunum.

Þjóðhagsstofnun hefur leitt til margs góðs, t.d. hafa ráðuneytin, m.a. samgrn., fengið yfirlit um þróun og umfang ferðaþjónustu á Íslandi og þar er margt að sjá. En þar ber niðurstöður, virðulegur forseti, að sama brunni og ég var að nefna áðan varðandi fiskveiðar og byggðaþróun. Þar hefur nefnilega líka dregist saman.

Þjóðhagsáætluninni fyrir árið 2002 var fylgt úr hlaði af hálfu hæstv. forsrh. á sínum tíma. Þetta er mikið plagg upp á ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. velvirðingar, en vill spyrja hvort nokkur möguleiki sé á því að hann ljúki ræðu sinni fyrir klukkan hálfátta, þ.e. eftir tvær mínútur.)

Virðulegur forseti. Enn á ég eftir nokkurt efni og vildi gjarnan koma því frá mér. Ég reikna með að það gæti numið 20 mínútum eða svo.

(**Forseti** (GÁS): Þá vill forseti fara þess á leit við hv. þm. að hann geri hlé á ræðu sinni því nú fara fram nefndafundir þannig að óhjákvæmilegt er annað en að gera hlé á umræðum í þinginu. Hentar hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni núna?)

Virðulegur forseti. Það getur alveg gengið. Ég var rétt að koma að þjóðhagsáætlun fyrir árið 2002 þannig að ég get bara hafið mitt mál á því.

[Fundarhlé. — 19:28]

[20:30]

Gísli S. Einarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var kominn á nokkuð þungan og góðan skrið í ræðu minni. Kannski verður erfitt að ná sér í gang aftur frá þeim punkti sem ég var staddur. Ég minnist þá gamalla sagna um gufuvélina stóru við raforkuvirkjun í Álaborg sem var með svinghjól sem var 70 m í þvermál. Það var erfitt að koma þeirri vél af stað en þegar hún var komin í gang var erfitt að stoppa hana og það þurfti tvo daga til að stöðva svinghjólið eftir að vélin var hætt að ganga. Ég vona að svo verði ekki með mig en það er aldrei gott að stoppa í miðri ræðu.

Ég var kominn þar að, virðulegur forseti, að ég var að nokkru leyti að lýsa þeirri vinnu sem fram hefur farið í Þjóðhagsstofnun. Í upphafi máls vitnaði ég til merkilegs kvæðis úr Hávamálum og á eftir að fjalla frekar um og mun í lok máls mín útskýra nákvæmlega við hvað ég átti með því að vitna til þess sem í Hávamálum segir.

Ég hef verið að reyna að lýsa ferlinu varðandi Þjóðhagsstofnun út frá þessari tilvitnun og síðan þeim störfum sem stofnunin hefur skilað. Hún hefur svo sannarlega verið leiðbeinandi, ekki aðeins fyrir þingið heldur og fyrir atvinnulífið, fyrir efnahagsstefnuna og eins og ég kom að hér áðan í ræðu minni, hefur stofnunin haft veruleg áhrif á aðgerðir ríkisstjórna. Margt af því sem Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram hefur að því er virðist komið illa við hæstv. ríkisstjórn. Ég rakti m.a. hvernig ábendingar frá Þjóðhagsstofnun hafa sýnt fram á samfylgni milli sjávarútvegskerfisins á Íslandi og byggðamála, þ.e. hvernig fækkað hefur í byggðunum í kjölfar þessarar fiskveiðistjórnarstefnu.

Það fer ekki á milli mála að ábendingar Þjóðhagsstofnunar koma sér ekki vel fyrir hæstv. ríkisstjórn. Kannski er það ástæðan fyrir áætlunum ríkisstjórnarinnar, að menn vilja ekki hafa þannig aðila sem segir óþægilega til syndanna. Vitna má til síðustu þjóðhagsáætlunar sem hæstv. forsrh. bar hér fram í haust. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nokkur veðrabrigði hafa orðið í íslenskum þjóðarbúskap að undanförnu. Eitt mesta góðæri í sögu landsins virðist á enda í bili og við tekur hægari gangur um sinn á meðan efnahagslífið safnar kröftum ...“ — Þessi orð féllu auðheyrilega ekki í góðan jarðveg. Því var fylgt eftir sem lengi hafði verið á döfinni, þ.e. að leggja stofnunina niður. Hver er svo

ástæðan fyrir þessum veðrabrigðum sem lýst er? Um það segir á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Þessi niðursveifla stafar einkum af því að þjóðarútgjöld hafa aukist mun hraðar en þjóðartekjur ...“

Virðulegi forseti. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur að ógætilega hafi verið farið í efnahagsmálum. Auðvitað er vont fyrir hæstv. ríkisstjórn að fá svona umsögn. Þetta er auðvitað ekkert annað en harður dómur yfir gjörðum hennar, staðreyndir sem staðfestu það sem Þjóðhagsstofnun hafði sett fram í ritinu „Þjóðarbúskapurinn. Framvindan 2000 og horfur 2001“. Þetta er bara staðreynd. Í annál efnahagsmála ársins 2000 er því spáð að svona muni fara. Það hefur leitt til þess, virðulegur forseti, að hæstv. ríkisstjórn lýsir óánægju með þessa stofnun og ætlar að setja hana af alveg sama hvaða rök eru færð á móti aðgerðinni.

Ég tel að gífurleg útlánaaukning, slök hagstjórn 1998 og 1999 og almennar launahækkanir umfram launabreytingar í helstu viðskiptalöndum, hafi í raun viðhaldið uppgangi og eftirspurn í efnahagslífinu á þessum tíma. En hvert var andlagið, virðulegur forseti? Andlagið var mikill viðskiptahalli, erlend lántaka bankakerfisins. Hallinn sem myndaðist gat ekki staðist til lengdar nema með þeim afleiðingum sem við þekkjum. Það er ástæða til þess að rekja það sem fram kom í síðustu þjóðhagsáætlun fyrir árið 2002. Spáin gefur til kynna að einkaneysla, samneysla og fjárfesting feli í sér að þjóðarútgjöldin í heild dragist saman um 1,8% á árinu 2001 og 2,5% á árinu 2002. Þetta leiðir auðvitað til þess að viðskiptahallinn hlýtur að minnka. Hverjar eru afleiðingarnar? Þær höfum við séð á undanförnum mánuðum, gengisfellingu upp á tugi prósentna á tímabili þó heldur hafi menn náð að rétta úr kútnum aftur. Ýmislegt í þessari spá og það sem sagt var um efnahagsstefnuna féll mönnum ekki vel í geð, m.a. hæstv. ríkisstjórn og þá síst hæstv. forsrh.

Virðulegur forseti. Ég spyr hvort hæstv. forsrh. sé ekki að vænta hér fljótlega. Ég hef nokkrar spurningar til hans. Ég get sætt mig við að hann sé ekki til staðar í augnablikinu og skil mætavel að þann þurfi að sinna ýmsum málum sem hið stutta matarhlé nýtist ekki til.

(**Forseti** (ÍGP): Um leið og ég bið hv. þingmenn að gefa örlítið betra hljóð vil benda á að hæstv. forsrh. er í húsinu þannig að hann er væntanlegur alveg innan tíðar.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér tóm og óska þess að menn hafi hljóð í salnum og fyrir að lofa að hæstv. forsrh. verði viðstaddur lok ræðu minnar. En þetta er nú eins og með gamala svinghjólið í Álaborg. Nú er ég kominn á skrið og ekki víst nema það taki allt að tvo daga að stoppa. Það gæti þó breyst um leið og hæstv. forsrh. er kominn og tilbúinn að hlusta á spurningar mínar og útskýringar á Hávamálum og því sem ég vitnaði til þar. Ég gæti þá sjálfsagt stytt mál mitt að einhverju leyti.

Ástand og horfur í þjóðarbúskapnum. Þessi spá frá Þjóðhagsstofnun var ekki til þess fallin að vekja vinsældir hjá hæstv. ríkisstjórn. Þar var búist við samdrætti í þjóðarútgjöldum. Þar var búist við hækkun vísitölu neysluverðs og auknu atvinnuleysi. Slíkar spár falla hæstv. ríkisstjórn ekki í geð. Kann að vera að m.a. það hafi leitt til þess að stofnunin er sett af.

Ég fór yfir það að samkvæmt lögum, virðulegur forseti, er Þjóðhagsstofnun falið að sinna ákveðnum verkefnum. Ég rakti það í nokkuð löngu máli hver helstu verksvið stofnunarinnar væru, þ.e. að færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár, gera áætlanir, semja og birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, m.a. að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál og enn fremur að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.

Ég lýsi ánægju með það, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. skuli kominn. Ég á eftir örlítið mál áður en ég get lagt fram þær spurningar sem ég kynnti að ég mundi spyrja um. Einnig tel ég ástæðu til að útskýra miklu betur af hverju ég vitnaði í Hávamál, og ég mun gera það.

Hluta af þessum verkefnum tel ég að sé mögulegt að færa til annarra en einhvern veginn segir mér svo hugur um að þeir sérfræðingar sem hafa unnið hjá Þjóðhagsstofnun séu ekki á lausu alls staðar. Það býr mikil þekking og hæfni í þeim mannauði sem þessi stofnun býr yfir og ég hlýt að treysta því, verði af þeirri breytingu sem í stefnir að hér verði knúin fram með fulltingi meiri hluta á Alþingi, að þetta fólk verði virkjað til starfa á þeim sviðum sem ég nefndi í upphafi máls míns.

Ég reikna með að styrkja megi aðila vinnumarkaðarins til að reikna út forsendur. Ég tel samt, eins og ég sagði í upphafi, að það verði aldrei á þann veg að Alþingi geti leitað eftir upplýsingum til þeirra sem taka munu þessi verkefni að sér á sama veg og við höfum getað leitað til Þjóðhagsstofnunar. Ég segi það þar sem ég er þess fullviss að nauðsynlegt sé að hafa óháðan aðila sem semur þjóðhagsspá og áætlun sem væri til mótvægis við það sem pólitísk viðhorf geta komið fram sinni aðrir gerð þjóðhagsáætlunar. Ég á við með því að ef við ætlum að reikna með því að starfsemnn fjmrn. geri þessar áætlanir þá hljóti þær á hverjum tíma að bera keim af þeirri stjórn sem situr þá stundina, óháð því hvort það er núverandi hæstv. ríkisstjórn eða þær sem við munu taka. Vera kann að þau atriði sem ég hef nefnt hafi orðið til að flýta fyrir niðurlagningu þessarar stofnunar.

Til dæmis var Þjóðhagsstofnun búin að setja upp og búa til nýtt þjóðhagslíkan sem stofnunin studdist við og vildi vinna eftir og kom berlega í ljós við síðustu fjárlagagerð að með þeirri áætlanagerð var töluverður mismunur á því sem hagfræðingar Þjóðhagsstofnunar héldu fram og því sem hagfræðingar fjmrn. settu fram. Það ber því allt að einu, að vegna þess þá vilja menn ekki hafa þessa stofnun.

Ég hef áður nefnt að á ársfundi Seðlabankans gaf hæstv. forsrh. það út að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður og síðan hafa starfsmenn stofnunarinnar verið í óvissu um á hvern hátt þetta yrði framkvæmt. Ég verð að segja að öll óvissa og lausung, ekki síst varðandi störf sem voru í þessari stofnun, hefur skapað óstöðugleika. Það er því nauðsynlegt að fá málið á hreint.

Ég hef áður nefnt stofnun sem heitir Lánasýsla ríkisins. Ég velti því fyrir mér hvort fyrir þeirri stofnun eigi að liggja að fara einhverja ámóta leið og Þjóðhagsstofnun er að fara núna. Það getur vel verið að það sé þannig að ef Þjóðhagsstofnun er óþörf, þá hlýtur það sama að gilda um þá stofnun sem ég er að nefna núna vegna þess að það eru vissulega til þess bærir aðilar og það eru bankarnir og Seðlabankinn sem geta annast þau verkefni sem Lánasýsla ríkisins hefur fjallað um. Hún er reyndar flutt núna ef ég veit rétt til Íbúðalánasjóðs og eftir stendur húsnæði upp á u.þ.b. 1.000 fermetra sem mér skilst að sé enn þá í leigu, ríkið sé enn þá með í leigu, og standi bara autt í því húsi sem umrædd stofnun var í. Ég skil auðvitað ekki hvað er á ferðinni þar. En ekki er verið að ræða um það hér núna en ég á eftir að spyrja betur

út í það seinna en ekkert skrýtið þó að það sé nefnt í þessu sambandi.

Í upphafi máls vitnaði ég í Hávamál og fór með þetta sem þar stendur, með leyfi forseta: „Veistu hve rísta skal?“ Og ég sagði að rísta þyddi að berjast. Það sem hæstv. forsrh. hefur ákveðið er að rista valrún sem var lögð fram þegar búa skyldi til orrustu og hann hefur ákveðið að berjast í þessu máli.

Í annarri hendingu stendur: „Veistu hve ráða skal?“ Sú þýðing sem ég gaf á orðinu ráða var að koma fyrir kattarnef og það er samkvæmt íslenskum orðabókum og stenst. Ég les því „veistu hve rísta skal? sem veistu við hvað er að berjast? „Veistu hve ráða skal?“ Það er um hvernig á að leggja stofnunina af eða koma fyrir kattarnef.

„Veistu hve fá skal?“ Það þýðir að líta vel út, hvernig á að gera þessa hluti svo þeir líti bærilega út. Það er merkilegt að þetta skuli standa í Hávamálum, virðulegi forseti. (**HBl:** Veit það sá er ...)

„Veistu hve freista skal?“ segir hér, virðulegi forseti. Það sagði ég að væri að ginna. Það er auðvitað verið að ginna samstarfsflokkinn með í þennan leik og þeir hafa látið glepjast og komið með. Úr því að ég sé hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, þingflokksformann Framsfl., þá er rétt að rifja það upp.

„Veistu hve biðja skal?“ Hvernig á að sleppa við hneisu við aðgerðina. Jú, það er gert á þann hátt að látið er líta þannig út að það eigi að færa þessi störf. Hvert? Til ASÍ. Og með hvaða orðum? Með því að þeir muni loksins fá fjármuni til að reka hagdeild sína.

Hvað var gert á árunum þegar fjárframlagið til ASÍ var skorið niður í fjárlögum? Það þyddi að hagdeildin þeirra varð ónýt eða a.m.k. miklu lakari. Og búið er að heita því að þeir skuli fá eitthvað fyrir sinn snúð með því að gera kannski ekki athugasemdir.

„Veistu hve blóta skal?“ Hvað þýðir það? Það þýðir að færa fórn. Og hvaða fórn er verið að færa? Það er verið að leggja niður stofnun þar sem fjöldi manna á allt sitt undir í afkomu og þeir vita ekkert hvað kemur í staðinn.

„Veistu hve senda skal?“ Til þess að ég hafi mína skýringu á því þá þýðir það að láta fram fara, þetta er látið fram fara án þess að vita hvað tekur við.

„Veistu hve sóa skal?“ Það er eðlilegt að ég vitni til þess að sóa þýðir að verja illa vegna þess að sannarlega er verið að eyða miklu meiri fjármunum en nauðsynlegt er með þessari aðgerð. Það hefur enginn komið og sýnt mér það og ég spurði hæstv. utanrrh., þá starfandi forsrh., hvað þetta mundi kosta til viðbótar og það voru engin svör við því önnur en tilvitnun til svara eða umsagnar fjmrn.

Ég vil, virðulegur forseti, ljúka máli mínu með því að spyrja hæstv. forsrh. hvort ekki sé mögulegt að fresta málinu að sinni og koma með það sem ég kalla haldbæra lausn, þ.e. vel útfærða lausn sem inniber nýja stofnun sem er með afmarkaðra svið en að uppistöðu sama lykilstarfsfólk.

Í öðru lagi hvort hæstv. forsrh. hafi komið auga á þann aðila sem til þess er bær að setja fram þær áætlanir og athuganir sem ég vitnaði til í upphafi að Þjóðhagsstofnun hefði unnið. Ég er að tala um athugun á áhrifum mismunandi aðgerða á byggðaþróun, efnahagsþróun og almennt að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum. Ég spyr um þetta vegna þess að ég hef ekki komið auga á þá aðila sem eru til þess bærir að sinna þeim verkefnum sem ég rakti í upphafi máls míns og ég þarf ekki að lýsa því aftur hversu ómetanlegt starf ég tel að þessi stofnun hafi innt af hendi fyrir fjölmarga aðila í samfélaginu, ekki bara stjórnarandstöðu, ekki bara atvinnulífið heldur og ríkisstjórn og almennt alla aðila sem að efnahagsmálum og stjórn landsins koma.

[20:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afar athyglisverð ræða og fjallaði jafnvel stundum um efni máls í ekki kannski of löngu máli en margt var fróðlegt sem fram kom, kveðskapur margvíslegur, forn og nýr, og allt var það hið ánægjulegasta á að hlýða og tilbreyting fyrir mig frá annarri umræðu í dag.

Framarlega í ræðu sinni taldi hv. þm. upp langa runu af verkefnum sem hann óttaðist að fengi hvergi sæmilega vistun eftir þá breytingu sem þarna væri gerð. Þegar ég hlustaði á hv. þm. fannst mér að tiltölulega auðvelt væri að vista nánast allt saman sem hv. þm. nefndi af þeim verkefnum sem þarna voru á ferðinni vegna þess að auðvitað er það rétt að Þjóðhagsstofnun hefur tekið sumt af þessu saman, annað hefur verið tekið saman annars staðar og Þjóðhagsstofnun hefur auðvitað nýtt sér. En mjög mikið af þessum upplýsingum liggja þegar fyrir árlega, til að mynda í gögnum og ritum Seðlabankans, meira að segja ársfjórðungslegum ritum Seðlabankans uppfærð, einnig í töflum og talnaverki Hagstofunnar. Sumt af þessu er þegar hjá fjmrn. þannig að ef við fengjum þennan langa lista, þá væri auðvelt að merkja við og færa þingmanninum það með hvaða hætti það yrði vistað í framtíðinni þannig að mér fannst áhyggjur hans að mestu vera óþarfar en ég met þó við hann að hann vildi rannsaka þetta vel og ég geri engar athugasemdir við það.

Ég sé ekki nein stór vandamál við að leysa úr þeim málum sem þingmaðurinn nefndi. Auk þess var það rætt hér fyrr í dag að sjálfsagt væri að þingheimur hefði aðgang t.d. með samningum að tiltekinni hagfræðilegri þjónustu annars staðar, til að mynda með samningum við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands o.s.frv. Við erum því fyrst og fremst að losa okkur við tvíverknað. Það gerist með tillögunni og þjónusta verður fyrir hendi.

[20:55]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og er alveg sjálfsagt að láta af hendi þau gögn sem ég sótti að sjálfsögðu í tölvuna mína og eru sótt til Þjóðhagsstofnunar. Þar er gerð grein fyrir með löngum listum þeim verkefnum sem stofnunin hefur unnið. Mér er ljóst að fyrir mörg þeirra verkefna sem stofnunin vinnur eru sóttar upplýsingar t.d. til Hagstofunnar og þær eru skráðar og settar saman í aðgengilegt form.

En stofnunin hefur unnið sitthvað fleira eins og ég minntist á, gefið umsögn og skýrslu eða greinargerð sem var unnin m.a. vegna endurskoðunar laga um stjórn fiskveiða sem segir beinum orðum að samdrátturinn í hinum dreifðu byggðum þaðan sem aflaheimildirnar hafa verið fluttar til hinna sterku byggða er bein afleiðing af fiskveiðistjórnarstefnunni. Ég skil það svo að sú skýrsla sé ekki í págu þeirra stjórnvalda sem vilja viðhalda því fiskveiðikerfi sem við búum við. En ég bar ekki fram neinar ásakanir um að menn hefðu í einhverju reiðikasti eða undir slíkum aðstæðum ákveðið að leggja stofnunina niður. Það hef ég ekki gert og mun ekki gera.

Ég spurði þeirrar spurningar: Hvar má vænta að það fólk sem hefur unnið þessi sérhæfðu störf fari til starfa við sams

konar eða sambærileg verkefni? Vegna þess að ég tel að mikill mannauður felist í þeim mannskap sem þarna var og hann hafi mikla sérhæfingu til að sinna þeim störfum sem við sóttum eftir frá þeim.

[20:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki séð að sú skýrsla sem hv. þm. *nefndi sé óþægileg á nokkurn hátt. Það er út af fyrir sig vitað* að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi felur í sér hvatningu til hagræðingar af margvíslegu tagi og vitað er að sú hagræðing getur leitt til þess að það þrengist um á ýmsum stöðum. Þetta er vitað og þekkt, meira að segja allir þingmenn vita þetta og þurfa ekki einu sinni þá ágætisstofnun Þjóðhagsstofnun til að segja okkur það. Þetta þekkjum við. Af þeim ástæðum hafa ýmsir þingmenn verið uggandi um kerfið og fundið sitthvað að því, m.a. sá ágæti þingmaður sem gengur í salinn núna, þannig að það er ekki neitt sem menn þurfa að óttast að fá gögn af þessu tagi. Svona hlutir þurfa að liggja fyrir og er sjálfsagt að liggi fyrir þegar menn eru að vega og meta kerfi af þessu tagi. Síst mundi ég harma það að slíkar skýrslur og gögn lægju fyrir því að við tölum um hagræðingu og þess háttar og það er út af fyrir sig jákvætt oftast nær í flestum tilfellum. En við vitum líka um hagræðingu af slíku tagi ekki bara í fiskveiðistjórnarkerfinu, heldur í verslun og viðskiptum. Við sjáum hvað er að gerast í lyfjafyrirtækjunum. Áður voru 30–40 apótekarar og mönnum fannst það vera hálfgerð einokun. Nú eru lyfjafyrirtækin komin á hendur tveggja aðila. Mönnum fannst 30–40 apótek vera allt of lítið. Þetta er komið niður í hendur tveggja aðila. Sjálfsagt er hagræðing í því en það hefur sjálfsagt bitnað á einhverjum og það getur aldrei verið stefna nokkurs flokks, nokkurrar ríkisstjórnar eða nokkurs aðila að óska eftir því að slíkum skýrslum sé stungið undir stól af því að umræðan geti orðið erfiðari. Umræðan er bara erfið ef upplýsingarnar liggja ekki fyrir þannig að ég fagna öllum upplýsingum hvaða málstað sem þær kunna að styðja á hverjum tíma.

[21:00]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljósi ánægju mína yfir því að hér skuli vitnað í Hávamál sem ég tel öðrum ljóðum gleggra og betra, og hef reynt þessi ár sem ég hef lifað að fara eftir þeim. Þó vefst sumt í þeim svolítið fyrir mér, eins og þessi góða ráðlegging:

Ósnotur maður
er með aldir kemur,
það er bast að hann þegi.
Engi það veit
að hann ekki kann
nema hann mæli til margt.

Má raunar segja að þessi ráðlegging sé öðrum betri í þessu ágæta kvæði. Oft hefur maður velt fyrir sér hvers vegna menn fari ekki eftir þessu, fleiri en raun ber vitni. Þá kemur líka í ljós að einhver góður húmoristi sem verið hefur uppi á þessum tíma kaus að slengja þremur litlum ljóðlínum þarna aftan við sem hljóða svo:

Veit-a maður,
hinn er vætki veit,
þótt hann mæli til margt.

Niðurstaðan verður sú að þeim sem kann ekki fótum sínum forráð og blaðrar of mikið er ekki hægt að kenna að þegja.

[21:01]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla mér ekki að fara að skattyrðast við hv. 1. þm. Norðurl. e. en Einar Benediktsson segir í kvæðinu „Móðir mín“:

Við spor hvert um Bifröst, að Heljar hyl,
til himins, vor tunga bjó vörðu.
Þú last – þetta mál með unað og yl
yngdan af stofnunum hörðu.
– Ég skildi, að orð er á Íslandi til
um allt, sem er hugsað á jörðu.

Og það sem hv. þm. sagði hér í stól lýsir honum best.

[21:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég er því miður ekki með neina ljóðabók við höndina þannig að ekki get ég haldið áfram þeim *ljóðaflutningi sem hér var hafinn. Satt að segja lífgar það* alltaf umræður þegar gripið er til ljóðformsins úr ræðustóli hins háa Alþingis. En það verður sem sagt ekki gert í minni ræðu. Ég held mig við frv. til laga um brottfall Þjóðhagsstofnunar úr íslenskum lögum.

Þessi umræða sem staðið hefur lengi dags er búin að vera efnismikil og hér hefur margt verið gagnrýnt. Það sem stendur upp úr í þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram er kannski stíll stjórnvalda, hvernig þau koma að málum, hvernig mál eru kynnt og hvernig þau eru unnin.

Herra forseti. Á síðustu dögum þessa þings rigsar ríkisstjórnin hér um sali með hvert frv. á fætur öðru sem felur það í sér að stofnanir séu lagðar niður eða þeim „rúmsterað“ á annan hátt í stjórnkerfinu. Flest þessara mála hafa verið afgreidd hingað inn með afbrigðum og svo er um þetta mál sem hér er rætt. Það kom svo seint inn í þingið að í fyrsta lagi var frestur til að leggja fram þingmál runninn út og svo hafði það ekki legið tilskilinn tíma á borðum þingmanna til að hægt væri að taka það á dagskrá. Til þess þurfti því tvöföld afbrigði, og hv. þingmenn rekur sennilega minni til þeirrar uppákomu sem hér varð þegar atkvæðagreiðslur um þau afbrigði öll fór fram.

Þetta er ekki eina frv. sem ríkisstjórnin hefur komið fram með á síðustu dögum þingsins sem lúta að svona umfangsmiklum breytingum í stofnanakerfi ríkisins. Fyrir þinginu liggur enn fremur að fjalla um Umhverfisstofnun sem felur í sér að Náttúruvernd ríkisins verði lögð niður, Hollustuvernd ríkisins sömuleiðis ásamt með veiðistjóraembættinu, dýraverndarráði og hreindýraráði. Síðan erum við með Umferðarstofnun í burðarliðnum sem kemur til með að afleggja Skráningarstofuna hf. Kannski mætti finna fleiri fyrirliggjandi frv. sem fela í sér breytingar á stofnanaumhverfinu og ég lýsi því yfir, herra forseti, að það er allsendis óásættanlegt að ríkisstjórnin skuli leggja svo mörg mál af þessu tagi fram og ætlast til þess að þingmenn fjalli um þau á svo skömmum tíma sem gefinn er. Það er alveg ófyrirgefanlegt þegar maður horfir til allra þessara mála að öll eru þau svo illa úr garði gerð að segja má að kastað hafi verið til þeirra höndunum að einhverju eða öllu leyti.

Varðandi það mál sem hér er til umræðu er auðvitað skelfilegt að ríkisstjórn Íslands geti ekki komið fram við starfsfólk ríkisstofnunar sem unnið hefur gott starf í fjöldamörg ár — eðlilegt er að þingmenn beri hag þess fyrir brjósti — á sómasamlegan hátt. Það hefur komið fram að fulltrúar starfsmannafélagsins, sem auðvitað eru algjörlega mótfallnir

þessum breytingum öllum saman, kvarta undan því að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar.

Nú er auðvitað alkunna, herra forseti, það vita öll stjórnvöld, sama hvar í landi þau eru, a.m.k. í hinum vestræna heimi, að ef menn ætla að vinna hugmyndum, sem fela í sér hag fólks og fjölskyldna í landinu, brautargengi er auðvitað eðlilegast að fyrsta skrefið sé að ráðfæra sig við það fólk sem hlut á að máli. Það er auðvitað alveg óásættanlegt, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli leyfa sér, ekki bara í einu máli og ekki bara í tveimur málum heldur í fleiri málum sem lögð eru hér fram á síðustu þingdögum, fara þannig fram að starfsfólkið sem hlut á að máli, starfsfólkið sem á starfsframa sinn undir þeim stofnunum sem um ræðir, skuli ekki vera haft með í ráðum. Þetta getur ekki annað en grafið undan aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þetta eykur ekki tiltrú fólks á aðgerðum hennar heldur veikir traust fólks á henni.

Gerir hæstv. forsrh. sér grein fyrir því að þjóðarpúlsinn sem mælir traust það sem þjóðin er talin bera til Alþingis fer lækkandi? Hann mun standa í 36% í dag — einungis 36% þjóðarinnar bera í dag traust til Alþingis. Ég hef þá kenningu, herra forseti, að framganga af því tagi sem hér er viðhöfð sé til þess fallin að grafa undan, ekki bara ríkisstjórninni heldur Alþingi öllu, Alþingi sem stofnun. Og það er mjög alvarlegt þegar ríkisstjórnin leyfir sér að ganga svo fram í mörgum málum á síðustu dögum þingsins að rýra tiltrú fólks á Alþingi, þessa stofnun, þessa merku stofnun sem á auðvitað að njóta hvað mests trausts í samfélaginu. (**Forsrh.:** Ætli það séu ekki þessar löngu ræður sem eyðileggja það.) Hæstv. forsrh. getur sér þess til að hinar löngu ræður sem haldnar eru hér rýri tiltrú fólks á þinginu en ég leyfi mér að mótmæla að svo sé. Auðvitað skilur fólk að alþingismenn sem kjörnir eru inn í þessa samkundu til að gæta pólitískra hagsmuna þurfi að koma sjónarmiðum sínum fram.

Herra forseti. Hvorki hagræðing né fagleg rök liggja að baki þeirri aðgerð sem hér er um rætt. Það kemur fram í nál. frá minni hluta efh.- og viðskn., sem er efnismikið og hefur að geyma fylgiskjöl sem mjög gagnlegt er að kynna sér með þessu máli, að samkvæmt þessum umsögnum sé hætta á að þjóðhags- og efnahagsspár komi til með að lúta pólitísku forræði eftir þessa breytingu.

Og hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir að alþingismenn og þjóðin eiga enn minni möguleika en áður á því að hafa traust á þeim spám sem eru til staðar varðandi þjóðhagslega þætti í efnahagslífinu, og efnahagslífinu þegar á heildina er litið.

Mér er minnisstæð frétt sem Ríkisútvarpið flutti af þessu máli, herra forseti, um það bil sem það kom fram í þinginu. Þá var rætt við fyrrverandi þjóðhagsstofustjóra, Þórð Friðjónsson, í frétt sem fjallaði aðallega um það að Alþýðusamband Íslands teldi sig hafa fengið fyrirheit stjórnvalda um að samtökin mundu fá aukið hlutverk í efnahagsmálum þegar þessi gjörningur væri genginn í gegn, þ.e. Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður. Um þetta fjallaði fréttin en mig langar, með leyfi forseta, að fá að vitna til orða Þórðar Friðjónssonar, fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem sagði í þessari frétt að Alþýðusamband Íslands kæmi ekki í stað óháðrar greiningarstöðvar efnahagslífsins og fæ ég nú, með leyfi forseta, að vitna beint til orða Þórðar. Honum mæltist svo:

„Ja, það er auðvitað sjálfsagt góðra gjalda vert að efla Alþýðusamband Íslands að þessu leytinu. Það er mikilvægt að þar sé til staðar mikil kunnátta og þekking á þessu sviði en það kemur auðvitað ekki í staðinn fyrir óháða greiningarstöð efnahagslífsins að setja meiri vinnu þar af stað."

Síðan segir í fréttinni, herra forseti, með yðar leyfi:

„Þórður segir að í dag sé engin óháð stofnun önnur en Þjóðhagsstofnun sem vinnur þjóðhagsspár og það hafi enginn aðili yfir að ráða þeim tækjum og tólum sem Þjóðhagsstofnun hafi, t.d. við gerð þjóðhagsspár. Hins vegar séu ýmsir sem spái í frávik frá þeim spám sem Þjóðhagsstofnun hafi sett fram."

Og aftur til hans orða beint, með leyfi forseta. Hann lýkur máli sínu með svohljóðandi orðum:

„Auðvitað getur einhver aðili komið sér upp þessari aðstöðu og getu til þess að gera þjóðhagsspá en það er enginn aðili í dag sem gerir það. Og það sem er mikilvægasta atriðið í mínum málflutningi er að það sé einhvers staðar óháð greiningarstöð efnahagslífisins sem sinnir þessum verkum."

Herra forseti. Mér þykir mjög alvarlegt þegar fyrrverandi forstjóri þessarar stofnunar, sem nú er búið að koma í öruggt skjól annars staðar, skuli kveða upp úr með það í þessari umræðu að engin stofnun geti komið í staðinn fyrir þessa óháðu greiningarstöð efnahagslífsins, það sé engin stofnun þannig óháð í dag að hún geti tekið við þessum verkum á þeim nótum sem gert hefur verið ráð fyrir að þau séu unnin. Og herra forseti, það er ekki óháð vinna sem fer fram á borðshorni í fjmrn., eins og gert er ráð fyrir að gerist hér. Samkvæmt þessum tillögum kemur stór hluti af verkefnum Þjóðhagsstofnunar til með að fara á borðshorn í fjmrn. sem lýtur auðvitað stjórn og pólitísku valdi hæstv. fjmrh. Það er því alveg ljóst að við erum að tapa hinni óháðu greiningarstöð efnahagsmála með þeim breytingum sem hér er verið að fjalla um.

Herra forseti. Þegar leitað er í lagasafni Alþingis að þeim lögum sem Þjóðhagsstofnun kemur fyrir í, og reyndar má sjá í 2. gr. þessa frv., kennir þar ýmissa grasa. Við fjöllum um Þjóðhagsstofnun í auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, um hana er fjallað í lögum um stjórn efnahagsmála, um tekjuskatt og eignarskatt, um söknargjöld og um virðisaukaskatt, um Hagþjónustu landbúnaðarins, um tryggingagjald, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um fjárreiður ríkisins. Það er alveg ljóst, herra forseti, að þessi stofnun hefur haft mikilvægu hlutverki að gegna og henni hefur verið ætlað efnismikið hlutverk í stjórnsýslunni hingað til. Andstaða við þau áform sem ríkisstjórnin hefur nú á borðum sínum er því alveg eðlileg.

Ég get vottað það, herra forseti, að á þeim stutta tíma sem ég hef starfað af alvöru í stjórnmálum hefur Þjóðhagsstofnun verið mér ákaflega nytsöm stofnun. Í þeim málaflokki sem ég hef hvað mest unnið, umhverfismálunum, verð ég að segja að ég hef getað leitað til stofnunarinnar með ýmsa hluti sem lúta að þeim málaflokki. Þar hefur verið hægt að leita til afar hæfs starfsfólks og nægir að nefna hagfræðingana og bræðurna Magnús og Pál Harðarsyni sem hafa lagt sig í líma við að skilgreina umhverfismálin út frá hagrænum forsendum, forsendum hagfræðinnar. Ég hef hlustað á þá ágætu hagfræðinga flytja ræður og fræðsluerindi sem fjalla t.d. um kostnaðar- og nytjagreiningu, skilyrt verðmætamat og fleira sem lýtur að þeim lögmálum sem hagfræðin hefur til að meta verðgildi ósnortinnar náttúru, svo eitthvað sé nefnt, og meta náttúrulegar auðlindir þjóðarinnar.

Meðal þeirra greinargerða sem ég hef nýtt mér og hef haft mikið gagn af að lesa er nýleg skýrsla sem Þjóðhagsstofnun

gerði, þ.e. í ágúst 2001 gerði Þjóðhagsstofnun skýrslu um efnahagslegt umfang þjóðgarðs norðan Vatnajökuls. Það er ekki svo að það komi beint þessu máli við. Ég ætla ekki að ræða innihald þeirrar skýrslu. Ég vil aðeins benda á að þegar sú skýrsla var gerð þá var um afskaplega heitt pólitískt mál að ræða. En eins og alþjóð er kunnugt fjallar baráttan um hálendið norðan Vatnajökuls um það hvort eigi að virkja það eða stofna þar þjóðgarð og hvort eitthvert vit sé í því að skoða möguleikann á að gera hvort tveggja.

Þjóðhagsstofnun var fengin af sérstakri umsjónarnefnd rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til að gera skýrslu um þetta mál. Sú skýrsla er stutt og laggóð. Hún er afar vel unnin þó að menn segi að hún sé ekki endanlegt plagg um þá möguleika. Sannleikurinn er sá að sú kunnátta sem starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa haft yfir að ráða í þessum málaflokki gerir það að verkum að hægt er að leggja mjög óháð mat á þessa hluti. Það er alveg greinilegt þegar skýrslan er lesin að þar skiptir pólitíkin eða efnahags- og atvinnustefna stjórnvalda engu máli.

Herra forseti. Ég óttast að ef skýrsla af þessu tagi hefði verið unnin á borðshorni fjmrh., sem hún yrði eftir breytingu þá sem hér er lögð til, þá væri miklum mun erfiðara að treysta þeirri niðurstöðu sem kæmi út úr slíkri vinnu, eðli málsins samkvæmt. Það er fullkomlega eðlilegt að alþingismenn krefjist þess að eiga stofnun af þessu tagi, óháða stofnun sem er óumdeild og þar sem ekki er stöðugt verið að tortryggja niðurstöður skýrslna og útreikninga.

Þegar heimasíða Þjóðhagsstofnunar er skoðuð má sjá að hún kemur mjög víða við í starfi sínu. Þar er afar merkilegt greinasafn sem hefur að geyma erindi sem flutt hafa verið af starfsmönnum stofnunarinnar. Þingheimi til fróðleiks, herra forseti, er rétt að nefna hér hversu víða starfsmenn stofnunarinnar koma við í fræðilegu starfi sínu. Í erindum starfsmanna sem þeir hafa flutt á vegum stofnunarinnar síðasta ár má nefna erindi um innflytjendur og vinnumarkaðinn, áhrif innflytjenda á íslenskan efnahag. Síðan má finna erindi um afkomu í sjávarútvegi. Það má finna erindi um erlenda ríkisborgara og vinnumarkaðinn, fjárfestingu í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu, síðan svona almenn erindi um efnahagshorfur og þar fram eftir götunum, erindi um íslenska stórborg, framtíðarþróun Íslands, erindi um menntun og hagsæld. Svona mætti áfram telja.

Það er alveg satt, herra forseti, að Þjóðhagsstofnun og hennar öfluga starfsfólk hefur notið trausts í samfélaginu og það að vaða hér uppi með áform af því tagi sem hér liggja fyrir gerir ekkert annað en að skekja þetta fólk, gera það óöruggt og veikja í raun þær stoðir í samfélaginu sem hafa borið uppi óháða gagnrýni eða óháða rýni á þjóðarbúskapinn.

Hér á þingi hafa oftar en einu sinni, herra forseti, komið upp umræður um möguleika á breytingu á lögum um Þjóðhagsstofnun, en aldrei í þessa veruna heldur í þá veru að henni verði breytt á þann hátt að hún verði tekin frá forsrn. og sett undir Alþingi og starfi sem óháð stofnun á vegum þess. Eitt af þeim málum sem liggur fyrir og var til umfjöllunar á hinu háa Alþingi á sama tíma og þetta frv. var til 1. umr. er tillaga til þál. frá hv. þm. Steingrími Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni þar sem lagt var til að Alþingi ályktaði að gera sérstaka úttekt á starfsemi stofnunarinnar sem ætti að leiða það af sér, eða að það ætti í raun að skoða hver verkaskipting á milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum væri. Síðan var gert ráð fyrir að metnir yrðu kostir þess að Þjóðhagsstofnun yrði færð undir Alþingi.

Herra forseti. Ég verð að segja að mér hefði fundist rismeira að ræða mál af því tagi hér en ekki niðurlagningu stofnunarinnar, því að eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu er eitt af meginhlutverkum Þjóðhagsstofnunar að fylgjast með framvindu efnahagsmála, meta árangurinn af efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og líklegar afleiðingar ráðstafana í efnahagsmálum. Herra forseti. Slíkt verður aldrei gert af borðshorni í fjmrn. Það er alveg ljóst.

Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir að nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. er afar rýrt í roðinu og ekki er mikið kjöt á beinunum þar. Satt að segja er ekkert efnislegt innihald eða ekkert mat lagt á efnahagslegt innihald frv. í þessu nál. Það er ekkert pólitískt inntak og yfir höfuð engin skoðun sem meiri hluti efh.- og viðskn. lætur í ljósi. Það er nánast eins og nefndin hafi bara setið sofandi á þeim fundum sem fjölluðu um þetta mál því að í örfáum orðum er getið um hluti sem koma fram í greinargerð frv., hluti sem eru algjörlega sjálfsagðir og allir geta lesið sér til um í greinargerð með frv. En ekki örlar á því að það líti út fyrir að nefndin hafi lagt sjálfstætt mat á innihald frv. Meira að segja gerist meiri hluti nefndarinnar sekur um að orða hlutina eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi þegar hún fylgdi úr hlaði nál. minni hluta efh.- og viðskn., því þá gagnrýndi hún það hvernig meiri hluti efh.- og viðskn. tekur til orða í sínu nál., þar sem þess er getið að aðilar á borð við Seðlabanka Íslands, aðilar vinnumarkaðarins og einkaaðilar geti tekið að sér og sinnt einhverjum verkefnum. Taka má undir þá gagnrýni, herra forseti, og beina henni að meiri hluta efh.- og viðskn. sem á auðvitað ekki að leyfa sér í jafnstóru máli og þessu að láta fara frá sér nál. sem er jafnþunnildislegt og það sem við höfum hér yfir augunum.

Mér sýnist meiri hluti efh.- og viðskn. falla í sömu gryfju og ríkisstjórnin sjálf. Fólk sem á allt sitt undir þessari stofnun og hefur helgað henni starfskrafta sína í fjöldamörg ár á annað skilið en þetta sem það fær frá meiri hluta efh.- og viðskn. Það á skilið að fjallað sé um málið af fagmennsku og með einhverju pólitísku inntaki en ekki bara að hér séu tíundaðir einhverir hlutir sem standa í greinargerð með frv. og allir hafa getað lesið.

Herra forseti. Er það þá svo að meiri hluti efh.- og viðskn. láti ríkisstjórnina bara teyma sig á asnaeyrum inn í þetta öngstræti þar sem stendur við enda götunnar: „Hér ber að leggja Þjóðhagsstofnun niður?“ Og meiri hluti efh.- og viðskn. gengur bara í blindni á eftir ríkisstjórninni og gerir eins og henni er sagt. Herra forseti. Maður getur ekki varist því að fullyrða að þannig líti það út því að hér er ekki um fagleg vinnubrögð nefndar að ræða, þ.e. að skila áliti í svo stóru máli sem ekki er meira virði eða hefur meira efni að geyma en þetta.

Herra forseti. Ein af þeim kenningum sem komið hafa fram í þessari umræðu lýtur að því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sé þeirrar náttúru að hún leggi sig fram um að grafa undan stofnunum sem eru óþekkar ríkisstjórninni, sem eru ekki hlýðnar og skemmtilegar og láta ekki alveg að stjórn eða dansa ekki eins og ríkisstjórnin óskar eftir eða vill. Herra forseti. Hægt er að styðja það ýmsum rökum að Þjóðhagsstofnun hafi stundum gefið álit sem ríkisstjórnin hefur ekki verið glöð með, álit sem hafa að mati ríkisstjórnarinnar

verið í andstöðu við stefnu hennar og í andstöðu við þann sannleika sem ríkisstjórnin telur sig hafa boðað.

Ég kynnti mér til gamans umsögn Þjóðhagsstofnunar um frv. til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. og þar kemur í ljós mjög beinskeytt afstaða stofnunarinnar sem telur í því tilfelli að hér sé um að ræða mál sem þurfi betri skoðunar við. Hún telur þessa ríkisábyrgðarhugmynd ekki alls kostar góða, nema síður sé, telur hana satt að segja slæma og segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Fjármagn og vinnuafl leita í meira mæli til fyrirtækja sem njóta ríkisábyrgðar í stað þess að taka einvörðungu mið af því sem hagkvæmast er hverju sinni. Að jafnaði er við því að búast að ríkinu takist verr upp en fjárfestum sem leggja eigið fé að veði og hafa nánari þekkingu á atvinnustarfseminni.

Í undantekningartilfellum má réttlæta ríkisaðstoð til fyrirtækja á grunni markaðsbresta, þ.e. að markaðir nái illa til allra þeirra verðmæta sem í húfi eru. Á þessum grunni má til dæmis réttlæta afskipti af umhverfismálum. Í því tilfelli sem hér er til skoðunar verður á hinn bóginn ekki séð að slíkir markaðsbrestir séu meiri en það sem gerist víða annars staðar í hagkerfinu."

Já, herra forseti. Þjóðahagsstofnun hefur þorað hingað til að ganga gegn vilja ríkisstjórnarinnar. Hún hefur ekki verið hlýðið tæki í höndum hennar. Það hefur Náttúruvernd ríkisins ekki heldur verið og nú blasa sömu örlög við báðum þessum stofnunum. Þær skulu bara burt af sviðinu.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni þegar hann fylgdi þessu máli úr hlaði við 1. umr. eitthvað á þá leið að vinnan yrði unnin faglega, að hún yrði látin fara fram á eins ópólitískan hátt og kostur væri. Herra forseti. Ég held að búið sé að hrekja hvort tveggja í umræðunni sem fram hefur farið hér í dag. Það er búið að geta um það í hverri ræðunni á fætur annarri hversu illa hefur verið staðið að málum faglega og sömuleiðis hversu pólitískt málið er frá hendi ríkisstjórnarinnar. Því er alveg ljóst, herra forseti, að orð hæstv. fjmrh. í þessum efnum um faglegheitin og ópólitíkina nægja ekki. Þau duga ansi skammt, enda er það ekki faglegt í eðli sínu, herra forseti, að taka verkefni sem löggjafarsamkoman hefur verið sammála um að sé einn af máttarstólpunum í þessu ríkiskerfi okkar þegar litið er á hinn efnahagslega og þjóðhagslega þátt. Það er ekki nema eðlilegt að fólki finnist hér illa að verki staðið þegar verkefnum hennar er stráð í allar áttir, tvístrað í a.m.k. fjóra ólíka staði og það nánast nærri án þess að hægt sé að segja að faglegur rökstuðningur fylgi.

Herra forseti. Það eru ekki vönduð vinnubrögð að afgreiða frv. á þennan hátt. Ég blæs sömuleiðis á fullyrðingu hæstv. fjmrh. frá því í umræðunum þegar hann fylgdi málinu úr hlaði, um að skynsamlegra væri að ljúka málinu hratt, eins og hann orðaði það, frekar en að láta þetta dankast eitthvað og bíða fram á næsta haust, því að þegar búið væri að taka ákvörðun um að framkvæma svona hlut væri auðvitað skynsamlegra að framkvæma hann hratt en að draga lappirnar við það. Herra forseti. Þetta eru nákvæmlega sömu rök og nú eru uppi varðandi Umhverfisstofnun, þ.e. fyrst við erum búin að taka ákvörðun um að leggja Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins niður þá vitum við að við erum búin að skapa mikið óöryggi hjá starfsfólkinu og þá er eins gott að við gerum þetta bara hratt.

Já, herra forseti. Auðvitað er miklu þægilegra að láta taka sig hratt af lífi heldur en hægt. Það gefur augaleið. Það þarf enga spekinga til að sjá það.

Herra forseti. Vinnubrögð af þessu tagi eru ekki boðleg vegna þess að þau sýna fólki sem á allan sinn starfsframa undir þessum stofnunum ekki þá virðingu sem tilhlýðilegt er að ríkisstjórn sýni því fólki sem hefur verið tryggt og dyggt, þjónað málefnum, lögbundnum verkefnum sinna stofnana af natni og alúð. Þetta fólk á annað skilið en þá framkomu sem ríkisstjórnin leyfir sér að sýna því.

Herra forseti. Í nál. minni hluta efh.- og viðskn. er sérstakur kafli um verkefni Þjóðhagsstofnunar. Með því athyglisverðasta í áliti minni hlutans er að mínu mati að þau verkefni sem hingað til hafa verið lögbundin við Þjóðhagsstofnun verða með þessari breytingu hvergi bundin í lög. Verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur hingað til haft lagalega forsjá fyrir er hvergi fundinn staður í lögum með þessari breytingu. Í raun verður ekki tryggt að þessum verkefnum verði sinnt eða hver eigi að hafa þau með höndum. Það eiga bara að vera duttlungar ríkisstjórnarinnar hvert verkefnin lenda, hvort þetta eða hitt lendir hjá Hagstofunni eða hjá ASÍ og verður þá bara kylfa látin ráða kasti. Það er ekki til sóma þegar þannig er komið fram.

Sannarlega hefði átt, þó ekki hefði verið nema vegna starfsfólksins sem þekkir þessi verkefni manna best, hvernig þau eru greind og hvernig þau skiptast, hvernig þau eiga saman og heyra faglega til ákveðinna sviða, að hafa samráð við starfsfólk stofnunarinnar um það hvernig ætti að skipta upp verkefnunum svo best færi. En það skiptir engu máli fyrir ríkisstjórnina, að því er virðist, að hér sé þannig að málum staðið að sem best fari.

Það er líka athyglisvert að samkvæmt hugmyndum sem hafa verið uppi í umræðunni varðandi tilfærslu verkefnanna að ein stofnunin sem nefnd er til sögunnar er Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Það er alkunna að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tekur að sér verkefni fyrir ýmsa aðila. Við höfum fengið frá Hagfræðistofnun ýmsar skýrslur sem hafa verið unnar, t.d. fyrir Verslunarmannafélag Reykjavíkur og nú síðast fyrir nokkrum vikum öfluga skýrslu um möguleikann á að stytta nám til stúdentsprófs. Ég get alveg sagt það, herra forseti, að Verslunarmannafélag Reykjavíkur þurfti að borga fyrir þjónustuna. Ef alþingismenn eiga nú að fara að leita til Hagfræðistofnunar með hluti sem þeir hafa hingað til getað leitað með til Þjóðhagsstofnunar þá fá alþingismenn reikning fyrir þá þjónustu frá Hagfræðistofnun. Við skulum ekki ganga að því gruflandi að það er búið að innleiða þjónustugjöld inn í allt þetta kerfi þannig að alþingismenn koma ekkert til með að geta frekar en aðrir leitað til stofnunar af því tagi án þess að fyrir komi greiðsla.

Alþingismenn hafa hingað til getað leitað til Þjóðhagsstofnunar. Þar hefur erindum þingmanna verið sinnt af natni og alúð. Við höfum fengið greiða og skjóta afgreiðslu og góða þjónustu í hvívetna, svo hefur a.m.k. verið með þau erindi sem ég hef þurft að bera undir starfsmenn stofnunarinnar. En ég sé ekki að séð sé fyrir því að þingið eigi beina aðkomu að nokkurri stofnun í staðinn fyrir Þjóðhagsstofnun, verði hún lögð niður.

Þessi aðgerð þrengir á þann hátt, herra forseti, að lýðræðinu. Það er skelfing alvarlegt mál að þrengja að lýðræðinu á þann hátt sem hér er lagt til. Um þá umræðu sem fram fer um lýðræðið og eflingu þess blása í dag ferskir vindar og eðlilegt að fólk skoði með nýjum gleraugum hvernig við stöndum okkur, hvernig við stöndum vörð um lýðræðið. Ég

fullyrði, herra forseti, að mál af því tagi sem hér um ræðir er ekki til þess fallið að styrkja lýðræðið, þvert á móti.

Ég hefði haldið að ef það hefði átt að vinna þetta mál faglega þá hefði í öllu falli þurft að gefa því meiri tíma og hafa samráð við starfsmenn stofnunarinnar. Það hefði þurft að ræða þetta betur á Alþingi og auðvitað hefði verið eðlilegt að leita til stjórnarandstöðuflokkanna í því efni. En nei, herra forseti, ekkert slíkt hefur verið gert, bara þjösnast áfram eins og ríkisstjórninni hentar og hvorki litið til hægri né vinstri. Að því er virðist hefur ASÍ, sem ekki hefur lýst andstöðu við frumvarpið, verið keypt til hlýðni, verið lofað verkefnum og þá trúlega fjármunum skyldi maður ætla, til að taka að sér einhver verk af Þjóðhagsstofnun. Það telur sig hafa fengið einhvers konar fyrirheit um stuðning til þess að efla sína eigin hagdeild.

Ég efast ekki um að þörf sé á að efla hagdeild ASÍ. En mér finnst ekki skynsamlegt af ríkisstjórninni að kaupa ASÍ til hlýðni við þetta frv. með því að lofa fjármunum í eflingu hagdeildarinnar. Mér finnst alveg sjálfsagt mál að heildarsamtök launafólks, hvort sem um er að ræða ASÍ, BSRB eða BHM, Kennarasambandið eða Samband bankamanna ef því er að skipta, eigi öflugar hagdeildir og geti reiknað út þá hluti sem þau telja sig þurfa að reikna út í tengslum við kjarasamninga. En mér finnst ekki að slíku eigi að blanda inn í mál af þessu tagi. Það eykur heldur ekki traust þjóðarinnar á þeirri stofnun sem við stöndum fyrir hér. Það má líka gagnrýna að eingöngu hafi verið haft, að því er virðist, samráð við þessi einu samtök launafólks en ekki önnur.

Herra forseti. Eins og ég segi hefur verið rakið hér í þessari umræðu margt sem hefði mátt fara betur í öllum þessum málatilbúnaði. Ég ítreka það bara að vinnubrögð af þessu tagi eru ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki til sóma. Ég hefði talið ríkisstjórnina eða ráðherrana menn að meiri hefðu þeir getað nálgast þetta mál af meiri varfærni og meiri virðingu fyrir öllu því fólki sem gert hefur verið óöruggt með framlagningu þessa máls.

[21:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hélt því fram að það hefði komið fram í mörgum ræðum að hér hefði verið illa að málum staðið. Það breytir ekki nokkru þó að menn endurtaki sama hlutinn aftur og aftur. Þeir verða ekki réttir við það. Það hefur verið unnið afar vel og faglega að þessum málum, þvert ofan í það sem hv. þm. hélt fram, ekki með neinum rökum, að hér hefði ekki verið faglega að málum unnið.

Það var líka sagt að ekki hefði verið haft samstarf við starfsfólk þessarar stofnunar. Það er ekki rétt. Auðvitað var haft samstarf við starfsfólk þessarar stofnunar. Því er ekki að leyna að það var andvígt þessum breytingum en það er ekki þess að taka ákvörðun um það hvort stofnun af þessu tagi er lögð niður eða ekki, það er annarra að taka ákvörðun um það. En það var haft samstarf og samráð við starfsfólkið um þessi atriði.

Ekki faglega unnið að málinu, sagði hv. þm. Hverjir unnu að þessu af hálfu ráðuneytisins? Það var Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri. Hinir tveir fyrstnefndu, hvað hafa þeir unnið áður í slíkum störfum fyrir utan almenna reynslu og þekkingu sem menn viðurkenna almennt? Báðir þessir menn voru aðstoðarforstjórar — hvaða stofnunar? Þjóðhagsstofnunar. Þeir þekkja afar vel til innviða stofnunarinnar, sennilega betur en flestir aðrir menn. Það er auðvitað algjörlega rangt og fráleitt að halda því fram að hér hafi ekki verið faglega unnið.

Það sýnir einnig vanþekkingu hv. þm. er hún sagði að þingmenn hefðu getað fengið þjónustu hjá Þjóðhagsstofnun og það hafi ekki kostað neitt. Heldur þingmaðurinn að það hafi ekki kostað neitt? Það var auðvitað greitt úr ríkissjóði. Það kostar. Það kostar ekkert minna þar en hjá háskólanum. Það þarf að greiða þetta með öðrum hætti en allt kostar þetta sitt. Starfsfólkið er á launum og það kostar að veita slíka þjónustu. Menn halda að þegar ríkið vinnur eitthvað þá kosti það ekki neitt. Það kostar menn nákvæmlega það sama og hjá Hagfræðistofnun Háskólans, fyrir utan það að rukkunin bara sést, það blasir við manni. En auðvitað kostar það nákvæmlega jafnmikið hjá stofnunum ríkisins að veita slíka þjónustu.

[21:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að þjónusta kostar eitthvað, sama hvaðan hún kemur. En það er orðhengilsháttur að halda því fram að þjónustan verði hin sama og hjá Þjóðhagsstofnun, sem hefur veitt Alþingi þjónustu hingað til án þess að þingmenn hafi fengið fyrir það rukkanir. Ég er að tala um þetta á þeim nótum. Ég veit alveg að við þingmenn fengjum rukkun ef við sendum erindi til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Við höfum ekki neinn formlegan aðgang að Hagfræðistofnun en við höfum haft formlegan, greiðan og opinn aðgang að Þjóðhagsstofnun. Auðvitað veit ég að sú þjónusta er greidd úr ríkissjóði. Mér hefur fundist það sjálfsagt vegna þess að það styrkir okkur í okkar starfi. Það skiptir okkur máli sem erum að vinna þau störf sem hér eru unnin að við höfum stofnun af því tagi sem Þjóðhagsstofnun hefur verið. Hún hefur unnið okkur gagn, bæði stjórnarþingmönnum og stjórnarandstöðuþingmönnum. Ég kem til með að sakna hennar þó að ég hafi ekki oft þurft að leita til hennar. En ég hef hlustað, eins og ég segi, á fjölda erinda sem starfsmenn hennar hafa haldið. Hún hefur verið mér lyftistöng og stuðningur meðan ég hef verið að læra að feta mig hér á nýrri braut, braut stjórnmálanna. Ég verð að segja að mér finnst óöryggi í að vera búin að tapa henni.

Þess vegna finn ég kannski líka, ég get alveg viðurkennt það, til með því fólki sem nú horfir fram á ótrygga framtíð, þ.e. starfsmenn Þjóðhagsstofnunar. Ég hef náð því að kynnast þessu fólki persónulega, séð fyrir hvað það stendur, hversu vel það stendur sig í störfum sínum og hversu faglega það hefur nálgast verkefnin. Þess vegna rennur mér til rifja að sjá það hvernig menn nálgast þetta mál. Starfshópur sem getið er um í áliti fulltrúa starfsmannafélagsins, sem sent var til þingmanna 26. mars, samstarfshópurinn, telur að í engu hafi verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar. Ég gagnrýni það með réttu, herra forseti.

[21:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var haft samráð við þetta ágæta starfsfólk. Það var andvígt því að leggja niður þessa stofnun. Það var ekki tekið tillit til þess. En það var haft samráð við þetta starfsfólk. Það er ríkisstjórnarinnar og þingsins að ákveða það hvort stofnunin verður lögð niður eða ekki.

En það er líka dæmigert fyrir þessa umræðu að hér í salnum hafa í allan dag verið einn eða tveir þingmenn, stundum enginn fyrir utan mig og ræðumanninn. Það er þess vegna

sem umræðan verður svona tætingsleg. Það var einmitt rætt í dag og það hefur hv. þm. ekki heyrt, þegar talað var um þingmennina að sjálfsagt gæti verið að gera sérstaka samninga af hálfu þingsins við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem tryggði að þingmenn, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, gætu leitað til þeirrar stofnunar. Þetta kom fram hér fyrr í dag.

Ef þingmaðurinn hefði fylgst með umræðunum þá hefði hann ekki þurft að láta þetta mál koma sér á óvart eins og hér kom í ljós.

[21:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Það er rétt, herra forseti, að ég brá mér úr húsi klukkan hálffjögur til að fara á ársfund Rannsóknarráðs Íslands. Þar hlustaði ég á Ólaf Davíðsson, sem er nú ráðuneytisstjóri hæstv. forsrh., sem lýsti því yfir að nú hefði ríkisstjórnin látið í minni pokann fyrir þrýstingi frá vísindasamfélaginu og ákveðið að hætta við að þrýsta í gegnum þingið nú í vor þeim þremur frumvörpum sem varða stuðning við vísinda- og rannsóknarstarfsemi í landinu.

Ég þarf auðvitað að fylgjast með því líka. Ég á sæti í menntmn. og þegar þessir hlutir gerast á elleftu stundu á síðustu dögum þingsins, hvert stórmálið fer í gegn á fætur öðru, er eðlilegt að þingmenn þurfi að skipta tíma sínum á milli verkefna.

Eitt verkefnið er Þjóðhagsstofnun. Ég hlustaði á umræðuna hér eftir því sem ég gat. Ég hef verið að reyna að fylgjast með og læra af umræðunni um vísindasamfélagið. Ég fór þess vegna út af örkinni í dag og lærði þar heilmargt, m.a. að ríkisstjórnin leyfir sér að láta í minni pokann fyrir þrýstingi vísindasamfélagsins og nú eru þeir hættir við að troða í gegn því stórmáli. Það er þakkarvert. En það eru fleiri stórmál sem þeir ættu að sjá sóma sinn í að bakka með út úr þingsölunum því að það er ekki forsvaranlegt að koma með svo mörg stórmál fram á elleftu stundu, á síðustu dögum þingsins, og halda þingmönnum uppi með vökustaurum, talandi um mál sem þeir vildu auðvitað kynna sér mun betur og tala um af meiri fagmennsku og meiri kunnáttu. Það er ekki við þá að sakast heldur óðagoti og skammsýni í vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar.

[21:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við höfum verið að ræða þetta þingmál hér, um brottfall laga um Þjóðhagsstofnun, síðan fyrir hádegi í dag. Nokkuð langt er um liðið síðan ég setti mig á mælendaskrá og heilmikið hefur komið fram í þessari umræðu.

Ég vil byrja á að taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram í umræðunni, að það er ámælisvert að koma með hvert stórmálið á fætur öðru svo seint inn í þingið, sérstaklega í ljósi þess að fjöldi mála sem komu nógu fljótt fram er til vinnslu í þinginu og í nefndunum. Þau eiga eftir að koma hér inn en síðan koma þessi stóru mál of seint fyrir þingið og á að keyra þau áfram fyrir þinglok. Vissulega vildu menn hafa rýmri tíma til að skoða þau mál og hefði verið eðlilegt að þetta mál hefði komið inn fyrir tilsettan tíma.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að engin ríkisstofnun sé heilög og sjálfsagt sé að endurskoða tilgang, hlutverk og verkefni stofnana í samfélaginu. Við þurfum auðvitað alltaf að meta hvort við eigum að reka stofnanirnar eins og þær eru reknar í dag eða einhvern veginn öðruvísi. Við þurfum að skoða hvort verkefnunum sé betur komið fyrir annars staðar og hvort það sé hagkvæmara.

Í umræðunni í dag hafa þingmenn Samfylkingarinnar fært fyrir því allmörg rök hvers vegna þeir eru á móti þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til, þ.e. að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður. Ég ætla að nefna nokkur atriði þó að ég telji að svo mikið sé búið að ræða um þetta mál í dag að það sé við það að verða útrætt.

Eftir að málið kom úr efh.- og viðskn. þar sem það var til umræðu hefur komið á óvart að heyra að það virðist verða mun dýrara að leggja stofnunina niður en að reka hana. Þetta hafa þeir þingmenn sem störfuðu í efh.- og viðskn. bent á, og einnig stjórnarþingmenn eins og Pétur Blöndal sem benti á þetta í fréttum, í hádeginu minnir mig. Auðvitað veltir maður fyrir sér hvort hagkvæmnissjónarmið hafi ekki verið höfð þarna í fyrirrúmi. Þau sjónarmið hafa komið upp að eðlilegra hefði verið að efla sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar og færa henni aukin verkefni í stað þess að leggja hana algjörlega af.

Þó að það hafi komið fram í nokkrum andsvörum hjá hæstv. forsrh. hvernig skipa skuli verkefnum stofnunarinnar er það áhyggjuefni að hvergi eru verkefnin lögbundin eftir að þessi lög verða felld úr gildi. Það er hvergi lögbundið hver skuli sinna þessum verkefnum. Mig langar að koma inn á eitt atriði sem hæstv. forsrh. nefndi áðan í andsvari, þá hugmynd að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sinni þeirri vinnu fyrir þingmenn sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið hingað til, og gerður verði sérstakur samningur. Ég velti fyrir mér: Hvers vegna er ekki gengið frá slíku um leið og verið er að leggja til að þessi stofnun verði lögð niður? Hvers vegna kemur þá ekki samhliða í þingið þingmál eða upplýsingar um það hvernig þessum málum skuli skipað? Í ræðum í dag hefur verið nefnt hver verkefni Þjóðhagsstofnunar eru, og þau eru auðvitað fjölmörg eins og margir vita og flestir jafnvel, a.m.k. þeir sem hafa kynnt sér þessi mál. Ég ætla, herra forseti, að nefna þau hér ef það skyldi hafa farið fram hjá einhverjum að hverju Þjóðhagsstofnun hefur unnið hingað til og hver þau miklu verkefni sem hún hefur haft með höndum eru.

Það er t.d.:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum.
4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.
5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Þetta eru lögbundin verkefni Þjóðhagsstofnunar samkvæmt gildandi lögum. Síðan má auðvitað nefna, eins og kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að auðvitað eru fjölmörg önnur verkefni sem stofnunin hefur verið að vinna og vitnaði hún þar í heimasíðu stofnunarinnar þar sem liggja fyrir ýmis erindi og gagnlegar upplýsingar.

Það verður auðvitað að segjast eins og er að þegar breytingar af þessu tagi koma inn í þingið með svona stuttum fyrirvara eru menn áhyggjufullir yfir því hvar skuli vinna þessi verk, þessi fjölmörgu verk. Eins og margoft hefur verið

bent á í dag virðist mjög ómarkvisst hvernig menn ætla að skipa verkefnum þeim sem Þjóðhagsstofnun hefur sinnt. Bent hefur verið á að eitthvað af verkefnunum flytjist til Hagstofu, þar á meðal þjóðhagsreikningarnir, og þjóðhagsspár og -áætlanir til efnahagsskrifstofu fjmrn. Jafnframt hefur verið bent á að varhugavert sé að setja ákveðin verkefni undir fjmrn., undir framkvæmdarvaldið, þannig að það er ýmislegt sem þarf auðvitað að skoða miklu betur í því hvernig þessum málum skuli skipað. Hvert á t.d. að setja þau reiknilíkön sem Þjóðhagsstofnun hefur séð um? Ég hef a.m.k. ekki heyrt neitt um það. Talað er um að þjóðhagslíkanið flytjist inn á efnahagsskrifstofu fjmrn. en fleiri reiknilíkön eru á vergangi, t.d. sjávarútvegslíkan, skatta- og almannatryggingalíkan.

Eins og segir í áliti minni hlutans í efh.- og viðskn. kom fram hjá fulltrúum LÍÚ á fundi með nefndinni að samtökin hafa verið mjög háð upplýsingum um verðvísitölu sjávarafurða og mati á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi. Þeir telja nauðsynlegt að óháður aðili vinni slíkar upplýsingar en t.d. ekki sjútvrn. Bent hefur verið á það í vinnunni í efh.- og viðskn. að mikið hagræði væri að því að hafa þessi líkön öll á einum stað hjá óháðri stofnun, allmikið óhagræði fylgi því að flytja þau á marga staði, auk þess sem Þjóðhagsstofnun hefur getað samnýtt upplýsingar úr þessum líkönum.

Mig langar t.d. til að benda á það sem kemur fram í séráliti Þórðar Friðjónssonar, fyrrv. forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem átti sæti í starfshópnum sem undirbjó málið — það er vitnað í álit hans í minnihlutaáliti efh.- og viðskn. — þar sem hann telur, með leyfi forseta, að það sé hagkvæmt við aðstæður eins og hér á landi „að hafa eina opinbera greiningar- og þjónustustöð sem getur í senn þjónað Alþingi, stjórnvöldum og almenningi. Þetta stafar m.a. af því að slík stofnun þarf að sjá um og viðhalda mörgum reiknilíkönum og gagnagrunnum eins og Þjóðhagsstofnun gerir nú. Þessi líkön eru flókin og viðamikil og byggjast að hluta á upplýsingum og gagnavinnslu sem á varla heima í ráðuneyti. Jafnframt þarf auðvitað sérþekkingu og reynslu til að vinna með þau. Þessum málum eru hvorki gerð viðhlítandi skil í frumvarpinu né voru þau rædd að gagni við undirbúning þess. Sem dæmi um reiknilíkön sem stofnunin hefur á sínum vegum eru þjóðhagslíkön (til langs og skamms tíma), sjávarútvegslíkön, loftslagslíkan og skatta- og almannatryggingalíkön."

Þetta kemur fram í minnihlutaálitinu, og síðan segir í séráliti Þórðar Friðjónssonar, með leyfi forseta:

„Þessi reiknilíkön eru notuð við spágerð og áætlanagerð í efnahagsmálum en einnig í sérverkefnum af ýmsu tagi. Til marks um slík verkefni má nefna mat á áhrifum EES, ESB og evrunnar, stóriðju, loftslagssamninga, mismunandi nýtingar fiskstofna o.fl. Við má bæta verkefnum á sviði skatta og almannatrygginga. Jafnframt eru þessi líkön oft notuð vegna fyrirspurna frá Alþingi og umsagna um frumvörp. Umræða um þetta efni í frumvarpinu er lítil og byggð á veikum grunni."

Þetta er sem sagt úr séráliti Þórðar Friðjónssonar, fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem var í starfshópnum sem undirbjó þetta frv. Ég verð að segja að þegar maður horfir til þessarar athugasemdar hans finnst manni þetta vera frekar fljótfærnislegt, bara í ljósi þess hvernig verkefnum stofnunarinnar er ekki komið fyrir. Þá kemur fyrir lítið þótt hæstv. forsrh. hafi haldið því fram hér að þetta hafi verið sérlega vel undirbúið mál. Ég verð að segja að ég hefði viljað sjá þetta mál betur unnið og sett á dagskrá þingsins frekar í haust þegar búið væri að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að þessi verk verði unnin. Auðvitað þarf að vinna þessi verk þó að þau verði unnin annars staðar, og þá þarf að vita hvar.

Hér kemur fram að kostnaðurinn mun blása út við það að leggja stofnunina niður og skipta verkefnunum upp milli Hagstofu og fjmrn. Kostnaður við rekstur Þjóðhagsstofnunar á fjárlögum 2002 er 132 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að kostnaðurinn verði um 50 millj. kr. til viðbótar vegna biðlauna og kostnaðar við flutning á verkefnum. Þetta er aldeilis ekki gert fyrir ekki neitt. Síðan má auðvitað búast við því að þegar á að fara að vinna þessi verkefni í ráðuneytunum, á Hagstofunni og úti um allar trissur, uppi í háskóla og ég veit ekki hvað, má búast við því að þær stofnanir sem taka þessi verkefni að sér kalli eftir auknu fjármagni til að vinna þessi verk.

Eins og komið hefur fram í umræðunni, og náttúrlega í fréttum og allri umfjöllun um þetta mál, mun ASÍ fá stuðning við hagdeild sína til að vinna þau verkefni sem þau telja sig þurfa að vinna. Ekki hefur verið gert ráð fyrir að önnur samtök launafólks fái slíkt og þó er ekki óeðlilegt að þau fái stuðning, jafnvel sambærilegan, til að sinna þeim verkum. Þótt ekki væru önnur atriði en þau sem ég hef nefnt sýna þau auðvitað að kostnaður mun margfaldast við þessa breytingu.

Nokkuð hefur verið rætt um það að sjónarmið starfsmanna hafi verið hunsuð. Hæstv. forsrh. hefur rétt fyrir sér þegar hann segir að álits starfsmanna Þjóðhagsstofnunar hafi verið leitað — en starfsfólk hafi verið andvígt ráðagerðinni. Þar hafa sjónarmið stangast á við ráðagerðir stjórnvalda og í ljósi þess hefur ekkert tillit verið tekið til sjónarmiða þessa starfsfólks.

Aftur á móti verður auðvitað að gagnrýna það sem kemur hér fram, að gert er ráð fyrir að starfsfólkið fái önnur störf hjá þeim stofnunum sem taka við þessum verkefnum en ekki að þeim verði tryggð sambærileg störf. Ég verð að segja að mér hefði fundist það stórmannlegra ef það hefði verið samþykkt að viðkomandi starfsmenn fengju sambærileg störf — ef þeir þá vilja taka við störfum hjá þeim stofnunum sem munu sinna þeim verkefnum sem hafa verið unnin hjá Þjóðhagsstofnun.

Hér hefur auðvitað komið fram, og hæstv. forsrh. hefur bent á það, að að mörgu leyti hafi sú vinna sem fór fram í Þjóðhagsstofnun einnig verið unnin á öðrum stöðum. Auðvitað þarf að skoða og endurmeta ef tvíverknaður er í gangi. En það er mjög mikilvægt að vinna eins og Þjóðhagsstofnun hefur verið að vinna sé unnin hjá óháðri stofnun, hún sé ekki á vegum framkvæmdarvaldsins. Þessar stofnanir heyra ekki undir stjórnvöld, eins og t.d. það að færa fjölda verkefna á sviði efnhagsmála til hagstjórnaraðila eins og Seðlabankans og fjmrn. sem auðvitað lúta pólitískri forustu.

Í minnihlutaáliti efh.- og viðskn. er einmitt bent á að Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hafi sagt, með leyfi forseta:

„Það er mjög erfitt að sjá t.d. að fjármálaráðuneytið geti tekið við miklu af þessum þjóðhagsspárverkefnum og greiningum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft vegna þess að fjármálaráðuneytið er bara hluti af eða heyrir undir fjármálaráðherra sem er í ríkisstjórninni og vinnur mjög náið með ríkisstjórninni. Þannig að þær spár yrðu alltaf heldur vandræðalegar því það væri erfitt að túlka hvort þetta væru faglegar spár eða hvort þetta væru spár sem væru byggðar á vilja og ósk ríkisstjórnarinnar. Það er miklu betra að það sé óháð stofnun, og jafnvel mun sjálfstæðari en Þjóðhagsstofnun hefur verið, sem annast slíkar spár og greiningu."

Þetta segir Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Fleiri voru með efasemdir um að réttmætt væri að fjmrn. sinnti slíkum verkefnum, t.d. voru fulltrúar Þjóðhagsstofnunar með slíkar efasemdir. Og kannski má segja að ef fjmrn. á t.d. að vera með þjóðhagsspár í tengslum við fjárlagafrv. og síðan endurskoðun hennar á ársfjórðungsfresti þá séu menn komnir nokkuð beggja vegna borðs í þeirri vinnu, a.m.k. get ég ekki séð annað. Ég hefði því talið eðlilegt að sú vinna færi fram annars staðar.

Varðandi stöðu þingsins, sem hefur náttúrlega verið gagnrýnt hér harðlega því ómetanlegt hefur verið fyrir þingið að geta leitað til óháðrar stofnunar eins og Þjóðhagsstofnunar, þá hefur hæstv. forsrh. bent á að gerður verði samningur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Maður veltir fyrir sér hvort hægt væri að koma með slíkt á einhvern annan hátt, t.d. að ráða hagfræðinga til starfa í þingið til þess að liðsinna þingmönnum. Hér er fjöldinn allur af lögfræðingum og kannski ekki ástæðulaust að hér kæmu einnig aðrir fagmenn til starfa.

Staða stjórnarandstöðunnar hefur alltaf verið nokkuð erfið og sérstaklega í seinni tíð þegar menn hafa ekki fengið upplýsingar, þegar menn hafa túlkað upplýsingarétt þingmanna ákaflega þröngt eins og hefur því miður viljað brenna við hér í þinginu, þá óttast maður að þegar búið er að leggja Þjóðhagsstofnun niður að áfram muni verða erfitt að sækja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að veita stjórnvöldum aðhald sem er auðvitað skylda stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma, að veita ríkisstjórn hverju sinni málefnalegt aðhald.

Varðandi Seðlabankann og þau verkefni sem talað hefur verið um að verði flutt til hans þá verður nú að segjast sem er að Seðlabankinn er ekki óháður aðili þó svo að sjálfstæði hans hafi verið aukið. Það er því auðvitað mjög margt sem ber að skoða nánar að mínu mati hvað varðar þau verkefni og einnig hvert þau fara. Ég verð að segja, herra forseti, að ég harma eiginlega að það skuli vera farið í þessa aðgerð núna á síðustu dögum þingsins, verið að gera breytingar sem eiga eftir að verða skattborgurum mun dýrari en sá háttur sem hafður er á í dag, þ.e. með því að reka Þjóðhagsstofnun, og hefði ég viljað og tek undir með síðasta ræðumanni að óskandi hefði verið að ríkisstjórnin hefði ákveðið að vera ekki að koma þessu máli í gegn hér á síðustu dögum en biði með það svo hægt væri að gera viðhlítandi ráðstafanir að því sem snýr að verkefnum Þjóðhagsstofnunar og það yrði þá lögfest að einhverju leyti og ljóst hvar þau verkefni verði unnin í framtíðinni.

[22:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins nefna vegna þess að menn eru að tala um sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar annars vegar og þeirra stofnana sem hér um ræðir hins vegar, Hagstofu og Seðlabanka. Þjóðhagsstofnun heyrir undir forsrh., segir í lögunum, með nákvæmlega sama hætti og Seðlabankinn. Ég skipti mér ekki nokkurn skapaðan hlut af daglegum rekstri Seðlabankans. Ég hef verið ráðherra Hagstofunnar nú í rúm tíu ár, tíu ár og ellefu mánuði. Ég hef komið þar einu sinni. Ég er að vísu ráðherra þar en ég hef ekki skipt mér af einni einustu mannaráðningu þar. Ég reyndar man ekki hversu margir starfsmenn vinna þar, hvort það eru 80 eða 100, aldrei skipt mér af því hver er ráðinn þar til starfa og aldrei skipt mér af nokkrum sköpuðum hlut. Það má kannski segja að ég hafi verið að vanrækja starf mitt með því.

Það sem meira er, eins og fram hefur komið er lagt til og að því stefnt að Hagstofunni verði breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun undir stjórn sem heyrir undir forsrh. með sama hætti og Þjóðhagsstofnun. Ég hygg að fyrrv. forstjóri Þjóðhagsstofnunar geti einnig sagt frá því að ég hef aldrei skipt mér af rekstri Þjóðhagsstofnunar og þau rúmu tíu ár sem ég hef verið yfirmaður Þjóðhagsstofnunar hef ég komið þar einu sinni og reyndar held ég að forstjórinn hafi ekki verið við þegar ég kom, en það var ekki honum að kenna því að ég gerði ekki boð á undan mér.

Þó að í lögunum segi að þetta heyri undir forsrh. þá er maður ekkert að skipta sér af þeim stofnunum. Hvað á ég að vera að skipta mér af Hagstofunni sem er að mæla verðlag og þess háttar? Það er engu að stjórna fyrir mig, hagstofustjórinn sér um það. Og þannig eru þessar stofnanir. Þær eru því algjörlega jafnsjálfstæðar, Seðlabankinn og Hagstofan, eins og Þjóðhagsstofnun hefur verið og á því er enginn munur og ég er hissa á því að dósentinn sem alltaf er verið að vitna í hjá háskólanum, sem ég veit nú ekki til að sé neinn talsmaður háskólans, skuli ekki hafa áttað sig á þessu.

[22:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé svo sem enga ástæðu til þess að hæstv. forsrh. sé að skipta sér af þeim stofnunum þó að þær heyri undir hann. En þær heyra engu að síður undir hann. (**Forsrh.**: Eins og Þjóðhagsstofnun, það er sama.) Eins og Þjóðhagsstofnun, það er alveg rétt. En þess vegna hafa menn auðvitað velt því fyrir sér hvort Þjóðhagsstofnun hefði kannski átt að verða enn þá sjálfstæðari en hún er í dag. (**Forsrh.**: Ég skipti mér aldrei af því hvernig stofnanir starfa.) Hún heyrir alla vega undir þetta ráðuneyti engu að síður og hefði kannski verið eðlilegra að hún heyrði t.d. undir Alþingi eða yrði sjálfstæðari en hún er í dag.

Þó svo að menn komi einu sinni í stofnun og forstjórinn sé ekki við þá segir það í rauninni ekkert um hlutina, maður þarf ekki að koma á staðina þó að maður skipti sér af þeim. En ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra sé að skipta sér af því. Engu að síður heyrir stofnunin undir ráðherra, undir framkvæmdarvaldið og það segir auðvitað ákveðna sögu að þetta heyri undir framkvæmdarvaldið. Þess vegna legg ég ríka áherslu á að Þjóðhagsstofnun hefði þurft að vera sjálfstæðari og ekki að heyra beint undir framkvæmdarvaldið. Þess vegna hefur verið bent á að það hefði e.t.v. verið ástæða til þess að hún heyrði undir þingið.

[22:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frumvarp til laga um brottfall á lögum um Þjóðhagsstofnun og tengda þætti er hér til 2. umr. Það er að mínu viti afar eðlilegt að um málið sé mikil umræða og eðlilegt að allmargir þingmenn taki til máls og geri grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi málið.

Þjóðhagsstofnun og þau störf sem hún innir af hendi snerta með beinum hætti öll störf þingmanna og þau verkefni og ábyrgð sem þeim er falin. Á þeim vettvangi sem hún vinnur, þ.e. í sambandi við gagnaöflun, spár og skýrslugerðir sem lúta að efnahagsmálum eru mjög sérhæfðar greinar. Ekki er hægt að ætlast til þess að einstakir þingmenn séu með öll þau atriði á hverjum tíma á hraðbergi sem þar er fjallað um en eru engu að síður mikilvæg fyrir flestalla málavinnu í þinginu því það eru fyrst og síðast efnahagsmálin og ýmsar

forsendur í þjóðarbúskapnum sem ráða áætlunum og væntingum bæði af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar sem og fleiri aðila í þjóðfélaginu. Þess vegna er mjög eðlilegt að þetta sé rætt.

Ég er ekki talsmaður þess að staða einstakra stofnana eða einstakra verkefnaflokka sé eitthvað óumbreytanlegt fyrirbrigði, fjarri því. Ég tel einmitt afar mikilvægt að þjónustustofnanir og verkefnaflokkar aðlagi sig sem best að raunveruleikanum, að þeirri stöðu sem uppi er á hverjum tíma í þjóðfélaginu og séu ávallt í startholunum til þess að mæta kröfum og væntingum morgundagsins. Ég tel afar mikilvægt að þetta sé í rauninni innbyggt í stjórnsýslunni jafnt og í öðrum þáttum í samfélaginu, án þess þó að ég sé að leggja það til að menn eigi að flýta sér að klippa af fortíðina, fjarri því og alls ekki. Allt á þetta að eiga sína eðlilegu samfellu. En ekkert á að vera til bara einungis sjálfs sín vegna, það a.m.k. verða að vera mjög afmörkuð tilvik. Ég er almennt slíkrar skoðunar og þannig vildi ég nálgast það mál sem hér er til umræðu í örstuttu máli.

Ég held að við verðum í fyrsta lagi að skoða málið, verkefni Þjóðhagsstofnunar, út frá störfum og þörfum þingsins. Þinginu er afar mikilvægt að eiga traustan og góðan aðgang að hliðstæðum upplýsingum og Þjóðhagsstofnun hefur unnið og jafnvel mætti útvíkka þau enn frekar. Að mínu viti mætti Þjóðhagsstofnun, eins og hún er, færast miklu nær þinginu. Ég hefði talið að í þeirri uppstokkun sem núna er verið að leggja upp í varðandi Þjóðhagsstofnun ætti að fara nákvæmlega ofan í það hvaða verkefni hennar og þá annarra stofnana sem eru á vegum framkvæmdarvaldsins eða lúta framkvæmdarvaldinu og eru hluti af því, hvort sem það er frá Hagstofunni eða öðrum aðilum þar í því valdi, mætti færa beint undir þingið. Ýmis verkefni sem eru nú á vegum Þjóðhagsstofnunar ættu ekkert að vera þar en það er mikilvægt að önnur séu þar. Og ég held að mjög nauðsynlegt hefði verið að nálgast þetta frá þeim sjónarhóli.

Ég þekki þetta t.d. bara af mínum störfum í fjárln. Þetta er mjög umfangsmikill og flókinn málaflokkur og krefst mikillar sérfræðikunnáttu eða aðgangs að sérfræðikunnáttu. Hver einstakur þingmaður hefur engin tök á að leggja fullnægjandi og persónulega mat á allar forsendur og alla útreikninga sem þar eru lagðir til grundvallar í vinnu við fjárlagagerð og efnahagsáætlanir á vegum ríkisstjórnarinnar og á vegum Alþingis og þjóðarinnar allrar. Við höfum engin tök á að meta það þannig að við erum gjörsamlega og eðlilega háðir því að þær upplýsingar sem þaðan koma komi jafnvel að fyrra bragði því að oft veit maður ekki einu sinni hvað maður á að spyrja um eða hvernig maður á að nálgast hlutina. Þá er mjög mikilvægt að við eigum þar beinan aðgang að stofnun sem við vitum að heyrir undir okkur og sem við getum gert beinar kröfur til í krafti Alþingis til þess að fá þjónustu hjá, leiðsögn og upplýsingar.

Ég tel að frv. eins og það er lagt fyrir hér og sú vinna sem þar er lögð til grundvallar skili þessu ekki áfram. Hún setur málið hvað þetta varðar í uppnám eða það er óafgreitt og það tel ég hinn mikla veikleika þessa máls. Það getur ekki verið ætlun þeirra sem standa að frv., hæstv. forsrh. eða ríkisstjórnar, að strípa þingið eða að gera hina þinglegu vinnu óaðgengilegri. Ég hef enga trú á því að það sé tilgangurinn eða ætlunin og fjarri því. Engu að síður er þetta hlutverk að einhverju leyti sundrað og síðan fært frá þinginu. Talað er um að hluti af verkefnunum fari til hagsmunasamtaka. Gert er ráð fyrir því að hluti af verkefnunum fari til Seðlabanka. Gert er ráð fyrir því að hluti af verkefnunum fari til Hagstofu. Gott og vel, allir þessir aðilar eru í sjálfu sér faglega færir um að vinna þessa þætti. En að mínu viti eru þeir ekki með sama hætti aðgengilegir þinginu. Við göngum ekkert upp í Hagfræðistofnun Háskólans og fáum leiðsögn eða álit um efnahagslegar forsendur án þess að beðið sé um það, greitt fyrir það o.s.frv.

Ég vil í þessari umræðu draga athygli að þessu. Að að mínu viti er þingið of veikt gagnvart mjög sterku framkvæmdarvaldi, framkvæmdarvaldi sem hefur sterka tilhneigingu eðli málsins samkvæmt til þess að efla sitt eigið vald, innra vald. Það vald getur ekki eflst nema á kostnað einhvers annars og það er þá á kostnað valds þingsins. Þess vegna ber okkur að beita öllum okkar krafti í þá áttina að styrkja stöðu þingsins og það á þeim sviðum sem lúta að efnahags- og fjármálastjórn.

Nú starfar stofnun undir þinginu, Ríkisendurskoðun, sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna. Hún hefur ekkert framkvæmdarvald í sjálfu sér en gegnir engu að síður afar trúnaðarmiklu starfi gagnvart þinginu í heild og gagnvart einstökum þingmönnum sem geta leitað til hennar um álitamál.

Sömuleiðis höfum við umboðsmann Alþingis sem reyndar snýr enn meir að hinum almenna borgara en heyrir engu að síður undir Alþingi og er trygging fyrir því að hinn almenni borgari, almenni íbúi þessa lands, eigi aðgang að ákveðnum stjórnsýslulegum úrlausnum beint á ábyrgð Alþingis án þess að þurfa að lúta þar ákvörðun framkvæmdarvaldsins. Þegar maður segir að lúta ákvörðun framkvæmdarvaldsins þá felst í því í sjálfu sér ekkert beint neikvætt, alls ekki. En í því felst að okkur er mjög mikilvægt að hafa þarna tvíþætta nálgun.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa hér áður vakið athygli á till. til þál. sem þeir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson hafa flutt um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar. Þar er lagt til að Alþingi setji á fót nefnd til að gera úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar og síðan að í framhaldi af því verði teknar ákvarðanir eða gerðar tillögur um hver skuli vera sjálfstæð staða Alþingis og sjálfstæðir möguleikar til þess að höndla þau mál sem þarna eru á ferðinni. Þetta tel ég, virðulegi forseti, hina réttu nálgun málsins.

Ég ítreka að ég ber fulla virðingu fyrir því að stjórnvöld, Alþingi og ríkisstjórn, séu stöðugt vakandi fyrir því að stofnanir og verkefni á vegum ráðuneyta séu ekki til sjálfs sín vegna. Þá er ég ekki að segja að Þjóðhagsstofnun sé þar á meðal, alls ekki, en bara að hugmyndafræðilega séð eigi það ekki að vera þannig heldur eigi að skoða stöðugt stöðu mála af gaumgæfni og láta Alþingi, láta lýðræðið vera í fyrirrúmi, rétt þess, stöðu og möguleika, láta það ávallt vera fyrir stafni. En leiki vafi á hvort ráðslag sé til eflingar þinginu og þingræðinu þá á að láta þingið njóta þess vafa.

Virðulegi forseti. Ég vil sem þingmaður með ekki mjög mikla þingreynslu — þó hef ég verið á þingi í nærri þrjú ár — láta þá skoðun í ljós að ég tel að þessa þætti sem ég hef hér rakið þurfi að styrkja á vegum þingsins. En þau spor sem hér er verið að stíga eru ekki endilega ígrunduð fyllilega með það fyrir augum að mínu mati. Í þetta hefði átt að leggja miklu víðtækari vinnu og skilgreina hvað þingið væri sammála um eða legði áherslu á að heyrði beint undir þingið og hvaða þættir í því starfi sem Þjóðhagsstofnun vinnur að nú gætu farið til annarra aðila í þjóðfélaginu þannig að vel væri þó fyrir séð.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta mál ætti að vinnast eins og ég hef hér sagt. Ég ítreka og legg áherslu á að meiri hluti Alþingis og hæstv. forsrh. taki þessi mál til skoðunar og kanni hvort ekki megi hægja aðeins á ferðinni þannig að meiri sátt verði um frv. í þinginu, því að þau verkefni sem við erum að fjalla um hér snúa að þinginu fyrst og fremst og mikilvægt er að sátt sé um það, sú mögulega sátt sem unnt er að ná gagnvart þinginu.

[22:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst aðeins örla á því í ræðu hv. þm. og reyndar fleiri þingmanna hér að þeir séu komnir í einhverja samkeppni við framkvæmdarvaldið um að færa fleiri stjórnsýslustofnanir undir þingið. Þingið er fyrst og fremst löggjafarstofnun. Þingið er ekki stjórnsýslustofnun. Þingið á ekki að sækjast eftir slíkum verkefnum. Á hinn bóginn fer afar vel á því að stofnun eins og Ríkisendurskoðun sé sett undir þingið, ekki vegna þess að þingið sé að skipta sér mikið af Ríkisendurskoðun frá degi til dags. Ég held að það gerist mjög lítið og ég held að einstakir þingmenn skipti sér ekkert af Ríkisendurkoðun frá degi til dags. En hún er færð undir þingið, eins og það heitir, til þess að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu sem er eðlilegt vegna þess að þetta er sérstök stofnun sem er til þess sett á laggirnar að veita framkvæmdarvaldinu heilbrigt aðhald og eftirlit. Það finnst mér vera jákvætt og hafa verið skynsamleg og góð breyting. En almennt á ekki að flytja stjórnsýslustofnanir undir löggjafarþingið. Það ruglar þrígreiningu valdsins eins og við þekkjum hana og hún á að vera skýr.

Annað sem ég hef aldrei skilið er tal sem ég hef oft heyrt hér í þessum sal frá því að ég kom hér fyrst fyrir tæpum ellefu árum. Það er tal um að framkvæmdarvaldið sé að styrkjast á kostnað þingsins. Þetta er einhver reginmisskilningur. Í kerfi okkar er staða þingsins gríðarlega sterk. Í fyrsta lagi er það þannig að 18% þingmanna sitja á toppi framkvæmdarvaldsins, þ.e. ríkisstjórnin. Hún kemur öll úr hópi þingmanna. Hún er valin þaðan úr hópi þingmanna, þingflokka frá meiri hluta þingmanna. Það sem menn eru í rauninni að finna að er að stjórnarandstaðan hafi ekki nægilega mikil völd þegar þeir eru að tala um þingið. Það er bara eðli máls samkvæmt. Stjórnarandstaðan er í stjórnarandstöðu og hún hefur ekki völd. Hún veitir aðhald. Hún spyr spurninga og veitir andstöðu samkvæmt orðanna hljóðan. Hún hefur ekki vald. Það má ekki rugla því saman við það að vald þingsins sé að skerðast á nokkurn hátt. Vald þingsins er afar sterkt á Íslandi.

[22:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hæstv. forsrh. að staða þingsins er sterk enda á hún að vera sterk. Það bera að gjalda varhuga við því að gera neitt sem veikir stöðu þingsins. Ég held að við verðum stöðugt að hafa það í huga.

Styrk staða þingsins og lýðræði er ekkert sjálfgefið mál, ekki einu sinni í lýðræðisþjóðfélagi sem við öll viljum hafa. Það er ekki sjálfgefið mál. Því miður er það svo að viss samkeppni er, eða það má orða eins og hæstv. forsrh. gerði þó ég mundi ekki hafa sagt það með þeim hætti, að það er samkeppni á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Engu að síður held ég að við upplifum það öll sem staðreynd að báðum finnst þarna stundum skarast þannig að mörk séu ekki alltaf skýr. Það þarf í sjálfu sér ekkert að vera óeðlilegt við það. En það er bara svo að mínu mati.

Þess vegna ber okkur þingmönnum að vera á stöðugu varðbergi, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ábyrgð þingmanna í ríkisstjórn er ekkert minni hvað varðar þingræðið en þingmanna í stjórnarandstöðu. Ábyrgð þeirra er kannski enn meiri ef eitthvað er. Annars held ég að hún sé að mínu viti bara jöfn. Forsendur þingmanna til þess að fá upplýsingar til þess að meta stöðu mála, meta hvað skuli næst gjöra, eru því afar mikilvægar fyrir þingræðið. Á það var ég einmitt að leggja áherslu að hér ætti að huga betur að.

[22:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var áður en hann tók til starfa á þjóðþinginu röggsamur og þekktur skólaleiðtogi á merkum sögustað á Íslandi. Mér var sagt að hann hefði ráðið þar því sem hann vildi. Er það ekki satt?

[22:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forsrh. veit að þegar manni er trúað fyrir að taka ákvarðanir á grundvelli forsendna sem manni er skylt að byggja á þá tekur maður þær ákvarðanirnar og ber ábyrgð á þeim. Það eigum við að gera í hvaða starfi sem við erum, hvort við erum forsætisráðherrar, skólastjórar, sjómenn, verkamenn eða bændur. Þá öxlum við ábyrgð á starfi okkar.

[22:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Engar stofnanir ríkisins eru ómissandi, hafa ekki verið og munu ekki verða. Það er í eðli sínu sjálfsagt að fara í endurmat á stöðu og tilgangi hverrar stofnunar fyrir sig og raunar hlutverki ríkisins í heild.

Tillagan sem hér um ræðir er þegar grannt er skoðað í raun engin uppstokkun á því stofnanakerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi um áratuga skeið. Í grg. með þessari tillögu er að vísu rakið að endrum og sinnum allt frá stofnun Þjóðhagsstofnunar 1973 hafi menn velt yfir því vöngum hvar og hvernig henni verði best fyrir komið. Á einhverjum stigum hafa menn spurt hvort verkefni hennar mætti færa til annarra aðila. En tillagan sem hér um ræðir, herra forseti, þannig að það sé sagt þráðbeint, á fyrst og síðast rætur í þeirri staðreynd að á árinu 2000 og reyndar aftur ári síðar kastaðist í kekki milli hæstv. forsrh. og forstjóra þessarar stofnunar. Ástæðan var auðvitað öllum ljós sem með fylgdust. Hæstv. forsrh. líkaði ekki það sem frá þessari stofnun kom, verðbólguspár stofnunarinnar voru ekki þær sem hann vildi heyra, efnahagsspár þessarar stofnunar voru ekki jafnjákvæðar og þær sem hæstv. forsrh. vildi sýna almenningi og þjóðinni. Það er auðvitað kjarni þessa máls.

Væri á ferðinni uppstokkun og verkefnatilflutningur, eins og látið er í veðri vaka, á faglegum grundvelli þá mætti spyrja: Hvers vegna er ekki meira að gert? Hvers vegna er ekki farið víðar um sviðið? Í því samhengi væri auðvitað afskaplega freistandi að velta eilítið fyrir sér hvernig staðið hefur verið að rekstri ríkisins í tíð núv. ríkisstjórnar síðustu sjö árin og skoða umfang ríkisumsvifa. Ég spurði hæstv. forsrh. um þau efni í fsp. ekki fyrir margt löngu og í ljós kom að þrátt fyrir að talsvert væri um sölu og formbreytingu á ríkisfyrirtækjum, stórfyrirtækjum — kannski meiri formbreytingu en sölu — verður þess ekki vart að ríkisbáknið, eins og ákveðinn stjórnmálaflokkur hefur nú gjarnan nefnt það, hafi farið á undan með góðu fordæmi í að skera niður þjónustu eða draga úr kostnaði við rekstur hennar. Í tíð

Sjálfstfl. við stjórnvölinn, og ég held að ég fari rétt með, er nær lagi að kostnaður og útgjöld ríkissjóðs hafi nánast tvöfaldast.

Maður hefði kannski ætlað við fyrstu sýn, þó að hér sé nú ekki um miklar upphæðir að tefla, að menn hefðu notað ferðina, þegar lagt var til atlögu við Þjóðhagsstofnun, til að sjá til þess að einhverjum sparnaði yrði skilað í leiðinni, að einhverjir fjármunir mundu sparast við þessar aðgerðir. Því er hins vegar ekki að heilsa því að fjmrn. sjálft, sem fær þriðjung góssins, kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé um það að ræða. Það er einfaldlega þannig að þessum 132 millj. kr. sem það kostar að reka Þjóðhagsstofnun á ári hverju er skilað, annars vegar til fjmrn., að $^1/_3$, ef ég man rétt, og Hagstofu Íslands að $^2/_3$. Því væri ósköp ánægjulegt að fá við því einhver svör hvort ekki hafi komið til álita að fara í stórtækari uppskurð og athugun á stjórnkerfinu og gaumgæft í leiðinni hvort einhvers staðar mætti spara peninga.

Herra forseti. Þær stofnanir sem eiga að fá þessi verkefni Þjóðhagsstofnunar, m.a. Hagstofa Íslands, sem heyrir undir forsrh. hæstv. þó að hann hafi ekki komið þangað nema einu sinni, held ég að hafi aukið umsvif sín líka, án þess að ég hafi það staðfest og verð að viðurkenna það hreinskilnislega. Ég held að þar hafi talsverð aukning orðið á síðustu áratugum og að umfang þeirrar stofnunar hafi vaxið allverulega. Ég man a.m.k að forðum höfðu menn á tilfinningunni að lítið annað gerðist á Hagstofu Íslands en að þar væru taldir hausar og sú stofnun gerði þjóðinni grein fyrir því hversu mikið henni hefði fjölgað milli ára. Auðvitað er langt síðan en hitt liggur fyrir að umfang og verkefni sem Hagstofan hefur haft með höndum hafa vaxið allverulega ár frá ári. Sumpart hafa þau verkefni sem hún hefur sýslað með skarast við þau sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið að. Þar hefur með öðrum orðum orðið aukning.

Í fjmrn. hefur nú heldur betur orðið aukning. Stofnun efnahagsskrifstofu þess ráðuneytis, sem ekki er mjög langt síðan varð til með formlegum hætti, hefur gert það að verkum, og enn hef ég ekki tölur við höndina, að umfang þess ráðuneytis og mannahald hefur stóraukist, á allra síðustu árum. Það er ekkert í líkingu við það sem var fyrir t.d. 20 árum síðan. Á sama hátt má líka segja að sumpart hafi verkefni ráðuneytisins tekið að skarast við þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum síðustu 25 árin.

En í þessu samhengi má auðvitað velta fyrir sér, í þessu samhengi sem ég var að velta hér upp, sparnaðinum, hvort aukning á framlögum til þessara undirstofnana, þ.e. til ráðuneytisins annars vegar og Hagstofu Íslands hins vegar, nægði ekki. Þarf þessar 132 milljónir til viðbótar til að bæta um betur þegar látið er í veðri vaka, sem er satt að sumu leyti, að þessi verkefni hafi verið unnin á tveimur stöðum og í sumum tilfellum fleiri stöðum? Það væri freistandi að heyra viðhorf flytjanda og málsvara þessa frv., hvort það sé eðlilegt að hvergi sparist ein aukatekin króna.

Ég segi því, herra forseti, í þessu samhengi að hvað sem öðru líður, þótt þekkt sé í tíð þessarar ríkisstjórnar að menn hafi stór orð um að stokka upp spilin og gera róttækar breytingar, einkanlega hvað varðar sölu ríkisfyrirtækja, hefur ríkisstjórnin býsna lítið gert inn á við, þ.e. varðandi uppstokkun í stjórnkerfi ríkisins. Vissulega hafa einhverjar stofnanir verið fluttar út á land. Það er vel en hefur gengið hægar en efni hafa staðið til. En varðandi vangaveltur og öll áform um að endurskoða með einhverjum hætti lög um Stjórnarráð Íslands hefur lítið gerst og kannski hefur hugur aldrei fylgt máli. Kannski er það álit þessarar ríkisstjórnar að þar þurfi engu að breyta, nóg sé að skipta um andlit á ráðherrastólum endrum og eins og þá sé björninn unninn.

Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar að tími sé til þess kominn fyrir allmörgum árum að gera atlögu að endurskoðun laganna um Stjórnarráð Íslands og skoða þau mál heildstætt. Þá mundu menn skoða ýmsa vinnu sem unnin hefur verið í þá veru, til að mynda nefndarinnar frá 1985. Tillögur hennar voru engan veginn óumdeildar. Ég nefni hugmyndir sem er að finna í mínum flokki, Samfylkingunni, í þá veruna, þ.e. varðandi samruna og sparnað í rekstri ríkisins og aukna hagræðingu með samruna ráðuneyta og tilflutningi verkefna milli þeirra.

Herra forseti. Um þetta mætti auðvitað hafa langt mál. Ég vildi hins vegar segja, af því að forsrh. fór yfir það fyrr í dag í tíðum andsvörum, þ.e. samspil framkvæmdarvalds og Alþingis. Hann sagði raunar í sínu síðasta andsvari að Alþingi Íslendinga væri engin stjórnsýslustofnun. Það er alveg laukrétt. Það er það ekki og á ekki að vera það. Það er fyrst og síðast löggjafarsamkunda. En þingið er um leið eftirlitsstofnun með framkvæmdarvaldinu og því er það auðvitað mikilvægt Alþingi að þessi stofnun og þingmenn þjóðarinnar geti haft aðgang að sem traustustu upplýsingum hverju sinni.

Auðvitað verður ævinlega og alltaf deilt um tölur og upplýsingar um efnahagsmál því sínum augum lítur hver silfrið. Slíkar upplýsingar verða ekki veittar þannig að allir verði um þær sammála upp á punkt og prik. Það er hægt að skrökva með tölum eins og öllu öðru. En Alþingi er hins vegar mjög mikilvægt að hafa aðgang að hlutlægri stofnun eða hlutlægum aðilum með sérþekkingu. Að því sögðu hefði mér fundist eðlilegra, fyrst það er ekki markmið ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsrh. að spara á þessu eina einustu krónu, að færa stofnunina í heilu lagi undir Alþingi, breyta eðli hennar og stjórn og eftir efnum og ástæðum innra skipulagi, en að gera úr henni eins konar hagdeild þingsins þar sem þingmenn hefðu aðgang að eigin upplýsingaveitu en þyrftu ekki að sækja til ráðuneyta eða undirstofnana þeirra.

Það á auðvitað alltaf eðli málsins samkvæmt að vera ákveðin togstreita milli þings og framkvæmdarvalds, ekki hatursfullt samband en engu að síður togstreita því hvor hefur eftirlit með hinum. Það er kjarni málsins. Mér hefði fundist það eðlilegri nálgun við málið og í þeim anda er brtt. fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., sem ég vænti að fái hér góðar viðtökur.

Herra forseti. Að þessu sögðu get ég ekki látið hjá líða að nefna, því að forsrh. vakti sjálfur á því máls, að enginn ráðherra þessarar ríkisstjórnar né fyrri ríkisstjórna mundi með opin augu eða vitandi vits skammta rangar upplýsingar til þingmanna þegar eftir upplýsingum væri leitað með beinum fyrirspurnum eða öðrum hætti. Ekki dettur mér í hug að ætla nokkrum ráðherra fyrr eða síðar að gera slíkt. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að vekja á því athygli að þær upplýsingar sem veittar eru af hálfu ráðuneytanna á þessu kjörtímabili eingöngu og eftir hefur verið leitað hér af fjölmörgum þingmönnum eru af ýmsum toga. Um þau mál hefur verið rætt allítarlega, m.a. utan dagskrár, í umræðum um störf þingsins og á öðrum vettvangi. Bara örfá dæmi um þetta:

Félmrh. veitti hér upplýsingar um stöðu húsnæðislánakerfisins og húsnæðismála þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leitaði eftir því. Þær upplýsingar voru vægast sagt illa framreiddar og sennilega er hægt að fullyrða að margt í þeim

hafi ekki staðist raunveruleikann, að þær hafi ekki verið réttar með öðrum orðum. Um það fór hér fram í kjölfarið löng umræða á hinu háa Alþingi. Eðli máls samkvæmt sýndist sitt hverjum. En þar var mjög gagnrýniverð framsetning á málum, mjög partísk framsetning á málum og engan veginn hlutlæg upplýsingamiðlun heldur mjög pólitísk.

Samgrh. hefur hér oftar en einu sinni átt orðastað við alþingismenn, til að mynda um málefni Símans þegar alþingismenn hafa óskað eftir því að fá upplýsingar um gang mála þar á bæ. Það hefur nú ekki alltaf gengið sjálfkrafa fyrir sig að fá þær upplýsingar framreiddar. Það er óþarfi að fara mörgum fleiri orðum um það. Það muna allir og vita allir sem með hafa fylgst.

Forsrh. sjálfur hefur eiginlega lagt þá línu hér gagnvart undirmönnum sínum og fagráðherrum sínum að þeim beri ekki að veita tilteknar upplýsingar, einkum og sér í lagi þegar um er að ræða ríkisfyrirtæki sem formbreytt hefur verið og heita nú orðið hlutafélög þó að þau séu að öllu leyti í eigu ríkissjóðs. Því er haldið fram að þá allt í einu skapist það bil á milli þingsins, eftirlitsaðilans, og þessara ríkisstofnana að það megi satt að segja engin tengsl vera þar á milli og allra síst að nokkrar upplýsingar sem að gagni koma megi koma frá þessum stofnunum hingað inn á hið háa Alþingi. Hann hefur gjarnan verið vísað til álitsgerðar eins lögfræðiprófessors frá 1997, ef ég man rétt, Stefán Más Stefánssonar, sem fagmenn og fræðimenn voru allt annað en sammála um. Hann hefur raunar undirbyggt þessi sjónarmið sín. En það er enginn heilagur sannleikur þar fyrirliggjandi og fræðimenn eru langt í frá sammála um þetta. Ég er þeirrar skoðunar og við stjórnmálamenn margir hverjir að hér sé túlkunin afskaplega þröng og það að það eitt að ríkisfyrirtæki fái fyrir aftan sig stafina hf geri það að verkum að það slitni á milli og Alþingi eigi engan rétt á að fá neinar þær upplýsingar sem máli skipta við það eitt, stenst ekki að mínu áliti. Ef það stenst lögfræðileg rök þá stenst það klárlega ekki siðferðileg rök eða pólitísk. Um þetta mætti hafa langt mál.

Í þriðja lagi nefni ég dómsmrh. og upplýsingar um löggæslumál. Ég sjálfur spurði dómsmrh. út úr um tiltekinn þátt í starfsemi lögreglunnar, viðbraðgsflýti og annað því um líkt. Þar var hálfsannleikur sagður og ég varð að ganga eftir því nokkrum dögum síðar þegar ég komst að því sjálfur að ekki var allt satt og rétt.

Þetta eru bara örfá dæmi frá þessu kjörtímabili. Eins og ég segi þá dettur mér ekki í hug að ætla að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar né nokkurra fyrri komi hér með skrök á vör og ætli sér vísvitandi að blekkja. En þeir eru auðvitað litaðir af pólitískum viðhorfum sínum, litaðir af pólitískri stefnumörkun sinni og segja hlutina með sínum hætti. Um það er bara ekkert að segja. En bara sú staðreynd gerir það að verkum að togstreitan sem ég nefndi fyrr er til staðar, togstreita og stundum tortryggni sem ekki er óeðlileg milli þings, og þá væntanlega stjórnarandstöðu, og þeirra sem valdið hafa í ráðherrastólum. Þetta búum við við og munum alltaf búa við og gerir það að verkum að þörf okkar alþingismanna fyrir eins hlutlægar upplýsingar og nokkur kostur er á, eins traustar upplýsingar og við metum að við þurfum, er mjög brýn.

Þjóðhagsstofnun er ekki yfir gagnrýni hafin, hvorki mína né annarra og eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá er engin stofnun ómissandi. En mér finnst hins vegar umbúnaður þessa máls og aðdragandi allur vera slíkur að betra hefði verið að menn hefðu gert þennan umbúnað öllu heillegri, skoðað málið á víðfeðmari hátt og gert þá þann uppskurð sem nauðsynlegur er á þessari grein ríkisgeirans, notað ferðina og reynt að spara nokkrar krónur, notað ferðina og reynt að styrkja hagdeild Alþingis og haft þetta mál þannig að það beri ekki það svipmót sem það óneitanlega gerir og ég held að við blasi í augum þeirra sem með fylgjast, landsmanna allra, þ.e. að hér sé afrakstur deilu sem upp kom um túlkun ákveðinna haggilda milli þjóðhagsstofustjóra og forsrh. fyrir einu eða tveimur árum.

[22:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef svarað þessu síðasta áður og það er ekki fótur fyrir því enda, eins og ég segi, hefði þingið fyrir tólf árum síðan varla rætt um að leggja þessa stofnun niður og samþykkt það í rauninni með ályktun, varla hefðum við hv. þm. sett það í stjórnarsáttmála okkar, eins og við gerðum, að hluta þessa stofnun í sundur eins og var í stjórnarsáttmála okkar, ef það væri hægt að rekja til atburða sem áttu sér stað sjö, átta, níu eða tíu árum síðar. Ég á ekki von á því.

Vegna stöðu hlutafélaga í eigu ríkisins að öllu eða mestu leyti þá hef ég ekki séð neina ritgerð sem gengur þvert á þá ritgerð sem liggur fyrir frá Stefáni Má Stefánssyni. Ég hef ekki séð neina slíka. Ég hef ekki séð neinn lögfræðing skriflega draga það í efa þannig að ég held að það standi. Ég vek athygli á því að það er ekki rétt sem hv. þm. sagði að þar með fengju menn engar upplýsingar. Það lýtur þeim lögmálum að þá fá menn sömu upplýsingar og hluthafar mundu fá almennt, hluthafar á hluthafafundi.

Númer tvö þá höfum við það í lögum að meðan ríkið á yfir 50% í slíku fyrirtæki þá skuli það lúta endurskoðun Ríkisendurskoðunar og Ríkisendurskoðun er auðvitað skylt að láta vita af því ef þar ber eitthvað út af sem Ríkisendurskoðun rekur augun í sem ekki er samkvæmt góðri endurskoðunarvenju eða réttum reglum og lögum. Þar er því út af fyrir sig ákveðið aðhald.

Varðandi sparnaðinn þá ítreka ég það, eins og hæstv. utanrrh. sagði í framsöguræðu sinni, að gert er ráð fyrir því að þegar fram í sækir verði sparnaður. En við lögðum höfuðáherslu á það að staða starfsmanna sem nú eru í Þjóðhagsstofnun yrði áfram tryggð. Ef við hefðum við þær aðstæður sagt að við ætluðm jafnframt að spara peninga þá hefði það ekki verið trúverðugt. En þegar fram í sækir mun minnkun tvíverknaðar auðvitað leiða til sparnaðar.

Vegna fjölgunar starfsmanna ríkisins á undanförnum 25 árum vil ég segja að íbúum þessa lands hefur fjölgað um 50–60 þúsund (**GÁS:** Tíu árum.) á sama tíma. Nokkrum sinnum voru nefnd 20 ár og svo 25 ár, svo tíu ár. Á tíu árum hefur íbúunum væntanlega fjölgað um 20–30 þúsund manns. Það eru svona um það bil tveir Hafnarfirðir eða svo. Ekki veit ég hvað margir starfsmenn eru þar en þeir eru örugglega þó nokkrir.

[22:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um tímasetningar. Það deilir enginn um það og ég fór mjög rækilega yfir það í ræðu minni að það er ekkert nýtt að menn hafi rætt um hlutverk Þjóðhagsstofnunar. Þar eiga 25 árin við því hún er rúmlega 25 ára. Í upphafi síðasta áratugar, 1991, fóru menn að ræða þetta og raunar fyrr og síðar.

Ég vakti einfaldlega athygli á því að tímasetningin er a.m.k. þá mjög mikil tilviljun því að eftir að upp úr sýður milli forsrh. og þjóðhagsstofustjóra í opinberri umræðu um

verðbólguspár og fleira þá fer þetta mál á fljúgandi ferð. Það er bara einfaldlega það sem ég er að segja og það er ekki bara ég heldur langtum fleiri sem draga af því þessar ályktanir. Kannski eru menn að sjá meira úr þessu en efni standa til. Það kann vel að vera. En þá lesa fleiri en ég vitlaust í þá stöðu.

Varðandi álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar þá höfum við nú oft rætt hana í okkar hóp. Við þingmenn Samfylkingarinnar búum bara hins vegar ekki við það hér að geta gengið í sjóði sem borga laun sérfróðra aðila nema að vissu marki. Við höfum verið að láta skoða þessi mál fram og til baka. Það er alveg hárrétt hjá forsrh. að fyrir liggur ekki skrifleg álitsgerð í þessa veruna. Nú er ég ekki að gefa mér að sú álitsgerð sé yfir gagnrýni hafin. En ef hún reynist laukrétt, finnst forsrh. þá siðlega rétt að háeff-væðingin ein og sér geri þessar eðlisbreytingar á samskiptum þings og þessara ríkisstofnana, hvort sem þær eru háeffaðar eða ekki?

Ég vil minna á að ég er með frv. hér í þinginu og hef haft umliðin þrjú ár þar sem ég legg til breytingar á þessu, tek af allan vafa um að hér er um opinber málefni að ræða sem varða þingið. Ég geri raunar breytingar á hluthafalögum líka þannig að þeim hluthöfum sem hugsanlega eiga með ríkinu í viðkomandi hlutafélögum sé það ljóst líka að þingið hefur um þessi mál að segja.

[22:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það algjörlega siðlegt að þess sé gætt að sömu reglur gildi um þau fyrirtæki sem lúta ákveðnu formi, óháð því hver eigandinn sé. Ég tel þýðingarmikið að ein regla gildi og að þó að ríkið eigi t.d. 90% eða jafnvel meira, eins og í Símanum, og svo einhverjir litlir karlar eins og ég 100 þúsund kall, að ég viti að sama regla gildi í þessu félagi eins og öðrum, að það lúti sömu lögmálum þó að þessi tiltekni eigandi sé fyrir hendi. En mér finnst það ekki óeðlilegt samt sem áður að meðan ríkið eigi 50% þá eigi ríkisendurskoðandi sérstakan lögtryggðan atbeina að því að endurskoða það fyrirtæki. Það er undantekning frá reglunni og ég sé ekkert athugvert við það.

En vegna þess að menn vilja endilega tala um að verið sé að refsa þjóðhagsstofustjóra sérstaklega út af deilum um þjóðhagsspár þá vek ég bara athygli á þál. um Þjóðhagsstofnun sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort ekki sé hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar."

Þetta er samþykkt í þinginu 1987 þannig að þá voru að byrja að koma upp stofnanir sem gátu sinnt svona verkefnum. En þær voru að slíta barnsskóm á þeim tíma. Nú er kominn fjöldi sterkra, öflugra stofnana sem getur og er að gera það sama og Þjóðhagsstofnun. Hafi þetta verið hægt 1987 að mati þingsins — ekki ríkisstjórnarinnar, þingsins — hvað þá nú þegar komnar eru stofnanir úti um allt? Ráðuneytin hafa styrkst. Það er rétt hjá hv. þm. Bankastofnanirnar og launþegasamtökin, hver á fætur öðrum gefa yfirlýsingar um fjárlög, um þetta og hitt, hvort rauðu strikin haldi og hvað eina, dag eftir dag, Kaupþing, Íslandsbanki, Búnaðarbanki og fleiri og fleiri stofnanir, Talnakönnun eða hvað þetta allt saman heitir. Fram koma endalausar yfirlýsingar manna sem þykjast búa yfir þekkingu og búa reyndar yfir þekkingu. Hafi þetta verið hægt 1987 þá hlýtur það að vera sjálfsagt núna.

[22:57]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við komumst aldrei að neinni niðurstöðu um þetta, þál. frá 1987 og áform í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 1991. Árið 2002 gerist þetta. Árið 2001 verða þessi upphlaup. Um þetta fáum við aldrei neina niðurstöðu.

Hér var vakin athygli á því að Ríkisendurskoðun endurskoðar þessi hlutafélög. Að vísu hef ég nú verið gagnrýninn á það og raunar fleiri hvernig staðið hefur verið að þeirri endurskoðun því að ríkisendurskoðandi varð sjálfur uppvís að því fyrir einhverjum árum síðan að verktakar sinntu þeirri endurskoðun. Hann skrifaði upp á og sagðist ekki vera ábyrgur að öðru leyti en að hafa skrifað upp á án þess að hafa staðið að þeirri endurskoðun. Það hefur vonandi færst til betri vegar.

Ég vakti athygli á því að með frv. mínu verður gerð grein fyrir þessu í hluthafalögum þannig að þeim litlu köllum sem vilja kaupa með ríkinu í fyrirtækjum eins og Símanum, verður gert ljóst fyrir fram að það gilda um þetta að þessu leytinu til önnur lögmál, nefnilega þau að ekki verður slitið á milli tengsla þings og viðkomandi fyrirtækja við upplýsingagjöf og annað því um líkt.

Rétt að lyktum um opinbera geirann og ég afsaka ef ég hef ruglað með ártöl. Ég spurði út í það, og forsrh. hlýtur að muna eftir því, að um tíu ára skeið hans forsætisráðherrasetu hefur orðið umtalsverð aukning í ríkisgeiranum. Fyrir liggur líka að umtalsverð útgjaldaaukning hefur orðið í hinum opinbera geira. (**Forsrh.:** Það er vegna kaupmáttaraukningar.) Vegna kaupmáttaraukningar opinberra starfsmanna væntanlega? Það finnst mér býsna einföld skýring því staðreyndin er sú að ríkisgeirinn hefur þanist út þrátt fyrir önnur áform og önnur fróm loforð.

[22:59]

Útbýting þingskjala:

Kostnaðarþátttaka sjúklinga við endurhæfingu, 664. mál, svar heilbrrh., þskj. 1251.

Steinullarverksmiðja, 663. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1261.

[23:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þessi umræða er búin að standa í mestallan dag og hef ég fylgst með henni að stórum hluta en missti þó af framsöguræðum minni hlutans sitt hvorum megin við hádegið held ég hafi verið, svo vera kann að í máli mínu víki ég að einhverju sem hæstv. forsrh. hefur þá þegar svarað, en eigi að síður verður bara að hafa það og auðvitað kann að vera að ég spyrji einhverra þeirra spurninga sem þegar hefur verið gefið svör við.

Ég vil samt í upphafi máls míns, herra forseti, láta þess getið að við í Frjálslynda flokknum, sem eru aðeins tveir þingmenn í, eigum ekki sæti í efh.- og viðskn. og höfum þar af leiðandi ekki komið að þeirri umfjöllum sem þar hefur átt sér stað, en ég sé þau plögg sem hér liggja frammi og mun vitna í þau eftir því sem mér finnst ástæða til, bæði meirihlutaálit og minnihlutaálit sem komið hafa frá efh.- og viðskn. eftir umfjöllun hennar um málið. Síðan sé ég að frá minni hlutanum liggur fyrir ein brtt. við frv. nú við 2. umr.

Þegar farið er yfir frv. eins og það liggur fyrir vekur athygli mína að að því er stefnt að ná fram hagræðingu í ríkisrekstri eins og segir í upphafi athugasemda við frv. En síðan kemur fram í umsögn fjmrn. um frv. að talið er að beinn

kostnaður við flutning stofnunarinnar, staðsetningu húsnæðis, flutningur á tölvukerfum o.s.frv. muni kosta a.m.k. 24 milljónir og að biðlaunakostnaður geti verið á bilinu 20–25 milljónir. Þarna liggur nú þegar fyrir kostnaður upp á 50 milljónir og ekki verður séð að um beinan sparnað sé að ræða, a.m.k. ekki á fyrsta eða öðru starfsári eftir að stofnunin verður lögð niður, því það má einnig lesa út úr frv. að starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði boðið annað starf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum stofnunarinnar. Og vikið er að því í frv. hverjar þær eru.

Ég ætla ekki að gera því skóna þótt fram hafi komið í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar áðan að ástæða þess að frv. sé flutt nú sé sú að hæstv. forsrh. hafi lent í einhverri sérstakri deilu við þjóðhagsstofustjóra, ég vil ekki trúa því að það sé almennt ástæða þess að menn flytji hér frumvörp að þeir hafi lent í deilu við einhvern um mismunandi skilning á framsetningu, jafnvel þó um stöðu í efnahagsmálum og horfur um framtíð þjóðarinnar í því efni sá ræða, heldur sé um þá skoðun forsrh. að ræða að ná megi fram sparnaði til lengri tíma með frv.

Ég les það út úr athugasemdum með frv. að hæstv. forsrh. og ríkisstjórninni, einkum forsrn., þyki nóg að hafa tvær stofnanir á þessu sviði undir sínum hatti, en ekki þrjár eins og nú er, en nú heyra undir forsrn. Seðlabankinn, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan en að þessum breytingum gerðum, þegar Þjóðhagsstofnun verður lögð niður, þá verði það eftir sem áður Hagstofan og Seðlabankinn.

Það kann hins vegar að vera að hæstv. forsrh. finnist þetta eðlilegt og nægjanlegt, en eins og komið hefur fram í máli manna í dag hafa þingmenn um þetta verulegar efasemdir og einkum að því er lýtur að upplýsingaöflun Alþingis og þingmanna sjálfra. Eftir að hafa hlustað á rökræður og farið í gegnum það sem m.a. kemur fram í nefndarálitum, þá hef ég um það nokkrar efasemdir að vel sé séð fyrir aðstöðu þingmanna til að afla sér upplýsinga, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir því að efla starfsemi Seðlabankans og Hagstofunnar. Ef ég hef tekið rétt eftir er einnig gert ráð fyrir að efla hagdeild ASÍ og ég hef séð það í umsögnum sem bárust til efh.- og viðskn. að önnur launþegasamtök líta ekki svo á að það sé þeim nægjanlegt og telja eftirsjá að Þjóðhagsstofnun.

Það vill nú svo til að sá sem hér stendur var mjög lengi í forsvari fyrir stéttarsamtök skipstjórnarmanna og ég verð að segja alveg eins og er að við töldum í þeim samtökum að við hefðum oft haft mikið gagn af upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun og fyrirspurnum sem við gátum beint þangað. Af eigin reynslu finnst mér nokkur eftirsjá í því að leggja Þjóðhagsstofnun niður, þó að ég ætli ekki að hafna þeim rökum að hagræða megi í ríkiskerfinu, en tek samt undir þau sjónarmið sem koma fram í áliti minni hlutans að ég teldi betur heima setið í bili og menn tækju sér þá meiri tíma til að fara yfir málið og skipa því með meiri sátt við stjórnarandstöðuna hér í þinginu, þó auðvitað sé það svo að hér ræður ríkisstjórnarmeirihlutinn með sínum mikla meiri hluta í þinginu og þegar upp verður staðið og umræðu lýkur og gengið verður til atkvæða ef að líkum lætur, þá munu þingmenn stjórnarflokkanna hlýða foringja sínum. Við stjórnarandstöðuþingmenn eigum sjálfsagt von á ... (**Forsrh.:** Er þetta ekki eins og um borð í skipunum?) Jú, þetta er náttúrlega þekkt fyrirkomulag um borð í skipum, hæstv. forsrh. Þannig er í pottinn búið að það er venjulega meiri hlutinn á Alþingi sem ræður slíkri för.

Það er samt eitt sem mig langar til að spyrja um sem kemur fram í athugasemdum með frv., en hér segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Á sömu forsendum er Seðlabankinn reiðubúinn að láta aðilum vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkum, sem fulltrúa eiga á Alþingi, í té upplýsingar og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.“

Ég velti því fyrir mér hvort það sé svo að með þessu orðalagi „eftir því sem um semst“ eigum við t.d. stjórnarandstöðuflokkarnir eða þingmenn þeirra, ef við erum að leita eftir sérstökum upplýsingum, m.a. hjá Seðlabanka eða Hagstofu, að gera um það sérstaka samninga, hvort það sé hugsað svo með því orðalagi „eftir því sem um semst“. Eðlilega kosta öll störf eitthvað sem unnin eru í þjóðfélaginu, sama hvar þau eru unnin, en ég hygg nú samt að þingmönnum hafi fundist að því nokkurt öryggi á undanförnum árum að getað leitað sér upplýsinga hjá Þjóðhagsstofnun án þess að það þýddi kannski að menn væru í einhverju samningaferli um verkkaupin. Þetta vildi ég spyrja um.

Síðan langar mig, með leyfi forseta, að vitna í nál. minni hlutans, en þar er á bls. 2 vitnað til sérálits Þórðar Friðjónssonar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ástæða er einnig til að benda á sérálit Þórðar Friðjónssonar, fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem átti sæti í starfshópnum sem undirbjó málið. Þar kemur fram afstaða hans varðandi reiknilíkönin. Orðrétt segir: „Hagkvæmt er við aðstæður hér á landi að hafa eina opinbera greiningar- og þjónustustöð sem getur í senn þjónað Alþingi, stjórnvöldum og almenningi. Þetta starfar m.a. af því að slík stofnun þarf að sjá um og viðhalda mörgum reiknilíkönum og gagnagrunnum eins og Þjóðhagsstofnun gerir nú. Þessi líkön eru flókin og viðamikil og byggjast að hluta á upplýsingum og gagnavinnslu sem á varla heima í ráðuneyti. Jafnframt þarf auðvitað sérþekkingu og reynslu til að vinna með þau. Þessum málum eru hvorki gerð viðhlítandi skil í frumvarpinu né voru þau rædd að gagni við undirbúning þess. Sem dæmi um reiknilíkön sem stofnunin hefur á sínum vegum eru þjóðhagslíkön (til langs og skamms tíma), sjávarútvegslíkön, loftslagslíkan og skatta- og almannatryggingalíkön.“

Síðar segir í álitinu: „Þessi reiknilíkön eru notuð við spágerð og áætlanagerð í efnahagsmálum en einnig í sérverkefnum af ýmsu tagi. Til marks um slík verkefni má nefna mat á áhrifum EES, ESB og evrunnar, stóriðju, loftslagssamninga, mismunandi nýtingar fiskstofna o.fl. Við má bæta verkefnum á sviði skatta og almannatrygginga. Jafnframt eru þessi líkön oft notuð vegna fyrirspurna frá Alþingi og umsagna um frumvörp. Umræða um þetta efni í frumvarpinu er lítil og byggð á veikum grunni.““

Ég hef tekið eftir því að í sumum álitum eða fylgiskjölum frá hagsmunasamtökum draga menn í efa að með því fyrirkomulagi að leggja Þjóðhagsstofnun niður sé málunum vel fyrir komið.

Síðan segir einnig á bls. 3 í nál., með leyfi forseta:

„Fram hefur einnig komið að ASÍ mun fá stuðning við hagdeild sína og ekki er að efa að önnur heildarsamtök launafólks munu óska hins sama. Minni hlutinn telur mikilvægt að samtök launafólks hafi burði til að taka þátt í umræðu og umfjöllun um efnahagsmál og að þeim verði sköpuð til þess aðstaða. Ekki síst er það nauðsynlegt nú ef sú óháða stofnun sem þau hafa getað treyst á verður lögð niður. Af framantöldu má ætla að kostnaður muni tvöfaldast við þessa breytingu.“

Mig langar til að heyra svar hæstv. forsrh. við þeirri fullyrðingu sem hér kemur fram, að kostnaður muni tvöfaldast við þessa breytingu. Það getur verið að hæstv. ráðherra hafi svarað því hér í dag, en ég hef þá misst af því, það hefur þá verið fyrri hluta dagsins.

Ég hef vikið að því að ég tek undir það sem hefur verið sagt í nál. minni hlutans að þetta gæti veikt stöðu Alþingis og alþingismanna og Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og ætla ekki að hafa um það miklu fleiri orð.

Ég tek hins vegar undir þær áhyggjur sem eru viðraðar í minnihlutaálitinu um að málum verði ekki eins vel fyrir komið eftir þessa breytingu og var fyrir, og vil þess vegna lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að það væri betra að menn tækju áratogin aðeins hægar í þessu máli og skoðuðu það betur. Hér hefur legið fyrir þáltill., minnir mig, um að menn skoðuðu verkaskiptingu og skipulag Þjóðhagsstofnunar til framtíðar, og ég hefði talið eðlilegt að við tækjum okkur kannski meiri tíma í að skoða hana og fara frekar yfir málin heldur en nú hefur unnist tími til.

Þetta er það sem ég vildi aðallega láta koma fram í máli mínu. Síðan vil ég tjá þá skoðun mína að ég tel að báðar þær stuttu brtt. sem hér eru lagðar fram af minni hlutanum, þ.e. um að starfsfólki verði boðið sambærilegt starf og að stofnað verði sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis, séu til bóta miðað við að málið verði keyrt hér fram. Ég mun styðja þær.

Það var eitt atriði í þessum umsögnum sem mig langar að fá að vitna í. Það er í umsögn Sambands íslenskra bankamanna en þar segir, með yðar leyfi, herra forseti:

„Ekki veit ég nákvæmlega hve mikið hefur verið unnið við þessa endurskipulagningu, en ef meta á það með tilliti til þess samráðs, sem haft var við starfsmenn Þjóðhagsstofnunar, helstu sérfræðinga landsins á sviði efnahagsmála og hagskýrslugerðar, þá hefur lítið sem ekkert verið unnið í málinu. Fulltrúum starfsmanna var einfaldlega tilkynnt að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður, ráðherra hefði þegar ákveðið að svo yrði. Tilraun starfsmanna til að ræða aðrar leiðir við endurskipulagningu hagskýrslugerðar á vegum ríkisins og þjóðhagsspár var sópað burt og engin umræða fékkst um málið. Þetta er því miður oftast raunaleg niðurstaða af svokölluðu samráði ríkisvaldsins við starfsmenn þegar pólitískur skollaleikur eða duttlungar ráðherra ráða för.

Það eru einkennileg fræði og samrýmast illa vandaðri meðferð fjármuna og mannauðs að rífa niður öflugt, virt og hagkvæmt ríkisfyrirtæki til þess eins að þjóna duttlungum. Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa mikla og góða menntun og langa reynslu við gerð þjóðhagsreikninga, samningu þjóðhagsspár og þjóðhagsáætlana. Þeir hafa veitt alþingismönnum, nefndum Alþingis og aðilum vinnumarkaðarins mikilvægar upplýsingar um efnahagsmál, sem allir hafa getað treyst og treysta vegna þess að Þjóðhagsstofnun er sjálfstæð og algerlega óháð framkvæmdarvaldinu. Innan fyrirtækisins er nú samstæður hópur starfsmanna, sem byggt hefur upp samræmd og öguð vinnubrögð en einnig öflug verkfæri, þar með talinn hugbúnað, fyrir gerð þjóðhagsspár og önnur þau verkefni er stofnunin vinnur samkvæmt lögum.

Nú á samkvæmt tillögu ráðherra að flytja þessa samræmdu vinnu á 3 til 4 staði innan ríkiskerfisins og til ASÍ, samkvæmt ræðu ráðherra og viðtali við hann í Morgunblaðinu. Það er ekki bara einkennileg, heldur miklu frekar óskiljanleg ráðstöfun og mun einungis leiða til ómarkvissari vinnubragða og kosta ríkið mikið meira en rekstur Þjóðhagsstofnunar kostar nú. Sumar þær stofnanir sem eiga að taka yfir verkefni Þjóðhagsstofnunar geta vart talist óháðar framkvæmdarvaldinu og því munu aðrir hagsmunaaðilar setja spurningarmerki við niðurstöður þeirra. Þjóðhagsstofnun nýtur hins vegar trausts allra þeirra sem átt hafa viðskipti við og fengið upplýsingar frá starfsmönnum hennar. Það er þjóðinni nauðsynlegt að eiga eina óháða stofnun sem allir geta treyst."

Síðan er tekið dæmi um meinta hagræðingu í ríkiskerfinu, um flutning verkefna veðdeildar Landsbanka Íslands fyrir Húsnæðisstofnun annað, og gerð sérstaks tölvulíkans þar um. Eftir því sem lýst er í umsögninni hefur það algerlega klúðrast og hefur að auki, samkvæmt fullyrðingu bréfritara, Friðberts Traustasonar, formanns SÍB, kostað ríkissjóð og Húsnæðisstofnun miklu meira en fyrra fyrirkomulag gerði, og að í raun og veru sé búið að kasta miklu fé á glæ.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort það sem lýst er í bréfinu eigi við einhver rök að styðjast, og í öðru lagi hvað honum finnist um þann málflutning sem hér kemur fram.

Ég hef tekið eftir því að í umfjöllun annarra sambanda er m.a. vitnað til þessa bréfs Sambands íslenskra bankamanna, og þau rök gerð að annarra rökum í umsögnum eða fylgiskjölum. Þarna eru nokkuð sterk viðvörunarorð viðhöfð, og mér finnst eðlilegt að biðja forsrh. um að víkja að þeim nokkrum orðum.

[23:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta bréf sem lesið var upp úr hvorki málefnalegt né faglegt. Í því fólust miklir sleggjudómar sem ég tel ekki ástæðu til fyrir mig að fjalla um að öðru leyti. Þetta er umsögn til nefndarinnar og er ekki á mínu borði.

Sérstaklega var líka um það spurt hvort fullyrðingar í umsögn um að kostnaður af þessu öllu saman mundi tvöfaldast vegna tengslanna við hagsmunasamtökin. Þetta er fjarri öllu lagi og styðst ekki við neinar staðreyndir.

Síðan spurði hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hvernig líta bæri á þau ummæli frá Seðlabankanum að menn væru reiðubúnir til að láta aðilum í té upplýsingar og ráðgjöf, til að mynda þinginu, eftir því sem um semst. Ég tel að hér sé ekki verið að tala um í hverju falli heldur er hér um breytingu að ræða á starfsháttum Seðlabankans vegna þessara breytinga. Það er augljóst að menn eru að tala um að semja um eða ræða um fyrirkomulagið. Það á auðvitað við ráðuneytið annars vegar og yfirvöld þingsins hins vegar hvernig fyrirkomulag á þessu megi vera. Þetta orðalag þýðir það bersýnilega en ekki að samið verði við þingmenn í hvert einasta skipti.

Varðandi hvort ekki væri um sparnað að ræða, ég hef áður fjallað um það en vandinn er sá sem við þekkjum öll að þegar menn leggja niður stofnanir, færa þær til eða hagræða á vegum ríkisins er lagaramminn frá 1996 svo sterkur að yfirleitt er kostnaðurinn við þær sparnaðaraðgerðir töluverður í fyrsta falli vegna biðlaunaréttar og annars þess háttar. Ef við létum það ætíð stöðva okkur yrði aldrei um neina hagræðingu á vegum ríkisins að ræða.

[23:23]

Útbýting þingskjala:

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 729. mál, frv. meiri hluta sjútvn., þskj. 1264.

Stjórn fiskveiða, 562. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1262; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1263.

[23:24]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nokkuð löng umræða hefur staðið um þetta frv. til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl., og er auðvitað ekki ástæða til að hafa hér mörg orð til viðbótar. Það eru þó örfá atriði, herra forseti, sem ég teldi eðlilegt að vekja athygli á og hugsanlega spyrja hæstv. forsrh. út í eða heyra álit hans á.

Það er auðvitað hið sjálfsagðasta mál að menn endurskoði og velti fyrir sér stöðu stofnana, jafnt ríkisstofnana sem annarra, en í þessu tilliti hefði maður talið eðlilegt að horfa á sviðið nokkurn veginn í heild sinni, þ.e. á það sem snýr að þáttum Þjóðhagsstofnunar og þær stofnanir aðrar sem koma að líkum þáttum. Menn hefðu átt að velta fyrir sér hvernig best yrði að þessu staðið. Manni sýnist hins vegar að í þessu máli hafi niðurstaðan verið ákveðin fyrir fram, það ætti að leggja Þjóðhagsstofnun niður og koma verkefnum hennar fyrir annars staðar. Ekkert tækifæri hafi verið gefið til að velta öðrum leiðum fyrir sér.

Það kom fram hér, m.a. í ræðu hæstv. forsrh. áðan, að hugsanlega væri ekki óeðlilegt að menn hefðu farið þessa leið því að 12 ára gömul samþykkt úr þessum sölum lægi fyrir þess efnis að leggja stofnunina niður, og ekki bara það heldur hefði ríkisstjórn sem mynduð var fyrir rúmum 10 árum haft slíkt í stjórnarsáttmála sínum. Það vekur því mikla athygli að svo langur tími skuli þurfa að líða þar til menn komast í það verk að framkvæma slíka samþykkt og slík stefnumið.

Það hlýtur líka að vekja athygli að þá skuli ekki vera betur frá málum gengið en í ljós hefur komið í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað varðandi ýmsa þætti sem er afar óljóst hvernig verða leystir. Vil ég helst gera það að umræðuefni mínu sem snýr að okkur hér í störfum á Alþingi og þá kannski ekki síst þeim tveim nefndum sem málið tengist helst, þ.e. efh.- og viðskn. og fjárln., því það var, og er, auðvitað eitt af hlutverkum Þjóðhagsstofnunar að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Þessi þjónusta hefur verið nýtt verulega af nefndum. Menn velta upp ýmsum möguleikum um hvernig þessu verði fyrir komið við það að Þjóðhagsstofnun verður lögð niður og hefur verið bent á að sumt fari til efnahagsskrifstofu fjmrn., annað til Seðlabanka og síðan hefur komið fram í umræðu, m.a. hjá hæstv. forsrh., að hugsanlegt væri að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mundi sinna þessu að einhverju leyti. Loks hefur verið rætt hér, og m.a. lögð fram brtt. um það, að stofnað verði sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis sem mundi þá sinna því sem snýr fyrst og fremst að þessum nefndum.

Ég verð að segja, herra forseti, að miðað við það sem hér blasir við, að þetta frv. verður væntanlega samþykkt á næstu dögum, hugnast mér best sú hugmynd að horft verði til þess að stofna sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis eða einhverja aðra nálgun á því. Það er örugglega ekki mikil hagræðing í því að Alþingi þurfi að gera samninga við ýmsar stofnanir úti í bæ um það að fá þau gögn sem áður hafa fengist hjá Þjóðhagsstofnun, og yrði það væntanlega einfaldast og til framtíðar litið trúlega faglegast líka og best fyrir þingnefndir ef möguleiki væri á því að koma upp slíkri starfsemi hér við Alþingi, þ.e. við nefndasvið eða skrifstofusvið Alþingis.

Þetta leiðir hins vegar hugann að því sem segir í upphafi athugasemda við lagafrv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um hagræðingu í ríkisrekstri hefur að undanförnu verið unnið að endurskipulagningu verkefna á sviði efnahagsmála og hagskýrslugerðar. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til skyldra sviða“ o.s.frv.

Meginniðurstaðan til hagræðingar í efnahagsmálum og hagskýrslugerð virðist vera að gera þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Nú hafa ýmsir bent á það í ræðum sínum að býsna djúpt sé á þessari hagræðingu, a.m.k. sé ekki að sjá að hún sé á næsta leiti. Hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að það sé eitt af því sem er í raun innbyggt í kerfi okkar, að erfitt sé að ná hagræðingu fram með niðurlagningu stofnana, m.a. vegna biðlaunaréttar starfsmanna. Ef maður skoðar hins vegar þær tölur sem hér liggja fyrir er ekki að sjá að hagræðingin skili sér, ekki einu sinni þótt biðlaunakostnaðurinn sé tekinn frá. Það er að vísu óljóst hversu mikill þessi kostnaður verður en hluti af honum er nokkuð ljós, m.a. er gert ráð fyrir því að kostnaðurinn við rekstur Þjóðhagsstofnunar færist til þeirra stofnana sem nefndar eru í frv. Aukakostnaðinn, m.a. vegna þess sem hér er tilgreint, styrkingar hagdeildar ASÍ, og síðan þann kostnað sem óhjákvæmilega fellur þá væntanlega á Alþingi vegna þeirrar þjónustu sem Alþingi þarf að fá, ýmist með samningum við stofnanir eða með því að sinna þessu sjálft, þarf að greiða.

Það vekur verulega athygli þegar þessi mál eru loksins komin til framkvæmda eftir ýmist rúm 10 ár eða 12, eftir því hvenær við lítum á upphaf málsins, að ekki skuli nást meiri árangur í hagræðingunni en hér sést. Það vekur auðvitað líka athygli að um ýmsa hnúta sé ekki betur búið en hér kemur fram.

Það kemur m.a. fram í nál. minni hluta efh.- og viðskn. að forstöðumaður efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins hafi sagt á fundi í nefndinni að ekki yrði endanlega frá ýmsum hlutum gengið fyrr en búið væri að ganga frá samþykkt laganna. Vel má vera auðvitað að ekki sé hægt að hnýta alla enda, en mér sýnist of margt vera óljóst í frv. til þess að það sé boðlegt, ef menn hafa verið með þetta í huga í a.m.k. 10 eða 12 ár.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég mundi ekki hafa hér langt mál um þetta. Ég kemst þó ekki hjá því að minnast á nokkra þætti í starfsemi Þjóðhagsstofnunar sem koma fram í séráliti Þórðar Friðjónssonar, fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem átti m.a. sæti í þeim starfshópi sem undirbjó málið. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessi reiknilíkön eru notuð við spágerð og áætlanagerð í efnahagsmálum en einnig í sérverkefnum af ýmsu tagi. Til marks um slík verkefni má nefna mat á áhrifum EES, ESB og evrunnar, stóriðju, loftslagssamninga, mismunandi nýtingar fiskstofna o.fl. Við má bæta verkefnum á sviði skatta og almannatrygginga.“

Hagræði af því að hafa þessi reiknilíkön öll á sama stað er auðvitað ljóst. En upplýsandi væri ef hæstv. forsrh. gæti frætt okkur um hvort búið sé að ganga frá hugmyndum um hvernig þessum reiknilíkönum verður fyrir komið og hvort hugsað verði til einhverra tenginga þarna. Mér er sérstaklega í huga það módel sem notað hefur verið við að gefa okkur upplýsingar t.d. um stóriðju vegna þess að ég tók eftir því að í ræðum nokkurra hv. þm. kom fram að traust þeirra til Þjóðhagsstofnunar og útreikninga þeirra og upplýsinga sem fram hafa komið að undanförnu var nær ómælt.

Ég get tekið undir það að mér þóttu býsna góð og notadrjúg þau gögn sem Þjóðhagsstofnun lagði okkur til um t.d. stóriðju á Austurlandi. Mér þykir það mjög mikilvægt vegna þess að nú hafa veður skipast svo í lofti að þau mál eru ekki öll í hendi og við gætum þurft á því að halda, vonandi fyrr en seinna, að fá hér nýjar tölur. Ég vænti þess að það verði þar af leiðandi tryggt að þeir ágætu hv. þm. sem lýst hafa yfir alveg sérstakri ánægju með og trausti á útreikninga Þjóðhagsstofnunar í þessu sambandi geti haldið því trausti og að það verði alveg tryggt og kristaltært hvar þetta módel verður hýst þannig að við séum viss um að hið sama reiknimódel verði notað þegar við förum að skoða stóriðjukosti á ný, og eins og ég sagði áðan, herra forseti, sem við vonum að verði sem allra fyrst.

Þau mál sem snúa að starfsmönnum eru síðan sérstakur kapítuli og búið er að ræða þau nokkuð. Það er athyglisvert að orðalag varðandi það hvernig ætlunin er að mæta þörfum starfsmanna er nokkuð breytt, þ.e. annað orðalag er í ákvæði til bráðabirgða í frv. heldur en manni virðist að hafi verið ætlunin þegar sá starfshópur sem undirbjó málið tók til starfa.

Herra forseti. Ég held að ég láti þetta duga að sinni um málið og geri ráð fyrir því að sú brtt. sem lögð hefur verið fram af minni hluta efh.- og viðskn. um sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis fái jákvæða meðhöndlun í efh.- og viðskn. og að við fáum síðan hér efnismikla umræðu um þá tillögu við 3. umr.

[23:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi fá að nefna nokkur atriði úr ræðu hv. þm.

Ég nefndi sérstaklega til sögunnar ályktun Alþingis á sínum tíma vegna þess m.a. að ég vildi gefa mönnum til kynna varðandi ágiskanir á fyrri stigum máls hér í vetur, til að mynda þegar ég var í tví- eða þrígang spurður hvort ekki væri ágreiningur innan stjórnarflokkanna um að leggja niður Þjóðhagsstofnun, að tillaga þessi er samþykkt á Alþingi þegar Framsfl. fer með forsætið í ríkisstjórn og Þjóðhagsstofnun heyrir undir Framsfl. Ég býst því við að menn hafi áttað sig á því að það gæti ekki verið mikill ágreiningur um það atriði.

Annað sem ég vildi nefna varðandi það sem hv. þm. nefndi, af því við höfum rætt hér um hugsanlega samninga við Hagfræðistofnun Háskólans, er að ég er ekki að hugsa um þáttinn sem snýr að gögnum og slíkum upplýsingum. Ég tel að þau muni áfram fást frá Seðlabanka og Hagstofu og eftir atvikum fjmrn. Ég er frekar að hugsa um þann þáttinn sem Þjóðhagsstofnun hefur stundum séð um, að leggja mat á einstaka þætti og einstakar upplýsingar fyrir þing eða ríkisstjórnir eða aðra slíka aðila.

Varðandi reiknilíkönin þá var gerð grein fyrir því framsöguræðu hæstv. utanrrh. í allnokkrum mæli hvar tenging þeirra og framtíðarstaðsetning væri hugsuð. Ég vek athygli á því að þó við notum orðið reiknilíkan þá erum við kannski bara að tala um það sem krakkarnir kalla forrit í dag, sem miklu þægilegra og auðveldra að uppfæra en var hér forðum. Við þetta er því út af fyrir sig miklu léttara að eiga og ég tel að það sé ekki neitt umhendis að þessar stofnanir sem nefndar eru geti nýtt þau. Það hefur bæði komið fram að sjútvrn. mundi gera það í auknum mæli, heilbrrn. mundi gera það í auknum mæli og eins fjmrn. Það er auðvitað vitað að bæði Hagstofan og Seðlabankinn búa einnig yfir sambærilegum forritum, ekki alveg þeim sömu, en á sumum sviðum sambærilegum forritum og Þjóðhagsstofnun hefur búið við.

[23:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir upplýsingarnar.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að fyrir 12 árum var Framsfl. í forsæti og var þar af leiðandi með ráðherra yfir Þjóðhagsstofnun. Þetta var, eins og hæstv. ráðherra sagði, til þess að tengja okkur við það að Framsfl. hefur verið þessarar skoðunar býsna lengi. Það hefur því verið eitthvað annað sem olli þeim vanda að þetta mál kom nú ekki fram á þinginu fyrr en rétt undir lokin og þurfti að fá sérstaka meðhöndlun hér til þess að komast á dagskrá.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að Hagfræðistofnun Háskólans hefur verið notuð til þess að leggja mat á ýmsar upplýsingar og ýmsa þætti og ég trúi því að hún sé mjög vel nothæf til þess. Ég geri ráð fyrir því að flest reiknilíkönin sem til staðar eru séu einföld forrit flest hver. En það er augljóst að önnur þeirra hafa sérstaklega verið þróuð í Þjóðhagsstofnun og ég geri ráð fyrir að flest þeirra flóknustu fari til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

En þá kemur einmitt að þeim þætti sem við höfum mörg hver vakið athygli á, þ.e. því að okkur sem t.d. störfum í fjárln. og þurfum að leggja mat á forsendur fjárlaga hefur *auðvitað þótt kostur að fjármálaráðuneytið hafi verið með* sitt mat að hluta til og síðan Þjóðhagsstofnun með annað. Það eykur eða bætir, skulum við vona, störf nefndarinnar ef menn hafa svona örlítið mismunandi sjónarhorn á málin og mismunandi áherslur til þess að skoða. Þess vegna gætum við þurft á því að halda ýmist að stofna hér hagsvið eða að leita til annarra stofnana með þessa þætti. Ég útiloka auðvitað ekki að Hagfræðistofnun Háskólans gæti komið þarna að góðum notum.

En það sem veldur manni hins vegar undrun enn og aftur er að hagræðinguna virðist skorta í þessar hugmyndir.

[23:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þegar frá líður og fram í sækir muni hagræðing nást af þessu vegna þess að það er undirliggjandi í málinu og meginástæðan fyrir því að menn fara þessa leið — og hefur það reyndar verið viðurkennt af flestum ræðumönnum hér — að augljóst er að nú þegar er um mikinn tvíverknað að ræða í þessum stofnunum. Það getur ekki annað gerst þegar fram í sækir og dregur úr þessum tvíverknaði að sparnaður muni felast í aðgerðunum.

Ég vil enn vekja athygli á því að allir þeir menn sem aðallega hafa unnið að þessu máli fyrir mína hönd, þ.e. ráðuneytisstjórinn í forsrn., hagstofustjóri og sérfræðingur fjmrn. í efnahagsmálum, Bolli Bollason, eiga það sameiginlegt að þeir hafa verið varaforstjórar eða aðstoðarforstjórar Þjóðhagsstofnunar. Þeir fara nú nærri um þessi mál þessir þrír menn — ég hugsa að ekki hafi nokkrir aðrir menn þrír í landinu getað farið betur í þessi mál nema ef við hefðum haft aðgang að Jóni Sigurðssyni til viðbótar, en hann er upptekinn annars staðar — sem hafa slíka þekkingu til að bera á innviðum Þjóðhagsstofnunar annars vegar, Hagstofunnar og forsrn., Seðlabankans og fjmrn. hins vegar. Ég hygg því að við hefðum ekki getað fengið aðra menn til þess að samræma þessa starfsemi betur með nýjum hætti. Ég fullyrði að þessir menn eru ekki bara að lúta fyrirmælum viðkomandi ráðherra,

í þessu tilfelli forsrh. og hagstofuráðherra, (Gripið fram í.) heldur eru þeir sannfærðir um það, faglega sannfærðir um það að þetta var það skynsamlegasta sem var gert í stöðunni og að augnablikið væri hið rétta til þess að gera það.

[23:40]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim sérfræðingum sem hæstv. forsrh. fékk til þeirra verka sem við sjáum nú í því frv. sem hér er til umræðu. En ég vek athygli á því að ekki er annað skilja á ýmsum gögnum sem við höfum fengið um málið en að þessir sérfræðingar hafi fengið alveg hreint og klárt verkefni, þ.e. að verkefnið hafi verið það að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Það hafi í raun enginn annar möguleiki verið í stöðunni. Það hafi ekki verið léð máls á því að horfa til neinna annarra möguleika. Ég held að það sé því út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra að hugsanlega hafi verið vandfundnir, a.m.k. innan kerfisins hjá okkur, menn sem betur þekktu til þeirra verka, þ.e. að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Ég var að reyna áðan að vekja athygli á því að hugsanlega hefði verið nær að nálgast málið örlítið víðara, gefa sér sem sagt ekki niðurstöðuna fyrir fram heldur að hugsanlegt væri þess vegna að sameina fleiri þætti, ef það hefði verið niðurstaða, og ná þar af leiðandi fram enn meiri hagræðingu sem ég reyndar leyfi mér enn að efast um, þrátt fyrir orð hæstv. ráðherra, að verði svo mikil þó að fram liði, af þeirri einföldu ástæðu að það eru bara svo margir lausir endar í frv. enn sem við eigum eftir að sjá hvernig verða leystir. Ég er hræddur um að það muni að öllum líkindum kalla á aukinn kostnað.

Ég er því hræddur um að hagræðingin verði ekki mikil. En það er vonandi að menn verði sælli sem starfa undir þessu fyrirkomulagi en áður og auðvitað er mest um vert að við náum árangri í efnahagsmálunum. Ef þetta verður til þess, þó svo það kosti meiri peninga, að ná meiri árangri þá skilar það sér væntanlega þá leiðina og þá getum við vonandi til lengri tíma talað um hagræðingu í þjóðarbúskapnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 677. mál. — Þskj. 1093.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Strandsiglingar, fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 466. mál. — Þskj. 747.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–8. og 10.–29. mál.

Fundi slitið kl. 23:43.

---

123. FUNDUR

föstudaginn 19. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Strandsiglingar, þáltill., 466. mál, þskj. 747. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, þáltill., 677. mál, þskj. 1093. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, stjtill., 675. mál, þskj. 1091, nál. 1203. — Síðari umr.
4. Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, stjtill., 682. mál, þskj. 1098, nál. 1204. — Síðari umr.
5. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, stjtill., 683. mál, þskj. 1099, nál. 1205. — Síðari umr.
6. Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, stjtill., 615. mál, þskj. 963, nál. 1202 og 1233. — Síðari umr.
7. Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 684. mál, þskj. 1100, nál. 1206. — Síðari umr.
8. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 510, nál. 1166, brtt. 1167, 1176 og 1194. — 2. umr.
10. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.
11. Einkahlutafélög, stjfrv., 546. mál, þskj. 854, nál. 1172. — 2. umr.
12. Hlutafélög, stjfrv., 547. mál, þskj. 855, nál. 1171. — 2. umr.
13. Tryggingagjald o.fl., stjfrv., 582. mál, þskj. 911, nál. 1211, brtt. 1212. — 2. umr.
14. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 912, nál. 1254. — 2. umr.
15. Samkeppnislög, stjfrv., 596. mál, þskj. 938, nál. 1213. — 2. umr.
16. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784, nál. 994, brtt. 995. — 2. umr.
17. Stjórnsýslulög, stjfrv., 598. mál, þskj. 942, nál. 1217. — 2. umr.
18. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1052, nál. 1216. — 2. umr.
19. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1094, nál. 1218. — 2. umr.
20. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687, nál. 996. — 2. umr.
21. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945, nál. 1229. — Síðari umr.

22. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1051, nál. 1258, brtt. 1259. — 2. umr.
23. Útflutningur hrossa, stjfrv., 357. mál, þskj. 497, nál. 1195, brtt. 1196. — 2. umr.
24. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 587. mál, þskj. 917, nál. 1208. — 2. umr.
25. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990, nál. 1201. — 2. umr.
26. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197. — 2. umr.
27. Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 641. mál, þskj. 1036, nál. 1222. — 2. umr.
28. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085, nál. 1214. — 2. umr.
29. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.
30. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.
31. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.
32. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.
33. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögfræðingi.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):
Borist hefur svohljóðandi bréf:
„Þar sem Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að varamaður hans, Anna Kristín Gunnarsdóttir, skipulagsstjóri á Sauðárkróki, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Bryndís Hlöðversdóttir,
formaður þingflokks Samfylkingarinnar."

Kjörbréf Önnu Kristínar Gunnarsdóttur hefur verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
8. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 34 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Strandsiglingar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 466. mál. — Þskj. 747.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Verndun íslensku mjólkurkýrinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 677. mál. — Þskj. 1093.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Ávísanir á ávanabindandi lyf.

[10:35]

Margrét Frímannsdóttir:
Virðulegi forseti. Að undanförnu hafa borist fréttir þess efnis að neysla morfíns og tengdra lyfja hafi stóraukist á síðustu árum og í kjölfar þess fjölgi þeim sem láta lífið vegna of stórra lyfjaskammta. Fjölmiðlar greindu frá því að vísbendingar séu um að frá áramótum megi rekja fimm dauðsföll til ofneyslu eiturlyfja.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, segir að misnotkun morfíns hafi farið ört vaxandi og á síðasta ári hafi 77 fíklar sem sprauta sig með morfíni komið til meðferðar hjá SÁÁ. Jafnframt segir hann að hundruð sprautufíkla séu í landinu og fari þeir að sprauta sig með morfíni sé mikil hætta á ferð.

Lítill munur er á þeim skammti sem kemur fíklinum í vímu og skammtinum sem dregur hann til dauða. Stjórnvöld hafa gjarnan hrósað sér af því að hér sé allt á leið til betri vegar þegar rætt er um baráttuna gegn vímuefnanotkun. Í ljósi þess eru upplýsingar sem komið hafa fram á síðustu dögum sláandi, ekki síst vegna þess að vitneskjunni fylgir sú staðreynd að morfínið er í flestum tilvikum fengið gegn ávísun starfandi lækna.

SÁÁ hefur afhent landlæknisembættinu nöfn fimm lækna sem eru sagðir hafa ávísað ítrekað ótæpilegu magni morfíns til fíkla. Dæmi eru um að fíkill hafi fengið ávísanir frá lækni á morfín á 15 daga fresti í einhver ár. Viðkomandi er morfínfíkill en hefur að mati læknis hjá SÁÁ engin þau verkjaeinkenni sem réttlæta notkun morfíns en hann fékk einnig lyfseðla á fjölda róandi og örvandi lyfja.

Önnur frétt síðustu daga greinir frá því að einstaklingur fékk á árinu 1999 ávísanir á 920 morfíntöflur á 95 dögum. Það er alveg ljóst að illa kominn neytandi hefði getað tekið of stóran skammt í sprautuna af slíku magni og að sá skammtur var ekki afhentur vegna alvarlegra verkja. Viðkomandi einstaklingur var á þeim tíma illa haldinn af eiturlyfjafíkn og á köflum ekki sjálfráður gerða sinna. Það var og er algerlega óverjandi að afhenda honum slíkt magn af morfíni. Þrátt

fyrir þá staðreynd ávísaði læknirinn þessum 920 morfíntöflum til hans. Það er engin afsökun fyrir því að ávísa slíku magni á svo stuttum tíma. Slíkt er ekki einu sinni gert vegna alvarlegra veikinda að afhenda sjúklingnum sjálfum slíkt magn í einu því þá eru lyf gefin undir eftirliti starfsmanns heilbrigðiskerfisis.

Viðkomandi læknir hlýtur að hafa gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgdi þessum „greiða". Illa kominn neytandinn hefði getað tekið of stóran skammt í sprautuna eða selt öðrum með sömu afleiðingum. Er fíkillinn með brenglaða dómgreind? Ber hann ábyrgð á dauðsfalli sem verður af slíkri neyslu? Það held ég ekki. Hér er því um vítavert saknæmt athæfi að ræða hjá þeim sem ávísar á lyfið og því miður eru dæmin fleiri en ég hef nefnt þar sem læknir ávísar vísvitandi á skammta sem eru langt umfram það sem einstaklingi er ætlað að nota án þess að ástæða sé til vegna erfiðra veikinda, án eftirlits heilbrigðisþjónustunnar, heldur vegna augljósrar fíknar og að ætlunin er að selja öðrum fíklum hluta lyfjanna.

Þess eru einnig dæmi að læknir skrifi út í einu lagi til fíkils lyfseðla með mismunandi dagsetningar og mælist til þess að skammtarnir séu ekki teknir út í sömu lyfjaverslun. Er nema von að spurt sé: Hvernig getur þetta gerst? Við hvers konar eftirlitskerfi búum við og hvernig getur læknir brugðist svo algerlega því trausti sem til hans er borið?

Hér er áreiðanlega ekki um að ræða nema fá einstaklinga innan heilbrigðiskerfisins. En þeir hafa á samviskunni að leika sér að og vanvirða einstaklinga og fjölskyldur ásamt því að kasta rýrð á störf og vekja tortryggni í garð starfssystra og -bræðra. Það verður að bregðast strax við. Þetta er ekki mál sem hægt er að vísa í nefnd.

Hér dugar ekkert tiltal, áminning eða svipting starfsleyfis. Ef þetta er allt saman rétt hafa þessir einstaklingar ekki bara brotið af sér í starfi, athæfi þeirra er saknæmt. Að ávísa ótæpilega morfíni eða öðrum efnum sem valda eða viðhalda fíkn er ekki meðferð, það er ekki lækning, það er sakhæft athæfi. Ég vil því beina eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

Í hve mörgum tilvikum hefur landlæknisembættið fengið ábendingar um óeðlilegar lyfjaávísanir lækna á síðustu fimm árum?

Í hve mörgum tilvikum leiddu þær ábendingar til ítarlegrar athugunar embættisins og um hve marga lækna er að ræða?

Í hve mörgum tilvikum leiddi athugun landlæknis til tiltals, áminningar eða leyfissviptingar?

Hefur eitthvert af þessum málum verið meðhöndlað sem sakamál? Þá hve mörg og að frumkvæði hvers?

Mun ráðherra beita sér fyrir hertum reglum, harðari refsingum og skilvirkara eftirlitskerfi með ávísun lækna á ávanabindandi lyf? Ef svo er, hvernig og hvenær má vænta þeirra úrbóta?

[10:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Undanfarna daga hefur átt sér stað mikil umræða í samfélaginu um ávísanir lækna á ávana- og fíknilyf á þá leið að ákveðinn hópur lækna, jafnvel margir innan ákveðinnar sérgreinar, ávísi slíkum lyfjum ótæpilega. Í því sambandi hefur heilbrigðiskerfið og eftirlitskerfið einnig komið inn í umræðuna og hafa komið fram fullyrðingar um að eftirlit með ávísunum lækna á lyf sé ekki gott. Sú gagnrýni hefur þá einkum beinst að landlæknisembættinu og Lyfjastofnun.

Landlæknisembættið kannar þessa dagana sannleiksgildi framangreindra ásakana og eins og fyrr segir beinast þær gegn ákveðnum hópi lækna og því eftirlitskerfi sem er með ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf. Sú vinna stendur yfir og ég vonast eindregið til að þau mál skýrist næstu daga.

Spurt er í hve mörgum tilvikum landlæknisembættið hafi fengið ábendingar um óeðlilegar lyfjaávísanir lækna á síðustu fimm árum. Samkvæmt læknalögum tilkynnir Lyfjastofnun landlækni telji hún rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum læknis á ávana- og fíknilyf. Að öðru leyti berast ábendingar til landlæknis frá einstaklingum í samfélaginu. Ýmist eru þær ábendingar á þann hátt að grunur leiki á að einstaklingar leiti til margra lækna í þeim tilgangi að fá ávísanir á ávana- og fíknilyf en sjaldnar berast ábendingar sem beinlínis eru þess eðlis að ákveðinn læknir ávísi ótæpilega á framangreind lyf. Þar sem um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar hefur landlæknisembættið ekki leyfi til að varðveita þær upplýsngar sem frá Lyfjastofnun berast þannig að nokkuð er óhægt um vik að gefa upp nákvæma tölu í því sambandi.

Ég hef lagt til að heimild landlæknis til varðveislu viðkvæmra persónuupplýsinga verði skoðuð sérstaklega og að sú endurskoðun fari fram í samráði við Persónuvernd og innan ramma laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Tilvik geta einnig snúist um fjölda einstaklinga sem hafa fengið ávísun á ávana- og fíknilyf, fjölda lækna sem hafa skrifað á slík lyf og fjölda samskipta. Hjá landlæknisembættinu er ekki til skrá yfir fjölda einstaklinga eða fjölda samskipta þeirra við lækna.

Á síðustu tveimur árum munu mál um tíu lækna hafa verið til skoðunar hjá landlæknisembættinu vegna ávísana á ávana- og fíknilyf og spurt er í hve mörgum tilvikum ábendingar leiddu til ítarlegrar athugunar landlæknisembættisins á lyfjaávísunum lækna. Nokkir læknanna hafa oftar en einu sinni verið í ítarlegri athugun.

Spurt er í hve mörgum tilvikum athugun landlæknis leiddi til aðgerða. Það eru ekki til tölur um hve oft var gripið til tiltals en áminningu var beitt nokkrum sinnum og var hún þá oftast undanfari leyfissviptingar sem munu vera fjórar á undanförnum tveimur árum. Svo vill til að í öllum þeim tilvikum var um misnotkun læknanna sjálfra að ræða.

Spurt er hvort eitthvað af þessum málum hafi verið meðhöndlað sem sakamál. Í tveimur af þeim tilvikum voru málin meðhöndluð sem sakamál að frumkvæði landlæknis. Annað endaði með dómi en hitt var fellt niður á rannsóknarstigi.

Herra forseti. Að síðustu er spurt hvort ráðherra muni beita sér fyrir hertum reglum, harðari refsingum og skilvirkara eftirlitskerfi með ávísunum lækna á ávanabindandi lyf. Ef svo er, hvernig og hvenær megi þá vænta þeirra úrbóta.

Samkvæmt 19. og 20. gr. læknalaga, nr. 53/1988, má svipta lækni leyfi til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum lyfja. Ferill slíkra mála samkvæmt lögum er sá að Lyfjastofnun ber að tilkynna landlækni ef rökstudd ástæða þykir vera til eftirlits með ávísun læknis á ávana- og fíknilyf. Telji landlæknir að læknir hafi ávísað óhæfilegu magni lyfja leggur landlæknir málið til ráðherra sem þá er heimilt að svipta lækninn leyfi til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum. Í alvarlegri tilvikum má svipta lækni lækningaleyfi að fullu. Samkvæmt framangreindu tel ég að nægilegar lagaheimildir séu til í læknalögum til að svipta lækna rétti til að ávísa lyfjum. Um harðari refsingar er það að segja að

auk sviptingar réttinda er í læknalögum ákvæði um allt að tveggja ára fangelsi. Þó skal ekki dæmt um það hér hvort þau ákvæði séu nógu ströng.

Um skilvirkara eftirlitskerfi með ávísunum lækna er það að segja að ég hef nú þegar ritað Lyfjastofnun og landlæknisembættinu bréf þar sem ég beini þeim tilmælum til þeirra að tekið verði upp hert eftirlit með óeðlilegum lyfjaávísunum lækna. Mælst er til að þetta verði gert með endurskoðun verkferla innan embættanna varðandi slík mál og skoðaður verði sá möguleiki að taka á ný upp sérstök lyfjakort eins og voru við lýði þar til um mitt síðasta ár. Ég geri ráð fyrir að slík endurskoðun verkferla og upptaka lyfjakorta ætti að taka tiltölulega skamman tíma og hef ég gefið framangreindum stofnunum frest til 26. apríl til að gera tillögur í málinu.

[10:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Neysla sterkra fíkniefna hefur stöðugt verið að aukast hér á landi og hefur í raun fylgt þróun fíkniefnaneyslu í nágrannalöndum okkar. Sem betur fer er neysla heróíns þó ekki orðin landlæg og verður það vonandi aldrei en við getum aðeins lifað í voninni því markaðurinn ræður.

Hér er tekið á mjög viðkvæmu máli, herra forseti, en það er staðreynd að á hverju ári látast hér á landi ungmenni eða ungt fólk af ofneyslu fíkniefna og þeim fjölgar eftir því sem fíkniefnamarkaðurinn styrkist og efnin verða harðari. Samkvæmt upplýsingum SÁÁ eru um 100 skjólstæðingar sjúkrahússins morfínfíklar. Þessir fíklar virðast margir hverjir hafa aðgang að læknum sem skrifa út lyfseðla á ávanabindandi lyf án þess að gera neitt frekar í þeim tilgangi að koma fíklunum úr neyslu.

Landlæknisembættið fer með eftirlit þessara mála í samráði við Lyfjastofnun en í ljós hefur komið að nokkrar vikur líða frá útgáfu lyfseðils þar til upplýsingar berast til viðkomandi embætta. Það hlýtur því að teljast eðlileg krafa að tekið verði hart á slíkum brotum og að einnig verði brugðist við breyttu neyslumunstri eiturlyfjaneytenda með nýjum meðferðarúrræðum og eftirliti með ávísunum á ávanabindandi lyf.

Herra forseti. Eitt þeirra efna sem fíklar í mikilli neyslu hafa komist upp á lag með að nota eru morfíntöflur, sterk verkjalyf sem eru nauðsynleg fyrir marga sjúklinga svo að þeir geti lifað daglegu lífi án stöðugra verkja. Þetta á t.d. við um marga krabbameinssjúklinga. Því verður að gera mikinn greinarmun á notkun þessara sterku verkjalyfja vegna sjúkdóma eða til fíkniefnaneyslu.

Umræða um ávanabindingu sterkra verkjalyfja má aldrei verða til þess að sjúklingar veigri sér við að taka slík lyf við miklum verkjum.

[10:47]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ávani og fíkn eru erfiður kross að bera, ekki síst fyrir aðstandendur sem horfa upp á ástvini verða sjúkdómi þessum að bráð og þurfa stærri og stærri skammta til á ná sömu áhrifum og áður. Undanfarna daga hefur nokkuð borið á umræðu um vandamál slíkra sjúklinga, einkum þeirra sem nota morfínlyf. Þá hefur verið fjallað nokkuð um ávísanir lækna á ávanabindandi lyf og gefið í skyn að þar sé pottur brotinn.

Gengið er út frá því að þeir læknar sem upp á ávanabindandi lyf skrifa geri það af annarlegum hvötum og til að hagnast á því sjálfir. Margir sjúklingar þarfnast sterkra verkjalyfja vegna sjúkdóma sinna og verður að gæta þess að þeir sem á þurfa að halda geti fengið þau og má nefna suma krabbameinssjúklinga sem dæmi.

Herra forseti. Miklu skiptir að átta sig á því að læknir hagnast ekki á lyfseðlaskriftum því lyfseðill er innifalinn í viðtali við lækni. Sala lyfseðils er því óheimil og ólögleg. Margir fíkniefnaneytendur sækjast eftir lyfjum af ýmsu tagi, bæði lyfseðilsskyldum og handkaupalyfjum. Eins og flestir vita er hægt að kaupa litla skammta af sterkum verkjalyfjum án lyfseðils í lyfjabúðum. Þau lyf sem mest er sóst eftir hjá læknum eru af morfínættinni en einnig er fjöldi annarra lyfja misnotaður og fara fíklar gjarnan milli lækna.

Ég ræddi í gær við Sigurbjörn Sveinsson, formann Læknafélags Íslands, en stjórn félagsins fundaði sl. þriðjudag með aðstoðarlandlækni og lækni á Vogi. Niðurstaða fundarins varð sú að mæla með að haldið yrði enn betur utan um þennan málaflokk og lögð til fimm atriði sem munu berast ráðherra á næstunni en það er í fyrsta lagi að stofnuð verði afeitrunarmiðstöð eða „methadone clinic" sem svo er kölluð. Í öðru lagi að verkjateymi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verði styrkt. Í þriðja lagi að eftirlit landlæknisembættisins verði styrkt. Í fjórða lagi að eftirlit með lyfseðlum verði aukið og athuga þarf þó hlut Persónuverndar og kröfu um að eyða lyfseðlum. Í fimmta lagi að koma á lyfjakortum eins og hæstv. ráðherra minntist á áðan.

[10:50]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þessi umræða er afar þörf og þakka ég hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hefja hana. Þessi mál eru alvarleg, og það er alvarlegt þegar fólk deyr af þeim sökum sem hér hefur verið talað um.

Eitt hefur ekki verið minnst á í umræðunni. Það er þáttur barna. Það eru mjög mörg börn sem eru á lyfjum sem fíklar hafa mikinn áhuga á að komast í og er ég þá að taka um ritalín sem dæmi, og það er amfetamínlyf. Ég held að ástæðan fyrir því að svo mikið er gefið af ritalíni og að börnum eru gefin geðlyf líka geti m.a. legið í því að heimili fyrir geðfötluð börn og ofvirk eru ekki nægjanlega mörg og veita ekki nægjanlega þjónustu. Þess vegna sé það svo, herra forseti, að til þess að börnin geti verið hæf á heimilum sínum vegna þess hvernig þau eru, þá þarf að gefa þeim gífurlega mikið magn af lyfjum sem þyrfti ekki að gera ef þjónusta á þessu sviði væri nægilega góð og mikil því hægt er að beita atferlismótandi aðferðum þar sem barnið hefur fleira fólk til stuðnings og aðhalds við sig en hægt er að gera á nokkru heimili.

Það skal einnig tekið fram að þetta tengist náttúrlega öllum eiturlyfjaheiminum. Ég hef heyrt dæmi um að jafnvel foreldrar nái ritalíni út á börnin sín af því að þau eru sjálf í neyslu og það er náttúrlega mjög alvarlegt mál.

[10:52]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem fram hafa komið.

Ég sat fyrirlestur á dögunum þar sem verið var að fjalla um tækifæri og ógnir 21. aldarinnar. Vissulega eru óskaplega mörg tækifæri sem hin nýja öld hefur upp á að bjóða en ég velti því mjög fyrir mér þegar verið er að tala um ógnir þessarar nýju aldar. Það var ekki stríð, það voru ekki náttúruhamfarir heldur eiturlyfjaneysla og það er hræðilegt í raun og veru að til séu menn sem ginna ungt og efnilegt

fólk í þá dauðagildru. Það er í raun og veru sárara en tárum taki í heimi tækifæranna, í heimi menntunarinnar, í heimi tækniþróunar og allra þeirra möguleika sem hin nýja öld hefur upp á að bjóða.

Við Íslendingar eigum mjög öfluga heilbrigðisstétt. Vel menntaða, metnaðarfulla, það á við um lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, það á við um fólkið sem vinnur á spítölunum og sem betur fer er langstærsti hluti þessa fólks mjög heiðarlegur og verulega gott starfsfólk.

Hins vegar er það mjög alvarlegt og algerlega óásættanlegt og í raun og veru glæpsamlegt ef tilfellið er að til séu nokkrir læknar sem ávísa stórhættulegum eiturlyfjum til fíkla.

Ég þakka aðstandendum þess unga fólks sem hefur lent í þessum hræðilegu hremmingum fyrir að vekja athygli á *því alvarlega máli og um leið sorglega og ég hvet hæstv.* heilbrrh. og landlæknisembættið til þess að taka mjög fast á slíkum málum. Mál sem þessi eiga ekki að eiga sér stað í þjóðfélagi sem okkar.

[10:54]

Ásta Möller:

Herra forseti. Læknar einir stétta hafa ótakmarkaðan rétt til að ávísa lyfjum. Strangar kröfur eru gerðar til þeirra um að sá réttur sé notaður í samræmi við reglur samfélagsins og siðareglur stéttarinnar. Sé brotalöm á taka eftirlitskerfi heilbrigðiskerfisins og fagfélagsins í taumana og viðkomandi sætir rannsókn og viðurlögum ef svo ber undir.

Læknar njóta almenns trausts í samfélaginu og það ekki að ástæðulausu. Því hljóta fréttir síðustu daga um ábyrgðarlausar ávísanir lækna á ávanabindandi lyf til fíkniefnaneytenda að vera áhyggjuefni. En þótt einstaka læknir reynist ekki verðugur trausts samfélagsins dæmir það engan veginn heila stétt manna, og ég bendi á að Læknafélag Íslands hefur tekið af ábyrgð á málinu og fordæmir slíka hegðun. Hér skiptir mestu máli að eftirlitskerfi heilbrigðiskerfisins séu virk og læknar sem stunda slíka starfsemi séu teknir úr umferð. Heilbrigðisstarfsmönnum á ekki að líðast að misnota aðstöðu sína í hagnaðarskyni á þann hátt sem fréttaflutningur og greinaskrif undanfarinna daga hafa gefið til kynna. En ég bendi þó á að það er ekki allt sannað í þeim efnum og ekki hægt að setja alla undir sama hatt. Þannig getur verið erfitt að sjá við þeim sem af ásettu ráði ganga milli lækna í þeim tilgangi að afla lyfja til að svala eigin fíkn eða annarra.

Herra forseti. Í læknalögum eru ákvæði um viðurlög vegna brota í starfi og getur læknir sætt áminningu og jafnvel verið sviptur lækningaleyfi vegna alvarlegra brota. Hið sama á við um aðra heilbrigðisstarfsmenn sem brjóta af sér í starfi.

Það er ljóst að strangt eftirlit er haft með lyfjaávísunum hér á landi. Samstarf Lyfjastofnunar og landlæknisembættisins hefur leitt til að hægt er að hafa náið eftirlit með lyfjaávísunum sem gerir þessum eftirlitsaðilum kleift að greina óeðlileg tilvik. Hins vegar má ljóst vera að herða þarf slíkt eftirlit og gera það skjótvirkara og víðfeðmara en þó með augu á persónuverndarsjónarmiðum. En til þess þarf að styrkja landlæknisembættið enn frekar.

[10:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram og í þjóðfélaginu um þá meinsemd sem fíkniefnabölið er og þáttur lækna í því. Umræðan verður vonandi til þess að brugðist verði við og þeir læknar sem hafa stundað þá iðju að ávísa lyfjum til fíkla verði stöðvaðir og þeir látnir sæta ábyrgð. Þetta framferði samrýmist ekki læknalögum, það er lögbrot. Þessir læknar eru ekki að lækna neinn heldur að eyðileggja líf fólks og heilsu, bæði fíklanna og aðstandenda þeirra.

Samkvæmt læknalögum ber læknir ábyrgð á meðferð þeirra sem til hans leita. Ávísun á 920 morfíntöflur á þrem mánuðum til sama einstaklings, um tíu töflur á dag en tvær eru lífshættulegar venjulegu fólki — ættu ekki einhverjar viðvörunarbjöllur að hringja í kerfinu? Hvernig stendur á því að sömu fimm til sex læknarnir hafa óáreittir getað haldið fíklum í lyfjaáskrift eins og komið hefur fram í máli lækna SÁÁ.

Ljóst er að landlæknir verður að fá þær heimildir og þá fjármuni sem þarf til að taka með afgerandi hætti á þessum *málum.* Það er hlutverk hans og Lyfjastofnunar að sinna því eftirliti og það eftirlit verður að vera virkt. Í svörum hæstv. ráðherra kom fram að vinna stendur yfir hjá landlæknisembættinu við að kanna sannleiksgildi fullyrðinga um brot lækna. En einnig er ljóst af svörum hæstv. ráðherra að þörf er á frekari gagnasöfnun hjá landlækni.

Að síðustu, herra forseti, vil ég fagna því bréfi sem hæstv. ráðherra hefur sent til landlæknis og Lyfjastofnunar þar sem kemur fram krafa um hert eftirlit. Við verðum að stöðva nú þegar þessa misnotkun á heilbrigðiskerfi okkar.

[10:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og ég efast ekki um og hef í raun og veru aldrei gert að vilji hans er til staðar til að taka af fullum heilindum á þessu mjög svo alvarlega máli. Fram kom hjá honum að þessa dagana væri landlæknir að kanna sérstaklega sannleiksgildi þeirra vísbendinga sem komið hafa fram á undanförnum dögum. En það er ekki að öllu leyti rétt vegna þess að landlæknisembættið hefur ekki heimild til að kalla eftir lyfseðlum nema eitt ár aftur í tímann og eitt af því sem hefur verið rætt í fjölmiðlum á undanförnum dögum er ávísun á 920 töflur sem var ávísað árið 1999 og landlæknisembættið hefur ekki möguleika til þess að ná í þau gögn sem til þarf til þess að kanna sannleiksgildi þessara orða.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég ber virðingu fyrir þeim unga manni sem kemur fram til að segja sögu sína. Hann er það heppinn að ná sér upp úr þeirri fíkn og kemur fram til að segja sögu sína öðrum til varnaðar. Ég ber virðingu fyrir þeim foreldrum sem senda opið bréf til læknis síns og biðjast vægðar fyrir barnið sitt í Morgunblaðinu í fyrradag. Og ég segi það, virðulegi forseti, við skuldum þessu fólki, við skuldum börnunum okkar að á þessu sé tekið af fullkominni hörku nú þegar. Við vitum sannleiksgildi þeirra orða sem hafa komið fram í fréttum að undanförnu. Þetta er böl sem verður að stöðva og hér sitja inni í fangelsum landsins þeir sem hafa verið að selja eiturlyf á götum úti, jafnvel hættuminni efni og það er mjög alvarlegt ef læknir verður uppvís að því að ávísa ótæpilega. Þeir eru örfáir innan þeirrar stéttar. En við viljum treysta þeirri stétt og við viljum líka sjá þær reglur, að þeim sé gert að vinna eftir þeim þannig að þeir séu traustsins verðir.

[11:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja upp þetta alvarlega mál í utandagskrárumræðu. Ég þakka málefnalega umræðu um þetta viðkvæma og alvarlega mál.

Ég vil endurtaka það sem kom fram í fyrri ræðu minni, að ég vil vinda bráðan bug að því að fara yfir öll eftirlitsferli varðandi þetta mál. Það er nauðsynlegt og það er ekki síst, eins og fram hefur komið, nauðsynlegt vegna læknastéttarinnar í landinu sem hefur mikla raun af þessu máli, raun af þessari umræðu. Ég ber fullt traust til læknastéttarinnar þó ekki sé hægt að útiloka að einhverjir lendi í ógæfu í þeirri stétt. En eftirlitskerfið verður að vera fullnægjandi fyrir læknastéttina í landinu og fyrir okkur hin.

Ég hef reynt að leggja í það nokkra vinnu undanfarna daga að setja mig inn í þetta mál. Ég hef kallað á þá aðila sem þarna eiga hlut að máli og ég hef átt viðræður við aðstandendur þeirra sem hafa lent í þessari ógæfu og átt persónulegar viðræður við fólk sem hefur lent í þessari ógæfu. Það er mjög gagnlegt að eiga slíkar viðræður um það til hvers þessi lyfjaneysla getur leitt. Þær viðræður eru mjög alvarlegar. Við megum einskis láta ófreistað í að berjast gegn þessu máli. Ein hliðin á málinu er meðferðarstofnanirnar eins og kom hér fram. (Forseti hringir.) Ég vil enda með því að segja að ég vil leita allra ráða til þess að stemma stigu við jafnalvarlegum málum og hér hafa verið nefnd (Forseti hringir.) og efla landlæknisembættið til þess þó að það hafi verið eflt mjög á undanförnum árum.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, síðari umr.

Stjtill., 675. mál. — Þskj. 1091, nál. 1203.

[11:04]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. um till. til þál. um aðild að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995. Í samþykktinni eru ákvæði um lágmarksmenntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna um borð í fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd eða meira.

Aðild Íslands að samþykktinni kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur samgönguráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, til að uppfylla ákvæði samþykktarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Utanrmn. er einróma í þeirri afstöðu sinni.

[11:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að fjalla um alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa og staðfestingu hennar.

Að mörgu leyti er hér um ágætismál að ræða sem kveður m.a. á um þjálfun áhafna fiskiskipa og grunnmenntun þeirra og ýmis önnur grundvallaratriði sem fylgja ber við siglingar og vakt um borð í fiskiskipum.

Ef ég veit rétt þá hafa aðeins tvö ríki samþykkt þessa ályktun. Við erum þá þriðja ríkið, er það ekki rétt? Auðvitað þarf fleiri ríki til að staðfesta þessa samþykkt svo að hún öðlist alþjóðlegt gildi. Eftir sem áður erum við skuldbundin af því sem við höfum samþykkt.

Fyrir þinginu eða í samgn. er hins vegar frv. um áhafnir fiskiskipa sem m.a. tekur mið af þessu máli sem við erum hér að samþykkja og þetta mál mun leggja okkur ýmsar skyldur á herðar varðandi þjálfun áhafna og annað sem að því kemur.

Þegar líta ber til þjálfunar áhafna fiskiskipa þá eiga, samkvæmt þessari samþykkt sem við erum að fjalla um, undirmenn að ganga vaktir undir handleiðslu yfirmanns og fá til þess leiðbeiningar, uppáskrift og eðlilega starfsþjálfun þannig að samþykktin leggur víðtækari kröfur á yfirmenn skipa eftir að hún hefur verið samþykkt og m.a. snýst það frv. sem er inni í samgn. um þá tilhögun alla. Þess vegna höfum við undirgengist ákveðnar skuldbindingar þegar að þessari samþykkt samþykktri. Til þeirra ber sérstaklega að líta þegar frv. kemur hér til umræðu, ef það kemur þá strax út úr nefnd. Ég tel þó eðlilegt að svo verði ekki og menn geymi sér það til næsta þings að fara betur yfir það mál. En það er alveg ljóst að samþykkt sú sem við erum með í höndunum og erum að ræða leggur á okkur kvaðir sem okkur ber að undirgangast. Ég tel að í frv. sem liggur fyrir samgn. sé ekki farið nákvæmlega að reglum sem í þessum reglugerðum og alþjóðasamþykktum eru. Ég vildi vekja athygli á því við þessa umræðu þannig að mönnum sé ljóst að þessi samþykkt leggur á okkur ábyrgð hvað varðar þjálfun undirmanna undir handleiðslu yfirmanna. Ef svo er að í frv. sem er í samgn. eigi að fækka yfirmönnum á skipum þá kem ég ekki auga á hvernig þjálfuninni verður við komið því það er nú einu sinni þannig að áhöfnin á að ganga vakt undir handleiðslu stýrimanns. En þegar aðeins tveir eru á skipi, þ.e. skipstjóri og 1. stýrmaður, þá ganga þeir 12 tíma vaktir. Er þá orðinn ansi lítill tími til þess að framfylgja því fyrirkomulagi sem m.a. þessi alþjóðasamþykkt kveður á um, þ.e. að fylgjast með og sjá til þess að þjálfun og eftirlit eigi sér stað því ekki gera menn mikið meira en að stjórna skipi úr brú hver á sinni á 12 tíma vakt. Ekki er heimilt samkvæmt alþjóðasamþykktum, m.a. þessari, að brúin sé mannlaus. Það er algerlega bannað. Þar af leiðandi komum við að því að ef það á að fækka yfirmönnum á skipunum en samt að uppfylla þessa alþjóðasamþykkt þá erum við alveg komin í kross við sjálf okkur.

Á þessu vildi ég vekja athygli. Að öðru leyti hef ég ekkert við þessa samþykkt að athuga. Hún er af hinu góða, kveður á um mörg atriði sem okkur ber að fylgja. Sem betur fer uppfyllum við nú þegar mikið af þeim skilyrðum sem eru í þessum reglugerðum. Ég vil bara vekja athygli á því að gangi breytingarnar í frv. eftir þá kann að vera að við stöndum frammi fyrir því að Alþingi ætli sér að samþykkja eitthvað sem gengur algjörlega í berhögg við þessa samþykkt sem við erum núna að fara að samþykkja. Á þessu vil ég vekja sérstaka athygli og mun gera þetta að umræðuefni þegar kemur að því að ræða frv. sem er í samgn. ef menn ætla að klára það á þessu vori án þess að gera þá á því breytingar sem falla að þessari alþjóðasamþykkt.

[11:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil í örstuttu máli taka undir orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um þetta mál. Ef við samþykkjum hér aðild að alþjóðasamþykktum sem kveða á um ákveðin skilyrði varðandi mönnun bæði farþegaskipa og fiskiskipa — mér skilst að fyrst og fremst sé verið að fjalla

hér um minni skip — og samtímis er í samgn. frv. til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa þá tel ég alveg einboðið, herra forseti, að þessi atriði séu skoðuð saman.

Ég vil spyrja hv. frsm. nefndarinnar hvernig samhengið sé hugsað. Að vísu er rétt að þessi alþjóðasamþykkt verður ekki skuldbindandi fyrr en líklega ein 15 ríki hafa fullgilt hana og þá ákveðinn mánaðafjölda eftir það. Nú hafa einungis tvö ríki þegar fullgilt eða staðfest þessa alþjóðasamþykkt, Rússland og Danmörk. Það er a.m.k. gefið upp hér. Getur því liðið ófyrirsjáanlega langur tími þar til 15 ríki hafa staðfest hana. Hvernig er þá sú staða hugsuð að við erum með samþykkt sem ekki hefur hreint skuldbindandi gildi en hlýtur óbeint og beint að hafa áhrif á lagasetningu okkar? Hvernig er þetta samspil hugsað í þennan óvissa tíma þangað til 15 ríki hafa staðfest þetta? Mér finnst að horfa þurfi á hlutina í samhengi þegar við erum með lagafrv. og þáltill. í tveimur nefndum sem lúta í raun efnislega að því sama í framkvæmd.

Eins væri líka ágætt ef hv. frsm. nefndarinnar, Sigríður Anna Þórðardóttir, gæti gert í örstuttu máli grein fyrir því hvaða áhrif þessi samþykkt mundi hafa á þá lagasetningu sem við erum nú með í höndunum um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Virðulegi forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að eðlilegra væri að þessir hlutir væru skoðaðir í samhengi og þá líka í tíma. Hvað á þetta að gerast hratt eða hvað sjá menn fyrir sér að þetta eigi að gerast hratt og hvaða áhrif hefur það á lagasetningar og framkvæmd þessara mála á Íslandi?

[11:15]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Þessi tillaga fjallar um að við fullgildum þessa alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa. Samþykktin hefur sem sagt áhrif á lagasetningu hér á landi. Það þarf að breyta lögum í kjölfarið.

Svo ég rifji þetta upp var það svo að 5. júní árið 2000 skipaði samgrh. nefnd með fulltrúum hagsmunaaðila í sjávarútvegi og siglingum sem var falið að gera tillögur til ráðuneytisins um frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa. Nefndin skilaði síðan áliti og í því fólust tillögur um frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa ásamt tillögu um að Ísland gerðist aðili að samþykktinni. Á grundvelli tillagna nefndarinnar lagði samgrh. á 126. þingi fram frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa þar sem m.a. voru gerðar tillögur um lagabreytingar vegna aðildar Íslands að samþykktinni. Þetta vildi ég rifja hér upp.

Síðan gerðist það í þinginu að vegna kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum í fyrra ákvað samgrh. að fresta þeim hluta frv. sem fjallaði um fiskiskip. Hinn hluti frv., sem fjallaði um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, varð að lögum sl. vor. Sá þáttur sem eftir varð sl. vor er hins vegar í frv. sem er inni í samgn. þingsins.

Ég vek athygli á að það sem um er að ræða í þessum samningi eða þessari alþjóðasamþykkt eru lágmarksákvæði. Við Íslendingar stöndum mjög framarlega hvað öll þessi mál varðar og má kannski eiginlega segja að litið sé til okkar í þeim efnum. Við höfum gengið á undan öðrum þjóðum með góðu fordæmi.

Það verður auðvitað að segjast að þessi mál eru ekki í jafngóðu lagi hjá mörgum öðrum þjóðum og hjá okkur. Þess vegna má líka ætla að ýmsar aðrar þjóðir þurfi að gera miklu meiri breytingar hjá sér en við erum að gera hér hjá okkur.

[11:18]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu rétt hjá hv. framsögumanni að við stöndum þokkalega að mörgu leyti hér á landi og kannski framar en margar aðrar þjóðir. Þær munu einhvern tíma síðar koma til með að undirgangast þessi ákvæði. Eðlilega hafa ekki margar þjóðir uppfyllt þessi skilyrði vegna þess að fæstir eru í stakk búnir til að uppfylla þau.

Hér á landi er það t.d. ekki svo að við uppfyllum sum ákvæði þessara samþykkta. Ég vil t.d. vekja athygli á 9. gr. á bls. 6, undir yfirskriftinni „Efling samvinnu tæknilegs eðlis". Þar eru talin upp atriði sem aðilar samþykkja að þeir skuli vinna að og ég vil vekja athygli á 2. tölulið: „að setja á stofn mennta- og þjálfunarstofnanir fyrir áhafnir fiskiskipa".

Hér á landi höfum við Stýrimannaskóla og Vélskóla sem mennta yfirmenn. En það er ekki svo að yfirmennirnir séu áhöfn fiskiskips. Yfirleitt eru fleiri í áhöfnun fiskiskipa en bara skipstjórnarmenn og vélstjórar. Síðan höfum við Slysavarnaskóla sjómanna sem þjálfar áhafnir varðandi öryggi. En við höfum ekki stofnun sem þjálfar áhafnir í störfum um borð að öðru leyti en því er snýr að slysavörnum.

Í 3. tölulið 9. gr. er einnig talað um að að útvega tæki og aðstöðu fyrir mennta- og þjálfunarstofnanir. Það hefur auðvitað verið talað talsvert um þetta á undanförnum árum, að taka upp kennslu fyrir undirmenn. Það hefur hins vegar ekki komist á. Þess vegna er það svo að þessi samþykkt er enn þá ekki þannig að við getum haldið því fram með góðri samvisku að við uppfyllum hana.

[11:20]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því ekki fram að við gætum sagt að við hefðum þegar uppfyllt samþykktina. Auðvitað höfum við ekki gert það þegar frv. liggur fyrir í þinginu sem lýtur að því að breyta lögum í kjölfarið á þessari samþykkt.

Ég held hins vegar að það að við bregðumst fljótt við, fullgildum samþykktina og breytum síðan lögum í kjölfarið á því eða samtímis muni hvetja aðrar þjóðir til að gera slíkt hið sama. Eins og ég sagði áðan eru þetta lágmarksákvæði. Við Íslendingar stöndum mjög framarlega í þessum efnum. Það er litið til okkar og við höfum verið öðrum gott fordæmi. Ég veit að þessi mál eru í umfjöllun í samgn. og vænti þess að menn skoði þau mjög vel.

[11:22]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en vil aðeins geta þess að nefnd er að störfum varðandi STCW í tengslum við kaupskip. Í þeirri vinnu er gert ráð fyrir að jafnt yfirmenn sem undirmenn, þ.e. hásetar, fari á námskeið áður en þeir hefja störf á sjó eða uppfylli a.m.k. þau ákvæði og skilyrði sem nú eru gerð til skipa sem koma í erlendar hafnir. Hér er reglan sú að 25% þeirra erlendu skipa sem koma í íslenska höfn eru skoðuð af Siglingastofnun. Þar eru einmitt tekið út skírteini manna, hvaða réttindi þeir hafa o.s.frv.

En varðandi menntunarmál sjómanna þá er það kapítuli út af fyrir sig. Hins vegar veit ég að í umræðunni hjá hæstv. menntmrh. eru einhverjar breytingar á kennsluháttum og rekstri Sjómannaskóla Íslands, þ.e. sjómannaskólans á Rauðarárholti, Stýrimannaskólans og Vélskólans. Ég vildi líka geta þess hér að í sjómannasamtökum í Reykjavík og

Hafnarfirði eru fulltrúar allra stéttarfélaga, skipstjóra, stýrimanna og háseta. Þau hafa sent menntmrh. bréf þar sem óskað er eftir því að samtökin fái aðild að þeirri umræðu sem nú fer fram um breyttan rekstur Sjómannaskólans eða að vita hvað þar er á döfinni.

Ég skil það hins vegar svo að með STCW-F samþykktinni, þessari alþjóðasamþykkt um fiskiskip, verði gerð meiri krafa til okkar Íslendinga sem leiði af sér að menntmrn. verður að taka upp aðra hætti en nú eru varðandi kennslu og þjálfun allra sjómanna, jafnt sjómanna á fiskiskipum sem á kaupskipum og er það vel. Það hefur auðvitað vakið athygli og áhyggjur manna hvernig komið er fyrir sjómannamenntuninni á Íslandi. Ég vona að það sem við erum að fjalla um hér verði til að gefa málinu góðan kraft til að hefja menntun sjómannastéttarinnar til vegs á ný.

[11:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það er rétt að gera hér að umræðuefni að eins og staðan er í Stýrimannaskólanum á hann eðlilega að sinna endurþjálfun fólks og bjóða upp á sérstök námskeið þannig að mönnum sé gert kleift að viðhalda réttindum sínum. Meðal annars er staðan sú og rétt að greina frá því hér að í Stýrimannaskólann vantar siglingahermi, þ.e. ratsjársiglingahermi með svokölluðu ARPA-siglingakerfi. Síðast þegar ég vissi var ekki komin heimild frá menntmrn. til að kaupa slík tæki til endurnýjunar þeirra sem hafa bilað á undanförnum mánuðum. Meðan sú staða er uppi getur Stýrimannaskólinn ekki veitt þau námskeið. Þar af leiðandi sitjum við uppi með þetta að skólastofnunin okkar, sem á m.a. að sjá til að við uppfyllum alþjóðlegar kröfur og sjá til að mönnum sé kleift að fara á þau námskeið sem þeir eiga að fara á á fimm ára fresti til þess að viðhalda réttindum sínum, getur ekki sinnt því. Því miður er staðan þannig eftir því sem ég best veit. Ég vona vissulega að eitthvað hafi gerst í því sem ég veit ekki um og búið sé að heimila Stýrimannaskólanum að endurnýja þennan tækjakost.

Sé staðan eins og ég hef lýst þá stenst Stýrimannaskólinn ekki alþjóðlegar kröfur. Við uppfyllum þannig ekki skilyrði Alþjóðasiglingamálastofnunar um þjálfun yfirmanna okkar og stöndumst ekki reglur STCW. Þetta er staðan og það þarf auðvitað að vera á vaktinni þannig að við séum þannig í stakk búin hér á landi til að standa við þær reglugerðir og alþjóðasamþykktir sem við höfum ákveðið að samþykkja. Allt annað er auðvitað óþolandi. Það er óþolandi að verða fyrir því í erlendri höfn að skipin séu stöðvuð vegna þess að hafnareftirlit viðurkenni ekki stöðuna sem er um borð í skipunum, þ.e. þar sem menn hafa ekki þessi skírteini eða þá að óeðlilegt er talið að við gefum undanþágur frá því.

[11:27]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út frá orðum síðasta ræðumanns vildi ég aðeins skerpa á því að ég tel fulla ástæðu fyrir okkur að endurskoða sjómannanámið eins og það er í dag. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að það fara náttúrlega allt of fáir í skólann. Það er áhyggjuefni hvernig við ætlum að viðhalda fiskiskipaflotanum í þeim vanda sem við blasir og nú þegar eru veittar undanþágur svo með ólíkindum er.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir einu. Ef við lítum á vélstjóramenntunina þá hafa útskrifast að meðaltali á ári um 20–25 vélstjórar með fjórða stigið. En hvert fara þeir að loknu námi? Aðeins tveir til þrír fara til sjós. Hinir fara í ágætlega launuð störf í landi vegna þess að það er kallað eftir tæknimenntuðum mönnum til starfa vegna tækniþróunarinnar hér á landi. Það þarf stöðugt fleiri með þekkingu á vélum.

Ég held að við þurfum að endurskoða sjómannamenntunina með þessa staðreynd í huga, t.d. hvernig er með fjórða stigs vélstjóramenntun. Við verðum að mennta sjómennina þannig að menntunin sé aðlæg sjómannsstarfinu og menn eigi líka möguleika á að fara í aðra skóla að loknu námi — eins og að vísu er boðið upp á núna að hluta til.

En ég tek undir það með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að þetta er áhyggjuefni. Þess vegna kom ég að því hér áðan að ég vona að samþykkt STCW-F varðandi fiskimennina muni verða eins og vítamínsprauta í sjómannamenntunina og menn muni taka á þessu máli af krafti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 1. umr.

Stjfrv., 716. mál (fjárfestingar hlutafélagsins). — Þskj. 1193.

[11:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Norðurál hf. var í upphafi stofnað í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðslu á Grundartanga. Í heimildarlögunum og fjárfestingarsamningi er ekki með beinum hætti kveðið á um heimildir Norðuráls til þátttöku í öðrum félögum eða öðrum atvinnurekstri. Lögum nr. 18/977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse Lonza hefur verið breytt á þá leið að Íslenska járnblendifélaginu og Íslenska álfélaginu er heimilt að taka þátt í öðrum félögum og öðrum atvinnurekstri. Hið sama átti við um Kísiliðjuna hf. þar til ríkissjóður seldi hlut sinn í verksmiðjunni. Engin rök standa til þess að takmarka starfsheimildir Norðuráls umfram það sem gildir um önnur sambærileg fyrirtæki hér á landi.

Í samræmi við þetta er lagt til að lögunum verði breytt á þá leið að kveðið verði á um að Norðuráli sé heimilt að taka þátt í öðrum félögum og jafnframt að stunda annan atvinnurekstur með því að stofna dótturfélög um þann rekstur. Með þessu er tryggt að sérákvæði laga nr. 62/1997 og fjárfestingarsamnings ríkisstjórnar Íslands, Columbia Ventures og Norðuráls, gilda ekki um rekstur álbræðslunnar á Grundartanga. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri um fjárfestingar á vegum Norðuráls, þar sem félagið telst atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum samkvæmt þeim lögum.

Hæstv. forseti. Ég mæli með því að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[11:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hæstv. ráðherra kom ekki fram hvað geri það að verkum að málið fær þá meðferð sem beðið er um hér af hálfu ríkisstjórnarinnar, þ.e. það er sett á dagskrá

með afbrigðum. Rétt væri að hæstv. ráðherra skýrði okkur frá hvað í aðstæðum fyrirtækisins geri það að verkum að svo mikið liggur á að málið verði samþykkt með hraði á vorþingi. Ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að skýra örlítið betur fyrir þingheimi hvað sé hér í farvatninu.

[11:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé mjög eðlileg spurning. Svarið er einfaldlega það að við álitum lengi vel í iðnrn. að ekki þyrfti lagabreytingu til þess að fyrirtækinu væri heimilt að fjárfesta í öðrum atvinnugreinum. Síðan kom í ljós eftir að málið hafði verið skoðað alveg til hlítar, að rétt þykir, til þess að áreiðanlega sé staðið að málum, að skjóta lagastoð undir þetta ákvæði. Því kemur málið fram og ég biðst afsökunar á því hvað það kemur seint.

[11:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar, en langar að vita hvort eitthvað standi fyrir dyrum hjá fyrirtækinu að fara út í atvinnurekstur af öðru tagi, og ég held að eðlilegt væri að við fengjum að vita á Alþingi hvað það er, eða þá hvort fyrirtækið sé búið að fjárfesta í öðrum atvinnurekstri og þegar það hafi verið afstaðið hafi komið í ljós að lagaheimildin var ekki til staðar þannig að það sé verið að samþykkja hana eftir á. Ég tel ekki að ráðherrann sé alveg búin að skýra þetta til fullnustu fyrir þingheimi.

[11:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki þannig að fyrirtækið hafi nú þegar fjárfest í öðrum atvinnurekstri og ég get ekki fullyrt neitt um að svo muni verða. Að ég veit er ekki búið að taka neinar ákvarðanir um slíkt. En miðað við það að önnur fyrirtæki í svipuðum rekstri hafa þessar heimildir mjög rúmar og þetta fyrirtæki, Norðurál, hefur verið að standa sig vel (**GAK:** Það er búið að fjárfesta í deCODE.) að mínu mati í rekstri og nýtur trausts og virðingar þá er þetta gert þannig að það verði a.m.k. ekki af lagalegum ástæðum sem fyrirtækið fjárfestir ekki hér. Við vitum að það hefur verið að koma út með hagnaði og á greinilega einhverja peninga sem alla vega ég vona að verði nýttir til fjárfestingar á Íslandi.

[11:34]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það liggur við að andsvarsformið hefði nægt í þessu máli. Ég tel að þetta frv. sé nauðsynlegt til þess að auka möguleika til frekari uppbyggingar og atvinnusköpunar hér á landi, m.a. til þess að framleiða úr áli og einnig til að fyrirtækið sem þarna um ræðir geti tekið þátt í uppbyggingu annars konar atvinnustarfsemi.

Virðulegur forseti. Ég þekki til stóriðju. Ég hef unnið við hana. Ég þekki til framþróunar í vörnum gegn mengun, framþróunar í tækni, aukinnar þjálfunar og tækni til að spara mannafl, tækniframfara sem krefjast aukinnar þjálfunar og menntunar. Ég þekki einnig áhrif stóriðju á sveitarfélög á stóru svæði hérlendis og erlendis.

Stóriðjufyrirtækin, svo maður tali nú um þau bæði, á Grundartanga hafa skapað ný viðhorf, aukið menningar- og menntunarkröfur, lagt uppgræðslu- og umhverfissjónarmiðum lið, skapað iðnaði nýja og betri stöðu allt frá Suðurnesjum til Stykkishólms. Á þessu nefnda svæði hafa nefnilega fyrirtæki í byggingar- og stáliðnaði og þar að auki í rafiðnaði notið þeirra framkvæmda sem þarna hafa verið og hafa notið þess síðan að veita þjónustu að lokinni uppbyggingu eins og raun ber vitni.

Öllum hlýtur að vera ljós skoðun mín almennt á stóriðjumálum eftir þessi orð vegna þess að ég sé ekki að á næstu 10–15 árum gefist betri möguleikar til öruggari uppbyggingar í atvinnumálum en með virkjun og stóriðju og finnst alveg sjálfsagt að veita þessum fyrirtækjum heimild til að fjárfesta og stofna hlutafélag eða dótturfyrirtæki í skyldum iðnaði eða þeim fyrirtækjum sem þeim lýst vel á að fjárfesta í.

Virðulegur forseti. Bara til þess að árétta það þá tel ég að ég sé ekki minni umhverfissinni en hver annar hér á þingi eða almennt í samfélaginu. Ég er að hluta til alinn upp í sveit, hef stundað sjómennsku og störf í stóriðju. Ef til vill er það kannski meira en segja má um marga þá sem hafa verið að fjalla um þessi mál. En á grundvelli lífsreynslu minnar og þekkingar styð ég þetta mál sem fram er lagt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:37]

Útbýting þingskjala:

Barnaverndarlög, 318. mál, brtt. félmn., þskj. 1247.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, 685. mál, nál. utanrmn., þskj. 1207.

Steinullarverksmiðja, 663. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1257.

Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, síðari umr.

Stjtill., 682. mál. — Þskj. 1098, nál. 1204.

[11:38]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um fullgildingu Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Stokkhólmssamning um þrávirk lífræn efni sem gerður var 22. maí 2001.

Samningurinn, sem samþykktur var á ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi 22. og 23. maí 2001, er mikilvægur áfangi í umhverfismálum. Hann tekur til takmörkunar á framleiðslu og notkun svonefndra þrávirkra lífrænna efna og mælir m.a. fyrir um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir framleiðslu eða myndun efna sem hættuleg eru umhverfinu og heilsu manna.

Samkvæmt greinargerð með tillögunni telur umhverfisráðuneytið samninginn ekki kalla sjálfkrafa á lagabreytingar hér á landi og var það staðfest af fulltrúum utanríkis- og umhverfisráðuneytis á fundi nefndarinnar.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

[11:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að Alþingi Íslendinga skuli nú vera í þann mund að fullgilda Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni. Hér er um afskaplega viðamikinn samning að ræða, en algerlega lífsnauðsynlegan fyrir umhverfismálin, lífsnauðsynlegan í því samhengi að líf á

jörðinni getur vart þrifist án þess að tekið verði almennilega til hendinni og af alvöru í þessum málaflokki.

Þrávirk lífræn efni og losun þeirra út í umhverfið er mengunarvandamál sem ógnar nú þegar á mjög alvarlegan hátt lífi og heilsu heilla vistkerfa. Sannleikurinn er sá að samningur af þessu tagi hefði auðvitað verðskuldað mjög mikla og faglega umræðu á Alþingi. Ég held, herra forseti, að það sé ámælisvert að við skulum vera að afgreiða samning af þessu tagi með því hraði sem raun ber vitni hér því ekki var umræða um efnisatriði samningsins þegar hæstv. utanrrh. fylgdi úr hlaði þessari þáltill. Ég sé ekki heldur að í önnum þingsins í dag gefist svigrúm fyrir þá umræðu sem þessi mál verðskulda hér á þingi.

Herra forseti. Við skulum ekki gleyma því að alþingismenn eru að hluta til ábyrgir fyrir umræðunni úti í samfélaginu. Með því að umræða af því tagi sem hér þyrfti að fara fram fari ekki fram erum við að skjótast undan þeirri ábyrgð sem við berum á því að málefni sem hér fara í gegn komist út í samfélagið.

Herra forseti. Ég fullyrði að það verður mjög erfitt fyrir almenning og jafnvel fjölmiðla líka að gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra mála sem hér um ræðir án þess að nokkur fagleg eða efnisleg umræða fari hér fram.

Herra forseti. Sannleikurinn er sá að síðan Rachel Carson skrifaði bókina sína, Raddir vorsins þagna, 1962 eru liðin 40 ár. Bókin sú olli straumhvörfum í umræðu um umhverfismál og ekki hvað síst um þau mál sem hér um ræðir, þ.e. losun eiturefna út í umhverfið. Rachel Carson var mjög framsýn manneskja. Hún var baráttumanneskja af bestu sort og við getum þakkað forsjóninni fyrir að hún skuli hafa verið send hingað til jarðarinnar og að hún skyldi hafa sagt allt það sem hún sagði í bókinni sinni. Hitt verður svo að horfa á líka, að þær varúðarraddir sem Rachel Carson upphóf í bók sinni hafa auðvitað ekki náð nægilega inn í vestræna stjórnsýslu. Hvers vegna ekki, herra forseti? Það skyldi þó ekki vera að við höfum látið græðgi okkar og efnishyggju glepja okkur svo að við höfum sljóvgað eyru okkar fyrir þeim röddum sem upp voru vaktar í bók Rakelar?

Ég vil halda því fram að hið vestræna samfélag hafi gleymt sér í neysluhyggjunni, sett hina gífurlegu vá sem stafar af mengun þrávirkra lífrænna efna til hliðar meðan við værum að koma vel undir okkur fótunum efnahagslega og ég held að við séum núna og í náinni framtíð að súpa seyðið af þeim sljóleika okkar að gleyma okkur í neyslukapphlaupinu. Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, við hvaða aðstæður þessi efni verða til sem hér um ræðir. Hér er t.d. um að ræða plöntuvarnarefni sem verða til við eitrun vegna skordýraplágna. Eiturefnin fara auðvitað beina leið út í jarðveginn, út í grunnvatn og enda síðan í efstu þrepum fæðukeðjunnar. Sannleikurinn er sá, og það vitum við nú og höfum vitað allt of lengi, að síðan berast þau hægfara norðar á jarðkringlunni, norðar og nær okkur, nær okkar fæðuuppsprettu og þau eru nú þegar komin í efsta hluta fæðukeðjunnar.

Við erum líka að tala hér um efni sem notuð eru í iðnaði. Sannleikurinn er auðvitað sá að með hinni gífurlegu framleiðsluaukningu sem orðið hefur í iðnaði og sem hefur að mínu viti, herra forseti, verið afar blind á þessi mál, hafa þessi efni verið sett út í umhverfið og valda þar þeirri hættu sem raun ber vitni. Og hver er hættan? Hún er t.d. krabbameinsmyndun í mönnum. Þetta verður líka þess valdandi að brengla kynþroska spendýra og gerir það að verkum að hormónastarfsemi í efstu hlutum fæðukeðjunnar brenglast. Þess vegna fæðast orðið tvíkynja dýr og kannski oftar hér á norðurslóðum en annars staðar á jarðkúlunni. Hér er því um að ræða gífurlega erfitt og viðamikið vandamál sem þessum samningi er ætlað að taka á.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langan fyrirlestur um þetta hér en ég vil samt segja að það hefði sannarlega verið ástæða til þess að gera það hér og það hefði verið ástæða til þess að krefja stjórnvöld um að gera grein fyrir þeim aðgerðaáætlunum sem samningur þessi leggur okkur á herðar því samkvæmt 5. gr. hans er alveg ljóst að þeir aðilar sem undirgangast reglur samningsins þurfa að semja aðgerðaáætlanir fyrir bæði stór svæði og lítil innan tveggja ára frá því að samningurinn öðlast gildi.

Ég tel að gífurlega mikilvægt verði fyrir Alþingi að vakta stjórnvöld í þeim efnum því að auðvitað kemst svona samningur aldrei til almennilegra framkvæmda nema aðgerðaáætlanir séu framkvæmdar. Til þess að slíkt geri orðið þarf Alþingi Íslendinga að efla mjög verkefni á borð við Staðardagskrárverkefni því að eins og það gerir ráð fyrir hugsum við á heimsvísu en bregðumst við heima fyrir. Hér er því um að ræða verkefni sem fellur mjög vel að Staðardagskrárverkefninu og ég held að afar nauðsynlegt sé að alþingismenn geri það sýnilegt í kjördæmum sínum, sjái til þess að öll sveitarfélög á Íslandi staðfesti Staðardagskrárverkefnið, fari í þá vinnu sem vinna þarf. Vinna af því tagi sem hér um ræðir verður aldrei unnin bara á einu plani stjórnsýslunnar, hana þarf að vinna alla leið ofan í grasrótina. Til þess að slíkt geti orðið þarf öfluga fræðslu, öfluga umræðu í samfélaginu, hún þarf að eiga sér stað á Alþingi og hún þarf ekki síður að eiga sér stað frá fjölmiðlum.

Það þarf líka að vakta stjórnvöld sem leyfa sér að skrumskæla hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Eins og ég hef gagnrýnt hæstv. umhvrh. fyrir og hæstv. utanrrh. hafa þau bæði gerst sek um það að mínu mati að rangtúlka hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar með því að setja undir hana einhvers konar hámörkun efnahagslegrar velferðar.

Ég vitna, með leyfi forseta, til stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld þar sem hæstv. umhvrh. orðar hugsun sína um sjálfbæra þróun svo:

„Það var mat margra að umhverfisverndarstefna áratuganna á undan hefði skilað takmörkuðum árangri, ekki síst vegna þess að umhverfisvernd og hagvexti var oft stillt upp sem ósættanlegum andstæðum. Með sjálfbærri þróun leitum við hins vegar leiða til að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess þó að skaða grunngæði jarðar eða möguleika komandi kynslóða á að njóta sams konar eða meiri velferðar."

Herra forseti. Stjórnvöld sem binda sjálfbæra þróun við hámörkun efnahagslegar velferðar eru á villigötum. Þeim er ekki alveg treystandi eftirlitslaust til að framfylgja ákvæðum Stokkhólmssamningsins. Ég tel því einsýnt, herra forseti, að umræðan hefði átt að vera meiri hér, hún þarf að fara fram og alþingismenn hv. verða að vera vakandi á verðinum og sjá til þess að henni sé ekki hér með lokið.

[11:48]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að þessi mál sem við erum hér að ræða eru mjög mikilvæg. En ég vil þá jafnframt benda á að Ísland hefur á alþjóðavettvangi lagt mikla áherslu á aðgerðir til þess að

koma í veg fyrir losun þrávirkra lífrænna efna út í umhverfið og Ísland átti mikinn þátt í því að farið var út í gerð þessa samnings, ég vil sérstaklega leggja áherslu á það, og lagði fyrst ríkja fram tillögu um það á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro árið 1992. Íslensk stjórnvöld vöktu einnig athygli á málinu við undirbúning alþjóðlegrar aðgerðaáætlunar um varnir gegn mengun hafsins vegna mengunar frá landi sem samþykkt var í Washington 1995 og á síðasta undirbúningsfundi áætlunarinnar sem ríkisstjórn Íslands bauð til í Reykjavík í mars 1995 komst skriður á málið.

Það er því alveg ljóst að Íslendingar hafa verið í forustu á alþjóðavettvangi hvað einmitt þessi mál varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, síðari umr.

Stjtill., 683. mál. — Þskj. 1099, nál. 1205.

[11:50]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um aðild að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingu á sjó og bókun við þann samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu, sem gerð voru í Róm 10. mars 1988. Samningurinn og bókunin eru meðal þeirra samninga sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem hryðjuverkasamninga og hvatt ríki til að fullgilda í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Samningurinn kallar á lagabreytingar hér á landi. Fyrir nefndina hefur verið lagt frumvarp dómsmálaráðherra til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og utanrmn. er einróma í afstöðu sinni til málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, síðari umr.

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1100, nál. 1206.

[11:51]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá utanrmn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 9. maí 1992 sem gerð var 10. desember 1997.

Markmið Kyoto-bókunarinnar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og kveður bókunin á um að aðildarríkin skuli draga úr útstreymi tiltekinna gróðurhúsalofttegunda, miðað við útstreymi eins og það var árið 1990, á skilgreindum tímabilum. Fyrsta skuldbindingartímabilið er fimm ár, 2008–2012, og verða þau ríki sem getið er í I. viðauka við rammasamninginn að takmarka sameiginlega og hvert um sig útstreymi þeirra gróðurhúsalofttegunda sem skráðar eru í viðauka A við bókunina þannig að samanlagt árlegt útstreymi þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu verði að meðaltali 5,2% minna en viðmiðunarárið 1990.

Umhverfisráðuneytið telur að aðild Íslands að bókuninni kalli ekki á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Þuríður Backman rita undir álitið með fyrirvara.

[11:53]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Því ber að fagna að þáltill. um aðild að Kyoto-bókun rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sé komin til síðari umr. og verði brátt afgreidd á hinu háa Alþingi.

Eins og fram kom í máli hv. frsm. skrifa fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. undir nál. með fyrirvara. Ég kem hér upp til þess að gera grein fyrir fyrirvara þeirrar sem hér stendur og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur.

En fyrst vil ég, herra forseti, vekja athygli á því enn og aftur að hér er um að ræða fyrsta skrefið í átt til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á jörðinni og að Kyoto-bókunin, sú er við munum fullgilda — við erum í raun aðeins að tala um fimm ár, þ.e. fyrsta skuldbindingartímabilið svokallaða frá 2008–2012. Það er mjög mikilvægt að ekki sé bara staðið vel að undirbúningi þessa fyrsta tímabils heldur að menn og stjórnvöld fari strax að huga að því hvað taki við að því loknu og að stefnumörkun í þessu máli sé til langs tíma en ekki stutts.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. utanrmn. gera fyrirvara við einmitt þessa stefnumörkun stjórnvalda. Fjallað var um það lítillega í nefndinni. Við teljum að hún þurfi að vera ítarlegri og mun betur útfærð og markmið hennar skýrari en raun ber vitni. Við gerum okkur líka fulla grein fyrir því að stefnumörkunin sem slík heyrir ekki undir hv. utanrmn. en það er jú einu sinni þannig að þessi mál hanga öll saman og hér er um alþjóðasamning á sviði umhverfismála að ræða og því mjög mikilvægt að hér sé haldið almennilega á málum hvað stefnumörkun varðar og að íslensk stjórnvöld leggi sig öll fram um að ná því marki og, herra forseti, að gera gott betur. Því að ég held að okkur veiti ekkert af að huga að því í framtíðinni að við munum þurfa að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins og allir aðrir en eins og kunnugt er gefur þessi bókun Íslandi í raun og veru bónus, 10% aukningu plús íslenska sérákvæðið svokallaða sem heyrir undir stóriðjuna eins og kunnugt er og hefur verið rætt hér á hinu háa Alþingi við mýmörg tækifæri.

Ég vil að endingu leyfa mér að taka einnig fram að ég er þeirrar skoðunar að tæplega sé hægt að fullyrða að það kalli ekki á lagabreytingar að fullgilda bókunina eða í framhaldi af henni réttara sagt, því það er auðvitað rétt að aðildin sem slík kallar ekki á lagabreytingar. Hins vegar er það svo að það sem þarf að gera í framhaldinu krefst þess að við hugum að öllu reglugerðarverki okkar á sviði umhverfismála, lögum

og reglum, og eins og áður hefur komið fram í máli mínu, að hinni almennu stefnumótun til langs tíma.

[11:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Um þetta mál gildir margt það sama og sagt var um till. til þál. um fullgildingu Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni. Í grundvallaratriðum ber auðvitað að fagna því hástöfum að ríkisstjórn Íslands skuli nú ætla að fullgilda Kyoto-bókunina við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Það er grundvallaratriði í málinu og ég held að allir hv. þm. geti tekið undir það og staðið saman um það að Ísland standi sig nú vel í þessum málum.

En stendur Ísland sig vel? Það er auðvitað skuggi á þessa gjörð hér að Ísland hefur síðan í Kyoto 1997 barist af miklu afli fyrir því að Ísland fái notið þess sem stjórnvöld hafa kallað „sérstöðu" sinnar. Og hver er sérstaða Íslands í þessum málum? Jú, hagkerfið er afar smátt og það sem stjórnvöld hafa verið að reyna að fara fram á eru undanþágur frá losunarmarkmiðunum hvað varðar stóriðjuverkefni.

Herra forseti. Ef við ætlum að standa í alvöru saman um að minnka áhrif eða losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif gróðurhúsalofttegundanna á lofthjúp og lífkerfi jarðarinnar, þá þurfum við auðvitað að gangast undir einhverja ábyrgð en ekki að fljóta í gegn á undanþáguákvæðum. Íslensk stjórnvöld hafa því ekki borið höfuðið hátt í þessu ferli öllu sem hefur nú staðið síðan 1997 má segja, þar sem íslensk stjórnvöld hafa á öllum aðildarríkjafundum reynt að koma þessu íslenska ákvæði sínu inn í umræðuna. Lengi vel var það saltað og lítið um það rætt en á lokasprettinum, eins og kunnugt er, í Bonn og síðan í Marrakesh var allt afl íslenskra stjórnvalda sett í undanþáguákvæðin og að endingu fóru þau í gegn.

Frá hverju erum við þá að fá undanþágu? Jú, við ætlum að heimila losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið frá allri stóriðju sem bæst hefur við á Íslandi frá 1990 auk nokkurra risastórra verkefna sem eru í farvatninu eða á óskalista stjórnvalda og tilheyra atvinnustefnu íslensku ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég fullyrði héðan úr þessum ræðustóli í tengslum við þessa umræðu að atvinnustefna íslensku ríkisstjórnarinnar er stórhættuleg hvað varðar losun þessara efna út í andrúmsloftið, því að atvinnustefnan er slík að stóriðju skuli byggja sem víðast, sem stærst verkefni komi og öflugir menn úr íslenska atvinnulífinu eru sendir út í heim til að leita að stóriðjurisum til að lokka til landsins.

Herra forseti. Ég tel kröftum íslenskra stjórnvalda betur varið til annarra hluta, til hluta á borð við þá að efla í alvöru atvinnumál og atvinnustefnu sem getur verið umhverfisvæn, atvinnustefnu sem útheimtir ekki þá gífurlegu losun sem stóriðjan og málmbræðslan öll útheimtir.

Herra forseti. Ég tel því að framganga íslenskra stjórnvalda í þessu máli hafi verið lágkúruleg og við ættum sem ein af ríkustu þjóðum heims að geta tekið á okkur meiri ábyrgð og meiri skuldbindingar en hér er verið að gera. Við ætlum að fljóta hér í gegn á undanþáguákvæðum, og herra forseti, mér finnst það ekki vera okkur til sóma. Mér finnst það bera vott um leti, sljóleika og slugs. Slíkir eiginleikar eru ekki til sóma fyrir þjóð sem þykist vilja standa sig vel í umhverfismálum í orði kveðnu.

Af því að við vorum áðan að ræða losun þrávirkra lífrænna efna út í lífkerfið, herra forseti, og á það var bent í þeirri umræðu að stjórnvöld hefðu gengið þar á undan með góðu fordæmi og átt ákveðið frumkvæði þá verður að segjast eins og er að orð eru til alls fyrst en þau draga ekki nema hálft hlass. Á Íslandi hafa þessar yfirlýsingar stjórnvalda dregið afskaplega létt hlass og í sumum tilfellum, eins og t.d. er varðar undanþáguákvæðin í Kyoto, ekkert hlass. Það er gagnrýnivert.

Á Íslandi eru enn opnar sorpbrennslur sem spúa eiturgufum út í loftið sem bannaðar verða samkvæmt Stokkhólmssamningnum. Á Íslandi er ekki enn krafist bestu fáanlegu tækni við losun frá stóriðju. Það var mjög mikið gagnrýnt þegar Reyðarál kom fram með matsskýrslu sína í sumar sem leið að rafskautaverksmiðjan sem þar átti að setja á stofn krafðist ekki bestu fáanlegu tækni. Hún krafðist tækni sem búið var að betrumbæta og er búið að betrumbæta. Samt setja íslensk stjórnvöld í undanþáguákvæðið í Kyoto-samningnum skuldbindingu um að besta fáanlega tækni skuli notuð. Þess vegna segi ég: Orð á blaði segja ekkert ef eftirfylgnin er í skötulíki og á þann veg sem íslensk stjórnvöld virðast ætla að keyra sína eftirfylgni.

Ég gagnrýni það að menn geti slegið hér um sig með fögrum fyrirheitum ef ekki á að fara eftir þeim. Ef íslensk stjórnvöld vilja í alvöru efla umhverfisvernd og standa undir ábyrgð sinni á heimsvísu hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda þá eiga íslensk stjórnvöld að setja fram umhverfisvæna atvinnustefnu. Það er grundvallaratriði í málinu. Hvernig eiga íslensk stjórnvöld að gera það? Til að byrja með eiga þau að skoða orkustefnuna sína. Hvernig er íslensk orkustefna? Íslendingar og íslensk stjórnvöld hafa sett sig á háan hest eða hreykt sér af því að vera að nýta vistvæna orkugjafa.

Herra forseti. Náttúruverndarsamtök víða um heim, og reyndar ekki bara náttúruverndarsamtök heldur jafnvel stjórnvöld, hafa verið að leiða það fram í dagsljósið í auknum mæli upp á síðkastið að virkjanir af tagi Kárahnjúkavirkjunar eru ekki þess eðlis að þær nýti vistvæna orkugjafa á endurnýjanlegan hátt. Þær eru ósjálfbærar og flokkast þess vegna ekki undir bestu mögulegu aðferðir. Kannski eru þessar virkjanir alls ekki sjálfbærar.

Hvað erum við þá að segja hér? Erum við að segja eitt og gera annað? Ég tel að það þurfi að skoða. Þess vegna hvet ég íslensk stjórnvöld, og hef gert frá því að þessi mál fór að bera á góma í þingsölum, til þess að hér verði orkustefnan skoðuð og að hún verði í alvöru sjálfbær og standi í alvöru undir þeim merkjum sem orð stjórnvalda gefa tilefni til.

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld gætu t.d. barist fyrir auknum rannsóknum á vindorku og möguleika á nýtingu vindorku á Íslandi. Það hefur verið sagt í orði kveðnu að slíkt vilji stjórnvöld gera. Stjórnvöld hafa líka sagt og jafnvel meira en í orði kveðnu að þau vilji efna til vetnisvæðingar á Íslandi og þau hafa sagt að þau vilji að Ísland verði fyrsta vetnisvædda samfélagið á jörðinni. Allt er þetta góðra gjalda vert, herra forseti. En það er ekki nægilega trúverðugt þegar eitt er sagt og annað framkvæmt. Ísland getur ekki bæði geymt kökuna og étið hana, ekki frekar en nokkrir aðrir geta slíkt. En það er einmitt tilraun til þess sem lýsir sér í íslenska undanþáguákvæðinu við Kyoto-bókunina. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ef íslensk stjórnvöld ætla sér að vera til fyrirmyndar í samfélagi þjóðanna ber íslenskum stjórnvöldum að láta af stóriðjustefnu sinni, af orkugræðgi sinni, af neikvæðri nýtingu náttúruauðlindanna á hálendinu og fara að berjast fyrir vistvænni orkustefnu þar

sem vindorka, sólarorka, virkjun sjávarstraumanna í úthafinu eru skoðaðar. Við þurfum meira en fögur orð. Við þurfum trúverðugar aðgerðir. Íslensk stjórnvöld verða ekki trúverðug varðandi umhverfisstefnu ef þau ætla að halda áfram að þjösnast svona áfram í stóriðjustefnu sinni og virkjanastefnu þar sem ákvarðanir eru teknar sem stríða gegn hugmyndafræðinni sem iðnvæddar þjóðir í veröldinni ætluðu sér að standa saman um með samkomulaginu í Kyoto.

[12:06]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er undrandi á þessum málflutningi hv. síðasta ræðumanns. Getur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir bent á nokkurt annað land í veröldinni sem stendur jafnframarlega og við Íslendingar gerum hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda? Ég bara spyr.

Það er skylda íslenskra yfirvalda að gæta hagsmuna Íslands til þess að við getum nýtt þau gæði sem við fáum með nýtingu orkunnar til atvinnuuppbyggingar. Það er skylda okkar að gæta þess að við getum nýtt okkur þessi gæði til atvinnuuppbyggingar. Það er nú ekkert minna en það. Og það voru íslensk stjórnvöld að gera með því að leggja áherslu á að fá undanþágu frá Kyoto-bókuninni vegna þess að við vorum einfaldlega komin langt á undan öðrum þjóðum og vorum í fararbroddi hvað þessi mál varðar.

[12:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslendingar standa sig ekki betur en aðrar þjóðir í Evrópu hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda. Í dag losa Íslendingar nokkurn veginn það sama og meðaltalið er í Evrópusambandinu. Íslendingar standa sem sagt jafnfætis Evrópubúum í losun gróðurhúsalofttegunda. Það er rangt að við stöndum feti framar í þeim efnum.

Ef við höldum áfram á þeirri braut sem við erum á núna þá erum við að auka losunina gífurlega með þeim stóriðjuframkvæmdum sem ríkisstjórnin ætlar sér út í. Og hvar stöndum við þá? Ekki lækkar þá hlutfall losunarinnar á hvern íbúa á Íslandi. Nei, herra forseti. Það hækkar og það hækkar gífurlega vegna þess að verkefnin eru af þeirri stærðargráðu að þau eru í yfirstærð miðað við hagkerfið og miðað við fjölda einstaklinga sem heyra til þessari þjóð.

Herra forseti. Hv. þm. segir að það sé skylda íslenskra stjórnvalda að gæta atvinnuhagsmuna Íslendinga. Ég skal svo sem alveg fallast á það. En hverjir eru þeir hagsmunir? Kannski eru hagsmunirnir bara rangir. Kannski stríða hagsmunirnir, sem íslensk stjórnvöld eru að verja, gegn hugmyndafræðinni sem vestræn ríki eru að reyna að koma sér saman um. Það er mín kenning. Við gætum staðið vörð um hagsmuni sem væru af öðrum toga. Von mín er sú að íslensk stjórnvöld veldu sér umhverfisvænni stefnu og þau mundu þá standa saman um þá hagsmuni sem slík stefna fæli í sér.

[12:09]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg áherslu á að ég tel að íslensk stjórnvöld fylgi umhverfisvænni stefnu. Þau hafa sýnt það í verki. Vetnið var t.d. nefnt hér áðan. Það er búið að vinna mjög mikið í þeim málum. Ýmislegt annað væri hægt að nefna. Við vorum að tala um þrávirku efnin áðan. Þar var Ísland í fararbroddi þannig að það er enginn vafi í mínum huga að það gera menn. Hins vegar er líka ljóst að það er skylda okkar að gæta hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi. Það hafa íslensk stjórnvöld gert. Við hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir erum bara einfaldlega ósammála um þessi mál.

[12:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. getum verið ósammála um atvinnustefnu stjórnvalda og við erum það auðvitað. Hitt er annað mál að mikið í þessum málum hér eru staðreyndir og á bak við staðreyndirnar felast jafnvel tölulegar upplýsingar sem hægt er að draga fram í dagsljósið. Sannleikurinn er sá að það er alveg sama þótt íslensk stjórnvöld segi að þau standi sig voða vel á umhverfissviðinu. Það verður ekki þannig. Eftirfylgnin þarf að felast í því hvernig stjórnvöld haga sér.

Herra forseti. Lái mér hver sem vill að ég skuli halda því fram að íslensk stjórnvöld skreyti sig hér með vetnisfjöðrum og setji fjármuni í einhverja svona vetnisframhlið. En hvað er á bak við þá fínu framhlið og þau fínu áform? Þar er bullandi, mengandi stóriðjustefna. Þetta er tvískinnungur sem við eigum ekki að láta standa okkur að. Við eigum að hafa efni á því og möguleika að vera með hreinan skjöld. Ég hef sagt áður úr þessum ræðustól og segi enn einu sinni og nú við hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur: Ég skal standa með stjórnvöldum í vetnisvæðingunni í gegnum þykkt og þunnt. Ég skal vaða eld og brennistein með hv. þm. til þess að Ísland geti orðið fyrsta vetnisvædda hagkerfið í veröldinni. En það getur aldrei orðið nema við látum af stóriðjustefnu stjórnvalda. Það er ekki bæði hægt að eiga kökuna og éta hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.). — Þskj. 510, nál. 1166, brtt. 1167, 1176 og 1194.

[12:12]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um 359. mál, frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Í nál. eru tilgreindir þeir gestir sem komu á fund nefndarinnar og eins umsagnaraðilar.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar felur í sér breytingu á fimm lagabálkum sem ég hef þegar talið upp. Breytingarnar eru margar en snerta þó fæstar hin beinu réttindi bótaþega og sjúkratryggðra samkvæmt lögunum heldur er hér um að ræða breytingar sem flestar miða að því að laga ýmsa tæknilega ágalla sem á lögunum eru og bent hefur verið á, m.a. af umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun. Helstu breytingar sem í frumvarpinu felast eru taldar upp í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Óþarfi er að orðlengja um þær hér heldur vísa ég til athugasemdanna.

Nokkur ákvæði frv. snerta þó bein réttindi bótaþega og má þar sérstaklega nefna 3. og 4. efnismgr. 19. gr. sem fjalla um takmörkun á skuldajöfnunarheimildum vegna ofgreiðslu bóta og rétti bótaþega til vaxta séu bætur vangreiddar. Þessar breytingar fela í sér verulega réttarbót fyrir bótaþega.

Nefndin fjallaði sérstaklega um 17. gr. frv. en þar eru lagðar til breytingar á 47. gr. almannatryggingalaga. Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu umsækjanda og bótaþega til að veita

Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra.

Í þessu tilviki vegast á þörf Tryggingastofnunar fyrir greiðan aðgang að tekjuupplýsingum, sem teljast að vísu ekki til svokallaðra viðkvæmra persónuupplýsinga, og réttur skjólstæðinga hennar til friðhelgi einkalífs og persónuverndar.

Til að sætta framangreind sjónarmið gerir nefndin tillögu um að aðgangur Tryggingastofnunar að tekjuupplýsingum, án milligöngu bótaþega, verði bundinn því skilyrði að fyrir liggi samþykki þess sem gögnin varða og jafnframt að þess sé gætt við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þetta felur í sér að fái Tryggingastofnun ekki slíkt samþykki bótaþega eða maka hans, ef við á, er henni ekki heimilt að afla tekjuupplýsinga millilíðalaust frá skattyfirvöldum eða öðrum. Þetta felur jafnframt í sér að kjósi bótaþegi eða maki hans að veita ekki slíkt samþykki þá hvílir sú skylda á viðkomandi að koma nauðsynlegum upplýsingum til skila með eigin hendi innan þeirra tímamarka sem Tryggingastofnun ákveður hverju sinni.

Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar skal öllum sem þess þurfa tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Ákvæðið felur í sér rétt sem skilgreindur hefur verið sem ótiltekinn lágmarksréttur sem löggjafanum er skylt að tryggja, samanber dóm Hæstaréttar í öryrkjamálinu svokallaða. Löggjafinn hefur útfært þennan rétt og birtist hann að hluta í ákvæðum almannatryggingalaga. Til að réttur einstaklings samkvæmt stjórnarskránni verði virkur á grundvelli laganna verður hann að uppfylla þær skyldur sem á hann eru lagðar og löggjafinn hefur talið nauðsynlegar til að unnt sé að framkvæma lögin. Rétti þessum fylgja með öðrum orðum skyldur sem geta leitt til þess, ef þeim er ekki sinnt, að réttur einstaklings raskist enda verður honum ekki komið til skila að skyldunum óuppfylltum.

Nefndin leggur ríka áherslu á þetta og að réttindum þeim sem að ofan greinir fylgja skyldur. Tryggingastofnun er ófær um að sinna hlutverki sínu nema hún hafi aðgang að tilteknum upplýsingum.

Þetta er einfaldlega forsenda þess að lögunum verði framfylgt og réttindum komið til skila.

Á þessum grundvelli og í samræmi við þá breytingu sem ég hef þegar gert grein fyrir leggur nefndin til að Tryggingastofnun verði heimilt að fresta greiðslu bóta ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda, bótaþega eða maka hans, þar til úr upplýsingaskortinum er bætt. Hér er rétt að taka fram að Tryggingastofnun ber eins og öðrum stjórnvöldum að gæta hófs í ákvörðunum sínum og beita ávallt vægasta úrræðinu sem völ er á. Skortur á upplýsingum um tekjur maka, eingöngu, geta þannig aðeins leitt til frestunar á þeim hluta bóta sem tekjur maka hafa áhrif á. Það sem skilgreint hefur verið sem lágmarksréttur óháð tekjum maka ber Tryggingastofnun að sjálfsögðu að greiða út þótt til frestunar komi á ákvörðun og greiðslu þess hluta bótanna sem tekjur maka geta haft áhrif á. Ákvæði sem þetta er í raun sjálfgefið ef litið er til þess að ómögulegt getur reynst við þessar aðstæður að ákvarða rétta greiðslu samkvæmt lögunum. Nefndin telur eigi að síður ástæðu til að heimild Tryggingastofnunar til þessa komi skýrt fram í lögunum. Það undirstrikar þær skyldur sem réttinum fylgja og tekur af vafa um heimildir Tryggingastofnunar. Í tengslum við þessa breytingu leggur nefndin til að vaxtagreiðslur skv. 4. efnismgr. 19. gr. falli niður ef vangreiðslu bóta má rekja til skorts á upplýsingum sem rekja má til bótaþega eða maka hans. Það verður að teljast óeðlilegt að reikna vexti á bótafjárhæð sem er vangreidd af ástæðum sem Tryggingastofnun ræður ekki við enda er bótaþega og maka, ef við á, skylt að veita upplýsingar.

Nefndin fjallaði nokkuð um hlutverk tryggingaráðs og leggur til breytingar á 14. gr. frv. er varða hlutverk ráðsins til samræmis við nútímastjórnsýsluhætti og ábyrgð ráðherra.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Ég vil nefna nokkrar þær helstu sem getið er um í nál.

Upphæðir ýmissa bóta hafa tekið breytingum frá því að frv. var samið og lagt fram. Lagðar eru til breytingar til samræmis við það.

Breyting áðurnefndrar 14. gr. frv. lýtur að 33. gr. almannatryggingalaga. Með breytingunum eru heimildir tryggingaráðs til að setja reglur um einstaka stafliði í 1. mgr. 33. gr. felldar brott. Þess í stað er ráðherra veitt heimild í sérstakri málsgrein til að setja reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæðinu. Greiðslur samkvæmt því eru á ábyrgð ráðherra sem æðsta yfirmanns Tryggingastofnunar og því eðlilegt að reglugerðarvaldið sé hjá honum.

Svo sem ég hef þegar sagt var það mat nefndarinnar að þessi breyting væri til samræmis við nútímastjórnsýsluhætti og til samræmis við ábyrgð ráðherra. Hitt er annað mál að ráðherra getur falið Tryggingastofnun að setja tilteknar reglur á ákveðnum sviðum innan þess ramma sem hann setur.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 17. gr. frv. Skv. 1. efnismgr. skal sækja um allar bætur frá Tryggingastofnun með tilteknum undantekningum. Lagt er til að undanþáguheimildir frá þessu verði rýmkaðar nokkuð og það lagt í hendur Tryggingastofnunar að ákveða hvaða flokka bóta, innan þess ramma sem er tilgreindur í ákvæðinu, þurfi ekki að sækja um. Þá leggur nefndin jafnframt til að örorkulífeyrisþegum sem ná 67 ára aldri verði sparað það ómak að þurfa að sækja sérstaklega um ellilífeyri skv. 11. gr. laganna. Slík umsókn verður að teljast óþörf þar sem allar upplýsingar um bótaþegann liggja fyrir hjá Tryggingastofnun. Nefndin gerir ráð fyrir að sú breyting sem verður hjá örorkulífeyrisþega þegar hann nær 67 ára aldri eigi sér stað sjálfkrafa með einfaldri tilkynningu Tryggingastofnunar til lífeyrisþega.

Ég hef þegar fjallað um tillögu nefndarinnar að breytingum á 2. efnismálslið 17. gr. laganna um heimild Tryggingastofnunar til að sækja tekjuupplýsingar beint til skattyfirvalda o.fl. samkvæmt ákvæðinu og að sú heimild verði bundin því skilyrði að fyrir liggi skriflegt samþykki umsækjanda eða bótaþega. Þegar um hjón er að ræða verður að liggja fyrir skriflegt samþykki beggja og fleiri atriði því tengd. Nefndin vill þó taka fram að ef það telst bersýnilega ósanngjarnt með tilliti til aðstæðna lífeyrisþega að fella vexti niður er ekki gert ráð fyrir að heimildin til þess verði nýtt.

Ég hef líka þegar gert grein fyrir þeirri breytingu sem nefndin leggur til í 4. efnismgr. 19. gr., þ.e. að vextir samkvæmt ákvæðinu falli niður ef bætur eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum og upplýsingaskortinn má rekja til bótaþega eða maka hans, og ætla ég ekki að orðlengja frekar

um þá breytingu. En eins og ég hef þegar sagt er forsenda þess að unnt sé að greiða bætur samkvæmt lögunum sú að tekjuupplýsingar liggi fyrir.

Lögð er til breyting á útreikningi vistunargjalds, sbr. 28. og 30. gr. frv. Með þessari breytingu er lagt til að í stað þess að miða kostnaðarþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði hvers mánaðar við tekjur að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu skuli miðað við $^{1}/_{12}$ af áætluðum tekjum að teknu tilliti til innheimtuhlutfalls staðgreiðslu og persónuafsláttar viðkomandi staðgreiðsluárs. Með breytingunni er stefnt að því að ná fram því markmiði að Tryggingastofnun ríkisins verði fært að ákvarða bráðabirgðakostnaðarþátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar þannig að dregið sé úr of- eða vangreiðslu við uppgjör á kostnaðarþátttöku.

Þá leggur nefndin til breytingu á 15. gr. frv. og 36. gr. almannatryggingalaga sem felur í sér heimild ráðherra til að ákveða í reglugerð að veita skuli hjálp við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, samkvæmt b-lið greinarinnar, hjá öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði en sérfræðilæknum.

Um þessa breytingu vil ég vísa til álits nefndarinnar í 169. máli, Heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, sem varð að lögum nr. 154/2001 en þar sagði, með leyfi forseta:

„Í b-lið 4. gr. frumvarpsins er talað um sérfræðinga sem samningar skv. 39. gr. taka til. Þetta ákvæði laganna hefur hingað til verið skýrt þannig að það eigi einungis við sérfræðilækna. Nefndin telur að svo þröng lögskýring eigi ekki rétt á sér og leyfir nefndin sér að skýra ákvæðið þannig að samninganefnd skv. 39. gr. almannatryggingalaga sé á þessum grundvelli heimilt að semja við fleiri stéttir heilbrigðisstarfsmanna um greiðsluþátttöku almannatrygginga eftir því sem henta þykir til að framfylgja stefnu í heilbrigðismálum hverju sinni. Heimild ráðherra í 2. efnismgr. h-liðar 4. gr. frumvarpsins er einnig til þess fallin að gera ráðherra kleift að kaupa þá þjónustu sem ríkið vill veita og þörf er á á hverjum tíma.“

Þrátt fyrir framangreinda lögskýringu nefndarinnar hefur orðið bið á því að samið hafi verið við fleiri heilbrigðisstéttir. Af þessum sökum og til að taka af allan vafa sem kann að vera um heimild samninganefndar leggur nefndin til, svo sem ég hef þegar sagt, að ráðherra verði heimilt í reglugerð að kveða á um að veita skuli hjálp við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir skv. b-lið hjá öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði en sérfræðilæknum. Á grundvelli slíkrar reglusetningar hefur samninganefndin skýra heimild til að ganga til samninga við fleiri sérfræðinga á heilbrigðissviði.

Þá leggur nefndin til breytingu á 24. gr. frv. og 5. gr. laga um félagslega aðstoð en sú grein fjallar um heimild við sérstakar aðstæður til að greiða bætur til maka elli- eða örorkulífeyrisþega. Breytingin sem nefndin leggur til felur í sér heimild, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, til að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur eftir nánari reglum sem ráðherra setur um framkvæmdina.

Það má leiða að því líkur að þessi breyting geti dregið úr eftirspurn eftir plássum á dvalar- og hjúkrunarheimilum og jafnvel á sjúkrahúsum enda heyrast stundum dæmi um einstaklinga sem nýti þau pláss vegna skorts á viðeigandi vistunarrýmum eða umönnun heima fyrir. Leiði þessi breyting til þess að einhverjir sjái sér fært að annast um lífeyrisþega sem þeir halda heimili með í stað þess að þeir séu inniliggjandi getur verið um verulegan sparnað að ræða.

Þá eru lagðar fram brtt. á gildistökutíma tiltekinna ákvæða frv. en hjá fulltrúum Tryggingastofnunar sem komu á fund nefndarinnar kom fram að stofnunin teldi sig þurfa lengri tíma til undirbúnings fyrir gildistökutímann en gert var ráð fyrir í frv.

Undir álit þetta rita auk frsm. hv. þm. Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Stefánsson. Og með fyrirvara hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman.

[12:26]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Þetta er nokkuð langur bandormur sem hv. þm., formaður heilbr.- og trn., hefur gert grein fyrir og kemur til vegna ábendinga umboðsmanns Alþingis, skýrslu Ríkisendurskoðunar og dóma sem fallið hafa. Hér er því verið að lagfæra ýmsa þætti í framkvæmd tryggingalaganna sem sannarlega eru til bóta. Ég vil láta það koma skýrt fram í upphafi máls míns að sá fyrirvari sem ég geri varðandi þessar breytingar lúta nær eingöngu að því að það er ekki verið að hreyfa við þeim þáttum sem lúta að fjárhæðum, upphæðum til bótaþega, lífeyrisþega, og ekki er verið að hreyfa við tekjutengingu við maka eða hækka þak á frítekjumarki til lífeyrisþega. Þessir þættir snúa að sjálfum upphæðunum og makatengingunni sem við förum ekki í og tökum ekki á í þessu frv. sem vonandi bíður þá nýrrar endurskoðunar þar sem farið verður sérstaklega í þessa þætti. Í raun bíður enn þá þessi heildarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni sem ein heild eftir þeirri vinnu sem ég veit að heilbr.- og trn. er tilbúin að fara í þegar undirbúningur verður hafinn að því.

Þessar lagfæringar sem hér hafa verið gerðar eru að mínu mati til bóta. Sú vinna sem heilbr.- og trn. fór í, eftir að hafa fengið umsagnir frá þó nokkrum aðilum og farið yfir málið með fulltrúum frá Tryggingastofnun ríkisins og heilbrrn., skilaði sér í góðu frv. Það ber að taka fram að frv. var samið í mjög góðri samvinnu Tryggingastofnunar og heilbrrn. sem ég held að sé nokkurt nýmæli. Það mætti hugsa sér áframhald á þeirri vinnu varðandi heildarendurskoðun á öllum almannatryggingalagapakkanum.

Til þeirra ábendinga sem komu fram um þann þátt að fá upplýsingar úr skattskýrslum sem lúta að persónuvernd, þá sérstaklega frá Öryrkjabandalaginu og Persónuvernd, hefur að mínu mati verið tekið fullt tillit í starfi nefndarinnar. Í því frv. sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að alltaf verði leitað samþykkis þeirra sem sækja um greiðslur frá Tryggingastofnun til að fá upplýsingar um þá og eins varðandi maka, að þessar upplýsingar verði aldrei sóttar nema með skriflegu samþykki.

Persónuverndarþátturinn verður að vera mjög ákveðinn og sterkur í frv. sem þessu. En þetta er nokkuð snúið, herra forseti, því að á sama tíma og við viljum hafa sterka persónuvernd og að greiðslur til lífeyrisþega séu réttar og ekki miklar sveiflur í greiðslum, ekki sé ofgreitt eða vangreitt og tryggt sé að mánaðarlegar greiðslur séu nokkuð réttar þannig að ekki komi einhverjir bakreikningar sem geta verið lífeyrisþegum mjög erfiðir, þá verðum við að hafa einhvern hemil á því hvernig við nálgumst slíkar upplýsingar.

Eftir er að móta þær starfsreglur sem þurfa að vera á milli skattyfirvalda og Tryggingastofnunar, hvernig aðgengi

verður að slíkum upplýsingum þannig að tryggt sé að út fari ekki meira til Tryggingastofnunarinnar en nauðsynlegt er, hvaða öryggiskvótar verða settir á og varðandi allan trúnað í meðferð slíkra upplýsinga. Þetta er vinna sem á eftir að vinna en tekur núna tillit til þess að skriflegt leyfi verður að liggja fyrir.

Sá hortittur sem stendur eftir í sambandi við 17. gr. er eiflflega sá sami, þ.e. þegar kemur að tekjutengingu við tekjur maka og hvernig skerðing lífeyrisþega verður vegna tekna maka. Það eru þau atriði sem Öryrkjabandalagið m.a. bendir á og hægt er að taka undir en um það er ekki tekist á í þessari lotu.

Fyrirvari minn og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs lýtur að upphæðum og þeim reglum sem áfram verða í gildi hvað varðar tekjutengingu við tekjur maka.

Herra forseti. Ég legg til brtt. við 15. gr. og hefur henni verið dreift. Ég hef áður flutt þessa brtt. sem sérstaka óháða tillögu, en tekið er inn í brtt. það sem verið er að hreyfa hvort eð er við í 15. gr. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 15. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 6. málsl.“ — sem yrði þá 7. málsl. að teknu tilliti til brtt. heilbr.- og trn. við þessa grein — „orðast svo: Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.“

Ástæðan fyrir því að ég flyt þetta nú sem brtt., en ég hef flutt þessa tillögu áður, er einfaldlega sú að það er sama hvernig á málið er litið, það yrði alltaf sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið að taka hana inn. Ef við lítum á heilbrigðiskerfið sem einn pakka, sama úr hvaða vasanum við tökum, því það er jú deilt út í báða vasana af fjárlögum, hvort sem það eru heilbrigðisstofnanirnar eða Tryggingastofnun, þá er það alltaf til sparnaðar að geta metið ástand sjúklings heima fyrir, hvort sem það er á litlu eða stóru sjúkrahúsi, áður en tekin er ákvörðun um að senda hann áfram. Ef við lítum sérstaklega á minni sjúkrahúsin úti á landi, þá er þeim það þröngur stakkur skorinn að það er hreinlega sett á áætlun hversu margar ferðir á ári stofnunin getur staðið undir kostnaðarlega. Tökum dæmi: Lítil stofnun norður í landi setur þetta inn: Við getum staðið undir kostnaði, flugi og sjúkraflutningum, þrisvar á ári. Þegar sá kvóti er búinn, þá eru bara allir sendir. Ég veit mörg dæmi um slíkt og sárt að sjá að síðan eru sjúklingarnir komnir suður og innan sólarhrings eru þeir jafnvel útskrifaðir.

Það er miklu ódýrara að hafa þann möguleika að meta heima fyrir og vera þá ekki að senda sjúklinga nema það mat sé þannig að full ástæða sé til og það sé óhætt að meta ástand sjúklingsins á heimasjúkrahúsi, það sé engin áhætta tekin. Auðvitað er sjúklingur sendur strax ef eitthvað kemur uppá.

En eins og reglurnar eru í dag, þetta stífar, að ef slys verður eða fólk veikist hastarlega og fyrirsjáanlegt er að ekki er hægt að meðhöndla það heima fyrir, það þurfi sérhæfðari þjónustu, þá er annaðhvort bara tekin sú ákvörðun að leggja sjúklinginn ekki inn, hann fari bara strax vegna þess að viðkomandi stofnun hefur ekki efni á að leggja hann inn og skoða, eða hann er tekinn inn, hlúð að honum og gert ákveðið mat og þá eru hugsanlega einhverjir klukkutímar eða allt að sólarhringur liðinn og sjúklingurinn ekki innritaður en um leið og það er gert fellur ákveðinn kostnaður á stofnunina sem hún getur aldrei fengið greitt af því að svona stendur.

Þetta er að hluta til hálfgert laumuspil. Verið er að forðast að innrita sjúkling svo kostnaðurinn falli ekki á stofnunina. Ég er búin að fá marga aðila til að fara yfir þetta með mér og það er mat allra að í heildina verði þetta alltaf sparnaður, sama hvernig á þetta er litið. Ég bið því hv. þingmenn og ráðherra að skoða þetta vel með heildarhagsmuni alls kerfisins í huga.

Ég hef undir höndum bréf sem Stefán Þórarinsson, lækningaforstjóri á Heilbrigðisstofnun Austurlands, ritaði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjúkdómar byrja oft með óljósum hætti og í upphafi veikinda verður oft ekki skilið með neinni vissu á milli alvarlegra eða flóknari tilfella og hinna sem reynast minni háttar og eru á færi minni stofnana að hjálpa fólki með. Tryggingastofnun ríkisins borgar flutninginn ef sjúklingurinn kemur að heiman í flugið, annars verður sjúkrahúsið eða hjúkrunarheimilið sem tekur við honum að borga sjálft af sínum rekstrartekjum. Það er þeim mun tilfinnanlegra sem rekstrareiningin er minni og vegalengdin frá stóru sjúkrahúsunum er meiri.

Afleiðing þessa er að sjúklingar eru sendir oftar en ella í burtu með sjúkraflugi til Reykjavíkur eða Akureyrar strax í upphafi veikinda, fremur en að reynt sé fyrst að glíma við veikindin í heimabyggð. Núverandi reglur ýta undir þetta eða undanbrögð við skráningu. Þetta fyrirkomulag ýtir þannig undir bráðasjúkraflutninga og sjúkraflug og vinnur gegn því að beðið sé t.d. birtingar, betra veðurs, niðurstöðu rannsókna, þess hver framvindan verður fyrstu tímana og þannig gegn því að lítil sjúkrahús og hjúkrunarheimili á landsbyggðinni séu nýtt eins og hægt væri.“

Eins og ég sagði, herra forseti, munum við alltaf í landi okkar þurfa að senda sjúklinga í sjúkraflugi. Við erum ekki með sérhæfð sjúkrahús í hverjum fjórðungi og sérhæfðustu sjúkrahúsin eru á höfuðborgarsvæðinu og norður á Akureyri og á meðan við höfum þann háttinn á finnst mér rétt að við *horfum á heildarhagsmuni og lítum þá ekki á hvort kostn*aðurinn fellur á Tryggingastofnun eða heilbrigðisstofnun, nema til þess að spara fyrir heildina.

Ef þetta á að vera með svipuðum hætti áfram, þ.e. ef þessi tillaga verður felld, þá tel ég að auka verði framlög til smærri sjúkrahúsa til að koma til móts við slíkan flutningskostnað sem alltaf fellur á þau.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég hef gert grein fyrir helstu athugasemdum við frv. sem við tökumst vonandi á um seinna, þ.e. um upphæðirnar, upphæðir bóta, en að öðru leyti tek ég undir þær formbreytingar sem verið er að gera.

[12:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum, frumvarpsform sem oft hefur gengið undir nafninu bandormur í þinginu.

Eins og kom fram við 1. umr. málsins má segja að verið sé að gera ýmsar lagabreytingar sem flokka mætti kannski undir nokkurs konar hreingerningar á almannatryggingalögunum, því verið er að gera ýmsar snyrtingar og breytingar sem gera Tryggingastofnun auðveldara að framfylgja þeim lögum sem henni ber að framfylgja. Verð ég að segja að ég lít á þetta sem fyrsta vers í þeirri vinnu sem fram undan er í að

laga til í þeim lagabálkum, sérstaklega í almannatryggingalögunum og lögunum um félagslega aðstoð, því þar er margt sem þyrfti að taka til hendinni í, eins og reyndar kom fram í umræðum í nefndinni t.d. hjá gestum frá Tryggingastofnun ríkisins sem bentu okkur á ýmsa þætti sem þyrfti að taka til athugunar í næsta áfanga tiltektar okkar.

Eins og fram kom hjá hv. formanni heilbr.- og trn., Jónínu Bjartmarz, er hún mælti fyrir nál. sem við skrifum öll undir í nefndinni, þó þrjár okkar með fyrirvara, þá erum við að mestu sammála því sem verið er að gera. Þó teljum við sem erum með fyrirvarann ekki nógu langt gengið í ýmsum efnum. Við hefðum t.d. viljað sjá ýmsar breytingar, t.d. hækkun bóta til elli- og örorkulífeyrisþega. Eins og menn þekkja hafa bætur almannatrygginga ekki fylgt launaþróun í landinu. Eins og málum er háttað núna hvað varðar skattleysismörk, eru lífeyrisþegar, bæði öryrkjar og aldraðir, að greiða til baka af sínum lágu bótum heilar mánaðargreiðslur í skatt. Heilar mánaðargreiðslur á ári eru greiddar til baka til ríkisins í skatt þrátt fyrir að fram hafi komið á ráðstefnu um kjaramál eldri borgara sem haldin var á Hótel Sögu í síðustu viku að fæstir teldu sig geta á þokkalegan máta framfleytt sér á þeim bótum almannatrygginga sem þeim eru ætlaðir sem hafa engar aðrar greiðslur en bæturnar. Þar hefði maður því viljað sjá breytingar, en ekki var vilji fyrir því. Það verður því að bíða betri tíma að hækkanir bóta komi.

Sömuleiðis er ekki um það að ræða í frv. að frítekjumörkin hækki. Frítekjumörk munu líkast til hækka í september og fer það eftir ákveðnum reglum. En vissulega væri það mikil kjarabót fyrir lífeyrisþega ef hugað væri að þessum þáttum og snýr fyrirvari minn við málið m.a. af þessu.

Sömuleiðis get ég ekki skrifað undir þetta mál án fyrirvara meðan tekjur maka skerða greiðslur til lífeyrisþega, en svo er enn þá þrátt fyrir dóm Hæstaréttar í öryrkjamálinu. Eitt af því sem kemur fram í frv. er að verið er að auðvelda Tryggingastofnun að reikna út bætur með því að hafa greiðari aðgang að tekjum vegna tekjutenginga almennt og er það sjálfsagt. En aftur á móti er kannski ekki eins sjálfsagt að Tryggingastofnun hafi aðgang að tekjum maka lífeyrisþega. Hefur Öryrkjabandalagið verið óþreytandi að benda á í hvaða stöðu öryrki er, við skulum segja ungur öryrki sem vill festa ráð sitt, gagnvart verðandi maka sínum, þ.e. að þurfa fyrst að lýsa því yfir að hann hafi það lága framfærslu sem öryrki að makinn verði nánast að sjá honum farborða í lífinu, en einnig að segja síðan við hann: „Þegar við förum að búa saman eða þegar við giftum okkur verður þú að gjöra svo vel og fara niður í Tryggingastofnun og gefa allar upplýsingar um þínar tekjur.“ Það er víst nóg að þurfa að sitja uppi með að geta ekki séð sér farborða á þessum lágu bótum. Því ætti ekki að þurfa að leggja það líka á makann að þurfa að ganga niður í Tryggingastofnun til að upplýsa um tekjur sínar. Auðvitað er alveg rétt að staða öryrkja hvað þetta varðar er náttúrlega óþolandi.

Nefndin hefur gert ýmsar breytingar á frv. frá því það kom inn í nefndina og mikil vinna hefur farið fram í nefndinni við að skoða málið og laga það til. Hún hefur lagað það að persónuverndarlöggjöfinni hvað varðar upplýsingar o.s.frv. Ég ætla nú ekki að fara ítarlegar í það. En annað sem ég á mjög erfitt með að sætta mig við í almannatryggingalöggjöfinni eins og hún er í dag eftir öryrkjadóminn og breytingar sem urðu vegna hans, er hin mikla tekjutenging sem kom inn í lögin með þeirri lagabreytingu, þ.e. 67% tekjutenging vegna tekna. Það er mesta tekjutenging innan almannatrygginganna frá því að sérstaka heimilisuppbótin var, en þar var 100% tekjutenging, þ.e. þar skertist króna á móti krónu. Hér er sem sagt enn þá inni 67% tekjutenging í hluta af bótunum. Það er náttúrlega óþolandi í raun. En ekki voru áform um að breyta þessu við þessa lagasetningu heldur var verið að gera annars konar breytingar á lögunum.

Herra forseti. Ég vildi gjarnan nefna þetta vegna þess að þarna tel ég breytinga þörf, að taka þurfi á þessum þáttum og vonast ég til þess að á næsta vetri þegar við höldum áfram að taka til í almannatryggingunum verði tekið á þessum þáttum og að þá verði það langt liðið frá öryrkjadómnum að menn séu tilbúnir að endurskoða aðeins hug sinn til þeirrar túlkunar sem höfð var uppi á þeim dómi í þinginu og leiddi af sér þessa lagasetningu.

Ýmsar réttarbætur verð ég þó að segja að koma hér inn. Það eru atriði sem varða vaxtagreiðslur á bótum frá Tryggingastofnun ef dráttur verður á greiðslum, af hvaða orsökum sem það er og farið er rækilega yfir það í nál. hvernig því er háttað, hvenær skuli greiða vexti af þeim bótum sem vangreiddar eru. Sömuleiðis er farið mjög ítarlega yfir það hvernig brugðist skuli við t.d. ef ekki berast nægilegar upplýsingar frá lífeyrisþeganum. Ef það er hans sök er ekki skylda að greiða vexti af bótunum.

Í nál. kemur einnig fram að ef upplýsingar um tekjur maka berast ekki skuli greiða þær bætur sem tekjur maka hafa ekki áhrif á. Það er annars vegar grunnlífeyririnn sem er tæpar 20 þús. kr., 19.990 kr., og tekjutryggingin að 27 þús. kr. Það eru því tæpar 47 þús. kr. sem viðkomandi einstaklingur fær hafi ekki borist upplýsingar um tekjur maka. Það er náttúrlega ljóst að enginn lifir á þeim mánaðargreiðslum.

Í nál. er farið yfir frv. og nefndar ýmsar breytingar, fleiri en voru upphaflega í frv. Þar nefni ég breytingar sem nefndin ákvað að gera sem varða reglur frá tryggingaráði, þ.e. heimildir tryggingaráðs til að setja reglur um ákveðna stafliði í 33. gr. eru felldar brott. Þess í stað er ráðherra veitt heimild til þess að setja reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæðinu. Það verður eiginlega að segjast að eðlilegt er að reglugerðarvaldið sé hjá ráðherranum og að hann setji þessar reglur. Engu að síður lít ég svo á að ráðherra geti áfram leitað til Tryggingastofnunar og starfsmanna þar um tillögur um hvernig þessar reglur skuli hljóða og semji síðan reglugerð út frá því.

Ef til vill er því ekki mikil eðlisbreyting á vinnuferlinu innan Tryggingastofnunar ríkisins þó svo að þessi lagabreyting sé gerð. Það er einungis verið að laga þetta að nútímastjórnsýsluháttum. Vegna þess að maður hefur heyrt ákveðnar efasemdir um þessa lagabreytingu vil ég að hér komi fram að ég tel þarna ekki um verulega eðlisbreytingu á vinnubrögðum innan Tryggingastofnunar að ræða.

Einnig er lagt til að ekki verði gerð krafa að sækja um allar bætur til Tryggingastofnunar heldur séu ákveðnar undantekningar þar á. Eitt af því sem ég tel mjög jákvætt er að nú þurfa örorkulífeyrisþegar sem ná 67 ára aldri ekki að sækja sérstaklega um ellilífeyri. Eins og menn vita hætta öryrkjar að vera öryrkjar þegar þeir verða 67 ára. Þá verða þeir ellilífeyrisþegar og þurfa þá að sækja um þær bætur. En það hefur oft verið fjallað um það í umræðu um almannatryggingarnar hvort ekki sé hægt að koma í veg fyrir að menn þurfi alltaf að vera að sækja um allt, því að eðli tryggingarinnar er þannig að menn þurfa að fylgjast mjög vel með rétti sínum, verða sífellt að kanna rétt sinn. Ef breytingar verða á högum einstaklinga þurfa þeir að fara og kynna sér hvort þær breytingar hafa

áhrif á réttarstöðu þeirra innan trygginganna og sé svo þá þarf sérstaklega að sækja um þær bætur sem e.t.v. hefur öðlast réttur til við breytta hagi.

Eitt af því sem ég hef alltaf talið gagnrýnisvert í almannatryggingunum hvað varðar öryrkjana sem verða ellilífeyrisþegar, er að þeir fá heldur lægri bætur eftir að þeir eru orðnir ellilífeyrisþegar, eftir að þeir eru orðnir 67 ára. Ég hef lagt fram frumvörp til breytinga á því og tel eðlilegt að þessir öryrkjar haldi óbreyttum fjárhæðum, þ.e. að þeir lækki ekki við að verða 67 ára. Þarna er ekki um háar upphæðir að ræða. Ég tel eðlilegt að þeir haldi óbreyttum upphæðum. Ég tel ekki eðlilegt að þeir lækki við það að verða 67 ára. Menn verða ekki hressari við það að verða eldri. Og hafi menn metið það svo að öryrki þurfi þessar fjárhæðir til framfærslu þá er eðlilegt að hann hafi sömu fjárhæðir áfram eftir að hann er orðinn 67 ára. Ég vildi koma þessu atriði hér á framfæri því þetta er náttúrlega atriði sem þarf að skoða sérstaklega.

Varðandi tekjutenginguna við tekjur maka sem ég nefndi áðan og ekki er tekið sérstaklega á hér vil ég segja að ég óttast að eftir að þetta frv. verður orðið að lögum muni Öryrkjabandalagið ekki sætta sig við að þurfa að fara með upplýsingar um tekjur maka niður í Tryggingastofnun. Ég heyrði það á máli þeirra er þeir heimsóttu nefndina að þeir voru mjög ósáttir við þetta atriði og sögðu það umbúðalaust. Þeir segja t.d. í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Það nýmæli 17. greinar frumvarpsins sem fyrirsjáanlega mun þó kalla á meiri, erfiðari og óleysanlegri vandamál en önnur, er ákvæðið um upplýsingaskyldu maka. Með þessu ákvæði verður hverjum þeim sem tekur upp sambúð með öryrkja gert skylt að standa tryggingafélagi hans skil á upplýsingum um fjármál sín, þ.e. umfram það sem fram kemur í þeim gögnum skattyfirvalda sem Tryggingastofnun ríkisins hefur aðgang að. Vart þarf að hafa mörg orð um að með þessu er verið að færa í lög ákvæði sem óraunhæft er að framfylgja og einungis eru til þess fallin að niðurlægja öryrkja umfram það sem gert er með hinni umdeildu tengingu bótaréttar við tekjur maka. Samkvæmt þessari nýskipan yrði öryrkjanum ekki aðeins gert að vera háður öðrum um framfærslu, heldur yrði stjórnarskrárverndaður tryggingaréttur hans nú háður því að hann sæi til þess að annar einstaklingur féllist á að veita upplýsingar um sjálfan sig. Með þessu væri verið að leggja óbærilega og óframkvæmanlega kvöð á öryrkja og gera þeim enn erfiðara um vik að stofna til sambúðar sem sjálfstæðir einstaklingar.

Það er von Öryrkjabandalags Íslands að tilhugsunin um þau óleysanlegu og niðurlægjandi vandamál sem augljóslega yrði stofnað til með samþykkt framangreinds ákvæðis verði til að vekja þingmenn til meiri vitundar um þær ógöngur sem almannatryggingar okkar eru í, einkum það ráðslag að láta stjórnarskrárvernduð mannréttindi öryrkja ráðast af breytilegum tekjum maka þeirra."

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú verður gert hlé á þessum fundi upp úr klukkan eitt. Forseti spyr hv. þm. hvort hún sé komin að lokum ræðu sinnar eða hvort hún vilji fresta flutningi hennar.)

Ég er ekki komin að lokum ræðu minnar þannig að ég vil gjarnan fresta henni og taka þá aftur til máls að loknu matarhléi.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var þar komin í ræðu minni sem ég var að gera grein fyrir umsögn Öryrkjabandalagsins um þingmál sem hér er til umræðu, um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, málefni aldraðra, heilbrigðisþjónustu ásamt sóttvarnalögum.

Þeir gerðu alvarlega athugasemd við þann þátt málsins að öryrkjum væri skylt að upplýsa um tekjur maka síns. Þeir töldu það vera niðurlægjandi, að þurfa að senda makann til að upplýsa um tekjur sínar.

Ég get tekið undir áhyggjur Öryrkjabandalagsins og afstöðu þeirra til þessa þáttar. Það verður að segjast sem er, að meðan tenging er við tekjur maka í almannatryggingalögunum þurfa lífeyrisþegar að búa við þetta, sem auðvitað er óþolandi. Engu að síður vil ég geta þess að nefndin gekk eins langt og hægt var í að minnka áhrif þessara ákvæða. Lagabreytingar þær sem nefndin flytur hér eru allar í þá veru, þ.e. að lífeyrisþegar, öryrkjar, mundu fá greitt áfram, a.m.k. þann hluta bótanna sem ekki er tengdur tekjum maka og þegar upplýsingar bærust um tekjur makans fengist afgangur bótanna greiddur.

Herra forseti. Auðvitað þarf að afnema þessa tengingu við tekjur annarra en þess einstaklings sem er tryggður og fær þarna greiðslur úr velferðarkerfinu. En það verður að segjast eins og er, að það var mikið unnið með þetta atriði í þingnefndinni. Við náðum að lina þessi ákvæði nokkuð til hagsbóta fyrir lífeyrisþegann en þetta verður auðvitað aldrei að fullu lagað fyrr en þessi tekjutenging verður afnumin.

Ýmis fleiri atriði vildi ég gera að umræðuefni hér, atriði sem varða þetta mál. Auðvitað gæti maður talað hér í allan dag um almannatryggingarnar og það sem þyrfti að gera þar. Þar er mjög mikið verk ónunnið. Eins og menn þekkja búum við hér við löggjöf frá 1971 sem áreiðanlega er búið að breyta oftast allra laga á þingi, gera smábreytingar án þess að gera heildarbreytingu á lögunum. Það þyrfti auðvitað að fara að endurskoða lögin í heild sinni en vera ekki alltaf með þessar smáskammtalækningar eins og við búum við í þessum hluta lagasetningar.

Ýmsar fleiri breytingar er verið að gera, þ.e. lagfæringar á lagatexta sem fyrir var. Eitt af því er breyting á útreikningi vistunargjalds en það var ósamræmi í því hvernig vistunargjaldið var reiknað út miðað við dvalarheimilisgjaldið. Staða þeirra sjúklinga sem voru komnir inn á hjúkrunarheimili voru betri en þeirra sem voru á dvalarheimilum. Það var full ástæða til að leiðrétta það og er öll sú breyting til bóta.

Ég hefði náttúrlega viljað sjá hlut lífeyrisþegans hærri, þ.e. að hann hefði meira til ráðstöfunar af lífeyri sínum en nú er. Hann hefur til eigin ráðstöfunar um 34.000 kr. eftir að búið er að taka af greiðslum hans til að greiða dvalarheimiliskostnaðinn, hvað þá ef menn eru nú ekki með lífeyrissjóðsgreiðslur eða aðrar tekjur og þurfa að búa við vasapeninga sem eru undir 20.000 kr., sem eru auðvitað smánargreiðslur til sjúklings sem þarf að hafa eitthvað milli handanna til að sjá fyrir helstu útgjöldum þó hann sé á stofnun.

Það er eitt af því sem þarf auðvitað að gera í næsta skipti sem við tökum almannatryggingalögin til endurskoðunar, taka á vasapeningareglunum og öllu sem að þeim snýr.

Tryggingastofnun benti okkur á annað í umfjöllun um þetta mál, þ.e. að eðlilegt hefði verið að setja örorkustyrkinn inn í lögin um félagslega aðstoð. Það er í meira samræmi

við eðli þess bótaflokks að hann sé í lögunum um félagslega aðstoð. En það var ekki vilji fyrir því. Ég held að nefndin þyrfti að skoða það atriði.

Hér er einnig gerð grein fyrir því hvernig nefndin ákvað að skýra samningamálin. Þessi mál voru til umræðu í vetur þar sem tekið var á þeim þætti að samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins sæi um að semja við fleiri en aðeins sérfræðilækna. Eitthvað hefur sú lögskýring farið fyrir ofan garð og neðan, því var ákveðið að skerpa á því að samninganefndinni bæri að semja við fleiri heilbrigðisstéttir en bara sérfræðilækna. Það ætti nú að vera ljóst eftir þessa umfjöllun og þá breytingu sem hér er gerð á almannatryggingunum.

Eitt af því sem Tryggingastofnun ríkisins gerði athugasemdir við í umfjölluninni um þetta frv. var að hún taldi sig ekki færa um að koma þessu í framkvæmd á þeim tíma sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna var ákveðið að fresta gildistöku laganna. Ástandið í Tryggingastofnun hefur verið til umræðu, m.a. komu tölvumál stofnunarinnar til umræðu hér í fjárlagaumræðunni í vetur. Eins og menn þekkja eru þau mál ekki komin í lag, þannig að það var ákveðið að fresta gildistökuákvæðinu í lögunum.

Mig langar nú að gera að umræðuefni það sem ég er einna ánægðust með í brtt. frá nefndinni. Það er mál sem hefur verið mikið baráttumál mitt frá því ég kom fyrst inn á þing, þ.e. að makabætur greiðist fleiri en mökum lífeyrisþega. Þetta er lagabreyting sem ég hef verið iðin við að reyna að ná fram á þinginu en ekki hefur fengist samþykkt, fyrr en nú, að nefndin ákvað að taka þessa lagabreytingu sem sína við afgreiðslu þessa bandorms. Þar er gert ráð fyrir að nýr málsliður bætist inn í almannatryggingalögin, þ.e. lögin um félagslega aðstoð. Við 5. gr. laganna sem varðar makabæturnar kemur viðbót, en eins og menn kunna að þekkja er það svo í lögunum í dag að maki lífeyrisþega getur fengið greiðslur, makabætur svokallaðar, frá Tryggingastofnun, ef hann minnkar við sig vinnu eða hættir vinnu til að annast maka sinn heima, þ.e. ef hann er sjúklingur og þarf umönnun heima.

Það hefur þótt ákaflega óréttlátt að aðeins makar fái þessar greiðslur. Við vitum að margir lífeyrisþegar eiga enga maka og oft er það svo að makar lífeyrisþega hafa ekki tök á að sinna þessum störfum. Það eru oft systkini, börn viðkomandi lífeyrisþega eða foreldrar sem sinna þessum umönnunarstörfum á heimili og hafa ekki fengið greitt. Í dag fá sem sagt aðeins makar þetta greitt.

En nú hefur heilbr.- og trn. fallist á að gera þá breytingu á almannatryggingalögunum, sem ég tel vera geysilega mikla réttarbót og sömuleiðis til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu, að greiða einnig öðrum en maka fyrir þessi umönnunarstörf. Sú grein brtt. er svohljóðandi:

„Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorku lífeyrisþega umönnunarbætur. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Það hefur margoft komið til umræðu hér í umfjöllun um heilbrigðismál, síðast í fjárlagaumræðunni í vetur þegar við vorum að tala um hjúkrunarheimilin, hvernig ástandið er víða í heilbrigðisstofnunum þegar ekki er hægt að útskrifa sjúklinga, aldraða, sérstaklega hérna á höfuðborgarsvæðinu, og senda þá heim vegna þess að það er enginn heima til að annast þá. Þetta ætti að bæta úr því. Þarna geta ættingjar sem halda heimili með viðkomandi lífeyrisþega tekið sér frí frá störfum og fengið greitt fyrir þessi störf. Það mun auðvelda lífeyrisþeganum að vera sem lengst heima hjá sér, útskrifast frá stofnun og vera sem lengst heima. Það mundi sömuleiðis að fresta því að viðkomandi lífeyrisþegi fari inn á stofnun, hann geti verið heima þar sem einhver er til að annast hann. Sömuleiðis ætti það að létta á sjúkrahótelinu en einn þriðji af þeim sem þar dvelja eru einmitt lífeyrisþegar sem ekki hafa getað farið heim vegna þess að þar er enginn til að hugsa um þá.

Við þekkjum hvernig þessum málum er háttað. Við vitum hvað það er dýrt heilbrigðiskerfinu að einstaklingar séu á stofnunum, í dýrum rúmum, þar sem þeir teppa eðlilega hreyfingu innan stofnananna og fá ekki þjónustu við hæfi, aðeins vegna þess að það er ekki hægt að útskrifa þá og senda heim. Ég tel að þetta yrði mikil réttarbót og ég minni á að við þingmenn Samfylkingarinnar höfum margoft flutt frv. sem þetta. Ég tel þarna góðum áfanga náð með því að þessi réttarbót hefur fengist samþykkt með þessu frv. um almannatryggingar og félagslega aðstoð.

Eitt af því sem ég hefði talið þurfa að skoða við þessa lagasetningu er ákvæði, þ.e. undanþáguákvæði, hvað varðar barnalífeyri. Það verði sett inn heimild inn í almannatryggingalögin um að hægt væri að víkja frá þriggja ára búsetureglunni vegna barnalífeyrisins.

Í vetur var í fréttum sagt frá íslenskum börnum sem voru hér ásamt móður sinni en höfðu áður búið í Bandaríkjunum. Foreldrar þeirra, bæði Íslendingar, höfðu skilið. Móðirin flutti heim með börnin og fékk meðlagsgreiðslur með börnunum í gegnum Tryggingastofnun. Síðan féll faðir þeirra frá og þá hættu að berast greiðslur frá Tryggingastofnun vegna þess að það er ekki heimild til að greiða barnalífeyri fyrr en að viðkomandi er búinn að búa a.m.k. þrjú ár á Íslandi. Ég hefði talið að þurft hefði heimildarákvæði til að falla frá þessum búsetuskilyrðum. En það náðist ekki í nefndinni. Ég tel ástæðu til þess að nefndin skoði það næst, í haust eftir því sem ég best veit, að koma inn slíkri breytingu.

Ég vil einnig, herra forseti, taka undir þá brtt. sem hv. þm. Þuríður Backman flytur og mælti hér fyrir. Ég hefði talið það allra hag að gera slíka breytingu á lögunum, almannatryggingalögunum. Vera má að þetta hafi ekki verið nægilega rætt í nefndinni við umfjöllun um frv. Kannski hefði þurft að taka þetta sérstaklega fyrir og ræða í nefndinni en engu að síður tel ég hv. þm. hafa farið mjög rækilega yfir það í máli sínu hvernig ástandið er úti á landi varðandi kostnaðinn við sjúkraflutninginn. Hún vitnaði til yfirlæknisins á Austurlandi sem gæfi til kynna að ákvæðið, eins og það er í lögunum, gerði það að verkum að bráðaflutningar væru mun fleiri. Það er ekki reynt að leysa málin heima fyrir en sjúklingarnir sendir beint suður til að kostnaðurinn við flutninginn lendi ekki á sjúkrahúsinu heldur á Tryggingastofnun ríkisins.

Auðvitað vitum við að verulegur kostnaður hlýst af og fellur á ríkið og því væri eðlilegt að þetta 36 klukkustunda ákvæði væri sett inn í lögin. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort menn ættu nú ekki að skoða þetta. Meiri hlutinn hér á þingi ætti að íhuga að samþykkja þessa brtt. hv. þm. Þuríðar Backman. Ég get ekki séð annað en að hún sé verulega til bóta.

Ég held, herra forseti, að ég sé nokkurn veginn búin að fara yfir þessi mál þó að ég hefði náttúrlega getað haft hér nokkuð langt mál um ýmsa aðra þætti sem við erum að breyta. Flest af þessu er þó til bóta eins og hefur komið fram. Fyrirvari okkar, þingmanna Samfylkingarinnar, við þetta frv. eru þeir þættir sem ég nefndi í upphafi og snúa að

tekjutengingu við tekjur maka og því sem hún leiðir af sér í þessari lagasetningu, þ.e. ákvæðinu um að makinn verði að upplýsa um tekjur sínar. Það gerir lífeyrisþegum mörgum hverjum erfitt fyrir, og jafnvel öryrkjum erfitt að festa ráð sitt. Það er líka það að ekki var vilji fyrir því að hækka bætur að neinu leyti eða minnka tekjutenginguna sem er upp í 67%, sem er gífurlega mikil tekjutenging. Hún er mjög grimm. Ég trúi ekki öðru en að það verði lagað, a.m.k. fyrir næstu kosningar, ef ég þekki félaga mína rétt hér á þingi. Síðan eru það frítekjumörkin. Ekki hefur verið neinn vilji fyrir að lyfta þeim og ég minni á að eins og ástandið er í dag eru þeir lífeyrisþegar sem eru á lágum greiðslum að greiða heila mánaðargreiðslu á ári til baka til ríkisins í skatta, og það eru þá þeir sem eru eingöngu með greiðslur almannatrygginga sér til framfærslu.

Herra forseti. Ég held að ég lengi þetta ekki öllu frekar en vil þó í lokin nefna eitt atriði sem ég tel einnig að við þyrftum að skoða við næstu yfirferð á almannatryggingalögunum og þegar sjúkratryggingakaflinn verður tekinn fyrir sem ég býst við að verði með haustinu. Það eru réttindi fatlaðra og aldraðra hvað varðar slysatryggingar þar sem þeir hafa mun minni rétt en t.d. íþróttamenn til slysabóta. Sömuleiðis þarf að huga að því að viðurkenna að til séu atvinnusjúkdómar á Íslandi. Þeir eru viðurkenndir alls staðar annars staðar á Norðurlöndum. Hvergi í tryggingalöggjöfinni kemur fram að atvinnusjúkdómar séu viðurkenndir og ég tel að það sé líka atriði sem við þurfum að huga að ásamt undanþáguheimildinni vegna tímatakmarkana við barnalífeyri.

Herra forseti. Ég læt þetta duga að sinni um málið en er fylgjandi öllum þeim breytingum sem lagðar eru til á þingskjali með brtt. og stend auðvitað að þessu nál. með fyrirvara eins og kom fram í máli mínu áðan.

[13:49]

Útbýting þingskjala:

Starfsmannafjöldi hjá Fasteignamati ríkisins og Landskrá fasteigna, 659. mál, svar fjmrh., þskj. 1232.

Útboð og samningar um verkefni við vegagerð, 572. mál, svar samgrh., þskj. 1226.

[13:50]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur nokkuð vel verið gerð grein fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum, þessum langa bandormi sem við erum hér með. Hv. formaður heilbr.- og trn., Jónína Bjartmarz, fór yfir þá þætti sem frv. felur í sér, þ.e. breytingarnar sem eru að mörgu leyti mjög jákvæðar og eru ekki eingöngu tæknilegs eðlis eða formbreytingar heldur eru þarna sannarlega réttarbætur fyrir marga. Ég vil taka það fram hér og nú að ég met þessar breytingar þótt ég hafi ekki látið það koma fram í máli mínu áðan þar sem ég tíndi eingöngu til hvers vegna ég hefði skrifað undir með fyrirvara. Eins og ég sagði var það vegna upphæða bóta, óbreytts frítekjumarks og tengingar við tekjur maka sem ég hafði fyrirvara en ég fór ekki áðan yfir hina jákvæðu þætti.

Ástæðan fyrir því að ég kem hingað aftur, herra forseti, er sú að ég gleymdi örfáum atriðum sem mér finnst rétt að draga hér fram, einkum það að með þessum lögum á að stórbæta upplýsinga- og þjónustuskyldu Tryggingastofnunar ríkisins. Í þessum breytingum, þó að formbreytingar séu, er breyttur hugsunarháttur. Með þessu á að þróa Tryggingastofnun í það að vera þjónustustofnun. Til þess að hún geti orðið það og uppfyllt þessi skilyrði er m.a. ein breytingin frestun á gildistöku laganna því það er alveg ljóst að Tryggingastofnun ríkisins ræður ekki tæknilega við að uppfylla nýja löggjöf. Það vantar mikið upp á að tæknibúnaðurinn sé í lagi og við þurfum þá að huga að því í næstu fjárlagagerð að hlúð verði að Tryggingastofnun ríkisins og að hægt verði að fara í þessa uppbyggingu á nýju tölvukerfi. Ef við viljum að Tryggingastofnun verði slík þjónustustofnun, verði með frumkvæði í að veita upplýsingar, verði með frumkvæði í að þjónusta þá sem leita til hennar og veita upplýsingar um þann rétt sem viðkomandi á en ekki bara láta hvern og einn leita að rétti sínum þarf líka að huga að fjölgun starfsmanna, það segir sig sjálft. Því dreg ég þetta hér fram að við munum þá eftir þessu við næstu fjárlagagerð.

Annað sem ég gleymdi, herra forseti, var að nefna stöðu tryggingaráðs en í nál. hv. heilbr.- og trn. kemur fram að lagt er til að farið verði yfir starfssvið tryggingaráðs og það endurskoðað. Mér finnst það í sjálfu sér mjög eðlilegt því lagaumhverfið í kringum Tryggingastofnun hefur verið að breytast og það verður að taka tillit til þess. Þessi stofnun veltir miklum fjármunum — hún á að standa vörð um réttindi svo margra lífeyrisþega í landinu að mér finnst ekki koma til greina að hafa ekki einhvern hóp manna forstjóra til stuðnings, sama hvort það heitir tryggingaráð eða fagráð eða eitthvað annað. Mér finnst að við endurskoðunina eigi að horfa til breytts umhverfis en að það verði skilyrðislaust stjórn, ráð eða nefnd forstjóra til stuðnings.

[13:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að nota þetta form sem andsvarið er til að þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að minnast á það hvernig þjónustuhlutverk Tryggingastofnunar er ítrekað í þessum lögum. Verið er að snúa hlutverki hennar við þannig að henni beri að þjóna og upplýsa, og útskýra réttindi bóta — verið er að gera rétt lífeyrisþegans mun ríkari, og skyldur Tryggingastofnunar sömuleiðis. Þarna er verið að innleiða nýja hugsun í almannatryggingarnar sem ég fagna mjög.

Varðandi tryggingaráð tek ég undir með hv. þingmanni. Ég tel nauðsynlegt að Tryggingastofnun, með alla þá fjármuni og alla þá umsýslu sem þar er innan dyra, hafi yfir sér stjórn. Í dag lít ég á svo á að tryggingaráð sé í raun stjórn stofnunarinnar sem eigi að vera forstjóra til liðsinnis. Þetta eru allt þættir sem þurfa auðvitað að koma fram í þessari umræðu. Ég ætlast ekki til þess að hv. þm. svari þessu andsvari mínu en vildi a.m.k. koma þessum skoðunum mínum á framfæri í þessu andsvari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög og lögreglulög, 2. umr.

Stjfrv., 494. mál (sendierindrekar, grímubann, starfslok lögreglumanna o.fl.). — Þskj. 784, nál. 994, brtt. 995.

[13:57]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir hönd allshn. fyrir nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

Í meginatriðum eru lagðar til fjórar breytingar í þessu frv. dómsmrh. Í fyrsta lagi er lagt til að við almenn hegningarlög bætist ákvæði sem veitir aukna refsivernd gegn ógnun

eða valdbeitingu gagnvart erlendum sendierindrekum hér á landi, svo og gegn eignaspjöllum sem unnin eru á sendiráðssvæði eða hótunum um að fremja slík spjöll. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði ákvæðum í lögreglulög sem annars vegar auka heimildir lögreglu til að halda uppi allsherjarreglu á opinberum fundum með því að lögregla geti bannað mönnum að hylja andlit sitt í því skyni að hindra að kennsl verði borin á þá þegar uggvænt þykir að óspektir verði á fundinum. Hins vegar er um að ræða ákvæði sem kveður á um að starfslokaaldur lögreglumanna verði lækkaður í 65 ár. Loks eru lagðar til breytingar á lögreglulögunum varðandi val nema í Lögregluskóla ríkisins.

Nefndin ræddi eitt og annað í sambandi við þessar breytingar, m.a. möguleika á fjarnámi við Lögregluskóla ríkisins fyrir einstaklinga víðs vegar á landinu en sú umræða leiddi í ljós að slík aðferð hentar lögreglunámi vel að undanskildu grunnnámi vegna sérstöðu þess.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Nefndin skoðaði sérstaklega heimild lögreglu til að banna manni að hylja andlit sitt með málningu. Telur nefndin nauðsynlegt að slík heimild sé fyrir hendi. Hins vegar lítur hún svo á að önnur förðun eða notkun aukahluta geti einnig leitt til breytinga á andlitsdráttum og andlitsfalli þannig að ógerlegt sé að bera kennsl á menn og leggur því til breytingu þar að lútandi.

Nefndin telur jafnframt rétt að heimildir lögreglu skv. 3. mgr. 15. gr. lögreglulaga til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana vegna óhlýðni á fyrirmælum hennar skuli einnig ná til nýja ákvæðisins í 2. gr. frv. Þá leggur nefndin til að lögreglumönnum verði veittur lengri frestur en frv. gerir ráð fyrir til að ákveða hvort þeir nýti sér nýjar reglur frv. eða eldri reglur um starfslok.

Undir þetta álit skrifa hv. þm. sem sitja í allshn. en Guðrún Ögmundsdóttir og Dóra Líndal Hjartardóttir rituðu undir það með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnsýslulög, 2. umr.

Stjfrv., 598. mál (vanhæfi). — Þskj. 942, nál. 1217.

[13:59]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. í máli frá hæstv. forsrh. fyrir frv. til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Allshn. hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Kristján Andra Stefánsson og Ólaf Davíðsson frá forsrn. auk Páls Hreinssonar lagaprófessors við lagadeild Háskóla Íslands.

Eins og við vitum, herra forseti, er ríkisvaldinu skipt í þrennt, löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Til hverrar þessara þriggja greina eru gerðar ólíkar hæfiskröfur. Til að mynda eru gerðar ströngustu hæfiskröfur til dómstólanna en þetta endurspeglar um leið ólík hlutverk þessara þriggja greina ríkisvaldsins.

Með frv. sem við ræðum nú er lagt til að skýrt verði kveðið á um í lögum að næstu yfirmenn undirmanns verði ekki vanhæfir til meðferðar máls af þeirri ástæðu einni að undirmaðurinn verður það sjálfur.

Nefndin áréttar að hæfisreglur stjórnsýslulaga eru sjálfstæðar reglur sem samdar eru sérstaklega með tilliti til hugsanlegra atvika sem valdið geta vanhæfi manna til meðferðar máls. Þær lúta því ekki, herra forseti, að þeirri ábyrgð sem ráðherra ber á stjórnarframkvæmdum samkvæmt lögum, þ.e. að ráðherra ber að sjálfsögðu eftir sem áður stjórnsýslulega ábyrgð gagnvart Alþingi.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt og voru allir nefndarmenn allshn. sem mættir voru við afgreiðslu þessa máls samþykkir því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 2. umr.

Stjfrv., 653. mál (rafræn vöktun o.fl.). — Þskj. 1052, nál. 1216.

[14:02]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og hinn mæta mann, Pál Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem kveða skýrt á um í hvaða tilvikum megi safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum sem til verður við rafræna vöktun og meðferð slíks efnis. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um fræðslu- og tilkynningarskyldu ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða.

Herra forseti. Ég vil árétta hér að við erum eingöngu að tala um einkaaðila en ekki lögregluna. Einkaaðilarnir þurfa að sjálfsögðu að rökstyðja það, og við fórum mjög vel yfir þetta í nefndinni, af hverju þeir þurfi að koma upp eftirlitsmyndavélum í öryggis- og eignavörsluskyni. Rétt er aftur að undirstrika það að það er eingöngu þess vegna sem þeir geta sett upp slíkar myndavélar, þ.e. í öryggis- og eignavörsluskyni. Persónuvernd þarf að meta það í hverju tilviki hvort eigi að heimila slíkt. Til að mynda virðist ekki þörf á myndavélum við fyrstu sýn í lokuðu rými.

Nefndin ræddi nokkuð 3. gr. frv. og þá sérstaklega 4. tölulið 4. mgr. Meginreglan samkvæmt ákvæðinu sem er í greininni er sú að láta skal hinn skráða vita um leið og upplýsinga er aflað og það er afar sjaldan sem almannahagsmunir geta skákað þessari meginreglu. Sú undanþága sem er í 3. gr. frv. er nánast samhljóða þeirri undanþágu sem kemur fram í dönsku persónuupplýsingalögunum og er ákvæðinu eingöngu hægt að beita að undangengnu mati á hverju tilviki fyrir sig. Er það þá að sjálfsögðu Persónuvernd sem metur það.

Einkahagsmunir sem heimilt er að verja samkvæmt ákvæðinu eru t.d. viðskiptahagsmunir sem sangjarnt er að leynd ríki um, þagnarskylda um einkahagsmuni þriðja manns og vernd mannréttinda þriðja manns. Helstu undanþágurnar er að finna í samkeppnislögum, lögum um fjármálaeftirlit og barnaverndarlögum, en 14. gr. barnaverndarlaga gengur framar öllu, þar með talinni þeirri meginreglu að láta skuli hinn skráða vita um leið og upplýsinga er aflað. Þegar nánar var farið yfir þetta vil ég leyfa mér að halda því fram að allir

nefndarmenn hafi verið mjög sáttir við þessa breytingu, sér í lagi þegar hugsað er til hagsmuna barns þegar verið er að rannsaka og taka skýrslur í erfiðum málum sem koma oft til kasta barnaverndarnefndar.

Nefndin var einhuga í þessu máli og mælir með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem greint er frá í sérstöku þingskjali. En við í nefndinni töldum rétt að breyta 5. gr. frv. þar sem segir:

„Persónuvernd getur sett reglur ...“

Við vildum hafa þetta afdráttarlaust: „Persónuvernd setur reglur ...“

Persónuvernd verður þá gert skylt að setja reglur um rafræna vöktun.

[14:06]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er 2. umr. um frv. til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 frá 23. maí 2000.

Við í nefndinni vorum sammála um þær breytingar sem hér eru lagðar til enda voru þær unnar fyrst og fremst af Persónuverndinni og sérfræðingum hennar. Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, kom til nefndarinnar og fór yfir málin mjög gaumgæfilega. Lögin um persónuvernd eru auðvitað eitt af þeim málum sem eru í stöðugri þróun. Þar er fólk ávallt á vaktinni með öll þau nýmæli og annað sem er í gangi varðandi persónuvernd, bæði varðandi skráningu og í þetta sinn er verið að ræða um rafræna vöktun.

Talsverð umræða varð um mikla fjölgun myndavéla í verslunum og öðrum stöðum. Það er spurning hvar þessi mörk eiga að liggja, hvenær í rauninni sé verið að skoða einkahagi fólks. Auðvitað varð heilmikil umræða í því sambandi um t.d. myndavélar uppi á gamla Búnaðarbankanum eða Héraðsdómi Reykjavíkur. Þær umræður voru náttúrlega gamalkunnugar frá Reykjavíkurborg á þeim tíma þegar slíkt var leyft.

Afar mikilvægt er að setja skýrar reglur um þessa vöktun í hvaða formi sem hún er þannig að ekki verði gengið of langt og líka um meðferð þessa efnis, hversu lengi eigi að geyma það, af hverju eigi að geyma það, hverjir geti notað það o.s.frv. Það er fyrst og fremst ef um lögbrot er að ræða að slíkt efni getur eitthvað nýst. Þarna er líka verið að samræma okkur við Norðurlönd hvað slíkar vaktanir varðar og vinnslu efnis úr þeim. Aðalatriðið er að öryggi borgaranna sé sem mest og að ekki sé verið að geyma upplýsingar sem gætu í rauninni verið allt að því persónunjósnir. Það urðu mjög frjóar og fínar umræður í nefndinni og við vorum náttúrlega mjög heppin að fá Pál Hreinsson, prófessor í lagadeildinni, til þess að fara yfir þetta mál með nefndinni enda átti nefndin afar farsælar umræður og samstarf við hann þegar lögin um Persónuvernd urðu að raunveruleika og þegar þau lög voru samin.

Ekki var ágreiningur um þetta mál. Við teljum þetta vera skref fram á við og allir eru sammála um það. Þannig mun það líka verða áfram, að þetta eru lög sem munu verða ávallt í ákveðinni gerjun. Eins verðum við að passa okkur á því að einstakar stofnanir séu ekki að biðja um of miklar heimildir og sértækar heimildir til þess að samkeyra upplýsingar sem gætu talist viðkvæmar. Þetta er því eitt þeirra mála sem er afar mikilvægt að Alþingi Íslendinga sé vakandi yfir.

[14:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Tekið skal fram að sú sem hér stendur tók ekki þátt í vinnu Alþingis við gerð laganna um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það skal bara viðurkennt og játað eins og er að ég tel þetta vera einhverja alflóknustu löggjöf sem þingmenn hafa staðið frammi fyrir á seinni árum að setja sig inn í.

Ég held líka að ekki séu öll kurl komin til grafar í þeim efnum. Komið hefur fram við vinnslu þessa máls í allshn. að mjög erfitt er að setja reglur sem sjá fyrir öll þau atvik sem gætu komið upp og gætu þar af leiðandi í náinni framtíð heyrt undir lög af þessu tagi. Til mikils er því ætlast af þingmönnum og þeim sem starfa við lagasetningu að vera það framsýnir eða sjá það langt fram í tímann að hægt sé að segja fyrir um hvernig veröldin þróast, því lögin sem við erum að fjalla um hér eru í raun og veru af því tagi. Þetta eru lög sem eru sett vegna þess að veruleiki okkar í hinum vestræna heimi hefur breyst svo gífurlega á seinni árum. Hann breytist svo hratt að löggjafinn á fullt í fangi með að setja einhverjar reglur sem girða fyrir einhverjar ímyndaðar tilteknar aðstæður sem gætu komið upp í náinni framtíð.

Þær breytingar sem hér er verið að gera á lögunum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eins og kom fram í máli hv. þm. Þorgerðar Gunnarsdóttur, lúta að nokkuð takmörkuðum eða afmörkuðum þáttum þessara mála. Um er að ræða fyrst og fremst rafræna vöktun. Bara það, herra forseti, að við skulum reyna að gera okkur töm á tungu orð eins og rafræna vöktun, er eitt út af fyrir sig alveg nægilegur þröskuldur að stíga yfir. Við erum sem sagt að fjalla um öryggismyndavélar sem í auknum mæli hafa verið settar upp á almannafæri, jafnvel inni í fyrirtækjum, verslunum, kannski skemmtistöðum eða á fjölförnum stöðum öðrum sem til mætti taka. Auðvitað verður reyna að lýsa inn í alla afkima þessa heims sem þarna er verið að reyna að ná yfir og auðvitað er ekki alltaf hægt að segja að maður geti haft réttu tækin til þess, rétta vasaljósið, réttu græjurnar til þess að sjá inn í alla kimana. En hér er sannarlega verið að reyna og viðleitnin er af hinu góða. Hún er mjög þörf og nauðsynlegt er að hún sé eins og hér er verið að reyna.

Þó ber að gagnrýna eitt í þessu máli, herra forseti, og það er tíminn sem ætlaður er til afgreiðslunnar. Auðvitað hefði verið full þörf á því að fjalla um þetta mál í lengri tíma en við höfðum í hv. allshn. Nú skal það tekið fram, herra forseti, að ég sat fund nefndarinnar þegar þetta mál var tekið fyrir sem varamaður fyrir hv. þm. Ögmund Jónasson. Ég hafði ekki haft tíma til að kafa ofan í málið fyrir fram og það var ekki fyrr en eftir að þessum fundi lauk sem ég fór að lesa almennilega allar athugasemdir með frv., athugasemdirnar sem fylgja í greinargerð með því.

En ég verð að segja að þegar ég fór að lesa greinargerðina og athugasemdirnar kviknuðu frekari spurningar sem ég hefði auðvitað viljað geta haft tækifæri til eða svigrúm til að spyrja nánar út í. En eins og ég segi, þegar hratt er unnið þá er ekki á allt kosið. Ég vil samt orða þessar vangaveltur mínar sem kviknuðu við nánari lestur, í þeirri von að ég geti fengið hér einhver svör frá mér reyndara fólki sem þekkir betur til þessarar löggjafar þannig að mér verði eilítið rórra varðandi þetta mál.

Athugasemdir mínar lúta að 3. gr. sem varðar breytingar á 21. gr. laganna og fjalla um skyldu til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá

öðrum en honum sjálfum, þ.e. skylduna til að upplýsa þriðja aðila um að verið sé að skrá persónuupplýsingar um hann. Þetta er auðvitað alveg skýrt í greininni. En síðan eru það undanþáguákvæðin sem valda mér hugarangri.

Það er alveg eðlilegt þegar einhver ábyrgðaraðili er að afla persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða að þá skuli hann láta þennan þriðja aðila vita eða greina honum frá þeim atriðum sem fara inn í skráninguna. En síðan koma undanþáguákvæðin um hvenær ákvæði 1. mgr. gilda ekki. Þessi undanþáguákvæði eru talin upp í þremur liðum í lagafrv. og hljóða þau svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,

2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,

3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða

4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs."

Herra forseti. Eins og hv. frsm. nefndarinnar gat um þá er undanþáguheimildin sem getið er um í 4. tölulið nokkuð skýr. Þar er verið að fjalla um mál sem geta komið upp í vinnslu barnaverndarnefnda t.d. þar sem það er algjörlega skýrt að þessi undanþága tálmar ekki 14. gr. barnaverndarlaganna og það er afar mikilvægt að sá skilningur sé til staðar. En svo þegar maður fer að lesa athugasemdirnar með þessum tölulið þá segir þar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. er meginreglan sú að ábyrgðaraðila ber að gera hinum skráða viðvart þegar hann aflar upplýsinga um hann hjá þriðja manni. Í 2. mgr. ákvæðisins [þ.e. undanþáguákvæðanna] er þó veitt svigrúm til að víkja frá meginreglunni, en það er heimilt ef ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna eða ef lagaheimild stendur til vinnslunnar, eða ef viðvörun er að mati Persónuverndar óframkvæmanleg eða leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast."

Herra forseti. Það ber að vekja athygli á því að hér er um afar matskennda hluti að ræða. Það er sem sagt komið undir mati Persónuverndar hvernig með þessi undanþáguákvæði skuli farið og það kemur fram í greinargerð með frv. að samkvæmt gildandi lögum hafi það komið í hlut Persónuverndar að taka ákvörðun um hvort þær aðstæður eru fyrir hendi sem réttlæti að vikið sé frá meginreglunni. Reynslan hefur leitt í ljós að þetta fyrirkomulag hefur aukið mjög á skriffinnsku og það hefur jafnframt gert stjórnsýslu tengda ákvæðinu afar þunga í vöfum. Þess vegna er lögð til í þessu frv. breyting á undanþágunum, þ.e. að ekki þurfi að sækja sérstaklega um leyfi Persónuverndar til þess að beita undanþágunni frekar en öðrum undanþáguheimildum í ákvæðinu.

Herra forseti. Hér fer maður aðeins að velta vöngum. Jú, maður hefur alveg samúð með því fólki sem þarf að vinna störf sem útheimta mikla skriffinnsku. Auðvitað er enginn fylgjandi því að við drekkjum okkur í skriffinnsku og einhverju skjalavafstri. En hversu alvarleg eru þau mál sem hér um ræðir sem gætu varðað þessar undanþágur?

Þess má geta, og það kemur fram í athugasemdum með þessari lagagrein í frv., að danska lagaframkvæmdin sé svipuð og hér er verið að leggja til. En það kemur jafnframt fram að norsku persónuverndarlögin krefjist óháðs mats frá óháðum aðila í þessum undantekningartilfellum. Það kemur í ljós að norsku lögin gera mun meiri kröfur heldur en íslensk löggjöf kemur til með að gera með þessari breytingu.

Herra forseti. Ég held að maður þurfi aðeins að velta því fyrir sér hvað Norðmenn hafi þar fyrir sér. Er hér kannski um einhver mjög alvarleg tilvik að ræða? Gætu komið upp það alvarleg tilvik að hér þyrfti að kalla til óháða matsaðila, þ.e. að það nægi sem sagt ekki að setja þetta í hendurnar á Persónuverndinni, að þessi breyting á undanþáguákvæðunum sem við erum að leggja til sé kannski allt of rúm og nægi sem sagt heldur ekki? Hún er það greinilega miðað við sjónarmið Norðmanna.

Ef við skoðum aðeins nánar greinargerðina með frv. varðandi 21. gr. og undanþáguákvæðin þá kemur þar fram að *það þurfi að skýra undanþágur í ákvæðinu til samræmis við* 40. tölulið í formálsorðum tilskipunarinnar sem þetta fjallar nú allt saman um, þ.e. tilskipun 95/46/EB, og að sömuleiðis þurfi að skýra undanþágurnar skv. 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um að reglur um undanþágur frá skyldu til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga eigi einkum við ef um er að ræða — og nú bið ég hv. þingmenn að leggja við eyru:

„... ef um er að ræða vinnslu í tölfræðilegum tilgangi eða vegna sagnfræðilegra eða vísindalegra rannsókna, svo sem um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem hlotið hafa samþykki siðanefndar eða vísindasiðanefndar samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga."

Herra forseti. Nú skulum við athuga að við erum hér að rýmka undanþáguákvæðin. Við erum að leggja til að þriðji aðili sem á það á hættu að um hann séu skráðar persónuupplýsingar án þess að hann hafi gefið þær sjálfur, eigi einnig á hættu að slíkar upplýsingar fari í gegnum afar matskennt ferli, jafnvel þegar um svo alvarlegan tilgang er að ræða sem vísindalegar rannsóknir á heilbrigðissviði.

Herra forseti. Þó að ég hafi ekki setið á Alþingi þegar var verið að ræða um persónuverndina tengda gagnagrunni á heilbrigðissviði, minnist ég þess að þá hafi þessi mál einmitt verið mjög í brennidepli og menn verið hvattir til að stíga afar varlega til jarðar. Ég fæ svona tilfinningu fyrir því að við getum verið komin hér jafnvel út á hálli ís en við gerum okkur grein fyrir og ég fullyrði að hann er í öllu falli hálli en mér fannst við gera okkur grein fyrir á fundi allshn. sem fjallaði um málið. Þessi athugasemd mín var því ekki gerð á þeim fundi vegna þess að ég var ekki búin að lesa frv. nægilega vel vegna þess að ég vissi ekki að það mundi koma til að ég þyrfti að sitja fund allshn. um þetta mál.

Herra forseti. Ég vildi að þessar vangaveltur mínar kæmu hér fram og mér þætti gott ef hv. þingmenn sem þekkja betur til þessara mála en ég mundu tjá sig um þetta mál hér við 2. umr.

[14:24]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að svara hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um þetta atriði. Í rauninni fannst mér hv. þm. kannski svara þessu í upphafi sjálf því að þetta er mjög flókinn lagabálkur sem við mótuðum og samþykktum hér árið 2000 og menn sjá ekki fyrir ýmis atriði.

Síðan kemur reynslan, eitt leiðir af öðru og menn fara að sjá hvernig þetta virkar í raun. Þar af leiðandi höfum við þennan lagabálk hér fyrir framan okkur. Hann er saminn að frumkvæði Persónuverndar sem er að vinna með þessi lög,

hefur eftirlit með þeim aðilum sem þeim ber skylda til að hafa eftirlit með og þeir leggja til þessar tillögur þannig að þeirra eftirlit verði skilvirkara og skýrara í rauninni. Þannig lít ég á þetta.

Ég álít að ég hafi í framsögu minni gert ágætlega grein fyrir 4. tölulið 4. mgr. 3. gr. Það er kannski ekki það sem hér um ræðir. Ég tel að algjör eining sé um þann tölulið sem lýtur að því að þegar einkahagsmunir séu ríkir sé hægt að undanþiggja það að þriðja aðila sé tilkynnt um skráningu á nafni hans og vegna hans persónu. Ég benti á barnaverndarnefnd í því tilviki og þau tilvik sem koma til hennar.

En varðandi 1. tölulið vil ég benda á að í 4. mgr. 32. gr. laganna er m.a. verið, og það kemur fram í greinargerðinni, að fjölga atriðum sem þurfa að koma til í tilkynningunni sem fer til Persónuverndar til þess að Persónuvernd geti gripið inn í þannig að hún hafi ríkari ástæðu og meiri mögleika til þess að grípa inn í, leiki einhver vafi á að tilkynningarskyldunni og því sem henni fylgir hafi verið sinnt á fullnægjandi hátt.

Herra forseti. Ég ítreka það aftur að þetta frv. er fram komið að tilstuðlan Persónuverndar og ég vona að þetta sé raunhæft innlegg inn í þá starfsemi.

[14:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur fyrir að reyna að varpa ljósi á vangaveltur mínar. Það er rétt sem hún segir að enginn ágreiningur er um 4. tölulið í undanþáguákvæðinu. Vangaveltur mínar snúa að 1., 2. og kannski 3. tölulið. Það sem mér finnst alvarlegt er að við erum að breyta lögunum á þann veg að ekki þurfi lengur að sækja um leyfi til Persónuverndar til þess að geta nýtt sér undanþáguákvæðin. Við erum því að slaka á kröfunum. Við erum að minnka álagið og skriffinnskuna hjá Persónuvernd og það er kannski einmitt vegna þess að Persónuvernd á frumkvæðið að setningu laganna að við erum kannski á einhverju hættusvæði.

Þegar Persónuvernd finnur að hún er með stór mál í höndunum er vitað að þau krefjast mikillar skriffinnsku, það þarf að skrifa mikið, láta marga vita. Þetta er þungt í vöfum. Ég geri mér ekki fulla grein fyrir því, eins og ég segi, hvernig málin ganga fyrir sig hjá Persónuverndinni. En Persónuverndin óskar sem sagt eftir því við löggjafann að þessu verði breytt þannig að hún þurfi ekki að veita þessa undanþágu heldur verði undanþágan bundin í lög.

Lagatextinn er afar matskenndur. Ég spyr því: Ef Persónuvernd á ekki að meta undanþáguákvæðin, hver á þá að meta þau?

[14:26]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að breyta eftirlitshlutverkinu þannig að sendar verði inn tilkynningar til Persónuverndar. Á þann veg erum við að breyta þessu, þ.e. að það verði þessi tilkynningarskylda. En við erum um leið að auka heimildir og gera þær rýmri fyrir Persónuvernd til þess að hafa eftirlit með þessu.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir tók Norðmenn sem dæmi í ræðu sinni áðan, en þar skoðar óháður aðili þessi tilvik. Ég er ekki viss um að við eigum að fara sömu leið og Norðmenn. Fyrir það fyrsta er okkar lagabálkur yngri. Við erum aðeins ferskari og nýrri í þessu. Ég vil frekar stíga varlega til jarðar með það að setja á það umfangsmikla batterí sem slík óháð nefnd kallar á. Það er mjög kostnaðarsamt. Alla vega eins og staðan er núna þá held ég að þetta séu mjög raunhæfar breytingar sem koma til með að stuðla að auknu réttaröryggi hér á landi.

[14:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona sannarlega að hv. þm. hafi rétt fyrir sér með að þetta komi til með að auka öryggi okkar. En ég verð að segja að ég er ekki alveg sannfærð. Það er kannski vegna þess að málaflokkurinn er flókinn. Það er erfitt að fóta sig í þessu umhverfi þegar maður þekkir ekki vel til af eigin raun. En það er alveg ljóst að við erum með þessu frv. að breyta undanþáguákvæðinu, bæði með því að einfalda stjórnsýsluna og að kveða á um að ekki þurfi að sækja um leyfi til Persónuverndar til þess að geta nýtt sér undanþágu 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. Í texta núgildandi laga segir að það þurfi mat Persónuverndar til þess að undanþágan verði virk. En við erum að fella þau orð niður þannig að ekki þurfi lengur mat Persónuverndar. Undanþáguákvæðið er orðað upp á nýtt þannig að það sé nóg að undanþágan verði virk ef viðkomandi einstaklingi, þriðja aðila sem á það á hættu að um hann séu skráðar persónuupplýsingar, eigi að vera um það kunnugt eða ef lagaheimild stendur til vinnslunnar eða ef viðvörun að mati Persónuverndar er óframkvæmanleg eða leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en sanngirni getur krafist.

Mér finnst þetta mjög matskennt og, herra forseti, ég er ekki alveg sannfærð. Ég er enn þá á mjög erfiðri grund. Ég á erfitt með að fóta mig í þessu og ég hef ekki fengið fullnægjandi svör frá hv. formanni allshn. um þetta mál þannig að ég verð að segja, herra forseti, að ég ber ugg í brjósti gagnvart þeirri undanþágu sem hér er verið að heimila.

[14:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil bæta aðeins örfáum orðum inn í þessa umræðu.

Ég verð að segja að ég hef nokkrar efasemdir um ágæti þessa frv. til laga um persónuverndina sem við ræðum. Það er ekki svo að ég átti mig ekki á því að hér er um afskaplega flókið og erfitt mál að ræða. En ég verð að taka undir með síðasta ræðumanni þegar hún skilur þróun mála þannig að með þessari breytingu á gildandi lögum sé í raun verið að búa til í lögum undanþáguákvæði, heimildarákvæði, sem í sumum tilfellum er á hendi vinnuveitenda og annarra þeirra sem með þá ákvörðun fara og geta vísað til nauðsynjar þess að fram fari fari fram sjónvarpsvöktun í öryggis- og eignavörsluskyni. Það er breyting frá því sem áður var. Til þessa þurfti heimild frá Persónuvernd. Nú á sem sagt að veita þessa heimild lögum samkvæmt og síðar meir á það að vera samkvæmt mati Persónuverndar og nánari reglum hennar. Við erum að feta okkur hænufet áfram í þá veruna að gera þetta kleift.

Herra forseti. Mér bregður dálítið í brún við að lesa grg. með frv. sjálfur. Þar lýsa frumvarpshöfundar undir hvaða kringumstæðum svona sjónvarpsvöktun gæti átt rétt á sér. Því er að vísu haldið fram í grg. að heimild til vöktunar beri að skilgreina mjög þröngt. Þar eru og rakin dæmi um ómálefnalega vöktun, eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Vöktun í kirkjum, kapellum eða öðrum húsum sem ætluð eru til bænahalds og trúariðkunar felur í sér sérstaka hættu fyrir friðhelgi einkalífs. Sama á t.d. við um vöktun í mátunarklefum, á salernum, í hótelherbergjum, í káetum, á vínveitingahúsum o.s.frv.“

Ég spyr: Ber að skilja það svo að með þessari breytingu verði þetta seinni tíma skilgreining Persónuverndar? Erum við þá að færa þetta strik lengra en er í núgildandi lögum, þannig að það þurfi ekki heimild Persónuverndar fyrir fram til þess að koma upp slíkri vöktun? Nú dettur mér ekki í hug auðvitað að nokkur láti sér til hugar koma að setja á sjónvarpsvöktun á stöðum af þessum toga, en hver veit?

Ég spyr: Hvað þýðir í textanum það sem kallað er ómálefnaleg vöktun, og þar með ólögmæt? Hvar liggur það mat núna að breyttu breytanda? Í lagatextanum sjálfum, eins og hann birtist í þessu frv., virðist eftir því sem ég fæ best séð, að þeir sem vöktunina setja upp verði að meta það sem svo að hún sé í öryggis- og eignavörsluskyni. Það er auðvitað býsna loðið og teygjanlegt og nær býsna langt ef menn vilja hafa það þannig.

Ég hef haft nokkrar efasemdir um málið. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta er ekki auðvelt viðureignar og menn verða að feta sig áfram í síbreytilegum heimi. En betra er að gera ekki neitt en eitthvað rangt. Þannig er kannski í því ljósi sem ég tek hér til máls.

Ég ætla hins vegar að nota ferðina og spyrja hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur, formann nefndarinnar, hvort komið hafi til tals í nefndinni annað atriði sem frv. náði til reyndar ekki til í upphafi en er í gildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hvað með það sem lýtur að tölvupósti og netnotkun starfsmanna? Maður fylgst með því og þótt lögin sem taka til þess séu frá árinu 2000 og þau ákvæði sem lúta að þeim þætti mála séu ný af nálinni og enn ekki mikil reynsla komin á þau þá heyrir maður af því víða að þar sé ekki allt með felldu og að starfsmenn séu oft og tíðum í óljósri stöðu þegar kemur að þeim málum.

Í því sambandi dettur mér í hug mikið fjaðrafok fyrir skömmu þegar Samkeppnisstofnun gerði húsleit hjá olíufélögunum. Raunar var það aðallega Verslunarráð sem kvartaði yfir því að við þessa húsleit hefðu lögreglan og Samkeppnisstofnun lagt hald á tölvugögn og þar með svokölluð einkagögn starfsmanna. Nú veit ég ekkert hvaða reglur gilda hjá olíufélögunum um þau efni. Ég bið hv. þm. hins vegar að hugsa aðeins með mér um spurninguna: Ef olíufélögin hefðu sett þær reglur sem lög heimila, að allur einkapóstur sé póstur viðkomandi vinnuveitanda, var þá ekki sjálfsagt og eðlilegt að lögreglan og Samkeppnisstofnun legðu hald á þann póst?

Nú veit ég ekkert um það mál. Ég bið hv. þm. að velta því upp með mér hvernig þau mál hefðu skipast ef við gæfum okkur að olíufélögin hefðu gert starfsmönnum sínum viðvart um að allur þeirra einkapóstur væri opinn og mætti vakta af hálfu vinnuveitandans. Bæri þá að líta svo á að hann væri ekki lengur „eign" viðkomandi starfsmanns heldur fyrirtækisins og þar með væri þessi athugasemd Verslunarráðs algjörlega út í bláinn?

Þetta er ekkert tengt þessu frv. en tengist þráðbeint viðfangsefni þess og því sem nefndin hefur fengist við á síðustu vikum og mánuðum. Við ræðum þessi mál í þinginu og munum óhjákvæmilega ræða þau áfram á næstunni, á næstu árum. Þessi mál eru breytingum háð.

[14:35]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil raunar vangaveltur hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar mjög vel út frá grg. sem hv. þm. las upp, þ.e. dæmi um ómálefnalega vöktun, með leyfi forseta:

„Vöktun í kirkjum, kapellum eða öðrum húsum sem ætluð eru til bænahalds og trúariðkunar felur í sér sérstaka hættu fyrir friðhelgi einkalífs. Sama á t.d. við um vöktun í mátunarklefum, á salernum, í hótelherbergjum, í káetum, á vínveitingahúsum o.s.frv."

Út frá þessari upptalningu er ósköp eðlilegt að menn fari að velta fyrir sér hvað er verið að gera. Hér er á engan hátt verið að víkka út það sem er í gildi. Það er í rauninni verið að ramma þessar reglur betur inn. Það er mjög þröngt mat. Ég ítreka það sem ég sagði áðan í framsögu minni, að hér er eingöngu um einkaaðila að ræða, eins og sjoppur, hótel og fleiri staði. En það má kannski líka hugleiða hvort atferli sumra, og ég hef kannski í huga það sem gerðist á hóteli á Austurlandi þar sem var komið fyrir myndavélum inni á klósetti eða einhvers staðar, hafi ýtt frekar á að taka þetta sérstaklega fram. Eftirlitsmyndavélar má einungis setja upp í öryggis- eða eignavörsluskyni og ekki út af neinu öðru. Auðvitað verður að fara mjög varlega og takmarkanirnar að vera mjög skýrar. Þar af leiðandi er matið á þessu mjög þröngt.

Okkar ágæti gestur, Páll Hreinsson, fór vel yfir þetta og tók m.a. sem dæmi að komið hefði fram ósk um að setja upp myndavélar í kennslustofu — það er náttúrlega alveg út í hött — til að fylgjast með hegðun barna. En um leið væri verið að fylgjast með því hvernig kennarar haga sér o.s.frv. Það kæmi t.d. alls ekki til greina og mundi ekki falla undir þetta.

[14:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. deilir með mér áhyggjum af þessu. Það var einmitt þetta orðalag í grg. frv., sem vakti mig til umhugsunar, þ.e. þessi atriði sem ég nefndi:

„Vöktun í kirkjum, kapellum eða öðrum húsum sem ætluð eru til bænahalds og trúariðkunar felur í sér sérstaka hættu fyrir friðhelgi einkalífs." — Lengra er ekki gengið í þeim fullyrðingum. Síðan stendur: „Sama á t.d. við um vöktun í mátunarklefum, á salernum, í hótelherbergjum, í káetum, á vínveitingahúsum o.s.frv."

Samkvæmt texta frv. gæti sá sem vildi koma upp sjónvarpsvöktun á þessum stöðum borið því við að hætta væri á því að skemmdir yrðu unnar, eignatjón yrði eða það væri hætta væri á því að öryggi yrði að öðrum kosti ábótavant.

Ég spyr: Kom til álita að lagatextinn sjálfur væri leiðbeinandi og segði til um hvað átt er við, þ.e. að tilgreind væru dæmi af þessum toga? Mér hefði fundist það mun skýrara. Í grg. segir að sérstök hætta stafi af þessu en það er ekki afdráttarlaust að lögin banni slíka vöktun samkvæmt annarri túlkun.

Ég endurtek hins vegar að ég reikna ekki með því að menn ætli sér að fara að stunda sjónvarpsvöktun eða „voyeurisma" af þessari tegund. Dæmin sýna hins vegar að það hefur verið reynt. Er hætta á því, að mati hv. þm., að menn geti borið því við að það sé af öryggisástæðum eða vegna hættu á eignaskemmdum?

Kom ekki til greina að lagatextinn sjálfur væri dálítið leiðbeinandi í þessa veruna og menn þyrftu ekki að leita langt aftur í grg. til þess að fá leiðbeiningar um hvernig löggjafinn hafði hugsað sér að að framkvæmd yrði staðið?

[14:40]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínu mati er þetta alveg skýrt. Ég tel varhugavert ef við ættum að fara að tína til öll þau tilvik inn í lagatextann sjálfan sem hugsanlega gætu átt við. Ég held að hvorki ég né hv. þm. höfum nógu frjótt hugmyndaafl til að sjá við því sem framtíðin ber í skauti sér. Ég held að það sé varhugavert.

Ég vil taka fram að ég treysti Persónuvernd fyllilega til að sinna því eftirliti sem hún þarf að hafa með þessum þætti. Þetta er heimilt en það eru mjög ströng skilyrði fyrir þessu. Skilyrðin eru tekin fram í frv. og heimildir Persónuverndar þurfa að vera ríkar til að hafa eftirlit með þessari starfsemi og því hvort slíkar myndavélar séu settar upp í lögmætum og réttmætum tilgangi.

[14:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að í upphafi megi segja að öll sú mikla tækni sem þróast hefur undanfarin ár, tölvutækni, sjónvarpstækni, gervihnattatækni o.s.frv., geri það að verkum að tækifærin til að láta alls konar tæki og tól fylgjast með einstaklingum og því sem þeir gera og ná með því að taka upp og safna viðkvæmum upplýsingum, leggi okkur mjög ríkar skyldur á herðar. Ég hef verið þeirrar skoðunar frá því að þessi umræða kom upp að við eigum að fara mjög varlega og setja mjög strangar reglur, eins strangar reglur og kostur er.

Við þurfum að tryggja með öllum tiltækum ráðum að einkalíf manna sé virt eins og hægt er. Það á að vera útgangspunkturinn í þeirri umræðu sem við erum að efna til og að mínu viti útgangspunkturinn í því regluverki sem við erum að setja og ætlum að láta gilda um þessa hluti.

Ég tek því undir margt í þeim hugleiðingum sem tveir hv. þm., Kolbrún Halldórsdóttir og Guðmundur Árni Stefánsson, hafa lagt fram í þessari umræðu, enda segir þetta litla frv. sem við fjöllum um hér, sem er nú reyndar ekki nema fimm greinar, í hvaða tilvikum megi safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum við rafræna vöktun og hvernig skuli fara með slíkt efni. Þetta er efni þess frv. sem við hér ræðum.

Það er ljóst að í 1. gr. er kveðið á um að hér sé um undantekningarákvæði að ræða, þ.e. að þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. 9. gr. séu ekki uppfyllt sé heimilt, í tengslum við rafræna vöktun, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóði og myndefni með viðkvæmum persónuupplýsingum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau eru síðan talin upp.

Í fyrsta lagi er talað um að þau fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni. Við lestur grg. er í sjálfu sér ekki farið mikið í að skilgreina nákvæmlega hvað hér er við átt, þ.e. öryggis- og eignavörslu og því er lagt á herðar Persónuverndar að meta slík mál vandlega.

Ég á reyndar sæti í allshn. en sat ekki fund þegar málið kom út úr nefndinni. Ég hefði talið mjög æskilegt að við hefðum reynt að skilgreina þetta frekar en gert er. Allar slíkar upptökur frá stöðum sem almenningur getur sótt geta verið mjög viðkvæmar. Það er mjög vandmeðfarið, valdið til að heimila að taka upp slíkt efni.

Þá er ekki síður vert að nefna hér 2. tölul. 1. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„2. að það efni sem til verður við vöktunina“ — þessa rafrænu vöktun, þessar upptökur — „verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar;“ — svo kemur undantekningarákvæðið — „heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;“

Virðulegi forseti. Enginn telst sekur fyrr en sekt hans hefur verið sönnuð. Það getur því verið mjög matskennt þegar við tölum um refsiverðan verknað. Það er líka til þess að líta að vöktunin eða upptakan þarf kannski ekki að lúta beint að því sem gerðist heldur getur kannski varpað ljósi á eitthvað sem tengist þessu. Er í þeim tilvikum hægt að afhenda lögreglunni þessar upplýsingar? Ég held að það sé ágætt að beina þeirri fyrirspurn til formanns nefndarinnar hvort vöktunin geymi með sér upplýsingar sem sýna beint að refsiverður verknaður hafi verið framinn eða hvort upplýsingarnar í vöktuninni sýni aðeins aðdraganda eða eitthvað sem getur varpað ljósi á þetta. Hvaða skilyrði eru sett í þessum efnum?

Í miðbænum eru t.d. myndavélar og ef eitthvað gerist þar, má þá taka allt það efni sem tekið er upp á þeim vélum og nota það? Má túlka þetta þannig? Ég held að mjög mikilvægt sé að menn séu með það á hreinu hvað þarna sé á ferðinni og hvað menn eru að tala um. Hið sama á vitaskuld við um upplýsingar um slys því að það getur verið ýmislegt sem sýnir aðdragandann eða eitthvað sem gerist á undan. Það getur verið vandmeðfarið að heimila mjög víðfeðma túlkun á þessu. Ég held að þetta sé eitt af því sem við verðum að hugleiða í þessu samhengi.

Í þessari umræðu hafa einnig verið rædd orð sem koma m.a. fyrir í 3. tölul. 1. gr. frv. sem við ræðum hér, þ.e. orðin „málefnaleg ástæða“. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og fleiri hafa farið yfir þetta og velt því upp að þetta sé nú ekki skýrt sem skyldi.

Ein meginröksemdin sem hefur verið sett fram í þessu máli er sú að það eigi að tryggja ákveðna skilvirkni. Hins vegar mega þeir hagsmunir sem felast í skilvirkni afgreiðslu og því að við minnkum skriffinnsku og annað þess háttar, aldrei verða á kostnað persónuverndarinnar. Þeir mega aldrei verða á kostnað einkalífsins. Þetta er grundvallaratriði sem við þurfum að líta mjög vandlega til.

Síðan hörmungaratburðirnir áttu sér stað í Bandaríkjunum þann 11. september hefur mér nefnilega fundist að ríkur vilji hafi verið mjög víða til þess að herða á öllum reglum í kjölfarið og stundum hefur mér þótt að menn noti þann atburð til þess í raun að víkka út heimildir til alls konar vöktunar og eftirlits umfram það sem áður var. Maður veltir því líka fyrir sér og spyr: Af hverju er þetta eftirlit allt orðið svona miklu ríkara og alvarlegra en áður var? Hvað í samfélaginu kallar á miklu meira eftirlit? Við erum að mörgu leyti einfaldlega bara að eltast við tæknina. Við eigum nýja möguleika í tækninni en það er ekkert í samfélaginu sem kallar á allt þetta aukna eftirlit. Mér finnst stundum í þessari umræðu að menn séu að hlaupa miklu meira eftir nýjustu tækni og þeim möguleikum sem eru uppi en að velta fyrir sér hvort allt þetta eftirlit þurfi, hvort það sé nauðsynlegt. Hvernig var þetta hér á árum fyrr? Komust menn af án alls þessa eftirlits?

Án þess að ég sé að gera nokkrum stjórnmálaflokkum eða einstaklingum eitthvað upp þá hefur nú sá stjórnmálaflokkur sem er stærstur hér á þingi oft og tíðum kennt sig við frelsi einstaklingsins og reynt að halda því á lofti, a.m.k. á hátíð-

isdögum og hátíðisstundum. Það finnast mér vera sjónarmið sem kannski ekki er gert eins hátt undir höfði og ætti að vera.

Þá eru ekki síður athyglisverðar hugleiðingar hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur frá því fyrr í dag um undanþágur sem kveðið er á um í 3. gr. og reyndar komu dálítið til umræðu í allshn. Um er að ræða tilvik þegar sá sem upplýsingarnar lúta að veit af því að einhvers konar vöktun er í gangi, en spurningin er í hvaða tilvikum heimilt sé að afhenda þessar upplýsingar án þess að láta þann vita sem upplýsingarnar varða. Hér er a.m.k. í fjórum töluliðum kveðið á um undanþágur og undanþágan er náttúrlega metin af þeim sem safnar þessum upplýsingum. Þeim aðila sem safnar þessum upplýsingum er þá í sjálfsvald sett, svo framarlega sem hann getur hengt það mat sitt á þessa fjóra tölulið, að afhenda þriðja aðila upplýsingar um einhvern sem er verið að vakta.

Í 1. tölulið þessarar undanþágugreinar segir m.a að:

„1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,"

Í þessu tilviki er það þá sá sem safnar upplýsingunum sem vegur það og metur hvort það leggi á hann einhverjar byrðar eða hvort það teljist sanngjarnt að hann fái að afhenda þriðja aðila upplýsingar á kostnað þess sem upplýsingarnar lúta að. Þetta er vitaskuld mjög víðtæk og víðfeðm undanþága og það er fyrst og fremst lagt á herðar þess sem safnar upplýsingunum að meta hana.

Í öðru lagi segir:

„2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,"

Það er væntanlega vinnsla þriðja aðila, mundi maður ætla, þó ekki sé sjálfgefið að skilja það þannig, því þegar verið er að safna þessum upplýsingum þá verða menn að fara mjög varlega og menn eiga að vera upplýstir um það. Jafnvel þó að þeim sem verið er að safna upplýsingum um sé kunnugt um að einhver annar sé að vinna einhverjar annars konar upplýsingar þá er dálítið langsótt að láta það duga sem undanþágu fyrir því að afhenda þetta þriðja manni, einkanlega í ljósi þess útgangspunkts sem ég lagði upp með í ræðu minni, að meginatriðið er náttúrlega að reyna að vernda og tryggja einkalíf einstaklinganna. Það er m.a. grundvallarregla sem finna má í stjórnarskránni og við göngum almennt út frá og viljum virða. Við verðum að gæta okkar í öllu þessu kapphlaupi við tímann og tæknina og við að fylgja eftir vísindunum og öllum möguleikum þeirra, svo að við förum ekki fram úr okkur. Við verðum að rifja upp þá grundvallarhagsmuni sem einstaklingar hafa af því að fá notið friðhelgi einkalífs. Mér finnst stundum þessum sjónarmiðum ekki gert nægilega hátt undir höfði.

Þriðja undanþágan er:

„3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna ..."

Kannski er erfitt í sjálfu sér að gagnrýna það. Við göngum út frá því að á bak við slíka hluti séu nákvæmar reglur og skýrar heimildir.

Í fjórða lagi segir:

„4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs."

Enn og aftur er lagt á herðar þess sem safnar upplýsingunum að meta þetta.

Ég tel að allir þessir hlutir beri það með sér að þeir hafi ekki verið hugsaðir sem skyldi. Við megum ekki tapa okkur í skilvirkninni, tapa okkur í því að skriffinnska minnki, tapa okkur í því að ekki safnist um of verkefni hjá stofnunum o.s.frv., ef það er á kostnað jafnmikilla hagsmuna og friðhelgi einkalífs. Þetta er algjört grundvallaratriði sem við verðum að huga að og passa mjög vandlega.

Kannski er það tímanna tákn sem kemur fram í greinargerð á bls. 4 og menn hafa nú vikið að hér áður. Ég ætla að leyfa mér að lesa það, með leyfi forseta. Þar segir um 1. gr. sem ég fjallaði örlítið um fyrr í ræðu minni:

„Í fyrsta lagi þarf vöktunin að vera nauðsynleg og fara fram í öryggis- og eignavörsluskyni, sbr. ákvæði 1. tölul. Skv. 7. og 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er lögmæti rafrænnar vöktunar háð því að hún eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg fyrir viðkomandi."

Þessi málefnalegi tilgangur og að eitthvað sé nauðsynlegt fyrir viðkomandi er náttúrlega mjög matskennt og alltaf matskennt á kostnað þess sem upplýsingarnar lúta að.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Til skýringar er hér, að því er varðar rafræna vöktun, lögð til sú viðmiðun að fari hún fram í öryggis- og eignavörsluskyni teljist hún eiga sér málefnalegan tilgang."

Ef vöktun fer sem sagt fram í öryggis- og eignavörsluskyni þá telst hún eiga málefnalegan tilgang. En öryggis- og eignavörsluskynið er ekki á neinn hátt skilgreint í frv. og því segir þetta kannski óskaplega lítið og er að litlu leyti til þess fallið að skýra tilganginn sem með þessu er.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Í áskilnaði um nauðsyn felst m.a. að þeim sem vaktar ber að meta kosti og galla þess að viðhafa slíka vöktun og falla frá vöktun verði niðurstaða slíks mats sú að vinnslan sé ekki nauðsynleg."

Ég er nú ekki frá því, virðulegi forseti, að þetta sé eitthvert ráðuneytismál sem kannski er ekki sjálfgefið að skilja svona í einu vetfangi. En ég mun gera mitt besta.

Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Vera kann að fyrirtæki hafi sérstaka þörf fyrir að vakta svæði þar sem takmarkaður fjöldi fólks fer um að jafnaði, t.d. á vinnustað. Skilyrði um sérstaka nauðsyn getur t.d. verið uppfyllt ef vöktun er nauðsynleg til að tryggja öryggi starfsmanna eða hindra að hættuástand skapist."

Það er eins og að af þessu megi ráða að menn séu nýbúnir að stofna vinnustaði, að þeir séu algjörlega nýir í samfélaginu og að menn séu fyrst að átta sig á því nú að upp kunni að koma sú staða á vinnustað sem kallar á einhver sérstök vandræði sem nauðsynlegt er að hafa sjónvarpsvélar til þess að fylgjast með.

Þó segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Almennt ber þó að túlka heimildir til vöktunar á vinnustað þröngt og gæta þess að virða einkalífsrétt starfsmanna, ..."

Talin er sérstök þörf á að taka það fram í greinargerðinni að virða beri einkalífsrétt starfsmanna. Þó er kveðið á um þetta í stjórnarskránni sjálfri og hefði því kannski ekki verið sérstök ástæða til þess að þurfa að taka það hér fram. Það er þetta sem ég er að segja þegar ég vek máls á því að við erum aðeins að gleyma okkur í þessu öllu saman. Við eðlilegar aðstæður hefði ekki þurft að taka sérstaklega fram í greinargerð að rétt væri að virða einkalífsrétt starfsmanna. Það er eitthvað sem við göngum út frá sem sjálfgefnu. En

í þessum undanþáguákvæðum er talið nauðsynlegt að rifja það upp.

Svo segir áfram, með leyfi forseta:

„... m.a. rétt þeirra til að halda út af fyrir sig félagslegum og persónulegum samböndum á vinnustað.“ — Ég held að það sé rétt að endurtaka þetta: „... m.a. rétt þeirra til að halda út af fyrir sig félagslegum og persónulegum samböndum á vinnustað.“

Það er sérstaklega tekið fram að þeir hafi rétt á þessu. Það er ekki eins þeir hafi rétt á þessu þrátt fyrir nauðsynina á vöktuninni. Það er farið að snúa öllum þessum hlutum dálítið á haus. Þetta eru verðmætin sem á að vernda — hitt ætti að vera undanþága. En í greinargerðinni er sérstaklega tekið fram að þeir hafi þó rétt til að halda út af fyrir sig félagslegum og persónulegum samböndum á vinnustað. Það er talið nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram.

Svo segir hér, með leyfi forseta:

„Lögmæti vöktunar á vinnustað sem miðar að því að mæla gæði vinnu og afköst starfsmanna er m.a. háð því að starfsmenn hafi fengið nauðsynlega fræðslu um tilvist hennar, eftir atvikum við gerð ráðningarsamnings eða með öðrum sannanlegum hætti og að samkvæmt skipulags-, framleiðslu- eða öryggissjónarmiðum sé slíkrar vöktunar þörf.“

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að endurtaka þetta. Ég vil endurtaka þessa setningu í heild sinni því að hún er nú svona ákveðin snilld á sinn hátt. Með leyfi forseta:

„Lögmæti vöktunar á vinnustað sem miðar að því að mæla gæði vinnu og afköst starfsmanna“ — þ.e. hvernig eru starfsmennirnir og hvernig er vinnan, það verður náttúrlega að hafa þetta allt undir kontról, þannig er eftirlitssamfélagið, það verður náttúrlega að taka þetta allt saman upp — „er m.a. háð því að starfsmenn hafi fengið nauðsynlega fræðslu“ — það er nú eðlilegt og skynsamlegt — „um tilvist hennar, eftir atvikum við gerð ráðningarsamnings eða með öðrum sannanlegum hætti“ — og svo kemur snilldin hérna í lokin — „og að samkvæmt skipulags-, framleiðslu- eða öryggissjónarmiðum“ — þ.e. skipulagi á vinnustað, væntanlega, framleiðslu á einhvers konar vöru — „sé slíkrar vöktunar þörf.“

Af hverju hefur samfélag okkar breyst svona svakalega mikið? Eftir hverju erum við í raun að hlaupa? Hvað gerir það að verkum að skipulags-, framleiðslu- og öryggissjónarmið á vinnustað geti réttlætt að sjónvarpsvöktun sé á fólki allan sólarhringinn eða á meðan það er á vinnustað? Erum við ekki einhvers staðar að missa fótanna í þessu? Erum við ekki einhvers staðar komin þar sem við ættum kannski ekki að vera? Stundum finnst mér rétt að við hugsum aðeins til baka og veltum fyrir okkur, kannski með heimspekilegum hætti, þeim hagsmunum sem við viljum vernda og hvers konar samfélag við viljum hafa, þegar það er talið réttlætanlegt, vegna skipulags-, framleiðslu- og öryggissjónarmiða, að vakta starfsfólk á vinnustað á meðan það er þar og taka þarf sérstaklega fram að fólk megi hafa félagsskap og eiga persónuleg sambönd á vinnustöðum. Það þarf að taka það sérstaklega fram í greinargerð.

Síðan kemur hér í þessum merka parsus í þessari greinargerð, sem þó hefur komið til umræðu áður, dæmin um ómálefnalega vöktun og þar með ólögmæta, með leyfi forseta:

„Dæmi um ómálefnalega vöktun, og þar með ólögmæta, er vöktun sem leiðir til þess að einstökum hópum manna verði mismunað, svo sem ef hún beinist að hópum á grundvelli skoðana þeirra, kynferðis, uppruna, kynþáttar eða þjóðernis.“

Það sem vekur mann til sérstakrar umhugsunar er af hverju þarf að taka þetta fram. Þetta er eiginlega bara „common sense“. Ég held að þetta sé enn eitt dæmið um að við séum að missa okkur í þessu öllu saman. Svo kemur náttúrlega þessi parsus í lokin sem menn hafa vakið sérstaka athygli á, með leyfi forseta:

„Vöktun í kirkjum, kapellum eða öðrum húsum sem ætluð eru til bænahalds og trúariðkunar felur í sér sérstaka hættu fyrir friðhelgi einkalífs. Sama á t.d. við um vöktun í mátunarklefum, á salernum, í hótelherbergjum, í káetum, á vínveitingahúsum o.s.frv.“

Þetta ber eiginlega með sér, virðulegi forseti, hugmyndaflugið sem menn hafa, þ.e. að taka þurfi sérstaklega fram að vöktun af þessum toga sé ólögmæt. Það er ekki nema von að menn séu dálítið hugsi yfir þróun þessara mála.

Með þessu er ég ekki að halda því fram að þetta tiltekna frv. sé afleitt í alla staði. Ég vil fyrst og fremst vekja eftirtekt á þessari hugsun, hvar við erum stödd í hugmyndafræðinni og afstöðu okkar til eftirlitssamfélagsins sem við erum eiginlega að fara að taka eins og það sé sjálfgefið, líkt og það sé allt í besta standi, allt í lagi og taka þurfi sérstaklega fram að vöktun í mátunarklefum og á salernum sé ólögmæt. Er nema von að menn staldri aðeins við þetta? Og í hótelherbergjum og í káetum. Það er nú reyndar kannski orð sem tilheyrir frekar fortíðinni að vera að tala um káetur en það var oft talað um káetur í skipum. Svo eru vínveitingahúsin talin með. En það hlýtur nú að breytast. Menn hljóta að þurfa að athuga hverjir þar eru á ferðinni.

Svo segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Óheimil er hins vegar uppsetning eftirlitsmyndavéla sé þeim gagngert beint að híbýlum nágranna.“

Enn og aftur vek ég eftirtekt á því sem menn telja ólögmætt. Enn og aftur vil ég vísa til stjórnarskrárákvæða sem kveða á um vernd friðhelgi heimilisins. Menn virðast einhvern veginn horfnir frá þessum grundvallarsjónarmiðum og þurfa að taka þetta sérstaklega fram í greinargerðum. Þetta er svo sjálfsagt.

Nei, virðulegi forseti, ég held að mikilvægt sé að þingmenn fari að hugsa um þessa hluti og forgangsraða á annan hátt en gert hefur verið undanfarið.

Ég ætla svo að leyfa mér, virðulegi forseti, að fjalla aðeins um undanþáguákvæðin í 3. gr. og þá greiningu sem þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Meginreglan samkvæmt ákvæðinu er sú að láta skal hinn skráða vita um leið og upplýsinga er aflað. Ábyrgðaraðili vinnslu í skilningi lagaákvæðisins er sá sem safnar upplýsingunum og ákveður tilgang vinnslunnar.“

„Hinn skráði“ er viðkomandi kallaður í þessu merka frumvarpi. Þetta eru ekki lengur einstaklingar heldur „hinir skráðu“.

Síðan er hér í grg. fjallað um, reyndar ekki á mörgum síðum en alla vega nokkrum málsgreinum, það hvenær veita má þessa undanþágu og vitnað til ýmissa erlendra laga og tilskipana því til stuðnings.

Svo segir hér í grg., með leyfi forseta:

„Þá er lagt til að lögfest verði ný undanþága“ — með öðrum orðum er verið að víkka út undanþáguákvæðin — „frá tilkynningarskyldunni, sbr. 4. tölul. 4. mgr., en samkvæmt því verður ekki skylt að tilkynna hinum skráða um vinnslu persónuupplýsinga ef hagsmunir hans þykja eiga að víkja

fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum eða hagsmunum hans sjálfs. Þessi undanþága er nánast samhljóða þeirri undanþágu er fram kemur í 1. mgr. 30. gr. dönsku persónuupplýsingalaganna."

Það má kannski spyrja: Af hverju má hún ekki vera algerlega samhljóða? Hér segir að hún sé nánast samhljóða. Það hefur verið dálítil lenska hjá þeim sem hér ráða ríkjum í dómsmálum reyni að sníða ákvæðin ekki eins þröngt og þau eru í löndunum í kringum okkur.

„Ákvæðinu er einvörðungu hægt að beita að undangengnu mati á hverju tilviki fyrir sig. Einkahagsmunir sem heimilt er að verja samkvæmt ákvæðinu eru t.d. viðskiptahagsmunir, sem sanngjarnt er að leynd ríki um, þagnarskylda um einkahagsmuni þriðja manns og vernd mannréttinda þriðja manns. Sem dæmi um tilvik þar sem kæmi til greina að beita undanþágunni má nefna mál sem barnaverndarnefnd rannsakar. Við slíka rannsókn eru oft veittar upplýsingar um einstaklinga og í mörgum tilfellum eru hagsmunir barnsins af því að tilkynningarskyldu verði ekki sinnt ríkari en hagsmunir hins skráða" — sem er einstaklingur og rétt að halda því til haga — „af því að fá upplýsingar um skráninguna."

Ég hef, virðulegi forseti, farið yfir nokkuð af því sem hér kemur fram og reynt að vekja athygli á því að við þurfum að endurskoða hugmyndir okkar um eftirlitssamfélagið. Við eigum ekki að rýmka út eða veita frekari undanþágur í hvert skipti sem ný tækni verður til sem gerir kleift að taka upp og skrá upplýsingar um einstaklinga. Við verðum að tryggja að fólk njóti persónufrelsis og frelsis til þess að sinna sínum persónulegu áhugamálum án þess að eiga sífellt það á hættu að verið sé að taka það upp eða safna um það upplýsingum. Þegar menn þurfa að taka það sérstaklega fram að ómálefnalegt sé að taka upp í mátunarklefum og á salernum þá finnst mér eins og við höfum einhvers staðar villst af leið.

Það breytir þó ekki hinu, virðulegi forseti, að í sjálfu sér er þetta frv. engin vatnaskil í þessum efnum. Ég held hins vegar að það sé hollt fyrir okkur að hugleiða hvort við séum á réttri leið.

[15:13]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir hugleiðingar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Það er alveg hárrétt sem fram kom hjá honum, að við eigum ekki að vaða áfram og taka næsta skref án þess að hugsa okkur um.

Um tíma fannst mér hv. þm. vera eitthvað argur. Ég gæti trúað því að það stafi af því að fótboltalið Alþingis var að tapa fyrir fréttamönnum á Ríkisútvarpinu. Ég trúi því þó vart ... — ja, ég get reyndar skilið það, herra forseti, við skiljum það bæði að það er grautfúlt að tapa í íþróttum. En er bara hinn bitri kaleikur íþróttanna og sem fylgir oft með.

En varðandi þetta frv. sem við erum að ræða hér, um persónuvernd, þá er auðvitað margt sem maður staldrar við við lestur svona frv. en ég fullyrði, herra forseti, að hér er ekki gengið lengra en í núverandi löggjöf. Hér er verið að ramma inn reglur sem eru mjög þröngt skilgreindar. Að sjálfsögðu eigum við að líta til skilvirkninnar en skilvirknin kemur aldrei ofar í forgangsröðinni en friðhelgi einkalífsins og hagsmunir einstaklingsins sem slíks. Þessar tillögur, eins og ég hef áður sagt, eru samdar að tillögu persónuverndar sem við í allshn. höfum síðan farið vel yfir.

Ég mundi ekki skrifa upp á þetta ef við værum að að ganga lengra inn á friðhelgi einkalífs fólks. Hér er einfaldlega brugðist við því hvernig samfélagið er orðið, án þess þó að skerða þann merka rétt sem einkalíf manna hefur.

Ég tók skólana áðan sem dæmi en ég vil líka fara út fyrir kennslustofurnar. Þar hefur sýnt sig að eftirlitsmyndavélar á göngum og skólalóðum hafa leitt til þess að einelti barna hefur minnkað á viðkomandi stöðum og minna hefur verið um skemmdir á skólalóð og eignum skólans.

(**Forseti** (GÁS): Forseti kemst ekki hjá því að nefna að honum fannst athugasemdir hv. þm. um frammistöðu knattspyrnuliðs þingsins vera undir beltisstað.)

[15:16]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fátt er fjær huga mínum í dag en mikið ergelsi eða pirringur enda farið að vora og margt sem bendir til þess að dögum þessarar ríkisstjórnar fari ört fækkandi. Því verð ég að segja alveg eins og er að heldur er ég glaður á þessum vordögum en að ergelsi og pirringur hafi náð sérstöku valdi á huga mínum.

Ég fjallaði hins vegar áðan aðeins að litlu leyti um þann tæknilega ramma sem verið er að reyna að setja utan um þær reglur sem gilda um persónuvernd og söfnun persónuupplýsinga. Ég var miklu frekar að reyna að hvetja til þess að við töpum okkur ekki í þessum tæknilega hugsunarhætti þó að vísindin færi okkur einhver skref framar í upptökutækni eða möguleikum á að safna upplýsingum um einstaklinga, að við hlaupum ekki alltaf eftir því. Við skulum rifja upp og muna eftir þeim grundvallarhagsmunum sem við viljum vernda, friðhelgi einkalífs fólks, að það fái að eiga sitt líf án þess að eiga alltaf á hættu að ríkið eða aðrir séu að safna um það upplýsingum. Núna, á þessari tækniöld ef svo má að orði komast, er hægt að nota þessar upplýsingar svo víða, til að mynda er hægt að dreifa upplýsingum um internetið á mjög auðveldan og hraðvirkan hátt. Það er hægt að taka myndbönd og breyta þeim. Það er hægt að gera svo margt við þessar upplýsingar. Það er hægt að skaða mannorð fólks á svo margan hátt.

Þess vegna, virðulegi forseti, legg ég á það ríka áherslu að við reynum að muna eftir að halda utan um og passa upp á persónuverndina.

[15:18]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt út af orðum forseta verð ég að segja að fótboltalið þingsins er í rauninni liðið mitt líka og mér finnst einfaldlega súrt í broti þegar mitt lið tapar, svo einfalt er það.

Varðandi orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar finnst mér gott og hollt að við þingmenn veltum þeim hlutum fyrir okkur sem hefur verið velt upp í þessari umræðu. Ég ítreka þó enn og aftur að hér er ekki verið að stíga skrefi lengra í áttina að því að skerða á einhvern hátt friðhelgi einkalífs manna. Samfélagið hefur breyst og við vitum það. Ég nefndi áðan dæmi um skólamyndavélarnar á skólalóðunum. Ég vil líka nefna að undir forustu R-listans voru settar upp myndavélar í miðborginni sem hafa, samkvæmt mínum upplýsingum, reynst ákaflega vel. Reyndar hefur síðan lögreglan forræði yfir þeim myndavélum þannig að nákvæmlega þessi kafli persónuverndarlaganna sem við erum að fjalla um hér gilda ekki um þær.

Ég vil að lokum, herra forseti — ég sé að ég hef einhvern tíma eftir — koma inn á það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði m.a. um 2. tölul. þar sem ætti að afhenda lögreglu upptekið efni.

Fyrir það fyrsta, þegar myndavélavöktun er t.d. í sjoppum og á hótelum verður að merkja svæðin. Ég tek það skýrt fram. Jafnframt þarf að nefna ábyrgðarmanninn þannig að viðkomandi einstaklingur sem vill helst tjá sig um þessa myndavél geti farið til viðkomandi ábyrgðarmanns. Eingöngu er leyft að afhenda lögreglu slíkt efni. Bara lögreglan getur fengið þetta efni nema viðkomandi einstaklingur samþykki að efninu verði dreift til annarra aðila.

Varðandi málefnalegu ástæðuna sem orðuð er í 3. tölul. er rétt að láta koma fram að um mjög skamman tíma er að ræða. Þessi lagaákvæði verða túlkuð þröngt.

[15:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna umræðu um knattspyrnulið þingsins verð ég að segja að ef hv. þm. og forseti þingsins ætla að bera ábyrgð á því finnst mér það bara af hinu góða og mun ekki gera neinar athugasemdir við það enda held ég að þau séu þannig fólk að þeim sé vel treystandi til þess.

Hins vegar verður kannski mikilvægi þessa efnis hér aldrei of oft endurtekið. Þetta frv. er í sjálfu sér ekki merkilegt. Hér er bara um að ræða einhverja tæknilega útfærslu á reglum sem fyrir eru, það er engin ný grundvallarhugsun í því. Það er ekkert verið að sveigja af leið og það er ekkert nýtt í þessu. Þetta er einhver tæknileg útfærsla og þess vegna var ég bara að brýna fyrir mönnum að þeir tapi sér ekki í þessum hlutum.

Hv. þm. nefndi það hins vegar sérstaklega að R-listinn hefði sett upp myndavélar. Allir sem setja slíkar vélar upp fara eftir þeim reglum sem um þetta gilda, nýta sér þær heimildir sem til eru í lögum. Um hverja einustu heimild sem til er í þessum lögum hefur Sjálfstfl. haft forgöngu, hverja einustu enda búinn að sitja samfellt frá 1991 í dómsmrn. Allar þessar heimildir eru komnar þaðan. Þetta eru lagaheimildir sem eiga (Gripið fram í.) rót sína í hugmyndum Sjálfstfl. Ef menn eru á flótta frá hugmyndafræði eigin flokks, sem mér virtist í umræðunni áðan, get ég vel skilið það og finnst það ekki skrýtið í ljósi þeirrar umræðu sem hér fer fram. Ég vil bara halda því til haga að í því sem menn hafa gert í þessum efnum, a.m.k. opinberir aðilar, hafa þeir farið eftir þeim reglum sem um þetta gilda, og frumkvæðið að öllum þessum reglum, hverri einni og einustu, á sá flokkur sem hefur gert frelsi einstaklingsins að goðsögn í stefnuskrá sinni eða einhverju sem hann vill tjalda á tyllidögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:23]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðismál, 710. mál, nál. félmn., þskj. 1265; brtt. félmn., þskj. 1266.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 678. mál (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.). — Þskj. 1094, nál. 1218.

[15:23]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Við í allshn. fjölluðum um málið og fengum til okkar lögfræðing frá dómsmrn., Dís Sigurgeirsdóttur.

Með frv. eru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögsöguákvæðum almennra hegningarlaga og tilteknum ákvæðum þeirra sem hafa í för með sér almannahættu til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt þremur alþjóðasamningum gegn hryðjuverkum, samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988, bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988 og samningi um vörslu kjarnakleyfra efna frá 3. mars 1980.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „26. október 1979“ í 1. gr. komi: 3. mars 1980.

Nefndin var einhuga í þessu máli.

[15:24]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér erum við í 2. umr. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum um öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.

Annar endi málsins var til umræðu í þinginu í morgun. Mig minnir að það hafi verið dagskrárliður 5. Það sem hér er fyrst og fremst verið að gera með samþykki allra nefnarmanna er að staðfesta þá samninga sem við höfum verið aðilar að. Að sjálfsögðu eru allir friðarsinnar á móti flutningi kjarnakleyfra efna og kjarnorkuvopnum. Það, virðulegur forseti, var kannski örlítið rætt í nefndinni. Eins og ég segi er þetta fyrst og fremst til að staðfesta þá samninga sem við höfum undirritað. Það er kannski mjög langt um liðið síðan þeir voru gerðir og nú fyrst er verið að gera þetta. Málið var líka í hv. utanrmn. og allir nefndarmenn samþykktu það þar. Ef það var eitthvað var það kannski spurning um hvort við værum nokkuð að ganga lengra en gengur og gerist. Svo var ekki. Allir nefndarmenn undirrituðu þetta nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (hryðjuverk). — Þskj. 687, nál. 996.

[15:26]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk).

Með frv. eru gerðar nauðsynlegar breytingar á refsilögum til að íslenska ríkið uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt þremur alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum. Þetta eru alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. des. 1997, alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. des. 1999 og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 frá 28. sept. 2001.

Hugtaksins „hryðjuverk“ er hvergi getið í íslenskum refsilögum sem sjálfstæðs refsiverðs verknaðar en með frv. er lagt til að verknaðurinn hryðjuverk verði skilgreindur í almennum hegningarlögum. Þá er lagt til að hryðjuverk verði talin til alvarlegustu afbrota auk þess sem fjárhagslegur

stuðningur við hryðjuverkastarfsemi verði gerður sjálfstætt refsivert brot. Jafnframt er lagt til að lögfest verði heimild til að refsa lögaðila fyrir slík brot sem framin eru í starfsemi þeirra. Einnig eru settar skýrari reglur um refsiábyrgð vegna hlutdeildar og loks er lagt til að refsilögsaga íslenska ríkisins verði rýmkuð vegna þessara brota.

Nefndin ræddi sérstaklega saknæmisskilyrði frv. og telur rétt að taka fram að 18. gr. almennra hegningarlaga, þar sem tilgreind eru saknæmisskilyrðin fyrir hegningarlögin sjálf, mun einnig gilda um þau ákvæði frv. sem breyta þeim lögum. Skv. 18. gr. er ásetningur ætíð áskilinn svo að verknaður teljist saknæmur og eingöngu skal refsa fyrir gáleysisbrot ef lögin heimila það sérstaklega. Þar sem frv. tekur ekki á gáleysi verður refsingu ekki beitt vegna hryðjuverka nema ásetningur sé fyrir hendi. Ásetningsskilyrðið á því jafnframt við um b-lið 2. gr. frv. Nefndin lítur þannig á að frv. sé ekki ætlað að ganga lengra en fyrrnefndur alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eins og ráða má af athugasemdum með greininni. Verknaður sem felst í því að láta fjármagn renna til lögmætrar starfsemi á sviði menningar-, mannréttinda- og mannúðarmála getur því aldrei talist refsiverður þó að samtök sem taki við fjármagninu gerist síðan sek um hryðjuverk. Svo verður eingöngu ef það er ásetningur viðkomandi að fjármagnið renni til slíkra verka. Er þá sönnunarbyrðin að sjálfsögðu á ríkinu.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem getið er um í sérstöku þingskjali.

Nefndin var samþykk þessu nema hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Dóra Líndal voru báðar með fyrirvara. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og hann er samþykkur þessu áliti, þó með fyrirvara við skilgreiningunni á hryðjuverkunum.

[15:29]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Sú sem hér stendur skrifaði undir nál. með fyrirvara. Hann varðar skilgreininguna á hryðjuverkum. Umræða í nefndinni um öll þessi mál varð mjög fín. Við ræddum t.d. muninn á skemmdarverkum og hryðjuverkum. Kannski er fyrirvari minn af tilfinningalegum toga, þá e.t.v. vegna þess að þetta er í fyrsta skipti sem við tölum um hryðjuverk í íslenskum lögum. Einhvern veginn erum við komin að hluta til inn í þennan raunverulega heim sem okkur hefur, sem betur fer, verið hlíft við, þ.e. að þurfa að ræða um hryðjuverk og taka þau upp í lögin okkar. Í rauninni er þetta frv. fyrst og fremst til að taka á þeim samþykktum sem Ísland er búið að undirrita. Það kemur fram í nál., með leyfi virðulegs forseta:

„Með frv. eru gerðar nauðsynlegar breytingar á refsilögum til að íslenska ríkið uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt þremur alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum. Þetta eru alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. des. 1997, alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. des. 1999 og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 frá 28. sept. 2001."

Þetta mál hefur líka að hluta til auðvitað verið rætt í utanrmn. og aðalatriðið er, eins og kemur fram í nál., að við göngum ekki lengra en samþykktir kveða á um. Hins vegar urðu mjög fróðlegar umræður um hryðjuverk og skemmdarverk. Á meðan við höfðum ekki þetta orð í okkar lögum töluðum við frekar um skemmdarverk, og þá sáum við t.d. að sprengingarnar á Mývatni sem bændur voru með í eina tíð, og voru talin skemmdarverk, mundu sennilega flokkast undir hryðjuverk í dag. Nú mega bændur passa sig ef þeir hugsa sér til hreyfings varðandi slík mál á nýjan leik.

Ég var fyrst og fremst með fyrirvara um að við erum komin með þennan grimma raunveruleika upp að bænum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, síðari umr.

Stjtill., 599. mál. — Þskj. 945, nál. 1229.

[15:32]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi.

Ég vil byrja á því, herra forseti, að þakka nefndarmönnum í allshn. sérstaklega fyrir þá samstöðu og eindrægni sem þeir sýndu við umfjöllun á þessari merku þáltill. Mikil vinna var lögð í umferðaröryggisáætlunina, þ.e. þessa þáltill., og vil ég sérstaklega þakka nefndarmönnum fyrir þá vinnu.

Nefndin gerir sér grein fyrir því að tillaga um umferðaröryggisáætlun 2002–2012 felur í sér viðamiklar og metnaðarfullar aðgerðir sem munu kalla á aukið fjármagn til umferðarmála. Nefndin telur þó að þær muni leiða til verulegs sparnaðar með fækkun umferðarslysa og leggur því áherslu á nauðsyn þess að fjármagn verði tryggt til framkvæmdar áætlunarinnar.

Ég vil þó geta þess að nefndin er ekki þar með að segja að leiðin sem getið er í niðurstöðum starfshópsins sé röng. Í greinargerð með þáltill. segir:

„Þróunin meðal Evrópulanda er að sektir vegna umferðarlagabrota renni beint eða að hluta til umferðaröryggisstarfs. Starfshópurinn gerir tillögu um að sektir sem innheimtast vegna aksturs gegn rauðu ljósi, hraðaksturs og ölvunar við akstur renni í sérstakan sjóð, „eftirlits- og þróunarsjóð lögreglunnar"."

Nefndin tekur ekki beint undir þetta heldur er miklu fremur að tala um að fjármagn til framkvæmdarinnar almennt verði tryggt.

Jafnframt telur nefndin brýnt að gert verði hið fyrsta kostnaðarmat fyrir áætlunina sem lögð verði fyrir allshn. strax á næsta þingi. Í máli gesta nefndarinnar kom fram að markmið síðustu umferðaröryggisáætlunar hafi í meginatriðum gengið eftir þrátt fyrir mikla fjölgun bíla í umferð en það hafi fyrst og fremst verið samstöðu og einhug viðkomandi aðila að þakka — þá samstöðu lögreglunnar, ökumanna, Umferðarráðs og allra þeirra sem hafa komið í einni eða annarri mynd að framkvæmd þessarar áætlunar — og er því mikilvægt að eins vel verði staðið að framkvæmd þessarar umferðaráætlunar.

Í athugasemdum með þáltill. er vísað til skýrslu starfshóps um umferðaröryggisáætlunina og er greint frá helstu niðurstöðum hans í 15 liðum. Þar er gengið út frá því að skipaðar verði m.a. tvær nefndir, annars vegar umferðaröryggisnefnd sem ætlað er að leggja fram tillögu að stefnu stjórnvalda í umferðaröryggismálum sem tekin yrði fyrir á Alþingi og afgreidd þaðan og hins vegar framkvæmdanefnd sem hafi það meginverkefni að tryggja að unnið sé í samræmi við umferðaröryggisáætlunina og að markmiðum Alþingis og

stjórnvalda verði náð. Nefndin áréttar að nefndirnar verði skipaðar sem fyrst og að umferðaröryggisnefnd forgangsraði án tafar þeim verkefnum sem áætlunin gerir ráð fyrir. Nefndin tekur að öðru leyti ekki afstöðu til fyrrnefndra atriða í athugasemdum með tillögunni þótt þau hafi verið rædd sérstaklega í nefndinni en telur rétt að leggja áherslu á eftirfarandi: Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að í meiri hluta alvarlegra umferðarslysa liggur orsökin hjá ökumanninum sjálfum. Ástæðurnar eru fyrst og fremst taldar ölvunarakstur, hraðakstur, svefnleysi og þreyta auk hirðuleysis um notkun öryggisbúnaðar.

Einnig kom fram varðandi svefnleysið — og við fjölluðum ítarlega um þann þátt — að m.a. kæfisvefn getur haft mikil áhrif á akstur ökumanna. Þá á ég ekki við að menn séu sofandi undir stýri og fái kæfisvefn þar og þá. Kæfisvefn truflar fólk á næturnar og leiðir til þreytu sem síðan getur leitt til alvarlegra umferðarslysa þegar líður á daginn. Þetta var einn athyglisverður punktur sem kom m.a. fram við yfirferð nefndarinnar á þessu máli. Einnig má geta þess varðandi hirðuleysið um notkun öryggisbúnaðar að starfsmaður rannsóknarnefndar umferðarslysa, Ágúst Mogensen, gat þess að ef allir notuðu bílbeltin mundi slysum fækka um 28%. Bara það eitt að við værum aðeins meira vakandi, sinntum þessu handtaki að setja á okkur beltið — sem tekur kannski tvær sekúndur — mundi slysum fækka um 28%. Sem sagt, herra forseti: Allir með belti.

Nefndin telur því sýnt að markmiði umferðaröryggisáætlunar verði ekki náð án þess að örva og virkja vitund almennings með öflugri og markvissri fræðslu og forvarnastarfi og breyta þannig viðhorfum hans til umferðaröryggismála. Ekki sé síður mikilvægt að almenningur sé meðvitaður um þá ábyrgð sem felst í því að setjast undir stýri. Af þeirri ástæðu leggur nefndin til breytingu á tillögugreininni um að almenningur komi að sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um umferðaröryggismál. Þá telur nefndin afar mikilvægt að þáttur þreytu og svefnleysis í umferðarslysum verði skoðaður nánar og í kjölfarið verði úrræði og fræðsla til almennings þar að lútandi aukin. Nefndin ræddi skráningu slysa og vekur í því sambandi athygli á slysavarnaráði sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1994, um slysavarnaráð. Tilgangur þess er að stuðla að fækkun slysa og skal ráðið m.a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé samræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu upplýsinganna og útgáfu á slysatölum. Þá skal samræmd slysaskrá varðveitt hjá landlækni og mótar ráðið reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni. Bendir nefndin á að þessi samræmda skráning geti nýst vel í þágu rannsókna og til eflingar umferðaröryggismálum. Enn fremur kynnti nefndin sér störf rannsóknarnefndar umferðarslysa og gerir sér grein fyrir mikilvægu hlutverki hennar.

Á fundum nefndarinnar og í máli gesta nefndarinnar kom m.a. fram að til að mynda í Svíþjóð skipta markvissar vettvangsrannsóknir miklu máli. Til þess að rannsóknarnefnd umferðarslysa geti sinnt því starfi þarf að efla einmitt þetta hlutverk hennar og gera það skilvirkara.

Þá áréttar nefndin að samkvæmt tillögunni er ætlunin að fækka alvarlegum umferðarslysum um 40% sem er mun meira en gert er ráð fyrir í nýsamþykktri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 en þar er gert ráð fyrir að dánartíðni og örorka vegna umferðarslysa minnki um a.m.k. 25%.

Ég vil kannski geta þess í því samhengi að munurinn á áætlununum liggur m.a. í því að í þessari umferðaröryggisáætlun erum við að miða við slysatölur á árunum 2000 og 2001.

Loks leggur nefndin til að sérstaklega sé tekið fram í tillögugreininni að stefnt sé að fækkun banaslysa eins og kveðið er á um í athugasemdum með þáltill.

Nefndin telur að um nauðsynlegt átak sé að ræða og leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við tillögugrein:

a. Á eftir orðinu „fækkun“ í 1. málsl. komi: banaslysa og annarra.

b. Í stað orðanna „og áhugahópa um umferðaröryggismál“ í 2. málsl. komi: áhugahópa um umferðaröryggismál og alls almennings.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Eins og ég gat um áðan lögðu allir nefndarmenn sig fram í þessu máli og eru nefndarmenn einhuga um mikilvægi þess.

[15:41]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er auðvitað afar mikilvægt mál á ferðinni, og eins og hv. formaður nefndarinnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur gert grein fyrir fékk nefndin mjög marga gesti til fundarins. Þar gátum við spurt allra þeirra spurninga sem við óskuðum eftir, og þær voru auðvitað fjölmargar. Af þessu sköpuðust mjög líflegar og málefnalegar umræður í nefndinni.

Það er hins vegar afar mikilvægt að halda því til haga að í rauninni er tillagan sjálf einungis þessi litli texti sem er efstur á blaðinu því síðan eru athugasemdirnar meira eða minna úr mjög góðu plaggi sem heitir Umferðaröryggisáætlun frá 2002–2012. Þar var samþykkt að fjalla ekki einungis um alvarleg umferðarslys heldur einnig banaslys sem er auðvitað einn mesti vágestur sem við eigum við að glíma ásamt auðvitað alvarlegum umferðarslysum. Það var afar fróðlegt að hlusta á það að ef öryggisbelti væru meira notuð gætum við fækkað slysum um 28%. Það er hreint út sagt algjörlega ótrúlegt.

Maður veltir líka fyrir sér af hverju við erum með árin 2002–2012, ellefu ár. Það er til þess að fylgja því eftir með vegáætlun. Því má heldur ekki gleyma að bæta þarf umferðarmannvirki og til þess að af því verði þurfum við að taka á öllu okkar.

Líka hefur verið talað um að þetta væri mjög kostnaðarsamt. Þá er afar mikilvægt að fá inn einhverja peningalega framkvæmdaáætlun þannig að hægt verði að setja áætlunina niður á einhvern árafjölda. Það er verulega hnykkt á því í nál. allshn. þótt það komi ekki inn í sjálfan textann. Því má heldur ekki gleyma að nál. er líka lögskýringargagn. Það hnykkir mjög á um margt sem kemur fram í þessari tillögu að umferðaröryggisáætluninni.

Einn gestur nefndarinnar, Sigmar Ármannsson, var fulltrúi tryggingafélaganna og leiddi huga okkar að ýmsu í þeim málum. Við erum með vegáætlun, við erum með samgönguáætlun og við erum með flugáætlun. Við erum með áætlanir í öllum þessum stóru málaflokkum. Þetta er allt undir samgrn. og það kom auðvitað fram af hverju umferðaröryggið væri ekki jafnframt þar undir þannig að yfirsýnin héldist. Það væri eðlilegt að skoða slíkt. Hins vegar er auðvitað alltaf ákveðið samstarf við dómsmrn. og lögreglu, og það á ekki að hindra slíkt. Þá fengjum við heildarsýn í rauninni á samgöngur,

hvort sem þær væru í lofti, á sjó eða landi. Það var eitt af því sem var talsvert rætt í nefndinni.

Eins og ég segi náðum við að hnykkja gríðarlega á mjög mörgum góðum þáttum í þessu nál. Við vitum vel að eitt stærsta heilbrigðisvandamál þessarar þjóðar er bílslys. Það sem er líka lögð mjög mikil áhersla á, og við hnykkjum jafnframt á í nál., er að þetta höfðar líka til almennings og almenningsvitundar. Í þessari umferðaröryggisáætlun sem er gríðarlega stórt og mikið plagg er mjög mikið rætt um það að höfða til almennings, virkja almenning, virkja grasrótina, því auðvitað eru orð eitt og framkvæmd annað. Þess vegna er afar mikilvægt að fá góða framkvæmdaáætlun, þ.e. fjárhagsáætlun, í þennan málaflokk eins og hann leggur sig þannig að hægt sé að forgangsraða innan hans og jafnframt kannski skerpa á því að það verði fín pólitísk samræða um þessi mál, aðallega til að virkja grasrótina til að tala við hið venjulega fólk.

Hins vegar hefur líka verið nýtt vel hér á Íslandi að þeir sem lenda í alvarlegum umferðarslysum hafa gengið til liðs við ýmis samtök og orðið miklir áróðursmeistarar til stuðnings jafngóðu máli og umferðaröryggi er.

Ekki er búið að skipa umferðaröryggisnefndina þannig að við vitum ekki enn hverjir verða í henni en hún hefur ærin verkefni og afar mikilvæg.

Hér á eftir, aðeins síðar á dagskránni, er líka mál sem tengist þessu, breytingar á Umferðarráði og allri þeirri stjórnsýslu. Sú umræða kemur til með að tengjast aftur inn í það mál á eftir. Eins og við segjum, laga þarf vegina — þeir eru ákveðinn áhrifavaldur þótt auðvitað sé manneskjan sjálf í fyrsta sæti þar. Við þurfum líka að leggja áherslu á sýnilegu löggæsluna. Við þurfum að koma í veg fyrir dauðaslysin og við þurfum að herða áróðurinn með öryggisbeltin.

Jón Baldursson, læknir á Borgarspítalanum, kom á fund nefndarinnar og við ræddum mikið um svefnleysi og þreytu, og að þeir þættir geti valdið slysum. Ég mun eflaust taka til máls aftur um málið, herra forseti, en lýk máli mínu í bili.

[15:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Það er sannarlega tímabært að Alþingi Íslendinga taki á dagskrá þessa umferðaröryggisáætlun því eins og alþjóð mun kunnugt rann síðasta umferðaröryggisáætlun út um áramótin 2000/2001 þannig að í eina 16 mánuði hefur engin umferðaröryggisáætlun verið í gildi á Íslandi.

Það í sjálfu sér er auðvitað alvarlegt, herra forseti, og við fyrri umr. þessa máls orðaði ég það við hæstv. ráðherra Sólveigu Pétursdóttur að auðvitað þyrfti að standa betur að málum en mér finnst hafa verið gert þó að allir séu jafnfegnir að áætlunin skuli nú hafa litið dagsins ljós. Ég tek undir þau orð hv. frsm., hv. formanns allshn., Þorgerðar Gunnarsdóttur, en hún gat um það þegar hún fylgdi nál. úr hlaði að það hefði verið einhugur meðal nefndarmanna. Það er alveg satt. Ég sat þessa fundi sem fjölluðu um málið í allshn. sem varamaður Ögmundar Jónassonar, hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og það er alveg rétt, herra forseti, að mikill einhugur ríkir hjá alþingismönnum um þetta mál. Allir alþingismenn eru sammála um að hér þurfi að standa fagmannlega og vel að verki og gera öflugt átak í alvöru. Herra forseti, þegar ég segi í alvöru meina ég að sú áætlun sem hér er verið að fjalla um verður að vera þess eðlis að hún nái fram að ganga, að markmiðssetningin sé ekki bara orð á blaði sem sé hægt að veifa upp á punt þegar mikið liggur við heldur verður áætlun af þessu tagi að ná, ekki bara til málaflokksins heldur út á göturnar, út í vegakerfið okkar, til vegfarendanna okkar, til þeirra sem leið eiga um göturnar. Það þarf að tryggja í alvöru að umferðaröryggi sé virkt og að markmiðssetning þessarar umferðaröryggisáætlunar, og hvaða umferðaröryggisáætlunar sem er, náist. Hvernig gerum við það best, herra forseti? Við gerum það best með því að tryggja fjármagn til málsins.

Það er kannski einmitt þar sem skórinn kreppir. Við sem fjallað höfum um þessi mál og komið að umræðunni, bæði í allshn. og við fyrri umr., höfum öll lýst því yfir að markmiðssetningin í umferðaröryggisáætlun sé göfug og metnaðarfull en þegar farið er að rýna í hana felur hún í sér að Alþingi lýsir yfir vilja sínum til þess að fyrir lok ársins 2012 hafi alvarlegum umferðarslysum og dauðaslysum í umferðinni fækkað um 40% miðað við fjölda slysa eins og þau voru árin 2000 og 2001. Alþingi kemur til með að lýsa því yfir, verði þessi ályktun samþykkt sem ég geri ráð fyrir, að þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, áhugahópa og almennings. Við gerum ráð fyrir því að í byrjun hvers árs kynni dómsmrh. stöðu umferðaröryggismála og hvernig miði í átt að settu marki. Sömuleiðis er í þessari ályktun gert ráð fyrir því að starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.

Í sjálfu sér er þessi efnisgrein mjög fín, við getum alveg sagt að hún sé metnaðarfull, en þó er eitt atriði sem þarf að rýna í sérstaklega. Það er, herra forseti, viðmiðunarárin tvö, árin 2000 og 2001. Kannski erum við ekki nægilega framsýn eða höfum ekki nægilega yfirsýn þegar við bindum markmiðið, þ.e. 40% fækkunina, við þessi tvö ár. Frá því að allshn. fjallaði um málið hafa borist í mínar hendur gögn sem sýna mér að þessi tvö ár hafi tíðni dánarslysa í umferðinni verið gífurlega há. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna til lítils línurits sem birtist í Fréttablaðinu þann 8. nóv. 2001 en þar er sýndur myndrænn samanburður á því hvernig tíðni dánarslysa í umferðinni hefur verið á Norðurlöndunum á hverja 100 þús. íbúa. Samkvæmt því línuriti sést að dauðsföllum í umferðinni fjölgar alveg gífurlega mikið á Íslandi á árunum 1995–2000. Þeim fjölgar svo mikið að Íslendingar lenda í efsta sæti — það má kannski ekki orða það svo — en á árinu 2000 er dánartíðni í umferðarslysum á Íslandi orðin meiri en alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum. Áður, á árunum 1992–1995, erum við neðst í dánartíðni í umferðarslysum. Þegar við förum að rýna í þetta erum við kannski á óheppilegu árabili að miða við að skera fjöldann niður, frá viðmiðunarárunum 2000 og 2001. Við hefðum kannski þurft að hafa prósentutöluna jafnvel enn þá hærri ef við hefðum ætlað að reyna að halda sæti okkar á skala Norðurlandanna, að vera í neðsta sæti yfir dánartíðni í umferðarslysum á Norðurlöndum.

Ég held, herra forseti, að við verðum að setja markmiðin mjög hátt í þessum efnum. Sumum finnst það kannski þegar horft er á töluna 40% að við setjum markið mjög hátt en kannski gætum við gert enn þá betur. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið að við skoðum tölfræðina í þessum málum, skoðum vel með hvaða hætti við getum borið okkur saman við Norðurlöndin, skoðum vel hvort við erum þar hálfdrættingar eða framúrskarandi eða kannski dragbítar. Ég held því að ef við hefðum eðlilegan tíma til umfjöllunar þessa máls væri í samanburðinum milli Norðurlandanna fullt af efni

sem við gætum fjallað hér um frekar en hægt er á þeim tíma sem við höfum til umráða á síðustu dögum þingsins. Allir þingmenn eru orðnir sér meðvitandi um það að mörg mál eru til afgreiðslu og ekki kannski eðlilegt svigrúm fyrir umræðu um jafnþýðingarmikið mál og hér ber á góma.

Eitt af því sem ég gagnrýndi við fyrri umr. þessa máls var að hæstv. ráðherra skyldi ekki leggja fram með þessari tillögu sinni fjárhagsáætlun um aðgerðaúrbætur, þ.e. öllum er fullljóst að umferðaröryggi verður ekki aukið nema til komi auknir fjármunir. Það gengur enginn að því gruflandi, herra forseti. Hæstv. ráðherra benti mér á við fyrri umr. að ekki mætti sýna of mikið bráðlæti, auðvitað kæmi framkvæmda- og kostnaðaráætlun þegar nefndirnar sem tillagan kveður á um að skipa þurfi hefji störf. Gott og vel, herra forseti. Með það í farteskinu hóf ég störfin í nefndinni með samþingmönnum mínum sem, eins og ég sagði áðan, eru allir jafnáhugasamir um að umferðaröryggi á Íslandi verði aukið.

Eins og kom fram í máli hv. frsm. nál., hv. þm. Þorgerðar Gunnarsdóttur, er getið um það í nál. að nefndin geri sér fulla grein fyrir því að umferðaráætlunin feli í sér viðamiklar aðgerðir sem muni kalla á aukið fjármagn til umferðarmála. Þess er líka getið í nál. að nefndin telji að þessar aðgerðir muni jafnframt leiða til verulegs sparnaðar því auðvitað er samfélagskostnaður okkar af umferðarslysum, ég tala nú ekki um alvarlegum umferðarslysum og dauðaslysum, svo gífurlegur að ef okkur tekst að auka öryggið í umferðinni, fækka slysum, erum við líka að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til sparnaðar.

Nefndin er sér meðvituð um að fá þurfi nauðsynlegt fjármagn og tryggja það. Ég hvet hv. alþingismenn til að hafa þetta í huga við næstu fjárlagagerð. Og við megum auðvitað ekki gleyma því við neina fjárlagagerð að hafa umferðaröryggið á oddinum því við náum ekki þessum markmiðum nema við séum á verði þegar fjárlög eru ákveðin. Þó að við skipum nefndir sem við ætlum það hlutverk að búa til kostnaðaráætlanir er það ekki ávísun á fjármagn. Ávísunin á fjármagnið kemur úr þessum sal þegar fjárlög eru ákveðin.

Mig langar í þessu sambandi, herra forseti, að minna á ályktun frá umferðarþingi sem samþykkt var í Reykjavík 1. des. árið 2000 en á því þingi var samþykkt ályktun sem mig langar, með leyfi forseta, til að fá að lesa hér upp. Hún er svohljóðandi:

„Umferðarþing, haldið í Reykjavík 30. nóvember og 1. desember árið 2000, fagnaði þeirri myndarlegu stefnumörkun dómsmrh. að miða við 40% fækkun dauðaslysa og meiri háttar slysa í umferðinni á næstu 12 árum á Íslandi.

Umferðarþing bendir á að fullnægjandi umferðaröryggisáætlun verður að innihalda fjárhags- og framkvæmdaáætlun og tryggja verður að til hennar renni nægjanlegt fé úr opinberum sjóðum.

Umferðarþing lýsir vonbrigðum sínum yfir því að í fjárlögum fyrir árið 2001 sem nú er verið að afgreiða á Alþingi verður nánast ekkert vart við aukna fjármuni til þessarar baráttu. Umferðarþing skorar á ríkisstjórn og Alþingi að lýsa því nú þegar yfir að væntanleg 12 ára áætlun muni uppfylla framangreind skilyrði."

Þetta var ályktun umferðarþings frá 1. des. 2000.

Það sama var uppi á teningnum í umfjöllun um fjárlög ársins 2002. Ég hvet hv. alþingismenn til að gera bragarbót og láta þetta ekki henda okkur við næstu umfjöllun fjárlaga, þ.e. þá umfjöllum sem fram fer hér næsta haust um fjárlög 2003. Við verðum að standa saman um að marka þessum málaflokki það mikið fé að við getum sagt að sá árangur sem tillagan og nál. gefa til kynna að menn vilji standa vörð um sé í sjónmáli.

Herra forseti. Það er alveg nauðsynlegt að nefndir þær sem taka til starfa — ef vilji allshn. nær fram að ganga er alveg ljóst að nefndin vill að þær taki til starfa sem allra fyrst. Í nál. er fjallað um að skipaðar verði m.a. tvær nefndir, annars vegar umferðaröryggisnefnd og hins vegar framkvæmdanefnd, og þar segir að allshn. geri ráð fyrir því að nefndirnar verði skipaðar sem fyrst og umferðaröryggisnefnd forgangsraði án tafar þeim verkefnum sem áætlunin gerir ráð fyrir. Það er því alveg ljóst að nefndin vill að þessi málaflokkur fái forgang, í hann verði sett mikil orka, mikill kraftur — og fjármunir. Það verður aldrei of ítrekað að það var einhugur í nefndinni varðandi þetta atriði. Þess vegna er engin ástæða til að aðrir þingmenn sem ekki komu að afgreiðslu málsins í allshn. liggi á liði sínu þegar til á að taka, þegar framkvæmdaáætlunin verður gerð og vonandi kynnt hér eigi síðar en fljótlega á næsta löggjafarþingi.

Mig langar til að vitna hér í, herra forseti, umferðaröryggisáætlun til ársins 2000 sem stjórnvöld í Reykjavík létu gera. Þar fylgdi framkvæmdaáætlun umferðaröryggisáætluninni. Hún er í mjög einföldu formi og þar er getið helstu aðgerða sem borgin hyggst fara í á ákveðnu árabili — þetta var á árunum 1996–2000 — og það er ekki nóg með að aðgerðanna sé getið heldur er einnig getið um fjármagnið sem ætla á í málaflokkinn þannig að á árinu 1996 er ljóst hversu mikið fé Reykjavíkurborg ætlar að láta í umferðaröryggismál á árinu 2000. Áætlun sú var til fyrirmyndar. Við hana var staðið að langmestu leyti, þ.e. þangað til á lokaárinu að smámisbrestur varð á fjármagninu. Ég hvet alþingismenn og stjórnvöld og nefndarmenn sem skipast í þessar nefndir, sem á að fara að skipa í þessum tilgangi, til að kynna sér það starf sem unnið hefur verið í Reykjavík sem ég tel að hafi verið til fyrirmyndar í alla staði. Áætlunin sem Reykjavíkurborg gaf út í hálfgerðu bókarformi var þannig aðgengileg að borgarbúar gátu kynnt sér hvenær sem var hvað Reykjavíkurborg eða yfirvöld í Reykjavík höfðu ætlað sér í umferðaröryggismálum, og þá jafnframt hversu mikið fjármagn menn hugðust setja í málaflokkinn.

Eitt af því sem rætt var í allshn. þegar málið var til umfjöllunar var umferðaröryggisáætlunin sjálf, þ.e. tillaga starfshópsins sem hæstv. dómsmrh. skipaði, en hún er í þessu formi, var dreift til allra alþingismanna um svipað leyti og málinu var útbýtt hér á þinginu. Þessi ítarlega áætlun fékk svo sem ekki efnislega meðferð hjá allshn. Auðvitað hefði verið full ástæða til þess því hér eru mjög margir þættir sem ég veit að áhugasamir alþingismenn vildu gjarnan fá að tjá sig um og kannski færa eitthvað til betri vegar. En það var í raun og veru samdóma skilningur nefndarmanna að þó að með tillögugreininni fylgi athugasemdir sem vísi í þessa áætlun sé ekki þar með verið að samþykkja þáltill. sem hér liggur fyrir. Við skulum því gæta þess að það verði svigrúm fyrir það fólk sem kemur að þessari vinnu núna í náinni framtíð til að bæta þar um betur, fara yfir hugmyndir með krítísku auga, forgangsraða hlutum og sjá til þess að hér verði jafnvel enn meira vítamín sett inn, enn meira kjöt á beinin og kannski enn aðgengilegri framsetning en hér getur að líta.

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að nefna rannsóknarnefnd umferðarslysa í þessu máli mínu. Eitt af því sem bar á góma í umfjöllun nefndarinnar var það hversu illa búið er að

rannsóknarnefnd umferðarslysa á Íslandi. Um það er getið í greinargerð með þáltill. í lið nr. 5 en sá liður er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn" — þ.e. sá sem vann þessa tillögu að áætlun — „leggur til að rannsóknarnefnd umferðarslysa verði efld og í hana bætt manni með sérfræðikunnáttu varðandi ökutæki. Einnig verði hlutverk hennar skilgreint við gerð umferðaröryggisáætlana."

Þessi punktur, herra forseti, er gífurlega mikilvægur. Í umfjöllun allshn. kom fram að rannsóknarnefnd umferðarslysa gerir sitt besta af mjög svo takmörkuðum efnum. Þegar starfsmaður nefndarinnar var beðinn að gera grein fyrir starfsumhverfi nefndarinnar og bera það saman við það sem best gerist á Norðurlöndunum kom auðvitað í ljós, herra forseti, að þar er himinn og haf sem skilur að. Starfsmaður rannsóknarnefndarinnar benti okkur á að rannsóknarnefndin hefur nýlega lokið gerð tveggja skýrslna sem nefndarmönnum voru sendar og þeir höfðu tök á að kynna sér. Önnur þeirra fjallar einmitt um samanburð á vinnubrögðum rannsóknarnefnda á Norðurlöndunum. Þar kemur í ljós að Norðurlöndin hafa staðið vörð um þennan málaflokk af gífurlegum metnaði. Það kemur líka fram hversu aftarlega á merinni við Íslendingar sitjum.

Ég nefndi í umræðu nefndarinnar hvernig rannsóknarnefnd umferðarslysa stæði að vígi, t.d. samanborið við rannsóknarnefnd flugslysa. Það kom auðvitað í ljós að þar eru algjörlega ósambærilegir hlutir til staðar. Ástæðan fyrir því að ég nefndi þetta, herra forseti, og vil að það komi fram hér er sú að nú horfum við á Íslandi í auknum mæli upp á hópslys í umferðinni. Þau gerast æ tíðari. Við erum ferðamannaþjóð sem vill gera allt til að auka hér ferðamannaþjónustu en við verðum þá líka að gera allt sem í okkar valdi stendur til að auka öryggi ferðamanna.

Við vitum sannleikann í þeim málum, herra forseti, sem lúta að vegakerfinu okkar. Við vitum auðvitað að þar er pottur brotinn mjög víða og þar er ástandið sannarlega ekki eins og best verður á kosið. Nægir þar að nefna einbreiðar brýr á þjóðvegi 1, að ekki sé talað um allar aðrar einbreiðar brýr á þjóðvegum landsins. Auðvitað vitum við að það stendur yfir átak til að fækka einbreiðum brúm en við vitum líka að við erfiðar aðstæður þar sem þröngar brýr eru annars vegar verða alvarleg slys.

Þegar við bjóðum erlendum ferðamönnum hingað heim, til landsins okkar, til að kynna sér það og njóta þess með okkur verðum við að geta boðið þeim upp á það öryggi sem er nauðsynlegt til að líf og limir þessara gesta okkar séu ekki í hættu.

Verði hins vegar slys verðum við líka að geta boðið upp á að rannsókn þeirra verði sem best hugsanleg í slíkum málaflokki, við verðum að sjá til þess að við séum ekki eftirbátar annarra þjóða í þeim efnum. Við höfum Norðurlöndin til að miða okkur við. Við höfum kortlagt mjög nákvæmlega í skýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa hvernig haldið er á málum annars staðar á Norðurlöndunum og það er engin ástæða fyrir okkur, herra forseti, til að gera annað en jafn vel og hinar Norðurlandaþjóðirnar í þessum efnum.

Við höfum dæmin fyrir okkur um alvarleg slys á hópferðabílum. Við höfum dæmi um að þar hafi verið gagnrýni uppi varðandi frammistöðu okkur í rannsókn slysanna og við verðum að bæta þar úr. Það þarf að efla rannsóknarnefnd umferðarslysa og gera hana að þeirri stofnun sem þörf er til þess að við getum verið stolt og sátt við það hvernig á málum er haldið varðandi rannsókn umferðarslysa.

Herra forseti. Það kom líka fram í umfjöllun nefndarinnar að auðvitað er löggæslan gífurlega mikilvægt atriði í þessum málaflokki. Manni fannst kannski ekki alveg nógu rismikil yfirlýsing frá Vegagerðinni um að hún hlaupi undir bagga með lögreglunni og aðstoði hana við að tækjavæðast. Þegar við hugsum um umferðaröryggi verðum við líka að hugsa um löggæsluna. Og við verðum að segja: Ef við ætlum að efla umferðaröryggi þurfum við líka að efla umferðaröryggisgæsluna hjá lögreglunni. Ef það er rétt sem á hefur verið bent og hefur verið í umræðunni að lögregluna vanti fé til að sinna umferðaröryggismálum sem skyldi verðum við líka að taka þar á. Þegar til fjárlagaumræðu kemur á hausti komanda er því ekki nóg fyrir hv. alþm. að skoða liðinn Umferðaröryggisáætlun, við verðum líka að skoða liðinn Löggæsla.

Við verðum að sjá til þess að þeir fjármunir sem settir eru til löggæslunnar skili sér líka til umferðaröryggismálanna. Það er ekki nóg að standa vel að Schengen. Það er ekki nóg að standa vel að landamæravöktun fyrir Evrópusambandið. Það þarf líka, og ekki síður, að standa vel að þeirri vöktun sem þarf að eiga sér stað á þjóðvegum þessa lands og á þéttbýlisstöðum. Það er alveg ljóst að fjármagnið er alfa og omega í umferðarörygginu. Við þurfum að fá aukið fjármagn til málaflokksins, annars verður sú umferðaröryggisáætlun sem hér er um fjallað tóm orð á blaði sem veifað verður á tyllidögum. Slíkt vilja engir alþingismenn sjá. Það þori ég að fullyrða, herra forseti, og þess vegna verður þessi brýning mín að hljóma hér. Ég ætla að heita sjálfri mér því og þingheimi að ég mun minna okkur öll á þetta þegar umferðaröryggisáætlunina og löggæsluna ber á góma í næstu fjárlagaumræðu.

Það kom fram í málflutningi gesta nefndarinnar — af því að við erum að tala um hvernig við stöndum okkur samanborið við Norðurlöndin — að hjá Dönum fylgir kostnaðaráætlun hverri einustu aðgerð. Það er alveg ljóst að Norðurlandabúar eru komnir svo langt fram úr okkur í þessum efnum að við höfum virkilega mikið forskot upp að vinna. Sömuleiðis voru athyglisverðar ábendingar frá Vegagerðinni, að kannski værum við bara að setja allt of mikið fjármagn í vegina. Kannski eru þeir fjármunir sem fara í vegina sjálfa ekki upphaf og endir alls í þessum málum heldur kannski hvernig skiptingin á fjármagninu er til málaflokksins. Kannski þurfum við að setja hluta af vegafé í umferðaröryggi. Við eigum þá líka að vera menn til að taka þá umræðu og skoða þau mál alvarlega ofan í kjölinn.

Herra forseti. Ég sem á sjálf ákveðna forsögu varðandi umferðaröryggismálin — ég hef starfað í áhugahópi um bætta umferðarmenningu sem ég stofnaði ásamt nokkrum vinkonum mínum fyrir einum 15 árum sennilega — hef miklar áhyggjur af því að við drögum lappirnar í þessum málaflokki og sýnum ekki nægilega forsjálni. Þannig má nefna að í umfjöllun í nefndinni kom fram að við bregðumst oft við meira af kappi en forsjá. Þannig var fjallað um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar og upphófst þá í nefndinni mjög athyglisverð umræða um aðgerðir til að auka umferðaröryggi. Það er kannski ekki alltaf einfaldasta leiðin að breikka vegina, tvöfalda þá eða fara í svo gífurlega kostnaðarsamar framkvæmdir. Kannski eru aðrar aðgerðir ódýrari og einfaldari alveg jafnraunhæfar ef við erum að fjalla um að draga úr slysum.

Ég held að allar framkvæmdir okkar í vegamálum þurfi auðvitað að vera þannig úr garði gerðar að umferðaröryggismálin séu skoðuð í tengslum við hverja einustu framkvæmd, meðfram því að ekki sé verið að bruðla þar með fé. Engin vegaframkvæmd ætti að fara á áætlun hjá okkur án þess að við sem hér höldum á málum, alþingismenn sem setja lög í þessu landi, skoðuðum jafnframt umferðaröryggisþátt framkvæmdanna.

Herra forseti. Eins og ég áður vék að í máli mínu er hálfósanngjarnt að ætla alþingismönnum það á lokadögum og lokamínútum þinghalds að fjalla á einhvern vitrænan hátt um þessi mál. Það er erfitt að ætlast til þess að umræða um málið verði frjó eða umfangsmikil því auðvitað er hér mikill málafjöldi og það er rekið á eftir okkur með að reyna að komast í gegnum hann. Það er kannski skiljanlegt að einhverju leyti en ég gat ekki látið hjá líða að stikla á stóru í þeim hugmyndum eða þeim tilfinningum sem farið hafa gegnum huga minn í þessari vinnu. Mér er mjög mikið í mun að hér verði staðið þannig að málum að umferðaröryggisáætlun á Íslandi verði ekki bara orð á blaði sem flaggað verði á tyllidögum heldur látum við verkin tala og setjum til málaflokksins alla þá fjármuni sem þarf þannig að umferðaröryggisáætlun á Íslandi standi undir nafni.

[16:15]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór yfir marga hluti í ræðu sinni. Rétt til að byrja með var minnst á umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar sem er í sjálfu sér ágætis plagg og allt það en ég sagði við 1. umr. hér í þinginu um frv. um umferðarlög að það besta sem R-listinn hefði getað gert til umferðaröryggismála hefði verið — ja, ég orðaði það svo, að „lufsast til þess setja fram stefnumótun fyrir fjölförnustu gatnamót landsins, þ.e. gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar". Það er loksins gert núna og ég vil vekja athygli þingmanna á auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu þar sem eitt tiltekið bílafyrirtæki sagði að þar hefðu verið 75 slys á hverju ári. Það vita allir sem vilja vita að Reykjavíkurborg undir forustu R-listans gat ekki ákveðið sig akkúrat um þessi tilteknu gatnamót. (**Gripið fram í:** ... bílafloti ...)

Varðandi rétt aðeins þetta af því að hv. þm. ... Herra forseti.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gefa hljóð í salnum.)

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir minntist á umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar. Og ég er að segja — einfaldlega að taka eina ákvörðun. Það tók R-listann ein átta ár að komast að þeirri niðurstöðu að það væri gott að setja mislæg gatnamót (**Gripið fram í:** Hvað var Sjálfstfl. að gera ...?) — átta ár, ég vek athygli á því. (Gripið fram í.) Herra forseti, hef ég orðið eða ekki?

Síðan eru ýmis önnur atriði, herra forseti, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á í ræðu sinni, mörg góð og gegn. Það er alveg rétt að metnaðarfullt markmið er sett fremst í þáltill. sem við erum að ræða hér, 40% fækkun slysa. Það kann að vera að árin 2000–2001 séu kannski ekki akkúrat réttu árin en þegar á heildina er litið tel ég 40% vera metnaðarfullt markmið, markmið sem við eigum að stefna ótrauð að. Að öðrum atriðum kem ég í mínu síðara andsvari.

[16:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer ekki hjá því að kominn sé kosningaskjálfti í sjálfstæðismenn sem búa á höfuðborgarsvæðinu. (Gripið fram í.) Herra forseti, ég hvet hv. þingmann til að kynna sér umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2000, sérstaklega bls. 16 og 17, sem hefur að geyma umferðaröryggisáætlun ásamt með framkvæmdaáætlun þar sem því er skipt niður í smáatriðum hversu miklir fjármunir skuli fara í viðkomandi verkefni.

Varðandi gatnamótin Kringlumýrarbraut/Miklabraut veit hv. þm. ósköp vel að þar erum við að tala um stofnbraut í þéttbýli sem hefur tilheyrt þjóðvegakerfinu og það er ekki bara á ábyrgð Reykjavíkurborgar að taka ákvarðanir um fjármuni í slík gatnamót. Samræða milli borgaryfirvalda og ríkisins hefur verið í gangi og við vitum öll hvernig gengið hefur í samræðum milli ríkisins og Reykjavíkurborgar í þeim efnum.

Varðandi hins vegar það að svo mikinn skjálfta skuli setja í hv. sjálfstæðismanninn við það ég skuli flagga hér metnaðarfullri umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2000 er náttúrlega bara hlægilegt á þessum tíma sem við erum stödd á.

[16:18]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Rétt aðeins varðandi Miklubraut/Kringlumýrarbraut. Það vita allir sem vilja vita að aldrei hefur staðið á þinginu varðandi það að setja pening akkúrat í þessi gatnamót, slysamestu gatnamót landsins. Verkurinn var bara sá að Reykjavíkurborg, R-listinn, gat ekki forgangsraðað því. Á ég að þurfa að rifja upp sögu frá fyrrverandi borgarfulltrúum R-listans um að við skyldum ekki leggja áherslu á einkabílinn heldur setja fólkið allt í almenningsvagna og á reiðhjólin? Það var rökstuðningurinn fyrir því að ekki mátti fara í mislæg gatnamót á Miklubraut/Kringlumýrarbraut. En gott og vel.

Varðandi fjármagnið er alveg hárrétt hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að setja þarf fjármagn í þennan málaflokk. En ég verð að segja það, herra forseti, að ég er nokkuð bjartsýn á að þessi umferðaröryggisáætlun gangi eftir. Og af hverju segi ég það? Það er út af því að það kom skýrt fram í máli margra gesta, ef ekki allra gesta, sem komu á fund allshn. að markmið umferðaráætlunar sem enn er í gildi hafa eiginlega að öllu leyti náðst (**EMS:** Nema ...) — já, nema reyndar ákveðin slysagildra við Miklubraut/Kringlumýrarbraut, það er rétt hjá hv. þm. Einari Má Guðmundssyni, hvað heitirðu aftur? (**EMS:** Heyrðu, þetta er alger skáldskapur.) Engu að síður, herra forseti, þetta er náttúrlega vísbending um að þessi metnaðarfulla umferðaröryggisáætlun sem við erum að ræða hér, herra forseti, komi til með að ganga eftir. Og ég ítreka það að hv. allshn. lagði áherslu á það í nál. sínu að fjármagn væri tryggt til áætlunarinnar en það er ekki sama hvaða leiðir eru farnar í því að fjármagna þessa áætlun eins og ég kom inn á í framsögu minni.

[16:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við getum alveg tekið þessi gatnamót í Reykjavík, Kringlumýrarbraut/Miklabraut, út af dagskrá því það er búið að ákveða að gera mislæg gatnamót þarna (**ÞKG:** Heyr, heyr.) og ég held að við getum öll fagnað því hvar í flokki sem við stöndum. Auðvitað eru þau búin að vera gífurleg slysagildra í gegnum árin og við erum öll sammála um að sú bragarbót sem kemur með mislægum

gatnamótum beri vott um metnaðarfull áform. Við vitum líka að það eru gífurlega kostnaðarsöm áform en við vitum enn fremur að Reykjavík hefur ekki fengið sitt hlutfall af vegafé eins og eðlilegt gæti talist miðað við þann fjölda íbúa sem er hér. Ef við skoðun hlutfallstölurnar, þ.e. hvernig vegafé skiptist á íbúa í landinu vitum við öll sem hér erum í sal að þar hafa Reykvíkingar farið halloka. Þeir hafa ekki fengið sambærilegt fjármagn á íbúa til vegamála eins og veitt hefur verið til þeirra sem búa í dreifbýlinu.

Látum það þá liggja milli hluta. Gatnamótin eru væntanleg. Þau verða mislæg og við hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir deilum sjónarmiðum í þessu máli. Við erum báðar sáttar við að hér skuli eiga að standa að málum á metnaðarfullan hátt. Við erum báðar bjartsýnar manneskjur, herra forseti, þori ég að fullyrða þannig að ég held að við getum öll staðið hér saman um að tekið verði á öflugan hátt á þessum málum í fjárlagavinnunni sem við komum að á hausti komanda.

[16:22]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við höfum rætt hér í dag ýmis mál sem lúta að hæstv. dómsmrh. og nú ræðum við umferðaröryggisáætlun til langs tíma. Það sem verður lykilatriði í því hvort hún komist til framkvæmda eður ei eru þeir fjármunir sem verða settir í hana. Næsta mál á dagskrá á eftir þessu er breyting á umferðarlögum. Þar er m.a. ætlunin að lögfesta viðbótarumferðaröryggisskráningargjald á bifreiðar þveröfugt við það sem menn hafa stefnt að úti um allt samfélag, þ.e. draga úr kostnaði, draga úr gjöldum, halda aftur af hækkunum o.s.frv. Ég verð því að segja, virðulegur forseti, að þrátt fyrir að málið sé kannski sem stendur á forræði allshn. geri ég skýlausa kröfu til þess að hæstv. dómsmrh. verði viðstödd þessa umræðu. Það er alveg fráleitt að halda þessu áfram að öðrum kosti. Í fyrsta lagi þarf að liggja klárlega fyrir hvernig menn hyggjast halda á umferðaröryggisáætlun og hvernig menn hyggjast beita sér í því — lykilatriði þar er hvaða fjármagn kemur fram. Svo verður að koma skýring á því hvernig á því stendur að sífellt er verið að leggja á bifreiðaeigendur aukin gjöld eins og ætlunin er í málinu hér á eftir. Því beini ég því til hæstv. forseta sem ég veit að hefur reynt að ná í hæstv. dómsmrh. að hann reyni nú til þrautar að kalla hæstv. ráðherra til fundar.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti hefur látið hafa samband við hæstv. dómsmrh. sem er á fundi en mun koma í hús að honum afloknum. (**Gripið fram í:** Hvenær lýkur honum?) Forseti veit ekki hvenær þeim fundi lýkur.)

[16:24]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Ég ætla fyrst að gera að umtalsefni ákveðið atriði sem fram kemur í nál. frá allshn. af þeirri ástæðu að þar tel ég í raun og veru nokkuð óvarlega orðaðan ákveðinn hlut. Með leyfi forseta segir í nál.:

„*Í máli gesta nefndarinnar kom fram að markmið síðustu* umferðaröryggisáætlunar hafi í meginatriðum gengið eftir þrátt fyrir mikla fjölgun bíla í umferð en það hafi fyrst og fremst verið samstöðu og einhug viðkomandi aðila að þakka og er því mikilvægt að eins vel verði staðið að framkvæmd þessarar umferðaráætlunar.“

Herra forseti. Því miður er það ekki svo að síðasta umferðaröryggisáætlun hafi verið framkvæmd með slíkum glæsibrag að ástæða sé til að vekja sérstaklega athygli á því að hin nýja umferðaröryggisáætlun skuli framkvæmd á sama hátt. Því miður, herra forseti, hefur alvarlegustu slysunum, þ.e. banaslysunum, fjölgað. Þróunin hefur því miður orðið sú að á ákveðnu árabili höfum við farið úr því sem við getum kallað efsta sæti, þ.e. að vera með fæst dauðaslys á hvern íbúa af Norðurlöndunum, niður í neðsta sætið. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál, og svo alvarlegt að það gengur auðvitað ekki að í áliti nefndarinnar skuli þetta alvarlega mál vera orðað á svo óvarlegan hátt. Með því er verið að gefa í skyn að menn hafi náð öllum þeim markmiðum sem þeir ætluðu sér. Þarna er hins vegar ekki um slíkt að ræða og til viðbótar verður að bæta því við að þegar síðasta tímabili umferðaröryggisáætlunar lauk var ný umferðaröryggisáætlun ekki tilbúin. Nú um nokkurt skeið hefur engin áætlun verið í gildi.

Þessu til viðbótar, herra forseti, er auðvitað eðlilegt að vekja athygli á því að auðvitað hefur fyrst og fremst skort fjármagn til að ná þessum markmiðum. Enn á ný er auðvitað ekki verið að tryggja það. Verulega skortir á að það sé nægjanlega vel að verki staðið með nákvæmri framkvæmdaáætlun. Um það hlýtur að verða tekist á á komandi haustdögum, þ.e. þegar fjárlög koma til umræðu. Við krefjumst þess að það verði taktur í þessum málum og að einmitt verði ekki staðið að þessum málum eins og verið hefur á undanförnum árum.

Þess vegna, herra forseti, tel ég að áður en tillagan verður afgreidd þurfi nefndin að velta því mjög alvarlega fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að breyta þarna örlítið orðalagi. Að vísu er verið að vísa til gesta en hefur ekki nefndin sjálf einhverja skoðun á því hvort ekki væri rétt að setja inn eins og eina setningu um það frá sjálfri sér að það væri ráð að reyna að bæta sig örlítið frekar en að taka þetta sem sérstaka fyrirmynd um framkvæmd? Ástæðan er, herra forseti, eins og ég nefndi áðan að því miður — og ég legg áherslu á það — hafa menn ekki náð að fækka þessum alvarlegu slysum. Það held ég að hljóti að vera sameiginleg markmið okkar allra, að ná betri árangri þar. Við hljótum auðvitað að setja okkur það mark að við verðum í efsta sæti meðal Norðurlanda í þessum efnum en ekki í því neðsta.

Þess vegna, herra forseti, er heldur ekki nægjanlegt að setja sér það mark sem mér skilst á heimildum mínum að sé sama markið og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa, þ.e. að fækka slysum og það alvarlegum umferðarslysum um 40%. 40% fækkun mun þá, herra forseti, ef við náum sömu markmiðum og aðrar Norðurlandaþjóðir, tryggja okkur áfram það sæti sem við því miður erum núna í.

Herra forseti. Það var auðvitað athyglisvert í andsvari áðan að hv. formaður allshn. og frsm. nefndarinnar var afar viðkvæm fyrir því að vitnað væri til umferðaröryggisáætlunar Reykjavíkurborgar. En, herra forseti, það er í raun og veru afar skiljanlegt vegna þess að miðað við mínar heimildir virðast menn hafa náð markmiðum sínum með umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgur fyrir árin 1996–2000, m.a. vegna þess að þar er framkvæmdaáætlunin nákvæm og fjármagnið veitt til umferðaröryggismála í samræmi við þessa áætlun. Það er auðvitað það sem skiptir ekki hvað minnstu máli, að fullur taktur sé í því sem fólk er að gera, það sé ekki bara með fögur orð á blaði og síðan fylgi ekki framkvæmdir og peningar. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki eins og hjá íhaldinu.)

Nei, herra forseti, það er nákvæmlega munurinn. Þess vegna skildum við auðvitað vel þegar hv. þm. lagði á flótta

í málinu og fór að ræða um allt annað en það sem hér er á dagskrá og vildi fara að ræða um ein einstök gatnamót sem við erum að sjálfsögðu ekki að ræða hér, en það er líka skiljanlegt að hv. þm. vildi með því reyna að ýta örlítið undir flokkssystkini sín í borginni, enda mun nú ekki af veita. En ég efast um, því miður, herra forseti, að það muni nokkrum árangri skila. Vegna þess, eins og ég sagði áðan, að á allt annan hátt hefur verið staðið á að málum við þá áætlun sem menn hafa verið að ná fram og náð markmiðum sínum. Þess vegna er það eðlilegt, herra forseti, að hv. þm. beri saman sambærilega hluti og beri saman árangurinn í þeim málum sem hér er verið að ræða.

Þá var líka sérstakt að hlusta á hv. þm. með þá söguskýringu sem fram kom af þeirri einföldu ástæðu að flokkssystkini hv. þm. voru óvart við völd, herra forseti, og allt of lengi við völd í þessari borg og skipulagsmálin voru óvart ákveðin í valdatíð þess flokks sem hv. þm. tilheyrir, þ.e. þessi gatnamót voru byggð af þeim meiri hluta sem þá var í borginni. En þar má auðvitað rekja uppruna málsins og þess vegna held ég að hv. þm. ætti ekki að fara nánar út í söguskýringar.

Herra forseti. Ég legg höfuðáherslu á að auðvitað er mikilvægt að sú umferðaröryggisáætlun sem hér er til umræðu verði afgreidd nú á vordögum af þeirri einföldu ástæðu að í raun hefði þurft að vera búið að því miklu mun fyrr. En ég legg líka jafnmikla áherslu á að samræmi verði síðan haft í hlutunum þannig að á haustdögum þegar lagt verður fram frv. til fjárlaga fyrir þingið, verði því fylgt eftir í tillögum frá dómsmrn. svo tryggt sé að nægilegt fjármagn verði til staðar, þannig að það megi ná markmiðum þeirrar áætlunar sem við munum vonandi samþykkja á næstu dögum.

[16:32]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum öll sammála um að einn þátturinn til að auka umferðaröryggi er sá þáttur að bæta gatnakerfið. Ég nefndi það og ég skil ekki þá viðkvæmni þingmanna að þó ég nefni þessi stærstu og fjölförnustu gatnamót landsins, Miklubraut/Kringlumýrarbraut, að menn verði viðkvæmur fyrir því að ekki var búið að taka ákvörðun um þetta fyrr en núna, að fara í mislæg gatnamót. Hvaða viðkvæmni er þetta? Það vita allir sem vilja vita að forseti borgarstjórnar 1995 eða 1996 ákvað það og sagði að ekki ætti að fara í þau mislægu gatnamót því fólk gæti alveg eins tekið almenningsvagnana eða farið á reiðhjólum. Flettið bara upp í þessu, ágætu þingmenn.

En að öðru leyti (Gripið fram í.) langar mig að fara í það sem hv. þm. sagði út af nefndaráliti og mér finnst miður að hann skuli ekki hafa ráðfært sig við þann þingmann Samfylkingarinnar sem sat fundinn og heyrði í þessum, ja, við skulum þá skilgreina betur gestina, gestirnir voru sérfræðingar (**LB:** Já) — í umferðaröryggismálum þjóðarinnar. Og hvað kemur þar? (Gripið fram í.) Hvað kemur fram þar, herra forseti? Er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á mælendaskrá? (**LB:** Já, já.) Er hann á mælendaskrá, herra forseti?

(**Forseti** (ÁSJ): Já.)

Já, þá kemur að honum. Þannig er það bara.

En svo við höldum áfram með þetta, þá kom sérstaklega fram þar að markmiðin hefðu náðst og það væri ekki hægt að taka þetta eins og hv. þm. gerði áðan, einhver eitt eða tvö ár því slysin hér eru svo fá miðað við erlendis, smæðin er mikil, eitt árið erum við kannski í efsta skala og annað árið erum við í neðsta skala. En að öllu þessu samanlögðu þá sögðu þeir sérfræðingar að áætlunin sem enn er í gildi hefði náðst í meginatriðum. Ég trúi því ekki að hv. þm. Einar Már Sigurðarson skuli efast um þau orð.

[16:34]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að enginn misskilningur sé á ferðum, þá er að sjálfsögðu ekki nokkur viðkvæmni í því að rætt sé um ákveðin gatnamót í Reykjavík. Þó ekki væri. Hins vegar er málið ósköp einfaldlega þannig að verið er að ræða annað mál hér. Og ef einhver viðkvæmni er í þessu máli, þá er viðkvæmnin hjá hv. þm. vegna þess að hv. þm. virðist ekki geta haldið sig í umræðunni við það mál sem hér er á dagskrá og bera saman sambærilega hluti, þ.e. hvernig umferðaröryggisáætlunin í Reykjavík hefur staðið miðað við þá áætlun og þá framkvæmdaáætlun sem þar hefur verið og síðan þá áætlun sem við erum að tala um eða bera saman við þá sem rann út fyrir nokkrum mánuðum.

Herra forseti. Hér er verið að vitna í orð frá því 1995 eða 1996 til borgarfulltrúa sem þá gegndi því embætti að vera forseti borgarstjórnar. En væntanlega breytist eitthvað á því árabili, frá 1995–1996, og eigum við ekki bara að halda okkur við nútímann og bera saman sambærilega hluti? Ég ætla ekki að fara að eltast við ýmsar ákvarðanir, eins og ég gæti gert, eða ýmsar skoðanir ýmissa bæjarfulltrúa Sjálfstfl. í Hafnarfirði. Það kemur mér bara ekki til hugar vegna þess að við erum hér á Alþingi að ræða um allt aðra hluti. Og við gætum auðvitað verið hér í allan dag að rifja upp ýmsar sérkennilegar vægt til orða tekið skoðanir og fullyrðingar bæjarfulltrúa Sjálfstfl. í Hafnarfirði, t.d. um skólamál, en ég ætla ekki að fara að teygja lopann í þá átt.

En varðandi gestina og þá sérfræðinga sem þar komu og þeir fullyrtu ýmislegt í meginatriðum, herra forseti. Ég benti hins vegar á einn mikilvægan þátt sem ekki hefði náðst fram og að óvarlegt væri að orða þetta svona í nefndaráliti vegna þess að það mætti misskilja það og þess vegna var ég að fara fram á það í fullri vinsemd við nefndina að hún velti því fyrir sér hvort ekki væri rétt að skjóta inn eins og einni setningu til þess að taka af allan vafa í málinu.

En, herra forseti, tími minn er liðinn, ég verð því á eftir að bæta um betur varðandi það sem kom fram hjá hv. þm.

[16:37]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti vænt um að hv. þm. Einar Már Sigurðarson upplýsti okkur um það hér og nú að það tæki R-listann um fimm eða sex ár að taka ákvörðun í jafnmikilvægu máli og að gera mislæg gatnamót á þeim mikilvægu gatnamótum. En það fróðlegt að heyra, fimm til sex ár. Gott og vel.

Varðandi það sem hv. þm. kom einnig inn á í ræðu sinni, að hann vildi beina því til hv. allshn. að fara með málið aftur í nefnd, þá er það reyndar ekki hægt þar sem hér er um síðari umræðu að ræða. Hér er um þáltill. að ræða — sem ég vænti að hv. þm. hafi lesið sérstaklega vel yfir — og þar af leiðandi er ekki hægt að fara með málið aftur í nefnd, enda ekki ástæða til þar sem ég treysti því og trúi að allir þeir nefndarmenn hafi verið viðstaddir þegar gestirnir komu í heimsókn sem fóru mjög vandlega yfir málið með okkur. Við ræddum einmitt það að sú áætlun sem enn er í gildi skuli í meginatriðum hafa haldist, þessi tölfræði sem liggur að baki og af hverju við getum fullyrt það í nefndaráliti að

áætlunin hafi í meginatriðum haldist, við byggðum það á rökum og við byggðum það á gögnum.

[16:38]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst nú velvirðingar á því að hafa ekki áttað mig á hvernig staðan var varðandi það að breyta hér orðalagi, en ástæðan fyrir því að ég fór að vekja athygli á þessu var að ég rak augun einmitt í þetta orðalag og miðað við þau gögn sem ég hafði undir höndum, þá fannst mér þetta ekki passa. Og það var einmitt það sem ég ætlaði að koma inn á varðandi fyrra andsvar hv. þm. sem var um það að ekki væri hægt að bera saman eitt ár eða tvö þegar verið væri að bera saman svona tölur.

Ég vil taka undir það með hv. þm. vegna þess að það er nákvæmlega það sem ekki má gera. Þess vegna verður að taka hið minnsta þrjú ár eða svo og jafnvel lengri tíma. Og það var það sem ég var að gera þegar ég bar saman tímabilin frá 1992–1994 og 1998–2000. Það var akkúrat þá, á því tímabili sem þessi þróun hefur því miður átt sér stað. Það er auðvitað ekkert gleðiefni að slíkt skuli gerast og þess vegna finnst mér að við eigum auðvitað að sameinast í því. Úr því sem komið er verðum við að treysta því að á haustdögum þegar við förum að vinna í fjárlagafrv. fyrir árið 2003, þá verði fullur taktur í málunum og fjármagn muni koma og það vonandi í tillögum hæstv. dómsmrh. um að menn ætli sér að standa við þá áætlun sem hér verður vonandi samþykkt á næstu dögum og þá þurfi menn ekki að deila um það hvort einhver gatnamót eru eins og menn vilja hafa þau, eða að menn hafi verið eitthvað lengur eða skemur að taka ákvarðanir.

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. sé með það algjörlega 100% á hreinu að aldrei hafi tekið langan tíma að taka eina eða neina ákvörðun um gatnamót í Hafnarfirði sem hafi þurft að breyta. En herra forseti, væntanlega verður nú breyting á hvernig ákvarðanir verða teknar í Hafnarfirði eftir næstu bæjarstjórnarkosningar því ýmislegt eins og við vitum, herra forseti, bendir til þess að þar verði breytingar á meiri hluta þrátt fyrir að hv. þm. geri sér fulla grein fyrir að það eru engar líkur á að breyting verði á meiri hluta í Reykjavík.

Umræðu frestað.

Einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 854, nál. 1172.

[16:40]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti efh.- og viðskn. um afgreiðslu á því frv. sem hér er til umræðu. Nefndin fékk á sinn fund ýmsa aðila til þess að kynna málið og svara fyrirspurnum nefndarmanna, auk þess að fá umsagnir frá ýmsum stofnunum og félögum.

Frumvarpið er í tengslum við tvö önnur frumvörp, annars vegar um breyting á lögum um hlutafélög og hins vegar breytingu á lögum um bókhald, þar sem lagt er til að heimila fyrirtækjum að nota erlendan gjaldmiðil í rekstri fyrirtækis síns, annars vegar að þeim verði heimilt að skrá hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hins vegar að heimilt verði að færa bókhald og semja ársreikninga félaga í erlendum gjaldmiðli.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að við umreikning í annan gjaldmiðil skal nafnverð hlutafjár vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn, þannig að ekki fari á milli mála í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 855, nál. 1171.

[16:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Þetta frv. er alveg eins, með sömu breytingu og var kynnt hér áðan í frv. um breytingu á lögum um einkahlutafélög, ég vísa því til framsögu eða álits nefndarinnar um það mál.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með sams konar breytingu og hún gerði við fyrra málið, brtt. sem er á þá lund að við umreikning í annan gjaldmiðil verði miðað við lokagengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok næsta reikningsárs á undan því ári þegar ákvörðun er tekin, eða það gengi sem gilti þegar innborganir hlutafjár fóru fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 582. mál (reiknað endurgjald, breyting ýmissa laga o.fl.). — Þskj. 911, nál. 1211, brtt. 1212.

[16:44]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Efh.- og viðskn. hefur farið yfir það frv. sem til hennar var vísað, 582. mál, um breyting á lögum um tryggingagjald, staðgreiðslu opinberra gjalda og um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa frá fjmrn. og fékk umsagnir frá stofnunum ríkisskattstjóra og hagsmunasamtökum og leggur til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum sem nefndin hefur gert grein fyrir á þskj. 1212. En til glöggvunar eru þær breytingar sem eru í frv. tengdar breytingum sem gerðar voru á síðasta hausti á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjallað er um reiknað endurgjald manna sem vinna við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar og að það endurgjald myndi stofn til tryggingagjalds og til lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í verðbréfum sem eru skráð á skipulegum markaði í Liechtenstein með sama hætti og heimilt er í ríkjum OECD. Loks er ákvæði um að ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu verði kæranleg til ríkisskattstjóra.

Tillögur efh.- og viðskn. um breytingar á frv. kveða annars vegar á um málskotsrétt til ríkisskattstjóra vegna ákvarðana skattstjóra á staðgreiðsluári um reiknað endurgjald, en nefndin leggur til að nánar verði kveðið á um kæruréttinn og þannig leitast við að afmarka upphaf og endi

kærufrests. Er nánar gerð grein fyrir þessu í því þskj. sem brtt. eru prentaðar á.

Í öðru lagi leggur nefndin til að samræmi verði á milli laga um virðisaukaskatt og laga um staðgreiðslu opinberra gjalda hvað varðar skráningu manna inn á virðisaukaskattsskrá annars vegar og launagreiðendaskrá hins vegar. Þetta á að verða til þess að einfalda framkvæmd laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Nefndin er einhuga í afstöðu sinni og leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 583. mál (sektir, barnabílstólar). — Þskj. 912, nál. 1254.

[16:47]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Efh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. um breytingu á tollalögum, með síðari breytingum, og fengið á sinn fund fulltrúa frá fjmrn. og tollstjóranum í Reykjavík jafnframt því að fá umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, Umferðarráði, Verslunarráði Íslands og tollstjóranum í Reykjavík.

Í frv. eru tvö efnisatriði. Annars vegar er lagt til að sektarheimildir tollstjóra verði hækkaðar úr 75 þús. kr. í 300 þús. kr. og er það til samræmis við sektarheimildir lögreglustjóra samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Hitt atriði frv. kveður á um að fella niður 10% toll sem í dag er á barnabílstólum.

Nefndin vekur athygli á því sem fram kemur í athugasemdum við frv., en þar segir að skv. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála sé lögreglustjóra heimilt að leggja sekt á mann vegna tiltekinna brota að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð. Nefndin gerir athugasemdir við það fyrirkomulag að unnt sé að ákveða sektarfjárhæð í reglugerð og bendir dómsmálaráðherra á að taka málið til nánari skoðunar.

Þá leggur nefndin til brtt. við frv. þess efnis að við lögin bætist þrjár nýjar aðaltollhafnir, Grundartangi, Skagaströnd og Vopnafjörður, og leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

[16:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst í ræðustól til þess að fagna þeim breytingum sem lagðar eru til hér og hv. frsm. hefur gert grein fyrir, þ.e. að við bætast nýjar aðaltollhafnir á Grundartanga, Skagaströnd og Vopnafirði. Það er búið að vera baráttumál á Skagaströnd, a.m.k. það ég þekki til, og eins á Vopnafirði, í nokkur ár að hafnirnar fái þessa stöðu. Það hefur verið gríðarlegt hagsmunamál að svo yrði þar sem skipin hafa annars þurft að fara á fjarlæga staði til þess að fá tollafgreiðslu. Breytingartillaga sú sem hér er lögð til og hefur það í för með sér að þessar hafnir fá þessa stöðu, er virkilegt fagnaðarefni og vildi ég koma því hér á framfæri.

Sömuleiðis er líka ástæða til þess að fagna því að feldur skuli vera niður tollur á mikilvægum öryggistækjum eins og barnabílstólum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 596. mál (EES-reglur, ríkisaðstoð). — Þskj. 938, nál. 1213.

[16:50]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Efh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um breyting á samkeppnislögum og fengið á sinn fund fulltrúa frá fjmrn. auk þess að fá umsagnir frá ýmsum aðilum.

Frv. er ætlað að innleiða í samkeppnislög ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 659/1999, en sú reglugerð kveður á um endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Gert er ráð fyrir að ólögmæt ríkisaðstoð verði endurgreidd til ríkissjóðs með vöxtum. Frv. felur jafnframt í sér að í stað viðskiptaráðherra verði fjármálaráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

Nefndin bendir á að í 14. gr. reglugerðar ráðsins, sem fyrr er greint, segir að ekki skuli krafist endurgreiðslu ríkisaðstoðar ef það stríði gegn einhverju grundvallaratriði í bandalagslögum. Þar er jafnframt að finna ákvæði sem tekur á endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar. Þar segir að framkvæmdastjórnin skuli ákveða hæfilega vexti við slíkar aðstæður, en í frv. er gert ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun um vexti. Í 11. gr. reglugerðarinnar kemur svo fram að unnt sé að heimila að endurgreiðsla ríkisaðstoðar sé tengd greiðslu björgunaraðstoðar til hlutaðeigandi fyrirtækis, en slík aðstoð er eingöngu veitt einu sinni til skamms tíma í senn. Nefndin bendir jafnframt á að hér er um að ræða úrræði sem þarf að beita með varkárni þar sem ætlunin er ekki og á ekki að vera sú að gera fyrirtæki gjaldþrota eða koma þeim í fjárhagslega örðugleika þegar ríkisaðstoð hefur ranglega verið veitt.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á frv. þess efnis að í 2. gr. verði notað hugtakið „stjórnvöld“ í stað hugtaksins „hlutaðeigandi stjórnvald“ til þess að enginn vafi leiki á að það sé hlutverk íslenska ríkisins sem slíks en ekki einstakra stofnana þess að afgreiða mál um ólögmæta ríkisaðstoð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 2. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 497, nál. 1195, brtt. 1196.

[16:53]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um útflutning hrossa á þskj. 1195 ásamt brtt. á þskj. 1196.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá landbúnaðarráðuneyti, frá Félagi hrossabænda, frá Landssambandi hestamannafélaga. Umsagnir bárust frá Bændasamtökum Íslands, Félagi hrossabænda, Hagþjónustu landbúnaðarins og Landssambandi hestamannafélaga. Þá bárust nefndinni tilmæli frá öðrum aðilum.

Með frv. er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um útflutning hrossa. Veigamestu breytingarnar frá gildandi

löggjöf eru ítarlegri ákvæði um útgáfu sérstaks vottorðs, svokallaðs hestavegabréfs, sem gert er ráð fyrir að fylgi (Gripið fram í.) hrossinu alla tíð og er það í samræmi við skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig sem upprunaland íslenska hestsins. (Gripið fram í.) Þá felst í frv. að útflutningsgjald verður fellt niður en í stað þess er gert ráð fyrir að útflytjendur greiði allan kostnað við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu hestavegabréfa en áfram verður þó innheimt gjald í stofnverndarsjóð.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að þónokkur andstaða var við ákvæði frv. og gildandi laga um forkaupsrétt innlendra hrossaræktenda að úrvalskynbótagripum. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað hefur forkaupsréttur aðeins verið nýttur einu sinni og virðist í ákveðnum tilfellum sem forkaupsrétturinn hafi haft hamlandi áhrif á viðskipti og útflutning hrossa. Nefndin telur því rétt að fella niður ákvæði um forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum en leggja í stað þess til að hrossaútflytjendur skuli tilkynna Bændasamtökum Íslands um útflutning á slíku hrossi. Tilkynningarskyldan ætti þannig að auðvelda samtökunum að hafa yfirsýn yfir útflutning úrvalskynbótagripa frá Íslandi.

Nefndin var einhuga í afgreiðslu sinni og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. rita allir hv. nefndarmenn og Guðjón A. Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

[16:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Um þetta mál hefur töluvert verið fjallað í hv. landbn. eins og lög gera ráð fyrir og voru gerðar nokkrar breytingar á frv. nú þegar það var afgreitt út úr nefndinni. Fyrsta breytingin er sú að í 1. gr. er ákveðið að fella niður ákvæði sem fjallar um að ekki megi flytja úrvalskynbótagripi úr landi nema málið fari í sérstakan farveg og að það sé innlendur forkaupsréttur.

Um þetta atriði reyndist vera gríðarlegt ósætti og ákvæðið sem hefur verið í lögunum hingað til reynist hafa verið óvirkt. Til dæmis stendur í einni umsögn sem við fengum og fjallar sérstaklega um forkaupsréttarákvæði, að hross með mjög hátt kynbótamat verði að auglýsa til forkaups eigi að senda það úr landi. Jafnvel þó svo að eigandi hrossins sé að flytja búferlum með eign sína er þetta ákvæði virkt. Aðeins í einu tilfelli hefur forkaupsréttur verið nýttur. Þá var keyptur hestur á háa upphæð af hrossaræktarsambandi en enginn áhugi reyndist fyrir hestinum hjá ræktendum hér á landi svo að um ári síðar var hesturinn seldur úr landi á mun lægra verði.

Eftir að hafa farið mjög vel yfir málið í hv. nefnd töldum við að þessu máli yrði jafnvel betur fyrir komið með því að það ríkti tilkynningarskylda, þ.e. ef hesturinn færi yfir ákveðinn stigafjölda og reyndist úrvalskynbótagripur þá væri skylt að tilkynna það ef hann væri seldur úr landi. Það er hugsað þannig að þá geti innlendir aðilar e.t.v. gengið inn í kaupin.

Nokkuð var rætt hvort ástæða væri til að óttast að þetta tilkynningarákvæði yrði misnotað þannig að ef menn vildu selja gripi á háu verði þá tilkynntu þeir að borist hefði tilboð í hann frá útlöndum til þess að reyna að særa fram innlent tilboð. En ekki reyndist vera mikill ótti um að um slíkt gæti verið að ræða í einhverjum mæli.

Eitt meginefni frv. var að öllum hrossum sem flutt eru úr landi skuli fylgja vottorð, svokallað hestavegabréf, gefið út af Bændasamtökum Íslands, sem skuli staðfesta uppruna og ætterni hrossins og hver eigendasaga þess sé, og að útflytjendur hrossa eigi að greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbrh. staðfestir að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands. Svo eru tekin út úr 4. gr. ákvæðin um forkaupsréttinn sem ég vitnaði til áðan og kemur í staðinn viðbót við greinina um að sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum sem ákveðin eru um kynbótagripi skuli það tilkynnt Bændasamtökunum án tafar.

Ýmislegt áhugavert kom fram hjá þeim sem komu til viðtals við nefndina. Sérstaklega er til að taka að bændur og hrossaræktendur virtust almennt sáttir við að taka á sig þetta gjald með þeim hætti sem hérna er fyrirhugað og sjá sjálfir um heilbrigðisskoðun á þeim hrossum sem þeir hyggjast flytja út og fá fyrir þessi hestavegabréf. En hrossaræktendur höfðu miklar áhyggjur af öðrum atriðum, þ.e. markaðsmálum. Þeir ítrekuðu hjá nefndinni nauðsyn þess að það þyrfti að vinna að markaðsmálum á þann hátt að unnt væri að bæta afkomu í greininni. Þeir bentu á að komið hefði fram í umræðum um sameiningu og samþjöppun í hestageiranum að eitt brýnasta málefnið sem hestamenn þurfi að vinna að séu markaðsmálin og eins og málum sé háttað núna sé erfitt að finna þessum málaflokki stað, fyrst og fremst vegna fjárskorts. Því óskar Félag hrossbænda eftir því að leitað verði nýrra leiða til fjármögnunar markaðsstarfs hrossabænda og minntu þeir mjög á þetta baráttumál sitt þegar þeir komu fyrir nefndina.

Ég sit í hv. landbn. sem annar fulltrúi Samfylkingarinnar. Hinn fulltrúinn er Karl V. Matthíasson. Við skrifuðum undir frv. án fyrirvara þegar farið hafði verið vel yfir það innan nefndarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:03]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1273; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1274.

Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), 622. mál, nál. utanrmn., þskj. 1267.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), 623. mál, nál. utanrmn., þskj. 1268.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), 636. mál, nál. utanrmn., þskj. 1269.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 672. mál, nál. utanrmn., þskj. 1271; brtt. utanrmn., þskj. 1272.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, 686. mál, nál. utanrmn., þskj. 1270.

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, frh. síðari umr.

Stjtill., 599. mál. — Þskj. 945, nál. 1229.

[17:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræddum fyrr í dag stefnumótun um aukið umferðaröryggi og sá sem hér stendur óskaði eftir því að hæstv. dómsmrh. kæmi til fundar. Hæstv. dómsmrh. hefur orðið við þeirri ósk minni og fagna ég því sérstaklega að hún skuli heiðra okkur með nærveru sinni.

Ég hef mál mitt á því að gera grein fyrir hvers vegna ég óskaði eftir að hæstv. dómsmrh. væri viðstödd sem hefði þó kannski ekki átt að þurfa að bera fram sérstaka ósk um, eðlilegt hefði verið að hún hefði verið hér í upphafi. Ástæðan er sú að stefnumótun um aukið umferðaröryggi sem við ræðum hér mun fyrst og síðast taka mið af því hvaða fjármagn verður lagt í málaflokkinn. Hún mun algerlega standa og falla með fjármagni frá Alþingi, þ.e. hvaða árangri hæstv. ráðherrar munu ná í þeirri baráttu að draga fé til málaflokksins. Yfirleitt er það sem kemur þaðan afgreitt héðan úr þinginu. Það skiptir því grundvallarmáli hvaða áherslu hæstv. dómsmrh. mun leggja á málið og hvaða fjármuni um er að ræða. Þetta eru atriði sem er algjörlega nauðsynlegt að liggi fyrir í umræðunni um stefnumótun um aukið umferðaröryggi vegna þess að annars eru þetta bara hugguleg orð á blaði, merkingarlaus. Þess vegna er gott að kalla fram yfirlýsingu um þessa hluti á hinu háa Alþingi þannig að við getum áttað okkur á því hvað hér er í raun og veru á ferð. Við áttum okkur á markmiðunum en við áttum okkur ekki á því hvað á að leggja til þess að ná þeim, hvort auka eigi fjármuni til þessara hluta o.s.frv. Vitaskuld gátum við ekki fengið neinar skýrar upplýsingar um það í nefndinni, eðli málsins samkvæmt. Ég beini því þessari fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.: Hvernig hyggst hún beita sér í því að fá aukið fjármagn í þetta verkefni?

Síðan vil ég segja það, virðulegi forseti, að í nefndinni átti sér stað talsverð umræða um hvað verið væri að samþykkja, hvort hér væri verið að taka undir þá áherslupunkta sem fram koma í athugasemd með tillögunni eða hvort verið væri að samþykkja tillöguna og tillögutextann einan og sér. Eftir talverða umræðu skildi ég það svo að fyrst og fremst væri verið að samþykkja þann texta sem hér er, og er ekki langur. Hann er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á næstu ellefu árum, eða fyrir lok ársins 2012, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um umferðaröryggismál. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega."

Ég vil segja það sem mína skoðun, virðulegi forseti, að hér eru markmið sem eru vel þess virði að stefna að enda stöndum við öll sem erum í allshn. að baki þessum markmiðum en við verðum hins vegar að átta okkur á því hvernig á að ná þeim.

Ég held að vissast sé að árétta líka, virðulegi forseti, vegna þess sem kemur fram í athugasemdum með tillögunni þar sem vitnað er til 15 punkta að ég lít svo á — og ég held að flestir í nefndinni geri það — að ekki sé verið að samþykkja áherslupunktana sem hér eru og ekki þann fjölda nefnda sem ætlað er að stofna um alla skapaða hluti þannig að það liggi alveg fyrir hver vilji þingsins er í þessu máli. Í nál. frá allshn. segir líka um þessa punkta, með leyfi forseta:

„Nefndin tekur að öðru leyti ekki afstöðu til fyrrnefndra atriða í athugasemdum með tillögunni þótt þau hafi verið rædd í nefndinni en telur rétt að leggja áherslu á eftirfarandi" o.s.frv.

Það eru líka nokkrir punktar nefndir hér sem var alveg augljóst að nefndin stóð alls ekki að, a.m.k. stór hluti nefndarinnar, svo að því sé haldið til haga. Reyndar held ég að hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir hafi nefnt það í framsögu sinni að því er varðar punkt nr. 6 að nefndin hafi ekki tekið undir þær hugmyndir sem þar koma fram þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Starfshópurinn gerir tillögu um að sektir sem innheimtast vegna aksturs gegn rauðu ljósi, hraðaksturs og ölvunar við akstur renni í sérstakan sjóð, „eftirlits- og þróunarsjóð lögreglunnar"."

Vissulega voru mismunandi sjónarmið uppi en eins og ég skildi þá umræðu sem fram fór held ég að stór hluti nefndarinnar hafi talið að ekki væri verið að samþykkja þennan punkt, og var það sérstaklega tekið fram.

Eins er með nokkur önnur atriði sem koma fram í athugasemdunum. Þess vegna er mikilvægt að fá líka yfirlýsingu um það frá hæstv. ráðherra hvort hún hyggist skipa allar þær nefndir sem þessar tillögur gera ráð fyrir. Að sumu leyti eru það brosleg verkefni sem þeim er ætlað að framfylgja, m.a. í tölulið 2 þar sem talað er um helstu niðurstöður starfshópsins. Þar er lagt til að komið verði á fót nefnd sem ákvarði frekar verkaskiptingu einstakra ráðuneyta o.s.frv. Ég er sannfærður um að ef ætlunin er að skipta verkum frekar upp á milli ráðuneyta mundi Alþingi vilja koma að því verkefni á einhvern hátt, og ekki eins og hér segir:

„Lagt er til að skipuð verði nefnd sem leggi fram tillögur um verkaskiptingu og ábyrgð aðila."

Ég vil að það liggi alveg fyrir, virðulegi forseti, að þennan punkt er ég ekki að samþykkja, og ég held satt best að segja fæstir í allshn. ef ég leyfi mér að nefna það.

Þá er hér líka í töluliðum 3 og 5 gert ráð fyrir sérstökum nefndum sem eigi að koma — virðulegi forseti, ég verð að biðjast afsökunar á því að þetta stendur eitthvað í mér og þarf ekki að koma á óvart — á laggirnar. Það sem við leggjum miklu frekar áherslu á er að við sjáum fjármagn koma í þennan málaflokk og við sjáum einhverjar aðgerðir en ekki að sú nefnd sem skipuð verður leggi til að fleiri nefndir verði skipaðar. Og einhvers staðar í þessu öllu saman er m.a. nefnt að ekki væri síðra að í einhverjum af þessum nefndum sæti fólk sem situr bæði í allshn. og samgn. Nú vill svo til að formaður allshn. situr einnig í samgn., og sá sem hér stendur sömuleiðis. Ég tók þetta eiginlega eins og hæstv. ráðherra ætlaði að skipa mig í einhverja nefnd — það hefur ekki komið fram berum orðum en ég skil textann þannig á meðan hann hefur ekki verið leiðréttur — ekki nema verið sé að leggja grunn að formanni í einhverjum nefndum á vegum hæstv. ráðherra. Í 3. tölulið kemur t.d. fram það sem ég er að nefna:

„Starfshópurinn leggur til að skipuð verði umferðaröryggisnefnd á ný og að hún verði skipuð á svipaðan hátt og gert er hjá mörgum öðrum þjóðum. Nauðsynlegt er að í hana veljist þingmenn, t.d. úr allsherjar- og samgöngunefnd."

Ég tók því þannig, virðulegi forseti, að með þessu væri hæstv. ráðherra að gera því skóna að hún ætlaði að skipa mig

í umferðaröryggisnefnd þar sem ég á sæti í báðum þessum nefndum og ég er tilbúinn að skoða það komi það til umræðu. Og kannski hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sitji þar einnig. (**Gripið fram í:** Þarf ekki einhver að vera formaður?) Ja, mér sýnist, virðulegi forseti, að ég uppfylli öll hæfisskilyrði til að taka að mér forustu í þessari nefnd ef marka má það sem fram kemur í þessum tölulið.

En að öllu gamni slepptu finnst mér vera mikilvægt áður en þetta mál verður afgreitt að vilji þingsins liggi fyrir, og að skilningur hæstv. ráðherra liggi líka fyrir í því hvað verið er að samþykkja. Umræðan tók talsverðan tíma í allshn. og menn töldu að hér væri verið að samþykkja þessa tillögu en ekki gefa undir fótinn með neitt af þeim áhersluatriðum sem hér koma fram.

Virðulegi forseti. Það eru fyrst og fremst þessar tvær grundvallarspurningar sem ég vildi leggja fyrir hæstv. ráðherra, þ.e. í fyrsta lagi hvernig hún hyggist beita sér í því að fá inn í þennan málaflokk fjármagn þannig að við munum eiga möguleika á að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Það er vitaskuld forsendan fyrir því að við getum samþykkt till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi og þá ekki síður að við séum að samþykkja þann texta sem hér er en hitt séu aðeins hugmyndir sem þingið tekur ekki á neinn hátt afstöðu til. Ég held að þetta verði að liggja fyrir áður en við afgreiðum tillöguna Þá þætti mér líka vænt um, virðulegi forseti, af því að hæstv. ráðherra hefur heiðrað okkur með nærveru sinni í þessari umræðu að hún komi í ræðustól og *geri Alþingi grein fyrir þessum hlutum.*

[17:16]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að nota tækifærið og þakka hv. allshn. fyrir afskaplega góða vinnu í þessu máli. Ég lít svo á að umferðaröryggismál séu þverpólitískt mál sem snerti alla landsmenn og okkur beri að vinna saman að.

En það voru einkum tvær spurningar sem hv. þm. beindi til mín og ég vil reyna að svara þeim hér. Þess er fyrst að geta að það eru auðvitað ýmis verkefni sem umferðaröryggisáætlun kveður á um sem krefjast aukins fjármagns á gildistímanum til 2012, og á fjárlögum ár hvert á tímabilinu verður tekin afstaða af hálfu þingsins til tillagna þar að lútandi.

Það er þó ekki þannig að alls staðar þurfi sérstaklega fjármagn til hluta, það er margt sem hægt er að gera án þess að það komi til. Og auðvitað gerist það líka í samhengi við aukna áherslu t.d. í löggæslumálum og er sérstaklega ánægjulegt hvað frumkvæðisvinna lögreglunnar hefur skilað sér vel í þessum efnum. Það hefur sýnt sig að búið er að stórauka umferðareftirlit og auka mjög afskipti af mönnum sem brjóta gegn umferðarlögunum.

Með þeirri stefnumótun er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri framkvæmdanefnd sem hafi með höndum það verkefni að tryggja að unnið sé í samræmi við umferðaröryggisáætlun. Einnig verði gerð markviss framkvæmdaráætlun sem m.a. fjalli um fjármál. Benda má á að stefnumótun gerir ráð fyrir nýjum tekjustofni fyrir umferðaröryggismál, tillaga 6 var nefnd hér áðan, tillaga um þróunarsjóð lögreglunnar sem gerir ráð fyrir að sektir renni til þess málaflokks a.m.k. að nokkru leyti. Mér finnst í sjálfu sér allt í lagi að sú tillaga sé skoðuð þótt vafalaust geti verið deildar meiningar um hana, t.d. vegna þess að ekki verði talið heppilegt að tengja saman störf lögreglu og innheimtu sekta. En þetta fyrirkomulag tíðkast þó í ýmsum öðrum löndum.

Við erum að tala hér um þáltill. og þingið er að lýsa vilja sínum í þessu máli. Við erum ekki að tala um einhver lagaákvæði heldur ályktun þingsins og stefnumótun sem verður reynt að framfylgja.

[17:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að hér er á ferðinni þverpólitískt mál og allir flokkar standa að því og standa að baki þeim markmiðum sem menn hafa sett sér. Hins vegar þarf ekki að fara í grafgötur með að það sem skiptir hér sköpum og skiptir öllu í því hvort þeim markmiðum verður náð ræðst af því hvaða fjármagn verður sett í málaflokkinn. Og þó að hæstv. ráðherra eigi kannski ekki nema ár eftir á sínum stóli, a.m.k. ekki á þessu kjörtímabili, hvað svo sem verður eftir næstu kosningar, þá munum við sjá a.m.k. við næstu fjárlagagerð þær áherslur sem hæstv. ráðherra hefur. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að hún muni beita sér í því af fullum þunga að tryggja aukið fjármagn í *samræmi við þá þáltill. sem hér er verið að samþykkja,* og ég skildi hana einnig þannig að þær hugmyndir sem fylgja þessari þáltill. og eru tilteknar í 15 liðum komi aðeins til skoðunar og ekkert liggi fyrir um það, a.m.k. er það þannig hér í þinginu að þingið er ekki að samþykkja þær tillögur sem þarna koma fram.

Ég vil einnig ítreka að ég hefði af því miklar áhyggjur ef tengja ætti saman sjóð eins og fram kemur í 6. tölulið og innheimtu sekta. Ég held að í því tilviki sé ekki ástæða til að *vera með einhvers konar hvatakerfi í þessum efnum,* ég held að það geti verið stórhættulegt þó að maður skuli nú aldrei fullyrða um það, en ég er ekki viss um að sú hugsun gangi upp. Þetta er a.m.k. skilningur minn á orðum hæstv. dómsmrh. og sé hann réttur þá verð ég að segja að ég mun styðja þessa tillögu alveg heils hugar.

[17:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú vita hv. þm. að við höfum verið með umferðaröryggisáætlun í gildi hér á síðustu árum og það vill svo vel til að það markmið sem sett var í þeirri áætlun, þ.e. að fækka slysum í umferðinni, hefur náðst og það þrátt fyrir að bifreiðum hafi fjölgað alveg gríðarlega. Það er því ekki spurning að ég hef þegar lagt mikla áherslu á umferðaröryggismál og það er líka gert með aðstoð þingsins þar sem þingið þarf auðvitað að samþykkja í fjárlagagerð auknar tillögur t.d. til löggæslu. Ég tel að þegar sé búið að ná miklum árangri í þessum málum. En það breytir því ekki að alvarleg slys eru allt of mörg og þess vegna þurfum við að efla enn frekar þetta átak og standa saman í því.

En ég skil ekki alveg af hverju hv. þm. er alltaf að tala um að það þurfi að koma skýrt fram að þingið sé ekki að samþykkja þær tillögur sem hér koma fram. Hér er verið að fjalla um þáltill. sem þýðir það að þegar hún er samþykkt eftir síðari umræðu þá er það tillaga þingsins. Það er vilji þingsins sem kemur fram í þeirri tillögu. Það er því náttúrlega alveg ljóst að eftir að hv. þm. hafa fjallað um þáltill. í hv. allshn. og jafnframt um umferðaröryggisáætlun þá er verið að lýsa ákveðnum vilja í þessu sambandi, verið er að styðja þarna ákveðna áætlun. En í áætlun felst ekkert endilega það að allt verði framkvæmt frá a til ö sem talið er upp í smáatriðum í þeirri skýrslu. Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. að þar geta verið ýmis atriði sem geta verið deildar meiningar um.

Ég tók eftir því fyrr í umræðunni að m.a. var minnst á það að Ísland kæmi ekki nógu vel út í samanburði við önnur

lönd. Mig langar til að benda á mynd nr. 6 í skýrslunni til að sýna það að þar er Ísland í þriðja sæti, aðeins Noregur og Svíþjóð hafa náð meiri árangri, og það held ég að sé mjög góður árangur.

[17:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki kynnt mér í þaula hvort það sé rétt sem hér segir að þau markmið hafi náðst sem sagt er að hafi náðst á árunum 1997–2001, ég skal ekkert um það fullyrða. Hins vegar hefur komið fram í umræðunni að menn hafa dregið í efa að það sé rétt sem hérna kemur fram, það hefur a.m.k. verið dregið í efa en ég ætla ekkert að fullyrða neitt um það því að ég hef ekki kynnt mér það í þaula.

Hins vegar er engin tilviljun að verið sé að ræða hvað hér er á ferðinni og hvað verið er að samþykkja, því að sú umræða fór fram í allshn. Við erum bara að samþykkja þennan texta, þennan tillögutexta, það var skilningur okkar. Með því erum við ekki að samþykkja þá 15 punkta sem nefndir eru í athugasemdunum. Ég vil að þetta liggi alveg klárt fyrir þannig að menn viti nákvæmlega hvað það er. Þegar þáltill. er samþykkt verður auðvitað að samþykkja textann en hins vegar er ekkert óeðlilegt að skýra textann í samræmi við athugasemdir.

Það sem ég er að segja er að athugasemdirnar sem koma fram og þær tillögur sem þar koma fram eru þess eðlis að margar þeirra fengu mjög neikvæða umræðu í allshn., og þegar við ræddum þetta var ákveðið að taka þetta út og lýsa því yfir að að öðru leyti gerðum við ekki athugasemdir við þær tillögur, en fyrst og fremst værum við að samþykkja tillögutextann, ég vil að það liggi fyrir. Og ef hæstv. ráðherra fer þá leið að fylgja eftir þeim 15 tillögum eða svo þá er það ekki vegna þess að Alþingi hafi samþykkt það heldur vegna þess að hæstv. ráðherra hefur tekið ákvörðun um að gera það sjálf.

[17:26]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að koma að nokkrum atriðum varðandi umræðu um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Við fyrri umr. málsins lýsti ég yfir ánægju með það markmið sem sett er í þáltill. um að stefnt skuli að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 40%, miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001, fyrir lok ársins 2012. Ég tel þetta vera mjög metnaðarfullt markmið til að stefna að.

Þá vil ég og fagna þeim áherslum sem koma fram í nál. frá allshn. sem er samhljóða í áliti sínu og, með leyfi forseta, vitna ég í nál.:

„Nefndin gerir sér grein fyrir að tillagan um umferðaröryggisáætlun 2002–2012 felur í sér viðamiklar aðgerðir sem munu kalla á aukið fjármagn til umferðarmála. Nefndin telur þó að þær muni leiða til verulegs sparnaðar með fækkun umferðarslysa og leggur því áherslu á nauðsyn þess að fjármagn verði tryggt til framkvæmdaráætlunarinnar. Jafnframt telur nefndin brýnt að gert verði hið fyrsta kostnaðarmat fyrir áætlunina sem lögð verði fyrir allsherjarnefnd strax á næsta þingi."

Ég tel, virðulegi forseti, að nefndin hafi þarna tekið góða afstöðu og gert sér grein fyrir því að það muni ekkert gerast nema til komi bein framkvæmdaráætlun sem er jafnframt studd fjármagni.

Hitt er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. áðan að það má margt gera án þess að það kosti verulegt fjármagn. Hugarfarsbreyting eða styrking hugarfars skiptir máli til að umferðin mótist með þeim hætti að úr slysum dragi. Ég held að það sé kannski einn veigamesti þátturinn í þessu, það hugarfar til umferðarmála, og þar líti hver og einn í eigin barm. Ég tek alveg undir það hjá hæstv. dómsmrh. að þar er ábyggilega hægt að ná árangri án þess að þar séu fjárútlát og beinn sparnaður verði fyrir hvern og einn og samfélagið í heild. Ég tel það mikilvægt og hefði kannski mátt draga þennan þátt fram í nál., mikilvægi afstöðu og hugarfars hins almenna vegfaranda í umferðaröryggismálum. Það verður seint ofgert í því, án þess að ég sé neitt að telja að við séum verr á vegi stödd, síður en svo, hvað það varðar en aðrar þjóðir, þá er það í sjálfu sér ekki neinn mælikvarði sem við mælum okkur við. Við erum fyrst og fremst að horfa á okkar eigin árangur.

Það sem í annan stað hvatti mig til þess að koma hér með ítrekaðar ábendingar var að ég gat þess við fyrri umr. að ég teldi að umferðaröryggismál og áherslan á umferðaröryggismál ætti að koma inn í hinn samræmda texta fyrir gerð heildstæðrar samgönguáætlunar sem liggur fyrir í þinginu, að inn í samgönguáætlunina, inn í þá lagaumgerð sem verið er að setja um vinnu við samgönguáætlun, hefði átt að koma texti sem lyti að umferðaröryggismálum.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað sjá í þessu nál. aukna hvatningu til að svo yrði. Ég gagnrýndi það líka í umræðunni um samgönguáætlunina, um frv. til laga um samgönguáætlun þegar það kom hér til 1. umr. og einnig til 2. umr., að áherslan tæki ekki tillit til umferðaröryggis og umhverfismála og ég mun gera það áfram þegar það frv. kemur til 3. umr.

En það er alveg ótækt að ráðuneyti sem fer með þann meginflokk mála sem lýtur að samgöngumálum skuli ekki með markvissum hætti taka öryggismál inn. Það er bara alveg ótækt og því sjónarmiði mínu vil ég koma hér á framfæri. Það er hvergi minnst á umferðaröryggismál í megintexta laganna og ekki heldur með afgerandi hætti í greinargerðinni sem fylgdi frv. Þar er minnst á aðra þætti eins og þá að hinar einstöku undirstofnanir samgrn. — það er sett í lög — þurfi að vinna saman að stefnumótun í umferðarmálum. Það er dregið fram. Gott og vel með það ef það er eitthvert vandamál. En að þessi áhersluatriði sem hæstv. dómsmrh. hefur svo virkilega mælt hér fyrir af þunga — ég met það — skuli ekki tekin inn í samgönguáætlun sem áherslupunktur í þeim markmiðssetningum sem þar eru sett, finnst mér bara vera bara veikleiki og fráleit nálgun.

Þegar við veltum fyrir okkur hugarfarslegri nálgun hins almenna vegfaranda hvað öryggi varðar sem ég minntist á hér áðan og tel afar mikilvæga og lykilatriði í umferðinni þá er ekki síður mikilvægt að einmitt þetta hugarfar, þessi hugarfarsnálgun sem lýtur að umferðaröryggismálunum sé einnig í heiðri höfð í öðrum ráðuneytum sem að þessum málum koma, og fyllilega af fullum þunga. Ég er ekki að gera því skóna að það sé alls ekki gert. En ég gagnrýni hér að það sé ekki gert af þeim þunga sem þörf er á og af þeim þunga sem ég finn að hæstv. dómsmrh. leggur í þetta mál.

Það er gott að beita sektum og viðurlögum og ræða upp lögreglumönnum meðfram þjóðvegum og þess háttar. Ég er ekkert hrifinn af því að við þurfum að byggja umferð okkar upp á því að vera lögregluríki þó ég sé ekki heldur að mæla gegn því að hér sé haldið uppi eðlilegu umferðareftirliti. En umferðarmenning skapast ekkert á þeim forsendum. Það held ég sé fráleit nálgun, þ.e. að hugarfarsleg umferðarmenning skapist á forsendum lögregluvaktar. Það held ég sé fráleitt og ég held að engum detti það í hug.

Í nálgun á stefnumörkun í samgöngumálum og í umferðarmálum verður að hafa umferðaröryggismálin inni. Ég mun aldrei þreytast á því að gagnrýna að það skuli ekki vera gert.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér í lokin hvetja hæstv. dómsmrh. til að beita sér fyrir því að ákvæði sem lúti að þessu komi inn í samgönguáætlun við lokaumfjöllun hennar hér við 3. umr. Ég vil benda á að ég flutti brtt. við þessa samgönguáætlun sem að mér fannst vera mjög eðlileg og sanngjörn. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Samgönguáætlun skal vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum."

En þetta fékkst því miður ekki samþykkt við 2. umr. Það sýnir mér enn hversu mikill skortur er þeirri sýn sem ég vil sjá hér í umferðarmálum og umferðaröryggismálum í nálgun þessa máls.

Hins vegar dregið fram í samgönguáætlun að huga þurfi að verktökum og öðru slíku við mannvirkjagerðina og það er alveg hárrétt. En þessa sýn vantar í samgönguáætlunina og ég hvet hæstv. dómsmrh. til þess að beita sér fyrir því að hún verði tekin með eðlilegum og réttmætum hætti inn í þann stefnumörkunarramma sem hér liggur fyrir Alþingi.

[17:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég gat ekki á mér setið að taka aðeins þátt í þessari umræðu eftir að hafa hlustað á umræðurnar fyrr í dag þar sem menn gerðu umferðaröryggismálin á höfuðborgarsvæðinu að umtalsefni. Ég hef nýverið lesið í gegn úttekt Vegagerðarinnar og Línuhönnunar á umferðaröryggi á þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu og finnst þess vegna ástæða til þess að koma inn í þessa umræðu. Ég sé að formaður allshn. er reyndar ekki viðstödd, en hún hafði í frammi ákveðnar staðhæfingar í málefnum höfuðborgarinnar sem ég vildi gjarnan leggja smá orð í belg um.

Hér er verið að fjalla um till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi og er það vel. Markmiðin sem þar eru sett eru í samræmi við markmið í heilbrigðisáætlun um að fækka umferðarslysum á næstu tíu árum sem Alþingi hefur samþykkt. Það er fullkomlega eðlilegt að menn setji sér markmið og vinni að þeim á fleiri en einum stað.

Ég er alveg sannfærð um að peningar sem settir eru í umferðaröryggismál skila sér í sparnaði annars staðar í kerfinu. Þeir skila sér í sparnaði í heilbrigðiskerfinu, í tryggingakerfinu, í félagslega kerfinu o.s.frv. Því er í rauninni sparnaður að leggja peninga í umferðaröryggi. Ég tek undir þær áhyggjur sem hafa komið fram í umræðunni um að ekki eigi að fylgja fjármagn þeim háleitu markmiðum sem menn eru að setja sér hér í umferðaröryggismálum. Auðvitað er forsenda þess að einhver árangur náist sú að fjármagn fylgi.

Þetta er auðvitað samfélaginu dýrt. Hvert einasta umferðarslys er samfélaginu mjög dýrt. Það er dýrt heilbrigðiskerfinu, fyrir utan allar þær hörmungar og sorgir sem það hefur í för með sér fyrir þá sem í því lenda. Þetta er því vissulega verðugur málaflokkur sem ber að huga að.

Hv. formaður allshn. gerði hér að umtalsefni gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og taldi aðalástæðu þess að umferðaróhöppum hefði ekki fækkað meira að þar væru ekki komin mislæg gatnamót. Hún kenndi öllum öðrum en sjálfri sér þar um og sínum félögum. Þegar maður les í gegnum athugasemdir frá Vegagerðinni og Línuhönnun um áhættustaði eða svarta bletti í borginni og á höfuðborgarsvæðinu í umferðinni kemur í ljós að ýmsir staðir eru mun verri, þar sem fleiri óhöpp og fleiri slys verða en á þeim stað sem hv. formaður allshn. nefndi í ræðu sinni. Í þessari skýrslu sem ég vitnaði til áðan segir t.d. að gatnamót Kringlumýrarbrautar og Bústaðavegar væru einn mesti vandræðagemsinn meðal hnútpunktanna í kerfinu. Þar er þriðji fjölfarnasti hnútpunkturinn með flest óhöpp og næstflest slys. Engu að síður eru gatnamótin mislæg og stór hluti umferðarinnar fer undir brúna án „konflikta" við aðra umferð. Þetta er beint upp úr þessari skýrslu.

Mislægu gatnamótin virðast ekki bjarga öllu í þessum málum. Það er hægt að koma að þessu á ýmsan annan hátt.

Vissulega stendur til að koma á mislægum gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar þar sem allnokkur slysahætta er og þar er einn af verri stöðum í borginni eða á höfuðborgarsvæðinu. Aftur á móti hafa alltaf verið deilur um hvort þarna eigi að vera mislæg gatnamót. Það kom m.a. fram á fundi með Vegagerðinni í síðustu viku að til væru þeir sem legðust gegn því að þarna kæmu mislæg gatnamót, að m.a. legðust rekstraraðilar í Kringlunni gegn því. Það ber auðvitað alltaf að hafa ýmsa þættir í huga.

Vegagerðin talar um það í þessari skýrslu að ástæða sé til að huga að mörgum þáttum hvað varðar umferðaróhöpp og slys á höfuðborgarsvæðinu og leggur áherslu á að samræma þurfi gagnavinnslu um umferðaróhöpp og slys, þ.e. að mikilvægt sé að menn vinni gögnin á sambærilegan hátt þannig að hægt sé að bera þau saman og vinna með þau saman. Það þarf koma inn í slíka vinnu og ég legg til að í þeirri vinnu sem fer í gang um þessi mál verði þessar tillögur skoðaðar. Ég geri ráð fyrir að Vegagerðin geri það.

Síðan er mikið lagt upp úr því að Vegagerðin vinni vel með sveitarfélögunum og safni saman öllum gögnum um umferðaróhöpp og slys á höfuðborgarsvæðinu. Þeir benda líka á það hér að hægt sé að gera ýmislegt og ná ýmiss konar árangri í að fækka slysum með minni háttar aðgerðum sem þurfi ekki að kosta mikið. Þeir telja hér upp t.d. að hægt er að lagfæra að- og afreinar. Það er hægt að setja upp girðingar sem hindra umferð gangandi þar sem við á. Það er auðvitað hægt að gera víða í borginni. Víða er stórhættulegt þar sem gangandi vegfarendur þurfa að fara yfir miklar umferðaræðar, t.d. Kringlumýrarbrautina og á fleiri stöðum. Síðan nefna þeir að hægt sé að loka gatnamótum eða takmarka beygjustrauma og svo að endurskoða stillingu á umferðarljósum, t.d. verja vinstri beygjur. Það kom einmitt fram á fundinum hjá Vegagerðinni að hún teldi að hægt væri að fækka umferðarslysum með því að stilla betur saman umferðarljós því ekki væri nógu vel að því staðið. Þarna er því þáttur sem ber að huga að. Og síðan þarf að vanda betur skilti og merkingar.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu sem ég hóf vegna þessarar umræðu um ástandið á höfuðborgarsvæðinu vil ég að lokum minnast aðeins á Sundabrautina. Hún hefur verið nokkuð til umræðu hér og eru menn ekki alveg á einu máli um hvaða leið skuli farin. Það getur varðað miklu í umferðaröryggismálum hvor leiðin verður valin. Til dæmis má nefna að ef leiðin sem samgrh. hefur dálítið verið hlynntur verður valin, þ.e. að leiða umferðina yfir Sundabrautina og inn á Miklubraut, þá má búast við mun fleiri slysum og aukinni umferð í borginni. En verði aftur á móti farið eftir tillögum bæði meiri og minni hluta borgarstjórnar eins og þeir eru skipaðir í dag — og þar eru menn sammála bæði í meiri og minni hluta — að fara yfir Kleppsvíkina og láta

umferðina ganga niður í bæ, þá mun það hafa í för með sér minni slysahættu en ella. Ég hvet til þess, herra forseti, að menn íhugi það þegar þeir fara að huga að umferðaröryggi hvernig þeir skipa akbrautum í framtíðinni inn í borgina.

Annars ætla ég nú ekki að vitna frekar í þessa skýrslu þó full ástæða sé til þess í þessari umræðu. Ég læt nægja að vísa til hennar í sambandi við þá vinnu sem nú fer í hönd.

[17:45]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan eitthvað á þá leið að ég væri kannski ekki í stakk búinn til að fullyrða neitt um það hvort umferðaröryggismarkmiðin sem stefnt var að á árunum 1997–2001 hafi náðst eða ekki. Því miður fórst fyrir að spyrja um það áðan en í skýrslunni kemur fram að þau hafi öll náðst í meginatriðum. Ég vil gjarnan fá að vita frá hæstv. ráðherra hvaða markmið náðust ekki. Hafi þau ekki náðst nema í meginatriðum eru væntanlega einhver markmið sem ekki hafa náðst. Því þætti mér vænt um það, virðulegi forseti, að ég gæti beint spurningu til hæstv. ráðherra: Hvers konar slys gerðu það að verkum að þau markmið sem að var stefnt náðust ekki?

[17:47]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég held að það sé rétt aðferð að nota orð eins og að „meginmarkmið hafi náðst" þegar við ræðum stefnumótun í umferðaröryggismálum eins og þá áætlun sem var í gildi frá 1997. Auðvitað voru mjög mörg atriði talin upp í þeirri áætlun. Rétt eins og um umferðaröryggisáætlunina 2002–2012 sem liggur nú til umræðu í þinginu voru vafalaust deildar meiningar þar um ýmis atriði, eða sem ekki þótti ástæða til að framkvæma. Meginmarkmiðið var hins vegar að fækka slysum í umferðinni. Það er það sem átt er við.

Ég vil leyfa mér að vísa til inngangsorða minna í þessari nýju skýrslu þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Með umferðaröryggisáætlun sem gekk í gildi árið 1997 var sett markmið um að færri en 200 mundu slasast alvarlega eða látast í umferðinni á ári fyrir lok viðmiðunartímabilsins. Meðaltal síðustu fjögurra ára þar á undan var 278 látnir eða alvarlega slasaðir. Í stuttu máli náðist þetta markmið á árinu 2001 þrátt fyrir að veruleg aukning hafi orðið á bifreiðaeign og þar með magni umferðar í landinu. Ég tel að þessi þróun bendi óneitanlega til þess að árangur hafi náðst eins og að var stefnt og það megi rekja til ýmissa þátta, svo sem aukins eftirlits lögreglu, hertra viðurlaga, en sektir voru hækkaðar verulega á liðnu sumri, bættrar ökukennslu, áróðurs, aukinnar vitundar meðal almennings og síðast en ekki síst til þess að unnið var eftir skýrri framtíðarsýn."

[17:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég bar spurninguna upp er sú að ef maður lítur á bls. 11 og skoðar þar fjölda látinna virðist manni við fyrstu sýn að því miður hafi markmiðið að því er varðar dauðaslys ekki náðst, ekki hafi orðið fækkun á þeim, og það er kannski það sem átt er við þegar talað er um að meginmarkmiðin hafi náðst en eitthvað hafi staðið út af. Það eru kannski þau slys sem við vildum fyrst og fremst koma í veg fyrir og það er vegna þeirra sem við viljum byggja umferðarmannvirki okkar þannig að við getum vænst þess að dauðaslysum fækki til mikilla muna. Það eru þau slys sem skilja eftir stærstu sárin, það eru þau slys sem við höfum mestar áhyggjur af.

Það var kannski þetta sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um og spyrja hana þá hvort tekist hafi á þessum árum að fækka dauðaslysum miðað við þau ár sem á undan voru. Það kemur í raun og veru ekkert fram um þetta í umfjöllun um árangur. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þessi ályktun sem ég dreg af myndum í umferðaröryggisskýrslunni sé rétt.

[17:51]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að skýrslan sýni einmitt að það markmið hafi náðst sem miðað var við í áætluninni frá 1997. Hér segir t.d. á bls. 10, með leyfi forseta:

„Bráðabirgðatölur fyrir árið 2001 gefa til kynna að heildarfjöldi alvarlega slasaðra og látinna hafi verið innan viðmiðunarmarkmiða umferðaröryggisáætlunar en á árinu létust 24 og um 170 slösuðust alvarlega." — Þó er tekið fram á bls. 11 að ekki hafi „náðst eins góður árangur við fækkun minni háttar meiðsla og óhappa þrátt fyrir að framfarir í hönnun bíla hafi orðið nokkrar og notkun bílbelta hafi aukist en það hefur hjálpað til við að draga úr alvarlegum slysum." Það er því alveg ljóst að ákveðinn árangur hefur náðst.

Hitt er annað mál, og ég tek þar undir með hv. þingmanni, að umferðarslys, sérstaklega svo alvarleg sem við erum að ræða um og ég tala nú ekki um banaslys, valda sorg og miklum þjáningum. Þau eru auðvitað allt of mörg og við eigum öll að leggja krafta okkar sameiginlega í að reyna að fækka þeim.

[17:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta kennir okkur fyrst og fremst að við þurfum að leggja mikla rækt við þennan málaflokk. Hér kemur skýrt fram að miðað við 100 þús. íbúa fjölgaði dauðaslysum á árunum 1997–2000 umfram það sem var þar á undan. Þó að í skýrslunni sé fjallað um dauðaslys og alvarleg slys í sama flokknum held ég að það hefði verið til bóta að taka dauðaslysin sérstaklega út. Það eru þau slys sem við viljum koma í veg fyrir eins og hægt er. Við þurfum að horfa til þess að bæta þau umferðarmannvirki sem við getum bætt í því skyni að tryggja að þessu markmiði verði náð. Það hefði kannski verið betra að öllu leyti að draga skýrar fram í umræðunni að varðandi dauðaslysin hefðu markmiðin ekki náðst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 652. mál (Umferðarstofnun o.fl.). — Þskj. 1051, nál. 1258, brtt. 1259.

[17:54]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Við fjölluðum vel um þetta mál í nefndinni og fengum marga gesti til okkar út af þessu máli sérstaklega.

Með frv. eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar á ákvæðum umferðarlaga sem fjalla um stjórnsýslu bifreiðamála. Með þeim skal komið á heildstæðu skipulagi á stjórnsýslu

umferðarmála með því að sameina verkefni Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs og ýmis verkefni dómsmrn. og fela þau einni stofnun sem fái heitið Umferðarstofnun. Til að tryggja markvissari framkvæmd umferðaröryggismála er talið nauðsynlegt að sameina á einum stað málefni ökutækja, umferðarfræðslu og umferðaröryggis og önnur verkefni sem tengjast ökutækjum og umferð. Í öðru lagi lúta breytingarnar að ákvæðum laganna um skilyrði fyrir útgáfu fullnaðarskírteinis og að komið verði á svokölluðu akstursmati með það að markmiði að auka kröfur til ungra ökumanna.

Nefndin ræddi sérstaklega skilyrði frv. um að umsækjandi fullnaðarskírteinis mætti ekki hafa fengið punkta í punktakerfinu vegna umferðarlagabrota í eitt ár samfellt. Við veltum fyrir okkur ákvæðinu í frv. þar sem segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini má gefa út, enda fullnægi hlutaðeigandi eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu umsögn ökukennara um árangur þar sem mælt verði með útgáfu fullnaðarskírteinis,

b. hafi ekki í eitt ár samfellt fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar."

Við viljum sérstaklega taka fram að hér er átt við að umsækjandi megi ekki hafa fengið punkta fyrir umferðarlagabrot á undangengnum 12 mánuðum þannig að það verði samfelldir 12 mánuðir fyrir umsókn um fullnaðarskírteini. Nefndin ræddi einnig nokkuð um hver hvatningin væri varðandi það að fá þetta fullnaðarskírteini. Hún felst í rauninni í því að handhafi fullnaðarskírteinis má fá fleiri punkta án þess að verða sviptur ökuréttindum. Ég heyrði í fréttum frá Umferðarráði í dag að ungur ökumaður sem hafði fengið skírteinið fyrir þremur dögum var sviptur því í dag á grundvelli þess að hann hafði, að mig minnir, farið tvisvar yfir á rauðu ljósi og síðan verið tekinn fyrir hraðakstur. Þegar á heildina er litið hvetjum við unga ökumenn til að brjóta ekki af sér, virða umferðarreglurnar, hugsa um umferðaröryggið, að það skipti máli fyrir þá sem eru almennt í umferðinni og ekki síður fyrir þá sjálfa. Þetta finnst mér afskaplega mikilvægt og ég tel að nefndin sé sama sinnis. Við viljum frekar reyna að nálgast þessa hluti á jákvæðan hátt, hvetja ungt fólk til betri hegðunar.

Þá fjallaði nefndin um Umferðarstofnun. Nefndin telur að stofnun hennar feli í sér einfalt og skilvirkt stjórnsýslukerfi umferðarmála sem er nauðsynlegt fyrir markvissa framkvæmd á því sviði auk þess sem því fylgi hagkvæmt og öruggt rekstrarlegt umhverfi fyrir tölvukerfi sem eru á ábyrgð dómsmrn. eins og þau sem heyra undir Schengen-samninginn og fleira.

Þegar leitað var á sínum tíma, ef við förum aðeins aftur í söguna, árið 1990, var reynt að efla samstöðu um að koma tæknilegri framkvæmd Bifreiðaskoðunar í gott horf. Þegar hún var send til Skráningarstofunnar var forsendan ekki einkavæðing í sjálfu sér heldur að tækni einkamarkaðarins mundi leysa þetta, og hefur í rauninni sá hluti verið til mikillar fyrirmyndar.

Hvað hefur gerst síðan, frá árinu 1990? Við erum búin að fá stjórnsýslulög, upplýsingalög, persónuverndarlög og höfum gerst aðilar að Schengen-svæðinu.

Þegar maður skoðar hlutverk Skráningarstofunnar hf. sér maður að stjórnsýsluverkefnin sem þar eru framkvæmd eiga eðli málsins samkvæmt ekki að vera hjá hlutafélagi eins og Skráningarstofan hf. er en þegar á heildina er litið eru samlegðaráhrif Umferðarráðs og Skráningarstofunnar hf. mikil. Aðalástæðan fyrir þessu er að verið er að flytja hið stjórnsýslulega hlutverk Skráningarstofunnar hf. til Umferðarstofnunar.

Svo ég víki að því sem kom m.a. fram hjá fulltrúum Skráningarstofunnar hf. og var rætt í allshn. — af hverju tökum við ekki bara þennan stjórnsýsluhluta og skiljum tölvukerfið eftir? Hluti af tölvukerfinu er Schengen-skuldbindingar okkar þar sem er lögreglukerfi og fleira þannig að það er getur verið viðkvæmt að skilja þetta eftir, og sumir telja að það samræmist ekki þeim skuldbindingum sem við höfum tekist á herðar í gegnum Schengen-samninginn, að skilja þetta eftir hjá einkaaðila.

Varðandi þetta atriði vil ég benda hv. þingmönnum á það sem stendur í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra skipar verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun Umferðarstofu og annast tilfærslu verkefna frá Umferðarráði og Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofu."

Einmitt þetta atriði ber verkefnisstjórninni að skoða, hvort flytja eigi allan pakkann yfir frá Skráningarstofunni til Umferðarstofnunar, eða Umferðarstofu eins og ég kem síðar að að er tillaga allshn., eða einungis hluta starfseminnar. En það eru sjónarmið sem stangast á eins og ég gat um, herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að smíði og hönnun lögreglukerfanna sjálfra sé hjá einkaaðilum en varslan, eftirlitið, umfangið og starfsemin eiga að vera hjá hinu opinbera, þ.e. hjá lögreglunni, m.a. þessi umfangsmiklu verkefni sem heyra undir Schengen sem oft eru viðkvæmu mál.

Við í nefndinni leggjum til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að heiti Umferðarstofnunar verði breytt í Umferðarstofu. Þá telur nefndin rétt að sviptingu ökukennararéttinda verði á vegum ríkislögreglustjóra og hann veiti jafnframt löggildingu til ökukennslu því þannig sé tryggt að allar upplýsingar verði á einni hendi og afgreiðsla samræmd.

Félag ökukennara telur rétt að hafa þetta hjá ríkislögreglustjóra og að ekki eigi að færa þetta út í lögregluembættin. Að mörgu leyti getur nefndin fallist á þau sjónarmið þ.e. að þetta sé hjá ríkislögreglustjóra, þ.e. ákvörðun um annaðhvort löggildingu eða sviptingu ökukennararéttinda, enda megi þá kæra úrskurðinn til æðra stjórnvalds, þ.e. dómsmrn. Í dag hafa ökukennarar í raun eingöngu dómstólaleiðina þegar dómsmrn. hefur ákveðið, eins og ég segi, ýmist löggildingu eða sviptingu. Ég tel þetta æskilega breytingu. Að lokum leggur allshn. til að gildistaka laganna verði 1. október 2002.

[18:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði að sækjast eftir nánari skýringum. Hér hefur verið haft á orði að verið sé að snúa við hlutafélagavæðingu og færa undir ríkið starfsemi sem áður var á vegum hlutafélags. Staðreyndin er sú að eftir stendur að sjálf skurnin verður á vegum hins opinbera en það er í valdi dómsmrh. hvert af þeim verkefnum sem tilgreind eru í 7. gr. frv. yrði falið öðrum aðilum.

Hv. formaður allshn. lýsti skoðun sinni á hvað ætti að heyra til hinu opinbera og hvað ætti að fara til aðila á markaði. Í lagatextanum segir að það verði í valdi dómsmrh. hverju

sinni hvernig þessum verkefnum verður ráðstafað. Finnst hv. formanni allshn. ekki nauðsynlegt að skilgreina nánar í lögunum hvernig þessum málum skuli háttað í stað þess að það sé háð geðþóttavaldi dómsmrh. hverju sinni hvert hann setur verkefnin?

[18:05]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki um neinn geðþótta ráðherra að ræða. Ég hef m.a. getið þess sem komið er inn á í ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að dómsmrh. skipi verkefnisstjórn sem hafi það hlutverk að undirbúa stofnun Umferðarstofnunar, eða Umferðarstofu eins og þessi stofnun kemur væntanlega til með að heita.

Ég tel ljóst að við erum að leggja þessar tvær stofnanir saman, annars vegar Skráningarstofuna hf., sem er eins og nafnið gefur til kynna einkaaðili en 100% í eigu ríkisins, og Umferðarráð, því að verkefnin sem falla undir Skráningarstofuna hf. eru stjórnsýsluleg.

Það er alveg ljóst að ýmis stjórnsýsluleg verkefni koma m.a. til með að falla undir Umferðarstofu. Með stjórnsýslulega hlutann gilda stjórnsýslulög og lög um persónuvernd þar sem um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Ég veit að hv. þm. Ögmundur Jónasson þekkir þau mál mætavel eftir að hafa setið í allshn. og tekið þátt í mjög góðri umræðu um persónuvernd. Þarna er um að ræða viðkvæmar upplýsingar sem heyra m.a. undir Schengen-upplýsingakerfið. Það er mjög líklegt að sá hluti verkefnanna sem byggist á stjórnsýslulögum fari til Umferðarstofu.

En varðandi þessa verkefnisstjórn held ég að það komi af sjálfu sér. Verkefnisstjórnin hefur í raun það hlutverk að ganga formlega frá þessum hlutum og til að reyna að skilgreina nákvæmlega hvert hlutverk Umferðarstofu verður.

[18:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú kann vel að vera rétt að stjórnsýslulög eða önnur lög, um persónuvernd eða annað, setji dómsmrh. einhverjar skorður. Ég ætla ekki að fullyrða um það. Hitt veit ég að menn hafa oft farið út í lagabreytingar á liðnum árum án þess að hugsa dæmið alveg til enda. Ég fullyrði ekki um það í þessu efni. En ég bendi á Skýrsluvélar ríkisins sem önnuðust launabókhald og það leið ekki langur tími þar til upp risu efasemdir um að eðlilegt væri að fara með slíkar upplýsingar út á markað.

En hvað sem líður nefndum sem kveðið er á um í lögum stendur eftir sem áður eftirfarandi, með leyfi forseta, í 7. gr. frv.:

„Umferðarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starf og hlutverk Umferðarstofnunar og stað festir skipurit hennar og skiptingu í starfsdeildir."

Þarna er sett í hendur dómsmrh. á afdráttarlausan hátt vald til að skipa þessum verkefnum eins og honum best líkar.

Hitt kann að vera rétt, ég ætla ekkert að fullyrða um það, að honum séu settar skorður í öðrum lögum. En ég vildi vekja athygli á þessu og hef reyndar gert við fyrri umræðu.

[18:09]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að síðasta atriðið sem hv. þm. Ögmundur Jónasson minntist á hafi verið rétt, um þær skorður sem hæstv. dómsmrh. hefur, ekki bara samkvæmt stjórnsýslulögum heldur og lögum sem gilda um persónuvernd. Það eru stærstu og mestu skorðurnar sem dómsmrh. eru settar.

Hvað 7. gr. varðar er um að ræða málsgrein um að hægt sé að færa verkefni til embættisins þannig að ekki sé algjörlega niðurnjörvað með Umferðarstofu nákvæmlega hvaða verkefni hún hefur heldur, eðli málsins samkvæmt. Í ljósi þeirrar umferðaröryggisáætlunar sem við vorum að ræða hér áðan koma kannski ný verkefni fram, þegar umferðaröryggisnefndin og framkvæmdanefndin um umferðaröryggismál er búin að móta forgangsröðun sína. Þá kunna að koma í ljós verkefni sem færa þarf til Umferðarstofu.

En ég vil taka undir með hv. þm. að dómsmrh. er sem aðrir alltaf bundin af lögum og því sem snýr að sérstaklega réttindum einstaklinga. Þar eru afar þröngar skorður sem ramma af hlutverk slíkra stofnana. Menn verða ávallt að taka tillit til persónufrelsis og verndar einstaklingsins.

[18:10]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Eins og fram hefur komið undirrita ég þetta nál. með fyrirvara.

Segja má að í frv. sé um að ræða tvö til þrjú mál. Annars vegar breyting varðandi ýmislegt um ökuréttindin og hins vegar spurning um að setja á laggirnar Umferðarstofu auk þess sem gert er ráð fyrir breytingum varðandi Skráningarstofuna hf.

Fyrirvari minn markaðist af því að mér finnst hafa verið unnið of hratt. Mér fyndist að vinna ætti betur í þessu máli og að við hefðum fremur átt að klára það næsta haust, vinna betur úr hlutverki Umferðarstofunnar og ekki síður varðandi Skráningarstofuna. Ég á ekki við umræðuna um hvort hún sé hlutafélag eða ekki hlutafélag. Að flytja Skráningarstofuna hf., sem hefur verið hlutafélag í 100% eigu ríkisins, undir Umferðarstofuna finnst mér ekki rétt vegna þess að Skráningarstofan er ekki bara með skráningu á þessum málum. Hún sér um gagnagrunn um lögreglumál, þ.e. Schengen og SIRENE. Mér hefði fundist afar mikilvægt að sú stofnun yrði styrkt til algjörs sjálfstæðis. Ég setti fyrirvara m.a. út af því. Auðvitað var ekki nægjanlega að gert, t.d. í að fjalla um skoðun ríkislögreglustjóra þó að fulltrúi þaðan hafi komið á fund nefndarinnar.

Hjá nefndinni var ákveðin sú breyting að kalla þetta Umferðarstofu, enda afar mikilvægt að jákvæður tónn sé í heiti slíkrar stofnunar og það gefi til kynna hún sé með jafnjákvæðum formerkjum og Umferðarráð, sem almenningur þekkir afar vel til. Það er mjög mikilvægt að halda því til haga.

Ég hefði gjarnan viljað láta vinna málið betur. Því miður varð það nú ekki og ég vona að það valdi ekki stórslysum. Nefndinni bárust nokkrar umsagnir og við fengum tölvupóst út af málinu, sérstaklega út af Skráningarstofunni. Með því er snúið til baka með ákveðinn hluta hlutafélagavæðingar þó fyrirtækið hafi verið í eigu ríkisins. Upp hafa komið

spurningar um hvort ekki ætti að gera Skráningarstofuna enn sjálfstæðari og hún gæti verið með fleiri verkefni en hún er með núna. Hins vegar kom fram að málið tengdist húsnæðinu sem Skráningarstofan er í, þar sem búið er að byggja sérstaklega utan um þá starfsemi, þ.e. að Umferðarstofa fari inn í það húsnæði.

Í nefndinni fóru fram afar góðar og jákvæðar umræður, það verður líka að segjast alveg eins og er. Þar komu náttúrlega allir helstu sérfræðingar í umferðarmálum, umferðaröryggismálum. Kannski má segja sem svo að með Umferðarstofu náist í raun betri samhæfing en hingað til sem væri til hins betra.

Annað sem snerti málið hér á undan var líka rætt, þ.e. spurningin um rannsókn mála. Við þyrftum að gefa rannsóknarnefnd umferðarslysa meiri gaum en gert hefur verið, gæta þess að til sé næg sérfræðiþekking á því sviði og reyna að efla hana sem allra mest. Þetta tengist áætlunum um fækkun slysa og meiri skilvirkni í kerfinu.

Af því Skráningarstofan sinnir fleiri verkefnum en þeim sem lúta beint að umferðarmálunum er spurning um hvort hún ætti ekki bara að vera sérstofnun áfram þó að hún yrði í sama húsi og Umferðastofa. Hún væri þá óháð Umferðarstofunni. Það hefur verið rætt um að tölvumiðstöð dómsmrn. gangi inn í þennan grunn og eins og ég nefndi áðan sér stofnunin um Schengen og SIRENE. Ég sé í sjálfu sér ekki að það hafi neitt með Umferðarstofu að gera.

[18:16]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt út af þessum síðustu orðum hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur.

Í sjálfu sér má alltaf ræða það hvar þessir hlutir eigi að vera. En við verðum að mínu mati að líta til smæðar samfélags okkar. Það má í rauninni segja að ákveðin hagkvæmniseða hagræðingarrök snúi og lúti að þessu. Það má líka spyrja: Af hverju fór þetta ekki til ríkislögreglustjóra? Hefði þessu betur verið fyrirkomið þar? En þegar horft er á dæmið í heild tel ég ljóst og eðlilegt að það falli til Umferðarstofunnar, m.a. í ljósi þeirra breytinga sem voru gerðar á húsnæðinu sem er afar mikilvægt að hýsi einmitt þessa viðkvæmu grunna um Schengen-upplýsingakerfið og allt sem því tilheyrir. Við verðum líka að hugsa til þess að þetta eru tvær stofnanir sem heyra undir sama ráðuneytið. Ég held því að þetta sé ekki hlutur sem ætti að vera að þvælast fyrir manni mjög mikið. Ég ítreka það enn og aftur að það er fyrst og fremst hagkvæmnisrök og hagræn rök sem lúta að þessari tillögu og breytingu.

[18:17]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttir að verið er að horfa til ákveðinnar hagkvæmni með því að setja þennan grunn undir Umferðarstofuna. En kannski er þetta líka meira hugsað þannig að úr því verið sé að vinna í þessu máli og búa hana til þá sé kannski ágætt að sæta lagi og hafa hana þarna undir vegna þess að í rauninni er alveg full þörf á því að ræða grunna. Þó svo að ég sé með ákveðnar efasemdir um hvað ríkislögreglustjóraembættið sé orðið bæði víðfemt og stórt og mikið þá erum við hins vegar að ræða um grunna, Schengen og SIRENE, lögreglumálin og síðan umferðarmálin og þau eru raun ekki nema lítið brot af þessum grunni.

Þó svo við gætum hagkvæmni í staðsetningu þá finnst mér Skráningarstofan alveg geta verið jafnsjálfstæð og áður. Þetta er bara spurning um samstarf sem maður mundi tala sig saman um. Það er auðvitað verið að sæta lagi og horfa til hagkvæmni af því við erum lítil og fá. En mér finnst ekki alveg lógískt hvernig þetta tengist.

Umræðu frestað.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 587. mál (EES-reglur, ósoneyðandi efni). — Þskj. 917, nál. 1208.

[18:19]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, frá umhvn.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fulltrúa umhvrn. og Hollustuverndar og fékk auk þess skriflegar umsagnir frá nokkrum aðilum.

Frv. þetta er lagt fram vegna væntanlegrar innleiðingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2037/2000, um efni sem eyða ósonlaginu, ásamt breytingum á þeirri reglugerð nr. 2039/2000. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 21. apríl 1999 í máli íslenska ríkisins gegn Vörukaupum ehf. og gagnsök þykir ljóst að gera þurfi breytingar á lögum nr. 52/1988 áður en framangreindar reglugerðir öðlast gildi hér á landi. Ákvæði reglugerðar EB nr. 2037/2000 munu koma strax til framkvæmda og því er ljóst að ekki er hægt að bíða með þessa breytingu þar til nefnd skipuð af umhverfisráðherra 13. júní 2000, sem vinnur að heildarendurskoðun laga nr. 52/1988, hefur lokið störfum sínum.

Nefndin tekur undir nauðsyn frv. en leggur jafnframt áherslu á að framangreind nefnd ljúki vinnu sinni svo fljótt sem kostur er. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálit skrifa fulltrúar í umhvn., Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Fjeldsted, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta Möller og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 652. mál (Umferðarstofnun o.fl.). — Þskj. 1051, nál. 1258, brtt. 1259.

[18:20]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Frv. sem er hér til umræðu virkar við fyrstu sýn afskaplega skynsamlegt í alla staði og er öllu jafnan skynsamlegt að reyna að straumlínulaga það þjónustukerfi sem til staðar er í ríkiskerfinu, hvort heldur það er á vettvangi umferðaröryggismála eða annarra þjónustuþátta eða öryggisþátta.

Ég hef lúslesið þetta frv. og einnig nál. sem frá allshn. hefur komið og ég verð að viðurkenna, herra forseti, að býsna margar spurningar vakna í huga mínum um veigamikla þætti

í þessu efni, spurningar sem engan veginn er svarað, hvorki í greinargerð né í nefndaráliti. Sú er venjan þegar gerðar eru skipulagsbreytingar á stofnunum, hvort sem þær eru lagðar niður eins og í umræðunni í gær um Þjóðhagsstofnun ellegar þegar tvær stofnanir eru sameinaðar og í raun báðar lagðar niður og sameinaðar í þeirri þriðju, að gerð sé allítarleg grein fyrir umfangi þeirra stofnana sem fyrir eru þegar samruni á að fara fram, hvert sé umfang þeirra, hver sé fjárumsýsla þeirra, hver sé starfsmannafjöldi þeirra o.s.frv. En í engu er reynt að gera grein fyrir því í þessu frv. Mér þætti vænt um að formaður nefndarinnar — og nú staldra ég við, herra forseti, því ég gleymdi að geta þess í upphafi ræðu minnar að það er auðvitað algjörlega á mörkunum að þessi umræða geti farið hér fram þegar dómsmrh. hæstv. er ekki hér til staðar. Ég veit að hún var búin að lofa sér annars staðar. Ég hitti hana hér í útidyrunum. Hún sagði mér að hún þyrfti að fara annað og vissulega höfum við þingmenn skilning á því að ráðherrar hafa í ýmis horn að líta. En það breytir því ekki að það er algerlega á mörkunum, og ég trúi því að hæstv. forseti sé mér sammála um það, að hægt sé að ræða stórmál á borð við þessi án þess að dómsmrh. sé til staðar.

Ég vil gera við það mjög alvarlegar athugasemdir og hafa á því þann fyrirvara að ef ráðherra verður ekki komin til leiks áður en ég lýk ræðu minni geti svo farið að ég þurfi að endurtaka hana við 3. umr. til þess að hún hafi tök á því að hlýða á hana.

Að svo komnu máli þá læt ég mér það nægja að ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. ráðherra er ekki væntanleg alveg á næstunni þannig ef hv. þm. óskar þess er sjálfsagt að fresta þessari umræðu.)

Það er mjög freistandi, herra forseti. En af því ég er kominn svo vel á veg ætla ég að taka lítinn sprett á þessari umræðu en á þá inni kannski dýpri umræðu síðar þegar ráðherra kemur til leiks hér við þá 3. umr.

Ég sagði áðan að mér finnst vanta ákveðnar grundvallarupplýsingar um umfang, kostnað og mannahald þeirra stofnana sem fyrir eru og ég vænti þess að formaður nefndarinnar, ellegar aðrir fulltrúar í allshn., geri bragarbætur þar á og upplýsi þingheim um það hvernig þeim málum er háttað.

Ég þekki býsna vel til Umferðarráðs eins og kannski velflestir aðrir landsmenn, bæði utan frá og raunar þekki ég það einnig innan frá eftir að hafa setið í Umferðarráði fyrir margt löngu. Skráningarstofuna þekki ég öllu minna og heyri það hér á ræðum sérfræðinga úr allshn. að sú stofnun sýslar nú við sitthvað annað en eingöngu umferðarmálin. Hér var vakin athygli á því og um það spurt hver hugmyndin væri um vistun annarra verkefna sem Skráningarstofan hefur með höndum. Það er hins vegar önnur Ella.

Herra forseti. Ég fletti hins vegar gjarnan aftast í frv. af þessum toga og skoða umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Sérstaklega geri ég það þegar menn hafa mjög á orði að tiltekið frv. auki hagkvæmni og spari peninga og þá er nú gjarnan bætt við „þegar til lengdar lætur". Það er ekki alveg í dag og ekki alveg á morgun heldur kannski einhvern tímann seinna. Ég átti því von á því að finna þar eitthvað handfast í þeim efnum, þ.e. hvað þessi samruni þýddi í krónum og aurum. Þýðir það auðvitað ekki hagræðingu og þar með sparnað í krónum og aurum? Nei, herra forseti. Fjármálaráðuneytið og fjárlagaskrifstofan þora ekki að festa það niður í krónur og aura. Þar segir einfaldlega, með leyfi forseta:

„Reikna má með því að unnt verði að ná fram hagræðingu með sameiningu verkefna á þessu sviði, en á þessu stigi liggur ekki fyrir með hvað hætti eða í hversu miklum mæli það verður."

Er það nú mjög sannfærandi þegar okkur er boðið upp á það hér, hv. Alþingi, að leggja til atlögu við sameiningu tveggja ríkisstofnana, þegar það ráðuneyti sem sérfrótt hlýtur að teljast þegar kemur að peningamálum orðar það þannig og ég endurtek, með leyfi forseta:

„Reikna má með því að unnt verði að ná fram hagræðingu með sameiningu verkefna á þessu sviði, en á þessu stigi liggur ekki fyrir með hvað hætti eða í hversu miklum mæli það verður."

Herra forseti. Mér er skapi næst að halda að fjmrn. hafi á tilfinningunni að þetta leiði til kostnaðaraukningar. Svo veikt er þetta orðað að ég hef sjaldan séð það daprara. Því vil ég biðja formann allshn. að reyna að sannfæra mig um það og sýna mér fram á það með tölum og rökum hvar hagræðingin og hvar sparnaðurinn liggur við sameiningu þessara tveggja stofnana, því að til þess hlýtur auðvitað leikurinn að vera gerður ekki síst. Ég hlýt a.m.k. að ætla það fyrir fram.

Eins og ég sagði þá er ekki reynt að gera neina tilraun til þess að festa það niður í krónur eða aura hvort tiltekinn biðlaunakostnaður mundi til að mynda falla á þessar stofnanir. Því er einfaldlega slegið föstu að svo verði ekki. Menn hafa nú bitra reynslu af því að gefa sér eitthvað fyrir fram í þeim efnum. Þó allt kunni að vera í lukkunnar velstandi í augnablikinu og starfsmenn þessara ágætu ríkisstofnana kunni að vera býsna kátir með þessi áform þá þekkja menn það frá fyrri tímum að margt getur breyst á skömmum tíma þegar menn eiga að koma að nýjum húsbændum, nýjum skrifstofum og hugsanlega nýju starfsumhverfi.

Ég spyr því hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur: Hefur einhverju verið haldið til haga í þeim efnum? Er einhverjum fjármunum haldið innan sviga til þess að mæta hugsanlegum biðlaunakostnaði?

Í gær ræddum við Þjóðhagsstofnun sem er að því leytinu sambærilegt mál að þar var verið að leggja niður eina stofnun og færa verkefnin inn í tvær. Hér er þessu öfugt farið. Það er verið að leggja niður tvær stofnanir og leggja inn í eina. Þrátt fyrir allt var þar gerð alveg skýr grein fyrir því hver kostnaðurinn af þeirri stofnun væri og hvernig þeim fjármunum sem þangað höfðu runnið yrði skipt á milli annarra aðila, þ.e. í tilfelli fjmrn. að einum þriðja og Hagstofu Íslands að tveimur þriðju. Hér er ekki gerð nokkur tilraun til slíks.

Ég spyr því beint: Hvaða fjármuni erum við að ræða hér um? Hvaða hafa þessar stofnanir, Skráningarstofan annars vegar og sá þáttur hennar sem lýtur að umferðaröryggismálum eða umferðareftirlitsmálum, skulum við segja, og hins vegar Umferðarráð, kostað? Og hvað mun hin nýja stofnun kosta á ársgrundvelli þegar hún verður komin í fullan gang?

Þetta eru slíkar lykilspurningar, herra forseti, að það er ekki nokkur vegur að vera hér kominn langveginn inn í 2. umr. án þess að þær grundvallarupplýsingar liggi fyrir. Ég held að herra forseti sé mér hjartanlega sammála um að það er alveg á mörkunum að menn geti — ja, það er nú alveg klárt að menn geta ekki lokið umræðunni fyrr en þau grundvallaratriði liggja fyrir þinginu.

Meðan hv. formaður allshn. er að sækja þessar upplýsingar ætla ég aðeins að víkja af vegi og taka hér upp önnur atriði frv. en víkja aftur að þeim grundvallaratriðum sem ég nefndi áðan örlítið síðar, því að eilítið viðhengi með frv. eru ákveðnar breytingar er lúta að ökuprófum og þá ökuprófum ungra ökumanna, afgreiðslu bráðabirgðaskírteina. Ef ég fæ

best séð þá er hér fyrst og síðast um það að ræða að nú eigi ungir ökumenn með bílpróf í fyrsta sinn þess kost, ef þeir standa sig, að fá fullnaðarskírteini eingöngu eftir ár en þurfa ekki að bíða í tvör ár, og ég held að þetta sé hið besta mál og get alveg stutt þá hugsun.

Hins vegar er óhjákvæmilegt annað en að fara í þessu samhengi nokkrum orðum um það umhverfi sem ökuprófum er búið og ég vil segja þá fjárplógsstarfsemi sem á sér stað gagnvart umsækjendum og handhöfum ökuskírteina.

Ég spurði hæstv. dómsmrh. á 125. löggjafarþingi, sem var á vetrinum 1999–2000, hvernig fjárumsýslu prófgjalda væri háttað og hvort þar væri ekki haft í heiðri það grundvallaratriði sem á að vera hinn rauði þráður þegar kemur að þjónustugjöldum á borð við þessi. Niðurstaðan var sú að ríkissjóður var að taka inn á útgáfu ökuskírteina tugi milljóna króna í gróða. Á dauða mínum átti ég von en ekki því að það væri líka orðin tekjulind fyrir ríkissjóð að gefa út ökuskírteini, einkum og sér í lagi auðvitað til unga fólksins því að það er það sem fyrst og síðast þarf að sækja sér þetta, fyrst bráðabirgðaskírteini og borga prófgjöld og standa straum af þeim grunnkostnaði sem er til staðar þegar fólk er ekki að stíga sín fyrstu skref heldur aka sína fyrstu kílómetra.

Ég skrifaði um þetta nokkrar blaðagreinar og fékk afskaplega lítil viðbrögð við þeim. Á þeim tíma, bara til að gefa þingmönnum hugmynd um á hvaða ferðalagi þessi gjaldtaka er, þá kostaði eitt bráðabirgðaskírteini 9.714 kr., þ.e. á vetrinum 1999–2000, ég er ekki með nýrri tölur. Tekjur ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina á árinu 1999, þ.e. aðeins frá janúar til október, fyrstu tíu mánuði þess árs, voru upp á 66 millj. kr. Ríkissjóður tók inn 66 millj. kr. á útgáfu ökuskírteina fyrstu tíu mánuði ársins 1999.

Ég spurði á sama hátt hver væru útgjöld ríkissjóðs af þessari útgáfu og útlagður kostnaður vegna þessa var upp á 40 millj. kr., raunar nákvæmlega 42.030 þúsund. Útgáfa ökuskírteina skapaði ríkissjóði — ekki umferðinni, ekki Umferðarráði, heldur ríkissjóði, ríkiskassanum tekjur upp á 25 eða 30 millj. kr.

Ég lýsti undrun minni með þetta. Að vísu er þetta lögum samkvæmt því að farin hefur verið sú leið sem hér hefur verið farin í stórauknum mæli af skattaglöðum ríkisstjórnarflokkum, Framsfl. og Sjálfstfl., að færa æ fleiri ákvæði undir sértekjur ríkissjóðs, ákvæði sem í eðli sínu eru ekkert annað en þjónustugjöld, hrein og klár þjónustugjöld. En Sjálfsfl. og Framsfl., þeir skattaflokkar hafa fundið þá millileið að lengja ævinlega þennan lista sem er undir heitinu „sértekjur ríkissjóðs“ og þar á meðal er sú gróðaleið að græða á útgáfu ökuskírteina. Mér er skapi næst að halda að á þessu hafi engin breyting orðið. Með öðrum orðum, kostnaðurinn við útgáfu ökuskírteina er rúmlega helmingur af tekjum sem af þeirri útgáfu skapast.

Þetta þykir mér auðvitað algjör ósvinna, herra forseti, og ekki nokkurt vit í og taka þarf á þessu. Það þarf að taka á miklum mun fleiri atriðum þegar kemur að matarholum stjórnarflokkanna að ná í peninga af fólki en kalla það ekki skatta. Þeir sömu fulltrúar þessara stjórnarflokka koma hér trekk í trekk og tala um skattalækkanir en fara síðan hina leiðina og kalla það sértekjur ríkissjóðs.

Og aðeins til fróðleiks, herra forseti, í því samhengi, þá er ekki eingöngu stórgróði af því að gefa út ökuskírteini. Nei, það er líka stórgróði af því, því það heyrir nú undir þetta sama ráðuneyti, að gefa út vegabréf. Þar er gróðinn miklum mun meiri raunar og þar hafa menn farið þá leiðina að það kostar miklu meira ef menn ætla að fá vegabréf í hvelli heldur en ef beðið er í hálfan mánuð, þó að það liggi fyrir í svörum að það taki ekki nema fjóra, fimm daga að ganga frá vegabréfum, þá eru þau látin liggja þar í tíu daga. Ef menn sækja þau hins vegar innan viku, ef ég man rétt, þá hækkar gjaldið um helming. Þetta eru líka sértekjur ríkissjóðs.

Ég held ég muni það rétt, það er hérna á blaði hjá mér, að tekjur vegna vegabréfaútgáfu voru 120 millj. kr., þ.e. árið 1999. Og kostnaðurinn? Ja, hann var í kringum 55 milljónir. Þar tók ríkissjóður, skattaflokkarnir tveir, inn 70 milljónir af fólki sem var að fá sér vegabréf. Hún er mörg matarholan.

Mér þótti ástæða til að leggja lykkju á leið mína bara til að vekja athygli á þessu og það leiðir einmitt þráðbeint að því sem einnig vekur athygli mína í því frv. sem hér er til umræðu og enginn veit hvað kostar og enginn veit hvaða fjármuni er verið að flytja frá tveimur stofnunum til einnar, engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvorki í ræðum eftir því sem ég hef best heyrt og þaðan af síður í skriflegum grundvallargögnum. Þá er líka samkvæmt orðanna hljóðan, a.m.k. í 9. gr. frv. reynt að tryggja að þau gjöld sem þegar renna til þessara tveggja stofnana, Skráningarstofu annars vegar og Umferðarráðs hins vegar, fylgi með til hinnar nýju stofnunar. Og í 9. gr. er gerð grein fyrir þeim gjöldum. Það eru gjöld vegna skráningar ökutækja, sbr. 64. gr. gildandi laga. Síðan eru gjöld fyrir skráningarmerki, einnig sbr. 64. gr. gildandi laga, og síðan eru gjöld fyrir gerðarviðurkenningu, sbr. 64. gr. gildandi laga.

Fyrir forvitnis sakir, herra forseti, væri gaman að vita hvað felst í gerðarviðurkenningu. Hvers konar gerð er það? Formaður allshn. svarar mér væntanlega um það, þó að það sé nú svo sem í gildandi lögum og við höfum búið við það lengi þá væri bara fróðlegt að vita hvað þetta er.

Síðan eru náttúrlega gjöld fyrir einkamerki, og öll vitum við nákvæmlega hvað það er, það er nú margfrægt. Er það ekki 30 þúsundkallinn sem menn þurfa að borga ef þeir vilja setja einhver orð framan á bílnúmerin sín?

En herra forseti, síðan kem ég hérna að e-lið og það er umferðaröryggisgjald, sbr. 2. mgr. frv.

2. mgr. frv. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarstofnunar, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.“ Svo mörg eru þau orð.

Ég fæ ekki annað séð, herra forseti, en hér sé verið að leggja á alveg glænýtt gjald. Að vísu hljómar þetta kunnuglega. Umferðaröryggisgjald hljómar a.m.k. öllu kunnuglegar í eyrum mínum heldur en gerðarviðurkenningargjald en það er önnur saga. Samkvæmt frv. liggur það algerlega ljóst fyrir að hér eru skattaflokkarnir aftur komnir á kreik. Nota á ferðina þegar á að fara að hagræða með sameiningu tveggja stofnana og ná sér í nokkra aura.

Ég náði ekki að afla mér upplýsinga um það svona seint á deginum, þegar ég rak augun í þetta, hversu mikil þau viðskipti eru á ári hverju, þ.e. skráning ökutækis, almenn skoðun ökutækis og skráning eigendaskipta. Ég gæti vel ímyndað mér að þetta væru „transaksjónir“ og hreyfingar upp á 100 þúsund plús a.m.k., ég ímynda mér það. Ætli bílaeign landsmanna sé ekki 150 þúsund eða svo? Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kannski veit það, vanur bílstjóri. En 150 þúsund held ég að sé bara ekki fjarri lagi þegar allt er

talið. Þá erum við að tala um 30 millj. kr., það eru 30 nýjar millj. kr. sem bifreiðaeigendur eiga að fara að borga.

Þá fer nú að fara lítið fyrir þessu sem ég las upp hér í upphafi á bls. 8, nefnilega umsögn fjmrn. og Fjárlagaskrifstofu þar sem menn gerðu sér óljósar vonir um að ná mætti fram hagræðingu, þó að þeir vissu ekki almennilega með hvaða hætti það yrði eða í hversu miklum mæli það yrði. Þá fer það að fara fyrir býsna lítið því ekki er annað sjá á frv. en að það eigi ekki aðeins að taka peningana sem þessar stofnanir hafa haft, bæði í sérgjöldum og væntanlega líka á fjárlögum, og svo til viðbótar eiga að koma þarna 30 millj. kr. Hafi ég á einhvern hátt misskilið þennan texta og fari ég með rangt mál bið ég hv. þingmenn að leiðrétta mig.

En þá er líka alveg ljóst að texta frv. er mjög auðvelt að misskilja því að hann segir alveg klárlega að hér sé um nýtt gjald að ræða, sbr. 2. mgr. þessa frv. til laga um breytingar. (**ÖS:** Hvar er ráðherrann?) Hagræðingin er því farin fyrir lítið, sýnist mér í fljótu bragði.

Það er rétt sem kastað var hér fram þegar spurt var um ráðherrann og ég upplýsti hv. þm. um að ráðherrann mundi koma hér von bráðar. (Gripið fram í.)

Hvað sem því líður langar mig í þessari stuttu ræðu minni, sem er nánast „intró“ að ræðu minni við 3. umr. þegar ráðherrann verður komin til leiks, að vekja upp hugrenningar mínar um 11. gr. þegar kemur að þessari sérstöku rannsóknarnefnd umferðarslysa sem ég er mjög spenntur fyrir og held að sé skref í rétta átt.

Frumvarpstextinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.“

Herra forseti. Mér þykir þetta góð hugsun. Ég styð þá hugsun sem hér kemur fram. En ég spyr: Af hverju skilur Alþingi við þessa hugsun með þeim hætti sem texti frv. segir til um? Af hverju tekur Alþingi ekki einfaldlega af skarið og segir að dómsmrh. skuli skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa, og gerir nákvæmlega grein fyrir því hvernig hún eigi að vera saman sett af hálfu ráðherrans, hversu margir skuli í henni vera o.s.frv.? (Gripið fram í.) Ja, mér er alveg full alvara með þetta eins og önnur atriði í ræðu minni þannig að mér þykir alveg ástæðulaust af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að gera gys hér að alvörumáli eins og þessu. (**LB:** Þetta var bara í tillögu ráðherrans.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þingmenn um að gefa ræðumanni gott hljóð.)

Þakka hæstv. forseta fyrir það. (**LB:** Hvernig hljómar það?) Ég árétta að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, eins og ég held reyndar miklum mun fleiri, að við eigum að stíga það skref til fulls eins og gert hefur verið varðandi sjóslysin og flugslysin að hafa fastanefnd sem er sérfróð um rannsókn á umferðarslysum. Oft hafa ærin tilefni verið til þess og mér finnst ekki mikill mannsbragur á því af hálfu þingsins að skilja þessa hugsun svona eftir. Raunar veit ég vel að þetta frv. er samið af dómsmrh. og hennar fólki. En mér hefði þótt dálítill mannsbragur á því ef allshn. hefði tekið þetta mál upp því að hér er ekki um neina breytingu að ræða í sjálfu sér. Þetta er svona í gildandi lögum. Ef ég man rétt þá hygg ég að dómsmrh. sjálf hafi lýst yfir vilja sínum til að setja svona nefnd á laggirnar og kannski er það mál komið vel á veg, vonandi. En ég held að lagatexti í jafnmikilvægu máli, máli sem varðar heilsu og hag allra landsmanna, eigi ekkert að fara á milli mála. Alþingi Íslendinga á einfaldlega að segja að dómsmrh. skuli skipa slíka rannsóknarnefnd. Alþingi Íslendinga á líka að segja fyrir um hvernig slík nefnd eigi að vera skipuð. Ég vil nú ekki ganga svo langt að segja að það eigi endilega að vera á hendi Alþingis að skipa hana, þó að maður hafi nú auðvitað misjafna reynslu af nefndarskipunum ráðherra. Allténd vil ég að menn stígi hér skrefi lengra og noti ferðina vegna þess að hér þarf hvort eð er að breyta röðun og það þarf að taka þessa gildandi grein umferðarlaganna upp í þessu frv. Því hefði mér þótt mannsbragur á því af hálfu allshn. að nota ferðina og gera þetta skýrara og skilmerkilegra.

Herra forseti. Ég gleymdi því í 9. gr., gjaldtökugreininni, skattagreininni, að það var ekki eingöngu þessi 200 kall sem á að fara að leggja á og bíleigendur á borð við hv. þm. Össur Skarphéðinsson þurfa að greiða, heldur er hér opin heimild frá Alþingi þar sem vísað er til annarra gjalda sem Umferðarstofnun innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af dómsmrh. Það eru matarholurnar. Mér þykir afspyrnuslæmt að Alþingi skilji við mál af þessum toga og gefi sér að ráðherra sé heimilt samkvæmt tiltölulega opinni heimild að leggja á hin og þessi gjöld. Vel kann að vera að þessi gjöld hafi verið til staðar áður. Þau eru ekkert betri fyrir það. Og vel getur verið að ráðherrann ætli ekkert að bæta við í þessa gjaldskrársúpu alla saman, vafalaust ekki því að önnur lög hamla auðvitað nokkuð valdi ráðherra til þess arna. Ég er auðvitað fullmeðvitaður um það. En mér finnst það vondur lagatexti hjá löggjafarsamkundu þjóðarinnar sem opnar með jafnríkum hætti og hér um ræðir fyrir slíka gjaldtöku sem ráðherra getur innheimt með einfaldri setningu reglugerðar. Það er ekki góður bragur á því, herra forseti. Við eigum að vanda okkur í slíkum vinnubrögðum, sérstaklega flokkar sem í orði kveðnu tala um mikilvægi þess að halda niðri sköttum og tala um mikilvægi þess á góðviðrisdögum og hátíðisdögum að halda niðri kostnaði við ríkisreksturinn, þó að veruleikinn sýni auðvitað allt annað. Ég á auðvitað við Sjálfstfl., herra forseti.

Ég ætla ekki að hafa þennan inngang minn öllu lengri og vænti þess að hv. formaður allshn. geri mér glöggt og ítarlega grein fyrir ýmsu því sem ég vakti hér máls á og svari ýmsum þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir hana. Mér dugir það ekki í tveggja mínútna andsvari þannig að það sé algerlega skýrt. Ég er til í að eiga hér orðastað við hana í andsvari um ýmis álitamál sem uppi eru. En margt af því sem ég nefndi er þannig vaxið að við afgreiðum það ekki hér í skeytastíl.

[18:52]

Útbýting þingskjala:

Lokafjárlög 1998, 666. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1281.

Lokafjárlög 1999, 667. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1282; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 1283.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, 680. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1278; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1279.

[18:53]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér finnst með ólíkindum að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ætli að segja mér í hversu langan tíma ég nákvæmlega á og má tala um málið. Það liggur við

að hann leggi mér nákvæmlega orð í munn til þess að segja mér hvernig svar mitt eigi að vera. En hann kom inn á nokkur atriði, herra forseti, m.a. það út á hvað þetta frv. gangi. Meginástæðan fyrir því að efna til eða stofna Umferðarstofu er annars vegar stjórnsýslulegs eðlis. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi heyrt ræður mína hér fyrr í dag og ætla því ekki að endurtaka þann hluta. Síðan eru hins vegar hagkvæmnisrök og ég er líka búin að geta um þau hér í dag.

Varðandi þessi gjöld þá vil ég meina að hann hafi mjög einbeittan vilja. Á öðrum sviðum þjóðfélagsins mundum við tala um einbeittan brotavilja. En einbeittur vilji þingmannsins kemur mjög skýrlega fram í því að hann er að reyna að sjá út úr þessu það að við séum að reyna að kreista einhver gjöld, hverju nafni sem þau nefnast, umfram það sem þegar er í lögum, af hendi þeirra sem aka um götur bæjarins. Ég vil sérstaklega taka fram að frv. felur ekki í sér neina breytingu á fjárhæð gjalda eða fyrirkomulagi á innheimtu þeirra. Þau gjöld sem talin eru upp í títtnefndri 9. gr. renna nú þegar til Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs.

Ég veit að hv. þm. er líka sérstaklega að hugsa um 2. mgr. 9. gr. En ef hann fer í 115. gr. núgildandi umferðarlaga þá er nokkurn veginn samhljóða setning þar. Þar er sagt:

„Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs, að fjárhæð 200 kr., ...“

Það er ekki verið að auka gjöld á þá sem koma að umferðarmálum á einn eða annan hátt.

[18:55]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki með gildandi lög fyrir framan mig. Ég hlýt hins vegar að trúa hv. þm. þegar hún segir þetta. En ég spyr þá: Af hverju er orðalag með þessum hætti? Af hverju er þá ekki sambærilegt orðalag og sagt hér í e-lið: Umferðaröryggisgjald, sbr. 115. gr. gildandi laga? Ég spyr: Hlýtur þá ekki að gefa augaleið að lagatextunum hafi verið breytt á einhvern hátt, þ.e. þessari 2. mgr. 9. gr., frá gildandi 115. gr.? Það gefur augaleið. Þarna hlýtur að vera um einhverja breytingu að ræða ella væri bara hrein tilvísun til 115. gr. gildandi laga. Ég ætla að fletta þessu upp sjálfur. Ég geri það á eftir.

Herra forseti. Ég er búinn að hlýða á þessa umræðu hér frá upphafi til enda og ég hef ævinlega og alltaf verið að bíða eftir þessum hagkvæmnisrökum. Hvar sparast peningar við sameiningu þessara tveggja stofnana? Ég spyr enn og aftur: Hvað kosta þessar stofnanir núna hvor um sig? Hversu margir vinna þar og hvað mun hin nýja stofa kosta þegar hún tekur til starfa? Þetta eru ósköp einfaldar og skýrar spurningar sem áttu auðvitað að liggja fyrir í greinargerð með frv. En þær gera það því miður ekki. Ég spyr, herra forseti: Þorir hv. þm. að ganga lengra en fjárlagskrifstofa fjmrn. sem segir að kannski sé hægt að vona að einhver hagræðing náist en menn viti bara ekki nákvæmlega hvernig það verði og hversu mikil, ef þá einhver?

[18:57]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er líka búin að fara yfir það í dag hvaða hugsanlega hagkvæmni geti komið út úr því þegar verkefnastjórnin samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sem fylgir frv. verður búin að ákveða hvaða hlutverk renni til Umferðarstofunnar og hvaða hlutverk verði hugsanlega annars staðar.

Varðandi kostnað við Umferðarráð í dag þá er hann 77 millj. kr. Skráningarstofan hf. sem er 100% í eigu ríkisins kostar 230 millj. kr. Það þýðir að hin nýja stofnun kemur til með að kosta um 307 milljónir og það eru þau samlegðaráhrif sem verða. Það er alveg skýrt að þessi stofnun kemur ekki til með að kosta meira en þetta. Hugsanlega kemur þessi sparnaður fram þegar verkefnisstjórnin kemur með tillögur sínar eins og fjmrn. kemur inn á, en þessi verkefnisstjórn sem kemur til með að taka strax til starfa hefur einmitt það hlutverk að undirbúa stofnunina og sjá hvort hægt sé að spara eitthvað. En alla vega kemur hún ekki til með að kosta meira. Hún kostar ekki meira en það sem Umferðarráð hefur í dag, 77 millj. kr. og 230 millj. kr.

Hv. þm. nefndi líka hugsanlegan biðlaunakostnað. Eins og staðan er í dag hefur enginn hjá Umferðarráði lýst yfir öðru en því að ætla að taka þau verkefni sem bjóðast hjá Umferðarstofunni. En ef svo verður ekki mun ríkið að sjálfsögðu standa við þær skuldbindingar sem það þarf að standa við lögum samkvæmt.

[18:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki boðlegt. Það er auðvitað alls ekki boðlegt að koma hér og segja okkur að þessi nýja stofnun muni alls ekki kosta meira en 307 millj. kr., en hins vegar eigi einhver verkefnisstjórn eftir að fara ofan í þetta og kanna hvort hægt sé að spara eitthvað. Mér nægja því miður ekki orð hv. þm. og fullyrðingar hennar í þessa veru.

Auðvitað átti að standa þannig að þessu verki að verkefnisstjórn á borð við þá sem hún nefndi hér til sögunnar átti að vera búin að vinna sína heimavinnu fyrr og áður og koma hér með tillögur sínar inn í þing fullmótaðar og sýna okkur hv. þm. fram á hvernig eigi að ná fram þessari hagræðingu, hvernig eigi að ná fram þessum sparnaði, hvernig eigi að ná fram þessum þjónustuauka fyrir almenning í landinu.

En hér er auðvitað farið fullkomlega aftan að hlutum. Hér er skilað auðu og sagt: „Ja. Bara. Kannski. Ef til vill. Síðar munum við athuga málið.“ Mér nægir þetta ekki, herra forseti. Það eru ekki boðleg vinnubrögð, ekki boðleg hinu háa Alþingi, að heimta að Alþingi Íslendinga gefi blankó umboð til framkvæmdarvaldsins, dómsmrn., til að renna saman stofnunum eða renna sundur stofnunum eftir efnum og ástæðum, og menn hafa nákvæmlega ekkert í hendi um fjárhagsleg áhrif af þessu, ekkert. Með fullri virðingu, mér nægja ekki orð hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, enda stjórnar hún ekki dómsmrn. og getur út af fyrir sig ekkert um þetta fullyrt.

Ég ætla nú að hlaupa í hliðarsal, herra forseti, og geyma það til síðari ræðu minnar að fara í samanburðarfræðin um gjaldtökuna og heimildir í þeim efnum því að auðvitað eru greinilega einhverjir maðkar í mysunni. Svona gengju menn ekki frá lagatexta ef allt væri óbreytt. Svo mikið veit ég.

[19:01]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er skemmtilegur maður og mikill húmoristi eins og þingmönnum er kunnugt. Þessi húmor kom glöggt fram í ræðu hans áðan þegar hann talaði aftur og aftur, og aftur og aftur, um skattaflokkana og átti þá við ríkisstjórnarflokkana. Ég veit náttúrlega að hv. þm. er að grínast en vil halda því til haga, til vonar að vara, að þessir svokölluðu skattaflokkar hans hafa nú starfað saman í sjö ár og lækkað skattana aftur og aftur, síðast núna í vetur um nokkra milljarða. Ég minni hann líka á að á sama tímabili hefur hans flokkur, Samfylkingin, aftur og

aftur lagt til milljarða í aukna skatta við næstum því hverja einustu fjárlagagerð. Ég man t.d. að við fjárlagagerðina 2000 lögðu þeir til aukna skatta upp á 5,5 milljarða, 5.500 millj. á skattgreiðendurna í landinu.

Ég minni hann líka á að formaður hans, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur gagnrýnt harðlega skattalækkanir ríkisstjórnarinnar, t.d. þegar tekjuskattur einstaklinga var lækkaður um 4% í þremur áföngum á síðasta kjörtímabili, sem er einhver mesta skattalækkun í sögu lýðveldisins og átti auðvitað stærstan þátt í því að kaupmáttur jókst hér meira en í nokkru öðru landi. Foringi hans skammaði ríkisstjórnina mánuð eftir mánuð og ár eftir ár og sagði: Það á ekki að lækka skatta í góðæri.

Ég vildi bara, herra forseti, halda því til haga að skattaflokkana er auðvitað að finna í stjórnarandstöðunni en ekki í ríkisstjórninni. Helsti skattaflokkurinn er auðvitað flokkur hv. þingmanns, Samfylkingin, og ég segi nú bara: Guð hjálpi skattgreiðendum þessarar þjóðar ef sá flokkur kemst einhvern tíma til valda.

[19:02]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að það svíði undan sannleikanum. Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Þannig er í pottinn búið að á síðustu sjö árum hafa útgjöld ríkissjóðs hækkað um helming, og ég spyr: Hvaðan koma þeir fjármunir? Þeir koma auðvitað úr vösum skattgreiðenda þessa lands, koma auðvitað frá landsmönnum, frá alþýðufólki landsins til sjávar og sveita.

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson er vanur því að vera maður orða sinna og hann veit auðvitað miklu betur þegar hann heldur fram þeirri skröksögu að Samfylkingin hafi verið með tillögur um milljarða kr. útgjaldaauka við fjárlagagerð því að á sama tíma var Samfylkingin með tillögur til lækkunar á útgjöldum. Raunar fylgdu þeirri sögu sérstakar tekjur vegna sjávarútvegs.

Samfylkingin skilaði meiri afgangi í ríkissjóð í sínum tillögum á síðasta fjárlagaári, í desember sl., heldur en ríkisstjórnin. Sá var sannleikur málsins. Enda hafði hæstv. ríkisstjórn hreinlega gefist upp á því ætlunarverki sínu, og hér runnu svoleiðis milljónatugirnir, hundruð millj. og milljarðarnir út eins og hendi væri veifað og eins og mönnum væri hreinlega borgað fyrir það.

Auðvitað skil ég býsna vel, herra forseti, að Sjálfstfl. sé ekkert allt of stoltur af því þegar hann lítur til baka og sér í hendi sér að útgjöld ríkissjóðs hafa stóraukist ár frá ári. Ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað og það gefur auðvitað augaleið að þessa peninga þarf að sækja eitthvað og þeir eru sóttir í vasa almennings í formi skatta og matarholu á borð við þjónustugjöld og sértekjur ríkissjóðs.

[19:05]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, sannleikanum verður hver sárreiðastur, og það svíður undan sannleikanum sagði hv. þm. Ég heyrði á tóninum að þessi mikli húmoristi var allt í einu orðinn svolítið argur sem eðlilegt er þegar maður minnir hann á sannleikann. Auðvitað klæðir það ekki þingmenn Samfylkingarinnar að koma í ræðustól og tala um skattaflokkana í ríkisstjórninni. Það bara gengur ekki upp, hv. þm., þú sérð það sjálfur. Staðreyndin er auðvitað þessi sem ég sagði.

Hann segir að það sé skröksaga. Ég bið bara hv. þingmann að fletta upp í fjárlagatillögunum fyrir árið 2000. Ég er m.a.s. með ljósrit af þeim í borðinu mínu og get gefið honum kópíu af því á eftir. 5.500 millj., 5,5 milljarða, lögðu þeir til í aukna skatta þegar ríkisstjórnin var heldur að dempa sig í skattheimtunni. Svo kom hv. þm., formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, aftur og aftur, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár og sagði: Það á ekki að lækka skatta í góðæri. Skammaði ríkisstjórnina fyrir að lækka tekjuskatt einstaklinga meira en nokkurn tíma hefur verið gert í Íslandssögunni, 4% í þremur áföngum, sem eins og ég sagði áðan átti náttúrlega stærstan þátt í því að kaupmáttur jókst meira á Íslandi en í nokkru öðru OECD-ríki á þessum árum. Það er nú bara staðreynd málsins.

Ég frábið mér svona orð eins og að ég sé að fara hér með einhverja skröksögu því að þetta eru bara staðreyndir sem maður sannar með því að fletta upp í þingskjölum. En ég skil vel að það svíði undan sannleikanum og hv. þm. tekur þessu heldur illa. Ég minni hann á það líka að við lækkuðum eignarskatt um helming í vetur sem kemur t.d. eldra fólki sérstaklega til góða. Það var verið að lækka tekjuskattinn meira, afnema þjóðarbókhlöðuskattinn og maður hefur bara ekki tíma til að telja upp allar skattalækkanir þessarar ríkisstjórnar í stuttu andsvari. Þannig er þetta, hv. þm., og ég hélt satt að segja á fyrri ræðu þingmannsins að þetta hefði verið húmor og gamansemi en ég finn núna að það svíður undan sannleikanum.

[19:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Margur heldur mig sig. Nei, ég er afskaplega kátur og glaður. Ég sef ágætlega á nóttunni þótt Sjálfstfl. víki af vegi dyggðarinnar og geri annað en hann segir á hátíðis- og góðviðrisdögum. Það truflar mig ekkert sérstaklega þegar Sjálfstfl. segist vera flokkur frelsisins og er flokkur helsis. Það truflar mig ekkert sérstaklega þó að Sjálfstfl. segist vera í hinum almennu aðgerðum í atvinnumálum þar sem frelsi eigi að ráða ríkjum og ætlar síðan að skaffa 20 milljarða ríkisábyrgð til handa sérstökum vinum sínum í henni Reykjavík. (Gripið fram í.) Það truflar mig ekkert sérstaklega þó að Sjálfstfl. fari fram með það sem sérstakt gæluverkefni og það truflar mig ekkert sérstaklega sem samfylkingarmann að horfa framan í þann veruleika að ríkisbúskapurinn sé með þeim hætti að aldrei fleiri hafa unnið hjá ríkinu, aldrei meiri peningar runnið til ríkisins úr buddum landsmanna. (Gripið fram í.) Þó að Sjálfstfl. haldi því fram að hann sé flokkur frelsisins og einkaframtaksins er þetta bara alveg eins og — ja, ég veit það varla — eins og eitthvað sem er á hvolfi. Það stendur auðvitað ekki steinn yfir steini. (**GuðjG:** Hvað með tillögur Samfylkingarinnar?)

Kem ég þá að tillögum Samfylkingarinnar — af því að við vorum í samanburðarfræðum heldur það ekki vöku fyrir mér þó að barátta okkar í Samfylkingunni fyrir raunverulegri samkeppni hér á markaði til hagsbóta fyrir neytendur fari mjög fyrir brjóstið á Sjálfstfl., þessum unnanda frelsisins í viðskiptum sem vill múlbinda allt fyrir sérstaka vini sína, og styrking Samkeppnisstofnunar í þeim efnum. Það truflar mig ekkert sérstaklega.

Samfylkingin kemur algerlega til dyranna eins og hún er klædd, og hv. þm. veit auðvitað miklum mun betur þegar hann skoðar í heild tillögur okkar við síðustu fjárlagagerð, veit hvernig þær litu út. Þær hefðu verið til útgjaldalækkunar fyrir almenning í þessu landi. (**GuðjG:** Fimm og hálfur milljarður.) (Forseti hringir.) Það er alveg sama, herra forseti, hvað hv. þm. hrópar af hliðarlínu, við á miðjunni, í framlínunni, vitum betur.

[19:09]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, brtt. PHB, þskj. 1288.

Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, 460. mál, nál. utanrmn., þskj. 1287.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 638. mál, nál. umhvn., þskj. 1275; brtt. umhvn., þskj. 1276.

Lyfjalög, 601. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1280.

Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, 730. mál, þáltill. efh.- og viðskn., þskj. 1277.

Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, 459. mál, nál. utanrmn., þskj. 1286.

Úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárlagaferlinu, 731. mál, skýrsla fjárln., þskj. 1284.

Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, 458. mál, nál. utanrmn., þskj. 1285.

[19:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við frv. til laga um breyting á umferðarlögum og ég vil hefja mál mitt á því að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að ætla sér að afgreiða þetta mál ásamt með öðrum stórmálum á elleftu stundu á síðustu dögum þingsins, gefa því ekki eðlilegan tíma í nefnd og senda það ekki út til umsagnar. Vegna þessara vinnubragða tel ég að það sé algjört skilyrði að þingið gefi þessu máli hér þá umræðu sem það þarf. Þess vegna tek ég undir gagnrýni hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sem gagnrýnir að hæstv. dómsmrh. skuli ekki viðstödd þessa umræðu. Hér erum við að gera grundvallarbreytingar á ákveðnum þáttum umferðarmála og það er í sjálfu sér ekki alveg boðlegt, herra forseti, að hæstv. ráðherra skuli ekki heiðra samkomuna með nærveru sinni við þessa umræðu. Hér eru sannarlega margar spurningar á lofti og eðlilegt að hæstv. ráðherra sé hér til staðar til að svara fyrir ýmis mál sem hafa vaknað. **(Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Spurningarnar hafa auðvitað vaknað í því nefndarstarfi sem fram fór og ég tek það fram, herra forseti, að ég sat nefndarfundi allshn. sem varamaður hv. þm. Ögmundar Jónassonar og kom þannig að þessu máli. Ég hef því kynnt mér það eftir fremsta megni, eftir því sem hægt er á þeim litla tíma sem gefinn er, sérstaklega þegar litið er til allra annarra stórmála sem hér liggja fyrir og bíða afgreiðslu.

Herra forseti. Þegar mál eru tekin til afgreiðslu í þingnefndum er eðlilegt að alþingismönnum gefist færi á að spyrja gesti, sem hafa þá áður gefið umsagnir um málin, ítarlega út úr um ákveðin atriði sem menn hafa spurningar um. Venjulega — það þarf kannski ekki að segja hæstv. forseta það — fara þessir fundir þannig fram að það eru einn til tveir, kannski þrír gestir, jafnvel fjórir í einu, en þegar svo hratt er unnið sem nú er gert vill það brenna við að á nefndarfundi sé boðaður fjöldi manns. Þegar núa manna nefnd situr við borð með kannski 10, 15, jafnvel 20, gesti eins og gerst hefur í ákveðnum málum í þessari vinnulotu sem nú stendur yfir verður umfjöllunin í nefndinni auðvitað mun yfirborðskenndari og alls ekki er hægt að ætlast til að nefndarmenn geti farið jafnítarlega ofan í einstök atriði mála og venjulega er gert. Ég fullyrði, herra forseti, að hér er afar óvenjulega að málum staðið og mér finnst mál af þessu tagi útheimta vandaðri vinnubrögð og ítarlegri umfjöllun, fyrst þingnefndarinnar og síðan hér á Alþingi.

Það sem hér um ræðir er náttúrlega það að verið er að leggja niður stofnun, kannski fyrirtæki öllu heldur, Skráningarstofuna hf., og stofna *nýja* ríkisstofnun, Umferðarstofnun, eins og hún heitir í frv. en allshn. hefur gert það að tillögu sinni að Umferðarstofnun verði kölluð Umferðarstofa. Á þessum sömu dögum erum við að rúmstera frekar með stofnanaflóru ríkisins. Við fjöllum hér um tillögu um það að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður, að Umhverfisstofnun verði stofnuð, að Náttúruvernd ríkisins verði lögð niður, Hollustuvernd ríkisins verði lögð niður og breytt verði um nafn á Landgræðslunni.

Við erum nú stödd við þessa umræðu þar sem Umferðarstofnun og Umhverfisstofnun hafa verið til umræðu á sama tíma í tveimur ólíkum nefndum. Allt þetta nafnabrengl er orðið hálfþvælið og nafnaruglingur og þegar þingmenn voru farnir að gera sér grein fyrir því að það yrði kannski óljóst hvort símadömur væru að svara hjá Umhverfisstofnun eða Umferðarstofnun þá var sú snilldarlausn fundin að láta þessa Umferðarstofnun bara heita Umferðarstofu. Það mundi þá eiga samhljóm í nafni þeirrar stofnunar eða þess fyrirtækis sem verið er að leggja niður, þ.e. Skráningarstofu hf. Þetta er nú kannski ekki mergurinn málsins. En það er margt svolítið skondið, jafvel fyndið, við þetta frv. því að hér á sér stað einhvers konar afturábakeinkavæðing.

Ég átti orðastað við hæstv. dómsmrh. í aðdraganda fjárlagaumræðu vegna fjárlaga fyrir árið 2002 vegna ökuprófa og breytts fyrirkomulags, hugmynda um breytt fyrirkomulag á ökuprófum. Greinilegt var að þar átti að hagræða og breyta út af því kerfi sem við höfum rekið varðandi ökuprófin. Síðan hef ég satt að segja ekki fylgst neitt sérstaklega með þessum málaflokki, herra forseti. En það var ljóst í máli hæstv. dómsmrh. í aðdraganda fjárlaganna að uppi væru hugmyndir um einhvers konar útboð þjónustunnar við ökuprófin, þ.e. einhvers konar einkavæðing ökuprófa á Íslandi. Auðvitað gagnrýndi ég það harðlega á þeim tíma sem við fjölluðum um það.

Í umfjöllun um þetta mál kemur síðan í ljós — og ég hefði kannski átt að heyra það einhvers staðar í fréttum en það er nú oft þannig að ýmislegt fer fyrir ofan garð og neðan hjá manni — en það kom sem sagt í ljós í þessari umræðu að þann 1. apríl sl. tók fyrirtækið Frumherji til starfa, og hafði verið falið það verkefni að sjá um ökuprófin, að því er mér skilst, fyrir hönd Umferðarráðs því að í þingnefndinni ræddi framkvæmdastjóri Umferðarráðs um þetta fyrirbæri, þennan Frumherja og stöðuna eftir að samið var við Frumherja um framkvæmd ökuprófanna.

Herra forseti. Það er gagnrýnisvert að hægt skuli að einkavæða ökupróf á Íslandi nánast þegjandi og hljóðalaust án þess að um það fari fram nokkur efnisleg umræða í sölum Alþingis eða í fjölmiðlum. Ekki er loku fyrir það skotið að *eitthvað hafi komið um þetta í fjölmiðlum. En ég fullyrði* að umræðan um einakvæðingu ökuprófa á Íslandi hefur ekki verið tekin enn þann dag í dag. Hún var heldur ekki tekin í þetta sinn, þegar allshn. hafði þetta frv. til umfjöllunar, enda var lítill tími til að fara djúpt ofan í saumana á þessu máli.

Ég sagði afturábakeinkavæðing. Já, Skráningarstofan hf. verður lögð niður með þessu frv. og í staðinn tekur til starfa ríkisstofnunin Umferðarstofa.

Starfsfólk Skráningarstofu hf. skrifaði alþingismönnum bréf — ég man nú ekki hvort það var í byrjun apríl eða lok mars — þar sem fram komu áhyggjur þess af þeim áformum sem Skráningarstofa hf. hafði þá heyrt eitthvað um. Í þessari

lotu núna, eftir að frv. kom fram, fékk allshn. Alþingis sérstakt bréf frá þessu sama starfsfólki. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það er alltaf erfitt fyrir alþingismenn að fá erindi frá starfsfólki sem situr eða starfar í skjóli ríkisins og sinnir ákveðnum lögbundnum verkefnum og það er alltaf sorglegt að finna þegar stjórnvöld búa til óöryggi í ranni starfsfólksins sem reynir auðvitað eftir fremsta megni að sinna sínum störfum vel.

Áform hæstv. dómsmrh. um breytingar á þessu fyrirkomulagi og á þessari stofnanaflóru valda eðlilega óöryggi hjá starfsmönnum Skráningarstofu. Þess vegna skrifar starfsfólkið allshn. bréf og vill benda á ákveðin atriði í frv. sem kunna að orka tvímælis og þurfa kannski einhvers konar umsagnir frá þeim aðilum sem þetta mál varðar. En vegna tímaskorts var ekki hægt að taka ábendingum frá þessu ágæta starfsfólki og ekki var hægt að leita þeirra umsagna sem eðlilegt hefði kannski verið. Ég vil geta þess hér að starfsfólk Skráningarstofunnar segir í niðurlagi bréfsins til nefndarinnar að því finnist vera byrjað á þessu máli á öfugum enda. Þannig sé lagt fram frv. sem geri ráð fyrir því að stofnuð verði ákveðin verkefnisstjórn sem verði falið það verkefni að taka ákvarðanir um vistun verkefna sem nú eru unnin hjá Skráningarstofnunni hf. og Umferðarráði.

Það er alveg rétt hjá þessu ágæta starfsfólki að auðvitað hefði verið skynsamlegra að skipa þessa verkefnisstjórn fyrst. Kannski hefði átt að skipa einhvers konar starfshóp eða verkefnisstjórn meðan verið var að semja frv., sem hefði þá átt að fara yfir stöðu og stjórnsýslu umferðarmála áður en frv. var samið og lagt fram. Ég tek því undir þá gagnrýni starfsfólks Skráningarstofu að hér sé verið að byrja á öfugum enda og hér sé verið að gera tilraun til að lögfesta einhverjar niðurstöður einhverrar væntanlegrar verkefnisstjórnar sem er ekki fugl í hendi í dag, herra forseti. Þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar, ekki frekar en þau vinnubrögð sem beitt er þegar lagt er til að Þjóðhagsstofnun sé lögð niður enda gagnrýndum við þingmenn stjórnarandstöðunnar það harðlega á fundi Alþingis í gær.

Herra forseti. Það er allsendis óvíst hvort nokkur hagræðing skapist með þessum lögum. Það viðurkennir fjárlagaskrifstofa fjmrn. sem gefur umsögn með frv., enda er kannski alls ekki ætlun hæstv. dómsmrh. eða stjórnvalda að skapa hagræðingu. Frekar má segja, eðli málsins samkvæmt, að stjórnsýsluhlutverk af því tagi sem hér er um fjallað ætti eðlilega að vista hjá ríkisstofnun en ekki hjá hlutafélagi úti í bæ. Ég vil því taka skýrt fram að ég er í sjálfu sér alls ekki mótfallin því að málaflokkurinn sé vistaður hjá ríkisstofnun. Ég var hins vegar ekki sátt við það á sínum tíma þegar Skráningarstofa var stofnuð og ég upplifði það að verið væri að einkavæða hluti, stjórnsýsluhlutverk sem ætti eðli máls samkvæmt heima hjá stjórnsýslustofnun. Ef hægt er að segja að menn séu að hverfa frá villu síns vegar þá lýsi ég yfir ánægju minni með að þessi málaflokkur skuli nú vistaður í framtíðinni hjá ríkisstofnun en ekki hjá hlutafélagi.

Hins vegar verðum við að horfast í augu við raunveruleikann, herra forseti. Það starfar fólk hjá Skráningarstofu og það hefur ekki einasta hlutverki að gegna sem lýtur að umferðarmálum því að í vörslu Skráningarstofu hf. eru sömuleiðis ýmis tölvukerfi sem eru í eigu ríkisins. Hægt er að nefna það hér að þetta er t.d. tölvumiðstöð dómsmrn. sem kölluð er TMD þar sem tengd eru saman tölukerfi lögreglu og sýslumanna landsins. Einnig munu héraðsdómstólarnir vera tengdir inn á þetta víðnet TMD sem vistað er hjá Skráningarstofu hf. Sömuleiðis er þarna vegabréfakerfi og gagnagrunnur Útlendingaeftirlitsins og Schengen-gagnagrunnurinn. Það er alveg ljóst að starfsemi Skráningarstofu lýtur ekki bara að umferðarmálum og ökutækjaskráningu og slíku heldur eru aðrir tölvugagnagrunnar þar vistaðir og auðvitað fór talsverður sá tími sem nefndin þó gaf sér í umræðuna í að skilgreina það fyrir hv. þm. sem eiga sæti í allshn. hvaða hlutverki þessi Skráningarstofa gegndi í raun og veru.

Ég verð að segja að starfsfólk Skráningarstofu sem kom fyrir nefndina kom auðvitað afskaplega vel fyrir og málflutningur þess var mjög trúverðugur og — ég man ekki íslenska orðið yfir „sympatískur". En eins og ég segi þá skil ég að ákveðið óöryggi skuli vera til staðar og ég skil gagnrýni þeirra sem starfa fyrir fyrirtækið á stjórnvöld þó svo að ég sé því ekki fylgjandi að Skráningarstofan verði áfram hlutafélag með þau verkefni sem eðli málsins samkvæmt að mínu mati ættu að heyra undir opinbera stjórnsýslustofnun.

Eitt af því sem vekur óöryggi hjá starfsmönnum Skráningarstofunnar er, eins og kemur fram í frv., að einhverjir þættir af starfi Skráningarstofunnar gætu verið boðnir út í framtíðinni. Hvað ýtir undir þennan ótta hjá starfsfólkinu? Jú, það eru orð sem koma fram í 7. gr. frv., herra forseti, og hljóða svo:

„Umferðarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur."

Já, starfsfólk Skráningarstofu hf. er uggandi um að kannski eigi að taka einhverja þætti undan þeirri starfsemi sem þar hefur farið fram og bjóða út.

Á fundum nefndarinnar vorum við reyndar fullvissuð um það, eins og hægt er að fullvissa nefndarmenn í þingnefndum, að slíkt væri ekki í bígerð hjá ríkisvaldinu, að ekki væri yfirvofandi frekari útboðsstefna eða einkavæðing í þessum málaflokki þó svo að öllum væri kunn útboðsstefna ríkisstjórnarinnar. Um það var fjallað að kannski væri mögulegt að bjóða út á þessu sviði einhvers konar hönnun hugbúnaðar, en sagt að engin áform væru um að bjóða út tölvukerfin.

Þetta vil ég að komi fram hér, herra forseti, því að ég tel okkur í þingnefndinni hafa fengið í gegnum skilaboð frá ráðuneytisstarfsfólkinu fullvissu þess að slík áform væru ekki uppi og það er nauðsynlegt að ramma þau inn hér og sjá til þess að enginn gangi hér gruflandi í þeim efnum.

Aðrir sem gáfu allshn. konar umsagnir um það mál sem hér er um fjallað voru í raun bara Ökukennarafélag Íslands sem kom með tvö bréf til nefndarinnar. Nefndin tók til umfjöllunar ákveðna þætti sem Ökukennarafélagið hefur verið að reyna að vekja athygli á. Ökukennarafélagið vill auðvitað leggja ríka áherslu á að haft sé samráð við það og gagnrýndi að í aðdraganda frv. hefði það verið ónógt. Það ítrekaði að eðlilegt væri að leita til félagsins með samráð um setningu reglugerðar sem setja þarf samkvæmt 2. gr. frv. Svo gagnrýndi Ökukennarafélagið ákveðna þætti sem koma fram í 3. gr. frv.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fjallaði um þá gagnrýni í ræðu sinni þegar hún fylgdi málinu úr hlaði og segja má að nefndin hafi tekið til athugunar þessi gagnrýnisatriði og leggur fram brtt. um það atriði, þ.e. hvernig löggildingu þeirra starfsréttinda sé háttað. Tel ég að Ökukennarafélagið geti þannig vel við unað og að hlýtt hafi verið á þau atriði sem það bar hvað helst fyrir brjósti.

Herra forseti. En nú er rétt að ítreka það að engum var gefinn kostur á að gefa umsagnir um þetta mál. Og hvað

vitum við nema fólk sem starfar innan þessa málaflokks úti á akrinum hafi athugasemdir sem hefðu kannski leitt til alveg jafneinfaldra leiðréttinga og þær athugasemdir sem komu frá Ökukennarafélaginu? Það vitum við ekki og fáum aldrei að vita vegna þess að svigrúmið sem ríkisstjórnin gefur fyrir vinnslu málsins er ónógt til þess að við getum sent málið út.

Nú höfum við fjallað lengi dags um umferðaröryggisáætlun og við höfum fjallað um þýðingu þess að sem flestir komi að stefnumótun í umferðaröryggismálum. Auðvitað eru umferðaröryggismál hluti af umferðarmálum í stóru samhengi og ef það er mikilvægt að almenningur, frjáls félagasamtök og aðrir komi með öflugum hætti að gerð umferðaröryggisáætlunar þá er ekki síður mikilvægt að þeir aðilar komi að samningu frv. eins og þess sem hér er til umfjöllunar. Áhugafólki um umferðarmál og umferðaröryggismál er því ekki mikil virðing sýnd með þessum vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Ég fullyrði, herra forseti, að við erum að brenna inni með það að fá athugasemdir frá vel meinandi fólki, fólki sem hefur betri yfirsýn en við sem hér sitjum, fólki sem vill ráða okkur heilt og hefur eflaust frjóar hugmyndir og gæti gert þetta frv. þannig úr garði að miklu meiri sómi væri að en raun ber vitni.

Herra forseti. Í umfjöllun nefndarinnar var örlítið fjallað um atriði sem fram kom í umræðunni fyrr í dag um umferðaröryggisáætlun, þ.e. vistun málaflokksins. Nefndin var upplýst um að í Svíþjóð hefðu menn á sínum tíma lagt bæði umferðarmálin sem slík og umferðaröryggismálin undir samgrn. og Vegagerð. Greint var frá því að erfiðleikar Svía væru fram til þessa fólgnir í því að sú rödd sem við erum vön að heyra frá Umferðarráði heyrðist lítt eða illa í Svíaríki. Þess vegna var mælt með því að málaflokkurinn væri vistaður á tveimur stöðum, þ.e. að hinar mýkri hliðar hans heyri undir dómsmrn. áfram og harðari hliðin, sem snýr að mannvirkjagerð, vegáætlunum og samgöngumálum, heyri undir samgrn.

Þessi sjónarmið hafa tekist svolítið á. Auðvitað er aldrei hægt að skilja alveg þarna á milli en umræðan um vistun málaflokksins er engu að síður þýðingarmikil. Það skiptir máli að hún fari fram, m.a. vegna þess að það skiptir okkur öll máli að rödd Umferðarráðs heyrist skýrt og greinilega í gegnum allan þann glymjanda sem okkur er boðið upp á í samfélagi nútímans. Umferðarráð hefur gert það sem í þeirra valdi hefur staðið til að láta þann boðskap heyrast sem þeim er ætlað að útbreiða samkvæmt lögum. Það kom fram í máli framkvæmdastjóra ráðsins, Óla H. Þórðarsonar, þegar hann kom fyrir nefndina að hann telur Umferðarráð hafa verið fjársvelt hingað til og það skorti fjármagn til þess að reka þann áróður sem nauðsynlegur er á hverjum tíma í þessum málaflokki. Framkvæmdastjórinn lét í ljós ákveðnar áhyggjur varðandi það að ef hrista ætti upp í málaflokknum yrði auðvitað að skoða fjármagnið til málaflokksins á sama tíma.

Þannig er allt á sömu bókina lært í þessu máli. Umræðan er sú hin sama og fram fór varðandi Þjóðahagsstofnun og sama umræða og fram fór í umhvn. varðandi Umhverfisstofnun. Það er auðvitað enginn tilgangur í því, herra forseti, að rúmstera til í stofnanaflóru ríkisins algjörlega formsins vegna án þess að því fylgi það vítamín sem fólgið er í auknu fjármagni til viðkomandi málaflokks.

Framkvæmdastjóri Umferðarráðs kvartaði sömuleiðis undan því að hið nýskipaða Umferðarráð sem nú starfar skyldi ekki fá tækifæri til að veita umsögn um málið. Það hefði sannarlega verið verðugt verkefni fyrir nýskipað ráð að takast á við að gefa umsögn um nákvæmlega þetta mál. Ef vel hefði verið að verki staðið og málið hefði komið fram tímanlega í þinginu þá hefði þessu nýja Umferðarráði auðvitað verið falið það verkefni. En eins og ég segi förum við á mis við góðar hugmyndir víða að og örugglega frá hinu nýskipaða Umferðarráði einnig.

Sumir hafa gagnrýnt að Umferðarráð eigi áfram að vera til samkvæmt þessu frv., það eigi áfram að vera jafnstórt. Sumir hafa nú haft það á orði svona í gegnum tíðina að Umferðarráð sé óttaleg risaeðla í kerfinu. Það er kannski svolítið til í því og væri svo sem hægt að hafa langt mál um það. Ég held að vilji þeirra sem komu fyrir nefndina hafi staðið til að leyfa nú risaeðlunni að hreyfa sig og fá nýtt blóð í kroppinn. En kannski hefðum við fengið nýjar hugmyndir ef við hefðum fengið inn nýtt og ferskara fólk á fundi nefndarinnar. Ég fullyrði, herra forseti, að það er fullt af ungu fólki sem er nýkomið með ökupróf í dag sem hefur hugmyndir til málanna að leggja. Ef alþingismenn sinntu því hlutverki að efna til umræðu og fræðslu líka úti í samfélaginu með málflutningi sínum hér á Alþingi hefðum við auðvitað getað fengið til fundar við nefndina ungt, áhugasamt fólk sem hefði kannski nýja sýn á málaflokkinn, gæti fært okkur inn nýja vinkla og ég sakna þess að það fólk skuli ekki hafa haft möguleika eða tækifæri til að koma fyrir nefndina.

Eitt af því sem kom til umfjöllunar í nefndinni kom einnig til tals í umræðunni fyrr í dag um umferðaröryggisáætlunina en það voru störf rannsóknarnefndar umferðarslysa. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gerði 11. gr. í frv. að umtalsefni hér áðan. Hann áttaði sig kannski ekki á því að sú grein fjallar auðvitað um nefnd sem starfar í dag samkvæmt 114. gr. umferðarlaganna sem við nú störfum eftir. Hún hefur starfað frá árinu 1996 og verið skipuð þremur mönnum. Nefndin hefur aðsetur hjá Umferðarráði og heyrir til dóms- og kirkjumrn. Það er alveg ljóst að nefndin hefur afskaplega veigamiklu hlutverki að gegna. Það er hennar að ákveða hvaða flokkar umferðarslysa eru rannsakaðir, t.d. banaslys í umferðinni eða vissir flokkar annarra alvarlegra umferðarslysa og hvernig unnið skuli að þeirri rannsókn.

Það er auðvitað deginum ljósara, herra forseti, að nefnd eins og rannsóknarnefnd umferðarslysa verður að hafa nægilegt fjármagn til þess að starfa og nægilegan styrk til þess að sinna hlutverki sínu. En það er greinilegt á umræðunni sem fram fór í allshn. að þar hefur talsvert skort á og hlýtur að þurfa að efla þá nefnd til muna í hinu breytta landslagi umferðarmála sem við horfum fram á.

Herra forseti. Ég hef nú stiklað á stóru í því sem fram kom hjá gestum allshn. þegar fjallað var um þetta frv. í nefndinni og tæpt á gagnrýni minni á þetta mál. Ég legg gífurlega áherslu á að stjórnvöld efni til öflugrar samvinnu við almannasamtök, áhugafélög og einstaklinga. Ég held að það væri alveg þess virði að skoða hugmyndafræði Árósasamningsins. Þó að sá samningur eigi við um frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála þá held ég að umferðarmálin geti í ákveðnu tilliti flokkast undir umhverfismál. Hugmyndafræðin sem Árósasamningurinn gengur út á er auðvitað í fullu gildi hvað varðar þann málaflokk sem hér er fjallað um. Ég held að samtal stofnana ríkisins og almennings í þessum málaflokki sé alveg lífsnauðsynlegt.

Ef við ætlum í alvöru að færa umferðarmál til betri vegar þá held ég að við sækjum næringuna fyrst og fremst út á akurinn til fólksins, til þeirra sem þurfa að komast áfram í

umferðinni. Ég tel lífsnauðsynlegt að þar séu mynduð tengsl og myndað frjótt og gjöfult samstarf. Ég tel að við getum horft fram á jákvæða tíma í þróun umferðarmála og umferðaröryggis á Íslandi og ég treysti því auðvitað, herra forseti, að einmitt það sé hér lagt upp með.

Læt ég þá lokið þessari fátæklegu umfjöllun um umferðarlögin. Ég hefði satt að segja viljað hafa hana lengri og ítarlegri, hefði viljað sjá að hér væri áhugi á dýnamískri samræðu um málið. En í ljósi anna og erfiðleika við að koma málum hér á dagskrá, herra forseti, látum við þetta nægja að sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 10. og 25.–33. mál.

Fundi slitið kl. 19:39.

---

124. FUNDUR

laugardaginn 20. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, stjtill., 675. mál, þskj. 1091, nál. 1203. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

2. Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, stjtill., 682. mál, þskj. 1098, nál. 1204. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, stjtill., 683. mál, þskj. 1099, nál. 1205. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 684. mál, þskj. 1100, nál. 1206. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 510, nál. 1166, brtt. 1167, 1176 og 1194. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 784, nál. 994, brtt. 995. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Stjórnsýslulög, stjfrv., 598. mál, þskj. 942, nál. 1217. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1052, nál. 1216. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1153, nál. 1230 og 1243, brtt. 1244. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Einkahlutafélög, stjfrv., 546. mál, þskj. 854, nál. 1172. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Hlutafélög, stjfrv., 547. mál, þskj. 855, nál. 1171. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Samkeppnislög, stjfrv., 596. mál, þskj. 938, nál. 1213. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 912, nál. 1254. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Tryggingagjald o.fl., stjfrv., 582. mál, þskj. 911, nál. 1211, brtt. 1212. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687, nál. 996. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1094, nál. 1218. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, stjtill., 599. mál, þskj. 945, nál. 1229. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

19. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1051, nál. 1258, brtt. 1259. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

20. Útflutningur hrossa, stjfrv., 357. mál, þskj. 497, nál. 1195, brtt. 1196. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

21. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 587. mál, þskj. 917, nál. 1208. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

22. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 672. mál, þskj. 1088, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.

23. Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), stjtill., 622. mál, þskj. 975, nál. 1267. — Síðari umr.

24. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), stjtill., 623. mál, þskj. 976, nál. 1268. — Síðari umr.

25. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), stjtill., 636. mál, þskj. 1008, nál. 1269. — Síðari umr.

26. Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, stjtill., 686. mál, þskj. 1102, nál. 1270. — Síðari umr.

27. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, stjtill., 685. mál, þskj. 1101, nál. 1207. — Síðari umr.

28. Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, þáltill., 458. mál, þskj. 738, nál. 1285. — Síðari umr.

29. Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 459. mál, þskj. 739, nál. 1286. — Síðari umr.

30. Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, þáltill., 460. mál, þskj. 740, nál. 1287. — Síðari umr.

31. Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, stjtill., 615. mál, þskj. 963, nál. 1202 og 1233. — Síðari umr.

32. Virðisaukaskattur, stjfrv., 315. mál, þskj. 1180, brtt. 1199. — Frh. 3. umr.

33. Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, þáltill., 730. mál, þskj. 1277. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

34. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 720. mál, þskj. 1227. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

35. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990, nál. 1201. — 2. umr.

36. Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 641. mál, þskj. 1036, nál. 1222. — 2. umr.

37. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085, nál. 1214. — 2. umr.

38. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — 2. umr.

39. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082, nál. 1281. — 2. umr.

40. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1083, nál. 1282, brtt. 1283. — 2. umr.

41. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947, nál. 1280. — 2. umr.

42. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250. — 2. umr.

43. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.

44. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.

45. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.

46. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247. — 2. umr.

47. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.

48. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — 2. umr.

49. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.

50. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.

51. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.

52. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278, brtt. 1279. — Síðari umr.

53. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.

54. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

55. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198. — 2. umr.

56. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — 2. umr.

57. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

58. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.

59. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143. — 2. umr.

60. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.

61. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073, nál. 1257 og 1261. — 2. umr.

62. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — 2. umr.

63. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 882, nál. 1262, brtt. 1263. — 2. umr.

64. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086, nál. 1253. — 2. umr.

65. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

66. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177, nál. 1273, brtt. 1274 og 1288. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Tilhögun þingfundar.

[10:02]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslum um klukkan hálftvö í dag.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 672. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1088, nál. 1271, brtt. 1272.

[10:02]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, frá utanrmn.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu var undirritaður í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001 og veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda hann með þingsályktun 10. apríl sl. Fullgilding samningsins kallar á lagabreytingar hér á landi og miðar frumvarpið að breytingum á innlendri löggjöf sem fjallar um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar en markmið lagabreytinganna er fyrst og fremst að veita svissneskum ríkisborgurum og lögaðilum rétt til samræmis við EES-borgara þar sem það leiðir af nýjum stofnsamningi EFTA.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að 22., 24. og 25. gr. frumvarpsins ganga lengra en fullgilding nýs Fríverslunarsamnings Evrópu krefst og leggur nefndin til að þeim ákvæðum verði breytt. Jafnframt hefur komið í ljós að í frumvarpið vantar breytingar á fjölmörgum ákvæðum laga sem eru á málefnasviði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og leggur nefndin því til að þeim ákvæðum verði bætt við. Þá er lögð til breyting á gildistökuákvæði og að lokum eru lagðar til nokkrar lagfæringar á frumvarpinu en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Nefndin vekur athygli á að í 1. gr. frumvarpsins er breytt lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum. Þau lög munu falla úr gildi 1. janúar 2003 við gildistöku nýrra laga um útlendinga ef samþykkt verða á þessu þingi og þarf þá að gera samsvarandi breytingu á þeim.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og gerð er grein fyrir hér að framan.

Utanrmn. er einróma í afstöðu sinni til málsins.

[10:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ekki nauðsynlegt að orðlengja mikið um það frv. sem hér er til umræðu að öðru leyti en því að vekja athygli þingheims á því hve mikilvægt það er fyrir okkur að halda vöku okkar þegar við fáum til umfjöllunar lög og þingsályktanir sem snerta hið Evrópska efnahagssvæði. Hér hefur komið í ljós að þinginu og embættiskerfinu hefur yfirsést í nokkrum efnum og við erum af þeim sökum að gera breytingartillögur. — Jú, þinginu, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir. Þinginu hefur yfirsést vegna þess að endanlega er þingið ábyrgt fyrir þeim lögum sem hér eru samþykkt að sjálfsögðu. Það dugir ekki að setja ábyrgðina

á embættiskerfið sem að sjálfsögðu á að þjóna þinginu og upplýsa okkur.

En það er ekki þetta sem ég vildi fyrst og fremst ræða heldur hitt, þ.e. að minnast þess að iðulega erum við samþykkja hér frv. og þáltill. sem hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar í samfélagi okkar. Fyrir nokkrum missirum var samþykkt hér þáltill. um eins konar stefnuyfirlýsingu Íslendinga sem tók á aðskiljanlegum málum sem snerta hið Evrópska efnahagssvæði. Það hefur staðið upp á okkur að samþykkja lög og reglugerðir frá hinu Evrópska efnahagssvæði og stundum hefur það dregist verulega. Það hefur verið ráðin bót á þessu með því að þingið samþykkir þá eins konar viljayfirlýsingu um hvað það hyggist lögfesta á komandi mánuðum.

Í einni slíkri þáltill. sem þingið samþykkti var samþykkt að umbylta íslenska orkugeiranum í þá veru sem Evrópa eða Evrópusambandið hafði ákveðið. Þá samþykkti þingið að við mundum lögfesta að á komandi sumri mundum við gera öllum orkufyrirtækjum í landinu að aðgreina framleiðsluhluta fyrirtækjanna og síðan dreifingar- og söluhlutana hins vegar. Með þessu móti er Evrópusambandið að búa í haginn fyrir markaðsvæðingu raforkugeirans og þá á hið sama að gilda um raforkuframleiðslu í Evrópu og á Vestfjörðum og reyndar hvar sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Ég tel að þarna hefðu Íslendingar átt að leita undanþágu. Ég er nokkuð sannfærður um að okkur hefði tekist að fá samþykkta undanþágu við þessu ákvæði. Það voru einvörðungu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem vöktu athygli á þessu og við héldum uppi umræðu um þetta mál við lítinn fögnuð í þinginu. Menn spurðu hvað þetta ætti eiginlega að þýða, þetta væri þáltill., eins konar almenn viljayfirlýsing og menn ættu að snúa sér að gagnlegri verkefnum en að karpa um slíkt.

En með þessari ákvörðun, með þessari samþykkt vorum við að skuldbinda okkur í þessum efnum og hefðum betur hugað nánar að því sem við vorum að gera því ég hef orðið var við það bæði innan stjórnarandstöðu og einnig innan stjórnarmeirihlutans að þarna hefðum við betur farið öðruvísi að. Þetta, herra forseti, vildi ég nefna í tilefni þessa frv. sem fjallar um breytingar sem þinginu og embættismannakerfinu yfirsást á sínum tíma.

[10:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við þetta. Það er orðinn plagsiður hér hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ævinlega þegar eitthvað kemur fyrir þingið sem varðar Evrópska efnahagssvæðið, *ég tala nú ekki um Evrópusambandið*, að hv. þm., ég segi ekki að hann umhverfist en hann alla vega sýnir aðeins á sér ranghverfuna og fer jafnan að tala um að það hafi einungis verið þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem hafi náð því að vekja eftirtekt á þessum raforkumálum.

Ástæðan er auðvitað sú að aðrir í þinginu eru þeirrar skoðunar að með réttu lagi séu þessar breytingar þess eðlis að það sé alveg fyllilega tímabært og eðlilegt að ræða þær hér í þinginu. En ég ætla ekki að elta ólar við hv. þm. um það. Ég reyni einungis að biðja hann um að stilla skap sitt þegar minnst er á Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið. Ég minni á að hv. þm. Ögmundur Jónasson kemur núna upp og mér finnst hann vera farinn að breyta afstöðu sinni til Evrópska efnahagssvæðisins. Ég segi ekki að hann sé farinn að lyfta höndum af fögnuði þegar á það er minnst. En hann er þó farinn að tala um ýmis tæknileg atriði sem við þurfum að grípa til í þeim efnum að geta staðið við ýmsar okkar gerðir.

Í framhaldi af þessu má kannski rifja upp umræðu sem varð hér milli mín og hans og hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals. Reyndar var það hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sem tók þátt í því hér í gær. Þá benti einmitt hv. þm. Halldór Blöndal á það varðandi ýmsa þá gerninga sem verið er að samþykkja af Evrópusambandinu að það tekur óratíma fyrir hin stóru ríki úti í Evrópu að setja þá í lög, en við hér hins vegar hlaupum alltaf strax til.

Ég er ekki að mæla með því að menn tefji það úr hófi fram. Hins vegar eru ýmis lög einfaldlega þess eðlis að það er stundum umhendis að skilja hvaða erindi þau eiga inn í íslenska löggjöf. — Er ég búinn með tímann minn?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nei. Hv. þm. hefur ótakmarkaðan tíma. Þetta var ekki andsvar. Þetta var ræða og var kynnt sem ræða og hv. þm. mál tala eins lengi og hann vill.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir skörulega íhlutun (**Gripið fram í:** ... bara að þingmaðurinn geri það.) fyrir *mína* hönd. En það sem ég vildi segja var að ég var að rifja hér upp ýmsum þingmönnum til mikillar gleði væntanlega að ég var seint á síðustu öld ráðherra í ríkisstjórn og mér þótti stundum skelfilegt að þurfa að þvinga sjálfan mig til þess að leggja fram ákveðna gerninga sem mér fannst ekkert erindi eiga inn í íslenska löggjöf. Ég nefni þetta vegna þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson virtist ánægður yfir því að menn hefðu fundið einhverjar leiðir til þess að friðþægja og jafnvel friðmælast við þá sem eru að reka með svipum á eftir slíku úti í Evrópu. Finnst mér nú þá að menn séu farnir að tala einhvern veginn allt öðruvísi en ég átti von á.

Herra forseti. Varðandi þetta frv. eða þær brtt. sem hér liggja fyrir vildi ég segja það eitt að mér finnst alveg með ólíkindum að það skuli þurfa svona viðamiklar breytingar af hálfu nefndarinnar. Ég segi þetta síst til þess að lasta hv. nefnd, síður en svo. Þetta sýnir bara að hún hefur unnið sitt verk ákaflega vel. En maður hlýtur auðvitað að spyrja um vinnubrögð þeirra sem leggja frv. af þessu tagi fram. Hér er sko ekki um neinar smábreytingar að ræða. Þegar hlaupið er á þessu þá sýnist mér að hér sé a.m.k. um verulega miklar breytingar að ræða í ýmsum greinum þó að töluvert sé af orðalagsbreytingum og slíku.

Mætti ég svo spyrja hv. þm. Sigríði Önnu Þóraðardóttur framsögumann, af því að mér sýnist að hún hafi þegar kvatt sér hljóðs. Það er örsmátt mál. Hvað veldur því að lagt er til að þessi lög öðlist strax gildi en í frv. er einungis talað um 1. júní? Hvaða nauðir reka til þess?

[10:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég er ekki í hópi þeirra sem telja að EES-samningurinn hafi orðið okkur til góðs að því marki sem hv. þm. og hans flokkur þrástaglast á. *Hins vegar er þessi samningur veruleiki og þá eigum við* að sjálfsögðu að gera hið besta úr honum. Íslendingar hafa ekki sömu stöðu til þess að semja um tvíhliða aðkomu að Evrópussambandinu og þeir höfðu áður en þessi samningur var gerður. Þess vegna hef ég ekki verið á því máli að segja honum upp heldur vil að við gerum hið besta úr honum því að sjálfsögðu er sitthvað þar nýtilegt og hefur orðið okkur til góðs.

Varðandi raforkumálin finnst hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni það hafa verið hin besta ráðstöfun, ef ég skildi hann

rétt, að samþykkja þær breytingar sem tilskipun Evrópusambandsins um raforkugeirann gerir ráð fyrir og þvinga stór og smá raforkufyrirtæki og stofnanir á borð við Orkubú Vestfjarða til þess að umbylta rekstrarfyrirkomulagi sínu. Ég hef rætt þetta við starfsmenn orkubúsins. Þeim finnst þetta öllum út í hött og til mikillar óþurftar og þar á bæ hafa menn spurt sig hvaða hagsmunum sé verið að þjóna því þetta sé ekki neytendum í hag nema síður sé, starfseminni alls ekki, heldur fjötur um fót. Og menn spyrja: Hvers vegna í ósköpunum á að þvinga okkur til að fara að þessari miðstýringaráráttu Evrópusambandsins að þessu leyti? Það vekur furðu mína að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli leggja blessun sína yfir þetta að því leyti sem hann gerði hér áðan.

[10:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg viss um að sitthvað af slíkri tilhögun í raforkumálum er aðfinnsluvert. Sumt hentar okkur ekki. En ég held að hinir stóru drættir séu þess eðlis að í framtíðinni muni þeir ekki vera mjög neikvæðir fyrir íslenskt efnahagslíf. En það er nú kannski ekki það sem skiptir öllu máli, engar tímanlegar nauður reka hratt á eftir því máli.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson taldi að við hefðum getað komist undan þessu. Ég er ekkert að rengja það en það kemur mér svolítið á óvart, eða er það virkilega þannig að hv. þm. telur að í svona stóru máli hefðum við getað komist hjá því að framfylgja því?

Ég geri mér grein fyrir því að þegar menn eru aðilar að samningi þá öðlast þeir ávinning og réttindi vegna samningsgerðarinnar en þeir þurfa líka stundum að taka á sig ýmsa hluti sem eru miður góðir, sem okkur kann að þykja neikvætt. Það er eðli samninga, menn gefa eitthvað frá sér og menn vinna eitthvað í staðinn. Þetta vildi ég segja í tilefni af þessu.

En að öðru leyti fannst mér samt, herra forseti, sem hv. þm. væri örlítið að vitkast að því er varðar Evrópska efnahagssvæðið. Mér fannst hann skilja að það væri ekki að öllu leyti vont, hann hefði nú skilning á því að ýmislegt jákvætt hefði frá þeim samningi stafað. Samt sem áður er það þannig að hv. þm. er enn þá á árinu 2002 þeirrar skoðunar að samningurinn sé ekki góður. Það finnst mér dálítið dapurlegt því að fjöldamargar skýrslur hafa verið gerðar þar sem sýnt er fram á að góðæri og velsæld síðustu ára er ekki síst undan þeim samningi runnið.

Hitt var svo fróðlegt að heyra, að hv. þm. sagði að við Íslendingar værum ekki lengur í sömu færum og áður með að gera tvíhliða samninga við Evrópusambandið. Það finnst mér alveg prýðilegt að hv. þm. skilji. Af hverju finnst mér það gott? Vegna þess að stefna stjórnmálaflokks hans er að hafa tengslin við Evrópu með þeim hætti.

[10:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta finnst mér alveg stórkostlegt, þegar á að skýra þá hagsveiflu sem hefur farið yfir heiminn allan, aukinn hagvöxt sem gerir vart við sig í öllum okkar viðskiptaríkjum, skýra hann á grundvelli EES-samningsins, þess vegna hafi aukinn hagvöxtur orðið í heiminum. Íslendingar hafa notið þeirrar hagsveiflu ekki síður en aðrar þjóðir þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem hér hefur setið og hefur því miður séð til þess að góðærinu hefur verið mjög misskipt á milli þegnanna.

Það er alveg rétt að þegar samningur er gerður þá þarf maður að undirgangast þær skyldur sem hann setur manni á herðar, ég tek alveg undir það að sjálfsögðu. Við mátum það svo á sínum tíma mörg að skyldurnar væru það þungar að heildarpakkinn yrði okkur ekki til góðs þegar hann væri gerður upp og frá þessu hef ég ekki hvikað. Verst þótti mér þó að sú ríkisstjórn sem þá sat skyldi meina þjóðinni að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning, það þótti mér afar slæmt og gagnrýnivert. Og mér finnst það eins gagnrýnivert á árinu 2002 eins og mér þótti það fyrr á tíð þegar samningurinn var keyrður hér í gegn.

En varðandi orkubúið þá finnst mér það alveg furðulegt ef mönnum finnst það í alvöru vera í lagi að innleiða tilskipanir á borð við þá sem við sitjum nú uppi með í orkugeiranum, ef það hefði verið hægt að tryggja okkur undanþágu sem betur hefði staðið vörð um íslenska hagsmuni. Þá hefði okkur að sjálfsögðu verið í sjálfsvald sett hvað við gerðum. En ákvörðunin hefði verið okkar en ekki skriffinnanna í Brussel.

[10:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi undanþáguna sem hv. þm. nefnir þá orðar hann það svo: Ef það hefði verið hægt. Ég varpaði þeirri spurningu til hv. þm.: Var það hægt? Og hann svaraði henni ekki.

Að öðru leyti ætla ég ekki lengi að elta ólar við ummæli hv. þm. um Evrópska efnahagssvæðið en það er auðvitað merkilegt að heyra hv. þm. halda því fram að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi ekki átt neitt í þeirri uppsveiflu sem varð hér á landi. Heldur hv. þm. að það hafi ekki skipt nokkru máli fyrir íslenskan sjávarútveg að í einu vetfangi voru niðurfelld 93% af öllum tollum sem þurfti að greiða af þessu? Að sjálfsögðu skipti þetta mjög miklu máli.

Ég hafði alltaf skilið afstöðu þingmannsins þannig að hann gerði sér grein fyrir hinum efnahagslega ávinningi en hann væri hins vegar mjög óhress með að fórna þyrfti í staðinn, eins og hann hefur margoft bent á, fullveldi. Um þetta stóðu deilur. Var fullveldisafsalið í þeim mæli að það bryti stjórnarskrá? Þeir fjórir vísu menn sem um það véluðu á sínum tíma töldu að svo væri ekki, en það væri auðvitað komið fast að brúninni í þeim efnum. (**ÖJ:** Nokkuð til í þessu.) En ég taldi hins vegar alltaf að hv. þm. og skoðanabræður og -systur hans sæju ekki annað en að tollfríðindin hefðu skipt miklu máli fyrir íslenskan sjávarútveg. Og eitt af því sem við erum að velta fyrir okkur núna er einmitt að það sem ekki náðist að fella niður heftir mjög vaxtarsprotana í íslenskum sjávarútvegi. Af því leiðir að sumir í þessum sal, ég ætla ekki að elta þingmenn með því að fara út í þá umræðu, en sumir í þessum sal telja að nauðsynlegt sé að ganga skrefi lengra og fara í Evrópusambandið. En ég ætla ekki að fara að eyðileggja umræðu um þetta fína frv. með því að æsa þingmanninn upp til slíkra óláta í umræðu um það. (**ÖJ:** Það er nokkuð til í þessari söguskýringu.)

[10:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Segja má að þetta frv. sé fylgifrv. með samningi þeim um endurskoðun stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem jafnframt er til umfjöllunar á þessu þingi, þykkt og mikið plagg, þar sem hinum gamla Stokkhólmssamningi sem staðið hafði óbreyttur um 40 ára skeið er breytt og hann í raun og veru endursaminn. Hinn nýi samningur er kenndur við borgina Vaduz í Liechtenstein og meginefnisáhrifin eru þau að uppfæra samninginn til nútímans og taka inn í hann fjölmörg svið sem ekki var tekið á í

gamla samningnum en hafa öðlast vaxandi gildi í viðskiptum og samskiptum þjóða á undanförnum áratugum. Þar má nefna sérstaklega ýmiss konar þjónustu, viðskipti og fjárfestingar og aðra slíka hluti, en gamli samningurinn var fyrst og fremst sniðinn að hefðbundnum fríverslunarhugmyndum með vörur eins og þær voru á þeim tíma þegar hann var gerður fyrir meira en 40 árum.

Efnisáhrif samningsins eru kannski ekki mikil þannig að þessi pappírsvinna öll hvað Ísland snertir er svo sem talsverð fyrirhöfn utan um lítið mál en það er þó engu að síður þannig að sjálfgefið er að Sviss sem aðili að EFTA öðlist þau réttindi sem leiðir af hinum nýja stofnsamningi EFTA. Og í reynd er það nú það sem í langflestum tilvikum er verið að gera í þeim tiltölulega flóknu og óskiljanlegu textum sem eru bæði í frv. og síðan í brtt., þar sem oftast kemur fyrir að í staðinn fyrir orðin „Evrópska efnahagssvæðið" koma „og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu". Það sem þá gerist ósköp einfaldlega er að Sviss bætist við þau þrjú ríki sem fyrir eru og felast á bak við þessa fögru yfirskrift „Evrópska efnahagssvæðið". Þar er átt við á mannamáli Ísland, Noreg og Liechtenstein, og þegar vitnað er síðan til stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu þá bætist Sviss við. Vonandi má þetta verða mönnum til einhverrar einföldunar á að skilja þá latínu sem hér er.

Síðan verð ég að segja um þennan stofnsamning almennt að hann hefur gildi kannski aðallega af tveimur ástæðum, þ.e. vegna þess að hann markar leikreglurnar innbyrðis milli þessara ríkja, Íslands, Noregs, Liechtensteins og Sviss, og hann er síðan sá grundvöllur sem fríverslunarsamningar út á við við þriðju ríki eru byggðir á. Það hefur smátt og smátt orðið meginhlutverk EFTA, eða þar sem EFTA hefur verið sýnilegast og virkast á undanförnum árum, að hafa með höndum fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna út á við við önnur ríki.

Fróðlegt er að velta því aðeins upp, herra forseti, vegna orðaskipta sem fóru fram áðan að slíka fríverslunarsamninga geta EFTA-ríkin gert og getur Ísland gert fyrir sitt leyti af því að við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu. Það er ástæðan fyrir því að við sem hluti af EFTA, annars vegar sameiginlega í gegnum EFTA, hins vegar með bókunum og tvíhliða samningum sem oft hafa tengst gerð fríverslunarsamninga í gegnum EFTA, t.d. bókanir um viðskipti með landbúnaðarvörur eða vörur sjávarútvegsins, höfum þetta samningafrelsi enn þó að við séum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu vegna þess að við höfum ekki verið innlimuð í Evópusambandið. En það yrði búið með það frá fyrsta degi ef við gengjum í Evrópusambandið og það finnst mér að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti að hafa í huga. Þá kæmu til með að gilda hin almennu viðskiptakjör og tollakjör Evrópusambandsins út á við, þar á meðal tollmúrar sem í vissum tilvikum mundu rísa upp gagnvart viðskiptum með sjávarfang. Það eru því eins og stundum áður margar hliðar á þessu máli og alls ekkert einfalt að halda því fram að viðskiptahagsmunum okkar sé sjálfkrafa betur borgið með aðild að Evrópusambandinu að þessu leytinu til heldur en einmitt með þeirri stöðu sem við höfum í dag. Nú eru í undirbúningi viðskiptasamningar við ýmis Asíulönd þar sem eru miklir markaðir fyrir sjávarfang og ýmsir telja að framtíðin gæti legið ekki síst á því sviði.

Vegna þess að EES-samningurinn var aðeins gerður að umtalsefni þá vil ég segja að mér fannst í raun og veru ekkert vera mjög flókið að meta hinn viðskiptalega þátt hans og ekki hafa verið það síðan. Það er alveg hægt að fara yfir það og reikna út ef menn vilja hvað megi reikna með að hafi verið áætlaðir ávinningar Íslands af þeim tollaniðurfellingum eða lækkunum sem fengust með EES-samningnum. Þar hafa menn haft mikla tilhneigingu til að ýkja ávinning Íslands stórkostlega og það mætti jafnvel ætla að menn hafi ekki áttað sig á því hvaða viðskiptakjör Ísland hafði áður en EES-samningurinn komst í gildi en þau voru í öllum aðalatriðum mjög góð. Bókun 6 tryggði Íslendingum að langmestu leyti tollfrjálsan eða tiltölulega tollalágan aðgang fyrir mikilvægustu framleiðsluvörur sínar.

Ég hef aldrei dregið dul á það að síðan komu til sögunnar ákveðnar viðbótarniðurfellingar þannig að viðskiptakjör okkar með sjávarvörur og aðrar útflutningsvörur inn á markaði Evrópusambandsríkjanna bötnuðu við gerð EES-samningsins, það er alveg á hreinu, en það var bara á þeim afmörkuðu sviðum þar sem ekki hafði verið fríverslun fyrir. En það gilti um langmikilvægustu framleiðsluvörur okkar eins og frosnar afurðir og saltfisk þangað til tollfrjálsa kvótanum var náð, sem oftast var fullnægjandi.

Síðan hefur gleymst að það náðist einmitt ekki full fríverslun með allar vörur og það skýtur upp kollinum núna þegar umræðan fer í gang um stækkun Evrópusambandsins og úr gildi falla fríverslunarsamningar okkar við Austur-Evrópulönd, þau lenda þá undir tolla- og viðskiptakjarareglur Evrópusambandsins sem í sumum tilvikum að óbreyttu mundi þýða versnandi viðskiptakjör fyrir okkur. Eftir stöðu því ákveðnir tollar, ekki háir að vísu en oft á bilinu 5–6% og upp í 15% á ákveðnum vöruflokkum, sem mundu vakna upp í þessu tilviki gagnvart löndum eins og Póllandi, Eystrasaltsríkjunum o.s.frv. þegar þau verða aðilar og ef ekki tekst að leysa það mál sem er ósköp einfaldlega viðskiptalegt úrlausnarefni. Menn hafa rætt þar um aðallega tvær leiðir, þ.e. að reyna að ná fram varanlegri fríverslun með skírskotun til þess að viðskiptakjör eigi ekki að versna við breytingar af því tagi að Evrópusambandið stækki eða, sem væri að vísu lakari kostur, að taka þetta inn með hækkun á tollfrjálsum kvótum o.s.frv. og hafa þá til viðmiðunar svonefna jafnvirðissamninga, að viðskiptakjörin í verðmætum talið versnuðu ekki. Þá er viðmiðunin þau viðskipti, sá útflutningur sem við höfum haft til þessara landa og þá mundum við auðvitað gjalda þess í vissum tilvikum að við höfum ekki verið stórtæk í útflutningi t.d. til Póllands.

Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegast sé að ræða málið eins og það liggur fyrir, herra forseti, um viðskiptakjör samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hann er til staðar og það þarf ekkert að deila um það. Það er hægt að fara nákvæmlega yfir hvaða breytingar urðu á tollum. Hins vegar er engin ástæða til að reyna að umskrifa söguna örfáum árum eftir að hún hefur skapast að í raun hafi orðið óskaplegar grundvallarbreytingar sem hafi gjörbreytt efnahagslegu umhverfi Íslands með þessum samningi. Það er bara ekki rétt. Það er bara óskaplega einfaldlega ekki svo.

Það er alveg hægt að mæla þessi áhrif. Þau eru tiltekin og munum þá líka eftir því að þetta kom ekki ókeypis. Fyrir þetta greiðum við í fyrsta lagi greiðslur okkar í sjóðina, þróunarsjóðina. Í öðru lagi gáfum við veiðiheimildir á móti og í þriðja lagi má auðvitað gjaldfæra debetmegin þá ókosti samningsins sem menn hafa hér m.a. verið að ræða og eru líka til staðar.

Ég held að menn viðurkenni vissa ókosti. Meira að segja hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að tala um sálarkvalir

sínar þegar hann hefði stundum þurft að standa að því að innleiða hér alls konar tilskipanir og fáranlegt regluverk sem í raun er út í hött að vafrast með á Íslandi, hvort það er sporbreidd járnbrautarteina eða eitthvað annað álíka gáfulegt sem varðar hinn daglega veruleika á Íslandi ekki mikið. Það var hér ákaflega fyndið þingmál fyrr á árum sem var ættað frá Brussel, um hálfleiðara, sem þingmenn gerðu sér mjög að skemmtiefni hér á kvöldfundum fyrir nokkrum árum.

Að síðustu, herra forseti, tek ég undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom reyndar líka aðeins inn á, að ekki hefur nú verið vandað sérstaklega til vinnunnar við undirbúning þessarar lögfestingar af hálfu ráðuneytanna sem lögðu þarna í púkk. Það er auðvitað heldur dapurlegt fyrir iðn.- og viðskn. að standa frammi fyrir því að hafa gleymt sínum eigin lögum í hverju tilvikinu á fætur öðru. Það er alveg merkilegt að þeir séu svona ryðgaðir orðnir í iðn.- og viðskn., t.d. í lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði og lögunum um aðrar lánastofnanir, að þeir bara gleymdu að þau væru til og hér vantaði algjörlega inn í frv. ákvæði sem auðvitað hefði þurft til að lögtaka breytingarnar í þeim lögum og taka það sem það snýst um, taka Sviss inn með hinum EFTA-ríkjunum sem þar voru fyrir. Þarna hefði náttúrlega mátt vanda betur til verka, herra forseti.

[10:34]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég vil leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan þegar hann hélt því fram að þinginu hefðu orðið á mistök við vinnslu þessa frv. Því er þveröfugt farið. Þær brtt. sem fram eru komnar við frv. eru auðvitað gerðar eftir mjög vandlega umfjöllun um málið í þingnefndinni. Það komu fram gallar á frv. sem við lögðum vinnu í að lagfæra og ég held að það sýni auðvitað ekkert annað en að þingnefndin hafi unnið verk sitt vel og samviskulega. Ég vek athygli á því að það er fyrst og fremst verið að veita svissneskum ríkisborgurum og lögaðilum rétt til samræmis við EES-borgara þar sem það leiðir af nýjum stofnsamningi EFTA.

Hvað varðar gildistökuna sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði um er það svo að engin nauður rekur til að breyta henni. En það er hins vegar engin ástæða til að þær taki ekki gildi fyrr en í júní. Eðli málsins samkvæmt er eðlilegt og skynsamlegt að gildistakan verði strax.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), síðari umr.

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 975, nál. 1267.

[10:36]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001, um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn, frá utanrmn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

Meginmarkmiðið með breytingum á bókun 26 er að tryggja Eftirlitsstofnun EFTA sambærilegar heimildir og framkvæmdastjórn ESB eru faldar með fyrrgreindri reglugerð ráðsins nr. 659/1999. Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum þess efnis.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og er einróma í afstöðu sinni til málsins. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[10:37]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem öll nefndin skrifar undir, þar á meðal hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. Ég í sjálfu sér ætla ekki að gera miklar athugasemdir við efni þessa álits hv. utanrmn. en þegar ég skoða þetta mál vakna eigi að síður margar spurningar sem tengjast öðru máli sem liggur hér fyrir þinginu, varðandi ríkisábyrgð. Við munum taka það fyrir eftir helgi. Í þessari till. til þál. er kveðið á um að Alþingi álykti að heimila ríkisstjórninni að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á tilteknum bókunum, m.a. um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar.

Þetta eru tvær reglugerðir sem um er að ræða, annars vegar nr. 164/2001 og hins vegar nr. 659/1999. Þessar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, um breytingu á þessum viðaukum og bókunum, eru þjóðréttarsamningar en samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir að í ákvörðuninni sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafi verði teknar, nema eitthvert aðildarríkjanna hafi um það fyrirvara. Það hefur ekki verið gert af Íslands hálfu skilst mér nema þegar ljóst er að ákvörðunin kallar á lagabreytingar. Lagalega séð virðist mér af lestri þessa texta, hv. frsm. leiðréttir það ef það er rangt, að þetta verði í raun skuldbindandi fyrir okkur um leið og við höfum samþykkt þetta.

Þegar maður skoðar síðan ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, hvað í þeim felst, er þar m.a. kveða á um formreglur varðandi beitingu 88. gr. Rómarsáttmálans sem var áður 93. gr. Í því felst að fylgjast skal stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem tilheyra yfirráðasvæðum samningsaðila og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð. Í þessu segir líka að í þessu felist ákvæði um að bíða með að hrinda ákveðinni ríkisaðstoð í framkvæmd áður en hún hefur verið samþykkt. Einnig segir að þetta feli í sér endurheimt ríkisaðstoðar, „recovery of aid". Hér segir að þegar ESA hefur komist að neikvæðri niðurstöðu varðandi ólögmæta ríkisaðstoð skuli viðkomandi EFTA-ríki grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að endurheimt aðstoðina frá móttakanda hennar með vöxtum. Viðkomandi EFTA-ríki verður að framfylgja ákvörðun ESA án tafar. Þetta segir í 14. gr. á bls. 4 í þingskjalinu sem við erum með hér.

Nú kann vel að vera að þetta sé misskilningur hjá mér, að frv. sem við ætlum að afgreiða í næstu viku um ríkisábyrgð til deCODE feli ekki í sér ríkisaðstoð eins og hún er skilgreind samkvæmt 92. gr. Rómarsáttmálans. Ég hef aðeins skoðað þann texta á ensku og mér er ekki fullkomlega ljóst

hvort hann felur það í sér en það hljómar óneitanlega þannig að svo kunni að vera.

Ég velti því þess vegna fyrir mér, herra forseti, og vil spyrja hv. frsm. nefndarinnar, hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, hvort við séum að fara inn á þetta svið og hvort við getum hugsanlega, með því að samþykkja þessa þáltill., skuldbundið okkur til að þurfa að afturkalla ríkisábyrgðina yrði hún talin ólögmæt. Þá vaknar óneitanlega sú spurning, herra forseti, hvort þetta kalli ekki á að við bíðum með að veita þessa aðstoð þangað til við höfum fengið skýrt svar um hvort hún sé heimil.

Ég vildi bara, í þessari umræðu, fá að spyrja út í þetta og hvort þessi mál beri ekki að skoða í samhengi. Það er alveg ljóst að ef til þess kæmi að við værum að veita hér ólögmæta ríkisaðstoð samkvæmt að mati Eftirlitsstofnunarinnar væri kannski betra að skoða það í kjölin áður en við höldum lengra.

[10:42]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekkert sé því til fyrirstöðu að við klárum þetta mál, þessa þingsályktun og tel að það þurfi ekki að skoða í sérstöku samhengi við frv. sem liggur fyrir þinginu um ríkisábyrgð og við ætlum að taka til umfjöllunar í næstu viku.

[10:43]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það mál sem við ætlum að ræða í næstu viku virðist a.m.k. í mikilli andstöðu við það sem við erum að samþykkja hér. Reyndar hef ég grun um að málið sé í andstöðu við þær samkeppnisreglur sem við höfum skuldbundið okkur til að framfylgja og geti hugsanlega verið í andstöðu við þær. Það hafa komið fram mörg sannfærandi rök í umræðunni fyrir því að svo kunni að vera. Ég hlýt að spyrja hv. form. utanrmn. hvort nefndin hafi ekki örugglega gengið úr skugga um að þetta sé þannig. Er það ekki örugglega þannig að ríkisstjórnin sé búin að kanna ítarlega að um það sé ekki að ræða að við skuldbindum okkur í dag til að framfylgja reglum sem við ætlum hugsanlega að brjóta strax á mánudag eða þriðjudag? Ég tel mikilvægt að hv. ríkisstjórn horfi á það sem hún er að gera í samhengi og skuldbindi sig ekki til að framfylgja ákveðnum ákvæðum í alþjóðasamningum einn daginn en ætli svo að fara fram hjá þeim daginn eftir. Það þarf að liggja ljóst fyrir að fram hafi farið einhver könnun á þessu þannig að ekki verði slíkt tjón sem þetta gæti falið í sér.

Ég verð líka að segja, herra forseti, að miðað við þennan texta hér, varðandi það að binda þessa ríkisaðstoðarreglur í ákveðið kerfi, er m.a. verið að heimila afturköllun með vöxtum. Þá hljóta menn nú að velta alvarlega fyrir sér hvort þetta sé ekki of mikil áhætta, þ.e. að veita þessa ríkisaðstoð án þess að það liggi algerlega ljóst fyrir að hún verði heimil.

Ég kalla eftir því frá hv. frsm. nefndarinnar, sem er jafnframt þingflokksformaður Sjálfstfl., hvort ekki hafi örugglega verið gengið úr skugga um að þetta sé ekki svona, að það sé fullkomlega búið að skoða það ofan í kjölinn.

[10:45]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mál voru ekki skoðuð í samhengi í utanrmn. við umfjöllun málsins. En ég treysti því fullkomlega að ríkisstjórnin hafi farið ofan í kjölinn á þessum málum. Síðan verður frv. um ríkisábyrgðina til umfjöllunar hér í þinginu í næstu viku og fer til þingnefndar sem að sjálfsögðu mun fara vandlega ofan í það mál.

[10:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hafi ég verið sjónarmun á undan ætla ég samt sem áður ekki að tefja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon mjög lengi frá því að geta komið hingað upp og flutt tímamótaræðu sína sem við bíðum spennt eftir að hlýða á.

Ég vildi einungis segja það í framhaldi af orðum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að þetta mál var ekki skoðað í efh.- og viðskn. í tengslum við umfjöllun nefndarinnar á frv. ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð á skuldabréfum sem deCODE ætlar að selja. Við ræddum þetta að engu leyti.

Mér finnst það vera nokkuð djarflega mælt af hálfu hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur að koma hér upp og segjast treysta því að þetta hafi verið skoðað af hálfu ríkisstjórnarinnar, nokkrum mínútum eftir að hún hefur tekið undir með umkvörtunum og umvöndunum hv. þingmanna yfir því sleifarlagi sem er að finna á vinnu ríkisstjórnarinnar varðandi mikilvæga lagagerð. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hefur réttilega bent á það og ávítaði hv. þm. Ögmund Jónasson fyrir að hafa skilið þetta með öðrum hætti. Hún benti á að þingnefndin hefði unnið ákaflega gott verk varðandi álykt-unartillöguna sem við ræddum hérna áðan þegar hún breytti í 19 greinum frumvarpi sem kom frá ríkisstjórninni, vegna þess að þar hafði, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á, jafnvel hæstv. iðn.- og viðskrh. gleymt því að til eru lög um viðskiptabanka og sparisjóði í landinu.

Miðað við þetta og miðað við þá reynslu sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hefur nýlega haft í utanrmn., þá segi ég að það er kjarkur í konu sem kemur hingað og segist bara treysta því að ríkisstjórnin hafi skoðað þetta. En bersýnilega hefur hún ekki hugmynd um það.

[10:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ætli ég reyni þá ekki að hafa ræðu mína svona sjónarmun lengri en ræða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar var.

Ég tel að það sé fullkomlega gilt að taka hér upp umræðu um frv. um ríkisábyrgð, hina stórfelldu ríkisábyrgð til fyrirtækisins deCODE í tengslum við þessa breytingu. Það er að vísu þannig að frv. um þá ríkisábyrgð er nokkuð sérkennilegt um margt, m.a. vegna þess að það víkur til hliðar lögunum um ríkisábyrgðir og aftengir þau gagnvart ríkisábyrgðinni til deCODE í öllum greinum nema einni, 5. gr. þeirra laga sem gilda um ríkisábyrgðir og fjallar um eftirlitshlutverk ríkisábyrgðarnefndar eftir að ábyrgð hefur verið veitt. En tengsl þess máls við hinn evrópska rétt og hlutverk Eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins, ESA, eru náttúrlega augljós. Þau eru m.a. vegna þess að við 1. umr. deCODE-málsins viðurkenndi hæstv. fjmrh. að það kynni að vera álitamál hvort sú aðstoð stæðist hinar evrópsku reglur. Og ég hef skilið það svo að ekki sé útilokað að farið verði fram á forúrskurð áður en ábyrgðin verður veitt. Um er að ræða heimildarlög, svo sérkennilegt sem það nú er, þar sem fjmrh. fær vald til þess að taka upp pennann og skrifa 20 milljarða ávísun ef honum sýnist svo, og ákvæðum laganna um ríkisábyrgð og áhættumat og annað því um líkt er ýtt til hliðar. Það getum við út af fyrir sig gagnvart hinum íslensku lögum að svo miklu leyti sem það brýtur þá ekki hinn evrópska rétt sem við erum skuldbundin af. Og það er alveg ljóst að það gæti

komið til kasta Eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins, ESA, að meta það hvort ábyrgðin til deCODE væri samrýmanleg ákvæðum um ríkisaðstoð, því ríkisábyrgð er ekkert annað en ríkisaðstoð eða stuðningur og það gæti gerst annað hvort eftir á með því að málið væri kært eða það gæti gerst í gegnum það að farið yrði fram á forúrskurð.

Ég er ekki í neinum vafa um að ábyrgðin mun flokkast, ef hún verður veitt, sem ríkisaðstoð, ríkisstuðningur. Álitamálið er þá hvort hún er heimil vegna þess að um sé að ræða þannig þróunarstarfsemi, stuðning við rannsóknir eða þróun eða nýsköpun af því tagi sem heimilt er að styðja sérstaklega með opinberum fjármunum. Og það mun alls ekki verða einfalt mál að meta, fyrir nú utan öll hin álitamálin sem tengjast þá fordæminu og jafnræðisreglu gagnvart öðrum o.s.frv.

Um efni þessarar þáltill. hins vegar þröngt séð, þá er í sjálfu sér ekkert annað um það að segja en að hér er á ferðinni uppfærsla á tilskipun sem byggir á þeim megingrunni að ákvæði ESA séu sambærileg við systurstofnanirnar í hinni stoðinni hjá Evrópusambandinu. Og það út af fyrir sig held ég að sé engin spurning að ætlunin er að tryggja í anda tveggja stoða kerfisins fræga, að eftirlitsheimildirnar séu þarna að öllu leyti samrýmanlegar.

Ákvæðin sem síðan gilda um þetta almennt og að hluta til er breytt hér gætu líka mögulega átt eftir að koma við sögu í þessu deCODE-ríkisábyrgðarmáli eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti á, t.d. ákvæði um endurgreiðslur á ólögmætri ríkisaðstoð. Segjum að ábyrgðin verði veitt. Hún er umreiknuð í fjárgildi vegna lægri fjármagnskostnaðar við þessa fjármögnun talin vera af stærðargráðunni 3–4 milljarðar kr. ef umreiknað er yfir í beina peninga sem ríkisábyrgðin er talin lækka fjármögnunarkostnað á þessum 35 milljarða pakka yfir eitthvert árabil, þá er hægt að fá út tölur af þessari stærðargráðu.

Segjum að þetta verði flokkað sem ríkisaðstoð upp á 3,5 milljarða og svo komi í ljós í kærumálum eftir ár eða tvö að þetta hafi verið ólögmætt. Þá ber samkvæmt ákvæðunum hér að endurgreiða aðstoðina og með vöxtum. Og þá að sjálfsögðu kemur ESA heldur betur við sögu og mögulega dómstóllinn einnig.

Það er því ekki nema eðlilegt að menn nefni þessi mál hér í samhengi og æskilegt hefði auðvitað verið að tími hefði unnist til þess, bæði í utanrmn. eða þá í samstarfi við efh.- og viðskn. að fara yfir þetta mál.

Eins þekki ég ekki til, ég játa að ég hef ekki haft tíma til að setja mig inn í það nákvæmlega, hvaða lagabreytingar koma til með að leiða af þessu. Fljótt á litið gefur maður sér að það hljóti að þurfa að breyta lögunum um ríkisábyrgðir, þeim lögum sem þar um gilda, það er a.m.k. ljóst að það þarf að vera hægt að fullnusta niðurstöður sem kunna að verða á grundvelli þessara reglna, t.d. að sækja hina ólögmætu ríkisaðstoð með vöxtum o.s.frv. Einnig væri fróðlegt að vita í hvaða samhengi hin almennu ákvæði núgildandi laga frá 1991 eða 1992, ef ég man rétt um ríkisaðstoð, eru í þessu sambandi.

Fyrir nú utan, herra forseti, hvað það væri fróðlegt í sögulegu samhengi að rifja upp umræðurnar sem urðu um það mál á sínum tíma þegar ný ríkisstjórn ætlaði að brjóta heldur betur í blað og hætta öllu sukki og óráðsíu í sambandi við ríkisábyrgðir sem verið hefði og hverfa frá sjóðasukki og fortíðarvanda og nú skyldi brotið í blað og nýir tímar innleiddir. Til þess að undirstrika þetta enn frekar voru sett inn í lögin um ríkisábyrgðir sérstakur kafli um áhættumat, að það skyldi aldrei veita eina einustu krónu í ríkisábyrgð nema það væri alveg sérstaklega metið hver áhættan væri í því sambandi. Mér er þetta nokkuð minnisstætt því um þetta voru fluttar eldlegar ræður af valdhöfunum sem þá voru komnir á stólana, þ.e. hæstv. forsrh., Davíð Oddsson og meðreiðarsveinar hans á þeirri tíð.

Nú ber svo við á því herrans ári, anno domini 2002, að þau lög eru bara einfaldlega tekin úr sambandi þegar það hentar og á að skutla einu stykki 20 milljarða ríkisábyrgð hér út á silfurfati og sérstaklega hlýtur kaflinn um áhættumat að teljast áhugaverður í þessu sambandi, því ef eitthvað er stórt í sniðum, þá er það 20 milljarða ríkisábyrgð til eins fyrirtækis eða það sem veðjað er á eina viðskiptahugmynd, ef svo má að orði komast.

Herra forseti. Ég held að ég láti þessar athugasemdir mínar nægja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), síðari umr.

Stjtill., 623. mál. — Þskj. 976, nál. 1268.

[10:55]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XVIII. viðauka (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar.

Eitt meginmarkmið tilskipunar nr. 2001/23/EB, sem er endurútgefin tilskipun nr. 77/187/EBE með innfelldum breytingum sem leiddu af tilskipun nr. 98/50/EB, er að vernda réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eða hluta fyrirtækja. Tilskipun nr. 77/187/EBE hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, en eftir stóð að taka upp ákvæði tilskipunar 98/50/EB og er það gert nú með innleiðingu hinnar endurútgefnu tilskipunar. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur félagsmálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og er utanrmn. einróma í þeirri afstöðu sinni.

[10:58]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hv. frsm. utanrmn. tók fram var nefndin einróma í afgreiðslu sinni á þessu máli, þessari þáltill. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001. Hér er verið að fjalla um XVIII. viðaukann, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna.

Mig langar af því tilefni að vekja athygli hv. þingmanna á einu atriði, vegna þess að það er með þetta mál eins og sum önnur sem hafa verið rædd hér í morgun, að það er ýmislegt sem hangir á þeirri spýtu og ýmislegt annað sem hefur verið og er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi og í nefndum sem verður fyrir áhrifum af þessari reglugerðarsetningu eða lagasetningu.

Hér er m.a. verið að innleiða tilskipunina hvað varðar réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og það kallar á lagabreytingar hér á landi eins og fram kom í máli hv. frsm. og þær má finna á þskj. 990.

Það vill þannig til í hv. umhvn. hefur í þessari viku verið fjallað um frv. til laga um nýja Umhverfisstofnun. Það var tekið úr nefndinni ef ég man rétt hér rétt fyrir helgi. Um það mál standa þó nokkrar deilur, sérstaklega er varða vinnubrögð og upplýsingar til starfsmanna og samráð við þá. Ég hjó eftir því í umsögnum um það frv. að þar vísaði Félag íslenskra náttúrufræðinga til þess að við stofnun þeirrar nýju Umhverfisstofnunar þar sem í raun og veru er verið að leggja niður nokkrar aðrar ríkisstofnanir og setja undir einn hatt og því um aðilaskipti að ræða að því er best verður séð, þá vakti Félag íslenskra náttúrufræðinga athygli á því að ef ekki næðist samkomulag við starfsmenn um að fá sambærileg störf eins og á að gera, þá vaknar auðvitað biðlaunarétturinn. Ef um þetta verður deilt, þá er á það bent í þessari umsögn að hin nýja löggjöf sem byggir á forsögn Evrópusambandsins um aðilaskipti ætti hér við. Nú var það þannig í hv. umhvn. þar sem ég á sæti að við ræddum það mál ekki í samhengi, þ.e. Umhverfisstofnunina og þá tilskipun sem hér er til umfjöllunar, enda var nú flýturinn ansi mikill á afgreiðslu frv. um Umhverfisstofnun.

Ég vildi gjarnan nota þetta tækifæri, þó hér sé um samkomulagsmál að ræða og í raun og veru hið besta mál sem hér hefur verið afgreitt úr hv. utanrmn., að benda hv. þingmönnum á að það er náttúrlega ýmislegt sem fylgir með í kaupunum og gæti eins og í öðrum málum kannski komið í bakið á stjórnvöldum vegna þess flýtis og laklegra vinnubragða sem eru á öðrum málum á hinu háa Alþingi og er ég þá sérstaklega að vísa til frv. um Umhverfisstofnun.

[11:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna að sjálfsögðu því að hér á að fullgilda viðbótartilskipun sem varðar réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og styð fyrirvaralaust að það verði gert með þeim hætti sem þáltill. gengur út á. Enginn vafi leikur á því að þessi réttur eða sú vernd sem starfsmenn samkvæmt þessum reglum njóta í sviptingum á hlutabréfamarkaði með fyrirtæki eða þegar þau eru að sameinast og renna saman, eitt er að kaupa annað o.s.frv., skiptir mjög miklu máli. Í vaxandi mæli, held ég, eru þær breytingar sem óvænt verða á högum starfsmanna tengdar slíkum sviptingum frekar en kannski því að fyrirtækin sem slík hverfi af sjónarsviðinu eða mönnum sé sagt upp. Mjög gjarnan verða einmitt breytingar á högum manna í tengslum við slíkar hræringar í atvinnulífinu. Þá er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að starfsmenn standi ekki uppi varnarlausir, að réttindi þeirra yfirfærist og að ákvarðanir sem örfáir menn í krafti fjármagns eða eignarhalds á fyrirtækjum geta tekið á einni nóttu, geti ekki gert starfsmenn tugum, hundruðum eða þúsundum saman réttlausa. Til þess er þetta regluverk upp sett, að tryggja að ákvæði kjarasamninga varðandi kaup og kjör, ráðningarfestu og annað því um líkt, haldist eftir því sem verða má. Það er að sjálfsögðu hið besta mál, herra forseti, og þó fyrr hefði verið, að taka þessa tilskipun hér inn.

Hitt verð ég að segja, því miður, af því þannig vill til að ég sit jafnframt í félmn. þar sem til umfjöllunar er frv. til laga um nauðsynlegar breytingar vegna tilskipunarinnar, að þar hef ég fyrirvara á einfaldlega vegna þess að ég er ekki sannfærður um að þar hafi heimavinnan verið unnin nógu vel til þess að útfæra þennan rétt og ákveða að hvaða marki við setjum hann í sumum tilvikum rýmri hér inn í okkar löggjöf en tilskipunin að lágmarki gerir. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst heldur leiðinlegt að verða vitni að þessu aftur og aftur þegar verið er að taka hér inn ýmsar tilskipanir sem tengjast félagslegum réttindum eða rétti launamanna, þ.e. að þá man ég varla eftir einu einasta tilviki þar sem mönnum hefur þótt koma til greina að útfæra hér hlutina þannig með sjálfstæðum hætti að í einhverjum tilvikum væri verið að færa mönnum rýmri rétt en við værum að lágmarki skuldbundin til.

Sá misskilningur má alls ekki vaða uppi, herra forseti, að við höfum ekkert sjálfræði í þessum efnum. Það höfum við að sjálfsögðu. Við getum litið á tilskipun af þessu tagi sem lágmark og síðan útfært í löggjöf okkar ríkari rétt eftir því sem okkur sýnist ástæða til. Fyrir því geta verið fullgildar íslenskar ástæður að eitthvað sem ekki er tryggt í tilskipun af þessu tagi og sett er af Evrópusambandinu eða samstarfi aðila hins Evrópska efnahagssvæðis, geti átt rétt á sér á Íslandi.

Ég ætla að nefna mjög gott dæmi úr þessari tilskipun hér, þ.e. það efnisatriði að flotinn, fiskiskipafloti og hafskipafloti landsmanna verður undanþeginn þessum réttindum með öllu nánast eins og hann leggur sig því hér er orðið hafskip skilgreint þannig að það sé í raun skip sem komist út á sjó, aðeins út fyrir bláfjörurnar. Þetta er sem sagt ekki hafskip í þeim skilningi að það sigli á heimshöfunum, heldur er fyrst og fremst um að ræða öll stærri skip, hafgangandi skip og ljóst er að t.d. stærstur hluti fiskiskipaflota okkar lendir þar af leiðandi sjálfkrafa undir þessu úr því að sú skilgreining er tekin upp.

Herra forseti. Hefði ekki verið ástæða til þess í undirbúningi þessa máls, að sjálfsögðu í samráði við aðila vinnumarkaðarins og þá ekki síst samtök sjómanna, að fara yfir það hvort þessi mikilvæga stétt á vinnumarkaði landsins ætti að vera þarna undanskilin þó svo að þessi tilskipun sé þannig úr garði gerð úti í Evrópu? Þar eru menn væntanlega fyrst og fremst að hugsa um kaupskipaflotann vegna ýmissa sérákvæða og alþjóðlegra ákvæða sem gilda um hann, m.a. alþjóðlegrar skipaskráningar og slíkra hluta sem geta gert það að verkum að það væri jafnvel snúið mál að koma þessum réttindum við að öllu leyti gagnvart þeim.

En þetta hefur það í för með sér, ef ég hef skilið þetta mál rétt, að tilskipunin svona upp tekin með þá hugsun að leiðarljósi, að því er virðist, að hvergi sé tryggður nema blálágmarksréttur sem hún felur í sér, þýðir þetta gagnvart íslenskum sjómönnum. Mér finnst í raun og veru varla hægt annað, herra forseti, en að þetta fái a.m.k. einhverja umræðu þegar málið kemur hér fyrir, bæði núna þegar þessi tillaga hlýtur hér umfjöllun og er til seinni umræðu og síðan þegar lagafrv. kemur á dagskrá, sem væntanlega verður á næstunni, og það á að útfæra í löggjöf okkar réttinn sem á tilskipuninni byggir.

Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að koma þessum sjónarmiðum og þessum fyrirvara mínum á framfæri. Hann tengist ekki upptöku tilskipunarinnar sjálfrar sem slíkrar, sem hér er lögð til í þáltill. efnislega heldur fyrst og fremst útfærslunni sem kemur þá á dagskrá þegar lagafrv. sjálft verður hér til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), síðari umr.

Stjtill., 636. mál. — Þskj. 1008, nál. 1269.

[11:08]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001, um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000, um úr sér gengin ökutæki.

Tilskipunin markar heildarramma um meðhöndlun allra farartækja sem eigendur vilja losa sig við og felur það í sér að koma þarf upp kerfi sem nær til alls landsins og tryggir móttöku allra bílflaka og, að því marki sem unnt er, annars úrgangs og hluta sem fjarlægðir eru við viðgerðir bifreiða. Felur þetta m.a. í sér að leggja þarf sérstakt úrvinnslugjald á bifreiðar og að fjármunum sem þannig innheimtast verði varið til að reksturs kerfisins.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneyti er hafinn undirbúningur við endurskoðun löggjafar en þeirri vinnu verður ekki lokið fyrr en með haustinu.

Nefndin vekur athygli á því að nauðsynlegar breytingar á innlendri löggjöf munu ekki ná fram að ganga innan þess frests sem gefinn er til að innleiða tilskipunina hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og er utanrmn. einróma í þeirri afstöðu sinni.

[11:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni hið ágætasta mál þar sem verið er að koma á skilagjaldi eða úrvinnslugjaldi á notaðar bifreiðar og verið að reyna að koma því umhverfismáli í sæmilegar horfur. Það er stórt þrifnaðarmál, ef ég leyfi mér að orða það svo, miðað við það hvernig Íslendingar hafa umgengist slíka hluti fram undir þetta. Það þarf ekki annað en aka hér um borg og bæi eða sveitir til þess að sjá að víða er mikil mengun af bílhræjum og ekki bara sjónmengun, heldur er líka um að ræða í sumum tilvikum að hættuleg efni geta farið úr rafgeymum, mengað jarðveg o.s.frv.

Herra forseti. Það er að vísu miður að heimavinnan er langt á eftir og umhvrn. upplýsti að það verði fyrst með haustinu eða á haustþingi að unnt verði að vænta löggjafar eða frv. þar sem heimildir stofnast til gjaldtökunnar og lagarammi verður settur um rekstur úrvinnslu- og skilakerfisins.

Við verðum að vona að vel takist til í þeim efnum og að ekki fari of mikill tími til spillis. Það er einnig mikilvægt, herra forseti, að kerfið taki sem fyrst til notaðra bifreiða þannig að ekki verði bara um að ræða kerfi sem smátt og smátt kemur til sögunnar í gegnum nýjar bifreiðar sem koma inn í landið og taka gjaldið á sig heldur verði um að ræða virkt kerfi sem taki sem allra fyrst til allra skráðra bifreiða. Það mun vera ætlunin samkvæmt því sem upplýst var í hv. þingnefnd um þetta mál og verður að treysta á að svo sé.

Herra forseti. Reyndar er ástæða til að minna á í þessu sambandi að því miður fer ekki hjá því að það læðist að manni sá grunur að við séum óvenju aftarlega á merinni hvað varðar upptöku tilskipana á sviði umhverfismála. Það hefur staðið í mönnum af einhverjum ástæðum, annaðhvort vinnunnar vegna eða þá af pólitískum ástæðum, að taka hér upp ýmis ákvæði sem tengjast t.d. umbúðum og eðlilegri gjaldtöku þar sem sá greiðir sem mengar eða sá sem er að selja varning í umbúðum tekur á sig þær skyldur sem því eru samfara að taka við þeim aftur o.s.frv. Íslendingar virðast ekki sérstaklega framarlega í röðinni þegar kemur að þessum hlutum af einhverjum ástæðum. Það finnst mér að sjálfsögðu miður, herra forseti. Því ættum við að reyna að leggja metnað okkar í að vera í fararbroddi þeirra ríkja sem taka á þessum þáttum umhverfismálanna og ættum auðvitað ekki að þurfa að gera hvert hæti í þeim efnum vegna þess að á okkur sé þrýst utan frá til þess. Það væri ákaflega gaman að sjá eitthvað gerast á sjálfstæðum íslenskum forsendum í þessum málum.

Þegar maður fer að velta því fyrir sér þá er eiginlega merkilegt að t.d. í þessu tilviki skuli þetta ekki hafa verið innleitt fyrir lifandis löngu síðan úr því menn hafa þó komið sér upp skilvirku skilagjaldskerfi á umbúðum undan gosdrykkjum og öðru slíku og starfrækt það með ágætum um árabil. Af hverju í ósköpunum hafa menn þá ekki útfært þetta gagnvart fleiri vöruflokkum, t.d. þeim hér sem í hlut á, þ.e. bifreiðum með öllu því sem þeim fylgir, þ.e. að koma þeim í lóg eða endurnýta þær eins og kostur er?

Herra forseti. Ég fagna þessari tilskipun. En mér þykir miður að heimavinnan skuli liggja svona langt á eftir.

[11:15]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það má vera að einhverjum hv. þingmönnum þyki lítt við hæfi að þjóðþrifamálin komi frá Brussel. En þannig hefur það samt lengi verið á sviði umhverfismála á Íslandi. Sú tilskipun sem hér á taka upp er bara enn eitt dæmið um það.

Hins vegar kem ég hér upp, herra forseti, til að minna á að við fyrri umræðu um þessa þáltill. var rætt um að umhvrn. væri í raun ekki tilbúið með þá löggjöf um úrvinnslugjald sem þyrfti að koma í kjölfarið og að stjórnvöld væru að falla á tíma. Ég vil vekja athygli á því að á hinu háa Alþingi var lagt fram frv. til laga um úrvinnslugjald á síðasta þingi, 126. löggjafarþingi, en það náði ekki fram að ganga. Síðan hefur verið einhver togstreita á milli umhvrn. og fjmrn. um þetta mál sem ég svo sem þekki ekki í smáatriðum. Hún hefur hins vegar valdið því að það hefur dregist úr hömlu og við eigum ekki von á nauðsynlegri lagasetningu eða frv. til laga um þetta mál fyrr en á næsta löggjafarþingi, þ.e. í haust, herra forseti.

Enn og aftur vil ég vekja athygli á þessum vinnubrögðum sem einkennast fyrst og fremst af því að allt er gert á elleftu

stundu og í raun ekki fyrr en menn eru komnir í þvílíkar nauðir að keyra þarf málin mjög hratt í gegnum nefndir. En ég vona sannarlega að það frv. sem verður lagt fyrir hv. umhvrn. um úrvinnslugjald í haust verði lagt fyrir á fyrsta degi þingsins og hægt verði að afgreiða þessi mál með sómasamlegum hætti þrátt fyrir að við séum í raun allt of sein, herra forseti.

Auk þess vil ég lýsa ánægju minni með að hér sé verið að innleiða enn eitt hagræna stjórntækið í umhverfismálum enda kominn tími til. Það var líka kominn tími til að framleiðendur þeirra ökutækja sem við fjöllum um bæru þann kostnað sem hlýst af því að farga framleiðslu þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, síðari umr.

Stjtill., 686. mál. — Þskj. 1102, nál. 1270.

[11:18]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um aðild að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna sem gerður var í Vínarborg 3. mars 1980.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna er á meðal þeirra samninga sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem hryðjuverkasamninga. Hann hefur tvenns konar markmið. Annars vegar gerir hann tilteknar kröfur um hvernig vörslu kjarnakleyfra efna sem nota skal í friðsamlegum tilgangi skuli háttað þegar slík efni eru flutt milli landa. Hins vegar mælir hann fyrir um hvers konar ráðstafanir aðildarríki skuli gera vegna ólögmætra athafna með kjarnakleyf efni þegar þau eru flutt milli landa eða eru í notkun, geymslu eða flutningi innan lands.

Aðild að samningnum kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dómsmálaráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, síðari umr.

Stjtill., 685. mál. — Þskj. 1101, nál. 1207.

[11:20]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Í samningnum er líkt og í samningi aðila á síðasta ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2002/2003 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Þá er kveðið á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2002 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, síðari umr.

Þáltill. EOK o.fl., 458. mál. — Þskj. 738, nál. 1285.

[11:21]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um að koma á fót vestnorrænni samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að koma á fót níu manna samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda og að nefndina skipi þrír fulltrúar frá hverju vestnorrænu landanna. Tillagan byggist á tilmælum nr. 3/2001 sem samþykkt voru á ársfundi Vestnorræna ráðsins á Grænlandi 2001.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, síðari umr.

Þáltill. EOK o.fl., 459. mál. — Þskj. 739, nál. 1286.

[11:23]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum.

Með tillögunni er farið fram á að ríkisstjórn Íslands, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, haldi alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum en tillagan byggist á tilmælum nr. 2/2001 sem samþykkt voru á ársfundi Vestnorræna ráðsins á Grænlandi 2001.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

[11:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hv. formaður utanrmn. hefur hér mælt fyrir nál. nefndarinnar um alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum.

Ég kem einvörðungu upp til að lýsa ánægju minni með þær tillögur sem hér eru til umræðu, bæði þá er hér um ræðir, þáltill. sem var rædd hér á undan, um samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, og þá sem eftir fylgir, um heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda.

Að sjálfsögðu eru þessi mál þannig vaxin, herra forseti, að þau fylgjast að. Það er hægt að vinna þau saman og ég tel einboðið að á ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis sé sérstaklega fjallað um veiðimenninguna og hvernig hin forna veiðimenning í útnorðri er í raun hluti af sjálfbærri þróun og mikilvæg, ekki aðeins fyrir menningu manna heldur fyrir lífríkið. Hið sama á í raun við um samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, umfjöllun um náttúruauðlindir, af hvaða tagi sem hún kann að vera, á einnig fullt erindi á ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis.

Ég kem hér upp, herra forseti, til að benda á samhengið á milli þessara tillagna og lýsa ánægju minni með þá afgreiðslu sem hér hefur orðið.

[11:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla eins og síðasti hv. ræðumaður að koma með nokkrar almennar athugasemdir sem tengjast öllum þessum þremur þingmálum sem flutt eru hér til staðfestingar á ákvörðunum í Vestnorræna ráðinu. Það fyrirkomulag hefur verið hér við lýði um nokkurt árabil, ekki þó alla tíð síðan Vestnorræna þingmannaráðið og síðan ráðið kom til sögunnar. Sú mun vera ástæðan að mönnum þótti ástæða til að treysta þær ályktanir sem gerðar væru á fundum ráðsins betur í sessi með því að leggja þær fyrir þjóðþingin og þær öðluðust þann sess sem því væri samfara.

Hér er hreyft hinum þörfustu málum. Ég vil þá ekki síst nefna samráðsnefndina um nýtingu náttúruauðlinda. Maður gæti vel hugsað sér að í framtíðinni yrði þar um að ræða mikilvægan vettvang sem gæti að einhverju leyti tekið að sér samstarf vestnorrænu landanna á þessu sviði, eða verið stjórnvöldum til ráðuneytis í því efni. Samráðsnefnd af því tagi gæti verið skipuð af fagaðilum eða þeim sem um þetta fjalla dags daglega í störfum sínum eða tengjast málunum með einhverjum hætti.

Sama gildir um þá ráðstefnu sem hér er lagt til að verði haldin sameiginlega af ríkisstjórn Íslands og landstjórnum Færeyja og Grænlands. Þetta eru að vísu viðfangsefni sem alltaf hafa verið uppi í þessu samstarfi og eru einn af hornsteinum þess má segja, þ.e. allt sem lýtur að auðlindanýtingu og lífríkinu enda allar þjóðirnar háðar nýtingu hinnar lifandi náttúru.

Ég vil líka nefna í því samhengi, herra forseti, það Norður-Atlantshafssamstarf sem líka er að komast örlítið á legg. Þessar þrjár þjóðir eru auðvitað mjög tengdar og verið fundað eða haldnar ráðstefnur, fyrst í Reykjavík fyrir nokkrum árum, í Færeyjum fyrir rúmu ári síðan og fyrir dyrum stendur þriðja ráðstefnan af því tagi þar sem eyþjóðirnar, strandríkin og strandsvæðin við norðanvert Atlantshaf hafa fundað um mál sín. Mér finnst vel koma til greina að skoðað verði hvort þetta ráðstefnuhald sem hér er sérstaklega lagt upp með af hálfu vestnorrænu landanna þriggja gæti á einhvern hátt tengst þessari uppbyggingu á samstarfi eyþjóða og strandsvæða við norðanvert Atlantshaf. Það verður auðvitað líka að gæta þess, herra forseti, að í svona samstarfi verði ekki tvíverknaður eða allt of mikil skörun í þeim verkefnum sem sinnt er innan samstarfsins.

Ég vil svo almennt segja um hið vestnorræna samstarf að það er afar ánægjulegt hvernig það hefur styrkst í sessi. Það gekk í gegnum þrengingar á ákveðnu árabili og var jafnvel hik á mönnum eftir um 10 ára starf hvert halda skyldi. Sem betur fer var valinn sá kostur að efla það frekar en veikja. Því hefur nú verið ráðinn starfsmaður. Það hefur fengið fasta skrifstofu og hefur á nýjan leik látið meira til sín taka. Það tel ég tvímælalaust mjög jákvætt.

Ég hef lagt fram tillögu, herra forseti, sem einnig er til umfjöllunar í utanrmn. en hefur nú ekki náð afgreiðslu þar, um að efla þetta samstarf sérstaklega og tengt því verði mótuð svokölluð nærsvæðastefna, þ.e. að Ísland móti sér skýra stefnu um samskiptin við næstu nágranna sína og hvernig það verði byggt upp. Þetta hafa flestar aðrar þjóðir gert. Þær hafa lagt línur í formi stefnumörkunar með þingályktunartillögum eða einhvers konar stjórnarsamþykktum og er svo unnið samkvæmt því. Ég held að það væri skynsamlegt að við gerðum það. Þá kæmi t.d. inn í það samhengi bæði vestnorræna samstarfið sjálft, Norður-Atlantshafsnefndin, þar sem Norðmenn og fleiri eru þátttakendur til viðbótar, og síðan þetta Norður-Atlantshafssamstarf sem ég hef áður komið inn á.

Í tillögunni sem ég lagði fram er einmitt lögð áhersla á hið sama og í þriðja þingmálinu sem hér er á dagskrá næst á eftir þessu sem nú er til umræðu, þ.e. till. til þál. um samvinnu við heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, það er atriði sem oft hefur borið á góma í þessu samstarfi og er einnig fjallað um í þeirri tillögu sem ég hef flutt. Saga vestnorrænu þjóðanna fléttast einmitt mjög saman á þessu sviði, bæði að fornu og nýju má segja. Á líðandi stundu eru auðvitað mikil samskipti í þessum efnum á sviði sjávarútvegsmála og við veiðar og auðlindanýtingu, en sagan geymir þar merkilega kafla, t.d. um hinar miklu fiskveiðar Færeyinga við Ísland og Grænland, allt sem þeim tengdist og öllum þeim samskiptum sem það hafði í för með sér. Ég tel einnig, herra forseti, að þar sé um hið ágætasta mál að ræða. Ég styð það og læt nægja að geta þess hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, síðari umr.

Þáltill. EOK o.fl., 460. mál. — Þskj. 740, nál. 1287.

[11:32]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um samvinnu við heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórn Íslands verði falið, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs um heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda til að tryggja varðveislu sameiginlegrar arfleifðar en tillagan byggist á tilmælum nr. 1/2001 sem samþykkt voru á ársfundi Vestnorræna ráðsins á Grænlandi 2001.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Ég tek undir það með hv. þingmönnum Steingrími J. Sigfússyni og Þórunni Sveinbjarnardóttur að vestnorræna samstarfið er mjög mikilvægt og mikilvægt að Íslendingar taki þátt í því á öflugan hátt. Það hefur verið að styrkjast undanfarin ár og um síðustu helgi var undirritaður sérstakur samstarfssamningur milli vestnorrænu þjóðanna, Grænlands, Íslands og Færeyja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, síðari umr.

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 963, nál. 1202 og 1233.

[11:33]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl sem samþykktar voru á 25. aukaþingi aðila stofnunarinnar í Washington 17. nóvember 2000.

Með breytingum á samningnum er alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl einkavædd og fyrirtækið INTELSAT sett á stofn, auk alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar, ITSO. Samkvæmt greinargerð með tillögunni telur samgönguráðuneytið að samningurinn kalli ekki á lagabreytingar hér á landi og var sá skilningur staðfestur af fulltrúa utanríkisráðuneytis á fundi nefndarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir að stofnun eftirlitsstofnunar hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir þau ríki sem aðild eiga að samningnum enda er gert ráð fyrir að fjármunir komi frá fyrirtækinu til reksturs hennar.

Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt.

[11:35]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta utanrmn. í þessu máli. Ástæða þess að ég kýs að sitja hjá við afgreiðslu þess eða veita því ekki brautargengi er að ég hef miklar efasemdir um að það sé til farsældar fallið að fara út í þá einkavæðingu á því ágæta að mínu mati og vel heppnaða samstarfi sem þjóðir heimsins hafa byggt sér upp í gegnum alþjóðastofnunina INTELSAT á sviði fjarskipta um gervitungl og að það sé a.m.k. ótímabært, ef ekki bara að slíkar hugmyndir ættu alls ekki að vera á dagskrá til framtíðar litið einu sinni, að fara út í þá einkavæðingu. Það skapar líka ákveðna erfiðleika sem m.a. lýsa sér í því að þá verður að aðskilja annars vegar rekstur stofnunarinnar á þessu sviði og hins vegar það samræmingar- og eftirlitshlutverk sem hún hefur haft með höndum.

Sérstök ástæða er til, herra forseti, að hafa áhyggjur af stöðu fátækari og vanþróaðri ríkja í þessu sambandi sem hafa litla sem enga möguleika sjálf að annast um þessa hluti á eigin vegum. Það eru ekki síst þau sem hafa notið mjög góðs af hinu alþjóðlega samstarfi enda var það strax frá byrjun lagt til grundvallar að allir skyldu hafa aðgang að þessari tækni og þeim möguleikum og slíkur aðgangur skyldi vera án mismununar. Það hefur að sjálfsögðu verið handhægt að tryggja í gegnum hið opinbera eignarhald samstarfsríkja í stofnuninni eins og þetta hefur verið hingað til.

Það má auðvitað segja, herra forseti, og nota þau nauðhyggjurök að menn standi hér frammi fyrir gerðum hlut því að ljóst er að við Íslendingar út af fyrir sig annaðhvort tökum við þeim breytingum eins og þær eru eða ekki. Þær eru frágenginn hlutur og hefðu menn viljað koma öðrum sjónarmiðum á framfæri þá hefðu menn auðvitað þurft að gera það í vinnu málsins. Ég hygg að hér hafi, eins og stundum áður, þeir um vélað og mestu um ráðið sem sjálfir eru í litlum vanda staddir í þessum efnum, þ.e. stjórþjóðirnar og þróaðri ríkin sem hafa bæði tækni og fjárhagslega getu í sínum færum til þess að leysa úr málum sjálf og eru minna upp á það komin að slíkt alþjóðasamstarf sé áfram rekið á þeim jafnréttisgrundvelli og með þá hugsun að leiðarljósi sem innbyggð var í því strax á sjötta og sjöunda áratugnum þegar það hófst, að tryggja skyldi öllum jafnan rétt og jafnan aðgang að slíku kerfi.

Ég held að Íslendingar mættu alveg hugsa aðeins til baka og velta því fyrir sér hvílík gjörbreyting varð á stöðu okkar hér úti í miðju Atlantshafinu þegar Ísland gerðist aðili að þessum samningi og byggði hér fyrstu jarðstöðina sem kom í gagnið um 1980, ef ég man rétt. Þá varð algjör umbylting á stöðu Íslands í fjarskiptalegu tilliti vegna þess að við eða Póstur og sími fyrir okkar hönd gerðist aðili að því samstarfi og við nutum góðs af allri þeirri fjárfestingu og allri þeirri uppbyggingu sem þarna var sameiginlega unnið að og þurftum í raun og veru ekki annað að gera sjálfir en að leggja okkar litla hlut af mörkum í hlutfalli við þjóðartekjur okkar eða íbúatölu eða þann sambærilega mælikvarða sem þarna var lagður til grundvallar, þ.e. þegar iðgjöldin sjálf voru greidd eða hvort það var nú þjóðarframleiðsla, nú man ég það ekki nákvæmlega. En eitt er víst að slíkt fyrirkomulag og slíkt samstarf var smáríkjum eins og Íslandi afar hagstætt, þannig að í okkar hlut þurfti fyrst og fremst að koma að byggja jarðstöðina hér og koma upp móttökubúnaðinum. Það gerði okkur í einu vetfangi kleift að komast í fullkomið fjarskiptasamband og opnaði leið t.d. fyrir beinar sjónvarpsútsendingar til og frá landinu.

Það þarf síðan ekki held ég að ræða um það meira, herra forseti, að þróunin hefur orðið hröð og það er eiginlega erfitt að ímynda sér heiminn eins og hann var fyrir þann tíma þegar mönnum þykir sjálfgefið að fréttaatburðir utan úr heimi birtist hér á sjónvarpsskjánum samstundis en þá er nú ekki lengra síðan þetta að menn þurftu að sæta hér flugsamgöngum, og t.d. myndefni af atburðum, lifandi myndir komust yfirleitt ekki til landsins fyrr en um sólarhring eftir að þær voru sendar af stað frá útlöndum.

Annan þátt þessa máls, herra forseti, vil ég líka gera að athugunarefni og það er sú leið sem hér er valin og er sambærileg við það sem valið var í fyrra þegar hliðstætt mál, INMARSAT, var hér á dagskrá. Þar var einmitt um mjög sambærilegar breytingar að ræða á alþjóðastofnun og alþjóðasamstarfi sem hafði verið byggt upp í opinberri alþjóðlegri stofnun og skilað miklum árangri þar sem voru fjarskipti á hafinu, að eignarhlutur Íslendinga í þeim fyrirtækjum sem þarna verður komið á fót, þ.e. hinum einkavædda þætti starfseminnar, rekstrarþættinum, að hér á að velja þá leið, sambærilega við það sem gert var á síðasta ári, að skilja eignarhlut ríkisins eftir í Landssímanum hf. Nú er enginn vafi á því að ríkið á þennan hlut því að um opinbert fyrirtæki var að ræða sem fór með eignarhaldið fyrir hönd Íslands. Ég hefði talið að það hefði átt að skoða og í rauninni eindregið mælt með því að fyrst um sinn a.m.k. yrði eignarhlut ríkisins komið fyrir hjá því sjálfu, hann yrði leystur út úr Landssímanum og íslenska ríkið eða t.d. Póst- og fjarskiptastofnun eða einhver slíkur aðili færi með eignarhaldið fyrir hönd ríkisins.

Nú er það að vísu svo sem betur fer að komin er upp biðstaða í einkavæðingarbrölti ríkisstjórnarinnar hvað Landssímann varðar, kann vel að vera að hann verði að langmestu

leyti og yfirgnæfandi leyti í eigu ríkisins enn um sinn, en það breytir ekki hinu að þessi áform eru enn þá einhvers staðar vakandi og þá mundi það gerast að ekki bara væri þessi breyting á orðin í hinni alþjóðlegu stofnun og hún sett yfir í einkarekstrarform heldur mundi eignarhluturinn af okkar hálfu líka lenda yfir í hendur einkaaðila og hverfa frá ríkinu ef um einkavæðingu Landssímans yrði að ræða. Þetta hefur, herra forseti, að mínu mati alls ekki verið rætt eða skoðað eins og vert og skylt væri. Ég hefði viljað sjá aðrar leiðir farnar í þessum efnum og treysti mér ekki til að styðja þetta mál eins og það er hér fram borið.

[11:43]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. utanrmn., sú er hér stendur og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, rita undir nál. með fyrirvara.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að í raun stöndum við frammi fyrir gerðum hlut þegar þessi samningur á í hlut en í sjálfu sér geri ég ekki athugasemdir við það að ákveðið sé að einkavæða þessa stofnun. Hins vegar er fyrirvari okkar Rannveigar Guðmundsdóttur, hv. þingkonu, gerður vegna þess að eignarhluti Íslendinga í hinu nýja fyrirtæki verður eftir í Landssímanum og eins og allir á hinu háa Alþingi vita hefur mikið einkavæðingarferli þar staðið yfir á Símanum og allsendis óljóst á þessari stundu hvernig það endar, þ.e. hvort Síminn verður seldur. En ég hygg að það gefi stjórnvöldum ráðrúm til að huga sérstaklega að eignarhlutanum í INTELSAT og hvort megi þá koma honum fyrir með öðrum hætti en innan Símans ellegar, verði það niðurstaðan eins og stefnir í hér, sé þess auðvitað tryggilega gætt að verð eignarhlutarins endurspeglist í verði Símans alls og að sjálfsögðu að Síminn, verði hann einakvæddur, uppfylli öll þau skilyrði sem þessi samningur leggur á herðar fyrirtækinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 315. mál (viðauki, niðurfelling gjalda, endurgreiðslur o.fl.). — Þskj. 1180, brtt. 1199.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 2. umr.

Stjfrv., 629. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 990, nál. 1201.

[11:46]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna og Þórhall Vilhjálmsson frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Frumvarpið, sem felur í sér endurskoðun á gildandi lögum nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, er m.a. lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar. Í frumvarpinu er gerð grein fyrir réttindum og skyldum framseljanda fyrirtækja sem færast yfir til framsalshafa við aðilaskipti, svo sem um launakjör og starfsskilyrði, vernd gegn uppsögnum og réttarstöðu trúnaðarmanna. Þá er að finna ákvæði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs og viðurlög ef brotið er gegn ákvæðum frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara og Ásta R. Jóhannesdóttir með fyrirvara.

[11:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mál ganga nú býsna hratt fram. Það eru ekki nema nokkrar mínútur síðan við ræddum hér einmitt, og þá í kippu af málum frá hv. utanrmn., þáltill. sem þessu máli tengist, þ.e. að taka upp ákvæði tiltekinnar tilskipunar sem síðan er þá aftur gefin lagastoð með þessu frv. Ég get að hluta til vísað til þess sem ég sagði þá um það mál. Enginn minnsti vafi leikur á því að þessi ákvæði fela í sér umtalsverðar réttarbætur eða fela í sér mikilvægan rétt fyrir launamenn sem er trygging þeirra fyrir því að launakjör þeirra og starfsréttindi yfirfærist eða haldist eftir því sem við getur átt eins og þau standa og eru fyrir hendi, samningsbundin og með öðrum hætti, á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað og færast þá yfir til þess sem tekur við fyrirtækinu, þ.e. þess sem kallaður er framsalshafi í frv.

Það sem ég geri hins vegar athugasemdir við, herra forseti, og veldur þeim fyrirvara sem ég hef á um stuðning við frv. eins og fram kemur í nál. er í fyrsta lagi sú nálgun sem mér sýnist hér vera nánast að öllu leyti, þ.e. að um algjöra lágmarksnálgun sé að ræða, að í raun sé gengið út frá því að það beri að reyna að taka tilskipunina upp og setja henni lagastoð á þeim grunni að hvergi verði veittur nema sá lágmarksréttur sem tilskipunin tryggir.

Herra forseti. Eins og ég hef áður sagt finnst mér svolítið metnaðarlítið og dapurlegt að ekki skuli í einhverjum tilvikum vera tekið upp til sjálfstæðrar skoðunar í undirbúningi mála af þessu tagi þar sem aðilar vinnumarkaðarins koma nú oft að, þ.e. að vegna séríslenskra aðstæðna eða af öðrum ástæðum velji menn hér að búa öðruvísi um hlutina eða færa mönnum í einhverjum tilvikum ríkari rétt. Það getur verið auðvitað á báðar hliðar. Það geta verið ákvæði sem tengjast starfsmönnum í vissum tilvikum. Það gætu verið ákvæði sem tengjast fyrirtækjunum í öðrum tilvikum. Þetta minni ég nú á, herra forseti, vegna þess að mér finnst svolítið fara þannig hér oft þegar þessi mál eru á dagskrá að verkefni Alþingis og okkar sé eingöngu að taka við þessu eins og þetta er og lögfesta þetta þannig án þess svo mikið sem velta fyrir okkur hvort í einhverjum tilvikum, þar sem við höfum svigrúm til, og það höfum við að sjálfsögðu, sé ástæða til að ganga öðruvísi frá máli, t.d. veita fleirum en tilskipunin að

lágmarki tekur til einhver tiltekin réttindi eða búa um þau með einhverjum öðrum hætti.

Herra forseti. Þarna vekur auðvitað athygli, og það hefði að mínu mati þurft að skoðast miklu betur áður en frv. verður gert að lögum, að samkvæmt b-lið 2. mgr. 1. gr. laganna, þar sem fjallað er um gildissvið þeirra, skal undanskilja hafskip. Og hvað þýða hafskip í þessu sambandi, herra forseti? Eru það skip sem eitthvert fyrirtæki sem heitir Hafskip á? Nei. Eru það fraktflutningaskip á heimshöfunum? Nei. Það eru, ef við höfum náð að læra það rétt í félmn., í raun og veru öll stærri skip sem fara á sjó og eitthvað að ráði frá ströndinni. Það þýðir að svo til allur íslenski flotinn lendir í þessum flokki. Með því er sem sagt, herra forseti, verið að ákveða að sá réttur sem ætlunin er með lögunum að tryggja starfsfólki við aðilaskipti að fyrirtækjum nýtist ekki íslenskum sjómönnum. Þeir verða þar undanþegnir. Nú er það ekki þannig að sjávarútvegsfyrirtæki gangi ekki kaupum og sölum eða sviptingar gangi ekki yfir á vinnumarkaði þeirra sem starfa í íslenskum sjávarútvegi bæði á sjó og landi.

En svona er þetta nú, herra forseti. Það verður að segjast eins og er að það var alls ekki unnt að vinna þetta eins og þurft hefði, t.d. með því að fá fulltrúa sjómanna og aðila vinnumarkaðarins til þess að setjast yfir þennan þátt málsins sérstaklega og skoða hvort það sé svona sem menn vilja ganga frá þessu eða hvort eitthvað annað komi til greina.

Það er alveg ljóst að við þurfum ekki, við erum ekki þjóðréttarlega skuldbundin til að gera þetta öðruvísi. Það má sleppa íslenska flotanum þarna nokkurn veginn eins og hann leggur sig og ákveða að lögfesta bara lágmarksgrundvöll tilskipunarinnar. En það er ekki þar með sagt að það sé endilega það sem eðlilegast sé að gera út frá íslenskum aðstæðum. Ég hef grun um það, herra forseti, að ástæða þessa ákvæðis sem undanþiggur hafskip til viðbótar þeim breytingum sem stjórnvöld gera þegar þau færa verkefni innan stjórnkerfisins — það er sömuleiðis undanþegið hér, þ.e. réttur starfsmanna við aðilaskipti stofnast t.d. ekki ef um verkefnaflutning innan Stjórnarráðsins er að ræða eða aðrar slíkar breytingar sem tengjast þá endurskipulagningu opinberrar stjórnsýslu, enda er vel um það búið í öðrum lögum reyndar og við hvort sem er með ákvæði í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem taka á því.

En skyldi nú kannski ekki ástæða þessa vera sú, herra forseti, að þegar menn voru að semja þessar tilskipanir úti í Brussel þá þótti þeim ekki auðviðráðanlegt að láta þetta t.d. taka til hins alþjóðlega kaupskipaflota? Sjávarútvegur er lítil atvinnugrein og jafnvel siglingar í mörgum þessara landa og þar sem þær vega þungt er oft um að ræða alþjóðlegan, jafnvel alþjóðlega skráðan kaupskipaflota á heimshöfunum. Mætti nú svo sem ýmislegt um það fyrirkomulag allt saman segja, herra horseti. Þar hefur hálfgert þrælahald leynt og ljóst verið ástundað á starfsmönnum frá þróunarríkjum. En þannig er það nú.

En það er ekki þar með sagt að við eigum hér þegar við ákveðum hvar við drögum mörkin í þessum efnum uppi á Íslandi að gefa okkur það fyrir sjálfgefið að íslenski flotinn sé þarna undanskilinn. Ekkert hindrar það að hafa hann þarna með, ekkert bannar okkur það ef við viljum ákveða það svo og við ráðum því hér á Alþingi vel að merkja. Hefur farið einhver efnisleg umræða fram um það hvort menn séu bara alveg sáttir við þetta og allir vilji hafa það þannig að íslenskir sjómenn njóti ekki þessa réttar? Ég lýsi nú eftir henni.

Þetta mun vætnanlega þýða að hluti starfsfólks í mjög mörgum fyrirtækjum hefur þennan rétt við aðilaskipti, þ.e. í blönduðum sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem fólk starfar bæði í landi og á sjó. Þá geri ég ráð fyrir því að landfólkið hafi þennan rétt en ekki sjómennirnir. Það finnst mér ekki einboðið að hafa þannig. Það hefði e.t.v. mátt skoða það t.d. að undanskilja kaupskipaflotann til samræmis við hið alþjóðlega fyrirkomulag, ef mönnum hefðu þótt sérstök rök fyrir því, t.d. kaupskipaflota í millilandasiglingum. Hér er nú reyndar ekki eiginleg alþjóðleg skipaskráning. En það hefði mátt fara yfir og skoða það. En mér finnst alls ekki sjálfgefið að fiskiskipaflotinn sé skilinn þarna eftir út undan og svona almennt þá harma ég þá lágmarksnálgun sem hér er að finna á öllum sviðum.

Herra forseti. Síðan mætti kannski gera nokkrar athugasemdir ef maður eiginlega — ég vil nú ekki segja, legði sig niður við það — legði sig eftir því við orðalag hér og framsetningu mála og þessarar blessaðar hráu þýðingar á tilskipunum sem eru meiri háttar hausverkur. Það ergir mann svo á köflum að lesa ýmsilegt sem að manni ber að maður fer að velta því fyrir sér hvort það væri ekki bara betra að sleppa því að standa í þessum þýðingum heldur en að koma þessu yfir á eiginlega óbrúklega íslensku og framsetningu af því tagi sem hér getur að líta.

Til dæmis hljóðar 4. tölul. 2. gr. um orðskýringar þannig:

„4. Aðilaskipti eru aðilaskipti á efnahagslegri einingu ...“

Það er nú svona heldur knosað, herra forseti, að orða þetta svona.

Eða 3. töluliðurinn:

„3. Fyrirtæki er einstaklingur,“ — fyrirtæki er einstaklingur, — „félag, opinberir aðilar og aðrir þeir sem stunda atvinnurekstur ...“

Fyrsti málsliðurinn þarna er nú ekki skemmtilegur, að fyrirtæki sé einstaklingur. Þetta stafar auðvitað af því að menn eru að berja þarna saman þýðingu á einhverjum orðskýringum, væntanlega úr enskri tungu, hverrar málfræði er önnur og setningarskipan en í íslensku. Út úr því koma svona hlutir. Ég held, herra forseti, ef menn ætla sér að þýða þetta á frambærilega íslensku á annað borð að þeir verði að reyna að leggja talsverðan metnað í að finna út úr þýðingunum og koma þeim í sæmilega setningarskipan en reyna ekki um of á þanþol tungunnar. En það finnst mér vera alveg hreint á ýtrustu mörkum hér í ýmsum tilvikum.

Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu greiða þessu frv. atkvæði mitt af því að það felur í sér réttarbót svo langt sem hún nær. En ég hef þessa fyrirvara á og ég áskil mér allan rétt til þess að skoða það þó síðar verði að þetta verði útfært á einhvern annan hátt og sérstaklega farið yfir það hvernig öðruvísi verði frá þessu gengið varðandi íslenska sjómenn og starfsmenn í íslenskum sjávarútvegi, sem er auðvitað atvinnugrein í allt öðru samhengi hér en hún er víðast hvar annars staðar á svæðinu sem tilskipunin tekur til.

[11:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti, örstutt. Ég tek undir með hv. þm. að frv. mætti gjarnan vera á íslensku. Það er svo knosað málfarið á því að oft er erfitt að skilja það.

Hins vegar vil ég benda á að í hv. félmn. þar sem þetta var rætt kom fram að um sjómenn gilda sérstök lög og með því að fella þá undir þessi lög kynni réttarstaða þeirra versna.

En síðan kemur að því hvort við Íslendingar eigum alltaf að taka upp lágmark í þeim reglum sem Evrópusambandið nefnir. Það er alveg réttmætt að við gætum að sjálfsögðu

gert betur. En það eru alltaf tveir aðilar sem koma að atvinnulífinu. Það eru í fyrsta lagi fyrirtækin og hins vegar launþegarnir eða starfsmennirnir. Ef við förum að rugla því fína jafnvægi sem er á milli fyrirtækja og starfsmanna gætum við raskað t.d. atvinnuleysi vegna þess að ef við veitum starfsmönnunum góðan rétt og sanngjarnan þá gæti verið að mörg fyrirtæki sem ætluðu sér að fara í gjaldþrot en gætu hugsanlega lifað áfram ef reglurnar væru ekki of stífar, færu í gjaldþrot. Og starfsmennirnir sem við ætluðum að vernda sitja uppi með ríkari rétt en atvinnulausir.

Herra forseti. Það er spurning hvort hv. þm. vill hafa það sem er nánast orðið náttúrulögmál í Evrópusambandinu, þ.e. 10% atvinnuleysi og ungt fólk fær ekki vinnu í stórum hópum langt fram eftir starfsævinni. Þetta fá menn fá í kaupbæti þegar þeir auka rétt launþega um of á kostnað fyrirtækjanna, því jafnvægið er mjög viðkvæmt og fínt.

[12:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Annars vegar tel ég gæta þess misskilnings hjá hv. þm. þegar hann heldur því fram að það gæti í nokkru tilviki tekið rétt af sjómönnum að falla undir þessi lög og þessa tilskipun. Eðli þessa frv. er ekki slíkt að það upphefji ákvæði annarra laga eða taki af mönnum einhvers staðar rétt sem þeir hafa á öðrum grundvelli en þeim sem lögin taka til, sem er fyrst og fremst kjarasamningar og ráðningarsamningar, þ.e. ráðningarsambandið milli launamanns og vinnuveitenda.

Ætlunin með frv. er að festa í sessi að við aðilaskipti skuli þessi réttindi yfirfærast eins og þau standa á þeim degi, í gegnum ráðningarsamband viðkomandi launamanns við vinnuveitanda sinn. Þetta hróflar ekki við öðrum réttindum.

Ég held að hitt sé misskilningur. Þetta gæti aldrei orðið annað en réttarbót fyrir sjómenn, að svo miklu leyti þá sem þetta hefur áhrif. Það kann vel að vera að þetta mundi ekki færa þeim mikið til viðbótar. Ég hygg þó að það gæti vel gert það í ákveðnum tilvikum.

Hitt atriðið, varðandi 10% atvinnuleysi í Evrópusambandinu og hvort ég vilji það. Nei, ég vil ekki 10% atvinnuleysi svo hv. þm. hafi það algjörlega á hreinu. Ég vil helst ekkert atvinnuleysi, ekki einu sinni það sem hægri sinnaðir hagfræðingar kalla hæfilegt atvinnuleysi. Fari það og veri. Ég tel það grundvallarmannréttindi að menn hafi vinnu og geti framfleytt sér eftir því sem möguleiki er á að koma slíku við.

Ég tel hins vegar ekki að það eigi að stilla þessu upp þannig að það séu ósættanlegar andstæður, þ.e. full atvinna í einu landi og góð réttindi launamanna. Þvert á móti. Það má snúa dæminu algjörlega við og segja: Einmitt til þess að hafa ánægt starfsfólk, öruggt um sinn hag, þarf það að vera vel verndað og njóta réttinda.

[12:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. erum á sama máli um mikilvægi þess að ekki sé atvinnuleysi. Ég tel að atvinnuleysi sé eitt mesta böl sem menn lenda í en hv. þm. hefur ekki útskýrt fyrir mér eða gert það trúverðugt af hverju hið gífurlega atvinnuleysi í Evrópusambandinu stafar og hvernig stefndur á því að það hefur verið um áratugabil, ekki bara eitt eða tvö ár heldur hefur það í um 30–50 ár verið viðvarandi, þ.e. um 10% atvinnuleysi. Af hverju stafar það? Ég rek það til strangra reglna og of mikilla réttinda sem kerfið veitir.

En varðandi sjómenn stendur hér að framseljanda eða framsalshafa sé óheimilt að segja starfsmanni upp vegna aðilaskipta að fyrirtæki nema efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður séu fyrir hendi. Það má sem sagt segja upp undir þeim kringumstæðum. Ég veit ekki hvernig þessi ákvæði eru gagnvart sjómönnum. Það getur vel verið að þessar ástæður séu ekki til gagnvart sjómönnum. Þá mundu þessi lög heimila uppsagnir sjómanna þó að sjómannalögin geri það ekki. Þetta eru nýrri lög og þau mundu gilda um þá ef þeir féllu undir þessi lög.

[12:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Nei, herra forseti, ég held að enn komi fram misskilningur. Ég held að þessar skilgreiningar sem þarna eru dregnar upp vísi til þeirra aðstæðna að réttindin samkvæmt þessum lögum gildi ekki. Þær verða ekki yfirfærðar og notaðar til þess að taka af mönnum rétt sem þeir hafa samkvæmt öðrum samningum eða önnur lögvernduð réttindi. Ég held að það sé ekki þannig. (**PHB:** Þetta eru nýrri lög.) Já, en þar með er ekki sagt, þó að lög séu mismunandi gömul, herra forseti, að yngri lög upphefji sjálfkrafa ákvæði annarra laga. Þau þurfa þá að gera það með pósitífum hætti. Það þarf að taka það fram að þessi lög komi í staðinn fyrir eða gildi um aðstæður sem annars staðar er fjallað um.

Það er alls ekki hægt að gefa sér yfirfærslu eða lögjöfnun af því tagi sem hv. þm. gerir þarna. Ég held að það sé ekki rétt. Væri eitthvað hæft í þessu væri það akkúrat dæmi um að við hefðum þurft að skoða þetta betur. Það var nú m.a. það sem ég sagði, að mér fyndist ansi stórt á stykkinu að ákveða að íslenski sjávarútvegurinn eins og hann leggur sig, þ.e. allur fiskiskipaflotinn, sé undanþeginn án þess að farið sé betur yfir það mál.

Varðandi atvinnuleysið í Evrópusambandinu og þessa kenningu sem mér finnst hv. þm. rekja til umfangsmiklla og íþyngjandi reglna á vinnumarkaði í Evrópu, þá er það hin bandaríska kenning. Þetta er frjálshyggjukenningin, um að velferðarkerfið og regluverkið sé svo hamlandi fyrir atvinnulífið að þar sé ekki hægt að halda uppi fullri atvinnu. En hvernig stendur þá á því að einmitt mestu velferðarríkjum sögunnar, Norðurlöndunum, hefur gengið betur með sinn umfangsmikla rétt launamanna og sitt umfangsmikla velferðarkerfi? Þar er ekki atvinnuleysið sem sums staðar er niðri í Evrópu. Ég held að þetta sé ofureinföldun hjá hv. þm.

Auðvitað er öllum ljóst að ef atvinnulífinu er íþyngt út í hið óendanlega lætur eitthvað undan að lokum en það að tryggð séu mannsæmandi réttindi á vinnumarkaði á ekki á nokkurn hátt að vera á kostnað þess að hægt sé að halda uppi fullri atvinnu.

[12:07]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd vegáætlunar 2001, 733. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1291.

Meðferð opinberra mála, 265. mál, nál. allshn., þskj. 1289.

Staða framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna, 732. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1290.

[12:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Eins og sést á nál. frá nefndinni skrifa ég undir það með fyrirvara og get ég tekið undir nánast allar athugasemdir síðasta ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ég verð að segja að þótt ég styðji þetta mál tel ég það ekki hafa verið nægilega unnið í nefndinni. Þýðingin á þessum reglum Evrópusambandsins, þ.e. þessari tilskipun, er alls ekki boðleg. Ég tel ýmislegt mjög athugavert við málfarið á frv. Við eigum ekki að senda frá okkur plögg eins og þessi, án þess að huga betur að íslenska textanum.

Í umsögnum um málið til nefndarinnar eru tillögur að mun betra orðalagi á ýmsum þáttum frv. en meiri hlutinn í nefndinni kaus að breyta engu og samþykkja frv. óbreytt.

Það kom einnig fram í nefndinni, þegar fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar komu á fund nefndarinnar, að málið var greinilega ekki fullunnið af hálfu ráðuneytisins þegar það var lagt fyrir nefndina, a.m.k. hafði vinnu við málið verið hætt í miðjum klíðum og síðan kom það inn til þingsins algjörlega eins og atvinnurekendur vildu að það liti út, án þess að tekið væri tillit til athugasemda frá verkalýðshreyfingunni.

Ég vil gagnrýna það, herra forseti. Ég tel að taka hefði átt tillit til ýmissa atriða hér. Ég vil gera að umtalsefni hér 1. gr. þar sem í ljós kemur að lögin muni ekki gilda um hafskip. Það var þó nokkur umræða um það í nefndinni. Það hefði e.t.v. átt að fá inn í nefndina frekari upplýsingar um réttindi þeirra sem ekki heyra undir þessi lög.

Það var líka gagnrýnt að í frv. vantaði markmiðsgrein og ég get tekið undir það. Sömuleiðis gagnrýni ég að tilskipunin hafi verið túlkuð svo þröngt sem raun ber vitni. Við hefðum vel getað farið yfir málið og tekið inn frekari atriði og aukið rétt launafólks með því. En meiri hlutinn kaus að túlka þetta þröngt og þannig er frv. lagt fyrir þingið til afgreiðslu.

Það hefur einnig verið gagnrýnt að viðurlög vanti ef ekki er farið að þessum lögum. E.t.v. hefði verið ástæða til að setja inn viðurlög í frv. Ég get tekið undir að ástæða hefði verið til þess. Sömuleiðis hefði þurft frekari orðskýringar. Orðskýringarnar í frv. nú þegar, það kom aðeins fram í máli síðasta ræðumanns hvernig staðið er að þeim orðskýringum og hve hráar þýðingarnar eru — eins og þetta „fyrirtæki er einstaklingur" eða „aðilaskipti eru aðilaskipti". Alþýðusamband Íslands kom með tillögu að breytingu á skilgreiningu á aðilaskiptum sem mér finnst mun skýrari heldur en sú sem er í frv. En ASÍ lagði til að aðilaskipti yrði skýrt á þann veg að aðilaskipti væru hvers konar framsal eða samruni á fyrirtæki sem heldur einkennum sínum, þ.e. skipulagðri heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða aðal- eða stoðstarfsemi. Reyndar hefði ég talið þurfa að skýra aðal- og stoðstarfsemi en það orðalag kemur fyrir í frv. aftur og aftur.

Sömuleiðis hefði ég talið ástæðu til að hnykkja á því í 6. gr. að þegar fjallað er um upplýsingar og samráð, þar sem fyrirtækjum er skylt að láta trúnaðarmönnum starfsmanna eða starfsmönnum í té upplýsingar um ákveðin atriði, ætti að krefjast skriflegra upplýsinga. Upplýsingar geta verið alls konar og ef það eru munnlegar upplýsingar er ekki eins tryggt að menn geti sannað það að þeir hafi fengið upplýsingarnar eða sent þær frá sér.

Það er líka talað um að upplýsingar séu veittar með góðum fyrirvara en segir ekkert um hvað er góður fyrirvari. Það á að gefa upplýsingarnar með góðum fyrirvara áður en aðilaskiptin koma til framkvæmda. Það eru engar skilgreiningar á hvað góður fyrirvari er. Það er auðvitað matsatriði hverju sinni og auðvitað vantar líka refsiákvæði um það ef menn fá ekki upplýsingarnar með góðum fyrirvara.

Ýmislegt er athugavert við þetta frv. Það er nánast bein þýðing úr tilskipuninni. Við hefðum átt að taka tillit til ýmissa athugasemda sem koma m.a. frá BSRB og Alþýðusambandi Íslands, málefnalegra og góðra athugasemda sem ég hefði talið þörf á að taka inn í í frv. Menn voru hins vegar ekki tilbúnir að samþykkja það í meiri hlutanum.

Fyrirvari minn snýr sem sagt að því að þetta er of þröngt túlkað. Það vantar viðurlög og ég hefði viljað sjá þetta frv. á sómasamlegri íslensku.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan mun ég engu að síður styðja þetta mál þó að ég hafi fyrirvara á nál.

[12:15]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að bregðast við því sem hér hefur komið fram í ræðum hv. þingmanna.

Ég held að það sé rétt, ef við lítum aðeins á 1. gr. þar sem hafskip eru undanskilin gildissviði þessara laga, að rifja upp það sem kemur fram í grg. með frv. um 1. gr. þar sem segir einmitt um þetta atriði að gert sé ráð fyrir að frv. taki ekki til hafskipa og er sú undanþága byggð á 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Til þess að skýra hugtakið hafskip þá segir hér, með leyfi forseta:

„Með hugtakinu hafskip er átt við skip sem siglir á opnu hafi, þ.e. annað en það sem siglir eingöngu á innlendum vatnaleiðum eða í landvari, eða á svæðum nærri landvari, eða þar sem hafnarreglur gilda. Er hér byggt á skilgreiningu á hugtakinu sem er að finna í alþjóðasamþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um menntun og þjálfun sjómanna á kaupskipum frá árinu 1978, sbr. breytingar frá árinu 1995."

Þetta er sú skilgreining sem hægt var að finna á hugtakinu hafskip og á við öll skip sem sigla á opnu hafi. Ég held að rétt sé að það komi fram.

Jafnframt varðandi réttindi sjómanna þá eru þau býsna vel tryggð í íslenskum rétti og kemur það m.a. fram í sjómannalögunum þar sem gert er ráð fyrir að sjómenn eigi mjög ríkan rétt verði um eigendaskipti eða einhvers konar aðilaskipti að skipi að ræða. Það var því mat okkar að þarna væri um mjög ríkan rétt að ræða þannig að við þyrftum í rauninni ekki að hafa áhyggjur af því atriði eins og kom fram í vinnu nefndarinnar.

Menn hafa gert að umræðuefni þýðingar á tilskipunum og það er svo sannarlega rétt að þar mætti vanda sig betur. En það er nú svo þegar menn eru að reyna að finna hugtök sem gilda um evrópskan rétt þá hefur það gengið hálfilla. Í lagasetningu nú til dags eru menn jafnan farnir að hafa orðskýringar í frumvörpunum og það er gert hér og það eru þá orðskýringar við þau hugtök sem fram koma í þeim lagatexta sem um er fjallað hverju sinni.

Í þessu tilfelli, sem við í félmn. stöldruðum nokkuð við, þ.e. í 4. tölul. 2. gr. þar sem segir: „Aðilaskipti eru aðilaskipti ..." Í þessu tilfelli verður auðvitað að lesa nokkuð lengra þar sem segir: „Aðilaskipti eru aðilaskipti á efnahagslegri einingu ..." Í þessu frv. þýðir hugtakið „aðilaskipti" aðilaskipti á efnahagslegri einingu. Það er auðvitað grunnpunkturinn í þessu að við eigum ekki hugtak yfir það sem heitir aðilaskipti á efnahagslegri einingu. Þess vegna sitjum við uppi með þetta í frv. en ég held að sem lagatexti skýri þetta sig sjálft í frv.

Þetta á eins við um 3. tölul. þar sem verið er að skýra orðið fyrirtæki í þessu lagafrv., en það er „einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir þeir sem stunda atvinnurekstur án tillits til þess hvort slíkt er gert í hagnaðarskyni." Orðið

fyrirtæki er því notað um öll þessi fyrirbæri, einstaklinga, félög, opinbera aðila og aðra sem stunda atvinnurekstur. Í þessu frv. er orðið fyrirtæki notað í þeim tilgangi.

Ég held að ég verði jafnframt að bregðast aðeins við því sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur sem lýtur að því að frv. sé illa unnið í félmn. Ég held að við höfum farið ofan í það. Reyndar var beðið um aðila frá sjómannasamtökunum sem ekki sáu sér fært að mæta á fund nefndarinnar, en að öðru leyti fórum við algjörlega ofan í málið í heild og yfir þær umsagnir sem bárust og fengum á fund nefndarinnar það fólk sem hefur setið hvað lengst yfir þessum texta. Ljóst er að aðilar vinnumarkaðarins — það er það vinnulag sem hefur tíðkast hér varðandi yfirfærslu á Evrópurétti til íslensks réttar — sitja yfir þessu mánuðum og jafnvel árum saman og komast að niðurstöðu og færa okkur hana síðan í gegnum ráðuneytið og við tökum auðvitað fullt tillit til þeirrar vinnu. Það eru þeir sem hafa komið sér saman um hugtakanotkun og þann rétt sem hér er verið að yfirfæra til okkar, og í þessu tilfelli kom það einmitt fram hjá þeim aðilum vinnumarkaðarins sem mættu á fund nefndarinnar að þeir hefðu setið mjög lengi yfir þessum frumvarpstexta. En auðvitað voru það ekki öll atriði sem menn náðu saman um og í því frv. sem liggur fyrir frá félmrh. er ráðuneytið búið að meta það sem fram kom í vinnu aðila vinnumarkaðarins og leggur það síðan fram hér í þessu frumvarpsformi.

Ég held því að ekki sé hægt að segja að aðilum vinnumarkaðarins hafi ekki verið fullkomlega ljóst hvað kæmi fram í frv. eins og reyndar kom fram í umræðum í nefndinni frá þeim. Það er því unnið að þessu máli með nákvæmlega sama hætti og alltaf hefur verið gert, aðilar vinnumarkaðarins hafa fengið að koma að þeirri vinnu og náð samningum um þau atriði sem hér hafa komið fram.

En varðandi það sem kom fram um viðurlögin, þá er það nýmæli í þessum lagatexta að gert er ráð fyrir skaðabótum. Það er 8. gr. sem gerir ráð fyrir skaðabótaskyldu sé brotið gegn þessum lagatexta, þannig að ég held að rétt sé að fram komi að hér er gert ráð fyrir skaðabótaskyldu.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, ber þessi löggjöf þess merki að um lágmarksrétt er að ræða og sé um ríkari rétt að ræða annars staðar í lögum þá á hann auðvitað við. Við megum ekki gleyma því að megininntak lagafrv. kemur einmitt fram í 3. gr. og um það fjallar allt þetta mál, að réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað færast yfir til framsalshafa, þ.e. þeir sem taka við fyrirtækinu bera allar þær skyldur sem áður giltu í hinu fyrra fyrirtæki gagnvart launþegum.

[12:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Athugasemdir mínar við málfar og þýðingar hér eru ekki sprottnar af því að ég óttist sérstaklega að merking sé óskýr eða réttaróvissa skapist vegna þess að þýðingar séu ekki vandaðar í þeim skilningi, það óttast ég í sjálfu sér ekki. Mér er líka fullkomlega ljóst að því ágæta fólki sem glímir við þessar þýðingar í Þýðingamiðstöðinni eða hvar sem það nú er, er mikill vandi á höndum. Það er langt frá því alltaf einfalt að vinna slíkt verk.

En maður hlýtur samt að leyfa sér að gera athugasemdir þegar málfar er þannig að það jaðrar við að vera meiðandi að sjá það á prenti. Mér finnst t.d. koma til greina bara einföld umorðun á þessum setningum, þegar menn segja „fyrirtæki er einstaklingur", mér er alveg sama þó að það komi síðan komma og eitthvert framhald. Ef menn bara segðu: Fyrirtæki getur þýtt eða getur tekið til eða þýðir samkvæmt lögum þessum eða vísar til einstaklings, opinbers aðila, fyrirtækis o.s.frv.

Eða í 4. tölul. þegar sagt er: „Aðilaskipti eru aðilaskipti á efnahagslegri einingu o.s.frv.", að segja þá frekar: Með aðilaskiptum í lögum þessum er átt við að efnahagsleg eining skipti um eiganda o.s.frv. Þá er þetta strax orðin nokkurn veginn nothæf setning en ekki svona dapurleg málfræði eða málfarslega bjöguð framsetning.

Og þetta er kannski vandinn. Þarna er væntanlega valin samnings- eða tilskipunaraðferðin að nafnorðið er þarna fremst og síðan er prjónað aftan við það. Því er spurning hvort menn ættu ekki að láta eftir sér að setja þetta í hendurnar á málfarsráðunaut eða góðum íslenskumanni þegar merkingarlega er búið að þýða hlutina, að umorða þá og endursemja þannig að þetta sé svona sæmilega frambærilegt.

[12:27]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við getum alveg verið sammála um það að hér mætti örugglega vanda þýðingar betur og huga að því að menn hafi þetta með þeim hætti að menn séu ekki mjög sérðir þegar horft er á textann. En ég minni á að það er einmitt þýðingamiðstöð í utanrrn. sem ég hef leyft mér að benda á að væri hugsanlega hægt að færa út úr ráðuneytinu, ef það væru kannski aðrir en harðsvíraðir embættismenn sem horfðu bara nákvæmlega á þennan lagatexta og hefðu það í huga að horfa mætti til fallegra og litbrigðaríkara máls, þá væri það ábyggilega hið besta mál ef við gætum fundið henni stað annars staðar en í ráðuneytinu.

[12:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að formaður nefndarinnar og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi orðið sammála um þá gagnrýni sem kom fram bæði í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og mínu um þýðingarnar og málfarið, að hér mætti margt betur fara og við eigum auðvitað að vanda mál okkar og tryggja það að lagatexti sem kemur frá okkur sé á almennilegu og vönduðu máli.

Aftur á móti það sem varðar vinnuna í nefndinni þá er það alveg rétt að þar fór fram ágæt vinna við frv. En ég gagnrýndi það að við skyldum ekki taka tillit til athugasemda sem ég taldi fullkomna ástæðu til að skoða. Og þegar aðilar vinnumarkaðarins koma, sem eru búnir að liggja yfir þessu mánuðum eða jafnvel árum og eru mjög ósammála í nefndinni um frv., þá held ég að það verði að vera þannig að nefndarmenn þurfi að komast að samkomulagi um hvernig málum er háttað, t.d. eins og orðskýringarnar hér, annað orðalag o.s.frv. Ég hefði því talið að við hefðum átt að vera með málið aðeins lengur í nefndinni og komast að niðurstöðu um t.d. orðalag eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um varðandi aðilaskiptin, það komu ákveðnar tillögur frá verkalýðshreyfingunni um hvernig mætti orða þetta, við hefðum getað lagað það til líka. Ég tel að við hefðum átt að vinna þetta áfram því ljóst var að aðilar vinnumarkaðarins voru ekki sammála í málinu. Það var því ákveðin vinna sem var eftir hjá okkur í nefndinni og ég var ekki alveg sátt við það að málið færi óbreytt inn í þingið, það hefði mátt gera á því breytingar til batnaðar.

[12:30]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við höfum einmitt komist að því að aðilar vinnumarkaðarins voru ekkert ósammála um innihald 4. töluliðs þar sem er hin margfrægu aðilaskipti koma fram. (*Gripið fram í.*) Hins vegar töldu fulltrúar ráðuneytisins sem komu til okkar að tillagan sem kom frá ASÍ næði þessu hugtaki ekkert betur en það sem við vorum með í frv. frá upphafi. Þarna var því ekki um eitthvert ósætti aðila vinnumarkaðarins að ræða. Það var bara einfaldlega verið að fást við þýðingu á þessu hugtaki. Ég held því að við getum ekki vísað til þess að þarna hafi verið um ósætti að ræða.

[12:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er rétt að verkalýðshreyfingin var náttúrlega ósátt við það hversu skammt var gengið. Menn þar gagnrýndu harðlega hvað tilskipunin var túlkuð þröngt.

Aftur á móti verð ég að segja hér að ráðuneytið er ekki alviturt í þessum málefnum. Það er þingmanna að setja lög og semja lagatexta eða a.m.k. laga hann til þegar hann kemur þannig frá ráðuneytinu að ýmislegt mætti betur fara. Auðvitað eigum við að gera það og þess vegna gagnrýni ég þetta. En vissulega er rétt að aðilar vinnumarkaðarins deildu ekki um þessar orðskýringar. En þeir töldu þær ekki nægilega góðar. Þess vegna komu tillögur um annan texta, eins og þetta um aðilaskipti sem eru aðilaskipti. (**Gripið fram í:** Frá öðrum aðilanum.) Það er auðvitað engin skýring. (**Gripið fram í:** Frá öðrum aðilanum.)

[12:33]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara svona rétt til að árétta það þá getum við verið alveg sammála um að við eigum að finna okkur betri þýðingar ef við getum það. Í þessu tilfelli náðum við ekki að þýða betur en þarna kemur fram og aðrar tillögur sem komu um þetta atriði voru ekki betri en frumvarpstextinn segir til um. Við getum alveg verið sammála um að það má reyna að finna og fá jafnvel málfarsráðunauta með í þetta starf. En þær tillögur sem fram komu voru einfaldlega ekki betri en við höfðum í frumvarpstextanum. Þess vegna gátum við ekki lagt til breytingu á þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 2. umr.

Stjfrv., 641. mál (EES-reglur). — Þskj. 1036, nál. 1222.

[12:34]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Nefndin fékk að venju til sín gesti og umsagnir, hlýddi á og skoðaði nokkuð rækilega.

Frv. byggist á tilskipun nr. 19 frá Evrópusambandinu frá árinu 2001 og lýtur að viðurkenningu á starfsréttindum ýmissa starfsstétta í tækni- og hönnunargreinum.

Nefndin mælir einróma með því að frv. verði samþykkt en gerir þó eina breytingu. Hún leggur til að raffræðingar bætist við upptalninguna á löggiltum starfsheitum í tækni- og hönnunargreinum, en með því er um að ræða staðfestingu á þeim réttindum sem rafvirkjar hafa aflað sér með meistaranámi sem veitir rétt til A- eða B-löggildingar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur fyrirvara á nefndarálitinu og sá fyrirvari byggir á því sem síðast var nefnt, þ.e. að hv. þm. styður ekki þessa viðbót varðandi raffræðinga. Að öðru leyti er iðnn. einróma sammála þessu áliti.

[12:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil útskýra þann fyrirvara sem ég hef á þeirri brtt. sem hv. iðnn. gerir á þessu frv..

Ég tel að menn þurfi að fara mjög varlega í því að búa til ný starfsheiti, gefa þeim löggildingu og veita mönnum þannig ákveðinn rétt, vegna þess að um leið og menn eru komnir með ákveðið starfsheiti þá hafa þeir líka ákveðin réttindi. Og ef of mikið er af slíku dregur það úr samkeppni í atvinnulífinu.

Það er ljóst að þeir menn sem hér eftir munu kalla sig raffræðinga, sem er hugtak sem ég hugsa að velflestir Íslendingar skilji ekki hvað er, munu í krafti þess að Alþingi hafi samþykkt þessa tillögu gera kröfu til þess að sitja að ákveðnum störfum. Það þýðir að annað fólk sem hefur sambærilega menntun en getur ekki kallað sig raffræðinga og hefur hingað til getað sótt um þau sömu störf, megi það ekki. Þannig mun samkeppnin um þau störf minnka og atvinnulífið verða þrengra og í meiri viðjum og ekki eins lipurt að bregðast við breytingum. Þetta er er mjög vel þekkt og kom hér fram í umræðu áðan um Evrópusambandið, þar sem menn hafa verið að búa til mikið af réttindum og reglum og viðjum sem atvinnulífið er hreppt í. Það verður til þess að nýsköpun og kraftur í atvinnulífinu dofnar og upp kemur ákveðin stöðnun sem endurspeglast svo í atvinnuleysi sem ég held að flestir séu á að sé ekki æskilegur hlutur. Í Evrópusambandinu er atvinnuleysið viðvarandi, 10%, og er nánast litið á það sem náttúrulögmál.

Ég er á móti því að gera þessa, að mínu mati, óþörfu breytingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 1085, nál. 1214.

[12:39]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Frv. er ætlað að útvíkka gildissvið laga nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., þannig að þau nái einnig til bifreiða og innleiða þannig tilskipun nr. 1999/94/EB, sem kveður á um að seljendur nýrra bifreiða birti með skýrum hætti eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun þeirra bifreiða sem þeir hafa til sölu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hjálmar Árnason, Bryndís Hlöðversdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við

afgreiðslu málsins, en undir nefndarálitið rita aðrir nefndarmenn í iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246.

[12:40]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta iðnn. um frv. til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

Nefndin fékk fjölmargar umsagnir og gesti á sinn fund og skoðaði þær umsagnir rækilega.

Frv. er ætlað að setja lagaramma um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, en hún hefur verið tíðkuð hér á landi undanfarna tvo áratugi. Frá því að niðurgreiðslur hófust hefur um 10 milljörðum kr. verið ráðstafað til þeirra. Í frv. er lagt til að sú framkvæmd sem tíðkast hefur á niðurgreiðslum verði lögfest með skýrum hætti. Þó leggur nefndin til nokkrar breytingar á framkvæmdinni sem eru þær helstar að mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun, eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslu á rafhitun, notkun varmadælna til að hita íbúðir verður gjaldgeng til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur geta fengið styrk til stofnunar nýrrar veitu eða stækkunar eldri veitu, komið verður á opinberu eftirliti með framkvæmd aðgerðanna og settar verða skýrar reglur um það í hvaða tilvikum kyntar hitaveitur skuli njóta niðurgreiðslna.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á frv. þess efnis að nýjum kafla verði bætt inn um orkusparnað — eins og kom fram í 1. umr. höfðu margir hv. þm. hug á að taka slíkt ákvæði inn — en nefndin telur vænlegustu leiðina til að draga úr kostnaði ríkissjóðs af jöfnun húshitunarkostnaðar vera þá að stuðla að og hvetja til sparnaðar í orkunotkun. Nefndin bendir á að svigrúm til orkusparnaðar er töluvert, svo sem bætt einangrun húsa og bætt stýring á húshitun til að bæta orkunýtni.

Breytingin sem iðnn. gerir hvað þetta ákvæði varðar er að verja skuli til orkusparnaðaraðgerða allt að 1% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslu á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

Meiri hlutinn leggur jafnframt til breytingu á frv. þess efnis að ef orka frá virkjun fer ekki um kerfi dreifiveitu heldur beint til notanda, samanber smávirkjanir, skuli sú notkun vera mæld með löggiltum mæli og vinnsluaðili sjá um uppgjör niðurgreiðslu á sama hátt og dreifiveitur gera þegar orkan fer um kerfi þeirra.

Meiri hlutinn bendir einnig á að samkvæmt frv. er kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis sem ekki er á veitusvæði hitaveitu niðurgreiddur óháð því hvernig raforkan er unnin, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. frv. Hvort sem orkan kemur frá vindmyllu eða vatnsorkuveri er nægilegt svigrúm í frv. að mati nefndarinnar til að unnt verði að niðurgreiða raforku sem stafar frá nýrri tækni í vinnslu hennar. Um þetta urðu töluverðar umræður í nefndinni sem og við 1. umr. málsins og kom fram nokkur almennur vilji til þess að leggja þennan skilning í málið.

Herra forseti. Loks bendir meiri hlutinn á að mikilvægt er að umsóknarskylda samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I verði vel kynnt fyrir þeim aðilum sem nú njóta niðurgreiðslna á orku til húshitunar svo að tryggt verði að niðurgreiðslur falli ekki niður hjá þeim sem rétt eiga á þeim.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér fjallað um og lagðar eru til í þingskjali 1246.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Kjartan Ólafsson, auk þess sem hér stendur, rita undir nefndarálit þetta.

[12:44]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti frá iðnn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að sú framkvæmd sem tíðkast hefur á niðurgreiðslum verði lögfest með skýrum hætti. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar á framkvæmdinni sem eru þær helstar að mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun, eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslu á rafhitun, notkun varmadælna til að hita íbúðir verður gjaldgeng til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur geta fengið styrk til stofnunar nýrrar veitu eða stækkunar eldri veitu, ...“

Ég vil spyrja hv. frsm. nefndarinnar um þessar smávirkjanir. Hvað felst nákvæmlega í þessu? Mér hefur ekki unnist tími til þess að fara yfir þetta nál. ítarlega. En hvað felst í þessu? Eiga þeir sem eru með smávirkjanir sama kost og hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur, þ.e. að fá styrk t.d. til þess að stækka veitur sínar?

[12:46]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í frv. felst að eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslu á rafhitun. Í nokkrum tilvikum eru bæjarlækir virkjaðir á lögbýlum sem njóta niðurgreiðslu og hafa notið um árabil. Hugsunin er sú að ef viðkomandi aðilar virkja bæjarlækinn geti þeir fengið, eins og gert hefur verið með hitaveiturnar, sem nemur allt að fimm ára styrk, niðurgreiðslu, enda má segja að það sé langtímasparnaður fyrir ríkisvaldið. Með því er komið til móts við þann sem ætlar að virkja bæjarlækinn og þarf að leggja í töluverðan stofnkostnað vegna þess.

Niðurstaðan af því má segja að sé til hagsbóta fyrir ríkisvaldið, það sparar niðurgreiðslurnar til lengri tíma, en aðstoðar jafnframt viðkomandi bónda til að koma sér upp slíkri smávirkjun og gefur honum hugsanlega færi á að skapa sér tekjur.

[12:47]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað með þá bændur sem þegar hafa virkjað og reka smávirkjanir og hafa fullnægt orkuþörf sinni um einhvern tíma? Í síðari liðnum er um að ræða sérstakan styrk. Þarna eru niðurgreiðslurnar en hins vegar er styrkurinn til að stækka veitur.

Í nál. segir að hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur geti fengið styrk en í frv. er talað um niðurgreiðslur á rafhitun. Gildir hið sama varðandi þessar smávirkjanir, að möguleiki sé á styrk til þess að stækka þær? Ég hefði viljað fá svör við

því hvort möguleiki er fyrir þá sem reka þessar smávirkjanir á sambærilegum styrk og þeir fá sem ætla að stækka hitaveitur sem ekki eru opinberar.

[12:48]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er fljótsvarað. Ég hygg að þetta muni ekki gilda um virkjanir hjá þeim sem þegar eru búnir að koma sér upp virkjunum og eru komnir með þær í rekstur. Hér er verið að horfa til framtíðar.

[12:49]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifa ekki undir þetta nál. hv. iðnn. þó ég eigi þar sæti og hafi verið viðstaddur. Ég er á móti þessu fyrirkomulagi, þ.e. niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ég er á móti því vegna þess að verið er að skekkja markaðsstöðuna en markaðurinn gefur vísbendingar um hvað er skynsamlegt og hvað ekki.

Við erum komin í þá stöðu að til þessa málaflokks eru veittar 1.000 millj. kr. Það kom fram í hv. iðnn, að þetta eru um 1.400 fjölskyldur, þannig að styrkur á hverja fjölskyldu er um 700 þús. kr. á ári. Afleiðingin er sú að menn fara ekki út í framkvæmdir sem eru þjóðhagslega skynsamlegar, virkjarnir og annað slíkt, vegna þess að þeir geta ekki keppt við niðurgreiðsluna og ódýra rafmagnið. Til þess að vinna á móti því eru menn komnir í nákvæmlega sömu stöðu og var í sovétríkjunum gömlu. Menn eru farnir að styrkja skynsamlegar aðgerðir með sama fé. Fyrst taka menn markaðinn úr sambandi með því að niðurgreiða orkuna og síðan þurfa þeir að fara að styrkja skynsamlegar framkvæmdir. Þá kemur náttúrlega í ljós að erfitt getur verið að finna út úr hvað er skynsamlegt vegna þess að markaðurinn er ekki til staðar. Þá þurfa hv. þm. og ráðuneytið að setjast niður og skilgreina hvað er skynsamlegt. Það hefur komið fram hér og kristallaðist í umræðunni áðan um hvort bæjarlækurinn væri skynsamleg fjárfesting eða ekki.

Þetta er akkúrat afleiðingin af því þegar menn leyfa sér að taka markaðinn úr sambandi með þessum hætti. Ég tel að menn ættu að skoða þetta kerfi í heild sinni og athuga hvort ekki sé skynsamlegt að láta bara hverja fjölskyldu fá hálfa milljón á ári. Svo getur hún keypt orku á því verði sem býðst, hvar sem hún býðst.

[12:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili alls ekki þeim sjónarmiðum með hv. þm. Pétri Blöndal að það sé óskynsamlegt inngrip í markaðinn að jafna húshitunarkostnað í einu landi. Ég hef heldur ekki séð nein sannfærandi rök fyrir því að þetta fyrirkomulag, sem tekur mið af þeim veruleika sem við stöndum frammi fyrir því að ákveðin landsvæði hafa aðgang að jarðhita og geta notið góðs af ákaflega ódýru heitu vatni til að hita upp hús en önnur ekki, valdi því að menn taki óskynsamlegar ákvarðanir um fjárfestingar.

Hitt virði ég við hv. þm. að hann er gegnumheill og sanntrúaður markaðshyggjumaður í sér og trúir á óskeikula handleiðslu hins óskeikula markaðar. Það er lífsskoðun út af fyrir sig. Það geri ég ekki. Ég lít hvorki á markaðinn sem óskeikulan né alvitran og þaðan af síður sem herra mannsins. Ég held einmitt að í þessu tilviki stöndum við frammi fyrir mjög skýrum kostum í þeim efnum, hvort við viljum beita samtakamætti, félagslegum lausnum eða hvað við köllum það, til þess að jafna einn af undirstöðuþáttum í lífsskilyrðum fólks, sem það auðvitað er í köldu landi að hafa þak yfir höfuðið og geta kynt upp með viðráðanlegum hætti.

Ég verð að segja að mér finnst hv. þm. nokkuð kjarkmikill að hjóla í þennan þátt málsins með þeim hætti sem hann gerir, vitandi þó væntanlega að kostnaðarmunur fjölskyldna vegna þessa þáttar er marghundraðfaldur í landinu. Það liggur við að fólk sem hæstan hefur kostnaðinn á þessu sviði borgi næstum því ársútgjöld þeirra sem hagkvæmastra hitaveitna njóta í mánuði hverjum. Telur hv. þm. það réttlætanlegt?

[12:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er afskaplega ánægður með gagnrýni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hún undirstrikar og kristallar þann mismun á lífsskoðunum okkar. Hv. þm. trúir á að hægt sé að skipuleggja allt ofan frá með ríkisvaldinu. Ég trúi því ekki. Ég tel að best sé að láta markaðinn finna út bestu leiðirnar og ef það er svo að orka er ódýrari á einum stað en öðrum á það að verða til þess að fólk flytji þangað og búi frekar en á hinum staðnum. Ef það er svo að fiskur er nálægt einum stað þá á fólk að búa þar vegna þess að fiskurinn er nálægt. Við eigum ekki að reyna að stýra því héðan hvar fólk býr.

Það er eimitt þetta, skynsemi mannsins og markaðurinn, sem á að leiða til mestrar hagkvæmni fyrir þjóðfélagið. Ég er því mjög ánægður með að hv. þm. skuli vera óánægður með lífsskoðun mína.

[12:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki óánægður með lífsskoðun hv. þm. Péturs Blöndals. Hann hefur hana í friði fyrir sig mín vegna. Ég er hins vegar ósammála honum og vil gjarnan rökræða grundvallarþætti af þessu tagi, t.d. hvort við ætlum að vera svo hörð í markaðshyggju að við hverfum t.d. bara alveg frá því fyrirkomulagi að jafna lífsskilyrði fólks hvað undirstöðuþætti af þessu tagi varðar.

Þá værum við virkilega að svara spurningunni um hvort við ætlum að gera markaðinn að algerum herra lífs okkar og láta hann, eins og hv. þm. benti réttilega á, einan ráða því hvernig íslenskt samfélag lítur út eftir 10 eða 50 ár, hvar fólk býr og hvar ekki og annað þar fram eftir götunum, eins og engin önnur sjónarmið og ekkert annað skipti máli. Samkvæmt þessu væri réttlætanlegt að ýta öllu öðru en lögmálum markaðarins til hliðar.

Ég held að þetta sé hvorki félagslega né menningarlega skynsamlegt eða réttlætanlegt. Ég held reyndar að þetta sé líka efnahagsleg heimska vegna þess að markaðurinn er oft mjög skammsýnn og blindur. Ef markaðurinn mundi t.d. leggja í eyði stóran hluta landsins vegna þess að þar væri engum ráðstöfunum beitt til að jafna kyndingarkostnað eða aðra undirstöðuþætti búsetu og mannlífs og svo kæmi allt í einu í ljós að þetta hefði verið efnahagslegt glapræði vegna þess að það hefði veikt efnahagslega undirstöðu þjóðarinnar til lengri tíma litið og gera það að verkum að við nýttum ekki verðmætasköpunarmöguleika sem lægju í byggðum landsins, torvelda uppbyggingu ferðaþjónustu o.s.frv. vegna þess að það væri ekkert fólk eftir í landinu til þess að annast um móttöku ferðamanna og kynna og sýna landið, gæta þess o.s.frv.

Er þetta ekki dálítið einföldud og barnaleg mynd, að með hrárri markaðshyggju komist menn alltaf að réttri niðurstöðu

og þannig eigi samfélögin að mótast og af engu öðru?

[12:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er afskaplega áhugaverð umræða. Spurningin er um hvort einstaklingurinn sé fær um það að líta til framtíðar þegar hann tekur ákvarðanir, t.d. hvort hann eigi að búa á Sauðárkróki, þar sem er afskaplega ódýr og hagkvæm hitaveita, eða á Skagaströnd þar sem þarf að hita upp með olíu.

Ég hef meiri trúi að einstaklingurinn sé fær um að meta kosti sína til framtíðar en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég tel að hann hafi meira vit á því hvernig hann á að haga lífi sínu en ég. Ég get ekki sagt honum hvernig best er fyrir hann að lifa, eins og margir hv. þm. virðast hafa trú á.

Ég hef hins vegar lagt til að í þessu máli verði skoðað að fólk fái hreinlega greiðslur fyrir að búa á þessum stöðum og geti síðan sjálft ákveðið hvort það kaupir ofurdýrt rafmagn til húshitunar eða hvort það nýtir aðra möguleika, t.d. hitaveitu sem notast við eldivið, rekavið, kol, olíu eða einhverja aðra orkugjafa. Það yrði bara að eftirláta einstaklingum. Ég hef það mikla trú á einstaklingnum að hann geti metið það miklu betur sjálfur en við hér í Reykjavík.

[12:58]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Hv. þm. Pétur Blöndal var í ræðustól á undan mér og ljóst er að hann vill fara markaðsleiðir en í nefndinni er einhugur um þá leið sem fara á hér.

Ég er ósammála hv. þm. Pétri H. Blöndal, sérstaklega hvað þetta mál varðar. Það verður að geta þess að það sem við Íslendingar gerðum á 8. áratugnum, með uppbyggingu hitaveitna alls staðar þar sem gengið gat, massífum rannsóknum og síðan uppbyggingu hitaveitna allan 8. áratuginn og fram á 9. áratuginn, að til lengri tíma litið hefur þetta orðið til að skapa stórkostlega auðlind fyrir þetta samfélag.

Það má segja að hluti breytinganna hafi orðið á markaðslegum forsendum, þ.e. olían hækkaði svo mikið að menn sáu sér hag í því til framtíðar að fara í þessa uppbyggingu. En uppbyggingin varð þó fyrir áeggjan og að hluta til með opinberum fjármunum til að hraða þessari uppbyggingu. Það hefur komið okkur til góða mjög víða um landið og stórlega minnkað innflutning á eldsneyti frá útlöndum. Þetta er spurning um hvernig maður nálgast hlutina og oft á tíðum er réttlætanlegt að leggja til opinbert fé, sjái maður að slíkt geti til lengri tíma litið leitt til að þjóðin sem heild hagnast enn meira en áður var. Eins og ég segi var gott samkomulag um þetta frv. í nefndinni og skrifa ég undir nál.

Niðurgreiðslur á rafmagni eru ekki nýjar af nálinni. Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur verið niðurgreidd í tæplega tvo áratugi. Á fjárlögum ársins 2002 eru ætlaðar 853 milljónir úr ríkissjóði til þessara niðurgreiðslna, en afsláttur Landsvirkjunar er 100 milljónir og afsláttur Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins nemur um 20 millj. kr. Auk þess kunna að vera niðurgreiðslur hjá öðrum veitufyrirtækjum, en upphæð þeirra hefur ekki verið tekin saman. Alls gætu því niðurgreiðslur á rafhitun húshitunar og afsláttur orkufyrirtækja numið um 1.000 millj. kr.

Ég tel mikilvægast í þessu frv. að þrátt fyrir niðurgreiðslurnar er til staðar hvati til þess að byggja upp nýjar hitaveitur. Þannig geta hitaveitur eða sveitarfélög sem vilja byggja upp hitaveitur fengið styrkinn greiddan til þess að fara yfir í jarðvarmaveitur og við á hinu háa Alþingi höfum reynslu af því. Þegar hafa nokkrar veitur notfært sér þetta fyrirkomulag til þess að bæta og stækka dreifikerfi sín eða byggja nýjar veitur. Þannig hefur Hitaveita Blönduóss fengið 6,6 millj. kr. af opinberu fé til þess að stækka dreifikerfið. Það háttar þannig til víða þar sem hitaveitur eru í rekstri að stofnkostnaður við stækkun dreifikerfisins er ekki arðbær út af fyrir sig fyrir viðkomandi fyrirtæki og þá er í mörgum tilfellum mjög æskilegt að styrkja viðkomandi veitur til þess að stækka dreifikerfin sem getur síðan leitt til þess í mörgum tilfellum að það er verið að undirbyggja möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu en þegar er á svæðinu. Má þar nefna að með stækkun dreifikerfa víða hjá þessum veitum er kannski verið að leggja grunn að því að stór landsvæði verða fýsilegri t.d. fyrir sumarbústaðabyggð eða ferðaþjónustuaðila sem byggja mjög mikið á því að hafa aðgang að nægu heitu vatni.

Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt og þetta sé innbyggt í frv. Að vísu er í frv. endurgreiðsla sem er miðuð við fimm ár. Við vorum mörg sem vildum fara lengra og taka tíu ára tímabil. Sennilega hefði það verið æskilegra. Raunar er það augljóslega dýrara fyrir ríkissjóð. En hefðum við haft það í frv. að taka tíu ára tímabil hefði að sama skapi verið enn þá meiri hvati fyrir þær veitur sem vilja stækka sig, byggja við dreifikerfi sitt eða að byggja nýjar veitur. Það hefði verið enn auðveldara en er samkvæmt þessu frv.

Auðvitað erum við öll þannig stemmd að við viljum að byggð séu upp orkufyrirtæki á grunni jarðhitans sem víðast. Það fyrirkomulag sem við tölum um hér og er aukið og styrkt hefur orðið til þess t.d. að Hitaveita Dalabyggðar hefur fengið 39,6 milljónir eins og kemur fram í frv. Hitaveita Dalvíkur hefur vegna stækkunar dreifikerfisins þar fengið 25,3 milljónir. Þar sem ég þekki vel til staðhátta þar þá er það borðleggjandi mjög mikið framfaraskref sem á sér stað með þeim möguleika sem Hitaveitu Dalvíkur er gefinn með þessum styrk til þess að byggja upp hitaveitu á Árskógsströnd og í þorpunum á Árskógssandi og í Hauganesi. Án styrkjarins hefði þetta að öllum líkindum verið mjög erfið framkvæmd. En með styrknum er dreifikerfi Hitaveitu Dalvíkur komið á allt þetta svæði og það gjörbreytir möguleikum manna til atvinnuuppbyggingar í þessum litlu þorpum og síðan kemur verulegur hluti sveitabæjanna með. Þetta tel ég vera mjög til góða. Fleiri hafa fengið möguleika á þessu, t.d. Hitaveita Drangsness, Hitaveita Skagafjarðar vegna stækkunar dreifikerfisins í Skagafirði, Hitaveita Stykkishólms vegna nýrrar veitu og síðan Hitaveita Öxarfjarðar vegna tiltölulega nýrrar veitu.

Ég held að við séum öll sammála um að þetta sé gott fyrirkomulag. Við getum hins vegar deilt um hvað endurgreiðslutímabilið eigi að vera langt. Hæstv. iðnrh. hefur fallist á fimm ár. En eins og ég segi þá var vilji í nefndinni, og verður þá að endurskoða það eins fljótt og menn treysta sér til, að fara í endurgreiðslu sem nemur tíu árum. Margir telja að það mundi enn auka áhuga manna á því að fara í hitaveitur víðar um landið þar sem þær eru ekki nú þegar.

Ég tel að í frv. sé stigið mjög mikilvægt skref líka því auðvitað á það að vera þannig þegar greiddur er niður orkukostnaður að mjög mikilvægt er að almenningur sé upplýstur um hvaða verðmæti hann er með í höndunum þannig að niðurgreiddar afurðir, hvort sem það er rafmagn eða annað, mega alls ekki leiða til þess að menn fari að bruðla með hitann eða afurðirnar. Þess vegna er mjög mikilvægur kafli

settur inn með brtt., þ.e. að fara í orkusparnaðaraðgerðir. Það getur reyndar reynst mjög vel fyrir landið allt saman vegna þess að í brtt. er lagt til að verja skuli til orkusparnaðar allt að 1% af því fé sem ákveðið er á fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun til þess að styrkja nýjar hitaveitur. Orkusparnaðaraðgerðir skulu stuðla að því að draga úr kostnaði við niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði og Orkustofnun skal gera áætlun um hvernig fénu skulið varið og leggja hana fyrir iðnrh. til staðfestingar.

Ég held að þó að þetta sé sett inn í frv. með brtt. um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði þá eigi kannski að taka orkusparnaðarmál upp á miklu víðtækari grunni. Við ættum að taka það mál inn á öðrum forsendum vegna þess að það er morgunljóst að þar sem eru ódýrar hitaveitur í dag er mjög mikið bruðlað með orkuna. Maður finnur strax fyrir því sjálfur. Ég bý t.d. sjálfur við dýra hitaveitu. En síðan kemur maður inn á orkuveitusvæði þar sem hitaveita er ódýrari eins og í minni heimabyggð á Dalvík og ég tala nú ekki um á höfuðborgarsvæðinu. Þar bruðlar fólk augljóslega mjög mikið með orku, hefur allt of heitt í húsum sínum o.s.frv. Ég held að hæstv. ríkisstjórn og hv. Alþingi eigi að leggja drög að því að gert verði átak í því að upplýsa fólk um það hvernig fara skuli með þessa auðlind án þess að það sé til nokkurra óþæginda fyrir viðkomandi vegna þess að bruðl með orku eins og það tíðkast hér landi er yfirleitt vegna vanþekkingar. Það er enginn að tala um að menn eigi að skera niður við sig orku, alls ekki, heldur að nota hana skynsamlega og rétt.

Bruðl með orku er stórmál vegna þess að ef menn framkalla orkusparandi hugsunarhátt í landinu má í fyrsta lagi fresta uppbyggingu virkjana vegna aukins iðnaðar og fjölgunar í samfélaginu. Það liggur augljóslega fyrir. Hver sú virkjun sem er hægt að fresta að reisa vegna orkusparandi aðgerða skiptir milljörðum. Þetta hafa aðrar þjóðir farið í gegnum, ég tala nú ekki um Norðurlandaþjóðirnar sem hafa farið mjög markvisst í gegnum þetta ferli varðandi orkusparnað. Sparnaðurinn af því er talinn í milljörðum króna ef almenn þátttaka fæst í verkefni af því tagi að spara orku á öllum sviðum.

Þó svo að við höldum að heita vatnið sé óþrjótandi auðlind þá er það ekki svo. Orkusparandi aðgerðin, meðvitund fólksins um orkunýtingu, getur leitt til stórbætts rekstrar hitaveitna víða um landið. Hitaveitur draga stundum niður í holunum sem dælt er upp úr og það að minnka orkunotkunina gerir það augljóslega að verkum að minna þarf að bora.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill inna hv. þm. eftir því hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni því ráðgert hafði verið að gera hlé á þessum fundi frá klukkan eitt til hálftvö, matarhlé.)

Virðulegi forseti. Ég á reyndar ekki mjög mikið eftir. En ég þigg það að gera hlé og klára mál mitt á svo sem eins og tíu mínútum eftir það.

(**Forseti** (GÁS): Þá verður það svo og hv. 6. þm. Norðurl. e. gerir hlé á ræðu sinni. Enn fremur er gert hlé á þessum fundi og honum fram haldið kl. 13.30.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:11]

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, frh. síðari umr.

Stjtill., 675. mál. — Þskj. 1091, nál. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, KolH, KHG, LB, MS, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1296).

Fullgilding Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, frh. síðari umr.

Stjtill., 682. mál. — Þskj. 1098, nál. 1204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, LMR, LB, MS, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1297).

Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum, frh. síðari umr.

Stjtill., 683. mál. — Þskj. 1099, nál. 1205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MS, RG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1298).

Aðild að Kyoto-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, frh. síðari umr.

Stjtill., 684. mál. — Þskj. 1100, nál. 1206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, LB, MS, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1299).

Almannatryggingar o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.). — Þskj. 510, nál. 1166, brtt. 1167, 1176 og 1194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Brtt. 1176 kölluð aftur.
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1167,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1167,2 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, JóhS, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, GAK, GÁS, HÁs, ÍGP, JÁ, JBjart, LB, MS, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og hefur komið fram skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Ástæðan er sú að það er ekki verið að breyta upphæðum lífeyrisgreiðslna. Það er ekki verið að aftengja tekjutengingu við tekjur maka og það er ekki verið að hækka frítekjumörkin og því munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við afgreiðslu þessara liða. Þó svo að formbreytingin í sjálfu sér sé til bóta getum við ekki samþykkt greinina eins og hún er.

[13:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni skrifum við hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, þingmenn Samfylkingarinnar, undir þetta nefndarálit með fyrirvara og er fyrirvarinn sambærilegur og hjá hv. þm. Þuríði Backman. Þar sem ekki er verið að taka á þáttum í almannatryggingunum sem við hefðum talið fulla ástæðu til að taka á, eins og það að afnema tekjutengingu við tekjur maka, það er ekki verið að hækka neitt frítekjumörk og ekki verið að hækka neinar bætur sem eru óheyrilega lágar, þá skrifum við undir nál. með fyrirvara.

5. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRJ, BBj, BH, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MS, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, ÍGP, JÁ, LB, MS, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

7.–13. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1167,3 (ný 14. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1194 kölluð aftur.
Brtt. 1167,4 (ný 15. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1167,5 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, ÍGP, JÁ, LB, MS, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1167,6–14 samþ. með 48 shlj. atkv.
17.–27. gr., svo breyttar, samþ. með 47 shlj. atkv.

28. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, HÁs, ÍGP, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

29.–35. gr., svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög og lögreglulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 494. mál (sendierindrekar, grímubann, starfslok lögreglumanna o.fl.). — Þskj. 784, nál. 994, brtt. 995.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 995,1 (ný 2. gr.) samþ. með 31:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG.
nei: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
14 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fram til þessa hefur lambhúshettan ekki valdið miklum vandræðum á Íslandi og það er ekki ástæða til að gera því skóna að svo verði í framtíðinni. Hér er verið að heimila lögreglunni að banna fólki að bera lambhúshettur eða grímur í mótmælagöngum. Að sjálfsögðu er þessu beint gegn ofbeldisseggjum, það veit ég. En, herra forseti, þegar óeirðir brjótast út og einhverjir taka upp á því að hylja andlit sitt eins og t.d. gerðist í óeirðunum í Genúa á Ítalíu ekki alls fyrir löngu, halda menn að tilmæli lögreglu að taka vinsamlegast niður grímurnar hefðu breytt miklu? Ég held ekki. Við eigum ekki að setja lög sem setja skorður við framferði fólks að nauðsynjalausu og reyndar ekki fyrr en við erum beinlínis neydd til þess. Við eigum að verja frelsið og halda hvers kyns eftirliti og afskiptum lögreglu af fólki í algeru lágmarki. Slíkt styrkir lýðræðisandann í þjóðfélaginu. Það gerir þessi lagagrein hins vegar ekki. Ef við ætlum mönnum hið besta framöllum við jákvæða framkomu. Hið gagnstæða á einnig við.

3.–4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 995,2 samþ. með 48 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 995,3 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 995,4 samþ. með 43 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Stjórnsýslulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 598. mál (vanhæfi). — Þskj. 942, nál. 1217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 653. mál (rafræn vöktun o.fl.). — Þskj. 1052, nál. 1216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GÁS, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er því miður þannig að hægt og bítandi látum við undan tækninni og þeim möguleikum að njósnað sé um fólk. Í þessu frv. er enn og aftur verið að færa víggirðinguna örlítið aftar en áður hefur verið og færa í lög möguleika atvinnurekenda og annarra til þess að fylgjast með fólki við vinnu sína eða athafnir aðrar. Mér þykir þessi þróun vera ófugþróun og treysti mér ekki til þess að taka þátt í löggjöf sem miðar í þessa áttina, í hina öfugu átt, og greiði því ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GE, GAK, HÁs, JÁ, JóhS, KF, KolH, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GÁS, JóhS, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GHH, GE, HÁs, JÁ, LMR, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ekki mæli ég með samþykkt þessarar lagagreinar því þar eru þættir sem eru ekki ásættanlegir. Með þessari lagagrein er verið að draga úr skyldu þeirra sem vinna með persónuupplýsingar að láta viðkomandi einstakling vita eða afla heimilda Persónuverndar. Þannig segir t.d. á þá leið að ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingar sem öðrum eru veittar um hann þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum einkahagsmunum eða almannahagsmunum þá sé það heimilt.

Hér erum við komin út á hált skilgreiningasvell og hef ég þá sérstaklega í huga hinar miklu deilur sem fram fara í þjóðfélaginu um meðferð heilsufarsupplýsinga, en einmitt á því sviði er mikilvægt að standa vörð um upplýst samþykki fólks, t.d. gagnvart handhöfum gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Nú er það svo að gagnagrunnur á heilbrigðissviði er undanskilinn þessum lögum, en það gildir ekki um aðrar heilsufarsupplýsingar til annarra. Þess vegna get ég ekki stutt þessa lagagrein.

4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1216 (ný 5. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
13 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Þjóðhagsstofnun o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 709. mál. — Þskj. 1153, nál. 1230 og 1243, brtt. 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
1. gr. samþ. með 28:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, VE, ÞKG.
nei: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, HGJ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Engin fagleg eða hagfræðileg rök hafa komið fram sem mæla með því að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður. En eftir þetta munu þjóðhagsspár og greining á efnahagsástandinu lúta pólitísku forræði í fjmrn.

Hér er fyrst og fremst verið að þjóna dyntum oddvita ríkisstjórnarinnar, enda er niðurlagning Þjóðhagsstofnunar aðvörun og mælistika á það hvernig fyrir þeim fer sem ekki ganga í takt við hæstv. forsrh. Hér er líka um mikla sóun á fjármunum að ræða því að útgjöld við breytinguna munu tvöfaldast. Ég segi nei, herra forseti, við þessari vitleysu.

[13:58]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Meiri hluti efh.- og viðskn. hefur lagt til að þetta frv. verði samþykkt. Það eru engar sérstakar ástæður til annars en að ætla að þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur sinnt verði ágætlega sinnt hér eftir. Allt það sem snýr að þjóðhagsreikningagerð fer inn í Hagstofuna og það hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar að slíkt fyrirkomulag er víða viðhaft. Það hefur líka komið fram í umfjöllun nefndarinnar að þjóðhagsspár eru víða gerðar í fjármálaráðuneytum þannig að ég sé ekki neina ástæðu til annars en ætla að öllum þeim verkefnum sem stofnunin hefur haft verði bærilega sinnt hér eftir sem hingað til.

[13:59]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun er verið að veikja undirstöður lýðræðis. Umræðu um efnahags- og atvinnumál þarf að byggja á traustum upplýsingum, en forsenda slíkrar umræðu er að þeir sem taka þátt í henni, hvort sem það eru alþingismenn, samtök launafólks eða aðrir, þurfa að hafa aðgang að upplýsingum.

Með þessum breytingum er verið að draga úr slíku aðgengi og það er verið að færa vinnslu gagna og efnahagsspár undir pólitískt framkvæmdarvald í ríkara mæli en verið hefur. Við megum ekki láta það sama henda okkur og henti Nýsjálendinga. Þegar Nýsjálendingar fóru loksins að vakna til vitundar um afleiðingar einkavæðingar sem þá hafði verið framkvæmd mótmælalaust í sex ár fór nýsjálenska þjóðhagsstofnunin loksins að ranka við sér og gerðist ósammála forsætisráðherra sínum. Hvað skyldi hann hafa gert? Hann lagði stofnunina einfaldlega niður. Þetta er ekki til eftirbreytni, herra forseti.

[14:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þjóðhagsstofnun er tímaskekkja. Opinberar spár og greining hagtalna er tímaskekkja. Ég segi já við að leggja þessa stofnun niður, en þó með trega vegna þess að

það kemur fram að það eigi að kosta 45–50 millj. kr. að leggja stofnunina niður og ekkert sparast. Það kemur hvorki fram í greinargerð með frv. né í umsögn hv. efh.- og viðskn. að eitthvað muni sparast í framtíðinni þannig að ég er ekkert sérstaklega glaður með það að leggja niður stofnun þegar ekkert sparast og meira að segja kostar ríkissjóð.

[14:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þjóðin öll veit að hér er á ferðinni pólitískur geðþótti, pólitískir dyntir forsrh. Ég er ekki kjörinn á Alþingi til að vera í hópi jábræðra forsrh. þegar honum detta í hug hlutir, þegar hann vill láta kné fylgja kviði og færa til betri vegar ef menn voga sér að andæfa honum í opinberri umræðu. Það gerði þjóðhagsstofustjóri árið 2000, hann var með aðrar spár en forsrh. Afleiðingin varð sú að hann skyldi leggja af og stofnunina um leið. Ég tek ekki þátt í leik af þessum toga.

[14:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er fráleitt mál og fráleitur málatilbúnaður að öllu leyti, bæði efnislega og hvað vinnubrögð snertir. Það eru engin fagleg rök fyrir því að standa svona að verki. Þetta er gert í andstöðu við starfsfólk og margar fagstofnanir og er afturför en ekki framför í því tilliti að hægt sé að byggja á traustum og óháðum þjóðhagsupplýsingum við mikilsverða ákvarðanatöku og stjórn efnahagsmála í landinu.

Aðrir kostir hafa ekki fengið skoðun, eins og þeir að stofnunin verði framvegis í skjóli Alþingis og starfi þar sem óháð fagstofnun á sínu sviði.

Til viðbótar öllu þessu má svo nefna þá staðreynd að kostnaður mun vaxa en ekki minnka við þessar breytingar. Það er alkunna að Þjóðhagsstofnun vann sér það til óhelgi að leyfa sér að gagnrýna hagstjórn hæstv. ríkisstjórnar og fyrir það á hún nú að gjalda með lífi sínu, herra forseti. Hér er í orðsins fyllstu merkingu verið að skjóta sendiboðann.

Brtt. í nál. 1230 samþ. með 28:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, VE, ÞKG.

nei: AKG, ÁSJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, KVM, SvH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, HÁs, HjÁ, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 29:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, VE, ÞKG.

nei: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, VE, ÞKG.

nei: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LMR*, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 1244,1 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 1244,2 kölluð aftur til 3. umr.

Ákvæði til brb. samþ. með 30:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, VE, ÞKG.

nei: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, MF, SJS, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, HÁs, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, VE.

nei: AKG, ÁRJ, GE, JóhS, SJóh, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁSJ, BH, GAK, JB, KVM, KolH, MF, SJS, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, HÁs, HjÁ, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 716. mál (fjárfestingar hlutafélagsins). — Þskj. 1193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 854, nál. 1172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Brtt. í nál. 1172 samþ. með 50 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 855, nál. 1171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Brtt. í nál. 1171 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 596. mál (EES-reglur, ríkisaðstoð). — Þskj. 938, nál. 1213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1213 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 583. mál (sektir, barnabílstólar). — Þskj. 912, nál. 1254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Brtt. í nál. 1254 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Tryggingagjald o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 582. mál (reiknað endurgjald, breyting ýmissa laga o.fl.). — Þskj. 911, nál. 1211, brtt. 1212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1212,1 (ný 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1212,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
3.–5. gr. (verða 4.–6. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, frh. 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (hryðjuverk). — Þskj. 687, nál. 996.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, KHG, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:11]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem einnig er með fyrirvara, vegna þess að nú erum við kannski að sjá það í fyrsta skipti, þannig að þetta er söguleg stund hér á Alþingi, að talað sé um hryðjuverk í íslenskum lögum. Við höfum áður talað um skemmdarverk. Þetta frv. er auðvitað fyrst og fremst liður í því að viðurkenna alþjóðlega samninga, en hefur jafnframt þessi áhrif og við ræddum það í gær að þetta væri kannski líka stærra mál í tilfinningalegum skilningi.

Brtt. í nál. 996 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., a-liður, svo breyttur, samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr., b–c liðir, svo breyttir, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG.
18 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, KHG, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er gert refsivert að styðja mann, félag eða hóp sem fremja eða hafa þann tilgang að fremja hryðjuverk. Þetta þykir umdeilanleg skilgreining sem reyndar er hert á í nefndaráliti allshn. og er ég mjög sáttur við þá skilgreiningu sem þar er.

Engu að síður finnst mér lagagreinin opin og óljós og get ekki veitt henni stuðning.

3.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 678. mál (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.). — Þskj. 1094, nál. 1218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Brtt. í nál. 1218 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Stefnumótun um aukið umferðaröryggi, frh. síðari umr.

Stjtill., 599. mál. — Þskj. 945, nál. 1229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
Brtt. í nál. 1229 samþ. með 45 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, KHG, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er Alþingi Íslendinga að samþykkja afskaplega metnaðarfull markmið varðandi aukið umferðaröryggi á næstu árum, en hv. þm. verða líka að gera sér grein fyrir því að þau metnaðarfullu markmið sem hér er að finna fela í sér viðamiklar aðgerðir sem kalla á aukið fjármagn. Ég vil bara hnykkja á því að hv. allshn. getur um slíka hluti í nefndaráliti sínu. Við þurfum öll, sem erum í þessum sal að greiða málinu atkvæði, að vera vakandi fyrir því að setja það fjármagn sem þarf í málaflokkinn við næstu fjárlagagerð þegar við ákveðum fjármagnið sem á að fara í þær aðgerðir sem hér eru nauðsynlegar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KHG, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1311).

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 652. mál (Umferðarstofnun o.fl.). — Þskj. 1051, nál. 1258, brtt. 1259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
Brtt. 1259,3 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1259,4 samþ. með 40:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ÖS.
4 þm. (GE, GÁS, JÁ, JB*) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GHall, GunnB, HÁs, JóhS, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:20]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þar er komið sögu í þessu frv. til laga er víkur að samruna tveggja stofnana, Umferðarráðs og Skráningarstofu, sem breytast í Umferðarstofu. Í athugasemdum með frv. kemur umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem segir í raun alla sögu um umbúnað þessa máls. Þar segir, með leyfi forseta:

„Reikna má með því að unnt verði að ná fram hagræðingu með sameiningu verkefna á þessu sviði en á þessu stigi liggur ekki fyrir með hvaða hætti eða í hversu miklum mæli það verður."

Þetta segir í raun allt sem segja þarf. Málið er fullkomlega vanreifað. Það veit enginn hvað hin nýja stofnun mun kosta. Þær stofnanir sem fyrir voru kostuðu um 300 millj. kr. Það veit enginn í hverju hagræðingin er fólgin. Það veit enginn í hverju samruninn er fólginn. Svona á Alþingi ekki að vinna. Málið er fullkomlega vanreifað. Ég greiði ekki atkvæði.

3. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (GE, GÁS, JB*) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, LB, MS, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddur.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 1259,1–2 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, LB, MS, MF, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

4.–8. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MS, MF, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1259,5 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KolH, LB, MS, MF, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddur.

9. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, LB, MS, MF, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞBack) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MS, MF, ÓÖH, RG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Er þá þar komið sögu í frv. að sleppir erindum er varða Umferðarstofu og kveðið er á um sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Ég er mjög áfram um þau mál, hefði raunar viljað að fastar hefði verið kveðið að orði og dómsmrh. hefði verið gert að skipa slíka rannsóknarnefnd, en hér er orðalagið að hann geti það. En viljinn er hins vegar skýr og ég fagna því skrefi sem hér er tekið og greiði þessu atkvæði.

12.–13. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1259,6 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, SI, SF, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, BBj, DO, EMS, GHH, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 497, nál. 1195, brtt. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Brtt. 1196,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1196,2 (ný 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
5.–9. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 587. mál (EES-reglur, ósoneyðandi efni). — Þskj. 917, nál. 1208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 672. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1088, nál. 1271, brtt. 1272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1272,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
9.–21. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1272,2–17 samþ. með 44 shlj. atkv.
22.–80. gr. (verða 22.–92. gr.), svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Breyting á bókun 26 við EES-samninginn (störf Eftirlitsstofnunar EFTA), frh. síðari umr.

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 975, nál. 1267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁRJ, BBj, BH, DO, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, SJóh, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1315).

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), frh. síðari umr.

Stjtill., 623. mál. — Þskj. 976, nál. 1268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
20 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, SJóh, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1316).

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), frh. síðari umr.

Stjtill., 636. mál. — Þskj. 1008, nál. 1269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
19 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, SP, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1317).

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna, frh. síðari umr.

Stjtill., 686. mál. — Þskj. 1102, nál. 1270.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1318).

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, frh. síðari umr.

Stjtill., 685. mál. — Þskj. 1101, nál. 1207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1319).

Vestnorræn samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, frh. síðari umr.

Þáltill. EOK o.fl., 458. mál. — Þskj. 738, nál. 1285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

21 þm. (BBj, BH, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, JB, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1320).

Sjálfbær þróun og nýting lífríkis á Vestur-Norðurlöndum, frh. síðari umr.

Þáltill. EOK o.fl., 459. mál. — Þskj. 739, nál. 1286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1321).

Heimildaöflun um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda, frh. síðari umr.

Þáltill. EOK o.fl., 460. mál. — Þskj. 740, nál. 1287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (BBj, BH, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, LB, MS, ÓÖH, RG, SJóh, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1322).

Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, frh. síðari umr.

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 963, nál. 1202 og 1233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, KVM, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1323).

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 315. mál (viðauki, niðurfelling gjalda, endurgreiðslur o.fl.). — Þskj. 1180, brtt. 1199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]

Brtt. 1199 samþ. með 45 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1324).

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 629. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 990, nál. 1201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

2.–10. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 641. mál (EES-reglur). — Þskj. 1036, nál. 1222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]

Brtt. í nál. 1222, (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: PHB.

18 þm. (BBj, DO, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, LB, MS, ÓÖH, RG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 1085, nál. 1214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]

33., 34., 57. og 65. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 44 shlj. atkv. að þau skyldu tekin til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 33. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 14:41]

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[14:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir ekki gott ef menn ætla að halda hér áfram í dag og hafa kvöldfund. Okkur hefur verið fyrirskipað, með þessari dagskrá, að klára með skömmum fyrirvara nefndarálit í mjög mikilvægum málum þannig að það hefur hálfvegis þurft að kasta til þess höndunum að skila því af sér. Síðan er greinilegt, miðað við það sem hér hefur verið látið uppi, að meiningin sé að vera hér í kvöld. Í dag er laugardagur og því afar erfitt að koma því við.

Ég veit um marga þingmenn sem hefðu vilja taka þátt í umræðum um sjávarútvegsmálin sem eru að fara að byrja og mér finnst slæmt að þeir skuli ekki fá tækifæri til að taka þátt í þeirri umræðu.

Síðan hef ég orðið var við að búið er að boða fundi í nefndum klukkan sex, a.m.k. í tveimur nefndum. Mér finnst það ekki ganga fyrir eins og er. Þar fyrir utan veit ég ekki til þess að nein dæmi séu um það nema við lok þings að menn hafi haldið kvöldfund á laugardögum. Ég fer fram á að þetta verði endurskoðað og menn séu ekki látnir standa hér fram eftir kvöldi til að fjalla um þetta mikilsverða mál. Þingmenn hafa greinilega gert ýmsar aðrar ráðstafanir í dag og ég óska eftir því að hæstv. forseti endurskoði fundaplanið eins og ég hef heyrt að hann hafi hugsað það.

[14:58]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vil ég í fyrsta lagi taka fram að ég hef látið boð út ganga til nefndasviðs um að ekki verði haldinn fundur í neinni þingnefnd það sem eftir lifir þessa dags né næstu nótt. Ég vil jafnframt að það komi fram að það var samkomulag um að sjávarútvegsmál yrðu rædd hér um miðjan dag. Í þriðja lagi vil ég segja að það er hægt að koma miklu efni að á fimm tímum í ræðum ef þær eru snjallar.

[14:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. forseti hefur kynnt formönnum þingflokkanna þann ásetning sinn að efna til kvöldfundar í dag. Það gerði hann fyrir nokkrum dögum. Okkur er sá vilji hans ljós. Við teljum það hins vegar óráðlegt og höfum mótmælt því og um það er því ekkert samkomulag.

Hins vegar hefur verið ágætt samkomulag um störf þingsins undanfarna daga. Ég tel mjög mikilvægt að við högum þinghaldinu þannig að áætlanir standist og vil fyrir mitt leyti greiða fyrir því að svo geti orðið.

Hins vegar er mjög óvenjulegt að efna til kvöldfundar á laugardegi. Það mun alger nýlunda nema þegar komið er að þingslitum eða þegar þingslitadagur er alveg fram undan. Svo er ekki núna. Okkur hefur miðað ágætlega í þingstörfum undanfarna daga. Það verður einnig sagt um daginn í dag. Ég beini því til hæstv. forseta að fundurinn verði ekki langur og ekki fram á kvöldið.

Hitt vil ég staðfesta að um fyrirkomulag þessa dags að öðru leyti er fullt samkomulag.

[15:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég get staðfest það fyrir mína hönd að eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan er sá vilji hæstv. forseta okkur löngu ljós að til hafi staðið að hafa jafnvel kvöldfund, en ekki hefur verið samkomulag um það á meðal okkar. Ég verð að segja, herra forseti, að það er náttúrlega algerlega út úr myndinni að verið sé að halda kvöldfund á laugardegi ef nefndafundir eiga að vera. Búið er að boða formlega nefndafundi í tveimur nefndum þannig að mikilvægt er að það sé þá ljóst að af þeim fundum verði ekki ef halda á áfram hér fram á kvöldið.

Ég vil hins vegar lýsa yfir ánægju minni með og vil skilja orð hæstv. forseta þannig að hann geri ráð fyrir að fundi ljúki klukkan átta. Hann talaði um næstu fimm tímana. Það væri gott að fá það nokkuð skýrara hvort það sé ekki þannig að við getum sæst á að ekki verði fundað lengur en til klukkan átta því að ég vil taka undir það líka sem hér hefur komið fram að ekki er góður bragur á því að funda á laugardagskvöldi. Eins og komið hefur fram hefur það reyndar oft gerst en það er þá ef við erum á síðasta degi þingsins og erum að ljúka þingstörfum. En það er ekki þannig því miður. Það stefnir í — eigum við ekki að orða það svo að við teljum okkur nokkuð góð ef við náum að halda okkur innan við þá áætlun sem við settum okkur. Ég hvet því hæstv. forseta til þess að kveða hér upp úr með að fundur verði ekki í kvöld heldur verði honum lokið í síðasta lagi um kvöldmatarleytið.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það vekur athygli mína að svo virðist sem hv. þm. hafi ekki athugasemdir við það að haldinn sé kvöldfundur í nefndum Alþingis á laugardagskvöldi sem er nýmæli. En ég tel á hinn bóginn að tímanum sé betur varið með því að umræður fari fram hér í þingsalnum og hef af þeim sökum sent skýr skilaboð um að það verði ekki nefndafundir í dag eða í kvöld og þarf ekki að fjölyrða um það. En við því er að búast að kvöldfundur verði og jafnvel fundur fram á nótt.

[15:03]

Útbýting þingskjals:

Einkahlutafélög, 546. mál, þskj. 1304.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 670. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1292.

Hlutafélög, 547. mál, þskj. 1305.

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 641. mál, þskj. 1325.

Samkeppnislög, 596. mál, þskj. 1306.

Tryggingagjald o.fl., 582. mál, þskj. 1308.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (norsk-íslenski síldarstofninn). — Þskj. 1086, nál. 1253 og 1292.

[15:03]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1253 um 670. mál, frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Hér er verið að víkja frá úthlutunarreglu 2. mgr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, en eins og kunnugt er voru í gildi sérstök lög á árunum 1998–2001 varðandi norsk-íslenska síldarstofninn. Þau lög eru nú úr gildi fallin og að öllu óbreyttu mundi taka gildi ákvæði sem felur í sér 2. mgr. 5. gr. laga um að hlutdeild hvers skips yrði ákveðin á grundvelli veiðireynslu þess miðað við þrjú bestu veiðitímabil þess á undangengnum sex veiðitímabilum. Hér er sem sagt lagt til að horfið verði frá þessu og þess í stað verði aflahlutdeildinni úthlutað á grundvelli aflareynslu þessara skipa á árunum 1994–2001 að báðum árum meðtöldum. Ástæðan fyrir því að farið er að þeirri leið er sú að þessum veiðum hefur verið stýrt undanfarin ár og þess vegna er ekki eðlilegt að nota þá viðmiðun sem verður til við óheftar veiðar. Þess vegna er miklu eðlilegra að hafa hér undir lengra veiðitímabil.

Ég vek athygli á því að fram kom í meðförum málsins í hæstv. sjútvn. að hagsmuanaðilar, bæði útvegsmenn og sjómenn, eru sammála þeirri leið. Ég vek líka athygli á því að þetta er auðvitað í nokkurri óvissu. Ekki liggur fyrir hver

hlutdeild okkar verður í þessum veiðum. Þess vegna þarf að ná samkomulagi.

Ég vek líka athygli á því að miðað við síðustu tölur um 130 þús. tonna afla úr þessum stofni, þá er það ígildi um 5.000 þorskígildislesta, þ.e. þorskígildið í norsk-íslensku síldinni er 0,04. Hér er auðvitað ekki um að ræða mjög miklar veiðiheimildir í þorskígildum talið þó vel megi rökstyðja að hugsanlega geti þetta vaxið með því að hægt verði að nýta síldina betur til verðmætari hluta, en það er auðvitað óviss þáttur sem við ekki vitum og einkanlega vegna þess að óvissan er líka háð því hversu miklu verður úthlutað.

En í ljósi alls þessa leggjum við hv. þm. til, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Sigríður Ingvarsdóttir og Helga Guðrún Jónasdóttir, að málið verði samþykkt óbreytt.

[15:06]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Svo hagar til að forseti þingsins óskar eftir því að ég komi niður. Ef forseti vill fresta fundi í fimm mínútur, þá er það allt í lagi mín vegna.

(**Forseti** (ÁSJ): Nú verður gert hlé á þessum fundi í fimm mínútur.)

[Fundarhlé. — 15:07]

[15:13]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) (frh.):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta sjútvn. og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að loðnuveiðiflota landsmanna verði úthlutað varanlegri aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum. Samkvæmt frumvarpinu skal Fiskistofa úthluta einstökum skipum í eigu íslenskra útgerðarmanna aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu skipanna á árunum 1994–2001 að báðum árum meðtöldum.

Út af fyrir sig eru rök til þess að miða úthlutun við lengri veiðireynslu en þrjú ár ef það er vilji meiri hluta alþingismanna að úthluta nú úr þessum réttindum til fárra útgerða með varanlegri aflahlutdeild. Það er hins vegar grundvallarspurning sem hver verður að svara fyrir sig. Ljóst er að það er minni ágreiningur um kvótastýrðar veiðar á uppsjávarafla en veiðar á botnfiskstofnum með kvótakerfi. Úthlutun verðmæta til útgerðarmanna einna þegar heimil er sala og leiga á veiðiréttinum án þess að atvinnuréttur sjómanna eða fólks í sjávarútvegsbyggðum sé á neinn hátt tryggður verður hins vegar ávallt mjög umdeild. Útgerðin átti aldrei að fá leigu- og sölurétt á óveiddum fiski. Útgerðin þurfti reglur um veiðirétt og nýtingarrétt sér til handa. Í veiðunum var varðveittur atvinnuréttur fólksins sem varð að söluvöru útgerðarmanna sem nú hafa sjálfdæmi um afkomu og framtíð fólks í sjávarbyggðum. Í lögum um veiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, voru á sínum tíma sett sérstök ákvæði um innskilareglu. Í 4. mgr. 5. gr. þeirra laga er ákvæði um að binda megi úthlutun því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum úr fiskstofnum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim afla heimildum sem ný úthlutun færir þeim eða þá allt að 15% þeirrar tegundar sem úthlutað er, reiknað í þorskígildum. Þessi aðferð var notuð í samræmi við lögin þegar úthlutað var rækjukvóta á Flæmingjagrunni um áramótin 1996/1997. Þar sem rækja á Flæmingjagrunni er ekki deilistofn, þ.e. veiðist ekki á lögsögumörkum 200 sjómílna fiskveiðilandhelginnar eins og norsk-íslenska síldin, var innskilareglan byggð á 4. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga en þar segir að innskil skuli vera allt að 7% af þeim aflaheimildum sem úthlutað var reiknað í þorskígildum. Þar var ákveðið að 4% af rækjuhlutdeild skyldi skilað inn. Sú regla hækkaði kvóta innan lögsögunnar um 274.423 kíló til annarra skipa. Og var skilað inn í rækjuheimildum.

Enn ein regla er í lögum nr. 151/1996 um mögulega útfærslu til innskila sem byggist á nokkurs konar uppboði þeirra sem njóta vilja úthlutunar. Þar segir: „Þá getur hann [ráðherra] ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum afla heimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.“ — Þetta er sem sagt þriðja leiðin til innskila samkvæmt lögunum nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu. — Þrátt fyrir þessi lagaákvæði sem áður er vitnað til og fyrri framkvæmdir sjávarútvegsráðherra við beitingu innskilareglu þegar verið er að færa útgerðarmönnum einum eignar-, sölu- og leigurétt til viðbótar veiðiréttinum á nýjum kvótasettum fiskveiðistofnum, í þessu tilfelli norsk-íslensku síldinni, er ekki vikið orði að því í greinargerð með frumvarpinu né í nefndaráliti meiri hlutans að nú skuli farið að áðurnefndum ákvæðum laganna um að aflaheimildir annarra aukist lítillega þegar verið er að eignfæra norsk-íslensku síldina að öllu leyti til fárra útgerða.

Einnig er litið fram hjá því að allt að 5% séu forgangur þeirra sem veiðarnar hófu eða náðu fyrstir árangri við veiðarnar þótt slíkt frumkvöðlaákvæði sé í lögunum og hafi áður verið virkt í úthlutun úthafskarfans á Reykjaneshrygg. Frá því að þær veiðar hófust að nýju árið 1994 hefur verið deilt um hvernig þessum rétti skuli úthlutað. Einkum voru sjómenn ósáttir við að enn á ný yrði rétturinn útgerðarmanna einna. Á fylgiskjali með nefndaráliti þessu má sjá viðhorf skipstjórnarmanna og upplýsingar um afstöðu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands á sínum tíma og ábendingar varðandi þessi lög sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta.

Fyrri umsögnin er frá árinu 1997 og er til sjútvn. Alþingis á þeim tíma og er um umsögn um frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál, sem þá var á dagskrá þingsins. Þar segir:

„Vísað er til bréfs sjútvn. Alþingis, dagsett 21. október 1996, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga. Málið var tekið fyrir á fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 15. nóvember sl. Umsögn samtakanna um lagafrumvarpið fer hér á eftir.“ Síðan kemur umsögnin:

„Við vinnu að undirbúningi þessa frumvarps var út frá því gengið að úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna yrði að fullu kominn í gildi áður en það yrði að lögum. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands telur þess vegna það ekki tímabært að festa í lög takmarkanir á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða utan lögsögu eins og málin hafa þróast. Þess vegna leggur Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eindregið til við sjútvn. Alþingis að þessu máli verði frestað í 1–3 ár eða fram að þeim tíma þegar úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna verði að fullu kominn í gildi. Samtökin hafna því alfarið að sett séu lög eða reglugerðir sem takmarka framtakssemi íslenskra fiskiskipstjóra eða aflamöguleika þeirra. Þannig vilja samtökin koma

í veg fyrir að sú staða geti komið upp að okkar skipstjórar séu heftir að einhverju leyti við veiðar og sókn á fjarlægum miðum umfram það sem veiðiskip annarra þjóða þurfa að búa við.

Niðurstaða stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er að ekki beri að leggja hömlur á möguleika Íslendinga til veiða á alþjóðlegum svæðum umfram það sem aðrir þurfa að búa við. Samtökin lýsa yfir að þau séu reiðubúin til að veita frekari umsögn um málið á fundi með sjútvn. Alþingis."

Þannig hljóðaði sú aðvörun á sínum tíma árið 1997. Þar kemur greinilega fram að skipstjórnarmenn hafa af því nokkrar áhyggjur hvernig þessu verði hagað og telja að ekki sé rétt að fara í þetta mál með of miklum flýti.

Síðan er hér önnur umsögn sem fylgiskjal, og er á bls. 6, en það er umsögn um frv. til laga um stjórn fiskveiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál, og er frá upphafi árs 1998. Þar segir:

„Efni lagafrumvarps sem hér er til umsagnar varðar skiptingu veiðiheimilda milli íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir árin 1998, 1999 og 2000."

Það eru m.a. þau ár sem eru inni í þeim árafjölda sem núna er notaður sem viðmiðun. Það sem breyttist eftir að þau lög voru sett var að þá tókum við einnig upp ákveðna úthlutun þar sem stærð skipanna skipti verulega miklu máli. Þar af leiðandi er sú reynsla sem við núna ætlum að úthluta á talsvert stýrð þó að sennilega sé betra að nota þá fleiri ár til þess að stýringin hafi ekki eins mikil áhrif á reynsluna. — En áfram held ég og svo kemur fram tillaga sem er send til Alþingis og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skipta skal a.m.k. 90% af þeim árlegu heildarveiðiheimildum sem í hlut Íslands koma milli þeirra skipa sem veiðar stunduðu úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995, 1996 og 1997 eða komið hafa í þeirra stað, þannig að 70% sé skipt milli skipa miðað við aflareynslu þeirra en 30% skipt eftir burðargetu."

Síðan segir: „Af 70% aflareynslunni skal reikna helming (50%) hlutdeild skipstjóra og áhafnar." — Hér eru sjómenn eðlilega að árétta að mönnum finnist það ekki sjálfgefið að útgerðunum einum og sér sé ávallt úthlutaður þessi veiðiréttur og að um það hafi aðrir ekkert að segja. Þess vegna kemur þessi ábending.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Hér er lagt til að í stað 60% verði sett 70% og í stað burðargetu verði sett aflareynsla. Í stað 40% komi 30% og í stað jafnt komi burðargeta. Því er hafnað af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands", segir í þessari ályktun frá 1998, „að þátttaka sem fólst í því einu að fara til veiða án þess að veiða nánast neitt verði notuð sem réttlæting jafnra skipta á aflahlutdeild.

Þar sem enn á ný er verið að kvótasetja fisktegund vill FFSÍ benda á að í aflareynslu er úthlutun að jöfnu byggð á aflareynslu skipstjóra og áhafnar skips og framlagi útgerðar. FFSÍ telur það sjálfsagða réttlætiskröfu að enn á ný verði úthlutun aflaréttar ekki einhliða úthlutað til útgerða, heldur verði réttur sjómanna og útgerða lagður að jöfnu í aflareynslunni."

Síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Nú verði af Alþingi mörkuð sú stefna að atvinnuréttur skipstjóra og áhafnar sé réttilega metinn og þar sem tillaga FFSÍ byggir að 70% á aflareynslu, verði skipstjóra- og áhafnaréttur í aflahlutdeild 50% af aflareynslunni" — því það er það sem áhöfnin leggur til til jafns á móti útgerðinni — „eða með öðrum orðum 35% af heildarúthlutun viðkomandi skips."

Lagt er til, áður en farið er að móta þær reglur sem við síðan höfum verið að vinna eftir, að ekki verði farin áfram sú beina vegferð að það séu útgerðarmenn einir sem eigi atvinnuréttindi í aflareynslunni heldur eigi áhöfnin það líka að hluta til. Hér er gerð tillaga um að 35% af heildarveiðireynslunni séu sem sagt áhafnarhluturinn eða áhafnarrétturinn til veiðanna sem útgerðir hafi ekki einhliða ráðstöfunarrétt á.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Áhafnarhlutdeild aflamarksins að hluta eða öllu leyti verður aðeins ráðstafað af íslenska ríkinu til viðkomandi skips eða annarra fiskiskipa og áhafna innan fiskveiðiársins ef endurúthlutun á sér stað innan ársins." — Reynslunni má sem sagt endurúthluta, en það skal þá gert innan ársins. — „Sjútvrh. getur einnig úthlutað áhafnarhluta aflamarksins á næsta fiskveiðiári telji hann það í samræmi við eðlileg nýtingarmörk fiskstofna." — Þ.e. ef það væri talið eðlilegt miðað við heildarnýtingu á norsk-íslenska síldarstofninum í þessu tilviki. — „Við lítum svo á að atvinnuréttur sjómanna sé jafnrétthár gagnvart lögum landsins sem Alþingi hefur sett og atvinnuréttur útgerðarmanna, en þar sem um sameign þjóðarinnar er að ræða skal ríkið úthluta ónotuðum aflarétti áhafnar." — Það sé sem sagt alfarið á vegum stjórnvalda að úthluta þeim hluta réttindanna ef hann nýtist ekki á viðkomandi skipum. — „Áhöfn getur ekki fénýtt aflahlutdeild með leigu eða sölu heldur aðeins með veiðum, enda verði áhafnarhlutdeildin ekki færð af viðkomandi skipi nema annað skip komi í stað þess sem úthlutað var til."

Hér er auðvitað enn á ný verið að ítreka sjónarmið sem iðulega hefur í gegnum tíðina komið fram hjá sjómönnum og samtökum þeirra þegar fjallað hefur verið um fiskveiðikerfið okkar, að menn eru ekki almennilega sáttir við þennan óhefta sölu- og leigurétt útgerðarmanna þar sem ákvörðunin er þeirra einna um það hvernig rétturinn skuli nýttur, hvort hann skuli leigður frá skipinu til annarra skipa eða jafnvel seldur og þar af leiðandi atvinnuréttirnn sem áður var svo mikilsverður fyrir fólkið í sjávarbyggunum varðandi sjósókn skipanna. Atvinna fólksins fólst auðvitað í því að útgerðarmaður ætti allt sitt undir því að sækja sjóinn. Það er verið að ítreka það sjónarmið hér að um leið og þetta er gert að framseljanlegri vöru — og það erum við að fara að gera í þessu frv. núna og þess vegna er ég að vitna til þeirra orða sem sögð voru og tillagna sem lagðar voru til hér fyrir nokkrum árum til þess að hafa áhrif á stefnumótun stjórnvalda. En hér erum við með frv. í höndunum sem á endanlega að úthluta þessum rétti til útgerðarmanna og þeir einir auðvitað fá eitthvað að hafa um þetta að segja.

Síðan segir áfram í þessum tillögum frá árinu 1998:

„Innan hvers árs er heimilt að framselja ákveðinn hluta árlegs aflahámarks hvers skips miðað við aflareynslu þess við veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 1997. Skal það magn sem heimilt er að framselja nema 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla ársins 1997."

Hér er enn verið að árétta það að framsalsréttur útgerðarmannanna sé ekki algjörlega frjáls og að það verði a.m.k. að vera þannig að ef menn ætla að framselja hluta af þeim réttindum sem þeim er úthlutað þá sé alla vega byggt á veiðireynslu ársins á undan og að framsalsrétturinn geti aldrei orðið nema helmingur þess veiðiréttar sem menn nýttu.

Þessi tillaga er leidd af þessu sama sjónarmiði, þ.e. að samtök sjómanna hafa í gegnum tíðina haft miklar athugasemdir við leigu- og sölurétt aflaheimilda.

Ég á von á því að þannig verði afstaða manna um langa framtíð til þessa máls og tel engar líkur á því að nokkur sátt fylgi þeirri lagagerð sem við erum núna að ræða né annarri sem byggir alfarið á því að rétturinn sé úgerðarmanna einna. Mitt sjónarmið er að svo verði ekki.

Síðan er í þessari tillögu tekið sérstakt dæmi um hvernig úthlutunin sem hér er lögð til mundi koma út miðað við aflaheimildir skips upp á 3.000 tonn. Ég ætla ekkert að rekja það. Ég held ég hafi gert nokkurn veginn grein fyrir því hvað í þessum tillögum fólst þannig að ég tel mig ekki þurfa að rekja þetta dæmi. Ég held að það hljóti að vera algjörlega skiljanlegt að í tillögum sjómanna fólst í fyrsta lagi að úthlutunarrétturinn yrði aldrei meiri en svo að 35% sætu eftir sem áhafnarréttindi og sá hlutur yrði aldrei framseljanlegur af útgerðarmanni og í annan stað að heimild útgerðarmanns til þess að framselja væri byggð á því hvað skipið aflaði árið á undan og gæti aldrei orðið meiri en 50% af þeirri veiðireynslu. Hér er sem sagt, eins og oft áður, verið að setja hinu frjálsa framsali takmörk með þessum tillögum.

Síðan segir áfram hér, með leyfi forseta:

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands er sammála því sjónarmiði sem kemur fram í umsögn um 2. gr. frv. í síðari hluta umsagnar í 4. mgr. þar sem segir: „Þykir óeðlilegt að útgerðir sem ekki hafa sannað veiðihæfni skipa sinna," — þetta er bein tilvitnun í frv. sjútvrh. frá þessum tíma — „geti framselt veiðiheimildir þær sem úthlutað er á grundvelli þessara laga." Þess vegna er lagt til að veiðireynsla vegi 70% sem forsenda aflamarks og að aðeins sé heimilt að framselja 50% þess magns sem var raunveruleg veiðireynsla síldveiðiskipa á árinu 1997, þ.e. síðasta síldveiðitímabili. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur einnig til að endurúthlutað verði eigi síðar en 20. maí ef einhver skip hafa þá eigi veitt meira en t.d. 50% af heimildum sínum.

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þykir óeðlilegt að útgerðir sem ekki hafa sannað veiðihæfni skipa sinna geti fengið veiðiheimildum úthlutað úr norsk-íslenska síldarstofninum."

Hér er enn einu sinni verið að árétta það að ef menn eru að úthluta á annað borð þá eigi veiðireynslan alla vega að vega þar þungt, enda hefur veiðireynslan yfirleitt vegið þungt við stjórn fiskveiða þó það sé ekki algilt. Má nefna sem dæmi skip sem voru gerð kvótalaus upp úr 1990 eftir að heimilað var að aðskilja aflakvóta algjörlega frá skipum og gera þau kvótalaus. Þó þau séu jafnvel enn þá í útgerð og hafi verið í útgerð óslitið frá árinu 1990 og hafi þar af leiðandi ákveðna veiðireynslu í meira en áratug þá hafa þau skip sem þannig er ástatt um ekki fengið þá veiðireynslu viðurkennda á neinn hátt á sama tíma og ýmsir aðrir hafa fengið sína veiðireynslu viðurkennda.

Hér erum við enn á ný að leggja til að veiðireynsla verði viðurkennd í þessu frv. og að sá floti sem síldveiðarnar hefur stundað fái úthlutað veiðiréttindum. Enn á ný er lagt upp með að veiðireynslan vegi þyngst þegar kemur að rétti til áframhaldandi veiða.

Þetta er sama sjónarmiðið og komið hefur fram í nánast öllum alþjóðasamningum sem Íslendingar hafa gerst aðilar að eða samningum við þjóðir í Norður-Atlantshafi um skiptingu veiða úr ákveðnum stofnum, svo sem karfastofninum á Reykjaneshrygg, svo sem veiðum úr stofnum á Flæmska hattinum og í Barentshafi og síðan auðvitað í tengslum við síldveiðarnar sem við erum hér að ræða. Í öllum tilvikum, hvað svo sem menn segja og hvað sem hagspekingar og hagfræðingar hafa sagt um þessi mál og þrátt fyrir hvaða önnur rök sem tínd hafa verið til þá er það staðreynd máls að veiðirétturinn, veiðireynslan sem menn hafa tekið sér oftast nær hafi ekki verið samkomulag um þessar veiðar þegar þær voru byrjaðar — svo var hvorki á Reykjaneshryggnum né varðandi norsk-íslensku síldina — en þegar upp er staðið, þegar sest er loksins að samningaborði eftir nokkurra ára óhefta veiði úr óskiptum stofnum skal það ævinlega vera svo að veiðireynslan myndar réttinn.

Íslenskir útgerðarmenn hafa vissulega hagnast á því hvað íslenskir skipstjórar hafa í raun verið harðsæknir við að sækja til sín veiðirétt út fyrir lögsöguna. Þeir hafa notið þess eins og reglurnar hafa verið að fá þá úthlutun til sín til ráðstöfunar, til framsals og til leigu. En þegar upp er staðið hagnast auðvitað íslenska þjóðin mest á því að íslenskir skipstjórnarmenn skyldu oft og tíðum hafa tekið þær ákvarðanir sem þeir tóku, þ.e. að sækja í stofna sem ekki hafði verið skipt. Jafnvel eru dæmi þess að íslensk stjórnvöld hafi ekki verið par hrifin af þessu, eins og menn muna þegar við hófum þorskveiðar okkar í Smugunni og menn sigldu þangað til veiða. Sumir forustumenn íslenskra útgerðarmanna höfðu jafnvel um það miklar efasemdir að við skyldum hefja þar veiðar. En ég ítreka að ævinlega hefur það verið veiðireynslan sem hefur fært íslenskum útgerðarmönnum veiðirétt og íslensku þjóðinni sérstaklega.

Síðan segir áfram í þessari samþykkt, og mér hefur oft verið hugsað til þess þegar við höfum verið að tala um þessa síld okkar á undanförnum árum:

„Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þykir óeðlilegt að útgerðir sem ekki hafa sannað veiðihæfni skipa sinna geti fengið veiðiheimildum úthlutað úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Því er harðlega mótmælt af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands að skip sem send voru í Síldarsmuguna, að því er best verður séð í þeim tilgangi einum að eygja von í framtíðarúthlutun veiðiheimilda úr síldarstofninum eingöngu vegna hugsanlegra framsalsmöguleika (brasks), fái aflamark út á slíka sýndarþátttöku. Einhver þessara skipa hafa nú horfið af skipaskrá og því er með öllu óskiljanlegt að þau skuli vera með á tillögum að úthlutunarlistum."

Þannig var það nú í upphafi árs 1998. Þá voru jafnvel á listanum skip sem voru horfin af íslenskri skipaskrá. Auðvitað snerust átök íslenskra útgerðarmanna um að fá þennan rétt viðurkenndan, að fá að nýta þessar aflaheimildir, og meira en það því þeir hafa ævinlega sóst eftir þessum veiðirétti og nýtingarrétti sem ég hef lagt svo ríka áherslu á að væri fólkinu í byggðarlögunum mikils virði og sjómönnum eigi síður mikils virði því tekjur sjómanna og landverkafólks koma af fiskveiðum, af nýtingu veiðiréttarins, en tekjur útgerðarmanna geta hins vegar komið af leigu réttindanna eða sölu eftir að búið er að færa þessa úthlutun í þau bönd að útgerðarmenn einir hafi þennan ráðstöfunarrétt.

Þegar við erum að ræða þessi mál verður að hafa í huga að þetta er partur af stefnu íslenskra stjórnvalda almennt í fiskveiðimálum. Í þessu kristallast sá mikli ágreiningur sem almennt er um fiskveiðistjórnina. Veiðiréttinum hefur með þessum hætti verið úthlutað útgerðarmönnum og þeir haft leigu- og sölurétt og einir geta ákveðið að þurfa ekki að taka tillit til fólksins sem í sjávarbyggðunum býr, né áhafna

fiskiskipa sinna sem voru þó þátttakendur í að skapa þessa veiðireynslu fyrir þá.

Það er ekki undarlegt að Farmanna- og fiskimannasambandið, sem gætir hagsmuna félagsmanna sinna, teldi að hluti veiðireynslunnar ætti að vera áhafnarinnar. Það er í raun furðulegt að þróunin í öllum þessum málum skyldi verða sú að menn færu að tala um atvinnuréttindi útgerðarmanna þegar verið er að úthluta veiðiheimildum. En þá spyr maður: Hvar eru þá atvinnuréttindi fiskimannanna sem á skipunum hafa starfað? Hvar eru atvinnuréttindin og trygging þess að eignir fólks í sjávarbyggðum verði ekki verðlausar um leið og atvinnan hverfur?

Í þessum orðum kristallast ágreiningurinn um stjórn fiskveiða almennt. Hann kemur svona að varðandi frv. sem við ræðum hér, um útdeilingu á réttinum að því er varðar norsk-íslensku síldina.

Eins og ég gat um er verið að fjalla hér um breytingar á lögum nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu Íslands. Á grundvelli þeirra laga eru ákvæði um innskilarétt eins og ég vék að í nefndaráliti mínu. Ég held að ég hafi verið búinn að nefna með hvaða hætti var farið varðandi innskilaréttinn sem myndaðist vegna veiðanna á Flæmingjagrunni. Þar var skilað inn í íslenska lögsögu, til annarra skipa en rétt fengu á Flæmingjagrunni, rúmlega 274 tonnum í þorskígildum talið til annarra skipa. Mest af þeim heimildum var í rækju.

Ef við skoðum hins vegar hitt dæmið, þ.e. úthlutunina á Reykjaneshrygg, sem á betur við til samanburðar við norsk-íslensku síldina vegna þess að þar er um deilistofn að ræða — þar er stofn sem er bæði innan og utan íslenskrar lögsögu eins og síldin hefur stundum verið, getur verið og verður vonandi í meiri mæli í framtíðinni — er lagareglan að skila megi allt að 15% þeirra réttinda sem er verið að úthluta í þorskígildum talið inn í lögsöguna til annarra skipa í kvótabundnum fisktegundum. Ég hefði talið rétt, þegar farin er sú leið að úthluta síldveiðiheimildunum varanlega, a.m.k. eins „varanlega" og hægt er samkvæmt kerfinu sem við vinnum eftir. Það er þó alla vega svo, þegar þessum rétti er úthlutað svona, að hann verður leigu- og söluvara.

Margir útgerðarmenn líta í raun á það sem svo, þegar þeir hafa fengið aflahlutdeild í ákveðnum fiskstofni, að þeir hafi eignarhald á ákveðnum hluta stofnsins til nokkurrar framtíðar — um alla framtíð telja sumir. Reynslan hefur auðvitað sýnt okkur að alveg frá árinu 1984, þegar við tókum upp kvótakerfið til eins árs til reynslu, að það hefur verið framlengt og stjórnvöld hafa reynt að festa kerfið í sessi. Hér er auðvitað verið að stíga enn eitt skrefið í þá átt, með því frv. sem hér er um að ræða.

En víkjum aftur að því hvernig við notuðum lagareglurna varðandi úthlutun til togaranna sem stunduðu veiðar á Reykjaneshrygg í úthafskarfanum. Þar var líka sett það skilyrði að heimildunum skyldi skila inn í lögsöguna og af því þetta var deilistofn mátti skila allt að 15% þeirra heimilda sem úthlutað var. Reglan var hins vegar sú að fara ekki að fullu í þessi 15% heldur var miðað við 8% af þeirri úthafskarfaaflahlutdeild sem útgerðunum var úthlutað. Skip sem ekki höfðu veiðiheimildir í lögsögu Íslands voru skert tilsvarandi í þeim tegundum sem úthlutað var, þ.e. heimildir þeirra til úthafskarfaveiða.

Þessi regla varð til þess að til annarra skipa í lögsögunni var skilað tæpum 2.000 tonnum, ef ég man rétt. Samkvæmt þessu plaggi var skilað nákvæmlega 1.938.991 kg, tæplega 2.000 tonnum. Þeim var skilað inn í lögsöguna og úthlutað til annarra skipa á grundvelli þeirra laga sem nú er ætlunin að breyta á þeirri forsendu að þeir sem hefðu stundað þessar veiðar væru núna að fá nýja úthlutun til nokkurrar framtíðar. Það væri eðlilegt að sá floti sem innan lögsögunnar situr með sínar veiðar og hefur ekki burði til að sækja út úr lögsögunni og mynda sér veiðirétt í öðrum tegundum fengi einhvers notið þegar aðrir fá mikið. Flotinn innan lögsögunnar var talinn að eiga að fá a.m.k. eitthvað til sín. Þess vegna var 8% af þeim veiðirétti sem úthlutað var í þorskígildum skilað inn í lögsöguna og úthlutað til annarra skipa.

Það er svo saga út af fyrir sig, sem ég mun gera grein fyrir á eftir, hvernig menn fóru í þessa innskilareglu. Útgerðirnar höfðu sjálfdæmi um hvaða tegundum þær vildu skila. Það var ekki sett regla um að þær skiluðu inn heimildum, sem hefði verið eðlilegt þar sem þetta var botnfiskveiðifloti þó hann stundaði þarna úthafskarfaveiðar í flotvörpum, í þorskígildum sem hlutfalli af veiðiheimildum hvers skips og 8% hefðu verið uppfyllt þannig. Það var því miður ekki gert heldur fengu útgerðirnar, í langflestum tilfellum útgerðir frystitogara sem stunduðu þessar veiðar þó að vissulega hafi verið að veiðum ísfisksskip, að velja sér innskil. Það sem var skilað var inn voru að langmestu leyti þorskígildi í ufsa. Hvers vegna var það? Jú, það var auðvitað vegna þess að þegar þessi úthlutun fór fram höfðu veiðar á ufsa dregist saman og aflaheimildir skipa í ufsa náðust ekki. Þar af leiðandi skiluðu menn inn þeirri tegund sem þeir töldu ólíklegast að þeir mundu nýta með veiðum á komandi árum. Það var auðvitað eðlilegt út frá sjónarmiði útgerðarmanna úr því reglan var svona útbúin að þeir skiluðu heimildunum inn með þessu lagi.

Það var hins vegar ekki eðlilegt sjónarmið gagnvart þeim skipum sem njóta áttu. Eins og horfurnar voru í ufsaveiðunum á þessum tíma var hægt að segja sem svo að hluti af ufsaheimildunum hafi verið svokallaður pappírsfiskur, þ.e. heimildir sem ekki nýttust. Auðvitað hafa menn hafa nýtt sér afgangsheimildir ef hægt er að orða það svo, heimildir sem útgerðir hafa ekki séð sér hag í að veiða, í tegundatilfærslu í gegnum árin, sem reyndar var hér breytt á Alþingi fyrir tveimur árum. Heimildum hefur þannig verið skipt í tegundir sem menn telja sig frekar geta veitt eða hafa verið þeim verðmætari. Staðreyndin er auðvitað sú að í gegnum tíðina hafa nokkrar fisktegundir að langmestu leyti verið notaðar í tegundatilfærslu og þeim breytt í verðmætari fisktegundir, t.d. grálúðu. Til þess hafa verið notaðar tegundir sem ekki veiddust, t.d. ufsi, ýsan, steinbíturinn og á seinni árum flatfisktegundir.

Reglan var eigi að síður þessi, innskilaregla upp á 8%. Ég held að sú regla hafi í raun ekki verið þessum útgerðum mjög dýr. Það eru tvær ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi það sem ég nefndi áðan, að menn gátu skilað inn heimildum sem nýttust þeim almennt ekki og í öðru lagi var þorskígildisstuðullinn fyrir úthafskarfa kannski ekki í samræmi við þróunina í veiðunum. Menn náðu í verðmætari og betri fisk. Þróunin í úthafskarfaveiðunum var auðvitað sú að skipstjórarnir fundu út úr því hvar væri hægt að veiða verðmætari fisk en þann sem við byrjuðum að veiða í úthafskarfaveiðunum, sem oft var talað um sem kýlakarfa, þ.e. sýktan karfa sem var illvinnanlegur. En eftir því sem veiðarnar þróuðust og menn fóru á meira dýpi með flotvörpurnar fundu menn út úr því að þeir gætu veitt betri karfa. Ég hygg að nú sé svo komið að nánast öll veiðin fari fram í mjög verðmætum karfa, ekki síðri verðmætum en hér innan lögsögunnar.

Þetta sáu auðvitað fiskiskipstjórarnir fyrir. Þrátt fyrir að útgerðarmenn sem áttu þarna hlut að máli hefðu ekki verið mjög hrifnir af því að skila inn heimildum sáu þeir sér samt sem áður hag í að fá þessar úthlutanir og 45.000 tonnum af karfa á Reykjaneshrygg var skipt til þeirra skipa sem veiðarnar höfðu stundað.

En ef ég man rétt var önnur regla einnig viðurkennd við úthlutunina á Reykjaneshrygg. Þá var viðurkennd regla sem einnig er í lögunum nr. 151 sem við erum nú að ræða breytingar á, um frumkvöðlaréttinn. Þau skip sem hófu veiðarnar fengu ef ég man rétt örugglega eitthvað til sín úthlutað út á frumkvöðlaréttinn.

Mér finnst að mörgu leyti sanngjarnt að þegar útgerð eða skipstjórar ná árangri við veiðar — yfirleitt eru það fáir sem byrja veiðar í ákveðinni tegund og ryðja brautina — að þeir fái notið þess við úthlutun aflaheimilda. Það gildir um þá sem hófu síldveiðarnar 1994 eða þá sem náðu tökum á úthafskarfaveiðunum. Mér finnst það ekkert óeðlilegt að frumkvæðisrétturinn sé að einhverju leyti viðurkenndur fari menn á annað borð þá leið við að útdeila heimildunum.

Eins og ég gat um áður er ég almennt þeirrar skoðunar að sá veiðiréttur sem við erum að úthluta og köllum aflahlutdeild í stýrikerfum okkar eigi bara að vera ávísun á veiðirétt sem útgerðarmenn geta nýtt sér með veiðum og síðan fénýtt eða unnið eftir atvikum en hafi ekki heimild til framsals og söluréttar á. Ég hef aldrei talið að það væri skilyrði fyrir arðsömum fiskveiðum, hvort sem væri í kvótakerfi eða öðru kerfi, að því fylgdi slíkt framsal á óveiddum fiski, hvorki salan né leigan. Og þeir sem vildu ekki í raun og veru nýta sér þennan rétt með veiðum og skapa þannig atvinnu, þyrftu ekki á þeim heimildum að halda. Það hefði auðvitað alltaf verið eðlilegast að slíkar heimildir féllu þá niður og yrðu til að friða viðkomandi stofn og byggja hann vonandi upp eða þá að þeim hefði verið skilað inn til ríkisins og hægt hefði verið að úthluta þeim aftur að hluta eða að öllu leyti eftir því hvað mönnum hefði sýnst með þróun stofnsins og veiðanna.

Það liggur því fyrir að þær tvær úthlutanir utan lögsögu, annars vegar úr stofni sem er fjarri lögsögu okkar og er ekki á lögsögumörkum og er þar af leiðandi ekki deilistofn, sem var rækjan á Flæmingjagrunni, og hins vegar úthlutunin á karfa á Reykjaneshrygg, að í báðum tilvikum var það svo að farið var að þeim lögum sem hér er verið að ræða, um að eðlilegt væri að skila einhverju hlutfalli inn í lögsöguna.

Meðan við erum með leigu- og framsalskerfi þá eru að mínu viti enn þá ríkari rök til þess að þær útgerðir sem fá nýja úthlutun skili einhverju inn til annarra skipa sem eru að veiðum innan lögsögunnar. Hvers vegna er það? Jú, það er auðvitað vegna þess að hægt er að færa fyrir því gild rök að þegar skip voru að finna sér ný verkefni sem ekki voru kvótasett og gátu farið að ná þar árangri og sýna góð afköst og skapa verðmæti, þá losnaði auðvitað um aðra kvótastöðu á viðkomandi skipum, og þær útgerðir sem voru að vinna sér veiðireynslu á Reykjaneshrygg, á Flæmingjagrunni, í Smugunni, í Barentshafi, svo eitthvað sé talið, gátu auðvitað leigt frá sér aðrar aflaheimildir. Þar af leiðandi voru það leiguliðarnir innan lögsögunnar sem í raun og veru tryggðu rekstrargrunn þeirra skipa sem voru að vinna sér inn nýja veiðireynslu og fá hana úthlutað hér í þessum lögum og einnig í almennu lögunum um stjórn fiskveiða. Þess vegna finnst mér að jafnvel sé enn ríkari ástæða til þess, úr því að við erum með framseljanlegt kerfi eins og stjórnvöld eru svo hrifin af, þó að ég sé það ekki, að þeir sem leigðu heimildir af skipum innan lögsögunnar sem þau þurftu ekki að nota þegar þau voru að vinna sér inn veiðireynslu á öðrum tegundum fái einhvers notið í því. En eins og ég gat um áður er það nú svo að kvótalítil og kvótalaus skip hafa með engum hætti notið veiðireynslu sinnar innan lögsögunnar þó að alltaf sé verið að úthluta nýjum og nýjum heimildum út á veiðireynslu, m.a. þessa hérna sem við erum að tala um. Þar er verið að úthluta aflaheimildum út á veiðireynslu.

Hvað hefur ekki verið gert varðandi smábátana? Var ekki verið að úthluta aflaheimildum út á veiðireynslu? Hvað var ekki gert við línutvöföldunina? Var ekki verið að úthluta aflaheimildum út á veiðireynslu? Hvað var ekki gert út á meðalkvótann á sínum tíma? Varð hann ekki að varanlegri aflaúthlutun og fengu þá ekki skip þá veiðireynslu? Og hvað var ekki gert varðandi sóknarmarkið á sínum tíma? Fengu menn ekki veiðireynslu út á það, bæði meðan veiðireynsla sóknarmarksskipanna hafði áhrif á aflamarksskipin og eins eftir 1988 þegar veiðireynslan hafði ekki áhrif á aflamarksskipin en breytti röðun skipanna í aflamarkspottinum?

Samt var það svo þegar lög nr. 38/1990 tóku að fullu gildi árið 1991 var að hluta til sú reynsla viðurkennd sem menn höfðu verið að vinna sér inn með sóknarmarksmöguleikunum. Öll þau dæmi sem ég hér hef rakið eru byggð á veiðireynslu. Þar að auki er vissulega hægt að rekja fleiri dæmi eins og þegar smábátarnir milli sex og tíu tonn voru settir inn í kvóta, þeir fengu það auðvitað byggt á veiðireynslu.

Það eru því fjölmörg dæmi um það að skip hafa fengið viðurkennda veiðireynslu sína, bæði fyrir daga kvótakerfisins þegar öll grunnúthlutunin í kerfinu var byggð á þremur árum, árunum 1981–1983, og eins síðan eftir að kvótalög voru sett á 1984. Og allt til dagsins í dag er verið að úthluta skipum aflakvótum út á veiðireynslu sína. Þannig hefur það verið, nema til þeirra skipa sem voru gerð kvótalaus eða kvótalítil með lögunum nr. 38/1990. Sá floti hefur aldrei eftir að þeir sem keyptu skipin eftir 1990, kvótalítil eða kvótalaus, þó að þeir hafi stundað veiðar og borgað öðrum útgerðarmönnum offjár fyrir veiðiréttinn, þá hefur veiðireynsla þeirra ein og sér ekki verið viðurkennd að neinu leyti.

Ég er ekki viss um, herra forseti, ef grannt væri skoðað að þetta stæðist, ef það væri skoðað ofan í kjölinn hvernig það megi vera að hinir ýmsu hópar í útgerð á Íslandi fái veiðireynslu af hinum ýmsu veiðum og fisktegundum án þess að aðrir geti með neinum hætti myndað sér neina nýja úthlutunarröð í þeim efnum.

Þetta vildi ég láta koma fram til hliðar við þessa umræðu vegna þess að ég held að aldrei sé of oft vikið að því að það er auðvitað umdeilanlegt þegar verið er að úthluta veiðirétti til einstakra útgerðarmanna, einkum af því að veiðirétturinn er sölu- og leiguvara, sem hann auðvitað átti aldrei að vera heldur eingöngu veiðiréttur og nýtingarréttur. Ef, herra forseti, menn hefðu stigið þau spor eða vildu yfirleitt stíga þau spor í dag að færa sig frá fortíðinni og læra af fyrri mistökum þá værum við, að mínu viti, á betri vegferð en við erum í dag í þessum málum. En ég veit náttúrlega fullvel að um það eru þingmenn og ráðherrar ríkisstjórnarinnar mér ekki sammála og telja að þeir séu á gullinni vegferð í útfærslu sinni í kvótakerfunum almennt. Þar er ég þeim ósammála.

Herra forseti. Sá floti sem núna á að fá aflaheimildum úr norsk-íslensku síldinni úthlutað naut á sínum tíma sérstakrar fyrirgreiðslu stjórnvalda. Það var að vísu fullt tilefni til, það var vegna loðnubrests. Þá var ákveðið, og það var áður en

menn hófu veiðar á nýjan leik úr norsk-íslenska síldarstofninum, vegna þess að loðnan gaf sig ekki sem skyldi og fannst ekki og litlar veiðar heimilaðar, að úthluta sérstökum loðnuuppbótum árið 1991. Það var gert og um það voru út af fyrir sig hvorki útgerðarmenn né sjómenn neitt ósammála að þegar útgerðarmunstur og stór uppistaða tekna ákveðins hluta flotans væri ekki til staðar og stæði ekki undir útgerð og launum áhafna væri horft á það sérstaklega hvernig taka mætti á þeim vanda. Það var ekki margt til ráða en ákveðið var að úthluta sérstökum bótum til loðnuveiðiskipa.

Mér finnst ástæða til að minnast á þetta hér vegna þess að þó að um það hafi verið samstaða með útgerðarmönnum og sjómönnum á sínum tíma að sá floti, loðnuveiðiflotinn sem núna er að fá þessar varanlegu heimildir í norsk-íslensku síldinni, fengi sérstakar bætur vegna afkomubrests í loðnuveiðunum þá var ekki samkomulag um það meðal útgerðarmanna og sjómanna og hagsmunaaðila í sjávarútvegi að þeim heimildum sem þá áttu að koma vegna tekjubrestsins skyldi úthlutað til skipanna sem framseljanlegar heimildir. Ég man glöggt að um þetta stóðu talsvert miklar deilur vegna þess að fulltrúum sjómanna a.m.k. fannst það í sjálfu sér sjálfgefið að þannig væri gengið að því að lagfæra stöðu loðnuveiðiútgerða og loðnuveiðisjómanna að úthluta þeim aflaheimildum, sem þeir gætu svo stundað veiðar á og skaffað sér tekjur. En menn voru hins vegar mjög andvígir því innan sjómannasamtakanna allra, að ég tel, að þær heimildir væru framseljanlegar, að þeim væri úthlutað til loðnuflotans og hann gæti síðan eða útgerðarmenn þeirra skipa hefðu svo sjálfdæmi um það að selja þær heimildir.

Þetta var auðvitað eðlilegt viðhorf því að þær heimildir voru að stórum hluta teknar af öðrum skipum og úthlutað til þess flota sem hafði misst afkomumöguleikana, það var eðlileg ráðstöfun. Hitt var óeðlilegt að þær bætur sem áttu að vera til að bjarga útgerðarmynstri þessara skipa yrðu síðar söluvara þessara útgerða, en þannig var nú að málunum búið. Reyndin varð sú að þeim heimildum sem úthlutað var var úthlutað til loðnuflotans sem síðan hafði rétt til að selja eða leigja þær heimildir. Þetta eru að uppistöðu til sömu útgerðirnar enn í dag sem eru núna að fá úthlutanir í norsk-íslensku síldinni.

Mig langar, með leyfi forseti, að fá að vitna í viðtal við þáv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, varðandi þetta mál um þetta leyti. Síðar mun ég vitna í nokkra þingmenn sem höfðu auðvitað á þessu skiptar skoðanir, þ.e. á því hvernig að þessu var staðið. Auðvitað var mikill ágreiningur um hvernig þessum bótum skyldi úthlutað en þær urðu hins vegar að hreinni féþúfu síðar þegar loðnuveiðarnar jukust á ný, ekki síður þegar síldveiðarnar bættust við og allra mest þegar rækjuveiðarnar urðu hluta flotans arðbærar. Þá losuðu menn sig auðvitað við þessar heimildir. Hefði reglan aftur á móti verið sett um að mönnum bæri að skila þessum heimildum þegar betri tíð kæmi í uppsjávarveiðarnar hefði ég talið, og það var skoðun sjómannasamtakanna á þeim tíma, það mun meira réttlæti.

Eins og fram kemur í áðurnefndu viðtali við Halldór Ásgrímsson, þáv. sjútvrh., voru þetta 44–45 skip sem vantaði verkefni. Ákveðið var að úthluta þeim þó nokkrum heimildum, m.a. 5 þús. lestum í rækju. Rækjukvótinn var reyndar aukinn sem því nam. Einnig var úthlutað til þeirra heimildum í almennum botnfiskveiðum. Það kemur auðvitað fram í viðtölum við þingmenn á þessum tíma að menn höfðu svona ákveðnar athugasemdir við þessa framkvæmd, einkum að því er laut að því að þetta yrði síðan söluvara.

En hví er ég að rekja þetta hér? Þetta er jú, eins og ég sagði áðan, sami flotinn og nú er að fá þessum heimildum úthlutað. Betur hefði farið á að þessar heimildir væru ekki framseljanlegar enda var þarna verið að bæta mönnum sérstakan tekjubrest. Þetta vildi ég láta kom fram og tel mig búinn að fara allítarlega yfir sögu síldveiðanna og úthlutana í því dæmi og eins hvaða heimildir sá floti sem nú stendur til að úthluta hefur fengið í gegnum árin. Af þessum sökum tel ég að við þessa úthlutun hefðum við átt að nota innskilaregluna. Það hefði átt að koma fram í frv. sjútvrh. að hann hygðist nýta sér þá reglu. Okkur þingmönnum hefði verið gerð grein fyrir því hvaða viðmiðun hefði verið þar til staðar til að auka heimildir annarra skipa innan lögsögunnar lítillega, enda er ekki nema lítið hlutfall af þeim aflaheimildum sem úthluta á sem kæmi inn sem innskilaregla.

Herra forseti. Nú fer eitthvað að styttast í ræðu minni en samt sem áður langar mig að víkja að ákveðnum atriðum. Fyrst að því sem við köllum í dag þorskígildisstuðul síldarinnar. Síldin sem veiðist hér innan lögsögunnar hefur stuðulinn 0,06 á móti þorskígildi, ef ég man rétt. En síldin sem veiðist úr norsk-íslenska stofninum hefur stuðulinn 0,04 og er sem sagt talin verðminni en síldin innan lögsögunnar.

Síldin hefur löngum verið óviss fiskur. Menn hafa notað ýmis orðatiltæki í því sambandi, þ.e. til að varpa ljósi á hegðun hennar, m.a. segja menn síldin veður og kveður eða síldin kemur og fer. Það er auðvitað alveg rétt að þannig hefur það verið. En hitt er líka vonandi rétt að með nútímatækni og tækjavæðingu, m.a. rannsóknaskipa og fiskiskipa, vitum meira um ferðir síldarinnar og síldarstofnanna, stærð þeirra og hegðun, en á árum áður. Þar af leiðandi á máltækið „síldin veður og kveður" kannski ekki við lengur vegna þess að við erum ekki háð því í veiðum okkar að síldin vaði um yfirborð sjávar eins og var í gamla daga þegar við höfðum ekki tæki til að finna síldina neðan sjávar. Þar af leiðandi kveður síldin okkur ekki sem veiðistofn þó að hún sjáist ekki á yfirborði sjávar. En þetta orðatiltæki er vitanlega byggt á reynslu fyrri ára, meðan síldveiðar fóru fram þegar hún óð í yfirborði sjávar og var sjáanleg mönnum.

Hvers vegna vík ég að þorskígildisstuðlum síldarstofnanna? Jú, það er vegna þess að ég held, eins og þróun síldveiðanna hefur verið á undanförnum árum og ekki síður þróun síldveiðiskipanna, en þau eru mörg hver orðin fullvinnsluskip, stefni í að fullvinnsla uppsjávarfisks verði um borð í skipum. Með því að flaka síldina um borð og frysta hana auka menn mikið verðmæti hvers kílós, bara með því einu að renna henni í gegnum flökunarvél og ná holdinu aukast verðmæti hennar afar mikið. Það gerist auðvitað líka þegar menn vinna aflann úti á sjó að mönnum tekst að gera verðmæti úr síld sem ella hefði ekki verið hægt vegna þess að síldin gæti verið full af átu eða mjög viðkvæm að öðru leyti. Með því að veiða hana og vinna úti á sjó tekst mönnum að gera verðmæti úr síld sem hefði hugsanlega ekki nýst til manneldis ef skip hefðu þurft að flytja hana til lands, a.m.k. á árum áður.

Á þessu hefur orðið geysileg breyting. Þessi floti, loðnu- og síldveiðiflotinn, hefur breyst mikið á undanförnum árum. Mörg skipanna hafa verið stækkuð og eru komin með sérstakan kælibúnað til að flytja síldina og aðrar uppsjávartegundir sem ferskastar að landi þannig að þær megi m.a. nota til manneldisvinnslu þó að það takist ekkert alltaf þegar síldin er átumikil, að flytja síldina ísvarða að landi til vinnslu.

Það tekst hins vegar um borð í vinnsluskipunum, sem eru stödd úti á miðunum og veiða þann afla sem þau geta afkastað. Þar af leiðandi eru þeir þorskígildisstuðlar sem við miðum núna við að mínu viti ekki réttir, miðað við þá þróun sem er að verða í síldveiðunum og er fyrirsjáanleg. Síldarútgerðirnar munu gera vaxandi verðmæti úr síldaraflanum. Um það er ekkert nema gott að segja en þar með er verðmætisstuðullinn sem við byggjum á eins og er of lágur. Það á sennilega bæði við 0,04 ígildi norsk-íslensku síldarinnar og 0,06 ígildi hinnar íslensku.

Ég verð nú að segja að miðað við þær breytingar sem orðið hafa á íslenska flotanum á undanförnum árum sé ég ekki sérstök rök fyrir því lengur að þorskígildisstuðull stofnanna innan lögsögunnar eða utan lögsögunnar sé misjafn. Eins og við sáum á veiðum á síldinni innan lögsögunnar á síðustu vertíð sigldu menn allt í kringum land með síldarfarma sína. Skip frá Hornafirði stunduðu m.a. veiðar í Víkurál og verður varla lengra farið umhverfis þetta land og nákvæmlega sama hvort menn sigla norður fyrir eða suður fyrir. Þar með er lengri sigling af miðum með síldina sem veiðist innan lögsögunnar til heimahafnar en með þá síld sem veidd er utan lögsögunnar, þ.e. fyrir austan og norðaustan land. Eins og öllum er ljóst, herra forseti, er siglingarleið til Austfjarðahafna ekki ýkja löng utan úr Síldarsmugunni fyrir austan land. Færa mætti rök að því að það væri lengra að sigla í Víkurál norðvestur af landinu en út í Síldarsmugu. Rökin sem áður voru fyrir því að verðmætastuðull síldarinnar ætti að vera misjafn fá ekki lengur staðist miðað við þá hegðun sem síldin hefur tekið upp á seinni ár.

Einnig ber á það að líta að tæknin í skipunum, stækkun þeirra og afkastageta og ekki síst vinnslubúnaður, sem ég hygg að verði í 10–12 skip flotans innan skamms, mun verða til þess að mikill hluti af síldaraflanum, þó að hann sé veiddur í Síldarsmugunni og jafnvel lengst norður í hafi eða uppi undir Svalbarða, verður unninn úti á sjó og verður verðmæt vara. Þar af leiðandi er sá ígildisstuðull sem við erum að tala um alveg örugglega rangur og stefnir í að rofna enn meira úr tengslum við raunveruleikann. Ígildisstuðullinn er fundinn út frá þeim verðmætum sem talið er að viðkomandi tegund gefi sem hlutfall af verðmæti þorsks. Verðmætisstuðull þorsks er 1 og síðan eru verðmæti annarra tegunda fundin út frá honum.

Herra forseti. Floti okkar mun á komandi árum gera vaxandi verðmæti úr þessum afla. Um það er ekkert nema gott að segja en ég bendi hins vegar á að þeir stuðlar sem miðað er við eru ekki endilega réttir, eins og ég vona að ég hafi fært skýr rök fyrir. Ef ég man rétt veiddi það skip sem mest verðmæti gerði úr uppsjávarfiski á síðasta ári 7.500 tonn af síld. Það var auðvitað Akureyrarskipið Vilhelm Þorsteinsson. Eins og ég gat um áður stefna fjöldamörg skip að því að koma sér upp sams konar og svipuðum búnaði. Þá sjáum við auðvitað að 132 þús. tonna afli úr norsk-íslensku síldinni getur orðið afar verðmætur, einkum þeim skipum sem geta veitt hann og unnið og þurfa ekki að fara til lands með aflann. Við sjáum hins vegar jafnframt að það þarf ekki ýkja mörg svo afkastamikil skip til þess að nýta þessar heimildir.

Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir útgerðarmenn sem núna eiga þessi skip munu reyna að sækjast eftir því eins og þeir geta að tryggja sér heimildir í norsk-íslensku síldinni miðað við þann stuðul sem þar er nú og þær framtíðarhorfur sem þar gætu verið, því það er nánast ávísun á gjafafé að geta nálgast veiðiheimildir í síld eftir þeim verðmætastuðli sem nú gildir.

Herra forseti. Þess verður samt að láta getið að þó að við gefum út þessa verðmætastuðla þá stunda útgerðarmenn viðskipti sín ekki endilega nákvæmlega eftir stuðlunum. Ekki er mér kunnugt um á hvaða bryggjuprís þeir versla sín á milli í dag með norsk-íslenska síld eða aðra síld. Kannski hefur hæstv. sjútvrh. upplýsingar um það enda hefur hann upplýsingar um margt úr sínu ráðuneyti og frá Fiskistofu. Það væri fróðlegt ef hann upplýsti okkur um hvort hann vissi hvernig þessi viðskipti ganga fyrir sig í dag og á hvaða verðmætahugtaki útgerðarmenn versla með síld, hvort það er á þessum 0,04 eða einhverju öðru. Ég hygg að útgerðarmaður sem gæti keypt síldarkvóta í dag á þessari tölu, 0,04 miðað við þorskígildi, teldi sig gera góð kaup.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi er ég ekkert viss um að það sé út af fyrir sig óeðlilegt þó að miðað sé við fleiri ár eins og hér er lagt til í frv. Í raun er kannski verið að eyða út hluta af þeim áhrifum sem komu fram þegar burðargetan var látin vega svona mikið í kvótarétti skipanna en ekki aflareynslan með því að miða við fleiri ár. Úr því að menn fara þessa kvótaúthlutunarleið sem byggir á því að útgerðarmenn fái leigu- og söluréttinn m.a. á þessum aflaheimildum — ég tel að útgerðarmenn eigi að hafa vissuna um veiði- og nýtingarréttinn. En mér finnst og hefur alltaf fundist að engin nauðsyn sé á að þeir hafi leigu- og söluréttinn — en úr því að verið er að fara þá leið, herra forseti, að úthluta nú varanlega til þessara skipa er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að miða við öll árin sem veiðarnar hafa átt sér stað.

En hitt finnst mér algjörlega óeðlilegt, herra forseti, og vil beina þeim orðum mínum sérstaklega til hæstv. sjútvrh., að ekki skuli með neinum hætti horft til þess sem ég hef vikið að í máli mínu, þ.e. að verðmætastuðlarnir eru sjálfsagt skakkir miðað við þorskígildi og að ekki skuli vera lagt upp með það að sá floti sem núna er að fá þessi miklu verðmæti til sín til nokkurrar framtíðar, skuli ekki þurfa að undirgangast sömu reglur og viðhafðar voru á Reykjaneshrygg og á Flæmingjagrunni um að fara að þeim lögum sem við erum hér að breyta, lögum nr. 151/1996, um að skila nokkrum heimildum til þess flota innan lögsögunnar sem ekki hefur verið að fá ný verkefni en hefur í raun verið að taka á sig aflaskerðingu á undanförnum árum eins og við þekkjum í þorskinum þar sem tvísvar er búið að skera niður aflaheimildir um 30 þúsund tonn tvö ár í röð.

Herra forseti. Ég tel mig hafa farið allítarlega yfir þetta mál og geri mér vonir um að hæstv. sjútvrh. leggist ekki í að reyna að misskilja orð mín um að ég tel að það eigi að fara þá leið að þessi floti skili einhverju inn og að ástæða sé til þess, þar sem hann fellur undir þá reglu að skila allt að 15%, að nota þá jafnvel hærri stuðul en 8%, eins og notaður var á Reykjaneshrygg, jafnvel 12%, vegna þess að ígildisstuðullinn er lágur eins og ég hef vikið að og vegna þess að hér er örugglega verið að úthluta verðmætum sem verða þessum flota mikils virði á komandi árum vegna veiði- og nýtingarmöguleikanna.

Þess vegna segi ég það alveg eins og er að ég lýsi andstöðu við það ef engin innskilaregla á að vera viðhöfð í þessu máli. Síðan hef ég haft þann almenna fyrirvara sem ég hef iðulega haft þegar ég hef verið að ræða um lög sem snúa að stjórn fiskveiða, að útgerðarmenn þurftu aldrei leigu- og söluréttinn að óveiddum fiski. Þeir þurftu að hafa vitneskju um að þeir mættu fara til veiða. Þeir þurftu að hafa vitneskju um að þeir mættu fénýta aflann. Annað þurftu þeir ekki. Í því fólst

útgerðarmöguleikinn og í því fólust tekjurnar og það sem meira er, í þeirri útfærslu fiskveiðistjórnar að tekjur útgerðar gætu eingöngu komið af fiskveiðum með því að veiða aflann fólst trygging fólksins, bæði áhafnarinnar fyrir að aflinn yrði veiddur og ekki síður fólks í sjávarbyggðum fyrir því að aflinn kæmi að landi og yrði unninn þar eða meðhöndlaður. Í þeirri útfærslu var atvinnuréttur sjómannanna og fólksins í sjávarbyggðunum fólginn, trygging þess fyrir eignum sínum fólginn, þ.e. að það væri ævinlega skylda útgerðarmanna að veiða þær heimildir sem þeir fengju.

Með því að gera þetta að leigu- og sölurétti fengu útgerðarmenn sjálfdæmi um það hvernig þeir færu með þessar heimildir, hvort þeir seldu þær eða leigðu og þar með var atvinnuréttur fólksins og öryggi þess, bæði sjómanna og annarra sem í sjávarútvegsbyggðum búa, fyrir borð borinn. Ég tel að mjög misráðið hafi verið að fara þá leið og geri ævinlega athugasemdir við það í hvert skipti sem ég held einhvers staðar tölu eða skrifa grein að þannig skyldi hafa verið með málin farið.

Herra forseti. Ég tel að ég hafi farið mjög djúpt í þetta mál þannig að öllum ætti að vera ljóst út frá hvaða forsendum ég byggi málflutning minn. Þótt hæstv. sjútvrh. hafi ekki látið þess getið hér þegar hann lagði frv. fram né að það komi fram í áliti meiri hlutans að nein innskilaregla skuli viðhöfð þá hefur hæstv. sjútvrh. auðvitað heimildirnar í lögum nr. 151/1996, og ég skora á hann að nota þær. Í því felst þó örlítill vottur að réttlæti, herra forseti.

[16:39]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 670. mál, nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1295.

Stjórn fiskveiða, 562. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1293; nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1294.

[16:39]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Við ræðum nú um síldina og þær reglur sem hæstv. sjútvrh. og fylgismenn hans hafa ákveðið að leggja til að gildi við úthlutun á veiðirétti í síld.

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég segja að vegna þess að þetta mál var tekið á dagskrá á laugardegi og þingmenn höfðu ekki gert ráð fyrir því að vera hér á fundum fram eftir laugardegi mæli ég fyrir minnihlutaáliti sem Svanfríður Jónasdóttir átti að vera framsögumaður að, en ég skrifaði undir álitið með henni.

Þetta frv. sjávarútvegsráðherra byggist á tveimur atriðum, að Fiskistofa úthluti einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum á grundvelli aflareynslu þeirra frá því að veiðar hófust aftur á stofninum árið 1994 og síðan er sú regla áréttuð að hafi skip komið í stað annars njóti það aflareynslunnar. Þessar breytingar eru lagðar til eftir að ákveðið hefur verið að veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum falli undir 5. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands og að aflahlutdeildum verði úthlutað á skip.

Jafnaðarmenn hafa þrisvar lagt fram frv. til breytinga á lögunum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands í samræmi við það sem Samfylkingin leggur til varðandi úthlutun aflaheimilda samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða, þ.e. að veiðarnar verði boðnar út. Fyrsta þingmálið í þá veru var lagt fram á 121. þingi, síðan á 122. þingi og loks á 126. þingi. Þá hafa fulltrúar jafnaðarmanna í sjávarútvegsnefnd jafnan lagst gegn þeim ráðstöfunum sem meiri hlutinn hefur á hverjum tíma gert vegna norsk-íslenska síldarstofnsins en þær ráðstafanir hafa leynt og ljóst miðað að því að kvótasetja stofninn eins og nú er verið að innsigla. Framangreind frv. og nál. fulltrúa jafnaðarmanna eru hluti af þessu nefndaráliti.

Eins og alkunna er voru veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki stundaðar svo neinu næmi í yfir 30 ár. Á síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Með samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi hafa Íslendingar tryggt sér veiðiréttindi á bilinu 132–233 þús. lestir úr leyfilegum heildarafla. Ef vonir manna um aukningu í stofninum og að stærri hluti hans gangi inn í íslenska lögsögu rætast er nú augljóslega verið að úthluta mun meiri verðmætum, gætu orðið allt að þrefalt meiri, en leiða má af veiðireynslu skipanna í tonnum talið.

Þá liggur ekki fyrir hvort ráðherra hyggst nýta sér þá innskilareglu sem er að finna í 5. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands og var beitt þegar veiðar á úthafskarfa á Reykjaneshrygg og rækju á Flæmingjagrunni voru kvótasettar á sínum tíma.

Úthlutun „varanlegra“ aflahlutdeilda úr norsk-íslenska síldarstofninum er framkvæmd af hálfu sjávarútvegsráðherra þrátt fyrir þá staðreynd að þegar frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands var afgreitt út úr sjávarútvegsnefnd á sínum tíma sagði í áliti meiri hlutans sem var undirritað af þingmönnunum Árni R. Árnasyni, Stefáni Guðmundssyni, Vilhjálmi Egilssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Hjálmari Árnasyni og Guðmundi Hallvarðssyni: „Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild.“

Undir þessa yfirlýsingu skrifuðu allir þeir hv. þm. sem ég las hér upp nöfnin á. Eitthvað er að gerast annað núna með þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Samfylkingin styður ekki þá ákvörðun ráðherra að úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum enda hafa fulltrúar jafnaðarmanna í sjávarútvegsnefnd ítrekað lagt til að önnur leið yrði valin. Samfylkingin mun því sitja hjá við þær tæknilegu lagfæringar sem hér eru lagðar til vegna þeirrar ákvörðunar ráðherra.

Undir nál. rita Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson.

Hæstv. forseti. Meðferðin á íslenska síldarstofninum og réttinum til að veiða þar úr er í hnotskurn það sem stjórnvöld á Íslandi hafa verið að baksa við á undanförnum árum, þ.e. að koma endanlegu eignarhaldi útgerðarmanna á allan veiðirétt við Ísland. Þegar síldveiðarnar hófust var það svo undarlegt að ráðamenn litu á það sem sérstakt vandamál að síldin skyldi vera munaðarlaus, það væri enginn sem ætti hana. Það var stórkostlegt vandamál vegna þess að stefnan sem uppi var var að gera allan veiðirétt að eign í höndum útgerðarmanna.

Og menn fóru af stað, eins og hefur verið rakið hér í ræðu á undan, hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, og yfirlýsingarnar sem ég las áðan segja sína sögu um það hvernig stjórnmálamenn sem áttu sæti á Alþingi þá litu á málið, þ.e. að veiðiréttur sem yrði til með þessum hætti ætti ekki að mynda grunn að varanlegum réttindum.

Við höfum tekist á um þessi vandamál, þ.e. veiðiréttindi, á hér í sölum Alþingis alveg frá því að kvótakerfi var komið á og munum halda áfram að takast á um þau ef fer sem horfir. En það að menn skuli hafa haft þrek til þess hér í sölum Alþingis, stjórnarmeirihlutinn á Alþingi og ríkisstjórnin

skuli hafa haft þrek til þess að taka ákvarðanir um það að koma eignarhaldi með slíkum hætti sem hér er verið að gera á íslenska síldarstofninn, ekki bara að menn fengju leyfi til þess að veiða samkvæmt þeirri veiðireynslu sem þeir höfðu fengið á þeim árum sem þeir stunduðu þessar veiðar í upphafi heldur skuli úthluta þeim aflahlutdeild í þessum stofni. Og það er nákvæmlega sama hversu stór þessi norsk-íslenski síldarstofn yrði, þær útgerðir sem núna eiga veiðirétt í honum mundu eiga allan veiðiréttinn, hvort sem veiðiréttur þeirra mundi tvöfaldast, þrefaldast eða tífaldast.

Þetta lýsir því ákaflega vel sem er að gerast og hefur verið að gerast á undanförnum árum hvað varðar auðlind íslensku þjóðarinnar. Hún skal hvað sem tautar og raular verða öll að eign þeirra sem stunda útgerð á Íslandi. Og það er seilst í alls konar rökstuðning fyrir þessu. Ég minnist þess að í dómi Hæstaréttar, sem fjallaði um þetta mál, taldi hann — og þar komu menn upp um sig sem kváðu upp þann dóm, að þeir höfðu ekki lesið heima, þeir höfðu ekki farið yfir söguna hvernig veiðiréttur sem nú er úthlutað til veiða á hinum ýmsu tegundum á Íslandsmiðum, hefur orðið til, vegna þess að þeir komu upp um sig með því að segja að úthlutunin hefði átt sér málefnalegar forsendur.

Það má sjálfsagt segja að úthlutunin hafi átt málefnalegar forsendur að sumu leyti, þ.e. að því leyti til sem úthlutunin hefur byggst á því að útgerðarmenn hafi verið að veiða í frjálsu umhverfi og samkeppni hver við annan. En það er einungis hluti af veiðiréttinum sem þannig er til kominn. Það er hægt að nefna ýmis dæmi um ákvarðanir stjórnvalda sem beinlínis voru teknar til þess að koma eignarhaldi á veiðiréttindunum í hendur útgerða. Tilteknum fjölda skipa voru úthlutuð sérstök réttindi, t.d. til þess að veiða í dragnót hér í Faxaflóanum. Það voru yfirlýsingar um það þá að slík réttindi til tiltekins ákveðins, afmarkaðs hóps mundu aldrei verða að eignarréttindum í höndum þeirra sem slík réttindi fengju. (Gripið fram í.) Það er búið að úthluta öllum slíkum réttindum í hendur þeirra manna sem gerðu út þessi skip sem eignarréttindum á veiðirétti. Það er hægt að nefna dæmi um það að tveimur til þremur skipum hafi verið úthlutaður réttur til þess að veiða rækju í tilteknum fjörðum. Engir aðrir fengu þar að komast að.

Tveim eða þrem árum seinna var þessum réttindum úthlutað sem réttindum sem hægt var að framselja sem eignarréttindum og menn seldu. Ýmsir útgerðarmenn fengu úthlutað veiðiréttindum út á það að sendar hefðu verið inn tilkynningar um að það ætti að smíða einhver skip. Kilir uppi á landi urðu allt í einu að einhverjum tilteknum tonnafjölda. Fjölveiðiskip sem ákveðið hafði verið að byggja fengu úthlutað veiðiréttindum. Ríkið skammtaði þessum aðilum veiðiréttindi. Einhverjir skipstjórar sem höfðu verið við störf um borð í skipum sem einnig hafði verið úthlutað veiðiréttindum, fengu réttindi þannig að út á útgerð sama skipsins fengust tvöföld réttindi með þeim hætti. Ef menn fluttu veiðiréttindi af Suðvesturlandi til Norðurlands þá bættust 25% ofan á veiðiréttindin sem flutt voru á töluvert löngu tímabili. Ekki er hægt að halda því fram að fyrir öllum þessum veiðiréttindum sem ég hef verið að telja upp og urðu til með þessum hætti hafi verið málefnaleg ástæða og að þau hafi verið einhvers konar atvinnuréttindi sem urðu til með þessum hætti. Það er fráleitt að halda slíku fram.

Og um síldina, sem við erum að fjalla hér um, má segja mjög svipaða hluti. Síldin var ekki einhver stofn sem menn réðust í að veiða og hefðu átt frumkvöðlarétt að, eins og það hefur líka stundum verið kallað, til þess að fá úthlutaðan veiðirétt vegna þess að menn hefðu verið að leggja í margra ára veiðar og kostnað til þess að nýta einhverja nýja stofna. Veiðiréttindin í síldinni urðu til í samningum við aðrar þjóðir og þeir sem fengu að veiða síldina komu til leiks þegar búið var að semja um að það mætti veiða hana.

Þetta sem ég er að tala hér um er allt saman hluti af hinu mikla þrætumáli sem er eignarhaldið og hvernig með það skuli fara á þessari auðlind okkar þjóðar. Hér hafa ráðið ferðinni í sölum Alþingis og ríkisstjórna undanfarinna ára menn sem hafa haft þá stefnu, hafa haft þá bjargföstu ákvörðun á bak við sína stefnu að veiðiréttindi á Íslandsmiðum, rétturinn til að nýta Íslandsmið ætti að vera séreign útgerðarmanna. Og það er hluti af þeirri stefnu sem birtist í því að menn skuli hafa þrek til þess að leggja fram tillögur hér í sölum Alþingis um það að íslenski síldarstofninn skuli vera eign þeirra sem hafa nýtt hann frá því að samningar náðust, hversu stór sem hann verður í framtíðinni.

Mig langar til þess að fara svolítið yfir þau viðbrögð sem Samfylkingin hefur verið með við þessu og það fólk sem í henni er og hefur lagt fram tillögur á undanförnum árum til þess að reyna að leysa þessi vandamál. Ég ætla að byrja á því að nefna hér að á 121. löggjafarþingi fluttu Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Össur Skarphéðinsson og Ágúst Einarsson frv. til laga og í því frv. voru einungis tvær greinar.

Fyrri greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. og 6. mgr., að bjóða árlega út veiðiheimildir á norsk-íslenska síldarstofninum. Er þá útgerðum fiskiskipa sem hæf eru til þess að stunda síldveiðar heimilt að gera tilboð í tiltekið aflamark af síld. Ráðherra skal ákveða útboðsskilmála og skal þar kveðið á um hámark og lágmark þess aflamarks sem heimilt er að bjóða í vegna einstaks fiskiskips, skilafrest á tilboðum og önnur atriði er máli skipta vegna útboðsins. Þá er ráðherra heimilt að ákveða í útboðslýsingu að ekki verði tekið tilboðum undir tilteknu lágmarksverði.

Hæstu tilboðum skal jafnan tekið meðan aflaheimildir hrökkva til. Séu tvö eða fleiri tilboð jafnhá en heildaraflamark ekki nægjanlegt til þess að taka þeim að fullu skal tilboðunum tekið með hlutfallslegri skerðingu. Tilboðsgjafi er bundinn af tilboði sínu en á þó rétt á að falla frá því sé um slíka skerðingu að ræða. Tilboðsgjafi skal staðgreiða aflamark og skal aflamarkið skráð á viðkomandi fiskiskip þegar það hefur verið greitt að fullu. Tekjum af útboði aflaheimilda skal varið til haf- og fiskirannsókna og til slysavarna sjómanna, þar á meðal til rannsókna sjóslysa samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis."

Í greinargerðinni stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og alkunna er hafa veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki verið stundaðar svo neinu nemi í yfir 30 ár. Á allra síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í mikilli framför eftir langvarandi lægð og eru nú merki um að hann sé að ganga á gamlar slóðir. Með samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi, sem gerður var á sl. ári og Íslendingar eru aðilar að, tryggðu Íslendingar sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðunum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar, og á vertíðinni, sem hefst í vor, hafa Íslendingar öðlast rétt til veiða á 230 þúsund tonnum af síld úr stofninum. Á þessu og síðasta ári hófust því á ný síldveiðar íslenskra skipa úr

norsk-íslenska síldarstofninum — veiðar sem miklar vonir eru bundnar við og þá ekki síst ef stofninn hefur göngu sína á fornar veiðislóðir innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Vegna þess hve langur tími er liðinn frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum er ekki á neinni veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem nú hyggst stunda þær veiðar. Síldveiðiskipin, sem þessar veiðar stunduðu fyrir þrjátíu árum, eru flest horfin úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum, þegar veiðarnar hefjast aftur, sem eru alls ólíkar því sem átt hefur við um veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem byggt var á margra ára veiðireynslu skipa sem í útgerð voru þegar stjórnkerfisleiðir voru valdar.

Á komandi síldarvertíð er gert ráð fyrir frjálsum veiðum með þeim einu takmörkunum að þau skip ein fái veiðiheimildir sem sérútbúin eru til síldveiða. Þar sem líklegt er talið að árið 1997 kunni að vera fyrsta ár af 3–6 árum þar sem síldveiðiútgerðir afla sér veiðireynslu er verði grundvöllur að aflamarksúthlutunum síðar óttast margir að mikið kapphlaup verði meðal síldarútgerða um að hefja veiðar sem allra fyrst og veiða strax sem allra mest til þess að tryggja sér sem hæsta hlutdeild úr heildarkvótanum, 230 þús. tonnum, sem ákveðinn hefur verið. Rökin eru ekki síst þau að með því væru útgerðarmenn síldarskipa að tryggja sem best stöðu sína hvað aflahlutdeild varðar í þeim tilgangi að standa sem best að vígi þegar að því kæmi að aflakvóta yrði úthlutað í samræmi við veiðireynslu. Fari svo óttast menn m.a. að manneldismarkmið í síldveiðum verði víkjandi og verðmæti síldveiðanna fyrir þjóðarbúið verði mun minna en vera ætti og verið gæti. Þá er einnig á það bent að sé stefnt að úthlutun aflamarks á skip með slíkum aðdraganda sé ráðgert að ganga enn lengra á þeirri braut að úthluta ókeypis verðmætum til tiltekinna einstaklinga og útgerða — ókeypis aflakvótum í síldveiðum — sem að þessu sinni hafi ekki verið undirbyggð á grundvelli veiða skipa heldur fyrir tilstilli samninga sem handhafar almannavalds hafa gert við aðrar þjóðir. Því er óeðlilegt með öllu að gera ráð fyrir að slíkum verðmætum verði innan fárra ára skipt upp á milli nokkurra aðila án þess að gjald komi fyrir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú stefna verði mótuð varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum að sá kostur verði gefinn í lögum að í stað veiða með ókeypis aðgangi tiltekinna veiðiskipa og með úthlutun ókeypis aflakvóta í framtíðinni séu veiðiheimildir seldar á frjálsum markaði til útgerða þeirra skipa sem búin eru til síldveiða. Verði frumvarpið að lögum á sjávarútvegsráðherra þann kost að velja slíka leið, en það á hann ekki í gildandi lögum. Í frumvarpinu eru jafnframt ákvæði um hvernig að slíku útboði á aflaheimildum skuli staðið verði sú leið valin.

Í umræðum um veiðileyfagjald, þ.e. sölu aflaheimilda, hafa komið fram ýmsar tillögur og hugmyndir um útfærslu, en með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda. Nokkur dæmi um slíka útfærslu eru nefnd í þingsályktunartillögu þingmanna jafnaðarmanna um veiðileyfagjald (3. máli 121. löggjafarþings). Í frumvarpinu er sú útfærsluleið valin hvað varðar sölu veiðileyfa á norsk-íslenska síldarstofninum að selja veiðileyfi í almennu útboði þar sem útgerðir allra íslenskra skipa, sem stundað geta síldveiðar, hafa sama rétt til þátttöku. Þótt sú útfærsluaðferð sé valin hér ber ekki að hafa það til marks um að flutningsmenn séu þeirrar skoðunar að hana beri að velja öðrum fremur hvað varðar framkvæmd veiðileyfagjalds í öðrum fiskveiðum. Þar koma aðrar aðferðir ekki síður til greina eins og rakið er í tillögu jafnaðarmanna sem vikið var að hér að framan.

Litlar upplýsingar eru tiltækar um markaðsverð á aflaheimildum vegna síldveiða í frjálsum viðskiptum og engar um slík viðskipti með aflaheimildir í norsk-íslenska síldarstofninum því að engin slík viðskipti hafa orðið. Ógerningur er því með öllu að spá fyrir um hvert gæti orðið markaðsverðmæti þeirra aflaheimilda í útboði sem hér er gerð tillaga um. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að allar tekjur, sem ríkið kynni að hafa af útboðinu, renni til þess að greiða kostnað í þágu sjávarútvegsins sjálfs og sjómanna, þ.e. til haf- og fiskirannsókna og slysavarna sjómanna, þar á meðal til rannsókna sjóslysa. Fyrir það fé, sem fengist með útboðinu, ætti að vera unnt að efla mjög þá starfsemi sem hér um ræðir sjávarútveginum og sjómönnum til velfarnaðar.

Með útboði á aflaheimildum er einnig komið í veg fyrir að manneldismarkmiðum í síldveiðum verði vikið til hliðar eins og margir óttast að verða muni við núverandi aðstæður. Séu veiðiheimildir keyptar gegn gjaldi í stað ókeypis aðgangs verður ríkari nauðsyn til þess að verðmæti aflans verði sem allra mest. Munu útgerðarmenn og sjómenn þá huga að því að skipuleggja veiðar sínar með þeim hætti í stað þess að ná sem mestu magni án tillits til verðmætis.

Umræður um sölu aflaheimilda í hefðbundnum veiðum hafa verið vaxandi á Íslandi og samkvæmt nýrri skoðanakönnun á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hafa rösklega 75% landsmanna lýst sig fylgjandi því grundvallarsjónarmiði. Tímabært er því orðið að lögð sé fram á Alþingi tillaga í mynd lagafrumvarps um hvernig af slíku geti orðið og vegna þeirrar sérstöðu, sem veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa, er tilvalið að beita þar slíkri aðferð. Með samþykkt frumvarpsins gefst einstakt tækifæri til þess að framkvæma þá stefnu sem mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur lýst fylgi við og verða sér úti um mjög dýrmæta reynslu af slíkri framkvæmd sem gæti nýst við endurskoðun á fyrirkomulagi aflamarkskerfisins í öðrum veiðum sem stundaðar eru frá Íslandi.

Öfugt við flestar aðrar fiskveiðar miðast síldveiðiárið við almanaksár og er því lagt til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi 1. janúar 1998. Eru þá a.m.k. fjórir mánuðir þar til síldarvertíð getur hafist og er það góður tími til þess að undirbúa þá nýju framkvæmd, sölu aflaheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir."

Ég held að það sé full ástæða til að rifja upp þessa tilögu einfaldlega vegna þess að hún var tímabær þegar þarna var komið sögu. Og ég tel að það hafi verið mikið slys að menn skyldu ekki taka þau veiðiréttindi sem þarna voru í boði og bjóða þau fram þar sem jafnræði hefði verið haft til hliðsjónar og allir hefðu staðið jafnir gagnvart því að nálgast þessi veiðiréttindi með þeim hætti sem þarna var lagt til.

En það var nú ekki aldeilis að hér í sölum Alþingis eða við *það ríkisstjórnarborð sem þá var væri áhugi á því að leita eftir* slíkum leiðum. Áhuginn virtist einungis beinast að því að reyna að finna leiðir eða láta tímann líða kannski öllu fremur, eins og dæmið sannar sem við erum hér með í höndunum, þangað til menn hefðu komið sér upp þreki til þess að bera fram tillögu um það að úthluta þessu varanlega til útgerða sem stunda síldveiðar við Ísland. Og nú hefur hæstv. sjútvrh. öðlast þrekið og meiri hlutinn á Alþingi virðist vera tilbúinn til þess að ganga fram í því að staðfesta það hér í sölum

Alþingis að þeir útgerðarmenn sem gera út á síldveiðar á Íslandsmiðum eigi norsk-íslenska síldarstofninn, hversu stór sem hann verður í framtíðinni.

Þetta er auðvitað gjörsamlega ótækt og ætti ekki að vera meiri hluti fyrir því á hv. Alþingi að fara leið eins og þessa. Og ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég veit að hæstv. forseta blöskra slíkar aðfarir sem hér eru á ferðinni, að verið sé að slá eignarhaldi þeirra sem eru núna í útgerð á Íslandi á allan norsk-íslenska síldarstofninn, inn í framtíðina.

Fleiri frumvörp af því tagi sem ég var hér að lýsa hafa verið flutt. Á 122. löggjafarþingi 1997–1998 var flutt frv. til laga, sem Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Össur Skarphéðinsson og Ágúst Einarsson fluttu líka, sem hafði sama tilgang og það frv. sem ég var að lýsa hér áðan. Í nál. 2. minni hluta sjútvn. á 122. löggjafarþingi á þskj. 1345, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Jafnaðarmenn hafa lagt til, bæði á þessu þingi (146. mál) og því síðasta, að veiðiheimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum yrðu boðnar út og að gerðar yrðu viðeigandi breytingar á lögunum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996. Það er skoðun jafnaðarmanna að með þeirri skipan mála væri líklegast að markmið fiskveiðistjórnunar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðileyfa næðist fram.

Eins og alkunna er hafa veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki verið stundaðar svo neinu nemi í yfir 30 ár. Á allra síðustu árum hefur orðið breyting á því. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í framför eftir langvarandi lægð og er þess vænst að hann muni brátt ganga á gamlar slóðir. Með samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna við norðanvert Atlantshaf tryggðu Íslendingar sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar og á næstu vertíð koma 202 þúsund lestir í hlut Íslendinga.

Vegna þess hve langur tími er liðinn frá því að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum er ekki á neinni veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem hyggst stunda þessar veiðar. Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, eru flest horfin úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum sem eru alls ólíkar því sem þeir hafa vanist við veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem oftast var byggt á margra ára veiðireynslu skipa sem voru í útgerð þegar stjórnkerfisleiðir voru valdar.

Með frumvarpi jafnaðarmanna hefur sú stefna verið mótuð varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum að ákveðið verði í lögum að í stað ókeypis úthlutunar aflakvóta til tiltekinna veiðiskipa verði veiðiheimildir seldar þeim sem hug hafa á að stunda veiðarnar.

Í umræðum um veiðileyfagjald, þ.e. sölu aflaheimilda, hafa komið fram ýmsar tillögur og hugmyndir um útfærslu, en með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda."

Ég ætla að sleppa því að fara yfir meira úr þessu nál. nema, með leyfi forseta, hér í lokin þar sem stendur:

„Sú niðurstaða sem birtist í frumvarpi sjávarútvegsráðherra er málamiðlun milli ríkisstjórnarflokkanna, málamiðlun milli þeirra sem ekki vilja að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum „myndi grunn að fastri aflahlutdeild", sbr. nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar við afgreiðslu frumvarps til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, og þeirra sem vilja þegar fara að stýra veiðunum með úthlutun veiðiheimilda á grunni slíkrar reynslu, sbr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands." — Þeir sem þarna er átt við eru þingmennirnir sem ég las upp hér í upphafi ræðu minnar, hæstv. forseti, sem skrifuðu allir undir þennan fyrirvara, að þeir teldu að þessar úthlutanir ættu alls ekki að mynda grunn til slíkrar úthlutunar sem hér um ræðir.

Niðurlagið í nefndaráliti jafnaðarmanna frá 30. apríl 1998 hljóðar svo, með leyfi forseta: „Niðurstaðan er bastarður sem hvorki mun uppfylla kröfur um hagkvæmar veiðar né réttláta úthlutun veiðiheimilda.

Annar minni hluti mun ekki styðja þessa niðurstöðu en leggur til að í stað slíkrar málamiðlunar verði veiðarnar frjálsar enn um sinn, sbr. breytingartillögur þar um í sérstöku þingskjali, enda sé það næstbesti kostur við veiðistjórnun þegar aðstæður eru eins og nú varðandi norsk-íslenska síldarstofninn."

Hæstv. forseti. Þarna var verið að bregðast við enn einni bráðabirgðaniðurstöðu ríkisstjórnarinnar og hæstv. sjútvrh. sem allar hafa greinilega verið hugsaðar í eina átt, þ.e. að teygja tímann þangað til að þeir teldu að það hentaði að gera þessi veiðiréttindi að eign, framtíðarréttindum þeirra sem stunda útgerð þeirra skipa sem hér um ræðir.

Og á 125. löggjafarþingi er þetta mál enn á ferðinni. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að grípa hér niður í álit 2. minni hluta sjútvn. vegna sambærilegs máls þá:

„Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38/1998 er ríkisstjórnin að leggja til að skip sem voru við síldveiðar á árunum 1995, 1996 og 1997 fái veiðiheimildir afhentar af hálfu hins opinbera án endurgjalds og þurfi síðan ekki að veiða neitt en megi umsvifalaust selja allar þær veiðiheimildir sem þau fá." — Nú voru menn komnir á þennan punkt. Nú voru menn orðnir tilbúnir að leyfa mönnum að selja réttindin. Þetta var á árinu 1998. — „Önnur skip sem fá veiðiheimildir en voru ekki við síldveiðar á árunum 1995, 1996 eða 1997 mega hins vegar ekki framselja neitt heldur verða þau að veiða allt." — Allt sem þau fá úthlutað. — „Í desember árið 1998 féll frægur dómur, nr. 145, í Hæstarétti. Meginniðurstaða hans var sú að það samræmdist ekki atvinnufrelsis- og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þeir einir gætu fengið veiðileyfi sem hefðu haldið skipum sínum til veiða á tilteknum árum. Í janúar síðastliðnum féll í undirrétti svokallaður Vatneyrardómur þar sem niðurstaðan er sú að sama eigi við um veiðiheimildir og það sem Hæstiréttur komst að niðurstöðu um varðandi veiðileyfi, að það samræmdist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þeir einir fengju úthlutað veiðiheimildum eða kvóta sem leiði rétt sinn til reynslu tiltekinna ára."

Og nú langar mig til þess að setja fram hugleiðingar mínar um þá niðurstöðu sem þarna var vitnað til, þ.e. að Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu, reyndar eftir að ríkisstjórnarflokkarnir höfðu túlkað dóm Hæstaréttar með tilteknum hætti og síðan fellur annar dómur, og niðurstaðan er sú, hvort sem mönnum líkar það nú betur eða verr að þá stendur sá dómur Hæstaréttar eftir að það hafi verið brot á stjórnarskránni að veita mönnum ekki veiðileyfi ef þeir sækti um.

Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni hvort þeirrar veiðireynslu sem ríkið hefur verið að viðurkenna sem undirstöðu fyrir réttindi útgerðarmanna til þess að fá úthlutað veiðirétti til langs tíma hafi verið aflað í því umhverfi sem

hér er verið að lýsa, þ.e. á meðan veiðileyfi voru í gildi á Íslandsmiðum sem voru brot á stjórnarskránni. Þeir sem höfðu veiðileyfi á Íslandsmiðum á þeim tíma sem veiðiréttur inn varð til sem þarna um ræðir fengu þau veiðiréttindi út á veiðireynslu sem þeir öfluðu sér á meðan aðrir gátu ekki fengið veiðileyfum úthlutað, sem Hæstiréttur hefur núna óumdeilanlega úrskurðað að hafi verið brot á stjórnarskránni.

Það hlýtur að vera ástæða til þess að draga í efa að slík réttindi standist vegna þess að það er vitað að á þeim tíma sem þetta ástand varði voru margir útgerðarmenn sem hefðu tekið þátt í útgerð ef þeir hefðu haft til þess veiðileyfi. Slík veiðileyfi kostuðu offjár og hömluðu því að aðilar kæmu til leiks, t.d. við það að veiða íslensku síldina.

Þetta nál. sem ég er að vitna í hér, hæstv. forseti, er frá 4. apríl 2000 og þegar það er lagt hér fram í Alþingi hefur niðurstöðu Vatneyrardóms verið vísað til Hæstaréttar en ekki var fallinn dómur í því máli þá. En ég vitna áfram í nál., með leyfi forseta:

„Fyrir utan það siðleysi sem felst í að afhenda réttinn til veiðanna án endurgjalds keyrir auðvitað um þverbak að ríkisstjórnin skuli leggja það til að síðan gildi ekki sömu reglur fyrir alla. Reglur ríkisstjórnarinnar fara eftir því hvort skip var við síldveiðar árið 1995, 1996 eða 1997. Það ræður hvernig þau eru meðhöndluð. Þetta eru töfraárin að mati ríkisstjórnarinnar, þau ár sem gefa rétt til úthlutunar ókeypis gæða sem síðar má selja. Ef viðskiptin með veiðiréttinn eru talin svona mikilvæg, af hverju eru veiðiheimildirnar þá ekki boðnar út þannig að allir sitji við sama borð?

Þegar lögin um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum voru sett vorið 1998, fyrir tæpum tveimur árum, og leystu af hólmi þá aðferð að nota úthafsveiðilöggjöfina sem grundvöll veiðanna, lögðu jafnaðarmenn til að síldarkvótarnir yrðu boðnir út. Það var og í samræmi við sérstakt þingmál í þá veru sem þá hafði tvisvar verið flutt af jafnaðarmönnum. Það gekk út á að úthafslögunum yrði breytt þannig að heimilt yrði að bjóða síldarkvótana út. Í því áliti sem fulltrúar jafnaðarmanna í sjávarútvegsnefnd lögðu á sínum tíma fram við 2. umr. um frumvarp ríkisstjórnarinnar sem varð að lögum nr. 38/1998, um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, kemur m.a. fram að með þeirri skipan mála að veiðarnar yrðu boðnar út væri líklegast að þau markmið fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiréttarins næðust fram.

Því áliti var jafnframt lýst að frumvarpið væri bastarður, niðurstaða málamiðlunar stjórnarflokkanna sem ekki gátu komið sér saman um hvort veiðireynsla úr síldarstofninum ætti að mynda grunn að fastri aflahlutdeild eða ekki eins og meiri hluti nefndarinnar hafði áréttað sérstaklega við setningu úthafsveiðilaganna árinu áður. Nú virðist hins vegar samstaða um málið meðal stjórnarþingmanna. Veiðireynsla á ekki aðeins að mynda grunn að fastri aflahlutdeild og veiðirétti heldur fullkominn framsalsrétt, nánast eignarrétt sem ókeypis er afhentur þeim sem héldu skipum sínum til síldveiða á tilteknum árum. Gildandi lög segja að sjávarútvegsráðherra eigi fyrir 1. nóvember árið 2000 að leggja fram frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Því er ljóst að með þeim breytingum sem verið er að leggja til er verið að tjalda til einnar nætur. En þar sem ríkisstjórnin kýs, þrátt fyrir það, að ganga til breytinga á lögunum í þá veru sem áður er lýst munu fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni leggja fram breytingartillögur við frumvarp ríkisstjórnarinnar og fylgja þannig eftir þeirri skoðun að líklegast sé að markmið fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiheimilda fáist með því að bjóða veiðarnar út.“

Undir þetta rituðu hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og sá sem hér stendur.

Á 126. löggjafarþingi birtist þetta mál enn á ný og sagan heldur áfram. Á því löggjafarþingi flytjum við sams konar tillögur og birtum svipað nál. og ég var að vitna hér í áðan, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og sá sem hér stendur. Á 126. löggjafarþingi flytja jafnaðarmenn frv. til laga um breytingar á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og þar eru flutningsmenn hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Össur Skarphéðinsson ásamt þeim sem hér stendur.

Tillögugreinin í því frv. er samhljóða þeirri tillögu um breytingar á þessum lögum sem ég las upp í upphafi máls míns, ég ætla ekki að endurtaka það, hæstv. forseti. En ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í grg. Þar var lagt til að þau lög, sem hefðu orðið til ef þetta frv. hefði verið samþykkt, öðluðst gildi 1. jan. 2001. Í grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 3. gr. laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, nr. 38/1998, segir að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur sjávarútvegsráðherra lagt til með frumvarpi að lögin um norsk-íslenska síldarstofninn verði áfram í gildi. Frestun þess að leggja fram nýtt frumvarp um veiðarnar byggir hann á þeirri forsendu að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna verði framkvæmd samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fiskveiða á vegum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVII í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990. Þetta frumvarp gerir hins vegar ráð fyrir að veiðarnar fari fram skv. 5. gr. laganna um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og þingmenn Samfylkingarinnar leggja því til breytingar á þeim til samræmis við það sem Samfylkingin leggur til varðandi úthlutun aflaheimilda samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða. Eins og alkunna er voru veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki stundaðar svo neinu næmi í yfir 30 ár. Á síðustu árum hefur orðið þar breyting á.“ — Og veiðarnar hafa verið stundaðar samkvæmt samningi þar um. — „Vegna þess hve langur tími leið frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum var ekki á veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem tekið hefur þátt í veiðunum. Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, hafa flest horfið úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra eru hættar störfum. Það fyrirkomulag sem gilt hefur við veiðarnar á undanförnum árum átti ekki að skapa grunn að fastri aflahlutdeild, sbr. álit meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um veiðar utan lögsögu, 57. mál á 121. þingi, þar sem segir: „Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild.““

Ég held, hæstv. forseti, að ég sé í þriðja sinn að nefna í ræðu minni þá yfirlýsingu, og ég las hana upp í upphafi ræðu minnar, sem hv. þingmenn stjórnarflokkanna skrifuðu undir. En áfram í grg. frá Samfylkingunni í janúar 2001, með leyfi forseta:

„Samfylkingin telur að löngu sé tímabært að skipa þessum málum til frambúðar og skapa veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum lagaramma og starfsumhverfi þannig að útgerðir þeirra viti að hverju þær ganga. Lagt er til að um veiðarnar gildi lögin um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og að veiðarnar séu boðnar út, einnig að sjávarútvegsráðherra ákveði útboðsskilmála og skal þar kveðið á um hámark þess aflamarks sem heimilt er að bjóða í vegna einstaks fiskiskips, skilafrest á tilboðum og önnur atriði er máli skipta vegna útboðsins.

Þessi stefna er í samræmi við þá stefnu Samfylkingarinnar að bjóða eigi út nýtingu takmarkaðra gæða sem eru í þjóðareign eða þjóðarforsjá."

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að ég hefði gjarnan viljað hafa þessa ræðu mína betur skipulagða en hún er, en vandi minn er sá að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir átti að hafa framsögu fyrir okkur samfylkingarmenn hér í dag en hún hafði ekki gert ráð fyrir því að vera á fundi hér svo seint á laugardegi og gat því ekki mætt til starfans. Ég hef þess vegna flutt þessa framsögu og hafði ekki tækifæri til þess að skipuleggja þessa ræðu eins og best hefði verið á kosið.

En áður en ég lýk þessari ræðu langar mig til þess að nefna fáeinum orðum það sem ég byrjaði á að tala um og það er að mér finnst að þessi málefni sem við erum nú að fjalla hér um, þ.e. veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, séu í raun í hnotskurn það vandamál sem við erum að fást við um eignarhaldið á nýtingunni til þess að gera út á Íslandsmiðum og hér hafi það komið einna skýrast í ljós í þessu hvað varðar norsk-íslensku síldina og svo í þeim atriðum sem ég taldi upp áðan, þ.e. þegar íslensk stjórnvöld hafa með ýmsum aðferðum verið að koma eignarhaldi og réttindum til þess að stunda útgerð á Íslandi í hendur aðila án þess að fyrir því séu eðlileg málefnaleg rök sem væru fólgin í einhvers konar veiðireynslu. Það er auðvitað aldeilis hörmulegt að við skulum standa í þeim sporum að það sé búið að búa til einkaeignarrétt handa fjölmörgum útgerðarmönnum á Íslandi með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Ég sé ekki að aðferðirnar við það að koma eignarhaldinu til íslenskra útgerðarmanna sem stunda síldveiðar, íslenskra útgerðarmann sem keyptu kili uppi á landi á sínum tíma, íslenskra útgerðarmanna sem fengu sérleyfi í rækju í tvö, þrjú ár og fengu síðan úthlutað veiðiréttindum á grundvelli þess án þess að nokkrir aðrir gætu fengið tækifæri til þess að taka þátt í því að skapa slík réttindi, útgerðarmanna sem „keyptu" veiðiréttindi sunnan af landinu og fluttu norður og fengu viðbætur upp á 25% í þorskinum þess vegna, útgerðarmanna sem voru á sóknarmarki sem þeir fengu síðan úthlutað veiðiréttindum út á.

Allt voru þetta allt öðruvísi aðferðir heldur en Hæstiréttur var að vitna til þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að úthlutanir sem hefðu farið fram til útgerðarmanna hefðu átt sér málefnalegar forsendur. Ég tel að eitt af því alvarlegasta sem gerðist þegar Hæstiréttur fjallaði um þessi málefni hafi verið það að þar var ekki fjallað um þessi mál. Það er augljóst að hæstaréttardómararnir hafa ekki vitað um það sem hefur verið að gerast í gegnum tíðina vegna þess að í umræðunni hefur ævinlega verið haft uppi að útgerðarmenn hafi fengið úthlutað veiðiréttindum af því að þeir hafi verið að gera út á þeim tíma sem veiðiréttindin eru miðuð við. Og látið hefur verið að því liggja að það starfsumhverfi sem þeir voru í hafi verið eðlilegt þannig að engin sérréttindi hafi valdið því að menn hafi síðan fengið áframhaldandi sérréttindi út á þau.

Því miður er þetta svona og um þetta mætti auðvitað margt segja. Eitt langar mig að tala um í því sambandi vegna þess að ég held að ástæða sé til að gera það eins oft og mögulegt er. Því hefur nefnilega verið haldið fram lengi og af mörgum, m.a. ýmsum ágætum lögfræðingum, einn hefur þar fremstur gengið, Sigurður Líndal, sem hefur haldið því fram að veiðiréttindi á Íslandsmiðum væru atvinnuréttindi og talað um þau eins og hver önnur atvinnuréttindi. Þetta hefur ruglað marga í ríminu og margir hafa viljað meina að þarna væri þá verið að tala um sambærileg atvinnuréttindi og menn tala um í daglegu tali þegar um atvinnuréttindi er að ræða. En auðvitað er ekki slíku til að dreifa. Réttindi sem hægt er að kaupa og selja eru ekki atvinnuréttindi með sama hætti og þau atvinnuréttindi sem menn hafa eignast vegna náms t.d. og eru tengd námi og starfi þeirra manna sem fá þau.

Það er ekkert vafamál að t.d. skipstjórnarréttindi eru atvinnuréttindi. Það er ekki vafamál og um það deila menn ekki. Skipstjóri sem er útgerðarmaður hefur atvinnuréttindi sem skipstjóri. Ef þessi skipstjóri var útgerðarmaður á þeim tíma sem hamingjan féll mönnum í skaut og þeir fengu réttindi út á þá fékk hann slík réttindi í sínar hendur og sumir hafa verið að streitast við að halda því fram að þarna hafi atvinnuréttindi hans verið á ferðinni. En hvað þá um skipstjórann sem var skipstjóri á skipi hjá öðrum? Voru atvinnuréttindin þá aldrei önnur en atvinnuréttindi útgerðarmannsins? Voru atvinnuréttindin aldrei önnur en atvinnuréttindi þess sem átti hlutafé í fyrirtækinu? Eru það allt í einu orðin atvinnuréttindi manna að eiga hlutafé í fyrirtæki? Hvers slags della er þetta eiginlega sem menn eru komnir út í þegar þeir nota það sem aðalröksemd fyrir því að hægt sé að afhenda mönnum þau gæði sem hér um ræðir að þau fylgi því að eiga hlutafé í fyrirtæki?

Mér hefur fundist það vera með miklum endemum að hlusta á röksemdafærslu af þessu tagi, um þessi réttindi sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að gera að eignarréttindum fyrir útgerðarmenn á Íslandi og hið frjálsa framsal hefur gjörsamlega valdið eðlisbreytingu á því sem menn hefðu hugsanlega viljað kalla atvinnuréttindi áður. Það er auðvitað augljóst hverjum manni sem vill leggja sig í það að velta þessu fyrir sér.

Það er því ekki um það að ræða að hér séu á ferðinni atvinnuréttindi. Hér eru hins vegar á ferðinni hlunnindi eða sérréttindi og fyrst og fremst einokunarréttindi sem hið opinbera hefur ákveðið að láta í hendur tiltekinna aðila sem eru valdir, ekki með einni aðferð heldur fjölmörgum aðferðum í gegnum tíðina. Og það er fráleitt að halda því fram, eins og Hæstiréttur gerði á sínum tíma, að það hafi verið málefnalegar ástæður fyrir því að menn fengu þessar úthlutanir, nema í einhverjum tilfellum. Við getum sagt og ég býst við að Hæstiréttur hafi fyrst og fremst átt við það að hafi menn stundað veiðar þessi tilteknu þrjú ár sem oftast eru nefnd þá hafi það verið málefnalegar ástæður. En að það séu málefnalegar ástæður þegar ríkið kallar allt í einu til útgerðarmenn og segir: Við erum búin að semja um að fá að veiða síld úr norsk-íslenska stofninum, gjörið þið svo vel. Og að menn skuli síðan fá úthlutað réttindum út á slíkt, það hlýtur að vera af einhverju öðru tagi.

Það sem ég var að nefna áðan þegar sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. ákváðu á sínum tíma að ákveðinn hópur skipa mætti veiða með dragnót í Faxaflóanum, og nokkrum árum seinna var ákveðið að þessi hópur fengi úthlutað veiðiréttindum út

á þessar veiðar, lokaður hópur sem enginn fékk að koma inn í, að vísu er það ekki rétt því að þingmenn stóðu í því hér að troða einum og einum útgerðarmanni inn í þennan hóp. Og svo fengu þessir menn, sem með pólitískum þrýstingi einstakra þingmanna úr kjördæmum höfðu fengið að fara inn í hópinn, úthlutað veiðiréttindum út á allt saman. Þetta eru líklega málefnalegar ástæður fyrir úthlutun eða hvað? Nei, það er sko ekki um slíkt að ræða.

Og aftur um úthlutanir hins opinbera þar sem menn gengu svo hart fram að þess eru dæmi að hæstv. sjútvrh. hafi úthlutað tilraunaveiðileyfi í rækju til tveggja eða þriggja ára og svo úthlutað aflahlutdeild út á það eftir að þrjú árin voru liðin. Það fengu engir aðrir að koma nálægt. Þetta eru líklega málefnalegar ástæður fyrir því að viðkomandi fengju þessar úthlutanir. (**Gripið fram í:** Og tilraunaveiðar ...) Og fleiri tilraunaveiðar sem ég svo sem þekki ekki allar.

Ég segi bara eins og er og endurtek það: Mér finnst það eitt af því verra sem gerst hefur í þessari umræðu þegar Hæstiréttur féll í þá gryfju að taka afstöðu til þessara hluta á grundvelli sem hann hefur greinilega ekki kynnt sér nægilega vel.

Hæstv. forseti. Það hafa verið átök um sjávarútvegsmálin. Nú eru þrjú frv. sem liggja hér fyrir þinginu sem hæstv. aðalforseti þingsins hefur tjáð mér að hann ætli að klára umræður um á þessum þingfundi. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst í því fólgið töluvert ofbeldi á okkur þingmönnum. Í fyrsta lagi fengum við afar takmarkaðan tíma til þess að undirbúa okkur undir þessar umræður. Við þurftum að skila af okkur nefndarálitum með miklum hraða. Hér eru á ferðinni afar stór mál. Og síðan er annað sem á auðvitað eftir að ræða betur um en það hafa á síðustu stundu verið að koma fram breytingar á þeim málum sem hér um ræðir. Þriðja frv. sem liggur hér fyrir, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, var kynnt á síðasta fundi nefndarinnar og er flutt af meiri hluta sjútvn. Það frv. hefur ekkert verið skoðað til þess að athuga hvaða vandamál fylgi því að gera þessar breytingar. Og það frv. þarf líka að skoða í ljósi þess að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að nú þurfi aldeilis að taka til. Það sé líklega algjörlega ólöglegt að innheimta einhver gjöld fyrir útgerðarmenn eða iðnaðarfyrirtækin í landinu með einhverjum reglum frá Alþingi. Hið opinbera hafi líklega alls ekkert leyfi til þess að gera svona hluti. Það hlýtur því að þurfa að velta því fyrir sér hvort ástæða sé þá til þess að auka í fyrir Landssamband smábátaveiðimanna, auka í innheimtu af þessu tagi með því frv. sem nú hefur verið flutt. Samt sem áður ætlar hæstv. forseti að keyra málin áfram á fullri ferð í staðinn fyrir að nefndin hefði auðvitað átt að taka þetta mál og skoða það miklu betur.

Hitt málið sem á að ræða hérna, sem ætti að öllu eðlilegu að vera stærsta málið, er veiðigjaldsmálið, sem á víst að vera sættir ríkisstjórnarinnar við þjóðina eða heimsbyggðina, held ég, í sjávarútvegsmálum. Því ætti kannski að gera svolítið hærra undir höfði en að ræða það um miðnættið á laugardagskvöldi eða fram eftir nóttu. En það stefnir allt í það.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Ég tel að þau séu ekki eðlileg og mér finnst að hæstv. forseti sé að misbeita valdi sínu á okkur þingmönnum með þessum hætti. En ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri, hæstv. forseti. Ég fæ tækifæri til þess að tala fimm sinnum í sjávarútvegsmálunum og líklega sjö sinnum, svo ég ætla aðeins að skipuleggja þær ræður þannig að ég spili ekki öllu út í einu sem ég þarf að ræða. Ég á eftir tvær ræður í þessu máli sem ég nefndi áðan og tvær ræður í því sem ég nefndi þar á undan og svo á ég eftir eina ræðu í þessu, þannig að það verður snúið að klára sig af þessu öllu saman, en hæstv. forseti virðist ætla að keyra málin áfram þannig að okkur sé nauðugur einn kostur að nýta okkur ræðutíma okkar út í æsar, en sem betur fer verður hvíld á milli.

[17:45]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki lagt dóm á málið nema út frá því sem ég hef á milli eyrnanna en mér fannst í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, sem mér fannst mjög merkileg, hann færa mjög sterk rök fyrir því, herra forseti, að það frv., sem við ræðum hér og byggir m.a. á viðmiðun veiðireynslu fyrir hinn svokallaða Valdimarsdóm í desember 1998, fái ekki staðist vegna þess að Valdimarsdómurinn sagði réttilega að ekki væri hægt að meina mönnum að fá veiðileyfi, að allir sem vildu gera út skip ættu rétt á að fá veiðileyfi.

Veiðireynslan fyrir Valdimarsdóm var því marki brennd að hana mynduðu aðeins þau skip sem höfðu fengið veiðileyfi áður, höfðu áður verið með veiðileyfi í íslensku lögsögunni. Hæstiréttur segir í dómnum að því verði ekki viðhaldið.

Nú hagar svo til að frv. sem við erum að ræða byggir á að úthluta réttindum til manna sem m.a. eru byggð á veiðireynslunni fyrir 1998, sömu veiðireynslu og Hæstiréttur dæmdi óheimilt að meina mönnum aðgang að.

Ég velti því upp hvort hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi ekki í raun dregið fram í ræðu sinni að frv. sem hér er til umræðu hafi þennan stóra galla.

[17:47]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég taldi mig reyna að koma nákvæmlega þessu á framfæri. Ég tel að grundvöllurinn fyrir veiðireynslunni hafi í raun brostið, þeirri veiðireynslu sem varð til áður en dómurinn féll, vegna dóms Hæstaréttar. Dómur Hæstaréttar setti, að mínu viti, alla sem voru í útgerð fyrir þann dóm undir sama hatt hvað þetta varðar. Hann taldi að þeir hefðu fiskað á Íslandsmiðum á sama tíma og aðrir sem hefðu haft áhuga á því og vildu gera út höfðu ekki aðgang að veiðileyfum. Það var sem sagt einokunarfyrirkomulag á Íslandsmiðum sem Hæstiréttur dæmdi sem brot á stjórnarskránni. Það var nú ekkert minna.

Ég tel fráleitt að halda því fram að menn eða útgerðarfyrirtæki geti eignast einhvers konar réttindi út á veiðireynslu sem verður til við þær aðstæður sem þá voru. Í raun hefðu menn strax átt að fara í það, ef menn ætluðu að halda sig við að nýta veiðireynslu til úthlutunar, að skipta strax yfir á þá veiðireynslu sem varð til í framhaldinu.

Ég hef stundum haldið því fram að það hefði getað verið lausn á ýmsum vandamálum sem við höfum glímt við í deilum um stjórn fiskveiða ef mönnum hefði ævinlega verið úthlutað veiðirétti út frá veiðireynslu síðustu þriggja ára.

[17:49]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það styðja þau rök enn frekar, að við séum hér að ræða mál sem e.t.v. fá ekki staðist lagalega framkvæmd, að þær tvær úthlutanir sem þegar hafa farið fram

á grundvelli laga nr. 151/1996, urðu fyrir daga hæstaréttardómsins í desember 1998, þ.e. úthlutunin á Reykjaneshrygg og á Flæmska hattinum.

Síðan Valdimarsdómurinn féll hefur engin úthlutun verið samkvæmt þessum lögum. Nú á hins vegar að úthluta heimildum m.a. út frá veiðireynslu sem Hæstiréttur dæmdi í raun ólöglegt að mynda, með þeim hætti að aðeins fáir útvaldir útgerðarmenn áttu kost á að afla þeirrar reynslu en ekki allir sem rétt áttu á samkvæmt Valdimarsdóminum. Samkvæmt stjórnarskránni var talið óheimilt að meina mönnum að fá veiðileyfi á skip sín og veiða úr þeim stofnum sem frjálst var að veiða.

Ég lít svo á að þó að við höfum þessi tvö fordæmi um úthlutun á úthafskarfanum annars vegar og á Flæmingjagrunninu hins vegar séum við í raun allt öðruvísi staddir í dag með þessa úthlutun. Hún byggir á að miða við veiðireynslu sem búið er að dæma rangt að veita mönnum einkarétt á að mynda, eins og var fyrir Valdimarsdóminn. Þess vegna er frv., sem byggir á að taka tillit til áranna frá 1994, meira en vafasamt. Ég tel vafa leika á að við förum með því að landslögum.

[17:51]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar að vandinn sé ansi mikill hvað þessa hluti varðar. Mér finnst raunar engin nothæf leið til staðar önnur en að opna veiðar með frjálsum hætti og láta menn keppa um þau réttindi sem um er að ræða. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson var að segja, að í raun er allur þessi veiðiréttur í uppnámi. Hann hefur í raun ekki neitt á bak við sig, ekkert eðlilegt umhverfi. Þar á ofan kemur dómurinn sem segir að umhverfið sem þarna var hafi verið brot á stjórnarskránni.

Skásti kosturinn hjá þeim sem vilja fara leið eins og þessa hefði verið að úthluta á grundvelli þeirrar veiðireynslu sem hefur orðið til eftir dóminn. En það er ekki nógu gott heldur. Sú veiðireynsla er líka fengin í vitlausu umhverfi af því að menn hafa verið að veiða á grundvelli reglna sem voru komnar á. Þannig bítur þetta mál í eigið skott.

Samt sem áður tel ég að ástæða væri til að lögspekingar færu í gegnum þetta. Mér finnst í sjálfu sér að allur veiðiréttur sem orðið hefur til á Íslandsmiðum eftir þennan dóm, sem byggist á einhverri veiðireynslu, hljóti að vera í uppnámi ef menn velta þessum hlutum fyrir sér.

[17:53]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 151 27. des. 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Eins og fram hefur komið hófust veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum aftur hér við landi árið 1994, þá eftir 27 ára hlé. Íslendingar byrjuðu á því að veiða 21 þús. lestir af síld þegar veiðarnar hófust.

Ég hef undirritað nál. frá meiri hluta sjútvn. með fyrirvara. Ég er áheyrnarfulltrúi í sjútvn. og hef ekki stöðu þar sem fulltrúi í nefndinni. Ég geri í sjálfu sér ákveðna fyrirvara við frv. þótt ég velji þá leið að hafa fyrirvara við nál. Ég hef fyrirvara við að aflahlutdeildinni skuli úthlutað varanlega. Ég byggi það á því að við gerum okkur auðvitað öll vonir um að þessir stofnar eigi eftir að stækka og dafna. Við erum að vísu búin að bíða í mörg ár eftir því að hann gangi hér inn að Íslandsströndum og það hefur látið á sér standa þrátt fyrir góðar og miklar væntingar á undanförnum árum. En vonin er ekki úti.

Við sem munum síldarárin vonumst til þess að norsk-íslenska síldin taki aftur upp sitt fyrra hegðunarmunstur og við getum veitt hana frá ströndinni og gert úr henni mikil verðmæti. Þess vegna finnst mér að við hefðum ekki átt að fara út í aflahlutdeildarúthlutun og byggja hana á veiðireynslu frá 1994–2001. Ég tel að farsælla hefði verið að úthluta aflamarki og þar með ekki varanlegum kvóta heldur gera það með úthlutun frá ári til árs miðað við þá kvóta sem við semjum um við viðsemjendur okkar, þ.e. Norðmenn, Rússa og Evrópusambandið. Eins og ég segi bindum við miklar vonir við að kvótarnir stækki í framtíðinni og ekki síður við að síldin gangi inn í lögsögu okkar, komist nær ströndinni og þar með sjávarbyggðum.

Ég hef líka sterkan fyrirvara vegna þeirrar staðreyndar að síldar- og loðnuveiðiflotinn fékk á erfiðleikaárum sínum úthlutað þorski, þorskígildum. Það mun hafa verið 1991. Ég tel að koma hefði átt inn í þetta frv. innköllunarákvæði á þeim kvóta og legg stuðning minn við það.

Ég batt vonir við að menn byggðatengdu kvótann og ég sagði það í fyrri ræðu minni um þetta mál. Ég hefði viljað sjá möguleika á byggðatengingu ef um aukningu yrði að ræða og síldin færi að ganga líkt og við vöndumst af henni á árum áður þannig að sjávarbyggðir við ströndina, stærstu síldarstaðir frá Húnaflóa og austur um Norðurland og suður um Austfirði, hefðu hlutdeild í þeim stækkunarmöguleikum sem væru fyrir hendi.

Ég geri þessa miklu fyrirvara en geri mér samt grein fyrir því að um veiðar uppsjávarfisks hefur ríkt tiltöluleg sátt, held ég að megi segja. Það hefur gengið vel í þessum útgerðarflokki og engin stórátök orðið. Það má segja að stærstu átökin um fiskveiðar við Íslandsstrendur séu um bolfiskveiðarnar enda eru þær langafdrifaríkastar hvað sjávarbyggðir landsins varðar. Það er mikið til á þeim grunni sem ég hef ekki séð ástæðu til að amast mikið við þessu frv.

Þó vil ég segja það að mér finnst mjög athyglisvert mál hafa komið upp í umræðunni hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, þ.e. um Valdimarsdóminn. Miðað við það sem fram kom í ræðu hans varðandi það að miði menn við veiðireynslu fyrir Valdimarsdóm, eins og hér er verið að gera, geti það hreinlega verið ólöglegt og við lent í miklum barningi með það á seinni stigum þegar búið er að samþykkja lögin. Þessi mál hafa ekki komið sterkt upp í umræðunni og raunar ekki í sjútvn. þegar fjallað var um málið. Eftir að hafa hlýtt á mál hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar varðandi þetta atriði held ég að við neyðumst til — ég fer þess á leit, virðulegi forseti, við hv. formann sjútvn. — að skoða málið milli 2. og 3. umr.

Að mínum dómi færir hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson svo sterk rök fyrir því — raunar hv. þm. Jóhann Ársælsson líka — að e.t.v. séum við þarna að fremja lagabrot að það þurfi aldeilis að skoða vel áður en lengra er haldið. Verr væri af stað farið en heima setið ef við lendum strax í uppnámi með þetta. Þegar maður skoðar þetta í því ljósi virðist augljóst að hér sé um að ræða viðmiðun sem tekur til tímans fyrir Valdimarsdóminn. Það kallar e.t.v. á átök seinna, að menn vilji ræða réttindi sín og komast til botns í þessu máli.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti réttilega á að við höfum ekki staðið frammi fyrir svona úthlutunum frá því dómurinn féll. Í sjútvn. var þetta mál ekki rætt ítarlega. Ég held að við hefðum átt að kveikja á því fyrr og fá ítarlega úttekt á þessum hluta málsins. Þá er nú staðan sú að við

þyrftum, virðulegi forseti, e.t.v. að salta þetta mál, skoða það í nýju ljósi og nota gamlar úthlutunaraðferðir enn um sinn þangað til við erum búin að komast til botns í því hvernig við ætlum að skipa þessum málum til framtíðar.

Virðulegur forseti. Ég set þessa sterku fyrirvara við þetta mál. Hlutur Íslands úr leyfilegum heildarafla hefur síðan 1995 verið 132–233 þús. lestir á ári. Ég gat þess áðan í ræðu minni varðandi bollaleggingar um aflahlutdeild eða aflamark, að auðvitað gerum við okkur öll vonir um að þessi síldarstofn stækki og gangi inn í lögsöguna. 132–233 þús. lestir í okkar hlut eru ekki verulegt magn þegar við lítum á síldveiðar okkar í sögulegu samhengi. Ætli við höfum ekki verið að veiða á bestu árunum í kringum 600 þús. lestir.

Hér er náttúrlega um mikinn mun að ræða frá því sem áður var. Ég vona að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson leiðrétti mig ef ég fer með rangt mál en ég held að 600 þús. lestir hafi veiðst hin bestu veiðiár.

Á grunni þessara laga er alveg ljóst að með því að fá aflahlutdeild eygja viðkomandi aðilar möguleika á gríðarlegum verðmætum, þ.e. ef við höfum í huga þann möguleika að stofninn stækki og okkar hlutur verði stærri. Það eru staðreyndir málsins. Þess vegna held ég að það hefði átt að vera inni í lögunum að útgerðarfélögum með veiðireynslu í þessu væri úthlutað aflamarki og síðan aukningu eftir því sem verkast vill og helst með byggðatengingarákvæðum, þ.e. þeirri aukningu sem væntanlega kæmi í okkar hlut með samningum við Norðmenn, Rússa og Evrópusambandið. Ég tel mikilvægt að þetta komi fram í umræðunni.

Síðan nefndi ég innköllunina á kvóta sem þessi útgerðarflokkur fékk vegna minnkandi loðnuafla. Það er í sjálfu sér eðlilegt að frá þeim hluta flotans sem fékk frá öðrum vegna erfiðleika, sjái hann fram á betri tíma og aukningu, séu innkallaðar þær veiðiheimildir sem þeim voru veittar til að koma sér yfir erfiðasta hjallann. Þeir fengu þær veiðiheimildir frá öðrum þannig að mér finnst það eðlilegt.

Virðulegi forseti. Ég held að ég fari ekki mikið fleiri orðum um þetta mál. Ég hef gert grein fyrir fyrirvörum mínum við þetta frumvarp. Ég hef fylgst með umræðunni og, eins og við þrír hv. þm. höfum bent á, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og hv. þm. Jóhann Ársælsson og ég, hvatt til skoða stöðu málsins í ljósi þess að hér er um aflareynslu að ræða sem aflað var fyrir Valdimarsdóminn. Það held ég að sé mál málanna í þessari umræðu núna, að frv. gæti verið á mjög veikum grunni reist og kannski ólöglegum þegar upp er staðið. Ég held að við ættum að fara fram á það í umræðunni, við formann hv. sjútvn., að þetta mál verði skoðað af lögfróðum mönnum og við setjumst niður við fyrsta tækifæri til að fara yfir það á nýjan leik. Í því ljósi þarf að skoða allt dæmið upp á nýtt.

[18:06]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara ein athugasemd sem ég vil gera. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson taldi að þessi floti gæti skilað inn einhverju af þeim heimildum sem hann fékk á árunum 1991. Ég dró þetta m.a. fram í ræðu minni sem rök fyrir því að innskilareglan yrði nú tekin í gagnið.

Hvers vegna er ég að fara í andsvar út af þessu? Það er vegna þess að þær heimildir sem flotanum voru úthlutaðar 1991 eru ekki lengur til staðar á þessum flota. Útgerðir skipanna sem fengu þessar heimildir skiptu þeim út, þeir fengu úthlutað rækju og þeir fengu úthlutað botnfiskveiðiheimildum sem sérstökum uppbótum vegna loðnubrestsins. Síðan fóru menn að versla með þessar heimildir. Sumir skiptu þeim fyrir síld. Aðrir losuðu sig við þorskheimildirnar og fengu rækju. Sumir losuðu sig við rækju og fengu botnfiskheimildir og skiptu þeim síðar út fyrir síld.

Þær heimildir sem úthlutað var sem bótum er ekkert hægt að sækja til baka, menn eru búnir að gera þær að verslunarvöru. Þess vegna dró ég skýrt fram að eðlileg væri að ef fara ætti að úthluta þessum réttindum yrði flotinn látinn vinna með innskilareglunni. Ég tel að það sé eina aðferðin til að ná einhverju til baka inn í lögsöguna þar sem ekki var gert ráð fyrir því á sínum tíma að heimildirnar sem þeir fengu væru ekki framseljanlegar. Hefði það verið gert hefði það bara verið veiðiréttur og þeir hefðu orðið að skila hinu sama til baka þegar tíð þeirra batnaði. Þá væri ekkert vandamál að fara þá leið sem hv. þm. minntist á. Hún er ekki fær, þess vegna er innskilareglan svo mikilvæg í þessu máli.

[18:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. um að málið er flókið vegna þess hve mörg ár eru liðin og vegna þess að menn hafa verslað með vöruna. Ég er ekkert ósammála honum um þá aðferð sem hann nefndi í ræðu sinni, þ.e. innskilaregluna. Ég gæti jafnvel tekið undir það að innskilareglan væri tengd hugsanlegri aukningu ef við sjáum fram á hana. Ég þakka bara hv. þm. fyrir ábendinguna. Ég geri mér grein fyrir því að málið er flókið og aðhyllist þá aðferð sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni.

[18:09]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða um frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Þau ákvæði lúta að því hvernig deila eigi út heimildum til veiða á síldinni úr norsk-íslenska síldarstofninum. Af þeim stofni veiddu Íslendingar lengi vel, allt til ársins 1968 en þá varð hrun eins menn muna. Það hafði mikil áhrif á lífið í plássunum þar sem síld hafði verið verkuð og söltuð. Síðan hefur stofninn náð sér á strik og við erum farin að veiða aftur úr honum. Það hefur verið gert eftir ákveðnum reglum sem segir um í lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Hvernig á að deila út þessum rétti? Það er ekkert óeðlilegt að þeir sem hafa stundað veiðarnar fái rétt til að veiða þar áfram. Við erum sammála um að þeir eigi að hafa möguleika til þess enda ekkert óeðlilegt við það. Spurningin er hins vegar, þegar við erum að deila út úr sameiginlegum sjóði eins og hafið er: Hvaða reglur á að nota? Þá má líka spyrja sig að því hvaða viðhorf menn hafa til náttúrunnar í þeim tilvikum, hvernig eigi að umgangast náttúruna.

Sú skoðun nýtur nú æ meira fylgis um allan heim að náttúran sé ekki auðlind sem hægt er að moka endalaust úr án þess að hún beri skaða af. Við sjáum þess dæmi víðar í löggjöf og alþjóðasamþykktum um umgengni við náttúruna eins og Kyoto-samkomulagi. Alls konar umhverfisráðstefnur eru líka haldnar í því skyni að vernda náttúruna.

Reyndar ganga menn hins vegar oft út í öfgar. Þá detta mér í hug hvalveiðar, hvernig hvalafriðun er orðin í dag. Það má ekki veiða hval nema á einstökum svæðum með ákveðnum skilyrðum. Ég tel tímabært að við förum að taka á því máli, að leyfa hvalveiðar og vinda okkur í það, herra forseti, að Íslendingar geti hafið hvalveiðar að nýju til nytja.

Ég man eftir því, herra forseti, þegar ég var barn í sveit fyrir ofan Dalvík, hvað það var gott þegar menn komu með hrefnu eða hnísu, hvað kjötið var gott og hve góður matur var í því kjöti.

Nú er sú tíð ekki lengur. Vonandi munum við snúa okkur að því að fara að veiða hval sem etur mikið af síld í sumum tilvikum og keppir við síldina um fæðu, sérstaklega skíðishvalir í átunni. Ég nefni þetta í þessu samhengi, herra forseti, því að náttúruverndin og það að menn aðhyllast stífa náttúruvernd getur leitt af sér mikil vandræði eins og margir álíta í sambandi við hvalinn hér við land og jafnvel víðar sem keppir við bæði menn og fiska um fæðuna. Því stærri sem hvalastofninn verður því erfiðara verður um vik fyrir sjómenn og þorskinn og aðra að þrífast. Svona er nú lífkeðjan.

Herra forseti. Ég vona að fljótt verði farið að huga að hvalveiðunum.

Á hinn bóginn gætum við okkar ekki nógu mikið í sambandi við verndun náttúrunnar og hugsa ég nú til hafsins áfram, t.d. hafsbotnsins. Við höfum tekið eftir, og sumir sjómenn hafa tekið þátt í því eðlilega, mikilli þróun veiðarfæra. Það er ekki sama hvernig veiðarfæri eru notuð og hvernig þau vinna á botni hafsins. Hlerar eru orðnir miklu þyngri og meiri og toggeta skipa er orðin mun meiri en hún var. Því hafa menn jafnvel hætt sér meira inn á svæði sem voru þannig að þau sköpuðu mikið rifrildi í trollunum og menn þurftu að standa lengi við að bæta á dekkinu. En mér er sagt að þeim stöðum fækki þar sem rifrildi á sér stað, þar sem trollin rifna eða veiðarfærið vegna þess að búið sé að slétta botninn svo víða og með þeim afleiðingum að það getur hugsanlega líka haft áhrif á lífríkið og skemmt jafnvel uppeldisstöðvar fiska.

Herra forseti. Það þarf að fara að huga meira að verndun hafsins. Mikið er talað um verndun hálendisins og er það náttúrlega vel. Talað er um loftið. Það er talað um ósonlagið. En minna er talað um djúpin og held ég að nú sé kominn tími til að slá upp einni góðri og myndarlegri ráðstefnu um það hvernig eigi að vernda botn hafsins. Jafnvel hefur verið rætt um að þjóðgarðar gætu verið í hafinu, þ.e. sem nytu sömu verndar. (Gripið fram í.) Við gætum alveg hugsað okkur ákveðin svæði í kringum landið algjörlega friðuð fyrir öllum ágangi þannig að menn gætu fylgst með þeim, þó að vísu ekki með sama hætti og fólk fer um þjóðgarða hér og erlendis. Hins vegar eru náttúrlega til alls konar tæki og tól sem geta hjálpa mönnum til þess að sjá hvernig þróunin er.

Því hefur jafnvel verið haldið fram að ef stór svæði í hafinu verða friðuð, herra forseti, þá safnist þar fiskur sem skynjar friðinn þar og róna og í nágrenni og í jöðrum þessara þjóðgarða kemur svo fiskur af hinu friðaða svæði. Það ber að ganga vel um hafið og ég tel, eins og ég sagði áðan, herra forseti, að það verði að huga meira að þessu.

Ég nefndi áðan trollin. Komið hafa til mín menn, reyndir sjómenn og skipstjórar, sem lýsa áhyggjum sínum yfir því að í sumum tilvikum geti snurvoðin verið mjög afkastamikið og skemmandi veiðarfæri. Þar sem áður voru bara einfaldar keðjur eru nú komnir jafnvel bobbingar og járnkúlur til þess að auðveldara sé að draga voðina eftir botninum og að hún sé þannig orðin að íhuga verði og endurskoða þær reglur sem gilda um veiðar á snurvoðabátum.

Það eru sjómenn sem benda öðrum fremur á þetta. Jafnvel þó að þeir hafi hag af því að fá fiskinn úr hafinu, er hugur þeirra þannig að þeir vilja náttúrlega ekki ganga þannig á auðlindina að hún eyðileggist og þau skilyrði og kjör sem fiskar þurfa að alast upp við.

Sagan um síldina, norsk-íslenska stofninn, er eiginlega til að minna okkur á hvernig getur farið og hvað margt er hverfult í þessari veröld. Menn ganga út frá því að þeir búi við allsnægtir og góða daga, oft miklu lengur en gerist. Við sáum það best þegar hrunið varð í þessum stofni. Síðan fara menn að veiða aftur þegar stofninn fer að hressast og þá þarf náttúrlega að hafa reglur um það og skiptingu á milli þeirra þjóða sem gera tilkall til stofnsins.

Já, það er ekki sama hvernig menn deila út auðlindum. Við sjáum það víða um heim, herra forseti, að til eru lönd sem eiga miklar auðlindir, demanta jafnvel og gull í jörðu. En fáir hafa aðgang eða möguleika til þess að nýta sér það. Til eru t.d. sögur frá Suður-Afríku þar sem örfáir einstaklingar áttu námurnar og höfðu svo þræla til að ná í demantana. Að vinnudegi loknum, eða löngum vinnustundum eins og stundum í þinginu þegar búið að vinna fleiri, fleiri klukkustundir án hvíldar, fóru menn heim en voru þá jafnvel berháttaðir. Það var gert til að leita á þeim svo hægt væri að útiloka að þeir reyndu að stela af þeim sem áttu auðlindina og töldu sig eiga hana. En auðvitað er þetta ekki þannig. Siðferði okkar tíma varðandi hafið, a.m.k. í hinum vestrænu ríkjum, er að minni hyggju það, herra forseti, að maðurinn er ráðsmaður á jörðinni og á að ganga vel um auðlindina og yrkja jörðina og skila henni ekki síðri en þegar hann byrjaði starf sitt. Hið sama á við um í samskiptum manna.

Það var átakanlegt dæmið sem ég nefndi áðan frá Suður-Afríku, herra forseti, um hvernig auðlindinni var skipt þar, þ.e. varðandi demantanámurnar. Örfáar hræður áttu demantanámurnar og svo unnu þrælarnir hjá þeim og fengu ekkert og ef þeir mögluðu voru þeir barðir eða jafnvel teknir af lífi. Þetta viljum við ekki sjá, enda er þetta ókristilegt athæfi og við fordæmum þetta.

Til eru líka ríki í dag sem hafa þetta þannig, herra forseti, því til eru kannski miklar auðlindir í þeim ríkjum og í þeim löndum, að örfáir hafa aðgang að þeim. Þeir sem hafa aðganginn eru vellauðugir, velta sér upp úr vellystingum og líður jafnvel illa af því þeir eiga svo mikinn auð. Á sama tíma fá aðrir ekki að njóta þess nema að litlu leyti. Ef við setjumst upp í flugvél og fljúgum í kringum hnöttinn þá sjáum við marga slíka staði.

Það hlýtur að vera vilji okkar og löngun að hafa samfélagið og löndin þannig uppbyggð að þeir sem í þeim búa hafi jafnan rétt og jafna möguleika til að geta notið þeirra auðlinda eða gæða sem náttúran veitir á hverjum stað.

Herra forseti. Ég minnist þess að árið 1974 voru nokkrir bændur á Hellnum á Snæfellsnesi. Hver þeirra var með sína trillu og menn fengu að róa til fiskjar. Það var fallegt að vera um borð í trillunni á skakinu og horfa á jökulinn, hvítan og fallegan. Náttúran undir jökli var fögur þegar menn voru á skakinu þar á bátum sínum, voru að veiða, veiddu fiskinn og fóru svo með hann í land og söltuðu, gerðu að honum sjálfir. Nú er það svo að ef jörð væri seld þar eða á einhverjum svipuðum stað, kannski rétt fyrir norðan Dalvík, nefni svona staði, eða á Vestfjörðum, og mönnum dytti í hug að vera með nokkrar skjátur og trillu til að veiða fisk og eitthvert lítilræði til að salta og selja þá mundi slíkt kosta tugi ef ekki hundruð milljóna. Þetta finnst mér nokkuð ankannalegt, herra forseti, og ég tel að við ættum að reyna að vinda ofan af þessu kerfi í stað þess að styrkja það sífellt með frv. eins og liggja nú

fyrir þinginu, þessu hér sem nú er til umræðu, frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Þetta frv. snýst um að afhenda fáum aðilum allan réttinn til að veiða okkar hlut í norsk-íslenska síldarstofninum á grundvelli aflareynslu á árunum 1994–2001. Það er merkilegt að þetta skuli gert svona. Það er líka nokkuð merkilegt að þetta skuli gerast þegar hugmyndir um frjáls viðskipti, frjálsa verslun, frjálsan markað og eðlilega samkeppni eru nokkuð ráðandi í umræðum um efnahagslíf þjóðanna, hvernig því sé best varið. Auðvitað er mjög gott að samkeppni sé á milli manna, milli útgerða og annað. Þess vegna tel ég þetta nokkurn fingurbrjót miðað við þá stefnu sem Sjálfstfl. kennir sig við, samkeppnina og allt það. Það er nokkur mótsögn að minni hyggju, herra forseti, að þetta skuli gert svona.

Hér eru nál. sem fylgja þessu frv., eftir að það hefur fengið umfjöllun í sjútvn. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að benda á að ég er sammála nál. samflokksmanna minna í sjútvn., hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og Svanfríði Jónasdóttur. Einnig vil ég taka undir margt af því sem segir í nál. hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, sem er í 1. minni hluta sjútvn. Í nál. frá 2. minni hluta sjútvn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þetta frumvarp sjávarútvegsráðherra byggist á tveimur atriðum, að Fiskistofa úthluti einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum á grundvelli aflareynslu þeirra frá því að veiðar hófust aftur á stofninum árið 1994“ — það voru mikil gleðitíðindi, herra forseti, að þær veiðar hófust aftur — „ og síðan er sú regla áréttuð að hafi skip komi í stað annars njóti það aflareynslunnar. Þessar breytingar eru lagðar til eftir að ákveðið hefur verið að veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum falli undir 5. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands og að aflahlutdeildum verði úthlutað á skip.“

(**Forseti** (HBl)**:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því.

(**Forseti** (HBl)**:** Má ég óska eftir því að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni um stund?)

Já, ég tek þá ósk til greina, herra forseti.

(**Forseti** (HBl)**:** Takk fyrir það. Þetta mál er tekið út af dagskrá um hríð.

Umræðu frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 1. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 729. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 1264.

[18:35]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Þetta frv. er flutt af meiri hluta sjútvn. sem skipa auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Hjálmar Árnason og Helga Guðrún Jónasdóttir.

Hér er einfaldlega brugðist við vegna ákvæðis í frv. til laga um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um að bátar á krókaaflamarki geti orðið allt að 15 brúttótonn að stærð í stað þess að vera 6 brúttótonn eins og núna er.

Þetta hefur í för með sér að að óbreyttum lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun mundi það hafa áhrif á tekjustreymi til Landssambands smábátaeigenda. Það er hins vegar ekki meiningin með breytingum á stærðarmörkum smábátanna. Það er eingöngu verið að bregðast við hugmyndum margra smábátaeigenda sem telja mikilvægt að fá svigrúm til að stækka báta sína til að auka sjóhæfni þeirra og öryggi sjómanna og enn fremur til að tryggja betur hráefnisöflun til fiskvinnslufyrirtækja sem byggja allt sitt á smábátaafla. Af þessu leiðir að til að tryggja það að fjárstreymi til Landssambands smábátaeigenda breytist ekki þarf að flytja sérstakt frv. til að breyta lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun og það felst í frv. sem hér um ræðir.

[18:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun kom allt í einu upp á í fundi sjútvn., þeim síðasta sem haldinn var. Þá birtust menn allt í einu með þetta frv. Það hefur náttúrlega ekki hlotið eðlilega þingmeðferð og þarf auðvitað að fara fyrir nefndina eftir þessa umræðu. Það þarf að halda fund í nefndinni um málið.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vek athygli hv. þm. á því að þetta mál hefur hlotið eðlilega þingmeðferð og er hér á dagskrá samkvæmt samþykki Alþingis, en það var samþykkt án mótatkvæða í dag að málið skyldi tekið fyrir og er Alþingi sjálft dómari um það hvað er þinglegt og ekki þinglegt í þessum efnum.)

Hæstv. forseti. Ég var ekki að ræða um það hvort þetta mál væri þinglegt eða ekki heldur var ég að tala um að þetta mál er flutt af meiri hluta sjútvn. Það hefur ekki verið sent til umsagnar og hefur ekki verið kallað í aðila sem eiga hlut að máli til að ræða um það með neinum hætti. Ég tel að alls ekki hafi verið fjallað eðlilega um það fyrr en nefndin hefur tekið málið upp aftur. Mér skilst — ég stend alla vega í þeirri meiningu og verð leiðréttur ef það er rangt — að mál sem flutt er með þessum hætti þurfi að fara aftur fyrir nefndina og nefndin að fjalla um málið eftir 1. umr. þess. Ég stend í þessari meiningu. Það var það sem ég átti við þegar ég sagði að það hefði ekki hlotið eðlilega þingmeðferð enn sem komið væri. Ég set ekkert út á það, enda tók ég þátt í því að afgreiða það í dag, að málið fái að koma á dagskrá.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vek athygli hv. þm. á því að það er alsiða og að ég hygg venja að mál sem nefndir flytja gangi til 2. og 3. umr. án þess að þeim sé vísað til nefndar.)

Hæstv. forseti. Ég mótmæli þessu og tel afar óheppilegt ef þannig verður staðið að málum í þessu máli, einfaldlega vegna þess að hér er ekki um það að ræða að nefndin flytur málið. Hér er um það að ræða að meiri hluti nefndar flytur málið. Það er ekki nefndin sem slík sem flytur það heldur meiri hluti nefndarinnar. Ég tel fulla ástæðu til þess og mun færa rök fyrir því í máli mínu hér á eftir að kalla til hagsmunaaðila til að ræða um áhrif af þessari lagabreytingu.

Vegna þeirrar tillögu sem liggur fyrir um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða, sem eru hér á dagskrá og gert er ráð fyrir að ræða á eftir, er gert ráð fyrir að smábátar sem núna eru undir 6 tonna mörkum, þeir sem hlíta þeim reglum, geti stækkað eða fengið sér nýja báta, látið smíða eða keypt sér nýja báta sem eru allt að 15 brúttótonnum. Þegar menn fóru síðan að athuga málið kom í ljós að lögin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun mundu komast í uppnám að því leyti að ýmsir af þeim sem greitt hafa til Landssambands

smábátaeigenda, samkvæmt lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, mundu ekki endilega gera það í framhaldinu, þeir gætu vikið sér undan því vegna þess að í lögunum er ekki gert ráð fyrir því að svo stórir bátar séu innan þess kerfis.

Af þessum sökum ákvað meiri hluti nefndarinnar á síðasta fundi hennar að flytja þetta mál. Það var lagt þar fram og kynnt í fyrsta skipti þannig að við höfum ekkert tækifæri fengið til að kynna okkur hvaða áhrif gætu hugsanlega orðið af málinu. Ég tel að full ástæða sé til að fara yfir þetta og skoða málið vel þar sem vel kemur til greina að einhver vandamál fylgi þessari breytingu. Við erum að tala um báta sem orðnir eru stærri en þeir sem nú tilheyra hópnum sem Landssamband smábátaeigenda hefur yfir að ráða, báta yfir 12 lestum og þá kemur til skylduskráning á bátum sem eru ekki undir þeim mörkum. Þarna getur ýmislegt komið til.

Síðan er annað, hæstv. forseti, sem er ástæða til þess að vekja athygli á. Hæstv. forsrh. hefur undanfarna daga ítrekað verið með yfirlýsingar um það, þess er skemmst að minnast þegar Samtök iðnaðarins birtu fræga skoðanakönnun um áhuga Íslendinga á að ganga í Evrópusambandið, að það væri kannski ástæða til að skoða hvort ríkið ætti ekki að hætta að innheimta gjöld fyrir Samtök iðnaðarins. Bíddu nú við, af hverju er ég að nefna þetta? Það er vegna þess að lögin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun eru af nákvæmlega sama tagi og lögin þar sem verið er að innheimta gjöld til iðnaðarins, fyrir iðnaðinn á vegum hins opinbera. Sé það ólöglegt liggur það auðvitað í augum uppi að lögin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun eru líka í uppnámi.

Er skynsamlegt að breyta þeim lögum, bæta inn í lögin eða stækka þann hóp sem undir þau fellur? Ég er ekki að halda því fram að ekki eigi að gera þessa breytingu. Ég held því hins vegar fram að ástæða sé til að skoða málið betur í nefndinni. Það gafst ekki tækifæri til þess á áðurnefndum fundi og þarf þess vegna að gera það á milli umræðna. Það ástæðan, hæstv. forseti, fyrir því að ég komst svo að orði í upphafi.

Það er á ýmsan hátt snúið að ræða um stærðir á bátum. En hér hafa menn lent í ýmsum vandamálum vegna stærðarmælinga. Þær eru ekki færri en þrjár mælingarnar, mismunandi mælingar sem gilda nú í smábátaflotanum. Þessi mælikerfi sem öll eru í gildi í smábátaflotanum voru fjögur á sínum tíma, þ.e. áður en tekin var upp brúttótonnamælingin yfir allan hópinn voru þessi mælikerfi fjögur.

Þegar þær reglur voru settar sem í gildi eru í lögunum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, gerðu menn ráð fyrir því að nota mælikerfi sem byggist á rúmlestum. Þess vegna er talað um 10 rúmlestir þegar verið er að tala um þá sem eiga aðild að Landssambandi smábátaeigenda. Sá mælikvarði sem verið er að leggja til að verði notaður við stærðarmælingar á þessum bátum sem hér er um að ræða er 15 brúttótonn, sem er allt önnur mæling. Þetta ruglar auðvitað dæmið á ýmsan hátt.

Rétt er að nefna að á fund nefndarinnar komu fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og lögðust gegn þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til, þ.e. sem verið er að leggja til í breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða sem á að ræða hér síðar á fundinum. Þeir lögðust gegn þessu vegna þess að þeir töldu að verið væri að vega að samtökum sínum með því að leggja til að smábátakerfið færi upp í 15 tonn. Þar með væri verið að vega að samtökunum á þann hátt að stór hópur öflugustu útgerðarmannanna mundi fara út úr samtökunum og í önnur samtök sjávarútvegsins.

Nú held ég að það hafi kannski ekki verið hugmyndin á bak við þessa tillögu. Ég get alveg sagt frá því vegna þess að ég tók þátt í umræðu um hversu mikla stækkun ætti að leyfa í smábátakerfinu, í þeirri nefnd um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða sem sat á liðnu hausti. Þar var rætt um þessa hluti. Ég lagði þar til að gerð yrði breyting í þá átt að þessir bátar mættu stækka upp í svona 8, 9 eða jafnvel 10 tonn. Þeir sem þekkja til þessara mála vita að ef 6 tonna bátar eru stækkaðir upp í 10 tonn samkvæmt því mælikerfi sem hér um ræðir, eru þetta orðnir býsna stórir bátar, líklegast meira en helmingi stærri en 6 tonna bátarnir eru í dag. Og miklu meira en helmingi stærri en margir af þeim þó þeir séu mældir 6 tonn.

Tillagan sem er um að þessir bátar verði 15 tonn, er í raun um það að þessir bátar stækki þrefalt og meira en það. Það er út af fyrir sig nokkuð sem ég get vel hugsað mér að verði samþykkt. En það veldur vandamálum sem þarna eru komin upp á yfirborðið og sem forustumenn Landssambands smábátaeigenda mótmæltu á fundi nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar bregst þá við með þessum hætti, að reyna að tryggja að Landssamband smábátaeigenda hafi áfram þennan hóp útgerðarmanna undir sínum verndarvæng, ef svo má að orði komast, með því að breyta lögunum. En ástæða er til að fara varlega í málið og a.m.k. að skoða vandlega hvort einhver önnur áhrif geti fylgt þessari breytingu.

En svo verður að hafa í huga að hæstv. forsrh. er búinn að vera með digrar yfirlýsingar, ekki einu sinni heldur oftar, um að allar líkur séu á því að ríkið verði að hætta svona löguðu, hætta að innheimta gjöld fyrir atvinnuvegina, t.d. iðnaðarmannasamtökin.

Það liggur sem sagt, eins og ég sagði, í augum uppi að hér er nákvæmlega sams konar mál á ferðinni. Þess vegna er ástæða til að gera kröfu um að þetta mál verði tekið inn í nefndina aftur á milli umræðna, að kallað verði bæði í hagsmunaaðila og þá sem best þekkja til hvað varðar lögfræðihliðina á þessu máli og áhrifin sem hugsanlega yrðu og fara yfir málið í nefndinni. Það var ekki gert einfaldlega vegna þess að enginn tími var til þess. Málið var kynnt undir lok síðasta fundar eins og ég er búinn að segja hér áður.

Þetta vildi ég segja um frv. og mér finnst að hæstv. forseti eigi að tryggja að þessi háttur verði hafður á. Ég hef staðið í þeirri meiningu, og vil gjarnan fara yfir það betur ef það er rangt, að ef einhver hluti nefndar, þó það sé meiri hluti, flytji mál sem ekki hefur verið lagt fram með venjubundnum hætti þá sé eðlilegt, a.m.k. ef einhver geri um það kröfu, að málið fari fyrir nefndina milli umræðna og að fjallað sé um það þar. Ég sé enga ástæðu til annars. Mér finnst það bara liggja í augum uppi að menn hljóta að verða við þeirri kröfu.

Það er alveg sérstök ástæða til þess að kalla í nefndina sem hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin skipaði núna á dögunum til þess að skoða hvort lög af þessu tagi sem notuð eru til þess að innheimta gjöld fyrir iðnaðinn í landinu og fyrir Landssamband smábátaeigenda, með þessum lögum sem hér er um að ræða, standist eða ekki. Fyrir liggur álit umboðsmanns Alþingis sem hæstv. forsrh. segir að geri mönnum skylt að fara yfir þetta og hæstv. forsrh. telur að líkur séu á því að það verði bara að hætta þessu, það verði bara að hætta innheimtu fyrir atvinnuvegina með þeim hætti sem hér er gert.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra núna, en ég sé ástæðu til þess að ræða málið og setja fram óskir mínar um

að nefndin komi saman milli umræðna til þess að fara yfir það.

[18:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Miðað við framsögu hv. formanns sjútvn., Einars K. Guðfinnssonar, kann mönnum að virðast að þetta sé nú frekar lítið mál. En svo er ekki þegar betur er að gáð vegna þess að þetta frv. um breytingu á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sem er á þskj. 1264, er afleiðing af ákveðnum tillögum sem eru í frv. um stjórn fiskveiða. Þær birtust okkur fyrst í þingsölum þegar hæstv. sjútvrh. kynnti það frv. því þá birtist í raun ástæða þess að þetta mál er flutt, en í 5. gr. frv. eins og sjútvrh. kynnti það í 1. umræðu um mál nr. 562, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sagði:

„Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum““ — sem er nú ekki alveg það sama og ekki alveg sama mælingin — „í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna kemur: 15 brúttótonnum.“

Þar kom sem sagt inn ástæðan fyrir því að síðar í meðförum sjútvn. tók meiri hlutinn þá ákvörðun að leggja fram sérstakt frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ástæða þess er þessi tillaga í 5. gr. áðurnefnds frv. um að breyta 6 brúttólesta viðmiðunum og 6 brúttótonna viðmiðunum í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna í 15 brúttótonn.

Meiri hlutinn tók ákvörðun um fylgja þeirri tillögu eftir sem birtist í frv., en sú tillaga mun eiga rætur sínar að rekja í skýrslu hinnar margfræðu endurskoðunarnefndar sem oft hefur nú gengið hér undir nafninu sáttanefndin. (Gripið fram í.) Ég hef stundum nefnt hana svona innan gæsalappa „sáttanefndina miklu“, þá sem byggi til hina miklu sátt um framtíðina. En í þeirri skýrslu endurskoðunarnefndarinnar birtist tillaga um að e.t.v. væri rétt, og það var beinlínis lagt til, að leyfa stækkun á smábátunum upp í 15 brúttótonn. Ég hef skilið það svo að hæstv. sjútvrh. hafi ákveðið að taka þetta inn vegna þess að það kom fram á þeim stað.

Í greinargerð með frv. þar sem þessi 15 brúttótonn koma fyrst fram, segir um 5. gr., með leyfi forseta:

„Hér er lagt til að takmarka beri stærð krókaaflamarksbáta við 15 brúttótonn í stað 6 brl. eða 6 brúttótonna eins og gert er í núgildandi lögum. Þykir 6 brl. eða 6 brúttótonna takmörkunin of þröng, m.a. af öryggisástæðum. Er þetta í samræmi við tillögur meiri hluta nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Þetta ákvæði á þannig einungis við krókaaflamarksbáta og gildir ekki um dagabáta.“

Nú ber svo við að strax þegar þessi tillaga kom frá endurskoðunarnefndinni — ég held ég muni rétt eftir því — kom fram hjá forustumönnum Landssambands smábátaeigenda að þeir væru algjörlega andvígir því að þetta yrði sett í lagafrv. eða gert að lögum, að slík stækkunarheimild yrði notuð miðað við tillögu endurskoðunarnefndarinnar og farið í 15 brúttótonnin, sem er svo ástæða þessa frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Enda könnuðust þeir í Landssambandi smábátaeigenda ekki nokkurn skapaðan hlut við að þeir hefðu óskað eftir því á neinu stigi máls að þessi tillaga kæmi fram.

Þeir hafa lýst sig andvíga því að setja þessi tillögu fram í frv. Það var auðvitað ekkert hlustað á þeirra rök í þessu máli frekar en það var hlustað á rök smábátasjómanna eða Landssambands smábátaeigenda þegar kvótasetningunni var skellt á smábátana. Þó að menn hefðu bent á það með mörgum rökum að engin ástæða væri til þess að fara í þá kvótasetningu, í ýsu, ufsa og steinbít, þá var það auðvitað gert þrátt fyrir það. Hæstv. sjútvrh. hefur svo verið að dunda sér við það á síðasta ári og það sem af er þessu að úthluta í smáskömmtum einhverjum kvótum til krókabátanna í andstöðu við það sem þeir báðu um, því þeir vildu fá að vera áfram í sínu aflahámarkskerfi og færðu fyrir því þau rök að ýsustofninn væri mjög að braggast. Auðvitað þóttust sjómennirnir sjá það á sínum krókum að upp væri að vaxa stór ýsustofn. Það hefur svo komið í ljós núna í togararallinu að í fjöldamörg ár hefur ekki mælst annar eins ýsustofn. Ástæðan fyrir kvótasetningu ýsunnar var því engin og er það auðvitað eins og um fleiri verk þessarar ríkisstjórnar sem tekur sér ýmislegt fyrir hendur þó ástæðan fyrir því sé engin. Það er bara út í loftið, tómt bull og kjaftæði. En samt fara menn þessa vegferð á móti bæði sjómönnum sem vinna í þessu kerfi og hagsmunasamtökum þeirra.

Ég ætla ekki að halda því fram að ekki megi finna sjómann, herra forseti, einhvers staðar á landinu sem mundi vilja að þessir bátar stækkuðu í 15 brúttótonn. Ekki get ég nú haldið því fram. En ég verð hins vegar að segja að ég hef ekki hitt hann. Ég heyri það á einhverjum í sjútvn. að þeir telja sig hafa hitt menn sem vilja fá svona báta og því beri að fara í þá átt enda er vafalaust um tryggt atkvæði að ræða.

Samt sem áður fer þessi tillaga gegn áherslum og framsetningu Landssamtaka smábátamanna, eins og reyndar hefur verið gert núna í eitt, tvö ár, að fara ævinlega á móti því sem mennirnir á sjónum og í greininni vinna, hafa viljað hafa í starfumhverfi sínu. Það hefur bara verið mottó þessarar ríkisstjórnar að fara ávallt þær leiðir sem valdið geti nógu miklu ósætti.

Í þessu frv. koma menn síðan með sérstaka tillögu til að ná að færa afla á milli ára því honum hafi verið svo seint úthlutað. Það hafi ekki verið hægt að veiða hann. Við þessu var öllu varað. Menn lögðu það beinlínis til á síðasta sumri að kvótaúthlutuninni yrði þó alla vega frestað til áramóta þannig að mönnum gæfist kostur á að stunda veiðarnar með eðlilegu úthaldi. Menn þóttust sjá fyrir að úthlutunarstefnan og reglurnar mundu aldrei ná að klárast miðað við eðlilegt úthald flotans. Það var auðvitað reyndin. Margt hefur orðið til að framkvæmdin hefur eyðilagt útgerðarmynstur margra minni báta á síðastliðnu ári og síðastliðnu hausti, sérstaklega hvað varðar ýsuna.

Mér kemur ekkert á óvart þó margir bátar á Vestfjörðum séu t.d. núna við að klára þennan litla steinbít sem úthlutað var. Vafalaust verður eitthvað óveitt af honum af þeim heimildum sem úthlutað er á stærri skipin og notað í tegundatilfærslu til að framleiða grálúðu. Þetta er nú saga samvinnu stjórnvalda við smábátasjómenn um hvernig þeir hefðu viljað stjórna þessum veiðum og fara í þessar breytingar. En stjórnvöld hafa ævinlega séð sér hag í því, af einhverjum annarlegum ástæðum sem ég kann ekki skil á, að fara aðrar leiðir en þær að reyna að vera í samstarfi við þá sem eiga að vinna eftir lögunum. Það er einnig verið að gera hér núna í þessu 15 tonna máli. Og 15 brúttótonnin eru, eins og ég sagði, ástæða frv. um skipaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Hefði millileiðin orðið fyrir valinu, sem Landssamband smábátaeigenda taldi að þeir gætu kannski sætt sig við, að breyta þessum sex brúttórúmlesta og brúttótonna viðmiðunum í lögunum í tíu tonn, tíu brúttórúmlesta viðmiðun eða

tíu brúttótonna viðmiðun, þá hefði þetta frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, herra forseti, aldrei þurft að koma fyrir þingið. Þá hefði greiðslugrunninum ekkert verið breytt því greiðslugrunnurinn til Landssambands smábátaeigenda byggir á því, eins og lögin eru í dag, að til þeirra sé greitt af skipum undir 10 brúttórúmlesta viðmiðunum. Reyndar er einhvers staðar grátt svæði þarna á milli, frá tíu og upp í tólf, því kjarasamningar annarra sjómanna, þ.e. Sjómannasambands Íslands, Farmannasambandsins og Vélstjórafélagsins, miða flestir við að greiðslutengt sé í gegnum greiðslumiðlun gjald til þeirra samtaka gegnum lögin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun af skipum yfir tólf tonn eins og kjarasamningarnir kveða á um. Þannig að það er nú pínulítið grátt svæði þarna á milli. (**JÁ:** Það verður slagur um það.)

Já, það er rétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Það er mjög hætt við að einhver slagur geti orðið um þá sem þar hafa verið staddir. Ég hygg einnig að það séu til einhverjir aflamarksbátar sem hafi verið í Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Það sem hér er verið að leggja til, herra forseti, með þessu litla frv. sem lítur nú svona sakleysislega út, um breytingar á skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, er að mínu viti afleiðing þess að menn hafa tekið vitlausa stefnu varðandi stækkuanrmöguleika á krókabátunum. Ég tel að það hefði alveg nægt að fara t.d. í tíu brúttórúmlestir. Það er sama tillaga og Landssamband smábátaeigenda var með, þegar þeir sendu okkur tillögur sínar inn í sjútvn., þegar þeir komu á fund okkar.

Ég vil, með leyfi forseta, ef ég finn það í þessum gögnum lesa upp hver afstaða þeirra til málsins er. Hún er svona, með leyfi hæstv. forseta. Ég vitna hér í umsögn Landssambands smábátaeigenda til sjávarútvegsnefndar, en þar segir:

„Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna kemur: 15 brúttótonnum.“

Síðan kemur athugasemd Landssambands smábátaeigenda, með leyfi forseta, um þessa grein og hljóðar svo:

„Frumvarp það sem hér er til umsagnar gerir ráð fyrir að heimilt verði að stækka krókabáta úr sex brúttórúmlestum eða sex brúttótonnum upp í 15 brúttótonn. Landssamband smábátaeigenda leggur til að þessu verði breytt þannig að miðað verði við 10 brúttórúmlestir.“

Síðar segja þeir, með leyfi forseta:

„Helstu ástæður þess eru:

1. Tilkoma aflamarks á alla báta sex brúttórúmlestir að 10 brúttórúmlestum 1. janúar 1991“ — þegar lögin nr. 38 tóku gildi — „varð til þess að veiðiheimildir þessara báta fluttust í verulegum mæli á stærri skip. Bátunum fækkaði um nokkur hundruð og eru nú aðeins 130.“ — Þ.e. bátar á milli sex og tíu brúttórúmlestir. — „Veiðiheimildir þessara báta eru frá því að vera nánast engar upp í að vera viðunandi. Óveruleg nýsmíði hefur átt sér stað í þessum hópi, enda veiðiheimildir ekki gefið tækifæri til endurnýjunar. Með breytingartillögu Landssambands smábátaeigenda væri þessum aðilum gefið tækifæri á að komast inn í krókaaflamarkið, með meiri veiðiheimildir en þeir hafa í dag. Það er mat undirtitaðs að lækkun úr 15 brúttótonnum ...“ — eins og ráðgert er í frv. og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mælti fyrir áðan. Þar er tillaga um að hafa þá viðmiðun í þessu frv. um greiðslumiðlun.

Þá segir áfram, með leyfi forseta:

„Það er mat undirritaðs að lækkun úr 15 brúttótonnum í 10 brúttórúmlestir, muni ekki leiða til stórfelldrar veðlækkunar báta í krókaaflamarki eins og veruleg hætta er á ef miðað væri við 15 brúttótonn.“

Þeir telja sem sagt að veruleg hætta sé á því að þessir bátar, á bilinu sex til tíu tonn falli verulega í verði við breytinguna sem hér er lögð til, að að þeim verði sérstaklega vegið. Þar er nú verið að tala um 130 báta.

„Einkum er það vegna mikils mismunar á aflaheimildum báta milli sex og tíu og tíu til fimmtán, afkastagetu bátanna, endurbóta sem hefur verið talsverð á bátum milli tíu og fimmtán, en eins og áður sagði nánast enginn á bátunum á milli sex og tíu.

2. Við framgang laga um kvótasetningu krókabáta, lækkaði verðmæti bátanna um hundruð milljóna. Dæmi eru um verðlækkun einstakra báta 15 milljónir niður í 10 milljónir. Ástæðar þessa var skerðing á veiðiréttinum og að veiðum þeirra var ekki lengur stjórnað með fjöldatakmörkunum.“

Hér er enn ein lýsingin dregin fram á því hvernig kvótasetningin hefur farið með smábátaflotann en hún hefur aukist þar eins og við vitum.

[19:13]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Ég þarf í sjálfu sér litlu við það að bæta sem hér hefur komið fram hjá hv. tveimur fyrri ræðumönnum. Málið er flutt af meiri hluta sjútvn. og hefur þar fengið mjög litla umfjöllun. Þegar forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda komu á fund nefndarinnar lýstu þeir sig andvíga þessum breytingum. Ég tel að nefndin hafi ekkert velt fyrir sér eða fengið yfirlit yfir afleiðingar þessara breytinga, að gefa stækkunarmöguleika frá 6 tonnum og upp í 15.

Fimmtán tonna bátur er orðinn afkastamikil fleyta sem eflaust mun kalla á að menn vilji fá möguleika á að fara í öðruvísi veiðar, þ.e. séu menn komnir með slík tæki í hendur. Eins og getið er um í frv. er lagt til að heimilt verði að veita bátum, allt að 15 brúttótonnum, leyfi til að veiða í atvinnuskyni með krókaaflamarki. Til þessa, eins og kunnugt er, hefur slík veiði verið bundin við báta undir 6 tonnum.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta mörg orð en tek undir þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að kalla aðila til umfjöllunar um málið milli umræðna í hæstv. sjútvn., fjalla um málið og leggja niður fyrir sér hvaða afleiðingar málið gæti haft. Við verðum að sjá fyrir okkur til hvers svona breytingar muni leiða.

Eins og getið er um í lok grg. þykir rétt að krókaaflamarksbátar, þó þeir verði allt að 15 brúttótonn að stærð, teljist til Landssambands smábátaeigenda. Það er einvörðungu getið um að frv. sé ætla að tryggja það. Við höfum ekki haft möguleika á að fara neitt yfir þau mál þó að fram hafi komið við þessa hröðu yfirferð nefndarinnar að svo muni verða.

Ég tek undir það, virðulegur forseti, með fyrri ræðumönnum að málið eigi að koma aftur til umfjöllunar í hv. sjútvn.

Umræðu frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 882, nál. 1262, 1293 og 1294, brtt. 1263.

[19:16]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1262 sem er 562. mál þingsins. Þetta er nál. um frv. þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Meginbreytingin felst þó í því að verið er að taka upp svokallað veiðigjald, að lagt verði veiðigjald á veittar veiðiheimildir samkvæmt lögunum eins og nánar er útskýrt í frv. Ætlunin er að þessi gjaldtaka hefjist á árinu 2004 og hækki smám saman fram til ársins 2009 og verði eftir það 9,5% af gjaldstofninum.

Það var nokkuð rætt í nefndinni hvernig bæri að skilgreina þetta veiðigjald. Menn höfðu ýmsar hugmyndir um það hvort þetta væri þjónustugjald, skattur eða auðlindarenta. Þetta mál var krufið nokkuð til mergjar og niðurstaðan varð sú eins og fram kom í nefndinni að eins og gjaldið væri sett fram í frv. stæðist það formkröfur sem eru gerðar til gjaldsins hvernig svo sem menn líta á það, þannig að í rauninni eru ekki sérstök pólitísk álitaefni í þessum efnum. Aðalatriðið er að það hefur ekki efnislega pólitíska þýðingu.

Ég vil í þessu sambandi líka nefna það áður en ég kem að sjálfum breytingartillögunum að í nefndinni var töluvert mikið rætt um áhrif þess að gjaldstofninn byggist á þorskígildunum, mælieiningunni þorskígildi. Það voru ýmsar ábendingar um að þorskígildið væri kannski ekki alveg hlutlaus mælikvarði, gæti haft það í för með sér að það stýrði veiði með ýmsum hætti, það væri ívilnandi fyrir þá sem væru að veiða stærri fiskinn og væri þess vegna torveldandi fyrir þá sem væru að veiða smærri fiskinn. Þess vegna er það niðurstaða meiri hluta sjútvn. að leggja það til að ofan í þessi mál verði farið alveg sérstaklega og einnig reglur um slægingarstuðul og kvótanotkun og taka á spurningunni um yfir- og undirstöðu vegna stærðar fisks. Við teljum nauðsynlegt að þessari endurskoðun verði lokið þannig að hægt sé að gera breytingar sem geti tekið gildi við upphaf fiskveiðiársins 2003/2004, en út af fyrir sig væri hægt að gera hluta af þessum tillögum virkar fyrr ef þær fela ekki í sér lagabreytingu.

Eins og hér kom fram í síðasta máli er í frv. lagt til að hækka stærðarmörk krókaaflamarksbáta úr 6 brúttótonnum í 15 tonn. Eins og mönnum er ljóst eru rökin fyrir þessu fyrst og fremst tvenns konar, annars vegar að auka öryggi við sjósókn og tryggja jafnari hráefnisöflun í fiskvinnslu sem fyrst og fremst vinnur úr afla smábáta. Það er auðvitað kominn nýr veruleiki sem þessir bátar vinna eftir með tilkomu krókaaflamarksins 1. september sl. og þau rök sem áður voru fyrir því að hafa þessa báta minni eru þess vegna ekki fyrir hendi með sama hætti. Það er hins vegar, eins og gert er ráð fyrir í sérstöku frv., tryggt að það hafi ekki áhrif á tekjur Landssambands smábátaeigenda.

Ef ég fer yfir helstu breytingartillögurnar þá er gerð sú brtt. við 1. gr. að opnað verði á það að fleiri en Hafrannsóknastofnun geti stundað fiskirannsóknir og veitt fisk í því skyni án þess að hafa til þess veiðiheimildir að öllu eða einhverju leyti. Þetta er að okkar mati mjög mikilvægt skref í þá átt að opna á virkari þátttöku fleiri aðila. Það hefur orðið mikil breyting í okkar þjóðfélagi, menntun hefur aukist og þessi þekking er til víðar í þjóðfélaginu og þess vegna eðlilegt að opna á þennan möguleika.

Eins og menn muna var við breytingar á lögunum um krókaaflamarkið á sl. hausti ákveðið að hafa veiðiskyldurnar, möguleikann á kvótaframsali, eins og hann hafði verið í þorskaflahámarkinu, 30%. Það hafa hins vegar komið ábendingar frá smábátasjómönnum, þar á meðal Samtökum smábátasjómanna, um að eðlilegast væri að hafa þetta 50% eins og er í almenna aflamarkskerfinu og það er niðurstaða meiri hlutans að verða við því. Enn fremur hefur, eins og mönnum er ljóst, krókaaflamarkið verið að þróast og menn hafa verið að færa aukinn veiðirétt inn í það kerfi á yfirstandandi fiskveiðiári og ekki öll kurl komin til grafar þar enn þá. Það er því ljóst að til þess að tryggja að ekki falli niður neinar heimildir, þarf að gefa mönnum möguleika á því að færa með sér heimildir að öllu leyti yfir á næsta fiskveiðiár. Það er líka ábending Landssambands smábátaeigenda og við verðum við því.

Það hefur verið deilt töluvert mikið um þær reglur sem hafa verið uppi varðandi hámarkskvótahlutdeild eða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Í frv. var gert ráð fyrir því að hækka þetta svokallaða kvótaþak talsvert mikið. Við leggjum hins vegar til í meiri hlutanum að ganga veginn til baka og lækka þetta frá því sem frv. gerir ráð fyrir eins og það er nánar útskýrt og teljum einfaldlega að sú reynsla hafi fengist af þessu að ekki sé ástæða til þess að gera róttækar breytingar á kvótaþakinu.

Síðan eru hér ýmsar breytingar sem út af fyrir sig eru ekki efnislegar frá núverandi framkvæmd varðandi skyldu opinberra aðila til að veita sjútvrn. og Fiskistofu nauðsynlegar upplýsingar. Gert er ráð fyrir því, sem er mjög mikilvægt, að koma til móts við sjónarmið aflamarksbáta, sérstaklega þeirra báta sem eru með litlar aflaheimildir með því að svokallaður 3.000 lesta pottur sem hefur verið úthlutað úr árlega og átti að úthluta úr árlega til ársins 2006, verði gert varanlegt. Hér er þó ekki um það að ræða að þessir bátar fái þennan afla sem hlutdeild, heldur verði hér eingöngu um að ræða árlega úthlutun á aflamarki en lagt er til að sólarlagsákvæði sem var í lögunum hverfi burtu og þannig skapast auðvitað meira rekstraröryggi fyrir þennan flokk báta.

Svipað má segja varðandi sérstakar aflaheimildir sem Byggðastofnun hafði til úthlutunar og áttu að renna út frá og með fiskveiðiárinu 2005/2006. Hér er gert ráð fyrir því að þeim aflaheimildum verði úthlutað áfram án tímatakmarkana, en að þær verði færðar undir forræði sjútvrn. eins og eðlilegt er eftir að fiskveiðiárinu 2005/2006 lýkur.

Ýmsar breytingar eru lagðar til varðandi gildistökuákvæði frv. eins og þar er nánar útskýrt. Ég vil þó sérstaklega nefna að það er ákveðið að sjútvrh. muni að höfðu samráði við Byggðastofnun úthluta á þessu fiskveiðiári allt að 500 tonnum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vandræðum vegna samdráttar í sjávarúvegi. Þarna er raunverulega verið að opna á þriðjungs úthlutun á fyrirhuguðum byggðakvóta sem frv. gerði ráð fyrir að yrði settur upp.

Síðan er hér mál sem lætur kannski ekki mjög mikið yfir sér þegar menn skoða þetta í heild sinni, en er þó merkilegt. Það hefur orðið mikil þróun varðandi uppbyggingu þorskeldis í landinu. Það eru ákveðnir hlutir sem hafa staðið því fyrir þrifum sem hér er m.a. verið að bregðast við með því að opna á heimild til ráðherrans til þess að úthluta sérstökum

aflaheimildum til þeirra sem stunda þessa þróunarvinnu og það er auðvitað afar mikilvægt.

Ég vil, virðulegi forseti, áður en ég lýk þessu aðeins segja að það hefur oft verið rætt um byggðakvóta og þau mál öllsömul og þau eru meira í deiglunni núna en stundum áður, þau verða auðvitað alltaf í umræðunni í hvert einasta skipti sem þessum heimildum er úthlutað. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að við höfum á undanförnum árum gengið býsna langt í þessum efnum. Þegar allt er til tekið eru um 7.600 tonnum úthlutað á ári hverju í formi byggðakvóta með einum eða öðrum hætti. Það er í fyrsta lagi þessi byggðakvóti sem er í ferskustu minni, 2.300 tonn. Það eru 2.300 tonn sem hæstv. sjútvrh. hefur úthlutað til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir mikilli skerðingu, m.a. vegna þess að orðið hefur rækjubrestur, og byggir á tiltekinni grein fiskveiðistjórnarlaganna eins og mönnum er kunnugt um. Það er líka heimild sem Byggðastofnun hafði í þessu sambandi og þegar þetta er allt saman lagt saman, þá eru þetta um 7.600 tonn og síðan eru 3.000 tonn sem úthlutað er með sérstökum hætti til báta sem hafa aflamark innan við 200 tonn og hafa hlutfallslega komið best þeim sem eru með tiltölulega litlar aflaheimildir.

Ég vil vekja athygli á þessu og ég held að menn þurfi að íhuga það mjög hversu langt þeir vilja ganga í þessum efnum. Ég veit að um þetta eru menn ekkert endilega sammála og síst af öllu í stjórnarmeirihlutanum og ég held að það væri æskilegt að menn reyndu að finna leið til þess að feta sig frekar út úr þessu og finna aðrar leiðir til þess að styrkja þessar byggðir. Í því sambandi hef ég mínar ákveðnu meiningar um þau mál.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim breytingartillögum sem verið er að gera á frv. sjálfu. Það er auðvitað ekki verið að gera grundvallarbreytingar á hugmyndunum varðandi veiðigjaldið, en það er hins vegar verið að gera ýmsar breytingar á frv. að öðru leyti sem ég held að geti haft góð og farsæl áhrif frá því sem annars hefði orðið.

[19:26]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Áður en við förum í gegnum umræðu og sjónarmið í þessu máli finnst mér nauðsynlegt að fá hér með andsvari ákveðnar upplýsingar frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, formanni sjútvn.

Ég hef tekið eftir því að í brtt. meiri hlutans er lagt til að bráðabirgðaákvæði XXV falli brott en efni þess gert að 9. gr. a. í frv., ef ég man rétt. Nú er það svo að bráðabirgðaákvæði XXV í lögunum er þó nokkuð öðruvísi orðað en 9. gr. a. er orðuð í brtt. meiri hlutans. Ég tek t.d. eftir því að síðasta málsgrein bráðabirgðaákvæðis XXV í lögum um stjórn fiskveiða, sem er um báta undir 10 brúttórúmlestum og minni, er ekki með inni í þeim kafla sem færður er yfir í 9. gr. a. í tillögunum. Ég held ég hafi skilið það rétt að allt annað í þessu bráðabirgðaákvæði falli niður.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort þetta sé réttur skilningur og hvort að þessu þurfi ekkert að huga.

[19:29]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Athygli mín hafði svo sem verið vakin á þessu atriði varðandi síðustu málsgreinina. Þar er það hins vegar þannig, eins og hv. þm. tekur eftir, að þar er um það að ræða að verið er að úthluta aflahlutdeild í þorski til aflamarksbáta og þeirri úthlutun hefur verið lokið þannig að sú aflahlutdeild er einfaldlega komin á bátana. Í þessum 3.000 tonna potti er ekki um að ræða, og það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því, það er ekki um að ræða úthlutun á aflahlutdeild heldur eingöngu úthlutun á aflamarki. Þess vegna þarf að hafa þetta svona. Aflahlutdeildinni var á sínum tíma úthlutað með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í þessu bráðabirgðaákvæði og þar sem þeirri úthlutun er lokið, er einfaldlega engin þörf á því að kveða á um það í þessum lögum vegna þess að þetta er búið að taka gildi.

[19:30]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Ég þakka þetta svar. Ég mun fara betur yfir það síðar í ræðu minni um þetta mál.

Ég tók eftir því, hæstv. forseti, að hv. þm. notaði hér setningu sem ég hef nokkrum sinnum heyrt hann nota að undanförnu og hann notaði hana núna í sambandi við að stækka bátana í 15 brúttórúmlestir, (**Gripið fram í:** Tonn.) brúttótonn vildi ég sagt hafa, að búið væri að búa til nýjan veruleika með krókaaflamarkinu. Að nú yrðu menn að horfa til þess að ríkisstjórnarflokkunum hefði tekist að búa til nýjan veruleika krókaaflamarksmanna og smábátasjómanna.

Ég vil bara segja það að ég tel að sá veruleiki sem hv. þm. er að víkja að varðandi það að krókaflamarkið var búið til hafi verið vondur veruleiki, það hafi verið vondur veruleiki að fara þá leið að búa hann til. Ég tel líka að ekki verði hjá því vikist í framtíðinni ef menn ætla að halda sér í þessum veruleika, en endalaust að halda áfram að búa það til sem hv. þm. vék að varðandi byggðapottana, því það er innbyggt í þennan veruleika sem menn hafa búið til að það verða endalausar uppákomur í byggðunum og menn munu þess vegna halda áfram að búa til alls konar byggðapotta. Í því frv. sem við nú ræðum er m.a. búið að búa til byggðapott sem á að koma að fullu til framkvæmda á kosningaárinu 2007.

[19:32]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég hef sagt um þennan veruleika, það er bara veruleikinn. Það er þannig að þetta króka-aflamark tók gildi 1. september síðastliðinn, að vísu hafði lítil útgáfa af því tekið gildi árinu fyrr eins og menn muna. Okkur hafði tekist að fresta gildistöku laganna eins og við vitum tvisvar sinnum. Niðurstaðan varð hins vegar sú eins og við þekkjum að krókaaflamarkið varð til og þá var farið í það að auka veiðiréttinn í krókaaflamarkinu eins og menn hafa verið að gera og reyna að tryggja að þær byggðir sem yrðu ella fyrir mesta tekjutapinu fengju það bætt upp með einhverjum hætti og byggðakvótinn var sú aðferð sem niðurstaða varð um. Hann var auðvitað búinn til í þeim tilgangi að sjá til þess að aflaheimildirnar færu inn á þau byggðarlög sem annars fengu mestu skerðinguna, mestu hlutfallslegu skerðinguna á milli ára, þ.e. ef aflinn á síðasta árinu sem þorskaflamarkið var við lýði var borinn saman við úthlutunina á þessu fiskveiðiári. Út úr því kom það sem við þekkjum og er umdeilt og umdeilanlegt eins og úthlutanir af þessu taginu hafa alltaf verið.

[19:34]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú er klukkan orðin rúmlega hálfátta að kvöldi og ekki hefur enn þá verið gefið matarhlé. Það stóð svoleiðis á fyrir þeim sem hér stendur að hann notaði þó nokkurn hluta af morgninum, reyndar líka allt gærkvöldið fram til klukkan tvö í nótt við að ganga frá nefndarálitum og þar að auki tímann frá hálfeitt til klukkan að verða rúmlega hálftvö við að ganga frá nefndarálitum og mætti þess vegna, því miður, aðeins of seint í atkvæðagreiðslu. Ég skrapp að vísu niður í dag og fékk mér kaffi og eina kökusneið. En ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að nú er ég orðinn ansi svangur og þætti vænt um ef hæstv. forseti vildi gefa okkur stutt matarhlé, þótt ekki væri nema í korter. Það dugar mér til að setja í mig, ég veit ekki með aðra þingmenn. Ég vil fara fram á það í allri vinsemd við hæstv. forseta að við fáum örstutt matarhlé, þeir þingmenn sem erum að sinna þessari umræðu sem mér finnst skipta mjög miklu máli. Ég lít svo á að hér sé að fara fram stefnumótun til nokkurrar framtíðar um stjórn fiskveiða og hef ekki hugsað mér að láta hana fram hjá mér fara án þess að tjá allar skoðanir mínar um það í hvaða framtíð við erum að fara. Þess vegna fer ég fram á þetta, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Fundinum verður frestað til klukkan átta.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:38]

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[20:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er laugardagur og það er nokkuð liðið á kvöld. Ég vildi gjarnan inna hæstv. forseta eftir því hvenær hann hyggst ljúka fundi. Ég er búinn að vera hér á hinu háa Alþingi kjörinn fulltrúi síðan 1991 og á þeim tíma hefur það aldrei gerst að fundur hafi verið á laugardegi fram eftir kvöldi og jafnvel inn í aðfaranótt sunnudags eins og mér heyrist á stjórnarliðum að kunni að vera gert á þessu kvöldi utan einu sinni. Þá var það í fullu samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu. Þá var verið að ljúka þingi og út af fyrir sig ekkert við því að segja þar sem báðir aðilar, minni hluti og meiri hluti á þingi, voru því sammála.

Ég vildi þess vegna, þar sem ekki liggur fyrir neitt samkomulag um það hvernig eigi að haga þessum fundi, inna hæstv. forseta eftir því með hvaða hætti hann hyggst stýra fundi inn í kvöldið og inn í nóttina og spyrja hann líka hvaða nauður rekur til þess að menn fari með þessum hætti í dagskrána. Ég veit að sönnu að það eru mörg mál undir en þetta eru mál sem þarf að ræða í þaula. Nú er það svo að að því er ég veit hefur ekki verið gerð nokkur tilraun til þess að leita samkomulags við stjórnarandstöðuna. Og það er alveg rétt að hæstv. forseti viti af því að ef það á með þessum hætti að beita ofbeldi, knýja menn til þess að vera hér á fundi sem hafa verið á fundum mörg kvöld í röð, þá verður því ákaflega illa tekið.

Ég hef sjálfur verið á fundum á vegum Alþingis mánudag, þriðjudag, miðvikudag, fimmtudag, til kl. 7 í gær og síðan aftur núna. Ég verð að segja það, herra forseti, að það er ákaflega fjölskylduóvinsamlegur forseti sem með þessum hætti stýrir þingi. Ég mótmæli þessu harðlega. Eins og aðrir þingmenn hef ég skyldur að rækja við fleiri en þetta háa Alþingi, þar á meðal mína fjölskyldu. Hæstv. forseti gerir mér ákaflega erfitt um vik að sinna því starfi.

Síðan ég kom til þings hef ég aldrei þurft að rækja þingstörf með þessum hætti, að vera öll kvöld utan eitt fjarri fjölskyldu hér á fundum. Mér finnst það algerlega fráleitt, herra forseti. Ég á erfitt með að sætta mig við þessi vinnubrögð, ég á erfitt með að sætta mig við það að hæstv. forseti geri enga tilraun til þess að ná einhvers konar samkomulagi um niðurstöðu mála. Mér sýnist á þessu að það verði ákaflega erfitt að ná einhvers konar sameiginlegri lendingu um það hvernig á að halda þinghaldi áfram og mér sýnist að með þessum hætti verði menn hér alla næstu viku og þess vegna þar næstu viku og út af fyrir sig er mér alveg sama ef það er stefna forseta að reyna að ná þingi saman aftur í júní til þess að ljúka málum. Mér er alveg sama um það. En við eigum kröfu á því, við sem erum í ...

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. hefur lokið við þann tíma sem ætlaður er til þess að ræða um fundarstjórn forseta samkvæmt þingsköpum.)

Herra forseti. Ég geri þá engar athugasemdir við þann úrskurð hæstv. forseta en vek eftirtekt á því að það er ekki fullt samræmi á milli litar ljóss og tímamælingarinnar.

[20:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að gefnu tilefni að það varð samkomulag um það við þingflokksformenn Samfylkingar og Vinstri grænna, og ég hygg að þeir hafi talað við þingflokksformann Frjálslynda flokksins, að það frv. sem hér er á dagskrá yrði tekið fyrir síðari hluta dagsins í dag. Það lá jafnframt fyrir í gær, þegar óskað var eftir því að þá yrði ekki kvöldfundur, að ég mundi hafa kvöldfund í kvöld og það hefur verið kunnugt um skeið.

Ég vil vekja athygli á því að það var ekki að mínu frumkvæði sem tekin var ákvörðun um það að hefja umræður um 64. dagskrármálið, Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., sem er mál ekki mikið í sniðum, en það hefur tekið klukkustundir að ræða það mál og eins og sakir standa eru þar þrír hv. þingmenn á mælendaskrá. Síðan gerði ég tilraun til þess að ljúka 65. dagskrármáli, sem er heldur ekki stórt í sniðum, og eins og sakir standa eru þar þrír hv. þingmenn á mælendaskrá.

Ég hygg að rétt sé að það komi fram að það var samkvæmt ábendingum þingflokksformanns Frjálslynda flokksins, Guðjóns A. Kristjánssonar, sem ákvörðun var tekin um það að byrja umræðurnar kl. 3 með því að taka 64. dagskrármálið, Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál. Þó svo að þessi tími sé liðinn síðan, hartnær fimm tímar að ég hygg, þá hefur einungis unnist tími til að formaður sjútvn. fengi tækifæri til þess að gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta sjútvn. en hin málin bæði, sem eru ekki stór í sniðum, eru hálfrædd eins og málið lítur út nú.

Ég lít svo á að það hafi verið samkomulag um það milli mín og formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar að það mál sem nú er á dagskrá fengist rætt síðari hluta þess dags sem við erum á nú. Það er alveg augljóst mál að þegar reynt er að hafa samráð um störf þingsins, þá hlýtur það samráð að vera gagnkvæmt.

[20:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil staðfesta það sem hæstv. forseti segir um samkomulag um störf þingsins í dag að öðru leyti en því að við höfðum ekki komist að samkomulagi um kvöldfund. Reyndar kom það fram í máli hæstv. forseta að það hefði verið hans ákvörðun og ásetningur sem okkur var kynntur í gær og í fyrradag en við höfum mótmælt því. Við höfum ekki talið eðlilegt að hér yrði efnt til kvöldfundar. Það var aldrei neitt samkomulag um það hvenær umræðu lyki um sjávarútvegsmálin, enda höfðum við ekki leitað eftir umboði til slíks. En um það var samkomulag að umræðan færi fram nú síðdegis.

Þá vil ég taka fram að þingið hefur verið afkastamikið í dag. Við höfum tekið til umræðu mjög mörg mál, stór og smá í sniðum, og afgreitt þau. Við höfum gengið til atkvæða um fjölmörg lagafrumvörp og þáltill. og afgreitt þau út úr þinginu þannig að í dag höfum við skilað góðu dagsverki.

Ég vil taka undir mikilvægi þess að við göngum senn til samninga um þinglokin. Mér finnst það skipta máli að við höldum þannig á málum að áætlanir þingsins standi og ég vil alveg taka þeirri áskorun frá hæstv. forseta að auðvitað á þá að reyna á báða aðila til vilja til samkomulags en til þess að slíkt geti orðið þurfum við að fá heildarsýn yfir vilja ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar og síðan beiti hæstv. forseti þingsins sér fyrir því að finna leið til að ljúka þinghaldinu á tilsettum tíma.

[20:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil koma hér í pontu til að staðfesta að það var allt rétt sem hæstv. forseti sagði um það að ég óskaði eftir því að frv. um norsk-íslensku síldina yrði tekið á dagskrá. Það var mjög einföld ástæða fyrir því. Það var ekki búið að koma út nefndarálitunum um stjórn fiskveiða, almenna frv. um stjórn fiskveiða, og ég óskaði eftir því að þess vegna gætum við byrjað á hinu málinu. Ég hef heldur ekkert við það að athuga þó að hæstv. forseti hafi rofið þá umræðu og geymi hana. Í raun og veru hefðum við getað farið í það mál þegar mælt hafði verið fyrir framsöguerindunum og jafnvel hefði mátt geyma það að mæla fyrir öðru hvoru framsöguerindinu ef því hefði verið að skipta.

En ég vil bara staðfesta að það var mín ósk að við byrjuðum á því máli vegna þess að mér hafði ekki unnist tími til að klára þessi nefndarálit. Að öðru leyti geri ég ekki athugasemdir við það þó að við höldum eitthvað áfram að tala um málin en mér finnst hins vegar snúið ef við eigum að fara langt inn í nóttina, hæstv. forseti.

[20:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það var fullt samkomulag um að það fengist umræða um stjórn fiskveiða seinni part dags. Það hefur fengist, menn hafa verið í umræðu um það. Ég kom hins vegar hér upp til þess að mótmæla því fyrir mína hönd persónulega, ég er algerlega á móti því að menn séu á laugardagskvöldi að halda fund á hinu háa Alþingi. Það er í prinsippinu þannig að ég er á móti því að menn séu að halda fundi á laugardagskvöldum, sér í lagi þegar sér ekkert hilla undir lok þingsins.

Í annan stað er það ekki nokkur hemja að hér er allnokkur hópur þingmanna sem hefur verið að störfum fyrir þingið nánast hvert einasta kvöld utan eitt. Þetta eina kvöld var þó þingfundur, þ.e. í gær, til kl. 19. Að öðru leyti höfum við sem erum í efh.- og viðskn. verið að störfum hvert einasta kvöld, ýmist til kl. 11 eða 12. Það er ekki hægt að bjóða mönnum upp á þetta.

Við höfum á seinni árum tekið upp umræður jafnvel stundum á þinginu sjálfu um nauðsyn þess að fylgjast með framvindu tímans að því leyti til að gera þetta starf þannig að fjölskyldumenn geti með sæmilegu móti sinnt því. Ég er fjölskyldumaður og er í þeirri stöðu öðruvísi heldur en ýmsir aðrir þingmenn að ég á ung börn og mér finnst þetta alveg með ólíkindum, og mér finnst þetta ómögulegt.

Í þriðja lagi, herra forseti, er það þannig að það er ekkert samkomulag um kvöldfund hér, ekki neitt. Hæstv. forseti hefur að sönnu látið uppi þau viðhorf að hann æski kvöldfundar en það er enginn sem hefur tekið undir það af þeim ástæðum sem ég hef tilgreint. Ég mótmæli þessu harðlega, herra forseti, og ég hlýt auðvitað að segja það að ofbeldi af þessu tagi, því að ég upplifi þetta ekki öðruvísi en sem ofbeldi, verður ekki til þess að greiða fyrir þingstörfum í næstu viku og það er rétt að forseti geri sér grein fyrir því hvaða loga hann er að tendra hér. Við erum komin undir síðasta hluta þingsins og þá er nauðsynlegt að menn fari að horfast í augu og kanna hvort einhver sameiginlegur flötur sé á að lenda málum á skaplegum tíma. Það hafa ansi litlir tilburðir verið uppi af hæstv. forseta til þess.

Ég læt mér svo sem í léttu rúmi liggja úr þessu hvort fundi verður haldið áfram fram á kvöldið eða ekki en ég vek eftirtekt á því að hæstv. forseti sagði að hér yrði kvöldfundur. Ég kom áðan upp til þess að spyrja hæstv. forseta hvenær hann hygðist ljúka fundi og nú spyr ég hæstv. forseta: Hvenær í hans norðlenska tímatali lýkur kvöldi? Ætlar hæstv. forseti að taka þetta mál inn í nóttina og þar með að brjóta í blað eða láta staðar numið kl. 12? Ég ítreka að það hefur aldrei gerst áður þegar ekki hillir undir lok þings að menn haldi áfram fundi inn í aðfaranótt sunnudags. Það er bara hefð. En hér er kannski komið brjót til hefða.

[20:13]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vil ég segja í fyrsta lagi að ég hef ekki kannað það sérstaklega hvenær fundir hafa verið á laugardögum og væri kannski ástæða til þess að athuga hvaða þinghefðir eru í því sambandi. Hinu man ég eftir að það liggur fyrir úrskurður forseta um það að heimilt sé að halda áfram þingfundi eftir kl. 6 á miðvikudegi í dymbilviku og ekki er talið að helgispjöll séu þó að það sé gert.

Í annan stað vil ég segja að þegar ég ræddi um það og bauð það fram að það mál sem hér er til umræðu yrði ekki rætt fyrr en á mánudag þá var það að samkomulagi við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar að málið yrði tekið fyrir síðari hluta dagsins í dag. Þegar mér var svo bent á það og ég tók við þeirri ábendingu að ræða á undan mál sem er ekki stórt í sniðum, 64. mál, Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., þá átti ég ekki von á því að umræður um það mál yrðu teygðar svo á langinn að menn gætu síðan í stjórnarandstöðunni staðið upp og sagt að ég væri að brjóta samkomulag með því að ég ætlaði að taka á dagskrá mál sem ég ræddi sérstaklega við formenn stjórnarandstöðunnar í gær um að yrði tekið á dagskrá í dag. Það er því öldungis ljóst að ég gat ekki búist við öðru en við það yrði staðið að það yrði a.m.k. möguleiki á því í dag að framsögumenn nefndarálita í sjútvn. hefðu tækifæri til þess að gera grein fyrir sínu máli á fundi í dag og að um það yrðu ekki gerðar athugasemdir af hálfu stjórnarandstöðu.

Ég vil af því tilefni og vegna þess, sem ég fagna, að það er mikill sáttavilji sem fram kemur hjá formanni Samfylkingarinnar og formanni þingflokks Vinstri grænna gera hlé á þessum fundi í 10 mínútur til þess að eiga fund með formönnum þingflokkanna, þeim sem hér eru, um það hvernig haga skuli umræðum um það dagskrármál sem við erum nú að ræða.

[Fundarhlé. — 20:15]

[20:23]

Útbýting þingskjala:

Umhverfisstofnun, 711. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1326; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1327.

[20:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það varð að samkomulagi milli mín og formanna þingflokka að umræðu skyldi fram haldið á mánudag. Gert er ráð fyrir að umræðu um 63., 64. og 65. dagskrármál geti lokið á mánudaginn. Munum við sem þennan fund sátum reyna að greiða fyrir því að svo geti orðið.

Út af dagskrá voru tekin 33.–34., 39.–62. og 66. mál.

Fundi slitið kl. 20:37.

125. FUNDUR

mánudaginn 22. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 882, nál. 1262, 1293 og 1294, brtt. 1263. — Frh. 2. umr.
2. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086, nál. 1253, 1292 og 1295. — Frh. 2. umr.
3. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264. — Frh. 1. umr.
4. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177, nál. 1273, brtt. 1274 og 1288. — 2. umr.
5. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.
6. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038. — 3. umr.
7. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.
8. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278, brtt. 1279. — Síðari umr.
9. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 720. mál, þskj. 1227. — 1. umr.
10. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.
11. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143. — 2. umr.
12. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.
13. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 1300. — 3. umr.
14. Almenn hegningarlög og lögreglulög, stjfrv., 494. mál, þskj. 1301. — 3. umr.
15. Stjórnsýslulög, stjfrv., 598. mál, þskj. 942. — 3. umr.
16. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1302. — 3. umr.
17. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — 2. umr.
18. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1153 (með áorðn. breyt. á þskj. 1230), brtt. 1244. — 3. umr.
19. Einkahlutafélög, stjfrv., 546. mál, þskj. 1304. — 3. umr.
20. Hlutafélög, stjfrv., 547. mál, þskj. 1305. — 3. umr.
21. Samkeppnislög, stjfrv., 596. mál, þskj. 1306. — 3. umr.
22. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 1307. — 3. umr.
23. Tryggingagjald o.fl., stjfrv., 582. mál, þskj. 1308. — 3. umr.
24. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 687 (með áorðn. breyt. á þskj. 996). — 3. umr.
25. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1094 (með áorðn. breyt. á þskj. 1218). — 3. umr.
26. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1312. — 3. umr.
27. Útflutningur hrossa, stjfrv., 357. mál, þskj. 1313. — 3. umr.
28. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 587. mál, þskj. 917. — 3. umr.
29. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 672. mál, þskj. 1314. — 3. umr.
30. Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, þáltill., 730. mál, þskj. 1277. — Fyrri umr.
31. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — 3. umr.
32. Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 641. mál, þskj. 1325. — 3. umr.
33. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085. — 3. umr.
34. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — Frh. 2. umr.
35. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082, nál. 1281. — 2. umr.
36. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1083, nál. 1282, brtt. 1283. — 2. umr.
37. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947, nál. 1280. — 2. umr.
38. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.
39. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.
40. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.
41. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247. — 2. umr.
42. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.
43. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — 2. umr.
44. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.
45. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198. — 2. umr.
46. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — 2. umr.
47. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.
48. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073, nál. 1257 og 1261. — 2. umr.
49. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.
50. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250. — 2. umr.
51. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.
52. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, brtt. 1327. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Uppsagnir hjá Landssímanum á Akureyri.

[10:00]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til þess að krefja hæstv. samgrh. skýringa á því sem er að

gerast hjá Landssímanum á Akureyri. Þar hafa að undanförnu átt sér stað uppsagnir, að mestu leyti hefur konum verið sagt upp, á mjög hranalegan hátt ef taka má mark á þeim lýsingum sem maður fær af því sem þar hefur átt sér stað. Þessar uppsagnir eiga sér stað hjá ríkisfyrirtæki þvert á stefnu ríkisstjórnar Íslands sem stefnir að því að fjölga opinberum störfum úti á landi. Þess vegna er það mjög brýnt að hæstv. samgrh. geri þinginu grein fyrir því hvað er að gerast hjá þessu ríkisfyrirtæki.

Hér var um að ræða miðaldra konur, sem sumar áttu mjög stutt í eftirlaun, u.þ.b. fimm ár. Þeim var gert að skrifa upp á starfslokasamning korteri fyrir lok vinnudags þannig að hér eru augljóslega mjög óhefðbundnar aðferðir í gangi við að segja upp fólki. Því er mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, með hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar í því að fjölga störfum úti á landi hjá opinberum aðilum að hæstv. samgrh. geri þinginu grein fyrir því hvað um er að vera.

[10:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. vekur máls á starfsmannamálum Landssíma Íslands hf. Hann hringdi í mig á ellefta tímanum í gærkvöld og greindi mér frá því, sem ég hafði þá ekki heyrt af áður, að verið væri að gera þær breytingar sem leiddu til fækkunar starfsmanna hjá Landssímanum á Akureyri.

Eins og þeirri framgöngu við uppsagnirnar er lýst, m.a. í tölvupósti til mín í morgun, þá tel ég augljóst að ekki sé staðið að þeim málum eins og eðlilegt væri og ekki ásættanleg framganga gagnvart viðkomandi starfsmönnum, ef rétt er. Hins vegar er ljóst að það þarf að fara yfir málið og kynna sér það áður en dómar eru felldir um það en þarna er að því er virðist, og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk í morgun, verið að gera þær breytingar annars vegar að færa tiltekna starfsemi í það form að verktakar sinni því og svo er hins vegar verið breyta þjónustustörfum sem leiðir þá til fækkunar starfsmanna. En þetta verður væntanlega skoðað. Stjórnin vissi ekkert af þessari breytingu, ég kynnti mér það í morgun, og ég vænti þess að forstjóri fyrirtækisins geri stjórninni grein fyrir því í dag hvers vegna staðið er að þessum málum með þeim hætti sem gert er, sem ég tel að sé fjarri öllu lagi.

[10:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það á ekki af þessu óskabarni þjóðarinnar, Landssímanum, að ganga. Það verður að segjast alveg eins og er. Ég hefði haldið að það fyrirtæki hefði öðru þarfara að sinna svona fyrstu mánuðina eftir veturinn í vetur en að fara að standa að málum með þeim hætti sem þarna hefur augljóslega verið gert norður á Akureyri, að segja upp með mjög hranalegum hætti traustum og góðum starfsmönnum með áratuga starfsreynslu að baki og stilla þeim upp við vegg og ætla þeim að ákveða örlög sín á fimm eða tíu mínútum, rétt fyrir lok vinnudags, þess sama dags og verið er að færa þeim fréttir um að þeir hafi misst atvinnuna.

Ég vil ganga það langt að fara fram á það við hæstv. samgrh. að hann beiti valdi sínu fyrir hönd okkar sem eigum þetta fyrirtæki og láti uppsagnir ganga til baka og reki af sér slyðruorðið. Það hefur ekki staðið á því að eigandinn gæti haft áhrif í fyrirtækinu þegar menn hafa talið sér það henta og þetta á ekki að líða. Hæstv. samgrh. á bara að grípa til fleygra orða og segja við þessa höfðingja sem þarna véluðu um: „Svona gera menn ekki“ og láta þetta ganga til baka. Þeir geta ráðið fólkið aftur. Síminn hefur vel efni á því. Ég veit ekki til þess að það sé sá verkefnaskortur á bænum að ekki sé hægt að færa þá til og alveg eins nálgast lausn þessara mála með því að tryggja því fólki sem er fastráðið og á kannski fáein ár eftir til þess að komast á eftirlaun verkefni þangað til það hefur lokið sínum starfsaldri hjá fyrirtækinu. Það er því alveg sama, herra forseti, hvernig á þetta er litið, þetta gengur þvert gegn allri viðleitni til þess að flytja verkefni og halda úti störfum. Menn blésu í lúðra og fögnuðu þegar tiltekin þjónusta, 118, var flutt þarna norður en það er ekki í miklu samræmi við það að láta svo uppsagnir hjá fyrirtækinu bitna sérstaklega á starfsmönnum á þessum sama stað.

Ég skora því á hæstv. samgrh., og ég hygg að hann sé í nokkurri þörf fyrir að reyna að vinna sér inn prik í þessum málum, að hann reki af sér slyðruorðið og gefi fyrirmæli um að ráða fólkið aftur.

[10:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er illur daunn af þessu máli. Þarna er farið með ákaflega fruntalegum hætti að starfsfólki sem hefur starfað við Símann áratugum saman og því gert að gera upp örlög sín á örfáum mínútum. Svona gera menn ekki.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. samgrh. talar með þeim hætti að ætla má að honum sé málið mjög erfitt, honum þyki þetta slæmt, og ég vil þess vegna skora á hæstv. samgrh. að hann taki í hnakkadrambið á þeim mönnum sem haga sér svona og beiti sér fyrir því fyrir mína hönd og annarra skattborgara, annarra eigenda þessa fyrirtækis, að þessum uppsögnum verði þegar í stað kippt til baka.

[10:07]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir það að vekja máls á þessu máli. Þannig var að ég var staddur á Akureyri á laugardag og maður hitti varla mann öðruvísi en hann minntist á það hvernig að þessum málum hefði verið staðið. Það var gífurleg reiði manna vegna þess hvernig komið var fram við þær konur sem þarna misstu störf sín. Það er augljóst mál að þarna hafa menn gert gífurleg mistök og ég fagna þeim orðum sem hæstv. ráðherra lét falla um þetta og vona að hann fylgi þeim eftir þannig að þetta verði tekið til baka.

[10:07]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tel að það sé gott og gagnlegt að hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Steinar Jóhannsson, skyldi vekja máls á þessum atburðum hér og einnig er ég ánægður yfir þeim viðbrögðum sem ég heyrði hjá hæstv. samgrh. Hér er um það að ræða að verið er að fækka um sjö störf á Akureyri. Við skulum muna það og rifja það upp að á síðustu árum hefur verið unnið að því markvisst að flytja störf hjá Landssímanum út á land. Það er búið að flytja 40 störf til Akureyrar á síðustu árum. Það er verið að flytja störf til Egilsstaða, það er verið að flytja störf til Ísafjarðar.

Ég átti í morgun tal við forstjóra Landssímans, Óskar Jósefsson, og hann sagði mér að nú væri ein hæð auð í Landssímahúsinu á Akureyri og að unnið væri markvisst að því af framkvæmdastjórn Landssímans að taka þá hæð í notkun svo að önnur starfsemi gæti orðið þar þannig að hægt sé að flytja þangað ný störf og með þeim hætti efla starfsemi Landssímans á Akureyri. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram. Við töluðum jafnframt um það, ég og forstjóri Landssímans, að við mundum hittast nú í næstu viku til að fara betur yfir þessi mál.

Auðvitað er það svo um þessi störf að sum þeirra verða unnin í bænum áfram, lagnirnar verða unnar á Akureyri eins og áður, en við skulum vona það, og ég tek undir áhyggjur manna, að hægt sé að vinna að því að þær konur sem þarna misstu atvinnu geti fengið aðra atvinnu í staðinn, og jafnvel hjá Landssímanum ef svo ber undir, og vildi ég vænta þess að hæstv. ráðherra hafi í huga hvort ekki sé hægt að greiða fyrir því.

Eins og ég sagði er aðalatriðið að hin auða hæð Landssímans verði tekin í notkun og þangað verði flutt starfsemi, jafnvel skráningardeild eða innheimta eða eitthvað þess háttar, til að efla þjónustu Landssímans á Akureyri.

[10:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á þeirri skoðanakönnun sem gerð var fyrir skömmu síðan af Gallup að það er mikill yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sem vill að Landssíminn sé áfram í þjóðareigu, í opinberri eigu allrar þjóðarinnar. Þar með var ekki heldur verið að segja að það ætti að fara að einkavæða hann í pörtum eða taka ákveðna búta af þjónustu Símans og bjóða út og segja upp fastráðnu starfsfólki. Það var ekki verið að segja það. Ég vil vara við því ef fara á inn á þá leið að búta fyrirtækið niður, búta einstaka þjónustuþætti þess niður, bjóða þá út og segja föstu og góðu starfsfólki upp, eins og mér skilst að hluti af þessu máli á Akureyri sé.

Virðulegi forseti. Það á að vera gott vinnusiðferði innan þessa ágæta fyrirtækis sem þjóðin öll vill hafa í eigu sinni.

[10:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir hæstv. samgrh. Ég treysti því að hann kynni sér málið og fari í þetta af fullri hörku. Og sem eigandi Landssímans vil ég beina þeim orðum til hæstv. ráðherra að hann skoði stjórnunarhætti, og þá hjá yfirmönnum fyrirtækisins, vegna þess að það er eyðileggjandi fyrir hvert fyrirtæki að hafa yfirstjórnendur sem bera ekki virðingu fyrir starfsmönnum hverjir svo sem þeir eru. Þurfi að segja upp fólki, þá fer það eftir settum reglum þar sem báðir halda haus, atvinnurekandi og starfsmaður. Hér er augljóslega pottur brotinn hjá yfirstjórn fyrirtækisins og við getum ekki liðið það að opinber fyrirtæki séu rekin á þann hátt að fólk sé óöruggt með vinnuna þar. Það leiðir til þess að menn vilja ekki ráða sig í vinnu hjá slíkum fyrirtækjum, það orðspor fer af því að þar sé ekki trygga vinnu að hafa hvernig svo sem fer, og ef menn fara að haga sér á þann hátt að segja upp fólki sem á eftir örfá ár eða missiri í starfslok, í eftirlaun, þá er illa farið fyrir hvaða fyrirtæki sem er. Einkaaðilar mundu ekki gera þetta og ég vitna í fjölskyldumeðlim þar sem ég bjó sem skiptinemi í eitt ár úti í Ameríku þar sem heimilisfaðirinn rak stórt og öflugt fyrirtæki. Hans mottó var að starfsmennirnir væru gull fyrirtækisins og hver sem réði sig til fyrirtækisins mætti vera viss um það að hann yrði meðhöndlaður af virðingu fram í starfslok. Ekkert fyrirtæki þrífst og blómgast nema starfsfólkið sé öruggt og gott og því líði vel og þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. samgrh. taki til í yfirstjórn Landssímans.

[10:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég undirstrikaði það í fyrri ræðu minni að að sjálfsögðu verður þetta mál skoðað næstu daga en auðvitað er það þannig að forstjóri fer með starfsmannamál fyrirtækisins. En það er alveg ljóst að hin nýja stjórn Landssíma Íslands hf. leggur mikla og ríka áherslu á trausta og öfluga starfsmannastefnu og hefur að sjálfsögðu eins og fyrri stjórn lagt áherslu á að eiga góð samskipti við starfsfólkið og laða fram það besta fyrirtækinu til hagsbóta. Þetta er grundvallaratriði.

Ég hef hlustað á hv. þingmenn tala hér og met það mikils að þeir beri traust til þess að á næstunni verði tryggt að Síminn standi þannig að málum að forsvaranlegt sé og eðlilegt gagnvart starfsfólki eins og að sjálfsögðu verður að gera.

Ég vil vekja athygli á því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að störfum hefur verið fjölgað á vegum Símans á Akureyri og á fleiri stöðum, Egilsstöðum m.a. Frá árinu 1998 hefur verið fjölgað um 30 störf í þjónustu 118 á Akureyri og á Egilsstöðum var bætt við 10 störfum á þessu ári þannig að það er klár stefna stjórnvalda að færa verkefni, færa störf út á land þar sem það er hægt. Það er mjög víða hægt eins og ég hef vakið athygli á og kemur fram í svari mínu í þinginu um færslu verkefna á vegum stofnana samgrn.

En niðurstaðan er að sjálfsögðu sú að það skiptir miklu máli að ganga varlega fram í starfsmannamálum fyrirtækja, m.a. fyrirtækja sem eru í eigu ríkisins og ekki síst kannski.

Athugasemdir um störf þingsins.

Utanríkismál.

[10:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins og meðferð Alþingis á utanríkismálum. Undanfarna daga hafa verið miklar fréttir í fjölmiðlum um tvíhliða samning Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál sem tengjast aðild okkar að NATO, hugsanlegar breytingar á Keflavíkurflugvelli og meðferð þessara mála í bandarískum þinginu og í bandarískum fjölmiðlum. Það er þaðan sem fréttirnar af þessu berast hingað.

Þessi mál hafa verið athyglisverð aflestrar, ekki síst í Morgunblaðinu sem hefur farið inn í þingræður og hefur flutt okkur afstöðu bandarískra þingsins í hvívetna. Það er afstaða mín að þegar slíkt mál kemur upp þá eigi utanrmn. Alþingis samstundis að koma saman og ræða þessi mál, það sé hinn rétti vettvangur. Vandi utanrmn. er að æðstu menn ríkisstjórnarinnar hafa verið erlendis en á þessum morgni höfum við haldið fund um annað mál í utanrmn. Alþingis og þar hef ég óskað eftir því og við fulltrúar Samfylkingarinnar að um leið og hæstv. utanrrh. kemur til landsins þá verði farið yfir þessi mál í nefndinni og er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því að þau geti komið til umræðu í kjölfarið hér í þessum sal.

Þannig, herra forseti, tel ég að eigi að vinna. Það er mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga hafi jafnsjálfsagða umfjöllun um þessi stóru mál og Bandaríkjaþing. Þannig hefur það ekki verið. Við höfum ítrekað spurt um framvindu umræðu um varnarsamninginn. Litlar fréttir hafa komið. Nú hafa þær borist erlendis frá. Nú förum við alþingismenn sjálfir í þetta mál, öflum upplýsinga og höfum skoðun á þeim.

[10:17]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég tel einboðið eftir að fréttir hafa komið um hugmyndir um breytingar á Keflavíkurflugvelli og breytingar á varnarsamningnum, tvíhliða viðræður sem greint hefur verið frá í fréttum, að haldinn verði fundur í utanrmn. þar sem þessi mál verði tekin til umfjöllunar. Ég mun fara fram á það við utanrrh. þegar hann kemur til landsins úr ferð sinni til Rússlands.

[10:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur ítrekað borið á góma í umræðum um utanríkismál, um skýrslur utanrrh. og við fleiri tækifæri í þinginu að eðlilegt væri að utanrmn. Alþingis og Alþingi í heild fylgdist með þróun mála í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að viðræður mundu væntanlega hefjast í kjölfar þess að bókun um umsvif á Keflavíkurflugvelli er nú úr gildi fallin og það meira að segja fyrir nokkru síðan.

Í því sambandi, herra forseti, ætti áhugi Bandaríkjamanna á að draga hér úr umsvifum ekki að koma heinum á óvart. Hann hefur í raun og veru legið fyrir sem meira og minna opinbert mál en ákveðinnar viðkvæmni gætt hér heima við að horfast í augu við það eins og það er. Ég tel það að sjálfsögðu ekki neitt harmsefni þó að Bandaríkjamenn meti aðstæður þannig að þeir geti dregið úr umsvifum sínum í hér eða horfið á braut og þó fyrr hefði verið. Hitt er annað mál að þau umskipti öll og þau áhrif sem af slíku munu leiða þarf að ræða og um það höfum við líka flutt tillögur hér á þingi, m.a. nokkur undangengin þing, að Íslendingar sjálfir hefðu frumkvæði að því að fara í viðræður undir þeim formerkjum að ræða breyttar aðstæður og breytingar sem af breyttum aðstæðum í stjórnmálum kynnu að leiða. Þar á meðal og ekki síst mundu þær viðræður væntanlega snúa að hlutverki Íslands við yfirtöku á rekstri Keflavíkurflugvallar og öðrum slíkum hlutum.

Ég verð svo að segja að mér finnast boðleiðir, herra forseti, í þessu máli nokkuð skrýtnar og ekki koma þannig að utanrmn. Alþingis eins og æskilegast væri, að í gegnum fjölmiðla koma fréttir, jafnvel gamlar fréttir um ummæli sem bandarískir ráðamenn hafa látið falla, mánuðum eftir að þau eru sögð, í stað þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir jafnharðan í utanrmn. eða á Alþingi og að það sé virk miðlun á upplýsingum í gegnum utanrrn., sendiráðið í Washington eða hvaðan sem eðlilegt væri að slíkir hlutir kæmu, en menn þurfi ekki að afla sér upplýsinga um þessa hluti úr gömlum blaðaviðtölum.

[10:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil undirstrika það að ekki er vakið máls á þessu stóra máli til að taka umræðuna hér í þessu morgunsári. Það er ánægjulegt að við erum sammála um það í utanrmn. núna að fara í þetta mál og það er mikilvægt að Alþingi gefi sér tíma áður en farið er heim, til að ræða það. Það er ekki tilefni til efnislegrar umfjöllunar hér og nú en það er eðlilegt að alþingismenn sem ekki eiga sæti í utanrmn. fái að vita það að við höfum tekið málið upp á okkar borð og að farið verði yfir það með réttum hætti.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 882, nál. 1262, 1293 og 1294, brtt. 1263.

[10:22]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Við ræðum um veiðigjald, stjórn fiskveiða, og ég mæli fyrir nefndaráliti sem við hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir skrifum undir.

Þetta frumvarp fjallar um veiðigjald og reyndar fleira. Sú útfærsla sem lögð er til byggist á niðurstöðum meiri hluta nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði 28. september 1999 til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Gjaldið leggst á úthlutaðar veiðiheimildir hjá meiri hluta flotans, en á landaðan afla í þorskígildum talið hjá þeim bátum sem eru á sóknardögum. Samkvæmt frumvarpinu mun gjaldtaka hefjast árið 2004 og fara smáhækkandi fram til ársins 2009.

Ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn á Alþingi hefur með þessu frumvarpi valið veiðigjaldsleið sem er ætlað að verja sérréttindi kvótahafanna og það einokunarfyrirkomulag sem gilt hefur í stjórn fiskveiða á Íslandi. Þessa leið hefur ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar á Alþingi valið og tekið fram yfir þá leið, fyrningarleið, sem svo hefur verið kölluð sem hefur helst verið líkleg til sátta í þessu stóra deilumáli. Því veiðigjaldi sem lagt er til að upp verði tekið virðist vera ætlað að taka mið af afkomu greinarinnar. Ekkert tillit er þó tekið til aflaheimildanna eða verðmætis þeirra sem viðkomandi útgerðarmenn fá. Sú viðmiðun er þó aðgengileg því að verðmæti aflaheimilda liggur alltaf fyrir á sívirkum markaði. Fyrir fram má sjá að ýmsir gallar munu verða á framkvæmd þessa máls. Í fyrsta lagi verður gjaldið miðað við meðalafkomu í greininni árið á undan. Það kom fram í umfjöllun í nefndinni, m.a. frá aðilum frá Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun, að þarna væri í raun og veru valin mjög vafasöm aðferð. Það mun auðvitað gerast með þessari aðferð að þeir sem starfa í greininni geta lent í því að vera árum saman að borga verulega hærra gjald en afkoma þeirra gefur tilefni til. Og úr því að menn hafa valið þá leið að láta afkomu í greininni skipta þarna máli er það auðvitað ekki í samræmi við jafnræði almennt að hafa viðmiðun af þessu tagi. Gjaldið sem lagt er til er afar lágt miðað við raunverð þeirra aflaheimilda sem ríkið er að úthluta viðkomandi útgerðum í dag. Ef tillit er tekið til þess að um leið og það verður lagt á verða önnur gjöld á útgerðina lögð niður er um óverulega hækkun álaga á útgerðina að ræða miðað við afkomu fyrri ára. Þótt haft sé á orði að miða skuli við afkomu í sjávarútvegi er samt vitað að vegna aðferðarinnar við að ákveða gjaldið munu einstakar greinar útgerðar, ef illa árar í þeim, þurfa að borga sama gjald og hinar sem vel gengur í. Þetta er mjög varhugavert og getur valdið óþolandi mismunun ef gjaldið verður hækkað í framtíðinni. Þá er gjaldið innheimt miðað við kvótaígildi en ekki aflaverðmæti sem skekkir mjög stöðuna milli útgerðarsvæða, t.d. í þorski á milli Norður- og Suðurlands. Augljóst er að þær útgerðir sem til lengri tíma skila hagnaði munu skila gjaldinu til ríkisins að frádregnum skatti en hinar sem ekki hafa hagnað greiða gjaldið að fullu í ríkissjóð. Þegar það er haft í huga að margar útgerðir hafa verið reknar áratugum saman án þess að sýna hagnað virðist hér komin aðferð til að láta þær greiða til ríkissjóðs þótt í litlu sé samkvæmt tillögunni eins og hún lítur út núna. Almennt má segja um þessa leið að hún er sniðin að hagsmunum þeirra sem nú eru handhafar veiðiréttarins.

Í aðferðinni, þ.e. að leggja gjaldið á úthlutaðar veiðiheimildir án þess að hróflað sé við sérréttindum kvótahafanna, er fólgin sú afstaða að ríkisstjórnin ætlar með öllum ráðum að verja einkaeignarhald kvótahafanna á því að nýta þjóðarauðlindina. Það er lokasvar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar við spurningu sem brunnið hefur á landsmönnum síðan fyrir síðustu kosningar til Alþingis, spurningunni um hvernig Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ætla að standa við loforð foringja sinna um að leita sátta í deilunum um stjórn fiskveiða. Þessi niðurstaða hefur að vísu legið í loftinu síðan auðlindanefndin skilaði áliti sínu, vegna þess að við það tækifæri setti forsætisráðherra fram sína skoðun á því hvernig bæri að túlka þann afskilnað. En við það tækifæri fór ekki á milli mála að forsætisráðherra vildi fara þá leið sem hér liggur fyrir. Auðvitað talaði hann þá fyrir báða stjórnarflokkana í þessu máli. Sjávarútvegsráðherra kom síðan í fótspor foringjans með yfirlýsingar um að þessi svokallaða veiðigjaldsleið væri leiðin til „betri sátta".

Í kjölfarið hófst svo leikþáttur í kringum nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði í málið. Nú er það orðið alveg ljóst að sú nefnd hafði aldrei annað hlutverk en að skila samkomulagi foringjanna frá sér í tillöguformi. Allt sýnir þetta að fyrir talinu um sátt var engin innstæða.

Um einstakar greinar í frumvarpinu vill 1. minni hluti taka eftirfarandi fram:

Heimild er í 1. gr. til ráðherra til að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar, en einnig rannsóknir annarra vísindamanna eða stofnana, skuli ekki reiknast til heildarafla. Með þessari breytingu er opnað á þann möguleika að fleiri en Hafrannsóknastofnunin geti stundað fiskirannsóknir og veitt fisk í rannsóknarskyni án þess að hafa til þess veiðiheimildir. Gert er ráð fyrir að umsögn Hafró þurfi að liggja fyrir. Slíkt hlýtur að vera umhugsunarefni vegna þess að samkeppni milli vísindamanna getur vel haft áhrif á slíkar umsagnir. Auðvitað muna hv. þingmenn eftir því og vita um það að Hafrannsóknastofnunin hefur verið gagnrýnin á þá vísindamenn sem hafa leyft sér að setja fram aðrar skoðanir varðandi stjórn fiskveiða og tillögur um hvernig eigi að nýta fiskstofnana heldur en hefur þóknast stofnuninni sjálfri og slíkir menn hafa ekki átt hauka í horni í a.m.k. þeim sem hafa talað fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar þannig að það er ástæða til þess að þetta ákvæði sé haft undir smásjá þegar hæstv. ráðherra fer að fylgja því eftir.

2. gr. hefur ekki efnislega þýðingu.

3. gr. er ætlað að styrkja framkvæmd Fiskistofu á flutningi veiðiréttar af skipi sem hverfur úr rekstri til annars skips. Nefndarmönnum var tjáð að þessi breyting hefði ekki áhrif á gerða samninga milli kaupenda og seljenda skipa.

Ákvæði 4. gr. um að árlega skuli úthluta 1.500 þorskígildistonnum í óslægðum botnfiski til skipa í byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi skal taka gildi 1. september 2002 samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans. Einnig verður ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 þorskígildislestum af fyrrnefndum 1.500 í óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem verða talin hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Rétt er að ræða í samhengi við þetta að í ákvæði til bráðabirgða XXV er gert ráð fyrir því að úthluta 3.000 lestum af þorski til aflamarksbáta fram til ársins 2006. Meiri hluti nefndarinnar leggur nú til að sú úthlutun verði varanleg. Sama máli gegnir um ákvæði til bráðabirgða XXVI en í því er gert ráð fyrir að Byggðastofnun úthluti aflaheimildum sem nema alls 1.500 þorskígildislestum til og með fiskveiðiárinu 2005/2006. Þetta verður gert varanlegt samkvæmt tillögum meiri hlutans og sjávarútvegsráðuneytinu falin úthlutunin með sama hætti og gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins.

Hér eru á ferðinni tillögur sem lýsa vel áhrifum einkaeignarhaldsins sem gildir á veiðiréttinum. Hvert byggðarlagið á fætur öðru lendir í óvissu og vanda. Þá er hlaupið til með handstýrðar úthlutanir og aðgerðir sem eru jafnvel fundnar út með því að skoða stöðu og þarfir einstakra útgerða. Þingmenn ríkisstjórnarflokkanna lýsa sig andvíga kerfinu og harma afleiðingar þess en ríkisstjórninni tekst ævinlega að kaupa einstaka þingmenn til stuðnings við óréttlátt kerfi sem mismunar einstaklingum og byggðarlögum með hrossakaupum sem lýsa sér ágætlega í þeim tillögum sem hér er fjallað um.

Í 5. gr. er lögð til sú breyting að krókaaflamarksbátar megi vera allt að 15 brúttótonn í stað 6 brúttórúmlesta eða 6 brúttótonna í gildandi lögum. Útgerð krókaaflamarksbáta er nú burðarás í atvinnulífi ýmissa byggðarlaga sem hafa glatað aflaheimildum í núgildandi kerfi. Þessir bátar eru auðvitað allt of smáir til útgerðar á vetrum. Það er hins vegar umdeilanlegt hvar þessi stærðarmörk ættu helst að liggja. Skynsamlegt er öryggis vegna að hækka þau verulega. Þótt einungis væri leyfð stækkun upp í 10 brúttótonn væri um að ræða næstum tvöföldun á stærð bátanna. Hér er ætlunin að leyfa þreföldun á stærð stærstu bátanna. Þetta þýðir að inn í kerfið koma bátar í stærðum sem notaðar eru á alls kyns veiðar aðrar en krókaveiðar, jafnvel net, snurvoð, skel og fleira. Þetta hefur það einnig í för með sér að inn í þennan hóp koma bátar sem hafa aðrar skyldur vegna skráningar áhafnar. Til að tvístra ekki útgerðarmönnum í þessum hópi hefur meiri hlutinn lagt fram frumvarp um breytingu á lögunum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun sem á að tryggja að krókaaflamarksbátar upp í 15 brúttótonn verði áfram hjá Landssambandi smábátaeigenda. Það frumvarp þarf hins vegar nána skoðun og það þarf að fara yfir áhrif af breytingunni með hagsmunaaðilum til að tryggja að ekki komi upp vandamál vegna kjarasamninga eða annarra atriða. Vert er að hafa í huga að ríkisstjórnin hefur nú þegar hrundið af stað endurskoðunarferli sem getur leitt til þess að lögin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun verði numin úr gildi að einhverju leyti.

Í 6. gr. voru lagðar til miklar breytingar á leyfilegri hámarksaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Meiri hluti nefndarinnar dregur úr þessum áformum með breytingartillögum sínum og leggur til að hámarksaflahlutdeild einstakra aðila í ýsu, ufsa og grálúðu verði 20%, en 35% í karfa. Frumvarpið hafði gert ráð fyrir að hámarkskvótahlutdeild yrði 50% í öllum þessum tegundum. Eftir situr þess vegna tillaga um hækkun hámarkskvótahlutdeildar í karfa úr 20% upp í 35%, sem þýðir að þrjár útgerðir geta ráðið öllum karfastofnunum við landið, í ýsu á að hækka hámarkshlutdeild úr 10% í 20% sem þýðir auðvitað að fræðilega geta fimm útgerðir eignast allan ýsustofninn, í þorski úr 10% í 12%. Þá er hámark samanlagðrar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila hækkuð úr 8% upp í 12%. Hér eru þrátt fyrir breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar miklar breytingar á ferðinni sem greinilega er ætlað að greiða fyrir enn meiri samruna í sjávarútvegi.

Í 7. gr. er leitast við að styrkja framkvæmd Fiskistofu við flutning aflaheimilda milli aðila.

Í 8. gr. er lagt til að samráðsnefnd útgerðarmanna, sjómanna og ráðuneytis verði lögð niður. Þessi nefnd hefur ekki starfað en þær aðstæður gætu komið upp að slík nefnd gæti orðið að gagni og því hefði, meðan ekki næst betri sátt um málefni sjávarútvegsins, verið ástæða til að hafa þennan möguleika til samráðs tiltækan.

Í 9. gr. er leitast við að ná öruggari tökum á eftirliti Fiskistofu með eignarhaldi skipa til þess að kvótinn rati í „réttar" hendur samkvæmt þeim reglum sem gilda.

Í 10. gr. eru tillögur um þær reglur sem ætlað er að láta gilda um svokallað veiðigjald, útreikning og innheimtu á því. Athyglisvert er að sjá hringlandaháttinn í öllu málinu sem lýsir sér vel í því að enn er verið að breyta með tillögum meiri hlutans viðmiðunum um útreikning og upphæðir gjaldsins. Breyting frá haustþingi sem fól í sér að heimilt væri að flytja 30% krókaaflamarks milli fiskveiðiára fellur brott þannig að sama regla verður látin gilda um flutning krókaaflamarks og aflamarks. Lagt er til að heimilt verði að flytja allt krókaaflamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003. Með því er komið til móts við óskir Landssambands smábátaeigenda um að ekki sé að fullu lokið við úthlutun aflaheimilda til handa smábátunum, eigendur þeirra hafi átt erfitt með að skipuleggja veiðar sínar og hætta var á að aflaheimildir einstakra báta nýttist ekki. Einnig er tillaga um að ráðherra hafi 500 lestir af óslægðum þorski til ráðstöfunar til tilrauna með áframeldi í þorski sem er afar þörf tillaga.

Lagðar eru til breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins. Gildistaka veiðigjaldsins er þó óbreytt frá því sem er í frumvarpinu. Ákvæði 4. gr. frumvarpsins skal taka gildi 1. september 2002. Ráðherra verður þá heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 þorskígildislestum af óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem verða talin hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Sú niðurstaða þess þingmeirihluta sem styður ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í mesta pólitíska ágreiningsmáli íslenskra stjórnmála til margra ára sem hér liggur fyrir með þessu frumvarpi er óskiljanleg í ljósi loforða foringa stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar. „Þjóðarsáttin" varð að hraksmánarlegum hrossakaupum milli stjórnarflokkanna og LÍÚ og endaði með táknrænum hætti með því að kaupa fylgi þingmanna stjórnarflokkanna í sjávarútvegsnefnd til fylgis við frumvarpið með sértækum úthlutunum til staða í þeirra eigin kjördæmum.

Fyrsti minni hluti harmar þessi málalok og leggur til að frumvarpið verði fellt.

Hæstv. forseti. Það er margt sem mætti um þetta mál segja og kannski er rétt að orða það fyrst þannig í spurningarformi: Er þetta sáttin um stjórn fiskveiða? Þetta er örugglega ekki sáttin um stjórn fiskveiða í huga meiri hluta þjóðarinnar? Það hefur a.m.k. komið fram hvað eftir annað í skoðanakönnunum að þær aðferðir sem hér hafa verið viðhafðar við stjórn fiskveiða eru ekki að skapi þjóðarinnar.

Síðan er rétt að spyrja þeirrar spurningar hvort einhver þörf sé á því að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Hvaða rök eru þá fyrir því? Ákvæðin sem hér er verið að ræða um eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en 2004–2005 nema þau sem snúa að smábátum. Hvernig skyldu málin snúa gagnvart smábátunum?

Það liggur fyrir samkvæmt lögum sem sett voru í vetur á hv. Alþingi, reyndar hafa tvisvar verið sett lög sem varða smábáta á hv. Alþingi í vetur og samkvæmt þeim lögum liggur það fyrir að það þarf strax á næsta hausti að endurskoða reglur og lög hvað varðar smábátana því að í lögunum sem sett voru í vetur var gert ráð fyrir því að endurskoða dagakerfið strax í haust þannig að það er gert ráð fyrir því að menn muni hugsanlega starfa eftir öðrum reglum á næsta fiskveiðiári, þ.e. frá 1. september í haust. Hvað rekur menn þá til þess að breyta lögum fyrir þennan hóp báta núna? Það eru því greinilega full rök fyrir því að engin ástæða sé til þess að Alþingi haski sér við þetta umdeilda mál og því verði troðið í gegnum meðferð Alþingis núna á síðustu dögum þingsins á þessu vori.

Mig langar til þess að ræða svolítið betur um þá veiðigjaldsleið sem hér er verið að leggja til því að ég tel að hún sé á margan hátt afar vafasöm. Í fyrsta lagi er auðvitað sú krafa sem hefur legið fyrir alla tíð, þ.e. að menn fyndu sáttaflöt á aðaldeilumálinu. Það er ekki gert með þessu fyrirkomulagi sem hér er lagt til því að það er algerlega greinilegt og skýrt að þingmeirihlutnn ætlar sér með því að samþykkja þetta frv. að viðhalda óréttlætinu sem felst í einkaeignarhaldinu á veiðiheimildunum. Og það hefur alls ekki á nokkurn hátt verið leyst úr þeirri deilu sem um það stendur.

Mig langar til þess að ræða betur um hvernig að þessum málum er staðið. Svo virðist sem það liggi hér í landi hjá stjórnarmeirihlutanum á hv. Alþingi að hann líti þannig á að það sé eðlilegt að deila og drottna og að mönnum beri bókstaflega einhvers konar heilög skylda til þess að hlýða ríkisstjórninni í öllu. Það hafa meira að segja nýlega komið fram yfirlýsingar í blöðum um það hvernig þessi skylda liggur á hv. þingmönnum. Ég taldi mig hafa með mér úrklippu úr Dagblaðinu fyrir tveimur dögum eða svo þar sem viðtal var við hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Í því viðtali kemur fram að hann telji sig þurfa að fylgja þingmeirihlutanum jafnvel þó að um sé að ræða málefni sem sé honum algerlega þvert um geð. Ég verð að segja alveg eins og er að það eru mikil vonbrigði ef stjórn landsins byggist á því að menn séu undir einhvers konar heljartaki ríkisstjórnar á hverjum tíma og geti ekki annað en rétt upp hönd þegar ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að flytja eitthvert mál inn í sali Alþingis.

Finnst mönnum það ekki orðið dálítið undarlegt og ömurlegt að fylgjast með því hvernig breytingum á lögum um stjórn fiskveiða er ár eftir ár troðið í gegnum hv. Alþingi með hrossakaupum við einstaka þingmenn þar sem menn ná fram einhvers konar breytingum á lögunum til þess að bjarga einhverjum byggðarlögum í sínum eigin kjördæmum? Skyldi það vera tilviljun að þessar björgunaraðgerðir eru fyrst og fremst mestar þar sem í hlut eiga þingmenn sem eiga sæti í sjútvn. Alþingis?

Ég tók eftir því í framsögu hv. 1. þm. Vestf. fyrir þessu máli að hann hafði tekið það saman hve mikið er orðið nú af byggðakvóta sem úthlutað er eftir hinum ýmsu reglum. Hann hafði komist að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða 7.600 tonn og hann lét fylgja með þegar hann hafði upplýst þetta líklega til þess að koma því til skila að þarna hefði verið myndarlega að staðið að ná þessum 7.600 tonnum til að úthluta þeim, svona handstýrt og fínt handa þeim sem eiga að fá, að það væri kominn tími til að fara að feta sig út úr þessari leið. Hv. þm. sagði þetta. Ég tel ástæðu til að óska eftir nánari skýringum frá honum hvað hann á við með þessu. Er hann að gefa það til kynna að þeir sem hafa fengið

þessar úthlutanir megi eiga von á því að þær verði teknar til baka með einhverjum hætti? Eða er hv. þm. að gefa til kynna að það sé kominn tími til að hætta og nú hafi endimörk réttlætisins fundist og þeim hafi verið náð?

Ég er ákaflega hræddur um að það muni margir í mörgum byggðarlögum í framtíðinni telja sig eiga rétt á sérmeðhöndlun eftir þá sérmeðhöndlun sem menn hafa haft á undanförnum árum í þessum málum og það verði áfram hrossakaup meðal þeirra sem stjórna í landinu ef menn ætla að halda áfram á þessari braut um það hverjir eiga að fá og hverjir eiga ekki að fá. Og þegar menn velta því fyrir sér hvort í þessu sé fólgin einhvers konar sanngirni, þá hljóta menn að lenda í miklum vanda einfaldlega vegna þess að allur rökstuðningurinn fyrir því að úthluta með þeim hætti sem gert hefur verið í gegnum undanfarin ár hefur byggst á því að þarna væri eins konar veiðiréttur á ferðinni sem væri atvinnuréttur. Byggðakvóti af því tagi sem hér hefur verið úthlutað á undanförnum árum getur illa farið saman við rökstuðning fyrir því að einstakir útgerðarmenn eigi atvinnuréttindi í útgerð og eigi þess vegna að fá að veiða fisk við Ísland. Eða hvernig má það vera að útgerðarmaður sem hefur verið að gera út frá þeim byggðarlögum sem eru í náðinni t.d. núna og hafa fengið sértækar úthlutanir núna vegna þess að þau eru talin hafa lent í vanda, að sá útgerðarmaður sem hefur róið þaðan fær úthlutun en annar útgerðarmaður sem er í nákvæmlega sömu stöðu og hinn fyrri en er að róa einhvers staðar annars staðar, fær ekki neitt? Hvernig passar þetta við það að um sé að ræða einhvers konar atvinnuréttindi? Það passar auðvitað ekki. En það er líka þannig að allt hefur þetta í raun og veru gengið út á það að deila og drottna. Tilgangurinn hefur helgað meðalið og tilgangurinn er að koma eignarhaldi á fiskstofnana við Ísland.

Ég hef farið yfir það áður, og vil endurtaka það, að einhver mestu vonbrigði sem ég hef orðið fyrir í öllu þessu máli var þegar Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu og lét koma fram í áliti sínu að málefnalegar ástæður hefðu verið fyrir því hvernig kvótanum var úthlutað. Þessar málefnalegu ástæður voru tilgreindar og þær voru að menn hefðu haft veiðireynslu. Veiðireynsla var vissulega til og var fyrir hendi hjá ýmsum en það er búið að úthluta veiðiheimildum til manna síðan þetta kerfi var tekið upp með svo fjölmörgum afbrigðum sem hafa verið notuð einu sinni eða jafnvel tvisvar að mikið af kvótaréttindum sem eru í dag eru byggð á sértækum úthlutunum og ekki á neinu réttlæti eða almennum viðmiðunum. Margir muna eftir skipstjórakvótanum sem örfáir menn fengu. Sömu skip og þeir voru á og þeir fengu skipstjórakvóta út á fengu líka úthlutanir út á sömu veiðireynslu þannig að tvisvar var úthlutað út á veiðireynslu þeirra skipa.

Á laugardaginn vorum við að ræða um síldina sem menn lentu í miklum vandræðum með þegar samningar náðust við Norðmenn um það að Íslendingar gætu farið að veiða síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ekki höfðu menn nú veiðireynslu í síld. En þá var tekið til við að búa hana til og einstök skip fá núna samkvæmt hugmyndunum úthlutað ekki bara leyfi til að veiða síld heldur úthlutað aflahlutdeild í síld inn í framtíðina, sinn part af norsk-íslenska síldarstofninum til ævilangrar eignar samkvæmt því sem hér liggur fyrir. Og það er alveg sama hvað stofninn verður stór, þeir munu eiga hann sem hafa verið að veiða síld á undanförnum árum.

Svona er farið með þjóðarauðlindina. Það er greinilega að yfirlögðu ráði verið að reyna að koma eignarhaldinu á hvern einasta fisk sem syndir í kringum landið. Og það voru fleiri aðferðir en veiðireynsla sem voru notaðar til þess að úthluta veiðiréttindum. Ýmsir sem áttu kili uppi á landi og sögðust ætla að fara að byggja skip fengu úthlutað veiðiréttindum út á það. Ekki var það veiðiréttur sem hægt er að halda fram að hafi verið byggður á veiðireynslu. Það var ekki gerð krafa um það að menn hefðu veitt, ekki einu sinni að þeir hefðu verið á sjó ef þeir áttu bara samning um kjöl. Þetta er eitt af dæmunum.

Það var líka eitt af dæmunum að það var ákveðið að þeir sem keyptu sér veiðiréttindi í þorski norður í landi og flyttu veiðiréttindin hér að sunnan og norður fengju úthlutað 25% viðbót ofan á. Ekki var það veiðireynsla. Ekki voru það einhverjar málefnalegar ástæður sem voru byggðar á veiðireynslu og atvinnuréttindum manna, þessi 25%. Hæstiréttur fór að mínu viti æðiflatt á þessu máli. En svo kvað Hæstiréttur upp sinn dóm og sá dómur olli miklu uppnámi í þjóðfélaginu. Flestir töldu að hann þyddi að það væri ekki hægt að úthluta veiðirétti með þeim hætti sem hér tíðkast. Ríkisstjórnin kallaði saman neyðarhóp til þess að finna út hvort ekki væri hægt að fara einhverja aðra leið í málinu en taka til endurskoðunar úthlutun á veiðiréttinum. Þar fundu menn út að Hæstiréttur hefði ekkert verið að tala um veiðiréttindin sem slík, ekki kvótann, nei, nei. Það hefði verið ákvörðun Hæstaréttar að það væri bannað að leyfa mönnum ekki að fá veiðileyfi sem þeir gætu haft uppi á veggnum hjá sér en út á það veiðileyfi ættu menn ekki að fá að veiða neitt og það hefði verið brot á stjórnarskránni að menn gætu ekki fengið slík veiðileyfi. Þetta var niðurstaðan og á þessari niðurstöðu byggði síðan ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn framhald málsins og setti lög á þeim grundvelli.

Síðan kom upp annað mál og Hæstiréttur kvað upp nýjan dóm. Sá dómur var mjög merkilegur að því leyti til að við þann málflutning klofnaði Hæstiréttur í tvennt og helmingurinn af þeim sem áður höfðu kveðið upp fyrri dóminn komst að þeirri niðurstöðu að hann hefðu aðra skoðun en hinn helmingurinn. Það var sem sagt niðurstaðan í Hæstarétti að helmingurinn af hæstaréttardómurunum hafði allt aðra skoðun á því hvað hann hefði meint með fyrri dómnum heldur en hinn helmingurinn. Og meiri hluti Hæstaréttar í seinna málinu komst að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin hefði haft rétt fyrir sér, enda hafði hæstv. forsrh. látið menn heyra það mjög að þjóðin mundi ekki þola það að ekki yrði farið eftir forskrift ríkisstjórnarinnar. Hún mundi þá geta tekið sér far til Kanaríeyja ef sú niðurstaða yrði. Og Hæstiréttur komst að þessari niðurstöðu, að vísu klofinn. Tveir af þeim hæstaréttardómurum sem áður höfðu kveðið upp fyrri dóminn héldu sig við hvað þeir hefðu meint með honum en hinir höfðu aðra skoðun svo það lá þá fyrir að það væri niðurstaðan að það væri brot á stjórnarskránni að menn fengju ekki svona veiðileyfi sem engin veiðiréttindi fylgdu. Og þannig stendur málið.

En það er auðvitað fleira sem menn þurfa þá að velta fyrir sér. Það hlýtur að þurfa að velta því fyrir sér hvort þau veiðiréttindi sem menn eru að tala um og hafa úthlutað til fiskiskipa í framhaldi af þessum dómum Hæstaréttar standast. Er einhver glóra í því að halda því annars vegar fram að málefnalegar ástæður séu fyrir því að menn fái slík réttindi og kveða síðan upp þann dóm að veiðileyfin sem voru í gildi á meðan menn öfluðu sér þessara réttinda hefðu verið brot á stjórnarskránni þannig að umhverfið sem menn öfluðu sér þessara réttinda í hefði í raun og veru verið brot á

stjórnarskránni? Er líklegt að hægt sé að halda því fram að menn öðlist einhver réttindi í umhverfi af þessu tagi? Ég vil meina að það sé ekki hægt. Þar af leiðir að ég set fyrirvara við það að hægt sé að tala um réttindi sem hafi orðið til við aðstæður sem Hæstiréttur hefur úrskurðað með þessum hætti að séu brot á stjórnarskránni.

Ég vil líka meina að það sé mikil ástæða til þess að ræða um hvað eru atvinnuréttindi vegna þess að það hefur verið notað sem vörn í þessu máli frá þeirra hendi sem hafa viljað hafa úthlutanirnar áfram með þeim hætti sem þær eru. Atvinnuréttindi manna byggjast yfirleitt á því að þeir hafi fengið menntun á einhverju sviði og það hafi verið sett lög sem verja rétt manna vegna þeirrar menntunar, einhvers konar kröfur hafi verið settar um menntun, próf og aðra slíka hluti, og atvinnuréttindi hafa menn líka samkvæmt lögum. Menn ganga í sín félög, verkalýðsfélög og hafa atvinnuréttindi sem eru varin af þeim.

Það að búa til einhver ný atvinnuréttindi sem byggjast á því að menn hafi keypt þau af einhverjum öðrum hlýtur að vera einhvers konar allt öðruvísi fyrirbrigði. Ég vil meina að ekki sé hægt að halda því fram að útgerðarmaður sem hefur gert út skip og skipstjóri sem þar er um borð sem hefur óumdeilanlega atvinnuréttindi sem skipstjóri og sem hefur síðan fengið úthlutað veiðiréttindum á þeim tíma sem kvótakerfð var sett á, hann eigi auðvitað að hafa sín atvinnuréttindi. En hvað þá um skipstjórann sem hefur verið skipstjóri á skipi eftir að kerfið kom á, hefur leigt til sín veiðiréttindi og útgerðin hefur verið byggð á því? Hefur slíkur aðili engin atvinnuréttindi? Eru röksemdafærslur af þessu tagi mögulegar? Er það mögulegt að menn geti litið á atvinnuréttindi sem söluvöru? Ég held ekki. Og mér finnst menn hafa verið leiddir út á algerar villigötur. Þessi réttindi sem búin voru til með því að setja kvótann á eru ekki atvinnuréttindi. Þau eru sérréttindi eða hlunnindi sem hefur verið ákveðið af Alþingi að færa tilteknum aðilum með tilteknum ákveðnum reglum.

Ég tel að það sé ekkert vafamál að reglur af þessu tagi geti aldrei staðist nein jafnræðissjónarmið og mér finnst að umræðan um þetta þurfi að halda áfram vegna þess að enn á ný halda menn áfram að verja sig með þessari röksemdafærslu.

Auðlindanefnd sem skilaði af sér áður en þessar tillögur urðu til skilaði almennri niðurstöðu og öll hennar niðurstaða byggðist á því að aðgangur að auðlindum í almannaeigu ætti að vera undir jafnræðissjónarmiðum. Það að menn skuli síðan ætla að halda áfram með þeim hætti sem hér er lagt til er með miklum endemum og það er verið að snúa út úr heildarniðurstöðu auðlindanefndarinnar ef menn halda að það geti staðist að setja á kerfi með þeim hætti sem hér er ætlað, þ.e. að viðhalda þessari úthlutun sérréttinda eða hlunninda eins og þetta hefur verið inn í framtíðina með einhvers konar veiðigjaldi þar sem öðrum er haldið utan við þetta kerfi sem ekki hafa hlotið náðina að vera með í úthlutununum.

Eitt langar mig til að nefna vegna þess að það hefur fylgt þessari umræðu frá upphafi í sambandi við veiðigjaldið sem hér er lagt til. Þegar Alþingi Íslendinga samþykkti þá tillögu sem varð til þess að auðlindanefndin varð til, samþykkti að lagt yrði hóflegt gjald á þá sem nýttu sér auðlindir þjóðarinnar. Það vantar algerlega að finna út hvað menn áttu við með þessu. Hóflegt gjald, hvað er það? Ég tel að hóflegt gjald fyrir réttindin eða verðmæti sem hið opinbera lætur frá sér hljóti að vera það gjald sem kemst næst því að sýna það verðmæti sem látið er af höndum. Hóflegt gjald. Ef menn velta því bara fyrir sér að ríkið væri að láta af hendi húseign eða einhverjar aðrar eignir sem ríkið á í hendur aðila í þjóðfélaginu, þá ætlast enginn til að ríkið reyni að okra á því. Hóflegt gjald fyrir slíkar eignir finna menn út með því að skoða markaðinn, komast að því hvað sé sanngjarnt og eðlilegt fyrir réttindin, fyrir húsið, fyrir verðmætin sem hið opinbera er að koma til skila. Það að búa til eitthvert gjald eins og það sem hér er til umræðu og halda svo áfram að úthluta mönnum veiðiréttindum með sértækum hætti er auðvitað ekkert annað en grímulaus aðferð við það að halda uppi ójafnræði og ganga fram hjá öðrum en þeim sem eru í náðinni.

Þessi umræða um sjávarútvegsmál hefur til margra ára verið erfið í þjóðfélaginu. Hún hefur verið það vegna þess að þær ríkisstjórnir sem hafa setið frá því að kvótakerfð kom á hafa því miður allar gengið erinda LÍÚ-forustunnar sem tók ástfóstri við þá hugmynd að gera fiskstofnana á Íslandi að séreign strax í upphafi og hefur unnið markvisst að því alveg frá því að kvótakerfinu var komið á að ná þessu markmiði sínu. Þessi forusta LÍÚ hefur oft gengið miklu lengra heldur en margir af þeim sem voru aðilar að þessu batteríi á sínum tíma vildu að hún gerði.

Flestir útgerðarmenn sem ég talaði við fyrr á árum um þessi mál voru mjög andvígir kvótakerfinu og eignarhaldinu og þeir meira að segja veigruðu sér við því og notuðu ekki árum saman þau réttindi sem þeim hafði verið rétt upp í hendurnar, að leigja frá sér veiðiheimildir eða selja þær vegna þess að þeim fannst þetta vera óréttlátt kerfi. En LÍÚ-forustan hélt sífellt áfram að berja þingmenn áfram og ráðherra í ríkisstjórninni til þess að festa þetta kerfi í sessi og færa eignarhaldið á auðlindinni í hendur útgerðarmanna með öllum ráðum. Og til þess notaði hún afar naglalega ósvífni. Hún var ómálefnaleg og þetta var óheiðarleg pólitík. Þessu heldur forusta LÍÚ áfram enn þá fram á daginn í dag. Þetta er auðvitað þjónkun í þágu sérhagsmuna, þröngra sérhagsmuna en undir þessu hafa flokksforingjarnir og þingmeirihlutinn gengið allan tímann síðan. Menn höfðu kannski afsökun fyrstu árin meðan þetta gekk af því að menn höfðu ekki áttað sig á því hvað væri að gerast. En menn hafa enga afsökun lengur í þessu máli. Enga. Menn eru búnir að sjá fyrir löngu í gegnum hvað er á ferðinni. Það er löngu komið í ljós að átökin í þessu máli standa um eignarhaldið á veiðiheimildunum fyrst og fremst.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það í hæsta máta ósvífið af ríkisstjórnarflokkunum að ætla með þessu billega bragði að ljúka umfjöllun um stjórn fiskveiða sem þeir lofuðu þjóðinni að ná einhverri sátt um í kringum síðustu kosningarnar. Ekki verður sátt um málið eins og það liggur fyrir núna, það er a.m.k. alveg á hreinu.

Ég tel að við þurfum að taka okkur góðan tíma til þess að fara yfir þetta mál í dag. Ég er í dálitlum vanda um það hvað ég eigi að hafa ræðu mína langa núna. Ég hef möguleika til þess, og verð leiðréttur ef það er ekki rétt, að tala þrisvar í þessu máli í dag og ég mun nota þau réttindi mín. Mér finnast ástæða til að fara yfir sögu þessa máls og mér finnst ástæða til að skoða ýmsa hluti sem hafa verið uppi í umræðunni. Ég ætla mér að ræða m.a. um kaup og sölu á aflaheimildum. Það varð út af því nokkur umræða í fjölmiðlum í vetur vegna þess að ég fékk svar við fyrirspurnum frá hæstv. sjútvrh. um það hverjir hefðu verið að selja frá sér aflaheimildir, hverjir hefðu verið að leigja frá sér aflaheimildir og hversu mikið. Viðbrögð við því voru með ýmsum hætti. Ég ætla að nefna það hér að tvö af stærstu fyrirtækjunum í sjávarútvegi töldu

alveg sérstaka ástæðu til að leiðrétta, eins og þau kölluðu það, þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf í svarinu. Þær leiðréttingar voru að vísu með þeim hætti að hæstv. ráðherra var ekki sagður segja ósatt. Fiskistofa gaf upp réttar upplýsingar en þeir sem stjórna fyrirtækjunum héldu því fram að upplýsingar væru samt ekki réttar. Þeir hefðu nefnilega verið að flytja frá sér veiðiheimildir og láta geyma þær hjá öðrum. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort það er leyfilegt samkvæmt þeim lögum sem gilda. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé brot á lögunum. En það er þó alla vega ljóst að það er verið að brjóta gegn fyrirætlunum þeirra sem settu lögin því að í lögunum er gert ráð fyrir því að þeir sem ekki nýta sér sínar veiðiheimildir megi flytja tiltekið magn veiðiheimilda milli ára. Það að flytja frá sér veiðiheimildir og fá geymdar annars staðar eins og þessir háttvirtu forstjórar voru að tala um að þeir hefðu gert er þá greinilega aðferð sem menn nota, og hefur svo sem verið vitað að hafi verið eitthvað notuð, til þess að missa ekki frá sér veiðiheimildir af því að þeir hafi ekki notað þær. Menn hafa rétt til að veiða ákveðið magn. Þeir hafa rétt til að flytja ákveðið magn á milli ára en ekki meira. Það að fá aðra til þess að geyma réttindin er þá svona að renna sér fram hjá þeirri reglu. En gott og vel. Ekki skiptir það öllu máli í þessu sambandi.

Ég vil hins vegar segja það að mér fannst þessar útskýringar skrýtnar og undarlegar og þær voru enn þá skrýtnari og undarlegri í ljósi þess að t.d. liggur það fyrir í beinum yfirlýsingum frá t.d. forstjóra Samherja að hann vill hafa kerfið svona, hann vill geta leigt frá sér veiðiheimildir að vild og selt þær að vild. Og hvers vegna að vera þá að afsaka sig þegar hann flytur veiðiheimildir af sínum skipum og yfir á einhver önnur fyrirtæki? Og hvernig stendur á því, ég verð að segja alveg eins og er, ég spyr hæstv. sjútvrh., hvernig stendur á því að þessi tvö fyrirtæki sem ég er að tala um, sem eru Samherji á Akureyri og Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum, halda því bæði fram að þau hafi alls ekki verið að leigja frá sér þessar veiðiheimildir, þau hafi einungis verið að láta geyma fyrir sig veiðiheimildir? Það kemur fram í gögnum frá Fiskistofu að þessi fyrirtæki hafi leigt frá sér, Samherji annars vegar, tæp 15 þús. tonn á síðustu fimm árum, og Vinnslustöðin hins vegar, 7.400 tonn á síðustu fimm árum. Þetta eru stærstu aðilarnir í því að flytja frá sér aflamark til óskyldra aðila og þetta kemur fram í svari við því hverjir eru 100 þeir stærstu sem flytja frá sér, þá eru þessi tvö fyrirtæki efst þar í flokki.

En síðan er önnur spurning sem er líka svarað. Hún er: Hverjir eru stærstu kaupendur á sl. fimm árum? Ef menn hefðu verið að leigja frá sér veiðiheimildir og ekkert annað, þá hefði svarið við spurningunni verið nákvæmlega eins og það kemur fram í þessu. Þeir segja: Við vorum að geyma þetta frá öðrum. Þá hefur þessu væntanlega verið skilað til baka. Og ef þessu er skilað til baka, þá kemur þetta fram í gögnum Fiskistofu eins og þeir hafi leigt þetta til sín, flutt til sín frá hinum til baka aftur.

Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvernig stendur á því að þessi stóru fyrirtæki sem segjast hafa verið að láta geyma fyrir sig þessi aflaréttindi, koma svo alls ekki fram í svarinu við hinu? Er þetta enn þá í geymslu hjá þeim? Það gæti verið skýringin að þessi réttindi væru enn þá í geymslu eftir fimm ár. Það finnst mér að vísu ekki mjög líklegt. En ég verð að segja alveg eins og er að ég hef áhuga á því að hæstv. ráðherra upplýsi það hvort mögulegt sé að það séu vitlausar tölur frá Fiskistofu í þessu eða hvort hann geti með öðrum hætti útskýrt hvernig stendur á því að þær útskýringar sem forstjórar þessara tveggja fyrirtækja sem stærst voru í því að flytja frá sér veiðiheimildir á þessum fimm árum stangast svona á við það sem stendur í svarinu.

En áróðurinn heldur áfram í þessu máli og LÍÚ-forustan þarf ekki að kvarta undan því af hafa ekki fengið tækifæri til þess að tala sínu máli í fjölmiðlum á Íslandi í gegnum tíðina. Ég er sannfærður um að það hefur enginn annar nema hugsanlega forsrh. fengið fleiri viðtöl í fjölmiðlum til þess að útskýra sína stefnu og reka sinn áróður heldur en Kristján Ragnarsson hefur fengið í gegnum tíðina og forustumenn LÍÚ. Og þeir halda áfram sínum áróðri. Það síðasta sem þeir gerðu var að þeir létu gera fyrir sig skoðanakönnun til þess sjálfsagt að stríða hæstv. sjútvrh. vegna þess að þeir telja að þeir eigi að halda áfram að segjast vera á móti auðlindagjaldinu sem þeir samþykktu þó á aðalfundi sínum á sl. hausti. Þeir samþykktu að taka þátt í að greiða þetta gjald ef það yrði til sátta. Nú liggur fyrir að það er greinilegt að þeir telja málið ekki vera til sátta því að þeir hamast á móti þessu. Ríkisstjórnin hefur að vísu verið að lækka gjaldið. Alveg frá því að fyrstu hugmyndir komu fram eru alltaf nýjar og nýjar lækkanir að koma inn í hugmyndina. En samt sem áður er LÍÚ-forustan á móti gjaldinu núna um þessar mundir og birti nýverið skoðanakönnun í blaði sínu, Útvegurinn, þar sem það virðast vera tvær spurningar sem lagðar eru fram, mjög langar, lesið yfir fólki hvernig staða útgerðarinnar hafi verið í annarri spurningunni, hvað hagnaðurinn hafi verið mikill o.s.frv., í hinni spurningunni ekki og síðan er þetta borið saman. En ef menn eru spurðir, án upplýsinga, um hagnað, þá kemur í ljós, ef þeim sem ekki tóku afstöðu er sleppt, að 54% segja að það sé hæfilegt gjald sem þarna er gert ráð fyrir, 25% að gjaldið sé of hátt og 21% að það sé of lágt.

Í fjölmiðli í gær hlustaði ég á frásögn af þessari skoðanakönnun og þar hafði tölunum um hæfilegt og tölunum um of hátt verið slegið saman. Það stendur reyndar í þessu plaggi hjá LÍÚ, þar hafa þeir lagt á sig þær reiknikúnstir að finna það út að þeir sem telji gjaldið of hátt og þeir sem telji það mátulegt séu 85% og það er einhver áróðurspunktur í málinu að telja þetta saman. En hinir sem telja gjaldið of lágt séu þá einungis 15%. Þetta var svarið við seinni spurningunni þar sem menn höfðu verið upplýstir í leiðinni um það hver hagnaðurinn hefði verið á undanförnum árum af útgerð og þeim sagt að menn þyrftu að borga 1,5 milljarða. Það var að vísu ekki gerð nein grein fyrir því í spurningunni að það væri verið að lækka gjöld á þeim í leiðinni. Það var ekki nefnt. Það er kannski svolítið athyglisvert að það skyldi þá ekki líka vera upplýst. (Gripið fram í.) Fella niður gjöld á móti.

Ég tek þessa skoðanakönnun upp af annarri ástæðu og nefni hana hér. Mér finnst nefnilega svo stórkostlegt þegar LÍÚ-forustan er allt í einu farin að taka mark á skoðanakönnunum. Það er alveg gjörbreyting. LÍÚ-forustan veit þó afskaplega vel að það hafa verið gerðar skoðanakannanir sem sýna það klárt og kvitt að þjóðin er bókstaflega á móti því að hafa fyrirkomulagið eins og það er. Á að taka mark á þeirri skoðanakönnun eða þeim skoðanakönnunum sem hafa ítrekað verið gerðar? Það er mikið umhugsunarefni hvort LÍÚ-forustan er allt í einu farin að gera sér háar hugmyndir um að það eigi að spyrja þjóðina um hvernig sjávarútvegsmálin eigi að vera. Ég held að það væri kannski umhugsunarefni hvort ekki ætti þá að gera eina almennilega skoðanakönnun og láta hana gilda um þessa hluti, hvort menn vilji fara veiðigjaldsleiðina eða fyrningarleiðina. Ég veit ekki

betur en að þær skoðanakannanir sem þegar hafa verið gerðar segi alveg skýrt og ákveðið að það séu miklu fleiri sem vilji fara fyrningarleiðina heldur en þessa veiðigjaldsleið.

Það er alveg ljóst að menn verða að taka á þessu stóra máli og ná um það einhvers konar skynsamlegri sátt. Og einn hluti málsins sem ekki hefur verið ræddur, a.m.k. ekki í sölum Alþingis, er mjög mikilvægur og verður mikilvægari með hverjum deginum sem líður. Ef menn meina eitthvað í alvöru með umræðunni um inngöngu Íslands í Evrópusambandið, þá hljóta menn að þurfa að fara yfir fiskveiðistefnuna og sú fiskveiðistefna sem hefur verið til umræðu í því sambandi í gegnum þau ár sem hafa verið að líða núna hefur verið fiskveiðistefna Evrópusambandsins. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að ræða um þá fiskveiðistefnu hér því að ég er að ræða um fiskveiðistefnu Íslendinga. En sú fiskveiðistefna á aldeilis erindi í umræðuna um það hvort ganga eigi í Evrópusambandið því það er alveg ljóst að ætli menn að ganga í Evrópusambandið eða velta þeirri hugmynd fyrir sér, þá hljóta menn að þurfa að horfast í augu við það að einkaeignarhald á veiðiréttinum við Ísland er Íslendingum stórhættulegt. Það er alveg ljóst að gangi Íslendingar einhvern tímann í þetta bandalag, þá þarf að taka á þessu málefni.

Ég tel að það eigi að vera augljóst hverjum manni sem þekkir hvernig þetta kerfi gengur fyrir sig að hætturnar eru verulega miklar. Þær eru fólgnar í því að fyrirtæki í Evrópu, stórar matvælakeðjur og aðrir slíkir sem kæmu að útflutningi á fiski eða sölu á fiski erlendis, gætu séð sér verulegan hag í því að kaupa sér aðgang að Íslandsmiðum, að kaupa veiðiréttindin. Væntanlega er það nokkuð ljóst að ef menn ganga í Evrópusambandið, þá verður jafnræði til atvinnuréttar hér á Íslandi til að reka fyrirtæki. Menn munu ekki komast undan því að erlendir aðilar geti fjárfest hér í sjávarútvegi og fari menn að fjárfesta hér í sjávarútvegi þá er veiðirétturinn eins og hann er núna einkaeignarréttur. Matvælakeðjur gætu keypt veiðirétt á Íslandsmiðum og gætu látið veiða fyrir sig fisk á Íslandsmiðum út á hann, en á hvaða verði mundu menn flytja þann fisk úr landi? Ætli það yrði ekki eitthvað líkt því og ætli við höfum ekki módelið, þegar stóru fyrirtækin á Íslandi og ýmsir aðrir, líka smærri, eru að láta veiða fyrir sig fisk? Hvað skyldu menn fá fyrir þann fisk? Á netavertíð í vetur hafa menn borgað 50 kr. fyrir stærsta fiskinn veiddan í net. Það hefur verið verðið sem t.d. ÚA hefur borgað þeim sem hafa verið að veiða fyrir þá hér á Suðurnesjunum. 50 kr. Fiskurinn fluttur norður til Húsavíkur til að salta hann. Hvað skyldi verða mikill arður eftir á Suðurnesjunum? Menn ættu að velta því svolítið fyrir sér. Ef menn væru síðan búnir að glata eignarhaldinu á þessum veiðirétti í hendur útlendinga einhvers staðar annars staðar þá væri módelið komið, veitt fyrir eitthvert skiterí, fiskurinn fluttur úr landi á því verði og arðurinn yrði til annars staðar. Nei, það er svo sannarlega ástæða til þess ef menn ætla að ræða um Evrópusambandið að ræða um hvað menn þurfa að gera heima hjá sér áður en að því kemur.

Ég átti, hæstv. forseti, sæti í þessari svokölluðu sáttanefnd. Ég verð að viðurkenna að eftir þá lífsreynslu hefur mér oft verið mál að segja eitthvað því það rann upp fyrir mér þegar á átti að herða og var búið að halda okkur uppi á einhverri pínulítilli von um að þar væri hægt að ná einhverju samkomulagi, þá rann það allt í einu upp fyrir okkur eða a.m.k. mér að það var aldrei meiningin, enda er niðurstaðan út úr sáttanefndinni alveg nákvæmlega sú sem hæstv. forsrh. lét í skína eftir að búið var að kynna niðurstöður auðlindanefndarinnar, nákvæmlega sú niðurstaða birtist síðan út úr nefndinni sem hæstv. sjútvrh. skipaði, það var aldrei meiningin að leita eftir neinni sáttaleið í þessu máli og það er afar miður.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel að þessi niðurstaða sé fengin með hrossakaupum og það er ástæða til að fara yfir það hér. Hrossakaupum við hverja? Ég veit ekki betur en að t.d. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi skilað séráliti út úr þessari sáttanefnd. Og hvað sagði hann í þessu séráliti? Hann sagði í þessu séráliti að hann vildi fara allt aðra leið en þessa. Nú sé ég ekki betur en að hv. þm. skrifi undir nál. meiri hlutans, er bara allt í einu kominn hinum megin, tilbúinn í slaginn. Af hverju? Hvað hefur breyst? Jú, það sem hefur breyst er það að búið er að bæta inn einhverjum sporslum tilheyrandi einhverjum tilteknum byggðarlögum. Hvað er þetta? Er þetta eitthvað annað en hrossakaup? Hvar er sannfæring þeirra manna sem taka þátt í þessu?

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem flutti framsögu fyrir meiri hlutann lýsti þessu ágætlega. Hann fór yfir það hvaða viðbætur væri búið að draga í byggðarlögin sem hefðu farið verst út úr kvótakerfinu. Og hvernig er þá niðurstaðan? Hún er sú að menn sem telja að óréttlætið sé alls staðar að ríða yfir koma og rétta upp hönd með kerfinu ef þeir fá einhverjar lagfæringar heima hjá sér. Slíkt er auðvitað gjörsamlega óþolandi, hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég kvíði fyrir framhaldinu því að það getur ekki orðið öðruvísi en eins. Það verður enginn endir á því undir þessu kerfi að byggðarlög lenda í vanda. Það verður aldrei endir á því. Ég átta mig ekki á því og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson þarf að útskýra það betur fyrir okkur hvað hann meinar með því að ætla að feta sig út úr þessu byggðakvótasukki sem er í gangi. Hvað meinar hv. þm. með því? Er það meiningin að byggðarlögin sem eiga eftir að lenda í vanda á næstu árum verði bara látin sitja uppi með hann? Eða hvaða ráð eru það sem verið er að gefa til kynna að séu þá til staðar ef menn ætla að hoppa út úr byggðakvótanum?

Allt er þetta mál með þvílíkum endemum og það er alveg makalaust að minni hluti þingmanna skuli hafa lent í því að láta leiða sig í gegnum öll þessi ár til þess að styðja kerfi sem hefur verið á móti. Það hafa legið fyrir endalausar yfirlýsingar um það að menn séu á móti kerfinu. Síðan hafa menn verið á móti sértæku aðgerðunum. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur margoft lýst því yfir að hann sé aldeilis á móti öllum svona sértækum aðgerðum. Ekki hefur hann skorið sig úr. Hann hefur rétt upp hönd eins og hinir með þessu.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur lýst þessum hugsunarhætti alveg sérstaklega vel. Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til þess að vitna í Dagblaðið fyrir mjög stuttu. Þá lét hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafa nokkuð eftir sér sem gekk út á það að ef ríkisstjórnin vildi eitthvað þá yrði hann að samþykkja það, það skipti bara engu máli þótt hv. þm. hefði aðra skoðun, hann yrði að samþykkja það sem ríkisstjórnin vildi. Mér finnst það vera mikill — ég kann nú ekki við að nota orðið kjarkur, en kannski hefur einhver annar betri tillögu um orð í þessu sambandi. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þar sem vitnað er í þingmanninn í Dagblaðinu. Þar stendur:

„Hafnað er hugmynd ríkisstjórnarinnar um að veita einstöku fyrirtæki ríkisins ábyrgð á lán með fyrirvara um samþykki Alþingis. Áður verður að koma til kynning á forsendum þess að slík ábyrgð sé nauðsynleg eða hvernig veiting hennar falli að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar fyrir almenn-

an stuðning hennar við atvinnulífð. Þetta segir efnislega í ályktun sem stjórn Verslunarráðs Íslands"— sem hv. þm. hefur dálítið með að gera — „sendi frá sér í gær.

Lög um ríkisábyrgð til deCODE eru nú til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, en formaður hennar er Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs. Vilhjálmur sagði í gær að hann tæki undir þau sjónarmið sem fram kæmu í ályktun stjórnar Verslunarráðsins." — Tæki undir sjónarmiðin. — „Þessi gagnrýni væri í anda þess sem hann sjálfur hefði sagt á fyrri stigum." — Þetta er allt eins og hann hefur sagt sjálfur á fyrri stigum, segir hv. þm. — „Engu að síður verð ég að styðja þetta frumvarp á þingi, enda er það stjórnarmeirihlutinn sem stendur að því", sagði Vilhjálmur Egilsson."

Ég á engin orð til að lýsa því sem manni dettur í hug þegar maður les slíkt viðtal. Það er greinilegt að menn eru aldeilis í bandi hjá ríkisstjórninni. Það eru ekki vandræði með stuðningsmenn sem líta þannig á hlutverk sitt að það sé bara nákvæmlega sama hvað þeim finnist sjálfum, þeir skulu sko upp með höndina þegar á þarf að halda. Og eftir höfðinu dansa limirnir. Hér er nú enginn venjulegur þingmaður á ferðinni, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem er formaður efh.- og viðskn. og 1. þm. Norðurl. v. Hann er framkvæmdastjóri Verslunarráðs og hefur alveg sömu skoðun og þeir í Verslunarráðinu. En því miður hefur annar húsbóndi kveðið upp dóminn. Höndin skal upp og þá fer hún upp. Ég er að taka þetta sem dæmi vegna þess að í öllu þessu sjávarútvegsmáli frá upphafi til enda hefur svona brögðum verið beitt. Þingmenn hafa ýmist lotið agavaldi ríkisstjórnarinnar eða verið keyptir til þess með einhvers konar sporslum eða framlögum í formi kvóta eða með einhverjum öðrum hætti til einhverra byggðarlaga í þeirra eigin kjördæmum.

Svona ætla menn að halda áfram. Það er greinilega meiningin. En vera kann að einhverjar nýjar aðferðir séu í spilinu, að mönnum hafi dottið í hug einhverjar nýjar hugmyndir um hvernig eigi að standa að þessu því hv. þm. Einar Guðfinnsson er a.m.k. að tala um að feta sig út úr þessum byggðakvóta. Þá hlýtur eitthvað annað að eiga að koma í staðinn. Fróðlegt verður að heyra hvað það er, hvernig eigi að standa að því að bjarga byggðarlögum í vanda, hvort sem þau eru á Vestfjörðum eða einhvers staðar annars staðar.

Eðli kvótakerfisins hefur komið mjög skýrt og vel fram. Það lýsir sér í því að atvinnuréttindi fólksins sem býr við ströndina eru einskis virði. Það eru eingöngu svokölluð atvinnuréttindi útgerðarmanna sem skipta máli. Þeir flytja þau eins og þeim sýnist milli byggðarlaga og byggðirnar standa eftir í vanda. Almennar reglur sem allir eru jafnir fyrir virðast vera eins víðs fjarri hugsun þeirra sem hér ráða ríkjum og hægt er að hugsa sér.

Alveg er það makalaust með Sjálfstfl. sem hefur þóst vera málsvari viðskiptafrelsis og eðlilegra samkeppnisreglna á öllum sviðum samfélagsins, að það virðist eiga að liggja fyrir honum að fara einhverjar allt aðrar leiðir. Þar vilja menn deila og drottna, láta menn hafa nokkur tonn hér og þar til þess að viðhalda eignarhaldinu á veiðiréttinum. Þeir eru á móti því að fiskur fari á markað til þess að hægt sé að skera almennilega úr um hvaða fiskverð eigi að gilda. Þeir eru á móti því að skipta milli veiða og vinnslu með þeim hætti að menn sjái skýrt og greinilega hvernig kaupin gerast á eyrinni. Sjálfstfl. er á móti þessu. Sjálfstfl. stóð sig sérstaklega vel í því að vera á móti því að ríkið væri að veita ríkisábyrgðir í loðsilungnum forðum, sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar stóð fyrir. Hann taldi þetta vera hina verstu ósvinnu, það væri aðalsmerki Sjálfstfl. að losa ríkið undan svona fyrirbrigðum. Nú er Sjálfstfl. kominn með tillögu inn í Alþingi um að veita stærstu ríkisábyrgð sögunnar og munar ekki mikið um. Og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lýsir því yfir að hann sé að vísu alveg sammála Verslunarráðinu, þetta sé tóm vitleysa, en hann verði að styðja málið fyrir því. Þetta er stórkostlegt. Þetta eru stjórnmál á Íslandi. Þarna er Sjálfstfl., stærsti flokkur þjóðarinnar, á ferðinni. Þetta eru vinnubrögð hans. En vinnubrögðin hafa kannski í engu máli, og þar á Sjálfstfl. ekki einn sök, verið ömurlegri en í því að reyna að koma aðganginum að þjóðarauðlindinni í hendur einkaaðila til frambúðar. Til þess hafa menn notað öll ráð og fundist það greinilega allt í lagi. Bullið um að menn hafi unnið sér inn þessi réttindi á málefnalegan hátt hefur staðið út úr mönnum í þingsal. Það er alveg sama hversu oft þau eru hrakin. menn halda áfram að halda því fram að þetta eigi að vera svona, þetta sé eðlilegt og að fyrir þessu séu málefnaleg rök.

Gott og vel, menn geta bara haldið áfram með sínar ræður hvað það varðar. En menn verða líka að þola að hlusta á það að aðrir hafi aðrar skoðanir á því. Ég verð að segja, hæstv. forseti, og skal nú fara að ljúka þessari ræðu minni sem er sú fyrsta af þremur í þessu máli í dag, að þessu máli er ekki lokið. Það mun halda áfram á meðan menn viðhalda óréttlætinu og á meðan þeir halda áfram þeirri stefnu að ætla sér að afhenda einkaaðilum til frambúðar eignarréttinn á því að nýta þjóðarauðlindina, mun þessi barátta halda áfram og menn munu ekki fá frið fyrir þeim sem berjast gegn þessu óréttlæti.

[11:40]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, talaði mikið um sértækar aðgerðir. Ég held að hann hafi jafnvel gengið svo langt að tala um handstýrðar úthlutanir. Ég minnist þess ekki að þessi hv. þm. hafi í eitt einasta skipti greitt atkvæði gegn sértækum aðgerðum í þinginu í sambandi við kvótamálið og veiðiréttindi. Ég held að hann hafi aldrei nokkurn tíma gert það, þ.e. greitt atkvæði gegn sértækum aðgerðum. En ef svo er, væri gott að fá það rifjað upp.

[11:40]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að ég hafi ekki greitt atkvæði gegn sértækum aðgerðum sem hér hafa verið gerðar til að bjarga byggðarlögum í vanda. Ég hef gert mér vel grein fyrir vandanum sem hefur orðið til í þessum byggðarlögum og hef ekki verið að halda ræður um að hann hafi ekki verið fyrir hendi.

Ég hef hins vegar marglagt hér fram tillögur um hvernig sé hægt að stjórna fiskveiðum með almennum aðgerðum án þess að nota úthlutanir sem byggjast á einhverjum sértækum leiðum til þess að koma veiðiréttinum í hendur á einhverjum sérstökum aðilum eins og gert hefur verið í gegnum tíðina. Ég hef talið að jafnræði til þess að nýta auðlindina væri aðalatriði málsins. Þess vegna held ég að hv. þm. sem hefur sjálfur endalaust talað gegn þessum sértæku aðgerðum ætti að líta í eigin barm. En ekki kannast ég við að hann hafi greitt atkvæði gegn þeim. Ég man ekki eftir því. Hv. þm. leiðréttir mig ef það er rangt.

[11:42]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerð í nál. sem hv. þm. Jóhann Ársælsson er framsögumaður fyrir, segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er hlaupið til með handstýrðar úthlutanir og aðgerðir sem eru jafnvel fundnar út með því að skoða stöðu og þarfir einstakra útgerða."

Svo mörg voru þau orð. Þessi hv. þm. talar um að þetta beri vott um pólitíska spillingu. Hann talar um að þingmenn séu með þessum hætti að skáka aflaheimildum í kjördæmi sín og taka frá öðrum og hefur stór orð um að þannig hafi tekist að kaupa menn til þess að taka afstöðu í þinginu gegn vilja sínum. Það er það sem þessi hv. þm. hefur verið að segja. Síðan þegar hann er spurður hvort hann sé einn af þessum þingmönnum með þessa spilltu afstöðu þá hlýtur þessi þingmaður að segja satt. Hann má þó eiga það og rétt er að meta það við hv. þm. að hann segir: „Já, ég greiddi atkvæði með þessum sértæku aðgerðum." Það vekur aftur spurningu um það, herra forseti, hvort nokkur þingmaður hafi í annan tíma lýst betur pólitísku siðferði sjálfs sín en þessi þingmaður gerði í þessari ræðu sinni.

[11:43]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki er nú runnin upp sá dagur að ég hafi verið keyptur til stuðnings við þessi mál sem hv. þm. hefur verið að lýsa. Ég hef ekki verið með í þeim kaupskap. Hann hefur gengið á milli þeirra sem hafa verið í meiri hluta. Minni hlutinn hefur ekki tekið þátt í honum. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. ber mönnum á brýn að þeir hafi ekki gott pólitískt siðferði hvað varðar þessi mál. Hann hefur sjálfur flutt hér heilu langlokuræðurnar þar sem greinilega er ekki hægt að skilja hann öðruvísi en að hann sé fullkomlega á móti þessum sértæku aðgerðum en réttir síðan alltaf upp höndina þegar til á að taka eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lýsti svo vel í viðtali við Dagblaðið. Þegar ríkisstjórnin vill skal höndin upp.

[11:45]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt vil ég láta þess getið að ég hef verið boðaður á fund forseta þingsins kl. 12. Hins vegar er alveg ljóst að ræðu minni verður engan veginn lokið svo að þetta liggi alveg fyrir. Ég fékk fundarboð frá forseta áðan.

(**Forseti** (ÁSJ): Vegna orða hv. þm. þá mun forseti gefa þingmanninum tækifæri á að hitta forseta þingsins kl. 12 og gera hlé á ræðu sinni í 10 mínútur eða svo.)

Ég þakka fyrir, herra forseti.

Herra forseti. Hér erum við að ræða mál sem hvað mestar deilur hafa verið um í íslensku þjóðfélagi í langan tíma. Deilurnar um kvótakerfið hafa í raun staðið allt frá því að það var sett á 1984. Sérstaklega held ég þó að rétt sé að segja að deilurnar hafi magnast eftir að það varð ljóst að íslensk stjórnvöld vildu stöðugt framlengja lögin. Lögin voru sett á við sérstakar aðstæður árið 1984 eins og margir þeir sem hér eru í salnum muna. Þá hafði þorskveiði og farið langt niður fyrir tillögur fiskifræðinga og í nokkru svartsýniskasti, eins og ég hef stundum orðað það, gripu menn til þess ráðs að setja lög um stjórn fiskveiða til eins árs til reynslu og settu á kvótakerfi. Síðan höfum við búið við að þau lög hafi verið framlengd, ýmist til árs í senn eins og fyrst framan af, tveggja ára og síðan þriggja ára. Síðan kom auðvitað umdeildasta lagasetningin í þessu máli þegar lögin voru framlengd árið 1990 með lögum nr. 38 ótímabundið. Við erum sem sagt enn þá að ræða um þau lög og breytingar á þeim.

Þau lög voru sett 15. maí 1990. Þá hafði staðið um þau þó nokkur umræða í þinginu. Það frv. var sett fram á lokadögum þingsins undir talsvert mikilli pressu og í blaðagreinum sem skrifaðar voru um málið á sínum tíma, sem ég var að skoða hér áðan, kom m.a. fram að menn höfðu sett lögin um stjórn fiskveiða til framtíðar eftir langar vökunætur og mikið annríki hér í þingsölum.

Herra forseti. Málið sem við ræðum nú bar þannig fyrir hv. Alþingi að upphaf þess er sennilega yfirlýsingar hæstv. forsrh. í síðustu alþingiskosningum, um að um stjórn fiskveiða skyldi leita sátta. Hann taldi nauðsynlegt að leita sátta við þjóðina um þetta mikla deilumál enda ekki ástæðulaust. Í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri hefur komið í ljós að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur verið ósáttur við stjórnkerfi fiskveiðanna eins og það hefur þróast og þær tilfærslur og afleiðingar fyrir réttindi og stöðu byggðanna sem framkvæmd laganna hefur haft í för með sér. Undanfari frv. sem hér liggur fyrir var að fyrst var skipuð svokölluð auðlindanefnd sem ræddi m.a. um nýtingu auðlinda almennt, þó sérstaklega sjávarauðlindarinnar. Síðan var skipuð sérstök nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, nefnd sem löngum hefur meðal almennings gengið undir heitinu sáttanefndin. Á grundvelli þessarar vinnu og þeirra tillagna telur hæstv. sjútvrh. síðan að hann hafi lagt fram frv. sem geti orðið til að sætta þjóðina við þetta mál.

Í nál. 2. minni hluta, sem ég mæli fyrir, segir, með leyfi forseta:

„Ætla má að sjávarútvegsráðherra telji að frumvarp þetta, eins og ráðherra kynnti það við 1. umr., sætti hagsmunaaðila og þjóðina. Allir hagsmunaaðilar sem komu fyrir sjávarútvegsnefnd hafna hins vegar meginefni frumvarpsins um veiðigjald á hvert þorskígildi."

Landssamband smábátaeigenda hafnar jafnframt því að krókaaflahlutdeild verði aðeins flutt til báta sem eru undir 15 brúttótonn og eru andvígir því að krókabátarnir séu stækkaðir í þá tölu. En það er gert ráð fyrir því að 6 brúttórúmlesta og brúttótonna viðmiðunin hverfi út og viðmiðunin verði 15 brúttótonn. Þar af leiðandi verði krókabátarnir 15 brúttótonn eða geti orðið það samkvæmt frv.

Samkvæmt frumvarpinu verða sum byggðaákvæði núverandi laga færð inn í lögin en önnur felld brott. Eignarheimildir eins aðila á hlutfalli úr fiskstofni eru hækkaðar um 20% í þorski, 100% í ýsu, samkvæmt tillögum meiri hlutans og er þar búið að gera breytingar á frv. frá því að það var lagt fram, og 75% í karfa. Aðrar heimildir eru óbreyttar. Eftir þessa breytingu, ef að lögum verður, geta átta eða níu fyrirtæki átt allan þorskstofninn við Ísland, það er fræðilegur möguleiki á því. Fimm fyrirtæki allan ýsustofninn og þrjú fyrirtæki allan karfastofninn.

Varla leiðir það til aukinna sátta um fiskveiðistjórn ef þróunin færi á þann veg að hér kæmi upp meiri einokunaraðstaða þeirra stóru í sjávarútvegi með því að tiltölulega fá fyrirtæki hefðu eignarhald á vissum tegundum.

Gagnstætt tillögum sjómanna um hækkaða veiðiskyldu er hún lækkuð að því er varðar smábátana og framsalsmöguleikar auknir. Í frumvarpinu og breytingartillögum er gert ráð fyrir auknum byggðakvótum til að taka á vanda sem nú

er við að glíma vegna kvótasölu úr sjávarbyggðum. Auk þess er tryggt að fleiri slíkir pottar, sem ætlað er að verja byggðir algjöru falli, komi inn á næstu árum. Síðasti potturinn kemur inn á nýja fiskveiðiárinu 2006/2007 og verður varla vanþörf á ef stjórn fiskveiða framkallar fleiri vandamál en stjórnarliðar geta séð fyrir og leyst með sérstökum viðlagaákvörðunum.

Hins vegar er rétt að vekja athygli á að þessi pottur sem heldur áfram fiskveiðiárið 2006/2007 kemur að nýju inn á kosningaári eftir fjögur ár. Það er ekki að ástæðulausu að menn sjá langt fram í tímann fram á vandræðaganginn sem frv. mun valda og tryggja sig að þessu leyti.

Þess sér einnig stað í breytingartillögum að sjávarútvegsráðherra bjó til svo mikil vandamál með stjórnarverkum sínum við kvótasetningu smábátanna á þessu fiskveiðiári að nú þarf sérstaka neyðarlausn svo bjarga megi veiðimöguleikum krókaaflamarksbátanna. Þetta er gert með því að heimila sérstaka færslu aflaheimildanna á milli ára vegna þess að þeim var bæði seint úthlutað og auðvitað fylgdi mikil óvissa kvótasetningunni. Málið hefði allt verið í betri búningi ef hæstv. sjútvrh. hefði fallist á þá tillögu sem menn þóttust sjá fyrir á sl. hausti, að fresta alla vega kvótasetningu á smábátana til áramóta. Það hefði gert það að verkum að þessi staða sem núna er komin upp, að heimila að færa allan aflann milli ára sem óveiddur er hjá smábátunum, hefði sennilega ekki verið til staðar fyrir utan það að útgerðarmynstur smábátanna á sl. hausti hefði auðvitað orðið allt annað og menn getað hagað róðrum í samræmi við veður og veiðiálag en ekki í samræmi við kvótastöðu sem þeir höfðu alls ekki í hendi.

Það verður líka að segjast að vandi minni aflamarksbáta er alveg óleystur þrátt fyrir frv. sem við ræðum. Auðvitað eru margir af þessum minni aflamarksbátum mjög illa settir eftir kvótasetningu undanfarinna ára.

Svo komum við auðvitað að einu spurningarmerki sem rétt er að velta fyrir sér, þ.e. hvað varðar veiðireynslu þeirra leiguliða sem til margra ára hefur ekki fengist viðurkennd þótt alltaf sé verið að úthluta til annarra á grundvelli veiðireynslu. Þarna er í einni setningu vikið að mjög stóru máli vegna þess og ég mun auðvitað rekja það í ræðu minni síðar í dag að í gegnum tíðina hefur kvótasetningin verið byggð á veiðireynslu hinna ýmsu hópa eða tilfærslum sem heimilar hafa verið. Menn hafa alltaf verið að búa sér til nýja og nýja veiðireynslu nema þau skip í aflamarkskerfinu sem kvótalítil hafa verið eða kvótalaus. Þó að þeir sem hafa gert þau út í áratug hafi leigt til sín óhemjumagn af veiðiheimildum hefur veiðireynsla þeirra í engu verið viðurkennd þó að veiði annarra á sama tíma hafi verið viðurkennd með ýmsum hætti."

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill minna hv. þm. á að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á.)

Herra forseti. Ég er að ljúka við að fara yfir þennan texta úr nál. Ég á bara eina setningu eftir sem ég ætla að víkja að áður en ég fer að ræða almennt um lögin. Ég mun ljúka máli mínu um leið og ég hef vikið aðeins að því. En þar segir:

„Frumvarp þetta leysir ekki vandamálin sem samfara eru kvótabraskkerfinu né getur orðið um það nein sátt. Þessi veiðigjaldsleið er ófær, er þá betur heima setið en af stað farið."

Hér held ég að sé þægilegt, herra forseti, að gera hlé.

[Fundarhlé. — 11:59]

[12:17]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Nokkrum sinnum hefur verið látið að því liggja í umræðunni að við stæðum frammi fyrir nýjum veruleika, eins og það hefur verið orðað. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur nefnt það nokkrum sinnum að þessi nýi veruleiki væri sá að stjórnarliðunum hefði tekist það ætlunarverk sitt að kvótasetja fleiri fisktegundir og kvótasetja smábátana í krókaaflamarkinu og að krókaaflamarkið sé hinn nýi veruleiki sem við verðum að búa við.

Út af fyrir sig er því auðvitað ekki mótmælt af þeim sem hér stendur að ævinlega neyðast menn til að taka mið af löggjöf sem sett hefur verið hverju sinni og vissulega er löggjöfin sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. En hitt er alveg jafnljóst að sá veruleiki sem festur hefur verið í lög á undanförnum missirum og árum, vil ég segja, að því er varðar stjórn fiskveiða hefur ekki skapað sátt um þessa stjórnunarleið. Og það sem meira er, veruleikinn sem við búum við hefur ekki fært okkur neitt sem við getum fest hönd á að sé uppbygging í auðlindinni okkar, uppbygging á fiskveiðistofnunum.

Herra forseti. Mér finnst ævinlega ríkari og ríkari ástæða til þess að sýna harðari afstöðu gegn þessu fiskveiðistjórnarkerfi vegna þess að þau markmið sem menn settu sér með því og birtast í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, þ.e. um að lögin eigi að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu og stuðla að uppbyggingu fiskstofnanna, hafa ekki náðst. Hvorugt þessara meginákvæða laganna hefur tekist. Þess vegna finnst mér að sá veruleiki sem orðaður er svona og við eigum að búa við, sé alla vega sú framtíð sem ég sé mig knúinn til að berjast gegn. Ég get ekki séð að sú stefnmörkun sem nú er kallaður nýr veruleiki hafi fært okkur betri umgjörð til þess að vinna í eða hafi með nokkrum þeim hætti sem ég fæ komið auga á tryggt stöðu byggðanna, fólksins í byggðarlögunum eða atvinnuöryggi þess. Þess vegna lýsi ég því yfir að ég er andvígur því að festa hugsun mína við að búinn hafi verið til nýr veruleiki sem menn séu tilbúnir til að vinna eftir. Ég er það ekki, herra forseti, og mun ekki sitja þegjandi undir því að sú framtíð sem núna er ævinlega verið að festa meira og meira í sessi, og þetta frv. gengur auðvitað út á að festa enn frekar í sessi, sé sá nýi veruleiki sem við eigum að byggja á. Því mótmæli ég eindregið, herra forseti. Ég tel það vinna gegn hagsmunum þjóðarinnar. Ég tel það vinna gegn hagsmunum fólks í sjávarbyggðunum og í raun vera algjörlega andstætt öllu sem við getum kallað nafninu byggðastefnu eða því hlutverki stjórnvalda að viðhalda byggð í þessu landi, þ.e. sú útfærsla sem við höfum búið við og sú útfærsla sem við höfum verið að festa í sessi, m.a. á þessu þingi með kvótasetningu krókabátanna, kvótasetningu í fisktegundum sem ég kem ekki auga á að hafi verið nein nauðsyn á að kvótasetja. Þá á ég sérstaklega við fisktegundirnar sem núna síðast voru kvótasettar í smábátakerfinu, ýsu, steinbít og ufsa.

Niðurstaðan þess að stjórnarliðar kvótasettu þessar tegundir hefur aðeins valdið óöryggi í byggðunum og dregið úr trú fólks á því að byggðirnar haldi velli vegna þess, eins og ég hef stundum orðað það, að þetta hvetur smágreifann alveg jafnmikið þegar hann hefur fengið úthlutað aflaheimildum sínum, kvóta sínum og ræður því einn og sér hvað hann gerir við hann, til að selja þennan veiðirétt frá sér. Í útfærslunni varðandi smábátana eru engin ákvæði um að kvótarétturinn

sem úthlutað hefur verið til bátanna í byggðunum tilheyri byggðunum eða festist við byggðirnar með einhverju lagi. Óvissan sem ævinlega hefur fylgt frjálsu framsali og sölu aflaheimilda og leigu aflaheimilda hefur því aukist með þessari ákvörðun sem hefur leitt af sér það sem nú er kallað hinn nýi veruleiki krókaaflamarksins sem menn verða að búa við og taka tillit til.

Auðvitað neyðast menn til þess að reyna að spila eftir lögunum meðan þau eru í gildi. En að segja að þetta sé hinn nýi veruleiki framtíðarinnar við stjórn smábátaflotans eða til marks um hvernig við munum í framtíðinni stýra strandveiðum, tel ég ranga stefnu og stórhættulega í raun fyrir íslensku þjóðina. Það mun ekki tryggja okkur afrakstur af fiskstofnunum og þar af leiðandi munum við sitja uppi með að við munum halda áfram að njóta minni afraksturs af fiskstofnum okkar.

Margt hefur verið sagt og skrifað um hvers konar stýringu við höfum tekið upp á veiðunum og hversu litlum árangri þær hafa skilað, en eins og menn vita hefur þorskstofninn ekki stækkað undir þessu stjórnkerfi sem við höfum notað, þ.e. frjálsu framsali kvótakerfisins eða kvótabraskskerfinu eins og ég hef oft kosið að kalla það. Þannig get ég lýst í einu orði í raun og veru kerfinu sjálfu og eiginleikum þess. Það er auðvitað svo að þorskstofninn hefur um langan aldur verið meginundirstaða almennra botnfiskveiða og hefur borið uppi meiri hluta tekna af almennum botnfiskveiðum. Þess vegna skiptir gríðarlega miklu máli hvort við séum á uppbyggingarleið varðandi þorskstofninn eða höfum sífellt verið að minnka hann eins og staðreyndin hefur verið undanfarin 12 ár kvótakerfisins frá því að það kom að fullu til framkvæmda.

Herra forseti. Ein nýjustu skrifin sem ég hef séð um íslenska kvótakerfið birtust í Morgunblaðinu í gær, sunnudaginn 21. apríl. Þó að vissulega megi finna eldri skrif, og kannski mun ég grípa ofan í þau einhvern tíma síðar í ræðu minni, þá langar mig, með leyfi forseta, að vitna í þessa grein. Hún er skrifuð af Jónasi Bjarnasyni efnaverkfræðingi sem hefur skrifað margar greinar um sjávarútveg á undanförnum árum. Í stað þess að vitna í fjöldamargar greinar aðrar, þó að ég e.t.v. muni víkja eitthvað að þeim í máli mínu eða önnur skrif eða texta sem skrifaðir hafa verið, vil ég, með leyfi forseta, fá að vitna í þessa grein. Mér finnst hún og samantektin sem í henni er mjög þörf lesning fyrir alla þá sem hafa skoðanir á og vilja fylgjast almennt með umræðu um stjórn fiskveiða. Í þessari grein fjallar höfundur um ávöxtun botnfiskstofnanna, ekki bara hér við land heldur einnig við Kanada, þ.e. um það sem kallað hefur verið Kanadaveikin og varð til þess að þegar menn töldu sig vera að taka upp virka og góða kvótastjórn við Kanada þá hrundu stofnanirnir. Má minnast í því sambandi, herra forseti, á grein sem fyrrverandi forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Jakob Jakobsson, skrifaði um fiskveiðistjórn í Norður-Atlantshafi fyrir nokkrum árum. Þar lýsti hann því m.a. að í Kanada væri vel staðið að því að stjórna veiðum og halda utan um fiskstofnana og byggja þá upp með þeirri aðferð sem þá hafði verið tekin upp í Kanada. Síðan værum við á Íslandi svona einhvers konar miðlungsmenn því við hefðum ekki stigið skrefið til fulls í kvótastjórn og hefðum verið með sóknarmark í okkar veiðum, en þó tæki steininn úr þegar komið væri upp í Barentshaf þar sem stofnarnir væru á algerri niðurleið. Þetta snerist nú allt við skömmu eftir að sú grein var skrifuð. Hrunið varð í Kanada, sem höfundur þessar greinar kalla Kanadaveikina. Síðan hefur auðvitað orðið hrun í þorskveiðum okkar hér við land. En tveimur árum eftir að greinin hafði verið skrifuð varð hins vegar mikil uppsveifla í Barentshafinu. Sá sem skrifaði þá grein, Jakob Jakobsson fiskifræðingur, sá auðvitað ekki fyrir hvað gerðist og spádómar hans í þessa veru reyndust ekki réttir frekar en aðrir spádómar í fiskifræðinni.

Herra forseti. Mig langar að vitna í þá grein og byrja á því að lesa upp smátexta um vöxt og afrakstur fiskstofnsins þorsks. Þar segir, með leyfi forseta:

„Árið 1930 var þorskstofninn á Íslandsmiðum 2,7 millj. tonn" — 1930 var hann talinn vera 2,7 millj. tonn en er í dag samkvæmt síðustu úttekt Hafrannsóknastofnunar talinn vera 577 þús. tonn ef ég man rétt. — „en þá var 6 ára þorskur lítill vegna mikils álags á miðunum." — Hér er verið að tala um fæðuálag, stofninn hafi verið það stór að álagið á miðunum hafi verið mikið. Þetta er haft eftir Sigfúsi A. Schopka og er vitnað í ICES-skýrslu frá 1994. — „Þegar veiðar voru auknar minnkaði stofninn niður í 2 millj. tonna um 1935 og var á því róli um 20 ár til 1955 og seig svo niður. Allan þennan tíma var umræddur stuðull að meðaltali um 6,5 með litlum sveiflum eða alveg til 1960, en afli var þá á milli 400 og 450 þús. tonn á ári." — Núna erum við hins vegar að veiða 190 þús. tonn. — „Síðan fór veiðistofninn og stuðullinn að síga niður í um tíu ára lotum, svolítið upp og svolítið niður. 6 ára þorskur var stærstur 4,2 kg að meðaltali 1960" — og stofninn þá talinn um 2 millj. tonna — „en er nú undir 3 kílóum." — Síðan kemur spurningin: „Hvers vegna fer hann minnkandi á sama tíma og veiðistofninn fer líka minnkandi? Stuðullinn hefur síðan fallið smám saman úr 6,5 að meðaltali fram til 1960 og er nú kominn niður í 1,7 – 1,9 eftir því hversu mikið mark tekið er á meðalþunga í veiði vegna brottkasts eða togararalli Hafró; þetta bendir til þess að ávöxtun stofnsins sé komin niður fyrir þriðjung af því sem hún var áður og aflabrögð eru eftir því. Kvótinn ætti að vera nú undir 150 þús. tonn með 25% reglunni eða um þriðjungur af langtímaveiði áður; því bendir flest til að gengið sé á höfuðstólinn sem var talinn vera 577 þús. tonn á síðasta ári og er enn á niðurleið. En hvers vegna fer „ávöxtun" stofnsins minnkandi?"

Er nema von að spurt sé því að líffræðin, herra forseti, segir okkur auðvitað það að færri fiskar ættu að hafa betri afkomu og ættu að vaxa hraðar nema því aðeins að eitthvað hafi gerst hjá okkur í veiðunum, sem reyndar eru leiddar líkur að í umræddri grein, að við höfum breytt náttúruvali stofnsins og verið lengi í því að veiða ofan af stofninum og minnka afrakstursgetu hans, þ.e. veiða hraðvaxta fiska og skilja eftir fiska sem vaxa hægar. Það getur m.a. verið ástæðan. Hin ástæðan sem ég tel að sé einnig þáttur í því að þorskur vex ekki eins vel og áður er vegna þess að við höfum farið inn í fæðukeðjuna. Við erum sem sagt að veiða stóran hluta af fæðukeðjunni og það hefur eðlilega áhrif á vaxtarhraða þorsksins, við veiðum 900 þús. til milljón tonn af loðnu og við veiðum rækju í þó nokkrum mæli þó að ég telji reyndar, og mun koma að því síðar, að rækjuveiðarnar geti ekki verið ráðandi þáttur í þessu. Það er miklu frekar að afrán þorsksins á rækjunni sé ráðandi hlutur um rækjuveiðarnar og er hægt að færa fyrir því mörg rök, m.a. athuganir fiskifræðingsins Ólafs Karvels Pálssonar á því hve þorskur át mikið af rækju en ef ég man rétt var talið að 1984 hafi þorskstofninn í marsmánuði það ár komist upp í að éta 52 þús. tonn af rækju. Og með slíku afráni þó að það hafi verið það mesta sem menn gátu fundið í maga hans, þá er alveg ljóst að þorskstofninn er virkur afræningi á rækju og hefur

veruleg áhrif á afrakstursgetu okkar af rækjustofninum. Þar af leiðandi eru fá rök til þess í raun og veru að vera með sterkar kvótasetningar á rækjuveiðunum. Þar spilar líffræðin miklu meira inn í eins og hún að stórum hluta gerir líka varðandi þorskinn.

Samt sem áður eru leiddar að því líkur í grein Jónasar Bjarnasonar og farið mjög gaumgæfilega yfir það að veiðimunstur okkar í kvótakerfi sé m.a. þess valdandi að við veiðum stærri fiskinn og breytum í raun og veru afrakstursgetu þorskstofnsins og reyndar er það auðvitað að koma í ljós sem haldið hefur verið fram af fiskimönnum og fiskiskipstjórum áratugum saman að hér við land séu misjafnir þorskstofnar sem séu staðbundnir eða haldi sig í meira mæli á ákveðnum stöðum í kringum landið. Þessu var auðvitað mótmælt af fiskifræðingum lengi vel en er auðvitað núna að koma í ljós eins og fleira sem fiskimenn hafa haldið fram í gegnum tíðina að á við rök að styðjast og það hefur verið sannað m.a. með því að gera úttektir á hraðvaxta fiski á Loftsstaðahrauni og hins vegar í kantinum austan við Eyjar þar sem er minni fiskur og ekki blandast inn á grunnslóðina að því er virðist vera. Auðvitað er þetta þekkt vítt og breitt í kringum landið að þar eru staðbundnir stofnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lesa meira fyrr en ég kem að niðurlagi greinar Jónasar Bjarnasonar, sem eins og ég sagði áður birtist í Morgunblaðinu í gær og er fræðileg og góð samantekt um þessi mál og dregur í raun og veru saman margt af því sem skrifað hefur verið og sagt um stjórn fiskveiða á undanförnum árum. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að vitna í þá grein og skora hér með á þá sem hlýða á mál mitt að lesa hana gaumgæfilega. Mér finnst hún mjög athyglisverð og varpa ljósi á það að sú fiskveiðistjórn sem við erum með og nefnd er kvótakerfi er alröng og deili ég þar skoðunum mínum með dr. Jónasi Bjarnasyni, að við munum ekki að mínu viti ná miklu viti í fiskveiðistjórnina með því að halda þessu áfram með sama hætti og verið hefur. Þess vegna verð ég að segja að ég er sorgmæddur yfir afstöðu hv. 1. þm. Vestf. þegar hann kallar þetta hinn nýja veruleika sem við eigum að taka mið af. Ég lýsi því yfir a.m.k. fyrir mína hönd að ég mun berjast gegn þeim nýja veruleika að hann verði sú framtíðarsýn sem við búum við. Ég tel hann ekki geta verið það ef við ætlum að vinna þjóð okkar heilt í ljósi margra raka sem ég gæti rakið í allan dag í máli mínu.

Herra forseti. Í niðurlagi greinarinnar, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, og gera hluta að minni ræðu, segir um nýtingarstefnuna:

„Af ofangreindum ástæðum er ljóst að tími óstaðsettra og óstofnbundinna aflamarkskvóta á að vera liðinn svo og vegna þess, að mikilvægustu skilaboð náttúrunnar um skort eða brest sem og óhagstæðar erfðabreytingar, komast illa til skila því aukin tækni og vélarafl getur lengi byrgt mönnum sýn þar til einstakir eða allir stofnar eru næstum uppveiddir. Þess vegna er aðeins tímaspurning hvenær menn sjá að sóknarmarkskerfi ásamt miklum takmörkunum á stærðarveljandi veiði verður að taka upp hér sem allra fyrst;“ — og nú held ég að menn ættu að leggja við eyrun sem telja að við séum komin í nýjan veruleika með vaxandi kvótastjórnun og það verði það sem við þurfum að búa við, og ætla að leyfa mér að endurtaka þessa fyrstu setningu: „Þess vegna er aðeins tímaspurning hvenær menn sjá að sóknarmarkskerfi ásamt miklum takmörkunum á stærðarveljandi veiði verður að taka upp hér sem allra fyrst; merkir vísindamenn hafa lagt slíkt til á síðastliðnum árum eftir að hafa stundað rannsóknir í áratugi og séð hvað gerst hefur úti um allan heim. Þótt ýmis vandkvæði svo sem kapphlaup og afkastaaukning geti fylgt sóknarstýringu, eru þau smáræði miðað við aflabrest í áratugi hvað þá hrun og þjóðarafall svo og byggðabrest.“ Hér er ekki lítið sagt. Síðan segir áfram: „Hann er þegar orðinn að veruleika og er það vísast bara byrjunin ef fer sem horfir. En augljóst hlýtur að vera að einnig þurfi til að koma veiðibönn fyrir net á mikilvægustu hrygningarslóðum og að heilu hafsvæðin verði tekin frá fyrir krókaveiðar eingöngu.

Fyrir skemmstu kom fram í blaðaskrifum að fræðimenn á Hafró væru sammála um nýtingarstefnuna. Þá vaknar sú spurning hvað við er átt; flestir telja væntanlega að hér sé átt við kvótakerfið, en það er pólitísk ákvörðun um stjórnun og nýtingu sem stofnunin og einstakir sérfræðingar hennar eiga tæpast opinberlega að taka þátt í á annan hátt en þann, að segja álit sitt á valkostum og hvers vegna. Einnig hafa komið til umræðu áhrif stærðar veiðistofns á nýliðun og hefur þá komið fram sú skoðun réttilega, að verndun veiðistofns sé ekki bein ávísun á meiri afla eða því gerðir skórnir, til vandræða því miður, að nýliðun sé í öfugu hlutfalli við veiðistofn vegna meiri afráns þegar veiðistofninn er stór. Tölur Hafró sýna að samband á milli stofnstærðar og nýliðunar er lítið sem ekkert. Grisjun þorsks gengur augljóslega ekki upp almennt við núverandi aðstæður nema fyrir einstaka staðbundna stofna sem eru hugsanlega vel staddir.

Ef stofninn er um 600 þús. tonn á hann að geta borið veiðar upp á tæp 180 þús. tonn miðað við vöxt hans 1960–1965 án þess að rýrna (með 18% náttúrulegum dauða), en það er bara ekki þannig; fróðlegt verður því að fá niðurstöður úr vorralli Hafró sem var að ljúka. Ef bara ætisskortur er að verki hefur mikið breyst í náttúrunni, en það stenst varla með hliðsjón af því sem sagt hefur að framan. Þótt vitað sé að æti takmarki vöxt botnfiska á miðunum þegar á heildina er litið ...“ — Síðan segir og ég ætla að láta það verða lokaorð mín í þessari tilvitnun í umræddri grein:

„Ef sóknarstýring er stunduð taka menn minni áhættu með því að veiða of mikið því ungar kynslóðir með góða eiginleika eru í uppvexti ef almennar verndunarforsendur erfða eru til staðar og koma þær brátt inn í veiðar. Ef of mikið er veitt fá menn bara skammtímaráðningu fyrir göslugang og óforsjálni því þá verða lítil áhrif á stærðarmynstur árganga og þannig ekki stuðlað að útbreiðslu verri eiginleika.“

Herra forseti. Ég vitna í þessa grein vegna þess að hún tekur í almennu máli saman ýmsar vangaveltur í gegnum tíðina varðandi fiskveiðistjórn, nýtingu okkar á fiskveiðistofnunum, ætismöguleika og ýmislegt fleira. Hvað svo sem menn segja er staðreyndin sú að við tókum upp þessa fiskveiðistjórn 1984 vegna þess að við náðum ekki þeim afla sem Hafrannsóknastofnun hafði ráðlagt okkur að veiða. Viðbrögðin urðu það sem ég hef stundum kallað hræðslukast. Við brugðumst við með því að koma á kvótakerfi sem var sett á til reynslu 1984 til eins árs eins og menn vita.

Þegar útgerðarmenn sáu að þarna gátu þeir verið komnir með seljanlega vöru og mikla veðsetningarmöguleika börðust þeir hart fyrir því að viðhalda þessu kerfi og hafa gert alla tíð síðan. Margar ástæður geta verið fyrir því að þannig hefur verið haldið á málum. Vafalaust er ein þeirra sú að framseljanleika var komið á í kerfinu. Í stað þess að hafa aðeins tekjur af því að gera út, þ.e. að tekjurnar væru eingöngu tryggðar með því að skip færu til veiða og öfluðu fiskjar, fékk útgerðin nýja tekjumöguleika. Þeir voru annars vegar

leiga á aflaheimildum eða í versta falli að menn seldu frá sér aflaheimildir.

Auðvitað kom upp alveg ný hugsun, ný spekúlasjón, þegar menn fóru að skoða hvort hagkvæmara væri að selja þessa fisktegundina eða hina og kaupa til sín aðra tegund eða skipta á jöfnu eftir þeim stuðlum sem upp voru settir. Í einu orði hefur þetta oft verið kallað, af þeim sem hér stendur og mörgum fleiri, kvótabrask — þegar menn tóku að þróa ýmsar aðferðir til að gera veiðirétt og nýtingarrétt, sem átti aldrei að vera annað, að leigurétti, sölurétti, skiptirétti og alls konar viðskiptarétti, m.a. með veðsetningu. Þar með breyttist eðli útgerðarinnar þannig að ekki fóru lengur saman hagsmunir landsmanna í hinum dreifðu byggðum, sjómanna, og hagsmunir útgerðarmanna. Þessir hagsmunir höfðu um aldir verið órjúfanlegir og byggðirnar urðu til vegna þess að sennilega þótti hagkvæmt að sækja þaðan sjó, góð hafnarskilyrði eða þá að menn völdu sér að vera jafnvel við erfiðari hafnarskilyrði, t.d. í Bolungarvík, vegna þess að þar væri styttra á sjó, svo dæmi sé tekið.

Það var auðvitað svo að þar sem útgerðin setti sig niður myndaðist smátt og smátt byggð. Þar urðu byggðakjarnarnir allt í kringum landið til. Þess vegna varð sjósóknarrétturinn, rétturinn til að veiða fiskinn, fólkinu mikils virði. Fólkið átti í raun alla sína atvinnu- og afkomumöguleika í að sjósóknarrétturinn væri útgerðarmönnum áfram sama verðmæti og sami verðmætahvati eins og hann var fólkinu. Sjómennirnir áttu alla sína afkomu undir því að útgerðarmaðurinn vildi gera út á fiskveiðar því. Í því lá atvinna þeirra.

Þessu var öllu breytt þegar útgerðarmaðurinn fékk leigu- og sölurétt á óveiddum fiski. Þá komu upp önnur sjónarmið og atvinnurétturinn varð að söluvöru, hvort sem menn seldu hann af ásetningi til að taka peninga út úr kerfinu eins og sagt hefur verið eða lentu í rekstrarerfiðleikum og aflaréttindin fylgdu með þegar fyrirtæki voru seld.

Auðvitað varð mikil breyting þegar aflarétturinn fór frá byggðarlögunum en hann gerði það eftir að kvótakerfið var tekið upp. Afleiðingin af lögunum frá 1990, þegar við fórum alfarið yfir í frjálst framsal aflaheimilda, tókum burt allar hugsanlegar kvaðir sem höfðu fram að því fylgt skipunum í kvótakerfinu. Þá voru felldar niður þær kvaðir að ekki mætti gera skip kvótalaus, að spyrja þyrfti sjómannafélag á viðkomandi stað hvort selja mætti kvótann úr byggðarlaginu. Þessar kvaðir voru allar teknar burtu og framsalið gert algerlega frjálst. Árið 1990 voru nokkrir sem mótmæltu því að slíkt skyldi gert. Ég held að Farmanna- og fiskimannasambandið hafi verið einna sterkast í mótmælum gegn því að leyfa frjálst framsal kvóta, leigu og sölu í kvótakerfinu en fjöldamargir aðrir tóku þá afstöðu. Mig langar aðeins að rekja blaðaumfjöllunina um fiskveiðistjórn frá fyrri hluta ársins 1990. Þá var m.a. fjallað um síðasta fund samráðsnefndar um kvótafrumvarpið. Samráðsnefndin hafði unnið að breytingum á kvótakerfinu, stór nefnd sem í áttu sæti allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, verkafólk, stjórnmálaflokkarnir, Verkamannasambandið, Alþýðusambandið og fleiri aðilar. Í umfjöllun um þennan fund kom eftirfarandi fram, ef mér leyfist að vitna í það, herra forseti:

„Flestir vilja tengja kvóta við byggðarlög á síðasta fundi samráðsnefndar um kvótafrumvarpið en nær allir aðilar skiluðu séráliti eða bókunum."

Síðan segir: „Síðasti fundur samráðsnefndar um kvótafrumvarpið var haldinn í gær. Nær allir þeir stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök sem fulltrúa eiga í nefndinni skiluðu séráliti eða bókunum. Ljóst er að því fer víðs fjarri að nokkurt samkomulag sé um þau drög að frumvarpi til stjórnar fiskveiða sem sjávarútvegsráðherra hefur samið og verið hefur til meðferðar í nefndinni. Það sem er mest áberandi í séráliti og tillögum þeim sem lagðar voru fram í gær er hve margir vilja tengja kvóta byggðarlögum í stað þess að hann fylgi veiðiskipi eins og nú er."

Hér er síðan samantekt á því hverjir höfðu þessa afstöðu. Þeir sem höfðu þá afstöðu að vilja tengja beint við byggðarlögin voru Kvennalisti, Alþýðubandalag, Samtök um jafnrétti, Verkamannasambandið, Borgaraflokkur og Alþýðuflokkur. Allir þessir aðilar þóttust sjá að með frjálsa framsalinu væri réttur byggðanna fyrir borð borinn og þess vegna vöruðu menn sérstaklega við því.

Margir voru andvígir sölu á kvóta, segir í þessari blaðagrein, með leyfi forseta:

„Þá var nokkur andstaða gegn því að hægt sé að selja kvóta. Þar fer fyrir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sem neitar að styðja frumvarpið vegna þessa."

Síðan er upptalning á þeim sem höfðu þá afstöðu. Þar er Farmanna- og fiskimannasambandið eins og áður sagði, Sjómannasamband Íslands, Alþýðubandalagið, Verkamannasambandið, Borgaraflokkur, Kvennalisti og Félag smábátaeigenda. Allir þessir eru andvígir því að salan á kvótanum eigi sér stað. Þar með er alveg ljóst að jafnvel 1990, þegar við vorum að ræða þau lög sem við ætlum nú að fara að gera breytingar á og erum í raun og veru að festa í sessi með þessu frv., voru menn í samráðsnefndinni árið 1990 auðvitað farnir að sjá hvert stefndi. Þá var hafin verslun með kvótaréttinn og allt byggðist á að menn börðust innbyrðis um að ná til sín kvótaúthlutunum og sala og leiga var hafin.

Á þessum tíma, herra forseti, var varað sérstaklega við því hvert við værum að fara með því að festa í gildi lögin nr. 38/1990, sömu lög sem við erum að breyta í dag. Það liggur alla vega fyrir, herra forseti, að þó að menn hafi haft misjafnar skoðanir á kvótakerfinu frá 1984–1990 voru mjög margir í mikilli andstöðu gegn því að kvótakerfið skyldi fært í þann farveg sem það er í í dag og við ætlum núna að festa í sessi. Meginefni þessa frv. er að íslenskir útgerðarmenn hafa gengist undir að borga ákveðið gjald, veiðigjald. Til hvers? Til þess að festa kerfið í sessi. Það er meginefni málsins. Þrátt fyrir að þeim sé ekki ljúft að láta frá sér peninga ætla þeir samt að láta það yfir sig að ganga að borga veiðigjald fyrir að festa niður kvótakerfið. Um það snýst þetta frv. ráðherrans.

En jafnvel LÍÚ hefur mótmælt framsetningunni í frv. og ég er ekkert hissa á því. Ég mun gera það að umræðuefni síðar í dag hvaða hættur felast í þessari útfærslu veiðigjaldsins eins og það er, bæði fyrir útgerðir, þ.e. einstaka útgerðarflokka vegna þess að gjaldið er byggt á meðaltali, og eins fyrir landshluta og útgerðarmunstur í hinum dreifðu byggðum landsins.

Herra forseti. Kvótalögin tóku að endingu gildi eins og þau eru úr garði gerð, sem meginstefna við stjórn fiskveiða en þau höfðu ekki verið meginstefna fram að því og er rétt að draga það aðeins fram. Árið 1990 var bæði í gildi sóknarmark og aflakvóti. Hvað svo sem sagt er er það staðreynd að þeim skipum fjölgaði ár frá ári, frá 1984–1990, sem völdu sér sóknarmarkið. Menn vildu frekar vera þeim megin. Niðurstaðan varð hins vegar sú að kvótakerfinu var þröngvað yfir landslýð. Það var stefnan sem stjórnvöld vildu ná fram.

Ef ég man rétt var það gert í svefnrofum á síðustu fundum þings það árið, herra forseti.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni þegar hentar.)

Sjálfsagt, herra forseti. Það hentar ágætlega núna.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 720. mál. — Þskj. 1227.

[15:01]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Allshn. hafa borist 19 umsóknir um ríkisborgararétt frá því að fyrra frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar var lagt fram í desember 2001, sbr. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952. Nefndin leggur til að fimm einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni og eru þeir taldir upp í þskj. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög og lögreglulög, 3. umr.

Stjfrv., 494. mál (sendierindrekar, grímubann, starfslok lögreglumanna o.fl.). — Þskj. 1301.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, HÁs, ÍGP, KVM, LMR, LB, ÓÖH, SP, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1335).

Stjórnsýslulög, 3. umr.

Stjfrv., 598. mál (vanhæfi). — Þskj. 942.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, HÁs, ÍGP, JÁ, KVM, LMR, LB, ÓÖH, SP, StB, TIO, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1336).

Einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 546. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 1304.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, HÁs, ÍGP, JÁ, KVM, LMR, LB, ÓÖH, SP, SvanJ, TIO, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1337).

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 1305.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KVM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, SvanJ, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1338).

Samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 596. mál (EES-reglur, ríkisaðstoð). — Þskj. 1306.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, HÁs, ÍGP, JÁ, KVM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1339).

Tryggingagjald o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 582. mál (reiknað endurgjald, breyting ýmissa laga o.fl.). — Þskj. 1308.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KVM, LMR, ÓÖH, RG, SP, TIO, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1340).

Útflutningur hrossa, 3. umr.

Stjfrv., 357. mál (heildarlög). — Þskj. 1313.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁMöl, BBj, DO, HÁs, ÍGP, KVM, LMR, ÓÖH, RG, SP, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1341).

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 587. mál (EES-reglur, ósoneyðandi efni). — Þskj. 917.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BBj, DO, HÁs, ÍGP, KVM, LMR, ÓÖH, SP, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1342).

Löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 3. umr.

Stjfrv., 641. mál (EES-reglur). — Þskj. 1325.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BBj, DO, HÁs, ÍGP, KVM, LMR, ÓÖH, SP, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1343).

Tilhögun þingfundar.

[15:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það fram að gert er ráð fyrir að ljúka 1., 2. og 3. dagskrármáli á þessum fundi og má búast við því að fundur standi fram á kvöld. Gert er ráð fyrir því að fundur hefjist og verði boðaður með dagskrá kl. 10 í fyrramálið og atkvæðagreiðsla verði kl. hálftvö á morgun.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 882, nál. 1262, 1293 og 1294, brtt. 1263.

[15:08]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Við erum að ræða hið svokallaða sáttafrv. sjútvrh. eins og ég hef kosið að kalla það, þ.e. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sem ætlað var að búa til sátt í þjóðfélaginu um það fyrirkomulag sem viðgengist hefur. Hyggst ég nú, herra forseti, að víkja að nokkrum atriðum í brtt. meiri hlutans og hefja mál mitt í þriðja sinn á því.

Í fyrsta lagi er í brtt. meiri hlutans gert ráð fyrir því, og reyndar búið að breyta því frá því sem var í frv., að fleiri aðilar en Hafrannsóknastofnun geti stundað rannsóknir og þurfi ekki að hafa kvótaheimildir fyrir þeim afla sem hugsanlega kæmi við rannsóknirnar. Þó er í 1. gr. mismunur á Hafrannsóknastofnun annars vegar og öðrum aðilum hins vegar en efnisgreinin hljóðar svo:

„Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.“

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvers vegna menn kjósa að hafa þessa grein svona. Hvers vegna á það að vera Hafrannsóknastofnun og það vera skilyrt að ráðherra sé heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, hvers vegna á það að vera þannig að það skuli vera Hafrannsóknastofnun sem skuli samþykkja rannsóknaáætlanir annarra vísindamanna ef þær eru lagðar upp í samstarfi manna sem hafa þekkingu og hafa lært í þessu fagi, t.d. einhverra tiltekinna sjómanna sem mundu vilja stunda rannsóknir hér við land? Þá er ráðherra heimilt að veita það en það skal þó vera að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Ég velti því fyrir mér hvers vegna Hafrannsóknastofnun á að fá þetta hlutverk, þ.e. að mæla með eða hafna rannsóknum annarra manna. Mér finnst þetta ekki góður svipur á málinu og hefði talið eðlilegt að sjútvrh. væri fullbær til þess að leggja mat á það hvaða rannsóknir hann vildi leyfa. Eðlilega getur hæstv. sjútvrh. aflað sér umsagnar eða látið Hafrannsóknastofnun skoða þessi mál eða Fiskistofu eða einhverja af þeim stofnunum sem starfa í sjávarútvegi, en að það eigi að vera bundið í lagatexta að ráðherra sé þetta heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, það finnst mér algjör óþarfi. Ég sé ekki hvers vegna það eigi að vera svo. Þetta er svipað og ef menn mundu setja einhver ákvæði um að það þyrfti að spyrja stofnunina Háskóla Íslands að því hvað menn hygðust gera norður á Akureyri í einhverjum kennslufræðum eða menntun, svo ég taki einhverja samlíkingu. Það má örugglega finna samlíkingu við eitthvað annað sem er með sambærilegum hætti. Mér finnst það óeðlilegt, ekki síst í ljósi þess hversu umdeild ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar er í þessum málum og hvernig okkur hefur til tekist við uppbyggingu botnfiskstofnanna sem er mesta deilumálið í kvótakerfinu, að þá skuli það vera lagt undir að það skuli fylgja umsögn Hafrannsóknastofnunar til þess að þetta megi heimila. Þetta tel ég óþarft að hafa í lagatexta.

Síðan koma svo sem ekki miklar efnisbreytingar í frv. Það er verið að breyta orðalagi í lögunum þar sem kemur inn orðið „veiðitími“. Það er svo sem ekki mikið um það að segja, en í 3. tölul. brtt., um að við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo, þar segir:

„Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998.“

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort þessi tilvitnun, sem byggir á því að menn hafi landað þorskafla 1996/1997 eða 1997/1998, eigi að vera sem viðmiðun fyrir áframhald þessa lagatexta, hvort ekki væri rétt að færa sig nær í tímanum og fara að skoða það hvort þeir bátar sem þessa úthlutun hafa fengið og eiga að fá hana áfram hafi í raun og veru verið áfram við veiðar og landað afla.

Síðan segir: „Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á annan bát í sinni eign.“

Þegar þessar 450 þorskígildislestir voru settar inn í lögin voru þær byggðar á afla á þessum viðmiðunarárum og stærð skipanna í brúttótonnum 1. desember 1998. Nú hafa aflamörk breyst síðan þá og þess vegna velti ég því fyrir mér hvort þorskígildislestirnar 450 eru sams konar viðmiðun sem hlutfall af heildaraflanum í dag og þær voru á því tímabili sem þarna er notað sem viðmiðun eða hvort þessi tala ætti að vera einhver önnur. Það er kannski frekar útfærsluatriði hvernig að þessu er staðið en ég leyfi mér að setja spurningarmerki við þetta. Þarna er verið að búa til sérstakan pott til þess að bæta upp afla hjá aflamarksskipum sem eru undir 200 tonn að stærð og út af fyrir sig er ég ekki að mótmæla því. Eins og staðan hefur verið varðandi stjórn fiskveiða á undanförnum árum tel ég að þegar það var sett inn á sínum tíma hafi það verið til bóta, sérstaklega fyrir þennan flota sem hefur stundað veiðar innan lögsögunnar og ekki hefur getað verið að vinna sér inn ný réttindi eins og t.d. togaraflotinn hefur getað gert í úthafskarfa og veiðum á öðrum fjarlægum miðum og auðvitað nótaflotinn í norsk-íslensku síldinni og kolmunna og fleiri tegundum. Mér hafa alltaf fundist rök fyrir því að skoða stöðu þessara báta með tilliti til þess hvernig kvótakerfið hefur fært öðrum nýjar tekjur og nýjar auðlindir á sama tíma og sá floti hefur svo getað leigt frá sér heimildir sem einmitt þessi floti hefur verið að leigja af þeim og í raun og veru að hjálpa til við að fá þessar nýju heimildir. Þess vegna kem ég aftur að því, herra forseti, sem ég vék að varðandi síldarmálið að mér finnst óeðlilegt að ekki skuli eiga að vera innskilaregla þar. Ég færði fyrir því rök í máli mínu og ætla ekki að endurtaka það en ég tel að þar sé óeðlilega að verki staðið.

Síðan eru breytingar varðandi hámarkshlutdeildina og er verið að lækka það frá því sem var í frv. en samt sem áður er verið að hækka markið eins og ég kom að í máli mínu fyrr í morgun þar sem ég gat þess að það væri verið að hækka eignarhlutfallið í þorski sem eitt fyrirtæki mætti eiga um 20%, það væri verið að hækka eignarhlutfallið í ýsu um 100% frá því sem nú er í lögum og það væri verið að hækka

eignarhlutfallið á karfa um 75% frá því sem nú er í lögum. Nóg um það. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það en bendi á að þó að hér sé verið að breyta frá frv. niður á við aftur þá er samt sem áður verið að leggja til að færri fyrirtæki geti átt eina fisktegund. Sem dæmi, þrjú fyrirtæki með 35% reglu geta átt allan karfakvóta á Íslandsmiðum. Varla verður það til þess að auðvelda framkvæmdina á fiskveiðistjórninni ef svo skyldi fara á næstu árum að allir væru undir það seldir að eiga viðskipti við einhver þrjú fyrirtæki sem eiga karfakvótann ef þeir hugsanlega fá einhvern meðafla af karfa nema þá að þeir verði að nota sér 5% regluna um að landa afla utan aflamarks og þá renni í raun og veru allur karfinn til Hafró. Ég held að menn verði að skoða heildstætt hvað verið er að gera þegar slíkum lögum er breytt, að ekki sé verið að búa til reglu þar sem tiltölulega fáir og í þessu tilfelli mjög fáir fá algjört sjálfdæmi um heila tegund þegar þeir leggjast í það að safna saman aflaheimildum í karfa og menn eigi þá ekki annan kost en þann að landa karfanum annaðhvort undir 5% reglunni þannig að andvirðið renni að mestum hluta til Hafrannsóknastofnunar eða þá að leigja karfann af þeim fyrirtækjum sem hafa eignast hann. Þetta er auðvitað hættan á því sem við erum m.a. að útfæra í frv. með því að hækka þessar heimildir, hvað hvert fyrirtæki má eiga mikinn afla.

Síðan kemur ákvæði um það, og það er í 5. lið brtt. meiri hluta sjútvn., að fara þá leið að á hverju fiskveiðiári sé einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Þessi setning svona orðuð þýðir einfaldlega að smábátaflotinn sem hefur þurft að veiða 70% af sínum aflaúthlutunum á nú ekki að þurfa að veiða nema 50% á hverju ári og er þá verið að auka leigumöguleikana í því kerfi til samræmis við það sem er í stóra kerfinu. Ég sé eiginlega enga sérstaka þörf á að fara þessa leið með þetta ákvæði og bendi á að það er a.m.k. í andstöðu við það sem sjómannasamtökin hafa verið að fjalla um að veiðiskyldan skyldi fara upp.

Í 6. tölul. brtt. meiri hluta sjútvn. er bætt orðunum „opinber stofnun". Hér er verið að tala um lánshæfi og annað slíkt og hér er það tryggt að opinber stofnun er sett upp að hliðinni á öðrum lánastofnunum sennilega til þess að tryggja veðsetningu í aflaheimildum. Síðan er í b-lið 6. tölul. þessarar tillögu bætt inn sérstakri tilkynningarskyldu:

„Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, ..." Það er svo sem ekki mikið um þetta að segja. Þetta er tilkynningarskylt ákvæði.

Síðan er vikið að þeim greinum í 7. lið sem í raun og veru er meginefni þessa frv., þ.e. að taka upp veiðigjald, að finna stað hinni miklu sátt í sjávarútvegi. Útfærslan á því birtist í frv. eins og það var lagt fyrir af hæstv. sjútvrh. og síðan eru hér þær breytingar sem meiri hlutinn gerir og eru svo sem ekki miklar breytingar heldur eingöngu verið að lagfæra tölur. En þó er lagt til að orðin „þó aldrei umfram það sem þegar hefur verið greitt" í 3. mgr. e-liðar 10. gr. frv. falli brott.

Þá erum við komin að ýmsum bráðabirgðaákvæðum sem í frv. eru og verið er að breyta en þar er verið að lagfæra texta sem núna er í lögunum og þar segir að ákvæði XXV til bráðabirgða í lögunum falli brott, enda er búið að færa það að langmestu leyti með brtt. meiri hlutans inn í 9. gr. sem verður núna 9. gr. a, þ.e. þessar 3.000 lestir, úthlutun til báta undir 200 rúmlestum. Síðan er talið upp að við ákvæði XXVI til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er orðist svo:

„Í lok fiskveiðiársins 2005/2006 skulu 1.500 þorskígildislestir bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 9. gr. og skulu þær bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi."

Hér er verið að leggja til að ákvæði sem núna er í lögunum um stjórn fiskveiða haldi áfram en það ákvæði, herra forseti, kveður á um að stjórn Byggðastofnunar eigi að hafa hönd í bagga með úthlutun svonefnds byggðakvóta og ákvæðið í lögunum um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða sem segir m.a. að á fiskveiðiárinu 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hafi Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir í þorski, ufsa, ýsu og steinbít sem nema 1.500 þorskígildum til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir í samræmi við 4. lið þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Síðan segir í skýrslu Byggðastofnunar sem ég ætla að lesa núna úr, með leyfi forseta:

„Í krafti áðurnefnds ákvæðis í lögum voru settar viðmiðunarreglur um skiptingu byggðakvótans milli byggðarlaga og nánari skilyrði fyrir þeirri úthlutun. Byggðakvóta er í fyrstu úthlutað til fimm ára en skulu forsendur endurskoðaðar árlega."

Hér er sem sagt verið að tala um þann kvóta sem úthlutað var til byggðarlaga, en það voru 115 tonn til Flateyrar, 102 tonn til Suðureyrar, 170 tonn til Þingeyrar og þessum heimildum var öllum ávísað á Þingeyri á sínum tíma vegna þeirra vandamála sem þar voru uppi í byggðarlaginu. Í lögunum er sem sagt verið að festa í sessi að þessi byggðakvóti haldi áfram á fiskveiðiárinu 2006/2007. Við erum sem sagt komnir það langt í þessum lögum að við erum að festa niður byggðakvóta sem á að taka gildi á kosningaárinu 2007 þannig að menn eru farnir að sjá vel fyrir vandræðin í þessu máli öllu saman og eru hér að reyna að tryggja sig með einhverjum hætti til þess að taka á þeim vandamálum sem eru innbyggð í kvótakerfið og farnir að sjá fram yfir heilt kjörtímabil í þeim efnum hvaða vandamál munu áfram fylgja þessari útfærslu. Ég verð að segja það að ég fagna því í sjálfu sér að stjórnarþingmenn skuli vera búnir að átta sig á því að inni í þessum lögum eru innbyggð öll þessi vandamál sem menn eru að fást við og að menn skuli vera orðnir svo framsýnir að þeir sjá meira að segja fram á það að fiskveiðiárið 2006/2007 verði öll þessi vandamál varðandi byggðirnar enn þá til staðar og hafi jafnvel versnað.

Það kom fram í máli hv. formanns sjútvn. að ástæða væri til að vekja athygli á því að með þeim breytingum sem hér eru lagðar til væru menn komnir yfir 7.500 tonn í svokölluðum byggðakvótaútfærslum og allar eru þær til komnar vegna þess að menn sjá hvernig þessi vandamál fara með mörg byggðarlög þar sem allt er sett í uppnám, atvinnulífið og afkoma fólks vegna þess að frá þeim byggðarlögum hefur verið seldur allur veiðiréttur. Þess vegna er þetta hérna inni. En ég verð hins vegar að segja alveg eins og er að mig undrar það að menn skuli endalaust velja þá leið að fara með skóbæturnar á kerfið vitandi að það koma endalaust fleiri göt

á skóna, til þess að reyna að láta kerfið í einhverju lagi halda velli. Menn ætla í ríkisstjórnarflokkunum að láta berja sig til hlýðni með það að halda áfram með þetta skóbótakerfi inn í framtíðina og eru komnir svo langt á þeirri þróunarbraut að þeir eru búnir að finna þess stað að það skuli komið með sérstakan byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2006/2007 til að tryggja það að hægt verði að bera eitthvað í bætifláka fyrir þá galla sem kerfinu fylgja í stað þess að setjast niður og takast á við vandamálið sem kerfinu fylgir og því óréttlæti sem því hefur fylgt í gegnum árin.

Ég rakti það fyrr í ræðu minni að iðulega þegar menn hafa verið að fara í gegnum þessar kvótaúthlutanir þar sem verið er að bera fram mismunandi úthlutun til manna þannig að sumir verða ánægðir og telja sig himin höndum hafa tekið, hafa eignast kannski 25 millj. eins og smágreifarnir sumir fá í dag en aðrir fá ekki neitt. Þetta er aðferð sem er vel þekkt og kallast að deila og drottna. Útdeilum mismunandi réttlæti, þá fara allir að rífast innbyrðis og allir verða ósáttir og þá getum við drottnað yfir lýðnum því samstaða hans er engin. Þetta er aðferðin sem notuð er, svo koma menn með skóbótaaðgerðina til þess að bæta í brestina þar sem alverstu dæmin eru því að ekki þola menn það að fólk sé algjörlega afkomulaust í heilu byggðarlögunum. Það telja menn of sárt og kvótakerfið muni ekki þola það og ákveða þess vegna að hafa alls konar potta til að sjá til þess að þetta hrynji ekki innan frá á ósætti fólksins.

Samt er það svo að í skoðanakönnunum mörg undanfarin ár hefur fólk ekki séð, sem eðlilegt er vegna þess að það er ekki inni í kerfinu, að atvinnuréttur þess og afkoma sé tryggð. Það er alls ekkert inni í þessu kerfi og eins og ég vakti athygli á í morgun er það fólkinu í landinu mest virði að það sé hagur útgerðarinnar og sá eini til tekjumöguleika að sækja sjó því að í sjósóknarréttinum fólst atvinnuréttur fólksins. Meðan það fór saman að útgerðin gat ekki búið sér til tekjur öðruvísi en að sækja sjóinn, hafði engan leigu- og sölurétt á aflaheimildum, þá fór auðvitað saman sá réttur fólksins að það myndaði atvinnu af aflaheimildunum sem að landi komu og eins sjómönnunum sem sóttu aflann. En þarna var skilið á milli og útgerðarmönnunum fenginn nýr réttur, sölu- og leiguréttur til viðbótar við veiði- og nýtingarréttinn en það var einmitt veiði- og nýtingarrétturinn sem var fólkinu í sjávarbyggðunum svo mikils virði og skipti höfuðmáli til þess að menn hefðu vissu fyrir því að byggðirnir héldu velli, að atvinnuréttur fólksins væri til staðar og þar með væri eignarstaða fólksins á húsum sínum og íbúðum nokkuð trygg. Allt þetta er nú horfið eða er úti í vindinum og þess vegna eru menn á þessari vegferð hér að reyna að tryggja það með einhverjum hætti að til séu pottar til að taka á sárustu vandamálunum sem gætu ella sprengt kerfið upp.

Ég verð að segja að mig undrar það ef íslensk þjóð ætlar að láta það yfir sig ganga að til framtíðar skuli vera hægt að stjórna þessum málum svona í stað þess að fara í gegnum endurskoðunina upp á nýtt og leggja það að meginmarkmiði að útgerðirnar hafi veiði- og nýtingarrétt en ekki leigu- og sölurétt og að atvinnumál landsbyggðarinnar sem tengjast auðvitað sjávarútveginum mikið séu tryggð. Ég hef oft talið að það þyrfti að viðurkenna strandveiðirétt byggðanna og saman ætti að fara við útfærslu á svokölluðum dagróðraflota eða strandveiðiflota eins og ég hef oft kosið að kalla hann, veiðiréttur strandveiðiflotans og atvinnuhagsmunir byggðarlaganna, þannig að gegn því að menn fengju útfærslu á því hvað væri strandveiðifloti og hvaða forgang hann fengi, þá yrðu menn líka að una því að þeir gætu ekki selt þennan veiðirétt í burtu.

Ég tel og hef löngum talið að það væri allra best til farsældar upp á framtíðina að gera að slíkur réttur væri sóknartengdur fiskveiðiréttur. Þar sætu menn við þá útfærslu að geta sótt sjó frá byggðarlögunum, gætu ekki selt frá þeim aflaréttinn eða atvinnuréttinn en gætu eingöngu skapað sér tekjur af sjósókninni sjálfri.

Herra forseti. Nú er sennilega rétt að taka til umfjöllunar það sem á að vera meginefni þeirrar miklu sáttar sem hér á að vera til umræðu og fjalla um það hvernig útfærslan er á því ákvæði sem tengist veiðigjaldinu í frv. hæstv. ráðherra. Eins og menn vita er útfærslan þannig að meginstofni til að það á að finna út afkomu útgerðarinnar á ákveðnu tímabili á árinu á undan áður en gjaldið er lagt á, en það segir í frumvarpstexta á bls. 4:

„Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili."

Þessi útfærsla á sem sagt að ráða upphæð gjaldsins, sett á þorskígildin sem menn mega veiða árið á eftir og af því eiga að koma þær tekjur sem menn gera ráð fyrir að fáist út úr þessu veiðigjaldi. Það er auðvitað þannig að innheimta gjaldsins hefst ekki fyrr en á árinu 2004 og fer þá stighækkandi fram til 2009 en á þá að vera orðin 9,5% af þeim stofni sem svona er fundinn út og gæti þá hugsanlega gefið, ef ég man rétt, rúma 2 milljarða.

Ég hef ýmislegt við þessa hugsun og útfærslu að athuga. Í fyrsta lagi velti ég því upp hvers vegna menn ætli að finna upphæð gjaldsins miðað við afkomu og veiðar ársins á undan og leggja það síðan ofan á þorskígildin árið á eftir. Burt séð frá því hvernig veiðarnar ganga fyrir sig árið á eftir eða hvert markaðsverðmæti fisksins er sem veiddur er árið á eftir miðað við árið á undan. Það getur verið eins og allir þekkja mjög breytilegt á milli ára hvernig verð leggur sig á einstökum fisktegundum. Og þegar ég kem að einstökum fisktegundum þá er það auðvitað þannig að það eru mismunandi hlutar flotans sem veiða einstakar fisktegundir og hafa þar af leiðandi mismunandi afkomu eftir því í hvers konar útgerðarmunstri þeir eru, sem dæmi hörpuskel, rækja, síld, loðna, almennur botnfiskur o.s.frv. Allt eru þetta tegundir sem hafa tekið miklum sveiflum eins og þekkt er. Og þá spyr maður sig auðvitað: Er það þá sjálfgefið að veiðin í þorskígildum árið á eftir, af því að henni er úthlutað í þorskígildum, sé örugg veiði? Er ekkert lengur til í íslenskri sögu sem heitir sýnd veiði en ekki gefin? Hefur ríkisstjórnin breytt því? Er búið að breyta því þannig að sýnd veiði sé ávallt gefin og af því hafi menn ávallt tekjur og geti tryggt það? Ég held að svo sé ekki og þess vegna getur þessi útfærsla að mínu viti verið stórhættuleg vegna þess að hún getur komið mjög misjafnlega niður á útgerðarflokkunum, á útgerðarmunstri eftir svæðum sem ég hef ekki vikið að enn þá en ætla að gera nú. Og hvers vegna segi ég eftir svæðum? Það er vegna þess að það er þekkt í Íslandssögunni og hefur mér vitanlega ekki verið breytt og verður sennilega ekki breytt í náinni framtíð þó að ríkisstjórnin líti svo á að sýnd veiði eða úthlutuð þorskígildi sé ávallt gefin veiði, þá verður því ekki breytt að fiskur er smærri fyrir norðan land alla jafna, þ.e. þorskur, en hér sunnan lands. Það liggur fyrir að þegar sett er föst krónutala ofan á hvert kíló þorskígildis þá er slík skattlagning miklu

dýrari fyrir þá sem veiða smærri fisk vegna þess að líffræðilegar aðstæður eru þannig á miðunum sem þeir stunda að þeir veiða að jafnaði smærri fisk, heldur en fyrir þá sem veiða að jafnaði stærri fisk. Það gefur augaleið að það munar miklu hvort menn fá verð fyrir fisk upp úr sjó á 150 kr. kg eða hvort menn fá 300 kr. fyrir kg. Þar af leiðandi hef ég haldið því fram og held því fram enn þá, og það hefur enginn getað fært rök fyrir því að svo sé ekki, að þessi útfærsla á veiðigjaldinu til viðbótar við okurverð leiguheimilda sem núna eru í gangi hljóti til viðbótar við þá slæmu útfærslu að ýta undir það að útgerð landsmanna færist frá þeim svæðum þar sem fiskurinn er smærri og minna verð fæst fyrir hann af þeim orsökum, eðlilegum náttúrulegum orsökum, og til þeirra svæða þar sem fiskurinn er stærri og þar sem hann gefur hærra verð. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að sá sem getur verið að gera út á fisk sem leggur sig á 250–300 kr. kílóið er betur settur gagnvart þessu gjaldi en sá sem er að gera út að jafnaði á 150 kr. kílóið. Þá er svo komið, herra forseti, að þessi útfærsla til viðbótar við þá útfærslu sem er almennt í stjórnkerfi fiskveiðanna og hefur reynst hinum dreifðu byggðum landsins flestum fjandsamlegt, ýtir enn frekar undir það að menn gefist upp við það að gera út í hinum dreifðu byggðum. Ég tel þetta stórhættulegt og skil ekki hvers vegna menn velja að fara þessa leið í útfærslunni, ekki síst með tilliti til þess að í lögunum er önnur útfærsla og hún er sú að 23 daga bátarnir borga gjald af veiddum afla. Þeir borga ekki gjald af úthlutuðu þorskígildi, enda er þeim ekki úthlutað neinum þorskígildum. Þeir borga gjald af veiddum afla. Ég sé ekki hvers vegna ekki hefði verið hægt að útfæra það ef menn ætluðu að gera þetta svo að þessi hætta væri ekki innbyggð í þetta að menn borguðu þá alla vega gjald af lönduðum afla. Það væri a.m.k. til bóta. En það breytir ekki því að það er ekki tekið á þessu vandamáli með stærri og minni fisk þó að þetta sé fært yfir í landaðan afla. Það vandamál er enn þá til staðar með þessari útfærslu, að maðurinn sem veiðir að jafnaði 2 kg fisk norður á Bakkafirði borgar hlutfallslega hærra veiðigjald en maðurinn sem veiðir frá Vestmannaeyjum eða Þorlákshöfn (**Gripið fram í:** Hárrétt.) fisk sem leggur sig á 3–6 kg og þaðan af meira. Það hljóta allir að sjá að krónutalan skiptir minna máli þegar menn fá 300 kr. fyrir hvert kíló heldur en þegar menn fá 150 kr. fyrir kílóið eða minna.

Er það þá svo að það sé enn þá stefna ríkisstjórnarinnar að halda áfram til viðbótar við leiguverðið, sem allt ýtir undir það að fiskurinn sé veiddur við suðvesturhornið, (**Gripið fram í:** Bara stærsti.) stærsti fiskurinn, þá eigi að halda áfram að ýta með þessari útfærslu enn frekar undir það að menn sjái sér hag í því að fara frá norðlægum slóðum, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum til vertíðarsvæðanna til þess að veiða sinn þorskafla úthlutaðan af þeim svæðum og þá helst á hrygningartímanum því að þá er hann enn þá verðmætari? Þá eru hrognin mikils virði og fiskurinn feitur og lifrarmikill.

Það ber allt að sama brunni. Þessi útfærsla til viðbótar við leigukerfið ýtir aflanum til þess að vera tekinn á suðvesturmiðunum eða á vertíðarsvæðunum, hinum hefðbundnu vertíðarsvæðum. Auðvitað er það svolítið breytilegt hvar fiskur gengur til hrygningar, það fer mikið eftir hitafari en við getum sagt að það er Breiðafjörður og austur um til Hornafjarðar að meginstofni til. Vissulega hrygnir fiskur á seinni árum víðar við landið eftir að sjór fór hlýnandi. En því verður ekki á móti mælt að á þessu svæði frá Breiðafirði og austur um að Hornafirði veiðist að jafnaði stærsti fiskurinn. Þar sem stærsti fiskurinn verður í boði þangað verður harðast sótt. Þetta er alveg í andstöðu við það, held ég, hvernig við þurfum að umgangast nýtingu okkar á fiskstofnunum. Ég held að þetta sé í algerri andstöðu við það. Við megum ekki hafa þetta þannig útfært að öll okkar sókn beinist í hrygningarfiskinn, a.m.k. ekki meðan hrygningarstofninn er ekki stór. Við gátum leyft okkur að vera með mikla sókn í hrygningarfiskinn meðan stofnstærðin í þorski á Íslandsmiðum var yfir 2 millj. tonna eða þaðan af meira. Þá gátu menn leyft sér að beina sókninni mikið í hrygningarstofninn, enda var hrygningarstofninn þá miklu stærri en hann er í dag (**Gripið fram í:** Meira að segja úthafs ...) og þoldi þar af leiðandi þessar veiðar. Enda var það svo að við vorum oft að taka meginhluta þorskaflans á hrygningartímanum en tiltölulegar litlar eða nánast engar þorskveiðar voru stundaðar utan hans. Á öðrum árstíma voru togararnir í karfa, síldarbátarnir á síld og síðan voru einhverjir sem fóru á handfæri yfir sumartímann þannig að alla jafna var ekki mikill þorskafli tekinn á heimamiðum yfir sumartímann en nýting okkar byggðist mest á stórum þorski á þeim árum, fyrir 20, 30, 40 árum.

Þetta er um þessa útfærslu að segja, herra forseti. Ég held að hún sé hættuleg eins og hún er. Ég verð að lýsa því að ég er andvígur því að fara þessa leið. Ég tel að í þessari útfærslu felist engin sátt. Ég hef getað tekið undir að það mætti nota gjald og gjaldstofn til þess að taka fyrir veiðiheimildir, ekki síst í því ljósi hvað útgerðarmenn sjálfir hafa á undanförnum árum komist upp með að gera þetta að ótrúlegu verðmæti, óveiddan fisk. En ég hef ævinlega litið svo á að færum við í gjaldtöku, þá ættum við að nota gjaldtökuna til að hafa áhrif á nýtingu fiskstofna, hvernig við stýrðum veiðunum. Það er auðvitað hægt að hafa hvort tveggja innbyggt, í fyrsta lagi að stýra veiðunum, að taka gjald eftir nýtingunni með það að markmiði að beina sókninni þangað sem eðlilegast er að beina henni hverju sinni. Ég hef alltaf séð þessa gjaldtöku þannig fyrir mér að hún væri tekin af lönduðum afla þannig að í raun væru menn að greiða gjald þegar þeir væru búnir að landa aflanum, þá myndaðist gjaldskylda sem útgerðarmenn yrðu svo að gera skil á innan ákveðins tíma. Þá er auðvitað hægt að hafa útfærsluna á gjaldtökunni með ýmsu móti og hafa áhrif á veiðarnar og stýra því með einhverjum hætti ásamt svæðalokunum og sóknarstýringum sem ég hefði talið að mundu falla vel að slíkri útfærslu.

Almennt má segja að þær tillögur sem eru í frv., þ.e. þessi tillaga og sumar aðrar, eru eingöngu til þess að festa kerfið í sessi. Það er verið að setja gjaldtöku inn í kerfið og íslenskir útgerðarmenn, þrátt fyrir mótmæli sín, ætla að láta það yfir sig ganga að greiða ákveðið gjald fyrir það að festa kerfið í sessi nánast óbreytt.

Þessu til viðbótar er svo í frv. verið að koma með skósólabætur á þau vandræði sem hljótast af þeirri almennu stefnumótun sem fylgt hefur kvótakerfinu og nú er verið að tryggja það að til framtíðar séu a.m.k. 7.500 þorskígildi sem skuli notuð við slíkar bætur. Út af fyrir sig er ég ekki að mótmæla því meðan menn eru svo ótrúlega stífir að vilja ekki skoða málin út frá raunverulegum vandamálum kerfisins heldur ætli sér að halda áfram í þessa veru. Þá liggur auðvitað ljóst fyrir að það verður að grípa til einhverra aðgerða og þó að menn kalli þetta hinn nýja veruleika eins og hv. formaður sjútvn., þá er þessi nýi veruleiki líka háður því að menn þurfa að vera með alls konar skóbætur til þess að taka á þeim vandamálum sem honum fylgja, sem fylgja þessari útfærslu, herra forseti. Það má lesa út úr þeim tillögum sem

við erum hér að ræða.

Ég hef dregið það fram í umræðunni að ég teldi að stjórnarþingmenn sæju það fyrir og væru þess fullvissir að vandi sjávarbyggðanna mundi fara vaxandi og þeir væru m.a. að reyna að tryggja það að þessir byggðakvótar væru til staðar til þess að taka á þeim vanda sem lagaútfærslunni fylgir. Ég verð að segja það enn og aftur, herra forseti, að mér finnst það mjög misráðið að menn skuli ætla að láta berja yfir sig eina lagasetninguna enn og taka þátt í því að festa hana í sessi í stað þess að segja sem svo: Þessi útfærsla á kvótakerfinu hefur ekki verið okkur til góðs. Hún hefur fært okkur meiri vandamál en menn áttu von á og það ber auðvitað að setjast yfir þessi mál upp á nýtt og skoða þau algjörlega upp á nýtt. Ég minni enn á þá grein sem ég vitnaði til snemma í morgun úr Morgunblaðinu í gær sem Jónas Bjarnason skrifaði um stjórn fiskveiða, nýtingu okkar á fiskstofnum og annað slíkt, en þar bendir hann á að eðlilegt sé að taka upp aðra veiðistýringu en þessa kvótakerfisveiðistýringu og bendir m.a. á að sóknarstýrðar veiðar hljóti að koma mun betur út miðað við nýtingu og viðhald stofnsins og lífríkið heldur en það kerfi sem við erum með.

Herra forseti. Ég hef ekki vikið að því í máli mínu enn þá hvernig skuldastaðan hefur þróast í sjávarútvegi en það er alveg ljóst að skuldir sjávarútvegsins samfara þessu kerfi hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Ef ég man rétt hafa þær vaxið um 60 milljarða á síðustu fimm árum og eru núna áætlaðar um 200 milljarðar þannig að það er fjölmargt sem við þurfum að hafa áhyggjur af og fjölmargt sem sýnir okkur að þessi útfærsla er ekki par glæsileg þegar ferill hennar er skoðaður.

Í svari við fyrirspurn hv. þm. Gísla S. Einarssonar um kostnað við stjórn fiskveiða kom einnig fram að kostnaður við eftirlit hefur aukist frá 1999 úr 207 millj. í 312 millj. árið 2001 og mun örugglega fara vaxandi á næstu árum með þessari sömu útfærslu og við búum við. Annað er óhjákvæmilegt þannig að það er eiginlega sama hvar við grípum niður. Skuldirnar vaxa, kostnaður við kerfið vex, kerfið hefur ekki fært okkur neina uppbyggingu eins og ég hef rakið í máli mínu. Uppbygging þorskstofnsins er engin, a.m.k. ef taka á mark á niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar varðandi stærð þorskstofnsins þá hefur engin uppbygging átt sér stað á þorskstofninum á 18 árum kvótakerfisins en eingöngu stefnt niður á við. Það er auðvitað hörmuleg umsögn um stjórnkerfið að þessar staðreyndir skuli liggja fyrir. En samt sem áður eru stjórnarliðar alveg ákveðnir í því að halda áfram að berja hausnum við steininn og lemjast um að koma þessu kerfi áfram til framtíðar. Ég skil það vel að þeir skuli grípa til þess ráðs að tryggja fleiri byggðakvóta til þess að staða byggðanna sé þó ekki algjörlega vonlaus, menn hafi eitthvað til að láta þangað. En þá erum við hins vegar komnir í þá aðferð að standa uppi með það að segja: Þú átt að fá, en þú átt ekki að fá, vinur. Þetta er ekki góð aðferð. Hún verður aldrei góð, jafnvel þó að við sjáum í nauðvörn að það sé betra að fara hana heldur en að rústa byggðunum. Þess vegna kann það auðvitað að vera svo að jafnvel stjórnarandstöðuþingmenn segja já við einhverjum þessara tillagna vegna þess að þeir vilja frekar sjá byggðirnar lifa einhver ár í viðbót heldur en hrynja eins og staðan gæti ella orðið.

Það ætti auðvitað að vera meginmarkmið nýrrar lagasetningar að skipa málum á nýjan leik og skipa málum þannig að atvinnuöryggi byggðanna væri tryggt og atvinnuöryggisrétturinn færi saman hjá fólkinu annars vegar, hjá fólkinu í byggðunum, landverkafólkinu, hjá fiskimönnunum og hjá útgerðinni. En slíkt fyrirkomulag kemur þegar sjósóknarétturinn er orðinn útgerðinni mest virði en ekki veiði- og leigurétturinn. Þegar útgerðin þarf að fara á sjó til að sækja allar sínar tekjur, þá er hagur byggðanna í lagi vegna þess að þá veit fólk að atvinnurétturinn er enn þá til staðar og verður ekki söluvara frá byggðunum. Þetta held ég að þurfi að tryggja í nýjum lögum.

Ég hef sagt það oft í Alþingi og m.a. lagt fram þáltill. um það með sérstakri greinargerð hvernig ég vildi sjá að menn hæfu þá vegferð að komast út úr því kvótakerfi sem við búum við. Ég hefði talið að menn ættu að byrja að fást við það að skipta flotanum í aðgreinda útgerðarflokka þannig að það lægi ljóst fyrir að hægt væri að takast á við stjórnun á strandveiðiflotanum, og þá er ég að tala um allan strandveiðiflotann hvort sem hann er núna veiðikvótalaus eða ekki, þau skip sem hafa verið í útgerð, að takast á við það hvernig strandveiðiflotanum á að vera færður atvinnuréttur. Sá atvinnuréttur þurfi hins vegar að vera samstofna með atvinnurétti fólksins í byggðunum. Síðan væri auðvitað annar ferskfiskfloti þar fyrir ofan og svo frystitogara- og nótaskipaflotinn. Ég held að þessi skipting í þrjá útgerðarflokka sé lágmark auk þess smábátaflota sem við höfum í dag.

En hér er verið að breyta þessum smábátaflota úr því að vera 6 tonna bátar og heimila það að hann fari í 15 tonna báta. Ég er andvígur því að taka þetta skref svona og tel að það sé hámark að fara í það að stækka bátana í 10 tonn ef menn ætla að gera þessa breytingu. En ég hefði hins vegar talið eins og ég hef sagt áður að það væri miklu meira um vert að menn færu í endurskoðun á þessu kerfi í heild sinni með það að markmiði að vinna sig frá því. Ég hef sagt að það mætti jafnvel hugsa sér að fara þá sáttaleið að taka frystitogaraflotann og nótaflotann út fyrir sviga með þær heimildir sem þeir hafa í dag og segja: Þið getið verið áfram í ykkar stýrikerfi með sölu- og leigurétti í einhver ár, enda komið þið ekki inn í stýrikerfi annars hluta flotans. Síðan færu menn í það með næsta skrefi að útfæra veiðar strandveiðiflotans og rétt byggðanna til þess að halda atvinnu sinni. Þannig held ég að hægt væri að nálgast þetta mál á einhverjum tíma til sátta en það verður ekki hægt eins og hér er lagt upp með.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi hafa skrifað undir það að þeir hefðu verið tilbúnir til þess, ef menn hefðu viljað reyna að ná meiri sáttum í málinu, að fara svokallaða fyrningarleið og reyna að finna á því flöt að þannig mætti smátt og smátt tryggja eðlilega innkomu í greinina fyrir þá sem vildu vera í útgerð og að menn leigðu þá til sín aflaheimildir til einhvers tíma. Það er auðvitað hugsanlegt að fara þá leið og útfæra hana. En það sem hér er verið að gera er ekkert slíkt. Hér er bara verið að festa kerfið í sessi eins og það er og á því ætla menn að byggja til framtíðar, þ.e. þeir stjórnarflokkar sem nú eru við völd, hvernig svo sem allt veltist.

Fram hafa komið hugmyndir um það með hvaða hætti mætti styrkja veiðar strandveiðiflotans, mjög einfaldar hugmyndir í raun og veru sem ætti að vera auðvelt að fara, m.a. sú tillaga að segja sem svo að kvótastuðull línuveiðanna skuli vera 0,8 á móti 1 hjá öðrum. Það mundi tryggja að línuveiðarnar næðu ákveðnum forgangi og ef þetta væri bundið við dagróðrabáta, þá væri þetta mjög atvinnuskapandi. Það skortir því ekki ýmsar hugmyndir til þess að byrja að fikra sig þá leið að breyta út frá núverandi kerfi en það skortir hins

vegar algerlega vilja stjórnarmeirihlutans á Alþingi og það sem stjórnarmeirihlutinn hefur verið að aðhafast á undanförnum árum með frekari kvótasetningu, m.a. á smábátana, kalla menn núna að taka mið af hinum nýja raunveruleika, hinni nýju framtíð. Ég sagði í upphafi ræðu minnar í morgun að það er ekki sú framtíð sem ég vil sjá fyrir mér og ætla ekki að láta það eftir neinum að skipta um skoðun á því að berjast fyrir því hér að breyting verði á þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt eftir.

Það er fjöldamargt fleira, herra forseti, sem ég mundi vilja víkja að. Mér finnst hins vegar ekki rétt að ég haldi í fyrstu ræðu minni ræðustólnum fyrir öðrum þingmönnum langt fram eftir degi og mun því frekar kjósa að halda seinni ræður mínar þegar aðrir hafa komist að því að hér á að ríkja *jafnrétti og menn eiga ekki að geta einokað þennan stól.*

Ég vil þó að lokum, herra forseti, víkja að því að alveg frá því að kvótakerfið var sett á hefur endalaust farið fram alls konar endurröðun í kerfinu, alls konar úthlutun. Meðan við vorum með aflamark og sóknarmark voru til svokallaðir meðalkvótar, meðalkvótar á norður- og suðursvæðis og það gat auðvitað að hentað mönnum, sérstaklega ef þeir fréttu innan úr Hafró hvað gæti verið í farvatninu varðandi úthlutun, að ná sér í skip af suðursvæði og fara með það yfir á norðursvæðið og fá kannski 25% aukningu á þorskkvótanum eða öfugt. Síðan var grunnur kerfisins byggður á veiðireynslunni frá 1981–1983 og þeir sem þá voru í útgerð fengu veiðireynslu sína viðurkennda. Meðan sóknarmarkið var í gangi fengu menn sóknarmarkið viðurkennt þegar endanlega var úthlutað 1988 fyrst þegar sóknarmarkinu var breytt úr því að vera pottur sem hafði áhrif á aflamarksskipin yfir í það að vera pottur sem hafði bara áhrif innbyrðis, en frá 1988 til 1991 þegar lögin tóku gildi var auðvitað úthlutað út á reynslu sóknarmarksskipanna og þau breyttu sinni röð innbyrðis til viðbótar við það sem áður hafði verið þannig að þar fór fram ný úthlutun og ný endurröðun.

Þegar línutvöföldunin var tekin upp og þegar hún var lögð niður, þá fengu þeir sem voru í línuveiðum nýja úthlutun út á sína veiðireynslu. Þegar sett var inn í lögin svokölluð grálúðukvótajöfnun, þegar grálúðukvótinn var færður að stórum hluta af þeim skipum sem höfðu myndað veiðireynsluna til skipa sem jafnvel höfðu aldrei á grálúðu farið og höfðu aldrei sést á grálúðuslóð, þá fór fram ákveðin jöfnunaraðgerð innan kerfisins sem kom auðvitað harkalega niður á þeim útgerðum og þeim landsvæðum sem höfðu lagt grunninn að veiðum grálúðunnar en var fært til annarra. Þegar menn fóru að stunda úthafskarfaveiðar fengu þeir sérstaka uppbót í grálúðukvóta, 140 tonn á skip ef ég man rétt, fyrir þá sem stunduðu veiðar á grálúðu í ákveðið marga daga, mig minnir að það hafi verið 40 dagar. Þar fór auðvitað hluti af grálúðukvótanum.

Smábátarnir, 6–10 tonn, voru settir á kvóta einhvers staðar á vegferð kvótakerfisins og þeir fengu auðvitað úthlutað út á sína veiðireynslu. Menn fengu líka veiðileyfi út á kjöl skipa sem var búið að leggja fyrir einhverja ákveðna dagsetningu og fengu síðan úthlutað veiðireynslu á grundvelli þeirra með hliðsjón af afkomu annarra. Síðan fór fram ný kvótasetning á smábátana eins og menn vita á því fiskveiðiári sem hófst 1. september og hefur síðan smám saman verið að koma inn í kerfið til smábátanna allt þetta ár og alltaf eru menn að raða sér upp á nýtt í kerfinu nema þeir sem voru gerðir kvótalausir eftir 1990 og hafa síðan verið leiguliðar annarra. *Sá hópur sem hefur átt þau skip og gert þau út hefur ekki* fengið viðurkenndan veiðirétt af þeim heimildum sem hann hefur verið að veiða, ekki einu sinni að hluta til varðandi þessar kvótabundnu tegundir. Og þó. Fyrir örskömmu síðan fengu sumir þessara báta úthlutað slatta af keilu, löngu og sumir skötusel þannig að í dauðateygjunum var þeim sýndur örlítill vottur af hinu mikla réttlæti kvótakerfisins. Allan tímann hefur það verið atvinnuréttur útgerðarmanna einna sem hefur verið viðurkenndur. Atvinnuréttur skipstjóra, sem hafa menntað sig til þess í sjómannaskóla að veiða fisk, hefur ekki verið viðurkenndur nema því aðeins að þeir hafi verið útgerðarmenn skipa, t.d. smábáta. Þá hafa þeir lent í því að fá þá úthlutun sem átt hefur sér stað á undanförnum missirum og eru þar af leiðandi í dag orðnir það sem ég leyfi mér að kalla smágreifar. Ég hef oft sagt það áður að það er ekkert meira öryggi í því hjá fólkinu að eiga atvinnurétt sinn hjá smágreifa heldur en stórgreifa. Fólk hefur ekkert um það að segja hvenær slíkar heimildir eru seldur úr byggðarlaginu og það er megingalli þessarar kvótakerfisútfærslu. Atvinnurétturinn er útgerðarmanna. Það eru þeir sem geta leigt hann og selt og það er ekki við þá, íslenska útgerðarmenn, að sakast að lögin eru svona úr garði gerð. Það er við okkur að sakast hér á Alþingi að hafa sett þessi lög og gert þau svona úr garði, að það sé útgerðarmanna einna að taka ákvörðun um það í fyrsta lagi hvort skip sé gert út og myndi þannig atvinnu fyrir sjávarbyggðir og fólk í sjávarbyggðunum og tryggi eignarréttarlega stöðu þeirra í húsnæði sínu eða hvort *þeir taki ákvörðun um það að leigja eða selja sem setur rétt* sjómanna og fólks í sjávarbyggðunum algjörlega út á kaldan klaka. Þetta er megingallinn, herra forseti, að svona skuli hafa verið að verki staðið fyrir utan svo hinn megingallann að kvótakerfið hefur ekki byggt upp neina fiskstofna í almennum botnfiskveiðum og þar er því miður allt á verri veg. Þess vegna væri virkilega ástæða til þess af líffræðilegum orsökum að taka kerfið til endurskoðunar.

[16:11]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf. hefur nokkrum sinnum vikið að því að ég hafi komist þannig að orði að tala um veruleikann og það er alveg rétt. Það er einhvern veginn þannig með veruleikann að hann er staðreynd og menn verða auðvitað að horfast í augu við veruleikann, við staðreyndirnar og vinna í samræmi við það. Það er það sem ég hef átt við. Það er ekkert annað sem ég hef verið að segja. Ég hef út af fyrir sig ekki verið að breyta um skoðun í einu eða neinu. Ég hef einfaldlega verið að segja það að til þess að reyna að starfa innan þess sem við sjáum að er veruleikinn í dag, sem er staðreyndin í dag, þá verðum við auðvitað að viðurkenna að þannig eru hlutirnir. Síðan getum við reynt að vinna hver á sínum vettvangi, hver með sínum skoðunum að þeim breytingum sem við viljum gera og það tel ég mig hafa reynt að gera.

Ég hef líka sagt það og vakið athygli á því að byggðakvótarnir eru orðnir umsvifameiri heldur en ég held að flestir hafi áttað sig á og ég hef verið þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt að reyna að fara að feta sig út úr þeirri leið, ekki inn í hana. Í því sambandi hef ég t.d. verið að horfa til hugmynda á borð við þá að veita einhvers konar línuívilnun, og vil ekkert endilega festa mig nákvæmlega í þá útfærslu heldur hef ég verið að segja að þarna kynni að vera leiðin fyrir okkur út úr þessu að setja inn í fiskveiðistjórnarkerfið einhvers konar línuívilnun af einhverjum toga sem gæti auð-

veldað okkur þessa leið út úr byggðakvótamálinu einfaldlega vegna þess að það er auðvitað þannig að byggðakvótarnir eru settir upp, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, til þess að koma til móts við þau byggðarlög sem hafa minnsta veiðiréttinn og það hefur auðvitað skilað árangri á mörgum sviðum. Það hefur aukið veiðiréttinn á þessum svæðum eins og margoft hefur komið fram. Hins vegar eru þessi kerfi samfara mjög mörg vandamál og þess vegna hef ég t.d. verið mjög gagnrýninn á byggðakvótahugmyndafræðina þó að ég hafi hins vegar í ljósi þeirrar stöðu sem málið er í, fallist á að beita þessari aðferð í því skyni að bæta og auka veiðirétt minnstu byggðarlaganna í landinu.

[16:13]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þegar menn eru búnir að búa til nýjan veruleika, þá þurfa þeir að taka mið af honum. Það sem ég hef verið að vekja athygli á þegar ég hef verið að draga þetta fram er það að ég tel að sá veruleiki sem m.a. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur stuðlað að að við stöndum frammi fyrir núna, sé ekki eftirsóknarverður veruleiki þó að hann sé raunveruleiki eins og málum er hagað í dag og þess vegna ekki til bóta. Þess vegna segi ég það sem mína skoðun að ég tel að mér sé skylt að berjast gegn því að slíkur veruleiki, sem hv. þm. hefur stundum nefnt í ræðum sínum að sé nútímaveruleiki, verði til, en að því hafa þingmenn stjórnarflokkanna staðið og þeirri stefnumótun og framkvæmd er ég andvígur eins og hún hefur komið út fyrir þjóðina.

[16:15]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við hv. 4. þm. Vestf. metum þetta ósköp svipað. Veruleikinn er staðreynd og staðreyndin er veruleiki og þess vegna verða menn auðvitað að vinna út frá því. Það sem blasir við okkur við þessar aðstæður er einfaldlega það að við erum með aflahlutdeildarkerfi, aflakvótakerfi, og aflahlutdeildin og aflakvótarnir gefa veiðiréttinn. Til þess að reyna að auka veiðirétt minnstu byggðarlaganna og þeirra byggðarlaga sem hafa verið háð sjávarútvegi þá höfum við beitt tvennu. Við höfum annars vegar reynt að auka veiðirétt minni bátanna þar sem það hefur verið sérstaklega mikilvægt og við höfum verið að auka byggðakvótann. Þetta hefur allt verið liður í því að auka veiðiréttinn innan þess kerfis sem löggjöfin hefur ákveðið og meiri hluti Alþingis hefur ákveðið. Þetta er einfaldlega sú staðreynd sem ég hef unnið út frá og ég tel að það hefði verið óábyrgt í meira lagi ef menn hefðu ekki einfaldlega reynt að horfast í augu við þetta og reynt að vinna að þeim breytingum, að þeirri aukningu á veiðirétti sem þrátt fyrir allt hefur þó tekist að ná fram á undanförnum árum.

Ég hef t.d. vakið athygli á því, sem er heilmikil breyting frá því þegar ég var yngri og var að alast upp, að veiðiréttur-inn í steinbítnum hefur t.d. verið færður til þannig að hann er núna hér um bil að 40% hjá bátum innan við 6 tonn. Það er engin smábreyting á veruleikanum og þetta er það sem máli skiptir fyrir þær litlu byggðir sem háðastar eru þessum bátum, að veiðiréttur þeirra hefur þó alla vega verið aukinn sem þessu nemur þó að það sé auðvitað breyting frá því sem var í frelsinu. En því verður hins vegar ekki mælt í mót að þær breytingar sem menn hafa verið að gera, þ.e. að færa þennan aukna veiðirétt — hið sama hefur verið gert í þorskinum. Aukinn veiðiréttur hefur verið færður til þessara báta þó að eflaust finnist engum nóg. En stóra vandamálið sem við er að glíma og talað hefur verið um er að mönnum hefur bókstaflega ekkert gengið í því að byggja upp fiskstofnana.

[16:17]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Áður en ég hef mál mitt vil ég aðeins almennt um frv. segja að það eru auðvitað stórkostleg vonbrigði að menn skuli vera fastir í því fari að plástra núverandi kerfi og viðhalda því. Frv. er í raun bara viðhald á því kerfi sem við höfum búið við með lítils háttar breytingum. Þar er fyrst og fremst gjaldtökuhliðin sett inn með undarlegri formúlu og síðan svokallaðir pottar með byggðakvótum sem er auðvitað afleiðing af því sem við erum að horfast í augu við hvað varðar þróun byggðar í landinu og allir átta sig á að er eitt af okkar stærri og verri þjóðfélagsmeinum. Því er valin þessi leið til að milda þau vandamál sem eru komin upp og hafa verið og verða í hinum dreifðu byggðum lansins.

Mér finnst eiginlega mjög sorglegt að menn skuli ekki hafa tekið málið alveg frá grunni og reynt að finna nýjan flöt á stjórn þessara mála vegna þess að allt það sem við höfum að stefnt í sambandi við verndun fiskstofnanna á þessu tímabili sem fiskveiðistjórnarkerfið hefur verið í gildi hefur okkur hreinlega mistekist. Því er alveg ljóst að þær aðferðir sem við höfum notað og erum núna að plástra sýknt og heilagt duga ekki. Mér finnst merkilegt að við skulum ekki hafa getað byggt á því t.d. sem kom út úr vinnu auðlindanefndar þar sem hún skilaði alveg skýrum tillögum um það hvernig gjaldtaka fyrir auðlindir skuli vera. Auðlindanefnd komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að greiða bæri fyrir afnot af auðlindinni og það gæti stuðlað að því að sátt tækist um stjórn fiskveiða. Í áliti auðlindanefndar segir, með leyfi forseta:

„... enda verði sú gjaldtaka ákveðin með hliðsjón af afkomuskilyrðum og uppbyggingu sjávarútvegsins og þeirri óvissu sem hann á við að búa, m.a. vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á aflabrögðum og vegna alþjóðlegrar samkeppni, þar á meðal þau skilyrði sem sjávarútvegur annarra þjóða býr við."

Niðurstöður auðlindanefndar voru í þeim dúr að nefndin varð sammála um að stefna bæri að greiðslu fyrir afnotarétt á öllum auðlindum sem eru í eigu ríkisins eða þjóðar af tveimur ástæðum. Annars vegar til að greiða kostnað ríkisins af stjórn og eftirliti með viðkomandi auðlind og hins vegar til að tryggja þjóðinni í heild sýnilega hlutdeild í þeim umframarði eða auðlindarentu sem nýting hennar skapar.

Nefndin fjallaði um gjaldtöku í tengslum við þau markmið sem henni bar að vinna að samkvæmt erindisbréfi og meiri hluti nefndarinnar telur ljóst að fara þurfi varlega í innheimtu slíks gjalds enda standi sjávarútvegurinn ekki undir mjög auknum álögum. Nefndin ætlaði að gjaldtaka geti enn hraðað samrunaferli í sjávarútvegi og að áhrifa slíks samruna muni gæta í sjávarbyggðum landsins. Meiri hluti nefndarinnar taldi engu að síður að innheimta bæri hóflegt gjald og að það muni stuðla að víðtækari sátt um fiskveiðistjórnarkerfið og þar með komi visst endurgjald fyrir afnotarétt af veiðiheimildum.

Síðan leggur nefndin til tvær tillögur sem hún telur færar í þessu efni, þ.e. að taka svokallað auðlindagjald. Í fyrsta lagi

bendir nefndin á hina svokölluðu fyrningarleið og í öðru lagi nefnir hún veiðigjaldsleið. Vegna tímans, virðulegi forseti, ætla ég ekki að fara út í útlistingar á þessum leiðum. En það er alveg klárt að með frv. sem við fjöllum um í dag erum við ekki í grunninn að fara þá leið sem lögð er til í störfum auðlindanefndar. Gjaldtakan sem sett er þarna inn er ekki sú sem byggir á niðurstöðum auðlindanefndar, þ.e. að greiða beri auðlindagjald og að auðlindagjald skuli notað sem stjórntæki við nýtingu viðkomandi auðlindar. Og ekki þarf fisk til. Við erum að tala hér um margs konar annars konar auðlindir, allt frá köldu vatni, möl og öllu sem landið og sjórinn gefur þannig að grunnhugsunin í sambandi við auðlindagjald virðist ekki ná inn í þá vinnu sem lögð er fram í frv. sem við erum að fjalla um.

Segja má að á grunni auðlindanefndar og niðurstöðu hennar hafi verið stofnað til hinnar svokölluðu sáttanefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, en með ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 1/1999, sem breyttu lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, var ákveðið að sjútvrh. skyldi skipa nefnd til að endurskoða þau og að þeirri endurskoðun skyldi lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001. Sjútvrh. skipaði nefndina hinn 28. september 1999 og í skipunarbréfi ráðherra komu fram þau markmið að með endurskoðuninni skyldi vinna að tillögum um breytingar á stjórn fiskveiða. Í skipunarbréfi nefndarinnar er sagt:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu. Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni."

Nefndin fær þarna í veganesti stóran og fagran grunn. En það er kunnara en frá þurfi að segja að endurskoðunarnefndin sem skilaði af sér á liðnu hausti margklofnaði í vinnu sinni.

Þær tillögur sem þetta frv. er byggt á byggjast á tillögum úr nefndarvinnunni sem eru fram settar af meiri hluta nefndarinnar, þ.e. fulltrúum sjálfstæðismanna í nefndinni og fulltrúum sjútvrh., fjórum mönnum. Síðan eru í nefndarálitinu þrjár tillögur eða álit sett fram af minni hlutanum, frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sem var fulltrúi Samfylkingarinnar í endurskoðunarnefndinni, frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem var fulltrúi framsóknarmanna í endurskoðunarnefndinni og svo frá þeim sem hér stendur fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs.

Álit mitt í endurskoðunarnefndinni byggist á leið sem ég tel að eigi að fara til þess að vinda ofan af núverandi kerfi og byggja upp nýtt kerfi sem sátt væri um. Ég valdi í formúlu minni og framsetningu í greinargerðinni að notfæra mér grunn sem byggist á vinnu auðlindanefndar. Auðlindanefndin, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, nefnir tvær leiðir til þess að betrumbæta auðlindastjórn í landinu, þ.e. hina svokölluðu fyrningarleið og veiðigjaldsleið. Þess vegna lagði ég til í nefndinni að lagður yrði grunnur að nýju stjórnkerfi fiskveiða sem byggði á því að nota báðar aðferðir, bæði fyrningarleiðina og veiðigjaldsleið.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki talsmaður þess að skattleggja sjávarútveginn og eins og kemur fram í þessu frv. þá var mjög snemma ljóst í nefndinni að til þess að ná þjóðarsátt voru útvegsmenn tilbúnir að greiða fyrir auðlindina — talan sem svífur yfir vötnunum í frv. kom raunar mjög fljótt fram, þ.e. í kringum 2–2,5 milljarða — en með það á móti að gjöldum sem útgerðin borgar núna yrði létt af útgerðinni. Nettó værum við því kannski að tala um 1–1,5 milljarða í gjaldtöku á þessum grunni.

Ég tel að auðlindagjaldsleið og þar með veiðigjaldsleið eigi að vera verkfæri til þess að stjórna því hvernig við notum og nýtum auðlindina. Ég tel að gjaldtakan eigi ekki að vera skattlagning eins og margir álíta að nú sé raunin orðin með þessu frv. Ég held að auðlindagjaldsleiðin eigi að undirbyggja það að hægt verði að stjórna fiskveiðum og að það eigi að nota gjaldtökuna sem stjórntæki. Á þessu er mjög mikill munur. Miðað við þetta frv. eru slík verkfæri ekki nothæf. Hér er aðeins verið að tala um gjaldtöku eða gjaldstofn.

Við verðum að horfast í augu við að eftir hátt í tveggja áratuga fiskveiðistjórn á grundvelli kvótakerfisins er ekki sýnilegt að sá megintilgangur kerfisins að byggja upp fiskstofnana og láta þá skila hámarksafrakstri hafi náðst. Í mörgum tilvikum er ástand fiskstofnanna núna svipað eða jafnvel verra en fyrir daga kvótakerfisins. Auk þess hefur réttlega verið bent á að kvótakerfið hamlar mjög allri nýliðun og kynslóðaskiptum í atvinnugreininni. Þó því sé ekki haldið fram að öll sökin sé kvótakerfisins verður því ekki á móti mælt að árangurinn að þessu leyti er ákflega rýr og takmarkaður.

Fram hefur komið í ræðum hv. þm. í dag að við stöndum frammi fyrir 150–200 þúsund tonna afkastagetu þorskstofnsins. En á góðum árum þess stofns var hér verið að veiða alla vega 350 þúsund tonn og jafnvel í bestu árum upp í 450 þúsund tonn. Hér er náttúrlega um gríðarlega hagsmuni að ræða og sorglegt er til þess að vita að með þeim aðferðum sem við höfum notað erum við alltaf að hjakka í sama farinu hvað þessa stofna varðar og okkur hefur engan veginn tekist að ná þeim markmiðum sem átti að ná með kvótasetningunni.

Rétturinn til viðskiptakvóta, bæði möguleikinn til leigja öðrum veiðiheimildir í stað þess að nota þær sjálfur og varanleg sala þeirra, hefur haft í för með sér að ákveðnir aðilar hafa átt kost á að hagnast gríðarlega. Slíkur gróði, ekki síst þegar hinir sömu hverfa úr sjávarútvegi með milljónatugi, hundruð milljóna eða milljarða andvirði veiðiheimilda, samrýmist vægast sagt illa ákvæðum fiskveiðistjórnarlaganna um sameign þjóðarinnar.

Þjóðin hefur í raun staðið frammi fyrir þessari staðreynd, þ.e. að ná til sín kvótagróðanum. Og þessi staðreynd hefur gert þjóðina í heild sinni hvað ósáttasta við kerfið. Menn hafa horft upp á að einstakir aðilar hafa tekið út úr greininni, og þar með skuldsett sjávarútveginn, milljarða á milljarða ofan, tekið út úr greininni og hagnast gríðarlega. Í því sambandi eru menn að tala um tugi milljarða, kannski á bilinu 30–40 milljarða.

Framsal veiðiheimilda, sú staðreynd að byggðarlögum í núverandi kerfi er ekki tryggður neinn réttur, hefur stundum leitt til að kvóti hefur horfið á brott og miklir staðbundnir erfiðleikar skapast í atvinnumálum. Þessu ástandi fylgir mikið öryggisleysi í sjávarbyggðum og enginn veit hver verður næst fyrir barðinu á slíkum hremmingum, jafnvel þó að staðan kunni að vera þokkaleg sem stendur. Hröð samþjöppun veiðiheimilda, sameining fyrirtækja og stækkun, hefur víða haft í för með mér sársaukafullar breytingar af þessum toga. Einkum hafa minni sjávarbyggðir, sem mikið byggja á bátaútgerð og ekki njóta þess að hafa höfuðstöðvar einhverra stóru fyrirtækjanna í byggðarlaginu, átt undir högg að sækja við núverandi fyrirkomulag. Fiskvinnslufyrirtæki sem engan

aðgang hafa að veiðiheimildum, fiskverkafólk, sjómenn og aðrir íbúar sjávarbyggðanna eru þolendur þessa ástands og þess öryggisleysis sem það hefur víða skapað.

Í umfjöllun og skýrslugerð um áhrif fiskveiðistjórnarkerfis á byggðaþróun er þessi þáttur að öllum líkindum vanmetinn. Framsal veiðiheimilda og leigubrask hefur leitt til stórfelldra árekstra í samskiptum sjómanna og útvegsmanna og kostað verkföll og átök sem ítrekað hafa leitt til lagasetningar sem svipt hefur sjómenn samningsrétti.

Virðulegi forseti. Frv. sem við fjöllum um hér sýnir að menn gera sér grein fyrir hræðilegum afleiðingum kerfisins sem við búum við. Það er þess vegna sem stofnað hefur verið til svokallaðra byggðakvóta, potta sem eru settir upp með ýmsum formúlum. Þessir pottar munu slaga upp í ein 15 þús. tonn þegar allt er talið sem hér á að vera hægt að úthluta eftir geðþótta frá sjútvrn. Ég held að þetta sé mjög slæmt upplegg, að ætla sér að slökkva eldana í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins með geðþóttaákvörðunum þegar illa gengur í sjávarbyggðunum, með ölmusum úr þessu pottafyrirkomulagi.

Eins og fram hefur komið hjá mörgum öðrum hv. þm. segja menn kannski sem svo að þrátt fyrir allt sé þetta betra en ekki neitt. Þeir sem hafa heildarsýn yfir dæmið eru hins vegar andvígir því hvernig hlutirnir eru settir upp. Ég segi fyrir mína parta að miðstýrt pottakerfi af þessu tagi, byggðakvótar sem er útdeilt úr ráðuneyti af hæstv. sjútvrh., er fyrirkomulag sem alltaf mun leiða til úlfúðar. Menn munu segja: Þeir eru að úthluta — þessi fékk en ekki við hinir. Þess vegna hefur mér fundist mikilvægt að setja fram tillögu, sem ég hef gert á vegum flokks míns, varðandi heildaruppstokkun og endurskoðun á fiskveiðistjórnkerfnu, með nýrri formúlu sem gæti sjálfvirkt orðið til að breyta gersamlega um kúrs. Það er ekki verið að gera slíkt með því frv. til laga sem hér er lagt fram.

Í frv., áður en brtt. voru lagðar fram, voru menn meira að segja svo djarfir að leggja til hvaða hlutdeild menn mættu hafa í hinum einstöku tegundum. Þá var frv. í þeim dúr að samkvæmt teóríunni var hægt fyrir tvær útgerðir að eiga allan ýsukvóta og tvær útgerðir að eiga allan ufsakvóta, þ.e. menn máttu hafa 50% hlutdeild, tvær útgerðir allan karfakvóta, tvær grálúðukvótann og síðan máttu menn eiga að hámarki 12% í þorski og 20% í síld, loðnu og úthafsrækju. Sem betur fer er í brtt. við frv. dregið úr þessu og lagt til að hámarksaflahlutdeild í ýsu verði ekki nema 20%, í ufsanum 20% og í karfanum er farið úr 50% og niður fyrir 35%. Hámarkshlutdeild í grálúðu breytist úr 50% og verður 20%.

Þessi framsetning, eins og hún kemur fram í upprunalega frv., endurspeglar í raun hugsun þeirra sem ráða ferðinni í þessum málum og það hefur staðið upp úr hverjum manni sem hefur tjáð sig um þetta í samanbandi við vinnu endurskoðunarnefndarinnar að menn hefðu haft þá sýn á stjórnarheimilinu að hér eigi að vera þrjár, fjórar, kannski sjö útgerðir að hámarki. Þar með vita menn náttúrlega nákvæmlega á hvaða vegferð þeir eru. Þess vegna koma auðvitað fram hugmyndir eins og varðandi grálúðuna og karfann. Maður getur ímyndað sér til hvers það hefði leitt ef menn hefðu haft þá möguleika að skipta þessum stofnum á milli sín. Ég held að það sé ekki tilviljun að þetta kom fram. Menn hafa auðvitað reiknað sig fram til að best sé að vera bara með tvö öflug útgerðarfyrirtæki sem sæki suður á Reykjaneshrygg og festa það þar með til þessara tveggja aðila. Á hinn bóginn geta menn komið sér saman um það og rætt sín á milli varðandi grálúðuna að önnur tvö fyrirtæki gætu skipt henni á milli sín. Þannig er hugsunin í þessu. Hún byggir á því sem menn kalla á hátíðarstundum hagræðingu innan greinarinnar. Þá gleymast öll önnur atriði í sambandi við sjávarbyggðirnar, fólkið og þær eignir fólks úti á landi sem verða verðlausar o.s.frv.

Virðulegi forseti. Í þessu frv. eru líka brtt. við 1. gr., varðandi rannsóknirnar. Ég var talsmaður þess í nefndinni að fleiri aðilar kæmu inn í rannsóknirnar. Það er að vísu brtt. sem gerir mögulegt að hæstv. sjútvrh. geti veitt heimild til rannsókna en það er því skilyrði háð að Hafrannsóknastofnun fari yfir umsækjendur, gefi grænt ljós fyrir sitt leyti eða umsögn til hæstv. ráðherra. Ég var tilbúinn, virðulegi forseti, til að hafa þessa heimild miklu opnari. Ég held að stofnanir eins og háskólarnir okkar o.s.frv., séu fullfærar um að stunda rannsóknir af miklum krafti og gefa kannski aðra sýn á stöðu sjávarútvegsins og verndunarpólitík okkar í því sambandi.

Í frv. er gengið út frá því að umsögn Hafrannsóknastofnunar liggi fyrir en ég tel að það hefði mátt vera opnara. Ég hef lagt á það megináherslu að staðbundnir stofnar og rannsóknir á þeim, hvað varðar þorskinn, eru óplægður akur. Ef það reynist rétt sem margir halda fram að hér séu margir staðbundnir stofnar í þorskinum er fiskveiðistjórnarkerfi sem byggir á heildarkvóta fyrir íslenskan þorsk gersamlega hrunið. Menn verða að stokka öll þessi mál upp á nýtt. Það er í raun furðulegt að menn skuli ekki hafa opnað augun í því efni. Hver mundi treysta sér til að gefa út heildarkvóta í rækju þegar ljóst er að við erum með staðbundna stofna, hvort sem er Ísafjarðardjúpsrækja, Húnaflóa-, Axarfjarðar- eða Eldeyjarrækja? Að mínu mati standa þessi mál á svo veikum grunni hvað þetta varðar og þess vegna þurfum við að auka rannsóknarþáttinn verulega þar.

Í frv. er sett upp formúla fyrir gjaldtökuna. Ég ætla tímans vegna ekki að fara sérstaklega yfir hana. Ég tel að grunnhugsunin í sambandi við þessa gjaldtöku, eins og hún er sett fram í frv., sé röng. Ég held að hún eigi að vera á svipuðum nótum og lagt er upp með í vinnu endurskoðunarnefndarinnar, að auðlindagjald sé verkfæri til að stjórna því hvernig við förum í auðlindina. Til þess að nefna dæmi höfum við möguleika á því, ef við lítum á þetta sem verkfæri til að stjórna því hvernig við förum í auðlindina. Sem dæmi, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á, getum við á vissum stöðum, eða gagnvart veiðarfærum eða gagnvart bátaflokkum, stýrt með gjaldtökunni, haft hana mismunandi.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á að þorskurinn fyrir norðan land væri miklu smærri og þess vegna fengju menn minna út úr sínum kvóta þar en á ýmsum öðrum svæðum. Í mínum huga væri auðlindagjald á þessum grunni verkfæri sem hægt væri að beita þannig að auðlindagjaldið, t.d. fyrir þorskinn fyrir Norðurlandi, yrði lægra, ef mönnum sýndist svo, en auðlindagjaldið á stærri þorski.

Ef maður fylgir þessari hugsun með auðlindagjaldið getum við líka tekið sem dæmi auðlind sem einkaaðilar og ríki taka gjald fyrir. Við skulum bara taka dæmi eins og malartekjur. Þar er beitt auðlindagjaldi. Yfirleitt er það þannig að landeigandi, hvort sem er ríki eða einstaklingur, tekur gjald fyrir hvert tonn malar. Síðan þegar farið er að vinna þessa afurð — sumir eiga góðar malarnámur með góðri möl en aðrir eiga malarnámur sem blandaðar eru öðrum efnum — stýrist gjaldtakan af því hvers konar efni menn hafa að vinna úr, hvort menn þurfa að þvo mölina o.s.frv. Í raun er þessi formúla vel nothæf hvað varðar stjórn fiskveiða á sama hátt

og við notum svona aðferðir til þess að stýra vinnslu á möl í þessu tilfelli. Gjaldtakan er notuð sem sjóður til að ganga frá landinu á nýjan leik o.s.frv. Þetta stýrist af svona atriðum. Ég held að við hefðum átt að vinna þetta miklu betur á grunni hugsunarinnar sem auðlindanefnd setur fram og fá það inn í heildstætt frv. um stjórn fiskveiða, þar sem við sköpuðum okkur verkfæri til að stjórna þessum málum af einhverju viti. Auðlindagjaldi sem tekið væri á þennan hátt gætum við beitt til allra mögulegra hluta, til fiskverndar ef okkur sýndist svo.

Þarna koma stórar spurningar inn í. Margir vísindamenn og hv. þm. hafa bent á að e.t.v. sé staða þorskstofnsins svona slæm af því að við erum að taka allt of mikið út úr hrygningarstofninum í hafinu af því sem hefur verið grunnfæða fyrir þorskinn. Það gefur náttúrlega augaleið að einhvers staðar kemur það niður að við erum að veiða 800 þús. til milljón tonn af loðnu sem er grunnfæða fyrir þessa tegund. Við erum að veiða tugi þúsunda tonna af rækju. Fyrir örfáum áratugum veiddum við nánast ekki neitt. Þetta eru hlutir sem menn verða að velta fyrir sér og á grunni slíkrar veiðistjórnar með gjaldtöku sem hefur það meginmarkmið að vernda fiskstofnana er hægt að beita slíkum aðferðum á þennan hátt eins og ég greindi um áðan í ræðu minni með mölina.

Hér er farin sú leið að viðhalda því kerfi sem við höfum búið við og það er mjög miður. Stjórnarmeirihlutinn treystir sér augljóslega ekki til að fara í róttækar breytingar á kerfinu. Þannig er staða málsins. Þá lenda menn út í fen eins og þau að setja upp byggðapotta til að geta slökkt eldana þegar vandamálin koma upp, vandamál sem eru fyrirséð og augljóslega koma í kjölfar þess sem menn eru að gera í þessu sambandi. Menn eru að skapa grunn til þess að fyrirtækin verði færri og þau verði stærri og hin svokallaða hagræðing fái framgang. Það er mergurinn málsins. Síðan er þessi málamiðlun og til að allt verði ekki vitlaust í hinum dreifðu byggðum og afkomugrunnurinn gersamlega tekinn undan mönnum þá ætla menn að leika sér með þessa svokölluðu byggðakvóta upp á hartnær 15 þús. tonn ef allt væri gírað í botn. Þetta er vond leið og það sem er verst við þetta allt saman er að engar líkur eru til þess að þetta bæti umgengnina um nytjastofna sjávar. Við munum hjakka í sama farinu og eygjum ekki möguleikana á því að fiskstofnarnir byggist upp vegna þess að við höfum ekki borið gæfu til þess að byggja upp nýjan grunn sem gæti gefið okkur einhverja von um að við gætum byggt upp stofnana á nýjan leik. Það er ekki með felldu að eftir allan þennan árafjölda, hartnær 20 ár, skulum við vera í sömu sporum eða verr sett hvað þorskstofninn varðar. Það er gersamlega óásættanlegt. Og þá er náttúrlega eitthvað mjög mikið að eins og flestir hljóta að sjá.

Virðulegi forseti. Hér eru engir tilburðir til þess að upphefja nýja hugsun, leggja grunn að nýju kerfi sem gefur okkur einhverja von, alls ekki. Hér er haldið áfram á sömu braut nánast með byggðapottum sem geta aldrei orðið til þess að nein rótfesta verði í sjávarbyggðum landsins því að hvorki hreppsnefndir né einstaklingar í hinum dreifðu sjávarbyggðum munu til lengri tíma litið láta bjóða sér að koma með betlistaf í hendi til þess að fá lífsviðurværi frá miðstýrðu kerfi. Menn munu ekki endast í því. Menn munu ekki sjá framtíð í því. Menn munu notfæra sér það um stundarsakir en það verður aldrei grunnur sem menn telja sig vera örugga með að byggja á af neinu tagi.

Virðulegi forseti. Ég gæti í sjálfu sér flutt um þetta langt mál en ég á eftir tvær ræður og mun koma inn í umræðuna á seinni stigum og læt máli mínu lokið að sinni.

[16:49]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Á dagskrá þessa fundar eru í rauninni þrjú mál og það mál sem við ræðum núna er frv. til laga um stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, með nál. á þremur skjölum og brtt. þar að auki. Síðan er á dagskrá fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem fjallar um síldveiðar og loks er þriðja málið, skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, mál sem var á dagskrá sl. laugardagskvöld. Klukkan korter yfir sjö þegar ég kom til þess að tala í því máli leyfði virðulegur forseti sér að kippa málinu af dagskrá og var búið að sulla með málin fram og til baka að geðþótta hæstv. forseta sem þá var við stjórn fundarins. Það ætti auðvitað að ræða þetta mál, virðulegi forseti, ég viðurkenni það, undir liðnum um stjórn fundarins. Ég gerði það ekki og gat auðvitað gripið til þess ráðs í dag en ég get ekki annað en nefnt þetta aðeins í upphafi máls míns að mér þótti mjög miður hvernig að var farið. Hér var mönnum stefnt til þess að vinna á laugardagskvöldi þegar þannig háttar til að þingmenn eru að meira og minna leyti búnir að taka að sér verkefni bæði í góðgerðastarfsemi og síðan vegna ýmissa félaga sem þeir eru í o.s.frv. og mér þótti þó heldur betri bragur að því þegar náðist sátt um að fresta því máli til dagsins í dag. En það skilyrði fylgdi að það skyldi klárast í dag.

Allt sem ég er alinn upp við, það sem tilfinning mín í hjartanu segir mér, mitt geð og mín sál er á móti þessu máli. Þess vegna hefði ég ekki sætt mig við að klára málið, ég hefði heldur komið um miðja nótt og rætt málin áfram til þess að lýsa andstöðu minni við það sem hér er á ferðinni.

Virðulegi forseti. Í raun er ég búinn að koma því til skila að ég er á móti þessu máli eins og það er lagt fram þannig að ræða mín þyrfti kannski ekki að vera lengri en ég ætla að fara yfir málið, virðulegi forseti. Ég get ekki gert áætlun um hve lengi ég verð en það tekur nokkurn tíma, það veit ég vegna þess að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við er á móti öllu því sem ég er alinn upp við og það er á móti jafnréttistilfinningu minni almennt í lífinu. En um frv. sjálft sem við erum með núna er hægt að finna atriði sem horfa til einhverra bóta. En hitt er samt í miklum meiri hluta sem mér er ekki að skapi og er til þess fallið að reyna að ná þessu máli til frestunar. Til hvers, virðulegi forseti? Jú, vegna þess að loforðið sem gefið var um að nást skyldi sátt um fiskveiðistjórnina er brotið. Það er mölbrotið og það er bullandi ósátt, ekki bara á Alþingi Íslendinga heldur meðal þjóðarinnar og ef málið væri komið út til þjóðarinnar í þeim búningi sem það er og fólk skildi hvað verið er að fara, þá efast ég um að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti á Alþingi reyndu að koma þessu máli í gegn.

Staðreyndin er sú að mínu mati, eins og ég var að segja, að ef almennt lægi skýrt fyrir landsmönnum hvert leiðin liggur, þá væri þjóðin á móti í a.m.k. sjö til átta tilvikum af hverjum tíu. Það er sannfæring mín byggð á því að flestum er ekki ljóst hvað verið er að gera. Það er verið að flytja lögbundna eign þjóðarinnar á hendur örfárra manna sem komast fyrir við eitt morgunverðareldhúsborð hjá stjórnarformanni LÍÚ. Það er ekki meira en það.

Rétt í því sambandi dettur mér í hug af því að ég horfi á hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson: Hver skyldi réttur hans vera til að sækja sjó á eigin vegum? Réttindi manna eftir hálfrar aldar starf annaðhvort sem skipstjórar, háseta, vélstjórar eða í einhverjum slíkum skyldum störfum til sjós er enginn. Þeir mega ekki draga sér fisk til að hafa afkomu af

því. Þeir mega draga sér fisk til matar. Skipstjórar sem hafa dregið að landi þúsundir tonna, jafnvel tugþúsundir tonna eiga ekki rétt á að róa á smábáti og afla sé til framfæris t.d. á árunum milli sextugs og sjötugs sem væri mjög heppilegt fyrir menn að hætta í þeirri stórsókn sem sjómennskan er í dag.

Þetta frv., virðulegi forseti, fjallar um veiðigjald og sú útfærsla sem þar er byggist á niðurstöðu meiri hluta nefndar sem skipuð var í september 1999 um að endurskoða lögin þar sem lofað var að lögð skyldi fram sátt um stjórn fiskveiða. Gjaldið á að leggjast á úthlutaðar veiðiheimildir hjá meiri hluta flotans en á landaðan afla hjá bátum á sóknardögum. Gjaldtakan á ekki að hefjast núna þó að keyra eigi lögin í gegn. Gjaldtakan á ekki að hefjast fyrr en á árinu 2004, þó í mjög litlum mæli en fara smáhækkandi fram til ársins 2009.

Hvað er verið að gera með þessu gjaldi, virðulegi forseti? Hvað ætla menn að gera? Hvernig ætla þeir að gera þetta? Draga má frá allan kostnað áður en hægt er að fara að leggja á það sem afgangs verður. Hvernig gera menn þetta? Þeir munu gera þetta þannig að það verður engin útgerð með hagnað, það verður ekki ein einasta útgerð í landinu með hagnað. Þær verða allar á núlli og munu engar geta greitt veiðigjald eða það gjald sem verður lagt á. Það er alveg augljóst. En það gæti verið að dótturfyrirtækin sem stofnuð verða gætu greitt arð til eigendanna. Það eru miklar líkur á því.

Það virðist vera þannig, eftir því sem ég skil málið, að veiðigjaldinu sem lagt er til að tekið verði upp er ætlað að taka mið af afkomu greinarinnar. Þess vegna, virðulegi forseti, útfæri ég málið eins og ég er að segja. Það verður ekkert greitt, ekki nokkur skapaður hlutur nema þá í hæsta lagi sem sýndarmennska því að það er ekki nokkur vandi að koma því þannig fyrir eins og verið hefur um alla tíð að útgerð sé rekin með tapi á Íslandi.

Ef tekið er tillit til þess að um leið verði önnur gjöld lögð niður, þá er í rauninni ekki verið að tala um neina aukningu gjalda á útgerðina. (**Gripið fram í:** Einn milljarð.) Ég tel að það sem verið er að gera sé allt mjög varhugavert og það mun valda óþolandi mismunun eftir því sem gjaldinu vindur fram ef það þá einhvern tíma verður eitthvað. Síðan er ekki síst það að ef gjaldið er miðað við kvótaígildi en ekki aflaverðmæti skekkir það mjög stöðuna á milli útgerðarsvæða. Það er eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson kom að áðan og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi áðan, að sitt hvað er að kaupa sér þorskígildi sem eru veidd norður á Þistilfirði eða Húnaflóa eða veiða aflann við Suðvesturlandið þar sem er almennt stærri fiskur. Það er sitt hvað verðið þar sem fiskurinn er 5–8 kg eða þar sem fiskurinn er 1–2,5 kg. Það er ólíkt að leigja sér veiðiheimildir, þó að reiknað sé með þorskígildistonnum þá er það alveg sín hvor aðferðin og gerir mikla mismunun á milli útgerða.

Ég vil segja að almennt er sú leið sem menn ætla að fara sniðin að hagsmunum þeirra sem eru beinlínis handhafar veiðiréttarins. Í þeirri aðferð, að leggja gjaldið í úthlutaðar veiðiheimildir án þess að hrófla við sérréttindum kvótahafanna, má lesa í gegn þá afstöðu að hæstv. ríkisstjórn ætlar með öllum ráðum að verja einkaeignarhald kvótahafanna og nýta þjóðarauðlindina. Þetta er í raun lokasvar ríkisstjórnar og hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar við spurningu sem hefur brunnið á landsmönnum síðan fyrir síðustu kosningar til Alþingis, spurningunni um hvernig Sjálfstfl. og Framsfl. ætli að standa við loforð foringja sinna um að leita sátta í deilum um stjórn fiskveiða.

Jú, það hefur verið sagt nokkrum sinnum að þetta mundi verða og niðurstaðan mundi koma þegar auðlindanefnd skilaði áliti sínu. En hvað gerðist þá? Þá setti hæstv. forsrh. fram skoðun sína á því hvernig bæri að túlka þann aðskilnað þegar nefndin skilaði gögnunum. Ekki hefur farið á milli mála síðan að hæstv. forsrh. vildi fara þá leið sem hér liggur fyrir og það sem við erum að ræða. Að sjálfsögðu talar hann fyrir báða stjórnarflokkana í þessu máli. Hæstv. sjútvrh. kom síðan í fótspor foringjans með yfirlýsingu um að þessi svokallaða veiðigjaldsleið væri leiðin til betri sátta og menn sjá það af því hvað hér fer fram, hvort hér er verið að fjalla um sáttaleið.

Minna má á leikþáttinn í kringum þá nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði. Það er alveg ljóst í mínum huga að sú nefnd hafði ekkert annað hlutverk en skila samkomulagi foringjanna frá sér í einhvers konar tillöguformi. Það sem ég er að segja sýnir fram á að engin innstæða var fyrir talinu um sátt. Menn voru í raun og veru ekki að leggja það fram. Það átti að tryggja þeim sem höfðu veiðiheimildir undir höndum að hafa þær áfram. Það var meginhluti málsins.

Virðulegi forseti. Ég er hér með greinargerð um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun. Þessi greinargerð var unnin fyrir þá nefnd sem ég var að ræða um áðan um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Og hvaða stofnun skyldi svo hafa unnið þá greinargerð? Það er engin önnur en Þjóðhagsstofnun sem verið er að leggja af núna. Henni var slátrað og því fylgir töluverður sláturkostnaður. Einhvers staðar í kringum 52 millj. kostar að leggja þá stofnun af. Til þess að skýra það orð, sláturkostnað, þá er það nákvæmlega það sem fylgir þegar verið er að leggja dilka eða skepnur í sláturhús svo menn hafi samlíkinguna.

Í þessari greinargerð eru niðurstöður sem ég ætla að vitna í, með leyfi forseta:

„Helstu niðurstöður eru þær að hlutdeild samdráttarstaðanna í veiðiheimildum í þorski hefur minnkað verulega á undanförnum árum en hlutdeild vaxtarstaðanna hefur aukist á sama tíma.“

Hvaða staðir skyldu vera, virðulegi forseti, samdráttarstaðirnir? Hvaða staðir skyldu vera vaxtarstaðirnir? Það er skýrt. Samdráttarstaðirnir eru t.d. byggðin Bolungarvík, þaðan sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er. Þar er samdráttarstaðurinn, en vaxtarstaðurinn er t.d. Akureyri svo maður nefni þann stað, þaðan sem hv. 1. þm. Norðurl. e. kemur, Halldór Blöndal. Milli þessara staða hafa færst gífurlegar veiðiheimildir og ég tala nú ekki um þegar Guðbjörgin var seld frá Ísafirði til Akureyrar með öllum þeim loforðum sem þá fylgdu og væri ástæða til að fara yfir það mál allt, hvernig þau loforð voru svikin. Ég fullyrði að þeir sem seldu treystu því að sá afli sem með fylgdi yrði unninn að miklu leyti af Vestfirðingum en það var allt saman svikið.

Annar punktur er í greinargerðinni. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Samband milli úthlutaðra og raunverulegra veiðiheimilda er margslungið m.a. vegna þess hversu algengt er að útgerðarmenn breyti þeim með leigu og flutningi milli skipa sem geta verið gerð út frá mismunandi stöðum.“

Virðulegi forseti. Þetta er kurteislegt orðalag. Verið er að lýsa því með þessum prúðbúnu orðum á hvern hátt menn leigja af sér veiðiheimildir eftir að hafa komist yfir þær. Algengast er að leigja frá stórútgerðum til smáútgerða, frá

togurunum til smábátanna vegna þess að eins og staðan er í dag ná togararnir nánast engum þorski á djúpslóð. Þorskurinn sem er í sjónum, sem er auðvitað allt of lítill stofn miðað við það sem menn ætluðu, er veiddur að mestu leyti af smáútgerðinni, trillunuum sem leigja til sín veiðiheimildirnar frá stórútgerðinni á ofurverði, engum 20 kr., engum 18 kr. og engum 9% af aflaverðmæti heldur fyrir 150 til allt að 200 kr. kg leigir trillukarlinn af stórútgerðarmanninum — og það eru stórútgerðarmennirnir sem eiga að fá allar heimildirnar.

Rétt er, virðulegi forseti, að vitna í þriðja punkt í helstu niðurstöðum þessarar greinargerðar sem Þjóðhagsstofnun vann fyrir nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðstöfun afla hefur breyst verulega á undanförnum árum. Á mesta samdráttartímanum lögðust útflutningar á óunnum afla nær alveg af. Útgerð verksmiðjuskipa hefur breytt ráðstöfun afla en á þeim stöðm sem hér eru til athugunar er sú breyting ekki umtalsverð. Mesta breytingin er á því hversu miklu meiri afli fer til vinnslu utan heimahafnar skipa."

Þar er komin skýringin, virðulegi forseti, á því hvers vegna samdrátturinn hefur orðið í byggðunum. Þær byggðir á Vestfjörðum, Austfjörðum, á Snæfellsnesi og að hluta til á Reykjanesi byggðu á því að fá fiskinn til vinnslu heima. Í stað þess að fá fiskinn til vinnslu heima er í miklum mæli farið að nýta aflaheimildirnar með frystiskipum og ekki ætla ég að lasta þau. Ég tel reyndar, svo ég skjóti því að, að öll útgerðarmunstur sem eru í gangi á Íslandi séu nauðsynleg. Við þurfum bara að átta okkur á því hvernig við ætlum að reka þær útgerðir. Það sem gerist er að fiskurinn sem er veiddur af stóru fiskiskipunum kemur í pakkningum í land og er síðan fluttur frá heimahöfn og beint í útflutning, en fiskurinn sem er veiddur af smábátunum er á einhvern hátt unninn almennt og hann er síðan fluttur hvaðanæva að af landinu, ýmist unninn í flökum eða þá heill. Og þá getur maður farið að velta fyrir sér: Hvernig er staðan? Staðan er þannig að þegar landað er frystum fiski á Ísafirði af frystitogara er hann fluttur á bílum. Hver skyldi eiga almennt þá bíla? Það er Flytjandi. Hvaða fyrirtæki er þetta Flytjandi? Jú, Flytjandi er í eigu stórfyrirtækis sem heitir Eimskip. Hvað er þetta Eimskip? Er það bara flutningafyrirtæki? Nei. Eimskip á í Flugleiðum, Eimskip á í útgerðinni, jafnvel útgerð í frystiskipunum. Á einhvern hátt eru eignatengslin alla leiðina frá því að fiskurinn kemur um borð í frystitogarann þangað til hann er kominn í verksmiðjuna sem er að vinna áfram úr fiskinum erlendis.

Þá fer maður að velta því fyrir sér: Bíðum við, er þetta ekki allt í lagi? Flytja þarf fiskinn hvort sem er vestan frá Ísafirði og suður. En þegar maður skoðar síðan málið, þá kostar tæpar 5 kr. að flytja kílóið af frystum fiski frá Ísafirði til Reykjavíkur eða á útflutningshöfn, en það kostar tæpar 12 kr. að flytja fiskinn ferskan í flökum til Keflavíkur. Hvað er á ferðinni? Er það sóðaskapurinn eða hvað það er ódrjúgt að vera með ferskan fisk? Það er ekki gott að segja. En flakaði fiskurinn sem fer frá Ísafirði, svo ég nefni þann stað aftur, býr til miklu meiri verðmæti í landi en frysti fiskurinn. Það er fólkið sem vinnur við flökunina og það verður miklu meira eftir hjá flutningsaðilanum að sjálfsögðu. Síðan er pökkun í öskjur sem eru búnar til á Íslandi. Það eru einangrunaröskjur sem halda hráefninu fersku og köldu. Síðan kemur sérstakt gjald sem er vörslugjald við vinnuna á Keflavíkurflugvelli eða þaðan sem fiskurinn er fluttur út. Það er engin spurning að miklu meiri verðmæti verða til. Samt er ég ekkert að sakast við þá aðila sem hafa valið sér það útgerðarform að veiða með frystiskipum.

Virðulegi forseti. Ein af helstu niðurstöðum greinargerðarinnar er þessi, með leyfi forseta: „Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað á samdráttarstöðunum en fjölgað á vaxtarstöðunum. Samdrátturinn í sjávarútvegi virðist þó vera hluti af almennum samdrætti á samdráttarstöðunum enda er fækkun sjávarútvegsstarfa 38% af heildarfækkun starfa. Á vaxtarstöðunum hefur störfum í öðrum greinum ekki fjölgað þó að sjávarútvegurinn hafi eflst. Skýringanna er að einhverju leyti að leita í því að aðrar atvinnugreinar hafa dregist saman."

Hvað er verið að útskýra þarna? Verið er að segja að það kvótakerfi sem þjóðin býr við er beinn aðili að samdrætti og fækkun starfa í fiskiþorpunum, í smáþorpunum, á smástöðunum á landsbyggðinni og hefur leitt til þess að fólkið er að hrekjast frá smærri stöðunum og til stærri staðanna. Afleiðingin er auðvitað sú það fækkar ekki bara í vinnslunni við fiskinn heldur í öllum þjónustugreinum. Það dregst saman hjá kaupmanninum, það dregst saman hjá járnsmiðnum, það dregst saman hjá smiðnum. Það dregst saman hjá mönnum í hverju sem er. Það dregst saman í tekjum hjá sveitarfélaginu sem um er að ræða. Þetta er, virðulegur forseti, það sem er að. Þetta er það kerfi sem ég leggst gegn með tilfinningum hjarta míns, með mínu geði og minni sál. Ég er sannfærður um að hér eru menn á kolrangri braut.

Að öllu þessu samanlögðu, virðulegur forseti, er ljóst að þróun sjávarútvegsins hefur bein áhrif á byggð í landinu þó að það megi kannski segja að það sé flókið orsakasamband. Þetta er samt þannig að svona dregst þetta saman. Það er kannski flókið og ekki á mínu færi að draga út þátt fiskveiðistjórnarkerfisins sjálfs í þessu sambandi, en ég er viss um að grunninn að þessum mikla samdrætti í sjávarútvegsmálunum má rekja beint til fiskveiðistjórnarkerfisins.

Menn töluðu mikið um hagkvæmni í atvinnugreininni. Það átti að tryggja viðgang atvinnugreinarinnar til lengri tíma. Það er ekki hægt að sjá í nokkrum gögnum sem ég hef skoðað að það megi rekja áhrifin af fiskveiðistjórnarkerfinu í beinni línu til þessara fólksflutninga. En þegar aflaheimildirnar hafa flust af smástöðunum til stærri staðanna, frá samdráttarstöðunum til vaxtarstaðanna er samhengið alveg augljóst. Fiskveiðistjórnarkerfð sem er búið að kýla yfir okkur með lögum nr. 38/1990 er ástæðan fyrir þessu öllu saman. Það er búið að færa útgerð og framleiðslu á milli staða, aðallega frá smærri byggðum til stærri.

Virðulegur forseti. Ég er að ræða lítillega um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun sem er greinargerð sem kom til nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Hver eru áhrifin, virðulegur forseti? Geðþóttaákvarðanir. Það er verið að skammta úr hnefa aukaskammt hingað og þangað af landinu eftir hentisemi vil ég segja ákveðinna aðila sem búa sér til einhverjar reglur og málunum er síðan ekki fylgt betur eftir en það að þegar á að fara að jafna upp skerðinguna hjá mönnum lenda þeir í þessu, þeir ágætu menn. Ég ætla ekkert að fara að deila á þá sem framkvæma þessar geðþóttaákvarðanir en þeir lenda í því að úthluta á báta sem sukku í fyrra, báta sem brunnu í fyrra á þeim stöðum sem var verið að úthluta aflanum til. Það er verið að úthluta á báta þar sem útgerðin fór á hausinn í fyrra. Það er verið að úthluta á báta sem voru seldir frá byggðarlögunum í fyrra. Svona er kerfið allt saman og meira og minna. Hvað hefur þetta kostað? Sem betur fer hafa menn í nokkrum tilvikum risið upp á

afturendann og sagt sig úr Sjálfstfl. til að mótmæla þessum vinnubrögðum. Og hvað hafa þeir gert til viðbótar? Þeir hafa heitið því að þeir skuli vinna gegn þessu kerfi sem þeir höfðu látið ginna sig út í. Þeir hafa heitið því að þeir skuli vinna af fullum heilindum gegn því. Þetta eru menn sem höfðu reynt að aðlagast kerfinu og reyna að vinna með því. Þetta eru staðreyndir og ég fagna, virðulegi forseti, þessum staðreyndum.

Fyrir 52 árum fluttu fjölmargar fjölskyldur af Vestfjörðum á Suðvesturland. Þetta var á árunum í kringum 1950–1955. Af hverju fluttu þessar fjölskyldur? Var það út af kvótakerfinu? Nei. Það var ekki út af kvótakerfinu. Það er ástæðan í dag. Þessar fjölskyldur fluttu vegna þess að það var enginn fiskur. Það var engan fisk að hafa á grunnslóð fyrir vestan. Þessar fjölskyldur fluttu til Keflavíkur, þær fluttu á Akranes, þær fluttu í Hafnarfjörð, þær fluttu á Snæfellsnes. Það var mikill fiskur í Faxaflóanum á þeim tíma. Þá var lítið veitt með snurvoð. Þá var aðallega veitt á línu, nema hvað tvo til tvo og hálfan mánuð yfir veturinn voru stundaðar þorskveiðar í net. Það var mikill afli á þessum árum. Frá árunum 1950 og fram undir 1968 var veiðin hjá þessum 50–100 tonna bátum frá 450 tonn upp í 1.100 tonn á bát og það var geysilega góð afkoma hjá þeim fjölskyldum sem fluttu að vestan.

Þeir sem hafa skoðað bókina Gullkistuna eftir Árna Gíslason eða bækurnar réttara sagt — og hvað var Gullkistan? Gullkistan var Ísafjarðardjúp — þeir sjá að þar gafst mikill afli. En hvað er að gerast núna? Í dag eru menn að fá upp í 400 kg á 500 króka bala með því að vera í kjaftinum á Ísafjarðardjúpi. Á þeim tíma, sem var 1950, fengu menn allt niður í 20 kg á bala. 50 kg á bala þótti gott á þessum árum. Var þetta fiskveiðistjórnarkerfið? Var þetta út af ónógum rannsóknum eða hvað var að gerast? Það sem var að gerast þarna að öllum líkindum voru skilyrðin í hafinu sem menn enn þann dag í dag taka ekki tillit til að eru ákaflega mismunandi. Af hverju halda menn að það sé verið að veiða fisk, aulaþorsk, upp í grjóti á Breiðafirði? Af hverju halda menn að það sé verið að fá upp í 450 kg á bala uppi í fjörum? Það er vegna þess að það er að mínu mati búið að breyta verulega lífsskilyrðum fisksins og hann flýr skarkalann, hann flýr stórvirku veiðitækin og hann fer í skjólið. Þetta er eðli allra kvikinda. Þau læra á umhverfið. Það er auðvitað meira sem hefur gerst.

En aftur að þessum búferlaflutningum, bara til að rifja upp umhverfið eins og það var á þeim tíma. Þegar vertíðarbátarnir voru að koma að landi voru venjulega einhverjir á bryggjunum og þeim var rétt soðning. Alveg sjálfsagt að fá soðningu. Það var ekki verið að stela neinu þá. Það mátti gjarnan gefa þeim sem þurftu á fiski að halda eða vildu gjarnan fá nýmeti. Það mátti rétta þeim sporð. Í dag er það þjófnaður. Í dag er það þjófnaður ef sjómaður flakar sér 30–40 kg til að „eiga í kippunni“ eins og kallað er.

Það var algengt að úr þessari fjölskyldu sem ég byrjaði á að nefna færu börnin til að hitta pabba á bryggjunni, tóku fisk með heim í soðið og það var garnan tekin ein ýsa fyrir nágrannann eða nágrannakonuna, ekkjuna í næsta húsi. Allt svona lagað er horfið í burtu og ég sakna þessa tíma. Ég fékk sjálfur tækifæri til að upplifa nákvæmlega þær athafnir sem ég er að lýsa.

Í gegnum aldirnar og gegnum tímann frá því að menn fóru að átta sig á því að þar var lífsbjörg að hafa þá hefur sjórinn verið lífsbjörg landsbyggðarmanna. Þess vegna, virðulegur forseti, er ástæða til að vitna í þessa greinargerð um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun aftur og aftur og það er aldrei nógu oft sagt nógu skýrum orðum hvað þessi skýrsla Þjóðhagsstofnunar segir okkur. Hún segir okkur að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við sé að eyða landsbyggðinni. Þetta er skýrt. Þess vegna er kannski verið að slátra Þjóðhagsstofnun, af því að hún leyfði sér að segja frá því sem er að gerast, þó að sláturkostnaðurinn sé a.m.k. 52 millj.

Það er líka hægt að velta fyrir sér úthlutun aflaheimildanna með tilkomu laga nr. 38/1990. Það byrjaði þannig að það var aðallega verið að úthluta bolfiski, ýsu, þorski, karfa. Menn ætluðu að hafa stjórn á veiðunum og það var miðað við aflahlutdeildir ef ég man rétt undanfarinna þriggja ára þegar þetta var sett sem viðmið og ýmislegt annað tekið inn. Þetta hefur þróast til þess að aflaheimildir í landinu eru sífellt að færast á færri hendur og það er stefnt að því leynt og ljóst að allar aflaheimildir, ekki bara í þorski og ýsu, ekki bara í karfa, ekki bara í loðnu heldur og síld, kolmunna og öllum öðrum tegundum, færist á sem fæstar hendur og þeir eru ekki fleiri en það, þeir sem að þessu standa, að það er hægt að koma þeim öllum fyrir við eitt morgunverðarkaffiborð. Þannig er þetta og það er hart að meiri hluti á Alþingi skuli fylgja leiðtogum sínum svo blindandi eftir að þeir skuli láta hafa sig til þessara óverka svo ég kalli það það.

Hvað ætla menn að fara að gera varðandi síldveiðina? Varðandi síldina á líka að fylgja því eftir með einu af þeim frumvörpum sem ég nefndi áðan um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 670. mál. Það á að fara að afhenda veiðar á síld íslenskra skipa til örfárra einstaklinga. Virðulegi forseti. Ég get heldur ekki samþykkt það.

Sá sem hér stendur var svo lánsamur að ná í síðustu árin sem síldveiðar voru stundaðar fyrir Norðurlandi. Og það er ástæða til að rifja þau mál upp því að það er hluti af sjómennskunni. Árið 1959 var undirritaður ráðinn háseti á 55 tonna bát frá Akranesi sem var að hefja síldveiðar. Það var farið 18. júní frá Akranesi og hafnar síldveiðar norðvestur af Horni eða norður af Horni í ísnum þá. Það var verið með nótabát í eftirdragi og það voru 11 menn í áhöfn. Fyrsta reynsla mín var sú að það var kastað 18 sinnum til að ná 450 tunnum af síld, 18 sinnum og allt dregið á höndum. En nótin sem notuð var er aðeins brotabrot að stærð af þeim nótum sem eru notaðar í dag. Aflinn þetta sumar á þeim bát sem ég var á var góður, mjög góður, hann var 840 tonn. Það var 840 tonna afli á þessum bát sem 11 manns voru á þetta sumar, 1959. Og hver var aflahluturinn? Aflahlutur þess manns sem hér stendur og ég er að segja frá var liðlega árslaun verkamanns á tveimur mánuðum úr 840 tonnum. Núna fara skipin til veiða, engin smáskip, og þau koma með 2 þúsund tonna afla í einni veiðiferð. Hver er aflahluturinn? Hann er ekki árslaun verkamanns. Hann er miklu minni en það til hásetans. Þetta sýnir hvernig við höfum farið í verðmætasköpuninni og með verðmæti þessa fisks sem af sumum er kallaður silfur hafsins.

Virðulegur forseti. Ég gæti rifjað upp ýmislegt frá þessum tíma. Sjómennskan var þá sveipuð ævintýraljóma. Það voru reyndar margar kollsteypur í þjóðfélaginu á þessum tíma. Það var margt að gerast. Það var uppgangur. Húsmæður fóru af Suðurlandi til Norðurlands jafnvel með börnin sín. Sjómannskonurnar komu þangað og söltuðu og það var mikill uppgangur og í sumum tilfellum hálfgert gullgrafaraæði í gangi.

En hvar erum við stödd í dag? Hvar er frjálsi fiskimaðurinn? Hvar er sjálfstæði einstaklingurinn? Það er enginn frjáls sjómaður til á Íslandi í dag, ekki einn einasti frjáls sjómaður til á Íslandi í dag. Áður var ljóminn yfir frelsinu, yfir því að geta tekist á við náttúruöflin, geta sótt björgina, sjávarfangið í hafið. Núna er þetta skammtað. Trillukarlinn sem er á krókaleyfinu má veiða í 23 daga núna. Í 23 daga má hann róa til fiskjar til að reyna að ná sér í tekjur fyrir árið. Það er mikil breyting, virðulegur forseti, frá því sem var. Ég viðurkenni alveg að það er orðin mikil tæknibreyting hjá smábátunum. Menn eru með hraðgenga fiskibáta. Menn eru hátæknivæddir með nærri því sjálfvirkar handfærarúllur. Það er mikil breyting á þessu öllu saman en frelsið, hinn frjálsi sjómaður er ekki lengur til á Íslandi. Það er ömurleg staðreynd fyrir þjóð sem átti og á enn mestallt sitt undir fiskveiðum.

Það má velta fyrir sér rannsóknunum. Á þeim tíma þegar erlendar þjóðir veiddu fisk upp í landsteinunum og menn áttuðu sig á því að þeir voru að taka bróðurpartinn af því sem var á okkar miðum, þá kom upp hugmyndin um að færa landhelgina út, fyrst í þrjár mílur og síðan koll af kolli þangað til menn voru komnir út í 200 mílur. Þá skyldi maður ætla að nóg hefði verið til skiptanna fyrir Íslendinga þegar allir útlendingarnir voru farnir af miðunum. Það hefur reynst svo að það er barátta um hvert einasta bein sem úr sjó fæst. Og hvers konar barátta er það? Það er leiguliðabarátta. Verið er að pína stóran hóp af sjómannastéttinni til þess að stunda leiguliðastarfsemi. Rannsóknir eru í gangi. En skyldi hafa verið rannsakað hversu mikið af kóraltindunum hefur verið heflað niður út af Reykjanesinu? Ætli það hafi verið skoðað hversu mikið er búið að skarka með dragnótina í Faxaflóanum? Ætli búið sé að skoða afleiðingarnar af því? Ætli það hafi ekki komið best í ljós með því að fiskurinn sem fæst á smábátunum fæst helst uppi í harðalandi? Ætli það sé ekki þess vegna, að búið er að skarka svo mikið á fiskimiðunum, gömlu hefðbundnu miðunum, að fiskurinn helst ekki við þar lengur? Það liggja engar rannsóknir fyrir um þetta mál.

Það er ekki langt síðan að farið var að fara út með heilu slóðana á aflmiklum skipum til að slétta botninn til þess að rífa ekki trollið. Þetta liggur fyrir. Þetta var gert og það eru fjölmargir sem geta sagt frá því að farið var með keðjuhauga og botninn var hreinlega sléttaður svo að hægt væri að toga. Þetta eru skelfilegar staðreyndir. Það hafa verið brotnir niður tindar til þess að komast að fiskinum. Hann á ekki lengur skjól. Það er sennilega ástæðan fyrir því að ekki fiskast á sömu slóðum og áður.

Það er búið að ákvarða það nánast að allar aukategundir sem kallaðar voru skuli fara í kvóta á örfáar hendur. Það eru örfáir einstaklingar sem eiga að fá aflaheimildirnar við Ísland í sínar hendur og þetta er allt saman ráðið við eitt eldhúsborð, jafnvel að morgni yfir kaffibolla, af örfáum aðilum sem ráða þessu og þeir ná fulltingi hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis við verkin. Þetta finnst mér, virðulegur forseti, segja mikið um það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við. Og hér erum við með frv. til laga um auðlindagjald, auðlindagjald sem sennilega verður ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég ræddi um fiskmarkaðina. Ég er alveg sannfærður um að það mætti breyta verulega afkomu margra byggða með þetta slæma kerfi jafnvel með því að skylda útvegsmenn til að láta allan veiddan afla fara um fiskmarkaði. Það mundi breyta mjög miklu. Fiskverkendur sem horfa upp á kílóið af fiski selt á 160 kr. úti í Hull verða að sæta því að kaupa fisk úr sömu veiðiferð, úr sama skipi á 250 kr. á Íslandi. Hvað ræður þessu? Það eru einhverjir hlutir í gangi sem þarf að rannsaka og hæstv. sjútvrh. sagði í svari við fyrirspurn minni fyrir nokkrum dögum að það væri búið að setja nefnd í málið. Hv. 1. þm. Vestf. væri formaður þeirrar nefndar og hann væri að skoða málið, hann væri að athuga hvernig á því stendur að kíló af ýsu er selt á 150 kr. á erlendum fiskmarkaði úr sama skipi og kílóið er selt á 220 kr. og jafnvel enn hærra hér á Íslandi. Hver er ástæðan? Er að furða þó að þeir sem stunda fiskvinnslu með því að kaupa allan fisk á markaði séu sárir? Og er að furða þó að þeir sömu aðilar séu sárir yfir því að fylgjast með unnum frystum fiski lönduðum á bifreiðar á bryggju á Ísafirði keyrt suður á land fyrir aðeins 4,80 kr. kg á sama tíma og þeir þurfa að borga tæpar 12 kr. fyrir sams konar flutning, svipað magn og sams konar flutning?

Virðulegur forseti. Mér finnst menn gera allt of lítið af því í sambandi við þetta frv. og almennt í umræðum um fiskveiðistjórnina að fara yfir það hvernig þessir hlutir eru í heild sinni. Þetta sem ég er að nefna núna varðandi fiskmarkaðina er bara hluti af þeim upplýsingum sem liggja fyrir og þyrfti að taka fyrir þegar verið er að tala um þessi mál. Auðvitað eigum við að skoða fiskvinnslu með útgerð og fiskvinnslu án útgerðar. Það er, virðulegur forseti, nauðsynlegt að greina á milli útgerðar og fiskvinnslu. Það er einn þátturinn af öllu þessu máli sem menn hafa ekki verið að ræða mikið.

Ég get, virðulegur forseti, séð fyrir mér fjöldamargar breytingar og því miður finn ég að það er ekki nokkur vilji fyrir að skoða þá hluti. Ég tel að það þurfi að endurskipuleggja og endurflokka allan veiðiflota Íslendinga. Ég get nefnt bara að gamni mínu hugsanlegar breytingar varðandi fiskveiðistjórn og þá tala ég um smábáta. Ég kalla það smábáta sem eru allt að 50–70 tonn. Ég gæti hugsað mér að landgrunninu yrði skipt upp í svæði. Ég gæti hugsað mér að bátum sem eru 4 tonn og smærri, það er alveg hægt að stunda fiskveiðar á þeim, væri heimilt að róa með allt að átta 500 króka bjóð allt að 30 daga á ári og setja mörkin þar, að þeir mættu róa með þetta og síðan ekkert annað. Þeir mættu ekki selja frá sér og ekki taka til sín heimildir. Sama gilti um báta af stærðinni 4–10 tonn. Þeir mættu róa með tólf 500 króka bjóð í 30 daga og ég er sannfærður um að það yrði afkomugrundvöllur fyrir slíkar veiðar. Ég gæti horft til þess að 10–15 tonna bátar mættu róa 40 daga á ári með 20 500 króka bjóð og það mundi skapa mjög góðan útgerðargrundvöll fyrir þá báta. Ég gæti hugsað mér að bátar af stærðinni 15–30 tonn fengju allt að 60 daga á ári til þess að róa með allt að 25 bala, 500 króka línu, og þeir mundu komast vel af með þann afla. Ég gæti hugsað mér að 30–55 tonna bátar fengju 80 daga og mættu róa með allt að 35 bjóð í róðri með 500 krókum á.

Þetta er t.d. eitt af því sem mér finnst vera umræðugrundvöllur. Þetta er ekki tillaga. Þetta er umræðugrundvöllur að því hvernig hægt væri að breyta þessu. Ef menn væru að róa með skakrúllur væri hins vegar hægt að takmarka fjölda sjálfvirkra skakveiðarfæra miðað við stærð báta og fjölda skipshafna. Þetta eru hlutir sem væri vel hægt að framkvæma og taka síðan aflaúthlutun í einhverju hlutfalli við það sem ég var að nefna áðan varðandi veiðar með línu. En það er ekki nokkur vilji til að breyta þessu braskkerfi sem er undir ofurvaldi LÍÚ framkvæmt af meiri hluta þingsins sem er stjórnað af örfáum mönnum, eins og ég áður sagði, sem eru í klíku um að ná til sín eignarhaldi yfir öllum veiði-

heimildum og veiðistofnum við Ísland. Svo einfalt er það mál.

Í 1. gr. þess frv. sem við erum hér að ræða er heimild til ráðherra að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar og einnig rannsóknir annarra vísindamanna eða stofnana skuli ekki reiknast til heildarafla. Það er verið að reyna að opna heimildir eða möguleika á því að fleiri en Hafrannsóknastofnun geti stundað svona rannsóknir eða fiskirannsóknir og veitt fisk í rannsóknarskyni án þess að hafa til þess veiðiheimildir. En það er gert ráð fyrir að umsögn Hafrannsóknastofnunar þurfi að liggja fyrir. Auðvitað hlýtur þetta að vera umhugsunarefni, virðulegur forseti. Þetta getur ekki annað en orðið umhugsunarefni. Hver á að hafa umsagnarheimildina? Hafró? Ég hef ekki verið með í að setja hnýfilinn í Hafró. En maður hlýtur að velta fyrir sér samkeppnismöguleika vísindamanna sem geta haft áhrif á slíkar umsagnir.

Virðulegur forseti. Einu sinni var illa komið og er nú í ríki fiskanna. Það var þannig að það var ekkert skipulag, það var enginn agi. Einn synti til vinstri og annar til hægri, sá þriðji synti upp og sá fjórði niður. Það var ekkert samstarf, það þekktist ekki samstarf, hvorki meðal fiska þar eins og er núna meðal þeirra sem stjórna fiskveiðum. Það voru stóru fiskarnir, virðulegur forseti, sem óðu uppi. Þeir virtu ekkert nema eigin mátt og megin en smáfiskarnir máttu sig vart hræra af ótta við að vera étnir. Hvaða samlíking er þetta, virðulegur forseti? Auðvitað er þetta samlíkingin af því kerfi sem er ríkjandi í dag. Hverjir eru þá stóru fiskarnir, virðulegi forseti? Jú, stóru fiskarnir eru þeir sem hafa náð þeim völdum að sitja við kjötkatlana eins og hv. meiri hluti gerir án þess að margir geri sér grein fyrir því hvað er að gerast. Það stendur allt, virðulegi forseti, í greinargerðinni frá Þjóðhagsstofnun sem er verið að leggja niður. Það er það sem er að gerast.

Við gætum orðið vellrík ef vel væri á málum haldið. Með því að fara í það kerfi sem menn kalla fyrningarleið þá gætum við breytt hlutunum þannig að það kæmi hlutdeild til hinna mörgu í stað þess að það legðist allt til hinna stóru fáu. Það yrðu hinir mörgu smáu sem mundu njóta hlutdeildarinnar.

Virðulegur forseti. Mig langar að vitna í grein úr Morgunblaðinu síðan á laugardag eftir verkfræðing sem segir að skynsamlegt væri að taka upp fyrningarleið. Þessi verkfræðingur heitir Guðmundur Örn Jónsson. Ég þekki ekkert til mannsins annað en það sem ég sé og það sem hann skrifar um. Og það getur vel gengið upp ef vilji væri fyrir hendi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar stórt er spurt verður oft fátt um svör, en í þessari grein er farið yfir rannsóknir og niðurstöður þeirra Michael E. Porter og Gary S. Becker á þjóðum sem hafa náð einstaklega langt í vissum atvinnugreinum og hvaða lærdóm við getum dregið af því fyrir íslenskan sjávarútveg."

Síðan kemur millifyrirsögn „Þjóðir með samkeppnisforskot." Þar segir:

„Nokkrar þjóðir hafa náð miklu forskoti á aðrar í einstökum atvinnugreinum, t.d. Ítalir í keramik, Japanar í iðnaðarvélmennum og Þjóðverjar í prentvélum.

Það tók þessar þjóðir langan tíma að byggja upp forskot sitt, sem að hluta til byggðist á aðgengi að nauðsynlegum framleiðsluþáttum, svo sem hráefni og þekkingu.

Þjóðirnar byggðu upp forskot sitt með því að leggja áherslu á það sem þær voru bestar í, en ekki með því að gera það sama og aðrar þjóðir höfðu gert.

Það sem er þó sameiginlegt með þeim öllum er öflug samkeppni á innanlandsmarkaði, sem einkennist af leikreglum sem stuðla að nýliðun."

Virðulegur forseti. Bara af þessu orði, nýliðun, væri ástæða til að hafa langt mál um fiskveiðistjórnarkerfið íslenska og nýliðun í greininni en það verður ekki gert að sinni.

Í greininni segir áfram, með leyfi forseta:

„Í löndum þar sem frelsi ríkir í viðskiptum, eins og í Bandaríkjunum, er nýliðun og þar með endurnýjun fyrirtækja talin eðlileg. Þar er endurnýjunin ör, og eru t.d. 85% af 500 stærstu fyrirtækjum landsins árið 1960 fallin út af þeim lista og ný hafa tekið þeirra sess.

Í Evrópu er mun erfiðara að stofna fyrirtæki, og er endurnýjunin þar mun hægari. Það hefur leitt af sér verra atvinnuástand, og t.d. á sex ára tímabili síðastliðins áratugar voru sköpuð 14 milljón störf í Bandaríkjunum meðan engin aukning varð í Evrópu. Ný fyrirtæki sköpuðu 70% af þessum störfum." — Þetta sýnir að við Evrópumenn höfum ekki gætt að okkur nægilega vel, virðulegur forseti. Og áfram með tilvitnun, með leyfi forseta:

„Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á tengsl milli nýliðunar og framleiðniaukningar. Ný fyrirtæki koma fram með nýjar hugmyndir og tækni og auka þannig framleiðni og almenna velferð. Gott dæmi um slíkt fyrirtæki er Samherji, sem stofnað var rétt fyrir kvótasetningu, en þeir voru frumkvöðlar í útgerð frystiskipa."

Jú, það er verið að nefna Samherja sem dæmi en hvað er maðurinn að fara, virðulegur forseti, með þessari grein? Hann er að segja að fyrirtæki, sem hann hælir fyrir rekstrarform, eigi að skila inn aflaheimildum með fyrningarleið.

„Trygging árangurs í viðskiptum með sérleyfum í stað samkeppni takmarkar þjóðarauð. Það hindrar nýliðun og þar með framfarir, en ef þjóðir ætla að halda forustunni verður nýliðun að vera stöðug." — Við munum hvað gerist þegar þetta fyrirtæki hóf starfsemi. Það varð bylting og ég virði þá aðila sem þar eru við rekstur. Þeir nýta sér það kerfi sem þeim er boðið upp á. — „En með takmörkunum á samkeppni er verið að dæma iðngrein til hnignunar.

Mörg dæmi eru um þetta í alþjóðavæðingu liðins áratugar. Alþjóðavæðingin hefur einkennst af minnkandi samkeppnishömlum og í kjölfar þeirra hefur flestum löndum vegnað betur."

Virðulegi forseti. Svo ég aðeins líti frá þessari grein, þá hljómar þetta mjög líkt og kafli úr ræðu sem ég flutti á þingi Alþjóðaþingmannasamtakanna sem haldið var fyrir skömmu í Marokkó. Það var einmitt þetta sem ég taldi að væri hluti af ávinningnum af alþjóðavæðingum. En áfram með tilvitnun, með leyfi forseta:

„Áhrif nýliðunar koma einnig fram á löngum tíma. Tjón sem takmarkanir á samkeppni valda getur því tekið langan tíma að bæta.

Takmarkanir á nýliðun hafa einnig óbein áhrif. Fullt af fólki dreymir um að eignast mikinn auð með því að stofna fyrirtæki." — Það er eðlilegur draumur, virðulegur forseti. — „Það fólk er ekki líklegt til að mennta sig fyrir atvinnugrein þar sem lítil tækifæri eru til þess. Sú staðreynd mun leiða til lægra menntunarstigs í útgerð sem mun hafa mikil áhrif á samkeppnishæfni hennar."

Millifyrirsögn í þessari grein er „Um stjórnun fiskveiða." Og, með leyfi forseta, held ég áfram að vitna í greinina:

„Hlutverk ríkisvaldsins á að vera að setja skýrar leikreglur sem tryggja framfarir og liggja nú fyrir tveir valkostir: Fyrningarleið og auðlindagjald.

Með fyrningarleið er aðgangurinn að auðlindinni seldur á markaði, en með auðlindagjaldi ákveða stjórnmálamenn leigu af auðlindinni með skattlagningu hagnaðar."

Hvaða leið, virðulegur forseti, svo ég stoppi aðeins í tilvitnuninni, hvaða leið er verið að velja hér? Það er verið að velja leiðina skattlagningu hagnaðar. Og hverjir standa fyrir valinu, virðulegur forseti? Það er m.a. hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, að sjálfsögðu undir forustu hæstv. sjútvrh. Þetta eru mennirnir sem standa fyrir þessari leið með öðrum. Þeir eru að sjálfsögðu að framkvæma vilja oddvita ríkisstjórnarinnar. Áfram með tilvitnun, virðulegur forseti:

„Með fyrningarleið hafa allir jafnan aðgang að auðlindinni, bæði þeir sem fyrir eru og nýliðar, en með auðlindagjaldi njóta þeir sem fyrir eru enn þá forréttinda og verða nýliðar að kaupa þá út til að hefja starfsemi. Einnig hefur verið sýnt fram á að skattlagning hagnaðar minnkar nýliðun. Fyrningarleið mun því að öðru óbreyttu leiða til meiri nýliðunar.

Þar sem náttúruaðlindir eru frá náttúrunnar hendi takmarkaðar er skynsamlegra fyrir ríkið að skattleggja notkun þeirra frekar en laun og hagnað. Skattlagning launa letur menn til vinnu og skattlagning hagnaðar letur menn til hagræðingar. Að þessu tilliti er auðlindagjald óhagkvæmari leið þar sem hún eykur skattlagningu hagnaðar.

Forstjórar Granda og Samherja hafa í nýlegum blaðaviðtölum lagt mikla áherslu á stöðugt umhverfi fyrir útgerð, en það getur auðlindagjald ekki skapað. Nýlega lagði Hæstiréttur blessun sína yfir núverandi kvótakerfi af því að ríkið gæti hvenær sem er breytt úthlutun kvóta. Það mun ekki breytast með auðlindagjaldi, en með fyrningarleið munu útgerðir kaupa sér aðgang að auðlindinni til langs tíma og þannig öðlast lögvarin réttindi sem ekki verða tekin af þeim bótalaust.

Íslendingar standa enn þá framarlega í útgerð og ætti það að vera forgangsverkefni stjórnvalda að halda þeirri forustu. Nýliðun í greininni er ein af forsendum fyrir því, en frá upphafi kvótakerfisins hefur hún ekki verið fyrir hendi. Stuðningsmenn sóknarmarks hafa bent á að ár kvótakerfisins hafi ekki verið útgerðinni sérstaklega hagsæl.

Getur verið að skortur á nýjum mönnum með nýjar hugmyndir sé þegar farinn að hafa áhrif, og hafi leitt til verri afkomu?

Fyrir hag þeirrar atvinnugreinar sem við Íslendingar stöndum hvað fremst í er því skynsamlegt að taka upp fyrningarleið og fella í staðinn niður tekjuskatta útgerða og starfsmanna þeirra."

Verður fróðlegt, virðulegur forseti, að fá viðbrögð og það ættu auðvitað að vera komin fram viðbrögð frá ýmsum mönnum sem eru framarlega í umræðu um fiskveiðistjórnarkerfið við þessari grein sem mér þykir mjög athyglisverð, Hvernig verða Íslendingar ríkasta þjóð í heimi? en með þessari grein er línurit sem sýnir stöðu Vestfjarða frá 1994–1999. Það sýnir hvernig aflaheimildirnar hafa dregist frá byggðinni, frá Vestfjörðunum og á aðra staði. Hvað var ég, virðulegi forseti, að vitna í áðan? Ég var að vitna í greinargerð um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem Þjóðhagsstofnun vann um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun. Það segir nákvæmlega það sama í heildina tekið og ég var að fara yfir í þessari grein.

Fiskveiðistjórnarkerfið er aðalhöfundur þess að byggðirnar, hinar dreifðu byggðir eru að láta undan. Það eru samdráttarstaðir. Það er hægt að kalla hinar dreifðu byggðir fiskveiðiþorpin, samdráttarstaði. Hverjir eru þá vaxtarstaðirnir? Jú, vaxtarstaðirnir eru það sem heimildirnar hafa lent. Og hvert hafa heimildirnar lent? Í þéttari byggðarlögin.

Virðulegi forseti. Ég er búinn að nefna að það er enginn frjáls maður lengur við fiskveiðar á Íslandi. Þetta eru menn sem eru beygðir með lagasetningu til þess að veiða á allt annan máta, ég tala nú ekki um smærri útgerðarmenn sem eru beygðir til að veiða á allt annan máta en þessi þjóð hefur alist upp við frá alda öðli. Ég rakti í nokkru máli þróunina sem varð á árunum kringum 1950 þegar fjölskyldur fluttust af Vestfjörðum úr smáþorpunum, frá Súðavík, Bolungarvík, Hólmavík, suðurfjörðunum, Súgandafirði, Flateyri, Þingeyri. Þá fluttu fjölskyldur vegna þess að aflasamdráttur var við Vestfirði. Út af hverju ætli það hafi verið? Ég fór yfir það áðan, virðulegi forseti, að mestar líkur eru á því að skilyrðin í hafinu hafi verið á þann veg að fiskurinn var ekki til staðar. Það var ekki vegna ofveiði Íslendinga. Ef svo væri þá væri ekki fiskur eins og nú upp í harðagrjóti inni á Ísafjarðardjúpi þar sem menn eru að fá allt að 450 kg á 500 króka bjóð. Ég er að tala um þorsk. Ég er ekki að tala um steinbít. Ég er að tala um þorskinn.

Ömurlegar staðreyndir blasa við ef maður rifjar upp tímann frá 1950 og fram til dagsins í dag. Margt hefur breyst. Sjómenn búa nú við miklu manneskjulegra umhverfi. Aðstæður þeirra eru miklu betri. Það eru jafnvel líkamsræktarsalir um borð í bátunum. Þar eru gufuböð. Þar eru ljósalampar. Þar eru íþróttatæki og ýmislegt sem hefur gert mönnum bærilegra að dvelja langdvölum að heiman. Samt sem áður er oft hart að sækja á aflann á minni bátunum.

Ég sagði að stóru fiskarnir óðu uppi og þeir litlu voru hræddir. Og hvað gerðist þá? Þeir sáu fram á að þeir urðu að gera eitthvað. Þeir komu sér saman um að réttast væri að velja sér konung sem héldi uppi lögum og reglum í ríkinu, sem mundi kenna þeim að starfa saman og virða hvern annan. Öllum vitru fiskunum fannst þetta viturleg tillaga. Þá var spurningin: Hvaða fiskur er búinn þessum kostum?

Virðulegi forseti. Ég vitna enn til þess ástands sem ríkir hjá manninum á Íslandi í dag miðað við það sem ég er að segja og líki því við fiskana. Fiskarnir urðu ekki sammála um þetta á sínum tíma. Hverjum og einum fannst hann rétti fiskurinn til að ráða öllu, til að vera konungur. Þeir fóru í hár saman. Þeir fóru svo sannarlega í hár saman. Steinbíturinn beit í sporðinn á lúðunni og lúðan glefsaði í þorskinn. Hornsílið stangaði ýsuna en kolinn varð svo hræddur að ekkert sást af honum nema augun þegar hann hafði látið sig sökkva til botns í sandinn.

Hvert er ég að leiða með þessari samlíkingu? Ég er að leiða til þess ástands sem ríkir nú, nema að sá sem er konungur stjórnar fiskveiðanna kemst þangað í krafti valdsins. Það er víst kallað lýðræði þar sem meiri hlutinn ræður.

Virðulegi forseti. Ég var að kíkja í bók og vitnaði í hana að nokkru leyti með orðum mínum. Þessi bók heitir Svartur sjór af síld og er eftir Birgi Sigurðsson og lýsir þeim árum sem ég nefndi að nokkru áðan, þeim átökum sem urðu um síldveiðarnar. Ég nefndi hvernig þetta hefði gerst. Ég nefndi gullgröftinn. Í þessari bók er sögð síldarsaga þjóðarinnar á skemmtilegan hátt, dregin er inn í þetta rómantík og fegurð. Í þessa bók er dreginn þrældómur og vonbrigði og þetta verður allt saman að einni heild og skemmtilegri frásögn.

Allt þetta má gera að samlíkingu við það kerfi sem við búum við og hefur ekki leitt til góðs.

Virðulegi forseti. Ég er með nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, frá 2. minni hluta sjútvn. sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson undirrita. Þar liggur ljóst fyrir að ekki er skýrt hvort ráðherra ætlar sér að nýta svokallaða innskilareglu sem er í 5. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands og var beitt þegar veiðar á úthafskarfa á Reykjaneshrygg og rækju á Flæmingjagrunni voru kvótasettar á sínum tíma. Það liggur heldur ekki fyrir hvernig eigi að framkvæma varanlega úthlutun aflahlutdeildar úr norsk-íslenska síldarstofninum, hvernig það eigi að gerast. Þess vegna þarf ég ekki að segja meira um þetta frv. annað en að ég er á móti því. Ég er svo sannarlega á móti því. Ég er sannarlega á móti því að afhenda eigi aflaheimildirnar sem varða veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum til örfárra aðila. Ég get ekki samþykkt það.

Mér er ljóst að kvótakerfið hefur gengið upp við veiðar á uppsjávarfiski en það sem hér er lagt til, að afhenda örfáum aðilum aflaheimildirnar, get ég, virðulegur forseti, ekki samþykkt. Það liggur þá fyrir í þessum orðum mínum nú þegar. Mér sýnist að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hafi í nál. sínu að nokkru leyti komist að svipaðri niðurstöðu og þeirri sem ég var að lýsa.

Fróðlegt er að velta fyrir sér hvaða áhrif hafa orðið af dragnótaveiðum í Faxaflóa. Dragnótaveiðar eru stundaðar á ákveðnum svæðum. Á þeim svæðum fæst ekki lengur fiskur á línu og þar fæst ekki heldur fiskur á færi. Hvað hefur verið að gerast á undanförnum árum, virðulegi forseti? Það er ekki stunduð dragnótaveiði í Hvalfjarðarkjafti. Það er óheimilt. Hvar veiðist orðið fiskur í töluverðum mæli þótt smár sé? Hann veiðist inni á Hvalfirði sem ekki gerðist áður. Af hverju? Vegna hvers? Vegna þess að fiskurinn er flúinn þaðan sem hann var á slóðinni úti í Faxaflóanum. Þess vegna var á einum tíma flutt þáltill. um að könnuð yrðu áhrif dragnótaveiða á lífríki hafsins og hvaða áhrif dragnótaveiðar hefðu á viðkomu bolfiskstofna og afrakstursgetu þeirra. Óskað var eftir því að fram kæmi hvort ákveðin veiðisvæði við Ísland hentuðu fremur til dragnótaveiða en önnur vegna lífríkis á botni. Svona tillaga fékk ekki framgang. Svona tillaga átti engan tilverurétt. Hún fékkst ekki samþykkt. Leyfi fékkst til að mæla fyrir tillögunni og búið og basta. Svipað má segja um fjölmargar tillögur sem menn hafa verið að reyna að leggja fram til þess að rannsaka áhrif veiðarfæra og fiskveiða á ákveðnum svæðum.

Virðulegi forseti. Það er nefnilega svo að bæði á Alþingi og annars staðar hefur lengi verið deilt um hvort dragnótaveiðar við Ísland og þá einkum og sér í lagi í Faxaflóa séu skaðlegar viðkomu bolfiskstofna á því svæði. Sjómenn hafa lengi verið sannfærðir um það og vita það að Faxaflóinn hefur verið mikilvæg uppeldisstöð ýsu. Ég held að aldrei verði skorið úr þessum deilum nema miklar og nákvæmar rannsóknir fari fram hvað varðar réttmæti veiða með dragnót. Ég tel að skýra beri réttmæti slíkra veiða náttúrunni í hag.

Virðulegur forseti. Í þessu sambandi tel ég rétt að minna á að Faxaflóa var lokað 1952 fyrir veiðum með dragnót. Þá var málum þannig komið að 90% af ýsu sem veiddist í Faxaflóa var þriggja ára og yngri. Hver fiskur var um eða undir 300 g á þeim tíma. Þetta var árið 1952, virðulegi forseti, á þeim tíma sem fjölskyldurnar voru að flytja að vestan og koma hingað þar sem meiri fiskigengd var. En áhrifin frá lokun fyrir dragnótaveiðar 1952 sögðu fljótlega til sín með því að hlutfall eldri fisks í ýsuaflanum varð marktækt meira og ýsustofninn tók vel við sér. Hvað var svo gert þegar ýsustofninn var kominn vel á veg? 1960 voru dragnótaveiðar aftur heimilaðar á Faxaflóa. Þær voru mjög takmarkaðar í upphafi. Þær fóru hægt af stað en náðu hámarki 1962 því að heildaraflamagn í flóanum var þá 10.539 tonn. En hvað gerðist? Frá þeim tíma minnkaði afli dragnótabátanna stöðugt. Hvað gerðist? Árið 1968 var dragnótaaflinn ekki nema 684 tonn. Ýsustofninn sem tók vel við sér, virðulegi forseti, eftir árið 1952 við friðunina, hrundi beinlínis í kjölfar dragnótaveiðanna sem þá hófust.

Til skýringar má nefna að á haustvertíðinni á Akranesi 1962 var meðalýsuafli í róðri 3,7 tonn en minnkaði svo á hverju ári meðan dragnótaveiðar voru leyfðar og svo var komið á haustvertíð árið 1970 að meðalafli í hverjum róðri var aðeins 700 kg. Hann fór úr 3,7 tonnum í 700 kg. Samt brugðust menn ekki við með rannsóknum. Árið 1971 töldu menn að í óefni væri komið. Það er í þriðja eða fjórða skipti sem menn gerðu atlögu að málinu. Þá voru dragnótaveiðar aftur bannaðar í Faxaflóa. Og hvað gerðist? Ýsuaflinn virtist fara stigvaxandi. Þannig var meðalýsuafli í róðri á Akranesi t.d. kominn í rúmlega 2 tonn árið 1980. Engar rannsóknir voru á bak við þetta. Þetta er bara innveginn afli miðað við hvern róður báta sem þá stunduðu línu. En þegar Alþingi heimilaði að nýju veiðar með dragnót í Faxaflóa, þ.e. með tillögu Alþingis árið 1979, fengu tveir bátar heimild til tilraunaveiða. Síðan aflétta menn með breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands árið 1981 öllu banni. Bátunum hefur síðan farið sífellt fjölgandi. Nú er svo komið að t.d. á árinu 1996 voru 14 bátar með dragnótaveiðaleyfi í Faxaflóa. Þessi fjöldi er að líkindum allt of mikill. Það er ótrúlegt að sjá að sumri 250–300 tonna skip vera að hamast með dragnót rétt fram af Akranesi. En trillurnar verða að róa tvo til þrjá tíma, sigla 30–40 mílur út á haf til þess að komst á fiskislóð vegna þess að fiskurinn er enginn orðinn eftir þar sem verið er að skarka með dragnótina.

Fjöldi báta sem eru við dragnótaveiðar núna er allt of mikill til að hægt sé að tala um að það geti verið hagkvæmt. Afkoma þeirra flestra er léleg. Allt of margir bátar eru að berjast um allt of lítinn afla. Þess vegna var verið að reyna með tillögu að menn skoðuðu hugsanlega skaðleg áhrif slíkra veiða á viðkomu annarra tegunda í hafinu þegar menn voru að heimila veiðar — á hverju? Þetta áttu að vera veiðar á kola. En rökin fyrir því að veiðar með dragnót geti haft skaðleg áhrif eru af mörgum toga. Rökin styðjast einkum við þá reynslu sem fjölmargir sjómenn hafa öðlast í starfi sínu um áratuga skeið.

Sjómenn sem stunda veiðar á smábátum við Ísland hafa nefnilega í gegnum árin talið sig sjá skýra fylgni milli fiskigengdar á grunnslóð og þess hvort dragnótaveiðar hafi verið leyfðar eða ekki. Rök þeirra ber að skoða. Það hefði átt að vera búið að skoða áhrifin og kanna gildi þeirra umsagna sem sjómenn hafa haft.

Nauðsynlegt er að láta fara fram samanburðarrannsóknir á veiðum fyrir og eftir banntímabil og hvort verið sé að skemma uppvaxtarskilyrði bolfisks, seiða eða annarra tegunda. Það þarf að fá afgerandi svar við slíkum spurningum.

Í raun er minni ábyrgðarhluti að stöðva dragnótaveiðar í þeim mæli sem þær eru stundaðar meðan á rannsókn stendur, en álit fiskifræðinga verður að liggja fyrir ef á að halda áfram. Ég tel að rannsóknir bara á þessu litla atriði þurfi að

standa yfir í 4–6 ár svo að menn viti hvað er að gerast. Ég tel, virðulegi forseti, að athuga þurfi ekki bara veiðisvæði á grunnslóð við Faxaflóa heldur veiðisvæði þar sem verið er með dragnót um allar grunnslóðir við Ísland. Athuga þarf áhrif veiðarfæra, hvort sem það er troll eða einhver önnur veiðarfæri sem eru ekki kyrrstæð, þ.e. sem dregin eru. Það þarf að athuga áhrif þeirra á lífríkið.

Ég tel, virðulegi forseti, að fiskveiðiþjóð sem telur sig vera að reka fyrirmyndarstefnu í fiskveiðistjórn verði að láta fara fram rannsóknir sem aflétta vafa um t.d. dragnótaveiðar og ýmsar aðrar veiðar. Menn geta líka minnst þess hver áhrifin urðu af því þegar heimilað var að veiða þorsk í nót. Menn gleyma því sennilega seint þegar sagt var að það væri sjálfsagt að veiða stórfiskinn vegna þess að hann mundi hvort sem er drepast. Á þeim tíma var þeim stofni nærri því eytt sem að líkindum var á Selvogsbanka. Sennilegt er að mismunandi stofnar séu við Ísland. Það er óðruvísi fiskur sem virðist veiðast á bankanum vestur og suðvestur af Vestmannaeyjum heldur en fiskurinn sem veiðist á Selvogsgrunni og fram undan Hafnaberginu. Það er því fyllsta ástæða til að athuga bæði í dag eins og var þá þegar menn leyfðu sér að segja að það væri sjálfsagt að veiða þennan fisk af því að hann mundi hvort sem er drepast. Þetta var fiskur sem var fullur af hrognum. Hann var svo stútfullur af hrognum og hann var svo stór að menn urðu að setjast klofvega á fiskinn til að geta blóðgað hann.

Ég man, virðulegur forseti, eftir þeim tíma og ég hugsa til hans með hryllingi að þetta skyldi vera leyft, að taka þorskinn á þeim tíma. Ekki var nóg með að verið væri að taka hrygningarstofninn heldur var hráefnið nánast eyðilagt vegna þess að engar aðstæður voru til að geyma allt þetta magn um borð í bátunum.

Ég tel m.a. að nauðsynlegt sé að athuga hvers vegna allur lúðuafli er horfinn sem var mikill við Faxaflóa. Af hverju fæst ekki lúða þar lengur? Er það út af dragnótaveiðinni? Er það út af því að menn veiði svo mikið lúðu á haukalóð í Faxaflóa? Nei, það er ekki út af haukalóð. Á einhvern hátt hefur lúðan horfið. Mér er minnisstætt þegar ég sá 2 tonn af smálúðu niður í lófastærð og upp í 1–1,2 kg, sú smálúða var tekin í dragnót. Smálúðan kom í mjög litlum mæli á króka. Þessi smálúða kom ekki á haukalóð, hún kom í dragnót og svona lagað fæst ekki lengur í flóanum. Búið er að eyða stórlúðunni upp líka. Hún hefur verið tekin, ekki bara á haukalóð heldur með ýsmum öðrum aðferðum.

Alþingi ákvað að hefja tilraunir um veiðar með kvótakerfi. Þegar sú ákvörðun var tekin, virðulegi forseti, var ákvörðunin tekin í miklu flaustri og undir mikilli pressu. Af hverju? Jú, menn töldu í góðri trú að grípa yrði til aðgerða. Hrun fiskstofnanna blasti við og þingmenn töluðu þá um að framtíð byggða í landinu væri í hættu, sérstaklega hinar dreifðu sjávarbyggðir. Þess vegna var stjórnkerfi fiskveiða tekið upp, menn héldu að byggðin, hin dreifða byggð væri í hættu.

Hver er afleiðing þess stjórnkerfis? Afleiðingin er sú að byggðirnar eru sífellt að láta undan. Það staðfestist með orðum Þjóðhagsstofnunar sem, virðulegur forseti, ég segi í þriðja sinn að verið er að slátra með ærnum kostnaði, kannski af því að stofnunin leyfði sér að taka svona til orða.

Talsmenn einkavæðingarinnar á þeim tíma höfðu fundið töfralausnina. Höldum landinu í byggð með kvótakerfi. Það var það sem menn sögðu á þeim tíma. Höldum landinu í byggð með kvótakerfi. Það er spurning hvaða slagorð ætti að vera núna.

Ég minni, virðulegur forseti, á gagnrýnisrödd hv. fyrrv. þm. Karls Steinars Guðnasonar þegar hann sagði að nú gengju menn eins og frelsaðir væru. Það voru útgerðarmenn, stjórnmálamenn og spekúlantar eins og hann sagði að gengju um eins og annað eins hefði ekki átt sér stað frá kristnitöku í landinu. Það var þegar kvótakerfið var sett á. Þessi maður var einn af þeim sem skynjuðu að stórhætta væri á ferðum. Og þau orð sem hann viðhafði, virðulegur forseti, í ræðu sinni hafa öll gengið eftir, nánast öll gengið eftir. Hann benti þá á t.d. að menn væru að staglast sífellt á kvóta og kvóta og aftur kvóta sem allsherjarsyndaaflausn liðinna ára. Ég segi, virðulegi forseti, að Karl Steinar Guðnason eins og oft áður hafði tilfinningu fyrir því að gjörðin þjónaði ákveðnum pólitískum tilgangi eins og hjá þeim sem frelsaðir eru. Kvótakerfið var þá og virtist vera lausnarorð alls.

Ég tel að fiskveiðistjórnarkerfið sé að eyða byggð, virðulegi forseti. Þau orð setti ég fram í grein löngu áður en sú greinargerð sem ég hef verið að vitna til öðru hverju kom frá Þjóðhagsstofnun. Þetta kom fram í grein fyrir einum fimm árum sem undirritaður leyfði sér að rita, að fiskveiðistjórnarkerfið væri sennilega að eyða byggð. En ég hafði á þeim tíma fyrirvara á því að það væri fyrst og fremst framkvæmd stjórnunarkerfisins og ég get staðið við það enn þann dag í dag. Ef fiskveiðistjórnarkerfið sem nú er væri rekið á eðlilegan máta, þá værum við ekki komin í þær kröggur sem við erum í núna. Ég held að sú braskheimild sem viðgengist hefur sé eitt af því hættulega. Það er ekki óeðlilegt að heimila leigu frá sér. Það er ekki óeðlilegt að heimila leigu til sín. En það þurfa að vera miklar takmarkanir á því og það er alveg ótrúlegt að menn hafi fundið hagræðingu í því að binda skip sín við bryggju.

Ég nefni brottkastið sem sennilega hefur aldrei verið meira en sl. þrjú ár eftir að menn áttuðu sig á því að brottkast var hægt að skýra með því að verið væri að flokka fiskinn. Öllum smáfiskinum, allri smáýsunni, öllum smáþorskinum var hent fyrir borð. Það var verið að flokka fiskinn. Líklegt er að miklu meira magni hafi verið hent en sú atugun sem fram fór leiddi í ljós. Líklega hafa menn verið að henda allt upp í 50–70 þús. tonnum af fiski.

Þetta kerfi hefur þróast upp í það sem veldur því að ég er algerlega á móti því fiskveiðistjórnarkerfi og þeim breytingum sem verið er að taka upp. Ég er sannfærður um að meðan við hverfum ekki til baka og förum fyrningarleiðina sem ég vitnaði til áðan og las reyndar mjög greinargóða lýsingu á með því að vitna í grein verkfræðingsins Guðmundar Arnar Jónssonar, ef við ekki hverfum frá því sem nú er yfir í annað kerfi, þá mun fara enn verr heldur en horfir. Það er auðvitað vandaverk að búa til kerfi sem allir geta verið sáttir við. Auðvitað er ekki hægt að gera öllum til geðs því að það eru svo ólíkar þarfir og ólíkar skoðanir. En kerfið sem þarf að taka upp verður að vera hagkvæmt og réttlátt.

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um að í frv. Samfylkingarinnar, sem hv. þm. Jóhann Ársælsson er 1. flm. að, er verið að draga fram möguleika á því að koma með kerfi sem verður bæði hagkvæmt og réttlátt og það staðfestist auðvitað með því að stjórnarandstaðan í heild sinni var tilbúin að leggjast á eitt um að leggja fram frv. til að breyta kerfinu og samstaða var um það. Það segir sterkustu söguna og er þáttur af því sem ég tel að skipti mestu máli og það skiptir mestu máli um möguleikana til að breyta með nýrri ríkisstjórn,

virðulegi forseti. Það er ástæða til að setja sitjandi ríkisstjórn frá. Það er nauðsynlegt að losna við menn frá völdum sem halda svona á málum eins og ég hef verið að lýsa.

Ég er ekki að segja að til séu auðveldar lausnir. Lausnirnar eru ekki auðveldar og ekki einfaldar. Það heldur ekki víst að lausnin sé mjög ódýr. En það sem við í Samfylkingunni, undir forustu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, leggjum áherslu á er fyrst og fremst jafnræði í aðgengi. Það er það sem meiri hluti þjóðarinnar gæti sætt sig við. En gjaldið sem nú er verið að leggja á, ég fullyrði að meiri hluti þjóðarinnar hefur ekki hugmynd um út á hvað það gengur.

Ég hef, virðulegi forseti, velt mörgu upp í sambandi við fiskveiðistjórnarkerfið. Ég hef farið aftur til ársins 1950 þegar fólk hrökklaðist frá ákveðnum landshlutum, dreifðu byggðunum, t.d. frá Vestfjörðum, til byggða þar sem afkomumöguleikarnir voru betri. Ég er líka búinn að fara yfir það að þá var fiskigengd engin, á árunum frá 1950 til 1954–1955, á grunnslóð t.d. við Ísafjarðardjúp. Þá voru miklar fiskveiðar í Faxaflóa, kringum Snæfellsnes, á Breiðafirði, fyrir sunnan land og allt austur um. Þá fór fólkið vegna þess að fiskurinn var til staðar. Nú flytur fólkið þaðan en ekki af því að fiskurinn sé ekki til staðar. Það er nægur fiskur við Vestfirði og nægur fiskur við Vesturland, við Snæfellsnesið. Fólk fer vegna þess að það fær ekki leyfi til að ná í þennan fisk. Það eru einhverjir greifar sem eiga réttinn á að veiða fiskinn sem syndir framan við túnfótinn.

Virðulegi forseti. Það er komin 22 ára reynsla á tilraunir með þetta fiskveiðistjórnarkerfi. Í ljós hefur komið að stjórn fiskveiða með þessu kvótakerfi er stórgölluð. Þetta eru gallar sem hægt er að bæta úr ef vilji er fyrir hendi. Menn hafa glímt við þennan vanda og settu á stofn endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða. Það er hægt að rifja það upp en þessi nefnd sendi frá sér plagg sem er túlkað á mismunandi vegu. Sumir vildu taka skýrsluna og stinga undir stól, gleyma henni, en aðrir vildu annað. Frv. sem við höfum verið að fjalla um í dag kemur í kjölfar alls þessa og ég vildi óska þess, virðulegi forseti, að um þetta mál yrði fjallað í marga daga enn. Ég gæti hugsað mér, virðulegi forseti, að standa hér mörgum sinnum, 4–5 klukkutíma í hvert skipti, í þeirri von að hægt sé að draga athygli fólks að því hvað verið er að gera og hvert stefnir. Ég sé ekki eftir mér til þess.

Ég er sannfærður um að hér verður að koma til dómur, salómonsdómur. Þann dóm getur þjóðin kveðið upp með því að skipta um stjórnvöld á Íslandi. Það sem áunnist hefur með fiskveiðistjórnarkerfinu sem við höfum notast við síðustu 22 ár hefur verið allt of dýru verði keypt. Það er, virðulegur forseti, fámennur hópur sem ráðskast með auðlindina án þess að greiða fyrir afnot af henni. Væri eðlilegt gjald greitt fyrir afnotin, sem endurspeglaði raunverðmæti þess sem nýtt er, væri hugsanlegt að sátt kæmist á um fiskveiðistjórnina. Ég vil að farið verði af stað upp á nýtt. Ég gæti hugsað mér að valinn hópur fræðimanna gerði tillögu um nýja framkvæmd á stjórn fiskveiða. Þó held ég að frv. sem ég var að vísa til áðan, frá Samfylkingunni, gæti orðið grunnurinn að því að ná allsherjarsátt.

Niðurstaða mín er sú að það þurfi jafnræði í aðganginum að auðlindinni. Samkvæmt þeirri grein sem ég var að vitna í áðan, verður að geta átt sér stað endurnýjun. Annars verður úrkynjun. Það verður alltaf úrkynjun ef ekki á sér stað endurnýjun. Það er alveg sama hvort um er að ræða atvinnurekstur eða annað. Verði ekki endurnýjun þá verður úrkynjun. Ég er tilbúinn að veita öllum útgerðarmunstrum sambærileg skilyrði.

Ég tel að það beri að virða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Það verður að vera frjálst val um atvinnu, virða ákvæði um það í stjórnarskránni. Það hlýtur að verða að viðurkenna að það er ekki hægt að einkavæða fiskstofna. Ég tel grundvallaratriði að þeir sem nýta auðlind greiði fyrir það eðlilegt gjald, sama af hvaða tagi sem auðlindin er. Það breytir ekki miklu. Gjaldið sem tekið er fyrir notkun auðlinda á að fara í sjóði til hagsbóta fyrir almenning og til stoðgreina viðkomandi auðlinda.

Almennar reglur um nýtingu og umgengni við auðlindir eða almenninga þurfa að vera svo einfaldar að þær séu óumdeildar. Ég hef sagt, virðulegur forseti, að á Íslandi verður aldrei aftur til hinn frjálsi sjálfstæði sjómaður, trillukarl eða togarajaxl. Aldrei aftur verður til hinn frjálsi Íslandsbersi sem getið er um í bókinni Svörtum sjó af síld eftir Birgi Sigurðsson. Það er hægt að nálgast ímynd hins frjálsa og óháða ef hugtökin um frelsi einstaklingsins og jafnræði þegnanna eru í heiðri höfð.

Virðulegi forseti. Hagur landsbyggðarinnar hefur frá ómunatíð byggst á þessum hugtökum, frelsi einstaklingsins og jafnræði þegnanna, frá ómunatíð. Ég vil segja að með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi eru þessi hugtök fótumtroðin. Ég minnist þess að í greinarkorni sem ég ritaði fyrir nokkru vitnaði ég til orða jöfursins og stórmennisins Einars Benediktssonar þar sem hann sagði í kvæði sínu Íslandsljóðum, II hluta sem hefst á orðunum „Sjá hin ungborna tíð", 3. erindi, með leyfi forseta:

Allt skal frjálst, allt skal jafnt, réttan skerf sinn og skammt
á hvert skaparans barn, allt frá vöggu að gröf.
Þetta boðorð knýr fram, knýr menn brautina fram
undir blikandi merkjum um lönd og um höf.

Þessi framsýni meistari vissi á sínum tíma að sá guli var utar. Hann vissi að framfara var þörf. Hann vissi að íslensk þjóð varð að sækja þekkingu og nýta þá tækni sem gæfist. Það hefur ekkert breyst. Íslenskt samfélag býr enn við það að hér sitja menn að völdum sem vilja ekki breyta, eru hræddir við framtíðina og breytingar. Fáir njóta þess að kvótakerfið hefur skapað nýja aðferð til að hagnast á þann óhugnanlega hátt sem hvorki formælendur né andmælendur kerfisins sáu fyrir.

Virðulegur forseti. Það er að gerast. Þeim sem voru formælendur kerfisins sem við búum við og einnig þeim sem voru andmælendur datt ekki í hug að afleiðingin af lögum nr. 38/1990 yrði sú sem raun ber vitni, 30–70 þús. tonnum hent í hafið. Þetta er ein af skuggalegu afleiðingunum. Leiga aflaheimilda. Stór hluti íslenskrar sjómannastéttar á smábátum eru leiguliðar.

Virðulegur forseti. Ég get ekki samþykkt svona kerfi. Allt sem ég er alinn upp er í andstöðu við það. Ég held að menn ættu að velta fyrir sér hvar hin kalda krumla kreppir að. Ég tel að óhugnanleg hönd hafi náð yfirtökum og stýri núna aflaheimildum og dreifingu þeirra milli útgerða.

Menn ættu að þekkja afleiðingarnar. Menn vita hverjar afleiðingarnar eru. Hver útgerðin á fætur annarri fellur inn í einhvers konar samrunaferli. Það gerist þannig að sá sem gleypti verður gleyptur af enn stærri aðila áður en hann áttar sig á hinni köldu krumlu.

Virðulegi forseti. Ég sótti samlíkingu í bók Birgis Sigurðssonar, Svartur sjór af síld, og sagði frá því sem kemur fram í upphafi I. kafla um konung fiskanna, þ.e. stóru fiskanna sem óðu uppi og gleyptu þá litlu. Hver er staðan í dag? Hvað blasir við? Það eru þeir stóru sem gleypa þá litlu og sú þróun verður aðeins stöðvuð með breytingu á stjórnkerfinu. Það stöðvast ekki nema það vald sem ræður sjávarútvegi og fiskveiðum á Íslandi verði sett af. Það stöðvast ekki fyrr.

Hin kalda krumla, virðulegur forseti, hefur náð yfirtökum. Hún stýrir aflaheimildum og dreifingu milli útgerða. Ég lýsti því hvernig sá stærri gleypir þann minni. Ætli það sé ekki óhætt fyrir þann sem hér stendur að óttast um hag heimabyggðar sinnar, þar sem er fyrirtækið Haraldur Böðvarsson, eitt af merkustu útgerðarfyrirtækjum þessa lands? Hvernig er eignaraðildinni að því fyrirtæki háttað? Ég mundi treysta þeirri fjölskyldu sem stóð að þeim rekstri á sínum tíma miklu betur en þeim eignaraðilum sem nú eru. Þeir munu setja afkomu fólksins, m.a. þess sem ég er umbjóðandi fyrir, í stórhættu. Þeir geta flutt aflaheimildir með einu pennastriki, á einu kvöldi við eitt kaffiborð, og ákveðið hvernig þeir vilja haga því. Ég óttast þetta.

Ég sá hv. þm. Einar Odd Kristjánsson koma í salinn og vissulega var hann að grínast og með skot til mín en ég veit að hann skynjar, ekki bara í huga sínum heldur í hjarta sínu og með allri sál sinni, að kerfið sem við búum við er kolrangt kerfi. Það að styðja þær aðgerðir sem fara á í hér er hin mesta vitleysa.

Hagkvæmnissjónarmiðin sem menn eru að binda sig í, þeir horfa fram hjá því hverjir eiga kvótann, hvar þeir hafa aðsetur á landinu og hvar þeir eru notaðir. Sjónarmiðin sem ráða eru að kvótinn skapi svo mikinn arð sem mögulegt er hverju sinni. Sömu niðurstöðu má sjá ef litið er til annarra landa. Þar hafa orðið alvarleg áföll almenninga, ég kalla auðlindina almenning, og það er þannig að það hefur gengið út yfir þjóðirnar sem í hlut eiga. Ég held að það sé rétt að minna, hæstv. forseti, með leyfi, á grein Gísla Pálssonar og Arnars Helgasonar sem var birt í Skírni árið 1999. Þar segir, með leyfi forseta, með tilvitnun í bandaríska mannfræðinginn Bonnie McCay að „mikilvægar auðlindir hafi safnast á fárra hendur og þorri fólks, sem hefur nýtt sér þær mann fram af manni, sitji uppi eigna- og réttindalaus." Þetta, virðulegi forseti, er það sem hefur verið að gerast á Íslandi. Mikilvægar auðlindir eru að safnast á fárra hendur og þorri fólks sem hefur nýtt sér auðlindirnar mann fram af manni situr uppi eigna- og réttindalaus.

Þessi atburðarás er auðvitað svipuð og átti sér stað ef maður horfir til lénsveldis miðalda þar sem rétturinn til beitar og veiða í almenningi, ef ég kalla fiskimiðin almenning, þar sem þessi réttur var afnuminn og m.a. bændur á þeim tíma voru hraktir af jörðum sínum og gerðir að leiguliðum aðalsmanna. Svona var þetta og það horfir til þess á Íslandi að svona verði þetta og svo sannarlega verði núverandi stjórnvöld áfram og þau láti að kröfum þeirra sem vilja fá þessar veiðiheimildir á örfárra hendur, þá er hætt við að lítilla breytinga sé að vænta varðandi fiskveiðistjórnina.

Ég tel að hinir svokölluðu sægreifar séu örfáir aðilar. Það eru örfáir aðilar sem hafa völdin. Það hefði átt að minna á að það eru ekki sægarparnir, það eru ekki skipstjórarnir, sem njóta auðlindanna. Þeir njóta ekki veiðiheimildanna. Þegar skipstjórinn kemur í land eftir að hafa dregið tugi þúsunda tonna fyrir útgerðarmanninn, þá á hann engan rétt. Hann á engan rétt þó að hann hafi aflað útgerðinni sem hann hefur starfað hjá þvílíkra auðæfa sem skipstjórinn og áhöfnin hefur gert með því að afla þúsunda tonna sem voru síðan notuð til viðmiðunar. Það er gjörsamlega gengið fram hjá því fólki. Það er gjörsamlega gengið fram hjá fólkinu sem vinnur við útgerð í landi. Það er gjörsamlega gengið fram hjá þeim sem vinna við netagerð, við fiskvinnslu, við heimilisstörf og bókhald. Íslenskt fiskveiðistjórnarkerfi lítur svo á að þessu fólki sem er að vinna við stoðgreinar sjávarútvegsins komi ekkert við hvað er að gerast. Þó eru öll þessi störf hluti af fiskveiðum.

Það sýður í mér, virðulegi forseti, reiðin. Það sýður svo sannarlega í minni sál þegar ég er að rifja upp hugleiðingar mínar frá liðnum árum um þessi mál og ég tel að það sé eyðibyggðastefna sem ríkir á landinu undir stjórn þeirra aðila sem nú ráða og því til staðfestignar vitna ég í skýrslu slátraðrar Þjóðhagsstofnunar um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun sem sennilega er slátrað þó að sláturkostnaðurinn sé hár vegna þess að Þjóðhagsstofnun sýnir fram á með greinargerð sinni að veiðiheimildirnar eru að fara frá hinum smærri til hinna stærri, frá samdráttarstöðunum til vaxtarstaðanna.

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að velta fyrir sér umsögnum hinna ýmsu aðila um frv. til laga um stjórn fiskveiða, veiðigjald og fleira. Það er fróðlegt að sjá það að stofnanir sem verið er að leita til eins og sú ágæta stofnun, Hafrannsóknastofnun, treystir sér ekki til að taka afstöðu í þessum málum. Það er ótrúlegt.

Það er gaman að velta því fyrir sér Verslunarráðinu. Hvaða ráð er það? Er það ráðið sem er að hafna veðheimildinni upp á 20 milljarða? Verslunarráðið. Hverjir sitja þar? Hver er framkvæmdarstjóri Verslunarráðs, virðulegur forseti? Getur það verið sami maðurinn sem er búinn að taka afstöðu í Verslunarráði um að Verslunarráð telji að það sé óráðlegt að veita veðheimild en síðan sá sami maður í öðrum jakka samþykkir þegar komið er inn á þing? Verslunarráðið er á móti veiðigjaldsprósentu en gerir ekki efnislegar athugasemdir við frv. sem þeir þökkuðu svo kærlega fyrir að fá heimild til að veita umsögn um.

Virðulegur forseti. Með leyfi vitna ég í umsögn Landssambands smábátaeigenda. Það telur að verði frv. óbreytt að lögum muni það engan veginn ná þeim markmiðum sem því er ætlað, þ.e. sátt um stjórn fiskveiða. Virðulegur forseti. Einhvern veginn finnst mér að þessi orð séu það sem ég hef margsinnis endurtekið, að það er engin sátt um stjórn fiskveiða fólgin í því frv. sem við erum að ræða.

Með leyfi forseta, vitna ég áfram í orð Landssambands smábátaeigenda. „Þó vissulega hafi það verið krafa almennings að gjald skuli tekið af þeim aðilum sem falið hefur verið að nýta auðlindina og koma afrakstrinum í verðmæti eins og lagt er til í frumvarpinu hefur það aldrei verið krafa almennings að breyta lögunum í átt til einokunar."

Virðulegi forseti. Einhvern veginn finnst mér að ég hafi verið að segja þessi orð áður. Þarna birtist afstaða Landssambands smábátaeigenda. Í umsögn Landssambands smábátaeigenda segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Það yrði óhugnanlegt að upplifa að t.d. tvö fyrirtæki hefðu yfirráðarétt yfir öllum veiðiheimildum í ýsu, tegund sem veidd er af öllum botnfiskútgerðarflokkum."

Það er ekki mikið hlustað á svona athugasemdir, virðulegur forseti. Þessar athugasemdir eru látnar sem vindur um eyru þjóta þannig að þetta eru hlutir sem ég geri miklar athugasemdir við.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðunni sinni.)

Virðulegur forseti. Ég á eftir að fara yfir örfáar umsagnir og með því get ég í sjálfu sér lokið þessari umfjöllun. Hins vegar er ég með plagg sem heitir Útvegurinn sem væri ástæða til að fara yfir í mjög miklu máli, en ef það væri til að liðka fyrir störfum þingsins þá gæti ég lokið þessum umsögnum á kannski 20 mínútum.

(**Forseti** (ÁSJ): Þá vill forseti biðja hv. þm. um að gera hlé á ræðu sinni þegar vel stendur á.)

Það er alveg sjálfsagt að gera það hlé nú þegar, herra forseti. Ég get líka haldið áfram, virðulegi forseti, ef það hentar og ég get stoppað eftir 10 mínútur, sýnist mér.

[18:55]

Útbýting þingskjala:

Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 575. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1333; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1334.

Álbræðsla á Grundartanga, 716. mál, nál. iðnn., þskj. 1346.

Deilur Ísraels og Palestínumanna, 734. mál, þáltill. utanrmn., þskj. 1345.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, brtt. GHall, þskj. 1328.

Sjóðandi lághitasvæði, 192. mál, nál. iðnn., þskj. 1331.

Skráning skipa, 285. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1332.

Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, 54. mál, nál. iðnn., þskj. 1329.

Vistvænt eldsneyti á Íslandi, 343. mál, nál. iðnn., þskj. 1330.

[Fundarhlé. — 18:57]

[19:32]

Gísli S. Einarsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég var kominn þar að í ræðu minni að ég var að fara yfir umsagnir um frv. til laga um stjórn fiskveiða, veiðigjald o.fl. frá hinum ýmsu aðilum í samfélaginu og ég tel að það sé kannski ástæða til, af því að þessi virðulegur forseti er kominn í stól, rétt að nefna það að sá sem hér stendur er búinn að fara í nokkru máli yfir það sem hann telur vera afleiðingar af notkun dragnótar og ofnotkun, þ.e. allt of miklum skipafjölda sem leyft er að veiða með dragnót í Faxaflóa. Það vill svo til að ég veit að ég og hæstv. sitjandi forseti erum sammála um það að nauðsyn er að gera miklu meiri athuganir og rannsóknir á áhrifum veiðarfæra, svo sem dragnótar og slíkra veiðarfæra, á veiðislóðina ekki bara í Faxaflóa heldur á ýmsum stöðum á landinu.

Ég var kominn þar að ég var að fara yfir álit nokkurra aðila og hafði nefnt Hafrannsóknastofnun, Verslunarráð Íslands og Lögmannafélag Íslands en hjá sumum þessara aðila er nánast engin umsögn eða mjög takmörkuð þar sem er ekki tekin afstaða til efnisinnihalds. Hér er, virðulegi forseti, með leyfi umsögn Gerðahrepps. Þar segir:

„Hreppsnefnd Gerðahrepps mælir ekki með samþykkt frv. Hreppsnefnd Gerðahrepps lýsir andstöðu sinni við núverandi kvótakerfi í heild sinni. Því er óþarfi að gera breytingar á því heldur ber að afnema það."

Herra forseti. Það vill svo til að þessari umsögn er ég algjörlega sammála. Það hefur komið fram í ræðu minni, en við verðum að sjálfsögðu að vita hvað það er sem við viljum fá í staðinn og við verðum auðvitað að gefa þeim útgerðarfyrirtækjum og þeirri starfsemi sem er í landinu sem er háð fiskveiðum tækifæri til að aðlaga sig að breytingum. Þess vegna er ekki hægt að stökkva til þessa máls og draga með einu pennastriki yfir það sem liðið er og hefja nýtt heldur verður að gera þetta með aðlögun og a.m.k. byrja á því að breyta og lagfæra þá alvarlegu ágalla sem eru á framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins.

Ég var að nokkru búinn að fara yfir álit eða umsögn Landssambands smábátaeigenda. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Auk þess sem áður er fram komið um nauðsyn þess að efla umhverfisvænar veiðar og auka atvinnu í hinum dreifðu byggðum mundi breytingin leiða til þess að aflasamsetning breyttist þar sem netaveiðimenn mundu telja þetta fýsilegan kost."

Hvað eru netaveiðimenn að telja fýsilegan kost eða hvað telja menn fýsilegan kost? Jú, það er að auka vistvænar veiðar, þ.e. með línu og krókum. Það er verið að leggja til að 80% af línuafla dagróðrabáta teldist til aflamarks eða krókaaflamarks. Þessi ráðstöfun yrði trúlega sú fyrsta þar sem sjávarbyggðir yrðu beintengdar úthlutun aflamarks og krókaaflamarks með mjög einföldum hætti. Í umsögn Landssambands smábátaeigenda er verið að benda á leiðir sem eru færar til þess að bæta stöðu byggðanna, hinna dreifðu byggða, en samkvæmt greinargerð sem ég hef margvitnað í liggur fyrir að stjórnkerfi fiskveiða hefur bókstaflega leitt til þess að það eru til orðin hugtök eins og samdráttarstaðir og vaxtarstaðir, beint í tengslum við fiskveiðistjórnarkerfið. Samdráttarstaðir og vaxtarstaðir. Vaxtarstaðirnir eru þeir sem hafa náð til sín heimildunum. Samdráttarstaðirnir eru þeir sem hafa látið undan.

Í umsögn Landssambands smábátaeigenda er líka getið um málefni sem ég gerði fyrr að umtalsefni í ræðu minni, þ.e. frystar afurðir, landað á höfn og síðan fluttar til útflutningshafnar, frá t.d. Ísafirði til Reykjavíkur, og síðan er verið að fjalla um fersk flök þar sem segir hér, með leyfi forseta:

„Áður hefur fram komið gríðarlegur munur á útflutningsverðmæti ferskra ýsuflaka og sjófrystra." — Það sem þeir eru að benda á er að með því að aðeins 80% af línuafla dagróðrabáta teldust til aflamarks, þá mundi það gefa margfaldar gjaldeyristekjur og gefa stjórnkerfinu jákvæða ímynd þess eðlis að sérstakt tillit yrði tekið til umhverfisvænna veiða við nýtingu fiskstofna við Ísland. Þetta eru hlutir sem er ákaflega nauðsynlegt að menn skoði, að auka vistvænar veiðar og að gera sem mest verðmæti úr þeim afla sem dreginn er úr sjónum. Það fór ég yfir áður í tengslum við möguleka fiskmarkaðanna til að ná sér í fisk. Það er skelfileg staðreynd, virðulegi forseti, að það skuli vera til í því að fiskur sem fluttur er á markað í Bretlandi sé seldur á 138–150 kr. kílóið á sama tíma og afli úr sama skipi á sama degi er seldur á 220 kr. kílóið á Íslandi. Þetta er óskiljanleg ráðstöfun og ég leyfi mér að segja það, virðulegi forseti. Ég hef sent hverjum einasta þingmanni Íslands bréf þar sem mjög rækilega er útskýrt að þetta sé óviðunandi fyrir fiskvinnsluna sem er án útgerðar, fiskvinnslu sem verður að kaupa allan afla á fiskmarkaði hér. Það er óviðunandi að fiskvinnslan fái ekki að bjóða í allan afla áður en hann er seldur á fiskmarkaði erlendis fyrir miklu lægra verð en gangverðið er heima. Þetta gengur ekki, virðulegi forseti, og þetta er það sem ég hef verið að gagnrýna og er ástæða til að gagnrýna aftur og aftur. Það er ástæða til að fara yfir þessi mál og það þyrfti, eins og

ég sagði í upphafi ræðu minnar, að koma því út til þjóðarinnar hvað það er sem er að. Það er þannig og ég er sannfærður um að meiri hluti þjóðarinnar veit ekki hvað verið er að fjalla um og hvað verið er að gera með því stjórnkerfi sem er við lýði. Það er verið að færa heimildirnar til sífellt færri aðila.

Virðulegur forseti. Umsögn Alþýðusambands Íslands, með leyfi: „Að áliti Alþýðusambands Íslands er hvorki að finna í skýrslu nefndarinnar" — þ.e. nefndarinnar sem var að leggja til hvernig ætti að vinna að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða — „né í fyrirliggjandi frv. ráðherra um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiðanna þau markmið sem vinna átti að með endurskoðuninni enda áttu hagsmunaaðilar enga aðkomu að þeirri umræðu sem þar fór fram."

Virðulegur forseti. Þetta tel ég vera eina óhæfuna varðandi framgang þessara mála, að hagsmunaaðlar eins og Alþýðusamband Íslands fái enga aðild að þeirri aðgerð sem er verið að framkvæma með þeim breytingum sem við erum með í frumvarpsdrögum.

„Meginefni frumvarpsins virðist vera að útfæra veiðigjald á sjávarútveginn sem koma á til framkvæmda 1. sept. 2004, sbr. 10. gr. Þess skal getið að fulltrúar Sjómannasambands Íslands hafa alfarið hafnað auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Það hefur hins vegar verið skoðun Alþýðusambands Íslands að nauðsynlegt sé að taka upp auðlindagjald sem hægt væri að nota sem hagstjórnartæki til þess að jafna óhjákvæmlegar sveiflur í sjávarútvegi. Hefði það verið gert á undanförnum árum væru nú til staðar digrir sjóðir og því værum við betur í stakk búin til að mæta niðurskurði á aflaheimildum. ASÍ fær þó ekki séð með hvaða hætti þessi tillaga með upptöku veiðigjalds eykur sátt um kerfið eða bætir umgengnina um auðlindina. Auk þess hefur veiðileyfagjaldið ekkert með stjórn fiskveiðanna að gera og á því ekki heima í lögum um stjórn fiskveiða."

Virðulegi forseti. Ég geri hlé á tilvitnun og hugleiðing mín er sú að þarna eigi hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mikla samleið með Alþýðusambandi Íslands þar sem segir: „Auk þess hefur veiðileyfagjaldið ekkert með stjórn veiðanna að gera og á því ekki heima í lögunum um stjórn fiskveiða."

Virðulegi forseti. Undir þetta get ég tekið, prýðilega. Það segir hér áfram, með leyfi forseta: „Það alvarlegasta varðandi frv. er að það er ekkert tekið á þeim vandamálum sem lúta að stjórn fiskveiðanna sjálfra. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki getur takmarkað stærð flotans og vegna frelsis útgerðarmanna til að framselja aflamark milli skipa hefur skipum fjölgað verulega á undanförnum árum án þess að nokkuð sé að gert.

Vísindamenn Hafrannsóknastofnunar hafa margsinnis bent á að skark á miðum væri of mikið vegna of stórs fiskiskipaflota." — Ég stoppa við tilvitnunina, virðulegi forseti, því að það vill svo til að sá sem hér stendur var að reyna að lýsa hugsun sinni um það hvernig fiskurinn hefur látið undan öllu því skarki og harki sem er á fiskimiðunum. Þess vegna er bullandi fiskur uppi í harðalandi inn á milli eyja á Breiðafirði, inni á Ísafjarðardjúpi þar sem menn eru að fá allt að 450 kg á bala á slóðinni sem fyrir 50 árum fengust undir 50 kg á. En það var vegna umhverfisástæðna. 1950 til 1954 voru menn að fá niður í 50 kg, reyndar á 385 króka bjóð á sísal-línu sem þá var notuð og verri veiðitæki, en það breytir ekki því að umhverfið er það sem menn hafa ekki heldur tekið nægjanlegt tillit til.

Virðulegi forseti. Ég vitna aftur til umsagnar Alþýðusambands Íslands:

„Það þarf því ekki að koma á óvart að hægt gangi að byggja upp okkar mikilvægustu fiskstofna. Brottkast hefur á undanförnum missirum verið fyrirferðamikið í umræðunni. Fiskistofa hefur lýst því yfir að brottkastið sé mest á kvótalausu skipunum. Þrátt fyrir framangreindar upplýsingar er engin viðleitni í frumvarpinu til að taka á þeim vandamálum er snúa beint að stjórn fiskveiða og bættri umgengni um auðlindina."

Virðulegi forseti. Þetta eru ekki mín orð. Ég er að vitna í umsögn Alþýðusambands Íslands. Einhver hefði ugglaust getað talið þetta vera mín orð vegna þess að einhvers staðar hef ég talað í líkingu við þetta í ræðustúf mínum.

Virðulegi forseti. Tilvitnun í umsögn Alþýðusambands Íslands, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er sem sagt ekki gerð hin minnsta tilraun til að taka á þeim raunverulegu vandamálum sem snúa að stjórn veiðanna og brýnt er að taka á.

Alþýðusamband Íslands telur einsýnt að frumvarpið skapi ekki þá sátt sem þarf um stjórn fiskveiða. Með frumvarpinu ekkert tekið á þörfinni fyrir sveiflujöfnun. Frumvarpið tekur heldur ekki á mikilvægum þáttum sem snúa að hagsmunum byggðanna, sérstaklega atvinnuöryggi fiskverkafólks né heldur réttarstöðu sjómanna. Með samþykkt frumvarpsins er því ekki tekið á þeim mikilvægu þáttum sem nefndinni var falið að gera að öðru leyti en því að taka á hagsmunum útgerðarinnar með því að endurskilgreina þróunarsjóðsgjaldið og kalla það veiðigjald."

Virðulegi forseti. Þessi orð eru ótrúlega nærri því sem stjórnarandstaðan sem hér hefur talað hefur látið frá sér fara. Ég vitna enn, virðulegur forseti, í greinargerð um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun frá Þjóðhagsstofnun sem sett var af með slátrunargjaldi upp á 52 millj. Sennilega er það allt of lág upphæð. Það kostar miklu meira að slátra stofnuninni. En kannski var það fyrir þau orð sem stofnunin hefur sett fram að hún var sett af.

Ástæða er til þess að ræða í nokkru máli um þekkingu manna á hegðun fiskstofna. Óhætt er að rifja það upp að langt fram eftir öldum var þekking manna á lifnaðarháttum fiskstofnanna lítil sem engin. Það er hægt að minna á lifnaðarhætti síldarinnar. Ef maður nefnir þá t.d. þá héldu menn að síldin gengi geysilanga leið, allt frá norðurheimskauti suður til Frakklands og sömu leið til baka á hverju ári. Menn höfðu ýmsar skoðanir á orsökum þessa ferðalags. Sumir héldu að hvalir rækju síldina á undan sér. Aðrir héldu að þarna væri forsjón guðs að verki. Ýmsir veraldlegir menn álitu hins vegar að fæðuleysi norður við heimskautið ræki hana suður á bóginn. Það leið allt fram til loka 18. aldar að menn afsönnuðu þetta. Menn hafa komist að merkilegum hlutum. En ég held að þeir hlutir séu enn merkilegri sem menn hafa ekki komist að vegna þess að við höfum ekki lagt nógu mikið í *að rannsaka það sem þjóðin lifir á að mestu leyti.*

Virðulegur forseti. Ég held að ástæða sé til þess undir lok ræðu minnar sem verður kannski í 10–15 mínútur til viðbótar — ég þori þó ekki að segja um það. En vegna þeirra sem næstir eru á mælendaskrá er óhætt að láta aðeins vita um þann tíma sem eftir er — að minnast aðeins á upphaf alvöruútgerðar á Íslandi í lok 18. aldar. Þá voru þeir sem höfðu ekki látið bugast við aflaleysið á hverju sem dundi, menn sem voru flestir tengdir sjávarútvegi. Þeim var í raun inni ljóst að allt sem horfði til nýsköpunar og framfara var bundið sjónum. Þessir menn áttu samherja og vitorðsmenn

alls staðar meðal sjómanna, meðal bænda, meðal embættismanna. Þeir urðu í rauninni samnefnari þeirra afla og athafna sem fleyttu þjóðinni yfir fyrstu aldamótin á Íslandi sem í raun voru meira en aldamót því að þau voru nýtt líf. Þau voru nýr tími. Fram stigu nýir menn sem hugsuðu hátt og báru djarfar vonir í brjósti. Þeir voru ekki stakir hrópendur í eyðimörk. Andi ferskra viðhorfa lá í loftinu á þeim tíma. Þetta voru kappsfullir ósérhlífnir menn. Þeir réðust í mikilvægar og umfangsmiklar framkvæmdir í atvinnulífi og menntamálum. Sjávarútvegur var efldur, togaraútgerð, verslun varð innlend. Innlendir bankar voru stofnaðir og tryggingamál voru ný af nálinni. Farið var að byggja upp háskólann og nýtt skólakerfi. Þetta voru mennirnir sem réðust í upphaf útgerðar hér á landi. Enn þá eru örugglega margir frumkvöðlar til á Íslandi, en þeir eru færri sem komast að.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að vitna í Svartan sjó af síld eftir Birgi Sigurðsson þar sem segir örlítið um rómantík þeirra ára þegar síldin var veidd. Þetta er á bls. 115 þar sem er verið að fjalla um síldveiðar sem siðspillandi og stórhættulegan atvinnuveg. Það álitu auðvitað þeir sem héldu að *eintómt sukk og svínarí ætti sér stað í síldarbæjunum* sem kallaðir voru svo. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Sagnir um frjálst ástalíf og lausung voru bundnar fleiri síldarstöðvum en Siglufirði. Þær voru ekki alltaf andstyggilegar. Stundum ekki annað en skrýtlur."

Þessi var þekkt og hana heyrði ég sjálfur þegar ég var ungur maður 1959, þá háseti á síld. Þá gekk þessi brandari:

„Ungur maður spyr unga stúlku: Ertu gift?

Stúlkan svarar: Nei, ég er ekki gift en ég hef verið í Hrísey."

Þetta þótti gróður brandari í eina tíð.

„Þetta hafa menn enn að viðkvæði í Hrísey. Þessi skrýtla hefur hins vegar heldur betur fengið þjóðlega meðferð eins og margar aðrar sagnir og ummæli úr síldinni: Heimildir herma að það hafi verið karlmaður en ekki stúlka sem spurður var og svaraði. En munnmælaskáldum hefur þótt fara betur á að eigna þessi ummæli stúlku, ...

Síldin kom víða við. Stundum á svo afskekktum stöðum að þangað lágu engar leiðir nema þær væru á vegum síldarinnar. Þannig var um Djúpuvík í Reykjarfirði."

Virðulegi forseti. Ég er að koma að lokaorðum og ég vil segja að þegar menn eru að velta fyrir sér síldinni, þegar menn eru að velta fyrir sér þorskinum, þegar menn eru að velta fyrir sér ýsunni, þegar menn eru að velta fyrir sér lúðunni, þegar menn eru að velta fyrir sér kolanum, þegar menn eru að velta fyrir sér ufsanum og öðrum tegundum sem við höfum verið að veiða og í sumum tilvikum að eyða þá eru í þessari bók lokaorð sem ekki er hægt að sleppa. Ég hef verið að vitna í þá ágætu bók, Svartan sjó af síld. Lokaorðin eru, með leyfi forseta: „Kemur hún aftur?" Í þessum kafla birtist það sem sjómenn og þessi þjóð hefur lifað á, þ.e. að alltaf er von.

„Jakob Jakobsson: „Vetursetustöðvar afkomenda '69 árgangsins hafa aðallega verið í djúpum fjörðum í Lófóten. Á hrygningartímanum gengur þessi síld út úr fjörðunum til hrygningarstöðvanna sem hafa einkum verið við Mæri. Síðan hefur reglan verið sú að síldin hefur gengið norður með norsku strandlengjunni og haldið til við Norður-Noreg á sumrin. Sigið síðan aftur inn á firði í Lófóten þegar fer að hausta. Þetta er auðvitað svo gjörólíkt göngumynstrinu þegar hún gekk til Íslands að ekki er unnt að bera það saman. Síldin er íhaldssamur fiskur. Hún heldur sig við sömu gönguleiðir þar til eitthvað gerist sem neyðir hana til að breyta um hegðun."

Virðulegi forseti. Ég stoppa aðeins við. Ég er að ræða um síld. Hvað er að gerast með þorskinn við Ísland? Af hverju *er hann svona tregur á djúpslóð?* Af hverju er svona mikið af þorski komið upp á grunnslóð? Það er vegna þess að munstrið er að breytast. Getur það sama ekki átt við um þorskinn eins og síldina sem Jakob Jakobsson lýsir svo greinilega hvernig hegðaði sér? Áfram tilvitnun í þessi lokaorð:

„Norsk-íslenska síldin heldur sig sem sagt núna í norska strandsjónum. Ef stofninn stækkar verulega eyðist átan á þessu svæði og þá má búast við að síldin leggi út á hafið í *ætisleit. Hún gerði það að nokkru leyti 1988. Þá fannst síld* í talsverðum mæli miðja vegu milli Íslands og Noregs. En hún fór ekki lengra. Hefur sennilega haft nóga átu á þessu svæði."

Virðulegi forseti. Það sem þessi vísindamaður okkar er að segja er að stofnarnir hegða sér eftir umhverfinu í hafinu. Þá er komið að því sem ég var að reyna að lýsa varðandi Ísafjarðardjúpið. Ég held áfram með tilvitnun:

„En þegar þessi síld, sem hélt út á hafið milli Íslands og Færeyja í fyrra, [þ.e. kringum 1990] hafði dvalið á vetursetustöðvum sínum, gerðist mjög merkilegur atburður: Hún hryngndi miðja vegu milli Bergen og Stavanger, við Karmøy. Þar voru mjög frægar hrygningarstöðvar á fyrri hemingi þessarar aldar. Þegar síldargöngurnar voru hvað öflugastar til Íslands komu þær frá þessum hrygningarstöðvum við suðvestanverðan Noreg. Þetta er í fyrsta sinn í 30 ár sem síld hrygnir á þessum gömlu slóðum. Það kveikti von um að hún væri nú að taka upp sínar gömlu venjur. Það vorar snemma í sjónum þarna suður frá. Þegar átan kemur upp fylgir síldin henni út á hafið. Við vitum þó að stofninn stækkar ekkert næstu fjögur til fimm árin vegna lélegra árganga. En árgangurinn '83 var sterkur og hugsanlegt að hann fitji upp á því að koma hingað að Austur-Íslandsstraumnum. Betur að svo yrði. En þótt það gerðist geta Íslendingar ekki verið þekktir fyrir að hefja einhverjar veiðar að ráði úr þessum eina árangi. Við yrðum að bíða eftir að aðrir árgangar kæmust í gagnið og það tekur fjögur til fimm ár. Kröftugar göngur koma ekki fyrr en nokkrir árgangar eru komnir á legg." (**LB:** Og ætla þeir að leggja veiðigjald á þetta?) Já, það er rétt, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Þetta ætla þeir að leggja veiðigjald á. Og ekki nóg með það heldur á að afhenda veiðiréttinn, hv. þm., til örfárra aðila. (**LB:** Það er ekki nýtt hjá þessum mönnum.)

Virðulegi forseti. Ég á aðeins eftir nokkur orð af tilvitnuninni:

„Kröftugar göngur koma ekki fyrr en nokkrir árgangar eru komnir á legg. Þegar líður að aldamótum fara líkurnar á slíkum göngum mjög að aukast.""

Hún kemur sem sé aftur. Þar kem ég, virðulegur forseti, að *voninni sem lifir sífellt í brjósti sjómannsins. Hún kemur* sem sé aftur. Það er ótrúlega stutt í það. Fyrir aldamótin — þessi bók er gefin út 1992 — er þetta sagt. Fyrir aldamótin, í mesta lagi aðeins seinna, kannski aldamótaárið sjálft. Það var árið 2000. Hver veit. Ef hún kemur ekki þá kemur hún 2001. Ef ekki það sumar kemur hún 2002. Ef ekki þá hlýtur hún að koma. Hún kemur aftur.

Virðulegur forseti. Ástæðan þess að ég vitna í þessa bók er sú að *hún segir mikið frá hugsanagangi sjómannsins. Hún* segir mikið frá rómantík sem var til í kringum sjómennsku.

Rómantíkin hefur reyndað minnkað. En það hafa orðið framfarir, miklar framfarir, og síldin sem nefnd var silfur hafsins gerði menn á sínum tíma bæði að milljónerum og beiningamönnum. Sá tími kemur sennilega aldrei aftur að þannig verði unnið á Íslandi að menn (Gripið fram í.) ýmist fari á hausinn eða verði milljónerar nema þessir örfáu sem hafa yfirráð yfir (Gripið fram í.) heimildunum.

Virðulegur forseti. Í upphafi máls míns sagði ég að ég gæti ekki samþykkt þetta frv. Í hjarta mínu er ég gjörsamlega ósammála því fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum haft. Allt sem ég er alinn upp við, allt sem ég þekki til sjómennsku er andstætt því sem það fiskveiðistjórnarkerfi hefur skapað og dregið yfir Ísland. Þetta fiskveiðistjórnarkerfi hefur verið byggðaeyðandi. Það hefur dregið frá samdráttarbyggðunum, þ.e. Vestfjörðum og hluta smærri fiskiþorpa úti á landi, til hinna stærri. Þetta er andstætt uppeldi mínu. Þetta er andstætt hugsun minni. Þetta er andstætt sál minni. Þetta er andstætt geði mínu. Ég hafna þessu frv., virðulegur forseti. Með þessum orðum get ég látið máli mínu lokið, en þó, eins og ég sagði áður, væri ástæða til þess að fara yfir þetta blað hér, (Gripið fram í.) Útveginn, þar sem gerð er grein fyrir pantaðri skoðanakönnun LÍÚ.

[20:02]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 678. mál, þskj. 1310.

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), 427. mál, þskj. 1309.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, 239. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1350.

Átraskanir, 337. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1352.

Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1349.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, 37. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1347.

Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, 55. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1348.

Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, 317. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1351.

Þjóðhagsstofnun o.fl., 709. mál, þskj. 1303.

[20:03]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og ég hef tekið fram í umræðunni um frv. þetta í þingflokki mínum og eins og ég fór rækilega yfir við 1. umr. þessa máls mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv. enda fjallar það fyrst og fremst um auðlindaskatt á sjávarútveg. Við höfum rætt flesta þætti þessa máls oft áður. Mönnum ætti að vera nokkuð kunnugt um skoðanir hvers annars á því. Hér á eftir mun ágætur þingmaður, eins og svo oft áður í vetur, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, halda fræðsluerindi um niðurstöður auðlindanefndar. Hún hefur gert það nokkrum sinnum í vetur á ákaflega glöggan og ágætan hátt og ég býst við að fá slíkan fræðslufyrirlestur hér á eftir. Hins vegar liggur fyrir, herra forseti, að ég er sama sinnis og áður. Ég er sannfærður um að tillögur auðlindanefndar byggja á gríðarlegum misskilningi að öllu leyti. Að fara að þeim yrði mjög óheppilegt fyrir íslenskt efnahagslíf burt séð frá því hvort skattleggja á vatnsafl, sjávarútveg eða eitthvað annað.

Það mun alltaf koma illa niður á samkeppnishæfni þeirra atvinnugreina sem um er að ræða. Við vitum að í sjávarútvegi, svo langt sem augað eygir, megum við búast við því að það verði seljendamarkaður á bolfisknum á fiskmörkuðum Íslands, það verði seljendamarkaður. Níðskattur með þessu nafni sem nú á að lögfesta formlega getur því aldrei verið greiddur öðruvísi en að skerða hæfni þeirra útflutningsfyrirtækja sem kaupa fiskinn, vinna hann og skerða hæfni þeirra til að borga kaup. Með þessari formlegu viðurkenningu erum við að vega í þann knérunn sem síst skyldi. Landsbyggðin sem byggir afkomu sínu og tilveru fyrst og fremst á sjávarþorpunum vítt og breitt um landið má síst við því að geta útflutningsfyrirtækjanna sé skert að þessu leyti. Þetta hefur samt verið niðurstaðan sem flutt er af ríkisstjórninni.

Stjórnarandstaðan hefur í vetur tilkynnt sjónarmið sín. Þeir vilja ekki styðja þennan auðlindaskatt, segja þeir, heldur telja þeir rétt að fara svokallaða fyrningarleið. Hver er þessi fyrningarleið? Jú, ríkið ætti samkvæmt því að taka til sín ákveðinn hundraðshluta veiðiheimilda á hverju ári. Bíðum við. Við skulum ætla að útgerðinni sé gert kleift að afskrifa það. Hvort sem það er á 10, 20 eða 30 árum sem þetta á að skipta um eigendur, má ætla að útgerðin komi út á núlli. Hvað ætla menn svo að gera við veiðiheimildirnar? Þeir ætla að úthluta þeim aftur gegn einhverju gjaldi að mér skilst. Og hver er þá munurinn? Hver ætlar að borga það gjald og niður á hverjum kemur það? Það mun koma niður á greiðsluhæfni þessara sömu fyrirtækja, hæfni þeirra til að borga laun, fyrst og fremst fiskverkafólki. Það er sama hvernig við förum yfir þetta. Þetta getur ekki snúist um það. Það getur ekki verið að umræðan í dag varðandi fiskveiðarnar eigi að snúast um hvort við ætlum að hafa auðlindagald eða svokallaða fyrningarleið. Það er nákvæmlega sami hluturinn þegar upp er staðið og síst það sem sjávarútvegurinn má við í dag, að vera skattlagður aukalega.

Ég hef gert það að umræðuefni hér, herra forseti, að í 18 ár höfum þóst vera að stjórna fiskveiðunum með aflakvótakerfinu. Þessi 18 ár sem við reyndum að stjórna til þess að byggja upp fiskveiðistofnana, til að hámarka arðinn á sjávarútveginum, hefur allt gengið aftur á bak miðað við það sem við ætluðum. Allra verst hefur þó gengið í þorskveiðunum. Það má segja, eins og ég hef sagt hér áður, að sumar aðrar veiðar hafi gengið miklu betur, en það er fyrst og fremst í þorskveiðunum sem þetta hefur gengið mjög illa og það er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af því að svo verði áfram. Haldi svo fram sem horfir er um að ræða hreinan þjóðarvoða.

Segja má að samdrátturinn í þorskveiðum sé aðalbyggðavandi Íslands, þ.e. að okkur hafi ekki tekist að byggja upp þorskstofnana en þorskurinn hefur, eins og allir vita, um áratuga skeið verið meginstoðin í uppbyggingu Íslands. Það að við komumst úr fátækt til bjargálna í upphafi síðustu aldar er fyrst og fremst að þakka veiðum okkar á Íslandsmiðum. Þetta er allt saman byggt fyrir fisk. Verði ekki breyting á stefnum við í hreinan þjóðarvoða. Það er því ástæðulaust, algerlega tilhæfulaust og ekki hægt að fyrirgefa það ef niðurstaðan verður sú núna að þingheimur samþykki þessa tillögu. En þeir sem eru á móti, stjórnarandstaðan, er á móti vegna þess að þeir vilja heldur skattleggja sjávarútveginn með afskriftareglum en með auðlindagjaldi. Á því er enginn munur.

Það er hörmulegt, herra forseti, að við skulum í þessari stöðu standa frammi fyrir því að enginn vilji ræða í nokkurri alvöru að þorskstofninn við Ísland fer stöðugt minnkandi, árangur okkar er enginn og verri en það. Við verðum að ræða það í fullri alvöru.

Við höfum nýlega fengið, fyrir nokkrum dögum, fyrsta álit Hafrannsóknastofnunar eftir vorrallið. Það var ekki björgulegt. Það var reynt að halda því á loft að eitthvað væri jákvætt við það en mest af því var neikvætt. Eins árs fiskurinn finnst t.d. ekki og fiskur eldri en fimm ára finnst ekki heldur. Ég ætla ekki að leggja dóm á störf Hafrannsóknastofnunar nú frekar en áður en við erum samt alltaf að fara aftur á bak. Sjálfur veit ég ekki hverju ég á að trúa. Ég viðurkenni það fúslega. Ég ætla að svo sé um flesta þingmenn að þeir viti það bara alls ekki heldur. En eitthvað gerir það þó að verkum að við þorum ekki annað en halda áfram að minnka aflakvótana ár eftir ár. Ég get ekki séð annað en svo haldi áfram. Ég hef enga trú á því að þeir verði auknir miðað við þær skýrslur sem við höfum fengið.

Fyrr í dag, herra forseti, gerði hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson að umtalsefni grein sem birtist í Morgunblaðinu á sunnudaginn eftir efnafræðinginn Jónas Bjarnason. Hann las m.a. upp úr verulegum hluta þeirrar greinar. Jónas hefur á undanförnum mánuðum verið að benda lesendum Morgunblaðsins á nýja vídd í þessu máli. Víddin sem hann er að benda á er kannski enn hryllilegri en aðrir hafa viljað tala um. Hún er það alvarleg, herra forseti, að við hljótum að spyrja: Er þetta hugsanlegt? Jónas bendir á að það fari saman að þorskstofninn sé að minnka og vöxtur hans hægist. Hvernig í veröldinni má vera að það fari saman, að stofninn bæði minnki og vöxtur hans hægist?

Talið er að þorskstofninn sé nú 577 þús. tonn og hafi minnkað úr 2–2,5 millj. tonna lengst af síðustu öld. En vöxturinn hefur líka minnkað á fiski. Stuðullinn hefur farið úr 6–6,5 niður í það sem er í dag 1,7–1,8. Þessi fræðimaður dregur upp fyrir okkur hrikalega sýn. Í þessari grein bendir hann líka á að mjög mikil samsvörun sé milli þess sem er að gerast á Íslandsmiðum í dag og þess sem var að gerast á hinum gjöfulu miðum við Nýfundnaland og Kanada árinu áður en sá fiskstofn hrundi endanlega. Hann hafði lengi vel verið mældur um 1 millj. tonna. En þegar þeir hættu fyrir rúmum tíu árum reyndist hann allt í einu 50 þús. tonn. Það sem er enn þá verra er að hann virðist ekki ná sér þrátt fyrir veiðibann í nærri áratug. Ef eitthvað slíkt kæmi fyrir Ísland þá þyrft ekki um að binda. Það væri meiri hryllingur en við höfum ímyndunarafl til að tala um í dag, herra forseti.

Ég vil gera að tillögu minni til hæstv. sjútvrh. að hann standi fyrir því nú í sumar að skipa milliþinganefnd þingmanna til að rannsaka þau sjónarmið og gögn sem dr. Jónas Bjarnason leggur til grundvallar þessum skrifum sínum. Við getum ekki skorast undan því, herra forseti, að skoða þessa hluti ofan í kjölinn. Við getum ekki staðið frammi fyrir því ef svo fer sem horfir áfram að hafa ekki reynt að rannsaka með öllum ráðum hvort svo megi vera. En inntakið í grein Jónasar gengur út á að þorskveiðarnar hafi alls staðar á öllum fiskimiðum farið niður. Hann telur einsýnt að einmitt stærðarveljandi veiðarfæri eigi mjög stóran þátt í því. Það er líka einsýnt af skrifum hans og ræðum að hann telur að aflakvótakerfið, sem bætist ofan á stærðarveljandi veiðarfæri sé eins og að skvetta olíu á eldinn. Aflavótakerfið hvetur menn þar að auki til þess að velja aflann, sækja í stærsta fiskinn. Þar ber allt að sama brunni. Við erum að veiða ofan af þessum stofni með þeim árangri að það er alltaf minni og minni vöxtur í honum. Seiðin sem lifa af hafa minnsta vaxtarmöguleika.

Ég hef alla tíð, herra forseti, mjög efast um aflakvótakerfið í bolfiskveiðum og aldrei verið vissari um það en núna að við förum rangt að, enda liggur fyrir eftir 18 ára reynslu okkar að við höfum bara farið aftur á bak en aldrei áfram og við erum að gera það. Ég tel að allt bendi til þess að við eigum að hætta því — því fyrr, því betra. Það er engin ástæða fyrir þessa þjóð til að halda áfram í ótíma því kerfi sem engu hefur skilað. Til þess er engin ástæða. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það er alveg hægt að skipta um kerfi, rétt eins og Færeyingar gerðu. Það er hægt að umreikna veiðirétt manna alveg eins úr aflakerfi í sóknarkerfi. Það er mjög auðvelt og hefur verið gert. Forusta útgerðarinnar hefur staðið gegn öllum hugmyndum um að breyta þessu en hún verður að horfast í augu við að fari eins og í Kanada er engu að skipta. Þeir eiga allra hagsmuna að gæta ekki síður en aðrir Íslendingar í að við reynum til þrautar öll þau ráð sem mönnum detta í hug til þess að stoppa þennan ófögnuð.

Ég er þess fullviss að við eigum ekki að halda áfram aflakvótakerfinu í bolfiskinum og minni á að höfundur nýliðunarmódelsins, Bermington sjálfur, varaði við því að nota þetta kerfi á bolfiskinn. Hann sagði sjálfur að helst væri hægt að nota það á uppsjávarfiskana og varaði við að nota það á þorskinn.

Tvö meginatriði, herra forseti, tel ég þar að auki að við verðum að leggja áherslu á í dag sem skiptir öllu máli fyrir framtíð sjávarútvegsins. Stjórnvöld verða með öllu móti að einbeita sér að því verkefni að setja lög sem tryggi að við getum stjórnað stærð fiskiskipaflotans eins og aðrar þjóðir. Það er lykilatriði til að hér geti nokkurn tíma orðið nokkur framför.

Í öðru lagi er ljóst, herra forseti, að einokun ríkisins á vísindum er hættulegasta einangrun sem komið getur fyrir nokkra þjóð. Okkur ber að sjá svo um að vísindin og rannsóknirnar verði frjálsar þannig að allir okkar bestu menn geti komið þar að borði, menn geti lagt sig alla fram, lagt saman þekkingu sína og af fremsta megni reynt að finna út hvernig í veröldinni við eigum að koma okkur út úr þeim ógöngum sem við erum komin í.

[20:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki hafa uppi mjög langar orðræður um þetta mál. Ég vísa til þess sem áheyrnarfulltrúi okkar í sjútvn., Árni Steinar Jóhannsson, hefur þegar sagt. Hann hefur gert grein fyrir afstöðu okkar og tillögum og þarf ekki að endurtaka það.

Það er ekki hægt annað, herra forseti, en að harma það sem ýmsir telja að séu að verða einhver málalok í þessu langa ströggli um endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar sem staðið hefur nú um nokkurt árabil með væntingum, a.m.k. framan af, um að í sjónmáli væru breytingar á löggjöfinni um stjórn fiskveiða og fyrirkomulaginu sem mundu laða fram betri sátt í þjóðfélaginu um þennan grundvallaratvinnuveg og málefni hans og þær leikreglur sem hann starfar eftir. Það er öllum ljóst sem fylgst hafa með umræðum bæði á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu síðustu vikur og mánuði að þetta hefur mistekist. Þetta hefur mistekist svoleiðis með öllu að í raun og veru eru menn kannski að sumu leyti fjær því að í sjónmáli sé einhver skikkanlegur friður um þessa hluti en menn voru áður en allt þetta starf fór af stað, skipun auðlindanefndar og endurskoðunarnefndar og öll sú orka sem í það hefur farið. Ég segi fjær vegna þess að það er orðin mjög mikil og almenn tortryggni ríkjandi í þjóðfélaginu gagnvart því að það muni nokkurn tíma takast að breyta frá því kerfi sem við erum frosin föst í einfaldlega vegna þess að þau hagsmunaöfl

séu svo voldug og þau hafi valdað svo vel stöðu sína, a.m.k. í tveimur stjórnmálaflokkum, að þar verði engu um hnikað.

Á hinn bóginn mætti segja að þessi vinna hafi að sumu leyti fært menn nær mögulegri niðurstöðu sem að mjög margra mati gæti haft í för með sér miklu skárri samstöðu um þessi mál, einhvers konar blandaða leið þar sem menn mundu a.m.k. að hluta til ef ekki að öllu leyti, losa réttinn út úr núverandi kerfi þó svo það tæki nokkurn tíma og endurráðstafa honum eða endurútdeila honum með einhvern veginn þannig aðferðum, kannski blöndu af leigu, byggðatengingu og afnotum af samningum við útgerðir sem þyddu að þó að enginn fengi kannski fram sína óskalausn þá ætti að felast í slíku miklu betri málamiðlun ólíkra sjónarmiða, ólíkra hagsmuna en nú eru í boði því að það er engin málamiðlun í boði. Það er keyrt áfram eftir hagsmunum eins aðila í þessu dæmi, þ.e. útgerðarinnar, það er alveg ljóst. Það er gefið með sama hætti í þessu spili eins og gert var árið 1983. Útgerðinni eru færð öll háspilin á hendur eða nær er að segja núverandi handhafar veiðiheimildanna sem annaðhvort á grundvelli gamallar veiðireynslu eða viðskipta í sjávarútvegi hafa náð þeim í sínar hendur.

Þess vegna held ég, herra forseti, að í raun og veru þurfi ekkert endilega að setja á langar ræður um þessa svokölluðu niðurstöðu sem hér er í sjónmáli vegna þess að þetta er engin niðurstaða og þessi svokölluðu málalok eru engin málalok. Ég held það hljóti að vera hverju einasta mannsbarni ljóst að þetta er ósköp einfaldlega ávísun á það að átökin halda áfram og barátta manna fyrir því að breyta þessu kerfi heldur áfram. Hún er dæmd til að gera það vegna þess að maður hefur enga trú á að þetta sætti á nokkurn hátt þannig andstæðurnar sem uppi eru í málinu milli útgerðar, milli byggða, fiskvinnslu, landverkafólks, sjómanna og í raun og veru þjóðarinnar, að það verði mikið hlé á þessari baráttu. Kannski eru menn þreyttir og það eru vissulega ýmsir orðnir sem eru búnir að lemjast um í þessu árum svo ekki sé sagt áratugum saman. Þeir eru orðnir svolítið slitnir í umræðunni og það er erfitt að láta sér detta mikið nýtt í hug. Það skal fúslega viðurkennt að ræðumaður er í þeim hópi, hafandi verið í þessu í 19 ár því að nú styttist mjög í að það séu 19 ár síðan svarta skýrslan kom út á vordögum 1983 sem var undanfari kvótakerfisins sem skellt var á rétt fyrir árslok 1983. En aðrir verða þá til þess að taka upp merkið og það er algjörlega ljóst að leitin að betri sátt um þessa hluti heldur áfram. Jafnvel þó það kæmi ekki til ætla ég að leyfa mér að gerast sá spámaður að þjóðin muni á næstu árum bera gæfu til þess að gera breytingar á þessu kerfi vegna þess að ég er algerlega sannfærður um að það þarf hún að gera. Annars stefnir hér illa. Ég held að eitt það hættulegasta og vitlausasta sem gæti gerst í íslenskum sjávarútvegi væri að svo til allar veiðiheimildir í bolfiski á Íslandsmiðum færðust á hendur þriggja, fimm eða þó þær væru sjö eða níu, fyrirtækja með tiltölulega mjög einhæfan rekstur, með tiltölulega einhæfa útgerðarþætti takandi aflann kannski að mestu eða svo til öllu leyti í eitt og sama veiðarfærið og með því álagi á tiltekin mið við landið sem því mundi fylgja.

Eitt er víst og það er að með slíkum breytingum hlytu menn að vera að taka mikla áhættu. Við höfum vissa reynslu af því hvernig blandaður sjávarútvegur þar sem saman voru togarar, vertíðarbátar, dagróðrabátar og grunnslóðafloti og trillur með allri þeirri blöndu af veiðarfærum sem hér var notuð um margra áratuga skeið í íslenskum sjávarútvegi, í raun og veru eftir að togveiðarfæri urðu útbreidd í flotanum, við höfum vissa reynslu af því hvernig sú samsetning gafst. Aflatölur t.d. frá stærstum hluta síðustu aldar eru að stofni til upprunnar í slíku mjög blönduðu kerfi og það er dálítið athyglisvert að fara í gegnum hlutföllin. Þau haldast tiltölulega stöðug á löngum árabilum, að vísu svolítið háð endurnýjun í flotanum þegar koma inn endurnýjunartímabil eins og í togaraflotanum. Í kannski þremur til fjórum megingusum á 20. öldinni verður þarna ákveðin breyting á en þó minni en maður skyldi ætla vegna þess að það varð líka uppbygging í bátaflotanum og síðan tengdist þetta útfærslu landhelginnar og því að við tókum síaukinn hlut sjálfir og að lokum allan í okkar þágu. En nú bjóða menn upp á kerfi sem er þannig saman sett að þetta gæti tekið og tekur mjög miklum breytingum. Hver eru vísindin á bak við það að í því sé ekki fólgin einhver áhætta? Eru menn ekkert orðnir þreyttir á kenningunum um að það skipti engu máli hvaða þorskur er tekinn og hvernig hann er tekinn upp í þessi tonn sem menn telja að megi veiða hverju sinni? Er ekki alltaf að verða veikara og veikara undir þeim faglega? Þetta ýtir til hliðar öllum kenningum um að það skipti máli hvernig veiðiálagið leggst á stofninn. Þetta horfir algerlega fram hjá því að þorskstofninn við landið kann að vera að hluta til staðbundnari en menn hafa hingað til viðurkennt o.s.frv. Ég held að menn hljóti að verða að horfast í augu við þetta og viðurkenna. En kerfið er keyrt áfram algerlega blint og kraftarnir á bak við það eru fyrst og fremst hagsmunir fjármagnsins sem liggur núna bundið í greininni og þeirra sem hafa arð af rekstrinum í óbreyttri mynd sinni dag frá degi um þessar mundir. Þetta er ekkert flóknara en það. Og á meðan menn láta algerlega undan kröfum og þrýstingi þessara aðila, þá koma menn engum öðrum sjónarmiðum að, engum öðrum mögulegum hagsmunum við svo sem eins og hagsmunum þjóðarinnar til lengri tíma litið af uppbyggingu og skynsamlegri og hófstilltri nýtingu þessara stofna, svo ekki sé talað um alla aðra hluti eins og umhverfissjónarmið og þróun greinarinnar í átt til sjálfbærra og vistvænna nýtingarhátta, byggðasjónarmið, atvinnuöryggi eða annað slíkt.

Þess vegna, herra forseti, er það samt sem áður dapurlegt þó að maður trúi því að hér sé ekki verið að festa í sessi niðurstöðu sem muni standa lengi óbreytt eða a.m.k. verði örugglega gerðar tilraunir til að hagga henni, þá er það á vissan hátt dapurlegt að hér skuli nakin málalok vera þau að þegar upp var staðið reyndist enginn vilji til þess að gera neinar þær breytingar á því kerfi sem máli skipta. Hann bara gufaði upp og hvarf til himna með öllu sáttahjalinu eða hvort það fór hina leiðina. Það er alla vega þagnað í dag. Það er sennilega rétt sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur verið hvað drýgstur við að segja og fyrstur manna að það hafi kannski ekki verið miklar innstæður á bak við það. Þetta hafi að stærstum hluta til verið sviðsetning og leikrit sem menn settu á fyrir síðustu alþingiskosningar af því að þá höfðu menn hitann í haldinu og fundu að það var mikill þrýstingur úti í þjóðfélaginu.

Þetta er skurðpunktur málsins að mínu mati, þ.e. spurningin um átökin á milli þeirra sem leynt og ljóst og þó með einhverjum slaufum sé vilja keyra þetta kerfi óbreytt áfram og svo allra hinna sem væru fyrir sitt leyti tilbúnir til að gera á því einhverjar breytingar. Um það eru vissulega uppi ýmis sjónarmið, í hvaða átt þær ættu að ganga og hversu róttækar þær ættu að vera, allt frá því að það heyrast raddir eins og sú sem hér talaði síðast frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, sem margendurtekið hefur velt upp þeim hugmyndum að

leggja eigi aflamarskskerfið sem slíkt til hliðar af því að það sé í raun ónothæft og skili okkur ekki neinum árangri, og má til sanns vegar færa, yfir í hitt að menn eru að tala um einhverjar blandaðar leiðir þar sem kannski yrði áfram stuðst að verulegu leyti eða jafnvel alfarið við aflamarkskerfið en réttindin yrðu meðhöndluð með öðrum hætti, þeim yrði endurráðstafað eða þau innleyst og þeim síðan endurráðstafað. Þá geta að sjálfsögðu komið ýmsir möguleikar og ýmsar blöndur leiða til greina. Það skyldi nú ekki vera svo eins og oft vill verða að líklegast væri að sæmilegur friður gæti skapast um einhverja blandaða leið sem fæli í sér að eftir því sem mögulegt væri væri tekið tillit til þessara samsettu hagsmuna sem eru í þessari grein. En ef viljann skortir í grunninn til þess að breyta nokkrum sköpuðum hlut þá keyra menn þetta svona áfram.

Það sem ég held að sé alvarlegast við stöðuna í dag, herra forseti, er náttúrlega í fyrsta lagi það sem hv. síðasti ræðumaður nefndi einnig að kerfið hefur ekki skilað okkur árangri. Ég man vel ræðuhöldin um það að þetta mundi byggja stofnana upp á tilteknu árabili og reyndar er það svo dapurlegt þegar það er rifjað upp að fyrirmyndin sem notuð var til þess að selja mönnum kerfið hér 1983 var Kanada. Það var sagt að ef við innleiddum kvótakerfið mundum við geta farið svipaða leið og Kanadamenn til að byggja upp þorskstofninn og fletti menn þessu upp ef þeir trúa því ekki.

Hvernig er ástandið í Kanada í dag? Það hefur farið öðruvísi. Þorskveiðarnar undan austurströnd Kanada eru ekki miklar. Þar hefur þorskurinn verið alfriðaður á annan áratug og bólar lítið á því að hann sé að rétta úr kútnum þannig að við skulum ganga hægt um þessar gleðinnar dyr og hafa það í huga að það geta orðið katastrófur í lífríkinu. Sagan geymir dæmi um margar slíkar ef menn fara fram af brúninni. Stofnar geta farið svo illa, jafnvel þó að stórir og sterkir hafi verið eins og þessi gjöfulu mið við austurströnd Kanada voru auðvitað um áratuga skeið áður en gegndarlaus rányrkja þarlendra og erlendra flota fór þannig með hann að hann hrundi gjörsamlega og í ljós kemur að hann virðist ætla að taka áratugi að jafna sig.

Staðan er nákvæmlega eins og hún er og menn vita. Það er í rauninni mjög alvarlegt að ekki skuli vera meiri umræða um þennan þátt málsins, að kerfið hefur ekki skilað þessum árangri. Ætti það ekki að vera réttlæting þess að viðhalda því, í raun og veru eina réttlæting þess, að það væri að ná tilgangi sínum? Þetta kerfi var sett á til bráðabirgða í eitt ár undir svardögum um að síðan yrði því breytt af því að menn hefðu ekkert annað betra í höndunum og það ynnist ekki tími til þess að útfæra aðrar friðunaraðgerðir þannig að skárri sátt gæti orðið um en að skella þessum niðurskurði veiðiheimilda á menn í gegnum kvótakerfi sem las veiðireynsluna þrjú ár aftur á bak og síðan var veiðin frá fyrra ári skorin niður um um 20%.

Í öðru lagi held ég, herra forseti, að fyrir utan þetta, sem er náttúrlega langalvarlegast með ástand stofnanna, sé samþjöppunin í greininni hættulegust. Ég held að hún sé til lengri tíma litið varasömust, ekki vegna þess að það sé ekki gott fyrir íslenskan sjávarútveg að í bland séu þar stór og sterk fyrirtæki. Það er fínt. Menn verða væntanlega að setja því einhverjar skorður hversu yfirgnæfandi stór þau verða. En ég segi það alveg eins og er að út af fyrir sig mætti t.d. eitt fyrirtæki verða býsna stórt mín vegna. Það skapar ýmis vandamál og getur haft bæði landfræðilega og félagslega erfiða hluti í för með sér. En ef það væri bara eitt og síðan héldist fjölbreytnin í greininni að öðru leyti og hér væri gróskumikill bátafloti af mismunandi stærðum sem notaði mismunandi veiðarfæri og grunnslóðafloti, dagróðrafloti og trillur og áfram héldist sú fjölbreytni og sá kraftur í greininni sem ég held að séu lífsnauðsynleg og eigi að vera þar. En ef stóru fyrirtækin verða þrjú eða fimm og með svo til allar veiðiheimildirnar í landinu í sínum höndum, þá versnar í því. Þá hefði ég áhyggjur af ástandinu. Það getur að vísu vel verið að þetta mundi leita út í eitthvert leiguliðakerfi og einhverjir undirverktakar fengju að lifa í skjóli af risunum eins og þetta hefur sumpart þróast að undanförnu. En þá verða menn líka að svara því hvort þeir vilji það fyrirkomulag. Vilja menn höfuðból og hjáleigur á nýjan leik í einni af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar? Því að það er nákvæmlega það kerfi sem í raun og veru er að koma upp, ótrúlega líkt hjáleigukerfinu þar sem bændur á kotunum í kringum prestssetrin og höfuðbólin föðruðu nokkrar kindur ókeypis fyrir prestinn sem svo bara kom á haustin og hirti þær og hafði af þeim öll gögn og öll gæði. Það er ekki mikill munur á því og sumu leiguliðafyrirkomulaginu sem manni er sagt af.

Ég held að þessi samþjöppun sé í fyrsta lagi hættuleg vegna þeirrar einhæfni í útgerðinni sem hún augljóslega stefnir í. Það hefur farið skelfilega sums staðar erlendis þar sem sambærilegir hlutir hafa gerst, þar sem fáein stórfyrirtæki, oft byggð upp með opinberum tilstyrk þess vegna, hafa verið sjávarútvegur landa og sópað upp miðum með ofveiði á stórum og öflugum skipum, nú eða þá erlendir flotar. Þegar maður fer um heiminn og skoðar sögu fiskveiða þá er það alveg ótrúlega sláandi hversu víða allt hefur endað með ósköpum þar sem menn hafa farið út í einhæfa útgerð stórra skipa með þessi afkastamiklu veiðarfæri og hefðbundin samsetning flota hefur glatast.

Ég veit ekki hvort virðuleg sjútvn. hefur haft aðeins fyrir því að kynna sér stöðu fiskveiða niður með ströndum Afríku núna. Vita menn hvar hinn verkefnalausi Evrópusambandsfloti er að bera niður núna í stórum stíl? Hafa menn farið yfir það, bæði við vestur- og austurströnd Afríku hvernig ástandið er að verða þar? Ég held að það væri fróðlegt fyrir menn að gera það. Þangað hafa í stórum stíl farið tugir og hundruð öflugustu togskipa t.d. úr úthafsveiðiflota Spánar og Portúgals og það eru ekki par fallegar sögur sem maður heyrir af ýmsu sem þar gerist núna þar sem hefðbundnar fiskveiðar láta undan síga. Sums staðar er það vegna þess að spillt stjórnvöld selja hinum erlendu flotum aðgang að miðunum á kostnað hefðbundinna nytja, kannski þeirra veikburða nytja sem fyrir voru, og afleiðingarnar láta oftast ekki á sér standa því að eftir nokkurra ára eða í besta falli áratuga veiðar er þar meira og minna sviðin jörð eftir.

Ég held að þessir hlutir, herra forseti, séu stórvarasamir og það sé mikil eftirsjá í því ef þessi eiginleiki íslenska sjávarútvegsins sem lýsti sér í mikilli fjölbreytni, bæði í útgerðarformum, rekstrarformum, þetta voru hlutafélög eða félög á félagslegum grunni í einstökum byggðarlögum og einyrkjar, allt í bland og það held ég að hafi verið hið eina rétta og góða fyrirkomulag. Í gegnum þetta bjó sjávarútvegurinn yfir mikilli aðlögunarhæfni. Það var alltaf eitthvað nýtt að gerast og má segja að ákveðin innbyrðis samkeppni hafi þannig verið til staðar. Og öfugt við það sem menn halda stundum að tækni, framfarir og hagræðing hljóti alltaf að byggja á stækkun þá held ég að það hafi sýnt sig að sum afkastamestu og tæknivæddustu og langöflugustu fiskiskip

flotans núna eru trillur. Ef maður tekur það að einir tveir, þrír menn, eða þó þeir séu sex eða sjö í allt ef beitningamenn og aðrir eru taldir með, eru að taka kannski upp undir 1.000 tonn á 6 tonna trillu, það er ekki lélegur árangur við fiskveiðar. Ef maður reiknar saman allan þann kostnað sem þar er á bak við þá held ég að hljóti að teljast bærilegur árangur borið saman við stóru togskipin eða stóru vertíðarbátana o.s.frv.

Í þriðja lagi, herra forseti, held ég að áhyggjuefnin séu tengd þeirri röskun sem þetta markaðsvædda kerfi uppkaupa á veiðiréttindum í sjávarútveginum án nokkurra hólfa eða girðinga leiðir af sér í stórum stíl, stórfellda röskun á því atvinnu- og búsetumunstri sem var inngróinn hluti af sjávarútvegi landsmanna á grundvelli þeirra leikreglna sem hann hafði þróast á og byggst upp um áratuga skeið, mér liggur við að segja um alda skeið. Það var enginn stórkostlegur brestur í því fyrr en eftir að þetta kerfi kom til sögunnar. Auðvitað er alltaf einhver þróun í gangi og einhver staðbundin áföll að verða en menn gátu risið upp á nýjan leik og menn voru ekki útilokaðir með þeim afgerandi hætti frá því að byrja upp á nýtt eða koma undir sig fótunum eins og kerfið gerir í dag og allir vita. Smátt og smátt verður það ekki á færi annarra en þeirra sem hafa aðgang að gríðarlegu fjármagni að komast þarna inn. Það er nánast ógerningur nema ganga þvílík svipugöng fyrir menn án verulegs fjármagns að komast inn í greinina í dag að það þarf ekki að ræða það.

Þetta er ekki bara vandamál í sjávarútveginum sem slíkum. Þetta er ekki bara eitthvað sem snýr að ungum duglegum sjómönnum eða ungum mönnum sem vilja spreyta sig í útgerð, sjávarútvegsfræðingum eða skipstjórnar- eða vélstjórnarmenntuðum mönnum eða hverjum sem það nú væri. Látum það vera. Þetta er líka vandamál allra þeirra sem í gegnum tíðina hafa deilt örlögum í byggðunum með sjávarútveginum. Þetta er líka vandamál þjónustunnar í viðkomandi byggðarlögum. Þetta er líka vandamál þeirra sem eiga sitt íbúðarhús í viðkomandi sjávarplássi því það hangir allt á þessari spýtu í byggðarlögum sem hafa byggst upp á sjávarútvegi og þar sem hann hefur verið hinn stóri mótor á bak við allt saman.

Ég held að sú óvissa, herra forseti, sem þetta kerfi hefur í för með sér, sé kannski einn alvarlegasti hluturinn og það sem er t.d. í stórum stíl byggð við sjávarsíðuna á Íslandi í dag hættulegast því að jafnvel þó að menn búi í byggðarlagi sem enn hefur ekki orðið fyrir einhverjum náttúruhamförum eða stóráföllum í þessum efnum og þar sem enn er haldið uppi einhverri drift, þá er nagandi óvissan viðvarandi veruleiki. Það lesa sennilega engir blöðin og upplýsingar af Verðbréfaþinginu með jafnmikilli áfergju og þeir sem eiga allt sitt undir því t.d. að fyrirtæki þeirra hverfi ekki úr tölu lifenda eða verði gleypt af einhverjum á næstu dögum.

Ég held, herra forseti, að í fjórða lagi sé náttúrlega sú staðreynd að þetta fyrirkomulag, þetta fiskverndunarkerfi — það er kannski allt í lagi að muna eftir að það á að heita að svo sé þó að það hafi ekki skilað miklum árangri þar — það hefur opnað leið fyrir einstaka aðila til þess að hirða gríðarleg verðmæti út úr þessari atvinnugrein. Það hefur eðlilega valdið miklum deilum. Mönnum finnst það sérkennilegt að einstakir aðilar geti selt öðrum aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar fyrir stórkostlegar fjárhæðir og hirt þann gróða allan með sér hvert sem þeir svo vilja fara með hann. Það hefur reynst alveg ótrúlegt viljaleysi til þess að reyna á einn eða annan hátt að taka á þessu máli. Sá sem hér talar var lengi að reyna að þræða einhverjar leiðir í því að það væri a.m.k. hægt að ná aftur þessum hagnaði til ríkisins með skattalegum aðferðum af því að það væri ekki beinlínis ætlunin að einhver tiltekinn hópur í samfélaginu gæti gert sér að féþúfu með þessum hætti í einkagróðaskyni eitthvað sem væri sameign þjóðarinnar. Það gæti bara ekki verið. En ekki einu sinni það hefur fengist tekið til neinnar alvöruskoðunar og menn hafa yfirleitt drepið þær hugmyndir eins og margar fleiri í þessari umræðu með því að sjá á þeim einhverja annmarka, einhverja erfiðleika í sambandi við framkvæmd. Og þá allt í einu ber svo við að kjarkleysið er algjört og menn leggja ekki í það af því að það gæti reynst snúið í framkvæmd að einhverju leyti. Ég hélt að almennt væru býsna snúin í framkvæmd ýmis álitamál við að innheimta skatta. En menn hafa þó ekki hætt við það, ekki enn þá, þó að ýmsir vildu það sjálfsagt helst og hefðu þannig fullgilda ástæðu til þess að leggja ríkið niður. Ég veit ekki hvað hv. þm. Pétur Blöndal mundi vilja skilja mikið eftir af því ef hann fengi að ráða en það er ekki mikið. Það þyrfi ekki merkilega skatta á Íslandi til að reka þau ríkisumsvif sem hann væri talsmaður fyrir.

Í fimmta lagi, herra forseti, held ég að það sé líka áhyggjuefni að þó að umgengnin um auðlindina hafi vissulega að ýmsu leyti batnað, því vil ég halda til haga að það er langt í frá að það eigi að draga upp einhliða svarta mynd af því, þá finnst mér að það hefði átt að miða miklu hraðar í þeim efnum. Ég tel t.d. að það hafi verið hið mesta áfall fyrir Alþingi að gefast algjörlega upp fyrir því að menn kæmu almennt með þessi verðmæti að landi einfaldlega vegna þess að það gæti kostað útgerðina eitthvert óhagræði og hún hefði ekki mikið út úr því eða jafnvel bara tapaði einhverju á því t.d. að hirða hausa og annað slíkt og koma með það í land. Þá var bara gefist upp við það og menn slógu af á miðju sumri lög sem sjávarútvegurinn var búinn að hafa mörg ár til þess að aðlaga sig að.

Nú tek ég eftir því að einhverjir, ég held flokksbræður hæstv. sjútvrh., eru komnir með tillögu á nýjan leik um að setja þetta inn aftur og mér finnst það góðra gjalda vert og í raun og veru sjálfsagt að gera það en það verður þá væntanlega að fara í þann leiðangur á nýjan leik því ekki er hægt að skella slíku á fyrirvaralaust. Það verður að gefa mönnum einhverja aðlögun að því að uppfylla það og ætli það mál gæti þá ekki farið í nýjan hring? Það skyldi nú ekki vera. En það hefur satt best að segja, herra forseti, ósköp lítið verið uppi í umræðunni og lítil meðvitund verið í gangi gagnvart því að reyna eitthvað að taka á þeim umhverfislegu þáttum sem tengjast greininni. Hún er ekki að þróast á einn eða neinn hátt þannig að hægt sé að segja að það sé í vistvæna átt nema síður sé. Orkunotkun í flotanum er t.d. alveg óheft og óstýrð. Það er ekki nein viðleitni til þess að hafa þar einhverja stýringu í gangi, hvetja til orkusparnaðar eða ívilna þeim veiðarfærum sem hafa minni orkunotkun í för með sér eða t.d. velta því fyrir sér hvort réttlætanlegt væri að leggja eitthvert álag á vinnslu aflans úti á sjó í umhverfislegu tilliti af því að þar eru menn að nota innflutt jarðefnaeldsneyti í staðinn fyrir raforku í landi sem yfirleitt er framleidd úr vatnsafli o.s.frv., herra forseti.

Hvað á að reyna að gera? Er eitthvað hægt að gera eða á bara að gefast upp og láta kylfu ráða kasti og láta þetta keyra svona áfram næstu 5–10 árin og sjá til? Það er það sem menn vilja. Það er það sem núverandi stjórnvöld vilja. Ég er ekki viss um að það sé vegna þess að menn telji að það sé einhver stórfelld óvissa fólgin í því hvað því verði samfara. Ég held kannski að það sé vegna þess að ýmsir hafi tiltölu-

lega mótaðar hugmyndir um hvert íslenskur sjávarútvegur eigi að þróast, það séu nefnilega mjög áhrifamiklir aðilar hér sem telja að hann eigi að enda í þremur til fimm fyrirtækjum og af og til missa talsmenn þessara sjónarmiða setningu út úr sér hér og aðra þar þar sem þeir segja sem svo að það þurfi náttúrlega að hraða sameiningu og stækkun fyrirtækjanna, það þurfi að fækka fiskimjölsverksmiðjunum um helming. Það eigi ekki verið nema svona tíu eftir í landinu o.s.frv. Þá eru menn greinilega komnir býsna langt í hugsun sinni um að endurskipuleggja greinina eins og þeir telja að eigi að gera að þeirra eigin vilja og þá ætla menn bara að móta þetta eins og leir í höndum sínum.

Ég held að það mætti með ráðstöfunum sem þyrftu ekki að teljast neinar stórkostlegar kollsteypur, ekki einu sinni á núverandi kerfi til að róa þá sem er það algjört hjartans mál að ekki verði raskað of mikið við því, eins og t.d. það að hefja að innleysa réttinn þó ekki væri nema að einhverjum hluta til, að endurráðstafa honum að hluta til með byggðatengdum aðferðum, bara strax einhver grunnur sem kæmi til sögunnar til byggðanna mundi breyta þarna miklu. Ég held að flokkun flotans þó seint sé, því það er auðvitað sorglega seint að fara út í einhverjar aðferðir af því tagi en það er þó enn hægt að gera mikið í þeim efnum, gæti bjargað miklu í þessum efnum. Það er reyndar umhugsunarefni að ég held að Íslendingar séu eiginlega eina þjóðin sem er með fiskveiðitakmarkanir hvort heldur það er aflamarks- eða kvótakerfi eða sóknartakmarkandi kerfi sem ekki byggir það á einhverri flokkun flotans. Ég held að Íslendingar séu nánast einir um það að keyra þetta allt í einu óhólfuðu kerfi.

Ég held að upptaka einhvers konar nýtingarstuðla, þar sem menn reyndu á faglegum og skynsamlegum grundvelli að lesa nýtinguna út frá því hvernig veiðiálagið kæmi við stofninn og líka út frá þeim verðmætum sem kílóin sem í land koma, ef menn eru með magntakmarkandi kerfi, aflamark, væru verðflokkuð, gæti breytt miklu. Ég held að það væri t.d. langbeittasta aðferðin í sambandi við brottkastið og það mundi væntanlega geta skipt mjög miklu máli í þeirri þróun þar sem við sjáum handhafa veiðiheimildanna nánast fá fiskinn á því verði til sín án tillits til eiginlegs verðmætis á markaði sem þeim hentar, eins og ég hygg að nefnd hafi verið dæmi um fyrr í umræðunni, að menn eru að láta veiða fyrir sig. Af því að þeir eiga kvótann eru þeir að láta veiða fyrir sig stóran fisk, 5–7 kg fisk kannski, sem fer á 240 kr. á kílóið á markaði en þeir borga 50 eða 70 kr. fyrir hann sjálfir af því að þeir eiga kvótann. Ég held t.d. að hlutir eins og að stórauka rannsóknar- og þróunarstarf og standa miklu betur að ýmsum faglegum málefnum þessarar greinar gæti hjálpað mikið til upp á framtíðina. Það er ekki beint glæsilegt ástandið í menntunarmálum og faggreinamálum sjávarútvegsins, er það? Hafa menn engar áhyggjur af þeim hlutum? Það er hluti af þessum vanda. Greinin er greinilega ekki meira aðlaðandi en svo að það er dvínandi aðsókn að öllu fagnámi, tómir skólar, niðurlægðir og stefnir í hreint óefni hvað varðar fagmenntun í sjávarútvegi fyrr en varir. Hvar eru áhyggjur manna af þessu og í hverju sér þess stað? Hvar eru þeir forustumenn um sjávarútvegsmál í stjórnarflokkunum sem eru að reyna að gera eitthvað í þessum efnum? Ég verð lítið var við þá, ég verð að segja það alveg eins og er. Það er kannski hægara sagt en gert að reyna eitthvað að hamla gegn þeim straumi en ég held að það sé ekki mjög björgulegt ef við verðum algjörlega ofurseld erlendu vinnuafli í þessari grein því að með sama áframhaldi styttist í að það þurfi að manna flotann líka með útlendingum. Menn skulu átta sig á því. Það skyldi ekki vera að útgerðarmenn væru búnir að átta sig á þessu sjálfir og vilji þess vegna fá meira olnbogarými til að skrá skipin þar sem þeim sýnist og ráða á þau þeirra þjóða sjómenn sem þeim sýnist? Væntanlega til þess að geta borgað þeim eitthvað lægra kaup og rekið þetta á þeim forsendum. Ég hefði gjarnan viljað sjá að eitthvað af þessu væri uppi á borðum líka.

Því er oft haldið fram, herra forseti, og rökin sem smátt og smátt hafa tekið við í margra munni fyrir þessu kerfi eru hagrænu rökin. Það eru fáir sem reyna að færa fram þau rök fyrir kvótakerfinu að það hafi skilað svo glæstum árangri í sambandi við fiskvernd og uppbyggingu stofna að það réttlæti áframhald þess en þá koma hagrænu rökin í staðinn og það er sagt að þetta kerfi hafi reynst svo gríðarlega hagkvæmt. Sömu rök færa menn fyrir því að þess vegna eigi líka að leyfa því að halda áfram að þróast. Það eigi jafnvel að létta af þeim þökum sem eru gagnvart stærð fyrirtækja í dag. Nú veit ég vel að það er ekki lagt til í þessu frv. og reyndar brtt. meiri hlutans sem betur fer heldur í hina áttina, en þessi umræða er uppi, og hver veit hvenær næsta áhlaup verður gert í þeim efnum, og þá eru menn að reyna að segja okkur að það liggi alveg á borðinu að þetta sé svo hagkvæmt. Hver eru vísindin á bak við það? Hvar eru þær greiningar og sú úttekt t.d. hvað varðar hagkvæmni þess að sækja fiskinn á mismunandi vegu sem liggur því til grundvallar? Eru þau togaraútgerðarfyrirtæki og stórfyrirtæki í sjávarútvegi, sem virðast ekki ráða við nema svona 70–80 kr. á kíló fiskverð, eru það sérstaklega rök fyrir því að þau sé svo hagkvæm að þau ein eigi að hafa veiðiheimildarnar notaðar á þann máta sem þau eru að gera? Ég spyr. Ég hef ekki séð þessi vísindi. Það hefur enginn sannfært mig um þetta. Ég held að það sé þvert á móti öfugt. Að minnsta kosti er stórhættulegt að trúa þessu. Staðreyndin er sú að það eru ekki markaðskraftarnir sem slíkir sem ráða þessu. Þetta er nefnilega mjög sérkennileg markaðsvæðing sem átt hefur sér stað vegna þess að hún byggir á þessu forskoti og þessari fyrir fram gefnu forsendu sem lögð var til grundvallar í byrjun. Og þó svo væri, herra forseti, að að bestu manna yfirsýn væri þetta þannig að þróunin hefði verið í átt til stórkostlega aukins hagræðis að þessu leytinu til, og ég neita því ekki að auðvitað hefur aukin verkaskipting og sérhæfing í sjávarútvegi og margt sem gerst hefur á undanförnum árum sumpart tengt fiskveiðistjórnarkerfinu og annað algerlega óháð því, víða skilað hagræðingu. Það er alveg ljóst mál. En það sannar ekki að stefnan þurfi og eigi að vera öll í eina átt, í átt til stækkunar fyrirtækja og útgerðar stærri skipa.

Ef allir kepptu á jafnræðisgrundvelli þá væri mjög ósýnt um það, held ég, hver þróunin væri í íslenskum sjávarútvegi í dag, ef allar veiðiheimildir væru leigðar út. Auðvitað tækju breytingar tíma því að menn hafa forskot í gegnum þau tæki og tól og þá uppbyggingu sem þeir hafa í höndum, en það væri miklu nær því að vera einhver mælikvarði á raunverulega framleiðni eða raunverulega hagkvæmni mismunandi útgerðar- og vinnsluforma heldur en núverandi ástand. Það held ég að öllum hljóti að vera ljóst.

Síðan er það auðvitað þannig, herra forseti, að við sem ekki trúum á óskeikulleika markaðarins og að hann sé herra lífs okkar, teljum að ýmis önnur sjónarmið séu jafnrétthá og í raun og veru réttlátari, t.d. manneskjan. Því til hvers er verið að standa í þessum þorskveiðum? Er það af því að mönnum sé illa við þorskinn og vilji hann feigan? Nei. Svo er ekki.

Það er vegna þess að verið er að afla verðmæta og stunda atvinnustarfsemi til þess að draga björg í bú og gera mannlífið gott í landinu. Og megum við þá nokkuð gleyma þessu sama mannlífi þegar að því kemur að leggja niður leikreglurnar fyrir okkur í landinu hvað varðar þessa atvinnugrein? Ég held ekki. Hver skrifar upp á það að einhver eyðibýlastefna sé réttlætanleg og þess þá heldur óumflýjanleg ef það er afleiðingin, ef það er það sem er að gerast í gegnum þetta óbreytta kerfi? Á þá ekki að setja því einhverjar skorður? Á ekki að temja þennan fola sem menn eru þarna að ríða, þennan markað? Ég hefði haldið það.

Umhverfið og sú skylda okkar að umgangast miðin og auðlindirnar með siðuðum hætti og skila þeim af okkur í skikkanlegu ástandi er líka fullgild ástæða ein og sér til þess að grípa þarna í taumana ef okkur sýnist þess þörf og setja leikreglur sem við teljum að tryggi það betur en núverandi ástand að þetta verði ekki sviðin jörð þegar við sem nú erum á dögum höfum samsamast forfeðrum okkar. Þá ætla vonandi einhverjir að halda áfram að búa í þessu landi, einhverjir að sækja sjó og hafa af því tekjur og störf og draga verðmæti í bú fyrir þjóðina. En það er þá líka nauðsynlegt að þar sé eitthvað að hafa.

Ég held, herra forseti, að við eigum ekki að láta þvinga þessa umræðu og setja okkur í bóndabeygju eða út í horn eða stilla okkur upp að vegg í þessum efnum með slíkum rökum. Fiskverndarrökin draga lítið og hagrænu rökin eru algerlega háð þeim forsendum sem menn gefa sér þegar þeir taka að beita þeim og í hvaða samhengi þau eru við aðra mikilvæga hluti í landinu. Við skulum bara fjalla um þetta eins og það er.

Að síðustu er það þannig, herra forseti, að ég held að nýting lífrænna auðlinda og umgengni við umhverfi og náttúru sé kannski það svið sem hvað fjærst liggur því að markaðurinn, hin hráu græðgislögmál markaðarins megi ganga laus, leika lausum hala. Það er munur á hvers eðlis viðskiptin eða atvinnustarfsemin er og á hverju hún grundvallast. Það er það. Það er alveg klárlega eðlismunur. Við viðurkennum þetta með ýmsum hætti og setjum mismunandi leikreglur eftir því hvað í hlut á. Við leyfum mönnum ekki sambærilega hluti gagnvart helgustu hlutum mannlífsins, mannréttindum, lífi og heilsu og öðru slíku eins og við gerum kannski sums staðar annars staðar lengra í burtu úti á velli viðskiptanna. Það gildir að verulegu leyti það sama um hinar lifandi auðlindir. Þessu hafa menn áttað sig á jafnvel í hákapítalískum löndum eins og Bandaríkjunum. Þar er löggjöf sem setur rammann um nýtingu t.d. náttúruauðlinda á landi talsvert ströng og stórfyrirtæki og aðilar á þeim markaði þurfa að uppfylla ýmis skilyrði og taka á sig kvaðir og skyldur sem eru ekki til staðar t.d. úti á markaðnum þar sem menn eru að sýsla með peninga og eitthvað því um líkt. Þetta þekkja menn og við getum tekið dæmi úr bandarískum olíuiðnaði eða hvar það nú væri.

Ég held að við eigum líka að muna það, herra forseti, að við erum með viðkvæmt fjöregg í höndunum þar sem eru hinar lífrænu auðlindir þjóðarinnar, auðlindir sjávarins, og það hvílir mikil skylda og mikil ábyrgð á okkar herðum að vanda okkur í þessum efnum. Ég ætti þess vegna ekki í miklum vandræðum, nema síður sé, að taka undir þá tillögu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti úr ræðustólnum áðan að það verði farið í rækilegt starf þar sem t.d. nefnd þingmanna, milliþinganefnd, færi í það verkefni að fara mjög rækilega ofan í fiskverndunar- og lífræðilega þætti málsins og reyna að glöggva sig á nýjan leik á þeim hvort sem menn leggja þar til grundvallar skrif eins manns frekar en annarra. Það eru ýmsar hugmyndir uppi, bæði fræðimanna á þessu sviði og manna sem eru menntaðir og víðlesnir í þessari grein og leikmanna, sjómanna og annarra sem þekkja vel til í greininni sem draga meira á sjóði reynslu sinnar. Ég held að það gæti allt saman verið gagnlegt, að fara yfir það. Það hafa verið gerð smááhlaup að þessu á köflum á undanförnum árum en slíkt starf hefur kannski aldrei komist á þann skrið sem vert væri. Við vitum líka að hinn faglegi og vísindalegi grundvöllur er veikur. Við fórum t.d. sorglega seint af stað með fjölstofnarannsóknir, rannsóknir á hrygningu og á hrygningarslóðinni og öðru slíku sem við mundum örugglega njóta góðs af nú ef við ættum áratuga langar mælingar og rannsóknir að baki. Jafnvel einfaldur hlutur eins og fiskmerkingar duttu niður við Ísland um áratuga skeið. Hér var varla merktur tittur áratugum saman þannig að hið merka starf brautryðjendanna sem við bjuggum lengi að hefur ekki nýst sem skyldi af því að það komu göt í seríurnar og áratugum saman sinntu menn ekki eða höfðu ekki bolmagn til að sinna slíkum hlutum hér sem hlýtur að mega flokka undir algjör grundvallaratriði í þessum vísindum.

En það vantar ekki, herra forseti, að það væri að mörgu að hyggja og margt sem þyrfti að taka á ef menn vilja þá reyna að byrja að efna sér á nýjan leik í einhvern grunn að framtíðarstefnumótun og ákvarðanatöku um þessi mál, og ég held að öllum hljóti að vera ljóst að það bíður okkar. Það er ekki verið að reisa hér eitthvert hús á bjargi hvað varðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem sé líklegt til að standa óhaggað um ókomin ár. Ég held að ekki einn einasti maður hafi mikla trú á því nema ef vera skyldi sjútvrh. Ég veit ekki hvað hann spáir þessum breytingum eða þessu fyrirkomulagi langra lífdaga en það kæmi mér mjög á óvart ef hann reiknaði ekki með því að það yrði eitthvað hjólað í þetta, a.m.k. strax á næsta kjörtímabili. Kannski lifir það af næsta vetur.

Herra forseti. Þetta vildi ég sagt hafa. Ég lít svo á að hér sé í raun og veru að verða algjör magalending á allan hátt hvað varðar þessa endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Um þetta mál, þessa niðurstöðu getur því miður engin sátt orðið enda ekki upp á slíkt boðið og umræðan og baráttan fyrir því að ná þarna betri árangri hljóti því að halda áfram.

[21:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því sjónarmiði hv. þm. að hér er ekki verið að festa í sessi eitthvert fyrirkomulag í eitt skipti fyrir öll. Sú breyting sem hér er lögð til er háð sínum annmörkum. Hún er ekki líkleg til þess að verða sú síðasta sem við gerum í þessum efnum og hún er heldur ekki líkleg til þess að vera óumdeild og vara að eilífu. Þess vegna held ég að sumar ræður sem hér hafa verið fluttar, byggðar á því sjónarmiði að með þeirri breytingu sem að væri stefnt í þessu væru menn búnir að stíga yfir einhver mörk sem þýddi að ekki yrði aftur snúið og engu breytt héðan í frá, séu á misskilningi byggðar. Ég er sammála því sjónarmiði að menn eru ekki að binda hendur sínar til áframhaldandi þróunar kerfisins þrátt fyrir þær breytingar sem nú er áformað að lögfesta.

Ég held hins vegar að það starf sem staðið hefur yfir undanfarin ár um endurskoðun þessarar löggjafar í tengslum við auðlindanýtingu hafi skilað miklum árangri. Það hefur

skilað því að mönnum er miklu betur ljóst núna en áður hversu miklir fjármunir eru í spilinu í þessu kerfi, hversu mikið fé menn greiða nú þegar fyrir veiðiheimildir og að öll rök hníga að því að svo muni halda áfram þannig að deilurnar snúast um hverjir eiga að fá þessa peninga. Þau sjónarmið hafa verið mjög sterk uppi um að ríkið ætti að fá a.m.k. hluta þeirra vegna þess að þetta væru auðlindir í þjóðareign og með þessu frv. er það fest í lög að hluti af tekjunum renni til ríkisins án þess að vera eyrnamerkt tilteknum verkefnum tímabundið eins og verið hefur. Það er út af fyrir sig allnokkur árangur.

[21:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði það og stend við það að þetta er ekki líklegt til þess að sætta menn og þar af leiðandi til að standa lengi. Hitt er jafnskiljanlegt, vonbrigði þeirra sem bundu vonir við að það nokkurra ára starf sem nú er að baki mundi skila einhverjum efnislegum niðurstöðum. Ég held að það sé þá miklu frekar óbeint sem eftir liggi ákveðinn afrakstur sem mögulega geti nýst mönnum á síðari stigum. En hann birtist mönnum ekki í formi niðurstöðu hér, í formi breytinga á lögunum eða fyrirkomulaginu. Það gerir það ekki því þetta festir í aðalatriðum í sessi óbreytt kerfi.

Varðandi hinn þátt málsins, þ.e. gjaldtökuna, þá fer það allt eftir því hversu mikla áherslu menn lögðu á þann þátt málsins. Til eru þeir eins og Morgunblaðið sem fyrst og fremst ræddu alltaf um það og gerðu gjaldtökuna sem slíka að aðalatriði málsins en ekki kerfið sem hún væri í. Ég hef aldrei verið í þeim hópi og hef alltaf reynt að hafa fókusinn meira á kerfinu og afleiðingum þess fyrir greinina, fyrir byggðina o.s.frv., og hef sett gjaldtökuna í annað sæti í minni nálgun. Ég spái því að það mál muni þoka með einhverjum hætti til hliðar, enda ekki verið að festa hér í sessi stórtíðindi í þeim efnum nema þá bara að því leytinu til að ríkið taki til sín einhverjar tekjur sem séu ekki beilínis eyrnamerktar eins og áður var. En þá erum við líka að segja að gjaldtakan gjaldtökunnar vegna sé aðalatriðið, ekki einu sinni upphæðin, og það fyndist mér dálítið skrýtin niðurstaða ef svo væri, að það væri bara nóg að leggja einn eyri á tonn og þá væri réttlætinu fullnægt af því að það hefði verið grundvallarprinsippið, gjaldeyristakan sem slík, sem væri aðalatriði málsins en ekki hin efnislega verkun. Ég get ekki stutt slíka nálgun því að það má færa mikil rök bæði með og á móti því að það sé skynsamlegt að fara í að taka verulega fjármuni út úr greininni sem auðvitað koma ekki af himnum ofan heldur koma einhvers staðar frá.

[21:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Annað sem liggur nokkuð ljóst fyrir eftir það starf sem í gangi hefur verið er að til þess að atvinnugrein þróist með þeim hætti að líklegast sé að hæfustu og bestu mennirnir stundi útgerð, þá þurfa menn að starfa á jafnréttisgrundvelli. Menn þurfa að starfa á þeim grundvelli að þeir sitji við sama borð í öflun veiðiheimilda. Núverandi kerfi leiðir til þess að sumir þurfa ekkert borga og aðrir þurfa mikið að borga fyrir þennan þátt í sinni útgerð og það verndar óhagkvæma útgerð. Að mínu viti hefur það t.d. verndað togaraútgerð á síðustu árum fyrir mjög hagkvæmri smábátaútgerð.

Ef engar hömlur hefðu verið að þessu leytinu til, þá er ég alveg viss um að miklu meiri afli hefði verið veiddur á Íslandsmiðum af þessum hagkvæmu útgerðum þar sem er tiltölulega lítil stofnfjárfesting og fáir sem standa að útgerðinni borið saman við þessi stóru skip þar sem mikið fé er bundið í tækjunum og kostnaður við sóknina er mun meiri. Það er mín trú og ég hef út af fyrir sig tölur sem renna stoðum undir slíkar fullyrðingar.

En vegna þess að þeir sem standa að togaraútgerð búa við að afla veiðiheimildanna án þess að greiða neitt fyrir þær að ráði, þá verður þessi óhagkvæmari útgerð hagkvæmari þegar tekið er tillit til þess munar sem liggur í kostnaðinum að þessu leytinu til. Og til þess að atvinnugreinin sé í framtíðinni líkleg til að skila þjóðinni í heild sem mestum verðmætum þá verður að vinna bug á þessum mun. Við erum að stíga skref í þá áttina með þessu frv.

[21:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sú gjaldtaka sem hér er að koma til sögunnar dragi ákaflega skammt hvað það varðar að vega upp þennan mun. Ef við notum sem mælikvarða á hann þann mun á verði sem við sjáum annars vegar í leiguliðakerfinu o.s.frv., þegar menn eru að láta veiða veiðiheimildirnar fyrir sig, og hins vegar það verð sem gengur á markaði, þá er stundum svoleiðis himinn og haf þar á milli að maður á erfitt með að skilja það og á auðvitað erfitt með að skilja hvernig í ósköpunum menn komast af þeir sem veiða fiskinn og fá fyrir hann fjórðung af því sem þeir gætu ef þeir ættu veiðiheimildirnar sjálfir og fengju að selja hann frjálst á markaði.

Já, á jafnræðisgrundvelli. Auðvitað er það best að menn keppi, það sé ekki stórkostlegur aðstöðumunur fyrir fram fólginn í einhverju kerfi af því tagi að sumir hafi verðmæt réttindi ókeypis en aðrir þurfi að borga þau dýrum dómum. Það eru ekki sanngjörn samkeppnisskilyrði. Það er augljóst mál. Slíkt kerfi getur verndað óhagkvæmni og eru svo sem mörg dæmi þess. Það má heimfæra þetta upp á styrkja- og millifærslukerfi og segja að þetta sé næsti bær t.d. við þær miklu millifærslur og styrki sem vinir okkar Færeyingar festust í um áralangt bil í sínum sjávarútvegi með skelfilegum afleiðingum. Það er stutt bæjarleið þarna á milli, það er alveg rétt. Ég tek það svo að við hv. þm. séum að mörgu leyti sammála um það.

Til að laða þarna fram hagkvæmni eru að mínu mati kannski aðallega tvær leiðir færar og önnur er sú að horfa á hagkvæmni heildarinnar, að við horfum ekki bara á einn þátt, veiðarnar, heldur leyfum okkur þá hina gömlu hugsun að horfa á samþættar veiðar og vinnslu og séum að skoða hvað skilar mestum hámarksverðmætum fyrir þjóðarbúið. Hin leiðin er að skilja þarna á milli og láta vera markað á milli. Þetta eru í aðalatriðum þær aðferðir sem ég sæi þá færar.

[21:13]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vék aðeins að spurningunni um líffræðina á bak við þetta allt saman sem ég er alveg sammála um að skiptir langmestu máli í þessu sambandi. En þá hlýt ég að vekja aðeins athygli á því að ég held að í annan tíma hafi ekki verið meiri og skipulegri umræður um þessi mál heldur en á undanförnum missirum.

Hæstv. sjútvrh. hefur einmitt beitt sér fyrir því að farið skyldi mjög skipulega ofan í þessi mál, kallað til erlendra sérfræðinga og það sem stendur kannski upp úr í hinni almennu umræðu er það ágæta fyrirspurnaþing sem var haldið

á sl. vetri og að mínu mati var mikilvægt vegna þess að þar gafst tækifæri til þess að hlýða á mjög andstæð sjónarmið í þessum efnum.

Aðalmálið er þó það hvað varðar þetta frv. að vekja athygli hv. þm. á því að í nefndaráliti okkar í meiri hluta sjávarútvegsnefndar er einmitt vikið að þeim atriðum sem hv. þm. gerði að umtalsefni þegar við segjum svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu er álagning veiðigjaldsins byggð á mælingu á þorskígildum. Í meðferð nefndarinnar kom fram gagnrýni á þessa mælieiningu. Var meðal annars bent á að hún gæti hvatt til veiða á stærri fiski og að ójafnræði kynni að hljótast af milli einstakra veiðarfæra og landshluta. Meiri hluti nefndarinnar telur að endurskoða þurfi þessar reglur svo og reglur um slægingarstuðul og kvótanotkun og að taka þurfi á spurningunni um undir- og yfirstuðul vegna stærðar fisks. Meiri hlutinn álítur nauðsynlegt að endurskoðun verði lokið í tæka tíð, svo að nýjar reglur geti tekið gildi við upphaf fiskveiðiársins 2003/2004."

Það er ljóst að þetta er býsna flókið mál. Þetta er ekki mál sem menn hrista fram úr erminni. Þess vegna var það okkar niðurstaða að mæla svo fyrir um í nefndarálitinu að þessi endurskoðun skyldi fara af stað, menn skyldu setja sér ákveðinn tímaramma því það er ljóst að mikill hluti af þessu verður að taka gildi við kvótaáramót. Það er óraunhæft að það geti tekist við næstu kvótaáramót og þess vegna finnst mér það vera metnaðarfullt markmið af okkar hálfu að reyna að ganga þannig frá þessum reglum að þær geti tekið gildi við kvótaáramótin þar á eftir.

[21:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka formanni sjútvn. fyrir þessar upplýsingar. *Ég geri ekki lítið úr þeim. Ég fagna því að menn* vilji fara ofan í saumana á þessum málum. Fróðlegt væri þá að vita hvort menn hafa komist eitthvað lengra áleiðis og hvort einhverjar hugmyndir liggi fyrir um hvernig að þessu starfi verður unnið.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi milliþinganefnd þingmanna, og ég teldi það vissulega jákvæða viðleitni ef hjá meiri hlutanum væri fyrir hendi vilji til að fara í slíkt starf. Það er sjálfsagt rétt að það er óraunhæft að slíkt gæti komið til framkvæmda fyrr en þá að einu eða einu og hálfu fiskveiðiári liðnu, þessu og næsta eða eitthvað svoleiðis. Það er þó góðra gjalda vert að fara eitthvað af stað.

Varðandi svo líffræðina og það sem hv. þm. nefndi um viðleitni núv. sjútvrh. í því að kalla til erlenda sérfræðinga og hafa þetta fyrirspurnaþing er það allt saman gott svo langt sem það nær. Orð eru til alls fyrst en einhvern veginn segir mér svo hugur að meira þurfi til og þar á meðal að stórefla hér ýmsa upplýsingasöfnun og rannsóknir. Það er dapurlegt að heyra fréttir af því t.d. að nýja og stóra rannsóknaskipið okkar skuli vera bundið við bryggju drjúgan hluta ársins af því að ekki eru til fjármunir til að gera það út. Þegar loksins þetta glæsilega tæki er komið í landið næstum ári seinna en til stóð er svo hart á dalnum að ekki er hægt að beita því af öllu afli til að framkvæma brýnar rannsóknir. Ég held því að miklu betur þurfi að taka á í þessum efnum. Síðan væri náttúrlega hægt að bæta því við sem við þurfum að haska okkur í í sambandi við eldi sjávartegunda og annað í þeim dúr af því að ýmsir hlutir eru að breytast í umhverfi þessarar greinar. Ef við Íslendingar ætlum að tryggja okkur velferðarsamfélag í landinu munum við þurfa að treysta á sjávarútveginn í verulegum mæli á komandi árum og þess vegna má ekki kasta til höndunum.

[21:17]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki mikill ágreiningur okkar í milli um þetta mál. Ég held hins vegar að líka sé nauðsynlegt að vekja athygli á öðru atriði sem fram kemur raunar í brtt. meiri hluta sjútvn. þar sem við opnum á þann möguleika að fleiri aðilar en Hafrannsóknastofnun ein geti fengið aflaheimildir til að geta stundað fiskirannsóknir og veitt fisk í því skyni án þess að hafa til þess veiðiheimildir. Þetta er auðvitað gríðarlega þýðingarmikið. Menn hafa bent á, þar á meðal ég, að ein forsendan fyrir því að hægt sé að ná góðum árangri í þessum efnum sé að kalla eftir fleiri sjónarmiðum. Við vitum auðvitað að það er ágreiningur um aðferðafræði og við leysum ekki úr honum nema við köllum eftir fleiri sjónarmiðum í þessum efnum. Ég held þess vegna að þessi breyting út af fyrir sig sem lætur kannski ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn geti skipt miklu máli.

Annað í þessu samhengi sem maður hlýtur að árétta er að 1. febrúar sl. tóku gildi ný lög sem fólu það í sér að menn geta landað allt að 5% af afla sínum utan kvóta, og gert það þannig að 80% aflaverðmætisins fari til Hafrannsóknastofnunar. Þær upplýsingar sem ég hef um málið eftir fyrstu tvo mánuðina eru þær að þetta hafi tekið við sér fremur hægt eins og gengur í fyrsta mánuðinum en í öðrum mánuðinum hafi þetta þegar farið að skila álitlegum summum til Hafrannsóknastofnunar sem ætti út af fyrir sig þá að leiða til þess að styrkja fjárhagslegan grundvöll þessarar stofnunar og styrkja þar með vísindalegar rannsóknir hennar.

[Fundarhlé. — 21:20]

[21:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég á sæti í sjútvn. og skrifa undir nál. sem hv. þm. Jóhann Ársælsson mælti fyrir í morgun. Sjálf hefði ég gjarnan viljað fá að ræða það nál. fyrr á þessari dagskrá en af því gat ekki orðið sakir þess að ég var ekki stödd hér á laugardaginn þegar þingfundur var, þó ekki samkvæmt starfsáætlun Alþingis, og málið var tekið á dagskrá án þess í rauninni að mér væri kunnugt um það. Það er hins vegar ákvörðun forseta að röð ræðumanna yrði sú sem hún varð og þar af leiðandi sit ég uppi með það að tala um þetta mál nú þegar klukkan er að verða tíu.

(**Forseti** (HBl): Ég vil taka fram af þessu tilefni að þingmenn hafa tekið til máls í þeirri röð sem þeir báðu um orðið.)

Þingmenn hafa tekið til máls í þessari umræðu í þeirri röð sem þeir báðu um orðið, herra forseti, það er rétt. Ég hef hins vegar aldrei fyrr orðið fyrir því sem nefndarmanneskja að mér væri meinað að skipta um stað í röð ræðumanna við annan samflokksmann minn, ekki fyrr en í dag. Því geri ég þetta að umræðuefni vegna þess að þetta hefur skákað mér með þann hlut sem ég tel mig eiga hér sem nefndarmann og sem aðila að nefndaráliti aftur til klukkan að verða tíu. Mér finnst full ástæða til að nefna það í upphafi máls míns.

Herra forseti. Þegar þetta frv. hæstv. sjútvrh. var fyrst kynnt voru það fyrstu viðbrögð mín að vekja á því athygli að hér væri svo sem ekki mikið að gerast hvað varðaði veiðigjald, auðlindagjald eða hvað svo sem menn vildu nefna það,

það væri ekki mikið að gerast umfram það að menn væru að skipta um nafn á gjöldum sem sjávarútvegurinn greiddi. Í staðinn fyrir þróunarsjóðsgjald og gjald fyrir veiðieftirlit átti að koma eitt gjald sem héti veiðigjald, það átti síðan að skiptast á Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun. Í góðu ári yrði kannski eitthvað aðeins umfram það og átti nú að skilgreinast sem greiðsla fyrir aðgang að auðlindinni.

Það verður þá að segja, herra forseti, og vegna þess að menn hafa jánkað því og staðfest í sjútvn. meðan á vinnslu málsins hefur staðið að menn eru tilbúnir til þess að viðurkenna að menn líta svo á, útvegsmenn líta þannig á að þeir séu að greiða fyrir aðgang að auðlindinni og mér finnst að sú viðurkenning skipti máli vegna þess að í henni felst viðurkenning á því að útvegsmenn eru ekki eigendur þessarar auðlindar. Útgerðin í landinu á ekki þá auðlind heldur felst í þessu viðurkenning á því sem segir í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að það er íslenska þjóðin sem er eigandi þessarar auðlindar eins og svo margra annarra mikilvægra náttúruauðlinda.

Það liggur fyrir núna en jafnframt liggur fyrir og er ástæða til að halda því líka til haga vegna þess að eftir því var sérstaklega spurt með sérstöku spurningablaði sem sent var Lagastofnun Háskólans og Sigurður Líndal kom á fund nefndarinnar og reyndi eftir föngum að svara, að menn telja ekki að þetta frv. breyti í sjálfu sér réttarstöðu manna með nokkrum hætti. Að minnsta kosti gátum við ekki fengið nein þau svör sem sannfærðu okkur eða sögðu okkur að svo væri. Niðurstaðan er því þessi, herra forseti, að það er óbreytt ástand. Það stendur sem við sögðum strax þegar frv. kom fram. Fyrstu viðbrögð standa. Hér er ekkert að gerast utan það að verið er að breyta um heiti á gjöldum sem sjávarútvegurinn borgar.

Hitt er þó rétt að nefna og halda einnig til haga að sú aðferð sem menn beita við innheimtu þeirra gjalda er kannski dálítið sérkennileg miðað við það hve í rauninni ómerkileg aðgerð þetta er. Menn hafa bent á að í dálítið mikið sé ráðist að vera að reikna út hvernig afkoman var árið á undan til þess að nýta sem álagningarstofn vegna ársins á eftir og það hefur jafnframt truflað bæði mig og aðra að stjórnarliðar virðast ekki alveg hafa verið vissir um það hvað þeir voru að gera, þ.e. þeim virðist ekki hafa verið ljós tilgangur þessa nema þá að hver bjó til sinn tilgang og síðan töluðu menn má segja út og suður. Sumir litu á málið sem skatt og menn geta þá velt því fyrir sér af hverju þeir sem líta á þetta sem skatt samþykkja að skattleggja með þessum hætti. Af hverju var ekki farin hin almenna skattlagningarleið ef þeim aðilum fannst ástæða til að skattleggja sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar og halda þá áfram að innheimta þau kostnaðargjöld? Aðrir litu öðruvísi á þetta og það endaði með því að fenginn var skattasérfræðingur frá ríkisskattstjóra til þess að fara yfir það hvort þetta gjald gæti kallast skattur eða ekki. Niðurstaðan varð sú að það gæti í sjálfu sér verið skilgreiningaratriði og hvað menn kölluðu gjöld eins og þetta gæti út af fyrir sig farið eftir því hvorum megin borðsins menn stæðu, en hins vegar að þó að gjaldið hefði að mörgu leyti karakter skatta, af því að það væri skilgreint til hvers gjaldið ætti að renna, þá fengi það kannski síður þetta skattayfirbragð. Að minnsta kosti, herra forseti, hefur farið fram í sjútvn. ágæt umræða um þetta gjald þó að mér fyndist að menn hefðu mátt gefa sér betri tíma og má kannski segja að önnur stór atriði sem frv. inniheldur hafi farið nokkuð forgörðum eða ekki fengið þá athygli sem þeir verðskulduðu af því að menn voru svo uppteknir af þessari nafnabreytingu og hvaða hugsanlegu áhrif hún hefði.

Til að undirstrika hversu lítið mál er á ferð þegar veiðigjaldið er annars vegar er við hæfi að halda því til haga að formaður endurskoðunarnefndarinnar sálugu kom á fund nefndarinnar. Þar var gengið nokkuð á hann með skoðun á uppbyggingu þessa gjalds og hvort það dýpkaði ekki ákveðna mismunun sem væri fyrir í kerfinu og hér hefur verið gerð að umtalsefni, ekki síst af hálfu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, en hann hélt því beinlínis fram að menn mundu varla finna fyrir þessari breytingu því að þetta væri svo lítið.

Herra forseti. Þetta fannst mér vera gleggsti vitnisburðurinn um það á hvaða vegferð menn voru og hversu burðug þessi meinta sáttargjörð ríkisstjórnarflokkanna er.

Ég tók eftir því í umræðunni fyrr í kvöld að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson taldi sig mega vænta þess að hann fengi fræðilegan fyrirlestur um auðlindanefnd og hvað hún hefði lagt til. Ég vil ekki valda honum vonbrigðum með því að nefna það ekki í ræðu minni — að því mun koma — en ég vil að gefnu tilefni rifja það upp fyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að líklega hefur hann á sínum tíma samþykkt að auðlindanefnd yrði til. Það gerði sú sem hér stendur hins vegar aldrei. Ég sat hjá eins og aðrir jafnaðarmenn þegar hér var ákveðið að setja auðlindanefnd á koppinn. Mín tilfinning var strax í upphafi sú að þarna væri verið að hleypa af stokkunum ákveðnu leikriti, ákveðinni töf. Ég vil minna á að þetta var ári eftir að hæstv. forsrh. taldi að ef menn vildu fara út í veiðileyfagjald væri það lítið mál ef menn væru tilbúnir að hafa það svo sem eins og 1 milljarð. Það væri eins og lítils háttar skattbreyting, vel innan skekkjumarka — sem sé kannski sú niðurstaða sem við sitjum uppi með í dag. Ég hafði a.m.k. á tilfinningunni á þessum tíma að hér væri rétt einn loddaraleikurinn að fara í gang þannig að ég sat hjá við afgreiðslu þessa máls ásamt ýmsum fleiri þingmönnum en ríkisstjórnarflokkarnir höfðu stokkið á málið og fannst að þarna væri komin ágæt lausn til að setja þetta mikla deilumál, deiluna um hvort útgerðin ætti að greiða fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind, bara í nefnd og salta það þar fram yfir kosningar. Þetta var vorið 1998.

Það stóð enda að nefndin hafði engu skilað af sér vorið 1999 þegar komnar voru alþingiskosningar. Þá hafði ýmislegt gerst sem hafði haft áhrif á störf þessarar nefndar sem ég vil taka fram að var af hálfu stjórnarflokkanna prýðilega skipuð mönnum sem var mjög ánægjulegt og gefandi að vinna með. Ýmislegt hafði samt gerst í ferlinu sem hafði áhrif á viðhorf manna, ekki bara til þess hvort útgerðin ætti að greiða fyrir aðgang að auðlindum eða hvort þeir sem fengju að nýta náttúruauðlindir okkar Íslendinga ættu að greiða fyrir það heldur líka hvernig. Það var hinn svokallaði Valdimarsdómur sem féll haustið 1998 og gerði mönnum ljóst að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar var farin að virka inn í dóma með öðrum hætti en reiknað hafði verið með. Hún varð þess vegna að mörgu leyti það leiðarljós sem menn höfðu kannski ekki gert ráð fyrir í upphafi nefndarstarfsins.

Í framhaldi af niðurstöðu Hæstaréttar var lögunum um stjórn fiskveiða síðan breytt. Þing var kallað saman fljótlega eftir áramótin 1998/1999 og lögunum um stjórn fiskveiða var þá breytt. Þar kom inn þetta ákvæði um endurskoðun laganna. Ákvæðið kom inn þá vegna þess að bæði ég og ýmsir fleiri töldu að svo mikið væri búið að krukka út og suður í lögin og sumt í svo miklu hasti að tímabært væri að menn færu yfir löggjöfina og skoðuðu hvort hlutir stað-

ust innbyrðis. Svona virka þeir hver á móti öðrum. Þetta bráðabirgðaákvæði í lögunum varð stjórnarflokkunum hins vegar tilefni til þess að lofa sáttum í málinu, að sú nefnd sem yrði skipuð á grundvelli þessa bráðabirgðaákvæðis yrði nefndin sem kæmi í kjölfar auðlindanefndarinnar með hina einu sönnu niðurstöðu. Eftir henni er enn beðið. Þessi nefnd skilaði nokkrum álitum og miðað við forsögu málsins er afskaplega hæpið að tengja þetta frv. sjútvrh. og þau atriði sem þar eru inni við þá vinnu sem á undan hafði verið unnin. Það er hægt með góðum vilja og nokkru ímyndunarafli vegna þess að mér sýnist, herra forseti, eins og ég sagði áðan að hér séum við kannski að gera það sem hæstv. forsrh. sagði 1997, við erum að fara í minni háttar skattbreytingu innan skekkjumarka. Í leiðinni eru menn svo að fikta í einu og öðru sem þeir geta fundið stað í tillögum nefnda en þó jafnan í öðru samhengi.

Ég vildi aðeins nefna þetta áður en ég færi inn í minn fræðilega fyrirlestur um niðurstöður auðlindanefndar fyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. En ég vil líka, herra forseti, áður en lengra er haldið tala svolítið um sértækar aðgerðir í atvinnumálum. Núna, þegar fyrir liggur að hæstv. ríkisstjórn vill koma með 20 milljarða kr. ríkisábyrgð fyrir fyrirtæki sem ætlar að vera með nýjungar í atvinnulífi eða eftirsóknarverðar breytingar, hafa menn hrokkið upp við það að einhvern tíma snemma á ferli sínum mun hæstv. forsrh. hafa sagt að héðan í frá væri öllum sértækum aðgerðum í atvinnulífinu lokið. Þetta var þegar menn voru rétt að byrja að uppskera eftir þjóðarsáttarsamninga. Þjóðarsátt og EES-samningar voru að byrja að skila og ríkisstjórnin reið bylgju velgengni í efnahagsmálum. Þá var svo auðvelt að vera billegur og segja slíka hluti, að nú væri tíma sértækra aðgerða í atvinnulífinu lokið. Menn trúðu þessu, það er svo skrýtið vegna þess að síðan hafa menn stöðugt verið á kafi í sértækum aðgerðum í atvinnulífinu.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir er alveg ótrúlega sértæk aðgerð í atvinnulífinu að ýmsu leyti. Við sem sitjum í sjútvn. erum búin að sjá þau nokkur á þessum árum. Við höfum líka tekið þátt í að vinna frv. sem hafa orðið að lögum um stækkanir á álverum eða ný álver þar sem allt morar í „þrátt-fyrir"-ákvæðum vegna þess að þessi fyrirtæki hafa ekki getað lotið íslenskum skattareglum og hafa þurft að fá ýmis sérákvæði. Auðvitað hafa líka verið veittar ríkisábyrgðir og menn hafa verið tilbúnir til þess vegna þess að ef menn hafa viljað fá erlenda fjárfestingu inn í landið — sem okkur finnst ýmsum eftirsóknarverð — virðist hún ekki geta komið í nokkrum mæli inn á markað nema með sértækum aðgerðum, ríkisábyrgð og ýmiss konar þrátt-fyrir-ákvæðum vegna skattalaga okkar þannig að þetta með sértæku aðgerðirnar í atvinnulífinu hefur hreint ekki stoppað. Ég hef satt að segja verið dálítið undrandi þegar ég hef séð menn sem ég hef talið að fylgdust bærilega með, jafnvel athafnamenn sem hafa tekið sig til og komið sér fyrir í Sjálfstfl., sitja jafnvel á Alþingi fyrir Sjálfstfl., koma í ræðustól og tala eins og þeir hafi bara ekki orðið varir við sértækar aðgerðir í atvinnulífinu fyrr en allt í einu núna að þeir virðast hafa afgreitt það út úr þingflokkum sínum að fara í 20 milljarða kr. ríkisábyrgð fyrir fyrirtæki úti í bæ.

Þetta er smáinngangur að því sem mig langar til að fjalla um líka, herra forseti, sem hluta af því máli sem hér er verið að fjalla um en það er markaðsvæðing atvinnulífsins. Menn halda nefnilega líka að þeir hafi verið að markaðsvæða atvinnulífið, jafnvel tala menn dálítið um að hér hafi verið einkavætt eitthvað að gagni enda þótt sú skýrsla sem tekin var saman um breytingar á eignarhaldi og samkeppni í atvinnulífinu hafi leitt hið öndverða í ljós, þ.e. að á sama tíma og hið almenna atvinnulíf í landinu hefur stækkað um þriðjung hefur umfang ríkisins vaxið mun meira á tilteknu árabili á undanförnum árum.

Niðurstaðan er sú að mikil ríkisvæðing hefur átt sér stað á Íslandi á þessum tíma. Það hve mikið menn hafa talað um einkavæðingu hefur kannski blekkt og menn halda að hér hafi einhver býsn verið einkavædd en þegar málið er skoðað kemur í ljós að þetta er misskilningur. Þetta er líka ein af þessum sérkennilegu niðurstöðum þegar menn skoða hvernig íslenski markaðurinn er. Þó að menn hafi verið að háeffa fyrirtæki, og hafi jafnvel ekki tekist að selja þó að þeir hafi ætlað sér með háeffinu, hafa menn varast það eins og heitan eldinn að skapa þær aðstæður að hér gæti orðið samkeppni á markaði. Við erum með fyrirtæki og heilu atvinnuvegina sem bera ákveðin sameiginleg einkenni, og útgerðin er hluti af þessu umhverfi. Þetta eru fyrirtæki þar sem lánin hafa verið með ríkisábyrgð, fjárfestingarnar hafa verið ábyrgðar, ekki kannski bara með ríkisábyrgð heldur líka með bæjarábyrgðum. Þetta eru fyrirtæki eða heilu atvinnuvegasviðin þar sem opinberir styrkir og fjárframlög hafa verið alfa og omega.

Varðandi útgerðina vil ég nefna að ágætir hagfræðingar sem hér er stundum vitnað til, t.d. bandarískí hagfræðingurinn Gary Becker og sá íslenski, Benjamín Eiríksson, hafa verið sammála um að úthlutun veiðiheimilda án þess að menn greiddu fyrir þær væri ekkert annað en ríkisstyrkur. Þær atvinnugreinar eða fyrirtæki hafa haft ákveðna einokun, og menn vita að einokun hefur ákveðið peningavirði. Þessi fyrirtæki hafa verið ríkisbankarnir eins og menn þekkja, Landssíminn, orkufyrirtækin og útgerðin. Þau hafa öll þessi einkenni.

Þegar menn fóru í það að leita eftir heimild til að selja Landssímann var alveg ljóst að menn ætluðu að selja einokunina. Menn ætluðu ekki að búa fyrirtækið þannig úr garði eða selja það með þeim hætti að hér gæti orðið til alvörusamkeppni á markaði, fjarri því. Sama er með ríkisbankana. Í rauninni var mjög merkilegt að upplifa það að mönnum datt helst í hug að byrja á því að sameina ríkisbankana áður en þeir yrðu seldir til að fullkomna einokunarstöðu þeirra.

Varðandi orkufyrirtækin sýnist mér, miðað við það frv. sem liggur fyrir til nýrra raforkulaga og það hvernig menn ættu að fara í þá hluti, að þar standi ekki til að breyta neinu í þeirri stöðu sem uppi er. Ens og menn þekkja eru stór fyrirtæki eins og Landsvirkjun með alla bestu virkjanakostina og síðan eru önnur fyrirtæki sem eru meira og minna ráðandi í dreifingu og sölu á orku til neytenda. Það er sem sagt ákveðin verkaskipting þar á markaðnum og einokun. Jafnvel þó að menn séu að tala um samkeppni sýnist mér að ekki eigi að skapa þá stöðu að hún geti orðið nema að mjög takmörkuðu leyti.

Þegar við komum svo að útgerðinni sýnist mér að menn forðist það ekki síst eins og heitan eldinn að þar geti átt sér stað samkeppni. Í Morgunblaðinu á laugardaginn var grein eftir Guðmund Örn Jónsson verkfræðing sem spyr þessarar spennandi spurningar: Hvernig verða Íslendingar ríkasta þjóð í heimi? Hugmyndir hans eru ekki að gera Ísland að vettvangi auðhringa eða eins konar Las Vegas norðursins eins og menn hafa heyrt frá sumum hugmyndafræðingum ríkisstjórnarinnar. Nei, hann bendir á að þjóðir sem hafa náð

miklu forskoti byggi á ákveðinni sérhæfingu og ákveðinni þekkingu umfram aðrar. Það má kannski segja að við höfum það að ákveðnu leyti þegar sjávarútvegur er annars vegar. Hann getur þess að það hafi tekið þær þjóðir langan tíma að byggja upp forskot sitt og það forskot byggist á aðgengi að nauðsynlegum framleiðsluþáttum, bæði hráefni og þekkingu. Með því að leggja áherslu á það sem þjóðirnar eru bestar í gætu þær náð ákveðnu forskoti. Menn næðu því ekki með því að gera eins og aðrir heldur öðruvísi. Þetta er svipað og við erum að upplifa hvað listamenn okkar varðar. Þeir sem ná árangri eru þeir sem gera hlutina öðruvísi. Síðan getur hann þess að eitt sé sameiginlegt með þeim öllum og það er öflug samkeppni á innanlandsmarkaði sem einkennist af leikreglum sem stuðla að nýliðun. Þetta er mjög athyglisvert. Inngangur þessa pistahöfundar Morgunblaðsins er einmitt byggður á því að hann er að velta fyrir sér hvaða fyrirkomulag menn leggja til varðandi útgerð á Íslandsmiðum.

Hann getur þess að trygging árangurs í viðskiptum með sérleyfum í stað samkeppni takmarki þjóðarauðinn vegna þess að það hindri nýliðun og þar með framfarir. Hann bendir líka á að takmarkanir á nýliðun hafi áhrif á áhuga fólks á því að mennta sig í tilteknum greinum. Ég tók eftir því áðan, herra forseti, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi gjarnan nefna menntamálin í tengslum við sjávarútvegsmál. Það er eðlilegt að menn hafi áhyggjur af því hvernig sú þróun hefur verið, hvernig áhugi ungs fólks hefur dvínað á því að mennta sig til starfa í sjávarútvegi. Er þá sama hvort um er að ræða útgerð eða fiskvinnslu. Í þessari grein er getum leitt að því að þegar menn átti sig á því að möguleikar á nýliðun séu takmarkaðir þá dvíni áhugi þeirra einfaldlega á því að mennta sig í viðkomandi grein vegna þess að menn fara hvorki að eyða tíma né peningum í að mennta sig inn á svið sem þeir síðan komast kannski aldrei að við. Þessi maður, Guðmundur Örn Jónsson, endar á því að benda á að fyrningarleiðin gæti verið leið okkar til þess að hafa hér jákvæðari áhrif og spyr hvort verið geti að skortur á nýjum mönnum með nýjar hugmyndir sé farinn að hafa áhrif á útgerðina í þá veru að afkoman sé lakari en hún þyrfti að vera.

Herra forseti. Mér finnast þessar spurningar og hugleiðingar allar vera mjög gildar inn í þá umræðu sem hér fer fram. Ég fór yfir þá þætti sem lúta að samkeppnis- og markaðsvæðingu vegna þess að mér fundust þeir vera í mjög góðu samhengi við það sem hér er leitt til þeirrar niðurstöðu að ef menn ætla að stunda hér arðbæran sjávarútveg, ef menn ætla þessari atvinnugrein að vera áfram sá burðarás sem hún hefur verið í efnahagslífi þjóðarinnar þá þurfi þeir að vera menn til þess að innleiða þá samkeppni sem nauðsynleg er til þess að við séum með þá við vinnuna sem hæfastir eru hverju sinni og að einhverjir vilji mennta sig fyrir greinina. Ég kann að koma að þessu síðar, herra forseti. En nú ætla ég að víkja aðeins að umfjöllun um byggðaþróun og byggðamál í tengslum við sjávarútvegsmál.

Eitt af því sem menn hafa mjög mikið rætt og notað sem rök fyrir skoðunum sínum þegar þeir fjalla um þær á Alþingi og víðar er staða byggðarlaganna vegna stjórnkerfis fiskveiða. Ég er sammála því að kvótakerfið hefur haft ákveðin mjög sársaukafull félagsleg áhrif á ýmsar byggðir í landinu. Atvinnuháttabreytingar hafa tilhneigingu til þess að taka mjög á. Það er afskaplega erfitt að þurfa að upplifa það þegar staðir þurfa félagslega að raða sér upp á nýjan leik. Hér var í dag talað um litla og stóra sægreifa eða kvótakónga og það er alveg ljóst að þessir litlu taka ekki minna í en þeir stóru þegar um það er að ræða að fólki finnist óeðlilegt hvernig fjármunir skiptast, hvernig völd í framhaldi af því skiptast, hverjir hafa vald á lífi þess og framtíð, hverjir hafa það í hendi sér í rauninni að svipta það aleigunni sem gjarnan liggur í húseign vegna þess að við vitum það auðvitað að húseignir hafa tilhneigingu til þess að lækka í verði og jafnvel verða verðlausar þar sem atvinnan er lítil og stefnir í að verða jafnvel engin.

Því segi ég að það er alveg ljóst að kvótakerfið hefur haft mjög erfiðar félagslegar afleiðingar og efnahagslegar afleiðingar fyrir þá sem fyrir því hafa orðið að staðurinn sem þeir treystu á og ákváðu að setja sig niður á reyndist ekki lengur sú miðstöð atvinnu sem vænst hafði verið.

Ég vil hins vegar andmæla þeim sem telja að eitthvað sem heitir byggðakvóti geti verið lausn á þessu máli. Ég held að sú aðferð að reyna að líkja sem mest eftir því ástandi sem var áður en kvótakerfið komst á sé í rauninni eina aðferðin sem er boðleg. Hvað er ég þá að tala um? Jú, þá er ég að tala um að allir greiði fyrir veiðiheimildirnar, að við viðurkennum það sem allir verða að viðurkenna og engin leið er fram hjá. Þó að menn reyni að tala eins og hér sé enn opinn aðgangur að auðlindinni og allir geti veitt og haft það eins og þeim sýnist þá skulum við viðurkenna það í þessari umræðu að veiðiheimildir, veiðiréttirnir er kominn með ákveðið verðgildi. Ég hefði alla vega gaman af að heyra rökstuðning fyrir því að frá því yrði bakkað. Það held ég að verði ekki gert, herra forseti. Ef við viljum leyfa byggðum landsins að njóta nálægðar við auðug fiskimið, auk þess að njóta þeirrar þekkingar og getu sem er heima fyrir, sem hefur alltaf verið grundvöllurinn fyrir því að byggð gæti orðið til á Íslandi, byggðin við ströndina, þá þurfum við að bæta þessum þætti inn, þ.e. þeim þætti að viðurkenna að fyrir veiðirétt þarf að borga. Því er sú aðferð að bjóða veiðiréttinn út í raun eina aðferðin sem brúkleg er, nothæf. Öðruvísi getur þetta ekki gerst. Allar aðrar aðgerðir eru alltaf með eitthvað sértækt í farteskinu, stundum meira að segja eitthvað mjög sértækt, eins og byggðakvóta og endalausar breytingar á smábátakerfi, þ.e. það sem við höfum verið að takast á við á undanförnum árum.

Þjóðhagsstofnun skilaði skýrslu til endurskoðunarnefndarinnar um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun. Þessi skýrsla er ekki mikil að vöxtum. Þær hafa margar sést stærri sem fjalla um þessi mál. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að mönnum hefur ekki gengið neitt óskaplega vel að sanna að kvótakerfið eitt og sér hafi hin afgerandi áhrif á færslu veiðiheimildanna. Áður en það kom til skjalanna voru menn að kaupa og selja skip og það var kannski mannauðurinn þá eins og nú sem endanlega réði, þ.e. hvað menn höfðu mikinn kjark og getu. Ég ætla á eftir að vitna í Guðna Einarsson frá Súgandafirði svona rétt til þess að undirstrika það vegna þess að mér finnst athyglisvert það sem hann er að segja. Menn hafa alla vega í leit sinni að samkvæmni í kvótakerfi annars vegar og breytingum á byggðunum hins vegar þurft að horfa til þess að þetta samband er miklu flóknara en svo að eingöngu sé hægt að kenna stjórnkerfi fiskveiða um. Menn verða auðvitað að horfa til þess að byggðin í landinu, byggðin við ströndina, tók á sig þá mynd sem hún gróft byggir á enn í upphafi síðustu aldar. Kannski má segja að ártalið 1902 sé það ártal sem skiptir máli, en þá var, eins og menn þekkja vel, sett vél í fyrsta

bátinn vestur á Ísafirði. Segja má að byggðin í landinu hafi síðan þróast með tilliti til þess hvaðan best var að gera út á vélbátum. Auðvitað hefur ýmislegt gerst á þessari vegferð. Menn hafa m.a. gjarnan viljað horfa til þess hvaða breytingar voru gerðar um 1970 sem urðu til þess að menn hættu að fara á vertíð og farið var að taka fiskinn allt í kringum landið í meira mæli en áður hafði verið. Öld skuttogara gekk í garð. Alla vega er alveg ljóst að tæknin hefur ráðið því að stórum hluta hvaðan hefur verið gert út og hvaðan ekki hefur þurft að gera út lengur. Þær eru ýmsar verstöðvarnar sem menn notuðu áður en vélar voru settar í báta sem eru löngu komnar í eyði sakir þess að menn þurftu ekki að notfæra sér þá aðstöðu sem í því fólst að gera út frá þeim tilteknu stöðum af því að hægt var að gera það betur frá öðrum stað eftir að tæknin hafði komið manninum til aðstoðar.

Þannig mun þetta verða áfram. Það er alveg ljóst að sókn mannsins eftir betri lífskjörum ræður því hvernig byggðin þróast. Við getum út af fyrir sig reynt að hafa áhrif á það tímabundið en ég er nokkuð viss um það, herra forseti, að það er fyrst og fremst töf sem við erum að setja inn en ekki breyting. Þessu snúum við ekki til baka. Ýmsir aðrir hlutir skipta mun meira máli og ég mun koma að þeim á eftir.

En a.m.k. er ástæða til að fara yfir helstu niðurstöður Þjóðhagsstofnunar. Nú fer að verða hver síðastur að vitna til hennar, trúi ég, a.m.k. hvað varðar nýrri plögg, en helstu niðurstöður Þjóðhagsstofnunar, sem eins og ég sagði skrifaði greinargerð fyrir endurskoðunarnefndina, eru þær að samband búsetuþróunar og fiskveiðistjórnarkerfis sé afar flókið. Að öðru leyti eru helstu niðurstöður þessar, með leyfi forseta:

„Hlutdeild samdráttarstaðanna í veiðiheimildum í þorski hefur minnkað verulega á undanförnum árum en hlutdeild vaxtarstaðanna hefur aukist á sama tíma.“

Á mannamáli þýðir þetta að það eru staðir á Íslandi sem hafa þróast á þann hátt að þar hefur útgerð verið að dragast saman af ýmsum ástæðum og hins vegar eru aðrir staðir þar sem útgerð hefur verið að aukast. Við getum velt því fyrir okkur hvort þetta hefði ekki gerst ef kvótakerfið hefði ekki komið til. Hefðu menn þá ekki keypt og selt skip? Hefði það ekki þróast þannig að sumir staðir hefðu ekki getað ráðið við í rauninni það sem þeir voru búnir að takast á hendur? Við vitum að hin mikla togara- og frystihúsavæðing gerðist auðvitað með þeim hætti að staðir sem höfðu ekki nokkurt afl til þess að takast á við það voru skyndilega komnir með *tvo togara og stærðarinnar frystihús, höfðu aldrei hvorki* mannskap, þekkingu né fjármagn til þess að ráða við slík verkefni. Ég endurtek spurninguna: Hefði þetta ekki getað gerst nema af því að kvótakerfið kom til sögunnar?

Það er einn ágætur hagfræðingur, Ásgeir Jónsson, sem vinnur á Hagfræðistofnun sem hefur skrifað greinar um byggðaþróun þar sem hann leiðir að því getum að það sem sé að gerast núna sé kannski fyrst og fremst það að menn eru að hoppa aftur fyrir hinar miklu fjárfestingar sem urðu við togara- og frystihúsavæðinguna eftir 1970, þær miklu fjárfestingar sem því miður var takmörkuð innstæða fyrir einfaldlega vegna þess að miðin voru takmörkuð. Sú mikla fjárfesting varð meiri en þeir staðir réðu við þó þeir séu nú á síðari árum beinlínis að aðlagast þeirri getu sem er þeim svona náttúrleg, bæði hvað varðar þekkingu, mannfjölda og *möguleika á fjármögnun. Það sé hins vegar eins og við vitum* afskaplega sárt að þurfa að aðlagast með þessum hætti. En á þeim stöðum sem hafi fyrstir gengið í gegnum þessa aðlögun og séu búnir að ná nýjum tökum á því hvernig sérstaða þeirra nýtist sé ástandið e.t.v. best. Annars staðar, þar sem þetta er að ganga yfir núna, sé ástandið mun erfiðara. Hvort sem þessi kenning Ásgeirs Jónssonar er rétt eða ekki er full ástæða til að nefna hana. Ég hef sjálf lengi haft það á tilfinningunni að þarna hafi verið farið fram með miklu offorsi, allt of miklu. Í rauninni hafi verið allt of mikið á marga litla *staði lagt, staði sem höfðu kannski 300 íbúa, að ætla þeim að* reka bæði tæknivæddan togara og tæknivædda fiskvinnslu, kannski tvo togara til þess að jafna hráefnisöflunina. Þetta var fyrir tíma fiskmarkaðanna og sums staðar má segja að þetta ævintýri hafi algerlega rústað þeirri menningu sem var á þessum stöðum. Ég er þó ekki að álasa þeim sem ákváðu að fara í þennan leiðangur á sínum tíma, menn héldu að sjálfsögðu að þetta væri það sem gæti dugað til lengri tíma. Þarna voru menn líka vanir því að vera með ríkisábyrgðir, jafnvel meira en 100%, og menn gátu tekið kannski stærri áhættu að ýmsu leyti en þeir mundu gera í dag. Þarna voru menn líka dálítið duglegir við að handstýra genginu eftir því hvernig á stóð og hið opinbera tók ábyrgð á fiskverði og þar með á bæði útgerð og fiskvinnslu.

En svo ég víki aftur að helstu niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar, þá er það næsta sem hér er sett fram, með leyfi forseta:

„Samband milli úthlutaðra og raunverulegra veiðiheimilda er margslungið, m.a. vegna þess hversu algengt er að útgerðarmenn breyti þeim með leigu og flutningi milli skipa sem geta verið gerð út frá mismunandi stöðum.“

Hér er á mannamáli verið að segja það sem oft hefur verið rætt, að atvinna á einstöku stað fer ekki endilega eftir því hversu mikill kvóti er eyrnamerktur staðnum vegna þess að menn hafa aðrar leiðir nú en þeir höfðu áður til þess að afla sér hráefnis til vinnslu og menn landa víðar en þeir gerðu. Þó er e.t.v. of mikil alhæfing fólgin í því að segja að menn landi víðar en þeir gerðu vegna þess að ef við förum aftur fyrir 1970, þá fóru menn mjög mikið á vertíð og lönduðu annars staðar og aflinn var unninn annars staðar. Það væri fróðlegt í rauninni að gera samanburð á því ástandi og ástandinu sem er núna, 30 árum síðar.

En a.m.k. er alveg ljóst að samhengið á milli atvinnu í landi og þess hvort kvóti er vistaður á staðnum er tiltölulega flókið og oft óljóst. Menn eru kannski tilbúnir til að rifja það upp hversu mikið írafár var þegar fyrsta byggðakvótanum var úthlutað og í ljós kom að á stað eins og Ólafsfirði, þar sem fiskvinnsla í landi stóð mjög höllum fæti, fékk engan byggðakvóta og á því var vakin rækileg athygli, er vistaður mjög mikill kvóti, líklega kvóti einna fimm frystitogara. Þar hefur hins vegar verið tekin sú ákvörðun að sá afli væri unninn úti á sjó. Þetta samband er því ekki alveg einfalt.

Það næsta sem segir í helstu niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta, er: „Ráðstöfun afla hefur breyst verulega á undanförnum árum. Á mesta samdráttartímanum lagðist útflutningur á ounnum afla nær alveg af. Útgerð verksmiðjuskipa hefur breytt ráðstöfun afla, en á þeim stöðum sem hér eru til athugunar er sú breyting ekki umtalsverð. Mesta breytingin er á því hversu miklu meiri afli fer til vinnslu utan heimahafnar skips.“

Hér er, herra forseti, áfram fjallað um það sem ég reifaði á undan, þ.e. hversu ráðstöfun afla hefur breyst kannski *innan þessara 30 ára frá 1970 og sömuleiðis þær breytingar* sem hafa orðið varðandi siglingar með fisk. Reyndar hefur ýmislegt verið gert til þess að hamla því að miklar siglingar væru með fisk en alltaf er þó tilhneiging til þess og hv. þm.

Gísli S. Einarsson vakti á því athygli í ræðu sinni að það væri kannski ekkert sem væri hægt að kalla markaðslögmál sem réði því hvort útgerðarmenn kysu að flytja fiskinn á erlenda markaði eða selja hann á innlendum mörkuðum vegna þess að enda þótt verðið hér heima væri til muna hærra væri eigi að síður siglt með fiskinn. Hann hefur verið að kalla eftir upplýsingum um af hverju. Ég hef sjálf tekið þá umræðu upp áður og finnst full ástæða til að halda henni við og finnst gott að hv. þm. Gísli S. Einarsson skuli ganga af slíkri ákveðni fram í málinu því að sannarlega er eitthvað á ferðinni sem þarfnast frekari útskýringa.

Í fjórða lagi eru helstu niðurstöður Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta: „Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað á samdráttarstöðunum en fjölgað á vaxtarstöðunum. Samdrátturinn í sjávarútvegi virðist þó vera hluti af almennum samdrætti á samdráttarstöðunum enda er fækkun sjávarútvegsstarfa 38% af heildarfækkun starfa. Á vaxtarstöðunum hefur störfum í öðrum greinum ekki fjölgað þótt sjávarútvegurinn hafi eflst. Skýringanna er að einhverju leyti að leita í því að framleiðsluatvinnugreinar hafa dregist saman."

Herra forseti. Það er ekki bara að aðrar framleiðsluatvinnugreinar hafi dregist saman heldur hafa þau störf sem unnin eru í sjávarútvegi einfaldlega dregist saman. Það er mikill munur á því hversu marga þarf til þess að afla og vinna við útgerð eða fiskveiðar nú eða fyrir 25–30 árum. Þarna hefur tæknin að mörgu leyti leyst mannshöndina af hólmi og enda þótt minna sé flutt út af fiski og meira sé unnið í landinu, þá eru mun færri sem þarf til þeirrar vinnslu þrátt fyrir að mjög stór hluti af því hráefni sem nú er unninn er fullunninn. Sá draumur hefur ræst mjög víða að aflinn er unninn nánast á disk neytandans. En af því að tæknin hefur svo víða komið inn hefur því fólki fækkað sem þarf beinlínis til þess að vinna við úrlausnina.

Á sama tíma hefur öðrum störfum auðvitað fjölgað, ýmsum þjónustustörfum í kringum þetta, tæknistörfum, því að öll þessi tækni þarf auðvitað sérhæfða starfsmenn til þess að viðhalda og vinna, og störfum í ýmiss konar rannsóknum hefur líka fjölgað. Þau störf hafa því miður ekki orðið til á sjávarútvegsstöðunum, a.m.k. ekki á þeim minni. Þau voru til á stærri stöðunum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. En Ísland hefur eins og menn vita haft ákveðna forustu á ýmsum sviðum hvað varðar þróun ýmiss búnaðar í sjávarútvegi sem síðan hefur verið yfirfærður í aðrar atvinnugreinar. Ég nefni fyrirtæki eins og Marel og Sæplast sem byrja heima vegna þess að heimamarkaðurinn er stór og góður og selja nú vörur sínar ekkert síður í annan matvælaiðnað.

Ég vil líka nefna, herra forseti, að á Ísafirði hefur jafnan verið unnið mjög merkilegt þróunarstarf hvað varðar tækni í sjávarútvegi, tækni til þess að leysa mannshöndina af hólmi í fiskvinnslu. Þannig gerist þetta einfaldlega. Þeim störfum sem unnin eru með höndunum hefur fækkað, en þeim störfum hefur fjölgað þar sem þekking og tækni hafa tekið við. Þar af leiðandi hefur orðið samdráttur á ýmsum þeim stöðum þar sem fólkið hefur ekki haft annað að hverfa til, ég tala ekki um þegar á sama tíma hefur gerst að landbúnaður hefur verið í umtalsverðum breytingum einnig og samdrætti.

Herra forseti. Ég undirstrika að þetta samband á milli fiskveiðistjórnarkerfis og byggðaþróunar er afskaplega flókið, en ég endurtek það sem liggur algerlega ljóst fyrir að mínu mati en það eru hin erfiðu félagslegu áhrif sem sannarlega hafa grafið undan tiltrú fólks á möguleikum þess að það gæti átt framtíð á tilteknum stöðum þar sem óöryggi er meira en víða annars staðar, þar sem ekki er að neinu öðru að hverfa ef sjávarútvegurinn lætur undan síga.

Menn hafa að sjálfsögðu vikið að upphafi kvótakerfisins og talað um að kvótakerfið hafi brugðist af því að fiskverndarloforðin hafi ekki ræst. Ég veit ekki hvort þeir aðilar sem svona tala hlustuðu aldrei á sömu ræðurnar og ég eða hafa ekki lesið sömu pistlana eða sömu þingræðurnar, en sannarlega var það svo, herra forseti, að þeir voru býsna margir sem gerðu sér algerlega grein fyrir því hvers konar kerfi þetta var þegar verið var að koma því á. Það voru til menn sem voru beinlínis búnir að tala fyrir þessu kerfi af því að þeir gerðu sér mætavel grein fyrir hinum efnahagslegu afleiðingum þess. Þeir vissu að það var ákveðin markaðsvæðing sem fólst í þessu kerfi og það er hún sem var verið að leita eftir. Hitt var svo alveg rétt að þær aðstæður voru nýttar til að koma kerfinu á þegar hægt var að benda mönnum á það að þetta væri á heldur erfiðri siglingu hjá okkur, þetta með að byggja fiskstofnana upp eða halda þeim í góðu jafnvægi. Svartar skýrslur höfðu sést og fiskifræðingar vöruðu við ofveiði.

Svo létu menn segja sér það ár eftir ár að nú væri þetta bara ár í senn, og það var farið yfir í sóknarmark í leiðinni. Smám saman, með eins konar teskeiðaraðferð eða kannski bara súpuskeiðaraðferð vegna þess að skammtarnir voru stundum stórir, var kerfið fest í sessi. Mat mitt er það að frv. sem liggur fyrir og á að ræða um á eftir, um breytingar á lögunum um fiskveiðar utan lögsögu, sé eiginlega staðfesting ríkisstjórnarinnar og þá þeirra sem samþykkja það á því að þetta kerfi hafi haft nokkurn sigur. Kannski allt of stóran sigur vegna þess að þar er, þrátt fyrir að meiri hluti sjútvn. hafi á sínum tíma verið með sérstakan fyrirvara í nál. sínu um að veiðireynslan skapaði ekki forsendur fyrir úthlutun aflahlutdeildar í síldinni, verið að festa það í sessi. Ég fæ ekki betur séð en að þeir aðilar sem voru með varnaðarorðin fyrir nokkrum árum skrifi allir upp á nál. núna þar sem þeir samþykkja málið óbreytt á þeim forsendum að sjútvrh. sé búinn að kvótasetja. Norsk-íslenski síldarstofninn er nú, frá þeim tíma sem búið er að afgreiða það mál, kvótasettur miðað við tilteknar forsendur og enginn sér svo sem fyrir hvernig það muni verða, hversu stór þessi gjöf er, en sumir hafa talað í þingsalnum um gjöf aldarinnar. Ég veit ekki hvort það kom fram í umræðunum á laugardaginn. Það kann að vera. Menn hafa bundið vonir við það að norsk-íslenski síldarstofninn ætti eftir að verða stærri og ganga í ríkara mæli inn í lögsöguna. Það kann að gerast ef það gengur eftir að sjór haldi áfram að hlýna og þessi kalda tunga sem menn hafa talað um að væri eins og veggur á milli Íslands og Noregs léti undan síga og síldin gæti gengið betur inn í lögsögu okkar. Þá eru menn ekki tala um neitt smáræði.

Eins og ég segi, herra forseti, finnst mér einhvern veginn að það mál sé kannski miklu meiri kóróna á það sköpunarverk en hitt málið sem við erum að ræða núna sem er í sjálfu sér bara eitthvert mál „lagfæringar" því að ég verð að segja að mér finnst það sem hér er verið að gera ekki vera til bóta yfirleitt heldur miklu frekar til vansa.

Ég ætla þá, herra forseti, að víkja aðeins að byggðakvótum. Það er alveg ljóst að í þinginu hafa menn mjög gjarnan, þegar þeir hafa viljað sýna hvað þeir eru góðir við landsbyggðina, talað um byggðakvóta og hvað þeir væru mikilvægir. Þeir hafa talað eins og að byggðin sem varð til kannski um aldamótin 1900 væri eftirsóknarverð, menn skyldu líta meira aftur en fram og reyna að halda í þetta eins og það var, þ.e. lemja höfðinu við steininn og neita að

horfast í augu við það að byggðaþróunin er ekki alveg svona einföld. Það eru ýmsir fleiri þættir sem spila inn í. Eins og ég gat um áðan eru menn að reyna að tefja fyrir tiltekinni þróun og ég virði út af fyrir sig að menn reyni það þó að mér finnist hins vegar fyrir neðan allar hellur að menn skuli þá ekki reyna að gera hlutina almennilega og fara í það kerfi sem eitt gæti gert ástandið þannig að hinar vænlegri byggðir fengju að njóta nálægðarinnar eins og þær fengu áður en kvótakerfið var sett á með því að veiðiréttinn væri boðinn út. Menn hafa frekar viljað viðhalda þessu einokunarkerfi en hafa síðan dregið undan hluta af veiðiheimildunum og þeim hefur verið úthlutað eftir ýmiss konar reglum undir ýmiss konar formerði.

Fyrsti byggðakvótinn sem var settur á var 500 lesta kvóti sem var úthlutað líklega fyrir kosningar 1999. Nei, nú misminnir mig, herra forseti, sá kvóti var kominn fyrr. Hinn nýi byggðakvóti kemur síðar. *Látum kyrrt liggja, menn eru búnir* að taka þetta í nokkrum þrepum. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að orðið „byggðakvóti" er að fá á sig heldur neikvæðan blæ. Auðvitað kemur í ljós að handvirk aðferð eftir þeim leiðum sem þar hafa verið reyndar mælist ekki betur fyrir en sú aðferð sem kvótakerfið almennt byggir á, þ.e. einhvers konar veiðireynslu í flestum tilfellum. Stundum er þó öðrum aðferðum beitt og mig undrar satt best að segja að menn skuli ætla að halda áfram á þessari vegferð eins og gert er í þessu frv. Mig undrar það vegna þess að ég hélt í sannleika sagt að eitthvað væri að marka það sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt um þessi mál, og ég hélt að hann fengi einhverju ráðið. Ég hélt líka að ýmsir þeir sem hafa talað, ekki úr þessum ræðustóli heldur kannski meira annars staðar, mundu beita sér til að þessi þróun héldi ekki áfram með þeim hætti sem nú er. En með þessu frv., ef það verður að lögum, og þeim brtt. sem nú liggja fyrir frá meiri hlutanum sýnist mér að ef virt er til peninga, og það eigum við að gera vegna þess að veiðiréttinn hefur orðið verðgildi, séum við komin með á bilinu 6–7 milljarða sem Alþingi er að ákveða að beita með þessum hætti.

Ég spyr sjálfa mig þessarar spurningar: Ef Alþingi hefði 6–7 milljarða kr. til ráðstöfunar og vildi nota þá til að reyna að snúa byggðaþróuninni við, mundum við þá gera það svona? Mundum við kaupa varanlega kvóta og úthluta þeim með þessum tiltekna hætti? Mundi okkur finnast það vera leiðin og lausnin? Það getur vel verið að hér sé einhver hópur sem álítur það og það virðist vera meiri hluti fyrir því að rétt sé að verja 6–7 milljörðum kr. til þess. Ég hefði ekki valið þessa leið. Ég hefði horft á þessi mál frá allt öðrum sjónarhóli. Ég hefði reynt að horfa fram ekki síður en aftur. Ég hefði velt því fyrir mér, herra forseti, hvaða möguleikar, m.a. til atvinnuuppbyggingar, eru líklegir til að gagnast fólki til framtíðar, líklegir til að laða ungt fólk að, líklegir til þess að halda byggðamunstrinu í landinu þannig að við getum viðhaldið ákveðinni byggð með menningu, ekki bara sem safngrip heldur sem lifandi samfélögum fólks sem tækist á við veruleikann *núna og í framtíðinni. Að einhverju leyti yrði* það að sjálfsögðu tengt sjávarútvegi en ef við hefðum þessa peninga gætum við t.d. sett meiri fjármuni til menntamála, í ferðamál, í menningartengda ferðaþjónustu og í ýmislegt fleira sem menn telja svo mikilvægt. Sé horft til framtíðar hugsa ég að við gætum náð býsna góðum árangri, a.m.k. mjög víða.

Ég gat þess áðan að athyglisvert væri að lesa það sem Guðni Einarsson á Suðureyri segir og fjallað er um í DV í dag. Guðni þessi er býsna kraftmikill maður, býr á Suðureyri og hefur undanfarin ár rekið hausaþurrkunarfyrirtækið Klofning. Hann biður nú Súgfirðinga afsökunar á því að hafa reynt að bjarga sér á eigin spýtur í kvótakerfinu. Hann biðst afsökunar á því að vera svo öflugur að vera sjálfbjarga, að hafa sannað það að á Suðureyri er hægt að gera hlutina. Hvað er maðurinn að meina? Jú, af því að þar voru aðilar, á Suðueyri, sem gátu bjargað sér í þessu kerfi — eins og sem betur fer gerist víða — fékk Suðureyri engan byggðakvóta. Hvað er hér verið að segja? Guðni segir í samtali við DV að hann sé mjög ósáttur við að það sem hann er að reyna að gera sé látið bitna á öðrum.

Herra forseti. Mér finnst í rauninni það sem þarna kemur fram vera einhver stærsti dómur sem felldur hefur verið yfir þessum handstýrðu reddingum sem eru í gangi, harðasti dómur vegna þess að hér er beinlínis verið að tala um það *sem hefur svo sem verið nefnt áður en menn virðast ekki* hafa áhuga á að taka mark á, að þessi handstýrða aðferð við hliðina á hinni skekkir allar samkeppnisforsendur. Hún breytir í rauninni viðhorfum manna að ýmsu leyti. Hún gerir það að verkum að þeir sem hafa verið að beita þekkingu sinni og hugviti til að gera hlutina enn þá betur til hagsbóta fyrir samfélagið allt þurfa kannski ekki að gera það. Eða hver eru skilaboðin? Hver eru skilaboðin í þessu kerfi sem við erum með? Mér finnst, herra forseti, full ástæða til að menn velti þessu mjög alvarlega fyrir sér.

Af því að Guðni er frá Suðureyri sem er einn af þessum stöðum fyrir vestan sem fengu hina miklu togara- og frystihúsalausn á sínum tíma en hafa nú náð sér á strik á sínum forsendum er líka ástæða til að fara aðeins yfir það hvaða þátt ýmsir þingmenn Vestfirðinga hafa átt í ýmsum breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða á undanförnum árum. Einn þeirra sagði áðan að þetta væri alls ekki komið á enda. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson orðaði það svo hér fyrr í kvöld að menn skyldu ekki halda að frv. sem hér væri verið að fjalla um væri eitthvað endanlegt í þessum efnum. Áfram yrði haldið við að breyta og laga og taka til hendinni. Ég á heldur ekki von á því að þetta verði síðasta breytingin vegna þess að mér hefur fundist að þingmenn Vestfirðinga sem hafa verið í stjórnarmeirihlutanum hafi allan tímann gengið þannig fram að lýsa yfir mikilli óánægju með ríkjandi kerfi og skapa nokkra spennu í kringum það. Síðan hafa hrossakaupin orðið og þeir hafa náð nokkrum árangri fyrir tiltölulega þröngan hóp. Ég veit ekki hvort hægt er að nefna alla með nafni sem stundum hafa notið þessa en a.m.k. hefur aðferðin verið þessi. Síðan er skilin eftir smáglufa sem hægt er að víkka aðeins út og halda áfram að þróa kerfið með tilteknum hætti og svo hefst sami leikurinn upp á nýtt. Alltaf koma ný frv. og alltaf koma nýjar breytingar og enn kemur frv. og áfram verða boðaðar breytingar.

Herra forseti. Þetta er það sem ég hef kallað söguna endalausu. Þarna eiga sér stað afskaplega sértækar aðgerðir í atvinnulífinu og þetta hefur haft þær afleiðingar að við erum *býsna mörg með hálfgert óbragð í munninum* þegar fjallað er um sjávarútvegsmál í þinginu. Þetta hefur jafnframt haft þær afleiðingar að okkur finnst kannski ekki mikil ástæða til að taka mikið mark á þessum mönnum þegar þeir eru að lýsa yfir andstöðu sinni við kerfið eða skoðunum sínum á þessum hlutum yfirleitt einfaldlega vegna þess að þegar til stykkisins kemur skrifa allir upp á meirihlutaálit, samanber síldina. Allir eru tilbúnir til þess að selja og kaupa. Það hefur eitthvað með veruleikann að gera, heyrðist okkur áðan á hv.

þm. Einari Kristni Guðfinnssyni sem var að svara öðrum þingmanni Vestfirðinga sem vildi aðeins hreinni línur í málið. En niðurstaðan er þessi, herra forseti: Allir virðast þeir tiltölulega sáttir við kerfið hvað svo sem þeir segja. Þeir hafa hins vegar notfært sér ímyndaða meinta andstöðu sína til þess að ná fram endalausum breytingum á því umhverfi sem ákveðnar tegundir fiskiskipa og báta hafa þurft að búa við. Þar á enginn endir að vera á. Það stendur ekki til að þessi atvinnugrein fái það umhverfi sem hún á skilið og ekki stendur til að þessi atvinnugrein búi við samkeppni eða eðlilega viðskiptahætti. Það stendur ekki til að þessi atvinnugrein fái öruggt starfsumhverfi. Hér verður haldið áfram að versla. Hér munu hrossakaupin áfram eiga sér stað. Hér hefur ekkert breyst.

Byggðakvótar eru síðan alfa og omega í þessum kaupskap öllum saman og nú eru þeir að verða varanlegir og smákóngar öðlast enn meiri völd en þeir höfðu áður. Til þess var jú leikurinn gerður, eða hvað? Nei, herra forseti. Það er heldur ógeðfellt í rauninni að taka þátt í umfjöllun um þessi mál eins og þau hafa þróast og ótrúlegt hvað menn leyfa sér þegar um er að ræða jafnmikilvæga atvinnugrein og íslenskan sjávarútveg.

Ég ætla að víkja að frv. sem hér liggur fyrir með beinni hætti en ég hef gert. Ég hef frekar verið að fjalla um umgjörðina. En ég ætla að víkja að frv. sjálfu og fara yfir greinar þess að svo miklu leyti sem ástæða er til að fjalla um þær sérstaklega. Sumar eru tiltölulega einfaldar. Snúast kannski fyrst og fremst um að fella eigi niður tilteknar greinar tæknilegs eðlis. Alla vega finnst mér ástæða til að dvelja strax við 1. gr. frv. þar sem lagt er til að afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunar falli ekki undir ákvæði laganna. Það þýðir á mannamáli að Hafrannsóknastofnun þarf ekki að eiga kvóta til þess stunda rannsóknir.

Þetta ákvæði hefur valdið þó nokkrum umræðum í sjútvn. Menn urðu að mínu mati flestir tiltölulega snemma sammála um að þetta ákvæði væri, eins og ég hefði viljað orða það, gamaldags ríkisafskiptaákvæði, þ.e. þetta er ákvæði sem gerir ráð fyrir því að einungis ein stofnun í landinu geti haft vit á því hvernig og hvort rannsóknir eru stundaðar og hvaða niðurstaða er þá löggilt.

Nú hafa menn mikið fjallað um hinar líffræðilegu forsendur og harma það að ekki hafi tekist betur til en svo að þorskafli á Íslandsmiðum hefur farið niður ár frá ári. Menn eru hættir að trúa því þegar vísindamenn Hafrannsóknastofnunar segja okkur að nú sé botninum náð vegna þess að við höfum haldið að við værum að botna ár eftir ár undanfarið. Menn hafa orðið áhugasamari um það á síðari árum en nokkru sinni fyrr að við fengjum það sem er kallað „second opinion" eða annað álit. Þess vegna var fyrirspurnaþingið í haust sem hæstv. sjútvrh. efndi til til hreinnar fyrirmyndar. Þar voru menn kallaðir til, gátu að viðrað skoðanir og hlýtt hver öðrum yfir. Menn voru fengnir til þess að skrifa álit og það eru góð vinnubrögð. Hins vegar finnst mér niðurstaðan sem 1. gr. gerir ráð fyrir — og ekki hefur hún batnað við brtt. meiri hlutans — skref sem ekki hefði átt að stíga vegna þess að það er alveg rétt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan. Rannsóknirnar verða að vera frjálsar. Þegar menn eru komnir með Hafrannsóknastofnun sem hliðvörð, þ.e. að bara Hafrannsóknastofnun getur stundað rannsóknir fyrir ókeypis kvóta — við skulum kalla hann ókeypis — og svo þeir sem Hafrannsóknastofnun samþykkir þá finnst mér að við séum býsna stutt á veg komin. Af hverju á Hafrannsóknastofnun að vera sá sem samþykkir eða synjar þegar hér kemur einhver sem telur sig hafa eitthvað nýtt fram að færa og þarf að fá að stunda rannsóknir á Íslandsmiðum? Eru menn virkilega á því að Hafrannsóknastofnun, sem er kannski sú stofnun sem menn vilja fá annað álit gagnvart, sé rétti aðilinn til að meta hvort viðkomandi nýliði, aðkomurannsakandi, eigi að fá þessa heimild líka? Ég segi nei. Mér finnst þetta í rauninni fáránlegt og fráleitt.

Hér er í raun engu verið að breyta frá því sem var, kannski jafnvel að sumu leyti verið að gera hlutina verri vegna þess að formlega er verið að færa Hafrannsóknastofnun það vald í hendur að hún geti undir ákveðnum kringumstæðum ráðið því hverjir fái að rannsaka og hverjir ekki. Hér finnst mér, herra forseti, að menn séu að hjakka í sama farinu og að umræðan sem átti sér stað í nefndinni og var afar góð að mörgu leyti hvað varðar þetta ákvæði hafi ekki skilað neinu. Hér er því eitt þeirra ákvæða sem mér finnst, herra forseti, heldur vera af lakara taginu, heldur til vansa.

Um 2. gr. og 3. gr. er svo sem ekki mikið að segja. Reyndar er meiri hlutinn með brtt. við 2. gr. En þarna eru ekki á ferðinni stórmál þannig að ég ætla að víkja að 4. gr. Þar er verið að fjalla um Byggðastofnun og byggðakvóta. Ég ætla að vekja á því athygli, herra forseti, af því að ég er búin að tala almennt um byggðakvótana og þá pólitík sem í þeim er, að það er svolítið merkilegt að menn skuli alltaf vera að gera tilraunir með mismunandi orðalagi þegar kemur að þessum byggðakvótum. Ýmist er verið að heimila ráðherra að höfðu samráði við Byggðastofnun að ráðstafa svo og svo miklu til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, til að styðja byggðarlög eða til að treysta betur stöðu þeirra byggðarlaga. Maður veltir því fyrir sér, af því að ekki gafst færi á umfjöllun í nefndinni um brtt. meiri hlutans, hvort þetta mismunandi orðalag hafi einhverja dýpri merkingu, hvort hér sé bara stílbragð á ferðinni eða hvort menn sé að hnika málum til svo að einhverju nemi. Geta menn bundið vonir við að þarna sé eitthvað nýtt að gerast? Ég held reyndar ekki. Það á sjálfsagt eftir að verða skemmtilegt að heyra frekari umfjöllun meiri hlutans um það af hverju menn séu alltaf að breyta um orðalag.

Svo ætla menn að koma með nýja 5. gr. Sú grein fjallar um stækkun krókaaflahámarksbátana. Það er svo merkilegt, herra forseti, að frv. virðist vera sett fram með þessari stækkun án þess að það hafi verið rætt við hagsmunaaðila. Nú er ég ekki endilega alltaf talsmaður þess að menn séu fyrir fram að ræða við hagsmunaaðila og endilega hlaupa eftir því sem þeir vilja eða segja. En í þessu tilfelli hefði mér ekki fundist óeðlilegt að ræða við landssambandið um að þessi breyting stæði fyrir dyrum, ekki síst vegna þess að, að mínu mati, hefur hún alls ekki fengið nægilega umfjöllun. Af því að frv. var frekar á hraðferð og menn voru með athyglina meira á öðru þá er mér a.m.k. ekki nægilega ljóst hvernig þetta getur gerst. Núna er verið að reyna að lappa upp á og breyta. Hér er frv., líklega þriðja mál á dagskrá, sem tengist þessu með ákveðnum hætti. Þar er verið að bjarga í horn því sem þarf að bjarga og ugglaust fleiru sem á eftir að koma. Við erum, eins og hér hefur komið fram, bara stödd einhvers staðar á þessari löngu leið við að breyta lögunum um stjórn fiskveiða. Landssamband smábátaeigenda er sem sé á móti þessari breytingu eins og hún er lögð til í frv. og leggur til að þessu verði breytt þannig að miðað verði við 10 brúttólestir. Ástæður þeirra eru, með leyfi forseta:

„1. Tilkoma aflamarks á alla báta 6 brl. að 10 brl. 1. janúar 1991 varð til þess að veiðiheimildir þessara báta fluttust í verulegum mæli á stærri skip. Bátunum fækkaði um nokkur hundruð og eru nú aðeins 130. Veiðiheimildir þessara báta eru frá því að vera nánast engar upp í að vera viðunandi. Óveruleg nýsmíði hefur átt sér stað í þessum hópi enda veiðiheimildir ekki gefið tækifæri til endurnýjunar. Með breytingartillögu LS" — þ.e. að ekki yrði farið í 15 brúttólestir eða brúttótonn, eins og gert er ráð fyrir í frv. úr 10, — „væri þessum aðilum gefið tækifæri á að komast inn í krókaaflamarkið með meiri veiðiheimildir en þeir hafa í dag. Það er mat undirritaðs" — sem er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda — „að lækkun úr 15 brt. í 10 brl. muni ekki leiða til stórfelldrar verðlækkunar báta í krókaaflamarki eins og veruleg hætta er á ef miðað væri við 15 brt. Einkum er það vegna mikils mismunar á aflaheimildum báta milli 6 og 10 og 10 og 15, afkastagetu bátana, endurbóta sem hefur verið talsverð á bátum milli 10 og 15, en eins og áður sagði nánast engin á bátunum milli 6 og 10.

2. Við framkvæmd laga um kvótasetningu krókabáta lækkaði verðmæti bátanna um hundruð milljóna. Dæmi um verðlækkun einstakra báta 15 milljónir niður í 10 milljónir. Ástæður þessa var skerðing á veiðiréttindum og að veiðum þeirra var ekki lengur stjórnað með fjöldatakmörkunum. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að eigendur bátanna hafa nánast engin veð til að sýna við lántöku sem ætluð er í að kaupa sér hluta af þeim aflaheimildum sem kvótasetningin hafði í för með sér. Með því að heimila stækkun upp að 15 brúttótonnum mundi verðmæti bátanna enn minnka þar sem allir bátar sem nú eru á stærðarbilinu 6–15 brúttólestir hefðu heimild til að fá veiðileyfi í krókaaflamarki. Tillaga um stækkun upp í 15 brúttótonn yrði ekki til að auðvelda aðlögun að gjörbreyttu starfsumhverfi.

3. Við smíði og breytingar þorskaflahámarksbáta var beitt ýmsum æfingum við mælingar. Við skoðun hefur komið í ljós að allir bátarnir eru óumdeilanlega minni en 10 brúttólestir. Stærðarmörkin 10 brúttólestir segði því betur til um stærð bátanna en 6 brúttólestir eða 6 brúttótonn og gæfi mönnum tækifæri til að útbúa bátana eins og þeir höfðu ráðgert án þess að fá endalausar athugasemdir frá Siglingastofnun."

Herra forseti. Það kemur sem sagt í ljós að Landssamband smábátaeigenda er af ýmsum ástæðum alfarið á móti því að það verði farið upp í 15 brúttótonn eins og hér er lagt til og auðvitað er það að hluta til vegna þess að málið var ekki við þá rætt. Sú aðlögun sem þeir telja að þurfi að vera er ekki með þeim hætti að þeir hafi tekið þátt í að móta hana og eins og ég sagði finnst mér dálítið merkilegt hvernig hefur verið farið í þetta mál af hálfu ráðuneytisins og meiri hlutans vegna þess að þarna er um býsna stóra breytingu að ræða, ekki síst vegna þess að þarna er í rauninni skorið inn í þann bátaflokk sem Landssamband smábátaeigenda er í forsvari fyrir og sömuleiðis er þarna skorið inn í þann bátahóp sem annars vegar býr við kjarasamninga sem Landssamband ísl. útvegsmanna hefur haft með höndum fyrir 12 tonna báta og stærri og svo hina sem eru minni þannig að það má segja það, herra forseti, að hér sé farið dálítið óvenjulega að og þess vegna ekki að undra að menn hrökkvi kannski við þegar þetta ákvæði er skyndilega komið inn í frv. frá ríkisstjórninni. Rökin eru hins vegar þau að hér sé um að ræða aðgerð til þess að auka öryggi manna þegar menn eru komnir á aflamarksskip eins og krókaaflamarksbátarnir eru auðvitað orðnir og geta sótt allt árið, þá þurfi menn að eiga þá möguleika að geta útbúið skip sín betur heldur en þeir hafa gert undir þeim stærðartakmörkunum sem þeir hafa haft. Það er að sjálfsögðu hægt að hafa samúð með því sjónarmiði, enda hefur Samfylkingin í sínum tillögum horft til þess að það væri eðlilegt að hafa þessa skilgreiningu á öðrum stað en hún hefur verið og hefur viljað sjá svokallaða smábáta verða stærri til þess einmitt að það væri hægt að útbúa þá betur og að þeir væru þá þannig að slysahætta væri minni. Hins vegar er það svo staðreynd að það eru ekkert endilega þessir bátar sem lenda í verstu slysunum en auðvitað eiga menn alveg án tillits til þess að reyna á hverjum tíma að ganga þannig frá málum að slysahætta sé eins lítil og nokkur möguleiki er til.

Þá erum við komin að 6. gr. Það er kannski sú grein sem mest og líkust andstaða var við frá flestum aðilum. En það er rétt að nefna það að eitt af því sem landsmenn hafa haft áhyggjur af og hefur margoft komið fram er að veiðiheimildir færðust á fárra hendur, þ.e. að hér yrðu til örfá fyrirtæki sem hefðu vald á veiðunum við Ísland. Til þess að slá á þennan ótta var lögunum um stjórn fiskveiða breytt fyrir nokkrum árum og sett á það sem kallað hefur verið kvótaþak. Var bæði um það að ræða að það var heildarþak, þ.e. fyrirtækin máttu ekki vera handhafar nema tiltekins hlutfalls af aflaheimildum í heildina og svo einnig í einstaka tegundum.

Í þessu frv. var ákveðið að stíga býsna stórt skref til breytinga á þessu. Það var sem sé bæði ákveðið að þau skilyrði sem einstök fyrirtæki þurftu að hafa til þess að geta verið handhafar 12% heildaraflaheimilda yrðu rýmkuð og það er kannski ekki ástæða til að hafa stórar áhyggjur af því, herra forseti, vegna þess að þessi 12% mörk voru fyrir og það er ekkert fyrirtæki enn farið að reka sig upp í þau mörk. Þau eru í rauninni það rýmileg og breytingin er kannski ekki neitt til að hafa áhyggjur af en menn hrukku svolítið við þegar þeir sáu hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að breyta kvótaþakinu í ýsunni og sömuleiðis í ufsa, karfa og grálúðu, þannig að í stað þess að kvótaþakið væri 20%, þá var það fært upp í 50%, þ.e. það var tæknilega mögulegt að tvö fyrirtæki gætu haft ráð á öllum ýsukvótanum, öllum ufsakvótanum, öllum karfakvótanum og öllum grálúðukvótanum.

Þegar eftir því var spurt hvort það væri mikill þrýstingur á þessar breytingar, hvort hér væri verið að gefa eftir vegna þrýstings fyrirtækjanna, þá kom í ljós að svo var ekki. Það var enginn farinn að reka sig alvarlega upp í neitt þak og menn geta svo sem velt því fyrir sér af hverju var verið að setja þetta þak fyrir nokkrum árum síðan ef það átti bara að lyfta því jafnharðan og einhver fyrirtæki rækju sig upp í það. En það var sem sé ekki einu sinni sú ástæða fyrir þessari breytingu og af því að menn hafa verið að tala um sættir og sátt í málum, þá var þessi nálgun satt að segja einhver sú geggjaðasta sem hægt var að hugsa sér. Að ætla að bjóða upp á það sem sátt í máli sem ekkert er eins og ég sagði áðan, það eina sem út úr því kemur fyrir utan nafnabreytingu á gjöldum sé það að kvótaþakið sé tekið og því lyft með afgerandi hætti í nokkrum tegundum, að reikna með því að það sé fallið til sátta í samfélagi sem einkennist kannski miklu frekar af ótta við það að veiðiheimildirnar séu að þjappast á of fáar hendur, það var merkileg niðurstaða. Enda hefur það orðið niðurstaða meiri hlutans eftir umfjöllun um málið að hverfa til baka að nokkrum hluta og stíga skrefið þannig að hér verður ekki um umtalsverða breytingu að ræða nema í karfanum þar sem farið er upp í 35% úr 20%. Líklega er það, herra forseti, að gerast vegna þess að fram kom að fyrirtæki eins og Grandi er að nálgast það að reka sig upp í 20%, þá

gerist það sem menn áttu kannski aldrei von á, og þó, að um leið og eitthvert fyrirtæki er farið að reka sig í, þá er lögunum breytt og þá spyr ég aftur: Af hverju var verið að setja þetta hámarksaflahlutdeildarákvæði inn ef ekki stendur til að láta það stýra neinu heldur eigi að gefa eftir í hvert skipti sem eitthvert fyrirtæki rekur sig utan í hámarkið?

Ugglaust er það svo, herra forseti, að einhver fyrirtækjanna taka nú tillit til þess hvernig þetta liggur vegna þess að það verður að segja það íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum til hróss að þau hafa sýnt afburða aðlögunarhæfni og hafa í rauninni getað gert ótrúlega góða hluti við erfiðar aðstæður oft og tíðum þrátt fyrir allar þær neikvæðu hliðar sem hægt er að finna á löggjöfinni og á starfsumhverfinu og á því hvernig ríkisvaldið hefur ætlast til þess á hverjum tíma að þessir hlutir gætu gengið upp. En það var merkilegt að sjá það gerast að menn teldu að það væri fallið til sátta meðal þjóðar sem hefur af því einhverjar stærstar áhyggjur að veiðiheimildir séu að þjappast á of fáar hendur að það ætti að viðhalda einokunarkerfinu en bara leyfa fyrirtækjunum að eignast „stærri hlutdeild í kvótanum".

Herra forseti. Með brtt. meiri hlutans er gengið nokkuð til baka og ég held að það sé skynsamlegt í ljósi þess í hvaða stöðu þetta mál er en í leiðinni er líka hægt að segja: Hér er ekki mikið að gerast. Hér eru ekki stórir hlutir á ferðinni. Það stærsta sem hér er á ferðinni er auðvitað það að einhverjir héldu að þetta væri frumvarpið með ákveðnum greini, en eins og fram hefur komið, bæði hvað varðar frv. efnislega og sömuleiðis hefur það komið fram hjá t.d. hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, *þá stendur það ekki til*. Þetta er bara eitt af mörgum frumvörpum í langri röð frumvarpa og breytinga, sem þessi stjórnarmeirihluti hefur gert og ætlar sér að gera ef hann fær að ráða hér, á lögunum um stjórn fiskveiða. Það stendur ekki til að skapa hér neinn stöðugleika í starfsumhverfinu, það verður haldið áfram á þessari braut.

Hvað varðar 7. gr. frv. þá er þar líka um að ræða ákveðna breytingu af hálfu meiri hlutans sem ég ætla ekki að gera *að umræðuefni en ætla hins vegar að nefna það að hér er* komin brtt. sem lýtur að 10. gr., þ.e. það kemur inn ný 9. gr. og síðan kemur þó nokkur breyting á 10. gr. Sú breyting, herra forseti, lýtur m.a. að því að breyta þeim tölum sem voru komnar inn varðandi þau atriði sem eiga að vera til frádráttar áður en veiðigjaldið er lagt á, þ.e. það er verið að lækka gjaldið með fínlegum hætti þarna og sömuleiðis tekur hún á kaflauppsetningu og tæknilegum uppsetningaratriðum. Síðan komum við að 11. gr. þar sem verið er að fella út þau ákvæði til bráðabirgða sem hafa lotið m.a. að byggðakvótum til þess að gera þá varanlega og til þess að auka heimildir ráðherra til að úthluta byggðakvótum til viðbótar þegar á þessu ári.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, virðist sem byggðakvótar séu orðnir stuðningur við tilteknar byggðir upp á 6–7 milljarða og ég óska eftir því að menn velti því svolítið fyrir sér hvort það sé endilega svo að ef menn hafa þessa 6–7 milljarða til ráðstöfunar, sem þeir hafa þegar búið er að taka þessar heimildir frá því að það er gangverð þeirra á markaði, það væri hægt að selja þær fyrir þessa peninga, hvort menn mundu þá endilega verja þeim með þessum hætti, og eins og ég gat um áðan, dreg ég það í efa.

Ég ætla að víkja aftur, herra forseti, að greininni sem snýr að veiðigjaldinu vegna þess að þó svo að hér séu ekki stórir hlutir á ferðinni þá er full ástæða til að fara svolítið inn í þá umfjöllun sem hefur verið undanfarin ár og áratugi um aðgang að auðlindinni, um nýtingu náttúruauðlinda og með hvaða hætti væri rétt og eðlilegt að þeim aðgangi yrði háttað, hvernig farið yrði í þá hluti.

Ég hef lengi verið í hópi þeirra sem hafa talið að menn ættu að greiða fyrir aðgang að auðlindinni. Í mínum gamla flokki, Alþýðubandalaginu, var þó nokkuð tekist á um þessi mál þegar upp úr 1990 og skiptust menn þar í harðar fylkingar með og á móti. Ég verð að segja að það gleður mig að upplifa það hér á þessu kvöldi, eins og ég hef reyndar upplifað nokkrum sinnum áður í vetur að sumir af þeim sem voru harðir andstæðingar tala nú orðið um fyrningarleiðir og greiðslu eins og ekkert sé sjálfsagðara, eins og þeir hafi alltaf verið nokkurn veginn á þeirri skoðun. Þetta segir manni hvað umræðan hefur í rauninni þróast og hvað menn hafa smám saman áttað sig á þegar auðlind er takmörkuð, ég tala nú ekki um þegar hún er í þjóðareign, hvað það er þá í rauninni sjálfsagðara en hitt að þeir sem fá að nota þessa auðlind, greiði fyrir.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, með auðlindir eins og önnur gæði sem eru takmörkuð að aðgangurinn eða nýtingin, rétturinn til nýtingar fær ákveðið verðgildi. Áður en menn kannski átta sig á því er markaðurinn búinn að verðleggja og þá kemur kannski í ljós hversu mikils virði aðgangurinn er og þar geta menn einmitt líka séð hver arðurinn er, hver rentan er sem alltaf er verið að leita eftir og sumir hv. þm. auglýsa eftir reglulega í þessari umræðu af því þeir segjast aldrei hafa skilið hana. Það vafðist hins vegar ekki fyrir fulltrúum Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar á fundum sjútvn. *Þeir bentu á að það væri hægt að sjá það af því hvað* menn væru tilbúnir til að greiða fyrir veiðiheimildirnar hver rentan væri, og að þeirra mati væri mun eðlilegra ef menn ætluðu að taka veiðigjald með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. að menn miðuðu þá við verð veiðiheimilda á markaði frekar en að menn væru að tala um verð á afla með þeim frádráttarliðum sem hér liggja fyrir. Það væri eðlilegra að grunnurinn að þessu gjaldi væri verð veiðiheimilda ef *menn ætluðu sér að leita eftir rentunni*. Sömuleiðis væri auðvitað eðlilegra að það væri litið til mismunandi útgerðarflokka og hver rentan væri heldur en að menn væru hér að vinna úr meðaltalstölum sem kæmi auðvitað mismunandi niður á mönnum þó að það væri jafnframt tekið fram að hér væri um svo lágt gjald að ræða að það mundi kannski ekki breyta mjög miklu. En það er nú einu sinni svo, herra forseti, að þegar menn hafa ákveðið að láta stjórnmálamenn ákveða gjaldið í staðinn fyrir að markaðurinn geri það þá eru kannski meiri líkur en hitt að þetta gjald hækki. Þess vegna skil ég ekki af hverju útgerðarmenn og þeir stjórnmálamenn sem þykjast bera hag hennar fyrir brjósti, ég segi þykjast og undirstrika það, vilja endilega að stjórnmálamenn ákveði upphæðina en það er annað mál og þeirra að útskýra. En mér finnst alltaf svolítið merkilegt þegar menn sem segjast vera markaðshyggjumenn, telja síðan þegar til stykkisins kemur að það sé rétt að stjórnmálamenn ákveði upphæðir og ákveði fyrirkomulag af því að markaðnum sé þegar allt kemur til alls ekki alveg treystandi og það sé betra að stjórnmálamennirnir ákveði þetta. Það er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Herra forseti. Samfylkingin lagði í haust fram mál þar sem liggur fyrir hvaða leið við teljum að heppilegast sé að fara, bæði til þess að innheimta auðlindarentuna og til þess að breyta þessu kerfi. Ég hef óbeint vikið að þessari aðferð annað veifið í ræðu minni en í stuttu máli er tillaga okkar sú að

veiðiheimildir verði innkallaðar, þ.e. úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verði afnumin í jöfnum áföngum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á aflahlutdeildarsamningi og útgerðirnar geti keypt veiðiréttinn á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa verði fenginn jafn réttur. Þetta er grundvallarhugmyndin, herra forseti.

Ég vitnaði fyrr kvöld í grein Guðmundar Arnar Jónssonar í Morgunblaðinu frá því á laugardaginn þar sem hann mælir með þessari leið af ýmsum ástæðum, m.a. þeirri að trygging árangurs í viðskiptum með sérleyfum í stað samkeppni takmarki þjóðarauðinn, hindri nýliðun og þar með framfarir. Og af því að menn taka sig alltaf til annað veifið og vorkenna útgerðinni og þeir eru einna duglegastir við það sjálfir að birta tölur um það hvað þetta gangi allt böksulega hjá þeim, þá spyr Guðmundur þessi, sem er titlaður verkfræðingur, með leyfi forseta: „Getur verið að skortur á nýjum mönnum með nýjar hugmyndir sé þegar farinn að hafa áhrif, og hafi leitt til verri afkomu?"

Þetta er auðvitað spurning sem menn hafa spurt með ýmsum hætti á undanförnum árum. Þegar menn eru að tala um það að kerfið okkar sé besta kerfi í heimi, það sé hagfræðilega svo straumlínulagað og gefi svo góðan árangur, þá hafa menn stundum spurt rétt eins og barnið um keisarann forðum: En hvernig stendur þá á því að þetta gengur ekki betur? Af hverju borga þeir ekki skatt nema í undantekningartilfellum? Það er sérstök frétt á Íslandi þegar útgerðarfyrirtæki borgar skatt. Af hverju sýna þeir ekki betri afkomu ef þetta er allt svona pottþétt og glæsilegt kerfi og kerfi sem hægt er að flytja út og stæra sig af meðal annarra þjóða? Auðvitað er það þessi spurning, herra forseti, sem þá vakir undir: Getur það verið? Sömuleiðis þetta varðandi menntunina þar sem hér er sett fram sú tilgáta að takmarkanir á nýliðun hafi óbein áhrif á það hvort fólk sækist eftir menntun í viðkomandi grein eða ekki.

Mér finnst ástæða til þess að geta fleiri hagfræðinga sem hafa verið að skrifa um þessa hluti, sem hafa verið að skrifa um uppboð veiðiheimilda, um möguleika þess. Einn af þeim er Jón Steinsson, ungur hagfræðingur sem er í framhaldsnámi í Bandaríkjunum og hefur tekið þátt í þessari umræðu og bent á þá möguleika sem eru í stöðunni en hann er sérfræðingur í uppboðum. Hann hefur skrifað margar greinar þar sem hann hefur rakið þá möguleika sem þar liggja af mikilli þekkingu. Hann segir í grein í Morgunblaðinu 5. mars sl. „Sjávarútvegsráðherra velur verri kostinn" skömmu eftir að frv. ráðherra er komið fram, og hann skorar á þingmenn að hafna frv. sjútvrh. Það gerir hann með þeim rökum að það sé einfaldlega verið að fara verri leiðina, þ.e. leið sem hefur alla þá ókosti sem þessi sömu stjórnvöld hafa alla tíð notað sem rök gegn álögum á sjávarútveginn en, með leyfi forseta, segir Jón Steinsson í þessari grein:

„Andstaða Sjálfstæðisflokksins og annarra við auðlindagjaldi í sjávarútvegi byggðist lengst af á hagkvæmnirökum. Talið var að innheimta auðlindagjalds myndi draga úr hagkvæmni í sjávarútvegi. Á síðustu árum hefur hins vegar komið í ljós að unnt er að útfæra slíka gjaldtöku þannig að komist er hjá óhagkvæmni. Raunar hafa verið færð fram rök sem hníga að því að fyrning aflaheimilda myndi ef eitthvað er auka hagkvæmni í sjávarútvegi. Aukin hagkvæmni kemur til af því að fyrning aflaheimilda myndi skapa virkari markað með slíkar heimildir og myndi því leiða til þess að aflaheimildir leituðu hraðar en ella til þeirra sem best gætu nýtt þær."

Þarna, herra forseti, falla hugmyndir Jóns Steinssonar og kenningar saman við það sem ég var að vitna í áðan í grein Guðmundar Jónssonar. En Jón Steinsson heldur áfram, með leyfi forseta:

„Það er því einkennilegt að stjórnvöld velji nú að hafna fyrningu aflaheimilda og leggja þess í stað á veiðigjald sem hefur alla þá ókosti sem þau hafa alla tíð notað sem rök gegn álögum á sjávarútveginn. Veiðigjaldið sem sjávarútvegsráðherra leggur til er eins og fyrr segir afkomutengt og hefur því sams konar óhagkvæmni í för með sér og aðrir tekjuskattar. Þar að auki er veiðigjald ekki markaðslausn og því hefur það ekki sömu kosti og fyrningarleiðin hvað hagkvæmni snertir. Í þessu máli er sú undarlega staða komin upp að ríkisstjórn undir forsæti Sjálfstæðisflokksins berst af öllu afli gegn markaðslausn sem allir vinstri flokkar landsins hafa fallist á að sé skynsamlegasta lausn málsins."

Þetta er nauðsynlegt, herra forseti, að nefna hér um leið og ég er að víkja að frumvarpi okkar í Samfylkingunni. Það frv. er í rauninni framhald annarra samkynja frv. sem hafa verið flutt á þessu kjörtímabili og eðlileg þróun þeirra frv. sem jafnaðarmenn hafa áður flutt og í fullu samræmi við þau frv. sem jafnaðarmenn hafa einnig flutt, síðast á síðasta þingi um það hvernig ætti að fara með norsk-íslenska síldarstofninn, þ.e. að menn ættu að bjóða út veiðiheimildir.

Við höfum kappkostað, herra forseti, að vera sjálfum okkur samkvæm í þessum efnum og höfum verið það vegna þess að við gerum okkur í fyrsta lagi ljóst að sjávarútvegurinn er það mikilvæg atvinnugrein að hann þarf að hafa þá umgjörð að afrakstur geti verið sem mestur. Í öðru lagi erum við nokkuð viss um það að markaðslausn hentar hér best, ekki bara til að kalla það fram heldur einnig til þess að bæði byggðir og einstaklingar og fyrirtæki fái notið, þegar um byggðirnar er að ræða, nálægðar við auðlindina og sömuleiðis fyrirtækin og að þeir sem best kunna til verka geti þá fengið að njóta þekkingar sinnar og hæfileika.

Með sama hætti, herra forseti, hefur það verið liður í sjávarútvegsstefnu Samfylkingarinnar að afla veiddum á Íslandsmiðum væri landað á fiskmarkaði þannig að þar ætti sér líka stað ákveðin samkeppni sem leiddi til þess að þeir sem væru hæfastir til þess að vera við fiskverkun á hverjum tíma, þeir sem væru með bestu hugmyndirnar, gætu selt á dýrustu markaðina, væru framsæknastir, þeir hefðu möguleika á því að afla sér hráefnis fyrir sína vinnslu.

Ég vil nefna það, herra forseti, að þó svo að íslensk stjórnvöld hafi kosið að fara hér þá leið að víkjast undan markaðslausnum og viðhalda einokun, þá eigum við hagfræðinga eins og Jón Steinsson og ýmsa fleiri sem hafa komið auga á það hve fyrningarleiðin er í rauninni góður kostur og mun vænlegri kostur. Mín spá er sú að það muni verða endirinn á að sú sátt sem næst um íslenskan sjávarútveg og þá stefnu sem þar er muni á endanum byggja á slíkri leið enda, eins og hér hefur margoft komið fram, ekki verið að fjalla um sáttaleið með þessu frv. heldur fyrst og fremst verið að skipta um nöfn á gjöldum og setja inn ýmsar breytingar sem fæstar eru til bóta.

Jón Steinsson og ýmsir fleiri hafa líka fjallað um réttláta skiptingu arðs af aflaheimildum og þá vil ég, herra forseti, víkja að því sem skiptir ekki minnstu máli og er þá komið að fræðsluerindinu sem haldið verður sérstaklega fyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. (**Gripið fram í:** Og formann Samfylkingar.) Formaður Samfylkingarinnar kann þetta erindi sjálfur þannig að hann þarf minna á því að halda en

ég ætla af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson auglýsti beinlínis eftir því að gera það fyrir þingmanninn að víkja að því.

Og kemur þá að því sem skiptir mestu máli þegar við fjöllum um það mál sem hæstv. sjútvrh. lagði fram undir því fororði að nú ætti loksins að fara að taka gjald fyrir afnot af auðlindinni. Það er auðlindastefna ríkisstjórnarinnar.

Ég ætla að rifja það upp að auðlindanefndin skilaði af sér tveimur skýrslum, tveimur bókum með ýmsum samantektum og greinargerðum sem voru unnar fyrir nefndina auk þess að skila áliti sínu. Þar var reynt að móta stefnu sem gæti átt við þegar um er að ræða nýtingu náttúruauðlinda sem væru annaðhvort í þjóðareign eða þjóðarforsjá. Þetta að vera í þjóðarforsjá átti kannski fyrst og fremst við um þær rafsegulbylgjur sem nýttar eru til fjarskipta en þeim er eins og menn vita úthlutað á alþjóðlega vísu, þ.e. við getum ekki sjálf tekið ein og sér ákvörðun um hvernig þeir hlutir gerast. Það þarf að vera um það fjölþjóðlegt samkomulag, en það er klárlega um takmörkuð gæði að ræða sem eru í þjóðarforsjá.

Það er athyglisvert að fara yfir þau lög og þau lagafrumvörp sem við höfum aðgang að og eigum í fórum okkar, og getum sótt á netið, og bera saman hvernig nálgun manna á þessu hefur verið. Það var t.d. afar athyglisvert að skömmu eftir að hæstv. sjútvrh. lagði fram frv. sitt til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða með því fororði að nú ætti að fara að breyta nafninu á gjöldunum af því að nú ætti það að heita að þetta væri fyrir aðgang að auðlindinni en ekki bara fyrir kostnaði, lagði hann fram frv. sem fjallaði um eldi nytjastofna sjávar. Þar átti hins vegar ekkert að greiða fyrir veitingu leyfis og ekkert fyrir nýtingu sameiginlegrar auðlindar og þannig afgreiddi meiri hluti Alþingis það mál. Þannig varð það að lögum.

Þó má segja að þegar kemur að lögunum um stjórn fiskveiða eru menn látnir greiða fyrir veiðileyfin, þó ekki sé um háar upphæðir að ræða. Menn greiða fyrir veiðieftirlitið en reyndar átti að borga eitthvert eftirlitsgjald í hinum tilfellunum líka. En ekki heyrir allt upp á sama daginn hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég verð þó að segja, herra forseti, að mér sýnist á þeim frv. og þeim lögum sem síðan hafa verið samþykkt sem komu úr iðnrn. örli æ meira á einhverju því sem hægt er að kalla auðlindastefnu, en það er löngu tímabært að menn taki þessi lög fyrir og reyni að samræma með einhverjum hætti hvernig menn vilja sjá þessa hluti gerast. Í fyrsta lagi að menn skilgreini hvaða auðlindir það eru sem hér eru í þjóðareign eða þjóðarforsjá. Tillaga auðlindanefndar var sú að ákvæði yrði sett í stjórnarskrá til nánari ákvörðunar um meðferð slíkra auðlinda og til þess að skilgreina réttindi bæði eigandans og þeirra sem fá að nýta slíkar auðlindir. Ég vil nefna það nú í umræðunni að í svari við fyrirspurn sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutti á Alþingi og ég var með á, gaf hæstv. forsrh. mjög þétt undir fótinn með það að á næsta vetri mundi ríkisstjórnin leggja fram frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem horft yrði til þess hvaða tillögur auðlindanefnd lagði til varðandi meðferð þessara mála og að í tengslum við næstu kosningar yrði gert ráð fyrir breytingum á stjórnarskránni í þá veru.

Ég vil halda þessu til haga í umræðunni og í þeirri umfjöllun minni um auðlindamálin til þess að undirstrika það að mál eru örlítið að þokast þó að okkur finnist sumum að það gerist hægt og það þurfi að tala bæði oft, mikið og lengi um þessi mál til að fá áheyrn hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég ætla að hlaupa á þeim lögum, herra forseti, sem koma til álita þegar verið er að tala um náttúruauðlindir. Þau eru nokkur að vöxtum vegna þess að Íslendingar eru þjóð sem byggir tilveru sína og efnahagslegan grundvöll að stórum hluta og langstærstum hluta á nýtingu náttúruauðlinda. Auðvitað hefur sú nýting orðið eins hagkvæm þjóðinni og raun ber vitni vegna þess að menn hafa nýtt sér ýmiss konar þekkingu til þess að gera hlutina enn betur og enn hagkvæmar til að fá enn þá meira út úr þeim. Auðvitað er það svo að allar atvinnugreinar í dag sem taka máli eru orðnar þekkingaratvinnugreinar, þar á meðal sjávarútvegur, orkuvinnsla og allt slíkt en grunnurinn er náttúruauðlindir.

Segja má að vatnalögin frá 1923 séu ákveðin grundvallarlög. Í þeim hafa menn ekki miklar áhyggjur af því að verið sé að greiða fyrir afnot af auðlindum nema hvað þar eru ákveðnar ákvarðanir um með hvaða hætti sveitarfélög geta látið neytendur greiða fyrir vatn. En auðlindapólitík sem snýr að skilgreiningu eigenda auðlinda er þar lítil umfram það sem er staðfest í lögum sem ganga undir heitinu auðlindalög oft og tíðum en eru fyrst og fremst lög um rannsóknir og eignarhald á auðlindum í jörðu, ganga fyrst og fremst út frá einkaeignarrétti á landi og hver réttindi þess eru sem á land og er þá kannski fyrst og fremst verið að hugsa um einstaklinga eða lögaðila í því tilfelli.

Síðan eru við með orkulög frá árinu 1967 sem munu breytast mjög ef af því verður að Alþingi samþykki breytingar á lögum um orkumarkaðinn, ef ný raforkulög verða samþykkt. Við erum með sérstök lög um raforkuver og sérstök lög um Landsvirkjun sem sömuleiðis munu taka breytingum í takt við það en eru lög sem fjalla um nýtingu náttúruauðlinda. Við erum með þessi lög um rannsóknir á nýtingu auðlinda í jörðu eins og ég gat um áðan frá 1998. Þar er tekið fram að áður en nýtingarleyfishafi hefji vinnslu í eignarlandi þurfi hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda og þá gildir kannski einu, herra forseti, hvort landeigandi er þjóðin samkvæmt þjóðlendulögum eða einkaaðili en á sama tíma voru einmitt lögin um þjóðlendur sett. Þau lög hafa auðvitað ef viðkomandi ráðherra vill mikil áhrif á það hvernig þessi mál þróast vegna þess að með því að beita ákvæðum þjóðlendulaga sem eru í þá veru að hægt er að láta menn greiða fyrir afnot af þjóðlendum, þar er auðvitað hægt að setja ákveðin fordæmi sem menn geta síðan nýtt sér og þar er auðvitað um ákveðna grundvallarlöggjöf að ræða, herra forseti, vegna þess að óhjákvæmilegt er að nefna það í þessari umfjöllun um náttúruauðlindir og þjóðareign að á grundvelli þjóðlendulaganna hefur auðvitað óbyggðanefndin verið að störfum og verið að úrskurða og hefur núna m.a. úrskurðað um að vatnsréttindi á Þjórsársvæðinu sem menn héldu að væru eign Landsvirkjunar og þjóðin gæti þá fyrst leyst til sín ef Landsvirkjun yrði seld, þau reynast vera allt annars eðlis en var hald manna. Í ljós kemur að þau réttindi sem Gnúpverjar á sínum tíma voru að selja Einari Benediktssyni og síðan Titanfélaginu reyndust ekki vera í eigu Gnúpverja heldur þjóðarinnar þannig að það sem selt var var aldrei til staðar.

Menn höfðu grun um að þetta væri á þennan veg en hafa nú fengið það staðfest þannig að það liggur ljóst fyrir að þau réttindi sem byrjuðu að ganga kaupum og sölum í upphafi síðustu aldar voru í rauninni aldrei söluvara heldur eign þjóðarinnar sem nú hefur verið úrskurðað. Þá er vont, herra forseti, að eiga enga löggjöf sem tekur heildstætt á auðlindamálum. Hvað ætla menn nú að gera í því efni? Ætla menn að hugsa málið upp að nýju og gera eins og Norðmenn,

setja auðlindalöggjöf sem snýr að orkufyrirtækjunum og láta menn borga fyrir vatnsréttindin, borga fyrir nýtingarréttinn? Eða hvernig ætla menn að fara inn í samkeppnisumhverfi á orkumarkaði ef sum fyrirtæki eiga án þess að nokkuð sé að gert að njóta ríkisábyrgðar fortíðar og nútíðar og opinberra framlaga þegar þannig stóð á og einokunarréttar, hvernig á samkeppnisstaða nýrra fyrirtækja gagnvart þessum fyrirtækjum að vera?

Þetta er auðvitað mál sem við munum ræða þegar frv. til nýrra raforkulaga verður til umfjöllunar á Alþingi sem væntanlega verður á næsta þingi en nýlega hafa verið sett lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem snúa að leit og nýtingu á olíu eða gasi ef slíkt fyndist. Liður í því að gera það mögulegt er auðvitað sú vinna sem nú fer fram varðandi skilgreiningu á landgrunni Íslands og kröfugerð í samræmi við það. Það er eitt af stóru verkefnunum sem nú eru í gangi til þess að staðfesta réttindi okkar hvað varðar auðlindanýtingu. Við erum líka með lög frá 1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er heimild til þess að taka endurgjald eða leigu fyrir töku eða nýtingu og þar á að verja tekjum til rannsókna á hafsbotni eða landgrunni þannig að menn eru aðeins komnir áleiðis þar með þá hugsun að eðlilegt þyki að menn greiði fyrir rannsóknir. Það er reyndar rétt að taka það fram að orkufyrirtækin hafa jafnfan greitt stærstan hluta þeirra rannsókna sem farið hefur verið í vegna þeirra eða vegna orkunýtingar.

Lögin um stjórn fiskveiða eru, eins og margoft hefur komið fram, einn af þessum stóru lagabálkum um nýtingu náttúruauðlinda; þjóðlendulögin, eins og ég gat um áðan, eldi nytjastofna sjávar. Frv. um líftækniiðnað sem nú liggur fyrir er eitt af þessum málum og svo frv. til nýrra raforkulaga. Alltaf reglulega hefur Alþingi síðan verið að samþykkja frv. sem verða þá að lögum um virkjanir og þannig nýtingu einstakra virkjunarkosta eða möguleika á orkusviðinu.

Þetta var smáyfirferð yfir þá lagabálka og þau frv. sem lúta að náttúruauðlindum og auðlindastefnu sem ég hef, herra forseti, oft saknað vegna þess að margt væri einfaldara í þeirri löggjöf sem Alþingi þarf að takast á við ef stefnan hefði verið mörkuð en ekki látið ráðast í raun hverju sinni hvernig niðurstaðan verður. Ég og minn flokkur, Samfylkingin, hefur gert sitt besta til þess að reyna að hafa línu í þessu máli og eins og ég sagði þá virðist mér sem svo ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil spyrja hv. þm. hvort mikið sé eftir af ræðu hennar.)

Nei, svo vill til, herra forseti, að ég er að koma að lokaorðum í ræðu minni.

(**Forseti** (HBl): Mundu það vera tíu mínútur eða kannski bara tvær, þrjár mínútur?)

Það mundi vera svona fjórar, fimm mínútur, trúi ég, ekki meira.

(**Forseti** (HBl): Það kemur til greina að gera hlé á fundinum til að ræða við þingflokksformenn um framhald fundarins.)

Ég hygg að betra sé að ég ljúki ræðu minni áður en það hlé er gert. En ef forseti telur mjög brýnt að fresta fundinum núna þá mun ég líka fallast á það.

(**Forseti** (HBl): Ég er ekki að tala um að fresta fundinum. (**SvanJ**: Gera hlé.) En ef hv. þm. treystir sér til að ljúka ræðunni á næstu fjórum, fimm mínútum þá er best að hv. þm. haldi áfram.)

Ég hefði jafnvel verið búin núna ef þessi truflun hefði ekki komið.

Herra forseti. Ég var einmitt að ljúka ræðu minni á umfjöllun um mikilvægi þess að Alþingi kæmi á samræmdri auðlindastefnu þannig að ljóst væri á hverjum tíma þegar við erum að fjalla um frv. sem lúta að náttúruauðlindum hvaða reglur eigi þá að gilda, hver réttindi manna séu, hver réttindi eigendanna séu og að skilgreint væri hvaða náttúruauðlindir við litum á sem þjóðareign eða að séu í þjóðarforsjá og að menn leituðust eftir því að vera með samræmda stefnu gagnvart þessum auðlindum. Ísland er það land sem byggir að hvað stærstum hluta á nýtingu náttúruauðlinda og á þess vegna að vinna í þessum málum markvissar en gert hefur verið. Ég er nokkuð viss um það, herra forseti, að á næsta kjörtímabili þegar ný ríkisstjórn verður komin hér til valda mun þar verða breyting á. Þá munum við ekki þurfa að takast á við frv. um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem kemur svo skáhallt inn, ef svo á að orði komast, gagnvart öðrum málum eða hugmyndum sem hér eru uppi. En frv. sem nú er til 2. umr. breytir e.t.v. ekki miklu og miðað við það sem farið var yfir í nefndinni virðist það ekki munu hafa mjög mikil áhrif. Í öllu falli er nokkuð ljóst að hér er ekki um sáttafrv. að ræða. Hér er ekki um neinn lokapunkt að ræða á langri vegferð. Hér erum við enn þá stödd í miðju breytingaferlinu. Það má ráða bæði af efni frv. og þeim ummælum og þeirri umfjöllun sem það hefur fengið.

Herra forseti. Ég ætla nú að ljúka ræðu minni en mun víkja að þeim atriðum sem ég hef ekki tíma til núna í ræðu sem ég mun annaðhvort flytja í þessari umræðu eða í 3. umr. um málið.

(**Forseti** (HBl): Nú verður gert hlé á fundinum til þess að hægt sé að ræða við þingflokksformenn um meðferð málsins og það samkomulag sem gert hafði verið um fundarhald á þessum degi.

[Fundarhlé. — 23:51]

[23:58]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Fyrst er óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að því að í upphafi ræðu sinnar áðan vék hv. 4. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, að því að henni hafi verið sýnd ósanngirni með því að henni var gefið orðið á þeim tíma og á þeim stað sem hv. þm. hafði beðið um orðið. Nú er eðlilegt að þingmenn taki til máls í þeirri röð sem þeir biðja um orðið þó að forseta sé að vísu heimilt að víkja nokkuð röð þingmanna ef hann kýs að leggja áherslu á það eða gefa tækifæri til þess að eðlileg skoðanaskipti geti átt sér stað.

Á hinn bóginn hygg ég að hið almenna sé að þingmenn tali í þeirri röð sem þeir biðja um orðið. Ljóst er þegar hér eru næturfundir og kvöldfundir að þeir menn sem þá kveðja sér hljóðs eiga að sjálfsögðu rétt á því að fá að halda sínum stað í röðinni þó málið sé tekið fyrir að nýju daginn eftir, ég tala nú ekki um þegar samkomulag er um að ljúka málinu á þeim degi.

Nú háttar svo til um það mál sem við erum að ræða að á laugardagskvöld óskaði formaður Samfylkingarinnar, hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, eftir því að hlé yrði gert á fundinum og leitað samkomulags milli þingflokkanna um það hvernig umræðu um það frv. sem hér um ræðir yrði háttað. Hann talaði sérstaklega um að það færi illa með fjölskyldu- og heimilislíf ef fundum yrði fram haldið á kvöldin og fram eftir nóttu, þingmenn ættu rétt á því að fá að sofa á nóttunni.

Nú þótti mér þetta að sjálfsögðu góð ræða hjá hv. þingmanni og af þeim sökum boðaði ég formenn þingflokka á minn fund. Þá varð það að samkomulagi að þau þrjú mál sem enn eru á dagskrá fundarins skyldu rædd á þessum degi, í dag, og umræðum lokið um þau þannig að þau mættu koma til atkvæða á þriðjudagsmorgni.

Þessi fundur hófst kl. 10 í morgun. Það hittist svo á að tveir hv. þm. hafa talað í nær fimm tíma. Þegar samkomulag er milli þingflokka um að ljúka málum á ákveðnum tíma hefur venjulega verið tekið tillit til þess svo að þingmenn úr fleiri flokkum en einum eða tveim hafi tækifæri til að láta í ljósi skoðun sína. Þegar um það er rætt að ljúka umræðum um mál á tilteknum degi og talað um kvöldfund er ekki gengið út frá því að fundur standi fram á nótt.

Nú er klukkan orðin 12 á miðnætti á þessum degi og mál standa þannig að jafnvel er boðað að til enn frekari ræðuhalda kunni að koma sem geti tekið langan tíma, ekki til þess að koma nýjum sjónarmiðum á framfæri heldur virðist það vera til þess að brjóta samkomulagið sem gert var á laugardaginn.

Af þessum sökum ætla ég ekki að hafa langt mál að þessu sinni um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil einungis leggja áherslu á eitt atriði og það er að þau sterku sjávarútvegsfyrirtæki sem hér hafa risið og treyst stöðu sína á síðustu missirum og árum eru nú farin að leggja æ þyngri áherslu á það að verja peningum til fiskeldis og byggja upp, t.d. laxeldi út af Austfjörðum. Nú um helgina komu fréttir af því að stefnt sé að framleiðslu 10 millj. þorskseiða á ári í þorskeldi í Eyjafirði. Þetta sýnir okkur auðvitað að sjávarútvegurinn er að komast inn á nýtt stig og ég ætlaði einungis að láta í ljósi þá von mína að sú mikla þekking sem við höfum á verkun, vinnslu og sölu sjávarafurða muni hjálpa okkur til að byggja hér upp sterkt fiskeldi í þorski, laxi og fleiri tegundum sem geti orðið drjúgt, bæði til að afla okkur, Íslendingum, gjaldeyris sem er auðvitað forsendan fyrir því að við getum bætt lífskjör okkar og einnig til að treysta byggð víðs vegar um landið í þeim sjávarplássum sem nú líða fyrir það að ekki er nægilegur fiskur í sjónum til að allir staðir geti vaxið og dafnað samhliða. Við sjáum hvað er að gerast í Neskaupstað. Þar er stefnt að því að vinna þann lax sem er í eldi í Mjóafirði og það er von mín að svo geti orðið á fleiri stöðum.

[00:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé hv. 1. þm. Norðurl. e. sem jafnframt er forseti þingsins ekki sæmandi að koma í ræðustól með svona önugheit og sýna geðprýði sín með þessum hætti. Auðvitað væri hægt að hafa stór orð um það hvernig hæstv. forseti stýrði þinginu í síðustu viku. Ég ætla ekki að gera það, ég ætla að spara mér það. Ég held að við eigum ekki að vera að skemma okkur með því að missa okkur í slíka umræðu.

Það er tvennt sem ég vildi segja. Í fyrsta lagi er alrangt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að það sé ekki alsiða að röð ræðumanna sé víxlað þegar um það semst milli ræðumanna. Ég hef sjálfur margsinnis gert það með atbeina og fulltingi hv. 1. þm. Norðurl. e.

Í annan stað vil ég geta þess, hæstv. forseti, og rifja upp fyrir hæstv. forseta að þegar stór mál eru í umræðu í þinginu er til siðs að fulltrúar flokkanna í viðkomandi nefnd séu fyrstir á mælendaskrá fyrir sína flokka. Þannig var það í tilviki hv. þm. Svanfríðar Ingu Jónasdóttur. Hún er fulltrúi okkar og einn af helstu talsmönnum Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum og auðvitað var það ekkert annað en viðskotaillska, önugheit og ókurteisi af háv. hæstv. forseta að meina henni að tala á undan hv. þm. Gísla S. Einarssyni sem þar að auki hafði gefið samþykki sitt fyrir því. Þá var hæstv. forseti ekki að reyna að greiða fyrir störfum þingsins, að sjálfsögðu ekki. Okkur er ekkert að vanbúnaði að vera hér lengi að ræða sjávarútvegsmál. Það var ég sem gerði samkomulagið við hæstv. forseta á laugardagskvöldið þannig að ég veit gjörla hvernig það var. Hver braut það? Hæstv. forseti braut það í dag með því hleypa alls konar málum í gegnum þingið til umræðu sem ekki var um samið við mig. Ég ætla hins vegar, af háttvísi við hv. þm., ekki að taka þátt í þeim brotum. Ef ég get gert mitt til þess að greiða fyrir þingstörfum þessa nótt skal ég hætta við að setja mig á mælendaskrá til þess að ræða sjávarútvegsmál eins og eðlilegt væri að formaður Samfylkingarinnar gerði.

[00:07]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt að þau mál sem voru tekin fyrir í dag hafi ekki verið í samkomulagi við aðra stjórnmálaflokka. Þau voru í fullu samráði við formenn þingflokkanna. Um það var haldinn fundur niðri og ég hélt satt að segja að óhætt væri að treysta því að ef rætt væri við formann þingflokks Samfylkingarinnar stæði það sem hann segði um málsmeðferð í þinginu.

[00:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forseti þessa þings gerði samkomulag við mig. Ef hann vill breyta því samkomulagi kemur hann og talar við mig um það. Það er svo einfalt mál.

Hæstv. forseti bauð upp á ákveðna vinnuaðferð á laugardaginn. Af því að ég var þá af hálfu Samfylkingarinnar til samræðu við hann lagði ég blessun mína yfir það. Mér þótti gott að okkur tækist sameiginlega að lenda því máli með nokkrum friði. Það samkomulag fól í sér að hér væru þrjú sjávarútvegsmál rædd og þeim lokið á þessari nóttu. Henni er ekki lokið. Það er sjálfsagt að ræða þessi mál inn í nóttina, og morguninn ef því er að skipta. Við höldum það samkomulag sem við gerðum um að umræðu um þetta verði lokið.

Ég ætlaði sjálfur, herra forseti, að setja mig á mælendaskrá. Ég er formaður Samfylkingarinnar sem hefur beitt sér mjög í sjávarútvegsmálum. Hér hafa ýmsir menn talað fyrir Samfylkinguna en formaðurinn á eftir að tjá sig. Það væri ekkert óeðlilegt að ég héldi langa ræðu. Ég hef a.m.k. helming þess vits sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur á sjávarútvegsmálum og miðað við það væri með einfaldri þríliðu hægt að reikna út að ég ætti að tala hérna í a.m.k. einn og hálfan tíma. Til samkomulags og til að stilla þær öldur sem risið hafa í huga hv. 1. þm. Norðurl. e. skal ég hætta við að tala á þessari nóttu í þessum málum og fresta ræðum mínum til 3. umr. Hv. þm. Halldór Blöndal veit að ég hef sérstakan áhuga á síldveiðimálum, sérstakan áhuga á því hvernig ber að stýra þeim og hef fjórum sinnum lagt fram frv. um það. Væri eitthvað óeðlilegt þó að ég héldi svolitlar ræður yfir þingheimi um þau mál? Nei. En ég ætla ekki að gera það til að sýna hv. þm. að ég stend við samkomulag þó að hann kjósi að fara fram hjá þeim sem hann semur við um niðurstöður mála.

[00:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það samkomulag sem ég gerði var við formenn þingflokkanna, að vísu með vitund og vilja formanns Samfylkingarinnar sem ég kann að meta og er þakklátur fyrir.

En ég heyri á formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að hann telur að samkomulagið hafi gengið út á að ljúka þessari umræðu einhvern tíma í nótt. Þá get ég ekki séð að honum sé neitt að vanbúnaði að taka til máls og tala fram eftir nóttu.

[00:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það hefur teygst úr þessari umræðu. Ég hélt langa ræðu í dag um þetta mál þó að hún hafi kannski verið í styttra lagi miðað við umfang málsins, talaði í hér um bil 40 mínútur og ég held að í þeirri ræðu hafi ég komið sjónarmiðum okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þessu máli á framfæri. Ég ætla ekki að teygja umræðuna frekar um málið, láta þá ræðu sem ég hélt í dag duga til að útskýra og staðfesta sýn okkar og málstað í þessu stóra máli og læt þar með ræðu minni lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (norsk-íslenski síldarstofninn). — Þskj. 1086, nál. 1253, 1292 og 1295.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 729. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 1264.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–8., 10.–13., 16.–18., 24.–26., 29.–31. og 33.–52. mál.

Fundi slitið kl. 00:14.

---

126. FUNDUR

þriðjudaginn 23. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 882, nál. 1262, 1293 og 1294, brtt. 1263. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086, nál. 1253, 1292 og 1295. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177, nál. 1273 og 1344, brtt. 1274 og 1288. — 2. umr.
5. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 720. mál, þskj. 1227. — 2. umr.
6. Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, þáltill., 730. mál, þskj. 1277. — Fyrri umr.
7. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 1300. — 3. umr.
8. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1302. — 3. umr.
9. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 1307. — 3. umr.
10. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 1309. — 3. umr.
11. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1310. — 3. umr.
12. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1312. — 3. umr.
13. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 672. mál, þskj. 1314. — 3. umr.
14. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — 3. umr.
15. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085. — 3. umr.
16. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082, nál. 1281. — 2. umr.
17. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1083, nál. 1282, brtt. 1283. — 2. umr.
18. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947, nál. 1280. — 2. umr.
19. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.
20. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143. — 2. umr.
21. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.
22. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — 2. umr.
23. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1303, brtt. 1244. — 3. umr.
24. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — Frh. 2. umr.
25. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.
26. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247. — 2. umr.
27. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.
28. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — 2. umr.

29. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.
30. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198. — 2. umr.
31. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — 2. umr.
32. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.
33. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038 og 1328. — 3. umr.
34. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.
35. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278, brtt. 1279. — Síðari umr.
36. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.
37. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.
38. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.
39. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073, nál. 1257 og 1261. — 2. umr.
40. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.
41. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250. — 2. umr.
42. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.
43. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, brtt. 1327. — 2. umr.
44. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Síðari umr.
45. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Síðari umr.
46. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Síðari umr.
47. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347, nál. 1332. — 2. umr.
48. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902, nál. 1333, brtt. 1334. — 2. umr.
49. Deilur Ísraels og Palestínumanna, þáltill., 734. mál, þskj. 1345. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
50. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — 2. umr.
51. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Síðari umr.
52. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Síðari umr.
53. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Síðari umr.
54. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Síðari umr.
55. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Síðari umr.
56. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktun héraðsstjórnar Héraðssvæðis.

[10:01]

Útbýting þingskjals:
Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1344.

Tilhögun þingfundar.

[10:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Forseti vill geta þess að ráðgert er að fram fari atkvæðagreiðslur um fyrstu dagskrármálin kl. 13.30.

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 2. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1177, nál. 1273 og 1344, brtt. 1274 og 1288.

[10:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um heimild til handa fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og sent það til umsagnar allmargra aðila og enn fremur fengið á sinn fund fjölmargt fólk. Þessa er alls getið í nál. Nefndin gerir smávægilega tillögu um breytingu á frumvarpstextanum í því skyni að skýra betur það sem við er átt þannig að örugglega sé enginn misskilningur á ferðinni um hvað frv. snýst.

Frv. hefur orðið tilefni allmikillar umræðu í nefndinni og eins víðar í þjóðfélaginu en þetta mál kemur mjög seint fram í þinginu og um það eru greinilega skiptar skoðanir.

Þegar um þetta mál er fjallað er rétt að ræða aðeins um það í samhengi við atvinnustefnu stjórnvalda almennt. Eitt af helstu hlutverkum stjórnvalda hverju sinni er að viðhalda samkeppnishæfni efnahagslífsins og atvinnulífsins. Á undanförnum árum hefur verið mikið um það rætt að áherslu ætti að leggja á almennar aðgerðir í efnahagsmálum, skapa almenn skilyrði fyrir fyrirtæki til þess að vaxa og dafna en forðast eftir því sem unnt væri sértækar aðgerðir.

Engin tilviljun er að á síðustu árum hefur verið mikil áhersla á almennar aðgerðir í atvinnulífinu. Ástæðan er fyrst og fremst sú að það tímabil þar sem almenn skilyrði atvinnulífsins voru ekki í lagi gekk það ekki vel upp. Þegar hin almennu skilyrði atvinnulífsins voru í miklu ólagi gripu menn gjarnan til sértækra ráðstafana til þess að tjasla í það sem miður fór og reyndu með slíkum björgunaraðgerðum að bjarga einstökum málum og einstökum fyrirtækjum fyrir horn. Þá var líka mikið um það að menn reyndu að grípa til

hinna og þessara töfralausna sem áttu að skila þjóðinni og atvinnulífinu miklum framförum en urðu síðan því miður að hálfgerðum slysum og sorgarsögum áður en yfir lauk. Þess vegna var það svo að fyrir rúmlega tíu árum vildu menn gjarnan snúa af braut hinna sértæku aðgerða og styðjast fyrst og fremst við almenn skilyrði fyrir atvinnulífið. Á þeirri braut höfum við verið síðan og það með góðum árangri. Hin almennu skilyrði atvinnulífsins hafa verið góð en gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir, allt frá því að ganga í Evrópska efnahagssvæðið og til þess að huga mjög að umbótum í skattamálum atvinnulífsins. Fjármagnsmarkaðurinn hefur tekið stakkaskiptum og allt þetta hefur þýtt að atvinnulífið hefur vaxið og dafnað og mikið hagvaxtarskeið hefur runnið upp.

Það hefur hins vegar ekki þýtt að engar sértækar aðgerðir í atvinnumálum væru gerðar lengur. Það er einu sinni þannig að við erum með mikið af sértækum ráðstöfunum í atvinnumálum en þær eru hins vegar ekki aðalatriðið í atvinnustefnunni og þær hafa ekki verið aðalatriðið í stjórn efnahagsmála. Þær hafa verið undantekning og eiga sér allar miklar ástæður og forsögu.

Ef ég nefni nokkrar af þeim sértæku ráðstöfunum sem eru gerðar fyrir atvinnulífið, þá get ég tekið sérstaka skattasamninga við álverksmiðjur. Það höfum við gert vegna þess að við höfum talið að þær mundu ekki byggjast upp hér á landi nema á grundvelli slíkra sérstakra skattasamninga. Ég nefni starfsemi Nýsköpunarsjóðs þar sem ríkið starfrækir sjóð til þess að veita fé inn í sprotafyrirtæki í atvinnulífinu og stunda ýmsa aðra starfsemi sem hlúir að nýsköpun í atvinnulífinu. Um þann sjóð hefur verið ágætissátt. Ég nefni t.d. tryggingarnar á flugvélunum sem við tókum að okkur í kjölfar 11. september, sem var mjög sértæk ráðstöfun sem kom upp með mjög sérstökum hætti og ég veit ekki betur en að sæmileg sátt hafi verið um það mál og hvernig að því hefur verið staðið.

Síðan nefni ég sértækar ráðstafanir eins og starfsemi Byggðastofnunar og ýmsar aðgerðir sem verið er að gera á sviði byggðamála. Um þau mál hefur verið í heildina séð þokkaleg sátt og menn hafa talið að þær aðgerðir væru nauðsynlegar þrátt fyrir að menn deildu oft um fyrirkomulag eða einstaka þætti.

Ég nefni einnig löggjöfina um alþjóðleg viðskiptafélög sem var ákveðin sértæk ráðstöfun til þess að byggja upp slíka starfsemi hér á landi. Áhugi hefur síðan minnkað á því af hálfu ríkisstjórnarinnar að fylgja þeirri uppbyggingu eftir en hins vegar hefur sú starfsemi sem þar hefur verið hafin og það kynningarstarf sem hefur verið unnið vegna þess sýnt að mörg tækifæri eru fyrir okkur Íslendinga að byggja upp starfsemi á sviði alþjóðlegrar fjármögnunarstarfsemi, mýmörg tækifæri sem hægt væri að nýta með tiltölulega litlum aðgerðum í skattamálum. Það mundu vera býsna sértækar ráðstafanir til að byggja upp slíka starfsemi hér á landi og við mundum vera í mikilli samkeppni við nokkrar aðrar þjóðir á því sviði.

Síðast en ekki síst er stuðningurinn sem við erum með við landbúnaðinn afar sértæk ráðstöfun, en ég hygg að nokkuð góð sátt sé um þann stuðning sem við höfum veitt landbúnaðinum á hinu háa Alþingi á undanförnum árum.

Þessi dæmi nefni ég til að draga það fram að sértækar ráðstafanir í atvinnumálum eru í sjálfu sér ekki liðin tíð en það sem er liðin tíð er að þær sértæku ráðstafanir séu aðalatriðið og undirstaða efnahagsstefnu og atvinnustefnu stjórnvalda með sama hætti og var á árum áður. (**Gripið fram í:** Þú gleymdir byggðakvótanum.) Gleymdi byggðakvótanum, bendir hv. þm. á. Ég hefði talið að það ætti heima undir umfjöllun um Byggðastofnun og byggðastefnuna og það sem henni viðkemur en þar hefur vissulega sértækum aðgerðum í atvinnumálum verið beitt.

Það sem ég er að benda á með þessari upptalningu er að sértækar ráðstafanir og sértækar aðgerðir í atvinnulífinu eru ekki einstakar heldur hafa þær verið hluti af atvinnustefnunni og efnahagsstefnunni en þær hafa ekki verið aðalatriði efnahagsstefnunnar. (**ÖJ:** Ekki fyrr en núna.) Ekki fyrr en núna, bendir hv. þm. á. Ég hygg að það sé rangt hjá honum og hef áhyggjur af því að hann hafi ekki fylgst með umræðum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið í atvinnumálum hér í þinginu undanfarin ár sem kemur manni á óvart vegna þess að hv. þm. hefur tekið mikinn þátt í þeim umræðum en kannski kemur það heldur ekkert á óvart að hv. þm. skuli geta tekið þátt í umræðum án þess að hafa nokkra hugmynd um um hvað verið er að tala, (**ÖJ:** Áburðarverksmiðjan.) en það er svo sem ekki nýtt.

En hin almennu skilyrði sem atvinnulífinu hafa verið búin á undanförnum árum hafa skilað mjög góðum árangri og skilað landinu miklum hagvexti.

Íslendingar eru að sjálfsögðu í mikilli samkeppni við aðrar þjóðir um uppbyggingu atvinnulífs og margar þjóðir gera ýmsa hluti til þess að byggja upp atvinnulíf, bæði almennt og einstakar greinar. Ef við lítum á þær þjóðir sem eru í næsta nágrenni við okkur getum við tekið fjögur lönd. Við getum tekið Írland, Lúxemborg, Sviss og Holland og aðeins spáð í hvað þessar þjóðir hafa verið að gera á undanförnum árum til þess að byggja upp atvinnulíf sitt. Þær hafa allar náð miklum árangri. Írar tóku fyrir allmörgum árum, eftir að þeir gengu í Evrópusambandið, upp mjög ákveðna stefnu í því að laða til sín atvinnurekstur og beittu ótæpilega skattalegum aðgerðum í því skyni auk ýmissa styrkja. Þessi stefna þeirra hefur skilað árangri en þó kannski á allt öðrum sviðum en þeir lögðu upp með þegar þessi stefnubreyting varð á sínum tíma. Írar hafa náð að byggja upp mjög öfluga starfsemi í hvers kyns þekkingariðnaði og samhliða því hvað þeir hafa verið að gera í skattamálum til þess að laða að sér fyrirtæki hafa þeir líka byggt upp mjög öflugt menntakerfi og náð þess vegna mjög miklum árangri. Þau fyrirtæki sem komu fyrst til Írlands á grundvelli lágra launa og lágra skatta eru mörg hver farin. Eftir situr mjög mikil þekkingarstarfsemi, fjármálastarfsemi, hátæknistarfsemi sem er að skila þeim mjög miklu. Írar hafa breyst frá því að vera ein fátækasta þjóðin í Evrópusambandinu í það að núna eru þeir komnir í gott meðaltal og horfa fram á að þurfa að fara að leggja af mörkum og greiða til Evrópusambandsins í stað þess að þiggja frá því.

Lúxemborg byggði á sínum tíma sem aðildarþjóð að Evrópusambandinu upp mikinn fjármálaiðnað í krafti sértækra ráðstafana í skattamálum og sérstaks umbúnaðar og umgjarðar um fjármálastarfsemi í landinu. Þeir hösluðu sér líka völl á sviði fjarskiptaþjónustu með afar sértækum ráðstöfunum með stuðningi ríkisins og náðu með þessu að verða á tvær mjög góðar atvinnugreinar sem hafa virkilega skilað þeim miklum árangri, en lífskjör í Lúxemborg eru eins og kunnugt er þau hæstu í Evrópu.

Sviss hefur í gegnum tíðina beitt mjög sérstökum aðferðum til þess að laða til sín og byggja upp fjármálastarfsemi. Það tengist ýmsum skattalegum ráðstöfunum en þó fyrst og

fremst stífri bankaleynd. Svisslendingar eru með mjög víðtæka löggjöf, t.d. um alþjóðleg viðskiptafélög. Ég var að lesa það bara í síðustu viku að í Genf einni eru 350 slík alþjóðleg viðskiptafélög starfandi og einhver þeirra hafa allt að 350 manns í vinnu. Þetta eru félög sem stunda viðskipti milli landa með sambærilegum hætti og við höfðum hug á á tímabili að koma hér upp. (**ÖJ:** Brjóta alþjóðlegar siðareglur.) „Brjóta alþjóðlegar siðareglur", segir hv. þm. Ég hygg nú að Svisslendingar geti alveg farið í samkeppni við Íslendinga um siðareglur. (**ÖJ:** Nei, þeir eru í banni hjá OECD.) Hv. þm. er greinilega mjög vel heima í efnahagslífi Sviss. En ég held að Sviss sé að mörgu leyti mikil fyrirmynd fyrir okkur Íslendinga á afar mörgum sviðum.

Síðan getum við nefnt land eins og Holland sem hefur byggt upp mjög mikla starfsemi í kringum eignarhaldsfélög. Allt er þetta gert á grundvelli skattalegrar stöðu slíkra fyrirtækja.

Síðast en ekki síst er mér mjög minnisstætt að ég fór í ferð þegar verið var að opna verksmiðju Íslenskra sjávarafurða sem var í Newport News í Virginíu. Þar hélt ríkisstjóri Virginíu ræðu og lýsti því í áhrifamiklu máli hvað fylkið Virginía hefði lagt af mörkum til þess að fyrirtækið kæmi með þessa verksmiðju til Newport News. Hann taldi upp allan þann stuðning sem Íslenskar sjávarafurðir fengu á þeim tíma og mig minnir að það hafi verið 1,5 millj. dollara í ýmsu formi sem þeir fengu til þess að koma þessari verksmiðju upp þarna.

Við lifum í heimi þar sem við þurfum að hugsa um samkeppnishæfni okkar. Við þurfum að hugsa um hvað við erum að gera og við þurfum að hugsa um hvað aðrir eru að gera. Við erum ekki ein í þessum heimi og þess vegna þurfa þau skilyrði sem við búum atvinnulífi okkar að vera samkeppnishæf á flestum sviðum. Við getum að sjálfsögðu ekki slegið af í því að bjóða atvinnulífinu upp á góð almenn skilyrði. Það gera allar þær þjóðir sem ætla sér að ná árangri í atvinnulífinu. Á tímabili var það ekki talið skipta miklu máli hér á landi. Það reyndist rangt. Það er nauðsynlegt að atvinnulífinu séu sköpuð þessi sterku almennu skilyrði.

En það getur og er líka nauðsynlegt að við hugum að því hvað aðrir eru að gera á einstökum sviðum og að við hugum að því hvort við eigum að taka þátt í slíkri samkeppni sem getur oft og tíðum þýtt að við þurfum að beita ýmsum sértækum ráðstöfunum á hinum einstöku sviðum. Það getur verið á sviði skattamála. Það getur verið á sviði menntamála. Það getur verið á margvíslegum sviðum sem snúa að fjármagnsmarkaðnum og einu og öðru sem við þurfum að grípa til til þess að tryggja að við missum ekki fyrirtæki sem eru staðsett hér og sem tryggja að við fáum þá til okkar starfsemi sem mundi að öðrum kosti byggjast upp annars staðar. Þess vegna getur atvinnustefna aldrei í sjálfu sér falist í því að það eigi að afskrifa allar slíkar sértækar aðgerðir eða ráðstafanir heldur verða þær að vera í samhengi við annað og í samhengi við það sem aðrir eru að gera og til þess fallnar þegar upp er staðið að efla samkeppnishæfni okkar í það heila tekið.

Þá ætla ég að víkja að frv. sem snýst um að veita Íslenskri erfðagreiningu ríkisábyrgð á 200 millj. ... (**Gripið fram í:** ... fá þessa ábyrgð?) Hv. þm. spyr um hvort það sé deCODE sem eigi að fá þessa ábyrgð. Það er móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar sem á að fá ábyrgðina en ábyrgðin er veitt vegna starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Ef það hefur farið fram hjá hv. þm. er það hér með upplýst. (Gripið fram í.)

Það er eðlilegt að menn spyrji sjálfa sig að því hvort þessi ráðstöfun, eins og hún er hér lögð til, sé áhættunnar virði, hvort þetta sé ráðstöfun sem skynsamlegt sé að fara út í og vil ég nú fjalla um það í nokkru máli.

Segja má að ef allt fari á versta veg í þessu þá sé verið að taka 200 millj. dollara áhættu, ekki bara fyrir íslenska ríkið heldur mundi líka þar til viðbótar allt eigið fé Íslenskrar erfðagreiningar tapast. Það er ekki bara íslenska ríkið sem er að taka mikla áhættu með þessu heldur er fyrirtækið ekki síður að taka áhættu og má segja að fyrirtækið sé lagt undir í þessu máli öllu líka. Áhættan sem ríkið tekur fellur ekki á ríkið. Ábyrgðin fellur ekki á ríkið nema búið sé að ganga að fyrirtækinu áður og það reynir þess vegna ekki á hana nema fyrirtækið sjálft verði gjaldþrota í raun.

Ef við reynum að spá í þetta frá sjónarhóli fyrirtækisins og hvernig þessi mál standa frá sjónarhóli þess þá hefur Íslensk erfðagreining ákveðið að fara út í þessa starfsemi og byggja hana upp. Einfaldasta leiðin til þess að gera slíkt væri með því að sameinast starfandi fyrirtæki, væntanlega í Bandaríkjunum. Sameiningin mundi þá fela það í sér að gengið yrði inn í annan rekstur sem væri í gangi, reynt að finna fyrirtæki sem væri fjárhagslega tiltölulega vel sett og skiptast á hlutabréfum í fyrirtækjunum þannig að fyrir sameininguna yrði greitt með hlutabréfum í deCODE.

Önnur leið af hálfu deCODE væri að gefa út hlutabréf í fyrirtækinu sem væri líka fær leið. En frá sjónarhóli fyrirtækisins mundi það vera óheppilegra en að sameinast öðru fyrirtæki vegna þess að verð á hlutabréfum í þessum fyrirtækjum er almennt mjög lágt þessa dagana. Verðþróun hlutabréfa í deCODE hefur verið nánast í samræmi við verðþróun hlutabréfa á Nasdaq-hlutabréfamarkaðnum. Eftir því sem hann hefur hækkað hefur verðið í deCODE hækkað og síðan öfugt. Því má segja að frá sjónarhóli fyrirtækisins séu hlutabréfin á hálfgerðri útsölu í dag. Ef þeir væru að fá inn nýtt fé með því að gefa út aukið hlutafé mundu þeir sem eru núverandi eigendur fyrirtækisins vera að þynna allmjög út eignarhlut sinn til þess að ganga inn í þetta verkefni. (**SJS:** Hefur markaðurinn rangt fyrir sér um verðmæti fyrirtækisins?)

Hv. þm. spyr hvort markaðurinn hafi rangt fyrir sér um verðmæti fyrirtækisins. Því er til að svara að markaðurinn er ákveðin niðurstaða af mismunandi sjónarmiðum á því hvort menn telja að verðið sé of hátt eða of lágt. Hlutabréfamarkaður gengur yfirleitt út á það að þessi mismunandi sjónarmið séu til staðar. Ef allir væru sannfærðir um að verðið á hlutabréfunum væri of lágt annars vegar eða allir væru sannfærðir um að verðið á hlutabéfunum væri of hátt hins vegar þá mundu engin viðskipti með bréfin eiga sér stað. En vegna þess að þarna er markaður í gangi þá byggir hann á því að skoðanir á því hvort verðið sé of hátt eða of lágt eru mismunandi. Markaðsverð á hverjum tíma er þess vegna niðurstaða af mismunandi skoðunum. En það að segja að eitt sé rétt og annað sé rangt í þessu tilviki á ekki við.

Hv. þm. brosir að þessu en þetta er svona undirstaða þess hvernig hlutabréfamarkaður virkar. Það að hann skuli brosa yfir þessu segir meira um skilning hans á hlutabréfamörkuðum en hlutabréfamarkaðina.

Varðandi það hvort Íslensk erfðagreining eigi að fara út í að kaupa fyrirtæki í Bandaríkjunum eða sameinast þar með því að skipta á bréfum þá mundi það að mörgu leyti vera áhættuminna fyrir fyrirtækið að því leyti til að þá væri hægt að velja einhvern rekstur sem hentaði fyrirtækinu og hægt

væri að komast inn í. Hins vegar er svo spurning fyrir fyrirtækið hvort þeir kostir sem í því fælust séu það miklir að ekki sé líka hægt að skoða þá leið að byggja þessa starfsemi upp hér á landi. Fyrirtækið hefur verið að byggja sig upp hér á landi með góðum árangri. Það hefur verið tiltölulega auðvelt fyrir fyrirtækið að laða hér að fólk og sá vinnumarkaður sem hér hefur verið hefur verið móttækilegur fyrir starfsemi af þessu tagi. Það er mat fyrirtækisins að það væri að mörgu leyti æskilegt að byggja upp áframhaldandi starfsemi hér á landi.

Þá er spurningin frá sjónarhóli fyrirtækisins hvað réttlætti slíka uppbyggingu hér á landi. Eins og staðan er frá sjónarhóli fyrirtækisins þá væri mjög ólíklegt að nokkurn tíma væri hægt að réttlæta það að gera slíkt ef ríkið eða opinberir aðilar kæmu þar ekki að. Þarna er því á ferðinni tækifæri sem mundi sigla fram hjá okkur nema við stöldruðum við og skoðuðum hvort ríkið ætti að gera eitthvað til þess að ná þessari starfsemi til okkar og byggja hana upp hér á landi.

Þá er rétt að spá í af hverju við ættum að fara út í slíkt, af hverju við ættum að gera það, þ.e. byggja þessa starfsemi upp hér á landi. Þá verður það að hafa einhvern, að ég tel, annan tilgang en beina aðstoð við Íslenska erfðagreiningu. Það verður að hafa einhvern tilgang sem í raun þolir að allt fari á versta veg þannig að við getum tekið ákveðna áhættu á að allt fari á versta veg og að stór hluti af þessum peningum tapist.

Hverju erum við að sækjast eftir? Við erum fyrst og fremst að sækjast eftir því að hér á landi byggist upp þekkingarklasi, klasi þekkingar á þessu sviði, að mikið af fólki setjist hér að, hasli sér hér völl á þessu sviði, sem hefur mikla þekkingu, mikla menntun, vinnur í hálaunuðum störfum á þessu sviði, fólk sem borgar háa skatta, leggur mikið af mörkum til þjóðfélagsins, bæði peningalega og eins á öðrum sviðum. Eftir þessu erum við að sækjast. Og eins því að þetta verði til þess að ungt fólk hasli sér völl á þessu sviði, fari að leggja stund á nám á þessu sviði, að þeir Íslendingar sem hafa verið að læra erlendis finni sér vettvang hér á þessu sviði þannig að ákveðin fjölbreytni verði í þessum störfum, ekki bara hjá Íslenskri erfðagreiningu heldur að þetta verði til þess að önnur fyrirtæki geti líka komið inn á þetta svið þannig að mikið flæði fólks og þekkingar verði á milli nokkurra öflugra fyrirtækja og að þúsundir Íslendinga og innflytjenda vinni við þessi störf. Þetta verða þá fyrst og fremst hátæknistörf, störf sem kalla á mikla menntun en skapa einnig mörg tækifæri fyrir fólk sem ekki hefur langskólanám. Eftir þessu erum við í raun að sækjast. Þetta er í rauninni það sem menn hafa verið að velta fyrir sér hvort þoli þá áhættu sem verið er að taka. Um það er í sjálfu sér aldrei hægt að segja fyrir fram hvort það gangi upp eða gangi ekki upp. Þetta er áhætta sem verið er að taka.

En ef við lítum á þetta frá sjónarhóli fyrirtækisins aftur og spáum í þessa áhættu út frá sjónarhóli þess þá lítur það þannig út að hlutabréfin eru á útsölu. Hlutabréfamarkaðir eru almennt í lægð og gengið á bréfunum í deCODE er í lægð líka.

Nú má velta því fyrir sér hvað þessi lægð á hlutabréfamörkuðunum stendur lengi en ég hygg að flestir sem eru að spá í markaðina ímyndi sér að þeir muni einhvern tíma innan fárra ára taka við sér og að verð á hlutabréfum almennt, t.d. á Nasdaq-markaðnum og eins á einstökum fyrirtækjum sem eru skrásett á þessum markaði, muni fara hækkandi. Það þýðir að þau skuldabréf sem gefin verða út munu mjög líklega breytast í hlutafé í deCODE en eins og skuldabréfaútgáfan er fyrirhuguð þá er miðað við það að við ákveðin skilyrði, ákveðið gengi á bréfunum, verði fyrst réttur en síðan skylda til þess að umbreyta þeim í hlutafé. Frá sjónarhóli fyrirtækisins er að sjálfsögðu verið að vonast til þess að innan fimm eða sjö ára verði þessi skuldabréf orðin að hlutafé í deCODE og muni þess vegna ekki koma til greiðslu sem skuldabréf.

Í framhaldinu er í sjálfu sér hægt að velta því fyrir sér hvert slíkt gengi ætti að vera. Frá sjónarhóli ríkisins væri eðlilegt að þetta gengi væri ekki mjög hátt, frá sjónarhóli fyrirtækisins væri sjálfsagt reynt að hafa það heldur hærra sem snýst alltaf um það á hvaða gengi nýir hluthafar eiga að koma inn í reksturinn. Það þýðir þegar upp er staðið, ef menn hafa trú á því að hlutabréfamarkaðirnir muni ná sér, að gengi bréfanna í deCODE muni ná sér, að þá minnkar áhættan af hálfu ríkisins allverulega við það þegar þessi bréf geta breyst svona í hlutafé. En engu að síður er alltaf ákveðin áhætta til staðar.

Annað sem þarf að spá í í sambandi við þessa áhættu er að það er ákveðinn möguleiki fyrir fyrirtæki af þessari tegund að stýra áhættunni. Í öllu þessu ferli geta menn ýmist verið að stunda starfsemi sem er gerð í samstarfi við aðra eða menn geta tekið áhættu með því að fara út í einhverja starfsemi sem menn ætla sér að fá eitthvað út úr og selja síðan niðurstöðurnar en halda áfram þróuninni. Þannig er á því tímabili sem ríkið ábyrgist þessi bréf hægt að stýra áhættunni og ná inn tekjum vegna starfsemi og krefjast þess að meiri tekjur verði myndaðar með samstarfssamningum en að fyrirtækið sé sjálft að taka eigin áhættu. Þess vegna er þetta enn þá einn þáttur sem hægt er að grípa til til þess að draga úr þeirri áhættu sem verið er að taka.

Ef við í lokin lítum á framhald þessa máls, hvernig því muni reiða af ef að lögum verður, þá hefur fjmrn. þegar kynnt þetta mál fyrir Eftirlitsstofnun EFTA en það er lagt upp á þeim grundvelli að það falli undir leyfða ríkisaðstoð vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Nú skal ég ekkert segja eða fullyrða um það hvernig niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA verður í þeim efnum en það er ljóst að það verður lagt eitthvert mat á það hvers virði þessi stuðningur er og hann gæti komið út upp á það að vera einhver hundruð milljóna á hverju ári sem þetta gengur yfir og þá er það borið saman við það hve hár slíkur styrkur má vera í hlutfalli af þeirri fjárfestingu sem verið er að leggja í og hvað þetta er í rauninni mikilvægt í það heila fyrir allt verkefnið.

Ég held að eftir að það liggur fyrir þá sé að sjálfsögðu komin ákveðin lína í þetta. Þá liggur alla vega fyrir hvort þessi nálgun á málinu gengur upp, hvort Eftirlitsstofnun EFTA metur þetta gilt rannsóknar- og þróunarverkefni eða hvort hún gerir það ekki. Ef Eftirlitsstofnun EFTA gerir það ekki og þetta fer undir almennan ríkisstuðning, þá vaknar spurningin hvort menn vilji þá breyta um kúrs og nálgast þetta mál sem byggðastyrk eða slíkt eða hvort menn vilji hafa þetta sem ríkisaðstoð sem er þá greitt fyrir fullu verði. Það getur ýmislegt komið til greina í því sambandi og það mundi þýða að Íslensk erfðagreining yrði þá nánast að kaupa þessa ríkisábyrgð ef greiða ætti fyrir hana fullu verði eða þá að farið væri með þessa starfsemi út fyrir bæjarmörkin og hún ekki byggð upp í 101 Reykjavík heldur í einhverju öðru póstnúmeri sem félli undir það að starfsemin sé styrkt og þá þarf ekki að fara lengra en norður fyrir Hvalfjörð til þess að komast í slíkt umhverfi. (**SvH:** Eða til Reyðarfjarðar.)

Eða til Reyðarfjarðar, já. En ég var ekki kominn svo langt í hringferðinni um landið, hv. þm., að ég væri kominn austur.

Ég vil einungis vekja athygli á því að skattasamningurinn sem gerður var við Norðurál var réttlætanlegur á þeim grundvelli að það væri leyfilegur byggðastyrkur við fyrirtækið.

Það er líka ljóst að aðrir aðilar munu koma til greina og munu sækja á um sambærilega fyrirgreiðslu og deCODE hefur fengið. Ég tel líka að þetta mál sé liður í einhverju sem hefur annan og meiri tilgang en þann að styrkja eitt fyrirtæki sem slíkt. Í mínum huga snýst þetta mál ekki um að styrkja Íslenska erfðagreiningu heldur um það hvort við Íslendingar viljum hasla okkur völl á þessu sviði almennt séð. Það getur þá teygt sig inn á ýmis svið en fyrst og fremst erum við að spá í hvort við viljum byggja upp slíka þekkingu í lyfjaþróun á Íslandi sem tengist þá ekki endilega Íslenskri erfðagreiningu heldur því að byggja upp þennan þekkingarklasa sem ég ræddi um fyrr. Eitt fyrirtæki, Lyfjaþróun hf., hefur lagt fram gögn um sína starfsemi og það fyrirtæki er reyndar í því ferli núna að reyna að ná í fjármagn til sinnar starfsemi hjá erlendum aðilum og var þess vegna í rauninni tilbúið með öll sín kynningargögn og með öll sín mál klár þannig séð, það fyrirtæki hlýtur að koma til skoðunar þegar ljóst verður hvort Eftirlitsstofnun EFTA vill makka með í þessu máli eða ekki. Þá verður kominn grundvöllur til þess að skoða þeirra mál og þá fleiri í framhaldinu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að biðja neinnar afsökunar á því að hafa haldið líklega lengstu framsöguræðu sem ég hef flutt með máli í þinginu en ég taldi að þetta mál væri þess eðlis að það réttlætti það að gerð væri nokkur grein fyrir því af hálfu meiri hluta nefndarinnar. Ég legg til að málið verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef hér rakið. (**SvH:** Þú gleymdir að vitna í samþykktir Verslunarráðsins.)

[10:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., hefur mælt fyrir áliti nefndarinnar. Mig langar til að spyrja hann, af því að hann er í raun í hlutverki alvörufjárfestis, hann er að fjárfesta fyrir hönd íslensku þjóðarinnar í fyrirtæki upp á 20 milljarða eða taka áhættu í því, hvort nefndin hafi þá unnið samkvæmt þeim reglum sem menn tileinka sér á verðbréfamarkaði við slíkar fjárfestingar, þ.e. að skoða viðskiptaáætlun með miklum grandvarleik með sérfræðingum á því sviði sem um er að ræða, þ.e. lyfjaþróun sem ég efast um að nokkur Íslendingur þekki nema kannski eitt lítið fyrirtæki, hvort nefndin hafi með sínum sérfræðingum unnið að mati á viðskiptaáætlun, reiknað út gjaldþrotalíkur fyrirtækisins og klárað þetta allt saman á sex dögum. Þvílík snilld.

Hjá stórum fyrirtækjum sem gera þetta alla daga þykir a.m.k. eðlilegt að hafa sex vikur í slíka skoðun á fjárfestingu og stundum upp í sex mánuði og alveg sérstaklega þegar um er að ræða rekstur sem er eins áhættusamur og lyfjaþróun. Og alveg sérstaklega þegar menn eru að fara út í eitthvað sem þeir ekki kunna þurfa þeir að skoða málið vel. Og ég ætla að spyrja: Hvernig stendur á því að hv. efh.- og viðskn. gat klárað þvílíkt stórt og viðamikið verkefni á sex dögum?

[10:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja atygli hv. þm. á því að við í meiri hluta efh.- og viðskn. erum í sama liði og fjmrh. og ríkisstjórnin og á vegum ríkisstjórnarinnar og fjmrn. hefur verið unnið mjög mikið í undirbúningi þessa máls. Það hefur verið skoðað, það hefur verið farið yfir trúnaðarupplýsingar frá fyrirtækinu varðandi þau áform sem fyrirtækið hefur og farið yfir upplýsingar sem í rauninni gengur ekki að lagðar séu fram opinberlega þannig að það spilli fyrir starfsemi fyrirtækisins á hlutabréfamarkaði.

Ég hygg hins vegar að fyrir mig sem þingmann hafi ég farið mjög rækilega yfir eðli þessa máls, í hverju áhættan felst, gert mér grein fyrir því að það er hægt að stýra áhættunni í þessu ferli. Það er ekki eitthvert eitt punkt-mat í sambandi við áhættu á þessu máli heldur er áhættustýringin samfellt viðfangsefni og eilífur hluti af rekstri fyrirtækis af þessum toga. Þess vegna er það þannig að það sem hv. þm. nefnir varðandi reglur um áhættumat, þá eiga þær ekki við að þessu leyti til. Það er ekki hægt með einföldum hætti að reikna út einhverjar sérstakar gjaldþrotalíkur enda hefur þetta mál þann tilgang að byggja hér upp þessi störf með þeirri þekkingu sem fólkið sem vinnur við þetta hefur og það að þetta þoli það í rauninni að allt fari á versta veg.

[10:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst það er markmiðið hjá hv. þm. að ná til landsins störfum á þessu sviði, af hverju var ekki hreinlega boðin út 20 milljarða ríkisábyrgð til hvaða fyrirtækis sem er í heiminum sem gæti skaffað þessi störf og það hugsanlega með miklu minni áhættu? Af hverju var það ekki gert þar sem það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að bjóða sem mest út? Mér finnst það mikill ábyrgðarhluti fyrir menn sem kunna kannski á bíl að fara að stýra júmbóþotu. Menn þurfa að vita þegar þeir taka ákvörðun á þessu sviði að þeir eru að taka miklar ákvarðanir og gefa sig út fyrir að hafa mikla þekkingu. Ég hefði hana ekki.

Þá langar mig til að spyrja hv. þm. hvernig svona aðgerð virkar hagfræðilega. Er þetta skynsamleg aðgerð? Og eins hvort það sé skynsamlegt þegar við erum að ráðleggja almenningi að skrifa ekki upp á, þá séu þingmenn að skrifa upp á fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu upp á 277 þús. kr. í rekstri sem er afskaplega áhættusamur.

[10:46]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi um það áðan að við værum að leggja þetta til vegna þess að við teldum að þetta væri áhættunnar virði. Við erum líka að leggja þetta til vegna þess að við teljum að áhættan sé ekki fullkomlega 100%, að við séum að tapa 200 millj. dollara. Við erum að gera þetta vegna þess að við viljum sjá þessi störf byggjast hér upp, við viljum sjá samkeppnishæfa atvinnugrein, alþjóðlega samkeppnishæfa atvinnugrein byggjast upp hér á Íslandi og það er einfaldlega þannig að samkeppnishæfar atvinnugreinar eru byggðar upp á ákveðnum forsendum. Það þarf að leggja í þetta fjármagn, það þarf að leggja í þetta menntun, það þarf að leggja í þetta alls kyns aðstæður og skilyrði af hálfu stjórnvalda til þess að samkeppnishæfar atvinnugreinar byggist upp.

Það er hægt að vekja athygli hv. þm. á miklum fræðum í þessu, hvernig samkeppnishæfar atvinnugreinar eru byggðar upp en ég hygg að það væri ágætt fyrir hv. þm. að kynna sér það.

[10:47]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það hafi ekki verið undir 40 manns sem mættu á fund nefndarinnar að ræða þetta mál og ég held að það sé óhætt að segja að nær undantekningarlaust hafi allir þeir aðilar verið á móti málinu, hvort sem litið er til fjármálamarkaðarins, efnahagsstofnana eða atvinnulífsins. En það eru ein samtök sem vafðist svolítið fyrir mér að greina afstöðuna hjá og skilja vegna þess að það hafa komið upp þrjár afstöður hjá þessum samtökum sem er Verslunarráðið.

Aðstoðarframkvæmdastjóri Verslunarráðsins sem mætti á fund nefndarinnar, Birgir Ármannsson, sagði að Verslunarráðið mundi ekki leggjast gegn málinu. Hann sagði að vísu að Verslunarráðið hefði ákveðið prinsipp í svona málum en menn þyrftu að hafa prinsipp til að geta vikið frá þeim. Einhvern veginn svona orðaði hann það. Síðan hefur komið fram hjá stjórn Verslunarráðsins að hún hafnar þessari hugmynd ríkisstjórnarinnar. Þar er komin afstaða nr. 2, að vera á móti. Birgir Ármannsson situr greinilega hjá við þetta. En síðan kemur framkvæmdastjóri Verslunarráðsins og formaður efh.- og viðskn. sem lýsir því yfir hér að hann ætli að styðja málið. Að vísu sagði hann það svo nýlega í fjölmiðli að hann ætti eftir að koma sér upp sannfæringu í málinu og mér fannst sannfæringin satt að segja ekki mikil í ræðustólnum þó að hann lýsti yfir stuðningi við málið. Þess vegna er ég að reyna að átta mig á afstöðu Verslunarráðsins og spyr hv. formann nefndarinnar: Hver er afstaða Verslunarráðs Íslands til þessa frv.?

[10:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afar þakklátur fyrir þann áhuga sem hv. þm. sýnir á störfum, stefnu og skoðunum Verslunarráðs Íslands. Ég verð bara sem framkvæmdastjóri ráðsins að bjóða henni í kaffi til að kynna sér það.

[10:50]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert undrandi á þessum svörum formanns nefndarinnar vegna þess að hann skilur ekki frekar en ég afstöðu Verslunarráðs Íslands og treystir sér greinilega ekki til þess að túlka hana í ræðustól. Það er enginn undrandi á því þegar uppi eru þrjár afstöður í málinu og hv. formaður efh.- og viðskn. er settur í þá óþægilegu stöðu af ríkisstjórninni að þurfa að þjóna tveimur herrum, annars vegar Davíð Oddssyni og ríkisstjórninni og hins vegar Verslunarráðinu, þannig að hv. þm. er auðvitað í afleitri stöðu. Það er náttúrlega mjög slæmt þegar við erum að reyna að átta okkur á afstöðu hagsmunaaðila í þessu máli að við skulum ekki fá botn í afstöðu Verslunarráðsins til þessa máls. Þetta er aðili sem hv. þm. leggur alltaf til að fái öll mál til umsagnar og er fastagestur í nefndinni, Birgir Ármannsson, þannig að það er litið aðeins til skoðana þeirra.

Það er athyglisvert að Verslunarráðið er eini aðilinn í hópi aðila vinnumarkaðarins og fjármálastofnana sem hefur ekki eina afstöðu í þessu máli heldur þrjár. Allir hinir eru á móti málinu. En Verslunarráðið hefur þrjár afstöður.

Er ekki hægt að fá, herra forseti, fram nánari afstöðu Verslunarráðsins heldur en hér hefur komið fram?

[10:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er mjög þakklátur fyrir ekki bara þá umhyggju sem hv. þm. sýnir Verslunarráðinu heldur mér líka persónulega. Ég verð að segja að þetta verðskuldar vissulega kaffiboð.

Hins vegar er það eins og hv. þm. veit að Verslunarráðið er breið samtök, með nokkur hundruð félaga, og þar eru ýmsar skoðanir í gangi og það verður stundum að taka smátíma að ná saman um skoðanir í þeim félagsskap eins og svo mörgum öðrum. Ég hygg að það þurfi stundum að ræða málin í félagsskap eins og Samfylkingunni jafnvel þótt það séu ekki jafnmargir þingmenn í þeim þingflokki eins og félagar í Verslunarráðinu.

[10:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi þetta verið lengsta framsöguræða sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur flutt fyrir nefndaráliti, þá var þetta örugglega líka sú aumkunarverðasta. Ég held að ég hafi aldrei heyrt þingmann vera í öðrum eins endemisvandræðum við að tala bæði með og móti máli.

Hv. þm. setti fyrst á gömlu plöturnar frá foringja sínum um fortíðarvandann, sjóðasukkið, ríkisábyrgðirnar og allt sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefði afnumið en hóf síðan að réttlæta veitingu þessarar ríkisábyrgðar og vitnaði þá allt í einu til Írlands og Lúxemborgar og Sviss sem hefðu með ýmsum sértækum aðgerðum og ábyrgðum náð markverðum árangri. Þetta, herra forseti, minnir á ekkert annað meira en köttinn sem hefur fengið heitan graut í skál, langar í grautinn en veit að hann getur brennt sig á honum. Ég held að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefði a.m.k. gert rétt í því að fara ekki þeim fordæmingarorðum um allar ríkisábyrgðar, sértækar aðgerðir í efnahagsmálum eða björgunaraðgerðir gagnvart atvinnulífi sem hann gerði í upphafi. Hljómar það ekki dálítið sérkennilega í ljósi þess sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar stendur nú fyrir þegar aðgerðir eru svo sértækar að þær eru orðnar eintækar. Fyrirtæki sem fyrst fær einkaleyfi, „monopol" á heilbrigðisupplýsingum þjóðarinnar fær núna algerlega sérstaka meðhöndlun og 20 milljarða ríkisábyrgð og það liggur svo mikið við að glænýjum lögum um áhættumat og meðferð veitinga á ábyrgðum af þessu tagi er vikið til hliðar eins og þau leggja sig. Þannig gera menn sjálfa sig að ómerkingum og öll þau stóru orð sem þeir hafa uppi haft um að það eigi að fara að vanda til verka í þessum efnum, ástunda fagleg vinnubrögð og draga úr afskiptum ríkisins, mismunun milli einkaaðila og annarra opinberra aðila o.s.frv. Það er alveg sama hvar borið er niður, herra forseti. Vinnubrögðin í þessu máli og hin efnislega niðurstaða þess eru þau að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gerir sig algerlega ómarktæka í umræðum um mál af þessu tagi framvegis.

[10:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki reiknað með því fyrir fram að það tækist á 40 mínútum að sannfæra hv. þm. um

ágæti þessa máls. Ég hafði kannski eitthvað annað í hyggju með því.

Varðandi það sem hv. þm. fjallaði um, þessar sértæku aðgerðir og almenn skilyrði í efnahagslífinu, þá verður hv. þm. að sætta sig við það að sú áhersla sem verið hefur á hin almennu skilyrði í atvinnulífinu síðan 1991 hefur skilað árangri, hefur skilað mjög miklum árangri. Hv. þm. verður líka að sætta sig við það að á þessum tíma frá 1991 hefur líka verið beitt ýmsum sértækum aðgerðum í atvinnumálum sem hafa sumar hverjar einnig skilað árangri, sumar reyndar ekki. En sumar hafa skilað ágætisárangri.

Það sem ég var að draga fram í framsöguræðu minni var að áherslan í efnahagsstjórninni á þessar almennu aðgerðir, hin almennu skilyrði, hefur skilað árangri en það var stefnubreyting frá því sem var þar á undan þegar hin almennu skilyrði voru ekki í lagi, en menn ætluðu að bjarga öllu með þessum sértæku aðgerðum og ráðum. Þegar upp er staðið er spurningin við hvaða skilyrði menn beita sértækum ráðstöfunum, hvert markmið með þeim er. Það verður að vega það og meta en þær mega aldrei vera gerðar eða eitt aðalatriðið á kostnað hinna almennu skilyrða sem atvinnulífið býr við. Það er ekki svo í þessu tilviki.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég er að gagnrýna hér er að hv. ræðumaður Vilhjálmur Egilsson var í raun og veru að segja að austur væri vestur og norður væri suður og fór í marga hringi í ræðu sinni. Mér finnst að það hefði verið miklu heiðarlegra af hv. þm. og ríkisstjórninni að koma bara fram og segja: Við höfum skipt um skoðun. Við ætlum að hverfa frá fyrri ákvörðunum, fyrri reglum sem mótaðar voru um veitingu ríkisábyrgða og hefja veitingu ríkisábyrgða gagnvart einstökum fyrirtækjum á þessum grunni en reyna ekki hið ómögulega að segja að þetta sé samrýmanlegt. Kjarninn í niðurstöðu nefndarstarfsins sem lá til grundvallar setningu laga um ríkisábyrgðir 1977 var einmitt sá að það þyrfti að fara ákaflega varlega í allar sérstakar ábyrgðarveitingar, skoða hvert tilvik mjög vandlega, meta áhættuna og skoða hvaða fordæmisgildi það hefði gagnvart öðrum aðilum o.s.frv. Svo koma menn bara hér og ýta þeim lögum ósköp einfaldlega á einu bretti til hliðar af því að það er augljóst að þetta mál gengi ekki upp ef farið væri eftir þeim lögum. Þá eiga menn bara að viðurkenna það.

[10:57]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vill gjarnan hafa hönd í bagga með því hvernig ég haga mínu máli og hvernig ég rökstyð mitt mál. Ég hygg að það sé orðið nokkuð langt gengið hjá hv. þm., ekki síst vegna þess að hann er í öðrum flokki en ég. Ég hef haft skilning á því að hv. þm. hefði aðra skoðun á þessu máli en ég og hef reyndar gengið út frá því og hef ákveðna reynslu fyrir því að hv. þm. hefur ákveðnar skoðanir á efnahagsmálum og hvernig eigi að stýra þeim. Ég tel að í gegnum tíðina hafi það ekki gefist vel að fara eftir þeim skoðunum hv. þm. en mér finnst að ég eigi að fá að ráða mínum skoðunum og mínum málflutningi sjálfur og hv. þm. þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því.

[10:59]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurning mín til hv. þm. Vilhjálms Egilssonar lýtur að vangaveltum hv. þm. um það hvort ESA vilji makka með eins og þingmaðurinn orðaði það. Ég vil spyrja þingmanninn: Hvers vegna þetta flaustur í málinu þegar það er ljóst að það virðist þurfa að koma einhvers konar samþykki frá ESA um það hvort fyrirhuguð ríkisábyrgð eins og ríkisstjórnin er að leggja hana upp í þessu frv. getur gengið eða ekki? Ég vil fá að heyra hvers vegna ekki sé þá beðið eftir því að fá svörin frá ESA um hvort ESA vilji makka með. Er það ekki skynsamlegra en að vera að afgreiða hér mál sem mögulega hefur 100 þúsund agnúa?

[10:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einu sinni þannig að það er ekki létt verk að tosa út úr Eftirlitsstofnun EFTA svör við spurningu sem er spurt með stóru efi fyrir framan. Gangur þessara mála er einfaldlega þannig að það er lagt upp með ákveðið mál sem er þá samþykkt mál af hálfu íslenska ríkisins og það er spurt hvort það gangi upp. Síðan taka menn ákvarðanir í framhaldi af því.

Það er ekki þannig að íslenska ríkið eða stjórnmálaflokkar eða hagsmunasamtök geti beint spurningum til ESA og fengið þeim svarað svona eftir viku eða svo. Það virkar ekki þannig, heldur er þetta þannig að það er tekið fyrir af því að þetta er samþykkt mál, alvörumál af hálfu ríkisstjórnarinnar og þá er farið í gegnum það.

[11:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Gott og vel, ég tek þetta svar hv. þm. gilt en mig langar til að spyrja um annað. Það varðar fordæmið sem bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa lýst yfir að sé ekki fólgið í þessu máli. Það kemur fram í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að hann telji þau önnur fyrirtæki sem séu einnig að hasla sér völl í lyfjaþróunargreinum eigi möguleika á því að koma til hæstv. ríkisstjórnar og ræða mál sín þegar þar að kemur, þegar þetta mál er komið á borðið. Má þá skilja orð hv. þm. svo að önnur fyrirtæki í sama geira eigi mögulega aðkomu að borði ríkisstjórnarinnar varðandi ríkisábyrgðir fyrir starfsemi sína í náinni framtíð?

[11:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að sambærileg meðferð hljóti að þurfa að gilda um sambærileg mál. Þegar niðurstaða liggur fyrir frá Eftirlitsstofnun EFTA um það hvort þetta er tækt sem rannsóknar- og þróunarverkefni, þá hlýtur það að vera þannig í mínum huga að þegar og ef önnur fyrirtæki koma upp með sambærileg áform fái þau sambærilega meðferð. Ég get ekki skilið annað en að tilgangurinn með þessu öllu saman sé sá að menn ætli sér að búa hér til þekkingarklasa í þessari atvinnugrein sem þýðir þá fleiri en eitt fyrirtæki og það gengur ekki upp nema það sé ákveðin fjölbreytni. Þess vegna hef ég talið að sambærileg afgreiðsla hlyti að gilda um sambærileg mál.

[11:03]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í því nál. sem ég mæli fyrir eru færð fram rök 1. minni hluta í málinu. Niðurstaða 1. minni hluta er að við getum ekki stutt það og má segja að fyrir því séu í stórum dráttum þrenns konar rök. Í fyrsta lagi jafnræðisrökin sem ég mun skýra nánar í máli mínu, í öðru lagi samkeppnisrökin og í þriðja lagi áhætturökin.

Við í 1. minni hluta gagnrýnum hve Alþingi hefur gefist lítill tími til að fjalla um málið og brjóta það til mergjar í nefnd og við teljum líka að það sé hreinlega ekki boðlegt að veita þeim aðilum sem nefndin þarf að fá álit, umsögn og ráðgjöf hjá jafnstuttan tíma til að koma á framfæri við nefndina skoðunum sínum, enda var það svo, herra forseti, að margir umsagnaraðilar sem gjarnan hefðu viljað hafa meiri tíma til þess að skila skriflegu áliti gerðu það ekki vegna þess knappa tíma sem nefndinni var ætlað til að ljúka málinu á.

Það er ekki forsvaranlegt, herra forseti, þegar við erum að fjalla um svo stórt mál sem hefur svo gífurlega áhættu eins og ég mun koma nánar að, í máli mínu, að ætla þinginu örfáa daga til að afgreiða málið og gera það að lögum. Ríkisstjórnin þurfti a.m.k. tvo mánuði sjálf til þess að fjalla um þetta mál og hún getur ekki ætlast til þess að þingið þurfi minni tíma en ráðherrarnir til að skoða það, vega og meta afstöðu í málinu vegna þess að það er mjög flókið og sértækt og eins og ég mun koma að í máli mínu á það alls ekki að vera í verkahring þingmanna að taka afstöðu til slíkra mála.

Eins og ég sagði í stuttu andsvari áðan hefur frv. þetta mætt mikilli andstöðu hjá nær öllum þeim sem voru kallaðir til fundar við nefndina. Þar má nefna fulltrúa frá fjármálamarkaðnum eins og greiningardeildum banka og verðbréfafyrirtækja, fulltrúum frá atvinnulífinu, heildarsamtökum atvinnulífsins og heildarsamtökum launafólks. Sömuleiðis frá efnahagsstofnunum eins og Þjóðhagsstofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem og einstökum fyrirtækjum á vinnumarkaðnum sem starfa á sama sviði og Íslensk erfðagreining. Það er allt á einn veg hjá þeim umsagnaraðilum sem komu á fund nefndarinnar. Þeir gagnrýna mjög þessa sértæku aðstoð og raunar eru menn mjög undrandi yfir því að ríkisstjórnin skuli með þessum hætti hverfa frá stefnu sinni, eins og margir sögðu, og leggja til þetta mál. Það var aðeins ein afstaða sem var nokkuð óljós, kannski tveir umsagnaraðilar. Það er í fyrsta lagi Verslunarráðið eins og við höfum rætt. Það er mjög erfitt að átta sig á afstöðu þeirra í málinu en ég hygg að ef rýnt er í afstöðu stjórnar Verslunarráðsins, þá sé stjórn Verslunarráðsins mjög ósammála þeirri leið sem ríkisstjórnin er að fara og leggist jafnmikið gegn því og aðrir aðilar þó að hin sérstaka staða sem formaður efh.- og viðskn. er í geri það að verkum að þetta lítur hreinlega út eins og Verslunarráðið hafi þrenns konar afstöðu í málinu.

Síðan var það Seðlabankinn. Það er erfitt að átta sig á afstöðu hans í málinu sem reynir er að spila sig eitthvað hlutlausan í málinu þótt hér sé um að ræða stórt mál sem getur haft verulega áhættu í för með sér og áhrif inn á markaðinn, en þeir bera fyrir sig eins og kannski aðrir aðilar að þeir hafi haft mjög stuttan tíma til þess að fjalla um málið.

Aðkoma ríkisvaldsins og löggjafarþingsins að málinu er líka með öllu óeðlileg að mínu mati því hér er um að ræða sérstaka fyrirgreiðslu við eitt fyrirtæki í landinu en aðgerðin er úr samhengi við hlutverk bæði þings og framkvæmdarvaldsins. Jafnvel þótt litið sé til fortíðar og þeirra afskipta sem löggjafar- og framkvæmdarvaldið hafa oft og tíðum haft af atvinnulífinu með ýmsum sértækum aðgerðum og styrkjum, þá er það einsdæmi að svona gríðarleg fyrirgreiðsla og áhættusöm hafi verið veitt einu fyrirtæki. Undantekning þar frá er algert neyðartilvik eins og tímabundin ábyrgð ríkisvaldsins á tryggingu flugflotans vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum í september sl. Þingmenn eru því settir í algerlega óviðunandi stöðu að þurfa að taka ákvörðun um 20 milljarða ríkisábyrgð til eins fyrirtækis. Þingmenn eru auðvitað ekki í neinni aðstöðu og eiga ekki að vera það til þess að velja eitt fyrirtæki úr og veita því fyrirgreiðslu umfram önnur sem þar að auki er gífurlega áhættusöm fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur. Ef ríkisvaldið hefði viljað styðja sérstaklega við þekkingariðnaðinn eða hátæknigreinar til að skapa hér nokkur hundruð arðvænleg störf, þá eru aðrar leiðir til þess heppilegri sem ekki hefðu leitt til mismununar í atvinnulífinu og samkeppnisröskunar í einstökum greinum.

Vissulega er það svo að Íslensk erfðagreining er þýðingarmikið fyrirtæki fyrir nýja hátækniframleiðslu á sviði lífvísinda hér á landi og hefur um 600 hálaunuðum hátæknistörfum á að skipa sem skiptir auðvitað miklu máli fyrir þjóðarbúið. Ekki skal úr því dregið. Auðvitað er mjög brýnt að slíkum störfum fjölgi á Íslandi og að lagður verði grunnur að nýjum greinum og fyrirtækjum á sviði hátækni, þar á meðal líf-, vísinda- og lyfjaþróunar. En það á, herra forseti, að örva eflingu hátæknigreina með almennum hætti þar sem settar eru almennar reglur sem auðvelda starfsumhverfi slíkra greina eða fyrirtækja á jafnréttisgrunni. Almannahagsmunir eiga að vera í fyrirrúmi gegn sérhagsmunum og hinar óskráðu og skráðu reglur um jafnræði á ekki að brjóta.

Það er einmitt, herra forseti, fróðlegt að bera saman 20 milljarða ríkisábyrgð sem hér á að veita einu fyrirtæki á hátæknisviði við veltuna og mannafla í hugbúnaðariðnaðinum hins vegar. Áætluð heildarvelta hugbúnaðariðnaðarins og þeirrar greinar var tæplega 20 milljarðar í fyrra og um 2.900 manns starfa í greininni og þeim fjölgaði um 1.300 eða 81% frá 1997. Áætluð fjárfesting á þeim árum nam 8 milljörðum kr. Afkoman hefur verið mjög misjöfn og síðasta ár var mjög erfitt í þeirri grein. Þetta má auðvitað bera saman við þá 20 milljarða kr. ríkisábyrgð sem veita á einu fyrirtæki og margir telja að verulegar líkur séu á að geti fallið á skattgreiðendur. Heildarveltan í hugbúnaðargreininni var um 20 milljarðar í fyrra og það eru 2.900 manns sem starfa í greininni og þarna er um að ræða sömu fjárhæð og á að veita einu fyrirtæki.

Einnig má benda á að Íslensk erfðagreining sem nú á að veita 20 milljarða kr. ríkisábyrgð og margir telja að geti verið brot á bæði stjórnarskrá og samkeppnislögum hefur fengið mjög sérstaka aðstoð og fyrirgreiðslu hjá íslensku þjóðinni. Fyrirtækinu var fyrir örfáum árum veitt einkaleyfi til að starfrækja gagnagrunn á heilbrigðissviði til 12 ára og einkaaðgangur að heilsufarsupplýsingum þjóðarinnar. Eftir því var leitað í efh.- og viðskn. hvort greiðslur væru farnar að koma inn í ríkissjóð vegna þeirrar fyrirgreiðslu en upplýst var að svo væri ekki. Fjöldi fjárfesta hér á landi og einstaklingar hafa líka keypt hlutabréf í félaginu og lagt fjármagn í mikla áhættufjárfestingu en margir þeirra hafa tapað á því miklu fjármagni. Þetta fyrirtæki hefur því fengið áður mjög umdeilda, sértæka og einstaka aðstoð sem sýnir að þjóðin metur þá mikilvægu starfsemi á hátæknisviði sem Íslensk erfðagreining stendur fyrir og skapað hefur fjölda starfa í þekkingariðnaði.

Herra forseti. Hlutverk ríkisins er að skapa samkeppnishæft umhverfi fyrir atvinnulífið, t.d. í skattalegu tilliti og með almennum hætti þar sem jafnræði allra fyrirtækja og atvinnulífsins er í fyrirrúmi. Leikreglur á fjármálamarkaði og í atvinnulífnu eiga að vera með þeim hætti að þær vinni gegn einokun og samþjöppun valds og fjármagns í atvinnulífinu og með öflugri samkeppni á markaðnum. Þessi fyrirgreiðsla upp á 20 milljarða kr. gengur þvert á þá stefnu. Markmið einkavæðingar sem er m.a. að komast hjá ríkisábyrgð er

líka þverbrotið með þessari sértæku aðstoð. Það er kaldhæðnislegt, herra forseti, að það skuli vera Sjálfstfl. sem á tyllidögum kennir sig við frjálsræði, samkeppni og einstaklingsframtak en gegn ríkiskapítalisma og einokun sem er í forsvari fyrir svona pilsfaldakapítalisma og gamaldags vinnubrögð.

Athygli vekur að Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri, sem jafnframt er stærðfræðingur að mennt og stjórnarformaður fyrirtækja eins og Skeljungs og Nýherja, segir að enginn vafi sé á því að þessi hugmynd sé einhver hin ábyrgðarlausasta sem borin hefur verið upp á Alþingi frá upphafi vega. Hérna er mikið sagt, herra forseti, en ég hygg að sá ágæti maður sem er stærðfræðingur að mennt hafi mikið til síns máls þegar hann segir að þessi hugmynd sé einhver sú ábyrgðarlausasta sem borin hafi verið upp á Alþingi frá upphafi vega. Það er ekki hægt, herra forseti, annað en segja nei við því að veita svona sértæka aðstoð upp á 20 milljarða til eins fyrirtækis með allri þeirri áhættu sem henni fylgir fyrir skattgreiðendur.

Kaupþing hefur líka bent á að athygli vekji að fullyrt sé að aðkoma ríkisvaldsins sé ein meginforsenda þess að unnt sé að starfrækja fyrirtækið hér á landi. Segja þeir að þessi afstaða virðist nokkuð á skjön við þá þróun sem verið hefur á Vesturlöndum undanfarinn áratug, en beggja vegna Atlantsála hafi verið lagt kapp á að draga úr aðkomu ríkisins að almennum starfs- og fjármögnunarskilyrðum fyrirtækja. Þessi afstaða virðist nokkuð á skjön við þá þróun sem verið hefur á Vesturlöndum.

Herra forseti. Það vekur auðvitað mikla athygli í öllum þessum málatilbúnaði hvernig að honum er staðið. Það er eitt að taka ákvörðun um að veita þessa ríkisábyrgð og síðan er það auðvitað hin hliðin á málinu, þ.e. hvernig að því er staðið.

Ný lög um ríkisábyrgð voru sett á árinu 1997. Aðdragandi þess var að sett var á fót nefnd til þess að endurskoða ríkisábyrgðir, en hún starfaði undir forustu Birgis Ísleifs Gunnarssonar seðlabankastjóra. Í tillögum nefndarinnar sem fylgdu í greinargerð með frv. um ríkisábyrgðir sem lagt var fyrir 122. löggjafarþing kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Opinberir aðilar hafa orðið fyrir umtalsverðum skakkaföllum á liðnum árum vegna ábyrgða sem þeir hafa tekið á sig. Ábyrgðir á lánum einkaaðila hafa fallið á ríki og sveitarfélög, bein lán til atvinnufyrirtækja hefur reynst nauðsynlegt að afskrifa og eignir ríkisins í atvinnufyrirtækjum og fjármálastofnunum hafa rýrnað vegna tapa þessara aðila. Nefndin telur að stefna beri að því að draga úr ríkisábyrgðum einkum þar sem aðild ríkisins skekkir samkeppnisstöðu einkaaðila. Einnig telur nefndin brýna þörf á að reglur um veitingu ríkisábyrgða séu skýrar."

Það er til marks um hversu óeðlilega sértæk þessi ríkisábyrgð er að vikið er til hliðar nýlegum lögum um ríkisábyrgð sem sett voru til að tryggja vandaða málsmeðferð og lágmarka alla áhættu þegar ríkið í undantekningartilvikum veitir ríkisábyrgð. Þannig kemst ríkisvaldið hjá því að uppfylla ýmis skilyrði laganna sem kveða m.a. á um að umsögn Ríkisábyrgðasjóðs skuli liggja fyrir um mat á greiðsluhæfi skuldara. Það liggur ekki fyrir. Mat á afskriftaþörf liggur heldur ekki fyrir. Mat á tryggingum liggur heldur ekki fyrir. Mat á áhrifum á samkeppni á viðkomandi sviði liggur heldur ekki fyrir. Ekkert af þessu liggur fyrir. Ekkert af þessu var hægt að fá fram í nefndinni, en þetta er lagaskylda í nýlegum lögum sem Alþingi hefur sett til þess einmitt að hamla á móti ríkisábyrgðum, en þegar þær í undantekningartilvikum eru veittar þá skuli reistar eins miklar girðingar og hægt er til þess að tryggja að fé skattborgaranna tapist ekki. Ekkert þessara atriða þarf að uppfylla hér áður en málið gengur frá þinginu, en í samningum sem gera á við fyrirtækið verða einhver af þessum ákvæðum væntanlega sett inn og reynt að uppfylla þau. En það er með öllu óljóst hvernig það verður og þingið fær ekkert að vita um það áður en það þarf að greiða atkvæði í þessu máli hvernig þær lyktir verða.

Í lögunum er líka kveðið á um að ríkissjóði sé óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að fullnægðum ákveðnum skilyrðum eins og að ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs og ekki sé hægt að fullnægja lánsfjárþörf á almennum lánamarkaði. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að ekki er hægt að fullnægja þessari lánsfjárþörf á almennum markaði hér og heldur ekki erlendis eins og ég mun koma að síðar í máli mínu og það er auðvitað ástæða þess að leitað er eftir þessari ríkisábyrgð.

Herra forseti. Eina ákvæðið sem í gildi verður í ríkisábyrgðalögunum er 5. gr. laganna um að árlega skuli halda afskriftareikning vegna veittra ábyrgða og afskriftareikningur Ríkisábyrgðasjóðs skuli á hverjum tíma gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum allra ábyrgða sjóðsins. Furðulegt verður þó að telja að ríkisvaldið telji ekki ástæðu til á þessu stigi að leggja til hliðar í afskriftasjóð vegna svona hárra ríkisábyrgða. Það vekur athygli að 6. gr. ríkisábyrgðalaganna er vikið til hliðar líka en þar er kveðið á um að hver sá sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir skuli greiða við ábyrgðarveitingu í ríkissjóði áhættugjald er nemi 0,25–4% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingarinnar fyrir hvert ár lánstímans. Það skiptir miklu máli hve hátt ábyrgðargjaldið verður. Ef miðað er við lægsta áhættugjald eins og kveðið er á um í lögunum, 0,25, þá mundi það gefa ríkissjóði allan lánstímann 350 millj. kr., en 4% sem er hæsta ríkisábyrgðargjaldið samkvæmt lögunum mundi gefa ríkissjóði 5,6 milljarða kr. Við erum að tala um annars vegar með lægsta ábyrgðargjaldi 350 millj. kr. samkvæmt lögunum en með hæsta ábyrgðargjaldi á lánstímanum erum við að tala um 5,6 milljarða kr.

Þingið veit ekkert þegar því er gert að afgreiða þetta mál hvert þetta ríkisábyrgðargjald verður. Það ræðst af ábyrgðinni, þ.e. hvernig ábyrgð verður veitt ef hún á annað borð verður veitt, er svarið þegar um er spurt. Það er sem sagt allt í óvissu um hvort eða hvernig ábyrgðargjaldið verður greitt vegna 20 milljarða ábyrgða af útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Það var upplýst í nefndinni að það lægi ekki fyrir fyrr en eftir nokkra mánuði hvort ESA telji ríkisábyrgðina geta fallið undir heimild til að veita sérstaka ríkisábyrgð til rannsókna- og þróunarverkefna, en um hana gilda minni kröfur um greiðslu markaðsverðs og tryggingar fyrir ríkisábyrgðina en ef um almenna ríkisábyrgð væri að ræða.

Ástæða er líka til að geta þess hér að fullkomin óvissa ríkir um hvort ESA gefi sína heimild til þess að hægt sé að veita þessa ríkisábyrgð. Í því sambandi ber að líta til þess að ríkisábyrgðin er mjög hátt hlutfall af heildarfjárfestingum eða um 60% af heildarfjárfestingum, en heildarfjárfestingin er 35 milljarðar kr. 1. minni hluti leitaði eftir að fá upplýsingar um hvað ríkisábyrgðir og ríkisstyrkir sem ESA hefur veitt heimild fyrir hafi verið hátt hlutfall af heildarfjárfestingu hingað til. Í þeim dæmum sem rakin voru í nefndinni var

yfirleitt um að ræða helmingi minni aðstoð hlutfallslega af heildarfjárfestingu en hér er getið. Það kemur fram í umsögnum með áliti okkar í 1. minni hluta varðandi þá aðstoð sem var heimiluð af hálfu ESA og greint var frá í umsögnum, t.d. umsögn frá fjmrn. sem við leituðum eftir, að sem hlutfall af heildarfjárfestingu í viðkomandi verkefni var um að ræða helmingi minni aðstoð hlutfallslega en hér á að veita.

Herra forseti. Allir aðilar á fjármálamarkaðnum sem veittu umsögn um málið eða tjáðu sig um þessa ríkisábyrgð eru á einu máli um að þetta sé mjög áhættusamt verkefni, enda er lyfjaiðnaðurinn og lyfjaþróunarstarfsemi með áhættusömustu atvinnugreinum. Fram kom að fjármálamarkaðurinn ætti sjálfur að velja arðbærustu viðskiptahugmyndina í hátækniiðnaði en ekki löggjafarþingið.

Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, sagði í Viðskiptablaðinu nýverið að þessi ríkisábyrgð væri fráleit og þýði að aðhald markaðarins sé ekki lengur fyrir hendi, þ.e. hvatinn til að velja á milli góðra og slæmra viðskiptahugmynda.

Ég vil vitna líka í Morgunblaðið 12. apríl sl. Þar er viðtal við ýmsa aðila, m.a. Gylfa Magnússon dósent. Þar heldur hann því fram líkt og ég greindi hér frá að alveg fráleitt væri að fjármagna ríkisábyrgðina með skuldabréfum með ríkisábyrgð. Ég er að vitna í Gylfa Magnússon, dósent í hagfræði við háskólann. Hann gagnrýnir fyrirhugaða ríkisábyrgð og segir, með leyfi forseta:

„„Almennt séð er ríkisábyrgð mjög varahugaverð af þeirri ástæðu að ef vel gengur, hirða einkaaðilar hagnaðinn, en ef illa gengur lendir hann á skattborgurunum. Það er uppskrift að sóun á fjármunum. Það er hægt að tína til fleiri dæmi um það en kæmust fyrir í nokkrum bindum af Morgunblaðinu," segir Gylfi.

Hann segir alveg ljóst að mikil áhætta sé tekin með því að veita umræddá ríkisábyrgð. „Það eru umtalsverðar líkur á því að þessir 20 milljarðar hreinlega lendi á ríkinu og þar með á skattgreiðendum.""

Síðar í þessu sama viðtali segir, með leyfi forseta:

„Hann segir ómögulegt að meta líkurnar á því hvort fyrirtækinu muni takast að þróa lyf sem geri kleift að sækja fjármagn út á fjármálamarkaði áður en það fé sem safnað er í upphafi er þorrið. „Hins vegar eru verulegar líkur á að það takist ekki og þar með eru verulegar líkur á að þessir 20 milljarðar hreinlega falli á ríkissjóð," segir Gylfi Magnússon."

Hér var ég að vitna í dósent í hagfræði við Háskóla Íslands sem menn hljóta að taka eitthvert mark á. Ekki höfum við miklar tölulegar upplýsingar við að styðjast í þessu sambandi eða áhættumat sem stíft var kallað eftir í nefndinni. Við hljótum því að líta til hlutlausra aðila á markaði sem þekkja til svona mála. Því er eðlilegt að vitna til umsagna þeirra þar sem þeir meta áhættuna í þessu máli verulega mikla eins og fram kom hjá þessum dósent í hagfræði við Háskóla Íslands.

Greiningardeild Búnaðarbankans segir að fyrirtækjaáhætta lyfjaþróunarfyrirtækja sé metin allt að þrefalt meiri en meðaltalsáhætta fyrirtækja almennt. Greiningardeildin segir að fyrirtæki í nýsköpun séu almennt talin mjög áhættusöm og slík fyrirtæki eigi afar erfitt með að nálgast langtímafjármögnun. Í gögnum sem greiningardeildin lagði fyrir efh.- og viðskn. kemur fram að óhætt sé að gera ráð fyrir að ríkisábyrgðin tryggi deCODE lánskjör sem séu a.m.k. 3–4% hagstæðari en ella og á ársgrundvelli sé um að ræða vaxtasparnað sem nemi a.m.k. 600–800 millj. kr. og þeir segja að fyrirtækjaáhætta deCODE sé mikil. Benda þeir á að af þeim 100 atvinnugreinum sem skoðaðar hafa verið voru 11 atvinnugreinar með meiri fyrirtækjaáhættu en fyrirtæki í líftækni og lyfjaþróunariðnaðinum en 87 atvinnugreinar með minni fyrirtækjaáhættu. Greiningardeild Búnaðarbankans bendir á að efnahagslegar eignir lyfjaþróunarfyrirtækis séu takmarkaðar og takist ekki að þróa lyf til að standa undir kostnaði getur eigandi skuldabréfanna því ekki gengið að þeim.

Fulltrúar greiningardeilda Íslandsbanka og Kaupþings vöruðu einnig við mikilli áhættu í þessum rekstri og töldu að langtímafjármögnun væri mjög erfið í þessum atvinnugreinum. Fulltrúi Kaupþings sagði að mjög erfitt væri að sækja lánsfjármögnun erlendis hvort sem væri með lánum eða hlutafé. Samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. kom fram að erlendir lánsfjár- og hlutabréfamarkaðir væru erfiðir um þessar mundir til fjármögnunar á verkefnum á þessu sviði vegna almenns samdráttar í efnahagslífi og afleiðinga atburðanna frá 11. september. Orðrétt segir fjmrn., með leyfi forseta:

„Því er líklegt að bein lánsfjármögnun án ríkisábyrgðar yrði fyrirtækinu það óhagstæð að álitamál yrði hvort það sæi sér hag í að fara þá leið."

Þetta kemur beint frá fjmrn. Eftir því er spurt hvort aðrir fjármögnunarmöguleikar séu ekki til staðar en þeir að leita ríkisábyrgðar en þá segir fjmrn. að líklegt sé að bein lánsfjármögnun án ríkisábyrgðar yrði fyrirtækinu það óhagstæð að álitamál yrði hvort það sæi sér hag í að fara þá leið.

Herra forseti. Skattgreiðendur sem að lokum standa uppi með að greiða þessa ábyrgð ef allt fer á versta veg hljóta líka að spyrja hvort réttlætanlegt sé, ef ekki finnast aðrir fjármögnunaraðilar sem tilbúnir eru að lána til slíkrar fjárfestingar vegna áhættunnar, að íslenska ríkið eigi þá að veita 20 milljarða, hætta til 20 milljörðum í svona gífurlega mikinn áhætturekstur þegar aðrir aðilar á markaði treysta sér ekki til þess.

Það var, herra forseti, útilokað fyrir nefndarmenn í efh.- og viðskn. að leggja mat á hver áhættan yrði fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur með því að veita fyrirtækinu 20 milljarða kr. ríkisábyrgð fyrir þessum áhætturekstri. Því var einnig varpað fram í meðferð nefndarinnar á málinu hvort ekki væri réttara að ríkið legði fram hlutafé frekar en ábyrgð því að þá fengist a.m.k. hlutdeild í hagnaði ef viðskiptahugmyndin gengi upp. Nefndarmenn voru settir í þá stöðu, herra forseti, að hafa ekki nauðsynleg gögn til að geta metið þessa áhættu. Til þess hefði nefndin þurft að hafa viðskiptaáætlun fyrirtækisins fyrir þessari nýju starfsemi og mat á gjaldþrotalíkum. Það eru höfuðatriðin, herra forseti. Út af fyrir sig má kannski líka — málið er jú allt óeðlilegt — varpa því fram hvort eðlilegt sé að þingmenn fái slíkar innherjaupplýsingar. Þingmenn eru settir í óþolandi stöðu en viðskiptaáætlun fyrirtækisins fyrir þessari nýju starfsemi og mat á gjaldþrotalíkum eru forsenda fyrir því að hægt sé að leggja skynsamlegt mat á þetta. Við báðum um þessar viðskiptaáætlanir í trúnaði fyrir nefndina þótt ekki væri með öðrum hætti en við því var heldur ekki orðið. Eina raunverulega matið sem efh.- og viðskn. hefur í þessu máli þar sem gerð var heiðarleg tilraun til að leggja mat á þessa áhættu kemur fram í umsögn eins þingmanns sem sendi nefndinni umsögn sína og álit og þar með mat þingmannsins á þeirri áhættu sem hann telur að felist í þessari viðskiptahugmynd. Þingmaðurinn er stærðfræðingur, kann

vel á reiknistokkinn og að leggja mat á svona starfsemi en það var það eina sem nefndin fékk til að geta metið þessa viðskiptahugmynd og áhættuna af henni.

Hv. þm. Pétur Blöndal mun væntanlega koma í ræðustól á eftir og greina frá máli sínu. Umsögn hans að því er varðar gjaldþrotalíkurnar og áhættuna af þessari starfsemi er ansi svört. Hv. þm. segir hér, með leyfi forseta:

„Ef ekkert annað kæmi til er hér sennilega um hreina punkt-áhættu að ræða. Líkur á því að finna ekkert lyf gætu kannski verið 90%. Líkur á að finna eitt lyf eða kannski fleiri eru kannski 10%. Líkur á gjaldþroti eru þá 90% og líkur á afar góðri niðurstöðu væru 10%." — Hann kemst neðar með gjaldþrotalíkurnar ef fyrirtækið hyggst dreifa áhættunni og milda hana með sölu á efnasamböndum og rannsóknum á mismunandi stigum til annarra lyfjaþróunarfyrirtækja sem fyrirtækið áformar að gera. Með slíkum samstarfssamningi við þriðja aðila og með þróun á efnasamböndum frá þriðja aðila telur hv. þm. að það megi giska á að gjaldþrotalíkurnar verði 60%, líkur á sæmilegri afkomu verði 30% og líkur á afar góðri niðurstöðu væru áfram 10%. Hv. þm. sem situr í þeim ágæta flokki sem ber þetta fram hefur ekki mikla trú á að þetta gangi eftir, og lesa má úr umsögn hans að hann hafi meiri trú á að þessi ríkisábyrgð muni á endanum falla á skattgreiðendur.

Í viðskiptaáætlun sem við vorum að kalla eftir þyrfti að koma fram áhættugreining byggð á mismunandi forsendum á tekjuáætlun á þeim tíma sem ríkisábyrgðin á að vara. Þær áætlanir var ekki hægt að fá, ekki einu sinni í trúnaði eins og ég nefndi. Við hefðum, ef vel hefði átt að vera, getað metið ýmsar forsendur um áhættu út frá minnstu áhættu, út frá mestu áhættu, meðaláhættu, út frá tekjuáætluninni miðað við mismunandi forsendur en því var ekki að heilsa eins og hér hefur komið fram.

Málið er líka allt mjög óvanalegt. Eins og ég hef ítrekað er það ekki hlutverk þingmanna að leggja mat á hvort eitt tiltekið fyrirtæki í atvinnugrein eins og lyfjaþróun eigi að fá fyrirgreiðslu umfram önnur á grundvelli áætlaðrar arðbærni eða möguleikum á fjölgun hátekjustarfa í vísindagreinum.

Ég ætla að halda til haga skriflegum svörum við spurningum okkar til fjmrn. varðandi áhættuna. Fjmrn. sem hefur kynnt sér þessar viðskiptaáætlanir telur að áhættan sé með þeim hætti að hægt sé að veita þessa ábyrgð. Í svarinu segir, með leyfi forseta:

„Sú staðreynd að tekjumyndun er ekki bundin við endanlega niðurstöðu tiltekinna verkefna heldur er hægt að innleysa tekjur á mismunandi stigum leiðir til þess að áhætta vegna starfseminnar í heild minnkar. Í samræmi við þetta hafa ráðuneytinu verið kynntar áætlanir sem byggja á mismunandi forsendum hvað tekjumyndun varðar." — Fjmrn. hefur því greinilega fengið að sjá þessar viðskiptaáætlanir sem ég nefndi. Fjmrn. segir um mat á áhættu — það er rétt og eðlilegt að halda því til haga í þessari umræðu — með leyfi forseta: „Umfangsmiklar upplýsingar eru fyrir hendi um rekstrarlega stöðu deCODE sem m.a. koma fram í ársskýrslum sl. ára og skýrslum greiningaraðila á markaði. Ef litið er til ársreikninga félagsins er ljóst að fjárhagsleg staða er sterk sem sýnir sig í góðri eiginfjárstöðu, lítilli skuldsetningu og sterkri lausafjárstöðu sem nægir til þess að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins til a.m.k. þriggja ára. Langtímaáætlanir greiningarfyrirtækja gera ráð fyrir að á þeim tíma verði reksturinn farinn að skila afgangi. Byggt á þessum upplýsingum verður að telja að núverandi starfsemi feli ekki í sér mikla áhættu á allra næstu árum." — Gott og vel, herra forseti. Þetta er mat fjmrn. Við erum samt í engri stöðu til að sannreyna þetta mat sem hér er lagt upp með af hálfu ráðuneytisins.

Það kom einmitt fram í svari við einni af þeim spurningum sem ég lagði fyrir fjmrn. að þeir telja að fjárhagsleg staða fyrirtækisins sé með þeim hætti að hún nægi til að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins í þrjú ár. Að þeim tíma loknum benda þeir á langtímaáætlanir greiningarfyrirtækja sem gera ráð fyrir að reksturinn verði þá farinn að skila afgangi. Á það ber þó að líta, herra forseti, að þegar metin er framtíðarstaða fyrirtækisins er augljóslega um mikla viðbótaráhættu að ræða með þessu verkefni.

Það kemur fram í nál. sem ég mæli fyrir að áhættan sem felst í ábyrgðinni er mikil. Lyfjaþróunargeirinn er með áhættusömustu atvinnugreinum veraldar, miðað við gögn sem lögð voru fram í nefndinni. En við tökum undir að hægt er að draga nokkuð úr þessari áhættu með því að selja lyfjaþróunarverkefni frá fyrirtækinu á mismunandi stigum og jafnframt að taka við slíkum verkefnum frá öðrum fyrirtækjum. Þetta felur í sér tvenns konar ávinning: Í fyrsta lagi er áhættu dreift milli fyrirtækja í greininni og í öðru lagi byrja tekjur að koma inn áður en þróun lyfs er lokið. Þessi áhættudreifing breytir ekki hinu að ábyrgðin sem óskað er eftir er hlutfallslega miklu hærri en í dæmum af samsvarandi ríkisábyrgðum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Við segjum því í nál. okkar að frumskilyrði þess að hægt sé að fallast á slíka ábyrgð sé að fyrir liggi áhættumat af hálfu traustra greinenda á markaði.

Herra forseti. Þegar menn velta fyrir sér áhættunni af þessu er ástæða til að nefna að fram kom í fréttum fyrir skömmu að breska tímaritið Economist stóð fyrir ráðstefnu í Lundúnum nýlega þar sem fjallað var um kostnað og þann tíma sem tekur að framleiða lyf. Kostnaðurinn við lyfjaþróun og framleiðslu hefur verið að aukast og tíminn sem það tekur hefur jafnframt lengst. Árið 1980 tók að meðaltali 11 ár frá því að visst efni fannst og þangað til það komst á markað. Núna tæki það 15 ár. Einungis 12 ný lyf komu á markað í Bandaríkjunum í fyrra en fjöldi þeirra fyrirtækja sem eru að framleiða og þróa lyf er mikill.

Í viðtali við Rannveigu Gunnarsdóttur, lyfjafræðing og forstjóra Lyfjastofnunar Íslands, kom fram nýverið í fjölmiðli hér á landi að aðeins brot af þeim virku efnum sem finnast verði að lyfjum. Hún segir að aðalástæðan fyrir áhættunni sé langur framleiðslutími og jafnframt aðeins eitt af hverjum þúsund til 100 þúsund virkum efnum sem finnast verði að lyfjum en erfitt sé að fá nákvæmar tölur. Fram hefur einnig komið að það kosti 80 milljarða íslenskra króna að koma einu lyfi á markað.

Fram hefur komið hjá fjmrn. að gert sé ráð fyrir því að skuldabréfin verði öll gefin út í upphafi lánstímans og því væri ábyrgðartíminn í mesta lagi sjö ár frá útgáfudegi. Full ástæða er þó til að óttast að þessi ríkisábyrgð komi til með að vinda upp á sig og kallað verði eftir meiri ríkisábyrgð ef gengi bréfanna hreyfist lítið á ábyrgðartímabilinu og tekjuáætlanir ganga ekki eftir. Það er einmitt þessi hlið á málinu, herra forseti, sem ég óttast mjög. Ég óttast að þingið geti aftur staðið frammi fyrir því að þurfa að vega og meta — eftir að hafa veitt 20 milljarða kr. ríkisábyrgð til þessa fyrirtækis — hvort hagsmunum ríkisins væri betur borgið við að framlengja ábyrgðina með von um að úr viðskiptahugmyndinni rættist síðar eða láta ábyrgðina sem nú á að veita að hluta

eða öllu leyti falla á ríkið. Það er þetta sem ég óttast, að þetta sé byrjunin á því að við vefum okkur inn í ríkisábyrgð sem erfitt verður að losna út úr ef hún þá ekki fellur á ríkið.

Þetta ásamt fleiru sem ég hef nefnt, sérstaklega varðandi áhættuþáttinn, samkeppnisrökin og jafnræðissjónarmiðin, eru meginástæður þess að ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Fyrsti minni hlutinn lagði fram spurningu um hvað megi áætla að núverandi eigið fé og áætlaðar tekjur dugi lengi til að reka fyrirtækið án nýrrar innspýtingar eða aðgerðar til að styrkja reksturinn. Það er athyglisvert, herra forseti, að þá svaraði fjmrn. því, eins og ég lýsti áðan, að áætlaðar frjálsar og bundnar bankainnstæður væru um 167 millj. dollarar sem er nægilegt til að reka núverandi starfsemi í þrjú ár. Einnig kom fram hjá fjmrn. að samkvæmt áætlun fyrirtækisins sé gert ráð fyrir að lánsfjármögnun vegna nýrrar starfsemi samsvari kostnaði næstu fjögur árin. Gert er ráð fyrir að innan þess tíma verði einnig um að ræða tekjumyndun af verkefnum, eigin framlögum og/eða nýjar lántökur, en það er erfitt að staðreyna þessar áætlanir eins og ég nefndi. Á liðnum árum hefur verið verulegt tap á fyrirtækinu, um 158 millj. dollarar eða nálægt 16 milljörðum kr., en áætlanir fyrirtækisins gerðu líka ráð fyrir slíku tapi.

Herra forseti. Nokkur orð um umbreytingarskilmálana. Gert er ráð fyrir því að skuldabréfin verði gefin út með umbreytingarskilmálum sem felur það í sér að við ákveðið markaðsgengi hlutabréfa í félaginu verði skuldabréfunum breytt í hlutafé og íslenska ríkið losni þar með undan ríkisábyrgðinni. Gengi bréfanna er nú í sögulegu lágmarki og hefur sveiflast frá 5,5 dollurum á hlut í 10 dollara á hlut á undanförnum mánuðum en samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í efh.- og viðskn. er gert ráð fyrir að heimilt verði að breyta skuldabréfunum í hlutafé ef gengið fer í 18 dollara á hlut. Og það er fyrirtækið en ekki ríkisvaldið sem hefur þessa heimild. En síðan er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að skuldabréfin breytist sjálfkrafa í hlutafé ef gengi hlutabréfanna í félaginu fer yfir ákveðið hlutfall, yfir 18 dollara á hlut í tiltekinn lágmarkstíma. Það er ekki búið að festa neitt niður í þessu sambandi, en það var þó nefnt af ráðuneytismönnum að rætt hafi verið um 24–25 dollara á hlut í því sambandi. Það er orðið ansi hátt, herra forseti, ef gengið á bréfunum sem núna er í einhverju sögulegu lágmarki upp á 5 dollara þarf á lánstímanum, á þessum sjö árum, að fara upp í 24 eða kannski 25 dollara til þess að ríkisábyrgðin falli niður. Eins og hv. framsögumaður efh.- og viðskn. sagði áðan er það hagstætt fyrir ríkið ef miðað er við lágt gengi í umbreytingarskilmálum en hagstætt fyrir fyrirtækið ef miðað er við hátt gengi.

Herra forseti. Aðilar vinnumarkaðarins, samtök fjárfesta, fyrirtæki í lyfjaþróun og lyfjaiðnaði eru í hópi margra umsagnaraðila sem vara við ríkisábyrgðinni, m.a. vegna jafnræðissjónarmiða og samkeppnisröskunar. Samtök atvinnulífsins og samtök iðnaðarins vara mjög sterklega við að fara þessa leið en athyglisvert er að fram kom á fundinum, eins og ég nefndi áðan, að Verslunarráðið leggst ekki gegn veitingu þessarar ríkisábyrgðar, a.m.k. ekki í heimsókn hjá nefndinni þó að komið hafi fram önnur skoðun utan nefndarfundar.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, benti á hve litlar styrkveitingar hafi verið til rannsóknar- og þróunarverkefna og kom fram til samanburðar hjá honum að undanfarin sex ár hafi ráðstöfunarfé Tæknisjóðs verið um 200 millj. kr. á verðlagi hvers árs og á árinu 2000 hafi verið úthlutað 70 verkefnastyrkjum samtals að upphæð 151 millj. kr. Nefnir hann sem dæmi að 20 milljarðar kr. sem nú á að hætta með ríkisábyrgð í eitt fyrirtæki samsvari 100 ára ráðstöfunarfé Tæknisjóðs sem nú á að sameina Vísindasjóði en hann hefur á undanförnum árum haft til ráðstöfunar um 160–180 millj. kr. Það er ágætt að rifja upp þessar tölur þegar við erum að veita einu fyrirtæki í hátækniiðnaði 20 milljarða ríkisábyrgð.

Stjórn samtaka fjárfesta telur að með frv. séu aftur teknar upp beinar og óbeinar ríkisábyrgðir á rekstri almennrar atvinnustarfsemi á Íslandi. Telja þeir að ríkisábyrgð á láni fyrir Íslenska erfðagreiningu raski starfsgrundvelli sumra fyrirtækja með óeðlilegum hætti og geti beinlínis skaðað þau og fjárfesta sem að þeim standa. Fyrirtæki sem starfa á líftæknisviði eins og Pharmaco, Delta og Lyfjaþróun hafa öll sett fram að þessi sértæka aðstoð til eins fyrirtækis í sama iðnaði raski samkeppni og er þá ekki síst verið að tala um starfsfólk. Allir fulltrúar allra þessara fyrirtækja sem komu á fund nefndarinnar, nefndu starfsfólk. Að vísu nefndi Lyfjaþróun að það væri bæði samkeppni um starfsfólk og verkefni og fjármagn en einkum var rætt um samkeppni um starfsfólk.

Margir hafa fullyrt að ríkisábyrgðin verði fordæmisgefandi og tekur 1. minni hlutinn undir það og það er afar sérkennilegt að hæstv. fjmrh. skuli halda öðru fram og beinlínis láta hafa eftir sér að þessi aðstoð sé ekki fordæmisgefandi.

Lyfjaþróunarfyrirtækið Lyfjaþróun sótti samstundis um hliðstæða ríkisábyrgð en fjárþörf þess fyrirtækis umfram eigin tekjur á næstu fimm árum er áætluð um 2,9 milljarðar kr. Þeir telja að einhliða ríkisábyrgð eins og hér á að veita valdi samkeppnishindrun bæði að því er varðar starfsfólk, fjármagn og verkefni. Þeir telja sig vera með sambærilega starfsemi og Íslensk erfðagreining er nú að hefja á sviði lyfjaþróunar. Og það kom fram hjá fulltrúa Samkeppnisstofnunar að það væri fyrst og fremst í verkahring ESA að meta samkeppnisröskunina en hann sagði þó að hún væri augljósust á sviði vinnumarkaðarins.

Lyfjaþróunarfyrirtækið Lyfjaþróun hf. stundar rannsóknir og þróun á nýjum lyfjum, nýjum lyfjameðferðum og nýjum lyfjaformum. Í umsögn sinni segja þeir að ný lyf komi annaðhvort frá þriðja aðila eða séu þróuð af fyrirtækinu með efnafræðilegri nýsmíði, t.d. lyf við meðferð á kókaínfíkn, lyf við meðferð á liðagigt og fleira, eða með notkun erfðafræðilegra aðferða og sameindalíffræði, t.d. þróun á nýjum krabbameinslyfjum, veirudrepandi lyfjum o.fl.

Markmið Lyfjaþróunar hf. er að byggja upp aðstöðu og búnað til að koma þessum lyfjaefnum í gegnum allt þróunarferlið og í gegnum svokallaða klíníska fasa. Í dag er Lyfjaþróun hf. að þróa ný efni til meðhöndlunar á sjálfsofnæmissjúkdómi, liðagigt, veirusýkingum, krabbameini og tannholdsbólgu. Lyfjaþróun er einnig með sex einkaleyfisumsóknir sem fjalla um efnafræði nýrra virkra efna, nýja rannsóknarferla, nýjar mæliaðferðir og ný lyfjaform. Ljóst er að hér er um að ræða fyrirtæki sem starfar á sambærilegu sviði og Íslensk erfðagreining að nýsköpun í lyfjaþróun og erfitt að sjá hvernig ríkisvaldið og Alþingi ætla að ganga fram hjá því að veita þessu fyrirtæki sömu ríkisábyrgð og hér á að veita Íslenskri erfðagreiningu.

Í umsögn fyrirtækisins kemur fram að samþykkt frv. í óbreyttri mynd geti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir Lyfjaþróun hf. sem hugsanlega gæti leitt til þess að fyrirtækið þurfi að flytja aðsetur sitt úr landi. Þetta er auðvitað alvarlegt

sem hér kemur fram. Því er haldið fram af Lyfjaþróun að gangi þetta eftir að einungis Íslensk erfðagreining fái aðstoð en þeir fái ekki sambærilega aðstoð þá geti svo farið, m.a. vegna samkeppni um starfsfólk, að þetta fyrirtæki þurfi að flytja aðsetur sitt til útlanda. Það komu reyndar svipuð sjónarmið, sett fram af fulltrúum lyfjafyrirtækisins Delta, sem mættu á fund efh.- og viðskn. Þeir hafa verið að leita eftir starfsfólki sumpart á sama sviði og Íslensk erfðagreining og höfðu leitað til hinna Norðurlandanna, auglýst þar eftir starfsfólki en ekki fengið þannig að samkeppnin er gífurleg um slíkt starfsfólk. Íslensk erfðagreining sem fær þarna sértæka fyrirgreiðslu sem skiptir verulegu máli fyrir fyrirtækið, m.a. að þeir geta greitt hærri laun, verður auðvitað í allt annarri stöðu í samkeppninni um starfsfólk heldur en önnur fyrirtæki á þessum sama markaði.

Herra forseti. Ég hef í tiltölulega knöppu máli farið yfir álit 1. minni hluta efh.- og viðskn. Það er alveg ljóst og kemur fram í nefndarálitinu að 1. minni hluti getur ekki stutt málið. Aðdragandi þess og eðli er með þeim hætti að ríkisstjórnin verður ein að bera ábyrgð á málinu. Það er, herra forseti, algjörlega út í hött að ætla Alþingi að meta svona algjörlega sértæka aðgerð til eins fyrirtækis eins og hér er gert ráð fyrir og verra er að Alþingi hafði engan tíma til að skoða málið ítarlega út frá öllum hliðum eins og fram kemur í nefndaráliti okkar, m.a. út frá samkeppnissjónarmiðum, jafnræði og áhættumati. Ég tel að þessi málsmeðferð sé þinginu til vansa en það er greinilega ætlun þingmeirihlutans og ríkisstjórnarinnar að keyra málið nánast óskoðað í gegnum þingið.

Þar sem ríkisvaldið tók ákvörðun um að leggja málið fyrir þingið bar því skylda til að gefa þinginu eðlilegan tíma til að fjalla um það og m.a. hefði þurft að leita til óháðra sérfræðinga, hugsanlega erlendis frá — við nefndum það m.a. á fundi efh.- og viðskn. — til þess að leggja sjálfstætt mat á málið sem við nefndarmenn í efh.- og viðskn. hefðum þá getað skoðað og hefði það verið mikilvægt innlegg hjá okkur til þess að vega og meta það sem hér á að ganga fram af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég skal ítreka það í lokin að ég tel að það sé fyrir neðan allar hellur að gefa umsagnaraðilum engan tíma til að skila inn vönduðum og ítarlegum umsögnum um málið heldur aðeins að hlaupa yfir málið á nokkurra klukkutíma fundi þar sem tugum umsagnaraðila er skellt saman á einn eða tvo stutta fundi til að tjá sig um málið. Ég tel að þingið hafi ekki rétt til að bjóða þjóðinni upp á svona glæfraspil og mun greiða atkvæði gegn þessu máli. Við erum að tala um, herra forseti, bæði jafnræðisrök, samkeppnisrök og gríðarlega áhættu og það ber allt að sama brunni í því efni eins og ég hef lýst. Ég tel, herra forseti, að þetta mál sem stjórnvöld eru að krefja þingið um að keyra í gegn á stuttum tíma standist ekki jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar eða heilbrigðar samkeppnisreglur.

Herra forseti. Ég tel að þetta mál sé stærsta einstaka áhættufjárfestingin sem skattgreiðendur hafi verið látnir taka þátt í. Það má í reynd líkja þessu við að verið sé að knýja alla þjóðina í fjárhættuspil þar sem sérhver fjögurra manna fjölskylda hættir til um 280 þús. kr. Það er því ekki forsvaranlegt að mínu mati að þingið taki afstöðu til þessa máls eins og ég hef hér lýst.

[11:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat þess að menn kynnu á vissum stigum að þurfa að henda góðum peningum á eftir slæmum sem kallað er, þ.e. þegar menn eru búnir að hætta fé og það er tapað að einhverju leyti, þá til þess að forða enn meira tapi hendi þeir góðum peningum á eftir. Þetta er hlutur sem fjárfestar þekkja mjög vel og Alþingi þarf þá væntanlega að fara að venja sig við að þurfa að taka afstöðu til og kemur væntanlega til eftir svona 4–6 ár.

En það var annað sem hv. þm. sagði sem ég ætla að gera athugasemd við. Hún las upp úr greinargerð sem ég sendi hv. efh.- og viðskn. og sagði að ég hefði ekki trú á fjárfestingunni vegna þess að gjaldþrotalíkurnar væru frá 60 upp í 90%. Það er allsendis ekki rétt vegna þess að fjárfesting getur verið mjög góð þó að gjaldþrotalíkurnar séu 90%. Ef líkurnar á hagnaði við þessi 10% eru svo miklar, segjum að gengið fari fari úr 1 upp í 100, þá skilar það tífaldri fjárfestingu til baka, vænt gildi þeirrar fjárfestingar, eða sem sagt möguleikinn, þessi 10% sinnum gengið 100 þýðir gengið 10 þó að 90% tapist. Það getur því verið mjög skynsamlegt fjárfesting að fjárfesta í slíku dæmi en hún er óskaplega áhættusöm. Menn þurfa að vera vissir um að fá gengið 100 til baka ef vel gengur. Það á ekki við í þessu tilfelli þar sem ríkissjóður er að veita ríkisábyrgð og fær ekkert nema ríkisábyrgðargjald sem er smánarlegt miðað við þann hagnað sem hugsanlega kæmi upp ef vel gengur.

[11:58]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef ég hef eitthvað mistúlkað umsögn hv. þm. en hann er auðvitað færastur um það sjálfur að skýra sitt álit. Mér fannst það athyglisvert sem fram kom í áliti hans um áhættuna og ég las orðrétt upp úr henni og dró að vísu af þessu ákveðna ályktun, að þingmaðurinn teldi gjaldþrotalíkurnar ansi miklar í þessu efni og ég hef alltaf skilið hv. þm. þannig að hann teldi það.

En fyrst ég hef tækifæri vil ég spyrja hv. þm. út í þá brtt. sem hann flytur við frumvarpið sem mér finnst hálfóskiljanleg. Mér skilst að hv. þm. vilji hafa það valkvætt að veita þessa ríkisábyrgð, ef maður les þessa brtt. þingmannsins, að fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, sé heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, eða kaupa slík skuldabréf, útgefin af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar eða kaupa slík skuldabréf að fjárhæð 20 milljarða kr. til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina eða kaupir skuldabréfin að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.

Ég skil þessa brtt. þannig að hv. þm. sé að leggja það í hendur hæstv. fjmrh. að hafa það valkvætt, annaðhvort að veita ríkisábyrgðina ef hann kýs svo eftir að Alþingi hefur veitt heimildina, eða að fjmrh. hafi heimild til að kaupa slík skuldabréf þannig að það verði að veita fjmrh. enn ríkari rétt með tillögu hv. þm., ef ég skil hana rétt, og mér finnst það vera í andstöðu við það sem þingmaðurinn hefur til þessa talað um þetta mál.

[12:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun mæla fyrir þessari tillögu minni á eftir og útskýra hvernig á henni stendur. Ég mun svo eftir það draga hana til baka til 3. umr. vegna þess að ég tel að ef Alþingi samþykkir við 2. umr., sem ég mun greiða atkvæði

gegn, að veita þessa ríkisábyrgð, þá sé það þó minni skaði að fjmrh. megi þó líka veita lán og ég mun færa rök fyrir því einmitt vegna þess að þá fær ríkissjóður eitthvað í sinn hlut. Vegna umbreytingarskilyrða lánveitingarinnar sem getið er um í greinargerðinni á ríkissjóður möguleika á því að hagnast ef vel gengur með því að veita lán og ég treysti því að fjmrh. muni velja þann kost að kaupa skuldabréfin frekar en að veita hreina ríkisábyrgð vegna þess að það er skynsamlegra fyrir ríkissjóð.

Þetta mun ég gera eftir að hv. Alþingi, ef svo bæri við, væri búið að samþykkja það að veita einfalda ríkisábyrgð vegna þess að ég er þá að reyna að minnka það tjón jafnvel þó að ég sé hjartanlega á móti þessu bixi öllu saman.

Ég vil undirstrika að ég hef afskaplega mikla trú á starfi Íslenskrar erfðagreiningar en það er mikil áhætta í þeirri starfsemi og mér finnst að sú starfsemi eigi að vera rekin með áhættufé eins og gert hefur verið hingað til og sömuleiðis hef ég enn meiri trú á þessu nýja dæmi sem menn eru að fara út í. En það er enn þá og miklu, miklu meiri áhætta. Það eiga menn þá að reka með hreinu áhættufé, ekki með lánsfé og alls ekki með ríkisábyrgð.

[12:02]

Útbýting þingskjals:

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1353.

[12:02]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Fyrir hönd 2. minni hluta vil ég lýsa afdráttarlausri andstöðu við frv. Það er ófaglega að því staðið, það er illa undirbúið, margir endar lausir og mörgum spurningum ósvarað en á grundvelli þess sem vitað er um málið kemur ekki til greina að veita frv. brautargengi og er það niðurstaða þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við munum greiða atkvæði gegn frv. Það hefur í för með sér áhættu sem er ekki réttlætanleg. Það byggir á vanhugsaðri pólitík en ekki ígrunduðum málefnaforsendum. Við vekjum athygli á því að lögum um ríkisábyrgð er að uppistöðu til vikið til hliðar. Efh.- og viðskn. fékk ekki aðgang að viðskiptaáætlunum fyrirtækisins og þegar allt þetta er lagt saman og metið þá kemur að okkar dómi ekki til greina að veita þessu máli brautargengi.

Aðdraganda þessa máls þekkja allir og það hefur verið vakin athygli á honum áður í þingsal. Það hef ég gert. Það má hverju barni ljóst vera hvað gerðist. Hæstv. forsrh. þjóðarinnar komst að samkomulagi utan þingsins við forsvarsmenn Íslenskrar erfðagreiningar. Hann stillir síðan sínum flokki, Sjálfstfl., upp við vegg og krefst þess að hann veiti sér stuðning. Þá er gerð pólitísk krafa til samstarfsflokksins, Framsfl. og alþingismönnum síðan stillt upp við vegg, þeir settir í siðferðilega spennitreyju og spurðir hvort þeir ætli að koma í veg fyrir uppbyggingu á þessu sviði á næstu árum og er þar vísað til lyfjaiðnaðar og rannsókna sem þeim iðnaði tengjast.

Niðurstaða okkar varð sú við lok 1. umr. að við mundum engu að síður fara mjög rækilega yfir málið í efh.- og viðskn. Við höfum vakið athygli á því að það sé ekki okkar skoðun að undir öllum kringumstæðum sé rangt að grípa til sértækra aðgerða, hvað þá að við séum á móti því að veita atvinnurekstrinum stuðning. Við höfum iðulega talað fyrir slíku. En við viljum þá að það sé gert á málefnalegum forsendum og byggi á almennum reglum en ekki duttlungastjórnun eins og hér virðist vera á ferðinni.

Í efh.- og viðskn. þingsins var vissulega farið yfir málið en á mjög skömmum tíma. Það voru kallaðir til sögunnar ýmsir sérfræðingar og það var vísað í gögn sem fram voru reidd af fjölþjóðlegum fjárfestingarfyrirtækjum og sannast sagna, herra forseti, þá rifjast upp allur málarekstur inn og öll málafylgjan sem tengdist Íslenskri erfðagreiningu á sínum tíma og hinum íslenska gagnagrunni á heilbrigðissviði. Það er svolítið óþægileg tilhugsun og óþægileg reynsla að nú skuli mæta með forstjóra þessa fyrirtækis sem ráðgjafar þeir sem áður voru ráðgjafar íslensku ríkisstjórnarinnar í samningum við þetta fyrirtæki og vísa ég t.d. í aðstoðarmann hæstv. heilbrrh.

Í sinni sveit hefur hæstv. fjmrh. ágæta menn, þar á meðal ráðuneytisstjórann, fyrrv. lögfræðing deCODE. Það eru þessir aðilar sem síðan héldu út til Brussel að kanna hjá ESA hvort ríkisstjórnin kæmist með þetta mál gegnum eftirlitskerfi ESA.

Herra forseti. Ég er ekki að væna þessa menn um óheiðarleika en engu að síður finnst mér að Alþingi eigi að vera meðvitað um hve náin tengsl eru þarna á milli. Að það líða nokkrar vikur og mánuðir frá því að gengið er frá samningum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði þar til þeir sem hafa annast samningsgerðina fyrir íslenska ríkið eru komnir til starfa hjá þessu fyrirtæki.

Nú er það vissulega svo að lögfræðingar taka að sér verkefni fyrir mismunandi aðila og það er ekkert athugavert við það, það er síður en svo neitt athugavert við það. Mér finnst engu að síður að við eigum að vera meðvituð um öll þessi tengsl sem þarna eru og ekki síður tengslin á milli fyrirtækisins deCODE og þessara virtu fjármálafyrirtækja sem við fáum pappírana frá. Hvaða fyrirtæki eru það? Hvaða fjölþjóðlegu ráðgjafarfyrirtæki eru það? Það er Morgan Stanley, það er Lehman Brothers og það er Robertson Stephens.

Þegar betur er að gáð kemur í ljós að tvö fyrrnefndu fyrirtækin, Morgan Stanley og Lehman Brothers, önnuðust það verk fyrir deCODE að koma hlutabréfum á Nasdaq-markaðinn, voru í viðskiptum við fyrirtækið. Og hvað þá með síðastnefnda fyrirtækið? Jú, það annaðist sölusamningana gagnvart MediChem, því fyrirtæki sem deCODE festi nýlega kaup á. Síðan koma talsmenn og fulltrúar ráðuneytisins og segja að þetta séu hin virtustu fyrirtæki sem er alveg rétt án þess að þeir virðist gera sér grein fyrir þeim hættum sem þarna eru á ferðinni, því þær eru miklar. Í nefndaráliti mínu vík ég einmitt að þessum hættum og þeirri gagnrýni sem fram hefur komið, m.a. í hinu virta dagblaði í Bandaríkjunum, New York Times. Í því birtist leiðari fyrir fáeinum dögum þar sem varað var við því að taka ráðgjafarfyrirtækin alltaf trúanleg. Hér vísa ég í leiðara sem birtist í New York Times frá 11. apríl sl. Hann ber yfirskriftina „Afvegaleiðing á Wall Street“ eða „Disinformation on Wall Street“. Upphafsorð leiðarans eru þessi, með leyfi forseta:

„Það hefur reynst sérfræðingum á Wall Street sífellt erfiðara að telja mönnum trú um að það væri einvörðungu vegna vanþekkingar að fyrirtækin sem þeir höfðu talað upp í hátt gengi urðu skyndilega verðlaus.“ Ég minnist þess að þegar Morgan Stanley var að koma bréfum deCODE á markað hér þá var það kynnt fyrir lífeyrissjóðum að það kynni að vera ágætur fjárfestingarkostur. Þá var verið að selja bréfin á 16–18 dollara. Fáeinum vikum síðar voru þau komin niður fyrir 10 dollara. Þetta eru þeir ráðgjafar sem ríkisstjórnin

fyrir okkar hönd, fyrir hönd þjóðarinnar, er að leita til og tekur án nokkurs fyrirvara að því er virðist. Ég spyr: Mundi nokkurt fyrirtæki og mundi nokkur ríkisstjórn annars staðar í heiminum bjóða upp á svona vinnubrögð? Ég held ekki nema ef vera skyldi hv. efh.- og viðskn. Alþingis á Íslandi sem hefur setið síðustu daga sem eins konar stjórn í fyrirtæki sem lætur bjóða sér það að fá ekki viðskiptareikninga fyrirtækis sem er að fara fram á 20 milljarða ríkisábyrgð og sendir síðan frá sér nefndarálit þar sem helmingi efnisins er varið í að telja upp hverjir komu á fund nefndarinnar og síðan er í 27 línum, það nær því ekki alveg að vera milljarður á línu, færð fyrir því rök, ef rök skyldi kalla, að við eigum að samþykkja þetta frv.

Hvað skyldi vera sagt í þessu nefndaráliti? Það er sagt fyrst að frumvarpinu sé ætlað að veita fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimild til að veita einfalda ríkisábyrgð á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónir USD, eða um 20 milljarða kr. og síðan segir að ábyrgðin sé háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, en stjórnvöld telji að hún uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna eins og þau eru tilgreind í leiðbeiningarreglum stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Og svo segir áfram, með leyfi forseta: „Ef samþykki stofnunarinnar fæst ekki fyrir því að ábyrgðin sé sérstök ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis telja stjórnvöld að ábyrgðin geti jafnframt uppfyllt skilyrði sem sett eru fyrir veitingu almennra ríkisábyrgða í leiðbeiningarreglum stofnunarinnar, en þau eru sambærileg þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir."

En bíðum við, herra forseti. Þau eru sambærileg við þau lög en það er verið að víkja þeim til hliðar. Það segir í frv. sem okkur er gert að samþykkja að lögum um ríkisábyrgð frá 1997 skuli vikið til hliðar að undanskilinni 5. gr. laganna. Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Töluvert var um það rætt í nefndinni hvort veita ætti öðrum fyrirtækjum sambærilega fyrirgreiðslu og fyrirtækið Lyfjaþróun hf. lagði fram upplýsingar þar sem fram kemur að það telur sig í sambærilegri starfsemi og Íslenska erfðagreiningu ehf. Meiri hlutinn bendir á að þegar ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA liggur fyrir um hvort ábyrgðin uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna verður grundvöllur til að fjalla um það hvort ástæða sé til að veita ábyrgð öðrum fyrirtækjum hér á landi sem fást við lyfjaþróun á sambærilegum forsendum og Íslensk erfðagreining ehf. hefur í hyggju."

Þá er grundvöllur til að meta það. En hver á að gera það? Fær Alþingi ekki að gera það? Kemur það ekki til kasta Alþingis? Á að heimila hæstv. fjmrh. upp á sitt eindæmi að leggja á það mat? Á það að vera háð pólitísku mati hans? Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Nú þekkjum við það, herra forseti, að þetta eru vinnubrögð sem við höfum fengið að kynnast áður. Alþingi hefur fengið að kynnast því áður, fyrr í vetur, að vera gert að skrifa upp á óútfylltan tékka. Það gerðist gagnvart Kárahnjúkavirkjun. Þá kom hver þingmaðurinn á fætur öðrum hér í ræðustól og sagði að þetta væri aldeilis alveg frábær samningur, gæfi alveg bullandi arðsemi af sér, sagði hæstv. viðskrh. Nema vantaði bara eitt. Það vantaði viðsemjanda og kaupanda og það var enginn samningur til. En frv. sem okkur var gert að samþykkja var alveg bullandi arðsamt. Og nú er þetta að endurtaka sig aftur, þessi sömu ótrúlegu vinnubrögð. En svo kemur alveg stórfengleg ritsmíð sem ég ætla nú að lesa upp úr meirihlutaálitinu, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu. Þær eru ætlaðar til að gera orðalag þess skýrara og til að taka af allan vafa um að með 2. gr. þess" — þar sem lögum um ríkisábyrgð er vikið til hliðar — „er ekki ætlunin að fella brott ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, heldur eingöngu að árétta að lögin gildi ekki um þá aðgerð sem lögð er til í frumvarpinu, að undanskilinni 5. gr. þeirra."

Þetta er nú bara nóbelsverðlaunastykki. Þetta er alveg stórfenglegt. Það er ekki verið að víkja lögunum til hliðar, það er aðeins verið að segja að 5. gr. gildi en ekki hinar greinarnar. Bara svo menn hafi það alveg á hreinu. Það er nokkrum línum í meirihlutaálitinu varið í þessa undarlegu skýringu og síðan er klykkt út með því að segja:

„Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali." — Undir þetta skrifa stjórnarsinnar í efh.- og viðskn. þingsins.

Ég stend að nál. sem er nokkuð að vöxtum þar sem í fyrsta lagi er gerð grein fyrir þessum almennu sjónarmiðum sem ég hef meira og minna lýst hér, þar sem ég legg áherslu á að eðlilegt hefði verið að kveðja til óháðan fagaðila þingnefndinni til aðstoðar, þannig að menn væru ekki fálmandi í myrkri eins og gert var.

Ég hafði frumkvæði að því að leita sjálfur á upplýsingavef bandarískra verðbréfamarkaðarins. Þar er að finna upplýsingar um fyrirtæki sem skráð eru á bandarískra verðbréfamarkaðnum. Og það var ekki fyrr en þetta hafði verið gert sem ráðuneytið bar okkur samsvarandi upplýsingar inn í nefndina. Í þessum upplýsingum kennir margra grasa og sitthvað sem við eigum enn eftir að fá upplýsingar um, t.d. samninga um sölu á blóði til Hoffmann-La Roche, mig minnir að það séu 50 dollarar skammturinn. Er farið að senda út blóð, eða ekki? Ég spurðist fyrir um þetta en hef ekki fengið nein svör. Þarna var fjallað um stöðu fyrirtækisins á allítarlegan hátt. Það var hins vegar okkar hlutverk að reyna að rýna í þessar tölur. Starfsmenn fjmrn. gerðu að vísu sitt besta við þær aðstæður sem þeim voru búnar á mjög skömmum tíma, að matreiða upplýsingar, en þó fannst mér margt þar sett fram í álitsgerð þeirra sem ég gagnrýni og mun koma að síðar.

Ég vil taka fram og ítreka það sem ég sagði áður að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki andvíg því að veita atvinnurekstri stuðning undir vissum kringumstæðum. Við höfum þannig viljað skoða slíkan stuðning í ljósi byggðastefnu og erum opin fyrir umræðu og skoðun á þessum málum en við viljum að það sé gert á faglegum nótum. Að sjálfsögðu eiga að gilda um þetta almennar reglur en það skiptir að sjálfsögðu höfuðmáli að þetta sé gert á einhvern viti borinn hátt. Það er ekki gert í þessu máli, bara alls ekki. Því fer fjarri.

Í áliti mínu vík ég síðan að lögunum um ríkisábyrgð, en í athugasemdum um lög um ríkisábyrgð frá 1997 var lögð áhersla á að með lagasetningunni væri stefnt að því að draga úr ríkisábyrgðum, og í greinargerð sagt að aðild ríkisins skekkti samkeppnisstöðu einkaaðila og sagt að reglur sem ættu að gilda þyrftu að vera skýrar. Þetta voru markmiðin sem þar voru sett niður. Síðan fer ég í gegnum þetta ferli og ég rek hugsunina að baki þessum lögum og árétta það að engin viðskipta- og rekstraráætlun liggi fyrir. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum við frumvarpið segir: „Markaðurinn sem ríkisábyrgðin beinist að er á sviði líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) á Evrópska efnahagssvæðinu sem einkennist af slæmri samkeppnisstöðu gagnvart öðrum mörkuðum, sér í lagi Bandaríkjunum, og hefur sú staða leitt til lítillar fjárfestingar á viðkomandi markaði. Markaðurinn er því lítið háður samkeppni eða samkeppnisröskunum. Á hinn bóginn er meiri samkeppni á lyfjaframleiðslu- og lyfjavörumarkaði og sá markaður því viðkvæmari fyrir hvers konar samkeppnisröskun. Mikilvægt er því að greina á milli líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) annars vegar og lyfjaframleiðslu hins vegar. Enn fremur má hér benda á, eins og áður hefur komið fram, að innan ESB hefur verið hvatt til þess að ýtt verði undir rannsóknar- og þróunarverkefni í líftækniiðnaði til að Evrópska efnahagssvæðið verði samkeppnishæfara við markaði utan þess á því sviði.

Með hliðsjón af ofangreindu er ekki gert ráð fyrir því að umrædd ríkisábyrgð hafi skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði."

Ef tilgangurinn er sá, eins og af framanskráðu virðist mega ráða, að með veitingu ríkisábyrgðarinnar sé verið að jafna aðstöðumun milli svæða og jafnframt viðurkennt að um mjög áhættusama starfsemi sé að ræða (sbr. kafla 2.1 í athugasemdum við frumvarpið), er óhjákvæmilegt að álykta sem svo að fyrirsjáanlega sé um mjög mikla áhættu fyrir ábyrgðarveitandann, ríkissjóð, að ræða. Með ríkisábyrgðinni er ekki um það að ræða að verið sé að veita lántakanda forskot á við fyrirtæki í Bandaríkjunum, heldur að „niðurgreiða" kostnaðaraukann við að vera á Evrópska efnahagssvæðinu (í þessu tilfelli á Íslandi).

Varðandi fullyrðingu um að umrædd ríkisábyrgð hafi ekki skaðleg áhrif á viðkomandi markaði vísast til ábendinga þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru til staðar í skyldum greinum og er því þjónað af starfsfólki sem hefur sambærilega menntun og það fólk sem Íslensk erfðagreining ehf. mun leitast eftir að fá til starfa við hina nýju deild.

Þau benda á að um gríðarmikinn aðstöðumun í samkeppni um vinnuafl verði að ræða þegar einum mjög stórum aðila er veitt fyrirgreiðsla til fjármagnsöflunar í formi ríkisábyrgðar, sem að sjálfsögðu lækkar til muna vaxtakostnað hans og bætir þar með til muna samkeppnisstöðu þess fyrirtækis gagnvart öðrum.

Fjármálaráðherra hefur fullyrt í fjölmiðlum að taka eigi áhættu- og afgreiðslugjald vegna ríkisábyrgðar til handa Íslenskri erfðagreiningu ehf.

Hvað veldur þá því að 4. gr. laga nr. 121/1997 um þetta efni er samkvæmt frumvarpinu vikið til hliðar án þess að nokkurt ákvæði um fyrrgreind gjöld komi í staðinn?" — Án þess að fjmrh. hæstv. hafi lagastoð fyrir þessari ákvörðun sinni?

„Gert er ráð fyrir að skuldabréfin verði gefin út með umbreytingarskilmálum sem miða að því að á tilteknum tímapunkti verði þeim breytt í hlutabréf í móðurfélaginu deCODE ef markaðsgengi hlutabréfa í félaginu hefur tekið tilteknum breytingum til hækkunar. Ef skuldabréfunum er breytt í hlutafé teljast þau uppgreidd og ríkisábyrgðin þar með niður fallin. Gengi hlutabréfa félagsins hefur undanfarna mánuði verið á bilinu 5,5–10 bandaríkjadalir á hlut. Áætlað er að umbreytingarskilmálarnir verði þannig að eigendur skuldabréfanna geti breytt þeim í hlutabréf í deCODE miðað við 18 dali á hlut. Þá er áformað að skilmálar kveði á um að skuldabréfin breytist sjálfkrafa í hlutafé ef gengi hlutabréfa í félaginu verði ákveðið hlutfall yfir 18 dala markinu í tiltekinn lágmarkstíma. Þannig verði því annars vegar um að ræða valkvæðan umbreytingarrétt og hins vegar sjálfvirka umbreytingu. Þá er gert ráð fyrir að deCODE muni áskilja sér rétt til að lækka umbreytingargengi á tímabilinu og munu þá gilda sömu skilmálar og áður með hið nýja umbreytingarverð sem grunn. Eins og fyrr segir eru þessar hugmyndir kynntar með þeim fyrirvara að við endanlega útfærslu kunna að verða breytingar á einstökum þáttum."

Hér verður nú ekki annað sagt, herra forseti, en að um lausa enda sé að ræða. Það einasta sem virðist vera ljóst er að ef gengi hlutabréfanna nær 18 dollara markinu, þá geti eigendur þeirra breytt þeim valkvætt í hlutabréf. Við hvað er átt að öðru leyti er erfitt að átta sig á. Það er ekkert hlutfall yfir 18 dollara markinu tilgreint og enginn lágmarkstími tilgreindur. Það vefst fyrir mér að skilja hvernig deCODE geti lækkað umbreytingargengi á tímabilinu og að þá muni gilda sömu skilmálar og áður með hið nýja umbreytingarverð sem grunn.

Í lokin er klykkt út með því að lýsa því yfir að þessar hugmyndir séu kynntar með þeim fyrirvara að við endanlega útfærslu kunni að verða breytingar á einstökum þáttum. Það liggur alveg ljóst fyrir að endanlegar hugmyndir er ekki að finna í þeim texta sem efh.- og viðskn. fékk í hendur.

Síðan segir að lokum, og ég vek athygli á því, og hér vitna ég í greinargerð með frv. ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Takist ekki að ná markmiðum deCODE um hækkun á markaðsgengi verður að greiða upp eða endurfjármagna skuldabréfin á gjalddaga."

Hvernig á að skilja þetta? Lítur ríkisstjórnin svo á að líkur séu á því að um ríkisábyrgð verði að ræða til framtíðar? Er það það sem í þessu felst? Þarna held ég reyndar að hættan felist þegar allt kemur til alls, að fyrirtækið sé að vefa sig inn í ríkisábyrgð.

Nú er það svo að ríkið getur komið til sögunnar á mismunandi forsendum. Þegar byggðarlögin riða til falls eins og við höfum orðið vitni að á undanförnum árum og áratugum, oft vegna sveiflna í sjávarútvegi, hefur ríkið og þá fyrir tilstilli sjóða sem hafa verið á vegum hins opinbera og atvinnulífsins, hlaupið undir bagga. Það er hægt að hugsa sér slíka aðkomu og sannast sagna hef ég talsverða samúð með slíku inngripi. Þegar fyrirtæki riða til falls og fólk er að missa atvinnu sína og eignir, þá finnst mér það geta verið mjög réttlætanlegt að koma til aðstoðar.

Hitt er að sjálfsögðu líka virðingarverð hugsun að vilja stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýjum vaxtarsprotum í efnahagslífinu, en þá þurfum við líka að vanda okkur mjög vel þannig að um þetta gildi almennar, sanngjarnar og skynsamlegar reglur. Hvílir þetta frv. á slíkum reglum? Nei, það fellur á öllum þessum prófum. Og það sem ég hef velt fyrir mér, er að jafnvel þótt fyrirtækið muni standa sig vel vegna þessarar innspýtingar á komandi árum, þá kunni svo að fara að það standi mjög höllum fæti þegar lánstímanum lýkur og vinnustaðurinn orðinn helmingi fjölmennari. Hvað gerir ríkið þá? Ætlar það þá að hlaupast undan ábyrgð eða telur það sig þurfa að axla ábyrgðina með frekari aðstoð?

Ég hef sannast sagna haft nokkar efasemdir um þær tillögur sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur komið fram með um að hag ríkisins sé betur borgið sem hluthafa í fyrirtækinu. Ég er ekki alveg viss um þetta. Þetta byggir að vísu á þeirri trú hv. þm. að fyrirtækið muni skila umtalsverðum arði sem

þannig muni koma inn í ríkissjóð. Ég hef kannski meiri efasemdir um þetta og bendi þá á að sú ábyrgð sem menn eru að takast á herðar er einföld ábyrgð og yrði hægt að ganga að fyrirtækinu til að tryggja hlut ríkisins, ég tel að hann verði ekkert betur tryggður með hlutafé, munurinn er hugsanlega sá að hin siðferðilega ábyrgð ríkisins yrði ríkari. Þá yrði líklegra að þarna mundu samtvinnast hagsmunir ríkisins og fyrirtækisins.

Ég spyr hæstv. fjmrh. hvað þýðir þessi tilvitnum sem ég vék að í máli mínu?: „Takist ekki að ná markmiðum deCODE um hækkun á markaðsgengi verður að greiða upp eða endurfjármagna skuldabréfin á gjalddaga.“ Og í framhaldi af því spyr ég: Sér hæstv. fjmrh. ekki þá stöðu fyrir sér, hún gæti alla vega komið upp og kannski ekki mjög ólíklega, að fyrirtækið lendi í kröggum að loknum þessum tíma og að þá muni ábyrgð ríkisins vera meiri en hún er nú, vegna þessa helmingi stærri vinnustaðar sem ríkið tekur þátt í að skapa? Ég held að nákvæmlega þetta sé að gerast.

Í álitsgerð minni vík ég að ýmsum fullyrðingum sem fram eru settar um árangur og framtíðarsýn:

„Við umræðu um málið í efnahags- og viðskiptanefnd upplýstu fulltrúar fjármálaráðuneytis að upplýsingar um Íslenska erfðagreiningu ehf., starfsumhverfi fyrirtækisins, árangur af starfi og framtíðarsýn, sem birtust í greinargerð með frumvarpinu, væru fyrst og fremst komnar frá fyrirtækinu sjálfu en auk þess hefði verið leitað fanga á netinu og þá einkum í upplýsingum frá fjárfestingarsjóðum.“ — Og það eru þeir fjárfestingarsjóðir sem ég var að vísa til hér og eru í viðskiptum við deCODE og eru hagsmunatengdir aðilar af þeim sökum. — „Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki fallin til þess að skapa tiltrú og hefði verið eðlilegt að leitað hefði verið til óháðra kunnáttumanna um ráðgjöf, m.a. til þess að leggja mat á fullyrðingar fyrirtækisins um eigið ágæti. Fram kemur í umræðu á opinberum vettvangi að mjög mörg álitamál eru uppi á þessu sviði og skortir alþingismenn forsendur til að komast að niðurstöðu án þess að óháðir sérfræðingar séu kallaðir til. Svo var ekki gert. Einvörðungu fulltrúar Íslenskrar erfðagreiningar og fyrirtækisins Lyfjaþróunar“ — og reyndar frá öðrum fyrirtækjum einnig, hagsmunatengdum — „komu til fundar við nefndina til þess að ræða sitt sjónarhorn á málið.“ — Það var enginn óháður aðili sem kom okkur til aðstoðar. — „Ósvarað er því ýmsum grundvallarspurningum. Eftir standa í greinargerð frumvarpsins fullyrðingar frá hagsmunaaðilanum sjálfum.“ — Og það er á grundvelli þessara fullyrðinga sem við eigum að taka ákvörðun.

„Dæmi um spurningar og álitamál sem vakna við yfirferð frumvarpsins og greinargerð sem fylgir því eru eftirfarandi:

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Íslensk erfðagreining ehf. („ÍE“) og móðurfyrirtæki þess deCODE genetics Inc. („deCODE“) hafa ákveðið að hefja þróun nýrra lyfja á grundvelli þeirra erfðafræðilegu uppgötvana sem til hafa orðið í núverandi starfsemi ÍE. Hin nýja nálgun ÍE á sviði grunnrannsókna byggðum á lýðerfðafræði gerir lyfjaþróun á þeim grundvelli afar áhugaverða, ekki síst vegna þess forskots, sem árangur sem ÍE hefur þegar náð á framangreindu sviði veitir.“ Ekki fylgja gögn sem styðja þessar fullyrðingar. Þannig kemur ekki fram hvaða erfðafræðilegu upplýsingar það eru sem á að byggja þróun nýrra lyfja á og ekki fylgir skýring á því í hverju forskot ÍE er fólgið.

Þá segir að með einangrun erfðavísa hafi ÍE þegar fundið ný lyfjamörk. Ekki kemur fram um hvaða lyfjamörk hér er að ræða og hvar hægt er að nálgast upplýsingar þar um.

Í greinargerð frumvarpsins segir „Mat erlendra ráðgjafarfyrirtækja er að beiting erfðafræðilegra aðferða við lyfjaleit geti lækkað þróunarkostnað við ný lyf um 30–40% og stytt þróunartímann um 10–20%.“ Hvorki hefur komið fram hvaða erlendu ráðgjafarfyrirtæki hafi sýnt fram á lækkun á þróunarkostnaði og styttingu á þróunartíma eins og hér er haldið fram né hvaða rök séu hér til grundvallar. Þá hefði verið eðlilegt að óháður aðili hefði verið fenginn til að meta eftirfarandi staðhæfingar í greinargerð frumvarpsins.“ — Og ég vitna í það, með leyfi forseta:

„Sá árangur sem náðst hefur í lýðerfðafræðirannsóknum ÍE sýnir að fyrirtækið býr yfir möguleikum til að þróa lyf hraðar og ódýrar en aðrir með nýjum aðferðum við að finna vænleg lyfjamörk.

Innan fyrirtækisins er fyrir hendi umfangsmikil reynsla á vísinda-, tækni- og viðskiptasviðum sem auðveldar uppbyggingu þessarar nýju starfsemi.

Sú þekking sem ÍE hefur byggt upp til þess að finna erfðavísa sem valda sjúkdómum skapar fyrirtækinu raunhæfa möguleika til að nýta uppgötvanir í erfðafræði við lyfjaþróun.

ÍE hefur þegar fundið ný lyfjamörk með einangrum erfðavísa, sem síðan verður hægt að vinna með við lyfjaþróun.“

„Í greinargerð frumvarpsins segir enn fremur að „sú aðferðafræði að nota lýðerfðafræði við þróun lyfja er að slíta barnskónum. ÍE er komið lengra á þessu sviði en flest önnur fyrirtæki í heiminum og má því til staðfestingar benda á árangur sem fyrirtækið hefur náð í samvinnu við Hoffmann-La Roche í rannsóknum á erfðum algengra sjúkdóma.“ Einnig þessa staðhæfingu hefði þurft að meta. Ekki verður annað séð en að árangurstengdar greiðslur til ÍE frá Hoffmann-La Roche séu minni en upphaflega var ráð fyrir gert og stangist því alvarlega á við þessa fullyrðingu.“

Hér kem ég að því sem ég vísaði til í staðhæfingum fjmrn. Þar er vísað í samninga sem gerðir voru við Íslenska erfðagreiningu, fyrst 1998 við Hoffmann-La Roche upp á 200 millj. dollara og þessari tölu er alltaf hampað. Það er gert í svörum fjmrn. líka, þá er talað um þessar tölur. En það er aldrei sagt hvað hafi raunverulega verið greitt, vegna þess að þessi upphæð skiptist. Annars vegar er um að ræða grunnupphæð, 70 millj. dollara, og hitt eru árangurstengdar greiðslur. Og þegar að er gáð, fer því fjarri að þessar árangurstengdu greiðslur hafi verið svo miklar að þær færi upphæðina upp í þetta 200 millj. kr. hámark sem menn kynna alltaf sem samninginn. Það er markmið. Það er bara tala á blaði. Það sem máli skiptir er hvað greitt var frá fyrirtækinu, vegna þess að þetta hlýtur að vera mælikvarði á árangur fyrirtækisins.

Síðan höfum við ekkert annað í greinargerð með frv. en yfirlýsingar frá fyrirtækinu um eigið ágæti. Ég er að lesa þetta upp án þess að ég hafi á þessu djúpan skilning, hann hef ég ekki, og það er þess vegna sem ég hef verið að kalla eftir því að óháðir fagaðilar komi að málinu, en ein leiðin til það meta þennan árangur hlýtur að vera að skoða árangurstengdu greiðslurnar. Og hvernig stendur á því að þær eru ekki sundurgreindar? Hvernig stendur á því að ekki er gerð rækileg og ítarleg grein fyrir þeim? Því með því móti getum við metið hvernig fyrirtækinu vegnar. Ekki með því að setja á blað einhverja tölu, 200 millj. dollara eða 300, samanlagðar 500 millj. dollarar eins og einhvers staðar er vikið að.

„Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði. Ekki er getið heimilda og verður því að ætla að þær séu komnar frá fyrirtækinu sjálfu. Ef litið er til umfjöllunar um þetta efni má ætla að lyfjaþróun sé flóknari en ráða má af athugasemdum með frumvarpinu og má í því sambandi vísa til greinar eftir Andrew Pollack sem birtist í hinu virta bandaríska dagblaði New York Times 16. apríl 2002 og fjallar um fyrirtækið Human Genome Sciences. Þar er greint frá því að lyfjaþróun sé ef til vill á villigötum ef nota á erfðafræðilega þekkingu til að byggja á þegar þróa á ný lyf.“ En þess má geta að frétt um þetta var birt í Morgunblaðinu 17. apríl sl.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað sérstaklega í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði og segir hér, með leyfi forseta: „Grunnur rannsókna er nú þegar unninn á Íslandi með erfðafræðirannsóknum ÍE. Þegar fram í sækir má einnig gera ráð fyrir að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði nýtist vel í lyfjaþróun.“

Í fyrrnefndri skýrslu frá bandaríska verðbréfamarkaðnum sem vísað er í sem 10K með upplýsingum frá deCODE, skýrslu sem var birt núna í marslok, segir, með leyfi forseta, að takist fyrirtækinu „ekki að ganga frá samningum við fleiri heilbrigðisstofnanir en þegar hefur verið gert til þess að afla gagna þá mun fyrirtækinu ekki auðnast að smíða íslenska gagnagrunninn og starfrækja hann.“

Hér er verið að fullyrða annars vegar, eftir því sem ég fæ þetta skilið, að sérstaða fyrirtækisins sé að hafa aðgang að þessum gagnagrunni og það var einnig staðfest á fundum með efh.- og viðskn. þar sem fulltrúar fyrirtækisins komu. *Síðan er í skýrslu sem frá fyrirtækinu kemur* og birtist núna í marslok, 27. mars held ég að hafi verið, að finna þessa tilvitnun, sem gefur til kynna efasemdir um að það takist að koma þessum gagnagrunni í gagnið. Þegar ég innti fulltrúa ríkisstjórnarinnar, heilbrrn., eftir því hvað Íslensk erfðagreining hefði þegar greitt til ríkisins vegna þeirra samninga sem gerðir hafa verið, þá kom í ljós að ekkert hefði verið borgað. Ekki neitt. Ekkert.

En muna menn ekki eftir flugvélaförmunum af ráðherrum norður í land, til Akureyrar, og er ekki alltaf verið að klippa á borða og fagna og skála yfir hinum miklu sigrum og samningum? Hvernig stendur á því að við erum svo upplýst um að það sé ekki farið að borga neitt og fyrirtækið komi síðan með efasemdir um að þessi gagnagrunnur verði að veruleika? Þarf ekki að skýra þetta eitthvað nánar áður en farið er fram á það að við veitum 20 þús. millj. króna ríkisábyrgð? Þurfa menn ekki að koma með einhverjar skýringar?

Við skulum ekki gleyma því að fyrirtækið er þegar farið að fá gögn frá heilbrigðiskerfinu, frá læknum. Og hvað með þessa blóðsamninga? Er farið að selja út blóð? Ég veit það ekki. Það er vísað í það í skýrslunni sem ég er með hér á borðinu. Er bara búið að gera samninginn? Er byrjað að senda blóðið? Hvað er búið að sjúga blóð úr mörgum Íslendingum fyrir fyrirtækið? Ég spyr. Við fáum engin svör. En við eigum að skrifa upp á 20 þús. millj. króna víxil og vinnubrögðin eru þessi, og er vísað í óháða og vandaða og virta aðila. Og það eru allt viðskiptahagsmunaaðilar fyrirtækisins. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Ég bara spyr. *Eru engin takmörk fyrir því hvað stjórnarmeirihlutinn hér á* Alþingi lætur hæstv. forsrh. bjóða sér? (**SvH:** Nei.) Það eru engin takmörk fyrir því. Nei. Þeim er greinilega skipað að skrifa upp á þessa ráðagerð sem samþykkt hefur verið utan þingsins.

Síðan var okkur sagt í efh.- og viðskn. að sendinefnd væri úti, sú sama og ég vék að hér áður, þar voru núverandi starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar í meiri hluta, að ræða það við ESA hvort þetta gengi yfirleitt. Átti efh.- og viðskn. að fá upplýsingar um niðurstöðurnar? Nei, við fengjum hugsanlega að heyra ferðasöguna, en upplýsingarnar mundu ekki liggja ljósar fyrir fyrr en að öllum líkindum eftir nokkra mánuði. Og þá tek ég undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur áðan. Hvers vegna í ósköpunum bíðum við ekki eftir því þegar síðan er vísað í það í þessu makalausa nefndaráliti meiri hlutans að þá verði grundvöllur til að meta hvort veita eigi stuðning öðrum fyrirtækjum á borð við Lyfjaþróun hf.? En hvers vegna gerum við þá ekki þá? Vita menn hvað þeir eru að gera því fyrirtæki t.d. með þessum vinnubrögðum? Ekki aðeins það sem hér hefur verið vikið að að samkeppnisstaða þess veikist. Ég spyr sjálfan mig: Hvernig fara viðræður fram sem það fyrirtæki á við erlendar lánastofnanir? Er ekkert spurt út í þetta? Er það ekki líklegt? Eruð þið ekki á sama sviði? Jú, svara þeir til og færa fram rök, sennilega þau sömu og okkur voru færð í efh.- og viðskn. þingsins. En hvernig stendur á því að þið fáið ekki fyrirgreiðslu? Er þetta óábyggilegra og lélegra hjá ykkur? Að sjálfsögðu hlýtur þetta að hafa áhrif.

Ég held að enginn deili um það að áhöld eru um að ríkisábyrgðin standist samkeppnisreglur EES. En eftir að frv. kom til efh.- og viðskn. héldu fulltrúar fjmrn. og Íslenskrar erfðagreiningar utan, eins og ég sagði, og máttu ekki vera að því að ræða við okkur um nokkurt skeið meðan þeir voru í förum. En svaranna er ekki að vænta fyrr en síðar.

Það hafa komið fram fullyrðingar af hálfu forsvarsmanna Íslenskrar erfðagreiningar annars vegar og Lyfjaþróunar hins vegar sem stangast á hvað varðar viðfangsefni þessara tveggja fyrirtækja. Í athugasemdum með frumvarpi ríkisstjórnarinnar segir að mikilvægt sé að greina á milli líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) annars vegar og lyfjaframleiðslu hins vegar. Af hálfu Lyfjaþróunar hf. er staðhæft að fyrirtækið starfi að lyfjaþróun og er í því sambandi vísað í bréf frá fyrirtækinu sem er síðan birt hér sem fylgigagn með þessari álitsgerð minni og kann vel að vera að ég komi að því í síðari ræðu eða síðar við þessa umræðu.

Fram kemur í áliti Seðlabankans að hann telji sig ekki hafa sérfræðiþekkingu til þess að meta áhættuna sem framkvæmdinni fylgir og gæti fallið á ríkissjóð væri ríkisábyrgð veitt. Seðlabankinn leggur hins vegar áherslu á í umsögn sinni að ríkisábyrgðir séu almennt ekki heppilegar. Þegar þær séu veittar sé nauðsynlegt að taka ákvarðanir á grundvelli ítarlegs mats á þeirri áhættu sem þeim fylgir. Ástæða er til að staldra við og velta vöngum yfir því hvers vegna Seðlabanki Íslands láti ekki sérfræðinga á vegum bankans kanna þær upplýsingar sem eru aðgengilegar á vefnum og víðar, til dæmis upplýsingar frá Nasdaq, en sem kunnugt er ber öllum þeim fyrirtækjum sem eru á bandaríska verðbréfamarkaðnum að greina ítarlega frá stöðu sinni þar. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum gerir Seðlabankinn þetta ekki? Hann kemur fyrir þingnefndina og staðhæfir í tilskrifi að hann hafi ekki sérfræðilega þekkingu til að fara í saumana á þessu máli. Hvar er sú sérfræðilega þekking þá? Ekki höfum við hana í efh.- og viðskn., en við erum að leita aðstoðar hjá þessum helstu sérfræðistofnunum á sviði fjármálanna í landinu.

Þegar kom að því að ræða hvaða áhrif þetta hefði á lánsmat Íslands, kom fram hjá seðlabankastjóra sem kom á fundinn

að fréttatilkynning fjmrn. hefði verið send nokkrum samstarfsaðilum þeirra og enginn viðbrögð komið. Ég bið menn að hugleiða þetta, fréttatilkynning fjmrn. Henni hafði verið snúið á ensku og send nokkrum samstarfsaðilum Seðlabankans, en engin viðbrögð komið. Eru þetta boðleg vinnubrögð? Fréttatilkynning frá hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde hafði verið þýdd og send eitthvað út í heim og engin viðbrögð komið, enginn svarað bréfinu. Þess vegna hlýtur lánshæfið að vera í lagi — eða hvað? Ég spyr.

Að áliti Þjóðhagsstofnunar er verjanlegt í undantekningartilfellum að veita ríkisaðstoð til fyrirtækja „á grunni markaðsbresta" eins og þeir segja á þeim bæ. Í þessu tilfelli eigi það ekki við og leiðir Þjóðhagsstofnun getum að því að þessi íhlutun ríkisins geti leitt til lægra framleiðslustigs og lakari lífskjara til lengdar. Almennari aðgerðir sem skekkja ekki samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja, vinnuumhverfi einstaklinga og eflingu menntunar og rannsókna, eru líklegri að mati Þjóðhagsstofnunar til að efla þjóðarhag. Þetta var áhersla sem víða kom fram hjá þeim sem komu fyrir nefndina, að það ætti að efla áherslu á menntun og rannsóknir, almennt eigi að gera það. Og við skulum ekki gleyma því að þessi ríkisstjórn, sem þykist vera svo óskaplega stórhuga, hefur verið að herða að menntun og rannsóknum á vegum hins opinbera. Eru menn búnir að gleyma því að ...

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á, eða að öðrum kosti að ljúka ræðu sinni á næstu mínútum.)

Ég mun ekki hafa þessa ræðu miklu lengri og mundi ljúka henni á næstu tíu mínútum eða þar um bil þó að hér sé af mörgu að taka og hægt að tala um þetta mál hér í allan dag en það eru fleiri sem þurfa að komast að í umræðunni og mun ég sýna þeim þá tillitssemi að stytta mál mitt.

Ég var að vísa í álit Þjóðhagsstofnunar og þá áherslu sem fram hefði komið hjá mörgum aðilum að við ættum að styrkja menntun og efla rannsóknir með þjóðinni og ég vil taka undir það sjónarmið.

Síðan er í þessu áliti vísað í álitsgerðir frá greiningardeildum Búnaðarbanka og Landsbanka og hjá Samtökum fjárfesta. Allir þessir eru uppi með varnaðarorð, mikil og alvarleg varnaðarorð. Samtök fjárfesta segja, með leyfi forseta:

„Samtök fjárfesta vilja vekja athygli á, að á íslenskum fjármálamörkuðum eru nokkur fyrirtæki sem vinna að athyglisverðum rannsóknum og þróun. Það er hlutverk ríkisvaldsins að skapa fyrirtækjunum og annarri atvinnustarfsemi viðunandi starfsgrundvöll. Ríkisábyrgð á láni fyrir Íslenska erfðagreiningu hf. raskar starfsgrundvelli sumra þessara fyrirtækja með óeðlilegum hætti og getur beinlínis skaðað þau og fjárfesta sem að þeim standa. Samtök fjárfesta eru þeirrar skoðunar að framlög til rannsókna og þróunar séu of lítil á Íslandi."

Ég tek undir þetta sjónarmið. Hér er vísað í fyrirtæki, samkeppnisfyrirtæki á svipuðum markaði og þá hafa menn væntanlega Lyfjaþróun í huga og önnur fyrirtæki sem eru á þessum markaði. En aftur þarna er tekið undir nauðsyn þess, kröfuna um hve mikilvægt það er að efla rannsóknir.

Ég vil árétta það aftur að ég tel fjarri lagi að það sé óeðlilegt að ríkið hlaupi undir bagga með atvinnulífinu, hvort sem er til uppbyggingar eða þegar sverfur að og atvinnuöryggi er ógnað. Í því sambandi getur verið réttmætt að horfa til byggðaþátta og við höfum talað fyrir slíku í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Hins vegar viljum við hafa allt annan hátt á og beita allt annarri aðferðafræði en hér er á ferðinni. Við höfum þvert á móti verið talsmenn þess að settar séu almennar reglur.

Eitt sem ég vildi spyrja út í varðandi áhættuna og afkomu fyrirtækisins er að þegar skoðuð eru þessi gögn frá bandarísku verðbréfamarkaðnum sem vísað er í sem 10K, þá er svo að skilja á þeim, ég fæ ekki annað séð, en að lánskjörin sem deCODE er boðið upp á fari versnandi. Og sérfræðingar í fjármálum segja mér að þegar svo er komið að fyrirtæki sé að taka stór lán upp á milljónir bandaríkjadala sem bera 6% álag yfir Libor-vexti, þá séu kjörin orðin afar þung. Í þessum gögnum er hægt að bera saman lánskjör t.d. frá síðasta ári og núna í marsmánuði og það er greinilegt að þau eru að þyngjast. Hefur þetta verið skoðað af fjmrn.? Hvað veldur þessu? Hvað veldur því að lánakjör sem fyrirtækinu er boðið upp á eru lakari núna en áður var? Ég ítreka það að til þess að meta stöðu fyrirtækisins er nauðsynlegt að skilgreina á hvern hátt árangurstengdar greiðslur hafa komið inn, árangurstengdar greiðslur frá samningsaðilum, og þá vísa ég fyrst og fremst til Hoffmann-La Roche. Hvernig hafa þær skilað sér?

Ég hef áður vikið að ráðgjöfunum sem voru kynntir í efh.- og viðskn. með talsverðri lotningu, þ.e. Morgan Stanley, Lehman Brothers og Robertson Stephens. Þeir eru allir viðskiptaaðilar deCODE, aðilar nátengdir viðskiptahagsmunum deCODE fyrirtækisins, enginn óháður aðili. Þetta eru allt saman þjónustufyrirtæki við deCODE.

Að lokum, herra forseti, vil ég víkja að áliti frá BHM, Bandalagi háskólamanna. Það eru fyrst og fremst starfsmenn sem ættu að vera innan vébanda BHM sem starfa hjá þessu fyrirtæki. Fyrirtækið hefur hins vegar neitað að semja við tiltekin félög. Það hefur neitað semja við Félag íslenskra náttúrufræðinga, svo dæmi sé tekið. Í áliti frá BHM segir að fyrirtækið neiti að gera kjarasamninga við tiltekið stéttarfélag, Félag íslenskra náttúrufræðinga. Ég vitna í álitsgerðina, með leyfi forseta:

„Hjá fyrirtækinu starfa nú á fjórða hundrað sem gætu verið félagsmenn í aðildarfélögum BHM en aðeins um fimmtungur þeirra hefur átt þess kost að gerast félagsmenn í þessum félögum — með tilheyrandi réttindum í sjóðum.

Íslensk erfðagreining ehf. hefur alfarið neitað því að gera kjarasamning við FÍN og við svo búið verður ekki unað — og enn síður ef fjöldi starfsmanna eykst eins og gert er ráð fyrir í kjölfar samþykktar frumvarpsins. Minnt er á það samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga ber að leita umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags en stéttarfélögunum hefur reynst erfitt að gegna eftirlitshlutverki sínu meðan ekki nýtur við kjarasamnings við fyrirtækið."

Í þessu sambandi má minna á að fyrir nokkrum missirum flutti fyrirtækið McDonalds starfsemi hingað til lands. Þá urðu uppi mikil mótmæli í þjóðfélaginu þegar fyrirtækið neitaði að gera samninga við starfsfólk. Með hliðsjón af þessu vaknar spurningin um hvort íslensk stjórnvöld muni láta fyrirtækinu eftir að hunsa stéttarfélögin á sama tíma og gengið er til viðræðna um að veita ríkisábyrgð að upphæð 20 milljarða kr. Er ekki ástæða til að spyrja út í þetta? Mér þótti ástæða til að spyrja út í það þegar McDonalds, sem er alræmt víða um heim fyrir að troða á réttindum lauanfólks, neitaði að ganga til samninga við stéttarfélögin. Ætlar ríkið að veita ríkisábyrgð upp á 20 þúsund milljónir fyrirtæki sem neitar að virða rétt stéttarfélaga til samninga? Ég er ekki tilbúinn að skrifa upp á þetta. Síðan hafa talsmenn og forsvarsmenn fyrirtækisins sagt að menn hafi það svo afskaplega gott í fyr-

irtækinu. Ég þekki það ekki. Ef þeir hafa það svona gott og kjör þeirra eru langt umfram það sem semst um í almennum kjarasamningum, hvers vegna má ekki hafa þá gildandi? Ég spyr.

En þessi afstaða, ofan af hálaunaþrepunum, hátekjuþrepunum innan þessa fyrirtækis, er algerlega óafsakanleg. Ég hefði áhuga á að heyra álit hæstv. ráðherra á þessu.

Ég ætla að virða ábendingu frá hæstv. forseta um að hann vilji gera hádegishlé á þingfundinum. Ég ætla jafnframt að virða það að fleiri þingmenn vilja komast að með sitt mál. Ég mun hugsanlega koma aftur inn í umræðuna síðar í dag en þetta eru helstu áherslurnar sem ég vildi gera grein fyrir í þessari ræðu minni.

[13:05]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar o.fl., 359. mál, brtt. JBjart, þskj. 1356.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, 505. mál, nál. landbn., þskj. 1354.

Hafnarframkvæmdir 2001, 735. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1358.

Landgræðsluáætlun 2003–2014, 555. mál, nál. landbn., þskj. 1357.

Umhverfisstofnun, 711. mál, nál. 1. minni hluta umhvn., þskj. 1355.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 882, nál. 1262, 1293 og 1294, brtt. 1263.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:31]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Niðurstaða þess þingmeirihluta sem styður ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í mesta pólitíska ágreiningsmáli íslenskra stjórnmála til margra ára liggur nú fyrir með þessu frv. Í ljósi loforða flokksforingja stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar eru þessi úrslit fráleit. Þjóðarsáttin sem var boðuð er orðin að málamyndagjörningi sem er ætlað að festa gildandi fyrirkomulag í sessi en ekki er hróflað við ágreiningsmálinu sjálfu. Þessi niðurstaða er fengin með hrossakaupum milli stjórnarflokkanna og við LÍÚ. Að endingu var framgangur málsins hér á Alþingi tryggður með táknrænum hætti sem er afar lýsandi fyrir feril allrar þeirrar óheillastefnu sem hér er reynt að festa í sessi. Þetta sést á því að stuðningur um málið er augljóslega fenginn með því að kaupa fylgi þingmanna stjórnarflokkanna í sjútvn. við frv. með sértækum úthlutunum til staða í þeirra eigin kjördæmum. Í þriðja sinn á sama vetrinum er verið að úthluta viðbótaraflaheimildum til sérvalinna staða og útgerða til að vinna gegn afleiðingum af kerfi sem samt er verið að reyna að festa í sessi með því frv. sem hér liggur fyrir. Þingmeirihlutinn verður sjálfur að hafa heiður og skömm af þeim björgunarleiðöngrum sem hann telur sig þurfa að fara vegna þessa kerfis sem hann vill viðhalda.

Samfylkingin er andvíg þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir og mun þess vegna sitja hjá við einstakar greinar frv. og brtt. meiri hlutans en greiða atkvæði gegn málinu í heild við lok afgreiðslu þess.

Brtt. 1263,1 (ný 1. gr.) samþ. með 26:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GE, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, ÁRJ, EOK, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og frv. leit út átti að gefa Hafrannsóknastofnun einni forgang að því að fá að stunda rannsóknir án þess að hafa kvóta til þeirra. Í brtt. meiri hlutans kemur fram að enn þá skal þetta bundið við Hafrannsóknastofnun eina og þar til viðbótar skal Hafrannsóknastofnunin gefa umsögn um rannsóknir annarra. Ég tel að hér sé óeðlilega að verki staðið og að það sé einkennilegt að Hafrannsóknastofnun skuli fengið það vald að hafa eftirlit með rannsóknum annarra. Þess vegna segi ég nei, en að öðru leyti munum við sitja hjá við afgreiðslu frv.

[13:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að miðað við núverandi ástand í sjávarútvegsmálum beri að gefa fleirum kost á því að koma að rannsóknarþættinum og greiðum þess vegna atkvæði á móti 1. gr. Að öðru leyti munum við sitja hjá við atkvæðagreiðslur um brtt. frá meiri hluta sjútvn. og setja það á ábyrgð stjórnarmeirihlutans að framfylgja þeim tillögum sem hér eru settar fram enda þótt sumt í tillögunum sé til bóta, eins og aflahlutdeild í karfa, ýsu og fleiri tegundum sem er minnkuð og síðan með byggðakvótann. Heildstætt út frá stefnu okkar getum við ekki stutt þessar brtt. og munum því sitja hjá en segja nei við 1. lið.

[13:36]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þetta ákvæði er eins og frv. í heild sinni, hvorki fugl né fiskur. Það get ég ekki stutt. Ég greiði ekki atkvæði.

[13:36]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Með þeirri brtt. sem meiri hluti sjútvn. flytur við 1. gr. frv. er verið að opna á möguleika fyrir fleiri aðila að stunda hafrannsóknir en Hafrannsóknastofnun og auðvelda þeim leiðina með því að gera ráð fyrir því að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir skuli ekki að hluta eða öllu reiknast til heildarafla. Með þessu er í fyrsta skipti opnaður þessi möguleiki. Það mun þýða að hafrannsóknir munu eflast og hafrannsóknir fleiri aðila en Hafrannsóknastofnunar munu sjá dagsins ljós. Það er mjög mikilvægt í rannsóknarumhverfi okkar. Ég segi því já.

[13:37]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv., þessi grein frv. og þau þrjú frv. sem hér verða tekin fyrir byggjast á fiskveiðistjórnarkerfi sem er andstætt öllum þeim gildum sem ég þekki og er alinn upp við. Ég mótmæli þessu einlæglega. Þetta er á móti allri minni sannfæringu og því sem ég finn fyrir í hjarta mínu. Þess vegna greiði ég atkvæði á móti hverju einasta atriði sem greidd verða atkvæði um og því sem það gerir í grundvallaratriðum, þ.e. að færa veiðiheimildirnar frá dreifðari byggð í þéttari byggð, frá fleiri höndum á færri hendur. Ég mótmæli þessu algjörlega og segi nei.

Brtt. 1263,2 samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

19 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

20 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 26:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE, HjÁ.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Á áliti meiri hluta sjútvn. hef ég fyrirvara. Sá fyrirvari snýr að 5. gr. frv. Hún snýst um það að skilgreina smábáta sem 15 brúttótonn í staðinn fyrir sex brúttótonn eins og er í dag. Ég vek athygli á því að 15 brúttótonn samsvara því sem áður kallaðist 15–25 tonna bátar. Ég hef miklar efasemdir um þá breytingu. Ég hygg að næstu skref verði þau að verði þessi breyting samþykkt muni smábátamenn óska eftir því að fá að veiða á netum og í framtíðinni muni verða undan því látið. Þar með er munurinn á svokölluðu stóra kerfi og smábátakerfinu orðinn lítill sem enginn og tel ég því að þessi breyting sé upphafið að því að smábátaútgerð á Íslandi muni leggjast af. Því mun ég greiða atkvæði gegn því.

[13:40]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Með þessari grein er verið að víkka út stærðarmörk smábátaflotans. Það er mjög mikilvægt, sérstaklega í því skyni að auka öryggi við veiðar bátanna. Þetta eru bátar sem oft veiða við erfiðar aðstæður á hafinu og þess vegna er eðlilegt að þróa þetta mál í þessa átt. Ég vek líka athygli á því að smábátarnir eru mjög víða undirstaða hráefnisöflunar í heilu byggðarlögunum. Þetta ákvæði mun verða til þess fallið að auka öryggi við hráeflisöflun og bæta þar með hag fiskvinnslufólksins úti um landið. Þetta er þess vegna byggðavæn aðgerð. Ég segi já.

[13:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Víða um land eru smábátar undirstaða atvinnu í sjávarútvegi í plássum sínum. Til að tryggja öryggi þeirra sem stunda sjóinn í þessari gerð útgerðar og til að treysta hráefnisöflun við fiskvinnslu í þeim sömu byggðarlögum er rétt og skylt að gefa mönnum kost á að stækka báta sína.

Brtt. 1263,4 samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

20 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

20 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,5 samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

20 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

19 þm. (AKG, ÁSJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

19 þm. (AKG, ÁSJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,6 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

19 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, GÁS, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,7 samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,8 (ný 11. gr., verður 12. gr.) samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

20 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,9 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,10 (ný grein, verður 14. gr.) samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1263,11 (ný 12. gr., verður 15. gr.) samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, BBj, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
11 þm. (AKG, ÁRJ, EOK, GE, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GAK, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (norsk-íslenski síldarstofninn). — Þskj. 1086, nál. 1253, 1292 og 1295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:45]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að breyta viðmiðunarárum vegna úthlutunar varanlegra aflahlutdeilda úr norsk-íslenska síldarstofninum. Um slíka úthlutun, gjöf ársins segja sumir, hefur sjútvrh. þegar tekið ákvörðun á grundvelli laganna um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Það er hluti af sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi.

Samfylkingin hefur ítrekað flutt bæði sjálfstæð þingmál og birt nefndarálit þar sem stefna flokksins varðandi ráðstöfun norsk-íslenska síldarstofnsins kemur skýrt fram. Ákvarðanir sjútvrh. sem ganga í allt aðra átt og lagabreytingar í tengslum við þær eru og verða á ábyrgð ríkisstjórninnar. Samfylkingin mun því sitja hjá við afgreiðslu þessara tillagna eins og áður þegar ríkisstjórnin hefur verið að klastra við sjávarútvegsstefnu sína á Alþingi.

[13:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er verið að brjóta í blað. Samkvæmt lögum um veiðar utan lögsögu hefur verið viðhöfð innskilaregla hingað til þegar úthlutað hefur verið heimildum utan lögsögunnar, bæði á Flæmingjagrunni og eins á Reykjaneshrygg. Hér er ekki lagt til að um neina innskilareglu verði að ræða og er þetta stílbrot á því sem segir í lögunum. Ég tel að hér sé rangt að verki staðið og við leggjumst gegn þessu frv.

[13:47]

Árni Steinar Jóhannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég hef við umræðuna um frv. gert grein fyrir sterkum fyrirvörum sem ég hef um þetta mál. Þar er sérstaklega lögð áhersla á svokallaða innskilareglu og síðan byggðatengingu vegna hugsanlegrar aukningar í þessari tegund með því að hún gangi eins og fyrr á Íslandsmið. Við munum því sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta mál.

[13:48]

Einar K. Guðfinnsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hefði þetta frv. ekki verið flutt hefðu gengið í gildi ákvæði í lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem hafa í för með sér að hlutdeild hvers skips yrði ákveðin á grundvelli veiðireynslu tiltekinna ára.

Ljóst er að um það fyrirkomulag sem núna er verið að greiða atkvæði um er meiri sátt meðal þeirra sem við eiga að búa, bæði útvegsmanna og sjómanna. Ég tel þess vegna einboðið að styðja frv. og segi já.

1. gr. samþ. með 30:3 atkv. og sögðu
já: ArnbS, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.
nei: GE, GAK, SvH.
17 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: GE, GAK.
18 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
11 þm. (AKG, ÁRJ, GE, GAK, GÖ, JB, KolH, LB, SJóh, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, MF, ÓÖH, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 729. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 1264.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

9 þm. (AKG, GE, GAK, GÁS, KolH, SJóh, SJS, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁMöl, BH, DO, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Tilhögun þingfundar.

[13:50]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það fram að gert er ráð fyrir því að fundi ljúki um kvöldmatarleyti. Ekki er gert ráð fyrir frekari atkvæðagreiðslum í dag.

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1177, nál. 1273, 1344 og 1353, brtt. 1274 og 1288.

[13:51]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Afstaða mín og Frjálslynda flokksins kom skýrt fram við 1. umr. þessa máls og af þeim sökum líka gæti ég stytt mál mitt þótt af mörgu sé að taka. Enn fremur hafa 1. og 2. minni hluti efh.- og viðskn. gert ítarlega grein fyrir afstöðu sinni og niðurstöðu og þar má einvörðungu lesa gagnrýni á málið. Engin rök hafa komið fram í þessu máli sem styðja það, alls engin.

Enginn Íslendingur, enginn einstaklingur mundi hætta fé sínu með þessum hætti til slíks málefnis. Ekkert fyrirtæki um víða veröld mundi heldur gera það. Ég skal ekki fullyrða um að til séu ríkisstjórnir eins og ráðstjórn Íslands sem mundu taka slíkt til bragðs, a.m.k. er það ekki í Bandaríkjunum eins og menn þekkja þótt þeir séu ósparir á fé til ýmissa hluta eins og fyrirtækið Enron getur borið vitni um.

Hér er verið að leggja til að ganga í 20.000 millj. kr. ábyrgð fyrir deCODE-fyrirtækið. Hvaða fyrirtæki er deCODE, með leyfi? Allar upplýsingar um innviði þess fyrirtækis skortir í þá málafærslu sem tillögumenn hafa hér í frammi. Í greinargerð með frv. er ekkert að finna sem upplýsir um þetta fyrirtæki. Það er aðeins lofgjörð, sjálfsagt samin út í ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. þm. afsökunar, en mér sýnist á öðrum þingmönnum mörgum sem ekki eru í ræðustól að þeim liggi á að komast þangað og bið þá að halda smáfundi utan þingsalar.)

Ég mun taka tillit til þess og einhvern tíma hætta.

Ekkert er að finna í þessari greinargerð nema lofgjörðarrullu um Íslenska erfðagreiningu sem eftir öllum líkum að dæma er samin úti í Vatnsmýri.

Hvað mundi fjármálafyrirtæki gera sem beðið væri um að taka ábyrgð, ég tala ekki um svo gríðarlega ábyrgð sem hér um ræðir? Það mundi afla sér allra upplýsinga um fyrirtækið sem væri að biðja um slíka ábyrgð. Það mundi beita sérfræðingum sínum til þess arna, að snara öllum kurlum til grafar sem varða fjárhagsstöðuna og aðra stöðu síns fyrirtækis. Það mundi, ef um stórvægilega hluti væri að tefla, vafalaust fá óhlutdræga, hlutlausa sérfræðinga til að gera á þessu rækilega úttekt. Ekkert slíkt er viðhaft í þessu ógnarlega máli sem er fráleitasta mál sem nokkru sinni, að minni hyggju, hefur verið borið undir atkvæði á hinu háa Alþingi Íslendinga.

Framsögumaður og formaður efh.- og viðskn. er hér fjarstaddur, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. En ég ætlaði að biðja hann um að leggja fram fyrir 3. umr. upplýsingar sem komu fram, að vísu aðeins að nafninu til, í máli forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar á opinberri ráðstefnu sem haldin var fyrir skemmstu. Þar upplýsti hann að hann þekkti til þess að 120 slíkar ábyrgðir hefðu verið veittar en aðeins ein hefði farið forgörðum, aðeins ein hefði fallið á ábyrgðaraðila. Nú hlýtur tölvumönnum að vera nærtækt að fletta upp þessum staðreyndum og ég fer fram á að fá nákvæmar upplýsingar um hverjir áttu hér í hlut, um hvað verið var að tefla og hvaða ábyrgðir þarna voru á ferðinni.

Fyrirtækið deCODE hefur á undanförnum örfáum árum verið á hríðfallandi gengi. Þegar það fyrst nam hér land var heldur hátt á því skrúfið sem menn muna og menn voru að selja á genginu yfir 60, a.m.k. er mér fullkunnugt um að fjármálastofnanir nörruðu umbjóðendur sína og viðskiptavini til þess að kaupa á genginu yfir 60. Hvert er gengið í dag? Það stendur, minnir mig, í nefndaráliti að það hafi verið þetta 8–10. Hvenær var það síðast? Ég veit ekki betur en það hafi verið frétt undanfarin tvö ár hafi þetta gengi farið yfir 7. Hvert er það í dag? Það er 5,5. Formaður efh.- og viðskn. segir að það sé bara af því að öll hlutabréf séu á svona lágu gengi. Af þessu gengi má aðeins eitt lesa ef það er borið saman við fyrra gengi þessa stórfyrirtækis. Það er á hríðfallanda fæti og ekkert höfum við í höndunum annað en þá viðmiðun því innihald þess þekkjum við ekki og það hafa menn sem ætla sér að ganga í stórábyrgðina ekki tíma til að kynna sér. Ekkert annað höfum við til að miða við en að þetta fyrirtæki sé komið að fótum fram. Og svo á að ganga í ábyrgð fyrir það til sjö ára.

Í meirihlutaálitinu sem ég hef í höndum er gríðarlöng upptalning um þau fyrirtæki og einstaklinga sem kallaðir voru á fund nefndarinnar til ráðslags, en ekkert orð er neins staðar að finna um hvert var álit þeirra, ekki eitt einasta orð og ekki eitt einasta orð kom fram í ræðu formanns nefndarinnar í morgun um hvað allur þessi fjöldi einstaklinga og fyrirtækja hafði um málið að segja. Af því hlýtur manni að vera óhætt að ályktað að þeir hafi allir verið andsnúnir því. Ekkert annað getum við ályktað því að ella hefði formaðurinn sem var í vandræðum með að flytja þetta mál vegna samvisku sinnar, sem eitthvað mun vera eftir af þar af leiðandi, kallað þessa menn fram til vitnis með sér til eflingar þessu fráleita máli.

Formaðurinn talaði um í ræðu sinni að ráðstjórnin okkar vildi efla samkeppnishæfni atvinnulífsins — þó það nú væri! — og það ætti að gera með almennum ráðstöfunum en ekki sértækum aðferðum eins og hér eru hafðar í frammi. Hann nefndi máli sínu til stuðnings — og er mættur þarna sem betur fer — Írland, Lúxemborg, Sviss og Holland. Hann nefndi að þau hefðu lagað til sín fyrirtæki öll sömul og aðallega með skattbreytingum, með nýjungum í skattamálum, þ.e. að gera fyrirtækjunum greiðara fyrir með minni skattálögum. Þetta eru altækar ráðstafanir en ekki sértækar. Öll fyrirtæki sem þarna námu land eða áttu þar heima nutu þess arna. En það var ekki verið að velja eitt deCODE eins og nú er verið að gera.

Stefna hæstv. ríkisstjórnar, hinnar nýju ráðstjórnar og aðalritara hennar, er sú að hér skuli forðast sértækar aðgerðir. (**SJS:** Hvar er aðalritarinn?) Ja, það er von að spurt sé. Mér skilst að hann sé að styrkja Schröder í Þýskalandi eftir mikið

fall þar í einu ríki sem þeir biðu. Hann kannski kemur við í París á heimleið til þess að hugga þá þar. (**LB:** Eftir að hafa huggað þá í Ósló?)

Forðast ber sértækar aðgerðir og þetta er grundvallarstefna íslensku ríkisstjórnarinnar. Samt sem áður brjóta þeir hana svo rækilega að ég hygg að ekki sé finnanleg nein aðferð sem jafnrækilega gengur frá þessu atriði í grundvallarstefnuskrá þeirra dauðu og það sem þeir nú ætla að aðhafast. Svo er verið að nefna sem einhvers konar fordæmi að við höfum gengið í ábyrgð vegna flugrekstrar vegna þess ástands sem ríkir í veröldinni. Var það eitthvað skylt þessu máli þó að við yrðum að bjarga samgöngum okkar allra Íslendinga við útlönd, að við gengum að vísu undir það jarðarmen sem hlaut að vera okkur mikið áhyggjuefni en við áttum engra annarra kosta völ? Það er kannski að menn haldi því fram að við höfum ekki átt annarra völ en þeirra að hætta til íslenskum fjármunum með þeim hætti sem hér er verið að leggja til.

Hver er sá sem ekki mundi óska eftir því að auka og efla fyrirtæki af þeirri tegund eins og t.d. Íslenskrar erfðagreiningar? Hver mundi ekki vilja fá fleira menntað fólk í landið? Hver mundi ekki vilja auka menntun og þjónustu almennt? En eitt er að vilja og annað að geta. Hæstv. ríkisstjórn hefur engan siðferðilegan rétt til að ganga í neins konar ábyrgð af þessu tagi.

Það var fimbulfambað um það af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að deCODE gæti svo sem bjargað sér með því að bjóða út hlutabréf. Það getur það ekki neitt. Það vill enginn kaupa þau, að sjálfsögðu ekki. Auðvitað yrðu þau á tombóluprís ef einhver mundi vilja líta við þeim. Auðvitað getur það ekkert bjargað sér með þeim hætti. Talað var um að þeir gætu líka bjargað sér með því að sameinast öðrum fyrirtækjum. Eins og fyrirtækið stendur er ekki líklegt að neitt fyrirtæki mundi vilja sameinast því. Allt er þetta bara fjargviður. Ég verð að segja að eins og ég ber virðingu fyrir hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, þá fann ég þar af leiðandi til mikillar samúðar með honum að þurfa að standa hér uppi og mæla fyrir þessu, manni sem opinberlega er búinn að tilkynna að hann sé andvígur þeirri aðferð sem hér á að viðhafa. Hann fer þess vegna ekki eftir samvisku sinni eins og talið er að þingmönnum beri að gera.

Eftir hverju fer hann þá? Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það, en hann fer eftir því sama og flestir aðrir þingmenn Sjálfstfl. að ávinna sér framhaldslíf í pólitík með því að þjóna í einu og öllu undir aðalritarann í hinni nýju ráðstjórn sem hér hefur ríkt um hríð.

Já, hver væri sá sem ekki mundi vilja efla þekkingu á Íslandi og nýja tækniþróun, að geta veitt sem flestum hálaunastörf? Það eru yfirgnæfandi líkur fyrir því, kannski allt upp í 90%, að deCODE hrapi á höfuðið. Þar við bætist að sá iðnaður sem á að taka ábyrgð á er þrefalt áhættusamari en meðaltal annarra iðngreina, þrefalt áhættusamari. Hvað er þá orðið eftir af því öryggi sem menn hljóta að krefjast fyrir því að hætta fjármunum sínum með þessum hætti? Hvað er eftir?

Ég verð að segja að mér er alveg óskiljanlegt hvernig er hægt að draga heilu þingflokkana til slíks leiks. Mál sem er útbúið einkanlega milli vina og skólafélaga og síðan kúgað í gegn með þessum hætti. Það getur ekki verið annað en að hávaðinn af þingflokki Sjálfstfl. gangi grátandi til þessa leiks. En hann lætur sig hafa það. Það er verst að hæstv. iðnrh. er ekki við. Ég ætlaði að koma á framfæri við hann tillögu um hvernig hægt væri, kannski með áhættuminni árangri, að efla iðnað á Íslandi. Hefur hæstv. ráðherra látið sér detta í hug kannski að ganga fyrir Norðmenn?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég geri ráðstafanir til þess að láta skýra hæstv. iðnrh. frá því að hv. þm. kjósi að eiga orðastað við hann.)

Já, takk fyrir, þó ég að öðru leyti sakni hans ekki. En hvernig væri að láta sér detta í hug að ganga fyrir nánasirnar í Noregi og bjóða þeim eins og 2.000 millj. kr. til þess að semja við okkur um byggingu álvers í Reyðarfirði? (**Gripið fram í:** 20 þús.) 20 þús. milljónir, já, 20 þús. millj. kr. Það upplýsa þó þeir sem næstir standa verkefninu að bæði sé Kárahnjúkavirkjun arðbær og einnig álver, að vísu án þess að vita mikið um það. Þar mundum við ekki hætta mjög miklu til þó við gæfum þeim 20 þús. millj. kr. til þess að hefjast handa ef það er rétt sem hæstv. ráðherra og aðrir formælendur álversins halda fram, að þetta sé stórlega arðbært. Af rekstri þessa fyrirtækis sér Ísland aldrei krónu. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Hér er líka gert ráð fyrir að ríkisábyrgðarlögin séu sett til hliðar með öllu. Það á að sniðganga þau með öllu, aðeins að láta 5. gr. þeirra laga gilda. Þetta eru mjög nýlega sett lög vegna þess að þetta þótti hriklegt, þetta kerfi okkar, ríkisábyrgðakerfið, og það er ein grundvallarstefna hæstv. ríkisstjórnar sem birtist þar.

Hæstv. iðnrh. er mættur og ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hugmynd mína, en mér datt í hug rétt aðeins að víkja því að hæstv. ráðherra hvort reynandi væri að í stað þess að henda 20 þús. millj. kr. út um gluggann vegna ábyrgðar deCODE að bjóða Norðmönnum þær bara að gjöf, það er miklu álitlegra en verja þeim þannig, og vita hvernig þessir samansaumuðu nirflar í Noregi mundu bregðast við. Þar værum við þó með því að fá þá til þess leiks að reisa álver sem menn fullyrða að sé arðbært og koma á stórvirkjun við Kárahnjúka sem er afar girnileg framkvæmd. Þetta þyrftu menn að athuga.

En ég var að ræða um lög um ríkisábyrgðir sem eiga ekki að gilda fyrir þessa ábyrgð. Það á ekki að taka neitt ábyrgðargjald og þó er í lögunum ákveðið að það megi vera milli 0,25 og 4% árlega. Þetta þýðir í falli deCODE 50–800 millj. kr., hvorki meira né minna. Ábyrgðin verður að hyggju manna deCODE að gagni með því að þeir fá hagstæðari kjör á lánum en ella sem er talið muna 3–4% og gæti numið öðrum 800 millj. kr. Nei, hér á með öllu að sniðganga þau lög. Tekið er sérstaklega fram að allur lagabálkur um ríkisábyrgðir skuli ekki gilda heldur eingöngu haldið inni 5. gr. þar sem talað er um að halda skuli afskriftareikning vegna veittra ábyrgða. Það er vissara því að hann fer fljótlega upp í 20 þús. millj. kr. og verður einfalt mál að halda þann afskriftareikning. Í 5. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Eigi sjaldnar en árlega skal endurmeta áhættu og afskriftaþörf Ríkisábyrgðasjóðs vegna ábyrgða og endurlána og á grundvelli þess endurákvarða framlag á afskriftareikning.“ Ég hef þau orð ekki fleiri.

Einnig á að sleppa þeirri grein sem segir svo, með leyfi forseta:

„Gjaldskyldir aðilar skv. 6. gr. skulu skila skýrslu í því formi sem Ríkisábyrgðasjóður ákveður þar sem fram komi brúttófjárhæð allra gjaldskyldra skuldbindinga eins og höfuðstóll þeirra er hinn 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á hverju gjaldtímabili. Gjaldstofn ábyrgðargjalds er einfalt meðaltal fyrrgreindra fjárhæða.“ — Auðvitað á að hlífa þessu fyrirtæki við öllu þessu.

Nú eru menn að velta fyrir sér, eins og hv. formaður efh.- og viðskn., hvort þetta mál, þessi ábyrgð standist EFTA-mat. En það er til ráð ef þetta stenst ekki. Það er að breyta um póstnúmer á því, heimilisfesta það uppi í Hvalfirði eða austur á Reyðarfirði. Það er ráðið sem má bregða á því að þá mundi þetta falla undir byggðastefnu (**Gripið fram í:** Ekki fjárhættuspil.) og ekki fjárhættuspil. Síðan reyna menn enn fremur að verja sig með því, og það gerði formaður efh.- og viðskn. ekki nema á mjög varkáran hátt, að þetta yrði ekki eftirbreytnivert, þetta yrði ekki fordæmi. Hann tók það fram að svo yrði a.m.k. í ýmsu falli en það yrði þá tekið til sérstakrar meðferðar hverju sinni. Við vitum alveg hvernig það mundi ganga fyrir sig. Það færi bara eftir smekk aðalritara hvort það hlyti náð, slíkt fyrirtæki. En það eru byrjaðar að streyma inn ábyrgðarbeiðnir. Norðurljós hafa beðið um 8 milljarða ábyrgð. Ég er ekki viss um að það fyrirtæki hljóti sérstaka náð fyrir augum þeirra sem öllu ráða því þar eru á ferð ýmsir þeir sem í Hólaræðu voru ýmist kallaðir eiturlyfjabarónar eða mafíósar. Nei, ef að líkum lætur munu menn ganga í sjóðinn og sækja sér hnefa, þeir sem erfitt eiga uppdráttar. Allir innan þessa geira, hvort sem heldur er Lyfjaþróun eða önnur fyrirtæki sem starfa á þeim vettvangi, hvað eina sem til fellur að því leyti. En það hlýtur að vera endanlegt spursmál hverjir eiga ekki erindi eftir að erlendu fyrirtæki hefur verið gefin slík ábyrgð eins og hér um ræðir.

Bismarck járnkanslari sagði eitt sinn þegar honum ofbauð afgreiðsla máls og ég tek mér orð hans í munn: „Þetta er verra en glæpur. Þetta er heimska."

[14:15]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Frá því að ég kom á þing hef ég staðið frammi fyrir því að taka afstöðu til hinna ýmsu mála sem menn hafa lagt fyrir þingið. Sum þeirra hafa reynst ganga ágætlega upp og önnur ekki. En það er þó einkenni flestra þessara mála að við eigum möguleika á að taka afstöðu til þeirra á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir, á grundvelli gagna sem liggja fyrir þannig að við þurfum ekki að reka puttann upp í vindinn í því skyni einu að velta því fyrir okkur hvernig vindar blása í þessum málum.

Lífið er í sjálfu sér áhætta og ekki gerist neitt nema menn taki áhættu í þessu lífi. En líklega hefur maður aldrei staðið frammi fyrir því áður að eiga ekki nokkurn möguleika að gera sér minnstu grein fyrir málinu og reyna að svara þeim spurningum sem hér eru á borð bornar varðandi það að íslenska ríkið gangist í ábyrgð fyrir 20 milljarða án þess að nokkuð liggi fyrir um þá áhættu sem verið er að taka, án þess að nokkuð sé sett fram í því skyni til að styrkja þetta annað en greinargerð frá fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu og ekki síst 23 línur eða svo frá meiri hluta efh.- og viðskn. Á grundvelli þessara gagna er þinginu ætlað að taka afstöðu til málsins.

Virðulegi forseti. Ég velti því fyrir mér þegar ég skoða álit meiri hluta efh.- og viðskn. hvernig á því standi að menn séu ekki tilbúnir að leggja frekari rök fram fyrir því en raun ber vitni að ríkið skuli gangast í þessa ábyrgð. Ég segi það fyrir mig að ég hef ekki hundsvit á lyfjaiðnaði, ekki nokkurt. Ég geri mér enga grein fyrir því hvort þetta sé arðsamasta iðngrein í heimi eða ekki, ekki nokkra. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að aðra eins áhættu er varla hægt að taka. Því leyfi ég mér að spyrja: Hvað gerir það að verkum að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er svona mikill sérfræðingur í lyfjaiðnaði þar sem yfirmenn hans í Verslunarráðinu hafa þegar tekið afstöðu gegn þessu máli?

Hvað gerir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem nú gengur í salinn, eða hv. þm. Kristin H. Gunnarsson að svo miklum sérfræðingi í þessum efnum að ekki þurfi nema 23–24 línur til að útskýra það fyrir okkur hinum sem höfum litla þekkingu á þessu, að ekki þurfi frekari rökstuðning? Nú veit ég að hv. þm. Drífa Hjartardóttir er góður og gegn bóndi á Suðurlandi. Hvað gerir það að verkum að hún hefur svo mikla sérþekkingu á þessu máli að ekki þurfi frekari rökstuðnings við, eða hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir sem er formaður hv. utanrmn.? Þetta eru þeir fimm þingmenn sem rita undir meirihlutaálit og leggja til að frv. verði samþykkt án nokkurs einasta rökstuðnings sem nokkru nemur, nema tekið er fram að ekki sé víst að ESA samþykki þetta, þ.e. Eftirlitsstofnun EFTA, það liggur ekki fyrir. En leitað verði annarra leiða ef hún samþykkir það ekki samkvæmt þeim hugmyndum sem nú eru uppi.

Hvaða siðferðilegan rétt höfum við á því að binda ríkissjóð og skattgreiðslur, hvort heldur einstaklinga eða fyrirtækja eða önnur gjöld sem þaðan renna, á þessum forsendum? Hvernig stendur á því að mál af þessum toga kemur eiginlega fyrir þingið? Hvað tryggir það að þetta sé eina og besta leiðin til þess að tryggja hátæknistörf á Íslandi, störf í lyfjaiðnaði? Ætla menn að halda því fram með rökum að ekki megi byggja upp aðrar iðngreinar, ekki síður og ódýrar en með því að leggja um það bil 90–100 millj. undir á hvert starf sem hugsanlega verður til?

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum og þarfnast ítarlegrar rannsóknar hvernig á því standi að mál af þessum toga skuli koma fyrir þjóðþingið. Hér hafa menn leyft sér að bera þessa hugsanlegu ábyrgð saman við þá ábyrgð sem gengist var í vegna samgangna við Ísland fyrir Flugleiðir og fleiri fyrirtæki. Þar var áhættumatið metið upp á nýtt af alþjóðatryggingafyrirtækjum sem mátu það svo að hækka yrði tryggingariðgjöldin. Við þekkjum þó flugheiminn, flugiðnaðinn. Við vitum þar að hverju við göngum. Það er mat okkar varðandi samantekin ráð alþjóðlegra tryggingafyrirtækja um að hækka áhættumatið sem hækkar tryggingariðgjöldin að það sé verjandi að leggjast í þá ábyrgð, enda eru samgöngur lífsnauðsyn fyrir þessa þjóð.

Á sama hátt verður manni á að bera þetta saman við virkjanir sem hugsanlega fá ríkisábyrgð og þær ábyrgðir sem þar liggja að baki. Við vitum þó hvað þar er um að ræða. Við vitum að ríkisvaldið eða opinberir aðilar eiga þau fyrirtæki eða virkjanir sem á að leggja í. Við þekkjum þann rekstur. Við vitum hverjir eru í stjórn. Ég veit ekki einu sinni hverjir eru í stjórn deCODE. Ég hef ekki hugmynd um það og ég segi það alveg eins er. Ég leitaði að því á netinu en fann það ekki. Það getur vel verið að það stafi af vankunnáttu minni í því að leita á netinu. Ég skal ekki útiloka það. En ég fann það ekki. Það er ekki langt síðan við lásum í fjölmiðlum uppi á Íslandi að menn sem hafa setið í stjórnum sem íslensk fyrirtæki hafa átt í hafa lýst því yfir að þar hafi menn eytt peningum á báðar hendur. Gott var ef menn líktu því ekki við drukkna sjómenn þó að þeir hefðu aldrei farið með fé á þann hátt sem þá var gert.

Við erum að gangast í ábyrgð fyrir fólk sem við vitum ekki einu sinni hvert er. Við höfum ekki hugmynd um það. Nei, virðulegi forseti, það er alveg makalaust að nokkrum skuli detta í hug að koma með mál af þessum toga inn í þingið. Auðvitað vilja allir þessu fyrirtæki vel og auðvitað

vilja allir að þetta gangi upp. En er það hlutverk ríkissjóðs að gangast í ábyrgð fyrir það? Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal sem hefur sagt hér á þingi að nær væri að bjóða þessa áhættu út, bjóða þessa ríkisábyrgð út og taka þá boði þess sem mest býður fyrir ábyrgðina. Einhver getur kannski boðið 500 störf fyrir þessa ábyrgð, jafnvel hálaunastörf. Það hefur ekki verið látið á það reyna.

Aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar byggja flestar á því að finna patentlausnina. Ef það er ekki álver þá er það einhver önnur patentlausn sem á að koma fram. Að ætla að byggja upp 200 störf með því að gangast í ábyrgð fyrir um það bil 100 millj. á hvert starf hlýtur að vera eitthvað sem menn þurfa að hugsa sig vandlega um hvort gangi upp.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það er líka með ólíkindum hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur komist upp með það á hátíðarstundum, að skreyta sig með því að hún sé fyrir almennar aðgerðir. Í sögu lýðveldisins hefur ríkissjóður aldrei verið í eins ábyrgðum og nú, aldrei nokkurn tíma. Í sögu lýðveldisins hefur sennilega aldrei verið gengið í jafnsértæka aðgerð og nú er ætlunin. Þá er ekki síður vert að minnast á það að á undanförnum sex árum, árunum 1996–2002, hafa ríkisútgjöld tvöfaldast. Samt gefur þessi ríkisstjórn sig út fyrir að vera meira fyrir almennar aðgerðir en sértækar og hún gefur sig út fyrir að vera meira fyrir að draga úr ríkisútgjöldum en hitt. Þetta eru hins vegar staðreyndir lífsins.

Þeir reyna jafnvel ekki einu sinni að rökstyðja málið, gera enga tilraun til þess, ekki nokkra, og ætlast til þess að almennir alþingismenn, eins og sá sem hér stendur og fleiri sem litla sem enga þekkingu hafa á lyfjaiðnaði, taki afstöðu til þessa máls á þessum forsendum. Það er alveg makalaust.

Virðulegi forseti. Ég met það svo að ég held að líkurnar á því að þetta gangi upp væru ekki síðri ef við færum með þetta fjármagn til Vegas og legðum þar bara undir 20 milljarða á rautt. Ég held að það væru ekki síðri möguleikar þar. Það er þó alla vega til eitthvað sem heitir rautt og svart. Í því tilviki sem hér um ræðir, og kemur það fram í greinargerðinni, má búast við því að á bak við eitt lyf sem verður til hafi menn hætt við tilraunir með 10 þúsund efnasambönd. Þetta kemur fram í þessari greinargerð, þ.e. að á bak við hvert eitt lyf sem fer í klíníska meðferð hafi 10 þúsund tilraunir með efnasambönd fallið í valinn.

Það að koma einu lyfi á markað, frá því að lagt er af stað og þangað til það er komið á markað, kostar að meðaltali 50–80 milljarða. Menn hafa farið yfir það í morgun hver eiginfjárstaða fyrirtækisins er og í hve langan tíma það getur rekið sig án frekari aðstoðar. Samt koma menn upp og leggja það til við hv. þm. án þess að blikna að þetta skuli gert.

Finnst engum í þessum þingsal að hv. þm. eigi kröfu á því að reynt sé á einhvern hátt með einhverri röksemdafærslu að réttlæta það að farið sé út í þessar aðgerðir? Ég geri mér alveg fyllilega grein fyrir því að tímabundið muni þetta sjálfsagt styrkja gengið, þ.e. menn vænta þess að frekara flæði gjaldeyris verði til landsins. En hvað ætla menn að gera ef ábyrgðin fellur? Þá skilar þetta sér án efa margfalt í að veikja gengið. Hvar ætla menn þá að skera niður? Ætla menn að skera niður sjúkrahús og heilsugæslu á landsbyggðinni? Er það lausnin? Síðan hvenær varð það hlutverk ríkisins að stunda fjárhættuspil? Síðan hvenær fengu hæstv. ráðherrar og meiri hlutinn hér heimildir til þess að stunda fjárhættuspil með ríkissjóð?

Nei, virðulegi forseti. Enginn þarf að velkjast í vafa um afstöðu mína til þessa máls. Ég hef megnustu andstyggð á því og finnst með hreinum ólíkindum að þetta skuli koma inn á hið háa Alþingi. Ég segi það alveg eins og er að ég held að það þurfi rannsóknar við hvernig á því standi að hugmyndir af þessum toga skuli reka á fjörur Alþingis.

Í umræðunni hafa menn farið vítt og breitt yfir þessa hugmynd sem er í sjálfu sér einföld. Hugmyndin er skýr. Hins vegar er röksemdafærslan á bak við hana, þ.e. það sem réttlætir að þingið ráðist í þessa ábyrgð, engin, ekki nokkur.

Menn gera sér vitaskuld fyllilega grein fyrir þeim aðstöðumun sem skapast milli fyrirtækja innan þessarar greinar, milli fyrirtækja sem þurfa að taka lán, milli vaxtakostnaðar hjá þeim fyrirtækjum sem þurfa að taka þessi lán og samkeppnisskekkju sem kemur eðlilega inn í markaðinn. Svona sértækar aðgerðir eru fyrst og fremst að mínu mati til þess fallnar að tefja fyrir því að markaðurinn nái að rétta sig af, að markaðurinn nái að tryggja bætta stjórn hjá fyrirtækjum, að menn leiti eftir bestu fjármögnun og tryggi sem mesta arðsemi vegna þess að inngrip af þessum toga skekkir alltaf þessa hluti. Þess vegna hafa menn frekar sóst eftir almennum aðgerðum en sértækum. Dómur um hugmyndafræði hinna sértæku aðgerða er í raun og veru löngu fallin. Við sjáum á sögunni hvernig fjármagnið hefur farið þar sem gripið var inn í með sértækum aðgerðum. Við getum nefnt mörg dæmi sem menn hafa nefnt í morgun, hvort heldur í landbúnaði eða sjávarútvegi.

Nei, virðulegi forseti. Það er með ólíkindum að við skulum standa frammi fyrir því að þurfa að taka afstöðu til þessa máls á þeim forsendum sem hér er lagt upp með.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, að það væri ólíkt áhættuminna að mínu mati að ríkissjóður gæfi þá út skuldabréf í stað þess að gera þetta með þeim hætti sem hér er ætlunin að gera. Hin einfalda ábyrgð felur í sér að þegar hún fellur — ef hún fellur og þegar hún fellur — fellur hún öll í einu, með vaxtakostnaði, innheimtukostnaði og öllu vegna þess að hún fellur ekki á ríkissjóð fyrr en það verður búið að ganga að fyrirtækinu og kanna til hlítar hvort þar séu einhverjar eignir sem geta gengið upp í kröfur. Ég met það svo að menn verði búnir að gjaldfella bréfin og ég ætla ekki að reyna að reikna út hvaða fjárhæðum við stöndum þá frammi fyrir eða gætum staðið frammi fyrir þegar vaxtakostnaður, dráttarvaxtakostnaður og innheimtukostnaður og allt sem á hana er fallið er komið upp.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að það sé miklu skynsamlegra og minni áhætta sem fælist í því að ríkið gæfi einfaldlega út bréf í dollurum og lánaði fyrirtækinu. Þá gætum við a.m.k. fylgst með því hvenær afborganir færu fram og við gætum þá stjórnað því miklu frekar hvernig áhættunni væri dreift. Ég átta mig ekki alveg á hugmynd hv. þm. Péturs H. Blöndals í brtt. Hann hefur haldið ræður um að hann sé andvígur þeirri einföldu ábyrgð sem hér er ætlunin að gangast í en samt er hún inni í hugmyndum hans. En hann bætir reyndar við: „eða kaupa slík skuldabréf“ sem ég skil eins og ég lagði upp með áðan.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að ákvörðun um að fara þessa leið er tekin á fundi sem ekki margir hafa komið að. Að þessari hugmynd hafi skolað inn á þing er alveg með eindæmum, a.m.k. miðað við það stjórnarfar sem við teljum í umræðum á hátíðarstundum og tyllidögum að hér sé, lýðræði, og hér taki menn afstöðu á grundvelli samvisku sinnar og hugmynda um það hvað hentar samfélaginu best.

Í raun og veru getur maður fátt sagt í þessari umræðu annað en það að maður vonar það besta. Maður vonar að þetta fjárhættuspil gangi upp. Ég vona að við stöndum ekki frammi fyrir því eftir einhvern tíma að greiða 30, 40, 50 milljarða á einu bretti ef þetta gengur ekki upp. Við fáum hins vegar svörin fyrr en reiknað er með í þessu frv. Bréfin eru til sjö ára en við fáum sennilega svörin fyrr við því hvort fyrirtækinu takist ætlunarverk sitt.

Ég vil segja að lokum, virðulegi forseti, að ég mun greiða atkvæði gegn þessu. Ég er mjög undrandi á því að hugmyndir á borð við þessa skuli reka á fjörur þingsins. Ég er mjög ósáttur við það að hv. þingmenn þurfi að taka afstöðu til þessa máls á grundvelli þeirra gagna sem hér liggja fyrir. Meira að segja Seðlabanki Íslands treystir sér ekki til að meta áhættuna af þessu fyrirtæki þó að hv. þm. í meiri hluta efh.- og viðskn. treysti sér til þess. Þeir sem treysta sér til að meta áhættuna leggjast allir gegn því að þessi leið verði farin. Ég get í sjálfu sér ekki sagt annað, virðulegi forseti, en að ég vona að það fjárhættuspil sem ríkisstjórnin ætlar að fara út í verði ekki til þess að skaða almannaþjónustu í landinu.

[14:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessari umræðu höfum við fengið að hlýða á framsögumenn nál. efh.- og viðskn. og hefur hinn almenni þingmaður að sjálfsögðu orðið margs vísari við þá yfirferð.

Herra forseti. Við stöndum hér og ræðum það gífurlega stóra mál sem liggur fyrir, heimild til fjmrh. um að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar upp á 20 milljarða íslenskra króna, og allt og sumt sem meiri hluti efh.- og viðskn. sér ástæðu til að fóðra okkur, almenna þingmenn, með í þeirri umræðu er blaðsnepill sem hefur ekki að geyma neinar upplýsingar um þær umræður sem fram fóru í nefndinni. Þá segi ég, herra forseti: Guði sé lof fyrir að það skuli vera minni hluti til á Alþingi Íslendinga því að nál. 1. og 2. minni hluta hafa auðvitað að geyma upplýsingar sem hv. þm. þurfa að hafa aðgang að til að geta átt möguleika á því að gera upp hug sinn í þessu máli.

Auðvitað hefur verið þörf fyrir það, herra forseti, að þingmenn geri upp hug sinn í málinu. Auðvitað getur hæstv. ríkisstjórn ekki leitt þingmenn stjórnarflokkanna inn á þá braut að samþykkja blindandi mál af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Þá finnst mér það mikill ábyrgðarhluti hjá meiri hluta efh.- og viðskn. að láta þingmenn ekki hafa meira kjöt á beinin en raun ber vitni í því snautlega nál. sem við höfum fengið. Og þó að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi stært sig af því í ræðustóli að hann hafi haldið þá lengstu ræðu sem hann trúlega hefur haldið frá því að hann settist á Alþingi gef ég lítið fyrir það, herra forseti, því að auðvitað var heldur ekkert að hafa upp úr þingmanninum í ræðu hans varðandi bakgrunnsupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir þingmenn til að gera upp hug sinn í þessu máli.

Auðvitað verður það að segjast eins og er, herra forseti, að almennir þingmenn sem ekki sitja í nefndinni fengu í raun ekki að taka þátt í þeim málfundum sem nefndin sá ástæðu til að halda um þetta mál.

Það hvernig þetta mál ber að, herra forseti, og hvernig afgreiðslu þess er hraðað gerir það að verkum að það er mjög torvelt og erfitt, óhægt um vik, fyrir þingmenn að skoða málið ofan í kjölinn og kynnast þar öllum hnútum þannig að hægt sé að segja að menn taki upplýstar ákvarðanir og afstöðu sem byggð er á faglegum upplýsingum um málið. Það ber t.d. að skoða þegar Seðlabankinn sem fjallar um málið segir að það sé engin leið að vinna til hlítar á svo skömmum tíma álit sem gæti gefið okkur innsýn í málið í heild sinni. Fyrst Seðlabankinn treystir sér ekki til að gera það á þeim tíma sem efh.- og viðskn. eða ríkisstjórnin ætlar honum, hvernig má þá ætlast til þess að hv. alþm. geti gert upp hug sinn og skoðað málið til hlítar þannig að þeir telji sig hafa þær upplýsingar og þær forsendur sem nauðsynlegar eru til að þeir hafi skoðun á málinu og geti sagt af eða á hvort þeir styðji það?

Herra forseti. Já, málið er mikið að vöxtum og það er í mörg horn að líta. Svo sannarlega er ekki einfalt fyrir þingmenn sem eru ekki þeim mun betur að sér í þeim iðnaði sem hér um ræðir að skoða þetta mál. Í minni fyrri ræðu við 1. umr. um það fjallaði ég að mestu leyti um stærð þessa verkefnis. Ég er enn við sama heygarðshornið, herra forseti. Mér finnst alveg eðlilegt að við skoðum, ef svo má kalla, vistfræðilega nálgun við þetta mál. Við 1. umr. þess leið mér eins og eldflaug hefði lent á morgunverðarborðinu mínu og sú tilfinning hefur ekki vikið við nánari skoðun. Ég held því fram, herra forseti, að hér sé mál af þeirri stærðargráðu sem gæti ef að líkum lætur verið hættulegt íslensku atvinnulífi miklu frekar en að það gæti verið aflgjafi sem gróskumikið fyrirtæki á þessu sviði.

Ég dró fram í dagsljósið söguna af fyrirtækinu Lyfjaþróun hf. sem varð til í kringum hugmyndir eins manns sem safnaði í kringum sig til að byrja með örfáum vísindamönnum sem studdu hugmyndir hans og voru tilbúnir til að starfa með honum að þeim, og hvernig það fyrirtæki smám saman stækkaði á nokkrum árum. Í dag hefur það á að skipa 33 manna starfsliði þar sem um er að ræða menntað fólk á ýmsum sviðum vísinda. Lyfjaþróun hf. hefur gert grein fyrir því á fundi með efh.- og viðskn. að verkefni þau sem fyrirtækið er að vinna að séu um það bil 4 milljarðar að stærð sem sýnir að fyrirtækið er af miklu eðlilegri stærðargráðu að mínu mati en stærðargráða þeirra verkefna sem hér um ræðir. Þar af leiðandi hefur mér þótt það verkefni passa betur inn í vistkerfi íslensks vísindasamfélags, mun betur en fyrirtækið sem ætlar að fara að flytja inn 250–300 erlenda vísindamenn til að starfa í lyfjaþróunarfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar.

Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fóru fyrir ekki margt löngu að kynna sér lyfjaþróun fyrirtækis sem starfar í Hafnarfirði og heitir Delta. Delta auglýsir sig í afskaplega fallegum bæklingi þar sem pilla er sett á mjög svo veikbyggðan stilk blóms. Hann er mjór og viðkvæmnislegur en slagorðið er: Mikils vísir. Þannig hefur það orðtak verið gott og gilt í íslensku máli að mjór sé mikils vísir og ég vil lýsa því yfir, herra forseti, að á Íslandi höfum við borið gæfu til að sjá nokkuð mörg fyrirtæki verða til í þeim geira. Þau eru mjó, en þau eru mikils vísir. Mér finnst skipta verulegu máli fyrir ríkisstjórn Íslendinga og Alþingi Íslendinga að standa vörð um slík fyrirtæki, standa við bakið á þeim fyrirtækjum á öflugan hátt. Þess vegna er mér mikið í mun að settar séu reglur sem eru almennar og sem gilda um alla þá sem starfa úti á akrinum í viðkomandi iðngrein eða viðkomandi tæknigrein.

Hér er verið að hleypa fyrirtæki sem neitar sér um þann munað að vera mjótt en mikils vísir, verið er að hleypa fyrirtæki sem virðist eiga þá ósk heitasta að stökka fullskapað út úr höfði Seifs inn á markaðinn, hleypa því fram fyrir í röðinni og heimila því lántökur upp á 20 milljarða íslenskra

króna sem íslenska ríkið, íslenska þjóðin ætlar að ábyrgjast í hátækniiðnaði sem búið er að leiða í ljós í ótal ræðum og greinum í blöðum og viðtölum síðustu daga að er einn allra áhættusamasti iðnaður sem hægt er að fara út í. Mér finnst ríkisstjórnin ekki hafa gefið okkur sem hér sitjum nægilega skýringu á því hvers vegna hún kýs að hleypa þessum stóru hugmyndum Íslenskrar erfðagreiningar fram fyrir í röðinni, fram fyrir þau íslensku fyrirtæki sem eru til staðar nú þegar og eru að reyna að byggja sig upp, stolt af því að vera mjó en mikils vísir.

Ég lýsi því yfir, herra forseti, að stærðargráðan sem hér er um fjallað fer út úr öllu korti alveg á nákvæmlega sama hátt og 460 þús. tonna álverksmiðja á Reyðarfirði sem við ræddum fyrir skemmstu fór út úr öllu korti. Hvers vegna er íslensku ríkisstjórninni fyrirmunað að sjá sjálfa sig í réttu samhengi við það samfélag sem hún á að stýra? Mér er það alveg óskiljanlegt, herra forseti, og ég hvet ríkisstjórnina til að skoða þessi mál í nýju ljósi og í betra samhengi við þann atvinnumarkað og það samfélag sem byggir landið.

Ríkisstjórnin vill styrkja hátækniiðnað, gott og vel. En ég vil halda því fram, herra forseti, að af því leiði ekki endilega að ríkisstjórnin sé nauðbeygð til þess að veita Íslenskri erfðagreiningu styrk til þess að Íslensk erfðagreining geti stundað þau viðskipti sem það fyrirtæki kýs. Ég teldi miklu eðlilegra að ríkisstjórnin kæmi að málum með samkeppnissjónarmiðin í huga, samkeppnissjónarmiðin sem ríkisstjórnin lýsti í frumvörpum þeim sem Alþingi hafði til umfjöllunar fyrir skemmstu og vörðuðu nýtt landslag, nýtt umhverfi fyrir stuðning við vísinda- og rannsóknarstarfsemi á Íslandi. Þar var ekki talað á þeim nótum sem ríkisstjórnin talar nú. Þar var þvert á móti talað á þeim nótum að samkeppni um styrki ætti að ríkja. Vísinda- og tæknistefna íslensku ríkisstjórnarinnar byggði á því. Hvar er sú stefna núna? Henni er ekki hægt að finna stað í því frv. sem við ræðum nú. Hvar eru orðin um það að sá hæfasti ætti að eiga mesta möguleika á að fá stærsta styrkinn? Af hverju gilda þau ekki núna? Er ekki eðlilegt að spurt sé svo? Og er þá ekki eðlilegt, herra forseti, að ríkisstjórnin sé krafin svara? Hvað hefur breyst frá því að þrír hæstv. ráðherrar töluðu fyrir vísinda- og tæknistefnu íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir örfáum vikum? Af hverju á nú að hleypa einu fyrirtæki fram fyrir í röðinni og hleypa þeim í svo feitt hnoss sem hér um ræðir?

Herra forseti. Ég segi: Gott og vel. Ef ríkisstjórnin vill styðja líftækniiðnað, þá er rétt að gera það á einhverjum skynsamlegum forsendum þar sem settar eru almennar reglur. Einnig er nauðsynlegt að skoða yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar varðandi það að draga eða fá hingað til lands hámenntað fólk, íslenskt eða af erlendu bergi brotið. Það eru vissulega sjónarmið sem eiga fullan rétt á sér og eru fullkomlega skiljanleg. En þá held ég að einnig sé eðlilegt, herra forseti, að við spyrjum: Þola þeir aðilar sem eru á markaðnum í dag þann vöxt sem hér um ræðir? Þola smærri fyrirtækin það að fá inn nýtt fyrirtæki í lyfjaþróun sem hefur á að skipa 250–300 starfsmönnum í þeirri grein? Hverju erum við að hætta í þessum efnum, herra forseti? Er ekki líklegt að smærri fyrirtækin lendi í þeim vandræðum að stóra fyrirtækið sogi til sín hæfa starfsmenn frá smærri fyrirtækjunum? Erum við þá með þessu að setja smærri fyrirtækjunum, sem eru á markaðnum í dag og eru búin að leggja allt sitt í sölurnar til að byggja sig upp, stólinn fyrir dyrnar og veikja þau svo að við séum mögulega að eyðileggja framtíð þeirra? Er það sanngjarnt, herra forseti, að lággróðurinn deyi af því að ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að styrkja risaplöntu? Herra forseti. Slík planta gæti orðið mannætuplanta sem étur hámenntað starfsfólk sem starfar nú þegar og unir vel við sitt hjá smærri fyrirtækjum í líftækniiðnaði og ríkisstjórnin væri þar af leiðandi að gera rangt gagnvart því fólki sem sýnt hefur frumkvæði í þessum málum, gagnvart því fólki sem sýnt hefur áræðni og er ákveðið að byggja upp fyrirtæki sín hér á landi, fyrirtæki sem bjóða upp á störf fyrir hámenntað fólk, fyrirtæki sem hafa ákveðið að keyra fyrir eigin vélarafli sem byggir á hugmyndaauðgi og mannauði þeirra sem veljast til starfa í þeim fyrirtækjum.

Ég sakna þess, herra forseti, að það starfsfólk sem væntanlega ætlar sér að starfa hjá risafyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu sé svolítið dregið fram í dagsljósið. Eitt af því sem mér finnst að það fólk ætti að tjá sig um í fjölmiðlum núna er sú staðreynd sem BHM hefur dregið fram í dagsljósið hér og gerð var grein fyrir á fundi með efh.- og viðskn. þar sem fram kom að Íslensk erfðagreining ehf. hefur alfarið neitað að gera kjarasamninga við Félag ísl. náttúrufræðinga. Ég krefst þess, herra forseti, að þegar samfélagið stendur frammi fyrir þeim spurningum sem hér er hreyft við komi starfsfólkið út af skrifstofum sínum og sýni sig og ræði þessi mál málefnalega við okkur. Ég spyr: Er það ásættanlegt að þetta stórfyrirtæki sem ríkisstjórnin hyggst nú styrkja á þann hátt sem hér um ræðir neiti að gera eðlilega félagslega kjarasamninga við stéttarfélag, stéttarfélag þess fólks sem starfar hjá því? Mér þykir þetta fullkomlega óeðlilegt, herra forseti. Mér þykir þetta mjög alvarlegt og ég verð að segja að einhverri tilfinningu innra með mér er misboðið hvað þetta varðar. Ég vildi fá að vita hversu margt fólk það er sem þarna starfar eða sem gert er ráð fyrir að starfi hjá hinu nýja fyrirtæki og sem á ekki að gera kjarasamninga fyrir. Ég mundi vilja fá þá umræðu betur fram í dagsljósið. Ég held að hv. alþm. þurfi að ræða þau mál betur ofan í kjölinn og gera sér fulla grein fyrir því í hvað stefnir hér. Er þetta atvinnustefna sem við Íslendingar erum stoltir af að reka? Ég segi nei.

Herra forseti. Annað sem vekur manni óhug er auðvitað það að ekki liggur fyrir neitt óháð mat á þessum hugmyndum og þau fyrirtæki sem dregin eru fram í dagsljósið og sagt er að séu búin að leggja mat á viðskiptahugmyndina virðast öll meira eða minna tengd Íslenskri erfðagreiningu og eru þar nefnd til sögunnar fyrirtæki eins og Morgan Stanley og a.m.k. einhver tvö önnur sem munu hafa komið að sölu bréfa í deCODE, þ.e. fyrirtækin Lehman Brothers og Robertson Stephens. Þessi þrjú fyrirtæki sem nefnd hafa verið til sögunnar, alþjóðleg fjármálafyrirtæki, munu vera öll svo tengd deCODE að ekki mun vera hægt að fallast á, herra forseti, að það sé óháð mat sem þau fyrirtæki leggja fram, alls ekki. Það hlýtur að vera eðlilegt eins og kallað hefur verið eftir í efh.- og viðskn. að þingmönnum gefist kostur á að fá til kvadda matsaðila sem ekki er hægt að rekja með neinum hætti til fyrirtækjanna deCODE og Íslenskrar erfðagreiningar eða MediChem Life Sciences. Ég verð því að segja, herra forseti, að sá búningur sem ríkisstjórnin hefur búið þessu máli er ekki nægilega traustvekjandi. Ég skil ekki hvernig forsvarsmenn ríkisstjórnar Íslands leyfa sér að fara fram með þennan skjöld fyrir framan sig allan í blettum.

Herra forseti. Ég verð að segja að mér líður ekki betur yfir þessu máli en hinu stórmálinu sem við ræddum fyrir nokkrum vikum og ég nefndi áðan, álver í Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjun. Það er komið svo að þetta mál hefur

fengið viðurnefnið Kárahnjúkar syðri. Ég mundi vilja segja jafnvel Kárahnjúkar hinir síðri því að ég verð að segja að það sjónarspil allt saman sem hér er á borðum þingmanna er ekki ásættanlegt.

Herra forseti. Eitt af því sem komið hefur til umræðu, bæði í þessum sal núna í þessari umræðu og sömuleiðis í fjölmiðlum undanfarna daga, er árangur fyrirtækjanna sem hér um ræðir í sínu starfi. Hver hefur árangur Íslenskrar erfðagreiningar verið af því vísindastarfi sem þar hefur farið fram hingað til? Er ekki rétt að við leggjum einhvers konar mat á þann árangur sem á að vera að baki þessu nýja fyrirtæki?

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að komið hafa tvær nýjar athyglisverðar greinar sem þingmenn hafa haft tök á að kynna sér í fjölmiðlum síðustu daga. Ég vil nefna sérstaklega til sögunnar grein sem birtist í Vísbendingu þann 12. apríl sl. Sú grein er skrifuð af Benedikt Jóhannessyni, sem er ábyrgðarmaður Vísbendingar, og ber yfirskriftina Í skjóli ríkisins. Greinin varpar fram spurningum sem ég held að full ástæða sé til að staldra við, herra forseti. Þar er getið um að skoðanir um þetta mál séu afar skiptar og ágæti ákvörðunarinnar sé umdeilt. Þar er getið um að sumir sjái gull og græna skóga fram undan á meðan aðrir sjái ekkert minna en efnahagslegt stórslys. Það er því alveg ljóst að fagmenn sem hafa reynt eftir fremsta megni að greina áhættuna í þessari hugmynd og brjóta hugmyndina til mergjar út frá sínum faglegu forsendum eru ekki á eitt sáttir. Sumir sjá gull og græna skóga og aðrir efnahagslegt stórslys.

Herra forseti. Hin greinin sem ég vildi gjarnan nefna til sögunnar og veltir upp ýmsum spurningunm varðandi þetta mál birtist í Viðskiptablaðinu. Það er Viðskiptablaðið vikuna 17.–23. apríl 2002 og sú grein ber yfirskriftina Sértækar aðgerðir fyrir sérstakt fyrirtæki. Þar er t.d. vakin athygli á því, herra forseti, að frá upphafi hafi innkoma Íslenskrar erfðagreiningar í íslenskt efnahagslíf kallað á sértækar aðgerðir. Það er dálítið athyglisvert, herra forseti, að þegar gagnagrunnur á heilbrigðissviði var ákveðinn í sölum Alþingis á sínum tíma var ákveðið að sá gagnagrunnur heyrði ekki undir lög um persónuvernd. Það voru sértækar aðgerðir sem nauðsynlegar voru til þess að Íslensk erfðagreining gæti talið sig hafa einhvern hag af því að reka gagnagrunn á heilbrigðissviði. Hvað er svo að koma fram í þessari umræðu núna, herra forseti? Jú, það er að koma í ljós um einkaleyfisgjaldið sem hæstv. forsrh. litaði ekki svo lítið sterkum litum þegar ákveðið var að Íslensk erfðagreining skyldi greiða, ég man nú ekki hvað gjaldið var mikið sem hún átti að greiða fyrir einkaleyfi fyrir gagnagrunninn, að það hefur ekki komið ein króna fyrir það. Hvenær voru lögin um íslenskan gagnagrunn samþykkt? Var það ekki vorið 1998 eða 1999? Hvers vegna er ekki farið að koma inn neitt einkaleyfisgjald til íslenska ríkisins fyrir það allt saman?

Nei, herra forseti. Ótal spurningar vakna í þessari umræðu. Gagnrýnin er hörð. Hún er í raun mun harðari frá viðskiptalífinu en frá stjórnmálaflokkunum. Viðskiptalífið hefur nánast lokið upp einum munni. Það hafa reyndar ungliðahreyfingar í stjórnmálaflokkum, eins og Sjálfstfl., líka gert og stjórnmálaflokkur eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talað í þessu máli með samhljómi og Frjálslyndi flokkurinn hefur reyndar gert það líka. Nú er svo komið að hv. þm. Frjálslynda flokksins, Sverrir Hermannsson, kallar ríkisstjórnina ekki lengur ríkisstjórn Íslands heldur ráðstjórn Íslands. Það segir sitt, herra forseti, að svo skuli nú komið.

Það er ekkert óeðlilegt að því sé haldið fram, herra forseti, að þeir sem nú halda utan um hugsjónir Sjálfstfl. hafi brugðist hugsjónum ungra sjálfstæðismanna og kannski hugsjónum þeirra eldri líka. Það er athyglisvert, herra forseti, að efasemdarmennirnir um þessi áform eru margir og ekki hvað síst úr atvinnulífinu og þær pólitísku þjáningar sem Viðskiptablaðið veltir upp í grein sinni um sértækar aðgerðir fyrir sérstakt fyrirtæki eru athyglisverðar. Það er athyglisvert að fylgjast með skrifum blaðsins um þær pólitísku þjáningar sem Sjálfstfl. er að ganga í gegnum í þessum efnum. Manni finnst því, herra forseti, skjóta mjög skökku við að þingmenn Sjálfstfl. á Alþingi skuli að því er virðist láta leiða sig inn í það far sem hæstv. forsrh. hefur nú markað fyrir þetta mál. Þó að hæstv. fjmrh. dragi vagninn finnst manni eins og menn séu orðnir æðileiðitamir og að hér vanti sjálfstæða hugsun. Ég hefði óskað að þetta mál allt hefði fengið miklu betri og faglegri umfjöllun hér í þinginu og að okkur hefði gefist miklu meira svigrúm til þess að skoða það betur. Ég verð að segja, herra forseti, að þær ásakanir og spurningar sem varpað hefur verið fram í fjölmiðlum síðustu daga eru þess eðlis að ekki er hægt að sættast á það að Alþingi afgreiði þetta mál án þess að skoða það betur.

Ég var að tala um árangur Íslenskrar erfðagreiningar í vísindum, herra forseti. Sá árangur er notaður í frv. ríkisstjórnarinnar til þess að réttlæta þessa ríkisábyrgð. Enn þá liggur ekkert fyrir um að árangurinn sé yfir höfuð nokkur. Það hefur komið fram meira að segja í vísindagreinum sem þingmönnum hafa verið að berast upp á síðkastið að lyfjaþróun af því tagi sem Íslensk erfðagreining virðist ætla að fara út í sé á undanhaldi. Það sýnir t.d. gengi bréfa á markaði í fyrirtækjum sem starfa að lyfjaþróun á sömu nótum. Við alþingismenn erum hræddir um að nýjar aðferðir séu að ryðja sér til rúms, aðferðir sem byggi á próteinrannsóknum. Við fáum um það vísbendingar að hér sé kannski um að ræða aðferðir sem verði sé að snúa baki við og kannski alls ekki nýjasta nýtt eins og skilja hefur mátt á máli hæstvirtra ráðherra sem tjáð hafa sig í þessu máli.

Herra forseti. Ein þeirra spurninga sem hafa verið mönnum hugleiknar en ekki hefur fengist í sjálfu sér neitt svar við er þessi spurning, hvað gerist þegar 20 milljarðarnir eru búnir? Getur verið að sú aðgerð að veita þessa ríkisábyrgð sé einungis gálgafrestur fyrir fyrirtækið Íslenska erfðagreiningu sem hefur átt erfitt uppdráttar vegna þess að það hefur ekki getað sýnt fram á vísindalegan árangur? Er bara verið að lengja í einhvers konar hengingaról og er ástæða til að óttast það sem maður heyrir í almennri umræðu úti í samfélaginu, að fyrirtækið geti ekki lifað að öllum líkindum miklu lengur en einhver sex, sjö eða kannski átta ár að því gefnu að þessi ríkisábyrgð komi til, jafnvel enn þá skemur ef ríkisábyrgðin kemur ekki til? Hvað er hæft í umræðu af þessu tagi? Hún hefur verið að skjóta upp kollinum bæði í fjölmiðlum og í máli manna úti í samfélaginu.

Herra forseti. Margt bendir til þess að hér séu ónógar upplýsingar og að hér sé ekki gefið eðlilegt svigrúm fyrir umræðuna svo hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir.

Herra forseti. Af því að ég var að vitna í grein Vísbendingar áðan, Í skjóli ríkisins, þá er athyglisvert að þegar fjallað er um árangur fyrirtækisins deCODE og Íslenskrar erfðagreiningar, er talað um að markaðsvirði fyrirtækisins sé orðið svo lítið að það sé minna en $^{1}/_{10}$ af því sem það var þegar væntingarnar til fyrirtækisins voru hvað mestar.

Alkunna er að verðmæti og verðgildi fyrirtækja fer eftir væntingum þeim sem bornar eru til þeirra þannig að það er ekkert skrýtið þó að fólki sem keypt hefur hlutabréf í fyrirtækinu, ég tala nú ekki um þegar gengi þess var hvað hæst, finnist að það hafi verið svikið og spyrji um drauminn sinn, hvar hann sé nú staddur.

Herra forseti. Í grein Vísbendingar segir, með leyfi forseta:

„Yfirlýsingar í sambandi við deCODE á Íslandi minna mikið á hugmyndir að öðrum efnahagsævintýrum á Íslandi, ekki hvað síst á fiskeldið. Fljótt á litið eru líkur á góðum árangri deCODE mun minni en líkur voru á góðum árangri fiskeldisins. Fiskeldisævintýrið kostaði ríkið rúmlega 10 milljarða, en nú er ljóst að deCODE-ævintýrið gæti kostað ríkið a.m.k. 20 milljarða sem nemur 70 þús. kr. á hvert mannsbarn á Íslandi."

Herra forseti. Finnst ríkisstjórninni ekki alveg eðlilegt að almenningur spyrji þeirra spurninga sem verið er að spyrja úti í samfélaginu? Það var ekki þægilegt fyrir þjóðina að kyngja fiskeldisævintýrinu. Það verður enn þá minna þægilegt fyrir þjóðina að kyngja deCODE-ævintýrinu og ríkisstjórn Íslands hefur ekki sannfært þjóðina um að hún sé að veðja hér á öruggan hest. Það er langt í frá.

Herra forseti. Á seinustu mánuðum hafa borist frá hinum stóra heimi greinar sem fjalla um allar þær væntingar og vonir sem byggðar voru og byggðar hafa verið á þessu einkennilega hjónabandi líffræðinnar og tölvunnar, erfðafræðinnar og tölvutækninnar. Sannleikurinn er auðvitað sá að farnar eru að renna tvær grímur á menn og maður rekst á það oftar en ekki að talið er að þessi aðferð við tengingu á milli erfðatækninnar og tölvutækninnar sé að springa. Um þetta hafa borist til þingmanna, veit ég, greinar sem gera það að verkum að efasemdarmönnum fjölgar og það er eðlilegt að alþingismenn séu orðnir órólegir undir þessum umræðum öllum.

Herra forseti. Hinar sértæku aðgerðir sem Íslensk erfðagreining hefur fengið hjá ríkisstjórninni oftar en ekki fela það sér núna að lög um ríkisábyrgðir verða gerð óvirk. Þannig á t.d. ekki að fara fram mat á greiðsluhæfi skuldarans. Það á ekki að fara fram mat á afskriftaþörfinni né heldur mat á tryggingum sem verða lagðar fram eða yrðu lagðar fram vegna ábyrgðarinnar. Kannski á ekki að leggja fram neinar. Það á ekki að fara fram mat á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði. Eina grein laganna um ríkisábyrgðir sem á að vera virk er 5. gr. Ég verð að segja, herra forseti, að ákvörðun af þessu tagi verður ekki til þess að auka traust á þessum hugmyndum þannig að hér er enn frekari ástæða fyrir fólk að sýna þessu ráðabruggi og þessum áformum tortryggni. Ég ítreka það sem mína skoðun í þessu máli, herra forseti, að úr því að við getum ekki fundið þessari hugmynd almennar reglur og almennan búning held ég að hér sé um hálfgert feigðarflan að ræða.

Herra forseti. Ein tillaga sem ég ætla að hreyfa í lok máls míns tengist vísinda- og tæknistefnu ríkisstjórnarinnar. En eins og ég gat um fyrr hefur það komið fram í máli ríkisstjórnarinnar eða hæstv. ráðherra að þeir vilji hafa öflugar vísindarannsóknir, í orði kveðnu í öllu falli. Í því sambandi vil ég hreyfa hugmynd sem var hreyft á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands fyrir skemmstu. Þar var komið fram með tillögu sem ég vil gera að minni, þ.e. að ef ríkisstjórnin tæki 20 milljarðana sem hér er verið að tala um að ganga í ábyrgð fyrir og legði þá inn á öflugan bankareikning, setti á góða vexti þá mundu þeir að öllum líkindum getað ávaxtað sig um um það bil 2 milljarða á ári. En 2 milljarðar, herra forseti, er einmitt sú upphæð sem vísinda- og tæknisamfélagið teldi eðlilegt að veitt yrði af opinberu fé til vísindarannsókna á ári. Um þessar mundir er ríkið að veita um það bil 500 millj. til þessa málaflokks, til vísinda- og tæknirannsókna í landinu, en sá málaflokkur hefur, eins og við öll vitum í þessum sal, verið sveltur og umsóknir sem borist hafa til Vísindasjóðs hafa verið langt umfram það fjármagn sem Vísindasjóður hefur haft til ráðstöfunar. Í stað þess að fara út á þá braut sem ríkisstjórnin er að leggja til þá hvet ég hana til þess að leggja 20 milljarðana inn á bankareikning, láta þá ávaxta sig þar þannig að við fáum 2 milljarða á ári í rentur af peningunum og þá getum við með góðri samvisku notað í stuðning við vísinda- og rannsóknarstarfsemi á Íslandi. Þannig gætum við verið stolt af framlagi okkar til vísinda og tækni. Þannig gætum við haldið áfram að styðja við bakið á þeim sem eru mjóir en mikils vísir. Þannig værum við að skapa skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf á vettvangi líftækni og hátækniiðnaðar en ekki á þann hátt sem ríkisstjórn Íslands hefur lagt til með því frv. sem hér er rætt.

[15:14]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þau mál sem rekur á fjörur okkar þingmanna eru af býsna misjöfnum toga og þau mál sem send eru inn á Alþingi frá hæstv. ríkisstjórn eru ýmissa tegunda. Mér er hins vegar næst að halda að málið sem við fjöllum um nú sé eitt af þeim kúnstugri sem hingað hafa borist. Ekki er eingöngu um að ræða efnisinnihald þessa frv. heldur umgjörð alla og aðdraganda, ekki síst þann veruleika að frv. kemur frá ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., ríkisstjórn sem hefur æ ofan í æ hér í þessum sal og úti í samfélaginu barið sér á brjóst fyrir að ætla að markaðsvæða samfélagið, fyrir að ætla að draga mjög verulega úr þátttöku ríkisins í atvinnulífi og viðskiptalífi öllu. Þessi ríkisstjórn fór af stað fyrir sjö árum með þau háleitu markmið, að henni fannst, að selja velflest fyrirtæki í eigu ríkisins, ríkisfyrirtæki á borð við Símann, ríkisfyrirtæki á borð við Landsbankann og Búaðarbankann.

Að vísu hefur ríkisstjórnin af öðrum ástæðum þurft að kokgleypa með öllu hin stóru áform varðandi einkavæðingu og sölu þessara stóru fyrirtækja þjóðarinnar, Símans og þjóðarbankanna. En ég átti satt að segja ekki von á því að svo hratt og mikið yrði undanhaldið að ríkisstjórnin hefði gjörsamlega kúvent, hefði gjörsamlega hrokkið yfir á hinn vænginn og væri ekki eingöngu hætt við að selja ríkisfyrirtæki, ekki eingöngu hætt við að markaðsvæða atvinnulífið heldur væri hún komin niður á hina stefnuna og ætlaði sér í stórauknum mæli að leggja fé til atvinnulífsins og taka beint eða óbeint þátt í rekstri stórfyrirtækja á vettvangi hins almenna atvinnulífs í landinu. Það er það sem hefur gerst á þeim örfáu vikum frá því að símaklúðrið og bankaklúðrið gerðu það að verkum að ríkisstjórnin gafst upp á tilraunum sínum með sölu á þessum ríkisfyrirtækjum að hún er komin alla leið yfir á vinstri vænginn, lengst yfir á vinstri vænginn og ætlar nú að fara að eiga, þó með óbeinum hætti sé, hlut í áhættusömum atvinnurekstri hér á landi, nefnilega í lyfjafyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar. — Já, lyfjafyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar, herra forseti. Það fyrirtæki hefur borið á góma í þessum sal áður og fyrr og það var í tíð þessarar sömu ríkisstjórnar þannig að kannski þarf þetta ekki að koma mér jafnmikið á óvart og ég held fram að þessi ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. gengi fram með ámóta hætti

því að þetta fyrirtæki, Íslensk erfðagreining eða deCODE, kom til tals í þessum sölum fyrir einum þremur árum og þau mál sem lutu að fyrirtækinu í þá daga fengu allítarlega umfjöllun og fleiri vikna umræðu.

Hvað var það sem var á ferðinni í þá daga, fyrir þremur árum? Þá gekk ríkisstjórnin fram með oddi og egg að tryggja að þetta fyrirtæki eitt, einsamalt og ekkert annað fengi einkarétt á öllum upplýsingum um heilsufar og sjúkdóma þeirra einstaklinga sem lifa í okkar landi og ekki eingöngu þeirra sem lifa í landinu heldur líka hinna sem þegar hafa kvatt og lagt í vegferð til annarrar strandar. Það var nefnilega lamið í gegn af hálfu þessarar ríkisstjórnar frelsisins að búinn væri til miðlægur gagnagrunnur, sá einasti í víðri veröld, sá einasti fyrr og síðar og erum við fyrsta landið sem hefur til hugar komið að leggja í slíka vegferð að hella öllum upplýsingum um heilsufar allra Íslendinga lífs og liðinna í sama pottinn og rétta veskú í „mónópólí" einu einstöku fyrirtæki góðvina til frjálsrar ráðstöfunar.

Það var nefnilega þessi sama ríkisstjórn, ríkisstjórn frelsisins, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sem gaf okkur kannski til kynna hvað fram undan væri fyrir þremur árum þótt við hefðum ekki alveg áttað okkur á því þá. Það er ekki eingöngu að þessi ríkisstjórn frelsisins ætlaði sér að rétta þessu fyrirtæki Kára Stefánssonar kroppinn okkar heldur átti hún það eftir þremur árum síðar að rétta því líka peningana okkar og nú rennur upp sá dagur. Er von að fólk spyrji: Hvað næst? Hvað er þá eftir? Spyr sá er ekki veit. Ég hef ekki hugarflug í það, enda hafði ég ekki hugarflug til þess að renna í grun að eitthvað væri eftir sem athafnamaðurinn Kári Stefánsson og hans samstarfsmenn í Íslenskri erfðagreiningu ættu eftir að sækja til íslensku þjóðarinnar. Þeir voru búnir að taka heilsufarsupplýsingarnar, helgasta rétt hvers einstaklings og fá leyfi hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutanum til að safna þeim saman og hella öllu í einn pott og nota að vild og selja að vild. Í millitíðinni hafa þeir raunar gengið skrefinu framar og gert samninga við allar helstu sjúkrastofnanir í landinu, langflestar raunar. Að vísu eru þau mál ekki alveg í höfn komin hvað varðar stóru ríkissjúkrahúsin í Reykjavík. Það er í burðarliðnum þannig að heilbrigðiskerfið er orðið nátengt þessu fyrirtæki og var ekki seinna vænna að viðskiptalífið yrði það líka og fjmrh. fengi að koma nærri þessu þannig að heilbrrn. væri ekki eitt í för í samningamakkinu við þetta stórfyrirtæki.

Herra forseti. Ég er satt að segja algerlega orðlaus þegar maður horfir á þann veruleika sem við okkur blasir. Það er kannski ekki undarlegt, herra forseti, að þingmenn stjórnarmeirihlutans beri kinnroða og séu ekkert sérstaklega áfjáðir í að tala um þessi mál á hinu háa Alþingi því að veruleikinn er sá að hér í þessum sal er ekki einn einasti þingmaður stjórnarflokkanna að undanskildum fjmrh. sem hefur setið hér frá kl. 10 í morgun og ekki sagt eitt aukatekið orð, ekki eitt einasta aukatekið orð. (Gripið fram í.) Hann hefur ekkert um málið að segja. Hann ber það ekki við að reyna að svara efnislegum fyrirspurnum sem hver ræðumaðurinn á fætur öðrum hefur lagt fram. Hann ber það ekki við að reyna að þétta málstað ríkisstjórnarinnar, reyna að skjóta einhverjum stoðum undir hann heldur situr hér hálflamaður og þegjandalegur, en situr hér þó samt sem er meira en sagt verður um aðra hv. þm.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fór í ræðu sinni mjög skilmerkilega yfir það hvers konar stórsnillingar það væru sem sætu í efh.- og viðskn. fyrir þennan stjórnarmeirihluta sem hefðu hraðlesið lyfjaheiminn í einum vettvangi á sex dögum (**Gripið fram í:** Þó að Seðlabankinn geti það ekki.) Guð almáttugur skóp jörðina á sjö dögum forðum daga. En það tók efh.- og viðskn. eingöngu sex daga að glöggva sig á því að hér væri engin hætta á ferðinni og hér væri allt eins og vera bæri.

Herra forseti. Ég ætlaði að eiga orðastað við meiri hluta efh.- og viðskn. um þessi mál og ég fer þess allra auðmjúklegast á leit við forseta að hann kalli þessa stórsnillinga, sem lesa lyfjaiðnaðinn á sex dögum, til þessa fundar þannig að þeir geti leiðbeint mér um þau völundarhús sem þessi alheimsiðnaður svo sannarlega er, þessi iðnaður sem sveiflast upp og niður, hefur þó af ýmsum ástæðum einkanlega verið á ferðinni niður á síðustu mánuðum og missirum. En stórsnillingarnir í Stjórnarráðinu, í ríkisstjórninni, í stjórnarmeirihlutanum hafa gefið sér að það muni vafalaust fara á hinn veginn á næstunni og skila landi og þjóð stórgróða þegar til lengdar lætur. (Gripið fram í.) Að vísu fær maður það ekki séð, hvorki í nefndaráliti meiri hlutans né í frv. fjmrh., að sannfæringin sé sérstaklega sterk og mikil. Og þar, eðli málsins samkvæmt, er þess vandlega gætt að fullyrða sem minnst, enda er ekkert skrifað á vegginn í þessum efnum. Ég hef ekki hitt þann mann, hvort sem hann er sérfróður á hlutabréfamarkaði hér heima eða í þjóðaumhverfi ellegar hinn almenna mann á Íslandi, sem þorir eitt aukatekið andartak að fullyrða að hér sé ekki veruleg áhætta á ferðinni fyrir þann sem þessa ábyrgð ætlar að veita.

Mætir nú til leiks hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. Alþingis. (**Gripið fram í:** Leiðtogi snillinganna.) Hann situr hér einn og hefur raunar gert það stærstan hluta þessa dags. En hann hefur setið hér aleinn. Hann þarf auðvitað enga hjálp frá meðreiðarsveinum sínum í efh.- og viðskn., hinum snillingunum sem tókst að lúslesa þennan flókna markað á eingöngu sex dögum og komast að þeirri niðurstöðu að 20 milljarða kr. ábyrgðarveiting væri áhættunnar virði og vel það. En auðvitað heyrðum við það hér í þessum sal, við sem fylgdumst með í morgun og þeir aðrir sem áttu þess kost að fylgjast með sjónvarpsútsendingu héðan, að það fór ekki mikið fyrir sannfæringunni hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni þar sem hann að eigin sögn hélt lengstu framsögðuræðu sína til þessa fyrir máli úr efh.- og viðskn., væntanlega þá á þessu kjörtímabili eða nokkrum hinum síðustu, því að mestallur tími ræðu hv. þm. fór í það að afsaka þennan gjörning og hann reyndi með alls konar Krýsuvíkurleiðum að finna einhverjar hliðstæður, einhver fordæmi, var kominn langt út í heim, staldraði hvað lengst við í Sviss og átti þar góða viðdvöl og fann hliðstæður. Hann staldraði við líka, ef ég man rétt, í Noregi og víðar. En, herra forseti, það vissu allir sem með fyldust að þessi hinn sami þingmaður hefur ítrekað og aftur þau tólf ár eða svo sem hann hefur setið á Alþingi farið með allt annan kveðskap en þennan, nefnilega þann að ríkisvaldið eigi ekki, alls ekki að koma nærri atvinnulífi og viðskiptalífi, hvorki beint né óbeint. Þeir þingmenn sem hér á hlýddu höfðu því vitaskuld mikla samúð með þessum hv. þm. af því að hann er hinn vænsti maður og vill vel. En menn höfðu auðvitað samúð með honum þegar það lá fyrir svart á hvítu í viðtali við hann í fjölmiðlum, því að svo vænn er hann að hann segir sannleikann, að hann var knúinn til þess, hann var beygður til þess, hann var píndur til þess að gangast undir þetta ok. Honum var sagt hvað hann ætti að gera.

Verður maður ekki að hlýða ráðherrunum sínum? sagði

hv. þm. efnislega í dagblaði fyrir ekki mörgum dögum. „Já, ráðherra" hét þetta einu sinni. Ég er því í hópi þeirra sem höfðu mikla samúð með þessum þingmanni. Ég vorkenndi honum og geri það enn. Það er ekkert ömurlegra en það hlutskipti að þurfa að ganga gegn sannfæringu sinni, að þurfa að tala með allt öðrum hætti en viðhorf og skoðanir manns segja til um. Herra forseti. Þannig er það að það er ekki eingöngu hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem ber þessar byrðar. Þessir tómu þingsalir sýna það, uppgjöfin í þessari umræðu af hálfu stjórnarmeirihlutans, þetta hvíta flagg sem dregið var upp strax í upphafi umræðunnar af hálfu frsm. efh.- og viðskn. og undirstrikað var enn og aftur með hinni æpandi þögn fjmrh. sem situr þegjandalegur og beygður undir þessari umræðu, æpandi þögn hinna stórsnillinganna í efh.- og viðskn. sem lásu lyfjaheiminn á sex dögum og þora ekki að horfast í augu við þann veruleika sem við blasir og við þingmenn stjórnarandstöðunnar erum að draga upp með efnislegum hætti, höfum hér hver á fætur öðrum farið yfir það hvernig hvað rekst á annars horn í þeim málatilbúnaði sem hér er kynntur fyrir hinu háa Alþingi.

Vil ég nú fagna því alveg sérstaklega, herra forseti, að hingað mætir enn einn stórsnillingurinn í efh.- og viðskn. til þessa leiks, einn þeirra fimmmenninga sem las lyfjaiðnaðinn og áhættur og þróun mála á þeim vettvangi á sex dögum. Þar er um að ræða hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur sem er jafnframt formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Ég var hins vegar að vekja máls á því einkum og sér í lagi, herra forseti, að allt er þetta kannski eftir efninu. Það líður tæpast sú vika að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, þessi samstarfsstjórn Framsóknarslokks og Sjálfstæðisflokks, þessi helmingaskiptaríkisstjórn komi ekki hér með hverja þvæluna á fætur annarri. Það er eftirtektarvert að nú er þetta ekki samstarf tveggja flokka, nú er hvor ríkisstjórnarflokkurinn fyrir sig.

Auðvitað hafa menn tekið eftir því að þegar harðnar á dalnum og upp koma snúin, erfið og vandræðaleg mál á borð við þetta, þá er það orðin lenska, ekki undantekning heldur regla, að hinn stjórnarflokkurinn lætur sig hverfa. Í þessu máli er það algjörlega borðliggjandi að Framsfl. er ekki „memm". Hann ætlar sér ekki að taka þátt í umræðunni um þetta vandræðalega mál. Hann ætlar að reyna að leika þann leik að láta Sjálfstfl. það eftir að bera hita og þunga dagsins. Það er auðvitað allt of mikið að segja hita og þunga dagsins því það er enginn hér heldur úr þeim flokki sem reynir að bera hönd fyrir höfuð sér eða verja þennan gjörning og ætlar sér að ýta á hinn græna hnapp einhvern tímann síðla nætur og laumast út í skjóli myrkurs og vonast til þess að menn gleymi þessu fljótt og vel. En auðvitað verður þeim ekkert kápan úr því klæðinu.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við sjáum þetta hjá þessari ríkisstjórn sem er á fallanda fæti og er á hröðum flótta undan sjálfri sér. Við fylgdumst með því í Þjóðhagsstofnunarmálinu þar sem Sjálfstæðisflokknum var látið það eftir, enda það hans mál og einkanlega formanns hans, Davíð Oddssonar, og prívatmál hans raunar, að koma þeirri stofnun fyrir kattarnef. Við tókum líka eftir því hvernig Sjálfstfl. hvarf af vettvangi og beitti raunar Morgunblaðinu gegn samstarfsflokknum, Framsfl., þegar uppstytta varð í samningunum við Norðmennina vegna uppbyggingar stóriðju á Reyðarfirði. Þá hlakkaði í þeim sjálfstæðismönnum og þeir tóku lítið þátt í umræðunni eða vörninni þegar harðnaði á dalnum hjá framsóknarmönnum í þeim efnum. Það var líka eftirtektarvert í Símamálinu stóra þegar Sjálfstfl. var kominn fullkomlega á hnén í málsvörninni gegn stórspillingunni á þeim vettvangi sem varð til þess að lækka verð þessa fyrirtækis þjóðarinnar. Það er kannski ekki fjarri lagi að nota sömu tölu, 20 milljarða kr. sem fóru þá út um gluggann vegna óvarlegra yfirlýsinga sérstakra klíkubræðra og trúnaðarmanna Sjálfstfl. sem gengisfelldu það fyrirtæki á örfáum dögum með rugli og bulli úti í samfélaginu og ekki var ráðherrann sem bar ábyrgð á máinu öllu betri. Niðurstaðan varð auðvitað sú, sem í raun og sanni var óhjákvæmileg, að fyrirtækið varð óseljanlegt. Það var ekki söluvara lengur. Sjálfstfl. var búinn að ganga þannig um dyr og ganga að það var ekki hægt að selja þetta fyrirtæki sem þegar best lét var metið á 50–60 milljarða kr. Það seldist ekki einu sinni á 40 á þessum tímum þó slegnir hafi verið 20 milljarðar kr. af því verði sem hæst var þegar fyrstu áform um sölu litu dagsins ljós.

20 milljarðar kr. milli vina, herra forseti, hvað er það þegar Sjálfstfl. á í hlut? Þeir eru nokkrir 20 milljarðarnir sem nú eru að tapast milli skips og bryggju, sem menn eru að sjá hér á eftir af verðmætum þjóðarinnar. Herra forseti. Er ekki komið nóg? Fer þetta ekki að verða býsna gott? Fara ekki að koma kosningar? Getum við ekki farið að andæfa þessu stjórnleysi, þessu rugli?

Herra forseti. Stundum heyrir maður það úti í samfélaginu á almennum fundum eða þegar maður heimsækir atvinnufyrirtæki og vill eiga orðastað við vinnandi fólk í landinu um landsins gagn og nauðsynjar og pólitík að almenningur hefur stundum uppi hörð orð í garð okkar stjórnmálamanna og segir að það sé sami rassinn undir okkur öllum og það sé ekki mark á okkur takandi því við segjum eitt og gerum síðan allt annað. Ég hef reynt að halda því til haga í samtölum við fólk við þær aðstæður að það sé nú ekki alveg sama hvaða rassinn það er og þannig er það og ég hef sagt að það skipti máli hverjir stjórna. En, herra forseti, er það sérstaklega undarlegt að raddir af þessari tegund heyrist hjá fólki þegar við almenningi í landinu blasir til að mynda það sem hér um ræðir, að Sjálfstfl., sem hefur farið mikinn um mikilvægi þess að atvinnulífið fái að njóta sín og hefur gjarnan notið atbeina Samtaka atvinnulífsins í því sambandi, ég tala nú ekki um Verslunarráðs, er allt í einu mættur til leiks með sértækar aðgerðir þar sem þeir rétta greiða á báðar hendur, einkanlega þó aðra, einkanlega þó á aðra, einkanlega þó til þeirra sem teljast til einkavina þessa stjórnmálaflokks?

Mér þætti gaman að vera fluga á vegg núna, herra forseti, og hlýða á mas þeirra félaga, snillinganna í efh.- og viðskn., Vilhjálms Egilssonar og Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þar sem þau greina örugglega í horni þessa salar lyfjaiðnaðinn í heild og breidd og munu vafalaust miðla af þekkingarbrunni sínum til okkar hinna þegar líða tekur á umræðuna. Kannski munu þau koma einhverjum þeim skilaboðum áleiðis til þjóðarinnar sem gætu hjálpað henni að komast á aðra skoðun því að hafi þingmenn ekki tekið eftir því, þá er almenningur í landinu enginn kjáni. Þetta er ósköp skýrt og einfalt mál að mörgu leyti. Það er því ekki að undra þó að 75%, þó að þrír af hverjum fjórum Íslendingum séu einfaldlega andvígir gjörningi á borð við þennan.

Herra forseti. Það er einmitt í málum af þessum toga sem fólk og kjósendur eiga að taka mið, eiga að glöggva sig á því hvað er alvöru og hvað er plat. Því miður er það engin ný bóla í sögu Sjálfstfl. að hann taki sveigjur og beygjur í þessari frelsisafstöðu sinni þegar honum þykir það henta. Menn þurfa ekki annað en líta áratugi aftur í tímann — og

ekkert áratugi, eitthvert árabil — til að skoða það með hvaða hætti Sjálfstfl. hallaðist ævinlega að hagsmunum hinna stóru í atvinnulífinu. Heildsalarnir voru þeir stundum kallaðir. Stórfyrirtækin, eins og Eimskipafélagið og fleiri, nutu sérstaks velvilja þessa flokks. Margir voru hins vegar farnir að trúa því að á þessu væri einhver raunveruleg breyting og að almenn viðmið, almennar leikreglur sem giltu fyrir alla, alls staðar, alltaf, væru nú gengnar í garð. En auðvitað var það tóm vitleysa því að veruleikinn er auðvitað allt, allt annar.

Herra forseti. Mér er það fullkunnugt og þetta er ekki í fyrsta sinn sem búnar hafa verið til væntingar til þessa fyrirtækis, deCODE. Og án þess að ég eða nokkur annar hafi um það haldbærar tölur, þá liggur það fyrir að þúsundir Íslendinga keyptu hlut í þessu fyrirtæki þegar gengi þess var í hæstu hæðum. Mér er skapi næst að halda að á þeim tíma hafi það ekki síst verið tiltekinn hópur stjórnmálamanna sem hafi talað þetta fyrirtæki upp og það hafi skipt mjög miklu máli hvernig um fyrirtækið var m.a. talað í þessum sölum þar sem látið var í veðri vaka að það að rétta hinn miðlæga gagnagrunn í hendur þessa fyrirtækis jafngilti því að þá hefði fyrirtækið gripið guði í fótinn og þá væri framtíðin björt og fögur.

Það var einmitt við þær kringumstæður sem einstaklingar, margt launafólk, alþýðufólk í landinu fylgdi með í þeirri stemmningu sem þá var sköpuð og keypti hlut í fyrirtækinu á 50, jafnvel upp í 60, hlut sem er núna tíu sinnum verðminni. Ég þekki til fjölskyldna, m.a. í mínu kjördæmi, sem í þessari stemmningu, þar sem hlutabréfamarkaðurinn átti öllu að bjarga, þar sem hinn miðlægi gagnagrunnur átti að búa til dollara í stórum stíl, fór í banka og sló sér lán til þess að festa kaup í þessu fyrirtæki. Einhver sagði mér að tala hluthafa væri 7.000. Ég hef ekki um það nákvæmar upplýsingar. Mér finnst það ekki fjarri lagi. Vissulega er hægt að svara þessu fólki sem svo og segja: Hér er bara um áhættufjárfestingu að ræða, minn kæri. Þú máttir vita betur, þú áttir að hugsa málið betur. Þetta er einu sinni það sem gildir í hinum harða heimi viðskiptanna. En það er létt í vasa fyrir þetta fólk sem þarf að standa skil á lánunum sem það tók til að kaupa hlut í þessu framtíðarfyrirtæki þjóðarinnar.

Í fyrstu var mér sagt að sú ábyrgð sem hér um ræðir mundi kannski létta þessu fólki lífið, þessum litlu hluthöfum í deCODE, sem lögðu sparifé sitt í hlutabréfakaup í fyrirtækinu, en eiga svo auðvitað sáralítinn hlut í því þegar allt kemur til alls. En það eru stórar upphæðir á þeirra mælikvarða. Að þessi fjárfesting, þessi kaup, þessi samrumi á erlendu fyrirtæki og tilflutningur á starfsemi þess hingað heim í formi dótturfyrirtækis mundi hækka gengi bréfanna í deCODE — mér er sagt að sennilega standi frekar líkur til þess að a.m.k. fyrst um sinn muni þetta gengi lækka þannig að ekki sýnist mér sérstaklega verið að huga að hagsmunum þessa fólks. Nei, það er ekki verið að því.

Mér þætti hins vegar fróðlegt að heyra snillingana fimm í efh.- og viðskn. fara aðeins yfir það með mér hér og þeir spáðu aðeins fyrir um það fyrir þessa litlu hluthafa í deCODE þannig að þeir gætu nú lagt við eyrun hvernig þeir litu á það hver yrði þróun gengis móðurfyrirtækisins ef þessi mál gengju fram eins og hér er ráð fyrir gert. Ég held það væri fróðlegt fyrir okkur hér á hinu háa Alþingi sem ætlum að taka ákvörðun um þetta mál á næstu dögum, og ekki síður fyrir hina, litlu eigendurna, meðeigendurna í deCODE sem eru með hlut sem er tíundi hluti af því sem hann var þegar þeir keyptu. Ég vænti því þess að stórsnillingurinn hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fari aðeins yfir það hér með okkur hvernig hann meti þróun móðurfyrirtækisins og gengi hlutbréfanna þar á bæ.

Ég sá, herra forseti, í gögnum þessa máls, það var þó hægt að sjá það sem menn hafa vitað um langan aldur vegna þessa fyrirtækis að veikleiki þess liggur auðvitað í því að kaupandi þjónustu og rannsókna er fyrst og síðast einn og lengi framan af nær eingöngu einn, Hoffmann-La Roche. Það er auðvitað stór hætta fyrir fyrirtæki á slíkum vettvangi. Þótt samningar hafi verið gerðir til einhvers tíma milli þessara tveggja aðila, að annar kaupi af hinum, þá þekkjum við það öll og þarf ekki stórsnilligáfu til að átta sig á því að það er aldrei skynsamlegt að hafa öll eggin í sömu körfunni. Það á við líka hjá því fyrirtæki sem við fjöllum um hér, að það þarf að reiða sig fyrst og síðast á einn viðskiptaaðila sem kaupir afraksturinn af rannsóknum deCODE.

Nákvæmlega sama, herra forseti, á við af okkar hálfu gagnvart þessari ábyrgðarveitingu. Er það nú allt í einu mjög skynsamlegt að setja öll eggin í þá sömu körfu og það sé eingöngu eitt fyrirtæki á þeim vettvangi, ég vil segja í atvinnulífinu almennt, sem eigi að njóta styrks af slíkri stærðargráðu og stuðnings af slíkri stærðargráðu af ríkisins hálfu, ef menn eru yfirleitt farnir að hugsa samkvæmt þessum leiðum? Nei, segi ég og ég hygg að það séu margir mér mjög sammála.

Herra forseti. Ég sá það í svörum fjmrn. við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., þeir þurftu nefnilega að spyrja við umfjöllun málsins og stórsnillingarnir í meiri hluta efh.- og viðskn. hafa ekki borið það við að því er virðist, að í ljós kemur varðandi samningana sem Íslensk erfðagreining hefur gert við heilbrigðisstofnanir á landinu, einar 19 talsins, að ekki er farið að borga neitt, enda hefur engin vinnsla hafist, herra forseti. Eins og hér segir að enn sé ósamið við stærstu heilbrigðisstofnunina, Landspítala – háskólasjúkrahús. Síðan er spurt um það líka og því reynt að svara af hálfu fjmrh. hvort þessi rekstrarleyfishafi gagnagrunnsins, einkaréttaraðilinn, hafi nokkuð farið að borga leyfisgjaldið vegna gagnagrunnsins. Nei, þær greiðslur hafa heldur ekki verið inntar af hendi.

Það verður sennilega þá þannig að leyfið er komið á sinn stað. Það hefur ekkert verið greitt fyrir það. En áður en að því kemur mun ríkisstjórn frelsisins, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa gengið skrefinu framar og skaffað eins og eitt stykki ríkisábyrgð upp á 20 milljarða kr. vegna frekari fjárfestinga og samruna eða kaupa á dótturfyrirtæki. Er furða þó maður spyrji og endurtaki: Hvar ætlar þetta að enda?

Herra forseti. Það verður þó að halda því haga og sýna sanngirni í þessum efnum að kannski er þessi stórsnilligáfa ekki eins mikil og maður gæti ætlað því hv. talsmaður stjórnarmeirihlutans á hinu háa Alþingi, formaður efh.- og viðskn., lét nefnilega það frá sér fara í framsöguræðu, eða hvort það var í andsvarahrinu í kjölfar ræðu hans, að hann, og ég reikna þá með samstarfsmenn hans í meiri hlutanum, hefði nefnilega haft aðgang að trúnaðarupplýsingum. Ég hef það nákvæmlega niður ritað að þeir hefðu haft aðgang að trúnaðarupplýsingum úr ráðuneytinu því það hefur verið upplýst að ráðuneyti, væntanlega forsætis- og fjármála- og ef ekki fleiri ráðuneyti, höfðu legið yfir þessu máli í tvo mánuði. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði það fyrr í morgun að ... (**VE:** Þetta er misskilningur.) Misskilningur, segir hv. þm. Ég ætla að láta fletta því upp hér á eftir. En þá hefur hann mismælt sig í þeirri umræðu. Hann talaði um trúnaðarupp-

lýsingar sem hann hafi fengið úr fjmrn. og hafi hann ekki fengið þær trúnaðarupplýsingar og hafi hann mismælt sig hér, þá undirstrikar það enn og aftur þvílík snilligáfa er á ferðinni hjá meiri hluta efh.- og viðskn. að þurfa ekkert slíkar upplýsingar. Ráðherrarnir hafa hins vegar gengist við því og embættismenn fjmrn. hafa gengist við því að þeir hafi þurft að skoða þetta mál í einhverja mánuði. Forsrh. hefur gengist við því. Þetta hafi nú staðið í honum fyrst um sinn og hann hefði þurft að fara mjög rækilega yfir málið og komist að þessari niðurstöðu. (Gripið fram í.) En fulltrúar stjórnarmeirihlutans í efh.- og viðskn. þurftu þess ekki.

Ég sé það á minnispunktum mínum og ætla að halda því ákveðið til haga og ætla að fletta því upp á eftir að hv. þm. sagðist hafa fengið trúnaðarupplýsingar við meðferð málsins. Ég tók nefnilega sérstaklega eftir því og ég tók sérstaklega eftir því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kvartaði yfir því að hafa beðið um slíkar upplýsingar en ekki fengið. Það vakti sérstaka athygli mína. En úr þessu getum við fengið mjög auðveldlega skorið með því að fara yfir ræðu og orðaskipti hv. þm. í andsvörum í morgun milli tíu og ellefu.

Herra forseti. Menn hafa eðli máls samkvæmt staldrað við fordæmið í þessum efnum. Það verður auðvitað ekki skilið við það álitamál hér öðruvísi en því verði svarað fyrir fullt og fast. Í fyrstu sögðu hæstv. ráðherrar, forsrh. og fjmrh., að þetta mál væri í engu fordæmisgefandi. Eins og þeir gætu bara með einfaldri yfirlýsingu tekið um það ákvörðun. Síðan hafa þeir eðli máls samkvæmt dregið dálítið í land. Hæstv. fjmrh. hefur sagt m.a. í sjónvarpsfréttum sem ég fylgdist með, þegar sambærileg fyrirtæki leituðu til hans með þá áleitnu spurningu hvernig yrði á móti þeim tekið með sambærilegt erindi og deCODE, þá svaraði hann því að það yrði að skoða alveg sérstaklega. Þetta hefur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson endurómað hér við umræðuna en borið þá fyrir sig þeim skildi að það væri allt of fljótt og ekki tímabært að taka um það ákvörðun og svara þeirri spurningu fyrir fullt og fast með almennum orðum, þó ekki væri meira sagt, fyrr en ESA væri búin að véla um þessi mál.

Herra forseti. Þetta er ekki nægilega gott. Þetta gengur ekki svona. Ef það er svo að hægt sé að ganga frá 20 milljarða kr. ábyrgð til þessa fyrirtækis meðan verið er að — og nú nota ég orðrétt orðalag hv. þm. Vilhjálms Egilssonar — „makka við ESA um þau mál", þá hljóta nákvæmlega sömu viðmið að gilda gagnvart öðrum ámóta fyrirtækjum, eins og fyrirtækinu Lyfjaþróun hf., að meðan verið er að makka við ESA og verið er að vinna í því hvort ESA leggi blessun sína yfir þennan gjörning fái það fyrirtæki nákvæmlega sömu meðhöndlun og Íslensk erfðagreining. Það getur ekki eitt átt við það fyrirtæki og annað átt við annað fyrirtæki. Það er eitthvað sem gengur ekki.

Herra forseti. Þessi undandráttur og sá flótti frá veruleikanum að bregða ESA fyrir sig þegar Lyfjaþróun hf. á í hlut en það eigi ekki við þegar deCODE er annars vegar, gengur ekki. Það er ekki í samræmi við þann grundvöll sem við byggjum á í stjórnsýslu okkar, um jafnræðisregluna í atvinnulífi og öðrum þáttum stjórnsýslu okkar.

Herra forseti. Þessu máli verður auðvitað ekkert lokið hér á hinu háa Alþingi. Það væri fyrir neðan allar hellur ef menn ætluðu sér að loka málinu og ljúka því án þess að þeirri grundvallarspurningu sé svarað: Hvað svo? Hverjir fleiri? Og hvernig á að afgreiða þau mál? Hvaða önnur sambærileg mál eru hugsanlega í pípum? Auðvitað er ekki hægt að svara því með tæmandi hætti en menn verða að búa sig undir það þegar liggur fyrir formlegt erindi í þá veruna og gætu orðið miklum mun fleiri.

Ég hef dálítið velt því fyrir mér hvort það gangi líka að einskorða, þó við bara stöldruðum við það, stuðning af þessari tegund við lyfjaiðnað og líftækniiðnað. Ég er ekkert handviss um að það standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég hef raunar miklar efasemdir um það. Ég hef það mjög sterkt á tilfinningunni að við séum hér að sigla inn í umhverfi sem við vitum ekkert hvert muni leiða okkur og að hér séu aðeins fyrstu áratogin í þá veruna. Ég vona svo sannarlega að íslenskt atvinnulíf geti spjarað sig án slíkra afskipta ríkisvaldsins.

Ég gengst alveg við því, herra forseti, að ég og flokkur minn höfum stundum talað um það að sprotafyrirtæki, smáiðnað og smáfyrirtæki þyrfti að efla í landinu. Við höfum oft fengið þá um leið spurningar, erfiðar spurningar, gjarnan frá sjálfstæðismönnum, gjarnan frá frjálshyggjumönnum í Sjálfstfl., þegar þeir spyrja: Hvernig ætlið þið að gera þetta? Hvernig ætlið þið að komast hjá jafnræðisreglunni? Hvernig ætlið þið að komast hjá samkeppnisþætti mála? Hvernig ætlið þið að velja þau fyrirtæki sem má styðja og má ekki styðja? Og auðvitað er þetta mjög vandasamt.

En, herra forseti, þetta er smávandamál. Það eru örlítil vandamál sem þar eru á ferðinni, vandamál og verkefni sem þjóðlönd í kringum okkur eru að fást við, að efla slíkar greinar, smáfyrirtæki sem telja einn til fimm eða tíu starfsmenn. En þegar við erum komnir út á markað stórfyrirtækjanna, þá spyr ég hvar við endum.

Herra forseti. Hv. þm. bar í morgun ábyrgðarveitingu til Flugleiða og Atlanta, sem var bein afleiðing hryðjuverkanna 11. september, saman við þennan gjörning hér. Hv. þm. veit miklu betur en svo að bera saman epli og appelsínu með þeim hætti sem hann gerði áðan. Hann veit það mætavel og talaði fyrir því máli að í kjölfar 11. september var slíkt uppnám í þessum atvinnurekstri, flugrekstri, að tryggingafélög margfölduðu tryggingar vegna hryðjuverka og hækkuðu tryggingariðgjöldin svo mikið og ábyrgðirnar, bakábyrgðirnar vegna þess arna að það var ekki á færi smáfyrirtækja í heiminum, stórfyrirtækja á íslenskan mælikvarða eins og Flugleiða og Atlanta, að gera það ein og sér. Það átti að vera tímabundinn gjörningur en það hefur þurft að framlengja hann illu heilli nokkrum sinnum. Vonandi rennur sú stund upp að menn komast í eðlilegt andrúmsloft í því samhengi. Þar var um krísuástand að ræða sem á ekkert skylt við það sem hér um ræðir.

Ég ætla hins vegar ekkert að leyna því, þó að allt of lítið sé um það fjallað hér, að varðandi þá ábyrgðarveitingu eru vissir þættir sem menn hefðu þurft að gaumgæfa eilítið betur. Þá á ég við það að annað þeirra fyrirtækja sem þarna á hlut að máli er með útgerð á flugvélum sem aldrei koma hingað til lands og hafa hér út af fyrir sig enga heimahöfn og afskaplega litla skírskotun til íslensks atvinnulífs, er tæpast með íslenska flugliða. Ég velti því fyrir mér hversu langt væri eðlilegt fyrir íslenska ríkið að ganga í ábyrgðarveitingu gagnvart slíkum atvinnutækjum. Það er þó önnur saga og eins og ég segi er það gert og væntanlega mun það taka enda fyrr en síðar. En það er fjarri lagi að reyna eitt andartak að bera þær kringumstæður saman við það sem hér er verið að gera með galopin augu og undir engum sérstökum þrýstingi. Það er bara verið að gera það til að gera það.

Ég vil spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson hvort hann hafi reynt að gera sér í hugarlund hversu miklum fjárhæðum hann teldi að mætti verja í heild á næstu, við skulum segja næstu þremur árum til ábyrgðarveitinga af þessari tegund. Hér erum við að ræða um 20 milljarða. Telur hann að án þess að það hefði áhrif á lánshæfi og efnahagsstöðu ríkissjóðs, *peningalega stöðu ríkissjóðs, að ríkissjóður sé í stakk búinn* til þess að hafa þá tölu 40 milljarða eða 60 milljarða eða 80 milljarða? Hversu hátt vill hv. þm. fara þegar kemur að ábyrgðarveitingu af þessari tegund? Ég vil trúa því að hann vilji að leikreglurnar séu alltaf þær sömu fyrir alla, en þeim sé ekki breytt fyrir suma, stundum.

Ég spyr: Hvað er hann reiðubúinn til að fara hátt með sértækar aðgerðir af þessum toga í formi ábyrgðarveitinga til fyrirtækja í lyfja- og líftækniiðnaði og ellegar þá annarra fyrirtækja í samkeppnisiðnaði, fyrirtækja sem vilja hasla sér völl í alþjóðlegu umhverfi, fyrirtækja sem væri mjög spennandi og skemmtilegt að fá hingað heim til að blómsta, til að skapa störf fyrir 200–500 manns, vel menntað fólk sem gæti hér látið gott af sér leiða? Er þetta eitt einstakt dæmi eða eru hv. þm. og flokkur hans tilbúin að feta þessa vegferð miklum mun lengra eða á að hætta hér? Þetta er spurning sem verður að fást svar við.

Hér hefur líka eitt annað verið rætt sem menn hafa eðlilega staldrað við þegar ljóst er að þetta einstaka fyrirtæki muni að áliti sérfróðra aðila spara sér 600–800 millj. kr. í vaxtakostnaði vegna þeirra skuldbindinga sem það ætlar að undirgangast, vegna þess að vaxtakjör muni lækka um 3–4%. Því hefur ekki enn þá verið svarað hvað þetta ábyrgðargjald eigi að vera hátt, hversu mikið eigi að greiða fyrir þessa ríkisábyrgð. Það er eitt af þeim atriðum sem verður að fást skýrt svar við. Öðruvísi er ekki hægt að skilja við þetta mál á hinu háa Alþingi.

Síðan er það ein akademísk spurning, þ.e. spurning í viðtengingarhætti, ef-spurning, því þær spurningar eru býsna margar, því miður, við þessar kringumstæður því svörin eru svo fátækleg. Nú er réttilega á það bent að hér er um einfalda ábyrgð að ræða. Ég vil spyrja hv. þingmenn samviskuspurningar. Ef svo færi, sem við vonum auðvitað ekki, að þetta lán gjaldfélli og að skuldarinn, deCODE, sé ekki greiðslufær þá segir einfalda ábyrgðin að fyrst eigi að ganga að fyrirtækinu og bjóða upp eignir þess til þess að standa skil á þessari skuldbindingu. Spurning mín er þessi: Telja menn mjög líklegt í ljósi aðdraganda máls að íslenska ríkið, að núverandi stjórnarmeirihluti eða Alþingi Íslendinga, mundi nokkurn tímann ganga að þessu fyrirtæki og leggja það á hliðina? Telja menn það líklegt eitt andartak að að þessu fyrirtæki yrði gengið, það lagt á hliðina og gert gjaldþrota? Nei, það er auðvitað ekkert mjög líklegt þegar horft er til sögu *samskipta stjórnvalda og þessa fyrirtækis*. Það er satt að segja mjög ólíklegt að svo verði nokkurn tímann. Sjá menn það fyrir sér að Davíð Oddsson forsrh. hringi í góðvin sinn Kára Stefánsson og segi: „Nú er þetta búið, minn kæri"? Nei, því miður er það þannig að við erum föst í þessum köngurlóarvef. (**VE:** Þingmaðurinn sér greinilega fyrir sér að Davíð Oddsson verði forsrh. eftir fimm ár.) Það yrði ekkert gert á næstu sex árum, herra forseti, það gæti gerst á næstu sex mánuðum. Ég sagði hins vegar ekki Davíð Oddsson forsrh. Ég sagði bara Davíð Oddsson. Hann getur verið í stjórnarandstöðu þá en hættir hins vegar ekki að hringja í góðvin sinn Kára Stefánsson. (Gripið fram í.) Það er önnur saga.

Ég er hins vegar mjög klárlega (Gripið fram í.) að gera hv. alþm. það skýrt að samskiptamunstur þessa fyrirtækis og stjórnvalda á liðnum árum hefur verið með þeim hætti að afskaplega litlar líkur eru til þess, sama hver ríkisstjórnin er hverju sinni, að að þessu fyrirtæki verði gengið og það lagt á hliðina. Þvert á móti standa öll rök til þess að það er *búið að segja A. Það var gert þegar kroppurinn var gefinn í* miðlæga pottinn. Það er búið að segja B þegar peningunum, skattpeningum þjóðarinnar er hellt í þennan sama pott. Halda þá menn að það sé bara hægt að hætta með stafrófið? Nei, auðvitað verða menn að segja C. Ef mál fara á hinn verri veg þá er auðvitað sendur út nýr björgunarleiðangur til þess að verja þá hagsmuni sem menn þurfa að verja í þessu fyrirtæki, gagnagrunninn. Við skiljum hann ekki eftir í höndunum á gjaldþrota fyrirtæki. Ætlum við að láta bjóða hann upp kannski til hæstbjóðanda (Gripið fram í.) í gjaldþrotahrinu eða 20 milljarða ábyrgðir? Nei, herra forseti, þessi köngurlóarvefur er þegar til staðar og ríkissjóður er fastur í honum. Þannig er veruleikinn sem við okkur blasir.

Ég vil því spyrja hv. þm.: Hvað telur hann að muni gerast ef hlutir færu á hinn verri veg hjá þessu fyrirtæki og ekki tækist að standa skil á þeim skuldbindingum sem hér um ræðir, 35 milljörðum, þar af 20 milljörðum með ríkisábyrgð? *Telur hann að líkur standi til þess að ríkissjóður mundi ganga* að þessu fyrirtæki, ýta því út í horn og hætta ekki fyrr en hver einasta króna sem tæk er er fengin úr hugsanlegu þrotabúi?

Herra forseti. Ég vil hafa það algerlega á hreinu að hér er ég bara að draga upp mynd. Ég vona svo sannarlega eins og þjóðin öll að þessu fyrirtæki gangi allt í haginn. Ég er jafnspenntur fyrir því að þetta fyrirtæki getið spjarað sig (Gripið fram í.) eins og önnur sprotafyrirtæki í þessum iðnaði og öðrum. (**KPál:** Þú vilt ekki stuðla að því?) Hv. þm. spyr hvort ég vilji ekki stuðla að því. Jú, vissulega vil ég stuðla að því með því að leyfa þessu fyrirtæki að vera í friði og fá að njóta sín á almennum markaði miðað við þær leikreglur sem gilda hér á Íslandi og í alþjóðlegu umhverfi. (**KPál:** Ekki hjálpa því að vaxa?) „Hjálpa því að vaxa", segir hv. þm. Kemur annar stórsnillingurinn. (**JóhS:** Hann er í Sjálfstfl.) Hann er í Sjálfstfl. þessi stórsnillingur, er hv. þm. og heitir Kristján Pálsson. Nú á það við, nú passar það, að það eigi að hjálpa fyrirtækjum að vaxa. Ég hef ekki orðið sérstaklega var við að hv. þm. hafi farið mikinn í því að hjálpa fyrirtækjum að vaxa eða að hann hafi lagt hér fram frv. eftir frv. til þess að styðja atvinnulífið í landinu, til að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. (Gripið fram í.) Er þess kannski að vænta næst að hann ætli að leggja til stuðning við olíufyrirtækin (Gripið fram í.) eða Eimskipafélagið? Hvað verður næst, herra forseti? (Gripið fram í.) Hvers má vænta næst hjá þessum hv. þm. þegar hann ætlar að fara að hjálpa fyrirtækjum samkvæmt geðþótta? (**KPál:** Styrkja.) Við skulum hafa það styrkja. Hann notaði að vísu orðið hjálpa.

Það var ágætt að fá þetta innskot hjá hv. þm. Það verður fróðlegt að heyra frá honum seinna í dag þegar hann heldur sína merku ræðu hvaða önnur fyrirtæki verðskuldi hans hjálp, verðskuldi hans stuðning í íslensku atvinnulífi. Það er best að þeir hringi, forstjórarnir og hluthafarnir í fyrirtækjum á markaði á Íslandi, í hv. þm. Kristján Pálsson og biðji hann um hjálp. Hann veitir þeim vafalaust sams konar hjálp og hann leggur nú til að veitt verði þessu einstaka fyrirtæki. (Gripið fram í.) Ég er alveg handviss um að hann verður

fljótur til og leggur fram lista yfir þau fyrirtæki sem þarfnast sérstakrar hjálpar.

Við hv. þm. höfum verið í sama kjördæmi um nokkurra ára skeið. Ég man ekki til þess að hann hafi komið með langa lista af merkum og góðum fyrirtækjum í kjördæmi okkar, sem stundum hafa þarfnast hjálpar, og barist fyrir því með kjafti og klóm að þau fengju ríkisábyrgð, annaðhvort til að losa sig út úr vandamálum ellegar þá til þess að ráðast út á nýjar og áður óþekktar veiðilendur. (**KPál:** Flugfélagið.) Hér á það við. „Flugfélagið", segir hv. þm. Hafi hann lagt við hlustir áðan varðandi 11. september þá fékk hann svar við því.

Herra forseti. Auðvitað lenda menn í tómri rökleysu, algjörlega upp við vegg, úti í horni. Það fer vel á því, herra forseti, að þeir sitji úti í horni þessir ágætu hv. þm. Sjálfstfl. og geti sig hvergi þaðan hrært því þeir eru rökþrota í málinu. (Gripið fram í.) Þessi afstaða þeirra á ekki samhljóm í neinu við það sem þeir hafa áður sagt. Þess vegna er viðlagið svo falskt sem raun ber vitni.

Herra forseti. Auðvitað á maður ekki að láta þessa barbapabba íslenskra stjórnmála æsa sig upp því öll börn þekkja að barbapabbar eru þeirrar tegundar og gerðar að þeir geta brugðið sér í hverrar tegundar líki, orðið feitir einn daginn, mjóir hinn daginn, hægri menn einn daginn og vinstri menn hinn daginn. Það er eðli og innihald Sjálfstfl. og hefur alla tíð verið. Auðvitað á maður að hafa gaman af svona skrípó. Ég hef gaman af barbapabba. Af hverju ætti ég ekki að hafa gaman af Sjálfstfl. á sama hátt? Mér þætti það vafalaust ef það væri ekki þannig að hann stjórnar þessu landi.

Herra forseti. Ég segi enn og aftur: Með mínútu hverri, með degi hverjum styttist í næstu kosningar og við getum farið að stjórna þessu landi eins og vit er í. (Gripið fram í.)

[16:15]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég var að blaða í gömlum þingskjölum um daginn vegna annars þingmáls og fletti upp í þingtíðindunum. Þar varð á vegi mínum till. til þál. frá 52. löggjafarþingi Alþingis, árið 1937. Tillagan var um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og rafveitu á Eskifirði. Fyrsti flutningsmaður var Brynjólfur Bjarnason en meðflutningsmenn hv. þm. Einar Olgeirsson og Ísleifur Högnason.

Árið 1937 deplaði varla nokkur maður auga þegar svona tillaga var lögð fram á hinu háa Alþingi. Það þótti næsta sjálfsagt mál. Langt fram eftir síðustu öld voru ríkisábyrgðir fremur regla en undantekning. Björgunaraðgerðir til handa atvinnulífinu og geðþóttaákvarðanir um hverjir væru í náðinni hjá stjórnvöldum á hverjum tíma voru reglan en ekki undantekningin.

Við þessa umræðu í dag hafa ýmsir sagt að hæstv. ríkisstjórn hafi farið út af sporinu með því að leggja til ríkisábyrgð handa deCODE genetics Inc. sem er móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þessi ríkisstjórn fari ekki endilega svo mikið út af sporinu í þessu tilviki. Þessi úthlutun, sem þetta auðvitað er, er í takt við aðrar úthlutanir ríkisstjórnar Íslands. Þá á ég auðvitað sérstaklega við, herra forseti, úthlutanir á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, aðgangi að fiskimiðunum og þá auðlindapólitík — ef auðlindapólitík skyldi kalla — sem hæstv. ríkisstjórn rekur. Þó svo að hæstv. forsrh. hafi haldið því mjög fram fyrir áratug eða svo að tími hinna sértæku aðgerða væri liðinn er ekki mjög margt sem hefur gengið eftir í þeim efnum. Í sjálfu sér er ekki miklu við að bæta í þessari umræðu.

Hv. þm. Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, framsögumaður okkar í þessu máli, fór ítarlega í gegnum efnisþætti þessa máls og færði þar rök fyrir því að ekki sé með nokkru móti hægt að veita þessu máli brautargengi hér á hinu háa Alþingi. Aðrir þingmenn hafa komið í stólinn og tíundað rök sín, flestir gegn þessu máli. Sú undarlega staða er uppi, herra forseti, að það finnst varla maður í samfélaginu sem vill mæla þessari hugmynd bót, hvort heldur á hinu háa Alþingi, þar sem þingsalurinn hefur verið næsta tómur í allan dag, eða úti í samfélaginu meðal sérfræðinga sem hafa hvað mest vit á fjármálamarkaði og þessum málum eða meðal almennings. Jú, það finnast nokkrir einstaklingar í meiri hlutanum á hinu háa Alþingi sem ætla sér með þetta mál í gegn, gegn öllum þeim rökum sem teflt hefur verið fram í þessu máli.

Herra forseti. Þótt ég hafi ekki setið lengi hér á Alþingi finnast mér þessi vinnubrögð mjög í takt við aðrar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar, hvort heldur er í smærri málum eins og stofnun nýrra eða sameiningu ríkisstofnana ellegar í stóru málunum, t.d. stóriðjumálunum. Allt skal knúið í gegn í krafti meiri hlutans og umræðan sem slík dettur dauð niður, hún er ekki umræða, menn hlusta ekki hver á annan heldur halda sínu fram af því þeir voru ákveðnir frá upphafi.

Um leið og hæstv. ríkisstjórn fékk þá flugu í höfuðið að besta leiðin til að stuðla að framförum í atvinnulífinu væri að veita deCODE genetics Inc. 20 milljarða kr. ríkisábyrgð til að fjármagna lyfjaþróunarfyrirtæki hér á landi, missti hún held ég heyrnina, herra forseti. Ekkert af því sem sagt hefur verið um þetta mál, engin þeirra raka sem lögð hafa verið fram gegn þessu máli hafa náð til þessara háu herra. Þeir hafa fyrir löngu ákveðið sig og ætla með málið í gegn hvað sem það kostar, þó það kosti 20 milljarða íslenskra króna, herra forseti, og jafnvel meira.

Auðvitað er þessi gjörningur skref aftur á bak til þess tíma er ríkisvaldið var með puttana í öllum greinum atvinnulífsins og dældi út styrkjum án tillits til arðsemi eða áhættu. Sá tími er ekki löngu liðinn, herra forseti, eins og ég hef áður sagt. Ýmislegt hefur breyst en þó ekki allt.

Ég er mjög hugsi, herra forseti, yfir þessari undarlegu stöðu, að varla nokkur maður í Sjálfstfl. eða Framsfl. treysti sér í ræðustól til að tala fyrir þessu máli af sannfæringu eða trú. En stjórnarherrarnir fengu flugu í höfuðið og það er „áfram gakk" fyrir restina.

Ekki einn þeirra aðila sem gefið hefur hv. efh.- og viðskn. Alþingis umsagnir um ríkisábyrgðarfrv. hefur treyst sér til að mæla með því. Þjóðhagsstofnun segir m.a. að inngrip sem þetta geti skekkt markaðinn og leitt til lakari lífskjara á Íslandi til lengri tíma litið. Stjórn samtaka fjárfesta er mótfallin frv. Það er Seðlabankinn líklegast líka. Greiningardeild Búnaðarbankans segir ríkisábyrgð af þessu tagi allt of mikla áhættu enda sé lyfjaþróun mjög áhættusamur atvinnurekstur, eins og hefur komið fram í máli manna hér margoft í dag. Verslunarráðið hefur ályktað gegn ríkisábyrgð en framkvæmdastjóri þess, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., mælir samt með því að greitt verði atkvæði með þessu máli á hinu háa Alþingi.

Í tímaritinu Vísbendingu var á dögunum spurt hvað væri svo merkilegt við þetta fyrirtæki að það réttlætti 70 millj. kr. kostnað ríkisins á hvert starf. Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað við þessa umræðu í dag. Í umræðunum hér hafa

ekki komið fram neinar þær upplýsingar sem geta réttlætt 20 milljarða kr. ríkisábyrgð.

Eins og fram hefur komið, m.a. í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, hafa allar upplýsingar um umhverfi lyfjaþróunarfyrirtækja og fjárfestingar í þeim og fjármögnun á þeim verið af mjög skornum skammti svo ekki sé meira sagt.

Ég get tekið undir með þeim sem hér hafa komið upp og viðurkennt að þeir séu ekki sérfræðingar í þessum málum. Ég er svo sannarlega ekki sérfræðingur í þessum málum. Ég held að það sé óhætt, herra forseti, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, langflestir, að líklega erum við ekki bestu mennirnir til að taka ákvörðun í þessu máli. Í raun er með ólíkindum að okkur sé hér gert að taka afstöðu til málsins á grunni ónógra upplýsinga, upplýsinga sem segja okkur í raun ekkert um hvernig þetta gæti allt saman farið. Hv. þm. sem eiga að taka afstöðu byggða á bestu fáanlegum upplýsingum samkvæmt sannfæringu sinni eru settir í óþolandi stöðu.

Af þeirri einföldu ástæðu, herra forseti, er ekki nokkur leið að veita þessu frv. brautargengi hér á hinu háa Alþingi. Það verður að segjast eins og er, að af mörgum gölnum hugmyndum hæstv. ríkisstjórnar verður þessi að teljast sú algalnasta.

[16:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka fram að ég er eindregið á móti þessari ríkisábyrgð til Íslenskrar erfðagreiningar og móðurfyrirtækis þess, deCODE. Ég mun greiða atkvæði gegn frv. og brtt. hv. efh.- og viðskn. Ég mun greiða atkvæði gegn því að frv. fari til 3. umr., sem ég geri þó sárasjaldan.

Sú áhætta sem við mundum taka með samþykkt þessa frv. væri stórhættuleg fyrir ríkissjóð og hefði ófyrirséðar afleiðingar fyrir atvinnulífið. Ég vil hins vegar taka fram að ég hef mikla trú á Íslenskri erfðagreiningu. Ég hef líka trú á því að fyrirtækið hasli sér völl í nýrri grein, þ.e. í lyfjaþróun. En það er hins vegar svo mikill áhætturekstur að hann ætti að vera fjármagnaður með áhættufé, ekki með lánsfé og síst af öllu með ríkisábyrgð. Fari svo að þetta frv. verði samþykkt vona ég það besta, að dæmið gangi upp. Það eru ákveðnar líkur til þess.

Herra forseti. Alþjóðleg þróun segir okkur að menn séu að hverfa frá sértækum aðgerðum í efnahagsmálum yfir í almennar aðgerðir. Þeir gefa atvinnulífinu almennar forsendur til að starfa eftir og hætta að mismuna fyrirtækjum og skekkja samkeppni þeirra. Þetta gera menn vegna þess að sértækar aðgerðir leiða til lélegri reksturs, lélegri stjórnunar, óþarfa launaskriðs og samkeppni um starfsfólk þegar styrkt fyrirtæki keppa við önnur fyrirtæki um starfskraft. Þetta skekkir líka staðarval. Slíkir styrkir eru yfirleitt settir á laggirnar til að lokka fyrirtæki til staða þar sem ekki er skynsamlegt að hafa viðkomandi rekstur.

Í umsögnum um þetta frv. hefur starfsmannasamkeppnin sérstaklega verið undirstrikuð, samkeppnin um starfsmenn. Bent er á að fyrirtæki í þessum geira, lyfjafyrirtæki og aðrir slíkir sem þurfa vísindamenn, muni þurfa að borga hærri laun fyrir bragðið og standi verr að vígi. En það hefur ekki verið nefnt að heilbrigðisþjónustan mun öll líða fyrir samkeppni um starfsfólk. Þetta nýja fyrirtæki mun væntanlega taka til sín marga þaðan sem geta stundað meinatæknistörf. Þetta er jú spurningin um það að rækta mýs og því um líkt.

Herra forseti. Í þessu dæmi er afskaplega mikil áhætta. Í fyrsta lagi náttúrlega rekstraráhætta eins og í öllum fyrirtækjum og síðan áhættan af því að þetta fyrirtæki er með mjög fáar vörur, þessi nýja starfsemi. Annaðhvort uppgötva menn ekkert lyf, eitt lyf eða tvö lyf og það þykir afskaplega góður kostur ef menn ná að uppgötva tvö lyf. Þetta er svokölluð punktaáhætta, eins og teningur með þremur hliðum sem kastað er. Spurning er um hvaða líkur eru á hverri hlið vegna þess hvernig hlutabréf í slíkum greinum eru metin. Það má áætla að gjaldþrotalíkurnar í hreinni þróun lyfja séu yfir 90% en hagnaðurinn er óskaplegur ef menn finna eitt, svo maður tali nú ekki um ef þeir finna tvö lyf. Fari svo fer gengið væntanlega langt yfir 100, sem upphaflega er selt á einum.

Til viðbótar þessu ætla menn að prófa nýjar aðferðir við þróun lyfja, þ.e. aðferðir sem byggja á erfðafræði. Það er mjög spennandi og skemmtilegur kostur en eykur áhættuna enn frekar og gerir enn frekar mótsagnakennt að nota til þess ríkisábyrgð.

Það er nefnt í grg. með frv. að dreifa megi þessari áhættu með því að taka yfir verkefni frá öðrum og útdeila verkunum til annarra fyrirtækja á svipuðu sviði. Með því dreifa menn áhættunni en minnka líka hagnaðarvonina. Það er hugsanlegt að gjaldþrotalíkurnar lækki niður í 50–60% við slíka dreifingu. En eftir sem áður eru alltaf miklar líkur á að dæmið gangi ekki upp.

Herra forseti. Við erum að tala um 20 milljarða áhættu sem óskað er eftir að Alþingi heimili. Þetta yrði svipað og allar lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar á einu ári, um 277 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Á sama tíma og ráðamenn vara menn við að skrifa upp á og taka áhættu er hv. þm. ætlað að skrifa upp á fyrir alla þjóðina 277 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Það eru sennilega mánaðartekjur fjölskyldunnar, jafnvel fyrir skatt.

Herra forseti. Í nál. meiri hluta hv. efh.- og viðskn. segir svo á bls. 2, með leyfi herra forseta:

„Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 2002."

Undir nál. þetta rita síðan hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður og framsögumaður, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Sigríður A. Þórðardóttir og Drífa Hjartardóttir. Þessir hv. þm. leggja til við hv. Alþingi að samþykkja þetta frv.

Því fylgir mikil ábyrgð, herra forseti, að leggja til að Alþingi samþykki þetta frv. Ég hef líkt því við að maður með bílpróf setjist um borð í júmbóþotu og ætli að taka hana á loft. Það er mikil ábyrgð fólgin í því að taka ákvörðun án þess að hafa til þess vit eða þekkingu.

Í þessu dæmi þarf að leggja mat á áhættuna, leggja mat á viðskiptaáætlanir, besta kost, versta kost og millikost, og leggja mat á gjaldþrotalíkur. Menn þurfa að hafa reynslu af áhættufjárfestingum til að taka svona ákvörðun. Þetta hefur hv. efh.- og viðskn. tekið ákvörðun um á sex dögum. Ég segi og skrifa, herra forseti, sex dögum. Væntanlega hafa þeir lagt nótt við dag og ekki gert neitt annað á meðan. Þegar stórfyrirtæki taka slíka áhættu þarf a.m.k. sex vikur með her af sérfræðingum sem þekkja inn á viðkomandi rekstur, viðkomandi grein og allt umhverfi hennar, þ.e. sérfræðingum í lyfjaþróun og erfðafræði. (**HjÁ:** Af hverju sex vikur?) Stundum eru það sex mánuðir, herra forseti, vegna framkvæmda. (**HjÁ:** Af hverju ekki sex ár?) Það eru yfirleitt sex vikur lágmark og upp í sex mánuðir sem þarf til að geta tekið ákvörðun um hvort menn ætli að fjárfesta eða ekki.

Að sjálfsögðu gengi ekki að nota til þess sex ár því þá er viðskiptaáætlunin úrelt.

Til þessa þurfa menn að hafa mikið vit á fjárfestingum. Í fyrsta lagi að hafa fjárfest, kunna að fjárfesta, vita hvað áhætta er og hvaða líkur eru á tapi. Menn þurfa að hafa reynslu á viðkomandi sviði, þ.e. í lyfjaþróun, sem Íslendingar hafa hingað til alls ekki komið nálægt fyrir utan eitt lítið fyrirtæki sem er að hefja rekstur.

Ábyrgð þeirra hv. þm. sem skrifa undir þetta nál. og leggja til að hv. Alþingi samþykki þetta frv. er mjög mikil.

Herra forseti. Sú spurning vaknar: Hvers vegna er þetta fyrirtæki valið? Af hverju völdu menn einmitt þetta fyrirtæki til að byggja upp vísindasamfélag á Íslandi? Það er til fjöldinn allur af fyrirtækjum sem búið geta til nákvæmlega sama vísindasamfélagið. Ég vil t.d. nefna Fiskeldi Eyjafjarðar sem er að þróa lúðueldi með vísindalegum aðferðum. Það er þó eitthvað sem við kunnum, eitthvað sem við getum, eitthvað sem við höfum náð góðum árangri í. Ég vil nefna fjármálastarfsemi ýmiss konar þar sem hægt er að ná inn sérfræðingum til landsins.

Hvers vegna í ósköpunum er þetta ekki hreinlega boðið út? Ríkissjóður gæti auglýst í viðskiptablöðum um allan heim: Bjóðum 20 milljarða ríkisábyrgð til að ná til landsins vísindastörfum, má vera 57% af fjárfestingu, forsendan er að starfið kosti ekki meira en 110 milljónir á hvert starf og því þurfa að fylgja vísindamenn sem koma til landsins í þróunarvinnu og rannsóknir? Af hverju bjóða menn þetta ekki út, herra forseti? Ég skil ekki af hverju menn velja einmitt þetta fyrirtæki, sem reyndar er mjög gott og hefur sýnt góða takta. Ég sé þó ekki að menn þurfi endilega að velja þessa áhættu að veita til ríkisábyrgð.

Herra forseti. Við 1. umr. sagði ég að ekki væri munur á ríkisábyrgð og beinu láni. Ríkissjóður gæti hreinlega gefið út skuldabréf, selt á markaði og lánað svo beint. Það er enginn munur á því. Reyndar er þetta lán sem um ræðir með kaupréttum og kaupskyldu miðað við gengið 18 dollarar. Ef maður bætir ábyrgðargjaldi við vexti ríkissjóðs og dregur frá gjald vegna þessa kaupréttar er maður kominn með vexti sem ríkissjóður gæti rukkað fyrirtækið um fyrir að veita því beint lán. Það finnst mér að ríkissjóður eigi að gera. Fari illa fær ríkissjóður ekki neitt. Hann þarf að borga 20 milljarða og tapar fé sínu, hvort sem hann lánar eða veitir ríkisábyrgð. Hann er búinn að fá jafnmikið ríkisábyrgðargjald með hvorum hættinum sem er.

Gangi hins vegar vel fær hann bara ríkisábyrgðargjaldið við að að veita ábyrgðina, en hann fengi þá alla vega kaupréttinn og möguleika á hagnaði í fyrirtækinu ef vel gengi. Ef gengið færi upp í 100 gæti ríkissjóður hagnast dável á þessu dæmi. Það eru ákveðnar líkur á því og það eru þær líkur sem við veðjum öll á. Þess vegna finnst mér eðlilegt að ríkissjóður láni frekar en að veita ríkisábyrgð. Það er enginn munur á áhættunni.

Það er svo aftur önnur saga að ef illa gengur verður lánveitandinn að ganga að fyrirtækinu áður en hann fær ríkisábyrgðina. Hann verður sem sagt að setja fyrirtækið í gjaldþrot, líka þau 600 störf sem eru til í dag. Þannig yrði öllum iðnaðinum rústað ef illa færi fyrir þessari lyfjaþróun.

Mér finnst að það ætti hreinlega að koma til greina að kaupa hlut í fyrirtækinu. En ég geri reyndar ekki tillögu um það. Ef illa færi mundi fyrirtækið geta lifað eða lafað áfram og þyrfti ekki að fara í gjaldþrot og áfram færi fram sú starfsemi sem er til staðar í dag. En þetta er munurinn á að taka lán til reksturs eða hlutafé til reksturs. Þess vegna velja fyrirtæki í áhætturekstri yfirleitt áhættufé, og verða að gera það, en ekki lánveitingar.

Herra forseti. Ég hef lagt fram brtt. um að ríkissjóði eða fjmrh. verði auk þess að veita ábyrgð heimilt að kaupa skuldabréfið sem um ræðir og njóta þannig kaupréttarins sem því fylgir. Þessa tillögu mun ég draga til 3. umr. Af hverju? Vegna þess að ég er eindregið á móti þessari minni eigin tillögu. Hafi Alþingi hafi samþykkt tillögu hv. efh.- og viðskn. við 2. umr., sé sá skaði er skeður, mun ég leggja til að fjmrh. verði heimilt að kaupa skuldabréfin til að minnka skaðann, þ.e. ríkissjóður eigi þó alla vega kauprétt á hlutabréfum í fyrirtækinu og njóti þess ef vel gengur. Þannig yrði skellurinn jafnframt minni, þ.e. hann fengi þá alla vega eitthvað fyrir sinn snúð. Hann fær annars ríkisábyrgðargjaldið og ekkert annað ef vel gengur og tapar öllu saman ef illa gengur.

Hvers vegna geri ég þetta? Af hverju geri ég ekki tillögu um að ríkissjóður fái bara að lána fyrirtækinu? Það er til þess að nota grg. frv. sem byggir greinilega á einhverju samkomulagi við fyrirtækið, um að slíkur kaupréttur fylgi með í kaupunum. Það byggir greinilega á einhverju samkomulagi. Þetta er minna tap og ekki eins vondur kostur og það að veita bara ríkisábyrgð.

Herra forseti. Ég hef fengið nokkur bréf á netinu — ekkert voðalega mörg, svona þrettán — og þar á meðal eitt þar sem spurt var: Hvað gerist fyrir þá þingmenn sem greiða þessu atkvæði fjárhagslega ef ríkissjóður þarf að borga 20 milljarða, þ.e. 277 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu? Hverju eru þessir þingmenn að hætta? Segjum að eftir þrjú, fjögur og kannski sjö ár komi upp sú staða að það þurfi að fara að borga, hverju eru þeir í rauninni að hætta? Engu. Ekki fjárhagslega. Ekki umfram aðra Íslendinga. Þessi maður vildi leggja til að samþykkt yrði að þeir borguðu þá tífalt, 2,8 milljónir, úr eigin vasa ef illa færi. Þeir fyndu þá alla vega fyrir því, einhverri ábyrgð.

Annar sagði að það væri snilld — sá er reyndar staðsettur á vesturströnd Bandaríkjanna, Íslendingur sem þar er við störf — að láta sér detta í hug að einhver ríkissjóður ábyrgðist þvílíka áhættu sem lyfjaþróun, það væri snilld að fá slíka hugdettu. En að fá hana samþykkta væri enn þá meiri snilld, herra forseti.

[16:42]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur skýrt sjónarmið sín og ég deili því sjónarmiði hans að við eigum ekki að gera þetta. Ég hef ávallt sagt það. En ég spyr hv. þm. hverjar hann meti líkurnar, ef illa fer á næstu sjö árum eða svo, á að svo ómæld ábyrgð sem ríkissjóður tæki á sig yrði til þess að menn freistuðu þess að fara enn dýpra í fenið ef illa gengur.

Mig langar að fá fram hjá hv. þm. hvernig hann líti á stöðuna í framhaldi af því, ef illa fer eftir 5–7 ár, hvort menn standi frammi fyrir því, eins og svo oft gerist í svona dæmum í viðskiptalífinu, að freista þess að taka enn meiri áhættu í nokkur ár til viðbótar áður en til endanlegs uppgjörs kemur.

[16:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom inn á þetta í andsvari við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í morgun. Hún spurði mig einmitt um þetta. Þetta er vel þekkt í fjárfestingum. Það er vel þekkt

í áhættufjárfestingum að menn þurfi, til þess að bjarga því fé sem þeir hafa sett inn í fyrirtæki, að reiða fram enn meira fé. Meira að segja er oft og tíðum gert ráð fyrir þessu, að þegar menn hafa skoðað viðskiptaáætlunina og dæmin, eins og efh.- og viðskn. hv. ætti að hafa gert, reikni menn líkurnar á því að bæta þurfi við fjármagni til að bjarga því sem bjargað verður. Menn kalla þetta að henda góðum peningum á eftir slæmum. Þetta er þekkt í fjármálaheiminum og er tekið með í myndina þegar menn taka ákvörðun um fjárfestingu.

Ég reikna með því að hv. þm. sem ég taldi upp, sem hafa skrifað undir þetta, hafi áttað sig á þessu, þ.e. hve miklar líkur eru á að þurfa að leggja fram meira fjármagn til að tryggja það sem menn setja fram í upphafi. En þetta er vel þekkt, að tryggja það sem menn hafa sett fram. Þetta er vel þekkt eins og ég kom einmitt inn á í morgun.

[16:44]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal að öðru. Það var skondið en í framsöguerindi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., kom fram að styrkir væru alþekktir út um allan heim. Hann nefndi t.d. Bandaríkin sem hefðu styrkt fyrirtæki okkar í fiskdreifingu. Nú stöndum við frammi fyrir gríðarlegum fólksflutningum. Fólk er að yfirgefa mikil verðmæti á landsbyggðinni. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann hafi velt fyrir sér stofnstyrkjum eða framlögum líkt og þeim sem algeng eru í Bandaríkjunum, skilst mér, í mörgum fylkjum eða að jafnvel hreppar eða bæir keppi með þeim um að fá til sín stórfyrirtæki. Það er alþekkt. Maður hefur líka heyrt því fleygt hvað varðar þetta fyrirtæki. Við þekkjum svona styrki frá Evrópusambandinu, stofnstyrki og framlög, sérstaklega í dreifbýlinu. Hefur hv. þm. velt því fyrir sér hvort ekki hefði ekki nær fyrir okkur sem þjóð að gæta eigna almennings og aðstöðu sem búið er að byggja upp í landinu, þ.e. með slíkum formúlum vítt og breitt um landið til margbreytilegrar uppbyggingar í stað þess að taka svona gríðarlega stórt högg? Á þessu er auðvitað reginmunur. Þar erum við að tala um margþættan ávinning, samfélagslegan ávinning vegna þess að eignirnar eru fyrir hendi og þjónustan við fólkið er fyrir hendi.

Í framhaldinu vil ég nefna að við eigum gríðarlega framsækna og góða vísindamenn á mörgum sviðum sem ekki eru í samkeppni. Ég nefndi í fyrri ræðu minni fiskeldið sem er strand með áframeldi þar sem það hefur ekki aðgang að bakábyrgðum af því tagi sem við erum að tala um núna.

[16:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um er það alþjóðleg þróun að menn séu að hverfa frá slíkum styrkjum, stofnstyrkjum og öðru slíku, vegna þess að þeir skekkja atvinnulífið. Það sem hv. þm. var að tala um er að veita styrki til þess að staðsetja fyrirtæki úti á landi, sem vill segja að staðsetningin er ekki sú besta sem til er í landinu, annars þyrfti ekki styrki til til að fara út á land. (**ÁSJ:** Samkeppni við stofnstyrki annarra þjóða.) Já, ég er að tala um stofnstyrki almennt. Að minnsta kosti í fræðunum vilja menn hverfa frá þeirri braut vegna þess að stofnstyrkir skekkja staðarval, hvort sem það er í Bandaríkjunum eða annars staðar. Þetta hafa menn löngu séð fræðilega, en það gengur mjög illa að fá þetta burt í reynd, í praxís. Menn eru enn með slíka styrki.

En menn hafa að sjálfsögðu kallað þessa ríkisábyrgð ekkert annað en byggðastyrk fyrir Reykjavík. Byggðastyrk fyrir Reykjavík í samkeppni Reykjavíkur við allan heiminn. Menn tala um að fá hérna inn vísindasamfélag, kaupa það þessu verði, og sumir segja að það sé réttlætanlegt. En þetta skekkir a.m.k. staðarvalið. Sú atvinnugrein sem kemur inn með þessum formerkjum er því ekki skynsamleg. Hún er ekki sú besta. Þetta staðarval er ekki það besta sem valið er og það þurfa menn að borga með þessum styrk og alla tíð síðan. Slíkir stofnstyrkir eru óskynsamlegir fyrir heildina, geta verið skynsamlegir fyrir viðkomandi fyrirtæki og kannski einmitt viðkomandi stað sem fær fyrirtækið. En fyrir heildina er slíkt alltaf óskynsamlegt, það er a.m.k. trú mín.

[16:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum í dag virðist vera umdeilt hjá þjóðinni. Hluti hennar virðist halda að hér sé verið að fara í mjög áhættusamt mál og það er út af fyrir sig eðlilegt að skiptar skoðanir séu um mál eins og þessi. Upphæðin sem hér um ræðir er líka mjög há og áhætta sem henni fylgir er kannski meiri en menn hafa horft framan í áður. En það er ekki sama við hvað er verið að eiga og stundum þarf að stíga stærri skref en menn hafa séð áður til að ná þeim árangri sem stefnt er að.

Ég er einn af þeim sem hafa frá fyrstu dögum haft mikla trú á Íslenskri erfðagreiningu og þeim hugmyndum og rannsóknum sem þar eru í gangi. Þess vegna hef ég stutt þær aðgerðir sem eru ætlaðar til þess að styrkja grundvöll þess fyrirtækis. Sú aðgerð sem hér er verið að ræða um er að vísu annars eðlis en þær fyrri og að sönnu áhættusöm fyrir ríkissjóð.

Eftir að hafa rætt við nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. hef ég komist að þeirri niðurstöðu að sú áhætta sem menn telja vera í þessu máli sé ekki eins mikil og margir halda. Ljóst er að Íslensk erfðagreining og móðurfyrirtækið deCODE eru nánast skuldlaus. Fyrirtækin eiga sjóði til allt að sjö ára til að mæta hallarekstri og nokkuð ljóst að á þeim tíma á fyrirtækið ekki að þurfa að safna rekstrarskuldum. Í því nýja fyrirtæki sem verið er að tala um að stofna hér, lyfjaþróunarfyrirtæki, er líka gert ráð fyrir að tekjur skapist á fyrsta degi en séu ekki byggðar einvörðungu á því að eitthvert eitt lyf finnist einhvern tímann og jafnvel ekki. Ég tel því að ekki sé verið að taka þá áhættu að 20 milljarðarnir mundu falla á ríkissjóð eftir sjö ár. Ef illa færi mundi þessi tala verða mun lægri.

Ástæða þess að ég hef stutt Íslenska erfðagreiningu er sá möguleiki sem þetta fyrirtæki hefur fært íslensku menntafólki til að starfa og fólkinu, íslenska menntafólkinu, er gert kleift að starfa á Íslandi. Fyrirtækið er orðið einn fjölmennasti vinnustaður á landinu, með um 600 manns í vinnu. Menntamenn víða úr heiminum hafa komið hingað til landsins og auðgað hátækniiðnaðinn með menntun sinni og flóra menntaðs vinnuafls hefur vaxið geysilega og meira en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni.

Það sem á undan er gengið hefur fært mér sönnur á að hér sé á ferðinni fyrirtæki sem staðið hefur undir væntingum og gott betur. Ísland er komið í hóp þeirra þjóða sem skipa sér á bekk í þróaðri hátækni, þjóðum margfalt fjölmennari en við sem hafa miklu meira fjármagn til umráða en við til að taka þátt í svo framsæknum atvinnurekstri.

Með þetta allt í huga hef ég tekið þá ákvörðun að styðja frv. ríkisstjórnarinnar og fagna því í raun að það risastökk sem hér er verið að stíga skuli vera tekið á sviði lyfjaþróunar

á Íslandi. Ég tel að með þessu getum við verið að marka okkur spor í heimssögunni að þessu leyti. Okkar litla þjóð hefur þor og þrótt til að stíga skref sem getur markað þau spor. Til þess þarf kjark og ég tel að hann sé sýndur með því að samþykkja frv.

Fram hefur komið að ekkert annað fyrirtæki á Íslandi er með nein svipuð áform á prjónunum eða er í einhverri framleiðslu á þessu sviði. Því er ekki verið að trufla starfsemi annarra fyrirtækja á Íslandi með slíkri ákvörðun. Að mínu áliti mun þessi ákvörðun styrkja önnur fyrirtæki í hátækni á Íslandi og auka líkur á árangri þeirra í framtíðinni.

Við höfum séð það eftir að Íslensk erfðagreining kom til starfa á Íslandi að önnur fyrirtæki í líftækniiðnaði hafa risið upp og dafnað sem aldrei fyrr. Íslensk erfðagreining er eins og móðurskip hvað þetta varðar og virkar sem möguleiki og hvati sem breiðir úr sér um allt land. Þau 250–300 nýju störf sem hámenntaðir menn og konur munu fá og bætast við íslenska menntaflóru munu að mínu áliti virka sem vítamínsprauta á háskólalíf á Íslandi. Háskóli Íslands og vonandi aðrar íslenskar menntastofnanir munu taka við sér í kjölfar þess.

Mér finnst, herra forseti, margir haga sér í þessu máli eins og við höfum aldrei veitt ríkisábyrgðir áður og hér hafi allt verið slétt og fellt að þessu leyti og engin fordæmi séu til. Það er að sjálfsögðu mjög rangt. Alþingi hefur tekið margar sambærilegar ákvarðanir á síðustu áratugum eða frá síðustu öld sérstaklega og má þar nefna mörg lykilfyrirtæki í íslensku atvinnulífi áratugum saman. Þar eru fyrirtæki eins og Eimskip, Flugleiðir, Landsvirkjun, togaraútgerðir um allt land og síðast flugábyrgð til þess að tryggja flug á milli Íslands og annarra landa.

Ýmsar aðgerðir aðrar hafa verið gerðar til að laða hingað stórfyrirtæki, eins og Ísal og fleiri stórfyrirtæki á sviði stóriðju. Þau fyrirtæki hafa fengið skattaívilnanir sem engin önnur fyrirtæki fengu á þeim tíma. Þetta hefur orðið til þess að fyrirtæki eins og Ísal hefur stækkað og þróast hér á landi sem hefði ekki orðið ef ríkissjóður hefði ekki gripið inn í með sérstökum aðgerðum.

Margir hér inni hafa haft áhuga á því að auðga flóru iðntæknifyrirtækja og iðnþróunar á Íslandi. Þar höfum við litið til þess hvað Írar hafa þótt framsæknir og notað ríkisábyrgðir og skattaívilnanir til að laða að sér fyrirtæki, sprotafyrirtæki, með ýmsu móti með því að opna svokölluð frísvæði. Írar byrjuðu á þessu fyrir nokkrum áratugum eða á 6. áratugnum. Starf þeirra að þessu leyti hefur leitt írsku þjóðina inn í mestu hagsældartíma sem Írar hafa séð og þeir eru taldir vera iðnvæddasta þjóð í heiminum í dag.

Sem betur fer hefur margt verið gert hér á undanförnum árum sem hefur einmitt verið í svipaða átt og það er m.a. með því að lækka almenna skatta. Við erum nýbúnir að lækka t.d. almenna tekjuskatta á íslensk fyrirtæki niður í 18%. Á Írlandi hafa þeir verið 10% til langs tíma. Þetta tel ég allt skref í rétta átt og það hefur tvímælalaust styrkt íslenskt atvinnulíf og á eftir að koma þar mjög til góða. Hægt er að segja að þar hafi verið um mjög almenna aðgerð að ræða sem öllum nýtist.

Að sjálfsögðu er hægt, herra forseti, að ofbjóða þjóðinni með ríkisábyrgðum og styrkjum en það var einmitt raunin þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var hér við lýði á árunum 1988–1991. Þá var ábyrgðum og fjármunum ríkisins spreðað út um hvippinn og hvappinn án nokkurar stefnu né sýnar til framtíðar. Í fjölda tilfella var verið að púkka upp á löngu gjaldþrota fyrirtæki vítt og breitt um landið. Þær aðgerðir komu svo sannarlega í bakið á okkur. Hér er allt annað á ferðinni að mínu áliti, herra forseti, eins og ég hef komið að fyrr í ræðu minni.

Ég held, herra forseti, að hér sé verið að brjóta í blað í atvinnusögu þjóðarinnar þar sem við getum breytt ímynd þjóðar okkar úr því að vera fiski- og álversþjóð í þjóð sem er að færast úr frumframleiðslu í að byggja upp framtíð sína á hugviti. Það hófst með Íslenskri erfðagreiningu og fer nú annað risastökk á nýrri braut lyfjaþróunar. Það er sú framtíð sem flestar iðnvæddar þjóðir sjá fyrir sér og mun tryggja tilverurétt þjóðarinnar þegar til lengri tíma er litið.

Ég tel að við séum að tryggja þann tilverurétt og þess vegna styð ég þetta mál. Við viljum framþróun í landi okkar. Við viljum tryggja hag fólksins. Við viljum vera sjálfstæð þjóð sem tekur sjálf á sínum málum.

Úrtölur stjórnarandstöðunnar lýsa ótrúlegu afturhaldi. Þeir sömu menn sem hafa einmitt viljað stöðva stór virkjunaráform og byggja einungis á hugviti hafa snúist öndvert við þessu máli. Hvað hafa t.d. Vinstri grænir gert í að hjálpa til í málinu? Að sjálfsögðu ekki neitt. Þeir hafa tekið upp fyrri háttu og eru nú alfarið á móti uppbyggingu með þessum hætti, þeir sömu aðilar sem vildu heldur ekki stóriðju.

Að sjálfsögðu er sorglegt til þess að vita að menn skuli ekki geta séð ljósið í þessu. Ekki var við því að búast að Samfylkingin gæti verið samkvæm sjálfri sér í þessu máli frekar en öðrum. Þeir vita yfirleitt ekki í dag hvað þeir ætla að gera á morgun og það sýndi sig við upphaf umræðunnar í málinu að menn voru ekki vissir um hvað þeir vildu gera. Ég, herra forseti, er alveg viss um hvað ég vil að verði gert í málinu. Ég vona að það fái góðan byr hér í þinginu. Það geri ég fyrir framtíð þjóðarinnar.

[17:01]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum hér að ræða um 20 þús. millj. kr. ábyrgðartryggingu sem gefin yrði fyrir hönd þjóðarinnar gagnvart fyrirtækinu deCODE. Hér stóð í pontu hv. þm. sem talaði um skuldastöðuna hjá fyrirtækinu, að fyrirtækið væri skuldlaust.

Ég vil spyrja hv. þm. að hvaða marki hann hafi kannað fjárhag og sjóðstreymi hjá þessu fyrirtæki. Allir vita að íslensku ríkisbankarnir, sérstaklega Búnaðarbankinn, keyptu út bandaríska áhættufjárfesta á sínum tíma fyrir um 6.000 millj. kr. Það vita allir að verulegt fjársteymi kom inn í fyrirtækið þegar það fór á markað, þá á genginu 16–18 dollarar. Síðan hrapar það niður — en þarna kom inn mikið fjárstreymi. Allir vita að það hefur komið talsvert fjárstreymi inn í fyrirtækið eftir samninga við Hoffmann-La Roche þó engan veginn sé það í samræmi við það sem áformað hafði verið. Þetta er öllum kunnugt.

Hitt hefur nú verið upplýst að fyrirtækið er ekki farið að borga eina einustu krónu vegna samninga sem það hefur gert við íslenska ríkið. Hefur hv. þm. kynnt sér þetta? Ekki hefur verið staðið við loforð um greiðslur vegna gagnagrunnsins eða annarra yfirlýsinga, loforð sem hafa verið rækilega auglýst. Heilir flugfarmar af ráðherrum hafa verið sendir um allt land til að dásama og húrrahrópa árangurinn en ekki ein einasta króna hefur komið inn í ríkissjóð.

Hefur hv. þm. farið í saumana á lántökum fyrirtækisins á síðustu mánuðum þar sem fram kemur að vaxtakjörin sem fyrirtækinu bjóðast fara hríðversnandi? Hefur hann kannað

þetta? Hefur hann farið í saumana á þessum málum áður en hann fyrir hönd íslensku þjóðarinnar gengst í ábyrgð fyrir 20 þús. millj. kr.?

Ég held að nú sé ekki tíminn fyrir klisjukenndar ræður eins og við heyrðum hér áðan. Nú gerum við þá kröfu að farið sé í saumana á þessum málum.

[17:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt barðist hv. þm. gegn miðlægum gagnagrunni og samflokksmenn hans. Ef eitthvað átti að fara út á land voru það einmitt störf í kringum það. Ég veit að það hefur gengið illa að koma því á koppinn. Lái þeim hver sem vill. Ekki hefur aðstoðin komið frá stjórnarandstöðunni í því máli.

Ég þykist vita, eftir samtöl við þá sem hafa skoðað fjárhag deCODE og Íslenskrar erfðagreiningar að fyrirtækið sé skuldlaust. Það hefur komið fram á hluthafafundum fyrirtækisins hvernig staða þess er. Það á ekki að hafa þurft að fara fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Það hefur líka komið fram nákvæmlega hvað innstæður eru háar hjá fyrirtækinu í dollurum. Það er ekkert leyndarmál. Flestar upplýsingar sem menn hafa verið að tala um að vantaði eru til og hluthafar hafa getað aflað sér þeirra.

Ég held að menn eigi líka að rifja upp öðru hvoru að þegar Íslensk erfðagreining fór á markað á sínum tíma voru allar nákvæmustu upplýsingar sem hægt var að fá, miðað við alþjóðlegar reglur og ströngustu kröfur um útboð fyrirtækja, lagðar fram af hálfu stjórnar Íslenskrar erfðagreiningar. Slík vinnubrögð höfðu aldrei tíðkast í íslenskum atvinnurekstri áður þegar um útboð af þessu tagi var að ræða. Ég held að að því leyti hafi verið markað spor í átt að vandaðri vinnubrögðum. Menn geta ekki sagt annað en að þarna hafi menn virkilega vandað sig.

Auðvitað er þetta ekki svo fullkomið að ekkert bjáti á, að allt gangi nákvæmlega upp á punkt og prik sem sagt er í áætlunum, enda eru áætlanir áætlanir og ekki endilega gert ráð fyrir því að þær standi upp á prik. En það er unnið samkvæmt þeim. Ég trúi því að það sé gert hjá Íslenskri erfðagreiningu.

[17:05]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. „Ég trúi, ég trúi," er megininntakið í málflutningi hv. þm. Ég trúi, segir hann, mönnum sem til þekkja hjá Íslenskri erfðagreiningu, mönnum sem til þekkja þessara mála. — Nú er komið að okkur að kynna okkur sjálf hver raunveruleikinn er. Menn geta ekki vikið sér undan ábyrgri umræðu með þessum hætti.

Ég spurði hvort hv. þm. hefði sjálfur kynnt sér þessi gögn. Það hefur hann greinilega ekki gert. Ég vék að lánum tekin hafa verið á síðustu mánuðum, í desember 27,5 milljón dollarar, 17,8 aftur í desember 2001, 13,8 milljónir í mars 2002, 7,3 milljónir dollara með 6% álag á Libor-vexti, sem sérfræðingar á fjármálamarkaði segja að sé mjög mikið. Menn spyrja: Hvernig stendur á þessum versnandi lánskjörum?

Hefur hv. þm. kynnt sér sjóðsbrunann hjá fyrirtækinu? Hefur hann gert það sjálfur? Ekki: Einhverjir menn hafa sagt mér og ég trúi, ég trúi.

Það er rétt að þessar upplýsingar eru fyrir hendi. Nú er komið að því að íslenskir alþingismenn, sem gert er að taka ákvörðun fyrir hönd þjóðarinnar í þessu máli, kynni sér málin sjálfir og brjóti þau sjálfir til mergjar. Það er komið að því.

[17:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykja merkilegheit hv. þm. heldur betur mikil. Hefur hv. þm. kafað í bókhaldið hjá Íslenskri erfðagreiningu og deCODE? (**ÖJ:** Ég hef verið að reyna það.) Hefur hv. þm. farið sjálfur ofan í allar skræðurnar þarna til að kanna tölurnar, hvort þær séu réttar eða ekki? (**ÖJ:** Ég hef verið að reyna það.) Ég held að hv. þm. ætti ekki að vera með þessi merkilegheit. Ég held að hv. þm. viti lítið meira um þetta en ég.

Ég hef lesið það sem hefur komið fram um Íslenska erfðagreiningu. (**ÖJ:** Hvað?) Ég hef séð gögn um hvernig hluthafar hafa verið upplýstir um hag fyrirtækisins. Ég ætla bara að segja hv. þm. að ef hann trúir ekki á þetta fyrirtæki er það að sjálfsögðu hans ákvörðun. Ég trúi á þetta fyrirtæki. Ekki vegna þess að ég hafi enga skoðun á fyrirtækinu eða hafi ekki þor til að kynna mér stöðu þess heldur vegna þess að ég hef séð á þeim störfum sem þar er sinnt að þar er unnið af ábyrgð og eftir þeim hugmyndum sem hafa verið í gangi. Ef menn á annað borð hafa áhuga á því að byggja upp hugvit á Íslandi hljóta þeir að styðja fyrirtæki sem þetta. (Gripið fram í.)

Það er svo aftur allt annað mál að auðvitað hljótum við að taka einhverja áhættu. Til þess er verið að samþykkja þessi lög, við ætlum að taka áhættu. En ég trúi því, miðað við þær upplýsingar sem ég hef, að sú áhætta sé hverfandi. En ég ábyrgist það ekki. Ég trúi því miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið, hv. þm. Ég tel að mínar upplýsingar séu ekkert síðri en þínar og að það muni standa sem sagt hefur verið. (**ÖJ:** Þú trúir því.)

[17:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að hlutskipti stjórnarþingmanna og þess vegna ráðherra sem eru aðstandendur þessa máls sé ekki öfundsvert. Maður á kannski ekki að hafa ummæli um það í þá veru en ég verð að segja að mér finnst heldur sútarlegur svipur hér á manni og manni sem bendir til að þeim hafi liðið betur við margt annað en að greiða götu þessa máls í gegnum þingið á þeim forsendum sem fyrir liggja, eins og það ber hér að á allan hátt. Ég held að það þurfi í sjálfu sér, herra forseti, ekki að rökstyðja þetta ýkjamikið. Þegar mál af þessu tagi kemur fyrir þingið og á að afgreiðast á fáeinum sólarhringum, upp á 20 þús. milljónir kr. í ábyrgðum fyrir mjög áhættusamri starfsemi og það er svo í pottinn búið að ýta verður til hliðar öllum þeim leikreglum sem menn hafa sett um afgreiðslu slíkra mála í lögum þá segir það sína sögu. Það getur ekki verið að fjmrh. þjóðarinnar eða formanni efh.- og viðskn. geri það sisvona að gamni sínu og finnist það allt í lagi. Ég trúi því ekki að þeim finnst þetta ekki ljóður á málinu.

Ég geri lítið með það þó að menn tali sig upp í hita líkt og hv. síðasti ræðumaður gerði. Það mætti líka velta því fyrir sér hvort sannfæringin sé alltaf jafnheit og menn vilja vera láta, þegar menn belgja þvílík ósköp upp eins og hv. þm. Kristján Pálsson gerði áðan í eldlegri sannfæringu sinni fyrir því hvað þetta væri rakið og einboðið mál. Auðvitað er sjálfsagt að allir styðji þetta, sagði hann, sem vilja nýsköpun í atvinnulífinu. Nema hvað.

Eigum við þá ekki bara að styðja allt sem mönnum dettur í hug ef allt er svo sjálfsagt og svona einfalt? Það eru kannski

engin vandamál í þessu. Á ekki ríkið nóga peninga? Eigum við ekki að taka alla þá áhættu sem býðst? Ef tilgangurinn helgar meðalið, ef menn geta komið hér og sagt: Af því að það eru mögulega í boði 250 störf þá er sjálfsagt að gera það sem til þarf.

Þetta, herra forseti, er skólabókardæmi um það þegar menn segja: Tilgangurinn helgar meðalið. Í raun þurfa þeir ekki flóknari röksemdafærslu við. Ég verð að segja að það er umhugsunarefni að hæstv. fjmrh., með sínu liði, skuli láta hafa sig í þetta. Ég verð að segja alveg eins og er. Ef málið hefði komið hér inn þrautundirbúið, Alþingi haft góðan tíma til að fara rækilega yfir það, allar upplýsingar og áætlanir fyrirtækisins legið á borðinu, þar með taldar traustar vísindalegar upplýsingar og þetta hefði farið fram samkvæmt lögunum um ríkisábyrgð væri þetta þó orðið eitthvað nær máli. En svo er ekki. Ekkert af þessu er til staðar, ekki neitt.

Ég held að vinna efh.- og viðskn., sem án vafa hefur reynt að vanda sig í þessu máli, hafi fyrst og fremst leitt í ljós hversu gríðarlega mikið vantar á að hægt sé að bera málið fram og styðja það. Hefðu komið fram í vinnu efh.- og viðskn. traustar upplýsingar og fullnægjandi svör við öllum þeim áleitnu spurningum sem þetta mál vekur væru menn þó eitthvað nær því að geta áttað sig á því og tekið afstöðu til þess. En hefur það gerst? Nei.

Hafa fengist svör við því hvaða fordæmisgildi þetta mál hefur og hvernig með það verður farið? Nei. Fjmrh. hefur í vörn sinni sagt: Ja, ef sambærileg mál koma upp verður litið á þau. En svo er þeim erindum ekki svarað sem þegar hafa borist. Liggur fyrir hvort þetta er samrýmanlegt ákvæðum Evrópska efnahagssvæðisins um ríkisaðstoð? Nei. Liggur fyrir hvaða samhengi þetta kann að hafa við t.d. samkeppnislöggjöfina og hvernig kærumál á þeim grunni kynnu að fara? Nei.

Það skortir, herra forseti, eiginlega allt sem þyrfti að liggja til grundvallar því að taka þá ákaflega erfiðu ákvörðun sem það hlyti að vera, ef allar upplýsingar væru fyrir hendi, um hvort þetta væri réttlætanlegt. Ég geri ekki ráð fyrir því að menn ætli sér að innleiða þá tíma að veiting ríkisábyrgða af þessu tagi verði sjálfsagt mál. Ja, þá er verið að brjóta í blað. Öðruvísi mér áður brá.

Má ég minna á að hér eru aðstandendur að máli þeir hinir sömu og þöndu sig nú ekki svo lítið um óráðsíuna alla sem viðgengist hefði, um hin miklu ríkisumsvif og skaðlegu, um fortíðarvandann, um sértækar aðgerðir í atvinnumálum og um það ekki síst hversu nauðsynlegt væri að draga úr ábyrgð ríkisins í atvinnumálum. Það átti að gera einkanlega með tvennum hætti, með því að einkavæða allt sem hægt var þar sem ríkið hafði áður staðið á bak við með eigendaábyrgð, þá ekki síst fjárfestingarlánasjóði og banka, og með því að þrengja öll skilyrði fyrir ríkisábyrgðum. Það er alveg vitað að ýmsir hugðust ganga miklu lengra í þeim efnum en þeir hafa síðan komist til að gera. Sjálfstfl. hefði ábyggilega viljað helst að allar ábyrgðir ríkisins á bak við húsnæðislán í landinu væru á bak og burt ef hann hefði ráðið við það pólitískt eða að það hefði reynst raunhæfur möguleiki gagnvart markaðnum. Einkavæðingin hefur að vísu gengið hægar en til stóð, a.m.k. heldur en stuttbuxnaliðið ætlaði sér á sínum tíma þegar það setti Báknið burt-plötuna á fóninn. En svo koma þessir sömu menn og standa svona að málum, herra forseti.

Ég tel að eitt það alvarlegasta við þetta mál sé hvernig menn ætla að ýta lögunum um ríkisábyrgð til hliðar bara eins og ekkert sé sjálfsagðara. Það vill nú svo til að ég þekki viðureign, glímu við það að skapa fullnægjandi tryggingar og setja reglur sem þyddu að ríkið gæti ábyrgst lán sem voru brotabrot af þeim stærðum sem hér er verið að tala um. Þá sátu menn á linnulausum samningafundum við forsvarsmenn Ríkisábyrgðasjóðs og þvörguðu fram og aftur um það hvort leyfilegt væri að fara upp í 80 eða 90% af t.d. matsverði eigna, hvort réttlætanlegt væri að Ríkisábyrgðasjóður tæki þá áhættu, færi svo langt upp með þökin, og hvort ekki yrðu að koma einhverjar tryggingar á móti o.s.frv. Menn voru að tala um smáaura á móti því sem hér er. Til að herða enn betur á þessu var sett í gang starf á tíunda áratug síðustu aldar og það leiddi til þeirrar niðurstöðu að starfshópur, skipaður virðulegum seðlabankastjórum og ríkisábyrgðarstjórum, skilaði tillögum sem áttu alveg sérstaklega að miða að því að draga úr veitingu ríkisábyrgða með því að setja strangari reglur um meðferð þeirra mála allra.

Það mætti vitna í álit þessarar ágætu nefndar sem skilaði af sér einhvern tíma á mánuðunum fyrir lagasetninguna 1997. Í henni sátu Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri, Sigurgeir Jónsson, forstjóri Lánasýslu ríkisins, og Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri í fjmrn., sem nú rekur Ríkisspítalana. Til aðstoðar þeim voru ýmsir snillingar eins og Sigurður Thoroddsen hjá Lánasýslu ríkisins, Ingvi Örn Kristinsson hjá Seðlabanka Íslands og Skarphéðinn B. Steinarsson hjá fjmrn. Þessi nefnd komst t.d. að þeirri niðurstöðu, og í öllum aðalatriðum var stuðst við álit hennar þegar lögin voru sett 1997, með leyfi forseta, svo vitnað sé í álit nefndarinnar:

„Nefndin telur að ríkisábyrgðir beri að nota af mikilli gætni. Hin almenna regla hljóti alltaf að vera sú að lán séu tekin á almennum markaði, án ábyrgðar ríkisins. Ríkisábyrgðir geti hins vegar verið réttlætanlegar í vissum tilfellum en þá er mikilvægt að í gildi séu lög og reglugerðir sem kveði á um hvernig með þær skuli farið."

Er ætlunin að þetta teljist slík lög, herra forseti, nokkrar setningar á blaði, galopin heimild til fjmrh.? Og hvar er reglugerðin? Hvar er hún? Nei, Alþingi á að afgreiða algerlega blankó heimild, án nokkurra skilyrða, án nokkurra takmarkana, án þess að nokkur reglugerð liggi fyrir til þess að fjmrh. ráði þessu einn og geti svo bara þegar honum svo sýnist tekið upp pennann og skrifað 20 milljarða ávísun.

Ég verð að segja alveg eins og er að það undrar mig ekki síst í þessu máli að fjmrh. skuli vilja fá þennan kaleik á sitt borð. Það er ekki öfundsvert hlutskipti því að hans verður þá að meta þetta og það er algjörlega augljóst mál að þrýstingurinn á hann að veita ábyrgðina verður gríðarlegur, annars stæðu menn ekki í þessum ósköpum hér. Ráðherra hefur engin lagaskilyrði til að verja sig, ekkert áhættumat, engar reglur um tryggingar eða annað því um líkt. Ef lögin um ríkisábyrgð fengju að gilda er ráðherrann varinn af þeim í þeim skilningi að hann getur staðist þrýsting með vísan til laganna og sagt: „Nei, þetta gengur ekki því að það verður að fara í gegnum þetta áhættumat og tryggingarnar verða að vera svo og svo og þetta verður allt saman að uppfylla þau skilyrði sem ég er bundinn af og Alþingi hefur sett í lög."

Herra forseti. Þetta finnst mér vera alveg ofboðslegur hlutur. Það er ekki bara verið að tala um einhverja venjulega ríkisábyrgð. Það er verið að tala um að fá autt blað handa fjmrh. til að skrifa á 20 milljarða kr. ávísun. Þetta er aldeilis með ólíkindum. Svo takast menn hér á við afgreiðslu fjárlaga út af smáaurum, sitja í fjárln. og telja baunir, þúsund kall hér

og fimm þúsund kall þar, og finnst að ábyrgð þeirra sé mikil hvað það varðar að þetta sé allt saman samviskusamlega gert og gerð grein fyrir hverri krónu og allt saman stemmt af í ríkisreikningnum. Nei, nei, svo kemur hérna bara eitt stykki frv. sem ýtir lögunum um ríkisábyrgð til hliðar og sækir eftir heimild til handa fjmrh., lesist: ríkisstjórninni, til þess að veita þarna á einu bretti 20 þúsund milljóna ríkisábyrgð.

Herra forseti. Hvaða ákvæðum laga sem Alþingi setti á grundvelli vandaðrar vinnu 1997 er verið að ýta til hliðar? Við skulum aðeins fara yfir það, með leyfi forseta.

„1. gr. Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum þeim sem ábyrgð heimila. Um veitingu ríkisábyrgða fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara."

Og svo gildir þetta um endurlán ríkisins og B- og C-hluta ríkissjóðs o.s.frv.

„2. gr. Í frumvarpi sem fjármálaráðherra leggur fram um veitingu ríkisábyrgða" — og þetta leiðir af því, sem áður var lesið, að hver einasta ríkisábyrgð verður að fá sjálfstæða lagastoð með samþykki Alþingis og í því frv. sem fjmrh. leggur þá fyrir þingið til þess að afla heimildarinnar hverju sinni — „skal liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, á eftirtöldum þáttum:

1. Mat á greiðsluhæfi skuldara.

2. Mat á afskriftaþörf vegna áhættu af ábyrgðum.

3. Mat á tryggingum sem lagðar verða fram vegna ábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða hámark veðsetningarhlutfalls.

4. Mat á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði."

Þetta er 2. gr. Þessu öllu er ýtt til hliðar sem er sett inn í lög til þess að tryggja að þegar fjmrh. kemur með beiðni til Alþingis um ríkisábyrgð þá liggi tilteknar forsendur fyrir í málinu. Þessu er öllu hent til hliðar, enda liggur ekkert af þessu fyrir og stendur ekki til. Þetta á bara að ákveðast yfir kaffibolla uppi í fjmrn. Yfir allan þann vandaða málsmeðferðarhátt sem þarna átti að innbyggja í lög er því skautað.

Svo kemur 3. gr., herra forseti. Þar segir:

„3. gr. Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Kveðið sé á um heimild til ríkisábyrgðar í lögum þeim sem ábyrgð heimila."— Að sjálfsögðu, þar kemur aftur að lagastoðinni sem á að afla hverju sinni.

„2. Ef lánsfjárþörfina er ekki hægt að uppfylla á almennum lánamarkaði og sýnt þykir að starfsemin sé hagkvæm."

Hvaða gögn liggja því til grundvallar að ekki sé hægt að uppfylla þessa lánsfjárþörf á almennum markaði? Það er ekki tekið fram að það þurfi að vera innlendur lánamarkaður. Það stendur ekki í þessum lögum. Ég les það út úr þessu að viðkomandi aðili geti alls ekki fjármagnað þá starfsemi sem í hlut á á markaði og þá sé komið að því að skoða hvort ríkið eigi að koma til sögunnar.

Hvernig ber þetta mál að okkur samkvæmt flutningsmönnum og því sem komið hefur fram hjá talsmönnum fyrirtækisins? Jú, það er sagt við okkur að þetta sé liður í því að jafna samkeppnisskilyrðin milli Íslands og annarra landa. En það er a.m.k. ekki sagt, annað er látið í veðri vaka en að fyrirtækið geti ekki aflað þessa fjár á markaði og þá þegar af þeirri ástæðu skortir eina forsenduna, eitt skilyrðið sem er í gildandi lögum um ríkisábyrgðir. En því er auðvitað hent líka. 3. gr. má augljóslega ekki standa eins og hún er.

Í 3. tölul. 3. gr. segir:

„3. Ábyrgðarþegi leggi fram a.m.k. 20% af heildarfjárþörf verkefnisins." — Það er væntanlega í eigin fé eða með einhverjum öðrum hætti en að taka það að láni.

„4. Ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs.

Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærra hlutfalli en 75% af lánsfjárþörf verkefnis sem veitt er ríkisábyrgð."

Nú hafa heyrst tölur um 35 milljarða fjárfestingu í þessu sambandi og ef við gefum okkur að 20% reglan um framlag eiganda ætti að halda mundi þetta væntanlega sleppa.

Síðast en ekki síst er sagt í 3. gr.:

„Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ábyrgð fyrir aðila sem er í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð."

Er það á hreinu að þetta fyrirtæki sé ekki í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð? Hefur ekki verið upplýst að það hafi enn ekki greitt eina einustu krónu inn á þau réttindi sem það hefur fengið frá ríkinu, hvorki meira né minna en einkaleyfi á heilbrigðisupplýsingum þjóðarinnar? Hvenær áttu þær greiðslur að byrja að falla til? Er ekki þegar hafin vinna og er ekki þegar farið að afhenda í stórum stíl þessi heilbrigðisgögn til fyrirtækisins? Ætti þá ekki að vera eitthvað komið í kassann hjá hæstv. fjmrh., Geir Hilmari Haarde? Meira að segja þetta skilyrði gæti þurft að skoða nánar ef marka má ýmislegt sem fram hefur komið í meðferð málsins.

Herra forseti. Í 4. gr. er fjallað um áhættugjaldið og talað um að hver sá sem ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir, ábyrgðarþegi, skuli greiða við ábyrgðarveitingu í ríkissjóð áhættugjald er nemi 0,25–4,00% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingar fyrir hvert ár lánstímans. Það er nú ekki lítið, enda er auðvitað alveg ljóst að með ríkisábyrgð er verið að veita viðkomandi aðila mjög verðmæt réttindi sem þýða fyrir hann væntanlega háar fjárhæðir í formi lægri fjármagnskostnaðar, lægri lántöku- og vaxtakostnaðar. Einhver hefur umreiknað það að það gæti numið ríkisaðstoð upp á 3,5–4 milljarða kr. sem lánskjör þessa fyrirtækis yrðu í þessum pakka hagstæðari vegna ríkisábyrgðarinnar. Ætlunin er þá að ríkið fái þar eitthvert gjald á móti og eitthvað upp í þá áhættu sem það er að taka. En því er öllu ýtt til hliðar hér eins og öðru.

Eftir á að standa ekkert af lögunum um ríkisábyrgð nema hluti 5. gr., um reikningshaldið, afskriftareikningshaldið í Ríkisábyrgðasjóði. Mér finnst, herra forseti, þetta setja málið í svoleiðis allt annað samhengi en eiginlega nokkuð annað sem hér hefur verið fram borið að það hálfa væri nóg. Ræðuhöld formanns efh.- og viðskn. hér í morgun þegar hann reyndi að finna einhver fordæmi og sótti sér m.a. rök í bakábyrgð eða endurtryggingarábyrgð ríkissjóðs vegna flugrekstrar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september, voru auðvitað með ólíkindum því að hér er um algerlega ósambærilega hluti að ræða. Þetta er líka ósambærilegt við þá bakábyrgð, getum við sagt, eða ríkisábyrgð sem hefur verið í gegnum tíðina annaðhvort í gegnum eigendaábyrgð ríkisins eða ríkisábyrgð á lántökum opinberra sjóða. Þetta er ekkert sambærilegt því að hún var almenn aðgerð í þeim skilningi að allir sem áttu rétt hjá viðkomandi aðila, t.d. viðkomandi fjárfestingarlánasjóði, stóðu þar jafnt að vígi. Því má auðvitað velta fyrir sér hvort í því hafi jafnvel

á köflum falist mismunun milli atvinnugreina. En það var þó a.m.k. ekki innbyrðis og ekki var verið að velja úr eitt einstakt fyrirtæki á einhverju sviði.

Herra forseti. Áhættan í þessu sambandi er auðvitað eðlilega það sem mörgum verður tíðrætt um og móti henni og öllu því sem um þetta mætti að öðru leyti segja koma aðstandendur málsins og segja: Þetta er réttlætanlegt vegna þess að hér er um nýja atvinnugrein að ræða. Þá skapast hér ný störf í hátækni og þekkingargrein sem er að nema land á Íslandi. Og allt er gott um þetta að segja. Það er að sjálfsögðu æskilegt að stuðla að því og þess vegna bar mönnum skylda til og ber mönnum skylda til að skoða þetta mál af alvöru og það höfum við reynt að gera. En það er ekki þar með sagt að niðurstaðan verði óhjákvæmilega sú að réttlætanlegt sé að gera þetta. Það væri mikil fyrirframsannfæring ef menn nálguðust þetta mál með því hugarfari. Þá eru menn komnir út á þá braut að tilgangurinn helgi meðalið. Mér hefur fundist, herra forseti, dálítið merkilegt hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur núna í hverju málinu á fætur öðru í raun og veru notað þá ákaflega einföldu röksemdafærslu að tilgangurinn helgi meðalið. Þegar menn voru að forsvara náttúruspjöll á hálendi Austurlands sögðu menn ósköp einfaldlega: Þetta mun skapa störf og atvinnu í Austfirðingafjórðungi. Þar með er réttlætingin fengin hvort sem það var fyrir því í upphafinu að sökkva Eyjabökkum eða reisa hina hryllilegu virkjun við Kárahnjúka sem til stóð síðast.

Er þetta ekki dálítið hættuleg braut, herra forseti? Hvar stöðva menn sig af ef menn lenda út á hana? Hefur hæstv. fjmrh. séð fyrir öllum þeim tilvikum sem kunna að bera að honum á næstu vikum, mánuðum og árum ef þetta verður gert? Og hverjar verða viðmiðanirnar sem verða notaðar til þess að velja úr og greina hvað eru sambærileg eða hliðstæð tilvik, sem verða þá að fá sömu meðhöndlun, a.m.k. ef stjórnvöld ætla að vera sjálfum sér samkvæm, ef ekki bara lagalega, til þess að reglur um jafnræði og hófsemd í stjórnsýslunni séu uppfylltar? Þá dugir ekki að segja að eingöngu muni þetta eiga við ef til komi önnur fyrirtæki sem ætla að fara út í sambærilega tilraunastarfsemi á sviði lyfjaþróunar. Það er af og frá vegna þess að ekki er hægt að mismuna atvinnugreinum í hinu almenna atvinnulífi þannig. Nei, það mun aldrei halda.

Hæstv. fjmrh. hlýtur að verða að viðurkenna að þetta mundi þá eiga við öll önnur hliðstæð eða sambærileg tilvik, í hverjum er fólgin von um ný störf, nýsköpun í atvinnumálum, sókn á útflutningsmörkuðum eða aðrar þær viðmiðanir sem þarna væri eðlilegt að leggja til grundvallar og breytir þá ekki hvort það er lyfjaþróun eða þróun eða nýsköpun á einhverjum öðrum sviðum atvinnulífs því að slík mismunun stæðist aldrei. Það hlýtur hæstv. fjmrh. að sjá. Ég held að vandamálin muni verða gríðarleg sem menn gætu staðið frammi fyrir ef menn fara út á þá braut.

Segjum nú t.d. að við vildum efla útflutningslánasjóð, útflutningskreditlánasjóð, sem sums staðar eru starfræktir og einhverjir vísar eru að hér en duga nú ekki mikið. Dettur einhverjum heilvita manni í hug að sumar útflutningsgreinar ættu aðild að honum en aðrar ekki, að það gengi einhvern tíma? Það held ég ekki. Að t.d. lyfjaþróun fengi að vera þar inni en ekki t.d. stoðtækjaþróun eða einhver annar iðnaðarvarningur eða að hátækniiðnvarningur á sviði sjávarútvegs yrði settur úr leik en vissar valdar tegundir atvinnulífs og kannski bara eitt einasta fyrirtæki fengi fyrirgreiðsluna? Það held ég varla.

Ekki er hægt, herra forseti, annað en að velta upp bæði því sem liðið er í þessum efnum, þeim fjölmörgu aðilum sem af vanefnum hafa verið að reyna í raun og veru algerlega hliðstæða eða sambærilega hluti, að þróa vörur eða viðskiptahugmyndir til þess að skapa atvinnu, verðmæti, störf og útflutningstekjur fyrir þjóðarbúið, og þau fyrirtæki eru fjölmörg. Ýmis ævintýri hafa verið að gerast sem betur fer í atvinnulífi okkar í því efni, en menn hafa enga fyrirgreiðslu sambærilega þessu fengið. Ég held að í fæstum tilvikum hafi það hvarflað að mönnum að leita eftir henni því að menn reiknuðu með því að slíkt væri ekki í boði. Það hafa gerst hér undur og ævintýr, sannanlega ánægjuleg, og það má nú ekki láta eins og fyrirtækið Íslensk erfðagreining sé það eina sem sé á hreyfingu í atvinnumálum á Íslandi. Mér finnst ræðuhöld manna hérna stundum um það dálítið hæpin vegna þess að þau eru mjög stutt frá því að vera í raun vantraust á það annað góða sem hefur verið að gerast á tengdum sviðum og algjörlega óskyldum.

Hvað með stoðtækjafyrirtækið Össur? Er það ekki glæsilegt dæmi um nýsköpun á nýju sviði íslensks atvinnulífs þar sem Íslendingar hafa á stuttum tíma eignast heimsfyrirtæki á tilteknu sviði með starfsemi í fleiri löndum, vissulega, en með höfuðstöðvar hér og vaxandi starfsemi hér þar sem gríðarlega mikið hefur verið lagt í hreina nýsköpun og þróun? Menn hafa brotist í gegn með uppfinningar og nýjungar sem hafa lagt undir sig heimsmarkaðinn.

Eru efnislega forsendur til þess að ýta slíku fyrirtæki til hliðar og segja nei en velja svo úr eitthvað af þessu tagi? Hvað með Marel sem líka á glæsileg dæmi um þróun og hefur verið í landvinningum heldur betur, hátæknigrein, nýsköpun sem breikkar íslenskt atvinnulíf, skapar störf fyrir velmenntað fólk, uppfyllir öll þessi skilyrði, öll sömul nema það er ekki á sviði erfðarannsókna eða lyfjaþróunar? Og hvað með þá önnur fyrirtæki í lyfjaiðnaði eða erfðavísindum? Er ekki fyrirtæki hér sem heitir Urður, Verðandi, Skuld og er að sinna í raun og veru að mjög miklu leyti sambærilegum hlutum, a.m.k. á fyrri stigunum, og Íslensk erfðagreining, dótturfyrirtæki þess ameríska fyrirtækis sem á að fá hér íslensku ríkisábyrgðina? Og það er alveg kapítuli út af fyrir sig, herra forseti, að það er hið erlenda móðurfyrirtæki sem fær hina íslensku ríkisábyrgð?

Hvað með þau ljós sem skína í atvinnulífsmyrkri landsbyggðarinnar, fyrirtæki eins og Sæplast norður á Dalvík eða 3X-Stál á Ísafirði? Væru þau ekki vel að einhverjum stuðningi ríkisins komin ef þau gætu nýtt sér hann til kraftmeiri sóknar í sínu erlenda markaðsstarfi, í þróunarstarfi sínu og nýsköpun? Sæplast er að þróa fiskiker sem verða með innbyggðum tölvukubbum og geta gengið inn í flokkunarkerfi. Og fyrirtækið 3X-Stál á Ísafirði, þar sem menn hljóta nú að gleðjast alveg sérstaklega yfir því að sjá slíka þróun í atvinnulífi, hefur verið í miklum landvinningum og hefur sérhæft sig í ákveðnum búnaði, sérstaklega í rækjuiðnaði og er að nema lönd. Hvað segja svo forsvarsmenn margra slíka fyrirtækja við mann þegar maður kemur þar í heimsókn og ræðir við þá? Þeir segja sínar farir ekki alltaf sléttar frekar en margir aðrir sem eru að reyna að koma fótum undir einhverja nýsköpun í atvinnumálum á landsbyggðinni og fá lítinn sem engan stuðning, fá oftar en ekki hurðina í andlitið hjá bankakerfinu og sjóðunum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega ef þeir eru svo óheppnir að vera með annað póstnúmer en það sem byrjar á 1 eða 2.

Síðan hafa menn sett á fót sjóð til að stuðla að nýsköpun hér innan lands, Nýsköpunarsjóð. Eigum við að bera aðeins saman, herra forseti, útlánaskilmálana og fyrirgreiðsluskilmálana hjá Nýsköpunarsjóði gagnvart innlendum fyrirtækjum sem eru með í höndunum verkefni sem gætu skapað sárlega þörf störf, sem svo sannarlega er þörf fyrir í viðkomandi byggðarlögum? Nei, þá eru allt í einu komnar þvílíkar kröfur um arðsemi verkefnisins, um fjármögnun og um tryggingar að oftar en ekki ráða menn ekki við að uppfylla þær. Við þekkjum örugglega öll hér í þessum sal dæmin um fyrirtæki sem hafa ekki náð að uppfylla þau ströngu skilyrði sem þá á allt í einu að setja fyrir fé sem búið er að setja í sjóði og ætlunin er að eyrnamerkja uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu. Enda er niðurstaðan sú að fé sjóðanna gengur ekki út. Það gengur ekki út af því að sett eru svo ströng skilyrði gagnvart hinum innlendu fyrirtækjum sem eru þar að leita hófanna. Og sjóðirnir tútna út og kaupa bréf hver í öðrum og jafnvel braska með þau á verðbréfamörkuðum sem þeim er nú ekki ætlað að gera.

Ég held, herra forseti, að ekki þýði fyrir menn að ætla með einhverjum einföldum aðferðum af því tagi, röksemdafærslu af „tilgangurinn helgar meðalið"-tagi, að ýta til hliðar umræðum um það samhengi sem verður að skoða þetta mál í, hversu áhugasöm sem við værum um að það gæti orðið að veruleika að sú starfsemi byggðist upp hér og að þau störf sem þarna er talað um að kæmu til sögunnar, komi inn í landið eða byggist upp í landinu o.s.frv. Það dugar okkur ekki, herra forseti, til að ýta öllu til hliðar sem verður að skoða í samhengi þessa máls áður en menn taka svona stóra ákvörðun, svona mikla áhættu og að slík fordæmisgefandi afgreiðsla fari fram hér á hinu háa Alþingi. Það er bara algjörlega ljóst.

Vandamál mitt, herra forseti, í sambandi við þetta mál er ekki það að sérstaklega standi í mér, eins og hv. þm. Pétri H. Blöndal, að ríkið leggi nýsköpun og þróun í atvinnumálum lið. Það er síður en svo. Ég fagna því ef þetta er til marks um einhver umtalsverð sinnaskipti nýfrjálshyggjuríkisstjórnarinnar á Íslandi í þeim efnum og vænta megi þess að ríkið verði útbærara á stuðning við atvinnulíf og ábyrgðir og að deila áhættu með mönnum sem eru að taka hana í sambandi við nýsköpun í atvinnumálum. En ég er ekki viss um að svo sé því að hér eru settar á sömu ræðurnar og við heyrðum í morgun þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hélt þessa aumkunaverðu framsöguræðu sína fyrir nál. meiri hlutans, sem var svoleiðis að ég held að samúð mín með aumingja hv. þm. endist fram á sumar því að greinilegt var að þetta voru þvílíkar þjáningar. Hæstv. fjmrh. hefur nú verið frekar þögull í umræðunni, kannski af svipuðum ástæðum, að honum sé tregt tungu að hræra.

Nei, vandamálin eru af öðrum toga, herra forseti. Það væri út af fyrir sig útlátalítið fyrir stjórnarandstæðinga sem tækju sjálfa sig ekki allt of hátíðlega að segja sem svo: Jú, jú, styðjum þetta bara, sullum þessu í gegn. Það er oft borið upp á stjórnarandstöðuna að hún sé ábyrgðarlaus og yfirbjóði og vilji gera allt fyrir alla, ausi út peningum ríkisins o.s.frv. En það á a.m.k. ekki við í þessu tilviki. Varnaðarorðin sem mæld eru eru frá stjórnarandstöðunni um að ganga hægt um gleðinnar dyr af því að mönnum ofbýður auðvitað eins og miklum meiri hluta þjóðarinnar. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því að þjóðinni, sem almennt er mjög jákvætt sinnuð gagnvart því að reynt sé að stuðla að atvinnuuppbyggingu og þróun og hefur held ég miklu minni efasemdir um það að ríkið eða opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög leggi sitt af mörkum ef svo ber undir, ofbýður hins vegar í þessu tilviki.

Nema hvað. 20 þús. millj. kr. Eru menn ekki búnir að reikna út að það séu 240 þúsund á hverja meðalfjölskyldu í landinu? Það munar nú um minna, víxil upp á það. Kannski hæstv. fjmrh. ætti að fara þá leið að láta gefa út handa sér 100–120 þúsund víxla og fara svo með þá í eigin persónu og banka á hvers manns dyr og biðja hann að skrifa upp á. Það kæmi þá í ljós hvernig þjóðinni litist á það mál. Það er það sem hér á að gera nema bara með einni uppáskrift.

Það hlýtur að þurfa að vanda vel, herra forseti, grundvöll slíkrar ákvarðanatöku ef það á yfir höfuð að vera réttlætanlegt og menn ætla að leggja í ákvörðun af því tagi. Mér finnst eiginlega skorta upp á það á öllum hliðum málsins ef allar hliðar þess eru skoðaðar skortir upp á það. Ég viðurkenni fúslega að ég hef hvorki haft tíma né auðvitað aðstöðu frekar en þingmenn aðrir, velflestir, nema þá helst þeir sem setið hafa í efh.- og viðskn. að reyna að glöggva mig betur á áformum fyrirtækisins sjálfs, stöðu þess og líkunum á því að þetta gangi eftir, sem maður vonar ef lagt verður í ferðalagið. En hér hafa aðrir tjáð sig um það. Þaðan af síður er maður dómbær á hina faglegu þætti málsins. Það þarf þó ekki að lesa mikið til þess að átta sig á því að greinilega eru mjög skiptar skoðanir um hvort sú aðferðafræði, sú hugmynd, bæði sú vísindalega hugmynd og sú viðskiptalega hugmynd sem hér á að leggja til grundvallar, gengur upp. Um það eru miklar efasemdir. Ég hef séð lærðar greinar um hvort tveggja þar sem menn annars vegar draga mjög í efa þá bjartsýni sem lögð er til grundvallar að með því að samtengja erfðaupplýsingar og upplýsingar úr genum og síðan aftur rannsóknir á heilsufari og sjúkdómum reynist unnt að hraða þróun lyfja sem verði síðan söluhæf markaðsvara þegar þar að kemur. Hvort tveggja þarf þá að ganga upp, herra forseti, faglega hugmyndin um að þetta sé í reynd svo hvað varðar lyfjaþróunina og viðskiptahugmyndin, að söluvaran verði þá markaðshæf.

Og svo þarf auðvitað eitt enn að ganga upp, herra forseti. Menn þurfa að komast alla leið í mark, menn þurfa að ná alla leið í mark. Hversu líklegt er að þetta fyrirtæki og aðstandendur þess, sem eru orðnir í talsverðum mæli innlendir aðilar, hafi það bolmagn að þeir nái í mark jafnvel þó að aðferðafræðin öll sömul gangi upp? Segir ekki sagan að brottfall fyrirtækja sem eru að reyna nákvæmlega þessa sömu hluti er alveg gríðarlega hátt? Það er einn af hundraði eða einn af þúsund sem vinnur, en hinir tapa allir, detta í hlaupinu og komast aldrei í mark. Það eru fyrst og fremst stóru risarnir í lyfjaiðnaðinum sem hafa þvílíkt bolmagn að þeir geta látið eftir sér að gera tilraunir og þó að margar þeirra mistakist dugar þeim að ein og ein gangi upp og hafa þvílíkan styrk að þeir ná alla leið. Í litlu fyrirtæki, sem fyrirtækið Íslensk erfðagreining eða deCODE er að sjálfsögðu í heimi risanna á þessu sviði, hlýtur áhættan að vera veruleg. Það eitt er algjörlega ljóst.

Og hver verður staðan, herra forseti, ef ríkissjóður veitir þessa ábyrgð, 20 milljarða ábyrgð? Verðum við ekki aðeins, þó að við vildum vera bjartsýn og vildum trúa á þessa hugmynd og það væri svo sannarlega glæsilegt ef allt það gæti nú gengið eftir að hér yrði blómstrandi þúsund eða fimm þúsund manna vinnustaður eða hvað það nú gæti orðið og við héldum eftir fimm eða tíu ár á gulleggi í höndunum, þannig væri þetta í okkar björtustu draumum, en verðum við ekki að reikna með að þetta gæti farið öðruvísi? Er ekki dálítið

svakalegt að reikna ekki með fleiri möguleikum? Segir ekki tölfræðin okkur að það væri ekki bara skynsamlegt heldur eiginlega algerlega skylt vegna þess, því miður, hversu hún er sterk í þá áttina að margar tilraunir af þessum toga mistakist?

Ef svo fer að menn ná ekki í mark, ef fyrirtækinu tekst *ekki að skila í hús þannig vísindalegum niðurstöðum á allra* næstu árum að það fari að fá stórauknar tekjur, þá lendir sjálft móðurfyrirtækið innan fárra ára í verulegum erfiðleikum. Það er ljóst miðað við annars vegar rekstrarútgjöld og hins vegar tekjustreymi í dag. Þrátt fyrir digran sjóð gengur hratt á hann þannig að mikil og snögg breyting þarf að verða á gjalda- og tekjustreymi í fyrirtækinu á allra næstu missirum í raun og veru og alger viðsnúningur ef ekki á illa að fara. Þó að við værum bjartsýn á að það tækist er mikið eftir samt. Byggja þarf upp þennan lyfjaþróunarhlekk á milli rannsóknanna hér og þá framleiðslufyrirtækisins sem keypt hefur verið í Bandaríkjunum eða hvar svo sem framleiðslan færi fram. Og þar á eftir að vinna og landa öllum þeim árangri og þeim niðurstöðum sem síðan mundu leiða til þess að menn gætu annaðhvort sjálfir farið í lyfjaframleiðsluna eða hefðu söluhæfa vöru út úr þróunarstarfinu.

Er ekki mögulegt að þetta gæti tekið lengri tíma en þau þrjú, fjögur ár sem Íslensk erfðagreining gæti lifað að óbreyttu á eigin sjóðum og þau sjö ár sem ríkisábyrgðin stendur? Hver verður staðan þá, ef hér í landinu verður upp undir þúsund manna vinnustaður, sem auðvitað er gríðarlega mikilvægt, og menn standa frammi fyrir því að taka alveg gífurlega erfiðar ákvarðanir að kannski þremur til sjö árum liðnum um hvort það eigi að láta ábyrgðina renna út og ævintýrinu þar með ljúka? Eða gera hvað? Halda áfram? Halda menn að það verði létt að verða þá harðir af sér og segja: Nei, þetta var bara veitt til sjö ára og búið? Halda menn að auðvelt verði að horfa á kannski þúsund manna vinnustað fara undir? Halda menn að það verði ekki þrýstingur í íslenska hagkerfinu þar sem bankar, lífeyrissjóðir og einstaklingar eiga stóran hlut í fyrirtækinu og þar sem ríkið er á bak við með 20 milljarða ábyrgð sem mundi falla í hausinn á því, að halda áfram? Jú. Ekki þarf að vera mikið meira en tvævetur í pólitík til að vita að það yrði ekki létt verk fyrir hvern sem er á stóli fjmrh. eða við stjórnvölinn í landinu að segja þá: Hingað og ekki lengra.

Með öðrum orðum, herra forseti, tel ég að ef ábyrgðin verður veitt sé ríkið búið að fá yfir á herðar sínar ábyrgðina af því að reyna að halda þessu dæmi gangandi og það verði í raun gríðarlegur þrýstingur á menn að reyna áfram og til þrautar ef ekki hefur gengið nógu vel og jafnvel setja mikla viðbótarfjármuni inn í þetta dæmi og taka mikla viðbótaráhættu. Menn verða að svara því áður en þeir veita þá ábyrgð, og það á Alþingi að gera, ekki bara einn fjármálaráðherra, áður en hann mundar pennann: Ætlum við að leggja upp í þetta ferðalag eða ekki? Því að það verður ekki auðvelt að snúa við, það verður ekki auðvelt. Og það verður ekkert þægilegt fyrir íslenskt atvinnulíf og hagkerfi ef þessi gæti orðið staðan að nokkrum árum liðnum. Mér þykir auðvitað leitt, herra forseti, að þurfa að fara yfir þetta svona og segja þetta því að maður vill ekki vera með hrakspár. En verðum við ekki að ræða hlutina eins og þeir eru og blasa við okkur? Væri ekki enn þá ómerkilegra og heigulslegra að þora ekki að gera það?

Ég krefst þess að menn velti upp þeirri hlið málsins. Verðum við ekki að horfast í augu við það kalt og yfirvegað að hér væri verið að taka í rauninni grundvallarákvörðunina um það hvort við sem þjóð og ríkið fyrir hönd okkar ætlar að fara í að ábyrgjast þessa tilraun og standa á bak við hana og beita þá afli sínu eins og til þarf og eins og lengi og til þarf og jafnvel kosta eins miklu til og til þarf í voninni um að þetta gangi þá upp?

Ég spurði, herra forseti, við 1. umr. málsins — fékk nú engin svör auðvitað frekar en aðrir af því að í þessu máli eru ekki veitt svör, þetta er bara svona, það er „af því bara" — hvort menn hefðu ekki skoðað þann möguleika að leggja frekar fram fé. Ef við segjum nú að þessi ríkisábyrgð á sjö ára tímabili sé ígildi 3.500 milljóna í formi stuðnings við verkefnið, kæmust menn þá áfram með 3.500 millj. kr. hlutafé frá ríkissjóði eða framlag? Því að ef þessi ríkisábyrgð er veitt og hún er svona verðmæt og það er ekkert ábyrgðargjald tekið, þá er hún auðvitað ekkert annað en ríkisstuðningur upp á 3.500 milljónir og menn ætla að reyna að réttlæta það fyrir evrópskum eftirlitsstofnunum að hann sé réttlætanlegur af því að um þróunar- og nýsköpunarstarf sé að ræða. Það út af fyrir sig tel ég að sé. Það er ekki vandamálið á þeirri hlið heldur fremur hinni, hvernig þetta snýr að sambúðinni við annað atvinnulíf og önnur fyrirtæki. Getur hæstv. fjmrh. svarað því hvort hann telji að hægt væri að ná sama markmiði, tryggja að sú starfsemi byggðist upp hér og menn fengju þessi störf og farið væri út í þá tilraun — sem ég held að hljóti að mega kalla svo með fullri virðingu fyrir henni, þetta er áhættu- og tilraunastarfsemi — ef ríkið legði fram 3.500 milljónir í peningum? Væri lífið ekki einfaldara fyrir hæstv. fjmrh.? Væri ekki betra, ef illa færi að 5–7 árum liðnum, að ekki tapaðist þó nema það og t.d. erlendir áhættufjármögnunaraðilar bæru þá skellinn að öðru leyti eða þó að það væri einhver blanda af innlendri og erlendri fjármögnun *eða hvernig sem það væri? Ég segi fyrir mitt leyti að ég væri* mikið nær því að leggja slíku framlagi lið og gæti í raun og veru bærilega gert það, enda mundi ég þá reikna með því að aðrir aðilar með sambærilegar aðstæður og sambærilega möguleika mættu búast við svipaðri meðhöndlun.

Herra forseti. Að mínu mati hefur það eiginlega verið aumkunarverðast í umræðunni að heyra frjálshyggjumennina, sem héldu ræðurnar á sínum tíma um fortíðarvandann og ríkisafskiptin og ríkisábyrgðirnar og allt þetta, reyna að klóra sig til lands í umræðum um þetta mál, hvort sem þeir heita hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde eða einhverjir aðrir. Staðreyndin er auðvitað sú að þegar á á að herða eru aldrei miklar innstæður fyrir því að menn standi við stóru orðin og séu fastir á prinsippunum. Úti um allt og í kringum okkur eru auðvitað dæmin um hið gagnstæða.

Hvað gerðu menn í bankakreppunni á Norðurlöndum, sömu menn og voru nýlega búnir að einkavæða heilmikið í fjármálakerfinu vegna þess að ríkisafskiptin væru svo skaðleg? Hvað gerðu þeir svo þegar bankakreppan reið yfir? Stóðu þeir þá við stóru orðin og létu bankana fara á hausinn? Nei, þeir komu þeim til aðstoðar með ríkisfjármunum. Hvað gera menn núna í fluginu, þá á ég ekki bara við tryggingarnar? Hvað gerðu bandarísk stjórnvöld við flugfélögin sín? Þau mokuðu í þau peningum eftir 11. september til þess að þau færu ekki á hausinn. Hvað eru þeir að gera við stálið *núna? Þeir eru að setja á verndartolla o.s.frv.* Það er ekki það sem er í raun og veru vandasamt eða erfitt í þessu máli, herra forseti. Þegar þær aðstæður eru geta ríki og opinberir aðilar fullkomlega réttlætt það að koma að málum, hvort

heldur það er til að verja það sem fyrir er, bjarga því, og það gera menn auðvitað ef í harðbakkann slær. Þess vegna fer alveg ofboðslega í taugarnar á mér þetta endalausa tal í sjálfstæðismönnum, sem náttúrlega eiga sér langa fortíð slíkra ráðstafana hér í innlendum stjórnmálum og gera svo það sem raun ber vitni t.d. hér og nú þegar svo ber undir, að vera svo heilagari en páfinn þegar þeir eru að fjalla um þessi mál í ræðum. Ég held að þeir ættu að sleppa því að halda þær svona rétt í bili á meðan þeir eru að koma þessu hér í gegn.

Herra forseti. Einnig má spyrja í tengslum við þetta mál: Hvert á að vera hlutverk stjórnvalda almennt í svona tilvikum eða almennt gagnvart uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og þróun? Ef við tökum bara þau mál sem ríkisstjórnin hefur verið með, stóriðju- og virkjunarmálið eystra og svo þetta mál núna, þar sem á að beita gríðarlegum ríkistilstyrk, ríkisstuðningi gagnvart einstökum verkefnum í atvinnulífinu, þá vekur það miklar spurningar um aðferðafræði og um nálgun á sama tíma og sömu stjórnvöld sitja ofan á lúkunum á sér þegar kemur að almennri fyrirgreiðslu, t.d. við hina veiku sprota nýsköpunar í atvinnulífi á landsbyggðinni. Þá er ekkert að hafa.

Hvert á að vera hlutverk stjórnvalda? Á það að vera það að keyra áfram einstök verkefni, eins og stóriðju- og virkjanaáformin eða þetta mál hér, en vera svo skeytingarlaus um að skapa skilyrði og styrkja undirstöður og innviði samfélaganna þannig að atvinnulíf og mannlíf geti blómstrað t.d. í byggðum landsins? Ég undrast slíkar áherslur satt best að segja, herra forseti, því að hvílík ósköp gætu menn gert og hversu mörg gætu hin stóru og smáu kraftaverk orðið í íslensku atvinnulífi og íslenskri byggðaþróun fyrir ekki nema brot af þessari áhættu og þeim fjármunum, ekki nema lítið brot af þeim? Þetta er fimmfalt eigið fé Nýsköpunarsjóðs, ef ég man rétt, þegar hann var settur á laggirnar. Getur verið að það sé rétt munað að hann hafi farið af stað með um 4 milljarða? Einhverjir sjóðir voru upp á 1 milljarð og aðrir upp á eitthvað meira. Í rauninni eru það smáaurar. Það eru eins og aukastafirnir í þessu dæmi þegar kemur að því fjármagni sem menn hafa úr að spila t.d. hjá einstökum atvinnuþróunarfélögum í byggðarlögum landsins. Það eru aurar á móti milljörðunum hér.

Hvernig vilja menn þá leggja áhersluna? Hvernig á ríkið að koma að þessum málum? Á það að gera það svona þó að í boði séu 250 hálaunuð störf? Eða á það kannski að reyna að beita afli sínu með almennum hætti til þess að skapa skilyrði, frjóan jarðveg, efla innviði og undirstöður, bæta samgöngur og fjarskipti, menntun, rannsóknir, þróun og jafna aðstöðumun til uppbyggingar í atvinnulífi, þannig að menn standi sæmilega jafnt að vígi í þeim efnum hvar á landinu sem er, og leyfa svo bara kraftaverkunum að gerast fyrir fumkvæði, kraft og hugvit fólksins, byggðarlaganna eða samtaka þeirra? Hvor formúlan ætli sé nú vænlegri, herra forseti, svona almennt talað? Auðvitað getur vel verið að þetta eigi að vera blanda af hvoru tveggja og ég er ekki að segja að einstök stærri verkefni geti ekki verið réttlætanleg og þau eigi ekki að skoða. En þau verða þá að vera í einhverju samhengi við annað sem er að gerast. Það er ekki hægt að láta allt í einu eins og menn séu einir í heiminum með þetta eina mál og gleyma öllu öðru. Það verður erfið tilvera hjá hæstv. fjmrh. og það er hætt við að það geti orðið traffík á göngunum hjá honum því að auðvitað munu aðrir ætla sér einhvern rétt þegar þeir sjá hversu gríðarlega fyrirgreiðslu og á hvaða forsendum einn aðili fær sem hér á í hlut.

Niðurstaða mín, herra forseti, og okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er sú eftir að hafa skoðað þetta mál vel og það hefur auðvitað mætt mest á fulltrúa okkar í efh.- og viðskn., hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem hér fyrr í dag gerði grein fyrir afstöðu sinni og minnihlutaáliti, að þetta sé ekki réttlætanlegt, það standi ekki nein haldbær rök fyrir því að afgreiða þessa ábyrgð nú og við munum því leggjast gegn því.

Það er í sjálfu sér ekki létt ákvörðun því að það verður sjálfsagt reynt að velta mönnum upp úr því að menn séu rétt eina ferðina á móti einhverju. Það verður þá bara að hafa það. Ef maður telur hlutina ekki skynsamlega, á maður þá ekki að fylgja sannfæringu sinni og vera á móti þeim? Mig langar ekki í þá aumkunarverðu aðstöðu, sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson úrskurðar sjálfan sig í, að greiða nánast frammi fyrir alþjóð atkvæði gegn sannfæringu sinni, lýsa sig í viðtölum við fjölmiðla sammála Verslunarráðinu eða öðrum þeim sem hafa varað við þessu máli en segja síðan: En ég verð samt að styðja frv. af því að þetta er stjórnarfrv. Hvers konar málflutningur er þetta? Hvar eru menn á vegi staddir?

Það var eitthvað verið að tala um að hv. þm. væri í þeirri vandasömu aðstöðu að hann væri að þjóna tveimur herrum. Ég hef ekki viljað vera að velta mínum ágæta félaga og vini upp úr því að hann hefði annað starf samhliða þingmennskunni þó að það megi auðvitað margt um það segja og ekki alltaf heppilegt, held ég, að sami maður sé framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands og jafnframt formaður efh.- og viðskn. En langverst þykir mér þegar menn gleyma þriðja herranum, þeim sem menn eiga að vera trúir umfram alla aðra, samvisku sinni. Er það ekki yfirherrann sem við eigum að hlýða á undan öllu öðru hér á Alþingi? Það hélt ég. Og ég leyfi mér að segja að menn ættu að líta hver í eigin barm og eiga nótt með samvisku sinni í þessu máli. Ég held að það sé af þeirri stærðargráðu og hafi þvílíkt fordæmisgildi og sé þannig vaxið að mönnum sé skylt að gera það.

Þess vegna, herra forseti, var ég varkár í öllum yfirlýsingum um afstöðu mína í þessu máli framan af því að ég vildi nálgast það með hliðsjón af því að um mjög stórt og vandasamt mál er að ræða og snúið og það væri hyggilegt að menn skoðuðu hug sinn vel og kæmust síðan að rökstuddri og vandaðri niðurstöðu frekar en að hlaupa til með miklar yfirlýsingar strax við fyrstu sýn. En ég á ekki í nokkrum minnstu vandræðum með þetta mál, herra forseti, þegar hér er komið sögu því að ég hef algerlega sannfærst um að það er ekki réttlætanlegt eða verjanlegt að veita þessa ábyrgð við þær aðstæður sem uppi eru í málinu og við afgreiðslu þess nú. Það kynni að skipta máli ef öðruvísi væri í pottinn búið hvað það varðaði, ef málið væri öðruvísi borið fram, að því fylgdu traustari gögn og forsendur o.s.frv. Að sjálfsögðu ætti þá að skoða allt slíkt. En eins og nú háttar til tel ég svo ekki vera.

Herra forseti. Það er ekki langt síðan menn héldu miklar ræður um nýja hagkerfið. Og það er ekki langt síðan verðbréfablaðran sprakk í andlitið á mönnum. Menn hafa í raun og veru komist furðulétt frá því að svara fyrir það hvernig menn létu hafa sig að fíflum og plötuðu aðra og hvernig stórkostlegir fjárhagslegir hagsmunir fóru í súginn vegna þess að menn bárust áfram á vængjum einhverra væntinga og einhverrar tískusveiflu og einhvers klisjukennds áróðurs um að það væru komin ný hagfræðileg lögmál til sögunnar. Það yrði aldrei neitt bakslag, það yrði endalaus hagvöxtur

og eilíf sæla og verðbréfamarkaðurinn gæti hækkað lóðrétt til himins, bara „ad infinitum", þannig að allir ættu að kaupa og þetta væri sjálfvirk áskrift að gróða. Það var ekki síst nýja hagkerfið sem átti að útskýra þetta allt saman, að það væru nýjar greinar sem sköpuðu svo mikil verðmæti á óefnislegum forsendum, tækni og þekking, viðskipti á netinu, tölvuheimurinn og annað í þeim dúr. Það fóru ýmsir flatt á því að trúa þessu eins og nýju neti, eins og sagt er á íslensku. Og það er hljótt um slíka menn í dag marga hverja.

En ætti þetta ekki að hafa kennt okkur eitthvað? Og t.d. hæstv. fjmrh., herra forseti? Ætti ekki hæstv. fjmrh., minnugur þessarar þungbæru reynslu, að vera alveg sérstaklega varkár við aðstæður af þessu tagi þar sem verið er að veðja á væntingar? Það er ekki verið að leggja hér fjármuni eða gangast í ábyrgðir fyrir rótgróinni þekktri atvinnugrein þar sem aðferðafræðin er til staðar og þrautreynd og þar sem er um einhvers konar rútínuframleiðslu að ræða. Nei. Við Íslendingar vitum svona nokkurn veginn hvað við erum að gera þegar við byggjum fiskvinnsluhús eða kaupum fiskiskip eða fjárfestum í ferðaþjónustu eða einhverju öðru slíku þar sem við erum á heimavelli og þekkjum til og það eru auðvitað ýmsir sérfræðingar til á þeim sviðum. En það liggur fyrir í þessu máli að hér er um algjöra tilraunastarfsemi að ræða, bæði aðferðafræðin, faglega, og viðskiptahliðin er í raun og veru tilraunastarfsemi. Það er verið að búa það til jöfnum höndum og það á bara eftir að koma í ljós hvort þetta gengur upp.

Áhættan hér og aðstæðurnar eru náskyldar ýmsum þeim væntingum sem voru drifkrafturinn í hinu svokallaða nýja hagkerfi. Froðugróðinn sem þar varð til á grundvelli væntinga þar sem menn trúðu á enn þá meiri hagnað og aftur enn þá, enn þá, enn þá meiri hagnað og tóku lán til þess að veðja á ofsagróðann í uppsveiflunni. Inn í þetta andrúmsloft kom m.a. þetta ævintýri hér og menn trúðu því að fram undan gætu verið slíkir tímar hjá þessu fyrirtæki að menn keyptu í því bréf, tóku lán og keyptu í því bréf á genginu 60, en nú er það 5,5. Það er ekki eins og menn hafi lært mikið af þessu eða ákveðið að það sé nú rétt að ganga hægt um gleðinnar dyr og fara varlega með hliðsjón af nýlegri reynslu af þessum toga. Ekki verður það séð á því hversu léttilega menn ætla að skauta hér yfir það að meta t.d. áhættuna í þessu dæmi og hversu auðvelt það virðist enn vera að selja sumum mönnum væntingarnar.

Nei, herra forseti, ég held að þeim hljóti að verða nokkuð órótt sem sofa með því á nóttunni, ef þetta frv. verður nú hér að lögum gert, að hafa veitt því brautargengi, hversu borginmannlega sem þeir reyna að bera sig og ég öfunda þá satt best að segja ekkert af því hlutskipti. Að sjálfsögðu er það þeirra mál og menn ráða atkvæðum sínum og máli sínu. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að ég hafi áhuga á því að stjórna því sem hann segir, en ég leyfi mér að gera athugasemdir við það. Og ég leyfi mér að vekja athygli á því þegar ég tel hv. þm. vera að fara í marga hringi og komast í algera og fullkomna mótsögn við sjálfan sig og skjóta sig í lappirnar o.s.frv. Mér finnst dapurlegt að sjá menn gera það.

Ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv., herra forseti, og vildi gjarnan sjá að menn slitu þinginu í vor án þess að frv. yrði gert að lögum því að það verður satt best að segja hrollur í manni vitandi af þessari heimild uppi á borði hæstv. fjmrh., svo maður minnist ekki á það hvernig það hlýtur að verða fyrir viðkomandi mann að eiga þá að bera ábyrgð á því að meta einn allar aðstæður í málinu og gefa út þessa ábyrgð ef hún verður þá einhvern tíma veitt. Og það skyldi nú ekki fara svo, herra forseti, að um það sé tvísýna þrátt fyrir allt hvort af þessu verði nokkurn tíma?

[18:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um frv. til laga um heimild til handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar.

Hér hefur margt verið sagt um þetta frv. Ég tek það skýrt fram, herra forseti, í upphafi máls míns að ég á ekki sæti í efh.- og viðskn. sem fór vel yfir efnahagsþætti þessa máls. Það hefur komið fram að fjölmörgum spurningum sem þar voru lagðar fram varðandi efnahagsþætti málsins hefur ekki verið svarað og verður ekkert hægt að svara alveg á næstunni. M.a. er verið að meta innan Evrópska efnahagssvæðisins þætti sem lúta að lögum þess og eins lögum sem snúa að samkeppnisákvæðum þessarar aðgerðar ef af verður.

En, herra forseti, þetta er lítið frv., einungis tvær greinar, en eftir sem áður er þarna bæði um stefnubreytingu að ræða og eins mikla fjárhagslega ábyrgð því að ríkið ætlar að ganga í ábyrgð fyrir eitt fyrirtæki, alveg hreint á skjön við bæði lög um ríkisábyrgðir og eins um samsvarandi fyrirgreiðslu til annarra fyrirtækja sem að vísu hefur ekki reynt á enn þá en ég tel að hljóti að koma í framhaldinu.

Það hefur komið skýrt fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er algerlega andvíg því að þetta frv. verði að lögum og það hefur komið fram í okkar máli og við munum öll greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Þegar það var kynnt til að byrja með komu upp í hugann þær tálbeitur sem lagðar eru fram, þ.e. að með samþykkt frumvarpsins muni hér skapast störf fyrir 250–300 vísindamenn á sérsviði. Að vísu þurfa mjög margir að koma erlendis frá vegna þess að við eigum ekki þann fjölda vísindamanna til að fylla þessar stöður. Auðvitað horfir maður til þess að þetta geti haft mikil áhrif á íslenskt atvinnulíf og umhverfi og verið jákvætt fyrir þá þróun sem við viljum sjá hér. En það þurfti ekkert að liggja mikið yfir frv. til þess að sjá hvað þetta er í raun og veru úr öllu sambandi við það sem eðlilegt má teljast, hvort sem það er út frá þessari ríkisábyrgð og þeirri áhættu sem ríkissjóður er að taka á sig fyrir hönd allra Íslendinga gagnvart samkeppnishæfni þessa fyrirtækis við önnur á sama sviði sem við sem betur fer höfum hér á landi og gagnvart öðrum fyrirtækjum á öðrum sviðum sem eru að reyna það sama, þ.e. að þróa með útflutning í huga framleiðsluvöru sem krefst sérfræðiþekkingar, en fyrirtækin þurfa ákveðinn stuðning til þess að geta komist í gang og hafið framleiðslu. Þetta er ekki eingöngu innan lyfjaiðnaðarins eða líftæknisviðsins heldur einnig í öðrum fyrirtækjum sem á sínu sviði gætu haft sömu áhrif og þetta fyrirtæki innan líftæknigeirans.

Það er alveg ljóst að fyrirtækið Íslensk erfðagreining — og þá vil ég taka það fram, herra forseti, að þar er ég ekki að tala um starfsmenn fyrirtækisins heldur um fyrirtækið sem rekstrareiningu — hefur frá því það kom fyrst fram fengið alveg sérstaka meðferð og fyrirgreiðslu hjá hinu opinbera. Það á sérstaklega við hvað varðar möguleika á að setja hér upp miðlægan gagnagrunn með einokun á þeim grunni og með þá sýn í huga að á þeim grunni yrði svo hægt að fara út í þá lyfjaþróun sem núna er komin til sögunnar. Öll þessi fyrirgreiðsla hefur verið langt umfram það sem eðlilegt

má teljast og algjörlega úr takt við það sem samsvarandi fyrirtæki eins og Urður, Verðandi, Skuld hefur fengið.

En burt séð frá þessari sérstöðu og sérmeðferð sem *Íslensk erfðagreining hefur alla tíð fengið, þá er þessi iðnaður*, líftækniiðnaðurinn og lyfjaþróunariðnaðurinn, mjög áhættusöm starfsgrein og það er þannig sem við verðum að líta á ábyrgðina. Og þegar við lesum svo 2. gr. og með tilliti til þess hvað lyfjaiðnaðurinn er mikil áhættufjárfesting, þá er alveg ótrúlegt að mönnum hafi dottið í hug að fella nær alfarið úr gildi lög um ríkisábyrgðir og fara ekki að þeim lögum, að fara ekki í það mat sem kemur fram í lögunum til þess að sýna þá ábyrgð, sem ég tel að ríkissjóði sé skylt, að fara ekki út í slíkar ríkisábyrgðir nema það sé nokkuð ljóst að ekki sé um mikla áhættufjárfestingu að ræða og að talið sé að aðgerðin sem um ræðir muni verða til þess að tryggja meiri hagsæld og betri afkomu fyrir þjóðarbúið.

Það hefur verið farið yfir ákvæði um lög um ríkisábyrgðir, en þar kemur fram að ríkissjóður megi aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar nema heimild sé veitt til þess í lögum. Það segir líka að þegar ríkisábyrgð er veitt skuli liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum um Lánasýslu ríkisins með eftirtöldum þáttum, þ.e. mat á greiðsluhæfni, mat á afskriftaþörf vegna áhættu á ábyrgðum, mat á tryggingum og mat á áhrifum ríkisábyrgðar á samkeppni á viðkomandi sviði. Ekkert af þessu liggur fyrir. Það er alveg ljóst hvers vegna varð að fella þessi lög úr gildi, *nema 5. gr., um afskriftareikning vegna veittra ábyrgða*. Þetta frv. er ekki í takt við eitt eða neitt sem er að gerast í okkar þjóðfélagi. Það er málið.

Það eru fleiri en við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem gagnrýna frv. Þeirra á meðal er þingmaður meðal stjórnarliða, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem gagnrýnir frv. mjög harkalega, e.t.v. ekki alveg á sömu nótum og við gerum, en hann gerir það samt. En úti í þjóðfélaginu er mjög mikil andstaða við frv. og þeirri sérþjónustu sem Íslensk erfðagreining á að fá.

Nú er ekki svo, herra forseti, að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði séum að hlaupa eftir skoðanakönnunum eða hvað fólki finnst úti í þjóðfélaginu eða að við stillum okkar strengi alfarið eftir því. Við höfum okkar stefnu. Við höfum okkar sannfæringu. Og við reynum að meta mál eins og þetta. Og það gerðum við. Við sögðum ekki í upphafi að þetta kæmi ekki til greina. Það var ekki fyrr en við vorum búin að skoða málið. Við þurftum hins vegar ekki að liggja lengi yfir málinu til að sjá að það var alfarið út fyrir sviga og því ekki hægt að leggja því lið.

En úti í þjóðfélaginu er mjög mikil andstaða við frumvarpið. Það má ekki gleyma því, herra forseti, að það eiga mjög margir um sárt að binda vegna kaupa á hlutabréfum. *Það má hugsanlega segja að við Íslendingar höfum ekki langa hefð í hlutabréfakaupum og kunnum lítið á þann markað.* En í þessu tilfelli var hægt að spila upp svo miklar væntingar í garð þessa fyrirtækis og umsýslunnar í kringum það allt saman og hvað þetta fyrirtæki *mundi gefa mikið af sér fyrir* hluthafa og íslenska ríkið og alla veltuna sem hér átti að koma inn o.s.frv., að mjög margir stukku á agnið, tóku jafnvel bankalán til þess að fjárfesta í hlutabréfum í deCODE. Og því miður, herra forseti, þó að allur þessi fjöldi hafi tapað fé, því að bréfin hafa lækkað í verði og hríðfallið, þá eru mjög margir sem standa slyppir og snauðir eftir, fólk sem við getum sagt að hafi í óvitaskap eða af vankunnáttu gagnvart verðbréfamarkaðnum tekið bankalán til þess að fjárfesta í þessu fyrirtæki og kaupa hlutabréf. Við bankalánin verður að standa. Það er gengið að eignum þessa fólks þannig að það eru margir sem standa eftir slyppir og snauðir.

Þegar svo kemur frumvarp eins og þetta um að veita þessu sama fyrirtæki svona mikla fyrirgreiðslu, þá er ekki nema von að margir séu undrandi og hugsi sem svo: Hvers vegna núna? Hvað á að gera fyrir okkur? Ekki hefur okkur verið hjálpað.

Þessi frumbernska okkar Íslendinga á verðbréfamarkaðnum verður okkur og var okkur dýrkeypt reynsla og ég hygg að menn fari hægar í sakirnar, taki alla vega ekki bankalán til þess að verða ríkir á augabragði við að kaupa bréf í fyrirtækjum eins og þessu heldur sé litið á hlutabréf sem langtímafjárfestingu sem geti tekið sveiflum. En ég nefni þetta því að það eru mjög margir sem setja sig ekkert faglega inn í þetta mál, hvorki fjárhagslega né faglega, og snúast öndverðir gegn þessu vegna fyrri persónulegrar reynslu.

En þá kemur, herra forseti, að stórum hópi fólks sem er mjög andvígur frumvarpinu. Þá er ég bæði að tala um vísindamenn og fólk sem skynjar áhættuna varðandi ábyrgðina, en líka fólk sem er með rekstur annarra fyrirtækja og er andvígt því að eitt fyrirtæki öðrum fremur fái slíka fyrirgreiðslu. Það eru jafnvel fyrirtæki, eins og ég nefndi í upphafi máls míns, sem hafa staðið í miklu basli í þróunarstarfi og að reyna útflutning á sinni framleiðslu og hafa ekki fengið mikinn stuðning.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur það ekki á stefnuskrá sinni að vera andvígt ríkisábyrgðum, enda sé farið að lögum um ríkisábyrgð og eðli hvers verkefnis fyrir sig sé metið, bæði hvað varðar áhrif á þjóðarhag og eins staðbundnari áhrif á afkomu byggða og svæða. Við erum ekki á þeirri forsendu andvíg frv., nema að því leytinu til að hér er tekin allt of mikil áhætta og ekki farið að lögum um ríkisábyrgð, sem er algjör forsenda fyrir því að hægt sé að styðja þetta mál.

Varðandi lyfjaþróunina sem slíka þá er alveg ljóst að það þarf mjög fjársterka aðila til þess að vera í slíkri framleiðslu. Hugmyndir einar eru ekki nægilegar. Það þarf að vera mjög sterkur fjárhagslegur stuðningur eða sterkur rekstur á fyrirtækjunum. Í raun hafa orðið til nokkrir lyfjarisar sem ráða orðið markaðnum og þeir risar eru í Bandaríkjunum. Fyrirtæki í Evrópu, sem eru í þessari þróun, hafa ekki fengið sömu hvatningu eða sama stuðning og fyrirtæki í Bandaríkjunum, hvort sem það er vegna þess að ekki er nægilegur stuðningur við þróunarstarfið sjálft eða að ekki er nægilegt fjármagn í markaðssetninguna. Ég þekki ekki nægilega vel til, herra forseti, til að dæma um það. Því að það er eitt að finna og framleiða lyf sem hefur tiltekna virkni og annað að hafa fjármagn til að koma þessu lyfi á markað til þess að það gefi fyrirtækinu þær tekjur sem allar væntingar standa til. Þar kemur hugsanlega inn hin sterka staða lyfjaþróunarfyrirtækja á Bandaríkjamarkaði að markaðssetningin þar fær svo mikinn og góðan stuðning og það er hugsanlega út *á þann þátt sem þau fyrirtæki hafa náð markaðssetningu á* ákveðnum lyfjum sem gefa þá þennan gróða.

En það er ekkert undarlegt, herra forseti, þó að marga langi til þess að komast í þá stöðu að geta þróað lyf alveg til enda þannig að það fari í framleiðslu, nái markaðssetningu, því ef það gerist er talið að það þurfi ekki nema eitt, í mesta lagi tvö slík lyf sem ná útbreiðslu, til þess að gróði fyrirtækisins verði ásættanlegur og í raun og veru þurfi svo ekki meir. Það er því eftir miklu að slægjast. En samkeppnin

er hörð og með dýrustu þróunarverkefnum sem eru í gangi eru lyfjaþróunarverkefnin. Kröfurnar eru mjög strangar í framleiðsluferlinu og eins hvað varðar prófun á lyfjunum þannig að frá því að hugmynd kemur fram og þar til að lyfið er komið í dreifingu liggja þúsundir tilrauna í valnum og miklu fjármagni hefur verið eytt í hverja tilraun til þess að ná þróuninni til enda. Það eru ekki öll fyrirtæki sem hafa slíkt fjármagn. Enda má lesa það í þeim gögnum sem ég hef safnað að mér í kringum vinnuna við að fylgjast með þessu frv. að það væri ásættanlegt að hefja þróun lyfja á grunni þeirrar líftækniþekkingar sem er hjá Íslenskri erfðagreiningu og á grunni miðlægs gagnagrunns og fara ekki alla leið heldur geta selt hugmyndina einhvers staðar á þróunarstiginu. Því lengra sem þessi þróun nær að halda áfram, því verðmeiri er varan og það má alveg hugsa sér að það séu fleiri fyrirtæki en Íslensk erfðagreining sem fara þá leið að þróa ekki vöruna alveg til neytenda því þá er dýrasti þátturinn eftir sem er markaðssetningin.

Það eru víða uppi hugmyndir um að styrkja vísinda- og rannsóknastörf og það er vel. Herra forseti. Mér komu í hug orðaskipti við fyrirspurn sem ég lagði fram fyrr í vetur. Það hafa í nokkur ár verið að þróast hugmyndir um að setja upp vísinda- og rannsóknastöð á Kvískerjum í Skaftafellssýslu. Nú hefur nefnd sem til þessa var skipuð lokið störfum og bent á að það væri ákjósanlegt að Háskóli Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands hefðu aðsetur fyrir vísinda- og rannsóknastörf og mætti hugsa sér að á því sviði sem vísinda- og rannsóknastöð í Kvískerjum mundi starfrækja gæti á sviði náttúruvísinda í framtíðinni þróast mjög öflugt samstarf við sérfræðinga út um allan heim vegna þeirra aðstæðna sem þarna eru, náttúran, jökullinn o.s.frv. En því miður. Þegar kemur að hinu smáa virðist vanta sama skilning og sama stuðning og hvatningu og kemur fram í þessu frv.

Þeir vísindamenn sem yrðu á Kvískerjum, ef af yrði, yrðu ekki margir til að byrja með, en hér er verið að tala um 250–300 vel menntaða sérfræðinga á sviði lyfjaþróunar. Þetta yrðu, eins og ég sagði áðan, að mestu innfluttir starfskraftar og þá spyr maður um lögheimili og skatttekjur og annað slíkt. Þetta er ekki bara spurning um að hafa veltu hjá fyrirtækinu. Og eins þegar kemur að ráðningu starfsmanna þá hlýtur eftirspurnin fyrst og fremst að vera á innlendum markaði og við vitum mætavel, herra forseti, að hér er skortur á ýmsum sérfræðingum, t.d. innan heilbrigðisþjónustunnar. Þarna byðust því fólki eflaust betri störf og það yrði hörð samkeppni um þessa sérfræðinga. Ég er alveg sannfærð um að hér verða stofnanir eftir í sárum sem eiga eftir að lenda í vandræðum með að ráða til sín nauðsynlega sérfræðinga, þó að við nefndum ekki nema t.d. meinatækna og fleira slíkt ómetanlegt starfsfólk sem vinnur á heilbrigðisstofnunum.

Þegar við erum að tala um jafnræðisregluna er það ekki síður gagnvart þeim fyrirtækjum sem hafa verið að þróa starfsemi sína, eins og Marel, og við 1. umr. var nefnt t.d. lúðueldi. Seiðin eru framleidd hér á landi, en síðan er fyrirtækið með áframeldi á Írlandi þar sem það vantar allan stuðning til þess að koma á áframeldinu hér heima, en áframeldið er það sem virkilega gefur af sér, bæði fyrirtækinu og ríkissjóði. Því tel ég að ef þetta frv. til laga verður samþykkt geti bæði það fyrirtæki og fleiri farið fram á samsvarandi fyrirgreiðslu til þess að koma áframeldi á lúðuseiðum hér heima.

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum styðja við öll þau sprotafyrirtæki sem eru víða um landið og teljum að þar gagnist sú þáltill. sem við fluttum í vetur um svæðisbundið átak fyrir fjórðungana um að leggja t.d. 400 millj. kr. í þróunarfélögin. Við lögðum til að það yrði byrjað á Austurlandi, að fjármagn færi í fyrirtæki þar, sprotafyrirtæki og fyrirtæki sem eru að ryðja sér þar til rúms og gætu orðið að sterkum fyrirtækjum ef þau fengju þann stuðning í upphafi sem þau þurfa. Við teljum að slíkum hugmyndum eigi að sinna því þær hafa margfeldisáhrif og ekki bara á viðkomandi stað heldur ekki síður til þess að styrkja svæðin þannig að brottflutningur fólks af landsbyggðinni verði stöðvaður og ekki bara stöðvaður heldur verði einhver von til þess að hægt verði að snúa þróuninni við.

Það hefur líka komið fram í þessari umræðu að fyrirtæki úti á landi fái ekki einu sinni eðlilega fyrirgreiðslu hvað varðar lán í bönkum þar sem lánshæfni þeirra er ekki metin á sama hátt og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru þær grunnforsendur sem við viljum að séu í lagi og fyrir alla þannig að fyrirtækin geti blómstrað en ekki sé gripið til sértækra stórra aðgerða eins og þetta er.

Herra forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Það er alveg ljóst að samkvæmt þessu frv. á ábyrgðin að gilda næstu sjö árin og þar sem þetta er áhættufjárfesting — það eru miklar sveiflur í þessari framleiðslu og það er að sumu leyti heppni hvernig fyrirtækin fara út úr sínum tilraunum, hvort þau detta niður á rétta lyfið eða hvernig tekst til með markaðssetninguna, hvernig gengið er, það eru svo ótal atriði sem hafa áhrif á möguleika lyfjaþróunarfyrirtækjanna til þess að standast samkeppnina — þá er alveg ljóst að ef við erum með svo stórt og mikið fyrirtæki sem hér er að stefnt, með nokkur hundruð starfsmanna og það í hálaunastörfum, og ef illa færi, sem maður vonar að verði ekki, ef út í þetta verði farið, þá má alveg gera ráð fyrir því að þetta verði ekki nein sæluganga þessi sjö ár. Og ef illa fer og erfiðleikar verða í rekstrinum verði mjög sterkar kröfur um að láta fyrirtækið ekki rúlla þó ekki væri nema vegna starfsöryggis þess fólks sem þar vinnur. Því er þetta að hluta til ávísun á áframhaldandi aðgerðir af hendi ríkisins ef illa fer.

Herra forseti. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram sem afstöðu mína í málinu, en hér hefur verið vel farið yfir það og ég tel að það séu fleiri sem það muni gera þannig að ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að sinni.

[18:44]

Útbýting þingskjala:

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 564. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1359; brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1360.

Fjöldi fæðinga og kostnaður við þær, 627. mál, svar heilbrrh., þskj. 1363.

Óðalsjarðir í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum, 634. mál, svar landbrh., þskj. 1361.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 38. mál, nál. umhvn., þskj. 1371.

Staða og þróun löggæslu, 392. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1365.

Umferðarlög, 652. mál, brtt. ÞKG, þskj. 1364.

Umhverfisstofnun, 711. mál, nál. 2. minni hluta umhvn., þskj. 1366.

Úthlutun listamannalauna árin 2000, 2001 og 2002, 569. mál, svar menntmrh., þskj. 1252.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–56. mál.

Fundi slitið kl. 18:44.

---

127. FUNDUR

miðvikudaginn 24. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177, nál. 1273, 1344 og 1353, brtt. 1274 og 1288. — Frh. 2. umr.
2. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 720. mál, þskj. 1227. — 2. umr.
3. Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, þáltill., 730. mál, þskj. 1277. — Fyrri umr.
4. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 1300, brtt. 1356. — 3. umr.
5. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1302. — 3. umr.
6. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 1307. — 3. umr.
7. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna *mútugreiðslu til opinbers starfsmanns*, stjfrv., 427. mál, þskj. 1309. — 3. umr.
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1310. — 3. umr.
9. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1312, brtt. 1364. — 3. umr.
10. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 672. mál, þskj. 1314. — 3. umr.
11. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — 3. umr.
12. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085. — 3. umr.
13. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082, nál. 1281. — 2. umr.
14. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1083, nál. 1282, brtt. 1283. — 2. umr.
15. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947, nál. 1280. — 2. umr.
16. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.
17. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143. — 2. umr.
18. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.
19. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — 2. umr.
20. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1303, brtt. 1244. — 3. umr.
21. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — Frh. 2. umr.
22. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.
23. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247. — 2. umr.
24. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.
25. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — 2. umr.
26. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.
27. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198. — 2. umr.
28. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:01]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl., getur ekki sótt þingfundi á næstunni sökum veikinda óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varamaður á lista Framsfl. í Suðurl., Ármann Höskuldsson forstöðumaður, taki sæti hans á Alþingi á meðan, en 1. varamaður flokksins í kjördæminu er forfallaður.

Virðingarfyllst,
Kristinn H. Gunnarsson,
formaður þingflokks Framsóknarflokksins."

Annað bréf er dags. á Selfossi, 24. apríl 2002 og stílað á forseta Alþingis, Halldór Blöndal:

„Sökum anna get ég ekki tekið sæti Ísólfs Gylfa Pálmasonar, þingmanns Framsfl. í Suðurl., á Alþingi að þessu sinni.

Virðingarfyllst,
Ólafía Ingólfsdóttir, varaþingmaður."

Ármann Höskuldsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, fyrri umr.

Þáltill. efh.- og viðskn., 730. mál. — Þskj. 1277.

[10:02]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. frá efh.- og viðskn. um skipan nefndar til að kanna reynslu af einkavæðingu og einkaframkvæmd. Tillögugreinin felur í sér að ríkisstjórnin skipi nefnd og að í henni verði m.a. fulltrúar allra þingflokka. Hlutverk nefndarinnar á að vera að kanna reynslu af einkavæðingu og einkaframkvæmd og líta sérstaklega til þeirra ríkja sem einkavæðing og einkaframkvæmd hefur verið í gangi.

Þessi tillaga var efnislega samþykkt 9. maí árið 2000. Slík tillaga hafði verið flutt af Ögmundi Jónassyni o.fl. og vísað til nefndarinnar. Þá flutti nefndin brtt. við tillögugreinina en ónákvæmni var talin vera í ályktuninni eins og hún var samþykkt. Hér er verið að gera bragarbót á og væntanlega kemst þetta til skila eins og þetta stendur hér. Efh.- og viðskn. leggur til að þingið samþykki þáltill. og gerir ekki tillögu um að hún fari til nefndarinnar heldur beint til síðari umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.). — Þskj. 1300, brtt. 1356.

[10:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er komið til 3. umr. frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraða, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Eins og fram kom í 2. umr. skrifa fulltrúar Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. undir þetta mál með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur m.a. að því að í lögunum um almannatryggingar er enn þá tekjutenging á tekjutryggingu við tekjur maka. Vegna þessarar tekjutengingar við tekjur maka eru settar kvaðir á lífeyrisþega um að upplýsa um tekjur maka síns í ákvæði í þessu frv. Það hefur Öryrkjabandalagið talið mjög íþyngjandi fyrir skjólstæðinga sína. Ekki var vilji í nefndinni til að breyta þessum tekjutengingum og ég minni á, herra forseti, að enn er 67% tekjutenging í lögunum sem kom inn eftir öryrkjadóminn.

Annað sem ég vil gera að umræðuefni hér er 14. gr. frv. Hún hefur verið algerlega umorðuð. Þessi grein frv. er í raun 33. gr. almannatryggingarlaganna. En þó orðalaginu hafi verið breytt á það hvorki að breyta að neinu leyti réttindum þeirra sem þurfa að sækja til Tryggingastofnunar né greiðsluþátttöku almannatryggingganna í þeirri þjónustu sem greinin kveður á um. Þó greinin hafi verið umorðuð á ekki að vera nein efnisbreyting á 33. gr.

Ég vil að eitt komi mjög skýrt fram vegna þess að fram komu athugasemdir frá hagsmunasamtökum þeirra sem heyra undir þessa grein eftir að málið var komið til 2. umr. Menn höfðu áhyggjur af því að þarna væri verið að skerða réttindi. En ég vil að það komi skýrt fram að svo er ekki. Það er alls ekki vilji nefndarinnar að þarna sé á nokkurn hátt verið að skerða réttindi.

Nú við 3. umr. er komin inn brtt. frá formanni heilbr.- og trn. þar sem skerpt er á því, m.a. því sem snýr að psoriasissjúklingum.

Ég fagna sérstaklega brtt. við frv. sem kemur frá heilbr.- og trn. inn í almannatryggingalögin, þ.e. lögin um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, sem heimilar greiðslur fyrir umönnun lífeyrisþega í heimahúsi. Það hefur lengi verið baráttumál mitt og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar að heimila greiðslur fyrir umönnun lífeyrisþega heima. Eins og lögin eru í dag, þ.e. 5. gr. laganna um félagagslega aðstoð, er aðeins heimilt að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega fyrir umönnun á heimili. Ljóst er að fleiri en makar sinna þeim störfum. Aðrir á heimilinu geta sinnt þeim. Þess vegna er mikið réttlætismál að gera þá breytingu sem hér verður á lögunum, þ.e. að fleiri en makar fái greitt fyrir slíka umönnun. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji síðar reglur um hvernig slíkar greiðslur skuli inntar af hendi og sömuleiðis hversu háar þær verða.

Eins og heilbrigðisþjónustan hefur þróast, sjúkrahússþjónustan og hjúkrunin á hjúkrunarheimilum, þá er alllöng bið eftir hjúkrunarplássum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það eru sjúklingar á spítölunum sem ekki eru á réttu þjónustustigi, þ.e. sem ekki er hægt að útskrifa þó að þeir hafi fengið þá þjónustu sem hægt er að veita þeim á sjúkrahúsinu. Ástæðan fyrir því að ekki hefur verið hægt að útskrifa þá er að bið er eftir hjúkrunarplássum eða að enginn er heima til að annast þá. Sú breyting á almannatryggingalögunum sem hér er verið að gera ætti að létta aðeins undir með því og gefa mönnum færi á að fara heim til sín. Þeir sem eru með þeim á heimili eða annast þá heima fá þá greitt frá Tryggingastofnun. Það verður alveg áreiðanlega sparnaður að þessari ráðstöfun og hagræði auk þess sem hún mun létta undir í heilbrigðiskerfinu.

Ég vék aðeins að fyrirvara okkar þingmanna Samfylkingarinnar við bótaupphæðirnar. Það má líka nefna frítekjumarkið. Það hefur ekki hreyfst. Við gerum athugasemd eða fyrirvara við það. Við hefðum viljað sjá hækkun á frítekjumörkum, hækkun á bótum og afnám tekjutengingar við tekjur maka. Vissulega er okkur ekki að skapi að lífeyrisþegar þurfi að tilkynna um tekjur maka síns um leið og þeir sækja um greiðslur frá Tryggingastofnun. Nógu slæmt er að þurfa að segja verðandi maka sínum að hann verði að sjá manni farborða ef maður er lífeyrisþegi þó maður þurfi ekki líka að tilkynna honum að hann verði að fara niður í Tryggingastofnun og upplýsa um tekjur sínar til þess að lífeyrisþeginn fái greiddar bætur.

Herra forseti. Ég held að ég sé ekki að orðlengja þetta frekar. Ég fagna þeirri breytingu sem verður á umönnunargreiðslum til þeirra sem annast lífeyrisþega heima, aldraða og öryrkja. Hún er mikil réttarbót og mikill áfangi fyrir þá sem hafa verið að berjast fyrir þeim greiðslum og réttindum. Jafnframt vil ég ítreka að þó að 14. gr. frv. sé umorðuð í brtt. frá nefndinni þá felur það hvorki í sér neinar efnislegar breytingar né heimildir til aukinnar greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðisþjónustu.

[10:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir fyrirvörum mínum og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við frv. Ég ætla að nefna þá í örstuttu máli. Með þessum breytingum er ekki verið verið að hrófla við upphæðum lífeyris, hvorki ellilífeyris né örorkulífeyris. Ekki er verið að hækka greiðslurnar. Ekki er verið að hækka frítekjumarkið og ekki er verið að afnema tekjutengingu við tekjur maka. Þessir þættir eru enn þá ljóður á almannatryggingalöggjöfinni okkar sem hæstv. ríkisstjórn treystir sér vonandi til að fara í á næsta vetri ef farið verður í heildarendurskoðun á uppbyggingu þessara mála.

Herra forseti. Maður má enn þá leyfa sér að lifa í voninni. Batnandi mönnum er alltaf best að lifa. Við hljótum öll að gera þá kröfu að lífeyrisgreiðslur séu nægilega háar til að framfleyta fólki. Ljóst er að bæturnar hafa dregist aftur úr launagreiðslum í landinu en ekki má vera svo til framtíðar. Þetta er fyrirvari okkar. Þessu er ekki verið að breyta.

Ég fagna brtt. við 14. gr. frá formanni nefndarinnar, Jónínu Bjartmarz. Ástæða þess að ég geri engar athugasemdir við breytingu á orðalagi 14. gr. sem fjallar um kostnað psoriasissjúklinga vegna læknishjálpar og meðferðar, er sú að mjög skýrt kom fram hjá formanni — og það var skilningur nefndarinnar — að þarna væri verið að taka ákvæði úr reglugerð og festa í lögin, þótt með orðalagsbreytingum væri. Þó nefndur væri styrkur var sagt í nefndinni — svo það komi fram — að styrkur væri líka 100% styrkur. Það kom skýrt fram að í engu ætti að skerða réttindi þessara sjúklinga. Með þessari breytingu sem kom frá formanni nefndarinnar er algjörlega tekinn af allur vafi og þarf því ekki að leita að skýringum í nál. eða greinargerð. Það er gott. Auðvitað eiga lögin að vera alveg skýr og þarna hefur þetta verið lagað.

Ég þakka þá ábendingu sem kom fram frá Samtökum psoriasissjúklinga um þetta atriði því að betur sjá augu en auga og það er gott að fá svona ábendingar.

Herra forseti. Ég lagði fram brtt. við 36. gr. laganna, ákvæði þess efnis að sjúklingar megi liggja á heilbrigðisstofnun allt að 36 klukkustundum til þess að meta ástand þeirra án þess að kostnaður falli á viðkomandi stofnun ef til þess kæmi að þá þyrfti að senda áfram til frekari meðferðar. Af þessu er heildarsparnaður fyrir ríkið. Það verður alveg örugglega minna um sjúkraflug og óþarfaflutning á sjúklingum ef þetta rými gefst til að meta ástand sjúklingsins. Ég dró brtt. til baka eftir 2. umr. því ég taldi ekki rétt á þessu stigi að láta fella tillöguna sem hefur aftur á móti fengið góðar undirtektir hjá hv. ráðherra og í heilbrn. þannig að ég mun ekki endurflytja hana núna heldur treysti ég því að nefndin sem slík taki hana upp og vinni með hana strax á næsta hausti, og að þeirri breytingu verði þá komið á næsta vetur, vonandi með frekari vinnu í almannatryggingalöggjöfinni, því eins og ég segi er þetta þjóðhagslegur sparnaður, sparnaður í heilbrigðiskerfinu þó að kostnaðurinn í dag falli á mismunandi stofnanir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð við þessa umræðu. Ég mun styðja brtt. og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum þær breytingar í heild sem hér hafa komið fram og munum styðja afgreiðslu þessa máls.

[10:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér stjfrv. um almannatryggingar og fleira.

Af því tilefni langar mig að geta þess að á hv. Alþingi liggur þáltill. um tryggan lágmarkslífeyri frá okkur þingmönnum Frjálslynda flokksins. Hún mun sjálfsagt ekki fást rædd á þessu þingi sem senn er lokið en verður væntanlega endurflutt að hausti. Tillagan gengur út á að tryggja að bætur þeirra sem eiga lægstan lífeyrisrétt í lífeyrissjóðum — við höfum dregið þá línu við 40 þús. kr. — að sú upphæð tekna lífeyrisþegans úr lífeyrissjóðum skerði engar bætur almannatrygginga.

Niðurstaða okkar þegar við vorum að velta þessu máli fyrir okkur, og höfum svo sem verið að því í nokkurn tíma, hvernig mætti taka á vanda þeirra lífeyrisþega sem fá lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum sínum en eins og menn vita eru sumir hópar fólks hér á landi í þannig stöðu að lífeyrisréttur þeirra er lágur og, það sem verra er, hann verður lágur.

Það eru slíkir hópar til í þjóðfélagi okkar og hægt er að finna út — jafnvel þótt fólk sé ekki komið á lífeyrisaldur má auðveldlega sjá að hópar eins og bændur, t.d. sauðfjárbændur, sem hafa í gegnum tíðina haft lágar tekjur, heimavinnandi húsmæður sem hafa í gegnum tíðina haft lágar tekjur og þó að þær hafi farið að vinna á seinni árum og viðkomandi manneskja sé komin undir sextugt og eigi e.t.v. eftir þó nokkur ár á vinnumarkaði ef heilsa helst, þá er samt ekki með nokkru móti hægt að sjá að viðkomandi komist yfir það að eignast lífeyrisréttindi upp fyrir 40 þús. kr. á mánuði.

Þannig er einnig ástatt um eldri verkamenn og -konur. Þó að þau hafi unnið á vinnumarkaði lengi er lífeyrisréttur þeirra út úr lífeyrissjóðum, þegar að því kemur að viðkomandi fer að taka lífeyrinn sinn, ekki hár.

Allir eiga auðvitað rétt í almannatryggingakerfinu og þar er rétturinn byggður upp á grunnlífeyri, á tekjutryggingu, síðan á heimilisuppbót og loks sérstakri heimilisuppbót. Okkar kerfi er þannig uppbyggt í dag að um leið og lífeyrisþegi fer að fá nokkrar krónur út úr lífeyrissjóði byrjar hann strax að ganga á rétt sinn til þessara bóta. Almannatryggingabætur, sérstaklega sérstaka heimilisuppbótin og heimilisuppbótin, eyðast mjög hratt bara við fyrstu 10–20 þús. kr. í lífeyrisgreiðslur. Í raun og veru er verið að taka í þessu skrefi hátt í aðra hverja krónu sem fólk fær út úr lífeyrisrétti í því að skerða þær bætur.

Eftir að búið er að skerða bæturnar, ef tekjurnar ná yfir skattleysismörk, eru tekjurnar svo til viðbótar skattlagðar, það sem er umfram skattleysismörkin.

Þess vegna höfum við lagt til og lagt þetta svona upp eins og hér er, að byggja þetta á því að ef lífeyrisþegi eigi minni rétt en 40 þús. kr. skuli þær tekjur úr lífeyrissjóði engar bætur skerða.

Samkvæmt lauslegum útreikningi á slíku dæmi mundi þetta þýða að réttindi viðkomandi lífeyris- og bótaþega, þ.e. tekjur hans, rauntekjur eftir skatta að þessari breytingu gerðri, mundu hækka um svona 12–13 þús. kr. á mánuði. Síðan gerum við ráð fyrir að þau þrep þynnist út á næstu 10 þús. kr. upp í 70 þús. kr. Fyrst yrði skerðingin $^1/_4$ þess sem nú er, síðan $^1/_2$ og loks $^3/_4$ og að lokum þegar menn eru komnir í 70 þús. kr. rétt út úr lífeyrissjóði sé skerðingin óbreytt eins og er í núgildandi lögum.

Við höldum því ekki fram að þessi útfærsla sé sú eina sem gæti komið til greina. Vissulega kæmi til greina að útfærslan byggði á því að föst upphæð væri í grunninn eins og við leggjum til og síðan væri þetta prósentutengt með fallandi línu niður í 70 þús. kr.

Eftir sem áður er alveg ljóst að það sem við erum að leitast við að gera með þessari tillögu er að þegar fólk á tiltölulega mjög lítil lífeyrisréttindi verði sá lífeyrir ekki til þess að skerða lágmarksbætur. Ef við gefum okkur að lífeyriskerfið verði sú stoð sem launþegar almennt geti byggt á til elliáranna í framtíðinni mundi svona útfærsla á tillögu auðvitað eyðast út á kannski 20–25 árum, ef við gefum okkur það að eftir 25 ár eigi flestallir Íslendingar þokkalegan lífeyrisrétt og að lágmarki það sem segir í lögunum um almenna starfsemi lífeyrissjóða, að launþegi sem greitt hafi í lífeyrissjóð í ákveðinn tíma, að mig minnir 40 ár, eigi þó alltaf rétt á 56% þeirra launa sem hann hafði að meðaltali á starfsævinni. En það er markmiðið eins og það er sett fram í lögum um almenna starfsemi lífeyrissjóða.

Á næstu 10–20 árum munum við samt sem áður vera með þó nokkuð af fólki sem mun eiga minni lífeyrisrétt en 40 þús. kr. á mánuði. Okkur sem flytjum þessa tillögu, þingmönnum Frjálslynda flokksins, finnst eðlilegt að taka á því að þessi

litlu lífeyrisréttindi virki ekki sem skerðing á þær bætur sem fólk getur almennt fengið út úr almannatryggingunum.

Eins og ég sagði áðan sýnist okkur að sú breyting sem hér er lögð til gæti þýtt að rauntekjur þeirra lífeyrisþega sem væru með minni réttindi út úr lífeyrissjóði en 40 þús. kr. á mánuði gætu hugsanlega hækkað um 12 þús. kr. eftir að skattlagning hefði átt sér stað. Það væru þá a.m.k. ekki þau jaðaráhrif varðandi bæturnar sem núna eru innbyggð í löggjöfina og ég tel, og við sem flytjum tillöguna, að hér sé um ákveðið réttlætismál að ræða, því fyrirsjáanlegt er að nokkur hópur lífeyrisþega á næstu árum, jafnvel næstu 10–20 árum, muni ekki eignast mikinn lífeyri.

Rétt í lokin, það er auðvitað líka hvetjandi fyrir lífeyrisþega sem núna horfa fram á að eignast lítinn lífeyri að koma með slíka breytingu sem hér er lögð til enda tryggir hún þá betur stöðu þeirra sem núna eru með lítinn lífeyri og horfa fram á það að verða með lítinn lífeyrisrétt. Þegar maður hittir fólk sem er að ræða um lífeyrismál sín og það segir manni frá tekjum sínum og hvað það eigi í lífeyrisrétti í dag og spyr svo hvað það muni eiga í lífeyrisrétti eftir 10 ár þegar það hættir að vinna á vinnumarkaði. Og þegar farið er yfir þetta með fólkinu og það sér að það mun kannski aldrei eignast nema 30–40 þús. kr. í lífeyrisrétti getur maður ekki með nokkurri samvisku látið þessi mál óhreyfð. Þess vegna er tillagan lögð hér fram, eingöngu í þeim tilgangi að reyna að hífa þá upp sem lökust eiga réttindin og í raun og veru að gera viðbótarinneign þeirra sem eiga eftir að starfa í skamman tíma meira virði en ella væri. Það verður að segjast alveg eins og er að eins og kerfið er uppbyggt í dag, jafnvel þótt lífeyrisþegi eigi undir 40 þús. kr. í lífeyri, þá eyðist önnur hver króna með því að bæturnar skerðast.

Slík viðleitni er auðvitað bara í þá átt að reyna að bæta þá réttarstöðu. Þetta er auðvitað sama viðleitni og aðrir hafa verið að orða í þinginu, bæði samfylkingarmenn og vinstri grænir varðandi það að bæta rétt lífeyrisþegans. Ég tel að þessi tillaga sé tiltölulega einföld og hana megi auðveldlega útfæra, ekki síst ef hægt er að koma því við að í hverjum mánuði liggi fyrir hvaða lífeyrisrétt lífeyrisþeginn eigi í lífeyrissjóði.

[10:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hafði búist við því á þessum vetri að ríkisstjórnin mundi manna sig upp í að taka almannatryggingalöggjöfina í gegn og bæta kjör elli- og örorkulífeyrisþega en við erum sennilega á lokadögum þingsins og ekki bólar á því að stjórnarliðar taki sig á og bæti kjör aldraða og öryrkja sem hafa dregist verulega aftur úr öðrum þjóðfélagshópum á umliðnum árum, reyndar alveg frá árinu 1995 eins og ég mun koma að síðar.

Þær breytingar sem hér er verið að gera á almannatryggingalöggjöfinni eru afar smáar og breyta yfir höfuð litlu um kjör aldraða og öryrkja þó að þar sé vissulega af nógu að taka. Mér finnst ríkisstjórnin miklu fremur vera í því að þyngja byrðarnar hjá öldruðum, eins og við þekkjum á þessum vetri þar sem lyfjakostnaður aldraða hefur aukist gífurlega mikið á umliðnum mánuðum og missirum. Ég fór reyndar í gegnum það með hæstv. heilbrrh. á dögunum þegar ég bar fram fyrirspurn til hans út af þessum mikla og vaxandi lyfjakostnaði fyrir aldraða. Í könnun og úttekt sem hefur verið gerð í apótekum hefur komið fram að það er algengt að ellilífeyrisþegar þurfi sjálfir að greiða úr eigin vasa sem samsvarar eins mánaðar lífeyri sínum á ári í útgjöld vegna lyfjakostnaðar. Það er ekki, herra forseti, boðlegt í samfélagi sem kennir sig við velferð að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfi að sætta sig við þessi býti.

Hv. síðasti ræðumaður greindi frá máli sem hann og flokkur hans báru fram á þessu þingi varðandi málefni aldraðra. Auðvitað er af nógu að taka á þinginu, herra forseti. Tillögur og hugmyndir að því hvernig eigi að bæta lífskjör lífeyrisþega vantar ekki. Ég minni í því sambandi á tillögu sem við í Samfylkingunni höfum flutt um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja þar sem við leggjum til að fela ríkisstjórninni í samráði við Samtök aldraðra og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega svo að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín. Við höfum þar í huga að bæta sérstaklega stöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Við viljum gera samning um afkomutryggingu sem verði síðan undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Herra forseti. Í huga okkar í Samfylkingunni er það forgangsmál á næstu árum að bæta stöðu og kjör aldraðra og öryrkja. Við leggjum þessa tillögu okkar til grundvallar í því. Við reiknuðum út á þeim tíma sem þessi tillaga var fyrst lögð fram, sennilega fyrir einu til tveimur árum, að ætla mætti að það kostaði 3–5 milljarða að gera sérstakt átak í málefnum lífeyrisþega og ungra öryrkja eins og tillaga okkar gerði ráð fyrir. Við gerðum þá ráð fyrir að það mætti hugsanlega skipta þessum útgjöldum á tvö ár.

Staðreyndin er sú að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum og það staðfestir auðvitað bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu sem þýðir að þessu fólki er gert að lifa af afar litlum tekjum.

Í líklega tveggja ára gamalli skýrslu um kjör öryrkja sem við fengum komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar frá forsrh. varðandi stöðu og kjör öryrkja, m.a. að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Í þeirri skýslu sem full ástæða er til að rifja upp við þessa umræðu kom einnig fram að 22% ellilífeyrisþega, um 6 þús. manns, voru með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði á árinu 1999. Grunnlífeyrir og tekjutrygging hafa hækkað miklu minna en launavísitalan hvað þá heldur að lífeyrir almannatrygginga sé í samræmi við lágmarkslaun eins og hann var lengst af áður en þessi ríkisstjórn komst til valda á árinu 1995. Frá 1995 til 1. okt. 2000, ef við lítum á þann tíma, hafa grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað um nálega 25% en launavísitala hefur hins vegar hækkað á sama tíma um 41,5%. Þegar litið er á kaupmátt lífeyrisgreiðslna samanborið við lágmarkslaun liggur fyrir að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna er langt undir kaupmætti lágmarkslauna verkafólks og hefur munurinn aukist jafnt og þétt, ekki síst eftir að slitið var á tengsl launa- og lífeyrisgreiðslna árið 1995.

Ég held, herra forseti, að þegar ríkisstjórnin gerði tilraun til að setja upp ákveðið viðmið vegna hækkana lífeyrisgreiðslna hafi þingheimur staðið í þeirri trú að þær mundu a.m.k. hækka í takt við launavísitölu. Allmargir hér inni stóðu í þeirri trú að lagatextinn eins og hann var úr garði gerður þyddi að það ætti að miða við launavísitölu en ekki neysluvísitölu. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa komist upp með að ganga gegn þessum lögum og miðað kjör lífeyrisþega við neysluvísitöluna en ekki launavísitöluna sem þýðir að lífeyrisþegar hafa dregist verulega aftur úr í kjörum samanborið við aðra hópa í þjóðfélaginu.

Ég vil í því sambandi vitna til athyglisverðrar greinar úr Morgunblaðinu eftir Ólaf Ólafsson, fyrrverandi landlækni, þar sem hann dregur upp mjög svarta mynd af því hvernig þessi ríkisstjórn hefur farið með lífeyrisþega. Hann segir, með leyfi forseta: „Fram til 1994 fylgdi ellilífeyrir lágmarkslaunum verkafólks en frá og með desember 1995“ — þegar þessi ríkisstjórn er tekin við — „hefur ellilífeyrir fylgt vísitölu verðlags. Svo að í samanburði við launavísitölu hafa ellilífeyrisþegar verið sviptir 7.059 kr. á mánuði og 17.176 kr. ef miðað er við lágmarkslaun.“ Það munar um minna, herra forseti, þegar bilið milli láglaunahópanna í þjóðfélaginu og lífeyrisþeganna er orðið með þeim hætti að 17 þús. kr. vantar á mánuði upp á að lífeyrisþegar hafi sömu kjör og þeir lægst launuðu í þjóðfélaginu, og eru þeir ekki of sælir af sínum kjörum. Um það væri auðvitað hægt að halda langa ræðu.

Það er ótrúlegt að láglaunahóparnir í þjóðfélaginu sem þurfa að lifa af kannski 90 þús. kr. á mánuði skuli yfirleitt geta það, og auðvitað geta þeir það ekki. Endar ná ekki saman milli mánaða og við sjáum líka verulega aukningu á skuldum heimilanna og yfirdráttarlánum. Það er allt of stór hópur í þjóðfélaginu sem þarf — bara til að eiga fyrir allra brýnustu nauðþurftum — að framfleyta sér með dýrum yfirdráttarlánum í bönkum.

Ólafur Ólafsson landlæknir segir í þessari ágætu grein sinni að miðað við lágmarkstaxta hafi ellilífeyrir rýrnað um 206 þús. kr. á ári miðað við febrúar 2002. Þá miðar hann við lágmarkslífeyri samanborið við greiðslur ellilífeyrisþega. Hann vitnar til þess að samkvæmt sérúttekt ríkisskattstjóra árið 2000 hafi tæp 40% þeirra haft 75 þús. kr. eða lægri laun á mánuði í heildartekjur árið 1999. Og hann segir enn fremur í þessari grein, með leyfi forseta, að „... um 40% hafa 70.000 eða minna eftir skatt og tæp 60% minna en 80.000 kr. Rétt er að hafa hugfast að raunveruleg lágmarkslaun verkafólks með eingreiðslu á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samningi voru í febrúar 2002 kr. 94.692. Ellilífeyrir var 77,1% af lágmarkslaunum verkafólks árið 1990 en er nú 58,9% (febr. 2002).“ Þessir útreikningar eru unnir af hagfræðingi Félags eldri borgara, Einari Árnasyni, en hann hefur stuðst við upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins, kjararannsóknarnefnd og Hagstofu Íslands.

Ólafur bætir við að í janúar og febrúar 2002 hafi ellilífeyrisþegar fengið um 500 kr. viðbót á mánuði þannig að munurinn minnkaði úr 17.611 kr. á mánuði í 17.176 kr. Þarna er skömmtunarkerfi ríkisstjórnarinnar til ellilífeyrisþega á fullu, sýnir sig best að þeir fá upp í það sem af þeim hefur verið tekið, 500 kr. viðbót á mánuði, eins og þeir fengu í febrúarmánuði sl. Ólafur segir að þetta hafi gerst á sama tíma og öll þjónustugjöld, þar á meðal lyfjakostnaður, hafi aukist gífurlega. „Athyglisvert er að mesta rýrnun á ellilífeyri, þ.e. rúmar 8.000 kr. á mánuði, varð árið 2000 í kjölfar árs aldraðra, þrátt fyrir loforðaræðuna, lúðraþytinn og söginn,“ segir þessi ágæti maður, Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, sem ásamt mörgum öðrum berst mikilli baráttu fyrir því að leiðrétta þessi löku kjör lífeyrisþeganna.

Það er athyglisvert að þetta byrjar allt, eins og Ólafur getur um, í desember 1995. Það var einmitt á því ári ef ég man rétt sem ellilífeyrisþegar og öryrkjar fóru skyndilega að greiða skatt, herra forseti. Þar fann ríkisstjórnin matarholu. Þeim sem höfðu bara haft almannatryggingu og tekjutryggingu hafði verið hlíft við skattgreiðslum áður, jafnvel þó að verr hafi árað en var á árinu 1995, en núna er verið að klípa 5–8 þús. kr. á mánuði af þessum litlu aurum sem þetta fólk fær úr tryggingakerfinu.

Hér stöndum við og ræðum breytingar á almannatryggingalögunum eina ferðina enn þar sem verið er að krukka í og reyna að lagfæra og snyrta en ekki tekið á þeim málum sem mest brenna á þessu fólki, t.d. er ekki tekið á því sem Öryrkjabandalag Íslands gagnrýnir mjög í umsögn sinni til heilbr.- og trn. Öryrkjar búa enn þá við það að þeir eru tengdir við tekjur maka. Af hverjum 100 kr. sem þeir vinna sér inn standa aðeins eftir 67 kr. vegna tekjutryggingaraukans. Það er náttúrlega, herra forseti, úr takt við þjóðfélag eins og við viljum sjá. Ef öryrki gengur í hjónaband þarf maki hans að fara upp í Tryggingastofnun og leggja á borðið og sýna hvað hann hefur í tekjur til að sá litli lífeyrir sem öryrkinn hefur úr Tryggingastofnun verði ekki skertur. Þetta er auðvitað ekki boðlegt, herra forseti. Við gengum í gegnum það í tengslum við hæstaréttardóminn hvernig verið er að brjóta mannréttindi, herra forseti, á öryrkjum með þeim hætti. Öryrkjabandalagið mótmælir því harðlega, ég hef lýst því og það kom mjög skýrt og skilmerkilega fram í löngu máli við 2. umr. hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, 15. þm. Reykv.

En Öryrkjabandalagið segir í umsögn sinni um þennan þátt málsins:

„Það nýmæli 17. greinar frumvarpsins sem fyrirsjáanlega mun þó kalla á meiri, erfiðari og óleysanlegri vandamál en önnur, er ákvæðið um upplýsingaskyldu maka. Með þessu ákvæði verður hverjum þeim sem tekur upp sambúð með öryrkja gert skylt að standa tryggingafélagi hans skil á upplýsingum um fjármál sín, þ.e. umfram það sem fram kemur í þeim gögnum skattyfirvalda sem Tryggingastofnun ríkisins hefur aðgang að.“

Þeir segja jafnframt í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Vart þarf að hafa mörg orð um að með þessu er verið að færa í lög ákvæði sem óraunhæft er að framfylgja, einungis til þess fallin að niðurlægja öryrkja ...“

Herra forseti. Við tökum sannarlega undir að það er með öllu óþolandi hvernig þessum málum er enn fyrir komið að því er varðar öryrkjana.

Herra forseti. Því ber þó að fagna í þessu frv. sem við ræðum að nefndin tekur upp tillögu Ástu R. Jóhannesdóttur og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar sem fram kom í frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð. Í því frv. var lögð til heimild, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, til að greiða maka eða öðrum þeim sem heldur heimili með elli- og örorkulífeyrisþega maka- eða umönnunarbætur. Í frv. Ástu R. Jóhannesdóttur o.fl. var við það miðað að heimilt væri að greiða umönnunarbætur öðrum en maka, sem nú er heimilt, þ.e. allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga. Umönnunarbæturnar eru nú sem sagt allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga, sem er ekki há fjárhæð, herra forseti, ef maki er bundinn heima yfir sjúkum elli- eða örorkulífeyrisþega.

Það sem þingmenn Samfylkingarinnar reyndu að koma í gegn var að heimilt væri að greiða slíkar umönnunarbætur þó ekki væri um maka að ræða. Þar gæti verið um að ræða systur, bróður eða nákominn ættingja annan en maka sem vildi hugsanlega annast elli- eða örorkulífeyrisþega sem þyrfti á þjónustu og aðstoð að halda allan sólarhringinn. Auðvitað er í því sparnaður. Það er svo oft sem ríkisvaldið kastar krónunni og sparar tíeyringinn vegna þess að þetta eru ekki háar fjárhæðir sem greiddar eru í umönnunarbætur fyrir þann sem er bundinn yfir sjúkum öryrkja eða ellilífeyr-

isþega, í stað þess að viðkomandi gæti hugsanlega verið á vinnumarkaðnum.

Þar fyrir utan, herra forseti, sjá allir að það sparar veruleg útgjöld í heilbrigðiskerfinu ef opnað er fyrir slíka heimild, þ.e. að fleiri en maki geti fengið umönnunarbætur. Það er mjög oft erfitt fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa gengist undir aðgerð eða annað á spítölum að komast heim aftur ef enginn er til að annast þá og þarna er opnuð leið, sem er miklu manneskjulegri og ódýrari í alla staði, til að annast um elli- og örorkulífeyrisþega. Þeir gætu þannig verið heima með aðstoð en þyrftu ella að fara á dvalarheimili eða stofnun.

Þessu, herra forseti, ber að fagna. Þetta er þó ávinningurinn sem við sjáum í frv. sem hér er tekið til umræðu. En eftir stendur, herra forseti, að það er ekki tekið á kjörum aldraðra og öryrkja í heild og breidd, eins og við í Samfylkingunni höfum ítrekað lagt til. Við höfum lagt fram um það ítarlegar tillögur sem ég hef hér vitnað í.

Samtök aldraðra hafa barist mjög harðri baráttu og leitað til stjórnvalda eftir leiðréttingu á kjörum þess hóps en á mikils árangurs, herra forseti. Mér finnst algjört lágmark að miða við launavísitölu, að lífeyrir elli- og örorkulífeyrisþega hækki í takt við launavísitölu. Við vorum með frv. um það á síðasta þingi, að það ætti að miða við launavísitölu eða neysluvísitölu, eftir því hvort væri hærra þegar mæling færi fram.

Ég held að allir séu því sammála — ríkisstjórnin getur auðvitað ekki neitað því — að lífeyrisþegar hafa ekki fengið sinn hluta í góðærinu. Þeir eiga raunar rétt og kröfu til að fá eðlilega og sanngjarna leiðréttingu á kjörum sínum. En það er reyndar svo að allir þeir milljarðar sem hafðir hafa verið af öldruðu fólki og öryrkjum á þessum sex eða sjö árum hafa farið í að reyna að sýna einhvern tekjuafgang hjá þessari ríkisstjórn. Hagstjórnin er ekki betri en svo að það verður að fara svona leiðir, taka af elli- og örorkulífeyrisþegum það sem þeir eiga sannarlega rétt á, til að geta sýnt einhvern tekjuafgang. Hagstjórnin og snilldin hjá ríkisstjórninni í efnahagsmálunum er ekki meiri en svo. Það er auðvitað skammarlegt að það skuli þurfa að fara þá leið til að geta sýnt einhvern tekjuafgang.

Á ráðstefnu nýverið kom reyndar fram að eignastaða aldraðra hér á landi er yfirleitt góð. Því ber að fagna. En á móti eru tekjur margra, jafnvel þó þeir búi í sæmilegu húsnæði, það lágar að ellilífeyrisþegar og öryrkjar eiga oft á tíðum í erfiðleikum með að standa undir nauðsynlegum greiðslum af húsnæði, m.a. fasteignagjöldum og venjulegu viðhaldi á húsnæði. Tekjustaða þeirra er það slæm eins og raun ber vitni.

En við getum líka litið til þess, sem er auðvitað partur af kjörunum, að stór hluti aldraðra — síðast þegar ég skoðaði það voru það um 600 aldraðir, ég veit ekki hver staðan er nú — býður eftir hjúkrunar- eða þjónustuíbúðum, auk leiguíbúða. Stærsti hluti þessa hóps var í mjög brýnni þörf fyrir húsnæði, aðhlynningu eða þjónustu. Sama gilti um öryrkja en stór hópur öryrkja er á leigumarkaði og langur biðlisti er eftir íbúðum hjá Öryrkjabandalaginu. Þar bíða á fimmta hundrað öryrkja eftir húsnæði. Það líka alltaf verið að gera þessum hópi erfiðara fyrir að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Nýjasta uppfinning þessarar ríkisstjórnarinnar er að hækka vextina á leiguíbúðum sem sátt var um í þjóðfélaginu í marga áratugi að breyta ekki þó að menn væru almennt að breyta vöxtum. Þeir voru verulega niðurgreiddir með 1% vöxtum þannig að það var hægt að koma upp húsnæði, m.a. á vegum Öryrkjabandalagsins, fyrir þennan hóp.

Það er auðvitað orðið mjög erfitt og nánast ókleift fyrir Öryrkjabandalagið að koma upp húsnæði fyrir þessa hópa nema það komi þá fram í leigunni, herra forseti. Það er ekki langt síðan við ræddum hér um húsnæðismálin, þá stöðu sem þau eru í núna. Þá kom fram að miðað við þau lánskjör sem eru í boði þarf leiga, ef hún er ekki niðurgreidd, á slíkum íbúðum sem öryrkjar eru að bíða eftir, og erum við þá einungis að tala þá um litla tveggja til þriggja herbergja íbúð, að vera á bilinu 70–100 þús. kr. Þetta eru þeir útreikningar sem t.d. Búseti setur fram og hefur hann þó fengið kjörin eitthvað niðurgreidd að því er varðar ákveðinn fjölda leiguíbúða. Mig minnir að það séu 3,5% vextir en engu að síður þarf leigan að vera þetta há. Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um að leiga fyrir leiguíbúð, ef hún er ekki niðurgreidd, samsvari því sem aldraðir og öryrkjar, sem litlar lífeyrisgreiðslur fá, fá í framfærslueyri á mánuði.

Herra forseti. Mér fannst ekki hægt að afgreiða þetta frv. án þess að ræða aðeins um þessa stöðu sem öryrkjar og aldraðir, stór hluti þeirra, býr við. Sem betur fer á það ekki við um alla, það er líka til hópur aldraðra sem hefur það gott, bæði eigna- og tekjulega. En hann er líka allt of stór hópurinn sem býr við mjög bág kjör. Bara sú staðreynd að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum, staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi.

Herra forseti. Þessu kjörtímabili fer nú senn að ljúka og lífir ekki nema eitt ár af því. Ég sé ekki fram á, herra forseti, að ríkisstjórnin geri þá breytingu að taka með manneskjulegum hætti á þessu máli. Það vefst mjög fyrir þessari ríkisstjórn að endurskoða í heild almannatryggingalögin þannig að öldruðum og öryrkjum verði búið viðunandi lífsviðurværi. Ég sé ekki að á því verði nein breyting. Ég veit ekki til þess. Það má vera að það sé enn ein nefndin í gangi að endurskoða lögin en það er alla vega lítið sem við sjáum hér inni í þingsölunum sem gefur von um að á því verði tekið með myndarlegum hætti á næstu mánuðum eða missirum.

Ég er alveg sannfærð um að þetta er hópur sem er orðinn mjög sterkur félagslega. Hann er með sterkan bakhjarl í samtökum aldraðra og öryrkja sem láta nú iðulega heyra í sér ef þeim er misboðið. Mér segir svo hugur um að miðað við þá stöðu sem uppi er og meðan ekkert er sýnilegt hjá hæstv. ríkisstjórn að við eigum eftir að heyra vel frá samtökum aldraðra og öryrkja á næstu árum.

Herra forseti. Ég mun senn láta máli mínu lokið. Það er auðvitað bara eitt hægt að segja um hvernig þessi ríkisstjórn hefur farið með aldraða og öryrkja á þessu kjörtímabili, það er ríkisstjórninni til skammar hvernig hún hefur hlunnfarið aldraða og öryrkja í kjörum hvað eftir annað. Hún getur ekki einu sinni druslast til þess, herra forseti, að láta öryrkja og lífeyrisþega fá það sem þeim þó ber samkvæmt lögum, þ.e. að greiðslur til þeirra hækki í samræmi við launavísitölu. Það er þessari ríkisstjórn til skammar.

[10:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór út um víðan völl og ræddi minnst um fyrirliggjandi frv. sem hér er til umræðu. Það er fjöldi atriða sem ég vildi gera athugasemdir við en ég ætla að taka fyrir tvö.

Í fyrsta lagi var ákveðið, eftir 1995, að hækka lágmarkslaun umfram alla aðra taxta í þjóðfélaginu.

Í áratugi hafði verið rætt um að hækka lægstu laun og í áratugi hafði verið reynt að gera það í kjarasamningum. Ávallt hafði sú hækkun farið upp í gegnum alla taxta og hækkað laun iðnaðarmanna og annarra hlutfallslega jafnmikið. Aldrei tókst að hækka lægstu laun. Svo var gert átak eftir 1995, en þá voru þessi lágmarkslaun 42 þús., til að hækka þau og menn sóru þá svardaga að það ætti ekki að hafa áhrif á aðrar greiðslur eða taxta til þess að hækka lágmarkslaunin sem voru þá 42 þús. og eru núna komin vel yfir 90 þús.

Að menn skuli leyfa sér að nota þessi lágmarkslaun til viðmiðunar við lífeyrisgreiðslur er ósvífni. Það er ósvífni. Sérstaklega af mönnum eins og Benedikt Davíðssyni sem þekkir þessi mál, var í kjarabaráttu, var í stjórn lífeyrissjóða og mótaði þá stefnu alla tíð. Hann veit nákvæmlega af hverju lægstu launin voru hækkuð svona mikið. Það var enginn á þeim töxtum nema örfáir einstaklingar, aðallega konur sem voru að koma út í atvinnulífið eftir að hafa alið upp börn. Það var réttlætismál fyrir þær konur að þessi lægstu laun yrðu hækkuð en það átti ekki að hafa áhrif á annað, hvorki lífeyrisgreiðslur né aðra taxta í þjóðfélaginu, og þess vegna er rangt að nota það sem viðmiðun í þessu eins og Félag aldraðra, sem ég tel að séu mjög nauðsynleg samtök, hafa leyft sér að gera.

[11:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli harðlega þessari ræðu sem er ekkert annað en ósvífni í garð öryrkja og aldraðra sem þurfa að lifa af kannski 70 þús. kr. tekjum á mánuði. Það er engin afsökun, herra forseti, þótt við séum með lág laun og allt of stóran hóp í þjóðfélaginu á lágmarkslaunum að aldraðir eigi að sitja eftir. Af því að lágmarkslaunin í þjóðfélaginu hafi verið hækkuð eigi það að kosta það að aldraðir sitji eftir.

Ríkisstjórnin gengur svo langt — við skulum segja að við miðum ekki við lágmarkslaunin — að það er orðinn 17 þús. kr. munur á mánuði á lágmarkslaunum og þeirra sem lægstar hafa bæturnar. Hún miðar meira að segja, herra forseti, ekki við það að lífeyrisþegar fái hækkun til samræmis við launavísitölu sem þó ætti að gera samkvæmt lögum. Af hverju ættu ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar ekki að hækka í samræmi við launavísitölu?

Hjá Ólafi Ólafssyni landlækni kemur fram að ef miðað hefði verið við launavísitölu eins og á að gera samkvæmt lögum væri lífeyrir þessa fólks 7 þús. kr. hærri en hann er í dag. Segjum svo að haldið hefði verið við það, þá væru tekjurnar 7 þús. kr. meiri á mánuði.

Auðvitað þarf að fara ofan í saumana á því máli — ég er viss um að það þyldi ekki skoðun ef sá lagatexti yrði athugaður og ég held að verið sé að brjóta lög á lífeyrisþegum. Það ætti eiginlega að fara ofan í saumana á því máli vegna þess að verið er brjóta rétt, brjóta lög, á lífeyrisþegum jafnvel þótt við horfum ekki til þess að miða við lágmarkslaun.

Svona málflutningur eins og hv. þm. hefur uppi er honum til skammar. Ég segi enn og aftur, herra forseti, það er ekkert annað en ósvífni og blaut tuska framan í öryrkja og ellilífeyrisþega að halda uppi slíkum málflutningi eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði rétt áðan.

[11:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gagnrýni það að menn miða við og bera saman hækkun og þróun lífeyris miðað við lægstu taxta sem voru 42 þús. kr. 1995 og hafa verið hækkaðir upp í 90 þús. kr. og áttu ekki að hafa áhrif neins staðar af því menn voru að reyna að komast út úr þeirri úlfakreppu að hækka lægstu taxta án þess að það hefði áhrif alls staðar. Svo leyfa menn sér að bera lífeyrisgreiðslur og þróun þeirra við þessa taxta. Það er allt í lagi að bera það saman við eðlilega launaþróun og þar er líka myndin allt önnur vegna þess að lægstu taxtarnir hafa hækkað miklu meira en launaþróunin almennt. Ég vil að það komi fram.

Svo er það að lífeyrir frá lífeyrissjóðunum, sem t.d. Benedikt Davíðsson átti þátt í að móta, hækkar bara eins og verðlag, algjörlega óháð launaþróun sem hefur hækkað sem betur fer, vegna góðrar ríkisstjórnar, miklu meira en verðlag á undanförnum árum. Það þýðir að allur þessi lífeyrir hjá lífeyrissjóðunum, sá mikli lífeyrir sem greiddur er þaðan, hækkar eins og verðlag, ekki eins og laun. Þar af leiðandi eru lífeyrisþegar verr settir að því leyti að lífeyririnn frá lífeyrissjóðunum hefur ekki hækkað eins og laun. En það er ekki hægt vegna þess að á bak við lífeyri frá lífeyrissjóðunum standa lán til sjóðfélaga sem eru verðtryggð miðað við neysluvísitölu. Ef menn ætla að breyta því og fara að miða við laun er ég hræddur um að margur skuldarinn kveinkaði sér.

[11:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að eiga orðastað við hv. þm. um kjör aldraðra og öryrkja. Það væri kannski ekki úr vegi að hv. þm. mundi standa hér einu sinni í ræðustól og segja elli- og örorkulífeyrisþegunum hvernig þeir eigi að lifa frá mánuði til mánaðar á 70 þús. kr. á mánuði. Ég er alveg viss um að margir mundu þiggja ráð frá stærðfræðingnum ef hann gæti sagt öldruðum og öryrkjum hvernig þeir eiga að lifa af þeim tekjum.

Ég spyr hv. þingmann af því að hann mótmælir því ekki að launin eigi þó að hækka í samræmi við launavísitölu: Hefur hann beitt sér fyrir slíkri hækkun í sínum stjórnarflokki, Sjálfstæðisflokknum, sem hefur skert tekjur elli- og örorkulífeyrisþega og miðað þær eingöngu við neysluvísitöluna þegar verið er að hækka almannatryggingabætur milli tímabila? Ég veit ekki hver sór þá svardaga, eins og hann orðaði það áðan, að við það að hækka lágmarkslaunin sem voru auðvitað til skammar, og eru enn, að þá mætti ekki hækka lífeyri elli- og örorkulífeyrisþega. Ég sé ekki samhengið í því.

Líka væri fróðlegt að heyra hvaða skoðun hv. þm., sem hefur staðið að því að lækka hér verulega skatta á fjármagnseigendur og fyrirtæki, hefur á því að þeir sem hafa lífeyri almannatrygginga þurfi að borga 5–8 þús. kr. í skatt af þeim lúsarlífeyri sem þeir hafa úr almannatryggingakerfinu.

Þetta er ríkisstjórnin sem hv. þm. styður sem hefur búið þannig að öldruðum og öryrkjum á undanförnum árum. Þegar ríkisstjórnin tók við árið 1995 var lífeyrir miðaður við lágmarkslaun og þeir sem höfðu bara lífeyri almannatrygginga borguðu engan skatt af þeim lífeyri.

[11:08]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni mál af því tagi sem menn hafa náð sátt um þannig að ég reikna með að menn styðji það. En það sem gerir það að verkum að ég tek til máls er sú staðreynd að afkoma fjölmargra einstaklinga er gjörsamlega óviðunandi. Mín skoðun, virðulegur forseti, er sú að með þeim breytingum sem verið er að gera verði málin

í rauninni ekkert einfaldari heldur flóknari. Það verða enn flóknari leiðir fyrir fólkið sem þarf að búa við þessi lög. Aldraðir, öryrkjar og einstæðingar eru fjölmargir mjög illa settir. Ég tel nauðsynlegt að taka tryggingakerfið eins og það leggur sig til endurskoðunar og einföldunar vegna þess að það kerfi er mjög flókið.

Ég nefni sem dæmi að mjög óeðlilegt er að á þeim tímamótum þegar öryrki verður aldraður getur hann átt von á því að lækka í tekjum, þ.e. hann hefur minna til framfærslunnar eftir að hann verður 67 ára. Afkoma öryrkjans er verri eftir að hann verður aldraður. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir og þeim hefur ekki verið nægur gaumur gefinn. Ég tel að hvers konar undantekningar og svigrúm sem felast í flóknum reglum þurfi að útskýra.

Mér finnst verst að menn virðast ekki sitja við sama borð vegna þess að fólki eru ekki ljós þau réttindi sem það á samkvæmt lögum og reglum. Þetta á við, virðulegur forseti, í miklu fleiri tilvikum en þeim sem snúa bara að öldruðum og öryrkjum. Þetta á við um fólk sem þarf að leita til tryggingakerfisins eftir mjög flóknum leiðum. Þetta gildir um tannlækningar jafnt og aðrar lækningar og læknishjálp. Það er ástæða til að hafa orð á þessu þegar verið er að ræða slík mál.

Aldraðir eru í mörgum tilvikum að éta upp eignir sínar, þ.e. veðsetja eignir fyrir brýnustu nauðsynjum. Ég vitna til greinar Ólafs Ólafssonar, fyrrverandi landlæknis. Ef maður skoðar hana er ekki um að villast að svonefndir bótaþegar hafa dregist aftur úr, og ég tel að um 100–200 þús. kr. sé að ræða hjá einstaklingi miðað við ársgrunn og u.þ.b. 300 þús. kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Þá er ég bara að skoða þennan þátt þessara mála.

Það er gaman að velta fyrir sér — það er reyndar ekki gaman að því — því ótrúlegt er að það skuli vera staðreynd að aldraðir einstaklingar með lágmarkstekjur eigi ekki möguleika á því að reka íbúð sem kostar 10–12 millj., bíl sem kostar á bilinu 500 þús. til 1 millj., síma, Stöð 2, Ríkisútvarp og sjónvarp af framfærslueyri sínum. Upp á þá upphæð vantar sem nemur 15–25 þús. kr. á mánuði svo að einstaklingar sem eru með lágmarksbætur nái endum saman.

Þetta er staðreyndin og þetta er kannski ástæðan fyrir því að ég fer hér, virðulegur forseti, upp í stól og kem með nokkrar hugleiðingar um þessi mál. Það er ömurlegt að sjá og verða þess áskynja hvernig hluti þjóðarinnar, þessarar ríku þjóðar vil ég segja, á í basli með að ná endum saman, ekki vegna ógætilegra fjárfestinga, óreglu, veikinda eða ofneyslu, virðulegur forseti, heldur vegna þess að honum er of naumt skammtað. Það er um allt of fámennan hóp að ræða til þess að leiðrétta ekki það ranglæti sem á ferðinni er.

Ég sagði í upphafi að það frv. sem hér er á ferðinni væri til bóta og það yrði væntanlega stutt og þess vegna hið besta mál. Ugglaust er verið að gera þar leiðréttingar til einföldunar sem ég hef ekki komið auga á. En það sem almennt er að í almannatryggingakerfinu er að það er allt of flókið og ekki nógu gegnsætt til þess að ásættanlegt sé að búa við það. Það sem verst er er að bætur eða lágmarkstekjur aldraðra og öryrkja eru allt of lágar. Þetta þarf að leiðrétta og ég ákalla Alþingi um að taka á þessu máli og einfalda löggjöf almannatrygginga.

[11:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er verið að ræða felur í sér ákveðnar breytingar á tiltölulega flókinni löggjöf. Allar eru þær heldur til bóta og um þær er nokkuð góð samstaða í heilbr.- og trn. Ég fagna því alveg sérstaklega að frv. felur í sér aukna upplýsingaskyldu Tryggingastofnunar til aldraðra og öryrkja, þeirra sem þurfa að nota þjónustu þessarar stofnunar. Á það hefur svolítið skort á að þessir einstaklingar telji sig geta náð í þær upplýsingar sem til þarf til þess að meta kjör sín eða sækja rétt sinn. Allt í frv. er heldur til bóta. Ég tek hins vegar undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram, að það er mjög nauðsynlegt að fara í heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni.

Virðulegi forseti. Ég hafði sett mig á mælendaskrá en tekið mig út aftur vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti hér langa og ítarlega ræðu og allt sem hún sagði er satt og rétt. Mér fannst óþarfi að koma upp einungis til þess að ítreka það sem hv. þm. hafði sagt. En þá vildi svo til að hér kom í ræðustól einn af hv. þm. Sjálfstfl., Pétur Blöndal, og sagði að hrein ósvífni væri að fara fram á að kjör eldri borgara og öryrkja þessa lands fylgdu lágmarkslaunum, að lágmarkslaunin hafi frá 1995 til dagsins í dag, 2002, farið upp í rúmar 90.000 kr. á mánuði og að ósvífni væri að fara fram á að aldraðir og öryrkjar nytu sömu kjara, þ.e. að laun þeirra færu upp í rúmar 90.000 kr. á mánuði. Það var hrein ósvífni að hans mati að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skyldi fara fram á þetta. Hann vitnaði til þess að þegar samningar voru gerðir eftir 1995 hafi verið lögð sérstök áhersla á að hækka lægstu laun án þess að það hefði áhrif á kjör annarra.

Virðulegi forseti. Ef ég man rétt þá var þar ekki verið að tala sérstaklega um þá sem voru jafnvel á lægri launum en lægstu taxtar sögðu til um. Það var verið að tala um þá sem vinna á taxtalaunum en ekki greiðslur til aldraðra og öryrkja. Að kalla það ósvífni hjá þingmanni að fara fram á að aldraðir og öryrkjar búi við það að fylgja lágmarkslaunum, er málflutningur sem algjörlega er með ólíkindum. Það er slæmt að hv. þm. skuli ekki vera hér í salnum, eftir að hafa kastað þessu hér fram því sannarlega væri ástæða til þess að fara hér í langa umræðu um kjör aldraðra og öryrkja.

Hv. þm. Pétur Blöndal er eini fulltrúi Sjálfstfl. sem tekur þátt í þessari umræðu um kjör aldraðra og öryrkja. Eins og oft áður er hann einn af þeim fáu sem tekur til máls. En þetta er það sem þeir hafa til málanna að leggja, þ.e. að hrein ósvífni sé að fara fram á að kjör aldraðra og öryrkja nái 90.000 kr. á mánuði.

Einn hv. þm. talaði eftir að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lauk ræðu sinni og þar til ég kom hér í stólinn. Samt verð ég að viðurkenna að ég er enn reið. Það er kannski bara þakkarvert að ég komst ekki í stólinn strax á eftir hv. þm. Pétri Blöndal, því ef eitthvað er ósvífni, ef eitthvað er til sem heitir ósvífni, þá er það að segja að kröfur um að aldraðir og öryrkjar búi við sömu kjör og þeir sem eru á lægstu launatöxtum þessa þjóðfélags, séu ósvífni. Það er ósvífni að halda því fram.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að dvelja hér lengi, en ég verð að koma því á framfæri að þarna er manni hreinlega misboðið. Það er í þessu sem munurinn liggur á því að vera fulltrúi Samfylkingarinnar í ræðustól og fulltrúi Sjálfstfl. Við höfum lagt fram till. til þál. um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Ég tel nauðsynlegt að lesa tillögugreinina hér í framhaldi af orðum hv. þm. Péturs Blöndals vegna þess að hjá honum kemur fram stefna Sjálfstfl. Hér er stefna Samfylkingarinnar. Í tillögunni segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við samtök aldraðra og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir

lífeyrisþega svo að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín. Þá skal sérstaklega taka tillit til sérstöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Samningur um afkomutryggingu taki gildi frá og með 1. janúar 2002 og verði undirstaða nýrra laga um almannatryggingar."

Skyldi það vera ósvífni að fara fram á að ungum öryrkjum, þeim sem verða fyrir heilsutjóni eða geta af ýmsum erfiðum ástæðum ekki stundað vinnu og þurfa að lifa á örorkubótum, verði tryggðar rúmar 90.000 kr. á mánuði? Skyldi það vera ósvífni? Svo er ekki að mati Samfylkingarinnar, kannski að mati Sjálfstfl.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að leyfi forseta þarf til að lesa skriflegt mál hér í ræðustól.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 720. mál. — Þskj. 1227.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 583. mál (sektir, barnabílstólar). — Þskj. 1307. [11:21]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Herra forseti. Hér er tekið til 3. umr. frv. til laga um breytingu á tollalögum með síðari breytingum. Efh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til skoðunar. Ég skrifaði undir nál. efh.- og viðskn. með fyrirvara, en hafði ekki tök á að vera viðstödd 2. umr. Það er meginástæðan þess að ég tek til máls hér við lokaumræðuna.

Þetta frv. felur í sér tvær breytingar. Í fyrsta lagi er um að ræða hækkun á sektarheimild tollstjóra og hins vegar um niðurfellingu á tolli á barnabílstólum.

Ég vil fyrst fara nokkrum orðum um þessa fyrri heimild, þ.e. sektarheimild tollstjóra. Með frv. er lagt til að tollstjórum verði heimilt að ljúka málum með sektarboði sem nemi allt að 300.000 í stað 75.000 kr. áður. Ég held að hér sé á ferðinni eðlileg og rétt breyting. Í fyrsta lagi er ástæða að nefna að í lögum um meðferð opinberra mála, er lögreglustjóra heimilt að leggja sekt á mann vegna tiltekinna brota að tiltekinni fjárhæð. Síðan bregður svo við að dómsmrh. getur ákveðið slíkt hið sama með reglugerð. Það hefur sem sagt ekki lagastoð að dómsmrh. geti ákveðið slíkt þegar um er að ræða að beita sektum t.d. við umferðarlagabrot. En þegar kemur að tollstjóra að beita slíkum sektarákvæðum þá þarf til þess lagastoð. Við teljum að í þessu sé verulegt ósamræmi og ég tek undir það sem kemur fram í nál., þ.e. að nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við það fyrirkomulag að unnt sé að ákveða sektarfjárhæð í reglugerð og bendir dómsmrh. á að taka málið til nánari skoðunar. Það hefði reyndar þurft að skoða þetta ákvæði í hv. allshn. þar sem framkvæmdarvaldið, í þessu tilfelli dómsmrh., getur beitt sektarfjárhæðum og farið með þær að vild án lagaheimildar, en síðan þegar kemur að tollalögunum þá hefur fjmrh. ekki sömu heimild. Það er vitaskuld með öllu óheimilt að hægt skuli að ákveða slíkt með reglugerð eins og hv. dómsmrh. gerir.

Ég hafði af því nokkrar áhyggjur að í lögunum eins og þau eru sett fram hér og í lagaákvæðinu kemur fram, herra forseti, að einungis sé verið að hækka þá sektarheimild tollstjóra sem nú er upp að 75 þús. kr., þ.e. það er verið að hækka þessar 75 þús. kr. í 300 þús. kr. og um það segir svo í athugasemdum um þessa grein:

„Núverandi ákvæði 2. mgr. 139. gr. tollalaga heimilar tollstjóra að ljúka máli með sektarboði ef brot er skýlaust sannað og það varðar ekki hærri sekt en kr. 75.000. Lagt er til að heimilað verði sektarboð tollstjóra allt að 300.000 kr. til þess að samræmi ríki annars vegar milli sektarheimilda tollstjóra samkvæmt tollalögum og hins vegar lögreglustjóra skv. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, ..."

Ég hafði svolitlar áhyggjur af því að engar reglur eða fyrirmæli væru um hvernig ætti að beita þessar heimild. Þarna er bara gefið svigrúm upp að 300 þús. kr. án þess að nokkur fyrirmæli séu um það í lögum hvernig eigi að beita þessari heimild. Ég fór þess á leit við fjmrn. og tollstjórann í Reykjavík að við í nefndinni fengjum upplýsingar um hvernig beita ætti þessu ákvæði og ég held, miðað við þau gögn sem lögð voru fram af hálfu tollstjórans í Reykjavík, að þessum málum sé vel fyrir komið. Til eru fyrirmæli eða leiðbeiningarreglur um sektarheimildir, þ.e. hvernig eigi að beita lögreglustjórasektum að því er varðar lög um meðferð opinberra mála og líka að því er varðar ýmis brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og brot gegn áfengislögum að því er varðar lögreglusamþykktir. Hins vegar er um að ræða ákveðin fyrirmæli eða leiðbeiningarreglur vegna brota á tollalögum, t.d. varðandi smyglvarning og annað slíkt og ólöglegan innflutning á áfengi og tóbaki, svo að dæmi sé tekið. Þarna virðist þetta vera í ágætu horfi að því er varðar leiðbeiningarreglur um þetta efni.

Herra forseti. Reyndar kemur eftirfarandi fram, sem staðfestir að þetta er rétt og eðlileg breyting, í erindi eða minnisblaði sem tollstjórinn í Reykjavík sendi nefndinni, dagsett 12. apríl, vegna þess frv. til laga um breytingu á tollalögum sem við ræðum hér. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í framkvæmd mun þetta vera þannig að þegar tollalagabrot koma til afgreiðslu hjá tollstjórum utan Reykjavíkur bregða þeir sér í hlutverk lögreglustjóra og ljúka málunum með lögreglustjórasátt í samræmi við þær heimildir sem þeir hafa til þess. Hvað varðar embætti tollstjórans í Reykjavík er staðan hins vegar sú að komi upp mál þar sem sektarfjárhæð fer fram úr 75.000 kr. verður hann að senda þau mál til lögreglustjórans í Reykjavík eða eftir atvikum til lögreglustjóra utan Reykjavíkur. Þau embætti geta svo lokið málunum fari sektin ekki fram úr 300.000 kr. Það þarf vart að taka það fram að hér er um hliðsett stjórnvöld að ræða og verður að telja að það sé í hæsta máta ankannalegt að það stjórnvald, (tollstjórinn í Reykjavík) sem hefur samræmingar-, eftirlits- og rannsóknarhlutverki að gegna gagnvart tollstjórum utan Reykjavíkur, svo sem fram kemur í tollallögum, þurfi að sæta því að geta ekki lokið málum sem upp koma hjá embættinu með sama hætti og fyrrnefnd hliðsett stjórnvöld. Þá má benda á að með lagabreytingunni mundu fleiri mál fá greiða meðferð jafnframt því sem færri mál af þessu tagi kæmu til kasta lögreglustjórans."

Mér finnst þetta sem ég grip í hér úr minnisblaði toll-

stjórans í Reykjavík skýra það mætavel að hér sé á ferðinni eðlileg breyting sem rétt er að styðja.

Herra forseti. Síðan vil ég taka til umræðu seinna atriðið, þ.e. niðurfellingu á tolli á barnabílstólum sem er hin raunverulega ástæða fyrir þeim fyrirvara sem ég set í þetta nál. meiri hluta efh.- og viðskn. sem ella styður þetta mál. Þar taldi ég ástæðu til þess að vekja athygli þingheims á umsögn fjölskylduráðs sem er ríkisstjórninni og á að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um málefni sem snerta fjölskylduna. En, herra forseti, ég hef því miður orðið vör við það í störfum mínum í efh. - og viðskn. þar sem ég hef leitast við að senda fjölskylduráði mál til umsagnar sem með einum eða öðrum hætti snerta fjölskylduna, að svo virðist ekki vera að ríkisstjórnin hafi í einu eða neinu máli leitað eftir umsögn fjölskylduráðs.

En að því er þetta mál varðar segir fjölskylduráð eftirfarandi í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Fjölskylduráð hefur áður vakið athygli efh.- og viðskn. á mikilvægi þess að stjórnvöld láti sig sérstaklega varða velferð barnafjölskyldna og komi til móts við sérstakar þarfir þeirra. Því vill ráðið nota tækifærið og benda á að hér á landi er virðisaukaskattur 14% af þurrmjólkurdufti og ungbarnamat og 24,5% af bréfbleium, barnabílstólum, barnavögnum og kerrum. Það væri mikil bót að því fyrir foreldra ungra barna að virðisaukaskattur yrði afnuminn af þessum vöruflokkum eins og gert hefur verið víða í nágrannalöndum okkar."

Hér er sem sagt stigið hálft skref til þess með því að breyta tollalögum og fella niður toll af barnabílstólum. En enn situr eftir að 24,5% virðisaukaskattur er á barnabílstólum. Tek ég þá hér sérstaklega út, þó að fjölskylduráð nefni fleiri atriði sem snerta ungbarnafjölskyldur, þar sem við erum hér að ræða um öryggistæki, sem barnabílstólar eru. Út af fyrir sig væri full ástæða til þess að skoða, og hef ég fullan hug á að gera það, hvort ekki sé athugandi að flytja um það sérstakt mál á þingi að fella niður skatta á þessum nauðsynjavörum fyrir ungbarnafjölskyldur. En í þessari umræðu tek ég sérstaklega fyrir barnabílstólana.

Ég gerði tilraun til þess í efh.- og viðskn., af því við vorum líka með til umfjöllunar frv. um virðisaukaskatt, að reyna að leita að samstöðu um að fella líka niður virðisaukaskatt af barnabílstólum. Um það náðist ekki samkomulag. Nú skyldi maður ætla að hér væri um einhverjar verulegar fjárhæðir að ræða sem miklu máli skiptu að því er varðar ríkissjóð, en svo er ekki.

Ég leitaði til fjmrn. með útreikninga á þessu, herra forseti. Þá kemur í ljós að ef felldur yrði niður virðisaukaskattur á barnabílstólum mundi það kosta um 1–1,5 milljónir. Það er nú allt og sumt, herra forseti. En það er auðvitað alveg ljóst að það mundi skipta verulegu máli fyrir ungbarnafjölskyldur í landinu ef Alþingi stigi það skref að fella niður virðisaukaskatt af barnabílstólum.

Í þeim útreikningum sem ég hef við höndina frá fjmrn. kemur í ljós að miðað við virðisaukaskatt sem greiddur var af barnabílstólum í janúar, febrúar og mars á þessu ári, er einungis um að ræða 272 þús. kr. í virðisaukaskatt. Ef við færum þetta yfir á heilt ár þá losar þetta einhvers staðar á bilinu 1–1,5 milljónir. Hér eru því ekki háar fjárhæðir á ferðinni, en þær geta skipt sköpum um að ungbarnafjölskyldur sem ekki hafa mikil efni geti veitt sér það að kaupa það öryggistæki sem barnabílstóll er.

Af þessu tilefni sé ég ástæðu til þess að gera þetta að umtalsefni, sérstaklega af því að hér var á dögunum verið að ræða um stefnumótun um aukið umferðaröryggi, og vitna í leiðinni í Óla H. Þórðarson hjá Umferðarráði um hvað hann segir um notkun á barnabílstólum, vegna þess að þar koma fram athyglisverðar upplýsingar sem styðja það að rétt er og eðlilegt hjá Alþingi að fella niður alla skatta af barnabílastólum, ekki bara tollana, heldur einnig virðisaukaskattinn. Í umsögn Umferðarráðs kemur fram, með leyfi forseta:

„Það er mikið hagsmuna- og réttlætismál foreldra ungra barna að almennur tollur af barnabílstólum sem eru viðurkenndir og E-merktir samkvæmt reglum Evrópusambandsins eða viðurkenndir samkvæmt bandarískum og kanadískum stöðlum verði afnuminn. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er enginn tollur á öryggisbeltum en 10% tollur á barnabílstólum sem eru nauðsynlegir hverju ungu barni sem ferðast í bíl.

Í þessu sambandi má geta þess að í könnunum sem gerðar hafa verið undanfarin ár á vegum Umferðarráðs og fleiri aðila við leikskóla í rúmlega 30 sveitarfélögum, kom í ljós að árið 2001 voru 72% leikskólabarna í barnabílstólum við komu í skólann. Þegar sú staðreynd er höfð í huga að börnin eru á aldrinum tveggja til sex ára er þetta ekki nógu góð útkoma."

Það er alveg ljóst að það er alvarlegt að einungis 72% leikskólabarna skuli vera í barnabílstólum og þarf auðvitað að gera átak til þess að breyta því, herra forseti, og það væri auðvitað liður í því ef við mundum afnema virðisaukaskatt af barnabílstólum, eins og ég reyndi að tala fyrir í efh.- og viðskn., sem kostar ríkissjóð ekki meira en 1–1,5 millj. kr. en getur ráðið úrslitum um það hvort ungbarnafjölskyldur hafi efni á því að kaupa sér barnabílstól. Ef þessi leið væri farin væri sennilega hægt að lækka barnabílstólana um 4.000–5.000 kr.

Eins og svo oft áður er Alþingi að marka stefnur í hinum og þessum málum, í þessu tilfelli um aukið umferðaröryggi og setja á blað falleg orð um að nú eigi að fara að vinna að ákveðnum verkefnum til að tryggja þetta og hitt og í þessu tilviki eru settir á blað 15 töluliðir um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. En hvað segir hér um þessi atriði? Það segir að það eigi að auka forvarnir. Síðan segir í 13. tölulið þessarar umferðaráætlunar:

„Auka þarf vitund vegfarenda um hve miklu máli skiptir að nota tiltækan öryggisbúnað, þ.e. bílbelti, hjálma, hlífðarfatnað og öryggisbúnað fyrir börn í bílum. Aukið verði eftirlit og aðhald með notkun öryggisbúnaðar."

Þetta er nú þingið að samþykkja, herra forseti. En á sama tíma er því hafnað af meiri hluta í efh.- og viðskn. að fara þá leið að afnema virðisaukaskatt af barnabílstólum sem kostar ekki nema 1–1,5 millj. kr.

Herra forseti. Mér hreinlega ofbýður þetta og taldi fulla ástæðu til þess að fara yfir þetta mál við lokaumræðu þess þar sem ég hafði ekki tök á því að fara yfir fyrirvara minn við 2. umr. málsins.

Mér finnst reyndar skelfilegt, herra forseti, að hugsa til þess að verið sé að samþykkja stefnumótun um aukið umferðaröryggi þar sem á að taka á þessum málum, en síðan sé því hafnað að leggja 1–1,5 millj. í að lækka virðisaukaskatt af barnabílstólum, sem eins og ég segi getur ráðið úrslitum um það hvort ungbarnafjölskyldur geta keypt barnabílstól sem getur haft úrslitaþýðingu fyrir öryggi barna í bílum.

Herra forseti. Við horfum líka til þess að umferðarslysum hefur farið fjölgandi hér á landi og allir hljóta að vera sammála um varðandi þessa auknu slysatíðni að mjög mikilvægt

sé að efla allar forvarnir að því er varðar öryggi barna í umferðinni. Erum við þá ekki síst í því sambandi að tala um það öryggi sem fylgir öryggisbúnaði í bílum. Þar eru barnabílstólar ekki síst ofarlega á blaði.

Ég vil láta þessa getið hér, herra forseti. En um þetta náðist ekki samstaða og mun ég vissulega gera aðra tilraun til þess, herra forseti, á komandi þingi að reyna að ná breiðri samstöðu um að fara þessa leið vegna þess að það er ekki nokkur hemja að skattleggja slíkan öryggisbúnað, eins mikilvægur og hann er fyrir ungbörn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 678. mál (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.). — Þskj. 1310.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 672. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1314. [11:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að fara örfáum orðum um frv. sem hér liggur fyrir. Ástæða þess að ég kem og ræði það við 3. umr. er að ég var fjarverandi vegna veikinda þegar málið kom á dagskrá við 2. umr. og ástæða þess að ég kýs að taka umræðu um svona mál er hversu óvanaleg afgreiðsla þess er. Hér er um að ræða bandorm sem hæstv. utanrmn. hefur fengið til umfjöllunar vegna breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Það sem er sérstakt er að utanrmn. gerir í raun breytingar á lögum sem heyra undir dóms- og kirkjumrn., félmrn., heilbr.- og trmn., iðnrn., samgrn., utanrrn. og viðskrn.

Frv. er einar 80 greinar og segja má að eðli breytinganna allra sé eins. Hér hefur það gilt, jafnvel þó ekki sé um stórar efnisbreytingar að ræða, og það eru hin faglegu vinnubrögð á hv. Alþingi að senda hlutaðeigandi kafla til viðkomandi fagnefndar og það er auðvitað hin eðlilega og rétta vinna vegna þeirrar samfellu sem þarf að vera í störfum nefnda að fagnefndirnar fái til sín þær breytingar sem verið er að gera á lögum þrátt fyrir að þær lagabreytingar séu sendar til annarra en fagnefndarinnar til umfjöllunar. Þannig höfum við gert það þegar efh.- og viðskn. fær til sín bandorm, t.d. í tengslum við fjárlög, og verið er að gera breytingar, svo sem „þrátt-fyrir"-ákvæði og fleira. Ég vil taka það sérstaklega fram að öllum fulltrúum þingsins í utanrmn., að því að ég tel, fannst að það væri hið rétta verklag, ekki að það þyrfti svo mikla vinnu við það í nefndunum vegna eðlis málsins heldur vegna hinna eðlilegu og góðu vinnubragða.

Af hverju höfum við þá ekki gert þetta, herra forseti? Svarið er: Vegna hins nauma tíma, vegna þess að þingið er að fá þvílíkt gífurlegt magn af málum til sín og ný mál til meðhöndlunar svo seint að nefndadagarnir sem fráteknir eru til að ljúka duga ekki. Því var það ákvörðun utanrmn., þrátt fyrir að við vildum hafa þetta vinnulag öðruvísi, að utanrmn. sendi frá sér þetta mál og mundi breyta lögunum sem í raun heyrðu undir aðrar nefndir.

Ég þarf ekkert að fjölyrða um hversu mörgu mál eru hér á dagskrá. Undanfarna daga hafa 30–50 mál verið á dagskrá á dag. Það er vegna þess að hæstv. ráðherrar skila frv. sínum allt of seint inn þrátt fyrir tilraunir forseta þingsins til að reyna að festa niður þinglok fyrir jól og vor. Nú er þetta með versta móti. Stór mál hafa verið lögð fyrir þingið viku fyrir þinglok en þau áttu, samkvæmt starfsáætlun þingsins, að vera í dag.

Ég vil taka það sérstaklega fram að mér finnst gífurlega mikilvægt að okkur takist að tileinka okkur ný vinnubrögð. Ég er að tala um vinnubrögð, herra forseti, í tengslum við að utanrmn. fór óheftbundna leið og ég undirstrika það enn og aftur að allir féllust á það. En ég er farin að komast á þá skoðun að þing eigi að hefjast fyrr á haustin — ég hef reyndar hreyft því áður — og standa fram í júní. Ég tel að gera eigi þá kröfu til ráðherra að þeir skili þingmálum sínum inn tímanlega þannig að þingmenn hafi á tilfinningunni að þau hafi verið rétt unnin og allt sem skoða þarf hafi verið skoðað í nefnd. Þannig er það ekki í dag.

Svo ég víki að málinu sjálfu, herra forseti, liggja hér fyrir með málinu í dag 17 brtt. á borðum okkar vegna þess að eðli málsins samkvæmt hefur ekki náðst að prenta upp stöðuskjal eftir 2. umr. Við erum því með brtt. með bandorminum sjálfum til umræðu við 3. umr.

Þetta mál er þannig vaxið að það er verið að setja inn í stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu ákvæði sem að þessu sinni varða fyrst og fremst Sviss. Ýmist er verið að setja „stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu" í stað orðanna „Evrópska efnahagssvæðið" inn í samninginn eða að bætt er við, eins og í 4. gr., að á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu" komi: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu. Enn má benda á eins og í 8. gr. að Sviss er beinlínis tekið sem dæmi. Þá segir í 2. mgr. 38. gr.:

„Hið sama gildir um starfsemi svissneskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda."

Ég vil að það komi sérstaklega fram, herra forseti, af því við erum að bæta Sviss inn sem samstarfsaðila, líka á fjármálasviði, að að sjálfsögðu fellur fjármálastarfsemi í Sviss undir sömu reglur og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Hafi menn haldið að í Sviss giltu önnur lögmál um upplýsingaskyldu eða annað varðandi fjármálastarfsemi þá er hér eingöngu verið að fella inn það sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er sérstakt umhugsunarefni, herra forseti, fyrir þá sem hlýða á umræðuna í þinginu, umræðuna um alþjóðasamninga okkar, hvað þetta virkar flókið. Við erum að ræða um Evrópusambandið, ESB, og deilur um hvort það væri til góðs eða ills fyrir Ísland að setja sér samningsmarkmið og kanna möguleikana. Við erum að tala um Evrópska efnahagssvæðið og EES. Allir eru í dag hæstánægðir með það og tala um það sem hið eina rétta fyrir Ísland, að vera aðili að EES — þrátt fyrir að það hafi vakið þvílíkar deilur og undirskriftasöfnun á sínum tíma, að lögfesta aðild okkar að EES-svæðinu. Svo komum við hér og tölum um EFTA,

upprunalega fríverslunarbandalagið þar sem Ísland var með. EFTA-löndin eru aðilar að EES, utan Sviss. Þar með erum við komin með EFTA/EES-nefnd sem eru EFTA-löndin þrjú og Evrópusambandið og síðan þurfum við að vinna með stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu, af því þar er EFTA og EES og Sviss. Þeir sem eru að reyna að fylgjast með því hvaða ákvarðanir Ísland tekur í samstarfi í Evrópu, hljóta að velkjast í vafa um hvað við erum að gera, til hvers og með hverjum.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég undirstrika að ég var sammála því að utanrmn. gerði þessar breytingar, á lögum sem heyrðu undir svo mörg ráðuneyti án þess að senda tillögurnar frá sér, fyrst og fremst með tilliti til þess að það var afsakanlegt, þ.e. breytingarnar eru ekki mjög miklar og lúta að þátttöku Sviss í þessu samstarfi. Ég undirstrika líka að hefðum við tekið málið fyrir á miðjum vetri er það sannfæring mín að utanrmn. öll hefði formsins vegna sent málið til fagnefndanna til að fá að heyra um afstöðu þeirra og athugasemdir ef einhverjar væru. Þetta vil ég undirstrika, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 3. umr.

Stjfrv., 629. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 990.

[11:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er annað mál sem ég hef haft mikinn áhuga á frá því ég starfaði í félmn., lengi sem formaður og átti þátt í að vinna með þau ákvæði sem komu inn í íslensk lög í kjölfar þess að við gerðum EES-samninginn. Að þessu sinni fékk ég ekki tækifæri til að taka þátt í umræðunni þegar málið kom 2. umr.

Ég tek eftir því að fulltrúar minni hlutans í félmn., Steingrímur J. Sigfússon og Ásta R. Jóhannesdóttir, afgreiða þetta mál með fyrirvara. Það er auðvitað þess vegna sem ég kem hér upp. Ég var að vona, herra forseti, að formaður félmn. væri á svæðinu og ég spyr hvort formaðurinn sé hugsanlega í húsinu. Ég hefði óskað eftir að fá að bera fram spurningar en sé formaður félmn. ekki í húsinu óska ég ekki eftir því að hún sé kölluð til.

(**Forseti** (HBl): Það er sjálfsagt að fresta umræðu um þetta dagskrármál ef þess er óskað.)

Ef til vill væri skynsamlegt að við tækjum þetta mál fyrir síðar þegar formaðurinn er viðstaddur. Mér finnst eðlilegra að beina spurningum mínum til formanns nefndarinnar en þeirra fulltrúa úr stjórnarandstöðu sem höfðu fyrirvara. Ég hætti þá við að ræða þetta mál að sinni, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Þá verður ræðu hv. þm. frestað og málið tekið af dagskrá.)

Umræðu frestað.

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 1085.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 1998, 2. umr.

Stjfrv., 666. mál. — Þskj. 1082, nál. 1281.

[11:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998 á þskj. 1281, 666. mál, frá meiri hluta fjárln.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar. Í því skyni hefur hún leitað skýringa hjá fjmrn. varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir, enn fremur óskað eftir áliti Ríkisendurskoðunar. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[11:55]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði reiknað með því varðandi lokafjárlög áranna 1998 og 1999 að við gætum rætt um málin saman. En þar sem það er ekki gert er rétt að geta aðeins um fyrra málið, lokafjárlög 1998. Síðan mun ég, virðulegur forseti, koma aftur til að ræða þessi mál í heild sinni.

Það sem um er að ræða er að verið er að reyna að koma af lokafjárlögum vegna 1998 sem fjárln. er sammála um að þurfi að ljúka. Þetta er þriðja atlagan sem við gerum að því að ljúka lokafjárlögum. Þar var um skekkju að ræða, ákveðna skekkju sem nemur 40 milljónum. Menn hafa komist að samkomulagi og við munum ekki gera athugasemd við að leiðréttingin fari fram með lokafjárlögum ársins 2001.

Við ætlum ekki að gera ágreining um málið á neinn hátt en munum að sjálfsögðu sitja hjá vegna þess að við höfum ekki haft beina aðkomu að þessum lagfæringum og alls ekki að þeim útgjaldaákvörðunum sem lúta að fjárlögunum 1998.

En, virðulegur forseti, eins og ég sagði áður mun ég þegar seinna málið kemur á dagskrá flytja ræðu um bæði þessi mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 1999, 2. umr.

Stjfrv., 667. mál. — Þskj. 1083, nál. 1282, brtt. 1283.

[11:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999 frá meiri hluta fjárln.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti Ríkisendurskoðunar. Frávik að fjárhæð um 40 millj. kr. er á niðurstöðum rekstrarreiknings, fjárheimilda og flutnings milli uppgjörsára. Ríkisendurskoðun beinir því til fjárlaganefndar að þessi mismunur verði skýrður og leiðréttur þegar lokafjárlög fyrir árið 2001 verða afgreidd af Alþingi.

Meiri hlutinn gerir sjö breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 124,5 millj. kr. til lækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í þessari framsögu.

Allar þessar tillögur varða leiðréttingar og tæknivillur. Þar er fyrst um að ræða Námsgagnastofnun, vegna sölu á Skólavörubúðinni, sem kemur bæði inn og út í menntmrn. Breytingar sem þar verða vegna uppgjörs reyndust aðeins minni. Síðan verður breyting í félmrn. varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Í fjórða lagi eru ýmis verkefni varðandi Ferðaskrifstofuna CGI, þ.e. ábyrgðir sem ekki þurfti á að halda upp á 0,5 millj. kr. Síðan er liður varðandi Vegagerðina, varðandi afborganir og vexti af ferjum og flóabátum. Þar er um það að ræða að þetta er millifært annars staðar. Síðan kemur ein leiðrétting varðandi Hagstofuna. Þar hafði gleymst í uppgjöri 1 millj. kr. og er verið að færa þessa 1 millj. kr. til samræmis við það sem gert er í öllum öðrum tilfellum.

Skýringar á þessum breytingum koma fram á bls. 57, þar eru athugasemdir í lokafjárlögunum. Þetta eru allt tæknilegar breytingar, varða engu um raunverulega stöðu ríkissjóðs.

Varðandi þá villu sem kemur fram um 40 millj. kr., þá hefur Ríkisendurskoðun farið yfir það með fjárln. og ljóst er að um tæknimál er líka að ræða. Það er álit manna að við getum ekki komið þessu fram í lokafjárlögum fyrir árið 2000 sem verða lögð fyrir þingið nú í haust, heldur verðum við að bíða með það til ársins 2003 í lokauppgjör fyrir árið 2001 að koma þessu þar fram. Það er vegna þess að eiginlega er svo gott sem búið að ganga frá frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000, þannig að við getum ekki leiðrétt þessa villu fyrr en þá.

Um þetta er þá að segja að fjárreiðulögin gera ráð fyrir að lokafjárlögin gangi eins hratt fyrir sig og hægt er, það eru að vísu ekki dagsetningar eða tímasetningar á því, en það hefur verið unnið mjög mikið í þessum málum að undanförnu og stefnt er að því að það verði í mjög góðu lagi, þannig að þetta dragist ekki eins og oft hefur gerst áður að það hefur safnast upp og frá frv. gengið löngu seinna. Allt útlit er fyrir að þessi mál verði í góðum skilum framvegis.

[12:02]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það er kannski ekki ástæða til að setja á langa ræðu en þó eru nokkur atriði sem er rétt að fara aðeins yfir.

Nú á vordögum ársins 2002 er lagt til af hálfu meiri hluta fjárln. að samþykkja lokafjárlög, þ.e. uppgjör áranna 1998 og 1999. Mönnum má ljóst vera að vinnuferlið varðandi árið 1998 er ekki ásættanlegt og má t.d. geta þess að aðeins eru sex af ellefu sem þá sátu í fjárln. enn þá í nefndinni. Það er því óheppilegt að mál dragist. En þetta breyttist með fjárreiðulögunum, þá breyttist tæknin við reikningshaldið og má kannski segja eins og ég nefndi áðan að það sé ekki komið í viðunandi lag, en 40 milljóna skekkja, villa eða frávik, það er spurning hvaða orð er notað um þetta, er vegna niðurstöðu rekstrarreiknings fjárheimilda á árinu 1998 sem um er að ræða, og það var útskýrt mjög rækilega fyrir okkur í fjárln., hvernig best væri að gera þessa hluti. Það virðist ekkert vera óljóst um þá fjárupphæð, þannig að í rauninni er búið að fallast á það hvernig með þetta er farið með því að gera ekki athugasemdir við málið.

Ég má til með að nefna það, virðulegur forseti, að ég tel að fjárlagaferlið hafi færst til betri vegar, sérstaklega með fjárreiðulögunum. En að undanförnu hefur verið töluverð umræða, ekki bara hér, heldur á alþjóðavettvangi um slíkt ferli, um þinglega afgreiðslu og almennt um framkvæmd fjárlaga. Búið er að skoða þetta á alþjóðavettvangi og tengsl eru á milli þess hvernig fjárlög eru gerð og ástands fjármála í hverju landi og það mun vissulega vera rétt. Það er því ástæða til að setja þá hugsun fram að eðlilegt er að gera kröfu til þess að fjárlög eða fjárlagaáætlanir séu til lengri tíma en eins árs í senn. Vitna má til þess að sveitarfélögunum er skylt að leggja fram fjárhagsáætlanir til þriggja ára og ég tel í rauninni að þá þurfi að vera til langtímaáætlun önnur en samstarfssamningur í ríkisstjórn eða áætlanir ríkisstjórnar. Ég tel að nákvæmari plögg þurfi.

Ég minnist þess að hafa kynnt mér fjárlagaferli bæði í Bretlandi og í Svíþjóð. Þar eru mál unnin með nokkrum öðrum hætti, en þó er um rammafjárlagagerð að ræða sem ég tel að hafi orðið til hins betra hér þegar farið var út í rammafjárlagagerð. Ef maður veltir því fyrir sér hvernig með þessa hluti er farið í Bretlandi, þá er lögð tillaga fyrir fagnefndir sem fagnefndirnar mega fjalla um, þær mega ekki fara upp fyrir þann ramma sem um er rætt en þær mega breyta tillögunni, fagnefndirnar mega vinna þannig.

Mér finnst það sem við vorum að reyna hér að setja ákveðin verkefni út til fagnefndanna, ég tel að við þurfum að hugsa það mál upp á nýtt og jafnvel er mjög óþægilegt að fá inn tillögur frá fagnefndum sem stangast kannski á við upplýsingar sem liggja fyrir í fjárln. Það er spurning hvernig á að fara með það mál, ég er ekki að gera það að umræðuefni hér, en mér finnst að menn ættu að skoða það.

Ég get sagt það eins og ég sagði áðan að fjárlagaferlið hefur færst til betri vegar með fjárreiðulögunum. Ég tel að þar sé grundvöllinn að finna. Nauðsynlegt er að ljúka þessu máli og þessum málum báðum, hvort sem er fyrir árið 1998 eða 1999. Þess vegna ætla ég ekki að gera athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið og kynntar í fjárln. og skýrðar bæði af fulltrúum fjmrn. og í viðræðum og með yfirferð Ríkisendurskoðunar, því ég tel best að þessum málum sé lokið. En Samfylkingin mun sitja hjá við afgreiðslu málsins eins og ég gerði grein fyrir áðan vegna þeirrar aðkomu sem við í raun höfum að fjárlagagerðinni. En það er ekki vegna þess að ekki sé bærileg sátt og samvinna í fjárln. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir þá samvinnu sem hefur verið þar og ég tel að þó svo að pólitískar meiningar séu milli manna, þá sé samstarfið með því besta sem gerist.

[12:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999 og hefur hv. þm., varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, mælt fyrir því.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að þessi frumvörp til lokafjárlaga fyrir árin 1998 og 1999 eru mjög seint á ferðinni og meðferð þess máls er ekki í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Frumvörpin hefðu átt að koma fram miklu fyrr og raunar fyrir nokkrum árum.

Ég vil einnig vekja athygli á því að búið er að prenta og ganga frá ríkisreikningi fyrir þessi sömu ár og þær tölur sem við erum með til umfjöllunar um breytingar á fjárlögum í lokafjárlögum eru þegar komnar inn í ríkisreikninginn. Það er heldur ekki þingleg meðferð á málinu og reyndar röng. Það er því í sjálfu sér, virðulegi forseti, óheimilt að prenta

út og ganga frá ríkisreikningi með fjárupphæðum sem ekki hafa hlotið samþykkt á Alþingi.

Mjög mikilvægt er að þetta komi fram og þetta kemur líka fram í athugasemdum Ríkisendurskoðunar við slík vinnubrögð og við lokafjárlögin. Virðulegi forseti, þessu verður að koma í lag.

Ég hef áður í umræðum um fjárlagagerð og meðferð fjárlaga gagnrýnt það að framkvæmdarvaldið hefur tekið sér vald sem það hefur ekki til að ákveða útgjöld á vegum ríkisins án þess að þau hafi fyrst verið samþykkt og afgreidd á Alþingi. Ég vil ítreka það að í meðferð fjárlaga af hálfu ríkisins ber að fara að settum þingræðislegum reglum og það ber að verja stöðu þingsins í meðferð á fjárlögum og afgreiðslum og ákvörðunum um fjárútlát.

Þess vegna gagnrýni ég þá meðferð að gengið skuli fyrst frá ríkisreikningi áður en frv. til lokafjárlaga sem heimilar þær upphæðir sem þar eru færðar er afgreitt á þinginu.

Annars vil ég vekja athygli á nokkrum atriðum sem koma fram í lokafjárlögunum. Í fyrsta lagi eru heimildir til þess að færa upphæðir á milli ára. Einstakar stofnanir og einstök ráðuneyti hafa heimildir til þess að færa upphæðir á milli ára, hvort sem það eru inneignir eða skuldir og síðan er þá ákvörðunaratriði hvað af þeim er niðurfellt, hvort sem eru skuldir eða eignir og hvað af þeim eru fært á milli ára.

Þetta ráðslag er mjög vafasamt þegar lokafjárlög eru afgreidd svo löngu seinna. Við erum að afgreiða lokafjárlög fyrir 1998 og 1999 og þá eru allar þessar ákvarðanir löngu formlega teknar, þannig að afgreiðsla þingsins verði bara til málamynda.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því að allmargar stofnanir á vegum ríkisins eru fjármagnaðar með gjaldtökum sem eiga í megindráttum að fjármagna reksturinn og sumar þeirra stofnana eru nú að safna inneignum sem þær fá þá að flytja áfram á eins konar inneignarreikning hjá sér, án þess að það sé skoðað nákvæmlega hvort sú gjaldheimta sem verið er að taka sé í samræmi við þau útgjöld sem viðkomandi stofnun hefur.

Ég vil nefna í því sambandi stofnun eins og Einkaleyfastofuna sem safnar eignum. Ég vil nefna fyrirtæki eins og Löggildingarstofuna sem safnar eignum og er að fjármagna sig á því að taka gjöld fyrir þjónustu sína, stöðluð gjöld. Gott er að stofnanir sýni góða ráðdeild en engu að síður þarf að gæta þess að þau gjöld sem þær eru að innheimta séu í takt við þann kostnað sem er raunkostnaður. Innheimtist meiri tekjur en sem svarar þeim nauðsynlegu útgjöldum á móti eiga þær að mínu mati að renna í ríkissjóð, nema sérstaklega sé kveðið á um annað.

Fleiri slík dæmi birtast við gerð lokafjárlaga hvað þetta varðar, virðulegi forseti, sem ég tel afar brýnt, bæði fyrir þingið og fyrir hv. fjárln. að fara ofan í og kanna hvort eigi ekki að vera betri og réttari háttur á í meðferð á fjárreiðum.

Annars er athyglisvert, virðulegi forseti, að á árinu 1999 tókst ekki að nýta einu sinni það fjármagn sem var varið til niðurgreiðslna á rafhitun í landinu. Eftir stendur afgangur upp á 41 milljón og sömuleiðis varðandi styrki til fráveitna sveitarfélaga á árinu 1999, þá verða þar eftir 138 milljónir af þeim 200 milljónum sem hafði verið ráðstafað til þess verkefnis. Það sýnir sig að þarna þarf að huga betur að hvers vegna þau verkefni sem ætlunin var að veita þetta fé í gengu ekki upp.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa að öðru leyti fleiri orð um þetta. Frumvörp til lokafjárlaga fyrir 1998 og 1999 eru að sjálfsögðu unnin á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og hún ber ábyrgð á þeim. Þetta sem hér birtist er frágengið í raun, þannig að hér er um formsatriði að ræða af hálfu Alþingis að ljúka við hina þinglegu afgreiðslu málsins, en ég ítreka að hinn rétti háttur er að fyrst séu lögð fram fjárlög og fjárlagaheimildir samþykktar áður en þær eru bókaðar í ríkisreikningi á einstökum stofnunum, ráðuneytum og verkefnum á vegum ríkisins og vonandi verður þetta til bóta við næstu afgreiðslu lokafjárlaga.

Að öðru leyti mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð sitja hjá við afgreiðslu á þessum lokafjárlögum, en hvetur til þess að þau verði afgreidd á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 2. umr.

Stjfrv., 601. mál (rekstur lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 947, nál. 1280.

[12:16]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. á þskj. 1280. Þetta er mál nr. 601, frv. til laga um breytingu á lyfjalögum. Á þingskjalinu eru nefndir þeir sem komu á fund nefndarinnar vegna þessa máls og svo þeir aðilar sem skiluðu umsögn um málið. Með frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lyfjalögum og vil ég í framsögu minni gera nokkra grein fyrir þeim.

Í 1. gr. er lögð til smávægileg orðalagsbreyting á 13. gr. laganna sem fjallar um lyfjaauglýsingar, eða nánar tiltekið breytingum á 2. mgr. hennar sem lýtur að auglýsingum vöru sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf og þeim takmörkunum sem settar eru við því hvernig megi auglýsa þannig vörur. Um efni ákvæðisins, rökin á bak við það og auglýsingu lyfja almennt, var mikil umræða í heilbr.- og trn. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hún leggur til að tillaga frv. að breyttu orðalagi verði samþykkt með smávægilegri frekari breytingu á orðalagi sem við teljum til þess fallna að styrkja enn frekar þá túlkun sem fram kemur í athugasemdum við greinina í frv.

Þar kemur m.a. fram að Lyfjastofnun telji að fullyrðingar um að vara hafi bætt áhrif á líkamsstarfsemi, sem bannað er samkvæmt núgildandi ákvæði að auglýsa, geti verið þáttur í markaðssetningu heilsuvöru. Að gefnu tilefni áréttar nefndin jafnframt að þessi regla 13. gr. laganna gildir jafnt um innflutta vöru sem vöru framleidda hér á landi.

Í 2. gr. er lagt til að rekstraraðili lyfjabúðar, sé hann annar en lyfsöluleyfishafi, þurfi sérstakt rekstrarleyfi ráðherra og sé þá jafnframt ábyrgur fyrir því að farið sé að lögunum ásamt rekstrarleyfishafa. Breytingin tekur mið af þeirri þróun sem orðið hefur þar sem margar lyfjabúðir eru reknar af sama aðila sem ekki er jafnframt lyfsöluleyfishafi. Með þessari breytingu er ætlunin að tryggja að sá sem rekur lyfjabúð beri fulla ábyrgð á rekstri sínum. Nefndin tekur jafnframt fram að hún lítur svo á að þótt rekstraraðili reki margar lyfjabúðir þurfi aðeins eitt rekstrarleyfi. Í þessari breytingu felst að þegar svo háttar til sem þar greinir þarf tvö leyfi, annars vegar rekstrarleyfi rekstraraðila og hins vegar lyfsöluleyfi þess sem ber faglega ábyrgð og leggur nefndin til breytingu

á ákvæðinu sem miðar að því að tryggja framangreindan skilning.

Í 3. gr. frv. er skerpt á þeirri skyldu að í lyfjabúð á almennum afgreiðslutíma og öðrum álagstímum skuli eigi vera færri en tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja. Jafnframt er lagt til að ráðherra hafi aukið svigrúm til veitingar undanþágna frá þessu ef ekki fæst annar lyfjafræðingur til starfa og hætta er á að starfræksla lyfjabúðar falli niður á svæðinu. En nefndin leggur áherslu hvað þetta varðar á öryggi við afgreiðslu lyfja, þ.e. hvað það er ákaflega mikilvægt enda geti mistök haft óbætanlegar afleiðingar, og að rekstrarhagræði og arðsemiskröfur lyfjabúða verða að víkja fyrir öryggiskröfum, enda séu þær ekki svo miklar að þær skerði þá nauðsynlegu heilbrigðisþjónustu sem felst í dreifingu og sölu lyfja. Nefndin er þeirrar skoðunar að reglur um mönnun lyfjabúða þurfi að taka mið af umfangi starfsemi í hverri búð fyrir sig, en þó þannig að lágmarksöryggiskröfur séu gerðar. Því leggur nefndin til að áfram verði gerð sú lágmarkskrafa að í lyfjabúð skuli að jafnaði starfa tveir lyfjafræðingar, en að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að þeir skuli vera fleiri ef umfang starfsemi lyfjabúða er mikið og áfram er gert ráð fyrir að ráðherra hafi tilteknar undanþáguheimildir sem gilda þá við sérstakar aðstæður.

Í 5. gr. er lagt til að Lyfjastofnun verði veitt heimild til að leggja á aðila dagsektir til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, en samkvæmt núgildandi lögum hefur stofnunin heimild til að veita áminningu og getur ef áminningunni er síðan ekki sinnt innan tilskilins frests, ákveðið að stöðva eða takmarkað starfsemi og lagt hald á vöru. Stöðvun rekstrar eða takmörkun á honum er afdrifaríkt úrræði enda verður því ekki beitt nema mjög alvarleg hætta sé á höndum og aðgerð þoli enga bið. Dagsektarúrræðið er í eðli sínu vægara, en þess er oftar þörf en hinna sem harðari teljast og er að því leyti nauðsynlegt. Nefndin leggur til breytingu á inngangsmálslið a-liðar 5. gr., en sú breyting er ekki efnisleg.

Heilbr.- trn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef þegar gert grein fyrir og eru tilgreindar á þingskjalinu. Að áliti þessu standa auk framsögumanns, hv. þm. Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman.

[12:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. og formanns heilbr.- og trn., Jónínu Bjartmarz, stendur öll heilbr.- og trn. að þessu nefndaráliti sem hér er mælt fyrir og við teljum að þær breytingar sem frv. felur í sér séu allar til bóta frá því sem nú er. Engu að síður virðist vera nauðsynlegt að skoða lyfjalögin heildstætt fljótlega og ýmis önnur ákvæði lyfjalaga þyrfti að fara í eftir þær róttæku breytingar sem gerðar voru, að mig minnir 1994.

Við ræddum töluvert í nefndinni um orðalagsbreytingar sem lagðar eru til á 13. gr. laganna, þ.e. 1. gr. frv. Þar er fjallað um lyfjaauglýsingar og í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Nefndin tekur undir þá túlkun sem sett er fram í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, en þar kemur m.a. fram að Lyfjastofnun telji að fullyrðingar um að vara hafi bætt áhrif á líkamsstarfsemi geti verið þáttur í markaðssetningu heilsuvöru. Nefndin leggur til frekari orðalagsbreytingu sem er til þess fallin að styrkja þá túlkun frekar. Nefndin vekur athygli á því að regla 13. gr. laganna gildir jafnt um innflutta vöru sem vöru framleidda hér á landi."

Það er ekki að ástæðulausu, virðulegi forseti, að þetta er sérstaklega tekið fram því það kom fram hjá þeim fulltrúum sem heimsóttu nefndina í störfum nefndarinnar að það virðist vera einhver mismunun á því hvernig heimilt er að auglýsa náttúruvöru sem framleidd er hér innan lands og þá sem er flutt inn, ekki heimildirnar heldur hvernig farið er með þær. Því bendir ýmislegt til þess að hugsanlega þurfi að auka eftirlit með því hvernig staðið er að því að auglýsa þessa náttúruvöru og þá fyrst og fremst þá sem flutt er inn.

Ég býst við að flestir hv. þm. kannist við auglýsingar um náttúruvöru þar sem tilgreind eru í löngu máli öll þau heillavænlegu áhrif sem viðkomandi vara getur haft á líkamann eða líkamsstarfsemina. Ef gilda eiga ákveðnar fastar reglur — og ég tek fyllilega undir það sem hv. þm., formaður nefndarinnar sagði um það — þá verðum við að ganga úr skugga um að ekki sé farið á skjön við þessi lög þegar um er að ræða innflutta náttúruvöru. Það reyndist ekkert auðvelt að finna orðalag sem gæti í raun lýst vilja nefndarinnar, hvað þá Lyfjastofnunar eða heilbrrn. En ég tel að þessi niðurstaða sé sú illskásta, ef það má orða það þannig, á lagatexta.

Virðulegi forseti. Einnig er gerð breyting á 3. gr. þar sem skerpt er á þeirri skyldu að í lyfjabúð á almennum afgreiðslutíma og öðrum álagstímum, skuli eigi færri en tveir lyfjafræðingar vera við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja, en að ráðherra hafi engu að síður heimild til þess að gera auknar kröfur ef umfangið er meira og veita undanþágur ef sérstakar aðstæður eru til eða umfangið er minna.

Í umsögn Lyfjastofnunar um nákvæmlega þetta atriði sem ég vil gjarnan halda til haga hér, virðulegur forseti, koma fram nokkrar athyglisverðar staðreyndir um breytingar sem hafa átt sér stað frá því að róttækar breytingar voru gerðar á lyfjalögum fyrir nokkrum árum síðan, þ.e. á lyfjalögum, nr. 93 frá 1994. Ég vildi koma þessari umsögn til skila og leyfa mér að lesa hana hér upp, með leyfi forseta:

„Lyfjastofnun þakkar fyrir fund með heilbrigðis- og tryggingamálanefnd Alþingis þann 15. apríl sl. um frumvarp til lyfjalaga, 601. mál, rekstur lyfjabúða o.fl. Vegna umræðu um mönnun lyfjabúða og ummæla eins af forsvarsmönnum Lyf og heilsu lyfjabúðanna í Morgunblaðinu í gær, vill Lyfjastofnun fyrir sitt leyti koma eftirfarandi á framfæri:

Lyfjastofnun telur að kröfur um tvo lyfjafræðinga að lágmarki í lyfjabúð á höfuðborgarsvæðinu og í stærri byggðarlögum á landsbyggðinni geti ekki verið íþyngjandi fyrir lyfjabúð. Að baki hverri lyfjabúð á þessum svæðum er að jafnaði sá mannfjöldi er bera ætti uppi rekstur lyfjabúða. Því má ekki gleyma að lyfjabúðir eru hluti af heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisþjónusta hefur átt undir högg að sækja þegar kemur að útgjöldum ríkisins og hallarekstur tíður. Það er aftur á móti alkunna að lyfjabúðir eru ekki reknar með tapi og hagnaður þeirra að öllu jöfnu nokkur. Er það jákvætt og ætti að gagnast heilbrigðisþjónustu landsmanna. Mætti gera ráð fyrir því að við þær aðstæður væri hægt að auka þjónustu við viðskiptavini, lyfjafræðilega umsjá og ráðgjöf til sjúklinga við alla meðferð og notkun lyfja.

Á sjúkrahúsum svo dæmi séu tekin eru gerðar kröfur um að til staðar séu færustu læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk til að mæta þörfum sjúkra og sá fjöldi sem nauðsynlegur er til að sinna fjölda sjúklinga. Þykir það sjálfsögð og eðlileg

krafa. Á sama hátt þykir það sjálfsögð og eðlileg krafa að lyfjabúðir sem starfa í skjóli opinberra leyfa hafi yfir að ráða nægjanlegum fjölda lyfjafræðinga, lyfjatækna og öðru sérþjálfuðu starfsfólki til að sinna þeim fjölda sjúklinga sem til þeirra leita. Lyfjastofnun leggur í þessu sambandi áherslu á að sé þessu ekki til að dreifa er hætta á mistökum í afgreiðslu lyfja til sjúklinga. Fjölgun er tilvika" — og þetta er, virðulegi forseti, alvarleg athugasemd sem hér er gerð af hálfu Lyfjastofnunar, þar sem segir: „Fjölgun er tilvika þar sem mistök í afgreiðslu lyfja má rekja til m.a. reynsluleysis í viðkomandi lyfjabúðum og undirmönnunar. Ófullnægjandi er að einungis einn lyfjafræðingur sé á vakt í lyfjabúð sérstaklega á höfðuborgarsvæðinu þar sem algengara er að verða að aðstoðarfólk sé ófaglært en ekki lyfjatæknar. Flestir þekkja af eigin raun að oft er mikið annríki í lyfjabúðum og afgreiðsla lyfja ekki eina starfsemin sem þar fer fram. Þar fer einnig fram sala fæðubótarefna, snyrtivara o.fl. og starfsfólk því oft við önnur störf en afgreiðslu lyfja. Við mikið annríki og undirmönnun sérfræðinga í lyfjabúðum eykst hættan á mistökum. Lyfjastofnun vill fyrir sitt leyti koma því skýrt á framfæri að stofnuninni hafa borist tilkynningar um mál þar sem lyf hafa verið ranglega afgreidd þar sem rekja mátti mistök til afleysingarfólks og undirmönnunar. Þess má einnig geta að að öllum líkindum eru mistök í lyfjaafgreiðslu í lyfjabúðum í fæstum tilfellum tilkynnt til stofnunarinnar.

Lyfjastofnun leggur áherslu á að ekki séu færri en tveir lyfjafræðingar að störfum samtímis í lyfjabúð á almennum opnunartíma, en fleiri ef þörf krefur auk lyfjatækna og annars þjálfaðs starfsfólks ef umfang starfsemi er með þeim hætti. Fyrir breytingarnar sem urðu með nýjum lyfjalögum nr. 93/1994, þar sem frjálsræði var aukið í lyfsölu, var algengt að ekki voru færri en þrír til fjórir lyfjafræðingar að störfum samtímis í lyfjabúð á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur breyst með tilkomu lyfjakeðja sem reka stærstu lyfjabúðirnar og svo virðist vera sem stefnan sé að fækka lyfjafræðingum."

Virðulegi forseti. Þegar umræður fóru fram um þær róttæku breytingar sem gerðar voru á lyfjalögum árið 1994 var ítrekað fullyrt í þessum ræðustól, af þáv. hæstv. heilbrrh. og þeim sem stóðu að þeim breytingum, að þetta mundi ekki hafa það í för með sér að lyfjafræðingum að störfum í lyfjabúðum fækkaði, alls ekki. Þvert á móti yrði faglegur metnaður lyfjabúðanna miklu meiri en verið hefði fyrir breytingar. Eins og nokkur okkar bentu á, reyndar einnig næsti hæstv. heilbrrh. á eftir, Ingibjörg Pálmadóttir, virtist ljóst að þetta yrði örugglega eins og sýnt hefði sig hjá öðrum þjóðum þar sem svipaðar breytingar hefðu verið gerðar, þar hefði dregið úr öryggi við afgreiðslu lyfja í lyfjabúðum.

Þetta er náttúrlega gjörsamlega óþolandi. Það er m.a. hlutverk Alþingis að tryggja að lágmarksöryggi sé til staðar. Ég tel að þær breytingar sem lagðar eru til í frv. séu frekar til þess og einnig til að ráðherra heilbrigðismála eigi betra með að fylgjast með þeim ábendingum sem fram koma frá Lyfjastofnun um hver þörfin er hverju sinni á hverju svæði. Lyfjastofnun hlýtur að sjálfsögðu þegar koma fram ábendingar um mistök sem hafa orðið við afgreiðslu lyfja vegna undirmönnunar eða afleysinga, að láta hæstv. ráðherra eða ráðuneytið vita þá þegar, þannig að leyfilegt og mögulegt sé að grípa til aðgerða.

Ég tel að með þessari brtt. sem hér er lögð til á gildandi lögum hafi hæstv. heilbrrh. þær heimildir sem til þarf en það er undir hæstv. ráðherra komið að nýta heimildirnar þannig að öryggið sé tryggt.

Það segir jafnframt í þessari umsögn, með leyfi forseta:

„... svo virðist vera sem stefnan sé að fækka lyfjafræðingum. Það er mat Lyfjastofnunar að slíkt sé á kostnað faglegrar umsýslu með lyf í apótekum, þar með talið öryggis í lyfjadreifingu. Á síðastliðnu ári voru óvenju hröð skipti lyfsöluleyfishafa í lyfjabúðum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega hjá lyfjabúðakeðjunum. Lyfjastofnun telur að þau hröðu skipti lyfsöluleyfishafa í lyfjakeðjunum megi rekja til of mikils álags og minni raunverulegrar faglegrar ábyrgðar en skv. 21. gr. lyfjalaga ber lyfsöluleyfishafi faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Slíkt virðist einungis vera í orði en ekki á borði hjá lyfjabúðakeðjum, enda eru lyfsöluleyfishafar í reynd starfsmenn lyfjabúðakeðju og háðir fyrirmælum vinnuveitanda sem býr oft ekki yfir faglegri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er við umsýslu með lyf."

Þessi orð, virðulegi forseti, eru auðvitað áminning um að virkt eftirlit þarf að vera í gangi. Lyfjastofnun hefur auðvitað mjög mikilvægu hlutverki að gegna en miðað við lögin sem í gildi eru og þær breytingar sem hér eru lagðar til erum við engu að síður að vísa töluverðri ábyrgð yfir á hæstv. ráðherra. Ég hef skilið það þannig af samtölum, af því sem fram hefur komið hjá fulltrúum ráðuneytisins í nefndinni, að fullur vilji sé til að viðhalda þarna mjög öflugu eftirliti.

Í bréfi frá Lyfjastofnun er talað um lyfjafræðilega umsjá. Fyrir nokkru var kynnt hér á landi rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum af prófessor Lindu Strand við Minnesotaháskólann og þar sem koma fram þær staðreyndir að hluti innlagna á sjúkrahús sé vegna ónákvæmrar lyfjaneyslu. Það er verið að þróa sérstakt kerfi, lyfjafræðilega umsjá, sem felur í sér athugun og endurskoðun á lyfjaneyslu. Virk efni hvers konar lyfja eru skoðuð, samverkanir efna við efni úr öðrum lyfjum, náttúrulyfjum sem öðrum, og aukaverkanir skoðaðar.

Með lyfjafræðilegri umsjá á að tryggja að sjúklingur sem kemur með lyfseðil geti leitað til lyfjafræðings eða sérfræðings til að skoða þau lyf sem viðkomandi einstaklingur neytir, hvort sem það eru náttúrulyf, náttúruvörur eða lyf á lyfseðli. Þetta eykur mikilvægi þess að lyfjafræðingar séu nægilegar margir að störfum í stórum apótekum þar sem mikið er um viðskipti og afgreiða þarf marga lyfseðla, þ.e. marga viðskiptavini á dag. Mér finnst það fyrirkomulag til fyrirmyndar sem Lyfja er að taka upp sem tilraunaverkefni og hefur kynnt sérstaklega. Sé hægt er að draga úr innlögnum á sjúkrahúsin með því að bæta lyfjafræðilega umsjón er það auðvitað þess virði. Samkvæmt því sem fram hefur komið í fréttum má hugsanlega rekja allt að 10% innlagna á sjúkrahús til ónákvæmrar lyfjaneyslu. Væri hægt að koma í veg fyrir þó ekki væri nema helming þess með þessu væri það auðvitað mikill sigur. Það væri sparnaður en ekki síður til bóta fyrir sjúklingana sjálfa.

Í ljósi umræðunnar um ótæpilegar ávísanir á ávanabindandi lyf, sem auðvitað geta verið eðlilegar, þ.e. ávísanir á ávandabindandi lyf eins og morfínlyf geta verið fullkomlega eðlilegar þegar um er að ræða alvarlega sjúkdóma og verki, alvarleg langvarandi veikindi. Engu að síður virðist hafa verið vísað á þau í öðrum tilgangi og þá til eiturlyfjaneytenda. Ef þessi lyfjafræðilega umsjón yrði aukin og eftirlit og eftirfylgni í lyfjabúðunum hert með því að taka upp þessa starfsemi held ég að draga mundi úr hættunni á óeðlilegum tilvísunum á ávanabindandi lyf. Ég tel að í framtíðinni eigi að taka þessar aðferðir upp í lyfjaverslunum. Það þýðir hins vegar að nauðsynlegt er að faglærðir starfskraftar séu til stað-

ar, hvort sem um er að ræða lyfjafræðinga eða lyfjatækna, þ.e. að allar stöður séu mannaðar í samræmi við umfang starfseminnar.

Að síðustu, virðulegi forseti, vil ég hnykkja aðeins á því sem ég kom inn á við 1. umr. um þetta mál. Ég tel nauðsynlegt að fylgjast með því hvernig lyf eru afgreidd á smærri stöðum á landsbyggðinni þar sem ekki er um að ræða apótek. Það eru til reglur um geymsla lyfja skuli vera, hvernig henni skuli háttað og gæta eigi fyllsta öryggis í meðferð lyfja þar til þau eru afhent viðtakanda. Ég tel nauðsynlegt að herða eftirlit með því að eftir þessum reglum sé farið.

Annað atriði minntist ég á við 1. umr. og ráðherra tók undir það sérstaklega, er opnunartími í lyfjabúðum, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem engin lyfjaverslun er opin frá tólf á miðnætti til fimm eða sex að morgni. Það hefur valdið verulegum erfiðleikum. Þeir sem ráða þar för eru kannski fyrst og fremst að hugsa um arðsemina, að ekki sé um fjöldaafgreiðslu að ræða á þessum tíma. Engu að síður getur fólk mjög nauðsynlega þurft á lyfjum að halda og ég held að ráðuneytið og hæstv. ráðherra ættu að beita sér fyrir því, í samráði við þá sem reka lyfjaverslanir, að úr þessu verði bætt.

[12:39]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum hér að ljúka umræðu um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum. Það er nauðsynlegt að þessi lög séu eins og önnur lög í heilbrigðisþjónustunni, stöðugt til endurskoðunar. Það hafa orðið miklar breytingar í uppbyggingu lyfjaverslana og raunar orðið eðlisbreyting á þeim undanfarin ár. Lögin verða auðvitað að taka tillit til þess. Það er m.a. gert í þessu frv. Með því er tekið á því að hið nýja rekstrarform er í mörgum tilfellum þannig að einn rekstraraðili rekur margar lyfjaverslanir. Með þessu eru bæði rekstrarleg og fagleg ábyrgð gerð skýrari. Hér er einnig skýrt betur hversu margir lyfjafræðingar verða að vera til staðar.

Í frv. er lögð á það rík áhersla að staðið sé við núverandi orðalag, þ.e. að að öllu jöfnu séu tveir lyfjafræðingar til staðar. Það er ekki gengið svo langt að segja að tveir lyfjafræðingar eigi að vera til staðar. Með góðum vilja, ef menn vilja túlka það þannig, mætti segja að þetta þýddi fleiri stöðugildi, að matarhlé, kaffihlé og allar frístundir væru dekkaðar þannig að stöðugt væru til staðar tveir lyfjafræðinga. Auðvitað var túlkunin ekki sú. Það má alltaf hagræða innan hvers vinnudags þannig að tveir lyfjafræðingar séu við afgreiðslu og svo sé það lagt til hliða þegar kringum eðlileg matar- og kaffihlé.

Ein er sú fagstétt sem komið hefur mjög sterkt inn í afgreiðslu lyfja, þ.e. lyfjatæknar. Það var farið mjög rækilega yfir það í nefndinni hvernig venjuleg afgreiðsla í hefðbundnu apóteki gengur fyrir sig. Það er ljóst að lyfjatæknar gegna þar mikilvægu hlutverki og eiga að gera það áfram. Ég vil leggja áherslu á, herra forseti, að það er leyfð ákveðin undanþága varðandi rekstur apóteka og afgreiðslu í þeim. Ég legg ríka áherslu á að undanþágan verði ekki veitt nema í algjörum undantekningartilfellum og þá miðað við að það sé á hinum minni stöðum og horft til þess og það haft að leiðarljósi að ef ekki er hægt að reka lyfjaverslun nema með einum lyfjafræðingi ella leggist afgreiðslan af og þessi þjónusta verði ekki til staðar. Það yrði sú leiðbeining sem hv. ráðherra þarf að hafa í huga, að þetta mundi aldrei eiga við á höfuðborgarsvæðinu eða á stærri stöðum úti á landi.

Það var einnig rætt í nefndinni, herra forseti, að í nánustu framtíð mætti hugsanlega horfa til umfangs hverrar lyfjaverslunar og hversu margir lyfseðlar væru afgreiddir. Einnig á að leggja þær skyldur á herðar stærstu lyfjaverslununum að þar verði fleiri starfandi lyfjafræðingar en tveir sé umfangið það mikið að það verði metið svo að fleiri slíka þurfi. Einhvers staðar þarf að finnast flötur á því hvernig meta eigi umfang og hvenær ráðherra heimili ekki rekstur lyfjaverslunar án hinna tveggja lyfjafræðinga, sem sett er fram sem lágmarkskrafa.

Varðandi 1. gr. frv. um heilsuvörur og markaðssetningu á þeim er það nokkuð flókið. Vafðist töluvert fyrir hv. heilbr.- og trn. að finna orðalag þannig að ljóst væri að hægt væri að selja heilsuvörur án þess að heimila lýsingar og loforð um lækningarmátt umfram það sem framleiðandi gæti staðið við, þar sem þessi vara teldist ekki lyf og hefði ekki gengið í gengum það þróunarferli sem lyf verða að gera. Þetta er nokkuð vandasamt. Vissulega eru hér framleiddar vörur sem eru heilsuvörur, m.a. heppileg bætiefni fyrir heilbrigt fólk sem gera einnig mörgum sjúklingum gott en teljast ekki til lyfja.

Við gátum sem sagt ekki fundið heppilegra orðalag en það sem kemur fram í frumvarpinu, og reyndum að víkka aðeins þau áhrif sem efnin mega hafa. Í núgildandi lögum mega efnin ekki hafa áhrif á líkamsstarfsemi, en þetta er í raun og veru þrengt niður í líffærastarfsemi, þannig að það gefur meiri möguleika á auglýsingum eins og „Mjólk er góð" o.s.frv.

En það sem er alveg ljóst er að í dag eru fluttar inn mjög margar tegundir af alls konar fæðubótarefnum og heilsuvörum erlendis frá. Þær vörur eru þá með merkingar sem gefa loforð um bætandi áhrif vörunnar og bætta heilsu, en á mörgum þeirra er tekið fram að varan hafi ekki farið gegnum viðurkenndan rannsóknarferil. Þessar vörur hafa því svona rýmri markaðssetningu en þær íslensku. Þetta er nokkuð sem við þurfum að skoða því það hlýtur að vera krafa okkar að ekki sé verið að selja hér innfluttar vörur sem hafi rýmri auglýsingaheimild heldur en þær íslensku og númer eitt, tvö og þrjú að ekki sé verið að lofa neinu umfram það sem eðlilegt má teljast með þessum erlendu vörum. Þetta er nokkuð sem verður að skoða vel.

Í umfjöllun okkar komu einnig fram möguleikar á lyfjafræðilegri umsjón lyfjaverslana. Þetta er ný þjónusta sem verið er að koma á, hugsanlega sem afsprengi af heilbrigðiskerfi okkar því á meðan við höfðum heilsugæslu sem nokkurn veginn hélt utan um sinn sjúklingahóp, þá var á sama tíma haldið utan um þau lyf sem hver og einn einstaklingur sem var skráður á heilsugæslustöðina tók inn. Þar af leiðandi var hægt að skoða víxlverkanir af þessum lyfjum, en í dag er þjónustan þannig að heilsugæslan er sprungin, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Fólk leitar þar að auki til þeirra sérfræðinga sem það helst vill og kýs og fær þar lyf og það er enginn einn sem heldur utan um þetta. Þetta er auðvitað stórhættulegt ástand, herra forseti, sem við þurfum að komast út úr og sú leið sem ég sé besta er að efla heilsugæsluna þannig að það verði hlutverk hennar, eins og það á að vera, að halda utan um lyfjanotkun sinna skjólstæðinga og vera þá á vaktinni ef viðkomandi þarf að taka inn lyf sem hefur víxlverkandi áhrif.

Við afgreiðslu þessara laga og í framtíðinni þurfum við alltaf fyrst og fremst að horfa til þess að öryggi sjúklinganna sé í fyrirrúmi en ekki rekstrarþáttur lyfjastofnananna,

lyfjaverslananna, að það sé gróði þeirra sem stjórni okkur og afgreiðslu málsins. Við þurfum stöðugt að gæta fyllsta öryggis því að röng afgreiðsla á lyfjum getur verið lífshættuleg og þar þurfum við fyrst og fremst að standa vörð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231.

[12:51]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson frá félagsmálaráðuneyti og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að hluta af árlegu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 verði varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar þannig að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Frumvarpið felur í sér aukin fjárframlög til verkefnisins frá því sem áður var ákveðið en jafnframt er tekið tillit til heimildar menntamálaráðherra til að fresta lokum átaksins um tvö ár í einstökum sveitarfélögum.

Nefndin fjallaði sérstaklega um stofnframkvæmdir við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd. Telur meiri hlutinn ekki ástæðu til að lögbinda ákveðna fjárhæð til slíkra framkvæmda og leggur því til breytingu þess efnis. Meiri hlutinn telur þó rétt að heimilt verði í reglugerð að ákveða hámarksframlag til slíkra verkefna á ári hverju.

Síðan er hér tilgreind brtt. Undir þetta nál. rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz og Kristján Pálsson og Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara. Þetta er nefndarálit meiri hlutans.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 5., 7., 9., 16.–18. og 20.–28. mál.

Fundi slitið kl. 12:54.

---

128. FUNDUR

miðvikudaginn 24. apríl,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands, fsp. RG, 655. mál, þskj. 1059.
2. Nám í málm- og véltæknigreinum, fsp. RG, 691. mál, þskj. 1110.
3. Aðflutningsgjöld af hljóðmagnarasettum til kennslu, fsp. SvanJ, 692. mál, þskj. 1111.
4. Jöfnun námskostnaðar, fsp. KLM, 693. mál, þskj. 1112.
5. Málefni Þjóðminjasafnsins, fsp. KolH, 697. mál, þskj. 1116.

[13:01]

Útbýting þingskjals:

Fjárreiður ríkisins, 581. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1372.

Húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands.

Fsp. RG, 655. mál. — Þskj. 1059.

[13:01]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. menntmrh. um áform hans varðandi húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands. Fyrir um þremur árum tók kvikmyndasafnið húsnæði á leigu í Hafnarfirði, óuppsegjanlegt til 15 ára. Húsnæðið hefur að mörgu leyti reynst ákjósanlegt og jafnvel betra en húsnæði sem mörg önnur söfn geta státað af, m.a. vegna gömlu frystiklefanna í frystihúsinu en þeir eru mjög góðir geymslustaðir fyrir gamlar filmur.

Nú ber svo við að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur ákveðið að fara út í byggingar á hafnarsvæðinu þar sem safnið er til húsa og þar með verða öll húsakynni á norðurbakkanum þar sem safnið er rifin. Þetta er mjög bagalegt þar sem safnið hefur eytt tugum milljóna í að koma sér upp sértækum geymslum.

Safnið heyrir undir menntmrn. sem sér um að greiða rekstrarkostnað. Reyndar hefur starfsmönnum verið fækkað úr þremur í tvo. Gert er ráð fyrir að safnið verði að flytja í júní eða júlí og þegar þessi fyrirspurn var lögð fram í mars var allt enn óráðið með framtíð safnsins.

Það gerist svo eftir að ég legg fram fyrirspurnina, virðulegi forseti, að fjallað er um málið í blöðunum 7. apríl undir fyrirsögninni „Starfsemin lömuð og húsnæðið rifið“ og sagt frá því, að sögn Þorfinns Ómarssonar, framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands, sem safnið heyrir undir, að starfsemi þess sé að mestu lömuð og að ekki séu til fjármunir til að ráða nýjan forstöðumann og hefur hann áhyggjur af því tilefni sem ég er að gera að fyrirspurn, að Hafnarfjarðarbær hefur ákveðið að rífa öll húsakynni. Það kemur fram 7. apríl að á þeirri stundu er alls óvíst hvert safnið flyst eða hvernig staðið verði að málum.

Það sem blandast inn í umræðuna um framtíð safnsins og húsnæðismál eru fjármálin. Þar virðist hafa verið farið mjög mikið fram úr, m.a. miklum peningum eytt í að koma Bæjarbíói í viðunandi stand þannig að þar verði hægt að vera

með sýningarstarfsemi til frambúðar sem er auðvitað einkar eftirsóknarvert.

Herra forseti. Það má ekki gerast að þetta safn verði nafnið tómt vegna skorts á sómasamlegu húsnæði. Þetta er menningarsögulega þýðingarmikil stofnun og hlutverk þess getur enn aukist ef sett verða lög um skilaskyldu kvikmyndagerðarmanna en um það hefur verið rætt. Þess vegna spyr ég: Hver eru áform ráðherra varðandi húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands?

[13:04]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Við spurningunni: Hver eru áform ráðherra varðandi húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands? er svarið eftirfarandi:

Gerðir hafa verið tveir samningar varðandi húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands. Þar er annars vegar um að ræða samning við Hafnarfjarðarbæ vegna húseignarinnar Bæjarbíós, Strandgötu 16, og hins vegar samningur við Hafnarfell hf. vegna húseignarinnar Vesturgötu 11–13. Eins og fram hefur komið hafa borist upplýsingar um fyrirhugað niðurrif allra húsa á norðurbakka hafnarinnar í Hafnarfirði en þar er húseignin Vesturgata 11–13 sem Kvikmyndasafn Íslands er með leigusamning um. Þetta mál verður að sjálfsögðu skoðað í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og fundin lausn á því.

[13:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil harma þá stöðu sem hér er komin upp að allt í einu ári eftir að við afgreiðum safnalög í mikilli sátt frá þinginu, og kom mjög til álita hvort setja ætti Kvikmyndasafn Íslands undir þau en varð ekki af, stöndum við allt í einu frammi fyrir því að Kvikmyndasafn Íslands og allt sem því tilheyrir er á götunni. Sérstaklega er tilfært að þarna hafi verið um að ræða umframkeyrslu vegna þess að þar sem safnið taldi sig hafa húsaleigusamning til margra ára fram undan hafi verið að lagðir miklir fjármunir í endurbætur.

Ég verð að segja að mér finnst að það þurfi að koma fram einhverjar mjög góðar og gildar skýringar aðrar en ég hef hingað til séð á þeirri stöðu sem við stöndum frammi fyrir. Auðvitað verður að krefjast þess að safninu sé séð fyrir sómasamlegum skilyrðum.

[13:07]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Svar hæstv. menntmrh. var nokkuð skorinort en heldur klént. Það er þannig með okkur þingmennina að við berum fram fyrirspurnir sem yfirleitt á að svara að viku liðinni. Við höfum ekki gert mikið veður út af því þó það dragist en eins og kemur fram í fyrirspurn minni eða framsögu fyrir henni, þá er fyrirspurnin lögð inn í mars og ég hef tekið því ágætlega að henni sé ekki svarað fyrr en seinni partinn í apríl. En ég trúi því ekki að á þeim tíma hafi ekkert verið að gerast í málum safnsins og ekki sé farið að ræða neitt við Hafnarfjörð. Það er ekkert við því að gera ef á að fara að rífa húsin en það er mjög alvarlegt ef safnið verður húsnæðislaust í júní og ef fyrirhugað er að Hafnarfjörður leysi vandann, þá er ekki seinna vænna núna í apríl en fara að gera eitthvað í málinu.

Það sem ég spyr fyrst og fremst um eru húsnæðismálin. Ég vek hins vegar athygli á að í fréttum hafa fjármálin verið dregin inn og það bar svo við að örfáum mínútum áður en ég fór í ræðustól barst mér erindi frá þeim aðila sem sagt var upp í desember og kærði það til ráðuneytisins. Þar kemur fram að ráðuneytið hefur úrskurðað að uppsögn framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs hafi verið ólögmæt og það eigi að semja um það. Þetta er sérmál, tengist fyrirspurninni en er ekki hluti af henni. Auðvitað er afskaplega mikilvægt að réttindi séu virt og mjög mikilvægt að við séum ekki að taka á málum bara ef eitthvert ár menningarsögulegra gilda er heldur séum við með menningarsöguleg gildi í fyrirrúmi allan tímann.

Ég hvet hæstv. ráðherra — ég veit að hann hefur haft nóg að gera að koma nýr í ráðuneyti — en þetta er stórt mál og það er fremur dapurt að hann komi ekki með önnur svör til mín en þau sem raun ber vitni.

[13:09]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er rétt að vera ekki að blanda inn í þetta öðrum málum eins og uppsagnarmálum og úrskurði ráðuneytisins í þeim.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur að mér finnst ástæða til að harma þessa stöðu, full ástæða til þess. En það er nú einu sinni svo að í gildi er samningur um flutning á starfsemi Kvikmyndasafns Íslands til Hafnarfjarðar. Samkvæmt þeim samningi leggur Hafnarfjarðarbær safninu til endurgjaldslaust húsnæði í Bæjarbíói, við Strandgötu, í allt að 15 ár en ekki skemur en 10 ár.

Þegar litið er á þennan samning í heild er ljóst að hann lýsir sameiginlegum vilja og lítur á það sem sameiginlegt verkefni að hlúa að safninu í Hafnarfirði. Það er því fullkomlega eðlilegt að rætt sé við Hafnarfjarðarbæ hvernig þeim anda samningsins verði framfylgt. Það eru viðræður sem eiga að fara fram milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar. Í þessu skyni hefur verið skipaður vinnuhópur í ráðuneytinu sem hefur verið falið að ræða við forsvarsmenn Hafnarfjarðarbæjar. Á þessu stigi málsins og í anda þessa samkomulags eru engin efni til þess að ætla annað en að niðurstaða fáist í því máli.

Ráðuneytið mun ekki geta fallist á annað en Hafnarfjarðarbær sjái safninu fyrir húsnæði undir starfsemina og greiði fyrir þær endurbætur þannig að húsakynni kvikmyndasafnsins verði sambærileg við það sem safnið hefur nú.

Nám í málm- og véltæknigreinum.

Fsp. RG, 691. mál. — Þskj. 1110.

[13:11]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. menntmrh. um stefnuna varðandi málm- og véltæknigreinar:

1. Hver er stefna ráðherra varðandi nám í málm- og véltæknigreinum?

2. Hvert var markmiðið með flutningi námsins frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti til Borgarholtsskóla og hvernig hefur það reynst?

3. Hvar er fyrirhugað að kjarnaskóli verði fyrir greinina?

4. Hvernig er samstarfi við fræðsluráð málmiðnaðarins háttað?

Á málþingi Samtaka iðnaðarins í fyrradag var fjallað um þýðingu iðnnáms og spurt: „Er iðnmenntun óþörf eða órjúfanlegur hluti þekkingarsamfélagsins?“

Ingólfur Sverrisson hjá Samtökum iðnaðarins orðaði það svo: „Iðnmenntun er órjúfanlegur hluti þekkingarsamfélagsins. Mikilvægi góðrar iðnmenntunar hefur aldrei verið jafnaugljós og nú“ — og hann vill hæfilega blöndu af bókviti og verkviti í askana.

Samkvæmt framhaldsskólalögum hefur starfsgreinaráð málmiðnaðar stórt hlutverk í mótun iðnnáms og ítarlegar umræður hafa farið fram á liðnum árum um framtíð menntunar í málmiðnaði milli menntmrn. og fræðsluráðs málmiðnaðarins um möguleika þess að fræðsluráði eða sjálfseignarstofnun á þess vegum taki að sér þann rekstur. Ég set ekki fram afstöðu til þess en vek athygli á viðræðunum.

Í haust lágu fyrir samningsdrög sem miðuðu að því að nýr skóli, Málm- og véltækniskóli Íslands, yrði rekinn við Borgarholtsskóla næstu fimm ár undir skólastjórn atvinnulífsins. Verður ekki annað séð en sú ákvörðun hafi orðið til í menntmrn. að flytja skólann til atvinnulífsins með samningi. Það er jafnframt ráðuneytið sem breytir um grundvallarstefnu og ákveður að kjarnaskóli verði, eftir því sem fréttir herma, í þremur tilteknum skólum. Báðar þessar ákvarðanir vekja spurningar um stefnu ráðuneytisins varðandi menntun í málmiðnaði. Virðist nú sem niðurstaða ráðuneytisins hafi orðið sú að kjarnaskóli í málmiðnaði verði í þremur skólum, í Hafnarfirði, á Akranesi og í Borgarholti. Að óljóst hafi verið um stefnumörkun til framtíðar þegar einhliða ákvörðun menntmrn. var tekin um að leggja niður öfluga málmiðnaðarkennslu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og hún flutt í Borgarholtsskóla.

Þessar ráðstafanir vekja líka spurningu um hvort efni hafi staðið til að flytja verkmenntun utan af landi suður í stóru skólana miðað við þróun mála, hvort ekki hefði verið ástæða til að hafa myndarlega deild á Akureyri tengda kjarnaskólanum fyrir sunnan. Það er varla ofsagt að fjölbreytt iðnmenntun er undirstaða öflugs atvinnulífs og að mikilvægt er að skapa góð skilyrði fyrir hvers konar iðnnám og hlúa að þeim greinum þar sem farið er að halla undan fæti. Í málmiðnaði færist það í vöxt að t.d. útlendingar sem ekki eru með próf en hafa reynslu ráði sig til starfa. Æ færri fara í nám, margir hafa áhyggjur af þróun mála í málmiðnaði og óttast jafnvel að greinin leggist af. Því inni ég nýjan menntmrh. eftir stefnu hans því sjaldan hefur verið jafnbrýnt að tryggja öflugt námsframboð í þessum þýðingarmiklu iðngreinum og einmitt nú.

[13:15]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Spurt er: „Hver er stefna ráðherra varðandi nám í málm- og véltæknigreinum?“

Svarið er svohljóðandi: Nýlega hafa verið gefnar út metnaðarfullar námskrár í málm- og véltæknigreinum. Námskrárnar eru unnar í nánu samráði við atvinnulífið í greinunum. Skipan námsins byggist á því að sameiginlegur grunnur er fyrir þá sem ætla að læra bíliðngreinar, blikksmíði, rennismíði, stálsmíði og vélvirkjun. Að grunnnáminu loknu tekur svo við sérhæfing í fyrrtöldum greinum. Námskrá fyrir grunnámið kom út árið 1999 og fyrir sérhæfinguna í fyrra. Stefnan í þessu efni mótast af áherslum hinna nýju námskráa og viðleitni til að tryggja sem best framkvæmd kennslunnar til hagsbóta fyrir nemendur og fyrirtækin í atvinnugreininni.

Önnur spurningin er: „Hvert var markmiðið með flutningi námsins frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti til Borgarholtsskóla og hvernig hefur það reynst?“

Krafan um meiri sérhæfingu í verklegri kennslu iðngreina í framhaldsskólunum hefur verið vaxandi undanfarin ár og því nauðsynlegt að búa kennslunni sem best skilyrði. Það getur hins vegar kallað á að fækka verði kennslustöðum ef um fámennar greinar er að ræða. Í anda þessa var kennsla í málmiðnaði flutt úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í Borgarholtsskóla sem frá upphafi var hannaður til að geta skapað þeirri menntun fyrsta flokks aðstöðu, en Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur búið við þröngan húsakost.

Ekki er vafi á því að í Borgarholtsskóla hefur verið komið á laggirnar aðstöðu til kennslu í málm- og véltæknigreinum sem stenst samanburð við það sem gott er talið í nágrannalöndum okkar. Ekki hefur verið gerð úttekt á því hvernig til hefur tekist með flutninginn frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti til Borgarholtsskóla en að mati ráðuneytisins var það rétt ákvörðun. Þar var byggt húsnæði bæði fyrir málmiðngreinar og bíliðnir sem eiga talsvert mikið sameiginlegt, t.d. sameiginlega grunndeild.

Þriðja spurningin er: „Hvar er fyrirhugað að kjarnaskóli verði fyrir greinina?“

Svarið er svohljóðandi: Á árinu 1998 hófst athugun á kostum þess að fela fagaðilum í málmiðngreinum að annast rekstur skóla er sæi um kennslu í málm- og véltæknigreinum samkvæmt námskrá ráðuneytisins. Niðurstaða þeirrar athugunar lá fyrir í nóvember 2001. Að athuguðu máli taldi ráðherra ekki unnt að stofna sjálfstæðan einkarekinn málmiðnaðarskóla. Þegar þessi niðurstaða var fengin lá ljóst fyrir að leita yrði nýrra leiða til að bæta framkvæmd starfsnáms í málmiðnaði. Var ákveðið að leita þeirra leiða m.a. með skipulegu samstarfi þriggja framhaldsskóla sem starfrækja málmiðndeildir, Borgarholtsskóla, Iðnskólans í Hafnarfirði og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi auk Verkmenntaskólans á Akureyri. Tilgangur samstarfsins er að skilgreina og afmarka þá þætti í starfsemi málmiðndeilda sem betur mega fara og leita leiða til úrbóta.

Þá er einnig ástæða til að fylgja sérstaklega eftir nýrri námskrá í málmiðngreinum og athuga hvernig framkvæmd hennar verður best háttað. Ráðuneytið telur jafnframt brýnt að aðilar á vinnumarkaði komi að þessu samstarfi. Búið er að funda með skólameisturum skólanna og leggja drög að næstu skrefum í framgangi málsins.

Síðasta spurningin hljóðar svo: „Hvernig er samstarfi við fræðsluráð málmiðnaðarins háttað?“

Eins og fram kom áðan hefur ráðuneytið átt í nánu samstarfi við fræðsluráð málmiðnaðarins um einkaskóla í málmiðnaði. Þótt þær viðræður skiluðu ekki niðurstöðu hafa þær skilað margháttuðum lærdómi um skipulag og áherslur í fræðslumálum málm- og véltæknigreina. Auk þess hefur ráðuneytið falið fræðsluráðinu ýmis verkefni, svo sem umsýslu námssamninga og framkvæmd sveinsprófa í málmiðngreinum. Ráðuneytið væntir þess að gott samstarf verði við fræðsluráðið áfram eins og hingað til þótt ekki tækist að ná sameiginlegri niðurstöðu um að það tæki að sér starfrækslu skóla í málmiðnaði.

[13:19]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er áríðandi að vel sé staðið að fræðslu í málm- og véltæknigreinum víða um land. Verulegur skortur hefur verið á málmiðnaðarmönnum á undanförnum árum sem hefur verið mætt með erlendu vinnuafli. Þessi skortur er að mínu áliti að stærstum hluta kominn til vegna þess að skipasmíðastöðvarnar sem voru miklar uppeldisstöðvar

fyrir málmiðnaðarmenn lentu flestar eða allar í miklum erfiðleikum, greiðslustöðvunum og gjaldþrotum í lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda. Þar með lagðist það nánast af að þessar miklu uppeldisstöðvar málmiðnaðarmanna tækju iðnnema. Ég nefni sem dæmi að bara á Akranesi, þessum 5.000 manna stað, urðu til yfirleitt um 30 málmiðnaðarmenn á ári, ár eftir ár og áratug eftir áratug, svipað og meira á Akureyri og fleiri stöðum þar sem þessi iðnaður var rekinn. Þess vegna hefur þessi breyting í þessari iðngrein leitt til þess að skort hefur málmiðnaðarmenn á síðustu árum og m.a. líka vegna þess að verkefni í stóriðju hafa aukist, Íslendingar hafa verið að færa sig upp á skaftið í smíði á fiskvinnslubúnaði sem fluttur er út um allan heim, en til þess þarf öfluga stétt málmiðnaðarmanna. Þess vegna finnst mér mikilvægt að efla og styrkja iðnnámið á landsbyggðinni og þá ekki síst málmiðnaðardeildirnar þannig að menn þurfi ekki að sækja þetta nám til Reykjavíkur og áfram verði til öflugur hópur málmiðnaðarmanna um allt land.

[13:20]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það mál sem fyrirspyrjandi víkur hér að og við ræðum nú er afar mikilvægt, þ.e. uppbygging verkmenntunar í landinu. Í ljós hefur komið samkvæmt könnun sem Samtök iðnaðarins létu gera að aukin menntun þýðir aukna framleiðni í atvinnulífinu sem þýðir aftur bætt lífskjör fyrir okkur öll. Það er alveg ljóst að ef menntun eins og sú sem hér um ræðir flyst öll meira og minna á suðvesturhornið verða þeir færri sem leita eftir þessari menntun. Hún stendur þá færri til boða í raun og veru. Það þýðir einfaldlega að það atvinnulíf sem við viljum sjá vaxa upp og þroskast og þróast víða um landið verður ekki að veruleika.

Herra forseti. Það þýðir einfaldlega lakari lífskjör. Þess vegna er sú stefnumótun mjög mikilvæg sem hæstv. ráðherra rakti áðan að væri í gangi í ráðuneytinu og byggði á því að þessi menntun færi fram víðar. Hún er mikilvæg fyrir ungt fólk sem vill leita sér menntunar. Hún er mikilvæg fyrir efnahagslíf okkar og lífsafkomu.

[13:22]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Þau staðfesta það sem ég var búin að heyra, að úrbætur þarf að gera í þessum efnum.

Fyrst um kjarnaskólann. Ég skoðaði ákveði framhaldsskólalaganna um þetta efni áður en ég flutti þessa fyrirspurn og ég get ekki lesið þau öðruvísi en svo að um sé að ræða einn kjarnaskóla sem aðrir skólar eða deildir styðjast við. Það sem hann upplýsir hér um skipulegt samstarf þriggja skóla hér fyrir sunnan og Verkmenntaskólans á Akureyri er í raun og veru önnur leið og hef ég enga skoðun á því á þessu stigi.

Í öðru lagi vil ég líka nefna það í tengslum við Borgarholtsskóla að þar sem það virðist greinilega hafa verið skoðað að hafa grunnnámið sameiginlegt fyrir þessar iðngreinar þá hafi átt að fá þar atvinnulífið inn í reksturinn á framhaldsnáminu. Þannig var Bílgreinasambandið með framhaldsnámið samkvæmt samningi sem gerður var til tveggja ára og með tveggja ára möguleika. En Bílgreinasambandið er farið út og sér núna um framhaldsnámið annars staðar. Því er nokkuð þokukennt hvernig gengið hefur með stefnumótunina og hvernig það er hugsað að fara í þessi mál.

Ég vil segja vegna þeirra athugasemda sem komu frá öðrum þingmönnum, sem ég þakka fyrir, að á námsstefnunni sem ég vísaði til í upphafi kom fram að í byrjun síðasta áratugar útskrifuðust almennt 800–900 manns með sveinspróf. Núna 2001 voru þeir komnir í 529. Þetta er mjög alvarlegt. Ég tek undir aðvörunarorð þeirra.

Það var líka niðurstaða þeirra fulltrúa sem áttu viðræður við menntmrn., sem runnu út í sandinn, að mikil og knýjandi þörf sé á að taka alla framkvæmd starfs- og verknáms á Íslandi til alvarlegrar umræðu í þjóðfélaginu og auka skilning á þýðingu þess fyrir velferð þjóðarinnar.

Herra forseti. Að sjálfsögðu munum við taka þessi mál upp aftur á hausti komanda þegar ráðherrann hefur fengið tækifæri til þess að setja fingraför sín á þetta þýðingarmikla nám.

[13:24]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður sem ég tel mikilvægar. Það er alveg rétt að farin hefur verið önnur leið í þessu máli en að setja upp einn kjarnaskóla. Ég get ekki skilið þær umræður sem hér hafa farið fram í dag öðruvísi en sem stuðning við það sjónarmið.

Ég vil sérstaklega benda á að það sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um að standa þurfi vel að málmiðnaðarnámi víða um land, er grundvallarsjónarmið sem er greinilega stutt af þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls.

Að sjálfsögðu er það mál líka tengt líkaninu. Farið hefur fram endurskoðun á líkaninu til þess að bæta stöðu verknámsins. En ég hygg að fram þurfi að fara enn frekari skoðun á líkaninu til þess að tryggja að verknámið flytjist ekki í auknum mæli til höfuðborgarsvæðisins eins og það hefur gert og á þann hátt að verknámið hefur verið að veikjast úti á landi og nemendum í verknámi er stefnt til Reykjavíkur á þann erfiða húsnæðismarkað sem hér er. Því er óhjákvæmilegt að fara ofan í saumana á þessu máli og skoða hvernig við getum styrkt stöðu verknámsins úti á landi.

Aðflutningsgjöld af hljóðmagnarasettum til kennslu.

Fsp. SvanJ, 692. mál. — Þskj. 1111.

[13:26]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um niðurfellingu aðflutningsgjalda af hljóðmagnarasettum. Rökstuðningurinn fyrir þessari fyrirspurn er tvíþættur, herra forseti. Hann lýtur annars vegar að raddvernd kennara og hins vegar að möguleikum skólabarna til þess að heyra og fylgjast með því sem er að gerast í kennslustofunni, bæði þeirra sem fullheyrandi eru og annarra sem búa við heyrnardeyfu.

Svo við víkjum fyrst að rödd kennarans þá hafa rannsóknir bæði erlendis og hérlendis gefið til kynna að rödd kennara er oft bágborin og óþægindaeinkenni sem fylgja misbeitingu raddar hrjá stóran hluta kennara. Einnig hefur komið fram að kennarar skipa efsta sæti þeirra sem sækja hjálp til lækna vegna þessa. Eðli starfsins, streitu sem fylgir því oft og tíðum, þekkingarleysi kennara á rödd sinni, raddbeitingu og raddvernd svo og slæmum kringumstæðum, hefur verið kennt um þetta ástand. Þannig verða kennarar oft að beita rödd í miklum hávaða í skólahúsnæði þar sem ekki er góður hljómburður og í nokkurri fjarlægð frá þeim sem

hlusta. Þetta samanlagt, herra forseti, gerir það að verkum, eins og hér segir, að kennarar búa við óþægindaeinkenni oft og einatt og þurfa að leita sér læknis vegna þess.

Rannsóknir hafa líka sýnt að ef kennarar, ekki síst veikradda kennarar, fá hljóðmagnarasett til þess að magna rödd sína í kennslustofu verður líðan þeirra allt önnur. En fleira gerist um leið því að agavandamálum fækkar vegna þess að það er alveg ljóst að ef börn heyra ekki eða vita hvað er að gerast eða hvað eigi að gerast þá hvarflar hugur þeirra annað og frá því námsefni eða verkefnum sem kennari vill að þau sinni.

Í ljós kom þegar hlustunargeta barna var könnuð að við nokkuð góð skilyrði gátu eðlilega heyrandi börn einungis skilið 71% af því sem kennari sagði og við verstu skilyrði náðu börn aðeins að skilja um 30%. Það hefur líka verið sýnt fram á að mjög stór hluti yngstu barnanna í skólakerfinu geti verið með tímabundna heyrnardeyfu af völdum eyrnabólgu.

Herra forseti. Þetta eru allt atriði sem skipta máli. Þess vegna og vegna þeirrar reynslu sem er af notkun hljóðmagnarakerfa í skólastofum hef ég beint þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvort hann áformi að beita sér fyrir lagabreytingum sem heimila að aðflutningsgjöld verði felld niður af slíkum tækjum.

[13:29]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Hér er um athyglisverða fyrirspurn að ræða. Reyndar eru málefni aðflutningsgjalda ekki á málasviði menntmrh. þannig að ég kýs að skilja fyrirspurnina þannig að spurt sé um það hvort menntmrh. vilji taka upp viðræður við fjmrn. um það að breyting verði gerð á þessum málum.

Tollskrárbreyting er væntanlega ekki tæk nema þá til lækkunar gjalda af tollskrárnúmerinu í heild. Það er vafalaust erfitt ef ekki ómögulegt að greina á milli rafmagnaðra setta til kennslu og til annarra nota, reikna ég með. Sú tæknilega breyting sem mundi felast í því að skipta tollskrárnúmerinu upp er því ekki fær leið í þessu máli. Ekki eru heldur heimildir í lögum til þess að breyta eða fella niður þessi gjöld, lækka þau eða reyna endurgreiðslu á tækjabúnaði til skólastarfsins. Því er ljóst að lagabreytingu þarf til að vinna að þessu máli.

Samkvæmt fyrstu upplýsingum sem ég hef úr fjmrn. er hins vegar ekki um mikla fjármuni þarna að ræða. Það má túlka á tvennan hátt. Í fyrsta lagi er ekki um að ræða mikinn kostnað fyrir ríkið þó það verði við svona óskum. En jafnframt virðast vísbendingar benda í þá átt að þetta geti heldur ekki verið mjög mikill fjárhagslegur baggi á skólunum.

Sem svar við þessari spurningu vil ég mjög gjarnan, vegna þess að ég fellst á röksemdir fyrirspyrjanda fyrir því hversu mikilvægt þetta getur verið fyrir kennara, skoða þetta mál og leita svara í fjmrn. um það hvort hægt væri að fara leið sem gæti þá ýtt undir það að svona tækjabúnaður væri notaður.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. jákvæðar undirtektir við fyrirspurn minni og veit að hann sem reyndur kennari frá fyrri tíð þekkir til vandamála eins og þeirra sem ég rakti áðan varðandi rödd kennara. Mér er ljóst að hæstv. menntmrh. hefur ekki vald á breytingum á tollalögum beinlínis, en mér fannst eigi að síður ástæða til að vekja athygli á mikilvægu máli með þessari fyrirspurn þannig að því yrði hreyft og gæti þá leitt til þess að það yrði skoðað.

Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að líklega er ekki um mikla fjármuni að ræða en það fælist þá í því ákveðin hvatning til skólanna að kaupa slík tæki ef ríkið mætti kostnaði með því móti sem hér er lagt til. Ljóst er að ekki er það mikið fé almennt til tækjakaupa í skólum að menn séu útbærir á peninga jafnvel þó í þessu skyni sé, en hvati hvaðan sem hann kæmi væri til góðs. Ég bind því vonir við það að hæstv. menntmrh. beiti sér í málinu og við fáum að sjá afrakstur þess á næsta þingvetri.

[13:33]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess að það er hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að fjármagn til tækjakaupa hefur verið naumt. Hins vegar er verið að breyta þessu í líkaninu núna, þannig að fjármunir til tækjakaupa eru meiri og rýmkaðir. En það breytir ekki því að mér finnst sjálfsagt að taka vel í þessa hugmynd og skoða hana í samvinnu við fjmrn.

Jöfnun námskostnaðar.

Fsp. KLM, 693. mál. — Þskj. 1112.

[13:34]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði fyrirspurn á þskj. 1112 í fjarveru hv. þm. Kristjáns L. Möllers.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 605/2001, um jöfnun námskostnaðar, eru skilyrði fyrir veitingu dvalarstyrks eftirfarandi:

a. dvalarstaður nemanda vegna náms sé a.m.k. 30 km frá lögheimili hans,

b. nemandi geti ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu, sbr. skilgreiningu í b. lið 2. gr.,

c. nemandi visti sig fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.

Túlkun stjórnar LÍN hefur verið sú þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um það í reglugerðinni, að fullnægja þurfi öllum þrem skilyrðum 4. gr. til þess að fullur dvalarstyrkur fáist. Nú geta ýmsar ástæður legið til þess að nemandi uppfylli ekki öll skilyrði 4. gr., en verði eftir sem áður að dveljast á námsstað á starfstíma skóla. Bent skal á nokkur rök fyrir slíku.

Almenningssamgöngur í strjálbýlinu eru almennt ekki með þeim hætti að henti framhaldsskólanemum, enda afar ólíklegt að slíkar samgöngur hefðu rekstrargrundvöll og samræmdust jafnframt fjárhagslegum burðum nemenda. Nemandi sem hefur nám í framhaldsskóla við 16 ára aldur eins og flest íslensk ungmenni hefur ekki náð bílprófsaldri og getur því ekki sjálfur komið sér milli heimilis og skóla, auk þess sem vafasamt hlýtur að teljast að ungt námsfólk verði að hafa einkabifreið til afnota. Landfræðilegar aðstæður og veðurfar geta gert daglegar ferðir milli heimilis og skóla afar erfiðar ef ekki ómögulegar, t.d. ef yfir heiði eða fjallveg er að fara.

Reglur um lágmarksfjarlægð milli heimilis og skóla fela í sér hættu á mikilli mismunun. Hvers á sá nemandi að gjalda er býr í 29 km fjarlægð frá skóla, en dæmist til að fá aðeins brot af styrk sem nágranni hans í 31 km fjarlægð frá sama skóla fær til að stunda nám? Þeir búa báðir við sama veðurlag, eiga yfir sömu farartálma að fara, um sama

veg að undanskildum þeim fáu kílómetrum sem skilja þá að innan sveitar. Annar nemandinn fær greiddan ferðastyrk á meðan hinn fær greiddan dvalarstyrk og dveljast þó báðir á heimavist sama skóla vegna nákvæmlega sömu aðstæðna.

Það er því spurning mín til hæstv. menntmrh. hvort hann hafi áform um að taka reglugerð um jöfnun námskostnaðar til endurskoðunar fyrir upphaf næsta skólaárs.

[13:37]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Svarið við fyrirspurninni er mjög einfalt. Eftir að ég settist í ráðuneytið var tekin ákvörðun um það mjög fljótlega að taka reglugerð um jöfnun námskostnaðar til endurskoðunar. Sú endurskoðun er hafin og ég geri ráð fyrir að henni ljúki innan skamms.

[13:37]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svarið. Ég get ekki sagt að það létti af mér neinum áhyggjum því hann lét ekkert uppi um hvað ætti að endurskoða. Ég tel að sérstaklega þurfi að endurskoða ákvæðið um 30 km lágmarksfjarlægð frá skóla því sú regla ein getur ekki sýnt nemendum fulla sanngirni og felur í rauninni í sér ákveðið ójafnræði. Nemandi sem fær aksturssstyrk fær greiddar 50 þús. kr. á önn fyrir kostnað, en nemandi sem fær dvalarstyrk C fær 88 þús. kr., þannig að þarna er um verulega fjárhagslega spurningu að ræða og ég vona að menntmrh. sé það fyllilega ljóst að endurskoðun þessa ákvæðis um 30 km er mjög mikilvæg.

[13:39]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil gjarnan stuðla að því að þingmönnum líði sem best.

Það er ljóst að þessi þrjú atriði sem þingmaðurinn tilgreindi í reglugerðinni að hefðu sætt gagnrýni, eru öll til athugunar. Það er að vísu mjög brýnt að skýrar reglur séu um jöfnun námskostnaðar og eins skýrar reglur og hægt er, en jafnframt að tekið sé tillit til aðstæðna. Ljóst er að þær reglur hafa verið það ósveigjanlegar að þær hafa ekki tekið tillit til aðstæðna. Nákvæmlega þetta er nú til athugunar og þó að leitast verði við að hafa skýrar reglur, m.a. um þessa 30 km reglu því einhvers staðar verða menn að draga mörkin, þá taki menn samt sem áður tillit til aðstæðna eins og hv. þm. vitnaði til, slíkar aðstæður eru t.d. í Mývatnssveit, mjög áberandi þar, og þá er gert ráð fyrir við endurskoðunina að svigrúm verði til að taka tillit til aðstæðna.

Málefni Þjóðminjasafnsins.

Fsp. KolH, 697. mál. — Þskj. 1116.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég beini svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um málefni Þjóðminjasafnsins:

Hvað líður vinnu við endurbætur á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu og hvenær er gert ráð fyrir að safnið verði opnað að nýju?

Kunnara er en frá þurfi að segja, herra forseti, að UNESCO, eða menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, hefur lagt til eða ákveðið öllu heldur að árið í ár, 2002, sé helgað varðveislu menningarverðmæta. Og það er auðvitað þyngra en tárum taki að á ári sem slíku skuli Íslendingar þurfa að horfast í augu við það að Þjóðminjasafnið skuli vera lokað fimmta sumarið í röð.

Sumarið 1998 var sýningum safnsins lokað og gerð var verk- og tímaáætlun um endurbætur þess, sem hefur nú verið til endurskoðunar oftar en einu sinni og eftir því sem fregnir herma mun vera gert ráð fyrir að safnið opni eða verkið klárist í febrúarlok 2003.

Nú er eðlilegt að við fáum hæstv. menntmrh. til þess að fjalla frekar um þetta við okkur hér, ekki síst í ljósi þess að á málþingi sem nýverið var haldið á vegum Samtaka ferðaþjónustunnar og samgrn. í Þjóðmenningarhúsinu, voru mjög áberandi og háværar þær raddir sem hvöttu til þess að allt yrði gert sem hægt væri til þess að Þjóðminjasafnið gæti farið að opna. Talið er að á því tímabili sem safnið er búið að vera lokað og gert er ráð fyrir að það verði lokað, séu um 1,5 milljónir ferðamanna að fara um hér í Reykjavík. Það er skelfilegt til þess að vita að þetta safn okkar sem hefur að geyma minjar um menningu okkar frá miðöldum skuli vera lokað og ekkert annað í rauninni hægt að bjóða þessum ferðamönnum upp á sem hingað heimsækja okkur.

Auðvitað er freistandi líka, herra forseti, að leggja út af þeirri frétt sem skýrir frá því í dag í Dagblaðinu að áætlaður kostnaður við þær endurbætur hafi svo hækkað frá upphaflegri áætlun úr 670 millj. kr. í 890 millj. kr., eða um tæpar 200 milljónir. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál, sérstaklega þegar litið er til þess, herra forseti, að þetta er ekki fyrsta framkvæmdin af þessu tagi á vegum hins opinbera sem fer svona gífurlega úr böndunum hvað varðar framkvæmdakostnað, ég efast nú um að menn séu búnir að gleyma umræðunni sem við fórum hér í gegnum um endurbætur á Þjóðmenningarhúsinu og framúrkeyrslunni þar. Ég verð að segja, herra forseti, að sú lexía sem menn þóttust hafa lært á þeim mistökum virðist ekki ætla að skila sér og það ber að líta afar alvarlegum augum og vissulega lítur þetta sýnu verr út fyrir ríkisvaldið, þegar til þess er litið að hér fara sömu aðilar með málið fyrir hönd þess og keyrðu fram úr kostnaðaráætlunum við endurbætur Þjóðmenningarhússins.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað líður vinnunni við endurbætur Þjóðminjasafnsins og hvenær er gert ráð fyrir að það opni að nýju?

[13:44]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Við spurningunni „Hvað líður vinnu við endurbætur á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu og hvenær er gert ráð fyrir að safnið verði opnað að nýju?“ er svarið svohljóðandi:

Samkvæmt verkáætlun er áætlað að endurbótum á húsinu sjálfu ljúki í mars 2003. Eftir stendur þá endanlegur frágangur á lóð hússins og uppsetning sýningarinnar í húsinu. Unnið er að útfærslu á uppsetningu sýningarinnar en ekki liggur fyrir á þessari stundu hvenær því verki lýkur. Þá er verkefnið í heild sinni að sjálfsögðu háð því að Alþingi veiti til þess nægjanlegar fjárveitingar, til að unnt verði að ljúka því endanlega. Samkvæmt framansögðu liggur ekki fyrir endanleg dagsetning um opnun hússins.

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta var nú stuttaralegt svar og hæstv. ráðherra skar frekar við nögl upplýsingar um stöðu málsins.

Ég verð að segja að það er ekki einleikið hvernig til tekst í hverju málinu á fætur öðru þegar Sjálfstfl. tekur til hendinni í opinberum stofnunum og silkihúfur einkaframtaksins og

þingmenn Sjálfstfl. raða sér á jötuna og hafa málin með höndum, eins og á við í þessu tilviki og öðrum fleirum. Það er kannski vegna þess sem hæstv. menntmrh. er fáorður í svörum sínum, að hann hefur ekkert sérstaklega mikinn áhuga á því að upplýsa frekar um hvernig mál eru hér á vegi stödd. Kostnaðaráætlun er augljóslega þegar sprungin og húsið þó tæplega fokhelt enn þá eftir fjögur til fimm ár.

Herra forseti. Ég vil segja að það er að mínu mati algerlega óhjákvæmilegt að tekin verði saman skýrsla um stöðu þessa máls og Alþingi fái í haust úttekt á þessum framkvæmdum hingað til, þessum drætti og þessu sleifarlagi og þessari framúrkeyrslu, plús áætlun um hvernig eigi að ljúka verkinu. Það er til vansa að hafa Þjóðminjasafnið lokað árum saman, nema það sé sérstakt aðalsmerki ráðherra Sjálfstfl. að þannig sé.

[13:46]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með þeim ræðumanni sem talaði hér á undan mér að þessi staða í málum Þjóðminjasafnsins er algjörlega ótrúleg. Árið 1998 var okkur gefið það fyrirheit að þetta mundi taka ár. Svo var því nú enn frestað um ár vegna þess að það hefði kostað svo mikið að byggja upp geymslurnar í Kópavogi. Síðan hefur þessu verið frestað frá ári til árs á sama tíma og á hverju ári hafa menn staðið blóðugir upp fyrir axlir að skera niður Endurbótasjóð menningarbygginga svo ekki væri nú hægt að koma þessu verki almennilega áfram.

Ég verð að segja um stöðuna í þessu máli núna, þ.e. að húsið skuli standa fokhelt eftir að búið er að eyða 900 milljónum og engin áætlun til um hvað kosti að koma upp sýningu í húsnæðinu eftir að viðgerð lýkur, að sú staða er alveg ótrúleg og til mikils vansa á sama tíma og eytt hefur verið stórfé í að koma upp þessu dúkkusafni hérna uppi á Hverfisgötu, Þjóðmenningarhúsinu.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með að hæstv. menntmrh. skyldi ekki einu sinni nýta sér allan þann tíma sem hann hafði í ræðustóli til þess að gera okkur einhverja grein fyrir því hvar málið stendur. Hæstv. ráðherra veit að þingmenn bera málefni Þjóðminjasafnsins mjög fyrir brjósti. Hann veit líka að hæstv. fyrrv. menntmrh. dró lappirnar í þessu máli og honum var legið á hálsi fyrir það. Ég hefði því haldið að hæstv. menntmrh., Tómas Ingi Olrich, þyrfti á því að halda að gerast nú bandamaður málefna Þjóðminjasafnsins og segja okkur hér að hann legðist á sveif með málefnum þess og ætlaði sér að reka slyðruorðið af Sjálfstfl. og sjá til þess að myndarlega yrði tekið á í þessu máli. En ég lýsi vonbrigðum með að ekki skyldu koma fram neinar vangaveltur frá hæstv. ráðherranum og ekkert annað en að ekkert liggi fyrir um endanlega dagsetningu opnunar þess.

Hæstv. ráðherra er fullkunnugt um hvernig þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs börðust í umræðunni um fjárlög ársins 2002 þar sem hæstv. menntmrh. var gagnrýndur fyrir hvernig komið væri fram varðandi Endurbótasjóð menningarbygginga. Sömuleiðis var gagnrýnt mjög harðlega að ekki skyldu ætlaðir peningar til þess að setja upp grunnsýningu í endurbættu húsnæði Þjóðminjasafnsins. Hæstv. ráðherra veit að hér hefur verið grenjað á upplýsingar um hvernig menn hyggist standa að málum við að koma upp grunnsýningu í húsnæði safnsins. Hæstv. ráðherra átti þar af leiðandi að koma betur undirbúinn í ræðustól núna með betri upplýsingar og efnismeiri en hann leyfði sér í þeirri ræðu sem hann hélt hér.

Herra forseti. Ég neita að trúa því að hæstv. ráðherra hafi ekki áhyggjur af þessum málum. Ég neita að trúa því að hæstv. ráðherra láti sér nægja þá landkynningu sem Flugleiðir standa fyrir í London núna þar sem stór veggspjöld hanga uppi um alla veggi á lestarstöðum og jafnvel hjá breska þjóðminjasafninu, sem á stendur: „Fancy a dirty weekend in Iceland".

[13:50]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Menn hafa farið nokkuð geyst hér og í raun er sjálfsagt að upplýsa að ekkert liggur fyrir um að kostnaðaráætlanir hafi farið úr böndum í þessu máli. Það er bara alveg sjálfsagt að upplýsa menn um það ef því er að skipta í skýrslu. (**SJS:** Gott, takk.)

Ég vil sérstaklega taka fram um grunnsýninguna að verið er að þróa þá hugmynd. Endanleg útfærsla á henni liggur ekki fyrir. Það er verið að vinna eðlilega að þessu máli. Ég vil minna menn á að sýningartækni og það sem stendur söfnum til boða í tæknimálum nú er sífellt að breytast. Sá sem hér stendur hefur lagt á það áherslu í sérstakri skýrslu sem hann hefur birt að bestu fáanlegri sýningartækni eigi að beita til að kynna menningararfinn. Eru menn svo mikið að flýta sér að þeir vilji frekar opna sem allra fyrst án þess að hafa skoðað þessa möguleika? Ég er alveg sannfærður um að hv. fyrirspyrjandi, Kolbrún Halldórsdóttir, er mér sammála um að þessa hluti á að skoða vel og vandlega. Það skiptir minna máli hvaða dagsetning er sett á hvenær við opnum safnið heldur en hitt að það verði gert af metnaði (**Gripið fram í:** ... búið að skoða það.) og það verði gert vel.

Hér komu fram áðan upplýsingar um að áætlanir um geymslu í Kópavogi hefðu brugðist. Eigum við að minna á það? Ætlunin var að leigja húsnæði eða geymslur fyrir muni safnsins í Holtagörðum eins og ég hygg að hv. þm. sem kom fram með þessa fullyrðingu viti. En leigu á geymslum safnsins í Holtagörðum var sagt óvænt upp og ekki fannst annað hentugt leiguhúsnæði. Við þær aðstæður lá ljóst fyrir að æskilegt væri að finna húsnæði sem nýst gæti sem geymsluhúsnæði og það til framtíðar. Þetta var sem sagt vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Þessu lá ekki áætlun til grundvallar. Menn gerðu það sem best var við þessar aðstæður og leystu málið. En það var dýrara en menn hefðu kosið ef þeir hefðu haldið þessu leiguhúsnæði. Ég bið menn því að fara vandlega yfir þetta mál. Það er sjálfsagt að upplýsa menn um það eins vel og hægt er. En ég vil jafnframt leggja áherslu á að okkur er það öllum mikilvægt að þarna verði vel að málum staðið og þegar sýningin verður opnuð þá verði hún okkur til sóma.

Fundi slitið kl. 13:53.

129. FUNDUR

miðvikudaginn 24. apríl,
kl. 8 síðdegis.

Dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður.

Almennar stjórnmálaumræður.

[20:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðurnar fara þannig fram hver þingflokkur fær 22 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir; tíu mínútur í fyrstu umferð og sex mínútur í annarri og síðustu umferð.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn flokkanna verða sem hér segir: Fyrir Samfylkinguna tala í fyrstu umferð Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv., í annarri umferð Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv., en í þriðju umferð talar Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.

Fyrir Sjálfstæðisflokk tala í fyrstu umferð Geir H. Haarde fjmrh., í annarri Tómas Ingi Olrich menntmrh. en í þeirri þriðju Sigríður Ingvarsdóttir, 4. þm. Norðurl. v.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða í fyrstu umferð Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e., í annarri umferð Þuríður Backman, 5. þm. Austurl., en Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv., í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Páll Pétursson félmrh. í fyrstu umferð, í annarri Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn., en í þriðju umferð Valgerður Sverrisdóttir, iðn.- og viðskrh.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., en Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., í annarri og í þriðju umferð.

[20:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við lifum á spennandi tímum þar sem möguleikarnir til að fara um heiminn til náms eða starfa verða sífellt meiri og tækifærin eru óteljandi. Hlutverk stjórnmálamanna hefur breyst og felst helst í því að setja almennar og skýrar leikreglur með almannahagsmuni í fyrirrúmi, með öðrum orðum að skapa þau skilyrði og lífskjör á Íslandi að landið sé aðlaðandi staður til búsetu fyrir fólk og fyrirtæki. En aukið flæði fólks og fjármagns milli landa vekur líka upp spurningar um stöðu þjóðríkisins og lýðræðisins. Alþjóðavæðingin er sögð ógna lýðræðinu. Forseti Íslands viðraði slíkar hugmyndir á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs nýverið og eitt af því sem hann nefndi til sögunnar sem mundi ýta undir þessa þróun er möguleg aðild Íslands að Evrópusambandinu. Er það virkilega svo að þróunin á stjórnmálavettvangi sé eitthvað sem við þurfum að óttast? Er þverrandi vald stjórnmálamanna til marks um lýðræðishalla? Mundi Evrópusambandsaðild ýta undir slíka þróun? Er raunveruleg hætta á því að við köstum þjóðmenningu okkar, fullveldi og sjálfstæði á glæ ef við tökum virkan þátt í slíku samstarfi?

Nei, góðir landsmenn, ég er algjörlega ósammála slíkum málflutningi. Við eigum ekki að óttast þá þróun sem á sér stað, við eigum þvert á móti að fagna henni og aðlaga lýðræði okkar að henni í stað þess að ríghalda í fyrirkomulag fortíðarinnar.

Ég get tekið undir með Carl Bildt, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, er hann lýsti því þannig að í framtíðinni muni lýðræðið virka á mismunandi stigum. Við mundum hafa staðbundið lýðræði á mismunandi stöðum, í mismunandi löndum, þjóðlýðræði, evrópskt lýðræði, og einn fagran dag mundum við kannski byggja upp alþjóðlegt lýðræði. Við eigum ekki að byggja lýðræði framtíðarinnar á þörfum fortíðarinnar heldur þörfum framtíðarkynslóðanna.

Forseti Íslands nefndi í ræðu sinni á áðurnefndri ráðstefnu þá Evrópu sem birtist honum á uppvaxtarárum hans þar sem aðeins örfá ríki gátu talist lýðræðisríki, önnur voru ýmist ofurseld nasistum, fasistum eða kommúnískum stjórnarháttum. Það er margt til í þessari lýsingu á Evrópu um miðja síðustu öld en við skulum líka vera minnug þess að það var einmitt þessi mynd sem varð til þess að hugmyndin um Evrópusambandið varð til. Það var bitur reynsla Evrópubúa af stöðugum illdeilum milli nágrannaríkja, deilum sem í tímans rás höfðu leitt af sér ofurháa múra utan um ríkin sem byggðu álfuna. Að loknum hörmungum heimsstyrjaldanna á síðustu öld óx hugsjóninni um sterka samvinnu Evrópuríkjanna í nafni friðar ásmegin. Hún snerist reyndar í aðra röndina um viðskipti og markaði en undirliggjandi var einlæg ósk um frið til handa þeim sem álfuna byggja.

Við getum ekki leyft okkur að útiloka möguleikana sem kunna að felast í aðild að Evrópusambandinu fyrir fram og ganga út frá því að við munum aldrei ná viðunandi samningum í sjávarútvegi, að við munum missa fullveldi okkar, að við munum ekki hafa hagstjórnina lengur í okkar höndum. Okkur ber að skoða með opnum huga hvað fælist í upptöku t.d. sameiginlegs gjaldmiðils en samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar er áætlað að við upptöku evru mundi raunvaxtastig lækka um 1,5–2% sem mundi á ársgrundvelli valda lækkun vaxtagreiðslna um 15 milljarða. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort íslensk fyrirtæki þoli til lengdar þá skertu samkeppnishæfni sem kann að fylgja því að standa utan evrunnar.

Góðir áheyrendur. Það er lykilatriði hverjar sem hugsjónir okkar stjórnmálamannanna kunna að vera að landsmenn allir fylgist með og taki þátt í umræðunni um framtíðarmöguleika Íslands í Evrópusamfélaginu. Samfylkingin hefur lagt mikla vinnu í undirbúning og kynningu á kostum og göllum Evrópusambandsaðildar og hyggst að lokum leggja spurninguna um aðild fyrir flokksmenn í póstkosningu í haust. Við viljum virkja okkar fólk til þátttöku í umræðunni, minnug þess að að lokum mun það verða hin íslenska þjóð sem tekur ákvörðunina ef til þess kemur að um aðild verði sótt.

Ég heimsótti nýverið frændur okkar Norðmenn og ræddi þar m.a. við Jens Stoltenberg, fyrrverandi forsætisráðherra Norðmanna, um Evrópumálin en norskir stjórnmálamenn eru brenndir af þeirri reynslu sinni að hafa tvisvar borið samning um Evrópusambandsaðild undir þjóðina sem jafnoft hefur hafnað honum. Látum það ekki verða örlög okkar að einangra umræðuna svo við stjórnmálamennina að þjóðin fylgi okkur ekki. Án þátttöku almennings í umræðunni verður ekki sátt um niðurstöðuna hver sem hún verður á endanum. Þá er sama hvort við teljum að fara eigi hratt eða hægt í nálgun okkar við Evrópu. Hlustum á fólkið sem býr í landinu og virkjum það með okkur í umræðunni.

Um leið og við Íslendingar förum að taka virkari þátt í

fjölþjóðlegu samstarfi, ef við ætlum að gera okkur gildandi í samfélagi þjóðanna, er mikilvægt að færa ákvarðanatöku og heimavelli nær fólkinu. Ella er hætta á að fólkið gleymist í alþjóðavæðingunni. Þetta er þó ekki gert með því að taka upp hreppapólitík fortíðarinnar heldur með því að efla nærþjónustu og samráð.

Samfylkingin gengur víðast til sveitarstjórnarkosninga í vor undir kjörorðinu „Íbúalýðræði – fjölskylduvænt samfélag". Kjarninn í þeim boðskap felst í kröfunni um aukið samráð við íbúa á sem flestum sviðum og því að fjölskyldan og þarfir hennar sé sett í öndvegi við mótun stefnu í sveitarfélögunum.

Nú þegar hafa verið gerðar skemmtilegar tilraunir með íbúaþing í mörgum sveitarfélögum og fleiri eru fyrirhuguð á næstunni. Reykjavíkurborg hefur í mótun sinnar stefnu undanfarin tvö kjörtímabil lagt áherslu á íbúalýðræði og þar hefur tekist vel til. Mér er nærtækt að nefna hverfið mitt, samræmda þjónustu í Miðgarði í Grafarvogi, og virka þátttöku íbúa hverfisins í mótun stefnunnar og fyrirhugaðri stofnun hverfaráða víðar í borginni. Þá má auka íbúalýðræðið með því að nota í auknum mæli beint og milliliðalaust lýðræði en kosningin um Reykjavíkurflugvöll er gott dæmi um slíka viðleitni. Í slíkum aðferðum, beinu og milliliðalausu lýðræði, auknu samráði við íbúa sveitarfélaga og landsins alls og auknu vægi sveitarstjórnarstigsins felast miklir möguleikar.

Landsmenn allir þurfa líka að hyggja vel að þeirri öru búsetuþróun sem hefur átt sér stað hér á landi á umliðnum áratugum með tilheyrandi afleiðingum. Áherslur í byggðamálum þarf að vinna í eins mikilli sátt og kostur er, t.d. með því að kalla til samvinnu heima í héraði til að fjalla um stöðu og möguleika viðkomandi svæðis. Ég nefni hér sem dæmi nýlegt frumkvæði Vestfirðinga sem létu ekki bjóða sér byggðaáætlun sem var heimatilbúin í ráðuneytinu heldur smíðuðu sína eigin.

Byggðamál eru í raun öll þau mál sem áhrif geta haft á búsetuskilyrði fólks. Samfylkingin vill að fólki um land allt sé gert kleift að nýta og njóta sérstöðu sinnar heimabyggðar, bæði í atvinnu- og menningarmálum. Við leggjum líka höfuðáherslu á jöfnuð hvað varðar þjónustu hins opinbera og að fólki séu sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku, m.a. með jöfnun lífskjara varðandi kostnað við menntun og húshitun.

Byggðamál snúast nefnilega ekki bara um landsbyggðina heldur um það hvernig við viljum byggja Ísland. Í þeim anda þarf að vinna ef við viljum ná árangri í því að viðhalda fjölbreytileik byggðar og menningar á Íslandi.

Góðir áheyrendur. Það er fátt sem Íslendingum er kærara en sjálfstæðið. Hið nýfengna sjálfstæði okkar er dýrmætt, bæði hið stjórnmálalega sem fólst í fullveldinu og stofnun lýðveldisins, en einnig hið efnahagslega. Þetta tvennt er líklega ásamt sjálfum menningararfinum það dýrmætasta sem þessi þjóð á og okkur ber að varðveita það. En við skulum líka hafa augun opin fyrir því hvernig það verði best gert í ljósi nýrra tíma.

Ég hef áður nefnt mikilvægi þess að ganga óhrædd til móts við alþjóðlegt samstarf á sem flestum sviðum því auðvitað snýst fullveldið um það að hafa áhrif. En alþjóðlegt samstarf getur líka snúist um það að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Við höfum séð ákveðin hættumerki í íslensku efnahagslífi og það er mikilvægt að við þeim sé brugðist.

Alþýðusamband Íslands hefur ásamt Samtökum atvinnurekenda unnið gríðarlega mikilvægt starf á síðustu missirum til að standa vörð um stöðugleikann, og það er lykilforsenda góðra lífskjara í landinu að áfram sé haldið á þeirri braut. Verkalýðshreyfingin og atvinnurekendasamtökin hafa áður lyft grettistaki í því markmiði að snúa við óheillaþróun í efnahagslífinu og nú hefur aftur fallið í þeirra skaut að eiga frumkvæði að því að bregðast við þeim hættum sem nú steðja að efnahagslífinu. Það tók ríkisstjórnina reyndar marga mánuði að horfast í augu við þann veruleika sem stefndi í og fallast á að setjast að aðgerðaborði með verkalýðshreyfingu og atvinnurekendum. Það veltur því mikið á árvekni aðila vinnumarkaðarins á meðan þessi ríkisstjórn situr.

Að lokum, góðir landsmenn, vil ég vekja athygli á því að veturinn er á enda runninn og ég tek undir með skáldinu sem sagði: Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga. — Gleðilegt sumar.

[20:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er venja við eldhúsdagsumræður hér á Alþingi að hverfa frá hversdagslegu stjórnmálakarpi og horfa yfir þingstörf og þjóðmál liðins vetrar í heild. Ríkisstjórnarflokkarnir geta verið stoltir af árangri sínum á þessu löggjafarþingi. Hagkerfið stendur traustari fótum en flestir höfðu þorað að vona. Hrakspár formanna stjórnarandstöðuflokkanna um brotlendingu íslenska hagkerfisins munu ekki rætast. Þvert á móti bendir allt til efnahagslegrar snertilendingar þannig að eftir stutt tímabil samdráttar taki við kröftugur hagvöxtur strax á næsta ári og kaupmáttur almennings aukist enn. Það er því fyllsta ástæða fyrir okkur öll að líta bjartsýn fram á veg.

Fyrir skömmu var birt álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku efnahagslífi. Þar er m.a. fjallað um hinn mikla hagvöxt á Íslandi á undanförnum árum en síðan segir, með leyfi forseta:

„Þessa frammistöðu má að miklu leyti þakka stefnu stjórnvalda í eflingu markaðsbúskapar, hagræðingu í opinberum rekstri, einkavæðingu og öðrum umbótum sem hafa stuðlað að auknu frumkvæði einstaklinga, fjárfestingu og hagvexti. Góður árangur í að vinna bug á verðbólgu á fyrri hluta síðasta áratugar og hagstjórn sem miðaði að stöðugleika og festu lögðu grunn að hagvaxtarskeiðinu. Mikilvæg í því sambandi var sú framsýni stjórnvalda og staðfesta við að ná tökum á fjármálum hins opinbera og snúa fjárlagahalla fyrri ára í afgang, lækkun á nettóskuldum ríkisins og greiðslur til þess að mæta framtíðarskuldbindingum opinbera lífeyriskerfisins."

Þetta voru ekki mín orð, herra forseti, eða ríkisstjórnarinnar heldur orð óháðra erlendra sérfræðinga. Og matsfyrirtækið Moody's sem hefur sömuleiðis nýlega kynnt niðurstöður sínar staðfestir að hið góða lánshæfismat Íslands skuli standa óhaggað. Þær ástæður eru m.a. tilgreindar fyrir þeirri niðurstöðu að skipulagsumbætur á síðustu árum hafi leitt til aukins fjölbreytileika efnahagslífsins, mikils hagvaxtar, jafnvægis á fjármálamarkaði og lækkunar á skuldum ríkisins.

Í augum þessara aðila er hinn mikli uppgangur hér á landi engin tilviljun, enda er hann það að sjálfsögðu ekki. Stefnan skiptir máli. Árangurinn er bein afleiðing af skynsamlegri stefnu ríkisstjórnarinnar.

Sjálfsagt kemur þetta þingmönnum stjórnarandstöðunnar nokkuð á óvart. Þeir hafa við ótal tækifæri haldið því blákalt fram að efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar væri svo vond og svo ónýt að ekkert gæti bjargað íslenska hagkerfinu frá djúpri lægð, jafnvel kreppu. Ekkert er fjær sanni, og ber öllum saman um að áframhaldandi góðviðri sé í vændum í íslensku efnahagslífi.

Á liðnu hausti voru afgreiddar hér á Alþingi mikilvægar skattkerfisbreytingar sem mælst hafa afar vel fyrir, bæði innan lands og utan. Þær eru liður í að bæta samkeppnisskilyrði í atvinnurekstri og tryggja íslenskum fyrirtækjum sem hagfelldast starfsumhverfi. Tekjuskattur á íslensk fyrirtæki er nú 18% en var um 50% þegar fyrsta ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum. Það er ánægjulegt að sjá hve jákvæð áhrif þessi ákvörðun hefur þegar haft, og afleiðingar þessara breytinga eru alls staðar sýnilegar.

Skattalækkanir á fyrirtæki eru liður í áformum ríkisstjórnarinnar til að tryggja að á Íslandi sé sem best aðstaða til atvinnurekstrar og nýsköpunar. Það er grundvallarforsenda þess velferðar- og velmegunarsamfélags sem við viljum búa í. Það er til marks um árangurinn að því er spáð að í ár muni kaupmáttur launa aukast áttunda árið í röð. Slíkur árangur er mjög sjaldgæfur hvert svo sem litið er. Það sem þó meira er, honum er jafnar skipt hérlendis en annars staðar þekkist. Það sýndi rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á liðnum vetri um tekjuskiptingu á Íslandi. Sannleikurinn er sá að bæði eru lífskjör hér á landi góð og þeim er jafnar skipt en víðast hvar annars staðar. En auðvitað getum við samt gert enn betur og það á að vera, og það er, markmið okkar að bæta hag þjóðarinnar allrar.

Lágir skattar auka hvatningu fólks og fyrirtækja til að ná árangri. Ríkisstjórnin hefur ekki sagt sitt síðasta orð í þeim efnum og ætlar að halda áfram á braut skattalækkana, bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Slíkar breytingar hafa ekki aðeins efnahagslega þýðingu, þær eru líka mikilvægur liður í því að auka fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga og svigrúm þeirra til að ráðstafa sjálfir eigin aflafé. Ein átakalínan í stjórnmálum snýst einmitt um þetta atriði. Við sjálfstæðismenn viljum auka fjárhagslegt sjálfstæði borgaranna á meðan vinstri flokkarnir stefna í þveröfuga átt.

Herra forseti. Nýlega kynnti ríkisstjórnin áform um veitingu ríkisábyrgðar vegna uppbyggingar lyfjaþróunar á vegum Íslenskrar erfðagreiningar. Þessari aðgerð er ætlað að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi og hlúa að þróun hátækniiðnaðar á Íslandi. Þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefur verið gagnrýnd af ýmsum og að vissu leyti er slík gagnrýni merki um aukinn þroska íslensks efnahagslífs því ekki er langt síðan að ríkisábyrgðir í atvinnurekstri voru svo að segja daglegt brauð. En í þessu máli er um stórfellt tækifæri til nýsköpunar í þekkingariðnaði að ræða. Ábyrg stjórnvöld geta ekki lokað augunum fyrir því að stórverkefni á borð við 35 milljarða kr. uppbyggingu á sviði lyfjaþróunar mun ekki reka á fjörur Íslendinga nema með vissum atbeina hins opinbera.

Ríkið ábyrgist skuldbindingar Landsvirkjunar í tengslum við stórvirkjanir, og ekki er óeðlilegt að slíkt komi til álita þegar að því kemur að virkja mannauðinn á Íslandi til frekari stórafreka. Það er þó nauðsynlegt að hafa hugfast að þessi stuðningur ríkisins mun í einu og öllu verða í samræmi við reglur sem gilda um slíka aðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu. Í því regluverki er beinlínis gert ráð fyrir því að stuðningur af þessu tagi geti komið til þegar um rannsóknar- og þróunarverkefni eins og hér um ræðir er að tefla. Og það er sérkennilegt að hér á Alþingi skuli ríkisstjórnin gagnrýnd harðlega fyrir að vilja nýta þessar reglur eins og aðrar Evrópuþjóðir gera og það í stórum stíl. Í þessu máli er ekki verið að kasta peningum almennings á glæ heldur búa nýrri atvinnugrein svigrúm til að skapa hér hundruð nýrra hálaunastarfa. Það væri mikill ábyrgðarhlutur að kasta slíku tækifæri frá sér.

Herra forseti. Á síðustu vikum hefur umræða um Evrópusambandið verið nokkuð áberandi hér á landi, og ekki fór á milli mála hvert hugur síðasta ræðumanns stefnir í þeim efnum. Stuðningsmenn þess að Ísland gangi í Evrópusambandið láta sem svo að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sé ekki lengur fullnægjandi. Ég er ósammála þessu. Ég tel að fríverslunarhagsmunir okkar séu vel tryggðir með þeim samningi. Stuðningsmönnum aðildarviðræðna láist gjarnan að nefna kostnaðinn sem falla mundi á Íslendinga ef við værum aðilar að Evrópusambandinu en líklegt má telja að hann gæti orðið á annan tug milljarða króna árlega. Ef menn eru síðan tilbúnir að senda slíkan reikning til landsmanna þarf líka að spyrja í hvað þeir peningar mundu fara. Og svarið við spurningunni er að stór hluti af öllum útgjöldum Evrópusambandsins fer í niðurgreiðslur á óarðbærum landbúnaði í Evrópu. Fátt veit ég vitlausara en tillögur um að veita milljörðum króna af skattfé Íslendinga í þá botnlausu hít sem hin sameinaða landbúnaðarstefna Evrópusambandsins er sem þar að auki virðist algjörlega stjórnlaus.

Góðir tilheyrendur. Staða efnahagsmála á Íslandi er sterk. Það er bjart fyrir stafni. Gengi krónunnar hefur styrkst mjög að undanförnu. Allt bendir til þess að rauða strikið í maí muni halda og þannig verði komið í veg fyrir víxlverkun launa- og verðhækkana. Sá árangur næst með samstilltu átaki ríkisins, Alþýðusambandsins, Samtaka atvinnulífsins og fleiri aðila á vinnumarkaðnum.

Í dag er síðasti vetrardagur og innan nokkurra daga lýkur Alþingi störfum. Það er nokkru fyrr en venjulega vegna komandi sveitarstjórnarkosninga. Sveitarstjórnarmálin verða sífellt mikilvægari fyrir allan almenning og því er brýnt að kjósendur kynni sér málefnin til hlítar. Í Reykjavík er sérstaklega mikilvægt að ábyrg stjórn Sjálfstæðisflokksins taki við af R-lista vinstri manna og snúi við óheillaþróun síðustu ára í borginni. Sjálfstæðismenn í sveitarstjórnum um land allt hafa og sýnt að þeim er best treystandi til að sinna þeim úrlausnarefnum sem sveitarfélögin fást við. Ég vænti þess að þeir fái hvarvetna góðan stuðning. Um leið óska ég landsmönnum öllum gleðilegs sumars. Góðar stundir.

[20:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna draga upp sína fögru mynd af stjórnsýslunni í landinu gleymist eitt sem unnið er að mánuð eftir mánuð, missiri eftir missiri. Það er það að ríkisstjórn sjálfstæðismanna, með liðsstyrk framsóknarmanna, er að framkalla hér grundvallarbreytingar á þessu samfélagi. Mánuð eftir mánuð, missiri eftir missiri, er settur steinn í þann vegg sem er ætlað að girða fyrir að við getum áfram rekið það samfélag sem við höfum svo farsællega gert um áratuga skeið á grunni jafnréttis og félagshyggju. Það er allt undir. Það á að einkavæða öldrunarþjónustuna. Heilsugæslan, einkavæðing í þeim geira. Sjúkrahúsin, einkavæðing þar. Póstþjónustan, hlutafélagavæðing. Landssíminn, eins og menn muna þó að sá ásetningur hafi ekki enn leitt til sölu. Nú er rafmagnsframleiðslan í landinu undir, dreifikerfið. Menntakerfið. Núna inn á sveitarstjórnarstig, vatnsveitur, og í framhaldinu hitaveitur.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum í grundvallaratriðum andvíg þeirri stefnu sem þessi hv. ríkisstjórn keyrir. Við viljum byggja félagslega grunnþjónustu á því að hún sé opinberlega rekin af ríki eða sveitarfélögum

eins og margoft hefur komið fram í málflutningi okkar. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, með liðsinni Framsóknarflokksins, vinnur markvisst að breytingum á samfélagi okkar og hefur horfið frá félagshyggjusamfélagi til markaðshyggjusamfélags. Enn er unnið að. Og enn verður unnið að því mikið er í farvatninu næstu mánuðina.

Það er þessi stjórnarstefna sem við berjumst gegn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Því miður er afl okkar ekki nægilegt til að ráða við þann sterka straum sem keyrður er hvað þessar samfélagsbreytingar varðar. Þetta er alvarlegt mál fyrir Ísland og mun leiða okkur til fátæktar þegar til lengri tíma er litið. Að selja bestu mjólkurkýrnar, jafnvel úr landi, til að verða leiguliði annarra þegar til framtíðar er litið er ekki sú pólitík sem við viljum sjá. Og að koma fram fyrir fólkið annað slagið og segja að efnahagsmálin séu í lagi enn um sinn — það verður að draga fram hvað þessir flokkar eru að gera íslensku samfélagi. Það er meginmál. Það er pólitíkin sem við erum að tala um og eigum að fást við.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur vörð um íslensk gildi. Þegar ég tala um íslensk gildi er það það samfélagsmunstur sem við höfum byggt upp og dugði okkur svo vel og gaf okkur svo mikla farsæld um áratuga skeið. Tíu ára stjórnarstefna Davíðs Oddssonar er með æ ríkari þunga að framkalla þær breytingar sem ríkisstjórnin, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Framsóknarflokksins, leggur meginherslu á.

Góðir Íslendingar. Það verða sveitarstjórnarkosningar 25. maí. Vegna ástandsins í landsmálum hafa slíkar kosningar sennilega aldrei í sögunni verið jafnmikilvægar og einmitt nú, 25. maí. Þetta verða afar mikilvægar, pólitískar kosningar og það er mikilvægt vegna stöðu landsmála að félagshyggjuöflin í sveitarstjórnum verði sterk og geti veitt viðspyrnu. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur þegar hreiðrað um sig og gert ráðstafanir og komið málum á skrið hvað varðar einkavæðingu í ríkisgeira. Nú er komið að sveitarstjórnarstiginu. Og hér hafa verið frv. sem gefa mönnum möguleika á því að selja samfélagslegar eignir í sveitarstjórnunum. Það er afgerandi af okkar hálfu, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að þessi pólitík, þessi stjórnarstefna, þessi keyrsla, verði stöðvuð og við tökum aftur upp þá línu félagslegra gilda sem við höfum byggt á í þessu landi. Sem dæmi: Við munum aldrei samþykkja það að vatnsveitur sveitarfélaganna verði einkavæddar og seldar. Það kemur ekki til greina. Það hefur verið gert í öðrum löndum á grunni stjórnarstefnu sem keyrð er hér og það er reynsla af því. Það er líka reynsla af því í öðrum löndum hvert einkavæðing í raforkugeira hefur leitt, og við þurfum ekki að fara yfir lækinn til að sækja vatnið. Þessu er Vinstri hreyfingin – grænt framboð andvíg og vill beita öllu afli til að stöðva þá stjórnarstefnu sem hér er rekin.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð býður fram eigin lista nú í sveitarstjórnarkosningunum í átta sveitarfélögum. Við verðum þátttakendur á listum í u.þ.b. 15 sveitarfélögum. Við bjóðum fram ein og sér í stórum bæjarfélögum eins og Akureyri, Hafnarfirði og Kópavogi og við erum þátttakendur í R-lista. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum leggja þessum listum allt það lið sem við getum og við erum stolt af því að standa við bakið á því fólki sem vill hjálpa til á sveitarstjórnarstigi við að stöðva framgang stjórnarstefnu sem mun leiða af sér háska fyrir íslenskt samfélag þegar til lengri tíma er litið.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun halda uppi einarðri baráttu gegn einkavæðingar- og gróðahyggjusjónarmiðum sem hafa verið siglingarljós ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar með liðsstyrk framsóknarmanna.

Góðir Íslendingar. Nú gengur sumar brátt í garð og ég óska ykkur gleðilegs sumars.

[20:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Veturinn er að kveðja. Vorið er á næsta leiti. Það hefur birt yfir í tvennum skilningi. Á öndverðum vetri voru horfur dökkar í efnahagsmálum, en með samræmdu þjóðarátaki hefur tekist að kveða verðbólguna niður og er verðbólguhraði á ársgrundvelli nú um eða undir tveimur prósentum. Allar horfur eru á því að við verðum undir rauða strikinu í maí og kjarasamningarnir haldi. Krónan er að styrkjast. Vextir fara lækkandi. Hagvöxtur er á uppleið. Kaupmáttur hefur aukist um árabil meira en í öðrum löndum og lífskjör og lífsgæði hér eru með því besta sem þekkist í veröldinni. Við höfum sannarlega fólk í fyrirrúmi.

Nokkur reynsla er komin á lögin um fæðingar- og foreldraorlof. Þegar þau eru komin að fullu til framkvæmda, en það verður um næstu áramót, búa íslenskar fjölskyldur við betri og fjölskylduvænni fæðingarorlofslög en aðrar þjóðir, jafnan rétt kvenna og karla og sama rétt á öllum vinnumarkaði. Lögin hafa reynst vel og næstum allir feður taka fæðingarorlof. Því ættu lögin að stuðla mjög að launajafnrétti kynjanna eins og þeim var ætlað. Þá munu lögin tryggja barninu samvistir við bæði föður og móður, gera ábyrgð þeirra gagnvart barninu jafna og gefa körlum og jafnt sem konum kost á að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf. Þá er foreldrum heimilt að taka sér frí til að vera með barni sínu allt að þrettán vikum hvoru foreldri á fyrstu átta árum ævi barns. Enn fremur er óheimilt að segja fólki upp störfum vegna þess að það þurfi að sinna fjölskylduábyrgð.

Endurskipulagningu húsnæðismála er að ljúka. Við höfum stóraukið félagslega aðstoð í húsnæðismálum. Við hurfum frá úreltu félagslegu íbúðakerfi og tókum upp félagslegt lánakerfi. Með lagabreytingu sem nú er til lokameðferðar á Alþingi er fjölskyldum í félagslegum eignaríbúðum frjálst að velja hvort þær láta sveitarfélög sín leysa íbúðirnar til sín eða selja þær sjálfar á frjálsum markaði. Þetta er geysilegt hagræði fyrir fjölskyldur á þeim svæðum þar sem markaðsverð íbúða er hátt.

Jafnframt er með þessari lagabreytingu komið til móts við þau sveitarfélög sem hafa orðið að innleysa félagslegar íbúðir og eru í erfiðleikum með rekstur þeirra. Myndaður er sérstakur sjóður, varasjóður húsnæðismála, úr tveimur sjóðum í eigu sveitarfélaganna og árlegu ríkisframlagi næstu fimm ár. Þessi sjóður fær það hlutverk að aðstoða sveitarfélög sem vilja selja íbúðir og einnig að aðstoða sveitarfélög við rekstur leiguíbúða þar sem markaðsleiga í viðkomandi sveitarfélagi stendur ekki undir rekstri íbúðanna. Með þessum aðgerðum er talið unnt að leysa þennan vanda um land allt á næstu fimm árum. Þá hefur verið ákveðið að sveitarfélög sem hafa orðið að innleysa félagslegar eignaríbúðir megi láta upphafleg lán á lágum vöxtum standa út lánstímann. Einnig hefur verið ákveðið að ríkið niðurgreiði vexti á lánum til 400 nýrra leiguíbúða á ári sem ætlaðar eru námsmönnum, öryrkjum, öldruðum og öðru fólki undir skilgreindum tekju- og eignamörkum.

Í samstarfi við Íbúðalánasjóð, lífeyrissjóðina og sveitarfélög er félmrn. að hrinda af stokkunum átaki til að fjölga leiguíbúðum á almennum markaði. Áformað er að byggja í þessu átaki með niðurgreiddum vöxtum 150 íbúðir árlega

næstu fjögur ár eða 600 leiguíbúðir alls. Búseti mun byggja og reka 300 þessara leiguíbúða og önnur leigufélög hafa þegar sótt um flestöll þau lán sem í boði eru. Ætla má að með þessum aðgerðum þróist hér heilbrigður leigumarkaður. Húsaleigubætur hafa verið hækkaðar, aukið tillit tekið til fjölskyldustærðar og húsaleigubætur gerðar skattfrjálsar og það er umtalsverð kjarabót fyrir tekjulága.

Tekjulágir einstaklingar geta leitað til húsnæðisnefndar í sveitarfélagi sínu og óskað eftir aðstoð við að kaupa húsnæði. Samþykki húsnæðisnefnd fer viðkomandi og velur sér íbúð á markaði, fær húsbréf fyrir 60% af kaupverði eða 70% ef um fyrstu íbúð er að ræða gegn veði í íbúðinni og síðan peningalán til viðbótar þannig að heildarlánsupphæð verður 90% af kaupverði. Sveitarfélagið leggur 5% af upphæð viðbótarlánsins í varasjóð því til tryggingar. Síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa 1999 hafa um 5.000 tekjulágar fjölskyldur fengið þessa aðstoð við að komast í eigið húsnæði.

Landsmenn fengu að heyra svartsýni hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar. Ósköp hlýtur þeim að líða illa að þurfa að berjast á móti, alltaf að berjast á móti, en aldrei fyrir neinu. Það er náttúrlega fjarstæða, það hefur engum dottið í hug að einkavæða vatnsveitur. Þær eru skylduverkefni sveitarfélaga.

Eins og ég sagði í upphafi eru horfur í efnahagsmálum okkar ólíkt bjartari nú á sumarmálum en þær voru í skammdeginu. Okkur hefur tekist með sameinuðu þjóðarátaki að koma böndum á verðbólguna. Aðilar vinnumarkaðarins, og þá sérstaklega Alþýðusamband Íslands, eiga miklar þakkir skildar fyrir framgöngu sína í þeirri baráttu. En það sem gerði okkur mögulegt að ráða við verðbólguna var að við höfum okkar eigin mynt og getum því brugðist við áföllum og ráðum okkar málum sjálfir. Þróunin í vetur sýnir okkur glögglega hversu fráleitar þær hugmyndir eru að hagsmunum Íslands gæti verið betur borgið innan Evrópusambandsins.

[20:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sértækar aðgerðir í sjávarútvegi og byggðamálum hafa allan valdatíma þessarar ríkisstjórnar verið meginstefna hennar. Með hverri lagabreytingunni á fætur annarri hafa stjórnarþingmenn sérsaumað utan um og aukið á vanda sjávarbyggðanna með þeim afleiðingum að atvinna minnkar og óöryggi fólks á landsbyggðinni vex.

Hvernig er framkvæmd hinnar sértæku eyðibyggðastefnu ríkisstjórnarinnar? Jú, fáum er tryggð eign á nýjum kvótasettum fisktegundum, t.d. síðast keilu, löngu og skötusel. Vont kvótakerfi verður enn verra í framkvæmd. Fiskframboð minnkar, úr útgerð dregur, brottkast vex. Afleiðingin er minni vinna, lægri tekjur og meiri óvissa fólks um framtíð sína.

Smábátunum var troðið inn í kvótakerfið og veiðifrelsi þeirra og því sem eftir var af veiðirétti sjávarbyggðanna var nauðgað inn í krókaaflamarkskerfið. Ufsa, steinbít og ýsu var útdeilt í smáskömmtum til smáútgerðanna og í hvert skipti sem úthlutað er sértækt fara þeir sem áður voru bestu vinir að deila innbyrðis. Þeir verða jafnvel óvinir. Þessar sértæku úthlutanir eru endurteknar nokkrum sinnum. Sumir fá og aðrir ekki í hvert sinn.

Sumir frétta eftir kortlögðum sértækum leiðum af aðgerðum stjórnarþingmanna hvort betra sé að selja eða kaupa smábáta- og kvótarétt. Smábátaútgerðarmennirnir deila. Þeim er misjafnt skammtað. Sumir selja. Aðrir kaupa. Þeir sem best vita fyrir fram hagnast mikið. Þeir sem ekki fá neitt að vita tapa miklu og selja á röngum degi. En þeir sem vita um næstu sértæku aðgerðir stjórnarþingmanna bíða færis. Fólkið sér ósætti. Það sér ósættið vaxa, en það segir fátt. Það óttast að geta orðið fyrir sértækum aðgerðum yfirvaldsins.

Sértæku stjórntökin ganga upp einnig í norsk-íslensku síldinni sem verður nú eign fárra út á veiðiréttarviðmið sem Hæstiréttur dæmdi ólög í desember 1998. Allur sjávarútvegspakkinn nú er sértæk aðgerð. Fiskifræðingar Hafró eiga að ráða því hvort Jón eða Gunna fái möguleika á að stunda rannsóknir í sjónum. Hættulegir áhugamenn um hafrannsóknir þurfa eftirlit. Sértækum byggðapottum er fjölgað, enda veitir ekki af. Kvótabraskskerfið býr sjálfkrafa til vandamál þegar veiðirétturinn er seldur úr byggðinni. Þá er svo gott að vera við völd með sértækum leiðum og deila og drottna.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sértækum aðgerðum gegn byggðum sem voru í vanda vegna minni atvinnu, fækkunar fólks og þar af leiðandi minni tekna var beitt og er sala Orkubús Vestfjarða gott dæmi þar um. Nú liggur fyrir Alþingi lagafrv. sem felur í sér að sveitarfélagið Skagafjörður og ríkissjóður selji hluti sína í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Á liðnum missirum hefur hvert sveitarfélagið af öðru verið knúið til að selja eigur sínar upp í skuldir. Þannig hafa þau verið neydd til að fórna þeim fyrirtækjum sem mestan arð gefa. Það reynist svo skammgóður vermir og alls engin framtíðarlausn. Enn á ný er vegið að undirstöðu byggðanna. Fyrirtæki sem skila fólkinu í byggðunum arði eru seld með sértækum aðgerðum. Framkoma ríkisins gagnvart hinum dreifðu byggðum er forkastanleg. Sértæku ríkisstjórnarflokkana á fólkið hvergi að kjósa. Og nú skal metið slegið. Sjálfstæðisflokkurinn vill sértæka aðstoð við eitt fyrirtæki með því að veita því 20 milljarða kr. ríkisábyrgð. Þessu flókna og einstaka máli fylgir mikil áhætta. En Alþingi er ætlað að fjalla um það á örfáum dögum. Frumvarpið hefur mætt mikilli andstöðu fjármálamarkaðar, fulltrúa atvinnulífsins, Þjóðhagsstofnunar, Hagfræðistofnunar háskólans og fyrirtækja á líftæknisviði. Þó svo að Íslensk erfðagreining sé framsækið fyrirtæki í hátækniiðnaði er aðkoma ríkisvaldsins og löggjafarvaldsins óeðlileg og felur í sér gríðarlega áhættusama fyrirgreiðslu við eitt fyrirtæki.

Þá má minna á að umrætt fyrirtæki hefur þegar fengið sérstaka fyrirgreiðslu umfram önnur sem fólst í því að veita því einkaleyfi til tólf ára á ættfræðirannsóknum. Það á ekki að setja þingmenn í þá stöðu að velja eitt fyrirtæki til að styðja umfram önnur og brjóta með því almennar jafnræðisreglur.

Fram hefur komið hörð gagnrýni á þau áform ríkisstjórnarinnar að leggja niður Þjóðhagsstofnun og hefur minni hluti efh.- og viðskn. fært gild rök fyrir þeirri gagnrýni í nefndaráliti sínu. Þar segir m.a. að hagfræðileg og fagleg rök skorti fyrir því að leggja niður óháða stofnun sem hafi svo mikilvægu hlutverki að gegna við greiningu á þróun efnahagslífsins. Verði Þjóðhagsspár og þjóðhagsáætlanir færðar undir fjármálaráðuneytið, er vafasamt að það efli trúverðugleika þeirra. En um það segir svo í nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur það ganga gegn öllum faglegum vinnubrögðum og aðhaldi við efnahagsstjórnina að færa gríðarlega mikilvæg verkefni á sviði efnahagsmála frá óháðri stofnun til hagstjórnaraðila

eins og Seðlabanka og fjármálaráðuneytisins sem lýtur pólitískri forustu ráðherra."

Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að það hafi sparnað í för með sér að leggja stofnunina niður í núverandi mynd.

Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram þáltill. um lágmarksbætur til handa þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun og naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfæris á efri árum. Tillaga þessi er flutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er um að ræða verulega réttarbót sem varðar fjölmargar stéttir, svo sem bændur, húsmæður og almennt verkafólk. Vitað er að lífeyrisgreiðslur eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð lífeyrisþega. Sú aðferð sem lögð er til í þáltill. leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 40.000 kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn fær úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 40.000 kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, fækkar þeim sem njóta þessarar reglu. Það leiðir til þess smám saman að kostnaður ríkissjóðs minnkar.

Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Því miður fáum við ekki að mæla fyrir þessari tillögu á þessu þingi, en Frjálslyndi flokkurinn leggur einnig mikla áherslu á velferðarmál á vettvangi sveitarstjórnarmála.

Já, stjórnarflokkarnir geta sagt: „Við deilum og drottnum með sértækum aðgerðum."

„Við skulum höggva í tönn," sögðu félagarnir Karíus og Baktus um þann skítuga kjaft sem þeir höfðu svo gott útsýni yfir. Það þarf að þvo og skola út því kvótabraskskerfi sem við búum við. Þegar kjósendur taka þá ákvörðun sem þeir þurfa nú að taka, bæði í bæ og borg, og að ári í alþingiskosningum, þ.e. að losa okkur við völd stjórnarflokkanna þá kemur nýr tími viðgerða þess sem skemmt hefur verið. Holur verða grafnar út og gert við. Yfir þær djúpu sem menn komast ekki upp úr og fengið hafa nafnið Davíðsholur verður vandlega steypt. Sértækri mismunun stjórnarflokkanna mun örugglega ljúka.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs sumars.

[20:48]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Góðir landsmenn. Að undanförnu hafa verið miklar annir hér í þingsölum, mörg mál, stór sem smá, hafa verið afgreidd í mismikilli sátt. Enn eru eftir nokkur mál sem krefjast talsverðrar umræðu og um nokkur þeirra er mikill ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Málefni útlendinga er eitt þeirra, heildarlöggjöf sem á að vísa fram á veginn, á að vera í takt við aðrar þjóðir og á að vera í takt við tímann. Svo er að sjálfsögðu ekki og margar breytingar þyrfti að gera ef svo mætti vera.

Ég vil minna á eitt lítið mál, ef lítið skyldi kalla, og búið er að afgreiða sem lög frá Alþingi. Það lýtur að kosningarrétti útlendinga og norrænna borgara til sveitarstjórna. Þar var ákveðið að við ein Norðurlandaþjóða skyldum ekki bjóða norrænum borgurum sama rétt og við höfum á öðrum Norðurlöndum. Við veitum þeim minni rétt hér heima en við fáum í heimalandi þeirra. Þeir þurfa að bíða í þrjú ár meðan við fáum að kjósa um leið og við fáum lögheimili í öðru norrænu landi.

Af hverju teljum við okkur svo sérstök að við eigum að fá allt en ekki láta meira af hendi en nauðsyn krefur? Þetta tel ég vera mismunun þó ekki séu þetta samlandar mínir sem eiga í hlut, heldur norrænir frændur. Auðvitað eigum við að virkja þetta fólk sem allra fyrst til að taka þátt í málum síns sveitarfélags, bæði með því að gefa kost á sér til framboðs og taka þátt í mótun á nánasta umhverfi sínu. Við eigum að láta af þessari sérhyggju og horfa í átt til jafnræðis.

Útlendingar sem hingað koma hafa verið nauðsynlegt vinnuafl fyrir Ísland. Þeir hafa unnið þá vinnu sem við höfum ekki viljað vinna. Stundum hefur verið talað um að sennilega legðust heilu byggðirnar í eyði væru þeir ekki til staðar til þess að vinna í sjávarútvegi. Við eigum að þakka fyrir þetta og við eigum að tryggja hag þeirra sem best í samræmdri löggjöf. Við eigum að bjóða þá velkomna í samfélagið en ekki líta á þá sem einhverja afgangsstærð með minni og önnur réttindi en okkar. Þeir greiða hér skatta og skyldur, eiga fjölskyldur og húsnæði, njóta menningar og tannhjól efnahagslífsins liti öðruvísi út ef við hefðum ekki notið krafta þeirra.

Góðir áheyrendur. Ein af þeim hugmyndum sem hafa mjög rutt sér til rúms hér á landi er íbúalýðræði og íbúaþing. Reykjavíkurborg hefur nýtt sér þetta, t.d. vegna vinnu við skipulag og þróun á Kjalarnesi þar sem þróa á vistvæna byggð. Þar komu allir íbúar að og lögðu sitt af mörkum og forgangsröðuðu verkefnum. Íbúaþing er skilvirk leið til þess að hafa samráð um stefnumótun, skipulag og önnur verkefni ríkis og sveitarfélaga. Með því að halda íbúaþing gefst yfirsýn yfir hag íbúa til ákveðinna þátta og hug þeirra til þeirra og verkefni sem verið er að vinna í nánasta umhverfi þeirra. Það er t.d. auðvelt að sjá fyrir sér vinnu með öldruðum og öryrkjum og samtökum þeirra þar sem mál þeirra væru skoðuð heildstætt, horft til lausna fremur en vandamála og komið með tillögur til úrbóta.

Kosningarrétturinn er okkur helgur. Án hans er ekkert lýðræði. Það er afar mikilvægt að nýta sér hann, hvort sem kosið er til þings eða sveitarstjórna. Frakkar vöknuðu upp á dögunum við vondan draum. Kosningaþátttaka var með minnsta móti og margir höfðu gleymt að kjósa í forkosningum til forsetaembættisins. Jean-Marie Le Pen lenti í 2. sæti, öllum að óvörum. Le Pen hefur verið talsmaður kynþáttahaturs, fordóma og öfga og reyndar hlotið dóm fyrir ummæli sín í garð gyðinga. Eitt er víst að franska þjóðin er miður sín vegna þessa og mikill lærdómur í þessu falinn. Kosningarnar í Frakklandi sýna að ákveðin þróun á sér stað í Evrópu og þetta er ekkert einangrað fyrirbæri. Skemmst er að minnast þess sem gerðist í kosningum í Danmörku og Austurríki. Gegn þessari þróun þarf að berjast með öllum tiltækum ráðum og það þurfa fleiri að vakna en Frakkar.

Við vitum að hatur og fordómar ala af sér ofbeldi. Við eigum ekki að stuðla að aðgreiningu, við eigum að stuðla að samstöðu, samstöðu gegn fordómum með uppfræðslu og samræðum milli ólíkra hópa. Við eigum að taka virkan þátt í að uppræta fordóma gagnvart þeim sem eru öðruvísi, meta margbreytileikann, sjá ríkidæmið í honum. Við eigum ekki að mismuna fólki eftir uppruna, litarhætti, trúarbrögðum eða stöðu. Sinnuleysi og andvaraleysi er helsti óvinur lýðræðisins.

Góðir landsmenn. Lýðræði og mannréttindi eru fyrir okkur Íslendingum sjálfsögð, en svo er ekki hjá öllum þjóðum,

því miður. Við sem þjóð eigum að leggja okkar af mörkum og ríkisstjórn Íslands á að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að stöðva ofbeldi og þau voðaverk sem framin eru gegn varnarlausu fólki í Palestínu. Þar eru saklausir borgarar teknir af lífi, mannréttindi fótumtroðin og að engu höfð, alþjóðasamningar þverbrotnir, meinað er að sinna særðum og jarða látna. Vatn, skolp, vegir, híbýli, menntastofnanir, þjónustustofnanir, allt er lagt í rúst, engu er eirt.

Ef einhvern tímann hefur verið þörf á alþjóðlegum friðarsveitum, þá er það nú. Það hlýtur að vera krafa alþjóðasamfélagsins í dag. Ekki er hægt að horfa upp á þetta öllu lengur. Ríkisstjórn Íslands á að láta til sín taka með afgerandi hætti. Borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eru fótumtroðin. Það á að sjálfsögðu að gera kröfu til Ísraela að þeir framfylgi ályktunum Sameinuðu þjóðanna um stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu og þeir virði réttindi palestínskra flóttamanna, en slíkt hefur að sjálfsögðu ekki verið gert þegar horft er til atburðanna í Jenín.

Góðir Íslendingar. Við skulum hafa hugfast að heimurinn er líka hér heima. Við erum þátttakendur í alþjóðasamfélaginu og berum skyldur í samræmi við þá samninga sem við höfum undirritað og gerst aðilar að. Við eigum að standa vörð um mannhelgi og mannréttindi, um rétt fólks til betra lífs. — Ég óska landsmönnum gleðilegs sumars.

[20:54]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á undanförnum tíu árum hefur orðið gagnger breyting á íslensku efnahagslífi og samfélaginu öllu. Atvinnulífið hefur styrkst stórlega og lífskjör hafa batnað mun hraðar en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Eitt af því besta í þeirri þróun þegar litið er til lengri tíma er að fagþekking hefur stórlega aukist í fyrirtækjunum. Náðst hefur samspil milli atvinnulífs, rannsókna og vísinda sem styrkir alla aðila. Á tíu ára tímabili hafa heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar farið úr rúmlega 6 milljörðum í rúma 20 milljarða á verðlagi ársins 2001. Hlutur fyrirtækjanna í framlögum til rannsókna og þróunar hefur vaxið úr 21,8% árið 1991 í 64,2% árið 2001. Við erum nú meðal þeirra þjóða heimsins sem hlutfallslega verja mestu fjármagni til rannsókna og þróunar. Störfum í þessum geira atvinnulífsins hefur fjölgað úr 1.200 árið 1991 í 2.500 árið 2001. Vísindin hafa eflt atvinnulífið og atvinnulífið hefur styrkt vísindin. Þessi samskipti hafa verið mikill aflvaki í þjóðfélaginu.

Við lifum á tímum mikilla breytinga. Aðlögunarhæfni og viðbragðsflýtir eru lykilorð í heimi nútímans. Menntun, rannsóknir og vísindi eru nú drifkraftur breytinga og framþróunar í atvinnulífinu. Í samræmi við þetta hefur ríkisstjórnin ákveðið að þessir málaflokkar fái þann sess sem þeim ber við stefnumótun stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum. Lögð hafa verið fram þrjú vísindafrumvörp þar að lútandi. Þau nýmæli sem í frumvörpunum felast eru mikilvæg, þau eru í fyrsta lagi forsenda þess að við getum nýtt betur þá fjármuni sem til rannsókna og tækniþróunar renna. Í öðru lagi eru þau forsenda þess að hægt sé að auka stuðning við vísindi og rannsóknastarfsemi.

Á sama tíma og unnið er að því að efla viðbragðsflýti og samkeppnishæfni atvinnuveganna finnum við Íslendingar þörf fyrir rótfestu. Við erum ekki einir um það. Og ræturnar liggja í menningunni og menningararfinum. Eftir því sem hraðinn vex og samræming í alþjóðlegum viðskiptum eykst verður menningaráhugi fólks meiri. Að sama skapi eflist áhugi og skilningur á menningarlegri sérstöðu. Það þýðir að menning fær aukna efnahagslega þýðingu.

Íslendingar hafa mikla sérstöðu á sviði menningarmála. Í haust er leið kynnti samgrh. skýrslu nefndar um menningartengda ferðaþjónustu. Nefndin fjallaði um sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og gerði tillögur um þau skref sem nauðsynleg eru til að þessi tegund ferðaþjónustu nái að skjóta rótum. Með hliðsjón af því að íslensk ferðaþjónusta verði byggð upp á tveimur meginstoðum, íslenskri náttúru og íslenskri menningu og samverkan þessara tveggja þátta, hafa samgrh. og menntmrh. nú sammælst um að stuðla að vexti og viðgangi menningartengdrar ferðaþjónustu. Meginácherslan verður lögð á að kynna menningu þjóðarinnar, náttúru landsins og gagnkvæm áhrif þessara tveggja þátta. Er ljóst að bæði ferðaþjónustan og menningarstarfsemin munu eflast til muna við þær nýju áherslur.

Mjög veigamikill áfangi í að efla ferðaþjónustu og menningarsamstarf náðist við undirritun samnings um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík. Tónlistar- og ráðstefnuhús er forsenda þess að Ísland geri sig gildandi á ráðstefnumarkaði sem er einn mikilvægasti og arðvænlegasti markaður ferðaþjónustunnar. Ríkið og Reykjavíkurborg taka þar á sig umtalsverðar skuldbindingar. Undirbúningur þeirra framkvæmda hefur tekið langan tíma sem eðlilegt er, því hér er um fjárfreka og stóra framkvæmd að ræða.

Vinna við undirbúning framkvæmda við menningarhús á landsbyggðinni hefur gengið vel, en þar er einnig um mjög metnaðarfullar áætlanir að ræða. Í sumum tilfellum eru hugmyndafræði og undirbúningsvinna á lokastigi. Ég mun beita mér fyrir því að áætlun um vel skilgreinda framkvæmdaáfanga verði sett fram á árinu. Í krafti slíkrar framkvæmdaáætlunar geta ríki og heimamenn stillt saman strengi sína og gert áætlanir um fjármögnun og framkvæmdir. Ljóst er að metnaðarfullar áætlanir um menningarhús munu reyna á fjárhag sveitarfélaga, ekki síður en á ríkissjóð. Hér er því um mikla fjárfestingu að ræða fyrir alla aðila og brýnt að verkefnið í heild sé vandað og stuðli að fjölbreyttara menningarlífi á landsbyggðinni og skili ferðaþjónustunni auknum tekjum.

Á undanförnum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á uppbyggingu safna víða um land. Eitt af metnaðarfyllstu verkefnum á sviði safnamála er að sjálfsögðu endurbygging Þjóðminjasafnsins. Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að ég hef ekki ástæðu til að ætla að kostnaður við þetta verkefni hafi farið úr böndum. Ég legg hins vegar meginácherslu á að þegar safnið verður opnað, verði þar boðið upp á nútímalega sýningu í safnahúsi sem við getum verið stolt af.

Meginácherslu þeirra sem á landsbyggðinni búa tengist menntun og aðstöðu til menntunar. Tilkoma fjarnáms hefur gjörbreytt aðgangi landsmanna að menntun og símenntunarmiðstöðvar hafa vaxandi hlutverki að gegna. Þeirri uppbyggingu verður haldið áfram og þá er hafin endurskoðun á reglum um jöfnun námskostnaðar í því skyni að sníða af þeim reglum agnúa sem í ljós hafa komið.

Það er stefna menntmrn. að leita leiða til að stytta nám til stúdentsprófs. Hér er um flókið viðfangsefni að ræða sem hefur áhrif á öll skólastig. Verkefnisstjórn hefur verið skipuð og verður leitað víðtæks samráðs við alla aðila málsins.

Góðir áheyrendur. Fram undan er mikið átak í uppbyggingu vísinda, mennta- og menningarmála og stórir áfangar í sjónmáli. Í heild munu þessi verkefni, efla atvinnulíf okkar og samfélag og stuðla að enn hraðari breytingum og jákvæð-

ari en við höfum orðið vitni að á undanförnum áratug. Það eru bjartir tímar fram undan. — Góðar stundir og gleðilegt sumar.

[21:01]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú líður að þinglokum eftir annasaman og viðburðaríkan vetur þar sem hvert stórmálið hefur rekið annað. Afgreiðsla þeirra mun marka afdrifarík spor í framtíðinni. Eitt hið stærsta í mínum huga og margra annarra er Kárahnjúkamálið svokallaða, þ.e. um heimild til handa iðnrh. til að veita leyfi til virkjunar við Kárahnjúka og stækkunar Kröflu í þeim tilgangi að selja raforku til risaálvers á Reyðarfirði. Meiri hluti Alþingis samþykkti þessa heimild til iðnrh. þrátt fyrir rækilega rökstudda höfnun skipulagsyfirvalda og annarra stofnana og félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndar.

Stórfelld óafturkræf umhverfisáhrif vefjast ekki fyrir meiri hluta Alþingis. Hann lætur það ekki hindra verk sín þó allt sé í uppnámi með fjárfesta í álverinu og leitað sé logandi ljósi að nýjum. Austfirðingum verður áfram haldið í óvissu og í gíslingu stóriðjustefnunnar. Þeir fá það hlutverk eitt á næstunni að taka á móti nýjum gestum og sýna hvað þeim stendur til boða. Alcoa í dag, hver verður næstur?

Hagkvæmni stærðarinnar virðist lausnarorðið, bæði hjá ríkisstjórnarflokkunum og víða í þjóðfélaginu. Áformin um Kárahnjúkavirkjun og flutning Jöklu yfir í Lagarfljót er bein afleiðing af kröfunni um hagkvæmni stærðarinnar við rekstur fyrirhugaðs risaálvers á Reyðarfirði. Hagkvæmni stærðarinnar er ráðamönnum svo rík í huga að þeir virðast blindir á marga aðra þætti sem skipta ekki síður máli.

Alþingi á enn eftir að afgreiða lög um stjórn fiskveiða. En ef við gefum okkur það að frumvarpið verði afgreitt eftir vilja stjórnarmeirihlutans munu breytingarnar leiða til enn frekari samþjöppunar og fækkunar útgerðarfyrirtækja í landinu. Hagkvæmni stærðarinnar er í því máli sem öðrum leiðarljósið sem bliknar ekki þó skuggi byggðaröskunar og atvinnuleysis falli á þessa pólitísku sýn. Hinir sterku verða sterkari og hagsmunum fólksins sem býr í hinum dreifðu sjávarbyggðum er fórnað.

Hagkvæmni stæðarinnar hefur verið færð yfir á allan landbúnaðinn. Áhrifin eru þegar komin fram í mjólkurframleiðslunni. Nú má segja að mjólkurvinnslan sé hægt og sígandi að færast yfir á suðvesturhornið og mjólkurbúin þjappast síðan í framhaldinu yfir á þetta svæði. Nú á að yfirfæra hugmyndafræðina á sveitabúskapinn. Þessi þróun í samþjöppun og verksmiðjubúskap er í algjörri andstöðu við þá nýju strauma sem nú fara um mörg hin verksmiðjuvæddu iðnríki. Þar er verið að reyna að snúa þróuninni við, í átt að því sem við höfum verið svo lánsöm að búa við fram að þessu, þ.e. blönduð fjölskyldubú og vistvænni framleiðsluhætti.

Þannig ber allt að sama brunni. Og væri hægt að nefna mörg fleiri dæmi um þá óæskilegu þróun sem leiðir af síbyljukröfunni um hagkvæmni stærðarinnar og markaðshyggju. Við þurfum breytta stefnu. Við þurfum mannúðlegri stefnu á báðum stigum stjórnsýslu í landinu okkar.

Góðir áheyrendur. Hugmyndafræði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á ekki síður erindi inn á sveitarstjórnarstigið en í landsmálunum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ung stjórnmálahreyfing sem hefur þegar náð að sá hugmyndafræði vinstri stefnu í hjörtu fólks þar sem áhersla er lögð á samfélagsþjónustu á félagslegum grunni, ásamt ríkri vitund um ábyrgð okkar og skyldur í náttúru- og umhverfisvernd. Við viljum byggja á félagslegum lausnum á báðum stjórnsýslustigum. Við viljum bæta kjör landsmanna allra og tryggja þeim samfélagsþjónustu við hæfi. Við viljum efla lýðræði í landinu og fyrsta skrefið í þá átt er að efla íbúalýðræði í hverju sveitarfélagi. Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að Staðardagskrá 21 verði samofin öllum þáttum í stjórnsýslu hvers sveitarfélags. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að tryggja framboðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs góðan stuðning í komandi kosningum.

Góðir áheyrendur. Það skiptir miklu máli að meta allar okkar gjörðir með tilliti til þess hvaða áhrif þær hafa til lengri tíma litið. Þetta á ekki síst við lagasetningu og heimildir frá hinu háa Alþingi, svo og gjörðir sveitarstjórna. Stundargróði fyrir okkur sem lifum í dag getur kostað afkomendur okkar dýrar lausnir. Við megum ekki hugsa í kjörtímabilum. Við eigum að hugsa til búsetu og lífsskilyrða hér í landinu um alla framtíð.

Góðir Íslendingar. Ég óska ykkur öllum gleðilegs sumars.

[21:07]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Á stundum er eins og tíminn gangi í hringi, sagan endurtaki sig, en þjóðir heimsins læri lítt af biturri reynslu sinni. Í fyrrakvöld söfnuðust yfir þúsund manns saman í Háskólabíói til að lýsa eindreginni andstöðu sinni við ofbeldisverkin í Palestínu og Ísrael. Íslensk þjóð getur ekki fremur en aðrar þjóðir setið þegjandi og horft á tilraun til þjóðarmorðs. Mannkyn hlýtur að hafa lært af útrýmingarherferð nasista í síðari heimsstyrjöldinni. Enginn getur réttlætt hermdarverk hryðjuverkamanna og enginn getur réttlætt fyrir sjálfum sér skipulagðar árásir á heilar borgir og þjóð þar sem engum er þyrmt. Á þar vel við hending úr kvæði, ortu fyrir nokkrum áratugum „Slysaskoti í Palestínu" þar sem hermaður er látinn afsaka dráp sitt á barni með orðunum: Fyrirgefðu, ég ætlaði að skjóta hann pabba þinn. Við höfum fundið sterkt fyrir því að samfélagi þjóðanna er nóg boðið. Íslenska þjóðin segir hingað og ekki lengra, blóðbaðinu fyrir botni Miðjarðarhafs verður að linna nú þegar.

Herra forseti. Öflugasti skóli íslensku þjóðarinnar er Ríkisútvarpið. Það hefur veitt þjóðinni uppfræðslu og skemmtan í áratugi. Með einkastöðvum eignaðist sá skóli verðugan keppinaut. Bæði formin eiga fullan rétt á sér. Hins vegar er grundvallarmunur á tilgangi og eðli einkastöðva og ríkisútvarps. Markmið og tilgangur einkastöðvanna er að færa eigendum sínum hagnað. Dagskrárgerðin hlýtur að taka mið af þeim útgangspunkti. Hins vegar er markmið ríkisútvarps að endurspegla fjölbreytileikann í menningarlífi þjóðarinnar, óháð arðsemi og vera vettvangur hinnar lýðræðislegu umræðu þar sem öll sjónarmið eiga greiðan aðgang, óháð arðsemi. Á þeirri forsendu leggst Framsfl. eindregið gegn öllum hugmyndum um sölu Ríkisútvarpsins úr almannaeigu. Í því skyni að efla faglegt sjálfstæði stofnunarinnar telur Framsfl. vel koma til greina að breyta formi hennar í sameignarfélag með sjálfstæðri stjórn, í eigu ríkisins og ekki á söluskrá.

Síðasta öld fól í sér mesta framfara- og velferðarskeið í sögu íslensku þjóðarinnar. Menntastig þjóðarinnar hækkaði og í kjölfarið fylgdu hinar stórstígu framfarir á öllum sviðum mannlífs. Það eru ekki lengur forréttindi og eiga ekki að vera forréttindi að ganga í skóla. Um og yfir 90% ungmenna leita

sér menntunar, allt upp á framhaldsskólastig. Einn meginstyrkur okkar sem þjóðar er að nemendur sækja sér menntun í ólíkum skólum innan lands og utan. Þannig mætast hjá lítilli þjóð ólíkir straumar úr ólíkum skólum og úr þeim bræðingi rís hin vel menntaða þjóð.

En betur má ef duga skal. Ítrekað hefur komið fram að flestir nemendur framhaldsskóla sækja inn á stúdentsbrautir. Starfsnám hefur einfaldlega ekki náð sér á strik. Segja má með fullgildum rökum að atvinnulífið endurspeglist ekki í framhaldsskólum, miklu fremur séu þar áherslur á að brautskrá embættismenn. Eitt brýnasta verkefni okkar er að bæta þar úr. Við viljum sjá atvinnulífið endurspeglast í framhaldsskólunum, í þrepaskiptu starfsnámi. Þannig má hækka menntastig atvinnulífs, draga úr brottfalli nemenda og ekki síst styrkja nýsköpunarkraft innan skólakerfisins er fleyta má út í atvinnulífið þjóðinni til heilla.

Háskólastigið hefur verið að eflast. Samkeppni er á milli háskóla og njóta þeir góðs af. En fram hjá þeirri staðreynd verður ekki litið að samkeppnisgrundvöllurinn er skakkur. Dæmi er um að kostnaður á hvern nemanda sé helmingi hærri en á sambærilega nemendur við Háskóla Íslands. Það umhverfi er farið að skaða hina gömlu háskólastofnun. Allir háskólar fá greitt eftir reiknilíkani. Munurinn er þó sá að Háskóli Íslands, sem langstærsta háskólastofnunin, situr uppi með meiri ábyrgð og minni sveigjanleika en aðrir háskólar. Þetta umhverfi er farið að ógna tilveru Háskóla Íslands. Það hlýtur að vera áhersluatriði að háskólar landsins sitji við sama borð og geti sinnt þeim skyldum sem við höfum lagt á þá að uppfylla.

Hin stóru stökk sem íslensk þjóð hefur tekið á sviði menntunar hafa fært henni hagsæld og hamingju. Við verðum að varða áfram þá braut þannig að þær forsendur haldist hér áfram að Íslendingar verði í fremstu röð meðal þjóða í menntun, vísindum, nýsköpun og leggi þannig grunninn að traustu og öflugu velferðarkerfi. Framsfl. hefur lagt áherslu á að hafa fólk í fyrirrúmi og framsóknarmenn eru staðráðnir í að gera það áfram.

Herra forseti. Ég óska tilheyrendum öllum gleðilegs sumars.

[21:14]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Enn einu sinni er komið að uppgjöri starfsárs Alþingis og árangur metinn af starfi þess. Staða stjórnmála brotin er þar til mergjar og gerð úttekt á stefnum í þjóðmálum. Mikilvægasta málefnið nú er að þjóðin geri sér grein fyrir stöðu hinna þriggja aðalþátta stjórnskipunar þjóðríkis á Íslandi: löggjafarvalds, dómsvalds og framkvæmdarvalds. Þessu verða ekki gerð rækileg skil í fáum orðum sem að líkum lætur en sú háskalega staðreynd yfirgnæfir allt annað að framkvæmdarvaldið er í þann veginn að hrammsa til sín öll völd í landinu.

Alþingi er orðin undirgefin afgreiðslustofnun framkvæmdarvaldsins þar sem þingmenn stjórnarflokkanna beygja sig í duftið fyrir hinum stórlyndu valdamönnum í einu og öllum og verður þeim í raun í engu ofboðið eins og nýjasta dæmið í deCODE-málinu sannar rækilega.

Í nýju tímariti lögfræðinga má lesa að forsrh. er reiðubúinn að koma upp sérstakri lagaskrifstofu við Stjórnarráðið og mega þingmenn af því marka hvert stefnir um lagasmíð og er að vísu ekki mikil breyting frá því sem nú er.

Í sama máta færir framkvæmdarvaldið sig mjög upp á skaftið gagnvart dómsvaldinu eins og marka má af eftirfarandi ummælum forsrh. í fyrrgreindu tímariti lögfræðinga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þeirra dómsmála sem mestur styr hefur staðið um að undanförnu óttast ég hins vegar að dómstólar séu að taka sér" — séu að taka sér, feitletrað — „nokkuð annað hlutverk en stjórnskipun okkar gerir að öðru jöfnu ráð fyrir. Og þá setja þeir ekki niður deilur manna heldur magna þær upp — dómur verður þá ekki endir hverrar þrætu heldur upphaf hatrammra deilna sem í verstu tilvikum eitra allt þjóðfélagið eins og við höfum því miður allt of mörg dæmi um upp á síðkastið."

Um hvað skyldi forsrh. vera að ræða? Hér er greinilega verið að vísa til dóma um málefni öryrkja og dóma í fiskveiðimálum þar sem framkvæmdarvaldið undi ekki niðurstöðum dómstóla og breytti þeim að geðþótta sínum með aðstoð lögfræðinga og vikalipra þjóna sinna á Alþingi. Það heitir að eitra allt þjóðfélagið þegar dómar ganga í aðra átt en stjórnvöldunum þóknast.

Sagt er að sagan endurtaki sig ævinlega. Mörg eru dæmin í veröldinni um að þingræði og dómsvald hafi verið fótumtroðin af valdhöfum með skelfilegum afleiðingum.

Hér á Íslandi situr nú orðið eins konar ráðstjórn með aðalritara og öllu tilheyrandi nema vopnavaldi enn sem komið er. Þeir í Ráðstjórnarríkjunum höfðu líka á sínum tíma fjölmennt þing starfandi sem Dúma hét, og allir þekktu valdsvið þess sem aðeins var í orði en ekkert á borði. Kannski ættum við á Íslandi að taka það nafn upp á okkar löggjafarsamkundu samræmis vegna. Og afmælisbarnið Halldór Laxness fylgdist með því hvernig dómstólum var stjórnað austur þar af stakri snilld svo sem lesa má um í Gerska ævintýrinu.

Um gerbreytingu á þróun í þessa öfugu átt á Íslandi verður tekist harkalega á hinum pólitíska vettvangi, enn fremur um svívirðilega misbeitingu valds þar sem lunginn úr auðæfum Íslands er mulinn undir hið nýja auðvald eftir kokkabókum nýfrjálshyggjunnar sem Sjálfstfl. er heltekinn af. Framsfl. hins vegar hefur enga grundvallarstefnu í þeim málum fremur en öðrum en lætur sér nægja sem fyrr að versla með völd og aðstöðu fyrir sig og sína.

Ef svo fer sem horfir um aðför ríkisstjórnar að dómstólum kann svo að fara að bréfum æðsta ráðs til dómara með pöntun á þóknanlegum úrskurðum fjölgi.

Félagi minn Guðjón Arnar Kristjánsson vék nokkrum orðum að hinu sérkennilega ábyrgðarmáli sem ríkisstjórnin hyggst ganga í gagnvart gjaldþrota stórfyrirtæki í Bandaríkjunum, deCODE. Ég mun í seinni ræðu minni halda áfram að skemmta ríkisstjórnarmönnum með því að víkja örfáum orðum að því máli, að hrollvekjunni deCODE, vegna þess líka að það eru spánnýjar fréttir af því í dag þar sem því heldur áfram að hraka heldur hastarlega. Þetta er eitt það ótrúlegasta mál sem ég á ævidögum mínum, að ég tali nú ekki um í Alþingi eingöngu, hef fengið augum litið eða heyrt um. Þetta eru afglöp sem eiga sér engin lík í þingsögunni að minni hyggju.

Má ég aðeins rifja upp það sem hæstv. fjmrh. talaði um skattbreytingar? Það er víst góðra gjalda vert. En hvað um skattbreytingar einstaklingum til handa? Hvað um lofaðar breytingar ellilífeyrisþegum til handa, ellilaunamönnum, þar sem þeir hafa verið sviknir um hækkun skattleysismarka? Í atrennu sem gerð var að skattbreytingunni voru skattleysismörkin hækkuð á þessum hátekjumanni sem hér stendur en hinir, allir lágtekjumennirnir skildir eftir. Ætli ekki sé ýmislegt óunnið af því sem lofað hefur verið, t.d. sjúkum,

öldruðum, svo ekki séu fleiri þjóðfélagshópar teknir til viðmiðunar? Það er einstakt hvernig farið hefur verið með þá af virðingarleysi og skeytingarleysi og allt öðruvísi en siðuðu þjóðfélagi ber að gera.

[21:22]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Það er augljóst hverjum manni að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sem hefur verið við völd síðustu sjö árin er á síðasta snúningi. Vaxandi pirringur milli stjórnarflokkanna er undirliggjandi. Í hverju málinu á fætur öðru þar sem klúður og klaufaskapur ræður ríkjum eru stjórnarliðar hér í þinginu meira og minna hættir að reyna að verja gjörðir sínar. Það hefur enda komið á daginn í þessum umræðum í kvöld að sannfæringarkrafturinn er ekki beint í fyrrirúmi hjá ráðherrum eða stjórnarliðum öðrum í ræðum þeirra. Öllu heldur eru þeir afsakandi og til að mynda var það eina sem stóð upp úr ræðu félmrh. að hann lagði til atlögu við eigin formann, utanrrh. þjóðarinnar, í afstöðu sinni til Evrópusambandsins. Þetta er talandi dæmi um það ástand sem nú ríkir á stjórnarheimilinu.

Ég ætla að stikla á stóru. Hneykslismálin í kringum Landssímann og uppgjöf samgrh. í þeim efnum eru ofarlega í hugum landsmanna. Þar voru á ferðinni skólabókardæmi um það hvernig ekki á að stýra og stjórna málefnum þjónustufyrirtækis í eigu þjóðarinnar. Svo mikið var klúðrið að þetta annars prýðilega fyrirtæki reyndist óseljanlegt á alþjóðamarkaði þrátt fyrir að verðmæti þess hafi fallið um tugi milljarða króna. Þarf meira að segja?

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar leyfir sér að leggja fram þjóðhagsspá sem er lögum samkvæmt. Forsrh. er óánægður með spána, finnst hún ekki nægilega jákvæð. Hann bregst við með því að leggja stofnunina niður. Það má hvergi sjást kusk á hvítflibbanum.

Fyrir nokkrum árum ákvað ríkisstjórnin að veita einu fyrirtæki, Íslenskri erfðagreiningu, einkaleyfi á öllum heilsufarsupplýsingum Íslendinga. Þetta vakti athygli og gagnrýni, ekki bara hér á landi heldur víða um lönd. En það eitt var ekki nóg. Nú ætlar ríkisstjórnin líka að veita þessu sama fyrirtæki ríkisábyrgð vegna áformaðra fjárfestinga þess. Heila 20 milljarða, 20 þúsund millj. kr. af fjármunum almennings á að leggja undir. Enginn veit hver áhættan er. Enginn veit hver ávinningurinn er. Ekki nokkur maður getur svarað því hvaða fordæmi þetta skapar og hversu miklar fjárhæðir verði þá um að tefla þegar önnur fyrirtæki fara fram á svipaða fyrirgreiðslu. Og svo hefur enginn hugmynd um hvort þetta standist ákvæði alþjóðasamninga sem við höfum undirgengist. Jafnvel efast sumir um að þessi vinargreiði upp á 20 milljarða króna standist jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. En allt þetta skiptir ríkisstjórnina engu máli. Það á samt að keyra málið í gegn.

Ríkisstjórnin var komin út í ógöngur með efnahagsmálin. Verðbólga var komin úr böndum, gengið komið í himnahæðir og okurvextir innheimtir af lántakendum til viðbótar við verðtrygginguna, það sérislenska fyrirbæri. Alþýðusamband Íslands sá að við svo búið mátti ekki standa og hóf mikla og þakkarverða baráttu til þess að snúa þessari öfugþróun við. Það tókst Alþýðusambandinu að vissu marki. Hins vegar er ekki útséð um stöðu og þróun efnahagsmálanna og aukin vanskil og skuldasöfnun almennings eru hættumerki sem ástæða er til að vara við. En ríkisstjórnin er stikkfrí og bíður þess er verða vill.

Einhvers staðar hlýtur samt þessi ríkisstjórn að láta til sín taka þótt hún keyri á síðustu bensíndropunum og sé búin að nýta öll sín varadekk. Er ekki allt í standi í byggðamálunum? Finna landsmenn ekki vel fyrir því hversu fast er tekið á þeim málum? Ónei, herra forseti, þannig er það ekki, því miður. Álver í Reyðarfjörð er horfið af sjónarsviðinu, í bili a.m.k. Fólk streymir enn af landsbyggðinni á suðvesturhornið. Ríkisstjórnin er ráðalaus.

Hægri hallinn í velferðarmálunum er allsráðandi. Það dregur úr þjónustu við almenning enda þótt ríkisútgjöld hækki stórlega ár frá ári. Margir aldraðir, öryrkjar og aðrir þeir sem höllum fæti standa finna það á eigin beinum að þeir standa ekki framarlega á forgangslista þessarar ríkisstjórnar.

Hvað með önnur mál? Eru ekki löggæslumálin í góðu lagi, eða hvað? Er ekki almenn ánægja með að viðhaldið er óréttætinu í sjávarútveginum þar sem enn og aftur á að festa gjafakvótakerfið í sessi? Eru ekki allir glaðir með að borga hæsta verð í Evrópu fyrir matvæli? Er almenningur ekki afskaplega ánægður vegna þess metnaðarleysis sem ríkjandi er í menntamálum þjóðarinnar? Voru menn ekki á toppi tilverunnar vegna tilviljanakenndrar stefnu í umhverfismálum? Er ekki allt í stakasta lagi? Nei, því miður, herra forseti, veruleikinn er sá í áðurnefndum málaflokkum og fjölmörgum fleirum að mikilvægt er að taka til hendi og færa mál til betri vegar.

Ég dreg ekki í efa eitt andartak að stjórnarherrarnir vilji vel. Vandinn er einfaldlega sá að þeir geta ekki betur. Þeim er þrotinn kraftur og þrek. En þessu er hægt að breyta. Það vorar jafnan að vetri loknum. Samfylkingin, flokkur jafnaðarmanna, er tilbúin í verkin. Landsmenn munu ganga til sveitarstjórnarkosninga að mánuði liðnum og það er eingöngu eitt ár í næstu þingkosningar sem betur fer. Þá geta landsmenn lagt sínar línur. Þá breytum við rétt. Við þurfum ný viðhorf. Við þurfum kraft og við þurfum þor. Við þurfum að nýta tækifærin. Við þurfum lífssýn og úrræði okkar jafnaðarmanna. Við þurfum Samfylkinguna að landstjórninni og við stjórn sveitarfélaga vítt og breitt um landið allt. Það skiptir nefnilega máli hverjir stjórna. — Góðar stundir.

[21:28]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Við Íslendingar verðum að nýta auðlindir okkar til lands og sjávar innan skynsamlegra marka til að auka hagsæld þjóðarinnar á komandi árum. Á þessu þingi náðum við afar mikilvægum áfanga í virkjunarsögu Íslands þar sem samþykkt var að veita Landsvirkjun heimild til þess að virkja vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal. Með ákvörðun Alþingis höfum við stigið gríðarstórt spor fram á veginn til aukinnar nýtingar orkulinda þjóðarinnar. Nú er nauðsynlegt að ganga til samninga við trausta aðila sem tilbúnir eru til að fjárfesta í iðnaðaruppbyggingu á Austurlandi og það er ánægjulegt að einmitt í dag voru fulltrúar frá Alcoa á Austurlandi að skoða aðstæður og meta möguleika á uppbyggingu álíðju þar.

Kröflusvæðið gefur einnig mikla möguleika til uppbyggingar iðjuvers og þá ekki síður og jafnvel enn fremur Þeistareykjasvæðið sem er miðja vegu milli Húsavíkur og Mývatns. Rússneskt stórfyrirtæki hefur lýst yfir áhuga á að byggja súrálsverksmiðju og jafnvel einnig álverksmiðju þar og þegar hefur fyrirtækið varið 50 millj. kr. í rannsóknir á svæðinu. Líkur eru á að það muni á næstunni verja enn frekari fjármunum til rannsókna- og undirbúningsvinnu.

Verði af þessum framkvæmdum mun súrálsverksmiðja skapa vinnu fyrir 1.200–1.400 manns en álverið vinnu fyrir 700 manns. Þarna gætu því skapast um 2.000 störf og varla þarf að fara um það mörgum orðum hversu mikilvægt það yrði svæðinu. Umrætt fyrirtæki hefur þegar fest kaup á báxítverksmiðju í Vestur-Afríku en ætlunin er að flytja þaðan hráefni fyrir verksmiðjuna á Þeistareykjum, ef af henni verður.

Herra forseti. Sjávarútvegsmálin hafa verið fyrirferðarmikil á þessu þingi enda hafa mörg stórmál varðandi stjórn fiskveiða verið hér á dagskrá. Það var beðið með þó nokkurri eftirvæntingu eftir frv. um heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, og mikil og góð vinna liggur að baki þeim tillögum sem þar eru settar fram. Og víst er að þar er reynt að koma til móts við sem flest skynsamleg sjónarmið og rök. Til að koma til móts við kröfur um að útgerðin borgaði meira fyrir afnotin af auðlindinni er ætlunin að leggja á afkomu- og magntengt veiðigjald. Þó að ég sé í rauninni ekki fylgjandi auknum álögum á útgerðina tel ég veiðigjald þó skynsamlegri kost en fyrningarleið stjórnarandstöðunnar sem að mínu mati mundi setja atvinnugreinina og byggðarlögin í uppnám. Og ég fullyrði að aldrei yrði sátt um þá leið, fyrir nú utan það að fyrningarleiðin mundi auka óvissu í atvinnugreininni og þar með draga úr möguleikum til að greiða hærri laun og hærri skatta til samfélagsins.

Sem betur fer var afkoma hjá flestum sjávarútvegsfyrirtækjum góð á síðasta ári en það þarf ekki að horfa mörg ár aftur í tímann til að sjá hið gagnstæða enda er sjávarútvegurinn í eðli sínu mjög sveiflukennd grein. Hvað svo sem annað má segja um veiðigjaldið er ljóst að það tekur mið af afkomunni, og útgerðarfyrirtækin fá góðan aðlögunarfrest áður en það leggst á með fullum þunga. Koma verður í veg fyrir að skattprósentan hækki á komandi árum því sjávarútvegurinn er slíkur drifkraftur í landinu að ef hann er þurrmjólkaður með ofsköttun er ljóst að bresta mun harkalega í öllu okkar hagkerfi.

Sjávarútvegurinn þarf á stöðugleika að halda. Ef löggjafinn getur skapað honum þann stöðugleika mun það án efa hafa góð áhrif á þjóðarbúið í heild. Skuldir sjávarútvegsins uxu mjög hratt þegar verr áraði en fyrirtækin hafa nú notað það svigrúm sem batnandi afkoma gefur til að greiða niður skuldir sínar og búa þannig í haginn fyrir framtíðina.

Það er dálítið skondið að hugsa til þess að á sama tíma og sumir stjórnarandstöðuþingmenn hafa verið að kalla á hærri skatta á sjávarútvegsfyrirtækin tala þeir jafnframt um nauðsyn skattfríðinda fyrir landsbyggðina. Gera þeir sér ekki grein fyrir að 92% kvótans eru staðsett á landsbyggðinni? Auknar álögur á sjávarútveginn munu að sjálfsögðu lenda að langmestu leyti á landsbyggðinni.

Unnið hefur verið að nýjum hafnalögum og eru þau í meðförum hv. samgn. Það er ljóst að með breyttu rekstrarformi hafnanna og minnkandi ríkisstyrkjum er útgerðinni ætlað að bera kostnað af rekstri hafna landsins. Það er eðlilegt að útgerðin standi straum af þeim kostnaði sem af henni hlýst en þó finnst mér eðlilegt að menn skoði þennan kostnað í ljósi veiðigjaldsins því verið er að seilast í vasa sömu fyrirtækja eftir þessum fjármunum.

Íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum er ætlað að borga bæði auðlindaskatt og aflagjald en þá er nauðsynlegt að minna á að þau keppa við erlend fyrirtæki um sölu á afurðum, erlend fyrirtæki sem mörg hver eru ríkisstyrkt og er ekki ætlað að borga slík gjöld.

Sú krafa var hávær úti í þjóðfélaginu að útgerðinni bæri að borga hærra gjald til þjóðarinnar fyrir afnotin af auðlindum hafsins. Við sjálfstæðismenn höfum alltaf varað við slíkum skattlagningarkröfum. Við höfum hins vegar talið skyldu okkar að beita okkur fyrir meiri almennri sátt um rekstrarumgjörð okkar mikilvægustu atvinnugreinar. Í því skyni höfum við þess vegna talið rétt að koma til móts við þessar kröfur. Það var gert og niðurstaðan varð afkomutengt veiðigjald.

Góðir áheyrendur. Við höfum sem betur fer ástæðu til að líta framtíðina björtum augum. Hér hef ég rætt um auðlindir til lands og sjávar en mikilvægasta auðlind okkar er fólgin í því fólki sem byggir þetta land. — Góðar stundir og gleðilegt sumar.

[21:35]

Ögmundur Jónasson:

Góðir landsmenn. Umræðan í kvöld hófst í Brussel um Evrópusambandið. Ég ætla að halda mig á Íslandi og ég ætla að horfa til sólarinnar, hún fer nú hækkandi á lofti og það er góð tilfinning. Það er líka góð tilfinning þegar þjóðin aflar vel, eða vita menn að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs öfluðum við meira en dæmi eru um í sögunni? Í fyrra slógu íslenskir sjómenn einnig met. Og þegar saman fara góð aflabrögð og tiltölulega hagstætt verð á mörkuðum eins og verið hefur um skeið er ástæða til að fyllast bjartsýni.

Á ýmsum öðrum atvinnusviðum horfir einnig vel og það sem er uppörvandi er að sjá hve víða fólk sér möguleika og býr yfir sköpunarkrafti, hvort sem er í tæknigreinum, matvælaiðnaði, lyfjaþróun, lyfjaframleiðslu og ferðaþjónustu og þannig mætti áfram telja. En skilyrði þurfa að vera til staðar til þess að framtak manna fái blómstrað. Og í því samhengi þarf að spyrja um hlutverk ríkisstjórnar og um hlutverk Alþingis.

Um allt land eru menn að segja það sama. Við þurfum tvennt: Í fyrsta lagi þurfum við góða þjónustu, góðar samgöngur, skóla, sjúkrahús, fjarskipti, póstþjónustu og annað sem við gerum kröfu til í nútímanum. Í öðru lagi þurfum við að fá aðgang að lánum á góðum kjörum. Það er ekki verið að fara fram á gjafir og það er ekki verið að fara fram á vaxtalaus lán. Menn vilja einfaldlega aðgang að fjármagni á hagstæðum lánskjörum og eru orðnir langþreyttir á að láta neita sér um alla slíka fyrirgreiðslu, sérstaklega þegar þeir búa ekki á góðu veðsetningarsvæði.

Þetta tvennt eru menn að kalla á: Góða velferðarþjónustu og ódýrt fjármagn. Þessu höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði svarað á skýran og afdráttarlausan hátt því einmitt þetta teljum við vera hlutverk hins opinbera, annars vegar að sjá fyrir góðri samfélagsþjónustu og hins vegar að stuðla að uppbyggingu í atvinnurekstri. Þegar slíkur stuðningur er veittur þarf að sjálfsögðu að gæta jafnræðis og hafa skýrar reglur þar sem m.a. verði tekið mið af byggðasjónarmiðum, af þörf á atvinnuuppbyggingu. Þetta hefur verið okkar stefna.

Það er á þessum forsendum sem við mótmæltum því að ríkisbankarnir yrðu gerðir að hlutafélögum og seldir, og það var einnig á þessum forsendum sem við mótmæltum því þegar uppbyggingarsjóðir atvinnulífsins voru einkavæddir. Ekki hefur farið fram hjá neinum að við höfum mótmælt því kröftuglega þegar símstöðvum, pósthúsum og bankaútibúum hefur verið lokað og þrengt hefur verið að velferðarþjónustunni. Við höfum sagt að í stað þess að brjóta þetta kerfi niður, eins og ríkisstjórnin hefur gert með niðurskurði og í nafni

einkavæðingar, eigi að byggja upp og efla þessa þjónustu. En þegar við höfum haldið þessum sjónarmiðum fram, t.d. að bankar ættu í senn að vera lánastofnanir og þjónustufyrirtæki með félagslega ábyrgð gagnvart heimilum og byggðalögum hafa menn í þessum sal ekki vitað hvert þeir ættu að komast, slík afturhaldshugsun væri hér á ferðinni.

Nú er að koma í ljós að það erum við sem erum sjálfum okkur samkvæm og byggjum á yfirvegaðri, málefnalegri afstöðu. En sömu menn og áður höfðu þennan tón uppi gagnvart Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tala nú sjálfir fyrir meiri og glæfralegri ríkisafskiptum en dæmi er um í Íslandssögunni. Hér vísa ég sérstaklega í tvö mál, annars vegar stóriðjuáformin á Austurlandi sem ekki einvörðungu mundu spilla náttúru landsins stórlega heldur einnig efnahag landsmanna, hins vegar 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgðina fyrir fyrirtækið deCODE. Sama ríkisstjórnin sem er að selja frá þjóðinni arðbærar eignir ætlast nú til þess að hún gangist í áhættuábyrgð, meira að segja án þess að málin séu skoðuð af óháðum aðila og án þess að farið sé að lögum því til stendur að láta ríkisábyrgðarlögin ekki gilda gagnvart þessari lántöku.

Hverjir eru málavextir? Fyrir austan lofaði Framsfl. stóriðju og hana skyldu menn fá hvað sem það kostaði. „Þetta er bullandi arðsamt," sagði Valgerður Sverrisdóttir iðnrh. þegar gengið var til atkvæða um virkjunarheimild henni til handa, og hafði hún þá engan kaupanda að orkunni. Bullandi arðsamt var það samt. Í framhaldinu er fyrrv. varaformaður Framsfl., og núverandi seðlabankastjóri sem þó er aukaatriði í málinu — aðalatriðið er að hann haldi fast við línu Framsfl. — sendur til viðræðu við álrisana, að biðja þá að koma og hjálpa Framsfl. Er traustvekjandi að leggja málið svona pólitískt upp? Og er það traustvekjandi þegar iðnrh. segir í sjónvarpsþætti að hún nenni varla að ræða efnahagslegar forsendur málsins? Er þetta fólk líklegt til að gæta hagsmuna lands og þjóðar? Þetta gerðist fyrir austan.

Ekki veit ég hins vegar hvar þeir hittust, forsrh. og forstjóri deCODE, til að ræða 20 milljarða ríkisábyrgðina en hitt vitum við að inn í þingið kom Davíð Oddsson forsrh. með samning, sagði Sjálfstfl. að hann yrði að hlíta sínum vilja eins og alltaf, sama orð var látið ganga yfir í þingflokksherbergi Framsóknar, málið afgreitt á þremur tímum og síðan var reynt að setja þjóðarandstöðuna í siðferðilega spennitreyju með því að spyrja hvort menn ætluðu virkilega að standa í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu.

Nú var allt gleymt, hve hallærislegt það er að tala um stuðning við uppbyggingu atvinnulífs og gömlu kenningarnar hans Adams Smiths um frelsi fjármagnsins og hina ósýnilegu hönd markaðarins sem öllu muni stýra í gæfuríka átt ef markaðurinn aðeins fengi að vera óáreittur — allt þetta var gleymt og hin ósýnilega hönd varð öllum sýnileg, hún var föst við forsrh., Davíð Oddsson, og sú hönd hélt um svipu, flokkssvipu Sjálfstfl., og virðist duga vel.

Það hefur verið átakanlegt að fylgjast með talsmönnum ýmissa hægri sinnaðra samtaka, hvernig þeir gerast óróðlegir og tvístígandi. „Jú, að sjálfsögðu þarf þetta að fara í skoðun og um nálarauga." Ég held það hafi verið talsmaður Verslunarráðsins sem þannig komst að orði. Nálarauga Verslunarráðsins reyndist hins vegar á stærð við opið á Hvalfjarðargöngunum. Þar fer allt í gegn.

Herra forseti. Tími minn er senn á þrotum en ég veit að ég þarf ekki að segja margt. Þeir sem á hlýða munu botna hugsunina. Kárahnjúkar. Öryrkjadómur. Landssíminn hf. Einkavæðingarnefnd. Húsnæðismálin. Ég gæti haldið áfram lengi. En það þarf ekki að segja meira til þess að upp komi í hugann hjá okkur öllum hve brýnt það er að losna við þessa ríkisstjórn sem gætir hagsmuna eins illa og raun ber vitni.

Herra forseti. Við búum í góðu landi. Hér eru mikil verðmæti til að vinna úr. Sköpunarkrafturinn er fyrir hendi og tækifærin, og ytri skilyrði eru góð. En þegar við beinum sjónum inn á við verður fyrir ríkisstjórn sem fylgir ranglátri stefnu og óskynsamlegri. Hún er aðgerðarlaus þar sem aðgerða er þörf en einhendir sér af fullum þunga í þau mál sem til óheilla horfa. Það styttist vonandi í að þið, kjósendur, segið þeim sem verma hér ráðherrastóla að nú sé kominn tími til að taka pokann sinn.

Herra forseti. Það er mikið tilhlökkunarefni. — Gleðilegt sumar.

[21:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Eldhúsdag má líta á sem uppgjör eftir vertíð. Stjórn og stjórnarandstaða takast á um ágæti þeirra þingmála sem hér hafa fengið afgreiðslu eða munu fá afgreiðslu á næstu dögum. Enginn stjórnarandstæðingur sem talað hefur hér í kvöld hefur verið sannfærandi í þeim málflutningi sínum að landinu sé illa stjórnað. Á þeim tíma sem núverandi stjórnarflokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., hafa starfað saman hefur náðst ótrúlegur árangur enda hefur ríkt samstaða um grundvallaratriði og mikill metnaður verið uppi um að styrkja stöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum.

Ég hef í störfum mínum sem iðn.- og viðskrh. lagt höfuðáherslu á að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Þær breytingar sem orðið hafa í heiminum með auknu frelsi viðskipta með falli kommúnismans og með samningum um hið Evrópska efnahagssvæði gera það að verkum að Ísland er hluti af stærri heild. Alþingi og ríkisstjórn hafa í færri málum bein afskipti af rekstri fyrirtækja en hlutverk þeirra er nú fyrst og fremst að skapa heilbrigt og eðlilegt laga- og rekstrarumhverfi í alþjóðlegu markaðshagkerfi.

Á miðjum síðasta áratug vorum við Íslendingar að tapa fólki úr landi, ekki síst menntafólki. Þeir sem fluttu úr landi árið 1995 voru 1.500 umfram þá sem fluttu til landsins. Nú hefur þetta snúist við. Þetta er mælikvarði á samkeppnishæfni Íslands. Það sem fékk hjólin til að snúast aftur voru aðallega verkefni á sviði stóriðju. Þar er ég að tala um uppbyggingu Norðuráls og stækkun Ísals og járnblendisins. Hvers vegna gerðist þetta? Jú, vegna þess að Ísland á þá auðlind sem er vatnsaflið, og Ísland er samkeppnishæft á þessu sviði.

Á síðari hluta nýliðinnar aldar lyftu Íslendingar grettistaki í nýtingu auðlinda sinna, landsmönnum öllum til heilla. Það er skynsamlegt og raunar mjög brýnt að við höldum því áfram, að sjálfsögðu innan eðlilegra marka.

Undirbúningur virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi hefur átt sér stað síðustu ár en framhald málsins er nú í ákveðinni óvissu. Það ríkir hins vegar engin óvissa um það að verkefnið er áhugavert og arðbært. Lög hafa verið samþykkt um Kárahnjúkavirkjun. Umhverfismat liggur fyrir um virkjunina, álverið í Reyðarfirði og háspennulínur. Þá er vegagerð og hafnargerð í tengslum við framkvæmdina í góðum farvegi. Íslenska ákvæðið í tengslum við Kyotobókunina er í höfn. Allt þetta gerir það að verkum að þó að ekkert verði úr samstarfi við Norsk Hydro og Reyðarál er ekki öll nótt úti. Sá áhugi sem stærsta álfyrirtæki á Vesturlöndum, Alcoa, sýnir þessu verkefni er uppörvandi. Allt

bendir til þess að af verkinu verði sem er mikilvægt, bæði fyrir þjóðarbúið sem heild og alveg sérstaklega mikilvægt fyrir Austurland.

Út af orðum síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að ég er stolt af að vera í forsvari fyrir þetta verkefni.

Hæstv. forseti. Ég hef hér fjallað lítillega um samkeppnishæfni Íslands og minnkandi afskipti stjórnvalda af viðskiptalífinu. Segja má að hið sama gildi um stjórn efnahagsmála. Þau áhrif sem stjórnvöld hafa í dag á þann þátt mála eru fyrst og fremst í gegnum fjárlög og með því að setja Seðlabankanum verðbólgumarkmið. Stefna Seðlabankans í vaxtamálum hefur vissulega verið umdeild. Mikilvægast er þó að allt bendi til þess að við höfum náð tökum á verðbólgunni og að rauðu strikin svokölluðu haldi.

Það er hins vegar umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga að hagfræðingar hafa leitt að því líkur að Íslendingar þurfi að greiða hátt áhættuálag ofan á vexti vegna krónunnar. Það hlýtur hins vegar að vera markmið okkar til lengri tíma að vextir hér séu ekki hærri en gengur og gerist í viðskiptalöndum okkar.

Með þeirri lækkun sem varð á sköttum fyrirtækja á síðasta ári var stigið stórt skref til framfara. Að frumkvæði Fjárfestingarstofunnar er nú unnin viðamikil greining á vegum KPMG á samkeppnishæfni íslensks rekstrarumhverfis. Þar er borinn saman stofn- og rekstrarkostnaður 14 ólíkra atvinnugreina í 115 borgum á svæðum í Evrópu, Ameríku og Japan. Meðal þeirra atvinnugreina sem skoðaðar eru má nefna hugbúnaðargerð, líftæknirannsóknir, lyfja-, efna- og heilbrigðisiðnað, gagnavistun og þorskeldi. Fyrstu niðurstöður benda til að Ísland skipi sér í fremstu röð þjóða. Þessi skýrsla mun því veita okkur í fyrsta skipti innsýn inn í samkeppnisstöðu landsins þar sem við getum með auðveldum hætti borið einstaka liði rekstrar saman við það sem gerist erlendis. Endanlegar niðurstöður skýrslunnar eru væntanlegar í lok mánaðarins.

Allt það sem ég hef nefnt segir mér að við eigum alla möguleika til þess að búa svo um hnútana hér að Ísland standist alla samkeppni. Að sjálfsögðu verðum við að fylgjast vel með alþjóðavæðingunni og leggja okkur fram um að bregðast rétt við þeim breytingum sem þar verða, einkum og sér í lagi innan Evrópusambandsins. Með því skrefi sem stigið var við inngöngu í EES getum við ekki horft einangrað á Ísland í neinu þeirra mála sem lúta að viðskiptum. Við búum á innri markaði Evrópusambandsins og erum ekki á leiðinni til baka.

Herra forseti. Ný byggðaáætlun verður afgreidd frá Alþingi einhvern næstu daga. Nýmæli í þeirri tillögu eru þau að gerð er grein fyrir 22 vel skilgreindum verkefnum sem ráðast skal í og er einn aðili, sem oftast er eitthvert ráðuneytanna, gerður ábyrgur fyrir framkvæmd. Það er mikilvægt að við sameinumst í því að búa landsbyggðinni almenn skilyrði til vaxtar, íbúum til búsetu og fyrirtækjum til rekstrar.

Herra forseti. Ég hafði þá ánægju um síðustu helgi að sækja þing þjóðræknisfélaga Íslendinga í Vesturheimi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta sinn var stefnt saman félögum, bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Segja má að með landafundaverkefninu árið 2000 hafi nýju lífi verið blásið í starfsemi félaganna í Norður-Ameríku. Á þriðja þúsund duglegir einstaklingar starfa í félögunum, stoltir af uppruna sínum. Það skiptir meira máli nú en áður að þekkja hvar ræturnar liggja. Nútíminn er ögrandi, og óstöðugleiki og eirðarleysi láta á sér kræla. Þetta skiptir ekki einungis máli fyrir Vestur-Íslendinga, þetta er mikilvægt fyrir okkur öll. Það er gott að vera Íslendingur. Það er gott að eiga þetta gjöfula land.

Ég þakka landsmönnum áheyrnina og óska þeim gleðilegs sumars. Góðar stundir.

[21:51]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég gat þess í lok ræðu minnar áðan að ég mundi víkja fleiri orðum að hinu fráleita ábyrgðarmáli sem hér hefur borið á góma. Ef það nær fram að ganga er það nýjasta dæmið um taumlausan yfirgang ríkisstjórnar gagnvart Alþingi af því sem það liggur alveg ljóst fyrir að hinn almenni þingmaður í liði stjórnarsinna gengur ekki hlæjandi til þess leiks, undir það jarðarmen, enda höfum við dæmin af sjálfum formanni efh.- og viðskn. sem lýsti því yfir að hann sjálfur væri andstæður málinu en hann yrði að fylgja því á Alþingi af því að það væri stjórnarmál. Þannig fylgja menn sannfæringu sinni nú orðið.

Um hvað fjallar þessi gríðarlega ábyrgð? Gagnvart hverjum er hún? Við höfum engar upplýsingar um það sérstaklega í því frv. sem hér er borið fram. Ekkert áhættumat hefur farið fram. Það eitt vitum við að þegar þetta fyrirtæki nam fyrst land á Íslandi voru seldir hlutir í því á genginu rúmlega 60. Hvert hefur gengið í þessu fyrirtæki verið að undanförnu? 5,5, en í kvöld var ný frétt um að gengið í því fyrirtæki hefði lækkað um 16% í dag, frá því í morgun og fram á kvöld. Fyrirtækið er þess vegna augljóslega á hríðfallanda fæti. En hér á að ganga í 20 þús. millj. kr. ábyrgð fyrir það, og allar reglur þverbrotnar. Hér voru ítarleg lög sett 1997 um ríkisábyrgðir til þess að girða fyrir þau lausatök sem áður höfðu gilt um slíkar ábyrgðir. Þær eru allar þverbrotnar, engin þeirra reglna á að gilda nema sú þýðingarminnsta, 5. gr. þeirra laga, sem fjallar um að úttektir skuli gerðar jafnaðarlega. Þetta fyrirtæki mundi borga ríkisábyrgðargjald sem gæti numið, samkvæmt lögunum, frá 50 millj. upp í 800 millj. kr. Það er talið að þessi greiði, þessi persónulegi vinargreiði, muni hjálpa fyrirtækinu um betri kjör, vaxtakjör, sem muni nema um 500–600 millj. kr. En vafalaust mun það heldur ekki duga því til framhaldslífs. Þann veg er komið fyrir því.

Menn tala svo um að þeir sem mæla gegn þessari vitfirringu séu haldnir andúð og andspyrnu gegn nýiðnaði, þekkingariðnaði, hálaunastörfum, þar sem fjöldi manns getur fengið atvinnu. Hver er sá sem ekki kýs að stuðla að slíku? Og hver er sá sem ekki hefur áhuga á starfsemi eins og Íslensk erfðagreining hefur með höndum vegna hinnar sérstæðu aðstöðu í þjóðfélaginu? En þessi aðferð verður bara til þess að fjármunirnir tapast. Þessar 20 þús. millj. kr.

Það getur vel verið að þeir sem til þessa stofna hugsi sem svo: Fallið kemur eftir minn dag. En ég hygg að svo verði ekki. Það líða ekki margir mánuðir þangað til við stöndum frammi fyrir þessu.

Hvað um markaðsbúskapinn sem Sjálfstfl. boðar? Hvar standa sakir í þeim málum? Hvar og hvenær sem þeim sýnist þræða þeir fram hjá þessu. Og hvaðan í ósköpunum er þetta mál runnið? Það skyldi þó ekki vera að þetta væri persónulegur vinargreiði forsrh. við forsvarsmenn innan þessa fyrirtækis? Það skyldi þó ekki vera. Og hver er aðferðin? Því er kastað hér inn á síðustu starfsdögum þingsins. Formaður þingflokks Framsfl. var að kvarta undan því í hádegisútvarpi að áhættumat hefði ekki fylgt. Átti hann von á því? Dettur einhverjum í hug að hætt hafi verið á það að fá áhættumat

sérfróðra manna? Ónei, að sjálfsögðu ekki, því þá hefði málið verið steindautt um leið.

Ég á lengri þingsögu að baki en flestir sem hér sitja en aldrei datt mér í hug að ég ætti eftir að standa frammi fyrir öðru eins. Nú ætla ég að vitna í forsrh. og halda hér uppi tilvitnuninni svo menn haldi ekki að ég sé að búa það til sem ég les upp. Slíkur skáldskapur er það að mér væri svo sem trúandi til þess því maðurinn hefur þótt geta gripið til skáldlegra lýsinga. Forsrh. um ríkisábyrgð til handa deCODE:

„Áhættan minnkar jafnt og þétt" er fyrirsögnin. „Ríkið sleppur bærilega þótt allt fari á versta veg." — Sem sagt, þótt öll ábyrgðin falli á okkur sleppur það bærilega. Og svo kemur hér rökstuðningurinn til handa þingmönnunum sem eru að samþykkja þetta. Hann er svona, með leyfi forseta:

„Eftir að við höfðum" — hann og Halldór Ásgrímsson því hann segir hér að þeir hafi átt ágæta samvinnu með þetta. Hér er ekki verið að tala um eitthvert Evrópusamband þar sem Halldór, að sögn Davíðs, er haldinn yfirgripsmikilli vanþekkingu á því máli — „einnig séð það mat sérfræðinga að þetta mundi falla innan EES-samningsins og standast hann, sem við héldum kannski í byrjun að væri ekki, þá fannst okkur að það væri varasamt af okkur að missa þetta tækifæri sem gæti orðið stórkostlegt. Og jafnvel þótt það færi ekki svo vel að verða stórkostlegt gæti það orðið ágætt. Og jafnvel þó svo að það færi verr en það væri það samt innan viðráðanlegra marka."

Þar hafið þið það, þið sem ætlið að ganga undir þetta jarðarmen.

Ég hef lokið máli mínu og á flest ósagt af því sem ég hefði viljað fram bera í þessu sambandi en ráð almennings við þessu framferði stjórnvalda er aðeins eitt: Það er að beita atkvæðisréttinum og refsa þeim rækilega, það er eina hirtingin sem að gagni kemur og eina hirtingin sem höfðingjarnir skilja.

Ég þakka áheyrnina og óska öllum landsmönnum góðs og gleðilegs sumars.

[21:59]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög og lögreglulög, 494. mál, þskj. 1301.

Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 575. mál, brtt. GAK, þskj. 1373.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, 44. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1374.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 653. mál, þskj. 1302.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 729. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1375.

Útflutningur hrossa, 357. mál, þskj. 1313.

Fundi slitið kl. 22:00.

---

130. FUNDUR

föstudaginn 26. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 720. mál, þskj. 1227. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, þáltill., 730. mál, þskj. 1277. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Almannatryggingar o.fl., stjfrv., 359. mál, þskj. 1300, brtt. 1356. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Tollalög, stjfrv., 583. mál, þskj. 1307. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 678. mál, þskj. 1310. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, stjfrv., 672. mál, þskj. 1314. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

7. Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1085. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

8. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082, nál. 1281. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1083, nál. 1282, brtt. 1283. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947, nál. 1280. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177, nál. 1273, 1344 og 1353, brtt. 1274 og 1288. — Frh. 2. umr.

12. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1302. — 3. umr.

13. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 1309. — 3. umr.

14. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1312, brtt. 1364. — 3. umr.

15. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — Frh. 3. umr.

16. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.

17. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143. — 2. umr.

18. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.

19. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — Frh. 2. umr.

20. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1303, brtt. 1244. — 3. umr.

21. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — Frh. 2. umr.

22. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.

23. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247. — 2. umr.

24. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.

25. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — 2. umr.

26. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

27. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198. — 2. umr.

28. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — 2. umr.

29. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.

30. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038 og 1328. — 3. umr.

31. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.

32. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278, brtt. 1279. — Síðari umr.

33. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.

34. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.

35. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.

36. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073, nál. 1257 og 1261. — 2. umr.

37. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.

38. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360. — 2. umr.

39. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.

40. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327. — 2. umr.

41. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Síðari umr.

42. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Síðari umr.

43. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Síðari umr.

44. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347, nál. 1332. — 2. umr.

45. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902, nál. 1333, brtt. 1334 og 1373. — 2. umr.

46. Deilur Ísraels og Palestínumanna, þáltill., 734. mál, þskj. 1345. — Fyrri umr.

47. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — 2. umr.

48. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Síðari umr.

49. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Síðari umr.

50. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Síðari umr.

51. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Síðari umr.

52. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Síðari umr.

53. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Síðari umr.

54. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 797, nál. 1354. — 2. umr.

55. Landgræðsluáætlun 2003–2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873, nál. 1357. — Síðari umr.

56. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1371. — Síðari umr.

57. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910, nál. 1372. — 2. umr.

58. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44, nál. 1374. — Síðari umr.

59. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264, nál. 1375 og 1381. — 2. umr.

60. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 882 (með áorðn. breyt. á þskj. 1263). — 3. umr.

61. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

[10:00]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðasjóður launa, 737. mál, fsp. KPál, þskj. 1386.

Áfengis- og vímuefnameðferð, 624. mál, svar heilbrrh., þskj. 1376.

Búfjárhald o.fl., 338. mál, nál. landbn., þskj. 1383; brtt. landbn., þskj. 1384.

Eftirlitsgjöld á kjöti, 708. mál, svar landbrh., þskj. 1380.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 630. mál, nál. landbn., þskj. 1382.

Heildarskuldir og vaxtabyrði í íslenska lánakerfinu, 706. mál, svar iðnrh., þskj. 1379.

Kostnaður Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins, 698. mál, svar iðnrh., þskj. 1370.

Lífeyrisréttindi í séreign, 736. mál, fsp. KPál, þskj. 1385.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 729. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1381.

Starfsemi Fjárfestingarstofu – orkusviðs, 701. mál, svar iðnrh., þskj. 1369.

Tollalög, 583. mál, þskj. 1307.

Umferð á Reykjanesbraut, 511. mál, svar dómsmrh., þskj. 1378.

Umferðarlög, 652. mál, þskj. 1312.

Þátttaka opinberra stofnana í velvildarstarfi, 702. mál, svar fjmrh., þskj. 1377.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla mála fyrir þinghlé.

[10:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að óska mönnum gleðilegs sumars. Ég hlustaði í morgun með athygli á viðtal í Ríkisútvarpinu við hæstv. forseta Halldór Blöndal og sannfærðist um að þar fer mikill bjartsýnismaður. Hann sagðist að vísu telja að okkur auðnaðist ekki að ljúka þinghaldinu fyrir helgi, þ.e. á morgun, að öllum líkindum mundu þingstörfin teygja sig yfir helgina og inn í mánudaginn.

Ég vil vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur mikill földi mála, margir tugir, þar á meðal stórmál, og það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að stjórnarandstaðan á þingi mun aldrei láta það yfir sig ganga að þessum málum verði hleypt í gegnum þingið á einhvers konar færibandi, umræðulaust eða umræðulítið.

Það var gert ráð fyrir því að þinginu lyki síðasta miðvikudag. Ef áform hæstv. forseta um að ljúka þinginu í byrjun næstu viku ættu að ganga eftir þarf mikla hugarfarsbreytingu á Alþingi og ráðherrar og ríkisstjórn verða að gera sér grein fyrir því að til þess þarf samninga. Við erum að sjálfsögðu reiðubúin að skoða þessi mál en á þeim forsendum sem ég hef lýst, að ráðherrar og ríkisstjórn átti sig á því að þeir munu ekki valta yfir stjórnarandstöðuna.

Ég óska eftir því að þessi mál verði nú skoðuð.

[10:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að forseti Alþingis, Halldór Blöndal, er ekki kominn til fundar en hann mun að sjálfsögðu funda með þingflokksformönnum fljótlega í dag um framgang mála og lok þingsins og að sjálfsögðu reyna að ná samkomulagi um hlutina eins og hann er þekktur fyrir.

[10:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðan dag og gleðilegt sumar. Ég vil taka undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að auðvitað þarf að ræða framhald þingsins og hvernig við getum stefnt að því að ljúka þinghaldinu. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. sitjandi forseti gaf áðan um að að sjálfsögðu mundi forseti þingsins efna til fundar með okkur þingflokksformönnum í dag og ræða um framhald þingsins. Ég vona svo sannarlega að bjartsýni hans um að lendingu megi ná í því máli sé byggð á rökum.

[10:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég heyrði ekki umrætt bjartsýnisviðtal við hæstv. forseta Alþingis þannig að ég ætla ekki að tjá mig um það. En það er alveg ljóst að við stöndum frammi fyrir því að í dag er 61 mál á dagskránni. Þar eru ekki inni, eftir því sem ég best sé, stórmál eins og t.d. byggðaáætlun sem mætti þá hugsanlega túlka sem svo að eigi ekki að fara í gegnum þingið. Mér skilst að eitthvað tefji það að hún geti komið á dagskrá. Hún er alla vega ekki eitt af þessu 61 máli og það eitt og sér gæti tekið svolítinn tíma.

Við ætluðum að ljúka þingstörfum samkvæmt áætlun í fyrradag, herra forseti, þannig að ég held að það sé alveg ljóst að við þurfum að endurskipuleggja okkur og kannski setja okkur nýja áætlun til að geta ákveðið hvenær við ætlum að hafa þinglok. Það er ekki að okkur liggi í sjálfu sér lífið á, en áætlunin miðaði við síðasta vetrardag og það er alveg ljóst að hún stenst ekki og mörg stór umræðumál eiga eftir að fara í gegnum þingið. Við þurfum því að setja okkur nýja áætlun um þinglokin, herra forseti. Ég get tekið undir það.

[10:07]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það líður að þinglokum. Ég hlustaði á ágætt viðtal við forseta þingsins Halldór Blöndal í morgun. Mér þykir afskaplega eðlilegt að hann sé bjartsýnn við upphaf sumars um að ljúka megi þinginu á næstu dögum. Dagskráin í dag er löng, með 61 máli. Ég tek undir það að við þurfum að setjast niður og ræða um hvernig við ljúkum þinghaldinu í vor.

[10:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég held að ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar hafi borið keim af því að maðurinn hafi kannski ekki vaknað nógu vel í morgun. Mér fannst hann vera dálítið úrillur. Hann var uppi með orð um það að til stæði að valtra yfir stjórnarandstöðuna. Það tel ég vera algjöran misskilning. Það hefur ekki staðið til og ekki verið gert að valtra yfir stjórnarandstöðuna. Hún hefur fengið þann tíma sem hún hefur viljað til að ræða sín mál í ræðustól og ég á ekki von á öðru en að það standi stjórnarandstöðunni áfram til boða ef hún svo kýs.

Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að menn ræði saman um hvort samkomulag geti náðst um þinglok. Ef það næst ekki þá höldum við bara áfram. Við höfum nógan tíma.

[10:09]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Gleðilegt sumar. Á dagskránni er mikill fjöldi mála en það er ekki svo að þau séu öll órædd. Það er búið að ræða þessi mál í nefndum aftur og aftur og lengi þannig að við erum á lokahnykk þessara mála.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vill taka upp gamla siði, að samið verði við stjórnarandstöðuna um einstök mál, að sleppa einstökum stjfrv. Það kemur ekki til greina. Það er andstætt lýðræðinu. Á Alþingi er kosinn ákveðinn meiri hluti af kjósendum og sá meiri hluti á að hafa sitt vald til að koma sínum málum í gegn.

Ég legg til að í staðinn fyrir að semja við stjórnarandstöðuna um að einstök stjórnarmál verði tekin út á frestum við þinginu fram yfir sveitarstjórnarkosningar og tökum aftur upp þráðinn í byrjun júní. Við erum ekkert of góð til að vinna að sumrinu eins og annað fólk.

[10:10]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Orð síðasta ræðumanns voru ágæt. Við erum ekkert of góð til að vinna eins og annað fólk og ég vona að við séum að gera það flest. Það er einmitt það sem var verið að lýsa eftir að við mundum gera en ekki að þingi yrði slitið og fólk færi heim allt í einu núna án þess að ræða þau mál til hlítar sem þarf að ræða, mikilvæg mál eins og sjávarútvegsmál. Ef það er rétt að ekki eigi t.d. að fjalla um byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, ef það er ekki útlit fyrir það þá líst mér ekki á störf þingsins. Ég vona að það sé ekki rétt. Við hljótum náttúrlega að ræða þessi mál. En þessi umræða skapast af því þegar hæstv. forseti þingsins var að tala um það í útvarpinu að það eigi jafnvel að slíta þinginu núna á mánudaginn. Það getur varla verið eðlilegt að tala þannig ef svo kemur annar hv. þm. Sjálfstfl. og segir að við getum rætt fram á sumar. Auðvitað er það allt í lagi. Auðvitað er líka allt í lagi að ræða um þjóðmálin þó að sveitarstjórnarkosningar séu fram undan. Það er enn þá frekar tilefni til þess og þá sérstaklega hver staða sveitarfélaganna í landinu sé undir ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl.

[10:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vænti þess að alþingismenn muni sinna þeim störfum sem þeir voru kjörnir til að gegna innan þings og utan þings af trúmennsku. Til þess að geta gert það á markvissan hátt þurfum við að byggja á áætlunum sem mark er á takandi. Ef þær áætlanir standast ekki þá þarf að ganga við viðræðna um nýjar áætlanir og það var einfaldlega það sem ég var að óska eftir.

Að sjálfsögðu sinna alþingismenn sínum störfum, bæði í þingsalnum og utan þingsalarins þar sem þeir vinna að því að undirbúa þingmál og sinna ýmsum mikilvægum þáttum

þessa starfs. Ég er einfaldlega að óska eftir skipulegum og markvissum vinnubrögðum og fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er ég að bjóða fram starfskrafta okkar í því efni.

[10:12]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Gleðilegt sumar. Það er alveg ljóst að eftir áætlun þingsins verður ekki lengur unnið. Það liggur fyrir. Áætlunin gerði ráð fyrir því að við mundum hætta þingstörfum á miðvikudaginn. Sá dagur er liðinn og því er alveg ljóst að setjast þarf niður og semja um nýja áætlun. Þess vegna eru menn að kalla eftir samningum um það. Það er enginn að kvarta undan því að þurfa að fara yfir þau mál sem hér á að ræða, ekki nokkur einasti þingmaður. En þetta þarf að liggja fyrir.

Hins vegar þykir mér heldur miður þegar menn koma hér upp og tala um það að ef ræða eigi störf þingsins, hvernig eigi að ljúka því o.s.frv., þá sé það eitthvert brot gegn meiri hlutanum, eitthvert brot gegn lýðræðinu. Ég vil segja það, virðulegi forseti, að þegar gengið er til kosninga þá er ekki kosinn einhver sérstakur meiri hluti. Það eru einstakir hv. þm. sem eru kosnir á þing. Síðan koma forustumenn eða heilu þingflokkarnir sér saman um hverjir ætli að vinna saman. Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að hv. þm. Pétur H. Blöndal verður að fara betur yfir þær hugmyndir og hugsanir sem hann ákveður að koma á framfæri í ræðustól en hann gerði áðan.

[10:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem aðallega upp til að gera athugasemdir við orð hv. þm. Péturs H. Blöndals sem mér finnast fullkomlega óviðeigandi. Svo var að skilja á hv. þm. að starfi þingmanna lyki þegar Alþingi lyki fundum á vorin og menn væru í frí, væntanlega þá til 1. október að hausti. Þá hefur hv. þm. Pétur Blöndal hugsað þetta starf allt öðruvísi en ég a.m.k. því að ég veit ekki annað en nógu sé að sinna sem þessu starfi tengist þó að fundahöld standi ekki á Alþingi. Þá fara menn í kjördæmi sín og sinna sambandi við kjósendur sína fyrir utan það að Alþingi starfar og er með umboð allt árið eins og hv. þm. veit væntanlega. Þingnefndir funda, fara í ferðalög o.s.frv. Þeir þingmenn sem sinna alþjóðlegum samskiptum eru uppteknir allt árið af og til vegna þeirra og þar fram eftir götunum þannig að það er alveg fráleitt að láta slík ummæli standa hér ómótmælt vegna þess að það gefur villandi mynd af störfum þingmanna að halda þessu fram. Þetta er hins vegar klisja sem er víða notuð til að gera lítið úr þessu starfi. En það er hart undir því að sitja að þingmenn sjálfir lemji á sjálfum sér með ummælum af þessu tagi.

Síðan er það augljóslega þannig, herra forseti, að það er eðlileg og réttmæt krafa og beinlínis fyrir hönd skynseminnar að menn ræði málin og skipuleggi störfin hér. Það snýst ekki endilega um það að semja efnislega um innihald mála heldur að skipuleggja fundahaldið og átta sig á því hvað er hægt að ná samkomulagi um o.s.frv. Samkvæmt starfsáætlun þingsins átti því að vera lokið og hún er auðvitað ekki sett út í bláinn. Menn vilja reyna að standa við hana geri ég ráð fyrir og auk þess eru sérstakar og gildar ástæður fyrir því að þingið átti að ljúka störfum núna óvenjusnemma til þess að sveitarstjórnarkosningarnar og sú barátta fái sviðið. Ég geri ráð fyrir því að margir þingmenn eða stjórnmálamenn vilji gjarnan vera þátttakendur í henni að einhverju leyti, fylgjast með og fara um þannig að öll rök hníga að því að reynt verði að ljúka þinginu sem næst starfsáætlunardeginum. Ég skildi ummæli virðulegs forseta í fjölmiðlum þannig í morgun að hugur hans stæði til þess að reyna að ná samkomulagi um það og það er vel.

[10:16]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég heyrði utan að mér að hv. 2. þm. Vestf., Karl V. Matthíasson, hefði verið að láta í ljósi undrun sína yfir því að ég skyldi nefna mánudag í stuttu útvarpsspjalli í morgun. Það var vegna þess að áhrifamesti þingmaður Samfylkingarinnar hafði skotið því að mér í fyrradag að mánudagurinn væri líklegur dagur og ég hef ævinlega trúað þeim þingmanni og treyst fyrir mikilsverðum yfirlýsingum.

Ég vil að öðru leyti segja að ég á von á því að þessu þinghaldi, eins og verið hefur, muni takast að ljúka með sóma. Ég geri mér vonir um að það megi takast jafnvel á mánudag. Ég yrði auðvitað mjög glaður ef það tækist í dag eða á morgun en mér fyndist það vera mikil bjartsýni að hyggja að það kynni að takast. En ég legg áherslu á að mikil verkefni bíða þingmanna úti um allt land. Þeir hafa verið boðaðir á fjölda funda. Það eru mörg verkefni sem þeirra bíða á næstu vikum og mánuðum og þess vegna er mikill áhugi á því víða í þingsal að þingmenn geti snúið sér að þeim. Það er auðvitað algjörlega út í hött ef einhver lætur sér detta í hug að þingmannsstarfið sé einungis það að vera innan veggja Alþingis eða á nefndafundum og má segja um slíkar yfirlýsingar að sá sem heldur því fram hefur misskilið sjálfan sig og þingstarfið.

[10:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þegar ég kom inn á þing 1995 var það alsiða að stjórnarandstaðan tók ákveðin mál í gíslingu, fyrir áramót og fyrir lok þings á vorin. Þetta var gert til þess að ná fram ákveðinni tímaáætlun og stjórnarfrumvörp voru samin af, þ.e. þau voru dregin til baka að kröfu stjórnarandstöðunnar. Þetta er fráleit regla og fráleit vinnubrögð. Þetta er það sem menn hafa hætt við að nota og ég legg til að í staðinn fyrir að leyfa stjórnarandstöðunni að koma með slík mál í gíslingu, þá verði þinginu frestað og þingmenn, sem að sjálfsögðu vinna allt árið ... (Gripið fram í.) Ég sagði það aldrei. Ég starfa allt árið og ég undirbý frumvörp á sumrin og er mjög mikið á móti því að kalla að þingið sé að fara í frí. Þingið er ekkert að fara í frí, það er þinghlé. Og t.d. núna á næstunni munu þingmenn aðstoða félaga sína í sveitarstjórnarmálum, geri ég ráð fyrir, þingmenn úti um land og þingmenn á höfuðborgarsvæðinu. Það verður því mikil vinna á næstu vikum. En eftir það finnst mér bara eðlilegt að þingið komi saman aftur, vinni hér á þingfundum eins og annars staðar utan þings. Ég hef aldrei nokkurn tíma sagt að þingið sé starfslaust eða þingmenn séu í frí. Þingmenn eru einmitt í vinnuhléi, hléi frá þingfundum og eru þá að starfa að öðrum málum, að semja frumvörp og annað slíkt. Það er því fráleit túlkun og dálítið undarlegt að túlka orð mín svona. (Gripið fram í.)

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1177, nál. 1273, 1344 og 1353, brtt. 1274 og 1288.

[10:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. er til 2. umr. Ljóst er að þetta mál hefur vakið gríðarleg viðbrögð í samfélaginu og það er líka mjög umdeilt á Alþingi. Frumvarpið felur í sér að fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilt að veita einfalda ábyrgð vegna útgáfu móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE genetics Inc., á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónir bandaríkjadollara, eða 20 milljarða íslenskra króna.

Ég vek athygli á því, herra forseti, í upphafi að þessi ábyrgð er ekki veitt til Íslenskrar erfðagreiningar eða til hins íslenska fyrirtækis hér á landi. Nei, það á að veita hana til hins erlenda móðurfélags sem er með höfuðstöðvar sínar í Bandaríkjunum. Verið er að veita þessa sértæku aðgerð, ef af verður, til erlendra aðila, ekki til íslenskra aðila. Ég hygg að slík ráðagerð ein eigi sér ekki hliðstæðu hér á landi, ekki minnist ég þess, og verð þá leiðréttur með það, að íslenska ríkið veiti erlendu fyrirtæki ríkisábyrgð. Ég held að það sé fullkomlega einsdæmi hér, ef svo er sem ég held.

Við þekkjum mörg atvik og tilvik hér á landi þar sem ríkið hefur komið inn með einum eða öðrum hætti til að standa á bak við atvinnurekstur, bæði einstök fyrirtæki og einstaka atvinnuvegi með sértækum aðgerðum. Slíkar aðgerðir að ríkið *grípi inn í þróun atvinnulífsins með því móti voru tíðkaðar* allmjög fyrir nokkrum áratugum og voru þá m.a. rökstuddar með því að íslenskt atvinnulíf væri að fara í gegnum miklar breytingar, mikill órói og ólga væri í þjóðfélaginu. Þá voru miklir þjóðflutningar og efnahagslífið var mjög óstöðugt, gengi íslensku krónunnar var mjög óstöðugt og sömuleiðis voru viðskipti við útlönd líka mjög óstöðug þannig að hin ytri umgjörð efnahagslífs á Íslandi var af þeim ástæðum mjög óörugg. Það þýddi að atvinnurekstur og atvinnufyrirtæki hér áttu erfitt með að byggja sig upp. Sömuleiðis voru bankastofnanir og fjármálamarkaðir hér innan lands ekki það þróaðir að þeir réðu við að takast á við mjög miklar og stórar skuldbindingar í þeim efnum og það alþjóðlega samstarf sem við nú búum við og það opna kerfi sem við búum við um flæði á fjármagni inn og út úr landinu var þá ekki til staðar með þeim hætti að atvinnureksturinn gæti gengið að fjármálamarkaði t.d. á erlendri grundu.

Þetta voru þá m.a. þau rök sem voru fyrir því að ríkissjóður gekk í ábyrgðir eða átti hlutdeild að stofnun fjárfestingarsjóða sem ríkið bar svo ábyrgð á og veitti lán og fjármagnsfyrirgreiðslur til einstakra fyrirtækja og atvinnugreina.

Slíkar aðgerðir voru á sínum tíma að sjálfsögðu mjög umdeildar því að með inngripi ríkisins á þennan hátt er verið að velja úr eitt fyrirtæki, eina atvinnugrein á hverjum tíma þegar þær aðgerðir eru ákveðnar umfram aðrar þannig að í sértækum aðgerðum sitja ekki allir við sama borð, enda er það ekki ætlunin þegar gripið er til sértækra aðgerða.

Þegar mikil breyting varð á útgerðarmunstri hér á landi á áratugunum milli 1960–1980 voru einmitt gjarnan veittar ríkisábyrgðir í einu eða öðru formi til uppbyggingar, til kaupa á skipum eða til uppbyggingar á nýjum fyrirtækjum, t.d. innan sjávarútvegsins. Þetta var svo sem umdeilt en staðan var allt önnur þá en nú. Við bjuggum við tiltölulega lokaða fjármagnsmarkaði og íslenska þjóðin í heild sinni varð eiginlega að vera sjálfri sér nóg hvað varðaði fjármagn til að deila út til atvinnuvegarins. Það var íslenska ríkið sem hafði fyrst og fremst bolmagn til þess að taka erlend lán eða ábyrgjast greiðslur á erlendum lánum sem voru síðan tekin inn í landið og ráðstafað til uppbyggingar atvinnulífs. Þetta var sú staða sem var þá.

Staðan nú er gjörbreytt. Nú er það svo að í sjálfu sér er frjálst fjármagnsflæði að miklu leyti inn og út úr landinu þannig að einstök fyrirtæki hér, hafi þau til þess veg og starfsemi til rekstrar til að leggja til ábyrgðar, þá geta þau sótt sitt lánsfjármagn á eigin vegum erlendis, enda er nú svo að stór hluti af skuldum þjóðarinnar erlendis er á vegum einkaaðila en ekki á vegum ríkisins. Á þessu hefur orðið gjörbreyting.

Þetta hefur líka leitt til þess að ekki hefur verið eins mikil þörf og ekki eins mikil ástæða til að ríkið væri að koma inn í beina fjármögnun, beina lánsfjárútvegun hjá fyrirtækjum hér á landi og áður var. Þess vegna var það líka að á síðasta áratug hefur mjög dregið úr sértækum aðgerðum af því tagi sem við kynntumst á síðustu áratugum aldarinnar, þ.e. árunum frá 1960–1980, a.m.k. hvað einstakar slíkar framkvæmdir varðar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að hin almenna skoðun mín er sú að ríkinu beri fyrst og fremst að búa atvinnulífinu hin almennu grunnskilyrði til þess að byggja á. Ríkið á að gera það í formi samgangna, fjarskipta, þess að bera ábyrgð á tryggu og öruggu heilbrigðiskerfi, með því að bera ábyrgð á *sterku og framsæknu menntakerfi* o.s.frv. Þetta er sá grunnur sem er hlutverk ríkisins að byggja upp um allt land. Þá ber ríkinu líka að gæta þess að ástæður sem felast í búsetu, aldri eða öðru sem getur verið mismunandi verði ekki til þess að fólki sé mismunað um aðgang að þessum grunnkjörum, og svo líka hinum almennu þáttum eins og fjármagni á almennum markaði.

Við vitum öll að þarna er pottur brotinn. Það er veruleg mismunun á aðgengi að almennri grunnþjónustu eftir búsetu. Það er líka verulegur munur á aðgengi að fjármagni eftir búsetu. Það hefur komið fram í umræðum hér áður, einmitt og ekki síst í umræðu um byggðamál, hvernig fyrirtæki úti um hinar dreifðu byggðir eiga mun erfiðara með að fá lánsfjármagn fyrir starfsemi sína. Þær eignir sem eru jafngildar í starfinu, í starfseminni, hvar sem þær eru staðsettar, ef þær eru í fullri drift, fullu starfi, ættu að vera jafnveðhæfar hvar sem þær eru en samkvæmt einhverri ákvörðun fjármálafyrirtækja er veðhæfni þeirra ekki metin til jafns. Þarna, virðulegi forseti, gæti verið verkefni fyrir ríkið að koma hugsanlega með handstýrðar aðgerðir í formi ríkisábyrgða eða einhvers slíks til að tryggja að það verði ekki mismunun, til að tryggja jöfnuð og að atvinnulíf og atvinnufyrirtæki hafi jafna stöðu hvað þessa sjálfsögðu þætti varðar, óháð því hvar þau eru staðsett ef reksturinn á annað borð er mögulegur að fengnu þessu jafnrétti. Þarna fyndist mér að ríkissjóður ætti að koma að og beita jafnréttishugsjónum sínum.

Ef við lítum aðeins til sögunnar í umræðunni um þessi ríkisábyrgðarmál held ég að þeir sem eru komnir á þann aldur að þeir muni þá tíð þegar hæstv. núv. forsrh. kom inn í stjórnmálin, inn í landsmálin, af fullum krafti og settist

beint í forsætisráðherrastólinn voru einmitt af hans hálfu, hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, gefnar út mjög ákveðnar og stóryrtar yfirlýsingar gagnvart þeirri stefnu sem ríkið, að hans mati, hafði þá beitt, þ.e. að vera með umtalsverð ríkisafskipti af atvinnulífinu, bæði með ríkisábyrgðum og beinum lántökum.

Í þjóðhátíðarræðu sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hélt 17. júní 1991 sagði hann, með leyfi forseta:

„Hér bíður okkar allra mikið starf; við verðum að skilgreina opinbera ábyrgð á nýjan leik og gera ríkar kröfur til okkar sjálfra, og bera okkur þannig að í framtíðinni að við getum horft keik til baka, þegar sú framtíð er orðin að fortíð; „lifandi minningu um liðna tíð"."

Já, þetta sagði hæstv. forsrh. 17. júní árið 1991 og var þarna að fjalla um ríkisafskipti af atvinnulífinu og ríkisábyrgðir til einstakra fyrirtækja og atvinnugreina.

Og áfram segir hæstv. forsrh. Davíð Oddsson um stöðu sjóða ríkisins árið 1991, með leyfi forseta:

„Davíð sagði að ríkisstjórnin liti þannig á að það væri afskaplega mikilvægt að „sullast ekki áfram með þeim hætti sem gert hefur verið. Að mínu mati er algjörlega ljóst að sú aðgerð sem ríkisstjórnin stærði sig hvað mest af haustið 1988, þegar hún tók erlend lán til að endurlána fyrirtækjum hefur gjörsamlega mistekist, því nú blasir við að milljarðar króna falla á ríkissjóð og skattborgarana. Fyrrverandi ríkisstjórn lét ekkert fjármagn af hendi sem hún hafði til ráðstöfunar, heldur tók eingöngu erlend lán til að endurlána atvinnufyrirtækjunum og það kemur í hlut þessarar ríkisstjórnar að afla fjármuna til þess að greiða fyrir þessar aðgerðir sem ekki voru haldbetri en raun bar vitni," sagði forsætisráðherra" 19. júní árið 1991.

Er nokkur önnur staða núna uppi? Eru þeir 20 milljarðar, sem hér er verið að leggja til að veittir verði í ábyrgð fyrir þetta erlenda fyrirtæki, deCODE, núna eitthvað frekar til hér á landi? Nei, virðulegi forseti, svo er ekki. Þessa fjármuni mun verða að taka að láni erlendis komi til þess að reiða þurfi þá fram. Staðan er því gjörsamlega óbreytt frá því þegar hæstv. forsrh. gaf út fyrir rúmum tíu árum sína pólitísku sýn á það hvernig beita mætti ríkisábyrgðum eða hvernig ætti ekki að beita þeim og þá gerði hæstv. forsrh. sér fulla grein fyrir því að ríkissjóður yrði að greiða þegar illa færi.

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að rifja þetta upp vegna þess að það mál sem við nú fjöllum um er í rauninni fullkomin kúvending á stefnu ríkisstjórnarinnar undanfarinn áratug. Hér er um fullkomna stefnubreytingu að ræða. Við máttum reyndar upplifa það og heyra þá stefnubreytingu birtast í umræðunni um Kárahnjúkavirkjunina og Reyðarálsverksmiðjuna þar sem reisa átti þær framkvæmdir eiginlega alfarið með opinberri ábyrgð. Þar voru því einnig til umræðu gríðarlega stórar ríkisábyrgðir, miklu stærri en við áður höfðum þekkt. Í beinu framhaldi af þeirri umræðu er svo núna kynnt önnur sértæk aðgerð í að fjármagna af hálfu ríkisins einstakar atvinnugreinar, þ.e. að ríkissjóður veiti þessu erlenda móðurfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar ríkisábyrgð að upphæð 20 milljarðar kr. Það er því alveg ljóst að hér er um að ræða grundvallarstefnubreytingu af hálfu hæstv. forsrh. sem fer með þessi mál.

Sagt hefur verið að hér sé um einstaka aðgerð að ræða og að hún hefði ekki fordæmisgildi. Virðulegi forseti. Hver heilvita maður sér hversu barnaleg slík yfirlýsing er. Það er ósköp eðlilegt að önnur fyrirtæki, fyrirtæki á þessum sama markaði, fyrirtæki sem eru að vinna á þessum sama vettvangi og Íslensk erfðagreining hafi líka leitað eftir ríkisábyrgðum fyrir áhættufjárfestingar sínar. Það er fullkomlega eðlilegt að það komi. Mér finnst líka jafnfullkomlega eðlilegt að óskir þeirra séu skoðaðar eins og ósk hins erlenda fyrirtækis, deCODE, sem leitar eftir íslenskum ábyrgðum.

Ég verð jafnframt að segja, herra forseti, að mér hugnast miklu betur að ríkið skoði þátttöku sína í innlendum fyrirtækjum sem eiga heimili og eru með starfsemi hér á landi en að veita fyrirtækjum ríkisábyrgðir sem algjörlega eiga heimili á erlendri grundu.

Í ítarlegu nál. með þessu frv. sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í hv. efh.- og viðskn., hv. þm. Ögmundur Jónasson, hefur skilað er farið mjög ítarlega yfir þetta mál. Þar er í fyrsta lagi rakið að útilokað virtist í nefndinni að fá fram nægileg gögn og eðlilegar upplýsingar um starfsemina og um fyrirtækið sem var að kalla eftir ábyrgð. Í áliti minni hlutans segir, með leyfi forseta:

„Enn sem komið er hefur aðkoma Alþingis að málinu verið mjög yfirborðskennd og skortir nánast allar upplýsingar til þess að þingmenn geti fengið yfirsýn yfir það. Að áliti 2. minni hluta er fráleitt að veita fjármálaráðherra fyrrnefnda heimild og koma þar nokkur atriði til, t.d. hefur ekkert áhættumat verið framkvæmt af óháðum fagaðila."

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því að ekkert áhættumat hefur verið framkvæmt en það er þó skylt samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir. Í þessu tilviki á að veita heimild til þessarar 20 milljarða kr. ríkisábyrgðar án þess að fram hafi farið áhættumat á þessari aðgerð. Það gengur þvert á gildandi lög um ríkisábyrgðir enda er hér lagt til að frá þeim lagaákvæðum verði vikið í þessu tilviki.

Áfram segir í nál., með leyfi forseta:

„Efnahags- og viðskiptanefnd hefur ekki einu sinni fengið að sjá viðskiptaáætlanir fyrirtækisins. Þá er ástæða til að gagnrýna harðlega að veigamiklum ákvæðum í lögum um ríkisábyrgðir er vikið til hliðar. Enda þótt full rök kunni að vera fyrir því að styðja við atvinnurekstur í landinu, jafnvel með sértækum aðgerðum við vissar kringumstæður, þá er eðlilegt að það sé gert samkvæmt almennum reglum og að vel athuguðu máli. Hvorugt á við í þessu máli."

Virðulegi forseti. Þetta segir í hnotskurn hvað er á ferðinni. Málið er keyrt áfram án nokkurra upplýsinga eða undirbúnings. Engin vitneskja liggur fyrir um það hver staða þessa fyrirtækis er, hvernig möguleikar eru fyrir það að standa við þær skuldbindingar sem þarna er um ræða og m.a.s. er vikið frá gildandi lögum um ríkisábyrgðir til þess að koma þessari stóru og sértæku aðgerð í gegn.

Ég vil samt taka undir það sjónarmið sem kemur fram í nál. hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að að sjálfsögðu er ég fylgjandi því að við getum styrkt og eflt lyfjaiðnaðinn okkar, líftækniiðnaðinn, á sönnum og góðum og heilbrigðum forsendum. Það er ánægjulegt til þess að vita að hér á landi skuli einmitt vöxtur í þessum greinum vera einn sá mesti í nýjum atvinnugreinum í landinu. Ég tel að jafnframt sé það skylda okkar að búa þannig í haginn almennt að sem flest fyrirtæki á þessum vettvangi geti eflst og þróað atvinnu sína og atvinnugreinar, okkur öllum til hagsældar enda sé það gert á heilbrigðum og góðum og sönnum grunni í alla staði. Því miður er það ekki svo.

Í nál. hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þar sem þetta mál er rakið ítarlegar, vísar hann í athugasemdir við frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Markaðurinn sem ríkisábyrgðin beinist að er á sviði líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) á Evrópska efnahagssvæðinu sem einkennist af slæmri samkeppnisstöðu gagnvart öðrum mörkuðum, sér í lagi Bandaríkjunum, og hefur sú staða leitt til lítillar fjárfestingar á viðkomandi markaði. Markaðurinn er því lítið háður samkeppni eða samkeppnisröskunum."

Þess vegna, virðulegi forseti, er ljóst að með inngripi í þennan atvinnurekstur með því að velja eitt fyrirtæki umfram annað er verið að hafa veruleg áhrif á samkeppnisstöðu þeirra sem eru að hasla sér völl í þessum atvinnugreinum. Það að veita einu fyrirtæki ríkisábyrgð umfram annað hefur margþætt áhrif, ekki aðeins að veita því fjármagn á betri kjörum heldur mun fyrirtækið einnig fá aðra stöðu til að keppa, bæði um fagfólk og um stöðu á markaði. Þessi sértæka aðgerð mun óhjákvæmilega hafa áhrif á aðra aðila sem tengjast þessum greinum.

Athyglisvert er að lesa umsagnir um frv. Það má eiginlega heita svo að umsagnir sem koma frá aðilum í viðskiptalífinu, á fjármálamarkaðinum eru nánast allar á eina lund, þær mæla gegn þessari ráðstöfun og á hinum ýmsu forsendum.

Um álit Þjóðhagsstofnunar segir í nál. hv. þm. Ögmundar Jónassonar, með leyfi forseta:

„Að áliti Þjóðhagsstofnunar er verjanlegt í undantekningartilfellum að veita ríkisaðstoð til fyrirtækja „á grunni markaðsbresta". Í þessu tilfelli eigi það ekki við og leiðir Þjóðhagsstofnun getum að því að þessi íhlutun ríkisins geti *leitt til lægra framleiðslustigs og lakari lífskjara til lengdar*. Almennari aðgerðir sem skekkja ekki samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja, vinnuumhverfi einstaklinga og eflingu menntunar og rannsókna, eru líklegri að mati Þjóðhagsstofnunar til að efla þjóðarhag. Þjóðhagsstofnun varar við neikvæðum áhrifum á lánshæfi Íslands verði þetta gert."

Herra forseti. Þarna er einmitt með ákveðnum hætti tekið undir það sem ég sagði hér í upphafi ræðu minnar: Hlutverk ríkisins er að styrkja grunninn, efla menntunina og gera hana fjölbreyttari og sterkari og að allir geti átt aðgengi að góðri menntun án þess að þurfa að greiða fyrir það í formi skólagjalda. Það er hin besta stoð sem íslenska ríkið getur veitt fyrir þróun, hvort sem það er á sviði líftækni eða lífefnaiðnaðar eða hverju öðru í tækni og þróun á Íslandi. En þarna er einmitt pottur brotinn.

Við hefðum heldur viljað heyra það hér að við værum að ræða um hvernig mætti flýta byggingu Náttúrufræðihússins við Háskóla Íslands, hvernig hefði mátt útvega fjármagn til þess að flýta þeirri byggingu og koma því starfi sem þar er ætlað í gang og styrkja menntun, vísindi og rannsóknir hér á landi til þess m.a. að styrkja grunn fyrir lífefnaiðnaðinn. Við hefðum frekar viljað sjá að við ræddum stórátak á því sviði og það væri hlutverk Alþingis að taka þar myndarlega á í staðinn fyrir að þeirri byggingu, þeim framkvæmdum sem eru í gangi á vegum Háskóla Íslands til að efla menntun á þessum sviðum í landinu, seinkar stöðugt og æ lengra verður þangað til hún kemst í gagnið. Hve oft hefur hún ekki bæði í tíma og í fjármagni farið langt fram úr sínum áætlunum? Og þetta bitnar á íslensku vísindasamfélagi.

Ekki er heldur horft á þessa hluti aðskilda. Annars vegar að veita fjármagn, veita ríkisábyrgðir til að byggja upp í stórum stíl og í stórauknum skrefum störf og verkefni á sviði líftækni og lífefnaiðnaðar en á hinn bóginn að halda að sér höndum, draga lappirnar í að efla menntun fólks á þessu sviði, fólks sem einmitt verður að vera til í slíkri starfsemi sem vonandi getur farið í gang á eigin forsendum. Það verður að vera fólk fyrir hendi, menntað og sérhæft fólk til að takast á við þau verkefni, en þar er stefna ríkisins ekki í takt við það sem hér er verið að keyra fram. Enda koma fram varnaðarorð í umsögnum um frv. um að við munum ekki geta byggt upp með fullnægjandi hætti menntun og rannsóknir til að undirbyggja þróun eða þá stækkun á fyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar á þeim hraða sem þarna er gert ráð fyrir. Við erum því þarna að byrja nokkuð á öfugum enda.

Ég hefði viljað heyra hér í umræðunni að þeir sem nú leggja til að við göngum út í það að veita þessu erlenda móðurfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar fjármagn með þessum hætti, hvernig þeir ætla líka jafnframt að stórauka framlög til menntunar fólks á þessum sviðum hér á landi, því að það er óhjákvæmilegt að það gerist samhliða og reyndar er það óhjákvæmilegt þó svo að ekkert verði af þessari starfsemi og ekkert verði af þeim ríkisábyrgðum sem þarna er verið að veita, þá er það samt einna brýnast fyrir okkur að efla menntun og rannsóknir á þessu sviði.

Það að fara að byggja hér upp fyrirtæki sem á síðan að búa við að þurfa að sækja starfskrafta sína að meginhluta erlendis frá eru að mínu viti ekki réttar áherslur í uppbyggingu atvinnulífs hér á landi. Ég er ekkert á móti því þó að hingað komi tímabundið eða varanlega tæknimenntað og sérhæft fólk en að meginhluta erum við þó að byggja upp íslenskt atvinnulíf og atvinnulíf sem er að veita Íslendingum aukna og fjölbreyttari vinnu.

Herra forseti. Ég sagði áðan að flestir þeir aðilar sem hafa veitt umsagnir um frv. telja þetta afar misráðna hugmynd og misráðna aðgerð ef af verður.

Í nál. hv. þm. Ögmundar Jónassonar er vitnað í álit Búnaðarbankans sem ég ætla hér að gera, með leyfi forseta:

„Í áliti greiningardeildar Búnaðarbankans segir að hér sé um ákveðna stefnubreytingu hjá stjórnvöldum að ræða sem unnið hafi markvisst að því að draga úr ríkisábyrgðum og ríkisumsvifum. Hluti af þeirri viðleitni hafi verið sameining fjárfestingarlánasjóðanna í FBA, snemma á síðasta áratug, og síðan einkavæðing þess banka."

Virðulegi forseti. Ég er ekki að lesa þetta hér upp til þess að segja að ég sé sammála því sem þarna hafi verið gert. Ég tel einmitt að það hafi verið rangt að taka þessa sjóði atvinnulífsins, hvort sem það var Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður eða aðrir slíkir sjóðir sem höfðu sértæk hlutverk í íslensku atvinnulífi, hlutverk sem einmitt komu uppbyggingu atvinnulífsins úti um hinar dreifðu byggðir til góða. Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður gerðu það, en núna er búið að einkavæða þá, setja þá inn í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins en síðan var því breytt og selt og ég veit ekki betur en að sá banki telji sig ekki hafa meiri skyldur núna við sjávarútveg eða iðnað en við aðra peningastarfsemi og hugnist helst að koma peningum sínum í ávöxtun úr landi. Sú þróun sem þarna gerðist var ekki í takt við íslenska hagsmuni þegar þeir sjóðir voru lagðir niður og þeir einkavæddir.

En þetta var þá gert sem þáttur í þeirri hugmyndafræði að ríkið ætti ekki að hafa afskipti af atvinnulífinu og þess vegna mættu þeir sjóðir ekki starfa. Starfsemi þeirra skekkti íslenskt atvinnulíf og samkvæmt pólitískum yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, sem ég las hér upp áðan, gengu út á það einmitt að afnema ætti þessar sértæku aðgerðir, sértæku ríkisaðgerðir.

Ég hefði heldur viljað sjá að menn væru hér að snúast á þá sveif á ný að stofna aftur sjóði eða banka sem hefðu það skilgreinda hlutverk að þjóna íslensku atvinnulífi, smáum og

stórum fyrirtækjum úti um hinar dreifðu byggðir landsins, frekar en að fara inn í sértækar aðgerðir af því tagi að íslenska ríkið sé að gangast í tuga milljarða ábyrgð fyrir erlent fyrirtæki sem er staðsett á erlendri grundu. Hve dapurlegur vegur, virðulegi forseti, er á milli þessara yfirlýsinga og gjörða hæstv. forsrh.

Í umsögn Íslandsbanka, virðulegi forseti, ef ég vitna aftur í nál. hv. þm. Ögmundar Jónassonar, stendur, með leyfi forseta:

„Í umsögn greiningardeildar Íslandsbanka er sagt að um neikvætt fordæmi sé að ræða. Stjórn Samtaka fjárfesta hefur lýst sig mótfallna frumvarpinu í núverandi mynd. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær að með frumvarpinu sé horfið frá markaðri stefnu um almennar aðgerðir í efnahagsmálum og teknar upp sértækar aðgerðir. Í áliti Samtaka fjárfesta segir enn fremur: „Samtök fjárfesta vilja vekja athygli á, að á íslenskum fjármálamörkuðum eru nokkur fyrirtæki sem vinna að athyglisverðum rannsóknum og þróun. Það er hlutverk ríkisvaldsins að skapa fyrirtækjunum og annarri atvinnustarfsemi viðunandi starfsgrundvöll. Ríkisábyrgð á láni fyrir Íslenska erfðagreiningu hf. raskar starfsgrundvelli sumra þessara fyrirtækja með óeðlilegum hætti og getur beinlínis skaðað þau og fjárfesta sem að þeim standa. Samtök fjárfesta eru þeirrar skoðunar að framlög til rannsókna og þróunar séu of lítil á Íslandi.“ Í þessari álitsgerð er lögð áhersla á að tryggja jafnræði með fyrirtækjum.“

Já, aftur kemur þessi áhersla sem ég hef haft að rauðum þræði í gegnum ræðu mína, að ríkið á að koma að því að efla grunnrannsóknir og efla menntun og styrkja þannig grunn og móta þannig farveg fyrir öflugan atvinnuveg á þessu sviði. Það er öfugsnúið að veita ríkisábyrgðir á efstu greinarnar en láta ræturnar sem tréð vex af berjast um og svelta og ná ekki til sín næringu úr jarðveginum. Það er það sem ríkisstjórnin er að gera með þessu vinnulagi sínu, sker við nögl og dregur lappirnar í að styrkja og efla menntun á þessu sviði en veitir ríkisábyrgðir til erlendra fyrirtækja sem hugsanlega verða með einhvern hluta af starfsemi sinni hér á landi en munu þurfa að búa við það að sækja vinnuafl sitt, hið sérhæfða vinnuafl að stórum hluta erlendis frá vegna þess að menntun og rannsóknir og þróunarstarf, grunnþróunarstarf er ekki undirbúið hér með þeim hætti sem okkur bæri að gera. Ég hef nefnt þann seinagang sem er á byggingu Náttúrufræðihúss Háskóla Íslands sem ekki enn sér fyrir endann á hvenær kemst í notkun.

Herra forseti. Ýmislegt annað mætti segja um þetta mál í umræðunni um ríkisábyrgðir og aðgengi atvinnulífsins að fjármagni. Ég vil gera að umtalsefni þá atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti hér á landi en býr við hvað mest fjársvelti og það er ferðaþjónustan, uppbygging á ferðaþjónustu um hinar dreifðu byggðir landsins. Það er sá atvinnuvegur sem í hvað örustum vexti skilar hvað flestum störfum, það er sá atvinnuvegur sem hefur nú á sl. ári skilað t.d., að því er tölur segja, um 37 milljörðum kr. í gjaldeyristekjur og hefur vaxið á örfáum árum, nærri tvöfaldast á innan við áratug. Og þetta er sá atvinnuvegur sem allar spár segja að geti vaxið enn meir og á álíka hraða á næstu árum ef vel er að staðið og vel er undirbúið.

Einmitt í þessum atvinnuvegi berjast menn við vanda frumkvöðlanna. Við erum jú að búa til atvinnufyrirtæki í ferðaþjónustu, fyrirtæki og verkefni sem byggja á að nýta þá auðlind sem náttúran, menningin og saga okkar er til að skapa atvinnu. Vandi frumkvöðlanna þar er skortur á fjármagni. Hve margir munu heltast úr lestinni eftir nokkur ár eftir að hafa lagt sitt af mörkum, eigur sínar og hugvit? Hve margir munu lúta í lægra haldi vegna þess að þeir fengu ekki fjármagn, einu sinni lánsfjármagn á eðlilegum viðskiptakjörum fyrir starfsemi sína. Verður þá þróunarstarfið keypt upp fyrir slikk af stórfyrirtækjum í þessum atvinnurekstri? Þarna mætti koma til miklu meiri fjárstuðningur og þess vegna ríkisábyrgðir, gæti það hjálpað til að fá fjármagn á hagkvæmari kjörum.

Ferðaþjónustan í landinu er okkar stærsti atvinnumöguleiki en hún býr við langlökustu möguleikana í að útvega fjármagn til þeirra starfa sem þar er verið að byggja upp. Engin atvinnugrein býr við eins erfiðar aðstæður og ferðaþjónustan í landinu. Þetta gildir einnig um lánsfjármagn og fjármagn til rannsóknar- og þróunarstarfs á þessum vettvangi.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar að mig minnir liðlega 700 millj. kr. í rannsóknar- og þróunarstarf til ferðamála í landinu. Menn monta sig af því að framlagið hafi hækkað um 150 millj. kr. til að gera átak í að kynna ferðaþjónustu á Íslandi erlendis, sérstaklega í kjölfar neikvæðra umræðna til ferðaþjónustunnar vegna hörmunganna 11. sept. í New York í Bandaríkjunum. Menn eru að monta sig af þessari upphæð, 150 millj. kr. Þegar menn horfa síðan á þetta í hlutfalli við annað eru þær 700 millj. kr. sem hið opinbera veitir til rannsóknar- og þróunarstarfs í ferðaþjónustu á Íslandi eins og stofnkostnaður við 1,5 starf í álveri á Reyðarfirði miðað við áætlanir. Gert var ráð fyrir að stofnkostnaður á bak við hvert ársstarf í álverinu yrði um 400 millj. kr. Liðlega 700 millj. kr. er varið af hálfu hins opinbera til þróunarstarfs í ferðaþjónustu á Íslandi.

Sjá menn í hvaða samhengi er unnið? Það er dapurlegt, herra forseti, að sjá hvernig ríkisstjórnin með ráðstjórnarlegum stjórnunartilburðum sínum velur gæluverkefnin fram yfir önnur og lætur þau njóta sérstaks forgangs á fé ríkisins.

Það er einnig dapurlegt til þess að hugsa, herra forseti, að þegar þetta fyrirtæki var sett á stofn og komið á laggirnar var leitað eftir stuðningi almennings við það með ýmsum hætti, m.a. með útboði á hlutafé. Það er góðra gjalda vert og ekkert óeðlilegt að fyrirtæki á þessum vettvangi og af þessari stærð leiti sér fjármagns á hlutabréfamarkaði, bæði á almennum hlutabréfamarkaði og fái líka einstaka stærri fjárfesta til þess að kaupa í hlut. Það er alveg fullkomlega eðlilegt að það sé gert.

Hitt hlýtur að valda okkur depurð þegar við lítum til forsögunnar frá undanförnum mánuðum og árum en hlutabréf í þessu fyrirtæki hafa rokkað svo til í verði, eru nú á genginu tæplega 5 og fóru upphafi upp í gengið 60, það hefur a.m.k. verið nefnt og allt þar á milli. Svona miklar sveiflur í gengi á hlutabréfum í einu fyrirtæki hljóta að segja okkur að steinarnir í grunninum hafi ekki verið vel hlaðnir. Engum er hollt, hvorki því fyrirtæki sem byggir sig upp með þessum hætti né hluthöfum sem þarna koma að máli að fyrirtækið skuli svo óstöðugt. Það er heldur ekki hollt fyrir atvinnulífið í landinu að fyrirtæki byggist upp með gríðarlegum sveiflum á verði hlutabréfa sinna.

Ef eitthvað er ættum við að hafa lært, og það væri kannski skynsamlegra, að fara að öllu rólegar, fara hægar og með gát og átta okkur betur á því hvar við stöndum í rekstrinum og starfseminni. Þetta á ekki bara við um þetta fyrirtæki. Þetta á við um öll fyrirtæki. Því stærri sem þau eru og því meira

fjármagn sem þau fara með því harðara verður fallið eða slagsíðan þegar af því verður.

Það er mjög ótrúverðug framkoma, ótrúverðug vinnubrögð, að í hv. efh.- og viðskn. skuli ekki hafa verið hægt að fá upplýsingar um rekstur, stöðu og viðskiptamál fyrirtækisins sem lúta að öryggi þessarar ábyrgðar. Það hlýtur, virðulegi forseti, að vera alvarlegt íhugunarefni þegar hv. Alþingi vinnur að því að fá hér í gegn að veita fjármagn sem nemur allt að 20 milljörðum ísl. kr. til erlends fyrirtækis. Þótt fyrirtækið eigi sér dótturfyrirtæki hér á landi er verið er veita hinu erlenda fyrirtæki í Bandaríkjunum þessa ríkisábyrgð án þess að því sé fylgt hér fast eftir að nauðsynlegar upplýsingar til að átta sig á þeirri áhættu, því mati sem verður að liggja til grundvallar, séu fyrir hendi. Þaðan af síður er ásættanlegt að í þessum sérlögum sem hér eru borin fram sé lagt til eða þess krafist að hinum almennu reglum sem gilda um ríkisábyrgð skuli vikið til hliðar, einmitt þeim reglum sem lúta að áhættumati við veitingu ríkisábyrgða. Virðulegi forseti, þetta er alveg dæmafá framkoma og slök vinnubrögð.

Ég vil í lok máls ítreka að ég á þá ósk heitasta að líftækni og lyfjaiðnaður hér á landi vaxi og dafni og eigi sér bjarta framtíð. Ég vil hins vegar að hann geti byggst upp á raunsönnun forsendum og heilbrigðum, bæði hvað varðar verkefni og vinnubrögð og öflun fjármagns. Ég held að það sé ósk okkar allra og það er því andstætt þessum vonum og væntingum og sýn okkar að ríkið gangi hér á undan og veiti nánast skilyrðislaust fjármagn til þessa erlenda fyrirtækis og skekki þar með framtíðina á þessum grundvelli. Hér á að taka áhættu sem við höfum hér enga aðstöðu til þess að fá metna. Við erum að gera rangt, herra forseti. Ef þessi heimild til handa fjmrh. til að veita þessu erlenda fyrirtæki, deCODE, 20 milljarða kr. ríkisábyrgð verður samþykkt erum við að gera rangt.

[11:12]

Gunnar Birgisson:

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um frv. til laga um heimild til handa fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar.

Það er búið að tala mikið um þetta mál í þingsölum og víða annars staðar. Kannski væri rétt að fara aðeins yfir málið og staðreyndir þess.

Í fyrsta lagi: Hvernig er staðan? Hvar er starfsemin, líftæknistarfsemi þessa fyrirtækis, deCODE? Hún er í Bandaríkjunum og hún er hér á landi.

Við stofnun Íslenskrar erfðagreiningar varð bylting í líftæknigeiranum hér á landi, nokkuð sem menn töluðu mikið um á níunda áratugnum og átti öllu að bjarga í íslensku efnahagslífi. Nú er loksins komið að því. Hér á landi starfa um 600 manns á vegum Íslenskrar erfðagreiningar og mun fleiri í Bandaríkjunum.

Önnur staðreynd sem rétt er að halda til haga eru nýleg kaup Íslenskrar erfðagreiningar á MediChem í Bandaríkjunum, bandarísku efnafræðifyrirtæki með 100 starfsmönnum. Menn hafa ruglað því saman að flytja ætti það fyrirtæki hingað til lands. Svo er ekki. Með þessu er meiningin að fara í lyfjaþróun hér á landi og mynda nýja deild í deCODE, þ.e. stækka Íslenska erfðagreiningu.

DeCODE genetics er á mörkuðum, á Nasdaq, amerísku verðbréfamarkaðnum Wall Street. Sé farið yfir skýrslur greiningarfyrirtækja á Wall Street er álit þeirra nánast samhljóða. Af því að hér hefur verið talað um slæma stöðu Íslenskrar erfðagreiningar vil ég benda á að staða fyrirtækisins er ekki slæm. Ef við skoðum niðurstöður fyrsta fyrirtækisins og eins þess virtasta í þessum bransa, Lehman Brothers, telja þeir að fyrirtækið ætti að vera í 12 dollurum á hlut í framtíðinni. Þeir gefa fyrirtækinu góða einkunn.

Svo er annað fyrirtæki, J.P. Morgan. Þeir fara líka yfir málið og telja að fyrirtækið eigi fljótlega að geta farið í 12 dollara á hlut og gefa því líka góða einkunn. Hér er einnig skýrsla frá Robertson Stephens þar sem þeir segja að 12 mánaða verð eigi að vera 10 dollarar á hlut. Í öllum þessum skýrslum segir að deCODE hafi gefið út plön og í öllum þeim skýrslum segir að þeir hafi náð þeim áföngum sem kveðið er á um, og séu heldur á undan heldur en hitt.

Svo er það að lokum Morgan Stanley. Í skýrslu þeirra er gefin upp kostnaðaráætlun eða viðskiptaáætlun fyrirtækisins til ársins 2007. Þar sést að árið 2005 er reiknað með að fyrirtækið fari að skila hagnaði, 2004 verði það ár sem fyrirtækið mun vera í jafnvægi.

Það er líka rétt að halda til haga þeirri staðreynd að fyrirtækið er með 167 millj. dollara á bankabókum þannig að það er ekki að verða gjaldþrota eins og hér hefur verið talað um. Það hefur verið rætt um áhættuna og að 90% möguleikar séu á því að fyrirtækið fari á hausinn o.s.frv. Ég held að menn þurfi aðeins að kynna sér það áður en þeir leggja í slíkar yfirlýsingar.

Ég hef nú ekki farið efnislega í afstöðu mína til málsins, en í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. stendur að áður en af þessu verði þurfi samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ábyrgðin er háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, en stjórnvöld telja að hún uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna eins og þau eru tilgreind í leiðbeiningarreglum stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Ef samþykki stofnunarinnar fæst ekki fyrir því að ábyrgðin sé sérstök ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis telja stjórnvöld að ábyrgðin geti jafnframt uppfyllt skilyrði sem sett eru fyrir veitingu almennra ríkisábyrgða í leiðbeiningarreglum stofnunarinnar, en þau eru sambærileg þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir."

Það er því alveg klárt hvernig það lítur út.

Það er spurning hvernig þetta er hjá öðrum, hvernig ríkisábyrgðir eru hjá öðrum þjóðum, Evrópubandalaginu og annars staðar. Ég er hér með spurningu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem er með okkur í efh.- og viðskn. Hún spyr um ríkisábyrgðir annars staðar.

Með leyfi forseta er rétt að lesa kannski upp það sem hefur gerst í því hjá Evrópubandalaginu. Í svari fjmrn. til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur stendur:

„8. maí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin ríkisaðstoð til Philipp Holzmann AG, þýsks byggingarfyrirtækis, í formi ríkisábyrgðar á 76,7 millj. evra. Heildarfjárfestingarkostnaður var að fjárhæð 1,5 billj. evra."

Annað dæmi, með leyfi forseta:

„18. júlí árið 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin 27,6 millj. evra ríkisaðstoð til Kartogroup Deutschland GmbH, m.a. í formi ríkisábyrgðar vegna uppsetningar á verksmiðju. Heildarfjárfestingarkostnaður var 85 millj. evra og var aðstoðin í formi ábyrgðar á 35% af heildarfjárfestingarkostnaði."

Þriðja dæmið:

„8. maí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin ríkisaðstoð til rannsókna- og þróunarverkefnis í formi styrks, ríkisábyrgðar og láns til Mikroelektronik Center í Danmörku að fjárhæð 6,7 millj. evra."

Síðan eru hér styrkir og ríkisábyrgðir á sviði lyfjaiðnaðar, með leyfi forseta:

„8. maí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin fjárfestingarstyrk til Wacker Chemie GmbH í Þýskalandi að fjárhæð 119 millj. evra. Um var að ræða 26% af heildarfjárfestingarkostnaði og var áætlað að verkefnið hefði í för með sér 275 ný störf."

Enn eitt dæmið:

„18. júlí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin fjárfestingaraðstoð til lyfjafyrirtækisins Hellenic Petroleum í Grikklandi að fjárhæð 38 millj. evra til uppbyggingar nýrrar starfsemi. Var áætlað að verkefnið skapaði 170 ný störf. Var ríkisaðstoðin 31% af heildarfjárfestingarkostnaði.

26. júlí 2000 heimilaði framkvæmdastjórnin R&D ríkisaðstoð sem austurrísk stjórnvöld veittu til Boehringer til lyfjaþróunar vegna krabbameinsrannsókna og fleiri sjúkdóma."

Evrópubandalagið hefur lagt áherslu á að styrkja þennan geira þar sem hann hefur dregist verulega aftur úr bandarískum fyrirtækjum á sviði þróunarrannsókna og lyfjaþróunar.

Þá er líka rétt að fara yfir það að þetta mál bar skjótt að og kannski hefur tíminn til að fjalla um það ekki verið nægur. (**SJS:** Nú!) En það er nú búið að eyða miklum tíma í þetta (Gripið fram í.) nú þegar. Það er m.a. búið að framlengja þingið út af þessu máli þannig að vonandi fáum við allan þann tíma sem við þurfum.

Við fengum mjög góða yfirferð frá fulltrúum fjmrn. og ríkisendurskoðanda í efh.- og viðskn. (**Gripið fram í:** Það var frábært.) Þeir höfðu farið mjög vel ofan í málið og hafa svarað öllum þeim spurningum sem þeir hafa verið beðnir um og gert glögga grein fyrir málinu.

Síðan er rétt að fara yfir enn eina staðreynd málsins. Ef af þessu verður mun þetta skapa 250–300 ný störf. Þetta eru hálaunastörf. Þetta er hátækniiðnaður og stuðlar náttúrlega enn frekar að hagvexti og bættum lífskjörum í þessu landi. Allir vilja það. Enginn ber á móti því.

Þá kemur kannski að því hver sé ástæðan fyrir aðkomu ríkisins að þessu máli. Hvers vegna? Fyrirtækið á náttúrlega möguleika á að setja upp þessa deild sína í Bandaríkjunum og leita eftir fjármagni eftir öðrum leiðum eða þá að koma með hana hingað til lands og gera það með þessum hætti. Ég held að allir séu sammála um að þetta mun hafa mjög jákvæð áhrif á íslenskt efnahgslíf í öllu falli.

Það er rétt aðeins að fara yfir þá punkta sem koma fram í greinargerð með frv. um ástæður fyrir aðkomu ríkisins. Ég held að það lýsi málinu mjög vel, með leyfi forseta:

„Sérhæft verkefni. Með því að hefja lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði er ljóst að Ísland væri að skipa sér í flokk með þróuðustu ríkjum á sviði hátækni. Lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði er ein af þeim hátæknigreinum sem kallaðar hafa verið „iðnaður 21. aldarinnar".

Staðsetning verkefnisins. Ein meginforsenda þess að unnt verði að starfrækja verkefnið á Íslandi er aðkoma ríkisvaldsins með þeim hætti sem hér er lagt til.

Efnahagsleg áhrif. Verkefnið hefur jákvæð efnahagsleg áhrif. Þegar litið er til þjóðhagslegra áhrifa er varlegt að ætla að margfeldisáhrif 250–300 starfsmanna í frumframleiðslu, rannsóknum og þróun séu a.m.k. tvöföld miðað við bein efnahagsleg áhrif.

Stærð verkefnisins. Verkefnið er af þeirri stærðargráðu að eðlilegt er að leitað sé eftir samstarfi við stjórnvöld.

Nýsköpun. Um er að ræða verkefni á sviði nýsköpunar, þekkingar- og hátækniiðnaðar sem er til þess fallið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, efla menntun og þekkingarstig og gera landið eftirsóknarverðara fyrir hátækni- og háþekkingarfyrirtæki."

Ég held að allir séu sammála um að hið besta mál sé að fá þessa starfsemi inn í landið. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann tala á móti því. Það sem menn greinir á er hvort það eigi að vera ríkisábyrgð á láninu og hver áhættan sé. Líka hefur verið talað um að viðskiptaáætlun fyrir þessa starfsemi vanti.

Í svörum fjmrn. við spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kemur fram kostnaðaráætlun eða viðskiptaáætlun vegna uppbyggingar á lyfjaþróunardeild Íslenskrar erfðagreiningar. Þetta er áætlun til ársins 2008. Þar kemur fram að heildarfjárfestingarþörfin eða fjármagnsþörfin, bæði í rekstur og fjárfestingar, sé 36 milljarðar kr. Það er reiknað með 8 milljörðum í fjárfestingar, 5,2 í vexti og 23 í þróunarstarf. Hér er ekki getið um tekjur enda er spurning hvernig menn fara með slíkt, hvenær þeir selja og annað. En menn geta hugsað sér það þannig að lyfjaframleiðslu er skipt í þrennt. Rannsóknir og þróun gætu verið fyrsti þriðjungurinn. Annar þriðjungurinn gæti verið lyfjaþróunin og síðasti þriðjungurinn markaðssetning og framleiðsla. Síðan er spurning hvenær þessi lyfjafyrirtæki selja framleiðslu sína. Ef við tökum þetta á skalanum tíu, selja þau þá þegar þau eru komin 50% af leiðinni eða 60–70% af leiðinni eða kaupa þau af öðrum sem eru komin t.d. 20% af leiðinni og bæta svo við og selja svo? Það eru allir möguleikar í þessu.

Eins og þetta dæmi hefur verið sett hér upp hjá andstæðingum þess er það annaðhvort allt eða ekkert, hér séu menn í einhverri rússneskri rúllettu. Það er ekki um slíkt að ræða.

Þegar þetta mál kom hér fyrst var ég einn af efasemdarmönnum hvað það varðaði. En oft er betra að spara yfirlýsingarnar og reyna að kynna sér málið en að fara á torg og tala málið niður. Eftir að hafa kynnt mér málið er ég því fylgjandi.

Svo er það spurningin um áhættu í þessu máli. Eftir að hafa farið gegnum ársreikninga fyrirtækisins deCODE og þá möguleika sem það hefur upp á að bjóða tel ég að áhættan sé ekki mjög mikil fyrir ríkið. Við erum að tala um að þetta sé sjö ára mál, sjö ára ábyrgð, og fyrst er náttúrlega gengið að fyrirtækinu áður en gengið er að ríkinu.

Það sem hefur kannski hins vegar staðið helst í mér er fordæmið fyrir slíkum málum. Ég er ekki stuðningsmaður mikillar ríkisábyrgðar nema í undantekningartilfellum. Úr nál. frá efh.- og viðskn. er rétt að lesa klausu um þetta mál, með leyfi forseta:

„Töluvert var um það rætt í nefndinni hvort veita ætti öðrum fyrirtækjum sambærilega fyrirgreiðslu og fyrirtækið Lyfjaþróun hf. lagði fram upplýsingar þar sem fram kemur að það telur sig í sambærilegri starfsemi og Íslensk erfðagreining ehf. Meiri hlutinn bendir á að þegar ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA liggur fyrir um hvort ábyrgðin uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna verður grundvöllur til að fjalla um það hvort ástæða sé til að veita ábyrgð öðrum fyrirtækjum hér á landi sem

fást við lyfjaþróun á sambærilegum forsendum og Íslensk erfðagreining ehf. hefur í hyggju."

Þetta er lykilatriði málsins. Ef önnur fyrirtæki í sambærilegri starfsemi, eins og Lyfjaþróun, sækja um tel ég að það þurfi að skoða mjög gaumgæfilega til að jafnræðis sé gætt í slíkum málum. (**Gripið fram í:** Vill þingmaðurinn gera þetta í Kópavogi?) Það væri mjög gott ef við fengjum þetta fyrirtæki inn í Kópavog. Ég mundi fagna því mjög mikið að fá lyfjaþróunarfyrirtæki í Kópavog.

Skoðun mín er sú að þetta hafi gífurlega jákvæð áhrif fyrir íslenskt efnahagslíf. Við skulum gefa okkur að það mundi ganga mjög vel hjá þessu fyrirtæki. Hvað mundi þá gerast? Andstæðingar þessa máls hafa hér reynt að tína upp neikvæða punkta, talað um að 90% líkur séu á að þetta fari á á hausinn og öll þau ósköp. Þetta eru miklir garpar og sérfræðingar. Þeir eru kannski með önnur gleraugu en ég. Það er alveg greinilegt.

Ég held að menn ættu að kynna sér þetta á hlutlægan hátt eins og ég hef a.m.k. reynt að gera. Ég var úrtölumaður til að byrja með í þessu máli, hafði aðallega efasemdir um hvort þetta mundi ganga upp. En eftir að hafa lesið gögn frá virtum greiningarfyrirtækjum á Wall Street hef ég sannfærst um að meira kjöt er á beinum þessa fyrirtækis en menn vilja vera láta.

Niðurstaða mín er því sú að ég styð málið. En menn verða að hafa það á hreinu að jafnræðis verði gætt gagnvart öðrum fyrirtækjum í hliðstæðum tilfellum.

[11:30]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er margt sem ég vildi gagnrýna í málflutningi hv. þingmanns og mun gera það nánar í ræðu á eftir. En í fyrsta lagi vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann geri sér grein fyrir því að hin virtu fjárfestingarfyrirtæki sem hann vitnaði til, Lehman Brothers, Morgan Stanley og Robertson Stephens, eru öll viðskiptaaðilar deCODE og annast viðskipti fyrir þess hönd. Í öðru lagi spyr ég hvort hv. þingmanni finnist það ekki áhyggjuefni að efh.- og viðskn. sem er gert að fara yfir málið fær ekki að sjá viðskiptaáætlanir fyrirtækisins þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar að lútandi. Í sambandi við hina vönduðu yfirferð í efh.- og viðskn. þingsins vil ég í öðru lagi taka fram að það er alveg rétt að þangað komu fulltrúar Seðlabanka, Ríkisendurskoðunar og annarra aðila en flestir þeirra sögðust ekki hafa forsendur til að meta máið. Það er kapítuli út af fyrir sig að t.d. fulltrúar Seðlabankans líti ekki á það sem skyldu sína að kafa ofan í þetta mál.

Í þriðja lagi vil ég nefna að grg. sem lesið var upp úr eða vitnað var til sem fylgir stjfrv. er að verulegu leyti samin af hálfu starfsmanna deCODE-fyrirtækisins þar sem talað er um þeirra eigið ágæti, og fékk ég það staðfest í efh.- og viðskn. þingsins af hálfu fulltrúa fjmrn.

Í fjórða lagi vil ég nefna að það er vitnað í að áætlanir fyrirtækisins um greiðslur hafi staðist. Við höfum ekki fengið sundurgreindar greiðslur til fyrirtækisins þar sem farið er í saumana á árangurstengdum borgunum. Ég vil nefna í því sambandi að fyrirtækið er ekki farið að borga neitt upp í þá samninga sem ríkið hefur gert við það um framkvæmdir hér innan lands. Allt þetta finnst mér vera áhyggjuefni og ég sakna þess í málflutningi hv. þm. sem er reyndur maður í viðskiptum og hefur sagt margt gott á því sviði. En hér fannst mér mikið skorta á.

[11:32]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að fara yfir þessar spurningar frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þessi fyrirtæki, Lehman Brothers, J.P. Morgan og Robertson Stephens, eru öll virt fyrirtæki á Wall Street. Þau vinna ekki bara fyrir Íslenska erfðagreiningu heldur mörg önnur fyrirtæki, þetta eru hlutlaus fyrirtæki í sínum greiningum. Gerir hv. þm. sér grein fyrir því að ef þessir menn eru fundnir sekir um hlutdrægni eru þeir dæmdir og flautaðir út af, geta lagt sig niður? Ég vísa slíkum fullyrðingum algjörlega heim til föðurhúsanna og finnst hv. þingmaður taka mjög stórt upp í sig.

Í öðru lagi varðandi viðskiptaáætlun fyrirtækisins, og af því að hv. þm. reyndi að gera lítið úr starfsmönnum fjmrn. — það eru aðallega starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar sem hafa svarað spurningunum — er hér í svari fjmrn. til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar á lyfjaþróunardeild Íslenskrar erfðagreiningar.

Auðvitað er þetta fólk sem vinnur sín verk af bestu samviskusemi. Ég tek mark á slíku. Við erum ekki hér, þingmennirnir, að detta af himnunum sem allsherjarsnillingar í slíkum málum, við verðum náttúrlega að hlusta á það fólk sem hefur til þess bæra menntun og þekkingu og leggja síðan okkar mat á málið, bara af þeim upplýsingum sem við höfum.

Loks talaði hv. þm. um árangurstengdar borganir. Ég þekki það ekki en það er náttúrlega slæmt ef slíkt er í gangi. Ég tel að þetta verkefni verði til mikillar hagsældar fyrir íslenskt efnahagslíf og íslensku þjóðina.

[11:34]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að taka stórt upp í mig gagnvart erlendu fjármálafyrirtækjunum, og engan veginn svo stórt upp í mig eins og gert er í leiðara hins virta bandaríska blaðs New York Times þann 11. apríl sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Það hefur reynst sérfræðingum á Wall Street sífellt erfiðara að telja mönnum trú um að það væri einvörðungu vegna vanþekkingar að fyrirtækin sem þeir höfðu talað upp í hátt gengi urðu skyndilega verðlaus."

Þetta er í leiðara sem ber yfirskriftina „Afvegaleiðing á Wall Street", „Disinformation on Wall Street". Og ég vil nefna að eitt þessara fyrirtækja, Morgan Stanley, sem annaðist útboð á hlutabréfum á Nasdaq-markaðnum bauð íslenskum lífeyrissjóðum hlutabréf á genginu 16–18 dollara rétt áður en fyrirtækið hrapaði niður fyrir 10. Þetta er eitt af þessum fyrirtækjum sem verið er að gagnrýna í New York Times.

Ég er ekki að gera lítið úr starfsmönnum fjmrn., alls ekki. Ég er einfaldlega að benda á staðreyndir. Ég hef líka bent á þá staðreynd að á þeim lánum sem fyrirtækið hefur tekið upp á síðkastið eru sífellt versnandi og erfiðari vaxtakjör. Ég hef áður vitnað í það í ræðu, bæði í lán sem voru tekin upp á 17,8 millj. dollara í desember 2001 og síðan lán sem fyrirtækið tók núna í marsmánuði upp á 13,8 millj. dollara en í upplýsingum sem má fá um skuldastöðu fyrirtækisins á Nasdaq kemur fram að að hluta til bera þessi lán 12% vexti og að því er virðist ofan á vísitölubindingu. Að hinu leytinu er um að ræða 6,6 millj. dollara sem eru með 6% álag á Libor-vexti. Sérfræðingar á fjármálamarkaði segja að þetta sé mjög hátt og þegar þetta álag er borið saman við

lánin á síðasta ári, sem voru með 0,5% álag, má ljóst vera að lánskjör sem fyrirtækinu bjóðast gerast miklu erfiðari. Ekkert af þessu hefur verið skoðað og við höfum ekki fengið að sjá þá viðskiptaáætlun sem óskað var eftir.

[11:36]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talaði um 6% álag á Libor-vexti. Það væri kannski gaman að vita frá honum hvað Libor-vextir eru í dag, þeir eru ekki mjög háir.

Rétt til að endurtaka hér greiningu Morgans Stanleys sem er það fyrirtæki sem hefur mest unnið fyrir Íslenska erfðagreiningu, hin hafa ekki gert það sérstaklega — þau eru hlutlaus og öll eru þau svo sem hlutlaus — málið er þetta: Ef slík fyrirtæki verða uppvís að því að vera með vísvitandi afvegaleiðandi upplýsingar á Nasdaq eða ameríska verðbréfamarkaðnum verða þau ekki þar lengi, það er alveg ljóst.

Rétt til að fara yfir fjárhagsáætlunina, og kostnaðaráætlunin er hér, er hér frá fyrirtækinu varðandi uppbyggingu lyfjaþróunardeildarinnar og ég hvet hv. þingmann til að lesa sér til um það hvernig hún er uppbyggð. Þá hvet ég líka hv. þingmann til að fara í ársreikninga fyrirtækisins, áætlanir og áætlanagreiningar fyrirtækjanna um stöðu fyrirtækisins í framtíðinni. Eins og staðan er núna eyðir fyrirtækið náttúrlega miklum peningum í þróun og rannsóknir, og tekjurnar hafa ekki komið enn þá. Samt eru þeir núna nýbúnir að gera annan samning við Hoffmann-La Roche upp á 300 millj. dollara. Ef það lyfjafyrirtæki væri ekki ánægt með störf Íslenskrar erfðagreiningar eða deCODE mundu þeir ekki fá slíka samninga. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þingmaður verði að fara aðeins betur ofan í málið. (**ÖJ:** Þetta er markmiðssetning. Þetta er misskilningur.)

[11:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að endurtaka mikla trú mína á starfsemi deCODE og Íslenskrar erfðagreiningar núna sem og á þeirri nýju starfsemi í lyfjaþróun sem þeir ætla að taka upp.

En mig langar til að spyrja hv. þm. Gunnar Birgisson nokkurs. Í fyrsta lagi talar hann um 17 milljarða eigið fé — fyrirtækið fór á verðbréfamarkað og aflaði mikils fjár sem átti að brenna upp á ákveðnum tíma. Nú er gert ráð fyrir því að af brennslutímanum séu um 4–5 ár eftir. Hefur hv. þm. kynnt sér það? Og þeir reikningar sem hann vísaði í eru náttúrlega vegna núverandi starfsemi en ekki vegna hinnar nýju starfsemi í lyfjaþróun sem er miklum mun áhættusamari en starfsemi fyrirtækisins í dag.

Þá er það spurningin um áhrif á innanlandsmarkað. Þau verða vissulega jákvæð að mestu leyti ef vel gengur en þó hafa þau neikvæð áhrif, t.d. á heilbrigðiskerfið vegna samkeppni um starfsmenn. Hefur hv. þm. gert sér grein fyrir því?

Og hefur hv. þm. kannað hvað mundi gerast ef svo fer, eins og hann segir, að kröfuhafar þurfi að ganga að fyrirtækinu og gera það gjaldþrota ef illa fer? Þar með mundu líka tapast þau 600 störf sem eru í gangi í dag. Hefur hann gert sér grein fyrir því? Hefur hann kannað áhættugreiningu á þessu fyrirtæki, hversu miklar líkur eru á gjaldþroti, hversu miklar á að það gangi vel og hversu miklar að það gangi þokkalega? Þetta er eitthvað sem menn þurfa að kanna.

Og svo er það náttúrlega spurningin um heimssýn. Hefur hv. þm. trú á því og skoðun að svona áhætturekstur eigi að fjármagna öðruvísi en með áhættufé? Er skynsamlegt að fjármagna svona rekstur með lánsfé, hvað þá með ríkisábyrgð? Er það í samræmi við skoðun hans og þekkingu á atvinnurekstri að þvílíka áhættu eigi að fjármagna með lánsfé og ríkisábyrgð?

[11:41]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. Pétur Blöndal um að ég hef kynnt mér þetta mál bara alveg þokkalega og veit um þessar staðreyndir sem hann var að tala um, að brennslutíminn sem eftir er af reiðufé fyrirtækisins sem eru bundið baktryggingum er 4–5 ár.

Varðandi neikvæða samkeppni finnst mér hv. þm. tala bara aftan úr fornöld. Ég vil benda honum á að af þessum 600 starfsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar á Íslandi í dag eru yfir 100 erlendir. Auðvitað munu einhverjir erlendir starfsmenn koma í þetta. Og ef ekki má setja hérna nýja atvinnustarfsemi í gang, eins og í þessu tilfelli lyfjaþróun — mér þykir mjög sérkennilegt ef menn eru á móti því út af því og vísa því — ja, ég átta mig ekki á hvað hv. þm. meinar.

Hvaða líkur eru á gjaldþroti? Mitt mat, eftir að hafa farið í gegnum það, er að þær séu mjög litlar. Það getur vel verið að hv. þm. sem er lærðari í þessu og kannski sjálfskipaður sérfræðingur þingsins í áhættugreiningum og líkum á gjaldþroti geti frætt þingheim meira um það.

En síðan verðum við að horfa á framtíðartekjur þessa fyrirtækis. Hverjar eru þær? Hvenær eru menn tilbúnir til að selja rannsóknar- og þróunarvinnu sína og hvenær eru menn tilbúnir til að keyra það áfram? Menn geta selt og fengið sér rekstrarfé og ég er alveg sammála hv. þingmanni um að þetta er áhættubransi. Þetta er samt vaxandi bransi, t.d. í Bandaríkjunum, og Evrópubandalagið styður mjög við þetta í formi ríkisábyrgða og ríkisstyrkja til að gera Evrópufyrirtækin samkeppnishæf við þau bandarísku.

Ég er ekki mikill ríkisábyrgðasinni (**Gripið fram í:** Nú?) en í einstökum tilfellum finnst mér það verjandi eins og í þessu tilfelli og í þessari grein.

[11:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka fram að þó að ég hafi bent á neikvæð áhrif á heilbrigðiskerfið er það ekki nægilegt til þess að ég sé á móti málinu sem slíku. Ég hefði ekkert á móti þessari starfsemi inn í landið, alls ekki, ef það kæmi á eðlilegum forsendum með áhættufé — sem ég vona að það geri.

En hv. þm. lendir í ákveðinni mótsögn við sjálfan sig. Hann segir að gjaldþrotalíkurnar séu mjög litlar. Ég veit ekki hvað átt er við, hvort það er 5% eða 2% eða hvað það nú er. Í mínum huga eru litlar líkur 2–5%. Ef svo er er þetta ekki áhættusamur bransi eins og hv. þm. nefndi. Þetta er hreinlega mjög öruggur bransi ef gjaldþrotalíkurnar eru þetta litlar.

Það er nefnilega einmitt einkenni á áhættustarfsemi að þar eru gjaldþrotalíkurnar miklar en hagnaðarvonin líka þeim mun meiri. Það er þekkt í þessum bransa að ef vel gengur fer gengið upp í hundraðfalt, þvílíkur er hagnaðurinn, jafnvel enn meira. Og það er ljóst að ef þetta væru litlar gjaldþrotalíkur mundu fjárfestar heimsins slást um að kaupa í þessu fyrirtæki. Þeir mundu slást um að kaupa í því ef gjaldþrotalíkurnar væru litlar og hagnaðarvonin svona gífurleg. Þannig er því nefnilega ekki háttað, gjaldþrotalíkurnar eru og hljóta að vera umtalsverðar. Í mínum huga hljóta þær að vera yfir 50% því að ella væri svo mikill ávinningur í því að kaupa

í þessu fyrirtæki að það þyrfti enga ríkisábyrgð, það yrði slegist um hlutaféð á því gengi sem er í dag og jafnvel því gengi sem talað er um, 18, vegna þess að gjaldþrotalíkur, áhætta og mikil hagnaðarvon fara saman. Hins vegar geta ekki farið saman mikil hagnaðarvon, litlar gjaldþrotalíkur og áhætturekstur.

[11:45]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. á að ég var að ræða um gjaldþrotalíkur á deCODE áður en til greiðslu þessa láns kæmi. Ég tel þær litlar hvort sem þær eru 2–5% eða ekki, ég ætla ekki að segja til um það.

Það er ljóst að í þessu felst áhætta, það eru alveg hreinar línur. Spurningin snýst um áhættu ríkisins en ég tel hana litla. Það sem vafðist mest fyrir mér er fordæmið varðandi ríkisábyrgðir og jafnræðið. Við erum hins vegar að tala um nýsköpun og það fylgir alltaf áhætta nýjum starfsgreinum. Ég bendi hv. þm. á að íhuga hvernig menn ætluðu að fara að því að stofna nýjungar og nýsköpun í atvinnulífi ef aldrei væri tekin áhætta, ef gjaldþrotalíkurnar væru litlar. Þá verður lítil framþróun.

Það er alveg ljóst að einhver fyrirtæki í nýsköpun geta farið á hausinn en ég tel að þetta fyrirtæki standi samt það styrkum fótum að ekki sé mikil hætta á því. Fyrirtækið getur selt framleiðslu sína eða rannsóknir á mismunandi stigum. Vilja menn hanga lengur á því til að gera verðmætið meira? Auðvitað vilja menn það. Hvers vegna ætlar fyrirtækið að stofna lyfjaþróunardeild hér? Hvers vegna hér en ekki einhvers staðar annars staðar? Er það bara út af ríkisábyrgð? Þeir eiga möguleika á að fara á aðrar lendur. (**ÖJ:** Þeir hafa heila ríkisstjórn í vasanum.) Ég vísa því náttúrlega alveg á bug að ríkisstjórnin sé að þessu. Ég held að menn séu að vinna af heilindum. Mér finnst þetta óþolandi skoðun sem fram kemur hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að þetta sé gert hér fyrir ríkið og þegar ráðist er gegn persónu forsrh. í þessu máli. Mér finnst það hörmulegur málflutningur. Hérna er verið að reyna að vinna landi og þjóð gagn og bæta lífskjör þeirra sem hér búa.

En það er eins og venjulega. Vinstri grænir skulu vera á móti þessu sem öllum öðrum góðum málum.

[11:47]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um heimild til handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar.

Í 1. gr. segir:

„Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð vegna útgáfu móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild."

Virðulegi forseti. Það sem við fjöllum um hér er í raun ekki fyrirtækið Íslensk erfðagreining, deCODE eða staða þess fyrirtækis, heldur er meginmálið pólitíkin í þessu máli. Hér er komið fyrir hið háa Alþingi frv. til laga um að veita slíka ábyrgð þvert ofan í stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi slík mál. Það er sorglegt að heyra málflutning hv. þm. stjórnarmeirihlutans þegar þeir reyna að mæla þessu frv. bót. Hv. þm. Gunnar Birgisson nefndi í ræðu sinni áðan að þetta yrði vítamínsprauta fyrir efnahagslífið í landinu. Auðvitað efast enginn um það. Málið snýst hins vegar ekkert um það. Það geta allir verið sammála því líka að tveggja milljarða innspýting í efnahagskerfi Akureyrar með ríkisábyrgð af því tagi sem hér er yrði hvati til gríðarlegrar uppbyggingar á því svæði en um það snýst ekki málið. Um það erum við öll sammála.

Ég geri líka ráð fyrir að við öll í þessum sal viljum sjá velgengni og uppbyggingu hjá Íslenskri erfðagreiningu. Allir sem hér hafa talað eru sammála um það og ég er sammála því. Þetta er fyrir margra hluta sakir spennandi fyrirtæki og auðvitað viljum við veg og viðgang þessa fyrirtækis mikinn.

Virðulegi forseti. Staðan í þessu máli er hins vegar þannig að þjóðin er mjög tvístígandi þegar komið er inn á borð frv. til laga um ábyrgðir til áframhaldandi uppbyggingar. Það verður náttúrlega að segjast eins og er, að fjölmargir Íslendingar eru skaðbrenndir af viðskiptum sínum við Íslenska erfðagreiningu. Þúsundir landsmanna gerðu sér vonir um að þeir væru að fjárfesta í góðu, öruggu og framsæknu fyrirtæki en standa nú frammi fyrir því að hafa tapað stórfé, alla vega eins og málin standa nú þar sem fyrirtækið er ekki metið nema á 5,5 dollara hlut eða þar um bil en fór upp í á sínum tíma allt að 60 dollara á hlut. Segja má að hver einasta fjölskylda í landinu hafi á einn eða annan hátt fengið smjörþefinn af því að fjárfesta með gríðarlegum væntingum sem urðu síðan að engu. Það mótar augljóslega hug margra til þessa frv. sem hér er uppi á borðum. Fólk setur samasemmerki milli þess sem það sjálft gerði á sína ábyrgð og margir töpuðu, eins og ég sagði áðan, stórfé og eru í sárum vegna viðskipta sinna við þetta fyrirtæki. Auðvitað má segja að viðkomandi sé í sjálfsvald sett í hvaða fyrirtækjum hann kaupir hlutabréf. En staðan er svona núna.

Nei, virðulegi forseti. Hér tölum við um ríkisábyrgðir almennt. Það sem er hjákátlegast í þessu máli er að það hefur verið stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að forðast ábyrgðir af þessu tagi og halda sig frá afskiptum, beinum eða óbeinum, af atvinnulífinu í landinu. Í því skyni, virðulegi forseti, voru t.d. sjóðir atvinnulífsins lagðir niður og settir inn í Fjárfestingabanka atvinnulífsins á sínum tíma sem síðan fór inn í Íslandsbanka í heilu lagi. Þannig var t.d. Iðnlánasjóður settur inn í þetta nýja bankakerfi og Fiskveiðasjóður.

Hver er afleiðingin af því? Jú, afleiðingin er sú að t.d. hvað varðar iðnaðaruppbyggingu úti um land er miklum erfiðleikum háð að fá fjármagn sem áður stóð til boða í gegnum Iðnlánasjóð, ég tala nú ekki um fjármagn til að fjárfesta í nýjum fiskiskipum. Það fór í gegnum Fiskveiðasjóð og menn áttu þá öruggan og greiðan aðgang að fjármagni. Þetta sjóðakerfi var talið gamaldags af núverandi meiri hluta á hinu háa Alþingi. Menn sögðu að það bæri að leggja það niður og hafa fjármálaþjónustu til handa fyrirtækjum í landinu í almennri umgjörð.

Einn sjóður var þó látinn halda sér, þ.e. Stofnlánasjóður landbúnaðarins. Ég tel að það hafi verið heillaspor að sá sjóður fór ekki inn í Fjárfestingabanka atvinnulífsins. Ég tel alveg einsýnt að hefði það orðið raunin á sínum tíma væru ekki neinar fjárfestingar, að heitið gæti, í sveitum landsins. Það er algjörlega bundið Stofnalánasjóðnum að bændur geti vænst aðstoðar við fjárfestingaráform þeirra. Þeir hafa aðgang að fé þarna.

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum andvíg þessu máli vegna þess að hér er um einstaka, sértæka aðgerð að ræða. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum hins vegar ekki á móti ríkisábyrgðum. Við teljum að það eigi almennt að beita hinu opinbera til þess að stuðla að atvinnuuppbyggingu sem víðast á landinu. Þess vegna vorum við á móti því að selja ríkisbankana og á móti því að leggja niður sjóðina. Þeir voru lykill að því að hægt væri að byggja upp atvinnu um allt land.

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar áðan að hann taldi að menn gerðu sér ekki grein fyrir því, gætu ekki opnað augun fyrir því að hér væri um vítamínsprautu fyrir efnahagskerfið að ræða. Auðvitað dylst engum að slíkar fjárfestingar með ríkisábyrgð geta um stundarsakir verið vítamínsprauta fyrir efnahagslífið, málið snýst ekkert um það. Málið snýst um pólitíkina sem menn vilja stunda. Sértækar aðgerðir af þessu tagi hugnast mönnum ekki, a.m.k. ekki þeim sem gagnrýna þetta fyrirkomulag.

Hvers vegna er ekki hægt að beita aðgerðum af þessu tagi víðar? Auðvitað verður svona ríkisábyrgð fordæmi. Menn fá aðgang að svipuðum lánskjörum annars staðar í atvinnulífinu. Það er ekki bara í þessari grein, lyfjaiðnaðinum, sem menn munu horfa til þess að fá ríkisábyrgðir. Þetta hlýtur að kalla á kröfur annarra fyrirtækja um fá slíka baktryggingu varðandi starfsemi sína.

Ég vil nefna sérstaklega til sögunnar þá atvinnustarfsemi á Íslandi sem hefur farið hvað harðast út úr stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar ríkisábyrgðir. Það er skipasmíðaiðnaðurinn sem hefur mátt keppa á erlendum mörkuðum við niðurgreiðslur af ýmsu tagi í löndum þar sem við höfum látið smíða fyrir okkur skip á undanförnum árum. Þau fyrirtæki sem eftir eru — ég þekki nú best til norður á Akureyri með Slippstöðina þar — hafa ekki verið samkeppnisfær þegar þau hafa boðið í nýsmíðaverkefni og þurft að keppa við skipasmíðastöðvar sem notið hafa alls konar styrkja í ýmsu formi þar sem þau eru smíðuð.

Hv. þm. Gunnar Birgisson benti á að þetta yrði vítamínsprauta. Auðvitað dylst engum að ef gerðar væru ráðstafanir til að efla t.d. skipasmíðaiðnaðinn, hann fengi ríkisábyrgðir og gæti verið samkeppnisfær við skipasmíðastöðvar úti í hinum stóra heimi, mundi slíkur ráðahagur vera sem vítamínsprauta fyrir efnahagskerfið — t.d. á Akureyri, ef Slippstöðinni þar væri gert mögulegt að keppa á markaði.

Virðulegi forseti. Í málflutningi meiri hlutans á þinginu festast menn í uppbyggingu á þessari einu starfsgrein, lyfjaiðnaðinum. Auðvitað gerum við okkur öll grein fyrir því að víða eru vaxtarsprotar í atvinnulífinu sem líða í raun fyrir að þurfa að byggja sig upp og eru rekin á mjög dýru fjármagni. Þessir aðilar munu allir velta fyrir sér stöðu sinni í nýju ljósi ef þetta frv. verður að lögum. Það er ekkert vafamál að ferðaþjónustan mun t.d. sækja á um að fá bakstuðning af þessu tagi. Þeir sem vinna að ferðaþjónustunni segja eitt aðalvandamálið vera dýrt fjármagn til uppbyggingar og rekstrar. Baktryggingar af því tagi sem fjallað er um í þessu frv. mundu verða vítamínsprauta fyrir ferðamannaþjónustuna um allt landið.

Til sögunnar hafa verið nefndar tiltölulega nýjar greinar, t.d. fiskeldi þar sem við erum í fararbroddi á heimsvísu. Ég nefni þar til sögunnar t.d. lúðueldi Eyjafjarðar sem framleiðir nú um 70% af öllum lúðuseiðum sem framleidd eru í heiminum. Slík starfsemi mundi án efa hafa gríðarlega möguleika á að eflast í landinu ef um almennan bakstuðning væri að ræða, líkt og þann sem við fjöllum hér um til handa Íslenskrar erfðagreiningar í gegnum deCODE. Slík starfsemi á gríðarlega framtíðarmöguleika. Hvað fiskeldið varðar erum við að tala um Íslendinga sem hafa aflað sér menntunar á því sviði og búa yfir gríðarlegri tækniþekkingu, toppvísindamenn á sínu sviði á heimsvísu. Auðvitað eigum við að hlúa að slíku.

Í fiskeldinu stöndum við líklega fremst í lúðueldinu og auðvitað er sorglegt að menn skuli ekki treysta sér til að koma upp áframeldi hér á landi en flytji þess í stað seiðin til útlanda til áframeldis, m.a. vegna þess að í öðrum löndum eru veittar bakábyrgðir af því tagi sem hér er verið að tala um og stofnstyrkir til áframeldis á fiskinum. Okkar fólk stendur alls ekki jafnfætis öðrum hvað þetta varðar og það verður til þess að jafnvel tugir og jafnvel hundruð starfa verða til í þessum geira í öðrum löndum en ekki hér.

Auðvitað munu menn annars staðar í lyfjaiðnaðinum í landinu líta til þessa fordæmis. Það gefur augaleið. Við erum með stór, mikil og öflug fyrirtæki í þessum geira, t.d. Delta í Hafnarfirði sem ég heimsótti nýlega og var hrifinn af framþróuninni í því fyrirtæki. Auðvitað munu þau vænta þess að fá slíkan stuðning, þ.e. lánskjör á svipuðum kjörum.

Virðulegi forseti. Annars staðar í landinu eru vaxtarsprotar, t.d. í snyrtivöruiðnaði sem er milljarða dæmi um allan heim. Þar eigum við Íslendingar möguleika og höfum haslað okkur völl í smáum stíl. Menn horfa fram á bjarta tíma í þeim efnum.

Þessi mál, virðulegi forseti, verður að skoða í heildarsamhengi við málið sem hér er til umræðu. Það er ekki hægt að koma hingað inn með frv. til laga um heimild til handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Þetta er sértækt verkefni og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum andvíg því að málin séu unnin með þessum hætti. Hins vegar gerum við okkur grein fyrir því og viljum að almennt sé sett upp formúla fyrir því hvernig hið opinbera komi að stuðningi við uppbyggingu, vöxt og viðgang nýsprotaiðnaðar í landinu. Í málflutningi okkar hér á hinu háa Alþingi höfum við margoft lagt áherslu á að við teljum að með því að leggja niður Iðnlánasjóð, Fiskveiðasjóð og með sölu ríkisbankanna höfum við snarminnkað möguleikana á því að byggja upp atvinnustarfsemi, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum landsins.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson skilar frá sér minnihlutaáliti í hv. efh.- og viðskn. Hann bendir þar á að lögum um ríkisábyrgðir sé vikið til hliðar í raun og veru, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum um lög um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, var lögð áhersla á að með lagasetningu þeirri væri stefnt að því að draga úr ríkisábyrgðum, einkum þar sem aðild ríkisins skekkti samkeppnisstöðu einkaaðila. Einnig var talin brýn þörf á að reglur um veitingu ríkisábyrgða væru skýrar."

Þetta, virðulegi forseti, er umhugsunarefni vegna þess að hér er eitt fyrirtæki tekið út fyrir sviga, fyrirtæki sem á í raun í samkeppni við önnur fyrirtæki í landinu, bæði smá og stór, og mun eiga í samkeppni við önnur fyrirtæki í landinu finni það möguleika á að framleiða lyf og fara út í lyfjaframleiðslu. Hér er um mjög sérstætt mál að ræða sem kallar á, eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, virðulegi forseti, að menn máti sig við þetta fyrirkomulag alls staðar úti í samfélaginu.

Hér er um gríðarlega ríkisábyrgð að ræða. Þar er talað um 20 milljarða og það má í raun ekkert út af bregða til þess að þjóðin verði ekki fyrir gríðarlegum skakkaföllum.

Það hefur komið fram í ræðum margra háttvirtra þingmanna að í raun hafi ekki farið fram neitt mat á áhrifum ríkisábyrgðarinnar á samkeppnina. Menn eiga gjörsamlega eftir að leggja það niður fyrir sér sem kemur náttúrlega til vegna flýtimeðferðarinnar sem þetta mál hefur fengið. Málið hefur ekki fengið eðlilega umfjöllun, hvorki hér á hinu háa Alþingi né í hv. efh.- og viðskn.

Síðan eru menn að gera sér í hugarlund hver framtíðarsýn fyrirtækisins sé. Þar kemur náttúrlega fram í öllum textum að það er ekkert á vísan að róa með það. Menn eru að taka gríðarlega áhættu í von um að ná að framleiða eftirsóttan varning. En það getur allt eins farið svo að allar þessar ábyrgðir falli á almenning, á ríkið, og við verðum að borga upp þessa 20 milljarða sem við erum að gangast í ábyrgðir fyrir.

Virðulegi forseti. Þegar gengið er fram með þessum hætti og svo stór ríkisábyrgð er gefin lenda menn náttúrlega óhjákvæmilega í því að endurskoða stöðu sína rækilega ef illa fer með fyrirtækið. Það verður ákaflega snúið fyrir hverja þá ríkisstjórn sem verður við völd, ef illa fer að ganga ekki lengra. Hver halda menn að staðan verði hér á höfuðborgarsvæði, hvernig halda menn að þeir muni taka á því, ef þess sjást merki, kannski innan fimm, sex ára, að það gangi ekki nógu vel? Engum dylst að það verður gríðarleg pressa á að ganga lengra, annaðhvort til að veita meiri ábyrgðir eða setja meira fé inn í fyrirtækið.

Þegar allt er komið í óefni verður að taka tillit til margra þátta. Það verður mjög erfitt þegar um hundruð fjölskyldna er að ræða, gríðarlegar fjárfestingar, að standa frammi fyrir því að tapa fénu auk þess sem lífsviðurværi fjölda fólks yrði í uppnámi. Ríkisstjórnin sem þá yrði við völd væri í mjög erfiðri stöðu, að þurfa að meta hvort ganga eigi lengra svo sem eins og 5, 10, 20 milljörðum lengra eða láta fyrirtækið hreinlega hætta rekstri og fara á hausinn. Þetta er sú framtíð sem menn verða að leggja niður fyrir sér og leggja mat á. Ég held að í allri þessari vinnu hafi það ekki verið gert.

Það hefur komið fram að fjárhagsstaða fyrirtækisins er erfið. Eins og menn vita hafa hlutabréfin fallið gríðarlega á undanförnum mánuðum og missirum. Það leiðir til þess að auðvitað eru áhyggjur manna enn meiri en ella.

Síðan er það spurning um ráðgjöf. Hv. þm. Ögmundur Jónasson getur um það í nál. sínu að í umfjöllun nefndarinnar hafi ítrekað verið vísað í alþjóðleg fjármálafyrirtæki sem treysta mætti til að reiða fram ábyggilegar upplýsingar. Sérstaklega er vísað í þrjú fyrirtæki, þ.e. Morgan Stanley, Lehman Brothers og Robertson Stephens. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á tvennu, segir hv. þm. Ögmundur Jónasson. Í fyrsta lagi eru öll þessi fyrirtæki þjónustufyrirtæki deCODE, Morgan Stanley og Lehman Brothers aðstoðuðu deCODE við að koma hlutabréfum sínum á markað og fyrirtækið Robertson Stephens fékk það verkefni að ganga frá kaupsamningum deCODE á MediChem Life Sciences. Allir þessir aðilar eru því mjög tengdir móðurfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar, deCODE.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson heldur áfram:

„Þegar bent var á þessi tengsl var af hálfu ráðuneytisins lögð áhersla á að þetta væru áreiðanleg fyrirtæki. Í því sambandi er rétt að vísa til þeirrar umræðu sem nú fer fram, ekki síst í Bandaríkjunum, um hve varasamt það gæti verið að treysta í blindni á ráðleggingar fjármálafyrirtækja, ekki síst ef þau eru í viðskiptasambandi við þá aðila sem þau gefa umsögn um. Má benda á umfjöllun í leiðara bandarísku stórblaðsins New York Times frá 11. apríl síðastliðnum — Afvegaleiðing á Wall Street eða Disinformation on Wall Street. Upphafsorð leiðarans eru þessi: „Það hefur reynst sérfræðingum á Wall Street sífellt erfiðara að telja mönnum trú um að það væri einvörðungu vegna vanþekkingar að fyrirtækin sem þeir höfðu talað upp í hátt gengi urðu skyndilega verðlaus.““

Það eru mörg dæmi um að gengi fyrirtækja hafi verið töluð upp. Sum hafa verið í háu gengi alveg fram á þann dag sem þau féllu eða fóru um koll. Ábyrgð þessara manna er mikil og eins og ég sagði fyrr í ræðu minni er náttúrlega mjög mikilvægt að við fáum hlutlausar upplýsingar en ekki upplýsingar frá þeim sem búnir eru að hnýta sig að einhverju leyti á klafa hjá þeim fyrirtækjum sem verið er að fjalla um.

Virðulegi forseti. Ég og flokkssystkini mín erum þeirrar skoðunar að þetta mál eigi að leggja til hliðar. Við munum ekki greiða því atkvæði. En við munum í framhaldi af því gera tillögur um hvernig við getum séð ríkið koma sterkar að atvinnuuppbyggingu og þá sérstaklega í hinum dreifðu byggðum. Ég fór nokkrum orðum um hvernig við fórum með stofnlánasjóðina, bæði Iðnlánasjóð og Fiskveiðasjóð, sem núna eru runnir inn í Fjárfestingabanka atvinnulífsins. Ég tel einboðið að við munum setja upp einhverja formúlu fyrir afturhvarfi til alhliða aðgerða til að styrkja atvinnulífið og skapa möguleika til að byggja upp atvinnu út um landið. Við teljum það mjög mikilvægt.

Ég held að nú hljóti að vera lag vegna þess að stjórnarliðar sem hér hafa talað sjá ekkert athugavert við frumvarpið, þessa 20 milljarða baktryggingu. Það er í sjálfu sér gleðilegt ef orðið hafa sinnaskipti hvað varðar pólitíkina sem keyrð hefur verið síðustu tíu árin, hafi orðið sinnaskipti hjá stjórnarliðum þannig að þeir geti á ný hugsað sér að ríkið komi að uppbyggingu atvinnu sem víðast um landið með beinum eða óbeinum hætti. Þá verður gaman að skoða dæmið í nýju ljósi. Við getum þá sett upp formúlu fyrir alhliða aðgerðum til styrktar atvinnulífinu, til rekstrar og uppbyggingar út um landið.

Það gera sér allir grein fyrir því að aðalvandamálið núna varðandi atvinnuuppbyggingu og rekstur á landsbyggðinni er að bankakerfið það hefur ekki trú á fjárfestingum úti á landi. Margar góðar viðskiptahugmyndir eru hreinlega settar í salt eða mönnum sagt að þeir geti fengið lánað út á þær í bankakerfinu flytji þeir sig inn undir borgarmörk höfuðborgarinnar. Þannig er staðan.

Auðvitað versnaði þessi staða til muna eftir að fjárfestingarsjóðir fyrir iðnað og sjávarútveg í landinu eru gufaðir upp og lúta almennum reglum bankakerfisins með því að vera komnir inn í Íslandsbanka. Þetta eru hlutir sem við verðum að skoða mjög alvarlega. Ég nefndi hér til sögunnar svið eða fyrirtæki þar sem einboðið er að við getum átt mjög glæsta framtíðarmöguleika hvað uppbyggingu varðar ef við skoðum þessa hluti í nýju ljósi.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum til í þá vegferð að skoða uppbyggingu atvinnulífs með stuðningi ríkisins beint eða óbeint um allt land. Sú stefna sem hefur verið keyrð í landinu hvað varðar þessi bakstuðningsmál öll er ekki boðleg. Það er ekkert vafamál að ef ríkið hefði á síðustu tíu árum haft þá stefnu að styðja við bakið á t.d. skipasmíðaiðnaðinum þá hefðum við verið hér með þrjú,

fjögur, fimm glæsileg fyrirtæki í þeim geira. Við vitum öll að við höfum látið smíða fjölda skipa, stórra og smárra, og jafnvel á vegum ríkisins, hafrannsóknaskip, sem öll hafa verið smíðuð í útlöndum. Ef þessi iðnaður okkar hefði setið við sama borð og annars staðar í heiminum eins og t.d. næst okkur í Noregi — en við höfum farið út um víðan völl og látið smíða fyrir okkur skip í Chile og jafnvel Kína. Allt er þetta meira og minna ríkisstyrkt beint og óbeint og enginn möguleiki fyrir okkar iðnað að standast samkeppni, þó svo að þeir hafi strekkt sig ansi langt í tilboðum. Þegar upp var staðið voru íslensku tilboðin í mörgum tilfella kannski síst lakari þegar menn voru komnir heim með skipin og þurftu að láta gera á þeim alls konar lagfæringar til þess að þau stæðust kröfur fyrir íslenska sjósókn.

En þarna keyrði hæstv. ríkisstjórn á þeirri stefnu að hið opinbera ætti ekki að koma nálægt neinu, með hrikalegum afleiðingum og raunar ófyrirséðum afleiðingum, vegna þess að þessi iðnaður stendur mjög illa vegna þess að hann hefur ekki fengið nein nýsmíðaverkefni. Guð forði okkur frá því að standa frammi fyrir því að hér verði kannski lítil sem engin þjónusta á þessu sviði fyrir flotann okkar. En það er vel líklegt, einmitt vegna þess að svona fyrirtæki þurfa helst að vera í alhliða uppbyggingu, öðrum þræði nýsmíði líka, en ekki bara viðgerðum. Þetta er grein sem gæti laðað til sín og haft í vinnu hundruð manna, vel menntaðra og tiltölulegra vel launaðra manna. En við létum þetta allt fara lönd og leið, samkeppnin, einkavæðingin. Hið opinbera má ekki koma nálægt neinu. Það var söngurinn í tíu ár.

Það er í raun alveg eins með fiskeldið. Öllum mönnum ljóst að vaxtastigið í landinu, bæði til nýrrar uppbyggingar og rekstrar, gerir fyrirtækjunum hér um bil ókleift að byggja upp og jafnvel að reka sig. Það er helst að menn hafi, t.d. í áframeldi í lúðunni, getað farið út í nokkurt eldi á grunni þess að hafa haft möguleika á að kaupa stöðvar sem voru komnar á hausinn og þar af leiðandi á skaplegu verði. En mér er sagt að ný uppbygging af því tagi sem til þarf sé svo dýr hér í landinu vegna vaxtastigs og vegna fjármagnskostnaðar að það sé hér um bil ómögulegt.

En svo komum við aftur að því alveg eins og í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn að í löndunum í kringum okkur er alls konar fyrirgreiðsla sem við höfum þurrkað út af borðinu hjá okkur á síðustu tíu árum í skjóli þess að allt eigi að vera svo frjálst og að markaðslögmálin eigi að gilda. Þau gilda ekki neins staðar í þessu dæmi öllu, hvorki í skipasmíðaiðnaðinum sem við nefndum áðan né í fiskeldinu. Þau gera það ekki. Með stofnstyrkjum frá Evrópusambandinu er verið að búa til stórar fiskeldisstöðvar í Wales í Stóra-Bretlandi. Allir vita hvernig Norðmenn fara í þessi mál. Ef við ætlum að vera svo heilög að gefa enga svona möguleika vítt og breitt í atvinnulífinu eftir leikreglum sem eru vel hugsaðar og þar sem gætt er jafnræðis þá finnst okkur sjálfsagt að fara þannig í málin.

Hvað þetta frv. um 20 milljarða ríkisábyrgð til handa deCODE varðar þá er það formúla sem gengur engan veginn upp eins og ég gat um áðan. Hún gerir það ekki því ekki er gætt neins jafnræðis. Eins og fram hefur komið í ræðum margra hv. þm. verður bullandi samkeppni um vinnuaflið til dæmis. Önnur fyrirtæki á sama markaði, á sama sviði, munu eiga erfiðara með að halda sínu fólki. Það hefur einnig komið fram að svona fyrirtæki mun líka veita grunnþjónustuaðilum okkar í heilbrigðiskerfinu gríðarlega samkeppni. Þarna munu skapast spennandi störf fyrir það fólk.

Nú eru allir sammála um að vel menntað fólk eigi að vera á góðum launum o.s.frv. En við erum hér bara að tala um þær leikreglur og þann grunn sem þetta breytir. Það er nú ekkert smotterí. Við Íslendingar höfum horft til þess með stolti — ég gat t.d. um heimsókn mína í lyfjafyrirtækið Delta — að hér eru gríðarlegir vaxtarsprotar sem eru að vaxa og dafna í beinni samkeppni við þá ríkisábyrgð sem hér er verið að veita.

Virðulegi forseti. Af þessum sökum erum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði andvíg þessari sérstöku meðferð á þessu sérstaka fyrirtæki. Ég vil undirstrika það enn og aftur að við erum ekki andvíg aðkomu ríkisins að atvinnuuppbyggingu. Við höfum þráfaldlega lagt fram tillögur um að fara í slíkar aðgerðir. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum t.d. með þáltill. þar sem við settum fram þær hugmyndir okkar að setja verulegt opinbert fé inn í atvinnuþróunarfélögin vítt og breitt um landið. Vegna stöðunnar á Austfjörðum, vegna óvissu um atvinnuuppbyggingu þar sem fyrirhuguð var eins og menn vita, byggingu Kárahnjúkavirkjunar og síðan álbræðslu þá vildum við með þáltill. setja 400 millj. kr. inn í Atvinnuþróunarfélag Austurlands þannig að hægt væri að hlúa að þeim sprotum sem þar eru að skjótast upp. Hlegið var að þessum tillögum, sagt að þetta væri yfirboð. En svo tala menn hér um 20 milljarða innspýtingu í atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu og það er bara gott mál. Þetta eru einkennileg rök sem færð eru fram, virðulegi forseti, af hálfu þingmanna stjórnarmeirihlutans, einkennileg rök. Það má gera þetta á einu sviði en ekki á öðru. Það má gera þetta með sértækum aðgerðum eins og hér er gert. En það má ekki gera þetta með almennum aðgerðum eins og víðast hvar annars staðar í heiminum er lagt upp með.

Varðandi þann heilagleika að ríkið megi ekki koma að uppbyggingu atvinnulífsins og styðja við bakið á rekstri þá held ég að við séum eina þjóðin í heiminum sem er svo heilög að hafa keyrt harða stefnu hvað þetta varðar sl. tíu ár. Alkunna er að Evrópusambandið er með stofnstyrki á öllum mögulegum sviðum. Það er alkunna að Norðmenn hafa styrkt atvinnufyrirtæki sín gríðarlega, ekki síst fyrirtæki á landsbyggðinni og rekstur þar með alls konar formúlum. Og það sem meira er, í landi frjálsræðisins hvað kapítalið varðar, í Ameríku, eru mjög víða veittir alls konar styrkir. Það eru jafnvel bæir sem keppa um að laða til sín atvinnufyrirtæki með alls konar fyrirgreiðslu, niðurfellingu gjalda, stofnstyrkjum og ýmsu af því tagi. En á Íslandi mátti ekki koma nálægt þessu, alla vega þar til nú. Og þá hella menn sér í það að aðstoða eitt fyrirtæki. Það er hábölvuð aðferð, virðulegi forseti, að ekki sé meira sagt.

Formúlan sem við viljum vinna eftir er að beita almennum aðgerðum varðandi aðkomu ríkisins að atvinnulífinu. Ég gat um að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum lagt til með þáltill. að styrkja atvinnulífið, sprotafyrirtækin, í gegnum framlög úr ríkissjóði. Því yrði síðan miðlað af atvinnuþróunarfélögunum í landshlutunum sem alls staðar eru til og mjög virk. Þar er ýmislegt á prjónunum ef menn vilja styðja við það.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon setti líka fram þáltill. um endurreisn íslensks skipaiðnaðar. Ég hef vikið töluvert að skipaiðnaðinum og það er ekkert vafamál að slík endurreisn væri mjög í samræmi við það sem við gætum hugsað okkur á grunni nýrrar hugsunar um aðkomu ríkisins og stuðning við atvinnulíf. Ég held að við munum í tillöguflutningi okkar, í

framhaldi af því sem hér er sett fram, leggja fram mjög vel ígrundaðar tillögur þar sem sett verður upp formúla fyrir því að ríkið muni koma að atvinnuuppbyggingu, sérstaklega úti á landsbyggðinni, með almennum aðgerðum, ríkisábyrgðum og jafnvel framlögum til uppbyggingar.

Virðulegi forseti. Í þessum dúr sem höfum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fjallað um þetta mál. Það má enginn misskilja það að auðvitað erum við stolt af öllum nýjum fyrirtækjum sem gera það gott og Íslensk erfðagreining er auðvitað mjög spennandi fyrirtæki fyrir margra hluta sakir. Um það snýst ekki málið. Málið snýst um hvernig hið opinbera, ríkið, eigi að koma að atvinnuuppbyggingu almennt séð. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum á móti því að taka einn aðila út fyrir sviga á þennan hátt og þar með þverbrjóta alla pólitík sem hæstv. ríkisstjórn hefur keyrt eftir síðastliðin tíu ár. Maður hefði ímyndað sér að ef hæstv. ríkisstjórn vildi fara inn á aðrar brautir, skipta um kúrs pólitískt, þá hefði hún í tengslum við þetta mál komið með vel formaðar og ígrundaðar tillögur um það hvernig hún sæi fyrir sér aðkomu að atvinnulífinu almennt séð í landinu þannig að jafnræðis væri gætt. Nei, það er ekki gert. Það er ekki gert vegna þess að hæstv. ríkisstjórn ætlar bara að gera þetta, bara í þetta eina skipti og bara gagnvart þessu fyrirtæki. Það hefur margoft komið fram í ræðum hér að þetta á ekki að vera fordæmi sem er kannski það versta í sambandi við þetta mál allt saman.

Virðulegi forseti. Ekki verður bæði sleppt og haldið í þessu sambandi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum reyna að nýta okkur þá hugarfarsbreytingu sem hefur orðið hjá þingmönnum stjórnarmeirihlutans til þess að laða fram ákvörðunartöku um almennan stuðning við atvinnulífið sem við höfum saknað svo mjög, sérstaklega á landsbyggðinni. Það er ekkert vafamál og það dylst engum að ríkisábyrgð af þessu tagi, með innspýtingu fjármagns í efnahagskerfið upp á 20–35 milljarða, hefur auðvitað gríðarleg áhrif. Enginn deilir um það. Eins mundi enginn deila um hversu gríðarleg áhrif hlutfallslega það hefði á fjármálakerfi Akureyrarkaupstaðar og Eyjafjarðar ef Fiskeldi Eyjafjarðar t.d. yrði allt í einu veitt ríkisábyrgð upp á 2 milljarða. Þetta sjá allir. Allir gera sér grein fyrir þessu. (**Gripið fram í:** Eða ferðaþjónusta í Skagafirði) Ef til kæmi endurfjármögnun eða ríkisábyrgð yrði veitt til allra ferðaþjónustuaðila til sveita sem eru að kikna undan vaxtabyrði vegna þess að þeir hafa verið að byggja upp ný hús og þess háttar sem nýtast svo kannski ekki nema þrjá, fjóra mánuði á ári og eru þess vegna mjög þung í rekstri, þá hefði það auðvitað alveg gríðarleg áhrif, þ.e. ef einhver endurfjármögnunarsjóður gæti komið þessum aðilum niður á skaplega fyrirgreiðslu. Það gefur augaleið.

Það gefur jafnframt augaleið að almennt séð með svona bakstuðning, eftir þeim formúlum sem við höfum talað fyrir hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þá mundi það að öllum líkindum skapa miklu fleiri störf en hér er verið að tala um. En það er þannig hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutanum að þar á bæ eiga menn mjög erfitt með að sjá fyrir sér þróun samfélags. Hér eru menn fastir í því fari að eitt stykki verkefni þurfi að vera til umfjöllunar, þar sem hægt er að reikna og bókfæra hvernig heildardæmið gengur upp. Þar eru Kárahnjúkavirkjun og álverið dæmin og síðan þetta. Þetta finnst mönnum svo gráupplagt að kasta sér yfir af því þeir telja sig hafa yfirsýn yfir það. En hlutverk okkar hér er að hafa almennar aðgerðir og reglur til þess að þróa uppbyggingu atvinnulífsins alls staðar í landinu. Það er meginmál.

Virðulegi forseti. Fyrir allra hluta sakir hefði verið best fyrir landið allt ef þessi hugarfarsbreyting hefði átt sér stað á almennum nótum eins og ég hef verið að tala fyrir en ekki með því að kasta sér yfir eitt mál af því tagi sem hér er lagt upp með.

Virðulegi forseti. Ég hef reifað hugsanir mínar í sambandi við þetta mál. Ég hef ekki talið mig þurfa að fara ofan í rekstur eða stöðu fyrirtækisins deCODE og Íslenskrar erfðagreiningar, enda tel ég mig ekki hafa neinar forsendur til þess í sjálfu sér. Ég tel að ég þurfi þess heldur ekki sem þingmaður. Ég held að málið snúist um pólitíkina í því hvernig aðkoma hins opinbera, hvernig aðkoma ríkisins eigi að vera varðandi uppbyggingu atvinnulífsins. Hér er um algjört stílbrot að ræða hjá hæstv. ríkisstjórn sem hefur keyrt þveröfuga stefnu hvað þetta varðar undanfarin tíu ár, sem hefur keyrt þá stefnu að leggja niður opinbera sjóði, leggja niður opinbera fyrirgreiðslu við atvinnulífið með hræðilegum afleiðingum víða. Og verst er að afleiðingarnar af því eru nánast framkvæmdastopp hvað uppbyggingu varðar um hinar dreifðu byggðir. Það er afleiðingin af þessari stefnu. Þess vegna erum við að tala hér um algjört stílbrot. Við erum að tala um fyrirgreiðslu við eitt fyrirtæki sem er tekið út fyrir sviga og upp á það getum við hreinlega ekki skrifað. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum greiða atkvæði gegn þessu frv. Það liggur á borðinu.

En í framhaldi af umræðunni um þetta mál munum við taka stjórnarmeirihlutann upp í því að fara inn í nýtt form bakábyrgða og ríkisframlaga til uppbyggingar atvinnulífinu úti um allt land. Ég tel að í umræðunni sé komin fram þvílík hugarfarsbreyting hjá mörgum hv. þm. Sjálfstæðisflokksins að þeir muni nú eftir umræðuna um þetta mál geta hugsað sér að fara í slíka vinnu. Þeir hafa séð möguleikana í því hvað það getur verið gríðarlega ábatasamt fyrir samfélagið að standa vörð á almennum nótum um uppbyggingu atvinnulífsins. Það hefur staðið hér upp úr hverjum stjórnarþingmanni á fætur öðrum sem hefur fjallað um þetta mál. Hv. þm. hljóta þá að meina það — maður verður að ganga út frá því — í framhaldi af því að vera til í að skoða fjárfestingar með bakstuðningi ríkisins eftir formúlum sem þar um verða settar til framtíðar litið.

Virðulegi forseti. Ég læt þá þessari fyrri ræðu minni lokið en tek kannski aftur til máls um frv. síðar í dag.

[12:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er sannarlega á ferðinni mál sem ástæða er til að fjalla nokkuð um. Ég verð að segja eins og er að þegar það kom fyrst fram þá kom mér allnokkuð á óvart að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skyldi standa fyrir því að leggja fram mál af þessu tagi. Ég var samt sem áður jákvæður gagnvart því að skoða þann möguleika sem þarna er verið að hugsa um, þ.e. að standa með einhverjum hætti við bakið á þessari starfsemi sem er að ryðja sér til rúms á Íslandi. Mig langar til að fara nokkrum orðum um málið eftir að hafa velt þessu fyrir mér og hlustað á þær umræður sem fram hafa farið í þjóðfélaginu í framhaldi af því að þetta frv. kom fram.

Ef af þessari afgreiðslu verður leikur enginn vafi á því að hér verður á ferðinni stærsta átak í atvinnustuðningi í landinu á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, einfaldlega vegna þess að ef eitthvað annað gæti á þetta skyggt þá væru það

helst virkjanaáformin austur á landi. En þau áform eru ekki í hendi. Þarna er verið að skuldbinda ríkissjóð með mjög hárri upphæð og þessi skuldbinding er ekki í neinu gríni gerð. Hún er bæði há og enginn deilir um að áhættan sem í því er fólgin að taka hana á ríkissjóð, er verulega mikil.

Hér er á ferðinni sértækur stuðningur við tiltekna atvinnugrein og það er auðvitað umhugsunarefni a.m.k. þegar í orði er verið að bregða út af yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar slík mál. Ætli menn að bregða út af þeirri stefnu hlýtur spurning að vakna um hvaða atvinnugreinar koma þá til greina til þess að styðja við bakið á. Þetta nefni ég vegna þess að í umræðunni eru og hafa verið á undanförnum missirum hugmyndir um nýjar atvinnugreinar á Íslandi, ekki bara þá atvinnugrein sem hér er til umræðu heldur fiskeldi og fleiri nýjar atvinnugreinar. Ég nefni fiskeldi sérstaklega vegna umræðunnar um þorskeldi sem ég hygg að menn séu sammála um að sé svið þar sem við eigum sannarlega að láta til okkar taka. Sú spurning hlýtur að vakna eftir að þetta mál hefur komið fram hvort hið opinbera ætli að standa með sambærilegum hætti að baki hugmyndum eða fyrirætlunum um að fara út í þorskeldi og sannarlega veitir ekki af að standa við bakið á slíkum fyrirætlunum með einhverjum hætti til þess að við náum því að komast í forustu með þeim þjóðum sem eru fremstar í þorskeldi í dag.

Þetta vildi ég nefna vegna þess að menn hljóta að fara yfir það þegar hugmynd af þessu tagi kemur fram hvort stuðningur ríkisins við einstakar nýjar atvinnugreinar eigi að vera til staðar, þ.e. við fleiri hugmyndir en þá sem hér er til umræðu. Mér finnst að þannig eigi að líta á málið, það eigi að líta á allar ákvarðanir eins og þessa með tilliti til almennra sjónarmiða og þá geti menn ekki bara ákveðið að lyfjaþróun eða eitthvað slíkt sé efst á baugi heldur fari þeir yfir sviðið og velti fyrir sér við hvaða atvinnugreinar hið opinbera gæti komið til liðs og ætti að gera, þ.e. ef menn bregða þá út af þeirri stefnu sem hefur verið í orði. Reyndar vil ég meina að hún hafi nú ekki verið á borði í öllum tilvikum og skal koma að því síðar.

Þetta er ekki bara sértækur stuðningur við atvinnugrein heldur er um að ræða sértækan stuðning við einstakt fyrirtæki. Það eru auðvitað enn þá fleiri spurningarmerki við þá aðferð en það hins vegar að velja út atvinnugrein til þess að byggja upp og standa við bakið á, því ef styðja ætti tiltekna atvinnugrein væri hægt að setja um það almennar reglur sem giltu fyrir alla sem vildu taka þátt í því að byggja hana upp. En hér er það ekki á ferðinni heldur er hér á ferðinni sértækur stuðningur við fyrirtæki. Spurningin sem hlýtur að vakna er: Hvers vegna? Hvers vegna er þetta mál komið í sali Alþingis? Á fyrirtækið í vanda? Hafa áætlanir fyrirtækisins staðist? Er þetta fyrirtæki sterkt?

Í gögnum sem fylgja með þessu lagafrv. og athugasemdum sem með því eru kemur fram og þar er fullyrt með sterkum orðum að þetta fyrirtæki sé sterkt, það eigi mikið eigið fé og sé sterkt fyrirtæki. Þær upplýsingar eru örugglega réttar sem þarna eru um tölur í þessu sambandi. En matið á því hvort fyrirtækið sé sterkt hlýtur að byggjast á því hvort menn trúi áætlunum þess. Fyrirtækið hefur gert áætlanir um framtíð sína og samkvæmt yfirlýsingum og gögnum frá því hafa þær áætlanir staðist þannig að ekki er um það að ræða að eitthvað hafi farið úrskeiðis, eða hvað? Ekki held ég það. Ég hef hins vegar þá skoðun að þegar hafist er handa með þróun fyrirtækis af þessu tagi og viðskiptaáætlunin er lögð upp eins og hvað varðar þetta fyrirtæki þá hljóti menn að gera það varfærnislega. Menn hljóta að gera það varfærnislega vegna þess að mjög mikilvægt er að halda trúverðugleika fyrirtækisins og mjög mikilvægt er að viðskiptaáætlanirnar standist. Þess vegna hljóta menn að fara varfærnislega í þær. Það að fyrirtækið sé á áætlun getur verið vísbending um að hlutirnir hafi kannski ekki gengið eins vel og menn höfðu helst vonað. Ég hef ekki neitt í höndunum sem bendir til þess að hér sé ekki allt í lagi. Ég vek hins vegar athygli á þessu.

Eftir að það kvisaðist úr að íslenska ríkið væri tilbúið að ganga til liðs við fyrirtækið sáust fyrst þau viðbrögð á markaði með hlutabréf í þessu fyrirtæki að hlutabréfin hækkuðu dálítið. En síðan hafa þau lækkað aftur. Þau hafa haldið áfram að lækka undanfarna daga og nýjustu fréttir eru að enn lækki hlutabréfin í þessu fyrirtæki. Það er erfitt fyrir þingmenn sem þurfa að taka afstöðu til málsins að meta hvaða sögu þetta segir. Ég hef það á tilfinningunni að lækkun hlutabréfanna í fyrirtækinu sé einfaldlega komin til vegna þess að fjárfestar hafi ákveðið að selja í fyrirtækinu þó að gengið væri svona lágt. Ég tel að þeir hafi metið upplýsingarnar um að fyrirtækið leitaði sér hjálpar opinberra aðila þannig að staða þess væri ekki nógu sterk. Ég býst við að þeir hafi ekki viljað taka meiri áhættu með því að eiga hlutabréf í fyrirtækinu heldur en þeir voru þegar búnir að gera með kaupunum og hafi þess vegna ákveðið að selja og draga sig út úr fyrirtækinu.

Hver önnur gæti ástæðan verið fyrir því að menn seldu á svo lágu gengi sem raunin hefur verið þessa daga? Nú er ekki um það að ræða að þetta gengi hafi myndast í litlum viðskiptum. Samkvæmt fréttum undanfarna daga hafa verið veruleg viðskipti með hlutafé í þessu fyrirtæki. Þannig er hægt að taka fullt mark á því að fjárfestar sem eiga mikilla hagsmuna að gæta meti verðmæti fyrirtækisins afar lágt um þessar mundir.

Hér hefur ítrekað komið fram í umræðunni að mjög litlar líkur væru á gjaldþroti. Ég vona að menn hafi rétt fyrir sér í því. En það tekur töluvert langan tíma að leiða í ljós hvort viðskiptahugmyndin gengur upp. Það er full ástæða til að gefa þessu fyrirtæki tækifæri, þann tíma sem viðskiptaáætlunin nær yfir, því enn hefur ekkert komið fram sem bendir til að fyrirtækið geti ekki staðist þá áætlun sem sett hefur verið fram. Áhættan sem þarna er aftur á móti til staðar er af sérfræðingum talin mjög mikil. Spurningin sem hlýtur að vakna þegar þetta sama fyrirtæki hefur uppi áætlanir um að hefja nú meiri áhætturekstur til viðbótar og fjárfesta í viðskiptahugmynd sem kostar gífurlegar fjárhæðir, 35 milljarða til viðbótar við þá áhættu sem tekin var með stofnun fyrirtækisins og þeirri viðskiptahugmynd sem unnið er eftir í dag, hlýtur að fá menn til að staldra við og velta fyrir sér hvort samanlögð áhætta sé þá að minnka eða aukast.

Að mínu viti er áhættan að aukast. Það er kannski bara tilfinning mín en ég tel að þegar menn fara af stað í áhættufyrirtæki eins og þetta og ákveða síðan að auka umfangið og fara jafnvel í enn áhættusamari rekstur til viðbótar og leggja í það gífurlegar upphæðir sé ástæða til að halda að heildaráhættan í öllu hafi aukist.

Nú ætla ég að hvarfla að öðru atriði hvað þetta varðar, þ.e. spurningunni um út frá hvaða forsendum er verið að fjalla um málið. Er þetta byggðaaðgerð sem hér er til umræðu? Sé þetta er byggðaaðgerð er hún ekki í stíl við byggðastefnu ríkisstjórnarinnar, einfaldlega vegna þess að áhrif þessa fyrirhugaðrar starfsemi á byggðaþróun er þveröfug við stefnuna. Þessi aðgerð mundi auka spennu á höfuðborgarsvæðinu og

draga menntafólk til höfuðborgarsvæðisins eða halda því þar og auka umsvifin á allan hátt á höfuðborgarsvæðinu. Staðurinn sem valinn er fyrir þessar fyrirætlanir er hér í Reykjavík.

Þegar hið opinbera ákveður að standa við bakið á tiltekinni atvinnugrein snýst valið ekki bara um atvinnugreinina heldur þarf líka að velja hvaða staðir á landinu verða fyrir áhrifum. Staðurinn sem núna er valinn er Reykjavíkursvæðið. Þá vaknar auðvitað spurningin: Er atvinnuleysi á því svæði? Svarið við því er auðvitað nei. Er einhver hætta fram undan á atvinnuleysi á þessu svæði? Svarið við því er líka nei. Er hætta á atvinnuleysi í greininni sem hér er verið að tala um? Svarið við því held ég að sé líka nei. Ekkert bendir til þess að um sé að ræða atvinnuleysi eða mikla eftirspurn eftir vinnu fyrir sérmenntað fólk á þessu svæði í bili. Þá má spyrja hvort atvinnulífið sé of einhæft og þessi viðbót geti verið mjög skynsamleg. Svarið við því er ekki einfalt. Ég held að ljóst sé að upp er að byggjast þekking og fyrirtæki á skyldum sviðum.

Út frá þessum vangaveltum kemst ég að þeirri niðurstöðu að þetta sé að vissu leyti byggðaaðgerð, þ.e. byggðaaðgerð fyrir Ísland gagnvart löndunum hér í kring. Ég er ekki ósammála því að við þurfum að hugsa um Ísland og atvinnulífið á Íslandi með tilliti til samkeppni við löndin í kring. Ég tel að við eigum að gera það. En þetta er ekki byggðaaðgerð með þeim hætti sem við höfum talað um á Íslandi, nema þá að hún væri fyrirbyggjandi langt fram í tímann gagnvart aðstæðum sem menn teldu að hugsanlega gætu komið upp. Hún stangast hins vegar á við byggðastefnuna sem rekin hefur verið í landinu. Ég held að menn geti ýtt til hliðar öllum hugmyndum um að hér sé á ferðinni byggðaaðgerð, nema að um væri að ræða að styrkja Ísland í samkeppninni við aðrar þjóðir.

Við vitum að þjóðirnar í kringum okkur — það kemur fram í þeim gögnum sem fylgja þessu máli — hafa með ýmsum hætti reynt að tryggja starfsemi af þessu tagi hjá sér. Við erum því í samkeppni um starfsemi af svipuðu tagi við þær þjóðir. Hvort ríkissjóðurinn á Íslandi er tæki sem við getum beitt mjög mikið í þessu sambandi þurfa menn að meta.

Ég ætla ekki að fara lengra í þessum vangaveltum, hæstv. forseti. En það sem mig langar til að spyrja um er: Ef niðurstaðan er sú að við viljum styðja við þetta fyrirtæki og þessa grein, er þetta þá rétta leiðin til að gera það?

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti biður hv. þm. afsökunar á þessari truflun. Forseti ráðgerði að gera hlé á fundinum um klukkan eitt og vill því beina því til hv. þm. að hann hugleiði þá stöðu og geri eftir efnum og ástæðum annaðhvort hlé á ræðu sinni eða slái botn í hana.)

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda mjög langa ræðu en mér finnst tíminn fram til klukkan eitt heldur knappur fyrir það sem ég ætlaði að bæta við ræðu mína. Ég vil því setja það í vald hæstv. forseta hvort hann frestar fundi núna eða klukkan eitt. Ég óska þá eftir að halda áfram ræðu minni eftir þann tíma sem forseti velur í þessu sambandi.

(**Forseti** (GÁS)**:** Ef það hentar hv. þm. að gera hlé núna er forseti reiðubúinn til þess arna.)

Ég geri þá hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:56]

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 720. mál. — Þskj. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, frh. fyrri umr.

Þáltill. efh.- og viðskn., 730. mál. — Þskj. 1277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.

Almannatryggingar o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.). — Þskj. 1300, brtt. 1356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Brtt. 1356 samþ. með 40 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KolH, LMR, LB, ÓÖH, PP, SF, StB, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1389).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 583. mál (sektir, barnabílstólar). — Þskj. 1307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, StB, ÞSveinb) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1390).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 678. mál (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.). — Þskj. 1310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1391).

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 672. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1392).

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, KolH, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SF, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1393).

Lokafjárlög 1998, frh. 2. umr.

Stjfrv., 666. mál. — Þskj. 1082, nál. 1281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Sundurliðun 1 og 2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

16 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, KF, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, DrH, EOK, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvH, ÞSveinb) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

2 þm. (ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Lokafjárlög 1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 667. mál. — Þskj. 1083, nál. 1282, brtt. 1283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Brtt. 1283 (við sundurl. 1) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Sundurliðun 1, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

14 þm. (AKG, ÁSJ, BH, GÖ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1283 (við sundurl. 2) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, BH, DrH, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, JÁ, KVM, MF, RG, SJóh, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GunnB, HÁs, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 601. mál (rekstur lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 947, nál. 1280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Brtt. 1 í nál. 1280 (ný 1. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1280 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 3 í nál. 1280 (ný 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 4 í nál. 1280 samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
6. gr. og ákv. til brb. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 13:43]

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1177, nál. 1273, 1344 og 1353, brtt. 1274 og 1288.

[14:45]

Jóhann Ársælsson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir nokkur atriði hvað varðar lagafrv. sem hér er til umræðu, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu

skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Mig langar til þess að vitna í umsögn Seðlabanka Íslands. Það skal ekki verða langt. Í umsögninni stendur, með leyfi forseta:

„Seðlabanki Íslands ræður ekki yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til þess að meta áhættu sem framkvæmdinni fylgir og gæti fallið á ríkissjóð verði ríkisábyrgð veitt. Seðlabanki Íslands hefur hins vegar áður lýst þeirri afstöðu sinni til ríkisábyrgða að þær séu almennt ekki heppilegar. Þegar þær eru veittar er nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar á grundvelli ítarlegs mats á þeirri áhættu sem þeim fylgir."

Þetta er alveg skýrt. Þeir bankastjórar Seðlabankans, Birgir Ísleifur Gunnarsson, formaður bankastjórnar, og bankastjórinn Finnur Ingólfsson segja fyrir hönd Seðlabankans að þetta mál hafi ekki verið undirbúið þannig að í raun og veru sé hægt að taka afstöðu til þess, upp á það vanti verulega, því að þegar ríkisábyrgðir séu veittar sé nauðsynlegt að þær ákvarðanir séu teknar á grundvelli ítarlegs mats á þeirri áhættu sem fylgir. Þetta ítarlega mat er ekki fyrir hendi.

Mörg önnur álit ganga út á svipaða hluti. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að fara yfir þau. Mig langar þó að vitna í umsögn Greiningar Íslandsbanka. Þar er fjallað um áhrif fréttarinnar af því að íslenska ríkisstjórnin ætlaði að leggja til að Íslenskri erfðagreiningu yrði veitt þessi ríkisábyrgð, þ.e. hvaða áhrif af þessari frétt voru á markaðinn.

Hér stendur, með leyfi forseta:

„Fréttir um veitingu ríkisábyrgðar til deCODE höfðu jákvæð áhrif á gengi krónunnar sem styrktist í allmiklum viðskiptum. Fréttin styrkti þannig væntingar um gjaldeyrisinnflæði en stærstur hluti fjárfestingarinnar fer til greiðslu launa og þjónustu hér á landi á næstu árum.

Gengi bréfa deCODE hækkaði um 1,4% við birtingu fréttarinnar í viðskiptum sem voru talsvert yfir meðalveltu undanfarinna vikna. Ljóst er að ábyrgðin styrkir langtímahorfur deCODE og eykur trúverðugleika fyrri áætlana um lyfjaþróun. Gengisþróun eftir birtingu fréttarinnar bendir hins vegar til að markaðurinn horfi í mun meira mæli á tekjur félagsins til skemmri tíma, þ.e. tekjur af gagnagrunnstengdum upplýsingum og tekjur af þjónustustarfsemi. deCODE væntir þess að prófanir á lyfjum geti hafist eftir um þrjú ár og því er ljóst að fyrsta lyfs fyrirtækisins á markað er vart að vænta fyrr en eftir a.m.k. átta ár að því er fram kemur í skýrslu ..."

Síðan segir um áhættu, með leyfi forseta:

„Í rannsókn sem J.A. Dimasi og fleiri gerðu 1995 um árangur lyfjaprófana kom fram að meðaltíminn sem það tók að fara með lyf í gegnum forklíníska og klíníska prófanir og á markað var um tíu ár. Um 20% af lyfjunum sem voru skráð „sem nýtt lyf í prófunum" ... komust á markað."

Einungis 20% af þeim lyfjum sem voru skráð sem lyf komust á markaðinn.

Það sem ég las þarna á undan um áhrifin á markaðinn er dálítið athyglisvert í ljósi reynslu síðustu daga hvað varðar gengi hlutabréfa deCODE. Þau hafa nefnilega haldið áfram að falla í verði og hafa aldrei orðið lægri í verði en í dag eftir því sem mér skilst. Í morgun voru þau a.m.k. komin niður fyrir 5 dollara og höfðu fallið um 15–20% á síðustu tveimur dögum eða svo.

Ekki er gott að átta sig á því hvað veldur því að fjárfestar eru svo vonlitlir um framtíð deCODE að þeir ákveða að selja sína hluti á lægsta gengi sem sést hefur á markaðnum, en bæði margir og stórir fjárfestar virðast hafa komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast væri að losna við þessi bréf. Sú niðurstaða er fengin eftir að fyrir liggur að ríkisstjórnin á Íslandi ætlar að fá þetta frv. samþykkt í hv. Alþingi og allir sem hafa kynnt sér málin hér vita að slík ákvörðun ríkisstjórnar verður undantekningarlaust að lögum í sölum Alþingis. Ég þekki a.m.k. ekki neitt dæmi um það, þann tíma sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur setið með Framsfl., að ríkisstjórnin hafi ekki náð fram vilja sínum í sölum Alþingis. Þrátt fyrir þetta falla nú bréf Íslenskrar erfðagreiningar í verði og þær ákvarðanir sem liggja að baki kaupum og sölu á bréfunum hljóta því að byggjast á einhvers konar framtíðarvæntingum sem virðast ekki vera allt of bjartar.

Ég vona að þetta fyrirtæki eigi langra lífdaga auðið. Ég er hins vegar sannfærður um að íslenska ríkisstjórnin er að taka rangan pól í hæðina þegar hún leggur til að stuðningur við þetta fyrirtæki verði sá sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi er hún ekki að gæta hagsmuna íslenska ríkisins eins og hún ætti að gera, því að ég tel að fyrirtækið sem slíkt og reksturinn sem það stendur í mundi fá fullkomlega jafngildan stuðning ef íslenska ríkið legði fram hlutafé í fyrirtækið eins og hér er ætlað að gera. En það er einn munur á. Munurinn er sá að þeir sem eiga hlutafé í Íslenskri erfðagreiningu og ætla að eiga það hlutafé áfram munu græða miklu meira í framtíðinni á hlutabréfum sínum með þeirri aðferð sem hér er lagt til að verði viðhöfð, ef vel tekst til.

Þess vegna tel ég að tillaga ríkisstjórnarinnar sé röng. Ef hún á að vera verjanleg á hún fyrst og fremst að byggjast á því að styrkja framtíð fyrirtækisins. Hún á ekki að byggjast á því að velja bestu leiðina fyrir þá sem eiga hlutafé í Íslenskri erfðagreiningu þannig að þeir geti grætt sem allra mest.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að mjög mikil áhætta er fólgin í þeirri starfsemi sem þarna er á ferðinni. Hve mikil hún er get ég ekki gert mér grein fyrir eða fullyrt neitt um. Ég sé hins vegar að þeir sem þekkja slíkan markað telja að verulega mikil áhætta sé á ferðinni. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni þá er þetta fyrirtæki núna að leggja af stað í fjárfestingu sem er ekki síður áhættusöm en sú fjárfesting sem fyrir er og farið var af stað í í upphafi. Ég met það þannig að framtíðaráhætta fyrirtækisins sé ekki minni heldur líklegast meiri vegna þessara nýju ákvarðana en áður var. Gróðamöguleikarnir hafa að vísu líka aukist þannig að ef vel tekst til þá verður hagnaðurinn að öllum líkindum miklu meiri en menn hefðu annars haft möguleika á.

Ég hef rætt við menn t.d. sem hafa unnið fyrir fyrirtæki á þessu sviði og þeir hafa bent mér á að áhættan lýsir sér dálítið í því að mjög fá lyf nái því að verða lyf sem ná markaðnum og að í raun sé Íslensk erfðagreining að fara út á þá braut að þróa lyf sem hafa ekki verið þróuð áður og tilraunastarfsemin fram undan bendi þess vegna til miklu óljósari framtíðar en jafnvel er í lyfjaiðnaðinum að öðru leyti og að t.d. hafi líklega ekki nema eitt lyf komið á markað sem hægt er að segja með rökum að hafi verið þróað á grundvelli þeirra hugmynda sem Íslensk erfðagreining hugsar sér að nota við þróun lyfja með því fyrirtæki sem hér á að stofna. Sé þetta rétt virðist áhættan í þessu máli vera enn þá meiri vegna þess að þetta er ný braut.

Þá er spurning hvernig Íslenskri erfðagreiningu hefur gengið á Íslandi. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir það. En það er augljóst að starfsemi þessa fyrirtækis hefur lyft atvinnulífinu á Íslandi og þeim geira atvinnulífsins gífurlega sem Íslensk erfðagreining er í. Hún hefur haft mjög mikil

áhrif á allt atvinnulíf á Íslandi þar sem mikillar þekkingar og sérþekkingar á þessum sviðum er krafist. Því má virkilega leggja verulega á sig til þess að koma til móts við þetta fyrirtæki og standa við bakið á þeirri grein atvinnulífsins sem þarna er á ferðinni. Ég er ekki að mæla með því að menn hjálpi einstökum fyrirtækjum. Ég vil taka það sérstaklega fram. Ég tel að ef farið verður á vegum ríkisins út í stuðning við fyrirtæki eða atvinnugrein af þessu tagi þurfi reglurnar að vera almennar og þeir sem taka þátt í samkeppninni á þessum markaði standi þá jafnfætis gagnvart því að fá stuðning frá hinu opinbera. Ég tel að ekki séu góð rök í málinu að segja: „Við skulum skoða það ef einhverjir sambærilega stórir koma, eitthvað sem er sambærilega stórt í sniðum." Það eru ekki rök í málinu. Rökin í málinu verða að vera almenn. Það er ekki eðlilegt að sérhæfa stuðning á þann hátt að íslenska ríkið ætli ekki að rétta viðkomandi atvinnugrein hjálparhönd nema á ferðinni séu fyrirrætlanir jafnstórar í sniðum og þessi. Þvert á móti þurfa reglur um stuðning að vera almennar þannig að þeir sem taka þátt í þessari atvinnugrein eigi sömu möguleika. Ég vil ítreka það.

Þá má velta því fyrir sér, og það er ástæða til að hafa um það fáein orð, að það er í raun Sjálfstfl. sem gengur sérstaklega fram í þessu máli. Við sem höfum fylgst með stjórnmálum í nokkur ár munum öll mjög vel eftir því hvers konar herferð Sjálfstfl. fór í fyrir rúmum áratug gegn sértækum aðgerðum og aðgerðum af því tagi sem hér er verið að boða. Sporin sem Sjálfstfl. taldi hræða svakalega voru aðgerðir ríkisstjórna á níunda áratugnum sem ákvarðanir voru teknar um þegar atvinna var hér enn einhæfari en hún er og menn leituðu með logandi ljósi að möguleikum til að styðja við nýjar atvinnugreinar og búgreinar í sveitum landsins. Þá komust menn að þeirri niðurstöðu að loðdýraeldi og fiskeldi gæti komið í staðinn fyrir framleiðslu á búvörum og lyft atvinnustigi í sveitum landsins. Þá voru stofnaðir sjóðir og settar almennar reglur um stuðning við slíka starfsemi.

Það fór eins og menn þekkja. Þetta gekk ekki vel. En á sama tíma var sjávarútvegurinn líka í miklum erfiðleikum og þurfti á sértækum aðgerðum að halda að mati stjórnvalda hér, til þess að bjarga sjávarútvegsfyrirtækjum vítt og breitt um landið *eftir gífurlegar fjárfestingar sem hafði verið farið í* á áratugnum á undan, þar sem menn höfðu keypt skuttogara á nánast hverja krummaskuð allt í kringum landið. Hægt væri að ræða vel og lengi og hafa langt mál um þann hluta málsins.

Sjálfstfl. tók upp herferð á níunda áratugnum gegn sértækum aðgerðum af þessu tagi. Síðan hefur töluvert verið *haldið utan um budduna hjá ríkissjóði og menn verið sparir* á ríkisábyrgðir. Svo langt hefur það gengið að menn lögðu mikið á sig til þess að ekki yrði veitt nema mjög takmörkuð ríkisábyrgð, í raun og veru smámunir miðað við það verkefni sem hér er til umræðu, þegar grafin voru göng undir Hvalfjörð. Þar var lagt í gífurlega þýðingarmikla framkvæmd í vegamálum. Það var fjármagnað með einkafjármagni og gerður um það samningur. En ekki mátti heyra á það minnst að ríkissjóður tæki á því ábyrgð til að fjármagnið sem í þetta fengist yrði á sem allra lægstum vaxtakjörum. Þess vegna eru göngin dýrari en þau annars hefðu orðið.

Ekki hefði nú verið mikil áhætta fólgin í því fyrir ríkissjóð að taka ábyrgð á því máli. Ekki hefðu göngin farið mikið í burtu. Að vísu er hægt að halda því fram að fjárhagsleg ábyrgð á rekstri ganganna hefði þá færst til. Það hefði verið hætta á því að ríkið hefði lent í því að greiða einhverjar ábyrgðir. En landsmenn sem að lokum munu auðvitað greiða þessi göng með gjöldum fyrir ferðir í gegnum þau hefðu greitt minna að lokum ef í þetta hefði fengist lánsfé með hagstæðari kjörum. Mín skoðun er reyndar sú að það hefði verið besta og hagkvæmasta fjármögnunin sem hefði getað orðið á Hvalfjarðargöngum ef ríkissjóður hefði staðið sjálfur fyrir málinu. Nóg um það.

Ég nefndi áðan að Íslensk erfðagreining hefði komið með mjög mikilvægum og kraftmiklum hætti inn í íslenskt atvinnulíf. En ég man eftir því í sambandi við umfjöllunina um málefni Íslenskrar erfðagreiningar að hún hefur gert samninga við fjölmargar heilsustofnanir á Íslandi um starfsemi og greiðslu fyrir þjónustu eða aðgang að upplýsingum. Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra, ef hann er einhvers staðar nærri, hvort Íslensk erfðagreining hafi reitt þessar greiðslur af hendi, hvort þessir samningar við Íslenska erfðagreiningu hafi staðist og greiðslur sem samið var um hafi borist til þessara heilbrigðisstofnana eða hvort samningarnir hafi ekki gengið í gildi af einhverjum ástæðum. Ég tel mjög mikilvægt að það komi fram í þessari umræðu einfaldlega vegna þess að samkvæmt reglum um ríkisábyrgð er ekki hægt að veita neinum aðilum ríkisábyrgð nema þeir séu skuldlausir við ríkið og ríkissjóð. Þess vegna er ástæða til að fá þetta upplýst.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra en þetta. Ég verð því miður að segja eins og er að ég get engan veginn stutt þetta mál eins og að því er staðið. Ég hefði talið miklu meiri von til að hægt hefði verið að ná meiri samstöðu um að styðja það ef menn hefðu staðið að því með almennum hætti, með því að leggja hlutafé í þetta fyrirtæki, fremur en með því sem hér er gert ráð fyrir, þar sem öll áhættan er hjá ríkissjóði en allur hagnaðurinn, fyrir utan *óbeinan hagnað, mun lenda hjá þeim sem eiga hlutabréfin.*

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst frágangur málsins benda til þess að umræða hafi orðið og togstreita og samningar um hvernig ætti að gera þessa hluti vegna þess að ákvæði eru í samningnum um að þessi skuldabréf geti breyst í hlutabréf í fyrirtækinu við tiltekið gengi. Það gengi er í raun 24 vegna þess að þeir sem ráða hjá fyrirtækinu geta *tekið ákvörðun um að þetta gerist ekki fyrr en gengið hefur* náð 24.

Vel kann að vera að það gengi hafi verið of hátt metið að mati íslensku ríkisstjórnarinnar og að þeir hafi þess vegna tekið ákvörðun um að vilja frekar fara ábyrgðarleið en að leggja fram fé í fyrirtækið á gengi sem þeir hefðu ekki verið sáttir við. Ég fer þó ekki ofan af því að ég tel að íslenska ríkið hefði verið miklu betur sett með hlutabréf í deCODE í höndunum en með einfalda ábyrgð af þessu tagi sem mun falla á ríkissjóð ef illa fer hjá fyrirtækinu. Vegna þess um hve áhættusaman atvinnuveg er að ræða getur enginn í dag fullyrt neitt um hvort þessu fyrirtæki skilar að landi og það verði að öflugu framtíðarfyrirtæki á Íslandi fyrr en reynslutíma þess er lokið. Sá reynslutími er a.m.k. þrjú ár fjögur ár í viðbót við þau sem liðin eru.

[15:08]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þetta er í annað skipti sem ég tek til máls um frv. ríkisstjórnarinnar um að veita 20 milljarða kr. ríkisábyrgð á lán til Íslenskrar erfðagreiningar. Ég fór yfir meginþætti málsins í fyrri ræðu minni en gat um það þá að ég mundi vísa til umsagnaraðila ef ég tæki aftur til máls í

þessari umræðu, en það er greinilega talsverður áhugi fyrir henni bæði á meðal stjórnarandstöðunnar og einnig í liði ríkisstjórnarinnar þótt sú umræða fari kannski fremur fram annars staðar en hér í þingsalnum. Maður hefur orðið var við að margir eru fullir efasemda og ekki að undra. Það er dapurlegt að vita að menn láti síðan kúska sig til hlýðni, eins og mér virðist margt benda til að muni gerast.

Nokkrir tilburðir hafa verið til að setja fram rök fyrir þessu máli. En þegar betur er að gáð eru þau ekki á mjög traustum grunni. Hv. þm. Gunnar Birgisson sté hér í ræðustól fyrr í dag og taldi þetta hið besta mál. Hann sagði m.a. að við ættum að treysta þeim sérfræðingum sem um málið hefðu fjallað. Vék hann þar að sérfræðingum ríkisstjórnarinnar, bæði innan ráðuneytanna og annarra aðila sem að málinu hafa komið, ríkisendurskoðanda m.a. Hann vék einnig að virtum fjármálafyrirtækjum sem hann nefndi svo og vísaði einnig í gögn sem birtust með málinu.

Um þetta vil ég í fyrsta lagi segja að hin virtu fjármálafyrirtæki eru öll í viðskiptum við Íslenska erfðagreiningu, þ.e. Morgan Stanley, Lehman Brothers og Robertson Stephens fyrirtækið sem annaðist kaupin á MediChem fyrir hönd deCODE. Morgan Stanley og Lehman Brothers önnuðust hlutafjárútboðið á Nasdaq á sínum tíma. Mér hefði fundist eðlilegt, og við höfum fleiri tekið undir það í stjórnarandstöðunni, að óháð ráðgjafarfyrirtæki hefði verið kallað til sögunnar.

Ríkisstjórnin beindi engu að síður þeim tilmælum til innlendra aðila að skoða málið, eða hvort þær kröfur komu einvörðungu frá stjórnarandstöðunni. Það kann vel að vera. En þar gerðust menn mjög varfærnir. Þannig sagði fulltrúi Samkeppnisstofnunar í heimsókn hjá efh.- og viðskn. að hann teldi ekki viðeigandi að sú stofnun tjáði sig um málið. Seðlabankinn kvaðst ekki hafa forsendur til að meta stöðuna. Ég mun vísa nánar í þetta hér á eftir. Ríkisendurskoðandi vísaði að sönnu í hin virtu erlendu fjármálafyrirtæki en sagði þó að áhættan hefði ekki verið metin af hálfu Ríkisendurskoðunar.

Ég man ekki betur en að þegar fulltrúar Ríkisendurskoðunar komu á fund efh.- og viðskn. segðu þeir að þeir hefðu örlítið verið að skoða málið þann dag og að eftir þann lestur fyndist þeim geta brugðið til beggja vona hvað starfsemina í heild snerti. Engu að síður reyndu starfsmenn Ríkisendurskoðunar að manna sig upp í að vera nokkuð brattir með þetta mál og vísuðu enn og aftur í hin virtu erlendu fjármálafyrirtæki.

Síðan er það ekki rétt sem fram kom hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni að við hefðum séð viðskiptaáætlanir fyrirtækisins. Þær höfum við ekki séð. Þau gögn sem birt eru með frv. og er að finna í fylgigögnum þingskjala eru fyrst og fremst ársreikningar Íslenskrar erfðagreiningar og tölur sem hægt er að finna á netinu. Þetta höfum við allt fengið með eftirgangsmunum. Við beindum munnlegum og skriflegum fyrirspurnum til fjmrn. til að ganga eftir þessum tölum. Þetta eru nú staðreyndir málsins. Það er staðreynd að við höfum ekki fengið að sjá viðskiptaáætlun fyrirtækisins um þann þátt starfseminnar sem okkur er ætlað að taka afstöðu til hér.

Annað sem hv. þm. Gunnar Birgisson gerði í sínum málflutningi var að vísa til samninga sem gerðir hefðu verið við Hoffmann-La Roche. Það er alveg rétt að gerðir hafa verið samningar upp á mörg hundruð milljónir dala við það fyrirtæki. Ég hef hins vegar lagt áherslu á það í málflutningi mínum, og gerði það í fyrri ræðu minni, að þær tölur segja okkur harla lítið vegna þess að þar er fyrst og fremst um að ræða markmið. Það er hins vegar undir árangri fyrirtækisins komið hvernig því tekst að ná þessum markmiðum og fá þær greiðslur sem eru árangurstengdar.

Ég sýndi fram á hvernig samningur sem gerður var 1998 upp á 200 millj. dollara hefði aðeins gengið eftir að hluta. Að sjálfsögðu gekk hann eftir hvað grunngreiðslurnar varðar. Samkvæmt honum átti að greiða 70 milljónir í grunngreiðslur. En árangurstengdu greiðslurnar höfðu aðeins gengið eftir að hluta. Markmiðið, þessar tölur sem menn eru að veifa, segja okkur því ekki allan sannleikann. Því fer fjarri. Í raun er þetta eina leiðin fyrir þingmenn til að meta árangur af starfinu, þ.e. að skoða árangurstengdu greiðslurnar.

Hv. þm. Gunnar Birgisson sagði að við yrðum að treysta mönnum, treysta sérfræðingum okkar. Það er alveg rétt. Við eigum að treysta mönnum. Við eigum hins vegar að vera vandfýsin og vera á varðbergi, einfaldlega vegna þess að hér liggja hagsmunatengdir þræðir inn í alla þessa upplýsingagjöf. Þar á ég við fjármálafyrirtækin. Ég hef vakið máls á því líka að Íslensk erfðagreining og sérfræðingar þess fyrirtækis hafa verið í svo nánu sambandi við fjmrn. að furðu sætir. Þannig er upplýst að það sem er að finna í greinargerð með frv. um árangur fyrirtækisins er fyrst og fremst frá fyrirtækinu sjálfu og sérfræðingum þess komið. Þetta staðfestu sérfræðingar og samningamenn fjmrn. við efh.- og viðskn., þ.e. að upplýsingarnar væru fyrst og fremst frá Íslenskri erfðagreiningu.

Með þessu er sagan endurtekin frá því sem gerðist í samningunum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, að fyrirtækið vann upp í hendurnar á ráðuneytinu, í því tilviki heilbrrn., það sem síðar var fært fyrir í þingið. Ég hef einnig vakið athygli á því að þeir sem þá sömdu fyrir okkar hönd úr sveit embættismanna eru margir komnir yfir til Íslenskrar erfðagreiningar og starfa þar. Ég vakti líka athygli á því að nú hefur þessu einnig verið snúið við. Ráðuneytisstjórinn í fjmrn., sem hefur þar verkstjórn á hendi, er fyrrverandi lögfræðingur deCODE. Ég hef enga ástæðu til að efast um heiðarleika þess manns en mér ber skylda til þess gagnvart Alþingi að upplýsa um svona nokkuð. Okkur ber að hafa augun vel opin.

Þótt það sé rétt hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni að við eigum að treysta mönnum, vil ég leggja áherslu á þetta tvennt, að þeir sem við köllum til ráðgjafar séu óháðir og traustsins verðir. Síðan ætla ég að leyfa mér að segja hitt, að nú er komið að því að við reynum að treysta á okkur sjálf og gera þá kröfu til okkar sjálfra að við skiljum það sem hér er á ferðinni.

Ég hef sett fram ýmsar upplýsingar af efnahagslegum toga en ekki fengið nein svör. Ég hef ekki fengið nein viðbrögð önnur en mjög almenns eðlis. Bent hefur verið á að við megum ekki vera á móti öllu og við eigum að vera jákvæð fyrir uppbyggingu á þessari atvinnustarfsemi o.s.frv. Jú, allt er það góðra gjalda vert, að vera jákvæður gagnvart því. Það er alveg sjálfsagður hlutur. En nú erum við að ræða ábyrgð okkar. Við eigum að taka afstöðu út frá því hvernig við skiljum málið. Ef við skiljum það rangt eða menn telja að við förum með rangt mál þá ber þeim að benda okkur á hvað sé rangt, hvað í málflutningi okkar sé ekki sannleikanum samkvæmt.

Ég hef t.d. óskað eftir upplýsingum um það frá hv. þingmönnum hvaða merkingu þeir leggja í að lánskjör fyrirtækisins deCODE fara ört versnandi. Ég vitna þar í lán sem annars vegar eru tekin í desember á síðasta ári og hins vegar í

lán núna í marsmánuði. Þar munar mjög miklu. Þar er annars vegar um að ræða lán sem eru tekin með 0,5% álagi á Libor og hins vegar 6% álagi á Libor-vexti. Í síðara tilvikinu er einnig um að ræða lán sem eru, samkvæmt upplýsingum frá deCODE, vísitölubundin með 12% vöxtum. Þar er um að að ræða 7,3 millj. dollara. Við erum að tala um geysilega háar upphæðir. Ég hef auglýst eftir skýringu á því að lánskjör fyrirtækis virðast vera að versna með þessum hætti. Engin svör koma við því heldur aðeins almennar yfirlýsingar, t.d. frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni.

Hann hélt ræðu í fyrradag um þetta mál út frá mjög almennum forsendum. Hann fór að dæmi hv. þm. Gunnars Birgissonar, að lofsama verkefnið og neitaði að ræða um þessar efnahagslegu forsendur, þá reikninga sem liggja fyrir sem sýna fram á að staða fyrirtækisins er erfið og að lánskjör þess fara versnandi. Þetta eru staðreyndir.

Hvers vegna horfum við til fyrirtækisins alls? Hvers vegna gerum við það? Hvers vegna látum við ekki nægja að horfa á þennan tiltekna viðskiptasamning sem augu manna beinast að núna, þ.e. hið nýja fyrirtæki eða hina nýju grein Íslenskrar erfðagreiningar? Jú, það er vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir því að þetta verði sérstök bókhaldseining, sérstök rekstrareining. Þetta verður einfaldlega hluti af fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu. Ef Íslenskri erfðagreiningu vegnar illa eða hallar undan fæti þar mun hið sama gilda um þennan þátt starfseminnar. Það mun þar með hafa áhrif á hina ríkistryggðu skuld. Þetta er einfaldlega allt sami potturinn.

Enginn virðist heldur hafa áhuga á að ræða það að Íslensk erfðagreining er ekki farin að greiða svo mikið sem eina krónu samkvæmt upplýsingum ráðuneytisstjóra heilbrrn. vegna samninga sem gerðir hafa verið við íslenska ríkið og heilbrigðisstofnanir, enda þótt fyrirtækið sé þegar farið að fá upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu til afnota. Sannast sagna fannst mér það áhyggjuefni sem fram kom í skýrslum frá deCODE sem birtar voru á bandarískra verðbréfavefnum — það er vísað til þeirrar skýrslu undir heitinu 10K — þ.e. ákveðnar efasemdir um að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði verði að veruleika. En um leið er staðhæft, það gerði forstjóri fyrirtækisins frammi fyrir efh.- og viðskn., að þetta væri sérstaða fyrirtækisins og allt virtist undir því komið að hún nýttist fyrirtækinu. Enginn virðist hafa nokkurn áhuga á þessu aðrir en við úr stjórnarandstöðunni, sérstaklega þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa auglýst eftir upplýsingum um þetta efni. Þær liggja hreinlega ekki fyrir. Þær fást ekki ræddar og enginn virðist hafa áhuga á að ræða þær.

Herra forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson segir að við verðum að treysta fólki og treysta ráðgjöfum okkar. Hann vísar þar í fjármálafyrirtæki í viðskiptum við deCODE, í Ríkisendurskoðun og aðra aðila. En ég vil benda á enn eitt til viðbótar, þ.e. landslög. Við höfum fengist við það á löggjafarsamkundunni í gegnum tíðina að vefa öryggisnet varðandi skuldbindingar ríkisins. Árið 1997 voru endurskoðuð lög um það efni, lög um ríkisábyrgðir. Hvað skyldi segja í þessum lögum?

Jú, í 1. gr. segir á þá leið að ríkissjóður megi ekki takast á hendur ábyrgð eða skuldbindingar nema hann hafi heimild til þess í lögum. Í 2. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi sem fjármálaráðherra leggur fram um veitingu ríkisábyrgða skal liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, á eftirtöldum þáttum:

1. Mat á greiðsluhæfi skuldara.

2. Mat á afskriftaþörf vegna áhættu af ábyrgðum.

3. Mat á tryggingum sem lagðar verða fram vegna ábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða hámark veðsetningarhlutfalls.

4. Mat á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði."

Þetta er 2. gr. laganna. Erum við þá ekki bara í nokkuð góðum málum fyrst að hafa á alla þessa varnagla? Hér er kveðið á um það skýrt í lögum hvað eigi að gera þegar veita á ríkisábyrgð. Ja, gott er ef svo væri.

Samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar eru þessi lög og þar með þessi grein laganna afnumin. Hún er ekki til. Í frv. ríkisstjórnarinnar segir einfaldlega að þessi lög skuli ekki gilda, nema 5. gr.

3. gr. á ekki að gilda heldur. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Kveðið sé á um heimild til ríkisábyrgðar í lögum þeim sem ábyrgð heimila.

2. Ef lánsfjárþörfina er ekki hægt að uppfylla á almennum lánamarkaði og sýnt þykir að starfsemin sé hagkvæm.

3. Ábyrgðarþegi leggi fram a.m.k. 20% af heildarfjárþörf verkefnisins.

4. Ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs.

Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærra hlutfalli en 75% af lánsfjárþörf verkefnis sem veitt er ríkisábyrgð.

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ábyrgð fyrir aðila sem er í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð."

Þetta var 3. gr. laganna. Einnig henni er vikið til hliðar.

Ég vék að því áðan hvort Íslensk erfðagreining væri í vanskilum við ríkissjóð. Við höfum fengið þau svör frá ráðuneytisstjóra í heilbrrn. að Íslensk erfðagreining væri því miður — þannig var það orðað — ekki farin að greiða til samningsaðilanna ríkismegin enda væri ekki búið að ganga frá samningum við stofnanir.

Áðurnefnd lög eru allítarleg. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma. Í 4. gr. er vikið að því að lánþegi, þ.e. ábyrgðarþegi skuli greiða, við ábyrgðarveitingu ríkissjóðs, áhættugjald er nemi 0,25–4,00% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingar fyrir hvert ár lánstímans. Eins kemur fram að áhættugjaldið skuli greiða í upphafi lánstíma og skuli renna í ríkissjóð. Þetta kemur náttúrlega ekki til álita, einfaldlega vegna þess að þetta er afnumið.

En 5. gr. sem eftir stendur er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisábyrgðasjóður skal halda afskriftareikning vegna veittra ábyrgða. Afskriftareikningur sjóðsins skal á hverjum tíma gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum allra ábyrgða sjóðsins. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um ábyrgðir, sbr. 3. gr., leggur sjóðurinn við afskriftareikning fjárhæð sem nemur áætlaðri afskriftaþörf.

Eigi sjaldnar en árlega skal endurmeta áhættu og afskriftaþörf Ríkisábyrgðasjóðs vegna ábyrgða og endurlána og á grundvelli þess endurákvarða framlag á afskriftareikning. Leiði sú endurskoðun í ljós að varasjóður Ríkisábyrgðasjóðs nægi ekki til að mæta þannig metnum skuldbindingum skal fjármálaráðherra gera Alþingi viðvart og gera tillögu um aðgerðir til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins.

Ríkisábyrgðasjóður skal fylgjast með rekstri þeirra aðila er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir eða veitt lán. Ábyrgðarþegum er skylt að láta Ríkisábyrgðasjóði í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn er nauðsynleg teljast til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga er ráðherra heimilt að beita dagsektum uns gögnin eru komin fram. Um fjárhæð dagsekta skal nánar kveðið á í gjaldskrá er fjármálaráðherra setur. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför."

Þetta er grein sem stendur eftir samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar því að í 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka þegar gildi og koma í stað ákvæða laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, varðandi þá ábyrgð sem lögin taka til."

Þetta segir í frv. ríkisstjórnarinnar.

Þegar hins vegar gengið var eftir því í efh.- og viðskn. hvernig að þessu yrði staðið og hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar var afskaplega fátt um svör.

Það er fróðlegt að skoða hvað ríkisstjórnin er að afnema. Í 6. gr. þessara ríkisábyrgðalaga segir, með leyfi forseta:

„Bankar, *lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir* aðilar sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún er tilkomin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars, skulu greiða ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á. Almennar viðskiptaskuldir og eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar skulu þó undanþegnar gjaldinu."

Síðan heldur áfram og í 7. gr. er enn vikið að ábyrgðargjaldi og í 8. gr. er kveðið á um hvernig Ríkisábyrgðasjóður skuli annast útreikning, álagningu og innheimtu áhættugjalds, og síðan nánar um það.

Síðan er enn í ákv. til brb. athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs.

Hér eru með öðrum orðum lög sem eiga að tryggja hagsmuni, eru sett til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs og skattborgarans. En þeim er einfaldlega vikið til hliðar. Og þingmenn úr stjórnarliðinu segja: „Við verðum að treysta fólki." Þeir sem þeir ætla að treysta eru í fyrsta lagi viðskiptaaðilar deCODE á fjármálamarkaði í heiminum, þeir aðilar sem New York Times varar okkur við að kunni að vera afvegaleiðandi, telur að við eigum að hafa þar vel opin augun. Í öðru lagi á að treysta fulltrúum fyrirtæksins *deCODE sem skrifuðu að uppistöðu til greinargerð með frv.*, þar á meðal lýsingu á eigin ágæti. Það á líka að treysta fulltrúum sem koma frá stofnunum þjóðfélagsins, Seðlabanka, ríkisendurskoðanda og öðrum, Samkeppnisstofnun væntanlega sem segir ekki viðeigandi að tjá sig mikið um málið eða ríkisendurskoðanda sem sagði að áhættan hefði ekki verið metin en að þeir hafi verið að líta á þetta eitthvað í dag, þegar hann kom á fund efh.- og viðskn. og Seðlabanka sem segist ekki hafa forsendur til að meta málið. Aðspurður um lánshæfi sagði seðlabankastjóri að þeir hefðu snarað fréttatilkynningu fjmrh. yfir á ensku, sent hana völdum aðilum *úti í heimi, ekki fengið viðbrögð og mat þeirra væri þar af* leiðandi að þetta mundi ekki hafa mikil áhrif á lánshæfi.

Haldið þið að það séu vinnubrögð? Mér finnst að þetta ætti að verða tilefni til, þótt síðar verði, að við skoðum hvernig þessar ráðgefandi stofnanir sem þjóðfélagið hefur komið sér upp beita starfskröftum sínum. Innan dyra þar er fjöldinn allur af hæfu fólki. Hvers vegna í ósköpunum hefur stofnunin Seðlabanki Íslands ekki forsendur til að kafa í þetta mál þar sem upplýsingar eru að verulegu leyti aðgengilegar á netinu, bandarískra verðbréfamarkaðnum? Síðan er hægt að ætlast til þess að stofnun eins og Seðlabankinn fái upplýsingar til þess að leggja raunhæft mat áður en ríkissjóður er látinn gangast í ábyrgð fyrir 20 þús. millj. kr.

Hvaða stofnun virðist hafa einna mestar efasemdir um málið? Jú, ætli það sé ekki sú stofnun sem ríkisstjórnin telur að þurfi að leggja niður í snarhasti — og þar bíður okkar annað frv. — það er Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsstofnun hefur miklar efasemdir um þetta frv. Þjóðhagsstofnun segir m.a. í *áliti sínu að ástæða sé til að fara varlega í sakirnar, þetta geti* leitt til lægra framleiðslustigs og lakari lífskjara til lengdar. Á þá leið segir í áliti Þjóðhagsstofnunar. Hún varar reyndar við ríkisaðstoð til fyrirtækja á grunni markaðsbresta eins og komist er að orði.

Innan Þjóðhagsstofnunar eru margir góðir sérfræðingar þótt ég hafi stundum gagnrýnt harðlega ýmislegt sem frá Þjóðhagsstofnun hefur komið, þar á meðal frá þeim ágæta manni sem veitt hefur stofnuninni forstöðu í seinni tíð. Hann var jafnframt formaður stóriðjunefndar ríkisstjórnarinnar, ráðuneytisstjóri í iðnrn. og einn ákafasti talsmaður þess að *ráðist yrði í einhverja alvitlausustu fjárfestingu* Íslandssögunnar, ef af hefði orðið eða ef af verður, þ.e. Kárahnjúkavirkjun og stóriðju á Reyðarfirði, þar sem efnahagslegar forsendur eru mjög vafasamar enda voru þeir tónar varnaðarorða farnir að koma út úr sérfræðingabatterii Þjóðhagsstofnunar áður en yfir lauk.

Ég ætla að víkja aðeins að álitsgerðum sem fram hafa komið, þar á meðal frá þessum aðilum. Að beiðni stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. kom fjöldi sérfræðinga til fundar við nefndina. Afskaplega lítill áhugi eða metnaður var hjá stjórnarliðum. Maður hafði á tilfinningunni að þeir vildu *helst afgreiða málið hið allra fyrsta og ég hef grun um að* menn vilji helst þetta mál á bak við tjöldin og niður í skúffu þar sem menn geti vélað um þetta í rólegheitum uppi í ráðuneyti og með fulltrúum deCODE, vilji þessa umræðu sem fyrst út úr sviðsljósinu. En því skal ég lofa að þessari umræðu lýkur ekki hér í þingsölum. Sem betur fer er þjóðfélag okkar það lifandi að maður hefur orðið var við það síðustu daga að fjöldi fólks sem er annt um þjóðarhag er farinn að kafa í þessi mál og m.a. benda okkur alþingismönnum á ýmsa þætti sem vert er að hyggja að.

Umsögn Seðlabankans er dagsett 16. apríl. Hvaða dagur skyldi vera í dag? *Ætli það sé ekki 26. apríl. Þetta eru tíu* dagar. Í umsögninni segir m.a., með leyfi forseta:

„Með bréfi sem barst í morgun (dags. 15. apríl 2002) óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir skriflegu efnahagslegu mati Seðlabanka Íslands á því hvort, og þá hvaða, áhrif sú framkvæmd sem lögð er til í frumvarpi til laga um ríkisábyrgð á skuldabréf vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, kemur til með að hafa á vexti, verðbólgu, gengi og áhættumat.

Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að slíkt mat er margbrotið viðfangsefni sem engin leið er að vinna til hlítar á *skömmum tíma og undir engum kringumstæðum á einum* degi."

„... undir engum kringumstæðum á einum degi." Þarna tek ég undir með fulltrúum Seðlabankans og hef fullan skilning á því sem hér er sagt. En segir þetta okkur ekki eitthvað um málið, þ.e. að Seðlabanka Íslands er gert að setja fram álitsgerð á einum degi? Hér erum við að tala um einhverja almestu ríkisábyrgð sem dæmi eru um, ef ekki þá alstærstu.

Jú, að sjálfsögðu er þetta sú mesta sem veitt er einu fyrirtæki því að stóriðjan er ekki enn orðin að veruleika og verður vonandi ekki þó að vissulega sé ástæða til að hafa af því miklar áhyggjur þegar það mál hefur verið sett inn í þröngan flokkspólitískan farveg. Í stað þess að við ræðum þetta hér á þverpólitískum nótum og þjóðfélagið sé að kallast á með rök og gagnrök í máli um náttúruvernd og efnahagslegar forsendur er þetta núna komið inn í framsóknarfarveg þar sem einungis eru kallaðir til framsóknarmenn til að véla um til að afgreiða málið á grundvelli sem Framsfl. lofaði í síðustu kosningum og þar áður, þ.e. að reisa álver á Reyðarfirði og virkja við Kárahnjúka. Það er mikið áhyggjuefni þegar svona er komið og ekki lýðræðisvæn nálgun nema síður sé.

En þetta var úr álitsgerð Seðlabankans þar sem hann segist ekki geta metið á einum degi þá áhættu sem felst í því að veita ríkisábyrgð á 20 þús. millj. kr. Ég hef fullan skilning á því.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu kemur fram að fjármagnsþörf verkefnisins sé áætluð 35 milljarðar kr. en upplýsingar um hvernig þeirri fjárhæð verður varið eða nánari tímasetningar einstakra áfanga verkefnisins eru af skornum skammti. Án slíkra upplýsinga verða áhrif þess ekki metin, auk þess sem Seðlabankinn hefur ekki sérfræðiþekkingu á mikilvægum þáttum þeirrar starfsemi sem um ræðir og nauðsynlegt er að skoða til þess að meta áhrif framkvæmdarinnar til lengri tíma litið."

Það er heiðarlegt að Seðlabankinn segir að sérfræðiþekkingu þurfi til að kafa í þessi mál. Hvert er þá næsta skref sem menn ættu að stíga? Nú, væntanlega að kalla slíka sérfræðinga til sögunnar, óháða aðila, sem væru mönnum til ráðgjafar. „Já, en það verður gert", kann hæstv. fjmrh. að segja. Já, hann kann að gera það og hann hefur enn þá möguleika til þess. En eigum við alþingismenn ekki kröfu á því, sem er gert að taka ákvörðun um þetta efni, einnig hv. þm. Gunnar Birgisson, sá ágæti maður? Hann sagði að við kynnum ekki skil á öllum þáttum þessa máls, ekki væri hægt að gera þá kröfu til okkar. Jú, sú krafa er gerð til okkar. Það er mergurinn málsins. Sú krafa er gerð til okkar að við veitum þessa heimild. Að sjálfsögðu eigum við ekki að gera það nema við gerum það á einhverjum vitibornum forsendum, að sjálfsögðu ekki.

Áfram segir í álitsgerð Seðlabankans, með leyfi forseta:

„Nýlega lagði Seðlabanki Íslands mat á líkleg áhrif virkjana- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, meðal annars á innlenda vexti. Hér er mjög ólíku saman að jafna. Áhrif stóriðju- og virkjanaframkvæmda hafa verið metin ítarlega af Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilum. Mat þeirra var lagt til grundvallar mati Seðlabankans á áhrifum á vexti o.fl. Skipting útgjalda vegna fjárfestinga í stóriðju og virkjunum er tiltölulega vel þekkt. Áhrif slíkra framkvæmda á þjóðarbúskapinn eru mikil á byggingartímanum í samanburði við langtímaáhrif þeirra. Þjóðhagsleg áhrif á fyrstu árum þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir eru líklega lítils háttar í samanburði við fyrrnefndar virkjanaframkvæmdir en meiri upplýsingar þarf til að þau verði metin."

Hvaða lærdóm er hægt að draga af þessum línum? Jú, í fyrsta lagi er það athyglisvert sem hér kemur fram, að varðandi stóriðjuna vísar Seðlabankinn í forsendur Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsstofnun vísaði í forsendur Landsvirkjunar, þ.e. þetta er allt samtengt og það skortir óháða aðila til að meta málin. Það átti við í stóriðjunni og það á einnig við í þessu. Seðlabankinn hefur þannig vísað í forsendur Þjóðahgsstofnunar sem síðan vísar því áfram.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Seðlabanki Íslands ræður ekki yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til þess að meta áhættu sem framkvæmdinni fylgir" — enn og aftur er talað um skort á sérfræðiþekkingu til þess — „og gæti fallið á ríkissjóð verði ríkisábyrgð veitt. Seðlabanki Íslands hefur hins vegar áður lýst þeirri afstöðu sinni til ríkisábyrgða að þær séu almennt ekki heppilegar. Þegar þær eru veittar er nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar á grundvelli ítarlegs mats á þeirri áhættu sem þeim fylgir."

Það er nauðsynlegt að leggja ríka áherslu á þetta: „Þegar þær eru veittar [þ.e. ríkisábyrgðirnar] er nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar á grundvelli ítarlegs mats á þeirri áhættu sem þeim fylgir." Þetta mat hefur ekki farið fram.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Ítrekað skal það sem fram kom á fundi nefndarinnar 15. apríl sl. að þeim matsfyrirtækjum sem meta lánshæfi ríkissjóðs hefur verið gerð grein fyrir þessum áætlunum um ríkisábyrgð sem frumvarp þetta fjallar um. Viðbrögð þeirra allra hafa verið á þann veg að þetta mál eitt og sér hafi ekki áhrif á núverandi lánshæfismat. Hafa fyrirtækin þá litið á þetta sem einangrað tilfelli en ekki sem fráhvarf frá þeirri stefnu sem gilt hefur um ábyrgðir. Eitt fyrirtæki, Moody's, birti reyndar í dag fréttatilkynningu um Ísland þar sem fram kemur að það staðfestir fyrra lánshæfismat á íslenska ríkinu."

Húrra. Einn sýndi viðbrögð við fréttatilkynningunni sem var þýdd á ensku og send út í heim.

Þetta var úr umsögn Seðlabanka Íslands sem honum var gert að senda frá sér og ganga frá á einum degi. Hann getur í rauninni engu svarað um málið, engu svarað öðru en að kvarta yfir því að búa ekki yfir nægilegri sérfræðiþekkingu til að kafa í málið.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar er dagsett 15. apríl og hefst á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar kveður á um heimild til ríkisábyrgðar á útgáfu deCODE Genetics Inc., móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónum dollara til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjaþróunar. Þjóðhagsstofnun álítur að ríkisábyrgð á skuldum einkaaðila og fyrirtækja almennt sé vandmeðfarin og megi einungis réttlæta á hagfræðilegum forsendum í sérstökum undantekningartilfellum. Ríkisábyrgð heftir „hönd markaðarins" ..."

Hér er vísað í gamlan vin úr sagnfræðinni, Adam Smith, sem talaði um hina ósýnilegu hönd og ef hún fengi frelsi til að fara um samfélagið, sem væri þá frjálst, yrði öllu stýrt inn í gæfuríkan farveg. Við höfum hins vegar verið að kynnast því að þessi hönd er ekki ósýnileg. Hún er sýnileg og er höndin á hæstv. forsrh. sem er að berja Sjálfstfl. til hlýðni í þessu máli.

„Ríkisábyrgð heftir „hönd markaðarins" og skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja. Fjármagn og vinnuafl leita í meira mæli til fyrirtækja sem njóta ríkisábyrgðar í stað þess að taka einvörðungu mið af því sem hagkvæmast er hverju sinni. Að jafnaði er við því að búast að ríkinu takist verr upp en fjárfestum sem leggja eigið fé að veði og hafa nánari þekkingu á atvinnustarfseminni."

Herra forseti. Þetta samþykki ég ekki. Ég samþykki ekki að það sé ófrávíkjanleg regla að ríkinu takist verr upp en fjárfestum sem leggja eigið fé að veði. Við erum að leggja

eigið fé að veði. Íslenska þjóðin leggur eigið fé að veði og við erum fulltrúar hennar og við ætlum að búa svo um hnútana að það takist vel upp og að vel takist til í þeim ákvörðunum sem við erum að leggja til.

Ég get nefnt dæmi. Íslenska ríkið á stóran hlut í steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Hún skilar góðum hagnaði. Reyndar vill ríkisstjórnin selja hlut sinn á sama hátt og hún hefur viljað selja öll þau fyrirtæki og allar þær stofnanir sem hafa skilað þjóðinni arði, hagnaði. Landssími Íslands skilaði á rúmum áratug tugum milljarða inn í ríkissjóð og veitti auk þess mikilvæga þjónustu um land allt. Nú er búið að setja lög eftir að fyrirtækið var gert að hlutafélagi sem heimila ríkissjóði að fjármagna það í fjarskiptum sem er óarðbært. Okkur er heimilt, skattborgurunum, að taka á okkur það sem er óarðbært. En það sem er arðbært er selt frá okkur. Ég get þess vegna ekki skrifað undir þennan sleggjudóm, sem ég vil kalla, frá Þjóðhagsstofnun að þessu leyti, þ.e. að ríkinu takist verr upp. Það er ekki hægt að alhæfa á þennan hátt. Stundum tekst ríkinu ágætlega upp, stundum illa. Hið sama á við á markaði. En það er hægt að gera þá kröfu til okkar, sem er falin sú ábyrgð að passa upp á peninga ríkissjóðs, að það sé gert sómasamlega og að við tökum ákvarðanir sem byggja á þekkingu. Það er einmitt það sem við höfum verið að kalla eftir. Reyndar er ég á þeirri skoðun að þegar á heildina er litið hafi ríkisstofnanir verið afskaplega vel reknar á Íslandi. Þær hafa byggt upp góða, öfluga þjónustu sem hefur skilað sér vel til þeirra sem hennar eiga að njóta. Ég vísa þar í Ríkisútvarpið sem er stórveldi í menningu okkar og var byggt upp á síðustu öld af mikilli elju og trúmennsku, Landssímann og heilbrigðiskerfið. Þannig getum við áfram litast um í íslensku þjóðfélagi þótt unga uppakynslóðin í fjármálaheiminum vilji stundum gera lítið úr afrekum fyrri tíðar manna. Ég held að það sé ekki sprottið af illvilja heldur af vankunnáttu og þeirri áráttu að afskrifa allt sem liðið er og horfa aldrei lengra aftur í tímann en eina, tvær vikur eða mánuði. Þetta er svona sögulaus afstaða.

Áfram segir í umsögn Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Í undantekningartilfellum má réttlæta ríkisaðstoð til fyrirtækja á grunni markaðsbresta, þ.e. að markaðir nái illa til allra þeirra verðmæta sem í húfi eru. Á þessum grunni má til dæmis réttlæta afskipti af umhverfismálum."

Ja, það er þá vonandi til að bæta umhverfið en ekki til að spilla því eins og gerast mundi ef ráðist yrði í þessar virkjanir fyrir austan sem ég vona að séu komnar út af borðinu þannig að menn geti farið að snúa sér að atvinnuuppbyggingu á Austurlandi og á landsbyggðinni og í landinu öllu af einhverju viti. En það er eins og þeim sé fyrirmunað sem verma ríkisstjórnarstólana að sjá annað en annaðhvort stóriðju eða áform af þeirri stærðargráðu sem við erum hér með í höndunum. Uppbyggingu á forsendum fjölbreytts atvinnulífs er þeim fyrirmunað að skilja.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í því tilfelli sem hér er til skoðunar verður á hinn bóginn ekki séð að slíkir markaðsbrestir séu meiri en það sem gerist víða annars staðar í hagkerfinu. Vegna þess að í því tilviki sem hér um ræðir er um að ræða erlent fjármagn er afleiðingin fyrir íslenskt hagkerfi fyrst og fremst sú að hætta er á að vinnuafl, en raunar aðrir framleiðsluþættir hugsanlega einnig séu notaðir í starfsemi sem ekki hámarkar nýtingu þeirra. Niðurstaðan er að líkum lægra framleiðslustig og lakari lífskjör til lengdar. Almennari aðgerðir sem ekki skekkja samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja, t.d. þær sem snúa almennt að rekstrarumhverfi fyrirtækja, vinnuumhverfi einstaklinga og eflingu menntunar og rannsókna, eru líklegri til að efla þjóðarhag."

Þessar áherslur komu einnig úr Háskóla Íslands. Gylfi Magnússon t.d. lagði áherslu á það í málflutningi sínum frammi fyrir efh.- og viðskn. að það ætti að vera hlutverk ríkisins og hins opinbera að styrkja menntun, efla rannsóknir og menntun í landinu. En hann varaði við þessari sértæku aðgerð. Menn hafa einnig bent á önnur fyrirtæki á þessum vettvangi, fyrirtækið Lyfjaþróun t.d., og haldið því fram að eðlilegra væri að láta þau fyrirtæki þróast á forsendum markaðar því sú hætta væri fyrir hendi ef það væri ekki gert að þegar ríkisaðstoðinni sleppir eftir að sjö ára lánstímanum lýkur, geti hrun blasað við hjá fyrirtækinu. Við þetta finnst mér ástæða til að staldra og íhuga vegna þess að þetta er umhugsunarvert atriði.

Hér erum við að ráðast í málið á þeim enda að byggja upp atvinnustarfsemi. Sú krafa hefur hins vegar oft verið á samfélaginu á liðnum árum þegar aflabrestur verður eða þrengir að í atvinnulífi á tilteknum atvinnusvæðum að ríkið hlaupi undir bagga til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og hrun atvinnufyrirtækja. Ég er í þeim hópi sem hefur haft fullan skilning á þessu. Nú er hins vegar verið að tala um atvinnuuppbyggingu, en við gætum staðið frammi fyrir hinum vandanum eftir að lánstímanum er lokið. Og hvað ætla menn þá að gera þegar talsmenn fyrirtækisins koma til fulltrúa ríkisvaldsins og segja: „Það var með aðstoð og tilstilli ykkar að við fórum í þessa stækkun. Nú er hér vinnustaður sem er helmingi stærri en hann var áður. Ætlið þið að láta hann hrynja? Ætlið þið að horfa aðgerðalaus upp á vinnustaðinn hrynja?" Þá er siðferðiskrafan sem stendur á ríkissjóð miklu sterkari og öflugri en hún er núna. Þetta er nokkuð sem þarf að hafa í huga.

Síðan segir áfram í umsögn Þjóðhagsstofnunar:

„Reikna má með að ríkisábyrgðin leiði til þess að vaxtakostnaður af þeim skuldabréfum sem um ræðir verði lægri en ella. Áhrif ríkisábyrgðar á vaxtakostnað má rekja til möguleikans að starfsemin gangi ekki sem skyldi og deCODE Genetics geti ekki greitt skuldirnar á gjalddaga að fullu. Þá kemur til greiðslu úr ríkissjóði. Fjárhæð þeirra skuldabréfa sem frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkisábyrgðin nái til er ekki það há að búast megi við að ríkisábyrgðin hafi út af fyrir sig áhrif á lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins. Hins vegar er hún vafalítið neikvæður þáttur við mat á lánshæfi og gæti með öðrum þáttum haft áhrif á einkunnina. Auk mögulegra beinna áhrifa ríkisábyrgðar á stöðu ríkissjóðs og óbeinna áhrifa á framleiðslustig er óvissu háð hvort lánshæfismatsfyrirtækin líta á ríkisábyrgðina sem merki um vilja ríkisins til meiri beinna afskipta af atvinnulífinu en áður."

Og enn fremur segir, með leyfi forseta, í umsögn Þjóðhagsstofnunar frá 15. apríl:

„Ef svo fer að starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjaþróunar gengur vel þá getur afraksturinn orðið verulegur enda þótt ríkissjóður muni ekki njóta þess nema á óbeinan hátt. Miðað við almenna reynslu í lyfjaþróunariðnðinum mun þó væntanlega líða mjög langur tími uns það kemur í ljós, mun lengri en líftími þeirra skuldabréfa sem ríkisábyrgðinni er ætlað að tryggja. Þá er rétt að hafa í huga að lánveitendur, sem og aðrir fjárfestar, taka möguleikann á góðum árangri til greina við mat á hvort veita eigi fé til fyrirtækisins ekki

síður en ríkið og því gefur sá möguleiki ekki sérstakt tilefni til ríkisábyrgðar."

Þetta verður ekki lesið á annan hátt en þann að Þjóðhagsstofnun sé full efasemda um að ríkið veiti þessa umbeðnu ríkisábyrgð. Að segja hana umbeðna er nú reyndar álitamál því að forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar segist aldrei hafa beðið um þessa ríkisábyrgð. Hvernig sem það er eru þarna settar fram mjög ákveðnar efasemdir af hálfu Þjóðhagsstofnunar.

Greiningardeild Íslandsbanka sendi einnig, umbeðin, frá sér greinargerð þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Að mati Greiningar er um neikvætt fordæmi að ræða og ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um minnkun ríkisafskipta af atvinnulífinu. Líklegt verður að telja að fleiri fyrirtæki feti í fótspor deCODE og byggi beiðnir sínar á jafnræðissjónarmiðum.

Greining Íslandsbanka telur að ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafi engin áhrif á lánshæfismat Íslands nema að þau fyrirtæki sem meta lánshæfi færu að líta svo á að einhver stefnubreyting hefði orðið hjá íslenskum stjórnvöldum varðandi ríkisábyrgðir, þ.e. að ríkið hefði ákveðið að veita slíkar ábyrgðir í auknum mæli. Þessi eina ábyrgð hefur hins vegar ekki mikil áhrif þegar horft er á heildarskuldbindingar ríkisins."

Þetta er afdráttarlaust en ég fæ ekki betur séð en að mjög afdráttarlaus stefnubreyting hafi orðið hjá ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum varðandi ríkisábyrgðir. Hér eru menn búnir að standa í hatrömmum deilum um það hvort yfirleitt eigi að veita einhverjar slíkar ábyrgðir. Þeir sem hafa haldið því fram að ríkinu, bönkunum og fjármálakerfinu beri að stuðla að því að byggja upp atvinnureksturinn og styrkja þá sem í erfiðleikum eru hafa fyrst og fremst komið úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þeir hafa mætt háði og spotti þar til nú. Við erum svo hressilega yfirboðin að málflutningur okkar verður afskaplega smár í sniðum miðað við þau áform sem hér eru uppi.

En við höfum viljað gera þetta á allt annan veg. Við vildum varðveita uppbyggingarsjóði atvinnulífsins sem hér voru við lýði. Við vorum andvíg því að sjóðirnir yrðu einkavæddir og settir undir hatt FBA. Menn muna hvernig þá var tekið til hendinni. Það fyrsta sem sá sjóður gerði, eftir að hann var einkavæddur, var að taka til í matvæladreifingu. Og þegar hann hafði farið höndum um markaðinn var hér meiri einokun á því sviði en nokkru sinni fyrr í landinu, nema ef við förum aftur á einokunartímann eða þegar kaupfélögin voru upp á sitt besta. Til þessa verks voru uppbyggingarsjóðir atvinnulífsins notaðir eftir að þeir höfðu verið einkavæddir. Við vorum andvíg þessu.

Við höfum líka verið því fylgjandi að hafa hér öfluga ríkisbanka sem séu í senn lánastofnanir og þjónustustofnanir sem axli félagslega ábyrgð gagnvart fólki, fyrirtækjum og byggðarlögum. Við höfum verið fylgjandi þessu. Við höfum hins vegar viljað að um þetta giltu skýrar, almennar reglur. Í þeim skýru, almennu reglum rúmast stuðningur við byggðastefnu, því að um það er einnig hægt að hafa skýrar, almennar reglur. Það er á þessum forsendum sem við höfum talað fyrir stuðningi við atvinnufyrirtæki. Við höfum líka talað fyrir því að þegar atvinnubrestur er eða þrengir að atvinnulífi og fyrirtæki í vandræðum þá geti verið fullkomlega eðlilegt og réttmætt að ríki eða sveitarfélög hlaupi undir bagga. Hið sama á við um sprotafyrirtæki og nýsköpun alla. Við höfum verið fylgjandi því og lagt fram tillögur um að settir verði á fót sjóðir, lánasjóðir sem séu opnir slíkum fyrirtækjum. Eitt er víst, að það stendur fyrirtækjum víða fyrir þrifum að geta ekki fengið fjármagn til að fjármagna sína starfsemi.

Það er mjög uppörvandi að fara um landið og kynnast því sem er að gerast í atvinnusköpun. Hafa menn t.d. gert sér grein fyrir því að á Ólafsfirði eru smíðaðir slökkviliðsbílar til notkunar innan lands og einnig til útflutnings? Og þeir sem ekki hafa kynnt sér ferðaþjónustu á Ströndum eiga mikið ólært. Það er fróðlegt, skemmtilegt og uppörvandi að sjá hvernig fólk beitir sköpunarkrafti sínum. Í margvíslegum stoðgreinum, margvíslegum atvinnurekstri og tækjasmíð sem tengist sjávarútegi, hafa Íslendingar náð mjög langt og eru sum fyrirtækin orðin öflug í útflutningi. En það háir þeim alls staðar að hafa ekki aðgang að ódýru fjármagni. Að sjálfsögðu eigum við að búa svo um hnútana að það verði leyst. Þetta er hins vegar af allt öðrum toga.

Ástæðan fyrir því að ég tók þetta hliðarspor í málflutningi mínum er að andmæla því sem fram kemur hjá Greiningu Íslandsbanka að hér hafi ekki orðið stefnubreyting hjá stjórnvöldum, þ.e. að ekki sé að sjá að stefnubreyting hafi átt sér stað. Hún er alveg augljós. Hún er af slíkri stærðargráðu að hverjum manni má augljóst vera hvað er að gerast.

Enn fremur segir hér, með leyfi forseta:

„Fréttir um veitingu ríkisábyrgðar til deCODE höfðu jákvæð áhrif á gengi krónunnar sem styrktist í allmiklum viðskiptum. Fréttin styrkti þannig væntingar um gjaldeyrisinnflæði en stærstur hluti fjárfestingarinnar fer til greiðslu launa og þjónustu hér á landi á næstu árum."

Síðan segir að gengi bréfa í deCODE hafi hækkað við birtingu þessarar fréttar þótt nú berist neikvæðari fréttir úr verðbréfaheiminum. Ég óttast það að sú umræða sem nú er hafin og mun halda áfram gæti reynst þessu fyrirtæki erfið. Hins vegar er nauðsynlegt að hún fari fram. Hún verður að fara fram. Það verður að fara fram upplýst umræða. Við ættum nú ekki annað eftir en að fara að loka líka á opna umræðu um þetta mál þótt ég óttist að það verði fyrirtækinu ekki mjög til framdráttar.

Í álitsgerð Búnaðarbanka Íslands segir m.a., með leyfi forseti, undir lokin:

„Eðli áhættu lyfjaþróunarfyrirtækja er það að annaðhvort gengur viðskiptahugmyndin upp eða ekki. Þar sem nokkuð víst er að höfuðstóll skuldabréfsins verði innheimtur hjá ábyrgðaraðila ef illa fer, sökum þess hve eignir eru takmarkaðar, má spyrja hvort ekki væri hreinlegra að ábyrgðaraðili tæki sjálfur lán og legði fram hlutafé í fyrirtækið. Kostnaðurinn yrði sá sami ef illa fer en hagnaðurinn töluverður ef vel fer."

Þetta sagði m.a. í álitsgerð Búnaðarbankans. Þá erum við komin nokkuð nærri tillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég ætla að nota þetta tækifæri, af því að þarna er snertiflötur við breytingartillögur hans, til að víkja aðeins að þeim.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur talað gegn þessu frv. Hann hefur látið fara frá sér álitsgerð þar sem fram kemur mjög afdráttarlaus afstaða í því efni. Þingmaðurinn segir m.a. í álitsgerð sinni, sem er undirrituð 16. apríl, með leyfi forseta:

„Ég undirritaður er ekki hlynntur þessu frumvarpi og legg til að því verði hafnað. Ef ekki verður fallist á það legg ég til að því verði breytt í þá veru að ríkissjóði verði heimilað að fjárfesta fyrir allt að 15 milljarða króna í fyrirtækinu. Það jafngildir 20 milljarða króna ríkisábyrgð vegna ábyrgðargjaldsins í 7 ár."

Síðan leggur hv. þm. fram brtt. sem er svohljóðandi:

„1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, eða kaupa slík skuldabréf, útgefin af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina eða kaupir skuldabréfin að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.

2. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast eða kaupa skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf."

Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð en að hv. þm. sé þegar búinn að gefast upp. Hér gengur hann í raun enn lengra, eftir því sem ég fæ skilið, en stjfrv. í að rýmka heimildir fjmrh. til að fara með fjármuni almennings. Annars vegar, á sama hátt og stjfrv. kveður á um, opnar hann á möguleikann á ríkisábyrgð til handa deCODE og hins vegar á að ríkið kaupi skuldabréf í fyrirtækinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Fjmrh. má samkvæmt þessum brtt. veita ríkisábyrgð á sama hátt og stjfrv. gerir ráð fyrir en hann má líka ákveða að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu.

Sannast sagna er það skoðun mín að þetta sé lakari kostur. Ég hef miklar efasemdir um að þetta sé snjöll leið að fara. Það sem ég óttast að sé að gerast með þessum lánveitingum, þessari ríkisábyrgð, er einmitt það að fyrirtækið vefi sig inn í samfélagslega ábyrgð. Þegar búið verður að stækka það og það búið að koma undir sig fótunum en er eftir sem áður mjög valt á þessum fótum, og kemur til með að verða það að öllum líkindum nema sérstaka heppni beri við, er hætt við að samfélagið muni þurfa að hlaupa undir bagga. Með því að gera ríkið að eiganda fyrirtækisins, að ríkisvæða það — í rauninni er verið að ríkisvæða fyrirtækið með þessum hætti — er búið að samtvinna ábyrgð ríkisins og fyrirtækisins í miklu ríkari mæli en mundi gerast með lánveitingunni einni.

Ég fæ því ekki betur séð en að tillagan frá haukunum, eða hauknum, hægri hauknum í Sjálfstfl., hv. þm. Pétri H. Blöndal, sé tillaga um ríkisvæðingu. Og þá er það að gerast, þá er þetta að verða alveg fullkomnað. Það er verið að einkavæða hér alla þá starfsemi sem gefur ríkinu einhvern arð. Þjónustustarfsemi á borð við Landssímann er öll einkavædd en síðan eru uppi tillögur hér um ríkisvæðingu. Ég hef um þetta miklar efasemdir jafnframt því sem ég lýsi furðu minni yfir því að sá ágæti maður sé að leggja fram tillögu — hér kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal í salinn og ég vona að hann hafi heyrt málflutning minn. (**PHB:** Gerði það.) Ég fæ ekki betur séð en að tillaga hv. þingmanns gangi út á að ríkisvæða þessa starfsemi og að tillagan sé jafnframt rýmri heimild til fjmrh. en kveður á um í frv. sem ríkisstjórnin hefur sett fram. Hann gerir tvennt í senn (**PHB:** Búinn að mæla fyrir þessu.) og búinn að mæla fyrir því, (**PHB:** Já. Hv. þm. hlustaði ekki.) hann talar fyrir því að hæstv. fjmrh. fái heimild til að veita 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgð eða, ef honum býður svo við að horfa ... (**PHB:** Hv. þm. hefði átt að hlusta.) — ég les brtt. og ég las hana hér upp í þinginu — eða að kaupa hlutabréf. Ég las þetta orðrétt hér upp. (Gripið fram í.) Ef ég misskil þetta bið ég afsökunar á því enda er ekki tilgangur minn að snúa út úr fyrir hv. þingmanni. Ef svo er leiðréttist það og ég mun þá taka því. En ég las upp þessa brtt. sem frá hv. þingmanninum er komin og ég fæ ekki skilið hana á annan veg. Ef ég hef misskilið hana mun ég að sjálfsögðu láta mér segjast. En ég fagna því að hv. þm. er búinn að biðja um andsvar og mun hann þá taka mig í smákennslustund í þessu efni.

Ég hef einmitt saknað þess við umræðuna að menn setja fram upplýsingar og staðhæfingar en fá ekki viðbrögð, ekki nema á mjög almennum nótum. Það verður hins vegar ekki sagt um hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur reynt að færa rök fyrir máli sínu þótt ég sjái ekki annað en það sem ég hef lýst hér varðandi frv. hans.

Ég var að fara yfir álitsgerðir sem koma úr fjármálaheiminum. Ég byrjaði á því að fara nokkrum orðum um álitsgerð Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar og síðan greiningardeildar Íslandsbanka og Búnaðarbankans sem eru í svipuðum farvegi og hv. þm. Pétur H. Blöndal varðandi hlutabréfakaup ríkisins, ríkisvæðinguna, sem ég get ekki skilið á annan veg en þann. Fyrir mitt leyti vil ég taka undir þau sjónarmið sem m.a. koma frá Háskóla Íslands, Gylfa Magnússyni og öðrum kennurum við Háskóla Íslands, einnig frá Samtökum iðnaðarins — það sjónarmið kom einnig þar fram — sem hafa lagt áherslu á að það eigi að efla vísindarannsóknir og þær rannsóknir sem við höfum. Þannig eigi hið opinbera að koma inn í uppbyggingu á þessu sviði.

Þar er hins vegar endalaus samdráttur. Háskólinn hefur ekki einu sinni fengið heimild til að taka lán til að ljúka við Náttúrufræðihúsið á sama tíma og upp sprettur myndarlegt og fallegt hús Íslenskrar erfðagreiningar. (**Gripið fram í:** Á ellefu mánuðum.) Á ellefu mánuðum. Þar koma peningarnir strax fram, þeir eru veittir m.a. af lífeyrissjóðunum til uppbyggingar og ekkert nema gott um það að segja. Á sama tíma er Háskóla Íslands meinað að taka lán til að ljúka við Náttúrufræðihúsið. Þetta sýnir okkur eina ferðina enn fram á þá mismununarstefnu sem er rekin af ríkisstjórninni, hún reynir að svelta allt sem er á hennar vegum og hennar ábyrgð en tekur síðan á málum á þennan ótrúlega illa grundaða hátt sem við erum hér að verða vitni að.

Samtök fjárfesta segja m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Samtaka fjárfesta lýsir sig mótfallna frumvarpinu í núverandi mynd. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær, að með frumvarpinu er horfið frá markaðri stefnu um almennar aðgerðir í efnahagsmálum og teknar upp sértækar aðgerðir. Einnig eru teknar upp aftur beinar og óbeinar ríkisábyrgðir á rekstri almennrar atvinnustarfsemi á Íslandi. Óvarleg veiting ríkisábyrgða á lántökum hefur valdið verulegu tjóni í íslensku efnahagslífi.

Samtök fjárfesta vilja vekja athygli á, að á íslenskum fjármálamörkuðum eru nokkur fyrirtæki, sem vinna að athyglisverðum rannsóknum og þróun. Það er hlutverk ríkisvaldsins að skapa fyrirtækjunum og annarri atvinnustarfsemi viðunandi starfsgrundvöll. Ríkisábyrgð á láni fyrir Íslenska erfðagreiningu hf. raskar starfsgrundvelli sumra þessara fyrirtækja með óeðlilegum hætti og getur beinlínis skaðað þau og fjárfesta, sem að þeim standa.

Samtök fjárfesta eru þeirrar skoðunar að framlög til rannsókna og þróunar séu of lítil á Íslandi. Það er einnig skoðun Samtaka fjárfesta að of lítill hluti af framlögum til rannsókna og þróunar fari um farveg einkafyrirtækja.

Það má líta á þessa ríkisábyrgð sem framlag til rannsókna og þróunar. Ríkisvaldið verður þó að tryggja jafnræði með fyrirtækjum þegar veitt eru framlög til rannsókna og þróunar. Það verður að líta á þessa ríkisábyrgð sem sértæka aðgerð en

það er spor aftur á bak í annars jákvæðri þróun á íslenskum fjármálamarkaði."

Ekki er ég sammála tóninum í þessari umsögn Samtaka fjárfesta að því leyti að þau telja að beina eigi fjármagni í ríkari mæli en gert hefur verið út úr opinberum rannsóknarstofnunum og inn í einkafyrirtæki. Ég er ósammála því en finnst hins vegar sitthvað annað sem þarna er nefnt vera umhugsunarvert.

Sannast sagna verð ég að segja að í þeirri umræðu sem fram hefur farið um vísindarannsóknir á Íslandi á síðustu árum finnst mér að menn hafi nokkuð blindast af auglýsingamennsku sem hefur verið rekin, m.a. í tengslum við Íslenska erfðagreiningu. Aðrar stofnanir sem hafa stundað rannsóknir hér á landi, á vegum Hjartaverndar, Keldna, Ríkisspítalanna, víða í hinu opinbera kerfi, Háskóla Íslands, hafa ekki náð inn í kastljós fjölmiðlanna einfaldlega vegna þess að á þeim bæjum hafa menn haft annað að leiðarljósi. Þar er unnið meira að málunum í kyrrþey þótt íslenskir vísindamenn hafi, margir hverjir, haslað sér völl á erlendum samstarfsvettvangi vísindanna þannig að eftir hafi verið tekið. Þeir hafa ekki verið látnir njóta sannmælis vegna hógværðar sinnar. Mér hefur stundum fundist að þeir mættu vera duglegri að segja okkur, samlöndum sínum, frá afrekum sínum.

Síðan erum við að kynnast þessum amerísku auglýsingabombum sem hafa einkennt upplýsingar sem hafa komið frá Íslenskri erfðagreiningu. Að sjálfsögðu hefur það fyrirtæki opnað möguleika fyrir íslenska vísindamenn sem áður voru ekki fyrir hendi en ég segi bara að við skulum skoða þessa hluti yfirvegað og í réttu samhengi.

Þetta voru bréf og athugasemdir sem efh.- og viðskn. bárust frá þessum aðilum. Þeir vísa í samkeppnisstöðuna og þar voru athyglisverðar deilur sem upp komu milli forsvarsmanna Íslenskrar erfðagreiningar annars vegar og fyrirtækisins Lyfjaþróunar hf. hins vegar. Kannski er reyndar ekki rétt að orða það svo að deilur hafi verið milli þessara aðila — fram komu staðhæfingar sem stönguðust á um það hvort þessi fyrirtæki störfuðu á sömu eða skyldum sviðum. Efh.- og viðskn. þingsins fékk greinargerð frá fyrirtækinu Lyfjaþróun sem ég ætla að vitna lítillega í. Þar er vísað í aðdraganda málsins og segir síðan, með leyfi forseta:

„Hér á landi er nú þegar starfandi öflugt og vaxandi lyfjaþróunarfyrirtæki, Lyfjaþróun hf. Samkvæmt þeim upplýsingum sem finna má í frumvarpinu og í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins er um sambærileg fyrirtæki að ræða, sem bæði starfa á sviði nýsköpunar í lyfjaþróun. Lyfjaþróun hf. starfar að uppgötvunum á nýjum lyfjum og lyfjaformum, forklínískum rannsóknum í dýrum og klínískum rannsóknum í mönnum, sem eru sömu svið og væntanlegt fyrirtæki kemur til með að starfa á.

Í fyrrgreindu frumvarpi kemur fram að deCODE Genetics Inc. hafi ákveðið að hefja þróun nýrra lyfja á grundvelli þeirra erfðafræðilegu uppgötvana sem til hafa orðið í núverandi starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að Lyfjaþróun er þátttakandi í samstarfsverkefni þar sem unnið er að þróun nýrra lyfja með notkun erfðafræði og sameindalíffræði. Enn fremur er áætlað að beita erfðafræðilegum aðferðum við ýmis verkefni hjá Lyfjaþróun hf. Þó að rannsóknir fyrirtækjanna skarist ekki að fullu er augljóslega um að ræða samkeppni um sama starfsfólk og sömu fjárfesta á þessum markaði.

Áður en lengra er haldið vill stjórn Lyfjaþróunar hf. taka skýrt fram að hún lítur jákvæðum augum á stuðning ríkisstjórnarinnar við uppbyggingu nýsköpunar á sviði lyfjaþróunar.

Lyfjaþróun hf. er líftæknifyrirtæki og starfar að nýsköpun á sviði lyfjaþróunar. Fyrirtækið var stofnað á árinu 1991. Upphaflegir stofnendur voru Lyfjaverslun ríkisins, Lýsi hf., Tæknþróun hf. (Háskóli Íslands) og tveir einstaklingar. Hluthafar fyrirtækisins nú eru LÍF hf. (Lyfjaverslun Íslands), Uppspretta hf., Guðmundur Hallgrímsson, Sveinbjörn Gizurarson, Steinar Waage og VÍS hf."

Síðan er rakið í greinargerðinni hvernig fyrirtækinu hefur vegnað. Sagt er að það hafi náð fljótt árangri í rannsóknum sínum, sótt um fyrstu einkaleyfin á sviði bóluefna á árunum 1993–1997 og að á árinu 1995 hafi fyrirtækið gert sinn fyrsta samning um afnotarétt á einkaleyfum Lyfjaþróunar hf. við Statens Serum Institut í Danmörku og að á árunum 1997 og 1999 hafi síðan verið gerðir samningar við lyfjafyrirtækið Wyeth í Bandaríkjunum sem er eitt stærsta lyfjafyrirtæki í heimi og eitt af þremur stærstu lyfjafyrirtækjum á sviði bóluefna.

Síðan er starfserill fyrirtækisins rakinn og greint frá því að í febrúar sl. hafi verið skrifað undir samstarfssamning við breska fyrirtækið Bespak Plc. um þróun á nýjum lyfjum og lyfjameðferðum sem gefin verða um nef. Svo er sagt að samningur þessi muni gera félaginu kleift að verða leiðandi fyrirtæki í heiminum á sviði nefúðalyfja.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Sérstaða Lyfjaþróunar hf. liggur aðallega í þeirri þekkingu sem fyrirtækið hefur byggt upp á undanförnum tíu árum á sviði lyfjagjafar um nef, lyfjagjafar til heila, ónæmisfræði og bóluefna. Fyrirtækið hefur alla tíð starfað á Íslandi en hefur sótt verkefni, sem skilað hafa því tekjum, til lyfjafyrirtækja meðal annars í Danmörku, Hollandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Bretlandi.

Markmið Lyfjaþróunar hf. er að þróa ný lyf, lyfjameðferðir og lyfjaform eins langt og hægt er hér á landi, miðað við það starfsfólk og fjármagn sem fæst til slíkra verkefna. Lyfjaþróun hf. hefur þegar þróað ný lyfjaform, framkvæmt forklíniskar rannsóknir á dýrum og klíniskar rannsóknir á mönnum."

Fjölda starfsmanna Lyfjaþróunar segir fyrirtækið nú vera 33, en efh.- og viðskn. var greint frá því að ef fram fer sem horfir muni fyrirtækið fjölga starfsmönnum verulega á næstu mánuðum og árum. Fyrirtækið hefur af því áhyggjur að það muni eiga erfitt í samkeppni við Íslenska erfðagreiningu fái hún þennan ríkisstuðning en Lyfjaþróun hf. ekki. Þeir segja að samkvæmt áætlun fyrirtækisins verði starfsmenn um 80 eftir tvö ár og 120 innan fjögurra til fimm ára.

Lyfjaþróun hf. hefur frá upphafi verið fjármögnuð af hluthöfum, tekjum af einkaleyfum, samningum um rannsóknarverkefni og styrkjum vegna einstakra rannsóknarverkefna. Þá hefur reksturinn verið fjármagnaður undanfarið með nýju hlutafé og lánum.

Ég ætla ekki að fara að rekja þetta allt í smáatriðum en það segir frá því hvernig Lyfjaþróun hefur verið að byggja fyrirtækið upp og hve ákjósanleg öll aðstaða hér hafi verið.

Reyndar fylgdi annað bréf degi síðar þar sem fyrirtækinu hafði þá gefist tóm til að — nei, fimm dögum síðar. Þetta fyrra bréf var frá 10. apríl. En 15. apríl berst efh.- og viðskn. annað bréf þar sem fyrirtækið fer nánar yfir sögu sína, greinir frá því á hvaða sviði það starfar og sýnir fram á að starfsvettvangur þess sé hinn sami og ríkið ætlar að styrkja í formi ríkisábyrgðar til Íslenskrar erfðagreiningar.

Í niðurlagsorðum bréfsins frá 15. apríl segir, með leyfi forseta:

„Kostnaður vegna uppbyggingar fyrirtækisins næstu fimm árin er áætlaður um 6,7 milljarðar króna. Tekjur af einkaleyfum Lyfjaþróunar hf., styrkjum og tekjum af samstarfsverkefnum eru á sama tíma áætlaðar um 3,8 milljarðar." — Kostnaðurinn er um 6,7 milljarðar, tekjur áætlaðar 3,8 milljarðar. — „Að teknu tilliti til annarra rekstrarþátta er fjárþörf Lyfjaþróunar hf. umfram eigin tekjur á næstu fimm árum áætluð um 2,9 milljarðar króna. Áætlanir gera ráð fyrir að Lyfjaþróun hf. verði rekin með hagnaði frá og með árinu 2007.

Loks skal það áréttað, sem áður hefur komið fram í bréfi Lyfjaþróunar hf. til fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að við þær aðstæður sem nú eru fram komnar með lagafrumvarpi því sem hér er til umfjöllunar, er Lyfjaþróun hf. nauðugur sá einn kostur að sækja um hliðstæða ríkisábyrgð og frumvarpið tekur til. Ber til þessa eftirfarandi ástæður helstar. Samkeppnisaðstöðu Lyfjaþróunar hf. verður stórlega raskað ef frumvarpið nær fram að ganga án þess að Lyfjaþróun hf. fái hliðstæða ríkisábyrgð nú þegar með þessu lagafrumvarpi. Þannig háttar til málefnum Lyfjaþróunar hf., þegar frumvarpið kemur fram, að nú er unnið að fjármögnun þróunarátaks félagsins, eins og áður hefur verið lýst. Félagið á nú í viðræðum við bandaríska fjárfestingarbanka sem hefur sýnt áhuga á að sjá um hlutafjárútboð félagsins. Hlutafjárútboðið byggir á því umhverfi sem fyrir hendi var á Íslandi áður en lagafrumvarpið var lagt fram. Verði það óbreytt að lögum breytast forsendur Lyfjaþróunar hf. verulega, svo ekki sé meira sagt, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir möguleika fyrirtækisins á hlutafjáröflun. Þannig þarf að taka tillit til augljósra minnkandi möguleika á fjölgun starfsfólks, hættu á yfirboðum gagnvart launakjörum, og augljósrar yfirburðaaðstöðu ríkisábyrgðarhafa sem skapast vegna ódýrara fjármagns. Svara þarf spurningum fjárfesta hvers vegna Lyfjaþróun hf. nýtur ekki sömu aðstoðar ríkisvaldsins og annað íslenskt fyrirtæki sem í hyggju hefur að hefja starfsemi á sama sviði og Lyfjaþróun hf., en þegar er í gangi samanburður á okkar fyrirtæki og öðrum í þessari grein á alþjóðlegum grundvelli. Af öllu ofangreindu er ljóst að samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir Lyfjaþróun hf. sem hugsanlega gætu leitt til þess að fyrirtækið þurfi að flytja aðsetur sitt til útlanda."

Undir þetta rita Tómas Þorvaldsson, formaður stjórnar Lyfjaþróunar hf., og Sveinbjörn Gizurarson, framkvæmdastjóri.

Þetta hljóta menn að taka alvarlega enda held ég að menn geri það og m.a. af þeim sökum var gerð út sendinefnd til Brussel þar sem menn sitja á hinni heilögu ritningu markaðarins og búið að koma upp virðulegum dómstól sem á að skera úr um það hvenær menn brjóta þann boðskap og þær reglur sem við höfum undirgengist með EES-samningnum því að samkvæmt honum má ekki mismuna fyrirtækjum. Samkvæmt málflutningi ríkisstjórnarinnar er verið að rétta samkeppnisstöðu Evrópu við það sem gerist í Bandaríkjunum. Það er eitt sjónarmið sem fram hefur komið. Síðan vakna þær spurningar hvort ríkisábyrgðin eða þessi stuðningur mismuni fyrirtækjum þannig að það stangist á við samkeppnisreglur ESA. Eins og ég gat um áðan voru menn frá Samkeppnisstofnun afskaplega hógværir og töldu ekki eðlilegt að þeir væru að tjá sig um þetta mál sem ég á erfitt með að skilja. En það var haldið til útlanda og hverjir skyldu hafa farið þangað? Jú, það voru fulltrúar fjmrn., fulltrúar ríkisvaldsins og að sjálfsögðu Íslenskrar erfðagreiningar. Engum frá Lyfjaþróun hf. var boðið með í þá för. Reyndar var okkur í efh.- og viðskn. lofað fundi þar sem við fengjum að heyra ferðasöguna, en niðurstöðurnar mundu ekki liggja fyrir fyrr en eftir einhverjar vikur eða mánuði. Þá fyrst mundi ESA-dómstóllinn kveða upp úrskurð sinn og þá fyrst væri hægt að taka endanlega ákvörðun. Það skondna er náttúrlega að þá eru menn þegar farnir að huga að því hvernig hægt sé að komast fram hjá því, hvort ekki sé þá hægt að túlka þetta sem byggðastyrk. Og hvað, flytja fyrirtækið þá upp í Hvalfjörð eða norður í Hrútafjörð eða í Þingeyjarsýslu (**Gripið fram í:** Hveragerði.) eða Hveragerði og skilgreina þetta sem byggðastyrk? Menn eru þegar farnir að velta því fyrir sér hvernig þeir geti komist fram hjá ESA og þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist þar.

Það er svolítið sérstakt með EES-samninginn að hér sameinast margir um að lofa hann og prísa á alla lund og við sem höfðum efasemdir um ágæti hans og höfum þær enn á þeim forsendum sem menn eru núna að gagnrýna. Það var svolítið skondið hér um árið þegar til stóð að smíða varðskip norður á Akureyri og ESA-dómstóllinn eða fulltrúar hans gerðu athugasemdir við það. Þá var strax farið að reyna að finna leiðir til að komast fram hjá reglunum. Og hvernig var það gert? Jú, menn skilgreindu varðskipið sem herskip. En hvers vegna má smíða herskip án þess að bjóða smíðina út, vegna þess að það ber ríki og sveitarfélögum nefnilega að gera ef framkvæmdin fer yfir vissa upphæð? Jú, það er vegna þess að herskip eru náttúrlega hernaðarleyndarmál. En bíddu nú við, hver eru hernaðarleyndarmálin í íslensku varðskipi? Klippurnar. (**Gripið fram í:** Klippurnar.) Klippurnar eru hernaðarleyndarmál. Þannig ætluðu menn að komast á bak við reglurnar.

Við vorum hins vegar mörg sem vorum því fylgjandi að smíða varðskip á Akureyri eða einhvers staðar annars staðar á Íslandi, a.m.k. á Íslandi. Við vildum varðveita frelsi Íslendinga til þess að taka um það ákvarðanir sjálfir án þess að vera þvingaðir til slíkra verka með reglustiku frá Brussel. Um það hefur þetta mál alltaf snúist. Við höfum ekki verið að ganga gegn því eða andæfa því að verk yrðu boðin út, þess vegna alveg suður til Sikileyjar. Það er allt í góðu lagi með það. En við viljum ráða því sjálf hvenær við gerum það og hvenær ekki.

Það sama á við um þetta. Auðvitað á að taka afstöðu til þessa máls, grundaða á upplýsingum og skynsemi okkar en ekki einhverju reglugerðarverki í útlöndum. Það er um þetta sem við erum að reyna að gera kröfu til stjórnarsinna á Alþingi, þ.e. að þeir taki sjálfir afstöðu til málsins. Mér finnst umhugsunarvert hve fáir stjórnarliðar sýna þessu máli áhuga í reynd nema á bak við tjöldin, nema hv. þm. Pétur H. Blöndal. Þótt ég hafi verið að gagnrýna brtt. hans hefur hann sýnt þessu máli áhuga og vill taka þátt í málefnalegri umræðu um það. Það er meira en aðrir hv. þm. úr stjórnarliðinu hafa gert, og það finnst mér vera ámælisvert þegar um jafnstórt mál er að ræða og hér er á ferðinni.

Aðrir aðilar á samkeppnismarkaði hafa einnig tjáð sig um þetta. Hér er t.d. greinargerð frá Pharmaco þar sem vísað er í samkeppni um starfsfólk sem hafi menntun og reynslu og verði ráðið til Íslenskrar erfðagreiningar. Þarna er aftur vísað í þessa samkeppnisröskun að náttúrlega ógleymdu því sem mun gerast hjá hinu opinbera sem er alltaf svelt en á

sama tíma og ríkið er reiðubúið að pumpa peningum inn í starfsemi þar sem fulltrúar almennings fá síðan engu ráðið eða hafa enga möguleika á að hafa áhrif á reksturinn. Fleiri en Pharmaco sendu umsagnir um þetta mál, t.d. Delta.

Áður en ég vík nánar að atriðum í greinargerð minni er ein umsögn sem ég vil sérstaklega vekja athygli á, umsögn Bandalags háskólamanna, BHM. Í henni vekur bandalagið athygli á því að fyrirtækið hefur neitað að gera kjarasamninga við aðildarfélög innan Bandalags háskólamanna og það á sérstaklega við um Félag íslenskra náttúrufræðinga. Þar hefur Íslensk erfðagreining algerlega neitað kjarasamningum og nánast vísað forsvarsmönnum félagsins á dyr. Þeir hafa varla fengið áheyrn. Muna menn hvað gerðist í samfélaginu þegar hamborgarafyrirtækið McDonalds hóf innreið sína í íslenskt samfélag og hafði þennan sama hátt á, að neita kjarasamningum við starfsfólkið? Þá varð uppi fótur og fit og mikil mótmæli hvaðanæva að úr samfélaginu, öll verkalýðshreyfingin reis upp til handa og fóta og kom andmælum og mótmælum á framfæri þar til fyrirtækið lét sér segjast. Og að sjálfsögðu á hið sama að gerast gagnvart fyrirtækinu deCODE. Auðvitað á að virða kjarasamninga.

Fyrir efh.- og viðskn. komu forstjóri og forstöðumenn frá Íslenskri erfðagreiningu og einnig fulltrúar frá BHM. Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar sagði að menn gætu ekki gagnrýnt fyrirtækið, þ.e. ekki væri réttmætt að gagnrýna fyrirtækið, einfaldlega vegna þess að fyrirtækið greiddi hærri laun og byggi starfsmönnum sínum betri kjör en kjarasamningar kveða á um. Ég hef engar forsendur til að meta þetta, einfaldlega vegna þess að innan fyrirtækisins er þetta launabókhald ekki opið nema náttúrlega gagnvart forstjóranum, og það er ekki vegna okkar umhverfis. Það er vegna þess að bandarískt verðbréfamarkaðurinn gerir kröfur sem eru miklu ríkari um upplýsingar en gert er hér á landi. Þar kemur fram að forstjórinn er líklega með um 30 millj. kr. í árslaun árið 2000, 2,5 millj. á mánuði, en neitar síðan starfsmönnum og stéttarfélögum um kjarasamninga. Þetta eru kjörin hjá æðstu forstöðumönnum þessa fyrirtækis sem ríkið er að bjóðast til að taka upp á arma sína. Þau eru af þessari stærðargráðu og þekki ég þá ekki önnur kjör og fríðindi en ég vek athygli á því í þessu samhengi að starfsfólki og stéttarfélögum er neitað um kjarasamninga. Það finnst mér ámælisvert. Og mér finnst ámælisvert ef ríkið ætlar að gangast í þessa ábyrgð án þess að kippa þessu í liðinn því að þetta er á engan hátt boðlegt.

Í bréfi sem BHM ritaði efh.- og viðskn. kemur þetta skýrt fram. Ég ætla að lesa þessa umsögn frá Bandalagi háskólamanna, með leyfi forseta:

„Bandalag háskólamanna (BHM) tekur ekki afstöðu til stjórnmálalegra álitaefna en leggur í öllu starfi sínu áherslu á jafnræði við úthlutun opinberra gæða, sbr. t.d. 65. gr. stjórnarskrárinnar. BHM vill því aðeins geta þess að Íslensk erfðagreining ehf. hlýtur að fenginni ríkisábyrgð til handa móðurfélagi þess, verði frumvarpið að lögum, að gera kjarasamning við hlutaðeigandi stéttarfélög — þar með talið aðildarfélög BHM. Má þar einkum nefna Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og Meinatæknafélag Íslands en fyrrnefnda félagið hefur leitað eftir því við fyrirtækið frá upphafi. Auk þeirra má nefna fjölda hjúkrunarfræðinga en Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er stærsta aðildarfélag BHM. Hjá fyrirtækinu starfa nú á fjórða hundrað sem gætu verið félagsmenn í aðildarfélögum BHM en aðeins um fimmtungur þeirra hefur átt þess kost að gerast félagsmenn í þessum félögum — með tilheyrandi réttindum í sjóðum og samkvæmt kjarasamningi samkvæmt tilvísun.

Íslensk erfðagreining ehf. hefur alfarið neitað því að gera kjarasamning við FÍN og við svo búið verður ekki unað — og enn síður ef fjöldi starfsmanna eykst eins og gert er ráð fyrir í kjölfar samþykktar frumvarpsins. Minnt er á að samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga ber að leita umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags en stéttarfélögunum hefur veist erfitt að gegna eftirlitshlutverki sínu meðan ekki nýtur við kjarasamnings við fyrirtækið."

Undir þetta rita Auður Antonsdóttir, í stjórn BHM, og Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri BHM.

Herra forseti. Ég hef vikið að ýmsum þáttum sem snerta fyrirtækið og ríkisábyrgðina en áður en ég lýk máli mínu ætla ég að vísa aftur í nál. sem ég lét fylgja inn á borð þingmanna þar sem ég árétta andstöðu mína við þetta frv. Áður hefur komið fram af minni hálfu að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu greiða atkvæði gegn þessu frv. Við lýstum þeim vilja þegar frv. kom fram að taka það til málefnalegrar og sanngjarnrar skoðunar og að það mundum við gera í efh.- og viðskn. þótt við andæfðum því mjög kröftuglega hvernig að málinu var staðið þegar augljóst var hvað var að gerast. Forsrh. samdi um málið utan þings og síðan er reynt að þjösna því með bolabrögðum í gegnum þingið eins og allir þekkja. Það tók ekki marga klukkutíma að koma því í gegnum þingflokka Sjálfstfl. og Framsfl. þótt fréttir hafi reyndar borist af því að innan Sjálfstfl. hafi verið talsverð óhamingja með málið, menn hafi verið nokkuð vansælir þótt þeir séu ekki margir, þingmennirnir, sem hafa haft dug í sér til að andæfa frv. opinberlega.

Í fyrsta hluta álitsgerðar minnar vík ég að ríkisábyrgðarlögunum. Ég er búinn að fara nokkuð vel í gegnum það í ræðu minni og ætla ekki að fjölyrða um það nánar þótt mér finnist margt vera mjög undarlegt sem sagt er í því efni, sérstaklega ákvæðin, skilmálarnir, sem gilda um það hvernig skuldum er breytt yfir í hlutabréf. Mér finnst það vera mjög undarlegur kafli. Sem kunnugt er, og hér hefur komið fram, er gert ráð fyrir að skuldabréfin verði gefin út með umbreytingarskilmálum sem miða að því að á tilteknum tímapunkti verði skuldabréfunum breytt í hlutabréf í móðurfélaginu deCODE ef markaðsgengi hlutabréfa í félaginu hefur tekið tilteknum breytingum til hækkunar. Ef skuldabréfunum er breytt í hlutafé teljast þau uppgreidd og ríkisábyrgðin þar með niður fallin. Gengi hlutabréfa félagsins hefur undanfarna mánuði verið á bilinu 5,5 – 10 á hlut. Áætlað er að umbreytingarskilmálarnir verði þannig að eigendur skuldabréfanna geti breytt þeim í hlutabréf í deCODE miðað við 18 dollara á hlut. Þá er áformað að skilmálar kveði á um að skuldabréfin breytist sjálfkrafa í hlutafé ef gengi hlutabréfa í félaginu verði ákveðið hlutfall yfir 18 dollara markinu í tiltekinn lágmarkstíma. Hversu líklegt er að það gerist? Eru miklar líkur á að það gerist? Ég spyr. — Þá jánkar hv. þm. Pétur H. Blöndal og væri fróðlegt að fá útskýringar hans á því. — Þannig verði annars vegar um að ræða valkvæðan umbreytingarrétt og hins vegar sjálfvirka umbreytingu. Þá er gert ráð fyrir að deCODE muni áskilja sér rétt til að lækka umbreytingargengi, 18 dollara á tímabilinu, og munu þá gilda sömu skilmálar og áður með hið nýja umbreytingarverð sem grunn.

Eins og fyrr segir eru þessar hugmyndir kynntar með þeim fyrirvara að við endanlega útfærslu kunni að verða breytingar á einstökum þáttum. Þetta rek ég allt í minnihlutaáliti mínu og er með tilvísanir yfir í greinargerð sem kom með frv.

Ég held að ekki verði annað sagt en að hér sé um mjög marga lausa enda að ræða en það einasta sem virðist ljóst er að ef gengi bréfanna nær 18 dollara markinu geta eigendur þeirra breytt þeim valkvætt í hlutabréf. Við hvað að öðru leyti er átt finnst mér ekki vera skýrt. Önnur atriði sem tengjast þessu eru ekki skýr.

Ég hef áður vakið athygli á því sem segir í greinargerð með frv., takist ekki að ná markmiðum deCODE um hækkun á markaðsgengi verði að greiða upp eða endurfjármagna skuldabréfin á gjalddaga. Hvað þýðir þetta? Hvernig á að skilja þetta? Lítur ríkisstjórnin svo á að líkur séu á því að um ríkisábyrgð verði að ræða til framtíðar? Eru menn að gera því skóna? Ég held að það sé raunsætt mat. Ríkisvaldið er ekki bara, og mér finnst mjög mikilvægt að leggja áherslu á þetta, að undirgangast peningalega og efnahagslega ábyrgð. Ríkið er með þessu inngripi að taka á sig siðferðilega ábyrgð.

Með því að stuðla að þessari uppbyggingu á þessari forsendu gæti sú staða komið upp að erfitt væri að draga að sér hendurnar síðar, að lánstímanum loknum. Eigi fyrirtækið þá í erfiðleikum mun aftur þurfa að hlaupa undir bagga. Það er staðreynd að bruninn í fyrirtækinu, peningabruninn, neyslan, er geysilega mikill og þessir 20 milljarðar mundu, ef framhaldið yrði svipað og er nú, étast upp á þremur, fjórum árum miðað við þann halla sem er á starfseminni. Auðvitað getur það breyst en það veit enginn. Menn eru engu að síður að gera því skóna að þróun lyfja á þessum markaði taki miklu lengri tíma en nemur þessum lánstíma sem við eigum að gangast í ábyrgð fyrir. Þetta er því vægast sagt mjög undarlegt.

Í greinargerð minni kem ég einnig aftur að þeim fullyrðingum sem er að finna í greinargerðinni og eru fyrst og fremst komnar frá Íslenskri erfðagreiningu. Fjármálaráðuneytismennirnir sögðust hafa leitað á netinu reyndar einnig og uppýstist það svo að netuppsprettan væri fyrst og fremst viðskiptaaðilar deCODE, það eru Lehman Brothers og Morgan Stanley og þeir félagar allir sem hafa verið að selja hlutabréfin þeirra og komu m.a. til íslenskra lífeyrissjóða og buðu þeim hlutabréf á genginu 16–18 eða 16–19 skömmu áður en þeir hröpuðu niður fyrir 10 dollara markið.

Mér finnst fullkomlega skiljanlegt að þeir sem hafa geysilegt fjármagn á milli handa vilji setja peninga í lyfjaþróun. Mér finnst það fullkomlega skiljanlegt. Séu fyrirtæki af slíkri stærð og hafa þau þá burði, séu þau aflögufær vegna þess að ef vel tekst til, sem er því miður ekkert mjög oft, þá skila peningarnir sér í stórum stíl. En þetta er geysileg áhætta. Spurningin er hver og hverjir hafa burði til slíks. Þegar allt kemur til alls erum við ekki nema 280 þúsund manna þjóð. Það er bara staðreynd. Við erum að gera það býsna gott á ýmsum sviðum en við eigum ekki að tefla því í tvísýnu.

Menn hafa verið að skrifa greinar og sent frá sér upplýsingar í fjölmiðla. Fyrir fáeinum klukkutímum birtist t.d. á netinu, á strik.is, grein eftir Steindór J. Erlingsson, líf- og vísindasagnfræðing. Í þeirri grein sem hann nefnir Um áhættu og Íslenska erfðagreiningu rekur hann aðdragandann að þessu máli, vísar í 20 þúsund milljónir ríkisstjórnarinnar en síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Líftæknin, eins og við þekkjum hana í dag, á sér ekki langa sögu því það var ekki fyrr en með tilkomu PCR-tækninnar árið 1989 sem hægt var að snúa henni upp í stóriðnað. Síðan þá hefur tæknivæðingu líftæknninar fleygt mjög hratt fram, sem endurspeglast m.a. í því að lokið var við að raðgreina erfðamengi mannsins langt á undan upphaflegum áætlunum (verkinu var lokið árið 2000). Raðgreining erfðamengis mannsins er einmitt ein af undirstöðum starfsemi fyrirtækja eins og Íslenskrar erfðagreiningar sem fást við það sem nefnist functional genomics, sem skilgreina má sem þróun og notkun aðferða sem beita má á allt erfðamengið til þess að henda reiður á starfsemi eins eða fleiri gena. Íslensk erfðagreining er því að nýta sér nýja aðferðafræði, sem, ef marka má grein Alfreðs Árnasonar í Morgunblaðinu laugardaginn 20. apríl, hefur enn ekki skilað tilætluðum árangri. Íslensk erfðagreining ætlar nú að bæta um betur og hyggst halda út á nýrri og enn óvissari lendur lyfjaþróunar sem fyrirtækið ætlar að byggja á niðurstöðum sem enn virðast ekki komnar fram. Það er því mikil óvissa tengd núverandi starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar og er hún enn meiri í væntanlegu lyfjaþróunarverkefni fyrirtækisins. Til þess að skýra þetta nánar er rétt að taka eitt dæmi.

Í leiðara Science frá 13. október 1989, þar sem verið var að réttlæta fjármögnun raðgreiningar erfðamengis mannsins, koma fram upplýsingar sem varpa góðu ljósi á þessa óvissu. Leiðarahöfundur benti á að það væri ekki til mikils ætlast að fara fram á 3 milljarða dollara til raðgreiningarverkefnis, sem dreifast átti yfir 15 ár og varpa mundi ljósi á ótal sjúkdóma, í ljósi þess að „cystic fibrosis stofnunin hafi á fjórum undangengnum árum eytt 120 milljónum dala í einn sjúkdóm, svo ekki sé minnst á fjármagnið sem aðrar stofnanir og alríkisstjórnin hafi lagt til sama verkefnis.“ Í framhaldi af þessu bendir hann á að „sjúkdómar eins og geðhvarfasýki, Alzheimer, geðklofi og hjartasjúkdómar eru líklega fjölgena og miklu erfiðara að ráða fram úr en cystic fibrosis (CF).“ Hér komum við að kjarna málsins því þessi sjúkdómur, sem er banvænn arfgengur sjúkdómur og veldur alvarlegum truflunum á starfsemi lungna og meltingarfæra, orsakast einungis af einu geni ólíkt þeim fjölgenasjúkdómum sem Íslensk erfðagreining er að rannsaka. Genið sem veldur sjúkdómnum fannst árið 1989 og í frétt Science um málið frá 1. september sama ár, er talið víst að þetta muni „leiða til betri greiningar og líklega til betri meðhöndlunar“ á sjúkdómnum. En þrátt fyrir að orsakagen CF hafi verið með fyrstu mannagenunum „sem voru staðsett, klónuð og raðgreind að fullu, og líklegt að nota mætti þessa vitneskju til genalækinga, hafa tæknilegir erfiðleikar staðið rúmlega áratuga rannsóknum fyrir þrifum. Á sama tíma hafa lyfjafræðilegar nálganir, sem beinast að lífefnafræðilegum orsökum sjúkdómsins, haldið áram.“ (Lancet, 15. desember 2001) Í stuttu máli má því segja að þrátt fyrir gríðarlegan fjáraustur hafi nánast ekkert gerst í að finna lækningu við sjúkdómnum þrátt fyrir að genið sem veldur honum hafi verið þekkt í 13 ár. Hvað þá að þróuð hafi verið lyf við þessum sjúkdómi á grundvelli erfðafræði hans.

Þessi saga CF-rannsókna á undangengnum áratug varpar athyglisverðu ljósi á áætlanir Íslenskrar erfðagreiningar. Sjúkdómarnir sem Íslensk erfðagreining rannsakar eru annars vegar taldir orsakast af flóknu innbyrðis samspili óskilgreinds fjölda gena og hins vegar af flókinni víxlverkun þeirra við umhverfið. CF orsakast aftur á móti af einu geni sem er óháð ytra umhverfi einstaklingsins sem þjáist af sjúkdómnum. Íslensk erfðagreining hefur enn ekki tilkynnt um fund á einu einasta af meintum orsakagenum sjúkdómanna sem fyrirtækið rannsakar, á meðan CF-genið hefur verið þekkt í 13 ár. Íslensk erfðagreining hyggst byggja lyfjaþróunar- og framleiðslufyrirtæki til að vinna lyf eða greiningartæki sem vinna á úr rannsóknarniðurstöðum sem

enn eru ekki komnar (og koma kannski aldrei), meðan 13 ára sleitulausar tilraunir, með tilheyrandi fjáraustri, til þess að finna lækningu og lyf, byggð á erfðafræðilegum rannsóknum, við CF hafa enn ekki borið árangur. Í ljósi þessa tel ég fráleitt að íslenska þjóðin leggi svo mikið undir með ríkisábyrgð til að fjármagna ÍE-drauminn um lyfjaþróun því ég tel yfirgnæfandi líkur á að hann snúist upp í martröð."

Ég var hér að vitna í grein eftir Steindór J. Erlingsson, líf- og vísindasagnfræðing, sem birtist fyrir fáeinum klukkutímum á strik.is. Íslenskir vísindamenn og kunnáttumenn eru farnir að blanda sér í þessa umræðu og beina til okkar varnaðarorðum, bæði úr vísindageiranum og einnig fjármálalífinu.

Nú fer ég senn að ljúka máli mínu og hlakka til að fá hér í andsvar Pétur H. Blöndal til að ræða þær brtt. sem hann setti fram og ég tel ríkisvæðingartillögur, um að ríkið kaupi hlutabréf í þessu fyrirtæki og opni enn meira á heimildir fjmrh. til ráðstöfunar á fjármunum skattborgarans en frv. ráðherrans gerir að því leyti, þ.e. með því að valkvætt yrði fyrir hann hvort hann veitti ríkisábyrgð eða keypti hlutabréf og ríkisvæddi alveg beint. Ég hefði haldið að þarna hefðum við átt að fara inn á aðra braut og finna aðrar leiðir, þess vegna að setja hugsanlega á fót einhvern sjóð sem fyrirtæki á þessu sviði gætu sótt í þótt ég hefði helst viljað halda mig við að styrkja vísindarannsóknir og menntastofnanir sem eru starfandi á þessu sviði.

Þá væri einnig fróðlegt að heyra mat hv. þm. á því sem ég hef verið að ganga eftir gagnvart öðrum stjórnarþingmönnum sem hafa blandað sér í þessa umræðu, hvernig hann meti þverrandi lánskjör, eða öllu heldur versnandi lánskjör Íslenskrar erfðagreiningar á fjármálamarkaði. Ég hef vísað í lán sem annars vegar voru tekin í desember á síðasta ári og bera alllága vexti og aftur í lán sem eru tekin í marsmánuði með 6% álagi á Libor. Einnig er vísað í lán sem eru vísitölutryggð og bera 12% vexti. Ég ætlaði varla að trúa því að þau væru í senn vísitölubundin og hefðu þessi vaxtakjör, en svo segir engu að síður í skjali sem birtist 27. mars á bandarísku verðbréfamarkaðnum og er vísað í sem 10K. Í marsmánuði er talað um 7,3 milljón dollara sem hafi vexti sem nema 12% en tengjast vísitölu, „consumer price index". Þarna virðast því lánakjörin vera að versna.

Ég er búinn að fara nokkuð yfir þessi gögn sem er að finna á vefnum, en einnig hef ég fengið ábendingar hjá fjölda manna úr öllum stjórnmálaflokkum sem hafa bent á staðreyndir af þessu tagi en innan efh.- og viðskn. hafa stjórnarþingmenn verið alveg sallarólegir. Við eigum að treysta mönnum og veifa síðan plöggum frá viðskiptafélögum Íslenskrar erfðagreiningar.

[17:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur greinilega ekki hlustað á ræðu mína um þetta mál þegar ég gerði grein fyrir breytingartillögu minni.

Ég vil byrja á að taka fram að ég hef mikla trú á starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Ég hef einnig mikla trú á þessu nýja lyfjaþróunarfyrirtæki en hvort tveggja er bundið afskaplega mikilli áhættu. Ég tel fráleitt að fjármagna slíka áhættu með lánsfé, hvað þá með ríkisábyrgð.

Ég mun draga tillögu mína til baka til 3. umr., því lýsti ég yfir og einnig að ég er eindregið á móti þessu máli. Ég mun greiða atkvæði gegn tillögu hv. efh.- og viðskn. Ég mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild sinni og ég mun greiða atkvæði gegn því að málinu verði vísað til 3. umr., sem ég annars geri aldrei. Ég er það mikið á móti málinu.

En að því gefnu að tillaga hv. efh.- og viðskn. verði samþykkt af hv. Alþingi og að því gefnu að lögin liggi þannig fyrir vil ég milda skaða ríkissjóðs, tap ríkissjóðs, þannig að ríkið geti breytt skuldabréfunum í hlutafé, með þeim umbreytingarskilmálum sem eru í gangi, á genginu 18 dollarar á hlut. Ríkissjóður tæki þannig þátt í þeim hagnaði sem yrði ef vel gengur. Það eru ákveðnar líkur á að gengi hlutabréfa — ef hv. þm. gæti hlustað — yrði nálægt núlli eða núll, þ.e. gjaldþrotalíkur, en það eru einnig líkur á því að vel gangi, en þá yrði gengið mjög hátt vegna áhættunnar. Þá verður gengið væntanlega 50–100, jafnvel 200. Í því tilfelli, ef vel gengur, vil ég að ríkissjóður njóti meira en ríkisábyrgðargjalds vegna þeirrar áhættu sem hann tekur og megi skuldbreyta bréfunum í hlutafé og njóta hagnaðarins.

Að sjálfsögðu er þetta ríkisvæðing. Að sjálfsögðu er allt dæmið andstætt einkavæðingarhugmyndum. Að sjálfsögðu er þessi tillaga andstæð hugmyndum Sjálfstfl. um að ríkið skuli ekki skipta sér af atvinnurekstri.

[17:14]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég misskildi ekki neitt. Hv. þm. leggur til rýmri heimild til fjmrh. en hans eigin frv. gerir. Samkvæmt brtt. hv. þm. Péturs H. Blöndals er fjmrh. heimilt að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum eða kaupa slík skuldabréf, útgefin af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE genetics, að fjárhæð allt að 200 milljónir bandaríkjadollara. Sem sagt: Það er valkvætt fyrir hæstv. fjmrh. að veita þessa ábyrgð ... (**Gripið fram í:** Hann verður að rökstyðja það.) Þarf að rökstyðja það? Ég er að lesa hér brtt. sem er lögð fram á Alþingi af hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem kveður á um að heimila fjmrh. að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónir dollara eða kaupa hlutabréf fyrir þessa upphæð. Þetta stendur hér í tillögunni. Þetta er tillaga um ríkisvæðingu og í henni er gengið lengra í heimildum til hæstv. fjmrh. en í sjálfu stjfrv.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal er því farinn að ganga í tvær áttir. Annars vegar segist hann á móti frv. en hins vegar kemur hann fram með brtt. sem er rýmri heimild til hæstv. fjmrh. en sjálft frv. frá ríkisstjórninni. Ég fæ ekki annað skilið. Þetta segir í breytingartillögunni og ég las hana upp áðan. Þetta er tillaga um ríkisvæðingu sem gengur lengra en sjálft stjfrv. gerir.

Ég virði það sem fram hefur komið hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal í umræðu um þetta mál en nú er ég hættur að skilja. Ég er hættur að skilja eftir að þessi brtt. um ríkisvæðingu kom fram frá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

[17:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf að útskýra þetta enn betur fyrir hv. þm. Þessi tillaga verður dregin til 3. umr. Það þýðir að hv. Alþingi verður líklega búið að samþykkja tillögu hv. efh.- og viðskn. að ríkissjóður megi veita ríkisábyrgð. Þá bæti ég við til þess að nota allt frv., til þess að nota greinargerð frv. um umbreytinguna — öðruvísi er það tæknilega ekki hægt — að fjmrh. sé auk þess heimilt að kaupa þessi sömu skuldabréf. Það fellur alveg inn í greinargerðina. Það fellur alveg inn í samkomulagið sem gert hefur verið við fyrirtækið þannig að fyrirtækinu má vera nokkuð sama hvort ríkissjóður

eigi þessi skuldabréf eða einhver annar. Þannig mun ríkissjóður hagnast á því ef vel gengur. Vegna eðlis áhættunnar í þessu fyrirtæki þar sem annaðhvort gengur mjög vel — mjög vel — eða mjög illa, þ.e. gjaldþrot — það er eiginlega ekkert þarna á milli — vegna eðlis þessarar áhættu þá er miklu skynsamlegra fyrir ríkissjóð, og það rökstuddi ég, að nota umbreytinguna, þ.e. eiga skuldabréfin sjálfur, veita ekki ríkisábyrgð heldur kaupa skuldabréfin sjálfur, veita lán sem þarna er gert ráð fyrir. Ef fjmrh. tekur ákvörðun um ríkisábyrgð þarf hann að rökstyðja það. Það er afskaplega óskynsamlegt að veita ríkisábyrgð eina sér vegna eðlis þessarar áhættu. Hann getur því ekki veitt ríkisábyrgð. Hann verður samkvæmt þessari tillögu að kaupa skuldabréfin og eignast kauprétt í fyrirtækinu. Það liggur að baki þessu.

Það var ekki hægt að gera þetta öðruvísi vegna þeirrar tækni að ég þurfti að nota greinargerð með frv. um þessa umbreytingarreglu. Það er umbreytingarreglan sem skiptir öllu máli því þá er ríkissjóður farinn að taka þátt í hagnaðinum. Hæstv. fjmrh. þarf að rökstyðja það ef hann gerir eitthvað annað, ef þessi tillaga verður samþykkt. Þetta er munurinn á þessari tillögu og tillögu hv. efh.- og viðskn. þar sem bara er heimilt að veita ríkisábyrgð, ríkissjóður fær eitthvert mjög lágt ríkisábyrgðargjald. Hann tapar öllu ef það tapast og hann fær ekkert fyrir sinn snúð nema ríkisábyrgðargjaldið ef vel gengur. Þessi er munurinn.

[17:18]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú ekki verið sérstaklega gefinn fyrir það að ríkissjóður sé að braska. En ef við förum út á þá braut að tala um að taka þátt í hagnaði þá finnst mér svolítið undarlegt að hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli vilja selja frá okkur öll þau fyrirtæki og stofnanir sem skapa ríkissjóði hagnað, (Gripið fram í.) t.d. Landssímann og önnur fyrirtæki. Nú eru þeir með Steinullarverksmiðjuna fyrir norðan. Það á að fara að selja hana. Hún skilar bærilegum hagnaði (**PHB:** ... ríkisstjórnin?) til eigenda sinna. Hún gerir það.

Ég held að tillaga hv. þm. Péturs H. Blöndals um að ríkisvæða fyrirtæki sé jafnvel varasamari en hin, vegna þess að þetta byggir á því að vefa saman hagsmuni fyrirtækisins og samfélagsins. (Gripið fram í.) Ég horfi ekki eingöngu á peningalega þætti málsins. Ef við, ríkið, tökum þátt í þessari uppbyggingu þá erum við að takast á herðar siðferðislega ábyrgð (**PHB:** Hvort sem er.) gagnvart því fólki — það er rétt — gagnvart því fólki sem þarna starfar.

Okkur finnst öllum að sjálfsögðu eftirsóknarvert að byggja upp starfsemi á þessu sviði. En ágreiningurinn snýst um það hvernig við berum okkur að í því efni. Við eigum ekki að gera það á óábyrgan hátt eða á fölskum forsendum. Þá stöndum við frammi fyrir vanda þegar skuldabréfið er útrunnið. Sá vandi verður miklu alvarlegri en sá vandi sem við stöndum núna frammi fyrir (Gripið fram í.) og er fyrst og fremst pólitískur, því að hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin eru að stilla Alþingi og þjóðinni upp við vegg í þessu máli. Sú krafa sem ég hef verið að setja fram (Forseti hringir.) er að menn skoði þetta mál af kostgæfni og yfirvegun. Það hafa ríkisstjórnin, því miður, og stjórnarmeirihlutinn neitað að gera.

[17:21]

Útbýting þingskjala:

Hjúkrunarheimili aldraðra, 635. mál, svar heilbrrh., þskj. 1367.

Lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, 484. mál, svar utanrrh., þskj. 1388.

Útlendingar, 433. mál, brtt. ÞKG, þskj. 1387.

[17:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér afar flókið mál og um það eru mjög skiptar skoðanir, þ.e. hvort yfir höfuð eigi að veita þá heimild sem hér er fjallað um, þar sem fjmrh. yrði fengin heimild fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. Eins og margoft hefur komið fram í umræðunni er um að ræða 20 milljarða kr. ríkisábyrgð. Eins og þeir hv. þm. Pétur H. Blöndal og Ögmundur Jónasson voru að fjalla um áðan þá er ljóst að ríkissjóður sem slíkur mun tapa öllu ef illa fer, en ekki fá nokkra sárabót ef vel gengur, því þá fær fyrirtækið Íslensk erfðagreining og önnur fyrirtæki sem tengjast Íslenskri erfðagreiningu hagnaðinn.

En hvaða vit er nú í því að fjárfesta í lyfjaþróunarfyrirtækjum? Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur fjallað um það hér í ræðum sínum að áhættan sé gífurlega mikil og að allt upp í 90% líkur séu á því að þetta fé gæti tapast. Nú hafa fleiri einstaklingar stutt þá skoðun, að vísu ekki stærðfræðilegum rökum eða rökum sem byggja á útreikningi á hinum efnahagslega þætti heldur eru fræðimenn á sviði líftækniiðnaðar farnir að koma fram á sjónarsviðið og segja okkur dálítið meira um hvað málin snúast, segja okkur meira frá líftækninni sjálfri, vísindunum sem að baki liggja, vísindunum sem eiga að gefa þessum fyrirtækjum gróðamöguleikana.

Mig langar til þess að snúa máli mínu svolítið í þá átt, herra forseti, að fjalla um það sem skrifað hefur verið upp á síðkastið af þannig mönnum. Þá er ég með í huga menn eins og Alfreð Árnason erfðafræðing, sem skrifaði grein í Morgunblaðið fyrir skemmstu, og Steindór J. Erlingsson, líf- og vísindasagnfræðing, sem skrifaði grein sem birtist á vefnum strik.is í dag, eftir því sem ég best veit, þar sem hann fjallar um áhættuna af þessum atvinnurekstri og segir okkur dæmisögu um hvernig hafi gengið í þessum iðnaði hingað til. Sömuleiðis kem ég til með að styðja mál mitt með grein sem birtist þann 18. febrúar síðastliðinn í því virta tímariti Newsweek. Þar er fjallað um genablöðruna eða bóluna. Þær eru nú ýmsar bólurnar sem upp rísa í umræðunni. Newsweek fjallar þann 18. febrúar síðastliðinn um genabóluna. Hún er ný bóla í vísindum, bóla sem á að gera okkur svo rík. Hún er sambærileg við internetbóluna eða bóluna sem við höfum orðið vitni að að hafi blásið upp á fjarskiptamarkaði. Síðan er farið út í það í greininni í Newsweek að skýra þessa genabólu sem óx seint á tíunda áratugnum og var drifin áfram af ákafa og spenningi yfir kortlagningu genamengis mannsins sem eins og menn vita var lokið í júní árið 2000.

Auðvitað voru gífurlegar vonir bundnar við að kortlagningu genamengis mannsins yrði lokið. Fjárfestar beggja vegna Atlantsála höfðu á þeim tíma sett hundruð milljóna bandaríkjadollara í þessa nýju atvinnugrein sem heitir líftækni. Hugmyndin á bak við þessa atvinnugrein var sú að leyndardómur genanna yrði vísindamönnum ljós ef þeir byggðu upp gagnagrunna og létu tölvur greina þau gögn sem fyrir liggja á þessu sviði. Vísindamenn og fjárfestar voru lengi framan af gífurlega vongóðir um að leiða saman hesta sína á þennan hátt. Þannig mundi hið nýjasta í upplýsingatækninni og hið nýjasta í líffræðinni hjálpa þessum stóru lyfjafyrirtækjum, sem við þekkjum að eru á markaðnum, að þróa og markaðssetja ný lyf.

Herra forseti. Það er eðli loftbólunnar að springa. Hún þenst svo mikið út að hún springurr á endanum. Þeir hjá Newsweek spyrja hvort ekki sé eðlilegt að álykta að loftið geti farið úr þessari genabólu alveg eins og það virðist hafa farið úr internetbólunni og fjarskipamarkaðsbólunni.

Síðan er tíundað hvernig verð hlutabréfa í mörgum líftæknifyrirtækjum hefur hríðfallið á undanförnum árum og við Íslendingar höfum auðvitað fundið áþreifanlega fyrir því. Þess er getið í grein Newsweek að verð á hlut í LION Biosciences í Þýskalandi hafi fallið úr 40 dollurum í 13 dollara. Það er komið inn á íslenska fyrirtækið deCODE genetics. Getið er um að hlutabréf í því fyrirtæki hafi fallið um meira en þrjá fjórðu síðan það var sett á markað. En Íslendingar eru nú farnir að kunna þessar tölur utan að því þegar deCODE genetics var sett á markað var gengið um 18, en stendur nú í sögulegu lágmarki, eða 5 dollurum.

Newsweek getur líka um öflugt bandarískt fyrirtæki sem heitir Celera. Það er fyrirtækið sem vann að þessari kortlagningu genamengis mannsins. En þrátt fyrir sína gífurlegu uppgötvun og árangur þá hefur verð bréfa í Celera fallið upp á síðkastið. Hvað sýnir hríðfallandi hlutabréfaverð okkur? Jú, það sýnir okkur að líftæknigeirinn hefur valdið vonbrigðum. Það sýnir okkur ekkert annað en það. Hann hefur valdið vonbrigðum og það er ekki bjart fyrir stafni eins og hæstv. fjmrh. hélt fram í umræðum á Alþingi á eldhúsdegi þegar hann vildi meta það svo að bjart væri fyrir stafni í efnahagsmálunum. En ég verð að segja, herra forseti, að ef hæstv. fjmrh. ætlar að reiða sig á að fá einhvern stuðning af líftækniiðnaðinum í þeim efnum þá er svo sannarlega ekki bjart fyrir stafni hjá honum í dag.

Fyrir nokkrum árum leit út fyrir að hið langdregna ferli lyfjaþróunar þar sem vísindamenn prófa sig áfram smátt og smátt mundi víkja fyrir nýjum hraðari aðferðum, byggðum á þekkingu á genum og tölvulíkönum til prófana. Sum fyrirtæki byggðu upp risastóra gagnagrunna um gen sem þau seldu aðgang að og hugbúnaðarfyrirtæki hönnuðu tölvulíkön af því sem fram fer í frumum mannsins og jafnvel heilu líffærunum sem nota átti til prófana. Því er skemmst frá að segja að margir fjárfestar trúðu því að líftæknin mundi opna nýja leið í lyfjaþróun. En í sannleika sagt hefur þessi leið alls ekki verið opnuð.

Í greininni sem ég hef verið að styðjast við í frásögn minni, herra forseti, og birtist í Newsweek þann 18. febrúar, kemur fram að sérfræðingar Nomura bankans í London gerast svo djarfir að fullyrða að líftæknin hafi ekki hjálpað stóru lyfjafyrirtækjunum að þróa fleiri lyf og koma þeim á markað. Nomura bankinn í London er risastórt fjármálafyrirtæki sem hefur sérhæft sig á þessum markaði og hefur komið að því að gefa út yfirlit um stöðu mála hjá líftæknifyrirtækjum. Fulltrúi þessa fyrirtækis segir í greininni í Newsweek að líftækni hafi ekki hjálpað stóru lyfjafyrirtækjunum að þróa fleiri lyf og koma þeim á markað. Hvers vegna ættum við Íslendingar þá að trúa Kára Stefánssyni, herra forseti? Hvaða ástæðu höfum við til þess þegar varnaðarorðin koma úr öllum áttum og jafnvel frá svo öflugum fyrirtækjum sem þessum sem Newsweek greinir frá í sinni grein?

Ef ég held áfram að endursegja lauslega þau varnaðarorð sem Newsweek fjallar um í grein sinni um genabóluna kemur þar einnig fram að tölvur hafi flýtt mjög fyrir lyfjaþróun en þar segir líka að hugmyndir að nýjum lyfjum verði þó sjaldnast til við beina tölvuvinnslu. Þetta er mikilvægt að menn hafi í huga þegar þessi mál eru öll skoðuð. Síðan getur Newsweek um offitulyfið P-57 sem nú er í þróun, það sé gott dæmi um að þó að tölvurnar séu ágætar til að styðja sig við hafi þær í sjálfu sér ekki flýtt fyrir lyfjaþróuninni.

Varðandi offitulyfið P-57 segir Newsweek að hugmyndin hafi komið frá San búskmönnum í Suður-Afríku sem tuggðu sérstök laufblöð þegar hart var í ári til þess að minnka þorsta og matarlyst. Síðan er tekið annað dæmi, um hvítblæðilyfið glivec sem sett var á markað á síðasta ári, og þótt tölvur hafi verið notaðar við þróun þess hafi upprunalega hugmyndin komið fram hjá lækni sem tók eftir því að hvítblæðisjúklingar höfðu allir sama litningagalla. Stór hluti vandamála líftæknifyrirtækjanna sé sá að þau hafi ekki tekið nægilegt tillit til þess hve oft tilviljanir eða sérkennilegar aðstæður hafi orðið kveikja að hugmyndum að nýjum lyfjum.

Tilviljanir og sérkennilegar aðstæður, herra forseti. Ég nefndi áðan grein sem birtist í Morgunblaðinu fyrir skemmstu, skrifuð af Alfreð Árnasyni erfðafræðingi. Greinin mun vera einhvers staðar í blaðabunkanum mínum, svo ég finni dagsetninguna á henni. Það mun hafa verið laugardaginn 20. apríl sem sú grein birtist undir fyrirsögninni „deCODE heggur tvisvar í sama knérunn". Alfreð Árnason vekur einmitt athygli á því sama og gert er í Newsweek-greininni, nefnilega því að umhverfisáhrifin séu gífurlega umfangsmikil og umtalsverð þegar rannsóknir af þessu tagi eru skoðaðar. Það skiptir verulegu máli í þessum rannsóknum hver umhverfisáhrifin eru og þess vegna nægir okkur ekki að líta til genanna sem við höfum getað kortlagt. Það nægir ekki að reyna að skoða í gegnum tölvur og tölvutæknina einhverjar niðurstöður því að umhverfisáhrifin eru augljóslega umtalsverð og um þetta virðast fræðimenn vera sammála. Þessi staðreynd gerir það að verkum að kortlagning genamengis mannsins er ekki sú lausn sem menn gerðu sér vonir um.

Samkvæmt upplýsingum þeim sem hægt er að afla sér í greinum sem sérfræðingar skrifa þessa dagana hafa mörg líftæknifyrirtæki tekið á þessum erfiðleikum sínum með því að færa sig nær hefðbundnum lyfjafyrirtækjum, annaðhvort með því að koma á fót eigin lyfjaþróunardeildum eða með því að mynda bandalag við stór lyfjafyrirtæki. Upphafleg viðskiptaáætlun deCODE var sú að selja aðgang að gagnagrunni á heilbrigðissviði, gagnagrunni sem hefði að geyma gen íslensku þjóðarinnar, og svo hefur fyrirtækið nýlega hafið þessa lyfjaþróunarvinnu í samvinnu við lyfjafyrirtækið La Roche. Þannig er deCODE dæmi um fyrirtæki sem gerir nákvæmlega þetta sem lýst er í Newsweek, tengdi sig risastórum lyfjafyrirtækjum og keypti upp MediChem Life Sciences sem er efnafræðifyrirtæki fyrst og fremst. Kári Stefánsson hefur fjallað um það í viðtölum sem við hann hafa verið tekin að nú ætli hann að leiða þessa ólíku þætti saman og í gegnum það að leiða efnafræðina og erfðafræðina saman með lyfjarisann Hoffmann-La Roche á bak við sig geti lottóvinningurinn verið í höfn. En, herra forseti, það er deginum ljósara að það yrði um lottóvinning að ræða, svo gífurleg er áhættan. Formúlan er sem sagt þessi, að tengja saman fyrirtæki sem vinna innan erfðafræðinnar, efnafræðinnar og lyfjaframleiðslu. Hvernig hefur hún gengið? Til hvers hafa bandalög af þessu tagi leitt eða til hvers munu þau leiða? Jú, þau munu eflaust leiða til þess að stóru lyfjafyrirtækin yfirtaka hinn nýja líftæknigeira og Newsweek spáir því að lyfjarisarnir muni sameina líftæknigeirann lyfjaþróunardeildunum sínum. Annar möguleiki væri síðan sá að lyfjatæknifyrirtækin breyttu sjálfum sér í bein lyfjafyrirtæki,

framleiðslufyrirtæki, eða að risarnir í upplýsingatækninni eins og IBM eða Compaq og Oracle taki þessi lyfjafyrirtæki undir sinn væng og noti til samstarfs um að hanna hugbúnað fyrir lyfjaþróun.

Samrunavinna lyfjaþróunarfyrirtækja, lífvísindafyrirtækja og tölvufyrirtækja er sem sagt formúlan sem verið er að nota í þessu tilfelli. Við vitum svo sem öll að tölvugaldurinn er magnaður og merkilegur en tölvukerfi eru kannski brokkgeng líka og vafasamt hvort nokkurn tíma verði hægt að nota þau beinlínis til að finna upp lyf. Hugmyndin sem Íslensk erfðagreining, deCODE og MediChem byggja á gerir í raun og veru ráð fyrir því og við þá aðferð setja sérfræðingar Newsweek spurningarmerki. Þeir spyrja hvort slíkt verði einhvern tíma mögulegt. Lokaniðurstaða greinarinnar um genabóluna sem ég hef notað sem uppistöðu í málflutning minn hingað til, herra forseti, varðandi þennan árangur, hvort þetta verði einhvern tíma mögulegt, er að um það sé allt á huldu. Herra forseti. Um það veit enginn. Hvers vegna er þetta allt svona flókið og hvers vegna er áhættan svona mikil?

Ef við höldum áfram að skima þetta tæknilega er vert að skoða sjónarmið líf- og vísindasagnfræðingsins Steindórs J. Erlingssonar sem á grein á strik.is í dag, grein sem fjallar um áhættu og Íslenska erfðagreiningu. Þar kemur einmitt dæmisaga vísindamannsins um það hvernig gengið hefur að greina orsakagen CF-sjúkdómsins. CF-sjúkdómurinn er sjúkdómur sem Steindór gerir grein fyrir í grein sinni. Það er rétt að lesa brot úr greininni þar sem Steindór vitnar í leiðara vísindatímaritsins Science sem birtist 13. okt. 1989. Í honum er verið að réttlæta fjármögnun stórfyrirtækja á raðgreiningu erfðamengis mannsins og þar koma fram upplýsingar sem varpa góðu ljósi á þessa óvissu.

Leiðarahöfundur Science bendir á að ekki sé til mikils ætlast að fara fram á 3 milljarða dollara fyrir raðgreiningarverkefni sem dreifast áttu yfir 15 ár og varpa mundu ljósi á ótal sjúkdóma. Svo kemur Steindór J. Erlingsson í grein sinni inn á þennan CF-sjúkdóm sem heitir á tækniháli Cystic Fibrosis og ég vil fá að vitna, með leyfi forseta, beint í grein Steindórs en þar segir: „... í ljósi þess að „cystic fibrosis stofnunin hafi á fjórum undangengnum árum eytt 120 milljónum dala í einn sjúkdóm, svo ekki sé minnst á fjármagnið sem aðrar stofnanir og alríkisstjórnin hafa lagt til sama verkefnis." Í framhaldi af þessu bendir hann [þ.e. leiðarahöfundur Science frá 13. okt.] á að „sjúkdómar eins og geðhvarfasýki, Alzheimer, geðklofi og hjartasjúkdómar eru líklega fjölgena og miklu erfiðara að ráða fram úr en cystic fibrosis (CF)."""

Svo kemur Steindór J. Erlingsson með sínum eigin orðum inn á það að hér séum við komin að kjarna málsins „því þessi sjúkdómur, sem er banvænn arfgengur sjúkdómur og veldur alvarlegum truflunum á starfsemi lungna og meltingarfæra, orsakast einungis af einu geni ólíkt þeim fjölgenasjúkdómum sem ÍE er að rannsaka. Genið sem veldur sjúkdómnum fannst árið 1989 og í frétt Science um málið frá 1. september sama ár er talið víst að þetta muni „leiða til betri greiningar og líklega til betri meðhöndlunar" á sjúkdómnum. En þrátt fyrir að orsakagen CF hafi verið með fyrstu mannagenunum „sem voru staðsett, klónuð og raðgreind að fullu, og líklegt að nota mætti þessa vitneskju til genalækinga, hafa tæknilegir erfiðleikar staðið rúmlega áratuga rannsóknum fyrir þrifum. Á sama tíma hafa lyfjafræðilegar nálganir, sem beinast að lífefnafræðilegum orsökum sjúkdómsins, haldið áfram." Í stuttu máli má því segja að þrátt fyrir gríðarlegan fjáraustur hafi nánast ekkert gerst í að finna lækningu við sjúkdómnum þrátt fyrir að genið sem veldur honum hafi verið þekkt í 13 ár. Hvað þá að þróuð hafi verið lyf við þessum sjúkdómi á grundvelli erfðafræði hans."

Herra forseti. Í þessari athyglisverðu grein Steindórs J. Erlingssonar, líf- og vísindasagnfræðings, kemur fram að þrátt fyrir mjög ítarlegar rannsóknir á CF-sjúkdómnum í þrettán undangengin ár hafi ekki verið þróuð lyf við honum á grundvelli erfðafræði hans.

Hvaða sjúkdóma er svo Íslensk erfðagreining að rannsaka? Jú, það kemur fram í grein Steindórs að þeir sjúkdómar sem Íslensk erfðagreining rannsakar eru meðal annars taldir orsakast af flóknu innbyrðis samspili óskilgreinds fjölda gena, eins og hann kemst að orði í grein sinni. Ef ég fæ að vitna áfram, með leyfi forseta, beint í greinina:

„Sjúkdómarnir sem ÍE rannsakar eru annars vegar taldir orsakast af flóknu innbyrðis samspili óskilgreinds fjölda gena og hins vegar af flókinni víxlverkun þeirra við umhverfið. CF orsakast aftur á móti af einu geni sem er óháð ytra umhverfi einstaklingsins sem þjáist af sjúkdómnum. ÍE hefur enn ekki tilkynnt um fund á einu einasta af meintum orsakagenum sjúkdómanna sem fyrirtækið rannsakar á meðan CF-genið hefur verið þekkt í 13 ár. ÍE hyggst byggja lyfjaþróunar- og framleiðslufyrirtæki til að vinna lyf eða greiningartæki sem vinna á úr rannsóknarniðurstöðum sem enn eru ekki komnar (og koma kannski aldrei), meðan 13 ára sleitulausar tilraunir, með tilheyrandi fjáraustri, til þess að finna lækningu og lyf, byggð á erfðafræðilegum rannsóknum, við CF hafa enn ekki borið árangur. Í ljósi þessa tel ég fráleitt að íslenska þjóðin leggi svo mikið undir með ríkisábyrgð til að fjármagna ÍE-drauminn um lyfjaþróun því ég tel yfirgnæfandi líkur á að hann snúist upp í martröð."

Svo mælir líf- og vísindasagnfræðingurinn Steindór J. Erlingsson í grein um áhættu og Íslenska erfðagreiningu.

Herra forseti. Innra með mér, fákunnandi um lífvísindi og erfðafræði, bærast nákvæmlega sömu tilfinningar. Ég er skíthrædd um að draumur Íslenskrar erfðagreiningar um árangur á þessu sviði eigi eftir að snúast upp í martröð. Og martröðin verður sýnu óhugnanlegri, herra forseti, ef við, háttvirtir alþingismenn á Alþingi Íslendinga, heimilum hæstv. fjmrh. að gangast í ábyrgð fyrir 20 milljarða kr. láni sem á að fjármagna ævintýrið, mögulegan lottóvinning.

Herra forseti. Lái hver sem vill okkur þingmönnum sem höfum efasemdir. Þegar við lesum greinar eftir fræðimenn á borð við þessa, Steindór J. Erlingsson og Alfreð Árnason, ber allt að sama brunni. Hér er vísindalega áhættan svo gífurleg að það er ekkert vit í því að setja fjármuni þjóðarinnar í þá spennitreyju sem hér er verið að fjalla um.

Herra forseti. Má ég þá koma aftur að tillögunni sem ég hreyfði í umræðunni fyrir nokkrum dögum þegar ég flutti fyrri ræðu mína í 2. umr. um málið. Ég legg það til í alvöru að við alþingismenn beitum okkur frekar fyrir því við ríkisstjórnina að hún leggi 20 þús. millj. inn á bankareikning, láti þær ávaxta sig, sennilega um eina 2 milljarða á ári, og eigi þar með fé til að setja í vísinda- og tæknirannsóknir sem hafa verið fjársveltar undanfarin ár. Hver er sú ríkisstjórn sem stærir sig af öflugri stefnu í vísinda- og tæknirannsóknum en ætlar svo að hlaupa út undan sér með 20 þús. millj. króna ríkisábyrgð fyrir fyrirtæki sem guð einn veit hvort hefur einhverjar hugmyndir sem geta orðið að veruleika?

Herra forseti. Það eykur manni ekki tiltrú á þessi áform öllsömul að fólk í viðskiptageiranum skuli vera jafnskeptískt og raun ber vitni. Því til marks má nefna grein sem birtist í Viðskiptablaðinu vikuna 17.–23. apríl síðastliðinn. Þar er lagt út af fundi sem Verslunarráð Íslands hélt. Eftir því sem ég man mun sá fundur hafa verið haldinn í miðvikudagshádegi 17. apríl. Þó þori ég ekki alveg að fara með dagsetninguna. En á þeim fundi, þar sem Verslunarráðið fjallaði um málið, kom fram að Bogi Pálsson, formaður Verslunarráðsins, sagði þessa hugmynd vera stílbrot á stefnu ríkisstjórnarinnar og meðal fundarmanna mun hafa komið fram almenn óánægja um málið. Viðskiptablaðið segir frá þessum fundi og getur um það að hæstv. fjmrh. Geir Haarde, hafi fengið það hlutverk á þessum fundi að verja þessa ákvörðun og hann mun hafa lagt áherslu á það í ræðu sinni að menn þyrftu stundum að gera fleira en gott þykir.

Herra forseti. Ég kref hæstv. fjmrh. skýringa á því hvers vegna hann leyfir sér að halda því fram að hann sé í þessu máli að gera fleira en honum þykir gott. Það sem Viðskiptablaðið hefur eftir hæstv. fjmrh. frá fundi Verslunarráðsins stangast á við það sem við höfum heyrt í ræðum hæstv. *fjmrh. hér í þessum sal.* Ég held að hæstv. *fjmrh.* verði að tala af meiri sannfæringarkrafti en hann hefur gert nú til þess að sannfæra Alþingi Íslendinga og þjóðina um að hér sé góð hugmynd á ferðinni. Eða gerir hæstv. fjmrh. sér ekki grein fyrir því að skoðanakannanir sýna að 75% þjóðarinnar eru þessu gífurlega mótfallin og að mótstaðan við hugmyndina virðist vera langmest á Reykjavíkursvæðinu, þar sem u.þ.b. 83% virðast vera mótfallin því að Alþingi heimili hæstv. fjmrh. að gangast í þessa ábyrgð?

Herra forseti. Viðskiptablaðið greinir þannig frá ræðu hæstv. fjmrh. að hann mun samkvæmt fréttinni hafa sagt að *það hefði verið ábyrgðarleysi að vísa málinu frá sér til* þess eins að halda fast í sannfæringu sína, en að menn þurfi stundum að gera fleira en gott þykir. Herra forseti. Hv. alþingismenn eiga inni hjá hæstv. fjmrh. skýringar á þessum orðum.

Hæstv. forsrh. hefur mótmælt því að hér sé um stílbrot eða stefnubreytingu að ræða hjá ríkisstjórninni. Hann hefur reyndar ekki gert það í þingræðum vegna þess að hann hefur nú ekki látið svo lítið sem að vera hérna við þessar umræður þannig að við höfum ekki haft tækifæri til þess að eiga nægilega mikil orðaskipti við hæstv. forsrh. í þessum efnum. Ég *sakna þess reyndar, herra forseti, að hv. stjórnarþingmenn* skuli ekki leggja meira á sig við umræðuna hér, þó að ég geti fagnað því nú að ég sé hv. formann efh.- og viðskn. ganga í salinn og treysti því að hann taki á öflugan hátt þátt í þessum umræðum en láti sér ekki nægja þá ræðu sem hann hélt hér sem framsöguræðu fyrir nefndarálitinu og stærði sig af að væri ein sú lengsta sem hann hefði haldið í þinginu. Ég treysti því að menn séu hér til þess að ræða málin og velta upp þeim rökum sem vísindamenn hafa komið með fram á sjónarmiðið nú á síðustu dögum og sömuleiðis fjármálaspekúlantar og ég tala nú ekki um hluti sem hafðir hafa verið eftir *forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar.* (**Gripið fram í:** Það kemst enginn að fyrir ykkur.) (**Gripið fram í:** Styttu málið og láttu á það reyna.) (Gripið fram í.)

Herra forseti. Grein sú í Viðskiptablaðinu sem ég hef verið að vitna hér í er afar athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Þar halda menn á penna sem hafa haft trú á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hingað til, en þá trú er sannarlega ekki að finna í þeirri grein sem hér birtist undir fyrirsögninni Sértækar aðgerðir fyrir sérstakt fyrirtæki. Blaðið segir frá því hvernig lögð hafi verið áhersla á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að þetta mál sé einstakt í sinni röð og hafi ekki fordæmisgildi. En, herra forseti. Ég held því fram að hæstv. fjmrh. hafi ekki sannfært okkur hv. þm. um að málið sé ekki fordæmisgefandi. Hann hefur haft á orði að hann sé svo sem tilbúinn til að skoða fleiri mál, hvert það mál sem upp komi og gæti verið þannig í laginu að það mætti flokka undir svipaðan hatt. Herra forseti. Þau orð hæstv. fjmrh. hafa ekki verið trúverðug að mínu mati. Engin fyrirheit hafa verið gefin út af hálfu ríkisstjórnarinnar um að slíkt verði upp á teningnum og það hafa heldur engin fyrirheit verið gefin af hálfu ríkisstjórnarinnar um að menn séu að móta hér einhverja stefnu. Það er ekki sýnilegt í þessu máli frekar en í öðrum málum, stórum atvinnumálum sem við höfum fjallað um í þingsölum í vetur. Stefnuleysið eitt hefur verið ríkjandi. Það ríkir enn. Það ríkir í stóriðjumálunum. Það ríkir í þessum málum líka. Það eina sem virðist vera stefna hjá hæstv. ríkisstjórn er að verkefnin séu af slíkri stærðargráðu að þau séu ofvaxin íslensku samfélagi. Þessu máli hef ég líkt við eldflaug sem lent hefur á morgunverðarborðinu mínu. Svo ofvaxið er þetta mál eitt og sér.

Herra forseti. Er nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að grípa til þeirra sértæku ráðstafana sem hér er verið að leggja til? Ég vil segja að þessi spurning sé fullkomlega gild, að eðlilegt sé að við spyrjum þessara spurninga. Rökin eru að koma fram á sjónarsviðið núna. Eftir því sem fleiri greinar eru skrifaðar því fleiri rök koma hér upp á yfirborðið. Herra forseti. Ég verð að segja að þau rök eru öll andsnúin hugmyndinni.

Verslunarráðið hefur verið hér til umfjöllunar. Eins og ég greindi frá hefur Viðskiptablaðið gert ítarlega grein fyrir *fundi Verslunarráðsins um málið. Í þeirri grein er fjallað um* að Verslunarráðið hafi fengið Kára Stefánsson á fund sinn og hann hafi sagt þar að haft hafi verið samband við hann frá Írlandi og honum boðin aðstoð ef hann vildi setja fyrirtæki sitt upp þar. Fjmrh. hefur sömuleiðis látið svo um mælt hér úr þessum ræðustóli og víðar að hætta sé á að lyfjaþróunarfyrirtækið sem hér um ræðir verði sett upp í Bandaríkjunum, þar séu í boði ýmsar stuðningsaðgerðir þannig að ef við bítum ekki á agnið núna þá fari fyrirtækið bara til Bandaríkjanna og Kári Stefánsson hefur svo sem ýjað að þessu sjálfur í viðtölum sem við hann hafa verið tekin í fjölmiðlum.

Þetta hefur svo sem ekkert verið útskýrt nánar og Viðskiptablaðið segir að það veki forvitni að Kári telji málið sjálfur þannig vaxið að Ísland sé besta landið fyrir deCODE til að byggja upp slíka aðstöðu. Hann segir fyrir því ýmis rekstrarleg rök. Jafnframt segir hann að erfiðara geti verið að fjármagna uppbyggingu starfseminnar hér. Þau orð Kára Stefánssonar um að ýmis rekstrarleg rök séu fyrir því að hafa fyrirtækið hérna frekar en í Bandaríkjunum virðast hafa orðið ríkisstjórninni einhvers konar hvatning til að taka þetta mál til skoðunar. Nú er svo komið sem menn vita að hér liggur fyrir fullbúið frv. Þó svo að gagnrýnt hafi verið hversu þunnildislegt það er þá liggur hér engu að síður fyrir frv. sem byggir á fullyrðingum Kára Stefánssonar um að best sé að hafa þessa starfsemi á Íslandi, jafnvel þó svo að líka hafi komið fram að Kári Stefánsson segist vera í minni hluta í stjórn fyrirtækisins.

Herra forseti. Ég verð að segja að það skýtur ansi skökku við og er ansi ankannalegt að Kári Stefánsson skuli í raun vera einn til frásagnar um alla þessa hluti, þ.e. hvers vegna

rétt sé að setja fyrirtækið upp hér en ekki einhvers staðar annars staðar. Rökin sem beitt hefur verið á alþingismenn eða okkur stjórnmálamenn hafa verið þau að verið sé að skapa skilyrði fyrir fólk í iðngreininni, þ.e. líftækn««, lífvísindunum. En því hefur svo sem engu verið svarað í þessum umræðum hvers vegna menn sjái þá ekki ástæðu til þess að efla þau fyrirtæki sem nú þegar eru á þessum á markaði. Hafa þar verið nefnd fyrirtæki á borð við Delta, Lyfjaþróun hf., Pharmaco og fleiri fyrirtæki sem komið hafa hér upp á borðið.

Með því að efla deCODE eða Íslenska erfðagreiningu á þann hátt sem hér er lagt til er alveg ljóst að jaðaráhrifin geta orðið gífurleg og þau geta komið sér mjög illa fyrir þau fyrirtæki sem hafa verið að reyna að byggja sig upp hér fyrir eigin vélarafli, ef svo má að orði komast.

Því er haldið fram í Viðskiptablaðinu að Kári Stefánsson með hugmyndum sínum og kannski hæstv. fjmrh. með hinni 20 milljarða kr. ríkisábyrgð séu að blása nýju lífi í viðskiptahugmyndina á bak við deCODE. Í Viðskiptablaðinu segir, ef ég má vitna beint í greinina, með leyfi forseta:

„Færa má sterk rök fyrir því að það sé nauðsynlegt fyrir fyrirtækið að fara út í lyfjaþróun ef það ætlar að halda áfram að vera gerandi í heimi líftækninnar þar sem efasemdarmönnum hefur vaxið ásmegin undanfarið og fjárfestar halda að sér höndum. Nýtt áhættufé fæst ekki nema með afarkostum og gengi bréfa fyrirtækjanna ýtir ekki undir hlutafjárútboð. Eigið fé deCODE er um 17,5 milljarðar kr. og markaðsvirði nálægt 27–28 milljarðar kr. Talið er að félagið geti rekið sig í tvö til þrjú ár án þess að fá nýtt fé inn miðað við núverandi tekjur."

Herra forseti. Hvaða staðreyndir málsins liggja hér fyrir í grein Viðskiptablaðsins? Að fyrirtækið deCODE geti ekki rekið sig nema í tvö til þrjú ár í viðbót nema að inn í fyrirtækið komi umtalsvert nýtt fjármagn. Af hverju sækir fyrirtækið ekki þetta nýja fjármagn út á markaðinn, herra forseti? Getur það verið vegna þess sem ég hef verið að rekja í máli mínu, að líftæknifyrirtæki eigi ekki upp á pallborðið hjá fjárfestum í dag, vegna þess að fjárfestar hafa verið að missa trúna á þær aðferðir sem beitt er? Getur verið að það sé vegna þess að aðferðir Kára Stefánssonar og Íslenskrar erfðagreiningar, í þeim rannsóknum sem þar hafa farið fram, séu orðnar gamaldags, séu þess eðlis að fjárfestar trúi ekki lengur á þær? Mér sýnist, herra forseti, Viðskiptablaðið vera að renna styrkum stoðum undir þá röksemd. Íslensk erfðagreining og deCODE genetics Inc. heyra kannski sögunni til eftir tvö til þrjú ár nema að til komi umtalsvert nýtt fjármagn. Er íslenska ríkisstjórnin að bjarga Íslenskri erfðagreiningu frá gjaldþroti með þessari aðgerð? Snýst málið um það? Snýst það ekki um að skapa ný störf? Viðskiptablaðið tekur þannig á málum í þessari grein að það er ekkert óeðlilegt þó að spurningar af slíku tagi vakni.

Ef maður skoðar þær niðurstöður sem Viðskiptablaðið hreyfir í grein sinni þá eru þær svipaðar og vekja upp hjá manni sambærilegan ótta og sérfræðingar Newsweek gera í grein þeirri sem ég vísaði í áðan, herra forseti, og fjallaði um genablöðruna, sem er kannski við það að springa í andlitið á okkur.

Herra forseti. Ég tel vera full rök fyrir því að íslenska ríkisstjórnin setjist yfir mál líftækniiðnaðarins almennt og reyni að gera sér raunverulega grein fyrir því hvaða möguleikar séu í honum fólgnir. Hvaða raunhæfa möguleika eigum við Íslendingar á því að taka virkan þátt í þeirri þróun sem á sér stað í þeim geira? Er ekki alveg sjálfsagt að við setjumst yfir það af fullri meðvitund og reynum að skoða málið þannig ofan í kjölinn að við getum markað skynsamlega atvinnustefnu í þessari grein, í þessum geira, eins og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum kallað eftir að verði mörkuð hvað varðar orkugeirann? Það er eðlilegt að kallað sé eftir skynsamlegri stefnumörkun á þessu sviði, almennri stefnumörkun en ekki sértækum aðgerðum sem beinast bara að einu fyrirtæki en hafa ekkert með heildarmyndina að gera, ekki neitt.

Ríkisstjórnin íslenska ætlar hvorki að gefa almenningi, fjölmiðlum né þingmönnum svigrúm eða tækifæri til að ræða þessi mál á þann hátt að hægt sé að marka um þau almenna, gjöfula og uppbyggilega stefnu. Það er alveg ljóst. Hér eru menn eins og rófuskertir refir að reyna að koma þessu máli í gegn hvað sem það kostar. Fæstir þingmenn stjórnarflokkanna láta svo lítið að vera viðstaddir umræðuna, og þeir örfáu sem hafa tjáð sig eru svo sem ekki að styrkja trú okkar á þessar hugmyndir. Það er kannski rétt að geta þess að það má gagnrýna þingmenn úr stjórnarflokkunum fyrir að tjá sig um málið í netpistlum fremur en að standa hér og taka beinan þátt í umræðunni.

Hinn 11. apríl setti t.d. hv. þm. Ásta Möller pistil á netið þar sem hún fjallar um þessa ríkisábyrgð, og þar er á henni mikið hik, herra forseti. Ég hefði satt að segja óskað eftir því að hv. þm. væri stödd hér og tæki beinan þátt í umræðunni í þingsölum en léti sér ekki nægja að skrifa pistil um málið á vefinn sinn. En mig langar, herra forseti, úr því að hún er ekki hér við umræðuna að fá að vitna í pistil hennar þar sem hún talar sem talsmaður einkaframtaksins og minni ríkisumsvifa. Á henni er mikið hik þegar ábyrgð til einkafyrirtækja er annars vegar. Hv. þm. segir í pistli sínum, með leyfi forseta:

„Slíkt á eingöngu að veita í sérstökum tilvikum og teljast til algjörra undantekninga."

Og hvað sér hv. þm. í því einstaka máli sem hérna er til umræðu, þ.e. þeim möguleika að stofnsetja lyfjaþróunarfyrirtæki á Íslandi? Hún segir, með leyfi forseta:

„Hér gefst tækifæri að íslenskt fyrirtæki, með nýtingu íslensks hugvits, hasli sér völl á lyfjaþróunarsviði á alheimsmarkaði sem veltir peningaupphæðum sem eru utan hugarflugs hvers manns. Með þessu skapast ný stóriðja sem veitir menntuðu fólki hálaunastörf og nýtt fjármagn kemur til landsins. Ávinningurinn er mikill og áhætta ríkissjóðs hefur verið lágmörkuð sem kostur er."

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að hv. þm. Ásta Möller svari okkur því á hvern hátt henni sýnist áhætta ríkissjóðs hafa verið lágmörkuð sem kostur er. Annað hefur komið fram í vel rökstuddu máli þeirra stjórnarandstöðuþingmanna sem hér hafa um fjallað og gáfu út minnihlutaálit efh.- og viðskn. Þá er ég að tala um hv. þingmenn Ögmund Jónasson og Jóhönnu Sigurðardóttur. Það er aldeilis eitt og annað í málflutningi þeirra þar sem okkur hefur verið bent á að áhættan hafi alls ekki verið lágmörkuð, ekki hafi verið gerðar tilraunir til að lágmarka áhættu ríkissjóðs heldur þvert á móti, hún yrði gífurleg ef af þessu yrði. Ég tel full efni til þess að hv. þm. Ásta Möller og aðrir þingmenn stjórnarliðsins taki þátt í umræðunni og svari fyrir sjónarmið sín í þessum efnum. Að öðrum kosti verður að segjast eins og er að hv. þm. Sjálfstfl. virðast bara treysta hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni í blindni. Ég leyfi mér að halda því fram, herra forseti, að þar leiði haltur blindan. Ég held því fram að sú blinda sem hv. þm. Sjálfstfl. virðast slegnir í þessu máli sé í hæsta máta

óskiljanleg. Það er ekkert óeðlilegt við það að við, stjórnarandstöðuþingmennirnir, krefjum þá svara, gerum kröfu á þá um að þeir komi í ræðustól og rökstyðji það hvers vegna þeir hyggist fara með Davíð Oddssyni og ríkisstjórninni í þessa krossferð.

Herra forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson er einn þeirra stjórnarþingmanna sem hafa tekið þátt í umræðunni. Hann hélt því fram í ræðu í morgun að hann teldi málið verða til mikillar hagsældar fyrir þjóðina. Minnti sú fullyrðing, herra forseti, óþægilega mikið á fullyrðingar hæstv. iðnrh., og reyndar fleiri þingmanna sem aðhyllast stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, þegar við fjölluðum hér um virkjun við Kárahnjúka og mögulega byggingu álvers á Reyðarfirði. Þá stóð bunan upp úr hverjum stjórnarþingmanninum á fætur öðrum um að verkefnið væri gífurlega arðbært. Muna hv. þm. orðalagið? „Hér er um gífurleg arðbært verkefni að ræða" og gott ef hæstv. iðnrh. sagði ekki „bullandi arðbært". Við skulum ekki gleyma hvernig talað var þá. Og núna talaði hv. þm. Gunnar Birgisson í nákvæmlega sama tón. Hann taldi að málið yrði til „mikillar hagsældar fyrir þjóðina". Hverju svarar hv. þm. þá þeim rökum sem ég hef verið að tína til og hafa verið að koma fram á sjónarsviðið þessa daga sem málið hefur verið til umfjöllunar, röksemdafærslum þeirra sem vel þekkja til á fjármálamarkaði og röksemdafærslum þeirra sem mjög vel þekkja til á líftæknimarkaði og vita um hvað lyfjaþróun snýst? Og hvers vegna, herra forseti, hefur ekki komið hér inn í umfjöllunina um hvers konar fyrirtæki er verið að tala og hvers við eigum að vænta í þeim efnum?

Þegar málið var til 1. umr. á Alþingi, hæstv. forseti, var dregið fram á sjónarsviðið að hér væri um dýratilraunir að ræða, þetta væri kannski fyrst og fremst risastór dýratilraunastofa sem setja ætti upp. Þá vakti hv. þm. Pétur H. Blöndal upp spurninguna um það hvort hér ætti að fara að flytja inn apa, skera þá upp og krukka í heilann á þeim. Ég sakna þess, herra forseti, að þessi umræða skyldi ekki hafa farið lengra. Kári Stefánsson hefur sagt okkur það fullum fetum líka í viðtölum sem við hann hafa verið höfð að hér sé um dýratilraunir að ræða. Erum við að tala um að sá iðnaður sem hér um ræðir krefjist gífurlegs innflutnings á tilraunadýrum? Og hvaða dýrum? Öpum, hundum, köttum, rottum, músum? Hvers vegna tölum við ekki um það hér hvers konar fyrirtæki við erum að fjalla um, hvers konar atvinnugrein lyfjaþróunin er? Mér finnst alveg sjálfsagt að þeir þættir séu líka teknir inn í umræðuna, herra forseti. Þegar um það er að ræða að veita 20 þús. millj. kr. ábyrgð úr sameiginlegum sjóði okkar, skattborgara, þjóðarinnar allrar, er alveg eðlilegt að varpað sé ljósi á allar hliðar þessa máls. Það nægir okkur ekki að heyra fullyrðingar eins og af vörum hv. þm. Gunnars Birgissonar sem telur að málið verði til mikillar hagsældar fyrir þjóðina, án frekari rökstuðnings.

Í sjálfu sér er líka afar athyglisvert, herra forseti, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson vakti athygli á í umræðunni þar sem hann dró fram í dagsljósið nál. meiri hluta efh.- og viðskn. sem gerir lítið annað en að tína til nöfnin á öllum þeim aðilum sem komu fyrir nefndina en í nál. er ekki eitt einasta orð um það hvað allir þeir aðilar höfðu um málið að segja. Hvað höfðu aðilarnir um málið að segja? Þeir voru bullandi neikvæðir. Þeir vildu bara helst ekki sjá þetta. Eftir því sem fram hefur komið í máli minni hluta efh.- og viðskn. eru öll viðvörunarljós blikkandi, mjög öflug, kröftug varnaðarorð frá gestum efh.- og viðskn., sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir nákvæmlega ekki neitt með.

Ekki eru gerðar tilraunir til að svara þeim málflutningi sem kemur fram í tímaritsgrein í Vísbendingu þann 12. apríl 2002 þar sem fjallað er um drauminn um deCODE, drauminn sem hefur verið mjög umdeildur hingað til, drauminn sem átti að byggja á aðgengi að sjúkraskrám, drauminn sem byggði á einkaleyfi á gagnagrunni og nú ríkisábyrgð á skuldabréfum. Í þeirri grein er varpað fram mjög áleitnum spurningum sem er alveg eðlilegt að sé gert í þessu sambandi. Þar hafa menn áhyggjur af því að markaðsvirði fyrirtækisins sé minna núna en einn tíundi hluti af því sem það var þegar væntingarnar til þess voru hvað mestar. Höfundar greinarinnar í Vísbendingu spyrja hvort ekki sé þá bara eðlilegt að menn sem keyptu hlutabréf í fyrirtækinu á sínum tíma, fyrir u.þ.b. þremur árum, á gengi jafnvel allt upp undir 60, spyrji núna: Hvar er draumurinn? Er draumurinn minn að snúast upp í martröð? Fjöldinn allur af fólki fjárfesti í fyrirtækinu og hefur erfiðar tilfinningar til þess í dag af því að það virðist vera að flæða undan hugsjóninni. Allt og sumt sem ríkisstjórnin virðist ætla að gefa þessu fólki og okkur hinum til að trúa á er bara lottóvinningur. Fæturnir eru ekki meira á jörðinni en svo.

Í greininni í Vísbendingu er fjallað um allar væntingarnar sem fólk hafði til þessa ævintýris. Í framhaldi af því að rætt er um hrapallegt gengi deCODE á hlutabréfamörkuðum er talað um að samt séu væntingarnar enn miklar. Vitnað er í fréttatilkynningu um ríkisábyrgðina og í henni mun segja, með leyfi forseta: „ ... hér er um að ræða verulegt sóknarfæri fyrir Ísland sem haft getur í för með sér jákvæða keðjuverkun sem skilað getur þjóðarbúinu miklum tekjum og möguleikum þegar fram í sækir."

Áfram segir svo í grein Vísbendingar, með leyfi forseta:

„Íslensk erfðagreining er trompið í sköpun þekkingariðnaðar á Íslandi, eins konar mótvægi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur hingað til lagt mest upp úr, að hér sé fyrst og fremst hráefnisvinnsla.

Yfirlýsingar í sambandi við deCODE á Íslandi minna mikið á hugmyndir af öðrum efnahagsævintýrum á Íslandi, ekki hvað síst fiskeldið."

Síðan er farið í gegnum það hvernig sá draumur allur fór og í lok greinarinnar, herra forseti, er komið að stjórnmálamönnunum sem að mati höfundar hafa í tímans rás verið allt of viljugir til að ráðast í stórtæk ævintýri, eins og segir í greininni, og svo heldur áfram, með leyfi forseta: „... sem áttu að breyta efnahag þjóðarinnar í einu vetfangi. Þeir virðast ekki skirrast við að láta ríkið bera ábyrgð á þeirri „framtíðarsýn" sem þeir hafa og tekst jafnan að víkja sér undan ábyrgð þegar sú sýn reynist röng. Vissulega getur það verið auðveldara fyrir sum fyrirtæki að vaxa og dafna í skjóli ríkisins en það skjól hindrar eðlilega lífsbaráttu, það dregur úr samkeppni á markaði og gerir öðrum fyrirtækjum erfitt uppdráttar. Slíkt „skálkaskjól" skapar fyrirtækjum líka oft falskt öryggi sem getur reynst þeim dýrkeypt í fyllingu tímans."

Þessar vangaveltur eru sannarlega eðlilegar og við eigum orðið inni hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarþingmönnum að þeir svari þessum röksemdafærslum.

Í niðurlagi máls míns, herra forseti, er rétt að geta þess að á strik.is er núna að finna pistil þar sem Egill Helgason, sá sem stýrir Silfri Egils, fjallar um þetta mál. Margir eru til kallaðir að fjalla um það enda vekur það upp mjög sterk viðbrögð um allt í samfélaginu. Þar fjallar Egill Helgason um álit meiri hluta efh.- og viðskn. sem ég gerði að umtalsefni fyrir örfáum mínútum. Egill Helgason gagnrýnir meiri hluta

efh.- og viðskn. og um leið þá þingmenn stjórnarflokkanna sem ætla að treysta á þetta mál í blindni. Hann segir í pistli sínum, með leyfi forseta:

„Annars má draga efnisatriði álitsins saman í fá orð: Við vitum sama og ekki neitt, höfum eiginlega ekkert um þetta að segja en samþykkjum í blindni."

Herra forseti. Ég hvet hv. þingmenn stjórnarflokkanna til að hugsa málið betur, hugsa það ofan í kjölinn út frá þeim rökum sem hafa verið færð fram núna í fjölmiðlunum, á netmiðlunum og úti um allt í samfélaginu. Öll varúðarljós blikka og menn krefjast svara við ótal spurningum. Þeim hefur enn ekki verið svarað. Við eigum í þessum sal að sjá til þess að almenningur fái svör við sínum áleitnu spurningum. Við eigum að sjá til þess að fólk sé vel upplýst. En það gerum við ekki nema við samþykkjum að vera vel upplýst sjálf.

[18:15]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var staddur í gærmorgun á hátíð hjá Reykjavíkurlistanum sem var að kynna kosningastefnuskrá sína fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Þar var eitt aðalatriðið af hálfu frambjóðenda það áhersluatriði að byggja upp þekkingarþorp í Vatnsmýrinni og að Reykjavíkurborg muni beita sér fyrir því að svo miklu leyti sem borginni er það mögulegt.

Þetta er háleitt markmið, herra forseti, og kannski ekki óraunhæft, sérstaklega í ljósi þess að þarna hefur á síðustu árum verið byggt upp fyrirtæki með 500–600 manns í vinnu, þar af um 100 starfsmönnum erlendis frá, og það hefur verið gert fyrir tilverknað einakaðila en ekki hins opinbera, en hins vegar með stuðningi hins opinbera eins og kunnugt er. Þar á ég við Íslenska erfðagreiningu.

Nú eru áform um að halda áfram á þessari braut og byggja upp enn frekari starfsemi, nýja starfsemi þar sem um 250–300 manns, velmenntaðir Íslendingar og útlendingar geta fengið vinnu. Þá bregður svo við að hv. þingmenn Vinstri grænna leggjast gegn þessum áformum sem eru í samræmi við kosningastefnuskrá Reykjavíkurlistans.

Ég hlýt að lýsa yfir nokkurri undrun, herra forseti, yfir þessari afstöðu því hvernig á að byggja upp þekkingarþorp í Vatnsmýrinni að þeirra mati? Er það kannski framtíðarsýn þeirra að slík uppbygging fari eingöngu fram af hálfu ríkisins, þ.e. að stofnanir verði byggðar upp fyrir rekstrarfé úr ríkissjóði, stofnkostnaður greiddur úr rekstrarsjóði og ábyrgð af lífeyrisskuldbindingum starfsmanna verði með ábyrgð ríkissjóðs? Hver er munurinn á því að byggja upp starfsemi með þeim hætti eða kalla til og njóta stuðnings einkaaðila í bland?

[18:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa fjallað um það hér í umræðunni að það sé alveg eðlilegt að ríkið beiti sér fyrir því að búa til störf og vera bakhjarl fyrir atvinnulífið. Jafnframt höfum við kallað eftir því að það sé gert á almennum grunni en ekki með því að mismuna fyrirtækjum.

Ég hef talað fyrir þekkingarþorpi í Vatnsmýrinni, vísindagörðum í Vatnsmýrinni. Ég hef hvatt hæstv. ríkisstjórn til að drífa sig í að koma upp Náttúruhúsi. Það er ekki forsvaranlegt að ríkisstjórnin skuli leyfa sér að ætla að taka átta, kannski tíu ár í að byggja Náttúruhús í Vatnsmýrinni á meðan Íslensk erfðagreining þarf bara ellefu mánuði til að reisa sitt frábæra hús, sem er auðvitað skel og skjól fyrir frábæra vísindamenn. Ég hef aldrei sagt niðrandi orð um líftækniiðnaðinn sem slíkan. En ég hef kallað eftir því að við mörkum okkur stefnu. Þar á ég samleið með Verslunarráði Íslands, sem segir í ályktun frá fundi sínum fyrr í mánuðinum, með leyfi forseta:

„Stjórn Verslunarráðs Íslands hafnar hugmynd ríkisstjórnar Íslands um að veita einstöku fyrirtæki ríkisábyrgð á lán, með fyrirvara um samþykki Alþingis, án undangenginnar kynningar á forsendum þess að veiting slíkrar ábyrgðar sé nauðsynleg eða hvernig veiting ábyrgðarinnar fellur að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar fyrir almennan stuðning hennar við atvinnulífið."

Þetta er algjörlega samhljóma við það sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa kallað eftir í stóriðjumálunum. Við höfum kallað eftir stefnu. Við höfum kallað eftir orkustefnu, orkusparnaðarstefnu. Við viljum gera rammaáætlun um nýtingu vatnsaflsins. Það nákvæmlega sama á við hér. Við viljum stefnu í málefnum líftækniiðnaðar á Íslandi en ekki eitthvert hipsumhaps, að einu fyrirtæki sé veitt gífurleg fyrirgreiðsla á meðan önnur, sem eru mjó en mikils vísir, þurfa bara að treysta á sjálf sig.

[18:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mjög skýrt fram í máli hv. þm. að það framtak sem felst í Íslenskri erfðagreiningu hefur skilað miklum árangri í Vatnsmýrinni við að byggja upp þekkingarþorpið þar og miklu meiri árangri en vænta má af hálfu ríkisins þegar haft er í huga að þar hefur Náttúrufræðihúsið sem þingmaðurinn nefndi verið svo lengi í byggingu.

Ég tel rétt að árétta að menn byggja ekki upp þekkingarþorp í Vatnsmýrinni eins og kosningastefna Reykjavíkurlistans er nema með tilstuðlan aðila sem hafa þann kraft og dugnað að geta byggt upp nýja starfsemi og fengið til þess bæði fé og mannafla eins og reyndin hefur verið með Íslenska erfðagreiningu. Við getum ekki byggt upp þekkingarþorp einvörðungu á grundvelli ríkisreksturs, eins og mér virðist að sé sjónarmið hv. þm., þ.e. að hið mikla fé sem mun þurfa til að koma þessu á eigi einungis að fara í gegnum ríkið.

Mér finnst að það felist líka í því mismunun ef menn ætla að láta atvinnuuppbyggingu í nýjum atvinnugreinum hvíla eingöngu á pólitískum ákvörðunum í gegnum fjárlög og ríkisrekstur. (**Gripið fram í:** Hvað er nú ...) Ég held að það sé allt of þröng nálgun hjá hv. þm. að miða við að eini aðilinn sem megi og eigi að byggja upp atvinnugrein og þekkingarþorp í Vatnsmýrinni eigi að gera það í gegnum ríkissjóð. (**SJS:** Ertu á móti ríkisafskiptum?)

Herra forseti. Ég tel mjög athyglisvert að þingmenn Vinstri gænna leggjast í raun gegn einu aðalatriðinu í kosningastefnuskrá Reykjavíkurlistans. Það er mjög athyglisvert, sem ég held að kjósendur í Reykjavík verði að átta sig á, að það eru þingmenn Framsfl. sem leggja sig fram um að skapa aðstæður sem geta efnt eitt aðalkosningaatriðið í stefnuskrá Reykjavíkurlistans.

[18:21]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson leggjast afar lágt í málflutningi sínum nú. Það vill svo til að flokkar okkar, þ.e. Framsfl. og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hafa náð mjög góðu og öflugu samkomulagi í Reykjavík um að bjóða fram ásamt Samfylkingunni til

borgarstjórnarkosninga. Þessir þrír flokkar vinna þar saman að málefnum Reykjavíkurborgar á mjög öflugan hátt í sátt og samlyndi. Ég tek beinan og virkan þátt í þeirri vinnu og ég veit nákvæmlega hvað stefnuskrá Reykjavíkurlistans gengur út á þar sem vísindagarðar í Vatnsmýrinni eru annars vegar. Þar er ekki orð um neinn ríkisrekstur versus einkarekstur. Þar er bara talað um að öflug fyrirtæki á sviði þekkingariðnaðar geti átt þarna athvarf hjá Náttúruhúsi, hjá Háskóla Íslands, í nánum tengslum við háskólasjúkrahús og í nánum tengslum hvert við annað.

En hvernig atvinnuuppbyggingu viljum við sjá? Við viljum sjá lággróður og hágróður saman. Við viljum ekki þurfa að upplifa tilfinninguna um tunglflaug sem hefur lent á morgunverðarborðinu okkar og drepur allt, allan lággróður. Við viljum fjölbreytni. Við viljum standa við bakið á öflugum fyrirtækjum á borð við Lyfjaþróun hf., Delta, Flögu og fleiri fyrirtæki má nefna sem starfa á þessu sviði. Við erum ekki að tala fyrir ríkisrekinum atvinnurekstri eins og stjórnarflokkarnir eru að gera núna með þeim gífurlega stuðningi sem eitt fyrirtæki, Íslensk erfðagreining, hefur notið úr hendi ríkisstjórnarinnar. Þar má nefna gagnagrunninn, einkaleyfi fyrir gagnagrunn á heilbrigðissviði, málamyndagjald fyrir þetta einkaleyfi og starfrækslu grunnsins og svo núna 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgð. Af hverju á að reka eitt fyrirtæki með ríkið sem bakhjarl á meðan önnur þurfa að hafa sjálf sig sem bakhjarl?

[18:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þætti nú vænt um ef hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefði stund aflögu til vera áfram við umræðuna því það voru náttúrlega ekki lítil tíðindi þegar fyrst örlaði hér á Framsfl. Formaður þingflokks framsóknarmanna lagði hvorki meira né minna en heilt andsvar undir til að koma afstöðu flokksins á framfæri. Reyndar birtist ýmislegt athyglisvert í því andsvari og ég held að hv. þm. verði að heiðra okkur með nærveru sinni augnablik. Það er ekki seinna vænna í þessari umræðu en að Framsfl. komi í leitirnar. Það hefur ekki farið mikið fyrir honum hingað til.

Það má segja um þá framsóknarmenn að þeir virðast vera að læra þá tækni að fela sig í málum sem þeir telja ekki sérstaklega til vinsælda fallin. Þeir láta Sjálfstfl. nokkurn veginn einan um að draga þessa kerru hér. Það hefur alla vega orðið alveg ljóst af þátttöku eða öllu heldur þátttökuleysi þeirra í umræðunum. En ég veit ekki til þess, herra forseti, ég verð þá leiðréttur ef rangt er, að framsóknarmenn hafi tekið þátt í þeirri miklu umræðu sem hér hefur verið fyrr en þá núna í þessu merka andsvari Kristins H. Gunnarssonar. Ég óska eindregið eftir því að eins og einn fulltrúi Framsfl. sé í salnum og helst nefndur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokksins, því að það breikkar hana auðvitað mikið að síðasti flokkurinn sem fulltrúa á hér á Alþingi láti svo lítið í lokin að vera a.m.k. viðstaddur umræðuna þó ekki sé nú sagt að hann taki beinan þátt í henni nema þá svona í þessu andsvari.

Herra forseti. Þetta mál er að öðru leyti stórmerkilegt og verðskuldar svo sannarlega að Alþingi taki sér svolítinn tíma til þess að ræða það og alla enda þess og kanta. Það er heldur til vansa t.d. að hæstv. ríkisstjórn skuli algjörlega láta sig vanta í umræðunni. Hæstv. fjmrh. er hér svona í mýflugumynd af og til og nú er reyndar kominn hingað formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, og þó fyrr hefði verið.

Herra forseti. Hér eru sem sagt á dagskrá einhver stórfelldustu ríkisafskipti af atvinnulífi í landinu, sennilega bara um langt skeið, því ég held að aldrei í einu einstöku tilviki hafi það verið á dagskrá áður að veita 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgð. Það hefur að vísu gerst kannski á löngum tíma að safnast hafa upp ábyrgðir sem hægt er að jafna við þetta í þeim skilningi að ríkið hefur samtals með eigendaábyrgð sinni að bönkum eða fjárfestingarlánasjóðum á áratugabili gengið í miklar ábyrgðir. Hægt er að taka sem dæmi ríkisábyrgðna sem var á bak við lán Fiskveiðasjóðs á sínum tíma eða eigendaábyrgðina á bak við Landsbankann, Búnaðarbankann. En ég held ég fari alveg örugglega rétt með það, herra forseti, og verð þá leiðréttur ef annað er uppi á teningunum, að aldrei áður hefur 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgð verið á dagskrá til eins einasta fyrirtækis, út á einn vinnustað með 250 manns sem að sögn á að koma þarna til. Það er algjört einsdæmi.

Svo kemur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hér og setur á ræður um að það eigi að treysta á einkaframtakið og spyr hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur hvernig þekkingarþorpið í Vatnsmýrinni eigi að rísa ef ekki á að treysta á einkaframtakið. (Gripið fram í.) Ja, bíddu, hvernig á það að rísa? Á að veita 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgð á bak við hver 200–250 störf? Það er það sem verið er að gera. Málið er náttúrlega, herra forseti, að þau tvö mál sem segja má að standi nokkuð upp úr þessum vetri hér á Alþingi eru hvor tveggja svona gríðarleg ríkisafskiptamál. Það er ríkisframkvæmdin Kárahnjúkavirkjun og álver við Reyðarfjörð sem að langmestu leyti áttu að vera á vegum ríkisins. Það er mál sem ríkisstjórn er að keyra áfram og ráðuneyti reka áfram. Menn eru í sjálfboðavinnu við að reyna að koma því máli áfram, menn eins og hæstv. utanrrh. sem alls ekkert hefur málið á sinni könnu. En það hefur ítrekað verið upplýst að hæstv. utanrrh. er að reyna að keyra málið áfram með samtölum við forstjóra erlendra fyrirtækja og öðru í þeim dúr. Verkefnið sem slíkt á að langmestu leyti að vera á herðum ríkisins sem eiganda Landsvirkjunar og þess aðila sem keyrir málið áfram.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur áhyggjur af því að andstaða okkar þingmanna sumra hverra, t.d. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sé í andstöðu við kosningastefnuskrá R-listans af því að R-listinn vill byggja þekkingarþorp í Vatnsmýrinni. Ég spyr þá: Hvar stendur í þeim plöggum að það þorp eigi að byggjast upp með ríkisábyrgð á bak við uppbyggingu einstakra fyrirtækja? Auðvitað hvergi. Hv. þm. veit vel að það er út í hróa hött að halda svona hlutum fram.

Við erum einmitt að hverfa frá því þannig að þetta verði byggt á almennum forsendum í þeim skilningi að borgin og aðrir aðilar sem þarna eru þá í samstarfi skapi aðstæður til að til reiðu séu lóðir eða húsnæði, garðar, og að slíkur almennur stuðningur hvað varðar undirstöðurnar standi öllum til boða jafnt. Ekki er um það að ræða hér. Þetta er einmitt dæmi um einhverja svakalegustu mismunun sem sögur fara af lengi í atvinnuuppbyggingu í landinu, ef af verður. Það er öllum mönnum ljóst. Þetta mál á ekki að byggjast á neinum markaðsforsendum þar sem áhættan er tekin af einkaaðilum. Ónei, ekki. Hún verður á herðum íslenskra skattborgara.

Hún gengur því ekki upp, sú áhersla hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem tók hér loksins til svara fyrir Framsfl. í þessu merka andsvari sem verður auðvitað í minnum haft sem mögulega eina innlegg Framsfl. í allri þessari miklu umræðu. Nú man ég það ekki nákvæmlega, alltént hafa þeir

verið sjaldséðir hér í umræðunni, þingmenn Framsfl., en það er gott að vita að þeir eru enn þá til og ætla sér væntanlega að styðja þetta mál.

Nei, herra forseti, þegar maður fer yfir stöðuna er fjöldi annarra fyrirtækja sem er að gera nánast að öllu leyti sambærilega hluti hvað það varðar að verið er að brjóta nýtt land, menn eru í nýsköpun í tækni- eða þekkingargreinum, meira að segja innan þessa sviðs atvinnulífs. Ef við köllum erfðafræði, lyfjaþróun og heilbrigðistengda nýsköpun í atvinnulífi svið, sem er ekki verri málnotkun en hver önnur, sinnir fjöldi fyrirtækja merku þróunarstarfi í landvinningum í útflutningi og hefur enga sambærilega fyrirgreiðslu hlotið. Það er t.d. alveg hlálegt og nöturlegt að í nýjasta tölublaði Viðskiptablaðsins sem er að verða eitthvert auglýstasta blaðið í umræðunni er einmitt frétt um hitt stóra erfðavísindafyrirtækið í landinu — ég held að óhætt sé að kalla það svo — Urður, Verðandi, Skuld. Hvað er það að gera? Er það mjálmandi út ríkisábyrgð? Nei. Það hefur boðið út nýtt hlutafé, fengið öfluga fjárfesta til liðs við sig, þar á meðal af lyfjasviðinu, hefur skilað í hús 600 millj. kr. hlutafjárútboði, er komið með öfluga bakhjarla eins og Pharmaco, sem er orðinn stærsti hluthafinn, og er að landa samstarfssamningum um áframhaldandi rannsóknir á sínu sviði í góðu samstarfi við aðila eins og Háskóla Íslands, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Krabbameinsfélagið.

Urður, Verðandi, Skuld er að gera þetta sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir að eigi að gera en verður ekki að veruleika með þessu máli Íslenskrar erfðagreiningar, heldur öfugt. Hér er tínt út eitt fyrirtæki og það á að fá þessa gríðarlegu fyrirgreiðslu og með því á að taka þessa ofboðslegu áhættu á sama tíma og fjölmargir aðrir áhugaverðir sprotar á tengdu sviði, svo maður tali ekki um nýsköpun og þróun í atvinnulífinu almennt, fá ekki neina sambærilega fyrirgreiðslu. Eiga sumir hverjir mjög erfitt uppdráttar af því að þeim stendur eiginlega engin fjármögnun til boða. Þetta er nefnilega að snúa hlutunum algerlega á haus, að reyna að setja þetta inn í samhengi einhverrar almennrar nálgunar. Þetta er það ekki. Þetta er svo sértæk nálgun að hv. þm. Pétur H. Blöndal kallaði hana „eintæka". Það má til sanns vegar færa. Þetta er of sértækt til að kallast sértækt.

Á sama tíma, herra forseti, liggur það algerlega fyrir og það veit enginn maður betur en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar, að það eru ýmsir áhugaverðir, veikir sprotar að reyna að skjóta rótum í atvinnulífi, t.d. úti um landið, og fá alveg sorglega lítinn stuðning. Norður í Ólafsfirði er fyrirtæki sem hefur vaxið úr því að vera eins, tveggja manna framtak í að vera núna miðlungsstór eða með stærri vinnustöðum í þeim bæ, NMT-slökkvibílafyrirtækið. Það hefur heldur betur þurft að hafa fyrir því að fá aðkomu einhverra aðila. Nú síðast sá ég að meira að segja Ólafsfjarðarbær, skuldsett sveitarfélag, tekur þátt í hlutafjáraukningu til þess að reyna að ýta undir styrkingu fyrirtækisins hvað fjármögnun snertir. Ef menn langar að styðja eitthvað nýtt þar sem verið er að vinna land, meira að segja til útflutnings — og aukastafirnir í þessu dæmi mundu skipta sköpum — eru slík tækifæri vítt og breitt um landið þar sem 5–10 millj. mundu gera gæfumuninn, jafnvel 2 millj.

Hér erum við að tala um 20 þús. millj. kr. ábyrgð sem vel mögulega getur fallið á íslenska ríkið innan fárra ára. Það blasir við í þessu dæmi því að áhættan er alveg gríðarleg, það vita allir. Um það eitt eru menn þó sammála. Ég hef engan einasta mann heyrt reyna að halda öðru fram.

Það var eiginlega sérkennilegt að heyra hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem gefur sig út fyrir að vera glöggan á tölur og kenndi víst stærðfræði fyrr á árum í landinu, skauta jafnléttilega yfir þetta og ég bara trúi því ekki að hv. þm. reyni að halda því fram að hér sé ekki stórkostlega umdeilanlegt mál á ferðinni. En Framsókn ætlar auðvitað að láta hafa sig í að styðja þetta. Þetta eru Kárahnjúkarnir hennar.

Það sem ég tel, herra forseti, líka hvað áhugaverðast í þessu er sú staðreynd að þessa ábyrgð á að veita móðurfyrirtækinu, deCODE genetics Inc. í Delaware í Bandaríkjunum. Ef hér á að stuðla að þessari tilteknu uppbyggingu hlýtur að vera lafhægt að gera það í sjálfstæðu dótturfyrirtæki, skráðu á innlendan markað. Það er verulega annar hlutur að ríkið komi með einhverjum hætti að því að styðja það sem sjálfstæðan þátt í sjálfstæðu fyrirtæki og draga þannig úr áhættunni. Að sjálfsögðu getur eigendaábyrgð móðurfyrirtækisins verið til staðar eftir sem áður með því eigin fé sem þar er til tryggingar. Það er ekki nokkur einasti vandi að koma því þannig fyrir. En ríkið gengst þá ekki í ábyrgð nema fyrir þeim þætti sem er í því fyrirtæki, á þeirri kennitölu.

Hvers vegna er þetta ekki gert svona? Hverju veldur það að ábyrgðin er veitt móðurfyrirtækinu í gegnum dótturfyrirtæki sitt hér, Íslenska erfðagreiningu hf., til þess að færa þar út starfsemina? Maður spyr sig auðvitað af hverju svona sé gengið frá málinu. Er það mögulega vegna þess, sem hér hefur verið haldið fram og menn hafa vitnað í blöð og skrif, að menn vilji fá þessa ríkisábyrgð á bak við móðurfyrirtækið sjálft sem Íslendingar eru þá komnir með að enn þá meira leyti á herðar sínar? Menn voru gírugir að kaupa inn í landið eignarhlut hinna erlendu áhættufjárfesta svo milljörðum ef ekki milljarðatugum skipti á rjúkandi háu gengi. Og menn vita hvernig ávöxtunin er af því í dag. Hver er ávöxtun bankanna og sjóðanna sem keyptu hérna milljarðahluti í Íslenskri erfðagreiningu eða í deCODE öllu heldur? Ætli það standi ekki í $^1/_4$ af því sem það var keypt á, $^1/_3$–$^1/_4$? Þessir stóru aðilar munu hafa verið að kaupa á gengi sem var í kringum útboðsgengið 18.

Hvar er umræða um þessi mál? Hefur þetta reynst gáfuleg ávöxtun á þeim eignarhlutum sem þarna fóru? Ekki enn þá a.m.k.

Herra forseti. Það er líka auðvitað sérkennilegt, eins og margir hafa bent hér á, að þetta stendur til boða gagnvart þessari áhættusömu uppbyggingu og rökin eru þau ein að hér sé verið að stuðla að því að þessi starfsemi byggist upp hér í landinu og skapi þessi störf. Jákvætt og gott og göfugt sem það nú er getur sá tilgangur ekki bara sem slíkur algerlega helgað meðalið. Sú röksemdafærsla gengur ekki upp. Á sama tíma, herra forseti, láta menn merkum atvinnugreinum þar sem í boði eru ágætlega vellaunuð störf blæða út í landinu, og þar sem iðnmenntun og fagmenntun kemur við sögu. Er það rökrétt, herra forseti, að Íslendingar láti skipaiðnaðinum blæða út, sem hér var löngum blómleg atvinnugrein með iðnmenntuðu og fagmenntuðu fólki, verkfræðingum, tæknifræðingum, iðnaðarmönnum? Af hverju er skipaiðnaðinum að blæða út? Það er af því að íslensk stjórnvöld hafa ekki viljað jafna samkeppnisskilyrði hans við nágrannalöndin.

Það er ekki verið að biðja um einhverja sérstaka ríkisaðstoð sem ekki er í boði almennt. Nei, það hefur verið beðið um að samkeppnisskilyrði íslensks skipasmíðaiðnaðar yrðu jöfnuð í formi vaxtaniðurgreiðslna eða annarra sambærilegra hluta sem Norðmenn, Spánverjar og aðrir slíkir hafa ástund-

að lengi. Þá hafa menn verið svo heilagir að menn hafa sagt: Nei, enga ríkisaðstoð, þessi grein verður bara að lifa eða deyja eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni. Hún verður bara að spjara sig sjálf. Og við höfum horft á eftir hundruðum starfa, miklu fleiri en hér er verið að ræða um, því að þegar best lét var vel á annað þúsund störf beint í skipaiðnaðinum íslenska með síðan öllum þeim margfeldisáhrifum sem sú grein hafði. Þau voru mjög mikil, miklu meiri en verða af starfsemi af þessu tagi vegna þess að þar komu við sögu mikil aðföng, margir undirverktakar o.s.frv.

Herra forseti. Svo mega menn ekki láta eins og það sé óþekkt fyrirbæri að menn sæki sér fjármuni með lántökum, með hlutafjárútboðum, á forsendum sem síðan reynast ótraustar. Er ekki ástæða til að vera dálítið á verði? Við höfum mörg dæmin um það frá síðustu árum að menn hafa veifað svipuðum plöggum um hátækni, um nýja atvinnustarfsemi, og sett upp áferðarfalleg plön, miklu flottari áætlanir en hér eru sem eru reyndar engar því að engar greiðsluáætlanir liggja fyrir, ekkert hagkvæmnismat, ekkert áhættumat. Það var þó til staðar t.d. þegar stálfyrirtæki ætlaði að fara að endurvinna stál landsmanna. Útlendir aðilar veifuðu fínum áætlunum, fengu innlenda aðila til liðs við sig og drógu mikið fé út úr bönkum og sjóðum, byggðu hús og síðan ekki söguna meir. Fyrirtækið fór á hausinn áður en það hóf formlega starfsemi. Gjaldþrotið upp á þúsundir milljóna, a.m.k. fleiri hundruð, og alveg ljóst að menn höfðu makað krókinn hressilega, þeir sem að þessu stóðu, meðan ævintýrið stóð.

Er ekki nýlega skollið á menn sóðalegt gjaldþrot á Suðurnesjum þar sem kannski svipaðir hlutir voru á ferð? Miklir fjármunir hafa tapast af því að menn reyndust of auðtrúa gagnvart áætlunum sem var veifað framan í þá um slíka uppbyggingu í tæknivæddri grein. Ég gæti lengt þessa sorgarsögu mikið því að ég kann ýmis dæmi af þessum toga.

Menn hafa stundum líka lent í því, bæði við og ýmsar nálægar þjóðir, að menn hafa ætlað að veðja á möguleika inn í framtíðina, lagt stórt undir í lottóinu og tapað. Færeyski landssjóðurinn fór ekki glæsilega út úr því þegar Færeyingar ætluðu að brjóta í blað á sviði þar sem þeir eru þó engir nýgræðingar, í sjávarútvegi, og reyna að gerast brautryðjendur í því að veiða kolmunna og vinna hann í súrimi á Japansmarkað. Eitthvert stærsta og glæsilegasta skip í Norður-Atlantshafinu var byggt og keypt, mig minnir að það hafi heitið Slættaratindur, og færeyski landssjóðurinn stóð á bak við þetta með miklum ábyrgðum. Svo fór allt á dúndrandi hausinn af því að hvorugt var til staðar, hvorki faglegu undirstöðurnar — það átti eftir að láta reyna á hvort fiskurinn reyndist vinnanlegur með þeim hætti í stórum stíl í vélum sem nauðsynlegt var — og hinn þáttinn vantaði líka, markaðinn. Bæði faglegi þátturinn og viðskiptaþátturinn voru óunnir og því fór sem fór.

Nú getur vel verið að þetta eigi einhvern tíma eftir að lánast, vonandi, og menn eru að þreifa sig áfram með þetta núna en þetta fór illa hjá frændum okkar. Ég held að það hafi fyrst og fremst gert það vegna þess að menn voru of bráðir á sér, menn voru of bjartsýnir og gættu ekki að því að það er dálítið varhugavert að ætla að veðja á vinning af þessu tagi, sérstaklega ef hinar efnislegu undirstöður vantar.

Hvernig er nú ástandið í þessu máli, herra forseti? Það er nákvæmlega svona. Í þessu tilviki á eftir að sýna sig að þessi aðferðafræði sé viðráðanleg, gangi upp, að sannanlega sé hægt að nota erfðaupplýsingarnar, tengdar við hinar líffræðilegu upplýsingar úr genunum, til að finna lyf við fjölgenasjúkdómum þar sem ekki bara eitt heldur mörg erfðamengi koma við sögu. Hin faglega hugmynd er enn á fræðilegu stigi, í mótun, og þá er eftir hinn hluti málsins, að menn komist alla leið og geti gert þetta að seljanlegri vöru. Þá er viðskiptaóvissan eftir. Hverjum einasta manni sem leggur sig eftir því að setja sig eitthvað inn í þetta, þó að hann sé enginn sérfræðingur á sviðinu, nægir að hafa nasasjón af öðru hvoru, viðskiptalegu áhættunni eða þeirri faglegu. Þetta eru menn allt saman tilbúnir til að taka, og það ekki með neinum smáaurum heldur 20 þús. millj. kr. til að ábyrgjast að vísu mjög áhugaverða hluti ef eftir gengju — það væri glæsilegt að bæta við þennan vinnustað sem fyrir er þeim 250 störfum sem sagt er að þarna gætu bæst við. Segjum að þetta mundi blómstra upp í að verða þúsund manna vinnustaður — það er auðvitað gaman að koma þarna og upplífgandi að sjá það sem gerst hefur — en þetta er enn á algjöru óvissustigi, algjöru tilraunastigi.

Hver er hin hliðin á því ef hér væri kominn 1.000 manna vinnustaður eða svo gott sem í Vatnsmýrinni, með hámenntuðu fólki, að verulegu leyti Íslendingum? Hún er sú að það yrði alveg ægilega sárt að sjá á eftir þeim. Í hvaða stöðu gætum menn þá lent eftir þrjú ár, fimm ár, sjö ár? Í þeirri vondu stöðu að annaðhvort yrði að stórauka aðstoðina við fyrirtækið, framlengja ábyrgðina, stækka hana, til að ná í meira fé, til að hafa úthald í kapphlaupinu og ná alla leið í mark. Það er það sem ég held, herra forseti, að sé nú kannski hvað alvarlegast í þessu. Við erum hér á vendipunkti þess máls að gera það upp við okkur hvort við ætlum í þetta ferðalag eða ekki. Er sú áhætta verjandi? Ég er algerlega sannfærður um að ekki verður öfundsvert að standa í þeim sporum ef þau koma einhvern tíma til, sem maður vonar auðvitað ekki, að málin séu að komast í þrot, að annaðhvort sé ekkert í sjónmáli, sem væri náttúrlega verst, eða þá hitt sem gæti sett menn í mjög erfiðar aðstæður, að meta einhverjar líkur á því að eftir tvö til sjö ár þar í viðbót og svo og svo marga milljarðatugi þar í viðbót, væri mögulegt að menn fengju eitt gullegg í hendur sem gæti orðið að stóru ævintýri, en eins og ég hef sagt gæti líka orðið að fúleggi, ofboðslegu fúleggi.

Herra forseti. Ég segi það alveg eins og er að mér finnast þeir menn býsna kjarkmiklir sem ætla bara að stinga sér út í laugina svona án þess svo mikið sem að gá í raun að því hvort vatn sé í henni. Þetta er nú ekki einu sinni bara spurning um hitastig. Menn geta þó látið sig hafa það að dúndra sér út í kalda laug. En það er verra ef ekkert vatn er í henni. En við vitum það bara ekki. Þetta er þannig. Áhættan er ofboðsleg. Viljum við þá verja takmörkuðum fjármunum okkar skuldsetta þjóðarbús í þessa einu viðskiptahugmynd, því þetta er ekkert annað en viðskiptahugmynd? Þetta er viðskipta- og fræðihugmynd á mótunarstigi. Það á algjörlega eftir að sýna sig hvort hlutirnir ganga upp. Þar byggja menn á upplýsingum frá fyrirtækinu sjálfu, þeim mönnum sem eðlilega reyna að sanna hugmyndir sínar og tala fyrir þeim. Það er eðlilegt. Það er þeirra hlutverk. En það er miklum erfiðleikum bundið að fá á það óháð mat og það mundi sennilega aldrei koma neitt annað út úr því en að áhættan væri gríðarleg. En menn hafa ekki einu sinni reynt það. Þeir hafa nú ekki einu sinni reynt það. Það liggur ekkert slíkt fyrir. Að vísu er talað um einhver blöð frá tveimur eða þremur fjármálafyrirtækjum, Morgan Stanley og einhverjum öðrum, sem í ljós kemur að eru nátengdir viðkomandi fyrirtæki hagsmunatengslum. Hvar er hið óháða faglega mat? Hvar er það? Hvar eru

sérfræðingar á sviði erfðavísinda og lyfjaþróunar sem menn hafa reynt að leita til til að fá fleiri álit á því hversu líklegt sé að þetta dæmi gangi upp og að þetta takist svona? Ég hef ekki séð það. Það er ekki í málsskjölunum.

En það vekur athygli mína að helstu sérfræðingar landsins aðrir en þeir sem vinna hjá Íslenskri erfðagreiningu eru að skrifa í blöðin þessa dagana fullir efasemda. Mér er tjáð að margir erlendir sérfræðingar sem hafa fylgst mjög vel með þessu máli, breskir, þýskir og bandarískir, hafi gríðarlegar efasemdir. Þeir hafa reifað þær í umræðuþáttum í erlendum sjónvarpsstöðvum og í blaðagreinum. Það hefur ekkert verið farið í að skoða hvernig þetta vigtar saman, enda er málið auðvitað ekkert rekið á þeim forsendum að efnisþættir þess skipti máli. Þetta er bara borið hér þannig að okkur, herra forseti, að það er algerlega nakið. Tekin hefur verið pólitísk ákvörðun úti í bæ um að veita þessu ábyrgð og þá skal það keyrt hér í gegn og menn eru látnir hýða sjálfa sig með hrísvendi hér eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson frammi fyrir alþjóð. Það er hroðalegt að sjá. Helsta huggunin er að sól er að hækka á lofti og þá eru menn yfirleitt upplitsdjarfari en ella væri. Ég býð ekki í það hvernig þeim liði ef enn væri svartasta skammdegið, herra forseti.

[18:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst forláts á því að hafa verið svona seinn til að biðja um orðið til andsvars. En það kom mér bara svo á óvart að hv. þm. talaði stutt og lauk ræðu sinni skyndilega. Ég var bara algjörlega óviðbúinn. En ég vona að forseti virði mér það til vorkunnar, enda veitti hann mér orðið.

Ég vil segja um það sem kom fram hjá hv. þm. í fyrsta lagi hvað varðar deCODE og Íslenska erfðagreiningu, að ég vek athygli á því að í frv. er ekki verið að veita ábyrgðina, heldur veita fjmrh. heimild til að veita ábyrgðina að uppfylltum skilyrðum sem hann metur gild. Auðvitað verður gengið frá því að sambandið þarna á milli verði með þeim hætti að ríkið gæti hagsmuna sinna. Það er eðlilegt að það sé deCODE sem gefi út skuldabréfin því það er jú fyrirtæki skráð á alþjóðlegum markaði og því líklegra að það geti selt skuldabréf heldur en innlent eða íslenskt fyrirtæki. Ég tel því óþarfa að gera það tortryggilegt.

Í öðru lagi bendi ég á að Íslensk erfðagreining er mjög vel fjármagnað fyrirtæki. Það kemur fram í gögnum frv. að eigið fé fyrirtækisins er tæpar 18 þús. millj. kr. og í þeim upplýsingum sem efh.- og viðskn. fékk kom mjög skýrt fram að fyrirtækið er mjög vel fjármagnað til næstu ára í sínum plönum. Því eru engar líkur á að það steyti á skeri miðað við þær áætlanir sem það hefur gert og ekki er annað að sjá en það gangi vel eftir. Það er þá frekar til að styrkja málið að fyrirtæki sem á að fá ábyrgðina leggi allar sínar eignir undir. Það dregur frekar úr áhættunni sem vissulegar er fyrir hendi í þessu máli. Ég hef aldrei dregið dul á það í máli mínu að ég tel þetta auðvitað áhættumál. En það breytir því ekki að ég fylgi því.

[18:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fögnum því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur nú hafið upp málflutning fyrir Framsóknarflokkinn þó í andsvörum sé.

Mér er ljóst að þetta eru heimildarlög. Frv. er þannig úr garði gert. En það gerir málið að sumu leyti enn þá verra, enn þá fráleitara, vegna þess að með þessu frv. er lögunum um ríkisábyrgð og öllu því ferli sem þar er tryggt um málsmeðferð, ýtt til hliðar. Eftir stendur að ekkert annað en einföld heimild handa ráðherra til þess að taka upp pennann og skrifa 20 þús. millj. kr. ávísun. Það er hann, hæstv. ráðherrann, sem á að meta skilyrði málsins. Með öðrum orðum, hæstv. fjmrh. er settur í þann hroðalega gapastokk að hafa þessa heimild í höndunum án nokkurrar leiðsagnar, án nokkurra trygginga eða girðinga sem lögin setja fyrir því að einhver skilyrðu séu uppfyllt. Þetta er einhver ofboðslegasti kaleikur sem hefur verið settur á borð nokkurs manns mjög lengi.

Herra forseti. Í öðru lagi er sagt að fyrirtækið sé vel fjármagnað. Jú, það mun eiga svo sem 15–18 milljarða á bók, þ.e. það sem eftir stendur af hlutafjárútboðinu mikla. En það gengur hratt á það. Það brennur hratt upp. Fyrirtækið á fyrir u.þ.b. þriggja ára taprekstri að óbreyttu. Með öðrum orðum, algjör umskipti í afkomu fyrirtækisins þurfa að verða á allra næstu missirum ef ekki á illa að fara. Menn verða að setja tölurnar í sitt rétta samhengi, það samhengi að fyrirtækið er að tapa 4–5 milljörðum á ári. Það hefur heldur dregið í sundur með tekjum og gjöldum miðað við uppgjör síðasta árs. Svona er þetta.

Herra forseti. Í þriðja lagi má færa rök fyrir því að á sinn hátt væri áhættan miklu minni í sjálfstæðu dótturfyrirtæki hér sem væri þá ekki annað en reksturinn utan um þennan vinnustað og staðsett hér. Þó að ríkið væri þar í einhverri ábyrgð þá væri það betur sett en að vera komið með svona stóra ábyrgð inn í sjálft móðurfyrirtækið. Ég held vel megi færa rök fyrir því að ef þetta dótturfyrirtæki væri sæmilega vel fjármagnað í grunninn, t.d. með 5.000–8.000 millj. kr. eigið fé frá Íslenskri erfðagreiningu plús ábyrgð ríkisins, væri það betur sett en samkvæmt þessu fyrirkomulagi hér.

[18:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að stjórnvöld þurfa að huga að því að skapa þannig skilyrði í atvinnulífinu að unnt sé að treysta á hagvöxt á komandi árum til að byggja upp áframhaldandi betri lífskjör. Veikleikinn í íslensku hagkerfi er sá að útflutningstekjur sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eru frekar lágar og það hlýtur að vera aðalverkefni íslenskra stjórnvalda á þessum tíma að reyna að styrkja atvinnugreinar sem hækka þetta hlutfall. Því er mjög eðlilegt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að koma á fót atvinnugreinum eins og virkjunum sem selja rafmagn til álvera og annað slíkt og líftækniiðnaði og honum tengdum, sem að sama skapi er til þess fallið að skjóta nýjum stoðum undir íslenskt efnahagslíf og vera til þess að bæta lífskjör íslensku þjóðarinnar til lengri tíma litið. Þetta verða íslensk stjórnvöld að gera. Þau gera það annars vegar með almennum aðgerðum og hins vegar með sértækum aðgerðum.

Herra forseti. Ég minni á að í vetur beitti ríkisstjórnin sér fyrir almennum aðgerðum á sviði skattamála með því að lækka skatta og gera fleiri slíkar aðgerðir. Hv. þm. studdi ekki þær aðgerðir. Hann studdi það ekki að skapa hin almennu skilyrði. Nú hefur ríkisstjórnin líka ákveðið að beita sér fyrir sértækri aðgerð til að koma á fót atvinnugrein sem verður byggð upp í þekkingarþorpinu í Vatnsmýrinni. Hv. þm. styður það ekki heldur.

Til að rifja upp söguna fyrir hv. þm. þá beitti ríkisstjórnin sér fyrir því á sínum tíma, fyrir nokkrum árum til þess að koma á fót jarðgöngum undir Hvalfjörð að ríkisábyrgð

yrði veitt á framkvæmdina að hluta til. En hv. þm. gat ekki einu sinni stutt það. Hvernig ætlar hv. þm. að standa að því að bæta lífskjör íslensku þjóðarinnar til lengri og skemmri tíma þegar hann greiðir atkvæði gegn öllum aðgerðum, bæði almennum og sértækum?

[18:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég studdi ekki skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á hátekjufólk og stórfellda lækkun á tekjuskatti gróðafyrirtækja. En það kom jafnframt fram í okkar máli að við vildum frekar verja fjármunum, ef á annað borð væri farið út í það, með aðgerðum sem kæmu nýsköpun í atvinnulífinu til góða, nýjum fyrirtækjum en ekki rótgróðum gróðafyrirtækjum. Það var á þeim sem tekjuskatturinn var lækkaður, hv. þm., hafi það farið fram hjá hv. þm.

Ég held að sá sem hér stendur varla sakaður um að hafa verið sérstakur dragbítur í sambandi við Hvalfjarðargöngin því hv. þm. ætti að vita að hér stendur nú sá sem flutti fyrsta frv. um það mál og gerði samningana um það mál. Hér urðu hins vegar deilur um breytingar sem þar voru gerðar, þ.e. ríkisábyrgð á einstökum þætti málsins. En það liggur fyrir að ég og þáv. hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, „president", sem nú býr á Bessastöðum, komum því máli í gegnum þingið og lögðum drög að því að sú framkvæmd komst af stað þó rækilega hafi verið reynt að breiða yfir þá staðreynd þegar Sjálfstæðisflokkurinn var að opna göngin nokkrum árum síðar. En vonandi ætlar hv. þm. ekki að ganga í lið með þeim og fara að umskrifa söguna svona jafnóðum eins og þeir gerðu í Kóreu að sögn. (Gripið fram í.)

Það er rétt að við þurfum að auka útflutningstekjur. En það er ekki sama hvernig það er gert. Þjóðarbúið er skuldsett og það er nú ekki eins og að valin sé ódýrasta leiðin hér, herra þingmaður. 35 þúsund milljónir á það að kosta að sögn samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu að koma upp 200–250 manna vinnustað. Það er nú býsna drjúgt á hvert starf. Við höfum einmitt verið að flytja tillögur um almennar aðgerðir, t.d. aðgerðir til endurreisnar skipaiðnaðinum. Er það ekki atvinnustefna? Mundi það ekki skipta máli á þeim stöðum þar sem hann var áður blómlegur, eins og á Akureyri, í Hafnarfirði, Seyðisfirði, Stykkishólmi o.s.frv., Ísafirði þar sem hv. þm. þekkir til og rekin var hin ágæta skipasmíðastöð Marselíusar Bernharðssonar eins og hv. þm. veit.

Herra forseti. Ég held að það sé fjölbreytnin og einmitt það að setja ekki öll egg í sömu körfu sem við eigum að hafa að leiðarljósi, en ekki þessi aðferð hér að veðja á einstaka stóra kosti og kosta þar óhemju fjármunum til eða taka þar ógurlega áhættu.

[18:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta hefur verið lífleg og skemmtileg umræða að mörgu leyti þó ég verði að segja að málefnið veki mér nú nokkurn hroll þrátt fyrir það.

Eftir því sem ég fæ best séð er áhættan mjög mikil í þessu máli. Hún er mjög mikil viðskiptalegs eðlis og hún er einnig mjög mikil varðandi þá afurð sem menn hyggjast framleiða, þ.e. lyf. Þar er geysilega mikil óvissa þannig að bæði viðskiptahliðin og framleiðsluhliðin eru að mínu viti háð mikilli óvissu.

Ekki ætla ég að gefa mig út fyrir það að hafa mikið vit á lyfjum. Sem betur fer nota ég þau afar sjaldan. Ég veit eiginlega ekkert um þau. Kannski hef ég ekki heldur mikið viðskiptavit. Ég er þó sæmilega töluglöggur. Hvað um það. Mér er samt ætlað sem þingmanni hér á þinginu að taka afstöðu til þessa máls, hvort sem þekking mín á því er næg eða ekki. Ég reyni eðlilega að setja mig inn í það sem við erum að reyna að fjalla um eftir því sem ég hef tök á.

Við eigum ekki sæti í efh.- og viðskn. og höfum ekki komið að upplýsingum um málið þar. Ég get hins vegar lesið mjög skilmerkilega það sem sett hefur verið fram í nefndarálitum 1. og 2. minni hluta því mér fannst ekki mikið að græða á áliti meiri hlutans varðandi þau vafaatriði og spurningar sem hljóta að vakna þegar fjallað er um þetta mál. Ég stend því frammi fyrir því að taka afstöðu til þessa máls eins og margir aðrir þingmenn.

Ég sé í nefndaráliti 2. minni hluta að því er haldið fram að nánast allar upplýsingar skorti til þess að þingmenn geti fengið yfirsýn yfir málið. Mér sýnist í nál. beggja minni hlutanna að færð séu fyrir því mjög sterk rök að yfirsýn skorti í þessu máli til þess að þingheimur geti tekið upplýsta afstöðu til þess hvort hér sé um verðugt verkefni að ræða sem muni skaffa mikla fjármuni í framtíðinni og að sú ábyrgð sem við værum þá að veita til fjmrh. samkvæmt þessu frv., væri nokkuð trygg, þ.e. að ekki verði miklar líkur til þess að hún félli á þegna þjóðarinnar.

Ég fæ ekki séð að þessum spurningum sé svarað þannig að það breyti þeirri skoðun sem ég hef myndað mér á málinu, að áhættan sé mikil og hér sé verið að taka þá stefnu að láta eitt fyrirtæki, þ.e. Íslenska erfðagreiningu, njóta sérstaks forgangs umfram mörg önnur fyrirtæki sem starfa hér á lyfjasviði. Niðurstaða mín er því sú að ég treysti mér ekki til þess að styðja þetta mál sem við erum að fjalla um.

Ef ég fer aðeins yfir þau nál. sem ég er með fyrir framan mig frá 1. og 2. minni hluta þá vakna margar spurningar. Á bls. 5 er verið er að meta hæfni fyrirtækisins, fjárhagslega stöðu þess og annað slíkt og heildarfjárfestinguna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Af heildarfjárfestingarþörfinni, u.þ.b. 35 milljörðum íslenskra króna, er gert ráð fyrir að fjárfesting í húsnæði og búnaði verði um 8–10 milljarðar en önnur útgjöld 25–27 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir því að þeir 15 milljarðar sem upp á vantar verði fjármagnaðir með tekjum af starfseminni, eiginfjárframlögum og lánum."

Svo kemur þessi gullvæga setning:

„Hlutfall hvers þáttar í fjármögnuninni ræðst af gengi verkefna og stöðu fyrirtækisins í heild ..."

Þetta er kortlagningin á því hvernig þessi fjármögnun mun eiga sér stað.

Síðan vitum við að Íslensk erfðagreining hefur hingað til verið rekin með tapi og tekjur fyrirtækisins eru ekki neitt nálægt því að koma fyrirtækinu í hagnað. Samt er okkur sagt hér í svörum og það segir í þessu nál. 1. minni hluta á bls. 6, þ.e. þá kemur spurning númer 9:

„9. Hvað má áætla að núverandi eigið fé og áætlaðar tekjur dugi lengi til að reka fyrirtækið án nýrrar innspýtingar eða aðgerða til að styrkja reksturinn?"

Svarið er:

„Samkvæmt greiningarskýrslum er áætlað að frjálsar og bundnar bankainnstæður (167 milljónir bandaríkjadollara) séu nægjanlegar til reksturs núverandi starfsemi a.m.k. í þrjú ár vegna núverandi starfsemi. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir að fyrirtækið verði rekið með hagnaði."

Mér er nú sem ég sæi að ein svona setning dygði mönnum hér í bankakerfinu eða í Byggðastofnun til þess að lána fyrirtækjum ef ekki er betri upplýsingar á bak við það en

hér er gerð grein fyrir. En þetta eru þær upplýsingar sem við þingmenn eigum að byggja á til þess að taka afstöðu.

Á bls. 6 er 7. spurning sem hljóðar svona, með leyfi forseta:

„7. Var gengið úr skugga um að fyrirtækið gæti ekki fengið lánafyrirgreiðslu á markaði hér innan lands eða erlendis áður en vilyrði voru gefin af hálfu ríkisvaldsins fyrir ríkisábyrgð?"

Svarið er:

„Hugmyndir um fjármögnun sem kynntar eru í frumvarpinu gera ekki ráð fyrir því að um hefðbundna lánsfjármögnun verði að ræða heldur verði lögð áhersla á skuldabréf með breytingu í hlutfé samkvæmt tilteknum skilmálum. Þetta þýðir að sá hópur fjárfesta sem leitað verður til með fjármögnun verður fjárfestar sem sérhæfa sig á þessu sviði.

Stærð verkefnisins veldur því að ekki er talið líklegt að innlendir lánveitendur eða fjárfestar gætu séð um fjármögnun af því tagi sem hér er um ræða. Erlendir lánsfjár- og hlutabréfamarkaðir eru einnig erfiðir um þessar mundir til fjármögnunar á verkefnum á þessu sviði vegna almenns samdráttar í efnahagslífi og afleiðinga atburðanna frá 11. september. Því er líklegt að bein lánsfjármögnun án ríkisábyrgðar yrði fyrirtækinu það óhagstæð að álitamál yrði hvort það sæi sér hag í því að fara þá leið."

Herra forseti. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að sem leikmaður á þessu sviði en lesandi þau svör sem hér eru gefin þá veita þau mér ekki mikla festu í því að breyta um skoðun í þessu máli. Ég verð því bara sem óbreyttur þingmaður að reyna að leggja mat á það sem hér kemur fram, enda get ég ekki annað en lesið þau plögg sem koma frá efh.- og viðskn. og eru í þessum álitum og reynt að mynda mér skoðun á verkefninu.

Í þessum nefndarálitum segir líka að ekkert áhættumat hafi verið framkvæmt af óháðum fagaðila á þeim áætlunum fyrirtækisins sem lagt er upp með. Ekki eykur það möguleika okkar þingmanna til að taka upplýsta afstöðu í málinu. Það auðveldar það alla vegana ekki, herra forseti.

Herra forseti. Í umsögnum í nál. 2. minni hluta er vikið að samkeppni bæði á framleiðslusviði og eins um starfsfólk. Þar segir, með leyfi forseta:

„Varðandi fullyrðingu um að umrædd ríkisábyrgð hafi ekki skaðleg áhrif á viðkomandi markaði vísast til ábendinga þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru til staðar í skyldum greinum og er því þjónað af starfsfólki sem hefur sambærilega menntun og það fólk sem Íslensk erfðagreining ehf. mun leitast eftir að fá til starfa við hina nýju deild.

Þau benda á að um gríðarmikinn aðstöðumun í samkeppni um vinnuafl verði að ræða þegar einum mjög stórum aðila er veitt fyrirgreiðsla til fjármagnsöflunar í formi ríkisábyrgðar, sem að sjálfsögðu lækkar til muna vaxtakostnað hans og bætir þar með til muna samkeppnisstöðu þess fyrirtækis gagnvart öðrum."

Herra forseti. Ég sé ekki betur á þeim umsögnum sem hafa borist, þeim tilvitnunum sem hér eru og einnig á svörum sem fylgja með þessum nál. frá þeim aðilum sem voru kallaðir fyrir nefndina en að menn hafi miklar efasemdir um það sem hér er verið að leggja upp með. Mér sýnist menn færa fyrir því mörg rök sem ég get ekki annað en tekið mark á og tekið tillit til. Þau rök styðja þá skoðun mína að ekki beri að veita þessa ábyrgð.

Herra forseti. Síðan má spyrja almennt í svona pólitískri umræðu um það hvers vegna afstaða stjórnarflokkanna og ríkisvaldsins komi nú upp með þessum hætti, þ.e. að vilja sérstaklega fara í að styrkja þessa stefnumótun um að eitt fyrirtæki, Íslensk erfðagreining í þessu tilfelli, fái mikla ríkisábyrgð til þess að efla hér atvinnulíf.

Við Íslendingar höfum í gegnum árin reynt að leitast við að halda hér uppi þjónustu við skipaiðnaðinn. Að því var vikið í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan. Ég hafði hugsað mér að gera það að nokkru umræðuefni hér vegna þess að mér finnst að stefna ríkisstjórnarinnar í skipasmíðaiðnaði, bæði í skipasmíðum og viðhaldi, hafi verið sú að þessi iðnaður hefur nánast verið látinn drabbast niður. Þarna var um að ræða fjölmörg störf, herra forseti, og þessi störf voru ekki bara bundin við Reykjavik. Þau voru stunduð vítt og breitt um landið.

Ég tel að mikill skaði hafi verið af því hvernig ríkisvaldið hefur haldið á málefnum skipasmíðaiðnaðarins og hvernig hann hefur í raun verið látinn drabbast niður vegna þess að stjórnvöld hafa hvorki haft vilja, burði né getu. Kannski getu, ég veit það ekki. En það sem hefur hins vegar vantað í þetta er stefnumótun til þess að reyna að halda þessum þekkingariðnaði í landinu og gera hann sterkari og samkeppnisfæran.

Hér erum við að fara í sérstaka ábyrgð til þess að efla samkeppni á lyfjasviði og efla nýsköpun þar. Ég sakna þess að menn skyldu ekki hafa tekið skýra stefnu varðandi skipasmíðaiðnaðinn um að tryggja þróun skipasmíðaiðnaðar hér á landi og að viðhaldið á flotanum væri til staðar. Við vitum að þessi iðnaður var vítt og breitt um landið, á Seyðisfirði, í Neskaupstað, Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Keflavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi og Reykjavík, svo dæmi séu tekin. Því miður hefur iðnaðurinn átt verulega undir högg að sækja. Hann hefur þurft á ákveðnum stuðningsaðgerðum að halda sem eru við lýði í mörgum löndum hér í kringum okkur. En hann hefur ekki fengið þann stuðning og verið látinn drabbast niður.

Ég tel að þarna hafi verið illa að verki staðið. Í þessum iðnaði hefðum við getað viðhaldið mörgum arðbærum og ágætlega launuðum störfum ef vel hefði verið staðið að verki.

Herra forseti. Í annan stað langar mig að víkja að því hvers vegna ríkið hafi tekið þá stefnu að selja í miklum mæli fyrirtæki sem oft og tíðum á undanförnum árum, alla vegana seinni árin, hafa verið að skila verulegum arði í rekstri. Hvers vegna, herra forseti, hafa menn séð sér svo mikinn hag í því að losa sig við góð og rekstrarhæf fyrirtæki? Nú ætla menn sérstaklega að taka mikla ábyrgð á einu fyrirtæki til þess að stofna hér til atvinnu.

Auðvitað er hægt að nefna margt í þessu sambandi. Upp í hugann koma mjög fljótlega fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjur ríkisins, Íslandsbanki-FBA, Áburðarverksmiðjan, Landsbankinn og Búnaðarbankinn — það sem búið er að selja í þeim — Hitaveita Suðurnesja og nú stendur til að ríkið selji hlut sinn í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Ef ég man rétt, herra forseti, þá hafa eiginlega öll fyrirtækin sem ég hef hér nefnt skilað góðum arði á undanförnum árum og missirum. Sum eru enn þá að hluta í ríkiseign með ágætisarð, m.a. Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki og Landsbanki/Búnaðarbanki. Ég veit ekki annað en Hitaveita Suðurnesja hafi verið að skila hagnaði. Hún var reyndar seld. Ríkið seldi hlut sinn þar nýlega. En nú liggur fyrir þinginu ákvörðun um að veita ríkisábyrgð fyrir miklum áhætturekstri sem byggist annars vegar á viðskiptahugmynd um að framleiða lyf og þeirri miklu áhættu sem felst í lyfjaframleiðslu, eins og þeir vita sem hafa lesið sér til. Þar lánast aðeins örfá

framleiðsluferli. Um 90% af lyfjaframleiðslunni fellur sem markaðshugmynd eða framleiðslulyf og aðeins 10% nýtast áfram og fá af þeim verða í raun það sem kallað er „topp söluvara“ eða lyf sem skila miklu. En þau lyf sem tekst að framleiða og verða virk á markaði gefa mikið í aðra hönd. Því er ekki að neita.

Herra forseti. Hvernig sem á málið er litið þá er niðurstaða mín sú að hér sé íslenska ríkið að taka of mikla áhættu. Með þessari ábyrgð erum við að ábyrgjast skuldbindingu upp á u.þ.b. 300.000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Niðurstaða mín er sú, herra forseti, miðað við þekkingu mína og þær upplýsingar sem ég hef skoðað og reynt að afla mér, að ég mun ekki treysta mér til þess að greiða því atkvæði.

[19:18]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 630. mál, brtt. SJóh, þskj. 1399.

Stjórn fiskveiða, 562. mál, þskj. 1362.

Varnir gegn landbroti, 504. mál, nál. landbn., þskj. 1396; brtt. landbn., þskj. 1397.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–61. mál.

Fundi slitið kl. 19:19.

---

131. FUNDUR

laugardaginn 27. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086. — 3. umr.
2. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247. — 2. umr.
3. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1303, brtt. 1244. — 3. umr.
4. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073, nál. 1257 og 1261. — 2. umr.
5. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — 3. umr.
6. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038 og 1328. — 3. umr.
7. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 720. mál, þskj. 1227. — 3. umr.
8. Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, þáltill., 730. mál, þskj. 1277. — Síðari umr.
9. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082. — 3. umr.
10. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1394. — 3. umr.
11. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 947 (með áorðn. breyt. á þskj. 1280). — 3. umr.
12. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1302. — 3. umr.
13. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 1309. — 3. umr.
14. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1312, brtt. 1364. — 3. umr.
15. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — Frh. 3. umr.
16. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — 2. umr.
17. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143 og 1387. — 2. umr.
18. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.
19. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — Frh. 2. umr.
20. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — Frh. 2. umr.
21. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.
22. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — 2. umr.
23. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.
24. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198. — 2. umr.
25. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — 2. umr.
26. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.
27. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278, brtt. 1279. — Síðari umr.
28. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.
29. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.
30. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.
31. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360. — 2. umr.
32. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327. — 2. umr.
33. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347, nál. 1332. — 2. umr.
34. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902, nál. 1333, brtt. 1334 og 1373. — 2. umr.
35. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — 2. umr.
36. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 797, nál. 1354. — 2. umr.
37. Landgræðsluáætlun 2003 – 2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873, nál. 1357. — Síðari umr.
38. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437, nál. 1383, brtt. 1384. — 2. umr.
39. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 630. mál, þskj. 1001, nál. 1382, brtt. 1399. — 2. umr.
40. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 504. mál, þskj. 796, nál. 1396, brtt. 1397. — 2. umr.
41. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910, nál. 1372. — 2. umr.

42. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 1362. — 3. umr.

43. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264, nál. 1375 og 1381. — 2. umr.

44. Deilur Ísraels og Palestínumanna, þáltill., 734. mál, þskj. 1345. — Fyrri umr.

45. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.

46. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.

47. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.

48. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Síðari umr.

49. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Síðari umr.

50. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Síðari umr.

51. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Síðari umr.

52. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Síðari umr.

53. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Síðari umr.

54. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Síðari umr.

55. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Síðari umr.

56. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Síðari umr.

57. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1371. — Síðari umr.

58. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44, nál. 1374. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stjórnarfrumvörp og framhald þinghalds.

[10:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við erum að hefja hér þingfund á laugardegi. Það eru 58 mál á dagskrá. Þinghaldinu átti að ljúka sl. miðvikudag. Fyrir mánuði voru allgóðar líkur á að áætlanir þingsins mundu standast. Þá gerist það að ríkisstjórnin fer að skófla inn í þingið hverju stórmálinu á fætur öðru og gerir nú kröfu um að þau verði afgreidd fyrir þinglok. Mér finnst kominn tími til þess að menn setjist af alvöru niður og ræði framhald þinghaldsins. Hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn verða að gera sér grein fyrir því að þeir geta ekki stillt Alþingi upp við vegg með þessum hætti. Hér voru áform, hér var ákveðið skipulag á málum, og stefnt var að því að ljúka þinghaldinu sl. miðvikudag. Við lýstum vilja til þess að láta þessar áætlanir ganga upp, og sá vilji stendur enn. En við látum ekki bjóða okkur þau vinnubrögð sem við verðum nú vitni að af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég óska eftir því að boðað verði til fundar með formönnum þingflokka til að ræða þessi mál og reyna að koma skipulagi á þau. Eða hvað stendur til að gera hér í dag? Hvenær á að ljúka þinghaldinu í dag? Á hádegi? Klukkan þrjú? Klukkan fjögur? Hvaða áform eru uppi? Við verðum að fá betra skipulag á hlutina.

[10:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. þm. flytur hér stundum skrýtnar ræður, t.d. núna og eins í upphafi þingfundar í gær. Hann fárast yfir því að þinghaldi skuli ekki vera lokið. Hann fárast yfir því að þingfundur skuli vera á laugardegi. Ástæðan er mjög einföld: Þingmenn vilja ræða þau mál sem verið er að taka fyrir og það hvarflar ekki að nokkrum manni að takmarka rétt þingmanna til að tala í málum. Þingmaðurinn ber fram tvær kröfur sem eru algjörlega ósamrýmanlegar. Annars vegar setur hann fram þá kröfu að hann og þingmenn hans geti talað dögum saman í einu máli. Hins vegar ber hann fram þá kröfu að þinghaldi ljúki fljótt. Þetta fer ekki saman. Þingmaðurinn verður að gera það upp við sig hvort hann ætlar að láta ráða, að flytja langar og margar ræður í mörgum málum eða að halda sig eftir föngum við áformin eins og þau voru um störf þingsins. Það fer ekki saman sem þingmaðurinn hefur staðið fyrir síðustu daga og viku, að standa hér fyrir maraþonræðum, í að útskýra mál sitt í alveg feiknarlega löngu máli og gera að þeim ræðum loknum kröfu til þess að þinghaldið standi skemur en lengur. Hins vegar er alveg sjálfsagt mál að ræða við hann og aðra um framgang mála og lok þinghaldsins. Ég tel að allir séu sammála að það eigi að gera en það gengur illa meðan menn hafa uppi tvær ólíkar kröfur í þessum málum.

[10:03]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Við erum kannski að endurtaka umræðuna sem við tókum í upphafi þingfundar í gærmorgun. Í sjálfu sér er eðlilegt að spurt sé hvert stefni og hvenær við hyggjumst ljúka þinghaldinu. Það er orðið ljóst að við munum ekki klára fyrr en í næstu viku og í sjálfu sér kannski ekkert skelfilegt við það. Mér finnst allt í lagi að þinghaldið dragist eitthvað fram yfir það sem fyrirhugað var. Ég tek þó undir að mikilvægt sé að menn setji sér nýjar áætlanir.

Ég vil leggja á það áherslu, í ljósi þess að við höfum setið lengi við síðustu daga og jafnvel kannski farið að telja það í vikum, að við hættum á skikkanlegum tíma í dag. Það er a.m.k. ljóst að á mánudaginn verður áfram haldið. Það eru u.þ.b. 60 mál á dagskránni sem þarf að klára, og það er ljóst að næsta vika sem telur bara fjóra virka daga nægir varla til að klára þau mál sem fyrir liggja. Það er því ljóst að við þurfum að setjast niður og setja okkur nýjar áætlanir.

[10:04]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að það eru nokkur stórmál sem stjórnarflokkarnir ætla sér að klára, og sem menn vilja greinilega tala mikið í. Meðan þingmenn stjórnarandstöðunnar halda hér ræður upp á marga klukkutíma er alveg ljóst að það tekur tíma að ræða þau. Ég tel að þá muni þinghaldið auðvitað dragast á langinn en ég tek undir að auðvitað er sjálfsagt að menn ræði málin. Allir hljóta samt að gera sér grein fyrir því að meðan verið er að halda hér tveggja, þriggja klukkutíma langar ræður ganga málin seint.

[10:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vakti athygli á því að fyrir mánuði voru allar líkur á að áætlanir þingsins mundu standast. Þá gerist

það að hæstv. ráðherrar koma inn í þingið með hvert stórmálið á fætur öðru, sum hver mjög illa undirbúin, önnur mjög umdeild. Það skal engan undra að menn vilji ræða ítarlega frumvörp á borð við frumvarp hæstv. fjmrh. um ríkisábyrgð upp á 20 milljarða króna. Það væri óeðlilegt ef þingið léti það fram hjá sér fara að óathuguðu máli og gerði ekki annað en að stimpla frv. ríkisstjórnarinnar. Það væri óábyrgt. Og það ætti hv. þingflokksformaður Framsfl. að vita.

Það er þetta sem ég gagnrýni, að ríkisstjórnin kemur á síðustu dögum og vikum þingsins fram með hvert stórmálið á fætur öðru. Hv. þm. má líka vita að ég hef verið talsmaður þess að samið verði um þinghaldið. Það er mikilvægt að við getum byggt á markvissum áætlunum og að þær áætlanir standist en þá verða allir að sjálfsögðu að sýna fulla ábyrgð. Gagnrýni mín beinist fyrst og fremst að ríkisstjórninni í þessu efni. Það er hún sem hefur hagað sér á óábyrgan hátt.

Ég tel mjög mikilvægt, ef við ætlum að láta áætlanir standast og hafa hér skipulag á hlutunum, að við setjumst yfir málin og ræðum hvaða mál á að afgreiða og hver á að láta bíða til haustsins. Það er alveg ljóst að það verður að sjálfsögðu að forgangsraða á einhvern hátt ef við eigum að koma hér skikki á hlutina.

[10:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir þá gagnrýni hjá hv. þm. að stundum koma mál frá ríkisstjórninni afar seint fram. Það hefur gerst á þessu þingi, eins og stundum áður, að ráðherrar hafi verið seinir með mál sín. Það á auðvitað við um mál eins og um ríkisábyrgðina til deCODE. En það er ekki við ríkisstjórnina eina að sakast í þeim efnum. Hún leggur málið fram með stuðningi þingflokka. Málin eru tekin fyrir á Alþingi með stuðningi þingsins þannig að það er þingið sjálft sem ákveður að lokum að þessi mál eru tekin fyrir. Það er því ósanngjarnt að beina gagnrýninni sérstaklega að ríkisstjórninni í þessum efnum. (**ÖJ:** Þingflokkum stjórnarinnar þá.) Öllu þinginu, herra forseti. Það er þingið sem veitir afbrigði fyrir því að taka mál fyrir ef þau koma of seint fram.

Ég vil svo segja, herra forseti, að ég er alveg sammála því að menn eiga að ræða mál vandlega og segja hug sinn allan í þeim efnum. En það má stundum ofgera í þeim efnum eins og öðrum, og þingmenn þingflokks Vinstri grænna hafa talað hér alveg óskaplega mikið um þetta mál og hafa verið einir um það. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa ekki raðað sér á mælendaskrá í þeim mæli sem þingmenn Vinstri grænna hafa gert hér dögum saman í þessu máli. Það hefur ævinlega verið þannig, herra forseti, að þegar einn þingmaður þeirra var að stíga úr ræðustól steig annar í ræðustólinn og hinir fjórir voru allir á mælendaskrá.

[10:10]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á því að stjórnarflokkarnir eiga 38 þingmenn af þeim 63 sem sitja á Alþingi. Ég ítreka (Gripið fram í.) að við ætlum að ljúka þeim stóru málum sem við höfum verið að ræða undanfarna daga. Ég vek alveg sérstaka athygli á því, og tek undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, að ef við tökum t.d. gærdaginn sem dæmi hófst þingfundur klukkan tíu og lauk um kvöldmat. Þar talaði einn þingmaður frá Sjálfstfl. og einn þingmaður frá Samfylkingunni um deCODE sem var á dagskrá, þ.e. ríkisábyrgðina til Íslenskrar erfðagreiningar, en aftur á móti einokuðu þingmenn Vinstri grænna umræðuna og stigu í ræðustól hver á fætur öðrum. (**ÖJ:** Það væri betur að fleiri tjáðu sig um málið.)

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (norsk-íslenski síldarstofninn). — Þskj. 1086.

[10:11]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Við hefjum hér lokaumræðu, 3. umr. um frv. sjútvrh., um veiðar á norsk-íslensku síldinni og fyrirkomulag þeirra á næstu árum. Í frv. er lagt til að veiðirétti í norsk-íslensku síldinni skuli skipt upp miðað við veiðireynsluna frá 1994–2001.

Það verður að segjast eins og er að hér er verið að taka ákvörðun um enn eina kvótaskiptinguna á grundvelli þess fyrirkomulags sem ríkisstjórnin hefur unnið eftir, að sem flestar tegundir skuli rata inn í einhvers konar kvótakerfi og að sú úthlutun skuli festast í sessi. Um veiðar utan lögsögu höfum við samt sérlög, herra forseti, önnur en hin almennu lög um stjórn fiskveiða, sérlög um annars vegar svokallaða deilistofna, sem ganga inn og út úr lögsögu okkar, og hins vegar um stofna sem veiðast almennt utan lögsögunnar. Sem dæmi um þessa tvo stofna og framkvæmd þessara laga sem við ræðum hér, lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, má nefna tvær kvótaskiptingar. Önnur er fyrirkomulag okkar á veiðum á Flæmingjagrunni þar sem við Íslendingar einir þjóða erum með kvótaskiptingu á skip en aðrar þjóðir veiða eftir sóknardögum. Þarna er um að ræða stofn sem auðvitað er ekki deilistofn heldur skiptist eftir ákvæðum laganna á sínum tíma og þar var notuð svokölluð innskilaregla. Í slíkum stofnum má mest skila inn í lögsöguna 7% af þeim þorskígildum sem verið er að úthluta samkvæmt þessum lögum sem við erum að ræða. Hitt dæmið sem við höfum um framkvæmd skiptingar veiðistofns á grundvelli þessara laga sem við erum að ræða er kvótaskiptingin á Reykjaneshrygg þegar úthafskarfanum, 45 þús. tonnum sem kom í okkar hlut og samið var um fyrir mörgum árum að yrði hlutur Íslendinga úr þeim veiðum, var skipt upp milli þeirra skipa sem veiðireynslu höfðu.

Þar var í annan stað einnig viðurkenndur svokallaður frumkvöðlaréttur, þ.e. þeir sem höfu veiðarnar fyrstir og sýndu fram á að þarna mætti ná árangri við veiðar fengu viðurkenndan ákveðinn frumkvæðisrétt. Síðan var einnig viðurkennt að þorskígildum skyldi skila inn í lögsöguna undir hinni reglunni sem er í 4. mgr. 5. gr. þessara laga. Þar segir að binda megi úthlutun því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum úr fiskstofnum innan lögsögu Íslands er nemi reiknað í þorskígildum allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ný úthlutun færi þeim. Í þessu tilviki, á Reykjaneshryggnum, var skilað inn 8% af þeim þorskígildisverðmætum sem verið var að úthluta á Reykjaneshrygg. Þetta varð til þess að innskilareglan varðandi rækjuna á Flæmingjagrunni skilaði inn í lögsöguna 275 tonnum, að mig minnir, sem var mest skilað í rækju. En innskilareglan á Reykjaneshrygg skilaði inn tæpum 2 þús. þorskígildistonnum til annarra skipa en þeirra sem veiðarnar höfðu stundað.

Þessi lög, nr. 151/1996, eru ekki útfærð svona af neinni sérstakri tilviljun. Það var rökrætt þegar verið var að semja

lagafrv. hvort ekki væri eðlilegt að þar sem sumir útgerðarflokkar væru að bæta við sig nýjum verkefnum og í raun að fá úthlutanir upp á framtíðarveiðirétt á meðan aðrir hlutar flotans væru bundnir við veiðar innan lögsögu og ættu litla möguleika á að sækja á dýpri slóðir eða í nýja veiðimöguleika, þá væri þeim hluta flotans sem eftir sæti innan lögsögunnar með einhverjum hætti bættur að hluta til sá kyrrstæði réttur í raun og veru sem hann hefir búið við. Reyndar hefur veiðirétturinn innan lögsögunnar ekki verið sá sami, því eins og allir vita hafa menn verið að skera verulega niður heimildir innan lögsögunnar, sem dæmi veiðar á þorskstofninum og reyndar á fleiri fiskstofnum á undanförnum árum. Því þótti mjög eðlilegt þegar verið var að semja frv. að svo skyldi með þetta farið að heimildarákvæði væri í lögunum um að þeir sem væru að vinna sér inn nýja veiðireynslu skyldu skila ákveðnu kvótahlutfalli inn í lögsöguna.

Það komu mörg sjónarmið til greina þegar við vorum að ræða frv. sem var aðdragandi þessara laga nr. 151/1996. Meðal annars var bent á það í umræðunum að á sama tíma og ákveðnir hlutar flotans voru að vinna sér inn veiðirétt þá voru þeir að leigja frá sér aflaheimildir innan lögsögunnar, aflaheimildir sem þeir notuðu ekki á sama tíma og þeir voru að vinna sér inn veiðiréttinn. Sem dæmi má nefna eins og ég sagði áður Reykjaneshrygg, Flæmingjagrunn, veiðar uppi í Barentshafi svo eitthvað sé nefnt, og síðan auðvitað veiðiréttinn í norsk-íslensku síldinni.

Þar sem veiðar innan lögsögunnar hafa jafnan verið það takmarkaðar að þær hafa í raun ekki dugað til að mæta úthaldi þess flota sem hefur stundað veiðar innan lögsögunnar þá varð þetta sjónarmið ofan á, bæði með tilliti til þess að menn voru að fá úthlutað varanlega eða til langs tíma veiðirétti, og sölu- og leiguvöru eins og þetta er uppsett, og svo hins að sömu skip og voru að vinna sér inn þessa veiðireynslu höfðu á sama tíma notið ríkulegrar leigugreiðslu fyrir þær aflaheimildir sem þau höfðu innan lögsögunnar en ekki nýttu sjálf. Í raun og veru hafði flotinn innan lögsögunnar sem hafði takmarkaðan veiðirétt greitt þeim sem voru að vinna sér inn nýjan veiðirétt sérstaka uppbót með því að þeir leigðu af þeim heimildirnar sem þeir ekki þurftu á að halda meðan þeir voru að vinna sér inn veiðiréttinn.

Það var einfaldlega talið sanngirnissjónarmið að svona skyldi þessu beitt, enda var það niðurstaðan í þessum tveimur stofnum sem við höfum skipt eftir þessum lögum, úthafskarfanum á Reykjaneshrygg og rækjunni á Flæmingjagrunni, að í báðum tilfellum var nokkrum kvóta skilað inn í lögsöguna. Ekki hefur ástandið lagast síðan því við erum á síðustu tveimur árum búin að skera niður þorskaflann innan lögsögu um 60 þús. tonn og það horfir nú kannski ekki allt of bjart með þorskinn. Kannski er rétt að víkja að því nokkrum orðum.

Margir fiskimenn tala um að fiskurinn við landið sé mjög horaður og illa haldinn, á sumum svæðum alla vega, og það eru ýmsar vísbendingar sem okkur ber að taka mark á þótt ekki hafi í raun verið að þeim hugað enn þá. Ég vil nú í ræðu minni nefna nokkrar þeirra, herra forseti.

Í fyrsta lagi bar það við í vetur að dauður svartfugl fannst rekinn fyrir öllu Norðurlandi, frá Vestfjörðum og austur um til Austfjarða. Og ekki nóg með það því þegar farið var að skoða þennan fugl þá reyndist hann mjög horaður, með nánast ekkert fitulag og virtist hafa drepist úr hor. Ég verð að segja fyrir mína parta að ég var nokkuð uggandi þegar ég heyrði þessar fréttir, kannski ekki í fyrstunni meðan þær virtust vera bundnar við einhver svæði. En þegar fór að bera á þessu fyrir öllu Norðurlandi fór maður auðvitað að hugleiða hvað þarna gæti verið á ferðinni. Í mínum huga er þetta vísbending um að eins árs loðnan sé ekki til staðar eða hafi ekki verið til staðar fyrir Norðurlandi og fuglinn þar af leiðandi ekki náð til þess ætis sem hann að öllu jöfnu lifir á norðan við landið yfir vetrartímann.

Hvað það svo merkir fyrir okkur í framtíðinni er auðvitað ekki gott að segja um. En þetta gæti verið vísbending þess að eins árs loðnan sé ekki til í því magni sem menn e.t.v. vonast eftir. Vonandi reynist þetta óþarfa áhyggjur mínar. En af einhverjum orsökum drepst svartfuglinn á svo stóru svæði. Svartfugli hefur fjölgað mikið á undanförnum árum eftir að menn hættu almennt að nytja björgin eins og hér á árum áður og kannski er þeim fuglastofni því ekki mikil hætta búin af því þó að nokkrar milljónir drepist. En þetta er örugglega vísbending um að ástandið í hafinu er eitthvað öðruvísi en við eigum að venjast.

Herra forseti. Í annan stað vil ég vekja athygli á því sem líka getur verið vísbending um að eitthvað sé að gerast í hafinu. Það er að síðasta ári fannst mjög mikið af þorskseiðum hér við land. En í togararalli Hafrannsóknarstofnunar fannst nánast ekkert af eins árs fiski. Þetta vekur mikinn ugg í brjósti um hvað hér geti verið á ferðinni. Það er auðvitað einnig þannig að smæsti þorskurinn leggur sér til munns smærri fæðu en stórloðnuna. Ef hann hefði aðstæður til að komast í smáloðnu þá mundi hann lifa góðu lífi á henni. Hvorug þessara vísbendinga er því góðs viti að mínu viti og ber að huga vel að þeim. Ég tók hins vegar eftir því að þrátt fyrir þessar vísbendingar um svartfuglinn og eins núna frá togararallinu þá hefur ekki verið gerð sérstök gangskör á vegum Hafrannsóknastofnunar að því að senda skip norður fyrir land til þess að kanna hvort þar sé til staðar mikið af eins árs loðnu eða ekki.

Mér finnst þetta hættulegar vísbendingar, herra forseti. Þetta var nú innskot í þessa umræðu en á þó hér fullt erindi vegna þess að við sitjum uppi með það að hinn almenni floti innan lögsögunnar hefur of litlar veiðiheimildir. Ekki síst í því ljósi væri eðlilegt að velta því upp hvers vegna nú eigi að kvótasetja síldina eftir þeim reglum sem hér er lagt upp með án þess að skila einum einasta titti inn í lögsöguna til þess flota sem þar hefur haft síminnkandi verkefni undir hinu göfuga og heimsfræga kvótakerfi okkar sem hefur verið kynnt um víða veröld sem einhver „mesta snilld" sem menn hafa fundið upp við fiskveiðistjórn. Þessi mikla snilld hefur ekkert byggt upp, því miður.

Fiskstofnarnir okkar, hinir almennu botnfiskstofnar, eru slakir og engin uppbygging hefur átt sér stað á aðalstofninum okkar, þorkstofninum. Af því hafa menn verulegar áhyggjur. Eins árs seiðin vantar eins og ég sagði áðan. Alla vega komu þau ekki fram í mælingu togararallsins og samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum togararallsins vantar stóra fiskinn einnig. Þannig er nú það, herra forseti.

Í ljósi þessa og þeirra tveggja fordæma sem úthlutað hefur verið eftir á grundvelli þessara laga verð ég að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki á þeirri framsetningu hæstv. sjútvrh. að koma með málin inn í þessum búningi og láta þess hvergi getið að hann hyggist nýta sér ákvæði laganna um innskilarétt. Þetta er eitt atriðið sem ég vildi ræða, herra forseti, í þessu sambandi.

Annað atriðið sem ég vil víkja að í þessu sambandi er á hvaða þorskígildisstuðli síldin er metin. Það er sláandi

þegar við veltum þessu fyrir okkur og þróuninni sem verið hefur á undanförnum árum og er örugglega í farvatninu, að norsk-íslenska síldin skuli metin á þorskígildinu 0,04. Miðað við þann flota sem við eigum orðið í stærri og öflugri skipum sem mörg hver eru búin til þess að flaka síldina um borð, frysta flökin eða fiðrildin eins og þau eru oft kölluð og lagera þau upp sem markaðsvöru til frekari vinnslu þá er verið að tala um mikinn verðmætisauka í síldinni. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna þessi stuðull er enn þá byggður á tölunni 0,04. Ef við berum saman einhverjar tvær tegundir þá er kolmunninn t.d. metinn á 0,03. Hvort skyldu nú vera meiri möguleikar á að skapa verðmæti úr kolmunnanum til manneldis, alla vegana eins og þær veiðar hafa þróast, eða síldinni? Ég hygg að eins og málum er nú háttað séu helmingi meiri líkur til þess að gera mikil verðmæti úr síldinni þó að vonandi takist okkur á næstu árum að vinna einnig manneldisvöru úr kolmunna.

Herra forseti. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að eitt fullvinnsluskip á síldveiðum getur hæglega afkastað í gegnum fullvinnslu sína úti á sjó 6–8 þús. tonnum á ári af síld. Því þarf svo sem ekki orðið mjög mörg fullvinnsluskip sem flaka og frysta síldina til þess að veiða þessi 132 þús. tonn sem okkur er ætlað að veiða núna af norsk-íslensku síldinni.

Herra forseti. Einnig er rétt að geta þess að við veiddum ekki nema hluta af síldinni á síðasta ári. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni upp á framtíðina því það er alveg ljóst að gegnum alla okkar samninga um skiptingu á veiðistofnum hefur veiðireynslan ráðið því hvernig okkur hefur verið úthlutað. Veiðireynslan réði því hvaða úthlutanir við fengum á Reykjaneshrygg. Veiðireynslan réð því hvað við fengum í norsk-íslensku síldinni þegar við vorum að semja um það við Norðmenn, Færeyinga og Rússa á sínum tíma. Og það var auðvitað veiðireynslan sem réði því líka á Flæmingjagrunni hvað við fengum þar. Og veiðireynslan mun ráða því hvaða hlutdeild við fáum í kolmunnanum þegar upp verður staðið, þ.e. ef honum verður skipt sem allar líkur benda til í framtíðinni.

Það er því auðvitað mikið mál fyrir okkur að stunda kröftugar veiðar á norsk-íslensku síldinni og nýta þann rétt sem okkur er ætlaður. Ég hygg að hin nýju og öflugu skip sem við erum komin með í þessar veiðar muni reynast okkur best við veiðar á þessari síld. Það er líka sá floti sem mun gera úr henni mest verðmætin úti á miðunum. Við vitum að síldin er oft átufull yfir sumartímann og það tekst ekki að flytja hana að landi til þess að vinna hana í manneldisvöru þótt koma megi með hana mjög ferska til að vinna úr henni hágæðamjöl.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, herra forseti. Ég tel að þessi stuðull á norsk-íslensku síldinni, 0,04, sé kolrangur miðað við þau verðmæti sem menn geta gert úr henni í dag. Og ef það er rétt hjá mér að hann sé kolrangur geta þessi skip gert úr þessu mest verðmæti, og hafa e.t.v. möguleika eftir þá kvótaskiptingu sem hér fer fram á að ná til sín veiðiréttinum, fá veiðiréttinn á góðum kjörum vægast sagt, réttara sagt mjög góðum kjörum, a.m.k. ef þessi stuðull er notaður. Það sem hefur auðvitað skeð núna er að verið er úthluta fáum útgerðarmönnum þessum veiðirétti, tiltölulega mjög fáum, byggðum á þeirri veiðireynslu frá 1994–2001.

Eitt atriði er rétt að láta koma hér fram til viðbótar því sem áður hefur verið sagt, herra forseti, því í lögunum nr. 151/1996 er einnig þriðja leiðin til að fá fram innskilarétt í lögsöguna varðandi það þegar verið er að úthluta þessu til ákveðinna skipa. Það byggir á ákvæði í enn einni reglunni í lögunum um möguleika á útfærslu til innskila sem byggist á nokkurs konar uppboði þeirra sem njóta vilja úthlutunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá getur hann [þ.e. ráðherra] ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafli er takmarkaður af."

Hér er verið að bjóða upp á það í lagatextanum að ráðherra auglýsi eftir því hvaða skip sækjast eftir þessum verðmætum, að fá að veiða þau og nýta. Í ljósi þess sem ég hef sagt um þorskígildisstuðlana væri kannski ekki úr vegi að reyna þessa þriðju aðferð laganna og sjá til hvað útgerðarmennirnir sjálfir meta þennan veiðirétt á. Meta þeir hann á 0,04 eða 0,08 eða hvað meta þeir hann á? Meta þeir hann hálft á móti þorski?

Kannski væri ekki úr vegi að fram færi könnun á því eftir þessari heimild laganna hvaða útgerðir vildu leggja af mörkum mest innskil inn í lögsöguna því ekki veitir þeim flota sem stundar veiðar innan lögsögunnar af miðað við þær takmarkanir sem þar eru í gildi og þá vöntun sem þar er á veiðiheimildum. Því til staðfestingar er rétt að vekja athygli á því, herra forseti, að þorskígildiskílóið er núna leigt á 170–175 kr. sem er náttúrlega komið nánast út úr öllu korti. Það eru fáar útgerðir og aðeins staðsettar hér á vertíðarsvæðinu sem geta stundað veiðar undir slíkum ofurleigurétti.

Þarna er í raun og veru í lögunum um veiðar utan lögsögu þriðja heimildin um það hvernig með þetta má fara. En allar hugmyndirnar byggjast á því að einhverju skuli skilað inn. Það verður auðvitað að segjast eins og er að þessi útfærsla í lögunum er svona meginlína, að þegar úthlutað er heimildum utan lögsögu skuli einhverju skilað inn í hana. Undir þessari útfærslu þar sem um deilistofn er að ræða ætti a.m.k. að fara eftir reglunni um að skila allt að 15% því það er reglan sem var notuð um útfærsluna á Reykjaneshrygg og þar erum við að veiða úr stofni sem er bæði innan og utan lögsögu með sama hætti og síldin getur auðvitað hagað sér.

Síðan er þessi mikla spurning sem við getum ekki svarað en hljótum að spyrja okkur: Hvenær mun síldin taka upp fyrri hegðun sína? Hvenær mun síldin ganga inn í lögsöguna svo um munar og jafnvel allt til Húnaflóamiða? Og þá kemur auðvitað þessi spurning: Er það sjálfgefið þegar slíkt hegðunarmunstur kemur upp að þá sé það fyrir fram einhver floti stórskipa sem eigi að nýta þennan veiðirétt, jafnvel þó að síldin gangi inn til fjarða og inn á sund? Það er auðvitað spurning sem við getum ekki svarað og vitum ekki hvenær verður af enda hafa Norðmenn það mikið í hendi sér hversu mikið viðhald og mikill vöxtur verður í þessum stofni. Ef þeir taka upp fyrri hegðun sem þeir ástunduðu lengi vel, að veiða smásíldina inni í norsku fjörðunum geta þeir auðvitað stjórnað því talsvert hversu stór þessi stofn verður. Sem betur fer hafa þeir á undanförnum árum ekki stundað veiðar á smásíld inni í fjörðunum sem neinu nemur og vonandi taka Norðmenn ekki aftur upp þær kröfur. En það eru ákveðin varúðarmerki gagnvart okkur. Norðmenn hafa látið í það skína og látið það koma fram í viðtölum við Íslendinga að þeir mundu sækja á það að veiðiréttur Íslendinga væri

minnkaður frá því sem nú er. Það er auðvitað alvarlegt mál ef svo fer.

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að lengja þessa umræðu mikið. Ég fór mjög gaumgæfilega yfir þetta við 2. umr. málsins, nánast allar hliðar þess og velti þeim fyrir mér frá ýmsum sjónarhornum. Ég tel það a.m.k. lágmarkskröfu að hæstv. sjútvrh. skili, miðað við það að þetta mál verði keyrt svona í gegn eins og það er hér upp lagt og ég hef lýst mig andvígan því að þetta væri gert með þessum hætti, einhverjum veiðiheimildum inn í lögsöguna. Það væri auðvitað að brjóta svolítið í blað að hverfa frá þeim heimildum laganna sem eru til staðar og framkvæmdar hafa verið í þeim tveimur tilvikum sem við höfum úthlutað kvótarétti utan lögsögunnar. Það væri að brjóta svolítið í blað að gera það ekki nú þegar verið er að úthluta veiðiheimildum í norsk-íslensku síldinni.

Síðan er eitt atriði enn, herra forseti, sem ég vil víkja að og það er að við erum hér að miða við veiðireynslu frá 1994–2001. Í desember 1998 gekk dómur í Hæstarétti um að eigi væri heimilt, og stangaðist á við stjórnarskrá, að meina mönnum að fá veiðileyfi til að stunda veiðar í íslenskri lögsögu. Þessi dómur Hæstaréttar segir okkur auðvitað að á þeirri veiðiréttarreynslu sem mynduð var fyrir dóminn geti varla verið mynduð ný úthlutun, eða hvað?

Mér finnst þess vegna mikil spurning, herra forseti, hvort nú sé hægt að úthluta út á veiðireynslu frá því fyrir 1998. Það er þó genginn hæstaréttardómur sem byggir á stjórnarskrárákvæðum um að sá veiðiréttur hafi verið ólöglega fenginn ef hægt er að orða það þannig. Hann er ólöglega fenginn að því leyti að öðrum var meinað að mynda sér veiðirétt, öðrum var meinað að fá veiðileyfi, m.a. til að stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þar af leiðandi er veiðireynslan frá 1994–1998 eingöngu bundin við þau skip sem þá höfðu veiðileyfi sem Hæstiréttur dæmdi svo að væri ólöglegt, að meina mönnum að fá veiðileyfi á skip ef þeir ættu skip sem að öðru leyti uppfylltu haffærisskírteini og aðrar kröfur.

Meira að segja segir í þeim dómi, ef ég man rétt, að eftir að skip hefur fengið veiðileyfi eigi það auðvitað rétt til þess að veiða úr þeim stofnum sem ekki eru kvótaskiptir sem þá voru fleiri en nú eru því þessi ríkisstjórn hefur haldið áfram þeirri stefnumótun að tína hverja tegundina á fætur annarri inn í kvótakerfið, keilu, löngu, skötusel, sólkola og þannig koll af kolli, og í raun og veru gert hið almenna veiðikerfi botnfiskveiðanna sífellt erfiðara með fjölgun fisktegunda. Ég hef sagt það, herra forseti, og get sagt það í einni setningu að því vitlausara og verra verður okkar aflastýringarkerfi, hin almenna stjórn botnfiskveiðanna, eftir því sem við fjölgum fisktegundum í því kerfi. Það er alveg dagljóst, herra forseti. Að reyna að stýra botnfiskveiðum með fjölda tegunda sem eru oftast nær meðafli er dauðadæmt. Burðartegundirnar eru tiltölulega fáar í hverri veiðigrein, t.d. þorskur og ufsi og ýsa hjá neta- og línubátum, og karfi, grálúða, þorskur og e.t.v. ufsi hjá togurunum að meginstofni til, eitthvað af ýsu. Ákveðnar burðartegundir bera hér uppi fiskveiðarnar en við höfum reynt að flækja þetta meira og minna og gera þetta erfiðara í framkvæmd með því að fjölga sífellt aukategundunum í kvótakerfinu. Það hefur auðvitað leitt til meiri vandræðagangs í útfærslu, aukins brottkasts og erfiðari framkvæmdar. Og menn eru sektaðir jafnvel fyrir 6 kíló af karfa.

Þetta vildi ég láta koma fram í máli mínu, herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég dreg mjög í efa að við getum notað veiðireynsluna með tilliti til dóms Hæstaréttar frá því í desember 1998 varðandi veiðireynsluna fyrir þann tíma en hér er að helmingi byggt á þeirri úthlutunarreglu að miða við þau ár.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra, herra forseti. Ég held að öll sjónarmið sem mér finnst ástæða til að rekja í þessu máli séu komin fram og ítreka að lokum eingöngu þá ábendingu mína til hæstv. sjútvrh. að hann hverfi ekki frá þeirri reglu að þegar úthlutað er nýjum kvótasettum tegundum skuli þeim flota, sem innan lögsögunnar er og búið hefur við það að sitja að þeim takmarkaða veiðirétti, í engu skilað. Þannig voru lögin nr. 51/1996 mótuð og hugsunin í þeim var þessi og hér er í raun og veru verið að fara á skjön við þá lagasetningu.

[10:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er annar laugardagurinn í röð sem við ræðum það þingmál sem hér er á dagskrá, fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Það snýst um það að breyta fyrst og fremst úthlutunarreglum hvað varðar síldina. Ef þetta frv. verður ekki að lögum mun sú úthlutunarregla sem verið hefur í gildi gilda áfram.

Nú getur vel verið að mönnum finnist með því að bera saman hina aðskiljanlegustu hluti að það sé meira réttlæti fólgið í þessari úthlutun en þeirri sem mundi verða í gildi ef þetta frv. yrði ekki að lögum. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara í deilur eða samanburð á þessum úthlutunarreglum, einfaldlega vegna þess að ég er alfarið andvígur því að einkaeignarréttur til þess að nýta fiskstofna við Ísland sé í höndum útgerðarmanna. Það hef ég svo sem áður sagt en mér finnst að umræðan hafi skilað okkur svolítið áfram á undanförnum árum og hún hefur skilað því að fleiri og fleiri átta sig á því að hún hefur hreinlega verið á villigötum hvað varðar aðalundirstöðuna sem er sú að menn eigi að fá að veiða fisk við Ísland af því að atvinnuréttur þeirra sé undirstaða þess að þeir fái að veiða.

Menn hafa stundað þá íþrótt að snúa út úr því á undanförnum árum hvað teljist atvinnuréttindi manna. Þegar umræðan um sjávarútvegsmál hefur staðið yfir hefur röksemdafærslan verið á þá leið að atvinnuréttindi manna væru einungis til í sjávarútvegi hafi menn t.d. verið að fiska tiltekin ár sem stjórnvöldum þóknaðist að kalla viðmiðunarár. Einungis þannig fá menn úthlutað veiðiréttindum til framtíðar.

Hér er eitt dæmi um það. Stjórnvöld hafa enn valið þá aðferðina. Ég ætla að rifja upp það sem ég sagði síðasta laugardag um það vegna dóms sem Hæstiréttur kvað upp í máli Valdimars Jóhannessonar. Þar var sagt fullum fetum að málefnalegar ástæður hefðu verið fyrir því hvernig farið hafi verið með veiðirétt á Íslandsmiðum og veiðirétti úthlutað á málefnalegum grundvelli. Ég fór yfir það þá og ætla að endurtaka hluta þess sem ég sagði um það.

Út af fyrir sig gat talist rétt að menn rökstyddu töluvert stóran hluta af úthlutununum með veiðirétti síðustu þriggja ára á undan. En síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Á þeim tíma var heldur ekki einu sinni tæknilega mögulegt að úthluta veiðiréttindum með þessum hætti nema til hluta flotans. Þess vegna var mönnum úthlutað rétti til þess að veiða fisk með sóknarmarki. Síðan fannst stjórnvöldum að réttlætið gæti líka verið fólgið í að úthluta mönnum veiðiréttindum vegna þess að þeir hefðu verið skipstjórar á skipum, ættu samning um skipasmíðar einhvers staðar, ættu einhvers staðar kjöl uppi á landi og m.a. hafa verið settar reglur um að ef menn kaupi veiðiréttindi frá einum stað til annars á

landinu bætist við, eins og frægt var lengi, 25% viðbótin, ef menn keyptu veiðiréttindi í þorski frá Suðvesturlandi til Norður- eða Norðvesturlands.

Mönnum var úthlutað veiðirétti sem fólginn var í sérveiðileyfum og síðan voru þessi sérveiðileyfi gerð að einkaeignarrétti. Þannig er þessi saga þó ég taki aðeins fyrir hluta hennar með því sem ég vitna hér til. En lögin sem við erum hér að ræða um, þ.e. lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, eru líka dæmi um nákvæmlega það sem ég er að tala um. Mig langar til að vitna í nokkrar greinar laganna með leyfi hæstv. forseta, til að rökstyðja það sem ég hef verið að segja. Í lögunum er alls ekkert gert ráð fyrir því að menn fái endilega veiðiréttindi vegna þess að þeir hafi stundað veiðar heldur er verið að úthluta skipum veiðiréttindum með tilliti til ýmissa annarra atriða en þess hvort þau hafi verið að stunda veiðar.

Í 4. mgr. 5. gr. laganna stendur:

„Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur."

Hvað þýðir þetta? Er hægt að setja þetta í samhengi við atvinnurétt manna? Ef útgerðir ættu að fá úthlutun í einhverri tiltekinni tegund vegna þess að þær byggju að veiðireynslu aftur í tímann og ef veiðireynslan ætti að kallast atvinnuréttindi, hvaða rök eru fyrir því að taka þau atvinnuréttindi af mönnum ætli þeir að taka þátt í að nýta einhvern annan stofn? Ég get ekki séð að fyrir því séu nein sérstök rök.

Á öðrum stað stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 6. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið ..."

Það má spyrja sig, þegar búið er að taka aflahlutdeild af einhverju skipi, hvort eðlilegt sé að henni sé þá úthlutað til hinna sem eftir eru, bara sisona út á aflahlutdeild þeirra í hinum aðskiljanlegustu tegundum? Hefur það eitthvað með atvinnuréttindi þeirra að gera að búið er að taka aflahlutdeildina af hinum? Mér finnst rökstuðningur fyrir því ekki sérstaklega merkilegur, ég verð að segja það alveg eins og er.

Hér stendur á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 7. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur."

Þetta er sambærilegt við það sem ég var að nefna áðan þannig að ég ætla ekki að fara nánar yfir það. Svo segir hér áfram:

„Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt."

Þetta er nú skrýtin lagagrein. Í raun segir hún bara að ráðherra geti gert það sem honum sýnist. En svona hafa lög um stjórn fiskveiða verið. Það hófst árið 1983 þegar þau voru sett fyrst, að það var nánast verið að gefa ráðherra sjávarútvegsmála sjálfdæmi um hvernig veiðirétti skyldi úthlutað, sem menn rökstuddu síðar með því að þar væri um atvinnuréttindi að ræða. Menn hafa síðan reynt að útskýra það svo fram á þennan dag, að um atvinnuréttindi væri að ræða.

Í næstu málsgrein þar á eftir stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta."

Hvað hefur það með atvinnuréttindi manna að gera út frá veiðireynslu eða einhverju slíku hve skipið er stórt eða hvernig búnaður skipsins er? Hvar er aðalröksemdin, að úthluta veiðirétti á Íslandsmiðum með tilvísun til atvinnuréttinda, þegar skoðaðar eru lagagreinar af þessu tagi? Ég verð að segja að mér finnst ömurlegt að þegar aðalröksemdin fyrir einkaeignarréttinum á því að stunda sjó við Ísland er skoðuð ofan í kjölinn þá stendur ekki steinn yfir steini. Hið dapurlegasta við þetta allt er auðvitað að Hæstiréttur á Íslandi hefur skrifað upp á að þetta séu réttindi sem til hafi verið stofnað með málefnalegum hætti.

Á einum stað stendur:

„Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni."

Ekki hefur þetta neitt að gera við viðmiðunina sem slíka. Þetta er hins vegar ákvæði sem mörgum hefur verið hjartfólgið hér í sölum Alþingis. Mönnum hefur fundist eðlilegt að frumkvöðlar fengju að njóta þess og vissulega fá þeir það. Þegar úthlutað er með tilliti til veiðireynslu þá gerist það auðvitað stundum. Vissulega er ekkert sem mælir á móti því út af fyrir sig, að menn noti slíkar viðmiðanir, ef notast er við aðferð eins og hér er verið að lýsa.

En mig langar, hæstv. forseti, að fara fáeinum orðum um hvernig hinir ágætustu menn, sem hafa lýst yfir mikilli andstöðu við þetta fyrirkomulag sem gildir um einkaeignarrétt á því að stunda sjó við Ísland, hafa orðið viðskila við hugsjónir sínar. Í tengslum við þau lög sem hér er um að ræða er ástæða til að minna á það aftur að þeir sem sátu í sjútvn. þegar lögin voru sett gerðu bókun. Þegar lagafrv. var afgreitt út úr sjútvn. á sínum tíma sagði í áliti meiri hlutans, sem undirritað var af hv. þm. Árna R. Árnasyni, Stefáni Guðmundssyni, Vilhjálmi Egilssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Hjálmari Árnasyni og Guðmundi Hallvarðssyni, með leyfi forseta, í bókun þeirra:

„Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild."

Þetta var skýr yfirlýsing. En þessir ágætu menn eru, síðan þessi yfirlýsing var gefin, a.m.k. þeir sem nú sitja á Alþingi af þessum hópi sem ég las hér upp, búnir að rétta upp höndina með því að festa þessa veiðireynslu sem séreign þeirra útgerðarmanna sem í hlut eiga. Það er því miður í samræmi við ýmislegt af því sem gerst hefur í tímans rás í umfjöllun og afstöðu manna til úthlutana veiðiréttar í fiskstofnum við Ísland. Við sem höfum fylgst með þessari umræðu frá upphafi vitum að langstærsti hluti útgerðarmanna var mjög andvígur fyrirkomulaginu og einkaeignarréttinum, vildi ekki einu sinni líta við því að leigja frá sér veiðiheimildir þó þeir

þyrftu á því að halda. Þeir vildu alls ekki kaupa eða selja veiðiheimildir.

Smám saman hefur afstaða þessara manna breyst, einfaldlega af eiginhagsmunaástæðum. Ekki bara það, fjöldi útgerðarmanna sem ekki hafði sambærilegra hagsmuna að gæta hefur bæst við vegna þess að markvisst hefur verið unnið að því, af hálfu stjórnarmeirihlutans á Alþingi, að gera alla sjósókn á Íslandi háða þessum einkaeignarrétti á veiðiheimildum. Þar af leiðandi hefur þeim útgerðarmönnum, vegna þess að þeir hafa þeirra hagsmuna að gæta, verðmætanna í því að mega selja þessi réttindi, fjölgað sem hafa skipt um skoðun og farið að styðja kerfið. Þeirra eigin fjárhagur er þar stór hluti og það er farið að hafa mikil áhrif á skoðanir manna.

Það er svo sem ekkert við þessu að segja. Yfir þessi atriði hefur margoft verið farið og ég ætla ekki að gera það nánar. Ég talaði í nokkuð löngu máli um þetta á laugardaginn var og ætla ekki að endurtaka það. Ég vil bara, í lok þessarar umræðu, lýsa því enn einu sinni yfir að það að Alþingi Íslendinga skuli hafa ákveðið að setja einkaeignarhald á alla nýtingu norsk-íslensku síldarinnar er í hnotskurn sú afstaða að gera skuli alla sjósókn á Íslandi að einkaeignarrétti hvað sem það kostar. Bæði er sú veiðireynsla sem viðmiðanirnar eru sóttar í á mjög hæpnum forsendum fengin og síðan vita menn alls ekki hvaða verðmæti um er að ræða. Veiðar á norsk-íslensku síldinni gætu þess vegna þrefaldast á Íslandsmiðum á tiltölulega stuttum tíma en þá ættu þær útgerðir sem hafa stundað þessar veiðar allan réttinn til að nýta hana.

Auðvitað er það fáránlegt og fráleitt. En það er meiningin samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar sem meiri hlutinn ævinlega réttir upp hendurnar með hér á hv. Alþingi, ekki bara hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hefur lýst því yfir að ef ríkisstjórnin vilji eitthvað þá verði hann að samþykkja það þótt hann langi til að hafa einhverja aðra afstöðu. Hann virðist ekki einn um það. Það nægir að minna á þenna hóp sem gaf yfirlýsinguna forðum, um að veiðiréttur norsk-íslensku síldarinnar ætti alls ekki að mynda grunn að einhverri framtíðarúthlutun. Það er búið að snúa ofan af því. Þessi hópur er tilbúinn að styðja málið og hefur gert það á undanförnum árum. Ég geri ekki ráð fyrir því að sú afstaða breytist núna við afgreiðslu málsins en það er ömurlegt.

Það skulu vera mín lokaorð við þessa umræðu, að það er ömurlegt að sjá hvernig hinir bestu drengir láta af einhverjum ástæðum véla sig til að styðja mál sem þeir tóku áður afstöðu gegn af hugsjónaástæðum. Auðvitað er fáránlegt að hér á Alþingi skuli menn vinna markvisst að því að gera þjóðarauðlindina að einkaauðlind þeirra sem stunda útgerð á Íslandi.

[11:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Málið er nú komið til 3. umr. og hefur komið fram hjá háttvirtum þingmönnum að um þetta mál var rætt sl. laugardag. Ég gerði þá grein fyrir fyrirvörum mínum í málinu. Samkvæmt samningum við Norðmenn, Rússa og Færeyinga frá árinu 1995 veiðum við frá 132 þús. og upp í 233 þús. lestir úr þessum stofni. Það er að vísu áhyggjuefni að síðasta ár tókst okkur ekki að ná okkar hlut, þeim sem samið var um. Það veikir óneitanlega stöðu okkar. Ég kom inn á það í ræðu minni sl. laugardag að ég hefði viljað skoða miklu betur innskilaréttinn. Eins og fram hefur komið hefur það verið viðhaft, t.d. varðandi úthlutun heimilda á Reykjanesi og á Flæmska hattinum. Í umfjöllun í nefndinni voru menn reyndar mjög sammála um þessa aðferð við kvótasetningu og aflahlutdeildarkvóta í norsk-íslensku síldinni. Það verður að segjast eins og er, að það hefur verið miklu meiri sátt í útgerðinni um uppsjávarfisk og aflahlutdeildir í honum en hvað varðar bolfiskinn og strandveiðarnar. Að því leyti má segja að þetta hafi verið minna vandamál eða minni átök um þetta.

Hér hefur verið rætt um stuðulinn í síldinni sem er 0,04 og í kolmunna 0,03. Auðvitað hefur það verið okkur ákaflega mikilvægt að menn skuli hafa sótt í þessa stofna, ekki síst kolmunnann og fyrr á árum síldina, til að skapa okkur samningsstöðu til aflahlutdeildar. Það vekur hins vegar áhyggjur að við skulum ekki hafa náð okkar hluta í norsk-íslensku síldinni. Það veikir stöðu okkar í samningum við Norðmenn.

Ég kom líka inn á það í fyrri ræðu minni að auðvitað bindum við vonir við að norsk-íslenska síldin taki upp sitt fyrra göngumunstur. Fyrr á árum veiddum við, þegar best lét, um 600 þús. tonn úr þessum stofni á móti hæsta kvóta okkar nú á síðari árum, sem hefur verið upp á 233 þús. lestir. Þess vegna hefði átt að vera innbyggður í lögin möguleikinn á að síldin taki upp sitt fyrra munstur og veiðist inn á flóum og fjörðum, allt frá Húnaflóa og austur um. Þá hefði maður viljað sá möguleika strandveiðiflotans og sjávarbyggðanna á nýtingu síldarinnar. Ég held að málið hefði kannski þurft meiri umfjöllun á hinu háa Alþingi og í sjútvn. til að reyna að kortleggja þessar staðreyndir.

Síðan hefði maður viljað sjá bollaleggingar um nýtingu síldarinnar. Það liggur fyrir núna að þróun í þá átt að fullvinna síldina um borð hefur aukist. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert. Hún er átumikil og það verður miklu betri vara til manneldis ef henni er smellt í gegnum vélar um borð og unnin á þann hátt. Á móti kemur hins vegar, eins og varðandi veiðar frystitogaranna, að gríðarleg verðmæti fara til spillis, hausar og innvols. Við hefðum átt að velta fyrir okkur því að setja reglur um hvernig skuli fara með slíka afurð, að henni verði ekki bara hent í sjóinn, komi ekki að landi og verði ekki neinum til gagns.

Það eru einkum þessi atriði sem ég vildi koma að undir lok umfjöllunarinnar um þetta mál, virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og gerði grein fyrir þeim fyrirvörum. Ég setti þá fram sl. laugardag og ætla ekki að lengja umræðuna um norsk-íslenska síldarstofninn frekar.

[11:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagðist ekki ætla að lengja þetta mál mjög mikið. Ég get í sjálfu sér tekið undir það. Hv. þm. hefur að vísu, auk annarra ágætra þingmanna sem hafa reifað þetta mál, tekið nokkrum sinnum til máls. Ég hef hins vegar sparað mér það að ræða þetta mál. Þó er ærið tilefni til að ég láti hér nokkur orð falla vegna þess að fyrr á árum flutti ég fjórum sinnum þingmál með ýmsum merkum bergrisum íslenskrar þingsögu, hv. þáv. þingmönnum Jóni Baldvini Hannibalssyni, Sighvati Björgvinssyni og Ágústi Einarssyni, sem miðaði einmitt að því að aflahlutdeild og aflamark í norsk-íslenska síldarstofninum yrði boðið út á frjálsum markaði. Þetta var í samræmi við þá stefnu sem jafnaðarmenn hafa markað, að hverfa eigi frá núverandi kvótakerfi, sem byggir á gjafakvóta, og alls ekki að taka upp

samsvarandi kerfi í hinum nýju stofnum, m.a. norsk-íslenska síldarstofninum sem Íslendingar hafa góðu heilli getað veitt á ný á allra síðustu árum.

Það eru ekki margir framsóknamenn við þessa umræðu, herra forseti, en þó nógu margir fyrir minn smekk. Ég ætla ekki að gera kröfu til þess að fleiri séu kvaddir hingað á fund þingsins til þess að ræða þetta mál. Óneitanlega verð ég þó í upphafi máls míns að rifja upp að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., lét þess getið svo snemma sem 1996, þegar veiðar okkar hófust að einhverju marki úr norsk-íslenska síldarstofninum, að vel kæmi til greina að hafa þann háttinn á sem ég, í slagtogi við áðurnefnda þrjá fyrrverandi þingmenn, lagði til með fjórum þingmálum. Maður því spyr auðvitað: Hvað dvelur orminn langa? Hvað veldur því að þingmenn Framsfl. hafa nánast aldrei síðan vakið máls á þessu?

Herra forseti. Ég er líka kominn hingað til þess að ræða þetta mál, vegna þess að á árum fyrri mótmælti ég mjög harðlega þeim samningum sem gerðir voru við Norðmenn um skiptingu á aflahlutdeild úr norsk-íslenska síldarstofninum. Mér fannst við leggjast hundflatir undir Norðmenn þá og láta þá fá allt of mikið af þessum stofni. Við Íslendingar höfum lengi látið núa okkur því um nasir að við hefðum drepið þennan stofn niður með gegndarlausri veiði á hrygningarsíld, úti fyrir Austfjörðum aðallega en raunar víðs vegar kringum landið.

Staðreyndin er hins vegar sú, sem við verðum að halda til haga og megum aldrei gleyma jafnvel þó að við höfum hrapað að þessum vondu niðurstöðum í samningum við Norðmenn, að hvorki veiðar Íslendinga, annarra Norðurlandaþjóða né Rússa á hrygningarsíld skertu stofninn í þeim mæli að hann hrundi. Það voru fyrst og síðast og eingöngu veiðar Norðmanna á smásíld innan norskra fjarða. Þetta er atriði sem virðist algjörlega gleymt í síldveiðisögunni á seinni árum. Þessu megum við aldrei gleyma, að það var ekki ofveiði Íslendinga á hrygningarsíld sem drap niður stofninn heldur fyrst og síðast gríðarleg fordæmalaus rányrkja Norðmanna á ungviði, á síld á bilinu núll til tveggja ára. Bara til að kasta fram einni tölu, herra forseti: Á síðasta mikla síldveiðiári, 1967 voru veiddar alls 6 milljarðar síla, þar af veiddu Íslendingar 2,6 milljarða. Á sama tíma voru Norðmenn að veiða tugi milljarða smásílda innan norskra fjarða.

Umræðurnar í Noregi á síðustu árum og um miðbik síðasta áratugs virtust hins vegar smjúga inn fyrir hlustir íslenskra ráðamanna og menga allt viðhorf þeirra gagnvart okkar eigin síldveiðisögu. Það hef ég alla tíð grátið síðan, herra forseti. Þær umræður sem urðu þá um skiptingu veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum endurspegluðu auðvitað þá skoðun sem Norðmenn færðu stöðugt fram sér til framdráttar, að hrun stofnsins á sjöunda áratugnum hafi eingöngu mátt rekja til rányrkju Íslendinga. Fyrir bragðið, sögðu Norðmenn, væri sögulegur réttur Íslendinga til að veiða úr stofninum ákaflega rýr. Þetta er auðvitað, eins og ég hef sagt, ekkert annað en hrein fölsun á sögunni.

Þegar ég held því fram að hrun stofnsins megi alfarið rekja til gríðarlegrar rányrkju Norðmanna á smásíld er það ekki einhver hugarfluga mín, engin hugdetta. Ég byggi þetta alfarið á gögnum sem ég hef sjálfur lesið og unnið úr, skýrslum sem fremstu fiskifræðingar Noregs hafa sett fram. Ég minnist þess sérstaklega að þáverandi hæstv. sjútvrh., góðvinur þess ágæta manns sem nú situr í stóli forseta, Þorsteinn Pálsson, vísaði mjög til eins norsks fiskifræðings þegar deilur risu hér hvað hæst og ákafast um stjórnkerfi fiskveiða. Sá hét Johannes Hamre. Hamre-módelið er nokkuð sem sumir, til að mynda hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, muna örugglega eftir, enda hamraði ég á því að Hamre-módelið, sem hæstv. þáv. sjútvrh. hamraði á, væri alrangt. Það var því miður eitt af því sem hér var notað til að framlengja líf núverandi stjórnkerfis fiskveiða. En það var Johannes Hamre sem sýndi fram á að hið eina sem hefði þurft að gerast til að bjarga norsk-íslenska síldarstofninum hefði verið að stemma stigu við ofveiði Norðmanna sjálfra á smásíld.

Auðvitað hafa norsk stjórnvöld síðan reynt að fela þetta, sér í lagi þegar þau þurftu að setjast til samninga við Íslendinga um veiðar í stofninum. En því miður var það þannig að fyrir utan einn ráðamann Sjálfstfl. í þáv. ríkisstjórn þá lágu allir íslenskir ráðherrar hundflatir fyrir þessum röksemdum. Það var engu líkara en að íslenskir ráðherrar gengju til þessara viðræðna með einhvers konar sögulegan skammarblett á enni sér. Það var engu líkara en þeir skömmuðust sín og væru fullvissir um og hefðu tekið hráar þessar fullyrðingar Norðmanna um að Íslendingar bæru alla sök á hruninu.

Herra forseti. Mér fannst þá að það væru skelfileg mistök hjá íslenskum ráðamönnum að hafa ekki haft fyrir því að ganga í smiðju til manna sem þá voru á dögum og eru enn í dag og mundu þetta allt saman, manna eins og Gunnars Flóvenz, sem höfðu þetta allt eins og tölva á hraðbergi í huga sér. En hinar upphaflegu kröfur íslensku ráðamannanna bera þess glöggt vitni að þeir gengu til samninganna sannfærðir um að Íslendingar væru sekir um að eyða síldarstofninum með veiðum á hrygningarsíld. Ef skoðun þeirra hefði verið einhver önnur þá hefði maður getað séð það á hinum upphaflegu kröfum. Samningar eru jú samningar og alltaf þarf að ná einhverri málamiðlun. En maður skynjar glöggt hvernig samningamenn skynja sína eigin stöðu með því að skoða kröfur þegar þeir ganga til samninga. Það var alveg ljóst að hinar upphaflegu kröfur Íslendinga báru glöggt vitni um að þeir gerðu sér enga grein fyrir því að eyðing síldarstofnsins stafaði eingöngu af veiði Norðmanna á smásíld. Það leiddi til hruns norsk-íslenska stofnsins.

Herra forseti. Norðmenn eirðu engu í þessu. Þeir veiddu smásíldina í gríðarlegu magni. Veiðarnar hjá þeim milli 1950 og 1965 sættu engum takmörkunum og leyfilegt var að nota svo smáan möskva að engin seiði sluppu undan. Ég rifja hérna upp hin frægu ummæli norska sjútvrh., mig minnir að hann hafi heitið Eyvind Bolle, sem missti það út úr sér í viðtali við blað að svo gegndarlaus hefði rányrkjan verið að það hefði mátt koma 15 smásíldum í eldspýtnastokk. Þetta segir auðvitað allt sem segja þarf. Auðvitað reyndi sá ágæti maður, Eyvind Bolle, að stemma stigu við þessu en fékk ekki rönd við reist. Það var einfaldlega þannig að á haustin gerðu norskir síldveiðisjómenn beinlínis út á seiðaveiðina og það var einmitt þá þegar nýklakinn árgangur var að leita skjóls inn á firði. Svo hélt veiðin áfram inni á fjörðum í Noregi út veturinn. Á vorin kom toppur í veiðarnar. Þá voru seiðin orðin ársgömul og sóttu út fyrir firðina til þess að leita að nýjum beitilöndum og úti fyrir ströndinni veiddu sjómenn síðan það sem þeir kölluðu feitsíld sem var eins til fjögurra ára síld. Þetta gerðu menn áratugum saman fyrir Finnmörku og Lófót, þ.e. að veiða síld sem var ekki orðin kynþroska. Þessar veiðar hófust á sumrin og stóðu síðan út haustið þannig að allan ársins hring voru Norðmenn að fremja það sem við mundum í dag kalla glæp. Þeir voru að veiða smáseiði og ókynþroska síld sem enginn Íslendingur mundi leyfa að veiða í dag.

Þessar fullyrðingar mínar standa allar á tölum sem hægt er að fá úr norskum skýrslum. Þegar maður skoðar aflatölur úr smásíldarveiðum Norðmanna kemur í ljós að þessi rányrkja var ótrúleg. Á tímabilinu 1950–1965 nam ársveiðin á smásíldinni að jafnaði 250–300 þús. tonnum, og við erum hér að tala um síld sem er á bilinu núll til tveggja ára og kannski upp í fjögurra ára. Darraðardansinn var slíkur að upp úr 1965, rétt áður en hrunið mikla kom í stofninn, þá öfluðu Norðmenn, 1967, 550 þúsund tonna af smásíld og ári síðar er veiðin enn þá 450 þús. tonn. Á tveggja ára tímabili tóku þeir milljón tonn af smásíld, milljón tonn sem menn á Íslandi í dag væru teknir og settir í fangelsi fyrir að veiða. Ef við skoðum síðan bara þær tölur sem lúta að seiðum sem voru ekki orðin tveggja ára og skoðum þann hluta smásíldarveiðanna þá kemur í ljós að á þessu árabili, 1950–1965, veiddu Norðmenn um og yfir 100 þúsund tonn af seiðum sem voru ekki orðin fingurlöng, þ.e. seiðum sem voru innan við tveggja ára. Sum árin veiddu þeir miklu meira. Í byrjun sjötta áratugarins kom fyrir að þeir veiddu á einu ári 300 þús. tonn af slíkum smáseiðum og á fyrsta ári sjöunda áratugarins veiddu þeir 250 þús. tonn. Þess má geta að á sama tíma veiddu Íslendingar töluvert minna magn af fullorðinni síld úr þessum sama stofni.

Svo koma menn og halda því fram að Íslendingar hafi gjöreytt þessum stofnum. Maður les þetta jafnvel í bókum Íslendinga. Maður nemur þetta jafnvel af vörum íslenskra ráðamanna sem tala um það af nokkurri beiskju að ef við hefðum ekki hagað okkur svona, og að við eigum að læra af fortíðinni, þá væri staðan allt öðruvísi í dag.

Þegar maður skoðar umfang þessarar rányrkju er best að skoða hversu hátt hlutfall af sérhverjum árgangi slapp undan þessari rányrkju. Þá ber að draga það fram, herra forseti, að síldveiðarnar og veiðar á svipuðum fiskum hafa alltaf byggst á stökum, mjög stórum árgöngum. Löngum stundum byggðust t.d. síldveiðarnar miklu upp úr 1960 á árganginum frá 1959. Þetta eru kannski árgangar sem standa undir veiði í meira en hálfan áratug og eitt dæmi er um að einn risastór síldarárgangur hafi staðið undir veiði Íslendinga í nærfellt áratug.

Ef maður skoðar hlutfallið af hverjum árgangi sem slapp úr þessum dvergmöskvum norsku fiskimannanna og náði því að lifa í fjögur ár þar til síldin er u.þ.b. að komast á kynþroskaskeið, sést berlega að þessi smásíldarveiði Norðmanna gjöreyddi fjölmörgum árgöngum. Tölur norskra stjórnvalda sýna það berlega að af mörgum árgöngum náðu aðeins örfá prósent að stálpast og verða hluti af hrygningarstofninum. Þetta keyrir stundum um þverbak. Árið 1965 náði aðeins 0,1%, þ.e. $^{1}/_{1000}$, eitt prómill af árganginum sem þá var til, að verða fjögurra ára. Þetta þýðir í reynd, herra forseti, að Norðmenn gjöreyddu þeim árgangi. Ári síðar, 1966, var svipað upp á teningnum. Þá var árgangur af meira en þokkalegri stærð en hann var gjöreyddur áður en hann varð tveggja ára og þegar hann átti að vera orðinn fjögurra ára lifðu 0,2% af þessum árgangi. Svona voru árgangarnir frá 1965 þangað til stofninn var í reynd búinn, veiddu það látlaust að nýliðun í stórsíldarstofninum gat engin orðið. Þetta leiddi til hrunsins, herra forseti.

Ég nefndi tölur áðan. Þeir voru að taka tugi milljarða sílda 1967, síldarsumarið mikla þegar heildarveiðin nam 6 milljörðum stórsílda og þar af tókum við bara 2,6 milljarða. Það er því algjörlega ljóst, herra forseti, hverjir báru ábyrgð á þessu. Það er svo sem auðvelt fyrir formann íslensks stjórnmálaflokks að halda þessu fram. Við hvað styðjast menn þá? Ég nefndi til sögunnar áðan Johannes Hamre, norskan fræðimann. Hann hefur farið í þetta með félögum sínum tveimur og birt um þetta greinar. Þetta eru greinar sem hafa legið fyrir núna í tvo áratugi. Íslenskir ráðamenn virðast ekki hafa haft fyrir því að kynna sér skoðun Norðmanna sjálfra. Árið 1980 birti Johannes Hamre ásamt Öyvind Ulltang og Olav Dragesund *yfirlitsgrein* um þróun og hrun norsk-íslenska síldarstofnsins. Þeir fóru þá leið að þeir reyndu að kanna hvernig best hefði mátt koma í veg fyrir hrunið og hvað leiddi til þess að stofninn var veiddur svo mjög að hann nánast hvarf. Niðurstaða þeirra var sú að einfaldlega með því að banna veiðar á núll til tveggja ára síld hefði stofninum verið borgið. Niðurstaða þeirra í hrárri þýðingu minni var þessi, með leyfi forseta, og vitna ég í þessa grein sem þeir birtu 1980:

„Eina takmörkunin sem þurfti til að koma í veg fyrir eyðingu stofnsins var að setja á árunum fyrir 1960 reglur um lágmarksstærð síldar í afla, sem vernduðu núll og eins árs árganginn."

Það var það eina sem þurfti að gera.

Svo eru íslenskir ráðmenn að semja af sér hér út og suður ár eftir ár á grundvelli einhverrar sektartilfinningar sem þeir hafa sökum veiða íslenskra fiskimanna fyrir 1970, sem engu máli skiptu fyrir stofninn.

Þeir reiknuðu út að ef farið hefði verið að þessum reglum, sem fólust eingöngu í því að vernda núll og eins árs árganginn, þá hefði hrygningarstofninn í fyrsta lagi orðið 6 millj. tonna árið 1966, en eftir 1960 náði hann aldrei þeirri stærð. Í öðru lagi hefðu veiðarnar náð 2 millj. tonna strax árið 1965 og staðið í því út áratuginn og eftir það hefðu veiðarnar sveiflast á milli 1–2 millj. tonna á ári og líklega verið nær tveimur 2 millj. tonna.

Svona hefði staðan verið í dag. Nú fögnum við því hér eins og allir þeir þingmenn sem hafa rætt um þetta mál að við skulum þó vera í færum með að velta fyrir okkur hvernig við eigum að stjórna veiðum úr þessum stofni. Við erum glöð yfir því að stofninn skuli vera til. En staðreyndin er sú að við eigum sögulega miklu meiri rétt á veiði en við fáum í dag.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson rakti það áðan að líklegt væri að innan skamms mundi verðmæti úr þessum stofni margfaldast vegna þess að markaðir í Evrópu eru að opnast sem líklegt er að verði ginnkeyptir fyrir unninni síld. Ég er sammála hv. þm. um það. Með inngöngu nokkurra Mið- og Austur-Evrópuríkja í Evrópusambandið er líklegt að efnahagsstaða þeirra batni svo að innan skamms geti þessar þjóðir aftur farið að kaupa munaðarvarning eins og unna síld af Íslendingum. Þá þrefaldast það sem við fáum fyrir þetta.

Þegar ég ásamt þingmönnum Samfylkingarinnar heimsótti Tanga á Vopnafirði á síðasta ári sögðu forráðamenn fyrirtækisins okkur frá því að ef hægt væri að fá heimild til þess að veiða stærri hluta stofnsins á þeim tíma þegar síldin er hvað feitust að haustlagi þá væri kannski hægt að tífalda verðmætið. Möguleikarnir eru sem sagt gríðarlegir. Ef við hefðum náð betri samningum í fyrsta lagi um meiri hlutdeild úr stofninum og í öðru lagi um hentugri veiðitíma þá værum við kannski að tala hér um aflaverðmæti sem væri ígildi einnar álverksmiðju í kjördæmi hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, því að í því kjördæmi skiptir þetta kannski hvað mestu máli.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að sú aðferð sem lögð er til í frv. ríkisstjórnarinnar sé röng. Ég er sammála þeim þingmönnum stjórnarliðsins sem á sínum tíma afgreiddu frv. úr sjútvn. með nál. þar sem skýrt var tekið fram að ekki væri ætlast til þess að veiðarnar mynduðu veiðireynslu sem yrði undirstaða kvóta í framtíðinni. Það var algjör forsenda þess að menn samþykktu þetta á sínum tíma. Í þriðja lagi held ég til haga þeim frv. sem ég hef verið aðili að hér allar götur síðan 1996 um að bjóða eigi út hlutdeildina í þessum stofni. Í fjórða lagi lýsi ég því auðvitað yfir að ég er sammála formanni Framsfl. þegar hann sagði 1996 að það væri farsælt í tilraunaskyni að fara þá leið að selja aðgang að veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Í fimmta lagi er það sem skiptir auðvitað mestu máli, herra forseti, og er það aðalerindi mitt hérna upp. Ég kem hérna, til þess að það sé alveg skýrt, að við þingmenn stjórnarandstöðunnar, þó að langt sé um liðið frá því að fyrsti samningurinn var gerður við Norðmenn, erum alfarið ósammála þeim grundvelli sem hann var gerður á og áskiljum okkur auðvitað allan rétt til þess að hlutast til um það þegar við komumst í færi til þess að breyta honum út frá þeim forsendum sem ég var að lýsa áðan. Þær eru einfaldlega þessar tvær: Í fyrsta lagi voru það hvorki veiðar Íslendinga né annarra þjóða á fullþroska hrygningarsíld sem leiddu til eyðingar stofnsins heldur í öðru lagi orsakaðist það fyrst og fremst af gegndarlausri ofveiði Norðmanna á smásíld innan þeirra eigin landhelgi. Þetta er staðfest af norskum fræðimönnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnaverndarlög, 2. umr.

Stjfrv., 318. mál (heildarlög). — Þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247.

[11:30]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til barnaverndarlaga frá félmn. Nefndin fjallaði mjög vandlega um málið og fékk á annan tug manna til viðræðu um það. Auk þess fékk nefndin mjög margar umsagnir, bæði við umfjöllun málsins á þessu þingi og eins umsagnir sem bárust á 126. löggjafarþingi sem nýttust mjög vel við vinnslu málsins.

Hæstv. forseti. Frumvarpið er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í desember 1997 og var henni ætlað að endurskoða í heild lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Í frumvarpinu er að finna fjölda nýmæla og breytinga frá gildandi lögum. Nefndin taldi m.a. að stefna bæri að því að breyta ferlinu sem barnaverndarmál getur farið í gegnum áður en því er ráðið til lykta, þ.e. barnaverndarnefnd, barnaverndarráð, héraðsdóm og Hæstarétt. Það þyrfti að einfalda fyrirkomulagið, stytta málsmeðferðarferlið, auka réttaröryggi og stuðla að vandaðri meðferð barnaverndarmála. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að úrskurðarvald í stærri málum, svo sem forsjársviptingarmálum og öðrum málum sem fela í sér hliðstæða skerðingu réttinda, færi beint til dómstóla en barnaverndarnefndir færu áfram með úrskurðarvald í vissum málum sem varða þvingunarráðstafanir og telja má að varði minni hagsmuni. Unnt yrði að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda í málum sem undir þær heyra til sérstakrar nefndar, kærunefndar barnaverndarmála, og jafnframt yrði barnaverndarráð í núverandi mynd lagt niður.

Í nefndarálitinu eru tíunduð helstu nýmæli og breytingar sem eru á frumvarpinu í einum 15 liðum eins og sjá má í þingskjalinu. En við umfjöllun hv. félmn. komu ýmis álitaefni til skoðunar. Í fyrsta lagi ræddi nefndin hlutverk Barnaverndarstofu. Telur nefndin nauðsynlegt að eftirlitshlutverki stofunnar verði haldið aðskildu frá leiðbeiningar-, fræðslu- og ráðgjafarhlutverki hennar. Nefndin áréttar að eftirlitinu er fyrst og fremst ætlað að samhæfa barnaverndarstarf í landinu og fylgjast með því að barnaverndarnefndir ræki skyldur sínar lögum samkvæmt. Leiðbeiningar og ráðgjöf Barnaverndarstofu til barnaverndarnefnda eru hins vegar almenns eðlis og hún á því hvorki beinan þátt í vinnslu tiltekins barnaverndarmáls né tekur hún formlega þátt í einstökum ákvörðunum þeirra. Þá felst þjónustuhlutverk stofunnar í því að bjóða sértæka þjónustu, fyrst og fremst sérhæfð úrræði, sem barnaverndarnefndum ber að öðru jöfnu að hafa tiltæk.

Í öðru lagi ræddi nefndin um markmið frumvarpsins. Í því sambandi bendir nefndin á að aðrir en foreldrar, svo sem ömmur og afar eða aðrir nátengdir ættingjar, geta farið með uppeldi barns og þegar svo háttar til eiga ákvæði frumvarpsins að sjálfsögðu við. Þá telur nefndin rétt að taka fram að barn sem er í vanda statt getur að sjálfsögðu leitað til barnaverndarnefndar þótt þess sé hvergi getið í frumvarpinu enda er það í samræmi við meginreglur og anda laganna.

Í þriðja lagi fjallaði nefndin sérstaklega um fóstur, einkum rétt til umgengni. Í því sambandi bendir nefndin á að meta þurfi hagsmuni barnsins í hverju tilviki og að þeir geti leitt til verulegrar takmörkunar á slíkum rétti, jafnvel útilokað hann alfarið. Þá bendir nefndin á mikilvægi þess að Barnaverndarstofa hanni sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga þar sem óæskilegt sé að mikið ósamræmi sé á milli slíkra samninga.

Í fjórða lagi fjallaði nefndin um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög á heimilum og stofnunum sem rekin eru á grundvelli barnaverndarlaga. Nefndin skoðaði í því sambandi greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið í maí 1998 og grein Ragnheiðar Thorlacius um neyðarráðstafanir barnaverndarlaga sem birtist í ársskýrslu barnaverndarráðs árið 2000. Það er álit nefndarinnar að frumvarpið geri þeim þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum sem hugsanlega þurfi að grípa til nægileg skil. Reynt er að byggja heimili og stofnanir upp á fjölskyldugrunni og því beri að líta á ráðstafanir og viðurlög sem eins konar framlengingu á foreldravaldi. Slíku valdi er erfitt að setja fyrir fram ákveðnar skorður í lögum með öðrum hætti en gert er hér í frumvarpinu. Auk þess þarf að taka mið af mismunandi þörfum heimila og stofnana og um leið mismunandi aðstæðum sem upp kunna að koma og réttlætt geta þvingunarráðstafanir og agaviðurlög, en það getur verið vandkvæðum bundið í lagatexta og því verður ekki komist hjá því að ráðherra útfæri þær frekar í reglum.

Í fimmta lagi ræddi nefndin heimild annarra aðila en Barnaverndarstofu til að fá tilteknar upplýsingar úr sakaskrá, þar á meðal rétt þess sem upplýsingarnar varða. Nefndin lítur svo á að slíka heimild eigi aðeins að veita með samþykki viðkomandi og jafnframt áréttar nefndin þann skilning sinn

að sá hinn sami hljóti að geta aflað upplýsinga sjálfur sem hann getur veitt öðrum umboð til að fá.

Loks fjallaði nefndin um talsmann barna. Samkvæmt frumvarpinu skal jafnan skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. Þá skal barnaverndarnefnd sem tekið hefur ákvörðun um að hefja könnun máls þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Nefndin beinir þeim tilmælum til barnaverndarnefnda að barni verði ávallt skipaður talsmaður þegar líkur eru á að ágreiningur verði í máli eða hagsmunir barnsins að öðru leyti mæla með því.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, en þær breytingar lúta einkum að eftirfarandi:

1. Nefndin telur að þeir sem sinna uppeldi barna, aðrir en foreldrar, skuli einnig bera ákveðnar skyldur samkvæmt barnaverndarlögum.

2. Til að taka af allan vafa leggur nefndin til að um inntak forsjár fari samkvæmt ákvæðum barnalaga.

3. Lagt er til að ráðherra leggi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn fyrir Alþingi þar sem m.a. skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast barnavernd.

4. Þá er áréttað að félagsmálaráðuneyti skuli hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu og þar af leiðandi skal Barnaverndarstofa gera ráðuneytinu viðvart ef hún áminnir barnaverndarnefnd um að rækja skyldur sínar.

5. Nefndin telur eðlilegt að þau sveitarfélög sem hafa með sér samstarf um barnavernd geti sameinast um gerð framkvæmdaáætlunar.

6. Lagt er til að þegar úrskurðað er um vistun barns utan heimilis skuli barnaverndarnefnd kalla til lögfræðing ef hann á ekki sæti í nefndinni.

7. Lagt er til að lögregla tilkynni barnaverndarnefnd þegar hún fær mál til meðferðar þar sem grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða gegn því og að barnaverndarnefnd fái að fylgjast með rannsókn málsins.

8. Þá leggur nefndin til að fellt verði brott ákvæði sem heimilar fulltrúa barnaverndarnefndar að vera viðstaddur skýrslutökur af börnum þar sem nefndin telur eðlilegra, ef ætlunin er að heimila slíkt, að kveðið sé á um það í lögum um meðferð opinberra mála.

9. Nefndin telur rétt að í lögum sé kveðið nákvæmar á um hvenær möguleg afskipti barnaverndarnefnda af þunguðum konum komi til greina.

10. Lagt er til að þunguð kona geti eins og foreldrar fengið aðstoð barnaverndarnefndar til að leita sér meðferðar.

11. Þá er lagt til að ekki verði heimilað að veita upplýsingar úr sakaskrá um atvinnuumsækjendur án samþykkis þeirra.

12. Nefndin lítur svo á að gera verði greinarmun á varanlegu og tímabundnu fóstri og ekki beri að draga úr þeim mun eins og gert er í frumvarpinu.

13. Enn fremur er lagt til að umsóknum um að taka barn í fóstur verði beint til Barnaverndarstofu í stað barnaverndarnefndar.

14. Þá er lagt til að sveitarfélagi sem ráðstafar barni í fóstur verði ekki gert að endurgreiða öðru sveitarfélagi almennan kostnað, eins og kostnað vegna skóla og aksturs, heldur eingöngu kostnað umfram þann sem venjulegur getur talist, svo sem kostnað við sérfræðiþjónustu eða vegna annarra sérþarfa.

15. Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum ósamræmi í notkun orðsins barn, það ýmist notað í eintölu eða fleirtölu, og er lagt til að það verði lagfært.

16. Loks er lagt til að við XVII. kafla um almenn verndarákvæði bætist tvær nýjar greinar. Annars vegar er um að ræða ákvæði sem fjallar um skyldur foreldra og forráðamanna gagnvart börnum sínum og hins vegar ákvæði um almennt eftirlit barnaverndarnefnda á starfssvæði sínu.

Undir þetta nál. rita hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján Pálsson, Steingímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum og okkar ágæta nefndarritara fyrir gott samstarf við vinnslu málsins. Við höfum setið löngum stundum yfir frumvarpinu og því náðist um það mjög góð samstaða. Félmn. kom t.d. saman í fyrrasumar til að vinna að frv. sem birtist m.a. í því að allir nefndarmenn skrifa undir nál. án fyrirvara.

[11:41]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það verður að segjast eins og er, að hér er afar ánægjulegt frv. á ferð. Mikil og góð vinna hefur verið lögð í það, bæði af hálfu nefndarinnar sem samdi frv. og af hálfu félmn., bæði á síðasta þingi og yfirstandandi þingi. Mjög mikil eindrægni hefur verið varðandi þetta frv., um að það yrði sem best úr garði gert og tryggði hag barna sem allra best. Það hefði ekki verið mjög góður bragur á því ef þingmenn hefðu verið ósammála um hvað væri börnum fyrir bestu. Það færi ekki vel á því á þjóðþinginu. Við höfum því lagt okkur fram um að vinna málið vel, bæði í nefndarvinnu og umræðum og hefur þessi vinna félmn. verið sérstaklega ánægjuleg. Nokkur atriði er þó alltaf þarft að minna á og eins og þingmenn sjá er talsvert af brtt. Meginmarkmið þeirra er fyrst og fremst að hnykkja á réttinum, gera hlutina skýrari þannig að ekkert sé óljóst og túlkunaratriði ekki of opin.

Ef við skoðum t.d. brtt. við 21. gr. þá þekkja þeir sem hafa fylgst með þessu máli að þar er talað um stuðning og annað gagnvart þunguðum konum sem er afar mikilvægt mál. Við gerðum örlitla brtt. á þeirri grein þannig að ekki væri of matskennt hvenær til þess kæmi heldur væru línurnar mjög skýrar. Ég þekki þessi mál náttúrlega afar vel enda kannski frumkvöðull á því sviði á kvennadeild Landspítalans, að vinna með stúlkur sem gætu talist í áhættuhópi. Mikilvægt er að starfsmenn hafi það að leiðarljósi að svona málum sé sinnt þannig að um sé sátt og til að tryggja hag móður og barns sem allra best.

Eins og hv. formaður allshn., Arnbjörg Sveinsdóttir, benti á áðan var í frv. yfirleitt bara talað um fóstur en ekki greint á milli varanlegs og tímabundin fósturs, eins og gert hafði verið í fyrri lögum. Við töldum afar mikilvægt að slíkri aðgreiningu yrði við haldið. Það er t.d. ekki hægt að kalla það varanlegt fóstur ef ungbarn fer á heimili og úrskurðað er um umgengni einu sinni í mánuði með kynforeldrum. Það getur ekki talist varanlegt fóstur heldur hlýtur að vera um tímabundið fóstur að ræða sem miðar að öllu leyti að því að barn fari inn á heimili sitt aftur. Þá er það oft hlutverk þessara tímabundnu fósturforeldra að ganga jafnvel bæði móður og barni tímabundið í foreldra stað. Það hefur sem sagt verið

hnykkt á mörgu, talað um stöðugleikann, um hag barnsins og þarfir þess.

Það varð talsverð umræða í nefndinni um vistunarúrræði, t.d. í þungum barnaverndarmálum. Reykjavík er eina sveitarfélagið sem hefur upp á það úrræði að bjóða enda ekki óeðlilegt þegar um svo stórt sveitarfélag er að ræða sem hefur stærstan hluta barnaverndarmála. Reykjavíkurborg verður að hafa á forræði sínu úrræði sem hægt er að grípa til. Þung og erfið barnaverndarmál geta ekki verið í biðstöðu. Það er bara þannig. Þess vegna er afar leitt til þess að vita að sveitarfélög, hvort sem þau eru hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu eða á Norðurlandi, skuli ekki hafa komið sér upp minni úrræðum sem gætu komið inn í slík mál. Það hefur reynst afar erfitt að fá sveitarfélög til að gera slíkt, og eflaust veldur því líka kostnaðurinn sem fylgir. Þá er alveg spurning hvort það væri ekki verðugt verkefni fyrir jöfnunarsjóð að ganga inn í slík verkefni með einhverjum hætti til að tryggja úrræði gagnvart þeim þungu barnaverndarmálum sem geta komið upp á landsbyggðinni.

Þessi mál hafa verið rædd á tveimur þingum en það er afar brýnt að þetta mál verði klárað núna enda sveitarstjórnarkosningar fram undan og mjög mikilvægt að nýjar nefndir geti komið að nýjum lögum. Skipan barnaverndarnefndanna var auðvitað líka rædd í nefndinni og gagnrýnt að þær skuli skipaðar pólitískt í stað þess að hafa þær kannski fagpólitískar, þ.e. að í rauninni sé það ekki hinna pólitísku flokka að skipa endilega „sína fulltrúa" í þær heldur eigi fyrst og fremst að hugsa til þess að það sé fagfólk sem komi að þessari vinnu.

Auðvitað hefur verið farið vel yfir nýmæli frv. og þá er það ekki síst kærunefndin sem er afar brýnt nýmæli. Lengi hefur verið knúið á um að úrskurðarmál og erfið mál færu í þennan farveg. En ég tel enn rétt að árétta að öll sú vinna sem farið hefur fram í barnaverndarráði, sem hefur í rauninni haft þetta hlutverk, þó kannski með aðeins öðrum hætti, hefur verið alveg með eindæmum góð á allan hátt. Það hefur haft mjög góða lögmenn, barnalækna, sálfræðinga og aðra á sínum snærum til þess að fara yfir sín mál. Rétt er að halda því til haga og brýna það að úrskurðum barnaverndarráðs hefur aldrei verið hnekkt, hvorki fyrir dómstólum né annars staðar. Það er mjög brýnt að halda því til haga. Ef kærunefndin verður skipuð ámóta góðu fólki og barnaverndarráð hefur verið skipað eru börn þessa lands heppin.

Nefndinni bárust afar góðar og miklar umsagnir eins og ég nefndi í ræðu minni við 1. umr. um málið í haust., nema frá Lögfræðingafélaginu. Mér finnst afar sérstakt að frá því félagi sem ég hef séð margar umsagnir frá um ýmis frv., stór og smá, skuli menn ekki hafa séð sér fært að koma með umsögn um þetta afar brýna hagsmunamál barna. Kannski er þetta sá málaflokkur sem margir eru mjög hræddir við og vilja helst ekki fara inn í — en ef Lögfræðingafélagið er hrætt, hvað má þá segja um aðrar fagstéttir? Þetta er þó sú stétt sem bæði er að verja og sækja í þessum málum og afar brýnt að þeir sjái hagsmunum barna sem best borgið. Ég minni því enn á þessa gagnrýni.

Nefndinni bárust afar góðar og faglegar umsagnir sem var auðvitað farið í gegnum. Margir komu til fundar við nefndina, eins og hv. formaður fór yfir áðan, og mesta gagnrýnin beindist að 75. gr. Fólki fannst vera komið mikið afturhvarf til verri tíma, 50–70 ár aftur í tímann, þegar tiltaka átti sérstaklega varðandi akstur og skóla fósturbarna. Því var breytt á þann hátt sem er mikilvægast, þ.e. að ef sveitarfélag er með börn sem eru í tímabundnu fóstri — því getur fylgt afar mikill kostnaður — er mjög eðlilegt að á því sé tekið. Þessi breyting var því afar jákvæð.

Það var hnykkt á varðandi skyldur foreldra og forráðamanna í lokagreinum frv. Þetta með hið almenna eftirlit barnaverndarnefndanna sýnist kannski sumum skarast fullmikið á við starf félagsmálanefnda sveitarfélaganna en svo á ekki að vera því að oft er um að ræða sömu nefndina, eða að barnaverndarnefnd er, eins og stundum er kallað, undir verndarvæng félmn. Ef ekki, þá er yfirleitt mjög náið samstarf með félagsmálanefndum og barnaverndarnefndum enda er það afar mikilvægt þannig að allir séu meðvitaðir um hvað er í gangi í sínu sveitarfélagi þegar brýnustu málin eru höfð í huga, eins og hagsmunir barna.

Ég get sagt frá því að hér í Reykjavík, á meðan ég var formaður félagsmálaráðs, héldum við alltaf einn til tvo samráðsfundi á ári með barnaverndarnefnd upp á það hvort félagsmálaráð þyrfti að koma með tillögur til úrbóta, hvort eitthvað væri í farvatninu sem þyrfti að skoða eða breyta, áherslumunur, þjónusta o.s.frv. Það er þannig að í barnaverndarmálum, í öllum sveitarfélögum þori ég að fullyrða, er þverpólitísk samstaða um að vinna þau mál sem allra best. Ekki skorast þingmenn undan því að við stöndum öll í nefndinni að nál. og öll höfum við lagt talsverða vinnu í það frv. sem hér er.

Það er von mín að þetta frv. færi börnum gæfu og betri réttarstöðu. Frv. fer nú til 3. umr. en það er ekki langt í að við sjáum það samþykkt.

[11:53]

Útbýting þingskjals:

Lyfjalög, 601. mál, þskj. 1395.

[11:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að barnaverndarlög séu einhver mikilvægasta samfélagslega löggjöf sem fyrirfinnst, mikilvæg og vandasöm í senn, viðkvæm þar sem alveg sérstaklega vel þarf að vanda til verka. Það held ég að öllum sé ljóst sem hafa sýslað við þessi mál eða unnið að því að skoða löggjöf og framkvæmd hennar. Þess vegna er sérstaklega ánægjulegt að ég held að óhætt sé að fullyrða að með frv. og síðan vinnu Alþingis að því sé verið að landa mjög vönduðum og traustum undirbúningi að setningu nýrrar heildarlöggjafar á þessu sviði, nýrra barnaverndarlaga. Reyndar má segja, held ég, herra forseti, og það er ágætt að menn hafi það í huga á þessum dögum þegar tíminn er stundum af skornum skammti — verið er að drífa málin í gegn og sum stór mál fá kannski ekki alveg þá skoðun (Gripið fram í.) sem æskilegt væri — nei, ég vil ekki nefna dæmi við þessa hátíðlegu og ánægjulegu umræðu um barnaverndarlögin, fara að spilla fyrir henni með því að blanda inn í hana öðrum og leiðinlegri hlutum — en það er óhætt að snúa þessu við og segja að í þessu tilviki sé á ferðinni skólabókardæmi um trausta vinnu og vandaðan undirbúning að mikilvægri löggjöf. Þingið hefur tekið sér góðan tíma, við vorum með þetta mál til umfjöllunar í fyrra og þá var unnið í því að hluta til yfir sumartímann, síðan aftur í allan vetur og þar áður lá að baki nefndarstarf og vönduð vinna af hálfu ráðuneytis. Ég held því að hægt sé að gefa þessu starfi hina hæstu einkunn. Að sjálfsögðu er líka ánægjulegt að full samstaða tókst að lokum um afgreiðslu málsins frá félmn. eftir umtalsverða vinnu. Það kostaði líka vinnu að ná þeirri samstöðu en ég held að það hafi allt saman verið þess virði.

Brtt. sem gerðar eru af félmn. eru að stærstum hluta, má segja, lagfæringar. Ekki er hróflað við grundvallaruppbyggingu fyrirkomulagsins sem frv. dró upp og það felur auðvitað í sér nokkrar breytingar, sérstaklega tilkomu kærunefndar barnaverndarmála og nýrra landamæra eða nýrrar verkaskiptingar að hluta til. Ég held að hún sé í öllum aðalatriðum skynsamleg.

Í fyrsta lagi leggur félmn. til að bætt verði nokkuð við hlutverk ráðuneytisins eða félmrh. hvað varðar yfirstjórn eða ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd barnaverndarmála í landinu. Það er gert með því að leggja til tvær viðbætur við 5. gr. Sú fyrri er að ráðherra leggi fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þetta er vel þekkt fyrirkomulag á ýmsum öðrum sviðum og er líka þekkt í nágrannalöndunum. Ég held að það sé hyggilegt að ganga einmitt svona frá þessu, að í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna í landinu liggi fyrir framkvæmdaáætlun ráðuneytisins á þessu sviði.

Seinna atriðið sem við leggjum til að bætist við 5. gr. lýtur að því að félmrn. skuli hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu og það geti kallað eftir upplýsingum um einstök mál úr starfsemi stofunnar. Barnaverndarstofa fær mjög veigamikið hlutverk í þessum lögum og er ákaflega mikilvæg stofnun á þessu sviði. Hún er í raun og veru bæði stjórnsýslu- og framkvæmdastofnun, hefur ákveðnu ráðgjafar- og eftirlitshlutverki að gegna. Vissulega má færa fram sjónarmið í þá veru að ef eitthvað er sé Barnaverndarstofu kannski ætlað of blandað hlutverk og vissulega hafa slík sjónarmið heyrst. Ég held þó að menn verði á hinn bóginn að horfa til þess að við erum ekki stór þjóð og það verður kannski stundum að sníða okkar fyrirkomulag að þeim veruleika að það er praktískara að hafa hlutina með öðrum hætti hér en kannski hjá milljónaþjóðum. Ég held að það hafi líka sína kosti að hafa þessa hluti samþætta og það eigi ekki að þurfa að skapa óyfirstíganleg vandamál, sérstaklega ekki vegna þess að menn eiga málskotsrétt til kærunefndar á hverjum tíma og á hverju stigi máls og síðan hefur ráðuneytið yfirumsjón með Barnaverndarstofu. Að síðustu er að sjálfsögðu dómstólaleiðin fær ef málin þróast á þann veg.

Í öðru lagi vil ég nefna, herra forseti, breytingarnar sem lagðar eru til við 9. gr. og þá um leið þau ákvæði, þ.e. barnaverndarnefndir sveitarfélaganna. Við leggjum til að sveitarfélög sem kjósa að hafa með sér samstarf eða verða að gera það vegna fámennis, samanber ákvæði 10. gr. frv. en hún kveður á um að fámennari sveitarfélög skuli hafa samvinnu og að samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd verði ekki undir 1.500. Við teljum eðlilegt að þegar þannig háttar til að nokkur sveitarfélög slá sér saman á grundvelli þessa ákvæðis eða velja það sjálf, þó að þau séu ekki knúin til þess vegna fámennis, sé þeim jafnframt heimilt að vinna sameiginlega framkvæmdaáætlanir og þurfi ekki að gera það hvert fyrir sig eins og þetta hljómaði í frv.

Ég held að rétt sé að menn hafi þar í huga, og einnig í sambandi við aðrar breytingar sem ég kem síðar að og lúta að almennum ákvæðum um barnaverndarnefndir, að málin hafa mjög víða þróast þannig að umdæmi barnaverndarnefndanna er allt annað en félagsmálanefnda sveitarfélaganna, miklu stærra yfirleitt. Þannig eru t.d. Þingeyjarsýslur gjörvallar eitt barnaverndarnefndarsvæði, ef ég veit rétt, en þar eru auðvitað fjölmargar félagsmálanefndir í einstökum sveitarfélögum. Þetta gerir það að verkum að það er bæði praktískt, held ég, og skynsamlegt að gera ráð fyrir því að barnaverndarnefndirnar geti skipulagt starf sitt á sínu starfssvæði með dálítið sjálfstæðum hætti. Það ætti að spara tvíverknað og hafa fyrst og fremst kosti í för með sér.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég aðeins víkja að 13. brtt. nefndarinnar við 18. gr. Þar er vissulega um vandasamt atriði að ræða, eitt af mörgum sem nefndin velti fyrir sér en það lýtur að hlutverki lögreglu og samstarfi lögreglu og barnaverndarnefndar eða barnaverndaryfirvalda. Nefndin leggur til að haldið verði inni tilkynningarskyldu lögreglunnar til barnaverndarnefnda og lögreglunni beri að gefa barnaverndarnefndum kost á að fylgjast með rannsókn mála. Síðan er það lagt í vald barnaverndarnefndanna að meta þann vandasama þátt málsins sem snýr að því í hvaða tilvikum foreldrum skuli tilkynnt um mál sem sæti rannsókn eða þá kannski öllu heldur í hvaða tilvikum það skuli ekki gert, sem er auðvitað vandasamast af þessu öllu saman, að meta hvenær svo er komið að það geti beinlínis mælt gegn hagsmunum barnsins að sá réttur foreldra, sem auðvitað er grundvallarréttur ef allt er með felldu, að fá að vita af því að slík mál séu í gangi, að honum verði að víkja til hliðar vegna eindreginna hagsmuna barnsins. Það er jú grunntónn þessarar löggjafar allrar og honum er rækilega haldið til haga í frv., að það er réttur barnsins sem er í öndvegi enda eru þetta barnaverndarlög.

Herra forseti. Að lokum hvað brtt. snertir þá vil ég víkja að XII. kafla frv., sem ég tel að sé einn mikilvægasti kafli þeirra þrátt fyrir allt og er ég þó ekki að gera lítið úr hinum ítarlegu ákvæðum og mikilvægu ákvæðum sem lúta að meðferð mála og hlutverki hvers aðila um sig í þessu sambandi öllu saman. Það eru auðvitað gríðarlega mikilvæg ákvæði og nauðsynlegt að þau séu ítarleg og skýr og þess vegna er ekkert um annað ræða að mínu mati en að þessi löggjöf sé ítarleg. Það eru svo vandasöm mál þarna undir að annað er óhjákvæmilegt og það má ekki bjóða upp á mikla túlkun eða óvissu sem mundi leiða af því að á þessu sviði gilti einhver einföld rammalöggjöf. En þrátt fyrir það, herra forseti, þá held ég að XII. kaflinn, um hin almennu verndarákvæði, sé mjög mikilvægur og ég fagna alveg sérstaklega ýmsum ákvæðum sem þar eru, ýmist eldri ákvæði, óbreytt eða lagfærð, og svo önnur ný. XII. kafli fjallar í fyrsta lagi í 92. gr. frv. um útivistartíma og í öðru lagi um eftirlit með sýningum og skemmtunum og þar koma nýmæli til sögunnar eins og þau sem varða fyrirsætu- og fegurðarsamkeppnir. Þarna er vikið að aldursmörkum og öðru slíku eins og því að börnum yngri en 18 ára sé óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðru sambærilegu. Þessu til viðbótar leggur félmn. til að komi tvær nýjar greinar sem bætist við XII. kafla um almenn verndarákvæði. Sú fyrri, sem verður 94. gr., er um skyldur foreldra og forráðamanna. Þetta held ég að sé mikilvægt atriði sem verðskuldi alveg að dregin sé að því athygli, þ.e. að foreldrar eða forráðamenn barna skuli hafa ákveðnar skyldur og þeim beri að reyna að sjá til þess að börn hlíti ákvæðum kaflans um útivistartíma, þátttöku í sýningum og skemmtunum og annað í þeim dúr og þeim beri jafnframt, þ.e. foreldrunum, eftir því sem í þeirra valdi sé, að reyna að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því. Þetta er merkt nýmæli í löggjöf og í raun og veru allt sem þarna kemur til sögu, bæði þær skyldur sem lagðar eru á herðar foreldra og forráðamanna og síðan að nefna þessa þætti sérstaklega.

Sama gildir um seinni greinina, um almennt eftirlit barna-

verndarnefnda. Ég tel að það sé líka merkt ákvæði. Ég vísa til þess sem ég áður sagði um starfsumdæmi barnaverndarnefndanna að það er oft á tíðum annað en annarra nefnda viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. vegna þess að þau hafa slegið sér saman. Það eitt og sér eru gild rök fyrir því að barnaverndarnefndirnar þurfa að geta haft ákveðið almennt hlutverk í þessum efnum, þurfa að hafa stöðu til þess að gera sig gildandi og benda á hluti sem þær telja að megi betur fara. Ég held að það sé augljóst mál að það styrkir stöðu nefndanna að þeirra sé getið með einhverjum þeim hætti eins og við leggjum til að gert verði með þessu ákvæði. Að sjálfsögðu er ljóst að síðan gilda almenn ákvæði laga um verkaskiptingu og þetta er ekki á nokkurn hátt hugsað til þess að raska henni og á að mínu mati ekki að þurfa að skapa nein vandkvæði í þeim efnum heldur fyrst og fremst styrkja stöðu þessa kerfis, barnaverndarkerfisins og þeirra aðila sem þar eru að störfum og sinna sínum mikilvægu verkefnum.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að fagna alveg sérstaklega þeim nýmælum sem þarna koma inn. Ég tel það mjög ánægjulegt að nefndin skuli að lokum hafa náð samkomulagi um að leggja þetta til. Menn ræddu þetta mikið og voru ýmis sjónarmið uppi í því sambandi en að lokum urðu allir á það sáttir að standa svona að málum. Það held ég að hafi verið mjög ánægjulegt.

Herra forseti. Það þarf ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég tek undir það að mjög brýnt er að þessari vinnu verði skilað í heila höfn og frv. nái afgreiðslu enda ekki seinna vænna því að gildistökuákvæðin hljóða upp á 1. júní 2002. Það má reyndar velta því fyrir sér hvort það sé bratt í hlutina farið, ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. hefur velt þeim þætti málsins sérstaklega fyrir sér, en ég fór að hugsa um það undir umræðunni að það er auðvitað skammur tími fram að því að lögin öðlist gildi. En í sjálfu sér reikna ég ekki með að það eigi að þurfa að skapa nein sérstök vandamál. Það fellur þá líka ágætlega saman við nýtt kjörtímabil sveitarstjórna sem verða þá nýkomnar að völdum og í sjálfu sér ágætt að þetta fari þannig saman. Hins vegar má alveg velta þessu fyrir sér og ef menn telja ráðlegra að þetta bíði t.d. haustsins þá er að sjálfsögðu hægur vandi að lagfæra það þá við 3. umr. með brtt. En þetta er eina atriðið sem eftir á að hyggja ég fór að velta fyrir mér hvort við hefðum e.t.v. þurft að skoða betur í hv. félmn.

[12:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég stend hér upp einungis til þess að þakka hv. félmn. fyrir að afgreiða þetta mál. Ég vek athygli á því að þetta er eitt af fáum stærri málum á þessu þingi sem afgreidd eru með þeim hætti að algjör einhugur er um það í nefnd og enginn nefndarmaður einu sinni með fyrirvara. Ég vona að það boði gott að afgreiðslan sé með þeim hætti. Ég held að hér sé um mjög mikilvæga löggjöf að ræða. Reynt hefur verið að vanda til hennar svo sem frekast hefur verið kostur. Þetta er langdýrasta frv. sem samið hefur verið í tíð minni sem ráðherra og væntanlega vandaður undirbúningur sem því nemur.

Varðandi gildistökuákvæðið þá var það nú sett viljandi með þessum hætti. Þegar frv. var lagt fram aftur var lagt til að gildistaka yrði strax eftir kosningar og mér finnst það rökrétt. Það er rökrétt að þegar nýjar sveitarstjórnir taka til starfa þá taki þetta nýja barnaverndarskipulag líka gildi. Og ég hef enga trú á að það skapi nein vandamál. Ég þakka bara kærlega fyrir mig.

[12:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek orð hæstv. félmrh. alveg fullgild í þeim efnum. Ef hæstv. ráðherra telur ekki að það baki nein vandkvæði að svo skammur tími verður til undirbúnings gildistöku laganna þá er það hið besta mál og ég er algjörlega sammála hæstv. ráðherra að mjög heppilegt er að lögin liggi fyrir þegar nýjar sveitarstjórnir taka að skipa barnaverndarnefndir og þessi mál leggja af stað inn á nýtt kjörtímabil sveitarstjórna.

Það sem ég var fyrst og fremst að velta fyrir mér var hvort undirbúningur undir skipan kærunefndar og þær breytingar aðrar sem frv. felur í sér kölluðu á einhvern undirbúning. En sjálfsagt er ráðuneytið búið að undirbúa sig undir þá hluti.

Hæstv. ráðherra sagði að þetta væri langdýrasta frv. sem unnið hefði verið í hans tíð. Ég vona að hann hafi þar verið að vísa til fornrar merkingar þess orðs, samanber dýrt kveðnar vísur og annað því um líkt, að þetta sé dýrt í skilningnum mjög vandað og mjög gott. Vel kann að vera að fáeinar milljónir hafi fokið í þóknun til lögfræðinga sem auðvitað hafa margir komið við sögu og eru nokkuð dýrt seldur starfskraftur eins og kunnugt er, en það kalla ég hreina smámuni borið saman við það hversu mikilvæg þessi löggjöf er og þarf að vera vönduð. Ég vona svo sannarlega að a.m.k. megi þá nota orðið „dýrt" í tvöföldum skilningi hér, að þetta sé líka dýr og dýrmæt löggjöf í skilningnum vönduð og traust og muni reynast vel.

[12:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa mikilli ánægju með það mál sem við erum hér með, frv. til barnaverndarlaga. Það sýnir að með mikilli og góðri vinnu, þó að það taki yfir tvö þing, má ná saman með stjórn og stjórnarandstöðu varðandi lagasetningar þegar vel er unnið og mér sýnist að þær brtt. sem nefndin gerir við frv. og taldar eru upp í 16 liðum séu allar til bóta. Ég vildi bara koma hér upp, þar sem við í Frjálslynda flokknum eigum ekki aðild að félmn., og lýsa yfir eindregnum stuðningi við málið. Ég tel að hér hafi verið til fyrirmyndar unnið og væri rétt að vinna oftar með þeim hætti sem hér hefur verið gert, einkanlega þegar verið er að fjalla um löggjöf sem snertir mjög einstaklinga og réttindi þeirra. Þessi löggjöf er dæmi þar um. Ég tel að útlendingalöggjöfin sem við erum með til umfjöllunar sé einnig dæmi um löggjöf sem við ættum að taka sérstaklega til skoðunar og ná víðtækri sátt um, það sé ekki rétt að keyra slíka lagabálka í gegn í miklu ósætti heldur að fresta frekar málinu, reyna að vinna það betur og ná jafnvíðtækri sátt og hér hefur tekist. Ég lýsi fullum stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 629. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 990.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 2. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150.

[12:15]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga frá félmn.

Nefndin fjallaði um málið og fékk fjölmarga aðila á sinn fund. Auk þess bárust henni margar umsagnir.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögunum um atvinnuréttindi útlendinga en miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði frá gildistöku núgildandi laga. Við samningu frumvarpsins var litið til þeirrar framkvæmdar sem skapast hefur á grundvelli þeirra og er því m.a. verið að festa hana í sessi. Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig er frumvarpinu ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni. Jafnframt var við samningu frumvarpsins tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur í löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi auk þess sem tekið var mið af frumvarpi til laga um útlendinga.

Frumvarpið er nú endurflutt frá 126. löggjafarþingi. Örlitlar breytingar voru gerðar á frumvarpinu á milli þinga en helstu nýmæli þess eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð hér á landi. Í öðru lagi er heimilt að víkja frá skilyrðum um umsögn stéttarfélags í tilteknum tilvikum. Í þriðja lagi er að finna ákvæði um skyldu atvinnurekanda til að sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn. Í fjórða lagi er heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til að starfa hér á landi ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því. Í fimmta lagi er heimilt að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Í sjötta lagi er heimilt við vissar aðstæður að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi, svo sem vegna skilnaðar útlendings og Íslendings, andláts íslensks maka eða erlendra námsmanna. Í sjöunda lagi er að finna sérstakt ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Í áttunda lagi er í frumvarpinu að finna heimildarákvæði um tímabundið atvinnuleyfi sem veita má annars vegar hælisleitanda þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans og hins vegar útlendingi, sem hefur endanlega verið synjað um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísunin kemur til framkvæmda. Í níunda lagi er heimilt að víkja frá skilyrðum fyrir veitingu óbundins atvinnuleyfis ef um er að ræða maka útlendings eða uppkomin börn útlendings sem er með slíkt leyfi. Í tíunda lagi er í frumvarpinu nýr kafli um málsmeðferð. Loks er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

Heimild ráðherra til að binda atvinnuleyfi öðrum skilyrðum en fram koma í lögunum er með frumvarpinu þrengd frá gildandi lögum þar sem heimildin er nú takmörkuð við mikilvæga almannahagsmuni. Nefndin leggur áherslu á að heimildinni sé ekki beitt nema fyrir hendi séu svokölluð „force major" tilvik og þá fyrst og fremst við útgáfu nýrra leyfa.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sér stöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur nefndin nauðsynlegt að nánustu aðstandendur útlendings séu skilgreindir í frumvarpinu og leggur því til sömu skilgreiningu og er að finna á nánustu aðstandendum útlendings í frumvarpi til laga um útlendinga. Enn fremur er lagt til að útlendingar sem falla undir reglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu verði undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi og er sú breyting í samræmi við nýjan stofnsamning EFTA sem undirritaður var 21. júní 2001. Þá eru lagðar til breytingar á refsiákvæðum frumvarpsins en í þeim er ítarlega greint frá því hvaða háttsemi skuli refsiverð samkvæmt lögunum, hver sé refsirammi og hverjar saknæmiskröfur. Loks leggur nefndin til fáeinar orðalagsbreytingar.

Undir þetta nál. rita hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara, Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara, og Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

[12:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. rakti í framsögu sinni fyrir nál. og brtt. er hér um að ræða margar breytingar sem horfa mjög til bóta og hlutirnir eru miklu traustari en áður. Ég er sammála obbanum af því sem hv. þm. rakti varðandi þær breytingar.

Eitt atriði langar mig hins vegar að spyrja hv. þm. um, sem ég ræddi annaðhvort við 1. umr. nú eða í fyrra og varðar námsmenn. Í 12. gr. þessa frv. er fjallað um atvinnuleyfi vegna námsdvalar. Ég fæ ekki betur séð en verið sé að þrengja skilyrðin, forsendur atvinnuleyfis vegna námsdvalar, frá gildandi lögum. Það er verið að setja inn skilyrði um að hámark leyfistímans verði stytt í sex mánuði úr tólf mánuðum. Ég fæ engin rök séð fyrir þessu, herra forseti.

Mig minnir að ég hafi innt hæstv. ráðherra eftir þessu fyrir ári og fengið heldur loðin svör, sem er ólíkt þeim ágæta hæstv. ráðherra. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur: Hvað veldur því að verið er að stytta skilyrði um hámarksgildistíma atvinnuleyfis námsmanna sem þessu nemur? Hver eru rökin fyrir því?

[12:21]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er fært til þessa horfs í frv. til að leita samræmis við aðrar greinar og önnur ákvæði þessa frv. þannig að námsmenn teljist ekki í sérflokki hvað þetta varðar. Talið er réttara að hafa þetta til aðeins lengri tíma, að menn séu að koma hér raunverulega til náms en leiti ekki hingað til lands á þeim undir því yfirskini að þeir séu í námi en séu í raun að leita inn á vinnumarkaðinn. Það mundi því teljast, að tólf mánuðum liðnum, að námsmenn séu hér sem slíkir en auðvitað er rétt að veita þeim heimild til að taka þátt í atvinnulífinu eins og frv. gerir ráð fyrir.

[12:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að fara eigi sérstökum og mildari höndum um þá sem sækja nám til Íslands. Ég er þeirrar skoðunar að Íslandi sé ákaflega hagfellt að öllu leyti að reyna að draga hingað að fólk og gera því auðvelt að framfleyta sér meðan á námi stendur. Reynslan sýnir að það skilar sér margfalt þegar erlendir námsmenn fara héðan til heimalands síns, þeir sækja hingað viðskipti, reynslu o.s.frv.

Í fyrsta lagi er ég þeirrar skoðunar að fara eigi mildari höndum um námsmenn að þessu leyti. Í öðru lagi hef ég þrátt fyrir allt ákveðinn skilning á því sem hv. þm. sagði. Hafi ég skilið mál hennar rétt var hún í reynd að segja að girða ætti fyrir að menn gætu komið til landsins í krafti falskrar námsvistar og fengið atvinnuleyfi. Ég hef fullan skilning á að með einhverjum hætti eigi að koma í veg fyrir slíkt.

Þær aðstæður gætu komið upp í íslensku samfélagi að við værum ekki í jafnríkri þörf fyrir erlent vinnuafl og í dag. En ég hjó eftir því að hv. þm. talaði eins og að þegar búið væri að sannreyna það að viðkomandi maður væri hér *í raunverulegu námi og hefði ekki komið inn í landið til að* taka þátt í vinnumarkaði á fölskum forsendum, væri hægt að lengja þetta aftur upp í tólf mánuði. En ég tek eftir því að a.m.k. í greinargerð er talað um að hámarksgildistíminn sé sex mánuðir. Þannig er ekki hægt að leyfa námsmanni að fá aftur tólf mánaða leyfi ef í ljós kemur að hann sýnir eðlilega námsframvindu og er hér fyrst og fremst til þess að læra.

[12:24]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé í raun, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á, mjög greinargóð lýsing á þessum skilyrðum í athugasemdum við 12. gr. Þar er komið inn á að sett séu skilyrði um að námsframvinda sé eðlileg og hámarksgildistími leyfis styttur úr ári í sex mánuði. Þar er um að ræða þrengri skilyrði en í núgildandi lögum en við framkvæmd þess ákvæðis hefur komið í ljós að skilgreiningarnar eru of rúmar. Mönnum þótti rétt að þetta kæmi þarna inn með þessum hætti.

[12:25]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 562. mál, brtt. EKG o.fl., þskj. 1404.

[12:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mig langar að skýra atriði sem hér hefur verið til umræðu.

Í 8. gr. frv. segir:

„Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi."

En í 12. gr. segir:

„Heimilt er að veita útlendingi, sem stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu sem hluta af námi, með námi eða í námsleyfum, enda sé námsframvinda eðlileg."

Samkvæmt þessu er ljóst að mildari höndum er farið um námsmanninn og beinlínis verið að létta undir með honum, þ.e. hann þarf ekki að undirbúa það að sækja um atvinnuleyfi áður en hann kemur til landsins. Hann kemur hingað sem námsmaður, stundar skóla og getur drýgt tekjur sínar með því að fá þessa sérstöku heimild. Þannig er reynt að koma til móts við námsmanninn, það er meiningin með þessu ákvæði, en honum ekki gert erfiðara fyrir, síður en svo. Ég er alveg sammála hv. þm. um að það er mikilvægt fyrir okkur að reyna fremur að hæna að okkur námsmenn en að styggja þá burtu.

Ég vil líka nota tækifærið til að þakka hv. félmn. fyrir afgreiðsluna á þessu máli. Þó að einstakir nefndarmenn hafi skrifað undir nál. með fyrirvara og standi ekki allir að brtt. held ég að hér sé um mjög brýna löggjöf að ræða og ég er þakklátur fyrir að hún er komin þetta vel á veg.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:28]

[13:00]

Útbýting þingskjala:

Skráning skipa, 285. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 1398.

Stuðningur við frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála, 728. mál, svar menntmrh., þskj. 1401.

Þjóðhagsstofnun o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 709. mál. — Þskj. 1303, brtt. 1244.

[13:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við erum komin að 3. umr. um Þjóðhagsstofnun en til stendur að leggja þá stofnun niður, nokkuð sem lengi hefur verið í farvatninu eða allar götur frá því á síðasta vori. Þjóðhagsstofnun kom með yfirlýsingar og álitsgerðir sem stríddu gegn stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Þá birtist hæstv. forsrh. þjóðarinnar í fjölmiðlum og sagði að nú stæði til að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Það hefur verið rifjað upp áður við umræðuna að fordæmi séu fyrir slíku háttalagi, maður þurfi að vísu að fara hinum megin á hnöttinn til að finna þau, alla leið til Nýja-Sjálands, en forsætisráðherrann í því landi ákvað að leggja niður nýsjálensku þjóðhagsstofnunina á árinu 1990 eða 1991 eftir að hún hafði andæft stefnu ríkisstjórnarinnar og sýnt fram á veikleika í þeirri stefnu.

Þá hafði það gengið um nokkra hríð að einkavætt hafði verið af miklu kappi í landinu og bæði pólitísk öfl og verkalýðshreyfing sýnt mikið andvaraleysi en það er á þessu tímabili sem menn eru að byrja að taka við sér og þá einnig innan nýsjálensku þjóðhagsstofnunarinnar. Og viðbrögðin voru þau að stofnunin var einfaldlega lögð niður.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum hafa annan hátt á og töldum eðlilegt að starfsemi Þjóðhagsstofnunar yrði tekin til skoðunar, gerð yrði úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar og við lögðum fram þáltill. þar að lútandi. Þar lögðum við til að skipuð yrði nefnd sem hefði slíkt verk með höndum. Í henni sætu fulltrúar allra þingflokka, fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og einn fulltrúi forsrn., en hann skyldi jafnframt vera formaður nefndarinnar. Verkefni nefndarinnar átti, auk almennrar úttektar, að vera það að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun yrði færð undir Alþingi. Við ætluðumst til að nefndin skilaði niðurstöðum í skýrslu til Alþingis.

Sú þáltill. var á dagskrá á sama tíma og það frv. sem nú er til umræðu, frv. til laga um Þjóðhagsstofnun eða öllu heldur um brottfall laga um Þjóðhagsstofnun, og þeirri þáltill. var ásamt frv. vísað til umsagnar í þjóðfélaginu og umsagnir voru mjög á einn veg. Þetta var nokkuð sem flestir aðilar gátu tekið undir, ekki aðeins Starfsmannafélag Þjóðhagsstofnunar eða verkalýðshreyfingin, samtök á vinnumarkaði, þau töldu skynsamlegt að fara í slíka endurskoðun. En allt kom fyrir ekki, frá nefndinni er nú komið frv. ríkisstjórnarinnar en þáltill. hefur dagað uppi.

Við vitum hins vegar að innan þingsins eigum við marga bandamenn í þessu máli og má í því sambandi minna á að núverandi þingflokksformaður Framsfl., hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, stóð fyrir þingmáli ásamt öðrum þingmönnum á 122. löggjafarþingi þar sem hugmynd var sett fram í þáltill., að ég hygg fremur en frv., sem byggðist á hinu sama og við erum að leggja til, að Þjóðhagsstofnun yrði færð undir Alþingi.

Í grg. sem fylgdi þáltill. okkar segir á þá leið, best að ég vitni bara í þetta, með leyfi forseta:

„Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Þjóðhagsstofnunar af því tagi sem gert er ráð fyrir að verði skoðuð samkvæmt tillögunni mundi styrkja stofnunina sem óháða fagstofnun, sjálfstæða gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mikilvægt er að stofnun, sem hefur það með höndum að meta stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum, hafi svigrúm til að miðla hlutlægum upplýsingum í hvívetna og njóti sem slík almenns trausts í þjóðfélaginu. Ljóst er að slík stofnun gæti jafnframt orðið Alþingi til styrktar við að rækja eftirlitshlutverk sitt og komið að gagni við gerð fjárlaga.

Eitt meginhlutverk Þjóðhagsstofnunar er að fylgjast með framvindu efnahagsmála, meta árangurinn af efnahagsstjórn ríkisstjórnar á hverjum tíma og líklegar afleiðingar ráðstafana í efnahagsmálum. Því getur tæpast talist heppilegt að stofnunin heyri beint undir forsætisráðuneytið sem fer með yfirstjórn efnahagsmála og hefur þar á ofan nýlega tekið við forsvari fyrir Seðlabankann. Benda má á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar, sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu, urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Sömu sögu er að segja af starfsemi umboðsmanns Alþingis, þó að ekki sé um efnislega sambærilega hluti að ræða, að vistun starfseminnar í skjóli Alþingis hefur reynst haldgóð trygging fyrir því að stofnunin njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð séu ekki dregin í efa, einmitt vegna þess hver staða hennar er í stjórnsýslunni.

Í tilefni af breytingum sem líklega eru í aðsigi, m.a. á stöðu Seðlabankans, á gjaldeyris- og peningamarkaði og fleiri sviðum, er eðlilegt að farið sé yfir stöðu og hlutverk stofnana og embætta sem hlutverki gegna á þessu sviði. Tillagan hefur sem grundvallarforsendu að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu stofnana á þessu sviði séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra."

Frá því að þessi orð voru sett á blað hefur sú breyting orðið að seðlabankalög eru orðin að veruleika sem hafa breytt hlutverki Seðlabankans að því leyti að hann á að vera sjálfstæðari stofnun en hann áður var, óháðari ríkisstjórninni en hann áður var, og keppa að öðrum markmiðum, fyrst og fremst því markmiði að halda verðbólgu í skefjum og að öðru leyti á hann að reyna að stuðla að því að efnahagsstefna stjórnvalda á hverjum tíma nái fram að ganga en ekki með því inngripi og þeirri íhlutun í peningamálastjórnina sem hann áður hafði, t.d. varðandi gengið.

Þetta er kannski meginhugsunin sem býr að baki gagnrýni okkar á að leggja Þjóðhagsstofnun niður, meginhugsunin kemur fram í þeim atriðum sem ég vék að og sem ég las hér upp. Við teljum mjög mikilvægt að til staðar sé stofnun sem er óháð pólitísku framkvæmdarvaldi. Við teljum það ekki til bóta að leggja Þjóðhagsstofnun niður, búta starfsemina niður í nokkra þætti, færa hluta hennar undir Seðlabankann, það er óljóst hvað það er sem á að fara undir þá stofnun, við fengum engin greinargóð svör við því. Að öðru leyti á að færa starfsemina undir Hagstofuna, margvíslega skýrslugerð, og í þriðja lagi á að fara með hluta starfseminnar til fjmrn. og beintengja allar spár, allar efnhagsspár, hinu pólitíska framkvæmdarvaldi. Út á það gengur gagnrýni okkar fyrst og fremst. Við teljum mjög óskynsamlegt að beintengja allar efnahagsspár pólitísku framkvæmdarvaldi. Ef farið er í gegnum umsagnir sem borist hafa þá eru þær mjög á þann veg að menn vara almennt mjög eindregið við þessu. Tillaga sem við höfum lagt fram hér í minni hlutanum þar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og sá sem hér stendur leggja til að ef af þessu yrði, sem er nú mjög líklegt að verði því að við erum komin hingað í 3. umr. nema menn sjái að sér og breyti fyrri afstöðu, þá viljum við að stofnað verði sérstakt hagsvið undir Alþingi þannig að sjálfstæði Alþingis og alþingismanna, möguleikar þeirra til gagnasöfnunar og upplýsingasöfnunar verði greiðir og við getum sótt í óháðan aðila.

Við höfum fengið að heyra að núna séu að koma til sögunnar aðrar stofnanir og stofnanir sem áður hreinlega fyrirfundust ekki, sem sinna greiningu á efnahagsstærðum og spásagnagerð, bankar, verkalýðshreyfingin hafi verið að eflast, Háskóli Íslands, hagdeildin þar, og það sé ekkert óeðlilegt að þingmenn snúi sér til slíkra aðila. Það að menn skuli segja þetta lýsir alveg ótrúlegri vankunnáttu á viðfangsefninu. Háskóli Íslands er ekki í þeirri gagnasöfnun sem verið hefur á vegum Þjóðhagsstofnunar. Háskóli Íslands eða Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur tekið að sér tiltekin afmörkuð viðfangsefni sem hann innir af hendi samkvæmt greiðslu. Háskólinn hefur ekki fjármuni til þess sjálfur að sinna verkefnum sínum þannig að fyrir þetta allt þarf að greiða.

Vilja menn virkilega fara inn á þá braut? Og er það heppilegt fyrir lýðræðislega umræðu í landinu að þeir sem vilja taka á einhvern viti borinn hátt þátt í umræðu um efnahagsmál þurfi að greiða fyrir aðgang að upplýsingum? Ég held að það sé ekki heppilegt. En fram til þessa hafa allir þeir sem vilja kynna sér málin eða afla upplýsinga, átt greiðan aðgang að Þjóðhagsstofnun — ég hef oft reynt þetta sjálfur — um skuldastöðuna, um þróun skuldastöðunnar, svo dæmi sé tekið, og efh.- og viðskn., þingflokkar og þingmenn hafa getað leitað til Þjóðhagsstofnunar og fengið svör við spurningum sínum mjög greiðlega.

Ekki er þar með sagt að menn hafi alltaf verið sáttir við Þjóðhagsstofnun, því fer reyndar fjarri. Ég hef oft verið mjög ósáttur við það sem komið hefur frá Þjóðhagsstofnun. Ekki síst hef ég gagnrýnt fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem á sínum tíma var formaður stóriðjunefndar og fyrrverandi ráðuneytisstjóri í iðnrn. þegar lagt var á ráðin um stóriðju fyrir austan. Mér fannst hann ekki alltaf vera nægilega gagnrýninn á þau áform. Ég skrifa því ekki upp á

allt sem frá Þjóðhagsstofnun hefur komið. Síðan hafa komið upp önnur mál þar sem ég hef verið sammála þeim sama manni, þessum sama forstöðumanni. En hitt stendur eftir að upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun um efnahagsstærðir og -spár hefur verið með miklum ágætum. Og verkefni okkar ætti þá að vera það að efla þessa stofnun, efla sjálfstæði hennar og möguleika til slíkra faglegra vinnubragða. Út á það hafa okkar tillögur gengið.

Ríkisstjórnin hefur svarað því til að setja þessa stofnun á höggstokkinn og neitar okkur um faglega vinnu þar sem farið yrði yfir þessi mál. Fólkið, starfsfólkið sem sendi fulltrúa sína inn í starfsnefnd ríkisstjórnarinnar varð agndofa. Það hafði aldrei kynnst öðru eins, öðrum eins vinnubrögðum þar sem fyrir fram var ákveðið hver niðurstaða nefndarinnar átti að vera. Þeim var síðan gert að sitja þarna nánast eins og strengjabrúður til þess að framkvæma ákvarðanir sem áður höfðu verið teknar. Síðan leyfðu þeir ágætu menn sem skipaðir voru af ríkisstjórninni sér að koma til efh.- og viðskn. og segja að þarna hefði farið fram mjög opin og breið umræða um kosti þess og galla að hafa skipulagið á þennan veg eða hinn. Það var aldrei til umræðu. Það eitt hafði verið ákveðið að leggja nefndina niður og starfsnefndinni var ekki ætlað annað hlutverk en að koma þeirri ákvörðun í framkvæmd.

Þetta minnir mann mjög á yfirlýsingar sem oft hafa verið gefnar, m.a. hér í þessum sal og í fjölmiðlum af hálfu hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar um samráð sem haft hefur verið við starfsmenn, t.d. þegar stofnanir hafa verið gerðar að hlutafélögum, þær einkavæddar og seldar. Það var talað um alveg frábærlega gott samstarf við bankamenn og samtök þeirra þegar Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru gerðir að hlutafélögum, alveg stórkostlega gott samstarf og samráð, sagt að menn hefðu verið kallaðir til og málin rædd. En samstarfið og samráðið fólst hins vegar ekki í öðru en því að mönnum var stillt upp við vegg gagnvart þeirri ákvörðun sem þegar hafði verið tekin og þeim tilkynnt um. Samráðið fólst síðan í því að ákveða hvernig gengið yrði frá ýmsum lausum endum og hnútar hnýttir. Það var samráðið. Samráðið var ekkert annað.

Nákvæmlega þetta gerist varðandi þá stofnun sem hér um ræðir. Þetta kemur mjög vel fram í umsögn frá Starfsmannafélagi Þjóðhagsstofnunar. Þar er byrjað á því að leggja áherslu á að fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar séu algerlega mótfallnir þeim áformum sem birtast í frv. og telji að þau muni hvorki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu samstarfhópsins hafi í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar. Þetta er sagt alveg berum orðum. Síðan er tíundað hver sérstaða Þjóðhagsstofnunar hafi verið í efnahagsumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem njóti trausts og álits — ég get skrifað upp á það — og að hún sé talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafi verið falin. Upp á það get ég skrifað líka frá sjónarhóli reynslu minnar.

Ég ætla ekki að lesa þessa umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar enda hef ég áður vísað í þá umsögn við fyrri umræðu. En Starfsmannafélag Þjóðhagsstofnunar bendir líka á þann veikleika sem felst í því að færa gerð efnhagsspáa og áætlana undir pólitískt framkvæmdarvald, bendir á þá veikleika sem felist í því.

Síðan er að því vikið einnig að mjög margt sé óljóst um hver verði afdrif einstakra vinnsluþátta. Í umsögninni er rakið hvernig þetta gekk allt saman fyrir sig og þeim var stillt upp við vegg.

Það er rétt að árétta það eina ferðina enn að undir lok umsagnar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar er minnt á að einhvern tíma í umræðuferlinu hafi því verið heitið að starfsmönnum yrðu boðin sambærileg störf annars staðar í stjórnsýslunni. Nú sé búið að breyta þessu orðalagi og heiti „önnur störf" án þess að það sé tilgreint nokkuð nánar.

Við gengum eftir því við ráðuneytisstjóra forsrn. hvort ekki væri hægt að breyta orðalaginu í þá veru sem starfsmannafélagið óskaði eftir og að vísað yrði í sambærileg störf, þ.e. að starfsmönnum yrði heitið sambærilegum störfum. Ráðuneytisstjórinn sagði að það yrði að sjálfsögðu gert, að reynt yrði að bjóða starfsmönnum sambærileg störf þeim sem þeir gegndu núna, en þeir kysu að hafa orðalagið á þennan hátt. Ég skil ekki hvers vegna menn eru ekki fáanlegir til að láta orðin ríma við athafnirnar að þessu leyti ef þeir ætla sér að hafa þennan háttinn á.

Í nál. minni hluta efh.- og viðskn. stóðum við sameinuð, þingmenn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við erum algerlega einhuga í þessu máli, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og sá sem hér stendur. Við skiluðum sameiginlegu nál. eftir að hafa farið mjög gaumgæfilega í saumana á þessu máli og kynnt okkur mjög gaumgæfilega umsagnir sem bárust úr atvinnulífinu, frá samtökum launafólks og ýmsum öðrum aðilum. Þessar umsagnir voru mjög á einn veg.

Alþýðusambandið sendi ekki frá sér skriflega umsögn en það kom mjög vel og skýrt í ljós í máli fulltrúa sambandsins sem kom á fund efh.- og viðskn. að Alþýðusambandið hefði verið andvígt því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Eftir að Alþýðusambandið hefði hins vegar metið stöðuna svo að af þessu yrði hvað sem tautaði og raulaði þá hefði verið gengið til viðræðna við ríkisstjórnina um aðra kosti. Upp úr þeirri umræðu hefðu sprottið fyrirheit úr Stjórnarráðinu um að Alþýðusambandið fengi fjárhagslegan stuðning við sína hagdeild. Það kom fram í máli talsmanna annarra samtaka, BSRB, BHM, Kennarasambandsins og Sambands íslenskra bankamanna að menn horfðu einnig vonaraugum í þessa átt. En hin samtökin létu þess þó getið að þau væru algerlega andvíg því að leggja niður Þjóðhagsstofnun og vildu ganga í gagnstæða átt, þ.e. að efla stofnunina en væru þess þó fýsandi að taka þátt í endurskoðun á starfsemi hennar.

Það er athyglisvert að í umræðunni sem fram fór í efh.- og viðskn. komu fram ýmsar hugmyndir um hvað mætti gera. Auk hugmyndarinnar um að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi var t.d. um það rætt að það kynni að vera ráð að sameina Hagstofuna og Þjóðhagsstofnun og mynda sjálfstæða greiningarstofnun innan þessa nýja batterís. Enginn er að andmæla því að starfsemi Þjóðhagsstofnunar verði endurskoðuð. Enginn er að andmæla því að verkefnum verði skákað til og færð frá einni stofnun til annarrar. Það er enginn að andmæla þessu. Það eina sem menn eru að andmæla er að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður og þannig dregið úr möguleikum stofnana samfélagsins, Alþingis, verkalýðshreyfingar og annarra sem vilja taka þátt í lýðræðislegri umræðu um efnahagsmál á traustum faglegum grunni. Menn eru að andmæla því að þessir aðilar séu sviptir þessum möguleika að fá upplýsingar. Út á það gengur málið.

Ég furða mig á því hvað hnjáliðirnir í Framsfl. eru undarlega vel smurðir. Ég man ekki betur en að Framsfl. hefði andæft þessu og að menn hefðu haft uppi stór orð um að

þeir mundu aldrei láta þetta yfir sig ganga. En hvað hefur síðan gerst? Ekki heyrist orð frá Framsfl. Þar á bæ eru menn bara bærilega sáttir. Hvað kemur fyrst upp í huga manna við það? Skyldi það vera verslun og viðskipti? Ætli það sé ekki bara verslun og viðskipti? Og menn fara að spyrja: Hvað var keypt og hvað var selt?

Svona eiga stjórnmál ekki að ganga fyrir sig. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að í stjórnmálum þarf oft að miðla málum og menn þurfa að slá af ýtrustu kröfum og sjónarmiðum og hliðra til til þess að ná lendingu. Það þekkja menn innan stjórnmálaflokka einnig. Menn þekkja það bara úr lífinu almennt að við þurfum stöðugt að laga hugsun okkar að hugsun annars fólks til þess að geta starfað saman. En þegar stjórnmál eru farin að ganga út á verslun og viðskipti með þessum hætti erum við komin út á mjög hála braut.

Í nál. minni hlutans er farið mjög rækilega yfir málin. Þau eru skoðuð frá sjónarhóli hagfræðinnar og bent á að hagfræðileg og fagleg rök skorti fyrir þessum breytingum. Verkefni Þjóðhagsstofnunar eru tíunduð ítarlega. Þau eru:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum.
4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.
5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Tökum bara tvennt það síðasta. Það er lögbundin skylda Þjóðhagsstofnunar að sjá Alþingi fyrir upplýsingum, alþingismönnum og nefndum Alþingis. Það er líka skilgreint verkefni Þjóðhagsstofnunar að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir. Það er ekkert gengið frá því hvernig þessu skuli fyrir komið. Ég minnist þess og ég held að það komi reyndar fram í lögum — sennilega mun það vera í lögum um Seðlabanka eða í öðrum gögnum um starfslýsingu hans — að þar segir að hann eigi að láta þessum aðilum í té upplýsingar ef um það semst. „Ef um það semst", er sagt. Hvað er átt við þar, þ.e. ef um það semst að Seðlabankinn vilji sinna slíku verkefni? Er verið að tala um greiðslu?

Mér finnst núna á síðustu dögum þingsins vera að opinberast öllum mönnum hve vanbúin við erum til þess að taka á ýmsum flóknum málum. Hingað inn á borð fengum við frv. ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð til deCODE upp á 20 milljarða kr. og þá er leitað til þessara stofnana. Það er leitað til Seðlabankans, leitað er til Þjóðhagsstofnunar, leitað er til banka og hagsmunaaðila í fjármálalífi. Og hvaðan skyldu gagnrýnustu raddirnar hafa komið með tilliti til efnahagsmála? Það er frá Þjóðhagsstofnun. Þar voru uppi varnaðarorðin. Er það þess vegna sem á að loka henni? Ég spyr. Er ekki einmitt ástæða til þess að efla slíka stofnun, efla slíka starfsemi? Seðlabankinn kveinkaði sér undan því, og ég skil það mjög vel, að þurfa að skila umsögn á einum degi um málið. Hann skrifaði efh.- og viðskn. bréf og sagðist eiga afskaplega erfitt með að tjá sig um þetta mál því að hann hefði haft til þess einn dag. Ég skil það afskaplega vel, ekki síst í ljósi þess að ríkisstjórnin segir núna að hún þurfi nokkra mánuði til að fara í saumana á ýmsum forsendum þess máls sem lúta að t.d. ESA. En Seðlabankinn sagðist ekki hafa möguleika á að skoða málið á einum degi, en hann sagði meira og við það staðnæmdist ég. Hann sagði að sig skorti forsendur til þess að kafa ofan í málið. Ég er ekki alveg viss um að ég skrifi upp á það vegna þess að Seðlabankinn sem og aðrar stofnanir geta leitað til sérfræðinga sér til aðstoðar. Við þingmennirnir sem vildum kynna okkur málefni deCODE fórum einfaldlega á bandaríska verðbréfavefinn sem öllum fyrirtækjum sem eru skráð á verðabréfamarkaði í Bandaríkjunum er skylt að færa upplýsingar um sjálf sig inn á. Við fórum þangað og öfluðum upplýsinga. Auðvitað á maður að gera þá kröfu til þessara stofnana, Seðlabankans og annarra, að þær geri slíkt hið sama og kalli síðan til sérfræðinga ef þurfa þykir.

Þetta segir mér að þegar taka þarf á erfiðum málum, flóknum, erfiðum álitamálum, þá skortir okkur tækin til þess. Væri þá ekki nær að efla slík tæki í stað þess að drepa niður það sem þó er til eins og nú er verið að gera? Væri ekki nær að efla það? Við hefðum t.d. í þessu tilviki með deCODE getað snúið okkur til Þjóðhagsstofnunar, ég tala nú ekki um ef hún hefði verið færð undir Alþingi og hefði það verkefni fyrst og fremst að þjóna Alþingi um upplýsingar, t.d. í málum eins og þessum, þannig að menn kæmust hjá því að þurfa að grafa ofan í þetta allt sjálfir eða með aðstoð manna sem leitað er til nánast eftir atvikum. Það hefði líka forðað okkur frá því að þeir sem eru óskaplega hlynntir verkefnum á borð við þetta þyrftu að opinbera að þeir hefðu ekki tölurnar á hraðbergi. Þeir gætu leitað sér aðstoðar hjá slíkri stofnun og slíkt mundi auðvelda umræðuna, dýpka hana og gera hana faglegri, og það yrði til þess að efla lýðræðið að hafa þessi mál í góðu lagi.

Við bendum einnig á í minnihlutaáliti okkar að þetta sé ómarkviss verkefnaflutningur. Þar ítreka ég það sem ég hef áður sagt að það kann vel að vera rétt að einhver verkefni sem hafa verið hjá Þjóðhagsstofnun eigi betur heima annars staðar og hugsanlega eigi síðan verkefni sem áttu heima annars staðar betur heima hjá Þjóðhagsstofnun. Það kann vel að vera. En þá þarf að skoða það og með opnum huga.

Síðan er annað sem við bendum á að mjög líklegt er að þetta verði til kostnaðarauka, þetta verði dýrara fyrirkomulag og sannast sagna mundi ég ekki gráta það ef það yrði miklu markvissara og betra og upplýsingagjöfin betri og markvissari. Þá mundi ég ekki gráta það að við settum meira fjármagn til þess að styrkja slíka starfsemi vegna þess að ég held að það sé gott og nauðsynlegt samfélaginu og lýðræðinu. En ef það reynist hins vegar vera svo að kostnaðurinn aukist án þess að gæðin aukist að sama skapi þá er verr af stað farið en heima setið. Og þetta gagnrýnum við í sambandi við kostnaðinn.

Síðan gagnrýnum við það mjög harðlega að sjónarmið starfsmanna skuli hafa verið hunsuð og ég hef þegar vikið að því í umsögn fulltrúa starfsmannafélagsins sem ég vísaði í hér áðan. Ég hef einnig farið nokkrum orðum um spásagnagerðina, hversu varasamt það er að hún skuli látin lúta pólitísku forræði. Og hér er mjög mikilvægt að það komi fram að þegar við höldum þessu fram þá erum við ekki að gagnrýna þá einstaklinga, það starfsfólk sem sinnir þeim verkum í fjmrn., síður en svo. Við erum ekki að saka það um óheiðarleika í verkum sínum, síður en svo. Við erum hins vegar að benda á að það vinni samkvæmt uppsetningu og formúleringum sem pólitískt framkvæmdarvald setur. Það er

málið. Það er ekki spurt þeirra spurninga sem við hugsanlega vildum spyrja.

Síðan er einnig á það að líta að enginn er alvitur og efnahagsspádómar byggja að verulegu leyti á líkindareikningi, þeir byggja á líkindum að verulegu leyti. Þess vegna þarf það ekki að vera vegna ónákvæmni og síður en svo vegna óheiðarleika að missagnir voru í spásögnum fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar við síðustu fjárlagagerð, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hann benti mjög rækilega á þær missagnir og það misræmi sem annars vegar var í spám Þjóðhagsstofnunar og hins vegar í spám fjmrn. Það munaði talsvert miklu varðandi spádóma um útflutning og innflutning og þenslu í hagkerfinu o.s.frv. Þess vegna er fjölbreytnin einn þátturinn til viðbótar sem rétt er að halda til haga, að það séu margir aðilar að sinna slíkum verkum.

Sú hætta er fyrir hendi og það hefur verið að færast í vöxt á síðustu árum að fjármálastofnanir eru að hasla sér þarna völl á sama tíma og verkalýðshreyfingin hefur ekki haft nægilega burði til slíks þótt hún hafi staðið sig að mörgu leyti afar vel og sé að senda frá sér mjög mikilvægar upplýsingar, ég er ekki gera lítið úr því, alls ekki. En þarna þurfum við að tryggja jafnvægi og við þurfum að tryggja fjölbreytni. Þetta var um hina pólitísku spásagnagerð.

Síðan undir lokin vekjum við athygli á því, sem ég hef áður gert í máli mínu, að þetta komi til með að veikja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Eitt af því sem einkennir stjórnarfarið hjá okkur er mjög sterkt framkvæmdarvald og tiltölulega veikt löggjafarvald og þegar kemur að eftirlitshlutverkinu hefur framkvæmdarvaldið mikla yfirburðastöðu með sérfræðingaveldi á sínum snærum. Það er þar sem Þjóðhagsstofnun, þessi óháða stofnun eða tiltölulega óháða stofnun, hún heyrir undir forsrn. í seinni tíð, kemur til skjalanna. Við höfum fremur viljað efla sjálfstæði hennar annaðhvort með því að færa hana undir Alþingi eða annað.

Í þessari fyrri ræðu minni við 3. umr. ætla ég ekki að hafa fleiri orð að sinni en mun fylgjast með umræðunni hér af athygli og vekja þá máls á öðrum atriðum ef mér þykir þurfa.

[13:41]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er á nýjan leik tekið fyrir frv. ríkisstjórnarinnar um að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Mörg stór mál liggja fyrir þessu þingi nú á lokadögum og hvað varðar a.m.k. tvö af þeim, þ.e. frv. um að veita deCODE 20 milljarða ríkisábyrgð og frv. sem við fjöllum um núna, um Þjóðhagsstofnun, þá eru einungis tvær til þrjár vikur síðan þau voru fyrst lögð fram í þinginu, herra forseti.

Það gefur alveg augaleið að það eru ekki góð vinnubrögð að bjóða þinginu upp á slíka málsmeðferð í stórum málum. Enda er það svo í þessu máli sem og ríkisábyrgðarmálinu að stórir hlutir og miklir þættir sem tengjast þessum málum eru óskýrðir og ekki fást fram upplýsingar um. Þannig er Alþingi og þingmenn settir í þá stöðu að eiga að greiða atkvæði um mál sem ekki liggur eins skýrt fyrir og verða má hvaða áhrif og afleiðingar þau hafa í þjóðfélaginu.

Það á svo sannarlega við um þetta mál og þarf ekki að fara lengra, herra forseti, en að vísa í nál. meiri hlutans þar sem skýrt kemur fram að meiri hlutinn gerir sér ekki einu sinni grein fyrir hvað verður um öll þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft á sinni könnu, vegna þess að í nál. meiri hlutans er sagt, með leyfi forseta:

„Jafnframt er gert ráð fyrir að aðrir aðilar á borð við Seðlabanka Íslands, aðila vinnumarkaðarins og einkaaðila geti tekið að sér og sinnt einhverjum verkefnum."

Það hefur ekki fengist skýrt í umræðunni, herra forseti, hvaða verkefni þetta eru. Þetta eru ótæk vinnubrögð sem hér eru á ferðinni að málið skuli vera skilið eftir svona í lausu lofti og greinilegt að meiri hlutinn ætlar hvergi að hvika frá því að afgreiða málið nú.

Ég vil rifja upp, herra forseti, að því var borið fyrir sig varðandi þennan þátt máls í umræðunni, m.a. af hæstv. utanrrh. sem fékk það hlutskipti að mæla fyrir málinu, að leggja niður Þjóðhagsstofnun, að hann taldi nauðsynlegt að gera það m.a. vegna starfsmannanna og óvissunni sem þeir væru búnir að vera í. Það kom reyndar fram, herra forseti, að starfsmenn Þjóðhagsstofnunar telja líkt og við hér í stjórnarandstöðunni að það hefðu verið miklu eðlilegri og réttari vinnubrögð að bíða með málið til haustsins og athuga hvort ekki væri hægt að ná einhverri sátt um það hvernig þessari endurskipulagningu verður háttað, þannig að menn hafi fastara land undir fótum hvert verkefnin fara og að þingmenn séu þá í einhverri sæmilegri vissu um að verkaskiptingu að því er varðar þjóðhagsspá og greiningu á spá og þjóðhagsáætlun sem og ýmsar hagrannsóknir, verði sem best fyrir komið. En það er allt, herra forseti, í óvissu eins og málið er skilið eftir hér.

Þegar ég ræddi þetta mál við 2. umr. átti ég ýmislegt ósagt sem ég þarf að koma á framfæri í þessari umræðu, m.a. þarf ég að fara nokkuð yfir umsagnir sem ekki gafst færi á að fara yfir við 2. umr. málsins. Flestar þær umsagnir sem bárust nefndinni staðfesta það sem við höfum haldið fram í stjórnarandstöðunni, að það eru engin hagfræðileg eða fagleg rök fyrir því að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Það sem verra er, herra forseti, er að það mun tvöfalda útgjöldin frá því sem rekstur Þjóðhagsstofnunar kostar nú að færa verkefnin á þá staði sem menn hafa hugsað sér þó að stór þáttur þeirra sé í óvissu.

Það sem við höfum gagnrýnt er að verið er að leggja niður Þjóðhagsstofnun sem hefur skilgreind og skýr verkefni á sinni könnu samkvæmt lögum. Það er talið upp í átta greinum í lögum um Þjóðhagsstofnun, og engin lagaákvæði koma í staðinn, herra forseti, hvorki um Seðlabankann né Hagstofu sem eiga að fá einhvern hluta af þessum verkefnum. Eftir að Alþingi hefur því samþykkt að fella niður þau lagaákvæði sem gilda um Þjóðhagsstofnun er það hvergi skrifað á lögbókina hverjum þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft til þessa eru falin. Þess vegna mun ég núna fara nokkuð yfir, bæði þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur samkvæmt lögum og eins minnisblað um þjónustu Þjóðhagsstofnunar. Það blað sendi Þjóðhagsstofnun efh.- og viðskn. við meðferð þessa máls og yfir það var hvorki farið, að því ég best veit, við 2. umr. þessa máls né það sem af er 3. umr. sem hér fer fram.

Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunar eru þessi, með leyfi forseta:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.

2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.

3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöð-

um athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almenningssjónir, eftir því sem kostur er.

Eins og má heyra af þessari upptalningu sem birtist í 2. gr. laga um Þjóðhagsstofnun eru þetta gífurlega viðamikil verkefni á sviði hagrannsókna og efnahagsspáa og greiningar á þeim sem Þjóðhagsstofnun hefur á sinni könnu sem og ýmsar skýrslugerðir og athuganir sem eru fastir liðir í starfi stofnunarinnar. Það er ekkert, herra forseti, vitað um það nákvæmlega hvert þessi verkefni fara eða hvort því verði t.d. framfylgt að yfirlit um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum verði birt tvisvar á ári, þ.e. þessar skýrslur sem þingið t.d. styðst mjög mikið við varðandi efnahagsmál. Það er ekkert fast í hendi um að þær verði t.d. birtar hér tvisvar á ári eins og á að gera samkvæmt þessum lögum. Og það er auðvitað engin reglufesta, herra forseti, eða stjórnfesta að haga málum með þeim hætti.

4. liður í verkefnum Þjóðhagsstofnunar er: „Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála ...“

Ég efa ekki að fjmrn. sem fær nú veigamikinn þátt í þessum verkefnum öllum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft á sinni hendi mun vinna að efnahagsspá fyrir ríkisstjórnina og skýrslugerð um efnahagsmál. En það sem hér kemur fram í 5. tölul. 2. gr. um að „láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál“ er alveg í vindinum. Það er þó sett á lögbókina að alþingismenn og nefndir þingsins eigi að fá upplýsingar frá óháðri efnahagsstofnun en þessi lagabókstafur fellur væntanlega úr gildi eftir nokkra daga og þá er hvergi skrifað á lögbókina að það eigi að láta alþingismönnum þessar upplýsingar í té. Maður heyrir strax á Þjóðhagsstofnun viðbrögð þeirra þegar þau eru spurð um aðgang og aðkomu stjórnmálaflokka eða einstakra þingnefnda að upplýsingum úr Seðlabankanum. Svörin sem fást um það hvers konar aðgang þingmenn muni hafa að Seðlabankanum eru mjög loðin.

Ég vil þá vinda mér í, herra forseti, að fara yfir þetta minnisblað um þjónustu Þjóðhagsstofnunar til að betur sé hægt að glöggva sig á því hversu mikið af verkefnum verða raunverulega í vindinum, og enginn veit hver mun taka að sér þegar þetta frv. ríkisstjórnarinnar verður að lögum.

Hérna segir, með leyfi forseta:

„Í þessu minnisblaði verður reynt að gera grein fyrir því hvernig Þjóðhagsstofnun veitir öðrum aðilum þjónustu. Reynt er að greina í hverju þessi þjónusta er fólgin og út frá því ætti að vera auðveldara að meta hvernig þessum verkefnum verður sinnt ef stofnunin verður lögð niður. Verkefni þau sem hér er um að ræða má flokka í þrennt eftir eðli þeirra og verður fjallað um hvert fyrir sig hér á eftir:

Það er skýrslugerð um liðna tíð og upplýsingamiðlun,
mat á ástandi og horfum og önnur fagleg ráðgjöf,
þátttaka í stefnumótun.“

Síðan kemur hér fram, með leyfi forseta, að:

„Þjóðhagsstofnun safnar margs konar gögnum og notar þau við gerð þjóðhagsreikninga, þjóðhagsspár og önnur kjarnaverkefni sín. Er það ekki að undra þar sem til umfjöllunar er öll efnahagsstarfsemi í landinu. Fyrir utan talnaefni um peningastærðir er einnig unnið með upplýsingar um fólkið í landinu og magntölur um ýmsa þætti efnahagslífsins. Þessar tölur fjalla í sumum tilvikum ekki einungis um Ísland heldur er einnig um að ræða samanburð við önnur lönd. Sumt af þessu efni vinnur stofnunin sjálf úr frumgögnum, svo sem ársreikningum fyrirtækja, skattframtölum einstaklinga og fyrirtækja og beinum fyrirspurnum. Aðrar upplýsingar eru fengnar frá öðrum aðilum sem safna frumupplýsingum, svo sem Hagstofu, Seðlabanka, Fiskistofu og fjölmörgum öðrum innlendum og erlendum aðilum. Umfang þessara gagna er mjög mikið eins og glöggt má sjá á vefsíðu stofnunarinnar, www.ths.is.

Vegna þess hversu mikið magn fjölbreyttra upplýsinga er notað í starfi stofnunarinnar er mikið leitað til hennar eftir gögnum um hin ólíklegustu mál, bæði reglubundið og af tilteknum tilefnum. Stofnunin hefur leitast við að leysa vanda þeirra sem til hennar leita hvort sem þeir eru á höttunum eftir gögnum sem stofnunin sjálf hefur búið til eða þau eru frá öðrum komin. Hér fyrir neðan er að finna lista sem byggir á upplýsingum sem safnað hefur verið hjá starfsmönnum stofnunarinnar um það hvers konar aðilar það eru sem til stofnunarinnar leita. Það skal tekið fram að starfsmenn verða mjög lítið varir við þann mikla fjölda erinda sem leyst eru með heimsóknum á vefsíðu stofnunarinnar án nokkurra samskipta við starfsmenn. Þó eru allir sammála um að álag vegna slíkra beiðna hefur minnkað gífurlega frá því áður en vefurinn kom til sögunnar.“

Síðan eru listaðir þeir aðilar sem með einum eða öðrum hætti leita eftir þjónustu Þjóðhagsstofnunar en það er almenningur, viðskiptabankar, rannsóknarstofnanir, erlendir aðilar, Eurostat, OECD, námsmenn, hagsmunasamtök, erlend sendiráð, opinberar nefndir, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, blaðamenn, alþingismenn, stjórnvöld, þingnefndir, Sameinuðu þjóðirnar, Seðlabanki, háskólar, sveitarfélög, einkafyrirtæki og lánshæfismatsfyrirtæki.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að Þjóðhagsstofnun hefur mikil verkefni á sinni könnu og margir leita til hennar. Ég sé ekki fyrir mér að fjmrn., Seðlabankinn og Hagstofan, þeir þrír aðilar sem eiga að taka við þessum verkefnum, geti sinnt öllum þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft á sinni könnu. Það er auðvitað fráleitt eins og maður hefur heyrt hæstv. forsrh. segja í umræðu um þetta mál að til sögunnar séu komnar alls konar greiningardeildir og fjármálafyrirtæki sem séu með á sinni könnu ýmis af þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft. Hann nefnir ASÍ og fleiri aðila en það er alveg ljóst að þeir hafa ekki haft á sinni hendi þau viðamiklu verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft eða farið eins ofan í kjölinn og unnið grunnspár eins og Þjóðhagsstofnun hefur gert varðandi ýmsa þætti og úrlausnir á verkefnum.

Í þessu minnisblaði kemur einnig fram að „annar flokkur verkefna sem Þjóðhagsstofnun innir af hendi fyrir aðila sem til hennar leita er mat á ástandi og horfum í efnahagsmálum og önnur fagleg ráðgjöf. Stofnunin birti formlega mat sitt í þessum efnum í tveimur yfirlitsskýrslum á ári, þjóðarbúskapnum snemma á vorin og í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar í þingbyrjun á haustin. Þær spár sem þarna eru settar fram eru endurskoðaðar í sumarbyrjun og undir lok ársins. Grunnur þessara spáa eru þjóðhagsreikningar og nálægðin við þá í sömu stofnun hefur reynst affarasæl. Í þessu mati byggir stofnunin einnig mjög á þjóðhagslíkani sem unnið hefur verið í samvinnu Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka og fjmrn. Margir aðilar leita til stofnunarinnar til að fá nánari skýringu á ýmsu sem þetta mat varðar, bæði forsendur og túlkun. Er þar um að ræða allt milli þess að greina nánar einstakar töflur til greinargerða um tiltekin málefni.

Stofnunin er mjög oft fengin til ráðuneytis í starfi opinberra nefnda. Oft er þar um að ræða gerð greinargerða um tiltekin efni, ýmiss konar útreikninga sem t.d. byggja á líkönum sem stofnunin hefur búið til um skattkerfið og bætur almannatrygginga og aðrar millifærslur. Í sumum tilvikum hafa starfsmenn gegnt ritarahlutverki fyrir opinberar nefndir. Nefndir Alþingis leita umsagnar Þjóðhagsstofnunar um mikinn fjölda mála á hverju ári.

Þá hefur stofnunin yfir að ráða þekkingu til að meta áhrif nýrrar atvinnustarfsemi eða framkvæmda á þjóðarhag og þróun einstakra svæða og hefur m.a. annast mat á þjóðhagslegum áhrifum stóriðjuframkvæmda. Stofnunin getur gert mannfjöldaspár fyrir einstaka landshluta og er oft leitað til hennar eftir mati á íbúaþróun, væntanlegri aldursskiptingu, mannaflaþróun o.s.frv. Starfsmenn stofnunarinnar eru oft fengnir til að halda erindi á ráðstefnum bæði innan lands og utan þar sem þeir taka fyrir ýmsa þætti sem þeir hafa þekkingu á og greina þá nánar en dagleg verkefni þeirra gefa tilefni til.

Hér er einungis um að ræða takmarkaða upptalningu á þeim verkefnum Þjóðhagsstofnunar þar sem leitað er til starfsmanna hennar um faglega þekkingu. Við endurskipulagninu verkefna stofnunarinnar verður að gæta þess eftir því sem kostur er að hægt verði að sinna slíkum verkefnum áfram og fagleg sjónarmið verði áfram í fyrirrúmi," segir í þessari umsögn.

Ég sé ekki, og segi það enn og aftur, að þegar maður les þetta upp, þá þjónustu og faglegu ráðgjöf sem þessi stofnun hefur veitt víðs vegar úti í þjóðfélaginu og af margvíslegum tilefnum, að fjmrn. taki að sér þessi verkefni eða Seðlabankinn.

Síðan kemur hér þátttaka í stefnumótun. Þetta kemur einnig fram í þessari umsögn eða „minnisblaði um þjónustu stofnunarinnar" eins og það heitir en þar segir, með leyfi forseta:

„Þátttaka Þjóðhagsstofnunar í stefnumótun á sviði efnahagsmála eða skyldra sviða er fyrirferðaminnst af þeim verkefnaflokkum sem hér eru til umfjöllunar, að minnsta kosti á síðustu árum. Hægt er að skipta aðkomu stofnunarinnar að opinberri stefnumótun í tvo flokka: annars vegar er formleg aðkoma í formi þátttöku starfsmanna stofnunarinnar í nefndum eða starfshópum sem hafa það verkefni að móta stefnu í tilteknum málaflokkum. Hins vegar er óformleg aðkoma að mótun efnahagsstefnunnar með tillögugerð og ráðgjöf.

Að því er fyrri flokkinn varðar hafa starfsmenn stofnunarinnar setið og sitja í nefndum sem hafa stefnumótandi hlutverk, t.d. við útfærslu á auðlindagjaldi í sjávarútvegi og mótun auðlindastefnu, í rammaáætlun um virkjanir, jafnrétti í opinberri stefnumótun, og hnattvæðingarnefnd en þessar nefndir eru hér einungis teknar sem dæmi. Hins vegar er ekki mikið um að starfsmenn sitji í nefndum á vegum stjórnvalda. Á árum áður var Þjóðhagsstofnun mjög virk í hinni óformlegu opinberu stefnumótun í efnahagsmálum, sem þá einkenndist meira af sérstökum efnahagsráðstöfunum til að leysa úr brýnum vanda en nú er. Hið sama gildir um aðkomu stofnunarinnar að deilum á vinnumarkaði. Í því tilviki er þó sú breyting á að áður fyrr voru aðilar vinnumarkaðarins vanbúnir til að annast þá útreikninga sem nauðsynlegir voru til að ná niðurstöðu."

Herra forseti. Ég hef farið hér í stórum dráttum yfir minnisblað frá Þjóðhagsstofnun, sem lýsir vel þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft á sinni könnu. Það er algjörlega út í hött, forseti, að ætla að þessi verkefni verði leyst af einhverjum öðrum aðilum. Hið sorglegasta í þessu er að þegar verið er að leggja stofnunina niður skuli það ekki gert í hagræðingarskyni, t.d. til að spara fjármagn, heldur er um tvöföldun á fjárframlagi að ræða sem birtast mun í útgjöldum annarra sem taka að sér þessi verkefni, þ.e. Hagstofunni, hjá fjmrn. og Seðlabanka. Auk þess er ljóst er að ráðuneytin munu kalla eftir meira fjármagni ef færa á til þeirra reiknilíkön, eins og til sjútvrn. eða heilbrrn., reiknilíkan varðandi almannatryggingar. Þá er ótalið, herra forseti, það sem veita á ASÍ. Ákveðið fjármagn á að fara til að halda úti hagdeild ASÍ og vitanlega munu önnur samtök aðila vinnumarkaðarins einnig biðja um fjármagn í hagdeildir sínar.

Herra forseti. Þingmenn hafa einnig áhyggjur af því að með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun, a.m.k. stjórnarandstöðuþingmenn, verði erfitt að afla upplýsinga og ýmissa útreikninga sem þingmenn þurfa á að halda í starfi sínu. Þessi tilhögun mun því veikja stöðu Alþingis verulega gagnvart framkvæmdarvaldinu sem er þó ærið veik fyrir. Þingmenn hafa sótt mikið til Þjóðhagsstofnunar eftir ýmiss konar upplýsingum. Ég þekki það af eigin raun að það er oft og tíðum erfiðara að fá upplýsingar hjá öðrum aðilum, eins og fjmrn. og Seðlabanka. Því alveg ljóst að aðgengi þingmanna að upplýsingum mun minnka verulega við þessa breytingu.

Herra forseti. Við 2. umr. vísuðu stjórnarliðar, og hæstv. forsrh. líka að mig minnir, til Hagfræðistofnunar háskólans, að þingmenn gætu m.a. leitað þangað. Það er út af fyrir sig ágætt að geta leitað til Hagfræðistofnunar háskólans en það er ljóst og þarf ekki að fara um það mörgum orðum að Hagfræðistofnun háskólans er ekki í stakk búin til að veita þingmönnum, þingnefndum eða einstaka stjórnmálaflokkum þjónustu á ýmsum sviðum, herra forseti, sem Þjóðhagsstofnun hefur veitt þingmönnum til þessa.

Við í minni hluta efh.- og viðskn., ég ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Ögmundi Jónassyni, höfum lagt fram brtt. um að það eigi að stofna sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis sem taki til starfa 1. jan. 2003 og kostnaður af starfsemi þessari greiðist af fjárlögum og forsætisnefnd Alþingis skuli annast undirbúning og meta nauðsyn á umfangi sviðsins.

Herra forseti. Ég hef fundið fyrir því hjá stjórnarliðum að þeir telja að þetta gæti komið til greina. Þess vegna töldum við flutningsmenn þessarar tillögu fulla ástæðu til að draga hana til baka við 2. umr. málsins og taka hana til umræðu aftur við 3. umr. og þá til lokaatkvæðagreiðslu í þessu máli ef vera kynni að stjórnarliðar mundu veita henni brautargengi. Ég held að stjórnarliðar viðurkenni, a.m.k. í hjarta sínu, að það er verið að draga verulega úr þeirri þjónustu sem þingmenn hafa haft hjá þessari óháðu efnahagsstofnun. Þeir komast heldur ekki hjá því að viðurkenna að verið er að veikja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu með þessu. Sú leið sem við hér viljum fara, þ.e. að stofna sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis, ætti að vera nokkur bót að því er varðar þjónustu við Alþingi og þingnefndir, ekki síst fjárln. og efh.- og viðskn. Reyndar þarf ýmsa útreikninga og aðstoð við aðrar nefndir þingsins, þ.e. þjónustu sem hagfræðingar mundu sinna, sem ekki er að finna núna á nefndasviði þingsins.

Líkt og lögfræðingar á nefndasviði hafa unnið mjög gott starf fyrir þingnefndir og einstaka þingmenn liggur jafnframt

ljóst fyrir að það mundi breyta verulega stöðu þingnefnda, ekki síst eftir að Þjóðhagsstofnun hefur verið lögð niður, ef komið væri upp sérstöku hagsviði við skrifstofu Alþingis til að þjóna þingmönnum sérstaklega. Út á það gengur tillagan, herra forseti, sem við höfum flutt hér og ég vænti þess að um hana geti náðst nokkur samstaða.

Herra forseti. Við 2. umr. málsins fórum við nokkuð yfir það hvernig hagfræðileg og fagleg rök fyrir þessari breytingu skortir. Reyndar held ég að það sé erfitt fyrir stjórnarliða, þeim hefur a.m.k. ekki enn tekist það að draga þau fram, að benda á rök með þessari breytingu.

Ég fór nokkuð yfir reiknilíkönin og mikilvæg þjóðhagslíkön sem hafa verið í verkahring stofnunarinnar og hvernig hætta er á að fagleg þekking í tengslum við þau glatist við þessa breytingu. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það í þessari ræðu minni en við förum nokkuð yfir það er varðar þessi reiknilíkön í nál. sem við lögðum fram við 2. umr. Þar sýndum við m.a fram á hve ómarkviss hugmyndin um hvernig ætti að flytja verkefnin, t.d. til fjmrn. Það hlýtur að teljast ómarkviss verkefnaflutningur.

Í þeirri umræðu var m.a., herra forseti, dregin fram umsögn eða sérálit Þórðar Friðjónssonar varðandi þann þátt mála sérstaklega. En Þórður Friðjónsson skilaði áliti sem ástæða er til að fara nánar yfir en ég gat gert við 2. umr. málsins. Hann segist í meginatriðum vera ósammála þeim hugmyndum sem settar eru fram í frv. og að þessar hugmyndir þýði í aðalatriðum að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður og verkefni hennar færð til fjmrn. og Hagstofu, en slík skipan veikir grunn efnahagsumræðu og hagrannsókna hér á landi.

Orðrétt segir Þórður, með leyfi forseta:

„Ég tel brýnt að hér starfi hlutlaus, opinber rannsóknar- og ráðgjafarstofnun sem Alþingi, ríkisstjórn og almenningur geta leitað til og treyst.

Hér á eftir eru sex atriði nefnd sem ég vil sérstaklega vekja athygli á:

Að mínu áliti er mikilvægt að hér á landi starfi stofnun sem hefur það hlutverk að vera óháð greiningarstöð efnahagslífsins. Eðli málsins samkvæmt getur ráðuneytið ekki gegnt slíku hlutverki. Hins vegar er eðlilegt að endurskoða hlutverk Þjóðhagsstofnunar, sérstaklega að því er varðar hagsýslugerð fyrir liðinn tíma og tengsl hennar við framkvæmdar- og löggjafarvaldið."

Þetta hafa, herra forseti, nokkrir aðilar sem komu á fund nefndarinnar tekið undir þannig að með því að leggjast gegn þessu frv. erum við ekki alfarið að hafna endurskoðun á þeim verkefnum sem efnahagsstofnanir með höndum, eins og Seðlabanki, Hagstofa, Þjóðhagsstofnun og ráðuneyti að hluta til, í þeim tilgangi að gera þau hagkvæmara. En sú leið sem hér er farin er úr öllu korti og fjarri því að vera hagkvæm eins og við höfum margfarið yfir.

Áfram segir Þórður Friðjónsson, með leyfi forseta:

„Slík endurskoðun ætti raunar að ná til fleiri stofnana og má þar t.d. nefna skýrslusöfnun Seðlabankans um þjónustuviðskipti við útlönd og greiðslujöfnuð."

Síðan kemur hér, herra forseti:

„Hagkvæmt er við aðstæður hér á landi að hafa eina opinbera greiningar- og þjónustustöð sem getur í senn þjónað Alþingi, stjórnvöldum og almenningi. Þetta stafar m.a. af því að slík stofnun þarf að sjá um og viðhalda mörgum reiknilíkönum og gagnagrunnum eins og Þjóðhagsstofnun gerir nú. Þessi líkön eru flókin og viðamikil og byggjast að hluta á upplýsingum og gagnavinnslu sem á varla heima í ráðuneyti. Jafnframt þarf auðvitað sérþekkingu og reynslu til að vinna með þau. Þessum málum eru hvorki gerð viðhlítandi skil í frv. né voru þau rædd að gagni við undirbúning þess. Sem dæmi um reiknilíkön sem stofnunin hefur á sínum vegum eru þjóðhagslíkön, sjávarútvegslíkön, loftslagslíkan og skatta- og almannatryggingalíkön. Þar fyrir utan er stofnunin að sjálfsögðu með spálíkan fyrir verðbólgu, en þau er víða annars staðar að finna.

Þessi reiknilíkön eru notuð við spágerð og áætlanagerð í efnahagsmálum en einnig í sérverkefnum af ýmsu tagi. Til marks um slík verkefni má nefna mat á áhrifum EES, ESB og evrunnar, stóriðju, loftslagssamninga, mismunandi nýtingar fiskstofna o.fl. Við má bæta verkefnum á sviði skatta og almannatrygginga. Jafnframt eru þessi líkön oft notuð vegna fyrirspurna frá Alþingi og umsagna um frumvörp. Umræða um þetta efni í frv. er lítil og byggð á veikum grunni."

Síðan segir, herra forseti:

„Þjóðhagsstofnun er í samstarfsverkefni við ýmsa erlenda aðila. Um þessi verkefni eru mismunandi samningar og þau tengjast einstökum starfsmönnum með mismunandi hætti. Ekkert er á þessi mál minnst í frv. og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja eðlilegt framhald slíkra verkefna.

Ég tek undir sjónarmið starfsmanna um að skýra þurfi betur í frv. ákvæði til bráðabirgða, að átt sé við sambærileg störf sem boðin verða, enda er það í samræmi við skipunarbréf samstarfshópsins og umræðu um hann."

Loks segir Þórður Friðjónsson, með leyfi forseta:

„Hér ber því allt að sama brunni. Sú tilhögun hagstofnana sem frv. gerir ráð fyrir er ekki til bóta. Ég tel því að þetta mál þurfi að vinna mun betur og ræða ítarlegar og með opnari huga en gert hefur verið."

Herra forseti. Það er mjög sérstakt að sérálit þessa nefndarmanns í nefndinni sem vann þetta mál og hefur verið forstjóri Þjóðhagsstofnunar um langan tíma skuli ekki hafa fylgt frv. ríkisstjórnarinnar. Það er að finna í nál. frá minni hluta efh.- og viðskn. Það er skráð hér í þingskjöl og er auðvitað nauðsynlegt að halda því til haga hvað maður eins og Þórður Friðjónsson, með alla sína þekkingu, hefur um málið að segja.

Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar og Starfsmannafélag Þjóðhagsstofnunar hafa gagnrýnt þessa breytingu mjög og einkum þá hvernig að henni hefur verið staðið og telja að ekki hafi verið staðið við það sem starfsmönnum var lofað. Töluliður 1 í brtt. sem við þremenningarnir flytjum á þskj. 1244 er um að staðið verði við það loforð sem starfsfólkinu var gefið. Það kemur reyndar fram í erindisbréfi sem undirritað er af hæstv. forsrh. þannig að hér er fyrst og fremst verið að leggja til að staðið verði við það sem forsrh. lofaði í erindisbréfi til nefndarinnar frá 11. júní, en þar segir, með leyfi forseta:

„Auk þeirra verkefna sem tilgreind eru í fyrrnefndu bréfi forsrn. er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar."

Við flytjum eftirfarandi brtt.:

„1. Við ákvæði til bráðabirgða: Í stað orðanna „annað starf" í 1. málsl. komi: sambærilegt starf."

Þetta er önnur tveggja brtt. sem við flytjum.

Herra forseti. Það er mjög freistandi að fara ítarlega yfir allar þær umsagnir sem hér hafa verið settar fram um þetta

mál. Það eru ekki margir, herra forseti, sem mæla með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Þvert á móti hafa verið færð fyrir því mjög gild og góð rök að ríkisstjórnin sé á rangri braut á þessari vegferð að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Ég hvet þingmenn til þess að fara ítarlega yfir t.d. umsögn Sambands ísl. bankamanna, að ekki sé talað um álit fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar á þessu máli. Það fólk sem skrifar þetta álit og heldur hér á penna, þ.e. fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar, þekkir mjög vel til þessara mála. Þetta fólk býr yfir mikilli fagþekkingu á þessu sviði og auðvitað hefði verið full ástæða til þess að hlusta á það.

Þeir segja hér alveg blákalt það sem við í stjórnarandstöðunni höfum haldið fram og ætla ég að vitna til umsagnar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar þar sem segir:

„Spágerðin yrði því undir pólitísku forræði og gæti því ekki talist óháð. Þessi breyting felur því í sér að stjórnvöld sjá ekki ástæðu til að reka pólitískt óháða efnahagsstofnun. Eðlilegra hefði verið að auka enn frekar sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar."

Það er einmitt þetta sem við óttumst verulega í stjórnarandstöðunni, þ.e. að spágerðin, sem er nú grundvallaratriði við fjárlagagerðina svo dæmi sé tekið og auðvitað í allri efnahagsumræðu, er með þessari breytingu að flytjast undir pólitískt forræði fjmrn.

Það er líka athyglisvert að Samband ísl. bankamanna vekur hér upp tvö önnur mál, tvö önnur dæmi um fyrirtæki og stofnanir sem hafa verið lagðar niður í nafni hagræðingar af þessari ríkisstjórn. Þar er tekið dæmi af Húsnæðisstofnun. Hana átti að leggja niður í nafni hagræðingar því sú stofnun hefði blásið svo mikið út að nauðsynlegt væri að leggja hana niður og hagræða og spara þar. En niðurstaðan hefur orðið allt önnur. Það er raunverulega viðurkennt t.d. í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um þetta efni sem fór mjög í saumana á þessu máli. Þá kom í ljós að útgjöld Íbúðalánasjóðs uxu verulega eftir að Húsnæðisstofnun í þeirri mynd sem hún var í var lögð niður og breytt í Íbúðalánasjóð. Mig minnir að útgjöldin hafi verið um 400 milljónir, en að þau hafi vaxið um 100 milljónir við að leggja þá stofnun niður. Stjórnvöld skyldu því taka alvarlega þær viðvaranir sem koma frá okkur í stjórnarandstöðunni um að hún sé á rangri braut ef hugmyndin með þessari breytingu er að spara fjármagn.

Ég ætla aðeins að vitna í álit Sambands ísl. bankamanna, með leyfi forseta:

„Í nafni hagræðingar var Húsnæðisstofnun breytt í Íbúðalánasjóð og verkefni þau er starfsmenn veðdeildar LÍ unnu fyrir Húsnæðisstofnun færð annað. Þetta átti að spara ríkinu peninga. Íbúðalánasjóður samdi við einkaaðila um að hanna og skrifa nýtt tölvukerfi til að halda utan um, reikna út og innheimta þau lán sem fyrirtækið á hjá viðskiptavinum sínum. Allt var þetta unnið í andstöðu við flesta starfsmenn Húsnæðisstofnunar og veðdeildar, en pólitísk ákvörðunin réð för. Og hver er niðurstaðan nú nokkrum árum eftir að þessi pólitíski leikur var leikinn þrátt fyrir varnaðarorð starfsmanna?

Rekstur Íbúðalánasjóðs er mun kostnaðarsamari en gömlu Húsnæðisstofnunar og tugum milljóna var hent í undirbúning og gerð hugbúnaðar, sem nú er búið að kasta þar sem séð varð að hann mundi aldrei uppfylla kröfur sjóðsins."

Herra forseti. Þetta er ekki falleg lýsing. En hún er sönn eigi að síður og sýnir hvað þessari ríkisstjórn eru mislagðar hendur og hvað mál eru oft vanbúin af hennar hálfu þegar hún leggur niður stofnanir í nafni hagræðingar.

Hér stendur síðan, með leyfi forseta:

„Tölvukerfið sem veðdeild LÍ hafði í samvinnu við Reiknistofu bankanna hannað og notað er því enn notað, eins og starfsmenn bentu allan tímann á að væri hagkvæmasta lausnin."

Kerfinu sem átti að henda og var hent og tekið var upp annað hugbúnaðarkerfi sem kostaði tugi milljóna. Það var lagt til hliðar og gamla kerfið var tekið upp að nýju alveg eins og starfsmenn Húsnæðisstofnunar höfðu bent á allan tímann að væri hagkvæmasta lausnin, og það er það sem er notað núna hjá Íbúðalánasjóði. Mikið fjármagn fer út um gluggann við þessa tilburði stjórnarflokkanna að hagræða í ríkisrekstri, eða a.m.k. er það undir því yfirskini, herra forseti, að verið sé að hagræða í ríkisrekstri.

Síðan segir, með leyfi forseta:

Margir starfsmenn misstu störf sín eða hættu sjálfir vegna andstöðu við framkvæmdina. Virðing fyrir mannauð og tilfinningum starfsmanna réð ekki för."

Herra forseti. Mér sýnist á öllu að því er varðar Þjóðhagsstofnun að að sumu leyti sé þessi saga að endurtaka sig. Að sumu leyti er sagan að endurtaka sig að því er þetta varðar.

Síðan vitnar samband bankamanna í umsögn sinni einnig til þess þegar ráðherra ákvað að flytja starfsemi Byggðastofnunar í andstöðu við starfsmenn. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þegar þessi ákvörðun var tekin var hún m.a. studd með þeim rökum að húsnæðiskostnaður yrði mun minni á Sauðárkrók en hér í Reykjavík og að það kostaði samkvæmt úttekt ráðgjafarfyrirtækis aðeins 2 milljónir kr. að flytja. Þetta var því framkvæmt í nafni hagræðingar og byggðasjónarmiða. Starfsmenn voru andvígir þessum flutningi á faglegum forsendum en einnig misstu þeir allflestir starf sitt og lífsviðurværi. Þeir gerðu einnig athugasemdir við framlagða kostnaðarreikninga, sem pantaðir voru frá ráðgjöfum."

Síðan segir í álitinu:

„Þessi tvö mál eru rifjuð hér upp vegna þess að þessar aðgerðir voru gerðar í nafni hagræðingar og í andstöðu við starfsmenn og allar ráðleggingar þeirra. Hagræðingin varð engin en mistökin mörg og því er það grátlegt að þurfa nú enn einu sinni að lesa það í frumvarpi frá ríkisstjórn að stofnun í eigu ríkisins verði lögð niður í nafni hagræðingar."

Það sem við staðfestum í stjórnarandstöðunni og kom fram í vinnu nefndarinnar kemur fram líka í áliti Sambands ísl. bankamanna, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar voru tilbúnir með ýmsar aðrar útfærslur og hugsanlega samvinnu stofnana, en á þeirra sjónarmið var aldrei hlustað eða þau rædd. Það er skammarlegt og í algerri andstöðu við atvinnulýðræði að hunsa vilja starfsmanna og rýrir þann trúnað og traust sem nauðsynlegt er að skapa milli starfsmanna og atvinnurekenda."

Herra forseti. Af mörgu er að taka í þessu máli þegar leitað er í umsagnirnar vegna þess að þær eru raunverulega á eina lund eins og ég sagði. Menn færa fram rök gegn þessu máli. Það sem vekur líka athygli okkar í stjórnarandstöðunni sem höfum grannt fylgst með þessari umræðu og höfum reynt að andmæla því sem hér er á ferðinni, er að framsóknarmenn virðast ekki láta sjá sig í þessari umræðu. Enginn framsóknarmaður, hvorki við 1. umr., 2. né það sem af er þeirri 3., hefur tekið til máls í þessu máli um að leggja niður Þjóðhagsstofnun, utan hæstv. utanrrh. sem fékk það

sérkennilega verkefni að mæla fyrir frv. um að leggja niður Þjóðhagsstofnun í fjarveru hæstv. forsrh. Framsfl. hafði þó látið víða í sér heyra um að þeir væru mótfallnir þessu eftir að hæstv. forsrh. kom fyrst fram með þessa hugmynd í beinni útsendingu. Þess vegna urðu margir mjög hissa á því þegar þetta mál skaut aftur upp kollinum og auðvitað velta margir því fyrir sér hvað eiginlega varð til þess að framsóknarmenn sneru við blaðinu. Við því hafa ekki fengist nein svör, herra forseti. Eitt er víst, að hæstv. utanrrh., sem er eini framsóknarmaðurinn sem hefur staðið hér í ræðustól við að mæla fyrir þessu máli, hefur ekki komið fram, herra forseti, með nein rök sem styðja að skynsamlegt sé, eðlilegt eða faglegt að leggja niður þessa stofnun.

Sérstaka athygli vekur formaður þingflokks framsóknarmanna, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem hafði í eina tíð áhuga á þessu máli og flutti merka tillögu ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Gísla S. Einarssyni um að breyta lögum um Þjóðhagsstofnun, þ.e. að færa hana undir Alþingi. Nú hafa þingmenn Vinstri grænna reyndar tekið upp það mál hér. Það fæst ekki rætt almennilega og ekki tekið almennilega á dagskrá og ekki út úr nefnd sem hefði auðvitað verið eðlilegt. En rök hv. þm., sem núna sést ekki hér í sölum, sést ekki einu sinni bregða fyrir, voru þau sem fram koma í greinargerð með því frv.:

„Vegna hlutverks stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún sé að öllu leyti óháð stjórnvöldum."

En að hverju stendur þingmaðurinn núna? Hann stendur að því að færa þjóðhagsspár inn í fjmrn. En hann flutti eitt sinn tillögu um að Þjóðhagsstofnun yrði enn óháðari stjórnvöldum en hún hafði verið áður með því að flytja hana undir Alþingi. Hv. þm. vildi gera hana enn óháðari en hún þó var. Er hún þó óháðasta efnahagsstofnunin sem við höfum hér á landi. Hann hefur algjörlega skipt um skoðun í þessu máli án þess að telja sig þurfa að færa fyrir því nein rök úr þessum ræðustól, herra forseti.

Í þessari greinargerð stendur:

„Telja verður óheppilegt og jafnvel óeðlilegt að Þjóðhagsstofnun skuli heyra undir forsætisráðuneytið jafnframt því að stofnunin eigi að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn."

Herra forseti. Rökin eru þau að þetta eigi að heyra undir Alþingi vegna þess að stofnunin á að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn. Við höfum einmitt áhyggjur af þessu, þ.e. að verulega muni draga úr öllu aðhaldi þegar óháð stofnun er lögð niður sem hefur haft það verkefni að vera með aðhald og eftirlit í kerfinu, t.d. aðhald með hagstjórnaraðilum eins og Seðlabanka og fjmrn., sem nú eiga að fá þessi verkefni.

Herra forseti. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að vita hvort formaður þingflokks framsóknarmanna sé í húsinu. Mér finnst eiginlega varla hægt að ljúka þessari umræðu án þess að hann segi eitt eða tvö orð um þær skiptu skoðanir sem hann hefur núna allt í einu í þessu máli.

(**Forseti** (HBl): Forseti mun láta athuga málið. Og upplýsir að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er í húsinu.)

Þá væri gott að fá hann hingað í umræðuna þannig að hann geti leitt fram rök sín í málinu. Fróðlegt væri að vita hvort honum takist það fremur en hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh. að reiða hér fram einhver rök sem eru skynsamleg fyrir þessari breytingu.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst, þó að hæstv. forsrh. neiti því, að það eru sérkennileg sjónarmið sem liggja að baki þessari breytingu og ég held að í raun og sanni megi segja að það sé fyrst og fremst vegna þess að forsrh. líkuðu ekki þær spár sem komu frá Þjóðhagsstofnun sem voru ekki í samræmi við það sem hann vildi sjá að því er varðar verðbólguspá og fleira. Og það var minnisstætt þegar Seðlabankinn á árinu 2000 gaf út verðbólguspá, ég held að það hafi verið í desember árið 2000, upp á tæp 6% sem hæstv. forsrh. var óánægður með og taldi háa. Í mars 2001 gaf Þjóðhagsstofnun út Þjóðhagsbúskapinn og þar gagnrýndi Þjóðhagsstofnun efnahagsstjórnina á árunum 1999 og 2000, þ.e. að ekki hafi verið gripið til aðhalds eftir kosningarnar 1999. Þetta fór fyrir brjóstið á hæstv. forsrh. þó að allir hagfræðingar landsins hefðu tekið undir þá gagnrýni.

Í þjóðhagsspánni kom fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Gífurleg útlánaaukning, slaki í hagstjórn, einkum 1998 og 1999, og almennar launahækkanir umfram launabreytingar í helstu viðskiptalöndum hafa viðhaldið uppgangi og eftirspurn í efnahagslífinu. Þegar litið er um öxl er ljóst að aðhaldsstig efnahagsstefnunnar var ófullnægjandi á árunum 1998 og 1999 og þar er því að finna rætur eftirspurnarþenslunnar."

Þetta fór mjög fyrir brjóstið á hæstv. forsrh. og það var einmitt í kjölfar þess, ef ég man rétt, sem hann kom með sína frægu yfirlýsingu í beinni útsendingu í sjónvarpi sem ég veit ekki til þess að hann hafi áður ráðfært sig við framsóknarmenn um, sem réttilega voru mjög á móti því fyrir ári að fara þá leið en hafa nú skipt um skoðun.

Ég þakka fyrir að hv. formaður þingflokks framsóknarmanna er kominn hér í salinn. Hann gæti kannski reitt fram rök fyrir þeim sinnaskiptum sem hafa orðið hjá framsóknarmönnum í málinu.

Ég var einmitt, herra forseti, að rifja upp ágætt frv. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, nú formaður þingflokks framsóknarmanna, flutti 1997–1998, en þá var hv. þm. í Alþb. (**SJS:** Hann var í miklu betri félagsskap þar.) Var í miklu betri félagsskap, segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og það má vel vera að það sé félagsskapurinn meðal framsóknarmanna sem hafi haft þessi áhrif á hv. þm. En ég vil rifja upp fyrir þingmanninum þau rök sem hann setur fram í sínu ágæta frv. og spyrja hann í framhaldi af því einnar spurningar.

Hv. þm. segir, með leyfi forseta:

„Telja verður óheppilegt og jafnvel óeðlilegt að Þjóðhagsstofnun skuli heyra undir forsætisráðuneytið jafnframt því að stofnunin eigi að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn."

Hv. þm. telur það óeðlilegt, jafnvel þó að Þjóðhagsstofnun sé nú kannski óháðasta stofnunin í þjóðfélaginu, að hún *heyri undir forsrn. og vill að Þjóðhagsstofnun heyri beint* undir þingið vegna þess að það sé hlutverk hennar að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn.

Þetta er mjög rökrétt hjá hv. þm. Þetta er mjög rökrétt og skynsamlega sett fram af hv. þm. En nú finnst mér hann ganga í þveröfuga átt vegna þess að nú á efnahagsspáin og þjóðhagsspá, útreikningar á verðbólgu o.fl. og þjóðhagslíkön að flytjast inn í fjmrn. Og ekki er hægt að sjá annað en að verið sé að setja þetta allt undir einhvers konar pólitískt forræði eins og fram kom hjá Starfsmannafélagi Þjóðhagsstofnunar.

Þess vegna er spurning mín til hv. þm. — hann á nú sæti í efh.- og viðskn. þingsins og fylgdist þar væntanlega með umræðum — í fyrsta lagi: Hvers vegna hefur hv. þm.

skipt um skoðun frá 1997–1998 þegar skoðun hans var sú að Þjóðhagsstofnun ætti jafnvel að vera enn óháðari en hún er og flytjast undir þingið?

Hver telur þingmaðurinn að verði sparnaðurinn í því að leggja niður Þjóðhagsstofnun? Þegar hefur komið fram í áliti fjmrn. að a.m.k. tímabundinn kostnaður verði 50 milljónum meiri en kostar nú að reka Þjóðhagsstofnun og þá er ótalinn kostnaðurinn sem verður vafalaust og við munum kannski sjá þegar við næstu fjárlagagerð því að einstök ráðuneyti munu kalla eftir meiri mannskap þegar þau fá aukin verkefni við þessa breytingu. Og síðan liggja fyrir loforð um að styðja a.m.k. hagdeild ASÍ sem ekki er reiknað með í þeim kostnaði. Hvernig sér hv. þm. fyrir sér hagræðinguna í þessu?

Síðan er þá þriðja spurningin til hv. þm., hvort hann með vísan til fyrri skoðunar sinnar í þessu máli sem birtist í frv. 1997–1998 gæti ekki hugsað sér að styðja þá brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Ögmundi Jónassyni þess efnis að stofna eigi sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis sem taki til starfa 1. jan. 2003. Eigum við ekki að segja að þetta sé í dúr við það sem hv. þm. var að hugsa á árinu 1997–1998 þó að ekki sé kannski hægt að líkja því saman að stofna sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis eða að Þjóðhagsstofnun, með sama hætti eins og Ríkisendurskoðun, heyri undir Alþingi?

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég vil þó leyfa mér að bæta við, af því að það er svo oft vitnað til þess, bæði af hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. að svo miklar breytingar hafi orðið, það séu svo margir aðilar farnir að stunda hér spágerð, eins og greiningardeildir banka, samtök aðila vinnumarkaðarins o.s.frv. og það er m.a. tínt fram sem rök fyrir því að leggja Þjóðhagsstofnun niður, að þá kemur einmitt fram í umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja að þar er ekki fallist á það að greiningardeildir bankanna geti með einhverjum hætti komið í staðinn fyrir Þjóðhagsstofnun. Eðlilega ekki.

Og þar segir, með leyfi forseta:

„Í greinargerð frumvarps er því teflt fram sem einu af rökum fyrir breyttu fyrirkomulagi að greiningardeildir fjármálafyrirtækja sinni sambærilegri starfsemi og gefi margar út mánaðarlegar skýrslur um efnahagsmál. Rétt er að ítreka að þær skýrslur hafa m.a. byggst á fyrirliggjandi úttektum Þjóðhagsstofnunar, en greiningardeildirnar bæði meta forsendur að baki þeim tölum og nýta þær síðan í að greina áhrif á hlutabréfa- og skuldabréfamarkað í landinu. Greiningardeildirnar hafa hins vegar ekki spáð fyrir um helstu þjóðhagsstærðir á sama hátt og Þjóðhagsstofnun, enda hafa þær ekki byggt upp þjóðhagslíkön né haft heimildir til að innkalla upplýsingar og gögn með sama hætti og Þjóðhagsstofnun."

Í þeirri skoðun sem ég var að lýsa og kemur fram í umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja kemur glöggt fram að greiningardeildir fjármálafyrirtækja vinna með allt öðrum hætti að slíkum verkefnum en Þjóðhagsstofnun og greiningardeildirnar byggja á þeim skýrslum sem koma fram frá Þjóðhagsstofnun um efnahagsmál. Þetta vildi ég setja fram af því að rökin eru tínd til, herra forseti, þar sem þeir aðilar sem fyrir þessu máli standa hér á þingi tefla fram að ýmsar greiningardeildir á fjármálasviðinu sem vinna að efnahagsspám séu rökin fyrir því að hægt sé að leggja niður Þjóðahgsstofnun.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að fyrir því að leggja niður Þjóðahagsstofnun var einungis að finna það sem fram kom í máli hæstv. forsrh. þegar hann í beinni útsendingu raunverulega lagði niður Þjóðhagsstofnun og framsóknarmenn og aðrir sem hafa verið mótfallnir þessu hafa verið knúnir til samstarfs við hæstv. forsrh. til að ná fram sínu máli. Það er það eina sem hægt er að finna sem „af hverju" þegar maður leitar skýringa á því hvers vegna er verið að leggja niður þessa mikilvægu stofnun. Hagfræðileg rök eru ekki til, fagleg rök eru heldur ekki til, herra forseti, og ekki heldur kostnaðarleg rök vegna þess að það verður miklu dýrara að flytja verkefni stofnunarinnar annað, eins og á að gera, en að reka hana áfram.

Ég ítreka að með sama hætti og starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa sagt og aðrir aðilar teljum við rétt, herra forseti, að fara í endurskoðun og endurskipulagningu á þeim verkefnum sem falla með einum eða öðrum hætti undir hinar ýsmu efnahagsstofnanir, en ég held að ríkisstjórnin hafi valið óskynsamlegustu og dýrustu leiðina að því marki.

[14:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram að ég hef aldrei útilokað það í þeirri umræðu sem fram hefur farið um framtíð Þjóðhagsstofnunar að gera breytingar á stofnanakerfi ríkisins. Hv. þm. getur flett upp viðtölum við mig við fjölmiðla t.d. á síðasta ári þar sem ég tek það mjög skýrt fram að ég útiloki ekki stuðning við breytingar á stofnanakerfinu. Núverandi ástand hefur aldrei verið í mínum huga einhver heilög kýr sem ekki mætti hrófla við heldur þvert á móti minni ég á ákvæði í stjórnarsáttmálanum sem kveður á um það að endurskipuleggja rekstur hins opinbera með það í huga að ná fram aukinni hagræðingu. Ég held að ævinlega þurfi að huga að því, herra forseti, í rekstri hins opinbera að gæta að því að ekki sé þanið út umfram það sem þarf og endurskipulagt sé til að freista þess að ná fram því sem ætlað er með sem minnstum tilkostnaði.

Í öðru lagi vil ég benda á hvað varðar þær upplýsingar sem lúta að liðnum tíma að hef ég ekki neinar efasemdir um það að Hagstofan muni geta unnið þær með sama hætti og verið hefur hjá Þjóðhagsstofnun. Það er ekki ástæða til að ætla að gagnasöfnunin og úrvinnsla úr gögnum um efnahagsmál, um liðinn tíma fari fram með neitt lakari hætti en verið hefur. Það sem menn velta auðvitað fyrir sér fyrst og fremst er spurningin um mat á framtíðinni. Og það er auðvitað það sem er helst álitamál í þessum breytingum.

[14:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað heyrt á máli hv. þm. en hann sé sammála okkur í stjórnarandstöðunni. Við höfum talað fyrir því að vel megi skoða þessa hluti og endurskipuleggja þá. En við teljum að niðurstaðan sem stjórnarflokkarnir komust að sé röng.

Ég spurði hv. þm. hvað hefði breyst frá því að hann flutti frv. Er hann sammála því að skynsamlegt sé að flytja spágerðina og þjóðhagsspána núna inn í fjmrn. miðað við þá skoðun sem fram kemur í greinargerð hans um þetta mál þegar hann vildi flytja stofnunina undir Alþingi? Er ekki hætta á að þjóðhagsspáin og spágerðin lúti pólitísku forræði þegar þetta er komið til fjmrn.? Er eðlilegt að gera þetta með þeim hætti? Og hefur hv. þm. séð einhvern sparnað í því, svo maður reyni að tína til þau rök ef vera kynni að einhver sparnaður væri í þessu, að gera þá breytingu að leggja niður

Þjóðhagsstofnun og flytja verkefnin annað? Ég held að mjög miklvægt sé að fá það fram.

Hv. þm. svarði ekki þeirri spurningu heldur sem ég lagði fyrir hann sem lýtur að þeirri brtt. sem flutt er á sérstöku þingskjali, að um leið og Þjóðhagsstofnun er lögð niður verði stofnað sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis, hvort hann geti tekið undir þau sjónarmið sem þar koma fram, að það sé eðlilegt þegar verið er að veikja mjög stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu með þessari breytingu að þingmenn njóti þó einhvers konar aðstoðar, hagfræðilegrar aðstoðar á nefndasviðinu. Ég spyr hv. þm. líka hvort hann geti ekki stutt þessa brtt. Mér finnst þingmaðurinn alls ekki færa fullnægjandi rök fyrir þeim sinnaskiptum sem hafa orðið á tiltölulega stuttum tíma að því er varðar það að flytja Þjóðhagsstofnunina undir aðila eins og Alþingi á þeirri forsendu að Þjóðhagsstofnun ætti að geta fylgst með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og lagt mat á árangurinn.

[14:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. var auðvitað aðalatriðið í því frv. sem þingmaðurinn gat um og flutt var hér 1997–1998 að tryggja að sú stofnun sem safnaði upplýsingum um efnahagsmál, lagði mat á þær og setti fram spá um líklega þróun í framtíðinni væri sjálfstæð í störfum sínum. Aðalatriði málsins var að tryggja sjálfstæði þeirra sem legðu mat á þessar upplýsingar. Þess vegna var lagt til að færa stofnunina undir Alþingi.

Frá þeim tíma hafa orðið breytingar sem gera það að verkum að það er hægt að hugsa sér breytingar frá því sem þá var. Fleiri aðilar leggja núna mat á framvindu efnahagsmála og eru algjörlega óháðir ríkisstjórninni eins og fram hefur komið í máli hv. þingmanns, m.a. í bankakerfinu, og þeir aðilar eiga aðgang að þessum tölfræðilegu upplýsingum sem munu hafa verið hjá Þjóðhagsstofnun og munu verða hjá Hagstofunni þannig að þeir eiga að geta haft nokkuð góðar forsendur til að undirbyggja sína eigin spá. Þessi aukni fjölbreytileiki gerir það auðvitað að verkum að ekki er sama staða uppi. Það er ekki eins horft til álits þessa eina aðila sem þá útbjó spá um framvindu í efnahagsmálum. Það verður að skoða hlutina í því ljósi sem breyst hefur síðan, herra forseti.

Um brtt. hv. þm., um hagsvið eða starfsmenn með hagfræðiþekkingu á Alþingi, vil ég segja að ég tel það vera að mörgu leyti skynsamlega tillögu og ég held að við eigum að skoða það í náinni framtíð, að byggja upp þekkingu innan Alþingis á þessu sviði.

[14:49]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skoða það í náinni framtíð, segir hv. þm. Það liggur mjög á að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Það má ekki bíða til haustsins svo að menn geti skoðað nánar hvort þeir séu á réttri leið. Og ef það á að leggja Þjóðhagsstofnun niður, og það þegar 1. júlí, hafa þingmenn ekki lengur, frá og með 1. júlí, aðgang að Þjóðhagsstofnun. Af hverju á þá að bíða með að stofna slíkt hagsvið við skrifstofu Alþingis sem ég heyri að hv. þm. tekur undir að sé skynsamleg leið í þessari stöðu? Ég spyr hv. þm. að því hvort hann sé ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því að við köllum saman stuttan fund í efh.- og viðskn. og athugum hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um þá brtt. sem hér er.

Ég hef heyrt fleiri þingmenn í stjórnarliðinu taka undir þessa skoðun og það sem fram kemur í þessari tillögu, að það sé rétt og eðlilegt að fara þá leið. Við í stjórnarandstöðunni, og þingmenn almennt, þurfum að geta leitað til óháðs aðila. Það er nauðsynlegt fyrir Alþingi og þingmenn að geta leitað til óháðs aðila en vera ekki ofurseldir einhverri ráðgjöf frá fjmrn. sem við oft og tíðum stöndum í ýmsum deilum við, bæði um forsendur fyrir fjárlagagerð og fleira. Ég tel að það sé ótækt, herra forseti, að bíða með þetta. Þessa tillögu verður að samþykkja þegar á þessu þingi ef svo mikið liggur á að ná fram þessu máli sem er fyrst og fremst sett fram út af dyntum hæstv. forsrh. Framsóknarmenn lyppast niður og fylgja honum eftir í þessu máli eins og öðrum.

Það er alveg sérstaklega kaldhæðnislegt að þingmenn Framsfl. skuli gera það í ljósi þess að það er ekki nokkur einasti sparnaður að þessu heldur munum við standa frammi fyrir því, og það þegar á næsta þingi, að aukinn kostnaður mun fylgja þessu.

[14:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, Jóhönnu Sigurðardóttur, að þetta mál er í raun og veru alveg fáfengilegt. Maður veit ekki hvaða lýsingarorð maður á að nota yfir aðdraganada málsins, t.d. hvernig Framsfl. leggur sjálfan sig undir í þessu máli. Það er hraksmánarlegt að sjá til blaðaviðtala hans og vitnaleiðslna þingmanna og ráðherra Framsfl., svo maður tali ekki um eldri pappíra, þingmál og annað því um líkt, þar sem þeir lýsa sig meira og minna andvíga málinu, hneykslast á framgöngu forsrh. eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði í fyrravetur og leka svo hér niður og láta þetta mál fara þegjandi og umræðulaust af sinni hálfu í gegn. Það er alveg yfirgengilegt. Þegar búið er í raun og veru að afhjúpa málið þannig faglega að eftir stendur að það á að sulla þessu einhvern veginn áfram, dreifa verkefnunum út um dal og hól — það er engin vönduð greining á þessu máli eða einhver skýr verkaskipting dregin upp — og þegar menn lenda í vandræðum er vísað á Seðlabankann, greiningardeildir úti í bæ, fjmrn., Hagstofuna, bara „einhvern" sem á að gera þetta. Það mætti halda að það væri verið að — ég veit ekki við hvað á að líkja því — þessar hlutlausu þjóðhagsspár eða annað því um líkt væru a.m.k. ekki viðkvæmar þjóðhagslegar upplýsingar. Menn meðhöndla varla slík viðfangsefni á þennan hátt. En það er samt svo, kostulegt sem það nú er.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson dróst inn í umræðuna í andsvörum. Það er aðallega þannig sem Framsfl. tekur þátt í umræðum um stórmál núna. Í gær t.d. rausnaðist Framsfl. upp í andsvar í ríkisábyrgðarmálinu, deCODE. Hann lagði bara undir ein fjögur andsvör í þeirri umræðu, Framsfl., og nú er komið annað merkt framlag sem eru þessi tvö andsvör frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni nema það teljist sérstakt framlag til umræðunnar að hv. þm. Hjálmar Árnason gengur hér um gólf. Vera kann að það sé framlag framsóknarmanna til umræðunnar. (Gripið fram í.)

Nú liggur það fyrir, herra forseti, að ekki verður af þessu sparnaður heldur þvert á móti kemur þetta til með að kosta meira, a.m.k. fyrst um sinn. Verkefnin eiga ekki að hverfa, mega ekki hverfa og geta ekki horfið. Í öðru lagi, herra forseti, hefur í sjálfu sér ekki verið bent á neitt athugavert við núverandi fyrirkomulag, ekki nokkurn skapaðan hlut. Hvað er það sem ekki hefur gengið nógu vel þarna? Rekstur þessarar stofnunar? Vinna hennar, það sem frá henni kemur? Er

það óhagkvæmt fyrirkomulag að Þjóðhagsstofnun er þarna til húsa hjá Seðlabankanum og nýtur góðs af sameiginlegri aðstöðu þar? Nei, alveg prýðisfyrirkomulag. Er stofnunin illa mönnuð? Hefur verið flótti frá henni, starfsmannaflótti? Nei. Þvert á móti vinnur þarna kjarni af mjög traustu og velmenntuðu fólki, og margir með umtalsverða reynslu. Núna er að vísu búið að hrekja frá henni forstjórann sem þar var um alllangt árabil en þar mundi væntanlega koma maður í manns stað.

Hvað er það þá sem ekki hefur gengið upp? Ja, það er bara það að forsrh. reiddist við stofnunina og ákvað að leggja hana niður. Þetta er náttúrlega orðinn kækur hjá ríkisstjórninni. Svona fara menn með vald sitt sem sitja of lengi og misskilja stöðu sína. Þeir reiðast öllu sem gerist og ekki lýtur þeirra vilja í stóru og smáu. Þá þurfa menn að fara að hvíla sig og gera eitthvað annað. Það er náttúrlega þeim mun verra ef með þeim eru slíkar lyddur í samstarfi að þeir láta allt eftir þeim, eins og á við í tilviki Framsfl. sem ævinlega lekur niður, það má alltaf treysta því, eða selur sig þá.

Þetta er nákvæmlega hliðstætt dæmi og með Landssímann þar sem Framsfl. ætlaði aldeilis að standa í lappirnar, ekki kæmi til greina að einkavæða Landssímann, a.m.k. ekki með grunnnetinu. Þar ætluðu þeir að standa fastir fyrir, framsóknarmenn, og héldu út í rúmlega hálft ár. Þá var allt lekið niður og þeir létu sig hafa það að standa að þeim ósköpum sem síðan urðu með Landssímann, sjálfum sér til háðungar og skammar. Það fer alveg nákvæmlega eins í þessu máli, og þjóðin veit alveg upp á sína tíu fingur hvað hér er á ferðinni.

Herra forseti. Vinna Þjóðhagsstofnunar og hlutverk er eitt af því allra mikilvægasta í efnahagsmálum okkar, stjórnmálum og umræðum um þjóðhagsmál. Störf Þjóðhagsstofnunar og rit hennar gegna lykilhlutverki. Ég mótmæli harðlega að það sé ekki afturför ef svona stofnun, tiltölulega sjálfstæð, óháð stofnun af þessu tagi, hverfur af sjónarsviðinu. Það verður þessum aðila færra til að dreifa til þess að bera saman gögn og leggja dóm á mismunandi mat manna á þjóðhagshorfum og öðru slíku.

Hver á að gera þjóðhagsáætlun fyrir haustið 2002 ef þetta frv. verður að lögum? Hvernig á að vinna þjóðhagsforsendur fjárlagagerðarinnar í vor og sumar? Hver gerir það? Með fjárlögum á hverju hausti er lögð fram þjóðhagsáætlun, grundvallarplagg sem er í raun og veru fylgirit fjárlaganna. Halda menn að það hafi ekki sjálfstætt gildi að hún er unnin af sjálfstæðri stofnun en ekki fjmrn.? Hvernig dettur mönnum í hug að halda öðru fram? Enda hefur iðulega komið fram ákveðinn mismunur á mati manna. Þjóðhagsstofnun hefur veitt aðhald hvað það varðar að fjmrn. freistist ekki til að fegra fyrir sér þjóðhagshorfurnar. Af hverju skyldi það vera? Jú, til að ná endum saman í fjárlagagerðinni, það er stundum kallað að ljúga saman fjárlögunum. Það er alþekkt að fjármálaráðuneytin eru gjarnan undir mikilli pressu um að fegra horfurnar þannig sérstaklega, drýgja tekjuhliðina, því að það er kannski það sem menn geta gert með því að gefa sér hagstæðar forsendur í þjóðhagsspá. Útgjöldin ráða menn verr við og til þess að ná endum saman og sýna þetta fallegt á pappírunum, ekki síst á kosningaárum, eru menn kannski að leika sér svolítið með forsendurnar.

Þá skiptir miklu máli að til staðar sé einhver óháður aðili sem leggur sjálfstætt mat á hlutina, helst eins fjarlægur framkvæmdarvaldinu og kostur er við þessar aðstæður. Það hafa í mínum huga verið ein meginrökin fyrir því að Þjóðhagsstofnun eða sá aðili sem annast gerð þjóðhagsspáa væri betur kominn sem sjálfstæður, algjörlega óháður aðili í skjóli Alþingis og hefði sterkari stöðu til að leggja fram sjálfstætt mat.

Annað meginplagg um efnahagsmál kemur svo oftast í byrjun desember og það er það sem ég hef stundum kallað skammdegisskýrslu Seðlabankans. Þá kemur meginrit Seðlabankans þar sem hann leggur mat á horfurnar eins og hann sér þær fyrir sér. Síðan eru auðvitað Fjármálatíðindin og þau rit önnur. Síðan kemur frá Þjóðhagsstofnun á útmánuðum ritið Þjóðarbúskapurinn. Þessi rit hafa verið þeim sem hafa verið að glíma við efnahagsmál, hvort heldur er í stjórn eða stjórnarandstöðu, meginhandbækur. Ég segi alveg eins og er, eftir að hafa t.d. afplánað í efh.- og viðskn. um langt árabil — ætli ég hafi ekki setið þar upp undir tíu ár í röð — að þetta voru grundvallargögn sem maður notaði á hverju ári. Það var gjarnan haldinn sérstakur fundur á haustin þegar ég var í efh.- og viðskn., einmitt með Þjóðhagsstofnun þar sem hún fór yfir horfurnar með nefndinni. Síðan kom Seðlabankinn og síðan fjmrn. Og það var mjög gagnlegt að fá þessa aðila og heyra mismunandi mat þeirra á stöðunni.

Nú er ósköp einfaldlega lagt til að slá þennan aðila af og dreifa verkefnum hans inn í Hagstofuna sem þarf þá að fara að byggja alveg upp frá grunni sína stöðu í þessu ef hún á að þjóna þarna einhverju hlutverki, þ.e. einhverju sjálfstæðu matshlutverki. Hún getur kannski fært þjóðhagsreikningana. Það er að mörgu leyti ekkert óskylt þeirri starfsemi sem þar hefur verið, hagsýslugerð og öðru slíku. En það er auðvitað algjörlega fráleitt að ætla að afgreiða málin þannig að vísa hinum meginverkefnunum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum þangað.

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram áður í umræðunni hafa verið uppi hugmyndir um að kannski mætti til mótvægis styrkja einhvers konar hagdeild eða hagsvið hjá Alþingi. Það er auðvitað ein leið sem er mjög vel möguleg og brtt. er hér flutt um það af stjórnarandstöðunni. En þá bregður svo við að þó að menn í orði kveðnu þykist ekkert vera henni neikvæðir þá vantar allan stuðning við hana. Af hverju er það þá ekki ákveðið í leiðinni þannig að strax næsta haust geti slíkt hagsvið með nokkrum liðstyrk, nokkurra manna hagsvið eða hagdeild, verið komin til sögunnar? Kannski væri þá rétt að láta hana annast gerð sjálfstæðrar þjóðhagsspár sem Alþingi hefði sjálft í höndunum þegar fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar birtist hverju sinni.

Herra forseti. Alla vega finnst mér það með hreinum ólíkindum ef menn ætla að henda þessu frá sér svona eins og málatilbúnaðurinn allur hljóðar upp á núna. Auðvitað væri nærtækara að fara fyrst yfir gömlu hugmyndirnar um að færa Þjóðhagsstofnun einfaldlega í óbreyttri mynd sinni eða t.d. með spár og greiningarhlutverk sitt undir Alþingi og stokka þá kannski að einhverju leyti upp verkaskiptingu þeirrar stofnunar og Hagstofunnar, Seðlabankans og fjmrn. eftir atvikum.

Herra forseti. Reyndar verð ég að segja að það hefur mér fundist furðulegast af öllu þegar menn hafa farið að vísa í Seðlabankann, eins og er gert t.d. í greinargerð með frv. hér. Þar er komið inn á hið nýja hlutverk Seðlabankans samkvæmt nýjum lögum og talað um sjálfstæði bankans og því sé mikilvægt að Seðlabankinn „vinni ýmis mál sjálfur sem áður voru í samstarfi við aðra. Á það sérstaklega við um mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum."

Já, en samrýmist það sjálfstæði Seðlabankans að hann eigi jafnframt að vinna það fyrir aðra aðila og vera þeim til

ráðuneytis, þar á meðal framkvæmdarvaldinu eða löggjafarvaldinu? Hér fara menn algerlega í hring. Það væri fróðlegt að heyra t.d. hv. þm. Vilhjálm Egilsson útlista það hvernig það samræmist nýju lögunum um Seðlabankann og auknu sjálfstæði hans að setja hann svo jafnframt í þetta verkefni. Þetta er tátólógía. Þetta er hrein lokleysa. (Gripið fram í.)

Ég er hér með frv. sem var lagt til grundvallar lagasetningunni um Seðlabankann á síðasta ári og greinargerð þess. Það væri fróðlegt fyrir þingmenn að fara yfir það, svo ég tali nú ekki um alla pappírana sem nefndin hafði í höndunum sem vann frv., þykkar skýrslur um fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum og hvernig seðlabankar í öðrum löndum hefðu verið að þróast. Mig rekur hvergi minni til þess að hafa séð það að liður í þeirri þróun væri að þvæla inn í seðlabankana einhverju ráðgjafar- og spárhlutverki fyrir framkvæmdarvaldið eða löggjafarvaldið. Þvert á móti hefur verið markmið að rjúfa algerlega þessi tengsl. Það er algerlega ljóst að þetta er í fullkominni mótsögn við allan andann í því starfi sem lá til grundvallar nýju lögunum um Seðlabankann og því markmiði þeirra laga að gera Seðlabankann sjálfstæðan.

Þannig stóð t.d. í greinargerð með frv. á sínum tíma að helstu breytingar sem frv. geri ráð fyrir frá eldri lögum séu að starfsemi Seðlabankans verði sett skýrt markmið um að tryggja stöðugt verðlag og hverfa frá gengisfestu og yfir í verðlagsviðmið.

Síðan segir: „Ráðherra komi að því að skilgreina það markmið ...“

Það er hvar menn setja mörkin, verðlagsmörkin. Er 2% eða 3% verðbólga ásættanleg? Stjórnvöld koma að því. En þar með lýkur þeirra hlutverki.

Svo segir: „... bankinn hafi fullt sjálfstæði í ákvörðunum um hvernig markmiðinu verði náð með beitingu þeirra stjórntækja sem hann býr yfir.“

Fullt sjálfstæði. Muna menn hvernig þetta var áður í lögum? Það stóð áður í lögum, ég held í 4. gr. gömlu laganna um Seðlabankann, að hann skyldi framkvæma efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og ef ríkisstjórn og Seðlabanka greindi á átti Seðlabankinn að lúffa. Hann mátti að vísu lýsa þeim ágreiningi opinberlega. En að öðru leyti átti hann að hlýða ríkisstjórn.

Hér hafa menn tekið þessa hluti og snúið þeim við. Það er í samræmi við það sem gerst hefur í löggjöf seðlabanka annars staðar. Þetta er t.d. í samræmi við þær reglur sem Maastrichtsáttmálinn setur evrópsku seðlabönkunum og sem seðlabankar Evrópusambandsríkjanna sem ætla að taka upp evruna, verða að uppfylla og mjög mörg önnur vestræn ríki hafa sniðið löggjöf sína að þessu sama. Við skoðuðum í nefndinni á sínum tíma t.d. löggjöf nýsjálenska seðlabankans, sænska seðlabankans og einhverra fleiri. Hvergi nokkurs staðar er nokkur skapaður hlutur á blaði þar um að seðlabankarnir fari að leika einhvers konar þjóðhagsstofnun. Menn hafa einmitt verið að fara með þetta í öfuga átt.

Megineinkenni breytinganna sem orðið hafa á löggjöf um seðlabanka og við erum að taka mið af er að einfalda lögin, hafa markmiðin fá en skýr og þá fyrst og fremst verðlagsmarkmiðin sem yfirleitt hafa leyst önnur markmið af hólmi, t.d. um gengisfestu eða annað því um líkt, og fullt sjálfstæði bankanna til þess að fylgja peningamálastefnu sinni eftir með þeim tækjum sem þeir hafa.

Til marks um það hversu mikilvægt menn hafa talið að slíta tengslin og skapa þarna fullt sjálfstæði og óháði seðlabanka gagnvart framkvæmdarvaldinu er að þessum breytingum hefur eiginlega alls staðar fylgt að ríkissjóði er bannað að taka lán hjá Seðlabankanum. Klippt er á fjárhagslegu tengslin til þess að ekki einu sinni þau geti neitt orkað þarna tvímælis. Í raun hætta seðlabankarnir að vera eins og viðskiptabanki ríkissjóðs og ríkissjóður verður að fjármagna sig eftir atvikum ef hann þarf á slíku að halda vegna skammtímahreyfinga eins og hver annar aðili á markaði og seðlabankarnir hætta að leika það hlutverk.

Ég gæti vitnað ítarlegar í greinargerð með frv. frá sínum tíma, herra forseti, en ég taldi rétt að gera þetta hérna aðeins að umtalsefni vegna þess að eitt af því sem menn hafa nefnt í umræðunni og ég tel algerlega fráleitt, er að vísa á Seðlabankann þegar menn eru í þrengingum sínum að reyna að finna því einhverja stoð að svona eigi að standa að málum.

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum þegar menn segja að ekkert geri til þó að Þjóðhagsstofnun hverfi vegna þess að svo margir aðrir eru farnir að gera þetta. Bíddu, gera hvað? Eru það greiningardeildir bankanna? Meðal annars hv. þm. Krstinn H. Gunnarsson nefndi það hér áðan. Er það sambærilegt við það sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum á þessu sviði? Ætla menn að fara að leita til bankanna og hvernig þá? Á að bjóða það út eða á hverjum ætla menn að taka mark? Nú er það dögum oftar sem niðurstöður einstakra spekinga hjá bönkum eða verðbréfafyrirtækjum eða fjármálastofnunum öðrum eru út og suður. Oft er verulegur munur á mati þeirra á þjóðhagshorfum eða öðru slíku eins og við höfum nú m.a. fengið að heyra á umliðnum vetri þegar menn hafa verið t.d. mjög ósammála um mat sitt á því hvort líklegt væri að rauðu strikin í maí héldu og annað í þeim dúr. Hverjum á þá að treysta? Íslandsbanka? Búnaðarbankanum? Landsbankanum? Kaupþingi? Þetta gengur ekkert upp, herra forseti, enda er það sem gert er á þessum bæjum m.a. byggt á gögnum frá Þjóðhagsstofnun. Við hvað eiga þessir menn að styðjast ef þeir hafa ekki lengur aðgang að einhverjum slíkum gögnum? Eiga þeir að sækja þau inn í fjmrn. eða til Seðlabankans? Er það heppilegt? Samrýmist það samskiptareglum viðskiptabankanna við Seðlabankann að þeir leiti þangað eftir einhverjum gögnum til að gera greiningar sínar á þjóðhagshorfum eða öðru slíku?

Út frá hvaða sjónarhóli eru þeir að vinna þá vinnu? Það er út frá þeim hagsmunum sem þeir eru að passa upp á sem fjármálastofnanir og vangaveltum um þróun á verðbréfamarkaði og annað í þeim dúr. Einnig þetta, herra forseti, er algerlega fráleitt að mínu mati.

Það sem mér hefði fundist koma helst til greina annað en að hafa þetta í grófum dráttum óbreytt — enda hefur það gefist ágætlega — úr því að ekki á að spara eina einustu krónu heldur frekar auka kostnaðinn en hitt, væri að skoða mjög rækilega annað tveggja, að Hagstofan og Þjóðhagsstofnun rynnu í raun saman í eina stofnun eða að Þjóðhagsstofnun, a.m.k. spár- og greiningarhlutinn og ráðgafarhlutinn, færðist undir Alþingi. Mér finnst algerlega fráleitt, herra forseti, að ekki skuli liggja fyrir vönduð úttekt á þessum kostum nú eða öðrum sem mögulega fleiri væru áður en menn fara að rjúka í svona slátrun á Þjóðhagsstofnun og henda frá sér öllu því sem þar hefur verið byggt upp, þeirri þekkingu sem þar er saman söfnuð, þeim vinnureglum, búnaði, þjálfun og tækni og öllu sem til staðar er, til að gera nákvæmlega þessa hluti. Það hlýtur að vera þannig, herra forseti, að það kallar á að starfsemin verði byggð upp einhvers staðar annars staðar

því að það er ekki hægt að sleppa þessu. Það liggur alveg í augum uppi.

Herra forseti. Mér finnst líka — og það hafa svo sem fleiri komið inn á — mikið áhyggjuefni að við skulum standa frammi fyrir máli af þessu tagi í samskiptum valdþáttanna í þjóðfélaginu. Það fer að verða mál til komið að taka það rækilega á dagskrá hvernig framkvæmdarvaldið í tíð núverandi valdhafa þjösnast áfram og gerir ekki neitt í raun með það sem frá öðrum valdstoðum í samfélaginu kemur, keyrir bara sitt yfir allt og alla eins og er að gerast hér þegar framkvæmdarvaldið úti í bæ ákveður að leggja niður þessa opinberu stofnun, boðar það í beinni útsendingu í fjölmiðlum, einn einasti maður, forsrh., og svo er Alþingi ætlað að hlýða. Þetta er gert án þess að horft sé til hlutverks hvers og eins. Kannski má segja að óþarfi sé að blanda dómstólunum inn í þetta dæmi. En í öllu falli er algerlega ljóst að þetta varðar grundvallarsamskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds vegna þess að löggjafarvaldið er líka fjárveitingavaldið og það á að stjórna þeirri vinnu sem að lokum endurspeglast í fjárlögum hverju sinni. Á hvaða grunni á löggjafarvaldið að vinna það? Jú, það verður að hafa einhverjar traustar upplýsingar sem það getur treyst á og það er mjög umhendis að það þurfi að vera upp á framkvæmdarvaldið komið með alla skapaða hluti í þeim efnum.

Vilja menn fara aftur á bak til þeirra tíma þegar þetta var nú kannski enn dapurlegra en það er í dag hvað það varðar að Alþingi hafði ekki einu sinni starfsmenn til aðstoðar í þingnefndum o.s.frv.? Ég hélt að menn væru frekar að tala um að reyna að fara í hina áttina og hafa þennan aðskilnað skýrari og styrkja þá t.d. að þessu leytinu til Alþingi þannig að það hefði í höndum áreiðanlegar og traustar og óháðar þjóðhagsupplýsingar þegar það er að vinna með fjárlög á haustin og afgreiða þau fyrir áramót hverju sinni.

Herra forseti. Ég reikna svo sem ekki með því að sannfæringarkraftur minn dugi til þess að snúa mönnum í stórum stíl í þessu máli, enda fara menn hljótt með eiginlega afstöðu sína hér. Þetta er eitt af þessum málum þar sem meiri hlutinn birtist manni handjárnaður og hann á að afgreiða þetta sisona. Þess sér augljóslega stað t.d. í algerri fjarveru framsóknarmanna í umræðunni að þeir kjósa að láta sig hverfa í þessu máli eins og reyndar fleirum þessa dagana. Það fer að mega grípa til þeirra ráða, sem einu sinni áður a.m.k. hafa verið reynd hér, þ.e. að auglýsa hreinlega eftir Framsfl. Kannski er best að splæsa einni útvarpsauglýsingu á þá núna í kvöldfréttunum, hvar þeir séu, hvort þeir gætu gefið sig fram við skiptiborð Alþingis. Þeir hafa alla vega ekki farið mikinn í þessari umræðu um að slátra Þjóðhagsstofnun frekar en þeir gerðu í gær og undanfarna daga í umræðum um að veita fyrirtækinu deCODE þessa 20 þúsund milljóna ríkisábyrgð. Það eru aldeilis vorverkin hjá hæstv. ríkisstjórn þessa dagana.

Ég vil að lokum, herra forseti, lýsa því yfir að ég áskil mér allan rétt á að taka þetta mál upp þó síðar verði og með einhverjum hætti. Ég tel að það hljóti að verða eitt af verkefnum nýrrar ríkisstjórnar, þegar við losnum nú loksins við þessa sem verður væntanlega ekki síðar en að ári, að fara yfir þessi mál á nýjan leik. Ég held að þetta sé algert klúður sem hér er verið að gera.

Það er náttúrlega einboðið, ef tillagan um að styrkja hagsvið á vegum Alþingis fæst ekki samþykkt, að flytja það mál aftur að hausti. Ég heiti því að ég mun berjast fyrir því máli, ég segi nú kannski ekki beinlínis að Þjóðhagsstofnun yrði stofnuð aftur ef þeim tekst að eyðileggja hana, að koma á nýjan leik á einhverju skilvirku og sæmilega skynsamlegu kerfi hvað þetta varðar. Verði Þjóðhagsstofnun lögð niður með þessum hætti hallast ég að því að vænlegast væri að byggja þá starfsemi upp í skjóli Alþingis. Ég hef reyndar lengi verið þeirrar skoðunar að sennilega væri það vænlegasti kosturinn, að efla í skjóli Alþingis óháða spá-, greiningar- og ráðgjafarstofnun, það mundi tvímælalaust styrkja þingið og þingræðið. Það gæfi gefið því stóraukið sjálfstæði í sambandi við fjárlagavinnu og fjárlagagerð hverju sinni og mundi væntanlega nýtast ýmsum öðrum aðilum í þjóðfélaginu mjög vel að eiga stofnun af því tagi að. Hún þyrfti ekki að vera stór en skilvirk þyrfti hún að vera.

Ég held að reynslan af því, sem auðvitað er ekki að öllu leyti sambærilegt en má segja að sé hliðstætt, að flytja Ríkisendurskoðun undir Alþingi og stofna embætti umboðsmanns Alþingis sé góð. Það er enginn vafi á að þessar stofnanir hafa fest sig í sessi, njóta virðingar og eru tiltölulega lítið umdeildar vegna þess að menn skynja að þær eru nokkurn veginn í friði við að sinna störfum sínum. Ráðherrar eða fyrirferðarmiklir pólitíkusar hræra ekki með puttunum í þeim og skipa þeim fyrir verkum, a.m.k. eiga þeir ekki eins greiða leið að þeim og ella væri.

Þetta mál er því ekki búið, herra forseti. Dapurlegast finnst mér þetta auðvitað gagnvart starfsfólkinu. Ég segi eins og er, að það er ömurlegt að sjá staðið að verki eins og ríkisstjórnin gerir hér. Þetta er þvílíkur þjösnaskapur og svo mikil lítilsvirðing við starf þessa fólks og þá vinnu sem þarna hefur verið unnin. Þarna sér maður sama hugarfarið og Landssíminn er að æfa sig í norður á Akureyri þessa dagana, að hægt sé að koma fram við starfsfólkið hvernig sem mönnum sýnist, henda því frá sér eins og úr sér gengnum hlut, jafnvel fólki sem hefur gefið bróðurpart starfsævi sinnar eða hana alla og unnið af trúmennsku og alúð að störfum sínum. Svona er komið fram við það.

Þetta á náttúrlega ekki að líðast, herra forseti. Það á að taka í hnakkadrambið á svona mönnum og segja við þá: Svona gerir maður ekki. Þjóðin verður auðvitað að gera það ef ekki vill betur til því að hún á að hafa völdin í þessum efnum. Það er verst hve langt er í næstu kosningar, herra forseti. Ég vildi gjarnan að það yrði kosið til Alþingis núna eftir nokkrar vikur.

Ég held að það yrði mjög fróðlegt að sjá, þegar þeir reikningar yrðu lagðir á borðið, hvernig þeir höfðingjarnir færu t.d. út úr því núna, forsrh. og utanrrh. og flokkar þeirra, að kjósa ofan í þessi mál, ofan í aftökuna á Þjóðhagsstofnun, deCODE ríkisábyrgðina, sjávarútvegsbrotlendinguna og annað í þeim dúr. Menn monta sig af því að horfur séu betri í efnhagsmálunum og það er vissulega vel, að sumpart eru skárri horfur þar, a.m.k. í bili. Það kann að vísu að reynast óútséð hversu langvinnur sá bati er. Það eru líka mörg hættumerki við sjóndeildarhringinn og ýmsar stofnanir hafa auðvitað varað við því við litla hrifningu ráðamanna. En ég held að málin sem ríkisstjórnin hefur þjösnað inn í þingið hverju á fætur öðru á síðustu dögum og vikum, allt of seint fram komin auðvitað meira og minna öll sömul, væri gaman að leggja í dóm þjóðarinnar á næstu vikum.

Það stendur nú þannig á, herra forseti, að það mun vera 26. apríl í dag — er það ekki? — og vantar einn dag upp á að undirritaður hafi setið 19 ár á Alþingi. Ég var að hugsa um það áðan að ýmislegt hefur maður séð í gegnum tíðina, ýmiss konar málasúpu á borðum undir vor, en ég man varla eftir

því að ríkisstjórn hafi afhjúpað sig með þvílíku sleifarlagi í vinnubrögðum eins og þessi gerir núna. Það er ekki bara eitt, ekki bara tvö og ekki bara þrjú heldur á milli 10 og 20 umdeild stórmál, vandasöm, sem ríkisstjórnin hendir inn á síðustu tveimur til þremur vikunum. Þetta er bara tvist og bast út um allt og ekkert skipulag og engar reiður á neinum hlut. Það á bara að þjösna þessu öllu áfram. Aftaka á Þjóðhagsstofnun í dag, 20 þús. milljóna ríkisábyrgð í gær, brotlending í sjávarútvegsmálunum í fyrradag og þeim finnst sjálfsagt að sulla bara öllu áfram, herra forseti.

Þetta gengur náttúrlega ekki og verður að gera það sem hægt er til að lágmarka skaðann, ef svo má að orði komast. Síðan bíður það auðvitað þjóðarinnar að gera upp við þessa herramenn og þeirra vinnubrögð í næstu kosningum. Það má auðvitað segja að það geti menn að nokkru leyti gert í sveitarstjórnarkosningunum. Víða eru þær að verða býsna pólitískar. Vissulega kann að gefast ágætt tækifæri til að refsa stjórnarflokkunum og veita þeim ráðningu í sveitarstjórnarkosningunum, að það verði forsmekkurinn að því sem koma skal í alþingiskosningum að ári. Þá þurfa báðir stjórnarflokkarnir að tapa hressilega fylgi, það er alveg ljóst. Eigi menn að eiga einhverja von um að slíta því hjónabandi, hagsmunahjónabandi sem augljóslega er og ástir allar kulnaðar, gerist það náttúrlega ekki nema stjórnarflokkarnir fái hressilega ráðningu, fyrst núna í sveitarstjórnarkosningunum og síðan í alþingiskosningum að ári.

Þá geta nýir menn komið að því að taka til hendinni og taka til. Það verður mikil vinna. Það verður gríðarleg vinna að taka til eftir þessa ríkisstjórn, það er alveg ljóst. Eitt af því sem þá þarf t.d. að skoða eru grundvallarmál, svo sem hvernig menn koma fyrir vinnu sem lýtur að þjóðhagslegum þáttum og að tryggja að til staðar séu áreiðanlegar og gagnsæjar og traustar upplýsingar í anda opins nútímasamfélags og stjórnarhátta sem menn vilja viðhalda. Það er alla vega ljóst að þetta frv. er ekki innlegg í þá átt heldur þvert á móti. Þess vegna ber að hafna því.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég verð eiginlega að byrja á að óska hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni til hamingju með að senn eru liðin 19 ár frá því að hv. þm. settist fyrst hér í sali Alþingis. Þó ég sé ekki alveg viss um að hann eigi önnur 19 ár fyrir höndum á þingi þá er ég viss um að hann á langa þingsetu hér fyrir höndum. Ég vil líka segja honum það til hróss að hann hefur frekar batnað með árunum, herra forseti, bæði að útliti og innræti.

En gamanlaust, herra forseti, þykir mér alltaf gaman af því þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gefur sjálfum sér lausan tauminn. Það gladdi mig þegar hann brá sér áðan í líki hjónabandsráðgjafa fyrir núverandi hæstv. ríkisstjórn. Hv. þm. taldi mjög farnar að kulna þær glæður sem eitt sinn ornuðu þeim sem ultu saman í hjónasæng núverandi ríkisstjórnar. Það eru orð að sönnu og margir hafa orðið varir við það. Ég vildi líka, eins og hv. þm., gera mitt til þess að bæta um betur fyrir þessa þjóð. Ég held að hún eigi ekki skilið þetta hjónaband öllu lengur. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði áðan að hjá hæstv. ríkisstjórn reki hvert klúðrið annað og eiginlega má segja að hvert sem horft er um þessar mundir hafi fæst af því sem lagt var upp með náð í höfn.

Það sem mér finnst skelfilegast þegar horft er yfir sögu þessa máls er vitaskuld hvernig farið er með starfsfólkið. Eins og menn hafa auðvitað sagt við þessa umræðu ber okkur sem kjörnir erum á löggjafarsamkunduna að reyna að fara vel með fjármuni skattborgara. Það þýðir að við eigum að reyna að koma í veg fyrir tvíverknað hvar sem er. Þess vegna er ekkert að því þó að menn leyfi sér þann munað að skoða hvort sum verka stofnana ríkisins séu óþörf, önnur beinlínis til þess fallin að setja á markað og hin þriðju e.t.v. fallin til að flytja þau yfir til annarra stofnana. Þjóðhagsstofnun er ekkert undanskilin í þessu sambandi fremur en aðrar stofnanir en það er lágmark, hvernig sem menn nálgast þessi mál, að haft sé samráð við starfsfólk og loforð við starfsfók séu efnd.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór vel yfir það í ræðu sinni áðan og hefur jafnvel drepið á það mál áður í umræðum um þetta mál hvernig starfsfólkinu voru gefin ákveðin vilyrði um að haft yrði samráð við það um framvindu og framtíð stofnunarinnar. Þegar menn lögðu í þessa sjóferð var beinlínis sagt við starfsfólkið að þetta væri ekki gert til að leggja stofnunina niður, hins vegar væri verið að skoða hvort einhver verk hennar væru betur staðsett hjá öðrum stofnunum.

Þegar upp var staðið var ekkert samráð haft við þá sem starfa að stofnuninni. Það var átakanlegt fyrir okkur, sem viljum halda fram nytsemd góðrar stjórnsýslu, að sitja í efh.- og viðskn. og hlýða á mál fulltrúa starfsfólksins sem þangað kom til spjalls og svara fyrir nefndinni. Þá gerðist það tvisvar að ráðuneytisstjóri forsrn. sem jafnframt var viðstaddur vísaði til fundar þar sem fallið hefðu hin eða þessi orð. Þá kom á daginn að starfsmenn Þjóðhagsstofnunar, sem áttu að vera í viðkomandi samráðsnefndum, höfðu ekki verið á þessum fundum. Ég minnist þess gerla að fulltrúi starfsmanna spurði: Hvaða fundir voru þetta? Þá var vísað til þeirra. En starfsfólkið sem átti tvo fulltrúa minntist þess ekki að þau mál sem ráðuneytisstjórinn velti upp hefðu verið rædd þar.

Það er auðvitað sorglegast í málum eins og þessum þegar ráðist er til atlögu við gamalgrónar stofnanir, að því er virðist einungis til að þjóna lund einstakra ráðamanna, þegar hagsmunir starfsmanna eru fyrir borð bornir. Þetta birtist líka í að ekki er gert ráð fyrir því að starfsfólkinu séu boðin sambærileg störf. Það er lágmark, herra forseti, þegar menn ráðast í aðgerðir af þessu tagi.

Það er líka athyglisvert hvernig menn hafa haldið fram röngum upplýsingum um þróun þessarar stofnunar og sagt við okkur, sem vorum að véla um þessi mál í efh.- og viðskn., að stofnunin væri nánast sjálfdauð, það væru svo margir starfsmenn flúnir frá henni. Þetta er einfaldlega rangt, herra forseti. Það kom í ljós þegar innt var eftir þessu að á síðasta ári létu fjórir starfsmenn Þjóðhagsstofnunar af störfum. Það er ekki ýkja mikil velta þegar haft er í huga hversu margir starfa hjá þeirri stofnun. Fjórir starfsmenn á einu ári er ekki mikið. Það er líka athyglisvert og til nokkurs framdráttar fyrir stofnunina þegar horft er til starfanna sem þessir menn hurfu til. Einn varð borgarhagfræðingur, annar varð yfirmaður Verðbréfaþings Íslands. Ég nefni hér tvö dæmi.

Starfsfólk Þjóðhagsstofnunar er í krafti reynslu sinnar, þekkingar og vandvirkni eftirsóttur starfskraftur. Því er af og frá að halda því fram, eins og fulltrúar Framsfl. gerðu í umræðunni, að stofnunin væri hvort eð er að fótum fram komin, brostinn væri flótti í liðið.

Ég vildi svo, ef hv. þm. og formaður þingflokks Framsfl. sem hér hlýðir á mál mitt af mikilli alvöru, notaði tækifærið ef hann sér sér fært til þess hér á eftir — ég gæti þó lifað daginn á enda þó að hann sæi sér ekki fært að gera það sökum annarra anna — að svara því: Hvar er hagræðingin

í þessari breytingu? Framsóknarmenn voru auðvitað dregnir til þessa leiks nauðugir viljugir. Við heyrðum það sem hlustuðum á ræður manna hér í þessum sölum að þeir voru ekki áfram um það að leggja niður Þjóðhagsstofnun en það gerðist í skyndingu á einni helgi, liggur mér við að segja, að hv. þm. Framsfl. brugðu á það ráð að láta að vilja forsrh. í þessum efnum. Þeir sögðu það sjálfir í þessum sölum að það væri vegna þess að hagræðis væri að vænta. Og ég er sammála þeim sem segja að hagræða eigi í ríkisrekstri. Einn af þeim sem oft hafa gert það er t.d. hv. þm. Kristján Pálsson, sem gengur hérna fagur og nýklipptur um kollinn fyrir ræðustólinn. (**JB:** Reistur.) Reistur mjög, eins og hv. þm. Jón Bjarnason kallar fram í. Hann er einn af þeim sem hafa, eins og við mörg, talað um nauðsyn þess að hagræða í rekstri ríkisins.

Ég minnist þess að hv. þm. Pétur Blöndal kom hér upp fagnandi í andsvari við ræðuna sem hæstv. utanrrh. og starfandi forsrh. í fjarveru hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, flutti um þetta mál. Hv. þm. Pétur Blöndal lét þess getið að loksins væri hér komið mál sem mundi horfa mjög til hagræðis og sparnaðar í rekstri ríkisins. Eins og menn vita hefur hv. þm. Pétur Blöndal löngum verið ákafur í kvörtunarsemi sinni gagnvart núverandi stjórnvöldum sökum útþenslustefnu þeirra varðandi umfang ríkisins. Hv. þm. lýsti því yfir í sínu fyrsta andsvari að þakkarvert væri að frv. væri lagt fram og sannarlega skyldi hann styðja það. Ástæður þeirrar afstöðu hv. þm. voru þær að hér væri um sparnað að ræða. En hv. þm., aldrei þessu vant, hafði gleymt að lesa heima. Hann hafði gleymt að lesa frv. sem til umræðu var, hafði gleymt að lesa þá greinargerð sem starfsmenn kollega hans, hæstv. fjmrh., höfðu lagt með frv. Kom þar fram að einhver sparnaður væri að þessu? Kom þar fram að eitthvert aðhald væri að þessu? Kom fram að þar væri eitthvert sérstakt hagræði? Nei, það kom ekki fram í þeirri umsögn sem fjárlagaskrifstofa fjmrn. lagði með frv. Þvert á móti kom þar fram að sá kostnaður sem nú væri bókfærður stofnunarinnar vegna í reikninga ríkisins og áætlaður á næstu fjárlögum, mundi ekki minnka heldur yrði honum skipt í hlutföllunum 2:1 milli Hagstofunnar og fjmrn. Ja, herra minn trúr, hvar er þá sparnaðurinn?

Látum það nú vera. Vel kann að vera að samt sem áður hefði verið hægt að finna rök fyrir þessum gerningi, hægt að segja að þarna væri a.m.k. vega verið að stemma stigu við frekari útþenslu og kannski væri einhverjum verkum betur fyrir komið á þessum nýju stöðum. Hins vegar blasti það svo við þegar við fórum að skoða frv. að það var ekki bara það að skipta ætti kostnaðinum í þessum hlutföllum á milli Hagstofu og fjmrn. Aukreitis — og því höfðu þingmenn ekki gert sér grein fyrir — átti síðan að falla aukinn kostnaður á ríkið af eftirtöldum ástæðum, herra forseti. Í frv. kom fram að Seðlabankinn hyggst þétta greiningargetu sína og þá deild sem lýtur að líkanagerð sem tengjast framvindu þjóðarhags. Með öðrum orðum: Hið opinbera, því að Seðlabankinn er auðvitað partur af því þótt sjálfstæður sé orðinn frá annarri stjórnsýslu, er að auka kostnað sinn vegna nákvæmlega þeirra verka sem unnin voru innan Þjóðhagsstofnunar. Í fjórða lagi kom fram, og ég geri út af fyrir sig ekki athugasemd við það, að auka átti það fjármagn sem rennur til að halda úti hagdeild Alþýðusambands Íslands. Nú er þetta gamalt baráttumál okkar sem höfum verið að púkka undir verkalýðshreyfinguna með einum eða öðrum hætti en þetta kostar peninga. Og þá vísa ég til fyrri reynslu minnar af viðleitni okkar jafnaðarmanna til að aka meiri fjármunum að hagdeild Alþýðusambandsins. Ég hygg það hafi verið 1993 þegar þá sat í sæti félmrh. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Henni tókst með atbeina verkalýðssinna í ýmsum flokkum að aka svolitlum fjármunum til þess að ýta undir hagdeild Alþýðusambandsins og vafalaust hefur á þeim tíma eitthvað runnið líka til hagdeilda annarra verkalýðssamtaka, hefði a.m.k. átt að gera það, en þá var eins og minkur væri laus í hænsnabúi á skrifstofum þeirra sem réðu fyrir ríkjum vinnuveitenda. Þá kom í ljós að menn töldu sig búa við einhvers konar jafnræðislögmál sem fólst í því að ef sett var fjármagn til hagdeildar Alþýðusambandsins, þá var nauðsynlegt að setja jafnmikið fjármagn á skrifstofur atvinnurekendasamtakanna. Það endaði því með því að þær milljónir sem áttu að fara til Alþýðusambandsins komu líka til atvinnurekendasamtakanna.

Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að mér sýnist að þetta bendi til þess að sá kostnaður sem við sjáum þarna sé nú ekki allur kominn fram í dagsljósið. Því til viðbótar kom það fram í fyrirspurn minni til hæstv. forsrh. við 2. umr. þessa máls að það kæmi vel til greina að styrkja Alþingi með einhverjum hætti til þess að geta gefið þingmönnum aukna ráðgjöf um hagfræðileg málefni.

Mér líkaði þetta svar hæstv. forsrh. vel. Einn af stærstu ágöllum þess að leggja niður Þjóðhagsstofnun er auðvitað sú staðreynd að við þingmenn sem höfum getað leitað til stofnunarinnar eigum nú í fá hús að venda til þess að fá hlutlausa ráðgjöf varðandi efnahagsmál. Við höfum getað leitað til Þjóðhagsstofnunar. Hún hefur verið boðin og búin að sinna því hlutverki að veita þingmönnum upplýsingar um framvindu efnahagsmála. (Gripið fram í.) Ja, þakka skyldi. Þetta er partur af lögbundnu hlutverki Þjóðhagsstofnunar. Þegar hún er lögð niður hlýt ég að spyrja eftirfarandi spurningar: Af hverju var það upphaflega bundið í lög að Þjóðhagsstofnun ætti að láta þingmönnum í té hlutlausar upplýsingar og ráðgjöf varðandi efnahagsmál? Væntanlega vegna þess að þeir sem settu lögin, þingið á sínum tíma taldi að ekki væri vanþörf á að alþingismenn ættu kost á að njóta slíkrar ráðgjafar. Hefur það eitthvað breyst? Hefur samfélagið orðið eitthvað fábrotnara eða einfaldara í sniðum? Þurfa þingmenn minna á því að halda að fá slíka ráðgjöf? Að sjálfsögðu ekki, herra forseti. Þjóðfélagið hefur orðið margbrotnara, efnahagslífið hefur orðið flóknara og ef eitthvað er þurfa þingmenn á því að halda að fá einhvers konar aðgang að slíku. Ég tala nú ekki um, herra forseti, þingmenn stjórnarandstöðunnar. Við höfum líka ákveðnu hlutverki að gegna sem er bundið í stjórnarskrá lýðveldisins. Það hlutverk felst í því að veita stjórnvöldum aðhald og eftirlit. Í þessu felst lýðræðið, herra forseti. Stjórn og stjórnarandstaða takast á með rökum og úr þeirri deiglu spretta síðan ákvarðanir sem vonandi eru þjóðfélaginu til hagsbóta.

Hvert á stjórnarandstaðan að leita nú þegar búið er að ákveða að leggja niður Þjóðhagsstofnun? Það kemur hvergi fram í þeim plöggum og þeim svörum sem við höfum fengið hvar við eigum að leita ráðanna. Það hefur verið sagt að við eigum kost á því að leita til Seðlabankans. Ja, herra minn trúr, spyrjum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvað henni finnst um slíka framvindu. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur ítrekað og aftur lent í því að þurfa að spyrja Seðlabankann ýmissa ráða og verið ákaflega óánægð með þau svör. Ég spurði fulltrúa Seðlabankans þegar hann mætti til svara fyrir efh.- og viðskn. hvort leitað hefði verið sérstaklega til bankans um að veita þingmönnum og þá þingmönnum

stjórnarandstöðunnar slíka ráðgjöf. Sá ágæti fulltrúi kvað já við. Ég spurði hann hvernig bankinn mundi þá tryggja að það yrði gert og hvers konar aðstoðar við mættum vænta þaðan. Þá vafðist þeim ágæta fulltrúa sem mætti tunga bæði um tönn og höfuð og sagði að ekki væri búið að ráða því til lykta en það yrði í samræmi við lög. En lögin kveða ekkert sérstaklega á um það.

Ég held því að þarna hafi lýðræðinu verið greitt örlítið högg. *Ég held að þarna hafi stjórnarandstöðunni* verið gert erfiðara um vik með að sinna því aðhaldi sem hún á að sinna gagnvart ríkisstjórn. Nú er það svo, herra forseti, að ég held að það hafi ekki verið einhver sérstakur tilgangur þeirra sem lögðu fram frv. að gera slíkt, síður en svo. En ég held að menn hafi ekki alveg horft til þessa.

Og vegna þess að hæstv. forseti, Halldór Blöndal, er nú sestur í stólinn þá langar mig til að varpa þeirri spurningu til hans, sem hann svarar e.t.v. núna eða þá seinna: Er hann sammála því sem komið hefur fram hjá hæstv. forsrh. að tryggja beri þinginu fjármagn til þess annað tveggja að efla ráðgjöf innan veggja þingsins gagnvart þingmönnum um hagfræðileg málefni, þá væntanlega með því að ráða hagfræðinga til þingsins eða, eins og hæstv. forsrh. benti á, að gerður yrði samningur við utanaðkomandi stofnun eins og t.d. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um að hún og starfsmenn hennar væru þingmönnum til reiðu varðandi hagfræðilega ráðgjöf?

Ég held að sú hugmynd sé a.m.k. einnar messu virði. Þá mundi það þýða, herra forseti, að hið háa Alþingi mundi gera samning við Hagfræðistofnunina, greiða ákveðið fast gjald sem kynni að verða hnikað til í ljósi reynslunnar og framvindunnar en mundi gera okkur þingmönnum kleift að leita liðsinnis Hagfræðistofnunar þegar við þurfum á því að halda.

Þegar ég settist á hið háa Alþingi 1991 voru sárafáir lögfræðingar sem voru ráðnir hingað að þinginu. Síðan hefur nefndadeildin tekið flugið, við höfum hér ákaflega góða og vandaða sérfræðinga á sviði lagagerðar. Þetta hefur orðið til þess að lagasmíð þingsins hefur orðið miklu vandaðri. Við fáum flóknari mál frá framkvæmdarvaldinu til umfjöllunar en meðferð þingsins á þeim málum hefur orðið miklu betri, þori ég að fullyrða.

Í dag hlustuðum við t.d. á ræður hv. þingmanna varðandi einhvern merkasta lagabálk sem farið hefur í gegnum þingið, barnaverndarlög. Halda menn að það hafi ekki kostað tíma og atgervi að slá það frv. í gadda eins og gert var? Þar var um að ræða mál sem þingið hafði gefið sér góðan tíma til þess að fara yfir og þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu nutu sameiginlegs liðsinnis lögfræðinga þingsins til að búa svo um hnúta að þegar frv. var lagt hér fram í endanlegri gerð frá nefndinni þá var það þess eðlis að allir sérfræðingar sem að því höfðu komið og séð þennan fullskapaða ávöxt töldu þetta vera eitthvert vandaðasta frv. sem hér hefur komið ákaflega lengi. Hluti af því, herra forseti, stafar auðvitað af því að við höfðum aðgang að sérfræðilegri ráðgjöf, við höfum lögfræðinga hér innan veggja sem gátu gefið okkur ráð í flóknum málum sem þetta vörðuðu.

Ég verð að segja þó að ég kunni ýmislegt frá fyrri tíð sem tengist fiskum og lífríki hafs og vatna, þá er ég nú ekki meiri bógur en svo að oft á tíðum teldi ég ákaflega nauðsynlegt að geta leitað hagfræðilegrar ráðgjafar með skömmum fyrirvara hér innan þingsins. Ég nefni það t.d., herra forseti, að ég og hv. þm. Jón Bjarnason, sem hér er staddur og hlýðir á mál mitt, höfum setið saman í fjárln., oft og tíðum hefur það verið erfitt fyrir okkur að þurfa á örskömmum tíma að brjóta til mergjar flókið fjárlagafrv., að kanna til hlítar og skoða rækilega ýmis mál sem tengjast efnahagsframvindu samfélagsins. Það er eigi að síður hlutverk okkar sem stjórnarandstæðinga að reyna að gera það og svara því með hvaða hætti við í stjórnarandstöðunni teljum best að svara vandamálum sem upp koma innan þjóðarbúsins, í þjóðarbúskapnum.

Herra forseti. Ef hæstv. forseti vildi einhvern tíma áður en þingi lýkur á þessu vori, hvort heldur það verður í dag eða þá undir lok næstu viku, þá þætti mér vænt um ef hann mundi með einhverjum hætti gefa til kynna í hvaða formi hann telur rétt að við þingmenn njótum hinnar hagfræðilegu ráðgjafar og leiðsagnar sem við höfum fengið með svo ákaflega góðum hætti hjá Þjóðhagsstofnun til þessa. (**Gripið fram í:** Þetta er eðlileg spurning.) Kallað er úr salnum: Þetta er eðlileg spurning. Og hún er í hæsta máta eðlileg. Hún er svo eðlileg að það eina sem segja má er að við í stjórnarandstöðunni, sem höfum haldið uppi harðri andstöðu gegn þessu máli, höfum þó náð fram er sú yfirlýsing hæstv. forsrh. að hann telji ekkert að því að þingið styrki sjálft sig hagfræðilega og hann telji koma vel til greina að það verði gert með föstum samningi við óháða hagfræðistofnun.

Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka hér upp hanskann fyrir mig og minn pólitíska venslamann sem situr í salnum og hefur flutt hér frábæra ræðu í dag, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að því er varðar aðdraganda þessa frv. Fram hefur komið af hálfu forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar að menn ættu ekki að fara með miklum látum að frv. því að svo vildi til að það ætti sér aðdraganda sem tengist m.a. ríkisstjórn sem ég og hv. þm. studdum, og hv. þm. sat reyndar í með skörulegum hætti eins og menn vita. En hæstv. utanrrh. sagði þegar hann mælti fyrir þessu frv., og ég man ekki betur en ég hafi heyrt hæstv. forsrh. endurtaka það, þó ekki með jafnsterkum hætti, að í þeim stjórnarsáttmála sem barinn var saman við bjarghellu í Viðey á vordögum 1991 segði fortakslaust að breyta ætti hlutverki Þjóðhagsstofnunar. Orð hæstv. utanrrh. mátti ekki skilja með öðruvísi en svo að þar hefði mátt lesa að hún skyldi niður lögð.

Þetta er auðvitað af og frá, herra forseti. Hið rétta er að hér mun einu sinni hafa verið samþykkt þáltill. sem gerði ráð fyrir þessu. Hún komst aldrei til framkvæmda. En menn hafa svo sem verið að sippa þessari stofnun fram og aftur mjög lengi. Og af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vísaði hér til kennileita í sínu pólitíska landslagi og baklandi vísa ég til þess að árið sem ég fæddist, þó að það hafi verið gjörsamlega ótengt, var forveri Þjóðhagsstofnunar settur á stofn. Ég man ekki betur en að þá hafi verið stofnaður Framkvæmdabanki Íslands sem á sér nú glæsilega sögu, og þá hafi jafnframt verið sett á fót við hann hagdeild sem sá um alls kyns hagskýrslugerð og efnahagsráðgjöf sem einmitt var jafnan birt í fræknum ritum sem sum okkar lásu á ungum aldri. Það var ritið „Úr þjóðarbúskapnum" sem birti fyrstu þjóðhagsreikninga íslenska þjóðarbúskaparins upp úr 1960, held ég. Stofnunin sem nú er verið að leggja niður var ekki sett á fót fyrr en 1974. Tíu árum síðar minnist ég þess að þá var sett á sérstök nefnd, stjórnkerfisnefnd, á vegum íslensku ríkisstjórnarinnar sem átti m.a. að velta fyrir sér breytingum á stjórnkerfinu. Þar sá dagsins ljós, svo ég viti til, í fyrsta skipti sú hugmynd að færa burt frá Þjóðhagsstofnun tiltekna hluti sem tengdust þjóðhagsáætlun. Þá, árið 1983, var reyndar gert ráð fyrir því að gerð þjóðhagsáætlana yrði færð í forsrn. Það stafaði af því að þá voru á dögum menn sem töldu rétt að

efla forsrn. sem efnahagsráðuneyti til meiri muna en þróunin varð síðar.

Ekkert varð af þessum breytingum en það var hins vegar 1987 sem sú þál. sem ég vísaði til hérna rétt áðan var lögð fram og samþykkt. Í henni fólst að ríkisstjórninni yrði falið að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort væri hagkvæmt að fela öðrum verkefnið. Ég held að þessi ályktun hafi verið samþykkt en það var ekkert í þessu gert. Síðan var þessu velt upp aftur 1989 en sú ríkisstjórn sem ég studdi 1991 komst ekki að þeirri niðurstöðu að leggja bæri Þjóðhagsstofnun niður í þeirri mynd sem núna er. Þar var hins vegar í stjórnarsáttmála og starfsáætlun vísað til samþykktar þáltill. frá 1987 um endurskoðun á starfsemi stofnunarinnar. Þar var auðvitað rakið að stefnt væri að því að færa hefðbundin hagstofuverkefni til Hagstofunnar, sem höfðu verið hjá Þjóðhagsstofnun, en hins vegar vil ég að það komi alveg skýrt fram að í sjálfri starfsáætlun ríkisstjórnarinnar var það alveg skýrt að efnahagsráðgjöf og spár yrðu áfram unnar af Þjóðhagsstofnun.

Ég vil leyfa mér að lesa þetta, með leyfi virðulegs forseta, en í þessu gagni segir:

„Stefnt er að því að ákveðnir þættir heyri í framtíðinni undir Hagstofu Íslands í þeim tilfellum þegar um hefðbundin hagstofuverkefni er að ræða." — Síðan segir, og er þá búið að þvo allan mögulegan og meintan sektarblett af pólitískri æru hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og okkar sem studdum þá ríkisstjórn, með leyfi forseta: „Önnur verkefni, þar með taldar spár og efnahagsráðgjöf, verða áfram unnin af stofnuninni sem mun starfa í nánari tengslum við forsrn. en verið hefur."

Það er því algjörlega tilhæfulaust að ætla með einhverjum hætti að reyna að rekja þetta frv. til föðurhúsa minna, eins og ég sé að hv. formaður Vinstri grænna og þingmaður, Steingrímur J. Sigfússon, er mér ákaflega sammála um (**SJS:** Fráleitt alveg.) og kinkar sínu fagra og gljáandi höfði því til staðfestu.

Herra forseti. Ég hef sagt það oft hérna, m.a. í umræðum um annað frv. um Umhverfisstofnun um daginn, að það er ekkert að því að skoða skiptingu verkefna innan Stjórnarráðsins, það er ekkert að því að stokka upp Stjórnarráðið, það er ekkert að því að kanna hvort ekki sé rétt að leggja niður sumar stofnanir, sameina aðrar og jafnvel víkka út starfssvið enn annarra. Í sumum tilvikum er hægt að setja út á markaðinn ýmis verkefni sem eru unnin innan vébanda ríkisins. Þetta held ég, herra forseti, að ætti að ná líka til ráðuneytanna sjálfra. Hvað er að því, herra forseti, að velta fyrir sér hvort ekki sé kominn tími á að sameina sum ráðuneyti? Ég velti fyrir mér hvort einhverjir óbrjótanlegir kínamúrar séu í millum sjútvrn. og landbrn. Að sjálfsögðu ekki, herra forseti. Ég gæti haft langt mál um þetta en ég ætla ekki að gera það. Mergurinn málsins er þessi: Það er ekkert að því að velta fyrir sér að leggja niður stofnanir, t.d. stofnun eins og Þjóðhagsstofnun, en það verður þá að gerast með þeim hætti að það sé kannað hvaða skynsemd er í slíkri ákvörðun. Það var ekki gert í þessu tilviki, herra forseti. Og það verður líka að gera í nánu samráði við starfsfólk. Það var heldur ekki gert í þessu tilviki, herra forseti. Í þriðja lagi er auðvitað algjör forsenda, ef menn ráðast í eitthvað sem hægt er að kalla hagræðingu, að hægt sé að sýna fram á hagræði af því. Ég hygg að eitt af því sem staðfesti að þetta frv. sem hér er til umræðu megi fyrst og fremst rekja til duttlunga stjórnarherranna en ekki brýnnar þarfar til aðhalds speglist í eftirfarandi staðreynd: Það kostar 132 millj. kr. að reka þessa stofnun. Mun það kosta eitthvað minna þegar búið er að flytja verkefni frá henni? Ef svo er hefur fjmrn. ekki komist að því. Ef svo er hefur hæstv. fjmrh. ekki getað fært að því nokkur rök. Í kostnaðarumsögninni sem hann lét fylgja frv. kemur skýrt fram að enn er ætlað á næstu árum að verja til þeirra verkefna sem í dag eru innan stofunarinnar þessari sömu fjárhæð, 132 millj. kr. Til viðbótar kemur líka fram að það á að verja 50 millj. kr. í biðlaun, fjármagni til að styrkja nýja spádeild eða spávinnu og áætlanagerð innan Seðlabankans og, sem ég styð í sjálfu sér mjög, til að ýta undir hagdeild Alþýðusambands Íslands. Síðan er auðvitað bara nauðsynlegt, eins og sagan mun sýna fram á, að gera þinginu með einhverjum hætti kleift að hafa aðgang að hagfræðilegri ráðgjöf. Hún verður ekki ókeypis, herra forseti.

Ég tel því að nálgunin gagnvart þessu verki sé röng. Menn gáfu sér niðurstöðuna áður en þeir fóru í að skoða hvort breyta ætti starfsemi stofnunarinnar. Í öðru lagi, herra forseti, er það fordæmanlegt að það var með engu móti haft nokkurt samráð við starfsfólk stofnunarinnar. Í þriðja lagi liggur einfaldlega fyrir að ekki verður sparnaður eða hagræðing af þessu, og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir heldur því raunar fram að þetta muni tvöfalda kostnaðinn.

Þá vil ég, herra forseti, ljúka ræðu minni á því sem ég byrjaði hana á sem var að vísa í hina fyrstu ræðu hv. þm. Péturs Blöndals. Hann kom hér upp til að fagna þessu frv. og sagði: Ég get stutt þetta frv. og ég fagna því vegna þess að það leiðir til sparnaðar. Þetta var við 1. umr. Hv. þm. kom síðan aftur upp til andsvars við framsögumann álits efh.- og viðskn. í upphafi 2. umr. og þá var hann kominn á þveröfuga skoðun. Hverju sætti það, herra forseti? Hv. þm. Pétur Blöndal hafði gefið sér tíma til að skoða málið og hann komst að því að þetta leiddi ekki til sparnaðar heldur þvert á móti til aukinna útláta. Og það eru fyrir mér og öllum skynsömum skattborgurum nægileg rök til að hafna þessu máli algjörlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 720. mál. — Þskj. 1227.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, síðari umr.

Þáltill. efh.- og viðskn., 730. mál. — Þskj. 1277.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 1998, 3. umr.

Stjfrv., 666. mál. — Þskj. 1082.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 1999, 3. umr.

Stjfrv., 667. mál. — Þskj. 1394.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 3. umr.

Stjfrv., 601. mál (rekstur lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 1395.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 3. umr.

Stjfrv., 653. mál (rafræn vöktun o.fl.). — Þskj. 1302.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 3. umr.

Stjfrv., 427. mál (hryðjuverk). — Þskj. 1309.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgönguáætlun, 3. umr.

Stjfrv., 384. mál. — Þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145.

[16:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um samgönguáætlun. Flutningsmenn tillögunnar eru hv. þm. Kristján L. Möller og Lúðvík Bergvinsson.

Brtt. hljóðar svo:

„Við 3. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Auk þess skulu tveir fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkvæmt tilnefningu hvers þingflokks sem á sæti á Alþingi og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður."

Ég tel að þessi brtt. skýri sig sjálf og mun ekki hafa um hana fleiri orð.

[16:05]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til laga um samgönguáætlun er til 3. umr. og ég flyt hér brtt. við 3. gr. frv. Sú brtt. sem ég flyt er reyndar alveg umorðun á greininni. Þessi grein frv. fjallar um samgönguráð og hlutverk þess.

Í brtt. sem ég flyt legg ég til að 3. gr. um samgönguráð orðist eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. Samgönguráðherra skipar samgönguráð sér til ráðuneytis við gerð samgönguáætlunar. Í samgönguráði sitja flugmálastjóri, siglingamálastjóri, vegamálastjóri og forstöðumaður Póst- og fjarskiptastofnunar. Enn fremur skulu eiga sæti í samgönguráði fulltrúi Náttúruverndar ríkisins, fulltrúi umferðaröryggismála og tveir fulltrúar samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skipunartími þessara fulltrúa skal vera fjögur ár.

Samgönguráðherra skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar.

Til samgönguþings skal boðið fulltrúum frá öllum hagsmunaaðilum og almannasamtökum á sviði samgöngumála, þar á meðal fulltrúum umhverfis- og náttúruverndarsamtaka, landshlutasamtaka sveitarfélaga, fulltrúum samtaka á vegum umferðaröryggismála, neytendasamtaka, Byggðastofnunar og frá helstu mennta- og rannsóknastofnunum landsins.

Á samgönguþingi skal gerð grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar."

Herra forseti. Þetta er sú breyting sem ég legg til við þetta frv. Ég vil fara um hana nokkrum frekari orðum.

Við umræðu um gerð samgönguáætlunar í 2. umr. á Alþingi um samgönguáætlun flutti ég brtt. sem lutu að því að við gerð samgönguáætlunar skyldi vera tekið mið af stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum. Þessi tillaga hlaut ekki brautargengi Alþingis við 2. umr. og þess vegna taldi ég nauðsynlegt að flytja brtt. við 3. gr. sem kveði frekar á um hlutverk samgönguráðs.

Virðulegi forseti. Ég fór allítarlega yfir þetta frv. til laga um samgönguáætlun við bæði 1. og 2. umr. Ég verð að ítreka vonbrigði mín með það með hvaða sýn samgrh., og þá Alþingi ef hér verður samþykkt, nálgast samgöngumálin. Við gerð samræmdrar samgönguáætlunar á Alþingi eru rakin helstu áhersluatriði sem skuli hafa þar að leiðarljósi, m.a. stendur að ná skuli fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla, sem er jú góðra gjalda vert, og í öðru lagi að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgrn. Þetta eru m.a. þau leiðarljós sem samgönguáætlun á að hafa.

Mér finnast þetta ekki vera háleit markmið eða í takt við tímann og ítreka það sem ég sagði við fyrri umræður málsins. Að sjálfsögðu er ekki hægt að framkvæma áætlanir í samgöngumálum nema til þess sé fjármagn, og þarf í sjálfu

sér ekki að kveða á um það í þessum rammalögum um gerð samgönguáætlunar. Jafnframt ætti að vera óþarfi að setja í rammalög um gerð samgönguáætlunar að einstakar stofnanir á vegum samgrn. ættu að vinna saman. Mér finnst það ekki vera háleitt að þurfa að setja það í rammalög um gerð samgönguáætlunar.

Hins vegar hefði ég talið að við gerð samgönguáætlunar ætti að taka mið af stefnumörkun stjórnvalda í þeim meginmálaflokkum sem snerta samgöngumál, svo sem stefnu í byggða- og búsetumálum sem hljóta að ráða miklu um áherslur í samgöngumálum. Þess vegna ætti það að vera inni í þessari stefnumörkun í umhverfismálum. Ríkisstjórnin og íslenskir opinberir aðilar hafa samþykkt fjölda skuldbindinga á sviði umhverfismála, alþjóðlegra skuldbindinga, skuldbindinga hér á Norðurlöndum og auk þess hefur ríkisstjórnin sett sér líka umhverfisáætlun til að vinna að. Það er alveg ljóst að samgöngur hafa hvað mest áhrif á umhverfismál og taka þarf þar tillit til þeirra þátta sem hafa áhrif á umhverfi, mengun o.s.frv. Fá atriði hafa þar meiri þýðingu en einmitt samgöngumál. Þess vegna ættu skilyrðislaust að vera í rammalöggjöf um samgönguáætlun ákvæði um að hún skuli unnin í samræmi við stefnumörkun af hálfu Alþingis í umhverfismálum.

Sömuleiðis erum við líka með stefnumörkun í almenningssamgöngum en í þessari samgönguáætlun, lagarammanum sem settur er þar utan um, er hvergi minnst á almenningssamgöngur. Ég tel að mikið skorti á við setningu þessara laga, eins og þetta frv. ber með sér, að eðlilega sé kveðið á um þá stefnumörkun sem skuli hafa að leiðarljósi við gerð samgönguáætlunar, og ég gagnrýni það.

Ég hef líka, virðulegi forseti, gagnrýnt það hversu lítið fjölskylduvæn þessi áætlun og vinnan í kringum hana hefur í rauninni verið, að þau samgöngumál sem lúta að fjölskyldumálum og aðkomu þeirra sem hafa hagsmuni fjölskyldunnar að leiðarljósi eru hvergi nefnd. Ég nefni sem dæmi um nálgun þessa máls að við gerð plaggs sem heitir hér „Samgönguáætlun og tillaga stýrihóps", vangaveltur ákveðins stýrihóps á vegum samgrh. um samgöngumál í náinni framtíð sem hafa verið kynntar á Alþingi, var stýrihópurinn samsettur af eintómum körlum, einum fimm eða sex körlum sem um þetta fjölluðu, en í stýrihópnum var engin kona. Ég dreg m.a.s. í efa að þessi vinnubrögð séu í samræmi við jafnréttisáætlun sem ríkisstjórnin telur sig eiga að starfa eftir. Og ég gagnrýni þessa nálgun máls sem skiptir líf og störf okkar allra miklu máli. Og þetta er smitað út í þjóðfélagið.

Ég er með úrklippu úr Morgunblaðinu þar sem talað er um að boða til málþings um miðhálendið og vegagerð á miðhálendinu. Það er afar brýnt mál. Það var haldið núna 19. apríl og við höfum fengið fréttir af því að menn hafa verið þar að draga upp vegi þvers og kruss um hálendið. (**Gripið fram í:** Hvað með Kaldadalinn?) Væri þó nær að huga að vegum í byggð en að vera að eyða orku og kröftum í að tala um vegi sem ættu kannski að vera aftar í forgangsröðinni. Ég hygg að þeim sem búa eftir vegaframkvæmdum á Norðausturlandi eða á Vestfjörðum hafi ekki fundist að taka ætti tillit til þessa.

Virðulegi forseti. Af öllum þeim sem þarna voru kvaddir til að halda erindi er engin kona. Þarna voru á annan tug karla kvaddir til þess að halda erindi um hálendisvegina og ... (Gripið fram í.) Ha! (**BH:** Bara karlar?) Það voru bara karlar, eintómir karlar, í sjálfu sér afbragðsmenn, ég vænti þess, og metnaðarfullir fyrir sín störf. En svona nálgun á heilum stórum málaflokki getur ekki gengið upp. Þeir sem stýra samgöngumálum þurfa að taka sér alvarlega tak og snúa við blaði. Samgöngur eru ekki bara fyrir karla. Það er bara fráleitt að halda því fram.

Ég get lesið hér upp, af því að þetta er á prenti, með leyfi forseta:

„Guðmundur Þorsteinsson kennari setur þingið og ávarp flytur Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Erindi halda: Einar Ragnarsson ... Trausti Valsson ... Sveinn A. Sæland ... Sveinn Sigurbjarnarson ... Einar G. Bollason ... Garðar Vilhjálmsson ... Rögnvaldur Guðmundsson ... Guðmundur Arnaldsson ... Gunnar Larsson ... Óli H. Þórðarson ... Helgi Hallgrímsson.

Pallborðsumræður: Landbúnaðarráðherra, formaður samgöngunefndar, fulltrúi SAF, Vegamálastjóri, fundarstjórar Hjálmar Árnason og" — loksins ein kona — „Ásborg Arnþórsdóttir."

Hún fær að vera þarna fundarstjóri. (Gripið fram í.)

Þessi nálgun gengur ekki í einum stærsta málaflokki þjóðarinnar. Ég skora á hæstv. forseta og fyrrv. samgrh. að styðja sjónarmið mín í þessu máli. Meðan við nálgumst samgöngumál þannig að þau séu eingöngu ætluð körlum, eingöngu ætluð stórvirkum vinnuvélum þá erum við ekki á réttri braut.

Sú brtt. sem ég flyt við 3. gr., virðulegi forseti, snýr líka að því að í frv. stendur, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra skipar samgönguráð sem hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar."

Mér finnst þetta rangt. Hæstv. samgrh. sjálfur á hverjum tíma á að hafa yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. Hann getur kvatt undirsáta sína til að aðstoða sig við það. En hann á ekki að vísa ábyrgð á þessari vinnu til annarra. Því er ég andvígur. Ég tel að það sé skylda ráðherra fyrir hönd ráðuneytisins að hafa umsjón með að þessi vinna sé unnin og síðan kemur hún inn til Alþingis. Hann getur þá kvatt þessa nefnd eða þetta ráð sér til stuðnings.

Þess vegna flyt ég hér brtt., virðulegi forseti, sem kveður á um að samgrh. axli fulla ábyrgð á gerð samgönguáætlunar en geti skipað ráð, og þar bæti ég inn í. Ég tel t.d. að Póst- og fjarskiptastofnun, sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna í samgöngumálum sem lúta að fjarskiptamálum, eigi að tengjast samgöngumálum. Af hverju ekki? Ég tel að hún eigi að koma þarna inn og auk þess eigi að kveða skýrt á um að þeir sem koma að samgönguþingi sem ráðherra er falið að boða skuli spegla þjóðfélagið í mun meiri breidd en að þar komi saman tíu eða tólf karlar, forstöðumenn einhverra stofnana á vegum ríkisins sem þetta lýtur að.

Virðulegi forseti. Þess vegna legg ég áherslu á að kveðið verði nánar á um það í samgönguráði hverjir skuli koma á samgönguþing, þ.e. að þar skuli ekki aðeins koma að fulltrúar þeirra opinberu stofnana sem þessi málaflokkur heyrir undir heldur einnig fulltrúar umhverfissamtaka, fulltrúar almannasamtaka og fulltrúar þeirra aðila, almennings og hagsmunasamtaka í landinu, sem að sjálfsögðu skiptir framvinda og verk þessa málaflokks miklu máli.

Herra forseti. Ég ítreka það að hér verður að breyta um kúrs og áherslur og sýn í samgöngumálum. Það er ekki hægt að sniðganga umhverfismálin eins og hér er verið að gera. Það er ekki hægt að sniðganga hagsmuni hins almenna íbúa þessa lands. Það er heldur ekki hægt að bjóða okkur upp á að þessi málaflokkur sé eingöngu málaflokkur karla eins og hér birtist og ég hef gert grein fyrir.

Virðulegi forseti. Við verðum að breyta um kúrs og breyta um sýn. Það er okkur ekki samboðið hvernig hæstv. samgrh. og samgrn. nálgast þetta mál og eins ef Alþingi ætlar að taka undir það. Þess vegna hef ég lagt fram þessa brtt. sem kveður á um að tekið verði fullt tillit til þeirra aðila sem eiga tvímælalaust að koma að gerð samgönguáætlunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 385. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038 og 1328.

[16:22]

Frsm. meiri hluta samgn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., frá meiri hluta samgn.

Nefndin fjallaði um málið að nýju og fékk á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Tekið var fyrir bréf ráðuneytisins, dagsett 20. mars 2002, þar sem óskað er eftir því við samgöngunefnd að hún leggi til breytingartillögu við frumvarpið sem heimili Alþingi að afgreiða á þessu þingi vegáætlun og flugmálaáætlun til eins árs fyrir árið 2002. Í bréfi ráðuneytisins eru eftirfarandi rök tíunduð. Samkvæmt frumvarpi til laga um samgönguáætlun, 384. máli, og því frumvarpi sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að samræmd samgönguáætlun, þ.e. tólf ára áætlun annars vegar og hins vegar fjögurra ára áætlun, verði lögð fram á þingi í haust og komi í stað núgildandi hafnaáætlunar, sjóvarnaáætlunar, vegáætlunar og flugmálaáætlunar og gildi frá 1. janúar 2003.

Með hliðsjón af framangreindu telur ráðuneytið hvorki hyggilegt né hagkvæmt að leggja fram vegáætlun og flugmálaáætlun til fjögurra ára þegar fyrir liggur að áætlanirnar munu einungis gilda út þetta ár. Jafnframt telur ráðuneytið viðbúið að ýmsar forsendur geti breyst við gerð hinnar nýju samræmdu samgönguáætlunar. Með því að fjalla nú eingöngu um þingsályktanir um vegáætlun og flugmálaáætlun til eins árs fyrir árið 2002 næst eðlilegt samhengi að mati ráðuneytisins.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að vandamál, formlegs eðlis, geti skapast hjá Vegagerðinni verði þessi leið farin. Vandamál þetta felst í því að óvissa getur orðið um heimildir stofnana til þess að bjóða út á þessu ári framkvæmdir sem ætlunin er að ráðast í á næsta ári eða síðar. Jafnframt geti skapast óvissa um sams konar framkvæmdir sem þegar hafa verið boðnar út á þessu ári en eru til lengri tíma. Til að mæta þessu gerir ráðuneytið ráð fyrir að með þingsályktun um vegáætlun fyrir árið 2002 fylgi listi yfir fyrirhugaðar framkvæmdir sem Vegagerðin geti stuðst við. Ráðuneytið ítrekar að hér er aðeins um formsatriði að ræða þar sem vænta má tillögu um samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun strax á upphafsdögum Alþingis í haust.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála því að hagkvæmt og eðlilegt sé að takmarka endurskoðun vegáætlunar og flugmálaáætlunar við árið 2002 með vísan til væntanlegra samræmdra samgönguáætlana. Nefndin leggur þó áherslu á að tryggilega verði gengið frá málum svo að starfsemi Vegagerðarinnar raskist ekki.

Meiri hlutinn leggur til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði þess efnis að þrátt fyrir 1. mgr. 18. gr. vegalaga og 3. mgr. 1. gr. laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sem kveða á um að vegáætlun og flugmálaáætlun skuli afgreiddar til fjögurra ára, verði Alþingi heimilt á yfirstandandi þingi að afgreiða þessar áætlanir til eins árs, þ.e. fyrir árið 2002.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. rita hv. þingmenn Guðmundur Hallvarðsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir og Drífa Hjartardóttir.

Þessu til viðbótar eru á þskj. 1328 brtt. sem aðlaga frv. að gildandi hafnalögum og eru fram bornar af hv. formanni samgn. Guðmundi Hallvarðssyni.

[16:26]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 605. mál, brtt. minni hluta félmn., þskj. 1406.

Fjármálafræðsla í skólum, 713. mál, svar menntmrh., þskj. 1402.

Stefna í byggðamálum 2002–2005, 538. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1407.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, 661. mál, svar menntmrh., þskj. 1403.

[16:26]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi þennan bandorm sem fylgir vegáætlun um breytingar sem lúta bæði að flugmálum og hafnamálum og reyndar líka vegamálum vildi ég taka eftirfarandi fram: Ég tel að átt hefði að vinna bæði vegáætlun og flugmálaáætlun með sama hætti og verið hefur undanfarin ár, þ.e. við hefðum átt að vinna núna annars vegar tveggja og hins vegar fjögra ára áætlun og ekki kveinka okkur undan því. Ég tel að við hefðum átt að vinna það á þann hátt sem gildandi lög kveða á um. Þó svo að lög um samgönguáætlun sem hér eru til umfjöllunar kveði á um að unnið sé að þessu með samræmdum hætti þá tel ég að á undanförnum árum hafi þetta ekkert verið unnið þannig að ósamræmi væri. Það væri a.m.k. afar óeðlilegt því að allir þessir málaflokkar heyra undir sama ráðherra. Því væri óeðlilegt ef þessir málaflokkar hefðu verið unnir með svo ósamræmdum hætti á undanförnum árum að vansi sé að. Það hefði verið eðlilegra ef við hefðum bara unnið á reglubundinn hátt áætlun til tveggja og fjögra ára eins og lög kveða á um og síðan hefði sú áætlun verið endurskoðuð í kjölfar breytinga á næsta ári, á næsta þingi, eftir atvikum.

Í fyrsta lagi eigum við eftir að staðfesta þessi nýju lög um samgönguáætlun. Síðan á eftir að undirbúa vinnu á hinum nýju forsendum. Það getur allt tekið sinn tíma þannig að það var alveg ástæðulaust að kveinka sér undan því að vinna áætlun í vegamálum og flugmálum til næstu tveggja og fjögra ára eins og lög kveða á um. Ég vil bara mótmæla þeim vinnubrögðum.

Varðandi síðan frv. sjálf að öðru leyti þá tel ég að vinna hefði átt þessi frv. betur og samræma þau. Ég vil benda á að í samgöngumálum eða í vegamálum er vegamálastjóri sem heyrir síðan beint undir samgrn. Þar er ekki neitt vegaráð. Hins vegar erum við með flugráð í flugmálum og hafnaráð

í hafnamálum. En með því lagafrv. sem núna er verið að leggja til eru verkefni, umsvif og hlutverk bæði flugráðs og hafnaráðs mjög verulega skert frá því sem áður hefur verið og eru þau núna að langmestu leyti að verða einhverjir málamynda umsagnaraðilar til samgönguráðs. Ég tel að skoða hefði átt þessa þætti miklu betur, færa þá til samræmis og skilgreina hlutverk þeirra frekar en að hrista þetta svona að því er virðist bara fram úr erminni til þess að koma einhverju nafni á þetta. Ég tel að jafnvel ætti að skoða það að finna einhvern annan samstarfsflöt en þann að halda uppi flugráði eða hafnaráði. Það hefði átt að finna annan samstarfsvettvang. Þá hefðu orðið ákveðnar hliðstæður á milli annars vegar Vegagerðarinnar og flugmála og hafnamála. Þar hefði orðið nokkuð lík skipan á. Þetta hefði átt að gera í stað þess hafa þetta nú sitt með hvorum hætti og gert er ráð fyrir að svo verði áfram.

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi frv. hafi ekki verið vel unnin og að til þeirra hafi verið kastað höndum. Menn hefðu átt að nota tækifærið og vinna þarna mun betri samræmingarvinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 652. mál (Umferðarstofa o.fl.). — Þskj. 1312, brtt. 1364.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 17.–58. mál.

Fundi slitið kl. 16:32.

132. FUNDUR

mánudaginn 29. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 670. mál, þskj. 1086. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Þjóðhagsstofnun o.fl., stjfrv., 709. mál, þskj. 1303, brtt. 1244. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Samgönguáætlun, stjfrv., 384. mál, þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., stjfrv., 385. mál, þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038 og 1328. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 720. mál, þskj. 1227. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

7. Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, þáltill., 730. mál, þskj. 1277. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 666. mál, þskj. 1082. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

9. Lokafjárlög 1999, stjfrv., 667. mál, þskj. 1394. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

10. Lyfjalög, stjfrv., 601. mál, þskj. 1395. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

11. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 653. mál, þskj. 1302. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

12. Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 427. mál, þskj. 1309. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

13. Umferðarlög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1312, brtt. 1364. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

14. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 629. mál, þskj. 990. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

15. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1177, nál. 1273, 1344 og 1353, brtt. 1274. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073, nál. 1257 og 1261. — 2. umr.

17. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — 2. umr.

18. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — Frh. 2. umr.

19. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143 og 1387. — 2. umr.

20. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.

21. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — Frh. 2. umr.

22. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — Frh. 2. umr.

23. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — 2. umr.

24. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

25. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198, brtt. 1406. — 2. umr.

26. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — 2. umr.

27. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.

28. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278, brtt. 1279. — Síðari umr.

29. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.

30. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.

31. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.

32. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360. — 2. umr.

33. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327. — 2. umr.

34. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347, nál. 1332 og 1398. — 2. umr.

35. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902, nál. 1333, brtt. 1334 og 1373. — 2. umr.

36. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — 2. umr.

37. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 797, nál. 1354. — 2. umr.

38. Landgræðsluáætlun 2003–2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873, nál. 1357. — Síðari umr.

39. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437, nál. 1383, brtt. 1384. — 2. umr.

40. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 630. mál, þskj. 1001, nál. 1382, brtt. 1399. — 2. umr.

41. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 504. mál, þskj. 796, nál. 1396, brtt. 1397. — 2. umr.

42. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910, nál. 1372. — 2. umr.

43. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 1362, brtt. 1404. — 3. umr.

44. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264, nál. 1375 og 1381. — 2. umr.

45. Stefna í byggðamálum 2002–2005, stjtill., 538. mál, þskj. 843, nál. 1407. — Síðari umr.

46. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44, nál. 1374. — Síðari umr.

47. Deilur Ísraels og Palestínumanna, þáltill., 734. mál, þskj. 1345. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

48. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.

49. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.

50. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.

51. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Síðari umr.

52. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Síðari umr.

53. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Síðari umr.

54. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Síðari umr.

55. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Síðari umr.

56. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Síðari umr.

57. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Síðari umr.

58. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Síðari umr.

59. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Síðari umr.

60. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1371. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Afturköllun þingmáls.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill tilkynna að 414. mál þingsins, fyrirspurn á þskj. 673, er kölluð aftur.

Athugasemdir um störf þingsins.

Staða EES-samningsins.

[10:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að varpa nokkrum spurningum til hæstv. utanrrh. sem varða nýjar og merkar upplýsingar sem nýlega hafa komið fram varðandi stöðu EES-samningsins og afstöðu Evrópusambandsins til hans og EFTA-ríkjanna. Þessar upplýsingar koma fram í nýrri skýrslu norsku ríkisstjórnarinnar sem ég vænti að hæstv. utanrrh. hafi kynnt sér vel.

Í skýrslunni kemur fram sú skoðun að EFTA-þjóðirnar og Norðmenn sérstaklega hafi orðið undir í næstum öllum málum sem einhverju skipta í samskiptum við Evrópusambandið. Þar kemur fram að norska ríkisstjórnin telur að samningurinn hafi ekki bara veikst heldur telur hún að hann muni veikjast mikið á næstu árum og eru mörg dæmi nefnd um það hvernig norska ríkisstjórnin telur að EES-samningurinn hafi veikst frá 1994. Það sem skiptir máli finnst mér vera, herra forseti, að norsk stjórnvöld hafa ákaflega takmarkaða ef nokkra trú á því að aukin viðleitni EFTA-þjóðanna til þess að hafa áhrif á lög og reglur sem varða örlög þeirra sjálfra muni bera nokkurn árangur og það segir í skýrslunni að þó að vissulega mætti gera betur og þó að vissulega mætti efla mjög fjárveitingar til þess að reyna að hafa áhrif á afstöðu ESB þá séu litlar líkur á því að það beri nokkurn ávöxt. Það segir líka í þessari skýrslu að reynslan sýni að ekki sé um neitt eiginlegt samráð að ræða af hálfu Evrópusambandsins.

Herra forseti. Þetta er skelfileg lýsing og þó að hún komi okkur ekki alveg á óvart, sem höfum fylgst með þessum málum, þá er ljóst að hér er um talsvert hrikalegra orðalag að ræða en við eigum að venjast og ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Er hann sammála þessu? Er þetta reynsla Íslendinga? Og miðað við þetta, hvernig telur hann þá rétt að tryggja hag Íslendinga gagnvart Evrópusambandinu á næstu árum?

[10:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi skýrsla sem kom út í Noregi sl. föstudag er í reynd ekkert annað en staðfesting á því sem legið hefur fyrir og við höfum verið að ræða á hv. Alþingi. Í skýrslunni er verið að draga upp ákveðnar staðreyndir. Það er ekki verið að taka afstöðu til þess hvað skuli gert í framhaldi af því þannig að ætlunin með þessari skýrslu Norðmanna er því svipuð og ætlunin hefur verið með því upplýsingastarfi sem utanrrn. hefur beitt sér fyrir hér á landi að upplýsa um mál til þess að það skapi umræðu og á því sé tekið. Það kemur fram í þessari skýrslu að EES-samningurinn hafi ekki það vægi sem honum var ætlað í upphafi og því er ég sammála. Það kemur líka fram í skýrslunni að áhrif Norðmanna á mótun gerða innri markaðarins séu óveruleg og aðkoma að mótun gerða sé ófullnægjandi. Ég er líka sammála því að það eigi við um allar þjóðirnar.

Það kemur fram að áhugi Evrópusambandsins á samningnum fari minnkandi sem er rétt og það kemur líka fram að Evrópusambandið haldi áfram að þróast en samningurinn standi í stað. Ekkert af þessu kemur á óvart.

Viðbrögð utanrrn. hafa verið þau að þrýsta á um það að lagfæringar yrðu gerðar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar liggur ljós fyrir sú afstaða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að þeir séu ekki tilbúnir í það starf fyrr en að loknu stækkunarferlinu og sú skoðun var síðan staðfest í viðræðum sem ég átti við utanríkisráðherra Danmerkur í síðustu viku í Kaupmannahöfn.

[10:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. sagði staðfestir norska skýslan það sem hæstv. ráðherra og reyndar fleiri hafa sagt um stöðu EES-samningsins, að hann uppfylli í raun ekki þær kröfur sem við gerum til Evrópusamstarfsins í framtíðinni. Auðvitað gildir það sama varðandi stöðu okkar Íslendinga gagnvart þessum samningi og gildir um Norðmenn þó að skýrslan fjalli um stöðu Norðmanna.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði að þetta kæmi í raun-inni ekki á óvart og væri það sama og hann hefur verið að benda á, en við verðum þó, herra forseti, að skoða þessa niðurstöðu og þessa skýrslu í ljósi þess að hæstv. ríkisstjórn hefur nú fengið klárt nei frá Evrópusambandinu við því að uppfæra EES-samninginn. Og þá hlýtur maður að spyrja að því hver verði næstu skref hjá hæstv. ríkisstjórn. Þýða þessar fréttir ekki að endurskoða þarf afstöðuna til þeirrar stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur gagnvart Evrópusamstarfinu? Hæstv. utanrrh. hóf mjög ágæta vinnu sem m.a. skilaði sér í skýrslu um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi sem utanrrn. gaf út. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. í ljósi þeirra tíðinda sem þessi norska skýrsla felur í sér og er ákveðin staðfesting á orðum hans og í ljósi þess að við höfum nú fengið nei við því að uppfæra EES-samninginn: Er ekki kominn tími til að halda áfram þeirri vinnu sem hæstv. utanrrh. hóf og kom fram í skýrslunni um stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu og halda áfram þeirri vinnu, skoða kostina sem nú eru í stöðunni? Nú höfum við fengið nei við því að uppfæra EES-samninginn. Við erum líka orðin nokkuð viss um að hann er ekki nægilega tryggur til að halda úti hagsmunum okkar í framtíðinni. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera í þeim efnum? Á að halda áfram að halda Evrópusamstarfinu niðri eins og ég vil meina að hæstv. forsrh. vilji t.d. leggja til sem hefur margsinnis haldið því fram að hér sé allt í stakasta lagi?

[10:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það sem markverðast kom fram í máli hæstv. utanrrh. er sú skoðun hans að það gildi líka um Íslendinga að áhrif þeirra séu óveruleg og aðkoma þeirra ófullnægjandi. Það er hæstv. utanrrh. sem talar hér.

Herra forseti. Af þessu tilefni er nauðsynlegt að rifja upp að það eru ekki margar vikur liðnar frá því að hæstv. forsrh. kom frá Noregi færandi heim þau tíðindi að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið væri fullnægjandi og hann mundi duga okkur a.m.k. næstu 5–8 árin. Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn verður að tala skýrt. Hver talar fyrir munn íslensku ríkisstjórnarinnar þegar utanríkismál eru annars vegar? Er það hæstv. utanrrh. sem segir núna að aðkoma Íslendinga að reglum og lögum sem varða Ísland séu óveruleg, áhrifin séu alls ekki fullnægjandi eða er það hæstv. forsrh. sem segir að allt sé í stakasta lagi? Hæstv. utanrrh. hefur sagt að það mál sem mestu varðar um samskipti okkar við umheiminn séu tengslin við Evrópu. Samt er það staðreynd sem hér er staðfest í máli hæstv. ráðherra að hann hefur eina skoðun, forsrh. hefur aðra skoðun. Það er ekki hægt að tala út og suður í máli eins og þessu. Hvor þeirra fer með stefnuna í þessum málum, hæstv. utanrrh. sem hefur þessa skeleggu skoðun á EES-samningnum eða hæstv. forsrh. sem telur að samningurinn sé í fínu lagi? Hvor þeirra hefur rangt fyrir sér? Hvor hefur rétt fyrir sér? Verður þjóðin ekki að vita hver stefnan er í þessu máli?

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli þingflokksformanna stjórnarflokkanna.

[10:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða stöðu mála í þinginu og til þess að mótmæla alveg sérstaklega ómaklegum og ómerkilegum ummælum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks framsóknarmanna, viðhafði í sjónvarpsfréttum í fyrrakvöld og sendi þar stjórnarandstöðunni og reyndar Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sérstaklega, kveðjurnar. Þessi ummæli hv. þm. voru vond blanda af skítkasti og hroka og ég vísa þeim til föðurhúsanna. Litlu skárri voru ummæli hv. þm. Sigríðar A. Þórðardóttur, formanns þingflokks Sjálfstfl.

Herra forseti. Það er alveg ljóst hverjum manni sem hér hefur fylgst með störfum að það eru hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn sem bera alla ábyrgð á því hvernig staða mála er í þinginu nú. Það eru hæstv. ráðherrar sem hafa mokað hér inn frumvörpum, illa unnum og umdeildum og mjög mörgum eftir að frestir voru útrunnir. Átti þó þessum hæstv. aðilum að vera það jafnljóst og öðrum að starfsáætlun Alþingis hljóðaði upp á það að ljúka störfum óvenjusnemma á þessu vori. Eða vissi ríkisstjórnin ekki af því?

Engu að síður er það svo að mörg stórmál komu inn sólarhringana fyrir þann frest sem tilskilinn er, 1. apríl sl., og ein átta stjfrv. ekki fyrr en komið var langt fram í apríl. Þá liggur það einnig fyrir, herra forseti, að mörg mál hafa tafist í þinginu vegna illdeilna milli stjórnarflokkanna. Þetta veit hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mætavel. Þetta gildir um byggðamál, sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál o.fl. þannig að ég mótmæli því, herra forseti, að reynt sé að skrifa á reikning stjórnarandstöðunnar það ástand sem hér er upp komið þegar 60 mál eru á dagskrá þingsins og þar af tugir af stórum og umdeildum málum sem ríkisstjórnin hefur skóflað inn á síðustu vikum. Það er ekki við þingmenn og þaðan af síður við stjórnarandstöðuna að sakast í þeim efnum. Ég held því að þessir hv. þm., formenn þingflokka stjórnarliðsins, gætu gert eitthvað annað þarfara, herra forseti, en vera með skeytasendingar af þessu tagi. Það er alla vega ekki til að greiða fyrir þingstörfum hér. Svo mikið er víst.

[10:12]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar í Evrópumálum er mjög skýr. Við höfum EES-samninginn sem er óumdeilt að hefur dugað okkur mjög vel. Utanrrh. hefur talað fyrir því að ákveðin atriði samningsins verði endurskoðuð og það hefur ekki hlotið hljómgrunn hjá Evrópusambandinu. Því hefur alfarið verið neitað af þeirra hálfu að farið verði í að skoða þau atriði sem hæstv. utanrrh. hefur bent á. Þannig standa málin.

Hvað snertir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór með upp hér áðan og gerði athugasemdir við það að við sem erum þingflokksformenn stjórnarflokkanna gerum athugasemdir við að staðið sé í málþófi hér í þinginu, þá vil ég endurtaka og ítreka það sem ég sagði t.d. í DV í morgun. Mér hefur þótt bera á því að hér væri málþóf. Ég hef vitnað í það máli mínu til stuðnings að t.d. á föstudaginn var stóð þingfundur frá kl. 10 og fram að kvöldmat og þar skiptust þingmenn Vinstri grænna á að fara í ræðustólinn. Eins og allir vita telur þingflokkur Vinstri grænna sex þingmenn og mér þykir það í meira lagi undarlegt ef menn geta ekki komið skoðunum sínum á framfæri í málum með öðrum hætti en þeim að þurfa að vera að setja á 2–3 klukkutíma langar ræður.

Svo vil ég að sjálfsögðu líka benda á það að mér sýnist að ekki sé nokkur samstaða hjá stjórnarandstöðuþingflokkunum á þinginu um það sem þeir eru að gera athugasemdir við. Eru það einhver sérstök mál sem þeir leggja áherslu á að tefja? Það virðist allt vera út og suður hjá þeim.

[10:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér kveinka hv. þm. sér og bera sig illa undan því að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi mikið til málanna að leggja, sama fólk og hleypur út úr þingsalnum þegar óþægileg mál eru hér til umræðu.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru reiðubúnir að sitja hér fram á haust ef það gæti orðið til þess að stuðla að vönduðum og faglegum vinnubrögðum en þá á líka að taka um það ákvörðun og haga þinghaldinu með það í huga. Forsenda þess að Alþingi geti starfað vel og faglega er að þinghaldið sé í föstum skorðum. Að þessu hefur verið stefnt. Að því var stefnt að ljúka þingi 24. apríl. Þess vegna voru settir ákveðnir tímafrestir. Þingmönnum, þar á meðal hæstv. ráðherrum í ríkisstjórninni, var gert að setja mál inn til þingsins fyrir marslok. Þessi tímamörk voru ekki virt. Á síðustu sólarhringum var komið með hvert stórmálið á fætur öðru og eftir að tímafrestur var úti var haldið áfram að setja mál inn í þingið.

Við höfum óskað eftir því að stjórn og stjórnarandstaða setjist niður og ræði með hvaða hætti þinghaldið fram undan eigi að vera og þessu hefur verið neitað. Þetta eru staðreyndir málsins og það er mjög ódýrt að koma síðan í ræðustól

á Alþingi og saka okkur um óvönduð vinnubrögð. Það er ódýrt.

[10:17]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Helstu athugasemdir sem stjórnarandstaðan hefur verið að gera við þinghaldið eru kannski ekki þær að við séum að kvarta yfir því að sitja hér nokkrum dögum lengur heldur fyrst og fremst það að þessi lokatörn er orðin ansi löng. Við höfum verið á ansi löngum fundum vikum saman, á laugardögum og alla daga meira og minna fram á kvöld og við höfum vakið athygli á því að sjái menn ekki fram á að ljúka þessu á allra næstu dögum þá eigum við bara að fara aftur í venjulegan vinnugír og vinna hér eins og fólk skikkanlegan vinnudag og vanda kannski um leið svolítið betur vinnubrögðin, herra forseti.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, af því að hv. stjórnarliðar hafa verið að kvarta yfir því að stjórnarandstaðan standi í málþófi og komi sér ekki saman um hvaða mál hún vilji fá út. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að ég hef setið í hv. iðnn. í vetur og þar hefur byggðaáætlun verið frá því, ef ég man rétt, í febrúar, herra forseti. Nánast á hverjum einasta fundi hafa hv. þm. stjórnarandstöðunnar innt eftir því hvort ekki sé kominn tími til að fara að taka það mál út þannig að við gætum farið að ræða það í þinginu. Það hefur aldeilis ekki legið á því, herra forseti, og þetta mál er að koma út úr nefnd fyrst nú og koma fyrst á dagskrá þingsins í dag. Þess vegna vísa ég því alfarið á bug, herra forseti, að það séu stjórnarandstæðingar sem tefji þingið. Ástæðan fyrir því að þingið hefur tafist er einfaldlega sú að hv. stjórnarliðar koma sér ekki saman um þau mál, jafnvel sín eigin mál eins og byggðaáætlun. Þeir hafa ekki einu sinni komið sér saman um hvernig hún eigi að líta út, herra forseti. Hvernig í ósköpunum eigum við þá að geta bjargað því að menn klári sína vinnu á réttum tíma?

[10:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Fyrir þinginu liggja býsna mörg mál. Það er ekki svo að þau séu óunnin, þvert á móti. Þau hafa fengið þinglega meðferð í nefndum, eru fullunnin þar, og þingmenn hafa skilað nefndarálitum og brtt. þannig að samkomulag um störf þingsins og væntanleg lok þinghalds í vor felast í því að menn reyni að ná samkomulagi um það hvernig haga skuli þinghaldinu, hversu lengi þingfundir skuli standa dag hvern og í hvaða röð mál eru tekin og að ná samkomulagi um hversu langan tíma menn ætla sér í að ræða hvert mál.

Við erum tilbúin til að ná samkomulagi um þessa hluti og hefur aldrei staðið á því af hálfu stjórnarliðsins. (**ÖJ:** Jú. Það er rangt.) Það sem hins vegar hefur gerst, herra forseti, er að hluti af stjórnarandstöðunni, þ.e. vinstri grænir, hafa verið að setja saman kröfur um annað en lýtur að því að ná saman um störf þingsins. Þeir hafa verið að setja fram kröfur um að ákveðin þingmál nái ekki fram að ganga og m.a. þingmál sem njóta yfirburðarstuðnings á þinginu en þeir eru á móti. Hvers konar lýðræði er það, herra forseti, ef sex manna þingflokkur ætlar með málþófi í þingsal að fara að koma í veg fyrir það að þingmál nái fram að ganga? Um það snýst málið. Það er þess vegna sem hv. þm. Ögmundur Jónasson er orðinn svona reiður að mönnum er orðið ljóst að það sem vakir fyrir honum og þingmönnum hans er að tala í púltinu tímunum saman, ekki til þess að setja fram skoðanir sínar um það mál sem er til umræðu, þeir eru að gera lítið úr sínum eigin sjónarmiðum í málinu með því að drekkja þeim í málæði. Þeir eru að gera lítið úr málinu sem er til umfjöllunar og þeir eru að gera lítið úr öðrum þingmönnum með því að fara svona með umræðu í veigamiklum málum. Þess vegna finnst mér að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kunni eiginlega ekki að skammast sín þegar hann kemur hér upp.

[10:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því að menn séu að tala hér um málþóf. Ég veit ekki betur en að það hafi verið talað lengi í einhverjum tveimur málum eða svo í þinginu í vor. Yfir hverju eru menn eiginlega að kvarta? Þetta eru sömu mennirnir og hafa staðið tímunum saman í þingingu og talað um einstök mál fyrr á árum, maður þekkir vel til þess, sem eru að kvarta hér yfir því að einhverjir hafi talið ástæðu til þess að tala ítarlega um eitthvert mál í þinginu. Mér finnst algerlega ástæðulaust að kvarta yfir því.

Hitt er annað mál að það er auðséð að allar áætlanir sem hér hafa verið gerðar eru í uppnámi og þar er fyrst og fremst ríkisstjórninni um að kenna. Menn þurfa auðvitað að fara yfir það hvernig eigi að ljúka málum. Það gerist bara ekkert í þessari viku að mál klárist þó að eðlilega sé að þeim unnið. Það þarf að taka miklu lengri tíma ef menn ætla að klára öll mál. Það er alveg ljóst að þá þarf að kalla inn í þingið varamenn, og það þó nokkuð marga, til þess að hægt sé að klára þessi mál ef menn ætla sér að fara þessa götu þannig. Ég veit a.m.k. um það að menn hafa skipulagt sinn tíma þannig, og eðlilega, að það væri nóg að bæta fimm eða tíu dögum við þær áætlanir sem gerðar voru og hafa ráðstafað sér í framhaldi af því. Menn þurfa því að horfast í augu við þetta og ræða það þá hvernig halda eigi áfram með mál í þinginu í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur sett öll þessi verkefni fyrir. Ef menn horfa yfir það sem búið er að gera í vor og vetur, þá er auðvitað fáránlegt að halda því fram að eitthvert málþóf setji allt í uppnám. Það er eitthvað allt annað sem er að gerast. Menn hafa bara verið óskaplega lengi að koma frá sér málum og þau liggja fyrir og hafa hrannast upp. Og þó að menn hafi talað í einn eða tvo daga um einhver mál sem þeim eru hjartfólgin þá er ekki hægt að halda því fram að það sé að setja allt hér í uppnám.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 3. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[10:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mótmæli ummælum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Það kann vel að vera og má mín vegna vera svo að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni finnist að ég kunni ekki að skammast mín. En eitt get ég fullvissað hann um að ég mun ekki fara í læri hjá honum til að læra þá list. Ég mundi leita annað til að fá mér fræðslu í þeim efnum ef út í það væri farið. Ég held að ég hafi ekki heyrt ómerkilegri, ómaklegri né vitlausari málflutning hjá formönnum stjórna þingflokka í annan tíma heldur en hjá þeim hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði A. Þórðardóttur. Miðað við allar aðstæður mála hér liggur það gjörsamlega í augum uppi að þessir hv. þm. ættu frekar að taka í hnakkadrambið á ráðherrum sínum og skamma þá fyrir framgöngu þeirra gagnvart þinginu. 9. apríl kemur inn í þingið beiðni ríkisstjórnarinnar um heimild fyrir 20 þúsund milljón króna ríkisábyrgð handa einu fyrirtæki. Svo kemur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og telur að mál séu einstaklega vandlega unnin eins og í

þessu tilviki. Nei, herra forseti, þetta er að kunna ekki að skammast sín fyrir sig og sína.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 13. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[10:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil mótmæla harðlega málflutningi formanns þingflokks Framsfl. sem segir að ég og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs höfum komið hér í ræðustól með það eitt í huga að tefja fyrir þingstörfum. Þar vísar hv. þm. væntanlega til þriggja mála, umræðu um Þjóðhagsstofnun sem ákveðið er að leggja niður í einu vetfangi. Í öðru lagi 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgð sem er óræð og vanrædd og illa undirbúin. Og í þriðja lagi óútfylltan víxil um stóriðju á Austurlandi. Og þótt menn hafi af því áhyggjur að það mál, þessi óútfyllti víxill sé nú kominn í flokkspólitískan faðm Framsfl. og menn vilji ræða þetta fyrir hönd þjóðarinnar, (Gripið fram í.) — fyrir hönd þjóðarinnar, já, við erum hagsmunagæslumenn fyrir skattborgara og fyrir þjóðina. En hér fyrtist hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. við. Hvað vilja menn eiginlega hér upp á dekk fyrir hönd þjóðarinnar? spyr hann. Ég auglýsi eftir meiri umræðu og vandaðri vinnubrögðum á þingi. (**KHG:** Var þetta umræða um störf þingsins, eða ...?)

[10:26]

Forseti (Halldór Blöndal):

Tveir síðustu hv. alþingismenn voru að bera af sér sakir.

Steinullarverksmiðja, 2. umr.

Stjfrv., 663. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 1073, nál. 1257 og 1261.

[10:27]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

Nefndin fékk á sinn fund ýmsa gesti eins og um er getið á þskj. 1257.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. þm. afsökunar. Það er gert ráð fyrir því að atkvæðagreiðsla verði að loknum þingflokksfundum klukkan hálfþrjú.)

Þetta er tiltölulega einfalt frv. Lagt er til að iðnrh. verði heimilt að selja eignarhlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni hf. á Sauðárkróki. Það byggir á samkomulagi sem gert hefur verið á milli stærstu eigenda fyrirtækisins og Húsasmiðjunnar hf., BYKO hf. og Kaupfélags Skagfirðinga um kaup á eignarhlut hinna fyrrnefndu í fyrirtækinu. Samkomulagið er háð nokkrum skilyrðum, sem greint er rækilega frá í greinargerð með frv. sjálfu, m.a. samþykki Alþingis og því að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði.

Meiri hluti hv. iðnn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir frv. rita eftirtaldir hv. þm.: Ásta Möller, Bryndís Hlöðversdóttir, Pétur H. Blöndal, sem þó hafði fyrirvara, Svanfríður Jónasdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson og Ísólfur Gylfi Pálmason auk þess sem hér stendur.

Herra forseti. Þetta er afskaplega einfalt frv. Hv. iðnn. mælir með því að hlutur ríkisins í Steinullarverksmiðjunni verði seldur og byggir það á frumkvæði heimamanna sem hafa miklar hugmyndir um uppbyggingu atvinnulífs í kjölfar þessa. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt.

[10:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það vekur athygli í nál. meiri hluta iðnn. hversu fáir hafa verið kallaðir á fund nefndarinnar til þess að fjalla um málið. Það vekur líka athygli í ljósi orða hv. þm. og frsm. að það væri að frumkvæði heimamanna sem málið væri komið í þennan farveg. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm.: Kannaði nefndin rækilega hug heimamanna í þessu máli? Hverjir komu á fund nefndarinnar? Í nál. stendur að einungis hafi komið Jón Gauti Jónsson frá sveitarstjórn Skagafjarðar. Hann er ekki einu sinni persónulega ráðinn sveitarstjóri heldur er það samningur við fyrirtæki sem hann er ráðinn hjá.

Mér er kunnugt um að það er mikill ágreiningur um þetta mál í héraði. Ég leyfi mér því að spyrja hv. formann iðnn.: Hvers vegna voru ekki fleiri kallaðir til af hálfu heimamanna? Fulltrúar minni hlutans? Ég bendi á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ályktað mjög sterkt gegn þessari fyrirhuguðu sölu. Hvers vegna kannaði iðnn. ekki rækilega hug heimamanna?

Þessi sala er háð skilyrðum Samkeppnisstofnunar um að hún geri ekki athugasemd við söluna. Hvers vegna var Samkeppnisstofnun ekki kölluð á fund iðnn. úr því að það var ljóst að hún gat hugsanlega haft áhrif á hver afgreiðsla málsins yrði? Hvers konar vinnubrögð eru þetta í iðnn., virðulegi forseti?

[10:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason gagnrýnir það að sveitarstjórn Skagafjarðar, að mér skilst, skuli ekki hafa verið kölluð á fund. Það er nú einu sinni svo að sveitarstjórnir velja sér talsmann og talsmaður meiri hluta sveitarstjórnar í Skagafirði, hinn opinberi talsmaður hennar, kom og flutti skilaboð sveitarstjórnar Skagafjarðar. Og það er lýðræðislegt að fara eftir þeim sjónarmiðum.

Hins vegar get ég bent hv. þm. Jóni Bjarnasyni á það að hefði hann talið eðlilegt að fulltrúi Vinstri grænna kæmi sérstaklega á fund nefndarinnar, eins og hann nefndi hér áðan, þá hefði kannski verið eðlilegt að fulltrúi Vinstri grænna í iðnn. hefði óskað eftir því. Þeir eiga þar sinn fulltrúa. Og ég minnist þess ekki að hann hafi nokkru sinni nefnt að það þyrfti að fá fulltrúa einstakra flokka heldur, eins og eðlilegt er, að talsmaður meiri hlutans komi, talsmaður sveitarstjórnar Skagafjarðar, og það var það sem gerðist.

Skilaboðin þaðan eru afskaplega skýr. Þeir vilja selja, þeir hvetja til þess og við fylgjum meiri hlutanum. Enda eru það eins og oft áður átta af níu nefndarmönnum í iðnn. sem hvetja til þess að þetta frv. verði samþykkt.

[10:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vek athygli á þeim orðum hv. þm. áðan um að það væri að frumkvæði heimamanna sem þessi mál væru komin á þetta stig. Þá held ég að iðnn. hafi líka verið ljóst að um þetta var mikill ágreiningur heima í héraði. Ég er hér með t.d. bókun sjálfstæðismanna í sveitarstjórn Skagafjarðar þar sem þeir átelja harðlega vinnubrögð meiri hlutans

og sveitarstjóra varðandi fund iðnn. og mun koma nánar að henni í ræðu minni á eftir.

Hv. þm. vék sér undan að svara því hvers vegna Samkeppnisstofnun hefði ekki verið kölluð til, hún sem hefur mikil áhrif á það hvort þetta verður lögleitt eða ekki, hún sem fyrir nokkrum árum síðan, eða samkeppnisráð, kvað upp þann úrskurð að samningur um einkasöluleyfi þessara sömu aðila á framleiðslu verksmiðjunnar væri talinn brjóta gegn samkeppnislögum og var hafnað. Sömu aðilar eiga nú að fara að kaupa verksmiðjuna. Það var því fyllilega ástæða til fyrir iðnn. að skoða þetta mál miklu ítarlegar.

Til viðbótar er í frv. gert ráð fyrir því að söluandvirðinu, áður en selt er, sé varið til ákveðinna framkvæmda sem eiga að framkvæmast af fjármagni ríkisins á annan hátt, eins og til vegaframkvæmda í héraðinu, það er kveðið er á um það í frumvarpinu. Það er líka á svig við lög um fjárreiður ríkisins. Hvers vegna var þá ekki málið sent til umsagnar fjárln.? Það liggur engin heimild fyrir á fjárlögum um sölu. (Gripið fram í.) Ekki eftir réttum leiðum, virðulegi þingmaður, Svanfríður Jónasdóttir, það er ekki rétt leið. Það er fjárln. sem afgreiðir öll þessi mál til þingsins og það ætti hv. þm. og formanni iðnn. að vera ljóst.

Ég tel því að sú vinna sem iðnn. er hér að skila af sér sé alveg fádæma léleg og illa unnin.

[10:34]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki í fyrsta sinn sem fulltrúar Vinstri grænna tala um illa unnið mál sem lesist í rauninni, og skilningur þeirra er bara sá, að þeir eru á móti og við erum svo sem orðin vön því.

Vert er að draga það fram hér og benda hv. þm. á það að hér erum við að fjalla um það að setja lög og það er Alþingi Íslendinga sem setur lög en ekki einstakar nefndir, þannig að það er í eðlilegum farvegi að fjalla um það með þeim hætti sem hér er gert. (Gripið fram í.) Ég ítreka enn og aftur að það eru átta af níu nefndarmönnum sem telja málið orðið fullþroskað en fulltrúi Vinstri grænna, nú sem oft áður, telur það vera vanbúið til afgreiðslu. Við erum einfaldlega ósammála því. Skilningur okkar á lýðræði er annar en fulltrúa Vinstri grænna. Þeir tala gjarnan um að það eigi að fara eftir rödd minni hluta og láta hana ráða en skilningur okkar á lýðræðishugtakinu er sá að það sé meiri hluti sem eigi að ráða. Og það mun reyna á það hér við atkvæðagreiðsluna alveg eins og það gerði í afgreiðslu frá hv. iðnn. Ég minni enn og aftur á það að rödd Vinstri grænna um að fá fleiri inn til nefndarinnar heyrðist aldrei. En svo sprettur hún oft hér upp í þingsalnum með miklum gauragangi.

Herra forseti. Málið er nógu vel skoðað en það vekur athygli mína, sérstaklega af því að hv. þm. Jón Bjarnason stýrði því merkilega setri á Hólum og hann fjallaði hér um söluandvirðið og vildi gera svolítið tortryggilegt hvað heimamenn vildu gera með söluandvirði þessa. Það er m.a. ætlunin að byggja upp öflugt vísindastarf á Hólum, á þeim merka stað. Það hlýtur því að skjóta skökku við að heyra fyrrverandi skólameistara á Hólum beinlínis leggjast gegn því að vísinda- og menntastarf á Hólum verði byggt upp. Ja, öðruvísi mér áður brá.

[10:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég hefði viljað að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur og gæti svarað nokkrum spurningum. Er hæstv. fjmrh. í húsinu?

(**Forseti** (GÁS): Nei, hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu en forseti mun gera ráðstafanir til þess að fá hann til fundarins.)

Þá get ég hafið mál mitt en ég óska eftir því að hann verði sem fyrst í húsi.

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta iðnn. sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fulltrúi í iðnn., skipaði. Málið er þannig að hv. þm. sem á sitt heimili á Akureyri er þar veðurtepptur. Það hefur ekki verið flogið þaðan hvorki í gærkvöldi né í morgun og getur hann því ekki mælt fyrir nál. sínu hér, virðulegi forseti.

Þetta nál. er um frv. til laga um breytingu á lögum um steinullarverksmiðju sem er þá Steinullarveksmiðjan á Sauðárkróki.

Frv. felur í sér að veita iðnaðarráðherra heimild til að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni og að helmingur söluandvirðisins skuli renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þannig hljóðar 1. gr. frv., virðulegi forseti. Með frv. fylgir svo ítarleg greinargerð.

Í greinargerð kemur fram að gert hafi verið samkomulag milli stærstu eigenda fyrirtækisins og Húsasmiðjunnar hf., BYKO hf. og Kaupfélags Skagfirðinga um kaup á eignarhlut ríkisins og Sveitarfélagsins Skagafjarðar í fyrirtækinu. Upplýst var á nefndarfundi að samkomulagið væri háð nokkrum skilyrðum, m.a. samþykki Alþingis og því að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt þótt ekki liggi fyrir hvort Samkeppnisstofnun leggi blessun sína yfir þessi viðskipti eða setji um þau efnisleg skilyrði. Minni hlutinn telur augljóst að Alþingi eigi ekki að afgreiða frumvarpið án þess að afstaða Samkeppnisstofnunar liggi fyrir.

Minni hlutinn er andvígur sölu ríkisins á eignarhlut sínum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki við núverandi aðstæður og telur slíka ráðstöfun ekki líklega til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins til lengri tíma litið. Fjárhagsstaða þess hefur verið slæm og til þess að bæta hana hefur sveitarstjórnin brugðið á það ráð að selja eignir. Rafveita Sauðárkróks hefur verið seld ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar en vill svara fyrri beiðni hans um viðveru hæstv. fjmrh. í þá veru að hæstv. ráðherra er upptekinn næsta klukkutímann en getur þá komið til fundarins.)

Takk. Þá sé ég til hvernig ég haga máli mínu. En það eru brýnar spurningar sem heyra beint undir fjmrh. og embætti hans sem ég tel að farið hafi verið á svig við í vinnu iðnn. og liggja ekki svör fyrir og óska eftir að hann komi hér áður en ég lýk máli mínu. (**Gripið fram í:** Iðnrh. er hérna.) Hæstv. iðnrh. hefur ekki með þennan málaflokk að gera. (**Gripið fram í:** Nú, það var skrýtið.) Ekki hvað varðar fjárreiður ríkisins. Þó að hæstv. iðrnrh. sé vösk á marga lund þá veit ég ekki til þess að hún fari með fjmrn., a.m.k ekki eins og sakir standa.

Hæstv. forseti. Ég mun þá halda hér áfram með nál. eins og það liggur fyrir hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, þar sem verið er að rekja, einmitt eins og framsögumaður meiri hlutans kom inn á, að frumkvæðið að breytingum á eignaraðild að Steinullarverksmiðjunni er komið frá sveitarfélagi Skagafjarðar en vegna þess að fjárhagsstaða þess hefur verið slæm og til þess að bæta hana hefur sveitarstjórnin brugðið á

það ráð að selja eignir. Rafveita Sauðárkróks hefur verið seld og nú stendur hugur sveitarstjórnarinnar til þess að losa um það fjármagn sem sveitarfélagið á í Steinullarverksmiðjunni. Eins og m.a. má sjá af ályktun sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu eru afar deildar meiningar um málið heima í héraði enda hefur Steinullarverksmiðjan um árabil verið mikilvæg stoð í atvinnulífi Sauðárkróks og Skagafjarðar. Á sínum tíma var tekist hart á um stofnsetningu verksmiðjunnar og ekki síst staðsetningu og það var pólitísk ákvörðun að henni var valinn staður á Sauðárkróki frekar en á ákveðnum stað hér á Suðurlandi. Það var mjög hörð umræða sem fór fram, m.a. hér í þingsölum, um hvar verksmiðjan skyldi vera staðsett og á endanum var það hin pólitíska ákvörðun að hún skyldi vera staðsett á Sauðárkróki til eflingar atvinnulífi á því svæði í Skagafirði.

Steinullarverksmiðjan hefur reynst mikill happafengur fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð. Þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika hefur rekstur hennar gengið vel og hún hefur skilað eigendum sínum drjúgum arði. Hún veitir fjölda bæjarbúa atvinnu, bæði beint og óbeint, og sveitarfélagið hefur af henni umtalsverðar tekjur. Fjárhagur verksmiðjunnar er góður, mjög litlar skuldir hvíla á fyrirtækinu og ekkert bendir til annars en reksturinn geti áfram gengið vel. En skjótt skipast veður í lofti og engin trygging er fyrir því að nýir eigendur verksmiðjunnar hafi jafnmikinn áhuga og núverandi eigendur á því að efla hag hennar á þeim stað þar sem hún er rekin nú. Niðurstaðan gæti orðið brottflutningur starfa og tekjumissir og er þá verr af stað farið en heima setið. Minni hlutinn vill að allra leiða verði leitað til þess að leysa tímabundinn fjárhagsvanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar, annarra en að selja drjúgan hluta bestu mjólkurkýrinnar á þeim bæ og setja þar með framtíð Steinullarverksmiðjunnar í algjöra óvissu. Reynist sveitarfélagið hins vegar nauðbeygt til þess að selja hlut sinn í verksmiðjunni telur minni hlutinn að ríkið eigi að leysa þann hlut til sín.

Með vísan til framangreinds leggur minni hluti nefndarinnar til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að áform um sölu Steinullarverksmiðjunnar eru fyrst og fremst til komin vegna bágrar fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þess að um málið eru mjög deildar meiningar heima í héraði leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá."

Í athugasemdum með frv. er rakinn nokkuð aðdragandi að stofnun Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki. Hann er að vísu nokkuð langur, en með lögum frá 1981 var ríkisstjórninni heimilt til að taka þátt í stofnun Steinullarverksmiðjunnar hf. á Sauðárkróki, eða reyndar í stofnun steinullarverksmiðju, henni hafði þá ekki verið ákveðinn staður. Það var þáv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, sem hafði einmitt forgöngu um að koma málinu á þennan rekspöl ásamt mjög miklum dugnaði og áhuga heimamanna.

Stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna var síðan undirritaður 2. desember 1982 og Steinullarverksmiðjan tók til starfa 1985 á Sauðárkróki. Þá höfðu staðið miklar deilur um hvar hún skyldi staðsett. En sveitarstjórn Skagafjarðar þá var mjög afdráttarlaus og einhuga í því að vinna þetta mál með þeim hætti að steinullarverksmiðjan yrði stofnsett á Sauðárkróki. Það ríkti mikill og sterkur einhugur þá hjá sveitarstjórninni um þetta mál og það ríkti líka mikill og sterkur einhugur meðal þingmanna kjördæmisins á þeim tíma um að vinna að þessu máli.

Þarna vann saman við stofnun verksmiðjunnar einhuga sveitarstjórn með öflugan sveitarstjóra, Þorstein Þorsteinsson, sem átti þar drjúgan þátt með víðtækri þekkingu sinni að koma þessu máli svo farsællega í höfn. Þingmenn kjördæmisins þá stóðu saman um að koma þessari verksmiðju á fót. Það var ekki sjálfgefið. Og Sveitarfélagið Skagafjörður lagði mikla fjármuni í undirbúningsvinnu við að koma þessari verksmiðju á, fjárútlát sem það lagði á sig til þess að þetta gæti orðið. Um þetta ríkti sterk samstaða þá. Þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika hefur þetta fyrirtæki staðið sig afar vel. Rekstur þess er í mjög góðu standi. Meira að segja réðst fyrirtækið á síðasta ári í framkvæmdir til þess að bæta aðstöðu sína fyrir nærri 200 millj. kr., gat samt lækkað skuldir og greitt út arð. Það sjá allir sem vit hafa á eða einhver kynni af rekstri eða mikilvægi slíkra vinnustaða, hvers konar gullmoli þetta er í byggðarlagi úti á landi þar sem verður fyrst og fremst að verja þau störf og þau atvinnufyrirtæki sem blómgast og ganga vel til þess að skapa sóknarfæri fyrir ný og önnur fyrirtæki og verkefni. Þá byrjar maður ekki á því að höggva stoðirnar undan því sem fyrir er á staðnum eins og hér er verið að gera tillögu um.

Formaður iðnn. gerði mikið úr því að frumkvæðið hefði komi fram í héraði og þar væri um þetta það mikil samstaða að iðnn. hefði ekki talið ástæðu til þess að fá aðrar upplýsingar en að ráðinn sveitarstjóri eða fulltrúi fyrirtækisins PriceWaterhouseCoopers, Jón Gauti Jónsson, yrði sendur á fund iðnn. til að gera grein fyrir því hvernig mál stæðu.

Það er alla vega ljóst að í nál. meiri hlutans kemur ekki fram eða hefur verið kynnt að í Sveitarfélaginu Skagafirði væri ágreiningur um þetta mál. Svo virðist ekki vera, alla vega kemur það ekki fram í nál. að sú skoðun hefði verið túlkuð í iðnn. Ég tel þess vegna að iðnn. hefði átt að vinna þetta mál miklu betur. Það er ekkert kappsmál fyrir ríkið að vera að selja sinn hlut í Steinullarverksmiðjunni þó svo að fjárhagur Sveitarfélagsins Skagafjarðar sé með þeim hætti að þeim finnist þeir vera nauðbeygðir til þess, nauðbeygðir til þess að kikna undan stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi málefni sveitarfélaganna, stefnu hæstv. félmrh. í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, stefnu hæstv. félmrh. sem er að ganga að hverju sveitarfélaginu á fætur öðru vítt og breitt um landið, knýja þau til þess að selja eignir sínar til þess að standa undir rekstri sínum.

Við minnumst umræðunnar um Orkubú Vestfjarða, um stöðu sveitarfélaganna þar, þar sem ríkið knúði á til þess að ná af þeim orkubúum sínum, möguleikum þeirra til framtíðar, knúði á um að sveitarfélögin seldu orkubúin upp í skuldir. Við minnumst líka umræðunnar hér á Alþingi þar sem það sama var upp á teningnum varðandi Rafveitu Sauðárkróks og þar sem ríkið samþykkti að leggja fjármunina fram til Rariks til þess að kaupa Rafveitu Sauðárkróks. Þó að fyrirtækið starfaði bara á afmörkuðum stað var það afar mikilvægt og hafði þjónað sínu byggðarlagi vel. Það kom því ekki á óvart að nú í vetur væri flutt frv. um hlutafélagavæðingu á Rarik, ríkið nýbúið að gefa Rarik peninga til þess að kaupa Rafveitu Sauðárkróks. Hefði ekki verið nær að leyfa Sauðárkróki og Skagafirði að eiga Rafveitu Sauðárkróks og leggja peningana bara beint til þeirra frekar en að láta Rarik fá þá sem verði síðan hlutafélagavætt og selt, ef stefna ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga?

Nei, það skal pína sveitarfélögin, það skal pína þau í þágu

einkavæðingar og þeirra peningasjónarmiða sem reka þessa ríkisstjórn áfram og þau gjalda fyrir það hvert af öðru.

Það hefði verið nær að við fjölluðum um frv. af hálfu félmrh. sem kvæði á um hvernig styrkja mætti fjárhag sveitarfélaganna vítt og breitt um landið, úti um hinar dreifðu byggðir, þannig að þau gætu staðið undir þeim verkefnum sem ríkið er stöðugt að fela þeim, færa af sér og yfir á sveitarfélögin. Það hefði verið nær og við hefðum með glöðu geði fjallað frekar um slíkt frv. heldur en frv. um hvernig skapa eigi óöryggi í kringum eitt mikilvægasta atvinnufyrirtækið sem er í heilu byggðarlagi í Skagafirði, sem var umdeilt á sínum tíma og fjölmörg byggðarlög öfunda okkur af að hafa.

Það kom heldur ekki fram í nál. eða framsögu meiri hlutans hvort haft hefði verið samband við starfsmenn fyrirtækisins. Mér þætti fróðlegt hvort svo hafi verið. Mér er ekki kunnugt um að þessi væntanlega sala og eignabreyting á fyrirtækinu hafi verið rædd við starfsmenn. Þó er kveðið á um það í frv. að starfsmenn skuli hugsanlega eiga 15% eða eitthvað svoleiðis, án þess að nokkuð hafi verið um það rætt. Eigum við bara að samþykkja hér á Alþingi að svo skuli vera? Hefði ekki verið siðlegt að hv. iðnn. hefði látið svo lítið að bjóða fulltrúum starfsmanna að koma á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi sölu á þessu fyrirtæki? Nei, það var ekki, það þótti nóg að fá þennan sveitarstjóra eða þetta fyrirtæki sem rekur sveitarstjóra í Skagafirði, því að eftir því sem mér skilst er Sveitarfélagið Skagafjörður með samning við fyrirtækið PriceWaterhouseCoopers sem útvegar því sveitarstjóra og hann starfar á þeirra vegum sem sveitarstjóri Skagafjarðar. Það er sá sem kemur sem fulltrúi Skagafjarðar til þess að greina frá þeirri samstöðu sem hv. þm. var hér að vísa til.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa bókun sjálfstæðismanna í sveitarstjórn Skagafjarðar frá 17. apríl sl. þar sem til umræðu voru vinnubrögð í kringum sölu á Steinullinni, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðismenn í sveitarstjórn Skagafjarðar átelja harðlega vinnubrögð meiri hlutans og sveitarstjóra varðandi fund iðnaðarnefndar Alþingis sem haldinn var mánudaginn 15. apríl. Sveitarfélaginu var boðið að senda fulltrúa sína á þennan fund en fundarboðið var ekki kynnt sjálfstæðismönnum fyrr en tveim dögum eftir að fundurinn var haldinn. Í ljósi þess að sala hlutabréfa í Steinullinni var samþykkt í sveitarstjórn með naumum meiri hluta hljóta þessi vinnubrögð að teljast ámælisverð. Þannig var sjálfstæðismönnum ekki gefinn kostur á að færa rök fyrir máli sínu gagnvart iðnaðarnefnd."

Meiri hlutinn sem hv. þm. Hjálmar Árnason var að vitna til, er nú ekki nema sex á móti fimm. Hefði ekki verið ástæða til í svo stóru máli sem svo hafði verið barist fyrir á sínum tíma að ræða þetta ítarlega við heimamenn? Hefði það ekki verið siðlegra en að keyra þetta mál meira og minna bakdyramegin í gegnum þingsali?

Það er líka táknrænt fyrir vinnubrögðin, virðulegi forseti, hin breyttu vinnubrögð, að þegar verið var að vinna að stofnsetningu Steinullarverksmiðjunnar þá var mjög náið samráð og haldnir reglulegir fundir, að því er mér hefur verið tjáð, með þingmönnum kjördæmisins um það hvernig vinna mætti þennan sigur eða hvernig mætti sem best vinna til sigurs í að fá Steinullarverksmiðjuna staðsetta og stofnsetta á Sauðárkróki. Mér er ekki kunnugt um, ekki hef ég alla vega verið boðaður á fund þingmanna Norðurl. v. til þess að ræða þetta mál og mér er til efs að nokkur þingmannafundur hafi verið haldinn og tel reyndar ekki svo vera. Þetta sýnir alveg gjörbreytta stöðu þannig að manni stendur bara ógn af því vinnulagi sem hér er boðið upp á. Það væri lágmark að málin yrðu rædd á breiðum grundvelli, fengin fram sjónarmiðin áður en þessi ákvörðun er tekin af hálfu Alþingis og ríkisstjórnarinnar að selja þennan hlut, það væri þá algjört lágmark að það væri rætt því að meiri hlutinn, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason fullyrti, er tryggður. En lágmark er að halda þeim vinnubrögðum sem eru sæmandi í stórmálum sem þessum, málum sem skipta heilt byggðarlag gríðarlega miklu eins og framtíð og staða Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki.

Þannig er allur ferill þessa máls, virðulegi forseti, með þeim hætti að hann að mínu mati er ekki þingtækur og þess vegna hefur fulltrúi okkar í hv. iðnn., hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, lagt fram frávísunartillögu um málið og talið að það eigi ekki að koma fyrir Alþingi í þeim búningi sem það er nú og svo illa unnið sem það er.

Það eru gerðir fyrirvarar, virðulegi forseti, um söluna, m.a. að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði. Hæstv. iðnrh. er yfirmaður samkeppnismála þó að hann sé ekki yfirmaður fjmrn. Það væri fróðlegt að vita hvað líður þessari umsögn eða vinnu Samkeppnisstofnunar. Eigum við að fara að samþykkja lög á Alþingi um sölu á hlut í Steinullinni með fyrirvara um að embættisstofnun eða starfsstofnun eins og Samkeppnisstofnun leggi blessun sína yfir það? Á það ekki heldur að vera öfugt? Er ekki eðlilegra að Samkeppnisstofnun komi fyrst með sínar ábendingar, sína umsögn þannig að Alþingi viti þá hvað verið er að samþykkja en sé ekki að samþykkja hér lög með fyrirvara um að Samkeppnisstofnun leggi blessun sína yfir þau. Ég hef aldrei vitað fáránlegri nálgun í nokkru máli, virðulegi forseti.

Það er líka hægt að rifja það upp einmitt í þessu sambandi að Samkeppnisstofnun hefur áður fengið mál Steinullarinnar til umræðu. Það var þegar samkeppnisráð þurfti fyrir nokkrum árum að fjalla um sölusamning á steinull til þessara sömu aðila. Þessi samningur fjallaði um það að Steinullarverksmiðjan gerði einkaleyfissamning við einmitt BYKO og Húsasmiðjuna um dreifingu á steinull þannig að þeir sæju alfarið um dreifingu á steinull fyrir fyrirtækið. Ég mun koma að því síðar í ræðu minni en úrskurður samkeppnisráðs var þessi, með leyfi forseta:

„Loks segir í ákvörðun ráðsins að með því að setja það skilyrði að einungis byggingarvöruverslanir sem selja almenna byggingarvöru, svo sem timbur, stál, grindarefni o.fl., fái að selja steinull séu Steinullarverksmiðjan og Krókháls að styrkja stöðu BYKO og Húsasmiðjunnar á smásölumarkaðnum fyrir steinull. Skilyrðið sé til þess fallið að hindra aðgang nýrra fyrirtækja að markaðnum þar sem það hljóti að krefjast umtalsverðrar fjárfestingar að koma upp smásöluverslun með alhliða byggingarvörur. Þannig sé t.d. girt fyrir það að nýr aðili komi inn á markaðinn sem hugsanlega vilji keppa með þeim hætti að halda kostnaði og þjónustu í lágmarki en bjóði þess í stað lægra verð.

Í ljósi framangreinds telur samkeppnisráð að einkadreifingarsamningur Steinullarverksmiðjunnar við fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu stærstu fyrirtækjanna á smásölumarkaði fyrir steinull hafi skaðleg áhrif á samkeppni."

Þessum samningi var hafnað en nákvæmlega sömu aðilar eru nú að sækjast eftir því að fá keypta verksmiðjuna. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. iðnrh. og ráðherra samkeppnismála

hvort hún hafi hugað að þessum þáttum sem áður höfðu farið fram, einmitt um málefni Steinullarverksmiðjunnar, hvað þetta varðar.

Það er furðulegt ráðslag ef við hér eigum að samþykkja lög með hugsanlegum fyrirvara um samþykki Byggðastofnunar. (**Iðnrh.:** Heimild til ráðherra.) Heimild til ráðherra, segir hæstv. iðnrh. Já, eigum við að fara að stjórna landinu bara á fullkomnum heimildum? Það er svo sem allt að verða í þeim dúr að stjórna bara með heimildum. Hann verður bráðum orðinn þungur sekkurinn hjá hæstv. iðnrh. af heimildum, heimildum sem hæstv. ráðherra kippir svo bara upp úr skjóðu sinni þegar þannig stendur á. Er þetta það form sem við viljum hafa á stjórnun Íslands, að ráðherra gangi bara um með skjóðu fulla af heimildum?

Nei, ég held einmitt af og frá að við viljum að hér séu samþykktar opnar heimildir til hins og þessa ráðslags sem ekki styðst við bæði lagastoð og raunveruleika.

Herra forseti. Nú hef ég spurningar mínar til hæstv. fjmrh., er hæstv. fjmrh. einhvers staðar í grenndinni?

(**Forseti** (GÁS)**:** Nei, eins og forseti gat um áðan er ráðherrann upptekinn á fundum en hafði góðar vonir um að mæta til fundarins klukkutíma síðar. Það er hálftími frá því að það var þannig að hans er tæpast að vænta fyrr en um hálftólfleytið.)

Ég legg áherslu á að hæstv. fjmrh. komi, þetta mál heyrir undir hann hvað fjársýslu varðar, og ég tel að þarna sé spurningum ósvarað í atriðum sem hæstv. ráðherra ber ábyrgð á.

Ég mun þá halda aðeins lengra áfram, virðulegi forseti, en geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi eðlilegar þingskyldur og mun þá óska eftir að fresta máli mínu þegar ég kem að þeim fyrirspurnum sem ég ætla að leggja fyrir hann.

Herra forseti. Ég gerði að umtalsefni einmitt fjárhagsstöðu þessa fyrirtækis. Það er, ef við lítum á ársreikninga þess fyrir árið 2001, með í rekstrartekjur um 720 millj. kr. Það er hliðstæð upphæð, aðeins lægri, og gert er ráð fyrir að heildarsöluvirði fyrirtækisins sé. Ég veit ekki hver hefur metið söluandvirði og verðgildi hlutabréfanna, mig minnir að það komi hvorki fram í nál. né að hv. iðnn. hafi talið að hún þyrfti að afla upplýsinga um það hvernig söluverðið hefði verið metið. En rekstrartekjur fyrirtækisisins voru á sl. ári tæpar 720 millj. kr. og arðsemi eigin fjár, þó að það hafi lækkað frá fyrra ári, er samt liðlega 15%. Það hefur að vísu lækkað á undanförnum árum, og hvers vegna ætli það sé? Fyrir einmitt stefnu hæstv. byggðamálaráðherra í byggðamálum því að fyrirtækið er háð því að fá að flytja framleiðsluvörur sínar á markað. Markaðurinn er að stórum hluta hér suðvestan lands þannig að það er mjög háð flutningum og sömuleiðis er stór hluti aðfanganna sem þarf að hafa til að framleiða vöruna líka fluttur að sunnan. Fyrst og fremst þess vegna hefur einmitt rekstrarstaða fyrirtækisins, þó að hún sé áfram mjög góð, heldur versnað á sl. árum, einmitt vegna þess aðbúnaðar og aðstöðu sem stjórnvöld búa fyrirtækjum úti á landi. Arðsemi eigin fjár var samkvæmt ársskýrslunni árið 1999 24%, árið 2000 20% og á síðasta ári, 2001, 15%.

Það er því ljóst að framtíð þessarar verksmiðju er í sjálfu sér ekki sjálfgefin nú frekar en var þegar ákvörðun var tekin um að hún yrði staðsett á Sauðárkróki. Þá var tekist á um sömu þættina, hvort hún skyldi vera staðsett í Þorlákshöfn eða á Sauðárkróki. Fyrir atbeina og dugnað heimamanna og það að Alþingi tók þá lokaákvörðun varð niðurstaðan sú að hún yrði staðsett á Sauðárkróki.

Við breytinguna á eignaraðild eins og hér er lagt upp með, þar sem hinir nýju eigendur eru BYKO, Húsasmiðjan og fyrirtæki sem þeir eiga auk þess sem Kaupfélag Skagfirðinga kemur þarna inn sem stærri eigandi, er ljóst að verið er að rugga því eignarhaldi sem hefur verið á verksmiðjunni og veitt henni öryggi, 24% hlutur sveitarsjóðs og 30% hlutur ríkissjóðs. Sem sagt, ríkissjóður og sveitarsjóður Skagafjarðar hafa átt liðlega helming, þ.e. 54%, í verksmiðjunni sem hefur gert henni kleift að búa við ákveðið öryggi.

Það er dapurlegt til þess að vita, herra forseti, að Kaupfélag Skagfirðinga skuli verða að beita bolmagni sínu til að kaupa út hluti ríkisins í þessari verksmiðju til að freista þess að tryggja stöðu þess að nokkru á heimaslóð. Það er hryggilegt til þess að vita að meðan við horfum upp á það að ríkið fjallar kinnroðalaust um að láta 20 milljarða kr. í eitt fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, 20 milljarða kr. sem við höfum fjallað um á undanförnum dögum að ríkið ætli að ábyrgjast og vera reiðubúið að inna af hendi, finnist því ástæða til að rugga stöðu fyrirtækis sem hefur gengið mjög vel, mikilvægu fyrirtæki á Sauðárkróki, og fá út úr því kannski 200 millj. kr. Þetta er aldeilis stórmannalega að staðið eða hitt þó heldur. Hér ræðum við í milljörðum og tugmilljörðum kr. um hvað við getum sett aukið fjármagn hér í uppbyggingu á atvinnulífi á þessum svæðum en þegar við komum út í hinar dreifðu byggðir, á litla staði sem verða að halda vel utan um hvert það fyrirtæki sem þeir hafa, þykir ríkinu muna um að rugga því með því að selja það. (**PHB:** Næst eru Hólar.)

Já, hv. þm. Pétur Blöndal nefnir Hóla. Það er alveg rétt að Hólar hafa risið og vaxið og dafnað og gera enn með myndarlegum hætti, og eru afar mikilvægir líka fyrir landið í heild, þjóðina alla. Sá nánasarháttur sem verið er að kynna hér — að Skagfirðingar þurfi að láta selja fyrirtæki sín innan Skagafjarðar til að standa undir lögboðnum fjárframlögum ríkisins, hvort heldur til vegagerðar, uppbyggingar menntastofnana eða annarra atvinnufyrirtækja, verkefna sem við almennt veitum fé til á fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis — er fyrir neðan allar hellur. En menn gorta sig af því að hægt sé að selja eignir innan sveitarfélagsins til að standa undir lögboðnum verkefnum ríkisins. (Gripið fram í.) Mér finnst þetta vera aumingjalegur málflutningur.

Tökum Þverárfjallið. Hér er talað um að í það eigi að leggja einhverja peninga sem eru þó bara brot af því sem þarf í þann veg. Hefði ekki verið myndarlegra að Alþingi hefði bara ákveðið að Þverárfjall félli undir stórverkefni og fengi fjármagn á fjárlögum óháð því hvort verið væri að selja þetta fyrirtæki eða hitt? Það er alveg óþolandi ef byggðastefna ríkisins á að vera fólgin í því að pína sveitarfélög og ríkissjóð til að selja hluti sína úti um hinar dreifðu byggðir til þess að leggja þar í mannvirki, verkefni sem ríkið ber annars ábyrgð á. Ég veit ekki, herra forseti, aumari byggðastefnu en þessa nálgun. Endemis aumingjaskapur. Hvers vegna getum við ekki látið fé af fjárlögum í Þverárfjallsveg eins og í aðrar vegaframkvæmdir á landinu? Hvers vegna þarf að fá Skagfirðinga til að selja eigur sínar til þess að koma upp Þverárfjallsvegi? Eru samgrh. og ríkisstjórnin svona slöpp? Er þetta þrautaleiðin? Fyrir utan það, herra forseti, ætla ég síðan að spyrja fjmrh. á eftir þegar hann kemur hvernig hann líti á þá meðferð á fjárlögum og fjármálum ríkisins að einstakir fagráðherrar geti verið úti um borg og bý og lofað

þessum og hinum greiðslum til þessara og hinna verkefna án þess að um það hafi nokkuð verið fjallað við fjárlagagerð. Ég minnist tilvika þar sem ýmsir aðrir hv. embættismenn ríkisins hafa verið snupraðir fyrir slíka háttsemi.

Herra forseti. Nú er ég kominn að því máli þar sem ég vildi ræða um reglugerð fjmrn. um ráðstöfun eigna ríkisins. Mér finnst óvirðing að því ef hæstv. fjmrh. telur ekki ástæðu til að vera hér. Hann vissi að þetta mál var fyrst á dagskrá og yrði rætt um. Þetta er ráðstöfun og meðferð á fjármunum og eigum ríkisins og mér finnst að hæstv. fjmrh. eigi að vera viðstaddur. Ég gerði kröfu til þess strax í upphafi máls míns. Sú krafa hefur legið fyrir og ég óska eftir því að gera þá hlé.

Er annars hv. 1. þm. Norðurl. v. í húsinu?

(**Forseti** (GÁS): Hann er í húsinu, já.)

Ég óska þá eftir að hann komi hingað þannig að ég geti beint til hans nokkrum spurningum ef það væri hægt.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun freista þess að fá hv. þm. Vilhjálm Egilsson til fundarins. En forseti vill árétta það sem hann sagði áðan að hæstv. fjmrh. hafa þegar verið gerð þau boð að hann komi til fundarins. Heppilegra hefði þó verið ef hv. þm. hefði óskað þess fyrir þennan fund þannig að hægt hefði verið að hafa fyrirvara á því. En eins og forseti hefur áður sagt þá væntir hann ráðherra hingað til fundarins um hálftólfleytið. Forseti vekur athygli á því að hv. þm. á þess kost að halda fleiri ræður við þessa umræðu máls.)

Virðulegur forseti. Mér bara datt ekki annað í hug en að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur. Þetta mál var klárlega á dagskrá og hér er um sölu á einni af stórum ríkiseigum að ræða og meira að segja líka verið að lofa ráðstöfun á fjármagni til ákveðinna verkefna sem heyra undir fjárln. og hæstv. fjmrh.

(**HjÁ:** Er málstopp?) (**GAK:** Mér finnst nauðsynlegt að eiga ... þagnarbindindi.) (**HjÁ:** Urðu Vinstri grænir kjaftstopp?) Er hv. 1. þm. Norðurl. v. ...? (**HjÁ:** Þingmanninum ber engin skylda til að koma.)

(**Forseti** (GÁS): Eins og forseti gat um er verið að hafa uppi á honum. Hann er í húsinu samkvæmt ...)

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér ekki krafið 1. þm. Norðurl. v. að vera viðstaddan umræðuna. En ég ætlaði aðeins að beina til hans spurningum sem 1. þm. Norðurl. v. því að ég tel að hv. þm. hafi skyldur sem slíkur.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er kominn og ég þakka fyrir það. (**VE:** Kannski ... meiri skyldur heldur en hann.)

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálm Egilsson, hvort nokkurn tíma hafi komið til tals í þessu ferli sölu Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki, að kallaður yrði saman fundur þingmanna kjördæmisins til þess að fjalla um málið. Ég hef rifjað það upp í ræðu minni að í aðdraganda stofnunar verksmiðjunnar — ég hef öruggar heimildir fyrir þessu — var mjög náið samstarf á milli allra þingmanna kjördæmisins og milli sveitarstjórnarmanna var einhugur um að vinna að málinu. Nú hefur hv. formaður iðnn. upplýst hér að talið hafi verið nóg að sveitarstjórinn kæmi og kynnti stöðu og vilja heimamanna í þessu máli og hvergi er getið í nál. að um þetta ríki neinn ágreiningur. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálm Egilsson: Var málið kynnt fyrir þingmönnum kjördæmisins á fyrstu stigum málsins þannig að þeir hefðu getað haft áhrif á gang mála á frumstigi og síðar?

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. hvort hann taki undir þau orð hv. formanns iðnn. að svo full sátt sé um þetta mál að ekki hafi þótt ástæða til að kalla fleiri fyrir iðnn. til þess að gera grein fyrir stöðunni og vilja heimamanna og annarra í þessu máli. Ég vil að hv. þm. svari mér því. Mér er ekki kunnugt um að þess hafi verið óskað.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að spyrja meira en mun gera það seinna ef hæstv. fjmrh. er ekki á næstu grösum. Ég óska eftir því að fá upplýsingar um hvort svo sé. En úr því að hv. formaður iðnn. er hér langar mig til að spyrja hann, hv. þm. Hjálmar Árnason: Hvað gerði iðnn. til þess að kanna verðmætamat? Hverjir mátu verð á viðkomandi hlutbréfum og hverjir gerðu það í þessu máli? Hversu ítarleg og góð var vinna iðnn. á því sviði? Ég geri ráð fyrir að hann geri sér grein fyrir því að samkvæmt lögum liggur fyrir hvernig eigi að vinna verðmætamat á ríkiseigum og vil því athuga hvaða aðili eða hvaða fyrirtæki hefði unnið það verðmætamat. Ég óska eftir því að hv. þm. komi með aðra skýringu ef mín er ekki rétt, en ég hef þær upplýsingar að fyrirtækið PriceWaterhouseCoopers hafi unnið þessa úttekt og verðmætamat sem aðilar studdust við. En hv. formaður iðnn. hefur vafalaust farið svo nákvæmlega ofan í málin að hann getur upplýst okkur um það.

Ég ætla líka að spyrja hv. formann iðnn., þ.e. sé það rétt hjá mér að PriceWaterhouseCoopers hafi unnið þetta álit og verðmætamat, hvort hann geri sér grein fyrir því að sveitarstjóri Skagafjarðar sem kom fyrir iðnn., er líka starfsmaður og seldur út af sama fyrirtæki. Hversu ítarlega fór hv. iðnn. í gegnum þessi mál?

Hann svaraði heldur ekki þegar ég spurði (Gripið fram í.) hann áðan í andsvari hvort samráð hefði verið haft við starfsfólk Steinullarverksmiðjunnar um þær breytingar sem þarna er lagt til að verði og enn fremur ekki um hver væri staða mála varðandi Samkeppnisstofnun sem er með þetta mál í skoðun. Ég geri ráð fyrir því að hv. formaður iðnn. viti hvernig standa beri að sölu á eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum. Ég spyr því hvort þær reglur hafi að hans mati verið hafðar í heiðri, hvort honum sé kunnugt um þær reglur, hvort hann viti hverjar þær eru og hvernig fara beri eftir þeim, því að að mínu mati hafa þær allar verið þverbrotnar hér, allar reglur um það hvernig með eignarhlut í eigum ríkisins skuli fara.

Virðulegi forseti. Ég á eftir seinni ræðu mína. Ég harma ítrekað að hæstv. fjmrh. telur þetta mál ekki vera þess eðlis að hann þurfi að vera viðstaddur og að hann hafi ekki gert sér grein fyrir mikilvægi þess. Þarna er þó um ríkiseignir að ræða og ákvörðun um sölu á ríkiseignum. Ég tel að miklu mun nær væri að ríkið leysti til sín hlut sveitarfélagsins. Ef það telur sig nauðbeygt til þess að selja hlut sinn í Steinullarverksmiðjunni hefði ríkið átt að leysa það til sín til þess að tryggja stöðu þessa fyrirtækis í héraðinu. Það hefði verið miklu nær að skoða þetta á þeim grunni. Ætli það hafi verið kannað hvort mætti selja einhverjum öðrum þetta? Var öðrum heimaaðilum gefinn kostur á að kaupa t.d. hlut ríkisins? Hverjum var eiginlega gefinn kostur á að kaupa hlut ríkisins? Var þetta allt saman afgreitt undir borðið? Þetta hefur ekkert komið fram hér.

Virðulegi forseti. Ég kem að þeim málum sem lúta beint að fjmrh. í seinni ræðu minni. Ég ítreka og rifja upp tillögu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar þar sem hann leggur til að þessu máli verði vísað frá því það sé ekki unnið með þeim hætti að það sé þingtækt og forsendurnar sem lagðar eru upp fyrir því séu líka rangar. Því beri að vísa þessu máli frá.

[11:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til þess að hv. þm. fari betur yfir það fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hvaða grundvallarástæður þeir telja að þurfi að liggja fyrir ríkiseignum og spyr hvort þeir telji t.d. að framleiðsla á ýmiss konar byggingarefnum eigi að vera í höndum ríkisins. Hvaða framleiðsla þá? Ætti t.d. steypuefnaframleiðsla og annað slíkt að vera í höndum ríkisins? Hvar ætti ríkið svo sem að eiga þessi fyrirtæki?

Nú er frjáls innflutningur á einangrunarefnum. Er það ekki nægileg samkeppni við fyrirtæki sem er að framleiða og selja á þessum markaði? Af því að mér skilst að þessi umræða eigi að vera löng þá óska ég mjög eftir því að fá betur útskýrt hver heildarstefnan sé á bak við það að ríkið eigi að eiga einstök fyrirtæki af þessu tagi. Við þyrftum líka að átta okkur á því hvar á landinu og í hvaða fyrirtækjum ríkið ætti þá að kaupa eignarhluti.

[11:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki talsmaður þess að ríkið taki ótakmarkaðan þátt í uppbyggingu atvinnulífs í landinu með beinni þátttöku í fyrirtækjum. Engu að síður er það þó samt raunveruleiki og getur verið nauðsynlegt, ekki síst t.d. í byggðamálum. Ég vil vekja athygli á því að þessi verksmiðja er til staðar. Ég tel að ríkið eigi ekki að draga sig út úr mikilvægum fyrirtækjum, ég tala nú ekki um út um hinar dreifðu byggðir, og rugga þar með því sem orðið er. Ég tel að það sé töluvert ólíkt hvort við stöndum vörð um það sem fyrir er eða ekki, og metum síðan hverja aðra framkvæmd sem ríkið tekur þátt í. En þarna er um það að ræða að standa vörð um mikilvægt fyrirtæki sem er staðsett og hefur dafnað og starfað í Skagafirði. Það eru nú ekki miklir fjármunir sem ríkið á þarna inni en þeir hafa verið með í því að tryggja stöðu þessa fyrirtækis. Ég vil að svo verði áfram. (**Gripið fram í:** Á að loka því?)

[11:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þessi andstaða fyrst og fremst felast í því að leggjast gegn því að sveitarfélagið, sem hefur lagt mikla peninga í þetta fyrirtæki og þarf að losa þá peninga vegna skuldastöðu sinnar, fái að gera það. Andstaðan virðist ganga út á það að það megi ekki gerast. Síðan hefur hv. þm. lýst því yfir í umræðunni að hann vilji að ríkið leysi til sín, svona til þrautavara, eignarhlut sveitarfélagsins. Mér finnst það mjög sérkennileg yfirlýsing. Ég spyr bara: Er ekki fólgin í henni sú afstaða að ríkið eigi bara að ganga í að kaupa framleiðslufyrirtæki? Tekur þessi verksmiðja sig til flugs ef einhverjir aðrir eiga hana en ríkið og sveitarfélagið? Hvert fara menn með hana? Er einhver ástæða til að halda að þessi framleiðsla haldi ekki áfram?

Mér finnst skorta heildarrökstuðning fyrir því hvað ríkið eigi að ganga langt í því að taka þátt í atvinnurekstri í landinu þegar menn eru allt í einu öskuvondir og vitlausir út af því að ríkið selji eignarhlut sinn í fyrirtæki eins og þessu.

[11:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur ekki skilið málið. Hér er verið að tala um sölu á hlut ríkisins, ekki sölu á hlut sveitarfélagsins. (**JÁ:** Það hangir saman.) Nei. Það er misskilningur hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að það þurfi að hanga saman. Þarna er um að ræða tvo sjálfstæða eignaraðila þannig að það er bara misskilningur hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni.

Hérna erum við að fjalla um sölu á hlut ríkisins og ríkið kom þar ... (**JÁ:** ... sveitarfélagið selji þá?) Það er þess ákvörðun. Þó ég telji það ranga ákvörðun hjá þeim þá er það þess ákvörðun. En við erum hér að fjalla um ákvörðun ríkisins um að selja sinn hlut, sem mér finnst ranglega rökstudd hér. Samtímis erum við að ræða um að ríkið setji 20 milljarða kr. í stórt og mikið fyrirtæki þannig að ekki er nú verið að ræða hér um einhver prinsippmál. Ég tel að ríkið beri ábyrgð og við þarna sameiginlega og að ástæðulaust sé að ríkið sé að rugga stöðu þessa fyrirtækis með því að draga sig út úr eignarhaldi þess.

[11:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja út af rökstuddri dagskrá sem hér er boðuð af hálfu hv. þingmanns Vinstri grænna í iðnn. en þar kemur fram að vegna þess að meiningar heima í héraði séu deildar skuli þessu máli vísað frá. Mér kemur fyrst í hug: Hvaða mál yfirleitt kæmust í gegnum hv. Alþingi ef það væri skilyrði að um þau ríktu ekki deildar meiningar? Vinstri grænir eru á móti öllum málum sem hér eru flutt.

Svo vil ég segja í sambandi við málið sem heild að um er að ræða heimild til iðnrh. til að selja og hvað varðar samkeppnisþátt málsins er hann til umfjöllunar hjá samkeppnisyfirvöldum. Það er ljóst að ef þaðan kemur ekki grænt ljós verður ekkert af þessari sölu. Hv. þm. er með útúrsnúninga þegar hann gerir þetta að stóru máli.

Af því að hann talaði um Orkubú Vestfjarða rétt einu sinni er það mál þannig vaxið að það var að frumkvæði Vestfirðinga sem farið var út í að kaupa af þeim. Það dugði til að koma fjárhag sveitarfélaganna á réttan kjöl.

[11:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra minntist á Orkubú Vestfjarða. Þar keypti ríkið hlut sveitarfélaganna þannig að ef hæstv. ráðherra ætlaði að vera sjálfri sér samkvæm hefði hún í sjálfu sér líka keypt hlut sveitarfélagsins í Steinullinni. (**JÁ:** Þú varst á móti því líka.) Ég er að vitna til orða hæstv. ráðherra.

En það væri fróðlegt að heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig verðmætamat á hlut ríkisins í fyrirtækinu fór fram. Var þar gætt þeirra reglna sem ríkið starfar eftir? Hvers vegna var ekki hluturinn þá boðinn einhverjum öðrum heima fyrir? Hvernig stóð hæstv. ráðherra að þessu útboði á hlut ríkisins í Steinullinni? Það væri fróðlegt að hæstv. ráðherra upplýsti það ásamt því hvernig verðmætamatið fór fram og hver framkvæmdi það.

[11:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af því að hv. þm. ber þetta saman við orkubúið vil ég fyrst segja það að í þessu tilfelli tekur sveitarfélagið þá ákvörðun að selja sinn hlut. Þá er það að sjálfsögðu skylda mín sem ráðherra sem fer með þetta mál og fer með eigur ríkisins í fyrirtækinu að hugsa um þau verðmæti sem ríkið á í fyrirtækinu. Hvað hefði verið sagt af hálfu hv. þingmanns og Alþingis ef það hefði ekki verið haft að leiðarljósi í sambandi við málið allt að verja hlut ríkisins, eigur almennings í fyrirtækinu?

Um það hvernig mat er framkvæmt er það að sjálfsögðu matsverð. Það er markaðurinn sem ræður, í þessu tilfelli eins og alltaf, hvaða verð fæst fyrir fyrirtæki og eign ríkisins í fyrirtækjum. Hv. þm. ætti að vita það. En sem sagt, málflutningur hv. þm. er alveg með ólíkindum að mínu mati og ég undrast að hann skuli ekki átta sig á aðalatriðunum.

[11:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að kanna þetta mál betur því að hún segir að markaðurinn hafi ráðið verðinu. Var þetta sett í útboð? Var þetta sett á uppboð? Nei. Mér sýnist hæstv. ráðherra ekkert vita hvað hún er að tala um. Það var bara samið um þetta. Það er hjákátlegt þegar verið er að tala um verðgildi hluta í ríkiseignum, að það eigi að fá sem best verð fyrir þá, því það var ekki gert. Ekkert var kannað. Ég held að það sé eins gott að hæstv. ráðherra viti það hér með. Það var ekkert kannað þannig að hæstv. ráðherra er að fara með algjört fleipur í þessu máli, virðulegi forseti. Því miður.

[11:35]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur lokið uppbyggjandi og jákvæðri ræðu. Hann gagnrýndi afskaplega mikið störf iðnn. þó að allir iðnaðarnefndarmenn væru tilbúnir til að taka málið út. Mér þykir ómaklegt af hv. þm. að gagnrýna félaga sinn Árna Steinar Jóhannsson sem kallaði ekkert eftir frekari upplýsingum um þetta mál.

Hvað varðar Samkeppnisstofnun hefur því þegar verið svarað. Ef hv. þm. les greinargerð með frv. kemur þar fram að það er eitt af skilyrðunum sem hæstv. ráðherra setti. Þetta er til athugunar hjá Samkeppnisstofnun og þarf að standast þá skoðun. Hvað varðar verð hlutabréfa trúi ég því ekki að hv. þm. ætlist til þess að einstakar þingnefndir setji eitthvert mat á gengi bréfa. Við erum að ræða um heimild. Það tíðkaðist reyndar í Sovétríkjunum áður að þingnefndir tóku ákvörðun, og þingnefndir seldu. Við vitum hvernig sá háttur reyndist. Endanlegt hrun varð í Sovétríkjunum, m.a. vegna þessa. Við erum að ræða um heimild til iðnrh. sem fer með framkvæmdarvald.

[11:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður held ég meira að segja að hv. formaður iðnn. hafi ekki heldur lesið frv. sem hann flytur. Það er ekki verið að ræða um heimild. Öll verð liggja fyrir í greinargerðinni þannig að þegar þetta verður samþykkt er ekki hægt að bjóða upp á neina samninga eftir það.

Hvernig var staðið að verðmætamatinu? Hv. þm. upplýsir að hann hafi ekki neitt kannað það, hafi ekki hugmynd um það og hafi ekki einu sinni ætlað sér að kanna það. Mér finnst svona vinnubrögð vera alveg ótæk, virðulegi forseti, af hv. formanni iðnn., og styður enn betur þá tillögu sem hér er um að málinu verði vísað frá og að bæði hæstv. ráðherra og hv. formaður iðnn. lesi frv. áður en þau fjalli hér um það.

[11:37]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna eiginlega þessum síðustu orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar því að þau lýsa eiginlega málefnafátækt hans í þessu máli. Hún kemur ekki á óvart. Vinstri grænir hafa lagst gegn því ef ríkið ætlar að kaupa. Vinstri grænir leggjast líka gegn málum ef ríkið ætlar að selja. Þeir leggjast gegn yfirgnæfandi meiri hluta Skagfirðinga. Þeir leggjast gegn átta af níu í iðnn. Þeir leggjast yfirleitt gegn öllu því sem hér er til uppbyggingar. Þetta er stefnan, að vera á móti, og síðan færa menn það í ýmiss konar búning, gera mönnum upp sakir og gefa sér ýmsar afskaplega hæpnar forsendur eins og heyrðist sérlega vel í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar áðan.

Það kemur mér líka mjög á óvart að hv. þm. skuli leggjast gegn því að Skagfirðingar vilji leggja söluandvirðið, eða hluta af því, til uppbyggingar á vísinda- og menntastarfi á Hólum þar sem Skagfirðingar eru með miklar og skemmtilegar hugmyndir.

[11:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðstöfun fjárins er gerólíkt mál eða hvað ætlar hv. þm. að segja ef ekkert verður af sölunni? Á þá bara að segja að þá sé ríkissjóður laus við allar ábyrgðir, þurfi ekkert að leggja í Þverárfellsveg, þurfi ekkert að leggja í Hóla o.s.frv.? Málflutningur hv. formanns iðnn. skýtur sig rækilega í fótinn. En hann hefur ekki svarað öðru: Kannaði iðnn. hvort öðrum heimaaðilum hefði verið boðið að kaupa hlutinn? Kannaði hún það? Ef ríkið taldi sig nauðbeygt til að selja fyrir þessar 200 millj. kr. vegna þess að fjárhagur ríkissjóðs væri svo bágur hygg ég sjálfur að hægt hefði verið að finna aðra kaupendur heima fyrir, ekki hefði þurft að selja það úr héraði þannig að ég ... (**KHG:** Vill hv. þm. stinga upp á einhverjum kaupanda?) Var þetta kannað? Lögum samkvæmt ber að kanna það en ekki hrista svona mál af hendi sér eins og hér er verið að gera.

[11:40]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. Jón Bjarnason var einn af aðstandendum Skagafjarðarlistans og stuðningsmaður hans á sínum tíma, og væntanlega góður kjósandi og dyggur. Hann ber nokkra ábyrgð á því að hafa síðan tekið þátt í því að koma mínum mönnum út úr meiri hlutanum í Skagafirði sem var mikið ólán eins og ég veit að hv. þm. tekur undir.

Varðandi spurningar hv. þm. um fund þingmanna kjördæmisins er merkilegt að þeirri hugmynd skyldi allt í einu ljósta niður í koll hans á þessu augnabliki. Það er að sjálfsögðu alveg sjálfsagt að boða þingmenn kjördæmisins til fundar til að ræða um þessi mál og öll önnur sem koma hagsmunamálum þess við. Ef hann óskar eftir því mun ég að sjálfsögðu verða við því hið snarasta.

[11:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði búist við svolítið meiri reisn yfir innkomu hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég tek fram, til að fyrirbyggja misskilning, að ég var aldrei félagi í Skagafjarðarlistanum. Ég veit ekki betur en að hver og einn sé með sjálfum sér þegar hann kýs, bæði hann og ég, og það kemur ekki Alþingi í sjálfu sér við.

Hins vegar er Skagafjarðarlistinn einn af aðilum að sveitarstjórn og gerir sjálfsagt sumt vel og sumt ekki þannig að það var ekki stórmannlegt hjá honum að draga þetta upp. Hann hefði átt að draga upp yfirlýsingu meiri hluta sveitarstjórnar Skagafjarðar sem mótmælir þessum vinnubrögðum og hefur lýst andstöðu við þau. Það hefði verið virðulegra að hv. þm. hefði dregið hana upp og sagt: Ég skal veita ykkur lið. Það hefði verið meiri reisn.

[11:42]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hv. þm., sem gaf kost á sér í prófkjör fyrir Samfylkinguna fyrir síðustu alþingiskosningar, skuli núna ekki þora að kannast við að hafa verið stuðningsmaður og kosið Skagafjarðarlistann, og bera mikla ábyrgð á honum. Þetta kemur mér mjög á óvart. Ég hélt að hv. þm. færi ekki að standa hér og þykjast ekki hafa kosið Skagafjarðarlistann í leynilegri atkvæðagreiðslu við síðustu sveitarstjórnarkosningar í Skagafirði. Hvers lags aumingjaskapur er þetta eiginlega, hv. þm.?

[11:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn veldur hv. 1. þm. Norðurl. v. mér vonbrigðum, ég verð bara að segja það. Við erum að ræða um sölu á Steinullarverksmiðjunni sem flokksmenn hans í héraðinu hafa ályktað gegn og sent áskorun um að beita sér gegn þessu. (**VE:** Þú berð ábyrgð á þessu.) Að vera svo að draga allt aðra þætti inn sem skipta ekki máli — ég fór ekki í prófkjör fyrir Samfylkinguna ef það er málið, ég fór í prófkjör fyrir Alþýðubandalagið á sínum tíma. (**VE:** Nú, fórstu ekki í prófkjör fyrir Samfylkinguna?) Það er ekki málið. En ég veit ekki betur en hv. 1. þm. Norðurl. v. (**VE:** Fórstu ekki í prófkjör fyrir Samfylkinguna?) sé kosinn af sjálfstæðismönnum í Skagafirði og þeir hafa sent ályktun sína inn á þing um að þeir mótmæli sölu Steinullarverksmiðjunnar og hvernig að henni er staðið. Það væri myndarlegra ef hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, stigi hér á stokk og stæði með sínu fólki. (**VE:** Hann neitar að hafa farið í prófkjör fyrir Samfylkinguna.)

[11:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég gleðst yfir því að það eigi að selja ríkisfyrirtæki. Ég hef enga trú á að ríkisstarfsmenn þurfi til að framleiða steinull, eða yfirleitt í aðra verksmiðjuframleiðslu, og markaðssetja vöruna og selja.

Hins vegar er ég á móti 2. mgr. 1. gr. sem segir að það sé sveitarfélagsins með aðstoð ráðuneytisins að ráðstafa helmingnum af söluandvirðinu. Ég er á móti því vegna þess fordæmis sem það gefur. Ég sé fyrir mér að það eigi að selja Landssímann, Landsbankann, Búnaðarbankann og önnur fyrirtæki sem öll hafa höfuðstöðvar í Reykjavík. Þótt ég sé úr því kjördæmi þætti mér dálítið uggvænlegt ef 20 milljarðar af söluandvirði Landssímans ættu að renna til Reykjavíkur. Ég er bara mjög mikið á móti þessu fordæmi og ég mun greiða atkvæði gegn þeirri grein (Gripið fram í.), ég mun greiða atkvæði gegn seinni mgr. 1. gr. En ég er mjög hlynntur 1. mgr. (**GAK:** 54% í óperuhúsið, meðal annars.)

[11:45]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Sala Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki er afar mikilvægt mál fyrir fjárhagslega afkomu Sveitarfélagsins Skagafjarðar en það á tæplega 24% eignarhlut í fyrirtækinu. Sveitarfélagið er eins og fram hefur komið afar skuldsett og verður ekki rekið með viðunandi hætti nema fjárhagsgrunnur þess sé styrktur. Samkvæmt uppgjöri 30. júní 2001 voru skuldir sveitarsjóðs rúmir 1,5 milljarðar kr., en heildarskuldir sveitarsjóðs og fyrirtækja rúmir 2,5 milljarðar kr. Skatttekjur sveitarfélagsins á árinu 2001 voru tæpur milljarður og rekstur málaflokka um 900 milljónir og greiðslubyrði lána og greiddir vextir rúmlega 323 milljónir. Sem sagt, endar náðu ekki saman. Svo getur að sjálfsögðu ekki gengið til lengdar og er sala Steinullarverksmiðjunnar einn síðasti hlutinn af margvíslegum ráðstöfunum sveitarstjórnar til þess að koma skikki á fjármálin. Það hefur reyndar staðið til svo lengi sem ég man eftir og hef ég setið ein 12 ár í sveitarstjórn, að verksmiðjan yrði seld um leið og fært yrði, enda ekki lögboðið hlutverk sveitarfélaga að standa í almennum atvinnurekstri.

Ætlað hefur ríkt einhugur innan fyrst sveitarstjórnar Sauðárkróks og síðan sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar um sölu á verksmiðjunni. Ágreiningurinn sem hefur risið nú er ekki um söluna sjálfa heldur snýst hann um verð sem fyrir hana er boðið og það eru einar 10 milljónir sem út af borðinu standa hjá sjálfstæðismönnum. Ég vek athygli á því að bókunin sem vísað var til áðan snýst um vinnubrögð við söluna, ekki um söluna sjálfa.

Alþingi hefur í nokkur ár ætlað að selja hlut sinn í Steinullarverksmiðjunni og eins og fram hefur komið eru hlutirnir sem til sölu eru settir fram í einu tilboði, þannig að ef sveitarfélagið á að geta selt sinn hlut verður Alþingi að samþykkja sölu á hlut ríkisins.

Nokkuð hefur borið á því að heimamenn séu, algjörlega að óþörfu, hræddir um örlög verksmiðjunnar verði núverandi hlutur eigenda seldur. Undirrituð hefur verið yfirlýsing af hálfu kaupenda um að verksmiðjan verði áfram rekin á Sauðárkróki. Kaupfélag Skagfirðinga mun eiga 25% hlut eins og fram hefur komið og aðrir heimamenn 15%. Þetta er samanlagt meira en heimamenn hafa nokkru sinni átt og ætti eitt sér að tryggja að ekki verði hróflað við staðsetningu verksmiðjunnar. Fulltrúi Paroc í stjórn fyrirtækisins, Leif Korp, tæknilegur samstarfsaðili Steinullarverksmiðjunnar, gerði lítið úr, reyndar blés á möguleikann á að verksmiðjan yrði flutt, þar sem áætlað er að það kosti 1,2–1,5 milljarða að byggja nýja verksmiðju. Þar að auki mundi það þýða hálft ár í vinnslustöðvun á verksmiðjunni og menn leika sér ekki að því að loka slíku fyrirtæki um lengri tíma með því tekjutapi sem óhjákvæmilega mundi fylgja. Auk þess er verið að selja verksmiðjuna á 800 milljónir, þannig að þar með liggur ljóst fyrir um hve mikla fjármuni er að ræða.

Heildarflutningskostnaður verksmiðjunnar á ári eru á milli 120 og 140 milljónir og þá er talinn með kostnaður við aðföng, þ.e. kostnaður við flutning á erlendan markað og kostnaður frá verksmiðjunni.

Sparnaður í flutningskostnaði við að flytja verksmiðjuna — ekki til Reykjavíkur því hún verður væntanlega ekki byggð inni í miðborginni, heldur einhvers staðar kannski í grenndinni — er metinn í mesta lagi 40–50 millj. kr. og þar með liggur ljóst fyrir að raunverulegur flutningur borgar sig alls ekki vegna þess að slíkur arður er allt of óverulegur til þess að standa undir byggingu nýrrar verksmiðju og tekjutapinu sem á sér stað meðan á flutningi stendur og viðbættu kaupverði á núverandi eignum.

Það er illa gert að reyna að slá ryki í augu fólks og vekja óþarfaugg um atvinnuöryggi og afkomu með þeim hræðsluáróðri sem settur hefur verið fram. Sveitarstjórn er og hefur ætíð verið einróma samþykk sölu á verksmiðjunni og engin ástæða er til að óttast það að reksturinn verði fluttur úr héraði.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. spurði áðan hvers vegna fulltrúi Vinstri grænna hefði ekki verið kallaður á fund iðnn. til þess að ræða um málið. Það er nú vandséð að mínu mati hvernig fara hefði átt að því þar sem Vinstri grænir eru ekki til sem

stjórnmálafl innan sveitarstjórnar í Skagafirði. Hins vegar er einn og einn aðili starfandi innan Skagafjarðarlistans sem talinn er styðja Vinstri græna, en ég vek athygli á því að þeir hafa ekki lýst neinni andstöðu innan Skagafjarðarlistans við sölu á verksmiðjunni. Þannig að sá ágreiningur sem komið hefur fram innan héraðs er fyrst og fremst vegna þess að sjálfstæðismenn vilja slá sig til riddara núna á síðari stigum þar sem þeir hafa orðið varir við þennan óþarfaótta heimamanna um að breytingar yrðu á rekstri verksmiðjunnar við söluna. En það er líka þáttur sem er alkunnur þegar breytingar verða á eignarhaldi og rekstri fyrirtækja að starfsmenn óttast um hag sinn og það sem rétt er að gera er að upplýsa fólk um hvernig málin raunverulega standa en ekki kynda undir hræðslu í pólitískum tilgangi.

Umræðu frestað.

Tækniháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 649. mál. — Þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249.

[11:54]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Með lagafrv. þessu er verið að samræma lög um Tækniháskóla Íslands lögum um háskóla, en þau lög kveða á um að sérlög um einstakar háskólastofnanir verði endurskoðuð og efni þeirra aðlagað þeim lögum.

Mestur hluti náms við Tækniskóla Íslands hefur verið á háskólastigi og hefur skólinn útskrifað nemendur með viðurkenndar háskólagráður. Jafnframt hefur skólinn átt aðild að samstarfsnefnd háskólastigsins ásamt öðrum háskólum. Með frv. er verið að staðfesta stöðu skólans sem háskóla í skólakerfinu jafnframt því sem skipulag skólans er aðlagað háskólalögum.

Ég mæli fyrir nál. menntmn. Nefndin fékk á sinn fund Val Árnason og Hellen Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti og frá Tækniskóla Íslands komu Guðbrandur Steinþórsson, Rúnar Pálmason, Grétar Páll Jónsson, Guðlaugur Einarsson, Haraldur Auðunsson og Steindór Haarde. Umsagnir bárust frá Félagi geislafræðinga, Félagi tækniskólakennara, Samtökum iðnaðarins, rektor Tækniskóla Íslands, Iðnfræðingafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Bandalagi háskólamanna, Kennarasambandi Íslands, Háskóla Íslands, Reykjavíkurakademíunni, Háskólanum á Akureyri, Tæknifræðingafélagi Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Þá barst sameiginleg umsögn frá fimm kennurum verkfræðideildar Háskóla Íslands, þeim Birni Kristinssyni, Bjarna Bessasyni, Guðmundi R. Jónssyni, Jóni Atla Benediktssyni og Sigurði Brynjólfssyni.

Meginmarkmið frumvarpsins er að staðfesta stöðu skólans sem háskóla í skólakerfinu og laga skipulag hans að lögum um háskóla. Háskólaráð verður æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum og gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa af sex í ráðið. Nefndin telur mikilvægt að fulltrúar þeir sem ráðherra tilnefnir komi úr atvinnulífinu.

Ákvæði frumvarpsins um stjórnsýslu háskólans eru í samræmi við lög um háskóla en auk þess eru ýmis ákvæði frumvarpsins sambærileg ákvæðum laga um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með þessu er stuðlað að samræmi á milli þessara háskóla og jafnframt lagður traustari grunnur að auknu samstarfi Tækniháskólans við aðra skóla á háskólastigi.

Tækniháskóli Íslands á að vera fagháskóli á sviði tækni og rekstrar sem miðlar sérhæfðri þekkingu á háskólastigi. Tækniskóli Íslands veitir nú menntun á tækni-, iðnaðar-, heilbrigðis- og rekstrarsviðum og hefur mestur hluti námsins verið á háskólastigi. Nefndin tekur undir þá staðhæfingu sem fram kemur í frumvarpinu að ekkert sé því til fyrirstöðu að námsframboð háskólans geti breyst í framtíðinni þótt aðaláherslan verði lögð á tæknimenntun.

Nefndin ræddi á fundum sínum þá rannsóknaheimild til handa háskólanum sem fram kemur í 1. gr. Að loknum viðræðum við gesti er það mat hennar að eðlilegt sé að umrætt ákvæði feli í sér heimild en ekki skyldu til rannsókna þar sem slíkt ákvæði gæti verið íþyngjandi fyrir háskólann. Heimildin er þannig höfð opin til þess að háskólinn geti lagað sig að rannsóknarvinnu.

Þá leggur nefndin áherslu á mikilvægi þeirrar heimildar sem fram kemur í 14. gr. um gerð samstarfssamninga milli háskólans og annarra stofnana og fyrirtækja sem tengjast starfssviði háskólans. Tækniháskóla Íslands er þannig gert kleift að hafa samstarf við fyrirtæki og rannsóknastofnanir atvinnulífsins á fjölbreyttum grunni sem er mikilvægt til að efla og styrkja starfsemi hans og uppbyggingu til frambúðar. Nefndin telur að hér sé um að ræða lykilatriði í þeim tilgangi að tengja Tækniháskólann við atvinnulífið.

Fram kemur í 15. gr. að gert er ráð fyrir að Tækniháskóli Íslands taki við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Tækniskóla Íslands. Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins kemur fram að halli á rekstri Tækniskóla Íslands nemi nú um 260 millj. kr. Þá er því jafnframt haldið fram að frumvarpið gefi tilefni til nokkurs útgjaldaauka vegna ýmissa atriða.

Nefndin lítur svo á að leysa verði uppsafnaðan fjárhagsvanda Tækniskóla Íslands þannig að Tækniháskóli Íslands geti hafið starfsemi með hreint borð.

Þá leggur nefndin til brtt. sem fylgja með nál. Það eru breytingar við 1. gr., 9. gr., 11. gr. og 12. gr. og eru þær allar smávægilegar, og við ákvæði til bráðabirgða í stað dagsetningarinnar „30. júní“ í 3. málsl. e-liðar komi: 31. júlí.

Undir nál. skrifa Gunnar Birgisson, formaður, Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara, Sigríður Ingvarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Kjartan Ólafsson og Kristinn H. Gunnarsson.

[12:00]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst áður en ég vík að frv. þakka fyrir hversu vel hefur verið unnið að frv. loksins þegar það kom fram í hv. menntmn. Mikil samstaða var innan nefndarinnar um að koma frv. í gegn á þessu þingi og það var unnið fljótt og vel og ég þakka það hversu vel tókst til um starf nefndarinnar að þessu máli.

En það þýðir auðvitað ekki að ekki séu áherslubreytingar á því hvað fólki innan hv. nefndar finnst um einstakar greinar, en þær athugasemdir ná þá yfirleitt til þess að ef ætti að breyta því þyrfti að breyta lögum um háskóla sem í gildi eru og verður sjálfsagt unnið að þeim breytingum á næstu árum. Þessi sérstöku lög taka einungis til þess að samræma lög um Tækniskóla Íslands lögum um háskóla og flytja skólann

þannig formlega á háskólastig, en á undanförnum árum hefur skólinn að mestu starfað á háskólastigi og ég sé ekki hvað ætti að koma í veg fyrir það úr því sem komið er að þessi lög fari í gegnum hv. Alþingi. Það er meginmarkmið frv. að staðfesta stöðu skólans sem háskóla í skólakerfinu og laga skipulag hans að lögum um háskóla.

Eins og ég sagði áður er við nánari skoðun ýmislegt sem þarf að færa til betri vegar í þeim lögum og verður sjálfsagt gert á næstu árum. Til dæmis er rétt að það komi fram að gert er ráð fyrir og eðlilegt að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans og það er gríðarlega mikilvægt að þessi skóli, sérstaklega umfram alla aðra skóla, hafi mjög gott samstarf við atvinnulífið. Síðan er gert ráð fyrir að í háskólaráði sitji tveir fulltrúar frá kennurum, einn frá nemendum, rektor og síðan tveir frá menntmrn. Það er ekki formlega kveðið á um það í frv. að fulltrúar atvinnulífsins sitji í háskólaráði. Ég tel að það sé í raun mjög miður og hljóti að verða unnið að því á næstu árum að breyta þessu þannig að í háskólaráði Tækniháskólans sitji fulltrúar atvinnulífsins. Ég tel að það sé mjög mikilvægt.

En ákvæði frv. um stjórnsýslu eru auðvitað í samræmi við lög um Háskóla Íslands og auk þess eru þau samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með því á að vera styrktur sá grundvöllur sem þarf að vera fyrir hendi til að milli allra þessara háskóla sé mjög gott og traust samstarf. Ég tel að strax núna hafi verið lagður grundvöllur að slíku samstarfi milli t.d. Tækniháskólans og Háskólans á Akureyri sem vonandi verður eflt til mikilla muna á næstu missirum.

Tækniháskóli Íslands er sérstakur fagháskóli á sviði tækni og rekstrar og það hefur nokkuð verið fundið að því af ýmsum aðilum að rekstrardeildir skólans, eða þær sem ekki eru sérstakar tæknideildir, hafi kannski fullmikla áherslu eins og skólinn er rekinn í dag. Ég tel að það sé mjög eðlilegur hlutur og vil benda á að það er ekkert útilokað að fólk sem er komið inn í t.d. rekstrartæknifræði finni sig sérstaklega í faginu og geti þá flutt sig inn í almenna tæknifræði. Slíkt hefur oft gerst og það er mikilvægt fyrir skóla eins og Tækniháskólann að vera aðlaðandi fyrir almenna nemendur líka vegna þess að úr þeim hópi koma hinir frábæru nemendur, hinir sérstöku úrvalsnemendur sem allir skólar eru alltaf að leita að og geta þá ýtt undir og vonandi eflt til þess að þeir geti farið í framhaldsnám í faginu.

En eins og allir vita er fólk sem er útskrifað úr tækniháskólum, og ég tala nú ekki um fólk með framhaldsnám á því sviði, einhver verðmætasti starfskraftur sem fyrirfinnst á vinnumarkaði. Það er miklu færra fólk af slíku tagi en þarf í raun til að efla stöðu atvinnulífsins og þetta er sá hluti skólans sem sérstaklega þarf að leggja sig fram um að efla og styrkja á komandi árum.

Ég minni á að þegar Tækniskólinn er orðinn háskóli, formlega kominn á háskólastig, verði gert sérstakt átak í að kynna skólann og kynna námið og varið verði til þess fjármunum, þó það sé ekki raunar í þessum sérstaka háskóla, a.m.k. hefur ekki hingað til verið í neinar sérstakar gullkistur að vísa í því skyni. En ég held að skipti höfuðmáli fyrir skólann að hann verði betur kynntur meðal ungs fólks á Íslandi og þær upplýsingar efldar sem eru gefnar um skólann og þær fari mun víðar en nú gerist.

Fyrirvari minn og hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar felst einkum í því að þessi skóli hefur á undanförnum árum safnað miklum halla vegna þess að í rauninni hefur ekki nægilega mikið mark verið tekið á kostnaðaráætlunum skólans að mínu viti og sá halli sem núna er borðliggjandi staðreynd mun vera um 250 millj. kr.

Þó tekið sé fram í nál. menntmn. að leysa verði þann vanda áður en Tækniháskólinn fer formlega af stað, svo hann geti farið af stað með hreint borð, hefði ég talið æskilegra að mun fastar hefði verið kveðið að orði og betri tryggingar gefnar fyrir því að fjárhagur skólans mætti vera með eðlilegum hætti þegar hann hefur starf sitt á næsta sumri ef allt gengur eins og við vonum.

Nokkuð margar umsagnir bárust um frv. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að fá að vitna í nokkrar þeirra.

Sú fyrsta sem ég vitna í er frá rektor Tækniháskóla Íslands, Guðbrandi Steinþórssyni, en hann segir stjórnendur skólans leggja mikla áherslu á að í tengslum við skólann verði áfram rekin námsbraut sem veiti nemendum sérhæft aðfararnám að deildum skólans og vitnar þar í athugasemdir við lagafrv.

Ég tek sérstaklega undir þetta. Ég tel mjög mikilvægt vegna sérstöðu þessa náms að áfram verði reknar með fullri reisn þær aðfarardeildir sem hafa verið í skólanum. Það er mikil nauðsyn á þeim og ekki er hægt að vísa þeim inn í nærliggjandi framhaldsskóla vegna þess að hér er um mjög sérhæft nám að ræða og mjög mikilvægt er að skólinn geti með þeim hætti náð í efnilega nemendur í tækniháskólanám.

Rektor talar líka um að unnið hafi verið að því að undirbúa þær breytingar sem lögin hafa í för með sér hvað varðar innra skipulag deilda og yfirstjórnar. Það er mjög mikilvægt að slíkt starf skuli hafa farið fram vegna þess að auðvitað er þetta mikil breyting. Guðbrandur Steinþórsson leggur einnig sérstaka áherslu á að formfesta þurfi aðkomu atvinnulífs og fagfélaga að ákvörðunum um námsframboð og fyrirkomulag þess. Ég tel að þessi umsögn hans styðji það sem ég hef hér áður sagt að nauðsynlegt væri í framtíðinni að formfesta það að í yfirstjórn skólans, háskólaráði, sitji fulltrúar frá atvinnulífinu. Það er kannski eitt af mikilvægara ef við horfum til framtíðar en að í háskólaráði sitji fulltrúar frá kennurum og frá nemendum eins og hér er ráð fyrir gert. Að minnsta kosti þyrfti að bæta formlega við, tel ég, fulltrúum atvinnulífsins.

Félag tækniskólakennara sendi einnig umsögn og fagna þeir þessu frv. til laga. Þeir benda hins vegar á að nauðsynlegt sé að tryggja skólanum viðunandi fjárhagsgrundvöll og minna á að fjárveiting til rekstrar húsnæðis sem nú er við lýði hrekkur ekki nema að hluta til fyrir þeim kostnaði. Þar munar einhverjum tugum milljóna á ári. Til þessa þarf að líta. Svona getur þetta ekki gengið áfram.

Félag tækniskólakennara minnir líka á að við skólann starfi ákveðinn fjöldi kennara sem ekki hefur meistarapróf og þeir telja brýnt að þeim sem hafa hug að auka við menntun sína til að uppfylla skilyrði laganna verði gert það kleift með því að til komi fjárstuðningur frá ríkisvaldinu. Ég tek undir þá ósk þeirra.

Hér er einnig umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. Í umsögn sinni minnir það á að milli Alþýðusambandsins og Samtaka iðnaðarins ásamt fleiri aðilum hafi myndast ágætissamstaða þegar þeir áttu í umræðum um yfirtöku á rekstri skólans og frekari þróun hans á háskólastigi. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu, jafnvel þótt skólinn verði áfram rekinn sem ríkisskóli, að þetta góða samstarf Alþýðusambandsins og Samtaka iðnaðarins geti orðið skólanum til heilla í framhaldinu.

Þeir segja að af hálfu ASÍ hafi í þessu starfi verið lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að varðveita ákveðin sérkenni Tækniskólans sem hafi verið ein af meginástæðunum fyrir stofnun hans á sínum tíma. Þeir segja að þessi sérkenni hafi birst á tvennan hátt aðallega, þ.e. að Tækniskólinn hafi laðað að námi fólk sem komi með fjölbreytta menntun og reynslu úr atvinnulífinu og að hann hafi lagt sig sérstaklega eftir að þjóna þörfum þessa hóps. Í þeim efnum hafi frumgreinadeild skólans gegnt mikilvægu hlutverki og Tækniskólinn hafi leitast við að eiga gott samstarf við atvinnulífið og fyrirtækin og lagt sig eftir að mæta þörfum þeirra fyrir starfsmenn með trausta og góða tækni- og rekstrarþekkingu.

Þeir telja að frv. styðji kannski ekki alveg nógu vel við þeirra óskir og segja eftirfarandi annmarka vera á frv. Ég tel að jafnvel þó við samþykktum þessi lög núna sé ekkert því til fyrirstöðu að á næstu árum verði gerðar á þessum lögum breytingar ef það hentar til að styðja betra samstarf við atvinnulífið, sem ég legg áherslu á að sé mjög þarft og auðvitað þarf að styðja við þó ég telji að fyrir bestu sé að skólinn sé rekinn sem ríkisháskóli.

En þeir segja þessa annmarka vera eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. Tækniskóli Íslands er skóli fyrir atvinnulífið. Í samræmi við þetta sitja fulltrúar atvinnulífsins, fulltrúar launafólks og atvinnurekenda í núverandi stjórn Tækniskólans. Í 5. gr. frumvarps um Tækniháskóla er greint frá sex manna háskólaráði. Það skýtur skökku við að ekki er gert ráð fyrir fulltrúum atvinnulífsins, hvorki fulltrúum launafólks eða atvinnurekenda, í háskólaráði. Með því eru útilokuð bein áhrif atvinnulífsins á stjórn skólans. Slíkt skapar hættu á að skólinn einangrist frá atvinnulífinu ...“

Þetta segja þeir og ég get að nokkru leyti tekið undir þetta og tel að á þessu þurfi að ráða bót í framtíðinni.

Að öðru leyti segja þeir, með leyfi forseta:

„2. Tækniskólinn hefur hingað til veitt iðnaðarmönnum og í vaxandi mæli á seinni árum öðrum sem koma úr atvinnulífinu framhaldsmenntun. Aðgengi þessara aðila að skólanum hefur verið tryggt með starfrækslu svokallaðrar frumgreinadeildar við skólann. Í frumvarpinu er ekkert kveðið á um núverandi frumgreinadeild eða með hvaða hætti þjónusta hennar verður leyst af hendi við stofnun Tækniháskólans. Í athugasemdum við frumvarpið segir aðeins: „Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri frumgreinadeildar við Tækniháskóla Íslands sem verði byggður á samningi milli háskólans og ráðuneytisins.“ Þessi málsgrein verður að teljast veikur grunnur til að tryggja þjónustu frumgreinadeildar.“

Ég vil segja að ég verð að vona að þetta sé nægilegt vegna þess að ég tel mjög mikilvægt í framhaldinu að þessi frumgreinadeild verði rekin með svipuðum hætti og hingað til. Þó auðvitað hefði verið æskilegt að það hefði verið tryggt betur í frv. verðum við að vona að með því að þessa er getið í athugasemdum á þennan hátt sé áframhaldandi rekstur deildarinnar tryggður.

Þeir ítreka að lokum í umsögn sinni að mikilvægt sé að lög um Tækniháskóla feli í sér möguleika á öflugum gagnvirkum samskiptum skólans við atvinnulífið. Undir það tek ég heils hugar.

Hér er umsögn frá BHM sem leggur sem endranær áherslu á náið samráð, einnig á undirbúningsstigum mála, við stéttarfélög starfsmanna og vill með þeim fyrirvara lýsa ánægju með sveigjanlega lausn í e-lið ákvæðis til bráðabirgða, enda er gert ráð fyrir að þeirri heimild verði beitt af jafnræði og með formlegum hætti.

Að því sögðu vill BHM fagna frv., enda virðist sú menntun sem um ræðir í frv. sett á borð með annarri menntun á háskólastigi og gerir BHM ráð fyrir — ég vil undirstrika þetta — að jafnræðis verði sömuleiðis gætt í fjárveitingum til háskólans.

Hér er hins vegar ein umsögn sem er svolítið í öðrum dúr. Hún er frá Háskóla Íslands. Þeir eru ekki alveg inni á þeirri hugmynd að reka Tækniháskólann sem sérstakan háskóla og segja í umsögn sinni m.a., með leyfi forseta:

„Háskóli Íslands telur skynsamlegt að hugað verði að öðrum kostum en þeim að setja á laggirnar nýjan háskóla og vill benda á eftirfarandi hugmyndir sem þyrfti að að kanna og ræða miklu betur en gert hefur verið:

1. Tækniskólinn verði sjálfstæð deild í Háskóla Íslands með sérstakri áherslu á að styrkja hagnýtar rannsóknir í verklegum og tæknilegum efnum.

2. Tækniskólinn verði að sérstakri skor innan verkfræðideildar Háskóla Íslands.“

Einnig er í sérstakri tillögu sem send var frá Háskóla Íslands til hæstv. menntmrh. árið 1999 lagt til að iðnfræðinám verði flutt til Borgarholtsskólans. Iðnfræði er fimm anna viðbótarnám fyrir iðnmenntað fólk. Í öðru lagi benda þeir á að frumgreinadeild verði starfrækt við Borgarholtsskólann í Reykjavík og muni veita tæknistúdentspróf.

Þessi viðhorf Háskóla Íslands fengu ekki miklar undirtektir innan hv. nefndar sem telur mikla nauðsyn fyrir bæði það nám sem er í boði í Háskóla Íslands og einnig það nám sem hefur verið í boði í Tækniskólanum, nú Tækniháskólanum. Þarna er mikill munur á. Ég minni t.d. á heilbrigðisdeildir í Tækniháskólanum sem eru mjög nauðsynlegur þáttur í íslenska menntakerfinu. Ég sé ekki ástæðu til að raska því sem verið hefur. Ég tel hins vegar ástæðu til að efla þessar deildir og efla samstarf þeirra í framtíðinni.

Reykjavíkurakademían veitir umsögn um frv. til laga um Tækniháskóla Íslands og gerir ekki sérstakar athugasemdir við efnisatriði frv. en fagnar megintilgangi þess um að gera háskólann sjálfstæðari og laga skipulag hans og starfsemi að almennum lögum um háskóla. Jafnframt segir í umsögn Reykjavíkurakademíunnar að markmiðin sem skólanum eru sett í frv. mættu e.t.v. vera skýrari.

Tæknifræðingafélag Íslands fagnar þeirri meginhugmynd frv. sem er að staðfesta stöðu Tækniskóla Íslands sem háskóla í skólakerfinu, jafnframt því sem skipulag skólans er aðlagað háskólalögum. Þeir fagna því að aðaláhersla verði lögð á eflingu tækninám við skólann samkvæmt frv., en sakna þess samt að orðið tæknifræði komi hvergi fyrir í frv. Þeir hafa sérstakar áhyggjur af því að samkvæmt frv. verði ekki séð að fjárveitingar til skólans verði auknar frá því sem nú er og undir áhyggjur þeirra í því máli skal tekið.

Þá vilja þeir minna á að á sameiginlegri menntastefnu Tæknifræðingafélags og Verkfræðingafélags Íslands hafi verið ályktað að námi í verkfræði og tæknifræði væri best fyrir komið í einum öflugum háskóla með sameiginlegri stjórnskipan, en aðskildum námsbrautum. Þeir benda á að hugsanlega gæti slíkur skóli orðið hluti af væntanlegum vísindagörðum sem ætlunin er að rísi í Vatnsmýrinni í Reykjavík á næstu árum.

Þeir tala einnig um frumgreinadeild og segja að einn af hornsteinum Tækniskóla Íslands hafi verið rekstur frumgreinadeildar. Rekstur hennar hafi laðað til sín fjölda nem-

enda sem telja má fullvíst að ekki hefðu lagt fyrir sig nám í Tækniháskólanum nema vegna tilveru frumgreinadeildar. Til að tryggja rekstur deildarinnar er nauðsynlegt að hennar sé getið í frv. umfram það sem nú er, segja þeir.

Þeir minna á að þörf sé á verulegu markaðsátaki við hinn nýja skóla. Einnig minna þeir á að þörf sé á endurskoðun tæknifræðináms hérlendis til samræmis við þær breytingar sem átt hafa sér stað á Norðurlöndum hin síðari ár. Þau atriði sem þeir horfa til eru eftirfarandi ... (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að telja þau öll upp. En þeir minna einkum á þrjú hér í lokin, þ.e. að koma þurfi á meistaranámi í tæknifræði, að efla þurfi endurmenntun/símenntun í faginu og að efla þurfi samstarf við erlenda tækniháskóla. Þessi viðhorf komu einnig fram hjá aðilum sem komu til viðræðu hjá hv. menntmn. við vinnslu frv.

Ég styð það eindregið að þetta frv. til laga verði afgreitt á þessu þingi. Ég vona samt að fjárhagsmál skólans fái betri afgreiðslu en felst í frv. og minni á að í sérstakri umsögn frá fjmrn. eru ákveðin atriði sem ekki gefa sérstakt tilefni til bjartsýni.

[12:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Frv. til laga um Tækniháskóla Íslands hefur nú fengið eðlilega umfjöllun í hv. menntmn. þar sem kallaðir hafa verið til þeir gestir sem nefndin taldi nauðsynlegt að kalla til við umfjöllunina. Nefndin hefur lagt fram á þskj. sameiginlegt nál. vegna frv. og sömuleiðis á sérstöku þskj. nokkrar smávægilegar brtt.

Herra forseti. Mér finnst rétt að undirstrika nokkur atriði í nefndaráliti hv. menntmn.

Í fyrsta lagi fagnar nefndin því samhljóma að með þeim breytingum sem hér eru lagðar til sé því langþráða marki náð að Tækniskóli Íslands mun með þessu frv. komast á háskólastig og ástæða er til, herra forseti, að undirstrika að þeim áfanga fagnar nefndin samhljóma.

Annað atriði, sem ég vil sérstaklega draga fram úr nál. nefndarinnar, er að nefndin telur afar mikilvægt að tryggja tengsl skólans við atvinnulífið og leggur þess vegna beinlínis til í nefndaráliti sínu að fulltrúar þeir sem gert er ráð fyrir samkvæmt frv. að hæstv. menntmrh. skipi í háskólaráðið komi úr atvinnulífinu.

Þar hefur nefndin fyrir sér ummæli hæstv. ráðherra en það kom fram í ræðu hans við 1. umr. málsins að hann teldi mikilvægt að tengslin við atvinnulífið yrðu sterk, og þau yrðu tryggð. Hann sagði í ræðu sinni í þeim kafla sem fjallar um háskólaráðið sjálft að hann teldi að það færi vel á því að þeim tveim fulltrúum sem ráðherranum sjálfum væri gert að skipa í háskólaráðið væri gert að hafa mjög náin tengsl við atvinnulífið. Hæstv. ráðherra lagði til að nefndin mundi skoða þetta sérstaklega, og ítrekaði síðan afstöðu sína til málsins. Afstaða hans var sú að tengslin ættu að vera náin. Nefndin fjallaði formlega um málið og komst að þeirri niðurstöðu sem getið er um í nál., hún telur að fulltrúar þeir sem ráðherra tilnefnir eigi að koma úr atvinnulífinu. Þannig hefur menntmn. tekið undir með þeim umsagnaraðilum sem sérstaklega gátu um þetta atriði í umsögnum sínum. Má þar nefna Samtök vinnuveitenda og samtök launafólks, ASÍ. Hér er algerlega skýrt talað af hálfu nefndarinnar. Um þetta var enginn ágreiningur þannig að hér var tekið undir orð hæstv. menntmrh. og ákveðinna umsagnaraðila. Þetta er tillaga menntmn. sem fylgir frv. til lokaafgreiðslu þess.

Þriðja atriðið sem ég vil sérstaklega geta um í nál. menntmn. varðar möguleika Tækniháskólans á samstarfi við aðra háskóla. Það var samdóma álit nefndarinnar að samstarf milli þessa háskóla og annarra skóla á háskólastigi yrði mikið, og traustan grunn þyrfti að leggja að því samstarfi. Það er eðlilegt, herra forseti, að slíkur grunnur verði lagður á formlegan hátt þannig að það má ætla að þegar Tækniháskóli Íslands tekur til starfa verði tekið fast á málum sem lúta að samstarfi Tækniháskólans og annarra háskóla á Íslandi. Þar má t.d. nefna verkfræðideild Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri. Það er alveg ljóst að vilji nefndarinnar í þessum efnum er samdóma. Það þarf að leggja formlegan grunn að þessu samstarfi þannig að það sé tryggt og menn viti eftir hvaða línum slíkt samstarf kemur til með að ganga eða því er gert að ganga.

Þá er enn eitt atriði sem ég vil ramma sérstaklega inn varðandi álit menntmn. í umfjöllun um frv. Það varðar rannsóknarþáttinn. Það var nokkuð um það rætt í 1. umr. um þetta mál á Alþingi að ákvæðið sem í frv. fjallar um rannsóknir skólans sé eingöngu heimildarákvæði en um það er getið í 12. gr. frv., herra forseti, þar sem segir að Tækniháskóla Íslands sé heimilt að starfrækja rannsóknarstofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra sem sinni hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum í þágu atvinnulífsins.

Menntmn. var algjörlega sammála um að eðlilegt væri að Tækniháskólinn stundaði rannsóknastörf og var sömuleiðis sammála um að þeim þyrfti að finna ákveðinn formlegan farveg. Hins vegar mótmælti því enginn, herra forseti, í nefndinni að eðlilegt væri að þau skref yrðu tekin, eitt af öðru, þannig að nefndin viðurkennir að háskólinn eða rannsóknastofnun sem rekin yrði við Tækniháskólann komi ekki til með að stökkva fullsköpuð fram á fyrsta degi. Ég tel nefndina líta þarna á afar raunsæjan hátt á þessi mál. Það er vilji nefndarinnar að skólanum verði gert kleift að stunda rannsóknir á sínu sviði og það er vilji nefndarmanna að það gerist á eðlilegan hátt í framhaldi af því að skólinn fari á háskólastig.

Þessi hugsun er orðuð þannig í nál., með leyfi forseta:

„Tækniháskóla Íslands er þannig gert kleift að hafa samstarf við fyrirtæki og rannsóknastofnanir atvinnulífsins á fjölbreyttum grunni sem er mikilvægt til að efla og styrkja starfsemi hans og uppbyggingu til frambúðar. Nefndin telur að hér sé um að ræða lykilatriði í þeim tilgangi að tengja Tækniháskólann við atvinnulífið."

Heimildin varðandi rannsóknirnar, herra forseti, er opin og eins og segir í nál. er hún það vegna þess að háskólinn þarf að geta lagað sig að rannsóknarvinnu. Hann er ekki rannsóknastofnun í dag þannig að það er í sjálfu sér samþykkt og nefndin sættir sig við að þessi skref verði tekin. Það er samt alls engin ástæða til að ætla það af því sem sagt hefur verið í þessu máli af stjórnvöldum, og þá á ég við hæstv. menntmrh. og þá starfsmenn menntmrn. sem komu á fund nefndarinnar, að menn vilji ekki að af rannsóknastarfi Tækniháskólans verði.

Þá er enn eitt atriðið sem ber að fjalla hér um, herra forseti, og það eru fjármál skólans. Það er alveg gífurlega alvarlegt að frv. skuli lagt fram með umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem hún gerir beinlínis ráð fyrir því að skólinn hagræði í rekstri sínum til þess að hægt sé að halda honum innan fjárlaga og vinna upp uppsafnaðan halla. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að álit fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem fylgir þessu frv., er algerlega óraunhæft. Í því er þannig haldið á

málum að menn sem staðið hafa að samningu þess kjósa að horfa fram hjá veruleikanum í þessum efnum. Veruleikinn er sá, herra forseti, að reiknilíkan það sem Tækniskóla Íslands hefur verið gert að starfa eftir á afskaplega illa við ákveðna þætti í skólanum, m.a. þann þátt sem lýtur að húsnæði þess. Tækniskóli Íslands hefur verið rekinn í leiguhúsnæði. Reiknilíkanið um framhaldsskóla, herra forseti, er afar óhagstætt þeim skólum sem þurfa að reka sig í leiguhúsnæði.

Nú skal ég fara um það nokkrum orðum, herra forseti, hvers vegna reiknilíkanið er óhagstætt þessari tegund skóla. Það tekur í sjálfu sér ekki mið af raunverulegu verði á leigumarkaði. Það er lykilatriði, herra forseti. Ef líkanið á að virka fyrir skóla sem leigja húsnæði á markaði er algert skilyrði að líkanið horfi á markaðinn og verð á markaði eins og það er en ekki í gegnum einhver önnur gleraugu. Sannleikurinn er sá að eðlilegt leigugjald á ári sem húseigandi þarf að fá fyrir húsnæði sitt til að hann fari ekki í mínus út úr þeirri ákvörðun sinni að leigja það er talið 12% af matsverði fasteignarinnar á ári. Reiknilíkan menntmrn. fyrir framhaldsskólana sem þurfa að leigja gerir einungis ráð fyrir því að húseigandinn fái 5% af markaðsverði eignarinnar í sinn hlut á ári.

Hér munar 7 prósentustigum, herra forseti, og það er algerlega deginum ljósara að meðan þessi munur er á hinum raunverulega leigumarkaði og reiknilíkani framhaldsskólanna söfnum við halla. Það er algert skilyrði í því máli sem hér er um rætt að reiknilíkaninu verði breytt á þann hátt að það henti skólum sem leigja á almennum leigumarkaði en ekki sé miðað við einhverjar allt aðrar staðreyndir í reiknilíkaninu en tíðkast eða þekkjast á hinum almenna leigumarkaði.

Þegar þetta mál var til 1. umr., herra forseti, kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. að reiknilíkanið væri í endurskoðun. Það kom líka fram í máli hans að hæstv. ráðherrann ætlaði að beita sér fyrir því að þetta yrði skoðað þó að meginatriði í máli hæstv. ráðherra hafi verið að það sé skilyrði að skólar haldi sig innan fjárlaga. Um það eru þingmenn eftir því sem ég hef heyrt, herra forseti, allir sammála. Stofnanir þurfa auðvitað að halda sig innan fjárlaga. Í fjárlögunum verður þá líka að ganga út frá einhverjum raunhæfum markmiðum og áætlunum.

Það er fullyrt í eyru menntmn., herra forseti, að hvað leigupáttinn í húsnæðismálum framhaldsskólanna varðar þurfi að verða breytingar því þar er ekki gengið út frá raunhæfum hlutum.

Herra forseti. Að öðru leyti verður að segjast að nefndin lýsti á fundum sínum um málið áhyggjum af uppsöfnuðum halla skólans. Í gögnum málsins kemur fram að uppsafnaður halli sé um 260 millj. kr. og þar er um að ræða bráðabirgðatölur frá Ríkisbókhaldi. Í umsögn fjmrn. er fjallað um að fjárhagsvandi skólans sé ekki síst kominn til vegna fámennra nemendahópa á tæknisviðum og vegna mikils kennslustundafjölda. Þar eru tveir þættir nefndir, herra forseti, sem líka heyra reiknilíkaninu til þannig að við endurskoðun reiknilíkansins verður að skoða þessi mál á raunsæjan hátt. Ef reiknilíkanið kemur illa út fyrir fámenna nemendahópa þarf að gera bragarbót þar á. Það er ekki raunhæft að ætla að Tækniháskólinn geti með handafli fjölgað í nemendahópum sínum. Það er eðlileg og stöðug aðsókn að Tækniháskólanum og því námi sem þar er í boði. Það er jafnvel einhver þörf, virðist vera, úti í samfélaginu fyrir einhverja fjölgum en þá hefur Tækniskóli Íslands ekki fengið það svigrúm sem hann hefur kannski talið eðlilegt til þess að fjölga enda kallar fjölgun í nemendahópum á fjölgun starfsfólks. Hér þarf að taka vel á í endurskoðun reiknilíkansins þannig að við fjöllum um hluti sem eru raunhæfir og að reiknilíkanið standist skoðun.

Ég mótmæli þeirri fullyrðingu sem kemur fram í umsögn fjmrn., fjárlagaskrifstofu, að verulegar breytingar þurfi að gera á náminu og endurskipuleggja þjónustuna til að draga úr kostnaði. Ég tel nauðsynlegt á hinn bóginn, herra forseti, að endurskoða reiknilíkanið til þess að búa þannig um hnúta að nám það sem nauðsynlegt er fyrir skólann að veita verði hægt að veita af fullri reisn og af fullum metnaði innan þess reiknilíkans sem í gildi er. Að öðrum kosti bjóðum við upp á fatlað nám, hálfkarað nám, og það er ekki vilji þeirra hv. alþm. sem fjölluðu um þetta mál í menntmn. að þannig verði um hnútana búið að hér verði um ófullkomið nám að ræða. Fólk talaði um það í nefndinni að það vildi standa af fullum metnaði að þessu máli og þar verður að tryggja, herra forseti, að slíkt geti orðið ofan á.

Herra forseti. Eftir að nefndin lauk umfjöllun um málið hefur upp hafist í fjölmiðlum nokkur umræða um frumgreinadeildina svokölluðu, þ.e. hið sérhæfða aðfararnám að Tækniháskólanum væntanlega, en eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, er getið um það í umsögn með frv. að gert sé ráð fyrir því að sérhæft aðfararnám verði áfram til staðar við Tækniháskóla Íslands þó að það nám sé eðli málsins samkvæmt ekki á háskólastigi. Um það er getið í grg. að frumgreinadeildin sem nú er rekin verði áfram rekin við Tækniháskólann og að sá rekstur verði byggður á samningi milli háskólans og ráðuneytisins.

Mikilvægt er að ramma það inn, herra forseti, að nefndin tók undir þann vilja sem kemur fram í grg. með frv. og kom einnig fram í ræðu hæstv. menntmrh. við 1. umr. um málið. Það er alveg ljóst að hafa verður í huga þær áhyggjur sem hafa komið fram í fjölmiðlum núna síðustu vikurnar og m.a. í grein, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir tæpum tveimur vikum, þar sem fjallað var um hlut frumgreinadeildarinnar, grein sem skrifuð var af forstöðumanni núverandi frumgreinadeildar, Málfríði Þórarinsdóttur, en þá fjallaði hún um, í þeirri grein sem birtist í Morgunblaðinu 20. apríl 2002, að mjög mikilvægt væri að tryggja verkmenntuðu fólki viðhlítandi undirbúning að námi í sérgreinadeildum skólans og deildin hefði verið valkostur verkmenntaðs fólks og þyrfti að vera slíkur valkostur til staðar áfram. Menntmn. tók í raun og veru undir þessa meginhugsun og ég tel að með yfirlýsingum hæstv. ráðherra við 1. umr. málsins sé það alveg ljóst að ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á frumgreinadeild.

Hitt verður auðvitað að taka til skoðunar, sem vakin hefur verið athygli á í bréfi til alþingismanna frá stjórn Félags tækniskólakennara, að tryggja verður að réttarstaða kennara við frumgreinadeild Tækniskóla Íslands verði tryggð, eða það þarf að greina hver hún er, í kjölfar gildistöku þessara væntanlegu laga um Tækniháskólann. Það kemur fram í bréfi sem stjórn Félags tækniskólakennara ritaði menntmn. Alþingis, eða sendi afrit af til menntmn. Alþingis því að þetta bréf er reyndað ritað til menntmrn. 23. apríl 2002, en þar kemur fram að stjórn Félags tækniskólakennara líti þannig á um tímabundna ráðningu eða skipun frumgreinakennara sem ekki uppfylla hæfisskilyrði háskólakennara að þeim verði boðið sambærilegt starf við þá frumgreinadeild sem rekin verði til Tækniháskóla Íslands samkvæmt samningi milli háskólans og ráðuneytisins.

Ég sé ekki ástæðu til annars, herra forseti, en að viðurkenna hér að auðvitað er alveg nauðsynlegt að gengið verði frá því formlega með kennara við frumgreinadeild Tækniskóla Íslands hver staða þeirra verður í nýju umhverfi. Það er eðlilegt að menntmn. fylgist með því hvernig ráðuneytið svarar þessu erindi stjórnarinnar og ef fram þurfa að fara einhvers konar viðræður við ráðuneytið um aðlögun að breyttu starfsumhverfi þeirra kennara sem ekki uppfylla hæfisskilyrði háskólakennara, þá er eðlilegt að hvetja til þess að slíkar viðræður fari fram því annað væri í sjálfu sér ekki í samræmi við vilja menntmn.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir fór í nokkru máli í ræðu sinni áðan yfir umsagnir þær sem bárust til menntmn., en að mínu mati, herra forseti, ganga þær fyrst og síðast út á það að fagna því að málið skuli nú loksins vera fram komið. Fólk fagnar því að tækninám á Íslandi skuli á þennan hátt flutt á háskólastig. Ég lét í ljós í ræðu minni við 1. umr. málsins ánægju með að málið skuli vera að fá þessar farsælu lyktir og ég lít svo á að ítrekaðar tilraunir til þess að einkavæða tækninám á háskólastigi hafi í raun og veru verið lagðar á hilluna. Ég lít svo á að með yfirlýsingum hæstv. menntmrh. sjái allir sem sjá vilja að hér er gert ráð fyrir að settur verði á laggirnar ríkisháskóli sem heiti Tækniháskóli Íslands og hæstv. ráðherra hefur ekki gefið okkur að mínu mati í máli sínu tilefni til annars en að ætla að um hann komi til með að ríkja friður og sátt.

Ég treysti því, herra forseti, að fullkomin einlægni búi að baki og engin áform séu um það hjá ríkisstjórninni að gera neitt annað en það sem þetta frv. virðist ganga út á, þ.e. að hér verði rekinn metnaðarfullur og öflugur tækniháskóli sem taki við því hlutverki sem Tækniskóli Íslands hefur reynt að sinna eftir fremsta megni hingað til.

Ég hef áður getið um framtíðarsýn Tækniskóla Íslands í ræðum mínum í þessu máli, herra forseti. Ég ítreka að þingmenn hafa fengið í hendur skýrslu Tækniskólans um stöðumat hans og framtíðarsýn. Í henni getur að líta metnaðarfullar hugmyndir starfsfólks og kennara skólans þar sem því er lýst á hvern hátt fólk sem starfað hefur í Tækniskóla Íslands sér þessa umbreytingu eiga sér stað. Ég sé ekki annað en hér sé boðuð öflug framtíðarsýn sem geti nýst Tækniháskóla Íslands til bjartrar framtíðar.

Eini skugginn sem segja má að beri á er uppsafnaður rekstrarhalli Tækniskólans. Ég ítreka það núna, herra forseti, í lok ræðu minnar að lífsnauðsynlegt er að það fólk sem rekur Tækniskóla Íslands fái öruggt og ákveðið vilyrði fyrir því að rekstrarhalli Tækniskóla Íslands verði ekki heimanmundur sem Tækniháskóli Íslands kemur til með að þurfa að taka við. Það hlýtur að vera alger krafa úr þessum sal að rekstrarhallinn verði afgreiddur, frá honum gengið áður en ný háskólastofnun verður formlega sett á laggirnar. Það er ekki hægt að bjóða því fólki sem á að fylgja hinni öflugu framtíðarsýn um tækninám á háskólastigi inn í framtíðina upp á að það hafi þennan slóða í eftirdragi, ég legg á það mjög mikla áherslu, herra forseti. Ég tel að við getum skilið orð hæstv. menntmrh. á þann hátt að slíkt samkomulag eða slíkur frágangur verði á rekstrarhallanum að ekki þurfi að fylgja Tækniháskóla Íslands.

Nú gengur hæstv. menntmrh. í salinn og ég treysti því að hann geti þá fullvissað okkur áfram um að Tækniháskóli Íslands komi til með að byrja starfsævi sína á hreinu borði en ekki með langan skuldaslóða Tækniskóla Íslands á bakinu sem eins og ég hef rekið í máli mínu helgast af ákveðnum göllum í reiknilíkani því sem honum hefur verið gert að starfa eftir. Og ég treysti því líka að hæstv. ráðherra komi til með að staðfesta þær vonir menntmn. sem ég hef getið um í ræðu minni, að hér verði staðið að málum á öflugan hátt þannig að skólastofnunin þurfi ekki að bera neinn kinnroða þegar hún stígur sín fyrstu spor, fyrirheitin um rannsóknaþáttinn séu til staðar og það eigi að standa að baki henni sem rannsóknastofnun. Þó svo við samþykkjum öll að það sé gert skref fyrir skref, þá treysti ég því að hæstv. ráðherra komi til með að staðfesta þær vonir sem mér finnst að hafi ríkt hjá menntmn. Og ég lýsi ánægju minni með þann einhug sem ríkti í nefndinni við alla umfjöllun þessa máls þar.

[12:54]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Með því frv. sem hér um ræðir er verið að staðfesta stöðu Tækniskólans á háskólastigi og breyta innra stjórnkerfi hans til samræmis við almenn lög um háskóla. Í frv. felst mikil framför frá núverandi starfsumhverfi Tækniskóla Íslands og nauðsynlegt fyrir áframhaldandi uppbyggingarstarf skólans að það verði að lögum nú í vor.

Það hefur berlega komið í ljós, bæði af þeim umsögnum sem hv. menntmn. hafa borist vegna málsins sem og af málflutningi gesta nefndarinnar, að almenn sátt ríkir um frv. efnislega. En vissulega hafa menn áhyggjur af þeim fjárhagsvanda sem skólinn hefur átt við að etja á undanförnum árum og er uppsafnaður fjárhagsvandi skólans nú um 260 milljónir sem er mjög alvarlegt mál. En ljóst er að fjárhagsvandi skólans stafar að miklu leyti af óhagstæðum bekkjareiningum, þ.e. fámennum bekkjardeildum, og á það einkum við um bekkjardeildir í heilbrigðisgeiranum. Reynt hefur verið að taka inn nemendur einungis annað hvert ár en gallinn við það er að þeir nemendur sem ætla að hefja nám en fá ekki vegna þess að það hittir ekki á inntökuár skila sér ekki inn síðar heldur leita frekar inn á aðrar námsbrautir.

Í Tækniskólanum hefur verið reynt að miða við sjö nemenda lágmark í bekkjardeildir, en í sumar bekkjardeildir, eins og í meinatækni og geislafræði, þarf einnig að beita fjöldatakmörkunum vegna þess að ekki er hægt að koma nema takmörkuðum fjölda nemenda inn í starfsþjálfun á heilbrigðisstofnunum.

Með því að setja Tækniháskólanum þessi sérlög er verið að auðvelda honum samstarf við aðra háskóla. Í gildi hefur verið samstarfssamningur á milli Tækniskólans og Háskólans á Akureyri og víst er að það samstarf verður reynt að efla enn frekar sem og að auka enn á samstarf við aðra háskóla.

Í 12. gr. frv. er kveðið á um að Tækniháskóla Íslands sé heimilt að starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra sem sinni hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum í þágu atvinnulífsins. Ég tel afar jákvætt að þarna sé um rannsóknaheimild að ræða en ekki rannóknaskyldu. Það er sem sagt ekki verið að skella á skólann lagaskyldu um rannsóknarvinnu sem hann er e.t.v. ekki fær um að sinna í upphafi heldur getur hann eftir efnum og ástæðum þróað sig upp á það stig að efla sitt rannsóknastarf og hann á að hafa fullt sjálfstæði til að fóta sig sjálfur á þeirri braut.

Það er ekki endilega samasemmerki á milli aukinna fjárframlaga frá hinu opinbera og rannsóknastarfa heldur eru rannsóknir sem unnið er að innan háskóla oft og tíðum unnar fyrir einkaaðila og þá jafnframt kostaðar af þeim.

Stefna ber að því að Tækniháskóli Íslands verði virtur fagháskóli á sviði tækni og rekstrar og nauðsynlegt er að opna skólann fyrir nýjum námsbrautum og svara þannig nútímakröfum atvinnulífsins.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]

47. mál var of seint komið fram. — Samþ. með 48 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (norsk-íslenski síldarstofninn). — Þskj. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:33]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur ákveðið að kvótasetja norsk-íslenska síldarstofninn í samræmi við úthafsveiðilögin. Samfylkingin hefur haft allt aðra stefnu en meiri hlutinn á Alþingi þegar kemur að úthlutun veiðiréttinda og hefur í samræmi við það margoft lagt til að öðruvísi yrði farið með þennan stofn en að úthluta varanlegum aflahlutdeildum og það án endurgjalds. Hvaða viðmiðunarár meiri hlutinn kýs að nota við slíkar kvótasetningu er ekki grundvallarmál. En stefna meiri hlutans við úthlutun veiðiréttar er óásættanleg og til að undirstrika andstöðu sína greiðir Samfylkin atkvæði gegn þessu máli.

Frv. samþ. með 32:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: AKG, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH, SvH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1411).

Barnaverndarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 318. mál (heildarlög). — Þskj. 403, nál. 1197, brtt. 1247.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:35]

Guðrún Ögmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér er verið að afgreiða heildarlög um barnavernd og þingmenn munu greiða atkvæði um mjög margar brtt. Þingmenn Samfylkingarinnar og eflaust allir þeir þingmenn sem unnu að þessu frv. munu greiða atkvæði með þeim tillögum.

Brtt. 1247,1.a samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, JóhS, LMR, ÓÖH, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:36]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum hér atkvæði um afskaplega merkilegt mál, barnaverndarlög, sem mikið var rætt og unnið í hv. félmn. Ég stóð þar að þeim tillögum sem hér eru lagðar til. Þó er geri ég athugasemd við eitt atriði.

Ég lagði það til í nefndinni að alls staðar í lögunum yrði rætt um barn sem einstakling en ekki börn sem hjörð. Því var ekki fylgt og ég veit ekki hvernig stendur á því að brtt. og nál. er ekki í samræmi við þennan vilja nefndarinnar. Þrátt fyrir það tel ég að það sé ekki svo veigamikið mál að hafa alls staðar barn sem einstakling og greiði ég þessu atkvæði mitt. En það er með ákveðinni eftirsjá því að ég hefði viljað sjá lögin fallegri að þessu leyti.

Brtt. 1247,1.b samþ. með 54 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1247,2–45 samþ. með 54 shlj. atkv.

2.–91. gr., svo breyttar, samþ. með 55 shlj. atkv.

92.–93. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1247,46 (tvær nýjar greinar, verða 94.–95. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.

94.–99. gr. (verða 96.–101. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Þjóðhagsstofnun o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 709. mál. — Þskj. 1303, brtt. 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]

Brtt. 1244,1 felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í þessum brtt. kemur í fyrsta lagi fram að staðið verði við það sem fram kemur í erindisbréfi forsrh. um þetta mál frá 11. júní 2001, um að starfsfólki verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar og í öðru lagi að stofnað verði sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis til þess að staða þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu veikist ekki við þessa breytingu, en þingmenn, ekki síst í stjórnarandstöðu, geti leitað sér aðstoðar hjá óháðum aðila með ráðgjöf, upplýsingar og útreikninga. Það kemur fram í síðari tölulið þessarar brtt.

[14:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stóðu að þingmáli sem gerði ráð fyrir vandaðri endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Það þingmál fékk mjög góðar viðtökur hjá umsagnaraðilum en fékkst hins vegar ekki afgreitt út úr efh.- og viðskn. Við svo búið ákváðum við að standa að brtt. ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem ganga út á tvennt, annars vegar að styrkja Alþingi til upplýsingaöflunar um hagræn efni og hins vegar að sjá til þess að starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf eins og þeim hafði verið heitið. Við viljum að þessi loforð séu lögbundin. Eitt vil ég segja, herra forseti. Af hálfu þingsins og af hálfu stjórnarandstöðunnar verður fylgst með því hvort starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verða tryggð sambærileg störf og sérstaklega þeim sem hafa talað máli starfsmanna frammi fyrir þingnefnd.

Brtt. 1244,2 felld með 32:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.

9 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH, TIO) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: AKG, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnarflokkarnir eru að gera mikil mistök með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Það styðst hvorki við hagfræðileg né fagleg rök og mun kosta tugi milljóna í aukin útgjöld. Það er því engin skynsemi í þessari leið. Ég mótmæli líka harðlega þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa í öllu þessu máli gagnvart starfsfólkinu. Þau eru ríkisstjórninni til skammar.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að framganga forsrh. í þessu máli hefur verið furðuleg en því lýsti hv. þm. svo í viðtali við fjölmiðla í mars 2001. Ekki tekur betra við þegar málinu er þjösnað í gegnum þingið með þeim hætti sem raun ber vitni eftir að stjórnarflokkarnir hafa loksins lamið sig saman um málið í bakherbergjum. Hér áðan gerðist sá dapurlegi atburður að ofan í kaupið felldi meiri hlutinn einfaldar brtt. sem hefðu þó lagfært málið, annars vegar gagnvart starfsmönnum og hins vegar tryggt að Alþingi hefði eitthvert bolmagn til að skoða þjóðhagsleg málefni á sjálfstæðum forsendum eftir að Þjóðhagsstofnun væri slegin af. En það er til marks um vinnubrögðin og viðhorfin hjá stjórnarliðinu að ekki einu sinni er léð máls á lagfæringum af þessu tagi, t.d. hvað það varðar að tryggja starfsmönnum sambærleg störf. Það er of mikið í lagt af hálfu stjórnarinnar. Það er því ekki annað hægt, herra forseti, en að lýsa skömm sinni á þessum vinnubrögðum.

[14:46]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert náttúrulögmál að Þjóðhagsstofnun skuli vera til. Það mun sýna sig að þeim verkefnum sem stofnunin hefur sinnt mun verða fyrir komið með öðrum hætti þannig að fullur sómi er að og þau munu öll verða unnin með vönduðum hætti, hér eftir sem hingað til.

Varðandi það sem snýr að starfsfólkinu liggur fyrir að ekki mun verða gert neitt á hlut starfsfólksins. Það verður allt saman eðlilegt, hvernig farið verður með störf þess og stöðu í sambandi við þessar breytingar. Þetta frv. er því hið besta mál og verður spennandi að sjá hvort hagur þjóðarinnar muni ekki bara batna við það að Þjóðhagsstofnun verður lögð niður.

[14:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Skyldi veðrið batna ef við leggjum niður Veðurstofuna? Ég lýsi eindreginni andstöðu við frv. ríkisstjórnarinnar um að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Þetta kemur til með að veikja möguleika Alþingis og aðila á vinnumarkaði til að fá aðgang að upplýsingum um efnahagsmál. Þetta er gert á sama tíma og stefnt er að því að styrkja pólitískt framkvæmdarvald í þessu efni. Það má því til sanns vegar færa að þessi ráðstöfun komi til með að grafa undan lýðræðislegri umræðu í landinu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1413).

Samgönguáætlun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 384. mál. — Þskj. 1023, brtt. 1035 og 1145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]

Brtt. 1145 felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, JóhS, LMR, ÓÖH, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Brtt. sem ég flyt við 3. gr. frv. til laga um samgönguáætlun felur það í sér að samgrh. hafi yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar, feli hana ekki svokölluðu samgönguráði eins og segir í 3. gr. Enn fremur kveður brtt. mín á um að til samgönguþings sem á að fjalla um stefnumörkun og hugmyndir í samgöngumálum verði ýmsum fulltrúum boðið og kveðið á um víðtækt samstarf við bæði aðila á sviði umhverfismála, náttúruverndar, öryggismála og byggðamála. Brtt. mín fjallar um að hæstv. samgrh. axli ábyrgð á gerð samgönguáætlunar en styðjist við ákveðið form að ráði sér til aðstoðar.

Brtt. 1035 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þrátt fyrir ýmsa annmarka sem eru á frv. til laga um samgönguáætlun, svo sem að tillaga um að tekið skuli fullt tillit í stefnumörkuninni til umhverfismála, byggðamála, öryggismála og fleiri þátta við gerð samgönguáætlunar, hafi verið felld hefur þeirri skoðun verið komið rækilega á framfæri við meðhöndlun þessa frv. að það að vinna samræmt að samgönguáætlun er virkilega og sannarlega spor í rétta átt. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðjum frv. þó að við höfum bent á ýmislegt sem betur mætti fara í því.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1414).

Lagaákvæði er varða samgönguáætlun o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 385. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1024, frhnál. 1037, brtt. 1038 og 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]

Brtt. 1038,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (JB, KolH, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 1328,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JB, KolH, SJóh, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1328,2 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, GÖ, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 1038,2 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, JóhS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 1328,3 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 1328,4 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 1038,3 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁSJ, BBj, DO, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH, PHB, RG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1415).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 720. mál. — Þskj. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KolH*) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1416).

Reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd, frh. síðari umr.

Þáltill. efh.- og viðskn., 730. mál. — Þskj. 1277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1417).

Lokafjárlög 1998, frh. 3. umr.

Stjfrv., 666. mál. — Þskj. 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (AKG, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1418).

Lokafjárlög 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 667. mál. — Þskj. 1394.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (AKG, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1419).

Lyfjalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 601. mál (rekstur lyfjabúða o.fl.). — Þskj. 1395.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (AKG, ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, GÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1420).

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 653. mál (rafræn vöktun o.fl.). — Þskj. 1302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1421).

Almenn hegningarlög og refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, frh. 3. umr.

Stjfrv., 427. mál (hryðjuverk). — Þskj. 1309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1422).

Umferðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 652. mál (Umferðarstofa o.fl.). — Þskj. 1312, brtt. 1364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Brtt. 1364 samþ. með 56 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1423).

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 629. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1424).

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1177, nál. 1273, 1344 og 1353, brtt. 1274.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
Brtt. 1288 kölluð aftur.

[15:00]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta mál er illa undirbúið innan þingsins, en hvílir án efa í þéttu handsali utan þingsins. Þar horfi ég til hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Það er óásættanlegt að Alþingi samþykki ríkisábyrgð upp á 20 þús. millj. kr. án þess

að upplýsingar liggi fyrir um skilmálana og eftir að lögum um ríkisábyrgð er vikið til hliðar. Þetta mál er ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum á Alþingi til mikillar vansæmdar.

[15:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Með frv. þessu er verið að veita fjmrh. heimild til þess að veita ríkisábyrgð að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ég vil taka það fram að þessari heimild verður beitt af varfærni og í fyllsta samræmi við þær reglur sem gilda um ríkisaðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu. Það þarf kannski ekki að taka það fram. Það er svo sjálfsagt mál. (**Gripið fram í:** Nú?)

Ég vil geta þess jafnframt að kjarni málsins er auðvitað það tækifæri sem felst í máli þessu, það tækifæri til atvinnusköpunar á nýju sviði sem hér er verið að leggja grunninn að. Og það er að sjálfsögðu mjög athyglisvert hvaða aðilar innan þingsins hafa hæst út af þessu máli og reyna að leggja stein í götu þess eftir fremsta megni.

[15:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er afar ámælisvert hvernig stjórnarflokkarnir keyra málið með hraði í gegnum þingið án þess að nauðsynleg gögn fáist, eins og mat á gjaldþrotalíkum og viðskiptaáætlun, og það er auðvitað sérlega ámælisvert að ríkisábyrgðalögum er kippt úr sambandi.

20 milljarða ríkisábyrgð til eins fyrirtækis er afar hæpin enda telja margir miklar líkur á því að þessi ábyrgðarveiting gangi gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og samkeppnislögum. Öll þjóðin er knúin til að taka ábyrgð á gífurlegri áhættufjárfestingu sem margir telja líkur á að muni falla á skattgreiðendur.

Það er líka kaldhæðnislegt að Sjálfstfl. skuli vera í forsvari fyrir svona ríkisforsjá og pilsfaldakapítalisma sem ég hafna. Ég segi nei.

[15:02]

Sverrir Hermannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Óðinn má vita með hvaða ráði þeir menn eru sem fyrir þessum málatilbúnaði standa, en með réttu ráði virðast þeir ekki vera. Ég tók sérstaklega eftir orðum hæstv. fjmrh., og fagna þeim, um að hann muni ekki beita þeirri heimild sem hér stendur til að veita honum nema eftir ítarlega athugun og vandlega yfirvegun. Ég geri ráð fyrir því að hann kalli eftir sérstöku mati t.d. á áhættu þessa máls. Ég sé ástæðu til að taka það fram að það verður auðvitað ekkert lagt upp úr því mati ef það verður unnið af hæstv. forsrh. eða spilafélögum hans.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í raun og veru ætti að vísa þessu máli frá, alveg óháð og burt séð frá efnislegum ágreiningi um innihald þess. Þetta mál er einfaldlega svo vanbúið og illa reifað fyrir þinginu að það er algerlega fráleitt að standa að verki með þessum hætti. Og það að hæstv. fjmrh. kemur hér upp og reynir að þvo hendur sínar með því að vísa til þess að um heimildarlög sé að ræða og að farið verði varlega með heimildina er eins og til þess að snúa hnífnum í sári Alþingis. Er það þannig sem Alþingi á að standa að verki, herra forseti? (Forseti hringir.) Ég segi nei. Ég tel því, herra forseti, að eðlilegast væri að vísa þessu máli frá eða þá fella það ef ekki vill betur til. Hér á að standa þannig að verki að víkja lögum um ríkisábyrgð frá. Ekkert áhættumat á að liggja til grundvallar því að Alþingi veiti heimildina fyrir sitt leyti í lögum. Það er fullkomlega óeðlilegt að svona skuli að verki staðið. Það veit hæstv. fjmrh. vel þó að hann reyni að (Forseti hringir.) skjóta fyrir sig skildi með þessum aumlega hætti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ekki er ekki ætlast til þess að menn eigi í orðaskiptum hverjir við aðra þegar þeir kveðja sér hljóðs um atkvæðagreiðsluna heldur að þeir skýri afstöðu sína og ræði um það málefni sem þeir hafa kvatt sér hljóðs um.)

Brtt. 1274,1 (ný 1. gr.) samþ. með 29:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁRJ, GAK, JóhS, JB, KolH, LB, MF, PHB, RG, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, BH, GE, GÖ, JÁ, JBjart, KVM, MS, SJóh, SvanJ, ÞKG, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er á móti þeirri stefnubreytingu hjá hæstv. ríkisstjórn að hverfa frá almennum til sértækra aðgerða og meira að segja til eintækra aðgerða því að hér er eingöngu verið að aðstoða eitt fyrirtæki. Í þessu felst mikil áhætta og áhættu á að fjármagna með áhættufé, ekki með lánsfé og alls ekki með ríkisábyrgð.

Hv. þm. eru ekki í stöðu til þess að meta þá miklu áhættu sem hér er verið að leggja til og geta þar af leiðandi ekki tekið afstöðu til málsins. Þrátt fyrir þessa fyrirvara mína vona ég að þetta dæmi gangi upp fyrir þjóðina. En ég er eindregið á móti þessu frv. og mun greiða atkvæði gegn því á öllum stigum.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Síðasti málsliður 1. gr. hljóðar svo:

„Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild." — Punktur.

Þetta eru hin tilteknu skilyrði sem hæstv. fjmrh. vísar til og reynir að verja sig með. Hér er verið að setja á borð eins manns, hæstv. fjmrh., einhver þann hroðalegasta kaleik sem ég veit til að nokkrum manni hafi verið skenktur í pólitík. En þó að hlutur hæstv. fjmrh. sé ótrúlegur í þessu máli, þ.e. að standa hér að verki með þessum hætti og ómerkja nýlega sett lög um ríkisábyrgð, þá er þetta mál auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarinnar allrar, allra ráðherranna og allra þeirra þingmanna sem ætla að greiða því atkvæði sitt, þar með talið Framsfl. Þó að hann hafi falið sig í þessari umræðu þá birtist hann hérna í atkvæðagreiðslunni.

Brtt. 1274,2 (ný 2. gr.) samþ. með 30:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁRJ, GAK, JóhS, JB, KolH, LB, MF, PHB, RG, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, BH, GE, GÖ, JÁ, JBjart, KVM, MS, SJóh, SvanJ, ÞKG, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 1274,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 29:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, SI, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VE.

nei: GAK, JóhS, JB, KolH, LB, MF, PHB, RG, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, BH, GE, GÖ, JÁ, JBjart, KVM, MS, SJóh, SvanJ, ÞKG, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 46:9 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: GAK, JB, KolH, LB, PHB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁSJ, BBj, EKG, EMS, GÁS, LMR, ÓÖH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:09]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur fengið eðlilega umfjöllun í efh.- og viðskn. þingsins. Þau sjónarmið sem menn vildu að kæmust þar að hafa fengið að komast að og verið rædd. Þær uplýsingar sem hægt var að afla komu fram og mér er ekkert að vanbúnaði frekar en meiri hluta nefndarinnar að taka ákvörðun í þessu máli. Að sjálfsögðu felur þetta mál í sér áhættu. Ég tel að það sé áhættunnar virði, að jafnvel þó að allt fari á hinn versta veg, sem maður vonar að sjálfsögðu að gerist ekki, þá muni samt hafa byggst upp á Íslandi mikil þekking á þessu sviði sem er alls óháð því hvort einstakt fyrirtæki lifir eða deyr eða hvernig því vegnar. Þess vegna tel ég einboðið að þetta mál gangi áfram til 3. umr. og verði að lokum að lögum á Alþingi. (**ÖJ:** Það er ábyrgðarleysi.)

Tækniháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 649. mál. — Þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249.

[15:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um Tækniháskóla Íslands er fagnaðarefni. Það er fagnaðarefni að mál Tækniskólans skuli vera komin á þennan rekspöl. Það leit ekki út fyrir það á tímabili í vetur og á undanförnum tveimur árum þegar einkavæðingaræði ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar ætlaði að ganga af Tækniskólanum dauðum. Það átti fella hann inn í aðra einkaskóla á svipuðu sviði eins og hugmyndir voru um. Það er fagnaðarefni að einmitt nú þegar við fjöllum um þetta mál skuli þeim áfanga náð að skólanum skuli í bili a.m.k. hafa verið forðað undan einkavæðingarstraumi og einkavæðingargræðgi ríkisstjórnarinnar og að fram komi sjálfstæð og heildstæð lög um Tækniháskóla Íslands. Það er virkilega fagnaðarefni og ég held að ástæða sé til þess að undirstrika það hér.

Samt er ástæða til þess að vera með nokkur varnaðarorð gagnvart fjármálum skólans. Staða Tækniskólans er mjög erfið fjárhagslega. Hann hefur ekki fengið úrbætur á fjárhagslegum grunni sínum eins og rétt og skylt hefði verið þannig að hann fer nú inn í sitt nýja umhverfi án þess að á þessum málum hafi verið tekið. Ég tel óásættanlegt, virðulegi forseti, að svo skuli vera. Það er erfitt fyrir nýja og gamla stofnun sem fer fram undir breyttum og framsæknum markmiðum að eiga jafnframt að búa við það óréttlæti sem hinn almenni framhaldsskóli hefur mátt búa við á undanförnum árum.

Virðulegi forseti. Þeir framhaldsskólar sem hafa haft starfsnám, tækninám og verknám innan sinna vébanda eiga nú í miklum erfiðleikum fjárhagslega. Starfsmöguleikar þeirra eru skertir. Þær viðmiðanir sem notuðar eru til þess að skammta þessum skólum fjármagn taka ekki tillit til verknáms, starfsnáms og tækninám, t.d. ekki varðandi stærð hópa því að eðlilega þurfa þessir skólar og hópar í þessu námi að vera minni en í almennu bóknámi. Til þessa er ekki tekið fullt tillit né nægilegt tillit í þeim fjárhagsramma sem þessum skólum er markaður.

Sömuleiðis lendir þetta mál aftur í þeim vandræðum að þó að heimilt sé að vera með kannski 12–16 nemendur í tæknigreinum í verknámi þá er hins vegar gerð sú krafa að þeir séu stærri hópum, 20–26 manna hópum í bóklegum greinum. Þetta gerir þeim skólum sem stíla upp á og hafa hlutverk á sviði verknáms afar erfitt fyrir að rækja skyldur sínar.

Hvernig hefur umræðan líka verið á undanförnum vikum og mánuðum? Samtök atvinnulífsins og fleiri aðilar hafa einmitt ályktað á þá lund að tækninám, starfsnám og iðnnám sé það nám sem hafi mest verið vanrækt hér á landi á undanförnum missirum og árum og ef við eigum að eiga möguleika á því að vera samkeppnisfær og halda innan lands tæknimenntuðu fólki og iðnmenntuðu fólki þá verður að gera stórátak í menntamálum á þessu sviði. Þetta eru skilaboðin til ríkisstjórnarinnar frá Samtökum atvinnulífsins.

Herra forseti. Það er dapurt til þess að vita að hér skuli hvorki ýjað að því að úr málefnum þessa skóla verði leyst hvað þetta varðar né heldur að ekki skuli heldur liggja fyrir undir þinglok neinar yfirlýsingar af hálfu stjórnvalda um að gert verði stórátak í að efla tæknimenntun, starfsmenntun og iðnmenntun sem svo virkilega er þörf á og atvinnulífið kallar á. Það finnst mér dapurlegt og segja sitt um þær áherslur sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., hefur haft í menntamálum á undanförnum missirum og árum, þ.e. að starfsnámið, iðnnámið og verknámið hafi verið vanrækt. Nú hrópar atvinnulífið á átak ef það á að takast að halda menntun og hæfni á þessum sviðum innan lands.

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að við skulum afgreiða lög um Tækniháskóla Íslands. Ég tel það mikilvægt skref á þessari leið. En enn þá vantar klára stefnuyfirlýsingu og stefnumörkun og aðgerðir af hálfu stjórnvalda í að efla og styrkja tækninám í landinu. Ég óska Tækniháskóla Íslands

alls velfarnaðar og fagna því skrefi sem hér er verið að stíga varðandi málefni hans.

[15:16]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Hér liggja fyrir málsskjöl varðandi frv. til laga um Tækniháskóla Íslands sem sýna að það er mikil samstaða um þetta mál sem ber að fagna því þetta er gott mál og vil ég nota tækifærið til að þakka hv. menntmn. fyrir vel unnin störf.

Við 2. umr. málsins var spurt ítarlega um allmörg atriði, þar á meðal það sem hefur verið gert að umtalsefni hér við þessa umræðu en það er fjárhagsstaða Tækniskóla Íslands og með hvaða hætti Tækniháskólinn tekur við. Hér mun ég ekki gera annað en að endurtaka það sem ég sagði við 2. umr. málsins, að hinn nýi Tækniháskóli Íslands þarf að taka af festu á rekstrarmálum sínum. Þar sem starfsemi Tækniskóla Íslands var að mestu leyti á háskólastigi má búast við því að á þeim rekstrarvanda sem upp var kominn fyrir breytinguna þurfi að taka í Tækniháskóla Íslands. Það er hins vegar ljóst að taki Tækniháskóli Íslands af festu á rekstrarmálum sínum og haldi sig innan fjárheimilda mun menntmrn. leggja á það áherslu að skólanum verði gert kleift að takast á við uppsafnaðan rekstrarvanda.

Ég vil einnig taka það fram að þau reiknilíkön sem notuð eru nú til viðmiðunar við fjármögnun skólakerfisins eru í mótun. Engum dylst að það þarf að gera á þessum líkönum breytingar til batnaðar, og verið er að vinna í því máli. Hins vegar getur engum dulist að það er ekki hægt að ganga í það mál öðruvísi en að líta á reiknilíkanið sem ramma utan um þær fjárheimildir sem skólarnir fá, og þær fjárheimildir verða skólarnir að virða á hverjum tíma. Síðan er gengið í að endurskoða þetta eftir því sem tilefni gefst til og líkönin eru þannig löguð að raunverulegum vandamálum sem upp koma. Það breytir ekki því að allir hljóta þingmenn að vera sammála um að skólastofnanir eiga allar að halda sig innan fjárheimilda enda vita menn að við það búa allar stofnanir ríkisins. Til þeirra er gerð sú krafa að þær haldi sig innan fjárheimilda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150.

[15:20]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér erum við að ræða um atvinnuréttindi útlendinga og tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið sl. laugardag.

Þetta frv. var í nefndinni á síðasta þingi og þá var farið allvel yfir málið. Ég og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vorum með brtt. við frv. sjálft, skrifuðum þar af leiðandi undir nál. með fyrirvara en erum sammála því að meginefni til.

Það sem er afar gott kannski og jákvætt við þetta frv., miðað við stóra frv. sem kemur vonandi á dagskrá síðar í dag, er hvernig að því hefur verið unnið. Sérstakur vinnuhópur, bæði frá atvinnurekendum og verkalýðshreyfingu, vann í rauninni þessa vinnu og jafnframt þetta frv. þar sem verið er að taka inn talsvert af heimildum vegna EES þannig að það er mjög margt sem horfir til framfara í þessu frv.

Umsagnir voru líka tiltölulega jákvæðar. Á síðasta þingfundi þegar þetta mál var til umræðu var rætt um 3. gr., varðandi námsmennina, og ýmsir sem voru með frv. til umsagnar lögðu til breytingar við hana. Þar erum við með brtt. og viljum gjarnan opna það að tímabundið leyfi sé ekki bara veitt atvinnurekanda heldur útlendingnum sjálfum líka.

Á þessu eru uppi tvær skoðanir. Atvinnurekendur vilja gjarnan að þetta færist alfarið yfir til útlendingsins sjálfs en verkalýðshreyfing telur að svo eigi ekki að verða, nema þá kannski að gangast við einhverri slíkri tillögu eins og við höfum lagt hér fram, vegna þess að þeim finnst að þeir tryggi betur rétt og séu betur á vaktinni með því fyrirkomulagi sem nú er. Því er uppi þessi umræða og sér ekki alveg fyrir endann á henni en vonandi fer okkur fram hægt og hægt þannig að við sjáum að atvinnuleyfin geti verið hjá útlendingnum eða atvinnurekandanum eftir atvikum, þurfi ekki að vera algilt að þau séu hjá atvinnurekandanum. Við erum með þannig brtt. við frv.

Í umræðunni sl. laugardag var einnig rætt um 12. gr., varðandi námsmennina, en þar erum við jafnframt með tillögu þar sem talað er um sex mánuði, ef ég man rétt, og atvinnuleyfi vegna námsdvalar. Ekki á að veita leyfi lengur en sex mánuði í senn. Við vildum hins vegar gjarnan veita leyfið tólf mánuði í senn, og mjög margir eru sammála því. Það er fróðlegt að sjá hvort það verður ekki samþykkt hér í umræðunum. Þetta var samt sem áður sú grein sem ekki voru gerðar athugasemdir við þegar frv. var sent út.

Við höfum líka viljað rýmka, ef ég ræði aðeins um 11. gr., óbundið atvinnuleyfi. Þar er talað um eitt ár í stað tveggja.

Við sjáum samt að þetta frv. hangir að hluta til með því frv. sem verður rætt síðar í dag, um lögin um útlendinga. Þar er búið að setja inn varðandi búseturéttinn, eins og margir vita, námskeið í íslensku. Því er hins vegar mætt á mjög jákvæðan og fínan hátt í þessu frv. um kennslu og námskeið sem bæði atvinnurekendur og verkalýðshreyfing koma að. Nálgunin í þessu frv. er í rauninni mjög jákvæð.

Ástæðan, eins og ég segi, var að við vorum með fyrirvara á þessu vegna þeirra breytinga sem við vildum gera þannig að um það gætu verið einhverjar umræður. Annars voru umræður í nefndinni mjög fínar og fengum við að sjálfsögðu til liðs við okkur ýmsa sérfræðinga og alla þá sem veittu umsagnir um málið. Það er ekki lagst gegn samþykkt þess.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem aðallega til að fylgja úr hlaði brtt. sem ég flyt við þetta frv. Ég skrifa undir nál. félmn. með fyrirvara eins og væntanlega hefur komið fram þegar fyrir því nál. var samviskusamlega mælt fyrr í sögu þessa þings. Ástæðan er sú að mér finnast nokkur atriði þessa frv. vera gölluð eða mega betur fara, og ég hef gert tilraun til að lagfæra þá smáði í nokkrum atriðum þar sem mér finnst að sérstaklega mætti fara betur.

Það er út af fyrir sig margt sem orkar tvímælis eða er álitamál þegar löggjöf af þessu tagi er sett. Frv. sem slíkt er til bóta að mestu leyti. Það er rétt og skylt að taka fram. Í því eru allmörg nýmæli sem eru eðlileg og sjálfsögð, og þarft að fá inn í löggjöf um þessi efni. Eiginlega væri skrýtið, herra forseti, eins hratt og hlutirnir hafa verið að breytast á þessu

sviði ef ekki væru tilefni til að taka á móti þeim breytingum með breytingum í löggjöf.

Því til staðfestingar er svo sú staðreynd að fyrir þinginu liggur einnig frv. að nýjum heildarlögum um málefni útlendinga. Sá angi málsins sem fjallað er um í sérlögum og heyrir undir svið félmrn., þar sem um vinnumarkaðsmál er að ræða, þarfnast auðvitað líka endurskoðunar.

Að vísu má segja að þau réttindi sem samningar eins og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið skapa hundruðum milljóna launamanna, ef út í það er farið, dragi úr vægi þessara ákvæða sem að mestu leyti snúa þá að öðrum. Engu að síður skiptir það miklu máli. Og praktískt er það þannig að að uppistöðu til eru þeir menn af erlendu bergi brotnir, sem hér eru tímabundið í störfum, frá löndum sem enn eru utan Evrópusambandsins, hvað sem verður á næstu árum.

Það er reyndar annað, herra forseti, sem ég held að við þyrftum að taka til umræðu á hinu háa Alþingi og í þjóðfélaginu, þ.e. þær miklu breytingar sem munu verða á íslenska vinnumarkaðnum með stækkun Evrópusambandsins. Sáralítið er farið að ræða þær hér. Norðurlöndin hafa t.d. sammælst um að veita Eystrasaltsríkjunum strax frá fyrsta degi fullan aðgang að vinnumarkaði á Norðurlöndunum þegar þau koma inn í Evrópusambandið. Finnar hafa að vísu áskilið sér rétt til eins eða tveggja ára aðlögunar en ekki sjö ára eins og nú stefnir í að flestöll önnur Evrópusambandsríki muni gera. Þessi staðreynd ætti að hringja bjöllum hér á Norðurlöndum vegna þess að þetta þýðir á mannamáli að það verða eingöngu Norðurlöndin sem opnast upp sem sameiginlegur vinnumarkaður fyrir þessi lönd þegar stækkunin gengur í gegn. Það verður þá ekki fyrr en jafnvel sjö árum síðar sem sömu réttindi stofnast á öðrum hlutum Evrópska efnahagssvæðisins.

Þetta kallar á það að menn fari rækilega yfir það hvernig menn verði í stakk búnir til að takast á við þessar breytingar, bæði hvað varðar löggjöf og aðra slíka hluti.

Ég held að eitt í því sambandi sem Norðurlöndin ættu að skoða sé að einhenda sér í að aðstoða Eystrasaltsríkin við að byggja upp skipulag vinnumarkaðsmála sinna áður en að af þessum breytingum verður. Þar er í raun og veru nánast um ekkert slíkt skipulag að ræða eins og við þekkjum það, engin sterk heildarsamtök, annars vegar launamanna og hins vegar atvinnurekenda. Löggjöf er áfátt og annað slíkt sem væri tvímælalaust af hinu góða að hefði verið lagfært eftir því sem kostur er þegar þessar breytingar ganga í gegn.

Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri, herra forseti, til að drepa aðeins á þetta mál vegna þess að ég hef satt best að segja nánast ekki orðið var við umræður um slíkt hér á landi enn þá, en annars staðar á Norðurlöndunum er þetta talsvert til umræðu og ég veit t.d. til þess að verkalýðssamtök sums staðar á hinum Norðurlöndunum, í Finnlandi, Danmörku og sjálfsagt víðar, eru nú að taka við sér í þessum efnum. Það væri margt vitlausara held ég en að Norðurlöndin sammæltust um átak og sérstakar aðgerðir á sínum vettvangi, að sjálfsögðu þá eðlilega í gegnum Norðurlandaráð eða annars staðar þar sem eðlilegast væri að koma slíku við, um samstarf við þessi lönd í aðdraganda þess að þau verða hlutar af hinum sameiginlega vinnumarkaði frá fyrsta degi gildistöku stækkunarinnar miðað við þetta. Það er mikil breyting frá því sem við höfum búið við hingað til. Nóg um það, herra forseti.

Í fyrsta lagi vil ég segja að fyrsta brtt. sem ég flyt á þskj. 1150 lýtur að orðskýringargrein laganna. Það er nú ósköp einfaldlega vegna þess, herra forseti, að það fer svo gríðarlega í taugarnar á mér orðskrípið „óbundið atvinnuleyfi“. 4. tölul. 3. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Óbundið atvinnuleyfi: Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.“

Ég segi: Af hverju má þetta þá ekki heita ótímabundið atvinnuleyfi? Úr því óbundið atvinnuleyfi er ótímabundið atvinnuleyfi, af hverju má það þá ekki heita það?

Mér finnst þetta vera afar vandræðalegt, herra forseti, að ekki skuli vera hægt að nota þarna betri hugtök og ég hef ekki sannfærst um að það skapi bara nokkur einustu vandræði að kalla þetta annars vegar „tímabundið“ og hins vegar „ótímabundið atvinnuleyfi“. Það er um tvenns konar leyfi að ræða, annað er til bráðabirgða, takmarkað í tíma, en hitt ótakmarkað. Og hvers vegna má það þá ekki heita það?

Þarna finnst mér menn vera að rembast eins og rjúpan við staurinn við orðskýringar sem eru í raun og veru út í loftið. Og það má segja að ekki þyrfti einu sinni að vera með þetta í orðskýringarkafla. Ég held að Íslendingar séu nú ekki svo illa á vegi staddir enn þá í sambandi við hið ástkæra ylhýra mál að útskýra þurfi sérstaklega í lögum hvað tímabundið og ótímabundið þýðir með orðskýringum í orðskýringagrein. Eru menn nú ekki stundum farnir að sækja vatnið yfir lækinn, herra forseti, í þessum efnum?

Mér finnst það einhvern veginn liggja svoleiðis í augum uppi að ótímabundið og tímabundið atvinnuleyfi þýði það sem það þýðir samkvæmt orðanna hljóðan og ekki þurfi að vandræðast neitt með það meir og þetta mætti hvort tveggja fara út úr lögunum, en ef það stendur þarna, þá fái þetta að standa eins og þetta hljómar, ótímabundið annars vegar og tímabundið atvinnuleyfi hins vegar. Nema menn hafi betri uppástungur — en óbundið atvinnuleyfi finnst mér alveg óskapleg vandræðanafngift, herra forseti.

Ekki yrði nú neinn héraðsbrestur held ég þó þau stórtíðindi gerðust að hér yrði einu sinni samþykkt ein lítil tillaga frá minni hlutanum og væri gaman að vita hvað virðulegur forseti vor hefði til málanna að leggja ef hann vippaði sér úr stólnum og brysti á hér í umræðum um þetta mál með okkur, hafandi velt þessu fyrir sér stundarkorn, hvort þetta er nú góð íslenska sem þarna á að fara að lögfesta.

Við 8. gr., herra forseti, legg ég til breytingu sem er efnisbreyting, kannski ekki ýkja stór eða lætur lítið yfir sér, en þó held ég að ljóst sé að þar greinir okkur nokkuð á og í reynd er sú breyting sem ég legg til að mörgu leyti hliðstæð breytingu í 3. tölul. á brtt. frá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur, þar sem þær leggja til að orðið „ríkar“ í 2. línu 8. gr. falli út. Þetta lýtur að því, herra forseti, að í 8. gr. er fjallað um það sem er hin almenna regla laganna að tímabundið atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Þetta þýðir ef við förum yfir í hinar aðstæðurnar að í reynd hafa menn þurft að fara úr landi ef þeir hafa komið hingað án þess að hafa atvinnuleyfi, ætla síðan að fara að vinna vegna þess að aðstæður þeirra hafa breyst eða eitthvað því um líkt, þá hafa þeir í raun og veru þurft að fara úr landi, sækja þaðan fyrst um tímabundið atvinnuleyfi og koma svo inn í landið aftur.

Nú má segja að ef þetta er hin almenna regla að menn fái ekki atvinnuleyfi eftir að þeir eru komnir inn í landið, heldur skuli þeir sækja um það áður, þá geti auðvitað þessar aðstæður komið upp. Menn geta sem sagt ekki komið hingað sem ferðamenn og allt í einu ákveðið að fara að vinna hér. Það eru skiljanlegar ástæður fyrir þessu, en það er

alveg ljóst að til eru þau tilvik og það er reyndar viðurkennt með undanþægum ákvæðum sem hér eru lögð til, að ærnar ástæður geti verið fyrir hendi til þess að víkja frá þeirri reglu. Þá er það orðað þannig hér í 8. gr. að frá þessu megi þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, einnig ef skilyrði samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sem er um hæli eða bráðabirgðadvalarleyfi, og 3. mgr. 7. gr. eru fyrir hendi.

Þarna, herra forseti, finnst mér að menn séu dálítið þrengslalegir í hugsun sinni. Fyrir það fyrsta má velta vöngum yfir því lengi dags hvernig á að meta það hvað séu ríkar sanngirnisástæður. Hvar er kvarðinn, herra forseti? Er ekki bara nóg að tala þá um sanngirnisástæður? Sanngirnisástæður, mér finnst voðalega erfitt að sjá fyrir mér sanngirnishugtakið kvarðað. Er það á skalanum 0–10? Og hefur hæstv. félmrh. upplýsingar um skalann? Eða er þetta kíló eða hvað er þetta?

Ég sætti mig ekki alveg við slíka nálgun, herra forseti, og tel að annað tveggja væri rétt að gera eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir leggja til að þetta orð félli einfaldlega brott, eða hitt að umorða regluna þannig eins og ég legg til í brtt. minni á þskj. 1150, að tveir fyrstu málsliðir 8. gr. orðist svo:

„Tímabundið atvinnuleyfi skal að jafnaði liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má víkja ef sanngirnisástæður eða mannúðarsjónarmið mæla með því."

Ég held ósköp einfaldlega, herra forseti, að úr því að menn eru á því á annað borð að þarna eigi að vera einhverjar undanþáguheimildir, þá eigi menn ekkert að vera að reyna að afmarka þær meira en með einhverju svona móti og hitt verði svo að verða framkvæmdaregla sem menn þá móta og eftir atvikum gæti verið reglugerðarefni jafnvel eða annað í þeim dúr.

Ég held að þarna eigi bæði að vitna til sanngirnisástæða og síðan mannúðarsjónarmiða. Menn geta sagt að það hljóti þá að flokkast undir sanngirnisástæður, en mér finnst rétt að nefna þetta líka vegna þess að það gætu þá verið sérstakar ástæður ríkisfangslausra manna eða einhverra sem hér döguðu uppi, þar sem mannúðarsjónarmið mæltu sérstaklega með því að þeim yrði ekki gert að hverfa úr landi til þess að hírast þar í einhverjar vikur eða mánuði á meðan sótt væri um atvinnuleyfi og síðan kæmu þeir hingað aftur.

Þriðja tillagan er skyld þessari, herra forseti, hún lýtur einnig að því að breyta fyrirbæri þar sem ég tel að menn séu óþarflega strangir á hlutunum. Það eru skilyrðin fyrir því að menn geti fengið „óbundið" eins og það stendur hér því miður, en ætti auðvitað að vera „ótímabundið atvinnuleyfi". Skilyrði þess að heimilt sé að veita útlendingi ótímabundið, ótakmarkað atvinnuleyfi, eru að hann hafi átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár, að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga. Og í þriðja lagi að áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 7. gr.

Þetta er svo sérkennilegt, herra forseti. Það er ekki nóg — af því það þarf að uppfylla öll þessi skilyrði — að útlendingur hafi átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár og að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga, til að hann geti þá að þessum tveimur skilyrðum uppfylltt fengið ótímabundið atvinnuleyfi. Nei, það þarf líka að áður hafi verið gefið út ótímabundið atvinnuleyfi. Síðan koma að vísu undanþæg ákvæði að víkja megi frá skilyrðum 1. mgr. ef um er að ræða erlendan maka Íslendings o.s.frv. En ég tel, herra forseti, að eðlilegast sé að fella þennan c-lið niður og hann eigi ekki að vera til staðar í 11. gr., það sé með öllu ástæðulaust. Ef menn uppfylla hin skilyrðin sem eru þó þetta ströng að menn hafi átt hér lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár, og þá náttúrlega án þess að vera hér á vinnuamrkaði, því þá væru þeir komnir með atvinnuleyfi og að viðkomandi útlendingur hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum þar um, þá tel ég að ekki eigi að vera að hengja sig í það hvort hann hafi þar til viðbótar þegar fengið tímabundið atvinnuleyfi. Þessu, herra forseti, hefði ég viljað sjá að menn breyttu einfaldlega.

Að síðustu kemur brtt. við 11. gr., b-liður 3. tölul. á breytingartillöguskjalinu er afleiðing af a-liðnum þeim fyrri, þ.e. ef c-liður 11. gr. félli brott, þá mundu undanþæg ákvæði eingöngu lúta að svo sem eins og er í 4. mgr. að skilyrðum 1. mgr. Sem sagt, þá þyrfti ekki að vísa þarna í c-lið, enda væri hann þá enginn orðinn í greininni.

Herra forseti. Þetta voru brtt. Um málið að öðru leyti vil ég aðeins drepa á fáein atriði og það eru kannski frekar hlutir sem ég fagna. Ég vil t.d. þar tiltaka þar ákvæðin í 9. gr. um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Ég tel að þau séu mikilvæg. Það er að sjálfsögðu rétt að taka inn slík ákvæði nú.

Ég tel einnig að ákvæði 25. gr. um samstarfsnefnd aðila vinnumarkaðarins sé til bóta. Ég held að slík samstarfsnefnd gæti ef vel tekst til skipt þó nokkru máli og kannski ekki galið að reikna með því að slíkri nefnd yrði falið talsvert hlutverk á þessu sviði. Þá vöknuðu að vísu spurningar um samsetningu hennar, hvort t.d. fleiri af stærstu heildarsamtökum launamanna ættu þá ekki að koma þar með við sögu, fleiri en bara Alþýðusambandið, en það er náttúrlega hlutur sem má skoða í framhaldinu.

Þau ákvæði frv. t.d. sem rýmka möguleika nánustu aðstandenda útlendinga til að fá hér tímabundin atvinnuleyfi og annað því um líkt eru að sjálfsögðu af hinu góða og í takt við það sem er að gerast í þessum efnum hér hjá okkur og alls staðar annars staðar í kringum okkur. Sama má segja um möguleika á að veita útlendingum atvinnuleyfi sem hér eru með hælisumsókn í farvegi o.s.frv.

Það er eitt atriði, herra forseti, sem ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. félmrh. aðeins fara yfir mér og e.t.v. fleirum til uppfræðslu og það er hvernig farið er með málefni námsmanna og skiptinema eða annarra slíkra sem hér geta verið á einhverjum slíkum forsendum. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um þá sem ekki féllu undir ákvæði 12. gr. um útlendinga sem hér væru í fullu námi, þannig að hægt væri að leggja mat á það hvað væri fullnægjandi námsframvinda og annað í þeim dúr. Það er augljóst mál að hér geta t.d. verið skiptinemar sem eru að einhverju leyti í námi eða að einhverju leyti í starfi og ýmis slík prógrömm, skipti- og gistiprógrömm gætu komið þar við sögu. Ég spyr hæstv. félmrh.: Er þeim málum eða hvernig verður þeim fyrir komið í þessu, er alveg á hreinu að ekki stofnist til neinna vandræða ef gengið er frá málum með þeim hætti sem hér er lagt til að þessu leyti?

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra færi yfir þetta, enda hygg ég að málið sé honum kunnugt því satt best að segja aðvaraði ég hæstv. ráðherra um það að ég hefði áhuga á því að fá um þetta atriði upplýsingar hér við umræðuna.

[15:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að beiðni hv. þm. látið athuga þetta alveg sérstaklega. Hér er verið að rýmka ákvæði frá gildandi lögum. Samkvæmt gildandi lögum þurfti líka, auk þeirra skilyrða sem getið er um í 12. gr. frv., umsögn verkalýðsfélags til þess að heimila atvinnuleyfi handa námsmanni. Það er svo matsatriði hvað sé fullt nám. Ég skal sjá til þess þegar reglugerðin verður sett að þetta verði ekki þrengt frá því sem nú er. Ég lít svo á að fengur sé að því að hafa skiptinema og engin ástæða til þess að setja einhver skilyrði sem hindra þá í að koma til okkar.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég spurði ekki vegna þess að ég efaðist um hug hæstv. félmrh., þ.e. að hann væri ekki velviljaður því að lög og reglur væru þannig úr garði gerð að það greiddi götu þess frekar en hitt að ungt fólk geti sótt okkur heim og verið hér sem skiptinemar eða námsmenn á einhverjum öðrum forsendum en þeim að sækja hér reglubundið og fullt nám þannig að það geti uppfyllt þessi skilyrði um fullnægjandi námsframvindu eins og þarna á að gera, samanber orðalagið: „enda sé námsframvinda eðlileg".

Það felur út af fyrir sig kannski rýmkun í sér að falla frá því að leitað sé umsagnar verkalýðsfélaga, enda umhendis hygg ég, og tæpast er ástæða til að standa í slíku þegar í hlut eiga erlendir námsmenn sem varla verða það margir að þeir hafi mikil áhrif á vinnumarkaðinn í heild sinni. En ég treysti því, herra forseti, að þannig sé um hnútana búið að ekki þurfi að hafa áhyggjur af þessu atriði og fagna því.

[15:49]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einkum víkja að tveimur atriðum sem koma fram í brtt. hv. þm. Steingrími J. Sigfússonar, þ.e. spurningunni um hvort þarna eigi að standa óbundið atvinnuleyfi eða ótímabundið atvinnuleyfi.

Ástæða þess að þetta orðalag er notað áfram í lagatextanum er að þetta er hugtak sem notað hefur verið fram að þessu varðandi þessi leyfi og ekki er talin ástæða til þess að breyta heitinu á leyfinu.

Varðandi 8. gr. leggur hann til að orðalagi verði breytt eða ég lít svo á að þarna sé nánast um orðalagsbreytingar að ræða, því þó að í textanum standi „ríkar sanngirnisástæður" þá er, eins og fram kemur í athugasemdum við þessa grein, auðvitað gert ráð fyrir því að tekið sé tillit til þeirra ástæðna sem hann tekur fram í sínum texta, þ.e. að þarna verði um sanngirnisástæður og mannúðarsjónarmið að ræða. Í upplegginu í frv. er hreinlega gert ráð fyrir þessu sem fram kemur í brtt. hans.

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrra atriðið þá finnst mér það kannski ekki sterk rök í sjálfu sér að þetta orðskrípi hafi verið notað, þ.e. „óbundið atvinnuleyfi". Ég sé ekki að neinn stórkostlegur vandi væri á ferðum þó að menn vippuðu sér einfaldlega þá í að breyta því og töluðu hér eftir um „„ótímabundið atvinnuleyfi" eða notuðu eitthvað annað sambærilegt hugtak. Mér finnst það dálítil íhaldssemi að leggja ekki í að breyta þessu bara af því þetta hafi staðið svona, nema þá að einhver praktísk rök séu þar dulin á bak við eins og þau að þá verði ónýt einhver eyðublöð eða eitthvað því um líkt. Ég veit það ekki. Varla ætti þetta að valda stórkostlegum ruglingi.

Um hitt atriðið má segja að það sé, já, kannski eitthvert gagn í því að fara í umsögn um 8. gr. sem væri þá einhvers konar lögskýringargagn. En þar er einmitt talað um að gert sé ráð fyrir þröngri túlkun ákvæðisins og að „með ríkum sanngirnisástæðum" sé m.a. átt við þá aðstöðu að útlendingur fái veitingu hælis hér á landi eða honum veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Mér finnst þetta bara óþarflega þröngt og held að betra væri að tala um að að jafnaði skyldi slíkt atvinnuleyfi liggja fyrir, þ.e. áður en menn koma inn í landið, en að þarna væri bara heimildarákvæði og að það væri svo útfærsla á framkvæmd hvernig farið væri með, vegna þess að það er heldur ekkert endilega víst að við sjáum fyrir þær aðstæður sem gætu komið upp og að við vildum beita þessum ákvæðum.

Ég held að allir hljóti að sjá hversu ankannalegt það getur verið að þurfa að fara út í þetta. Ég get tekið dæmi sem ég þekki ágætlega einmitt af skiptinema sem hér hafði verið í eitt ár í landinu. Sú ágæta stúlka frá Suður-Ameríku felldi hér hug til ungs manns, kom svo aftur og dvaldi í um annað ár og ætlaði svo að fara út á vinnumarkaðinn. En þá lenti hún nákvæmlega í þessum aðstæðum, að hún varð að fara úr landi til þess að geta sótt um atvinnuleyfi til að fá að koma hingað aftur.

[15:53]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað alltaf teygjanlegt hvað séu sanngirnisástæður og mannúðarsjónarmið. Að mínu mati mætti þetta dæmi sem hv. þm. tók falla undir hvort tveggja, sanngirnisástæður og mannúðarsjónarmið, þannig að það væri nú hægt að nýta greinina til þess að liðka til fyrir þessu fólki.

Það er líka rétt að benda á 7. gr. þar sem einnig er gert ráð fyrir því að tekið sé tillit til mannúðarsjónarmiða ef útlendingi hefur verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Það er því víða tekið á þessu og reynt að huga þannig að þessum málum að ekki sé brotið á neinum það sem menn geta kallað sanngirnissjónarmið og mannúðarsjónarmið. Ég held reynt hafi verið að semja þennan texta með það fyrir augum.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt að ef þannig viðhorf verða ríkjandi í framkvæmd þessara mála að þar séu menn mildilegir og túlki orðalag þolendum í vil og reyni að greiða götu fólks en ekki hitt þá kann þetta allt saman að vera brúklegt eins og þetta er. En við höfum enga tryggingu fyrir því að þannig verði um aldur og ævi. Mér finnst, herra forseti, ég verð að segja það alveg eins og er, að maður verði var við vaxandi tilhneigingar einmitt hjá yfirvöldum þessara mála til þess að fara í hina áttina, samanber fréttir núna þessa sólarhringana. Manni bregður dálítið í brún þegar menn tortryggja hér hóp manna sem eru að koma frá Kína á vegum stofnunar sem Íslendingar hafa átt þátt í að setja á fót með uppáskriftum frá sendiráðum Íslands og Danmerkur. Samt telur Útlendingaeftirlitið ástæðu til að vera á svo stífum gormum í þessum efnum að mönnunum er meinað að koma hingað. Maður hrekkur við og spyr sig hvaða viðhorf séu þarna á ferðinni. Eiga menn ekki að njóta vafans? Á að gefa sér að menn hafi eitthvað misjafnt í pokahorninu þangað til þeir eru búnir að þrautsanna hið gagnstæða? Er

það viðhorfið sem Útlendingaeftirlitið er farið að vinna eftir, sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli eða hver sem þetta nú er?

Ég verð auðvitað að segja alveg eins og er að í og með er maður að skoða þessi ákvæði út frá því að kannski verða yfirvöldin ekki alltaf svo mildileg í sinni framgöngu, í sinni beitingu þessara ákvæða og reglna. Ég kæri mig ekki um þannig viðhorf í okkar samfélagi og finnst það andstætt því að menn búi hér í opnu þjóðfélagi. (**KPál:** Á að hleypa mönnum inn viðstöðulaust?)

Það er svo annað mál, hv. þm. Kristján Pálsson. Við getum farið í þá umræðu alla saman. En við erum að reyna að setja okkur hér einhverjar skynsamlegar reglur og mér finnst ekki rétt að skilja eftir meira til túlkunar í þeim en þörf er þó fyrir, sérstaklega ekki ef hugarfarið kynni að verða á þá leið sem manni félli ekki við.

[15:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér fannst ekki mikil sanngirni í því frammíkalli sem ég rétt nam héðan utan úr salnum frá einum hv. þm. sem kallaði fram í mál hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, hvort hann væri því meðmæltur að hleypa öllum inn viðstöðulítið. Þetta er nefnilega síbylja sem maður heyrir í vaxandi mæli beitt gegn okkur sem viljum hafa sanngjarnar og tiltölulega rúmar reglur í þessum efnum. Við skulum ekki gleyma því, og hv. þm. sem frammíkallið átti skal heldur ekki gleyma því, að ástæðan fyrir því að efnahagslíf Íslands er í þokkalegu lagi í dag er ekki bara góðæri eða góð ríkisstjórn þó hv. þm. vildi vafalítið skrifa það einvörðungu á það. Það er ekki síst að þakka því að okkur hefur tekist að nýta framleiðsluþættina mjög rækilega vegna þess að við höfum fengið mikinn fjölda hæfra útlendinga inn í landið. Þetta er reyndar staðreynd sem hæstv. félmrh. hefur oftsinnis bent á. Ástæðan fyrir því að hér ríkti ekki óðaverðbólga og hér ríkir ekki óðaverðbólga í dag er fyrst og fremst sú að við fengum hingað inn í landið mikið af útlendingum sem tóku þátt af ærnum krafti í framleiðslustörfum okkar, framleiðslulífi, og þeir eiga mikla þökk skilda fyrir það.

Ég er þeirrar skoðunar að það sem við þurfum að gera varðandi erlent fólk sé að setja skýrar reglur. Ég tel að þær eigi að byggja á þeim viðhorfum sem hafa komið fram af hálfu flokks míns og þær eiga að vera tiltölulega rúmar. En það er algjörlega fráleitt að halda því fram að nokkur sé þeirrar skoðunar að það eigi að vera hægt að hleypa hverjum sem er viðstöðulaust inn í landið. Um það er ekki verið að ræða.

Það hafa ekki verið nægilega skýrar reglur í þessum efnum. Það vitum við sem sitjum á hinu háa Alþingi. Fá mál eru jafnátakanleg og einmitt þau mál sem varða innkomu ættingja þeirra útlendinga sem fyrir eru í landinu og rekur stundum á okkar fjörur.

Ég verð nú að segja að mér finnst sjálfum sem starfsemi Útlendingaeftirlitsins hafi batnað mikið á seinni árum. Menn eru komnir með hlutina í fastari skorður. Ég rek mig líka á að menn hafa oft getað höfðað til mannúðar og sanngirnissjónarmiða. En á hins vegar ekki að gera upp á milli fólks. Þeir eiga ekki að njóta einhverrar vildar sem hafa aðgang að þeim sem hafa afl til þess að þrýsta. Reglur eiga að vera skýrar. Það er hið jákvæða við þetta frv. sem hér er verið að samþykkja að það er skýrt. Ég er að flestu leyti sammála því. Mér finnst vera mörg jákvæð nýmæli í þessu frv.

Það er auðvitað jákvætt líka að fyrir þinginu liggja önnur þingskjöl þar sem verið er að setja skýrar reglur. Ég er ekki jafnsammála þeim og því frv. sem hér er. En hið góða við það er að verið er að setja skýrar reglur. Það skiptir miklu máli.

Við skulum hafa það hugfast, eins og ég sagði áðan, að staða efnahagslífs okkar helgast að mörgu leyti af því hvað við höfum fengið margt gott fólk af erlendu bergi brotnu hingað inn í landið. Mér finnst við eigum að gera vel við það fólk og það er ekki verið að gera illa við það í þessu frv. sem hér liggur fyrir.

Það eru örfá atriði sem ég vildi í stuttu máli drepa á. Fyrst vil ég segja það, herra forseti, að ég er algjörlega sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um það málfarsatriði sem hann drap á áðan. Þegar ég hef lesið þetta frv. og reynt að kynna mér það — lagði fram langt frv. um svipað efni fyrir nokkrum árum — hefur það tekið mig svolítinn tíma að skilja rökfræðina bak við hugtakið „óbundið atvinnuleyfi". Það liggur fyrir að tvenns konar atvinnuleyfi eru veitt, tímabundin og síðan óbundin atvinnuleyfi. Hvað er óbundið atvinnuleyfi? Það er ótímabundið. Af hverju köllum við þetta þá ekki bundið atvinnuleyfi og óbundið, hvort tveggja jafnógagnsæ orð? Ég er alveg sammála hv. þm. um að við ættum að kalla þetta tímabundið atvinnuleyfi og ótímabundið atvinnuleyfi. Ég er viss um að sú góða málkennd sem blundar í brjósti og höfði hæstv. forseta sem nú situr á stóli hlýtur að taka undir með mér í þeim efnum.

Það er engin röksemd fyrir því að viðhalda vondu orði í lögum að vísa til þess að því hafi verið beitt árum saman. Að ýmsu leyti hefur málfar á íslenskum lagabálkum og íslenskum rétti batnað verulega, einmitt vegna þess að menn hafa haft fyrir því að verja málið, verja tunguna, með því að hnika út orðalagi af þessu tagi. Ég mun því greiða atkvæði með því. Sömuleiðis vil ég segja í tilefni af ræðu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur og Steingríms J. Sigfússonar að fyrir mig er ákaflega erfitt að samþykkja orðalag eins og er í 7. og 8. gr. þar sem talað er um rík mannúðarsjónarmið og ríkar sanngirnisástæður. Sanngirnisástæður eru sanngirnisástæður. Punktur, finnst mér. Ég er því hlynntur að þetta fari út. Það er bitamunur samt en ekki fjár. Sammála þessu.

Það sem ég vildi ræða er það sem ég átti örlítil orðaskipti um við hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og hæstv. félmrh. um daginn, námsmenn. Mér líkar ekki að með þessu frv. sé verið að stytta leyfið sem þeir fá til vinnu niður í sex mánuði. Það var áður hægt að veita leyfi í tólf mánuði. Félagar mínir í þingflokki jafnaðarmanna flytja auðvitað brtt. sem ég styð hjartanlega.

Ég felli mig líka hvorki við skýringar hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur né hæstv. félmrh. Mér fannst í máli hv. formanns félmn. — við ræddum þetta hér fyrir helgi — gæta nokkurs misskilnings. Hv. þm. vísaði til þess að menn hefðu e.t.v. um of nýtt sér stöðu sína sem námsmenn til að komast á almennan vinnumarkað hér á landi. Ef ég man rétt orðaði hv. þm. það með þeim hætti að námsmenn hefðu átt greiðari leið inn á vinnumarkað en aðrir útlendingar. Nú vil ég segja að ég er þeirrar skoðunar að námsmenn eigi að eiga greiðari leið. Ég er þeirrar skoðunar. Ég tel að við eigum að gera allt sem við getum til að stuðla að því að útlendingar geti komið hingað til náms, framfleytt sér á vinnumarkaði, og síðan hverfa þeir aftur til heimalandsins. Þeir taka með sér íslensk menningarárhrif, íslensk tengsl, íslenska vináttu og oftar en ekki breytist þetta með einhverjum hætti þegar fram líða

stundir í menningarsamskiptum millum þjóðanna í einhvers konar viðskipti millum þjóðanna.

Herra forseti. Ég var í námi einu sinni í öðru landi. Bara núna í sumar koma sökum þess 19 manns til Íslands sem gera mér heimsókn. Það er dágóður biti fyrir ferðaþjónustu, ég tala nú ekki um vegna þess að hluti þeirra ætlar austur á land í kjördæmi hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur. Þetta skiptir allt saman máli.

Þegar ég var á sínum tíma í námi í Bretlandi á kostnað frú Margrétar Thatcher ríkti mikil deila um þá ætlan hennar og ríkisstjórnarinnar að fella niður námsstyrki. Ástæðan var ákaflega einföld, menn sögðu að þetta gerði það að verkum að námsmenn frá fjarlægum löndum kæmu ekki lengur til Bretlands heldur til annarra ríkja. Þegar þeir fullorðnuðust, kæmu til baka, gengju inn í stjórnunarstöður og þeir og þeirra kynslóð réð samfélögum eins og gerist með allar kynslóðir alls staðar mundu þeir í vaxandi mæli leita til annarra landa en Bretlands, með öðrum orðum mátti líta svo á að þetta væri fjárfesting.

Við Íslendingar höfum ekki stundað fjárfestingar af þessu tagi. Við höfum hins vegar með þokkalegum hætti, vegna þess að vinnumarkaðurinn hefur bara boðið upp á það, getað gert námsmönnum kleift að koma hingað og framfleyta sér með vinnu. Nú vill svo til að ég þekki þetta svolítið af eigin raun, bæði vegna þess að ég hef verið tengdur með óbeinum hætti menntastofnun fyrir útlendinga og vegna þess að á heimili mínu hafa líka búið útlendingar úr fjarlægum heimsálfum sem hafa komið hingað beinlínis til að læra. Þetta fólk hefur allt saman með einhverjum hætti, það sem ég hef þekkt til, getað ef á hefur bjátað framfleytt sér með vinnu. Ég þekki hversu erfitt það var fyrir ungt fólk sem kom úr fjarlægum álfum og þekkti lítt til hér að verða sér úti um svona leyfi. Það var alveg með ólíkindum þegar settar voru fram kröfur, og beinlínis bent á það af hálfu starfsmanna viðkomandi stofnunar, að einstaklingurinn þyrfti að bregða sér út fyrir landsteinana. Honum var meira að segja bent á hvert væri ódýrast og hentugast að fara. Það mál sem ég vísa til leystist, sennilega vegna þess að viðkomandi starfsmanni þóttu vera rík mannúðarsjónarmið eða miklar sanngirnisástæður. Það er verið að bæta fyrir það, herra forseti.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir taldi að þetta fyrirkomulag gæfi þessum útlendum námsmönnum fullopna leið inn á vinnumarkaðinn. Það var ekki hægt að skilja málflutning hennar öðruvísi en svo að hún væri þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að hafa þetta til þess að veita þeim, fyrsta kastið, sex mánaða leyfi en ég skildi hana þannig að hún væri þeirrar skoðunar að eftir það mætti og ætti að vera hægt að veita þeim tólf mánaða leyfið. Það er ekki svo í þessu frv. Ég vildi því spyrja hv. þm. hvort hún teldi ekki möguleika á því að ná samstöðu um það áður en þetta mál verður endanlega afgreitt frá þinginu að hægt verði, þegar framlengt er og viðkomandi uppfyllir þau skilyrði sem hér eru sett, að veita viðkomandi námsmanni tólf mánaða leyfi. Þessu kem ég á framfæri til hæstv. ráðherra og hv. formanns félmn.

Hæstv. ráðherra skýrði þetta að ýmsu leyti vel í máli sínu áðan og líka í umræðunni um daginn. Ég er ekki algjörlega sammála honum um að verið sé að rýmka stöðu námsmanna. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að verið er að stytta leyfið sem veitt er hverju sinni, úr tólf niður í sex mánuði. Það er ekki hægt að kalla það rýmkun. Í öðru lagi sýnist mér að verið sé að setja fram nýjar reglur um námsframvindu og ég hafði af því nokkrar áhyggjur. Ég geri engar athugasemdir við að slíkar kröfur séu settar fram vegna þess að þær koma einmitt í veg fyrir það sem hv. þm. óttaðist. Ég hafði hins vegar svolitlar áhyggjur af skiptinemum af því að ég hef af þeim nokkur kynni, og þar er auðvitað um að ræða annars konar nám. Þeir taka þátt í námi af fullum krafti og það má segja að þeir séu í fullu námi, og að því leyti til sé það rangt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem hann sagði hér áðan, að slíkir námsmenn, skiptinemar, féllu ekki undir 12. gr. Ég tel að þeir falli undir 12. gr. Ég tel hins vegar að ef menn ætla að vera á stífum gormum varðandi skilgreiningu á því hvað sé eðlileg námsframvinda er sé auðvitað hægt að koma í veg fyrir að skiptinemar fái nokkru sinni slíkt leyfi. Ég held nefnilega að í langfæstum tilvikum geti þeir skilað afköstum sem því svarar.

Ég vil hins vegar segja, herra forseti, af því að ég nefndi þetta í ræðu minni um daginn að ég sætti mig alveg við það sem hæstv. félmrh. sagði áðan. Hann sagði í andsvari við þingmann að hann mundi sjá til þess að þegar reglugerð um þetta mál yrði sett skertist ekki staða skiptinema. Ég sætti mig alveg við þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra, herra forseti, og vildi bara láta það koma hér fram að ég tel að í þeirri reglugerð verði að standa skýrum stöfum að þær kröfur sem ella eru gerðar um námsframvindu erlendra námsmanna — til þess að þeir fái tímabundið atvinnuleyti — séu ekki gerðar til skiptinema. Ef hæstv. ráðherra ætlar að sjá til þess er ég að öðru leyti bara mjög sáttur við þetta prýðilega frv.

[16:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hafa í huga að þegar verið var að semja frv. vildi ég hafa sem besta samstöðu um málið, og til samningarinnar voru kallaðir, auk fulltrúa frá mér, fulltrúar frá Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og dómsmrn. Og þetta er niðurstaða af samkomulagi. Það er ekki neinn einn sem skrifar þetta heldur er þetta samkomulag, niðurstaða af samkomulagi aðila sem voru með mismunandi sjónarmið og voru að reyna að varðveita mismunandi hagsmuni. Alþýðusamband Íslands vill ekki opna of mikið, þ.e. vill passa upp á að hér verði ekki offramboð á vinnumarkaði. Samtök atvinnulífsins eru kannski ekki eins upptekin af því atriði. Þannig eru sjónarmiðin mismunandi.

Þess vegna er t.d. með orðalagi eins og „ríkt sanngirnissjónarmið" einfaldlega átt við sanngirnissjónarmiðin. Þau þurfa að vera fyrir hendi, það verður að vera hægt að rökstyðja að það sé sanngjarnt að gera þetta.

Ég tel að hér sé um greiðari leið fyrir námsmenn að ræða en í fyrri lögum. Eins og ég sagði áðan þurfti umsögn stéttarfélags til þess að þeir gætu fengið atvinnuleyfi. Sex mánuðir eða tólf mánuðir — ég geri ekki mikinn mun á því af því að hægt er að framlengja þetta leyfi og yfirleitt eru skiptinemar ekki í vinnu árum saman. Þeir koma hér í öðrum tilgangi.

Varðandi ótímabundið eða óbundið geri ég svo sem ekki mikið með það. Málsmekkur manna getur ráðið því hvort þeir eru samþykkir því eða ekki.

[16:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega skiljanlegt viðhorf hjá Alþýðusambandi Íslands og verkalýðshreyfingunni að reyna að koma í veg fyrir offramboð á vinnumarkaði. Ég held samt

sem áður að þátttaka erlendra námsmanna á vinnumarkaði sé þess eðlis að ekki sé mikil hætta á að þeir valdi offramboði.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að þetta skerði nokkuð stöðu námsmanna að þessu leyti frá því sem áður var. Ég held að það sé rangt hjá hæstv. ráðherra að skilyrðin séu rýmkuð að því leyti til að skilyrði um umsögn stéttarfélagsins sé fellt niður. Það gilti einungis áður ef um var að ræða að starfið væri hluti af námi, hafi ég skilið málið rétt. Ég held meira að segja að það standi hérna í greinargerðinni.

Ég ítreka að mér þykir það gott ef hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir því að í reglugerðinni sé þetta skýrt tekið fram með skiptinemana.

Að því er varðar síðan tímalengd í starfi erlendra námsmanna hér á landi er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra líka að yfirleitt eru þeir ekki mörg ár í starfi hérna. Ég þekki þó dæmi þess. Og ég veit auðvitað að það er alsiða þegar skiptinemar og erlendir námsmenn koma hingað til náms — eru búnir að koma sér niður í málinu — er æskilegt frá mörgum sjónarhólum að þeir taki þátt í starfslífi þjóðarinnar. Þeir kynnast þjóðinni betur, læra málið fyrr og verða sér úti um fjármuni til að geta lifað. Ég held því, og veit auðvitað dæmi þess, að menn hafi verið hér í nokkur ár og horfið síðan til síns heima.

Aðalatriðið er að hér eru skýrar reglur. Það á ekki samkvæmt því sem hér er sett niður að vera hægt að svindla neitt og þess vegna eiga menn ekkert að vera að þrengja að þeim að þessu leyti.

[16:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Ég hef, herra forseti, borið þetta spursmál um tímabundið eða óbundið atvinnuleyfi undir íslenskufróða menn sem telja að hvort tveggja geti gengið og hvort tveggja geti verið rétt mál.

Þetta er greiðari leið fyrir námsmenn. Þeir eru meðhöndlaðir með öðrum hætti en annar vinnukraftur. Fyrir annan vinnukraft þarf atvinnurekandinn að sækja um leyfi handa viðkomandi. Námsmennirnir geta hins vegar komið til landsins og fengið leyfi eftir á þegar þá lystir að fara að taka þátt í atvinnulífinu. Úr gömlu lögunum var fellt niður að þeir þurfi að leita umsagnar stéttarfélags.

[16:16]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta. Þetta er niðurstaða af samráði m.a. aðila vinnumarkaðarins. Það er alveg ljóst að þetta eru ekki það ströng skilyrði fyrir námsmenn að þurfa að endurnýja umsókn sína á sex mánaða fresti eða hvort þeir gera það á tólf mánaða fresti, að ekki sé hægt að lifa við það. Þeir þurfa einungis að sýna fram á að þeir hafi eðlilega námsframvindu og séu innritaðir í skóla.

Það er auðvitað svo að verið er að bregðast við því að þarna sé eingöngu verið að nota þessa grein fyrir námsmenn en ekki fyrir þá sem eru að öðru leyti á vinnumarkaði og hafa þá önnur skilyrði sem um þá gilda sem koma hér einungis til þess að stunda atvinnu, og niðurstaðan byggir væntanlega á því að menn þurfi þá að sýna fram á að námsframvindan sé eðlileg.

En vegna umræðunnar um þá sem eru hér sem skiptinemar, þá er líka rétt að benda á 13. gr. sem á við um svokallaða au-pair námsmenn, þar sem fjallað er sérstaklega um þá sem koma hér vegna vistráðningar. Það atriði blandast auðvitað hjá sumum sem koma sem námsmenn inn í það hvernig þeir geta verið hér í landinu.

[16:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nokkur orð um frv. um atvinnuréttindi útlendinga þar sem ég er einn af nefndarmönnum og hef ritað undir nál. með fyrirvara og er 1. flm. að brtt. sem hafa verið hér nokkuð til umræðu, ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, enda búið að ræða allmikið um þær brtt. sem við erum með á þskj. 1146, en mig langar þó að nefna nokkur atriði sem viðkoma þessum breytingum og það er m.a. að við leggjum til að tímabundið atvinnuleyfi sé veitt fleirum en einungis atvinnurekanda. Við teljum eðlilegt að einnig sé hægt að veita útlendingi tímabundið atvinnuleyfi og gerum brtt. í þeim efnum, bæði sem snýr að 3. gr. og 7. gr.

Síðan leggjum við til að í 8. gr. verði fellt brott orðið „ríkar", þar sem segir: „Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, ..." Ég held að nokkuð góð rök hafi komið fyrir því að ekki sé ástæða til að hafa þetta áhersluorð hér inni og vonast til þess að stjórnarliðar hafi tekið þeim rökum og séu tilbúnir að samþykkja það að þetta orð falli út, því auðvitað er erfitt að meta það hvenær sanngirnisástæður eru ríkar og hvenær þær eru ekki ríkar. Auðvitað þurfa að vera sanngirnisástæður og það á að standa þannig í lögunum, þannig að ekki þurfi að vera matsatriði hverju sinni hversu ríkar sanngirnisástæðurnar eru fyrir því að tímabundið atvinnuleyfi liggi fyrir áður en útlendingurinn kemur til landsins.

Varðandi breytingu á 11. gr. þá langar mig aðeins til að nefna það að nefndin er með brtt. sem við hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir stöndum að þar sem komið er nokkuð til móts við brtt. okkar, en þó teljum við að ganga þurfi lengra, en það er um réttindi, þ.e. atvinnuréttindi útlendinga sem eru í sambúð eða í hjónabandi með Íslendingi, íslenskum ríkisborgara. Í frv. er gert ráð fyrir að hjúskapur þurfi að hafa varað tvö ár eða að viðkomandi útlendingur skuli hafa átt hér lögheimili í tvö ár til þess að hægt sé að víkja frá þeim skilyrðum að hann þurfi að sækja um óbundið atvinnuleyfi. Eins og menn þekkja þá öðlast makar íslenskra ríkisborgara rétt til atvinnu sjálfkrafa en við teljum að þarna eigi aðeins *að miða við eitt ár. Dæmi hafa komið upp um að menn bíða* annars vegar með að skilja vegna þessara ákvæða og eru þá í hjónabandi lengur til þess að ná þessu markmiði, og við teljum að ástæðulaust sé að halda þarna inni þessum tveimur árum, teljum eitt ár vera nægilega langan tíma. Sama gildir auðvitað ef íslenskur maki útlendings hér á landi sem er hér í vinnu fellur frá, þá missi viðkomandi atvinnuleyfið, sem er mjög hastarlegt í þeim tilvikum. Nefndin leggur reyndar til heimild um að víkja frá þeim skilyrðum við andlát og er það auðvitað til bóta. En engu að síður tel ég eðlilegt að tímabilið sé skemmra, þ.e. eitt ár.

Varðandi námsmennina sem hafa nokkuð verið til umræðu hér í dag, þá langar mig til að minnast á það að þetta mál var nokkuð til umræðu í fyrra, á síðasta þingi, því þá var aðalumræðan í nefndinni um þetta þingmál. Þá kom fram að þetta væri ákveðin afturför, verið væri að þrengja réttindi námsmanna með því að stytta atvinnuleyfi þeirra niður í sex mánuði í stað tólf mánaða áður. Meðal annars voru nefnd dæmi um útlenska námsmenn sem vinna með skóla, sem sjá

sér farborða með vinnu með námi. Það er verið að gera þeim erfiðara fyrir með því að þurfa að sækja um atvinnuleyfi að nýju eftir sex mánuði. Þeir vinna með skólanum og síðan vilja þeir jafnvel vinna að sumarlagi. Þarna er því verið að þrengja að námsmönnunum hvað varðar atvinnuleyfið og hefðum við þingmenn Samfylkingarinnar í félmn. viljað sjá þarna aftur tólf mánaða ákvæðið.

Varðandi orðalagið tímabundið og óbundið þá tökum við undir þá gagnrýni sem komið hefur frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og verð ég að segja að ákveðið ósamræmi er í lögunum með því að tala um tímabundið atvinnuleyfi og síðan óbundið. Það er auðvitað rökréttara að segja þá bara ótímabundið, tímabundið og ótímabundið, vegna þess að ekki er samræmi milli notkunar á þessum orðum og hefði ég talið eðlilegt að gætt væri samræmis í orðavali.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Frumvarpið er mjög til bóta þó svo ýmislegt mætti betur fara eins og við höfum bent á í brtt. okkar og snýr fyrirvari minn og okkar þingmanna Samfylkingarinnar í félmn. einmitt að þeim atriðum sem við gerum brtt. við.

[16:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa stuðningi við þetta mál. Tel ég að það hafi lagast í meðförum nefndarinnar og þær brtt. sem frá nefndinni koma séu flestar til bóta. Þó vil ég lýsa því yfir, herra forseti, að ég tel að þær brtt. sem koma frá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur á þskj. 1146 og brtt. frá hv. þm. Steingrími Sigfússyni á þskj. 1150, séu enn frekar til bóta við frv. sem við ræðum og lýsi ég yfir stuðningi við þær tillögur til viðbótar þeim breytingum sem orðið hafa á frv. í meðförum nefndarinnar.

Við í Frjálslynda flokknum eigum ekki aðild að hv. félmn. og ég vildi þess vegna eingöngu koma hér upp til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við málið í heild. Ég tel að það hafi batnað í meðförum nefndarinnar og í raun og veru sé ekki mjög mikill ágreiningur um það meðal nefndarmanna þó vissulega skrifi þrír nefndarmenn undir með fyrirvara, en hafa lagt fram brtt. sem skýra í rauninni þá fyrirvara. Þess vegna held ég að eins og málið er nú komið ætti að geta náðst um það nokkuð víðtæk sátt á þingi. Ég vona hins vegar að meiri hluti þingsins taki tillit til þeirra brtt. sem hafa verið ræddar. Ég tel að þær séu til bóta og muni enn laga málið. Að öðru leyti lýsi ég yfir stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Steinullarverksmiðja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 663. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 1073, nál. 1257 og 1261.

[16:29]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir að fresta umræðunni um málið en ég er nýkominn úr flugi frá Akureyri, þar var vont veður í morgun og ekki heldur gott veður í háloftunum áðan, þannig að ég er aðeins að ná andanum.

Virðulegi forseti. Mér skilst að hv. 5. þm. Norðurl. v., Jón Bjarnason, sé þegar búinn að mæla fyrir nál. minu þannig að ég ætla aðeins að hafa örfá orð um þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju, þar sem iðnrh. er heimilt að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni og að helmingur söluandvirðis skuli renna til samgöngubóta og annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar samkvæmt nánari ákvörðun sem ríkisstjórnin tekur væntanlega.

Virðulegi forseti. Steinullarverksmiðjan er gríðarlega mikilvægt fyrirtæki fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð eins og náttúrlega landið allt og afstaða Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í þessu máli þarf ekkert að koma neinum á óvart. Við höfum lagst gegn því að við núverandi aðstæður sveitarfélaganna í landinu séu þau knúin hvert af öðru til þess að selja eignir til þess að eiga betri möguleika á því að rétta við efnahag sinn. Við tókumst hér á gríðarlega um sölu Orkubús Vestfjarða á sínum tíma og þetta er algjörlega í samræmi við það sem flokkurinn hefur staðið fyrir í þeim efnum. Við lögðumst á sama hátt gegn því og vorum andvíg því að fjárhagsvandi Sveitarfélagsins Skagafjarðar yrði leystur með því að Rafmagnsveitur ríkisins keyptu rafmagnsveiturnar á Sauðárkróki. Þetta er því alveg í samræmi við málflutning okkar eins og við höfum lagt hann fram.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum þvert á móti þráfaldlega beðið um það á hinu háa Alþingi að fjárhagsstaða sveitarfélaganan yrði tekin til rækilegrar endurskoðunar. Við vitum vel að hluti af vandamálum sveitarfélaganna hefur verið félagslega íbúðakerfið. Við síðustu fjárlög lögðum við til að stigið yrði fyrsta skref í að leysa þann fjárhagsvanda og lögðum til 1 milljarðs kr. framlag í því skyni, en talið er að vandi félagslega íbúðakerfisins á landsgrundvelli sé um 2,8 milljarðar samkvæmt síðustu gögnum sem sett voru fram.

Við erum andvíg sölu ríkisins á eignarhlutanum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki við núverandi aðstæður og teljum að sú ráðstöfun sé ekki líkleg til þess að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins til lengri tíma litið. Fjárhagsstaðan hefur verið slæm og til þess að bæta hana hefur sveitarstjórnin brugðið á það ráð að selja, eins og ég kom inn á áðan, Rafveitu Sauðárkróks. Hún hefur verið seld og nú stendur hugur sveitarstjórnarinnar til þess að losa um fjármagn sem sveitarfélagið á í Steinullarverksmiðjunni, eins og m.a. má sjá af ályktun sem birt er sem fylgiskjal með þessu áliti sem ég hef dreift sem minnihlutaaðili í hv. iðnn.

Ég segi í þessu áliti að á sínum tíma var tekist hart á um stofnsetningu verksmiðjunnar og ekki síst staðsetningu hennar og var pólitísk ákvörðun um að henni var valinn staður á Sauðárkróki.

Steinullarverksmiðjan hefur reynst happafengur fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð. Þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika hefur rekstur hennar gengið vel og hún hefur skilað eigendum sínum drjúgum arði. Hún veitir fjölda bæjarbúa atvinnu, bæði beint og óbeint, og sveitarfélagið hefur af henni umtalsverðar tekjur. Fjárhagur verksmiðjunnar er góður, mjög litlar skuldir hvíla á fyrirtækinu og ekkert bendir til annars en reksturinn geti áfram gengið vel. En skjótt skipast veður í lofti og engin trygging er fyrir því að nýir eigendur verksmiðjunnar hafi jafnmikinn áhuga og núverandi eigendur á því að efla hag hennar á þeim stað þar sem hún er rekin nú. Niðurstaðan gæti orðið brottflutningur starfa og tekjumissir og er þá verr af stað farið en heima setið. Minni hlutinn vill að allra leiða verði leitað til þess að leysa tímabundinn

fjárhagsvanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar, annarra en að selja drjúgan hluta bestu mjólkurkýrinnar á þeim bæ og setja þar með framtíð Steinullarverksmiðjunnar í algjöra óvissu. Reynist sveitarfélagið hins vegar nauðbeygt til þess að selja hlut sinn í verksmiðjunni telur minni hlutinn að ríkið eigi að leysa þann hlut til sín. Ég vil skjóta því inn í að það mundi vera alla vega betri tímabundin lausn ef það yrði gert á þann hátt.

Ég legg því til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að áform um sölu Steinullarverksmiðjunnar eru fyrst og fremst tilkomin vegna bágrar fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þess að um málið eru mjög deildar meiningar heima í héraði leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá."

Virðulegi forseti. Frumkvæðið að þessu máli kemur frá sveitarfélagsstjórninni í Skagafirði. Það er alveg ljóst. Hins vegar er þetta nauðvörn sveitarfélagsins og það er alveg borðliggjandi að ef sveitarfélagið hefði ekki verið í fjárhagslegum erfiðleikum þá hefðu menn ekki gripið til þess ráðs heima fyrir að óska eftir sölu verksmiðjunnar. Þær upplýsingar hef ég fengið víða að, að það er samdóma álit manna.

Í hv. iðnn. er þetta frv. til laga til komið í raun vegna þess að grunnvinnan hefur verið undirbúin. Söluaðilar eru fundnir, samningurinn er raunar fyrir hendi og menn eru að velta fyrir sér tölum sem við vitum hverjar eru, þar af leiðandi tillögum um að afraksturinn eða afgangurinn eða það sem kemur út úr þessari sölu, þ.e. að þeir peningar verði notaðir til annarrar uppbyggingar á svæðinu og þá í Sveitarfélaginu Skagafirði og þar um kring.

Þetta teljum við í hæsta máta óeðlilegt. Af tvennu illu hefði verið betra ef ríkið hefði tímabundið leyst til sín hluta Sveitarfélagsins Skagafjarðar, beðið þar með átekta og e.t.v. komið fyrirtækinu á markað þannig að hægt og rólega mætti selja hlut ríkisins til lengri framtíðar litið. En það á ekki að stíga þetta skref.

Virðulegi forseti. Ég tel að engin trygging sé fyrir því að nýir eigendur sem hugsa sér að reka verksmiðjuna geri það endilega til langrar framtíðar. Það er heldur engin trygging fyrir starfsmenn þó það sé sett inn í sölusamninga eins og oft er gert. Þetta fyrirkomulag reyndum við með Rafmagnsveitur ríkisins. Það eru bara almennar yfirlýsingar um að menn stefni að því að halda óbreyttu fyrirkomulagi og að menn þurfi ekki að óttast um sinn hag í bili alla vega.

Ég tel málið því allt hið undarlegasta og versta. Ég tel að þetta sé hættulegt fordæmi, eins og raunar sala Rafveitunnar og sala Orkubús Vestfjarða. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum þetta ranga leið. Við teljum að ákvarðanir af þessu tagi séu til komnar vegna þess að sveitarstjórnirnar séu komnar í nauðvörn. Við höfum mörgum sinnum farið í gegnum það að það þyrfti að rétta og bæta stöðu sveitarfélaganna í landinu. Eins og ég sagði áðan þá höfum við gert um það tillögur. Svona mál koma ekki upp — það vitum við öll hér í þessum sal — nema bara vegna þess að menn telja sig komna í mikinn vanda. Hugur manna stendur ekki til sölu af þessu tagi nema þeir sjái ekki aðrar leiðir. *Þá stendur það upp á hið háa Alþingi að gefa mönnum* vonir um að breyta eigi rekstrargrunninum fyrir sveitarfélögin og gefa þeim aðra möguleika, þ.e. nálgast málin á annan hátt. Nefni ég þar sem dæmi, sem ég gat um áðan, félagslega íbúðakerfið.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta mál með Steinullarverksmiðjuna sé e.t.v. bara eitt af mörgum í röð. Talað er t.d. hástöfum um möguleika á sölu hitaveitna hjá skuldsettum sveitarfélögum. Flokkurinn er algjörlega andvígur því. Jafnvel þó það sé ekki beint komið í lagatexta þá eru nú sumir alla vega farnir að velta fyrir sér sölu á vatnsveitum. Þó er það ekki komið á pólitískt skrið. En við höfum reynslu af því á hinu háa Alþingi að yfirleitt líður ekki langur tími frá því farið er að tala um breytingar á rekstrarformi og þar til eitthvað fer af stað í þeim dúr í einkavæðingarátt hjá hæstv. ríkisstjórn.

Allt ber þetta að sama brunni. Við teljum að svona eigi ekki að standa að málum og höfum þess vegna lagt fram þessa frávísunartillögu við þetta frv., virðulegi forseti.

[16:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði hv. þm. Jón Bjarnason í andsvari hver stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væri varðandi það sem sveitarfélögin og ríkið ættu að eiga og reka í atvinnurekstrinum, og ef við værum að tala um fyrirtæki af þessu tagi sem framleiðir byggingarefni, hvort þá væri hugmyndin að ríkið eða sveitarfélögin ættu að eiga fyrirtæki sem framleiða t.d. steypuefni, húseiningar, innréttingar eða aðra slíka hluti, (**KHG:** Kaupa BYKO.) þ.e. hvernig þetta væri hugsað svona í heildina tekið. Mér virðist augljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé alfarið á móti því að eignarhlutir af þessu tagi séu seldir. Hér er verið að framleiða einangrunarefni. Það er byggingarefni. Því hlýtur að vakna spurning um hvernig þetta er skilgreint.

Síðan hef ég aðrar spurningar, t.d.: Hversu mikið eiga sveitarfélögin að eiga í svona fyrirtækjum? Er það einhver tiltekinn hluti? Hversu mikið á ríkið að eiga í svona fyrirtækjum? Er það einhver tiltekinn hluti? Hvað væri eðlilegt að ríkið ætti mikið í þessu fyrirtæki? Nú er verið að tala um að selja 30%. Líta menn þannig á það hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að ríkið eigi t.d. að grípa tækifærið og kaupa í byggingarfyrirtækjum sem verða til sölu á einstökum svæðum í landinu og hvar þá? Er þetta hluti af byggðastefnu eða er þetta hluti af almennri stefnumörkun flokksins? (**SJS:** Hver er stefna Samfylkingarinnar?)

[16:42]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ef hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur fylgst með umræðunni þá hafi hann heyrt það hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við leggjum megináherslu á að stoðkerfið sé í almannaeign og opinberum rekstri. En við höfum ekkert sett okkur á móti því að seldar séu verksmiðjur af ýmsu tagi. T.d. vorum við ekki andvíg því þegar Kísiliðjan við Mývatn var seld. Það er ekki málið.

Málið er hins vegar að sveitarfélagið er knúið vegna vandræða sinna í rekstri til þess að taka þessa ákvörðun núna á þessum tímapunkti og því erum við andvíg. Við erum t.d. heldur ekkert sérlega hlynnt því, og höfum lagst gegn því í málflutningi okkar, að ríkið styðji t.d. við bakið á erfðagreiningarfyrirtæki, líftækni. Við höfum ekki talað fyrir slíku og leggjumst t.d. gegn ríkisábyrgð hvað það varðar og teljum að það sé ekki hlutverk ríkisins að stuðla að því með þeim hætti sem verið var að gera hér um daginn í umræðunni um bakábyrgðir ríkisins.

Málið snýst um stöðu sveitarfélagsins í þessu tilviki. Við teljum að staðan hafi verið sú að menn hafi verið neyddir til þess að taka þessa ákvörðun og að hana eigi ekki að taka í þessu ljósi. Af tvennu illu væri betra ef ríkið brúaði þetta bil í bili — þess vegna er það líka lagt til — þannig að menn næðu áttum og þannig að bæði ríki og bær færu ekki út úr þessu í einu vetfangi og settu e.t.v. framtíðina í uppnám. Við viljum fara varlega að þessu. Þess vegna er í tillögum okkar sá varnagli sleginn að ríkið kæmi þá frekar inn ef sveitarfélagið teldi sig eindregið þurfa að losa þessa peninga.

[16:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef einmitt fylgst með þessari umræðu og ég verð að viðurkenna að þess vegna spyr ég. Hv. þm. nefndi það sérstaklega að stefnumörkun þeirra hjá flokknum væri sú að stoðkerfið ætti að vera í eigu opinberra aðila. Væntanlega tilheyrir þessi verksmiðja ekki stoðkerfinu. En hv. þm. sagði líka að þeir væru ekki á móti því að selja verksmiðjur. Nú er hér verið að selja verksmiðju, hlut í henni. Mér finnst svolítið skrýtið að hopa þannig í málinu og segja að úr því að þannig fer að sveitarfélagið selur sinn hlut þá eigi ríkið að kaupa. Hverju er bjargað með því? Ég átta mig hreinlega ekki á því.

Svo kallaði hér fram í formaður flokksins: „Hver er stefna Samfylkingarinnar?“ Það liggur fyrir. Hún vill að sveitarfélagið og forráðamenn sveitarfélagsins fái að ráða sínum málum, sveitarfélag sem situr uppi með skuldir vegna þess að það hefur fjárfest í atvinnulífinu og vill losa sig við þá eignarhluti. Hvers vegna í ósköpunum á að bregða fæti fyrir það? Ég átta mig bara alls ekki á því. Mér finnst ástæða til þess að það sé útskýrt betur fyrir mönnum ef þannig á að bregða fæti fyrir fyrirætlanir þeirra sem rétt eru til þess kjörnir að stjórna einu sveitarfélagi. (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur.)

Ég tel að full ástæða sé til þess að hlusta gaumgæfilega á það sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru hér að segja. En mér finnst að töluvert vanti á til að a.m.k. ég átti mig alveg á hver stefnan sé, því svo virðist vera að ríkið, ja, sveitarfélagið númer eitt og síðan þá ríkið í öðru falli eigi að eignast þessa verksmiðju til þess að reka framleiðslu á einangrunarefnum. Það er alla vega ekki stefna Samfylkingarinnar. Það get ég upplýst í þessari umræðu.

[16:47]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það virðist vera erfitt fyrir hv. þm. Jóhann Ársælsson að skilja málflutning minn. Því vil ég benda þingmanninum á að ég held að hann hafi þá ekki mikla jarðtengingu við fólk og sveitarstjórnir í hinum dreifðu byggðum landsins. Höfuðvandinn sem menn standa frammi fyrir og þeir óttast mest er að stór atvinnutæki fara úr viðkomandi byggðarlögum.

Af hverju heldur hv. þm. að hvert byggðarlagið á fætur öðru reyni eins og það geti t.d. að halda eignarhlut í útgerðum? Má þar nefna t.d. Skagaströnd og Vopnafjörð. Auðvitað er það vegna þess að fólkið er dauðhrætt um að verið sé að taka undan því þann grunn sem það byggir á í þessum byggðarlögum. Um það snýst málið. Málið snýst ekki um rekstur viðkomandi útgerðarfélags heldur snýst það um þá öryggistilfinningu sem viðkomandi sveitarfélag eða fólkinu þar finnst að það þurfi að hafa.

Þess vegna gilda nákvæmlega sömu lögmál um atvinnu af þessu tagi á Sauðárkróki og atvinnu af öðru tagi og þar með útgerðarfélög austur á Vopnafirði eða á Skagaströnd. Auðvitað er þetta viðleitni fólksins til þess að fara ekki með flumbrugangi af stað og eiga á hættu að allt fjari undan því. Þetta eru mjög einföld atriði.

Við höfum margsagt það, svo hv. þm. átti sig á því, að við erum ekki sérstakir talsmenn þess að vera í atvinnurekstri af þessu tagi. Málið snýst ekkert um það. (**JÁ:** Það gerir það.) Málið snýst um það hvernig farið er í þessa sölu, hvernig hún er framkvæmd, hvernig staðið er að henni og að menn séu knúnir til þess heima fyrir að gera þetta vegna þess að ekki hefur verið farið í aðrar lagfæringar sem nauðsynlegar eru fyrir stöðu sveitarfélaganna í landinu. Um það snýst gagnrýnin.

[16:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér leikur nokkur forvitni á að fá nánari skýringar á þeirri afstöðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, að ekki sé rétt fyrir sveitarfélagið að selja hlut sinn í Steinullarverksmiðjunni. Mig langar að biðja hann að útskýra það fyrir okkur hvað hann telji að breytist í rekstri fyrirtækisins við eigendabreytingu, að í stað þess að sveitarfélag eigi hlut í verksmiðjunni eða ríkissjóður, muni aðrir eigendur eignast þessi hlutabréf, þ.e. BYKO og Húsasmiðjan sem hafa hagsmuni af því að selja þessa vöru. Að hvaða leyti telur hann að þessi breyting á eignarhaldi fyrirtækisins verði til tjóns fyrir fyrirtækið? Því það hlýtur að vera mat hans að þetta skaði fyrirtækið úr því hann leggst gegn því að salan fari fram.

Ég tók eftir því að hv. þm. sagði að engin trygging væri fyrir því að nýir eigendur rækju fyrirtækið til langrar framtíðar. Ég spyr: Telur þingmaðurinn að tryggt sé að núverandi eigendur reki fyrirtækið til langrar framtíðar án alls tillits til afkomu fyrirtækisins? Ræður það ekki fyrst og fremst því hvort menn reka fyrirtæki eða ekki að það sé hægt með hagkvæmum hætti og að menn hafi arð af rekstrinum? Það kemur fram í nál. hv. þm. að Steinullarverksmiðjan hafi reynst mikill happafengur og rekstur inn gengið vel þannig að samkvæmt þessum upplýsingum eru aðstæður mjög góðar. Rekstur inn í fínu lagi. Ég spyr: Hvað á að breytast við það að hlutabréf skipti um hendur sem leiðir til þess að hann metur það svo að fyrirtækið er væntanlega að leggja upp laupana innan skamms?

[16:51]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heima fyrir segja menn blátt út, eins og komið hefur fram í ræðum á hinu háa Alþingi, að hugur manna standi til þess að selja hlut Sveitarfélagsins Skagafjarðar nær einvörðungu vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Fram hefur komið að sveitarfélagið hefur í tekjur u.þ.b. 1 milljarð, rekstur inn er eitthvað í svipuðum skala og skuldirnar eru líklega í kringum 1,5 milljarðar. Það sem stendur upp úr númer eitt, tvö og þrjú er að staða sveitarfélagsins knýr menn til þess að taka þessa ákvörðun. Menn vilja losa peninga. Það skil ég ósköp vel.

Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki er mjög vel rekið fyrirtæki nú um stundir þó að byrjunarörðugleikar hafi verið. Hluti af velgengni hennar er eflaust hversu vel fyrirtækið er

búið að koma sér fyrir. Það er gríðarlega mikið eigið fé í fyrirtækinu og það gerir það að verkum með öðru að fyrirtækið er samkeppnisfært. Það hefur að vísu fengið nýjustu tækni frá Finnlandi eins og fram hefur komið. Þetta er sú staða sem fyrirtækið er í og þess vegna er það samkeppnisfært.

Ég ætla engu að spá um það en ég vona sannarlega að ef fyrirtækið skiptir um eigendur þá eigi það langa og bjarta framtíð fyrir sér. En ég segi að þegar menn eru knúnir til þess að taka svona ákvörðun út frá bágri fjárhagslegri stöðu, er það hlutverk okkar á hinu háa Alþingi að taka þessi mál fyrir í víðara samhengi og benda á að þessi ákvörðunartaka og óskir af þessu tagi eru m.a. fram komnar vegna þess hver staða sveitarfélaganna er. Það er nú hin heila og stóra pólitík á hinu háa Alþingi gagnvart sveitarfélögunum sem er að mínu mati stórt mál. Þetta er bara eitt vandræðamálið, að mínu mati, vegna þeirrar stöðu.

[16:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði. Hv. þm. gat ekki fært nein rök fyrir því að breytingin á eignarhaldi hlutabréfa hefðu einhver áhrif á rekstur fyrirtækisins, að sjálfsögðu ekki enda eru slíkar fullyrðingar firra ein og þegar á reynir stendur þingmaðurinn ekki við það að sú breyting sé til tjóns eða skaða fyrir reksturinn og atvinnustarfsemina sem fyrirtækið veitir.

Þá stendur eftir hitt sem hann hljóp í máli sínu til stuðnings, þ.e. að sveitarfélagið eigi ekki að selja af því það er skuldsett, af því það verði að losa eignir til að grynnka á skuldum, að þær aðstæður að sveitarfélagið sé skuldsett geri það að verkum að óeðlilegt sé að selja eignir. Ég spyr: Hvað ætlar hv. þm. að leggja til í þeim efnum? Ætlar hann að leggja það til að við breytum hlutafélagalögum þannig að eigendur hlutabréfa megi ekki selja þau ef þeir eru skuldsettir? Hvaða viðmið ætlar hv. þm. að setja? Hvað má sveitarfélag skulda mikið til þess að það megi selja hlutabréf að mati hv. þingmanna Vinstri grænna? Hvaða kríteríur ætlar þingflokkurinn að setja upp í þeim efnum, (**JB:** Það er ríkissjóður sem ...) fyrir sveitarfélög og einstaklinga og aðra sem eiga hlutabréf? Nei, þeir mega ekki selja. Þeir ætla að taka ráðin af eigendum hlutabréfanna, banna þeim að ráðstafa eign sinni.

Herra forseti. Ég verð að segja að ég hélt að þessi forræðishyggja væri löngu grafin og komin undir græna torfu. En því miður virðist svo ekki vera.

[16:55]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta makalaust andsvar hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, formanni þingflokks framsóknarmanna. Ég kom inn á það að það er vegna stöðu sveitarfélaganna sem þau fara út í þessar aðgerðir. Ef hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson áttar sig ekki á því þá hefur hann bara ekki tekið púls á sveitarstjórnarmönnum, hvað þá fólkinu í byggðarlögunum í kringum landið. Við getum byrjað á Orkubúi Vestfjarða. Auðvitað var ákvörðunin tekin fyrst og fremst vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Steinullarverksmiðjudæmið er nákvæmlega eins. Rafveitudæmið á Sauðárkróki er nákvæmlega eins. Það að reyna að auka hlutafé í fyrirtækjum í smáþorpum úti á landi, nefnum sem dæmi Vopnafjörð — þetta er nákvæmlega eins. Þetta er viðleitni fólksins til þess að halda afkomugrunni.

Þá kem ég að því sem hefur auðsjáanlega ekki komist til skila frá mér til hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, þ.e. að við viljum og vildum fara í alhliða aðgerðir til þess að treysta stöðu sveitarfélaganna vegna þess að við vitum að þau eiga mjög erfitt með rekstur mörg hver. Auðvitað kemur þetta verr niður á litlu sveitarfélögum en stóru sveitarfélögunum vegna þess að þau eru flest hver miklu tengdari atvinnurekstri en gengur og gerist t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þessi mál höfum við viljað nálgast í stóru samhengi en ekki endilega draga út fyrir sviga eitt svona dæmi þótt það sé vissulega stórmál fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð.

Ég tel að með einkavæðingu af þessu tagi séu miklu minni líkur til þess að viðkomandi fyrirtæki verði staðbundið um langa framtíð. Það sanna bara dæmin. Það þarf ekkert að taka á þeim málum öðruvísi.

[16:57]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 605. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1405.

Skráning í þjóðskrá, 658. mál, svar hagstrh., þskj. 1400.

Stefna í byggðamálum 2002–2005, 538. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 1410.

Verslunaratvinna, 607. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1408; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1409.

Þátttaka Landsvirkjunar í menningartengdu starfi, 700. mál, svar iðnrh., þskj. 1368.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú hefur heldur betur vænkast hagur okkar í þessari umræðu. Tveir hv. þm. hafa dýpkað hana mjög með þátttöku sinni, þeir hv. þm. Jóhann Ársælsson og Kristinn H. Gunnarsson. Það er athyglisvert að menn skuli koma hér og ræða frv., þingmál, án þess að hafa lesið það, án þess að hafa áttað sig á því um hvað málið snýst. Það var alveg bersýnilegt á máli þeirra beggja hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og Kristins H. Gunnarssonar að þeir hafa ekki lesið þingmálið. Þeir vita ekki um hvað það er. Þeir halda að hér sé verið að ræða á Alþingi frv. til laga um að selja hlut Sauðárkróks í Steinullarverksmiðjunni. (**JB:** Skagafjarðar) Skagafjarðar. Það er rangt. Það er verið að ræða hérna um sölu ríkisins. (Gripið fram í.) Það er verið að ræða hérna um eignarhlut ríkisins. (**KHG:** Lestu nefndarálitið.) Það er eins og hv. þingmenn hafi ekki áttað sig á þessu. Það er bersýnilegt. Þar fyrir utan voru furðulegar tilraunir til útúrsnúninga uppi hafðar áðan og er kærkomið að fá tækifæri til að svara þeim aðeins.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti hér þá speki að það sæju nú líklega allir menn að það breytti engu hver ætti hlutabréfin í svona verksmiðju, það yrði sem sagt engin breyting á stöðu þessa fyrirtækis, ef marka má orð þingmannsins, þó sveitarfélagið annars vegar og svo ríkið færu út úr því sem eignaraðilar. Er þetta líklegt? Er þetta trúverðugur málflutningur? Hafa menn þá tilfinningu í Skagafirði að svo sé? Ég held ekki. Gaman væri að vita hvort hv. þm. Jóhann Ársælsson er sama sinnis hvað varðar eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni. Ég skýt því svona hérna inn.

Og hvernig ætli hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson heimfæri þetta dæmi t.d. upp á Áburðarverksmiðjuna? Breytti það engu hver átti hlutabréfin, lóðarréttindin og verðmætin sem voru fólgin í Áburðarverksmiðjunni? Hvað tók það nýju eigendurna langan tíma að leggja hana niður? Hvað eru þeir að græða á því að ríkið svo til gaf þeim þessa verksmiðju? Var ekki búið að reikna út að það væru um 700 milljónir

sem þeir hefðu fengið á silfurfati með því að kaupa verksmiðjuna, skuldlaust fyrirtæki, með áburð í birgðum upp á um 700 milljónir króna, á 1.100 milljónir, öll réttindi með?

Ég held að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ætti að fara í heimsókn hérna út í bæ, úr því hann er svona illa að sér í þessum efnum, og ræða við nokkra menn sem geta sagt honum sögur af nýjustu íþróttinni á verðbréfamarkaði og í hlutabréfaviðskiptum sem er sú að kaupa innanfeit fyrirtæki og flá þau. Þeir sem eru á höttum eftir skjótfengnum gróða núna og hann er ekki að fá lengur eftir að verðbréfablaðran sprakk, þeir stunda núna þá íþrótt, að reyna að ná sér í innanfeit fyrirtæki og flá úr þeim fituna. Og síðan ræðst það eftir aðstæðum hvað er gert með þau í framhaldinu og þau verða ekki öll mjög gömul eftir að nýir eigendur hafa náð þeim undir sig.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson veit sennilega ekki um átökin sem hafa verið hér, geysað á bak við tjöldin í viðskiptalífinu undanfarin missiri og m.a. allt upp í stærstu olíufélögin verið þar undir, þar sem slagurinn hefur staðið um nákvæmlega þetta, að menn eru á höttum eftir vel stæðum fyrirtækjum sem eru peningalega sterk, eru innanfeit, komast í ráðandi stöðu í þeim, láta þau borga sig sjálf, flá úr þeim fituna og sjá svo til hvað þeir gera við slangið.

Og dettur hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, sem er að baksa eitthvað við byggðamál, er það ekki, er ekki hv. þm. formaður stjórnar Byggðastofnunar — dettur honum í hug að halda því fram eitt augnablik að eignarhald ríkisins og þess vegna sveitarfélagsins hafi ekki skipt sköpum fyrir þetta fyrirtæki? Það væri ekki til nema vegna þess að ríkið hafði frumkvæði að því að koma því á fót. Og það væri heldur ekki norður á Sauðárkróki nema vegna þess að tekin var um það pólitísk ákvörðun. Að heyra formann Byggðastofnunar koma og tala með þessum hætti hér um hlutina er auðvitað með ólíkindum.

Ég held að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og þeim framsóknarmönnum væri nær að reyna að manna sig upp í að gera eitthvað í sambandi við rekstrarstöðu sveitarfélaganna í landinu sem eru að kikna, sem hafa verið að safna skuldum undanfarin ár, hverra rekstrarkostnaður hefur á fáeinum árum hækkað úr því að vera 75–77% af skatttekjum að meðaltali eins og þetta var fyrir 6–8 árum, upp í að vera líklega um 85% í fyrra og stefna upp á við. Er þetta ekki vandinn, herra forseti? Er þetta ekki ástæða þess að hvert sveitarfélagið á fætur öðru sér sig núna knúið til þess að selja frá sér verðmætustu eignir sínar? Ég fullyrði að það gera sveitarstjórnarmenn oft algerlega nauðbeygðir vegna þess að menn vita að með því eru þeir ekki að gera góð viðskipti, þetta eru afarkostir sem menn eru oft þarna að lúta, og það skapar iðulega óvissu og óöryggi um framhaldið.

Auðvitað er þetta röskun á stöðu Steinullarverksmiðjunnar og skapar meiri óvissu um framhaldið. Að sjálfsögðu vonar maður, gangi þetta eftir samt sem áður, að það fari vel og fyrirtækið verði áfram rekið á staðnum og með fullri drift. En það er algerlega augljóst mál að þátttaka ríkisins í því og áframhaldandi eign ríkisins — þó ekki hefði verið annað en ríkið hefði sagt sem svo: Ja, við höldum okkar hlut til að tryggja stöðugleika í málefnum fyrirtækisins, það er alveg nóg breyting í senn að sveitarfélagið leysi þá út sinn hlut, þó ríki bæti ekki við að selja sitt líka — hefði strax skapað ákveðna tryggingu fyrir því að ríkið gat beitt afli sínu, átti aðkomu að fyrirtækinu og ég gef mér að menn hefðu þá viljað stuðla að því að það yrði áfram rekið af myndarskap á Sauðárkróki.

Við skulum heldur ekki gleyma því að þó að vel hafi gengið hjá þessu iðnfyrirtæki núna um nokkurt skeið, þá hefur það gengið í gegnum erfiðleikatímabil og það hafa fleiri sambærileg fyrirtæki gert og þá hefur skipt miklu að ríkið væri öflugur bakhjarl að þeim fyrirtækjum. Ætli það hafi ekki sýnt sig á Grundartanga, á Akranesi og víðar að þátttaka ríkisins og eignarhald ríkisins og þar með talið eigendaábyrgð ríkisins, hefur verið mikilvæg baktrygging fyrir fyrirtæki af ýmsum toga sem hafa lent í erfiðleikum, þurft að ráðast í fjárfestingar, fengið fyrir það ódýrari fjármögnun og annað í þeim dúr?

Það þýðir auðvitað ekki að ræða þetta öðruvísi en það er, að fyrirtækið er þarna vegna þess að ríkið hafði atbeina um að koma því á fót, eignarhald ríkisins hefur skapað því mikilvæga kjölfestu og það er verið að raska henni með þessu.

Menn eru í raun og veru að sæta þeim afarkostum í sveitarfélögunum hringinn í kringum landið að selja eignir upp í vaxandi rekstrarvanda og skuldir og svo koma talsmenn sömu ríkisstjórnar og hafa setið ofan á höndunum á sér gagnvart vanda sveitarfélaganna ár eftir ár eftir ár og horft á stöðu þeirra versna og bregðast ókvæða við þegar bent er á sjálfa undirrót vandans, sjálfa ástæðu þess að menn sjá sig knúna til að fara út í svona hluti. Og jafnvel þó að staðan sé þessi, er engu að síður ljóst að um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir heima fyrir. Ég veit ekki betur en að einmitt upp úr þessum hlutum hafi sveitarstjórnir í raun og veru sprungið í Skagafirði, þ.e. hvernig glíma ætti við skuldirnar og hvort ætti að fara út í þá eignasölu sem síðan hefur verið farið í, á rafveitu og síðan nú steinull.

Ég vil einnig, herra forseti, fá útlistanir á því frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sem taldi að stefna Samfylkingarinnar væri náttúrlega skýr í þessu máli eins og væntanlega í öllum öðrum. Já, Samfylkingin ætlar að styðja málið, er það ekki? Það var varla annað ráðið af nál. meiri hlutans, þar með talin vinnubrögðin sem ástunduð eru við söluna. Fróðlegt verður að hafa það í huga þegar Samfylkingin setur næst á heilagleikaræðurnar um hin vönduðu vinnubrögð, að hún ætlar að styðja það að allar reglur um sölu eigna ríkisins og meðferð þeirra mála eru þverbrotnar í þessu tilviki. Þverbrotnar. Eða hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson ekki lesið reglurnar um ráðstöfun eigna ríkisins, lög og reglur um meðferð þeirra hluta? Ég held að hv. þingmenn Samfylkingarinnar ættu að kynna sér það áður en þeir fara að skrifa upp á þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. En það er eins og Samfylkingin hafi gaman af því, herra forseti, að hýða sjálfa sig aftur og aftur í hverju málinu á fætur öðru, þar sem hún gengur í vatni fyrir ríkisstjórnina. Í hverju málinu á fætur öðru þar sem vinnubrögðin eru með þessu tagi. Og sannast þá enn hið fornkveðna að sjálfskaparvítin eru verst. Sjálfskaparvíti Samfylkingarinnar eru verst. Látum það vera þó Samfylkingin vilji styðja söluna sem slíka, en að hafa ekki einu sinni fyrirvara á vinnubrögðunum er auðvitað merkilegt.

Ég fer því fram á það allra náðsamlegast, herra forseti, að hv. þm. Jóhann Ársælsson sem lýsir eftir stefnu annarra flokka, upplýsi okkur þá örlítið um stefnu Samfylkingarinnar hvað varðar meðferð ríkiseigna og sölu þeirra og vinnubrögð í því sambandi. Og telur Samfylkingin að reglum um það megi bara ýta til hliðar þegar svo ber undir? Það er alveg sjálfsagt mál að gleðja hv. þm. Jóhann Ársælsson með því að

fara aðeins yfir stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð í þessu máli sem öðrum tengdum og skyldum. Alveg sjálfsagt mál og greinilega þörf á því fyrir hv. þm. (**Gripið fram í:** Hvaða eignir eigum við að eiga?) Það er aldrei að vita nema hv. þm. Jóhann Ársælsson vitkist svolítið í sinni pólitík ef farið er yfir þessa hluti með honum. Mér hefur fundist hv. þm. vera mjög að þróast til verri vegar og í óskynsamlega átt í grundvallarviðhorfum sínum til stjórnmála og ef hv. þm. er að gerast hér helblár einkarekstrarsinni, þá mundi ég segja: Ja, öðruvísi mér áður brá. Þá skulum við bara fara aðeins yfir það, herra forseti, hverjar við teljum að eigi að vera hinar almennu samskiptareglur opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í sambandi við atvinnumál og annan rekstur í landinu.

Við erum fyrir það fyrsta í grundvallaratriðum andvíg einkavæðingu í velferðarþjónustu. Það liggur alveg fyrir. (**Gripið fram í:** En í steinullinni?) Þar er nú kannski ekki svo óskaplega mikill munur á. Þegar kemur að mikilvægum almenningsþjónustufyrirtækjum sem eru í lykilhlutverki eins og Landssíminn og önnur slík fyrirtæki, þá teljum við að ríkið eigi a.m.k. ekki að henda þeim í hendur einkaaðila þannig að við fákeppnis- eða einokunaraðstæður fari menn í þeim efnum úr öskunni í eldinn. Þess vegna höfum við verið andvíg einkavæðingu Landssímans. Samfylkingin var með ákaflega skýra stefnu í því máli, var það ekki? Hún vildi ýmist selja Landssímann þrem mánuðum fyrr eða þrem mánuðum seinna. Og hafði uppi að vísu hugmyndir um að kannski ætti að undanskilja grunnnetið, en svo einhvern veginn gufaði það upp í umræðum um málið. Framsókn var líka með þá stefnu um tíma en hætti svo við hana og féll frá því að gera kröfur um að grunnnetið yrði ekki selt með.

Þetta mundi ég segja að væru svona meginlínurnar hvað okkur varðar. Við höfum að vísu lagt til að farið verði í að skoða skipulega með nefndastarfi og kortleggja út frá aðstæðum í nútímanum hvernig meginlínur slíkrar verkaskiptingar ættu að liggja, því þær eru á ýmsan hátt orðnar óhreinar og það hefur verið deilt mjög um þessi mál. Þetta hefur jú verið eitt helsta hitamál stjórnmála á síðustu tveimur áratugum eða svo í vestrænum stjórnmálum, það er nýfrjálshyggjan með einkavæðingarstefnu sinni sem mér finnst hv. þm. Jóhann Ársælsson og flokkur hans alveg kengboginn undir, í anda Tonys Blairs og slíkra manna, sem sumir telja mestu hægri menn í stjórnmálum nútímans, bara dulbúið í þeirri svokölluðu þriðju leið. En staðreyndin er sú að Blair sem margir samfylkingarmenn hafa nú mært hefur gengið lengra á mörgum sviðum einkavæðingar en íhaldið gerði í tíð Thatcher.

Ef til vill er það fyrirmyndin sem hv. þm. Jóhann Ársælsson á sér og þá er von að hv. þm. sé á móti stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, því það er alveg klárt að nýfrjálshyggjunni andmælum við og berjumst gegn og við sjáum ekki að hún sé að færa mönnum þjóðfélag jafnaðar og réttlætis, heldur þvert á móti er fylgifiskur hennar alls staðar meiri aðstöðumunur og breikkandi gjá í lífskjörum og aðstöðu. Ég hvet hv. þingmenn til að kynna sér afleiðingar nýfrjálshyggjutilraunanna t.d. á Nýja-Sjálandi, í Bretlandi og víðar þar sem þessari fílósófíu hefur verið fylgt. (**Iðnrh.:** En hvað með Kísiliðjuna?) Og væri þá ekki mögulegt að ... óskaplega er þeim órótt hv. þingmönnum undir þessari ræðu, (**Iðnrh.:** Hafa samræmi í hlutunum.) er þetta kannski svolítið viðkvæmt?

Síðan kemur að því, herra forseti, að þátttaka ríkisins í atvinnulífinu hér á landi og sveitarfélaga, jafnvel félagasamtaka eins og samvinnuhreyfingarinnar sem einu sinni var til og átti sér málsvara (**Iðnrh.:** Og þingmaðurinn var á móti.) en gerir ekki lengur, ég er mikill samvinnumaður, herra forseti, og mjög hlynntur þeirri hugmyndafræði, (**KHG:** Og sagði sig úr kaupfélaginu.) en mjög mikill samvinnumaður, en mér var ekki sama hvernig með þá hluti var farið. Þegar Framsóknarflokknum tókst að lokum vegna flokkspólitískrar einokunar á samvinnuhreyfingunni að ganga að henni dauðri, það er staðreynd, það er enginn einn aðili sem ber meiri ábyrgð á því að samvinnuhreyfingin er nánast sáluð í landinu en Framsóknarflokkurinn, það er algjörlega ljóst, (Gripið fram í.) Framsóknarflokkurinn stórspillti náttúrlega fyrir þeirri hreyfingu sem í byrjun var fjöldahreyfing studd af öllum almenningi og þar sem menn fóru ekki í manngreinaálit eftir pólitík, en það vita allir hvernig framsóknarmenn höfðu þetta í þeim kaupfélögum þar sem þeir réðu og fengu einhverju ráðið. Þar ráku þeir þetta eins og deild í flokknum. Ekki þarf að fara langt aftur í tímann til þess að finna kosningaskrifstofur Framsóknarflokksins á landsbyggðinni eiginlega allar í kaupfélögunum. Ætli hafi ekki verið borguð lítil leiga? Ég er hræddur um það. Það komst aldrei nokkur maður í stjórn í kaupfélagi nema vera með flokksskírteini í Framsóknarflokknum, þangað til einstöku sinnum til að hafa fjarvistarsönnun frá því að þeir rækju þetta eins og deild í flokknum, þá var kannski sýndur einn maður með annan flokkspólitískan lit. (**Iðnrh.:** Var hv. þm. með væntingar?)

Nei, hæstv. ráðherra, ég held að ég hafi komist af í lífinu án þess að fá út á náð Framsóknarflokksins einhvers staðar að sitja í kaupfélagsstjórn. Hef alveg haft nóg með starfskrafta mína og orku að gera og hef varið til þeirra hluta sem ég er mjög sáttur við, helgað mig þjóðmálum á öðrum vettvangi. Hitt er svo annað mál að ég hefði sjálfsagt getað lagt gott til mála einhvers staðar í kaupfélagi ef út í það hefði verið farið. (Gripið fram í.) Ja, það vona ég.

En síðan er það þetta, herra forseti, sem er þá kannski kjarni umræðunnar, að ríkið er auðvitað af ýmsum þáttum, hefur verið og var þátttakandi í uppbyggingu atvinnulífs á ýmsum sviðum, þar sem í raun og veru var ekki öðrum til að dreifa, þar sem aðrir höfðu ekki bolmagn vegna fjárleysis og fámennis hér í landinu, að koma þeim hlutum á laggirnar. Það er auðvitað meginástæða þess t.d. að ríkið átti Síldarverksmiðjur ríkisins, að fáum aðilum öðrum var til að dreifa sem höfðu bolmagn og getu til þess, ég tala nú ekki um í kreppunni eða á erfiðleikatímum, að ráðast í slíkan atvinnurekstur í stórum stíl. Það er líka ástæða þess að ríkið kemur á fót sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og ýmsum fleiri slíkum stórum fyrirtækjum. Það er sömuleiðis ástæðan að hluta til fyrir því að ríkið er eigandi að Steinullarverksmiðjunni. Þar voru menn í raun að slá margar flugur í einu höggi. Menn voru að koma á fót nýrri iðnaðarstarfsemi í landinu. Menn staðsettu það fyrirtæki í landsbyggðarhéraði sem lið í byggðastefnu og það var í tíð ágætrar vinstri stjórnar og undir forustu Hjörleifs Guttormssonar, þáv. iðnrh., sem þetta var gert.

Þetta eru hinar sögulegu ástæður fyrir því að ríkið er inni í þessari verksmiðju en ekki einhverjum öðrum. Að ætla svo að taka menn í próf og alhæfa út frá eignarhaldi ríkisins í þessu fyrirtæki, sem á sér sögulegar og efnislegar ástæður, er ómerkilegt. Eign ríkisins í þessari verksmiðju er staðreynd þó að við getum haft um það meiningar. Það er staðreynd sem við hljótum að ganga út frá. Þannig er það í dag. Ríkið

á af þeim ástæðum sem ég hef farið yfir um 30% eignarhlut í þessari verksmiðju. Við getum haldið því fram að þannig eigi það ekki að vera, en það er samt staðreynd. Það er samt þannig, er það ekki? Eigum við ekki þá bara að horfast í augu við það? Svona er staðan og ef við ætlum að breyta því þá skulum við ganga út frá þeim veruleika að svona er þetta en ekki að það gæti verið eða ætti að vera einhvern veginn öðruvísi.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson má hafa þær skoðanir fyrir mér, alveg hreint linnulaust, að hlutirnir ættu að vera öðruvísi en þeir eru. En ég ætla að halda áfram að ganga út frá veruleikanum í rökræðum um málin og nálgast það út frá þeim staðreyndum sem fyrir liggja, að ríkið á þennan tæpa þriðjung í fyrirtækinu. Fyrir því eru ákveðnar sögulegar og efnislegar ástæður og út frá því skulum við ræða málið.

Þá kunna menn að spyrja: Er þetta tímaskekkja, eitthvað sem er óheppilegt og vont og viljum við breyta því? Ég sé ekkert að þessu fyrirkomulagi. Ég sé ekkert að því fyrirkomulagi að ríkið sé þarna þátttakandi í atvinnurekstri ef það þjónar skynsamlegum markmiðum um stöðugleika í rekstri þessa fyrirtækis, tryggir að menn séu í leiðinni að ná ákveðnum byggðapólitískum markmiðum fram. Ég hafna því a.m.k. algerlega að á því sé einhver slíkur ljóður að lífið liggi við að ríkið rjúki út úr þessu fyrirtæki. Ég mundi gera strax greinarmun á því ef menn hefðu kynnt þetta mál og sagt: Sveitarfélagið vill selja sinn hlut og meðeigendurnir eftir atvikum eða nýir aðilar eru tilbúnir til að kaupa það út – gott og vel — en ríkið ætlar að fara rólega í sakirnar og ekki auka á þá óvissu og los sem þetta kann að skapa í málefnum fyrirtækisins fyrst um sinn.

Ríkið gæti haft sinn eignarhlut síðan mögulega til sölu einhvern tímann á komandi árum (**Iðnrh.:** Hver vill þá kaupa?) ef allt gengi nú vel, fyrirtækið dafnaði, ríkið teldi sig hafa fullnægjandi tryggingar fyrir því að það væri engin áhætta tekin gagnvart þeim byggðapólitísku, félagslegu og atvinnulegu markmiðum sem hlutur ríkisins í þessu fyrirtæki hefur þjónað hingað til.

Ég spyr þá um rökin á móti: Hvað væri að því að ríkið hefði þetta svona? Hvað væri að því? Sjá menn einhverja óskaplega meinbugi á því? Hver vill þá kaupa, kallar hér hæstv. iðnrh. fram í og rýkur svo úr salnum? Má þá ekki ríkið bara eiga þetta áfram enn um sinn? Er þetta útsölu-hugsunarháttur? Er það þannig að ríkið líti á það sem svo rosalegt happ að geta selt núna að það verði að stökkva á það? Er ríkið svo illa statt að það hafi ekki efni á að láta þessar milljónir liggja þarna inni? Hvað er hér á ferðinni? (**JÁ:** Af hverju þarf ríkið að eiga þetta?)

Á sama tíma, herra forseti, kaupir ríkið orkubú af sveitarfélögum á Vestfjörðum, vegna þess að þau voru á hnjánum og skuldug og áttu velflest enga aðra verðmæta eign til að selja. Hún er auðvitað rifin af þeim í staðinn fyrir að taka á fjárhagsvanda þeirra. Sama ríkisstjórn og skilur sveitarfélögin í landinu eftir með vanda vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis á herðunum, líklega af stærðargráðunni 2,5–3 milljarðar kr., og gerir nánast ekki neitt til að hjálpa þeim við að takast á við vandann, gerir svo samkomulag við þau um að þau borgi þetta sjálf. Ríkið keypti á Vestfjörðum en ætlar svo að rjúka út úr Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. (**KHG:** Studduð þið það?) Nei, við studdum það nú ekki, herra forseti.

Við studdum það ekki, herra forseti, vegna þess að við vildum og höfum barist fyrir því og flutt um það tillögur að tekið yrði á fjárhagsvanda sveitarfélaganna með almennum aðgerðum og stöðu þeirra komið í skikkanlegt horf. Þannig væru menn sjálfstæðir, gætu tekið sjálfstæðar og hlutlausar ákvarðanir um hvað þeir vildu eiga og hvað ekki. Það er ekki þannig að forsvarsmenn sveitarfélaganna í landinu hafi sjálfræði í þessum efnum þegar þeir eru neyddir til að selja. Sveitarfélögin hafa mörg, þvert gegn því sem vilji þeirra hefði staðið, neyðst til að selja hluti sína, t.d. í útvegsfyrirtækjum, af því að þau hafa engar aðrar eignir átt til að losa, vegna mikils rekstrarvanda eða vegna þess að þau hafi verið að reyna að koma upp íþróttahúsi og skapað í leiðinni mikla óvissu um grundvallaratvinnuhagsmuni í byggðarlögum sínum.

Þetta þekkir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hann veit þetta vel. En hann talar eins og hann talar eftir sem áður af því hann hefur gengið undir það jarðarmen að styðja þessa ríkisstjórn. Framsóknarflokkurinn lætur Sjálfstæðisflokkinn kúska sig í hverju málinu á fætur öðru, (**Gripið fram í:** Einkum í þessu.) sérstaklega þessu, já. Sérstaklega í því sem lýtur að sveitarfélögunum. Það á að heita svo að hæstv. félmrh. Páll Pétursson sé félmrh. Hverju hefur hann áorkað í málefnum sveitarfélaganna? Engu. Hann hefur engu komið þar fram af því íhaldið ræður. Geir Hilmar Haarde læsir bara kassanum þegar hæstv. félmrh. kemur og ætlar að reyna að gera eitthvað fyrir sveitarfélögin. Það blasir við hverjum manni.

Hvers vegna beitir nú íhaldið þessari taktík, að kvelja sveitarfélögin? Ég held að það séu pólitískar ástæður á bak við það. Íhaldið veit alveg hvað það er að gera. Það veit nákvæmlega hvað það er að gera. Það heldur sveitarfélögunum í landinu í klemmu, í rekstrarlegri og fjárhagslegri spennitreyju. Að mínu mati er það af tveimur ástæðum. Önnur er andúðin á R-listanum í Reykjavík og hin er sú stefna íhaldsins að knýja menn út í einkarekstur, einkavæðingu og einkafjármögnun alls staðar þar sem því verður viðkomið. Íhaldið veit að þeim mun erfiðari sem afkoma sveitarfélaganna er, þeim mun meiri er freistingin, að selja eignir, láta uppbygginguna fara fram á grundvelli einkafjármögnunar, sem verður svo dýrari þegar upp er staðið. En það þjónar pólitískum markmiðum íhaldsins. Lætur Framsókn undan eins og venjulega og horfir aðgerðarlaus á það ár eftir ár að afkoma sveitarfélaganna versnar og versnar.

Og hvernig ætlar hv. þm., (**KHG:** Þetta er nú mikil þjóðsaga.) hvernig ætlar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar, að útskýra fyrir okkur byggðapólitíska nytsemd þess að kvelja sveitarfélögin í landinu nánast til dauða? Það er leitun að sveitarfélagi utan suðvesturhornsins sem ekki er í bullandi vandræðum. Það má segja að Akureyringar hafi haldið sæmilega sjó í sínum málum og síðan eru það einstöku fámennir sveitahreppar sem standa þokkalega, einfaldlega vegna þess að þar hefur ekki verið sú útgjaldafreka þjónusta sem hvílir á öllum stærri sveitarfélögum. Ég hef farið sæmilega í gegnum þetta, lesið árbók Sambands sveitarfélaga nokkuð vel og skoðað þar t.d. skuldastöðu sveitarfélaganna og kennitölur í þeim efnum. Það er ískyggileg lesning, að lesa þá bók ár eftir ár og sjá hvernig þetta hefur verið að versna. Þegar maður fór um í vetur og hitti sveitarstjórnarmenn, í desember og janúar, þegar fjárhagsáætlanir voru í smíðum var hvert sveitarfélagið á fætur öðru að berjast við að ná rekstrinum niður undir 90% af skatttekjum. Svona er staðan. Þetta er veruleikinn. Þessar tölulegu staðreyndir er hægt að leggja á borðið.

Stjórnarliðar láta eins og þetta sé ekki til og eitthvað skrýtið að við skulum vilja draga þessi mál inn í umræðuna. Ég held að það væri nær og þarfara að nota stundarkorn hér á Alþingi í raunverulegar umræður um þetta. Ég held að þessi slæma staða sveitarfélaganna sé eitt af því versta sem við glímum við í byggðamálunum núna. Þau eru meira og minna að verða máttlaus, svo lestuð eru þau af skuldum og eiga orðið í þvílíkum erfiðleikum með að ná endum saman. Þau geta vart neitt. Útkoman er sú að menn hafa dregið úr öllum fjárfestingum sem þeir mögulega geta. Þá koma menn og hrópa: Skuldirnar eru hættar að aukast.

Af hverju eru skuldirnar hættar að aukast? Af því menn geta ekki tekið meiri lán. Þeir eru orðnir svo skuldugir og reksturinn er svo þungur að það er enginn grundvöllur til slíks. (**KHG:** Húsavík er nú ekki dæmi um valt sveitarfélag.) Herra forseti, ég held að við skulum sleppa því kannski að vera að nefna einstök sveitarfélög, nema við séum að gera það undir jákvæðum formerkjum. Ég held við ættum ekki að kalla hér fram í nöfn sveitarfélaga, eða í hvaða tilgangi er það gert? Er það af pólitískum ástæðum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kýs að kalla hér framm í nafn eins sveitarfélags í landinu? Það er hugsanlegt. (**KHG:** Ég held að hv. þm. sé vel kunnugur á Húsavík og geti fjallað um málefni þess sveitarfélags af þekkingu.) Ég þekki Húsavík prýðilega. Ég þekki prýðilega til mála á Húsavík. Ég tel að heimamenn þar hafi staðið sig vel og að núverandi meiri hluti á Húsavík hafi staðið sig mjög vel í að fleyta því sveitarfélagi í gegnum mikil áföll. Það var ekki núverandi meiri hluta í bæjarstjórn Húsavíkur að kenna að Kaupfélag Þingeyinga varð gjaldþrota og komst í þrot með rekstur sinn, né ýmsar þær hremmingar aðrar sem það sveitarfélag hefur orðið fyrir. Sé hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að halda því fram, væri það einstaklega ómaklegt og ómerkilegt af formanni stjórnar Byggðastofnunar. Það skal hann hafa alveg frá fyrstu hendi. (**KHG:** Ég hef ekkert sagt um það.) Nei, það ætla ég að vona. Það ætla ég að vona. (**KHG:** Ég bara spurði.)

Ég held, herra forseti, að Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki sé mjög gott dæmi, og þau mættu svo sannarlega vera fleiri, um að það er hægt að gera fleira en reisa risavirkjanir og álver. Steinullarverksmiðjan er einmitt mjög gott dæmi um iðnaðarfyrirtæki af millistærð sem hentaði mjög vel inn í aðstæður þess byggðarlags þar sem það var reist. Það var góðu heilli á Sauðárkróki.

Út af fyrir sig hefði verið ágætt fyrir Þorlákshöfn og nágrenni ef fyrirtækið hefði risið þar, eins og líka var til umræðu, en niðurstaðan varð Sauðárkrókur. Það hefur tvímælalaust átt sinn þátt í því að segja má að þar hafi verið blómaskeið í byggðaþróun um alllangt skeið. Ég hygg að það hafi verið, t.d. á 9. áratugnum og jafnvel fram á þann 10., að Sauðárkrókur var eitt af fáum dæmum um byggðarlag í jöfnum og stöðugum vexti sem bjó við svona hagstæða og farsæla þróun. (**KHG:** Og sterkt kaupfélag.) Þar er kaupfélag sem framsóknarmönnum hefur ekki tekist að koma í þrot, það er alveg rétt. Þvert á móti er það glæsilegt dæmi um að hægt er að reka kaupfélög og gera það vel. Þar hafa menn farið aðrar leiðir en í öðrum kaupfélögum. Mönnum hefur tekist að leggja Kaupfélag Eyfirðinga niður á örfáum missirum og breyta því í verðbréfasjóð. Þannig er það mikla kaupfélag eiginlega horfið, orðið að verðbréfasjóði. Annars staðar hafa menn farið þá leið að selja og reyta utan af kaupfélögunum eiginlega alla starfsemi þangað til ekkert stendur eftir annað en ein verslun eða sjoppur. En á Sauðárkróki, í Skagafirði, hafa Skagfirðingar rekið kaupfélag, deildaskipt kaupfélag, undir fullum seglum og frekar fært út kvíarnar heldur en hitt og gert það vel. Það er ánægjulegt. Það hefur að sjálfsögðu líka komið sér vel fyrir þetta byggðarlag.

Ég held, herra forseti, að það sé einmitt ástæða til að minna á að Steinullarverksmiðjan er gott dæmi um það sem gerst getur með tilstyrk ríkisins. Það er fínt þegar aðstæður mæla með því og tryggir að menn nái þeim markmiðum fram um atvinnuuppbyggingu í byggðarlegu tilliti og öðru slíku sem menn keppa að. Að sjálfsögðu eiga menn þá líka að fara varlega gagnvart því að hrófla við því fyrirkomulagi sem þarna varð niðurstaðan á sínum tíma og það er með öllu ástæðulaust að ríkið gangi á undan í því að skapa meiri óvissu um hag þessa fyrirtækis en þörf er á.

Það er líka fullkomið ósamræmi í framgöngu ríkisstjórnarinnar í hinum einstöku málum af þessum toga um þessi missirin. Ég nefndi kaup ríkisins á eignarhlut sveitarfélaganna á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða. Ef sveitarfélagið Skagafjörður þurfti að losa þessar eignir — við vitum að þar eru þungar skuldir og allt það — hvers vegna gátu þá ekki Skagfirðingar fengið sams konar móttökur varðandi mál sitt og Vestfirðingar varðandi orkubúið, svona fyrir það fyrsta? Hvers vegna var ekki farið í að skoða hvort aðrir meðeigendur voru ásamt ríkinu tilbúnir að leysa til sín hlut sveitarfélagsins? Það hefði verið lágmarksröskun á högum fyrirtækisins. (Gripið fram í.) Eða ríkið eitt.

Það kemur fram í athugasemdum með frv., herra forseti, að ríkið hafnaði tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins. Ég spurði að þessu við 1. umr.: Hvers vegna var það gert? Það er þess vegna sem málin eru komin í þessa stöðu. Hvað gerðist þarna? Hvað gekk þarna á á bak við tjöldin? Ég hef ekki annað en hinn prentaðan texta fyrir mér. Þar stendur það á íslensku: „Af hálfu ríkisins var tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað." Punktur — það getur varla skýrara verið. Þetta mun vera í nóvember/desember þegar þessi mál voru í uppsiglingu.

Herra forseti. Þetta mál er þó náttúrlega eins og dropi í ómælishafinu þegar kemur að ríkisábyrgðinni til fyrirtækisins deCODE. Þá er í lagi að ríkið komi að málum, er það ekki? Heldur betur. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, byggðakóngurinn sjálfur, styður það auðvitað með bros á vör að ríkið leggi 20 þús. millj. kr. í eitt áhættufyrirtæki í Vatnsmýrinni, að sögn. (**KHG:** Ríkið leggur ekki fé beint í fyrirtækið.) Ja, gæti nú farið svo, gæti nú farið svo, hv. þm. Það veit hv. þm.

Herra forseti. Þarna voru færar ýmsar aðrar leiðir en þessi kostur, sem ég tel þann versta. Þessi aðferð skapar langmesta óvissu um framtíð fyrirtækisins og eina vitið væri að láta þessa samninga bíða og fara í viðræður á nýjan leik um hvort ekki væri hægt að leysa þessa hluti og láta þá ganga upp einhvern veginn öðruvísi, t.d. þannig að ríkið verði þarna áfram með einhverjum hætti, annaðhvort með óbreyttan hlut sinn, taki að sínu leyti þátt í að leysa hlut sveitarfélagsins til sín, sem mundi þá þýða að það færi upp í 35–40% eignarhlut, eða að það mundi kaupa sveitarfélagshlutinn allan. Allt þetta hefði að mínu mati hefði komið til greina og verið augljóslega mikið betri niðurstaða heldur en sú sem hér á að knýja fram. (**KHG:** Hvað viltu að ríkið borgi mikið fyrir þann hlut?)

Herra forseti. Það er þannig að ríkið segir ekki öðrum aðilum fyrir verkum um það hvernig farið er með eignarsölur þeirrar. Ríkið ræður því hvort það kaupir þá á einhverju

tilteknu verði. En þegar ríkið selur eigin eignir á að heita svo að ákveðnar reglur eigi að gilda um það, lög og reglur. Svo undarlega bregður hins vegar við að þær eru bara notaðar stundum þegar það hentar pólitískt og stundum ekki. Þetta er að geðþótta að því er virðist.

Það er von að aumingja fjármálaráðherrann sé hér lítið, enda er hann auðvitað eins og barinn hundur, hæstv. fjmrh. í þessu máli. Það er iðn.- og viðskh. sem fer með þetta mál á skjön við reglur um sölu eigna ríkisins og bætir svo gráu ofan á svart með því að gefa það út í fjölmiðlum hvernig eigi að nota peningana sem koma inn fyrir söluna, þeir eigi að fara í þennan veg eða eitthvað annað. Þannig er hæstv. iðnrh. allt í einu orðin eins og fjármálaráðherra eða fjárlaganefnd og Alþingi, allt í senn. Það er ekkert smáræði sem pundið hefur þyngst í hæstv. ráðherra núna síðustu vikurnar. Hún er bara komin með allt þetta vald á sínar hendur. Það er þannig að fjmrh., eða Innkaupastofnun ríkisins sem heyrir undir fjmrn., á að annast um sölu á eignum ríkisins. Við sölu á eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum ákveða fjmrh. og viðkomandi fagráðherra hvernig staðið sé að slíkri sölu. Það á að gera á grundvelli reglna, laga og reglna, sem þar um gilda.

Í fyrsta lagi hefði áætlað söluverð eignarhlutans átt að vera metið af hlutlausum aðila, t.d. löggiltum verðbréfasala eða endurskoðanda. Það má þá ekki vera aðili sem hefur nein minnstu tengsl við viðkomandi mál, það er augljóst, þá kæmu til venjuleg vanhæfisákvæði.

Í öðru lagi skyldi eignarhluturinn auðlýstur opinberlega, almenningi til kaups þannig að allir sem áhuga hafa hefðu getað tekið tilboðinu. Hefur það verið gert? Var það gert? Nei.

Ég held að færa megi fram rök fyrir því að hvorugt skilyrðanna hafi verið uppfyllt. Það má efast um að hið svokallaða mat hafi verið hlutlaust. Hitt er alveg ljóst að það var ekki staðið að þessari sölu eins og vera ber samkvæmt opinberum reglum. Þeim er þarna ýtt til hliðar. Og það er ekki ætlunin að það sé gert nema sérstakar og mjög ríkar ástæður krefjist að svo sé. Hverjar voru þær? Af hverju mátti t.d. ekki láta á það reyna hvort almenningur, t.d. í Skagafirði, var áhugasamur um að kaupa? Það mátti setja ákvæði, eins og heimilt er í lögum, um hámarkshlut hvers og eins til að tryggja dreifða eign. Það er alls ekki fráleitt að heima fyrir hefði verið talsverður áhugi á að reyna að standa bak við þetta fyrirtæki með umtalsverðri eign almennings í héraði. Sú leið var hins vegar ekki valin.

Herra forseti. Heima fyrir er þetta geysilega umdeilt mál og skyldi engan undra. Þeir sem þekkja til sögunnar eru náttúrlega mjög uggandi um hvaða afleiðingar þessar breytingar á stöðu fyrirtækisins kunni að hafa. Það er fullkomlega skiljanlegt að mönnum sé illa við allt sem geti skapað einhverja óvissu um stöðu þessa fyrirtækis eða framtíð þess. Það þýðir ekkert að horfa fram hjá því að það er að gerast í þessu máli. Væntanlegir ráðandi eigendur fyrirtækisins eru viðskiptaaðilar í byggingariðnaði og geta haft blandaða hagsmuni í málinu. Það verður bara að ræða að alveg eins og það er. Það kann að vera að hagsmunir gætu lagst með svipum hætti og í áburðarverksmiðjumálinu. Aðili sem hefur aðallega atvinnu af því að selja einhvern varning getur svo sem alveg eins þénað á að kaupa hann lágu verði af öðrum eins og að framleiða hann sjálfur með sama tilkostnaði, það kemur út af fyrir sig út á eitt ef hagsmunir þess fyrirtækis eru fyrst og fremst fólgnir í álagningunni, umsýslunni um varninginn. Fyrir þessi tvö byggingarfyrirtæki sem til samans ráða nánast byggingarvörumarkaðnum á Íslandi gæti komið eins vel út að flytja þessa steinull inn og leggja dálítið hressilega á hana eins og að framleiða hana sjálf norður á Sauðárkróki.

Það er alveg vitað að samkeppnisskilyrði framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni hafa versnað. Það liggur alveg fyrir. Ég efast meira að segja um að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þó hann verji allt sem þessi ríkisstjórn gerir alveg sama hversu vitlaust það er, reyni að halda því fram að samkeppnisstaða framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni hafi ekki versnað vegna þess hvernig flutningskostnaður og fleira í þeim dúr hefur þróast. Það liggur alveg fyrir. Maður hefur séð útreikninga í iðnfyrirtækjum, t.d. á Akureyri, sem sýna fram á að þessi munur hefur aukist um mörg prósent á örfáum missirum. Það er ástæða þess að ýmiss konar framleiðslustarfsemi á nú mjög undir högg að sækja. Með sameiningu fyrirtækja og öðru slíku fer hún iðulega bakdyramegin í burtu og endar í Reykjavík, af því menn þurfa orðið að flytja aðföngin í slíka framleiðslu dýrum dómum út á land og síðan afurðirnar aftur hingað á markaðinn þar sem 70–80% hans eru, ef um innanlandsmarkað er að ræða. Í raun gildir hið sama þó um útflutning sé að ræða. Upphaf og endir allra ferða, hvort sem um er að ræða ferðamenn eða varning, er hér á suðvesturhorninu. Þannig er nú það.

Þetta veit hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson væntanlega eða þyrfti a.m.k. að vita það, sitjandi í stjórn Byggðastofnunar. Forustumenn í framleiðslufyrirtækjum á landsbyggðinni sitja sveittir við að reikna út hvort nokkurt vit sé í að reyna að halda þessari framleiðslu áfram, þrjóskast við það úti á landi, eða hvort einfaldara og ódýrara sé að færa hana bara hingað suður, framleiðsluna. Það að menn eru bundnir eignum sem þeir eiga eða öðru slíku heldur hins vegar í þá.

Mér er vel kunnugt um að meira að segja hjá sumum af stóru framleiðslufyrirtækjunum sem enn eru rekin með sæmilegri drift úti á landsbygginni liggja oftar en ekki í skúffum framkvæmdastjóranna áætlanir og útreikningar þar sem þeir hafa borið saman svör við spurningunni um hvort verjandi sé, t.d. út frá hagsmunum hluthafanna sem vilja heimta arð sinn í viðkomandi fyrirtækjum, að þrjóskast við að reyna að reka þau á landsbyggðinni áfram. Halda menn ekki að þar af leiðandi sé eðlilegt að það setji nokkurn ugg að Skagfirðingum, öðrum en innvígðum stuðningsmönnum þessa máls, þegar þessar fréttir berast?

Ég held að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni væri nær að útlista fyrir okkur aðgerðirnar til að jafna þennan aðstöðumun en að láta eins og hann sé ekki til staðar. Hann gufar ekki upp þó að hv. þm. sé í Framsóknarflokknum. Það þarf meira til, greinilega. Ekki sé ég að það sé á dagskrá í drögum að nýrri byggðaáætlun eða öðru slíku, aðgerðir sem hönd er á festandi í þessum efnum.

Þessa þætti alla, herra forseti, þarf auðvitað að skoða í samhengi við þetta mál. Steinullarverksmiðjan er að vísu ákaflega skemmtilegur iðnaður sem vinnur úr íslenskum jarðefnum, skeljasandi og basaltsandi, bræðir það í deiglu og blæs það út í steinull. Aðfangakostnaðurinn er ekki stór í þessu dæmi, hvað varðar flutning og annað slíkt. En síðan er framleiðslan rúmfrek. Það kostar auðvitað sitt að koma henni á markaðinn. Þessa útreikninga voru menn með í höndunum á sínum tíma þegar þeir báru saman Þorlákshöfn og Sauðárkrók. Menn geta farið aftur í þau plögg ef þeir vilja átta sig á þeim og glöggva sig á hvernig það mál stóð tölfræðilega þá. Ég fullyrði þó að þá voru þessar aðstæður

allar hagstæðari staðsetningu norður í landi. Mér er stórlega til efs að menn gætu brúað þetta bil í dag ef þeir settu niður reikninga af því tagi sem menn geta kynnt sér og skoðað hér í grg. sem fylgdi frv. til laga um steinullarverksmiðju á sínum tíma, sem hér var á dagskrá Alþingis á 103. löggjafarþingi 1980–1981. Þá voru ekki margir þeirra er hér eru viðstaddir þessa umræðu nema líklega man einn virðulegur forseti vor, hv. þm. Halldór Blöndal, þá daga.

Munurinn þá var að því er talið var 1–3% ef ég man rétt, á milli Þorlákshafnar og Sauðárkróks. Menn töldu hægt að brúa hann. Sumir hlutir voru hagstæðari Sauðárkróki, aðrir hagstæðari Þorlákshöfn, þar á meðal lá flutningskostnaðurinn augljóslega heldur betur fyrir Þorlákshöfn, sérstaklega gagnvart markaðnum á suðvesturhorninu og einhverju leyti þá gagnvart útflutningi eins og hann var stundaður. En þá voru aðrir dagar. Þá var til fyrirtæki sem hét Ríkisskip. Þá var flutningskostnaði öðruvísi háttað í landinu og staðan mun hagstæðari fyrir landsbyggðina en hún er í dag. Eitt mesta kjaftshögg sem landsbyggðin og sérstaklega sjávarbyggðirnar vítt og breitt á ströndinni hafa orðið fyrir var þegar Ríkisskip voru lögð niður og stóraukinn flutningskostnaður lagðist á herðar landsbyggðarmanna. Við gætum farið yfir það dæmi, herra forseti, við tækifæri.

Ég sé sem sagt, herra forseti, engin efni til að standa svona að málum, rjúka til og fara út í þessa sölu á hlut ríkisins. Ég er að verða svolítið leiður á þessum endalausu heimildarlögum sem hæstv. ráðherrar koma hér og verja sig svo með þegar í harðbakkann slær, þetta sé ekki svo alvarlegt af því það sé ekki verið að slá þessu föstu, þetta séu bara heimildalög, 20 milljarðarnir sem við vorum að greiða atkvæði um hér fyrr í dag og svo þetta frv. aftur. Þeir segja að þetta séu bara heimildalög. Þetta mál afgreiðir t.d. hæstv. ráðherra þannig að það sé nú til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum. En það á að bjóða Alþingi upp á að afgreiða hér óútfyllta ávísun. Heimildalög til handa ráðherranum. Ég fer nú bara að spyrja, herra forseti, vilja ekki bara ráðherrarnir hafa þetta ein heimildalög á ári? Getur ekki bara Alþingi komi saman 1. október og afgreitt eitt frv. og verið búið að því 3. okt., þ.e. bara heimild til ríkisstjórnarinnar til að gera það sem henni sýnist. Punktur. Alþingi heim. Þetta stefnir í það.

Menn sulla út heimildum af þessu tagi í allar áttir þó að grundvallarforsendur málanna liggi ekki fyrir. Það er verið að færa fjárlagavaldið og löggjafarvaldið út í bæ, það er hverjum manni ljóst. (**KHG:** Fjárlögin eru nú eiginlega heimildalög.) Sennilega er ekkert dæmi jafnsvakalegt og ríkisábyrgðin til deCODE, þar sem lögunum um ríkisábyrgð, lögum sem Alþingi hefur sett um meðferð þessara mála, er ýtt til hliðar á einu bretti og í staðinn kemur: Hvað? Í staðinn kemur mat eins manns á því hvað teljist nógu gott. Mat fjmrh. á því hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til að veita ábyrgðina, til þess að hæstv. ráðherra taki upp pennann og skrifi 20 milljarða ávísun. Nú vill hæstv. ráðherra fá svona heimild hér til að fara svona með eign ríkisins í Steinullarverksmiðjunni.

Þannig á ekki að standa að málum. Það er a.m.k. lágmark að hlutirnir séu klárir og kvittir og allar forsendur viðkomandi mála liggi fyrir þegar málin eru endanlega borin inn á Alþingi. Þá er auðvitað hreinlegast að Alþingi taki sjálfa ákvörðunina um hvort hlutur ríkisins í Steinullarverksmiðjunni skuli seldur, ef það er það sem menn ætla að gera, en ekki að það sé heimilt. Það er afsiðandi í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að þróa hlutina í þessa átt, endalausar heimildir á óljósum forsendum til að gera þetta og gera hitt, sérstaklega þegar menn fara að eins og raun ber vitni.

Tökum dæmi um hvernig ríkið hefur farið með jarðasölu. Það er alveg hreint yfirgengilegt hvernig menn hafa staðið að þeim hlutum núna síðustu árin. Ráðherrar Framsfl. hafa orðið frægir að endemum hver á fætur öðrum í því. Ég ætla að vona að Samfylkingin mæli því ekki bót eins og þessu frv. En kannski gerir hv. þm. Jóhann Ársælsson það. Ef ég man rétt þá hafa þeir nú stundum tekið undir með okkur svona frekar en hitt að það væri ámælisvert hvernig ríkið hefur farið með þessar eignir sínar. En það bregður svo undarlega við ... (**KHG:** Það hafa nú fleiri selt ríkisjarðir.) Já, það hafa nú fleiri gert það sjálfsagt, herra forseti. Það er trúlega rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. (Gripið fram í.) Það er aldrei að vita nema — hún var nú ekki seld, herra forseti — aldrei að vita nema hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi borið ábyrgð á ríkisstjórnum bæði fyrr og síðar sem hafa selt ríkisjarðir. En það voru nú aðrir tímar þegar menn höfðu ekki þá stefnu, eins og nú er, að reyna að selja allar jarðir ríkisins heldur þvert á móti var nú það viðhorf lengi uppi að ríkið ætti ekki að selja jarðir úr sinni eigu nema til sveitarfélaganna. Þeirri línu var í aðalatriðum fylgt a.m.k. þegar ég kom að þeim málum og enn teldi ég það skynsamlegustu málsmeðferðina. Það er ekki í þágu þess að almenningur njóti tilverunnar sameiginlega hér í þessu landi að ríkið hafi forgöngu um að koma meira landi í einkaeigu — og svo er lok, lok og læs og allt í stáli — en þar er í dag.

Hvað gerist gjarnan þegar ríkisjörð er seld einhverjum gæðingi núna, hvort sem hann borgar eitthvað fyrir hana eða ekki? Það er eiginlega alveg reglan, segja heimamenn manni í hinum ýmsum héruðum landsins, að það næsta sem gerist er að það kemur keðja á veginn og spjald hangir neðan í henni þar sem stendur: „Einkavegur. Allur aðgangur bannaður.“ Það stórdregur úr möguleikum almennings, íbúa viðkomandi byggðarlaga eða almennings til þess að fara t.d. um það land og njóta þess. Þetta er nú bara hlutur sem heimamenn vita og þekkja hver á sínu svæði. Ég hvet menn til að leggja eyrun við ef þeir halda að það sé mikil framför fyrir hönd almennings í landinu að ríkið sé að selja eigur sínar.

Herra forseti. Nú sé ég að þau stórtíðindi hafa orðið hér í umræðunni að hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde er mættur til leiks. Ég býð hann alveg innilega velkominn, hjartanlega velkominn. (**Fjmrh:** Kærar þakkir.) Það er okkur mikið gleðiefni að hæstv. fjmrh. skuli vera hér bara tiltölulega glaðlegur á svip og við bestu heilsu. Ég bið þá hæstv. fjmrh. að fara yfir það fyrir okkur í þessari umræðu hvernig staðið var að verki í þessu máli. Vill hæstv. ráðherra vinsamlegast fara yfir það hvers vegna reglum um ráðstöfun eigna ríkisins var ekki fylgt? Hvers vegna var ekki unnið að málinu í samræmi við staðfestar reglur um sölu á eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum? Hvers vegna hefur hæstv. iðnrh. allt í einu tekið sé fjárveitingavald og tilkynnir í fjölmiðlum í hvað krónurnar eigi að fara eða a.m.k. helmingurinn af þeim, jafnvel í tiltekna vegarspotta? Það er þá ekki verkefni þingmannahóps kjördæmisins að skipta því vegafé, ekki vegáætlunar eða hæstv. fjmrh. að leggja til hluti í því sambandi í fjárlagafrv. eða fjárauakalagafrv.? Nei, það er hæstv. iðn.- og viðskrh. sem ákvað að reyna að slá pólitískar keilur og gylla málið fyrir Skagfirðingum með því að þeir fengju aura í tilteknar opinberar framkvæmdir, sem venjulega ættu bara á koma á vegáætlun eða sem framvæmd á fjárlögum, fjárveiting á

fjárlögum. (**Iðnrh.:** Er afbrýðisemi í gangi?) Nei, það er nú ekki afbrýðisemi. En eigum við ekki að tala bara um hlutina eins og þeir eru? Var það ekki nákvæmlega þetta sem þarna var að gerast, þ.e. að í þessu máli sem Framsókn hefur hugsanlega áttað sig á að gæti verið misvel til vinsælda fallið, að steypa þessu fyrirtæki í þessa óvissu, væri rétt að reyna að búa til einhverja gulrót á móti. Þetta er svona svipað og Bandaríkjamenn hafa það gjarnan, að þeir eru með byssuna í annarri hendi og dollarabúntið í hinni og ná oft árangri með slíkum aðferðum. Mér hugnast ekki, herra forseti, og mér finnst það síður en svo setja betri svip á þetta mál, hvernig hæstv. ráðherra ætlaði að kaupa því hylli með þessum undarlegu aðferðum, ég tala nú ekki um þegar í hlut eiga vegaframkvæmdir sem eru á vegáætlun og ætlunin hefur verið að leggja til fé í á næstu árum og framkvæma. Því er auðvitað alveg með ólíkindum að menn skuli ætla að fara út í hluti af þessu tagi. Það finnst mér, herra forseti, mjög sérkennilegt.

Ég held að ég geti farið að ljúka máli mínu senn, herra forseti. Það væri auðvitað áhugavert að taka upp margt fleira í þessu sambandi og samhengi þessa máls. En það er nú best að láta öðrum eftir einhvern ræðutíma hér á þessu síðdegi til að ræða málin ef vera kynni t.d. að hæstv. fjmrh. heiðraði okkur með þátttöku í umræðunum. Svo er aldrei að vita nema hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi svo mikið við aldrei þessu vant að hann geri meira en að fara í andsvar. Það hefur verið afar athyglisvert að framlag Framsfl. til umræðna hér í hverju málinu á fætur öðru hefur verið andsvör. Kristinn H. Gunnarsosn hefur t.d. séð um þátttöku Framsfl. í umræðum um 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgðina með andsvörum og fleiri slík mál hefur Framsfl. dekkað með sambærilegum hætti.

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að ef Sjálfstfl. ber fram mál um þessar mundir þá hverfur Framsfl. gjarnan í umræðum um þau. Hann bara gufar upp, er ekki til fyrr en hann kemur hérna töltandi til að greiða þeim atkvæði eins og við sáum í deCODE-málinu í dag. Þá birtist hann okkur allt í einu. En af einhverjum ástæðum virðast ástirnar á kærleiksheimilinu vera þannig um þessar mundir að menn eru svona ekki mikið að ganga í verkin hverjir fyrir aðra og það er ekki bróðurlegur samvinnuandi sem birtist okkur í gagnkvæmri þátttöku stjórnarflokkanna í umræðum um erfið mál. Skyldi það nú ekki vera þannig að Sjálfstfl. sé alveg ótrúlega fjarverandi þegar kemur að umræðum um þetta mál og leyfir Framsókn að baksa hérna með það og puða í þessu. Nú verður fróðlegt að sjá, herra forseti, hversu vasklega t.d. hæstv. fjmrh. gengur þá í vörnina fyrir stjórnarstefnuna í þessu mikla framfaramáli eða hitt þó heldur.

Herra forseti. Það standa a.m.k. öll rök til þess að eyða ekki miklu af dýrmætum tíma Alþingis í þetta mál á þessum vordægrum ef menn ætla að ljúka því á eitthvað nálægt þeim tíma sem til stóð. Það mætti a.m.k. að ósekju bíða haustsins. Mér segir svo hugur að þá væri aldrei að vita nema við fengjum það í nýjum búningi hér inn. Ég er eiginlega alveg viss um það. Ef þetta mál verður ekki knúið í gegn núna og þessu þrælað af núna á þessum dögum og fyrir sveitarstjórnarkosningar þá er algerlega óvíst, og reyndar ólíklegra tel ég, að þetta mál sæist hér á nýjan leik í sambærilegum búningi. Ég er eiginlega algerlega viss um að heimamenn hljóta að sjá að sér ef þeir fá bara tækifæri til þess og fara fram á það við ríkið að reynt verði að leysa úr þessum málum þannig að ríkið hverfi ekki frá fyrirtækinu, fyrst um sinn a.m.k., með eignarhlut sinn hvað sem líði þörf sveitarfélagsins fyrir að losa þarna peninga. Enginn maður fær mig til að trúa því að Skagfirðingar allir sem einn, upp til hópa og allir sem einn, mundu ekki frekar kjósa að tekið væri á vanda sveitarfélagsins með öðrum aðferðum, ef þær væru í boði, og almennum aðgerðum sem kæmu jafnsettum sveitarfélögum til góða, heldur en að þeir væru nauðbeygðir til þess að velja þennan kost. Því vil ég fá að trúa þangað til mér er sýnt fram á annað, herra forseti. Annað tveggja verður að gera, fresta afgreiðslu þessa máls eða fella það.

[17:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt má segja um þessa miklu ræðu þar sem hv. þm. fór út um víðan völl. Ég vil fyrst svara því sem fram kom hjá honum í upphafi máls hans, að menn væru að blanda saman frv. sem fjallar um sölu á hlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og eignarhaldi þess á hlutabréfum í fyrirtækinu.

Ég vitna í nál. minni hluta iðnn. sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson skrifar og leggur fyrir Alþingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn er andvígur sölu ríkisins á eignarhlut sínum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki við núverandi aðstæður og telur slíka ráðstöfun ekki líklega til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins."

Hv. þm. blandar í sömu setningu saman því að ríkið selji hlut sinn og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Í öðru lagi segir líka í þessu nál., með leyfi forseta:

„Minni hlutinn vill að allra leiða verði leitað til þess að leysa tímabundinn fjárhagsvanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar, annarra en að selja drjúgan hluta bestu mjólkurkýrinnar á þeim bæ."

Það kemur mjög skýrt fram í nál. minni hlutans að þessi mál eru samtvinnuð. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði nú átt að spara sér hótfyndnina og athugasemdirnar í garð okkar annarra þingmanna um þetta efni.

Í öðru lagi skín mjög glögglega í gegnum ræðu hv. þm. vantraust hans á öðrum en hinu opinbera til að eiga og reka fyrirtæki. Í áliti minni hlutans, hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, kemur hins vegar fram það stöðumat að Steinullarverksmiðjan hafi reynst mikill happafengur, hún hafi skilað drjúgum arði, fjárhagurinn sé góður, litlar skuldir og ekkert bendi til annars en að reksturinn geti áfram gengið vel. Þetta er mat minni hlutans á stöðu fyrirtækisins.

Svo kemur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að nýir kaupendur hafi ekkert annað markmið en að slátra fyrirtækinu.

[17:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sagði ég ekki. Ég bið hv. þm. að leggja mönnum ekki orð í munn. Ég sagði ekki að nýir eigendur hefðu ekkert annað markmið en að slátra fyrirtækinu. Ég hélt engu slíku fram. Ég reifaði hins vegar alla þá möguleika sem auðvitað geta orðið uppi í stöðunni og sagði að barnalegt væri að horfast ekki í augu við það að þegar einkaaðilar eiga orðið þetta fyrirtæki alfarið þá meta þeir hagsmuni sína á hverjum tíma og í hverju þeir séu best fólgnir. Þar með talið getur verið, ef svo ber undir, að flá innan úr fyrirtækjum og leggja þau af eða reka þau áfram. Það verður bara kalt viðskiptalegt mat þessara aðila. Jafnvel getur skammtímahagnaðarvon ráðið mestu um það hvort er gert. Þetta er bara að gerast úti á markaðnum allt í kringum okkur. Hv. þm. getur ekki talað eins og hann sé algerlega ótengdur við þann

veruleika að fyrirtækjum er stokkað saman og þeim slátrað þvers og kruss í þjóðfélaginu um þessar mundir. Það er eins og ég segi að talað er um það sem hina nýju íþrótt þeirra áhættufíklanna í viðskiptalífinu, þ.e. að reyna að ná tangarhaldi á innanfeitum fyrirtækjum og flá innan úr þeim. Við getum ekki talað eins og við vitum ekki af þeim möguleika.

Með því erum við ekki að segja að það verði endilega svo. Þvert á móti held ég að ég eins og allir aðrir hafi tekið það skýrt fram að maður vonar náttúrlega hið besta, verði af þessu, að fyrirtækið verði áfram rekið og verði blómlegt. En tryggingin hverfur sem við höfum fyrir því í gegnum þá kjölfestu sem eignarhald ríkisins og sveitarfélagsins gjarnan líka hefur verið. Það er a.m.k. ljóst. Vill ekki hv. þm. viðurkenna það?

Það að það standi í nál. minni hlutans að við séum á móti sölu á eignarhlut ríkisins sannar það sem ég var að reyna að segja, að þetta frv. er um söluna á eignarhlut ríkisins. En það er jafnljóst að ástæða þess að sveitarfélagið vill selja er fjárhagsvandi þess. Er þá ekki eðlilegt að fjalla um það líka í nál.? Það er það sem þarna er gert.

[17:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bæta því við það sem fram hefur komið fyrr að fjárahagsstaða sveitarfélagsins var mikið mál hjá hv. þm. í ræðu hans. Ég vil benda honum á að fjárhagsstaða sveitarfélaga hefur verið mjög að batna, sérstaklega á síðasta ári, eins og hann hefur væntanlega lesið í þeim tölum sem fyrir liggja um hallarekstur þeirra á síðustu árum.

Í öðru lagi var sú aðgerð ríkisvaldsins að kaupa Orkubú Vestfjarða af sveitarfélögum þar mjög vel fallin til þess að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum sem var orðin mjög slæm fyrst og fremst vegna fólksfækkunar en ekki almennra skilyrða í þjóðfélaginu, eins og hv. þm. vildi vera láta. Sú aðgerð sem Vinstri grænir voru á móti, eins og vænta mátti, hefur skilað því að sveitarfélög á Vestfjörðum eru nú komin í sóknarhug. Sveitarstjórnarmenn á Ísafirði, í Bolungarvík, á Hólmavík og Vesturbyggð eru í sóknarhug. Þeir eru að kynna fyrir kjósendum sínum þessar vikurnar hvernig þeir ætla að sækja fram til að bæta þjónustu við íbúana vegna þess að ríkisvaldið greip til þessarar aðgerðar. Ég held að ekki sé hægt að gera betur fyrir veikburða sveitarfélög, eins og voru á Vestfjörðum, en einmitt þetta.

Herra forseti. Við skulum hafa það í huga að orðalag eins og það að orkubúið hafi verið rifið af sveitarfélögunum er algjör fjarstæða. Sveitarfélögin nutu góðs af aðgerðum ríkisvaldsins og svo hefur það bæst við til viðbótar, sem sannar að fullyrðingar þingmannsins um andstöðu fjmrh. og Sjálfstfl. við aðgerðir í sveitarstjórnarmálum eru fullkomlega rangar, að búið er að leysa þá erfiðu stöðu sem blasti víða við, m.a. á Vestfjörðum í félagslega íbúðakerfinu. Það er búið að gjörbreyta forsendum til að reka sveitarfélögin úti um land og kannski sérstaklega á Vestfjörðum. Ég tek það fram vegna þess að hv. þm. nefndi það svo stíft áðan.

[18:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það ískyggilegt að formaður stjórnar Byggðastofnunar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, skuli vera á þessu algera blekkingar-afneitunarstigi gagnvart stöðu sveitarfélaganna í landinu. Hv. þm. lætur eins og það skipti engu máli hvernig rekstrarútgjöld sveitarfélaganna hafa þyngst ár frá ári sem hlutfall af tekjum sem skilur eftir sífellt minna svigrúm til fjárfestinga, til að borga niður skuldir eða hvað sem það nú er. Getur hv. þm. skautað svona léttilega yfir þá staðreynd að á 6–8 ára tímabili hafa rekstrarútgjöld sveitarfélaganna sem hlutfall af skatttekjum farið úr 75–77% upp í um 85–90%, eins og þetta stefnir núna í hjá fjölmörgum sveitarfélögum, að meðaltali líklega á bilinu 83–85% á síðasta ári og ört hækkandi? Þetta liggur fyrir og fram hjá þessu kemst hv. þm. ekki.

Að sveitarfélögin á Vestfjörðum séu núna í sóknarhug og þeim hafi bæst fjármunir vegna sölunnar á orkubúinu. Skárra væri það nú þó að peningarnir hyrfu ekki líka! En við vitum það, herra forseti, er það ekki, að það er skammgóður vermir að ganga á eignir sínar, að selja þær. Það er aðferð íhaldsins, bæði hjá ríkinu og náttúrlega sveitarfélögunum, að afla sem minnstra tekna, að lifa á því að selja eignir, einkavæða og selja. En hvað á svo að gera þegar eignirnar verða búnar? Hvað ætla sveitarfélög á Vestfjörðum að selja næst ef engar grundvallarbreytingar verða á fjárhagsstöðu þeirra að öðru leyti? (**Gripið fram í:** Vatnsveiturnar.) Hvað eiga þau eftir fimm ár? Fram hjá þessu horfir hv. þm. algjörlega og það er mjög ískyggilegt mál.

Síðan held ég því fram, af því það er staðreynd, að ríkisstjórnin hefur níðst á sveitarfélögunum algerlega, íhaldið hefur læst kassanum, og framlag ríkisins til lausnar félagslega íbúðavandanum er náttúrlega hraksmán. Eru það ekki um 300–350 milljónir eftir að ríkið er búið að svíkja það sem það þó lofaði, að leggja 50 milljónir á ári í sjóð?

[18:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er dálítið undrandi á því hvaða tökum hv. þm. tekur þetta mál og hefur það allt á hornum sér. Hér er framfaramál á ferð. Hér er verið að leysa úr læðingi fjármuni sem ríkið hefur bundið í þessu fyrirtæki og sem ekki þarf lengur að binda vegna þess að einkaaðilar eru tilbúnir að kaupa þennan hlut og þar af leiðandi er hægt að nota peningana í annað.

Samkomulag er um það milli stjórnarflokkanna að helmingur af andvirði verksmiðjunnar renni til uppbyggingar á svæðinu samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og helmingurinn renni til þess sem lagði féð fram í upphafi, þ.e. ríkissjóðs. Hvað er athugavert við þetta? Þetta er mjög eðlileg ráðstöfun, sjálfsögð og eðlileg, og ég heyri ekki betur en að þrír flokkar á Alþingi, eða fjórir jafnvel, styðji þá ráðstöfun.

Þingmaðurinn spurði: Hver hefur veitt iðnrh. fjárveitingavald, hvernig stendur á því að iðnrh. er farinn að veita fé? Auðvitað er ekkert um það að ræða. Það sem stendur í frv. er það sem gildir, þ.e. að ákveðið er að ráðstafa helmingi söluandvirðis samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, og það á eftir að taka ákvörðun um það í ríkisstjórninni með hvaða hætti það verður nákvæmlega gert. Það gerist þá þannig að í frv. til fjárlaukalaga í haust mun koma tillaga um þá ráðstöfun alveg eins og þar kemur greinargerð um þann tekjuauka sem hlýst af sölu þessa fyrirtækis. Þar með kemur það að sjálfsögðu til kasta Alþingis að taka þá ákvörðun endanlega. Þetta veit hv. þm. auðvitað mætavel.

En ég verð að segja að mér finnst það skammsýni mikil hjá honum að hanga á því að aðrir geti ekki átt þetta en ríkið og sveitarfélagið. Og auðvitað er eingöngu hér verið að tala um hlut ríkisins. Verið er að veita heimild til að selja hlut ríkisins. Þess vegna er það misskilningur sem kemur

fram í dagskrártillögu minni hluta iðnn., að vísa eigi málinu frá vegna bágrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Það er annar handleggur á málinu.

[18:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta heldur aumleg málsvörn hjá hæstv. fjmrh. þegar hann ætlar að koma loksins og rausnast til þess í heilu andsvari að verja hendur sínar gagnvart þeirri staðreynd að hæstv. ráðherra er í raun og veru gerður ómyndugur á allan hátt í málinu. Hæstv. iðnrh. hefur yfirtekið prókúruna og ekki bara ákveðið söluna þvert á allar reglur, leikreglur þar að lútandi, sem eiga að vera á könnu fjmrh., heldur tekur sér fjárveitingavald líka og ákveður í hvaða vegarspotta peningarnir eigi að fara. Og hæstv. fjmrh. er ekki geðmeiri maður en svo að hann lætur bjóða sér þetta og kemur síðan hér upp og heldur uppi þessari aumlegu málsvörn sem var náttúrlega dapurleg.

Ég held að ég verði að draga það aftur, sem ég sagði hér fyrr í ræðu, að hæstv. fjmrh. liti vel út því að ég sé að það er ekkert upplit á manninum, þetta er engin frammistaða. Ég hvet eiginlega hæstv. ráðherra til að gera annað tveggja að reyna betur — og þá í ræðu, ég held að það dugi ekki andsvar til þess að ná upp um sig buxunum — eða þá hætta þessu.

[18:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er svo einfalt mál að það þarf ekki nema andsvar til að útskýra það. Það sem hér er um að ræða er að ríkisstjórnin, samkvæmt tillögu iðnrh., ákvað að flytja frv. um að selja skyldi hlut ríkisins í verksmiðjunni. Ég á að sjálfsögðu fulla aðild að því máli og er mjög ánægður með að það skuli vera niðurstaða ríkisstjórnarinnar. Síðan er aflað heimildar til að gera það með því frv. sem vonandi verður hér að lögum. Þetta er allt saman alþekkt og ekkert afbrigðilegt með neinum hætti. Og það sem meira er: Það er mjög ánægjulegt að málið skuli komið á þetta stig og að það skuli hafa svo víðtækan stuðning á Alþingi og það skuli bara vera fulltrúar forneskjunnar hér í þingsölum sem tala gegn þessu og beita sér gegn þessu. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Það eru auðvitað fulltrúar Vinstri grænna sem hafa talað hér manna mest um málið. Ég er hræddur um að þeir þurfi að flytja nokkrar ræðurnar enn til að hysja upp um sig buxurnar í þessu máli eins og þeir hafa talað, í það minnsta í minn garð.

[18:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Athyglisvert er að hæstv. fjmrh. vék sér algjörlega hjá því að svara lykilspurningunni. Hvers vegna var ekki farið að reglum um ráðstöfun eigna ríkisins? (**Fjmrh.:** Vegna þess að sett eru sérstök lög.) Hvers vegna var þeim ýtt til hliðar?

Í öðru lagi gumar hæstv. fjmrh. mjög af miklum stuðningi við málið á þingi. Það kann vel að vera að allir sjálfstæðismenn ætli að láta hafa sig í þetta. En þeir gera það ekki með stuðningi og velvilja sjálfstæðismanna í Skagafirði. Það er algerlega á hreinu. Ég er með í höndunum harðorða ályktun sjálfstæðismanna í sveitarstjórn Skagafjarðar. Öllum er ljóst að þetta er gert í algerri óþökk þeirra. En það kann vel að vera að sjálfstæðismenn, meira að segja úr því kjördæmi, ætli að láta sig hafa það að styðja þetta mál, enda eru sumir þeirra þekktir fyrir það að vilja eitt en gera annað eins og kunnugt er þegar kemur að atkvæðagreiðslum hér á þingi og fara sjálfsagt létt með það í þessu tilviki eins og öðru.

Ég held, herra forseti, að ekki séu innstæður fyrir þessum digurbarkalegu ummælum hæstv. fjmrh. hér. Ég neita að trúa því að hæstv. ráðherra sé ánægður með hvernig haldið var á þessu máli. Það talar svo gjörsamlega fyrir sig sjálft að það er fullkomlega óeðlilega að þessu staðið á allan hátt, ef selja átti þennan hlut ríkisins á annað borð, að fara þá ekki að reglum í því efni, auglýsa hann til sölu, láta á það reyna hvaða verð var hægt að fá fyrir hann á markaði og þar fram eftir götunum, hvort almenningur t.d., íbúar byggðarlagsins, hefði áhuga á því að kaupa í fyrirtækinu. Öllu þessu er ýtt til hliðar. Það eru ámælisverð vinnubrögð, herra forseti, og það er algjörlega útilokað að hæstv. fjmrh. geti neitt leiðrétt það.

[18:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil í seinni ræðu minni um þetta mál fara yfir nokkur önnur þau atriði sem standa út af.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að þeim ummælum sem hv. formaður iðnn. viðhafði fyrr í dag þegar hann mælti fyrir nál. meiri hluta, að ekki hefði komið fram nein sú andstaða gagnvart málinu að ástæða hefði verið til að færa það inn í nál. og vísaði þar m.a. til þess að sveitarstjóri eða sá sem er talinn fara með verkefni sveitarstjóra Skagafjarðar kom á fund nefndarinnar og gerði ekki athugasemdir við þau atriði.

Ég vil í upphafi ræðu minnar koma að andsvörum hv. 1. þm. Norðurl. v. í umræðunum í morgun. Ég vék að því í máli mínu að þegar unnið var að því að koma Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki á á sínum tíma var það gert með samstilltu átaki bæði sveitarstjórnarmanna og þingmanna viðkomandi kjördæmis og veitti ekki af að vel væri haldið á málum. Það var gert af mikilli einurð og skilaði þeim árangri að verksmiðjunni var valinn staður á Sauðárkróki en ekki í Þorlákshöfn og hefur hún verið rekin á Sauðárkróki allar götur síðan og var mikill búhnykkur að fá þetta fyrirtæki heim í hérað.

Eðlilega hefur umræðum um fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar verið fléttað hér inn og rætt um hvernig núverandi ríkisstjórn með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar hefur gengið á fjárhag og stöðu sveitarfélaganna með rangri tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga svo að tekjustofnar þeirra standa nú engan veginn undir lögboðnum framlögum, lögboðnum verkefnum hjá mörgum þeirra. Þetta hefur Sveitarfélagið Skagafjörður líka mátt þola eins og hér hefur komið fram.

Það er vissulega erfitt fyrir sveitarfélögin, hvort sem þau eru á Norðurlandi, Vestfjörðum eða á Austurlandi, að standa frammi fyrir erfiðum fjárhag og að sjálfsögðu er sveitarfélögunum nauðugur einn kostur að grípa til ráðstafana ef ríkisvaldið heldur áfram að beita þau þeirri kúgun sem það hefur gert. Að sjálfsögðu standa sveitarfélög frammi fyrir þeim vanda. En ekki er sama hvernig þar er að staðið.

Í haust, eða fyrir jólin við afgreiðslu fjárlaga, fjölluðum við einmitt um fjárhagsvanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þá var það í umfjöllun um sölu á Rafveitu Sauðárkróks sem var tillaga ríkisstjórnarinnar að gera með þeim hætti að ríkissjóður legði Rarik til fjármagn til þess að leysa til sín Rafveitu Sauðárkróks. Af því tilefni urðu miklar umræður og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum til annan hátt á að leysa fjárhag Sveitarfélagsins Skagafjarðar en að hafa af því eignir. Við lögðum hreinlega til að fjár-

magni yrði varið til þess að rétta við fjárhag sveitarfélagsins en það fengi að halda mikilvægum eignum sínum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði áttum líka aðila heima í héraði sem höfðu sömu sjónarmið. Ég minni á bréf frá ungum sjálfstæðismönnum í Skagafirði sem sent var þingmönnum kjördæmisins í umfjöllun um Rafveitu Sauðárkróks. Ég vil sérstaklega minna hv. 1. þm. Norðurl. v. á þetta sem stöðu sinnar vegna hefði getað haft vald og stöðu til þess að hafa áhrif á gang mála innan flokks síns og innan ríkisstjórnarinnar. Sjálfstfl. hefur tvo þingmenn í Norðurl. v. og hv. 1. þm. kjördæmisins, Vilhjálmur Egilsson, gegnir líka lykilhlutverki á Alþingi, er formaður efh.- og viðskn., auk þess að vera formaður Verslunarráðs, en það er hann þó ekki í umboði kjördæmis síns. (**Gripið fram í:** Framkvæmdastjóri.) Framkvæmdastjóri já, hárrétt athugasemd, framkvæmdastjóri Verslunarráðs.

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði ekki merkilegt innlegg fram að færa í umræðunni um hádegisbilið um sölu á hlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni. Hann gat ekki komið inn í þá umræðu efnislega en ég ætla að rifja upp bréf sem barst þingmönnum um Rafveitu Sauðárkróks, sem er grein af sama meiði og hér er á ferðinni. Ríkið er að krefjast eigna sveitarfélaganna upp í rekstrarskuldir þeirra.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa þetta bréf og vona að hv. 1. þm. Norðurl. v. og aðrir þingmenn Sjálfstfl. í því kjördæmi, jafnvel í Norðvesturkjördæminu einnig svo að þeir viti hvaða hug fólk ber til þessara áforma.

Ég hef lesturinn, virðulegi forseti:

„Hæstvirti þingmaður.

Þann 13. nóvember sl. samþykkti sveitarstjórn Skagafjarðar sölu á Rafveitu Sauðárkróks og er Rarik kaupandinn. Á næstunni mun þetta mál verða tekið fyrir á Alþingi og ákvörðun tekin um hvort veita eigi Rarik lánsheimild til þessara kaupa.

Í upphafi árs hafði sú ákvörðun verið tekin af sveitarstjórn Skagafjarðar að sameina allar veitur sveitarfélagsins ef það reyndist ákjósanlegt, ef ekki, átti að skoða sölu Rafveitunnar. Við sameiningu hefði orðið til öflugt veitufyrirtæki, sem skilað hefði arði um ókomin ár. Niðurstöður nefndar, sem sett var á fót til þess að kanna hvort ásættanleg hagræðing næðist með sameiningu veitnanna, var sú að hægt hefði verið að lækka skuldir sveitarfélagsins um minnst 370 milljónir kr. Auk þess var mögulegt að hið nýja fyrirtæki keypti áhaldahús sveitarfélagsins á allt að 50 milljónir kr. Allir flokkar voru sammála um að þetta væri hagstæðasta leiðin, er bæði gæti lagað slæma stöðu sveitarsjóðs nú og skilað hagnaði til framtíðar.

Þann 7. júlí lagði Framsóknarflokkur óvænt fram tillögu um að fresta sameiningu og skoða til hlítar að selja Rafveituna. Sjálfstæðisflokkur lýsti vonbrigðum sínum yfir þessari tillögu, enda var hún ekki í samræmi við það sem áður hafði verið samþykkt í sveitarstjórn. Sleit þá Framsóknarflokkur meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokk.

Þetta er eitt heitasta mál sem upp hefur komið hér í Skagafirði og biðjum við ykkur að veita því sérstaka athygli. Hvers vegna liggur meiri hluta sveitarstjórnar svo á að selja Rafveituna núna í haust? Því var hagstæðasta leiðin, sem stefnt hafði verið að frá upphafi árs, skyndilega orðin óhagstæð?"

Virðulegi forseti. Þetta bréf frá ungum sjálfstæðismönnum endar á því að þeir skora á þingmenn Alþingis að beita sér gegn því að fjárhagsvandi Skagafjarðar verði leystur með sölu á Rafveitu Sauðárkróks með þeim hætti að ríkið leggi Rarik til fjármagnið til að leysa hana til sín. Þetta var vilji ungra sjálfstæðismanna í Skagafirði sem þeir sendu þingmönnum sínum.

Ég leyfi mér að fullyrða að hefði hv. 1. þm. Norðurl. v., sem reyndar greiddi atkvæði gegn því að þessi leið yrði farin við atkvæðagreiðslu um fjárlögin fyrir jólin, beitt sér af þeim dug sem hann ætti að geta, stöðu sinnar vegna sem 1. þm. kjördæmisins sem og með lykilstöðu innan ríkisstjórnarinnar, hefði a.m.k. orðið meiri umræða um þetta. Þetta hefði þá kannski farið á annan, sveitarfélagið ætti jafnvel sína rafveitu og hefði jafnvel fengið fjárhagsstuðning með öðrum hætti. Það væri að mínu viti nær að hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir því hvernig hann hyggst fylgja eftir óskum umbjóðenda sinna í Skagafirði.

Eins og fram kemur í yfirlitinu sem ég las, þessu bréfi frá ungum sjálfstæðismönnum, slitnaði meiri hluti sjálfstæðismanna og framsóknarmanna á þeim þáttum sem við erum að fjalla um, fyrst um ráðstöfun á rafveitunni og síðan á hvernig ætti að leysa fjárhagsvandann. Hafi hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, ekki fengið í hendur erindi sem sjálfstæðismenn í sveitarstjórn Skagafjarðar samþykktu varðandi vinnubrögð við afgreiðslu málsins skal ég hér lesa upp, með leyfi forseta, bókun í byggðaráði 17. apríl:

„Sjálfstæðismenn í sveitarstjórn Skagafjarðar átelja harðlega vinnubrögð meiri hlutans og sveitarstjóra varðandi fund iðnaðarnefndar Alþingis sem haldinn var mánudaginn 15. apríl. Sveitarfélaginu var boðið að senda fulltrúa sína á þennan fund, en fundarboðið var ekki kynnt sjálfstæðismönnum fyrr en tveimur dögum eftir að fundurinn var haldinn. Í ljósi þess að sala hlutabréfa í Steinullarverksmiðjunni var samþykkt í sveitarstjórn með naumum meiri hluta hljóta þessi vinnubrögð að teljast ámælisverð." — Sjálfstæðismenn greiddu atkvæði gegn þessu í sveitarstjórn. — „Þannig var sjálfstæðismönnum ekki gefinn kostur á að færa rök fyrir máli sínu gagnvart iðnaðarnefnd."

Hefði ekki verið nær, virðulegi forseti, fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson að fylgja eftir þessum málum fyrir umbjóðendur sína við hv. iðnn. þannig að sjónarmið bæði meiri og minni hluta gætu komið fram, hver svo sem árangurinn yrði? Mér er kunnugt um að það er gríðarlega mikil andstaða gegn þessu ráðslagi og ósk um að ríki haldi hlut sínum í Steinullarverksmiðjunni. (**LB:** Eru íhaldið og Vinstri grænir samstiga í Skagafirði?)

Varðandi þetta mál, af því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kemur að því, er það svo að af þeim ályktunum sem ég er að vitna til virðist svo vera, að sjálfstæðismenn séu þessu andvígir heima í héraði. Það er rétt. (Gripið fram í.) Það hefur ekki komið fram og ég er að kalla eftir því. Ég kalla eftir því hver afstaða þingmanna Sjálfstfl. er. Það er dæmigert að þingmenn Sjálfstfl., sem eru hér að véla um hagsmuni byggðarlagsins, eru ekki einu sinni þátttakendur í umræðunni. Afstaða Framsfl. hefur verið ljós í þessu máli. Þeir vilja selja. Þeir vilja ná eignum af sveitarfélögunum. Hún hefur legið fyrir. (**Iðnrh.:** Ná eignum af sveitarfélögunum?) Ná eignum af sveitarfélögunum. (**LB:** Þeir eru nú tilbúnir að semja um allt hitt.) Gætu verið tilbúnir að semja um þetta ef einhver hefði burði til þess að leita eftir samningum. En það virðist ekki hafa verið svo að hv. þm. Sjálfstfl., sem ættu að eiga möguleika á því að ná samningum við Framsókn, hafi beitt sér fyrir því, því miður. Allt hefur þetta þannig verið á sömu bókina lært.

Ég hefði viljað heyra frá hv. þm. Sjálfstfl. í þessu kjördæmi annað en skæting og útúrsnúninga, hvaða skoðun og hvaða vilja þeir hafa í þessu máli. Hvernig vilja þeir svara óskum og kröfum kjósenda sinna, umbjóðenda heima í Skagafirði í þessu máli? (**LB:** Þeir flýja bara?) Já, þeir flýja.

Það er mjög sérstakt að í nál. meiri hlutans um steinullarverksmiðju er hv. varaformaður nefndarinnar ekki á þeim nafnalista sem afgreiddi málið úr nefnd, hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Fróðlegt væri að heyra sjónarmið hans hvað þetta mál viðvíkur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð á ekki aðild að núverandi sveitarstjórn en hefur engu að síður ályktað um þetta mál. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vitna til ályktunar frá fundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem haldinn var 2. mars 2002 á Sauðárkróki:

„Sölu Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki mótmælt.

Fundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Sveitarfélaginu Skagafirði mótmælir harðlega fyrirhugaðri sölu sveitarfélagsins á hlut sínum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Jafnframt mótmælir fundurinn þeirri stefnu stjórnvalda að halda sveitarfélögum í landinu í þeirri úlfakreppu að þau telji sig knúin til að selja dýrmætar eignir sínar til að standa undir skuldbindingum sem þau hafa stofnað til. Það var mikið átak á sínum tíma hjá Skagfirðingum að koma verksmiðjunni upp á Sauðárkróki. Auk þess að vera eitt mikilvægasta atvinnufyrirtæki héraðsins hefur hún skilað sveitarfélaginu miklum arði. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að skoða eigi aðrar leiðir til að auka tekjur sveitarfélagsins af Steinullarverksmiðjunni enn frekar, leiðir sem einnig tryggi framtíð hennar í Skagafirði. Með sölu nú setur sveitarfélagið framtíð verksmiðjunnar á Sauðárkróki í óvissu. Svo stuttu fyrir kosningar er eðlilegra að láta nýrri sveitarstjórn það hlutverk eftir að taka stærri ákvarðanir um endurskipulagningu á eignum og fjárreiðum sveitarfélagsins."

Virðulegi forseti. Þetta er samþykkt frá fundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Sveitarfélaginu Skagafirði sem fjallar um þá ákvörðun meiri hluta sveitarstjórnarinnar í Skagafirði að selja hlut þess. En við hér á Alþingi erum að fjalla um sölu á hlut ríkisins. (**Gripið fram í:** Þá er íhaldið komið í salinn.) (**Fjmrh.:** Það er langt síðan.) Jú, hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde er hér mættur og er það vel.

Næst væri kannski rétt að víkja aðeins að vinnubrögðunum, meðferðinni hér á þingi og í hv. fjárln. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti hvaða reglum ber að fylgja við ráðstöfun á eigum ríkisins. Í þeirri reglugerð segir m.a. í 5. gr. ... (**KHG:** Var það ekki nógu vel gert af Steingrími?) Hæstv. fjmrh. svaraði ekki nógu vel. Ég held líka, virðulegi forseti, að hv. formaður þingflokks Framsfl. hefði átt að athuga hjá hv. formanni iðnn. hvort hann hafi kynnt sér hvernig ætti að vinna að þessu máli svo löglegt gæti talist, sem ég dreg stórlega í efa, enda gat hv. þm. Hjálmar Árnason ekki svarað því í morgun þegar var spurt um það.

Við sölu á eignarhlutum ríkisins í fyrirtækjum ákveða fjmrh. og viðkomandi fagráðherrar hvernig fara skuli með söluna. En þegar eignarhluti ríkisins í fyrirtæki er boðinn til kaups skal eftirfarandi atriðum fullnægt: Í fyrsta lagi skal áætlað söluverð eignarhlutans skal metið af hlutlausum aðila, t.d. löggiltum verðbréfasala eða endurskoðanda.

Virðulegi forseti. Hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. iðnrh. hafa svarað því hver stóð að þessu mati. Hver stóð að því að meta þessa hluta til fjár? Hv. formaður iðnn. hafði ekki hugmynd um það og ekki hafa heldur komið fram svör, hvorki frá hæstv. fjmrh. né hæstv. iðnrh., um hvernig staðið var að þessu mati og við hvaða lög var stuðst þegar það fór fram.

Í öðru lagi segja þær reglur sem fylgja ber að eignarhluti skuli auglýstur opinberlega almenningi til kaups þannig að öllum sem áhuga hafa á sé kleift að gera tilboð.

Vel að merkja. Hvað ætli séu margir eigendur að Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki? Ætli hæstv. iðnrh. hafi einhverja hugmynd um það? Ég get upplýst það. Eigendurnir eru nálægt 290. Engum þeirra mörgu sem þar eru var gefinn kostur á að kaupa hlut. Hlutnum skyldi ráðstafað til örfárra aðila. Greinin sem ég var að vísa í, um að eignarhlutir skuli auglýstir opinberlega almenningi til kaups þannig að allir sem áhuga hafa á geti gert tilboð, er ein af þeim reglum sem ber að fylgja. Það þarf ríka ástæðu til þess að víkja frá þeim reglum. Slíkar ástæður hafa ekki komið fram.

Af því að hv. þm. Jóhann Ársælsson var að velta fyrir sér forsendum fyrir sölu á hlut ríkisins í þessu fyrirtæki og hvernig með skuli farið leyfi ég mér að minnast umræðu á Alþingi um ráðstöfun á ríkiseignum og þar sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar gagnrýndu þau vinnubrögð að ríkiseignir væru afhentar yfir borðið án þess að nokkurt formlegt verðmat færi fram né heldur að kannað sé hvort hærra verð fáist. Hv. þm. hafa gagnrýnt það hér og með réttu. Þess vegna er mjög furðulegt að nú þykir allt í lagi, eins og kom fram í andsvörum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að víkja frá þessum reglum. Mér er spurn: Hvernig ætlar hv. þm. að skýra það? Af hverju eiga ekki þessar reglur að gilda jafnt fyrir alla?

Virðulegi forseti. Hv. formaður iðnn. svaraði því heldur ekki hvers vegna fulltrúar starfsmanna hefðu ekki verið kallaðir fyrir nefndina svo að þeir fengju tækifæri til þess að lýsa skoðun sinni á málinu. Mér er ekki kunnugt um að málið hafi verið einu sinni kynnt þeim formlega með nokkrum hætti. Ég hef áður minnst á hlut Samkeppnisstofnunar. Samkvæmt frv. er gerður sá fyrirvari um að þessi sala nái fram að ganga að Samkeppnisstofnun samþykki hana og við erum þá hér að samþykkja frv. með fyrirvara um samþykki Samkeppnisstofnunar. Hefði ekki verið ráð að gera þetta óðruvísi, að Samkeppnisstofnun kæmi fyrst og fjallaði um þau efnislegu skilyrði sem hún mundi setja áður en við samþykkjum þetta frá Alþingi, a.m.k. áður en hæstv. iðnrh. fer að dreifa peningunum? Hvað ef ekkert verður af þessari sölu? Hæstv. iðnrh. kom inn á það áðan að frv. fjallar um heimild til að selja. Að vísu er búið að kveða á um í frv. og greinargerð með frv. hvernig sú sala skuli fara fram og hvernig hlutirnir skuli verðmetnir. Það er allt saman á hreinu. Engu að síður er þetta heimild. En samt er hæstv. iðnrh. farin að dreifa peningunum.

Ég tel að ráðstöfun á fjármagni, sérstaklega á fjármagni þar sem björninn er enn úti í skógi sé alveg fádæma aðgerð. Lögum samkvæmt eiga fjárln. og Alþingi að afgreiða fjárlög eða ákveða hvernig fjármunum ríkisins er varið.

Hæstv. fjmrh. sagði hér: „Svo flytjum við bara fjáraukalög í haust og þá verður þetta endanlega staðfest." Já, það er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að heimild á fjárlögum þarf til að selja hluti ríkisins. Þó að sérlög gildi um einstök verkefni þarf heimild á fjárlögum ríkisins. (**Fjmrh.:** Það er ekki rétt.) Það er samt svo að það þarf heimild og það þarf að samþykkjast á fjárlögum. Allar fjárráðstafanir verða að

samþykkjast á fjárlögum annars fá þær ekki endanlegt gildi. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjmrh. viti það.

Það er svo aftur annað mál hvort hæstv. fjmrh. telji sig hafa þingmeirihluta til að gera hitt og þetta utan þings. En ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh. ætli að halda því fram í raun að ekki þurfi að afgreiða fjárveitingar á vegum ríkisins á fjárlögum. (**Fjmrh.:** Það er allt annað mál en lagaheimild til að selja.) En engu að síður, virðulegi forseti, er það svo að gjörningurinn verður ekki löglegur fyrr. (**Fjmrh.:** Þetta er bara bull. Það er ráðstöfun fjárins sem þú ert að tala um.) Ég er að tala um ráðstöfun fjárins, já. En það þarf líka heimild til sölu. (Gripið fram í.) Ég veit það. Það er verið að setja lög um það. En í sömu lagagrein, virðulegi forseti, stendur hvernig eigi að ráðstafa fénu. (Gripið fram í.) Jæja? Við skulum athuga það, virðulegi forseti.

Í 1. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra er heimilt að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni.

Helmingur söluandvirðisins skal renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar."

Þetta stendur í 1. gr. frv., virðulegi forseti. Þarna eru menn samtímis að sækja heimild fyrir sölu og líka heimild til þess að ákveða ráðstöfun fjárins.

Ég er hérna líka með tilvitnanir í hæstv. iðnrh. í fjölmiðlum. Ríkisútvarpið fjallaði um sölu hlutabréfa ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki.

Þar sagði, með leyfi forseta:

„Eins og kom fram í fréttum í gær leggur Valgerður Sverrisdóttir, iðn.- og viðskrh., til að um 100 millj. kr. verði varið til atvinnuuppbyggingar í Skagafirði í kjölfar sölu á hlutbréfum ríkissjóðs í Steinullarverksmiðjunni. Rætt hefur verið um Þverárfjallsveg í þessu sambandi og velta menn því fyrir sér hve stór hluti af fjármagninu eigi að fara í það."

Virðulegi forseti. Þurfum við að lesa meir til að sjá að það er verið að ráðstafa fé ríkissjóðs? Þetta vinnulag gengur þvert á þau lög sem við eigum að starfa eftir, lög um fjárreiður ríkisins. Eigum við að horfa upp á það hér að ríkisstjórnin taki sér hverja heimildina á fætur annarri fram hjá Alþingi? Upp á það er okkur boðið, enda hefur einhver nefnt að þetta sé ráðstjórnarríkisstjórn en ekki þingbundin ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Við skulum aðeins líta frekar á vinnulagið. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. komi hér á eftir og geri grein fyrir því hvað hæstv. ráðherrar hafa að segja um það vinnulag sem hér hefur verið viðhaft hvað lög og reglur varðar. Það er nefnilega svo, herra forseti, að einhver mun hafa verið fenginn til þess að gera eitthvert verðmat (Gripið fram í.) sem ríkið hefur síðan stuðst við. Um það má efast hvort það sé í samræmi við þau lög sem ríkinu ber að starfa eftir.

Ég minntist á það áðan og það kom fram í máli hv. formanns iðnn. að fyrir iðnn. kom sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar til þess að gera grein fyrir málinu. Hæstv. forsrh. sagði í sjónvarpsviðtali um sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar að hann væri einn dýrasti opinber starfsmaður á landinu. Þá var verið að ræða um kjör forstjóra Landssímans. En þá er nefnilega svo, virðulegi forseti, að þarna er líkt á komið. Alveg eins og Landssíminn gerði samning við alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið PriceWaterhouseCooper um að lána þeim, selja þeim eða leigja forstjóra Landssímans er það svo með sveitarfélagið Skagafjörð að það hefur líka gert samning við fyrirtækið PriceWaterhouseCooper um að annast sveitarstjórn í Skagafirði. Sá sem nú er sveitarstjóri er þá sendur frá því. Þetta er útseld vinna frá fyrirtækinu þannig að viðkomandi sveitarstjóri er ekki persónulega ráðinn sem slíkur heldur er það fyrirtækið PriceWaterhouseCooper sem tekur að sér þessi verkefni, það að ég best veit. Eftir því sem ég best veit kostar þessi sveitarstjóri „formúur" eins og hæstv. forsrh. kom inn á í sjónvarpsviðtali, sjálfsagt einhvers staðar á milli 1.500–1.600 þúsund á mánuði.

En hvaða fyrirtæki ætli hafi líka gert þetta verðmætamat eða verið ráðgjafi í þessu máli? Hvaða fyrirtæki ætli það hafi verið? Getum við látið okkur detta það í hug? Jú, við getum látið okkur detta það í hug. Sama fyrirtækið og leigir út sveitarstjórann selur líka þjónustuna í sambandi við þetta verðmætamat.

Þetta er sambærilegt við Landssímann. Er þetta trúverðugt? Alla vega uppfyllir þetta ekki þau skilyrði sem ég rakti áðan. Í reglugerð um ráðstöfun eigna ríkisins stendur, með leyfi forseta:

„Áætlað söluverð eignarhlutans skal metið af hlutlausum aðila, t.d. löggiltum verðbréfasala eða löggiltum endurskoðanda."

Það skal metið af hlutlausum aðila, t.d. löggiltum verðbréfasala eða endurskoðanda. Var það gert hér? Mér er spurn.

Virðulegi forseti. Mér þætti mjög gott að heyra hvort hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. finnast slík vinnubrögð vera verjanleg af hálfu ríkisins varðandi verðmætamat á þessum eignarhlutum.

Ég vil líka spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson sem hefur blandað sér í umræðuna. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið ötulir við að benda á það sem miður hefur farið við sölu eigna. Við höfum fengið miklar umræður um sölu jarðeigna þar sem mikill vafi leikur á að fylgt hafi verið þeim reglum sem ber að viðhafa við sölu eigna af hálfu ríkisins. Hér er nákvæmlega sami hátturinn hafður á. Hér er afhent yfir borðið.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. Ég vil enn vísa til þess að þetta fyrirtæki var stofnað á Sauðárkróki fyrir sterkan einhug og atbeina heimafólks, sveitarstjórnarmanna og þingmanna kjördæmisins. Þáverandi sveitarstjóri, Þorsteinn Þorsteinsson, átti þar drjúgan hlut að máli, sérstaklega hvað það varðar hversu vel tókst til. Þess vegna skýtur afar skökku við þegar keyrð er áfram sala á þessu fyrirtæki út úr byggðarlaginu. Þeir eignaraðilar sem stóðu vörð um og veittu þessu fyrirtæki brautargengi eru að láta það af hendi án þess að um það ríki nein sátt. Því fer fjarri. Það ríkir mikil ósátt heima í héraði um þessa ráðstöfun, mikil ósátt, þveröfugt við það þegar verið var að stofna þetta ágæta fyrirtæki. Salan fer þannig fram að ekki er leitað betri kjara. Ekki er kannað hvort heimaaðilar vilji kaupa hlut ríkisins til þess að styrkja stöðu fyrirtækisins þar ef ríkið á að selja hlutinn á annað borð. Það er ekki gert. Hagsmunir sveitarfélagsins, hagsmunir íbúanna eru ekki hafðir að leiðarljósi við afgreiðslu ríkisins á þessu máli.

Herra forseti. Það er dapurlegt þegar við erum að fjalla um ríkisábyrgðir upp á tugi milljarða kr. til erlends stórfyrirtækis sem er með dótturfyrirtæki hér á landi — en ríkisábyrgðin er veitt til hins erlenda aðila — að þá skuli ríkið ekki vera stærra í sniðum en svo, sálin ekki stærri en svo, að því þykir muna um að selja þennan hlut sinn í fyrirtækinu Steinullar-

verksmiðjunni á Sauðárkróki og svipta það þar með þeirri kjölfestu sem hefur stutt það áfram í gegnum árin.

Fróðir menn sem þekkja til bókhalds þessa fyrirtækis segja mér að eignastaða þess sé mjög góð og reksturinn góður og meira að segja sé eignarstaðan svo góð, virðulegi forseti, að hinir nýju eignaraðilar gætu þess vegna sótt kaupverðið inn í fyrirtækið sjálft með því að lækka niður hlutafé þess og láta það síðan greiða út og skuldfæra sig. Svo góð er eignarstaða þessa fyrirtækis. Því er dapurlegt, herra forseti, að þetta skuli vera það sem ríkisvaldið hefur að leggja til varðandi þetta ágæta fyrirtæki og atvinnuuppbyggingu úti á landi.

Ég endurtek svo spurningar mínar, herra forseti, til hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. um að þeir svari því hvernig reglum sem ber að fylgja við sölu á ríkiseignum hafi verið fylgt og hvernig staðið hafi verið að verðmætamati á fyrirtækinu. Hvernig hefur verið staðið að því og hvers vegna var ekki öðrum heimaaðilum gefinn kostur á að eignast hluti í fyrirtækinu, þ.e. ef á annað borð ætti að selja það?

Herra forseti. Þessi málsmeðferð er ríkisvaldinu ekki til sóma.

[18:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum frv. sem gengur út á það að ríkissjóði sé heimilt að selja eignarhlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Það hefur svolítið borið á því í dag í umræðunni sem hefur staðið nokkuð lengi að menn hafa verið í því sambandi að tala um söluna á eignarhlut bæjarfélagsins í Steinullarverksmiðjunni. Ég tel að við séum ekki að ræða það mál hér í raun og veru. Það tengist því sérstaklega vegna þess hvernig málið hefur byggst upp frá því að sú ákvörðun var tekin að í ágúst 2001 þegar byggðaráð Skagafjarðar samþykkti að setja í sölu hlutabréf sveitarsjóðs í Steinullarverksmiðjunni hf. En við erum fyrst og fremst að ræða um hvort eðlilegt sé að ríkið taki undir þessum kringumstæðum þá ákvörðun, ég vil leyfa mér að segja skyndiákvörðun, að fara að selja eignarhlut sinn í Steinullarverksmiðjunni.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því, herra forseti, í dag að í stuttu frammíkalli frá hæstv. iðnrh. og viðskrh. var sagt einhvern veginn á þá leið: Hverjum ættum við þá að selja? Mér finnst þetta bera hálfgerðan keim af því að menn séu í einhverri örvæntingu að selja hlut ríkisins eins og sá hlutur ríkisins sé slæm söluvara eða eitthvað sem menn verða að losna við sem allra fyrst.

Þá er kannski rétt, herra forseti, með leyfi forseta að lesa upp 3. lið í athugasemdum með frv. sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir, en þar kemur ýmislegt fram sem mér finnst áhugavert og vekur upp ýmsar spurningar og vangaveltur. Með leyfi hæstv. forseta hljóðar hann svo:

„Í ágúst 2001 samþykkti byggðaráð Skagafjarðar að óska eftir formlegum viðræðum við aðra ráðandi hluthafa í Steinullarverksmiðjunni hf. um sölu á hlutabréfum sveitarsjóðs í félaginu. Hinn 5. október sl. var haldinn fundur fulltrúa stærstu hluthafa Steinullarverksmiðjunnar hf. og var tilefni hans að ræða ósk sveitarfélagsins um sölu á hlut þess. Á fundinum kom fram að sveitarfélagið stefndi að því að selja allan hlut sinn og var af hálfu þess lögð áhersla á að sem best sátt ríkti milli aðila hluthafasamkomulagsins frá 1989 " — þ.e. þegar fjárhagsleg endurskipulagning fór fram á fyrirtækinu sem tókst ágætlega og hefur síðan leitt til þess að félagið hefur smátt og smátt verið að reka sig með hagnaði og staðið vel og stendur vel í dag — „um framkvæmd sölunnar. Var niðurstaða fundarins sú að sveitarfélagið legði fram nánari hugmyndir um sölu bréfanna og tæki í framhaldi af því upp viðræður við einstaka hluthafa."

Þetta er um aðdragandann að málinu miðað við það hvernig það er rakið í athugasemdum með frv. hvernig það hafi vaknað. Hér er sem sagt ekki komin upp sú staða að ríkið sé neitt að fara að selja hlut sinn heldur er það bæjarfélagið sem er að hugleiða að selja hlut sinn og vill ræða við aðra hluthafa um það hvort þeir vilji hugsanlega kaupa. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í lok nóvember 2001 gerði sveitarfélagið aðilum hluthafasamkomulagsins skriflegt tilboð um að kaupa hlut þess á genginu 3,05. Byggðist tilboðið á mati sérfræðinga á virði Steinullarverksmiðjunnar hf.," — ekki er þess getið hvaða sérfræðingar þetta voru — „en matið var á bilinu 794,6–842,4 millj. kr. Það svarar til gengis á bilinu 2,88–3,05 fyrir hvern hlut." — Sveitarfélagið býður sem sagt hlutinn á hæstu tölunni sem út úr því mati kemur. — „Í bréfinu kom fram að stefna sveitarfélagsins væri að selja bréfin fyrir lok ársins og var þess óskað að svör bærust fyrir 5. desember."

Síðan segir og kemur þá að hlut ríkisins sem mér finnst vera að mörgu leyti furðulegur eins og hann er rakinn í athugasemdum með frv. hæstv. iðnrh. og vekur upp margar spurningar sem ég vona að hæstv. iðnrh. geti svarað. Hér segir, með leyfi forseta:

„Af hálfu ríkisins var tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað."

Sveitarfélagið bauð ríkinu að kaupa hlut sinn. Ríkið tók þá ákvörðun að hafna því að kaupa hlut sveitarfélagsins sem hefði þó getað orðið til þess að ekkert annað rót kæmi á fyrirtækið en ríkið hefði keypt þennan hlut sveitarfélagsins og þar með hefði sveitarfélagið getað losað um nokkra fjármuni sem vafalaust hefðu svo að stórum hluta aftur runnið upp í skuldbindingar jafnvel til ríkisins. Ég þekki það ekki nógu vel. En það gæti þó alveg verið svo.

Nú vil ég spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh.: Hvers vegna var þessu hafnað? Ég spyr í ljósi þess að ríkið var áfjáð um að kaupa Orkubú Vestfjarða þegar sveitarfélögin buðu það til sölu. Af hverju? Og hvaða skýringar eru á því að ríkið telur að það geti ekki komið til móts við Sveitarfélagið Skagafjörð varðandi það að kaupa eignarhlut þess í Steinullarverksmiðjunni. Kemur þó fram að fortíð félagsins er með þeim hætti eftir fjárhagsskipulagningu 1989 að félagið er vel statt og vel rekið og hefur góða markaðsstöðu. Eins og segir hér: „Markaðsstaða fyrirtækisins er traust og mikil umsvif í byggingariðnaði hér á landi á síðustu árum hafa leitt til þess að efnahagur fyrir tækisins er sterkur. Fyrirtækið hefur staðið vel að viðhaldi og endurnýjun framleiðslubúnaðar og síðasta haust var tekinn í notkun nýr og fullkominn pökkunarbúnaður."

Annars staðar í athugasemdunum segir að fyrirtækið hafi náð miklum árangri í útflutningi, m.a. til Færeyja, ef ég man rétt, Bretlands og víðar og útflutningur sé traustur.

Ég spyr, herra forseti: Hvaða áhætta var í því fyrir ríkið að kaupa eignarhlut sveitarfélagsins? Af hverju var því hafnað og hvaða stefnubreyting hefur orðið hjá hæstv. iðnrh. frá því að hann keypti Orkubú Vestfjarða af sveitarfélögunum þar? Þetta er ein af þeim spurningum sem ég óska eftir að verði svarað skilmerkilega því að mér finnst að hér komi fram alveg ný stefna af hendi ríkisins.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í síðari hluta desembermánaðar gerðu GLD" — hvað var nú það? Það var sameignarfélag BYKO og Húsasmiðjunnar eftir að þau fyrirtæki höfðu keypt hlutinn af Sambandi ísl. sveitarfélaga sáluga — „heildverslun og Kaupfélag Skagfirðinga sameiginlegt tilboð í 52% hlut sveitarfélagsins og Paroc Group í fyrirtækinu. Ef tilboðinu hefði verið tekið hefði hlutur GLD heildverslunar og Kaupfélags Skagfirðinga orðið tæp 70%. Þegar eftir að ríkinu varð kunnugt um að slíkt tilboð hefði komið fram var óskað eftir fundi með aðilum hluthafasamkomulagsins til að ræða breyttar forsendur sem upp væru komnar og framtíðareignarhald á félaginu."

Hvaða skelfing var þarna á ferðinni? Var það stórhættulegt eða hvað ógnaði stöðu ríkisins eða eignarhlut þess þegar þetta tilboð hafði komið fram?

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Á fundinum lýstu fulltrúar ríkisins því yfir að þar sem fyrir lægi að Paroc hefði breytt um afstöðu og vildi nú selja hlut sinn í fyrirtækinu þá vildi ríkið jafnframt taka til athugunar að selja sinn hlut."

Hvaða stefnubreyting kemur allt í einu fram þarna varðandi fyrirtækið og eignarhald á fyrirtækinu? Er það eitthvað sem okkur þingmönnum er ekki ljóst, að þegar fyrirtækið Paroc, sem ég held að sé finnskt fyrirtæki ef ég man rétt, tekur þá ákvörðun að vilja selja, þá allt í einu snýst allt við hjá ríkinu og nú vill ríkið allt í einu fara að selja? (**Iðnrh.:** Þetta er sáraeinfalt.) Já, já, ég vona að þetta sé sáraeinfalt því eins og það er skrifað hér er ekki ein einasta skýring með þessu. Tekin er sú ákvörðun að allt í einu vill ríkið fara að selja. Það er eins og menn fari í örvæntingarástand um að hlutur ríkisins sé kominn í eitthvert uppnám. Því svo segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt var því lýst yfir af hálfu ríkisins að það vildi láta á það reyna hvort hægt væri að ná samstöðu um að bjóða bréf ríkisins, sveitarfélagsins og jafnvel Parocs til sölu með sameiginlegu útboði. Af hálfu sveitarfélagsins og Paroc var þeirri leið hafnað."

Það ferli sem fór af stað með áhuga sveitarstjórnarinnar að selja hlut sinn fer í uppnám hjá ríkinu þegar annar hluthafi, finnskur, tekur líka ákvörðun um að hugsanlega sé hlutur hans til sölu. Og eftir því sem ég skynja miðað við framm íkall hæstv. ráðherra hjá einhverjum ræðumanni í dag sem sagði: Hverjum áttum við þá að selja, ef við gátum ekki selt núna? þá má eiginlega velta því upp hvort það sé álit hæstv. ráðherra að við þær eignabreytingar, ef sveitarfélagið og Paroc Group hefðu farið út, þá væri fyrirtækið eða verðmæti þess í uppnámi.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur ráðherra að veruleg hætta hefði verið á því að eignarhlutur ríkisins í fyrirtækinu, ef þessi sala sveitarfélagsins og Paroc hefði farið fram, hefði rýrnað verulega svo næmi stórum upphæðum? Hvaða áhætta fólst í því að slík staða var komin upp og hvers vegna tók ríkið allt í einu þá afstöðu að auka á þá óvissu sem var í kringum málið þegar svona var komið með því að krefjast þess að fara að selja sinn hlut og helst að ganga inn í samstarfsgrúppu með þessum aðilum?

Svo má náttúrlega spyrja í framhaldi af þessum vangaveltum hvort engin stefna sé hjá ríkisstjórinni í atvinnumálum yfirleitt, einkanlega á landsbyggðinni. Það virðist vera einhver stefna, a.m.k. í bili varðandi það hvernig ríkið stendur að atvinnumálum og uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu, samanber deCODE-málið og 54% eignaraðild að því að byggja upp hótelaðstöðu, tónleikahús, óperuhöll og fundaaðstöðu á Reykjavíkursvæðinu. Hvernig svo sem það verður fjármagnað er hlutur ríkisins í því talinn vera 54%, a.m.k. þar til hann verður þá seldur.

Mér finnst, herra forseti, að það sé allt önnur stefna í gangi, að vísu stefna sem er sitt og hvað eins og ég gat um áður, varðandi annars vegar söluna á Orkubúi Vestfjarða þar sem ríkið var kaupandi og vildi ólmur kaupa og hins vegar núna þegar ríkið vill endilega selja. Og aðallega af því einhverjir aðrir eru að fara að selja, held ég. Ég les það út úr athugasemdunum.

Mér finnst alveg vanta skýringar á því hvers vegna nú er rokið til og aukið á þá óvissu sem upp er komin í Skagafirði varðandi sölu ríkisins á eignarhlut sínum.

Ég spyr, herra forseti: Hefði ekki verið skynsamlegra að ríkið ætti eignarhlut sinn og stuðlaði frekar að því að sala sveitarfélagsins gæti þá jafnvel átt sér stað ef sveitarfélagið telur sér ekki annað fært vegna fjárhagsstöðu sinnar, sem er svo auðvitað annað mál og er hluti af stefnumótun ríkisstjórnarinnar þau ár sem ríkisstjórnin hefur setið að völdum? Hefði ekki verið ástæða til að skoða það og ýta undir að það gæti átt sér stað ef nauðsyn krefði frekar en að setja málið allt í óvissu og koma með það á þing í þessum búningi eins og hér hefur verið rætt lengi dags og rakið hvernig standa eigi að sölunni annars vegar og hins vegar hvernig menn ætla að ráðstafa fjármagninu hins vegar?

Er önnur stefna í atvinnumálum á landsbyggðinni, herra forseti? Er önnur stefna hjá ríkisvaldinu í atvinnumálum á landsbyggðinni og fyrirtækjum á landsbyggðinni en uppbyggingu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu? Ég vil fá alveg skýr svör um það, hæstv. iðnrh. (Gripið fram í.) Ég get ekki séð annað en það sé svo núna. Hins vegar er þessi stefna ríkisstjórnarinnar hipsumhaps eftir því hvað verið er að tala um.

Mig langar líka, herra forseti, að beina annarri spurningu til hæstv. iðnrh. og hún er svona:

Nú er eina ferðina enn verið að ráðstafa fjármunum út úr eignasölu í ákveðnum landshluta, í þessu tilfelli Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki, þ.e. eignarhlut ríkisins. Áður var eignarhluta í Kísiliðjunni við Mývatn, eða hluta af þeim fjármunum ráðstafað í heimabyggð, áður sölu ríkisins á eignarhlut í Hitaveigu Suðurnesja og ráðstöfun á hluta fjármagns af því féll til Suðurnesja til atvinnuuppbyggingar og fleira. Ekki ætla ég að mæla neitt á móti því að þetta geti verið í sjálfu sér ákveðnum svæðum og byggðum til framdráttar eða ýti þar undir ákveðna þróun og gæti verið eðlilegt og sjálfsagt ef menn standa að því í sameiningu og þingmenn kjördæmanna fái að koma að því hvernig slíkum fjármunum er best varið, annaðhvort til samgöngubóta eða annarra sameiginlegra verkefna.

Og þá vil ég halda áfram með spurningu mína: Mega Vestfirðingar eiga von á því að ef eða réttara sagt þegar ríkið selur Orkubú Vestfjarða sem það hefur nú fjárfest í, þ.e. með því að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna á Vestfjörðum til viðbótar við sinn hlut, þá verði sama hlutfalli og hér er verið að verja, helmingi fjárins, varið til uppbyggingar á Vestfjörðum? Getum við Vestfirðingar treyst því? Sú stefna sem mótuð hefur verið af hæstv. iðn.- og viðskrh. og ríkisstjórninni, þó hún sé svolítið sitt og hvað, virðist samt vera svo að þegar ríkið selur eignarhluta sína í fyrirtækjum sem staðsett eru úti um land er ríkið að verja þeim fjármunum að

stórum hluta, og ég held að ég muni það rétt úr þessum hugmyndum hér, um helming fjárins til ákveðinna framkvæmda eða áfanga innan viðkomandi sveitarfélaga. Er þetta stefna hæstv. iðnrh. sem hægt er að treysta? Er hægt að treysta því að þetta sé sú stefna sem verði m.a. uppi ef ríkisstjórnin, á því rúma ári sem eftir er af valdatíð hennar, tekur þá ákvörðun að selja Orkubú Vestfjarða, að þá verði helmingnum af því fé sem fæst fyrir það fyrirtæki varið til uppbyggingar á Vestfjörðum í verkefni sem menn geta náð saman um og eru fjórðungnum til hagsbóta? Eða er þetta hipsumhaps eins og allt annað? Er engin stefna í málunum eða á ég að líta svo á að sala þessara þriggja fyrirtækja sé stefnumótandi, að megi treysta því að ef ríkið ákveður að selja orkubúið komi einhverjir fjármunir til þarfra verkefna á Vestfjörðum? Ekki veitir nú af.

Þetta var ein af þeim spurningum, herra forseti, sem ég vildi spyrja.

Síðan velti ég því fyrir mér, herra forseti, ég þekki það ekki nægjanlega vel en þar sem Steinullarverksmiðjan hf. er hlutafélag, hvers vegna ekki þarf að leita eftir því að allir hluthafar eigi rétt á að kaupa hluti sem eru til sölu samkvæmt hlutafélagalögum? Kann að vera að einhver ákvæði séu þegar í lögum um Steinullarverksmiðjuna sem gera það að verkum að slíkt sé ekki skylda? Ég hélt þó að það væri almenna reglan.

Herra forseti. Mig langar síðan að beina þeirri spurningu til hæstv. iðn.- og viðskrh.: Hvers vegna er ekki leitað forúrskurðar hjá Samkeppnisstofnun um að þetta sölufyrirkomulag standist samkeppnisreglur? Það var gert þegar við vorum að velta fyrir okkur sölunni á Búnaðarbankanum eða sameiningu Búnaðarbankans og Landsbankans og hæstv. ráðherra fékk þá úrskurð um að það stæðist ekki og hætt var við að fara í slíka aðgerð. Hvers vegna er ekki spurt að því núna fyrir fram þannig að menn hafi það svar hvort það sem að er stefnt gangi á skjön við samkeppnislög vegna þess að eignaraðildin færist í ákveðnar áttir þar sem má jafnvel velta því fyrir sér hvort menn hafa þá ráðandi stöðu að einhverju leyti?

Þetta er ein af þeim spurningum sem ég vil endilega fá svar við frá hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Síðan velti ég því fyrir mér hvort ráðherrann sé sannfærð um að við þessa sölu sé Framsfl. að fara eftir stefnu sinni með því að hafa fólk í fyrirrúmi. Er í raun og veru verið að vinna að hagsmunum fólksins í Skagafirði til hagsbóta með þessari sölu? Telur ráðherrann að fólkið í Skagafirði sé í fyrirrúmi þegar sú sala á sér stað? Var nauðsynlegt að fara í það núna að selja hlut ríkisins meðan sveitarfélagið vildi ráðstafa sínum hlut? Var ekki rétt að leyfa sveitarfélaginu þá frekar að klára sín mál og ríkið ætti hlut sinn og ekki væri verið að auka á þá óvissu sem e.t.v. kemur upp varðandi söluna?

Þetta er ein af þeim spurningum sem ég vil fá svar við, herra forseti. Finnst hæstv. ráðherra að hér sé verið að fylgja þeirri stefnu sem hún og flokkur hennar hefur gengist undir? (Gripið fram í.)

Rétt í lokin, herra forseti, vil ég ítreka þá spurningu: Hvers vegna telur hæstv. ráðherra að hún sé sérstaklega með því að fara í þessa sölu núna að verja eign ríkisins? Væri ríkið að tapa stórkostlegum fjármunum eða stórkostlegu tækifæri þó að ríkið hefði ekki tekið þá ákvörðun að þegar aðrir vildu selja þá vildi það selja líka? Eða var þetta einhver stefnumótun sem var tekin í ríkisstjórninni eða var þetta tilviljunarkennd ákvörðun af því að finnska fyrirtækið ákvað að selja? Töldu menn þá að fyrirtækið Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki væri komið í uppnám?

Herra forseti. Þetta er aðallega það sem ég vildi láta koma fram hér. Mér fannst það óskynsamlegt, í þeirri stöðu sem upp kom þegar sveitarfélagið í Skagafirði vildi selja eignarhlut sinn, að þá skyldi ríkið fara að rugla það umhverfi allt saman með því að rjúka af stað í sömu veru. Ég held að miklu skynsamlegra hefði verið, herra forseti, að ríkið hefði beðið átekta, reynt að tryggja að rekstur og annað fyrirkomulag héldi áfram og ef ríkið vildi þá síðar selja yrði það selt undir einhverjum þeim skilyrðum að slíkur rekstur yrði sem lengst staðsettur þar sem honum var valinn staður sem ég tel að hafi verið umræddu sveitarfélagi til gæfu á sínum tíma.

[19:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. hafi hér verið með efnislegar spurningar og að í sjálfu sér ekki nema eðlilegt að þær komi fram.

Í fyrsta lagi tel ég þetta samræmast ágætlega slagorðinu sem við framsóknarmenn höfum tileinkað okkur: Fólk í fyrirrúmi. Um það er að ræða að lýðræðislegur meiri hluti í Sveitarfélaginu Skagafjörður tekur ákvörðun um að selja og ... (**GAK:** Ekki ríkishlutann.) — ég ætla að fara yfir það. Okkur ber skylda til þess, sem förum með eign ríkisins í þessu fyrirtæki, að verja hagsmuni ríkisins.

Í þessu ferli var okkur gert ljóst að finnska fyrirtækið vildi selja líka. Raunar höfðum við haft ákveðnar grunsemdir um að fyrirtækið mundi hugsanlega vilja kaupa af ríkinu en svo var ekki, heldur vildi finnska fyrirtækið selja. Við höfðum, árið 1989, gert hluthafasamkomulag sem skiptir miklu máli í þessu sambandi. Við töldum nauðsynlegt, vegna hagsmuna ríkisins fyrst þessi nýja staða var komin upp, að selja hlut ríkisins í tengslum við sölu sveitarfélagsins og sölu Parocs og það var niðurstaðan.

Það er ekki stefna ríkisins að eiga endilega þetta fyrirtæki. Þetta er myndarlegt fyrirtæki sem við vitum að á mikla framtíð og stefna ríkisstjórnarinnar er frekar að selja fyrirtæki en kaupa þau. Þannig samræmdist þetta ágætlega.

Hvað varðar forúrskurð þá kemur það ekki til greina vegna þess að lögin, samkeppnislögin, kveða ekki lengur á um að það sé hægt. Það var því útilokað.

Í sambandi við Orkubú Vestfjarða vil ég halda því til haga að við keyptum það fyrirtæki af sveitarfélögunum á mjög háu verði og það vita Vestfirðingar.

[19:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég átta mig ekki enn á því eftir þetta svar hvers vegna ríkisvaldið tók þá ákvörðun að selja hlut sinn. Það skýrir ekkert fyrir mér þó að finnska fyrirtækið hafi ákveðið að selja sinn hlut. Það skýrir ekkert ákvörðun ríkisins. Það skýrir heldur ekki út fyrir mér hvers vegna ríkið vildi komast inn í þessa sölu, á sama tíma og hæstv. ráðherra segir að fyrirtækið sé gott, sterkt og vel rekið og í því sé ágætiseign. Hvaða hætta var á ferðum? Er verið að fela eitthvað hér í umræðunni fyrir hv. alþingismönnum?

Varðandi Orkubú Vestfjarða, herra forseti, sem ég heyrði að hæstv. ráðherra taldi að ríkið hefði keypt á einhverju yfirverði, leyfi ég mér að efast um það. Ég er búinn að heyra þessa klisju. Hún var iðulega notuð hér þegar menn voru að ræða málið í þingsölum, að það væri nú verið að gefa

Vestfirðingum eitthvað eina ferðina enn. Það væri verið að kaupa af þeim á yfirverði. Sama gamla tuggan. Ef eitthvað er verið að aðhafast úti á landi er verið að færa einhverjum gjafir eða gefa einhverjum eitthvað.

Ég vil vekja athygli á því að með sölunni á Orkubúi Vestfjarða fóru nánast öll jarðhitaréttindi og orkuréttindi sem þekkt eru á Vestfjörðum og kortlögð hafa verið, með fyrirtækinu, nema bæjarlækirnir sem bændur eiga. Ég vil leyfa mér að draga í efa, herra forseti, að hægt sé að koma hér með fullyrðingu um að allur þessi framtíðarréttur hafi verið keyptur á ofurverði. Ég held að ráðherrann sé alls ekki dómbær á það.

[19:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo langt frá því að verið sé að fela eitthvað í þessu máli enda held ég að hv. þm. geti séð það á greinargerðinni, þar sem farið er nákvæmlega yfir þetta ferli, hvernig það átti sér stað. Málið er að við höfum möguleika á því, í samfloti við aðra eigendur, að selja hlut ríkisins á ásættanlegu verði. (**GAK:** Hver mat það?) Það er metið af sérfræðingum (**GAK:** Af hvaða sérfræðingum?) og við erum sátt við það.

Auðvitað er þetta samkomulag. Því er ekki að neita, þetta er samkomulag og við tökum þessu ágæta tilboði svo framarlega sem það verður ekki stöðvað af samkeppnisyfirvöldum.

Hv. þm. heldur því fram að ríkið hafi verið áfjáð að kaupa Orkubú Vestfjarða. Það var reyndar ekki svo. Ríkið vildi hins vegar leggja sig fram um að koma fjárhag þessara ágætu sveitarfélaga á réttan kjöl. Þess vegna brást ríkið þannig við, í því tilfelli. Í málinu sem hér er um að ræða, er ríkið í samvinnu við sveitarfélagið að koma málum svo fyrir að þetta fyrirtæki verði selt ábyrgum aðilum sem hugsa sér að reka það áfram í þessu sveitarfélagi, öllum til hagsbóta. Því skyldi ríkið eiga hlut í þessu félagi, einhvern lítinn hlut — það er það sem ég átti við þegar ég kallaði hér fram í hér fyrr í umræðunni. Ég sagði: Hverjum átti ríkið þá að selja? Ef við hefum brunnið inni með lítinn hlut þá hefði hann orðið ákaflega verðlítill. Þá hefðu hv. þm. stjórnarandstöðunnar verið tilbúnir til að koma upp í þennan ræðustól og gagnrýna mig, ráðherrann sem fer með hlutabréfið í þessu fyrirtæki, fyrir það að halda illa á hagsmunum ríkisins.

Það er fyrst og fremst tækifærismennska sem ræður ferðinni þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar koma hér upp og hafa uppi stór orð. En þá vil ég taka fram að sumir hafa viðhaft stærri orð en hv. síðasti ræðumaður.

[19:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á afar erfitt með að átta mig á þessu og fá út úr orðum ráðherra ásættanlegt svar og skýringar við spurningum mínum.

Í fyrsta lagi segir hæstv. ráðherra að selt hafi verið á ásættanlegu verði eftir mati einhverra sérfræðinga. Í annan stað segir ráðherrann að ef ekki hefði verið selt þá hefði hlutur ríkisins orðið verðminni, verðlítil eign. Hvaða samhengi er í þessum svörum? (**JB:** Ekkert.) Fyrst er talað um ásættanlegt verð og menn hafi samið um það. Ég geri ráð fyrir að sá sem keypti hafi talið sig kaupa eitthvað sem var þess virði, þ.e. sá sem ætlar að kaupa.

Ef það er svo að þessi hlutur yrði verðlítill ef hann hefði ekki verið seldur núna hefði náttúrlega ekki náðst samkomulag við nokkurn einasta kaupanda um að kaupa hann. Varla eru þetta nein flón sem eiga viðskipti við ríkið, eða hvað? Þetta svar hæstv. ráðherra dugir mér bara ekki sem skýring. Ég get ekki séð að hlutur ríkisins í fyrirtækinu, sé það vel rekið og vilji aðrir kaupa það og reka, verði allt í einu verðlítill.

Mér finnst vanta aðrar skýringar, herra forseti, en að segja að selt hafi verið á ásættanlegu verði. Þeir sem keyptu hafi fallist á að kaupa á þessu verði. Í annan stað er hins vegar sagt að ef ekki hefði verið selt þá hefði hluturinn orðið verðlítill. Hvaða bjánar voru þetta sem ætluðu að kaupa af ríkinu?

[Fundarhlé. — 19:24]

[20:00]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, þskj. 1425.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 621. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1426; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1427.

[20:01]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

Aðdragandi málsins er sá að með lögum nr. 61/1981 var ríkisstjórninni veitt heimild til að taka þátt í stofnun Steinullarverksmiðjunnar hf. á Sauðárkróki. Stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna hf. var undirritaður 2. desember 1982 og lagði íslenska ríkið fram 40% hlutafjár en Steinullarfélagið hf. 60%. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband íslenskra samvinnufélaga og OY Partek A/B í Finnlandi að gerast hluthafar í félaginu. Steinullarverksmiðjan hóf starfsemi árið 1985 og eins og fram kemur í greinargerð með frv. eru núverandi eigendur verksmiðjunnar ríkissjóður með 30,11%, Paroc Group með 27,68%, bæjarsjóður Sauðárkróks með 23,98%, GLD heildverslun með 12,38%, Kaupfélag Skagfirðinga með 4,92% og aðrir hluthafar eru með 0,93% eignarhald.

Virðulegi forseti. Fram kemur í athugasemdum við frv. að rekstur Steinullarverksmiðjunnar var erfiður í byrjun. Erfiðleikarnir stöfuðu annars vegar af tæknilegum ástæðum og hins vegar af mikilli skuldsetningu fyrirtækisins í erlendri mynt á tímum óðaverðbólgu. Fljótlega tókst að leysa tæknileg vandamál við framleiðsluna og afurðir fyrirtækisins urðu fyllilega samkeppnishæfar við afurðir frá öðrum framleiðendum. Það hefur komið fram í umræðunni hér, virðulegi forseti, að með tímanum tókst að byggja upp markað í Færeyjum, Bretlandi og víðar, en útflutningur á afurðum fyrirtækisins hefur gert það að verkum að afkastagetan hefur verið að mestu fullnýtt við þessa verksmiðju.

Árið 1989 tóku eigendur, lánadrottnar og starfsmenn höndum saman um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Hlutafé var aukið um 90 millj. kr. og jók finnska fyrirtækið Partek, nú Paroc Group, eignarhlut sinn úr 8% í 27,7%. Jafnframt var samið um nokkra lækkun vaxta og lengingu á endurgreiðslutíma lána. Ástæður þess að svo víðtæk samstaða náðist um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins var sú að tekjur fyrirtækisins jukust, fyrirtækið hafði náð góðum tökum á framleiðslunni og afurðir fyrirtækisins reyndust fyllilega standast kröfur markaðarins. Þetta kemur fram í athugasemdum með frv. Enn fremur kemur fram að í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins

var gert sérstakt hluthafasamkomulag á milli stærstu eigenda þess, þ.e. ríkissjóðs, Partek, bæjarsjóðs Sauðárkróks, Sambands íslenskra samvinnufélaga og Kaupfélags Skagfirðinga. Síðar eignuðust BYKO og Húsasmiðjan hf. hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga og stofnuðu þessir aðilar fyrirtækið GLD heildverslun um eignarhluti sína. Þetta kemur fram í athugasemdum með frv., virðulegi forseti.

Þær langtímaáætlanir sem lagðar voru til grundvallar hinni fjárhagslegu endurskipulagningu árið 1989 hafa gengið eftir. Fyrirtækinu hefur tekist að þróa nýjar vörutegundir bæði fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings. Í þeim efnum hefur fyrirtækið notið góðs af samstarfi við Partek á sviði tækni- og vöruþróunar. Markaðsstaða fyrirtækisins er traust og mikil umsvif í byggingariðnaði hér á landi, sem öllum er kunnugt um, á síðustu árum hafa leitt til þess að efnahagur fyrir tækisins er sterkur. Fyrirtækið hefur staðið vel að viðhaldi og endurnýjun framleiðslubúnaðar og síðasta haust var tekinn í notkun nýr og fullkominn pökkunarbúnaður.

Virðulegi forseti. Ég hef það fyrir víst og það hefur komið fram í umræðunni að átök voru á sínum tíma um staðsetningu fyrirtækisins. Tveir staðir komu til greina. Það voru Þorlákshöfn og Sauðárkrókur. Tekin var pólitísk ákvörðun um það á hinu háa Alþingi að Sauðárkrókur skyldi verða fyrir valinu.

Ég hef upplýsingar um að aðkoma Finnanna, sem hafa verið svo mikill bakhjarl fyrir þetta fyrirtæki, mun vera til komin vegna þess að mikil samskipti voru milli vinabæjar Sauðárkróks í Finnlandi og Sauðárkróks. Persónuleg sambönd mynduðust og það mun hafa leitt til þess að Finnarnir komu inn í þessa fjárfestingu af fullum þunga. Þó svo að finnska fyrirtækið hafi breytt um eðli á síðustu árum þá var þetta, að mér skilst, og ég hef fengið upplýsingar um það, eins konar byggðaaðgerð af hálfu Finnanna og aðstoð í aðra röndina, ekki bara á viðskiptalegum grunni. Nauðsynlegt er að þetta komi fram vegna þess að talið er að velgengni verksmiðjunanr sé fyrst og fremst því að þakka að njóta þess að fá alla nýjustu tækni frá Finnunum og talið er það hafi átt langstærstan hluta í því að fyrirtækið er eins gott í dag og raun ber vitni og aðkoma Finnanna við endurskipulagningu mun hafa verið á þessum grunni en ekki eingöngu á viðskiptalegum forsendum.

Það skýrir ýmislegt varðandi afstöðu Finnanna núna þegar hræringar eru eða menn eru að koma saman þessu söludæmi, að þeir munu hafa sagt sem svo að þeir væru ekki áhugasamir um að vera eigendur að fyrirtækinu ef um breytingu yrði að ræða þannig að ríki og bær færu út. Sú sögulega skýring sem ég er að gefa hér, virðulegi forseti, styður þá kenningu að Finnarnir hafi komið inn í þetta mál á sínum tíma fyrir kunningsskap og velvilja, en ekki eingöngu á viðskiptalegum forsendum — það mun hafa verið raunin — og Finnarnir hafi verið í verkefnum af þessu tagi heima fyrir og uppbyggingu á þeim nótum að verið væri að skapa fólki í hinum dreifðu byggðum betri lífsmöguleika þar.

Víðar en hjá okkur talsmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gætir því þeirrar hugsunar að menn þurfi ekki endilega að fara inn í verkefni af þessu tagi bara út frá hörðum stundarhagsmunasjónarmiðum, heldur séu menn að byggja upp til framtíðar og láti að einhverju leyti önnur sjónarmið ráða þó svo að viðskiptalegir hagsmunir verði að koma þar inn í dæmið.

Virðulegi forseti. Í greinargerðinni kemur fram að í ágúst 2001 samþykkti byggðaráð Skagafjarðar að óska eftir formlegum viðræðum við aðra ráðandi hluthafa í Steinullarverksmiðjunni hf. um sölu á hlutabréfum sveitarsjóðs í félaginu. Hinn 5. október sl. var haldinn fundur fulltrúa stærstu hluthafa Steinullarverksmiðjunnar hf. og var tilefni hans að ræða ósk sveitarfélagsins um sölu á hlut þess. Á fundinum kom fram að sveitarfélagið stefndi að því að selja allan hlut sinn og var af hálfu þess lögð áhersla á að sem best sátt ríkti milli aðila hluthafasamkomulagsins vegna endurskipulagningarinnar frá 1989 um framkvæmd sölunnar. Var niðurstaða fundarins sú að sveitarfélagið legði fram nánari hugmyndir um sölu bréfanna og tæki í framhaldi af því upp viðræður við einstaka hluthafa.

Síðan kemur fram í greinargerðinni að í lok nóvember 2001 gerði sveitarfélagið aðilum hluthafasamkomulagsins skriflegt tilboð um að kaupa hlut þess á genginu 3,05. Byggðist tilboðið á mati sérfræðinga á virði Steinullarverksmiðjunnar hf., en matið var á bilinu 794,6–842,4 millj. kr. Það svarar til gengis á bilinu 2,88–3,05 fyrir hvern hlut eins og komið hefur fram hér í umræðunni. Í bréfinu kom fram að stefna sveitarfélagsins væri að selja bréfin fyrir lok ársins og var þess óskað að svör bærust fyrir 5. desember.

Af hálfu ríkisins var tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað. Það er sá punktur, virðulegi forseti, sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gagnrýnum harðlega. Við teljum að þetta örþrifaráð sveitarstjórnarinnar í Sveitarfélaginu Skagafirði sé fyrst og fremst til komið vegna fjárhagsþrenginga, þ.e. að menn hafi viljað losa þessi bréf til þess að lækka skuldir. Því er það skoðun okkar að ríkissjóður hefði átt að liðka fyrir um tíma alla vega og kaupa bréf sveitarfélagsins eins og kemur fram í tillögu minni hluta iðnn. sem ég skrifa undir sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn.

Eins og ég sagði þá kemur fram í greinargerðinni að af hálfu ríkisins var tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað. Í síðari hluta desembermánaðar gerðu GLD heildverslun og Kaupfélag Skagfirðinga sameiginlegt tilboð í 52% hlut sveitarfélagsins og Paroc Group í fyrirtækinu. Ef tilboðinu hefði verið tekið hefði hlutur GLD heildverslunar og Kaupfélags Skagfirðinga orðið tæp 70%. Þegar eftir að ríkinu varð kunnugt um að slíkt tilboð hefði komið fram var óskað eftir fundi með aðilum hluthafasamkomulagsins til að ræða breyttar forsendur sem upp væru komnar og framtíðareignarhald á félaginu. Það kemur fram í greinargerðinni að á fundinum lýstu fulltrúar ríkisins því yfir að þar sem fyrir lægi að Paroc hefði breytt um afstöðu og vildi nú selja hlut sinn í fyrirtækinu þá vildi ríkið jafnframt taka til athugunar að selja sinn hlut. Jafnframt var því lýst yfir af hálfu ríkisins að það vildi láta á það reyna hvort hægt væri að ná samstöðu um að bjóða bréf ríkisins, sveitarfélagsins og jafnvel Parocs til sölu með sameiginlegu útboði. Af hálfu sveitarfélagsins og Parocs var þeirri leið hafnað, þ.e. þessa finnska fyrirtækis sem verið er að ræða um.

Virðulegi forseti. Nú er það mat margra að finnska fyrirtækið hafi óskað eftir því að draga sig út úr eða selja sinn hlut einvörðungu vegna þess að fyrirhugað væri að bær og ríki drægju sig út úr fyrirtækinu og þá hefðu Finnarnir á grunni nýrra forsendna ekki áhuga á því að vera með. Það er alvarlegur hlutur. Í greinargerðum eða athugasemdum hefur ekkert komið fram um hvort látið hafi verið á það reyna hvort það að ríkið kæmi inn og leysti út bréf Sauðárkróks eða Sveitarfélagsins Skagafjarðar, hefði breytt viðhorfum finnska fyrirtækisins til þess að vera með áfram. Margt

bendir til þess að hugarfarsbreyting Finnanna hafi fyrst og fremst verið út af því að setja átti fyrirtækið á almennan markað og losa um tengingu við ríki og bæ. Um það mál hefur ekki verið nægilega rætt.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er lagt til í frv. að iðnrh. verði veitt heimild til að selja eignarhluta íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni hf. á Sauðárkróki og eins kemur fram greinargerðinni að gert hafi verið samkomulag milli stærstu eigenda fyrirtækisins, Húsasmiðjunnar hf., BYKO hf. og Kaupfélags Skagfirðinga um kaup á eignarhlut ríkisins og Sveitarfélagsins Skagafjarðar í fyrirtækinu.

Það var upplýst á nefndarfundi að samkomulagi væri háð nokkrum skilyrðum, m.a. samþykki Alþingis, eins og komið hefur fram í umræðunni í dag, og því að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji á þau efnisleg skilyrði. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt þó ekki liggi fyrir hvort Samkeppnisstofnun leggi blessun sína yfir þessi viðskipti eða setji um þau efnisleg skilyrði. Minni hlutinn telur augljóst að Alþingi eigi ekki að afgreiða frv. án þess að afstaða Samkeppnisstofnunar liggi fyrir.

Virðulegi forseti. Það er nú eins og með önnur frv. sem er verið að setja í gegnum þingið á allra síðustu dögum þess, að það hefur hreinlega ekki gefist tími til þess að vinna frv. eins og vera ber og afla þeirra upplýsinga sem þarf. Eftir á að hyggja hafa ekki nógu margir komið til hæstv. iðnn. til þess að gefa upplýsingar. Það skýra bókanir bæjarstjórnarmanna í Sveitarfélaginu Skagafirði því þeir átelja meiri hluta sveitarstjórnarinnar fyrir að hafa sent starfandi bæjarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem áheyrnarfulltrúa sinn og vilja sem sagt ekki una því að þannig hafi verið staðið að málum. Eftir á að hyggja hefði líka þurft að heyra ofan í starfsmenn í miklu ríkari mæli en gert var og kalla fulltrúa þeirra til fundar og láta skýra málin fyrir nefndinni.

Hvað varðar Samkeppnisstofnun þá þyrfti, eins og ég bendi á í minnihlutaáliti mínu, úrskurður Samkeppnisstofnunar að liggja fyrir áður en við veitum þessa heimild. Það er forkastanlegt að við á hinu háa Alþingi skulum ekki hafa tíma til að vinna hlutina þannig að við getum gert okkur grein fyrir því í raun hvert við erum að stefna með slíkri ákvörðunartöku, en það er ekki hægt á þessum grunni.

Virðulegi forseti. Fram hefur komið að minni hlutinn er andvígur sölu ríkisins á eignarhlut sínum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki við núverandi aðstæður og telur slíka ráðstöfun ekki líklega til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins til lengri tíma litið. Fjárhagsstaða þess hefur verið slæm og til þess að bæta hana hefur sveitarstjórnin brugðið á það ráð að selja eignir. Rafveita Sauðárkróks hefur verið seld og nú stendur hugur sveitarstjórnarinnar til þess að losa um fjármagn sem sveitarfélagið á í Steinullarverksmiðjunni. Eins og m.a. má sjá af ályktun sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu sem ég er að vitna í, þ.e. áliti minni hluta iðnn., eru afar deildar meiningar um málið heima í héraði enda hefur Steinullarverksmiðjan um árabil verið mikilvæg stoð í atvinnulífi Sauðárkróks. Á sínum tíma var tekist hart á um stofnsetningu verksmiðjunnar, eins og ég kom inn á áðan hér í ræðu minni, og ekki síst staðsetningu og það var pólitísk ákvörðun að henni var valinn staður á Sauðárkróki.

Það kom fram hér í umræðunni í dag að ekki munaði nema tveimur atkvæðum að Steinullarverksmiðjan yrði staðsett annars staðar, þ.e. á Þorlákshöfn. Það voru gríðarleg pólitísk átök um það hvar þetta fyrirtæki ætti að vera.

Virðulegi forseti. Ég benti líka á það í minu minnihlutaáliti í iðnn. að Steinullarverksmiðjan hefur reynst mikill happafengur fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð. Þrátt fyrir þá byrjunarörðugleika sem raktir voru áðan, hefur rekstur hennar gengið vel og hún hefur skilað eigendum sínum drjúgum arði. Hún veitir fjölda bæjarbúa atvinnu, bæði beint og óbeint, og sveitarfélagið hefur af henni umtalsverðar tekjur. Fjárhagur verksmiðjunnar er góður, mjög litlar skuldir hvíla á fyrirtækinu og ekkert bendir til annars en reksturinn geti áfram gengið vel. En skjótt skipast veður í lofti og engin trygging er fyrir því að nýir eigendur verksmiðjunnar hafi jafnmikinn áhuga og núverandi eigendur á því að efla hag hennar á þeim stað þar sem hún er rekin nú.

Virðulegi forseti. Ég vil bæta því við þannig að það komi skýrt fram að aðkoma Finnanna við fjárhagslega endurskipulagningu á sínum tíma þar sem þeir komu líka inn með nýja tækni og þess háttar, er að allra mati orsök þess góða árangurs sem hefur náðst á síðari rekstrarárum verksmiðjunnar.

Virðulegi forseti. Ég velti vöngum yfir því í minnihlutaáliti mínu að þessi niðurstaða gæti e.t.v. orðið til þess að flytja störf í burtu og leitt til tekjumissis og er þá verr af stað farið, að mínu mati, en heima setið. Ég vil fyrir hönd minni hlutans að allra leiða verði leitað til þess að leysa tímabundinn vanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar, annarra en að selja drjúgan hluta bestu mjólkurkýrinnar á þeim bæ og setja þar með framtíð Steinullarverksmiðjunnar í algjöra óvissu. Reynist sveitarfélagið hins vegar nauðbeygt til þess að selja hlut sinn í verksmiðjunni telur minni hlutinn að ríkið eigi alla vega tímabundið að leysa þann hlut til sín með framlagi eða kaupum á vegum ríkisins.

Af þessum sökum legg ég til að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá sem hljóðar svo:

„Í ljósi þess að áform um sölu Steinullarverksmiðjunnar eru fyrst og fremst tilkomin vegna bágrar fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þess að um málið eru mjög deildar meiningar heima í héraði leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta álit er sett fram 18. apríl 2002. Árni Steinar Jóhannsson ritar undir.

Ég vil líka vitna í fylgiskjal með áliti 1. minni hluta þar sem er ályktun frá fundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Sveitarfélaginu Skagafirði 2. mars sl. Það varðar sölu Steinullarverksmiðjunnar og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sölu Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki mótmælt.

Fundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Sveitarfélaginu Skagafirði mótmælir harðlega fyrirhugaðri sölu sveitarfélagsins á hlut sínum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Jafnframt mótmælir fundurinn þeirri stefnu stjórnvalda að halda sveitarfélögum í landinu í þeirri úlfakreppu að þau telji sig knúin til að selja dýrmætar eignir sínar til að standa undir skuldbindingum sem þau hafa stofnað til. Það var mikið átak á sínum tíma hjá Skagfirðingum að koma verksmiðjunni upp á Sauðárkróki. Auk þess að vera eitt mikilvægasta atvinnufyrirtæki héraðsins hefur hún skilað sveitarfélaginu miklum arði. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að skoða eigi aðrar leiðir til að auka tekjur sveitarfélagsins af Steinullarverksmiðjunni enn frekar. Leiðir sem einnig tryggi framtíð hennar í Skagafirði. Með sölu nú setur sveitarfélagið framtíð verksmiðjunnar á Sauðárkróki í óvissu. Svo stuttu fyrir kosningar er eðlilegra að láta nýrri sveitarstjórn það hlutverk eftir að taka stærri ákvarðanir um

endurskipulagningu á eignum og fjárreiðum sveitarfélagsins."

Þarna er einmitt hreyft mikilvægum punkti. Sveitarstjórnarkosningar eru náttúrlega alveg á næstu grösum, 25. maí, og þá veit maður ekkert hvernig samsetning bæjarstjórnar- eða sveitarstjórnarmeirihlutans verður. Ég held að allir geti verið sammála um að það sé nú lágmark að bíða eftir úrslitum þeirra sveitarstjórnarkosninga þannig að nýir aðilar geti komið að málinu. Mér skilst að það verði mikið um breytingar á mannskap í sveitarstjórninni hvernig svo sem hlutföllin verða milli flokka, að aðilar séu að fara út úr sveitarstjórn og nýir koma inn væntanlega. Því er náttúrlega mjög mikilvægt að það fólk sem kemur ferskt inn að þessum málum eftir næstu sveitarstjórnarkosningar eigi einhverja aðkomu að málinu og þurfi ekki að standa frammi fyrir svo afdrifaríkum ákvörðunum sem gjörðum hlut rétt fyrir kosningar. Þetta segi ég sérstaklega vegna þess að maður hefur orðið var við að þetta er gríðarlegt hitamál í héraðinu og gengur þvert á allar flokkslínur, eftir því sem mér sýnist. Eftir þeim viðbrögðum sem ég hef fengið, bæði símleiðis og í pósti, lítur almenningur þetta mjög alvarlegum augum.

Ég benti á það í fyrri ræðu minni að svo margt blandast inn í. Fólki finnst að með því að missa forræðið yfir atvinnutækjum — þetta mótast náttúrlega líka af því að menn hafa staðið frammi fyrir því að missa forræðið yfir útgerðarfyrirtækjum o.s.frv. — þá lítur allur almenningur á það sem ávísun á óöryggi ef opinberir aðilar missa ítök í atvinnutækjum, sérstaklega í dreifbýlinu. Það leggst mjög illa í almenning og er liður í því að veikja undirstöður hinna dreifðu byggða. Ég hef á tilfinningunni að þetta sé í raun stærsti þátturinn hvað varðar fólksflótta af landsbyggðinni, þ.e. að undireins og mönnum finnst að það hafi ekki á vísan að róa með grunntekjuöflun og starfsemi í viðkomandi sveitarfélagi, jafnvel fólk sem ekki hafi verið að hugsa sér til hreyfings, noti þá tækifærið og komi sér í burtu. Mörg dæmi eru um slíkt. Þetta gerist t.d. þar sem sveitarfélögin eða heimamenn hafa misst forræði yfir útgerðarfyrirtækjum. Þá er það alveg eins og við manninn mælt að fólksflótti brestur á í kjölfarið á svoleiðis uppákomu. Í vissum tilfellum getur verið um huglægt mat að ræða, en alla vega virka hlutirnir þannig á fólk.

Mikið hefur verið rætt í þessari umræðu það sem er nú í tísku hér á hinu háa Alþingi og mikill meiri hluti virðist vera fyrir, þ.e sú bylgja að ríkið eigi ekki að vasast í atvinnurekstri eins og það er orðað og heldur ekki sveitarfélög. Samt erum við alltaf að búa til eða setja upp formúlur þar sem ríki og bæir beint eða óbeint koma að gríðarlegum atvinnuuppbyggingaráformum á hverjum tíma. Ríkisábyrgðarmálið til handa deCODE er náttúrlega langstærsta málið í þessum dúr, þar sem menn alveg án þess að blikna samþykkja 20 milljarða ríkisábyrgð til atvinnuuppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu, fyrst og fremst væntanlega, ef ekki verðar gerðar athugasemdir við það að slíkt fyrirtæki sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er alveg gríðarlegt inngrip og innspýting, ef af verður, í atvinnuuppbyggingu og umsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur augaleið.

Ég veit ekki af hverju menn fælast það svona mikið að ríkið komi að undirstöðuatvinnustarfsemi í tiltölulega smáu sveitarfélagi vegna þess að ef við tökum bara gæluverkefni ríkisstjórnarinnar, Kárahnjúkavirkjun og byggingu álvers á Reyðarfirði þá er í raun nákvæmlega það sama uppi á teningnum. Við frumvinnslu Kárahnjúkavirkjunarverkefnisins var ævinlega reiknað með því að það yrði sjálfstæð rekstrareining, það yrði sjálfstætt fyrirtæki, sjálfstætt félag, en e.t.v. með aðkomu Landsvirkjunar og einhverra annarra fjárfesta eins og talað var um.

Eftir því sem vinnslu verkefnisins vatt fram var það á örfáum missirum orðið alfarið verkefni Landsvirkjunar að byggja Kárahnjúkavirkjun. Og hvað segir það? Það segir að þar með, með því að setja formúluna upp þannig, er Kárahnjúkavirkjun með óbeina ríkis-, borgar- og bæjarábyrgð, þar sem ríkið er helmingshluthafi á móti Reykjavíkurborg og síðan Akureyrarbær með 5%.

Atvinnuuppbyggingaráform á slíkum skala eru að stórum hluta háð þátttöku eða aðkomu ríkisins á óbeinan hátt. Þátttakan er bein þar sem Landsvirkjun sem slík fer inn í þetta en er óbein með ríkisábyrgðum, bæjarábyrgðum og borgarábyrgðum til að baktryggja þetta fyrirtæki.

Stundum geta menn verið óskaplega heilagir hvað varðar aðkomu ríkisins að atvinnulífinu, en síðan breytt þvert á stefnu sína bara ef það snýst um nógu háar fjárhæðir, helst tugi og hundruð milljarða. Verkefni eins og við vorum að tala um varðandi Kárahnjúkavirkjun kostar a.m.k. á annað hundrað milljóna hvað varðar Landsvirkjun.

Við getum fyllilega réttlætt þá skoðun okkar að til að gera hlutina auðveldari fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð hefði aðkoma ríkisins með tímabundnum uppkaupum á bréfum sveitarfélagsins verið heppilegri leið fyrir allra hluta sakir. Þannig, virðulegi forseti, höfum við stillt málunum upp.

Þá komum við að heildarsýninni sem við verðum að hafa í þessu sambandi. Þetta er í þriðja skiptið á mjög skömmum tíma sem við stöndum frammi fyrir því að sveitarfélag eða sveitarfélög hafa selt eignir til að geta grynnkað á skuldum og gert einingar sínar rekstrarhæfar. Sem dæmi um þetta er salan á Orkubúi Vestfjarða, í öðru lagi salan á Rafveitu Sauðárkróks og í þriðja lagi þessi sala. Við höfum viljað stilla þessum málum upp í allt öðru ljósi. Við viljum taka á fjárhagsvanda sveitarfélaganna, sem er margbrotinn og stafar af mörgum þáttum. Fólksfækkunin skiptir miklu í því sambandi. Þar af eru vandræði vegna félagslega íbúðakerfisins mjög stór þáttur. Samkvæmt skýrslu sem hæstv. félmrh. birti er hann talinn um 2,8 milljarðar. Það er ekkert vafamál að staðan væri allt önnur varðandi þessi sölumál og e.t.v. stæðum við ekki frammi fyrir þessu máli ef tekið væri almennt á stöðu sveitarfélaganna og þau þyrftu ekki að taka ákvarðanir á þeim grunni sem þau neyðast nú til.

Í umræðunni í allan vetur — raunar þau ár sem ég hef verið á þingi — hafa menn tekist mjög á um stöðu sveitarfélaganna og hún hefur alltaf farið á verri veg vegna ýmissa aðstæðna. Minna hefur verið gert í að taka á málum sveitarfélaganna og manni virðist af því sem gert er að hæstv. ríkisstjórn finnist best að gera það í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Menn þurfa síðan að sækja í þennan sjóð til að geta lifað í staðinn fyrir að byggja traustan grunn fyrir sveitarfélögin þannig að þau geti höndlað mál sín stolt og af virðingu.

Ég ætla að láta það verða mín síðustu orð að staða sveitarfélaganna er stórhættuleg fyrir lýðræðið í landinu. Það er ekki spennandi að taka að sér að bjóða sig fram í sveitarstjórn víða um landið og taka við þeim fjárhag sem mörg sveitarfélaganna búa við. Margir sem kallaðir eru til sögunnar hugsa sig tvisvar um áður en þeir gefa sig í þá vinnu. Það er niðurdrepandi að hafa ekkert fé eða olnbogarými til að gera nokkurn skapaðan hlut sem til framfara horfir. Auð-

vitað eykur þessi staða enn á vanda sveitarfélaganna og á fólksflóttann.

Virðulegi forseti. Umræðan um Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki hefur gengið lengi dags. Ég held að það sé ljóst hver hugur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er í þessu máli og ég læt máli mínu lokið.

[20:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju. Ýmislegt hefur borið á góma í þessari umræðu en mér hefur aðallega fundist hún snúast um hvort skynsamlegt og hollt sé fyrir þá sem stjórna bæjarmálum í Skagafirði að fá að ráða málum sínum sjálfir. Þar hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, reyndar fyrir löngu síðan, að þeir vildu selja hlut sinn í Steinullarverksmiðjunni.

En það er margt skondið í pólitíkinni þessa dagana. Sjálfstæðismenn í Skagafirði, sem árum saman höfðu það á stefnuskrá sinni að selja verksmiðjuna, hafa allt í einu komist að þeirri niðurstöðu að það eigi ekki að selja hana. Þetta gerist á sama tíma og sjálfstæðismenn á Alþingi og ríkisstjórn komast að þeirri niðurstöðu að veita eigi ríkisábyrgð á stórfyrirtæki, 20 milljarða, þvert á þá stefnu sem þeir hafa haft um langt skeið. Náttúrlega veit enginn hvaðan á hann stendur veðrið þegar um er að ræða stefnu Sjálfstfl. í svona málum. En það bregður svo við að sjálfstæðismenn í Skagafirði hafa eignast bandamenn, vinstri græna. Þeir hafa af mikilli hörku komið til umræðu um þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi eigi sveitarfélagið alls ekki að selja sinn hlut og í öðru lagi að ef sveitarfélagið þurfi endilega að selja sinn hlut eigi ríkið að kaupa hann og að ríkið eigi alls ekki að selja sinn hlut.

Ég skil þetta ekki nógu vel. Þess vegna langar mig að fara dálítið yfir það sem sagt var hér fyrr í dag og þau viðbrögð sem urðu eftir andsvör mín við hv. þm. Jón Bjarnason og Árna Steinar Jóhannsson. Ég var þá að reyna að komast að því hver væri stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi það hvaða atvinnurekstri ríkið ætti að taka þátt í og með hvaða hætti ríkið ætti að koma að atvinnumálum í landinu. Ég vil taka það fram að við hjá Samfylkingunni erum ekki á móti því að ríkið komi að atvinnumálum og taki þátt í þeim og ekki heldur sveitarfélögin, ef um það er að ræða að byggja upp atvinnufyrirtæki og koma til móts við atvinnulífið ef á þarf að halda.

Ég hef hins vegar haft á þá skoðun og heyri ekki betur en aðrir félagar mínir í Samfylkingunni hafi þá skoðun líka að þegar sveitarfélög eða ríki komi að slíkum málum sé best að lagt sé hlutafé í fyrirtækið en síðan sé reynt að selja þessa hluti strax og færi gefst. Eðlilegra væri að nota þá peninga síðan til að halda áfram að byggja upp atvinnulíf. Ég hefði frekar viljað sjá það en það sem er talað um í þessu frv., þ.e. að leggja þessa fjármuni til vegagerðar á svæðinu þó að ég hafi út af fyrir sig ekkert á móti því að vegirnir séu byggðir upp. Ég hefði heldur viljað sjá menn leggja fjármunina í atvinnuuppbyggingu á svæðinu, hafi menn á annað borð þá stefnu, sem ég vona satt að segja að ríkisstjórnin hafi, að styrkja og byggja upp atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ég ætlaði að ræða dálítið um viðbrögð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Jóns Bjarnasonar við orðum mínum í dag. Ég verð að segja að mér finnst afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs dálítið tækifæriskennd í þessum málum. Þeir fóru með miklu offorsi gegn því að ríkið keypti Orkubú Vestfjarða. Rökin í því máli voru þau að sveitarfélögin væru veik og þau væru neydd til að selja vegna þess að ríkið vildi ekki rétta þeim hjálparhönd með neinum öðrum hætti. Ég verð að segja að mér fannst nokkuð til í þeim málflutningi. Mér finnst hins vegar svolítið skrýtið að þeir sem ekki vilja að ríkið eigi slík fyrirtæki skuli vera á þeirri skoðun að ríkið eigi að eiga verksmiðju af þessu tagi, sem framleiðir steinull, byggingarefni. Ég get heldur ekki séð að vá sé fyrir dyrum þó ríkið selji þennan eignarhlut sinn.

Mér finnst jafnframt algjörlega ástæðulaust, ef ekki vafasamt og ámælisvert, að menn skuli hræða fólk á þessu svæði með því að miklu meira óöryggi verði um rekstur fyrirtækisins inn í framtíðina þó að það verði selt eins og hér er gert ráð fyrir. Ég get ekki betur séð en að með þessari sölu sé í raun verið að tryggja framtíð fyrirtækisins betur hvað varðar samkeppni á þessum markaði en áður var. Hverjir eru kaupendur að þessu fyrirtæki, samkvæmt því sem hér liggur fyrir? Það eru þeir aðilar sem líklegastir eru til að vera skeinuhættir í samkeppni með sölu á einangrunarefnum í landinu. Er þá trúlegt að þeir aðilar séu líklegastir til að leggja niður þetta fyrirtæki og fara að flytja inn í staðinn? Mundu þeir aðilar, ef þeir hefðu þá trú á framtíð þessa fyrirtækis að það væri hagkvæmara að flytja inn einangrunarefni og selja, kaupa þetta fyrirtæki? Það er fráleitt. Það er gersamlega fráleitt. Auðvitað er framtíð þessa fyrirtækis betur tryggð eftir þessa sölu en fyrir hana af þessum samkeppnisástæðum. Það er að mínu viti ekkert vafamál.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði mig í andsvari, sem ég gat ekki svarað, þ.e. í frammíkalli öllu heldur, hvort ég vildi þá selja Sementsverksmiðjuna líka. Ég hef ekki svo ósveigjanlegar hugmyndir um hvaða atvinnurekstri ríkið á að taka þátt í að ég geti ekki metið það út frá einstökum fyrirtækjum, eftir aðstæðum þeirra.

Um Sementsverksmiðjuna er það að segja að innflutningur á sementi er frjáls og hefur verið það lengi. Sementsverksmiðjan hefur aftur á móti fram að þessu búið við þær aðstæður að enginn annar aðili var hér á markaðnum sem veitti henni alvörusamkeppni. Nú hefur það aftur á móti gerst að erlent semtentsframleiðslufyrirtæki hefur sett upp aðstöðu til að selja sement. Komin er á alvörusamkeppni við framleiðslu og sölu á sementi hér í landinu. Það verður að segjast alveg eins og er, að framtíð Sementsverksmiðjunnar er þess vegna í óvissu. Ég er ekki sannfærður um að hægt væri að selja það fyrirtæki á góðu verði í dag. Mér finnst það reyndar ekki líklegt.

Þegar Spánverjar vildu kaupa þetta fyrirtæki fyrir nokkrum árum var ekki samkeppni á sementsmarkaðnum eins og er í dag. Það er ljóst að Spánverjarnir höfðu það fyrst og fremst í huga að nýta sér sölukerfi Sementsverksmiðjunnar. Að mínu viti hefðu þeir verið líklegir til að leggja þann rekstur niður vegna þess að þeir voru sjálfir að framleiða sement annars staðar í verksmiðjum sem afkasta margfalt meira en Sementsverksmiðjan á Íslandi.

Það er rétt að minna á að Sementsverksmiðjan á Íslandi er fyrirbrigði sem finnst ekki annars staðar í heiminum. Hún framleiðir 120–140 þús. tonn á ári en verksmiðjurnar sem eru hér næstar okkur, m.a. á Norðurlöndunum og þykja ekki stórar, framleiða 3–4 millj. tonna á ári. Sementsverksmiðjan hér er því ekki mjög líkleg til að standast samkeppni við slíkt. Það sem hefur varið hana í gegnum tíðina er að það er mjög dýrt að setja upp sölukerfi fyrir sement. Enginn lagði

í það fjármuni fyrr en núna fyrir um þremur árum, að sett var upp sú aðstaða í Helguvík sem nú er. Þetta veldur því að stjórnvöld hér þurfa auðvitað að fara mjög vandlega yfir það mál og huga vandlega að því hvað gert verður varðandi Sementsverksmiðjuna. Ég held því miður að það geti orðið býsna erfiður róður fyrir það fyrirtæki í framtíðinni og skal ekki ræða meira um það að sinni.

Ég var svolítið hissa á því hvað hv. formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var viðkvæmur fyrir þeim orðaskiptum sem urðu milli mín og hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem höfðu talað á undan. Hann talaði um að Samfylkingin, eins og hann orðaði það, væri að hýða sjálfa sig í þessu máli eins og ýmsum öðrum. Í ræðu sinni hélt hann því fram að við værum að skrifa upp á einhver muggótt vinnubrögð í þessu máli öllu saman. Svo er ekki. Við höfum tekið afstöðu til málsins eins og það liggur fyrir. Ég veit ekkert um hvort standa hefði mátt betur að undirbúningnum en hér liggur fyrir ákveðin tillaga. Við erum að taka afstöðu til hennar. Hún gengur út á þetta: Viljum við eða viljum við ekki standa að því að ríkið selji sinn hlut í þessari verksmiðju?

Ég tel að það hafi engin rök komið fram sem bendi til að þessi rekstur verði betur tryggður með aðild ríkisins en með þeim eignaraðilum sem um er talað. Ég sé ekki betur en að það sé nokkuð ljóst að að þessu hafi verið staðið með þeim hætti að við getum treyst því að verðið fyrir þessa hluti sé nokkuð eðlilegt, einfaldlega vegna þess að þeir sem stjórna Sveitarfélaginu Skagafirði, stærstu eigendurnir, hafa farið yfir þetta mál og legið yfir því og komist að þeirri niðurstöðu að þetta verð sé viðunandi og þeir hafa fallist á það.

Vildi ríkið ekki standa að þessum kaupum mundi það þar með koma í veg fyrir að sveitarfélagið geti selt hlut sinn. Ég tel að það hafi engin rök komið fram sem geri það að verkum að ég fari að taka þátt í þeim leik að reyna að koma í veg fyrir þessa sölu.

Ég ætla líka að leiðrétta það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði um Landssímann og afstöðu Samfylkingarinnar til þess máls. Það hefur alltaf legið fyrir að Samfylkingin lagði til að grunnnetið væri skilið frá. Það var enginn afsláttur í því máli frá okkar hendi, svo það sé ljóst.

Ég ætla að gera eina tilraun enn vegna þess að ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Steingrímur Sigfússon vilji svara einhverju af því sem ég er hér að segja. Ég vil að hann útskýri það sem hann gerði ekki: Hvaða rekstur er það sem menn hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði telja að ríkið eigi að standa í? Þá er ég ekkert að tala um einhverja stoðþjónustu eða eitthvað slíkt. Ég er að tala um atvinnurekstur þar sem einkaaðilar geta komið að. Hvaða nauðir reka ríkið til að eiga eignarhlut í því að framleiða einangrunarefni? Ég átta mig engan veginn á því. Mér finnst ástæða til að óska eftir því að verða uppýstur betur um það.

Eitt af því sem kom fram í umræðunni, sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði ef ég man rétt — ef ég er að fara með rangt mál þá verð ég leiðréttur með það — en einhver af þeim sem töluðu hér fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs báru þetta saman við það að verið væri að verja eignarhlut í sjávarútvegsfyrirtækjum. Þessu er nú aldeilis ekki saman að jafna. Það er æðimikill munur á öryggisleysinu sem upp kemur gagnvart sjávarútvegsfyrirtækjum og fyrirtæki eins og þessu sem ekki er hlaupið með í burtu. Það er enginn kvóti á ullinni eða hvað? Það hefur ekki verið settur á steinullarkvóti enn þann dag í dag og vonandi verður það ekki. En það vita allir að veiðiheimildir ganga kaupum og sölum. Sameiningar fyrirtækja á sjávarútvegssviðinu hafa valdið mönnum ótta víða um land en það er ekki hægt að bera þetta saman.

Eins og ég sagði áðan, og ég ætla að endurtaka það, er ég ekki á móti því að ríkið taki þátt í að byggja upp atvinnurekstur. Það hefur verið gert og mun vonandi gert áfram þegar á þarf að halda. En þegar tækifærin til að draga sig út úr þeim rekstri gefast á að losa þá peninga. Það á að nota þá peninga til áframhaldandi uppbyggingar í atvinnurekstri ef þarf og reyndar er alltaf þörf á því.

Hér var nefndur Grundartangi og uppbyggingin þar. Já, ætli ríkið sé ekki búið að leggja fram og tapa í kringum 4 milljörðum á að leggja fram hlutafé í Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. 4 milljarðar bara í hlutafé. Því fyrirtæki hefur síðan verið selt rafmagn á lægsta verði sem nokkurt fyrirtæki á Íslandi hefur fyrr eða síðar fengið í gegnum tíðina. Það var upphaflega 6,5 mill, þegar um það var samið. Ég veit ekki hve hátt það er núna, það er eitthvað hærra. Ríkið lagði þar í mjög mikinn stuðning við atvinnulífið. Það hefur skilað sér með vissum hætti þótt það hafi gerst mörgum árum seinna. Ég verð að segja að ég tel að vegna þess að ríkið lagði í þennan atvinnurekstur opnaðist möguleiki á því að byggja upp álverið sem þarna er, það hefði aldrei komið annars. Ég hef líka þá trú að við værum þá ekki enn búin að fá göng undir Hvalfjörð, hefði þessi iðnaður ekki orðið til í Hvalfirði. Ég er reyndar sannfærður um það. Það hefði ekki tekist á þeim árum og þau væru ekki komin í dag. Arður af framtaki ríkisins skilar sér því oft ekki fyrr en síðar. Ég vil því ekki útiloka neitt hvað varðar þátttöku ríkisins.

Mér finnst menn vera á hlaupum í þessu máli út og suður, eltandi jafnvel Sjálfstfl., sem hefur skipt um skoðun þessa dagana í hverju málinu á fætur öðru. Hann stendur fyrir 20 milljarða ríkisábyrgð á geysilegu áhættufyrirtæki sem er verið að samþykkja hér í þinginu þessa dagana. Á sama tíma hlaupa sjálfstæðismenn í Skagafirði frá samþykktum sínum varðandi sölu á eignarhlut í verksmiðjunni sem hér er til umræðu. Það virðist vera að prinsippin dugi ekki daglangt, menn eru sífellt að skipta um skoðun.

Ég held að hollt sé fyrir menn að taka umræðu um þessa hluti. En ég hef þá bjargföstu skoðun að það sé skynsamlegt, bæði frá hendi sveitarfélagsins og ríkisins, að selja sinn hlut í þessari verksmiðju. Ég hef að vísu ekki aðstöðu til að meta verðið. Það verð ég að láta eignaraðilana sjálfa um að gera. Annars vegar ber fjmrn. ábyrgð á hlut ríkisins og hefur lagt hér fram sínar skoðanir á því en ég legg meira upp úr því að þeir sem um véla fyrir hönd sveitarfélagsins hafa komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé eðlilegt verð. Það tel ég tryggingu fyrir því að hér sé ekki verið að offra hlut ríkisins fyrir undirverð. Í gegnum tíðina höfum við séð það vilja brenna við.

Ég vil svo bara segja til viðbótar að mér varð á að ræða dálítið um þessi máli í þeim dúr sem ég skildi ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er þeir settu samasemmerki á milli þess að ríkið samþykkti að selja sinn hlut og hvort sveitarfélagið gæti selt sinn. Ég held að það sé reyndar þannig. Ég held að þetta tilboð sem liggur fyrir standi ekki ef ríkið er ekki tilbúið að selja sinn hlut.

Hér hefur hver ræðan eftir aðra verið haldin, þar sem talað hefur verið um að bjarga þurfi fjárhag sveitarfélaganna í landinu til að Sveitarfélagið Skagafjörður geti haldið áfram að eiga hlut í þessari verksmiðju. Þannig hafa ræðurnar verið.

Ég verð að segja eins og er að ég á ekki von á að hér labbi menn inn með fjármuni handa sveitarfélögunum sem dugi til að rétta þeirra hlut, þannig að sveitarfélag eins og það sem hér um ræðir getið haft fjármuni af þessu tagi áfram eins og sparisjóð. Því miður. Ég tel það ekki vera þannig.

Ég tel að framtíð þessa fyrirtækis verði ekki síður og að mínu viti betur tryggð eftir þessa sölu en fyrir hana. Fyrir vikið mun ég greiða þessu frv. atkvæði. Ég býst reyndar við því að Samfylkingin muni gera það öll í heilu lagi. Ég veit ekki betur. Það skulu vera mín lokaorð hæstv. forseti.

[20:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú síður en svo að ég sé viðkvæmur fyrir málflutningi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar eða Kristins H. Gunnarssonar. Ég geri hins vegar athugasemdir við það þegar mér finnst hv. þm. vera með tilraunir til, næstum að segja, ómerkilegra útúrsnúninga og ætla að fara að alhæfa út frá þeirri afstöðu sem við höfum tekið í þessu tiltekna máli um stefnu okkar á þann hátt sem enginn fótur er fyrir. Þá blanda ég mér að sjálfsögðu í umræðuna og ætti að fá mér eitthvað annað gera ef ég gerði það ekki.

Það er náttúrlega merkilegt að heyra hv. þm. halda því fram að við viljum að ríkið eigi þessa verksmiðju af því hún framleiði steinull. Hver hefur sagt það? Af því að framleiðsluvaran er steinull, er það ástæðan? Það hef ég a.m.k. ekki sagt. Það er vegna þess að þetta fyrirtæki er burðarás atvinnulífs síns byggðarlags. Það er vegna þess í öðru lagi að ríkið er kjölfestueigandi í þessu fyrirtæki og hefur verið frá byrjun. Það er vegna þess í þriðja lagi að þetta er framleiðslufyrirtæki á landsbyggðinni sem á að mörgu leyti á brattann að sækja vegna þeirra þröskulda sem þar þarf að yfirstíga og þeirrar óvissu sem það getur skapað fyrirtækinu. Í fjórða lagi eru vinnubrögðin í kringum þetta mál ótæk. Samkeppnisyfirvöld hafa það til umfjöllunar og það er í raun óboðlegt að ætla þinginu að kasta til höndum við afgreiðslu þess eins og hér á að gera.

Ég tel ekki, þó menn ræði þá möguleika og þá óvissu sem getur skapast í framtíð fyrirtækisins, að með því séu menn að hræða heimamenn og því megi ekki ræða það. Ég held að það sé ekki hægt að hafa þetta svona. Við verðum að ræða hlutina eins og þeir koma okkur fyrir sjónir og eins og þeir eru, jafnvel þó að einhverjum geti þótt erfitt að heyra.

Ég tel að vel megi bera þetta fyrirtæki saman við burðarása atvinnulífs í öðrum byggðarlögum þó svo að það séu sjávarútvegsfyrirtæki. Öryggisleysi fólksins um atvinnu sína er alveg sambærilegt hvort sem vinnuveitandinn er sjávarútvegsfyrirtæki eða iðnfyrirtæki, þegar aðstæður eru þannig að menn eru mjög háðir þeim störfum sem eitt svona fyrirtæki veitir á einum stað. Ég tel að þegar opinberir aðilar koma að svona fyrirtækjum eigi ríki og sveitarfélög ekki að hlaupa frá þeim allt í einu og kasta þeim frá sér út í óvissuna.

[21:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ríkið á að eiga aðild að fyrirtækjum af því að fyrirtækið er burðarás í atvinnulífinu þá gæti nú eignarhald ríkisins farið að breiðast býsna hratt út í landinu. Ég sé ekki ástæðu til þess og tel ekki að það yrði neitt til bóta þó ríkið kæmi inn í fyrirtæki á þeim forsendum að þau væru burðarásar í atvinnulífi á viðkomandi stöðum. Af því að fyrirtæki eru á landsbyggðinni þá ætti það líka að vera ástæða þess að ríkið ætti að eiga hlut í þeim. Ég tel enga ástæðu til þess, nema því aðeins að hlaupa þurfi undir bagga með atvinnulífinu á einhverjum stöðum. Það þarf þá að gerast með almennum hætti.

Ef möguleikar opnast til þess að losna út úr slíkum aðgerðum þá eiga menn að grípa þá möguleika. Þannig eiga menn að vinna að þessum hlutum.

Mér finnst alveg eðlilegt að menn gagnrýni vinnubrögð. Það hlutverk okkar að gera það hérna. En þegar ég sagði „að hræða heimamenn" þá viðhafði ég það orðalag vegna þess að ég tel fráleitt að halda því fram að samkeppnisaðstaða þessa fyrirtækis versni við þessa sölu. Ég tel að framtíð þess verði tryggari vegna þess að samkeppnisumhverfið í landinu muni ganga í lið með fyrirtækinu með þeim hætti að þeir sem helst eru skeinuhættir fyrirtækinu í samkeppni verða aðaleigendur þess.

[21:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá erum við einfaldlega ósammála um þennan þátt málsins og metum hann algjörlega hvor með sínum hætti. Ég hef áhyggjur af hinu gagnstæða. Ég hef áhyggjur af því að ef sá öflugi bakhjarl sem ríkið með eignaraðild sinni hefur verið þessu fyrirtæki fari út — ríkið skipti nú t.d. heldur betur máli þegar fyrirtækið var endurfjármagnað á sínum tíma — skapist meiri óvissa um framtíð þess í Skagafirði en ella væri ef ríkið með áframhaldandi eignarhaldi sínu, a.m.k. fyrst um sinn og meðan fyrirtækið er að fóta sig á nýjan leik eftir þær breytingar sem mundu fylgja því að sveitarfélagið færi út, bæti þá ekki þar um betur með því að selja sinn hlut í leiðinni. Menn sæju þá til alla vegana einhver ár og stæðu a.m.k. öðruvísi að þessu. Við getum ekki rætt þetta út frá öðru en því sem eru staðreyndir málsins. Þegar ríkið er eignaraðili af einhverjum ástæðum í svona fyrirrætkjum þá er það ein af staðreyndum lífsins og við strikum hana ekki út.

Ég fullyrði að t.d. í nágrannalöndunum mundi ekki hvarfla að mönnum að standa svona að verki. Ég hvet hv. þm. Jóhann Ársælsson t.d. til að kynna sér hvernig staðið er að málum í Noregi þegar ríkið er þar að gera breytingar á eignarhlut í fyrirtækjum sínum sem er býsna mikil. Það er býsna mikið um blandaða eign ríkisins á móti öðrum aðilum í ýmsum meðalstórum og stórum norskum fyrirtækjum. Ef til stendur, eins og núna hjá hægri stjórninni í Noregi, að gera breytingar í þá átt að minnka eignarhlut ríkisins í vissum fyrirtækjum þá er það undantekningarlaust gert á grundvelli langtímaáætlunar sem liggur fyrir. Það er gert rólega og reynt er að draga úr eignarhlut ríkisins með almennri sölu. Hvers vegna er þetta gert? Jú, það er gert vegna þess að menn vilja ekki trufla markaðinn. Menn vilja standa yfirvegað og skynsamlega og rólega að þessum hlutum, og það hefur gefist vel, en ekki henda hlut ríkisins í heilu lagi út með þessum hætti. Það eru ekki traustvekjandi eða fagleg eða traust vinnubrögð.

[21:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þekki ekki til þess sem hv. þm. var að tala um annars staðar. En við erum að tala hér um 30% eignarhlut ríkisins í þessu fyrirtæki og ég held ekki að himinn og jörð farist þó þessi hlutur verði seldur. Ég er hins vegar viss um að sala ríkisins á sínum hlut er forsenda þess að þær breytingar verði sem menn eru að stefna hér að. Ég tel að þær muni verða til heilla. Ég get ekki séð að framtíð þessa fyrirtækis verði með neinum hætti í meiri óvissu en áður og

er sannfærður um að verið sé að tryggja framtíð fyrirtækisins betur með þeim aðgerðum sem þarna eru á ferðinni. En menn geta auðvitað spurt: Erum við þá að afhenda einhverjum einokunaraðilum á markaðnum þetta fyrirtæki? Það eru spurningar sem mætti líka fara dálítið yfir.

Við því er það að segja að innflutningur á einangrunarefnum af þessu tagi er frjáls. Hin raunverulega samkeppni við þetta fyrirtæki sem nú er til staðar verður áfram. Menn verða að horfast í augu við þetta. Hins vegar eru aðalkeppinautarnir um innflutninginn orðnir aðaleignaraðilar að þessu fyrirtæki. Það tel ég vera þá tryggingu sem ég var að tala hér um áðan. Aðrir aðilar á markaðnum eru sem betur fer til staðar í samkeppni um innflutning á einangrunarefnunm og við þá verða þeir að keppa sem þarna hafa ákveðið að koma að sem eignaraðilar.

Ég ætla að láta það vera mín lokaorð að það er mín sannfæring að hér sé verið að stíga rétt skref og þess vegna hef ég brugðist við og tekið þátt í þessari umræðu. Mér finnst þetta skynsamlegt. Ég tel að það eigi ekki að bregða fæti fyrir þá sem ráða þessu sveitarfélagi þegar þeir vilja taka þá fjármuni sem þeir eiga í þessu fyrirtæki til annarra nota.

[21:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Öllum ætti að vera hér ljóst að verið er að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni en ekki hlut sveitarfélagsins í þessu máli, þó svo það blandist óneitanlega inn í umræðuna. Mér kemur það mjög spánskt fyrir sjónir að hv. þm. fullyrðir hér að ríkinu sé stillt upp við vegg og selji það ekki sinn hlut þá hafi sveitarfélagið enga möguleika til þess að selja sinn hlut. Ég hef ekki skilið málið svo, enda væri það óeðlilegt.

Ég leyfi mér að spyrja hv. þm. hvort hann telji að þessi undirbúningur, þessi meðferð málsins, samræmist t.d. málflutningi hv. þm. Samfylkingarinnar í fjárln., þar sem þverbrotin eru hér öll lög og reglur sem gilda um hvernig selja skuli eignir ríkisins. Skrifað stendur að verð þeirra skuli metið af hlutlausum aðila. Það hefur ekki verið gert. Að það skuli vera auglýst opinberlega, boðið öðrum til kaups. Það hefur ekki verið gert. Meira að segja veit ég að heimaaðilar, menn á Sauðárkróki og í Skagafirði, höfðu áhuga á að kaupa hlut ríkisins en var ekki gefinn kostur á því. Er þetta það vinnulag sem hv. þm. Jóhann Ársælsson vill skrifa upp á? Öðruvísi mér áður brá miðað við málflutning m.a. hv. þm. og annarra þingmanna Samfylkingarinnar um heiðarlega og rétta framkomu ríkisins við sölu og ráðstöfun eigna sinna, sem alls ekki er þarna á ferðinni.

Til viðbótar hefur ekki heldur verið haft samráð við starfsmenn. Ég kem að því seinna.

[21:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér sýnist á þeim gögnum sem hér liggja fyrir að tilboðið sem liggur til grundvallar þeim ákvörðunum sem er lagt til að menn taki hér gangi út á það að kaupa hlutinn af þessum aðilum og ef ríkið verður ekki með í því þá muni þetta tilboð ekki standa gagnvart öðrum. Þannig eru nú kaupin. Þau gerast þannig á þessari eyri að þeir sem taka þátt í viðskiptum af þessu tagi hafa fullt leyfi til þess að gera öðrum tilboð og allir aðrir sem fá slík tilboð geta svo tekið sjálfir ákvörðun um hvort þeir séu tilbúnir til að ganga að þeim skilmálum sem þar er boðið upp á.

Vel kann að vera að undirbúningur að þessu máli hafi ekki verið nægilega góður. Ég set samt traust mitt á það að þeir sem eiga þarna mestra hagsmuna að gæta að mínu viti, þ.e. þeir sem ráða málum fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar, hafi vandað til verka sinna. Þeir hafa lagt í þetta vinnu. Þeir hafa legið yfir þessum málum og þeir hafa tekið ákvörðun.

Ég tel það ábyrgðarhluta ef við ætlum að bregða fæti fyrir þá og að fyrir því þurfi að vera góð rök. Mér finnst ekki að þau góðu rök hafi komið fram í þessari umræðu.

[21:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að við erum hér fyrst og fremst að fjalla um sölu ríkisins á sínum hlut. Samkvæmt þeirri grein sem fjallar um það þá er eingöngu verið að fjalla um sölu ríkisins en ekki um sölu annarra. Bara svo það sé alveg ljóst þá stendur það þannig í þessari grein. Ég bið hv. þm. að lesa hana nánar ef það er ekki ljóst.

Í öðru lagi er alveg ljóst að mikill ágreiningur er heima í Skagafirði um þennan gjörning og um það hvort ríkið eigi að selja hlut sinn. Ég hef bent hér á m.a. að stór hluti sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur óskað eftir því að fá að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við Alþingi í þessu máli. Ætli þeir kunni þetta ekki líka og þekki það? Því hefði verið eðlilegt að þeir hefðu líka fengið að koma fram sjónarmiði sínu til iðnn. Það hefði líka verið eðlilegt að t.d. starfsfólkið hefði fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við iðnn. við umfjöllun málsins.

Ég vil vekja athygli á því að framganga þessa máls er líka háð því að Samkeppnisstofnun leggi blessun sína yfir þennan gjörning. Mér er ekki kunnugt um að Samkeppnisstofnun eða fulltrúi hennar hafi verið kallaður fyrir iðnn., hefði þó verið ærin ástæða til.

Á öllum stigum þessa máls er það illa unnið af hálfu iðnn. og af hálfu Alþingis. Verði tillaga okkar sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson bar fram um að vísa málinu frá ekki samþykkt tel ég eðlilegt að málið fari aftur til iðnn. og fái þá rækilegu umfjöllun sem það krefst.

[21:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn geta auðvitað verið í þessum hártogunum. Auðvitað snýst málið um það hvort það hægt verði að taka þessu tilboði eða ekki fyrir sveitarfélagsins hönd. Það er bara þannig. Það verður ekkert af þessu ef ríkið verður ekki með líka. Tilboðið gengur út á að kaupa af þessum aðilum. Auðvitað er ágreiningur um þetta. Það vitum við. En hverjir hafa gert mestan ágreininginn? Það eru þeir sem vildu selja fyrir stuttu síðan. Um hvað snýst þá ágreiningurinn? Hann er um verðið. Mér er sagt að það muni heilum 10 milljónum. Það gæti verið 10% og það hefur verið rifist um minna í gegnum tíðina. (**JB:** Væri ekki eðlilegt að þeir fengju að svara fyrir iðnn.?)

Ég veit ekki betur en að þeir hafi komið athugasemdum sínum á framfæri. Auðvitað vita menn vel af þessum ágreiningi. Mér finnst hins vegar að enn sé ástæða til þess að minna á að það er alveg öruggt að þetta fyrirtæki er ekki á hjólum. Það er ekki hægt að hlaupa með það hvert sem er. Þeir sem kaupa það bera auðvitað sinn hag fyrir brjósti. Hvernig í ósköpunum dettur einhverjum í hug að menn ætla að kaupa fyrirtæki af þessu tagi fyrir stórfé til að leggja það niður og að það séu helstu samkeppnisaðilar fyrirtækisins í innflutningi? Ef þeir geta drepið þetta fyrirtæki með innflutningi, af hverju

gera þeir það þá ekki? Það er vegna þess að fyrirtækið er vel samkeppnisfært. Þeir eru að kaupa það þess vegna, af því þeir vita að þetta er gott fyrirtæki og ástæða er til þess að halda að hægt sé að reka það inn í framtíðina og hafa af því hagnað. Þess vegna vilja þeir kaupa. En tryggingin fyrir því að framtíð fyrirtækisins sé góð og í lagi er einmitt fólgin í þessu.

[21:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta mál er skylt deCODE að ýmsu leyti, eins konar spegilmynd þess máls. Í þessu máli hefur enginn sjálfstæðismaður kvatt sér hljóðs í umræðunni. (**JB:** Það kom andsvar frá einum.) Það mun hafa verið andsvar frá einum þingmanni. Hér ganga framsóknarmenn fram fyrir skjöldu, enda er þetta framsóknarmál. Í hinu tilvikinu ... (**GÁS:** ... í þessu máli. Ég átta mig ekki alveg á því.) Við erum með mjög skýra afstöðu. Við höfum verið að vekja athygli á því að það er svolítið undarlegt að allt sem gefur arð, allt sem vel er rekið og gefur samfélaginu arð er selt frá almenningi. En hitt sem er í tapi og vandræðum er látið vera á vegum skattborgarans.

Taugaveiklun Samfylkingarinnar í þessu máli er undarleg. (**GÁS:** Hún er bara sjálfri sér samkvæm.) Hún er undarleg, taugaveiklun Samfylkingarinnar í þessu máli. Hún ruglar saman ólíkum þáttum. Hún segir: Við eigum að virða vilja sveitarfélagsins til að selja opinberan hlut í þessu fyrirtæki. Það stendur enginn gegn því að sveitarfélagið taki ákvörðun um að selja sinn hlut. Við erum hins vegar að fjalla um allt annað frv., um hlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Við erum að tala um að selja hlut ríkisins í verksmiðju sem, samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2001, veitir 46 manns atvinnu. Fyrirtækið hefur góða eignarstöðu og góða rekstrarafkomu. Fyrirtækið gat lagt í stofnbúnað tæpar 200 millj. kr. á síðasta ári og samtímis greitt niður áhvílandi lán og greitt út arð.

Hlutur ríkisins í þessu pólitíska máli, vegna þess að þetta er fyrst og fremst pólitískt mál — þar kem ég að samlíkingunni við deCODE — er athyglisverður. Í þessu máli er verið að reyna að fá Alþingi til að leggja blessun sína yfir gerðan hlut. Varðandi deCODE var handsal utan þingsins og þinginu síðan stillt upp við vegg. Hið sama á við í þessu máli því hér segir í nál. meiri hlutans, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni hf. á Sauðárkróki. Samkomulag hefur verið gert á milli stærstu eigenda fyrirtækisins og Húsasmiðjunnar hf., BYKO hf. og Kaupfélags Skagfirðinga um kaup á eignarhlut hinna fyrrnefndu í fyrirtækinu."

Samkomulag hefur þegar verið gert (**Iðnrh.:** Með fyrirvara.) með fyrirvara, að sjálfsögðu vantar ekki fyrirvara. Það vantar ekki fyrirvarana í Kárahnjúka og deCODE, að þeirra sögn. En í hverju felast þessir fyrirvarar? Í duttlungum ráðherranna. Í deCODE-málinu er vikið brott lögum, landslögum um ríkisábyrgð. Skilyrðin eiga hins vegar að hvíla á mati fjmrh. Nú hvílir það á mati hæstv. iðnrh. hvort virkjað verður á Austurlandi. (**GÁS:** Er Steinullarframleiðsla stoðkerfisþjónusta?) Þetta er það sem við erum að gera hér. Nei, ég er ekki að segja það að steinullarverksmiðja eða nokkur önnur verksmiðja eða atvinnurekstur eigi um aldur og eilífð að vera á hendi ríkisins. (**Iðnrh.:** Nú.) Ég er ekki að segja það. Ég er ekki að tala um það sem einhverja algilda reglu, síður en svo. En ég vil hins vegar að hagsmuna skattborgarans og hagsmuna þess fólks sem starfar við þessa verksmiðju sé gætt. Þetta er mikilvæg atvinnustarfsemi á Sauðárkróki.

Það hefur komið fram við umræðuna að þetta er mjög umdeilt mál þar. Margir sem finna af þessu pólitískan fnyk. Pólitískan fnyk. Það sem er að gerast er að verið er að stilla Alþingi upp við gerðan hlut.

Ég spyr: Hvernig fór þegar sveitarfélagið fór þess á leit við ríkið að kaupa sinn hlut og aðstoða sveitarfélagið við að létta skuldaklyfjar sínar? Því var hafnað. Það kemur fram í grg. frv. að beiðni sveitarfélagsins var hafnað. Það er þessi málatilbúnaður allur sem við erum að andæfa.

Fyrirtækið er ekki á hjólum, segir hv. þm. Jóhann Ársælsson. Það er ljóst að þegar þetta fyrirtæki var sett á laggirnar á sínum tíma var litið svo á að fjarlægðin við hinn stóra markað hér á suðvesturhorninu væri hinn mikli akkillesarhæll þessa fyrirtækis. Menn hafa alltaf haft af því nokkurn beyg ef fyrirtækið kæmist í eignarhald hagsmunaaðila í verslun, að það kynni að taka ákvarðanir sem stríddu gegn atvinnuhagsmunum á Sauðárkróki. Um það snýst þetta mál. Það er verið að selja fyrirtækið dreifingaraðilum afurðar verksmiðjunnar. Framtíð verksmiðjunnar verður undir þeim sömu aðilum komin. Þetta eru staðreyndir málsins. Það er þetta sem fólk hefur nokkurn beyg af og ég skil það mjög vel.

Herra forseti. Þetta mál hefur verið allítarlega rætt hér í dag og ég ætla ekki að lengja þessa umræðu þótt full ástæða væri til þess og fjölyrða um hlut Samfylkingarinnar í þessu máli sem hér gengur erinda ríkisstjórnarinnar, sem gengur hér pólitískra erinda. Þetta er fyrst og fremst pólitískt mál. Þetta er ekki efnahagslegt mál. Hún skrifar upp á þennan víxil ríkisstjórnarinnar, að fela í vald hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur (Gripið fram í.) að ganga frá þessum samningi. Já, það er áhyggjuefni hvernig Framsóknarflokkurinn hagar sér á Alþingi. Það er áhyggjuefni.

Það er áhyggjuefni að menn hafa sett ákvarðanir um virkjun á Austurlandi í pólitískan farveg Framsóknarflokksins. Þar er fyrrverandi varaformanni flokksins og fyrrverandi ráðherra falið að annast samninga fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Það er áhyggjuefni hvernig þar er haldið á málum. Það er mikið áhyggjuefni hvernig þar er haldið á málum. Þar talar hæstv. ráðherra sem hefur lýst því yfir að hún nenni ekki að ræða efnahagslegar forsendur málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útlendingar, 2. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143 og 1387.

[21:22]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta allshn. hv. um mál nr. 433, frv. til laga um útlendinga.

Við fjölluðum mjög ítarlega um þetta mál og fengum marga góða gesti til okkar, bæði nú og í fyrra. Þetta frv. hefur lengi verið í smíðum. Drög að frumvarpi til laga um útlendinga voru send ýmsum aðilum til kynningar og umsagnar, fyrst árið 1998. Fjölmargar athugasemdir bárust og í

ljósi þeirra athugasemda og ábendinga voru gerðar nokkrar breytingar á frv. og það síðan lagt fram aftur til kynningar á Alþingi vorið 1999. Frumvarpið var síðan lagt fram á síðasta þingi og var þá tekið til mjög ítarlegrar umfjöllunar í allshn. eins og hv. þm. í allshn. geta vitnað um. Þá var frv. einnig sent fjölmörgum aðilum til umsagnar og fleira.

Frv. var lagt fram á ný á þessu þingi. Þá hafði verið farið yfir þær tillögur og athugasemdir sem fram höfðu komið. Við tókum síðan við þessu ágæta máli í allsherjarnefndinni og fórum í þennan hefðbundna umsagnarfarveg.

Sé litið yfir umfjöllun á þessu máli er ekki hægt að segja annað, herra forseti, en að búið sé að fara mjög gaumgæfilega yfir það. Farið var yfir allar umsagnir og við fengum marga góða gesti til okkar. Nefndin fór m.a. í samvinnu við hv. félmn. í ferðalag um Vestfirði þar sem við fræddumst heilmikið, m.a. um aðstæður útlendinga sem þar starfa og búa.

Gildandi lög eru að stofni til frá árinu 1965. Þegar maður sér unga hv. þm. eins og Þórunni Sveinbjarnardóttur, sem er fædd árið 1965, má eiginlega segja að þetta séu ekki mjög gömul lög en engu að síður eru þetta lög sem nauðsynlegt er að endurskoða. Ég tel því tel því brýnt að þau komist í gegn á þessu þingi.

Að mínu mati er nauðsynlegt að tryggja að frv. fari í gegn m.a. til að sjá fram til þess að framkvæmd mála verði örugg og trygg, þ.e. til að auka réttarvernd útlendinga og til að tryggja að framkvæmdin öll í heild sinni sé í samræmi við stjórnarskrána, við stjórnsýslulögin og alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum gengist undir. Á þessum árum, frá árinu 1965 og fram til dagsins í dag hefur, eins og gefur að skilja, mjög mikið breyst. Að sjálfsögðu er tekið tillit til allra þessara hluta í frv. sem við erum að ræða um í kvöld og þau m.a. höfð að leiðarljósi.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum frá 1965 og er ætlað að leysa þau af hólmi. Í því er að finna reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför, og einnig er sérstakur kafli um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt eru í frumvarpinu settar reglur sem tryggja eiga réttarvernd flóttamanna er leita hælis hér á landi og vernd þeirra gegn of sóknum. Með frumvarpinu hefur verið tekið tillit til almennrar þróunar á löggjöf og viðhorfum til málefna útlendinga, breytinga á stjórnarskránni, skuldbindinga samkvæmt alþjóðasamningum og þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda, auk þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Það má m.a. geta um m.a. flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna, hið norræna samstarf og einnig hið evrópska. Við samningu frumvarpsins var sérstaklega höfð hliðsjón af norrænni löggjöf enda hafa Norðurlöndin um langa hríð haft með sér samvinnu um útlendingamálefni og landamæraeftirlit.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau í fyrsta lagi að finna má sérstakan kafla með ítarlegri ákvæðum en áður um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn, auk þess sem sett eru ákvæði um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta. Þá er lagt til að við tilteknar aðstæður skuli útlendingi veitt réttaraðstoð með skipun talsmanns og að hann skuli njóta túlkaþjónustu. Jafnframt er lagt til að kæruheimildir verði rýmkaðar og settar verði reglur um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Lagt er til að veita megi útlendingi búsetuleyfi sem er ótímabundið dvalarleyfi. Þá er gert ráð fyrir að lögfestar verði heimildir um rannsóknarúrræði, svo sem að heimilt verði að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingum og færa þau í fingrafarabanka. Þá eru reglur um komu- og brottfarareftirlit samræmdar Schengen-reglum. Einnig er í frumvarpinu að finna mun ítarlegri reglur um skilyrði þess að vísa megi útlendingi frá landi og úr landi. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði um miðlun upplýsinga úr landi og ábyrgð á kostnaði við brottflutning. Þá er lagt til að unnt verði að veita bráðabirgðadvalarleyfi á meðan hælisbeiðni er til meðferðar eða ef endanleg synjun um hæli eða dvalarleyfi kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, en með því er útlendingi gert kleift að afla sér tekna með vinnu sér til framfærslu. Einnig er að finna reglur sem mæla fyrir um heimild Útlendingastofnunar og lögreglu til vinnslu persónuupplýsinga að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg framkvæmd laganna. Loks er lagt til að Útlendingaeftirlitið fái nýtt heiti, Útlendingastofnun.

Frumvarpið er endurflutt frá 126. löggjafarþingi með fáeinum breytingum. Sumar þeirra eru í samræmi við tillögur nefndarinnar en aðrar eru að frumkvæði ráðuneytisins. Helst ber að nefna fyrrnefndar breytingar um útgáfu bráðabirgðadvalarleyfis og heimild til vinnslu persónuupplýsinga. Annað sem ber að nefna eru breytingar á ákvæðum um frávísun við komu til landsins og eftir komu til landsins. Þá skal nefna breytingar á 29. gr. frumvarpsins um rannsóknarúrræði. Þar eru gerðar breytingar á leitar- og handtökuheimild lögreglu og heimild hennar til gera rannsókn á erfðaefni hefur verið felld brott. Þá hefur 15. gr. frumvarpsins um búsetuleyfi verið breytt í heimildarákvæði þannig að útlendingur á ekki lengur rétt á að fá útgefið búsetuleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heldur er heimilt að gefa slíkt leyfi út og eru gerðar breytingar á ákvæðum frumvarpsins því til samræmingar. Einnig hefur refsiákvæðum frumvarpsins verið breytt en aðrar breytingar lúta flestar að því að rýmka ákvörðunarvald stjórnvalda, svo sem við framkvæmd ákvörðunar.

Nefndin tók til skoðunar þær margvíslegar athugasemdir sem henni bárust við frumvarpið í umsögnum og frá gestum nefndarinnar. Þau álitaefni sem vöknuðu við umfjöllun nefndarinnar voru að mestu leyti þau sömu og á síðasta þingi en nefndin telur rétt að ítreka eftirfarandi atriði:

Athugasemdir eru enn á ný gerðar af hálfu umsagnaraðila og gesta við fjölda þeirra heimilda sem ráðherra hefur í frumvarpinu til að setja nánari reglur í reglugerð og er því haldið fram að það feli í sér valdaframsal sem stangist á við stjórnarskrá. Samkvæmt meginreglum þjóðaréttar hefur útlendingur ekki rétt til að koma til annars lands, dveljast þar eða setjast þar að. Um það gilda lög hvers ríkis og alþjóðasamningar. Stjórnvöld verða því að hafa stjórn á og eftirlit með komu útlendinga til landsins og för þeirra úr landi og er það gert í samræmi við stefnu þeirra á hverjum tíma. Með því fyrirkomulagi sem er í frumvarpinu er verið að fylgja stjórnarskrá þar sem allar efnisreglur eru í frumvarpinu sjálfu. Hvað varðar nánari útfærslu og framkvæmd laganna hefur ráðherra ekki eingöngu heimild heldur líka skyldu til að kveða skýrt á um alla framkvæmd og útfærslu þeirra efnisreglna sem lögin kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Norðmenn hafa m.a. farið svipaða leið og valin er hér. Þá er vert að taka fram að þrátt fyrir fjölda ákvæða sem heimila setningu reglna er gert ráð fyrir að fjallað verði um þessi ákvæði í einni reglugerð. Þá leggur nefndin áherslu á að reglugerðin sem ráðherra setur á grundvelli laganna verði ljós og öllum aðgengileg. Rétt er að gera ráð fyrir þýðingu hennar á erlend tungumál og að tryggt

verði að hún liggi frammi á sem flestum stöðum, svo sem í opinberum stofnunum eins og sýslumannsembættum, auk þess sem hún verði birt á netinu.

Við umfjöllun nefndarinnar var aftur rædd sú leið sem Norðmenn hafa nýlega farið með því að stofna kærunefnd en verksvið hennar er m.a. eftirlit með framkvæmd laganna og reglum á grundvelli þeirra auk þess að úrskurða í kærumálum sem rísa vegna þeirra. Meiri hlutinn telur enn ekki tímabært að taka afstöðu til þess hvort slíks sé þörf hér á landi enda muni reynslan og framkvæmdin leiða það í ljós.

Við ræddum þetta atriði töluvert innan nefndarinnar. Ég skoðaði hvernig málum er háttað í Noregi þar sem við erum mjög að líta til Noregs í þessum efnum. Þar er algjörlega sjálfstæð stjórnsýslunefnd, 100 manna batterí, sem sér um þessar kærur. Í því ljósi fletti ég mér til upprifjunar m.a. upp í hinni ágætu skýrslu sem gerð var að frumkvæði forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda. Þar er ágrip og farið yfir helstu tillögur og þá fjallað m.a. um stjórnsýslukerfið og eftirlit með starfsemi stjórnvalda. Þar segir á bls. 147, með leyfi forseta:

„Minnt var á hve íslensk stjórnsýsla er í raun lítil og fámenn í samanburði við stjórnsýslu hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum og að umfang eftirlits með stjórnvöldum verði að vera í ákveðnu samræmi við stærð stjórnsýslunnar. Þyki ástæða til að auka eftirlit með stjórnsýslunni sé því almennt vænlegra til árangurs að endurskipuleggja og styrkja það eftirlit sem fyrir er en að fjölga eftirlitsstofnunum sem hætta er á að verði veikburða."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í kafla 3.9.2 er vikið að ólíkri stöðu bæði ráðherra og Alþingis gagnvart svonefndum lægra settum stjórnvöldum annars vegar og sjálfstæðum ríkisstofnunum og stjórnsýslunefndum hins vegar. Meginreglan er sú að ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta ákvæði er m.a. byggt á þeirri forsendu að ráðherra fari með yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu hefur myndast sú stjórnskipunarvenja að löggjafinn geti með lögum komið á fót sjálfstæðum stofnunum og stjórnsýslunefndum sem undanþegnar eru almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum þess ráðherra sem málefni þessara stjórnvalda heyra stjórnarfarslega undir. Stjórnarskráin setur þó löggjafanum vafalítið ákveðin mörk hversu langt verður gengið við að takmarka vald ráðherra með þessum hætti. Þegar komið er á fót slíku sjálfstæðu stjórnvaldi sviptir löggjafinn ráðherra almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir stjórnvaldinu og afléttir um leið þinglegri ábyrgð og ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra að því er snertir meðferð þessara valdheimilda. Þetta leiðir til þess að ráðherra getur ekki gefið slíku sjálfstæðu stjórnvaldi almenn eða sérstök tilmæli um úrlausn mála, nema hafa til þess lagaheimild. Ráðherra hefur heldur ekki eftirlit með störfum slíkra stjórnvalda, nema svo sé fyrir mælt í lögum. Alþingi getur því ekki dregið ráðherra til ábyrgðar fyrir störf eða starfshætti þeirra stjórnvalda sem undanþegin eru stjórnunar- og eftirlitsvaldi hans." — Líkt og þessi sjálfstæða stjórnsýslunefnd er í Noregi. — „Það sem meira er, nefndarmenn sjálfstæðra nefnda verða heldur ekki dregnir til ábyrgðar af Alþingi þar sem engin samsvarandi ábyrgð hvílir á nefndarmönnum og á ráðherra gagnvart Alþingi, hvorki samkvæmt þingræðisreglunni né samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð. Þá er einnig ljóst að því fleiri sjálfstæðum stjórnvöldum sem löggjafinn kemur á fót, þeim mun erfiðara verður fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að stjórna og samhæfa aðgerðir innan stjórnsýslukerfisins.

Á síðustu árum hefur sjálfstæðum stjórnsýslunefndum fjölgað mikið án þess að greint verði að heildarstefnumörkun búi því að baki. Sú hætta fylgir, ef stjórnsýslunefndir verða mjög margar, að erfitt verði að manna þær hæfum einstaklingum auk þess sem kostnaður við stjórnsýslu eykst og stjórnsýslukerfið verður flóknara. Miðað við smæð hins íslenska stjórnsýslukerfis gæti verið skynsamlegt að sameina nefndir á ákveðnum sviðum og bæta starfsskilyrði þeirra og gera þær öflugri þyki á annað borð ástæða til að færa vald frá ráðherra til nefndar."

Svo mörg voru þau orð í þessari góðu skýrslu sem er í dag kennslugagn í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands varðandi sjálfstæði stjórnsýslunefndar. Þrátt fyrir að Noregur hafi þessa stjórnsýslunefnd sem maður getur að mörgu leyti skilið — þetta er engu að síður stórt og mikið batterí, 100 manna batterí sem kostar mjög mikið. Það er ekki hægt að bera þetta saman við íslenskan veruleika — tel ég engu að síður rétt að undirstrika það sem við í meiri hlutanum tókum fram, að við teljum enn ekki tímabært að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að fara í að stofna hér sjálfstæða kærunefnd eins og umræðan var innan nefndarinnar.

Engu að síður má segja að þegar komin verður ákveðin reynsla á þessi lög innan kannski tveggja til fjögurra ára þá verður það að öllum líkindum gert. Það verður farið yfir þessi lög, þetta frv. sem verður væntanlega að lögum, og farið mjög ítarlega yfir það hvernig þau hafa reynst og síðan vegið og metið hvort við höfum virkilega þörf á slíku sjálfstæðu stjórnsýsluvaldi eins og þessi kærunefnd er í Noregi.

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins er nú heimilt að veita útlendingi búsetuleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Er m.a. gerð sú krafa að umsækjandi slíks leyfis þurfi að hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Þá hefur ákvæðinu, eins og að framan greinir, verið breytt í heimildarákvæði. Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að andstaða við greinina hefur ekki breyst, þ.e. þeirri skyldu að læra íslensku, og lýtur hún nú bæði að breytingunni í heimildarákvæði og að því að útlendingurinn eigi sjálfur að bera kostnaðinn af námskeiðinu. Meiri hlutinn telur að eðlilegt sé að kostnaður af námskeiðunum verði greiddur af útlendingunum sjálfum þar sem íslenskukunnátta sé forsenda þess að þeir geti tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Mikilvægt sé að útlendingur sem hyggst setjast að á Íslandi aðlagist íslensku samfélagi sem fyrst enda hljóti það að vera hagsmunamál fyrir útlendinginn sjálfan sem og þjóðfélagið í heild. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að tryggt verði nægilegt framboð af slíkum námskeiðum í landinu öllu og að gjald fyrir það verði hóflegt. Enn fremur er lagt til að haft verði samráð við menntamálaráðuneytið og aðila vinnumarkaðarins um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Mig langar til að bæta því við að ég sé fram á að meðan málum er svo háttað, að útlendingamálefni heyra í rauninni undir tvö ráðuneyti, þá verði að sjálfsögðu um góða samvinnu milli félmrn. og dómsmrn. að ræða eins og verið hefur hingað til. Ég veit að samvinna sérstaklega Vinnumálastofnunar og Útlendingaeftirlitsins hefur verið til fyrirmyndar og gengið afskaplega vel.

Varðandi íslenskuna og það sem hefur komið fram í umræðunni sem tengist kröfunni um íslenskukunnáttu, þá hafa margir haft samband við mig og flestir verið mjög jákvæðir

í garð þessarar tillögu. Fram hafa komið ábendingar um að ekki hafi verið nægilegt framboð af íslenskukennslu fyrir útlendinga. Ég tel einmitt ákvæði sem þetta í lögum styðja það að stjórnvöldum er mikil alvara í því að útlendingar nái sem bestum tökum á íslensku. Um leið er komin ákveðin skylda. Um leið bera stjórnvöld ábyrgð á því að stuðla að því að framboð af góðu námsefni á íslensku verði nægilegt og gott og þá, eins og ég sagði áðan, sérstaklega í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Ég kom með ýmsa bæklinga sem m.a. hafa verið gerðir að tilstuðlan félmrn. og Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins. Það er verið að gera marga mjög góða hluti og ég held að sú áhersla komi til með að aukast enn frekar með því að lögfesta þetta ákvæði sem við erum að ræða um. Hér er t.d. bæklingur um vinnuvernd á Íslandi á tælensku, víetnömsku, rússnesku, serbnesku, króatísku, ensku og spænsku. Síðan eru hér leiðbeiningar um félagsþjónustu fyrir útlendinga, verið að kynna þeim réttarstöðu þeirra hér og svo má lengi telja. Hér er mikið upplýsingaefni sem er nauðsynlegt til þess að útlendingar geti kynnt sér rétt sinn sem þeir hafa hér lögum samkvæmt bæði á hinum íslenska vinnumarkaði og almennt í samfélaginu.

Við fjölluðum aftur í nefndinni um réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem kynnu að koma til landsins án foreldra eða annarra forsjáraðila og þá einkum stöðu þeirra sem flóttamanna. Ekki hefur reynt á slík ákvæði hér á landi en ef svo bæri undir bendir meiri hlutinn á að réttarstaða þeirra yrði að sjálfsögðu sú sama og annarra flóttamanna og þeim tryggð sama vernd og öðrum á grundvelli frumvarpsins og alþjóðasamninga. Í slíkum tilvikum mundi auk þess reyna á skyldur barnaverndaryfirvalda samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjúkratrygging sé skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis. Í almannatryggingalögum er ákveðinn sex mánaða biðtími þar til menn öðlast rétt samkvæmt þeim. Meiri hlutinn telur eðlilegt að þessi krafa sé gerð um sjúkratryggingu, enda hljóta það að vera hagsmunir útlendingsins sjálfs að njóta verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaganna. Auk þess eru margir útlendingar enn þá tryggðir frá því þeir koma frá heimalandi sínu. Þessa kröfu er auk þess að finna í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga sem nú er til umfjöllunar hjá þinginu en þar er að finna ákvæði um að atvinnurekandi skuli sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti bjóða íslensk tryggingafélög upp á sjúkratryggingar fyrir útlendinga en meiri hlutinn telur rétt að benda á að ekki er skilyrði samkvæmt frumvarpinu að slíkar tryggingar séu keyptar hér á landi heldur eingöngu að þær séu til staðar.

Hvað varðar rétt útlendinga sem falla undir EES-samninginn til dvalarleyfis tekur meiri hlutinn fram að eðlilegt er að þeir leiti eftir leyfinu með umsókn eins og aðrir enda er það í samræmi við viðteknar venjur í öðrum EES-löndum.

Þá telur meiri hlutinn rétt að sett verði heildstæð löggjöf um öll málefni er varða dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga og þau látin heyra undir eitt og sama ráðuneyti. Við í meiri hluta allshn. ítrekum hér það sem við sögðum í nefndaráliti okkar í fyrra að við teljum afskaplega brýnt að unnið verði að þessu og farið í þetta verk hið fyrsta og að sett verði á hugsanleg samstarfsnefnd á milli þessara ráðuneyta til þess að stuðla að því að þessi löggjöf um málefni útlendinga, þessi mikilvægu málefni, fari undir einn og sama hatt. Við bendum á ótvírætt hagræði af slíku fyrir útlendinga, atvinnurekendur, sveitarfélög og stofnanir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við vinnslu persónuupplýsinga sé heimilt eftir þörfum að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu. Í því sambandi áréttar meiri hlutinn að Útlendingastofnun ber ekki að fá aðrar upplýsingar frá lögreglunni en þær sem eingöngu tengjast umsækjendum um dvalarleyfi og aðeins þær upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við afgreiðslu stofnunarinnar á slíkum málum.

Vil ég þá m.a. ítreka það sem segir í greinargerð með frumvarpinu sjálfu. Þar segir að áréttað skuli sérstaklega að vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt 1. mgr. 55. gr. sé einungis heimil að því marki sem nauðsynlegt er með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Útlendingastofnunar. Við áréttum þetta í nefndaráliti okkar.

Þá á lögreglan ekki rétt á upplýsingum frá Útlendingastofnun nema nauðsynlegt sé vegna rannsóknar á tilteknu máli er varðar útlending eða eftirlit með útlendingum.

Loks telur meiri hlutinn rétt að geta þess að þeir útlendingar sem öðlast hafa réttindi samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum skulu halda öllum áunnum réttindum.

Herra forseti. Við mælum því með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ég vil ítreka það að mikilvægt er að við samþykkjum þetta ágæta frv. Við fengum margar mjög gagnlegar upplýsingar á fundum nefndarinnar og auðvitað margar sem vekja mann til umhugsunar. Ég er ekki endilega að segja að þetta frv. sé stóra svarið m.a. við þeim ábendingum sem við fengum frá sýslumanninum í Keflavík og því góða fólki sem kom á okkar fund. Það er greinilega unnið mjög öflugt starf og þeir eru í miklu og góðu samstarfi m.a. við Rauða krossinn. Þeir lögðu fram gögn m.a. um það á fundi nefndarinnar og ræddu það samstarf sem ég tel að sé mjög til bóta. Þar komu fram þær upplýsingar að þeir hafa m.a. verið í samstarfi við Íra og sjá hvað Írar hafa verið að gera, enda virðist hafa verið mjög í tísku að líta til Írlands og þeirrar vinnu sem þar er unnin á hinum ýmsu sviðum og m.a. var forvitnilegt að heyra þær tölur sem sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli upplýsti okkur um. Fyrir um átta árum var Írland að fást við sömu tölur hælisleitenda og Ísland í dag, eða í kringum 50 á ári. Það var fyrir átta árum. Írar sögðu að þetta yrði væntanlega ekki stórvandi eða stórverkefni heldur væri þetta frekar verkefni annarra ríkja því þeir væru eyja og þessi mikli fjöldi mundi ekki koma til þeirra líkt og annars staðar í Evrópu. Síðan breytist þetta snarlega. Á síðustu tveimur árum, sem sagt í ár og í fyrra, leituðu yfir 20.000 manns eftir hæli á Írlandi. Það fjölgaði úr 50 hælisleitendum fyrir átta árum, sem er svipuð tala og á Ísland í dag, í yfir 20.000 á tveimur árum. Það er ljóst að samkvæmt þessum upplýsingum sem við fengum að kerfið á Írlandi er einfaldlega sprungið.

Eins og ég kom inn á áðan höfum við einnig rætt um íslenskukunnáttuna. Meiri hlutinn hefur líka lagt fram annað frv. um kröfu um íslenskukunnáttu varðandi frv. til laga um íslenskan ríkisborgararétt. Í frv. sem við erum að ræða hér um búsetuleyfi er krafa um að sækja íslenskunámskeið. Svíar leggja áherslu á þetta til að mynda. Rökstuðningurinn þeirra varðandi sænskuna sjálfa hjá útlendingunum var í fyrsta lagi til þess að hjálpa þeim að aðlagast að samfélaginu, en einnig

í öðru lagi að aukin enskunotkun er að breyta hinu sænska málsamfélagi.

Á Íslandi tel ég að við verðum einfaldlega að horfa á þetta eins og þetta er og hvað aðrar þjóðir hafa gert. Þær eru ekki að ástæðulausu að tala um að taka upp þessa skyldu að læra málið í löggjöf því menn vilja allt gera til þess að útlendingar einangrist ekki samfélaginu. Við megum ekki láta það gerast meðan við höfum enn þá stjórn á þessum málaflokki að standa í raun frammi fyrir þeim sama vanda og aðrar þjóðir í Evrópu hafa þurft að glíma við á síðustu fimm og tíu árum. Því tel ég þetta tvímælalaust vera mjög til bóta ekki bara fyrir okkur Íslendinga sem erum hér og rekum fyrirtæki og tökum þátt í samfélaginu eins og útlendingar, heldur viljum við fá þennan gífurlega kraft af fullum krafti sem stafar frá útlendingum og kemur frá útlendingum inn í samfélagið. Við viljum ekki að fólk einangrist. Við viljum að það aðlagist okkur. Við viljum læra af þeim og við vonum að þeir geti líka lært af okkur.

Að svo komnu máli legg ég til, eins og ég gat um áðan, herra forseti, að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem getið er um á sérstöku þingskjali.

[21:50]

Frsm. minni hluta allshn. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er verið að ræða stórt mál sem hefur náð svo langt sem ekki náðist síðast að koma hér til umræðu, en mikil vinna var á síðasta ári í hv. allshn. vegna þessa sama frv.

Við höfum lagt fram álit upp á margar blaðsíður og mun ég fara yfir það að einhverju leyti ásamt því að reyna að ræða málið í heild sinni, því hér er um mjög stórt frv. að ræða. Ég fagna því að hv. formaður allshn. sagði hér að eflaust, kannski að einu, tveim árum liðnum, mættum við sjá þá þegar einhverjar breytingar gerðar á þessum lagabálki og það ætla ég svo sannarlega að vona. Ég ætla líka svo sannarlega að vona að við berum gæfu til þess að samhæfa í þessum málaflokki í stað þess að hafa hann á mörgum stöðum sem hefur mikið verið gagnrýnt.

Komið hefur fram mjög mikil og málefnaleg gagnrýni á frv. og það er allt að því athugasemd við næstum því hverja einustu grein þessa frv., nema kannski helst um gildistöku eða svona minni háttar greinar. Það hefur komið fram mjög mikil gagnrýni. Ekki hefur verið tekið tillit til hennar nema að örlitlum hluta og þá kannski helst þeirrar sem hefur komið frá lögreglu og Útlendingaeftirliti. Það leiðir svo aftur hugann jafnframt að því sem hv. formaður nefndi aðeins hér áðan um það hvernig Útlendingastofnun ætti í rauninni að starfa.

Á Norðurlöndunum eru allir þessir málaflokkar samhæfðir, hvort sem um er að ræða atvinnuréttindi útlendinga eða öll hin almennu réttindi eins og okkar eigin. Þar er þetta yfirleitt allt saman samhæft á einum stað og undir einum ráðherra, ýmist undir innanríkisráðherra, félagsmálaráðherrum eða dómsmálaráðherrum.

Þeir hafa hins vegar ekki gengið jafnlangt og við varðandi námskeiðin í íslenskunni. Hins vegar finnst mér rétt að taka það fram að í atvinnuréttarfrv. sem var til umræðu hér fyrr í dag er hins vegar nálgunin öll önnur. Þar er talað um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu og þar eiga atvinnurekendur og stéttarfélög að sjá um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, jafnframt samfélagsfræðslu og aðra fræðslu sem fjölskyldunni ber. Það er mjög jákvæð nálgun. Við þekkjum öll umræðuna um vinnutengda íslensku. Hún er mjög góð og ég hefði gjarnan viljað sjá þetta gert með slíkum hætti í þessu frv. en ekki eins og þetta er hér. Mér finnst það alls ekki ganga.

Við hörmum að þetta tækifæri skuli ekki hafa verið nýtt og við í minni hlutanum erum ekki ein um að harma það. Ég hygg að allir mundu vilja sjá þetta öðruvísi. Það náðist ekki, hverjum svo sem um er að kenna í því.

Fram komu mjög margar ábendingar og við rekjum þær örlítið í nefndaráliti okkar. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins segir m.a.:

„Í athugasemdum um frumvarpið kemur fram að við samningu frumvarpsins hafi verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf og að verulegu leyti stuðst við norsku útlendingalögin. Þyki þau lög heppileg fyrirmynd þar sem Ísland og Noregur séu einu ríkin á Norðurlöndunum sem eigi aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES, en ekki Evrópusambandinu, ESB, auk þess sem ríkin hafi hliðstæða stöðu gagnvart ESB innan Schengen-samstarfsins."

Síðar segir jafnframt:

„Því vekur athygli að vikið er í verulegum atriðum frá því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum varðandi afgreiðslu atvinnuleyfa fyrir útlendinga."

Enn segir:

„Samtök at vinnulífsins telja það bæði skynsamlegt og hagkvæmt að útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga verði færð á eina hendi."

Þetta má segja að hafi verið meginþráðurinn í gagnrýni eiginlega allra á þetta frv.

Eins og ég sagði áðan búa aðrar Norðurlandaþjóðir einmitt við slíka heildstæða löggjöf og það er synd að við skulum ekki ætla að nýta okkur reynslu þeirra því svo mjög er hamrað á því að við eigum að nýta okkur hana og þá sérstaklega til varúðar og til þess að hindrað fólk í að koma hingað og vera.

Ég vil meina að kannski þurfi að setja skýrari ramma um Útlendingastofnun og sérstaka stjórn. Ég fer ekkert ofan af því. Ég held að það mundi bara styrkja þá stofnun verulega. Þar fyrir utan gætu verið kærunefndir og annað. Þetta er nokkuð sem á að skoða og er spurning um framsýni að líta á.

Við eigum að nýta okkur allar þessar hugmyndir Norðmanna, Svía og Dana. Ég tel það hins vegar ekki rétt hjá hæstv. formanni allshn. þegar hún nefndi að í sænskum lögum væru ákvæði um málakunnáttuna. Ég er með þau lög hér og vil þá gjarnan vita hvað þau séu, án þess að ég ætli mikið að argaþrasast út í það.

Eins og ég segi höfum við haft mjög margt við frv. að athuga. Orðið hafa ákveðnar þrengingar frá síðasta frv. og þar til nú. Áður var búsetuleyfi eftir þriggja ára dvöl réttur. Núna er sagt að veita megi það. Það er því meira eins og heimild. Það er því þrenging og þær eru á fleiri stöðum. Ég harma það. Þetta frv. snýst ekki endilega um réttindi útlendinga heldur meira kannski okkar rétt gagnvart þeim.

Ég gerði að miklu umtalsefni í nefndinni réttindi barna yngri en 18 ára og í raun það vandamál sem geysar í allri Skandinavíu, þ.e. sendingu forsjárlausra barna alls staðar að úr heiminum til þessara landa. Ég fer ekki ofan af því að það hefði borið vott um framsýni og verið skref fram á við að setja það sem brtt. inn í þessi lög. Ekki var vilji fyrir því. Tekið var örlítið á því í nefndaráliti en engan veginn nægilega sterkt finnst mér. Ég vil líka benda á að ný barnaverndarlög taka ekki á málefnum erlendra barna.

Ég benti á ýmis gögn í þessu máli og vinnuskjöl frá Noregi um hvernig praxísinn er þegar svona mál koma upp. Ég veit auðvitað að þessi faglega vinna er hafin, en hún fór af stað óháð dómsmrn. og það er slæmt. Þessa vinnu verðum við að fara í hvort sem okkur líkar betur eða verr. Mér finnst því réttur barna fyrir borð borinn í þessu máli. Það má alveg hamra á því og kannski getum við hamrað það til hita þannig að við getum beygt það kannski einhvern veginn inn í brtt. á næsta ári, úr því fyrirséð er að þetta mál klárast núna.

Ekki er heldur tekið sérstaklega á málefnum kvenna sem hins vegar er gert eiginlega í allri annarri löggjöf í Skandinavíu. Það er meira að segja sérstaklega tekið á því hvernig eigi að leita á kvenfólki við skoðun á tollsvæðum í Norðurlandalöggjöfinni því þau mál geta verið afar viðkvæm og fer það eftir bæði trúarbrögðum og hefðum þaðan sem þessar konur koma. Það er afar mikilvægt að halda því til haga.

Svo eru það íslenskunámskeiðin sem þarf að stunda áður en búsetuleyfið er veitt. Þrjú ár er ekki langur tími. Ég hefði viljað, eins og ég nefndi áðan, hafa hina jákvæðu nálgun. Mér finnst þetta mjög neikvæð nálgun. Hún felur líka í sér sérstakan kostnað fyrir útlendinginn. Það er heldur ekki búið að skipuleggja og kortleggja námskeiðin sem eru í boði þannig að mér finnst eiga eftir að vinna alla þá heimavinnu.

Síðan gleymist stundum eitt sem tengist annarri umræðu sem verður hér í dag og það er að fyrirtæki eins og Íslensk erfðagreining er með afar mikið af erlendum sérfræðingum á sínum snærum. Í rauninni sjáum við hér það sem er að gerast annars staðar í heiminum, þ.e. við erum komin með erlent vísindasamfélag þar sem enska er aðalmálið. Það þýðir samt ekki að þetta fólk taki ekki virkan þátt í samfélaginu. Þetta er fólk sem nýtur menningar, greiðir sína skatta og skyldur, er hér með börn og fjölskyldur, kaupir jafnvel húsnæði o.s.frv. Mér finnst því afar slæmt að við skulum mæta þessu af þessari hörku.

Eins og ég segi kom fram afar mikil gagnrýni á 15. gr. sem hvergi var orðið við. Hún kom frá Toshiki Toma, Alþjóðahúsi, Lögmannafélagi, Rauða krossinum, Mannréttindaskrifstofu, Fræðslumiðstöð — það var alveg sama hvar var drepið niður fæti, þetta var gagnrýnt. En ekki var hlustað á ein eða nein rök í því sambandi. Mér finnst það í rauninni mjög vanvirðandi því þarna erum við líka að tala um hóp sérfræðinga sem hafa haft þetta viðfangsefni sem sitt sérsvið.

Mannréttindaskrifstofan segir t.d. hér, með leyfi forseta:

„Sjálfsagt er að hvetja útlendinga til að læra íslensku og búa þeim góð skilyrði til þess, sérstaklega börnum og unglingum, en hæpið er að skylda þá til þess. Íslenska er erfitt tungumál og verður ekki lærð á skömmum tíma, því yrði erfitt að finna kunnáttumörk til að miða við."

Þess vegna segi ég enn einu sinni að nálgunin í atvinnuréttindafrumvarpinu er sú nálgun sem flestallir hefðu viljað sjá, að menn lærðu þá vinnutengda íslensku. Auðvitað snýst það um að gera atvinnurekendur og stéttarfélög virka aðila í þessu samhengi.

Börnin eru hið verulega vandamál sem þarf að huga að sem allra fyrst. Þar eiga auðvitað skólarnir að koma að og þar á að leggja inn mestu vinnuna þannig að þau börn blandist sem allra best og við þurfum ekki að horfa upp á það að 100% erlendra barna falli út eftir grunnskóla og mæti ekki í framhaldsskólann. Það er afar alvarleg staða og á því þarf auðvitað að taka með sértækum hætti.

Við ákváðum, minni hlutinn, í þessu áliti sem undirritað er af þeirri sem hér stendur, hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni — Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur þessu áliti — að koma ekki með brtt. því það hefði hreinlega þýtt að við hefðum orðið að semja nýtt frv. Það er ekki flóknara en svo. Ég væri alveg til í þá vinnu, að semja nýtt frv. þar sem við samhæfðum þessa hluti. Ég sæi ekki eftir tíma í það. Þar sæi maður líka nánar kveðið á um hlutverk Útlendingaeftirlits og gæti sett meiri skyldur á það. Maður sæi þá kannski líka það sem er að gerast í Skandinavíu. Þar er þetta í rauninni allt samhæft á einum stað og þeir eru meira að segja með samhæfingarprógrömm með sveitarfélögunum um að útlendingar samlagist sem allra best. Það er m.a. verkefni útlendingastofnunar í Noregi, svo eitthvað sé nefnt.

Hv. formaður allshn. fór aðeins yfir 55. gr., persónuverndina, sem ég lít mjög alvarlegum augum. Eins og greinin er í lagatextanum sjálfum er heimildin mjög opin. Hreinlega má samkeyra upplýsingar lögreglu og Útlendingastofnunar. Það stangast algjörlega á — ég minni á frv. um Fangelsismálastofnun og um þær uppýsingar sem þeir vildu fá að vinna. Í rauninni stöðvaðist það í allshn. eftir samræður við Persónuvernd sem gagnrýnir þetta mjög hörðum orðum, vísar í ýmsa alþjóðasamninga og telur að hér sé gengið allt of langt.

Það er mér ekki nægjanlegt að meiri hluti nefndarinnar skuli einungis taka örlítið á þessu í nál. Nefndin átti auðvitað að koma með brtt. — annað eins hefur gerst í þessu frv. — í samráði við það sem Persónuvernd þykir tilhlýðilegt í þessum málum. En það gerðist ekki, því miður.

Í umsögn Persónuverndar um þetta mál, um vinnslu persónuupplýsinga í 55. gr., segir m.a., með leyfi forseta:

„Nýju ákvæði" — því þetta er eitt af nýju ákvæðunum sem bættust inn í frv. þegar það kláraðist ekki síðast — „(55. gr.), um vinnslu persónuupplýsinga, hefur nú verið bætt í frumvarpið. Þar er m.a. kveðið á um heimild Útlendingastofnunar og lögreglu til vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra, að því marki sem slík vinnsla geti talist nauðsynleg við framkvæmd laganna og að heimilt sé við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu eftir þörfum.

Ofangreint orðalag er að mati Persónuverndar of víðtækt og óskýrt. Minnt skal á að í raun hefur löggjafinn ekki alveg frjálsar hendur um það hvernig hann hagar lagasetningu um málefni sem varða meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Það skýrist m.a. af eftirfarandi:

Í fyrsta lagi ber að gæta ákvæða stjórnskipunarréttar. Í 1. mgr. 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, nr. 19/1944, eins og henni var breytt með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í skýringum með stjórnarskrárákvæðinu er lögð á það sérstök áhersla að raunhæft svið þar sem líklegt sé að álitaefni vakni um hvort brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs sé skráning persónuupplýsinga um einstaklinga. Sé þar fyrst og fremst átt við hversu langt megi ganga í skipulagðri skráningu á lífsháttum manna og högum og meðferð slíkra upplýsinga.

Stjórnarskrárákvæði þetta leggur m.a. ákveðnar skyldur á ríkið til lagasetningar. Sú skylda er í meginatriðum tvíþætt, þ.e. annars vegar skylda til þess að veita þessum réttindum manna vernd með ákvæðum refsilaga, sem gera brot annarra einstaklinga á þessum réttindum refsiverð, og hins vegar til þess að binda í löggjöf skýrar reglur um meðferð persónuupplýsinga. Við því hefur verið brugðist og eru nú gildandi

almenn lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Til þess að stjórnarskrárbundinn réttur til friðhelgi einkalífs hafi raunhæft gildi verður að gera þá kröfu til löggjafans að hann virði þennan rétt við setningu sérlaga, svo sem við setningu laga um málefni útlendinga."

Ég ætla að halda áfram að lesa þessa umsögn Persónuverndar því að ég er að skýra frá viðhorfum hennar, og þau meta allir þingmenn mikils. Áfram segir Persónuvernd:

„Loks er boðið í 2. og 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar að fyrrgreind einkalífsréttindi verði ekki skert nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Gera verður þá kröfu að slíkar lagaheimildir séu skýrar og afdráttarlausar, þannig að vafalaust sé nákvæmlega í hvaða tilvikum þeim verði beitt.

Í öðru lagi verður að hafa í huga að löggjafinn er bundinn af alþjóðlegum skuldbindingum.

a. Samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var á Íslandi með lögum nr. 62/1994, skal sérhver maður eiga rétt á friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Segir og að opinber stjórnvöld megi eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

Persónuvernd telur að með svo ótakmörkuðum aðgangi sem gert er ráð fyrir í 55. gr. frumvarpsins til laga um útlendinga sé of langt seilst til að ná þeim markmiðum sem tiltekin eru í tilvitnuðu ákvæði sáttmálans og hér eiga við, svo sem að tryggja þjóðaröryggi, almannaheill, firra glundroða og glæpum.

b. Íslendingar hafa undirgengist fleiri þjóðréttarlegar reglur á þessu réttarsviði á undanförnum árum, þar á meðal tilskipun 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja samræmdar reglur og samræmda persónuupplýsingavernd í öllum aðildarríkjum ESB. Þann 25. júní 1999 tók gildi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar (ákvörðun nr. 83/99) um að fella tilskipun 95/46/EB inn í EES-samninginn. Tilskipunin var síðan lögtekin með setningu laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ákvörðun Íslands um að fella þessa tilskipun undir EES-samninginn þýðir að lög um meðferð persónuupplýsinga, hvort heldur er almenn lög eða sérlög, þurfa að vera í samræmi við efnisákvæði tilskipunarinnar. Þar af leiðandi þurfa sérlög líkt og útlendingalög þau sem hér eru til umfjöllunar, að vera í samræmi við umrædda tilskipun." — Persónuvernd telur sem sagt að svo sé ekki. Og ef ég held aðeins áfram:

„Það er álit Persónuverndar að svo ótakmarkaður aðgangur sem gert er ráð fyrir í 55. gr. frumvarps til laga um útlendinga uppfylli ekki skilyrði laga nr. 77/2000 [þ.e. 6. og 7. gr.].

Með vísun til alls þess sem að framan greinir er lagt til að umræddri frumvarpsgrein verði breytt þannig að tryggt verði að Útlendingastofnun fái ekki aðrar upplýsingar frá lögreglunni en eingöngu þær sem ótvírætt tengjast umsækjendum um dvalarleyfi og aðeins þær upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu fyrir afgreiðslu stofnunarinnar á þeim málum. Þá er að mati Persónuverndar óeðlilegt að lögreglan fái, án dómsúrskurðar, aðgang að skrám Útlendingastofnunar um málefni útlendinga, nema slíkur aðgangur sé nauðsynlegur gagngert vegna rannsóknar á tilteknu máli er varðar útlending eða eftirlit með útlendingum. Samkvæmt framansögðu verður sá aðgangur að vera takmarkaður við viðkomandi útlending, og þær upplýsingar um hann sem skipt geta máli varðandi viðkomandi rannsókn."

Rauði krossinn er líka með álit á þessari grein, sem og auðvitað Mannréttindaskrifstofan. Rauði krossinn segir m.a.:

„Álitsgjafi telur að meðferð persónuupplýsinga eigi að vera ströng og háð eftirliti. Fyrirhugaða samkeyrslu upplýsinga telur álitsgjafi varhugaverða og þurfi að koma til leyfi Persónuverndar og þá einnig í hvaða tilvikum og með hvaða hætti slík samkeyrsla fari fram."

Persónuvernd varar mjög við því að þetta sé haft með þessum hætti. Ég á eftir að fá það álit frá Persónuvernd hvort það dugar sem kemur fram í nál. því að auðvitað las Persónuvernd líka greinargerðina með frv. þegar hún gerði þetta álit. Ég hef ekki trú á öðru. Og ég tel að við séum kannski komin á of mikla hættubraut sem beinir huganum að því að kannski þurfum við að setja enn skýrari reglur um Útlendingastofnun eins og ég sagði áðan.

Í þessu frv. hefði verið hægt að laga margt og gera spennandi hluti en því miður var það ekki gert.

Ég ætla að hnykkja á nokkrum atriðum sem hafa verið gegnumgangandi í gagnrýni á þetta frv., m.a. eftirfarandi: Valdaframsal til dómsmrh. er talið allt of víðtækt og reglugerðarheimildir of margar sem gerir frv. ógegnsætt og erfitt að vinna eftir því fyrir þá sem kanna þurfa réttarstöðu útlendings, hvað þá fyrir útlendingana sjálfa sem þurfa að átta sig á slíku. Rýmka þyrfti undanþágureglur vegna útgáfu og endurnýjunar dvalarleyfis eftir að útlendingur er kominn til landsins.

Gagnrýnt hefur verið að krafa um sjúkratryggingu þurfi að vera fyrir hendi fyrir útgáfu dvalarleyfis þar sem ekki hefur verið gerður samningur við Tryggingastofnun. Hins vegar hefur einnig komið fram að auðvitað hafa einstaka tryggingafélög verið með þessar tryggingar en þá eru iðgjöldin náttúrlega afar há og vart hægt að ætlast til þess að fólk kaupi þau sisvona. Hins vegar er auðvitað tekið á því í frv. um atvinnuréttindi útlendinga sem setur þá kröfu á vinnuveitendur að kaupa tryggingar. Það er afar farsælt skref. Það frv. er líka unnið með atvinnurekendum og verkalýðshreyfingunni og lýtur því öðrum lögmálum og er unnið á annan hátt en frv. sem hér er.

Ekki verið ljóstrað upp varðandi þetta frv. hvort unnið hafi verið í samráði við einhverja, hvorki á milli þinga né hvort aðrir hafi verið kallaðir til. Það eina sem ég vissi var að nefndin hjá Sameinuðu þjóðunum sem hefur skoðað drög að löggjöfinni benti á að við ættum frekar að horfa nær Svíþjóð en Noregi og gerði ýmsar athugasemdir. En það var fyrir tveimur eða þremur þingum ef ég man rétt og ekki hefur það lagast síðan, því miður.

Við fengum náttúrlega hið fræga DNA-ákvæði, sem betur fer. Reynt var að setja það inn aftur en tókst að koma í veg fyrir það og er ég afskaplega fegin því, útlendinganna vegna. Ég er mjög ánægð með að hafa losnað við það. Auðvitað er frv. ekki allt algjörlega alslæmt en heildarramminn finnst mér ekki til fyrirmyndar. Eins og með alla nýja heildarlöggjöf þarf alltaf að skoða hana, og þess vegna væri ekki óeðlilegt að einhver ákveðinn vinnuhópur væri skipaður af Mannréttindasamtökum, Rauða krossi, Lögmannafélagi og öðrum sem ynni sérstaklega með það og fyndi út hvernig lögin virka, t.d. hvað þyrfti að laga eftir 1–2 ár. Það væru t.d. fagleg

vinnubrögð og til fyrirmyndar ef væri hægt að koma á slíku fyrirkomulagi.

Við vildum líka, eins og flestir þekkja, víkka út skilgreininguna á nánum aðstandendum sem geta öðlast útlendingaleyfið. Það var ekki. Við erum búin að tala um þetta með íslenskuna og kannski búin að tala okkur í hel í því máli sem hefur fengið mjög mikinn fókus á meðan 55. gr., sem ég tel ekki síður alvarlega, er vanrækt. Það er svona þegar tekist er á um prinsipp.

Við hefðum viljað sjá kærunefnd að norskri fyrirmynd. Við erum ekki að tala um 100 manna stýrihópinn heldur fyrst og fremst stjórn Útlendingastofnunar sem gæti verið skipuð þessum aðilum sem ég nefndi áðan, eins konar millinefnd. Slíkir aðilar mundu sjá um tilnefningar ásamt dómsmrn. og öðrum aðilum, t.d. félmrn., þannig að við sæjum meiri samhæfingu og einnig að þær ákvarðanir væru skoðaðar að útlendingar gætu kært til slíkrar nefndar ef þeir telja á sér brotið í stað þess að þurfa að fara beint til dómstóla.

Við hefðum gjarnan viljað láta skýra andmælaréttinn betur og styrkja stöðu hans. Ég var búin að nefna þetta með börnin sem ég harma að ekki skuli hafa verið tekið á. Það er mjög auðvelt að skoða t.d. sænsku lögin sem taka mjög vel á málefnum barna. Ég er með þau hér. Norðmenn og Danir gera það líka að einhverju leyti en Svíar hvað best. Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna eða þeirrar nefndar sem skoðaði þetta benti einmitt á að það fyrirkomulag gæti verið farsælt.

Það er mikið talað um að við fyrirbyggjum að hér fyllist allt af útlendingum og við þyrftum dálítið að stoppa þá. Hv. formaður allshn. kom inn á Írland þar sem fjöldi þeirra sem óskuðu hælis náði 20.000. Þar eru börnin auðvitað meðtalin og við eigum að taka á því sérstaklega. Hins vegar var kosið að gera það ekki.

Ég fer ekki ofan af því að allshn. hefði getað komið með margar mjög góðar brtt. við þetta frv. hefði hún kosið svo. En hún kaus að gera það ekki.

Eins og ég segi hefur þarna orðið hugarfarsbreyting á milli ára. Áður var talað um að tryggja réttarstöðuna en nú er búið að lina orðalagið. Ekki er hægt að ráða í, eins og Rauði krossinn hefur m.a. bent á, með öllum þessum reglugerðarheimildum, hvernig þetta kemur til með að líta út. Í fyrra frv. var gert ráð fyrir því að að útlendingar ættu að bera sömu skyldur og aðrir borgarar þessa lands. Ef ég man rétt er það ekki lengur inni.

Það er t.d. mjög gaman að dönsku lögin taka mjög á þessum hæfis- og klögureglum. Danir eru auðvitað með flóttamannaráð. Það er auðvitað ein tengingin í viðbót, við erum að tala um félmrn., Vinnumálastofnun, flóttamannaráð, dómsmrn., Útlendingastofnun, lögreglu. Við erum í raun að finna út hvernig við gætum samhæft alla þessa krafta. Það er m.a. gert í atvinnuréttindafrumvarpinu, þar er kveðið á um samráð. Ekki hefði verið óeðlilegt að kveða á um samráð í þessum lögum en svo er ekki.

Maður man varla hvað maður er búinn að segja og hvað ekki. Svo mikið hefur verið þvælt með þetta mál. Mér virðist hins vegar að með þessu frv. sé forðast að gefa færi á að við mundum taka á móti miklum straumi flóttamanna. Ég tel ekki þörf á því. Írland er kannski dálítið öðruvísi í sveit sett. Ég óttast málið ekki svo en við sjáum náttúrlega að þau eru dálítið grátbrosleg, eða ég veit ekki hvað á að kalla það, málefni þessara aumingja Kínverja sem fengu í hvatningarverðlaun að fá að fara til Íslands og síðan er allt í stoppi hjá Útlendingaeftirliti, samningur milli utanrrn. og lögreglu og ég veit ekki hverra. Ég vona að það mál leysist farsællega. Ég býst ekki við að þessir 15 ætli ekki að setjast hér að, eins og fólk virðist hvað hræddast við.

Við getum auðvitað sagt sem svo að auðvitað breytti 11. september fjöldamörgu, við vitum það alveg. Enginn segir að við eigum ekki að vera á vaktinni, það eigum við svo sannarlega að vera. En ég held að við eigum að nýta okkur enn frekar reynslu annarra en við höfum gert og reyna að taka það besta, ekki hvað síst þetta með að réttur fólks sé skýr og um hann þurfi ekki að vera neitt deilumál. Þess vegna er afar mikilvægt að lögin séu gegnsæ.

Samstarf sýslumannsins í Keflavík og Rauða krossins hefur verið mjög farsælt, um það er ekki nokkur spurning. Það er einmitt dæmi um hvernig hugmyndir hafa breyst á síðustu einum eða tveimur árum, hvernig því samstarfi hefur verið háttað. Eins og það er núna, sem ég þekki í gegnum samstarf við Rauða krossinn, er aðbúnaður hjá okkur um margt betri en víðast hvar annars staðar. Því eigum við auðvitað að fagna. Við ættum að leggja meiri áherslu á mýktina og þurrka þennan lögreglustimpil, eða hvað eigum við að segja, af málefnum útlendinga. Þau eru undir dómsmálunum og eru ekki samhæfð heldur hafa þau alltaf tilhneigingu að fá á sig meiri lögreglubrag en þörf er á, a.m.k. þyrfti þessi lögreglubragur að vera með mjög jákvæðum formerkjum. Maður hefði viljað sjá eitthvað í þá veruna.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki öllu fleiri í bili. Ég veit að nokkrir eiga eftir að tala í þessu máli. Sá tími er að renna upp að þessi lög verði að veruleika. Aðalatriðið er, og því beini ég til hæstv. dómsmrh. og formanns allshn., að það væri óvitlaust að skipa einhvern hóp, faghóp í rauninni, sem væri á bakvaktinni og fylgdist með því hvernig þessi lög virka og hefði fingurinn á púlsinum upp á að þessi mál yrðu skoðuð, kannski eftir eitt, tvö ár. Þau gætu þá orðið útlendingum til gæfu. Vissulega hefur það átt að vera meiningin en ég er sammála gagnrýni frá mörgum samtökum á þetta frv. og ég held að varla sé sú grein í frv. sem ekki hefur verið fjallað um. Umfjöllunin hefur þó kannski verið einna mest um þetta mikla framsal til ráðherra með reglugerðarheimildum sem gera frv. fremur óljóst. Ég tel að svona frv. þurfi einmitt að vera gegnsæ.

Ég var ánægð með að hv. formaður allshn. sýndi hér góða bæklinga frá félmrn. sem sú sem hér stendur hefur komið að í mjög ríkum mæli. Það er mjög margt hægt að gera með afar jákvæðum formerkjum án þess að við skikkum útlendinga og setjum þá undir allt of harkalegt eftirlit.

[22:26]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir mjög málefnalega umfjöllun þó að við séum ekki sammála um mörg atriði. Ég er reyndar sammála síðustu athugasemd hv. þm., um að það eigi að nálgast þessi mál með jákvæðum hætti. Það er ekki neikvætt þegar reynt er að festa í sessi reglur sem gera okkur kleift að takast á við veruleikann eins og blasir við okkur hverju sinni og hugsanlega nýjum veruleika innan skamms. Það á ekki að segja að það sé neikvætt að við viljum taka á þessum hlutum og líta til annarra landa. Þó að Írland sé langt frá okkur er það eyland líka. Þá grunaði ekki á sínum tíma, fyrir átta árum, með 50 hælisbeiðnir að þeir færu upp í 10 þús. á ári eins og það er núna, 20 þús. á tveimur árum. Þetta eru ekki allt börn. Við vitum það, bæði ég og hv. þm.

Varðandi andmælaréttinn vil ég benda hv. þm. á að mig minnir að 1. mgr. 24. gr. sé nokkurn veginn sambærileg 13. gr. stjórnsýslulaganna. Þannig er litið til þeirra laga sem eru ígildi stjórnsýslulaga, til alþjóðaréttar, til flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna eins og ég hef getið um o.fl.

Varðandi Kínverjana þá er þetta vissulega grátbroslegt og má margt um það segja en þegar upp er staðið þurfa þeir engu að síður að uppfylla nákvæmlega sömu skilyrði. Það er ekki verið að gera auknar kröfur til þeirra. Það er einfaldlega farið fram á að þeir gefi upplýsingar, nákvæmlega eins og aðrir útlendingar sem koma til landsins.

[22:28]

Frsm. minni hluta allshn. (Guðrún Ögmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, við ættum einmitt að reyna að læra af Írum. Við höfum reynt að gera það í ferðaþjónustu og öllu mögulegu. Þá vaknar spurningin um hvernig löggjöf þeirra var áður og hvernig hún er núna.

Varðandi börnin vil ég benda á að foreldrar um allan heim átta sig á að hið norræna samfélag er afar æskilegt fyrir börn. Kannski er það þess vegna að flest þeirra eru send þangað en ekki til Írlands, Þýskalands o.s.frv. Það er kannski vegna þess að réttur barna er mjög sterkur á Norðurlöndunum.

Ég hefði viljað, þrátt fyrir andmælaréttinn, þ.e. rætt var um að gott hefði verið að styrkja hann enn frekar, sjá ákveðnar breytingar varðandi persónuvernd og annað. Ég vona að það sem kemur fram í nál. dugi til að koma í veg fyrir að mistök eigi sér stað.

Mig langar hins vegar að fá álit hv. formanns allshn. á því hvernig henni litist á milliskoðunarhóp, til að athuga hvernig lögin virka með tilliti til sambærilegra laga á öðrum Norðurlöndum næstu tvö árin, til þess að sjá hvað þarf að bæta.

[22:30]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðustu spurningu hv. þm. — ég gerði ráð fyrir því í framsöguræðu minni áðan að þessi lög, þetta frv. þegar það verður að veruleika, komi innan skamms tíma til skoðunar hér á þingi aftur og þá reynum við að vega og meta hver reynslan er. Hverjir koma að starfshópnum, hvernig við vinnum það, ætla ég ekki að segja. Við gerum það einfaldlega í ljósi þeirrar reynslu og þekkingar sem við höfum hverju sinni innan þessa geira, innan útlendingasamfélagsins, og reynum að nýta þekkinguna, hvort sem hún er á vegum Útlendingaeftirlitsins, sýslumanna eða Rauða krossins. Við reynum að nýta og samnýta alla þá þekkingu sem við getum nýtt og notað til að gera þessa löggjöf og umhverfi enn betra.

Aðeins um reglugerðarheimildirnar áður en ég hætti, herra forseti. Ég tel mig hafa rökstutt það mjög vel í ræðu minni áðan af hverju þessar heimildir eru svona. Allar efnisheimildirnar eru í sjálfum lögunum. Síðan má í rauninni segja að það eru mörg ákvæði líka í sjálfum lögunum sem beinlínis skylda dómsmrh. til að setja ítarlegri reglur en efnisreglurnar segja til um. Í rauninni má segja á móti að það sé frekar réttaröryggi í því að dómsmrh. beri að setja reglur á grundvelli faglegra sjónarmiða um ákveðin tiltekin málefni.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra, herra forseti. Fyrir forvitni sakir langar mig að fá svör hjá hv. þm. um víkkun á aðstandendahugtakinu.

[22:32]

Frsm. minni hluta allshn. (Guðrún Ögmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, það var einmitt þetta með víkkunina — við vorum t.d. að tala um stjúpbörn og börn sem orðin eru eldri en 18 ára en eru samt sem áður börnin manns þó að þau séu orðin 19, rétt þeirra o.s.frv. Ég veit að formaðurinn man vel eftir þeirri umræðu í nefndinni hvort við ættum ekki að taka það inn. Það var örlítið víkkað í atvinnuréttindafrv. en ekki nægjanlega og eru þá einmitt brtt. þar að lútandi. Þetta lýtur fyrst og fremst að slíkri skilgreiningu — erum við ekki enn með þetta í feðra... hvernig segir í lögunum? (Gripið fram í.) Feðgatalið sem ég held að ekki nokkur útlendingur skilji en það er kannski annað mál. (Gripið fram í.) Feðgatal, já, já, læra allt um Gunnar og Geir og Hlíðarenda og Hávamál o.s.frv. En það var fyrst og fremst það að tekið yrði tillit til bæði stjúpbarna og þeirra barna sem eru eldri en 18 ára, og þess vegna til 25 ára, að við kvæðum á um að þau gætu verið líka. Það gekk ekki.

[22:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og fram kemur í þinggögnum er ég ekki stuðningsmaður þessa frv. Ég er hins vegar samþykkur áliti minni hlutans en ég á sæti í allshn. sem áheyrnarfulltrúi. Starfi okkar hefur verið verkstýrt af hálfu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur og hefur þunginn af starfinu hvílt á herðum hennar.

Fyrst nokkur almenn orð um frv. sem er ekki til umfjöllunar í fyrsta sinn. Það hefur verið lagt fram áður og gerðar á því ýmsar breytingar, sumar til bóta, aðrar ekki. Í sumum tilfellum er um verulegar þrengingar að ræða. Þar sem áður var talað um rétt útlendinga er nú vísað til sem heimilda þeim til handa. Þetta hefur verið gagnrýnt af flestum sem veitt hafa umsögn um frv.

Mikil, vel ígrunduð og málefnaleg gagnrýni hefur komið fram á frv. frá þeim sem vel þekkja til þessara mála en í allt of litlum mæli hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda.

Við höfum áður bent á það í minni hlutanum að heppilegra hefði verið að standa öðruvísi að samningu frv. og kveðja til aðila sem sinna málefnum útlendinga, aðra en lögreglu og Útlendingaeftirlitið en greinilegt er að fremur hefur verið tekið tillit til þessara aðila en aðila á borð við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Amnesty International og flóttamannaráð svo dæmi séu nefnd.

Vinnubrögðin við þetta frv. eru þó ekki að öllu leyti slæm. Ég tel að það hafi verið mjög gott og málunum til góðs að fresta afgreiðslu þess sl. vor. Það hefur fengið mjög vandaða umfjöllun í allshn. þótt ég sé ekki að öllu leyti sáttur við þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir. Þannig á að sjálfsögðu að vinna málin, ef um þau er mikill ágreiningur, ekki síst ef um er að ræða viðamikla lagabálka eins og þennan. Þá á að gefa málinu góðan tíma. Síðan stendur einfaldlega eftir pólitískur ágreiningur og þá greiða menn á Alþingi atkvæði í samræmi við samvisku sína og skoðanir. Ef menn bæru gæfu til að vinna önnur mál á þennan hátt og gefa þinginu betra tóm til vandaðrar umfjöllunar væri vel en við verðum því miður vitni að því í ýmsum öðrum málum sem liggja fyrir þinginu að áhersla er lögð á að keyra þau í gegn með miklu hraði. Þetta var almennt um lagafrv. og vinnubrögðin.

Það sem er einkennandi fyrir umsagnir er gagnrýni á það að ekki sé unnin heildarlöggjöf um málefni útlendinga almennt. Við bendum á það í minnihlutaáliti okkar að hér

hefði verið kjörið tækifæri til að móta heildarlöggjöf í málaflokknum sem tæki til flestra mikilvægra þátta er varða stöðu útlendinga sem búa hér á landi og þeirra sem hingað eiga eftir að koma. Við vísum einnig til þess að annars staðar á Norðurlöndunum, í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, hafi verið smíðuð heildstæð löggjöf í málefnum útlendinga. Einnig hefur verið mótuð heildstæð stefna af hálfu stjórnvalda í málaflokknum. Við söknum þess að slíkt hafi ekki verið gert hér og bendum á að slík stefnumótun hafi ekki farið fram af hálfu íslenskra stjórnvalda þrátt fyrir að bæði í frv. til laga um útlendinga, frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga og frv. til laga um flóttamenn sé kveðið á um að tekið sé mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Aðeins áður en ég vík að þessu nánar langar mig til að botna gagnrýni um skort á heildstæðri yfirsýn með því að vísa í tilvitnun í álitsgerð Alþýðusambands Íslands. Þar segir m.a., með leyfi forseta, um þær mótsagnir sem er að finna í aðskiljanlegum lögum sem snerta þennan málaflokk:

„Það er skoðun ASÍ að samræma þurfi aðkomu stjórnvalda að þessum málaflokki, annaðhvort með því að fella hann alfarið undir eitt ráðuneyti eða undir sameiginlega undirstofnun þeirra. ASÍ beinir því þeim eindregnu tilmælum til Alþingis að allur þessi málaflokkur verði hafður undir þegar endurskoðun laga á sér stað og að lagt verði í samræmda heildarendurskoðun allra þeirra laga sem við eiga. Markmið þeirrar endurskoðunar verði að tryggja þeim útlendingum sem hingað leita til atvinnuþátttöku eða dvalar um lengri eða skemmri tíma sómasamlega réttarstöðu sem á hverjum tíma sé í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Sá vandi sem við er að glíma og innbyrðis ósamræmi í löggjöf og stjórnsýslu í málefnum útlendinga endurspeglast m.a. í 8. gr. frumvarps til laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi nema honum hafi fyrst verið veitt dvalarleyfi. Skv. 11. gr. frumvarps til laga um útlendinga þarf útlendingur sem hyggst ráða sig til vinnu hér á landi að sýna fram á að hann geti framfleytt sér, hafi sjúkratryggingu o.fl. og skv. 9. gr. getur hann ekki fengið dvalarleyfi nema hafa jafnframt atvinnuleyfi sem bannað er að veita honum nema hann hafi dvalarleyfi. Lög frá Alþingi Íslendinga er ekki hægt að afgreiða með þessum hætti."

Þetta var tilvitnun í álitsgerð Alþýðusambands Íslands og ég vitnaði í hana til að sýna fram á mótsagnir sem er að finna í mismunandi lögum sem snerta þennan málaflokk, réttindi útlendinga. Ég geri þetta til að undirstrika að æskilegt hefði verið að gefa sér tíma til að smíða heildstæða löggjöf um þennan málaflokk.

Þá vil ég taka undir þær ábendingar sem fram komu hjá hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur um rúmar heimildir til hæstv. dómsmrh. Þær er að finna víða í frv., og þarf ekki að fara lengra en í 2. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni."

Í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni er hægt að beita þessum lögum þannig að stefnan breytist og réttindin breytast þá að sama skapi. Það er þetta sem við gagnrýnum þegar við vísum í rúmar heimildir sem frv. veitir.

Ég held að þetta sé mjög varasamt og afar varasamt í löggjöf sem tekur til mannréttinda. Þetta frv. snertir mannréttindi. Frumvarp um mannréttindi, eða sem snertir mannréttindi, á ekki að hafa rúmar pólitískar heimildir eins og lagt er til í frv.

Ég tek undir þá gagnrýni sem sett hefur verið fram um þetta efni.

Ég vil víkja sérstaklega að tveimur greinum frv. en að öðru leyti gera að minni þá gagnrýni sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir setti hér fram í mjög ítarlegri og greinargóðri ræðu áðan, þ.e. 15. gr. og 55. gr. frv.

Í 15. gr. frv. segir á þá leið að veita megi útlendingi sem dvalist hafi hér á landi „samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum og sótt hefur námskeið í íslensku fyrir útlendinga búsetuleyfi samkvæmt umsókn ef ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi". — Hér er vísað í heimild til að veita búsetuleyfi. Í frv. eins og það lá fyrir í fyrra var kveðið á um rétt útlendingsins hvað þetta snertir.

Það sem ég vildi gera að umræðuefni er skyldan til að setjast á íslenskunámskeið. Ég ætla ekki að leggja í þetta neinn slæman skilning. Ég veit að að baki þessu búa að góðar hvatir. Því hefur verið haldið fram að mikilvægt sé að fólk sem hér sest að læri íslensku og fái þannig aðgang að íslensku samfélagi og undir það tek ég. En ég hefði viljað snúa þessu við og leggja þá skyldu á ríkið að bjóða upp á slík námskeið. Þar á skyldan að vera. Það er ríkið sem á að vera skyldugt að bjóða upp á þessi tækifæri.

Ég hef stundum sagt að ágæta vinnureglu sé að finna í gömlum bókum, hugsun sem til er í öllum trúarbrögðum og allri siðfræði: Það sem þér viljið að aðrir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Ég held að það sé ágætt að setja sig sjálfan í spor aðkomumannsins að þessu leyti. Og við höfum mörg fengið að kynnast því á erlendri grundu sem höfum dvalist í öðrum löndum.

Að sjálfsögðu viljum við læra tungumál landsins sem við dveljum í en við viljum ekki láta þvinga okkur til þess. Við viljum gjarnan hafa möguleika á að sækja námskeið og fá fræðslu en það á að vera undir okkur sjálfum komið hvernig við berum okkur að. Þessu hefði ég viljað snúa við og skylda ríkið til að bjóða upp á þessi námskeið. Ég er alveg sannfærður um að fólk mundi almennt þiggja með þökkum að sækja námskeið sem ættu að standa aðkomumönnum til boða þeim að kostnaðarlausu.

Mér finnst þetta vera mannréttindamál. Eitt af því sem gagnrýnt var við frv. upphaflega þegar það kom fram var þessi neikvæðni sem víða var að finna í því. Sumir slíkir agnúar hafa verið sniðnir af í þessu frv., ekki síst fyrir ábendingar sem komið hafa frá stjórnarandstöðunni og að sjálfsögð einnig mannréttindasamtökum og öðrum aðilum sem bera hag útlendinga fyrir brjósti. Menn hafa viljað snúa þessari hugsun í frv. við og það skiptir mjög miklu máli. Ég held að þetta skipti reyndar miklu máli í öllum stofnunum, í allri lagasmíð, að þjónustan eða lagatextinn, ef því er að skipta, sé settur fram á jákvæðan hátt og fólki ætlaðar jákvæðar hugsanir en ekki neikvæðar, að nálgast ekki málin eins og hamlandi lögregluvald heldur eigum við að koma fram sem þjóðfélag sem býður aðkomufólki sem hingað vill flytjast og setjast að opinn faðminn. Þetta er atriði sem ég vil leggja áherslu á í því sambandi. Mér finnst fólki ekki tekið opnum örmum með skyldu af þessu tagi.

Hin lagagreinin sem ég vildi víkja að og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hafði orð á var 55. gr. frv. sem snýr að vinnslu persónuupplýsinga. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Útlendingastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Eftir þörfum er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Dómsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn Persónuverndar, setja reglur um hvaða skrár skulu haldnar af Útlendingastofnun og lögreglu."

En hvað skyldi Persónuvernd sem þarna er vísað í í lagatextanum segja um nákvæmlega þetta atriði? Þar segir, með leyfi forseta:

„Nýju ákvæði (55. gr.), um vinnslu persónuupplýsinga, hefur nú verið bætt í frumvarpið. Þar er m.a. kveðið á um heimild Útlendingastofnunar og lögreglu til vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra, að því marki sem slík vinnsla geti talist nauðsynleg við framkvæmd laganna og að heimilt sé við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu eftir þörfum.

Ofangreint orðalag er að mati Persónuverndar of víðtækt og óskýrt. Minnt skal á að í raun hefur löggjafinn ekki alveg frjálsar hendur um það hvernig hann hagar lagasetningu um málefni sem varða meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs."

Persónvernd vísar jafnframt í ákvæði stjórnarskrár og ýmsar alþjóðaskuldbindingar, svo og samninga sem Ísland er aðili að og telur að þetta ákvæði standist ekki gagnvart þeim samningum. Í lok umsagnar Persónuverndar segir um þessa grein frv., með leyfi forseta:

„Með vísun til alls þess er að framan greinir, er lagt til að umræddri frumvarpsgrein verði breytt þannig að tryggt verði að Útlendingastofnun fái ekki aðrar upplýsingar frá lögreglunni en eingöngu þær sem ótvírætt tengjast umsækjendum um dvalarleyfi og aðeins þær upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við afgreiðslu stofnunarinnar á þeim málum. Þá er að mati Persónuverndar óeðlilegt að lögreglan fái, án dómsúrskurðar, aðgang að skrám Útlendingastofnunar um málefni útlendinga nema slíkur aðgangur sé nauðsynlegur gagngert vegna rannsóknar á tilteknu máli er varðar útlending eða eftirlit með útlendingum. Samkvæmt framansögðu verður sá aðgangur að vera takmarkaður við viðkomandi útlending og þær upplýsingar um hann sem skipt geta máli varðandi viðkomandi rannsóknir."

Þetta var tilvitnun í umsögn Persónuverndar um þessa lagagrein, 55. gr. Mér finnst að við eigum að taka ábendingar Persónuverndar alvarlega. Það vildum við í minni hlutanum gera og teljum að enn væri hægt að gera það. Við leggjum reyndar til að svo verði gert.

Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að halda langa ræðu. Ég vildi fyrst og fremst koma fram með meginákherslur. Rökstuðning okkar er að finna í áliti minni hluta allshn. Fyrsti talsmaður okkar hefur þegar gert ítarlega grein fyrir afstöðu okkar. Ég tel að hér sé um að ræða of rúmar heimildir til handa dómsmrh. Ég gagnrýni sérstaklega tvær greinar, 15. og 55. gr. Ég hefði talið og tel enn, í framsöguhætti en ekki viðtengingarhætti, að frv. og þessi löggjöf ætti að bjóða útlendingum opinn faðminn í ríkari mæli en hér er gert.

[22:53]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Við eigum það sameiginlegt ég og hv. frsm. allshn. að vera fæddar árið 1965, árið sem lögin um útlendinga voru sett á hinu háa Alþingi. Nú um 37 árum síðar er loksins verið að endurnýja þá löggjöf og endurskoða en það er ekki einu sinni búið að samþykkja lögin þegar hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kemur hér upp og byrjar strax að tala um nauðsynlega endurskoðun eftir tvö, þrjú eða fjögur ár vegna þess að einhver atriði sem hér hafi verið til umfjöllunar hafi verið talin ótímabær, þ.e. ekki nógu þroskuð í umfjölluninni til þess að ná í gegnum allshn.

Ég nefni þetta vegna þess að ég tel með öllu óraunhæft að setja þessi mál í þetta samhengi, alla vega ef Sjálfstfl. á áfram að ráða ferðinni í útlendingamálum á Íslandi. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég tók þátt í 1. umr. um þetta frv. til laga um útlendinga og ég velti því fyrir mér til hvers meiri hluti allshn. bað yfirleitt um umsagnir við frv.

Hér hefur verla verið tekið tillit til nokkurra ábendinga eða athugasemda, sama hversu alvarlegar þær eru. Það er eins og þetta hafi meira eða minna þotið sem vindur um eyru hv. meiri hluta. Hér var lagt upp í heildstæða endurskoðun á þessari mjög svo mikilvægu löggjöf um málefni útlendinga. Ég hefði haldið að meiri hlutinn í nefndinni hefði meiri metnað en þann sem hér kemur í ljós við 2. umr. um frv. því það er varla nokkru hnikað til í frumvarpstextanum frá hinum upphaflega texta. Ef eitthvað er, herra forseti, er málið þrengt og gert erfiðara. Hafi nálgunin verið neikvæð þegar frv. var lagt fram til 1. umr. þá er hún enn neikvæðari í dag. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að það er lítill sómi að því viðhorfi sem lýsir sér í þessu frv.

Ég vil taka undir með þeim sem síðast talaði, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, þegar hann talaði um að opna faðminn. Hér er ekki verið að opna faðminn. Hér er ekki horft til þess að það gæti verið jákvætt fyrir íslenskt samfélag að útlendingar settust hér að, jafnvel í miklum mæli, herra forseti, jafnvel í meiri mæli en við höfum nokkurn tíma þekkt áður. Það gæti fært okkur menningarlega fjölbreytni, betra atvinnulíf, framþróun, vísindi og þannig mætti lengi áfram telja.

Nei, útgangspunkturinn hér er sá að ef fólk vill koma til Íslands og setjast að um lengri eða skemmri tíma þá hljóti það að vera vegna þess að það hafi eitthvað óhreint í pokahorninu og sé hingað komið til að lifa af dásamlegum íslenskum sósíal. Hér er velferðarnetið náttúrlega strengt svo hátt og svo þétt, herra forseti. Hingað hlýtur straumurinn að liggja frá fátækari þjóðum og það vill þannig til að þær eru flestar fátækari en við, herra forseti.

En það er ekki þannig. Fólk flyst búferlaflutningum af mörgum ástæðum. Flestir útlendingarnir sem hingað koma til lengri eða skemmri tíma eru hér vegna þess að þeir fengu vinnu, ekki vegna þess að þeir ætli að setjast upp á velferðarkerfið. Svo verðum við líka að hafa það í huga að fólk flyst auðvitað búferlaflutningum af alls kyns ástæðum, herra forseti. Við förum til náms í öðrum löndum. Við störfum um hríð í öðrum löndum. Fólk finnur sér maka í öðrum löndum og sest þar að. Þær eru eins margar þessar ástæður, herra forseti, og fólkið er margt. En það er lítill skilningur á því í þessu frv. að þessi fjölbreytileiki geti auðgað íslenskt samfélag, því miður, herra forseti. Ég verð hreint út sagt að lýsa hryggð minni yfir því að eftir alla þessa vinnu, alla

þessa yfirlegu og umræður, framlagningu oftar en einu sinni á hinu háa Alþingi, sé þetta niðurstaðan.

Eitt gleður mig þó í því. Hafi ég einhvern tíma verið sannfærð um að það ætti að leggja niður dóms- og kirkjumrn. þá er ég það núna, sem ég stend hér, sameina það félmrn. og búa til innanríkisráðuneyti þannig að þar sé hægt að hafa allt undir einum hatti. Við gætum þá hætt að hafa þetta tiltekna málefni í nokkrum ráðuneytum og stofnunum út um borg og bí. Ekki veitir af. Ég tala ekki um þegar meiri hlutinn verður búinn að samþykkja þessa löggjöf á hinu háa Alþingi.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur, frsm. minni hlutans, höfum við gert margvíslegar athugasemdir við málatilbúnaðinn í þessu frv. Í stuttu máli mætti segja að hann byggist á allt annarri lífssýn og allt annarri pólitískri sýn en þeirri sem við í Samfylkingunni stöndum fyrir og byggjum á jafnaðarstefnu og kvenfrelsisstefnu. Hana er ekki að finna í þessu frv.

Herra forseti. Farið hefur verið í ítarlegu máli yfir fjölda reglugerðarheimilda. Hv. framsögumaður talaði um að efnisreglurnar væru allar í frv. og það mundi jafnvel auka réttaröryggi borgaranna að hafa reglugerðarheimildirnar sem flestar. Ég er ekki lögfræðingur, herra forseti, en þetta hljómaði eins og öfugmæli í mínum eyrum. Ég hefði haldið að það mundi auka réttaröryggi borgaranna að það væri eins skýr texti og nokkur kostur væri í lagagreinunum sjálfum, í efnisgreinunum en ekki í reglugerðarákvæðum sem hæstv. dómsmrh. hefur heimildir til þess að setja.

Hér hafa komið fram, m.a. í máli hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur, athugasemdir vegna þess að kærunefnd er ekki höfð inni eða að ekki er gert ráð fyrir kærunefnd þannig að málskots- og andmælaréttur viðkomandi er takmarkaður að því leyti. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir vitnaði í skýrslu forsrh. um starfsumhverfi ríkisstofnana, minnir mig að hún heiti, (Gripið fram í.) og starfsskilyrði ríkisstofnana. Hún taldi það helst hugmyndinni um kærunefnd til foráttu að ef hún væri sjálfstæð og þar með ekki á ábyrgð ráðherra þá væri heldur ekki hægt að draga slíka nefnd til ábyrgðar gagnvart Alþingi. Nú hef ég ekki skoðað þetta sérstaklega en ég vænti þess að það hefði verið skoðað í hv. allshn. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvers vegna niðurstaða meiri hluta nefndarinnar sé að þetta sé ótímabært. Ef þetta hefur verið reynt annars staðar og ef það er álit þeirra löggjafarþinga sem við helst horfum til að kærunefndin sé nauðsynleg til þess að tryggja réttindi og öryggi þeirra sem þurfa að skjóta sínum málum í afgreiðslu útlendingayfirvalda til annars yfirvalds, hvers vegna það sé ótímabært. Verður það tímabært eftir þessi tvö, þrjú ár þegar búið verður að endurskoða þessi þá glænýju lög?

Um búseturéttinn hafa hv. þingmenn farið yfir í ítarlegu máli. Það er einfaldlega þannig að ekki er hægt að skylda fólk til að læra tungumál. Það er ósköp einfaldlega þannig. Við verðum að gera ráð fyrir því, herra forseti, að fólk komi hingað vegna þess að það vilji taka þátt í þjóðfélagi okkar. Það kemur hingað til þess að starfa. Það kemur hingað til þess að búa með fjölskyldum sínum, setja börnin sín í skóla, gera það sem við öll gerum í venjulegu samfélagi borgaranna. Hugur minn hvarflaði reyndar til þeirra útlendinga sem búið hafa árum og áratugum saman á Íslandi og lærðu aldrei neitt sérstaklega góða íslensku eins og við viljum skilgreina hana, en eru samt snillingar á sínu sviði og hafa auðgað hér ekki síst menningarlífið, tónlistarlífið. En vel getur verið að þeir kunni ekki að beygja allar sagnir og nafnorð í íslensku. Það breytir því ekki að þetta fólk hefur haft mjög margt fram að færa. Með því að setja svona skilyrði erum við að skjóta fyrir enn einni loku, enn og aftur að setja okkur sem þjóð á stall vegna tungumáls og menningar sem er vissulega mjög merkileg, herra forseti, en ekkert merkilegri en tunga og menning annarra þjóða. Hún er jafnmerkileg en ekkert merkilegri.

Herra forseti. Það væri miklu nær að ríkinu væri skylt að uppfræða þá sem hingað koma til búsetu um lengri eða skemmri tíma um uppbyggingu þess samfélags sem við búum í, um lýðræðið og þátttökuna, jafnrétti kynjanna, jafnrétti til náms og allt það sem gerir íslenskt samfélag að því sem við erum stolt af. Ég held nefnilega að það skipti ekki litlu máli fyrir fólk sem kemur hingað og vill búa meðal okkar að við lifum í samfélagi þar sem flestir hafa t.d. jafnt tækifæri til náms þó að ýmislegt hafi horfið til verri vegar í þeim efnum reyndar á síðustu árum. Hvað tryggir betur samfélagslega þátttöku fólks en t.d. kosningarréttur til sveitarstjórna, kjörgengi og kosningarréttur í nærsamfélaginu, í bæjarfélagi þess? Um það mál var fjallað á dögunum á hinu háa Alþingi og við vitum nákvæmlega hver vilji meiri hlutans í því máli er. Þar er líka verið að hindra og þrengja og setja skilyrði sem ekki einu sinni við búum við í öðrum löndum þannig að þar er ekki gagnkvæmninni fyrir að fara heldur.

Fólk talar almennt um útlendingavandann. Vissulega hefur fjöldi útlendinga tekið sér búsetu á síðustu árum og áratugum á Vesturlöndum og í hinum ríkari löndum heims. Ég er ekki ein þeirra sem líta á það í sjálfu sér sem vanda að fólk flytjist á milli landa. Það getur hins vegar verið mjög flókið, herar forseti, bæði fyrir þá sem flytjast og hina sem búa fyrir. Það var mjög flókið í nýja heiminum á 18., 19. og langt fram á 20. öld þegar þjóðflutningar urðu frá austri til vesturs. Það er flókið núna í upphafi 21. aldarinnar þegar miklir þjóðflutningar eiga sér stað frá suðri til norðurs.

Herra forseti. Við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að ójöfnuðurinn sem ríkir á milli landa, heimsálfa, er helsti orsakavaldur þessara flutninga. Við getum ekkert stjórnað þessu þó svo við mundum reisa kínamúr í kringum allt landið. Þessu verður aldrei stjórnað. Ég tek undir með hv. þm. Katrínu Gunnarsdóttur að við eigum að horfast í augu við raunveruleikann eins og hann er. Það þýðir að hingað kemur fólk alls staðar að úr heiminum til þess að búa, til þess að starfa, til þess að ala upp börnin sín og geta, ef vel er á móti því tekið og því búin sæmileg skilyrði og þau sömu og öðru fólki sem býr í þessu landi, auðgað líf okkar og aukið hagsæld á Íslandi til mikilla muna á næstu árum og áratugum. Hinn svokallaði útlendingavandi sprettur hins vegar upp þegar fólk einangrast og útilokast, einangrast frá skólagöngu, útilokast frá því að geta eignast vini. Við höfum horft fram á það hér að varla hefur nokkurt barn úr hópi innflytjenda lokið framhaldsskólanámi. Það er vissulega mjög alvarlegt mál því ef fram heldur sem horfir í þeim efnum erum við að búa til nýja lágstétt ómenntaðra útlendinga á Íslandi. Okkur væri nær að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja að öll börn og unglingar sem búsett eru hér á landi hvernig sem þau eru á litinn og hvaðan sem þau koma og hvaða móðurmál sem þau hafa fái sömu tækifæri til þess að ljúka námi og ljúka starfsmenntun. Þá fyrst gætum við sagt að hér væri tekið á móti fólki með opnum faðmi.

Vissulega eru ábyrgð og skyldur á báða bóga. Því fylgir ekki bara ábyrgð heldur álag að setjast að í ókunnu samfélagi og það á ekki síst við þegar við erum að ræða um þann

fámenna hóp flóttamanna sem sest hefur að á Íslandi. Flestir þeirra útlendinga sem hingað koma eru ekki flóttamenn. Það er bara fólk sem kemur hingað til þess að starfa. En svo heyrir auðvitað annar hópur, flóttamennirnir og hælisleitendurnir, undir alþjóðasáttmála um þau mál. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég get ekki séð að neitt af því sem hefur breyst á síðustu áratugum í því umhverfi sé í þessu frv. Ekkert er talað sérstaklega um börnin. Það er ekkert talað sérstaklega um konurnar. Það er ekkert talað sérstaklega um ógnir sem stafa t.d. af skæruliðahópum eða því sem á ensku heitir „Non State Actors" sem fólk flýr undan, t.d. í Suður-Ameríku. Það er ekki tekið neins staðar á þeim hlutum sem eru veruleg vandamál víða um heim þótt þau standi kannski ekki á þröskuldi dyranna að Íslandi. Það er ekki verið að horfa heildstætt á hlutina. Samt er talað um að hér sé verið að setja heildstæða löggjöf um útlendinga. Það er eiginlega hálfgerð fásinna. Hér er ekki horft heildstætt á hlutina. Menn hafa í raun og veru glutrað niður, herra forseti, sæmilega góðu tækifæri til heildstæðrar lagasmíðar um réttindi útlendinga á Íslandi. Nálgunin er neikvæð og ég fer ekki ofan af því, herra forseti, að það er eins og meiri hluti hv. allshn. hafi hvorki heyrt það sem sagt var við hana né lesið það sem lagt var fyrir hana. Varla hefur nokkrum hlut verið breytt í þessu frv. á milli 1. og 2. umr. Samt berja menn sér hér á brjóst og telja sig vera að setja einhverja tímamótalöggjöf. Hún hefði eins getað verið sett árið 1951.

Herra forseti. Nei, mér finnst þessi vinnubrögð ekki til sóma og ég verð að segja alveg eins og er að ég er hrygg yfir því að þetta skuli vera vinnubrögðin og þetta skuli vera niðurstaðan.

[23:11]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að það var alveg hreint með ólíkindum hvað hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir var neikvæð þegar hún kom hingað upp. Við svona neikvæðni verð ég hálfpartinn smeyk því hún stuðlar að fordómum.

Hér gefst okkur tækifæri sem við erum að nýta. Við unnum öll í hv. allshn. af bestu getu og bestu samvisku í ljósi þess að við viljum samfélagi okkar vel og viljum útlendingunum vel sem eru orðnir órjúfanlegur hluti, ánægjulegur hluti íslensks samfélags. Síðan er komið hingað upp og haldið fram að við í meiri hluta allshn. hlustum hvorki né sjáum og höfum ekki hagsmuni landsins og þegnanna, allra þegna — ég þarf ekki að segja útlendinga eða Íslendinga — að leiðarljósi.

Að sjálfsögðu erum við ekki feimin við að segja að við viljum hafa skýrar reglur. Við viljum taka á því sem þarf að taka á. Ef menn þora ekki að hafa skýrar reglur þá skulu þeir bara segja það.

Við viljum læra af bestu samvisku og í einlægni af öðrum þjóðum. Hvað getum við gert til þess að sjá ekki fram á einangrun útlendinga eins og hún hefur átt sér stað erlendis? Að því erum við að vinna í þessu frv. og engu öðru.

[23:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. frsm. allshn. talar um hagsmuni heildarinnar og kemur hér upp og vænir mig um að vera neikvæð í garð útlendinga. Ef þetta væri ekki svona ósatt, þá væri þetta fyndið, herra forseti. Hins vegar hefur hv. formaður allshn., Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, glutrað niður einstöku tækifæri til þess að setja almennilega löggjöf um réttindi útlendinga á Íslandi. Varðandi skýrar eða óskýrar reglur, þá eru reglugerðarheimildirnar til hæstv. dómsmrh. óteljandi. Svo er talað um skýrar eða óskýrar reglur. Það á að skylda fólk til að fara á íslenskunámskeið. Jú, það er mjög skýrt. Það er líka mjög skýrt að lögreglan fær fullkomið leyfi til þess að keyra saman upplýsingar frá Útlendingastofu og lögregluskýrslur. Þetta er allt mjög skýrt, herra forseti. Þetta er ekki til þess gert, herra forseti, að stuðla að auknum og betri réttindum útlendinga á Íslandi. Þetta er ekki þannig fram sett, herra forseti. Þetta er þannig fram sett, herra forseti, og ég fer ekki ofan af því, að það er út frá því gengið að þeir sem hingað komi hafi eitthvað óhreint í pokahorninu.

[23:14]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur undirstrikar hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir neikvæðni sína gagnvart þessu. Það er fjarri lagi að við höldum því fram að þeir útlendingar sem hingað komi hafi óhreint mjöl í pokahorninu. Hvar hefur því verið haldið fram? Hvergi.

Varðandi íslenskunámskeiðin sem hv. þm. hefur verið að benda á þá erum við bara í meginatriðum ósammála um þau. Af hverju eigum við á Íslandi þegar við höfum enn þá tækifæri til þess að taka á móti útlendingum — við vitum að útlendingum kemur til með að fjölga á Íslandi og það er í góðu lagi. En við viljum gera allt til þess að taka sem best á móti þeim þannig að þeir aðlagist sem fyrst svo til þess þurfi ekki þrjár, fjórar, fimm kynslóðir eins og gerst hefur í Þýskalandi, Frakklandi og á fleiri stöðum. Við teljum að þetta sé ein leiðin, góð leið til þess að sú aðlögun taki sem skemmstan tíma. Af hverju verðum við að fara nákvæmlega sömu leið og allir hinir þegar hún hefur ekki gefist betur en reynslan segir okkur? Ég bara spyr.

Sagt var að verið væri að glutra niður góðu tækifæri, herra forseti. Ég vil meina að frv. sem við erum að ræða hér sé mjög til framfara fyrir réttindi og skyldur samfélagsins gagnvart útlendingum og öfugt. Þess vegna styð ég frv. heils hugar.

[23:16]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar hæstv. dómsmrh. mælti fyrir frv. sem hér er til umræðu vísaði hún til stjórnarstefnu nýrrar ríkisstjórnar í Danmörku, íhaldsstjórnarinnar í Danmörku, og hvernig hún gæti verið leiðarljós við þessa lagasetningu. Í meðferð nefndarinnar hefur Noregur reyndar oftar verið nefndur en það breytir því ekki að hin neikvæða nálgun hefur alltaf verið í forgrunni við þessa umfjöllun.

Ég fer ekki ofan af því, herra forseti, að það að skylda fólk til tungumálanáms getur haft þveröfug áhrif. Hvers vegna heldur hv. frsm. allshn. að næstum hver einasti umsagnaraðili hafi mælt gegn þessari skyldu? Telur hún að þetta fólk hafi ekki haft neitt fyrir sér í því? Var ekki leitað til fagaðila, til þeirra sem gjörst þekkja til um málefni útlendinga, um stöðu þeirra á Íslandi, hvernig þeir pluma sig hér í starfi og vinnu og í samfélaginu? Ég fæ ekki skilið hvernig stendur á því að meiri hluti allshn. kemst að þeirri niðurstöðu að skyldan sé besti kosturinn. Við hin erum þeirrar skoðunar að vissulega sé mjög gott að sækja námskeið í íslensku en ábyrgðin eigi að vera ríkisins megin, ekki sé hægt að skylda útlendinginn til þess að borga gjald fyrir að fara á íslenskunámskeið. Á því er grundvallarmunur, herra forseti.

[23:18]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega með blendnum tilfinningum sem ég stíg í ræðustól á þessu vorkvöldi. Ég held að ég hljóti að hafa misst af einhverju í þessari umræðu. Hér er hyldýpisgjá milli þess sem meiri hlutinn segir, hefur skilað á nál. og þeirra tillagna sem hv. formaður allshn. hefur mælt fyrir, og þeirrar gagnrýni sem hér hefur verið sett fram. Vörn hv. formanns allshn. er eiginlega á þessa leið: Þetta er einstakt tækifæri sem við viljum nýta okkur vel, við viljum útlendingunum vel og skýrar reglur og við þorum að taka á því sem þarf að taka á og þið eruð bara neikvæð.

Þetta eru yfirgengileg viðbrögð á sama tíma og færð eru fyrir því rök að bregðast þurfi nokkuð harkalega við í lagasetningunni vegna þess að við séum stödd á svipuðum stað og Írar voru fyrir tveimur árum eða svo, þegar Írar tóku á móti u.þ.b. 50 hælisleitendum, væntanlega á ári — ekki kom fram á hvaða tíma en ég gef mér þetta — og þessi fjöldi sé kominn yfir 20 þús. Ég hlýt að álykta að hér sé m.a. verið að setja lög til að afstýra því að hér flæði inn útlendingar — með neikvæðum formerkjum — af ýmsu tagi. Ég get alveg tekið undir orð síðasta ræðumanns er hún sagði svo ágætlega, að frv. væri ætlað að koma í veg fyrir að útlendingar kæmust inn á hinn algóða íslenska sósíal.

Þetta þingmál er ekki nokkuð sem metnaðarfullur ráðherra hefur drifið í að láta vinna og skellir inn í þingið, eins og sum þau mál sem virðast hafa kviknað fyrir minna en mánuði, orðið að frv. fyrir þremur vikum, komið inn á þing, farið í gegnum nefnd og orðið að lögum. Nei, þetta er ekki svoleiðis frv. Þessu máli hefur verið beðið eftir í átta ár. Í átta ár er búið að bíða eftir því að þessi gömlu lög, frá árinu 1965, væru látin víkja fyrir nýjum, framsýnum, réttlátum lögum sem skilgreini rétt þeirra sem hingað koma til að skapa sér líf eða hingað leita út af hörmungum heima fyrir. Menn eru undrandi á því að eftir átta ár skuli hafa komið fyrir þingið þessi bálkur sem hér á að gera að lögum. Hann snýst allur um það að verja okkur fyrir einhverjum illa lýstum ósóma. Það er ekki neikvæðni sem birtist í þessu orðalagi heldur gífurleg vonbrigði, vonbrigði yfir hugsunarhætti, vonbrigði með vinnubrögð og vonbrigði yfir að Ísland og Alþingi Íslendinga setji svona lög árið 2002.

Það vantar ekki að við höfum verið dugleg að taka á okkur þær skyldur sem okkur ber, t.d. Schengen. Eftir að við ákváðum að verða aðilar að Schengen í framhaldi af evrópsku samstarfi ræddum við um að ekki væri hægt að framfylgja Schengen-samningnum nema setja lög um útlendinga, um erlent vinnuafl, um flóttamenn og hælisleitendur, að Ísland setti sér stefnu, sem hefur vantað. Já, við ræddum það þá. Það átti að koma á eftir. Við fullgildum þessa samninga, hvort sem þeir heita Schengen eða Dyflinnarsamningurinn. Frv. sá ekki dagsins ljós. Menn hafa ekki verið að flýta sér að því. Að mínu mati hefur vantað metnaðinn í þessum málum.

Ég spyr: Erum við ófær um að gera góða hluti sjálf? Þarf fólk að sætta sig við að hið góða komi að utan og eina leiðin til að einstaklingum séu tryggð réttindi sé að við gerumst aðilar að alþjóðastarfi sem leggur okkur skyldur á herðar og segir hvernig réttindin eigi að verða? Ég hlýt að spyrja mig að því.

Meðan ég var að hlusta á þessa umræðu hvarflaði hugur minn til baka, til þess tíma er ég var ekki komin á þing. Ég sótti þá heim annað land sem að mörgu leyti er líkt Norðurlöndunum. og heitir Kanada. Ég dvaldi skamma hríð í Québec í Montreal. Mjög gott land. Strangt. Strangt fyrir ferðamennina. Strangt fyrir útlendingana. Mjög norrænt að mörgu leyti. Maður fann einhvers konar samsvörun. Svo skrapp ég til Ottawa. Þar sá ég alla sýnilegu útlendingana sem ég sá ekki í Montreal. Þegar ég kom til baka spurði ég hvernig á þessu stæði. Er svona lítið um útlendinga í Québec? Ég fékk svarið: Það er svo ströng löggjöf í Québec að menn vilja ekki útlendinga nema þeir læri frönsku. Ef útlendingur ætlar dveljast eða búa í Québec skal hann læra frönsku. Það var engin sérstök umhyggja fyrir þeim sem komu til að setjast að. Það er bæði töluð enska og franska í Québec. Fluttust menn til landsins með börn sem höfðu gengið í enskumælandi skóla en áttu samt að setja börnin í frönskumælandi skóla um leið af því Québec hafði þessa reglu. Auðvitað var reglan hamlandi. Reglan var sía. Reglan tryggði að fólk kæmi ekki til landsins að óþörfu, illa menntað fólk með takmarkaða grunnmenntun og þar með kannski erfiðleika við að læra ný, framandi tungumál, eins og franskan er fyrir enskumælandi fólk. Að sjálfsögðu var þetta sía. Mér fannst þetta ekki flott og aldeilis ekki norrænt.

Síðar fór ég í heimsókn til Kanada og varð vitni að því ung hjón frá Íslandi þurftu að fara með barn á sjúkrahús eftir slys, skelfingu lostin, ekki með réttindi til að fá frí frá vinnu vegna veikinda barna. Þau þurftu að fara í annan bæ til að fara með barnið á sjúkrahús, alein, langt frá öllum öðrum. Ég tók að mér að vera um tíma á sjúkrahúsinu með þessu barni. Það snerist allt um að foreldrarnir gætu sýnt fram á að tryggingarnar þeirra mundu dekka sjúkrahúsvistina hjá beinbrotna barninu. Það snerist allt um það hjá ungu hjónunum sem ætluðu að vera yfir barninu að leita uppi vottorðin um að tryggingin dekkaði kostnaðinn áður en þau kæmust inn í þetta fína kerfi í landinu, landi sem að mörgu leyti virtist líkt Norðurlöndunum.

Ég sagði mörgum frá þessu þegar ég kom heim, frá andúðinni sem ég upplifði við þessar spurningar um peninga, kvittun. Þegar tryggingin var komin átti samt að undirrita að ef hún dekkaði ekki allt þá væru þau tilbúin að borga.

Ég verð að segja að ég bjóst þá ekki við því að ég mundi standa hér á aprílkvöldi árið 2002, um fimmtán árum síðar, og verða vitni að því að þingmenn, fólk með þá sýn sem ég hélt að Íslendingar hefðu, væri tilbúið að setja þetta tvennt í lög: Ef þú ert útlendingur og kemur og vilt búa hér og dvelja með oss skaltu byrja á því að læra málið. Þetta er ekki hvatning, t.d. að hér ætlum við að bjóða upp á kennslu til að auðvelda þér að fá betri búsetu. Þetta er skylda, krafa. Síðan er það þetta ákvæði sem gerir kröfu um að sjúkratrygging þurfi að vera fyrir hendi fyrir útgáfu dvalarleyfis þar sem ekki hefur verið gerður samningur við Tryggingastofnun ríkisins vegna útlendinga og iðgjöld tryggingafélaga eru allt of há.

Sem betur fer eru málin hér enn ekki farin að snúast um einkatryggingar þó að ég óttist að við munu sigla inn í þann hugsunarhátt. Hugsunin er samt þarna. Hugsunin er þarna: Látum ekki útlendingana komast upp með að geta bara komið og fengið eitthvað gratís, ef barn slasast eða hvað það er.

Það er ekkert skrýtið að maður verði fyrir vonbrigðum með svona löggjöf. Það er eitthvað rangt við hugsunina í henni. Þar er tilhneiging til að verja sig fyrir útlendingaflóði sem hugsanlega á eftir að verða 20 þús. manns, miðað við ræðuna áðan, sem komi hingað og gangi á gæðin hjá okkur. Þetta er fullkomlega röng hugsun.

Ég nefndi áðan að við værum búin að bíða eftir þessari löggjöf í átta ár. Ég ætla því, virðulegi forseti, að minna örlítið á ferli þess máls til staðfestingar orðum mínum. Árið 1994 gerði þáv. utanrrh. tillögu um það í ríkisstjórn að ríkisstjórn markaði sér heildarstefnu í málefnum útlendinga og að fyrsta skrefið í þeirri stefnumörkun yrði að setja hér á laggir flóttamannaráð. Það komst á það sama haust. Flóttamannaráð var stofnað og byrjað var að taka á móti hópum árlega að tillögu flóttamannaráðs. Annars vegar var rætt um að þegar um flóttamenn væri að ræða væri tekið á móti tilteknum hópi árlega, hins vegar sérstökum hópi vegna vanda Bosníu um svipað leyti. Þetta var á árunum 1995 og 1996.

Á tímabili þessarar ríkisstjórnar í næstum átta ár, a.m.k. rúmlega sjö, hefur ekkert gerst annað en að endalaust hefur verið komið hingað í fyrirspurnum og umræðum um utanríkismál og innt eftir því hvenær eigi að endurskoða lögin. Það merkilega er að alltaf var gert ráð fyrir því að flóttamannaráðið yrði nokkuð mótandi í endurskoðuninni og þeirri nýju löggjöf sem menn töldu að ætti að koma. Ég vil taka það fram að alltaf þegar staða flóttamanna og nauðsyn á nýrri löggjöf var rædd í tengslum við skýrslu utanrrh. voru mjög góðar undirtektir við það. En forræði málsins var annars staðar. Metnaðurinn sem kallað var eftir lá hjá öðru ráðuneyti.

Strax árið 1997 komu fram áhyggjur í flóttamannaherferð Amnesty af því að þjóðir heims væru komnar í hugmyndafræði eins og virðist endurspeglast hér, þ.e. að þjóðir heims vilji loka landamærum og senda þau skilaboð til fólks sem býr við ógnir heima fyrir að það skuli vera heima hjá sér. Amnesty vakti mjög mikla athygli á þessu og hversu mikilvægt væri að tryggja réttláta meðferð ef flóttamenn bæri að garði. Alltaf var rætt um að útlendingalöggjöfin yrði ein löggjöf sem tæki til útlendinga, flóttamanna, hælisleitenda og fólks í leit að atvinnu. Alltaf var verið að endurskoða lögin. Alltaf voru menn á leiðinni. Það var vinna í dómsmrn. Það átti að endurskoða þetta. Í hvert skipti sem eitthvað ömurlegt kom upp hér, eitthvað í sambandi við landamærin, t.d. að fólki var vísað í burtu og blaðaskrif urðu í tilefni þess, þá var frv. alltaf alveg að koma. Handahófskennd vinnubrögð voru alltaf réttlætt með því að verið væri að skoða málið í dómsmrn. og nú kæmi löggjöfin.

Í umræðunni vorið 2000, fyrir tveimur árum, þegar kallað var eftir þessum lögum var hafin ný umræða. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafði gert athugasemd við það að í tengslum við umræðuna um Schengen og Dyflinnarsamninginn væri það rætt með hálfgerðri leynd að menn væru farnir að tengja flóttamenn í ríkum mæli við glæpi, eiturlyfjasmygl eða annars konar smygl og að mannréttindi flóttamanna færu víkjandi fyrir harðri umræðu sem tengdi flóttamenn við neikvæða þætti. Það var ekki eitthvert neikvætt fólk í ræðustól á Alþingi. Þetta kom frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sem vakti þessa umræðu og varaði við því að þetta yrði ráðandi gagnvart þeim breytingum sem væru að verða með Schengen og Dyflinnarsamningnum.

Mér er líka mjög minnisstætt þegar umræða var á Alþingi fyrir rúmu ári og í ljós kom að fimm börn höfðu komið með þremur fjölskyldum í septembermánuði en í desember höfðu þessi börn ekki enn þá fengið að ganga í skóla. Ráðuneytin töluðu ekki saman, aðilar í þessu samfélagi sem eiga að tryggja réttindi barna í einu Norðurlandanna þar sem málefni barna eru í öndvegi. Þar eiga að vera í öndvegi fjölskyldan og börnin. Allt annað á að víkja fyrir þörfum þeirra. Þessu var velt á milli. Rauði krossinn hélt fólkinu uppi og engin leið var að fá stjórvöld til að taka á málum eða úrskurða hver bæri kostnað eða tryggði börnum þennan sjálfstæða rétt. Þetta var hér í Reykjavík uppi á Íslandi árið 2001.

Það er ekki að furða miðað við alla umræðu um vandann sem hefur komið upp aftur og aftur að þetta þyrfti að laga með fyrirhugaðri löggjöf um útlendinga og að við sem höfum verið að hreyfa þessum málum höfum verið með væntingar um að þessi löggjöf mundi verða vinsamleg, framsýn og réttlát. En það er öðru nær, herra forseti.

Ég hafði hugsað mér að fara örlítið yfir gagnrýni Samfylkingarinnar og minni hlutans í nál. þeirra. Það er búið að gera það mjög vel. Það gerist stundum þegar ágreiningur er um stór mál að gagnrýninni er ekki mætt málefnalega og fólk víkur sér undan og hverfur af vettvangi. Það gerist líka nú þannig að í raun er réttmæt gagnrýni að engu höfð. Það hef ég auðvitað séð og heyrt í þessari umræðu þar sem Guðrún Ögmundsdóttir, talsmaður Samfylkingarinnar í þessu stóra máli, fékk mjög hörð og ómálefnaleg viðbrögð við réttmætri gagnrýni sinni. Ég ætla fyrst og fremst, herra forseti, að taka undir það sem félagar mínir hafa sagt um að ekki var hlustað á þýðingarmikla aðila sem gagnrýndu málið. Þetta voru fjölmenningaráðið, Toshiki Toma, Alþjóðahúsið, Lögmannafélagið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði kross Íslands og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Í öllum þessum tilfellum er lagst gegn því að skilyrði búsetuleyfis sé að útlendingur skuli hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Það getur ekki verið að allt þetta fólk sem vinnur að mannréttindamálum, sem vinnur með útlendinga, hafi svona rangt fyrir sér, sé svona óbilgjarnt og ósanngjarnt í gagnrýni sinni eins og viðbrögðin eru gagnvart okkur hér þegar á okkur er hlustað stundarkorn.

Um þetta eigum við að halda áfram að tala, þ.e. skilyrðið fyrir búsetunni, hörkuna í mati á útlendingum sem hingað koma, skilningsleysið á þörf fyrir víðtæka löggjöf sem felst í því að verið er að henda hingað tveimur frv. en ekki sett fram sértæk heildarstefna í málefnum útlendinga. Þetta er fullkomlega óásættanlegt. Fyrst og fremst tek ég undir gagnrýni þessara aðila varðandi mannréttindamál en jafnframt varðandi persónuupplýsingar því það virðist eiga að vera miklu auðveldara að fara á skjön við Persónuvernd og kröfur sem þar eru gerðar af því að útlendingar eiga í hlut.

Bara það að ætla að leyfa sér að ganga í berhögg við Persónuverndina varðandi útlendinga gerir þann hóp annars flokks í umfjöllun og umræðu. Það er meðferð meiri hlutans sjálfs á málinu, þ.e. hvernig það er sett fram, sem veikir málflutning meiri hlutans sem reynir að telja okkur trú um að hér sé verið að færa fólki réttindi á meðan við hin gagnrýnum það að hér eru settar fram kröfur, útlendingum mætt með neikvæðni og í raun allt öðruvísi en við höfðum reiknað með öll þau ár frá 1994 sem búið er að hreyfa því hvað líði samningu þessa frv., hvenær löggjöfin verði endurbætt og heildarstefna mótuð.

Herra forseti. Ég ætla að láta mér nægja þessa yfirferð á málinu. Ég er mjög vonsvikin yfir þessu lagafrv. og ég gagnrýni harkalega hvernig haldið hefur verið á málum. Við erum vön því að ekki sé hlustað á minni hlutann á Alþingi. En að ekki skuli hafa verið hlustað á öll þessi mannréttindasamtök finnst mér bera stjórnarmeirihlutanum vitni sem ekki er auðvelt fyrir hann að búa við.

[23:40]

Útbýting þingskjals:

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, 680. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 1428.

[23:40]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mælti áðan fyrir áliti meiri hluta allshn. um þetta frv. Eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. mælir meiri hlutinn með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til. Ég er meðal þeirra þingmanna sem standa að þessu áliti og tel að það beri með sér að allshn. lagði öll mikla vinnu í það undir styrkri stjórn formannsins. Í áliti meiri hlutans kemur fram að nokkrar breytingar urðu á frv. milli þinga, margar að frumkvæði nefndarinnar eftir meðferð þess á 126. löggjafarþingi. Eins er í álitinu gerð grein fyrir ýmsum þeim álitaefnum sem uppi voru í nefndinni. Þar er líka gerð grein fyrir afstöðu okkar í meiri hlutanum til nokkurra þeirra.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hefur líka gert hér grein fyrir áliti minni hluta allshn. um þetta frv. Það eru aðallega nokkur atriði sem fram koma í því áliti og annað sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur sem mig langar að fjalla hér um í örstuttu máli.

Í áliti minni hlutans segir m.a. að hann telji nauðsynlegt að viðurkennt sé það fjölmenningarlega samfélag sem er að finna hér á landi og nýttir kostir þess. Þar er líka lögð áhersla á nauðsyn þess að fræða fólk og uppræta fordóma í garð útlendinga, virða mannréttindi og tryggja þeim bestu möguleg réttindi sem völ er á.

Ég er fullkomlega sammála þessari skoðun og þessari áherslu minni hlutans sem fram kemur í álitinu og ég leyfi mér jafnvel að halda því fram að það sama eigi við um allan meiri hluta allshn. líka, þ.e. að nauðsynlegt sé að fræða fólk og uppræta fordóma í garð útlendinga, að virða mannréttindi og að tryggja útlendingum bestu mögulegu réttindi sem völ er á, eins og segir í þessu áliti.

Ég held því fram að það sé einmitt það sem meiri hluti allshn. trúi að verið sé að gera með þessu frv. og þeim breytingum sem nefndin leggur til að gerðar verði á því.

Herra forseti. Ég held því líka fram að munurinn á afstöðu minni til ýmislegs í þessu annars ágæta frv. liggi helst í því að í afstöðu okkar í meiri hlutanum gæti meiri varkárni og ábyrgðar. Við höfum líka leitast við að draga lærdóm af reynslu annarra þjóða í þessum málefnum og læra ýmislegt af því sem aðrar þjóðir hafa litið á sem mistök sín og verið að horfast í augu við síðustu missirin og ekki síst eftir hryðjuverkin 11. september. Ákvæðið sem skyldar útlendinga til námskeiðs í íslensku er einmitt af þeirri rót.

Nokkrir erlendir þingmenn sem ég hef rætt þetta ákvæði við eða þessa reglu sem liggur í frv. hafa einmitt eindregið hvatt okkur til að taka þetta upp í löggjöfina, þ.e. að lögleiða þessa reglu. Þeir halda því fram að þetta sé lykillinn að því að útlendingar aðlagist samfélaginu, lykillinn að því að þeir geti uppfyllt skyldur sínar og réttindi eins vel og völ er á því forsenda þess sé sú að útlendingar hafi lágmarksskilning og lágmarkskunnáttu á íslensku máli.

Af því að lögð er á það áhersla í áliti minni hlutans að við eigum að gera eins vel við útlendinga og nokkur völ er á getum við líka skoðað í þessu samhengi hvaða völ við eigum. Þrátt fyrir viðleitni okkar síðustu missirin til að tryggja útlendingum túlkaþjónustu og aðstoða þá þegar mest á reynir, sem er undir ýmsum og mismunandi kringumstæðum, er alveg ljóst að miðað við þann fjölda útlendinga sem þegar býr hér á landi ráðum við seint eða aldrei við að tryggja þeim nægа túlkaþjónustu til að tryggja að þeir fái örugglega notið allra réttinda sinna hér á landi.

Hér á landinu búa þegar útlendingar frá tugum landa. Móðurmálin eru næstum jafnmörg. Í sumum tilvikum getur enginn túlkað eða veitt þessu fólki lið. Ég held því fram að á þessu sviði, eins og mörgum öðrum, þurfum við að sníða okkur stakk eftir vexti. Við þurfum að sníða okkur stakk eftir smæð íslensks samfélags og vera óhrædd líka við að fara ótroðnar slóðir á sama tíma og við leggjum upp úr því að reyna að læra af öðrum, mistökum sem aðrir hafa gert og því sem vel er gert annars staðar. En samhliða því að gera þessa kröfu, þetta skilyrði fyrir búsetuleyfinu að fólk hafi sótt námskeið í íslensku, eigum við líka að leggja mikinn metnað í að tryggja gott aðgengi að gagnlegum íslenskunámskeiðum á sem hagstæðustu verði fyrir útlendinga. Við eigum líka að leggja mjög ríka áherslu á að öll börn, útlend börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, njóti góðrar og markvissrar kennslu, bæði í íslensku og í sínu eigin móðurmáli líka. En það er lykillinn að því að þeim nýtist grunnskólinn og að þau njóti jafns tækifæris til skóla, frekari náms og til starfa í samfélaginu.

Herra forseti. Þeirra viðhorfa til stjórnarmeirihlutans gætti nokkuð í hv. allshn., sérstaklega framan af við umfjöllun um þetta frv., að hann væri allt að því andvígur útlendingum eða að hann ætlaði að bera hagsmuni útlendinga á einhvern hátt fyrir borð og brjóta á þeim réttindi sem okkur með alþjóðasamningum og þjóðréttarskuldbindingum er ætlað að tryggja þeim. Vegna þessa finnst mér rétt að árétta hérna þá meginreglu þjóðaréttar, svo sem fram kom í ræðu hv. frsm. allshn., að útlendingur á engan rétt á að komast til annars lands, dveljast þar eða setjast að, heldur verður hvert og eitt ríki að setja sér þá löggjöf og þær reglur sem um það gilda. En þessi löggjöf okkar verður vitaskuld að vera til samræmis við skuldbindingar ríkisins á þjóðarétti og þá alþjóðasamninga sem ríkið er aðili að.

Lög um heimild útlendinga til að koma til landsins og um dvöl þeirra hér ber auðvitað að túlka og beita til samræmis við alþjóðaskuldbindingar okkar. Þessi grundvallarregla gildir auðvitað þó að hana sé ekki að finna í frv. sem hér er til umræðu. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að það hefði skapað mun jákvæðara viðmót til frv. hefði verið hægt að lesa hana þar í upphafsgreinunum.

Mig langar aftur að vekja athygli á því sem segir í áliti minni hlutans, þ.e. að hann leggi áherslu á að tryggja beri útlendingum þau bestu mögulegu réttindi sem völ er á. Það er einmitt mergurinn málsins því að við ákvörðun okkar um hvaða reglu skuli lögfesta, takast á ýmis sjónarmið og hagsmunir sem við verðum að horfa til og við verðum að velja það að fórna minni hagsmunum fyrir meiri, allt innan þess ramma sem skuldbindingar ríkisins að þjóðarétti skapa okkur. Auðvitað vildum við í meiri hlutanum, eins og mér heyrist á þeim sem standa að minnihlutaálitnu, helst geta gert allt fyrir alla útlendinga og leyst hvers manns vanda. Á hinn bóginn lít ég þannig á að hér hafi um árabil ríkt almenn sátt um þá stefnu að virða til hins ýtrasta réttindi flóttamanna og hælisleitenda. En að frátöldum þeim útlendingum sem heyra til hælisleitenda eða flóttamanna skuli byggt á þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Við þurfum líka að gæta að því að geta tryggt þeim útlendingum sem hingað koma — og

taka ekki á móti fleiri útlendingum en samfélagið ræður við — þau réttindi sem við viljum að þeir njóti til jafns við aðra.

Ég er þeirrar skoðunar að á því sviði sem snýr að réttindum útlendinga sem hér búa sé mest þörfin fyrir að marka stefnu um það hvernig aðbúnað við viljum tryggja þeim þannig að þeim sé gert sem best kleift að aðlagast íslensku samfélagi. Í álitum minni hlutans og ýmsum þeirra umsagna sem það vísar til hefur mjög verið gagnrýnt að heildstæð löggjöf um útlendinga hefur ekki verið sett. Gagnrýnin virðist öðru fremur beinast að því að áfram er gert ráð fyrir því að málefni útlendinga heyri undir tvö ráðuneyti, þau heyri ekki bara undir félmrn. eða bara undir dómsmrn. heldur heyri áfram undir þau bæði. Í raun geyma þessi tvö frv. heildstæða löggjöf um útlendinga því að þó að það segi hvergi í þeirri útgáfu frv. sem lögð var fram á þessu þingi þá nýtur útlendingur sem hér dvelur löglega allra sömu réttinda og ber sömu skyldur og íslenskir ríkisborgarar nema annað leiði af gildandi réttarreglum. Sérreglur þessara tveggja frv. gilda aðeins um heimild útlendinga til þess að koma til landsins, um dvöl þeirra hér og um atvinnuréttindin. En að öðru leyti gilda um útlendinga allar sömu réttarreglur og um Íslendinga ef lög taka ekki annað fram.

Herra forseti. Mig langar loks að víkja að því sem hér hefur komið fram og kemur fram í áliti minni hlutans þar sem segir að frv. fjalli að mestu um útlendinga sem ekki eru frá öðrum Norðurlöndum eða frá Evrópska efnahagssvæðinu. Þar segir að frv. fjalli að mestu um það sem stundum hefur verið kallað „sýnilegir útlendingar". Þessi staðhæfing í áliti minni hlutans gefur fyrst og fremst til kynna að útlendingum sé mismunað með reglum frv. eftir litarhætti og uppruna. Þessi staðhæfing er einmitt til þess fallin að skapa fordóma. Mig langar að árétta vegna þessarar staðhæfingar í fyrsta lagi að útlendingar frá öðrum Norðurlöndum og ríkisborgarar landa Evrópska efnahagssvæðisins geta jafnt verið sýnilegir og ekki sýnilegir útlendingar því að þessar þjóðir hafa árum saman tekið á móti innflytjendum víðs vegar að.

Í öðru lagi langar mig að árétta að það er einmitt vegna einnar skuldbindingar okkar að þjóðarétti, vegna EES-samningsins, sem um þessa ríkisborgara gilda aðrar reglur og þess vegna hafa þeir aðra stöðu hérna. Það er vegna EES-samningsins og skuldbindinga hans sem reglur frv. um þessa útlendinga eru aðrar. Raunin er ekki sú að verið sé að mismuna fólki eftir því hvort það eru sýnilegir útlendingar eða ekki eða eftir litarhætti eða þjóðerni. Mér finnst alveg sjálfsagt í þessu samhengi að líta til þess og til þeirra víðtæku og vel þegnu réttinda sem samningurinn tryggir okkur íslenskum ríkisborgurum og öðrum sem búa á Evrópska efnahagssvæðinu umfram þá útlendinga sem búa utan þess. Með þessum ákvæðum erum við að tryggja að þeir sem tilheyra Evrópska efnahagssvæðinu njóti nákvæmlega sömu réttinda hér og þeirra vel þegnu réttinda sem við njótum í þeim útlöndum.

Herra forseti. Gildandi lög eru frá 1965. Frv. er ætlað að bæta réttarstöðu útlendinga. Þrátt fyrir þá gagnrýni sem komið hefur fram á frv., held ég að menn geti almennt verið sammála um að löngu tímabært er að setja þessa löggjöf.

[23:53]

Frsm. minni hluta allshn. (Guðrún Ögmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hún taki undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á að málaflokkurinn heyri undir tvö ráðuneyti eða ekki. Mér fannst það ekki alveg skýrt í máli hennar.

Það hefur líka verið alveg ljóst að skilyrði fyrir búsetu, þ.e. þessi þrjú ár og námskeið í íslensku að þeim tíma loknum, á ekki við um norræna borgara og ekki við um EES-borgara. Við erum því að tala um aðra utan þess svæðis þannig að það er ekki jafnræði á meðal útlendinga, svo því sé bara haldið til haga einu sinni enn. Ég vil gjarnan vita hvort þingmaðurinn taki undir þá gagnrýni að við þyrftum heildarstefnumótun undir eitt ráðuneyti eða hvort hún vilji áfram halda málefnunum í tveim, þó að við getum lesið heilt út úr því þó að þau séu tvö.

[23:54]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi draga fram í ræðu minni þá gagnrýni sem hefur komið fram á það að ekki væri verið að setja heildstæða löggjöf um málefni útlendinga. Þrátt fyrir að þetta heyri áfram undir tvö ráðuneyti þá held ég því fram að löggjöfin sé heildstæð vegna þess að að öðru leyti en um þær reglur sem sérstaklega er fjallað um í þessum tveimur frv., þ.e. frv. um atvinnuréttindi og þessu útlendingafrv., gilda um útlendinga íslensk lög alveg eins og þau gilda um Íslendinga nema lög taki annað sérstaklega fram.

Hins vegar segir í áliti meiri hluta allshn. að meiri hlutinn telji að málunum væri betur komið með því að þau heyrðu undir eitt ráðuneyti. Mig langar í þessu tilviki að taka fram að í Noregi er þegar verið að vinna gagngera endurskoðun á lögum um útlendinga og ég spái því að á næstu einu til þremur árum verði farið í að skoða hvernig framkvæmdin er á þessu og þá m.a. hver framkvæmdin er á því að vera með þetta í sitt hvoru ráðuneytinu.

[23:56]

Frsm. minni hluta allshn. (Guðrún Ögmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér skilst að auðvitað taki þingmaðurinn undir að betur fari á því að þetta sé allt undir einum hatti, þar sem hún er samþykk áliti meiri hluta allshn. Hins vegar er tekið öðruvísi á þessu í frv. um atvinnuréttindi útlendinga. Þar er meira kveðið á um þetta samstarf milli Vinnumálastofnunar, Útlendingaeftirlits og annarra sem að málinu koma. Það er ekki gert hér, en auðvitað hefði mönnum verið í lófa lagið að gera slíkt.

[23:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er aðili að því minnihlutaáliti sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir kynnti hér í framsögu og hafði vissulega veg og vanda af að vinna að mestu leyti. Þess vegna vil ég aðeins koma hér upp og ræða þetta mál.

Þegar verið er að ræða heildarlöggjöf eins og þessa þá er verkið vandasamt og það ber að leggja mikla og vandaða vinnu í það. Vissulega hefur mikið verið fjallað um þetta mál í hv. allshn. Þegar litið er á tillögur meiri hlutans er hægt að fletta upp á 4. síðu og sjá þar í stuttu máli hvaða efnisbreytingar meiri hlutinn lagði til. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Loks telur meiri hlutinn rétt að geta þess að þeir útlendingar sem öðlast hafa réttindi samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum skulu halda öllum áunnum réttindum.

Mælir meiri hlutinn með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru auk orðalagsbreytinga:"

Svo kemur upptalningin í tveimur liðum.

„1. Lagt er til að dvalartími erlendis sem fellt getur niður búsetuleyfi skv. 15. gr. verði lengdur úr tólf mánuðum í átján mánuði.“

Útlendingur tapar sem sagt ekki rétti til að vera hér. Sá tími er lengdur sem hann getur verið erlendis. Það er önnur efnisbreytingin:

„2. Lagt er til að Flóttamannaráð Íslands geri tillögu um að heimila hópum flóttamanna komu til landsins sem ákvörðun stjórnvalda byggist á.“

Þetta eru efnisbreytingarnar sem koma fram í áliti meiri hlutans. Þrátt fyrir að við höfum lagt í þetta mikla vinnu og að meiri hluti og minni hluti séu ekki sammála um efnistökin og þrátt fyrir fjöldamargar umsagnir sem hér hefur verið gerð grein fyrir og ég ætla ekki að fara að endurtaka — þær koma fram í minnihlutaálitinu og eru frá Alþýðusambandi Íslands, frá Mannréttindaskrifstofunni, frá fjölmenningarráðinu, frá Toshiki Toma, Lögmannafélagi Íslands, Alþjóðahúsi o.s.frv. Þessir aðilar koma allir með verulegar ábendingar. Einkum eru þeir sammála um að það eigi ekki að vera kvöð að útlendingar skuli sækja námskeið í íslensku heldur eigi að leggja það fram sem valkost sem útlendingar eigi vissulega rétt á. En ekki er talið æskilegt að þetta sé lagt á þá sem kvöð. Það er í raun í samræmi við löggjöfina sem við ræddum fyrr í dag um atvinnuréttindi útlendinga. Undir það sjónarmið vil ég taka.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa langt mál um þetta. Ég hygg að svo vel sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir fór yfir þetta mál og vék að þeim efnisatriðum sem við í minni hlutanum teljum að hefði þurft að taka betur á, þá muni ég ekki bæta þar mikið um betur. Ég vil þó geta þess, herra forseti, að ég geri athugasemdir, eins hv. þm. Ögmundur Jónasson, við 15. gr. og 55. gr. Ég tel að málið hefði þurft að vinnast betur og það hefði þurft að taka meira tillit til þeirra umsagna sem okkur bárust í allshn. Eins og fram kemur í minnihlutaálitinu falla þær margar hverjar í sama farveg varðandi þau atriði sem bent hefur verið á að hefði þurft að lagfæra í þessari löggjöf. En þar sem meiri hlutinn féllst ekki á það mælum við í minni hlutanum ekki með samþykki þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231.

[00:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hér til að mæla fyrir brtt. sem ég flyt við þetta mál og gera grein fyrir því að ég er ekki aðili að nál. meiri hlutans. Það háttar reyndar þannig til að sökum annríkis og af ýmsum ástæðum hefur mér ekki unnist tími til að ganga frá sjálfstæðu nál. Það kemur svo sem ekki að sök því að afstaða mín kemur fram í þeirri brtt. sem ég flyt og ég geri því ekki kröfur um að málinu verði frestað þó að svona hátti til, enda í mörg horn að líta í þingstörfunum þessa dagana eins og kunnugt er.

Ég er, herra forseti, mjög ósáttur við frágang þessa máls og alveg sérstaklega það sem snýr að einni málsgrein eða einu efnisatriði þess, þ.e. þær heimildir sem þarna átti og á að taka inn í lög og einnig samkvæmt brtt. meiri hlutans um að greiða stofnstyrki til framkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðir eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd. Er þá enginn greinarmunur á gerður hvort um er að ræða eignarleigu- eða rekstrarleigusamninga. Þetta finnst mér, herra forseti, algerlega fráleitur frágangur málsins, gersamlega fráleitur. Það er ekki bara að menn eigi að gera upp það sem liðið er og þar er auðvitað fyrst og fremst um einn skóla að ræða eins og heimsfrægt er orðið um allt Ísland, Áslandsskóla í Hafnarfirði, heldur er meiningin að ganga frá þessu galopnu varðandi framhaldið. Ég verð að segja alveg eins og er að það eru undur og stórmerki að félmrh. Framsfl. skuli láta þetta yfir sig ganga, skuli flytja svona mál um slíkan grímulausan ríkisstuðning við að einkavæða rekstur grunnskólanna í landinu. Auðvitað er í rauninni verið að ýta undir sveitarfélögin með þeim hætti að fara yfir í einkafjármögnunarleið, einfaldlega vegna þess að þá eiga þeim sveitarfélögum að standa til boða þessir stofnstyrkir upp á 20% af viðmiðunarkostnaði eins þótt þau láti einkaaðila fjármagna og reka skólann og leggi ekkert út fyrir honum. Þetta er auðvitað alveg furðulegur frágangur málsins.

Það sem mér finnst þó bíta höfuðið af skömminni er að ekki skuli a.m.k. gerður einhver greinarmunur á á hvaða grunni þessir samningar eru og skilmálar t.d. um að það sé þá a.m.k. um svokallaða eignarleigusamninga að ræða en ekki rekstrarleigusamninga. Hvernig í ósköpunum ætlar hæstv. félmrh. að forsvara það að greiða sveitarfélagi allt að 20% af viðmiðunarkostnaði ef það gerir rekstrarleigusamning við aðila um að byggja og reka grunnskólann og kemur aldrei til með að eiga hann þannig að inni í greiðslunum á kannski 20–30 ára samningstíma er aldrei stofnvirði húsnæðisins, aldrei, því að sveitarfélagið mun aldrei eiga það? Ég held að það væru alveg rök til þess að gera þarna greinarmun á eignarleigu- og rekstrarleigusamningunum og þar ætti náttúrlega að draga mörkin. Það er alveg kostulegt að sjá hvernig skautað er yfir þetta í grg. frv. Þar er þetta að vísu rætt og aðeins farið yfir það hvaða merkingu menn leggja í þessi hugtök, einkaframkvæmd og hver sé munurinn á eignarleigu- og rekstrarleigusamningum, og það er út af fyrir sig allt fróðlegt. Það sem reyndar segir um lagalega stöðu þessara mála ætti að vera mönnum umhugsunarefni. Hvað segir þar m.a., herra forseti? Þar segir:

„Ekki er fjallað um einkaframkvæmdasamninga í lögum og engar sérstakar reglur hafa verið settar hérlendis um meðferð þeirra í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.“

Ég hygg að þetta sé allt rétt enda hnakkrífast menn um hvernig eigi að bókfæra þetta, hvernig eigi að sýna þetta í bókhaldi sveitarfélaganna. Á að taka þetta inn sem skuldbindingar sem koma fram á efnahagsreikningi þeirra o.s.frv.? Skiptir máli hvort formið er á ferðinni, eignarleiga eða rekstrarleiga, og annað þar fram eftir götunum? Með öðrum orðum er enginn lagalegur grunnur sem þetta byggir á. Þetta er í raun og veru ekki heldur í gildandi lögum um skóla í landinu. Þetta er gert á grundvelli einhvers geðþótta úr menntmrn. þar sem ráðherra heimilar mönnum að gera tilraunir á grunnskólabörnum hér og þar í landinu. Til dæmis var ákveðið að grunnskólabörnin í einu hverfi í Hafnarfirði skuli vera sérstök tilraunadýr nýfrjálshyggjunnar næstu áratugina þar sem þetta er praktíserað. Og Framsókn lætur hafa sig í þetta eins og venjulega og meira að segja mætur maður eins og hæstv. félmrh., Páll Pétursson, á sínum gamals aldri pólitískt þó að hann sé enn kornungur maður lætur þessi ósköp yfir

sig ganga sem einu sinni var talinn tilheyra félagshyggjuarminum í Framsfl. Það er af sem áður var. Það er þá meiri óskapafélagshyggjan að hæstv. ráðherra skuli standa í þessu.

Það hefur verið litið svo á að einkaframkvæmd væri í raun og veru hver sú framkvæmd þar sem samið væri við einkaaðila um að taka að sér verk en kostnaðurinn væri greiddur af skattborgurunum eða sameiginlegu aflafé ríkis eða sveitarfélaga. Svo kemur að því að til þess að hægt sé að tala um eignarleigusamning, sem er þá sambærilegt fyrirbæri og Hvalfjarðargöngin í raun og veru eru, að af afloknum samningstímanum þó að þau séu að vísu á sérgrunni vegna þess að um það voru sett sérstök lög en í grunninn er það sem gerist að þegar framkvæmdin hefur verið greidd upp og einhverjum tilteknum samningstíma lýkur eða fjármögnunaraðilinn er búinn að fá framreiknaðan kostnað sinn með einhverri hugsanlega umsaminni ávöxtun vegna fjárbindingar á samningstíma gengur mannvirkið til leigutakans, sveitarfélagsins eða í tilviki Hvalfjarðarganganna Vegagerðar ríkisins. Þá er um einhvers konar eignarleiguform að ræða og eigandinn að loknum samningstímanum verður sá sem leiguna greiddi. Þetta skiptir miklu máli, herra forseti, bæði upp á framtíðarsamskipti þessara aðila og líka þegar verið er að reyna að leggja mat á greiðslustöðu sveitarfélagsins, bókhald þess, fjárhag og alla þá hluti.

Sambærilega má segja að ef leigutakinn á rétt á að kaupa mannvirki, t.d. á einhverjum vildarkjörum í lok samningstímans, má jafna því við eignarleigu samkvæmt fyrra forminu þannig að það getur komið út á eitt. Ef um er að ræða eitthvert það fyrirbæri sem er svo forgengilegt að með því megi reikna að um það bil þegar samningstímanum lýkur verði það ónýtt, orðið að engu, er enn hægt að segja að um þetta fyrirkomulag sé að ræða. Ef hins vegar engu þessara skilyrða og reyndar fleiri sem talin eru upp í þessari reifun í frv. er til að dreifa verður að líta á að um rekstrarleigusamning sé að ræða sem ekki er þá venjan að eignfæra í reikningsskilum sveitarfélagsins, og sveitarfélagið leggur þá aldrei út fyrir grundvallarmannvirkinu sem slíku. Það er þá væntanlega ekki reiknað inn í samninginn nema menn séu að semja af sér alveg stórkostlega vegna þess að eigandinn kemur til með að eiga það og virði þess sem það er að samningstímanum loknum og getur þá mögulega haft einhverja aðra ráðstöfun og einhvern annan arð af mannvirkinu, selt það eða gert eitthvað við það. En samt, herra forseti, á að ganga þannig frá málinu hér að í hvoru tilvikinu sem er geti menn sótt um þessa stofnstyrki rétt eins og um væri að ræða framkvæmd sem sveitarfélagið sjálft stæði fyrir með venjubundnum hætti. Þetta, herra forseti, er að mínu mati alveg fráleitur frágangur mála.

Það má líka færa rök fyrir því að fullkomlega réttlætanlegt geti verið að gera þarna greinarmun á og láta þau sveitarfélög sem vilja endilega fara út í þessa einkafjármögnunarleið gera það þá, og þeim séu ljós þau skilyrði sem fyrir eru og að þá geti þau ekki reiknað með því að fá framlag úr þessum potti, þessi 20% frá ríkinu á næstu 3–4 árum eða hvað það er sem þarna á að vera í boði. Þetta á náttúrlega alveg augljóslega við ef um rekstrarleigufyrirkomulag er að ræða. Það má líka benda á að kostnaður við þessa samninga fellur mjög seint til hjá sveitarfélögum, fellur þá til með jöfnum afborgunum á kannski 25–30 árum. Það er kannski lægri fjárhæð með rekstri og öllu saman á fyrstu árunum en þessi 20% sem stofnstyrkurinn er. Á þá sveitarfélagið að fá hann borgaðan út og geta lagt hann inn á bók og haft af honum vaxtatekjur á sama tíma og önnur sveitarfélög í landinu leggja út fyrir skólamannvirkjunum? Það hefur ekkert verið farið yfir þá hluti, ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að útskýra fyrir okkur hvaða vísindi og hvaða speki liggja að baki frv. Hvaðan t.d. í ósköpunum kom sú hugmynd sem frv. byggir á, að eyrnamerkja 65 millj. kr. á ári sérstaklega í einkaframkvæmdum? (**Gripið fram í:** Einn skóla.) Einn skóla, og bara skammta honum fasta upphæð á ári í 3–4 ár. Það er auðvitað alveg furðulegur frágangur. Meiri hluti nefndarinnar var að lokum þeirrar skoðunar að gera á því breytingar og hafa þetta ekki bundið við tiltekna upphæð heldur fá heimild til að greiða þarna á milli en hvor leiðin sem valin er er að mínu mínu mati fullkomlega óeðlileg í þessu tilviki, svona útfærð.

Hver eru einu rökin sem koma fram í frv.? Þau eru að þó að skólarnir séu byggðir í einkaframkvæmd leysi það vandann vegna einsetningar grunnskólans. Punktur. Þau þurfa ekki flóknari röksemdafærslu en þá. Er þá ekki í raun og veru alveg sama hvernig menn leysa vanda sveitarfélaganna, bara alveg sama hvernig það er gert þó að menn kenni í tjöldum, eða hvað? Þetta er alveg furðulegur framsetningarmáti, herra forseti.

Fengi sveitarfélag sem væri svo heppið að bara einhver tæki að sér að sjá um skólann fyrir það gratís, líka stofnstyrk? Það mundi leysa vandann, er það ekki? Það mundi leysa vandann. Ef það er fullnægjandi röksemd þá er orðið býsna gaman að lifa. Svo segir bara að af sömu ástæðu, vegna þess að þetta leysi vandann, að ekki sé talin ástæða til að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða eignarleigu- eða rekstrarleigusamning. Þetta er nú öll röksemdafærslan, herra forseti, sem þarna fer fram. Menn eru að brjóta í blað. Menn eru að setja lög sem auðvitað hafa fordæmisgildi og geta átt eftir að marka brautina dálítið í þessum efnum, galopna hér allt og í raun hvetja sveitarfélögin til að velja þessa leið. Það verður greinilega fjárhagslega mjög freistandi þegar ríkið veifar gulrót, 20% stofnstyrkjum, eins þótt um rekstrarleigusamninga sé að ræða. Þó eiga hefðbundnir leigusamningar að vísu ekki að falla undir ákvæðið enda væri það kostulegt ef menn hefðu fundið út úr því að þau gætu fengið 20% stofnframlag bara ef þau leigja húsnæði einhvers staðar úti í bæ, undir skólahaldið tímabundið. (**GÁS:** Bitamunur en ekki fjár.) Það má kannski segja að það sé ekki allur munur á því og hreinum rekstrarleigusamningi. Það er mikið rétt.

Herra forseti. Þetta teljum við alveg fráleitan frágangsmáta. Ég leggst gegn honum og mun greiða atkvæði gegn þessari málsgrein frv. Það sem ég gæti sæst á og um það flyt ég brtt. — ég lít á það sem samkomulagstilboð — er að menn segðu sem svo: Við skulum ekki leggjast gegn því að gera fortíðina upp vegna þeirra samninga á eignarleigugrunni sem gerðir hafa verið fram að gildistöku þessara laga. Auðvitað má segja að þau sveitarfélög sem hafa fengið leyfi stjórnvalda til að ráðast í slíkar framkvæmdir hafi gert það í góðri trú um að þau yrðu jafnsett öðrum. En drögum strikið þar a.m.k. þangað til búið er að ákveða leikreglurnar í þessum efnum og fá botn í það hvort svona ævintýralega eigi að vera frá þessu gengið að enginn greinarmunur sé gerður á því hvert samningsformið er. Ég sé ekki hvernig í ósköpunum menn ætla að réttlæta það, eins og ég hef áður nefnt.

Herra forseti. Ég legg því til þessi málsgrein orðist eins og segir í brtt. sem ég flyt sem minni hluti félmn. á þskj. 1231:

„Ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. skal varið til að greiða allt

að 20% af viðmiðunarkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og yfir, í samræmi við viðmið og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni." — Þetta er í raun óbreytt. En svo kemur: „Aðeins er heimilt að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, sem þegar hafa verið gerðir og eru frágengnir við gildistöku laga þessara. Gildir það jafnt um samninga ..."

Þetta væri þá a.m.k. að því leyti til mun skárra að þarna væru dregin skýr skil við gildistöku laganna og eftir það vissu sveitarfélög að hverju þau gengju í þessum efnum. Þau gætu ekki treyst á að opnað yrði fyrir að þau fengju slíka stofnstyrki. Það er verið að fara, herra forseti, algjörlega frá öfugum enda í þetta mál að öllu leyti. Fyrst læðir hæstv. menntmrh. heimildinni til meiri hlutans í Hafnarfirði, íhalds- og framsóknarmeirihlutans þar, á grundvelli þess að verið sé að gera tilraun í skólastarfi, sem virðist nú ganga svona og svona ef marka má mannahaldið og fleiri fréttir sem maður fær af þeim bæ. Svo á að koma með þetta mál í staðinn fyrir að móta einhverja stefnu um þetta, takast bara á um þetta mál og svara eftirfarandi spurningu: Ætla menn út á þá braut að leyfa einkarekstur á venjulegum hverfisgrunnskólum, jafnvel þannig að sveitarfélögin eigi þá ekki að samningstímanum liðnum og séu ofurseld aðilanum sem á eina skólahúsnæðið í hverfinu? Vilja menn virkilega fara inn á þá braut þegar öll rök benda til þess að þetta verði dýrara fyrir alla aðila þegar upp er staðið? Ekki ómerkari reikningshaus en hv. þm. Gunnar Birgisson hefur komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé ekki fýsileg leið vegna þess að hún verði dýrari fyrir sveitarfélagið þegar upp er staðið. Auðvitað verður það dýrara. Auðvitað verður rekstur Sóltúns, eða hvað það nú heitir þarna sem Öldungur ehf. rekur, dýrari fyrir ríkið þegar upp er staðið enda var samningurinn boðinn til sölu á 700 millj. kr. sem menn töldu bara handavinnu að hafa út úr honum. Koma þeir peningar af himnum? Nei, þeir koma úr ríkissjóði. Nákvæmlega eins verður það með þessa dellu, þessa steypu nýfrjálshyggjunnar, að fara út í þessa einkaframkvæmd á svona þjónustumannvirkjum sem eiga auðvitað að vera í eigu sveitarfélaganna. Yfirgengilegt er að ofstækið skuli vera svo algert að menn láti ekki einu sinni við bindast og hlífi sjálfum kjarnanum í velferðarkerfinu fyrir þessari nauðhyggju sinni, séu komnir á fulla ferð með það að einkavæða til þess að hægt sé að okra á börnunum í grunnskólanum og gamla fólkinu á hjúkrunarheimilinum. Framsókn lötrar með eins og venjulega. Gamla Framsókn lötrar götuna fram á eftir íhaldinu og lætur sig ekki muna um það í hverju málinu á fætur öðru. Þetta er eitt ágætt dæmi um hversu dapurlega er komið á þeim bænum, herra forseti.

Þessu máli þarf a.m.k. að snúa við svona. Menn geta þá farið í þá vinnu í framhaldinu sem ætti auðvitað að byrja á. Auðvitað mun þetta einkavæðingarfyllerí renna af mönnum. Það mun sem betur fer renna af mönnum einhvern tíma. Það er alveg ljóst því að menn sjá auðvitað að þetta er tóm vitleysa. Menn munu sjá að þetta er eins og hvert annað fár og hefur hvergi leitt til neins velfarnaðar. (**Gripið fram í:** En timburmennirnir verða erfiðir.) Timburmennirnir gætu orðið langvinnir og erfiðir. Það er eins víst að Framsókn eigi eftir að liggja í rúminu í nokkur ár ef hún nær sér þá upp úr þessu yfir höfuð. (**Gripið fram í:** Með móral.) Það er auðvitað löngu tímabært að gefa þeim hvíldina í þessu sambandi og að fleira leyti. Þangað til verður að reyna að standa í vörninni. Það væri m.a. hægt með því að setja þau mörk núna að menn geri upp fortíðina — sjálfsagt má færa fyrir því einhver rök að slíkt geti verið sanngjarnt — en hafist þá ekki að frekar í þessa átt. Það er þá alfarið á ábyrgð sveitarfélaganna og þeirra mál ef þau vilja reyna þetta eftir sem áður án þess að fá stofnstyrkina. Menn fari síðan í gegnum þetta á grundvelli menntastefnu og skólastefnu og ákvæða sem verða þá sett í lög um málefni grunnskólans og annars staðar þar sem taka þarf á þessum hlutum ef þeir ætla inn á þetta spor, t.d. í sambandi við bókhald ársreikninga sveitarfélaga og annað í þeim dúr, þ.e. hvernig þeir ætli að hafa þetta þannig að ekki þurfi að standa í að rífast um það. Svo geta menn tekið á þessum endum málsins ef eða þegar það yrði tímabært, sem ég mundi þó vona að yrði ekki því menn sæju að sér og hættu við þetta.

Herra forseti. Ætli ég láti þetta ekki nægja sem framsöguræðu fyrir þessari brtt. Ég hef þá í raun gert sömuleiðis grein fyrir minnihlutaáliti mínu, þótt munnlegt sé, við þessa umræðu um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Það eina sem má segja að sé jákvætt við þetta mál er að ríkið ætlar af rausn sinni að halda áfram þarna, að vísu án þess að leggja neitt af mörkum sjálft því að sveitarfélögin eiga eins og venjulega að borga sér greiðann sjálf út úr sjóðum sínum. En það á að útbúa kerfi til þess að færa þarna út úr sjóð undir handarjaðri sveitarfélaganna sem virðast vera aflögufær ef marka má þetta frv., áframhaldandi fjármuni til að framlengja þetta átak að reyna að ljúka einsetningu grunnskólans eða a.m.k. stuðla að því að það verði hægt hvað húsnæðisforsendur snertir og setja þarna inn nýtt þriggja eða fjögurra ára tímabil. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert. En á því máli er þessi ágalli sem ég get á engan hátt sætt mig við að verði svona frágenginn. Fáist brtt. mín ekki samþykkt mun ég greiða atkvæði gegn þessari málsgrein frv.

[00:24]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andstaða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar við þetta mál kom mér satt að segja verulega á óvart því að eins og menn vita er hann formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem er meðal þeirra hreyfinga sem standa að R-listanum í Reykjavík.

Félmn. barst bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík. Þar má lesa m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavíkurborg fagnar lagafrumvarpi til að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Í athugasemdum við frumvarpið segir:

„Þykir eðlilegt að sveitarfélög sem kjósa að fjármagna skólabyggingar með samningum um einkaframkvæmd sitji við sama borð og önnur sveitarfélög varðandi styrkveitingar."

Undir þetta sjónarmið tekur Reykjavíkurborg."

Enn fremur segir í skrifum borgarstjórans í Reykjavík, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur:

„Stofnframkvæmdir við grunnskóla eiga að njóta sambærilegra styrkja út frá hlutlægum viðmiðunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga án tillits til þeirrar fjármögnunarleiðar sem valin er."

Hæstv. forseti. Þetta er afstaða R-listans í Reykjavík. Þess vegna kom mér verulega á óvart að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skyldi leggjast gegn þessu frv. Ekki síður kom mér á óvart brtt. sem hann flytur og er þá algerlega að und-

anskilja Reykjavíkurborg með þær framkvæmdir sem þar eru í vændum um þær fjármögnunarleiðir sem hún mundi hugsanlega vilja velja sér, þar á meðal einkaframkvæmd.

[00:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst er rétt að leiðrétta hv. þm. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekki aðili að núverandi R-lista, þeim sem starfar á þessu kjörtíambili. Við eigum enga flokkslega aðild að þeim lista enda var flokkurinn stofnaður eftir að flokkar sem voru á sviðinu á þeirri tíð ákváðu að starfa saman í því framboði.

Við erum hins vegar aðilar að kosningabandalagi Framsóknar, Samfylkingar og okkar sem er að bjóða fram í (**VE:** ... í kosningar?) borgarstjórnarkosningunum nú. Ég get fullvissað hv. þingmenn um það og væntanlega róað hugi þeirra og glatt þá með því að ef þeir lesa málefnasamning þess nýja framboðs er rækilega tekið af skarið um það í þeirri samstarfsyfirlýsingu, þeim málefnasamningi, að þar er einkavæðing velferðarþjónustunnar í Reykjavíkurborg ekki á dagskrá. Það er meðal annars einn árangurinn, og ekki sístur, af því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð gekk til þess samstarfs að þar var lamin niður einkavæðingarárátta sem því miður mengaði hugarfar margra á þeim bæ — það er hárrétt — og endurspeglast í þessari umsögn frá Reykjavíkurborg undirritaðri af borgarstjóra sem er ekki á nokkurn hátt á ábyrgð þeirra aðila sem núna ganga til samstarfs um framboðið. Ég held að einfaldast sé að vísa í þann málefnagrundvöll sem það samstarf kemur til með að byggja á. Þar er einkavæðingaráráttu af þessu tagi úthýst sem betur fer. Þessa gætti strax, held ég, því að m.a. vita menn af því að nokkrar sviptingar voru í kringum áform sem sumir höfðu uppi um að hlutafélagavæða Orkuveituna hér í borg. En frá því var horfið og hún gerð að sameignarfélagi eins og menn kannski vita.

Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að nýfrjálshyggjan hefur víða smitað út frá sér. Margir hafa sýkst af þessum kvilla. En menn geta náttúrlega séð að sér og ég lofa hv. þm. því að á næsta kjörtímabili mun bregða til betri tíðar í borgarmálum Reykjavíkur þegar R-listinn verður búinn að vinna glæsilegan kosningasigur hér. Þá er ekki að vænta umsagna af þessu tagi frá borginni.

[00:29]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér komu nokkuð merkilegar yfirlýsingar og veit ég ekki hvernig ber að skilja þetta, hvort hv. þm. sé að afneita núverandi borgarstjóra eða hvort hann vilji að borgarstjóri afturkalli þetta bréf eftir kosningar. Þess ber að geta að þetta bréf er skrifað 10. apríl 2002. Þá var eftir mínum upplýsingum löngu búið að semja þennan málefnasáttmála sem hv. þm. vitnar í að eigi að gilda eftir kosningar. Þetta er því að mínu mati mjög sérkennileg staða. Satt að segja reiknaði ég ekki með því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mundi leggjast svona algjörlega gegn sjónarmiðum borgarstjórans í Reykjavík sem núna er náttúrlega oddviti og leiðir þetta framboð sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er þó aðili að núna. Hún stefnir á þetta framboð og er í framboði núna fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, þ.e. borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að hún sé í framboði fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð.

Hún skrifar þetta, eins og ég segi, 10. apríl þegar væntanlega er búið að ganga frá öllum málefnasáttmálum og framboðum eins og til er ætlast fyrir kosningar.

[00:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. tali dálítið um hug sér þegar hún lýsir því að hún sé mjög undrandi á þeirri afstöðu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur tekið í þessu máli. Ætli það sé ekki að koma á daginn hér eins og endranær að við erum algerlega sjálfum okkur samkvæm. Við erum andvíg þessari einkavæðingu velferðarþjónustunnar, undirstöðu stofnana þar eins og grunnskólanna, og tökum afstöðu í samræmi við það. Við erum ekki bundin af neinu öðru en stefnu okkar flokks og samvisku í því sambandi þegar við tökum afstöðu á Alþingi. Þessi umsögn Reykjavíkurborgar hefur því a.m.k. ekki áhrif á mína afstöðu, ekki eitt milligramm, og ég held að það gildi um alla okkar félaga hér.

Ég get ekki svarað fyrir það á hvaða grunni þessi umsögn Reykjavíkurborgar er reist þótt hún sé dagsett 10. apríl. Hitt veit ég að málefnasamningur þeirra sem nú eru að ganga sameiginlega til borgarstjórnarkosninga tekur gildi við þær kosningar. Hann verður grundvöllur hins nýja meiri hluta í Reykjavík á næsta kjörtímabili og eftir honum verður væntanlega starfað. Þá mundi umsögn af þessu tagi ekki vera í samræmi við þá stefnu eins og ég hef lesið hana.

Ég hef átt kost á því að skoða þann málefnasamning og tel hann mjög góðan. Ég tel að okkar félagar, í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í Reykjavík, hafi náð þar miklum árangri, m.a. í því að girða fyrir kvilla af þessu tagi. Ég endurtek og ítreka að það eru algerlega hreinar línur að þar er einkavæðing velferðarþjónustunnar ekki á dagskrá, þvert á móti er tekið fram með pósitífum hætti, ég held ítrekað, að slíkar stofnanir skuli vera í eigu sveitarfélagsins eða hins opinbera, og ég treysti því og trúi að eftir því verði starfað á næsta kjörtímabili. Annað get ég ekki um það mál sagt í sjálfu sér.

Síðan eiga menn náttúrlega bara að taka afstöðu til þess hvort þeir telja þetta skynsamlegt og rétt eða ekki. Menn eiga ekki að vera að búa sér til afstöðu eftir því hvort einhverjum öðrum hafi farið með þessum eða hinum hætti. Eigum við ekki að greiða atkvæði í samræmi við samvisku okkar á þinginu? Það er a.m.k. hollt fyrir sessunaut hv. þm. að velta því fyrir sér.

[00:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða ákvæði til bráðabirgða í frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir að ljúka átaki til einsetningar grunnskóla, samanber ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995. Ég tel hið besta mál að átak skuli gert á næstu þremur árum til að ljúka einsetningunni og að tryggt sé fjármagn til þess.

Aftur á móti, eins og menn sjá, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara sem snýr að þessu ákvæði um einkaframkvæmdina sem varð nokkuð til umræðu í nefndinni. Ég taldi óeðlilegt að verið væri að marka þarna ákveðna upphæð, 65 millj. kr., til eins skóla eins og gert var ráð fyrir í frv., þ.e. grunnskóla í Hafnarfirði. Það varð úr að nefndin lagði til ákveðna breytingu á því ákvæði þannig að ekki var kveðið á um upphæðina í lögunum heldur lagt til að í reglugerð yrði

heimilt að ákveða árlegt hámarksframtak sem renni til sveitarfélags vegna samninga um einkaframkvæmd. Ég tel að þarna hafi verið komið til móts við afstöðu mína í nefndinni.

Aftur á móti vil ég að hér komi fram að ég tel þetta ákvæði ekki vera fordæmisgefandi. Hér er verið að leysa ákveðinn vanda sem er til staðar og ég held að umræðan hafi sýnt fram á að þetta ákvæði þurfi kannski að skoða betur eftir að frv. verður orðið að lögum og velta fyrir sér hvernig við viljum haga þessum málum. Kannski var ekki nógu mikil umræða um þetta í nefndinni.

Herra forseti. Ég vildi bara gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á nál. Að öðru leyti tel ég þetta vera hið ágætasta mál og nauðsynlegt að taka á því að ljúka einsetningu grunnskólans og gera ráðstafanir eins og hér eru gerðar til þess.

[00:36]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni vandræðamál. Að vísu er frv. tvískipt eins og hér hefur komið fram. Meginefni þess er varðar stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til grunnskólabygginga er allt í hinu besta lagi en þegar kemur að þeim þætti máls sem lýtur að hinni svokölluðu einkaframkvæmd hefjast vandræðin fyrir alvöru. Þau má að sönnu rekja til þess að í einstaka sveitarfélögum — hvað varðar grunnþjónustu og lögbundin skylduverkefni sveitarfélaga er raunar bara eitt sveitarfélag sem hefur fetað þá slóð að fá einkaaðila til að fjármagna grunnskólamannvirki að öllu leyti og taka þau á leigu til 25 ára án nokkurrar eignamyndunar. Það hefur verið gert í Hafnarfirði og það upp á guð og lukkuna án þess að vita fyrir fram hvort sveitarfélagið nyti sambærilegra réttinda og önnur sveitarfélög sem fóru hefðbundna leið varðandi fjármögnun og uppbyggingu grunnskóla.

Vandræðin stafa líka af því að ríkisstjórnarflokkarnir í meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar höfðu engin áform uppi um þetta fyrir síðustu kosningar, sögðu kjósendum í Hafnarfirði ekki aukatekið orð um þessi áform sín heldur hrukku í þennan gírinn eftir að kosið hafði verið og eftir að meiri hlutinn hafði verið myndaður. Vandi okkar hinna sem teljum þetta afskaplega óskynsamlega leið til uppbyggingar stoðþjónustu á borð við grunnskóla felst því í að tryggja að skattgreiðendur og íbúar í Hafnarfirði njóti jafnræðis á við íbúa annarra sveitarfélaga og þeir gjaldi þess ekki að þessir ríkisstjórnarflokkar, Framsfl. og Sjálfstfl. í Hafnarfirði, hafi komið í bakið á íbúum þessa sveitarfélags. Það er vandi okkar sem höfum svo sannarlega miklar efasemdir um ágæti þessarar nálgunar eða þessarar leiðar íhalds- og framsóknarmeirihlutans í Hafnarfirði að gæta þess að íbúar sveitarfélagsins gjaldi þess ekki, skattgreiðendur, að þeir hafi verið sviknir í tryggðum og að þessir stjórnmálaflokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., hafi orðið frjálshyggjunni að bráð í einu og öllu. Það er vandi máls.

Vandinn er hins vegar víðfeðmari þegar kemur að því hvernig leysa eigi úr þessu úrlausnarefni. Sú lausn er alls ekki fundin með þessu frv. Ekki er gerð nokkur tilraun til að svara þeim álitamálum sem vakin eru upp í greinargerð með frv. sjálfu á bls. 3 þar sem þau eru réttilega tíunduð, og ber að fagna þeirri hreinskilni sem finna má hjá hæstv. félmrh. þar sem hann segir að ekki sé fjallað um einkaframkvæmdarsamninga í lögum og engar sérstakar reglur hafi verið settar hérlendis um meðferð þeirra í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Það verður að þakka og hrósa hæstv. félmrh. alveg sérstaklega fyrir þessa hreinskilni. En hann á hins vegar ekki hrós skilið þegar kemur að því að hafa leitað leiða til þess að koma einhverjum böndum á þessi ósköp. Oftar en einu sinni, oftar en tvisvar, oftar en þrisvar hef ég staðið í þessum ræðustól og reynt að hlýða honum yfir hvað varðar hug hans til þessara álitaefna. Ég hef þráspurt hæstv. félmrh. hvernig hann ætli að tryggja að sveitarfélög í landinu, þar sem hefur verið unnið býsna gott verk að mörgu leyti til samræmingar á bókhaldi sveitarfélaga, á reikningum sveitarfélaga, séu samanburðarhæf. Hæstv. félmrh. hefur ýtt þessu vandamáli á undan sér og enn þá blasir það við, þegar réttar þrjár vikur eru í næstu sveitarstjórnarkosningar, að sveitarstjórnarmenn í Hafnarfirði eru að reyna að fela — þeir eru ekkert að reyna það — þeir fela skuldbindingar upp á 5 milljarða kr. í reikningum sveitarfélagsins. 5 milljarða skuldbindingar í tveimur grunnskólum og ef ég man rétt tveimur eða þremur leikskólum og einhverju smotteríi með. Og hæstv. félmrh. tekur þátt í þessum blekkingarleik. Í hinu orðinu er hann með eftirlitsnefnd í gangi sem á, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, að fylgjast grannt með því að sveitarfélögin standist ákveðin grundvallargildi þegar kemur að stjórn peningamála. Hér stendur ekki steinn yfir steini. Síðan þarf sveitarstjórnarmálaráðherrann, hæstv. ráðherra félagsmála, að koma hingað til Alþingis og biðja um sérstaka lagaheimild til þess að koma sveitarstjórnarmönnum í Hafnarfirði til hjálpar og tryggja þeim fjármuni til að standa skil á einkaframkvæmdasamningum.

Í umræðum um þessi mál hafa menn auðvitað velt fyrir sér hvers vegna því er haldið fram í þessari greinargerð með upphaflegu frv. — og ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra alveg sérstaklega um það — að ekki sé greinarmunur á eignarleigusamningum og rekstrarleigusamningum sem er auðvitað grundvallarmunur á því að í öðru tilfellinu er um eignamyndun að ræða en í hinu enga. Þannig er málum háttað í Hafnarfirði að þar er um rekstrarleigusamninga að ræða þannig að íbúar sveitarfélagsins munu aldrei eignast einn einasta fermetra í skólahúsnæði þessara tveggja skóla. Og ég spyr hæstv. ráðherra þráðbeint: Hver er eðlismunur af hans hálfu á því hvort um rekstrarleigusamninga er að ræða eða hefðbundna leigusamninga eins og getur um í greinargerð með frv. þar sem það er tekið sérstaklega fram að ekki sé gert ráð fyrir því að fjármunir renni úr ríkissjóði frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þegar um hefðbundna leigusamninga er að ræða? Hvaða eðlismunur er á rekstrarleigusamningum þar sem engin eignamyndun verður og hefðbundnum leigusamningum til jafnlengdar? Ég bið hæstv. ráðherra að svara mér því. Ég bið hæstv. ráðherra líka um að svara mér því, af því að hann fór undan í flæmingi við 1. umr. máls þar sem ég leitaði svara, hvernig hann telji að viðkomandi sveitarfélag eigi að færa þetta framlag frá ríkissjóði í reikninga bæjarsjóðsins. Á að eignfæra þessa peninga eða færa þá sem rekstur, þessar tekjur sem munu koma á næstu fjórum árum? Það er auðvitað algert grundvallaratriði að hæstv. ráðherra hafi svör um það á reiðum höndum.

Samkvæmt ýtrustu ábendingum bókhaldsnefndar hæstv. ráðherra ætti ríkissjóður að greiða um það bil — miðað við heildartöluna 250 millj. eftir fjögur ár — 10 millj. kr. á ári hverju til að hjálpa sveitarfélaginu við að greiða niður rekstrarleiguna. Það ætti þá að færa sem rekstur alveg eins og gjöldin. Hér er hins vegar ekki gert ráð fyrir því. Hæstv. ráðherra ætlar að ganga þannig fram að hann greiði þetta út á fjórum árum og viðkomandi sveitarfélag færi þetta þá til tekna í efnahagsreikningi, til eignamyndunar eða hvað?

Ég spyr hæstv. ráðherra og formann félmn., hv. þm. á Austurlandi, hvernig þau líti á þetta álitamál, hvernig þessum fjármunum verði fyrir komið í reikningum sveitarfélagsins. Það er ekki hægt að láta margar reglur gilda um álitaefni af þessum toga. Á þessu þurfa menn að standa algjörlega klárir.

Það er því auðvitað hárrétt nálgun hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann reynir að sjá eitthvert vit í þessari óreiðu. Hann leggur til að sett verði sólarlagsákvæði á þetta fyrirkomulag í því sveitarfélagi þar sem íbúar voru blekktir fyrir síðustu kosningar, að þeir verði ekki látnir gjalda þess arna og gert verði upp vegna þeirra skuldbindinga sem þegar liggja fyrir. Að öðru leyti verði farið í heildstæða skoðun á því hvernig lagaumhverfi Alþingi ætlar að búa sveitarfélögum til lengri tíma, þegar kemur að samningum sem nefndir hafa verið einkaframkvæmdarsamningar.

Ég vona sannarlega að þegar menn átta sig á þessu verði ekki frekari skaði í þessum efnum. Ég býst við að sveitarfélögin vítt og breitt um landið átti sig á því að þetta er röng leið, einkum þegar kemur að grunnþjónustu, lögbundinni þjónustu sem sveitarfélögum ber að halda úti, á borð við grunnskóla. Látum vera þó að menn geri tilraunir með valfrjálsa þjónustu á borð við íþróttahús, knattspyrnuhallir — geri tiltraunir á einum stað eða öðrum til samanburðar í undantekningartilfellum. En þegar það er orðin algilt að allar nýframkvæmdir sveitarfélaga, eins og er í Hafnarfirði, eru settar í þennan farveg þá hringja auðvitað viðvörunarbjöllur. Það er með ólíkindum að félmrn. og hæstv. yfirmaður sveitarstjórnarmála skuli ekki vakna af værum blundi og hafa ekki tekið þá til bæna, húsbændur í Hafnarfirði sem þar fara með stjórn mála næstu þrjár vikurnar, og gera þeim ljóst að skuldbindingar upp á 5 milljarða kr. sem hvergi er að finna í reikningum sveitarfélagsins og hefur verið ýtt undir teppið verði að takast með í reikninginn. Það þarf að gera þeim ljóst að þetta sé aðferð sem félmrn. og sveitarstjórnarlög gera ekki ráð fyrir.

Herra forseti. Sem betur fer eru bara þrjár vikur í sveitarstjórnarkosningar. Á þessu vandamáli verður tekið heima í héraði. Sem betur fer er líka aðeins eitt ár í að við skiptum um félmrh. og fleiri á hans væng því að nóg er komið.

Ég tel brýnt að við þessum tæknilegum spurningum sem ég hef borið upp verði reynt að veita svör. Það gengur auðvitað ekki að leysa vandamál sem búin hafa verið til í félmrn. heima í héraði og búa um leið til nýjar spurningar sem engin svör fást við, m.a. um færslu þessara fjármuna í reikningum viðkomandi sveitarfélags.

Þetta mál er vandræðalegt fyrir hæstv. ráðherra. Hér er auðvitað verið að tjalda til einnar nætur og ljóst, hvaða breytingar sem hv. félmn. gerir á málinu, að við munum vafalaust þurfa að taka á málinu strax á haustþingi. Málið er bara þannig vaxið að við það verður ekki skilið með jafnlosaralegum tökum og raun ber vitni.

[00:50]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur á óvart að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson skuli leggjast gegn þessu máli þar sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa skrifað undir nál. og rökstutt það ágætlega hér. Þar að auki á Samfylkingin aðild að R-listanum og borgarstjórinn í Reykjavík hefur skrifað félmn. bréf þar sem hún hvetur til að lögunum verði breytt á þann veg að ekki skipti máli hvernig leyst verður úr því vandamáli að einsetja grunnskóla. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnframkvæmdir við grunnskóla eiga að njóta sambærilegra styrkja út frá hlutlægum viðmiðunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga án tillits til þeirrar fjármögnunarleiðar sem valin er.“

Ég taldi rétt að lesa þetta upp aftur, hæstv. forseti. Ég minni á að þetta er afstaða R-listans í Reykjavík, borgarstjórans í Reykjavík. Þarna er auðvitað um það að ræða að einsetja þarf grunnskólana og þær fjármögnunarleiðir sem valdar eru í þjóðfélagi nútímans skipta auðvitað ekki máli. Menn eru að reyna að ná þessu markmiði, að einsetja grunnskólann.

[00:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir fjármögnunarleiðirnar engu máli skipta. Auðvitað skipta þær lykilmáli. Ber manni að trúa því að hv. þm., formaður félmn., láti sig engu varða þó að sveitarfélög skuldsetji sig upp í hæstu hæðir af því að það er svo auðvelt? Það er einmitt vandi þessa máls, að þetta er svo auðveld leið. Ein undirritun og síðan eiga börnin að borga. Það er vandi málsins og hvergi kemur skuldbindingin fram.

Herra forseti. Hv. þm. getur lesið bréf borgarstjórans í Reykjavík eins oft og hún vill. Ég vek hins vegar athygli á raunveruleikanum í þessum efnum. Hæstv. ráðherra veit það líka af því að hann þekkir bærilega til inni í borgarstjórn Reykjavíkur. Hefur Reykjavíkurborg farið þessa leið? Nei, auðvitað hefur hún ekki gert það. Hún hefur ekki farið einkaframkvæmdarleiðina þegar kemur að grunnþjónustu og lögbundinni þjónustu sveitarfélaga. Það er kjarni málsins.

Þó að Reykjavíkurborg og Samband ísl. sveitarfélaga hafi þá grundvallarafstöðu að sveitarfélögin séu það frjáls og kjörnir fulltrúar í þeim séu frjálsir að því að fara þær leiðir sem lýðræðið segir til um heima í héraði segir það ekkert um afstöðu R-listans til einkaframkvæmdarleiðarinnar í grunnskólunum. Þar sýna verkin merkin. Ég endurtek því enn: Í sveitarfélögum þar sem jafnaðarmenn fara með völd fara menn ekki þessa leið. Þar sinna menn þjónustunni af meira viti og standa skil á grundvallarþjónustu, eins og grunnskólarnir eru, lögum samkvæmt.

[00:54]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé mig tilneydda til að lesa meira úr bréfi borgarstjórans í Reykjavík. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavíkurborg fagnar lagafrumvarpi til að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Í athugasemdum við frumvarpið segir: „Þykir eðlilegt að sveitarfélög sem kjósa að fjármagna skólabyggingar með samningum um einkaframkvæmd sitji við sama borð og önnur sveitarfélög varðandi styrkveitingar.“ Undir þetta sjónarmið tekur Reykjavíkurborg.“

Hv. þm. fullyrti að Reykjavíkurborg færi ekki leið einkaframkvæmdar. Hins vegar eru ýmis dæmi um það. Þar er skemmst að minnast félagsbústaðanna. Það eru lögbundin verkefni sveitarfélaga að sjá íbúum sínum fyrir leiguhúsnæði. Hvað gerðu þeir? Hvað gerði Reykjavíkurborg? Breytti leiguíbúðakerfinu hjá sér í einkarekstur. **(Gripið fram í:** Einkaframkvæmd.) Já, í einkarekstur og hefur m.a. fjármagnað ýmis verkefni þar með einkaframkvæmd. Reykjavíkurborg lítur því ekki á það sem dauðasynd að fara í einkaframkvæmdir og um það eru ýmis dæmi.

Þeir aðilar sem komið hafa að því að skoða þessi mál, hvort sem þeir sitja í sveitarfélögum þar sem er meiri hluti sjálfstæðismanna eða meiri hluti vinstri manna, hafa komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé fullkomlega eðlileg leið og hana eigi að fara.

[00:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvaða rugl er á ferðinni hjá hv. þm. þegar hún ræðir um félagslega íbúðakerfið og einkaframkvæmd í þeim efnum. Það er eins og að bera saman epli og appelsínur. Hafi hv. þm. hins vegar hlýtt á mál mitt vakti ég sérstaka athygli á því að auðvitað væri nauðsynlegt, því að það er eingöngu eitt sveitarfélag í öllu landinu sem hefur farið þá leið að byggja grunnskóla samkvæmt þessari einkaframkvæmdarleið og rekstrarleigu. Það eru ekki fleiri sveitarfélög sem hafa farið þá leið.

Við skulum bara skoða málið eins og það er. (Gripið fram í.) Ég vakti sérstaka athygli á því, nákvæmlega eins og borgarstjórinn í Reykjavík, að leikskólar eru ekki grunnskólar. Á þeim er stór eðlismunur og það veit hv. þm. eftir að hafa verið í sveitarstjórn, það hefur ekki breyst. Ég vakti hins vegar sérstaka athygli á, eins og borgarstjórinn í Reykjavík, að það gengur auðvitað ekki að íbúar í Hafnarfirði verði látnir gjalda þess að hafa verið sviknir í tryggðum af þeim meiri hluta sem þar ríkir næstu þrjár vikur. Þeir hafa gert annað eftir kosningar en þeir lofuðu fyrir þær. Íbúar þar vilja njóta hins sama og íbúar í öðrum sveitarfélögum á landinu. Það er vandi málsins og verður auðvitað að taka á því með einhverjum hætti. Það er það sem borgarstjórinn í Reykjavík er að segja.

Borgarstjórinn í Reykjavík segir ekki aukatekið orð um að til standi að Reykjavíkurborg ætli að fara þessa flóttamannaleið sem farin hefur verið í Hafnarfirði. Það dettur engum í hug í Reykjavík og það mun heldur engum detta í hug í Hafnarfirði þegar nýir valdhafar taka þar við 25. maí nk.

[00:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki, klukkan eitt að nóttu, að taka þátt í kosningabaráttunni í Hafnarfirði til sveitarstjórnarkosninga. Mér skilst að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sé þegar búinn að vinna þær kosningar og þá er bara að láta þessar þrjár vikur líða, bíða svo og sjá hvað setur. Hv. þm. er meira að segja líka búinn að jarða Framsfl., ríkisstjórnina, núv. félmrh. og ég veit ekki hvað og hvað.

Ég lít svo á — svo ég reyni að svara spurningu hv. þm. — að það í fljótu bragði virðist eðlilegast að eignfæra þessar greiðslur í bókhaldi Hafnarfjarðarbæjar, þó með fyrirvara um að reikningsskilanefnd kunni að leggja annað til. Þetta frv. byggir á samkomulagi við Samband ísl. sveitarfélaga. Frv. lítur svona út vegna þess að það er samkomulag við Samband ísl. sveitarfélaga. Samband ísl. sveitarfélaga lagði áherslu á að ekki yrði gerður munur á eignarleigu og rekstrarleigu.

Verið er að ljúka þessu einsetningarátaki. Ég veit ekki til þess að neins staðar í öðrum sveitarfélögum séu uppi áform um rekstrarleigu með þeim hætti sem er í Hafnarfirði. Ég veit að Reykjavík hefur engin áform um einkaframkvæmd í grunnskólabyggingum. Auk þess eru sólarlagsákvæði í lögunum, þessi lög renna út 2005. Hér er um að ræða framlengingu á átaki og samkvæmt vilja Sambands ísl. sveitarfélaga var ekki gerður munur á þessari framkvæmd í Hafnarfirði og annars háttar skólabyggingaframkvæmdum.

Menn hafa rætt nokkuð um einkaframkvæmd á víðum grundvelli. Ég lít ekki svo á að Félagsbústaðir hf. byggi á einkaframkvæmd. Hins vegar er Reykjavík með stórkostlega rekstrarleigu, einkaframkvæmd, þ.e. íþróttahúsið í Grafarvogi sem einkaaðilar byggja og koma til með að reka. Reykjavíkurborg eignast það aldrei en kemur til með að greiða verulegar fjárhæðir í leigu af því húsi.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði um núv. borgarstjórn í Reykjavík vil ég minna hann á að einn af forustumönnum Vinstri grænna er í núv. borgarstjórnarmeirihluta, er þar einn innsti koppur í búri, Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi, sem kemur til með að vera í fyrsta sæti Reykjavíkurlistans í næstu borgarstjórnarkosningum. Ég veit ekki betur en að til standi að sami borgarstjóri verði áfram á næsta kjörtímabili svo framarlega sem Reykjavíkurlistinn heldur meiri hlutanum.

[01:02]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað þýðir að vera að hökta á þessu en það er auðvitað afskaplega sérkennilegt að hugsa til þess þegar maður hlýðir á svar hæstv. ráðherra við spurningu minni um það hvernig beri að færa þessar nýju tekjur Hafnarfjarðarbæjar, þessar greiðslur upp á 250 millj. kr. Hann vill færa þær í eignfærða fjárfestingu. En eins og ég gat um áðan er engin eignamyndun í gangi og útgjöldin vegna þessarar leigugreiðslu fyrir 25 ár fara um rekstur. Hann lítur undarlega út, efnahagsreikningurinn hjá Hafnarfjarðarbæ. Bókhaldið þar er með kúnstugum hætti þegar ekkert nema tekjur er að finna í eignfærðri fjárfestingu en enga eignamyndun.

Þetta lýsir kannski hvað best í hvaða ógöngur þessi mál öll eru komin og hvað hæstv. ráðherra hefur verið feiminn við að taka með myndarlegum hætti á þeim. Undan því verður hins vegar ekki vikist. Þó er þakkarvert að hann skuli hafa lagt lykkju á leið sína og kennt hv. formanni félmn. grundvallaratriði félagsmálanna. Hann er greinilega ekki búinn að gleyma öllu því að það er auðvitað reginmunur á því þegar um er að ræða lögbundna þjónustu sem sveitarfélögum ber að inna af hendi, eins og að halda úti og byggja upp grunnskóla og einsetja þá, og svo hinu að byggja upp knattspyrnuhallir sem er auðvitað valkvætt verkefni sveitarfélaga og engar kvaðir uppi um það, hvað þá heldur þegar um er að ræða samspil um byggingar á menningarhöll og tónlistarhöll hér niður við höfn.

[01:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hljótum að þekkja báðir hvernig staðan er í sambandi við samstarf flokka í Reykjavík. Ég og hæstv. félmrh. höfum báðir ágæt sambönd til að vera upplýstir um gang mála þar. Hér var nefnt nafn 1. varamanns af R-lista í borgarstjórn Reykjavíkur hygg ég vera, Árna Þórs Sigurðssonar, sem á sem einstaklingur sæti í þessari borgarstjórn en var kjörinn inn í hana á grundvelli þess samkomulags sem gert var um R-listann 1998. Það sem ég sagði stendur og er rétt að Vinstri hreyfingin – grænt framboð á ekki flokkslega aðild að núverandi R-lista heldur er þátttakandi í kosningabandalaginu sem býður fram við næstu kosningar.

Að öðru leyti fundust mér rök hæstv. félmrh. ekki mjög beysin þegar hann reyndi að útskýra fyrir okkur hvers vegna frv. væri á þessum grunni, að það væri enginn greinarmunur gerður á eignarleigu- og rekstrarleigusamningum og

þetta haft galopið. Eiga þannig meira að segja sveitarfélög sem láta byggja grunnskóla í einkaframkvæmd með rekstrarleigusamningi og leggja aldrei út fyrir stofnkostnaðinum sem slíkum — eigandinn alla tíð annar — að geta fengið þessa stofnstyrki samkvæmt þessu furðulega frv. hæstv. ráðherra? Hvert var svarið? Samband ísl. sveitarfélaga vill hafa þetta svona, og þar með voru það fullgild rök. Það er ekki eins og guð almáttugur hafi talað þó að Samband ísl. sveitarfélaga vilji hafa eitthvað einhvern veginn. Og ég var að spyrja um afstöðu hæstv. félmrh. Hann á ekki að vera hér eins og lúður eða málpípa fyrir Samband ísl. sveitarfélaga. Hefur hæstv. félmrh. engan sjálfstæðan vilja? Enga meiningu? Finnst honum þetta gáfulegt, hæstv. ráðherra?

[01:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kappkostað að hafa gott samstarf við Samband ísl. sveitarfélaga og mér hefur tekist það blessunarlega á þessum árum sem ég hef verið í ráðuneytinu. Það ríkir gott samstarf við forustumenn sambandsins.

Það er ekki þar með sagt að ég hafi ekki mínar meiningar en ég tek líka tillit til óska Sambands ísl. sveitarfélaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 710. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266.

[01:07]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Nál. þetta er frá félmn.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Hermann Sæmundsson og Inga Val Jóhannsson frá félmrn., Þórð Skúlason og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Guðmund Bjarnason frá Íbúðalánasjóði, Guðrúnu Árnadóttur frá Reykjavíkurborg, Gunnar Jónatansson frá Búseta og Baldvin Ólason frá Félagsstofnun stúdenta.

Með frv. er lagt til að í stað varasjóðs verði komið á fót varasjóði húsnæðismála sem verði í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga en verði rekinn sem sjálfstæð rekstrareining undir yfirumsýslu félmrh. Varasjóður húsnæðismála yfirtekur allar eignir, réttindi og skyldur varasjóðs, skv. X. kafla laganna um varasjóð og ákvæði til bráðabirgða VIII, sem er lagður niður. Þá skal varasjóður húsnæðismála hafa umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla þar til hlutverki hans telst lokið skv. 53. gr. laganna. Jafnframt er varasjóði húsnæðismála ætlað að veita annars vegar rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem staðið hafa lengi auðar og hins vegar framlög til sveitarfélaga til að greiða fyrir innlausn félagslegra eignar- og leiguíbúða og sölu þeirra á almennum markaði. Í frv. er enn fremur mælt fyrir um hlutverk ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála en nefndin skal skipuð með líkum hætti og núverandi stjórn varasjóðs. Þá hefur frv. að geyma heimild til stjórnar Íbúðalánasjóðs að fengnum tillögum varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélög til að afskrifa að hluta eða öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sem ekki verður leigð út vegna slæms ástands, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Loks er í frv. gert ráð fyrir að félmrh. verði heimilt að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti félagslegra íbúða innan viðkomandi sveitarfélags.

Nefndin telur rétt að samkomulag félmrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 4. apríl 2002 fylgi áliti þessu til frekari skýringa á frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru allar smávægilegar og lúta annars vegar að orðalagi og hins vegar að tilvísunum í lagagreinar.

Undir nál. skrifa hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, Pétur H. Blöndal með fyrirvara, Ásta R. Jóhannesdóttir með fyrirvara og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Hvað varðar það hlutverk varasjóðs að veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu þeirra á félagslegum eignar- og leiguíbúðum á almennum markaði skal tekið fram að bent hefur verið á að verulegur ójöfnuður getur orðið við greiðslu framlaganna og hann staðið m.a. að mismunandi eignarhlut sveitarfélaganna í íbúðunum.

Samkvæmt frv. ber ráðherra að setja reglur um nánari framkvæmd við veitingu framlaganna þar sem hún færist til ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála. Við teljum fulla ástæðu til að nýta tækifærið sem nú skapast og skoða þetta mál frekar með það að markmiði að leiðrétta þann mismun sem þarna getur myndast.

[01:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til þessa máls við 1. umr. og hún stendur óbreytt. Það eru mikil vonbrigði að þegar loksins hillir undir einhverja niðurstöðu í samskiptum sveitarfélaganna og ríkisins hvað varðar uppgjör á fortíðarvandanum vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis er framlag ríkisins jafnhraksmánarlega lítið og raun ber vitni. Í raun og veru eru sveitarfélögin að semja um það við ríkið að senda þeim sjálfum reikninginn.

Þessi vandi sem talinn er af stærðargráðunni 2–3 milljarðar kr. sem er mismunurinn á markaðsvirði íbúða sem innlausnarskylda hvílir á, þ.e. þeirra tekna sem af sölu þeirra mætti hafa á viðkomandi svæðum, er af þessari stærðargráðu. Þátttaka ríkisins eftir allt þófið, eftir að ekkert hefur gerst í fjögur ár, felst í þessum ósköpum, 60 millj. kr. á ári í fimm ár. Á móti falla niður þau framlög sem áður var búið að heita að ríkið legði til í varasjóð viðbótarlána. Og það sem er alvarlegast, herra forseti, er að ríkið er búið að vanefna fyrirheitið um að leggja 50 millj. á ári í varasjóð viðbótarlána. Það er búið að vanefna það núna í þrjú ár. Ég hygg að einu sinni hafi komið 50 millj. og í annað skipti einhverjir smáaurar þannig að það eru líklega 60–65 millj. kr. af 200 sem ættu að vera komnar í sjóðinn sem ríkið hefur raunverulega greitt. Nú er slegið striki yfir það allt saman og þetta hækkað um 10 millj. á ári frá því sem lofað var á sínum tíma, 1998, 50 millj., 60 millj. nú, í fimm ár og búið. Það er þátttaka ríkisins upp í vanda af þessari stærðargráðu sem hér er verið að taka á að hluta til með þessum pakka upp á eitthvað aðeins á annan milljarð kr. þar sem, eins og áður segir, sveitarfélögin eru í raun og veru að leysa vandann á

eigin reikning að uppistöðu til með beinum fjárframlögum eða fjárveitingum úr sjóðum sínum sem aftur kemur svo niður á getu þeirra til að greiða jöfnunarframlög eða annað í þeim dúr. Auðvitað er þetta alveg hraksmánarleg lending og ekki síst þegar haft er í huga, herra forseti, að ríkið hefur gríðarlega hagsmuni af því, og er að leysa sig undan miklum greiðslubyrðum sem áframhaldandi starfræksla kerfisins hefði haft í för með sér. Það var fyrst og síðast hagsmunamál fyrir ríkið eins og í pottinn var búið að loka kerfinu og hætta vaxtaniðurgreiðslunum í Byggingarsjóð verkamanna eða að gera upp fjárhagsvanda hans, því velt yfir á Byggingarsjóð ríkisins í raun og veru og í gegnum sameiningu þessara sjóða í lánasjóði. Síðan er búinn til nýr sjóður, eða gamall sjóður skírður upp á nýtt, svokallaður varasjóður viðbótarlána sem á nú að heita varasjóður húsnæðismála. Ríkið ætlar að leggja í hann þetta skiterí vegna þess að hæstv. félmrh. hefur ekki fengið meira, hann hefur ekki náð meiru út úr íhaldinu, og ekki tommað með meira en þetta. Þetta er niðurstaðan í hverju málinu á fætur öðru og útkoman sú að það er níðst á sveitarfélögum.

Síðan hælist hæstv. ráðherra um það hér í umræðum hversu gott samkomulagið sé við Samband ísl. sveitarfélaga. Hvers vegna skyldu sveitarfélögin verða að lúta að afarkostum af þessu tagi? Jú, það er af því að þau hafa enga samningsstöðu. Samskipti þeirra við núverandi valdhafa eru þannig að þau eru alltaf á hnjánum í öllum þeim samningum og verða að lúta að svona litlu. Það þarf enginn að segja mér að forsvarsmenn sveitarfélaganna hafi gert það með glöðu geði að skrifa undir þá forsmán sem þarna er á ferðinni. Ekki verður þetta liður í að styrkja stöðu sveitarfélaganna eða bæta afkomu þeirra sem hefur farið hríðversnandi undanfarin ár. Þegar upp er staðið eftir áralangt samningaþóf um þetta mál er staðan vanefndir árum saman á því að nokkur skapaður hlutur væri gerður. Þar á meðal hefur niðurstaðan líklega dregist í meira en tvö ár eftir að starfshópur skilaði niðurstöðu sem ég hygg að hafi verið vorið 2000. Kann ekki að vera rétt munað að þá þegar hafi legið fyrir ákveðnar tillögur sem síðan var ekkert gert með? Hæstv. félmrh. hefur ekki komist áfram með þær fyrr. Núna tekur fjallið jóðsótt og þessi litla mús fæðist, þessi ráðstöfun.

Hitt má svo segja, herra forseti, að það sé allt betra en ekki neitt í þessum efnum, það litla sem þetta sé sé þó skárra en ekki neitt, sé örlítið hænufet í rétta átt. Af þeirri ástæðu vill maður ekki leggjast gegn frv. og ég skrifaði því undir nál. meiri hlutans í þessu máli sem mælir með samþykkt frv. með fyrirvara og hef hér gert grein fyrir hvað honum veldur. Það er sem sagt fyrst og fremst það að ég tel að þátttaka ríkisins í því að gera upp þennan vanda sé allt of lítil, hér sé verið að láta sveitarfélögin sæta afarkostum. Þetta eru í mörgum tilvikum sveitarfélög sem eru jafnframt í miklum þrengingum af öðrum ástæðum en þeim sem lúta að uppsöfnuðum og gömlum vanda vegna félagslegs húsnæðis. Mjög margir þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni við sjávarsíðuna eiga um sárt að binda þar sem voru umtalsverðar byggingar á félagslegu húsnæði, kannski á 8., 9. og fram á 10. áratuginn, og menn sitja uppi með tiltölulega hátt hlutfall félagslegs húsnæðis. Þessar skuldbindingar geta hlutfallslega verið sveitarfélögunum mjög þungbærar.

Þau sveitarfélög hafa mörg hver nú þegar verið í miklum þrengingum vegna ástands mála, jafnvel að einhverju leyti búið við það að íbúðir stæðu tómar og þau ekkert haft nema kostnaðinn af þeim. Þó að seint sé hefði verið strax í áttina að taka nú sæmilega myndarlega á þessum vanda með sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga en í raun og veru er ekki verið að gera það hér heldur á þetta fyrst og fremst að leysast á kostnað sveitarfélaganna. Þau eiga að borga sjálfum sér og þess vegna er ekki, herra forseti, hægt að gleðjast yfir þessari niðurstöðu eða telja hana einhvern mikilsverðan lið í því að bæta stöðu sveitarfélaganna. Svo er ekki, því miður. Hér er allt of skammt gengið.

[01:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom þegar mælt var fyrir nál. skrifaði ég undir það með fyrirvara. Fyrirvari minn er að nokkru leyti líkur fyrirvara fyrri hv. ræðumanns. Hér er auðvitað verið að bregðast við vanda sem upp kom eftir að félagslega húsnæðiskerfinu var lokað 1998 og hefði auðvitað þurft að bregðast við þeim vanda fyrr. Ég tek undir að þetta er heldur lítið sem kemur til. Það kom fram í nefndinni að menn hefðu ekki náð betri árangri en hefðu gjarnan viljað sjá þarna koma meira til.

Kerfið var orðið þannig að menn voru nánast í átthagafjötrum í íbúðum sínum, gátu ekki stækkað við sig eða breytt til eftir því sem fjölskyldustærðin breyttist. Nú hafa menn sem sagt heimild til að selja íbúðirnar, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Það kom fram í nefndinni að það er verulegur vandi í húsnæðismálunum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. 450–500 bíða í 3–4 ár hjá Öryrkjabandalaginu eftir íbúðum. Það er langur biðlisti hjá Félagsstofnun stúdenta eftir íbúðum, þrjár umsóknir um hverja íbúð þar. Hjá Búseta eru margar umsóknir um hverja íbúð. Það var eiginlega segin saga, það var sama hverjir komu fyrir nefndina, alls staðar var veruleg þörf fyrir húsnæði. Ég tel að hér sé alls ekki nógu langt gengið en þó er verið að bregðast við ákveðnum vanda sem upp var kominn. Það er vel, það var þörf á því.

Fyrirvari minn snýr að því að þarna hefði þurft að ganga lengra. Í raun eru það að hluta til sveitarfélögin sjálf sem greiða þann kostnað sem hér fellur til. Eins og fram hefur komið er þetta samkomulagsmál við sveitarfélögin um hvernig að þessu verður staðið og náðist ekki meira út úr því samkomulagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 2. umr.

Stjfrv., 668. mál (bókhald í erlendum gjaldeyri). — Þskj. 1084, nál. 1256.

[01:21]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum um alþjóðleg viðskiptafélög.

Þetta mál snýst um að laga þau lög að nýsamþykktum breytingum á lögum um ársreikninga þar sem heimilt er að færa bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum.

Það er gerð smávægileg tillaga um breytingu á þessu frv. sem snýr að því að nota hugtakið „erlendan gjaldmiðil“ í staðinn fyrir hugtakið „erlendan gjaldeyri“.

Undir nál. rita auk mín allir nefndarmenn utan Ögmundur Jónasson. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði

samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef gert grein fyrir.

[01:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla í örfáum orðum að skýra hvers vegna ég er andvígur þessu frv. Með því er verið að heimila viðskiptafélögum að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli svipað og mun gilda um önnur fyrirtæki í landinu. Ég hef verið þeirri breytingu fylgjandi og tel að við eigum að gera allt sem við getum til að auðvelda fyrirtækjum að stunda viðskipti alþjóðlega. Það getum við gert án þess að við förum að axla byrðarnar af öllu skrifræðiskerfi Evrópusambandsins. Þetta getum við gert upp á okkar eindæmi.

Ástæðan fyrir því að ég er þessu andvígur gagnvart alþjóðlegu viðskiptafélögunum er einfaldlega sú að þau eru talin stríða gegn fjölþjóðlegri viðleitni til að setja skorður við neikvæðri skattasamkeppni. Þetta hefur verið tekið upp á vettvangi OECD. Þar reyndu menn að koma sér saman um alþjóðlegar siðareglur í þessu efni, og hæstv. viðskrh. hefur viðurkennt að hér séum við á mjög gráu svæði.

Ríkisstjórnin ákvað að efna til samstarfs við Verslunarráðið um að gera tilraun með alþjóðleg viðskiptafélög. Tugum milljóna hefur verið varið í þetta verkefni og árangurinn hefur ekki verið ýkja mikill annar en þessi neikvæði dómur sem kveðinn hefur verið upp af hálfu þeirra sem fylgjast með þessum málum á vettvangi OECD. Það er sorglegt að Íslendingar skuli verða til þess að reyna að lækka þá siðferðisþröskulda sem menn eru að reyna að reisa í þessu efni gegn neikvæðri skattasamkeppni.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég er andvígur frv. þótt ég styðji hina almennu viðleitni til að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að færa út kvíarnar á erlendri grundu. Það er hugsunin á bak við þær heimildir þeim til handa að færa bókhald í erlendum gjaldmiðlum.

[01:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á árum fyrr börðust menn fyrir því í þessum sölum að sett yrði löggjöf um alþjóðleg viðskiptafélög. Það átti að auðvelda Íslendingum að sækja erlendar fjárfestingar og fá hingað ný fyrirtæki. Jafnframt var þetta vísir að því að gera Ísland að eins konar skattasælulandi.

Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um var veitt til þessa allverulegt fjármagn. Ég man ekki betur en tvö ár í röð hið minnsta væru veittar 15 millj. kr. á hverju ári til að ýta undir og kynna alþjóðleg viðskiptafélög. Það var sérstakur starfsmaður í viðskrn. sem sá um þetta. Niðurstaðan varð samt sem áður sú að ekki virðist vera nokkur einasti vilji fyrir því að nota þær skattarásir sem þarna voru búnar til. Það er ýmislegt sem má finna að þessum félögum þó að hugsunin á bak við þau sé kannski jákvæð, m.a. eins og hv. þm. gat um að þau hafa verið á skrá hjá OECD sem möguleiki til að sniðganga skatta. Ekki viljum við taka þátt í því.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur af lofsverðri prinsippfestu barist gegn þessum alþjóðlegu viðskiptafélögum. En nú verð ég að spyrja hv. þm. Hann kemur hingað og talar um að hann samþykki ákveðnar breytingar sem auðvelda mönnum að nota þessa leið vegna þess að hann vill ýta undir alþjóðlegt viðskiptafrelsi. Hann tekur jafnframt fram að hægt sé að gera það með fleiri aðferðum en að ganga í Evrópusambandið. Hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, látið af baráttu sinni gegn alþjóðlegum viðskiptafélögum til að geta tekið upp einarðari afstöðu gegn Evrópusambandinu?

[01:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi eitthvað misskilið mál mitt og kannski einnig það mál sem hér er til umfjöllunar.

Í fyrsta lagi vil ég segja að hugsunin að baki hinum alþjóðlegu viðskiptafélögum finnst mér ekki jákvæð, ég get ekki tekið undir þá hugsun vegna þess að hún byggir á neikvæðri skattasamkeppni, að laða fyrirtæki hingað til lands með því að bjóða þeim ívilnandi kjör á því sviði. Það er þetta sem margir hafa áhyggjur af að muni veikja undirstöðu velferðarkerfanna í ríkjum okkar þegar ríki fara að undirbjóða hvert annað í því efni.

Ég er því fylgjandi að greitt sé fyrir verslun og viðskiptum og að hvers kyns hömlur séu numdar á brott. Ég hef verið því fylgjandi, að sjálfsögðu. Það er af allt öðrum toga en neikvæð skattasamkeppni. Ég hef lýst stuðningi við breytingar á lögum sem heimila íslenskum fyrirtækjum að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli ef það stríðir ekki gegn öðrum hagsmunum. Við leituðum eftir umsögn íslenskra skattyfirvalda og þau telja það ekki vera. Þau telja þetta vera í fullu samræmi við kröfur skattyfirvalda og það er af allt öðrum toga en neikvæð skattasamkeppni sem grefur undan velferðarþjónustunni þannig að ég er að sjálfsögðu fylgjandi því að greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum.

[01:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alltaf vitað að hv. þm. Ögmundur Jónasson er fylgjandi alþjóðlegu viðskiptafrelsi. Maður lifandi, við höfum fengið að heyra það í þessum sölum.

Ég hef lengi fylgst með baráttu hv. þm. og virt hann fyrir þá festu sem hann hefur sýnt í henni gegn alþjóðlegum viðskiptafélögum. Ég hef skilið það svo af samskiptum okkar í efh.- og viðskn. að hv. þm. væri í fyrsta lagi á móti alþjóðlegum viðskiptafélögum og þar af leiðandi í eðli sínu líka á móti þessu litla frv. sem hér er til umræðu. Ég gat hins vegar ekki betur heyrt á máli hv. þm. áðan en að hann benti á að þarna væri ein leið til að ýta undir alþjóðleg viðskipti án þess að vera í tilteknu alþjóðlegu sambandi sem ég vil ekki nefna hérna til að æsa ekki upp hv. þm. og ókyrra hans annars friðsama geð. Það var það sem ég kom hingað til að benda á. Ég hélt að hv. þm. væri á móti þessu að öllu leyti og ef svo er finnst mér að hann megi ekki falla í þá gryfju að reyna að notfæra sér ýmsar röksemdir sem tengjast þessu frv. og alþjóðlegum viðskiptafélögum til að styrkja afstöðu sína gegn Evrópusambandinu sem, eins og þingheimur veit, mér finnst að öðru leyti illa grunduð.

[01:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til að leiðrétta þennan misskilning, ég hef lýst andstöðu við alþjóðleg viðskiptafélög eins og þau eru skilgreind í íslenskum lögum. Alþjóðleg viðskiptafélög greiða skatta sem ég held að nemi 5% á meðan fyrirtæki almennt í landinu greiða 18% skatt, og þau búa við önnur ívilnandi kjör að auki. Ég er andvígur þessari mismunun. Ég er andvígur alþjóðlegum viðskiptafélögum eins og þau eru skilgreind í íslenskum lögum. Þess vegna er ég andvígur þessu frv.

Ég er hins vegar fylgjandi alþjóðlegum viðskiptum ef þau byggja á réttlátum reglum. Að sjálfsögðu er ég það. Þess

vegna hef ég stutt lagafrv. sem taka til annarra fyrirtækja en alþjóðlegra viðskiptafélaga. Ég man ekki hve háar upphæðir hafa runnið til viðskrn. og Verslunarráðsins. Það eru kannski aðrir hér í salnum sem gætu upplýst okkur um það en ég held að 40–50 millj. hafi farið í þetta verkefni. Aðrir eru þó betur til þess fallnir að upplýsa okkur um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörur unnar úr eðalmálmum, 2. umr.

Stjfrv., 620. mál (merkingar og eftirlit). — Þskj. 973, nál. 1255 og 1260.

[01:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um vörur unnar úr eðalmálum. Þetta er heildarlöggjöf um þetta svið. Málið hefur verið töluvert í undirbúningi og var sent til umsagnar aðila sem getið er um í nál.

Þetta frv. er flutt til þess að leysa úr brýnni þörf sem felst í því að merkja þarf vörur úr eðalmálmum í því skyni að gera þær útflutningshæfar. Þetta er mikið hagsmunamál íslenskra gullsmiða og að þeirra undirlagi sem frv. er flutt.

Meiri hluti efh.- og viðskn. gerir það að tillögu sinni að þetta frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta meirihlutaálit rita auk nefndarmanna stjórnarflokkanna hv. þm. Ögmundur Jónasson.

[01:34]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Öllu má nafn gefa. Hv. þm. og formaður efh.- og viðskn. segir að þetta mál hafi verið töluvert í undirbúningi og það hafi verið sent til umsagnar. Ja, þakka skyldi að mál séu send til umsagnar, herra forseti.

Má ég benda hv. þingmanni á að tvenn samtök sem veittu umsögn um þetta frv., Samtök verslunar og þjónustu og líka Samtök verslunarinnar, kvörtuðu um það að þau hefðu fengið allsendis ónógan tíma til að móta umsagnir sínar. Önnur þessara samtaka kvörtuðu undan því að vegna tímaskorts hefði þeim ekki tekist að veita umsagnir um einstök ákvæði frv. Ég spyr því hv. þm. hvort hann telji nefndinni til sóma að vinna með þessum hætti, senda málið til umsagnar með svo knöppum fresti að samtökin sem veita umsögnina telji að þau geti ekki veitt nægilega ítarlega umsögn. Er hv. þm. og formaður nefndarinnar stoltur yfir þessum vinnubrögðum?

Ég spyr líka, herra forseti: Hvað er það sem rekur til þess að setja löggjöfina? Ég bendi á að í umsögn Samtaka verslunarinnar er því haldið fram að þetta geti verið skaðlegt fyrir innflutning og sé allsendis óþarft vegna þess að ljóst sé að breyta þurfi þessum lögum innan skamms þar sem nú er í bígerð tilskipun hjá Evrópusambandinu sem við þurfum auðvitað að taka upp í löggjöf okkar eins og hv. þingmanni er kunnugt um.

[01:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Markmiðið með þessu frv. er einfaldlega að gera vörur íslenskra gullsmiða útflutningshæfar. Þeir sem fjölluðu um frv. voru nokkuð sammála því að það væri hið besta mál og það ætti ekki að leggja stein í götu íslenskra gullsmiða á erlendum mörkuðum. Ég held að það sé sameiginlegt hagsmunamál okkar, þingmanna, að hið ágæta lið sem stundar gullsmíði á Íslandi geti flutt út sínar ágætu vörur. Til þess þurfa þær að vera vel merktar og eftir ákveðnum stöðlum sem um þessar merkingar gilda.

Hv. þm. er vel að sér í mannkynssögu og veit að margir gullsmiðir í gegnum tíðina hafa verið gripnir fyrir það að þynna það dálítið út. Þetta frv. er til þess fallið að koma í veg fyrir að íslenskir gullsmiðir fái slíkt orð á sig. Jafnmikill vinur íslenskra gullsmiða og hv. þm. getur varla annað en tekið þátt í að styðja þetta mikla framfaramál íslenskra gullsmiða.

[01:38]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Satt er það. Ég er í nokkrum vanda vegna þess að ég kom hér og varpaði tveimur spurningum til hv. þm. Hv. þm. kemur hér upp og heldur mærðarfulla lofrollu um íslenska gullsmiði.

Ég get tekið undir hvert orð sem hv. þm. segir um íslenska gullsmíðalist en ég spurði hv. þm. eftirfarandi spurninga:

Hvað veldur því að hann telur nauðsynlegt að reka þetta mál með þeim hraða í gegnum nefndina sem raun ber vitni? Sérstaklega vegna þess að skýrt kemur fram að samtök sem hann hefur talið nauðsynlegt að þjóna vel í gegnum tíðina, Samtök verslunarinnar og Samtök verslunar og þjónustu, kvörtuðu undan því að of knappur frestur væri veittur til að veita umsagnir um málið. Ég spyr: Hvað veldur því að hv. þm. gat þá ekki hlutast til um að bíða með þetta mál fram á haustið og leyfa þessum samtökum að fá meiri tíma til að kanna þetta?

Ég spyr líka hv. þm.: Er hann sammála Samtökum verslunarinnar þegar þau segja að frv. sé allsendis óþarft þar sem ljóst sé að tilskipun sé væntanleg frá Evrópusambandinu einmitt um íslenska gullsmíði? Ég tek það fram, herra forseti, að ég er ekki í sjálfu sér á móti meginatriðum þessa frv. en ég tel að þetta sé keyrt allt of hratt í gegnum nefndina og skil ekki hvernig hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni kom til hugar að gera það og ég skil heldur ekki hvernig honum tókst að véla hina bestu menn meðal stjórnarandstöðunnar til að fylgja sér út í þetta forað.

[01:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það þoli enga bið að afgreiða þetta mál. — (Gripið fram í.) Ég sé að menn eru mér sammála um það og ég held þess vegna að ekki þurfi að hafa fleiri orð um það.

[01:41]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á þessa ræðu hv. formanns efh.- og viðskn. get ég ekki annað en farið með þá vísu sem er einna frægust þeirra sem tengjast gulli og gersemum, og tileinka hana hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni:

Ég er gull og gersemi,
gimsteinn elskuríkur.
Ég er djásn og dýrmæti,
drottni sjálfum líkur.

Herra forseti. Ég kem hingað vegna þess að ég er í sjálfu sér sammála meginatriði þessa frv. Ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er líka, að færni íslenskra gullsmiða sé ákaflega mikil. Ég tel sem sagt nauðsynlegt að gera þeim kleift að flytja út varning sinn þannig að þeir geti átt í alþjóðlegri samkeppni. Það hefur verið talsvert erfitt vegna þess að, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði, einhverjir í þeirra hópi virðast hafa hyllst til þess að finna gullið í gripum sínum eða a.m.k. sagði framkvæmdastjóri Verslunarráðs að hann vildi koma í veg fyrir að íslenskir gullsmiðir gætu legið undir slíkum grun. Tek ég nú fram að ég held að hvorugur okkar sé þeirrar skoðunar að nokkur þeirra hafi gerst sekur um slíkt og enginn í stéttinni sé þeirrar gerðar að láta sér nokkurn tíma koma til hugar að gera slíkt. En allur er varinn góður.

Við vitum að til þess að ná fótfestu á erlendum mörkuðum er nauðsynlegt að geta sýnt fram á að álitið sem við hv. þm. Vilhjálmur Egilsson höfum á íslenskum gullsmiðum standist. Því þarf að vera hægt að merkja gripi úr eðalmálmum með sérstökum stimplum. Það er það sem verið er að gera ráð fyrir í þessu frv.

Betur hefði verið gripið til þessa fyrr, herra forseti. Við höfum löngum verið þeirrar skoðunar, ýmsir, að kleift væri að koma af stað útrás íslenskra gullsmiða á erlendri grundu en allan stuðning til þess framtaks hefur auðvitað skort átakanlega af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég ætla ekki að ráðast sérstaklega á formann Byggðastofnunar sem situr úti í salnum þó að auðvitað megi færa rök fyrir því að kannski væri hlutverk þeirrar stofnunar að gera það sem hún getur til að ýta undir þetta. Við vitum að það eru ákaflega góðar gullsmíðar í hinum dreifðu byggðum landsins. Ég bendi hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, af því að hann virðist ekki kinka kolli því til samþykkis, á að t.d. í höfuðstað kjördæmis hans, Ísafirði, hefur til skamms tíma verið rekið ákaflega mektugt gullsmíðaverkstæði og þar var svo fær gullsmiður að það var talið jafnvel mögulegt og nauðsynlegt að setja upp sérstaka gullsmíðabraut við Menntaskólann á Ísafirði. Þetta veit ég að hv. þingmanni er kunnugt um því að hann hefur líka mikinn áhuga á menntun eins og hann hefur margsinnis sýnt. (**GuðjG:** Hann er fluttur til Akraness.) Hér kallar fram í annar stjórnarmaður í Byggðastofnun að viðkomandi gullsmiður sé fluttur til Akraness og þar af leiðandi ekki úr kjördæminu og það er auðvitað vel — þetta eru nú gamanmál, herra forseti.

Við erum að tala hér um grafalvarlegt mál. Ég var sem sagt þar kominn í ræðu minni að ég var að segja að ég tæki undir með hv. formanni efh.- og viðskn. að sannarlega væri nauðsynlegt að aðstoða íslenska gullsmiði við þessa útrás (**Gripið fram í:** Um hvað er ágreiningurinn?) og það hefði verið hægt að gera með ýmsu öðru móti. Nú kallar formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram í og sýnir að hann skortir átakanlega skilning á þessu mikla þjóðþrifamáli. Hann spyr: Hver er ágreiningurinn?

Þó að menn vilji styðja góð mál er ekki sama hvernig það er gert. Ákveðinn ágreiningur hefur t.d. komið fram milli mín og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um það hvernig eigi að taka á mönnum eins og ráðherrum sem fara út fyrir það sem við getum kallað hinn lögboðna ramma. Ég hef sagt það hér að ég vil auðvitað veita þeim tiltal og taka í hnakkadrambið á þeim en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur hótað þeim 20 ára tukthúsvist. Ég bendi á það og rifja það hér upp vegna þess að það sem ágreiningurinn stendur um og alvarlegustu athugasemdir okkar sem erum í minni hluta í þessu máli eru að frv. veitir stjórnvöldum ákaflega rúmar heimildir til að ráðast jafnvel inn á starfsstöð gullsmiða til að kanna hvort þeir hafi gerst sekir um það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi áðan, sem sé að þynna gullið.

Bæði Félag ísl. gullsmiða, sem við tökum fullt mark á í þessum efnum því að það er frumkvöðull að þessari löggjöf, og Samtök iðnaðarins hafa mótmælt því harðlega að stjórnvöldum séu með þessari löggjöf veitt ákaflega víðtæk úrræði til að framfylgja lögunum. Látum vera með sölubann sem hv. þm. samþykkir hér og beitir sér fyrir án þess að blikka auga, látum vera með dagsektir sem framkvæmdastjóri Verslunarráðsins nánast klappar fyrir í ræðustóli. Það allra versta, herra forseti, eru húsleitarheimildir sem eru líka veittar samkvæmt þessum lögum. Þetta eru galopnar rannsóknarheimildir sem er ekki hægt að jafna við annað en að verið sé að veita stjórnvöldum heimild til að ráðast inn á starfsstöð viðkomandi gullsmiða og taka þar alls konar gögn o.fl.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að vara verði við óhóflegum valdheimildum til stjórnvalda sem gætu þrengt að eðlilegu viðskiptafrelsi og jafnvel persónuvernd.

Ég sé að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson glottir við tönn þegar ég nefni persónuvernd í tengslum við íslenska gullsmiði. En við getum einfaldlega ekki horft fram hjá því að þeir eru yfirleitt einyrkjar, þeir tengjast litlum fyrirtækjum sem oft eru innan vébanda einnar og sömu fjölskyldu. Þegar verið er að veita stjórnvöldum heimild til að ráðast inn á starfsstöðina og taka þar alls konar gögn til að kanna hvort gullið sé þynnt í deiglunni er auðvitað verið að veita mönnum ansi rúmar heimildir til að skerða eða fara á svig við það sem við höfum litið á sem eðlilega persónuvernd.

Ég ætla ekki að inna hv. þm. Ögmund Jónasson eftir því hvað veldur því að hann styður svoleiðis átölulítið, þessi hv. þm. sem hefur verið í framvarðasveit þeirra í þinginu sem láta sig slíkt varða. Ég hef fylgt oft í kjölfar hans til að berjast gegn því að hér sé lætt inn alls konar lagaákvæðum sem veita heimildir sem veikja persónuvernd okkar Íslendinga. (**ÖJ:** Bíddu.)

Minn ágreiningur, herra forseti, af því að spurt er úr sal, við hv. þm. Vilhjálm Egilsson og alla aftaníossa hans felst sem sagt í því að ég hefði viljað að nefndin gæfi sér miklu rýmri tíma til að skoða þetta mál, fresta því fram á haustið, samþykkja meginatriðið en afnema þessar víðtæku galopnu rannsóknarheimildir sem geta ekki með nokkru móti, finnst mér, stutt eðlilegt viðskiptafrelsi í dag. Þetta er það sem mér finnst vera verst við þetta frv. Ég gæti auðvitað ært óstöðugan þó að fáir slíkir séu í salnum með því að fara út í rök sem tengjast Evrópsambandinu. Ég veit að margir hafa áhuga á slíkri umræðu en ég ætla ekki að gera þeim það til geðs að gera það núna af því að ég sé að tekið er að halla að

morgni og ýmsir kannski orðnir rauðeygðari í kvöld en þeir voru í morgun.

En, herra forseti, til þess að greiða fyrir þingstörfum og til að koma í veg fyrir að mál sem er kannski ekki svo stórvægilegt í eðli sínu verði til þess að hleypa þingstörfum í uppnám linni ég máli mínu. Sannarlega er hægt að finna tilefni til frekari umræðna ef menn hefðu vilja til þess, herra forseti, því að hér er um að tefla grundvallaratriði eins og ég hef sagt, persónuvernd og eðlilegt viðskiptafrelsi. Auðvitað sætir undrun að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hefur talið sjálfan sig vera frumkvöðul þeirra sem vilja efla frelsi á öllum sviðum skuli styðja þetta. Ég fékk engin rök fyrir því, herra forseti, í starfi okkar í nefndinni og ég hef engin rök heyrt fyrir því heldur hér.

Ég hefði, herra forseti, talið eðlilegt að t.d. Samtökum verslunarinnar væri gefinn tími til að leita eftir umsögnum ýmissa eininga innan vébanda sinna, eins og þeir óskuðu eftir. Það fékkst ekki. Það breytir því ekki, herra forseti, að Félag ísl. gullsmiða telur — þótt það átelji harðlega ýmislegt í þessu sem ég hef þegar nefnt — að frv. sé nauðsynlegt til þess að geta stutt framrás þessarar listgreinar á erlendri grundu og ég vil ekki leggja stein í götu þeirrar framrásar. Það hryggir mig að sá ágæti maður sem stýrir starfi efh.- og viðskn. skuli ekki hafa hlustað betur á okkur innan nefndarinnar sem vöruðum hann við því að feta út á þessa braut, sem vöruðum hann við því að með þessu væri hann að setja ákveðin fordæmi sem er auðvitað eðlilegt að menn freistist til að taka upp gagnvart öðrum viðskiptagreinum líka. Ef það er hægt að veita svona galopnar rannsóknarheimildir gagnvart íslenskum gullsmiðum, hvers vegna ekki gagnvart íslenskum verslunarjöfrum? Hvað með olíurisana, tryggingafélögin? Er það það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vill? Ég veit að í hjarta sínu er hann ekki þeirrar skoðunar og þess vegna er mér allsendis ómögulegt að skilja hvers vegna hann frestaði þessu máli ekki fram á haustið, skoðaði það betur, nam brott þau ákvæði frv. sem skelfilegust eru og harkalegast vega að persónuvernd og viðskiptafrelsi. Svo hefðum við getað samþykkt þetta með góðri samstöðu.

Herra forseti. Eins og ég sagði ætla ég ekki að hleypa þingstörfum í uppnám út af þessu máli þannig að ég er ekki andstæður meginatriðum frv.

[01:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. gat þess í ræðu sinni að þetta frv. hefði þurft að vera komið fram fyrir lifandi löngu þannig að ég tók það sem stuðning við það að málið þyldi enga bið.

Hv. þm. hefur áhyggjur af leitarheimildum eftirlitsmanna sem spá í það hvort gull hafi verið þynnt út. Nú er hv. þm. vel kunnugt að þegar löggjöf af þessu tagi er sett á vettvangi Evrópusambandsins sem hann þekkir mjög gjörla er venjulega gert ráð fyrir afar rúmum leitarheimildum. Til þess að vera með eitthvert alvörufrv. sem ekki þyrfti mikilla breytinga við þegar væntanleg tilskipun kemur er þetta til staðar í löggjöfinni.

Hins vegar held ég að við hv. þm. getum verið sammála um að það verði ekki mikil tilefni til að leita mjög ákaft á starfsstöðum íslenskra gullsmiða að þynntu gulli. Ég held að íslenskir gullsmiðir séu ekki svo þunnir að þeir fari að þynna gull. Ég held að samt sé gott að hafa þetta. Og ég veit að íslenskir gullsmiðir eiga, margir hverjir, ágætiskaffi á könnunni handa þessum eftirlitsmönnum ef þeir skyldu reka inn nefið. Örugglega verður vel tekið á móti þeim og ekki nein vandamál í sambandi við þessar leitarheimildir. Ég endurtek að ég á ekki von á því að þetta verði til mikils trafala fyrir land og þjóð og það markmið frv. náist að íslenskir gullsmiðir geti komið vörum sínum hindrunarlaust á markað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 20., 25. og 27.–60. mál.

Fundi slitið kl. 01:54.

---

133. FUNDUR

þriðjudaginn 30. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073, nál. 1257 og 1261. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143 og 1387. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973, nál. 1255 og 1260. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1084, nál. 1256. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Barnaverndarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 1412. — 3. umr.
11. Deilur Ísraels og Palestínumanna, þáltill., 734. mál, þskj. 1345. — Fyrri umr.
12. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198 og 1405, brtt. 1406. — 2. umr.
13. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1425, brtt. 1288. — 3. umr.
14. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.
15. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278 og 1428, brtt. 1279. — Síðari umr.
16. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.
17. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.

18. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.

19. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360. — 2. umr.

20. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327. — 2. umr.

21. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347, nál. 1332 og 1398. — 2. umr.

22. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902, nál. 1333, brtt. 1334 og 1373. — 2. umr.

23. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — 2. umr.

24. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 797, nál. 1354. — 2. umr.

25. Landgræðsluáætlun 2003 - 2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873, nál. 1357. — Síðari umr.

26. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437, nál. 1383, brtt. 1384. — 2. umr.

27. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 630. mál, þskj. 1001, nál. 1382, brtt. 1399. — 2. umr.

28. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974, nál. 1426, brtt. 1427. — 2. umr.

29. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 504. mál, þskj. 796, nál. 1396, brtt. 1397. — 2. umr.

30. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910, nál. 1372. — 2. umr.

31. Verslunaratvinna, stjfrv., 607. mál, þskj. 954, nál. 1408, brtt. 1409. — 2. umr.

32. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 1362, brtt. 1404. — 3. umr.

33. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264, nál. 1375 og 1381. — 2. umr.

34. Stefna í byggðamálum 2002–2005, stjtill., 538. mál, þskj. 843, nál. 1407 og 1410. — Síðari umr.

35. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44, nál. 1374. — Síðari umr.

36. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.

37. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.

38. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.

39. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.

40. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Síðari umr.

41. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Síðari umr.

42. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Síðari umr.

43. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Síðari umr.

44. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Síðari umr.

45. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Síðari umr.

46. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Síðari umr.

47. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Síðari umr.

48. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Síðari umr.

49. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1371. — Síðari umr.

50. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 269. mál, þskj. 314. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fátækt á Íslandi.

[10:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég stend upp til þess að mótmæla því að hæstv. forsrh. skuli neita ósk minni um að ræða á Alþingi í utandagskrárumræðu þá vaxandi fátækt sem blasir við í þjóðfélaginu en samkvæmt upplýsingum frá kirkjunni, mæðrastyrksnefnd og Félagsþjónustu sveitarfélaga hefur þeim fjölgað um 20–30% milli ára sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og matargjafir hjálparstofnana og snertir þetta um 10–15 þúsund einstaklinga og fjölskyldur.

Mikið hefur verið rætt um þetta mál, bæði í margra blaðsíðna úttekt í Morgunblaðinu á nýafstöðnu málþingi um fátækt og á morgun 1. maí, hátíðardegi verkafólks, ætla verkalýðsfélög að mótmæla því harkalega að fullvinnandi fólk, láglaunastéttir og lífeyrisþegar þurfi í vaxandi mæli að sækja sér matargjafir til líknarsamtaka til að svelta hreinlega ekki. En hæstv. forsrh. virðist ekki sjá þessa fátækt því að hann segir að í fyrsta lagi sé ekkert tilefni til þess að ræða um fátækt í þjóðfélaginu og hins vegar ef endilega þurfi að ræða hana, þá vísar hann á félmrh.

Ég óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann svari þeirri spurningu minni hvort hann væri reiðubúinn að beita sér fyrir því að fram fari heildarendurskoðun á öryggisneti velferðarkerfisins sem tryggja á að fólk þurfi ekki að lifa við hungur og skort og geta ekki leyst út lífsnauðsynleg lyf eins og nú er. Öryggisnet fátæks fólks snertir mörg svið hjá a.m.k. sex ráðuneytum og það er oddviti ríkisstjórnarinnar og enginn annar sem á að veita svör við því til hvaða aðgerða á að grípa.

Ég mótmæli því að þessu þingi ljúki án þess að við ræðum hér við oddvita ríkisstjórnarinnar um hvernig hægt er að bregðast við til að styrkja öryggisnet og framfærslu fátæks fólks svo það eigi fyrir húsaskjóli og mat frá degi til dags í landi einnar ríkustu þjóðar heims. Það þolir ekki bið að greina orsakir og afleiðingar fátæktar á Íslandi, bæði félagslegar og fjárhagslegar og hvernig við á að bregðast.

[10:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. nefndi. Ég tjáði henni að tvær ástæður lægju til þess að ég teldi ekki efni til þess að verða við beiðni hennar. Ég teldi engar efnislegar nýjar upplýsingar fram komnar og í annan stað heyrði erindið ekki endilega undir forsrh.

[10:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ekki voru þetta efnismikil viðbrögð frá hæstv. forsrh. við alvarlegu máli. Það ætti að vera okkur öllum til umhugsunar sem fram kom á ráðstefnu sem haldin var um síðustu helgi um fátækt. Í fyrsta lagi ætti það að verða okkur til umhugsunar að til slíkrar ráðstefnu skuli vera boðað, að þurft hafi að boða til slíkrar ráðstefnu og síðan hitt það sem þar kom fram, til dæmis að læknar sjái sig nú knúna til að vísa fátæku fólki til hjálparstofnana til þess að fá aðstoð til að kaupa lyf. Með öðrum orðum að hluti samfélagsins, efnaminnsti hluti þjóðfélagsins, hafi ekki tök á að leita sér lækninga vegna peningaleysis.

Fram hefur komið að hér er um að ræða bæði launafólk á lægstu kauptöxtunum, iðulega einstætt fólk, í sumum tilvikum með börn á framfæri. Einnig er hér um að ræða atvinnulaust fólk og öryrkja en atvinnuleysi á Íslandi mælist nú 2,7% en það eru 3.692 einstaklingar. Það er greinilegt að öryggisnet samfélagsins heldur ekki, hvað þá að við séum nærri þeirri hugsun sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum beitt okkur fyrir að tryggja öllu fólki samfélagsins laun sem hægt er að lifa af. Eða gera menn sér grein fyrir því að atvinnuleysisbætur núna eru 73.765 kr. og af þessu eru teknar 1.250 kr. í skatta? Hvernig lifir fólk af 72.475 kr.? Það gerir fólk að sjálfsögðu ekki. Þess vegna er það mjög alvarlegt þegar fullyrt er að 4% þjóðarinnar séu undir fátæktarmörkum. Eftir standa þá 96% og er eðlilegt í framhaldinu að spyrja hvort árangur okkar mælist þá upp á 96%. Nei. Okkur hefur mistekist 100% þegar við búum fólki slík kjör að það mælist undir fátæktarmörkum og getur ekki framfleytt sér og sínum.

[10:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er heldur dapurlegt að menn skuli ekki geta sammælst um að hafa hér málefnalega umræðu um þær staðreyndir sem við okkur blasa, því miður, hér í íslensku samfélagi eins og víðar í vestrænum svokölluðum velmegunarsamfélögum, að fátækt tiltekinna hópa, vissulega sem betur fer minnihlutahópa en engu að síður hópa sem eru býsna fjölmennir, er staðreynd. Vaxandi fátækt er staðreynd. Þar veldur því að lífskjaramunur er að aukast. Þeir ríku eru að verða ríkari og þeir fátæku eru að verða fátækari.

Það veldur líka því, herra forseti, í köldum vindum nýfrjálshyggjunnar sem hafa leikið um þau þjóðfélög undanfarna tvo áratugi eða svo, að velferðarkerfið hefur verið veikt. Kostnaði vegna notenda eða þjónustu er velt yfir á þá og það bitnar þyngst og harðast á þeim sem lægst hafa launin, minnstar hafa tekjurnar sér til framfærslu þannig að svonefnd hlutfallsleg fátækt er vaxandi vandamál. Þetta er viðurkennt, þetta sýnir tölfræði, m.a. vönduð norræn tölfræði sem liggur fyrir þar sem þessir hópar mælast á bilinu 4% og upp í 8% í velmegunarríkjum Norðurlandanna svo dapurlegt sem það er.

Það er hæstv. forsrh. ekki sérstaklega til sæmdar að hafa ekki þroska til að taka þátt í málefnalegum umræðum um þessi mál. Vandamálið hverfur ekki þó að menn bregðist þannig við. Auðvitað ættu því hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. að taka því fagnandi að menn vilji ræða þessi mál og spurningu um það hvað til úrbóta sé.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þeir sem eru úti á akrinum, sinna félagslegri þjónustu hjá sveitarfélögunum, meira að segja stjórnendur grunnskóla í landinu, finna fyrir þessu með vaxandi þunga, (Forseti hringir.) að efnaminnstu foreldrarnir eiga í vaxandi erfiðleikum með að bera allan þann kostnað sem velt hefur verið yfir á foreldra í skólahaldinu og svipuð dæmi má segja víðar að.

[10:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það eru fullkomlega óásættanleg viðbrögð hjá hæstv. forsrh. við erindi þingmanns Samfylkingarinnar, Jóhönnu Sigurðardóttur, um að fá stutta umræðu um fátækt. Ég velti því fyrir mér hvað sé að gerast varðandi þá þýðingarmiklu 50. gr. sem kom inn í þingsköpin og gaf okkur þingmönnum rétt til þess að geta fengið tekin fyrir mál utan dagskrár.

Að undanförnu hefur verið mokað inn í þingið málum fram að síðustu stund og fram á þann tíma að þingstörfum átti að ljúka. Hér er verið að afgreiða mál úr nefndum eftir að þinginu átti að vera lokið, stórum málum sem á að taka til umræðu. Hér hafa verið rædd mál þar sem menn láta sig ekki muna um að mæla hverja ræðu í hálftíma af því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að slík mál skuli í gegn hvað sem tautar og raular. En það má ekki taka einn hálftíma í umræðu um málefni þess fólks sem minnst hefur og minnst ber úr býtum.

Það er ekki ásættanlegt að oddviti ríkisstjórnarinnar telji að ekki séu efni til að ræða þessi mál eða að einhver annar eigi að gera það. Þegar skilað hefur verið skýrslum hér um fátækt, og það hefur gerst, þá er það hæstv. forsrh. sem skilar slíkri skýrslu. Hann er oddviti ríkisstjórnarinnar, þessi mál heyra undir mörg ráðuneyti og það er eðlilegt ef á að ræða þau að það sé hæstv. forsrh. sem kemur þar í umræðuna.

Staðreyndir, herra forseti, birtast í tölum eins og hér hefur komið fram. En á bak við þær tölur er fólk sem berst í bökkum í ríka velferðarþjóðfélaginu, hjálparstofnanir hafa bent á það og einnig eru faglegar úttektir sem liggja fyrir um þau mál. Þetta er ekki eitthvað sem stjórnarandstaðan heldur fram eða staðhæfir. Þetta er ekki gott afspurnar, herra forseti.

[10:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fátækt í íslensku þjóðfélagi er staðreynd og virðist ekki fara minnkandi, því miður. Fátæku fólki er vísað á hjálparstofnanir og á ekki í önnur hús að venda. Þeirri vaxandi fátækt sem virðist vera að búa um sig í okkar stéttskipta þjóðfélagi verður að taka á með sameiginlegu átaki ríkisstjórnar og sveitarstjórna. Félagsleg samhjálp verður að ná til þess fólks sem nú er sett til hliðar að þessu leyti.

[10:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Viðbrögð hæstv. forsrh. eru með ólíkindum og fullkomlega ámælisverð. Út af fyrir sig er það skiljanlegt að hæstv. forsrh. treysti sér ekki til að koma hér í ræðustól og tala til fátæks fólks og segja við það hvað hann ætli að gera til að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir það neyðarástand sem ríkir hjá mörgum fjölskyldum. Það eru fleiri sem sækja um matargjafir og fjárhagsaðstoð en nokkru sinni fyrr og fjöldi fólks, sennilega á bilinu 10–15 þúsund, sem nú þarf að leita til hjálparstofnana á ekki fyrir mat frá degi til dags fyrir sig eða börnin sín.

Ég held, herra forseti, að stjórnarskráin eigi að koma í veg fyrir slíkt og lög eiga að tryggja að fátækt fólk þurfi

ekki að lifa við örbirgð en staðreyndin er sú að það gerir það og lifir við vaxandi fátækt í þjóðfélaginu. Ráðherrarnir hér á bekkjunum sitt hvorum megin við mig lesa bara pappíra og hafa ekkert við þetta fólk að segja, ekki neitt. Og forsrh., oddviti ríkisstjórnarinnar, sem á að vera í fararbroddi fyrir ráðherrunum um það að taka á þessu máli hefur ekkert að segja við fólkið.

Það sem þarf að gera er að endurskoða þetta öryggisnet velferðarkerfisins, t.d. í samráði við sveitarfélögin og verkalýðshreyfinguna og það þarf að fara þar yfir mörg svið, bæði að því er varðar fjárhagsaðstoðina, að því er varðar tryggingabæturnar og bótakerfið, að því er varðar skattkerfið. Hæstv. fjmrh. tekur 5–7 þús. kr. á mánuði af tryggingaþegum. Það þarf að fara yfir marga þætti, svo sem húsnæðismálin, greiðsluerfiðleikalán þannig að þetta snertir mörg ráðuneyti.

Það stendur upp úr, herra forseti, nú í lok þingsins að ráðherrarnir allir sem einn sitja hér þegjandi undir umræðu sem er kallað eftir að fari fram á þinginu um fátækt fólk og kjör þess og til hverra aðgerða Alþingi er reiðubúið að grípa. Það stendur upp úr núna í lok þingsins og er ráðherrunum til skammar, herra forseti.

[10:13]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nýlega var fjallað á hinu háa Alþingi um stöðu margra heimila í landinu vegna þess að þau eru svo mörg að verða gjaldþrota og vegna þess að vextir í bönkum og innlánastofnunum eru svo háir og vekur það okkur áhyggjur. Yfirleitt fer það þannig þegar fólk getur ekki staðið í skilum með lán sín að það endar í fátæktargildrunni. Því miður er það svo, herra forseti, að við erum farin að sjá þess merki í samfélaginu þegar fjölskyldur sem eru jafnvel þannig saman settar að bæði eiginkona og eiginmaður eru að reyna að koma fjölskyldunni áfram og börnum sínum, og þegar þau geta ekki staðið undir því að reka heimilið á mjög lágum launum, þá þurfum við að fara að íhuga mjög hvað er að gerast í samfélaginu, að ég tali nú ekki um þar sem ein fyrirvinna er, einn einstæður faðir eða ein einstæð móðir. Ekki bætir það vandann. Þetta hljótum við að láta okkur varða á Alþingi sem viljum skapa þau skilyrði í landinu að allir búi við sem bestan kost.

Auðvitað er það rétt sem hefur verið sagt að alltaf sé fátækt fólk í kringum okkur en eins og sagt hefur verið, fátæka hafið þér jafnan hjá yður. En við eigum að reyna að koma því til vegar að þeir verði sem fæstir í landi okkar og sérstaklega ber okkur að hugsa um þetta t.d. þegar verið er að deila út ýmsum sameiginlegum gæðum sem eru í eigu samfélagsins alls og þjóðarinnar, að því sé réttlátlega skipt.

[10:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skora á hæstv. forsrh. að bregðast við og taka þátt í umræðum um þetta mál og hæstv. forseta þingsins bið ég að hlutast til um það. Það er hin mesta skömm að því að menn skuli ekki gefa sér tíma til að fara yfir þessi mál í ljósi þeirra upplýsinga og umræðna sem hafa verið í þjóðfélaginu þessa dagana.

Sú ganga er ömurleg sem Framsfl. hefur lagt í með Sjálfstfl. hvað varðar þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Aldraðir hafa verið öflugir við að koma sínum málefnum á framfæri og ég ætla ekki að fara yfir það í þessari ræðu. Öryrkjar sitja uppi með að kjörum þeirra hefur verið að hraka á undanförnum árum þannig að kjör þeirra eru um það bil 20% verri í dag en þau voru áður en sú ríkisstjórn sem situr við völd tók við, en hún hefur hælst um yfir því að hér hafi gengið góðæri yfir þjóðina og allir hafi verið að fá meira til ráðstöfunar. En hverjir fá þá ekki neitt og minna en ekki neitt til viðbótar? Það er þetta fólk. Það er ekki einu sinni tími til að ræða málið. Hæstv. forsrh., sem er í raun fulltrúi fátæktarinnar í þessari ríkisstjórn, ver þetta fyrirkomulag og lyftir ekki hendi til þess að taka á vandamálinu. Hann er ekki einu sinni tilbúinn að hlutast til um að um þetta verði umræður eins og óskað hefur verið hér eftir. Ég skora á hæstv. forsrh., og verði hann maður að meiri, að sjá nú að sér og taka þátt í umræðunni og segja þjóðinni hvað hann ætlar að gera til þess að útrýma fátækt á Íslandi.

Steinullarverksmiðja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 663. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 1073, nál. 1257 og 1261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:20]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 1261 felld með 46:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (BBj, EKG, GE, GuðjG, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:17]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að áform um sölu Steinullarverksmiðjunnar eru fyrst og fremst til komin vegna bágrar fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þess að um málið eru mjög deildar meiningar heima í héraði þá leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

[10:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um það að veita iðnrh. heimild til þess að selja hlut ríkisins í fyrirtækinu Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Ríkið á 30% í fyrirtækinu, Paroc Group á 28% og Skagafjörður um 24% og það hefur borist tilboð í eign þessara þriggja núverandi eigenda. Gert hefur verið samkomulag sem er undirritað með fyrirvara um samþykki Alþingis og samkeppnisyfirvalda um að þessi viðskipti geti átt sér stað. Í því samkomulagi er m.a. kveðið á um að fyrirtækið verði áfram rekið á Sauðárkróki.

Ég segi að sjálfsögðu nei við þessari frávísunartillögu.

[10:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta söluferli Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki er til komið vegna greiðsluerfiðleika Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sá vandi er til kominn vegna rangrar

tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga og þeirrar byggðastefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur reynst mjög andsnúin landsbyggðarsveitarfélögum. Þessari stefnu þarf að snúa við.

Virðulegi forseti. Á sínum tíma var hart barist fyrir Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Hún er afar mikilvæg fyrir atvinnu í byggðarlaginu. Ríkið á ekki að ýta undir óvissu um framtíð fyrirtækisins heldur styrkja stöðu þess með því að halda eignarhlut sínum. Þess vegna ber að vísa þessu máli frá, virðulegi forseti, og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

1. gr., inngmgr. og fyrri efnismgr., samþ. með 46:8 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BBj, EKG, GE, GuðjG, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

1. gr., síðari efnismgr., samþ. með 46:7 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, PHB, SJS, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Vinnubrögð hv. iðnn. í þessu máli hafa verið með endemum. Ekki voru fengnir umsagnaraðilar til nefndarinnar. Ekki voru kallaðir til fulltrúar Samkeppnisstofnunar, en Samkeppnistofnun hefur þó um þetta mál að segja og skilyrði sem hún setur ræður endanlega sölunni. Ekki voru kallaðir til með eðlilegum hætti fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Málið er mjög umdeilt í Skagafirði. Ekki hefur verið leitað eftir umsögnum hjá starfsmönnum Steinullarverksmiðjunnar. Auk þess, virðulegi forseti, hefur verið farið á svig við öll lög og reglur sem gilda um sölu á eignum ríkisins því að þar ber bæði að leita óhlutdrægs verðmats og einnig líka kanna fleiri kaupendur en einn.

Virðulegi forseti. Þessi málatilbúnaður allur er andstæður hagsmunum Skagfirðinga.

[10:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þessi málsgrein fjallar um það að helmingur söluandvirðis skuli renna til samgöngubóta eða atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem verulegra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við rekstur þessa fyrirtækis. Ég hefði álitið að það væri þó eitthvað sem allir þingmenn gætu orðið sammála um að væri mikilvægt og rétt með tilliti til byggðastefnu og mikilvægis þess að efla þetta svæði á landinu. Þess vegna segi ég að sjálfsögðu já við þessari grein.

[10:23]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég styð það að sjálfsögðu að hluti af andvirði af sölu hlutabréfa í Steinullarverksmiðjunni renni til framfaramála í Skagafirði. Það er athyglisvert að fylgjast með því að hv. þm. Jón Bjarnason byrjaði á því í umræðum í gær að afneita sögu sinni í Skagafirði með því að þykjast ekki hafa komið nálægt Skagafjarðarlistanum. Síðan afneitaði hann því að hafa farið í prófkjör fyrir Samfylkinguna í síðustu alþingiskosningum. Það endar sjálfsagt með því að hann verður á móti framförum á Hólum.

[10:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Gefið hefur verið í skyn í þessum umræðum að óeðlilega sé að málum staðið varðandi framlagningu frv. og efni þess. Það er að sjálfsögðu rangt. Hér er eðlilega að öllu staðið og greinin sem nú er verið að greiða atkvæði um gengur út á að heimila að ráðstafa helmingi andvirðis af söluverðmæti ríkisins í verksmiðjunni til baka til þeirra sem hlut eiga að máli.

En það vekur athygli mína að hérna í salnum er einn fyrrv. iðnrh., hv. þm. Sverrir Hermannsson sem á sínum tíma opnaði þessa verksmiðju og flutti ræðu og lét þess þá getið að eignarhluti ríkisins í verksmiðjunni væri til sölu. Þess vegna undrast ég það mjög að hann treystir sér ekki til þess að styðja meginefnisgrein þessa frv. En svo liggur hver sem hann hefur um sig búið í þessu máli eins og öðrum. Ég segi já.

[10:25]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Allir eru hlynntir samgöngubótum úti um allt land. En aðkoman að þessu máli er fáránleg. Sá málatilbúnaður að kaupa menn til ákvarðanatöku um sölu eigna með þeim formerkjum að það fari til annarrar uppbyggingar er röng aðkoma að málinu. Það ber að standa að vegabótum á þessu svæði á eðlilegum nótum á vegáætlun. Þess vegna segjum við nei. Aðalmálið fyrir Skagfirðinga er að halda verksmiðjunni til lengri tíma litið. Að veita einhverja fjármuni til nauðsynlegra verkefna um stundarsakir er ekki rétt aðkoma að þessu máli.

[10:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Framganga hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli öllu er afar hraksmánarleg. Á haustmánuðum neitar ríkisstjórnin tilboði frá sveitarfélaginu um að koma að því að kaupa hlut þess út úr fyrirtækinu og nú er málum þannig komið að ríkið er að selja eignarhlut sinn og stofna til óvissu um framtíð fyrirtækissins. Til þess að sætta menn við þetta í héraði eftir því sem kostur er er þeirri gulrót veifað að hluti af söluandvirðinu fari til sérstakra verkefna á svæðinu samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Hæstv. iðnrh. hefur boðað í fjölmiðlum hvernig eigi að verja fénu og þar með gert hæstv. fjmrh. ómyndugan. En hlutur hæstv. fjmrh. er náttúrlega alveg einstaklega metnaðarlítill, að koma svo hér og verja þessi óeðlilegu vinnubrögð þar sem fjárveitingavaldið er flutt út í bæ. Þetta eru alveg ólíðandi vinnubrögð, herra forseti, og ekki er nokkur leið að standa að þessu.

2. gr. samþ. með 46:6 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF,

KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JBjart, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49:5 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ.
9 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JBjart, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:28]

Jón Bjarnason:
Virðulegi forseti. Ég vil árétta það við hv. 1. þm. Norðurl. v. að fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar hafa ályktað harðlega m.a. gegn meðferð þessa máls hér á þingi og einnig heima í héraði og hafa óskað eftir liðsinni til að stöðva málið. Hv. 1. þm. Norðurl. v. væri nær að beita styrk sínum til þess en að skjóta sér undan ábyrgð í málinu.

Tækniháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 649. mál. — Þskj. 1048, nál. 1248, brtt. 1249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:29]
Brtt. 1249,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1249,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1249,3 samþ. með 53 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1249,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
13.–18. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1249,5 samþ. með 55 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 229, nál. 1140, brtt. 1141, 1146 og 1150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:32]
Brtt. 1141,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1146,1 felld með 33:16 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JóhS, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1150,1 felld með 32:20 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
10 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1141,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
4.–6. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1146,2 felld með 31:18 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞKG*, ÞSveinb, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

7. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1150,2 felld með 32:23 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
8 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1146,3 felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
8 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1150,3 felld með 32:23 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
8 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1146,4 felld með 32:23 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
8 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1141,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1146,5 felld með 31:22 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
10 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, KHG, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1141,4 (ný 14. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
15.–16. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1141,5 (ný 17. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1141,6 (ný 18. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
19.–25. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1141,7 samþ. með 54 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Útlendingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 698, nál. 1142 og 1173, brtt. 1143 og 1387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:39]

Guðrún Ögmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér er verið að afgreiða afar umdeilt frv. um málefni útlendinga, heildarlög. Við í stjórnarandstöðunni á Alþingi lýsum allri ábyrgð á þessu frv. á hendur meiri hlutanum og munum sitja hjá við allar brtt. en greiða atkvæði gegn frv. við lokaafgreiðslu.

[10:39]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við greiðum hér atkvæði um frv. til laga um útlendinga. Þar er að mínu mati um mikilsverða réttarbót að ræða, framfaraspor, enda núgildandi lög um útlendinga frá árinu 1965.

Hv. allshn. hefur farið afar vel yfir málið, kannað öll gögn og upplýsingar sem nefndinni hafa borist á tveimur þingum. Í frv. hefur m.a. verið tekið tillit til stjórnsýslulaga og flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og fleira mætti telja. Frv. tekur til réttinda og skyldna þeirra útlendinga sem hingað koma en um leið er í frv. tækifæri til að útlendingar aðlagist sem fyrst íslensku samfélagi en einangrist ekki líkt og víðs vegar í Evrópu. Því segi ég já.

[10:40]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í þessu frumvarpi er sitthvað jákvætt en þó eru þar margir mjög ámælisverðir þættir. Í fyrsta lagi hefur frv. að geyma allt of rúmar heimildir til hæstv. dómsmrh. og ríkisstjórnarinnar. Lögin eiga að tryggja réttarstöðu fólks en ekki vera háð duttlungum stjórnvalda hverju sinni.

Í öðru lagi hefur í allt of ríkum mæli verið tekið tillit til Útlendingaeftirlitsins en í of litlum mæli verið hlustað á sjónarmið mannréttindasamtaka og samtaka innflytjenda.

Í þriðja lagi vil ég sérstaklega nefna tvær lagagreinar, 15. gr. og 55. gr. Sú fyrri leggur þá kvöð á aðflutt fólk að sækja íslenskunámskeið. Við höfum viljað snúa þessu við og hafa þá skyldu á ríkisvaldinu að bjóða upp á slík námskeið. Þetta eru dæmi um þær áherslur sem við höfum viljað sjá í þessu frumvarpi.

Hin lagagreinin lýtur að Persónuvernd. Persónuvernd hefur gert mjög alvarlegar athugasemdir við frv. og þessa lagagrein sérstaklega og við tökum undir þær athugasemdir. Þess vegna getum við ekki stutt þetta frumvarp.

1. gr. samþ. með 31:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (JÁ, SvH, ÞSveinb*) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2.–3. gr. samþ. með 31:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: SJóh.
21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1143,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, StB) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1143,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, SvanJ) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (BBj, BH, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, KF, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1143,4 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

10.–12. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, JÁ, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,6 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

16.–19. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,7 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,8 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

21. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

22.–23. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,9 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK,

JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

24. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

25.–33. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,10 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

34. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

35.–42. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,11 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, ÞKG) fjarstaddir.

43. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, VE) fjarstaddir.

44.–45. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,12 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

46. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

47.–50. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,13 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

51. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,14 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

52. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,15 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

53. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

54.–55. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, PHB, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1387 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

56. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
23 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HÁs, HjÁ, LMR, MS, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

57.–58. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1143,16 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP, ÖJ) fjarstaddir.

59. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÖ, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EKG, GE, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 964, nál. 1200, brtt. 1231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Brtt. 1231 felld með 31:11 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JóhS, JB, KolH, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (AKG, ÁRJ, BH, EMS, GÖ, JÁ, KVM, LB, MF, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi brtt. gengur út á það að hið umdeilda ákvæði þessa frv. sem lýtur að greiðslum stofnstyrkja til grunnskóla sem reistir eru á grunni einkaframkvæmdar, annaðhvort með eignarleigu- eða rekstrarleigusamningum, verði þannig úr garði gert að heimilt verði að gera upp samninga af þessum toga sem þegar hafa verið gerðir við gildistöku laganna en eftir það verði ekki gert ráð fyrir slíkum greiðslum enda hefur komið í ljós að allan lagagrundvöll og allar skilgreiningar skortir til þess að styðjast við í þessum efnum jafnt um það hvort leggja eigi eignarleigu- og rekstrarleigusamninga að jöfnu sem og hitt hvernig fara skuli með mál af þessu tagi í bókhaldi og ársreikningum sveitarfélaga. Engin stefna hefur verið mótuð gagnvart þessu fyrirkomulagi í löggjöf um skólamál og þar fram eftir götunum. Hvernig sem á málið er litið er því fullkomlega óeðlilegt að hafa hér opna heimild til þess að greiða stofnstyrki út á byggingar í þessu formi. Ef eitthvað er má segja að verið sé að gylla það fyrir sveitarfélögum að velja þetta form með þeirri afgreiðslu sem hér er lögð til.

Brtt. í nál. 1200, a-liður, samþ. með 46:6 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1200, b-liður, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

7 þm. (ÁSJ, JóhS, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, SP, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 710. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1165, nál. 1265, brtt. 1266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt eftir að hæstv. félmrh. var búinn að loka félagslega húsnæðiskerfinu og læsa fólk með því í þá fjötra að geta ekki skipt um húsnæði eftir

fjölskylduaðstæðum hverju sinni að heimila sölu íbúðanna á frjálsum markaði og styð ég 3. gr. frv. sem kveður á um það.

Hitt er svo afar sérstætt hvernig ráðherrann leysir vanda nokkurra sveitarfélaga þar sem 100–200 íbúðir hafa staðið auðar af 12 þúsund félagslegum íbúðum eða um 1% íbúðanna. Önnur sveitarfélög sem ekki glíma við neinn vanda eru látin borga verulegan hluta af kostnaðinum en ríkið leggur til smáfjárhæð sem enginn veit hvort dugar.

Það alversta í leiguíbúðamálinu öllu er þó að ráðherrar gera samning fram hjá sveitarfélögunum um smánarlega litla niðurgreiðslu lánskjara vegna leiguíbúða og svíkja þar með sveitarfélögin og leigjendur um alla stofnstyrki og nægjanlegt fjármagn til húsaleigubóta til að koma í veg fyrir að leigugreiðslur hækki ekki upp úr öllu valdi vegna mikilla vaxtahækkana á leiguíbúðum sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir, en leiga á íbúðum stefnir nú í 70–100 þús. kr. fyrir litlar íbúðir og biðlistar eftir leiguíbúðum eru lengri en nokkru sinni.

Þetta tel ég svik við láglaunafók og leigjendur og get því ekki stutt málið í heild sinni utan þess að ég mun greiða atkvæði með 3. gr. en að öðru leyti sitja hjá við þetta mál.

[10:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti sveitarfélaga af íbúðum í félagslega íbúðakerfinu sem veitir þá eigendum félagslegs íbúðarhúsnæðis rétt á að selja það húsnæði á almennum markaði. Auk þess halda þeir rétti sínum sem þess óska að sveitarfélagið innleysi íbúðir eftir eldri leiðum.

Einnig fjallar frv. um að létta fjárhagslega byrði þeirra sveitarfélaga sem hafa borið hvað mestar byrðar af félagslega íbúðakerfinu. Það er einnig mjög eðlilegt að þau sveitarfélög sem hafa hlotið mest úr þessu kerfi, sem í heild sinni hefur verið með þeim hætti að til þess hafa runnið í mjög miklum mæli fjárhæðir í gegnum niðurgreidda vexti, greiði inn í það núna þegar verið er að reyna að loka kerfinu og létta þær byrðar sem svo sannarlega hafa lent á mörgum sveitarfélögum úti um allt land. Það er óvíst hvernig þau hefðu annars getað komist út úr þessu. Því segi ég já við þessu frv. Með því er verið að létta byrðar einstaklinga og sveitarfélaga.

[11:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Sá mikli dráttur sem orðið hefur á að botn kæmist í samskipti ríkis og sveitarfélaga varðandi uppgjör á uppsöfnuðum vanda frá því að félagslega íbúðalánakerfinu var lokað er mjög ámælisverður. Eins og kunnugt er voru þessi lög sett 1998. Síðan hefur verið stapp um þetta mál. Gagnrýnisverðara er þó að þegar niðurstaðan birtist mönnum loksins sé hlutur ríkisins jafnrýr í þessu sambandi og raun ber vitni. Það er afar mögur uppskera eftir allt þetta þóf að ríkið skuli heita 10 millj. kr. á ári í fimm ár í viðbót við það sem áður hafði verið lofað, 60 millj. á ári í staðinn fyrir 50, sem heitið var við setningu laganna á sínum tíma samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða um greiðslur í varasjóð viðbótarlána.

Það er sérstaklega gagnrýnisvert, herra forseti, að ríkið skuli ætla að neyta aflsmunar í samskiptum við sveitarfélögin og knýja þau til að skrifa undir samning um að þau leysi vandann með því að greiða fyrir það úr eigin vasa. Það er meginniðurstaða þessa máls.

Þetta gagnrýnum við, herra forseti, mjög harkalega. Að öðru leyti er málið jákvætt, svo langt sem það nær. Það er ekki um annað að ræða en aflétta þeirri forkaupsréttarskyldu sem hefur hneppt fólk í fjötra eftir að kerfinu var lokað og menn hættu að geta fært sig til innan þess o.s.frv. eins og þekkt er. Með þessum fyrirvörum, herra forseti, teljum við betra en ekki neitt að þetta frv. fái brautargengi. Það er náttúrlega mjög dapurlegt að ríkið skuli standa svona að málum og eiginlega óskiljanlegt í ljósi erfiðrar stöðu fjölmargra sveitarfélaga og bágrar afkomu. Í hverju tilvikinu á fætur öðru stendur ríkið svona að málum, neytir aflsmunar og sveitarfélögin eru látin ein um að leysa vanda sinn. (Forseti hringir.)

[11:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

(**SJS:** Var ræðutíminn búinn?) Forseta heyrðist hv. þm. vera að tala um önnur mál en það sem hér er á dagskrá (**SJS:** Nú, já.) þegar hann talaði um að í hverju máli á fætur öðru væri talað um önnur mál. Ég áminni þingmanninn um að fylgja þingsköpum. (**SJS:** Ég þakka hæstv. forseta mikið fyrir lipurðina.)

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. sé óvanur að sýna slíkt en af þessu gefna tilefni vil ég taka fram að það er ætlast til þess, þegar menn kveðja sér hljóðs um atkvæðagreiðsluna eða gera grein fyrir atkvæði sínu, að menn ræði það mál sem er á dagskrá en fari ekki út í almennar stjórnmálaumræður og tali um önnur mál eins og hv. þm. gerði.

Brtt. 1266,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (JÁ, JóhS, SJóh) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (JÁ, JóhS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,2 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BBj, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1266,3 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, ÓÖH, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, EKG, GE, GAK, GÁS, GÖ, HjÁ, JÁ, LMR, ÓÖH, PHB, SP) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Athugasemdir um atkvæðagreiðslu.

[11:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel mig knúinn til að gera lítils háttar *athugasemdir við fundarstjórn forseta* og það hvernig forseti fer með fundarstjórnina, a.m.k. gagnvart mér. Aðrir svara þá fyrir sig.

Ég taldi að ég væri svo sem viðgengst hefur að gera almenna grein fyrir afstöðu minni til þessa máls undir liðnum um atkvæðagreiðslu. Ég hef tekið eftir því að forseti hefur látið óátalið að það þróist þannig, áður en atkvæðagreiðsla hefst um mál, að fram fari tiltölulega almenn umræða um málið og samhengi þess undir þessum lið, sem ég tel reyndar ranga túlkun þingskapa. Ég tel að þessi heimild til að kveðja sér hljóðs um atkvæðagreiðslu áður en hún hefst sé hugsuð *til að gera tæknilegar athugasemdir við eitthvað sem lýtur* að atkvæðagreiðslunni sem slíkri. Vilji menn hins vegar gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins geri þeir það þegar efnisleg atkvæðagreiðsla hefst um einstakar greinar.

Ég hef tekið eftir því að forsetar hafa á seinni tímum látið óátalið að menn gerðu með almennum hætti grein fyrir afstöðu sinni til mála undir þessum lið og hefðu þá þriggja mínútna ræðutíma, þ.e. ef menn fá að nota hann í friði sem ekki er alltaf. Ég taldi að sú hefð hefði verið að þróast.

Ég taldi að ég færi ekki langt út fyrir efnið þegar ég ræddi um þetta uppgjör á samskiptum ríkis og sveitarfélaga á sviði húsnæðismála, félagslega íbúðakerfisins, og setti það í samhengi, í eins og hálfri setningu, við fjárhagsleg samskipti þessara aðila almennt. Ég átti um 40 sekúndur eftir af ræðutíma mínum þegar þarna var komið og þá sá forseti sig knúinn til þess að lemja í bjöllu.

Þetta vekur athygli mína, herra forseti, t.d. með hliðsjón af því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson réðist í ræðutíma sínum, sem hann hafði til að gera grein fyrir afstöðu sinni til máls, á annan nafngreindan þingmann og notaði ekki eina einustu sekúndu af ræðutíma sínum til að útlista eigin afstöðu. Þetta lét forseti í aðalatriðum óátalið. (Gripið fram í.)

[11:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þm. á að ég sló í bjöllu við það tilefni sem hv. þm. nefndi. Ég vil einnig minna á að fyrir því er löng þinghefð, svo löng sem ég man, að áður en atkvæðagreiðsla hefst um einstök mál geti fulltrúar einstakra þingflokka kvatt sér hljóðs og gert almenna grein fyrir afstöðu þingflokks síns til málsins. Ég er þeirrar skoðunar að það sé góð regla að slíkt sé hægt að gera.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. um að óski þingmenn eftir því að fara út í almennar umræður undir þeim dagskrárlið þá er ekki til þess ætlast. (**SJS:** Og það gildi þá um alla?) Það má segja að forseta sé vandi á höndum og hann er skeikull.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1034, nál. 1245, brtt. 1246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, HGJ, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar sem hefur þróast í þá veru að nú er veittur í hana 1 milljarður á ári. Hann rennur til um það bil 1.400 fjölskyldna. Þannig fara um 800 þús. kr. á ári á hverja fjölskyldu. Síðan eru menn farnir að niðurgreiða skynsamlegar framkvæmdir af því að þær eru ekki lengur skynsamlegar, í samkeppni við þessa niðurgreiddu orku.

Þetta er farin að verða töluvert mikil vitleysa. Auðvitað er þetta nákvæmlega hið sama og varð Sovétríkjunum að falli. Ég vil því endilega að hv. þingmenn skoði nákvæmlega á hvaða braut þeir eru og ég mun sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[11:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta mál fjallar ekki um fjármuni og ekki um hversu miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslna heldur er verið að skjóta styrkari lagastoð undir framkvæmdina sem slíka. Fram til þessa hefur þetta eingöngu verið samþykkt með fjárlögum hverju sinni. Nú er verið að setja lög um hvernig framkvæmdin skuli vera og þannig verður hún ekki bara á grundvelli vinnureglna í ráðuneytinu. Ég tel þetta mjög mikilvægt mál.

[11:11]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Við stofnsetningu nýrra hitaveitna á strjálbýlum svæðum getur viðmiðunartími endurgreiðslna vegna rafhitunarkostnaðar skipt sköpum um hvort hitaveitan geti nokkurn tíma borið sig eða ekki. Hitaveitur eru alls staðar mikilvægar en kannski hvergi mikilvægari en á svæðum þar sem verið er að byggja upp nýjar atvinnugreinar. Í því sambandi má t.d. nefna Hofsós og nágrenni þar sem er verið að setja upp ferðaiðnað. Ég mun því sitja hjá við atkvæðagreiðslu um 12. gr.

[11:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum greiða atkvæði með þessu frv. Ég vil sérstaklega nefna að frv. gerir ráð fyrir að upplýsingagjöf verði stórefld og fræðsla um orkunotkun í landinu almennt séð. Það held ég að sé til mikilla bóta. Við þurfum á því að halda og fyrir dreifbýlið er þetta mikið hagsmunamál. Þess vegna munum greiða fyrir framgangi málsins.

2.–8. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, JóhS, KHG, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1246,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, JóhS, KPál, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KVM*) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

12. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, PP, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (AKG, ÁRJ, BH, EMS, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þó að það hafi verið upplýst í umræðunni áðan að Sovétríkin hafi fallið vegna niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði verð ég að lýsa yfir óánægju minni með það að menn skyldu ekki taka tillit til athugasemda sem fram komu hjá fleiri en einum þingmanni um að möguleikar til að styðja nýjar hitaveitur ættu að vera meiri en gert er ráð fyrir í þessari grein. Lagt var til að til þess gæfust allt að tíu ár. Hér er gert ráð fyrir fimm árum. Ég lýsi yfir óánægju minni með þetta. Ég tel að þetta eigi að endurskoða. Þess vegna sit ég hjá við afgreiðslu á 12. gr. frv.

13.– 18. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
11 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1246,2 (ný grein, verður 19. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
10 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, JóhS, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

19.–20. gr. (verða 20.–21. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
12 þm. (BBj, EKG, GE, GÁS, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Vörur unnar úr eðalmálmum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 620. mál (merkingar og eftirlit). — Þskj. 973, nál. 1255 og 1260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:16]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 668. mál (bókhald í erlendum gjaldeyri). — Þskj. 1084, nál. 1256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:17]
Brtt. í nál. 1256 samþ. með 50:6 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
7 þm. (BBj, EKG, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 50:6 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
7 þm. (BBj, EKG, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49:6 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
8 þm. (BBj, EKG, GÁS, HjÁ, LMR, ÓÖH, SP, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Barnaverndarlög, 3. umr.

Stjfrv., 318. mál (heildarlög). — Þskj. 1412.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
8 þm. (BBj, EKG, GÁS, HjÁ, JÁ, LMR, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1436).

Deilur Ísraels og Palestínumanna, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 734. mál. — Þskj. 1345.

[11:20]

Frsm. utanrmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Utanrmn. hefur sameinast um að leggja fyrir Alþingi svohljóðandi till. til þál. um deilur Ísraels og Palestínumanna:

„Alþingi lýsir áhyggjum sínum af því ófriðarástandi sem nú ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og fordæmir það ofbeldi

sem þar á sér stað. Alþingi leggur áherslu á að öryggi óbreyttra borgara sé tryggt og alþjóðleg mannréttindi virt og telur brýnt að send verði eftirlitsnefnd frá Sameinuðu þjóðunum á svæðið í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1405(2002).

Alþingi krefst þess að öllum ofbeldisverkum linni, þar á meðal sjálfsmorðsárásum og beitingu hervalds, að Ísrael dragi herlið sitt til baka frá sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna, að deiluaðilar semji um vopnahlé og að hafnar verði friðarviðræður um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra í samræmi við nýjustu ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi vísar til ályktunar sinnar frá 18. maí 1989, ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1397(2002), 1402(2002) og 1403(2002) um leið og það lýsir yfir að þjóðum heims beri að stuðla að því að Ísrael og Palestínumenn leysi úr ágreiningsefnum sínum á grundvelli alþjóðalaga og samþykkta Sameinuðu þjóðanna."

Herra forseti. Tillagan er flutt vegna hins alvarlega ófriðarástands fyrir botni Miðjarðarhafsins sem veröldin hefur vitnað á næstliðnum vikum og mánuðum. Meginefni hennar byggist á ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þau mál.

Að öðru leyti skýrir tillagan sig sjálf.

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki þörf á að hafa mörg orð um þessa tillögu. Í fyrsta lagi vil ég fagna því að utanrmn. hefur náð samkomulagi um að láta frá sér heyra í þessu máli. Bara það eitt og sér að Alþingi sýnir þó með því ákveðna meðvitund í málinu að frá því fari ályktun, sem maður gefur sér að samþykkt verði, er nokkurs virði í sjálfu sér. Fyrir því er líka hefð að Alþingi Íslendinga láti sig slík mál varða og ég vísa þar sérstaklega til hinnar merku ályktunar Alþingis frá 1989 sem tvímælalaust var á margan hátt tímamótasamþykkt, ekki bara á þessu þjóðþingi heldur þó víðar væri leitað á Vesturlöndum því mér er til efs að á þeim tíma hafi með jafnskeleggum hætti verið tekið á þeim deilumálum sem uppi voru þá og eru því miður enn fyrir botni Miðjarðarhafsins.

Því er auðvitað ekki að leyna að þessi texti er málamiðlun og sá sem hér stendur hefði getað hugsað sér að taka þarna mun sterkar til orða hvað ákveðna þætti varðar, fyrst og fremst mun harðari fordæmingu á framgöngu Ísraelsmanna að undanförnu en ég held að velflest heimsbyggðin sé orðin mjög langþreytt á hvernig Ísraelsmenn umgangast alþjóðlegar samþykktir og afdráttarlausar ályktanir öryggisráðsins og meira að segja tilmæli og beiðnir bandamanna sinna að hafa þær að engu. Ástandið er auðvitað með öllu óviðunandi og óþolandi fyrir heimsbyggðina að horfa upp á að Ísrael hegði sér með þessum hætti. Að sjálfsögðu fordæma menn án þess að fara í manngreinarálit allt ólögmætt ofbeldi og hryðjuverk gegn saklausum borgurum á hvorn veginn sem það er. En á hitt verður auðvitað að líta að með framferði sínu síðustu vikur og mánuði hefur Ísrael ögrað þessu ástandi öllu saman mjög og nú síðast með því að meina alþjóðlegri eftirlitsnefnd að koma til landsins til að rannsaka þá óhuggulegu atburði sem urðu í flóttamannabúðunum í Jenín. Þetta er, að sjálfsögðu, herra forseti, óhjákvæmilegt að fordæma og það vil ég gera.

Það sem ég hefði talið að íslensk stjórnvöld ættu síðan að einhenda sér í og taka upp baráttu fyrir, og væri fullur sómi af þeirri afstöðu sem hér hefur sameiginlega verið mótuð og birst hefur í yfirlýsingum ráðamanna, ráðherra og ríkisstjórnar í umræðum á Alþingi og í sjálfu sér í þessum ályktunartexta, væri að Íslendingar gerðust á alþjóðavettvangi eindregnir stuðningsmenn þess að alþjóðlegt friðargæslulið yrði sent til Miðausturlanda því að án þess er vandséð að nokkurn tíma verði þarna tryggður sæmilegur friður á meðan menn eru að vinna sig út úr þeim ógöngum sem þeir hafa þarna lent í öðruvísi en að einhver utanaðkomandi aðstoð verði til þess að halda uppi öryggisgæslu á svæðinu.

Ég stend að þessum texta, þessu samkomulagi sem nefndarmaður í utanrmn. og tel að það sé fagnaðarefni þrátt fyrir allt að náðst hefur saman um þessa ályktunartillögu.

[11:27]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér till. til þál. um deilur Ísraels og Palestínumanna frá hv. utanrmn. Ekki þarf að hafa mörg orð um þetta mál. Við höfum upplifað þá ógnaröld sem hefur ríkt á þessu svæði undanfarnar vikur, mánuði og missiri og verðum daglega vitni að ofbeldi og grimmdarverkum sem þarna eiga sér stað. Sú atburðarás sem verið hefur á þeim slóðum og á milli umræddra aðila síðustu vikur og mánuði hefur verið skelfileg. Það er í raun ótrúlegt að fylgjast með því hve vægðarlausir menn eru hver gagnvart öðrum og hve óbreyttir borgarar verða illa fyrir barðinu á þeim átökum. Alþjóðasamfélagið hefur gert tilraunir til þess að ná deiluaðilum að friðarborðinu en því miður án nokkurs árangurs enn þá. Íslensk stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum í þessum efnum og fyrir nokkru sendi utanrrn. orðsendingu til ísraelskra stjórnvalda þar sem þessum ófriði er mótmælt og aðilar málsins hvattir til að ná saman um frið. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ítrekað sent frá sér ályktanir um málið og beitt sér fyrir því að friður komist á en því miður hafa deiluaðilar ekki tekið tillit til þess og má í því sambandi fyrst og fremst nefna Ísraelsmenn. Forustumenn Evrópusambandsins og ýmsir aðrir leiðtogar þjóða heims hafa gengið fram fyrir skjöldu í viðleitni til að stuðla að friði á svæðinu en því miður hefur framganga allra þessara aðila skilað litlum árangri enn þá og við upplifum daglega ofbeldisverk þar sem fjölmiðlar segja frá ofbeldisverkum og þeim ófriði sem þarna ríkir.

Herra forseti. Auðvitað er það svo að Bandaríkjamenn eru nánast eini aðilinn sem getur haft afgerandi áhrif á þessa atburðarás fyrst og fremst vegna tengsla við Ísrael en ég verð að segja að framganga Bandaríkjamanna upp á síðkastið hefur valdið vonbrigðum og mér finnst ekki ljóst hvaða leik þeir eru að leika í þessu máli. Yfirlýsingar þeirra og annað sem að þeim snýr hefur borið keim af tvískinnungi og ljóst er að Bandaríkjamenn verða að koma að þessum málum með meira sannfærandi hætti en til þessa.

En það er annað, herra forseti. Samkvæmt könnun sem sagt var frá fyrir stuttu kom fram að meiri hluti ísraelsku þjóðarinnar virðist standa að baki Sharon forsætisráðherra í þessu máli og þar með standa að þeim aðgerðum sem Ísraelsmenn hafa staðið í gagnvart Palestínumönnum og það hlýtur að valda vonbrigðum og áhyggjum að sú staða sé uppi. En alþjóðasamfélagið getur ekki horft öllu lengur upp á slíka atburðarás án þess að eitthvað markvisst fari að gerast í málum og við gerum þá einföldu kröfu að deiluaðilar taki mark á afstöðu þjóða heims og alþjóðlegum samtökum á

við Sameinuðu þjóðirnar. Við hljótum að binda vonir við að aðilar málsins nálgist hvor annan og hefji nú þegar alvörufriðarviðræður og þar fylgi hugur máli. Þjóðir heims hljóta að koma að málinu til að tryggja sem best að friður komist á og hann haldi. En eins og ég sagði áðan liggur fyrir að Bandaríkjamenn verða að koma að þessum málum með heilum hug en mér hefur fundist það hafa skort til þessa.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um málið. Hér liggur tillaga fyrir frá hv. utanrmn. og ég stend að henni sem nefndarmaður og ég tel mjög mikilvægt að Alþingi standi saman um að senda frá sér ályktun um þetta mál.

[11:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd Samfylkingarinnar lýsa mikilli ánægju með að þessi tillaga hefur verið samþykkt. Við erum þeirrar skoðunar að það sé mikill áfangi að hafa náð þeirri breiðu samstöðu sem birtist í því að allir stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á hinu háa Alþingi hafi sameinast um þessa samþykkt. Vitaskuld hefðum við viljað kveða fastar að orði í þessari tillögu. Við hefðum viljað fordæma miklu harðar það framferði Ísraelsmanna sem við höfum séð í gegnum auga sjónvarpsvéla síðustu ár og sem við, í gegnum sérstök tengsl okkar við Palestínu, höfum fengið nákvæmar upplýsingar um í gegnum sérstakan vin Samfylkingarinnar, dr. Mustafa Barghouthi, sem hingað kom og vann hug og hjörtu þjóðarinnar þegar hann var heiðursgestur á landsfundi Samfylkingarinnar sl. haust. Eigi að síður er þetta mikill áfangi. Ég vil sérstaklega þakka formanni utanrmn. fyrir að hafa lagt lóð sitt á vogarskálar til að hægt yrði að ná þessu fram.

Ég rifja það upp, herra forseti, að talsmenn Samfylkingarinnar hafa aftur og aftur tekið upp málstað Palestínu á þessu þingi og það var Samfylkingin sem hafði frumkvæði að því að umræður um samþykkt þáltill. af þessu tagi hófust. Ég er sérstaklega ánægður með það þegar ég horfi yfir þá tillögu sem hér blasir við að ég sé að í henni er að finna nánast öll þau efnisatriði sem voru í tillögu okkar.

Þáltill. sem við lögðum fram um sjálfstæði Palestínu gerði í fyrsta lagi ráð fyrir því að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísraelsmenn drægju heri sína frá hernumdu svæðunum í Palestínu. Í öðru lagi að Palestínumönnum yrði gert kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi. Í þriðja lagi að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Palestínumenn og Ísraelsmenn leysi úr ágreiningsmálum sínum á grundvelli alþjóðaréttar, samþykkta Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasamninga. Í fjórða lagi var lagt til í tillögu okkar að Alþingi styddi hugmyndir um að alþjóðlegt gæslu- og eftirlitslið yrði sent á vettvang til þess að koma í veg fyrir vopnahlésbrot.

Þegar ég les tillöguna sem hér liggur fyrir og utanrmn. stendur öll að blasir við að öll meginatriði þeirrar tillögu sem Samfylkingin lagði fram á þingi fyrr í vetur er að finna í þessari tillögu. Það er sérstakt ánægjuefni, herra forseti. Við vitum öll að ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins er uggvænlegt. Á hverjum einasta degi sjáum við að Ísraelsmenn fara með vopnavaldi á hendur Palestínumönnum. Þeir brjóta alþjóðlega samninga og þær óskráðu siðareglur sem jafnan hafa verið í gildi manna í millum. Hvar höfum við séð það gerast áður á síðustu áratugum þó að styrjaldarátök hafi blossað upp að herjum hafi verið skipulega beitt til að koma í veg fyrir að sjúkrasveitir og heilsugæslustöðvar gætu sinnt hlutverki sínu? Herra forseti. Á þessum morgni fengum við í Samfylkingunni upplýsingar um það frá skrifstofu dr. Mustafas Barghouthis að í síðasta mánuði hefðu verið gerðar 126 árásir á sjúkrasveitir. Við fengum upplýsingar um að ítrekað í síðasta mánuði hefðu ísraelskir hermenn tekið t.d. hjúkrunarfólk og lækna og notað sem mannlega skildi þegar þeir fóru hús úr húsi til að rýma íbúðarhús, stökkva íbúum á flótta og nota síðan stórtækar vinnuvélar til að mölva húsin.

Herra forseti. Við höfum líka fengið upplýsingar um það, sem alþjóð þekkir, að Ísraelar hafa meinað hjúkrunarsveitum að sækja fólk sem liggur blæðandi til dauða í ryki götunnar. Aftur og aftur hefur þetta gerst. Við höfum dæmi um það frá félögum okkar í Palestínu að fólki hafi jafnvel blætt til ólífis tveimur metrum frá hliði heilsugæslustöðvar.

Í dag er staðan þannig að 270 heilsugæslustöðvar í Palestínu eru óvirkar vegna þess að þær hafa ekki fengið efni og búnað sem þarf til að halda þeim gangandi. Þetta er staðan í dag, herra forseti. Það blasir við að sú óöld sem Ísraelsmenn hafa hrundið af stað fyrir botni Miðjarðarhafsins og viðhaldið árum saman er orsök þessa ástands. Heilu kynslóðir Palestínumanna eru aldar upp í flóttamannabúðum og sjá enga von. Það er þess vegna sem þetta fólk grípur til þess í beiskju sinni að ganga hryðjuverkasveitum á hönd. Þannig er í gangi vítahringur sem erfitt er að brjóta upp. Þá er auðvitað spurningin, herra forseti: Getur land eins og Ísland, þjóð okkar, haft einhver áhrif?

Oftsinnis er eins og Íslendingar telji að rödd Íslands skipti ekki máli. Reynslan sýnir allt annað. Reynslan sýnir að við höfum miklu meiri styrk á alþjóðavettvangi en e.t.v. mætti ætla af stærð þjóðarinnar. Í þessu máli höfum við auðvitað sérstakar skyldur og líka sérstök réttindi. Það var Íslendingur sem lagði fram tillöguna á þingi Sameinuðu þjóðanna sem að lokum var samþykkt og leiddi til þess að Ísraelsríki var stofnað. Það gerir það að verkum að við eigum með vissum hætti frumburðarrétt að Ísraelsríki. Það þýðir það líka að það er hlustað meira á okkur en margar aðrar smáþjóðir. Þess vegna ber okkur siðferðileg skylda til að segja hvað okkur finnst um þetta mál.

Herra forseti. Tvennt vildi ég spyrja hæstv. utanrrh. um áður en þessari umræðu lýkur. Í fyrsta lagi: Hefur hann komist að einhverri niðurstöðu um það hvenær hann hyggist þiggja boð Arafats um að heimsækja Palestínu, og þá Ísrael í leiðinni, til að koma skoðunum Íslendinga, stuðningi þeirra gagnvart Palestínu, á framfæri og jafnframt gagnrýni á framferði Ísraelsmanna? Fram hefur komið að hæstv. utanrrh. áformar slíka för og hafði í hyggju að fara hana fyrir lok maí en hefur eðlilega átt erfitt með það vegna kosninga hér á Íslandi sem hann skiljanlega vill fylgjast með.

Í annan stað vil ég rifja upp, herra forseti, að ég fyrir hönd Samfylkingarinnar innti hæstv. forsrh. eftir því utan dagskrár fyrir skömmu hvort íslenska ríkisstjórnin hygðist fara að frumkvæði norsku ríkisstjórnarinnar sem hefur nú í bígerð að setja upp sérstakan sjóð til að styrkja uppbyggingu á þeim svæðum sem verst hafa orðið úti í Palestínu. Hæstv. forsrh. svaraði því með því að rifja upp sannarlega lofsverð framlög íslensku þjóðarinnar, íslensku ríkisstjórnarinnar, til Palestínu en hann tók jafnframt vel í að Íslendingar létu meira fjármagn af höndum rakna. Ég spyr því hæstv. utanrrh.: Mun hann beita sér fyrir því í kjölfar samþykktar þessarar tillögu að ríkisstjórnin samþykki líka að setja sérstaka fjárveitingu til að byggja upp þau svæði sem verst hafa orðið úti í þessari hrinu átaka Palestínumanna og Ísraels?

[11:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og mál standa í dag er gert ráð fyrir að ég fari í heimsókn til Ísraels 26. maí og eigi fund með utanrrh. Ísraels mánudaginn 27. maí. Þetta var staðfest fyrir klukkutíma.

Önnur atriði heimsóknarinnar liggja ekki fyrir á þessari stundu en sem sagt er gert ráð fyrir því að hún verði farin.

Að því er varðar þátttöku Íslendinga í því uppbyggingarstarfi sem blasir við hafa engar ákvarðanir verið teknar. Við munum að sjálfsögðu fylgjast með undirbúningi þess. Það er ljóst að alþjóðasamfélagið þarf að koma þar að í ríkum mæli. Ég geri ráð fyrir að Íslendingar komi að því með einum eða öðrum hætti. Það er ekki tímabært að ákveða á þessari stundu með hvaða hætti það verður gert.

Það er sem sagt gert ráð fyrir að þessi heimsókn verði á þeim tíma sem hefur verið í undirbúningi um alllangan tíma.

[11:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Tilefni þess að ég innti hæstv. forsrh. eftir því á sínum tíma hvort hann mundi beita sér fyrir því að íslenska ríkisstjórnin legði meira af höndum til uppbyggingar í Palestínu en þá hafði verið gert var eftirfarandi: Jagland, fyrrum utanrríkisráðherra og formaður norska verkamannaflokksins, lagði fram tillögu á norska Stórþinginu um að Norðmenn létu af höndum rakna, til viðbótar við það sem áður hafði verið gert, 100 millj. norskra króna í sérstakan sjóð sem varið yrði til að byggja upp á þessum svæðum. Hæstv. forsrh. tók ákaflega vel í að íslenska ríkisstjórnin mundi líka samþykkja að ráðast með einhverjum hætti í uppbyggingu á þessum svæðum eða stuðning við uppbyggingu. Það er mikilvægt að hæstv. utanrrh. hefur tekið undir það.

Í sjálfu sér, herra forseti, fagna ég því að komin er niðurstaða í það að hæstv. utanrrh. mun fara til Ísraels 26. næsta mánaðar. Það er mikilvægt. Auðvitað geng ég ekki gruflandi að því að hæstv. utanrrh. mun ekki liggja á þeim skoðunum gagnvart stjórn Ísraels sem hann hefur margsinnis lýst hér. Ég vil hins vegar rifja upp að hæstv. utanrrh. sagði einum eða tveimur sinnum í umræðum við mig og fleiri í þinginu að hann mundi sameina för til Ísraels og Palestínu. Er það ekki alveg ljóst, herra forseti, að auk þess sem hann mun fara og túlka og tjá skoðanir íslenska þingsins og framkvæmdarvaldsins gagnvart Ísrael muni hann sameina það ferðalag för til Palestínu til að láta í ljósi með sama hætti þann umbúðalausa stuðning sem þing, þjóð og ríkisstjórn hefur, í orðum a.m.k., sýnt Palestínumönnum?

[11:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, allan tímann hefur verið gert ráð fyrir því að þessi ferð verði bæði til Ísraels og til Palestínu en nákvæm útfærsla á henni liggur ekki fyrir á þessari stundu.

[11:43]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Satt að segja finnur maður nokkuð til vanmáttar síns og fátæktar í anda þegar maður tekur til máls um þessi ógnarmál fyrir Miðjarðarhafsbotni. Ég vil minna á, af því sem mönnum liggur afar þungt orð til Ísraela, að aldrei veldur einn þegar tveir deila.

Ég lýsi yfir fylgi okkar Frjálslynda flokksins við þessa tillögu þótt ég muni síðar gera örstuttar athugasemdir við innihald hennar. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að við áttum á sínum tíma drjúgan þátt í stofnun Ísraelsríkis og afstaða okkar er ekki tilgangslaus eða þýðingarlaus af því sem mjög margir í Ísraelsríki muna afskipti Thors Thors af málinu og taka kannski meira mark á okkur í þessum efnum en ella. Vafalaust.

Ég ætlaði einkum að víkja að, og kom það fram í máli mínu fyrr þegar þessi mál voru rædd, þætti Bandaríkja Norður-Ameríku. Það hefur verið sannfæring mín frá upphafi að enginn gæti stillt til friðar og komið af ógnaröldinni nema Bandaríki Norður-Ameríku. En hvernig hafa þau haldið á þessum málum? Ég verð að segja það, og það er önnur athugasemdin við þessa tillögu, að mér finnst sárlega skorta að Alþingi Íslendinga lýsi yfir andúð á þeim aðferðum sem sú þjóð hefur haft í frammi, sú eina sem getur stillt til friðar.

Colin Powell var sendur í för austur til þess að ræða við aðila. Hann þveittist milli annarra ríkja og var niðurlægður af sinni eigin þjóð. Bandaríkjamenn héldu meira að segja áfram meðan hann var í ferðinni að lýsa því yfir að Sharon væri friðarins maður. Allt er þeirra framferði með þeim hætti að maður hlýtur að hafa á því sterkustu andúð.

Hvað með málsmeðferð þeirra í sambandi við rannsóknarnefndina sem skyldi halda til Jenín og rannsaka ógnirnar þar? Þeir ætluðu fyrst í stað að stöðva þá samþykkt. Henni var þá breytt þannig að þeir gátu við hana unað. En þetta hefur ekkert náð fram að ganga því að Ísraelum helst uppi eftir sem áður að fara sínu fram. Dettur einhverjum í hug ef Bandaríkjamenn sýndu alvöru í málinu að Ísraelar mundu halda þessu fram sem horfir nú um hernaðaraðgerðir? Það dettur mér ekki í hug. Það er auðvitað mikilsvert að alþjóðasamfélagið komi að þessu máli. En númer eitt, tvö og þrjú eru það Bandaríkjamenn sem hafa þetta í hendi sér og þess vegna er ábyrgð þeirra ógnarlega mikil. En það skyldu þó ekki vera hinir sterkríku gyðingar Bandaríkjamanna sem eiga þarna drýgstan þátt í afstöðu Bush forseta? Bush forseti er þeirrar ættar að hann skilur veldi og vald fjármagnsins.

Það er löngu ljóst að þessir aðilar geta ekki samið sín í milli. Ástæður eru augljósar, t.d. það sem ég hef áður nefnt að Palestínumenn geta aldrei samið um það, Arafat getur aldrei samið um það að þessar 4 milljónir manna sem hröktust frá óðulum sínum á sínum tíma eigi ekki afturkvæmt. Það getur hann ekki samið um enda þótt hann sjái fram á að það verða aldrei nema afar fáir sem það fá. Og Ísraelsmenn geta heldur ekki samið um þessa undirstöðukröfu Palestínumanna af því að þá væru þeir að sínu leyti að veikja ríki sitt, ef ekki á að segja afmá.

Ekki er ástæða til að hafa um þetta málalengingar og því síður að hafa uppi langar lýsingar á ástandinu austur þar sem glymja í eyrum manna morgun og kvöld og miðjan dag.

Ég vil aðeins benda hv. utanrmn. á orðalagið í tillögunni, með leyfi forseta:

„Alþingi krefst þess að öllum ofbeldisverkum linni, þar á meðal sjálfsmorðsárásum og beitingu hervalds, ...“

Það er reyndar nokkuð tæmandi að fordæma og krefjast þess að þessu linni. En væri ekki betra orðalag:

„Alþingi krefst þess að öllum ofeldisverkum linni, hvort heldur sem um er að ræða sjálfsmorðsárásir eða beitingu hervalds. Ísrael dragi herlið sitt til baka ...“

Ég varpa þessu fram án þess að hér sé um neitt grundvallaratriði að tefla.

En alveg sérstaklega fer ég fram á það að hv. uatnrmn. ræði hvort ekki megi skeyta við þessa ályktun andúð á framferði Bandaríkjamanna, beinni andúð, og um leið að skora á þessa þjóð sem hefur úrslitavald í hendi sinni að taka breytta afstöðu og fara öðruvísi fram í aðferðum sínum. Það er meginmál að minni hyggju nú að þeir breyti um stefnu. Það er ekkert nema hálfkæringur allan tímann og það hefur Sharon vitað. Ella hefði hann ekki haft þessar ógnanir í frammi eftir að svo átti að heita að Bandaríkjamenn væru farnir að skipta sér af málum.

Þetta vil ég leggja til, herra forseti, og bið hv. utanrmn. að sinna og íhuga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:51]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 12.–50. mál.

Fundi slitið kl. 11:52.

---

134. FUNDUR

þriðjudaginn 30. apríl,
að loknum 133. fundi.

Dagskrá:

1. Steinullarverksmiðja, stjfrv., 663. mál, þskj. 1073. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1425, brtt. 1288. — 3. umr.
3. Stefna í byggðamálum 2002–2005, stjtill., 538. mál, þskj. 843, nál. 1407 og 1410. — Síðari umr.
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 1362, brtt. 1404. — 3. umr.
5. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264, nál. 1375 og 1381. — 2. umr.
6. Tæknihaskóli Íslands, stjfrv., 649. mál, þskj. 1429. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 204. mál, þskj. 1430. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 1431. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 1432. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1433. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 640. mál, þskj. 1434. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Vörur unnar úr eðalmálmum, stjfrv., 620. mál, þskj. 973. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1435. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
14. Deilur Ísraels og Palestínumanna, þáltill., 734. mál, þskj. 1345. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
15. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198 og 1405, brtt. 1406. — 2. umr.
16. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.
17. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278 og 1428, brtt. 1279. — Síðari umr.
18. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.
19. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.
20. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.
21. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360. — 2. umr.
22. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327. — 2. umr.
23. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347, nál. 1332 og 1398. — 2. umr.
24. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902, nál. 1333, brtt. 1334 og 1373. — 2. umr.
25. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — 2. umr.
26. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 797, nál. 1354. — 2. umr.
27. Landgræðsluáætlun 2003–2014, stjtill., 555. mál, þskj. 873, nál. 1357. — Síðari umr.
28. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 437, nál. 1383, brtt. 1384. — 2. umr.
29. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 630. mál, þskj. 1001, nál. 1382, brtt. 1399. — 2. umr.
30. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974, nál. 1426, brtt. 1427. — 2. umr.
31. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 504. mál, þskj. 796, nál. 1396, brtt. 1397. — 2. umr.
32. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910, nál. 1372. — 2. umr.
33. Verslunaratvinna, stjfrv., 607. mál, þskj. 954, nál. 1408, brtt. 1409. — 2. umr.
34. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44, nál. 1374. — Síðari umr.
35. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.
36. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.
37. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.
38. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.
39. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Síðari umr.
40. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Síðari umr.
41. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Síðari umr.
42. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Síðari umr.
43. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Síðari umr.
44. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Síðari umr.

45. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Síðari umr.

46. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Síðari umr.

47. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Síðari umr.

48. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1371. — Síðari umr.

49. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, þáltill., 269. mál, þskj. 314. — Fyrri umr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breyting á frumvarpi um vinnuvernd.

[11:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur þingmál sem ber heitið Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum. Þetta hljómar vel og þegar frv. kom upphaflega fram ætluðu menn að byggt yrði á samkomulagi aðila á vinnumarkaði um heilsuvernd á vinnustöðum. Síðan kemur í ljós að ríkisstjórnin hefur rifið út úr samkomulaginu að kröfu atvinnurekendasamtakanna ákvæði sem verið hefur í lögum síðan 1980 og skerðir þannig lögbundin réttindi launafólks til heilsuverndar.

Herra forseti. Á morgun er 1. maí, baráttu- og samstöðudagur verkalýðshreyfinginnar. Er þetta kveðja íslensku ríkisstjórnarinnar til íslensks launafólks? Er þetta kveðja hæstv. félmrh. til íslensks launafólks? Er þetta 1. maí ávarp ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

[11:54]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau mótmæli sem hér hafa komið fram og lýsa furðu minni yfir því að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að leysa áratuga gamalt reyndar deilumál milli atvinnurekendasamtakanna annars vegar og verkalýðssamtakanna hins vegar með því að brjóta í bága við samkomulag sem menn komu sér loksins saman um um túlkun á þessari umræddu grein um heilsuvernd starfsmanna. Hér ætlar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að fara fram og blanda sér inn í þá deilu og taka afstöðu með atvinnurekendum í mjög viðkvæmu máli. Ég furða mig á því, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn skuli gera þetta. Það er rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan að menn voru búnir að koma sér saman um mál, farið er í samráð en síðan er tekin niðurstaða sem er öðrum aðilanum í óhag og keyra á málið þannig í gegnum þingið. Ég lýsi yfir furðu minni á slíkum vinnubrögðum og mótmæli því að svona sé staðið að verki.

[11:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Frumvarp um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem hér hefur verið gert að umræðuefni, fjallar um að lögfesta meginreglu vinnutímatilskipunar ráðs Evrópusambandsins um daglegan hvíldartíma og m.a. vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Á þeim atriðum tekur frv. Og þó svo frv. geri ráð fyrir að hægt verði að semja við aðila um að sjá um heilsuverndina, en ekki að heilsuverndin fari eingöngu fram á heilsugæslustöðvum, þá er séð fullkomlega fyrir því að hægt verði að annast heilsufarsskoðun og heilsuvernd starfsmanna. Um það fjallar frv. og er engin ástæða til annars en að líta svo á að hér sé fullkomlega séð fyrir hag launþega.

[11:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst dálítið einkennilegt að menn taki upp til umræðu í upphafi fundar um störf þingsins mál sem er á dagskrá fundarins og hefji efnislega umræðu um þingmálið. Mér finnst eðlilegt að menn ræði um þingmálið þegar að því kemur og það tekið til umræðu. Það hefur verið til athugunar í þingnefnd og hún hefur lokið athugun sinni á málinu og skilað álitum og brtt. Ég held því að það sé ekkert að vanbúnaði að menn ræði um efnisatriði málsins þegar það verður tekið fyrir.

Ég vil hins vegar segja um það atriði sem hér er gagnrýnt að samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá hæstv. félmrh. er sú breyting sem gerð er, þ.e. að fella brott tiltekið ákvæði sem hefur verið lengi í lögum, í raun engin breyting á þeirri framkvæmd sem verið hefur um áratuga skeið vegna þess að lagaákvæðum hefur ekki verið framfylgt þannig að ekki er um að ræða neina breytingu á framkvæmd eða efni máls þó að frv. verði að lögum eins og því er skilað frá þingnefnd til þingsins.

[11:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við erum að freista þess að ljúka þingstörfum ef til vill í dag ef lukkan er með okkur og góður vilji líka. Það þarf góðan vilja til þess.

Það mál sem hérna liggur fyrir snertir okkur öll á vissan hátt. Við höfum á þessu þingi, bæði stjórn og stjórnarandstaða, reynt að ná góðri samstöðu við verkalýðshreyfinguna um að kveða niður verðbólgudrauginn. Við höfum reynt það sem við getum til þess að styðja hvert annað í þeirri viðleitni.

Nú liggur fyrir að hér er verið að ráðast á hlut sem verkalýðshreyfingunni er afskaplega kær, þ.e. þau heilsuverndarákvæði sem hafa verið áratugum saman í löggjöf okkar. Þeim er hleypt út í einu lagi. Og þegar hv. formaður félmn. kemur hér og heldur því fram, eða skilja mátti mál hennar þannig, að þetta væri gert í góðu samkomulagi vegna þess að í rauninni væri svo vel fyrir þessum málum séð jafnvel betur en áður, þá er það fullkomlega rangt.

Fyrir liggur að gjörvöll verkalýðshreyfingin hefur harðlega mótmælt þessu máli. BSRB hefur mótmælt því, Alþýðusamband Íslands hefur mótmælt því og baráttudagur verkalýðsins er á morgun. Það er á morgun sem verkalýðshreyfingin tekur höndum saman til að lyfta upp kröfum sínum. Það hlýtur að vera krafa hennar að þetta tiltekna ákvæði verði tekið til baka. Við vitum að það er krafa hennar. Við vitum það sem sitjum á þessu þingi vegna þess að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa sent okkur bréf og hafa haft samband við okkur og það er alveg ljóst að við í stjórnarandstöðunni leggjum mikla áherslu á að þessu verði breytt. Það er þess vegna, herra forseti, sem við komum hér upp og leggjum áherslu á þetta mál og vekjum eftirtekt á því við upphaf fundar að hér er verið að taka mál á dagskrá sem er ekki líklegt til að greiða fyrir lyktum þingsins. Þess vegna eru það tilmæli okkar að þetta mál verði tekið út af dagskrá, herra forseti, og reynt verði að finna einhverja sátt í málinu sem byggist á gagnkvæmu tilliti.

[12:00]

Ásta Möller:

Herra forseti. Það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er að starfsmenn hafi heilsuvernd, fái þjónustu sem

kveðið er á um í samningum. Í því ákvæði sem hér er um deilt er það heilsugæslan sem á að sjá um þetta verkefni. Heilsugæslan hefur ekki getað séð um það verkefni, m.a. vegna þess að það krefst mikillar sérhæfingar.

Í frv. sem hér er verið að fjalla um er verið að reyna að opna það ákvæði, þ.e. að gefa fleirum tækifæri til að koma að því verkefni, að atvinnurekendur geti samið við aðra aðila en heilsugæsluna eða sjúkrahúsin eins og þar stendur um að veita slíka þjónustu. Aðalatriðið er að heilsuvernd starfsmanna sé sinnt með einhverjum hætti og það hefur verið of þröngt hingað til og nú verður opnað á það. Ég verð að segja að ég skil ekki þá umræðu sem hér fer fram. (**ÖJ:** Það er verið að skerða réttindin.)

[12:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagðist ekki skilja þá umræðu sem hér færi fram. Hún snýst um það, herra forseti, að haft sé í heiðri að vinnuverndarstarf á Íslandi hefur hingað til verið byggt upp á samráði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og þeirri löggjöf sem við búum við og þetta snýst um það að því samráði sé haldið áfram og það sé virkt, herra forseti. Hvað sem hv. þm. Ástu Möller kann að finnast um heilsuverndina eins og hún birtist í því frv. sem hér liggur fyrir, þá er um þetta grundvallarágreiningur. Haft var um það samráð, leitað var eftir samráði en ekki var farið eftir því samráði og komið var með óskatillögur ríkisstjórnarinnar sem eru ekki í samræmi við það samráð sem leitað var eftir. Um það snýst málið, herra forseti, hvað sem okkur einstökum hv. þm. kann að finnast um efnisinnihald þeirra lagagreina sem hér liggja fyrir.

[12:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það eru fleiri þingmenn á mælendaskrá. Ég vil vekja athygli þingmanna á því, þó mér þyki vænt um að heyra almennar skoðanir undir þessum dagskrárlið, að þetta mál er á dagskrá.

[12:03]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hæstv. forseta að málið er á dagskrá og eðlilegt að menn ræði efnisatriði þess undir þeirri umræðu. Ég held hins vegar að það sé sjálfsagt að menn skoði þau deiluefni sem uppi eru og við reynum að glöggva okkur á þeim. Það er alveg sjálfsagt að beita sér fyrir því að menn skoði það milli 2. og 3. umr. eða eftir atvikum í dag eins og kostur er. En ég held að við ættum að halda okkur við áætlunina um að taka málið fyrir og ræða það.

[12:03]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Herra forseti. Það var alveg augljóst á máli þeirra fulltrúa aðila vinnumarkaðarins sem komu á fund hv. félmn. að farið hafði fram mikið samráð og menn eru algjörlega sammála um meginatriði frv. Ég sé því ekki nokkra einustu ástæðu til þess að fresta eða tefja umræðu um málið eða að við getum ekki átt efnislega umræðu um það í dag. Það er vitað mál að samráð aðila vinnumarkaðarins fer fram og aðilar vinnumarkaðarins eru búnir að sitja mánuðum saman yfir þeim frumvarpstexta sem kemur síðan til okkar hér á Alþingi. Því getum við ekki átt síðan efnislega umræðu í dag um málið? Við skulum bara gera það og fara mjög nákvæmlega yfir málið.

[12:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta voru rangfærslur hjá hv. formanni félmn. Frumvarpið byggir ekki á sátt. Það er hins vegar rétt að haft var samráð og menn náðu samkomulagi og það er frá því samkomulagi sem ríkisstjórnin er nú að hlaupa með því að rífa tiltekin efnisatriði út úr frv. og veikja lögbundna réttarstöðu launafólks. Um þetta er ríkisstjórninni fullkunnugt.

Talsmenn BSRB og Alþýðusambands Íslands hafa átt fund með félmrh. um þetta atriði og komið á framfæri eindregnum mótmælum. Jafnframt hefur verið boðist til þess að setjast að viðræðuborði og reyna að ná sátt um ásættanlega niðurstöðu.

Þetta eru staðreyndir málsins. Á þetta hefur hins vegar ekki verið hlustað. Því er mótmælt og er eðlilegt að þetta sé rætt í því samhengi sem hér er gert um störf þingsins því að það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að menn eru að sjálfsögðu að ræða með hvaða hætti við getum lokið þinghaldinu. Og það er líka ástæða til að vekja athygli á því að á morgun er 1. maí, baráttudagur verkalýðsins og þetta eru kaldar kveðjur frá Alþingi ef málið á fram að ganga með þessum hætti.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:06]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, JóhS, JónK, KolH, LMR, LB, ÓÖH, PP, SI, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 6.–7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EMS, GHH, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁSJ, BH, GE, GÁS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, JóhS, JónK, KolH, LMR, LB, ÓÖH, PP, SI, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 8. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 29:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, GHH, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÖJ.

nei: ÁSJ, ÁRJ, KVM, LB, MF, SJóh, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

6 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, RG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (AKG, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, JóhS, JónK, KolH, LMR, ÓÖH, PP, SI, SP, SJS, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 9.–14. dagskrármáls.
— Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JB, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
19 þm. (AKG, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, JóhS, JónK, KolH, LMR, LB, ÓÖH, PP, SI, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Tilhögun þingfundar.

[12:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil geta þess áður en lengra er haldið að gert er ráð fyrir því nú að ræða um landbúnaðarmál til kl. eitt en síðan kl. 13.30, að loknu matarhléi, verði tekið til við að ræða 1. dagskrármálið, Steinullarverksmiðju. Að þeirri umræðu lokinni má gera ráð fyrir atkvæðagreiðslu og síðan verður gengið til umræðu um 4. dagskrármálið, um stjórn fiskveiða.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, 2. umr.

Stjfrv., 505. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 797, nál. 1354.

[12:09]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands, Sigurð Örn Hansson og Sverri Sverrisson frá yfirdýralækni og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Bændasamtökum Íslands, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis syðra, héraðsdýralækni Snæfellsumdæmis, Landssamtökum sláturleyfishafa, Neytendasamtökunum og yfirdýralækni.

Með frumvarpinu er lagt til að hámark gjalds sem heimilt er að innheimta fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í sláturhúsum verði hækkað úr 2,50 kr. í 3,46 kr. á hvert kíló kjöts.

Fyrir nefndina hafa verið lögð gögn frá yfirdýralækni sem sýna skiptingu kostnaðar við eftirlit milli einstakra dýrategunda. Samkvæmt þeim upplýsingum er hlutfallslega mestur kostnaður við eftirlit með alifuglakjöti, einkum vegna salmonellu- og kampýlóbaktersmits. Nefndin telur eðlilegt að hver grein um sig beri þann kostnað sem af eftirlitinu hlýst og leggur til að mismunandi gjald verði innheimt fyrir hverja tegund kjöts. Þá telur nefndin að kostnaður af starfi héraðsdýralækna við kjötskoðun skuli greiðast af launalið viðkomandi embætta samkvæmt fjárlögum enda verður að telja skoðunina hluta af starfi þeirra. Óeðlilegt er að framleiðendur og/eða neytendur greiði þann hluta kostnaðarins með skattheimtu af þessu tagi. Nefndin leggur því til breytingar á frumvarpinu sem miðast við að mismikla gjaldtöku af hverri tegund fyrir sig.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,10 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 3,00 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 2,20 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 2,90 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 6,50 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl. V. Matthíasson, Einar Oddur Kristjánsson, Þuríður Backman, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[12:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Með frv. var farið fram á að gjald fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í sláturhúsum yrði hækkað úr 2,50 í 3,46 kr. og það verður að segjast eins og er að þegar frv. kom fyrir nefndina, þá rak okkur í rogastans því að þetta rakst heldur betur á við þau áform sem hafa verið uppi í þjóðfélaginu undanfarið um að reyna að halda verðhækkunum fyrir neðan hin rauðu strik og lá eiginlega beint við að ef þetta yrði samþykkt, þá væri ekki hægt að láta þessa hækkun fara út í verðlagið. Þetta hlyti því að koma þannig út að þetta yrði tekið af bændum í landinu. Það þótti okkur ekki góð latína við þessar aðstæður.

Við erum auðvitað hlynnt því að fram fari mjög gott eftirlit eins og verið hefur með kjöti og sláturafurðum og það verður að segjast eins og er að við Íslendingar höfum náð einstökum árangri á undanförnu ári, t.d. hvað viðkemur baráttunni við kampýlóbakter og er ástæða til að hafa orð á því að það er ekkert sjálfgefið að svo vel takist til eins og hér hefur gerst í baráttunni við þann vágest.

En það varð niðurstaðan í nefndinni að deila þessu gjaldi mismunandi niður á afurðir eftir því hver kostnaðurinn við eftirlitið er og einnig að beina því til fjárln. að hafa það í huga að kostnaður af starfi héraðsdýralækna við kjötskoðun skuli greiðast af launalið viðkomandi embætta. Samkvæmt því höfum við fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. landbn. skrifað upp á þetta frv. án fyrirvara.

[12:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég hafði allan fyrirvara á frv. þegar það var lagt hér fram og á þessari beiðni um hækkun á gjaldi til að standa straum af raunkostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturfurðum. Það kom fram að gjaldheimildin hafði aldrei verið að fullu nýtt og farið var fram á umtalsverða hækkun.

Það verður að viðurkennast að gjaldið sem tekið er af hverju kílói kjöts, sem hefur verið 2,50 kr., stóð ekki undir kostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum. Þegar við fórum að skoða málið betur kom í ljós að kostnaður við þetta eftirlit er mjög breytilegur og hafði breyst á fáum árum. Þegar jöfnunargjald var lagt á á sínum tíma var talið að nokkuð svipaður raunkostnaður væri af eftirliti með sláturafurðum

mismunandi dýrategunda. Það hefur breyst sem kemur til af breyttum búskaparháttum. Með frekari verksmiðjubúskap og meiri framleiðslu á alifuglum og svínum er eðlilegt að raunkostnaður hvað varðar heilbrigðiseftirlit á þessum tegundum hafi aukist. Samkvæmt svari sem hæstv. landbrh. hefur nýlega dreift við fyrirspurn minni um eftirlitsgjöld á kjöti kemur fram að rannsóknir, svo sem vegna salmonellu og kampýlóbakters, hafa aukist mjög og þá sérstaklega hjá alifuglum.

Eftir að hafa sundurgreint þennan kostnað töldum við ekki rétt að hafa áfram jöfnunargjald þannig að sauðfjárbændur væru í raun að greiða niður eftirlitskostnað fyrir þá framleiðendur sem þeir eru í harðri samkeppni við, þ.e. framleiðendur hvíta kjötsins, og töldum rétt að hver búgrein bæri raunkostnað af heilbrigðiseftirliti sínu. Því er ég fullkomlega sátt við þá breytingu sem hér kemur fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landgræðsluáætlun 2003–2014, síðari umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 873, nál. 1357.

[12:18]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. á þskj. 1357 um till. til þál. um landgræðsluáætlun 2003–2014.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Níels Árna Lund frá landbrn., Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands og Svein Runólfsson og Ketil Sigurjónsson frá Landgræðslu ríkisins.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Búnaðarsambandi S-Þingeyinga, Búnaðarsambandi Suðurlands, Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Eyþingi, Fljótsdalshreppi, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavíkurborg, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Skjólskógum Vestfjörðum, Sveitarfélaginu Hornafirði, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og umhverfisnefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að tilteknum fjármunum skuli varið til landgræðslu í samræmi við gildandi lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, samkvæmt sérstakri áætlun. Með tillögunni er mótaður rammi um landbætur og verndun landkosta til ársins 2014 en gert er ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð fyrir árslok 2005. Með sérstakri landgræðsluáætlun eru markaðar áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu, eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun o.fl. og gerir áætlunin ráð fyrir aukinni landgræðslu á tímabilinu.

Nefndin vekur athygli á því að í tillögunni er vísað til gildandi laga nr. 17/1965, um landgræðslu, og laga nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, en fyrir Alþingi liggja frv. til nýrra heildarlaga um þessi efni. Verði þau frv. að lögum mun tillögugreinin gilda að breyttu breytanda.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu. Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl V. Matthíasson, Einar Oddur Kristjánsson, Þuríður Backman, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[12:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. án fyrirvara og það gerði ég vegna mikilvægis þess að ljóst liggi fyrir hvaða fjármagn sé áætlað til Landgræðslu ríkisins á þessu tímabili. Með tilliti til þess höfum við frestað afgreiðslu á lögum um landgræðslu og munum nota sumarið til að fara vel yfir þá lagasmíð. Ábendingar sem hafa komið fram varðandi landgræðsluáætlunina munu þá liggja frammi í þeirri vinnu líka.

Það er mjög mikilvægt að á hverjum tíma séu slíkar áætlanir fyrirliggjandi rétt eins og vegáætlun og hafnaáætlun, að til lengri tíma litið sé ljóst hvaða fjármagn Landgræðslan hefur til að geta gert bindandi samninga — það er hluti af núverandi starfi — og til að geta ráðist í verkefni einhver ár fram í tímann. Það er mjög ánægjulegt að fylgjast með þeirri þróun að Landgræðslan skuli leggja áherslu á að fá heimamenn á hverju svæði meira til þátttöku og starfa, og eins að verið sé að styrkja héraðssetur Landgræðslunnar. Við eigum að halda því áfram og koma héraðssetrum upp sem víðast þar sem við teljum að umsvif Landgræðslunnar séu með þeim hætti að héraðssetur muni styrkja svæðið. Það er ánægjulegt til þess að vita að tekin hafi verið sú ákvörðun að koma upp héraðssetri á Egilsstöðum sem verði opnað núna í sumar og sé hluti af þessum verkefnum.

Í sjálfu sér væri hægt að fara nokkuð mörgum orðum yfir verkefnið og markmið landgræðsluáætlunarinnar en ég ætla ekki að gera það núna vegna þess nauma tíma sem við höfum. Ég vil þó nefna eitt og það er binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt sem er árangursríkt verkefni hér á landi miðað við ástand lands. Mér finnst ætíð leiðinlegur sá svipur í þessum áætlunum þegar verið er að binda þær við möguleika okkar á frekari stóriðju og mengun, að það sé hluti af verkefninu frekar en að hafa áætlunina eins og áður var, að horfa til landbóta og hafa það sem markmið ásamt því að horfa í þetta alþjóðlega samhengi en ekki með það í huga að geta þá enn frekar haft mengandi stóriðju hér á landi.

[12:25]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Landgræðslan er mjög mikilvæg og í samfélaginu er eining um að land okkar eigi að vera vel búið gróðri og að okkur beri að vinna gegn gróðureyðingu með því að stunda landgræðslu og varnir gegn landbroti og öðru því sem skaðar gróður landsins. Þess vegna er starfsemi Landgræðslunnar mjög fjölþætt og víðfeðm og í raun og veru alltaf að breytast.

Það er ánægjulegt að sjá að lögð er aukin áhersla á fræðsluþætti og, eins og fram hefur komið, að heimamenn í hverju héraði, félagasamtök og aðrir aðilar, taki aukinn þátt í landgræðslunni. Allt þetta eykur líka áhuga manna á því að taka þátt í landgræðslunni og að við tökum höndum saman í þessu máli.

Við erum að tala um að að 6,5 milljarðar fari á þessu tímabili, 2003–2014, í verkefnin. Við styðjum þetta og hér er náttúrlega líka verið að fylgja eftir lögum um að hafa eigi landgræðsluáætlanir. Það er von mín, herra forseti, að

þetta eigi eftir að skila góðum árangri, bæði hvað varðar uppgræðsluverkefni sem eru í gangi, verkefnið „Bændur græða landið“ og það sem fer í landbótasjóð, fyrirhleðslur og annað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búfjárhald o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (heildarlög). — Þskj. 437, nál. 1383, brtt. 1384.

[12:27]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. landbn. um frv. til laga um búfjárhald o.fl. og brtt. nefndarinnar sem eru á sérstöku þingskjali.

Tilgangur laga þessara er að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Valdimarsdóttur og Hákon Sigurgrímsson frá landbrn. og Sigurgeir Þorgeirsson og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Búnaðarsambandi Suðurlands, Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, Bændasamtökum Íslands, Dýraverndarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, Vottunarstofunni Túni hf. og yfirdýralækni.

Með frv. eru kynntar töluverðar breytingar á búfjáreftirliti. Lagt er til að búfjáreftirlitssvæði verði stækkuð, dregið úr forðagæslueftirliti hjá umráðamönnum búfjár sem sinna skyldum sínum vel, umráðamenn búfjár verði skráðir og gerðar endurbætur á úrræðaferli fyrir mál er varða slæman aðbúnað og/eða fóðrun búfjár.

Eftir athugun málsins telur nefndin rétt að leggja til nokkrar breytingar á frv. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að sveitarstjórn hafi yfirumsjón með aðgerðum sem grípa þarf til ef handsama þarf búfé sem sloppið hefur úr vörslu umráðamanns í stað þess að þær skyldur séu lagðar á lögreglustjóra.

2. Lagt er til að kveðið verði skýrar á um það að sveitarfélög beri kostnað af búfjáreftirliti innan síns umdæmis enda er eftirlitið á ábyrgð þeirra. Þá er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn verði ekki heimilt að innheimta eftirlitsgjald fyrir venjulegt búfjáreftirlit en verði heimilt að inheimta gjald vegna kostnaðar sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa vegna ákvæða 9., 15. og 16. gr.

3. Lagt er til að búfjáreftirlitsmenn fari í voreftirlitsferð til þeirra umráðamanna búfjár sem ekki hafa innra eftirlit sem viðurkennt er af héraðsdýralækni.

4. Þá er lagt til að sérstök talning búfjár fari ekki fram nema rökstuddur grunur leiki á um vantalningu líkt og kveðið er á um í gildandi lögum.

5. Enn fremur er lagt til að frestir til aðgerða skv. 16. gr. verði styttir en reynslan hefur sýnt að yfirleitt er skjótra aðgerða þörf.

6. Jafnframt er lagt til að kveðið verði nánar á um heimild og skyldu landbrh. til að gefa út aðbúnaðarreglugerðir.

7. Að lokum eru lagðar til nokkrar smávægilegar lagfæringar á hnökrum í frv. sem ekki þarfnast nánari skýringa.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og gerð er grein fyrir hér að framan.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þuríður Backman ritar undir álitið með fyrirvara. Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Aðrir nefndarmenn rita undir álitið án fyrirvara, þ.e. hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl V. Matthíasson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[12:31]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Helsti fyrirvari minn er að með þessum breytingum er verið að koma eftirlitsskyldu yfir á sveitarstjórnir og frekari ábyrgð á verkefnum. Ég tel að með því falli óljós kostnaður á sveitarstjórnir en hann geti í sumum tilfellum orðið umtalsverður. Á mörgum sviðum erum við að færa aukin verkefni yfir á sveitarstjórnirnar þó í smáum stíl sé. Í þessu tilfelli væri eðlilegast að sveitarstjórn hefði yfirumsjón vegna aðgerða sem grípa þarf til ef handsama þarf búfé sem sloppið hefur úr vörslu umráðamanns, í stað þess að þær skyldur séu lagðar á lögreglustjóra. Ég tel að sveitarstjórnin sé rétti aðilinn en ég vil gera fyrirvara varðandi kostnaðinn. Ég hefði viljað að ljóst væri hvernig sveitarstjórnum yrði bættur upp kostnaðurinn af þessu sem og öðru sem þær sinna.

Eins geri ég fyrirvara varðandi skógarbændur og aðra sem eru í ræktun, annarri en þeirri að vera með búpening. Ef þeir eru með land sem þeir vilja friða fyrir ágangi búfjár og ef búfé kemst inn á þetta svæði, segjum skógræktarsvæði, fellur allur kostnaður og vinna við að handsama búfénaðinn yfir á skógræktarbóndann, þ.e. þann sem vill friða landið. Nú ber þeim sem vill friða land að hafa girðingarnar það góðar að búfé komist ekki yfir. Miðað við íslenskar aðstæður, snjóavetur og annað, er erfitt að tryggja það alfarið að sauðkindur og hross komist ekki inn á afgirt svæði. Allur kostnaðurinn af því fellur á skógræktarbóndann. En þetta er niðurstaðan. Ég er ekki alveg sátt við hana. Ég hef því þennan fyrirvara á nefndarálitinu.

Það hafa líka komið ábendingar um að hugsanlega sé varhugavert að sleppa alveg eftirliti forðagæslumanna á haustin. Það gæti verið í því nokkur vörn að hafa áfram haustskoðunina. Með því má ætla að fyrirbyggja megi ýmislegt, vanhöld og annað. Hugmyndin með því að sleppa haustskoðun þar sem allt er í lagi er sú að hjá sauðfjárbændum og fleirum yrði komið á gæðastýringu. Þar sem hún væri í gangi væri eftirlitið í lagi og því mætti sleppa hausteftirlitsferðinni. Nú er nokkuð ljóst að gæðastýringu í sauðfjárbúskap verður frestað að sinni og ég hef af því nokkrar áhyggjur en legg fullt traust á að þetta verði endurskoðað, þ.e. komi í ljós frekari vanhöld við það að sleppa haustskoðuninni.

Í heildina held ég að þetta sé nokkuð vel unnið. Það sem skiptir máli er að hægt er að bregðast skjótt við ef eitthvað kemur upp á varðandi vanhöld á dýrum eða illa meðferð á skepnum. Mestu máli skiptir að boðleiðir séu ljósar þannig að hægt sé að grípa strax inn í. Ég tel að þær breytingar sem

hér eru gerðar séu í þá átt og vona hjartanlega að ekki þurfi að koma til slíkra aðgerða. Því miður er það víst einum of mikil bjartsýni. Þegar dýraverndarmál koma upp verður að vera hægt að bregðast strax við.

[12:38]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með þessu frv. er ekki verið að auka álögur á sveitarfélögin, þau eru óbreytt frá því sem verið hefur. Í raun er verið að draga úr nálægð eftirlitsaðila sem gera eftirlitið allt miklu skilvirkara. Ég tel að með þeim breytingum sem í frv. séu verði lögin mjög góð.

Það er líka verið að stækka búfjáreftirlitssvæðin. T.d. er Búnaðarsambandinu heimilt að sinna öllu þessu eftirliti. Nálægðin sem áður var hefur verið mjög erfið. Það er mjög erfitt að taka á málum hjá nágranna sínum ef ekki er þar allt í lagi. En það var algjört samkomulag í hv. landbn. um að leggja þennan kostnað ekki alfarið á herðar bænda, sem eru ekki of vel haldnir í rekstri sínum og kostnaði.

[12:38]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hér kom fram. Það er gerð tillaga um að stækka búfjárrekstrarsvæðin, draga úr þessari nálægð sem er svo erfið og er hluti af því að of seint er gripið inn í dýraverndarmálum. Það er erfitt að hafa afskipti af nágrönnum sínum þó að maður viti að eitthvað sé að.

Af þessu kann þó að hljótast kostnaður sem nú lendir á sveitarfélögum. Ég hef fyrirvara varðandi aukinn kostnað af yfirumsjón með þessu eftirliti. Ég tel að þetta sé í rétta átt, það sé af hinu góða að stækka eftirlitssvæðin en geri fyrirvara við kostnaðinn.

[12:39]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að með þessu frv. er einnig gert skilvirkara hvernig tekið er á málum þegar fólk hugsar ekki nægilega vel um skepnur sínar. Það er verið að gera þennan feril allan miklu skilvirkari og fljótvirkari. Ég tel að lögin verði til mikilla bóta að samþykktu þessu frv.

[12:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram vegna þess að ég var ekki viðstödd á þessum eina fundi þegar þessi mál voru flestöll afgreidd út úr nefndinni, að ég hef tekið fullan þátt í afgreiðslu þeirra allra. Þetta mál styð ég fullkomlega og án fyrirvara.

Ég held að þetta mál sé til mikilla bóta. Það felur í sér töluverðar breytingar á búfjáreftirliti, m.a. er verið stækka svæðin og draga úr nálægðinni sem oft er svo erfið í þessum málum, þegar til aðgerða þarf að grípa. Lagt er til að dregið sé úr forðagæslueftirliti hjá umráðamönnum búfjár sem sinna skyldum sínum vel. Ég tel að það sé líka af hinu góða. Það er engum til góðs að ástunda ofeftirlit eða yfireftirlit, að alltaf sé verið að skoða hjá þeim sem fyrir fram er vitað að allt er í lagi hjá og hefur alla tíð verið. Ég tel að það sé til bóta.

Umráðamenn búfjár verða skráðir og gerðar verða endurbætur á úrræðaferli fyrir mál er varða slæman aðbúnað eða fóðrun búfjár. Þetta eru kannski veigamestu atriðin í frv. Þarna hefur skort á að hægt væri að taka nógu afdráttarlaust á málum. Með samþykkt þessa frv., svo ég nefni eitt atriði, er t.d. verið að stytta fresti sem hafa verið óþarflega langir og hafa gert málin erfið og tafsöm. Ég held að það sé líka af hinu góða.

Einnig er lagt til að ekki fari fram sérstök talning búfjár nema rökstuddur grunur leiki á um að eitthvað sé bogið við þá talningu eða þær tölur sem upp eru gefnar. Varðandi eftirlitsgjaldið eru það sveitarfélögin sem kosta eftirlitið. Aðeins í þeim tilfellum, hjá þeim sem við getum kallað tossana, að einhver handvömm er varðandi fóðrun eða hýsingu gripa þurfa bændurnir sjálfir að borga kostnað sem af því hlýst.

Ég lýsi því fullum stuðningi við þetta mál og vona að það muni bæta málsmeðferð sem tíðkast hefur.

[12:44]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir orð hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, síðasta ræðumanns. Ég vil ítreka að þó að hún hafi ekki skrifað undir álitið, þar sem hún var ekki á síðasta fundi nefndarinnar, hefur hún að sjálfsögðu unnið af krafti í landbn. og nefndin notið góðs af hennar ágætu starfskröftum og þekkingu á sviði landbúnaðarmála.

Þetta frv. snýst, herra forseti, fyrst og fremst um að vel sé farið með dýr í landinu og að þau hafi nóg að éta. Við hljótum öll að styðja það heils hugar. Það er náttúrlega hægt að ræða fram og til baka um einstök ákvæði. Eins og fram hefur komið er verið að stækka búfjáreftirlitssvæðin. Þá koma fleiri sveitarstjórnir að og þá er hægt að hafa skipulagðara og ákveðnara starf til að fylgja eftir því að vel sé farið með dýr í landinu, að þau hafi nóg að éta og séu ekki sett á land þar sem gróður er lítill eða enginn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn landbroti, 2. umr.

Stjfrv., 504. mál (heildarlög). — Þskj. 796, nál. 1396, brtt. 1397.

[12:45]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti landbn. á þskj. 1396 um frv. til laga um varnir gegn landbroti.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur frá landbúnaðarráðuneyti, Svein Runólfsson og Ketil Sigurjónsson frá Landgræðslu ríkisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands, Þórð Skúlason og Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gísla Viggósson frá Siglingastofnun Íslands og Trausta Baldursson frá Náttúruvernd ríkisins.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Dalvíkurbyggð, Djúpárhreppi, Djúpavogshreppi, Gnúpverjahreppi, Hafnasambandi sveitarfélaga, Húsavíkurkaupstað, Landgræðslu ríkisins, Landvernd, Landsvirkjun, Mosfellsbæ, Náttúruvernd ríkisins, Norður-Héraði, Rangárvallahreppi, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Skagafirði, Skútustaðahreppi, Sveitarfélaginu Hornafirði, Vegagerðinni, Veiðimálastofnun og Vestur-Eyjafjallahreppi.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um varnir gegn landbroti en ágangur vatna getur valdið miklum gróðurskemmdum og landeyðingu. Gert er ráð fyrir því að Landgræðsla ríkisins fylgist með og stýri aðgerðum við heftingu landbrots. Með frumvarpinu er leitast við að einfalda ferli við undirbúning og aðgerðir til að hefta landbrot af völdum vatna og sett eru ítarleg ákvæði um skiptingu kostnaðar við slíkar framkvæmdir.

Samkvæmt gildandi lögum er reglan sú að landeigendur sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnytjum skuli greiða 1/8 hluta kostnaðar við fyrirhleðslur. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir slíkri skiptingu heldur að Landgræðslunni verði heimilt að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur sem ætlað er að vernda mannvirki eða land í eigu einkaaðila. Nefndin bendir á að af kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis með frumvarpinu megi ráða að kostnaður einstaklinga af fyrirhleðslum muni aukast verði frumvarpið að lögum. Með 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild einstaklinga falli niður en í stað þess geti þeir sótt um styrk til Landgræðslunnar til framkvæmda og getur sá styrkur numið heildarkostnaði við framkvæmdina. Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru þessar helstar:

1. Lagt er til að skilgreiningu á hugtakinu landbrot í 2. tölul. 2. gr. verði breytt á þann veg að til landbrots teljist aðeins jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi vatna en ekki sjávar enda taka lög nr. 28/1997, um sjóvarnir, til landbrots af völdum sjávar og hefur Siglingastofnun Íslands annast sjóvarnir hingað til.

2. Þá er lögð til breyting á 7. gr. á þann hátt að Vegagerðinni verði falið að annast umsjón með verkfræðilegum undirbúningi og framkvæmdum í samráði við Landgræðsluna. Af frumvarpstextanum eins og hann er úr garði gerður má ráða að Vegagerðinni sé ætlað að annast allar verklegar framkvæmdir. Nefndin bendir á að um framkvæmdir á vegum hins opinbera gilda m.a. lög um opinber innkaup, nr. 94/2001, sem mæla meðal annars fyrir um útboðsskyldu á tilteknum framkvæmdum.

3. Þá er lagt til að í 8. gr. verði kveðið skýrar á um að Landgræðsla ríkisins greiði kostnað við varnir gegn landbroti eftir því sem fjárlög gera ráð fyrir ár hvert og að kveðið verði skýrar á um hvaða aðilar falli undir 1. og 2. mgr. Með þeirri breytingu sem lögð er til munu ákvæði 1. og 2. mgr. ná til ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra auk fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga. Var þarna t.d. komið til móts við athugasemdir frá Landsvirkjun.

4. Að lokum er lagt til að heiti Landgræðslu ríkisins verði haldið óbreyttu eins og það er í gildandi lögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Verið hefur afar gott samstarf í landbn. og allir skrifa undir þetta án fyrirvara. En það var í raun algjör tilviljun að hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir var ekki viðstödd þegar við afgreiddum þetta mál úr nefndinni. Nefndarmenn hafa verið afar duglegir að mæta og í landbn. hefur ríkt mikið og gott samstarf allra aðila. Nánast hvert einasta mál er afgreitt úr nefndinni með fullkomnu samþykki sem ég held að gerist ekki víða.

Ég vildi aðeins taka þetta fram af því að ég var að lesa upp að Sigríður Jóhannesdóttir hefði ekki verið viðstödd. En þetta var í eina skiptið sem hún gat ekki mætt á fund nefndarinnar. Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl V. Matthíasson, Einar Oddur Kristjánsson, Þuríður Backman, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[12:51]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Enn sem fyrr ræðum við um gróður og varnir gegn landbroti. Hér er komið frv. til laga og eins og fram hefur komið styðjum við það heils hugar öll sem í landbn. erum. Það var mikið rætt um þetta mál, eins og fram hefur komið hjá hv. formanni nefndarinnar. Margir komu á fund nefndarinnar, gáfu ráð og komu með ábendingar.

Það var rætt svolítið um ágang sjávar í nefndinni og ítrekað var varðandi þær jarðir sem liggja að sjó og verða fyrir landbroti vegna ágangs sjávar að þar sem því verður við komið væri það hlutverk Siglingastofnunar að spyrna við fótum. Ég vil að þetta komi fram í umræðunni, herra forseti, því að auðvitað viljum við að allir sitji við sama borð hvað þetta varðar. Þegar náttúruöflin vinna að eyðingu jarðar en hægt er að koma í veg fyrir með aðgerðum manna þá reynum við náttúrlega að styðja að því. En í þessu tilviki er sem sagt um Siglingastofnun Íslands að ræða. Síðan var það aðeins rætt hver eigi að skera úr um ágreiningsmál sem upp gætu komið. Fram kom að það skyldi landbrh. gera og var nokkur umræða um það. En niðurstaðan er sú að landbrh. hefur það úrskurðarvald.

[12:53]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið skrifaði öll landbn. undir þetta nefndarálit án fyrirvara, enda var búið að vinna nokkuð í frv. og taka út þá hnökra sem við frekari skoðun kom í ljós að áttu ekki þar heima, t.d. það að frv. tekur ekki til landbrots vegna ágangs sjávar. Siglingamálastofnun sér um það.

Hér eru skilgreiningar á hvað sé fyrirhleðsla, landbrot, landkostir og nytjaland. Nytjaland þarf að mínu mati hugsanlega að skilgreinast aðeins nánar en þarna er gert til þess að hægt sé að nota þá skilgreiningu áfram sem hugtak í gæðastýringunni og í annarri vinnu við skógrækt og landbúnað allan. Því þarf þessi skilgreining að vera ljós. Hvað varðar gæðastýringuna og ræktun í landbúnaði þá er mikilvægt að skilgreiningar séu ljósar.

Hvað varðar fyrirhleðslur þá telst Landgræðslan ávallt vera framkvæmdaraðili. Það er líka hennar að meta og forgangsraða beiðnir um fyrirhleðslur. En það er alveg ljóst að miðað við þann verkefnalista sem liggur hjá Landgræðslunni að brýn þörf er á meira framkvæmdafé til þess að sinna verkefnum sem til lengri tíma litið leiða til sparnaðar og munu skila sér þannig til landeigenda og ríkissjóðs óbeint.

Hvað varðar kostnaðarhlutdeild þá hefur, eins og hér hefur komið fram, ákveðin regla verið í gildi, þ.e. að bændur eða landeigendur greiddu 1/8 hluta af kostnaði við fyrirhleðslur. Ekki er gert ráð fyrir því að halda þessari reglu inni heldur eiga bændur eða landeigendur að geta sótt um styrk. Það var skilningur okkar í landbn. að þetta ætti engu að breyta og að styrkurinn ætti þá að duga fyrir þeim verklegu framkvæmdum og kostnaði sem af fyrirhleðslunum yrði. Í þeirri trú að þetta standi, að þessar framkvæmdir verði alfarið á vegum Landgræðslunnar, þá samþykki ég þessa breytingu.

Það er alltaf villandi þegar verið er að tala um að hægt sé að sækja um styrki því að styrkir eru ekki alltaf 100%. Ég mun fylgjast með því hvort vikið verður frá þessu, hvort farin verður sú leið að reyna að komast í fleiri framkvæmdir, þ.e. að Landgræðslan muni reyna að sinna fleirum með

því að styrkja ekki nema ákveðinn hluta verkefnisins og fá landeigendur til að koma með greiðslu á móti eða taka þátt í kostnaði til þess að komast svolítið niður á verkefnalistann. En það er ekki meiningin með þessari breytingu heldur á verkefnalistinn hjá Landgræðslunni að verða til með beiðnum landeigenda um styrki í ákveðnar framkvæmdir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (gróðurhúsaafurðir og garðávextir). — Þskj. 1001, nál. 1382, brtt. 1399.

[12:58]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti landbn. á þskj. 1382 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson, Ólaf Friðriksson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Helga Jóhannesson, Kjartan Ólafsson og Hauk Sigurðsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandinu, Sigurgeir Þorgeirsson og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands, Elínu Björgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum og Georg Ottósson frá Sölufélagi garðyrkjumanna.

Helstu markmiðin með frumvarpinu eru að lækka verð til neytenda á innfluttum og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum, auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu, að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda og að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum.

Grænmetisverð á Íslandi hefur verið mjög hátt undanfarin missiri og hafa stjórnvöld leitað leiða til að lækka verð til neytenda eins og kostur er, jafnframt því að reyna að treysta grundvöll innlendrar framleiðslu eftir því sem kostur er. Þegar hefur verið gripið til afnáms verðtolls af útiræktuðu grænmeti, sveppum og kartöflum og sveigjanleiki í álagningu magntolls á tilteknar tegundir innflutts grænmetis aukinn. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að teknar verði upp beingreiðslur til framleiðenda til að styrkja stöðu þeirra gagnvart innflutningi og gera þeim þannig kleift að lækka verð á framleiðsluvörunni neytendum til hagsbóta. Gert er ráð fyrir því að til þess verði varið tiltekinni fjárhæð á ári sem skiptist niður á framleitt magn ársins.

Landbúnaðarnefnd fagnar viðleitni stjórnvalda til að tryggja íslenskum neytendum nægilegt framboð af innlendu grænmeti á viðráðanlegu verði en lækkun grænmetisverðs til neytenda hefur jafnframt jákvæð áhrif á verðlagsþróun í landinu. Frá upphafi hefur verið ljóst að allir í keðjunni frá framleiðendum til neytenda þyrftu að vinna saman til að lækka verðið.

Þess vegna kom það í rauninni nefndinni óþægilega á óvart þegar Sölufélag garðyrkjumanna ákvað að vera með kílógjald á vörunni í stað þess, eins og það hefur verið reiknað áður, að hafa það í prósentum og olli þetta töluverðu uppnámi.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi eru lagðar til lagfæringar á tilvísunum í aðrar greinar laganna sem leiðir af nýjum kafla. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða. Í öðru lagi leggur nefndin til breytingar á 2. mgr. d-liðar 2. gr. þannig að aðeins vísvitandi röng skýrslugjöf leiði til þess að framleiðendum verði gert að greiða álag á ofgreiddar beingreiðslur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 2. gr.

a. Inngangsmálsgrein orðist svo:

Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, Um framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða 2002–2011, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina og millivísanir samkvæmt því:

b. Á eftir orðinu „grundvelli" í 2. mgr. d-liðar komi: vísvitandi.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Karl V. Matthíasson og Þuríður Backman rita undir álitið með fyrirvara. Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir þetta nefndarálit rita Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson, Karl V. Matthíasson, með fyrirvara, Einar Oddur Kristjánsson, Þuríður Backman, með fyrirvara, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[13:03]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í rauninni er hérna á ferðinni hið besta mál. Verið er að samþykkja niðurgreiðslur á grænmeti sem ræktað er hér á landi til að það standist samkeppni við innflutt grænmeti eftir að tollar hafa verið lækkaðir mjög eða felldir niður.

Að samningu frv. hefur unnið grænmetisnefnd svokölluð sem í sátu m.a. fulltrúar garðyrkjubænda og fulltrúar neytenda og fulltrúar Bændasamtakanna, landbrn., Alþýðusambandsins og BSRB og komu þeir sér saman um þetta frv. sem gerir ráð fyrir þeim breytingum á lögum á Íslandi, að verð muni lækka til neytenda með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til og það verði gert með beingreiðslum til garðyrkjubænda.

Um þetta var mikill samhljómur í nefndinni og undir þetta tekið af öllum nefndarmönnum við vinnslu málsins. En þá gerist það ótrúlega að Sölufélag garðyrkjumanna boðar til fundar með garðyrkjumönnum og telur sig ekki geta tekið þátt í þessari aðgerð og þess vegna þurfi þeir að fá ákveðinn hlut í beingreiðslunum með því að leggja kílóverð á bændur svo að þeir fái sömu krónutölu út úr sínum þætti eftir þessa kerfisbreytingu og þeir höfðu áður. Þetta mun hafa komið flatt upp á bændur á þeim fundi. Nokkrir samþykktu, einn var á móti og flestir munu hafa setið hjá. Þetta hefur verið túlkað sem samþykki garðyrkjubænda við þessari aðgerð.

Nú ber að þakka það að annað fyrirtæki sem sér um sölu á framleiðslu garðyrkjubænda, Mata, hefur tilkynnt að það muni ekki ætla að taka slíkt kílógjald af bændum og einnig hafa fulltrúar seljenda eða kaupmanna tilkynnt að þeir muni ekki ætla að breyta hlutdeild sinni.

Ég harma það að þegar það lá ljóst fyrir í nefndinni að Sölufélag garðyrkjubænda eða garðyrkjubændur hefðu gert þessa samþykkt að þá skyldi ekki gripið til neinna þeirra aðgerða í kjölfarið og neinna þeirra breytinga á frv. sem hefðu fyrirbyggt að slíkt væri hægt vegna þess að ég tel að þetta sé andfélagsleg aðgerð og henni sé í raun beint gegn frv. og aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Því hef ég lagt fram eftirfarandi brtt. um að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Í tólf mánuði eftir gildistöku laga þessara er dreifingaraðilum garð- og gróðurhúsaafurða, í heildsölu og smásölu, óheimilt að hækka álagningu sína, þóknun eða umsýslugjald, hvort sem um er að ræða ákveðna upphæð á einingu eða magn eða tiltekið álagningarhlutfall.

Samkeppnisstofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis."

Ég vona auðvitað að brtt. verði samþykkt í þinginu vegna þess að ég held að hún væri til mikilla bóta og eftir þetta ár sem liði þá frá samþykkt hennar, lægi fyrir ákveðin reynsla af framkvæmd þessara laga og hvort það væri þá e.t.v. nauðsynlegt að endurskoða lögin með tilliti til þeirrar reynslu eða koma fram með einhverja brtt. við þau. En ég held að samþykkt garðyrkjubænda frá því í mars hafi verið til mikillar óþurftar við þetta mál og það hafi aldrei verið ætlunin að milliliðir mökuðu sérstaklega krókinn á þessari aðgerð.

[13:09]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan kom það flatt upp á okkar hvernig Sölufélagið ætlaði að reikna út sinn kostnað. En að sjálfsögðu gat landbn. ekki skipt sér af því. Þessi samningur er á milli innleggjenda hjá Sölufélagi garðyrkjumanna og það er í rauninni þeirra mál hvernig þeir nýta beingreiðslur sínar. Það er ekki okkar að skipta okkur af því. Framleiðendum er frjálst að leggja inn hjá Sölufélagi garðyrkjumanna og eins hjá öðrum aðilum ef þeir kjósa svo.

[13:09]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að fram hafi komið í máli mínu að það er í sjálfu sér ekkert í þessu frv. sem leiðir þá gjörð sem hér hefur farið fram. Hins vegar er þetta gert í tilefni af því að frv. hafði verið lagt fram. Það hafði varla verið lagt fram þegar þessi frægi fundur var haldinn þar sem þessi samþykkt var knúin fram. Ég tel að bændur hafi kannski ekki alveg áttað sig á hvað þarna var á ferðinni og veit það reyndar því að margir þeirra hafa sagt mér að þeir hafi ekki áttað sig á hvað hér var á ferðinni, þ.e. að verið væri að fara inn í beingreiðslur sem var búið að reikna út vísindalega af þessari nefnd af mikilli nákvæmni að væri einmitt það sem garðyrkjubændur þyrftu að fá til að geta staðið þennan slag af sér. Þarna er búið að fara inn í þá upphæð að ég vil kalla á skítugum skónum. Það má kalla þetta samning við garðyrkjubændur eða hvað sem er, en það var aldrei til þess ætlast þegar lagafrv. var samið, hvað þá þegar það var lagt fram, fyrir því hef ég fulla vissu, að svona yrði farið að.

[13:11]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég skrifaði með fyrirvara undir nál. um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Við erum hér með tvö frumvörp sem ganga inn í þessi lög og brtt. og þetta er 630. mál. Við erum að fjalla um breytingar sem snúa að grænmeti og eru hluti af víðtækari aðgerðum til þess að ná þeim manneldissjónarmiðum að lækka verð á grænmeti til íslenskra neytenda og með þeim aðgerðum að hvetja til aukinnar grænmetisneyslu. Það eru því manneldissjónarmið sem eru í fyrirrúmi og þeim á að ná með lækkun á þessari vöru. Of langt mál yrði að fara inn í aðra þætti sem eiga að nást með þessum breytingum en þar má m.a. nefna rauð strik. En hér eru það sem sé manneldissjónarmiðin sem ráða. Til þess að ná fram lækkun á grænmeti höfum við þegar afgreitt breytingar á tollalögum sem leiða til þess að lægri tollar verða á innflutt grænmeti, bæði útiræktuðu og ylræktuðu og til að bæta bændum upp þá vernd sem hefur þá fallið niður með afnámi tollanna. Við vorum með verndartolla á grænmeti til að gæta þess að íslenskir bændur hefðu möguleika á að vera samkeppnisfærir í verðlagi en nú koma til beingreiðslur til bænda í staðinn.

Fyrirvari minn er sá að ég efast um að þær fjárhæðir sem eiga að renna til garðyrkjubænda og ylræktarbænda með þessum breytingum séu nægilegar til þess að þeir standi uppi sem sigurvegarar, og þó ekki væri nema á jafnréttisgrundvelli gagnvart erlendum kollegum sínum, því að víða erlendis eru bein eða óbein framlög eða styrkir til bænda og auk þess eru betri skilyrði til ræktunar í heitari löndum. Á vissum árstímum þegar mikil offramleiðsla er hafa bændur erlendis möguleika á því að verðfella vöru sína það mikið að ég óttast að íslenskir garðyrkjubændur geti aldrei farið svo neðarlega með sitt verð að þeir verði í rauninni samkeppnisfærir. Þá þýðir það ekki nema eitt, að þeir verða undir, þeir muni gefast upp í framleiðslu sinni og við verðum þeim bændum fátækari í framleiðslunni.

Ég hef margoft sagt í þessum ræðustól að ég vil að við eflum íslensku framleiðsluna, ekki bara atvinnunnar vegna þó að hún skipti mjög miklu máli heldur einmitt vegna manneldissjónarmiða, að við fáum góða og heilnæma vöru. Það á auðvitað að vera markmið okkar að ná aukningunni með íslenskri framleiðslu, með aukningu innan lands og styrkja íslenska garðyrkjubændur þannig að þeir verði það samkeppnisfærir að íslenska framleiðslan nái að dafna.

Hvað varðar beingreiðslurnar til bænda, þá fengum við í hv. landbn. þær upplýsingar að þær voru reiknaðar þannig að þær ættu að duga að því tilskildu að þær rynnu alfarið og eingöngu til bænda. En þá tel ég að það hafi hreinlega gleymst að taka þann hluta inn í sem snýr að dreifingu og inn í þá milliliði sem bændur þurfa að skipta við eins og Sölufélag garðyrkjumanna því að með lægra vöruverði kemur í prósentuvís lægra umsýslugald til Sölufélagsins og þar með kom sú hugmynd um að leggja fast krónugjald ofan á hvert kíló af framleiddri vöru. Þetta eru frjálsir samningar á milli bænda og Sölufélagsins sem hv. landbn. hefur ekki aðgang að en mér sýnist að þetta styrki þá skoðun mína að greiðslurnar til bænda séu ekki nægilega háar, þetta sé hluti af því.

Því tek ég sannarlega undir þá grein sem hér kemur fram og skoðun allrar landbn. að frá upphafi hafi verið ljóst að allir í keðjunni, þ.e. frá framleiðanda til smásöluaðila, að allir í keðjunni frá framleiðanda til neytanda þyrftu að vinna saman til að lækka verðið. Það var aldrei hugmyndin að auka þátt milliliðanna, dreifingaraðilanna. Þar er það að sjálfsögðu mál bænda að fara inn í þá verðmyndun og skoða sitt félag

og hvort hægt sé að dreifa vörunni með lægri tilkostnaði heldur en gert er í dag.

[13:18]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þau tíðindi sem bárust þegar þetta frv. kom fram voru nokkuð dapurleg, að Sölufélag garðyrkjumanna ætlaði að breyta því fyrirkomulagi sem það hafði á innheimtu fyrir flutning á grænmetinu. Þess vegna kemur þessi brtt. fram hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og styð ég hana.

Það vekur líka furðu í þessu máli að ekki skuli þá vera sett ákveðið kílógjald í staðinn fyrir að það sé álagningargjald líka fyrst verið er að tala um þetta svona. Einnig skýtur skökku við að ekki skuli vera sett kílógjald á aðrar vörur sem Sölufélagið flytur, t.d. sveppi og kál. Að minni hyggju gætir mótsagna í þessu og ýtir það einmitt undir það sem fram hefur komið í málinu.

Auðvitað er þetta annars hið besta mál, að grænmetið verði niðurgreitt eins og gert er ráð fyrir. Vona ég að rauða teygjan sem sífellt er verið að tala um slitni ekki við þetta. (**Gripið fram í:** Það er rauða strikið.) Rauða strikið, já. Afsakið, herra forseti, ég sagði rauða teygjan. Það getur verið af því að stundum hefur manni fundist að verið sé að leika sér fram og til baka með rauða strikið. Því vaknar sú spurning, herra forseti, hvort nokkuð sé rangt að tala um rauðu teygjuna þegar verið er að koma með alls konar aðgerðir til að breyta henni í stað þess að efnahagslífið í landinu fái að stjórna þessu sjálft.

[13:21]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs er sú að í því ágæta lagafrv. sem hér liggur fyrir, sérstaklega í athugasemd við einstakar greinar á bls. 7, kemur fram að „til niðurgreiðslu á verði rafmagns til lýsingar og fjárfestingarbúnaðar í ylrækt eru ætlaðar 30 millj. kr. á ári en sú fjárhæð getur tekið breytingum í samræmi við breytingar á notkun rafmagns til lýsingar". Þetta kemur fram í athugasemdum. Ef bændur auka sem sé lýsingu í gróðurhúsum sínum hækkar þessi krónutala, þessar 30 millj., í takt við aukna lýsingu hjá bændum. Reyndar er annars staðar í frv. talað um að bændur fái sambærilegt raforkuverð og bændur í nágrannalöndum og þá sé niðurgreiðsla 1,08 kr. á kílóvattstund.

Þá kem ég að því hvers vegna ég vil einmitt benda á þetta. Það er vegna þess sem segir í umsögn fjmrn. um frv., samanber efst á bls. 9 í hinu prentaða eintaki, með leyfi forseta: „Einnig er gert ráð fyrir að veitt verði 30 millj. kr. árleg niðurgreiðsla á raflýsingu og verður að haga niðurgreiðslu á hverja kWst innan þeirra marka."

Þarna kemur önnur skýring á þessu máli en ég hef greint frá. Ég átti þess kost að koma á fund nefndarinnar og benti þá á þessa misvísun. Ég get jafnframt bent á að í þeim samningi sem nú þegar hefur verður gerður milli fjmrn., bænda og landbrn. er gert ráð fyrir að þessi tala geti verið breytileg eftir þeirri lýsingu sem bændur nota. Ég tel því að um nokkurn misskilning sé að ræða í umsögn fjmrn.

Að lokum, herra forseti, vonast ég til að sú breyting sem hér er verið að gera varðandi starfsaðstöðu þessarar greinar ásamt því verði sem neytendur fá frá greininni muni verða til hagsbóta fyrir báða aðila, bæði bændur og neytendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:24]

Steinullarverksmiðja, 3. umr.

Stjfrv., 663. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 1073.

[13:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju, er komið til 3. umr., lokaumræðu á Alþingi. Frv. felur í sér heimild til iðnrh. til að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki.

Eignarhald Steinullarverksmiðjunnar hefur á undanförnum árum verið þannig að ríkissjóður hefur átt liðlega 30%, Paroc Group í Finnland tæp 28%, bæjarsjóður Sauðárkróks, nú sveitarsjóður Skagfirðinga, 24%, GLD heildverslun, sem er í eign Húsasmiðjunnar og BYKO, Byggingavöruverslunar Kópavogs, á 12,38% og Kaupfélag Skagfirðinga 4,92%. Aðrir eiga 0,93%. Þannig hefur eignarhaldið á þessari verksmiðju verið um alllangt skeið.

Þessi eignarskipting hefur verið verksmiðjunni farsæl og tryggt henni stöðugleika, góða stöðu í markaðssókn. Þess hefur verið gætt að gera ekki hærri arðsemiskröfur til fyrirtækisins en eðlilegt er og þess hefur verið gætt að fyrirtækið gæti nýtt hagnað sinn til að byggja upp og styrkja innviði sína í stað þess að greiða hann út til hluthafa. Engu að síður hefur fyrirtækið jafnframt getað greitt út arð þó að það hafi staðið í framkvæmdum, styrkt sig og greitt niður skuldir. Það er því ljóst, virðulegi forseti, að þessi eignaumgjörð um Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki hefur verið henni farsæl og starfsemi hennar verið byggðarlaginu til farsældar.

Að koma Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki á var átak á sínum tíma. Það gerðist fyrir samstillt átak sveitarstjórnarmanna á Sauðárkróki og íbúa í Skagafirði, fyrir eindreginn stuðning og samstöðu þingmanna kjördæmisins og með góðri baráttu víðar í kerfinu. Því lyktaði með afgreiðslu á Alþingi þar sem samþykkt var að steinullarverksmiðja yrði byggð upp á Sauðárkróki með þátttöku ríkisins en ekki í Þorlákshöfn, en það var hinn valkosturinn á þeim tíma. Þetta var farsæl ákvörðun sem byggði á vel unninni og góðri heimavinnu og raunar umtalsverðu fjármagni sem sveitarsjóður, bæjarsjóður Sauðárkróks á þeim tíma, lagði í undirbúning þessa verks. Þetta er mikilvægt, virðulegi forseti, að komi fram, að öllum sé þetta ljóst við lok þessarar umræðu.

Það er líka rétt að geta þess að ein af kröfunum fyrir þátttöku ríkisins í upphafi, við stofnsetningu þessarar verksmiðju, var að fjöldi íbúa eða annarra í Skagafirði kæmi að stofnun fyrirtækisins. Staðan er sú í dag, að því er ég best, að eignaraðilar að verksmiðjunni eru um 280 eða 290, þ.e. skráðir eignaraðilar að Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Þannig hlaut þetta fyrirtæki góðar viðtökur meðal íbúa í Skagafirði við stofnsetningu þess.

Virðulegi forseti. Í þessu samhengi hlýtur að skjóta skökku við að við tökum hér á Alþingi ákvörðun um hvort

veita eigi heimild til sölu ríkisins á þessum hlut. Færi svo þá yrði það í mikilli ósátt. Það er mikill ágreiningur um málið meðal heimamanna í Skagafirði, um söluferlið sem í gangi er varðandi Steinullarverksmiðjuna og einnig meðal þingmanna kjördæmisins. Á Alþingi er heldur engin samstaða um þá tilhögun sem hér er til afgreiðslu, þ.e. að ríkið selji sinn hluta í verksmiðjunni. Öðruvísi mér áður brá. Það ber að harma.

Það er líka rétt að vekja athygli, herra forseti, á að í greinargerð með frv. til laga um sölu á Steinullarverksmiðjunni stendur að samningar hafi náðst með fyrirvörum en raunar stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut, þ.e. samningurinn hefur verið gerður og er nánast til formlegrar staðfestingar hér af hálfu Alþingis. Það er náttúrlega ekki vinnulag sem vert er að hæla. Eða eins og segir í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Í samkomulaginu kemur fram að eftirfarandi skilyrði þurfi að uppfylla áður en gengið verður frá endanlegum samningi um viðskiptin:

a. að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði, ...“ — þetta er veigamikið atriði.

Vegna þessa vekur furðu að hv. iðnn. skuli ekki hafa kallað á sinn fund, við umfjöllun um málið, fulltrúa Samkeppnisstofnunar til að greina iðnn. frá stöðu málins gagnvart samkeppnislögum.

Við vitum, herra forseti, að árið 1995 kom til umræðu að gerður yrði einkadreifingarsamningur á steinull af hálfu Steinullarverksmiðjunnar við sömu aðila og núna eru að kaupa meiri hluta í henni. Þá var því hafnað að sömu aðilar, Húsasmiðjan og Byggingavöruverslun Kópavogs, mættu gera einkadreifingarsamning við fyrirtækið vegna þess að þeir væru með einokunarstöðu á markaðnum og ekki væri hægt að samþykkja að þeir fengju einkadreifingu á vörunni. Þess vegna hlýtur líka að vera mikil óvissa um hvort heimilt sé, samkvæmt samkeppnislögum nú, að sömu aðilum og þá var synjað um einkadreifingu verði heimilt að kaupa fyrirtækið. Á því hlýtur að leika mikill vafi. Réttast hefði verið að úrskurður Samkeppnisstofnunar hefði legið fyrir, um hvort þessi fyrirhugaði gerningur væri heimill samkvæmt samkeppnislögum áður en slík heimild til hæstv. iðnrh. yrði afgreidd sem lög frá Alþingi. Það hefði verið miklu eðlilegara en það að við værum að samþykkja heimildir með fyrirvara, m.a. um samþykki Samkeppnisstofnunar. Þetta hefði hv. iðnn. átt að taka fyrir í vinnu sinni að málinu.

Einnig er rétt að geta þess sem fram hefur komið hjá heimamönnum í Skagafirði, hjá minni hluta sveitarstjórnar í Skagafirði. Þar hafa komið fram alvarlegar athugasemdir við að þeim skyldi ekki einnig gefast kostur á að skýra sjónarmið sín fyrir hv. iðnn. þó að þar sé ekki beint við iðnn. að sakast. Í svo umdeildu máli og svo mikilvægu máli fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð hefði verið eðlilegt að hv. iðnn. og Alþingi hefðu fengið að kynna sér og heyra rök þeirra sem voru andvígir því að ríkið seldi hlut sinn. Það hefði verið fullkomlega eðlilegt að þau rök hefðu borist nefndarmönnum við meðferð málsins hverjar sem svo lyktir þess verða. Þess vegna taldi ég eðlilegt að þetta mál færi aftur til iðnn. á milli 2. og 3. umr. Ég óskaði þess vegna eftir því og að málið fengi þar nákvæmari vinnu en í það hefur verið lagt.

Þá er og rétt að geta þess, virðulegi forseti, að starfsmenn verksmiðjunnar hafa í raun byggt upp verðmæti hennar. Steinullarverksmiðjan hefur verið lánsöm með starfsfólk og á grundvelli þekkingar þess, krafts og dugnaðar, hefur þetta fyrirtæki dafnað. Ekkert fyrirtæki er betra en starfsfólkið sem hjá því starfar. Það hefði því verið fullkomlega eðlilegt, herra forseti, að hugur starfsfólks gagnvart því að íslenska ríkið drægi sig út sem kjölfestufjárfestir í þessu fyrirtæki hefði verið kannaður. Það hefði verið fullkomlega eðlilegt að hlýða á sjónarmið starfsfólksins og bjóða því að koma þeim sjónarmiðum á framfæri við Alþingi með formlegum hætti. Það hefði verið fullkomlega eðlilegt að svo hefi verið gert.

Herra forseti. Þetta fyrirtæki er vel stætt eignalega. Það er í góðum rekstri. Það er svo vel stætt að kunnugir sem hafa lesið ársreikning fyrirtækisins fyrir sl. ár og einnig kynnt sér þá kaupskilmála sem nú liggja fyrir varðandi hugsanlega sölu þess segja að þessi kaup gætu gerst með þeim hætti að hinir nýju eignaraðilar gætu sótt það fjármagn sem þarf að greiða fyrir verksmiðjuna, inn í verksmiðjuna sjálfa án þess að þurfa að taka neins staðar annars staðar lán, enda er söluverð verksmiðjunnar í heild ekki hærra en svo að það er álíka og árstekjur fyrirtækisins. Söluverðið er ekki hærra en svo. Virðulegi forseti. Þetta tel ég að rétt sé að hafa hugfast þegar menn eru að horfa á hvers konar gjörning hér er verið að framkvæma.

Virðulegi forseti. Þá er líka rétt að geta hér í lokin í meðferð á þessu máli að samkvæmt lögum og reglum um ráðstöfun á eignum ríkisins sem ríkinu ber að fara eftir í undirbúningi að sölu á eignum sínum þá skal, skv. 5. gr. reglugerðar um ráðstöfun á eigum ríkisins, áætlað söluverð eignarhlutans metið af hlutlausum aðila, t.d. löggiltum verðbréfasala eða endurskoðanda. Þetta hefur ekki verið gert. (**KHG:** Þetta hefur þú sagt áður.) Þetta hef ég sagt áður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, og þetta er staðreynd.

Samkvæmt þeim sömu lögum og reglum ber líka að auglýsa opinberlega til kaups eignir þannig að allir sem áhuga hafa á, almenningur, geti gert kauptilboð í þær. Það hefur heldur ekki verið gert. Ekki hefur heldur verið leitað eftir því hvort aðrir aðilar, heimaaðilar á Sauðárkróki, vildu eignast hlut ríkisins þannig að hann færi ekki til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu sem nú stefnir í. Það hefur ekki verið gert. Ekki hefur verið kannað hvort einhverjir aðrir af þessum 280–290 hluthöfum í fyrirtækinu hefðu viljað auka sinn hlut. Það hefur ekki verið kannað, en hefði þó verið rétt og skylt, heldur er þessi gerningur gerður svo einhliða og farið á svig við öll lög og reglur og siðferði sem ætti að ríkja í viðskiptum og samskiptum ríkis við íbúa sína. Þessu hef ég mótmælt og geri enn.

Virðulegi forseti. Ég tel að fyrirtækinu hefði verið best borgið ef eignarhald þess hefði getað verið óbreytt. Telji Sveitarfélagið Skagafjörður sig nauðbeygt til þess að selja sinn hlut eða ná með öðrum hætti fjármagni út úr fyrirtækinu til þess að fá í rekstur sinn þá hefði sveitarfélagið vafalaust getað fundið aðrar leiðir. En ég er ekki að fjalla um það hér. Þess heldur var það hlutverk ríkisins þá að tryggja öryggi og stöðu verksmiðjunnar þannig að henni yrði sem minnst rugguð. Þess vegna átti það einmitt, í þeirri stöðu sem þarna kom upp þegar sveitarfélagið hafði áhuga á að selja sinn hlut, að vera hvatning til þess að ríkið mundi standa stöðugt þannig að ekki væri hróflað við grunni og kjölfestu fyrirtækisins meira en nauðsynlegt var. Þarna er ekki um háar upphæðir að ræða, herra forseti. Ríkið mundi fá einhvers staðar nærri 200 millj. eða ekki það fyrir hlutafé sitt þannig að ekki skiptir þetta ríkissjóð meginmáli og er náttúrlega smápeningur þegar við erum að ræða um 20 milljarða kr. framlag ríkisins

til erlends fyrirtækis sem rekur dótturfyrirtæki hér á landi og starfar í Reykjavík. (**GAK:** Jafnvel þó það tapaðist þá er það samt ...) Já, og jafnvel þó það tapaðist.

Virðulegi forseti. Þessi aðgerð stríðir gegn hagsmunum fyrirtækisins. Hún stríðir gegn hagsmunum Skagfirðinga. Það hefði verið miklu myndarlegra af ríkissjóði að koma til móts við fyrirtækið, styrkja stöðu þess og jafnvel að leysa hlut sveitarfélagsins inn þótt það væri tímabundið. (**KHG:** Staða fyrirtækisins er mjög sterk samkvæmt áliti fulltrúa minni hlutans.) Hv. þingflokksformaður Framsfl., Kristinn H. Gunnarsson, gengur hér um. Hann er líka stjórnarformaður Byggðastofnunar. Mér er spurn hvernig sá hv. þm. ætlar að standa að byggðaaðgerðum um allt land ef þetta á að vera sú forskrift sem honum finnst best. Þá býð ég ekki í aðgerðir hv. þm. og formanns stjórnar Byggðastofnunar, enda hafa svo sem ekki verkin talað mjög þar á undanförnum mánuðum. Væri nær að hann hugaði að sínum málum og hvernig betur mætti standa að þeim. En þetta er ekki aðgerð af hálfu ríkisins til þess fallin að styrkja byggð og búsetu í Skagafirði. Það er mitt mat.

Virðulegi forseti. Ég vona að ekki komi til að ríkissjóður þurfi að nýta þá heimild sem hér er verið að leggja til að veita hæstv. iðnrh. Ég vona að til þess komi ekki og ég vona að Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki geti áfram verið með tryggt, öruggt eignarhald og kjölfestu og verið áfram sterkt og öflugt fyrirtæki í héraðinu. Það er virkileg nauðsyn fyrir okkur að fyrirtæki eins og Steinullarverksmiðjan geti starfað og dafnað úti um land. Þetta er þó ekki sjálfgefið því að í árdaga verksmiðjunnar þegar verið var að velja henni stað var akkillesarhæll hennar í þeim útreikningum sem lagðir voru til grundvallar einmitt fjarlægðin frá markaði og einnig flutningskostnaður að hluta af því efni sem unnið er úr. En nú hefur stefna og aðgerðir ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, m.a. með þátttöku hv. þingflokksformanns Framsfl., leitt til þess að flutningskostnaður snareykst nú og stóreykst frá viku til viku og frá mánuði til mánaðar og það er líka að verða eitt það erfiðasta í starfsemi þessarar verksmiðju og setur staðsetningu hennar í meira óöryggi en áður. Það skal öllum vera ljóst. Staðsetning hennar er því ekkert sjálfgefið mál.

Sú hætta er fyrir hendi að ef nýir aðilar gera miklar arðsemiskröfur til fyrirtækisins þá getur sú staða komið upp að þeir hinir sömu aðilar sem verða þá komnir með einokunarstöðu á markaðnum geta ákveðið að flytja bara vöruna inn því það væri þeim hagkvæmara. Enginn þarf að halda að þessir nýju aðilar sem núna eru að kaupa séu einhver félagshjálp. Auðvitað munu þeir reyna að ná eins miklum arði og fjármagni út úr þessu fyrirtæki og kostur er. Mesta hættan er sú að aðeins verði hugsað til skemmri tíma þótt ég voni reyndar að svo verði ekki.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að óska þess að ekki komi til að þessi heimild iðnrh. til þess að selja hlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki verði nýtt. Ég óska Steinullarverksmiðjunni farsældar og því starfsfólki sem þar vinnur og vona, hver svo sem afdrif þessa máls verða, að hún eigi sem bjartasta framtíð öllum til hagsbóta.

[13:55]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætla mætti af enn einni ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um þetta mál að verið væri að leggja niður Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki. Svo er að sjálfsögðu ekki eins og vitað er og kemur fram m.a. í ágætri greinargerð með frv.

Hv. þm. talar um að til Alþingis hefðu þurft að koma fram rökin gegn því að selja. Heldur betur hefur hv. þm. haft tækifæri til þess og nýtt sér þau tækifæri því að hann hefur flutt hér sömu ræðuna þrisvar. Mig langar til að spyrja hv. þm. þar sem hann fullyrðir að verði þetta frv. að lögum, þ.e. ef skipt verði um eigendur að Steinullarverksmiðjunni, þá stríði það gegn hagsmunum Skagfirðinga. Hv. þm. sagði það hér. Nú langar mig til að spyrja hv. þm. hvort hann treysti sér virkilega eftir þá fullyrðingu til að standa á því að meiri hluti sveitarstjórnar í Skagafirði — nú hefur þetta mál verið til umræðu á annan áratug, þ.e. að selja að hluta til eða jafnvel alla Steinullarverksmiðjuna og skipta um eigendur og hafa komið að því flestir flokkar sem hafa starfað í Skagafirði og að því er virðist yfirgnæfandi meiri hluti Skagfirðinga — treystir hv. þm. sér til þess að standa á þessari fullyrðingu og segja þar með að yfirgnæfandi meiri hluti Skagfirðinga sem vilja hag Skagfirðinga sem mestan hafi rangt fyrir sér, en hv. þm. hafi rétt fyrir sér?

Í öðru lagi: Telur hv. þm. að ef ekki ríkir 100% sátt um ákveðinn gjörning, hver sem hann er, þá skuli falla frá honum? Er það skilningur hv. þm. á lýðræði?

[13:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. að þetta frv. í sjálfu sér ákveði sölu fyrirtækisins. Frv. sem hér er fjallað um fjallar fyrst og fremst um að veita heimild til ákveðinna aðgerða en ekki til þess að gera hlutina. Það er því í fyrsta lagi rangt. Hv. þm. hefði átt að kanna fyrirvarana mun betur áður en hann afgreiddi málið út úr iðnn., m.a. afstöðu Samkeppnisstofnunar. Að því hefði hv. þm. átt að huga.

Þetta fyrirtæki hefur skipt miklu máli í atvinnulífi Skagfirðinga á undanförnum árum og gerir það vonandi áfram. Við erum hér ekki að fjalla um meirihlutaákvörðun Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem hefur ákveðið að selja hlut sinn. Við erum hér að fjalla um ákvörðun ríkisins, þ.e. hvort ríkið eigi að selja sinn hlut. Á þessu er munur, virðulegi forseti. Hv. formaður iðnn. getur metið þetta ööruvísi. Framsóknarmaðurinn Hjálmar Árnason hefur lýst því hér að það sé betra fyrir Skagafjörð að þetta verði selt með þessum hætti, að það sé mjög gott fyrir Skagafjörð ef svo verður. Við erum þá bara ósammála um að þetta sé góður gjörningur fyrir Skagfirðinga. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið sterkara fyrir stöðu fyrirtækisins ef ríkið hefði áfram verið kjölfestufjárfestir í fyrirtækinu. Það er mín skoðun.

[13:59]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. virðist hafa lært ýmislegt í þessari umræðu því nú hefur hann áttað sig á því að hér er um að ræða heimild til hæstv. iðnrh. Við 1. umr. var málflutningur hv. þm. annar og ýmsar fullyrðingar hans.

Ég bar fram spurningu til hv. þm., þ.e. hvort hann teldi að hann gæti staðið á þeirri fullyrðingu sinni úr ræðunni rétt áðan, að verði þetta að lögum og verði skipt um eigendur Steinullarverksmiðjunnar þá stríði það gegn hagsmunum Skagfirðinga. Þar var ég að vitna í ræðu hv. þm. Ég spyr enn og aftur: Treystir hv. þm. sér til að standa á þeirri fullyrðingu og segja um leið að Skagfirðingar almennt, yfirgnæfandi meiri hluti þeirra, yfirgnæfandi meiri hluti sveitarstjórnar, hafi rangt fyrir sér, því að það er vilji sveitarstjórnar í Skaga-

firði að þessi gjörningur verði að veruleika? Er hv. þm. að segja að Skagfirðingar hafi rangt fyrir sér? Ég bið hann um að svara því.

[14:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason fer hér út um víðan völl og spyr spurninga sem hann hefði átt að leita svara við í iðnn. sem er undir hans forustu. (**HjÁ:** Það er ein spurning. Svaraðu henni.) Hitt er alveg ljóst að það er ágreiningur um málið í Skagafirði. (Gripið fram í.) Það er öllum ljóst. Og það er mitt mat að það sé miklu öruggara fyrir fyrirtækið og fyrir Skagfirðinga að ríkið haldi hlut sínum, ekki síst við núverandi aðstæður. Ef sveitarfélagið hefur í hyggju að selja sinn hlut á ríkið að standa vörð um sinn hlut. Mat mitt er að það sé besti kosturinn fyrir Skagfirðinga þar sem nú er verið að fara á flot með að ríkið dragi sig út úr eigninni. Það er mitt mat að það sé ekki góður kostur fyrir Skagfirðinga. (**HjÁ:** Þeir hafi rangt fyrir sér?)

[14:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hagar svo til vegna fundar forseta þingsins að ég missti af fyrri hluta ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það hagar einnig þannig til, herra forseti, að hv. þm. Jón Bjarnason var einn af fáum þingmönnum sem sátu hér í gær þegar ég spurði hæstv. iðnrh. ákveðinna spurninga. Af því að ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki alveg á svari hæstv. ráðherra langaði mig að leggja þá spurningu fyrir hv. þm. hvort hann hefði áttað sig á svarinu sem kom hérna í gær frá hæstv. iðnrh., þegar hún annars vegar talaði um ásættanlegt verð verksmiðjunnar þegar ríkið vildi selja, og hins vegar að ef ekki yrði selt væri hluturinn verðlítill. (**KHG:** Ertu í andsvari við iðnrh.?) Nei, ég er að reyna að fá það upp hvort einn af fáum þingmönnum sem hér voru staddir í umræðunni í gær hafi skilið þetta svar. Ég skildi það ekki alveg og það kunna að vera betur gefnir menn í þingsölum heldur en ég. Þess vegna langaði mig að vita það áður en ég tek til máls á eftir.

(**Forseti** (GuðjG): Þetta var varla andsvar við ræðu hv. þm. og eðlilegra að hv. þm. spyrði hæstv. ráðherra að þessu.)

[14:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað hv. þm. Hins vegar get ég rifjað upp — og ég vona að hæstv. iðnrh. komi í umræðuna í lokin og geri þá grein fyrir máli sínu — að í umræðunni sagði hæstv. iðnrh. m.a. að þetta væri ásættanlegt verð, að markaðurinn réði verðinu o.s.frv. Þegar greinargerðin er lesin sést að það er enginn markaður sem ræður verðinu heldur er bara búið að semja um að binda verð. (**KHG:** Markaðurinn setur ...) Ég gat því miður ekki skilið svör hæstv. iðnrh. og get ekki leyst úr þessum vanda hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Ég gat ekki skilið þau orð sem hæstv. iðnrh. viðhafði í gær.

[14:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason flutti þriðju, held ég, ræðuna sína og sagði nákvæmlega sömu hlutina í þriðja sinn, meira að segja með sömu orðunum. Mig langar samt að vekja athygli á sumu sem kom fram í máli hans.

Hann sagði að nær væri fyrir ríkið að styrkja verksmiðjuna en að selja hlutabréf sín. Ég velti fyrir mér hvað hann eigi við með því, hvort nauðsyn beri til að styrkja verksmiðjuna. Ég hef fyrir framan mig nál. fulltrúa Vinstri grænna úr iðnn. og hann segir í þessu nál. um stöðu verksmiðjunnar að hún hafi skilað eigendum sínum drjúgum arði. (**ÁSJ:** Þetta eru hártoganir.) Hann segir líka: „Fjárhagur verksmiðjunnar er góður, mjög litlar skuldir hvíla á fyrirtækinu og ekkert bendir til annars en reksturinn geti áfram gengið vel.“ Ég fæ því ekki annað séð af þessu áliti fulltrúa Vinstri grænna en að fjárhagur verksmiðjunnar sé með miklum blóma og að eigendur verksmiðjunnar hafi fengið góðan arð af eign sinni í verksmiðjunni. Mig langar að vita hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni hvað hann telur að þurfi að bæta stöðu verksmiðjunnar mikið. Eða er hann bara að reyna að sá efasemdum um stöðu verksmiðjunnar, reyna að sá tortryggni, brjóta niður, koma á þeirri skoðun og afla henni fylgis með þessum orðum sínum að hér sé um að ræða fyrirtæki sem eigi í erfiðleikum? Það verður ekki annað skilið, herra forseti, á ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar en að hann sé í beinni niðurrifsstarfsemi um stöðu verksmiðjunnar í Skagafirði. Það er aumur málflutningur, herra forseti, að velja sér það hlutskipti að hafa það eitt til málanna að leggja að rífa niður, brjóta niður og eyðileggja fyrir því sem hans eigin fulltrúi í iðnn. telur að standi mjög vel.

[14:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Nú leggst lítið fyrir kappann, virðulegi forseti, þó að spanni nærri tvo metra að vera með hreina rangtúlkun og útúrsnúninga. Reyndar var það satt hjá hv. þm. þegar hann las upp úr nál. minni hluta iðnn., hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, að staða verksmiðjunnar væri góð og fjárhagur hennar sterkur. Það var það eina rétta sem hv. þm. fór með. Þegar hann fór svo að vitna í sjálfan sig fór allt á verri veg.

Ég skýrði allt mjög rækilega í máli mínu. Hafi hv. þm. ekki fylgst með því taldi ég, og tel, að alveg eins hefði átt að koma til greina að ríkið leysti til sín hlut sveitarfélagsins og stuðlaði þar með að því að eignarstöðu fyrirtækisins yrði ekki ruggað eins og nú er verið að gera.

Sá málflutningur sem hv. þm. hafði uppi áðan er útúrsnúningur. Ég skil reyndar ekkert í svo margreyndum þingmanni, þingflokksformanni og stjórnarformanni Byggðastofunar, að láta svona útúrsnúninga eftir sér. Ég get ítrekað það sem mitt mat að ég tel að það hefði átt að skoða mjög rækilega að ríkið keypti hlut sveitarfélagsins úr því að sveitarfélagið vildi selja hann og stuðla þar með að því að tryggja stöðu fyrirtækisins til frambúðar með eignaraðild sinni.

[14:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom skýrt fram hjá hv. þm. að það sem honum fannst athugavert við þessa eignabreytingu er að nýir eigendur mundu vilja fá arð af hlutafé sínu. Hann hryllti sig hér í ræðustólnum yfir þeirri forsmán að að fyrirtækinu kæmu eigendur sem vildu fá arð af eign sinni. (**Gripið fram í:** Þetta eru útúrsnúningar.) Það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. þm. áðan að breytingin úr því að ríkið ætti hlutabréfin í það að einhver annar aðili ætti hlutabréfin væri skelfileg, m.a. vegna þess að þeir kynnu að vilja fá arð af eign sinni. En það er ekkert annað en verið hefur, eins og fram kemur í nál. fulltrúa Vinstri grænna — verksmiðjan hefur skilað eigendum sínum drjúgum arði eins og stendur í nál.

Ég verð að segja, herra forseti, að það er átakanleg forneskja að hlusta á ræðuhöld af þessu tagi sem lýsa stefnu Vinstri grænna sem felst í því að ríkið eigi að eiga atvinnu-

fyrirtækin. Þessi forneskja er alveg átakanleg, herra forseti.

[14:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er leiðinlegt hvernig hv. þm. skýtur sig í fótinn, hér er hann annars vegar að fjalla um að ríkið leggi 20 milljarða kr. í eitt fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og er síðan á hinn bóginn að telja það eftir þó að ríkið eigi 100–200 millj. kr. í litlu fyrirtæki úti á landi. Rausnarskapurinn í stjórnarformanni Byggðastofnunar er alveg með endemum.

Hins vegar get ég upplýst hv. þm. um hver arðsemi þessa fyrirtækis á undanförnum árum hefur verið. Árið 1997 er arðsemi eigin fjár 30%, 1998 27%, 1999 24%, 2000 er hún 20% og 2001 15%. Veit hv. þm. hvers vegna m.a. arðsemin er að lækka? Ég get frætt hann um að ein ástæðan er verulega hækkandi flutningskostnaður við að koma vörunni á markað og á aðföngum, og það er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar í landsbyggðarmálum.

[14:10]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju. Eftir því sem maður sér af umræðunni liggur ljóst fyrir að það er töluverður meiri hluti í þinginu fyrir því að selja verksmiðjuna. Eins og fram hefur komið í málflutningi okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum við því andvíg.

Það er alveg makalaust að hlusta á málflutning þingmanna stjórnarmeirihlutans eins og hér áðan, á málflutning hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, formanns þingflokks framsóknarmanna, þegar hann talar um átakanlega forneskju í viðhorfum til þessa máls. Það er alveg makalaust að stjórnarmeirihlutinn þar sem hann er meðal þingmanna skuli á sama tíma og hann er í stórum skala að koma að stofnun hlutafélags með bakábyrgðum kalla það átakanlega forneskju að vilja verja fyrirtæki norður í landi sem gengur vel og er bakhjarl í byggðarlagi sínu. Það hefur margoft komið fram — það er leiðinlegt að þurfa að fara út um víðan völl í þessari umræðu — að ábyrgðin fyrir deCODE er mörg hundruð millj. kr. virði. Og ég spyr hv. þm., stjórnarformann Byggðastofnunar, hvort hann telji að átakanleg forneskja í vinnubrögðum hans og félaga hans sé við hæfi ef hún er bara nógu stór. Það skín út úr málflutningnum.

Það sem við höfum lagt megináherslu á í þessu máli er að fyrirtækinu verði tryggður sá grunnur sem verið hefur á Sauðárkróki. Við höfum margoft dregið það fram að Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki er byggð af hugsjón, ekki bara hugsjón Skagfirðinga heldur með aðkomu ríkisins á sínum tíma. Það hefur meira að segja komið fram í umræðum að hún er byggð að hluta til vegna hugsjónar samstarfsaðilanna í Finnlandi. Um það verður ekki deilt. Aðkoma Finnanna grundvallaðist á vinabæjarsamkomulagi sem þroskaðist út í aðkomu þeirra að málinu.

Það sem við erum að tala um er að haga málinu þannig að gengið sé að upprunalegum óskum og áformum sveitarstjórnarinnar í Skagafirði, þ.e. að ríkið leysi til sín þennan hluta vegna tímabundins vanda sveitarsjóðs. Enginn er að tala um að fara í ríkisrekstur á verksmiðjunni. Ríkið hefur bara verið hluthafi hér. Og hvernig í ósköpunum stendur á því að formaður Byggðastofnunar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, lítur á það sem átakanlega forneskju að fara þannig í mál þegar svo er í pott búið með þetta fyrirtæki? Það finnst mér mjög einkennilegt.

Mér finnst það líka mjög einkennilegt ef formaður Byggðastofnunar áttar sig ekki á því að á undanförnum mörgum árum hefur sú þróun verið í gangi úti um allt land vegna áráttu um hagræðingu og stækkun fyrirtækja að skrallað hefur verið innan úr fyrirtækjum sem úti á landi hafa verið í fullri starfsemi og ágætisrekstri, mörg hver, til að flytja þau burtu. Ég er ekki að tala um að það sé í heilu lagi eins og hér er verið að tala um með steinullarverksmiðjuna en þessi þróun hefur verið í gangi víða um land. Gæti ég nefnt mörg dæmi þar að lútandi, t.d. í heimabyggð minni. Þetta eru bara staðreyndir mála og kannski er þetta rótin að einum stærsta vanda hvað varðar byggðarlögin. Það er tilfinningin um öryggisleysi. Og það er hjákátlegt að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður Byggðastofnunar, skuli nálgast þessi mál með þessum hætti þegar hann er hér beint og óbeint aðili að því að farið er í stórkostlega atvinnuuppbyggingu á höfuðborgarsvæði með beinni eða óbeinni aðkomu ríkisins. Það þarf ekki bara dæmið um deCODE til.

Landssími Íslands hefur líklega verið notaður til að leggja grunn að sprotafyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu á síðustu árum svo nemur hundruðum milljóna. Þegar ræða á aðkomu ríkisins annars staðar — það er kannski tímanna tákn og segir sína sögu um stöðuna í þinginu — telst það átakanleg forneskja. En miðað við aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar og fylgismanna hennar á hinu háa Alþingi hlýtur að vera í tísku að ástunda átakanlega forneskju í uppbyggingu sé hún bara nógu umfangsmikil og á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er málflutningur, virðulegi forseti, sem gengur engan veginn upp og er ömurlegt á að horfa og hlusta.

Ég vil að það komi skýrt fram að ferill þessa máls, og það er mikilvægt, er sá að í lok nóvember 2001 gerði sveitarfélagið aðilum hluthafasamkomulags skriflegt tilboð um að kaupa hlut þess á genginu 3,05. Tilboðið byggðist á mati sérfræðinga á virði Steinullarverksmiðjunnar hf. sem metin var á bilinu 794,6–842,4 millj. kr. virði. Það svarar til gengis á bilinu 2,88–3,05. Þetta segir í nál. meiri hlutans. Í bréfinu kom fram að stefna sveitarfélagsins væri að selja bréfin fyrir lok ársins og var þess óskað að svör bærust fyrir 5. desember. Síðan segir:

„Af hálfu ríkisins var tilboðinu um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað.“

Sveitarfélagið Skagafjörður bað um að ríkið kæmi inn sem stuðningsaðili vegna þess að það vildi losa fé. Það er meginmálið. Því var hafnað. Þess vegna stöndum við frammi fyrir þeirri fléttu sem hér hefur verið lögð fyrir okkur, að fá aðra aðila inn sem eflaust eru góðra gjalda verðir í sínum bisness. Það er enginn að draga dul á það. Sú aðkoma finnst mér ekki jafntraustvekjandi og sú ef ríkið hefði leyst til sín bréfin sem sveitarfélagið bauð til kaups. Almennt er ekki gott að blanda saman hagsmunum söluaðila og framleiðenda. Við höfum reynslu af því og höfum reynt að forðast það fyrirkomulag. Almennt séð er það hættulegt upplegg. Það er m.a. þess vegna sem ég held að þessi málatilbúnaður, að fá þarna stóra sterka aðila inn, kaupfélagið, BYKO og Húsasmiðjuna, sé ekki góður kostur. Ég er að gagnrýna það.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umfjöllun mína um þetta mál en bendi á að um allt land er reynslan af aðkomu annarra aðila í svipuðum eða tengdum bransa að framleiðslufyrirtækjum ekki góð. Það er það sem fólkið sem er andvígt sölunni á þessum nótum er hrætt við, fyrst og

fremst það. Það eru fyrst og fremst öryggisatriði að ríkið eigi þarna hlut að máli. Auðvitað getum við sagt að það sé ekkert öruggt í sambandi við atvinnurekstur af neinu tagi til eilífðarnóns. Hins vegar er ekki sama hvernig staðið er að málum. Það er þess vegna, virðulegi forseti, sem ég, sem minnihlutamaður í iðnn. — eftir þessum prinsippum, getum við sagt — leggst gegn því að þetta verði gert. Það er búið að fella tillögu mína um að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá í ljósi þess að áform um sölu Steinullarverksmiðjnnar eru fyrst og fremst til komin vegna bágrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins Skagafjarðar. Auk þess bendi ég á að um málið eru mjög deildar meiningar heima í héraði, þá lagði minni hlutinn til, sem ég skrifa undir, að málinu yrði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Hefði þessi rökstudda dagskrá verið samþykkt, virðulegi forseti, hefði gefist svigrúm til að ríkið kæmi hreinlega beint að málinu og leysti til sín bréf sveitarfélagsins, alla vega um stundarsakir. Málið yrði þannig fært í þann farveg.

Það er augljóst að stjórnarmeirihlutinn er heltekinn af hreinum harðsvíruðum viðskiptaforsendum. Þær eru í tísku þó ekki séu þær alltaf í tísku hjá þessum meiri hluta. Beinar harðsvíraðað viðskiptaforsendur hefðu samkvæmt því einnig átt að gilda um uppbyggingu Íslenskrar erfðagreiningar og deCODE-fyrirtækisins á Íslandi. Það er náttúrlega fáránlegt að þurfa ríkisbakábyrgð til slíkra verka. Eins og danskt orðatiltæki segir þá er dálítið erfitt að hafa mjöl í kjaftinum og blása samtímis. Það er staðreynd.

Þegar hæstv. ríkisstjórn, ásamt hv. þm. meiri hlutans, hentar eru öll þessi viðskiptasjónarmið fyrir bí. Þá er hægt að koma að málum á allt öðrum nótum. Eins og ég segi: Norður í Skagafirði er verið að tala um smámál, í raun upp á 200 millj. kr., en ef þetta er í milljarða og milljarðatugaskala, hér nær þinghúsinu, virðist allt í lagi að brjóta öll þau prinsipp. Þá er í lagi að vinna gegn þeim grundvallarhugmyndum sem hæstv. ríkisstjórn hefur unnið eftir. Það er rangt, virðulegi forseti. Það er einnig rangt, í ljósi þeirrar stöðu sem landsbyggðin er í, að standa þannig að málum. Það er rangt, þó ekki væri fyrir annað en að taka burt traust og trú almennings á því að halda eigi áfram að styðja við og leiða til þess að atvinnurekstur dafni sem víðast um landið. Það eru þessi skilaboð, miðað við þá stöðu sem landsbyggðin er í, sem eru ákaflega mikilvæg.

Við eigum eftir að tala, seinna í dag eða á morgun, um stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Í mínum huga, sem ég bý úti á landi, er þetta eitt aðalmálið. Stjórnfesta og sterk og klár skilaboð um að ekki eigi að láta fólk sjálft um að ákveða hvernig hlutirnir þróast eða kaupin gerast á eyrinni eru meginmálið.

Af þessum sökum, virðulegi forseti, viljum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að málið verði tekið öðrum tökum og aðkoma ríkisins að þessu máli verði tryggð. Í málflutningi okkar höfum við ekki á neinn hátt dregið í efa dómgreind sveitarfélagsins. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þar eru fjárhagsörðugleikar. Sveitarstjórnin telur sig þurfa að losa fé. Það liggur ljóst fyrir og enginn er að draga dómgreind manna í efa hvað þetta varðar. Það eru útúrsnúningar og rangtúlkanir. Hins vegar höfum við talað um að þegar fólk er komið, hvort sem það eru einstaklingar eða samfélög eða sveitarstjórnir, í fjárhagslegar kröggur geta menn neyðst til að gera það sem þeir vilja í raun ekki gera. Ég er hér um bil viss um að ef staða sveitarsjóðs væri öðruvísi þá væri ekki uppi krafa eða bollaleggingar af hálfu sveitarstjórnar um að selja fyrirtækið. Ég trúi því að sú staða væri ekki uppi. Málflutningur sem byggist á því að leggja okkur þau orð í munn að við vantreystum lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum heima fyrir er bara ekki réttur. Það hefur enginn gert.

Í umræðunni um Orkubú Vestfjarða á sínum tíma dró enginn í efa að sveitarstjórnirnar stæðu frammi fyrir gríðarlegum vanda og hefðu gripið til þess ráðs vegna þess að ríkisvaldið gekkst inn á það sem þá var uppi á borðunum. Þær sáu fram á að það væri eina leiðin til að komast í gegnum sinn vanda. Það hefði líka verið merkilegt hefði það ekki eitthvað linað vandann að ganga frá málum á þann hátt sem þar var gert. En við vorum andvíg þeirri formúlu og sögðum að ekki bæri að standa þannig að málunum og ef hæstv. ríkisstjórn væri tilbúin með einn milljarð króna væri betra að leggja þá upphæð beint til uppbyggingar fremur en gegnum ríkisfyrirtækið Rarik.

Virðulegi forseti. Málin snúast ekkert um að vera á móti einhverju bara til að vera á móti því. Sé maður á móti einhverju er maður væntanlega fylgjandi einhverju öðru. Þannig var það varðandi sölu á Orkubúi Vestfjarða. Við vorum á móti þeirri aðferð og vildum beina aðkomu ríkisins, sögðum það og settum fram mörgum sinnum í málflutningi okkar. Við fjárlagagerðina settum við meira að segja fram tillögur um að hefja aðgerðir varðandi félagslega íbúðakerfið, þá upp á einn milljarð. Svona horfa málin við. Ef einn vill fara eina leið að málum er staðan væntanlega þannig að aðrir vilja fara aðra leið og fylgja annarri formúlu til að taka á viðkomandi máli.

Mér er fullljóst, virðulegi forseti, að við sex manna þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að ég held með stuðningi Frjálslynda flokksins, höfum ekki afl til þess að breyta þeirri atburðarás sem hér er í gangi, því miður. Þannig er bara staðan. Við hefðum leyst hlutina á annan hátt, látið ríkið leysa til sín hlutabréf sveitarfélagsins á sanngjörnu verði og séð til með rekstur fyrirtækisins í framhaldi af því. Það er meginniðurstaða málflutnings okkar.

Stjórnarmeirihlutinn vill hins vegar gefa hæstv. iðnrh. heimild til þess að selja samkvæmt þeirri formúlu sem er gefin upp í frv. Þarna ætla þrír sterkir aðilar að kaupa, þ.e. söluaðilar vörunnar. Hingað til, virðulegi forseti, með fullri virðingu fyrir þeim fyrirtækjum, hefur aldrei verið talið til góðs að framleiðendur vöru væru jafnframt ráðandi aðilar á markaði, þ.e. fyrir hagsmuni fyrirtækisins til langs tíma litið. [14:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að draga fram hversu ólíkum tökum þeir nálgast viðfangsefnið, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson annars vegar og Jón Bjarnason hins vegar.

Hv. þm. Jón Bjarnason eyddi öllum sínum ræðum í það að draga í efa styrk fyrirtækisins og sá efasemdum um hæfni þess og rekstur. Það var kjarninn (**JB:** Þetta er rangt.) í málflutningi þingmannsins að (**JB:** Útúrsnúningur. Ertu í andsvari við annan þingmann?) sá efasemdum varðandi stöðu fyrirtækisins. (**JB:** Ertu í andsvari við annan þingmann?) Hins vegar kemur mjög skýrt fram, bæði í nál. hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar og ræðu hans, að hann álítur að fyrirtækið standi mjög vel. Hv. þm. segir í nál. sínu, með leyfi forseta: „... ekkert bendir til annars en reksturinn geti áfram gengið vel."

Í hans huga er enginn vafi á því að reksturinn gangi vel og geti gengið vel. Með öðrum orðum: Þó aðrir nýir eigendur

verði að hlutabréfunum er engin ástæða til að ætla annað en reksturinn verði í því horfi sem hann hefur verið vegna þess að reksturinn skilar eigendum sínum góðum arði (**JB:** En Byggðastofnun ...) þannig að breytingar á eignarhaldi á hlutabréfum eru enginn vendipunktur í þessu efni, herra forseti.

Eins og ég sagði áðan er það átakanleg forneskja að halda því fram í ræðum, eins og hv. þm. Jón Bjarnason, að ef annar aðili eignist hlutabréf sem ríkið á verði það einhver vendipunktur. Að halda því fram að ríkið eigi að eiga öll hlutabréf, í nánast hvaða atvinnugrein sem er, er auðvitað alveg út í hött, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. er í andsvari við hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson og ég bið hann að halda sig við ræðu hans.)

Ég vek athygli á því, herra forseti, að það kom einmitt ekki fram í máli hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar að svo þyrfti að vera, eins og haldið var fram fyrr í umræðunni. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því að þessir tveir þingmenn hafa mjög mismunandi sýn á málið.

[14:30]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni ætti að vera það ljóst af málflutningi okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þrjú ár að við fundum um öll mál sem við förum fram með í þinginu. Og hafi hann efast um að hv. þm. Jón Bjarnason hafi einhverja aðra sýn á fjárhagslega stöðu og afkomumöguleika Steinullarverksmiðjunnar, þá er það alger misskilningur og ég skil ekki hvernig hv. þm. hefur getað fengið það í höfuðið.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur ásamt félögum mínum öðrum farið í gegnum stöðu Steinullarverksmiðjunnar og skoðað reikninga hennar og við gerum okkur fulla grein fyrir stöðu fyrirtækisins.

En það sem ég sagði í málflutningi mínum varðandi stöðu fyrirtækisins byggist á þeirri sýn og þeirri formúlu sem við erum að gefa um að ríkið leysi til sín frekar hlutabréf Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Það er sú formúla sem við gefum upp og við höfum allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem höfum úttalað okkur um þetta mál, lýst áhyggjum yfir því sem ég endaði ræðu mína á að sú formúla sem lagt er upp með af hálfu iðnrn. er sú að það eru umsetjendur vörunnar sem verða stærstu hluthafar ef þetta gengur eftir. Áhyggjuefni okkar er að það hefur aldrei reynst vel að framleiðendur vöru séu beintengdir þeim sem umsetja vöruna og að því leyti til höfum við áhyggjur af framtíð annars góðs fyrirtækis.

Það hefur aldrei komið annað fram í málflutningi okkar og allra síst hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem hefur kynnt sér mjög vel reikninga fyrirtækisins.

[14:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. fjallaði um það nokkuð í ræðu sinni að mismunandi viðhorf stjórnarmeirihlutans væru til mála, annars vegar deCODE og hins vegar til Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki þar sem í öðru tilfellinu væri verið að veita ábyrgð til að koma framtaki af stað og hins vegar væri ríkið að selja sig út úr því að eiga hlut í verksmiðjum. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að hér er um mjög svipaða nálgun að ræða af hálfu ríkisvaldsins í báðum þessum málum.

Fyrir rúmum 20 árum þegar verið var að velta fyrir sér steinullarverksmiðju, þá voru aðstæður þannig á fjármálamarkaði að það var ekki mörgum til að dreifa sem höfðu afl til að leiða það að koma á fót slíkri verksmiðju og ríkisvaldinu var beitt í því skyni með beinum hætti og það hefur gengið mjög vel eins og lesa má í nál. hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar. En það er eðlilegt að ríkið dragi sig út úr rekstrinum þegar ekki er lengur þörf á að það sé beinn aðili að honum. Það hefur lánast vel að gera það sem til var ætlast og þá er eðlilegt að ríkið dragi sig út úr rekstrinum eins og hér er áformað að gera og leggi hluta af andvirðinu í frekari atvinnuuppbyggingu í héraðinu. Ég get ekki annað ráðið af máli hv. þm. og félaga hans en þeir leggist í raun gegn því að ríkisvaldið noti hluta af hagnaði sínum við sölu á eign í verksmiðjunni til frekari atvinnuuppbyggingar í héraðinu því um það snýst málið, þ.e. að halda áfram á þeirri braut að byggja upp í atvinnulífinu á þessu svæði.

Mál deCODE er með sambærilegum hætti. Þarna er ríkið að koma að, ekki með beinum hætti heldur óbeinum. Og vonandi gengur það jafn vel og með Steinullarversmiðjuna að út úr því komi blómlegur atvinnurekstur sem standi á eigin fótum.

[14:34]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson seilist alveg ótrúlega langt til þess að snúa út úr málum. Hvernig í ósköpunum getur hann ímyndað sér bara af málflutningi okkar að við séum á móti því að fjárfest sé í öðrum atvinnuuppbyggingaráformum á svæðinu. Auðvitað gerum við það ekki. En það er spurning um hvernig það er gert og það verður alla vega ekki gert ef við fengjum að ráða með söluandvirði ríkisins af þessu fyrirtæki vegna þess einfaldlega að við viljum að ríkið haldi í sinn hlut til þess að treysta byggð á þessu svæði. Um það snýst málið.

Það er ansi flott að líkja ábyrgðum til handa deCODE við aðkomu að lítilli verksmiðju norður í landi. Hér er verið að tala um 20 milljarða. Þetta er algert stílbrot — það er það sem ég var að draga fram — við þá pólitík sem hæstv. ríkisstjórn hefur keyrt í áraraðir. Svo á að reyna að klóra yfir það með því að reyna að líkja því við aðkomu að tiltölulega lítilli verksmiðju úti á landi. Það finnst mér ósmekklegt og mér finnst að hv. þm. hafi notað allar leiðir sem honum hafa þótt færar til þess að snúa út úr málflutningi okkar. Við viljum aðrar aðferðir en hv. þm. vill og auðvitað verður hann að sætta sig við það. Við viljum aðra nálgun mála og ég býst við að þegar við höfum afl og áhrif til að setja fram okkar eigin tillögur um m.a. svona mál, þá muni hann hafa ýmislegt við þær aðferðir að athuga og verði þá á móti öllu eins og hann er að væna okkur um í umræðunni, bæði um þessi mál og önnur.

[14:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum í 3. umr. um það mál að veita hæstv. iðnrh. heimild til að selja eignarhluta ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Ég reyndi að átta mig á því í gær, hæstv. forseti, hvernig það hefði komið til að sú ákvörðun spratt allt í einu upp úr hatti hjá hæstv. ríkisstjórn að taka þá ákvörðun að vilja selja eignarhlut ríkisins í verksmiðjunni. Til þess að átta mig á því, herra forseti, byrjaði ég á því að fara yfir hluta af athugasemdum með frv. hæstv. ráðherra. Með því að reyna að rekja mig eftir þeim vöknuðu

ýmsar spurningar og ég reyndi að fá svör við þeim frá hæstv. iðnrh. Ég spurði m.a. hvort hæstv. iðnrh. liti svo á að það samræmdist stefnu Framsfl. „Fólk í fyrirrúmi“ að taka slíka áhættu með fyrirtækið að ríkið færi að selja hlut sinn vegna þess að staðan sem uppi var í málinu var auðvitað sú að það var sveitarfélagið, réttara sagt hafði byggðaráð tekið þá ákvörðun í ágúst 2001 að leita eftir sölu á hlutabréfum sveitarsjóðs í Steinullarverksmiðjunni hf. Ég geri ráð fyrir, herra forseti, að sveitarfélagið hafi tekið þá ákvörðun eða hún hafi verið tekin á grundvelli þess að fjárhagsstaða sveitarfélagsins hafi verið slæm og menn hafi viljað laga hana. Eins og alþekkt er hefur það verið stefna ríkisstjórnarinnar að ýta undir það með öllum tiltækum ráðum að sveitarfélögin seldu eignir sínar, einkum ef í þeim fælust einhver verðmæti til þess að laga skuldastöðu sína. Hér hafði sem sagt sveitarfélagið Skagafjörður tekið þá ákvörðun að reyna að selja eignarhlut sinn eða eins og segir í athugasemdum:

„Var niðurstaða fundarins sú að sveitarfélagið legði fram nánari hugmyndir um sölu bréfanna og tæki í framhaldi af því upp viðræður við einstaka hluthafa.“

Síðan kemur það fram í athugasemdum sem ég las allar í gær og ætla ekki að lesa núna frá orði til orðs, að fram fór verðmætamat á fyrirtækinu sem reyndist vera 795 millj. tæpar upp í tæpa 842,5 millj. og það svaraði til gengisins 2,88–3,05 og sveitarfélagið ákvað svo að bjóða sinn hluta á genginu 3,05.

Sveitarfélagið bauð ríkinu sinn hlut og ríkið hafnaði því. Út af fyrir sig er svo sem ekkert við því að segja að ríkið hafi ekki viljað kaupa þennan hlut í þessari stöðu og með hliðsjón af öðrum framkvæmdum eins og kaupum ríkissjóðs á Orkubúi Vestfjarða við að lagfæra stöðu sveitarfélaganna þar að þeirra mati til framtíðar þó að ég hyggi að það sé skammgóður vermir ef ekki finnast önnur ráð eins og að efla atvinnustarfsemi á Vestfjörðum til framtíðar, þá muni ganga á það söluverð sem sveitarfélögin þar fengu. En hvað um það. Ríkið hafnaði sem sagt að kaupa þennan hlut. Síðan segir að það hafi komið tilboð frá GLD heildverslun og Kaupfélagi Skagfirðinga sem sameiginlegt tilboð í 52%, hlut sveitarfélaganna og Paroc Group í fyrirtækinu. Þá kemur þetta skrýtna ferli sem snýr að ríkinu en frá því segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Þegar eftir að ríkinu varð kunnugt um að slíkt tilboð hefði komið fram var óskað eftir fundi með aðilum hluthafasamkomulagsins til að ræða breyttar forsendur sem upp væru komnar og framtíðareignarhald á félaginu. Á fundinum lýstu fulltrúar ríkisins því yfir að þar sem fyrir lægi að Paroc hefði breytt um afstöðu og vildi nú selja hlut sinn í fyrirtækinu þá vildi ríkið jafnframt taka til athugunar að selja sinn hlut.“

Þannig hófst þetta ferli. Sem sagt, alveg tilviljanakennt ferli eftir því sem ég kemst næst og eftir þeim spurningum sem ég bar fram í gær, þá gat ég ekki fengið annað út en að hér hefði verið tekin ákvörðun, bara svona einn, tveir og þrír, af því að aðrir væru hugsanlega að selja, þá vildi ríkið selja. Endilega að auka á þá óvissu sem upp var komin. Það var hið besta sem ríkið gat fundið út úr sinni stöðu og hæstv. ráðherra byggðamála hljóp í það að það væri aldeilis til framdráttar málinu að ríkið seldi nú hlut sinn líka á sama tíma og sveitarfélagið og setti málið í meira uppnám heldur en ella hefði þurft að vera. Þetta er náttúrlega alveg snilldarleg byggðastefna, hæstv. ráðherra, alveg sérstaklega vel útfærð, skynsamleg og allt það.

Svona var að verki staðið í þessu máli, herra forseti. Þarna var allt í einu komin upp sú staða að nú var það ríkið sem slóst um að fá að selja sinn hlut en ekki að sveitarfélagið gæti fengið að selja hlut sinn í friði og ná samkomulagi um það úr því að menn töldu að það væri æskilegt og ríkið væri þá tilbúið að halda sínum hlut svo það væri ekki of mikið rót á fyrirtækinu meðan sveitarfélagið væri að selja hlut sinn. Nei, ríkið þurfti endilega fara í söluna líka til þess að auka á óvissuna, laga ástandið, herra forseti. Það er hin verðuga byggðastefna sem hæstv. ráðherra hefur unnið að í þessu máli og væri hægt að fara mörgum orðum um þessa snilldarlegu byggðastefnu sem hér hefur verið rekin í landinu og ég hef leyft mér að kalla eyðibyggðastefnu ríkisstjórnarinnar af mörgu tilefni, herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í það í þessari umræðu. Síðar í dag, í kvöld, nótt og næstu daga gefast ágæt tækifæri til að ræða eyðibyggðastefnuna eins og hún er í framkvæmd í sambandi við sjávarútvegsmál. Og byggðamálin, ég geri ráð fyrir að þau komi til umræðu líka — skýrslan um það hvernig á að halda landinu í byggð og efla byggðina. En hvað um það.

Ég spurði hæstv. ráðherra í gær hvers vegna þessi ákvörðun hefði verið tekin, svona einn, tveir og þrír, af hverju ríkið hefði ekki getað sætt sig við að eiga þennan hlut í fyrirtækinu. Það er margbúið að koma hér fram að þetta fyrirtæki sé vel rekið og ágætlega statt, hafi góða markaðsstöðu og allt eftir því þannig að áhættan í því sé ekki mikil. Þess vegna átta ég mig ekki á því hvers vegna menn stóðu allt í einu á annarri löppinni í ríkisstjórninni á fullri ferð við að reyna að selja sinn hlut. Hvaða hagsmunum var ríkið að þjóna með því?

Eftir því sem ég komst næst voru hagsmunirnir þeir að það væri mat ráðherrans að með því að hengja sig í þessa sölu sem núna ætti að eiga sér stað fengist eitthvað sem héti ásættanlegt verð fyrir hlut ríkisins. Það var ekki endilega verið að hugsa um að rugga ekki ástandinu og gera ekki meiri óróa í kringum sölu á eignarhlut bæjarins heldur en verið hefði. Nei, það var bara verið að hugsa um að e.t.v. gæti ríkið náð ásættanlegu verði fyrir hlut sinn. Svo komu þessar skýringar sem ég var að reyna að fá fram við spurningum mínum. Þá varð niðurstaða mín sú eftir svar hæstv. ráðherra, að ef ekki hefði verið gert samkomulag um söluna sem við erum að veita heimild fyrir þá hefði hluturinn í fyrirtækinu sem er ágætlega rekið, ágætlega fjárhagslega statt með góða markaðsstöðu, fastan starfsmannakjarna, góða framleiðslu, allt í einu orðið verðlítill. Það var svar hæstv. ráðherra í gær. Hann hefði orðið verðlítill ef ekki hefði verið gripið til þess ráðs að selja núna.

Herra forseti. Það datt út úr mér í gær hvort það væri skoðun hæstv. ráðherra að hann hefði verið að selja einhverjum bjánum sem hefðu keypt á einhverju yfirverði. Ég á kannski ekki að taka svona til orða. En það er nú samt svo, herra forseti, að þegar einhver telur sig selja á ásættanlegu verði en álítur jafnframt að hluturinn verði ákaflega verðlítill þá finnst mér að verið sé að hafa þá sem kaupa að hálfgerðum fíflum. Ég get ekki dregið aðra ályktun, herra forseti, af orðum hæstv. ráðherra í gær en að hæstv. ráðherra líti svo á að nú hefði náðst ásættanlegt verð og ef það hefði ekki náðst akkúrat núna þá hefði hluturinn orðið verðlítill og þar af leiðandi hefði ráðherranum eiginlega tekist að plata þessa sölu út á ágætu verði. Það er ekki hægt að skilja þetta svar öðruvísi. Ég held að öll eftirfylgnin í þessu máli sé eiginlega sú að Framsfl. í heild sinni haldi að hann hafi sýnt einhverja yfirburði við að selja fyrirtæki og náð einhverju sérstaklega

góðu verði fyrir sinn hlut því að ella hefði hluturinn orðið verðlítill eins og ráðherrann sagði.

Ég held því miður að þessi máltilbúnaður allur sem hér hefur verið lagt upp með sé sýndarmennska ein. Nær hefði verið fyrir ríkið að horfa á þetta með því hugarfari að bæjarfélagið gæti klárað sína sölu úr því að þeir vildu selja og þannig tryggt hag bæjarfélagsins en að ríkið væri ekki að rugga þeim bát með því að teygja sig inn í þá sölu sem átti að eiga sér stað. Ríkið hefði átt að sýna staðfestu og segja: „Við erum ekki að selja. Við teljum þetta gott fyrirtæki sem megi reka til framtíðar." Ef það hefði bara legið fyrir að þannig væri staðan þá gæti jafnvel verið að bæjarfélagið sem slíkt hefði fengið meiri peninga fyrir sinn hlut, þ.e. ef það hefði alveg legið fyrir að ríkið teldi þetta góða eign. En svo virðist ekki vera samkvæmt orðum ráðherra. Hluturinn hefði orðið verðlítill.

Herra forseti. Ég spurði hv. þm. Jón Bjarnason áðan úr þessum ræðustól hvernig hann hefði skilið þetta svar, að annars vegar hefði verið selt á ásættanlegu verði og hins vegar að ef ekki hefði verið selt þá hefði hluturinn orðið verðlítill. Það fór fyrir honum eins og mér að hann áttaði sig ekki alveg á þessu svari og fékk ekki samhengi í það. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki enn þá búinn að fá samhengi í þetta svar frá hæstv. ráðherra og sit sennilega uppi með það að ráðherrann telur að hann hafi selt á mjög góðu verði, ásættanlegu verði, en ef hann hefði ekki selt þá hefði hluturinn orðið mjög verðlítill. Þá spyr maður auðvitað: Voru þeir sem keyptu að kaupa köttinn sekknum, eða hvað? Er það snilldin í þessu frv. að fylgja þessu eftir svona út á þetta?

Herra forseti. Niðurstaða mín eftir að hafa hlustað á umræður, rök og gagnrök í þessu máli er sú að óskynsamlegt sé í þessari stöðu hjá ríkinu að selja sinn hlut, það hafi verið óskynsamlegt og ónauðsynlegt gagnvart hagsmunum Skagfirðinga að gera það. Það hefði farið betur ef ríkið hefði ekki farið inn í þetta ferli. Sveitarfélagið hefði þá getað klárað sína sölu eins og að var stefnt en ríkið hefði ekki með neinum hætti verið að rugga því ferli sem sveitarfélagið hafði ákveðið að fara í. En það er akkúrat það sem það hefur verið gert með þessu frv., þ.e. að ríkið hefur farið í þann farveg að auka óvissuna og jafnvel eyðileggja málið að sumu leyti. Það er niðurstaða mín eftir að hafa hlustað á þetta. Þess vegna mun ég leggjast gegn þessari heimild.

[14:51]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki ætlað mér að tefja þetta mál lengi í umræðum. Það sem varð til þess að ég stend upp og tek til máls voru orðaskipti sem ég átti í dag í andsvari og hv. þm. Steingrímur Sigfússon kvartaði undan að ég hefði verið að misnota aðstöðu mína í andsvari til þess að koma með ákveðið innlegg í málið.

Fyrst út af sölunni vil ég segja að ég skil vel að starfsfólk Steinullarverksmiðjunnar sé hugsandi yfir þessum eigendaskiptum. Það mjög eðlilegt og hlýtur í rauninni alltaf að vera svo þegar jafnmiklar breytingar verða á eignarhaldi í fyrirtækinu eins og nú er. Á það ber hins vegar að líta að það hefur ekki verið neitt leyndarmál að ríkið hefur haft áhuga á að selja hlut sinn í verksmiðjunni. Eins og fram kom fyrr í dag lýsti þáv. iðnrh. Sverrir Hermannsson sem opnaði verksmiðjuna á sínum tíma því yfir að hlutur ríkissjóðs væri þá til sölu. Ríkið hefur þess vegna alla tíð haft áhuga á að losa sig út úr þessu.

Að því er varðar kaupendurna þá þekki ég þá að góðu einu. Þeir eru öflugir og ég vona sannarlega að þeir hafi metnað til þess að reka þetta fyrirtæki af myndarskap. Til þess hafa þeir alla burði ef þeir hafa slíkan metnað. Ég treysti því að þeir hafi þann metnað fyrir hönd fyrirtækisins að þeir geti rekið það vel. Þetta fyrirtæki hefur staðið sig framar vonum. Margt gott hefur verið að gerast í þessu fyrirtæki og það hefur hagnast vel á undanförnum árum. Því er í sjálfu sér fagnaðarefni að þetta fyrirtæki er það gott að menn fáist til þess að leggja í það fé og kaupa sig inn í það eins og hefur verið gert jafnvel þótt deila megi um verðið á fyrirtækinu. Ég treysti því að þeir menn sem eru að kaupa fyrirtækið hafi metnað til þess að standa sig í rekstrinum.

Þess má geta að BYKO hefur komið að atvinnumálum í Skagafirði áður. Það lagði fé fyrst í uppbyggingu í fiskeldi og síðan í sjávarútvegi. Allt sem það fyrirtæki hefur komið nálægt í Skagafirði hefur verið með miklum ágætum og þar hefur verið staðið vel að í alla staði. Því miður gekk ekki vel í fiskeldinu en húsnæðið og sú aðstaðan sem fyrirtækið byggði upp á sínum tíma að Reykjarhóli í Fljótum hefur nýst fyrir Hólalax og þar hefur verið rekstur í gangi lengi síðan.

Ég er hins vegar ekki sáttur við afstöðu Vinstri grænna í þessu máli og vil segja það hér ekki síst vegna þess að ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon á eftir að tala. Látum liggja á milli hluta þótt hv. þm. Jón Bjarnason skyldi í gær bæði afneita þátttöku sinni í Skagafjarðarlistanum núverandi sem var settur í gang fyrir fjórum árum af Alþfl. og Alþb. Það var sameiginlegur listi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem allir helstu forkólfar Alþb. báluga og Alþfl. báluga stóðu að. Hann kemur svo hér í andsvari í gær og vill ekki viðurkenna að hafa kosið þennan lista í kosningunum, fer að tala um að enginn viti hvað hver gerir og neitar allri ábyrgð á listanum. Látum það líka liggja á milli hluta að hv. þm. neitaði því í gær að hafa tekið þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar. Hann neitar því flatt út þrátt fyrir allir norður í Skagafirði og Norðurl. v. hafi séð þetta og fullt af fólki hafi kosið hv. þm. í prófkjöri Samfylkingarinnar. Hv. þm. Þuríður Backman hristir höfuðið yfir þessu. En þetta var samt þannig. (**SvH:** Fullt af því.) Það var töluvert af fólki, já. Hann lenti í góðu sæti. Hann lenti að vísu ekki nægilega ofarlega á listanum til þess að vera ánægður. Hann stefndi á fyrsta eða annað sætið en náði því ekki. Metnaði hans til þess að komast á hið háa Alþingi var ekki fullnægt í þessu prófkjöri. Þess vegna söðlaði hann um og fór í framboð með Vinstri grænum í staðinn. En hann tók þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar (**Gripið fram í:** Litlu verður Vöggur feginn.) og hann væri maður að meiri að viðurkenna það hér að hafa tekið þátt í þessu prófkjöri en ekki vera að sverja það allt saman af sér eða afneita því. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Svaraðu því.)

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir tók þátt í þessu prófkjöri með hv. þm. Jóni Bjarnasyni. (**AKG:** Hann svaraði þessu ... sem ég var að tala um.) Hann svaraði þessu ekki, kallar hv. þm. fram í. En þannig vill til að ég er með útskrift af því sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði í andsvari í gær. Hér segir hv. þm. í þessari útskrift, með leyfi forseta:

„Að vera svo að draga allt aðra þætti inn sem skipta ekki máli — ég fór ekki í prófkjör fyrir Samfylkinguna" — segir hv. þm. Jón Bjarnason í gær — „ég fór ekki í prófkjör fyrir Samfylkinguna ef það er málið, ég fór í prófkjör fyrir Alþýðubandalagið á sínum tíma."

Hv. þm. fór aldrei í prófkjör fyrir Alþb. Alþb. var ekki með neitt prófkjör fyrir síðustu alþingiskosningar. Það var Samfylkingin sem var með þetta prófkjör. Að koma svo hér og halda að hann geti sagt einhverja svona vitleysu og að ekki séu gerðar neinar athugasemdir við það, ég verð bara að viðurkenna að ég skil það ekki. En látum þetta allt liggja á milli hluta.

Það sem mér gremst af hálfu þingmanna Vinstri grænna — og það á ekki bara við um hv. þm. Jón Bjarnason — er að í atkvæðagreiðslunni fyrr í dag eftir að fyrir lá að búið var að samþykkja fyrri efnismálsgrein 1. gr. frv., að ríkið var búið að fá heimild til þess að selja hlutabréfin, þá voru greidd atkvæði gegn síðari efnismálsgrein 1. gr. frv. sem sneri að því að nota mætti hluta af andvirði sölunnar til framfaramála í Skagafirði. Eftir að fyrir liggur að salan á sér stað þá eru greidd atkvæði gegn því að nota peningana fyrir norðan. Það gremst mér. Ég verð að segja það. Ég skil ekki af hverju þingflokkur Vinstri grænna greiðir atkvæði gegn því að nota þessa peninga fyrir norðan þegar fyrir liggur að peningarnir munu koma í ríkissjóð. Er það kannski betra fyrir Vinstri græna að þessir peningar komi aldrei norður? Er það eitthvað betra fyrir Vinstri græna að þeir renni beint í ríkissjóð og nýtist ekkert sérstaklega í Skagafirði? Er það það sem hv. þingmenn Vinstri grænna vilja? (Gripið fram í.) Nákvæmlega hér er tækifæri til þess að nota þessa peninga nú í sumar, til þess að eyða þeim norður í Skagafirði. Eina raunhæfa leiðin til þess að eitthvað verði gert fyrir þessa peninga núna á þessu ári er að samþykkja þessa síðari efnismálsgrein, heimildina (Gripið fram í.) sem tengist þessu. Það er enginn annar raunhæfur kostur nema að samþykkja þetta til að sjá hluti gerast í Skagafirði fyrir þessa fjármuni á þessu ári. Það stendur ekki til og hefur ekki staðið til annað en að fylgja þeim fjárlögum sem samþykkt voru fyrir ári. (**ÁSJ:** Af því að þið eruð í meiri hluta þá er þessi staða.) Já, af því að við erum í meiri hluta þá er þessi staða, segir hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. En það vill bara til að við stöndum frammi (Gripið fram í.) fyrir því núna að fjárlög eru samþykkt. Svo kemur allt í einu möguleiki á því að fá meiri peninga inn á svæðið. Hv. þingmenn voru ósammála (Gripið fram í.) aðferðinni en þeir eru líka á móti því að peningarnir komi inn á svæðið.

Hvernig verður það nú þegar þessir peningar hafa nýst til framfara t.d. í samgöngumálum? Það verður gaman þegar hv. þingmenn fara að keyra einhvern vegarspotta sem verður til fyrir þennan pening. Þá munu þeir berja sér á brjóst: „Ég var á móti þessum vegi.“ Eða hvernig verður það þegar einhver önnur framfaramál hafa náð fram að ganga í héraðinu, (Gripið fram í.) t.d. ef þessir peningar skyldu nýtast á Hólum? Þá lítur það þannig út frá mínum bæjardyrum séð að það sé bara kominn einhver ákveðin afbrýðissemi í gang, það megi ekki koma með peninga á miðju ári norður í Hóla af því að þeir séu eitthvað illa fengnir. Hvernig skyldi það vera ef hv. þm. Vinstri grænna eru á móti einhverjum skatti og finnst það vera slæmur skattur og peningarnir komi inn í ríkissjóð með einhverjum leiðinlegum hætti, ætla þá þingmenn Vinstri grænna að taka upp þá stefnu að það eigi helst ekki að nota þá peninga, ekki nokkurn skapaðan hlut, það eigi helst ekki að verja þeim hvorki til góðra mála né slæmra, bara safna þeim inn á bók? Ég bara skil ekkert í þessari afstöðu. (Gripið fram í.) Þessi afstaða er ekki til sóma fyrir hv. þingmenn Vinstri grænna, þ.e. að leggjast gegn framfaramálum í héraði í Skagafirði með því að greiða atkvæði gegn því að þessir peningar fari norður í Skagafjörð. Mér finnst það hryggilegt. Mér finnst þetta ekki beysin afstaða. Ég verð bara að viðurkenna að ég er alveg gáttaður.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki áttað mig á því hversu sorglega er komið fyrir hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fyrr en ég heyrði hann flytja þessa ræðu. Hv. þm. hefur að vísu orðið ber að því frammi fyrir alþjóð núna í hverju málinu á fætur öðru að láta berja sig niður og greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni eins og ekkert sé, lýsir því yfir við þjóðina að hann sé í raun og veru á móti ríkisábyrgðinni til deCODE en hann verði samt að styðja málið af því að það sé ríkisstjórnarmál.

Það má kannski segja að hv. þm. sé í þeirri óvenjulegu aðstöðu að vera ekki að reyna að þjóna tveimur herrum heldur þremur, þ.e. Verslunarráðinu, ríkisstjórninni og samvisku sinni. En það er alveg ljóst hvaða herra er minnst virtur í þessu kompaníi, það er samviska þingmannsins. Henni er ævinlega ýtt til hliðar. Ekki var það betra þegar hv. þm. fór að útlista að menn skyldu ekki vera til sölu í þessu máli af því að það ættu að koma peningar í opinberar framkvæmdir í Skagafirði fyrir söluandvirði verksmiðjunnar. Þá eiga menn auðvitað að vera falir að mati hv. þm. Vilhjáms Egilssonar og hann skilur ekki svona hugsunarhátt, að menn skuli leyfa sér að hafa uppi einhverja prinsippafstöðu í málum af þessu tagi og telja t.d. að fjármunum til opinberra framkvæmda, vegamála og annarra slíkra brýnna verkefna, sem bíða tugum og hundruðum saman úti um allt land, eigi að skipta á fjárlögum eða samkvæmt vegáætlun og með það eigi að fara samkvæmt almennum leikreglum. Hvað ætlar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að segja öllum hinum byggðarlögunum þar sem brýnar framkvæmdir bíða en menn eru ekki að fá neina peninga vegna steinullarverksmiðjusölu? Það er á þessum grunni sem við höfum tekið okkar almennu afstöðu í þessu máli. Við teljum óskynsamlegt að ríkið selji eignarhlut sinn við þessar aðstæður og auki þar með á öryggisleysi verksmiðjunnar. Það tekur hv. þm. undir að séu gild rök, gerði það í ræðu sinni. Við erum líka ósammála þeirri aðferðafræði að taka hluta af þessu söluandvirði, veifa því sem gulrót, stytta sér leið fram hjá öllum venjulegum reglum um meðferð opinberra fjármuna til þess að reyna að sætta menn við þetta í héraðinu. Þetta er heldur lágkúrulegt allt saman, herra forseti.

[15:06]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara svo að ég sé alveg kristalklár á afstöðu hv. þm. — hann er að segja að hann sé á móti því að nota þetta tækifæri sem núna gefst til að fara með þessa peninga norður í Skagafjörð. Hann greiddi sem sagt atkvæði gegn því að fara með þessa peninga norður í Skagafjörð vegna þess að hann vill sjá þá nýtast yfir allt landið. Er þetta afstaðan? (Gripið fram í.) Peningarnir eru komnir í ríkissjóð. Þegar salan liggur fyrir koma peningarnir í ríkissjóð og ég vil bara að það liggi alveg kristalklárt fyrir hvort það er réttur skilningur hjá mér að hv. þm. sem hér talaði, Steingrímur J. Sigfússon, vilji af prinsippástæðum ekki að króna af söluandvirðinu fari norður í Skagafjörð umfram það sem mundi koma með almennum útdeilingum á fjárlögum.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Brýnar framkvæmdir í opinberum málum bíða úti um allt land. Það er að sjálfsögðu gott að fá fjármuni

til þeirra og allir fagna því en við höfum reist afstöðu okkar á því að í fyrsta lagi sé þessi tenging í málinu óeðlileg og þetta séu óeðlileg vinnubrögð. Það væri líka fróðlegt að spyrja hv. þm. um rökin fyrir því að ráðstafa þessum tekjum ríkisins sérstaklega í þessu byggðarlagi. Þau eru þá væntanlega að óvissa skapist í málefnum fyrirtækisins sem geri það að verkum að það sé rétt að verðlauna þetta byggðarlag sérstaklega umfram önnur þar sem brýnar og þarfar framkvæmdir bíða líka. Einhver tenging hlýtur þarna að vera því að venjan er ekki sú að eyrnamerkja tekjur vegna eignasölu ríkisins nákvæmlega því sveitarfélagi sem t.d. höfuðstöðvar viðkomandi fyrirtækis eru í. Væru menn t.d. ánægðir með að Reykjavíkurborg fengi allt söluandvirði Landsbankans ef hann yrði seldur af því að hann hefur höfuðstöðvar hér? Ég held að þá verði bara að fara yfir það. Hver er tengingin? Ef hún er sú að vegna þess að ríkið dregur sig út úr fyrirtækinu skapast óvissa um framtíð þess í héraði verða menn þó a.m.k. að viðurkenna þann þátt málsins.

Að hinu leytinu teljum við að um opinberar framkvæmdir eigi að gilda þau lög og þær reglur sem almennt gilda.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er til sölu og hefur lýst því yfir opinberlega að hann hafi verið til sölu í þessu máli. Vegna þess að helmingur söluandvirðisins eigi að fara í byggðarlagið eða á þessar slóðir ætlar hann að styðja málið. Þá langar mig að spyrja hv. þm.: Hefði verið hægt að kaupa hann fyrir minna? Hefðu honum kannski dugað 50 millj.? Hversu ódýr er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þegar kemur að kaupskap af þessu tagi, að hann gengur yfir sannfæringu sína í málum, viðurkennir það en réttlætir með þessum ömurlega hætti að úr því að gulrót er veifað í hinn endann sé hann til kaups? Hefði bara ein gulrótarsneið verið nóg, sætt hv. þm. Vilhjálm Egilsson við þetta mál og hann þar með verið falur?

[15:09]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal alveg fullvissa hv. þm. um að það getur kostað dálítið að versla við mig. Ég tel mig vera að vinna fyrir Skagfirðinga hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Ertu ekki að vinna fyrir þjóðina?) Ég tel að ríkið hafi haft þarna þessa peninga í eigin fé í rekstri í Skagafirði og ég tel að ef sá möguleiki kemur upp að flytja þessa peninga úr eigin fénu í steinullinni yfir í eitthvað annað í Skagafirði finnst mér það bara ágætismál. Þannig lít ég á það mál, að ríkið sé búið að leggja þessa peninga inn í Skagafjörð, þeir voru þarna, og ég vil að sem mest af þessum peningum haldist í Skagafirði. Þótt þeir fari úr steinullinni og yfir í eitthvað annað til þess að byggja upp innviði í Skagafirði finnst mér það bara gott mál.

Ég fullvissa hv. þm. um að ég vinn af heilindum að framfaramálum í Skagafirði. Ef ég sé með viðskiptum eða einhverjum öðrum hætti tækifæri í kringum þetta mál til að fá sem mesta peninga út úr því fyrir Skagfirðinga dreg ég sko ekkert af mér við það.

[15:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig tekur sárt að hlusta á hv. þm. Vilhjálm Egilsson fara út um víðan völl og frá umræðuefninu sem er sala ríkisins á hlut sínum í Steinullarverksmiðjunni, og blanda inn í það persónlegum atriðum varðandi mig. Til að létta áhyggjum hans af þeim, eins og ég sagði í gær, hef ég aldrei verið félagi í Samfylkingunni. Í því prófkjöri sem ég fór fram með á sínum tíma var ég félagi í Alþýðubandalaginu og fór fram í nafni þess. Þannig var það prófkjör. Síðan var stofnaður flokkurinn Vinstri hreyfingin – grænt framboð og ég gerðist þar félagi.

Ef honum léttir eitthvað að heyra það hef ég aldrei verið félagi í Skagafjarðarlistanum eða með þeim sem stóðu að honum á sínum tíma. Margt gott fólk starfar í Skagafjarðarlistanum þó að ég hafi ekki átt þar aðild að. Ef þetta létti eitthvað samvisku hans í sambandi við umræðuna um Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki væri það ágætt. Hins vegar heyrði ég ekki hv. þm. vitna hér til samþykktar flokksmanna sinna í Skagafirði varðandi meðferð máls og framgöngu við sölu Steinullarverksmiðjunnar. Hefði það kannski staðið honum nær sem fyrsta þingmanni kjördæmisins og einmitt sem þingmanni þessara ágætu manna, sveitarstjórnarmanna Sjálfstfl. í Skagafirði, að lesa hér upp fundarsamþykkt þeirra. Ætli það hefði ekki heldur staðið honum nær? Ég hygg að Skagfirðingar allir hefðu frekar viljað heyra hv. þm. koma að því máli í ræðu sinni.

[15:13]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var bara ágætt, mér er ákveðinn léttir að því að hv. þm. viðurkennir það nú hér að hafa tekið þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar. Að vísu vissu allir að hann var góður og dyggur alþýðubandalagsmaður en hann tók þátt í þessu prófkjöri engu að síður. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. hefði tekið sæti á framboðslistanum ef hann hefði náð 1. eða 2. sæti eins og hann stefndi að eða hvort hann hefði hoppað úr því sæti yfir í framboð fyrir Vinstri græna þegar búið var að stofna þann flokk. Var þátttakan í prófkjöri Samfylkingarinnar bara upp á grín eða hvað meinti hv. þm. eiginlega með þessu? Ég vildi gjarnan fá skoðanir hans á því.

Síðan vildi ég líka fá útskýringu frá hv. þm. á því hvort hann sé raunverulega á móti því að nota þessa peninga sem þarna koma, mjög óvænt, upp í hendurnar á okkur, Skagfirðingum, og fara með þá norður í land og gera eitthvað fyrir þá núna. Er hv. þm. sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að þessir peningar hefðu átt að fara í ríkissjóð og allt sem snýr að Skagafirði ætti að bíða þangað til við næstu fjárlagagerð? (Gripið fram í.) Ég veit, hv. þingmaður, að Vinstri grænir eru á móti því að selja. En þegar fyrir liggur að það er tapað og peningarnir munu koma í ríkissjóð á þessu ári, þegar það liggur fyrir, má ekki nýta þessa peninga til hagsmuna fyrir Skagfirðinga núna? (**SJS:** Við erum enn að reyna að snúa þér.)

[15:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða frekari orðum í prófkjörsvandamál hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Ég hygg að ef hann lítur í eigin barm standi hv. þm. frammi fyrir nokkrum vandamálum sem gaman gæti verið fyrir hann að rifja upp.

Varðandi aðkomu hv. þm. að þessu máli þá innti ég hv. þm. eftir því af hverju hann hefði ekki vikið að samþykktum félagsmanna sinna í Skagafirði um þetta mál. Ég held að þeir hefðu frekar viljað hlusta á einhver orð á þeim vettvangi frá hv. þm.

Ég hef lýst því að ég tel að hagsmunum Skagfirðinga sé best borgið með því að Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki búi við þann trygga bakhjarl og þá kjölfestu sem hún býr við í núverandi eigendum verksmiðjunnar, að þar séu hagsmunirnir mestir. Við hitt, að ætla að veifa framan í fólk að þessi hluti söluandvirðisins eigi að renna til þessa eða

annars, verkefna sem eru hvort eð er á ábyrgð ríkisins og á að vinna, set ég spurningarmerki. Ríkissjóður er bara einn sjóður. Eins og komið hefur fram í umræðunum þá er hér fyrst og fremst um heimild að ræða, Samkeppnisstofnun á eftir að ákveða, m.a. hvort þetta geti farið fram. Fjárútlát eða ráðstöfun fjárins er líka háð fjárlögum og fjárlög koma í haust.

Að sjálfsögðu vil ég fá sem mest fjármagn í Skagafjörð, til þeirra mörgu brýnu verkefna sem þar eru. En ég ítreka það mat mitt að hagsmunum Skagfirðinga sé best borgið með því að Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki búi við sem öruggastan grunn og öruggust starfsskilyrði. Þess vegna tel ég að ríkið eigi ekki að selja hlut sinn í henni.

[15:17]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekkert við það að athuga að hv. þm. Jón Bjarnason sé andvígur þessari sölu. Hann getur haft þá skoðun og ég virði hana sem slíka.

Mér gremst hins vegar að eftir að það liggur fyrir að þessir peningar koma í hús hjá ríkissjóði og að okkur gefst tækifæri til að nota þá norður í Skagafirði skuli hv. þm. og þingflokkur Vinstri grænna vilja koma í veg fyrir það.

Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði hér áðan er það bara prinsippatriði að þessir peningar fari ekkert sérstaklega norður í Skagafjörð heldur verði tekið á hagsmunamálum Skagfirðinga sérstaklega. Ég er hins vegar kosinn á þing fyrir Skagfirðinga, Húnvetninga og Siglfirðinga. Þegar ég sé tækifæri til að nota þarna peninga norður í Skagafirði og þetta tækifæri kemur upp í hendurnar á okkur þá stekk ég á það.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það gerist stundum þegar menn eru komnir í mikil vandræði, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, að þeir virðast festast í vítahring, fara úr öskunni í eldinn og staða þeirra versnar við hverja einustu ræðu sem þeir reyna að flytja máli sínu til varnar. Ég held að þessi ræða hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, félaga okkar hér á þingi, sé einhver sú ómerkilegasta sem ég hef heyrt hann flytja um dagana — eiginlega alveg örugglega. Ég fullyrði það.

Þessi síðasta aðdróttun í garð hv. þm. Jóns Bjarnasonar var t.d. merkileg. Hvað hefur hv. þm. Jón Bjarnason gert sérstaklega á hlut Vilhjálms Egilssonar sem gerir það að verkum að hann telur sér sæmandi að fara að honum með aðdróttunum af því tagi sem hann gerði hér? Ætli Skagfirðingar viti ekki betur? Ætli þurfi ekki meiri mann en Vilhjálm Egilsson, þó að hár sé í loftinu, til þess að sannfæra þá um að Jón Bjarnason hafi verið sérstakur dragbítur á uppbyggingu og framfarir í Skagafirði? Ætli þeir sem þekkja til uppbyggingarinnar á Hólastað viti ekki betur, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson?

Ég held það. (**VE:** Er útlit manna orðið til umræðu hér?) Það er greinilegt að hv. þm. er mjög órótt og það skil ég, enda í mikilli vörn í máli sínu. (**VE:** En er útlit manna orðið að umræðuefni hér?) Nei, það á auðvitað ekki að gera það að umtalsefni. Ég biðst velvirðingar á því ef hv. þm. hefur tekið það nærri sér sem ég sagði um það. En hitt stend ég við, að ummæli hans voru einstaklega ómakleg og ómerkileg í garð hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Ég held að það dæmi sig alveg sjálft, þegar menn eru komnir í þvílík vandræði sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hér áðan, er hann fór að rifja upp atburði úr persónulegri pólitískri sögu viðkomandi einstaklings og reyna að draga hana inn í algerlega óskylt mál. Ég held að hv. þm. hafi ekki tekist með neinum hætti að sýna fram á að að hefði einhver efnisleg tengsl við þessa umræðu. Eða hefði það mikið upp á sig að fara að velta fyrir sér pólitískri fortíð Vilhjálms Egilssonar, prófkjörsglímum hans við hv. fyrrv. þm. Hjálmar Jónsson sem hv. þm. tapaði reyndar eins og kunnugt er. Hvað hefði slíkt upp á sig? Auðvitað ekkert. Það er pólitísk sagnfræði sem getur kannski átt við við einhverjar vissar kringumstæður en á ekkert erindi inn í efnislegar umræður um mál af þessu tagi þar sem menn ættu auðvitað að reyna að ræðast við með rökum og gagnrökum. Slík umræða sýnir bara að menn eru komnir í algert rökþrot. Menn eru í þvílíkum hengjandi vandræðum með sjálfa sig, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er hér, að þeir grípa til svona örþrifaráða og gera bara illt verra með því.

Herra forseti. Það er fyrst og fremst tvennt sem við höfum lagt áherslu á í þessu máli. Það er burðarásinn í þeirri afstöðu sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum tekið í sambandi við þetta mál. Annars vegar teljum við óskynsamlegt, ekki rétt, að ríkið fari út úr eignarhaldi á verksmiðjunni við núverandi aðstæður og auki á þá óvissu sem skapast af því að sveitarfélagið telur sig knúið til að losa sinn hlut. Hitt er að við erum andvíg þeirri uppsetningu mála sem hér er fram sett, að hluta af söluandvirðinu eigi að veifa framan í menn á þessu svæði til einhverra óskilgreindra opinberra framkvæmda samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar. Slíkri uppstillingu mála höfnum við auðvitað og þar sem þetta er einn pakki erum við auðvitað á móti málinu sem slíku með nákvæmlega sama hætti og við snerumst ekki til stuðnings við einkavæðingu Landssímans þótt reynt væri að halda því að fólki að þar með kæmu peningar í ríkiskassann sem unnt yrði að nota í opinberar framkvæmdir. Við erum ekki til sölu með þeim hætti, ef við tökum (**Iðnrh.:** Hvernig er með Kísiliðjuna, hvernig stendur með hana?) grundvallarafstöðu til mála af þessu tagi.

Hæstv. iðnrh. þekkir nú vel þær mjög svo sérstöku aðstæður sem voru uppi í sambandi við málefni Kísiliðjunnar. Ég skal bara fara yfir það úr því að hæstv. ráðherra vill gjarnan fá að heyra það. Þannig var að það var fullkomin tvísýna um hvort það fyrirtæki yrði starfrækt nema í fáein ár í viðbót, það vissu allir. Þá kemur upp tækifæri sem er mjög sérstakt, að gegnum aðkomu nýs eignaraðila gefst tækifæri á að breyta eðli starfseminnar og fara yfir í vinnslu á aðfluttu hráefni þannig að umdeildri dælingu úr Mývatni lyki. Það var alveg ljóst að sá möguleiki á að skapa þarna tryggan framtíðarvinnustað var bundinn við að fara inn í þetta samstarf. Það setti auðvitað þá sölu og þá breytingu á högum fyrirtækisins í allt annað samhengi. Þvert á móti var þar í boði mögulega trygg framtíð fyrir fyrirtækið sem annars var í mikilli óvissu, öfugt við það sem hér gerist, (**Iðnrh.:** Peningarnir nýttust.) að ríkið skapar mikla óvissu með því að hverfa frá fyrirtækinu með þessum hætti.

Hins vegar kann að vera að menn hefðu átt að standa öðruvísi að því að ákveða hvernig farið væri með þá fjármuni, sem voru náttúrlega mjög takmarkaðir samanborið við þetta, sem menn hugðust verja til atvinnuuppbyggingar á því svæði. Það hafði reyndar löngu verið gert að stofna sérstakan atvinnuþróunarsjóð, Kísilgúrsjóð, sem í runnu ákveðnir fjármunir frá því fyrirtæki.

Ég hygg nú að þó að Steinullarverksmiðjan sé mikilvæg í atvinnulífi Skagafjarðar og nágrennis sé ólíku saman að jafna þeirri umbyltingu á samfélagslegum högum sem ríkið með uppbyggingu Kísiliðjunnar skóp á sínum tíma í Mývatnssveit, þar sem íbúatalan meira en tvöfaldaðist með tilkomu þessa eina fyrirtækis. Það er náttúrlega svo algerlega yfirgnæfandi að samfélagið yrði tæpast samt eftir ef sá vinnustaður hyrfi einfaldlega af yfirborði jarðarinnar. Þess vegna hafa sanngjarnir menn allan tímann, í þeirri umræðu, viðurkennt þá miklu ábyrgð sem ríkið ber á þeim aðstæðum sem þar sköpuðust. Ríkið ber vissulega að sínu leyti ábyrgð á Sauðárkróki líka vegna þess að það breytir atvinnulífi og hagsmunum byggðarlaga þegar stórir vinnustaðir eru settir upp með þessum hætti. Það eru að sjálfsögðu rök fyrir því að ríkið eigi ekki að hlaupa frá þeim. Ríkið ber þar töluverða ábyrgð með inngripi sínu í þróun viðkomandi svæða.

Herra forseti. Auðvitað er mjög margt fleira ámælisvert í sambandi við málsmeðferðina hér. Ég hef gagnrýnt það mjög harðlega og spurt að því endurtekið. Sama hefur hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gert. Aldrei hafa komið nein svör. Ráðherra og stjórnarþingmenn og aðrir aðstandendur málsins forðast ævinlega að svara því hvers vegna ríkið hafnaði því, eitt eða ásamt hinum eignaraðilunum, að kaupa til sín hlut sveitarfélagsins þegar það fór fram á það snemma vetrar. Þá voru málin sett í þann farveg sem við stöndum frammi fyrir. Ég veit ekki til þess að það hafi verið ósk Sveitarfélagsins Skagafjarðar að ríkið seldi sinn hlut. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið sett fram sem sérstök ósk af hálfu sveitarfélagsins. Þvert á móti óskar sveitarfélagið eftir viðræðum við ríkið um að ríkið kaupi hlut þess. En því tilboði hafnar ríkið í nóvember, í aðdraganda þess að málin fara í þann farveg sem þau eru nú komin í.

Þetta er náttúrlega áleitin spurning sem er auðvitað með öllu ólíðandi að hæstv. ráðherra skuli víkja sér undan að svara. Hvers vegna léði ríkið ekki einu sinni máls á viðræðum um að koma að því með hinum stóru eigendunum, eða með einhverjum hætti, að leysa til sín hlut sveitarfélagsins úr því að skuldsett sveitarfélagið sá sig knúið til að losna þarna fé? Hvers vegna gat ríkið ekki látið það duga í bili, sem breyting á fyrirtækinu og röskun á högum þess? Málið er sett í allt annan farveg og í miklu meira uppnám með því að ríkið hafnar þessu. Ríkið sem er stærsti einstaki eignaraðilinn og kjölfestueignaraðili í fyrirtækinu hafnar því að málið sé unnið þannig. Þar gátu ýmsir möguleikar komið til greina, allt frá því að ríkið segði sem svo: Við erum ekki tilbúin til að auka okkar eignarhlut en við skulum halda okkar hlut áfram ef aðrir eru tilbúnir til að taka sitt. Ríkið gat eins sagt: Við erum til í að kaupa að okkar hluta 30% af hlut sveitarfélagsins þannig að eignarhlutur okkar fari upp í 35–40% en þá verða aðrir að koma á móti okkur í kaupunum.

Þriðji kosturinn var sá sem ég hefði talið að ríkið hefði vel getað gert ef annað var ekki í boði, þ.e. einfaldlega að leysa til sín svo til að öllu leyti þennan 24% eignarhlut sveitarfélagsins. Það hefði að vísu haft þann ókost í för með sér að margra mati að ríkið hefði orðið meirihlutaeigandi en það gat t.d. boðið upp á það, til að létta róðurinn, að fara í 49% og kaupa að mestu leyti hlut sveitarfélagsins, þó ekki væri nema um sinn, og áskilja sér svo rétt til þess að lækka sinn eignarhluta á nýjan leik, t.d. með því að reyna að losa bréf og láta þau fara á almennan markað. Með einhverri blöndu af þessum leiðum mátti gera þetta þannig að lágmarksröskun yrði á stöðu fyrirtækisins. Þessar áhyggjur og deilur í héraði hefðu þannig aldrei þurft að koma upp. Það er ríkið sem lokar þessari leið með því að hafna henni í haust eða snemma vetrar. Þannig liggur málið fyrir.

Hæstv. ráðherra þegir þunnu hljóði þegar spurt er að þessu: Hver eru rökin fyrir því að standa svona að málum? (**Iðnrh.:** Ég er margbúin að útskýra þetta.) Á sama tíma og ríkið er til í að kaupa hlut sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða og tilbúið í að skutla út 20 þús. millj. kr. ríkisábyrgð vegna eins húss hérna í Vatnsmýrinni, virðist ríkið ekki geta lagt það af mörkum til að treysta stöðu þessa fyrirtækis þarna, í gegnum þær breytingar eru þá að verða á þess högum, að halda eignarhlut sínum eða taka þátt í því að leysa til sín hlut Sauðárkróksbæjar.

Síðan hefði þá að mínu mati verið miklu heppilegra að reyna að stofna til dreifðari eignaraðildar að þessu fyrirtæki, setja það á markað og athuga hvort almenningur væri áhugasamur um að fjárfesta í því. Það gat þá gerst í rólegheitum eða ríkið hefði farið þá leið sem það þykist vilja halda sig við samkvæmt lögum og reglum, að auglýsa bara einfaldlega opinberlega til sölu einhver bréf og byrja þannig að stofna til virks hlutabréfamarkaðar með bréf í þessu fyrirtæki.

Herra forseti. Það er líka alveg stórkostlegt að sjá hæstv. ráðherra — í hlut á nefnilega líka hæstv. viðskrh., yfirmaður samkeppnismála í landinu — yppa öxlum yfir þeirri staðreynd að þetta mál er til skoðunar, kauptilboð þessara hagsmunaaðila í byggingariðnaði sem hafa samtals nánast algerlega markaðsráðandi stöðu í verslun með allar byggingarvörur í landinu. Það er til skoðunar hjá samkeppnisyfirvöldum. Þá segir hæstv. ráðherra: Þetta er allt með fyrirvara um að þar komi grænt ljós. Þar er ekki verið að fara fram á að fá niðurstöðu í málinu eða óska eftir forúrskurði eða öðru slíku og koma svo til Alþingis og leggja málið fullbúið fyrir þingið þannig að menn geti tekið afstöðu. Og þá átti auðvitað Alþingi að taka ákvörðunina og þá eiga þetta ekki að vera heimildarlög heldur einföld ákvörðun, annaðhvort um sölu eða ekki sölu á verksmiðjunni, og síðan á að ráðstafa þeim fjármunum samkvæmt venjubundnum leiðum á Alþingi. Með því er ekki útilokað að einhver hluti þeirra fari sérstaklega inn á þetta svæði. Það er ekki það sem við höfum sérstaklega sett fótinn fyrir heldur sú afbrigðilega málsmeðferð sem hér er uppi höfð. Hæstv. ráðherra rýkur í fjölmiðla og boðar að þegar þessir fjármunir komi telji hún að þeir eigi að fara í tiltekna vegarspotta.

Þetta eru auðvitað alveg ólíðandi vinnubrögð. Við getum meira og minna hætt að hafa vegáætlun, fjárlög og aðrar slíkar skipulagðar aðferðir við að taka ákvarðanir og ráðstafa fjármunum hins opinbera ef menn láta sér alltaf lynda þessi vinnubrögð. Það er þannig. Þá er í raun og veru lafstutt í að bara ein heimildarlög á ári verði afgreidd, ríkisstjórnin geri það sem henni sýnist, setji peninga í það sem henni þóknast og fari með allt að eigin geðþótta. Heimildarlögin eru mjög í tísku núna, samanber deCODE-málið. Það eru líka heimildarlög, 20 þús. millj. kr. óútfyllt ávísun handa fjmrh., og þær gerast ekki öllu gildari nú um stundir.

Þá, herra forseti, er ríkisstjórnin náttúrlega algerlega berrössuð hvað það varðar að hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. iðn.- og viðskrh. hafa getað haldið uppi neinum vörnum gagnvart því að lögunum og reglunum um sölu eigna ríkisins er ýtt til hliðar. Það á ekki að gera samkvæmt þeim ákvæðum nema mjög sérstakar og ríkar ástæður séu til að ekki sé farið að með hinum venjubundna hætti, að láta óháðan aðila meta, að auglýsa opinberlega til sölu og gefa almenningi

kost á að bjóða í. Þessi málsmeðferð, herra forseti, er öll ámælisverð. Það segir sig alveg sjálft. Og hversu mikið sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og málsins — því miður hafa einstöku samfylkingarþingmenn gengið undir það jarðarmen líka — reyna að snúa út úr málflutningi þeirra tveggja þingflokka sem hafa andæft í málinu blasa hinar efnislegu forsendur við. Ég er ekkert hræddur um það mál í hinni almennu umræðu meðal almennings og ekki heldur í Skagafirði því að ég spái því að í Skagfirðingum sé sá metnaður að þeim þyki ekki sniðugt að það eigi að reyna að stilla þeim upp með þessum hætti, með byssuna í annarri hendinni og dollarabúntið í hinni og menn eigi að láta sig fyrir slíku.

Hvar endar það, herra forseti, ef menn halda áfram inn á þessa braut, að farið verði að líta á það sem sjálfsagðan hlut að taka verðmæti sem koma í ríkissjóð vegna hinnar eða þessarar eignasölu og eyrnamerkja það einhverjum einstökum, sérstökum framkvæmdir? Sama gildir þá um þau byggðarlög þar sem ríkið á einhver verðmæti til að selja. Eiga þau þá að njóta ein en hin, þar sem engu slíku er til að dreifa, sitja eftir með sárt ennið og fá ekki neitt? Heldur ekki hæstv. iðn.- og viðskrh. að það sé mönnum á Vestfjörðum eða á norðausturhorni landsins alveg óskapleg huggun þegar þeir bíða ár eftir ár með sína vegarspotta ef þetta á að verða niðurstaðan? Nákvæmlega það sama var uppi á teningnum þegar átti að fara að reyna að gylla það fyrir mönnum, ekki síst landsbyggðarfólki, sem höfðu miklar efasemdir og réttmætar eins og reynslan hefur sýnt um bröltið með Landssímann og bankana. Mönnum var talin trú um að það yrði þeim til framdráttar en annað hefur nú komið á daginn. Þá átti að reyna að gera gott úr því og fá menn til að kokgleypa einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar út á það að peningarnir ættu að fara í einhverja framkvæmd, vegaframkvæmdir, jarðgangaframkvæmdir eða annað því um líkt. Þetta er ekki skynsamleg nálgun og menn ættu a.m.k. að vera menn til þess að ræða málefnalega hvort þeir vilja fara út á þessa braut því hvar ætla menn þá að stöðva sig af.

Ef einhverjar framkvæmdir eru þarfar og brýnar og þær á að kosta af opinberu fé á að taka um það ákvörðun sem slíka. Ætlum við að ráðast í þær nú? Ríkið er ekki þannig á vegi statt, sem betur fer, að það eigi ekki fyrir nokkrum kílómetrum af vegum nema selja til þess eignir. Sem betur fer er ekki svo illa komið en því á að halda algjörlega aðskildu. Enda koma tekjur vegna eignasölu kannski stundum inn í stórum gusum og síðan líða ár meðan ekkert kemur og það er beinlínis heimskulegt að ætla að fara að miða framkvæmdarstigið í almennum opinberum framkvæmdum ár frá ári við það hvort nákvæmlega á því ári kemur eitthvað í ríkiskassann eða ekki. Það er gjörsamlega út í hróa hött. Ef ríkið gæti kannski eftir einhver ár selt allan eignarhlut sinn í Landsvirkjun á einu bretti fyrir 40 milljarða, á að eyða því á því ári? Væri það gáfuleg pólitík? Það mundi heldur betur hrikta í þá. En síðan kannski næstu fimm ár á eftir eða tíu ár þar á undan hefði ekkert komið inn. Á þá ekkert að gera þau ár?

Nei, herra forseti, það sjá auðvitað allir að þetta er út í loftið. Þetta eru pólitískir loftfimleikar sem á að afhjúpa. Ég nenni ekki að standa í að ræða svona. **(Gripið fram í:** Ætlarðu ekki að hætta þá?) Það er alveg sama þó að kempur komi hingað og ætli að hræða mann með því að einhverjir hverfi frá stuðningi í Skagafirði eða annars staðar. Ég hef ekki nokkrar minnstu áhyggjur af því né mundi ég láta það ráða afstöðu minni. Það væri ómálefnalegt og heldur ódýrt. Það er alveg ömurlegt að sjá menn koma upp og viðurkenna upp á sig kaupskapinn með þeim hætti sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði áðan. Það er satt best að segja eitt af því allra dapurlegasta sem maður getur lent í á þessari samkomu, að verða vitni að slíku. Og ríkisstjórnin er að reyna að bjóða mönnum upp í þennan dans með þessari lágkúrulegu framsetningu mála, með þessari lágkúrulegu tengingu tiltekinna opinberra framkvæmda við söluandvirði sem komi inn vegna hluta af eignarhlut ríkisins í þessari verksmiðju. Það er auðvitað á allan hátt alveg fráleitt, herra forseti.

Krónurnar þekkjast heldur ekki í sundur eins og ég hef stundum minnt menn á. Ég held að kannski sé einfaldast að afhjúpa þennan blekkingarleik með því að benda á að krónurnar þekkjast ekki í sundur þegar þær eru komnar í kassann. Þó að, þegar eða ef þessar 200 millj. eða hvað þær eru margar mundu skila sér í kassann hjá hæstv. fjmrh. Geir Hilmari Haarde í ár verða þær alveg nákvæmlega eins og það verður ekkert sérstakt skarð í þeim krónum sem munu hafa komið inn fyrir söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar. Þær verða bara eins og hverjar aðrar krónur og þekkjast ekki frá hinum sem komu inn fyrir virðisaukaskatt eða með einhverjum öðrum hætti. Allt eru þetta í raun og veru loftfimleikar, herra forseti. Svona eyrnamerking hefur ekkert upp á sig. Það er dálítið fyndið að helstu talsmenn þessara mála núna eru þeir hinir sömu og vildu afnema alla eyrnamerkta tekjustofna. Það ætti ekki að vera þannig. Það ætti ekki að innheimta sérstaka tekjustofna sem væru merktir tilteknum verkefnum. Muna menn ekki eftir þessum ræðum? Þetta var hluti af hátíðarræðuhöldunum, gott ef þetta kom ekki eitthvað við sögu þegar menn voru að ræða hér um kaffipakkalýðræðið á sínum tíma, og hluta af ræðunum í uppgjörinu við fortíðarvandann á þeim dögum þegar Alþýðuflokkurinn var í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Þá átti heldur betur að brjóta í blað í öllum þessum málum. Þá var eitt af því sem um voru haldnar innblásnar ræður á Alþingi að ekki mætti innheimta svona eyrnamerktar tekjur í Framkvæmdasjóð fatlaðra eða Framkvæmdasjóð aldraðra eða annað slíkt því að allar slíkar eyrnamerktar tekjur væru vondar, það ætti bara að fara út með þetta allt og allt ætti að afgreiðast á almennum forsendum gegnum ríkissjóð.

Það er með þetta eins og fleira, prinsippin eru hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki föst í hendi þegar á þarf að halda. Þetta er bara alveg eins og með ríkisábyrgðina og sértæku aðgerðirnar sem allar áttu að heyra sögunni til. Þegar það hentar er þessu öllu vikið til hliðar. Nú er allt í einu uppi þessi nýja tegund af eyrnamerktum tekjustofnum. Sala tiltekinna ríkiseigna á að fara í tilteknar framkvæmdir, ekki samkvæmt ákvörðunum Alþingis, nei, heldur eftir því sem hæstv. ráðherrum þóknast að ákveða við ríkisstjórnarborðið eða í einhverjum bakherbergjum þegar þeir eru að gera kaupskapinn, herra forseti. Þetta er alveg óbrúkleg aðferðafræði hér, herra forseti, og það eru allar forsendur til þess að hafna þessu máli eins og það er hér fram borið. Það er aðstandendum sínum til lítils sóma.

[15:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega ekkert af því sem hér kom fram svaravert. Hér hefur farið fram mikil gengisfelling á orðum og andstöðu við mál því eins og hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa talað í þessu máli sem nú er á lokastigi í umræðu er hreint með ólíkindum.

Um það er að ræða að selja hlut ríkisins, 30% hlut í vel reknu fyrirtæki, og það er hægt að tala um það klukkutímum saman og staglast á sömu fullyrðingunum endalaust. Ég er aldeilis undrandi.

Það er þó eitt sem ég ætla að reyna að svara einu sinni enn af því að hv. þm. hefur sennilega ekki verið í salnum. Hann þarf ekkert endilega að vera í salnum nema þegar hann er að hlusta á sjálfan sig. Hann talaði um hvers vegna ríkið hefði ekki keypt. Þannig er að ríkið tók þátt í hluthafasamningi með samkomulagi frá 1989. Ríkið taldi líklegt að Paroc mundi hugsanlega vilja kaupa hlut þess í fyrirtækinu en svo reyndist ekki vera. Það kom í ljós í samtölum sem áttu sér stað hjá eigendum, þrem stærstu eigendunum, að Paroc vildi selja líka. Þá var það að mínu mati sjálfsagt mál, til að verja hlut ríkisins í þessu fyrirtæki, að taka þátt í sölunni með hinum tveimur stærstu eigendunum enda barst tilboð frá ábyrgum aðilum um kaup á þessum hlutum.

Hvað varðar samkeppnisyfirvöld er það bara eins og lög gera ráð fyrir. Þau eru að fara yfir samkeppnisþátt þessa máls. Forúrskurður er ekki lengur í lögum Samkeppnisstofnunar þannig að ekki er um slíkt að ræða.

[15:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér rekst eitt á annars horn. Á að taka það gilt sem svar að það hafi verið hið finnska fyrirtæki sem í raun og veru réð örlögum ríkisins í þessu sambandi? Af því að það var ekki tilbúið að kaupa fyrir sitt leyti samkvæmt einhverjum samtölum sem við það fóru fram hafi ríkið ákveðið að snúa við blaðinu? Mér finnast þetta ekki sannfærandi rök, herra forseti.

Síðan finnst mér það líka mótsagnakennt að koma hér annars vegar og segja, sem vissulega er rétt eins og málin standa í dag, að fyrirtækið hafi gengið vel undanfarin ár og standi bærilega — það kann að skýra áhuga manna á því að kaupa það — og hins vegar að láta að því liggja, eins og mér finnst hæstv. ráðherra vera að gera, að það hafi verið um að gera fyrir ríkið að selja og forða sér út úr fyrirtækinu, grípa tækifærið. Ef framtíð fyrirtækisins er sæmilega traust og björt, og guð láti gott á vita, er þá ríkið í einhverri hættu með eignarhlut sinn í því? Væntanlega ekki. Hvers vegna þarf þá ríkið að rjúka út núna og auka á þá óvissu sem þessi þvingaða sala sveitarfélagsins kallar fram? Hún er vissulega til staðar, það er alveg ljóst.

Ég fæ ekki alveg botn í þetta, herra forseti. Það er einhver maðkur þarna í mysunni, er eitthvað þarna á bak við sem mér finnst að ekki hafi komið hreint fram. Það þarf miklu sterkari rök en hingað til hafa heyrst fyrir því að ríkið hafi ekki getað séð til, staðið a.m.k. enn um sinn bak við fyrirtækið, og haldið sínum eignarhlut eða eftir atvikum tekið þátt í því, annaðhvort með eldri eigendum eða nýjum aðilum sem kæmu að fyrirtækinu, að leysa til sín hlut sveitarfélagsins.

[15:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig á því núna að við hv. þm. tölum ekki sama tungumálið. Hv. þm. telur það grundvallaratriði og lítur þannig á að ríkið eigi og reki fyrirtæki. Hann horfir á málið út frá þeim sjónarhóli. Ég horfi hins vegar á þetta frá öðrum sjónarhóli, þ.e. að ríkið eigi ekki nema í undantekningartilfellum að eiga fyrirtæki í rekstri, þ.e. iðnfyrirtæki. Þess vegna erum við ósammála. En að hv. þm. hafi þurft að nota allan þennan tíma til að segja frá þessu er mér hins vegar algerlega óskiljanlegt.

Það sem hv. þm. virðist ekki skilja eða þykist ekki skilja er að ég, sem fer með hlut ríkisins í þessu fyrirtæki, hugsaði um hag almennings, að gera hann sem mestan og fá ásættanlegt verð fyrir hlut ríkisins í þessu fyrirtæki. Það kemur mér á óvart því að eins og ég hef sagt áður í þessari umræðu er ég sannfærð um að ef ekki hefði verið haldið þannig á málum hefði verið blásið til umræðu á hv. Alþingi þess efnis að ég hafi ekki verið að hugsa um hag almennings og það að fá sem hæst verð fyrir eigur ríkisins í þessu tilfelli eins og öðrum.

Við vildum ekki brenna inni þarna með lítinn hlut sem yrði verðlítill. Það var því sjálfsagt mál, ekki síst út af því að við vorum í hluthafasamkomulagi við hina tvo stærstu eigendurna, að við færum saman í þennan leiðangur og seldum saman þegar ágætistilboð barst í eigur okkar. Þannig er málið. Það er ekki verið að leyna neinu. Hér er allt uppi á borðinu. Ég er stolt af því að þetta sé með þessum hætti og vonandi verður af þessari sölu.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra var ekki að hugsa meira um hagsmuni almennings, eiganda 30% hlutar í verksmiðjunni, en svo að það var aldrei látið á það reyna hvað hægt væri að fá fyrir þennan hlut í almennri, frjálsri sölu. Fyrirtækið var ekki auglýst til sölu. Hvernig ver hæstv. ráðherra og útskýrir það, að láta ekki einu sinni á það reyna? Hvernig veit hæstv. ráðherra að ekki hefði verið hægt hafi verið að fá hærra verð fyrir þennan eignarhlut ef hann hefði verið boðinn til sölu?

Það er síðan fullkomin mótsögn, herra forseti, annars vegar ræðuhöldin um trausta stöðu fyrirtækisins og örugga framtíð og hins vegar að ríkið hafi þurft að forða sér út núna. Við vildum ekki lokast inni með lítinn eignarhlut, segir hæstv. ráðherra hér, og viðurkennir að hálfgerður útsöluhugsunarháttur liggi þar til grundvallar, að ríkið sé að flýta sér þarna út.

Varðandi alhæfingar sem bæði hæstv. ráðherra og reyndar margir fleiri hafa reynt að viðhafa hér um afstöðu okkar í þessu máli, að nú sé komið á daginn að við séum þeirrar skoðunar að ríkið eigi að eiga allan atvinnurekstur í landinu o.s.frv. þá dæmir slíkt sig sjálft. Við höfum rætt þetta út frá þeirri stöðu sem er í fyrirtækinu, þeim staðreyndum sem við okkur blasa, að ríkið er 30% eignaraðili að þessu fyrirtæki. Það gerðist eignaraðili á sínum tíma af sögulegum og efnislegum ástæðum sem við þekkjum og á að umgangast þá ábyrgð sína eins og því ber en hlaupa ekki frá þessu fyrirtæki.

Það getur þá verið nógur tími til þess síðar, þegar málin hafa róast á nýjan leik og menn sjá lengra fram í tímann í ljósi nýrra aðstæðna hjá fyrirtækinu, að ríkið dragi úr eignarhlut sínum ef menn vildu það viðhafa. En það á ekki að gera þetta svona, herra forseti. Ríkið á að axla fulla ábyrgð á því, hvað sem mönnum finnst um það, hver staðan er í fyrirtækinu. Það er þarna inni, hefur verið afgerandi kjölfestueigandi þess og á ekki að hlaupa frá því með svo snautlegum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:50]

[16:00]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 621. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1437; brtt. minni hluta landbn., þskj. 1438.

Stefna í byggðamálum 2002–2005, 538. mál, nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 1439.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1438. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Steinullarverksmiðja, frh. 3. umr.

Stjfrv., 663. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]

Frv. samþ. með 43:7 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GuðjG, GÁ, GunnB, KolH, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:02]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að áformuð sala á Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki er fyrst og fremst til komin vegna fjárhagsvanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar tel ég óráðlegt að ríkið selji eignarhluta sinn á þessum tímapunkti og hef fært rök fyrir því. Þvert á móti hefði ríkið átt að koma að málum varðandi Steinullarverksmiðjuna og leysa til sín bréf sveitarfélagsins. Af þessum ástæðum segi ég nei.

[16:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að samþykkja heimild til þess að selja 30% hlut í verksmiðju á árinu 2002. Ég tek þetta sérstaklega fram vegna þess að miðað við umræðuna eins og hún hefur verið síðustu klukkutíma sem hún hefur farið fram höfum við verið eins og aftur í fornöld. Það eru vinstri grænir sem hafa staðið fyrir þeirri umræðu. Ég segi já. (Forseti hringir.)

[16:04]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar svo er komið fyrir einhverjum stað að hann á allt undir ákvörðunum stjórnmálamanna hætta einkaaðilar að fjárfesta þar. Fátt er óöruggara en að eiga allt sitt undir afstöðu eða duttlungum stjórnmálamanna. Það er því heilbrigðismerki á hverjum stað þegar opinbert fé og bein áhrif stjórnmálamanna fara út úr atvinnurekstrinum en einkafjármagnið leitar inn. Það lýsir trausti á staðnum. Það er að gerast í Skagafirði með þessari aðgerð. Ég segi já.

[16:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það var mikið átak á sínum tíma, samstillt átak heimamanna og þingmanna kjördæmisins og ákvörðun á Alþingi, þegar Steinullarverksmiðjan var reist á Sauðárkróki. Þar hefur hún síðan starfað af miklum dug öll hin síðari ár. Hún býr við gott starfsfólk, góðan rekstur og miklar framtíðarvæntingar. Það sem hefur ekki síst átt hlut að máli er traust og öruggt eignarhald þar sem saman hefur farið hlutdeild ríkissjóðs og sveitarsjóðs sem hafa skapað henni kjölfestu.

Ég tel rangt af ríkinu að draga sig út úr eignarhaldi verksmiðjunnar. Miklu betra væri fyrir hagsmuni hennar til framtíðar að ríkið styddi þar við og væri áfram kjölfestufjárfestir Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki. Þess vegna segi ég nei, herra forseti, við sölu á hlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni.

Ég vona reyndar að hæstv. iðnrh. þurfi ekki að nýta þá heimild til ... (Forseti hringir.)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1440).

Tæknihäskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 649. mál. — Þskj. 1429.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JBjart) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GuðjG, GÁ, GunnB, KolH, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1441).

Atvinnuréttindi útlendinga, 3. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1430.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GuðjG, GÁ, GunnB, KolH, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1442).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 1432.

[16:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. 2. umr. um þetta mál fór fram seint í gærkvöld, raunar eftir miðnætti, og leiddi ýmislegt í ljós en því miður var fjölmörgum spurningum ósvarað af hálfu hæstv. félmrh. og formanns nefndarinnar. Fyrir þá sem ekki hafa fylgst með umræðum, hvorki þeirri 1. né 2., er rétt að fara aðeins yfir efnisatriði þess máls sem hér um ræðir.

Hér er raunar um tvíþætt frv. að ræða, annars vegar almennan stuðning ríkisins við uppbyggingu grunnskóla í landinu þar sem framlengd er hlutdeild ríkisins varðandi einsetningu grunnskóla vítt og breitt um landið. Er út af fyrir sig ekkert nema gott um þann þátt máls að segja. Hins vegar er verið að reyna að koma í einhvers konar búning stuðningi ríkisins við svokallaða einkaframkvæmd og rekstrarleigu sem í raun og sanni hefur eingöngu átt sér stað í einu sveitarfélagi á landinu öllu, þ.e. í Hafnarfirði. Meiri hluti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, sem er endurspeglun á meiri hlutanum á hinu háa Alþingi, samanstendur nefnilega af Sjálfstfl. og Framsfl., tók þá ákvörðun að afloknum síðustu kosningum, og það án þess að nefna það einu orði í aðdraganda þeirra sveitarstjórnarkosninga, að fara ekki hina hefðbundnu leið í uppbyggingu grunnþjónustu á borð við grunnskóla, að sveitarfélagið sjálft fjármagnaði af eigin aflafé eða með lánsfé eftir efnum og ástæðum heldur tók þann kostinn að leita á náðir einkafyrirtækja sem fjármögnuðu í einu og öllu viðkomandi mannvirki. Það eina var ekki nóg heldur var síðan gengið til samninga við þennan einkaaðila, og 25 ára leigutími festur niður í samkomulag. Eftir þessi 25 ár á sveitarfélagið ekki eina einustu aukateknu krónu í viðkomandi mannvirki.

Hæstv. forseti. Mér finnst órói í þingsalnum.

(**Forseti** (HBl)**:** Mér finnst gott að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni. Ætli hv. þm. eigi mikið eftir af henni?)

Já, það er dálítið.

(**Forseti** (HBl)**:** Þá bið ég hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.)

Ég þakka fyrir, forseti.

Umræðu frestað.

Vörur unnar úr eðalmálmum, 3. umr.

Stjfrv., 620. mál (merkingar og eftirlit). — Þskj. 973.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ArnbS, BBj, DO, EOK, GAK, GÁ, GunnB, KolH, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1444).

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1434.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BBj, DO, GAK, GÁ, GunnB, KolH, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef lýst því yfir áður að við styðjum þetta frv. en þó vil ég geta þess að í 12. gr. er kveðið á um endurgreiðslu vegna uppbyggingar á hitaveitum, og í frv. er fimm ára endurgreiðsla vegna rafmagnsnotkunar sem hjálpar til við nýja uppbyggingu á hitaveitum.

Ég hef lagt fram á fyrri þingum frv. um breytingar á lögum um Orkusjóð. Ég tel að ef sú tillaga væri samþykkt yrði betur staðið að málum hvað varðar uppbyggingu nýrra hitaveitna með beinum framlögum til hitaveitna vegna rannsókna og vegna stofnframkvæmda eins og það er orðað í þeirri brtt. Þess vegna styðjum við frv. á þennan hátt og munum vinna að því að staða nýrra hitaveitna og uppbygging þeirra verði betur tryggð í gegnum framlög sem koma í gegnum Orkusjóð í framtíðinni.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1443).

Alþjóðleg viðskiptafélög, 3. umr.

Stjfrv., 668. mál (bókhald í erlendum gjaldeyri). — Þskj. 1435.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]

Frv. samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BBj, DO, GAK, GÁ, GunnB, KolH, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1445).

Deilur Ísraels og Palestínumanna, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 734. mál. — Þskj. 1345.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (BBj, DO, GAK, GÁ, GunnB, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1446).

Eldi og heilbrigði sláturdýra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 505. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 797, nál. 1354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Brtt. í nál. 1354 (ný 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Landgræðsluáætlun 2003–2014, frh. síðari umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 873, nál. 1357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
11 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1448).

Búfjárhald o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (heildarlög). — Þskj. 437, nál. 1383, brtt. 1384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1384,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1384,2–3 samþ. með 50 shlj. atkv.
7.–8. gr., svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1384,4 samþ. með 49 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
2 þm. (JB, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1384,5–10 samþ. með 50 shlj. atkv.
10.–19. gr., svo breyttar, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (gróðurhúsaafurðir og garðávextir). — Þskj. 1001, nál. 1382, brtt. 1399.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
1. gr. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: PHB.

12 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er eitt af þessum makalausu landbúnaðarfrv. sem við erum búin að afgreiða nokkur, og erum að afgreiða. Þetta felst í því að niðurgreiða vísitöluna með því að veita styrki til grænmetisframleiðenda, 25 millj. á hvert bú á tíu árum, og eftir það heldur það væntanlega áfram.

Ég er eindregið á móti svona niðurgreiðslum á vísitölum. Þetta eru eldgamlar aðferðir og hafa ekki dugað. Ég er líka á móti því að veita svona ríflega styrki. Ríkið ætti bara að kaupa reksturinn af þessum bændum, þeir gætu haldið jörðunum og húsunum eftir sem áður. Það mætti eflaust borga þeim helminginn af þessari upphæð, 12 millj. á stykkið. Ég er eindregið á móti svona ráðslagi. Þetta er ekki til góðs fyrir neinn. Þetta er ekki gott fyrir grænmetisbændur heldur. Ég segi nei.

Brtt. í nál. 1382, a-liður, samþ. með 50:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: PHB.

12 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1382, b-liður, samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

nei: PHB.

2 þm. (ÁSJ, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., a–b-liður, samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.

nei: PHB.

16 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, JB, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr., c–e-liður, svo breyttur, samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: PHB.

14 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: PHB.

14 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1399 felld með 30:16 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, PHB, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:22]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Við erum að samþykkja hér lög um að styðja eigi við grænmetisframleiðslu í landinu sem var ekki vanþörf á þar sem verið var að fella niður tolla á þessari vöru. Við erum hlynnt þessari aðgerð en um leið og ákveðið var að fara út í þetta kemur tilkynning um að það eigi að fara að taka aukið gjald af grænmetisbændum sem við teljum að stríði á móti þeim lögum sem við erum að samþykkja núna. Þess vegna hvet ég alla til að samþykkja þessa brtt. frá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur.

Ákvæði til brb. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, PP, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: PHB.

12 þm. (BBj, DO, GÁ, GunnB, JÁ, KolH, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Varnir gegn landbroti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 504. mál (heildarlög). — Þskj. 796, nál. 1396, brtt. 1397.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1397 samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–12. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 269. mál. — Þskj. 314.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 1362, brtt. 1404.

[16:26]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kristinn Gunnarsson, Vilhjálmur Egilsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason og Helga Guðrún Jónasdóttir.

Þetta eru í rauninni ekki mjög miklar efnislegar breytingar heldur er fyrst og fremst verið að bregðast við brtt. sem voru gerðar við 2. umr. og hafa verið samþykktar.

Það er í fyrsta lagi sú brtt. sem orðuð er í 1. tölul. Hún gekk út á að fella burtu svokallað sólarlagsákvæði um byggðakvóta sem Byggðastofnun hafði úthlutað. Þetta sólarlagsákvæði var fellt niður, virðulegi forseti, og þurfti þá að gera tilteknar breytingar vegna þess að aðrar breytingar höfðu ekki verið gerðar, og tryggja að þau byggðarlög þaðan sem ekki voru gerð út nein skip gætu líka komið til álita við úthlutun byggðakvóta. Þetta er augljóst réttlætismál og fyrst og fremst til þess fallið að festa í sessi þau lög sem hafa verið í gildi varðandi þennan byggðakvóta og ætti þá að skýra sig í rauninni sjálft.

Í 2. tölul. brtt. er brugðist við því að við 2. umr. var 1. mgr. 25. gr. bráðabirgðaákvæðis, sem var fært yfir í almennt ákvæði laganna, breytt í viðmiðunartímabil sem er afmarkað frá 1. sept. 1997 til gildistöku þessara laga eins og þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Með tilvitnun þessara laga er átt við lög nr. 9/1999 sem breyttu þessu ákvæði. Lög nr. 9/1999 voru birt þann 17. mars 1999 og miðast gildistaka þeirra við þann tímapunkt. Brtt. felur þess vegna í sér að þessi dagsetning er sett þarna inn í stað orðanna „gildistöku þessara laga“. Án þessarar brtt. mundi viðmiðunartímabilið ná frá 1. september til gildistöku þeirra breytingalaga sem hér eru til umfjöllunar.“

Í 3. og 4. tölul. er eingöngu verið að lagfæra tilvísanir á lögunum en síðan er brtt. sem leiðir af því sem ég var áðan að tala um. Þá er tekin fyrir túlkun sem gæti annars verið hugsanleg, að með því að við fellum niður sólarlagsákvæðið á þessum svokallaða 3 þús. tonna potti sem nýttur er til að styðja við aflamarksbáta sem eru með minni aflaheimildir gæti hugsanlega skapast nýr réttur til úthlutunar aflaheimilda sem myndaðist á grundvelli hins nýja almenna ákvæðis. Ef sú túlkun yrði ofan á gæti sá sem í upphafi fékk aflaheimildum úthlutað á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins en hefur nú framselt réttinn til annars aðila krafist þess að honum verði úthlutað aflaheimildum að nýju í samræmi við efnisatriði hins nýja ákvæðis. Það var ekki ætlunin. Að sama skapi mundi sá sem fékk réttinn framseldan tapa honum þó að hann gæti hugsanlega átt bótarétt fyrir tímabilið til loka fiskveiðiársins 2005–2006 en hann mátti ganga út frá því, samanber bráðabirgðaákvæðið, að hann hefði rétt til úthlutunar til þess tíma. Með þeirri brtt. sem hér er verið að leggja fram er örugglega komið í veg fyrir þessa túlkun og þess vegna er eingöngu verið að festa í sessi ákveðna réttarstöðu.

Virðulegi forseti. Önnur ákvæði lúta fyrst og fremst og eingöngu að því að uppfæra í samræmi við breytingar sem verða á töluröð greina, og gildistaka einstakra ákvæða er þess vegna óbreytt eftir sem áður.

Þetta eru efnisatriði þessa frv. og eins og heyra má er ekki um að ræða neina efnislega breytingu heldur fyrst og fremst verið að bregðast við til að skýra betur þær breytingar sem gerðar voru við 2. umr. þessa máls.

[16:31]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Nei, það var svo sem auðvitað að hér væri formaður hv. sjútvn. ekki að bera fram tillögu sem neinu máli skipti um gerð þessa máls. Er það auðvitað í framhaldi af öllu öðru enda hefur ekkert verið borið fram um íslenska fiskveiðistjórn sem neinu teljandi máli tekur frá því að þessi ólög voru sett. Við tökum hér til við að ræða enn á ný um þessi mál, íslenska fiskveiðistjórn, sem veðurstofustjóri hafði þessi orð um, með leyfi forseta:

„Ég tel fiskveiðistjórn síðasta áratugar mesta samfélagslega ógæfuverk sem framið hefur verið í sögu þjóðarinnar.“

Ástæða væri til að fara yfir þetta svið og rifja upp forsögu málsins. Ég mun þó ekki gera það í neinu ítarlegu máli. Hér er nóg troðið, eins og Jón Hreggviðsson sagði undir hanganum á sínum tíma. En ef við hverfum ekki aftar en til ársins 1999 í aðdraganda kosninga brá landsfundur Sjálfstfl. á það ráð að láta svo sem stjórnvöld væru tilbúin til sátta í þessu máli. Búið var til kosningaprógramm þar sem því var lofað að sættir yrðu fundnar í þessu veigamesta máli íslensks þjóðarbúskapar. Undir þetta gengu fjölmiðlar og var fullyrt að nú þyrfti þetta mál ekki frekari umræðu eða umsýslu, búið væri að lofa sáttum. Að vísu var þess getið í smáa letrinu hjá herrunum að þeir væru ekki þar með að lofa að þessu máli yrði breytt í grundvallaratriðum en við því lögðu engir menn eyru. Þess vegna var kosið með þá fullvissu fyrir framan að fundin yrði bót á þessum dæmalausu lögum. Allt reyndust það gylliloforð, allt reyndust það bein kosningasvik eins og komið hefur á daginn allar götur síðan, og eru nú liðin rúm þrjú ár frá því að þessi loforð voru gefin.

Við skulum víkja örfáum orðum að tilgangi þessa kerfis ef það er rifjað upp fyrir fólki. Tilgangurinn var í fyrsta lagi að efla vöxt og viðgang fiskstofna. Hvernig hefur til tekist um þennan höfuðtilgang? Með þeim hætti að botnfisksaflinn hefur stórlega skroppið saman, þorskaflinn úr því sem hann var, t.d. á árunum 1950–1972, 438 þús. tonnum niður í það sem nú er verið að veiða, 160 þús. tonn eða svo. Það eru nærri því órækar sannanir komnar fyrir því að þetta kerfi sé að

ganga af stofninum dauðum, einkum og sér í lagi þorskinum, hvorki meira né minna. Raunar hafa allar botnfiskstegundir látið stórlega á sjá. Þannig hefur orðið niðurstaða af þessum höfuðtilgangi fiskveiðilagakerfisins að sjá um vöxt og viðgang fiskstofna.

Annar höfuðtilgangur kerfisins var að stuðla að stórfelldri hagræðingu í útgerð. Enn er klifað á því, nákvæmlega sama hvaða staðreyndir menn hafa fyrir augum. Þótt menn bendi á hina stórfelldu skuldasöfnun sjávarútvegsins hrín það ekki á þeim sem undir þessu kerfi ganga. Þótt fyrir liggi að lunginn úr sjávarútvegsfyrirtækjum Íslands hefði gengið fyrir ætternisstapa ef ekki hefði komið til stórfelld gengisfelling láta menn sem ekkert sé og leggja ekki við hlustir. Þetta er samt niðurstaðan af kerfinu, og skuldaaukningin gífurleg vegna þeirra fjármuna sem menn hafa farið með út úr kerfinu, stungið í eigin vasa af þjóðarsameigninni og varið til annarra hluta eða stolist með af landi brott, skattfrjálst eins og því var komið fyrir á sínum tíma. Hin stórfellda hagræðing blasir þess vegna við mönnum og hefur gert.

Núna eru að vísu stærstu fyrirtækin að maka krókinn, til að mynda hefur ÚA sem nú er orðið í eigu Eimskips, burðarás þar, skilað meira en hálfum milljarði á þremur fyrstu mánuðum þessa árs. Reynt er að dylja hverjir það eru sem borga við gengisfellinguna til útflutningsatvinnuveganna. Ætti það þó ekki að vefjast fyrir neinum. Það er íslenski neytandinn sem reiðir þá fjármuni alla af höndum.

Svo kemur eitt skrautflaggið herranna. Tilgangurinn með kerfinu var að efla byggð í landinu og treysta búsetu. (**GE:** Það fer nú bara á einn veg hjá þeim. Það fækkar í dreifbýlinu.) Já. Hv. þm. Gísli Einarsson ber hér vitni um hvernig þetta hafi gengið til. Það geta allir aðrir líka gert. Þetta blasir við öllum mönnum og þeir sem þessu stjórna og bera ábyrgð á því gera þetta með opin augu. Allt annað tal er fals. Þeir eru fyrir löngu búnir að gera sér grein fyrir því til hvers þetta leiða muni enda eru dæmin óræk. Önnur eins öfugmæli hafa aldrei hljómað í íslenskri málafylgju og þau að þessi fiskveiðilagagerð eigi að efla byggð í landinu og tryggja búsetu.

Enn eitt. Höfuðmarkmið var að minnka fiskiskipaflotann. Hvað segja sannanir til um það? Hingað sigla til landsins á færibandi skip byggð í Kína, mjög nákvæmlega hönnuð, upp á sentímetra þannig að þau geta komið með trollið sitt inn að 4 mílunum og skarkað þar með miklu vélarafli. Það hafa orðið stórkostlegar aukningar í flotanum og líka vélarafli til að menn geti komist yfir fiskislóðina með þessum heljartrollum og gengið brátt af botnfiskinum dauðum eins og allt bendir til og allt stefnir í. Hvað skyldi til þurfa að menn vakni af þessari óráðsíu? Ár eftir ár, og líka nú í þeim rannsóknum sem Hafrannsóknastofnun hefur gert, bendir allt til þess sama, allt stefnir á sama veg. Menn ætla samt sem áður að þráast við og ætla sem sé að láta þetta allt saman fara fram af brúninni.

Einn með öðrum af megingöllum þessa kerfis er hið ógnarlega brottkast afla. Fréttir frá Chile nýverið sögðu frá kvótasetningu þar og þá brá svo við að helmingi aflans var fleygt. Menn komu ekki með annað að landi en það sem verðmætast var. Þetta er innbyggt í kerfið eins og menn sjá og reynslan sannar okkur. Hversu oft hefur ekki verið farið yfir það að ekki berst lengur að landi dauðblóðgaður fiskur þótt nýju netin drepi 40% af öllum fiski á fyrstu nóttu? Við höfum óræka vitnisburði um þetta þannig að allt tal um 20–30 þús. tonna brottkast er út í hött. Brottkastið er ógnarlegt. Það hefur meira að segja gengið svo langt að skip hafa komið með hrogn einvörðungu að landi, hafa enga kvóta átt fyrir fiskinum sjálfum. Hvað segja menn við þessu? Er nóg að leggja kollhúfur og þykjast hvorki heyra né sjá? (Gripið fram í.) Samt höfum við í næsta nágrenni við okkur þjóð sem býr við svipaðar og sömu aðstæður og við, Færeyinga, sem hefur tekið upp nýtt kerfi og ferst það mjög vel úr hendi. Á það má aldrei minnast hér. Hér er Nýja-Sjáland nefnt eða önnur lönd sem þykir henta að miða sig við.

Enn eitt sem má nefna sem dæmi er að enginn á lengur möguleika á að ganga inn í þessa stétt. Stéttin er lokuð og þar af leiðandi dauðadæmd eins og allar stéttir verða sem eru lokaðar og ungir menn geta ekki komið ár sinni fyrir borð í. (**GE:** Er það færeyska kerfið sem þingmaðurinn á við?) Ég var að tala um íslenska kerfið, um að stéttin væri lokuð, en þarna sé ég út undan mér (**GE:** Það færeyska?) hið færeyska sóknardagakerfi og þar þykjast menn sjá að það skilar þeirri þjóð alveg nýjum viðhorfum frá því sem var. En hér er okkar stétt lokuð. Þangað komast ekki nýir ungir menn en allar framfarir Íslands síðari hluta síðustu aldar byggðust á ungum framtaksmönnum í sjávarútvegi. Nú eru hendur þeirra bundnar fyrir aftan bak, nú er þetta einokað af örfáum mönnum sem auðlindin er gefin. Síðan, eins og menn vita líka ef þeir vilja hafa opin augu, er þessi ótrúlegi sóðaskapur staðreynd, brask og svindl sem stundað er í hverri einustu fiskiskipahöfn þar sem menn eru að bjarga lífi sínu. Auðvitað mælir þessu enginn bót en hvað eiga menninir að gera ef þeir ætla að halda áfram að draga fram lífið en ekki pakka saman og flytja á mölina? Öll þessi saga er vörðuð staðreyndum. Við sjáum að það hefur engin áhrif af því að hin raunverulegu völd eru völd peninganna, þeirra manna sem náð hafa um lungann úr auðlegðinni okkar, og sem þeir menn sem hér sitja að jafnaði eins og svölur á símavír eru þjónar fyrir.

Ég hef stundum nefnt sem dæmi um sóðaskapinn í þessu sambandi hinn svonefnda skipstjórakvóta. Ef ég man rétt var Grandi að úthluta 260 millj. kr. arði. Sá sem á sínum tíma fékk stórkostlegan skipstjórakvóta, Ágúst Einarsson, einn aðalmaður Samfylkingarinnar, (**Gripið fram í:** Já, já.) fyrrv. formaður fjármálaráðs þar, mun þess vegna hafa fengið rúmar 30 millj. kr. (**GE:** Ekki fjármálaráðs.) Jæja, eða framkvæmdastjórnar sem stjórnar fjármálunum líka, — þar sem hann á rétt um 20% í Granda mun hann þar af leiðandi hafa fengið sem arðsúthlutun yfir 30 millj. kr. En hann fékk á sínum tíma með skipstjóra af Örfiriseynni yfir á Viðey sem nam nærri 3 þús. þorskígildistonnum. (**Gripið fram í:** Ekki gat hann gert að því þó ...) Nei, það er svo annað mál og hann er ekkert sekur í þessu. Það eru þeir sem fyrir þessu standa, þeir sem stjórna þessu, sem eru hinir seku. (Gripið fram í.) Og það voru fleiri sem hlutu þessar gjafir úr hinum mildu höndum æðsta valds í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að orðlengja mjög um þetta mál eins og það blasir alls staðar við. Það frv. sem nú er til umræðu er aumlegur plástur sem engu höfuðmáli skiptir í sambandi við aðalinntak þessa máls. Það er verið að þykjast með því að vera að finna einhverjar skóbætur á þetta en þær hafa enga sérstaka þýðingu og er ástæðulaust að eyða tíma sínum í að fara um þær mörgum orðum.

Ég nefndi sem dæmi um veiðireynslu okkar áður en Hafró kom til með vísindi sín og áður en þessi stefna hélt innreið sína sem nú ræður lögum og lofum að jafnstöðuafli okkar á Íslandsmiðum af þorski hefði verið 438 þús. tonn, og ég fer

áreiðanlega rétt með að það var á 22 ára bili, frá 1950–1972. Nú höfum við reynslu af því hvernig til hefur tekist, hvernig tilgangi hefur verið náð með stjórn þessara laga, en nákvæmlega er sama hvar niður er borið í öllu þessu, enginn af þeim sem ræður ferðinni lítur upp. Þeir hafa svarist í fóstbræðralag um að halda svo fram stefnunni sem við höfum fyrir augum enda þótt það geti ekki annað en borið ósköp í skauti sínu, ég tala ekki um fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

[16:49]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar þetta mál hefur verið kynnt, hefur gjarnan verið rætt um það fyrst og fremst sem það þingmál sem felur í sér eitthvað það sem ríkisstjórnarmeirihlutinn ákvað að kalla veiðigjald. Sannarlega er það rétt að einn hluti málsins er þau nafnaskipti á þeim gjöldum sem sjávarútvegurinn greiðir frá því að vera skilgreind gjöld yfir í það að kallast veiðigjald. Þar eru svo sem ekki stórtíðindi á ferð. Hafi menn haldið það, þá komst sjútvn. að niðurstöðu um að svo væri ekki við skoðun sína á málinu því að út af fyrir sig var sama hvort kallaðir voru til hagfræðingar eða lögfræðingar, enginn vildi viðurkenna að nafnabreytingin skipti yfir höfuð neinu máli, hún hefði engin áhrif, hún mundi ekki breyta neinu, hvorki stöðu þeirra sem eiga auðlindina, þ.e. þjóðarinnar, né heldur þeirra sem fá að nýta hana hverju sinni. Hér eru því ekki stórtíðindi á ferð hvað það varðar og út af fyrir sig ekki ástæða til að orðlengja mjög um það þó að ég ætli síðar í ræðu minni að koma aðeins að veiðigjaldinu og þeirri aðferð sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að viðhafa við gjaldtöku af sjávarútveginum í stað þeirra aðferða sem nú eru viðhafðar.

En það eru fleiri atriði sem hafa kannski fallið í skuggann af þessari veiðigjaldsyfirskrift og það má kannski segja, herra forseti, að það hafi verið ákveðin klókindi af hálfu ríkisstjórnarinnar að hafa það sem yfirskrift vegna þess að það eru önnur stór atriði og e.t.v. miklu stærri sem eru í frv. Annars vegar sú breyting sem verið er að gera á kvótaþakinu, og má þar marka ákveðinn vilja eða viðleitni hæstv. ríkisstjórnar, og síðan sú brtt. sem kom frá meiri hluta sjútvn. og er nú orðinn hluti af því plaggi sem við ræðum hér eftir 2. umr., og hins vegar byggðakvótinn sem er orðinn þéttasti hluti hins ríkisrekna hluta sjávarútvegsins sem við komum auga á í bili. Þessi þrjú atriði skipta öllu máli þegar verið er að fjalla um það frv. sem hér er að komast í lokaumræðu á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að fjalla um kvótaþakið og hvaða viðhorf búa að baki því hvernig það ber að hinu háa Alþingi. Þannig var að fyrir nokkrum árum hugðist þáv. hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson hét hann á þeim tíma, reyna að lægja óánægjuöldur og reyna að slá á það óöryggi sem var víða í byggðum landsins sakir þess að menn höfðu orðið þess áskynja að heilmikil samþjöppun var að eiga sér stað hvað varðaði það hverjir höfðu þær veiðiheimildir til ráðstöfunar sem úthlutað var á hverjum tíma. Skipuð var nefnd í málið og formaður hennar var núv. ráðuneytisstjóri í fjmrn., Baldur Guðlaugsson. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að brýnt væri að setja á kvótaþak, þ.e. að breyta lögunum um stjórn fiskveiða þannig að sett væri ákveðið þak á það hvað hver útgerð gæti verið með mikið af veiðiheimildum hverju sinni og átti það bæði við hvað varðaði heildarmagnið en sömuleiðis hvað varðaði einstaka tegund.

Það sem gerðist núna, herra forseti, var að hæstv. sjútvrh. eða einhverjir trúnaðarmenn hans ákváðu að sú ráðstöfun sem gerð var á þeim tíma og þótti sæmilega rökstudd af Baldri Guðlaugssyni og hans mönnum þótti ekki ganga nógu langt til móts við vilja, ég ætla ekki einu sinni að segja útgerðarinnar heldur kannski frekar verðbréfamarkaðarins, þannig að ákveðið var að breyta þessu. Þegar eftir því var leitað kom í ljós að í sjálfu sér var ekki þrýstingur frá útgerðinni vegna þess að þess voru engin dæmi að nein útgerð væri farin að ýta á þau mörk sem sett voru í lögin á sínum tíma. Ekki einu sinni fyrirtækið Samherji sem menn hafa gjarnan rætt um sem hið stóra og næstum að segja hið hættulega fyrirtæki vegna stærðar sinnar. Nei, ekkert þessara fyrirtækja var farið að þrýsta en eigi að síður var ákveðið að rýmka þarna mörkin.

Segja má, herra forseti, að það hafi verið dálítið merkileg ráðstöfun á þessum tíma vegna þess að einhvern tíma ætluðu menn að það frv. sem nú kæmi fyrir Alþingi frá hæstv. ríkisstjórn væri frv. sem væri ætlað að stuðla að frekari sátt um þetta kerfi, sem væri ætlað að stuðla að því að fólkið í landinu svæfi ögn rólegar gagnvart því sem gæti gerst vegna fiskveiðistjórnarkerfisins. Þess vegna kom það nokkuð á óvart þegar hæstv. sjútvrh. kom með frv. sem gerir ráð fyrir því að í stað þess að ýsan sé undir því að þar megi einstök útgerð ekki hafa ráðstöfunarrétt að nema 10% þá fari það upp í 50% sem menn sögðu sér á augabragði að gæti leitt til þess að einungis tveir aðilar gætu verið handhafar alls ýsukvóta í landinu. Menn spurðu sig eðlilega spurninga eins og þessara: Hvað þá um brottkast? Hvað þá um þá sem svo þrengir að að þeir komast ekki yfir ýsukvóta sakir þess að stærri fyrirtæki hafa sérhæft sig og láta hann ekki af hendi?

Það átti líka að gerast, herra forseti, að ufsinn færðist úr 20% og upp í 50%. Sama var með karfa og grálúðu. Allar þessar tegundir áttu að breytast þannig að í stað þess að einstök fyrirtæki mættu vera handhafar 10–20% veiðiheimildanna, þá átti það að breytast í 50%. Ég held, herra forseti, að það sé rétt munað hjá mér að ekki einn einasti umsagnaraðili sem kom á fund sjútvn. og skipti sér af þessu atriði yfir höfuð mælti með því að slík breyting yrði gerð. Hinir voru hins vegar margir sem vöruðu við þeirri breytingu og meiri hluti sjútvn. sá að sér hvað þetta varðaði og breytti þessum tölum þannig að í stað þess að ýsan færi úr 10% upp í 50%, þá fer hún bara úr 10% upp í 20%. Í stað þess að ufsinn færi úr 20% upp í 50%, þá er hann áfram í 20%. Í stað þess að karfinn færi úr 20% upp í 50%, þá fer hann upp í 35%. Og í stað þess að grálúðan fari úr 20% upp í 50%, þá verður hún áfram í 20%. Rétt er að taka fram að síld, loðna og úthafsrækja verða áfram undir þeim hattinum að einstök fyrirtæki mega ekki vera handhafar meira en 20% kvótans og það stendur óbreytt.

Þetta með karfann, herra forseti, skýrist af því að fram kom að eini þrýstingurinn í sjónmáli, hann er ekki orðinn en hann er í sjónmáli, er sá að fyrirtækið Grandi hér í bæ sem hefur áður verið nefnt í umræðunni mun vera komið með 19% karfakvótans og gæti þess vegna einhvern tíma ýtt á 20% og til vonar og vara hleypur meiri hluti sjútvn. til og setur markið við 35% í staðinn fyrir að fara með það alveg til baka eins og með hinar tegundirnar. Þetta vekur auðvitað upp þær spurningar, herra forseti, af því að ekki hafa orðið svo mikil mannaskipti á hinu háa Alþingi né heldur hefur ríkisstjórnarmunstrið breyst síðan lögin voru sett um kvótaþakið á sínum tíma, 1998 minnir mig að það hafi verið, hvaða vilji var í raun hjá hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta hennar

á bak við þetta hámark. Hvaða vilji var á bak við hámarkið ef menn eru tilbúnir að hlaupa til um leið og einhver þrýstir á? Reyndar var gerð breyting. Það var þannig að ekki var sama hvernig eignarhaldi í fyrirtækjum var háttað, hvað það varðaði, hversu stór þau máttu verða, það varð að vera dreifð eignaraðild til að einstakt fyrirtæki gæti verið handhafi 12% af veiðiheimildunum, að öðrum kosti máttu þau einungis vera handhafar 8%. Þessu er nú breytt, herra forseti, og allt fært upp í 12% og breytir e.t.v. ekki svo miklu en sýnir þó eigi að síður tilhneigingu í ákveðna átt.

Herra forseti. Þetta er atriði sem ég veit að mörgum þykir stórt þó það hafi ekki verið stórt í umræðunni kannski vegna þess að það féll í skuggann af nafnabreytingunni. Fólki þykir þetta stórt vegna þess að þrátt fyrir þessa lagasetningu um árið sem hæstv. þáv. sjútvrh. fór reyndar með eins og mannsmorð, hefur lítið slegið á ótta landsmanna við hin stóru fyrirtæki.

Nú hef ég verið þeirrar skoðunar að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki mættu verða nokkuð stór. Það hefur verið mín skoðun að við ættum að horfa aðeins út fyrir landsteinana þegar við erum að skoða íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og við ættum að horfa til þess hve sjávarútvegur er mikill burðarás í okkar atvinnu- og efnahagslífi. Þar af leiðandi ættum við að geta þolað að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki gætu orðið nokkuð stór ef tryggt væri að hér væri ákveðin fjölbreytni og það verður auðvitað aldrei tryggt nema með rekstrarskilyrðum. Það er afskaplega erfitt, eins og við vitum, að setja lög um að hlutirnir eigi að vera svona eða hinsegin ef ekki eru til þess aðstæður og efnisleg rök að öðru leyti.

Þó svo ég sé á þessari skoðun þá skil ég afskaplega vel það óöryggi sem ég skynja hjá fólki vegna þess hvernig þróunin hefur verið. Hún hefur ekki bara verið sú að einstök fyrirtæki eru að verða stærri og teygja sig í rauninni landshorna á milli. Fyrirtæki eru ekki lengur bundin við einstaka staði heldur geta þau verið með útgerð frá einum stað, fiskvinnslu á öðrum og eignarhaldið getur meira og minna legið á þeim þriðja eins og raunin er með mörg hin stóru fyrirtæki.

Það er líka að verða til nýtt eignarform á sjávarútvegsfyrirtækjum sem við höfum kannski séð best kristallast í Burðarási, eignarhaldsfyrirtæki Eimskipafélagsins, sem á ekki lengur bara hluti í stóru sjávarútvegsfyrirtækjunum heldur á það orðið að mestu leyti sum hver og er orðið áhrifamikill aðili í sjávarútvegi. Ég er ekki endilega að segja að það sé vont að Eimskip eigi hluti í sjávarútvegsfyrirtæki umfram einhver önnur fyrirtæki eða fjárfesta. Ég nefni þetta fyrst og fremst sem dæmi um þróun sem er í gangi og menn geta ekki horft fram hjá og vekur þeim ótta sem trúa því að eignarhaldið á fyrirtækinu skipti mestu máli.

Við erum búin að heyra í dag og í gær og reyndar áður býsna þétta umfjöllun um að eignarhald fyrirtækja sé það sem skiptir máli. Ég held að flestir viðurkenni reyndar að önnur lögmál ráða en eignarhaldið þegar um það er að ræða hvort fyrirtæki lifir eða deyr. Stjórn fyrirtækisins og möguleikar þess til að hagnast skipta meginmáli vegna þess að ef fyrirtæki hefur ekki rekstrargrundvöll þá getur hvorki ríki né sveitarfélag bjargað því.

Það sem vekur fólki ótta er það óöryggi sem fylgir þessum breytingum oft og einatt þar sem menn sjá í hendi sér að ef einkaaðilar eru ekki tilbúnir til þess að fjárfesta á staðnum þá eru kannski fáir aðrir tilbúnir.

Herra forseti. Eins og þetta er orðið núna þá er umræðan um sjávarútveginn í stórum dráttum þannig, þó að hér sé reynt að tala með öðrum hætti, að ekkert er orðið til sem heitir heimamenn, byggð eða fólk. Það er búið að markaðsvæða veiðarnar og veiðimannasamfélagið, sem menn eru gjarnan að tala út úr eins og það sé enn lifandi staðreynd um allt land, er að líða undir lok og sjávarútvegssamfélag sem er alþjóðavætt, tæknivætt, byggir á þekkingu, fjármagni og markaðsvæðingu er að taka við. Fyrirtæki í sjávarútvegi eru komin á hlutabréfamarkað og þau lúta mjög mörg þeim lögmálum sem þar gilda um árangur. Þessi fyrirtæki eru ekki hluti af veiðimannasamfélaginu, herra forseti.

Við getum varla sagt að fyrirtæki í sjávarútvegi sem eru á viðskiptaforsendum fyrst og fremst komin í samvinnu við fyrirtæki erlendis séu hluti af gamla veiðimannasamfélaginu. Ég held líka að hin stóra breyting hafi verið upptaka kvótakerfisins sem gerði mögulegt að skipuleggja starfsemina þannig að hægt var að fara með fyrirtækin á markað sem var auðvitað hið stóra endanlega fráhvarf frá veiðimannasamfélaginu.

Herra forseti. Í veiðimannasamfélaginu var það hluti af sjálfsögðum rétti hvers manns ef hann hafði til þess að öðru leyti aðstöðu og átti til þess tæki að róa til fiskjar. En við markaðsvæðingu veiðanna er eignarhald útgerðarinnar komið á allt annan stað og allt önnur lögmál hljóta þess vegna að gilda um aðgang að auðlindinni. Þess vegna höfum við jafnaðarmenn haldið því fram að það væri hluti af þessari þróun, herra forseti, að fyrirtækin greiddu fyrir aðgang að auðlindinni, ekki bara að þau greiddu fyrir hluta af þeim kostnaði sem hlýst af heldur greiddu fyrir aðgang að auðlindinni vegna þess að við erum að tala um gjörbreytt umhverfi sjávarútvegsfyrirtækjanna og það er ekki hægt að vinna í gjörbreyttu umhverfi en tala alltaf og gera kröfur út frá gamla umhverfinu.

Já, þau eru býsna mörg þessi fyrirtæki sem hafa verið skráð á markaði og um tíma virtist sem svo að það væri eftir því mikil eftirspurn að eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtæki. Þá hækkuðu þessir hlutir mjög verulega og atvinnugreinin varð býsna spennandi fyrir marga til fjárfestingar og til þátttöku. Menn vildu komast að þar sem verið væri að gera það svona gott, ekki bara til að gera út heldur líka til þess að hasla sér þar völl í vinnu, komast að sem framkvæmdastjórar, fjármálastjórar og ráðgjafar. Ég nefni öll þessi nýju störf sem hin unga, hagfræðimenntaða eða lögfræðimenntaða kynslóð vill hasla sér völl í. Síðan hefur orðið ákveðið bakslag. Bæði hefur orðið bakslag almennt á hlutafjármarkaðnum og það hefur líka orðið bakslag vegna þess að við höfum orðið að búa við samdrátt aflaheimilda.

Menn tengja gjarnan saman kvótakerfi og þennan samdrátt. Það má vel vera að menn hafi eitthvað til síns máls, að kvótakerfið eins og við höfum rekið það sé ekki endilega það verndarvænasta. Ég hef a.m.k. verið alveg tilbúin til þess að hugsa það á þeim nótum nú undanfarin ár einfaldlega vegna þess að ég hef verið tilbúin til þess að leita allra leiða og hugsa allar þær hugsanir sem þarf til þess að finna þá þær aðferðir sem duga betur til þess að efla vöxt og viðgang fiskstofnanna. En í mínum huga var kvótakerfið aldrei fiskverndarkerfi. Ég heyrði menn ekki tala svo mikið yfir því þegar það var tekið upp á sínum tíma. Ég heyrði allt aðra hluti. Ég veit reyndar að menn seldu ýmsum það út á það og sumir réttlættu fyrir sér stuðninginn með því. En ég heyrði alveg hin hagfræðilegu rök. Þau voru nefnilega á fullu í umræðunni allan tímann líka. Menn voru með hin hagfræðilegu rök uppi. Þeir voru uppi með þau rök að mikilvægt væri

að útgerðin gæti skipulagt sig. Þeir voru með þau rök uppi að kvótakerfið gæti hjálpað til við fækkun í flotanum, það gæti gert greinina hagkvæmari. Ef menn vilja er hægt að finna þessi rök í þingmálum og þingræðum frá þessum tíma. Það er hægt að finna bæði fögnuð og ótta ýmissa þegar þeir sáu hvað þetta kerfi gat í rauninni gert. Hjá mörgum var hugurinn blandinn. Aðrir voru alfarið á móti og sumir voru eðlilega með. Mér finnst það vera dálítið mikil einföldun á veruleikanum, herra forseti, þegar menn koma hér og tala um kerfið eins og það hafi verið sett á fyrst og fremst sem fiskverndarkerfi vegna þess að ef það hefði verið gert þá værum við fyrir löngu búin að henda því. Það að þetta kerfi skuli enn vera við lýði og menn skulu reyna að treysta það með þeirri löggjöf sem við erum hér að fara yfir sýnir okkur betur en allt annað að hér var ekki um fiskverndarlöggjöf að ræða, herra forseti. Hér var fyrst og fremst um þá aðgerð að ræða sem ætluð var til að nútímavæða íslenskan sjávarútveg, markaðsvæða íslenskan sjávarútveg, segja skilið við gamla veiðimannasamfélagið.

Ég byrjaði ræðu mína á því að fara yfir það að menn hefðu kannski blekkt svolítið með yfirskriftinni veiðigjald af því að aðrir hlutir væru stærri. En kannski urðu menn að nota þá yfirskrift til þess að einhverjir fengjust til að trúa því að hér væri á ferðinni sáttamálið. Það vitum við hins vegar að er ekki. Við vitum að þetta þingmál, þetta frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er ekki bara þriðja málið í vetur, er ekki bara mál númer ég veit ekki hvað á annan tuginn síðan ég byrjaði á hinu háa Alþingi sem alþingismaður og er ugglaust ekki síðasta málið á þessu kjörtímabili. Við vitum að strax í haust verður flutt mál. Við vitum að það er ekki búið að loka ýmsum öngum. Við vitum það að bara núna við 3. umr. kemur meiri hlutinn þegar með brtt. Plástrarnir eru þegar komnir af stað. Menn eru búnir að átta sig á því, bara núna á milli umræðna, að það sem var verið að samþykkja við 2. umr. gengur ekki og við erum komin með brtt. í nokkrum liðum. Þetta er veruleikinn, herra forseti. Svona eru vinnubrögðin. Þetta eru áherslurnar. Þetta er virðingin fyrir atvinnugreininni. (**GAK:** Þetta er skóbótaleiðin.) Þetta er sú leið sem meiri hlutinn á hinu háa Alþingi hefur kosið að fara meðan atvinnugreinin hefur sífellt kallað á traustara starfsumhverfi, reglur sem hægt væri að treysta. En þetta er leiðin sem er farin.

Menn eru hlaupandi fram og til baka til þess að þóknast nánast nafngreindum einstaklingum eða fyrirtækjum. Menn eru að gera hrossakaup fram á síðustu stundu og átta sig svo skyndilega á því að hlutirnir ganga ekki upp innbyrðis vegna þess að línan er svo óskýr að mörgu leyti að hangi menn bara með þetta svokallaða stóra kerfi inni í aflahlutdeildarkerfinu þá eru þeir tilbúnir til þess að semja um nánast hvað sem er svona við hliðina.

Þá kem ég að byggðakvótanum, herra forseti. Byggðakvóti var fyrst settur á árið 1995 um vorið þegar ný ríkisstjórn kom saman. Það átti að friða einhverja aðila með því að setja hér á 500 lesta byggðakvóta sem var úthlutað samkvæmt tiltölulega óljósu orðalagi sem gat boðið upp á nánast hvað sem var. (Gripið fram í.) Þannig fór fyrir þessum 500 lestum að innan tveggja ára var búið að úthluta þeim varanlega til þeirra báta sem fengu þær upphaflega. Þá var ekkert spurt að því hvernig þeir hefðu farið með þessar veiðiheimildir, hvort þeim hefði verið landað á þeim stöðum sem bátarnir voru skráðir á eða annars staðar. Þannig fór um sjóferð þá.

Herra forseti. Ég er stolt af því að hafa verið eini þingmaðurinn sem stóð upp til að gagnrýna þetta þá. Ég leyfði mér að gagnrýna þá braut sem valin var. Mér þykir í raun leitt að þetta skyldi allt fara í vaskinn. Mér þykir jafnmerkilegt að menn skyldu ekkert læra af þessu og taka strax fjórum árum seinna aðra æfingu, hinn svokallaða byggðakvóta. Það var kvótinn sem menn settu á vorið 1999, 1.500 lestirnir sem fóru til Byggðastofnunar.

Ég gagnrýndi það einnig og þóttist spá fyrir um hvernig gæti farið. Það gekk því miður eftir vegna þess að auðvitað var alveg ljóst hvernig þetta mundi, átti að fara að mati sumra. Nú er enn verið að bæta í pottinn. Ef við tökum með það sem úthlutað er samkvæmt 12. gr., 3 þús. lestirnar sem fara til aflamarksbátanna og annað skítti sem ráðherrann hefur haft til að mylgra út, erum við komin með byggðakvóta upp á andvirði 6–7 milljarða fljótandi í kerfinu.

Við getum velt því fyrir okkur, ef við viljum fara í aðgerðir til stuðnings landsbyggðinni og til stuðnings einstökum byggðum, hvort þessir 6–7 milljarðar eru endilega best komnir þar sem þessi ríkisstjórn er að setja þá, þ.e. í veiðiréttí sem úthlutað er eftir reglum sem einhverra hluta vegna leiða þennan kvóta að mestu leyti inn á eitt tiltekið landsvæði, sumir segja í einn eða tvo tiltekna sparisjóði eða bankastofnanir. En þetta er svona, herra forseti. Hér eru geysilegir fjármunir komnir á flot í kerfinu og þarna, eins og ég sagði áðan, erum við komin með ríkisreknasta hluta kerfisins. Þarna stjórnast aðstæður af atbeina stjórnmálamanna og er ekki ætlast til þess að atvinnugreinin bjargi sér sjálf.

Ég sagði áðan, þegar við vorum að afgreiða málefni Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki, að þegar staður eða svæði á allt sitt orðið undir ákvörðunum stjórnmálamanna og atvinnulífið gengur eftir ákvörðunum stjórnmálamanna — þá er ég að tala um bein áhrif, herra forseti, ekki þau óbeinu sem felast í almennri löggjöf eða almennum efnahagsramma — þekkja menn það sem lögmál að einkakapítalið dregur sig í hlé. Menn vita að atbeini stjórnmálamanna er tiltölulega fallvaltur. Bæði eiga stjórnmálamenn til að falla í kosningum eða hætta og sömuleiðis geta veður skipast þannig á hinum stjórnmálalega vettvangi að þær áherslur sem hafðar voru uppi kunna að breytast. Þegar svo er komið að svæði á allt sitt undir slíku þykjast menn finna af því lyktina að hinar efnahagslegu forsendur séu ekki lengur fyrir hendi. Menn hafa sig því á brott. Það er bölvuð staða. Þess vegna fögnum við því, fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar, að þar skuli einkaaðilar vilja inn með peninga. Það er hraustleikamerki og ber vott um að menn hafi trú á þessu svæði, á því að Sveitarfélagið Skagafjörður muni spjara sig og verða eitt af vaxtarsvæðum landsins.

Veltum fyrir okkur því hvernig menn horfa til þeirra svæða sem fá byggðakvóta. Mér finnst það sem Guðni Einarsson á Suðureyri segir kannski skýra best eða gera okkur helst grein fyrir hvernig sumir eru farnir að líta á þetta með grátbroslegum hætti. Þetta er svona tragíkómík. Sá ágæti athafnamaður sem sýndi sannarlega fram á að Suðureyringar eins og duglegt fólk víðast hvar gæti bjargað sér biðst nú afsökunar á því að hafa reynt að bjarga sér vegna þess að með dugnaði sínum hafi hann komið í veg fyrir það að ríkið kæmi Suðureyri til bjargar. Það þurfti sem sagt ekki að bjarga Suðureyri, herra forseti. En af því að mönnum þykir það svo sjálfsagt að ríkið skenki veiðiréttinn með þessum hætti sér þessi ágæti athafnamaður ástæðu til að biðjast afsökunar á að hann hafi orðið þess valdur.

Þetta er auðvitað ömurleg staða. Það sem hann gerir þarna, eins og til að hæðast að kerfinu, ulla á alþingismennina og þá stjórnmálamenn sem að þessu standa, lýsir ömulegri stöðu enda hefur farið þannig fyrir þessum byggðakvótum, herra forseti, að þeir hafa safnast á nokkrar útgerðir með fiskvinnslu eða athafnasemi á þeim stöðum sem þóttu verðugir kvótans á sínum tíma. Þessi kvóti hefur einnig flust á hendur ýmissa stærri fyrirtækja vegna þess að sums staðar var ekki um svo mörg skip að ræða til þess að veiða þennan kvóta og vegna mikilla sameininga og breytinga sem orðið hafa á eignarhaldi í sjávarútvegi hefur byggðakvótinn færst yfir í eigu ýmissa hinna stærri fyrirtækja sem menn hefðu kannski seint kennt við þessa tegund úthlutunar.

Menn geta alltaf spurt sjálfa sig: Er þessi tegund úthlutunar eitthvað verri eða siðlausari en hin? Út af fyrir sig er hún það kannski ekki, þ.e. ef horft er á það þannig að verið er að úthluta ókeypis kvóta í upphafi hvers fiskveiðiárs. Menn sjá hins vegar líka að kerfið sem við höfum er undirstaða fyrir tiltekið efnahagslíf. Menn verða að taka tillit til þess þegar þeir breyta því og skilaboðin, til útgerðarinnar og fiskvinnslunnar hafa verið þau að menn væru komnir inn í ákveðið markaðsumhverfi þar sem þeir yrðu að spjara sig enda er sjávarútvegurinn burðarás í atvinnulífi og efnahagslífi og sú atvinnugrein sem við höfum ekki efni á því að hafa slaka í. Með svokölluðum byggðakvóta er hins vegar verið að bjóða upp á ákveðinn slaka og menn urðu þess varir, sem voru að berjast á fiskmörkuðum, að fljótlega eftir að Byggðastofnunarkvótanum var úthlutað þrengdi nokkuð fyrir þeirra dyrum. Það er auðvitað mjög vont, herra forseti, ef þeir sem hafa unnið eftir þeim lögmálum sem fyrirmæli eru um að fylgja standa frammi fyrir því að vegna breyttra reglna versni samkeppnisstaða þeirra, sakir þess að ákveðinn hluti sjávarútvegsins er rekinn undir annars konar formerkjum.

Það kom mér því nokkuð á óvart þegar iðnn. var að fjalla um byggðaáætlun og í ljós kom að Byggðastofnun mælti með því í einni af þeim tillögum sem lögð var inn í nefndina af hálfu þeirrar stofnunar að afli til verkunar á Vestfjörðum og á Austurlandi yrði settur undir önnur lögmál en gerist og gengur. Ég verð að segja að ég hef ekki orðið eins undrandi lengi og þegar ég sá þessa klausu frá Byggðastofnun. Þar virtust menn ganga út frá því að heilu landshlutarnir væru þannig settir að þeir þyrftu fyrst og fremst á því að halda að hráefnið til fiskvinnslunnar væri niðurgreitt og þar lyti efnahagslífið allt öðrum forsendum en fyrir norðan og sunnan.

Ég velti því aðeins fyrir mér, herra forseti, hver samkeppnisstaða fyrirtækjanna væri þegar komin væru á erlendan markað. Það er þekkt, litlu fyrirtækin sem versla á markaði kvarta undan því, að þegar stóru fyrirtækin sem fá aflann á lægra verði af því að þau eru með tangarhald á útgerð einnig koma inn á ferskfiskmarkaðina erlendis þá hefur verið um undirboð að ræða. Við vitum alveg hvað það þýðir þegar eitt íslenskt fyrirtæki undirbýður önnur. Það þýðir einfaldlega minni gjaldeyristekjur og slakari útkomu fyrir þjóðarbúið. Við getum velt því fyrir okkur ef það á að vera hluti af stefnunni, samkvæmt tillögu frá Byggðastofnun, að heilu landshlutarnir eigi að nærast á niðurgreiddu hráefni umfram þær fiskvinnslur sem eru með útgerðir sér við hlið og geta keypt hraéfni af sjálfum sér. En þessi hugsunarháttur virðist ganga ljósum logum, að það sé allt í lagi fyrir okkur að hafa þennan slaka í sjávarútveginum. Mönnum virðist finnast að það geti alveg gengið. Mig fýsir jafnan að vita, þegar menn tala þannig, hvað menn eru þá tilbúnir til að fara með þjóðartekjurnar langt niður, hvað menn eru tilbúnir til að rýra kaupmáttinn og setja mikinn slaka í þetta. Annaðhvort hljóta menn að vilja það eða að þeir átta sig hreinlega ekki á því hvað sjávarútvegurinn er stór þegar kemur að efnahagsstarfsemi okkar.

Herra forseti. Þetta var um byggðakvótana. Þeir hafa kannski ekki verið ræddir nægjanlega í þessari umfjöllun vegna þess að hér er ekki bara verið að setja tímabundna byggðakvóta upp, ekki bara verið að búa til einhver bráðabirgðaákvæði inn í lögin um stjórn fiskveiða, heldur er verið að gera byggðakvótana „varanlega" — innan gæsalappa þó því að ekkert er varanlegt í þessari veröld.

Hin efnislega stóra breyting er ekki bara sú að verið sé að bæta við 1.500 lestum heldur er verið að gera þessa byggðakvóta varanlega. Það eru ákveðin skilaboð, herra forseti. Kannski eru þau ættuð úr Byggðastofnun, ég veit það ekki. En skilaboðin eru alla vega þessi: Við ætlum að taka ákveðinn hluta sjávarútvegsins út fyrir sviga. Við ætlum ekki að reikna með því að ákveðinn hópur fyrirtækja geti spjarað sig á markaðsforsendunum. Þessi kvóti hefur alltaf verið að aukast, potturinn hefur alltaf verið að stækka. Þó að menn segi: Nú er þetta nóg, nú verður ekki lengra gengið, er alltaf gengið lengra næst. Þetta gera menn til að halda frið út af úthlutuninni í hinu kerfinu. Þessu verði er það keypt.

Herra forseti. Eitt af því sem menn ræddu dálítið mikið og mér finnst ástæða til að nefna, vegna þess að menn höfðu af því nokkrar áhyggjur við 2. umr. og við atkvæðagreiðsluna, er ákvæði 1. gr. frv. um Hafrannsóknastofnun. Það kemur fram í 1. gr. að Hafrannsóknastofnun þurfi ekki að greiða fyrir þann kvóta sem hún nýtir við rannsóknir sínar. Það hefur út af fyrir sig verið þannig að Hafrannsóknastofnun hefur getað stundað rannsóknir án þess að kaupa kvótana á markaðsverði og þarna átti að lögfesta þá tilhögun. Það má kannski segja að menn hafi aðeins hrokkið upp við þá staðreynd að þarna var verið að lögfesta það að Hafrannsóknastofnun hefði tiltekna einokun á íslenskum hafrannsóknum, ekki það að hún hefði ekki haft hana heldur hrökkva menn við árið 2002 þegar staðfesta á slíkt í löggjöf. Mér fannst í umfjöllun nefndarinnar að ef sjútvn. gæti náð saman um eitthvað þá væri það einmitt að breyta þessu atriði. Ég hélt satt að segja að það hefði náðst nokkur sátt um það að þarna gætum við öll verið sammála um að til þess að vísindin væru sem frjálsust og Hafrannsóknastofnun hefði það aðhald sem hún sannarlega þarf og er viðurkennt mundum við ekki hafa ákvæðið svona heldur byggja það inn í löggjöfina að aðrir vísindamenn, stofnanir eða hópar vísindamanna, bæði innlendir og erlendir, gætu sótt um að fá að stunda hafrannsóknir við Ísland og Hafrannsóknastofnun væri þá ekki hliðvörður í því dæmi. Menn ættu ekki að þurfa að sækja til þeirrar stofnunar um að fá að stunda rannsóknir heldur fannst ýmsum okkar hægur vandi að nýta þá þekkingu sem þegar liggur fyrir varðandi mat á rannsóknaráætlunum og menn mundu sækja til hlutlausrar nefndar sem yrði sett saman af þessu tilefni og tæki við slíkum umsóknum, mæti þær og mælti síðan með eða ekki.

En nei, herra forseti, sú varð ekki niðurstaðan. Niðurstaða meiri hlutans varð einhverra hluta vegna sú að Hafrannsóknastofnun héldi þessari einokun. Það er reyndar opnað á að menn geti sótt um það til Hafrannsóknastofnunar að fá að gera tilraunir án þess að kaupa kvótann á markaðsverði, og þá má segja að með því sé Hafrannsóknastofnun komin í þá

stöðu að geta úthlutað ofboðlitlum kvóta. Það er út af fyrir sig merkileg staðreynd að menn skulu vera tilbúnir til að gera það þannig í staðinn fyrir að vera með óháða nefnd og síðan sæi sjútvrh. um leyfisveitinguna til að nýta auðlindina til rannsókna.

Ég skil ekki alveg, herra forseti, og hef ekki fengið á því viðhlítandi skýringar af hverju meiri hluti nefndarinnar ákvað að fara þessa leið. Ég er hins vegar handviss um að þessi aðferð mun ekki ganga lengi. Hún mun breytast vegna þess að ég held að það fái ekki staðist að við samþykkjum að sá aðili sem hefur séð um hafrannsóknir verði jafnframt sá aðili sem ákveður hverjir megi rannsaka auðlindirnar að auki og geti valið sér gagnrýnendur eða vini eftir atvikum. Hafrannóknastofnunin þarf í rauninni að fá þetta aðhald, þetta „second opinion", sem menn kalla eftir.

Ég ætla þá, herra forseti, að víkja að þessari nafnbreytingu sem ég gat um í upphafi.

Ég sagði strax og þetta frv. kom fram að hér væri lítið mál á ferð, hér væri fyrst og fremst fjallað um það að menn vilji breyta nöfnum á þeim gjöldum sem þegar væru greidd. Það stendur, herra forseti, og það hefur verið margítrekað. Eins og ég gat um áðan hafa hvorki þeir lögfræðingar né hagfræðingar sem á fund nefndarinnar hafa komið talið að hér væri um breytingu að ræða sem skipti nokkru máli. Formaður endurskoðunarnefndarinnar, sá sem var formaður hennar, Friðrik Már Baldvinsson, sagði á fundi sjútvn. þegar einhverjir nefndarmenn höfðu af því áhyggjur að þessi gjaldtaka — þeir voru kannski fyrst og fremst að tala um form gjaldtökunnar sem er út af fyrir sig gagnrýnivert — gæti gengið harðar að ýmsum fyrirtækjum en öðrum að þetta væri svo lítið að fyrirtækin mundu líklega ekki finna fyrir þessu. Það finnst mér dálítið merkilegt, herra forseti. Það sagði mér meira en flest annað hvað var að gerast.

Af því að ég nefndi að aðferðin við þessa gjaldtöku væri kannski gagnrýniverðust langar mig, herra forseti, að vitna til þess sem Seðlabankinn sagði um þetta mál. Mér finnst Seðlabankinn hafa komið fram með einna skýrastar ábendingar um það hvað miður fer eða hvað betur mætti fara ef menn vilja endilega fara þessa leið við gjaldtöku í sjávarútvegi. Með leyfi forseta, segir Seðlabankinn í umsögn sinni frá 25. mars sl.:

„Ástæða þykir til að benda á ágalla á útreikningsaðferð veiðigjaldsins sem lýst er í c-lið 10. gr. frumvarpsins og útjöfnun veiðigjaldsins miðað við aflaheimildir í þorskígildum samkvæmt skilgreiningu þorskígilda í a-lið 10. gr. Í fyrsta lagi er tekjuhugtak reglunnar, aflaverðmæti, að hluta byggt á viðskiptum milli deilda innan sama fyrirtækis. Þegar er fyrir hendi hvati til að vanreikna aflaverðmæti vegna áhrifa þess á launakjör sjómanna og sá hvati mun heldur vaxa ef veiðigjald vex með vaxandi aflaverðmæti. Hagsmunir hvers fyrirtækis af því að vanreikna eigin aflaverðmæti eru að sönnu litlir, þar eð veiðigjaldið fer eftir heildaraflaverðmæti, en þar sem vanreikningurinn þarf engu að breyta um raunverulega starfsemi, er ekkert sem vinnur á móti honum nema aðhald sjómanna að launasamningum."

Ég vil aðeins, herra forseti, biðja menn að leiða hugann að því hvernig sjómönnum hefur gengið að hafa uppi það aðhald. Það er kannski sérmál sem þyrfti að ræðast á hinu háa Alþingi hvernig meðferð útvegsmanna er á ákvæðum þess gerðardóms sem sjómenn búa við um þessar mundir en ég held áfram, herra forseti:

„Í öðru lagi er kostnaðarhugtak reiknireglunnar of þröngt á heildina litið. Enginn varnagli er í reglunni sem tryggir að ekki sé tekið gjald umfram auðlindarentu og að gjaldið falli niður ef afrakstur veiðanna er ekki nægur til að standa undir afskriftum og vöxtum af nauðsynlegri fjárbindingu. Við það geta fjárfestingarákvarðanir skekkst ef oftaka veiðigjaldsins stendur lengi. Þar sem gjaldtaka virðist tiltölulega lítil miðað við líklega heildarrentu af fiskstofnunum er þessi hætta þó sennilega ekki stórvægileg."

Ég vek athygli á því, herra forseti, að Seðlabankinn er fyrst og fremst að tala teóretískt og gagnrýna regluna út frá fræðikenningum ýmiss konar en ítrekar alltaf að gjaldið sé kannski svo lítið að ekki sé hætta á ferðum núna. Það getur auðvitað enginn svarið fyrir það að þessar upphæðir kunni að breytast í framtíðinni. Síðan segir í umsögn Seðlabankans:

„Í þriðja og alvarlegasta lagi ber að benda á skekkju sem reiknireglan felur í sér varðandi gjaldtöku af veiðum einstakra tegunda. Álagning veiðigjalds byggist á aflamælingu í þorskígildum en þorskígildi eru reiknuð samkvæmt aflaverðmæti. Renta af veiðum einstakra tegunda fer hins vegar bæði eftir tekjum og útgjöldum. Ef hálft kílóverð fisktegundar er vegið upp af háum kostnaði við veiðar getur útjöfnun veiðigjalds miðað við aflaverðmæti leitt til þess að gjaldtakan verður umfram rentu af nýtingu tegundarinnar og að veiðarnar verði óarðbærar og leggist af, jafnvel þó gjaldtakan sé hófleg á heildina litið. Útjöfnun veiðigjalds samkvæmt aflaverðmætisreiknuðum þorskígildum felur því í sér óhagkvæmni auk þess sem það samrýmist illa jafnræði að innheimta mishátt hlutfall raunverulegrar rentu eftir fisktegundum. Því er vert að gefa því gaum hvort ekki eru tök á að reikna þoskígildishlutfall fisktegunda eftir metinni rentu í viðkomandi veiðum fremur en aflaverðmæti."

Herra forseti. Það sem Seðlabankinn gagnrýnir hér er sú aðferð að allir skuli greiða gjald sem miðast við meðaltalsafkomu. Það greiðir ekki hver gjald miðað við sína afkomu eins og gerist við skattalög heldur greiðir hver gjald miðað við meðaltalsafkomu. Þótt gjaldið sé jafnlágt og raun ber vitni er það þó óréttlátara en þau gjöld sem nú eru innheimt vegna þess að þetta gjald á að miðast við meðaltalsafkomu og gildir þá einu þótt það sé bullandi hagnaður í einni grein útgerðar og miklir erfiðleikar í annarri. Allir greiða meðaltalsgjaldið.

Ég tek undir með Seðlabankanum að e.t.v. er ekki hætta á ferðum þar sem gjaldið er svo lágt. Ég ítreka það sem Friðrik Baldvinsson sagði, að menn mundu vart finna fyrir því, það væri svo lágt. Aðferðin, herra forseti, er þó auðvitað forkastanleg. Fulltrúar Seðlabankans sögðu á fundi með nefndinni, og undir það tóku fulltrúar Þjóðhagsstofnunar, að mun eðlilegra væri ef menn vildu innheimta rentuskatt, auðlindagjald, að horfa til þess hvað aðilar eru tilbúnir til að greiða fyrir veiðiheimildir á markaði. Á markaðnum gætu menn best séð hver umframrentan er í veiðunum. Hvað eru menn tilbúnir til að borga þar? Af því mætti helst leiða út niðurstöðu um hvað væri eðlilegt að innheimta.

Einhverra hluta vegna, herra forseti, eru menn ekki tilbúnir til að tengja þetta tvennt saman. Þess vegna sitjum við uppi með reglu sem er að mörgu leyti fráleit, ekki síst vegna þess að þarna er verið að vinna með meðaltal.

Að sönnu hefur mörg undanfarin ár farið fram mikil umræða um stefnuna í stjórn fiskveiða og úthlutun veiðiréttinda. Einkum herti á þessari umræðu upp úr 1990 og sumir sem hafa skoðað þessi mál telja að umræðan sem varð þá eigi kannski fyrst og fremst stoð í þeim miklu breytingum sem urðu fyrir 1990, þ.e. að þeir erfiðleikar sem urðu í sjáv-

arútvegi á árunum 1987, 1988 og 1989, m.a. vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem hér voru innan lands og tóku eina ríkisstjórn í sundur eins og menn muna, hafi ásamt þeirri uppstokkun sem átti sér stað í því framhaldi orðið til þess að þessi mikla umræða spannst um það hvernig kerfið virkaði, hvaða afleiðingar það hefði og hvað væri í raun að gerast. Þannig hafi lögin frá 1990 í sjálfu sér ekki gert annað en að staðfesta það sem þegar hafði gerst, hafi í sjálfu sér ekki valdið þeim breytingum sem þegar voru orðnar eða komnar í farvatnið. Nú er ég ekki að segja þetta af því að ég vilji taka ábyrgð af lagasetningu varðandi þá stöðu sem er í þessum málum en ég held hins vegar að okkur sé öllum hollt að horfa til þess að stjórn í sjávarútvegi byrjaði ekki árið 1990 og þeir erfiðleikar sem ýmis sjávarútvegsfyrirtæki, reyndar flest þeirra, þurftu að takast á við áratuginn á undan leiddu auðvitað til þess að mjög mikil breyting varð á eignarhaldi fyrirtækja. Það varð mjög mikil breyting á því sem þá var að gerast, m.a. á fyrirtækjastrúktúr í landinu, og menn fóru auðvitað að hugsa dálítið öðruvísi í framhaldinu en þeir höfðu gert fram að þeim tíma.

Þegar Davíð Oddsson varð forsrh. árið 1991 var eitt af því sem hann taldi sér skylt að gera að fordæma þær ákvarðanir sem fyrri ríkisstjórn hafði tekið og þær aðgerðir sem farið hafði verið í til að aðstoða fyrirtækin við að takast á við þá erfiðleika sem voru uppi á árunum 1986–1987. Ég tel að það væri áhugavert fyrir bæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem var ráðherra á þessum tíma og eins fyrir hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem hér hefur verið með merka fyrirspurn um Þróunarsjóð (**GAK:** Og verður áfram.) að fylgjast með máli mínu þegar ég kem að þeim hluta ræðu minnar. Eins og ég sagði, þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson tók við embætti varð hann þurfti hann að gera sig breiðan á ýmsum sviðum og eitt af því sem hann þurfti að ræða dálítið um voru þær aðgerðir fyrri ríkisstjórnar sem hún hafði beitt til að aðstoða fyrirtækin við að takast á við erfiðleika áranna 1986–1988 og tóku þáv. ríkisstjórn í sundur, ríkisstjórn sem Sjálfstfl. átti þá aðild að.

Þær aðgerðir sem þá var farið í voru skuldbreytingar að afloknu mati á möguleikum fyrirtækjanna til að lifa af og Ríkisendurskoðun tók þátt í því mati, en eftir að það hafði verið skoðað hvort fyrirtækin ættu sér framtíðarmöguleika var þeim heimiluð — og ég bið alla um að halda sér — ríkisábyrgð á tiltekna skuldbreytingu. Þetta var faglega unnið og fór óskaplega í taugarnar á mörgum, líka vegna þess að ekki þýddi að koma með pólitískar beiðnir. Þær urðu að vera faglega studdar sakir þess að það varð að ganga upp að þau fyrirtæki gætu spjarað sig og endurgreitt þau lán sem var verið að skuldbreyta með þessari ríkisábyrgð.

Davíð Oddsson ákvað það strax þegar hann komst til valda að þarna hefði verið um milljarða sukk að ræða, milljarða sukk og pólitísk heift hans var það mikil að í snarhasti var býsna mikið afskrifað af þeim lánum. Þau voru færð inn í Þróunarsjóð sjávarútvegsins og afskrifuð í stórum stíl til þess að sanna það að þarna hefði verið um hreina óráðsíu og sukk að ræða með almannafé. Síðan lenti Þróunarsjóðurinn í ákveðnum vandræðum. Það kom nefnilega í ljós að þessi lán voru greidd til baka og sjóðurinn fékk peninga og endurgreiðslur, endurgreiðslur og peninga og það þurfti að fara að bakfæra. Og starfsmenn Þróunarsjóðsins eru búnir að standa í því undanfarin ár að bakfæra greiðslur vegna hinna pólitísku afskrifta sem áður höfðu átt sér stað, þ.e. þegar hæstv. forsrh. af pólitískri heift hlutaðist til um að þarna ættu sér stað stórfelldar afskriftir til að sanna það að hér hefði verið illa farið með almannafé, hér hefði ríkisábyrgð verið misnotuð.

Herra forseti. Síðan biður hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson um yfirlit yfir stöðu Þróunarsjóðs og m.a. þessar afskriftir. Og hvað kemur þá í ljós? Jú, það kemur í ljós að fyrirtækin höfðu spjarað sig með einum eða öðrum hætti. Sum höfðu runnið saman við önnur, sum höfðu verið keypt, sum höfðu stækkað, ýmsar breytingar áttu sér stað en lánin höfðu verið greidd. Og nú er ekki langt í það að þau lán verði að fullu uppgreidd og engin ríkisábyrgð lengur á neinum fimmeyringum því að þetta er varla að verða meira, en þetta svar var býsna merkilegt af því að það var svo afhjúpandi. Herra forseti. Ekki er hægt annað núna en að rifja þetta upp bara af því að hér er verið að veita ríkisábyrgð á annað borð. Og af því að það er nú verið að gera af þeim manni sem tók svona stórt upp í sig árið 1991.

Það er nefnilega þannig í pólitík, herra forseti, að stundum koma hlutirnir eins og búmerang í hausinn á mönnum. Ef þeir taka of stórt upp í sig og ekki eru innstæður fyrir því sem þeir segja, þá standa þeir stundum með búmerangið fast í enninu og það er nú hlutskipti hæstv. forsrh.

Það hefur verið dálítið merkilegt undanfarinn áratug að fylgjast með umræðunni um hvort eðlilegt væri að útgerðin greiddi fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind. Ýmsir hafa tekið þátt í þeirri umræðu, bæði innlendir og erlendir aðilar og erlendir aðilar sem hafa komið til þess að líta yfir sviðið hafa margir hverjir komist mjög fljótlega að þeirri niðurstöðu að hér væri staða mála þannig að í fyllsta máta væri eðlilegt að menn greiddu fyrir aðgang að auðlindinni. Þau innlegg hafa verið misáhugaverð og sama á við um innlegg innlendra aðila. Þau hafa verið misáhugaverð en fylkingar hafa grófl tekið verið tvær. Ég hef verið, herra forseti, tilbúin til þess að vera í fylkingarbrjósti annarrar þeirra ef á hefur þurft að halda. Þar hef ég að mínu mati verið í góðum félagsskap og við jafnaðarmenn verið í góðum félagsskap, Samtaka iðnaðarins, mjög margra hagfræðinga sem hafa tekið þátt í umræðunni og ýmissa þeirra sem hafa viljað sjá breytingar á efnahagssviðinu. Mér finnst stundum að Hannes Hólmsteinn Gissurarson hafi leitt hina sveitina en það hefur verið sveit þeirra manna sem hafa talið að best væri að útgerðin ætti bara kvótann, það hafi alltaf verið best að menn ættu það sem þeir væru að vinna með og fengju það helst gefins í upphafi.

Einhver skemmtilegasta grein sem að mínu mati hefur komið fram um þessi mál var skrifuð af ekki ómerkari manni en Benjamín Eiríkssyni en þetta er grein sem hann birtir 15. ágúst árið 1997 í Morgunblaðinu. Mig langar, herra forseti, vegna þess að ég held að mikilvægt sé fyrir umræðuna núna að vitna í þessa grein dr. Benjamíns, en eins og menn vita tók nefndur Hannes Hólmsteinn Gissurarson það að sér að skrifa ævisögu Benjamíns Eiríkssonar og er þess vegna ekkert síður í því ljósi skemmtilegt að sjá hvað Benjamín hefur um málið að segja. Hann segir, með leyfi forseta:

„Fyrir tæpum áratug var rétt eitt lektorsmálið til umræðu. Dr. Hannes H. Gissurarson hafði verið skipaður lektor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, en tekið misjafnlega vel. Á fundi í félagsvísindadeild hafði hann ekki fengið eitt einasta atkvæði. Ég skrifaði tvær greinar um málið og sagði meðal annars, að yfirburðir Hannesar væru þeir, að hann ætti ekki að vera að sækja um lektorsstöðu heldur prófessorsstöðu, væri hún tiltæk. Þetta hefir nú farið á þann veg: Dr.

Hannes er orðinn prófessor Hannes. Er þá ekki „allt fengið"? Nei, ekki alveg.

Uppi eru deilur með þjóðinni í stórmáli, miklu hagsmunamáli. Ástandið er þannig að árlega eru tugir milljarða króna af sameign þjóðarinnar gefnir tiltölulega litlum hópi manna.

Þessi sameign, þetta verðmæti, er þannig til komið, að löggjafarsamkoman hefir skapað einokunaraðstöðu fyrir takmarkaðan veiðiflota. Veiðiskip með kvóta fær því meiri afla en það mundi, væru veiðarnar ekki takmarkaðar heldur öllum frjálsar. Auk þess er næsta víst að fiskverð hækkar við þetta. Það myndast einokunargróði. Hann rennur fyrst og fremst til þeirra fáu manna sem fá að nota ókeypis hinn takmarkaða veiðirétt innan fiskveiðilögsögunnar. Þessi gróði er sköpunarverk Alþingis, alþingismannanna. Svona ástand er auðvitað óþolandi til langframa."

Og dr. Benjamín heldur áfram:

„Hannes hefir nú birt þrjár greinar í Morgunblaðinu um málið. Hinn 9. þessa mánaðar birtir hann þriðju greinina, þar sem hann dregur saman röksemdir sínar í stuttu máli. Kjarni málsins er þarna ljós. Þar með gín rökvilla hans við lesandanum." Og nú vitnar dr. Benjamín beint í dr. Hannes:

„Það sem Karl Marx skildi ekki, var að myndun einstaklingsbundinna eigna- eða nýtingarréttinda á náttúrugæðum er besta leiðin til þess að tryggja skynsamlega nýtingu slíkra gæða." Hér lýkur tilvitnun í dr. Hannes.

„Já, og hvað svo?" spyr dr. Benjamín Eiríksson. „Jú, segir Hannes, þess vegna verða þeir sem fara með þessar eignir að fá þær gefins í upphafi.

Tökum tvo bændur sem dæmi. Annar erfir jörðina, sem hann býr á, fær hana gefins, hinn kaupir hana á fasteignamarkaðnum. Hvað tálmar því, að báðir fái búið við sömu skilyrði: notið náttúrugæða jarða sinna sem einkaeignar? Þetta þýðir einfaldlega það, að það er eins hægt að búa við einkaeignarréttarskipulagið þótt náttúrugæðin séu keypt. Tal Hannesar um „skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna" er því máli óskylt, hvort kvótarnir séu gefnir eða seldir. Svona röksemdir heita á ensku „red herring", rauð síld."

Síðan spyr dr. Benjamín Eiríksson:

„Hvað er einokunargróði? Einokunargróði er verðmæti sem skapað er með sérstakri aðstöðu, valdi af einhverju tagi, valdboði, einokun eða fákeppni. Verðmætið verður til án tilkostnaðar, án þjónustu, án framleiðslukostnaðar. Hafirðu þessa aðstöðu, þetta vald, geturðu skapað svona verðmæti. Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins er einfalt dæmi, takmörkun fiskveiðanna með valdboði, annað. Formælendur gjafastefnunnar draga alltaf athyglina frá því grundvallaratriði, að verðmæti kvótans er einokunargróði, skapaður af ríkisvaldinu.

Útgerðarmaðurinn getur greitt allan útgerðarkostnaðinn af andvirði aflans og keypt kvótann að auki fyrir afganginn, sem myndast hefir við það, að aðgengið að miðunum er takmarkað — sem þýðir að meiri afli fæst með minni tilkostnaði. Hlutur kvótans í aflaverðmætinu er augljóslega hreinn einokunargróði, skapaður af ríkisvaldinu.

Kvótarnir ganga kaupum og sölum — þessir umframpeningar — fyrir tugi milljarða. Hvað hugsar þjóðin? Ríkisvaldið vantar peninga til hluta sem „við öll" viljum: Í heilbrigðisþjónustuna, skólakerfið og velferðina, svo eitthvað sé nefnt. Hvað leyfa alþingismennirnir sér að aðhafast — og aðhafast ekki — í alþjóðaraugsýn? Hver er skýringin? Bera eigendur kvótanna fé í stjórnmálaflokkana?" spyr dr Benjamín að lokum. En hann hefur ekki alveg lokið máli sínu því hér kemur:

„P.S. Síðan ofanskráð var sett á blað hefir prófessor Hannes enn birt skrif um þetta efni. Ég á við grein hans í Morgunblaðinu hinn 14. þessa mánaðar, „Gömul hugmynd gengur aftur". Og enn gín við lesandanum ný rökvilla.

Próf. Hannes líkir veiðileyfagjaldinu við jarðrentuskatt Henrys Georges. Gallinn við þessa samlíkingu er sá, að jarðrenta þessi myndast fyrir tilverknað markaðsaflanna, fyrst og fremst aukningar mannfjöldans. Einokunargróði kvótanna myndast með valdboði löggjafans."

Herra forseti. Stundum verður líka að vera gaman í þinginu og mér fannst þessi grein vera til þess fallin að við færum yfir alvarlegt mál með óvenjulega skemmtilegum hætti vegna þess að þó að þessi grein sé orðin fimm ára gömul stendur hún að mörgu leyti enn fyrir sínu og dregur kannski fram einmitt það sem ég drap á hér áðan þær tvær öndverðu fylkingar sem hafa tekist á í þessu máli mjög lengi. Þessar tvær öndverðu fylkingar sem annars vegar leggja áherslu á að þegar um er að ræða takmarkaða auðlind í sameign þjóðar, þá sé eðlilegt að þeir sem fá að nýta hana greiði fyrir það og svo hinna sem finnst jafnsjálfsagt að takmörkuðum auðlindum í eigu þjóðar sé úthlutað ókeypis og sumir ganga svo langt að krefjast þess að þær séu gefnar.

Herra forseti. Hugtakið „réttlæti" hefur oft verið notað í umræðunni. Nú er réttlætið afskaplega afstætt og blasir ólíkt við mönnum eftir því hvaða stöðu þeir hafa. Þannig finnst þeim sem hafa fengið kvóta úthlutað á grundvelli veiðireynslu tiltekinna ára það réttlæti að þeir fái það áfram með sama hætti. Öðrum sem eru að reyna að brjótast inn í þessa grein finnst það hins vegar lítið réttlæti og mér finnst ástæða til að rifja það upp, herra forseti, reglulega þegar menn eru að barma sér undan því að þurfa að greiða jafnvel kostnaðargjöld í sjávarútvegi eins og við verðum stundum vör við. Mönnum finnst það mikil áþján ef greinin þarf að fara að borga gjöld sem nálgast kannski $^2/_3$ þess kostnaðar sem af hlýst, þá finnst mér ástæða til að rifja það upp, (Gripið fram í.) — það fer eftir sanngirninni, hv. þm. Gísli Einarsson — að það er ekki eins og við þurfum að dekstra þessa aðila eða kaupa til að vera í útgerð. Það er nefnilega eftirspurn eftir því.

Hvað svo sem menn barma sér og vilja telja þjóðinni trú um að hlutskipti þeirra sé aumt er það samt sem áður niðurstaðan að miklu fleiri vilja gera út á Íslandsmiðum en komast að með góðu móti. Miklu fleiri vilja fá úthlutun aflakvóta á Íslandsmiðum en fá. Við alþingismenn, ekki síst við í sjútvn., fáum símhringingar, bréfasendingar og heimsóknir frá einstaklingum eða fulltrúum hópa sem eru tilbúnir til að borga meira, fái þeir að komast að. Það verður kannski sífellt erfiðara, ekki fyrir okkur sem ekki réttlætum þetta ástand heldur þá sem vilja réttlæta það, að réttlæta úthlutun sem byggir á veiðireynslu tiltekinna ára í fyrndinni, ekki síst þar sem útvegsmenn sjálfir hafa reynt að segja þjóðinni að stærstur hluti þess veiðikvóta hafi skipt um hendur, búið sé að innleysa auðlindarentuna af stærsta hlutanum og kvótinn hafi skipt um hendur.

Herra forseti. Þessir aðilar viðurkenna einfaldlega að þessi reynsluviðmiðun eigi ekki við lengur. Þeir sem fengu úthlutað ókeypis vegna reynslu eru ekki lengur í veiðum þannig að úthlutunin byggir ekki á reynslu þeirra.

Sömuleiðis finnst mér ástæða til að halda því til haga að alveg þangað til í fyrra gátu menn afskrifað kaup sín á

veiðiheimildum. Það eru nokkur ár síðan lögin voru sett en þetta virkaði þannig að árið í fyrra var síðasta árið sem menn gátu afskrifað. Þegar þetta allt er lagt saman við ákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, að úthlutun aflahlutdeilda myndi ekki óafturkræfan rétt, getum við sagt með réttu að jafnvel þó menn hafi keypt kvóta einhvern tíma á þessu tímabili hafi það ekki skapað þeim nokkurn rétt umfram það sem lögin segja. Grundvallarforsendan þar er sú að fiskstofnarnir kringum landið eru sameign íslensku þjóðarinnar.

Það er nauðsynlegt að rifja þetta upp reglulega, herra forseti, vegna þess að menn gleyma sér stundum. Það er jafnframt nauðsynlegt að rifja upp að lögfræðingar sem hafa skoðað þessi mál, þá vil ég vitna til bæði Sigurðar Líndals og Þorgeirs Örlygssonar sem saman skrifuðu pappír fyrir auðlindanefnd um þetta mál, telja að auðvitað hafi Alþingi vald til að breyta lögunum um stjórn fiskveiða, þ.e. breyta þannig að sá réttur sem menn telja sig hafa í dag væri ekki lengur þeirra. Menn hafa þó það fororð á að til þessa þurfi tiltekinn aðdraganda en að Alþingi hafi valdheimildir til að breyta þessu kerfi á þann veg sem Alþingi telur betri eða réttlátari, þar með talið að fara með úthlutun veiðiréttar og þar með sölu að aðgangi að auðlindinni yfir í svokallaða fyrningarleið.

Þetta lá allt fyrir þegar Samfylkingin tók ákvarðanir sínar um hvernig hún vildi sjá þróunina varðandi stjórnkerfi fiskveiða, hvaða breytingar hún vildi sjá á stjórnkerfinu og hvernig auðlindarenta yrði innheimt, hvernig eðlilegur afrakstur þjóðarinnar ætti að koma fram af þessari sameiginlegu auðlind sem er takmörkuð og ekki allir geta haft aðgang að.

Þegar Samfylkingin bauð fram fyrir síðustu kosningar var þegar að finna í stefnuskrá hennar ákvæði þess efnis að hún vildi að fram færi fyrning á veiðiheimildum og að menn litu til breytinga á stjórnkerfinu. Þegar eftir að þingflokkur Samfylkingarinnar, 17 manna þingflokkur, hóf störf á Alþingi var hafin vinna við frv. sem hér hefur síðan verið flutt og liggur enn fyrir hinu háa Alþingi, þess efnis að farin yrði fyrningarleið. Við höfum ekki þreyst á því, herra forseti, að endurflytja það mál og rökstyðja að hvaða leyti það mál tæki öðrum þeim aðferðum fram sem menn hafa nefnt til sögunnar. Sú aðferð er einfaldlega líklegust til að herma eftir því ástandi sem var áður en farið var að stjórna veiðunum með þeim hætti sem nú er gert, þó með viðurkenningu á því að aðgangur að auðlindinni hefur fengið verðgildi.

Okkur hefur aldrei komið til hugar, herra forseti, að það væri hægt að breyta þeirri staðreynd, a.m.k. ekki meðan við eigum svo öflugan flota sem raun ber vitni og takmarka þarf aðgang að auðlindinni. Við vitum að við getum ekki gengið að lífríkinu af öllu því afli sem býr í tækni okkar og þekkingu til að veiða fisk.

Með þeirri aðferð sem Samfylkingin hefur lagt til þykjumst við sjá fyrir að þeir staðir sem best liggja við miðum og hafa það atgervi að menn vilji gera út þaðan ættu að geta blómstrað. Menn væru þá að öðru leyti jafnsettir.

Þegar deilur standa um þessa aðferð hafa menn aðallega teflt því fram að fyrningarleið mundi auka útgerðinni óöryggi, það yrði enn óöruggara fyrir íslenska útgerð en er í dag. Þær fullyrðingar byggja hins vegar á miklum misskilningi vegna þess að við ættum fremur að spyrja: Hvaða öryggi býður kerfið í dag íslenskri útgerð upp á? Hvaða öryggi er í því kerfi sem er þannig vaxið að menn fá úthlutað frá ári til árs með löggjöfina þannig að henni er hægt að breyta með stuttum fyrirvara þannig að ekki standi lengur það sem var í fyrra eða hittiðfyrra? Menn hafa ekkert í höndunum annað en það að fiskstofnarnir í kringum landið eru sameign íslensku þjóðarinnar.

Sé þetta borið saman við hugmyndir okkar sem viljum fara fyrningarleið þá erum við auðvitað að tala um, eins og fram kemur í frv. okkar, að þeir sem öðlist veiðiheimildir eftir þeirri leið fái þær auðvitað til tiltekins tíma. Þeir leigja þær til tiltekins tíma og hafa þannig það rekstraröryggi þann tíma, sem þeir hafa ekki nú. Þess vegna er svolítið merkilegt að samtök útgerðarinnar skuli hafna þessum hugmyndum svo eindregið. Að mínu mati er þetta álíka vanhugsað og það var fyrir tíu árum þegar þeir lömdu frá sér allar hugmyndir um greiðslur fyrir aðgang að auðlindinni. Nú eru þeir þó farnir að horfast í augu við að líklega þurfi þeir að viðurkenna þá kröfu að greitt sé fyrir aðgang að auðlindinni. Það er dálítil breyting. En þeir eru seinir á ferðinni eins og jafnan. Sama á að mínu mati við varðandi fyrningarleiðina.

Ég teldi, herra forseti, að það væri betra fyrir samtök útvegsmanna að ganga í lið með Samfylkingunni og þeim sem vilja breyta lögunum á þennan veg og skapa þannig það öryggi sem atvinnugreinin þarf á að halda fremur en að berjast sífellt gegn breytingunum og hafa þar af leiðandi minni áhrif á þróun mála. Ég er sannfærð um að það verður aldrei friður um það fyrirkomulag sem nú er, hvað svo sem líður þeirri nafnbreytingu sem menn eru að tromma upp með hér í dag. Um þetta verður aldrei friður vegna þess að ekki er tekist á við þau atriði sem ófriðurinn hefur staðið um. Það er verið að skerpa á þeim ef eitthvað er, eins og ég rakti áðan varðandi kvótaþakið. Nafnaskiptin skipta engu. Byggðakvótar eins og þeir eru settir upp núna eru ekki til þess fallnir að skapa ró. Það segir okkur sá óróa, sú úlfúð og þeir erfiðleikar sem hafa í raun fylgt notkun þeirra á ýmsum stöðum.

Herra forseti. Málið sem við ræðum hér í dag er auðvitað mjög viðfeðmt. Það nær yfir þessa þrjá meginþætti sem ég rakti í upphafi. Sjávarútvegur á Íslandi hefur verið grundvallaratvinnugrein og haft áhrif á byggðaþróun alla síðustu öld. Allar breytingar í sjávarútvegi hafa þar af leiðandi áhrif á byggðaþróun áfram í dag og inn í framtíðina. Það er auðvitað ekki hægt annað en víkja að þeim þáttum þegar verið er að fjalla um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Sú umgjörð sem við sköpum skiptir auðvitað máli.

Ég gerði það að sérstöku umtalsefni í ræðu minni við 2. umr. þessa þingmáls hvernig kvótakerfið hefur í raun virkað á þau félagskerfi sveitarfélaganna, sem fyrir voru og áttu þátt í niðurbroti þeirra. Það ásamt óörygginu sem fólk býr við þegar það skynjar að grundvöllur fyrir útgerð eða fiskvinnslu á viðkomandi stað er að hverfa er auðvitað erfiðast. Við höfum gengið í gegnum miklar og erfiðar atvinnuháttabreytingar víða um landið og það er ömurlegt að ríkisvaldið skuli svo takmakmarkað mætt því fólki sem hefur vegna atvinnuháttabreytinga horft á húsin sín lækka í verði, á ævisparnað sinn brenna upp og verða að engu. Þetta fólk hefur þurft að takast á við miklar breytingar án þess að fá svo mikið sem tilboð um endurmenntun. Eitt af meginmálum okkar í Samfylkingunni, þegar byggðamál ber á góma, er að efla þurfi menntun til að fólk verði hæfara til að takast á við þessar breytingar, til að það öðlaðist sjálfstraust og geti í ríkara mæli tekið örlög sín í eigin hendur til að afla sér þekkingar á því sem er mögulegt og til að geta með

sjálfstæðum hætti lagt mat á möguleika byggðarlags síns og skapað sér þá nýja atvinnu eða nýja tekjumöguleika.

Stefnan í menntamálum undanfarin ár hefur verið þannig að ég hef stundum haft á tilfinningunni að hæstv. menntmrh. sem nú er orðinn framboðskandítat til borgarstjórnar Reykjavíkur hafi ekki áttað sig á þeim hjörtum sem slá ofan Elliðaáa. Sjóndeildarhringur hans virðist ekki ná lengra en úr Hlíðunum og út að háskóla. Það er ekki gott veganesti, herra forseti, þegar atvinnuháttabreytingar eru svo miklar víða um landið og fólk þarf á því að halda að fræðast um hvað er að gerast.

Það hefur verið aðall ríkisstjórna víða í kringum okkur, ekki síst þeirra sem hafa verið með Evrópusambandið í liði með sér, að flytja þekkingu og þekkingarmöguleika inn á þau svæði sem að öðru leyti hafa verið að missa frá sér atvinnutækifæri, t.d. í nýtingu náttúruauðlinda. Ég tek sem dæmi kolanámusvæðin í Wales þar sem starfsmenn hafa, vegna tæknibreytinga þar sem vinnan hefur þjappast á færri staði eða verið unnin með skjótvirkari hætti, misst atvinnuna og þurft að snúa sér að öðru eða orðið atvinnulausir. Þar hafa verið unnin þrekvirki eftir ýmsum leiðum af meðvituðum stjórnvöldum. Hér hafa skólamenn víða um land barist í því að reyna að kalla fram þessar breytingar. Þannig var Verkmenntaskólinn á Akureyri frumkvöðull í fjarkennslu á framhaldsskólastigi, barðist um á hæl og hnakka að fá viðurkenningu á því að þessi menntunarleið væri líklega það mikilvægasta sem við þyrftum varðandi það að takast á við breytingar í samfélagi okkar. Ekki síst, herra forseti, er einmitt framhaldsskólinn mikilvægur vegna þess að það er sannað mál að menntun á framhaldsskólastigi getur skipt sköpum hvað varðar framleiðni í atvinnulífinu og þar með sköpun auðs fyrir þetta samfélag.

En ekki bara Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur sýnt mikla framsýni heldur Kennaraháskólinn líka, annar skóli sem hefur að sumu leyti verið fjársveltur í þeirri viðleitni sinni að mæta kennaraefnum víða um land. Sá skóli hefur haldið úti mjög víðtækri fjarkennslu fyrir leiðbeinendur, kennaraefni, víða um land sem hafa viljað afla sér réttinda og gerast þannig betri kennarar til að geta alið upp betri nemendur sem síðan áttu þá greiðari leið áfram í atvinnulífið eða til frekari menntunar.

Herra forseti. Það sem hefur gerst í fjarkennslumálum hefur gerst meira og minna fyrir atbeina einstaklinga og skóla, fyrir atbeina manna eins og Péturs Þorsteinssonar á Kópaskeri, fyrir atbeina skóla eins og Verkmenntaskólans og Kennaraháskólans. Og nú eru fleiri háskólar eins og á Bifröst og Háskólinn á Akureyri komnir inn í þetta líka. Þetta er það sem er að bjarga því sem bjargað verður víða um hinar dreifðu byggðir. Eftir þessum leiðum er fólk núna að sækja sér þekkingu til að takast á við breytingar til þess að gera umhverfi sitt frjórra og betra. Það er enn ástæða til að harma það, herra forseti, hve lítið ríkisvaldið hefur lagt af mörkum, verið tregt og hugmyndalaust þegar kemur að þessum þáttum. Um þetta væri hægt að halda langa ræðu sem væri þá komin lengra út fyrir efnið en nú er. Mér finnst enn, herra forseti, að ég hafi ágæta fótfestu í lögunum um stjórn fiskveiða og til að undirstrika það ætla ég að nefna sjómannamenntunina og fiskvinnslumenntunina en sú menntun hefur meira og minna verið að lognast út af á síðustu árum, bæði vegna þess að ungt fólk skynjar að í einokunaratvinnugreinum eins og sjávarútvegurinn er orðinn er ekki mikið olnbogarými og þess vegna betra að snúa sér að öðru en líka vegna þess að það hefur ekki verið neinn sérstakur metnaður til að gera þetta nám þannig að það rímaði við þær væntingar eða langanir sem bærast með ungu fólki. Það er merkilegt að þjóð sem hefur svo stóran hluta gjaldeyristekna sinna af útflutningi sjávarafurða skuli geta leyft sér þann munað að starfrækja engan framhaldsskóla á fiskvinnslusviði. Það mun auðvitað koma niður á okkur síðar þó að við njótum enn starfskrafta þeirra sem hafa útskrifast á undanförnum árum en menn þekkja það að ef menntun er ekki viðhaldið þornar hún smám saman upp og einn góðan veðurdag þurfa menn að takast á við afleiðingar þess ástands. Það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir varðandi menntakerfið þegar sjávarútvegurinn er annars vegar.

Herra forseti. Ég veit að umræðu um sjávarútvegsmál er ekki lokið í dag þó að ég ljúki máli mínu. Ég á eftir að mæla fyrir nál. vegna máls sem er eins konar fylgimál þessa frv. og kemur á dagskrá síðar á þessum fundi. Ef ég sé ástæðu til mun ég að sjálfsögðu biðja um orðið aftur undir dagskrárliðnum Stjórn fiskveiða. Ég get alveg trúað hæstv. forseta fyrir því að ég á ýmislegt ósagt í þessu máli sem ég gæti vel hugsað mér að fara yfir en ég veit að fleiri vilja taka til máls og mun þess vegna láta ræðu minni lokið að sinni.

[18:21]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nú erum við eina ferðina enn á hinu háa Alþingi að ræða fiskveiðimál, sjávarútvegsmálin. Hér er verið að leggja fram frv. til laga sem ég held að sumir álíti að sé hinn mikli salómonsdómur í þessum málum og nú sé öllu reddað. Því miður er ég á þeirri skoðun að svo sé ekki, herra forseti, og að umræðan um sjávarútvegsmál og þessi lög sem verið er að koma í gegnum þingið muni fljótt taka breytingum.

Ég er líka á þeirri skoðun, herra forseti, að menn hljóti sífellt að ræða um þessi mál og velta þeim fyrir sér, ekki síst þegar lögin eru þannig úr garði gerð í sambandi við úthlutanir á fiskveiðiheimildum að æ fleiri telja sig hafa verið hlunnfarna í úthlutun á veiðiheimildum. Þetta er það sem við heyrum sífellt.

Í ágætri ræðu sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir flutti áðan um þessi mál kom fram að sérstakir aukakvótar og úthlutunarheimildir sjútvrh. eru upp á 6–7 milljarða kr., úthlutanir Byggðastofnunar reyndar þar með taldar. Nú er gert ráð fyrir með þessum lögum, herra forseti, að 1.500 tonnum af þorskígildum verði bætt við byggðakvótann sem er 1.500 tonn fyrir. Þetta undirstrikar þá skoðun mína og margra annarra að það kerfi sem er við lýði í dag beri í sér byggðaeyðingu. Megum við búast við því, herra forseti, að eftir eitt ár komi kannski fram frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, um að enn fremur þurfi að auka þennan byggðakvóta? Þróunin er a.m.k. sú og hefur verið að sífellt er verið að taka heimildir úr stóra kerfinu sem hefur verið úthlutað, upphaflega samkvæmt aflareynslu, og skapa einhvers konar björgunarkvóta.

Um daginn, herra forseti, var verið að úthluta ráðherrakvóta á grundvelli laga um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um að ráðherra sé heimilt að úthluta kvóta á smábáta í steinbít og ýsu þar sem byggðir hafa reitt sig á og lifað af veiðum smábáta í þorskaflahámarkinu og höfðu frelsi í ýsu, ufsa og steinbít. Nú er verið að bregðast við afnámi ýsu-, ufsa- og steinbítsfrelsisins og kvótasetningunni af því að ljóst er að sú skerðing sem þá varð hafði mikil áhrif á byggðir

og byggðarlög sem höfðu mikla vinnu vegna þessara veiða. Þegar verið var að kvótasetja smábátana sem tók langan tíma. Eftir miklar deilur og baráttu sáu menn sig knúna til að koma með þessi ákvæði um ráðherrakvótann. Okkur bárust sem sagt niðurstöðurnar um þessa úthlutun, herra forseti, fyrir fáeinum dögum. Fréttatilkynning kom frá Fiskistofu um þessi mál, um kvótaúthlutun til krókaaflamarksbáta til að efla sjávarbyggðir sem að verulegu leyti eru háðar veiðum þeirra. Með leyfi forseta hljóðar þessi fréttatilkynning svo:

„Við upphaf þessa fiskveiðiárs, sem hófst 1. september 2001, komu til framkvæmda ákvæði laga [nr. 1/1999] um nýja skipan veiða krókabáta. Við það féll niður heimild þorskaflahámarksbáta til frjálsra veiða á ýsu, ufsa og steinbít. Ljóst var að þetta gerði þeim sjávarbyggðum erfitt fyrir sem háðastar eru veiðum smábáta. Til að koma til móts við þessar byggðir voru samþykkt á Alþingi 20. desember síðastliðinn lög er heimila sjávarútvegsráðherra að úthluta allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 3.000 lestum af ufsa til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum slíkra báta.

Við ákvörðun á því hvaða staðir koma til greina eru tvær forsendur lagðar til grundvallar og þurfa byggðarlögin að uppfylla þær báðar. Í fyrsta lagi er reiknað hversu hátt hlutfall úthlutað aflamark krókaaflamarksbáta á fiskveiðiárinu 2001/2002 er af heildarúthlutun allra skipa á viðkomandi stað í þorskígildum talið. Þeir staðir þar sem hlutfallið er 15% eða hærra koma til greina við úthlutunina."

Þetta var það fyrsta.

Annað, herra forseti, segir enn fremur í þessari fréttatilkynningu:

„Í öðru lagi er reiknað hversu hátt hlutfall afli krókaaflamarksbáta á fiskveiðiárinu 2000/2001 er af heildarfiskafla allra skipa sem skráð voru á viðkomandi stað. Þeir staðir þar sem hlutfallið er 15% eða hærra koma til greina við úthlutunina. Þá var ákveðið að úthlutað magn til einstakra byggðarlaga skuli miðast við að ekkert byggðarlag hefði úthlutað aflamark í ýsu, steinbít og ufsa, að viðbættum þorskafla á síðasta fiskveiðiári, sem næmi lægra hlutfalli en 89,4% af heildarafla síðasta fiskveiðiárs. Þó með þeim takmörkunum að ekkert byggðarlag fær hærri úthlutun en 400 þorskígildistonn.

Sömu aðferð var síðan beitt þegar úthlutað var á einstaka báta innan hvers byggðarlags, að hámarki 50 þorskígildistonn á bát."

Alls munu því 11 byggðarlög fá úthlutun samkvæmt ofangreindum skilyrðum og skiptast þau í þorskígildum þannig:

Tálknafjörður 400 tonn, Bolungarvík 400 tonn, Flateyri 399 tonn, Ólafsvík 173 tonn, Drangsnes 104 tonn, Ísafjörður 102 tonn, Stöðvarfjörður 50 tonn, Sandgerði 36 tonn, Suðureyri 19 tonn, Bakkafjörður 13 tonn, Breiðdalsvík 6 tonn.

Þannig hljóðaði þessi fréttatilkynning eða hluti úr henni þar sem gerð er grein fyrir hvaða regla var notuð. Ég ætla ekki að lesa upp, herra forseti, hvaða bátar fengu úthlutun en það er þó nokkuð merkilegt í þessu máli, herra forseti, að hér er í raun og veru um byggðakvóta að ræða. Verið var að úthluta til byggða sem voru háðar veiðum smábáta. Þær byggðir sem eru hér taldar upp eru þær byggðir sem hafa orðið fyrir niðurbroti vegna þess kvótakerfis sem nú er við lýði eins og hv. 4. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, nefndi réttilega áðan.

Fyrst þetta er byggðakvóti, herra forseti, hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna þessu er úthlutað á þann hátt sem reyndin hefur orðið. Sumir bátar á þessum svæðum hafa fengið töluvert mikinn afla meðan aðrir fengu ekki neitt. Var þetta ekki byggðakvóti til staðanna?

Sumir hafa haldið því fram, og það kom greinilega fram í allri umræðunni í samfélaginu þegar verið var að útbúa þetta mix allt saman, að nokkrir hefðu stofnað til útgerða þegar frelsið var í ýsunni og steinbítnum. Þeir höfðu lítið þorskaflahámark en þeir gerðu út á að það var möguleiki á að veiða ýsu. Þegar það var síðan skert blasti við að það hefði orðið gjaldþrot hjá mörgum útgerðum sem voru í þessari stöðu. Það kemur líka þannig út að flestar þessar útgerðir, herra forseti, eru á þeim stöðum sem nefndir voru áðan. Sérstaklega nefni ég Bolungarvík og Flateyri eins og fram hefur komið í þessari umræðu.

Ég gleðst, herra forseti, ef þetta verður til þess að koma í veg fyrir að kvótakerfið með öllum sínum afleiðingum knésetji fjölskyldufólk sem hefur skuldsett sig, er duglegt og vildi koma á stofn útgerð.

Ég veit að margir eru glaðir sem fengu þessa úthlutun og þeir sjá sjálfum sér borgið. En ég spyr, herra forseti: Hvað um þá aðila sem stofnuðu til útgerða á sömu forsendum og þessir aðilar og veiddu jafnvel á nákvæmlega sömu miðum en búa ekki á sömu stöðum? Við þeim blasir aðeins eitt: Það er gjaldþrot. Þeir voru óheppnir að hafa ekki skráð bátana sína á rétta staði því að mér er kunnugt um það, herra forseti, að bátar sem ekki hafa gert út frá þessum stöðum hafa fengið úthlutun vegna þess að þeir voru skráðir á stöðunum. Þá er ekki lengur um byggðakvóta að ræða heldur bátakvóta. Fyrst þar er orðið um bátakvóta að ræða sem fellur undir þær reglur sem nefndar voru áðan vaknar enn fremur spurningin: Hvers eiga hinir að gjalda?

Það hlýtur alltaf að vera erfitt að úthluta með þessum hætti. Það er alveg deginum ljósara, herra forseti, að þessi úthlutun og þessi aðferð til kvótaúthlutunar til krókaaflamarksbáta til að efla sjávarbyggðir sem voru háðar þessum veiðum hefur orðið til þess að skapa deilur og úlfúð innan byggðanna. Það er algjörlega ljóst. Forsenda þess að byggðir geti þrifist er auðvitað að þar sé friður og að fólkið sem býr í samfélaginu og þessum litlu byggðarlögum upplifi ekki að stjórnvöld séu sífellt að mismuna þegnunum. Það er mjög leitt til þess að vita þegar margir eru farnir að álíta sem svo að jafnvel sé um pólitíska útreikninga og úthlutanir að ræða. Svona er þetta, því miður.

Ekkert hefur verið hlustað á góðar tillögur sem hafa komið fram í þessum málum, t.d. þegar ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson lögðum fram brtt. um veiðar smábáta, um frelsi í ýsunni og steinbítnum en með ákveðnum takmörkunum. Það hefði tryggt jafnræði sem ekki er tryggt með þessu. Þetta er eitt dæmið. Það sem fyndnast er, eða öllu heldur sorglegast, er náttúrlega að þess sér hvergi stað að þeir sem fá þessa úthlutun á trillurnar, þessa byggðaúthlutun, megi ekki leigja hana frá sér til annarra byggðarlaga en þeirra sem fengu hana. Tökum t.d. bát sem er frá Tálknafirði og fær úthlutun af því að hann er bátur á Tálknafirði. Hann má leigja þennan byggðakvóta frá sér. Það er það sem er nokkuð skondið í þessu. Þessar heimildir eru afhentar skilyrðislaust og það er ekki sagt við þá sem fá þessa úthlutun, t.d. þá sem fá þessa úthlutun í Bolungarvík, Tálknafirði, Flateyri eða Ólafsvík: Þið skuluð gera svo vel og landa þessum afla á þessum stöðum. Þetta er byggðakvóti og þið fenguð hann vegna þess. Nei,

þeim er bara leyft að veiða þetta frjálst og þeim er líka leyft að leigja þennan kvóta frá sér til annarra byggðarlaga sem ekki hafa fallið undir útreikninga og spekúlasjónir sem ég las áðan úr fréttatilkynningunni um kvótaúthlutunina. Herra forseti. Þetta er eitt dæmið. Við getum hugsað okkur það.

Á laugardögum eru seldir lottómiðar, fólk velur sér tölur og vonar að þær séu réttar. Þannig er fiskveiðistjórnarkerfið farið að virka. Þetta er orðið nokkurs konar lottó. Þeir sem eru með báta og útgerðir bíða eftir því hvort þeir fái nokkurs konar lottóvinning eftir því hvernig reglugerðir hæstv. sjútvrh. framleiðir. Það er það sem margir menn upplifa í beitningaskúrunum fyrir vestan svo ég taki það dæmi, allt í einu kemur tilkynning um það hverjir fengu úthlutun. Einn er að beita í skúr nr. 10, annar í skúr nr. 11. Skúrarnir eru eins og fólkið eru að hugsa svipað. Allt í einu kemur tilkynning til þess sem er í skúr nr. 11: „Þú hefur fengið 50 tonn," eða: „Þú hefur fengið 20 tonn eða 30 tonn." Hinn fær ekki neitt, engan byggðakvóta, engan kvóta á bátinn sem hann á, þó að hann geri út frá sömu byggð og sé að reyna að landa fiski í þessari byggð til að lifa þar með fjölskyldu sína og til að aðrir hafi af því atvinnu. Þannig er þetta.

Það er eins með byggðakvóta Byggðastofnunar. Þetta er hálfgert lottókerfi þar sem vinningurinn, potturinn, fer alltaf hækkandi. Það verða alltaf fleiri og fleiri milljarðar í pottinum, herra forseti. Byggðakvótapotturinn verður alltaf stærri og stærri og er að verða nokkurs konar lukkupottur fyrir suma. Það er dapurlegt þegar menn upplifa að það er ekki jafnræði. Fólk veit að þegar það kaupir sér miða í lottóinu getur það unnið eða ekki. Smábátarnir í fiskveiðistjórnarkerfinu upplifa hins vegar núna að þeir búi við ranglæti vegna þess að þessar reglur eru ekki jafnræðisreglur. Eins og ég segi, herra forseti, það er náttúrlega með ólíkindum að héðan úr sölunum skuli koma tilkynning frá hæstv. sjútvrh. um að þessir og hinir bátar hafi fengið byggðakvóta sem þeir geta síðan framselt úr byggðunum. Fleiri tuga millj. verðmæti, miklu hærri en síðasti potturinn í lottóinu var. Þetta er átakanlegt (**Gripið fram í:** 80 millj.) og var hann þó 80 millj. Það er bara leigan fyrir þús. tonn af þorski. (**Gripið fram í:** Smábátarnir.) Í smábátakerfinu.

Tálknafjörður, Bolungarvík, Flateyri, Ólafsvík, Drangsnes, Ísafjörður, Stöðvarfjörður, Sandgerði, Suðureyri, Bakkafjörður, Breiðdalsvík. Þetta eru staðirnir. Hvaða staðir verða lesnir upp eftir tvö ár? Vitum við það? Ætli þeim hafi fækkað af því að þetta muni hafa lagað kerfið svona mikið?

Ég læt hér staðar numið en segi að lokum, herra forseti, að þessi úthlutun á smábátana, byggðakvótaúthlutun til smábátanna, er eitt almesta hneyksli sem maður hefur orðið vitni að. Það er verið að hugsa um báta á þessum stöðum. Við vitum að það bjó á bak við alla þessa umræðu. Menn sáu að þarna voru útgerðir sem mundu fyrirsjáanlega fara beint á hausinn. Það er leitt að hvorki sjútvrh. né nokkrir aðrir úr stjórnarliðinu skuli vera hér til að svara fyrir þetta. En ég er alveg sannfærður ...

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill upplýsa hv. þm. um að hæstv. sjútvrh. er í húsinu og fylgist með umræðunum.)

Ég gleðst yfir því og þakka upplýsingarnar. En það sem ég er að segja, herra forseti, er að það er ótrúlegt að byggðakvóti fyrir trillur og smábáta skuli vera með þessum hætti, að hægt sé að leigja hann frá sér. Það er alveg hreint magnað.

Það er fræðilegur möguleiki á að allur sá kvóti sem var úthlutað var í þessu kerfi verði leigður frá þessum stöðum og ekki eitt einasta gramm af þessum byggðakvóta komi til þessara staða. (**GE:** Það getur verið hagkvæmast fyrir einstaklingana.) Það er rétt sem hv. þm. Gísli Einarsson segir, það getur verið hagkvæmast fyrir einstaklingana sem fengu kvótann. Þeir gætu hugsað sem svo að þeir muni með því bjarga sinni útgerð sem er kannski illa sett vegna þess hvernig þessi lög eru og hvernig þessi lög virka. (**GE:** Einmitt.)

Hinn flöturinn, sem ég nefndi áðan, er að hugsunin sem m.a. fólst í þessu var að koma til móts við útgerðir. Þó að það standi ekki hér veit ég að það var mjög sterklega í umræðunni. Þess vegna hljóta þeir sem búa á öðrum stöðum og stofnuðu til útgerða með svipuðum hætti og hinir, út á ýsufrelsið, út á steinbítsfrelsið, að hugsa sitt: Hvar er réttlætið í þessu?

Þetta, herra forseti, er eitt dæmið í lögum um stjórn fiskveiða sem er hluti af því sem við getum kallað sáttafrv. Það logaði allt í samfélaginu fyrir 3–4 árum, fyrir síðustu kosningar, þar sem menn töluðu endalaust um hvernig kerfið virkaði, hvernig kerfið væri farið að spilla, menn væru í útgerð, ekki vegna þess að þeir nytu þess að leggja net til fiskjar eða fara á línu eða troll, (Gripið fram í.) alls ekki, heldur voru menn farnir að gera út á að leigja öðrum kvóta. Menn voru farir að missa áhugann á útgerðinni sjálfri útgerðarinnar vegna heldur voru þeir í útgerð vegna peninganna.

Það voru væntingar, herra forseti, hjá mörgum í samfélaginu, þegar menn sáu hvernig fiskveiðistjórnarkerfið virkaði og að það var farið að skapa illindi, farið að eyða byggðum og allt hvað eina, um að þessi sáttatillaga og sáttanefnd sem skipuð var sérstaklega, sem var eitt af kosningaloforðunum, mundi breyta umhverfinu í þessu samfélagi, sjávarbyggðunum, sjómönnum og útgerðum í vil. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er veiðigjald, herra forseti. (Gripið fram í.) Eru það einhverjar sættir? Veiðigjaldið eins og það kemur fram hér er í raun gjald sem lagt er á útgerðina þegar búið er að taka af skatta og allt annað. Það breytir í sjálfu sér engu um hvernig kerfið er uppbyggt. Það breytir engu um úthlutunarkerfið í dag. Það breytir t.d. ekki því að sá möguleiki er fyrir hendi, mér sýnist jafnvel stefna í það, að t.d. þeir sem hafa verið á netum á Suðurnesjunum ...

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann hyggist ljúka ræðu sinni innan 5–7 mínútna. Að öðrum kosti mætti hann gera hlé á ræðu sinni þegar vel stendur á.)

Herra forseti. Hlé væri ágætt. Ég geri þá hlé á ræðu minni.

[Fundarhlé. — 18:53]

[19:30]

Karl V. Matthíasson (frh.):

Herra forseti. Það sem ég vildi helst beina sjónum manna að í þessari umræðu um stjórn fiskveiða var úthlutun byggðakvóta til smábáta fyrir fáeinum dögum. Ég var að lýsa undrun minni á því, fyrst að þetta er byggðakvóti, að þeir sem fengu þessa úthlutun hafa fullt frelsi til þess að leigja kvótann frá sér, frá þeirri byggð sem í raun fær þennan kvóta og frá vinnslunni á staðnum, sem þó er ástæðan fyrir þessari úthlutun. Einnig benti ég á, herra forseti, að í umræðunni um þessi ákvæði og reglur væri greinilega tekið tillit til báta og útgerða sem hafði verið stofnað til vegna ýsufrelsis og ufsafrelsisins, ef svo má að orði komast. En þegar það var afnumið var ljóst að fjöldi þessara útgerða mundi ekki geta spjarað sig og þetta er einn liðurinn í því.

Ég tel ágætt, herra forseti, að komið sé í veg fyrir að þetta sé gert til að hindra það að menn fari hreinlega á hausinn. Síðan eru aðrir ekki það heppnir að búa á þessum stöðum en hafa á sama hátt stofnað til útgerðar, þeir munu jafnvel snýta rauðu.

Þá hef ég einnig minnst á það í þessari umræðu, herra forseti, að það frv. sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi er að minni hyggju afleiðing kosningaloforðs sem gefið var fyrir síðustu alþingiskosningar þar sem talað var um að setja yrði sáttanefnd í sjávarútvegsmálin. Það var mikið ósætti í þeim og umræðan mjög á þá lund og var mikil ólga í samfélaginu út af því hvernig fiskveiðistjórnarkerfið virkaði, ekki einungis vegna tilflutnings og gífurlegra fjármuna sem allt í einu voru farnir að myndast í sölu- og leigukerfi, ekki vegna veiðanna sjálfra heldur vegna sölu og leigu á veiðiheimildum. Þetta skapaði ólgu í samfélaginu og fólk fór að hugsa mikið um hvernig eðlilegt væri að úthluta þessari takmörkuðu auðlind sem þjóðin á. Áður en sáttanefndin gat lokið störfum var náttúrlega ljóst að eitthvað varð að gera því að kvótakerfið hafði unnið sitt verk og ýmis byggðarlög voru hreinlega gjörsamlega rúin öllum heimildum til að veiða fisk.

Fólkið sem þar bjó var án allra heimilda til fiskveiða þó að það hefði fulla getu, áhuga og löngun. En það var búið að selja kvótann burt og því kom hinn svokallaði byggðakvóti, 1.500 tonn. Nú er verið að bæta 1.500 tonnum við í viðbót, 2.000 tonn í trillukvótanum. Hvar endar þetta, herra forseti? Byggðapotturinn hækkar og ég spyr: Úthlutunin er á höndum Byggðstofnunar og sjútvrh., verða svo fleiri aðilar sem koma inn í til að úthluta þessum kvótum? Hafrannsóknastofnun er jafnvel nefnd í þessu tilliti. Það er líka verið að tala um heimildir til að veiða 500 tonn af þorski vegna þorskeldis.

Ég stóð að tillögu um rannsóknir á þorskeldi sem ég lagði fram ásamt samflokksmönnum mínum í Samfylkingunni og var hún lögð fram fyrir tveimur árum. Ég held að það sé tími til kominn að sú þáltill. fái veglega og góða afgreiðslu og töluverður peningur verði lagður í þetta af hálfu samfélagsins. Ég held að það væri ágætt að nota þetta veiðigjald sem þarna á að leggja á í því skyni, þó að ég sé í sjálfu sér andvígur þessari veiðigjaldsaðferð. Með henni er verið að færa pening úr einum vasanum yfir í annan en engin breyting er gerð á kerfinu. Það er ekki verið að gera neina eðlisbreytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Í brtt. sjútvn. kemur fram að þeir sjái sér ekki fært að samþykkja tillögu hæstv. sjútvrh. þar sem gert er ráð fyrir að hámarksaflahlutdeild í hinum ýmsu stofnum sé sú sem frv. kveður á um. Nefndin kemur með tillögu um að lækka hana, meiri hluti sjútvn., enda er það ekki nema von þegar við lesum frv. hæstv. sjútvrh. þar sem gert er ráð fyrir að ein útgerð geti jafnvel eignast allt að helming fiskstofns í hafinu í kringum Ísland. Ég skil bara ekki þessa hugsun. Það er alveg ótrúlegt að þetta skuli koma svona fram, að gert sé ráð fyrir því að einstaka útgerðir geti eignast helminginn í ýsustofninum, helming í ufsastofni og helming í karfa- og grálúðustofninum. Er þetta ekki algerlega með ólíkindum, herra forseti? Sem betur fer hefur meiri hluti sjútvn. séð að þetta gengur alls ekki upp og kemur með brtt. á þessu þó svo ég ætti svo sem ekkert að ræða mikið einstök mál og hvernig ríkisstjórnarflokkarnir vilja hafa þetta.

Hins vegar er alveg ljóst að eins og þetta er, eins og þetta kemur fram, við höfum séð að ár eftir ár er komið með nýjar bætur á þetta fat. Í raun og veru, ef við líkjum fiskveiðistjórnarkerfinu okkar við flík sem einu sinni var ný, er það orðið þannig, herra forseti, að það sést vart neitt af hinni upprunalegu flík. Þetta er allt stagað, bætt og aumt. (**GE:** Og slitið út úr á hnjám og rassi.) Þetta segi ég vegna þess að ég hef séð hvaða afleiðingar þetta kerfi hefur haft fyrir byggðirnar, fyrir margar útgerðir og fleiri fyrirtæki sem atvinnu hafa af þeim útvegi eða þeim greinum sem tengjast sjávarútvegi.

Ég er feginn því, herra forseti, að 1. gr. skuli ekki breytt nema þá ákvæðinu um Hafrannsóknastofnun. Ég er feginn því að ekki hafi verið gerð tilraun til að taka út ákvæði 1. gr. þar sem kveðið er á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Ég tel það mjög mikilvægt ákvæði og tel líka mjög gott að það skuli undirstrikað að þjóðin á fiskstofnana í hafinu í kringum landið. Þjóðin felur hinu háa Alþingi, alþingismönnum, að koma með lög og reglur sem eru samfélaginu til góðs.

Það er samfélaginu til góðs að deila út þessari sameign af réttlæti. Hér gafst gott tækifæri fyrir hæstv. sjútvrh. og hið háa Alþingi að setja reglur um að með kvóta sem úthlutað er svona, byggðakvóta, trillukvóta og aðrir kvótar, yrði farið samkvæmt svokallaðri uppboðsaðferð. Það mætti hafa uppboð á þeim, gera tilraunir með það og sjá hvernig það virkar. En það er alls ekki gert. Ég trúi því ekki, herra forseti, að það sé vegna ótta manna við hinn frjálsa markað, þeir óttist eðlileg og frjáls viðskipti en aðhyllist frekar þá skoðun að stýfa eigi allt úr hnefa og sameign þjóðarinnar eigi alltaf að úthluta hinum og þessum. Ég held ekki að sú hugsun sé þar á bak við. Það er verið að vernda einhverja hagsmuni sem menn telja betra að gæta heldur en fara út í það að leyfa uppboð.

Tökum byggðakvótann sem dæmi. Það er hægt að úthluta honum á ákveðnar byggðir en hvernig á að úthluta honum innan byggðanna? Er ekki eðlilegt, herra forseti, að það sé bara gert með einföldu uppboði, að útgerðir á þeim stöðum bjóði í, veiði og komi svo með fiskinn að landi? Eða halda menn að útgerðarmenn á Íslandi séu svo aumir og slappir að þeir geti ekki tekið þátt í þessu? Mér sýnist annað vera uppi á teningnum því nú þegar greiða útgerðir hundruð millj. fyrir að veiða fisk. En þeir greiða þá peninga ekki til samfélagsins heldur í vasa þeirra útgerða sem hafa fengið úthlutað kvóta. Ég tel það vera óeðlilegt. Ég teldi eðlilegra, herra forseti, að veiðiheimildirnar færu á almennan markað og útgerðarmönnum væri gefinn kostur á að keppa um þær á jafnréttisgrundvelli og andvirði þeirra rynni í sjóði samfélagsins til að renna stoðum undir byggðirnar. Það má nota þá fjármuni til að styrkja byggðirnar, efla þar sprotafyrirtækin og nýsköpun í sjávarútvegi, t.d. kræklingarækt sem ég tel mikla möguleika felast í. En því miður, finnst mér, er ekki nógu góður gaumur að því gefinn.

Herra forseti. Það er hægt að tala mikið um þessi mál, sjávarútvegsmálin. Sjávarútvegurinn er einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. (**GE:** Það er rétt að gera það.) Það er rétt að gera það. Það verður að ríkja sátt um þetta.

Ég heyri menn í öllum flokkum, herra forseti, ekki bara stjórnarandstöðuflokkunum, lýsa óánægju sinni með kerfið sem við búum við í dag og álíta ekki að frv. sem núna liggur fyrir þinginu sé einhvers konar sáttafrv. (**GE:** Menn segja sig úr stjórnmálaflokkunum.) Það er ekki þannig því miður, enda kom það í ljós á landsfundi Sjálfstfl., herra forseti, að 20% þeirra sem greiddu atkvæði í sambandi við sjávarútvegsmálin aðhyllast fyrningarleiðina. Ég tel það nokkuð mikið. Ég er á þeirri skoðun að sú leið muni verða farin fyrr

en síðar. Ég er líka á þeirri skoðun, herra forseti, að þeir útgerðarmenn sem eru duglegir og standa sig muni halda áfram starfi sínu. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli hvernig kerfið er ef það er byggt upp á sanngirni og réttlæti. Við slíkar kringumstæður munu duglegir menn geta spjarað sig. Það er mín skoðun. Ég tel að sjávarútvegurinn muni þá skila meiri peningum inn til samfélagsins.

Því hefur verið haldið fram að mikill peningur, mikil auðæfi, hafi farið út úr þessari grein á undanförnum árum. Það er ekki gott. Því var spáð af mörgum, þegar kvótakerfið var farið að virka eins og það gerði verst — eins og ég leyfi mér að segja, að það mundi brátt líða að því að útgerðin færi að skila það miklum hagnaði að hún borgaði skatta. En hvað hefur komið á daginn? Því miður er það ekki svoleiðis. Fjármunirnir hafa bara farið út úr greininni, jafnvel út fyrir landsteinana. Þegar menn eru að taka peninga úr íslenskum sjóðum eða úr Seðlabankanum, kaupa dollara, þá er það til þess eins að fella gengið. Þá er þetta kerfi farið að vinna á móti sér.

Að lokum. Síðasti gerningur í sambandi við kvótaúthlutunina til smábáta og til byggða sem átti afkomu sína undir smábátum er eitt besta dæmið um hversu undarlegt kvótakerfið á Íslandi er. Það er líka enn eitt dæmið um hversu óréttlátt það er. Mörgum smábátaeigendum sem voru svo óheppnir að búa ekki á þessum stöðum svíður núna vegna þess að þeir treystu á að þeir gætu haldið áfram að róa í ýsufrelsinu og steinbítsfrelsinu. Sú varð hins vegar ekki raunin og það er hið versta mál. Ég vona samt að þeir muni með einhverjum hætti komast fyrir vind, herra forseti, þó að ég sjái ekki fram á það.

[19:47]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Í dag voru þingmenn af Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurl. v. kvaddir til kynningar á sýningunni Perlunni Vestfjörðum. Á þeirri kynningu var þingmönnum afhent leiðarrún. Þessi leiðarrún var dregin úr pungi töframanns og henni, virðulegi forseti, fylgir sá máttur að sá sem á henni heldur og hefur hana milli klæða þann tíma sem hann telur sig þurfa mun halda sinni stefnu. Sá mun aldrei glata áttum og mun komast á áfangastað. Kynningin á Perlunni Vestfjörðum styrkti mig í að halda þeirri stefnu sem ég hef komist á, að hætta ekki fyrr en það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við verður aflagt.

Virðulegur forseti. Markmið sýningarinnar Perlunnar Vestfjarða er að kynna Vestfirði með áherslu á gróskumikið mannlíf, atvinnulíf, fjölbreytta ferðamöguleika. Á sýningu sem halda á í Perlunni í Reykjavík ætla Vestfirðingar að kynna stofnanir sínar og starfsemi. Það á að kynna Vestfirði sem áhugaverðan áfangastað. Sveitarfélögin ætla að kynna búsetukosti og þjónustu sem er í boði. Atvinnuþróunarfélagið mun kynna þá aðstöðu og umgerð sem fyrirtækjum býðst á Vestfjörðum. Inn í þetta verður fléttað menningar-, fræðslu- og skemmtidagskrá.

Það er landshlutinn Vestfirðir, virðulegi forseti, sem stendur að þessari kynningu. Íbúum þar finnst að þeir hafa fengið jákvæða umfjöllun að undanförnu, ekki síst fyrir að gera eigin byggðaáætlun. Þeir telja sig hafa fundið nýjan tón sem gæti gefið aðra mynd af samgöngum, atvinnulífi og búsetu á Vestfjörðum. Samt sem áður eru fiskveiðar kjölfestan á svæðinu en núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er að eyða þar byggð og hrekja fólk á brott. Þessu verður að linna.

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja að hvort hæstv. sjútvrh. er í húsinu.

(Forseti (GuðjG)**:** Hæstv. ráðherra er í húsinu. Óskar hv. þm. eftir að honum séu gerð boð um að koma í salinn?)

Ég óska eftir að hann verði viðstaddur í um þrjár mínútur af ræðu minni, sem gæti orðið mjög löng.

(Forseti (GuðjG)**:** Ég læt bera honum boð um það.)

Virðulegur forseti. Þakka þér fyrir. Ástæða þess að ég þarf að ræða þetta mál ítarlega er að hér er rætt um að setja veiðigjald á fiskveiðistjórnarkerfið sem við búum við í staðinn fyrir þróunarsjóðsgjald. Veiðigjaldið sem sett verður á verður lægra heldur en þróunarsjóðsgjaldið. Ég get ekki samþykkt það. Það er verið að breyta kvótaþakinu þannig að einstök útgerð má auka hlutdeild sína úr 12% upp í 20%. Menn stunda byggðakvótabiks, 6–7 milljarða virði á að fara til einstakra aðila. Ég kalla það byggðakvótabiks og ég get ekki sætt mig við að auðlindin, fiskurinn í sjónum, fari á færri hendur.

Ég fagna því að ég sá hæstv. sjútvrh. á leið í salinn. Ég bíð eftir því að hann komi svo hann heyri það sem ég hef sérstaklega við hann að segja. Ég doka þá við ef hann má ekki vera að því að koma hér inn, ég doka þá við í nokkrar mínútur með það.

Virðulegur forseti. Allt ber að sama brunni. Allt fer á sömu lund. Stefnan er óbreytt, samdráttarstaðirnir minnka, vaxtarstaðirnir stækka. Stjórn fiskveiða á Íslandi er á villigötum. Menn sitja fastir í hinu mannlega þorskaneti, þ.e. fiskveiðistjórnarkerfinu sem er afskræmt orðið, óhugnaður ógeðfelldrar gróðahyggju sem vex eins og slímug forynja og bólgnar út á einum stað um leið og reynt er að setja á hana hömlur á öðrum.

Virðulegi forseti. Mér þætti vænt um að ég gæti tryggt að hæstv. sjútvrh. heyrði það sem ég ætlaði að segja við hann en ég doka að sjálfsögðu við þangað til ég næ við hann sambandi þannig að hann gefi svar með höfuðhnykk eða einhverju því um líku. Þangað til það verður doka ég við með að tala til hans.

Herra forseti. Ég segi enn sem áður að fiskveiðistjórnarkerfið felur í sér allt það sem andstætt er þeim gildum sanngirni og réttlætis sem ég er alinn upp við, sem ég veit að er það besta veganesti sem unnt er að fá í lífinu. Þau gildi byggjast á aldagamalli hefð og trú á almætti jafnrar skiptingar og jafnræðis. Ég vona, herra forseti, að mér takist að setja orð mín í þann búning að sársaukinn komi í ljós gagnvart þeim ósóma sem gert hefur einn að öreiga og annan að auðkýfingi, þ.e. íslenska fiskveiðistjórnarkerfið.

Herra forseti. Það sem ég ætla beina til hæstv. sjútvrh. er þetta: Mér er kunnugt að hæstv. ráðherra óskar þess að þessari umræðu ljúki á þessum degi. Hann hefði getað hlutast til um að þetta mál kæmi fyrr á dagskrá þingsins. Þeir sem nú eru á mælendaskrá og hafa mikið að segja um þetta mál hefðu þannig getað lokið málinu fyrir þennan dag sem hann þarf að hverfa úr landi. Mér er fullkunnugt að þeir sem enn eru á mælendaskrá eru fullkomlega sáttir við að hæstv. ráðherra fari úr landi og sinni þeim mikilvægu málefnum sem hann þarf að leysa úr varðandi hugsanlegar hvalveiðar í framtíðinni. Það er fullkomin sátt um það hjá þeim sem enn eru á mælendaskrá. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að fara jafnvel þó að þessu máli sé ekki lokið. Ég er þess fullviss að fyrir hann fæst staðgengill á næstu dögum vegna mikilvægis þess máls sem hann þarf að fjalla um á erlendum vettvagi.

Ég, virðulegi forseti, geri enga frekari kröfu um að hæstv. ráðherra hlýði á orð mín. Það sem ég geri kröfu um, þ.e. það sem ég óska er að vekja megi athygli á því hvert stefnir. Það er stefnt að því að festa þessa forynju, slímugu forynju, sem bólgnar á einum stað um leið og reynt er að setja á hana hömlur á öðrum, í sessi. Ræða mín gengur út á að kerfið verði hins vegar aflagt. Ég get ekki, virðulegur forseti, á neinn hátt bælt niður það sem mér býr í brjósti varðandi þetta kerfi sem ég veit að eyðir byggð og eykur misskiptingu í þessu landi. Þau gögn sem ég styðst við sýna það svo sannarlega: skýrsla frá Byggðastofnun eftir Stefán Ólafsson, Búseta á Íslandi, rannsókn á orsökum búferlaflutninga; skýrsla um sjálfbæra þróun, þ.e. nýja stefnu fyrir Norðurlönd; skýrsla Þjóðhagsstofnunar um árangurinn af fiskveiðistjórnarkerfinu og áhrif þess á byggðina í landinu. Þetta eru gögnin, virðulegi forseti, sem ég styðst við. Ég get ekki annað en talað um niðurstöðurnar. Ég get heldur ekki látið vera, virðulegur forseti, að ræða um færeyska fiskveiðistjórnarkerfið sem ráðamenn á Íslandi hafa því miður gert mjög lítið úr.

Þegar umræða var á þingi um sjávarútvegsmál í vetur ræddi ég um þá möguleika sem við ættum í að skoða á hvern hátt við gætum aðlagað það kerfi okkar. Þá lá við að ráðamenn gerðu grín að þeim vangaveltum. Ég get ekki, virðulegi forseti, látið vera að ræða um þessi mál. Þess vegna verð ég að hafna þeirri umleitan að ég stytti mál mitt á einhvern hátt. Þau atriði í þessu frv. sem ég nefndi í upphafi og eru andstæð skoðunum mínum get ég ekki samþykkt. Í öðru lagi er fiskveiðistjórnarkerfið ónýtt í heild sinni. Ég reyndi samt að bera í bætifláka fyrir það í upphafi þar sem ég hélt að kerfið væri ekki verra en mennirnir sem stjórnuðu því.

Fiskveiðistjórnarkerfið er þannig saman sett að mér finnst það gersamlega óásættanlegt og úr takti við öll þau gildi sem mér var kennt að virða í uppeldi mínu, á sjómannsheimili þar sem fólk bjó við kröpp kjör og þurfti að lifa af því sem sjórinn gaf.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fara nokkrum orðum um niðurstöðu Stefáns Ólafssonar í skýrslu eða rannsókn á orsökum búferlaflutninga en þar segir orðrétt, með leyfi forseta, á bls. 182–192 í samandregnum niðurstöðum:

„Markmið rannsóknarinnar er að leita skýringa á búferlaflutningum milli landshluta á Íslandi á síðustu árum og áratugum. Slíkar skýringar geta veitt gagnlegar vísbendingar um það, hvaða aðgerðir eru líklegar til að hafa áhrif á framtíðarþróun búferlaflutninga í landinu.

Við hönnun rannsóknarinnar var höfð hliðsjón af helstu kenningum sem fram hafa verið settar um viðfangsefnið erlendis og fyrri rannsóknum á þessu sviði hér á landi. Fyrirliggjandi gögn um fólksfjöldaþróun, búsetu, búferlaflutninga, atvinnuþróun og skyld atriði voru könnuð og að hluta borin saman við upplýsingar frá nágrannalöndunum. Þá voru framkvæmdar tvær sérkannanir vorið 1997 til þess að afla nýrra gagna til að varpa ljósi á tengsl búsetuþróunar og mats almennings í einstökum landshlutum á búsetuskilyrðum í eigin byggðarlagi. Sá þáttur rannsóknarinnar sem lýtur að athugun á tengslum búsetumats og búsetuþróunar felur í sér nýja aðkomu að viðfangsefninu, sem virðist veita afar öfluga skýringu á ólíkum mynstrum búferlaflutninga frá einum landshluta til annars.

Forsenda slíkra skýringa er sú, að hvað sem líður einstökum þáttum ytri skilyrða þá eru búferlaflutningar endanlega afleiðing ákvarðanatöku einstaklinga og fjölskyldna, sem byggist á mati og samanburði viðkomandi aðila á kostum og göllum aðstæðna í upprunabyggð og hugsanlegum áfangastað. Heildarútkoma slíks mats á aðstæðum og kostum ræður niðurstöðunni um val á búsetustað. Einnig er hugsanlegt að um þvingaða búferlaflutninga geti verið að ræða, til dæmis vegna atvinnuleysis eða ófullnægjandi menntunaraðstæðna í heimabyggð."

Virðulegi forseti. Ég stoppa aðeins við þessar samandregnu niðurstöður úr skýrslunni Búseta á Íslandi, rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Hvað er verið að segja í þessum niðurstöðum, virðulegi forseti? Það er verið að segja að vegna atvinnuleysis eða ófullnægjandi menntunaraðstæðna í heimabyggð ákveði fólk að flytja. Ég hef áður sagt að á árunum kringum 1948–1954 fluttist fólk m.a. af Vestfjörðum til Suðvesturlands og Suðurlands vegna þess að það var ekki fiskur í sjónum við Vestfirði á hefðbundnum slóðum. Var það vegna kvótakerfisins? Nei, svo var ekki. Var það út af því að menn hefðu ekki veiðiheimildir? Nei, það var ekki út af því. Það var vegna þess, virðulegi forseti, og það verður aldrei of oft sagt, að skilyrðin í hafinu á hefðbundnum veiðislóðum voru þannig að þar var ekki fisk að fá. Þess vegna flutti fólk þaðan. En núna er það þannig að það er nægur fiskur á hefðbundnum slóðum við Vestfirði en þeir sem eiga heima þar hafa ekki heimildir til að veiða hann. Þess vegna flytur fólk af Vestfjörðum nú. Ég nefni þetta sem dæmi.

Svo að ég haldi áfram tilvitnun minni í skýrsluna, með leyfi virðulegs forseta, segir þar:

„Líklegast er þó að búferlaflutningar sem eru afleiðing tiltölulega frjáls vals einstaklinga hafi verið ríkjandi á Íslandi um árabil. Það kemur meðal annars fram í því, að fólk hefur flutt í miklum mæli frá landsvæðum þar sem atvinnuástand hefur verið gott og meðaltekjur yfir landsmeðaltali. Val á framhaldsmenntun felur oft í sér meðvitað val á starfsferli sem stýrir þar með búsetu að nokkru leyti. Í slíkum tilvikum er frekar um frjálst val að ræða en þvingaðan flutning.

Í nágrannalöndunum hafa búferlaflutningar breyst á undanförnum áratugum. Fram til um 1970 var víða aukning á streymi fólks frá jaðarsvæðum til þéttbýlli staða og stórborga. Eftir það hægði sums staðar á búseturöskuninni, til dæmis í Skandinavíu, Finnlandi og Bretlandi, og fólk tók að flytja í vaxandi mæli frá stórborgunum til smærri þéttbýlisstaða og dreifbýlis, oft í nánd við stórborgirnar. Þessi umbreyting búsetumynstra hefur verið kennd við þjónustuþjóðfélagið og er víða spáð áframhaldi slíkrar þróunar. Hér á landi gætir slíkrar þróunar aðeins í mjög litlum mæli enn sem komið er.

Búferlaflutningamynstur þau sem ríkjandi eru hér á landi, með þungum straumi fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, eina eiginlega borgarsvæðisins hér á landi, eru einkennandi fyrir þau mynstur sem víða ríktu fyrr á eftirstríðsárunum í nágrannalöndunum. Það er því athyglisverð spurning hvort vænta megi aukinna búferlaflutninga frá höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, til dæmis til smærra þéttbýlis eða dreifbýlis sem er innan seilingar við höfuðborgarsvæðið?"

Virðulegi forseti. Ég geri hlé á tilvitnun minni í skýrsluna. Mig langar að hugleiða það sem hér stendur. Þessi skýrsla er frá 1997 og staðreyndin er sú að það hefur hægt verulega á flutningi til höfuðborgarsvæðisins. Eins og hér er getið um flytja menn til smærra þéttbýlis í nágrenni höfuðborgarinnar. Menn eru ekki að flytja í dreifbýlið. Það er ekki verið að flytja á staðina þar sem samdrátturinn er vegna þess að þar er búið að selja fiskveiðiheimildirnar frá byggðunum til

þéttbýlissvæðanna. Áfram með tilvitnun í þessa skýrslu, með leyfi virðulegs forseta:

„Á síðustu tveimur árum“ — þ.e. 1995 og 1996 — „hefur verið meiri straumur fólks til höfuðborgarsvæðisins en nokkru sinni fyrr frá 1960. Horfurnar eru því tvísýnar og í reynd benda áform landsbyggðarmanna um brottflutning á næstu tveimur árum til þess að straumurinn verði áfram með svipuðum hætti og verið hefur síðastliðin ár.“

Allt eru þetta staðreyndir, virðulegur forseti, sem byggjast á niðurstöðu könnunar Þjóðhagsstofnunar í skýrslu sem lögð var fyrir endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða. Þetta eru allt staðreyndir sem blasa við. Samt sem áður, virðulegur forseti, er lagt fyrir hv. Alþingi frv. sem festir fiskveiðistjórnarkerfið enn í sessi. Ég get ekki og mun ekki samþykkja þetta frv. Ég get ekki annað en talað gegn því.

Virðulegi forseti. Ég vitna áfram, með leyfi forseta, til skýrslunnar frá Byggðastofnun sem ég veit að hæstv. starfandi forseta er mjög vel kunnug:

„Fram kemur í rannsóknunni að áhugi landsbyggðarfólks á nútímalegum lífsháttum, til dæmis fjölbreyttum atvinnutækifærum, ríkulegum aðgangi að verslun og þjónustu, fjölþættri aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar, góðum húsnæðisaðstæðum og samgöngum, skiptir miklu máli fyrir val á búsetustað. Mjög sterkt samband er milli ánægju íbúa með búsetuskilyrði og fólksfjöldaþróunar í einstökum landshlutum. Þar vegur þungt hvort aðstæður fyrir framangreinda þætti nútímalegra lífshátta eru hagstæðar eða ekki.“

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að gera hlé á tilvitnuninni og hugleiða aðeins það sem sagt er. Í fréttatímum ber það gjarnan við á fallegum vordegi að teknar eru myndir af fólki í skemmtilegu samfélagi á Austurvelli við góðar aðstæður, í sólskini, þegar hægt er að sitja í skjóli við húsin í norðansveljandanum. Það eins og setið sé í sólarlöndum. Fólk er jafnvel með ölkrús á borði og hlær við myndatökumanninum þannig að þetta virðist allt svo fallegt og fínt. Staðreyndin er hins vegar sú að ærið oft, eftir að fólk hefur tekið ákvörðun um að flytja í þéttbýlið, finnur það fyrir einangrun, jafnvel enn meiri einangrun en var í dreifbýlinu þar sem menn eru meðvitaðri hver um annan en hér í þéttbýlinu. Þetta vil ég segja, virðulegur forseti, af því að ég hef haft af þessu spurnir og kynni.

Ég held þá áfram með tilvitnun í þessa skýrslu, virðulegur forseti:

„Þau svæði á landsbyggðinni sem byggja öðru fremur á frumvinnslugreinum atvinnulífsins, landbúnaði og sjávarútvegi, einkum fiskvinnslu, fá að öðru jöfnu lakasta einkunn frá íbúunum sjálfum fyrir einstaka þætti búsetuskilyrða og þau hafa jafnframt tapað flestu fólki.“

Hver er ástæðan, virðulegi forseti, svo að ég hugleiði þetta áfram, fyrir þessari framsetningu? Jú, það kemur í ljós að fólk hefur takmarkaðan áhuga á að vinna við atvinnugrein þar sem lægstu launin eru greidd. Þannig hagar til í hinum dreifðu byggðum að eftir því sem kvótinn minnkar, þeim mun minni vinna er við atvinnugreinina og þeim mun minni laun eru greidd. Þess vegna vill fólk fara. Það er mín túlkun á þessum orðum, virðulegi forseti. Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Þróun atvinnutækifæra í fiskvinnslu hefur mikla fylgni við þróun nettóbúferlaflutninga frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu frá 1961 til 1996. Þegar fjölgaði störfum við fiskvinnslu þá dró landsbyggðin til sín fleiri íbúa frá höfuðborgarsvæðinu, en þegar fjölgunin stöðvaðist um 1980 jókst tap landsbyggðarinnar á íbúum til höfuðborgarsvæðisins.“ — Það jókst enn frekar í kjölfar aukinna erfiðleika í sjávarútvegi upp úr 1987.

Virðulegi forseti. Hvað er verið að segja þarna með þessari skýrslu? Frá 1987? Hver eru aftur viðmiðunarárin? Hvenær byrjar fiskveiðistjórnarkerfið? Ef ég man rétt, þá voru lög nr. 38/1990 afleiðing þess sem var að gerast á viðmiðunarárunum frá 1987–1990. Þetta segir alla söguna, virðulegi forseti. Þetta segir okkur að sá sem hefur farið í gegnum málin getur ekki sætt sig við það sem menn eru að gera, þ.e. meiri hlutinn á Alþingi og hæstv. ríkisstjórn. Þeir sem skilja hvað er að gerast, eins og ég tel mig hafa komist í gegnum eftir mikla yfirlegu og vangaveltur, með tilvitnun í fjölmarga vísindamenn sem hafa staðfest þessa skoðun mína, vita að fiskveiðistjórnarkerfi okkar er aðalorsakavaldur þess að smærri staðir eru að missa íbúana og þess að íbúum á stærri stöðum fækkar. Það fylgir fiskveiðiheimildunum sem færast á færri og færri hendur og til þéttbýlisins. Það er staðreynd, virðulegur forseti.

Almennt skýrir búsetumat almennings búsetuþróunina í landinu, segir í skýrslunni. Auðvitað skiptir viðhorf fólksins máli, virðulegi forseti. Viðhorf fólksins breytist vegna utanaðkomandi þátta sem það getur ekki haft áhrif á, þ.e. þegar tekin er frá því lífsbjörgin og sjálfstæði einstaklingsins, frelsið, frá dugandi fólki sem enn býr í byggðarlögunum sem ég var að vitna til. Það mun smám saman láta undan ef það á að fara að gefa heimild, eins og gera á með breytingu á þessum lögum, til að flytja heimildirnar á færri hendur. Það eru nefnilega tiltölulega fáir sem hafa yfirráð yfir öllu fiskveiðistjórnarkerfinu í dag og það er verið að gefa heimildir til að flytja fiskveiðiheimildirnar yfir á um sex fjölskyldur í landinu, 5–6 fjölskyldur í landinu. Það er það sem þetta fiskveiðistjórnarkerfi felur í sér. Ég mótmæli því. Ég get ekki orðið við beiðni um að stytta mál mitt um nokkuð sem er mitt hjartans mál.

Virðulegi forseti. Það má velta fyrir sér samkeppnisstöðu byggðarlaganna. Ég geri það með tilvitnun í sömu skýrslu, með leyfi forseta:

„Þegar almennt er hugað að samkeppnisstöðu höfuðborgar og landsbyggðar, á grundvelli mats íbúanna sjálfra á búsetuskilyrðum, hefur höfuðborgarsvæðið einkum yfirburði gagnvart landsbyggðinni á sviði aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar annars vegar og verslunar og þjónustu hins vegar. Landsbyggðin hefur yfirburði á sviði umhverfisskilyrða og opinberrar þjónustu.“

Þetta er niðurstaðan, virðulegi forseti, í þessari skýrslu. En hvað er að gerast? Landsbyggðin hafði yfirburðastöðu á sviði umhverfisskilyrða og opinberrar þjónustu. Þegar hér er komið hefur hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gripið til þess að minnka þjónustuna, minnka þjónustuna sem talin var til kosta landsbyggðarinnar. Það er verið að fækka póstþjónustustöðvum, það er verið að leggja niður opinberar stofnanir og stytta þjónustutímann í hverju sveitarfélaginu á fætur öðru. Það er verið að taka það af hinni dreifðu byggð sem hún hafði fram yfir þéttbýlið. Þetta er stórt atriði og tengist beinlínis og beint fiskveiðistjórnarkerfinu sem við erum að ræða um.

Virðulegi forseti. Ég vitna enn í þessa sömu skýrslu. Hér segir hér, með leyfi forseta:

„Frá þeim sem fluttu milli byggðarlaga á árunum 1992–96 var fengið mat á aðstæðum í fyrra og núverandi byggðarlagi. Flestir voru ánægðari með vöruúrval á

nýja staðnum," — nýi staðurinn er þá Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, stóru staðirnir með stóru markaðina sem bjóða lægra verð þegar búið er að leggja allan flutningskostnaðinn á vörur sem fluttar eru út á land — „síðan kom, í þessari röð, menningarlíf, atvinnutækifæri, húsnæðiskostnaður, þjónustuúrval, skemmtanalíf, flugsamgöngur, atvinnuöryggi, aðstaða til afþreyingar og íþróttaiðkunar, verðlag, framhaldsskólamál, framboð hentugs húsnæðis og tekjuöflunarmöguleikar." Úr öllum þeim þáttum, virðulegi forseti, sem ég las hér upp hefur verið dregið á landsbyggðinni.

Það er barist í að reyna að koma því kerfi á að þéttbýliskjarnar myndist þar sem hægt er að veita þá þjónustu sem hér var minnst á. Þetta eru hugsanlega varnaraðgerðir sem er verið að leggja fram hugmyndir um. Hvenær? Jú, þær hugmyndir eru lagðar fram í byggðaáætlun nú á síðustu dögum þingsins. Það gefst ekki einu sinni, virðulegi forseti, tækifæri á að gera tillögur um að breyta þessum hugmyndum. Þetta eru ekkert nema hugmyndir og hugleiðingar um hvað hægt væri að gera. Nánast væri hægt að segja í einni setningu það sem fram er lagt í byggðaáætlun, þessum hugmyndum hæstv. byggðamálaráðherra: Svona vildum við sem búum úti á landi gjarnan að hlutirnir litu út. Búið.

Virðulegi forseti. Eftir því sem ég kafa meira ofan í skýrslur og athugasemdir fræðinganna hvers á fætur öðrum, m.a. skýrslur stofnunarinnar sem slegin var af, Þjóðhagsstofnunar, stofnunarinnar með dýra sláturkostnaðinn, sem kostaði svo mikið að leggja niður, því skelfilegri verður niðurstaðan. Ég vitna einnig í skýrslu stofnunarinnar sem flutt var úr Reykjavík á annan stað á landinu, sem ég vona þó að hafi verið vænleg byggðaaðgerð en þær ber allar að sama brunni, þ.e. samkvæmt mínu mati að framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins sé meginorsök búferlaflutninga sem átt hafa sér stað hér á landi.

Það er rétt að minna á, virðulegi forseti, að atvinnuástand, t.d. á Vestfjörðum, hefur verið gott og tekjur voru langt yfir landsmeðaltali um langt árabil. Ástandið núna er hins vegar þannig, sem er afleiðing af þessu kerfi, að meðaltekjur á Vestfjörðum eru komnar töluvert undir landsmeðaltal. Fullyrðingar mínar um fiskveiðistjórnarkerfið eru samkvæmt þessu á rökum reistar og þróuninni verður ekki snúið við nema með breytingum, með því að hverfa frá því kerfi sem *við erum með.*

Atvinnuleysi hefur ekki aukist á þessum stöðum vegna þess að fólk hefur hrakist í burtu. Þrátt fyrir að það hafi átt eignir þá hefur það skilið þær eftir, eignir að verðmæti 16–28 millj. væru þær hér á höfuðborgarsvæðinu, eru að seljast fyrir 3–5 millj. á stöðum þaðan sem mestur brottflutningur hefur verið. Það er til skýrsla sem sýnir auðar íbúðir í röðum sem ég tel að þetta fiskveiðistjórnarkerfi hafi skapað.

Þó að menn tali um að aukin tækni spari mannskap — ég viðurkenni að það er rétt — breytir það engu um að fyrst og fremst er það kolvitlausu fiskveiðistjórnarkerfi að kenna hvernig búferlaflutningar hafa verið á Íslandi undanfarið, orsakarinnar er að leita í fiskveiðistjórnarkerfinu sem við búum við og viðhalda á með þeim lagabreytingum sem hér er fjallað um.

Virðulegi forseti. Ef maður skoðar það sem sagt er um búsetu á Íslandi í skýrslu Stefáns Ólafssonar frá því í nóvember 1997 má sjá að þar er að finna algeran samhljóm við niðurstöðu athugunar Þjóðhagsstofnunar, sem ég gerði rækilega grein fyrir í 2. umr. um þetta mál. Ég ítreka kröfu mína um að þetta mál verði tekið af dagskrá og þrautreynt verði hvort hægt er að ná sáttum þó að það yrði gert með bráðabirgðaaðgerð. Skýrsla Þjóðhagsstofnunar frá því í október árið 2000 er í samræmi við skýrslu og niðurstöðu skýrslu Stefáns Ólafssonar frá 1997. Þannig skortir ekkert á að menn hafi skrifað og hugsað um þessi mál og fyrir liggi staðreyndir. Viljinn hjá hæstv. ríkisstjórn til að skoða það sem fyrir liggur er hins vegar enginn. Helstu niðurstöðurnar eru þær, eins fram kemur í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, að hlutdeild samdráttarstaðanna í veiðiheimildum í þorski hefur minnkað verulega á undanförnum árum en hlutdeild vaxtarstaðanna aukist á sama tíma. Þetta er alger samhljómur og er svo einföld staðreynd að ég segi eins og ágætur maður sem er farinn til feðra sinna, þetta ættu allir í heiminum að geta skilið þó ég skilji það ekki.

Það er sífellt að koma betur fram hversu gallað þetta slímuga forynjuafskræmi er. Ég vitna í DV frá því í dag, með leyfi forseta, en þar segir í viðtali við Sigurð Viggósson, framkvæmdastjóra Odda á Patreksfirði:

„Steinbítsvertíð hefur gengið þokkalega það sem af er. Hins vegar segir hann að það sé ljóst að aflinn á þessu ári skerðist líklega um 40% miðað við síðasta ár vegna kvótasetningar steinbíts á smábátum. Hann segist þó ekkert kvarta og menn reyni bara að gera sitt besta."

Virðulegur forseti. Ég ætla að leyfa mér að undirstrika að hann segist þó ekkert kvarta og menn reyni bara að gera sitt besta. Áfram segir í þessari grein:

„Eftir að steinbítur var kvótasettur í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs hafa smábátar ekki lengur frjálsan aðgang að steinbítsveiðum. Sigurður segir að þetta komi greinilega niður á því sem að landi berst á Patreksfirði og á Tálknafirði. Þar hafi steinbítsafli tveggja stærstu fyrirtækjanna á þessum stöðum í fyrra verið um 1.200 tonn sem unnin voru á hvorum stað og allt bendir nú til þess að samdráttur verði um 40% á þessari vertíð. Það eru samtals 900–1.000 tonna samdráttur, aðeins hjá tveimur stærstu fyrirtækjunum á staðnum."

Síðar í sömu grein segir:

„Sigurður segir að þetta hafi veruleg verðáhrif á störf í landi en stærsti hluti steinbítsaflans fór til vinnslu. Hann telur einnig víst að skerðing verði á steinbítskvótanum á næsta ári.

Sigurður segir að vissulega eigi margir aflamarksbátar í erfiðleikum varðandi steinbítsveiðarnar þar sem þá skorti kvóta fyrir þorsk og annan meðafla."

Þá skortir kvóta fyrir þosk og annan meðafla. Virðulegur forseti. Svo ég tæpi á því sem ég hef verið að lesa upp er hér um að ræða þorsk, ýsu, karfa og ufsa sem meðafla með steinbít. Áður var steinbítur meðafli með þorski og ýsu. Áfram, með leyfi forseta, með tilvitnun í þessa grein í DV:

„Hann segir það hins vegar alvarlegast í stöðunni að vegna hins háa leiguverðs á kvóta eigi margir ekki annan kost en að leggja bátunum. Það borgi sig hreinlega ekki að gera út. Hann segir fyrirtækið Odda þó hafa verið sæmilega sett með kvóta en vissulega sé hann aldrei nægur. Það horfi því dapurlega í sumar ef stór hluti aflamarksbátanna lendi í sjálfheldu og hætti.

„Við höldum hins vegar í vonina með að góðar gæftir verði hjá dagabátunum hér út af í sumar. Þá eru meiri líkur til að fjöldi þeirra leiti hingað til veiða. Veiðar þessara báta eru hins vegar ekkert sjálfgefnar," segir Sigurður.

Hann tekur undir umræður um horaðan þorsk á Vestfjarðamiðunum í vetur og meira sé um það en áður. Hann

segir sjómenn töluvert hafa talað um þetta, ekki síst fyrr í vetur. Þá hafi þorskur sem veiðist samhliða steinbít að undanförnu verið frekar rýr en það sé þó ekki óalgengt á þessum árstíma.“

Það sem þarna er sagt, virðulegi forseti, með síðustu orðunum er að eftir hrygningu er fiskurinn magur.

Virðulegi forseti. Sem hugleiðing um þessa grein þar sem ég undirstrikaði að Sigurður Viggósson segist ekki kvarta — hvað er hann þá að segja? Hafi ég réttan skilning, virðulegur forseti, er þessi maður langveinandi undan kerfinu eins og stunginn gris. Það er það, virðulegur forseti, sem þetta viðtal við Sigurð Viggósson í DV í dag segir mér. Af einhverjum ástæðum reynir hann að fegra þær aðgerðir með því að segjast ekki vera að kvarta en veinar þó undan kerfinu sem hann býr við.

Það vantar ekki að margir fjalla um fiskveiðistjórn. Margir fjalla um sjálfbæra þróun og umhverfissjónarmið með fögrum orðum og að því er virðist með góðum áformum. Ég hef sagt það áður að ég aðhylltist stjórnun, aðhald og eftirlit með takmörkuðum auðlindum okkar. Ég geri það í raun, virðulegur forseti. Ég aðhyllist stjórnun, ég aðhyllist aðhald og eftirlit með takmörkuðum auðlindum. Til að staðfesta það sem ég var að segja um fögru orðin vitna ég, með leyfi forseta, í bókina „Sjálfbær þróun“ með undirtitlinum „Ný stefna fyrir Norðurlönd“. Þar standa á bls. 93 fögur og fín orð og góð áform. Með leyfi forseta stendur hér:

„Fiskveiðar, veiðar á sjávarspendýrum og fiskeldi. Þróun og verkefni. Í hafinu eru miklar og mikilvægar auðlindir sem Norðurlöndin bera sameiginlega ábyrgð á. Þær hafa átt þátt í að skapa grundvöll strandmenningar á öllum Norðurlöndum — frá Eystrasalti í austri til heimskautssvæða í norðri og vestri í Norður-Atlantshafi. Á tilteknum svæðum á Norðurlöndunum eru þessar auðlindir grundvöllur lífsafkomu.

Norrænu hafsvæðin eru meðal hinna gjöfulustu í heiminum. Þau eru grundvöllur atvinnu íbúanna og mikilvægi fæðuframleiðslu á alþjóðlegan mælikvarða. Forsenda þess að hafið varðveitir framleiðslugetu sína og að koma á sjálfbærri nýtingu auðlindar er að umhverfi hafsins haldist hreint. Norðurlöndin eiga að vera í fararbroddi og benda á sameiginlega ábyrgð þjóða heimsins á verndun sjávar.

Nýting á auðlindum hafsins verður að byggjast á grundvelli varúðarreglunnar, heildarsýnar, þekkingar og rannsókna. Nauðsynlegt er að stjórnun og nýting auðlinda hafsins byggist á skilningi á heilum vistkerfum. Það gildi, sem auðlindir hafsins hafa sem lifandi uppspretta náttúrulegrar og endurnýjanlegrar fæðu, gerir það að verkum að ekki aðeins sjávarútvegurinn heldur allir geirar, sem nýta og hafa áhrif á hafið, bera sérstaka ábyrgð. Forðast verður starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á umhverfi hafsins og þar með á framleiðslu eða gæði fæðunnar fyrir íbúa heimsins. Langtímamarkmið er að nýting allra lifandi auðlinda sjávar á Norðurlöndum verði sjálfbær.“

Virðulegur forseti. Það sem ég las eru bara fögur orð, bara fögur áform. Framkvæmdin, virðulegi forseti, er grátleg. Hún er skelfileg. Hér hefur verið framkvæmt arðrán í vissum skilningi með eyðileggingu uppeldisstöðva. Þetta fullyrði ég, virðulegur forseti. Með því að eyðileggja ákveðnar fiskislóðir, uppeldisslóðir, með aðgerðum sem fara þvert gegn öllum þeim fögru áformum sem hér standa. Hvað er búið að gera í Norðursjónum? Hvernig er með allt það eitur sem er verið að hleypa út um allan þennan heim sem ég var að lesa upp áform frá? Frá Eystrasalti, heimskautssvæðin í norðri og vestri, í Norður-Atlantshafi. Það er svo grátlegt, virðulegur forseti, að menn skuli setja á blað þessi orð í einhverju yfirskilvitlegu ástandi um að hafa allt fagurt og fínt en gleyma staðreyndunum, gleyma því hverju þeir sjálfir standa að, m.a. með því að viðhalda því fiskveiðistjórnarkerfi sem viðgengst á Íslandi.

Þá er ástæða, virðulegur forseti, til að lesa upp úr þessari skýrslu um sjálfbæra þróun nýja stefnu fyrir Norðurlönd, lesa upp umhverfisstefnu íslenska sjútvrn. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Umhverfisstefna íslenska sjávarútvegsráðuneytisins. Árið 1998, á Ári hafsins, gaf sjávarútvegsráðuneytið út yfirlýsingu um mikilvægi þess að taka tillit til umhverfissjónarmiða við nýtingu auðlinda hafsins. Yfirlýsingin hefst á eftirfarandi orðum: „Í sjávarútvegsráðuneytinu er stefnt að því að nýting auðlinda hafsins sé sjálfbær og byggt sé á bestu tiltæku vísindalegu rökum þegar ákvarðanir eru teknar. Þess verði gætt að líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfi hafsins sé ekki ógnað. Við stjórnvaldsákvarðanir ber að taka mið af skyldu hverrar kynslóðar til að skila afkomendum sínum lífvænlegu umhverfi, skyldum þjóða til að vernda lífríki og vistkerfi hafsins og mikilvægi þess að bjóða neytendum íslensks sjávarfangs heilnæmar afurðir.““

Virðulegur forseti. Mjög mikilvæg orð standa í þessari skýrslu um umhverfisstefnu íslenska sjútvrn. En ég spyr, virðulegur forseti: Eru þetta fögur orð á blaði eða er þetta það sem farið er eftir með íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu? Er það að afneita brottkasti á 50–100 þús. tonnum af fiski á ári hverju á undanförnum árum þangað til menn neyddust til að gera úttekt sem sýnir a.m.k. 30–40 þús. tonna brottkast — eftir fjögurra, fimm ára sífellda umræðu um brottkast var gerð úttekt — að fara eftir því sem hér stendur í umhverfisstefnu íslenska sjútvrn. um að vistkerfi hafsins verði ekki ógnað? (**GAK:** 10 ára umræður.) Það eru 10 ár, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, það eru 10 ár, það er rétt. Það eru ekki fimm ára, ekki sex ára heldur 10 ára umræður um brottkast, og hvað tók langan tíma að fá samþykkt að gerð væri skoðun, úttekt? Það tók sex, sjö ár þangað til hægt var að berja menn, þvinga þá, til að skoða þessa hluti. Hvað var gert við þá sem reyndu að sýna fram á á hvern hátt þetta væri gert? Þeir eru dregnir fram sem einhverjir misindismenn.

Virðulegur forseti. Ég get ekki sætt mig við að menn segi eitt í dag og framkvæmi svo annað á morgun. Þess vegna, virðulegur forseti, mótmæli ég þessu með því að reyna að fara yfir málið á sem gleggstan hátt og aðskiljanlegastan máta fyrir þá sem einhvern tíma eiga eftir að kanna það sem hér er verið að segja. Ekki er því að heilsa að hv. þm. stjórnarliða fylgist með þeim hugleiðingum sem ég eða aðrir ræðumenn hér hafa fram að færa.

Herra forseti. Í næsta kafla ræðu minnar mun ég styðjast við skýrslu Byggðastofnunar um áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum í byggð á Vestfjörðum. Þessi skýrsla, virðulegur forseti, er frá því í október 2001 og fjallar um eftirtalin byggðarlög, talin upp frá suðri um vestur til norðurs: Reykhólar, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafjörður, Súðavík, Hólmavík og Drangsnes. Samantekt á niðurstöðum er svohljóðandi, virðulegur forseti:

„Atvinnulífið á Vestfjörðum er háð fiskvinnslu og fiskveiðum. Í vestfirskum sjávarbyggðum er hlutfall fiskvinnslu og fiskveiða víða á bilinu 30–60% ársverka. Hlutur vestfirskra báta í heildaraflamarki hefur dregist saman um

rúmlega 30% frá upphafi kvótakerfisins. Hlutur vestfirskra skipa í veiðiheimildum krókabáta hefur aukist um 30% frá 1995–2001 og sóknardagabátum á Vestfjörðum hefur á sama tíma fjölgað um rúm 50%."

Virðulegi forseti. Þessir punktar segja okkur svo skýrt hvað um er að vera. Þetta er skýrsla frá því í október 2001. Það eru örfáir mánuðir síðan skýrslan var gerð. Svo skulum við skoða áfram niðurstöðurnar, með leyfi forseta:

„Á síðasta fiskveiðiári lönduðu krókabátar 49% alls þorsks á Vestfjörðum, 65% af ýsu, 32% af ufsa og 64% af steinbít." — Það eru krókabátar, virðulegur forseti, sem eru undirstaða atvinnulífs að meginhluta til á Vestfjörðum. — „Miðað við landaðan afla á síðasta fiskveiðiári og úthlutað krókaaflamark má ætla að afli vestfirskra krókaaflamarksbáta verði 6.200 tonnum minni á þessu fiskveiðiári en því síðasta miðað við slægðan afla samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu."

Virðulegur forseti. Ég les áfram, með leyfi, þessi hörmulegu orð: „Fyrirsjáanlegt er að samdráttur í aflaverðmæti hjá vestfirska krókabátaflotanum muni nema rúmum milljarði á nýhöfnu fiskveiðiári vegna kvótasetningar ýsu, ufsa og steinbíts, sé miðað við meðalverð á fiskmörkuðum í síðasta mánuði."

Og enn áfram, virðulegur forseti:

„Miðað við samdrátt í afla til vinnslu upp á 6.200 tonn af slægðum afla, vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa, má gera ráð fyrir því" — þeirri hörmulegu staðreynd vil ég bæta hér inn í — „að ársverkum í landvinnslu á Vestfjörðum fækki um 93, sé miðað við upplýsingar frá Samtökum fiskvinnslustöðva.

Landssamband smábátaeigenda gerir ráð fyrir því að störfum við smábátaútgerð á Vestfjörðum fækki um 160–200 vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa."

Í því frv., virðulegi forseti, sem við erum að fjalla um er gerð tilraun til að bæta þessa skelfilegu samdráttaraðgerð upp með því að úthluta, eftir aðferð sem mörgum er óskiljanleg, einhverju til einhverra á undarlegan máta sem stenst engan veginn skoðun þegar farið er yfir málið að nýju.

Ég er, virðulegur forseti, að fjalla um hlut krókabáta í sjávarútvegi á Vestfjörðum. Það er unnt að meta afleiðingar af veiðikerfi smábáta sem skall yfir þá 1. sept. sl., þegar kvótinn var settur á veiðar þeirra sem stunda veiðar á steinbít, ýsu og ufsa, og ég held einhvern veginn að skelfilegust séu áhrifin á þá staði, ekki bara á Vestfjörðum sem ég nefndi áðan, heldur reyndar fleiri þar sem menn hafa byggt mikið á því sem hefur verið kallað meðafli.

Sérstaklega á Vestfjörðum byggist atvinnulíf á fiskveiðum. Fiskvinnsla er allt að 60% atvinnulífsins en ég man það, virðulegur forseti, með því að skoða hlutina að þar sker Ísafjörður sig nokkuð úr frá smærri stöðunum og það má líka rekja upp þjónustustaðinn Patreksfjörð sem er í vissum skilningi þjónustustaður fyrir suðursvæði Vestfjarða. Þjónustustörfin standa öll og falla á einn eða annan máta með störfum í sjávarútvegi. Þetta þýðir að þegar aflaheimildirnar eru teknar af þessum stöðum fækkar fólki við fiskvinnslu, og um leið fækkar fólki í verslun, iðnaði og öðrum þjónustugreinum. Sagt var í skýrslu Byggðastofnunar að það sem stæði upp úr á landsbyggðinni væri betri opinber þjónusta en afleiðingin af þessum samdrætti öllum saman er að ríkið gengur fremst í flokki með því að draga úr þeirri opinberu þjónustu sem þótti þó vera betri úti á landi en í þéttbýlinu Reykjavík og nágrenni.

Grundvallaratriðið í dag er þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við, þ.e. yfirráð yfir aflaheimildum í sjávarútvegi nútímans. Það eru grundvallaratriði og þessar veikari byggðir hafa orðið að láta frá sér aflaheimildir í stórum stíl.

Hlutur Vestfjarða hefur dregist saman eins og ég sagði áðan um yfir 30% frá árinu 1990. Á tæplega 12 ára tímabili hafa veiðiheimildir farið frá Vestfjörðum sem nemur 30% miðað við það sem þeir höfðu í upphafi kvótakerfisins. Ég ætla ekki að ræða um krókabátakerfið á þessu augnabliki en það er ástæða til að gera því nokkuð góð skil síðar.

Varðandi það hvernig aflamagnið er saman sett sem kemur til vinnslu á Vestfjörðum má geta þess að á síðasta ári var steinbíturinn 5.500 tonn og ýsa tæp 3.000 tonn miðað við óslægðan afla. Eins og ég gat um áðan er þó verið að reyna að klóra í bakkann með þessu frv. og laga aðeins til samdráttinn sem áætlaður var 1. sept. sl. Kannski verður ekki eins alvarlegur samdráttur og horfði til. Rétt er að geta þess að samsetning vinnu var þannig á Vestfjörðum árið 1997 að 957 manns unnu í fiskvinnslu og 580 manns í fiskveiðum. Ársverkin 1997 voru um það bil 4.369. Þessum störfum hefur fækkað verulega á síðustu fjórum árum sem má sjá á því að íbúum Vestfjarða hefur fækkað úr 7.341 í 6.983 árið 2000 eða um 358 manns. Rétt er að geta þess að störfum í fiskvinnslu hefur fækkað lítillega á öllu landinu á sama tíma en þar má geta um nýja tækni við fiskvinnslu og breytingar við fiskútflutning þar sem verið er að flytja út æ meira af ferskum fiski með flugi í stað þess að frysta fisk í landi. Það gefur skýringu á því sem ég var að fjalla um.

Ég sagði, virðulegur forseti, að ég ætlaði að fjalla lítillega um krókabátana á Vestfjörðum. Það er ástæða til þess vegna þess að vestfirskir krókabátar koma með stóran hluta þess afla sem krókabátaflotinn á landinu kemur með á hverju ári. 43% af þorskafla krókabáta var landað á Vestfjörðum, 48% af ýsunni var landað af krókabátum á Vestfjörðum, 8% í ufsa og 71% í steinbít þannig að áhrifin af því fiskveiðistjórnarkerfi eða breytingum sem gengu í gildi 1. sept. sl. voru uggvænleg. Það er ekki að furða, virðulegur forseti, að menn í þessum byggðum hafi sagt sig úr stjórnarflokkunum með heitingum um að vinna þeim allt hið versta sem til væri. Það er ekki að furða að menn hafi brugðið á það ráð að selja frá sér bátana sína og koma sér burt úr byggðinni. En á þetta hlustar auðvitað ekki nokkur stjórnarliði vegna þess að hæstv. ríkisstjórn segir þeim að gera það ekki.

Þær breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem gengu í gildi 1. sept. 2001 fólust í kvótasetningu svonefndra aukategunda, þ.e. ýsu, steinbíts og ufsa, vegna þess að þessi veiði var frjáls hjá smábátum með þorskaflahámark og sóknardaga fram að þeim tíma. Þetta horfði því strax til mikilla áhrifa á smábátaútgerð, sérstaklega þeirra útgerðarmynstra sem ég benti á, þ.e. smábáta með sóknardaga og þorskaflahámark. Um áhrif þessara lagabreytinga á Vestfjörðum segir í skýrslu sem ég gat um í upphafi, virðulegur forseti:

„Eins og sagt var frá hér á undan er hlutur smábáta í útgerð á Vestfjörðum stór, en þeir veiða t.d. helming þess botnfisksafla sem berst á land á svæðinu. Uppgangur í veiðum smábáta á Vestfjörðum á síðustu árum hefur skapað þar mikil verðmæti og mörg störf og að nokkru leyti komið í staðinn fyrir samdrátt sem orðið hefur, t.d. vegna flutnings aflamarks frá svæðinu. Áhrif nýrra laga um veiðar smábáta verða því meiri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Skipta má áhrifum áðurnefndra breytinga á vestfirskt atvinnulíf í tvennt. Í fyrsta lagi mun afli sem kemur til vinnslu

minnka verulega sem væntanlega mun leiða af sér samdrátt í landvinnslu. Leiða má að því líkur að störfum í landvinnslu fækki af þessum sökum, ef ekki kemur til hráefni úr öðrum áttum. Hinn hluti áhrifanna snýr að útgerð krókabátanna. Gera má ráð fyrir því að kvótasetning ýsu, steinbíts og ufsa, bann við veiðum á öðrum tegundum og samdráttur í þorskveiðiheimildum leiði af sér uppsagnir hjá útgerðarmönnum krókabáta. Hér er um að ræða fólk sem vinnur í landi við beitningu og aðra þjónustu við báta og einnig má gera ráð fyrir að í einhverjum tilfellum verði fækkað í áhöfnum, auk þess sem einhverjum bátum verður lagt."

Virðulegur forseti. Frá því í haust hefur fjölmörgum þeim sem unnu við beitningu á stöðunum sem ég rakti upp áðan á öllum Vestfjörðum verið sagt upp, þeim sem voru við beitningu, þeim sem voru við fiskveiðar, þeim sem voru á bátunum. Þess vegna er verið að klóra í bakkann, vegna þess að barið var á mönnum vegna þessa kerfis, og menn verða að reyna að klóra í bakkann með þeim aðgerðum sem bæta þó engan veginn upp þær vondu aðgerðir sem fylgja einnig með í þessum lagabreytingartillögum.

Virðulegur forseti. Ég má í lokin til með að vitna í niðurlag þessarar skýrslu Byggðastofnunar um áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum. Niðurlagið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegur er undirstöðuatvinnugrein á Vestfjörðum og nálægð við gjöful fiskimið er einn helsti styrkleiki vestfirskra byggða. Þegar haft er í huga áðurnefnt mikilvægi smábátaútgerðar fyrir sjávarútveg á Vestfjörðum liggur það í augum uppi að allar breytingar á löggjöf um veiðar smábáta sem hafa í för með sér skerðingu á veiðiheimildum þeirra munu hafa mikil áhrif á byggð á Vestfjörðum. Í þessari samantekt var gerð tilraun til að meta það hvaða áhrif kvótasetningar á ýsu, steinbít og ufsa gæti haft á byggð á Vestfjörðum. Eftir þessa stuttu samantekt verður ekki annað séð en að áhrif hennar gætu orðið mjög alvarleg í ljósi áðurnefnds mikilvægis krókabátaútgerðar á byggð á Vestfjörðum."

Virðulegur forseti. Þessari skýrslu fylgja súlurit sem sýna í einstökum atriðum áhrifin á heildarafla og krókaaflamark á stöðunum frá Brjánslæk að Hólmavík talið frá suðri og vestur um til norðurs, og í nákvæmum atriðum eru rakin þau áhrif sem urðu við lagasetninguna 1. sept. sl. Það sem verið er að reyna að klóra í bakkann núna kemur að litlu leyti, tel ég, til hluta þeirra staða sem hér var um getið — en bara hluta þeirra staða sem hér var um getið.

Herra forseti. Ég mun nú fjalla um þá veiðiaðferð sem ég tel vistvænasta, umhverfisbesta og þá einu sem auðvelt er að útfæra, stjórna og ná með markmiðum góðs veiðistjórnarkerfis. Það er hægt með því kerfi sem ég ætla að fjalla um. Ég á þar við veiðar með línu. Ég sé ástæðu til að fara mjög rækilega í gegnum það kerfi sem ég tel að væri hægt að aðlaga færeyska sóknardagakerfinu. Það er það, virðulegur forseti, sem ég ræddi um í vetur, og ráðamenn gerðu nánast grín að og vildu ekki eyða tíma sínum, þeim dýrmæta, í að hugleiða einu sinni. Ég ætla að fara yfir skiptakjör þegar menn veiða með línu í landróðrum og um þær veiðar gildir eftirfarandi, virðulegur forseti:

Á landróðrabátunum sem stunda veiðar með línu fá skipverjar í hlut ákveðinn hundraðshluta af skiptaverðmæti aflans. Þar er flotanum skipt allt frá 12 rúmlestum upp til 500 rúmlesta og þar segir að á skipum 12–20 rúmlesta sé miðað við 39% skiptingu miðað við 7 menn í áhöfn. Á skipum 21–30 rúmlesta er 33% hlutdeild miðað við 8 menn. Á skipum 31–50 rúmlesta er skiptaprósentan 30,5% miðað við 10 menn. Á skipum 51–110 rúmlesta er skiptahlutfallið 29,5% miðað við 11 menn. Á skipum 111–200 rúmlesta er skiptaprósentan 29,2% miðað við 11 menn. Á skipum 201–239 rúmlesta 28,5% miðað við 11 menn og síðan á skipum sem eru 240–500 rúmlestir 27,5% miðað við 11 menn. Í liðum c–g er reiknað með að fimm menn séu í landi.

Ef mann vantar í róður skiptist hlutur hans milli þeirra sem róðurinn fara. Það gildir einnig um hlut til landmanna, ef einn vantar skiptist hlutur milli landmannanna enda er gert ráð fyrir að þeir sem eftir eru vinni störf hans.

Hér er fjallað um útilegu. Útilega er það þegar menn hafa verið minnst tvær legur og þar af aðra leguna þar sem afli er slægður og ísaður. Hér er fjallað um landróðra á bátum með beitningarvélar og hér er fjallað um útilegur á bátum með beitningarvélar. Fjallað er um skiptakjör á lúðuveiðum og skiptakjör á grálúðuveiðum. Hér er getið um hafnarfrí, löndunarfrí og róðrafrí. Þetta kerfi sem ég er að ræða um á allt við línuveiðar þannig að hverju einasta atriði varðandi línuveiðar er hægt að framfylgja, og það er hægt að aðlaga það mjög þægilega einmitt færeyska sóknardagakerfinu.

Virðulegur forseti. Við 2. umr. um frv. um síldveiðar, þ.e. úthlutaðan kvóta vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, greiddi ég einn atkvæði gegn því, þ.e. ég greiddi atkvæði gegn kvótaúthlutunaraðferðinni. Í ræðu sem ég flutti við 2. umr. um þetta frv. fór ég nokkrum orðum um síldveiðar og byggði þá á bókinni „Svartur sjór af síld". Þar var sagt frá ferli síldarinnar, því þegar síldveiðibæirnir, Siglufjörður, Raufarhöfn, Húsavík og aðrir slíkir staðir, voru nánast gullgrafarabæir á Íslandi. Þar var sagt frá hruni síldveiðistofnsins. En í upplýsingaveitu sjútvrn. sem heitir „Ábyrgð í sjávarútvegi" er getið um síld á þennan hátt, með leyfi virðulegs forseta:

„Heimkynni síldarinnar eru um norðanvert Atlantshaf, umhverfis Ísland og á stórum svæðum við norðaustanvert Atlantshafið, en einnig vestan þess langt suður með ströndum Ameríku. Síldin er uppsjávar- og miðsævisfiskur og heldur sig í torfum. Hún finnst frá yfirborði sjávar og niður á um 250 m dýpi og lifir einnig við mismunandi seltustig. Hún lifir mest á smákrabbadýrum, einkum rauðátu, en einnig á ljósátu og loðnuseiðum."

Síðan er sagt hér, með leyfi forseta:

„Þrír aðskildir síldarstofnar eru á Íslandsmiðum: 1) íslenska vorgotssíldin, sem er mjög lítill stofn, 2) íslenska sumargotssíldin og 3) norska vorgotssíldin sem stundum er nefnd norsk-íslenski síldarstofninn. Stofnarnir þrír hegða sér á mismunandi hátt hvað varðar vaxtarhraða, hrygningartíma og göngur. Íslenska sumargotssíldin hefur verið veidd samfellt síðan um miðjan 8. áratuginn en þar áður voru miklar veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum uns hann hrundi undir lok 7. áratugarins. Sá stofn hefur hins vegar náð sér til fulls á undanförnum árum og árið 1994 veiddu Íslendingar úr þessum stofni á ný og hafa gert síðan."

Virðulegur forseti. Mér finnst vanta í þessar upplýsingar um ábyrgð í sjávarútvegi mikla sögu. Það vantar söguna um hvers vegna stofninn hrundi. Hér er sagt, með leyfi forseta:

„Veiðar á íslenskri sumargotssíld eru vertíðabundnar og aðallega veiðist hún á tímabilinu október/janúar undan suðvestur-, suður- og suðausturströnd landsins. Síldin hrygnir í júlí og heldur síðan í leit að æti. Hrygningarstofninn er talinn hafa verið um 700.000 tonn sumarið 2001. Norsk-

íslenski stofninn hrygnir hins vegar undan ströndum Noregs snemma vors og ókynþroska síld heldur sig við Noreg en eldri fiskurinn fer í ætisleit út á Norðaustur-Atlantshafið. Stórar göngur norsk-íslensku síldarinnar komu upp að ströndum Íslands á sumrin fram yfir miðjan 7. áratuginn og voru grundvöllur veiðanna hér við land. Hrygningarstofninn er talinn hafa verið rétt rúmlega 6 milljónir tonna árið 2001.

Síld er veidd í síldar- og loðnunót og í flotvörpu. Aðallega veiðist 4–7 ára síld, 30–35 cm á lengd og 200–300 g að þyngd. Fituinnihald í holdi síldar er mjög breytilegt og fer eftir ætisskilyrðum og árstíma. Best er síldin þegar hún er stinn og fiturík."

Virðulegur forseti. Skyldi það geta verið að fiskveiðistjórn á Íslandi varðandi síldveiðar sé með eðlilegum hætti? Er eðlilegt að síldin sé veidd þegar hún er nánast grindhoruð og óhæf til manneldis? Er góð nýtingarstefna að vinna á þann máta? Hún er a.m.k. ekki stinn og fiturík fyrr en vel er liðið á vertíðina.

„Árlegur afli íslensku sumargotssíldarinnar hefur verið að aukast síðan 1975 og hefur verið nálægt 100.000 tonnum undanfarin ár."

Hér er það mikilvægasta sem mig langar til að vitna í af þessum vef, upplýsingaveitu sjútvrn.:

„Lexía fyrir framtíðina.

Hrun síldarstofnanna upp úr miðjum 7. áratugnum hafði mjög slæm áhrif á íslenskt efnahagslíf en skýr merki ofveiði og óhagstæð umhverfisskilyrði réðu mestu um að svo fór sem fór. Á hinn bóginn hafa markvissar aðgerðir við uppbyggingu stofnsins orðið að fyrirmynd fiskveiðistjórnar í seinni tíð. Árið 1975 var í fyrsta skipti sett heildaraflamark fyrir veiðar á íslensku sumargotssíldinni og var það jafnframt í fyrsta skipti sem kvóti var settur á veiðar hér við land. Veitt hefur verið úr stofninum með kjörsókn að leiðarljósi og stofninn farið stækkandi lengst af.

Lexían sem læra varð af síldveiðum fyrir 30 árum reyndist notadrjúg fyrir framtíðina."

Virðulegur forseti. Ég óttast að í þessum orðum felist mótsögn við eiginlega framkvæmd á veiðunum. Ég óttast að veiðar með flottrolli hafi veruleg áhrif, ekki bara með því að meira af veiddri síld drepist og kremjist heldur að síldin komi til með að tileinka sér hegðunarmynstur vegna þeirra veiðarfæra sem verið er að nota. Þess vegna geld ég varhuga við því að veiðar á síld skuli leyfðar með flotvörpu.

Ástæða væri til að fara rækilega yfir þær heimildir um ábyrgð í sjávarútvegi sem eru um þorskinn á upplýsingaveitu sjútvrn. Ég held, og það er best að segja það með þessum orðum, að þessar upplýsingar séu vægast sagt mjög hæpnar því að í ljós er að koma að við Ísland veiðist þorskur af a.m.k. fleiri en einum stofni. Því tel ég, virðulegur forseti, að það sem stendur á þessari veitu ásamt og með öðru því sem ég hef verið að skoða á upplýsingaveitu sjútvrn. sé rangt, a.m.k. er sneitt fram hjá þeim efasemdum sem ríkja meðal þeirra sem hafa mesta afkomu af sjávarútvegi á Íslandi.

Alveg sama má segja um ýsuna. Ég tel að þar vanti verulega á það sem ætti að vera upplýst um. Það þarf að upplýsa um að fleiri en einn stofn af ýsu eru við landið. Það eru mjög mismunandi vaxtarskilyrði fyrir ýsu í kringum landið og það er alveg ótrúlegt að ýsa veidd í Hvalfjarðarkjaftinum, þriskæð ýsa sem menn kalla, ýsa sem er um 2 kg, getur verið um 9 ára gömul þrátt fyrir smæðina, og það gefur vísbendingu um að á þeim slóðum sé annar stofn en t.d. ýsan sem kölluð er Eyrarbakka-ýsa sem er alltaf 7–8 kg 4–5 ára gömul. Svo eru menn að segja að það sé einn ýsustofn við landið.

Virðulegur forseti. Á Íslandsmiðum hafa fiskveiðar verið stundaðar öldum saman á litlum opnum bátum við erfiðar og hættulegar aðstæður. Síðan komu skúturnar og vélknúnu þilfarsbátarnir. Þetta boðaði breytta tíma, minna erfiði og meira öryggi sjómanna. Sjómennska hefur verið talin til hættulegri starfa hér á landi. Það má minnast þess að fyrsti togarinn sem kom til Íslands hét Coot ef ég man rétt. Nú brestur mig kannski minni og þarf að leita til hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um það hvort ég fer með rétt mál en mig minnir að Coot hafi verið fyrsti togarinn sem kom til Íslands. Það segir sitt að sá togari kom í kringum 1905 þannig að togaraútgerð á Íslandi hefur þróast síðan, og er enn að þróast.

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum á að halda öllum útgerðarmunstrum sem eru í gangi á Íslandi. Ég tel að menn þurfi bara að gera upp við sig hvernig við viljum nýta þær fjárfestingar sem liggja í skipunum okkar, í tækninni okkar til þess að það komi sem best að notum fyrir alla landsmenn vegna þess að mín einlæga skoðun er sú að fiskinn í sjónum eigum við Íslendingar allir sameiginlega og við Íslendingar eigum allir að njóta góðs af þessari auðlind. Ekki sé ég eftir því þó svo þeir sem stunda veiðarnar og þeir sem reka útgerðina beri góðan hlut frá borði. Það eiga þeir svo sannarlega að gera. Skipstjórar á íslenskum skipum bera mikla ábyrgð. Þeir bera ekki aðeins ábyrgð á því að fara vel með skipin og mannskapinn heldur bera þeir ábyrgð á því að fara vel með þann afla sem þeir sækja á Íslandsmið. Þeir bera einnig ábyrgð á því að ganga vel um miðin. Þeir bera meiri ábyrgð en útgerðarmaðurinn sem gefur skipun um að koma með ákveðnar tegundir að landi úr hverjum róðri eða hverjum túr.

Mér er það minnisstætt að í ævisögu Haraldar Böðvarssonar segir hann frá því þegar hann sem ungur maður seldi hross og keypti bát, keypti síðan annan bát vegna þess að hann græddi á bátakaupunum. Hann gerðist síðan útgerðarmaður og hélt úti vinnu á Akranesi. Á sama hátt eða svipaðan gerðust hlutirnir hjá mörgum sem unnu sig upp úr því að vera einstaklingar sem höfðu lítið á milli handanna. Smám saman stækkuðu þeir sína hlutdeild, ekki vegna þess að þeir fengu gefnar veiðiheimildir heldur vegna þess að þeir sóttu í sameiginlega auðlind landsmanna.

Við eigum aðra nytjastofna á Íslandi til viðbótar við bolfiskinn og þær fisktegundir sem ég var að nefna, þ.e. skelfisk og krabbadýr. Við eigum að nýta allar tegundir sem við eigum hvort sem það er þorskur, ýsa, ufsi, karfi, grálúða, hvers konar flatfiskar, steinbítur, síld, loðna, humar, rækja, hörpudiskur eða aðrir stofnar. Þá ég við krækling og alls konar skelfisk. Við eigum að nýta auðlindina í hafinu. Við þurfum bara að fara rétt að því.

Vinnuaflið sem er í sjávarútvegi stendur undir afkomu þessarar þjóðar að verulegum hluta. Þess vegna eigum við svo mikið undir fiskveiðistjórnarkerfinu, virðulegur forseti. Þess vegna vil ég í lok ræðu minnar fjalla um færeyska sóknardagakerfið. Það er fiskveiðistjórnarkerfi sem ríkir mikil ánægja með, bæði hjá útgerðar- og sjómönnum og einnig öðrum landsmönnum í Færeyjum. Allir eða flestir í Færeyjum lifa af fiskveiðum. Virðulegur forseti. Ég mun styðjast við grein Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem birtist í 3. tölublaði Sjómannablaðsins Víkings frá liðnu ári.

Það er nefnilega þannig að í umræðu um sjávarútvegsmál hér á landi hefur umræðu um færeyska sóknardagakerfið

öðru hverju borið á góma. Sá sem hér stendur fjallaði um færeyska sóknardagakerfið nokkuð í ræðu í vetur og þá bar svo við að ákveðnir aðilar í stjórnarmeirihlutanum, ákveðnir ráðherrar, gerðu nánast grín að þeim orðum að rétt væri að skoða vel það kerfi sem svo mikil sátt og ánægja ríkti með í Færeyjum. Það er ekki minnst vegna þeirra viðbragða að ég fór yfir skoðanir mínar á fiskveiðum á Íslandi og fiskveiðistjórn nokkrum orðum. Í þessari umræðu hefur ýmislegt verið missagt og kannski margt ósagt. Magnús Þór Hafsteinsson gerir glögga grein fyrir færeyska kerfinu. Þær upplýsingar eru byggðar á opinberum gögnum og viðræðum við hagsmunaaðila í Færeyjum. Segja má, virðulegur forseti, að færeyskur sjávarútvegur sé í mikilli sókn. Þó að sjávarútvegur sé í mikilli sókn þá hefur ekki orðið veruleg endurnýjun í flotanum. Nú leyfi ég mér að vitna beint til greinar Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, með leyfi forseta:

„Veiðar ganga vel við eyjarnar. Afli fer vaxandi í mörgum tegundum og fiskstofnar virðast í þokkalegu ásigkomulagi. Útgerðir og sjómenn þéna vel á stighækkandi fiskverði á heimsmarkaði, enda er skilið á milli veiða og vinnslu."

Virðulegi forseti. Ég stoppa hér við í tilvitnuninni. Á Íslandi er ekki skilið á milli veiða og vinnslu. Við í Samfylkingunni höfum hvað eftir annað flutt mál sem lúta að því að skilja á milli veiða og vinnslu. Það er hægt að skilja á milli veiða og vinnslu bókhaldslega. Það er enginn að segja að útvegsmaður geti ekki haft vinnslu undir höndum. Það þarf bara að aðskilja framkvæmdina á veiðunum og vinnslunni. Svo segir, með leyfi forseta:

„Fyrir tæpum tíu árum gerðu stjórnvöld í Danmörk og Færeyjum samning sín á milli. Færeyingar voru á hvínandi hausnum. Danska herraþjóðin ákvað að veiðum skyldi stýrt með kvótum. Fyrirmyndin var að verulegu leyti fengin frá gamalli nýlendu sem búin var að leika lausum hala í hálfa öld: ..." — Hvaða gömlu nýlendu skyldi vera verið að vitna í? Jú, það er Ísland. — „Veiðikvóta átti að ákveða út frá ráðleggingum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Færeyingar keyrðu fljótt á ýmsa veggi. Kvótarnir voru litlir og veiddust fljótlega upp. Menn lentu í vandræðum. Þeir áttu ekki næga kvóta fyrir tegundum sem litið var á sem meðafla, t.d. á þorskveiðum. Fiski var fleygt í sjóinn ef ekki var til kvóti fyrir honum."

Virðulegi forseti. Ég stoppa við í þessari tilvitnun. Er þetta eitthvað sem við þekkjum á Íslandi? Var ég ekki að segja fyrr í ræðu minni að hér hefði verið hent að líkindum allt að 50–70 þús. tonnum árlega í sjóinn. Af hverju var það gert? Það hefur verið gert vegna þess að menn áttu ekki kvótann til og vegna þess að þeir þurftu að veiða stærri fisk, verðmeiri fisk til að útgerð þeirra gæti borið sig. Það var auðvitað vegna leiguliðakerfisins.

„Alls kyns svindl var stundað í tengslum við skráningu á afla." — Skyldum við þekkja það, virðulegi forseti?

„Kvótakerfið olli brátt gríðarlegri óánægju í Færeyjum. Sífellt háværari raddir voru um að það væri handónýtt. Bæri að afnema það að hið fyrsta."

Færeyingar sneru blaðinu við.

„Eftir aðeins tveggja ára reynslu skildu Danir að kvótakerfið hentaði afar illa við Færeyjar. Stjórnvöld í Kaupmannahöfn féllust á að Færeyingar fengju sjálfir að semja eigin fiskveiðilöggjöf með því markmiði að tryggja sjálfbærar veiðar. Bæði með tilliti til efnahagslegs sjálfstæðis sjávarútvegsins og uppbyggingar fiskstofna.

Færeyska landstjórnin beið ekki boðanna. Hún skipaði svokallaða fiskveiðistjórnarnefnd í árslok 1995. Í henni áttu sæti fulltrúar frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins, landstjórninni og færeysku hafrannsóknastofnuninni.

Nefndin starfaði aðeins í rúma tvo mánuði. Í febrúar árið 1996 kynnti hún sínar tillögur. Lagt var til að kvótakerfið yrði lagt niður." — Eftir tveggja mánaða umfjöllun. — „Í staðinn yrði tekið upp kerfi með framseljanlegum sóknardögum og friðun hafsvæða fyrir veiðum um lengri eða skemmri tíma.

Ekki var tvínónað við hlutina. Þann 1. júní 1996 tóku gildi ný lög um fiskveiðistjórn við Færeyjar. Nú skyldi ekki lengur reynt að stjórna afla, heldur sókn.

Á rúmum tveimur mánuðum var fiskveiðistjórn umbylt við Færeyjar."

Virðulegi forseti. Það væri ástæða til þess að bjóða hæstv. sjútvrh. upp á samkomulag — ég þori að gera það úr þessum stól — bjóða hæstv. sjútvrh. upp á samkomulag um að hann taki upp að hluta til sóknarkerfið færeyska við stjórn á íslenskum fiskveiðum eftir nánari samkomulagi og að þessu máli verði lokið á mjög skömmum tíma á grundvelli slíks samnings. Ég þori að segja þetta, virðulegi forseti, í krafti þess að nauðsynlegt er að hefja breytingar nú þegar á stjórn fiskveiða við Ísland.

Virðulegi forseti. Þetta var gert þannig í Færeyjum að flotanum var skipt upp í ákveðna flokka. Þar eru strandveiðibátar sem veiða með handfærum og línu og svo eru stærri línuskip og togarar. Hvað var ég, virðulegur forseti, að ræða um áðan? Ég var að ræða um fiskveiðar á línu á bátum allt frá 4 tonnum og upp í 500 tonn. Þá sem stunda slíkar veiðar gætum við aðlagað því kerfi á mjög auðveldan máta. Við þurfum ekkert að finna neitt hjól upp. Við þurfum bara að aðlaga það að færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu.

Virðulegi forseti. Ég sagði að flotanum hafi verið skipt upp í ákveðna flokka, þ.e. strandveiðibáta sem veiða með handfærum og línu, stærri línuskip og togara. Þessum flokkum var síðan aftur skipt í stærðarflokka, mælt í brúttólestum og vélarstærð. Hver stærðarflokkur af þessum þremur skipaflokkum fékk síðan ákveðinn fjölda sóknardaga. Þeim var skipt jafnt á milli allra skipa í hverjum flokki. Fjöldi skipa í hverjum flokki var takmarkaður með ákveðnum fjölda veiðileyfa. Skipting fjölda veiðidaga var ákveðin út frá aflatölum á árinu 1984–1994. Það var lagt mat á hve stór hluti af hverjum fiskstofni hefði að meðaltali verið veiddur á hverju skipi í ákveðnum flokki. Þetta, virðulegur forseti, liggur allt fyrir með einföldum upplýsingum frá Fiskistofu. Það er mjög aðvelt að aðlaga þetta að ákveðnum hluta íslenska fiskveiðiflotans og hægt að fara allt frá smábátum upp í togara þess vegna ef menn vilja.

Menn gerðu meira. Til viðbótar var færeysku lögsögunni skipt upp í innra og ytra sóknardagasvæði. Einn sóknardagur veitir rétt til að stunda veiðar í einn sólarhring á innra sóknardagasvæði. Hverjum sóknardegi á innra svæðinu má skipta fyrir þrjá sóknardaga á ytra svæði. Margar aðrar skiptingar hafa verið teknar upp. Línuveiðar báta yfir 110 tonn að stærð eru aðeins leyfðar að sex sjómílna mörkunum. Þar fyrir innan geta aðeins litlir línubátar og handfærabátar veitt. Togbátar fá aðeins að fara inn að 12 mílna mörkunum.

Eina undantekningin er að 14 litlir togbátar að 50 tonnum með vélar undir 500 hestöflum fá að fara inn fyrir 12 mílur í fjóra mánuði á ári. Fyrir utan 12 mílna mörkin er stórum svæðum lokað fyrir togveiðum, annaðhvort allt árið eða stóran hluta ársins. Stórum svæðum sem eru hrygningarsvæði

nytjafiska innan lögsögunnar er lokað fyrir tog- og línuveiðum á meðan á hrygningu stendur. Netaveiðar eru bannaðar nema á dýpi undir 500 metrum og þá til að veiða grálúðu og skötusel. Dragnótaveiðar eru alveg bannaðar.

Stjórnvöld geta lokað svæðum tímabundið vegna smáfisks eins og gert er við Ísland. Frystitogarar fá ekki að veiða í færeysku lögsögunni. Þeir verða að treysta á veiðar í Barentshafi og á Reykjaneshrygg. Sóknardagakerfið nær eingöngu til botnfisksveiða. Veiðar á uppsjávarfiski eins og síld og makríl eru enn kvótastýrðar. Færeyingar telja að hægt sé að stýra slíkum veiðum með kvótum. Aukaafli í öðrum tegundum er þar ekki vandamál. Auk þess eru stundaðar veiðar úr flökkustofnum sem Færeyingar deila með öðrum þjóðum. Veiðikvótum er skipt með samkomulagi milli landa.

Virðulegur forseti. Það er þingið sem ákveður í Færeyjum. Það má höndla með sóknardaga milli skipaflokka. Meginregla er að sóknardagar eru þá keyptir eða leigðir til allt að 10 ára í senn. Ýmsar undanþágur er að finna í lögunum, t.d. er stjórnvöldum heimilt að tvöfalda fjölda sóknardaga strandveiðiskipa kjósi eigendur þeirra að veiða með handfærum. Stjórnvöld ákveða fjölda sóknardaga á hverju fiskveiðaári sem er frá 1. sept. til 1. sept. árið eftir.

Virðulegur forseti. Mér heyrist að það sem ég var að leggja til að semja um við hæstv. sjútvrh. gæti verið tiltölulega einfalt í framkvæmd. Það er í þessu dæmi, virðulegur forseti, eins og í svo mörgum öðrum að vilji er allt sem þarf. (Gripið fram í.) Það var gert, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Á tveimur mánuðum var breytt úr því kerfi sem var í Færeyjum yfir í sóknardagakerfið. Sjútvrh. flytur lagafrv. þar um á Lögþinginu eftir að hafa fengið ráð um fjölda sóknardaga fyrir næsta fiskveiðaár frá svokallaðri sóknardaganefnd. Þau ráð eru gefin eftir að fiskifræðingar, sjómenn og aðrir hagsmunaaðilar hafa gefið nefndinni umsagnir sínar. Þingið tekur síðan afstöðu til frv., samþykkir það eða fellir. Virðulegur forseti. Það sem er ástæða til að velta fyrir sér í þessari umsögn er að sjómennirnir, skipstjórarnir, hagsmunaaðilarnir eru kallaðir til, og reyndar einnig Hafrannsóknastofnunin. Það er tekið tillit til þeirra manna sem stunda veiðarnar, ráða þeirra og hugsana.

Virðulegur forseti. Fjöldi sóknardaga til hvers skipaflokks hefur reyndar oft verið til umræðu í Færeyjum meðal hagsmunaaðila og stjórnmálamanna. En síðan lögin voru samþykkt hafa verið gerðar nokkrar breytingar. Það sem er staðreynd varðandi þetta færeyska fiskveiðistjórnarkerfi er að þar hafa verið ágæt aflabrögð, bæði á bolfiski, öðrum smáfiski og uppsjávartegundum. Markaðir og afkoma fiskveiða og fiskvinnslu hafa verið með ágætum. Mjög góð sátt ríkir um kerfið eins og það er. Fiskvinnslan og útgerðin eru aðskilin með bókhaldsaðgerðum þannig að segja má að þarna hafi verið gripið til einfaldra, góðra aðgerða sem ég tel að séu til fyrirmyndar fyrir okkur Íslendinga.

Virðulegur forseti. Ég hef lítillega rætt um færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, hvernig hægt væri að koma því á í tilraunaskyni á Íslandi, en það sem ég nefndi áðan varðandi umhverfið og aðstæður í sjónum tel ég að sé ekki nándar nærri nógu mikið tillit tekið til á Íslandi. Á Íslandi og víða annars staðar eru notuð í fiskifræði líkön sem hafa þann tilgang að lýsa framrás fiskstofnanna á stærðfræðimáli miðað við gefnar ákveðnar forsendur. Tilgangurinn er m.a. sá að auðvelda mönnum að sjá hvað gerist ef forsendum er breytt. Það er af og frá að líkönin lýsi því sem raunverulega gerist. Til þess taka þau til allt of fárra þátta.

Virðulegur forseti. Það er ástæða til þess að hv. þm. sem hér eru í sal hlýði á lokaorð mín. Þau eru mjög mikilvæg vegna þess að þeir sem taka hinar endanlegu ákvarðanir um stjórn fiskveiða verða að þekkja óvissuna í þekkingu manna á svo mörgum þáttum sem hafa áhrif á stofnútreikningana og þar með veiðiráðgjöfina. Menn verða að vita að meiri hætta er fólgin í friðun þegar hún á ekki rétt á sér en að gripið sé of seint til friðunaraðgerða. Ég segi þessi orð, virðulegur forseti, vegna þess að ég veit að hér er doktor í fiskifræðum sem ég gæti vitnað til vegna nákvæmlega þessara orða, að meiri hætta er fólgin í friðun þegar hún á ekki rétt á sér heldur en að of seint sé gripið til friðunaraðgerða.

Virðulegur forseti. Þessi orð verða lokaorð mín en ég ítreka þó upphafið, að allt það sem hefur gildi í uppeldi mínu segir mér að við eigum að fara gegn íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu, taka það upp og breyta því og hefja að nýju framkvæmd á því. Ég segi eins og ég byrjaði á, virðulegur forseti, að sá rúnasteinn, sá leiðarvísir, sem ég held á í höndum mínum mun vísa mér leið þannig að ég missi ekki af endamarki, og að takmarkið verði alltaf ljóst, þ.e. að breyta og leggja af það íslenska fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum nú við.

Virðulegur forseti. Með þessum orðum og þeirri tilvitnun sem ég hafði í þennan rúnastein sem galdramaður á Ströndum afhenti í dag lýk ég ræðu minni.

[21:38]

Útbýting þingskjala:

Olíugjald og kílómetragjald, 738. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1453.

Vörugjald af ökutækjum, 739. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1454.

[21:39]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við vorum nokkuð langt fram eftir í gærkvöldi eða fram á nóttina svolítið, og mér finnst farið að teygjast úr þessum degi líka. Þessi dagur er líka dálítið sérstakur því að á morgun er 1. maí og ég geri ekki ráð fyrir því að þeir sem stjórna í Alþingi vilji ganga á rétt þeirra sem halda þann dag hátíðlegan. Ég spyr þess vegna hæstv. forseta hvort ekki sé orðið ljóst hve lengi verði haldið áfram í kvöld. Mér finnst ekki ganga að það verði með sama brag og síðustu nótt. Er eitthvert svar að fá við þessum spurningum?

(Forseti (GuðjG)**:** Þessi áminning var óþörf. Forsetar þingsins hafa ákveðið að þessum fundi ljúki þannig að starfsfólk þingsins komist heim áður en þessum sólarhring lýkur.)

[21:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þetta er orðinn langur dagur annan sólarhringinn í röð í þinginu, og eins og kom fram áðan er frídagur verkalýðsins, 1. maí, á morgun. Ég mun því stytta mál mitt eftir föngum af tillitssemi við starfsfólk okkar í þinghúsinu þannig að við getum lokið þessu á skikkanlegum tíma.

Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Það er einkum þrennt sem ég vil gera athugasemdir við í þessu frv. Auðvitað liggur ljóst fyrir að við í stjórnarandstöðunni með okkar sýn á sjávarútvegsmál erum ósammála þeim aðferðum sem beitt er hér til að laga fiskveiðistjórnar-

kerfið, og teljum að í raun og veru sé aðeins verið að plástra núverandi kerfi.

Ef við lítum á 1. gr. er hún vonbrigði fyrir okkur í sjútvn. Ég er að vísu áheyrnarfulltrúi þar en í greininni segir að afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunar falli ekki undir ákvæði laganna. Eins og margir nefndarmenn aðrir í sjútvn. tel ég að það hafi verið eiginlega einróma vilji innan nefndarinnar að í þessi máli yrði opnað fyrir aðkomu annarra. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að það eru allt aðrar aðstæður í samfélaginu í dag. Það eru bæði nýir háskólar og rannsóknastofnanir sem e.t.v. mundu vilja koma að rannsóknarverkefnum. Ég tel mjög miður að ekki skuli hafa verið opnuð leið til að aðrir en bara þeir sem eru á vegum Hafrannsóknastofnunar eða með umsögn hennar geti stundað rannsóknir. Mér finnst miður að þetta skuli hafa komið svona út í frumvarpstextanum vegna þess að það er mitt mat að fleiri ættu að fá að koma að rannsóknum, og ég hef stuðning í málflutningi annarra nefndarmanna í hv. sjútvn. Vilji manna stóð til þess að þetta væri hægt. Og ég bendi á að gráupplagt væri að stöðvar eins og Háskólinn í Akureyri, menntasetur eins og Hólaskóli og fleiri kæmu að þessu verkefni, auðvitað á vísindalegum forsendum.

Síðan er stóra málið í þessu frv. hið svokallaða veiðigjald. Það er gaman að fara í gegnum þá þróun sem hefur orðið í umræðunni sem varð til þess að útvegurinn gekkst inn á að greiða veiðigjald. Ég tel fyrir mína parta og á grunni þeirrar stefnu sem við stöndum fyrir að þetta sé alveg óaðgengileg aðferð. Í okkar huga, hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hefur aldrei verið meginmarkmiðið að taka gjald af útveginum heldur að stýra sókninni í stofnana með það að markmiði að byggja þá upp og varðveita til hámarksafraksturs. Þá væri hægt að beita veiðigjaldsaðferðum. Ég veit að hv. þingmenn sem sitja í horninu síðla kvölds eru sammála mér um að meginmarkmið með gjaldtöku sé að hún sé notuð sem stýritæki. Ég tel að sú aðferð sem hér er sett fram í frv. sé fyrst og fremst komin til vegna þess að sjávarútvegurinn býður þessa lausn og telur að hún verði til þess að friðþægja almenning sem er mjög óánægður með fiskveiðistjórnarkerfið.

Ég hafði sett fram í bollaleggingum mínu um gjaldtöku á grunni þess að hún ætti að vera til þess að stýra því hvernig við förum í auðlindina, þá er allt annað uppi á teningnum heldur en fyrir fram gefin tala upp á 2–2,5 milljarða sem útvegurinn er tilbúinn að borga eftir þeim formúlum sem settar eru fram í frv. Síðan er það algerlega andstætt hugmyndum okkar um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu að stuðla sýknt og heilagt að auknum möguleikum manna á hlutdeild í tegundir. Í upprunalega frv., þó að menn hafi dregið nokkuð í land með það, þá voru menn komnir svo langt að það átti að vera leyfilegt að fara upp í 50% kvótans í ýsu, ufsa, karfa og grálúðu, 20% í síld, loðnu og úthafsrækju og síðan 12% í þorski.

Nú er búið að draga nokkuð í land í tegundunum en samt er aukning t.d. í karfanum sett upp í 35%. Maður skilur ekki hvað rekur menn til þess að standa þannig að málum nema auðvitað af málflutningi stjórnarmeirihlutamanna sem vilja stöðugt fækkun og stækkun fyrirtækja og tala um svokallaða hagræðingu og þá fara menn auðvitað þessa leið og þó að við tökum þessi þök, þá mun ekkert útgerðarfélag í landinu vera komið upp í þak. Það er frekast að Grandi sé kominn nærri því að ég tel í karfanum upp í svo sem 19% þannig að maður sér ekki nauðsynina á því að fara þessa leið.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, ég vil koma því að hér, viljum nálgast þessi mál á allt annan hátt. Við viljum ekki láta markaðsöflin ráða. Við viljum fara blandaða leið fyrningar aflaheimilda og taka gjald fyrir veiðileyfi. Það hefur margoft verið útlistað í ræðustól á hv. Alþingi hvernig við viljum fara í þessi mál.

Það kom fram í ræðum manna í dag að miklar breytingar hefðu átt sér stað í veiðimannasamfélaginu og menn yrðu að átta sig á því, þetta kom fram hjá fulltrúa Samfylkingarinnar í dag, að markaðsvæðing útgerðarinnar kallaði á að slík samþjöppun yrði og menn yrðu að átta sig á staðreyndum lífsins hvernig aflaheimildir færu frá sjávarbyggðum o.s.frv. Ef við veltum fyrir okkur því dæmi að markaðurinn sé látinn ráða og fækkun og stækkun fyrirtækja á grunni laga eins og hér eru til umfjöllunar heldur áfram, þá vitum við alveg afleiðingarnar. Afleiðingarnar eru gríðarleg blóðtaka fyrir sjávarbyggðir landsins.

Í frv. eru tímabundnar heimildir, svokallaðir byggðapottar sem eru ætlaðir til notkunar á meðan þetta ástand varir til þess að slökkva eldana í hinum dreifðu sjávarbyggðum og lina sárustu þjáningarnar. Verið er að tala um potta af ýmsu tagi sem geta farið upp í 12–15 þús. þorskígildistonn þegar allt er talið. Þetta er alls ekki sú aðferð sem við viljum sjá að verði farin, alls ekki. Þessi dúsa með byggðakvótana er eins og ég segi bara ætluð til þess að brúa það bil sem menn telja sig þurfa að komast yfir meðan þessi hagræðingaralda gengur yfir og verið er að koma útgerðinni á fáa stóra aðila sem geti stundað þetta á hagkvæman hátt eins og sagt er. Þetta er ekki sú sýn sem við höfum hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, enda höfum við lagt fram allt aðrar tillögur í þessu efni.

Ef rökin fyrir hagræðingu í þessum anda á grunni laganna og á grunni þeirrar stefnu sem keyrð er, eru þau að svo miklu meira og betra fáist út úr auðlindinni ef þetta er gert, hvers vegna förum við þá ekki við skulum segja á evrópskan grunn í þeim hugsunarhætti? Ef ekki er hægt að tengja grunnnotkun auðlindarinnar og það að fara í hana við sjávarbyggðir landsins að einhverju leyti, hvers vegna vilja Íslendingar þá notast við þá hugmyndafræði að binda langmest af aflanum á Íslandsmiðum við Ísland? Það erum við sammála um að gera. Hvers vegna erum við sammála um að gera það? Það er vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að ef markaðsöfl heimsins væru látin ráða, þá mundu menn sækja í þetta hvaðanæva að og við mundum missa gríðarlegar tekjur úr landi. Sömu hugmyndafræði og þessa um að vernda aðgang okkar að auðlindinni, smækkaða niður í að vernda aðgang einstakra byggðarlaga og rétt þeirra að auðlindinni má færa þangað alveg með sömu rökum og við notum varðandi rétt okkar Íslendinga sem þjóðar til að fara í heildarnýtingu á fiskstofnunum í kringum Ísland. Í raun og veru er sú hugmyndafræði viðurkennd mjög víða. Hún er meira að segja viðurkennd í Bandaríkjum Norður-Ameríku þar sem sjávarbyggðum er treystur réttur.

Ef við ætlum að halda sjávarbyggðum landsins gangandi, þá verður sá grunnveiðiréttur þess fólks sem hefur áunnið sér hann í gegnum áratugina og árhundruðin að vera tryggður. Það hefur ekkert með það að gera að ekki sé hægt að stunda útgerð á markaðsgrunni. Það er umráðaréttur auðlindarinnar sem er í höndum þeirra aðila sem nýtingarréttinn hafa og útgerð sem er stunduð á markaðsgrunni núna er stjórnað af okkur sjálfum á hinu háa Alþingi, þ.e. auðlindir sjávar í lögsögu Íslendinga. Ég veit ekki hvernig menn sjá þessa hluti

fyrir sér þróast ef hægt er gersamlega að strika yfir rétt fólks til grunnafkomu. Það er borðleggjandi að sjávarbyggðum landsins blæðir út ef haldið verður áfram á þeirri braut. Ef það er það sem hæstv. ríkisstjórn vill, þá á auðvitað að grípa til mótaðgerða þegar menn stjórna með slíkum aðferðum og bæta mönnum það sem frá þeim er tekið í raun og veru. Auðvitað á að gera það ef menn ætla að fara þá leið. Og pottakerfið sem er innbyggt í frv. er hábölvað. Það er ölmusugjafakerfi, það er geðþóttakerfi. Það er ekki kerfi sem gefur mönnum grunn til þess að byggja á af stolti og virðingu á eigin verðleikum. Þess vegna gengur þetta kerfi ekki. Það mun alltaf verða litið á það bæði af stjórnvöldum og af þeim sem njóta sem ölmusugjöf. Í veiðiskap geta menn ekki unnið á þeim forsendum því miður. Svo vel þekki ég mitt fólk. Það er vonlaust mál.

Það verður að breyta grunninum og þess vegna höfum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lagt fram okkar grunn að sjávarútvegsstefnu okkar þar sem ég eins og ég sagði áðan viljum fara blandaða leið, fyrningarleið og greiðslu fyrir veiðiheimildir. Við höfum lagt fram tillögu um hvernig við viljum fara í þessi mál vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að slíkar breytingar eru fyrir margra hluta sakir ekki neitt áhlaupaverk. Tillögurnar okkar byggja í grófum dráttum á því að við viljum að hafin verði fyrning og fyrning veiðiréttar eða aflahlutdeildar verði fyrnd um 5% á ári og það verði línuleg fyrning. Og til að auðvelda þeim sem eru í útgerðinni á núverandi forsendum aðlögun að breyttum aðstæðum, þá verði útgerðinni gert mögulegt að halda 3% af þeim 5% sem árlega eru fyrnd fyrstu sex árin. Þessum 3% aflaheimildum ræður útgerðin sem eins konar biðkvóta sem er greitt fyrir með sérstökum afnotasamningi við ríkið til sex ára og síðan að sex árum liðnum bætast 3% aflaheimilda ár frá ári við þær sem fyrndar eru árlega, þ.e. 5%.

Fyrstu sex ár tímabilsins losna þannig 2% á ári til ráðstöfunar en 3% sofa í svokölluðum biðkvóta sem maður má kalla. Að sex árum liðnum yrði búið að fyrna um 12% en 18% af aflaheimildunum væru í biðhólfi núverandi útgerða, ef þeim sýndist svo, og síðan að 12 árum liðnum yrði þannig búið að fyrna um 60% aflaheimilda og biðkvótinn að fullu fyrndur. Fyrningin heldur síðan áfram um 5% á ári og yrði að fullu lokið á 20 árum.

Á grunni þessarar aðferðar til að breyta um kerfi þá hefst gjöf upp á nýtt, nýr grunnur að því hvernig við ætlum að halda á þessu til framtíðar. Við viljum að þriðjungur þeirra aflaheimilda sem fyrnast á hverju ári verði boðinn upp á landsmarkaði og útgerðum gefinn kostur á að leigja þær heimildir til sex ára í senn og fiskvinnslum sem stunda frumvinnslu sjávarafla gefist einnig kostur á að bjóða í veiðiheimildir í hlutfalli við raunverulega vinnslu þeirra undangengin ár og samkvæmt nánari reglum sem yrðu um það settar. Leigutekjum vegna þessara aflaheimilda skal skipt milli ríkis og sveitarfélaga eftir nánari reglum sem settar verða.

Síðan kemur þessi grunnréttur sem við teljum að sé fyrir allar sjávarbyggðir landsins mannréttindamál, grunnrétturinn. Þess vegna viljum við taka $^1/_3$ í uppgjöfina upp á nýtt að annar þriðjungur þeirra aflaheimilda sem fyrnast á hverju ári verði til byggðatengdra ráðstafana fyrir sjávarbyggðir umhverfis landið og við skiptingu veiðiréttindanna milli sveitarfélaga verði byggt á vægi sjávarútvegs, veiða og/eða vinnslu, í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga og hlutfallslegu umfangi innan greinarinnar að meðaltali síðustu 20 ár og um þessa skiptingu verði settar nánari reglur að viðhöfðu víðtæku samráði þeirra sem hagsmuna eiga að gæta.

Hlutaðeigandi sveitarfélög ráðstafa þeim þriðjungi veiðiheimilda fyrir hönd þeirra sjávarbyggða sem þeim tilheyra og sveitarfélögin geta á eigin forsendum leigt út veiðiheimildir eða ráðstafað með öðrum almennum hætti á grundvelli jafnræðis en þeim er einnig heimilt að verja hluta af veiðiheimildunum tímabundið til að styrkja hráefnisöflun og efla fiskvinnslu innan viðkomandi byggðarlaga. Þannig öðlast þau tækifæri til að efla vistvænar veiðar, styrkja staðbundna báta og dagróðraútgerð, gæta hagsmuna sjávarjarða og auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti í sjávarútvegi. Byggðarlögunum yrði óheimilt að framselja byggðatengd veiðiréttindi varanlega frá sveitarfélagi. Kjósi sveitarfélögin að innheimta leigugjald fyrir aflaheimildir renna tekjurnar til viðkomandi sveitarfélags.

Síðan verði síðasti þriðjungurinn fyrndra aflaheimilda á hverju ári boðinn þeim handhöfum veiðiréttarins sem fyrnt er frá endanlega gegn hóflegu kostnaðargjaldi á grundvelli sérstaks afnotasamnings til sex ára í senn. Samningnum fylgir sú kvöð að réttindin verði aðeins nýtt af viðkomandi aðila og ráðstöfun þessa hluta aflaheimildar verði tekin til endurskoðunar áður en 20 ára fyrningartímabilinu lýkur.

Virðulegi forseti. Í tillögum okkar eru einnig ýmsar hugmyndir um hvernig við viljum stuðla að því að bæta umgengnina um auðlindina. Við höfum hugmyndir um nýtingarstuðla og fleira í þeim dúr til að freista þess að byggja upp fiskstofnana. Það er nauðsynlegt. Frv. sem hér er til umfjöllunar gengur í raun í þveröfuga átt við það sem við viljum sjá í þessari grein. Maður ber kvíða í brjósti gagnvart því ef á að ganga enn lengra og gera mönnum kleift að verða enn þá stærri í greininni og síðan að fara um landið með þessa byggðakvóta ríkisstjórnarinnar og slökkva stærstu bálin hér og þar. Þetta mun aldrei virka. Það sjá allir.

Við komum að því í umræðunni í dag, varðandi steinullarverksmiðju sem er allsendis óskylt mál, að höfuðvandamálið fyrir mig við að búa úti á landi, kannski að hálfu ástæða þess að fólk flytur, er öryggisleysistilfinningin. Það er stóra málið. Alls staðar þar sem upp kemur öryggisleysiskennd og fólk lítur framtíðina ekki björtum augum, sé brestur í stoðfyrirtækjum viðkomandi byggðarlags, brestur flótti í liðið. Jafnvel þó að ekkert hafi gerst efnahagslega gagnvart viðkomandi fjölskyldum grípa þær slík tækifæri. Ef við ætlum að treysta byggð um landið verður grunnrétturinn að vera réttur viðkomandi svæðis til nýtingar auðlindarinnar. Það verður aldrei nein byggð um landið nema menn geti byggt á stolti og virðingu. Menn verða aldrei ánægðir í dreifbýli nema þeir séu sjálfs sín herrar. Annað er ekki hægt.

Menn munu aldrei þrífast í dreifbýli á styrkjum, eins og margoft hefur komið fram á hinu háa Alþingi. Það er ekki hægt að styrkja menn til að gera ekki neitt í sjávarplássum þar sem illa hefur farið. Það hafa menn látið sér um munn fara hér. Það gengur aldrei heldur. Það er bráðnauðsynlegt fyrir okkur að finna nýjan grunn og þróa okkur inn á nýjar brautir í þessu efni. Þetta frv. heldur bara skrúfunni áfram eins og hún hefur verið undanfarin tíu ár, óbærilega þétt með öllum þeim afleiðingum sem því fylgja. Við hér inni getum öll gert okkur í hugarlund hvert framhaldið verður bara á næstu missirum og árum. Það er augljóst og þarf ekki mikla spekinga til að átta sig á henni. Þess vegna er svona upplegg gersamlega ótækt.

Það sem veldur mér mestum áhyggjum í framhaldinu er að e.t.v. nær hugsun þeirra sem setja frv. fram á þennan hátt

og keyra þessa stefnu út fyrir landsteinana. Þá er verið að tala um Ísland gagnvart Noregi og Evrópusambandslöndunum í hnapp en ekki Ólafsfjörð gagnvart Íslandi. Þannig eru leikreglurnar. Það er hægt að hugsa sér að mönnum detti í hug að þetta eigi að vera á þvílíkum markaðslegum forsendum að ekki sé nokkur ástæða til að girða fyrir að þessi þjóð eigi ein og sér að hafa aðgang að þessum auðlindum, þetta verði að vera á markaðslegum forsendum og það muni gera landinu best. Er ekki alveg opin leið í þá átt? Þurfa menn kannski að hugsa mjög langt fram í tímann til að sjá það fyrir sér? Ekki þeir markaðshyggjumenn sem ég hef talað við. Þeir geta vel hugsað sér að Røkke taki þetta. Leyfið fari til eins fyrirtækis sem borgi okkur einhverja milljarða fyrir. Svona er hugsað. Og menn verða bara að átta sig á því. Þannig er hugsunin í þessu þjóðfélagi.

Það er óskaplega flott fyrir suma að geta verið hér á vaxtarsvæðinu á höfuðborgarsvæðinu, belgt sig og hrist hausinn yfir stöðu sjávarplássa víðs vegar um landið, og sagt hér í ræðustólnum að það hafi hvort eð er enginn grundvöllur verið fyrir þessu. Það er voðalega flott að geta gert það. En ætli hinir sömu aðilar segðu það sama ef þróunin heldur áfram eins og ég er að lýsa henni sem gæti vel gerst? Ætli það kæmi ekki annað hljóð í strokkinn ef það mundi gerast gagnvart landinu í heild sinni og við hefðum ekki þær tekjur inn í samfélagið eins og við höfum nú af þessari auðlind? Það er mjög raunhæfur möguleiki miðað við þá pólitík sem stunduð er.

Komi bakslag í rekstur stórútgerðanna gera þær náttúrlega eins og allir gera í rekstri, losa eignir eða fá aðra til liðs við sig. Það getur gerst ótrúlega fljótt. Þá erum við ekki að tala um Raufarhöfn, Þórshöfn, Ísafjörð eða Ólafsfjörð. Þá erum við að tala um landið allt, nýtingarrétt á þessari auðlind og tekjur af henni. Mér finnst því mikilvægt að við berum gæfu til þess á hinu háa Alþingi að vinda ofan af þessu óheillakerfi og gefa upp á nýtt. Við áttum okkur öll á því að stærstu vandamálin eru í bolfiskveiðunum. Um þær stendur langmesti styrinn. Þær eru mikilvægastar fyrir undirstöðu afkomu hinna dreifðu byggða og á þeim nótum vil ég sjá að við förum í þessi mál.

Sú hagræðingarbylgja sem hér er keyrð, fækkun og stækkun fyrirtækja, getur reynst okkur dýrkeypt þegar upp er staðið. Það er þess vegna, virðulegi forseti, sem við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum andvíg þessu frv. Í því er ekkert samkvæmt okkar nótum. Ég nefndi rannsóknarþáttinn þar sem við vildum, eins og flestir í hv. sjútvn, að fleiri mættu koma að. Við erum heldur ekki sammála gjaldtökunni sem ég tel að sé á kolvitlausum grunni og með rangri hugsun vegna þess að ef samfélag vill fara í gjaldtöku fyrir auðlind er það númer eitt, tvö og þrjú til að skapa verkfæri til að stjórna hvernig farið skuli með auðlindina. Það á að vera grunnhugsunin, verkfæri til þess, annaðhvort að lina sóknina eða herða á henni o.s.frv. Það á ekki að vera gjaldtaka sem menn ímynda sér að sætti óánægða þjóð við hvernig þessi mál ganga.

Síðan eru það byggðakvótarnir. Ég hef lýst því hér að grunnhugsunin varðandi byggðakvótana sé að lina þjáningarnar á meðan fjarar undan. Til þess er hægt að nota 12–15 þús. tonn með ýmsum aðgerðum en þetta gengur ekki, er ekki sá grunnur sem hægt er að byggja á.

Í dreifbýlinu — ég vil ekki að það misskiljist — er fólk fyllilega meðvitað um að það hefur aldrei örugga afkomu. Það þekki ég frá fjölskyldu minni sem var í útgerð á Siglufirði. Menn vissu alveg að eitt árið gat verið gott, tvö slæm og síðan þrjú mjög góð. Fólk er meðvitað um þetta. En vonin um að hlutirnir verði betri næsta ár og rétturinn til nýtingar er alger forsenda þess að menn setjist að, lifi og dafni og séu ánægðir í dreifbýli. Þannig er bara staðan. Ef við ætlum að taka frá dreifbýlinu með hagræðingaráráttunni, með verksmiðjuvæðingunni og þeim verkfærum sem menn hyggjast nota hér áfram, erum við á rangri braut. Sú vegferð þarf ekkert að enda með því að tryggt verði að landið sem heild hafi áfram afkomu af þessari auðlind til lengri tíma litið. Ef menn gera þessar hugmyndir grunninn að því hvernig þeir ætla að stýra nýtingu þessara auðlinda gæti það allt eins orðið uppi á teningnum innan örfárra ára að ekki skipti máli hvort ÚA, Grandi eða Røkke í Noregi taki þetta, sé það gert á hagkvæman hátt. Þannig hugsa menn í glerhúsi, þeir sem fletta verðbréfum og leika sér með þau sín á milli. Þar ríkir allt öðruvísi hugsun.

Þess vegna, virðulegi forseti, munum við ekki styðja þetta og vonumst til þess að við fyrsta tækifæri verði hægt að hefja markvissa umræðu um nýja sýn, nýjar leiðir og nýjan grunn fyrir nýtingu auðlinda hafsins við Ísland.

[22:12]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Nú er 3. umr. hafin um þetta mikla deilumál. Menn hafa svo sem farið yfir æðimargt sem ástæða er til að tala um. Ég vil þó, áður en ég held lengra, taka upp þráðinn í framhaldi af því sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson ræddi áðan, þ.e. þeirri hættu sem getur stafað af réttinum til nýtingar á auðlindinni við ríkjandi fyrirkomulag.

Ég sé fyrir mér að sá einkaeignarréttur sem menn hafa fengið útgerðarmönnum hér á landi geti innan mjög fárra ára orðið afar hættulegur og þjóðin geti hreinlega misst arðinn af þessari auðlind úr landi. Af hverju er ég að segja það? Það er vegna þess að hér er í gangi umræða um að Ísland tengist meira löndunum í kring, í Evrópusambandinu, en það hefur gert fram að þessu. Áhrifamiklir stjórnmálamenn hér í landi eru mjög áhugasamir um þetta. Sumir ganga svo langt að lýsa því yfir að þeir vilji að við sækjum um og láta reyna á aðildarumsókn.

Ég verð að segja að sú umræða sem hefur verið í gangi um þetta hefur að töluverðu leyti litast af umræðu um sjávarútvegsmál. Inntak hennar hefur verið að mesta hættan sé fólgin í því, ef af aðild verður, að Íslendingar ráði ekki lengur yfir auðlindinni og nýtingu á henni vegna þeirra reglna sem í Evrópusambandinu gilda. Ég hef ekki látið sannfærast um að þessi rök muni þegar til kastanna kemur ráða úrslitum um hvort Íslendingar sæki til enda að fá aðild að Evrópusambandinu. Ég hef hins vegar velt fyrir mér hvort sjávarútvegsstefna okkar sjálfra sé ekki þrándur í götu þess að menn geti gengið svo langt að láta sér detta í hug að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Mín niðurstaða er sú að einkaeignarhaldsfyrirkomulagið sem gildir sé gersamlega útilokað ef láti menn sér detta í hug að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég ætla að rökstyðja þetta aðeins nánar. Ég held að þetta þurfi í raun ekkert mjög flókinn rökstuðning.

Við höfum alveg módelið af því hvernig einkaeignarhaldið virkar hérna heima. Það er þannig að þeir sem eiga veiðiheimildir nota þær til þess að láta aðra fiska fyrir sig og vinna svo fiskinn eða selja hann sjálfir eftir að þeir hafa fengið hann í hendur frá þeim sem hafa veitt. Í vetur hefur þetta t.d. verið þannig, svo að ég nefni dæmi, að eitt af þessum stóru fyrirtækjum við Eyjafjörð, ÚA, hefur látið fyrirtæki

á Reykjanesi fiska fyrir sig í net. Fyrir stóran netafisk hefur fengist í vetur milli 200 og 300 kr. á kílóið. En þeir sem hafa verið að fiska fyrir ÚA hafa fengið 50 kr. fyrir kílóið.

Ef við setjum þetta í annað samhengi og látum okkur detta í hug að einhvers konar matvælakeðjur eða auðhringar á matvælasviði sæju sér hag í því að vilja versla með íslenskan gæðafisk og teldu hag sínum best borgið með því að kaupa sig inn í útgerð á Íslandi eftir að Ísland væri komið í Evrópusambandið, hvað ætti þá svo sem að standa í vegi fyrir því? Halda menn virkilega að ef Íslendingar gengju í Evrópusambandið þá gætu þeir bannað öðrum í Evrópusambandinu, þ.e. atvinnurekendum, að taka þátt í útgerð á Íslandi? Það er fráleitt. Það er alveg ljóst að ákvæði eins og þau að einhverjir aðrir gætu ekki fjárfest í útgerð á Íslandi mundu aldrei ganga innan Evrópusambandsins. Það mundi þýða að matvælakeðjur og aðrir slíkir gætu fjárfest í sjávarútvegi á Íslandi og þar með komist í þá stöðu sem ég var að lýsa hérna áðan. Hvað er hættulegt við það? Það sem er hættulegt við það er að þá getur allur arðurinn runnið úr landi. Fiskurinn gæti verið fluttur úr landi á fimmtíukallinum og það er það sem verður eftir á Íslandi, þ.e. það grunnverð sem fæst fyrir að veiða fiskinn og koma með hann að landi. Þetta finnst mér vera nokkuð sem þarf að horfast í augu við. Að vísu gengur sú stefna sem Samfylkingin hefur mótað út á að innkalla veiðiheimildir með svokallaðri fyrningaleið. Um leið og búið væri að taka slíka ákvörðun væri sú hætta liðin hjá að þetta mundi gerast með þessum hætti einfaldlega vegna þess að allir sem fengju veiðiheimildir í hendur eftir að slíkt kerfi væri komið á þyrftu að kaupa þær heimildir eða öllu heldur leigja þær til sín til tiltekins ákveðins tíma og síðan væru þær aftur til reiðu frá hendi hins opinbera á Íslandi eftir þennan tiltekna tíma.

Ég held að menn þurfi að taka til heima hjá sér hér á Íslandi ekki síður en skoða reglur Evrópusambandsins um sjávarútvegsmál þegar þeir velta því fyrir sér hvort Ísland eigi að gerast aðili að Evrópusambandinu. Ég held að það sé alveg kominn tími til þess að menn fari yfir þennan þátt málsins. Þess vegna er umræðan um það sem auðlindanefndin lagði til, þ.e. að sett yrði ákvæði í stjórnarskrá um eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni, líka nauðsynleg. Í umræðum á Alþingi fyrir fáeinum dögum síðan varð sá atburður að hæstv. forsrh. lýsti því yfir að hann teldi að yfir það þyrfti að fara og að væri hluti af þessu máli, þ.e. hvernig stjórn fiskveiða verði fyrir komið, að setja ákvæði af þessu tagi í stjórnarskrá. Ekki var hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að til stæði að leggja fyrir Alþingi á næsta þingvetri tillögu um breytingu á stjórnarskránni sem yrði þá samþykkt áður en kosið verður næst.

Því miður verð ég að segja alveg eins og er að dálítill hrollur fer niður bakið á mér ef það er þannig að hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin telur að hægt sé að setja ákvæði í stjórnarskrá af því tagi sem ég nefndi áðan og auðlindanefndin lagði til og að það ákvæði geti gengið heim og saman við þær tillögur sem við erum hér með í höndunum þar sem blákalt er gert ráð fyrir því að þeir sem hafa fengið afhentar veiðiheimildir til nota fram að þessu eigi að fá þær áfram og aðrir eigi ekki að eignast nokkurn rétt, þ.e. að ekki eigi að mynda jafnræði með neinum hætti til að nýta auðlindina en samt eigi að vera hægt að setja í stjórnaskrá ákvæði sem gengur út á það að hið opinbera megi ekki afhenda þjóðarauðlindir í hendur manna öðruvísi en að fyrir það sé tekið gjald. Ég hef alltaf skilið það beinlínis svo að ef þannig er staðið að málum á annað borð sé jafnræði orðið hreinlega hluti af þessu máli öllu saman og að hlutverk opinberra aðila sé ekki síst að sjá til þess að ævinlega sé gætt jafnræðis þegar gæðum frá hinu opinbera sé komið til þeirra sem nýta. Öllum þykir sjálfsagt og eðlilegt að krefjast þess ef boðið er t.d. út að grafa skurð fyrir hið opinbera að það sé gert þannig að allir eigi möguleika til þess að taka þátt í útboðinu þannig að einhvers konar jafnræði ríki milli þeirra sem eiga möguleika á að vinna þetta verkefni. En þegar kemur að þjóðarauðlindinni sjálfri er hægt að velja menn út frá einhverjum löngu liðnum tíma til þess að þeir geti auðgast af henni. Og þjóðarauðlindin okkar er ekki lítils virði.

Einhvers staðar hef ég í pússi mínu mat þess manns sem einna mest hefur verið litið upp til og mest er notaður til að vitna í um ágæti kvótakerfisins, á því hvers virði þjóðarauðlindin er, þ.e. hver virðisaukinn í þjóðarauðlindinni er miðað við kvótakerfið. Ég er með í höndum lítið hver sem fræg stofnun sem heitir Stofnun Jóns Þorlákssonar gaf út. Enn frægari maður hefur með það fyrirtæki að gera, Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Í þetta kver frá 1991 skrifar m.a. dr. Ragnar Árnason, prófessor í fiskihagfræði. Í grein sinni í þessari bók sem heitir: Er kvótakerfið hagkvæmt? segir hann, með leyfi hæstv. forseta, og þá vitna ég í fyrsta tölusetta kafla ritsins:

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður hv. þm. að fresta flutningi ræðu sinnar þegar vel stendur á. Honum er velkomið að lesa þetta sem hann er að byrja á. Síðan þegar vel stendur á biður forseti hann að fresta flutningi þessarar ræðu því að nú stendur til að slíta þessum fundi.)

Hæstv. forseti. Það mun ég þá gera innan fárra mínútna. En mig langar til þess að klára hluta þessarar tilvitnunar vegna þess að ég var að nefna að menn teldu að með því að koma á kvótakerfi yrði afskaplega mikill virðisauki í útgerð á Íslandi. En hér stendur, og þetta skrifar frægur prófessor í fiskihagfræði, Ragnar Árnason:

„Landgrunnið og fiskstofnana ber auðvitað að skoða sem hverja aðra náttúruauðlind. Sé þessi auðlind nýtt skynsamlega getur hún gefið af sér mikinn hreinan arð árlega. Með hreinum arði er hér átt við virðisauka umfram allan kostnað, þar á meðal vinnulaun og fjármagnskostnað. Athuganir benda til þess að þessi hreini arður geti hæglega verið á bilinu 15–20 milljarðar árlega miðað við verðlag ársins 1991." — Þ.e. fyrir 11 árum síðan. — „Þessi upphæð er af sömu stærð og allir tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja. Þetta merkir að væru fiskstofnarnir nýttir með hagkvæmasta hætti væri frá tæknilegu sjónarmiði unnt að fella niður tekjuskatt á Íslandi."

Nú ætla ég ekki að vitna í lengri texta. Þó svo að menn taki ekki endilega nákvæmlega mark á því sem þarna er sagt um upphæðir þá ég held að enginn þræti fyrir það að þessi auðlind okkar Íslendinga er gífurlega mikils virði í fjármunum talið. Þess vegna er fullkomin ástæða til þess að gefa gaum að því hvernig við stjórnum aðgangi að þeim gæðum sem þarna er um að ræða. Ég mun ræða það betur þegar ég held áfram ræðu minni síðar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3., 5., 8., 10., 15.–25. og 32.–48. mál.

Fundi slitið kl. 22:28.

135. FUNDUR

fimmtudaginn 2. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1425, brtt. 1288. — 3. umr.

2. Stefna í byggðamálum 2002–2005, stjtill., 538. mál, þskj. 843, nál. 1407, 1410 og 1439. — Síðari umr.

3. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 505. mál, þskj. 1447. — 3. umr.

4. Búfjárhald o.fl., stjfrv., 338. mál, þskj. 1449. — 3. umr.

5. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 630. mál, þskj. 1450. — 3. umr.

6. Varnir gegn landbroti, stjfrv., 504. mál, þskj. 1451. — 3. umr.

7. Útlendingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 698 (með áorðn. breyt. á þskj. 1143, 1387). — 3. umr.

8. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 616. mál, þskj. 1432. — Frh. 3. umr.

9. Húsnæðismál, stjfrv., 710. mál, þskj. 1433. — 3. umr.

10. Flugmálaáætlun árið 2002, stjtill., 681. mál, þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210. — Síðari umr.

11. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 680. mál, þskj. 1096, nál. 1278 og 1428, brtt. 1279. — Síðari umr.

12. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.

13. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327. — 2. umr.

14. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — 2. umr.

15. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 605. mál, þskj. 952, nál. 1198 og 1405, brtt. 1406. — 2. umr.

16. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 378. mál, þskj. 612, nál. 1009 og 1012, brtt. 1152. — 2. umr.

17. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360. — 2. umr.

18. Skráning skipa, stjfrv., 285. mál, þskj. 347, nál. 1332 og 1398. — 2. umr.

19. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 575. mál, þskj. 902, nál. 1333, brtt. 1334 og 1373. — 2. umr.

20. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — 2. umr.

21. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974, nál. 1426 og 1437, brtt. 1427 og 1438. — 2. umr.

22. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910, nál. 1372. — 2. umr.

23. Verslunaratvinna, stjfrv., 607. mál, þskj. 954, nál. 1408, brtt. 1409. — 2. umr.

24. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 1362, brtt. 1404. — Frh. 3. umr.

25. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264, nál. 1375 og 1381. — 2. umr.

26. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44, nál. 1374. — Síðari umr.

27. Íslenskur ríkisborgararéttur, frv., 715. mál, þskj. 1178. — 1. umr.

28. Vopnalög, frv., 40. mál, þskj. 40, nál. 1228. — 2. umr.

29. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — 2. umr.

30. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Síðari umr.

31. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Síðari umr.

32. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Síðari umr.

33. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Síðari umr.

34. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Síðari umr.

35. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Síðari umr.

36. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Síðari umr.

37. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Síðari umr.

38. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Síðari umr.

39. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Síðari umr.

40. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1371. — Síðari umr.

41. Lýðheilsustöð, stjfrv., 707. mál, þskj. 1144. — 1. umr.

Ef leyft verður.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Athugasemdir um störf þingsins.
Upplýsingar um þingmál.

[10:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrst á dagskrá þingfundarins er ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Nú er liðinn sá tími að þingmönnum gefist kostur á því að setja fram fyrirspurnir, hvort heldur munnlegar eða skriflegar, á annan hátt en þann sem fram fer í umræðu í þinginu.

Ég tel mjög mikilvægt að þingið fái miklu gleggri upplýsingar um allt sem snýr að þessu máli. Sérstaklega vil ég beina því til hæstv. fjmrh. og hæstv. iðn.- og viðskrh. að þingið fái upplýsingar um öll þau fyrirtæki sem leitað hafa hófanna á þessu sviði, óskað eftir stuðningi beint eða óbeint af hálfu stjórnvalda um starfsemi hér á landi.

Hæstv. fjmrh. þarf að upplýsa þingið um þetta og hæstv. iðnrh.- og viðskrh. þarf að gera það einnig. Hafa innlend og erlend fyrirtæki leitað upplýsinga hjá stjórnvöldum um hugsanlega starfsemi hér á landi og hefur verið leitað eftir beinum eða óbeinum stuðningi? Mér finnst mjög mikilvægt að báðir þessir hæstv. ráðherrar veiti þinginu upplýsingar um þetta áður en umræðum um málið lýkur á Alþingi. (**Fjmrh.:** Gera það bara í umræðunni.) (**KHG:** Málið er ekki komið á dagskrá.)

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Það er fyllsta ástæða til þess að fá fram þær upplýsingar sem þingmaðurinn kallar eftir. Hann er auðvitað að leita eftir upplýsingum um hvort jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar séu brotin eins og við höfum haldið fram í umræðunni, að fyrirtæki á sambærilegu sviði fái ekki sömu aðstoð þó eftir því sé leitað. Við vitum a.m.k. að eitt fyrirtæki hefur leitað eftir slíkri aðstoð.

Herra forseti. Alltaf koma fram nýjar og nýjar upplýsingar í þessu máli eftir því sem því vindur fram, enda er mikill hraði á þessu á þinginu. Við höfum einungis haft þrjár vikur til að fjalla um frv. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess að málið gangi aftur til efh.- og viðskn. m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem hér er kallað eftir og ekki síður í ljósi þess sem fram kom hjá virtum lögfræðingi hér í bæ, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, sem heldur því fram fullum fetum að lögin um ríkisábyrgð vegna deCODE standist ekki stjórnarskrána. Það er alveg útilokað að við afgreiðum mál þegar því er haldið fram af virtum lögfræðingi eins og Ragnari Aðalsteinssyni að þetta lagafrv. standist ekki stjórnarskrána. Það er okkar í þessu húsi að gæta þess að hér sé ekki verið að afgreiða lög sem ekki standast stjórnarskrána. Ég vil því fara þess á leit, herra forseti, að málið verði núna tekið inn í efh.- og viðskn. á nýjan leik, m.a. til að kanna þá þætti sem við höfum nefnt, hv. þm. Ögmundur Jónasson og sú sem hér stendur.

[10:35]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir undrun minni á því að ítrekað eru tekin mál til umræðu í upphafi fundar undir liðnum um störf þingsins sem eru á dagskrá þingsins. Ég verð að fá að spyrja hæstv. forseta með hvaða rökstuðningi hann heimilar umræðu af þessu tagi, þ.e. efnislega umræðu um mál sem er á dagskrá fundarins. (**ÖJ:** Á að banna fólki að tala?) Það er leyfilegt að tala um málin sem eru á dagskrá þegar þau koma fyrir. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Það eru engin bönd á mönnum í þeim efnum þannig að ég lýsi yfir undrun minni á þessari framkomu hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

Þetta er í annað skipti á tveimur dögum þar sem hann hefur þingfund á því að taka fyrir til efnislegrar umræðu mál sem er á dagskrá fundarins. Er þetta fjórða umræða um málið eða fimmta umræða eða hvers konar skrípaleikur er þetta, herra forseti? Af hverju getur hv. þm. ekki tekið málið fyrir, rætt sín sjónarmið og borið fram spurningar sínar þegar það er á dagskrá og til umræðu? Þannig eru þingsköpin, herra forseti. Ég veit ekki til þess að þeim hafi verið breytt að þessu leytinu til.

Herra forseti. Ég spyr þá tvo hv. þm. sem hér hafa komið upp og eru báðir í efh.- og viðskn. hvort þeir hafi borið þá ósk fram við formann nefndarinnar að nefndin komi saman til að fjalla um spurningar þeirra. Ég veit ekki til þess að formaður nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, hafi nokkurn tíma neitað mönnum um slíkt. Ég veit ekki annað en hann hafi tekið vel í að athuga slíka beiðni ef hún hefur komið fram á milli 2. og 3. umr. Ég spyr hv. þingmenn um þetta þannig að þeir upplýsi þingið um hvort þeir hafi sýnt formanni nefndarinnar þá kurteisi að tala við hann og bera fram ósk um þetta því það er í hendi hans að boða nefndina saman ef hann telur ástæðu til.

[10:37]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það kom að því að Framsfl. léti sjá sig í umræðu um þetta mál því að hann hefur verið fullkomlega fjarri ekki aðeins þessum ræðustól heldur þingsölum þegar þessi mál hafa verið reifuð. Hv. þm. hefði átt að skilja þá umræðu sem hér fer fram. Hún snýst um það að stjórnarandstæðingar margir hverjir líta svo á að þetta mál sé vanreifað og nefndin þurfi að taka það aftur til umræðu. Er erfitt að skilja það, herra forseti? Nei, það er ósköp auðvelt að skilja það hafi menn lagt við eyrun.

Síðast í gær hélt einmitt vel metinn lögfræðingur því fram að þetta varðaði við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Hvað er óeðlilegt við það að menn veki í upphafi þingfundar máls á þessu og veki athygli forseta á því að þetta mál er einmitt fyrsta mál á dagskrá, en þannig vaxið að tæplega er hægt að taka það til 3. og síðustu umr.? Þegar sú umræða hefst verður tæpast aftur snúið. Þeim viðvörunarbjöllum er verið að hringja hér.

Herra forseti. Það er auðvitað enginn bragur á því hjá hinu háa Alþingi, eins og verið hefur langvarandi og ítarlega við marga 2. umr. máls, þegar annar stjórnarflokkurinn er ekki með og hinn stjórnarflokkurinn lætur varla svo lítið að svara hreinum og beinum fyrirspurnum sem þingmenn hafa lagt fram. Fjölmörgum spurningum er enn ósvarað í málinu og lítil tilraun hefur verið gerð til þess að reyna að svara þeim.

Það er af þeim ástæðum sem ég tek undir óskir þess efnis að málið fari þráðbeint aftur til efh.- og viðskn. og að hún ljúki nauðsynlegum störfum við undirbúning málsins.

[10:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er hættur að undrast það að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Framsóknar, hefji daginn á skætingi og útúrsnúningum. Hann kom hér eina ferðina enn og lýsti yfir undrun sinni yfir því að þingmenn leyfðu sér að kalla eftir upplýsingum inn í umræðu á Alþingi. Ég vakti athygli hæstv. forseta á því að til þess að umræðan gæti farið fram af einhverju viti í dag væri mikilvægt að fyrir lægju tilteknar upplýsingar af hálfu hæstv. fjmrh. og af hálfu hæstv. iðn.- og viðskrh. sem venju samkvæmt tjá sig aðeins um málin í lok umræðunnar. Það er hið hefðbundna. Annað heyrir til undantekninga. Ég er að kalla eftir því að þessar upplýsingar liggi fyrir.

Hvað vilja menn yfirleitt upp á dekk hér, segir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og spyr hvort menn hafi sýnt formanni efh.- og viðskn. hæfilega virðingu og óskað eftir fundi. Er hv. þm. ekki kunnugt um að í efh.- og viðskn. hefur verið kallað eftir upplýsingum um þetta mál sem ekki hafa verið látnar af hendi? M.a. hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gagnrýnt það sjálfur. Það er staðreynd málsins. (**Gripið fram í:** Opinberlega.) Og opinberlega. Hvers konar málatilbúnaður er þá hér á ferðinni af hans hálfu? Hvers konar málaflækjum er þingmaðurinn að festa sig í?

Herra forseti. Þetta er skýringin á því að ég hef kallað eftir þessum upplýsingum í raun til þess að greiða fyrir eðlilegum þingstörfum og eðlilegri umræðu í þinginu.

[10:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta var skemmtileg ræða aldrei þessu vant hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Hann kemur upp og belgir

sig í ræðustól og heimtar fund í efh.- og viðskn. til þess að svara fjölmörgum spurningum sem honum hefur dottið í hug síðan nefndin kom saman síðast. (**ÖJ:** Til þess að svara hér á þinginu.) Farið var fram á fund í efh.- og viðskn. Héðan úr ræðustóli var farið var fram á að haldinn yrði fundur í efh.- og viðskn. (**GÁS:** Til að greiða fyrir þingstörfum.) Nú er upplýst, eftir að ég gekk á þá þingmenn sem þessar kröfur settu fram, að þeir hafa ekki talað við formann nefndarinnar og þeir hafa ekki beðið um fund í efh.- og viðskn. Er það til að greiða fyrir þingstörfum (Gripið fram í.) að koma upp í upphafi þingfundar og fara fram á að umræðan hefjist ekki um málið vegna þess að þeir vilji fá fund í nefndinni en hafa svo ekki farið fram á fundinn? (**Öj:** Ég var ekkert ...) Hvers konar málflutningur er þetta, herra forseti?

Hitt er svo annað mál, sem öllum er ljóst, að aldrei verður hægt að halda það marga fundi í efh.- og viðskn. að öllum þeim spurningum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kann að láta sér detta í hug verði svarað. Það er alveg ljóst að við getum örugglega ekki þurrausið svörin við öllum spurningunum sem fram kunna að verða bornar þannig að það er ekki mælikvarði á það hvenær umræðu er lokið um mál í nefndum að hv. þm. Ögmundur Jónasson geti ekki lengur látið sér detta í hug fleiri spurningar.

Hvað varðar spurninguna um stjórnarskrána þá leitumst við auðvitað við eftir föngum og bestu getu að sjá til þess að mál sem eru lögð fyrr þingið stangist ekki á við stjórnarskrá. Það er hins vegar dómstóla að lokum að skera úr um það. Það er ekki þingsins eða framkvæmdarvaldsins. Það er dómsvaldsins að skera úr um þennan þátt málsins og enginn annar hefur endanlegt úrskurðarvald í þeim efnum.

[10:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni mun ég, bæði vegna beiðni um að efh.- og viðskn. verði kölluð saman út af þessu máli í gær og eins vegna þess að sú beiðni hefur nú verið ítrekuð hér af einum nefndarmanna, óska eftir því við formann efh.- og viðskn. að hann kalli nefndina saman út af þessu máli.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, 3. umr.

Stjfrv., 505. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 1447.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búfjárhald o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (heildarlög). — Þskj. 1449.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 630. mál (gróðurhúsaafurðir og garðávextir). — Þskj. 1450.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn landbroti, 3. umr.

Stjfrv., 504. mál (heildarlög). — Þskj. 1451.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 1432.

[10:46]

Guðmundur Árni Stefánsson (frh.):

Herra forseti. Þar var ég kominn í ræðu minni frá því í fyrradag að ég hafði dregið það mjög skýrum en grófum línum hvernig þetta mál væri vaxið. Til upprifjunar fyrir þá hv. þm. sem ekki voru á þeim fundi eða hafa gleymt þessum ræðubút mínum frá því í fyrrdag tel ég nauðsynlegt að endurtaka það að litlu leyti.

Hér er annars vegar verið að framlengja stuðning ríkisvaldsins til einsetningar grunnskóla. Það er ekkert nema gott um það að segja. En hinn þáttur málsins lýtur að sértækum aðgerðum vegna þeirra sveitarfélaga — það er raunar aðeins eitt — sem hafa farið þá leið við byggingu grunnskóla að leita til einkaaðila um svokallaða einkaframkvæmd og raunar í því tilfelli eingöngu rekstrarleigu. Hér er um að ræða sveitarfélagið Hafnarfjörð. Vandi málsins er sá varðandi þá sem þar ráða ríkjum, þ.e. ríkisstjórnarflokkana, Sjálfstfl. og Framsfl., að engar yfirlýsingar voru um þessa aðferðafræði við byggingu grunnskóla fyrir kosningar en gripið til þessara örþrifaráða eftir þær. Íbúar bæjarfélagsins sitja því uppi með orðinn hlut, þ.e. einn skóli hefur þegar verið byggður og annar er í byggingu þar sem tekið er það óyndisúrræði að láta einkaaðila fjármagna að öllu leyti skólabyggingar. Sveitarfélagið greiðir himinháa leigu á ári hverju næstu 25 árin. Þá eru samningar úti og enginn veit hvað tekur við því að þessi einkaaðili á eftir sem áður húsnæði og innbú en sveitarfélagið þarf þá annað af tvennu að leita nýrra samninga við þennan eignaraðila, samninga sem enginn veit hverjir verða og hver samningsstaðan verður, ellegar þá að sveitarfélagið verður að byrja á stafrófinu upp á nýtt og leita annarra leiða til þess að útvega þessa grunnþjónustu fyrir börn í bæjarfélaginu. Þessi leið hefur verið margreiknuð og öll sveitarfélög hringinn í kringum landið hafa komist að niðurstöðu að hér sé um óhagkvæma leið að ræða í fjárhagslegu tilliti. Borgarstjórnarmeirihlutinn, R-listinn, hefur hafnað þessari leið. Meira að segja hefur íhaldsmeirihlutinn í Kópavogi hafnað henni algerlega. Þar er Gunnar Birgisson forustumaður og hefur hann haldið margar ræður þar sem hann hefur sýnt með tölum hversu óhagkvæmt og óeðlilegt

er að fara þessa leið við byggingu grunnþjónustu á borð við grunnskóla í landinu.

Samt sem áður hafa íhaldsmeirihlutinn og Framsfl. í Hafnarfirði farið þessa leið. Hér er verið að reyna að bregðast við því hvernig ríkisvaldið eigi að koma til móts við það sveitarfélag sem hefur farið þessa leið í uppbyggingu grunnskóla með 20% framlagi eða hvort það eigi yfirleitt ekki að gerast, því að vandamálið er auðvitað það sem hæstv. félmrh. og starfsfólk hans hefur í raun skapað þegar kemur að þessu fyrirbrigði, grunnskólum í rekstrarleigu, þ.e. hvernig eigi að færa þær skuldbindingar í ársreikningum sveitarfélagsins.

Hæstv. ráðherra og meðreiðarsveinar hans hafa haldið því fram að skuldbindingar, sem geta og raunar eru upp á tugi milljóna á ári hverju, 50–70 millj., eigi að færa eingöngu á rekstur og að hvergi eigi að koma fram í ársreikningum sveitarfélagsins skuldbindingar til 25 ára sem skipta orðið 4 milljörðum í Hafnarfirði. Hæstv. félmrh., sem lögum samkvæmt á að hafa eftirlit með fjárreiðum sveitarfélaga og hefur sérstaka nefnd í gangi til þess arna og gefur út einkunnabækur reglulega í þá veruna, hefur látið gott heita og látið sér lynda að þriðja stærsta sveitarfélag á landinu fari þannig fram að skuldbindingar upp á milljarða kr. er hvergi að finna í ársreikningum sveitarfélagsins.

Nú er tillagan fyrir framan okkur sú að sveitarfélagið eigi að njóta þess sama og önnur sveitarfélög varðandi 20% framlag. Ég hef hins vegar þráspurt hæstv. ráðherra, þegar um er að ræða á þriðja hundrað millj. kr. sem eiga að renna til sveitarfélagsins Hafnarfjarðar á næstu fjórum árum, hvernig færa eigi þá fjármuni í reikninga bæjarfélagsins. Ekki er hægt að færa það sem eignfærða fjárfestingu því hér er ekki um eignfærða fjárfestingu sveitarfélagsins að ræða. Sveitarfélagið mun aldrei eignast neitt í þessum mannvirkjum. Hæstv. ráðherra sagði hins vegar fyrir nokkrum dögum, að vísu seint að nóttu, að hann teldi eðlilegast að þetta yrði fært sem tekur eignamegin í ársreikningi og bókhaldi sveitarfélagsins. En ég spyr þá: Lítur það þá ekki þannig út að sveitarfélagið sé farið að hafa hreinan hagnað af því að til verða skólabyggingar í sveitarfélaginu? Hvernig má það vera? Með öðrum orðum eru færðar 240 millj. teknamegin í eignfærðri fjárfestingu í ársreikningi bæjarfélagsins og í bókhaldi bæjarfélagsins, en það eru engin útgjöld í eignakafla ársreikningsins. Nei, útgjöldin eru öll rekstrarmegin og fara yfir í rekstur. Hér standast því ekki hlutir eins og vera ber.

Af því að nefndin hefur farið ítarlega yfir málið og allt frv. er því marki brennt að stjórnarmeirihlutinn gefur sér að fleiri sveitarfélög fari þessa leið þá verða svona grundvallaratriði að vera kýrskýr og öllum ljós. Það verður ekki undan því komist. Menn geta ekki verið með neitt hálfkák hér og einhverjar reddingar á hinu háa Alþingi. Þannig getum við ekki og eigum ekki að vinna. Þess vegna verður að fást skýrt og klárt svar við afleiddum spurningum á borð við þær sem ég hef varpað fram ítrekað við allar þrjár umræður málsins. Ef hæstv. ráðherra getur ekki svarað því — hann er búinn að reyna það nokkrum sinnum en hefur alltaf hrasað um eigin orð — þá geri ég þá kröfu að hv. formaður félmn., sem hlýtur að hafa farið mjög rækilega yfir þennan þátt málsins, svari mér því varðandi framlag ríkissjóðs, 20% framlag vegna grunnskólabygginga sem venju samkvæmt færist auðvitað eignamegin í bókald hvað varðar eignfærða fjárfestingu, hvort það sama geti átt við þegar um einkaframkvæmd er að ræða þegar útgjöldin fara öll yfir í rekstur. Það gæti þýtt það, herra forseti, eins og ég gat um áðan, að ef sveitarfélögin væru eingöngu, við skulum segja, eitt árið í því að byggja einn skóla og færu þessa rekstrarleiguleið og það kæmi 20% framlag frá ríkissjóði, þá væri bara ein tala í eignaparti ársreikningsins upp á einhverja tugi milljóna en engin útgjöld. Þetta stenst ekki. Það er ekki nokkur glóra í þessu. (**Félmrh.:** Hann svarar þér.) Mér þætti vænt um að hann gerði það því ekki gat hann það við 1. umr. máls og ekki við 2. umr. máls. Þess vegna varpaði ég því fram hvort ekki væri eðlilegri leið ef ríkissjóður greiddi hluta af framlaginu á ári hverju, þ.e. jafnhratt og útgjöldin færu út í þessum leigugjöldum sem bærinn þarf að standa skil af. Það væri þó einhver lógík í því, eitthvert smáskipulag sem hægt væri að standa á. Þetta er mál sem við þurfum að komast til botns í, herra forseti, og ekki bara varðandi framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, ekki bara það sem ég hef nefnt hér ítrekað á hinu háa Alþingi í tengslum við þetta mál og eignafrv. sem ég hef sjálfur flutt um hvernig eigi að færa þetta í bókhaldi sveitarfélaga og hvernig eigi að sýna í raun þessar langtímaskuldbindingar sem sveitarfélög — þar eiga fleiri sveitarfélög í hlut — eru að undirgangast með því að láta einkaaðila að öllu leyti kosta byggingu og stundum rekstur grunnþjónustu í sveitarfélaginu, en hvergi er að finna í raun og sanni í bókhaldi sveitarfélaganna, í ársreikningum sveitarfélaganna þær skuldbindingar sem viðkomandi sveitarfélag hefur í raun undirgengist. Þetta er auðvitað algerlega óþolandi staða með öllu. Hæstv. félmrh. hefur algerlega sofið á verðinum. Það verður að segja þá hluti eins og þeir eru. Ég hef látið mér detta í hug, þó ég í raun neiti að trúa því, hvort hæstv. ráðherra sé nokkuð merktur því að í velflestum þessara sveitarfélaga hefur Framsfl. komið að verki. Ég neita að trúa því.

Hæstv. ráðherra og raunar hv. þm. hafa bent á það sem rétt er að Reykjavíkurborg áformar og hefur þegar lokið byggingu að mestu á nýrri knattspyrnuhöll og íþróttamiðstöð í Grafarvoginum þar sem farin var þessi leið. Ég man ekki tölurnar í því sambandi. Ég held að ég fari þó nærri lagi að tala um kostnað upp á 2 eða 3 milljarða kr. Ég hygg að svo sé. Ekki eru það lægri tölur. Finnst hæstv. ráðherra eða öðrum hv. þingmönnum rétt að skuldbinding af þessum toga verði hvergi fyrirfinnanleg í ársreikningum Reykjavíkurborgar, að hvergi sé skuldbinding til staðar í efnahagsreikningi, skuldbinding til 25 eða 30 ára sem fólk getur horft framan í? Unga fólkið okkar sem við erum alltaf að tala um kemur að verki, við skulum segja, hjá borginni, en þess sér hvergi stað að skuldbinding upp á fleiri fleiri milljarða sé undirliggjandi í rekstri borgarinnar, skuldbinding sem verður ekki vikist undan næstu 25 árin. Finnst mönnum þetta eðlileg nálgun að nauðsynlegu gagnsæi á rekstri opinberra aðila hér á landi? Auðvitað er það ekki þannig.

Sama á raunar við í Reykjanesbæ. Hér situr hv. þm. Kristján Pálsson sem þekkir býsna vel til mála þar. Hann var einu sinni bæjarstjóri í Njarðvíkurbæ um skeið og raunar bæjarstjóri fyrir annan flokk vestur á nesi fyrir enn þá fleiri árum og Vestfjörðum fyrir enn þá annan flokk fyrir enn þá fleiri árum. En það er önnur saga. Hann hlýtur að vera mér sammála um mikilvægi þess að íbúar hvers bæjarfélags, hvort sem það er stórt eða lítið, fái sem heillegasta mynd af stöðu sveitarfélagsins frá einum tíma til annars. Þá skiptir engu máli hver er í meiri eða minni hluta hverju sinni því að það breytist auðvitað. Ég hlýt að ætla að þeir sem hafa verið í sveitarstjórnum — formaður félmn. er raunar ein af þeim hafandi verið bæjarfulltrúi í Seyðisfirði á árum áður, raunar

fyrir sama flokk og hún situr fyrir á Alþingi þannig að það hefur allt sína eðlilegu þróun — hún hlýtur að vera mér sammála um að það þýddi lítið að segja Seyðfirðingum það fyrir mörgum árum að eitt stykki skóli kæmi hvergi skuldamegin í reikningum sveitarfélagsins, hann væri bara einhvers konar happdrættisvinningur sem félli af himnum ofan. Hún hefði líka átt erfitt með að útskýra það fyrir sveitungum sínum þegar tékkinn kom frá ríkisféhirði upp á tugi milljóna og hún ætlaði að færa það tekjumegin í eignfærðri fjárfestingu, að eignfærða fjárfestingin liti út með stórgróða allt í einu þó að eitt stykki skóli væri kominn í sveitarfélagið. Svona ganga hlutirnir auðvitað ekki. Svona hókus pókus á auðvitað ekki að vera í opinberri stjórnsýslu og allra síst á hið háa Alþingi að taka þátt í því að leika svona feluleik. Nóg er nú samt.

Herra forseti. Að lyktum ætla ég að segja — ég sagði að þetta væri vandræðamál í mörgu tilliti – að ég get auðvitað ekki annað en stutt þá hugsun sem að baki frv. liggur, nefnilega þá að íbúar í Hafnarfirði njóti sama fjárhagslegs stuðnings vegna uppbyggingar í skólamálum og íbúar annarra sveitarfélaga á landinu. Það verða þeir auðvitað að gera, ekki síst af því að þeir voru sviknir í tryggðum af núverandi meiri hluta og komið var í bakið á þeim. Að því leytinu til stöndum við hv. þm. sem gagnrýnum það sleifarlag og lausatök sem eru í þessum málaflokki upp við þann vegg að vera annars vegar mjög gagnrýnir á umfang málsins og fyrirkomulag allt en viljum hins vegar að íbúarnir hvar sem er á landinu njóti sambærilegs stuðnings við uppbyggingu skólamannvirkja. Það er kjarni málsins þannig að þarna verður maður að vega og meta meiri og minni hagsmuni. Ég mun verða að styðja þetta frv. og mun gera það, en með mjög alvarlegum athugasemdum eins og ég hef við alla umræðu málsins látið koma skýrt og greinilega fram.

Af því að hæstv. ráðherra er á mælendaskrá og ætlar að reyna að gera gleggri grein fyrir ýmsum þáttum málsins en honum hefur tekist fram að þessu vil ég einnig minna hann á fyrirspurn mína sem enn er ósvarað: Hvers vegna er gerður greinarmunur á því í athugasemdum með frv. hvort um rekstrarleigu ellegar hefðbundna leigu er að ræða? Þar er skorið sérstaklega á milli. Ég sé engin eðlileg rök fyrir því ef það er talið styrkhæft þegar um rekstrarleigu er að ræða, sem er 25 ára leiga eða 30 ára leiga þar sem sveitarfélagið á aldrei neitt, en ekki þegar um eðlilega leigu er að ræða. Það er auðvitað þannig í ýmsum tilfellum að menn þurfa að grípa til þess að leigja húsnæði af þriðja aðila til þess að standa skil, yfirleitt til skamms tíma sem betur fer, á þessari grundvallarþjónustu við skólafólk. En ef sú staða kæmi upp að eitthvert sveitarfélag sæi fyrir sér hús sem smellpassaði fyrir eitt stykki skóla og tæki það á leigu með venjubundnum hætti til langs tíma, af hverju ætti ekki ríkissjóður að standa skil á sínum 20% í því tilfelli alveg eins og þegar um rekstrarleigu er að ræða? Menn verða að standa klárir og skýrir til að geta svarað spurningum af þessum toga. Það hefur ekki tekist fram að þessu. En ég bíð þess spenntur eftir því hvort hæstv. ráðherra hafi náð að grípa guð í fótinn og fá einhver þau svör að ofan sem hann hefur ekki haft fram að þessu úr ráðuneyti sínu.

[11:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér dálítið á óvart hvað hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur allt á hornum sér varðandi það sem er að gerast í Hafnarfirði. Hann var í eina tíð vinsæll bæjarstjóri í Hafnarfirði og framsýnn þá að mér fannst og var með margar góðar hugmyndir og nýjungar sem ég held að Hafnfirðingar hafi verið mjög hrifnir af. Ég held að Hafnfirðingar hafi yfirleitt verið nýjungagjarnir að mörgu leyti, viljað sjá eitthvað gerast í sínu bæjarfélagi sem væri öðruvísi en annars staðar. Það held ég að sé einmitt að gerast núna. Í skólamálum er að gerast eitthvað nýtt í Hafnarfirði sem er ekki að gerast annars staðar.

Það kemur mér dálítið á óvart að hv. þm. skuli hjakka svona í bókhaldslegum atriðum um hvort þetta eigi að vera í eignfærðri fjárfestingu eða hvort þetta eigi að vera í skuld eða koma út sem rekstur eða hvaða bókhaldsleg atriði eigi að nota til þess að þetta færist allt á réttan stað.

Hv. þm. er samt sammála því, og ég er ekki hissa á því reyndar, að Hafnfirðingar eigi að sitja við sama borð og aðrir. Auðvitað eiga þeir að gera það og það er það sem verið er að gera með þessum lögum. En ég þykist vita að hv. þm. veit nákvæmlega að verið er að gera samninga um rekstur opinberra stofnana á ýmsum sviðum í dag sem ekki þekktist fyrir 10 eða 15 árum þegar hann byrjaði bæjarstjóraferil sinn.

Ég minni á leikskólamál eins og í Grindavík. Þar er boðinn út leikskóli. Það er einn aðili sem byggir leikskólann, annar aðilinn rekur leikskólann en bæjarfélagið kemur hvergi nærri nema með samningum.

Þegar íþróttahúsið í Reykjanesbæ var byggt var gerður um það sérstakur samningur. Bæjarfélagið borgar ákveðna leigu fyrir húsið á hverju ári og það gengur einnig upp í stofnkostnaðinn og að endingu endar þetta allt í eigu sveitarfélagsins að mörgum árum liðnum.

[11:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna lokaorða hv. þm. um fyrirkomulag mála í Reykjanesbæ, þá man ég það satt að segja ekki. En hitt veit ég að langflestir þeir samningar sem gerðir hafa verið í heimabæ mínum eru þess eðlis að sveitarfélagið mun aldrei eignast svo mikið sem eina ljósaperu í viðkomandi húsnæði. Það er einfaldlega rekstrarleigusamningur til 25 ára og þá eru menn á byrjunarreit á nýjan leik þannig að það er grundvallaratriði.

En feginn vildi ég, herra forseti, ekki þurfa að standa í þessum ræðustól og ræða um sveitarfélag mitt, heimabæ minn, Hafnarfjörð, í þessu samhengi. Feginn vildi ég vera laus við það. Fyrst hv. þm. vill leggja þá lykkju á leið sína og fara til gamalla tíma í Hafnarfirði þegar við jafnaðarmenn réðum þar ríkjum, þá fagna ég því alveg sérstaklega þar sem öflug uppbygging átti sér stað fyrir eigið aflafé og menn byggðu upp öflugan og góðan bæ fyrir skatttekjur sem inn komu. Því er ekki að heilsa núna. Það lýtur ekki að neinum bókhaldslegum, tæknilegum atriðum þegar um það er spurt hvort þriðja stærsta bæjarfélag á landinu skuldi 10 milljarða kr. eins og er í bæjarreikningum ellegar 15 milljarða þegar þessar skuldbindingar vegna einkaframkvæmdar eru taldar með. Munurinn er þriðjungur. Það skiptir öllu máli því að ef þetta væri fært eins og vera ber, þá væri þetta sveitarfélag komið á válista og þá ætti hæstv. ráðherra að setja nefnd til höfuðs flokksbræðrum hv. þm. í Hafnarfirði til að hjálpa þeim til að landa þessum málum og koma þeim í viðunandi horf.

Það er auðvitað of seint núna. Við björgum þessu máli 25. maí með því að breyta um meiri hluta.

[11:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. tók við sem bæjarstjóri um árið í Hafnarfirði tók hann við af Sjálfstfl. sem hafði skilað mjög góðu búi og þá nutu þeir þess sem við tóku að rekstur bæjarfélagsins hafði verið með miklum sóma og afgangi árum saman. Bæjarfélagið naut þess þá og það var mikil framkvæmdagleði og kraftur í bæjarfélaginu. Það er það sem er að gerast í dag. Það eru nýjar aðferðir notaðar til þess að byggja upp bæjarfélagið og rekstur bæjarins, og mjög framsýnar. Það er auðvelt að höggva í þær aðferðir sem verið er að beita í skólamálum í Hafnarfirði og það rís hver á fætur öðrum upp til þess að gera lítið úr þeim aðferðum. En þær eru samt viðurkenndar. Þessar aðferðir við rekstur skólans eru viðurkenndar, bæði hvað varðar uppbyggingu menntakerfisins innan skólans og eins varðandi það að byggja upp rekstrarþáttinn, eignarhlutann og reksturinn á skólanum sjálfum. Ekkert af þessu þarf að vera neitt tortryggilegt. Það þarf ekkert að vera tortryggilegt að fara nýjar leiðar að þessu leyti.

Þess vegna mundi ég mælast til þess að hv. þm., sem ég geri ráð fyrir að vilji Hafnfirðingum vel, kynni sér hvernig rekstur skólans gengur og ræði um það hvað fólki finnst um rekstur skóla af þessu tagi því að það er það sem skiptir öllu máli. Hvort skólinn er færður sem eign eða með rekstrarlegum hætti inn á reikninga bæjarins finnst mér vera aukaatriði.

[11:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ættum auðvitað ekki að vera að ræða bæjarmálin á hv. Alþingi, en kannski er það ekkert óeðlilegt því að hafa menn ekki verið dögum saman að ræða málefni Skagafjarðar vegna steinullarverksmiðju og eru ekki menn til hægri og vinstri að ræða um borgarmál í Reykjavík? Ekki ætla ég að víkjast undan því.

Hæstv. forseti. Hv. þm. var í lokin farinn að hræra saman eplum og appelsínum. Enn þá hef ég ekki farið svo langt í umræðunni að koma inn á þann þátt skólamála í Hafnarfirði sem lýtur að einkarekinni kennslu og af því að hv. þm. hvatti mig til þess að kynna mér gang mála á þeim vettvangi, þá hef ég einmitt gert það. Því miður hefur á fyrsta ári þar sem einkaaðilar hafa haft með höndum kennslu í Áslandsskóla í Hafnarfirði allt verið í fári, allt í fullkomnu fári, hjá starfsfólki, kennurum og með afleiddum hætti hjá nemendum. Menn eru með böggum hildar yfir ýmsu því sem þar hefur gerst. Því miður, segi ég.

Ég hefði í sporum hv. þm. ekki hætt mér svo langt að fara að ræða um innra starf í einkareknum skólum. Þá er ég að tala um starfsemi skólanna. Ég hef af tillitssemi við sjálfstæðismenn og framsóknarmenn aðeins haldið mig við formið og byggingarnar sem slíkar. Hér standa þeir saman hlið við hlið, fulltrúar félagshyggjunnar í Framsfl. sem hafa tölt á eftir íhaldinu, þegar kemur að því að leyfa frjálshyggjunni að ríða húsum í skólamálum, í grunnskólamálum í Hafnarfirði og fleiri bæjum. Það er afrekalisti þeirra eftir að hafa gengið í björg með íhaldinu og verið þar í umliðin þrjú ár.

[11:11]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það samkomulag sem gert var á milli ríkisins og sveitarfélaganna um aðkomu ríkisins að því að einsetja grunnskólana byggðist ekki á því að sveitarfélögin væru framkvæmdaraðilar. Það byggðist einfaldlega á því að borgaðar væru til sveitarfélaganna ákveðnar upphæðir sem miðuðust við kostnað við byggingu skólahúsnæðis. Þess vegna skiptir það ekki nokkru einasta máli hver er framkvæmdaraðilinn. Það sem skiptir máli í þessu er að hægt sé að einsetja skólana.

Ég kom hér upp ekki síst til að fagna því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur skipt um skoðun og hann ætlar að styðja frv. Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort ekki hafi verið hringt í hann á milli umræðna og aðeins hnippt í hann af frambjóðendum Samfylkingarinnar vítt og breitt um landið sem nú eru að fara í sveitarstjórnarkosningar og þurfa að kynna ýmis málefni. Meðal annars er frambjóðandi Samfylkingarinnar og frambjóðandi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, borgarstjórinn í Reykjavík, sem hefur lýst mjög miklum áhuga á því að þetta mál nái fram að ganga. Væntanlega er það einhverjum slíkum aðilum að þakka að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur tekið þessum sinnaskiptum.

[11:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef átt ýmsu að venjast á hinu háa Alþingi. Ég hef hins vegar aldrei heyrt það frá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að hún ljúgi hér í ræðustólnum, (Forseti hringir.) hún skrökvi í ræðustól, fari með rangt mál í ræðustólnum. En það var einmitt það sem hún gerði hér og bar það á mig að ég hafi lagst gegn því að Hafnfirðingar fengju þessa tilskildu upphæð við 1. og 2. umr. máls. Ég sagði það þvert á móti að þeir ættu að njóta þess sama og ég fer þess á leit, herra forseti, að hv. þm. biðjist afsökunar á orðum sínum.

[11:14]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur lagst gegn frv. þangað til núna. Hann hefur talað út í eitt um að ekki eigi að fara einkaframkvæmdarleiðina í að byggja grunnskólahúsnæði. Er ég að fara með rangt mál í því, hv. þm.?

Hæstv. forseti. Ég hef ekki skilið ræðuhöld hv. þm. öðruvísi en svo að hann leggist gegn einkaframkvæmd. Málið snýst um það að ríkið geti komið inn í byggingar grunnskóla sem eru byggðir með einkaframkvæmd. Allan ræðutíma sinn hefur hv. þm. talað gegn því að sú leið væri farin. Ég tel mig ekki vera að fara með neitt rangt mál þar. Ég mun þá hafa misskilið hann allillilega ef hann hefur verið að mæla með einkaframkvæmd allan sinn ræðutíma í 1., 2. og nú í 3. umr. En hann lýsti því yfir í lok ræðu sinnar áðan að hann ætlaði að styðja málið þrátt fyrir málflutninginn fram að þessu.

[11:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að hv. þm. setjist nú við lestur. Hún skilur greinilega ekki það sem hér er sagt. Kannski botnar hún betur í því þegar hún les textann.

Hafi hún haldið það, formaður nefndarinnar sjálf, að hér séum við að fjalla um einkaframkvæmd per se þegar frv. snýst um það hvort Hafnfirðingar eigi að njóta þess sama og önnur sveitarfélög á landinu þegar kemur að stuðningi fjármuna úr ríkissjóði, þá bara veit ég ekki á hvaða ferðalagi

hún er. Ég hef sagt það trekk í trekk, síðast við 2. umr. málsins, og við 1. umr. málsins, að auðvitað yrði að koma málum þannig fyrir að Hafnfirðingar fengju þessa fjármuni enda þótt flokkssystkini hv. þm. hafi farið fram í Hafnarfirði eins og raun ber vitni.

Ég er á móti einkaframkvæmd, ég er á móti rekstrarleigu þegar kemur að grunnskólum. (**ArnbS:** Um það snýst málið.) Nei. Það snýst um ... (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það er augljóst mál að formaður félmn. áttar sig ekki á því að hér hefur björgunarleiðangur verið í gangi til að koma fjármunum suður í Hafnarfjörð sem ella að óbreyttum lögum hefðu ekki farið þangað. (**ArnbS:** Ég hvet hv. þm. til að lesa frv. og ... brtt.) Það er af þeim ástæðum sem ég er nauðbeygður til að styðja efni máls, innihald málsins. Það breytir því ekki að vandamálin eru til staðar eins og ég er búinn að fara rækilega yfir ræðu eftir ræðu. Það er alveg greinilega eins og að tala við vegginn þegar kemur að hv. þm. Hún hefði betur — og orðið maður að meiri væntanlega — beðist afsökunar á að fara með rangt mál og skrökva í ræðustóli.

[11:17]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðismál, 710. mál, þskj. 1433.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 616. mál, þskj. 1432.

[11:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig feginn að heyra að hv. þm. hefur tekið af öll tvímæli um að hann muni styðja málið. Það finnst mér vera mjög gott, það er þá komið á hreint.

Í öðru lagi vil ég láta þess getið að það er menntmrh. en hvorugur okkar landbrh. sem ræður skólastarfi í Hafnarfirði. Ég hef ekki neina sérstaka trú á þeirri tilraun sem verið er að gera þar.

Rétt er að hafa í huga að þetta er frv. með sólarlagsákvæðum. Það eru ekki önnur sveitarfélög en Hafnarfjörður sem hafa farið eða ætla að fara þessa leið. Þau sveitarfélög sem eftir eiga að einsetja eru Hveragerði og Reykjavík, líklega á eftir að byggja að mestu leyti tvo skóla til að einsetningu verði lokið. Verið er að ganga frá viðbyggingu við einhverja skóla sem ég kann ekki upp að telja og þá er búið að einsetja. Þar af leiðandi þarf ekki að gera því skóna að önnur sveitarfélög fari að taka húsnæði á leigu yfir grunnskóla.

Samband ísl. sveitarfélaga lagði mjög mikla áherslu á að það sama yrði látið yfir Hafnfirðinga ganga og önnur sveitarfélög og við í félmrn. féllumst á það, ég hins vegar eftir töluverða umhugsun því að mér fannst töluverður munur vera á því hvort sveitarfélagið eignaðist húsnæðið í lok samningstíma eða ekki.

Í hv. félmn. tók þetta mál breytingum. Við 2. umr. voru samþykktar brtt. frá hv. félmn. sem breyta þessu máli talsvert og þingið er búið að fallast á þá breytingu. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því eftir breytinguna að jöfnunarsjóði verði heimilt að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðir eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd hvort sem er á grundvelli eignarleigu eða rekstrarleigusamnings. Samkvæmt ákvæðum frv. er heimilt að ákveða með reglugerð árlegt hámarksframlag sem rennur til sveitarfélags vegna samnings um einkaframkvæmd. Það liggur sem sagt fyrir að ég þarf að setja reglugerð um afgreiðslu þessa máls og ég hef látið fara yfir það og farið yfir það í ráðuneytinu hvernig það muni verða gert. Eðlilegt er að í reglugerðinni verði gert ráð fyrir að greiðslur framangreindra framlaga til sveitarfélagsins dreifist yfir jafnlangt tímabil og rekstrar- og eignarleigusamningurinn nær til, þ.e. með 25 greiðslum svo ég svari hv. þm. alveg skýrt.

Í bókhaldi sveitarfélagsins sem hv. þm. hefur líka verið að spyrja um, gerum við ráð fyrir að árlegt framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði bókfært til lækkunar á árlegri leigugreiðslu sveitarfélagsins vegna samninga um einkaframkvæmd grunnskóla. Þannig verður tryggt samræmi í dreifingu tekna og gjalda í bókhaldi sveitarfélagsins. Samkvæmt góðri reikningsskilavenju er eðlilegt að sveitarfélagið færi heildarframlagið til eignar sem kröfu á jöfnunarsjóð um leið og formleg ákvörðun hefur verið tekin um veitingu framlagsins. Á móti verði samsvarandi fjárhæð færð til skuldar, enda er búið að ráðstafa þeim fjármunum til leigugjaldsins.

Ég vona að þetta skýri málið nægilega fyrir hv. þm. Það þarf þá ekki að velkjast í vafa. Við skulum ekki gera því skóna að Reykjavíkurborg fari að gera svona samninga um Ingunnarskóla í Grafarholti eða skólann í Staðarhverfi sem báða á eftir að byggja. Það verða ekki fleiri hliðstæðar framkvæmdir í þessu átaki. Þetta er tímabundið átak.

[11:23]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að svara þessum spurningum og hann hefur gert það að verulegu leyti og raunar fallist á þau rök sem ég hef haldið fram að alltént verði þá að vera samræmi og eitthvert skipulag í þessum efnum. Hann hefur upplýst að þannig verði það að þeim greiðslum verði að dreifa og færa yfir í rekstur alveg eins og útgjöldum. Síðan megi þetta vera einnig eignamegin sem útistandandi tekjur en á sama hátt útistandandi gjöld á eignarhluta ársreiknings. Það er þó komin einhver mynd á þennan þátt málsins og ég fagna því þó að seint sé að það sé upplýst.

Ég heyri það alveg á hæstv. ráðherra að hann deilir áhyggjum mínum í þessum efnum og er ekki manna hrifnastur af þessari einkaframkvæmdarleið þegar kemur að grunnskólum og því fagna ég alveg sérstaklega þó að það hefði kannski verið betra að Framsfl. hefði staðið fastar í báða fætur þegar kom að hinum stóru ákvörðunum í þá veruna.

Hæstv. ráðherra sagði sem rétt er að það sé aðeins eitt sveitarfélag og hann stóð frammi fyrir því eins og ég við afgreiðslu þessa máls hvort Hafnfirðingar eigi að njóta hins sama í styrk frá ríkissjóði og íbúar annarra sveitarfélaga þótt þeir hafi farið þessa vitlausu leið. Ég hlýt að svara því játandi að lyktum og hef raunar sagt við allar umræður málsins að meiri hagsmunirnir eru þeir að hafnfirskir skattgreiðendur fái það sama frá ríkissjóði þótt meiri hluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafi farið þessa arfavitlausu og rándýru leið við uppbyggingu skólamannvirkja þannig að það er af þeim ástæðum einum sem ég styð þetta mál, þ.e. styð lyktir málsins að peningar renni suður í Hafnarfjörð eins og á aðra staði á landinu.

[11:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Sjónarmið okkar hafa komið mjög skýrt fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem flutti brtt. við frv. ráðherra. En það vekur athygli að mjög mismunandi áherslur eru uppi, annars vegar af hálfu hæstv. félmrh. Páls Péturssonar og hins

vegar af hálfu formanns nefndarinnar, hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir leggur áherslu á að hér sé að finna almenna stefnumörkun varðandi stuðning við einkaframkvæmd í skólakerfinu á meðan hæstv. ráðherra leggur hins vegar áherslu á að hér sé um tímabundna ráðstöfun að ræða. Hann lýsti því einnig yfir að hann hafi haft miklar efasemdir um að veita eigi yfirleitt stuðning einkareknum skólum sem munu ekki hafna í eigu sveitarfélaganna þegar upp er staðið og undir þetta sjónarmið vil ég taka.

Brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar gengur út á að: „Aðeins er heimilt að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, sem þegar hafa verið gerðir og eru frágengnir við gildistöku laga þessara."

Með þessari brtt. á að vera girt fyrir það að stuðningur verði veittur til aðila sveitarfélaga sem ætla að fara út á einkaframkvæmdarbrautina. Það er alveg morgunljóst að afstaða okkar er sú að við erum andvíg því að farið verði með skólakerfið inn á braut einkaframkvæmdar og einkavæðingar og út á það ganga tillögur okkar og gildir einu (**KPál:** Eruð þið andvígir öllum breytingum á þessu sviði?) Hv. þm. Kristján Pálsson vill leggja sitt af mörkum til umræðunnar úr sæti sínu og spyr hvort við séum andvíg öllum breytingum á þessu sviði. Nei, við erum mjög fylgjandi breytingum í skólakerfinu, í heilbrigðiskerfinu og í velferðarþjónustunni almennt sem eru til hagsbóta fyrir þá sem njóta þjónustunnar. Ef hins vegar sýnt er að kostnaðurinn fyrir samfélagið og skattborgarann verði meiri vegna breytinganna, þá erum við að sjálfsögðu andvíg því ef þar að auki sýnt er að þjónustan versnar. Við höfum sýnt fram á það í ítarlegu máli og er alveg guðvelkomið að skýra það fyrir hv. þm. nánar á hverju við byggjum þá afstöðu okkar. Það er alveg guðvelkomið að gera það ef hv. þm. óskar eftir því og ég legg til að hann komi þá hingað í pontu og óski eftir nánari útlistunum á því. Þær hafa hins vegar verið veittar og ég ætla ekki að tefja umræðuna með því að endurtaka það sem oft hefur verið sagt. Afstaða okkar er skýr og gildir okkur einu hverju aðrir stjórnmálamenn halda fram, hvort sem þeir eru borgarstjórar í Reykjavík eða einhverjir aðrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útlendingar, 3. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 1431.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 710. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1433. [11:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þar sem ég hafði ekki tök á að vera viðstödd 2. umr. um þetta mál tel ég ástæðu til að fara nokkrum orðum um efni þessa frv. Það má segja að það sé í megindráttum tvíþætt, þ.e. að veita styrki til niðurgreiðslna til sveitarfélaga þar sem íbúðir hafa staðið auðar í lengri tíma eins og það er orðað í frv., og síðan er ákvæði í 3. gr. frv. um heimild til félmrh. um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti viðkomandi sveitarfélags á félagslegum íbúðum.

Ég er sammála 3. gr. frv. Þetta er eðlileg afleiðing af því að félagslega húsnæðiskerfinu var lokað 1998, og reyndar var þarna verið að læsa fólk inni í því kerfi og setja það í fjötra vegna þess að það gat ekki skipt um húsnæði eftir fjölskylduaðstæðum hverju sinni. Því er verið að heimila sölu íbúðanna á frjálsum markaði. Þetta er reyndar það sem við bentum á 1998. Þegar hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn lögðu til að félagslega húsnæðiskerfinu yrði lokað bentum við á að þetta væri afleiðing þess að hreyfanleikinn innan kerfisins miðað við fjölskylduaðstæður hverju sinni væri þar með tekinn á brott og þetta yrði bein afleiðing þess sem nú er að koma í ljós og hæstv. ráðherra er að bregðast við. Reyndar eru í greininni nefndar ástæður eins og fjölgun í fjölskyldu, brottflutningur, alvarleg veikindi heimilismanna, alvarlegar nágrannaerjur, tilvik þegar börn eigenda verða fyrir einelti í viðkomandi hverfi og foreldrar vilja færa sig í annað hverfi, og fleira mætti auðvitað nefna. Þetta er því sjálfsögð breyting sem eðlilegt er að styðja.

Ég vil líka, herra forseti, ræða hitt meginefnisatriði frv. sem ég tel að sé ekki vel að staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ljóst er að ríkisstjórnin lætur, með þeirri leið sem hún velur, sveitarfélög sem hafa staðið sig vel í uppbyggingu á félagslegum íbúðum og ekki lent í neinum vandamálum með þær taka þátt í að greiða niður kostnað við félagslegar íbúðir þar sem hafa verið uppi vandamál. Í mörgum tilvikum fóru sveitarfélögin of geyst í uppbyggingu á félagslegum íbúðum og byggðu umfram raunverulega þörf jafnvel þó að fyrir lægi, t.d. á Vestfjörðum, og Austurland skal einnig nefnt, áætlun frá Byggðastofnun um þróun byggðar á þessum stöðum. Varað var við því að félagslegar íbúðir yrðu byggðar á mörgum stöðum á Vestfjörðum og Austurlandi, svo dæmi sé tekið. Engu að síður var farið í þessa uppbyggingu, m.a. fyrir áeggjan ýmissa þingmanna sem sættu sig ekki við úthlutun Húsnæðisstofnunar á sínum tíma (Gripið fram í.) og vildu þess vegna fjölga íbúðum á þessum stöðum.

Flestir vita að þetta er ein meginástæða þess að félagslega íbúðakerfið var á þessum stöðum notað meira til atvinnuuppbyggingar en að nauðsyn væri á íbúðunum.

Því ber vissulega að halda til haga líka, eins og fram kemur reyndar í gögnum sem fylgja með þessu frv., að hér er ekki um mjög margar íbúðir að ræða þegar horft er til heildarinnar. Heildarfjöldi félagslegra íbúða er um 10–12 þús. en samkvæmt gögnum sem hér koma fram er einungis um að ræða staðbundin vandamál. Þetta eru um 174 íbúðir, ef ég man töluna rétt, sem staðið hafa auðar lengur en í tvo mánuði.

Ég kallaði eftir því við 1. umr. málsins án þess að fá svör við því og sé ekki í nál. að það sé nokkuð skilgreint hvað við er átt í b-lið 1. tölul. 1. gr. frv. þar sem talað er um að

„veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma". Ég spyr hv. formann félmn. eða eftir atvikum hæstv. ráðherra: Við hvað er átt þegar talað er um „í lengri tíma"? Ég held að nauðsynlegt sé að fá skilgreiningu á því hvort hér er átt við þessa tvo mánuði eða einhvern lengri tíma sem skiptir auðvitað öllu máli upp á það hve mikil framlög fara í þessa niðurgreiðslu.

Ef ég man rétt fylgir með listi yfir hvar þessar íbúðir eru. Við fórum aðeins yfir það við 1. umr. málsins. Það var engin í Reykjavík eða á Reykjanesi. Það voru um 60 á Austurlandi. Á Vestfjörðum voru mjög margar, ég man ekki nákvæmlega töluna en minnir að það hafi verið 65. Já, ég er með það hér, þær voru 65 á Vestfjörðum og 61 á Austurlandi. Í heild voru það 174 sem höfðu staðið auðar í tvo mánuði eða lengur. Ég vildi því gjarnan spyrja, herra forseti, við hvað er átt með þessu. Vera má að þetta eigi að útfæra nánar í nefnd sem mun hafa þetta verkefni með höndum en engu að síður er nauðsynlegt að þingið geri sér grein fyrir hvert á að fara í þessu efni.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir lagði ýmsar skriflegar spurningar fyrir nefndina og fékk skrifleg svör við þeim sem mörg voru mjög fróðleg. Þar kemur einmitt fram að t.d. Reykjavík mun leggja fram verulega fjárhæð til að greiða niður þessar félagslegu íbúðir á Vestfjörðum og á Austurlandi. Spurningin var hvað mætti áætla að Reykjavíkurborg greiddi inn í sjóði á ári á næstu árum miðað við hvað Reykjavík fengi greitt út. Það eru 20 millj. á ári sem eiga að skiptast milli þessara sveitarfélaga. Eins og hér kemur fram og samkvæmt áætlun miðað við fólksfjölda í desember 2001 yrði hlutur Reykjavíkur tæpar 8 millj. á ári af þessum 20 millj. sem á að greiða inn í þetta. Reykjavíkurborg greiðir sem sagt þetta út en fær ekkert inn í staðinn þannig að sveitarfélögin sem eins og ég segi hafa staðið sig mjög vel í uppbyggingu á félagslegum íbúðum þar sem hin raunverulega þörf var og hafa ekki lent í neinum vandamálum þurfa að greiða fyrir vandamálin hjá hinum sveitarfélögunum. Hlutur ríkisins er verulega rýr í öllu þessu efni. Gert er ráð fyrir 60 millj. á ári í fimm ár og á það að koma í staðinn fyrir framlög sem ríkið hefur áður lagt inn í þetta kerfi sem voru að mig minnir 50 millj. kr. Hlutur ríkisins er því verulega rýr í þessu. Það eru fyrst og fremst sveitarfélögin í verkefninu sem greiða þetta niður og ekki síst þá hin stærri sveitarfélög. Ástæða er til að fara yfir þetta, herra forseti, þegar við ræðum þetta mál.

Áður en ég fer í síðari hluta ræðu minnar sem snertir stofnstyrki og húsaleigubætur sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa farið með með mjög sérstökum hætti eins og fram kemur í framlögðum gögnum vildi ég spyrja hæstv. ráðherra eða eftir atvikum formann nefndarinnar hvernig standi á því samkvæmt 1. gr. frv. að þóknun nefndarmanna — þetta varðar þá fimm manna ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála til fjögurra ára sem félmrh. á að skipa samkvæmt þessu frv. — eigi að greiðast úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra auk annars kostnaðar við störf nefndarinnar. Mér finnst nokkuð sérstakt að hæstv. ráðherra eigi að ákveða þessi stjórnarlaun. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurðist fyrir um það í nefndinni, og fékk skrifleg svör, af hverju ráðherra eigi að ákveða stjórnarlaunin og hver sé áætlaður kostnaður við starf nefndarinnar. Svarið frá ráðuneytinu er eftirfarandi, með leyfi forseta: „Óeðlilegt er t.d. að nefndin sjálf ákveði stjórnarlaun. Slík ákvörðun yrði tekin með tilliti til umfanga verkefna nefndarinnar. Bera má ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála við núverandi stjórn varasjóðs viðbótarlána. Þó má búast við meiri kostnaði með fjölgun verkefna og mótun verklagsreglna fyrstu tvö árin." Þannig að ekki koma fram nein skýr svör við þessu en miðað við þá umræðu sem orðið hefur, einmitt um greiðslu fyrir nefndarstörf á vegum ríkisins, bæði að því er varðar nefndir og stjórnir, finnst mér eðlilegt að það sé samræmt hvernig greiðslum fyrir nefndarstörf er háttað og það sé þá þóknananefnd sem ákveði nefndarlaunin.

Svar fjmrh. við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um störf þóknananefndar, þ.e. um hvernig hlutverk þóknananefndar ríkisins sé skilgreint, er sem hér segir, með leyfi forseta:

„Ef kveðið er á um nefnd, ráð eða stjórn í lögum er oftast mælt fyrir um að ráðherra skuli ákveða þóknun fyrir setu. Þrátt fyrir það leita ráðherrar yfirleitt til þóknananefndar til að ákveða hver þóknunin eigi að vera."

Hér er sagt að ráðherra leiti yfirleitt til þóknananefndar þótt valdið sé ráðherrans að ákveða þessar þóknanir. Það er því greinilega ekki skylda að leita til þóknananefndar heldur er það á valdi hvers ráðherra fyrir sig. Ég hefði haldið að betra væri fyrir hæstv. ráðherra að þessi kaleikur væri tekinn frá honum þannig að bundið væri í lög að þóknananefnd ætti að ákveða þetta en ekki ráðherra.

Þessu vildi ég halda til haga. Ég ræddi þetta líka við 1. umr. málsins en sé ekki að á því hafi verið tekið í nefndinni. Þetta svar frá ráðuneytinu er náttúrlega út í hött þar sem segir að óeðlilegt sé t.d. að nefndin sjálf ákveði stjórnarlaun. Það er ekki verið að tala um að nefndin sjálf, þessi framkvæmdanefnd, eigi að ákveða sér stjórnarlaun. Það er náttúrlega út í hött að setja slíkt fram. Það sem raunverulega er verið að spyrja um er hvort ekki sé eðlilegra að þóknananefnd geri það fremur en ráðherrann. Í spurningum hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur er líka spurt hver eigi að meta hvaða sveitarfélög fái forgang til framlaga því að framlög þessi fimm ár eru takmörkuð, hvert árið fyrir sig. Þurfa sveitarfélögin að fara í biðröð eftir fyrirgreiðslu eða hvaða reglur eiga að gilda? Þetta er mjög óljóst rétt eins og við hvaða tímamörk er átt varðandi auðu íbúðirnar. Það er sett í hendur framkvæmdarvaldsins hvernig þessar reglur verði mótaðar og hvernig eigi að meta forgangsverkefnin á hverjum tíma í þessu efni.

Herra forseti. Ég vil líka fara út í það sem fram kemur í sameiginlegri niðurstöðu varðandi vexti Íbúðalánasjóðs af lánum til leiguíbúða og endurgreiðslu ríkissjóðs til Íbúðalánasjóðs vegna vaxtamunar. Það er samkomulag sem hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. gerðu um þetta mál sem var undirritað 21. ágúst árið 2001. Ég held að fullkomlega óeðlilega hafi verið staðið að þeirri málsmeðferð, og vitna í nefnd um leigumarkað og leiguhúsnæði frá apríl 2000. Hún vann á vegum félmrn. upp tillögur og stuðning hins opinbera við leigjendur og leigumarkað og sveitarfélögin eftir að félagslega íbúðakerfið var lagt niður.

Þar komu fram mjög ákveðnar upplýsingar um hvað þyrfti að gera til að sveitarfélög og leigjendur væru jafnsett að því er varðar niðurgreiðslu á kjörum til leiguíbúða eftir að félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður. Í þeirri skýrslu kemur fram að verulegir stofnstyrkir þurfi að koma til eða hækkun á húsaleigubótum eða þá samspil á hvoru tveggja til að leigjendur og sveitarfélög yrðu jafnsett fyrir og eftir breytinguna.

Það er ljóst að með þeirri ákvörðun telur ríkisvaldið sig hafa tekið á þessum málum. Að mínu viti er algjörlega

ófullkomið hvernig að er staðið sem er m.a. orsökin fyrir þeim langa biðlista sem núna er eftir leiguíbúðum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, þar sem um 2.000 fjölskyldur bíða eftir leiguíbúðum.

Í þessari skýrslu ráðherrans frá árinu 2000 er miðað við íbúð sem kostar um 7,6 millj. Þá þarf stofnstyrkur að nema um 2 millj. ef vextir hækka úr 1% í 3,9% til að tryggja sama leiguverð til leigjandans. Þar er bara verið að tala um, herra forseti, 3,9%. Ráðherrann segist vera í tímabundnu átaki til uppbyggingar á leiguíbúðum, og heimilt er að veita lán til allt að 150 leiguíbúða á ári til fjögurra ára alls eða 600 íbúða á 4,5% breytilegum vöxtum samkvæmt sérstöku átaki til að auka framboð leiguhúsnæðis. Hér er verið að tala um 4,5% vexti en miðað við 3,9% vexti samkvæmt skýrslu ráðherrans þyrfti 2 millj. í stofnstyrki með íbúð sem kostar 7,6 millj. kr. Menn sjá því í hendi sér að verið er að hækka verulega leigugreiðslur eða þá að auka verulega útgjöld sveitarfélaganna með þeirri niðurstöðu sem hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin komast að með þessari breytingu. Hér kemur fram, og þetta kemur líka fram í svarinu sem ég hef verið að vitna í sem félmn. fékk frá ráðuneytinu, að núvirk niðurgreiðsla lána út lánstímann nemur 196 millj. kr., þ.e. miðað við þetta 150 leiguíbúðaátak, miðað við árslánveitingu ef miðað er við 5,4% innlánsvexti og 10 millj. kr. lánsfjárhæð á hverja íbúð við ofangreinda vaxtaákvörðun. Framlag ríkissjóðs miðast við mun á inn- og útlánsvöxtum ár hvert og uppgjör vaxtamunar fer fram í lok hvers árs og endurgreiðist árið á eftir. Það hefði verið fróðlegt að sjá hvað leigugreiðslur þyrftu að vera miðað við þau kjör sem þarna eru í boði.

Það hefur komið fram, herra forseti, að miðað við nýjar íbúðir sem verið er að byggja, t.d. á vegum Búseta, þurfa leigugreiðslur að vera 80–100 þús. kr. á mánuði. Auðvitað sjá allir að það gengur ekki að bjóða slíkt láglaunafólki sem er kannski með álíka háa fjárhæð fyrir vinnu sína á mánuði og leigugreiðslur þurfa að vera til að standa undir kostnaði. Það gengur ekki, herra forseti.

Mér sýnist niðurstaðan vera að það eigi að láta eitthvert lítilræði á næstu árum frá ríkisvaldinu í það sem þeir kalla átak til uppbyggingar á leiguíbúðum en það á eftir að koma í ljós, herra forseti, hvað þetta þýðir í auknum útgjöldum að því er varðar leigugreiðslu vegna leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, ekki síst á vegum ýmissa félagasamtaka sem hafa staðið sig vel í uppbyggingu á leiguíbúðum eins og t.d. Öryrkjabandalagið og námsmenn.

Ég ætla að vitna til skýrslu frá 11. apríl 2002 um endurskipulagningu húsnæðismála sveitarfélaga. Það er afrakstur nefndar sem félmrh. skipaði í desember 2000 sem skilar niðurstöðum um greiningu á vanda sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða í eigu þeirra og tillögum til úrbóta. Það er sem sagt nefndin sem er þá greinilega að vinna að tillögum til úrbóta á grundvelli þessarar skýrslu nefndar um leigumarkað og leiguhúsnæði. Þar leggur nefndin til eftirfarandi í lið sem nefnist „Opinberar ráðstafanir til að draga úr kostnaði leigjenda“, með leyfi forseta:

„Meðal verkefna nefndarinnar var að útfæra tillögur nefndar sem skilaði áliti í apríl 2000 um leigumarkað og leiguhúsnæði er varðar breytingar á aðstoð hins opinbera vegna félagslegra leiguíbúða. Nefndin leggur til að hafnar verði viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um mat á þörf fyrir leiguhúsnæði og með hvaða hætti ríki og sveitarfélög taki sameiginlega þátt í að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda og þeirra sem þurfa sérhæft húsnæði.“

Það er ástæða til að vitna í þessu sambandi í minnisblað frá fulltrúum sveitarfélaga í nefnd félmrn. um vanda félagslega íbúðakerfisins, sem er dags. 10. apríl 2002, þar sem þeir skila sérstöku áliti að því er varðar t.d. þennan þátt, og fjárframlögin samkvæmt þessu frv. eiga að fá lagastoð til aðgerða í málefnum félagslega húsnæðiskerfisins. Þá stendur um stofnstyrki og húsaleigubætur, með leyfi forseta:

„Nefnd félagsmálaráðherra sem skilaði niðurstöðum í apríl 2000 lagði til að í stað niðurgreiðslu vaxta yrði félagslegri aðstoð komið til íbúðarkaupenda í formi stofnstyrkja og húsaleigubóta. Aðkoma yfirvalda yrði á þann hátt bæði skilvirkari og sýnilegri að mati nefndarinnar. Útfærsla þessa verkefnis var eitt af hlutverkum þeirrar nefndar sem undirritaðir sátu í sem fjallaði um aðgerðir í húsnæðismálum. Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra tóku þetta verkefni úr höndum nefndarinnar í ágúst 2001“ — verkefni sem svo miklu skiptir bæði fyrir sveitarfélögin og leigjendur, þ.e. með hvaða hætti niðurgreiðslu yrði háttað varðandi leiguíbúðir. Það er tekið úr höndum nefndarinnar í ágúst 2001 þegar samkomulag náðist milli ráðuneytanna um niðurgreiðslu vaxta og byggingu íbúða á félagslegum grunni. Það er þessi sameiginlega niðurstaða sem ég var að vitna í sem ráðherrarnir tveir hæstv. undirrita. Hér stendur þá, ég ætla að klára að lesa þessa efnisgrein, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra tóku þetta verkefni úr höndum nefndarinnar í ágúst 2001 þegar samkomulag náðist milli ráðuneytanna um niðurstöðu vaxta til byggingar íbúða á félagslegum grunni. Því hefur engin vinna farið fram um útfærslu á framkomnum tillögum um stofnstyrki og greiðslu húsaleigubóta í stað niðurgreiðslu vaxta á vegum hennar. Undirritaðir telja eðlilegt að unnið sé að útfærslu þessara hugmynda þannig að hægt sé að taka ákvörðun um aðferðafræði í þessum efnum á faglegum grunni til lengri tíma litið og meta efnislega þau atriði sem skipta máli í þessu sambandi.“

Um hvað náðu þeir svo samkomulagi, hæstv. ráðherrar fjármála og félagsmála? Það kemur fram í þessari niðurstöðu þeirra sem ég ætla að lesa, herra forseti:

„Veitt verði lán samkvæmt þessum lánaflokki [þ.e. lán til leiguíbúða samkvæmt 15. gr. laga um húsnæðismál] til allt að 400 leiguíbúða á ári á 3,5% breytilegum vöxtum. Gert verði ráð fyrir eðlilegu svigrúmi í fjölda veittra lána milli ára. Lánin verði veitt aðilum er leigja íbúðirnar til þeirra er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk. Árlegur vaxtamunur lána af 400 íbúðum er um 64 millj. kr. ef miðað er við 5,4% innlánsvexti og 10 millj. kr. lánsfjárhæð á hverja íbúð. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög, félög fatlaðra, öryrkja og aldraðra auk námsmanna njóti forgangs innan þessa lánafloks.“

Það væri fróðlegt að vita, herra forseti, hversu margar þessara 400 leiguíbúða félög fatlaðra og öryrkja, aldraðra og námsmanna, hafa sótt um miðað við 3,5% vexti. Það er það fyrsta — ég vil gjarnan vita það og spyr hæstv. ráðherra um það — og á hvaða kjörum þessi hagsmunasamtök fatlaðra, öryrkja, aldraðra og námsmanna ætla þá að leigja þær félagsmönnum sínum vegna þess að jafnvel þó að vextirnir hafi verið 1% áttu skjólstæðingar þessara hagsmunasamtaka oft í erfiðleikum með að standa straum af leigugreiðslum sem þó voru hóflegar, einmitt vegna þess að vextir voru verulega greiddir niður. Því ber að halda til haga, herra forseti, að það varð sátt um það milli allra flokka á þingi, sátt um það í þjóðfélaginu alveg fram til ársins 1995–1996 þegar ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. tekur við, að halda niðurgreiðslu á vöxt-

um á leiguíbúðum í 1% jafnvel þó að menn þyrftu að hækka vexti annars staðar, bæði hjá Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins.

Síðan stendur í þessu samkomulagi: „Veitt verði lán samkvæmt þessum lánaflokki til allt að 150 leiguíbúða [þ.e. lán til leiguíbúða samkvæmt 16. gr. laga um húsnæðismál] í fjögur ár, eða alls 600 íbúðir á 4,5% vöxtum“ — vextirnir hafa fjór- til fimmfaldast á örfáum árum í höndum hæstv. félmrh. — „samkvæmt sérstöku átaki til að auka framboð leiguhúsnæðis. Núvirk niðurgreiðsla lána út lánstímann nemur 196 millj. kr. ef miðað er við 5,4% innlánsvexti og 10 millj. kr. lánsfjárhæð á hverri íbúð. Gert er ráð fyrir að leitað verði eftir samkomulagi við sveitarfélög um að taka þátt í umræddu átaki. Skilgreint verði nánar hverjir skuli njóta lána úr þessum flokki.“

Í þessari ágætu skýrslu sem ráðherrann lét gera, og nefnd á vegum hans skoðaði til að finna út hvaða tillögur ættu að koma í staðinn fyrir það að leggja niður félagslega íbúðakerfið, er einmitt tafla sem sýnir fram á hvað leigugreiðslur þurfa að vera á íbúð sem kostar 7,6 millj. miðað við ferns konar vaxtastig, þ.e. 1% vexti, 3,2% vexti, 3,9% vexti og 4,9% vexti. Þá þarf að hækka leigugreiðslurnar. Ef við tökum 4,9% vexti sem eru nálægt því sem verið er að fara upp í — og mun auðvitað enda í markaðsvöxtum ef þessir stjórnarflokkar fá að stjórna áfram næstu árin — þarf leigugreiðslan að vera tæp 53 þús. en ef vaxtakjör af íbúð upp á 7,6 millj. eru 1% þarf leigugreiðsla að vera 36 þús. Þarna er um 17 þús. kr. munur. Um það munar auðvitað verulega fyrir láglaunafólk sem þarf kannski að lifa af 100 þús. kr.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra með tilliti til þess sem fram kom í þessu minnisblaði frá 10. apríl sem undirritað er af Gunnlaugi Júlíussyni, Halldóri Halldórssyni og Helga Hjörvar þar sem raunverulega er gagnrýnt að þetta verkefni hafi verið tekið úr höndum nefndarinnar, og tveir ráðherrar ákveða einhliða hvernig með þessi mikilvægu mál skuli farið án nokkurs samráðs við sveitarfélögin, hvort þetta sé endanlegt af hálfu stjórnarflokkanna og hvort það séu þessi vaxtakjör og þessir skilmálar sem sveitarfélög og hagsmunasamtök eins og námsmenn, öryrkjar og aldraðir þurfa að búa við í framtíðinni.

Það er mikilvægt að fá þetta fram því að hér segir það sem ég ætla að ítreka í minnisblaði þeirra þremenninganna, sveitarstjórnarmannanna, með leyfi forseta:

„Því hefur engin vinna farið fram um útfærslu á fram komnum tillögum um stofnstyrki á greiðslu húsaleigubóta í stað niðurgreiðslu vaxta á vegum hennar. Undirritaðir telja eðlilegt að unnið sé að útfærslu þessara hugmynda þannig að hægt sé að taka ákvörðun um aðferðafræði í þessum efnum á faglegum grunni til lengri tíma litið og meta efnislega þau atriði sem skipta máli í þessu sambandi.“

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Mun hann láta þá vinnu fara fram sem hér er verið að kalla eftir og hefur dregist ansi lengi, herra forseti, að fá niðurstöðu í allt þetta mál? Ég man eftir því þegar löggjöfin um að leggja félagslega húsnæðiskerfið niður fór í gegnum þingið, þá átti að taka tiltölulega stuttan tíma, mig minnir að það hafi verið eitt ár eða tvö, að fá niðurstöðu í það hvernig niðurgreiðslum til leiguíbúða skyldi háttað við þessi tímamót. Mér finnst ekki vera kominn botn í það enn þá, herra forseti, og ég tel að sveitarfélögin séu reyndar sammála mér í því efni. Þau eru að kalla eftir frekari vinnu í þessu efni og væri það gott þegar við erum að fjalla um frv. sem á að taka á vanda örfárra sveitarfélaga hvernig með þetta mál á að fara. Ég spyr hæstv. ráðherra líka hvort hann telji það ekki brot á samkomulagi og samráði sem er skriflegt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þar sem ríki og sveitarfélög hittast á hverju ári til þess að fara yfir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, að taka svona mikilvægt og stórt mál úr höndum sveitarfélaganna og ráðslaga um það, einungis ráðherrarnir tveir, hvernig með skuli fara.

Þetta skiptir oft miklu máli, herra forseti, fyrir kjör leigjenda. Neyðarástand er víða í húsnæðismálum lágtekjufólks og þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Það eru flestir sem viðurkenna það nema þá helst að ráðherrarnir sjái ekki þann vanda miðað við þau kjör sem þessu fólki eru búin að því er varðar leigugreiðslurnar.

Í minnisblaði þremenninganna, sveitarstjórnarmannanna, segja þeir líka varðandi fjárframlögin til aðgerða í málefnum félagslega húsnæðiskerfisins þar sem ríkið leggur sjálft mjög lítið fram til viðbótar við það sem það hefur gert hingað til í varasjóðinn, að ekki sé hægt að tala um endanlega lausn málsins heldur aðgerðir sem byggja á ákveðnum forsendum og eiga að bæta stöðu sveitarfélaganna. Þeir telja því greinilega í þessu minnisblaði að ekki sé kominn endir í þetta mál að því er varðar frv. sem við erum að tala um heldur sé þetta einungis áfangi á þeirri vegferð að leysa þetta mál og þeir telja það bæði varðandi fjárframlögin sem á að veita til aðgerða í málum félagslega húsnæðiskerfisins og ekki síst að því er varðar niðurgreiðslurnar á lánskjörunum, bæði að því er varðar stofnstyrki og húsaleigubætur. Þess vegna er nauðsynlegt, áður en þessu máli lýkur, herra forseti, að fá fram afstöðu hæstv. ráðherra til þess hvort ríkisvaldið telji sig með frv. vera búið að uppfylla það sem það þurfti að gera til að bregðast við þeim breytingum sem urðu á félagslega húsnæðiskerfinu á árinu 1998, bæði að því er varðar fjárframlög til sveitarfélaganna á Vestfjörðum og Austfjörðum og að einhverju leyti á Suðurlandi og eins varðandi niðurgreiðslurnar á lánskjörum til leiguíbúða. Það er fyrirvari minn við þetta mál og það er skýringin á því t.d. að ég sit hjá í heildina við málið og mun gera það því ég tel að ekki sé komin endanleg lausn í málið og ófært að skilja þannig við það.

Það er auðvitað nauðsynlegt eins og ég sagði að afnema kaupskylduna miðað við þær aðstæður sem eru komnar upp á leigumarkaðnum eftir lokun á kerfinu. En það er ekki ásættanlegt að leysa vanda nokkurra sveitarfélaga sem hafa 100–200 íbúðir sem hafa staðið auðar í tvo mánuði og eru innan við 1% af heildinni, að leysa það þannig að önnur sveitarfélög sem ekki glíma við neinn vanda séu látin borga verulegan hluta af kostnaðinum en ríkið leggi til smáfjárhæðir sem enginn veit hvort dugar. Að mínu viti er ekki komin heildarniðurstaða í það mál. Það sem ég tel það alversta í málinu er að ráðherrarnir, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., gera samning fram hjá sveitarfélögunum um niðurgreiðslu lánskjara vegna leiguíbúða og svíkja þá sveitarfélögin um leið um alla stofnstyrki og nægjanlegt fjármagn til húsaleigubóta til að koma í veg fyrir að leigugreiðslur hækki upp úr öllu valdi.

Þetta vildi ég, herra forseti, láta koma fram við umræðuna áður en henni lýkur þar sem ég hafði ekki tök á að ræða málin við 2. umr. Ég kallaði eftir að fá svör frá ráðherra við nokkrum spurningum sem ég hef lagt fram og vænti þess að ráðherrann svari þeim áður en umræðunni lýkur.

[12:07]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. beindi til mín spurningu um það hvað átt væri við í frv. þar sem talað er um að íbúðir hefðu staðið „lengi“ auðar. Í rauninni er ekki skilgreining á því heldur er um það að ræða, eins og þarna kemur fram, að rekstrarframlögin til sveitarfélaganna eiga að koma vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða og íbúða sem staðið hafa lengi auðar. Miðað er við það í frv. að sérstakt reiknilíkan finni út úr því hvað sá hallarekstur er mikill og hvað er eðlilegt að sé komið til móts við þann hallarekstur. Reyndar er í niðurstöðum nefndarinnar gert ráð fyrir ákveðnu formi á þessu reiknilíkani og félmn. gerði það einmitt að tillögu sinni að sett yrði sérstök reglugerð um þetta reiknilíkan þar sem fram kæmi hversu mikið ætti að koma til móts við þann hallarekstur. Grunnforsendan er sú að hallarekstur er á þessum íbúðum sem hafa staðið auðar og auk þess hallarekstur á þeim leiguíbúðum sem hefur ekki tekist að leigja út á eðlilegu kostnaðarverði frá sveitarfélögunum vegna þess að markaðsleiga í einstökum sveitarfélögum er það lág að sveitarfélögin verða að fylgja því eftir og geta ekki leigt á fullu verði.

[12:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni félmn. fyrir að svara þessari spurningu. Að vísu skýrir hún ekki það sem ég var að kalla eftir, hvort hér væri staðnæmst við ákveðið viðmið varðandi tímalengdina í þessu efni en vísar í reiknilíkan sem hv. þm. nefnir að eigi setja reglugerð um. Ég geri ráð fyrir að við verðum þá að búa við það í þinginu að málin verði afgreidd með þeim hætti að þetta sé skilið eftir nokkuð opið en það er of mikið um það, herra forseti, í þinginu að ráðherrar fái tiltölulega opnar heimildir sem mér finnst þessi heimild að nokkru leyti vera. Ég hefði talið æskilegt að hv. félmn. hefði fengið þessa reglugerð til skoðunar eða umsagnar áður en hún yrði sett og væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. eða þingnefndin hefði óskað eftir því að fá þá reglugerð til umsagnar eða skoðunar.

Eins vildi ég þá spyrja hv. þm. að hve miklu leyti nefndin fjallaði um það atriði sem ég gerði líka að umtalsefni í 1. gr., þ.e. þóknun til nefndarmanna sem er sett í ákvörðunarvald ráðherra, hvort nefndin telji ekki eðlilegra að taka þann kaleik af hæstv. ráðherra og setja í hendur þóknananefndar vegna þess að mér sýnist t.d. á skoðun og úttekt sem Ríkisendurskoðun hefur verið að gera á þessum málum að samræma þurfi miklu betur á milli ráðuneytanna hvernig háttað skuli greiðslum fyrir ýmis nefndarstörf og ráðgjafarstörf fyrir ráðuneytin þannig að það skapist ekki óeðlilegt misræmi þar á milli eða greiðslur séu óeðlilegar eða verið sé að greiða nefndarmönnum sem vinna á vegum ráðuneytanna sem taka laun samkvæmt Kjaradómi sem ekki á að greiða slíkar greiðslur. Ég held að við þurfum að setja þetta í fastari sess og þess vegna nefni ég þetta því að mér finnst ekki vera tekið á því í frv.

[12:12]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að svara því síðasta, þá fór nefndin ekki sérstaklega ofan í það og ég held að við höfum almennt reiknað með því að það væri ákveðið form á því hvernig slík þóknun væri greidd. Ég reikna með að hæstv. ráðherra svari því.

En varðandi það hvort við hefðum talið það nauðsynlegt að fá reglugerðina til umsagnar, þá er það auðvitað eins og er með margar þær reglugerðir sem verið er að setja. Það er búist við ákveðnu uppleggi og í þessu tilfelli er það þannig að nefndin hefur skilað af sér skýrslu sem heitir Endurskipulagning húsnæðismála sveitarfélaga. Í nefndinni áttu sæti ágætir fulltrúar bæði frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og félmrn. og fjmrn. Nefndin fór mjög ítarlega yfir það hvernig hægt væri að takast á við þetta verkefni og niðurstaðan liggur fyrir í skýrslunni og við höfum gert ráð fyrir að reglugerðin miðaðist við þá niðurstöðu og það reiknilíkan sem búið var að þróa í nefndinni.

[12:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki þurfa langan tíma til að koma sjónarmiðum mínum að í umræðunni. Ég vil minna á að við 1. umr. málsins tók ég til máls og fór yfir þá hugmyndafræði jafnaðarmanna sem lá að baki því að fyrsta löggjöf var sett um húsnæðismál, um þá hugmyndafræði sem liggur því að baki að til séu félagsleg úrræði, ekki bara í húsnæðismálum heldur almennt, hversu mikilvægt það er að vera með mismunandi kosti í húsnæðismálum sem falla að ólíkum kjörum fólks. Þannig höfðum við jafnaðarmenn reynt að vinna þessi mál og tryggja að slíkir kostir væru til staðar en það er búið að breyta því. Við stöndum frammi fyrir sértöku máli sem byggir á að búið er að leggja af félagslega kerfið. Við erum með lög núna um viðbótarlán. Þau lög voru gölluð. Ég minni á að við þingmenn Samfylkingarinnar bentum á þá galla á sínum tíma og á það var ekki hlustað. Núna er aðalmálið að lagfæra þau lög og styðja úrbætur. Þetta er ekki okkar leið en við völdum hana og lýstum því yfir þegar þetta mál kom inn í þingið að við mundum líta á það þannig að við vildum ekki taka þátt í því að mismuna fólki eins og lögin gerðu og við mundum að þessu sinni gera það besta úr lögunum sem eru í gildi.

Svo var komið að ekki var hægt að skipta lengur innan kerfisins. Það var lapsus í lögunum þannig að t.d. þeir sem höfðu átt íbúð í 20 ár máttu ekki selja hana á frjálsum markaði. Maður í sama stigagangi sem hafði átt hana í 10 ár mátti hins vegar selja á frjálsum markaði. Svona gerir maður ekki. Eftir því hefur verið kallað að þessir hlutir verði lagfærðir.

Þannig höfum við í Samfylkingunni horft á þessi mál. Ég vek athygli á því að málið er afgreitt samhljóða út úr félmn. og fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni, Ásta R. Jóhannesdóttir, styður það þó með fyrirvara sé. Þingmaður Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur lýst vinnubrögðum og vandræðagangi, t.d. með útfærslu vaxta og stofnstyrkja. Þau mál eru ekki enn þá leyst. Ég hef heldur engu við það að bæta sem hún hefur sagt þar. Ég tek undir það og þær fyrirspurnir sem komið hafa fram í máli hennar um að ríkisvaldið hafi tekið mikilvægt mál úr höndum nefndar á vegum ríkis og sveitarfélaga. Það er vont að heyra um þannig vinnulag í þýðingarmiklum málum.

Það er líka ágætt að ræða fleira sem snertir húsnæðismálin í svona umræðu en við erum ekki að taka afstöðu til þeirra hér. Ég undirstrika að sú afstaða mín að styðja þetta mál við atkvæðagreiðslu við 2. umr. einskorðast við málið sem liggur fyrir framan mig. Það er ekki leiðin sem ég vildi fara hefði ég verið í stól hæstv. félmrh. Auðvitað hlýt ég að furða mig á því ef sveitarfélögin hafa samþykkt að lögfest yrðu ákvæði á grundvelli undirritaðs samkomulags og þetta samkomulag er aðeins hluti aðgerða sem þarf að hrinda í framkvæmd og

það vantar allt sem við á að eta. Það kemur mjög á óvart þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsir því hve skammt er gengið og hve mikið þarf til. Það er óþægilegt, fyrir þá sem horfa á vandann eins og hann er núna og styðja breytingar vegna vandans og horfa bæði til sveitarfélaganna sem eru í vanda alveg óháð því hvort hann er sjálfsprottinn eða af annarra hvötum eins og ég gerði ágætlega skil við 1. umr. málsins, ef einhverjir annmarkar eru á samkomulaginu sem birt er sem fylgiskjal í nefndaráliti.

Ég verð að segja, herra forseti, að fyrir mig sem er í stjórnarandstöðu og rétti upp hönd með þessu máli á grundvelli upplýsinga sem hér liggja fyrir er ekki ásættanlegt ef fram koma upplýsingar við 3. umr. málsins um að samkomulagið sé einhvern veginn ófullnægjandi. Ég geri mér alveg grein fyrir því að við getum lítil áhrif haft á þær fjárhæðir sem fyrir liggja í samkomulaginu sem birtist hér sem fylgiskjal með nefndarálitinu. Við í stjórnarandstöðunni ráðum heldur engu um þann samning sem hefur verið gerður milli Sambands sveitarfélaga, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. Við horfum bara á þegar borið er inn í þingið lagafrv. sem byggir á samkomulagi sem ríki og sveitarfélög hafa náð samstöðu um og undirritað. Þetta mál snýst hvað mig varðar ekki um það hvort ég tel nægja að leggja fram það sem nýta á í niðurgreiðslu áhvílandi lána við sölu félagslegra íbúða eða leiguíbúða á almennum markaði. Þetta snýst ekki um það hvort mér finnist nægjanlegt að 70 millj. verði árlega varið til fimm ára verkefnis vegna sveitarfélaga sem glíma við rekstrarvanda vegna félagslegs húsnæðis. Málið snýst ekki um hvort það er nóg að ríkissjóður greiði árlega í fimm ár þessi framlög sem um ræðir hér í þriðja lið samkomulagsins. Það snýst ekki um það.

Ég hef hugmyndir um hvaða fjármuni þurfi í þetta dæmi en málið sem ég er að afgreiða hér snýst ekki um það. Ég vil undirstrika það til að það sé alveg ljóst, að ekki verði litið svo á að ég sé þar með að samþykkja eitthvað sem ekki liggur fyrir.

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að benda á fleira í sambandi við þetta mál. Í þessum sal hafa verið haldnar margar ræður um stöðu félagslegs húsnæðis, sérstaklega úti á landi, samanborið við stöðu húsnæðis annars staðar í sveitarfélaginu. Meginatriðið er að fólk hefur kannski fengið lóð og byggt íbúð eða hús og notað meira eða minna af afrakstri ævistarfsins í þetta hús. Einn góðan veðurdag haga aðstæður því svo að viðkomandi þarf að flytja úr plássinu. Hann vill selja húsið og fær bara brot af verðgildi þess til baka. Hvað þýðir það? Jú, það þýðir að viðkomandi skilur stóran hluta ævistarfsins eftir heima í héraði. Hann getur ekki notið ævistarfsins. Hann lagði fé sitt í eitthvað sem hélt ekki verðgildi sínu.

Í hinu tilfellinu hefði fólk fengið nýbyggðar íbúðir í hendur í félagslega kerfinu, borgað lítinn hluta, stundum engan og með lán til kannski 40 eða 42 ára. Þegar fólk hefur búið í þessum íbúðum í einhver ár er íbúðin leyst inn, hún heldur verðgildi sínu því verðgildi íbúðarinnar liggur í þeim lánum sem þar eru, hinum ógreidda kostnaði. Fólkið hefur fengið hlutinn sinn greiddan, oft mjög lítið, en það átti líka lítið. Það er ekki laust við að í umræðunni í gegnum árin hafi myndast spenna varðandi það að þeir sem áttu lítinn hlut í félagslegri eignaríbúð fengu hann út en hinir misstu sitt.

Þá skulum við gera okkur grein fyrir því sem nú liggur fyrir. Þegar nýja kerfið sem þessi stjórnarmeirihluti hefur smíðað verður komið á fullt skrið, verðum við með fólk í félagslegu húsnæði sem fengið hefur viðbótarlán og er með íbúð sem hefur verið keypt á tilskildu verði með fullum lánum. Það mun selja þá íbúð og hún hefur misst verðgildi frá kauptímanum og þá mun nýi eigandinn tapa peningunum sínum alveg eins og sá sem byggði húsið við hliðina með frjálsum lánum. Við skulum vera meðvituð um hvernig kerfi við erum að búa til. Hafi hitt verið mismunandi að því leyti að sá sem var í félagslegu húsnæði fékk litla eignarhlutinn sinn greiddan út og íbúðin hélt allt of háu verðgildi er a.m.k. búið að tryggja það núna að allir missa sitt í húsnæði sem tapar verðgildi sínu. Það er réttlætið sem búið er að skapa með þessum lögum sem stjórnarmeirihlutinn hefur sett. Það blasir við.

Við í Samfylkingunni erum í þessu máli ekki að taka afstöðu til þess. Við smíðuðum ekki þessi lög. Við gagnrýndum þau málefnalega og sú málefnalega gagnrýni átti rétt á sér en núna eru þessi lög í gildi. Fólkið sem býr við þau hefur hagað málum sínum í samræmi við þau. Við erum að tryggja að þau lög virki eins og best verður á kosið. Þess vegna, herra forseti, undirstrika ég að ég tek afstöðu til þessa máls á þeim grundvelli.

Mig langar hins vegar, í stuttri ræðu minni, að rifja annað upp þó ég ætli ekki, við 3. umr. málsins og e.t.v. á síðasta degi þingsins, að leggjast í langa ræðu um húsnæðismál og mistök stjórnarmeirihlutans. Ég get samt ekki annað en minnt á að þegar Húsnæðisstofnun ríkisins var breytt í Íbúðalánasjóð og tækifærið notað til að losa sig við allt það hæfa fólk sem þá starfaði í stofnuninni og byrja upp á nýtt var lagt mjög mikið upp úr því að fara ætti nýjar leiðir og sparnaður yrði af því að búa til nýja stofnun. Það átti að spara a.m.k. 100 millj. á ári. Á þeim tíma kostaði Húsnæðisstofnun um það bil 500 millj. Á þeim tíma sem þessar breytingar voru gerðar, árið 1999, fór kostnaðurinn hátt í 800 millj. kr. Því var þá kennt um að þetta væri hin mikla breyting sem kallaði á umfangsmiklar aðgerðir sem kostuðu peninga.

Nú liggur fyrir í reikningum stofnunarinnar að á síðasta ári kostaði Íbúðalánasjóður hvorki meira né minna en 688 millj. kr. Ég skila þessu til baka til hæstv. félmrh. Eitt er að segja hlutina og annað að sýna fram á að breytingar þær sem maður hefur gert hafi skilað því sem þær áttu að skila. Það sem þessi breyting skilaði var að skipta um fólk. Ég hef allan tímann verið mjög meðvituð um hverjir voru sendir út og hverjir komu inn. Varðandi kostnaðinn — reynið ekki, hæstv. fulltrúar stjórnarmeirihlutans hér á þingi, að tala um kostnað Húsnæðisstofnunar og Íbúðalánasjóðs við mig. Þetta er nóg um fyrri tíma og breytingar á sjóðnum.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist á þóknun til stjórnarinnar sem ég vakti máls á við 1. umr. málsins. Hún vísaði í svar sem ég fékk við fyrirspurn um það hver væru störf þóknananefndar, hvernig ákvarðanir væru teknar ef þóknananefnd tekur ekki ákvörðun um þóknun. Svarið er mjög afdráttarlaust. Svarið gefur til kynna að það sé engin hentistefnuákvörðun hjá ríkisstjórninni varðandi þóknanir stjórna. Það beinlínis sagt að kjaranefnd ákveði þóknun ef þóknananefnd geri það ekki en þóknananefnd eigi yfirleitt að gera það. Það má vel vera að því verði svarað á eftir í lokaræðu ráðherra hvernig farið verði með þessa þóknun sem ráðherra mun taka ákvörðun um samkvæmt frv. Einfaldast fyrir okkur, ef eitthvað er óljóst, verður að bera fram fyrirspurn á hausti komanda: Hvernig er þóknunum háttað fyrir þetta starf? Hvar var ákvörðun tekin og á hvaða grundvelli? Þannig getum við í stjórnarandstöðunni unnið og ég er búin

að fá þetta svar um störf þóknananefndar og hvernig þessir hlutir eru ákveðnir. Svarið rímar kannski ekki alveg við þær fréttir sem við höfum haft af því hvernig ýmsar stjórnir og stjórnarformenn hafa verið launaðir, sem lent hafa í fréttum á liðnum mánuðum. Það breytir því ekki — ég ætla ekki að vera með neina sleggjudóma um það — að það eina sem við getum gert er að bera fram fyrirspurn og fá svar við henni. Svarið hlýtur alla vega að eiga að vera rétt.

Herra forseti. Samfylkingin stendur frammi fyrir því núna að lagfæra galla í lögum. Ég tek þátt í því alveg eins og ég sagði við 1. umr. Mér finnst hins vegar áhugavert, sem ég lít til framtíðar, ef þessar tölur sem vísað var til eða önnur þau atriði sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vakti máls á og gagnrýndi eru ófullnægjandi. Ég er alveg sannfærð um að þegar að því kemur að meta það á ný muni Samfylkingin fá tækifæri til að koma að því máli.

Ég geri ráð fyrir að breytingar verði gerðar eftir næstu kosningar, þar verði komin upp ný staða og Samfylkingin komi af fullum þunga að slíkum málum. Þess vegna afgreiði ég þetta mál fyrir mína parta, bjartsýn og jákvæð eins og ég var við 1. umr. málsins. Ég veit að hér er enginn stór sannleikur. Þetta er afmarkað mál og ég afgreiði það sem slíkt. Ég veit að það þarf fleiri úrræði og að gera þarf úrbætur á leigumarkaði. Ríkið þarf að koma að því. Uppbygging ólíkra úrræða er mikilvæg. Lagaramminn er eitt. Við erum að afgreiða ákveðinn lagaramma hér. Framkvæmdir og þau markmið sem ríkisstjórn setur sér eru annað. Ég get engin áhrif haft á það hjá þessari ríkisstjórn. Ég er hins vegar alveg viss um að hafa slík áhrif í þeirri næstu og með því lýk ég máli mínu.

[12:30]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins taka af allan vafa, það er mjög mikill stuðningur við þetta frv. hjá sveitarfélögunum. Á fund félmn. mættu Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Gunnlaugur Júlíusson, deildarstjóri hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Þeir lögðu mjög mikla áherslu á að þetta frv. yrði að lögum núna vegna þess stuðnings sem kemur í gegnum það til sveitarfélaganna við rekstur á félagslega íbúðakerfinu. Auk þess hefur komið hér fram hversu mikið hagræði þetta er fyrir þá einstaklinga sem vilja losna úr félagslegum eignaríbúðum.

[12:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri athugasemdir við þessa síðustu setningu, „fyrir þá einstaklinga sem vilja losna úr félagslegum eignaríbúðum". Samkvæmt þeim lögum sem áður giltu gat fólk hreyft sig, hvort sem var innan félagslegs húsnæðis eða farið út úr félagslegu húsnæði. Það er búið að breyta lögum núna og eins og ég benti á áðan gerðu gallar á þeirri löggjöf það að verkum að sumt fólk læstist inni. Það er verið að lagfæra það. En á grundvelli þess sem formaður félmn. áréttaði hér, að fyrir liggur undirritað samkomulag milli ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga, tekur Samfylkingin sína jákvæðu afstöðu í þessu máli. Það breytir því þó ekki að það er afskaplega óþægilegt ef einhverjir í þessum geira eru síðan að senda frá sér eða gefa frá sér þær upplýsingar að þarna sé öðrum hlutum ábótavant, að þetta sé hluti af stærra dæmi og komi ekki að gagni ef dæmið leysist ekki allt. Þess vegna er mjög mikilvægt að því verði svarað í þessari umræðu. Ég vakti fyrst og fremst athygli á því en ég tek mína afstöðu á grundvelli þess samkomulags sem hér liggur fyrir, á grundvelli þess sem ég veit að þarf að lagfæra fyrir fólkið í þessu húsnæði, fyrir það fólk sem þarf að fá góð félagsleg úrræði í húsnæðismálum og til að hægt sé að koma til móts við vanda sveitarfélaga án þess að ég falli í þá gryfju að ergja mig yfir því hvernig sá vandi varð til í mörgum tilfellum.

Ég þakka góðar upplýsingar formanns félmn. og tek undir orð hennar.

[12:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál er til 3. umr. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í hv. félmn., undirritar nál. með fyrirvara og hefur gert ítarlega grein fyrir honum og afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli. Ég mun því aðeins árétta nokkur þau atriði sem hér er verið að fjalla um.

Það er alveg ljóst að á undanförnum árum hafa sveitarfélögin staðið frammi fyrir miklum vanda vegna skuldbindinga í félagslega íbúðakerfinu, hvort heldur er í félagslega eignaríbúðakerfinu eða í leiguíbúðakerfinu í heild sinni. Þessi vandi er búinn að vera ljós um allnokkur ár og hefur hver nefndin verið skipuð á fætur annarri og hver starfshópur á fætur öðrum til að gera tillögur um hvernig ætti að bæta úr. En áfram hafa hlaðist upp skuldir hjá sveitarfélögunum úti um hinar dreifðu byggðir þar sem fólksflóttinn hefur orðið, og tekjuskerðing í byggðarlögunum. Þetta hefur orðið verulegur flöskuháls fyrir fjármál, vöxt og viðgang byggðarlaga.

Það er því lofsvert í sjálfu sér að hér skuli vera stigið lítið skref til móts við þennan vanda eða til að móta honum einhvern farveg í byrjun. Það er hins vegar mjög dapurlegt hve lítið skrefið er.

Í þessari áætlun er lagt til að fjármagn komi til ráðstöfunar til að létta á. Með þeim skuldbindingum sem hér er um að ræða er gert ráð fyrir að á næstu fimm árum verði 700 millj. kr. ráðstafað en af því fé komi einungis um 300 millj. kr. úr ríkissjóði en 400 millj. frá sveitarfélögunum eða á vegum þeirra. Það er því allt og sumt sem ríkið lætur af hendi rakna í þennan pakka. Það er heldur rýrt, ekki síst í ljósi þess að þegar lögum um húsnæðismál var breytt og stofnað til varasjóðs húsnæðismála var ríkissjóði falið það hlutverk sem hann hefur samkvæmt lögum nú. Þá var einmitt gert ráð fyrir því að ríkið verði árlega 50 millj. kr. í varasjóð húsnæðismála. Efndirnar urðu ekki meiri en þær að það gilti, að ég held, aðeins fyrsta árið, lítillega það næsta og svo ekkert úr því þannig að sú hækkun sem hér er verið að leggja til, að ríkið komi með 60 millj. kr. á ári í þetta verkefni, er ekki einu sinni til að bæta upp þær vanefndir á loforðum eða yfirlýsingum sem fylgdu þessu máli í upphafi. Þá hafði verið gert ráð fyrir 50 millj. sem ekki höfðu verið inntar af hendi eins og ráð var fyrir gert en sá hluti ríkisins hefur nú verið hækkaður í 60 millj. þannig að á ári er aðeins um 10 millj. kr. hækkun frá þeirri viljayfirlýsingu sem fylgdi þessu í upphafi. Framlagið er ekki mjög stórmannlegt.

Í umræðunum hefur komið fram að þær aðgerðir sem hér er verið að leggja til byggjast á samkomulagi sem gert hafði verið milli ríkisins, félmrn. og fjmrn., og Sambands ísl. sveitarfélaga um það í hvaða farveg skuli setja þetta mál.

Enn fremur kemur fram í greinargerð með frv. að starfshópar sem hæstv. félmrh. hefur haft frumkvæði um að skipa í

þetta mál á undanförnum mánuðum og missirum hafa skilað drögum sem hafa ekki náð mikið fram að ganga.

Ég minnist þess að hafa séð í úttekt á þessu máli að bráðaþörf, t.d. í félagslega eignaríbúðakerfinu, eða bráðavandi sveitarfélaganna gæti numið allt að 2 milljörðum kr. sem þyrfti að leysa úr og er sú upphæð allmiklu hærri en hér er verið að taka á. Það hefur komið einmitt fram í umræðunum að fulltrúum sveitarfélaganna í þessu máli hafi nánast verið stillt upp við vegg í þessu samkomulagi, annaðhvort yrðu þeir að fallast á þetta sem hér er lagt til ellegar að málið stæði áfram í fullkominni óvissu og ekki væri þá á döfinni að koma því í neinn farveg. Þannig hafi þeim í sjálfu sér verið nauðugur einn kostur að ganga að þessu fátæklega tilboði sem ríkisvaldið var með. Þannig er staðan í þessu máli.

Meðal þess sem ég vildi fá á hreint í þessari umræðu er staða Vestfirðinga vegna fjárskuldbindinga í félagslega eignaríbúðakerfinu. Við uppgjör á kaupum ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða var þeim gert að leggja ákveðinn hlut af andvirði þess inn á sérstakan biðreikning til tryggingar upp í væntanlega endurfjármögnun á félagslega íbúðakerfinu í fjórðungnum. Þetta þurftu jafnvel sveitarfélög að gera sem voru í fullum skilum við Íbúðalánasjóð, og átti þess vegna ekki að vera ástæða til að taka af þessu fjármagni sem ríkið greiddi fyrir Orkubú Vestfjarða til að setja inn á biðreikning vegna félagslega íbúðakerfisins. Nú er spurning hvernig þessi aðgerð og þessi meðhöndlun á fjármagni Vestfirðinga fellur að þeim fátæklegu úrlausnum sem hér eru uppi á borði vegna félagslega íbúðakerfisins. Hvernig verða Vestfirðingar leystir úr þeirri prísund að hafa sett fjármagn sitt inn á biðreikning og hvernig verður þá tekið á málefnum Vestfirðinga varðandi félagslega eignaríbúðakerfið og félagslega íbúðakerfið í heild sinni? Vandinn er ekki hvað síst á Vestfjörðum. Þó að hluti af fjárhagsvanda þeirra sé leystur til bráðabirgða með kaupum á orkubúinu er það eins og allir vita bráðabirgðaaðgerð en henni þarf að fylgja eftir og ljúka, þar á meðal líka uppgjöri vegna félagslega íbúðakerfisins hjá þessum sveitarfélögum.

Þetta held ég að sé mikilvægt að hafa á hreinu að því marki sem kostur er áður en umræðu um þetta er lokið.

Herra forseti. Það er ljóst að hér hefði þurft að taka miklum mun myndarlegar á. Félagslega íbúðakerfið er löglegur gjörningur af hálfu Alþingis þar sem Alþingi ákvað þær kvaðir sem sveitarfélögin urðu að undirgangast í þessu kerfi. Þetta var hluti af þeirri heildarstefnu sem stjórnvöld höfðu í íbúðamálum um land allt og var sett og byggt og framkvæmt eftir í mikilli bjartsýni um flestar byggðir landsins. Það er ekki þeim að kenna að byggðastefna stjórnvalda og aðgerðir í byggðamálum hafa brugðist. Við stöndum uppi með þessi vandamál í íbúðakerfinu sem ríkið ber fulla ábyrgð á.

Ég hef áður bent á í þessum umræðum að sumar þeirra úrlausna sem hér eru lagðar til, m.a. varðandi afskriftir íbúða að hluta eða öllu leyti, þátttöku ríkisins í þeim aðgerðum, er krafist einmitt verulegs mótframlags af hálfu sveitarfélagsins til að það ákvæði sé virt. Það sjá allir að sveitarfélag sem á þegar í fjárhagsvandræðum, situr uppi með kannski ónothæfa félagslega eignaríbúð en getur ekki afskrifað hana, getur ekki nýtt sér þetta lítilfjörlega framlag af hálfu ríkisins vegna þess að það er skyldugt til að koma með mótframlag, og þá er hætta á að þessi aðgerð verði ekki virk. Þessar aðgerðir eru í miklu skötulíki, afar fátæklegar og eru í sjálfu sér fjarri því að vera fullnægjandi fyrir þær lausnir sem hér þyrfti að grípa til. Áfram eru því eðlilega þær kvaðir á sveitarfélögunum að þau hafi handbært á hverjum tíma fullnægjandi húsnæði fyrir íbúa sína. Sú eðlilega krafa er áfram fyrir hendi og þess vegna er líka nauðsynlegt að ríkisvaldið komi að þessum málum með myndarskap þannig að þessi ákvæði verði virk.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefur ritað undir þetta nál. með fyrirvara eins og ég hef gert grein fyrir. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum það skref sem hér er verið að stíga þó að mjög lítið sé. Við hörmum að ekki skuli vera tekið myndarlegar á málum en áréttum að þetta er fyrsta skrefið. Hér þarf að ganga enn betur til verks.

[12:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins nokkur orð í lok þessarar umræðu. Ég vil árétta að ekki er verið að taka neina peninga af Reykjavík eða öðrum sveitarfélögum. Einungis er verið að taka fé úr sameiginlegum sjóðum sem sveitarfélögin eiga, varasjóði viðbótarlána og tryggingarsjóði vegna byggingargalla, og síðan mótframlag frá ríkinu.

Í frv. er getið um það að stjórn Íbúðalánasjóðs fær heimild til að afskrifa þar sem húsnæðið er ónýtt. Viðkomandi sveitarfélag leggur fram a.m.k. jafnháa upphæð og Íbúðalánasjóður. Þetta segir í 2. gr. frv. Og ef Reykjavík þarf að eyðileggja eitthvað af leiguíbúðum getur komið til þess að borgin þurfi að leggja fram fé, annars ekki.

Hvað varðar um þetta loðna orðalag, „lengri tíma“, þá geri ég ráð fyrir því að ráðgjafarnefndin geri tillögu um það og að kveðið verði á um hvaða mat verður lagt á þetta orðalag þegar þar að kemur við reglugerðarsetningu.

Spurt hefur verið um þóknun stjórnarmanna. Ég hygg að þetta hafi verið sett í frv. með hliðsjón af stjórn Íbúðalánasjóðs. Sami háttur er hafður á um laun stjórnar Íbúðalánasjóðs. Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur lengst af verið talsvert lægra launuð en t.d. bankaráðin. Ég lagði til hækkun fyrir örfáum mánuðum og núna eru laun almennra stjórnarmanna í kringum 70–75 þús. kr., ef ég man rétt. Mig minnir að formaður sé með 50% hærra.

Ég geri ráð fyrir því að laun stjórnar þessa sjóðs verði lægri en stjórnar Íbúðalánasjóðs enda eru henni ekki ætluð eins mikil umsvif. Ég geri ráð fyrir því að ráðgjafarnefndin setji sér verklagsreglur um hvernig staðið verði að framkvæmd þessa verkefnis. Það kom í ljós að ódýrara var fyrir ríkið að greiða niður vexti en að greiða stofnstyrki eða hækka húsaleigubætur. Þegar við vorum búnir að velta þessu lengi fyrir okkur og setja upp mikið af dæmum og reiknimódel var horfið að því að fara heldur í að greiða niður vexti en að greiða stofnstyrki eða hækka húsaleigubæturnar. Líka var vandasamt að hækka húsaleigubæturnar því að ekki hefðu nema sumir átt rétt á hækkun á bótunum.

Þegar ég vissi seinast voru leigugreiðslur hjá Félagsbústöðum hf. fyrir meðalíbúð lægri en 50 þúsund þannig að það er ekki rétt sem hér kom fram um húsaleigu hjá borginni. Hins vegar er maður að heyra ótrúlegar tölur um leigufjárhæðir hjá einstaklingum.

Varðandi þetta með vextina þá vildi ég auðvitað sjá sem allra lægsta vexti á leiguíbúðalánum. Mér er engin launung á því. En þegar lífeyrissjóðirnir neita að kaupa húsbréf nema fá vexti á þau fyrir 6,1% eins og nú er, þarf náttúrlega töluvert til að greiða niður. Þetta eru miklar fjárhæðir sem þarf til að greiða niður vextina. Þessar 400 íbúðir sem ákveðið var að lána út á í ár eru gengnar út. Það er búið að veita lánsloforð

fyrir þeim að ég hygg öllum. Reyndar er líka búið að leggja inn pantanir í lán fyrir þessum 600 í sérstaka átakinu. Búseti mun byggja 300 af þessum 600 íbúðum og önnur leigufélög eru búin að leggja inn pantanir fyrir flestöllum hinum.

Síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa er hann búinn að lána eða gefa lánsloforð á líklega milli 1.400 og 1.500 leiguíbúðir samtals. En á 17 ára tímabili, bara til samanburðar, frá 1981–1997 var lánað út á 2.620 leigu- og kaupleiguíbúðir. Bara á þessum þremur og hálfa ári sem Íbúðalánasjóður hefur starfað er búið að lána út á 1.500. Búið er að veita viðbótarlán fyrir 5.000 íbúðum á þessum þremur og hálfa ári sem Íbúðarlánasjóður hefur starfað, en samtals á 17 ára tímabili Húsnæðisstofnunar voru þær ekki nema 3.690. Menn sjá því að félagsleg aðstoð hefur stóraukst.

Sátt var um að niðurgreiða vexti, sagði hv. 5. þm. Reykv. Sáttin fólst í því að éta upp Byggingarsjóð ríkisins. Byggingarsjóður ríkisins var bókfærður á 25 milljarða. En þegar búið var að sameina hann Byggingarsjóði verkamanna og þeim undirballans sem honum fylgdi var heimanmundurinn einungis 6 milljarðar. Þessi stóri og ríki sjóður var sem sagt étinn upp með því að lána svona langt neðan við það sem þurft hefði að vera.

Ég vil svo ítreka það að hér er um að ræða samkomulag við sveitarfélögin um fyrirkomulag þessa máls og það var prentað með nefndaráliti hv. félmn., undirritað af formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, framkvæmdasstjóra sambandsins, Þórði Skúlasyni og svo fjmrh. og mér. Þarna er fengin niðurstaða um fimm ára plan. Það varð að reyna að klára þetta mál fyrir þinglokin og sem betur fer virðist það ætla að takast.

Varðandi spurningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um biðreikningana þá léttir á biðreikningunum hjá Vestfirðingunum. Að vísu er skynsamlegt fyrir þá að halda eftir fjármunum til þess að taka þátt í niðurfærslunni þar sem um verður að ræða að eyðileggja íbúðir, þar sem sveitarfélagið á að leggja upphæð á móti afskriftum Íbúðalánasjóðs. En talandi um sveitarfélögin á Vestfjörðum þá er búið að ganga frá samningum við þau öll eftir því sem ég best veit og þau eru öll komin í ágætlega rekstrarhæft form, Vesturbyggð líka.

[12:54]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því að verið sé að stytta andsvaratímann. Ég vil þá frekar fara í ræðu um málið á eftir heldur en mér sé boðið upp á. Ég óska þá bara eftir að fara á mælendaskrá og get þess vegna sleppt andsvarinu.

(**Forseti** (GuðjG): Það er í þingsköpum að forseta er heimilt að stytta andsvör og jafnvel að sleppa þeim. Þingmenn sætta sig ekki við að þingfundur sé haldinn þegar fundur er í nefndum og mótmæla því þannig að forseti verður að taka tillit til þess og stjórna fundinum samkvæmt því.)

[12:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins fá skýrar fram hjá hæstv. ráðherra um heimild til þess að afskrifa félagslegar íbúðir og þátttöku Íbúðalánasjóðs, þar sem skilyrt er að viðkomandi sveitarfélag komi með jafna upphæð á móti Íbúðalánasjóði. Ef viðkomandi sveitarfélag hefur hreinlega ekki efni á því þá nær þetta ákvæði ekki tilgangi sínum. Þetta getur verið sá klafi að það hafi ekki efni á því nema þá að ganga verulega á aðra almenna þjónustu. En við vitum hvernig fjárhagsstaða sveitarfélaga getur verið. Hvað er þá gert í slíkum tilfellum? Er þetta bundið alveg með þessum hætti?

Í öðru lagi: Er ríkið með þessu að semja sig frá skuldbindingum varasjóðsins á þessum skuldbindingum vegna félagslega íbúðakerfisins, eða er ekki svo? Hér kemur ekki fram hver heildarvandinn, heildarþörfin er í aðgerðum. Það kemur ekki fram heldur einungis hvaða skref eru tekin, lágmarksskref. En heildarvandinn sem á þyrfti að taka kemur hvergi fram að því er ég fæ séð.

[12:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var búið til reiknimódel af nefndinni eða á vegum nefndarinnar þar sem því var öllu saman raðað upp hvernig þetta mundi geta gengið upp og svo virtist vera að þetta dygði til þess að lækna vandann.

Varðandi það hvað eigi að gera ef sveitarfélag hefði ekki efni á að afskrifa eða taka þátt í afskrift þá hef ég ekki svör á reiðum höndum um það. En fyrir liggur að sveitarfélögin á Vestfjörðum, þar sem fyrst og fremst er um slíkar íbúðir að ræða, eru í ágætum málum með að klára það.

[12:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar svona ákvæði um hvernig auðvelda skuli sveitarfélögum í fjárhagsvandræðum og gera þeim mögulegt að afskrifa íbúðir, er sett inn þá finnst mér að það ákvæði eigi að vera virkt þannig að tekið sé tillit til þess hvernig á standi. Ef sveitarfélagið ætti ekki í fjárhagsvanda þá ætti það vafalaust ekki í vanda með þessar íbúðir. Gildir þá einu hvort um Vestfirðinga eða aðra er að ræða í því sambandi. Í öðru lagi tel ég enn mikið skorta á að kynntur sé heildarvandi þessa málaflokks, þessarar stöðu. Ef við förum í gegnum álit nefndar sem skipuð var í þessu máli þá höfum við almennt verið að tala um miklu hærri tölu sem þyrfti að koma til móts við og leysa úr. Ég tel því að hér sé um mjög smámunalega þvingunaraðgerð að ræða, að sveitarfélögunum hafi verið sillt upp við vegg og vandinn sé ekki allur uppi á borðinu í þessu frv.

[12:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

(**Forseti** (GuðjG): Forseti vill geta þess að fundi verður frestað mjög fljótlega þannig að hv. þm. verður að gera hlé á ræðu sinni ef hún er mjög löng.)

Herra forseti. Mér nægja alveg tvær mínútur eins og hefðbundin andsvör eru.

Ég vil segja það fyrst um ræðu hæstv. ráðherra að ég held að það sé alveg rétt sem fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. v. að sveitarfélögunum var stillt upp við vegg varðandi þá úrlausn sem liggur fyrir í þessu frv. og þeim raunverulega sagt að þau fengju ekkert ef þau mundu ekki þiggja þetta. Sveitarfélögin hafa metið það svo, og ýmsir þingmenn sem hér greiða atkvæði, að betra sé að fá þetta en ekki neitt.

Ég tók eftir því í svari hæstv. ráðherra að hann segir að ódýrara sé fyrir ríkið að greiða niður vexti en að greiða stofnstyrki eða hækka húsaleigubætur. Það má vera ef haft er að leiðarljósi hvað sé best fyrir ríkið. Þá getur vel verið að sú leið sem hæstv. ráðherra nefndi hafi verið best. En það er alveg ljóst að hvorki sveitarfélögin né leigjendur geta sætt sig við þá niðurstöðu sem hér er fengin, enda segir í því minnisblaði sem þremenningarnir frá sveitarfélögunum skrifuðu undir, að engin vinna hafi farið fram um útfærslu á fram komnum tillögum um stofnstyrki og greiðslu húsaleigubóta. Málið var tekið úr þeirra höndum. Hæstv. ráðherra

svarað ekki fyrirspurn minni um hvort þetta væri þá endanleg lausn sem ríkið væri að færa sveitarfélögunum með því samkomulagi sem hann og hæstv. fjmrh. gerðu eða hvort farið verði í að vinna þá útfærslu sem hér er kallað eftir af hálfu sveitarfélaganna varðandi stofnstyrki og greiðslu húsaleigubóta.

Ég held að það sé afar mikilvægt að fá það fram, herra forseti, og það spyr ég hæstv. ráðherra sérstaklega um.

Varðandi leigugreiðslurnar og nýbyggingar leiguíbúða þá kostar það miðað við þau vaxtakjör sem í boði eru í leigugreiðslur 80–100 þús. á mánuði miðað við þriggja herbergja íbúð ef það á ekki að auka útgjöld sveitarfélaganna þannig að hér er boðið upp á gjörsamlega ófullnægjandi niðurstöðu.

Varðandi þá aðstoð sem var til leigjenda hér áður fyrr þá kostar hún auðvitað fé, þ.e. ef ríkið ætlar að halda uppi félagsalegri aðstoð við leigjendur. Á árum áður voru veittar 500–1.000 millj. til þess að greiða niður vexti. En nú eru þetta orðnar 60 millj. og það segir auðvitað til sín í leigukjörunum.

En fyrst og fremst spyr ég hæstv. ráðherra hvort þetta sé endanleg niðurstaða, hvort unnið verði áfram að því að bæta leigukjörin og lánskjörin til þeirra sem byggja íbúðir, annaðhvort með stofnstyrkjum eða greiðslu húsaleigubóta eins og farið er fram á af hálfu sveitarfélaganna eða hvort þetta sé endanleg niðurstaða af hálfu ríkisins.

[13:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað endanlega lausn varðar þá eru ekki áform uppi um nýja lotu. Svona mál eru aldrei leyst í eitt skipti fyrir öll. Hv. þm. þekkir það að formanni Sambands ísl. sveitarfélaga verður ekki stillt upp við vegg. Hann er sleipur samningamaður.

[13:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér boðar hæstv. ráðherra mjög slæm tíðindi fyrir þá 2.000 einstaklinga og fjölskyldur sem standa í biðröð eftir að fá leiguhúsnæði. Ekki er annað að skilja af orðum hæstv. ráðherra en að hér sé um endanlega niðurstöðu að ræða að því er varðar viðræður við sveitarfélögin um hvað við áttum að taka þegar félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður. Hæstv. ráðherra er með öðrum orðum að bjóða fólki upp á það í framtíðinni að þurfa að greiða 80–100 þús. kr. í leigu á mánuði og mun það alveg örugglega leiða til þess fyrir hagsmunasamtök eins og námsmenn og Öryrkjabandalagið, sem hafa verið drjúg í því að byggja leiguíbúðir meðan lánskjörin voru viðráðanleg, að þar mun dragast verulega saman. Því miður eru hér eru boðuð mikil ótíðindi fyrir leigjendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Flugmálaáætlun árið 2002, síðari umr.

Stjtill., 681. mál. — Þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210.

[14:01]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt nefndarálit samgn. um till. til þál. um flugmálaáætlun árið 2002.

„Flugmálaáætlun þessi er frábrugðin fyrri áætlunum að því leyti að hún tekur eingöngu til eins árs. Ástæður þessa eru raktar í framhaldsnefndaráliti meiri hluta nefndarinnar með frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl. og vísast til þess sem þar segir, en samhliða því áliti leggur nefndin til breytingu sem veitir Alþingi heimild til að samþykkja flugmálaáætlun í því formi sem hér er lagt til.

Nefndin leggur til eina breytingu á tillögunni. Lagt er til að lántökuheimildir verði hækkaðar um 125 millj. kr., sem færast á lið 3.2 Reykjavíkurflugvöllur, flugbrautir og hlöð. Upphaflegar áætlanir frá desember 1998 gerðu ráð fyrir að framkvæmdir við völlinn kostuðu 1.520 millj. kr., um 1.814 millj. kr. á verðlagi dagsins í dag. Verktakinn hefur fengið greiddar rúmlega 93 millj. kr. í verðbætur það sem af er og er gert ráð fyrir að þessar greiðslur verði 125 millj. kr. í verklok. Breytingin er nauðsynleg til að Flugmálastjórn geti lokið framkvæmdum samkvæmt samningi við verktaka og lagfæringu þeirra svæða sem blasa við frá göngustígum og umferðaræðum í nágrenni flugvallarins.

Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu eru taldar upp framkvæmdir sem nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til á árinu 2003 svo að útboð og aðrar undirbúningsaðgerðir geti hafist.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jón Bjarnason og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nefndarálitið ritar sá er hér stendur ásamt hv. þm. Hjálmari Árnasyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Magnúsi Stefánssyni, Sigríði Ingvarsdóttur og Kristjáni Möller með fyrirvara.

[14:04]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þáltill. um flugmálaáætlun liggur fyrir til síðari umr. og hefur hv. formaður samgn. Guðmundur Hallvarðsson mælt fyrir meirihlutaálitinu.

Eins og fram kom í máli hans er breyting á framsetningu á flugmálaáætlun frá því sem hefur tíðkast á undanförnum árum, þ.e. að flugmálaáætlun hefur verið lögð fram til annars vegar tveggja og hins vegar fjögurra ára og stóð til nú að endurskoða flugmálaáætlun einmitt til þess tíma. Hér er aðeins lagt til að flugmálaáætlun gildi fyrir árið í ár og er vísað til þess að til samþykktar eru á Alþingi tillögur um breytingar á skipan þessara mála með samþykkt laga um samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir heildstæðu skipulagi fyrir áætlanagerð í samgöngum í lofti, láði og legi. Það er gott mál að að því skuli stefnt að vinna þessi mál heildstætt. En þau ákvæði koma í sjálfu sér ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári. Því hefði að mínu mati átt að vinna flugmálaáætlun hér með hefðbundnum hætti til annars vegar tveggja og hins vegar til fjögurra ára þannig að þetta væri í þeirri eðlilegu samfellu sem málin voru komin í.

Við endurskoðun á næsta ári og í kjölfar nýrrar lagasetningar um samgönguáætlanir hefði þá verið hægt að breyta flugmálaáætlun í samræmi við það. Komið var gott skipulag á tilhögun þessara mála með því að gera áætlanir til nokkurra ára í senn sem síðan var bara breytt í ljósi mjög brýnna aðstæðna. En að öðru leyti lá fyrir áætlun. Mér finnst skammsýnt að vinna áætlun til eins árs. Það hefði átt að gera þetta á hinn veginn þannig að hér væri unnið til lengri tíma.

Ég vil að öðru leyti gera að umtalsefni áætlun um aðgerðir á Ísafjarðarflugvelli varðandi næturflug eða blindflug,

þ.e. hvernig sé hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli í myrkri eða við þær aðstæður að ekki er full dagsbirta eða skyggni nægilegt. Flugmálastjórn og samgn. hafa um nokkurra ára bil skoðað þær aðgerðir, þ.e. hvort hægt sé að koma upp búnaði við Ísafjarðarflugvöll til að gera það kleift að lenda þar þó að myrkt væri orðið.

Nú virðist hafa komið í ljós að kostnaðarsamt eða illframkvæmanlegt muni reynast að gera það á Ísafjarðarflugvelli. Reynist svo vera hefði mér fundist vera næsta skref að kanna hratt hvort menn ættu að koma slíku á við flugvöllinn á Þingeyri sem er steinsnar frá Ísafirði. Það hefði verið mikil bót ef því hefði verið hægt að koma þar við. Það er mikið hagsmunamál fyrir þetta svæði að þangað sé hægt að fljúga með eðlilegum hætti þó svo myrkt sé orðið svipað og til annarra staða á landinu.

Ég spurði í samgn. hvort þetta væri í bígerð. Talið var eðlilegt að skoðað það, en ekki var upplýst að nein framkvæmd eða aðgerðaáætlun væri tilbúin. Ég vil því spyrja hv. formann samgn. hvort hann viti til þess að verið sé að vinna að áætlun um skoðun á möguleikum á þessu flugi á Þingeyrarflugvöll. Skoðun mín er sú að mjög brýnt sé að vinda sér í það. Ísafjarðarflugvöllur hefur verið í skoðun á undanförnum árum hvað þetta varðar og svo virðist vera af því sem hv. samgn. hefur verið kynnt að illleysanlegt sé að koma því við á Ísafjararflugvelli, en þó sé alls ekki fyrir fram útilokað að það sé framkvæmanlegt við flugvöllinn á Þingeyri. Ég tel því mjög brýnt að ganga í að skoða þetta mál og ítreka spurningu mína til hv. formanns samgn. um hvort hann viti nokkuð um stöðu þessa máls.

Síðan vil ég árétta að í þessari þáltill. er í sjálfu sér verið að ganga út frá fjárupphæðum sem voru afgreiddar á fjárlögum þannig að það þarf að breyta fjárlögum ef það á að fara að hreyfa þarna til eða bæta við mannvirkjagerð. Auðvitað finnst okkur í ýmsu þröngur stakkur skorinn því þarna er um að ræða mörg brýn verkefni sem ekki eru á dagskrá þessarar framkvæmdaáætlunar. Ég vil þó aðeins nefna Reykjavíkurflugvöll. Þar tel ég afar brýnt að snyrta og ganga frá umhverfi, t.d. varðandi aðstöðu fyrir farþega, fyrir fólk, fyrir bíla og ekki hvað síst líka umhverfið og umgjörðina, útlit og ásigkomulag húsa á þessu svæði sem hefur drabbast niður og er ókræsilegt. Það er óeðlilegt að íbúar þessa svæðis sem hafa þetta reglulega fyrir augum og farþegar sem um Reykjavíkurflugvöll fara þurfi hálfpartinn að leggja hönd fyrir auga til þess að sjá ekki hversu mikið skortir á þarna í bættri og betri umgengni og hvað lagfæringar varðar. Ég á við hús, land og svæði þarna í kring. Það er eðlileg krafa að þessu verði komið í fallegt og gott horf þannig að við getum öll verið stolt af flugvellinum á þessu svæði hvað þetta varðar. Hversu lengi svo sem hann verður við lýði verður öll umgjörð um flug sá Reykjavíkurflugvelli að vera okkur til sóma. En þar skortir verulega á. Í tillögunum sem hér liggja fyrir er lagt til að heimila fjárveitingu til þess að gera það að hluta. En að hluta er það til þess að greiða skuld sem komin er á verkið. Mér finnst því að kveða mætti enn sterkar og ákveðnar að orði um fegrun, snyrtingu og frágang allan á Reykjavíkurflugvelli. Svo hefði mátt vera. Í samgn. var þetta rætt. Nefndarmenn voru sammála um að þetta væri brýnt verkefni og hefði svo sannarlega mátt árétta það í nefndarálitinu að það væri áhersluatriði og skoðun nefndarinnar að þetta ætti að gera.

Virðulegi forseti. Ég mátti til með að nefna þetta því að flugvellir hvar sem þeir eru, hvort sem þeir eru úti á landi eða á Reykjavíkursvæðinu, ég tala nú ekki um Reykjavíkurflugvöll, verða að líta vel út og vera okkur til sóma hvað þetta varðar þannig að við getum öll verið stolt af þeim. Það er líka hluti af því að byggja upp metnaðarfulla og góða þjónustu.

Herra forseti. Annars hef ég ekki mikið meira um þessa þáltill. um flugmálaáætlun að segja. Þetta liggur fyrir. Við höfum viljað að tekið væri á fleiri málum og bætt úr fleiru á flugvöllum vítt og breitt um landið. Hér er nánast fylgt þeirri flugmálaáætlun sem líklega var samþykkt fyrir tveimur árum á Alþingi. Henni er fylgt eftir í öllum megindráttum.

Virðulegi forseti. Ég ítreka áhuga minn á því að bætt verði úr og kannaðir möguleikar á næturflugi eða flugi í myrkri að flugvellinum á Þingeyri.

[14:14]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á það í fyrsta lagi að hann væri ósáttur við að hér væri aðeins áætlun til eins árs. En það liggur í því sem áður hefur komið fram, að fyrir liggur samræmd samgönguáætlun sem verður skoðuð og lögð fram núna í haust með þá framkvæmdaáætlunum og tölum. Ef við færum að vinna í þessu máli núna væri það raunverulega tvíverknaður fyrir þingið. Ég held að allir séu sammála um að þetta sé hinn eðlilegi framgangsmáti í málinu.

Varðandi það sem sagt var um Reykjavíkurflugvöll þá vildi ég aðeins vitna til þess sem kemur fram í fylgiskjali með nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Samningar eru í gangi um uppkaup á húsum til niðurrifs [á Reykjavíkurflugvelli]. Nú þegar liggur fyrir heimild fjármálaráðuneytisins til kaupa á byggingunum."

Ég kom áðan inn á lántökuheimildir upp á 125 millj. sem m.a. eru til þess að ganga frá og snyrta í kringum flugbrautir á Reykjavíkurflugvelli. Ég er sammála hv. þm. um að það hefur legið of lengi í láginni að takast á við þau verkefni að snyrta vel í kringum flugvöllinn, að ég tali ekki um flugstöðina. En það er líka í undirbúningi og vonandi hefst sú vinna svo fljótt sem verða má.

Varðandi Þingeyrarflugvöll og Ísafjarðarflugkvöll þá er það rangt hjá þingmanninum að tala eins og hann vissi ekki hvort þarna væri um mikinn kostnaður að ræða eða hvort þetta væri óframkvæmanlegt. Málið er að næturflug á Ísafirði er óframkvæmanlegt hvað þetta varðar. Þetta hefur líka verið skoðað varðandi Þingeyrarflugvöll en ýmis ljón eru á veginum einnig þar við að taka upp næturflug. Þetta mál þarf allt rækilegrar skoðunar við og þess vegna hljótum við báðir, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, að vera sammála um að gott sé að leyfa þessu máli anda fram á haust. Þá munu væntanlega liggja frekari upplýsingar fyrir um hvernig megi leysa næturflug til Vestfjarða. Það þýðir ekki Þingeyri. En það mætti kannski skoða aðra staði. Þetta mál allt er í skoðun.

[14:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að þessi flugmálaáætlun er lögð fram fyrir bara þetta eina ár vísa ég til þess sem ég sagði áðan að ég tel að það hefði átt að vinna með þeim hætti, sem hefur verið tíðkað á undanförnum árum, að vinna flugmálaáætlun til annars vegar tveggja og hins vegar fjögurra ára. Það verða í sjálfu sér engar kollsteypur í þessum málum þó að farið verði að vinna eftir nýrri samræmdri samgönguáætlun sem á eftir að móta. Þá mundi vera lítið

mál að fella flugmálaáætlun að því. Eðlilegt hefði verið að þetta hefði verið unnið í þeirri samfellu sem búið var að koma á. Skoðun mín er að það hefði verið réttara.

Varðandi Ísafjarðarflugvöll, þ.e. flugvöllinn á Vestfjörðum, spurði ég hæstv. samgrh. hvað þessu máli liði, hvort verið væri að kanna aðra staði, og í svari hans kom fram að það hefði afar lítið verið gert. Það hefði verið horft á Ísafjarðarflugvöll, og leiða leitað til að vita hvort hægt væri að koma á næturflugi þangað. Komið hefði í ljós, eins og kom fram í máli hv. formanns samgn., að það væri ill- eða ekki mögulegt, a.m.k. miðað við þann tæknibúnað sem menn gengju út frá að væri tiltækur. Varðandi næturflug á aðra flugvelli hefði ekki verið unnið í að kanna það.

Þess vegna vek ég máls á þessu að ég tel brýnt að í beinu framhaldi verði farið í þetta mál, hvort sem niðurstaðan verður Þingeyrarflugvöllur eða einhver önnur flugvallarskilyrði á Vestfjörðum. Það er alveg ljóst að flugsamgöngur við Ísafjörð, um tíma a.m.k., uns verða komin enn þá fleiri jarðgöng og brýr innan fjórðungsins, verða afar mikilvægar fyrir svæðið og einmitt brýnt að það flug geti farið fram að næturlagi eða eftir að dimmt er orðið svo að eðlileg not verði af fluginu.

[14:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mig langar til að koma aðeins inn í þessa umræðu og nefna nokkur atriði. Eins og fram hefur komið gildir þessi flugmálaáætlun eingöngu í eitt ár núna. Verið er að aðlaga hana samræmdri samgönguáætlun og það er verið að staðfesta framlög af fjárlögum til þessa málaflokks. Eftir sem áður vakna ýmsar spurningar við að fara yfir og staðfesta áætlunina.

Það sem mig langaði til að varpa aðeins fram og fá svör við ef hægt væri frá hv. formanni samgn. varðar flugvellina á Egilsstöðum og Akureyri sem eru í A-flokki, þ.e. 1. flokki, og eru í stakk búnir til að þjóna sem millilandaflugvellir. Er einhver vinna í gangi til að nýta þá sem slíka? Er einhver vinna í gangi við að brjóta upp hugmyndir um lendingargjöld og hugsanlega hvort hægt væri að hafa lægri lendingargjöld í millilandaflugi, koma lággjaldaflugi á eða hafa breytileg lendingargjöld til að örva millilandaflug á þessa flugvelli? Gott væri ef hv. þm. gæti svarað því.

Eins langar mig til að lýsa þeirri skoðun minni að það er sárt til þess að hugsa hversu margir flugvellir hafa í raun og veru verið aflagðir, eins og Vopnafjarðarflugvöllur, og kallar þar á aukinn kostnað við vegakerfið ef áfram á að halda uppi þjónustu við þá sem búa á þeim svæðum þar sem búið er að leggja niður flugvelli. Eftir að flug var t.d. lagt af til Vopnafjarðar verður auðvitað að leggja áherslu á að bæta þar enn frekar samgöngur, þá sérstaklega vetrarsamgöngur. Við munum tala um það hér á eftir.

Mér finnst ánægjulegt að sjá að fara eigi í það verkefni að snyrta til á Reykjavíkurflugvelli og kaupa upp hús og skemmur sem þar eru til óprýði því að hver einasti maður sem kemur út á flugvöll sér að húsnæðið og umhverfið er okkur til vansa. Sjálfri finnst mér húsnæðið vera orðið svo mikið kofaskrifli að varla sé ásættanlegt að það standi sem móttaka farþega á aðalinnanlandsflugvelli landsins. Þá vil enn fremur beina þeirri spurningu til hv. formanns samgn. hvort verið sé að skoða og undirbúa, þá á frumstigi, að færa afgreiðsluna á Reykjavíkurflugvelli til. Þá lít ég til þess svæðis þar sem Loftleiðahótelið er núna og Íslandsflug. Er í undirbúningi að færa afgreiðsluna til? Mér finnst að húsnæði afgreiðslu Reykjavíkurflugvallar megi í raun og veru flokka með því húsnæði sem verið er að kaupa upp, húsnæði sem er til óprýði, kofaskrifli á svæðinu.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en mér fyndist áhugavert að fá svör við þessum spurningum.

[14:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér flugmálaáætlun til eins árs, þ.e. fyrir þetta ár. Í umræðunni áðan kom nokkuð til umræðu flug til norðanverðra Vestfjarða, á Ísafjörð og inn á Þingeyri og næturflug í því sambandi. Næturflug á Ísafjörð er í raun og veru talið nánast ómögulegt út frá öryggissjónarmiðum, eins og komið hefur fram, og þeirra krafna sem verður að gera til þess að flugvélar geti lent þar með eðlilegum hætti jafnvel þó að eitthvað bæri við í aðflugi og lendingu eins og að missa út einn hreyfil eða annað slíkt. Þetta eru kröfur sem gerðar eru og miðað við þá úttekt sem gerð hefur verið á því máli verður ekki séð, því miður, að eins og málum er nú háttað verði hægt að taka upp næturflug á Ísafjörð.

Þá kemur næsta spurning sem menn hafa velt fyrir sér: Er þá hægt að koma fyrir þeim aðbúnaði, öryggistækjum og aðflugstækjum, að með lagfæringum á Þingeyrarflugvelli væri hægt að taka upp næturflug þangað? Það hefur svo sem ekki verið skoðað alveg ofan í kjölinn. Þó hefur það verið kannað. Það er a.m.k. ekki einfalt að leysa það mál, einnig út frá öryggissjónarmiðum. Auðvitað er hægt að gera talsvert til að lengja flugtíma á Þingeyri eins og að lengja þar brautina og gera hana betri með betra burðarlagi, með aðflugsljósum og öðru slíku. Við vissar aðstæður væri því hægt að lengja flugtímann inn á Þingeyri. En það er ekki fyrirséð, a.m.k. ekki nema þá við enn nánari skoðun, að hægt verði að taka upp næturflug þangað miðað við þær kannanir sem hafa farið þar fram. Úttekt á Ísafjarðarflugvelli segir að þangað verði ekki flogið að næturlagi, og hæpið með Þingeyrarflugvöll í framtíðinni. Þannig hef ég skilið málin og verð þá leiðréttur af hv. formanni samgn. eða samgrh. ef ég fer með staðlausa stafi.

Þá velta menn fyrir sér: Með hvaða hætti er þá hægt að taka á flugmálum til norðanverðra Vestfjarða þannig að þangað megi fljúga næturflug? Það sýnist manni, a.m.k. eins og málin liggja fyrir, að verði ekki auðvelt með þeirri staðsetningu flugvalla sem nú eru til staðar. Það er auðvitað mikið mál að skoða hvað er til ráða ef það er ætlun manna í framtíðinni að tryggja að fljúga megi næturflug til Vestfjarða eins og hægt er á Egilsstaði og Akureyri. Þarna er þó nokkur vandi fram undan varðandi flug á norðanverða Vestfirði. Það liggur alveg fyrir. Kannski þurfa flugskipulagsmál um norðanverða Vestfirði að skoðast algjörlega í nýju ljósi miðað við þetta. Menn verða þá að gera það upp við sig: Á að leita að einhverjum nýjum flugvallarstæðum sem uppfylla þau skilyrði að þangað megi fljúga næturflug? Og þá kemur auðvitað spurningin: Hvar eru slík svæði til staðar á Vestfjörðum og hvaða vegalengdir eru til þeirra frá aðalþéttbýliskjörnunum?

Menn hafa svo sem oft reifað ýmsar hugmyndir í sambandi við varanlega lausn á flugi til Vestfjarða, m.a. skrifaði sá sem hér stendur greinar fyrir nokkrum árum um hvaða möguleikar væru í því. Miðað við þá þekkingu sem ég hef sjálfur á veðri og vindum — tel mig búa að nokkurri þekkingu í því sem skipstjórnarmaður til margra ára — er það ekki auðleyst út frá veðurfarssjónarmiðum og með tilliti til

fjalllendis og þröngra fjarða á þessu svæði á nyrstu fjörðum Vestfjarða.

Hins vegar er rétt að benda á að með styttingu aksturs leiða, þverun fjarða og jarðgöngum styttast vegalengdir á þjóðvegum og þar af leiðandi einnig vegalengdir til svæða þar sem hugsanlegt væri að byggja upp alvöruflugvelli sem mætti fljúga til á öllum tímum sólarhrings. Þannig hagar til í Inn-Djúpi Ísafjarðar að þar eru ákjósanleg svæði út frá veðurfarslegum sjónarmiðum, þ.e. þegar komið er inn fyrir það veðrakerfi sem jafnan tekur við þegar komið er út í Kaldalón og flugmenn þekkja vel sem titringssvæðið frá Ögri og út á Ísafjörð og farþegar eru gjarnan varaðir við því að búast megi við nokkrum hristingi í aðflugi eða óróa á þessu svæði. Það er nefnilega þannig að vegna landfræðilegra aðstæðna, fjalllendis, Drangajökuls og annarra þekktra veðurfarslegra aðstæðna, þá er mjög sterkur strengur yfir Ísafjarðardjúp í austan- og norðaustanáttum þegar kemur út fyrir Ögur. En innan þess svæðis er hins vegar talsvert annað veðurlag. Það er rétt að láta þess getið í umræðunni að bæði inn á Reykjanesi og sennilega á Vatnsfjarðarnesi norðan Vatnsfjarðar er láglent og það er innan þeirra veðurstrengja sem jafnan gætir við ákveðnar aðstæður þegar kemur lengra norður Djúpið og það kann auðvitað að verða svo í framtíðinni með tilliti til þess hvernig verður staðið að vegaframkvæmdum á norðanverðum Vestfjörðum hvort menn treysta sér t.d. í að þvera Hestfjörðinn og losna við þá keyrslu, hvort menn ætla að leysa vandamál Súðavíkurhlíðar með almennri lausn eða hvort menn ætla að fara þar í að byggja vegskála og vera með sams konar lausn og í Óshlíð sem ekki dugar.

Áætlun Vegagerðarinnar liggur þegar fyrir um að brúa Mjóafjörð og leggja veginn yfir Mjóafjörð og þaðan yfir Vatnsfjarðarhálsinn og út á Reykjanes og inn Ísafjörðinn. Þetta þýðir að miðað við núverandi aðstæður væri aksturs leiðin frá Ísafirði inn í Vatnsfjörð, eftir að búið væri að brúa Mjóafjörð og leggja þann veg bundnu slitlagi, komin niður í sennilega einn og hálfan klukkutíma eða þrjú korter, eitthvað svoleiðis. Um leið og Hestfjörður væri hins vegar þveraður og ef menn veldu þann kost að leysa vandamálið á Súðavíkurhlíð með því að gera jarðgöng yfir í Álftafjörð væri hins vegar búið að stytta þessa leið um einhverja tugi kílómetra og leiðin orðin nánast bein að öðru leyti en því að keyra verður inn og út Skötufjörð. Hjá því verður ekki komist vegna dýpis hans.

Svo kann að vera að í framtíðinni, innan einhverra ára eða áratuga, verði komið upp allt annað viðhorf til þess hvar hugsanlega megi staðsetja flugvöll á norðanverðum Vestfjörðum með tilliti til þess að á hann verði flogið á öllum tímum sólarhrings. Þess vegna er nauðsynlegt og því ber að fagna að hér í þinginu hefur verið lagt upp með þá stefnumótun frá samgrh. að fara sameiginlega yfir flugáætlun og vegáætlun og menn búi til áætlun með tilliti til hvernig framtíðin gæti litið út í þessa veru. Það held ég að sé í sjálfu sér gott verk, en þá verða menn líka þora að líta raunsæjum augum til framtíðar og sætta sig við að þeir áfangar sem æskilegt er að ná kunna að vera einhverjum árum lengra inn í framtíðinni en menn kysu, en í staðinn fyndu menn varanlegar lausnir og byggju þá að því að verið væri að leysa fleiri en einn þátt samgöngumála, þ.e. ekki bara vegamálin heldur gætu menn líka verið að leysa þætti sem stuðluðu að því að flugvallamálin kæmust í allt annan farveg og aðra snertingu við byggðirnar, m.a. með möguleikum til flugs allan sólarhringinn ef málið væri skoðað í því samhengi.

Ég er að mæla þessi orð til þess að segja það sem ég hef stundum sagt áður, að mér finnst að þegar menn tala um áætlanir eins og flugvelli, hafnargerð og vegagerð eigi menn að reyna að horfa svolítið inn í framtíðina og skoða þau mál sameiginlega með raunverulega möguleika til framtíðar litið og þess hversu menn telja líklegt að þróunin verði. Ég tel t.d. að þó að ég sé því vissulega fylgjandi að flytja þunga vöru frekar með skipum þá tel ég að þróunin muni samt sem áður verða sú að hún verði meira og minna á þjóðvegunum. Það hygg ég að muni gerast og það muni gerast enn frekar þegar vegirnir batna. Þá er sjálfgefið að hugsa þær vegalengdir sem stystar og fá sem mest út úr raunverulegri framkvæmd.

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða við lok umræðunnar af minni hálfu að varanlegar samgöngubætur sem ég kalla, þ.e. að fara undir fjöll í staðinn fyrir að klöngrast ævinlega yfir þau, sé eitthvað sem við eigum að horfa til. Það held ég að bæði Vestfjarðagöngin og göngin undir Hvalfjörð hafi sýnt okkur hversu miklar vegabætur þetta eru og einnig það að umferðaröryggi á þessum leiðum hefur aukist alveg geysilega fyrir utan allan tímasparnaðinn og orkusparnaðinn sem því fylgir að komast þær vegalengdir á milli staða á miklu skemmri tíma. Ég bendi á að meðan var verið að klöngrast yfir fjöllin milli Súgandafjarðar, Önundarfjarðar og Ísafjarðar urðu þar slys, bæði grjóthrun, snjóflóð og vegirnir náttúrlega utan í bröttum fjallshlíðum, en í Vestfjarðagöngunum hafa orðið mjög fá slys ef nokkur. Sama held ég að eigi við um Hvalfjörð. Ég held að við munum það öll að í Hvalfirði voru slys á hverju einasta ári og stundum dauðaslys, en þau hafa orðið sem betur fer afar fá í Hvalfjarðargönguum og ég held að ég muni það rétt að ekkert dauðaslys hafi orðið í Hvalfjarðargöngunum. Ég held ég fari þar með rétt mál.

Það er að mörgu að huga og ekki á að líta bara til flugmála, sem við hér erum að ræða, heldur getum við illa rætt þessar áætlanir einar og sér því þetta tekur mið hvert af öðru og hvaða nýtingu fjármagnið fær í því sambandi. Þess vegna held ég að mjög nauðsynlegt sé þegar menn standa frammi fyrir staðreynd eins og þeirri sem virðist vera að eigi verði með góðum hætti tekið upp næturflug til norðanverðra Vestfjarða, þá held ég að menn eigi að velta því alvarlega fyrir sér hvort einhver önnur lausn sé í farvatninu, önnur staðsetning flugvalla t.d. sem er betri eða æskilegri að horfa á til framtíðar og hvort það sé þá eitthvað sem vert er að sækjast eftir. Á þetta verða menn auðvitað að leggja mat og í því sambandi verða menn að þora að horfa til hugmynda sem menn hafa kannski hingað til talið að væru óraunhæfar.

[14:39]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því sem hér kom fram og hefði mátt heyrast meira frá stjórnarandstöðunni um þessa samræmdu samgönguáætlun. Síðasti hv. ræðumaður nálgaðist einmitt málið með þeim hætti og frá þeim sjónarhóli sem fylgir þessari samræmdu vegáætlun sem hæstv. samgrh. hefur lagt fram. Þær raddir hafa því miður heyrst of lítið í þingsalnum hvar litið yrði til framtíðar og horft á flug, vegi og hafnir og tengt saman.

Ég er líka alveg sammála honum í því að þessi samræmda samgönguáætlun hlýtur að leiða af sér að horft verður meira til jarðgangagerðar, eins og þingmaðurinn kom réttilega inn á, en að klöngrast yfir fjöll. Það er alveg ljóst. Vandamálið er hins vegar, og farið var mjög rækilega yfir það af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni sem þekkir mjög vel

samgöngumálin fyrir vestan, einmitt það mál sem öll þjóðin stendur frammi fyrir, að þegar ýmsir hafa haft á orði að fara eigi að setja á einhver jarðgöng þar sem ekki nema svo og svo margir búa og jafnvel fjölmiðlar leggja út frá því að það séu svo og svo margir bílar og kostnaður við jarðgangagerðina og það þýði að hægt sé að gefa hverjum og einum jeppa o.s.frv. Það er ekki rödd þingmanna Reykjavíkur sem þar heyrist því að þeir gera sér alveg fulla grein fyrir því að við þurfum að halda hinni dreifðu byggð og búa í sátt og samlyndi varðandi vegamálin og samgöngumálin almennt og þá skiptir miklu máli að vegamálin séu í góðu lagi. Það er auðvitað það sem stefnt er að. Þess vegna fagna ég því að hér er af raunsæi talað um samræmda samgönguáætlun sem mun auðvitað verða landi og lýð til heilla.

[14:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil við lok umræðu um flugmálaáætlun þakka hv. samgn. fyrir ágæta vinnu við meðferð frv. og þær brtt. sem hér liggja fyrir til afgreiðslu. Sömuleiðis vil ég eins og formaður samgn. taka undir mjög málefnalega ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar þar sem hann fór yfir mikilvægi þess að við lítum sameiginlega á þau verkefni í samgöngumálum sem lúta bæði að vegum og sérstaklega þá vegum og flugvöllum.

Ég vil koma að nokkrum atriðum sem hafa komið fram í umræðunni og þá fyrst varðandi það sem hér var rætt um næturflug til Ísafjarðar. Okkur er öllum ljóst að afar mikilvægt er að flugsamgöngur við Vestfirði séu traustar og þar er auðvitað lykilatriði að flugvellirnir séu búnir þeim öryggistækjum og þeim búnaði sem nauðsynlegt er. Hugmyndir höfðu legið fyrir um að koma upp búnaði til þess að hægt væri að fljúga að nóttu til inn á Ísafjarðarflugvöll. Í gildandi flugmálaáætlun var fjárveiting og fjárframlög til þess að undirbúa það og hefja framkvæmdir ef leiðir fyndust til þess að leysa það flókna úrlausnarefni.

Niðurstaða sérfræðinga liggur hins vegar fyrir í öllum meginatriðum og það er ekkert sem bendir til þess að hægt sé að setja upp búnað á Ísafjarðarflugvelli sem uppfylli þær kröfur sem þarf að gera til aðflugs og á það bæði við um þær kröfur sem flugmálayfirvöld gera og sömuleiðis þau flugfélög sem að sjálfsögðu þurfa að sætta sig við þann búnað sem flogið er eftir inn á flugvöllinn. Það eru engar líkur á því miðað við núverandi tækni að hægt sé að koma upp næturaðflugsbúnaði á Ísafjarðarflugvöll. Ég hef sagt sem svo að ekki sé hægt að afskrifa það um aldur og ævi því að tækninni fleygir auðvitað fram þannig að það verður að bíða betri tíma og huga að því í framtíðinni.

Þá kemur að því sem fjallað er einmitt um í flugmálaáætluninni núna: Hvað er þá til ráða? Það skiptir miklu máli að hægt sé að nýta flugið fyrir norðanverða Vestfirðina og þá hefur verið litið til Þingeyrarflugvallar. Ég undirstrika það og ég vil að það komi fram hér að minn vilji stendur til þess að hefja framkvæmdir á Þingeyrarflugvelli, hann verði lagfærður og settur upp búnaður á honum þannig að hann nýtist sem best á móti flugvellinum á Ísafirði. Þess vegna er það að hér er gert ráð fyrir fjárveitingu til undirbúnings og hönnunar á Þingeyrarflugvelli og það er þá gert ráð fyrir því að lengja hann lítillega þannig að hann geti nýst, en að öðru leyti er sá flugvöllur ágætur. Í framhaldinu þarf að setja slitlag á flugbrautina og lýsingu þannig að flugbrautin nýtist til fullnustu. Þetta er sú áhersla sem ég vil leggja þar, en fyrst þarf að undirbúa þetta og finna bestu leiðir til þess að koma þeim framkvæmdum fyrir þannig að þær uppfylli þær ströngu kröfur sem þarf að gera til flugvalla. Þetta var varðandi Þingeyrarflugvöll og Ísafjarðarflugvöll.

Nokkuð var rætt um Reykjavíkurflugvöll. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við hann á þessu ári, allt umhverfi hans, og ganga frá eins og eðlilegt er. Við fórum rækilega yfir það við fyrri umr. þannig að ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en við stefnum að því að framkvæmdum ljúki í haust og þá getum við með sanni sagt að flugvöllurinn sé fullbúinn og allt umhverfi vallarins frágengið að öðru leyti en hvað varðar flugstöð. Þá kemur að því sem hv. þm. Þuríður Backman velti fyrir sér í ræðu sinni um hvernig mætti bæta flugstöðvaraðstöðuna. Það liggur ekki fyrir en unnið hefur verið að því að leggja á ráðin um hvernig við komum upp samgöngumiðstöð, þjónustumiðstöð við flugvöllinn, sem gæti sinnt bæði innanlandsfluginu og sérleyfisbílaþjónustunni, og þá flutningum með rútum milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar og síðan annarri þjónustu við landsbyggðina á einum og sama stað. Tillaga frá nefnd sem hefur starfað að þessu er langt komin og ég vona að innan tíðar verði hægt að taka á því máli.

En það er auðvitað háð því hver framtíð Reykavíkurflugvallar verður. Við getum ekki lagt í milljarðafjárfestingu til viðbótar í þjónustuaðstöðu á Reykjavíkurflugvelli ef flugvöllurinn verður síðan að fara innan skamms. Það liggur fyrir að eftir 2016 verður hann að fara. Svo ég rifji það upp rétt eina ferðina: Þegar við tókum ákvarðanir og gerðum samninga við Reykjavíkurborg um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar voru áætlanir okkar miðaðar við að fjárfestingin sem þarna væri lagt í yrði afskrifuð á 25 árum. Ég hef sagt það áður að ég efast um að menn hefðu tekið ákvörðun um að endurbyggja flugvöllinn hiklaust ef legið hefði fyrir að hann yrði ekki nýtanlegur nema í þennan stutta tíma. En hvað um það. Við þurfum að huga að þeim málum.

Ég vil síðan nefna að hv. þm. Þuríður Backman spurðist fyrir um hvort til greina kæmi að breyta gjaldtöku vegna millilandaflugs á alþjóðaflugvelli aðra en meginflugvelli okkar, Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurflugvöll. Um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin. Hins vegar þarf auðvitað að huga að því hvernig við gætum reynt að auka nýtingu Egilsstaðaflugvallar og Akureyrarflugvallar, ekki síst yfir jaðartímana á haustin og vorin og jafnvel vetur, og ef það gæti gerst með breytilegri gjaldtöku þarf að sjálfsögðu að skoða það. Í samgrn. höfum við verið að fara yfir þessa hluti en þarna þarf að gæta jafnræðis og gera ekki upp á milli flugfélaga. Þetta mál erum við sem sagt að fara yfir og skoða með það í huga að reyna að auka flugið á þessa velli.

Aðeins út af Reykjavíkurflugvelli aftur. Eins og hv. þm. þekkja og vita gerir nýsamþykkt aðalskipulag fyrir Reykjavík ráð fyrir einni flugbraut á Reykjavíkurflugvelli. Bæði formaður skipulagsnefndar og borgarstjóri hafa talað um að hægt sé að reka flugvöll með einni flugbraut. Það stangast hins vegar á við það sem sérfræðingar í flugöryggismálum og alþjóðastofnanir segja. Það kom fram hjá borgarstjóra nýverið að það hlyti að vera hægt að nýta Reykjavíkurflugvöll með einni flugbraut vegna þess að hann hafi ekki verið lokaður þegar framkvæmdir stóðu yfir og aðeins ein flugbraut opin. Til þess að þingmenn velkist ekki í vafa um hvað þarna var á ferðinni er nauðsynlegt að geta þess að það var yfir besta og blíðasta tíma ársins, hásumarið, sem var ein flugbraut í notkun, í stuttan tíma einungis, þannig að það er allt annað en að hafa flugvöllinn opinn allan ársins hring í alls konar

veðrum. Það er óðs manns æði og fullkomið ábyrgðarleysi að ætla að bjóða upp á flugvöll með einni flugbraut og ætlast til þess að flugfélög taki þá áhættu — sem auðvitað enginn gerir og enginn mundi gera — sem fylgir því að nýta flugvöll hér við þessar aðstæður þar sem blæs úr ýmsum áttum, ekki bara á pólitíska sviðinu heldur sér náttúran um það einnig. Það er algerlega óásættanlegt og ómögulegt að gera ráð fyrir einni flugbraut. Það er einungis ávísun á að völlurinn verði lagður niður ef borgaryfirvöld ætlast til þess að það verði ein flugbraut, austur/vestur flugbrautin, sem þar að auki yrði þá að lengjast. Hana yrði að leggja yfir Suðurgötuna og út í Skerjafjörð með allri þeirri umhverfisröskun sem því fylgdi. Þarna verða allir aðilar að taka tillit til þessara sérstöku aðstæðna okkar Íslendinga sem búum í stóru landi og þurfum mjög á því að halda að nýta innanlandsflugið, og nýta það til hagsbóta fyrir notendur.

Þetta vildi ég undirstrika alveg sérstaklega en að öðru leyti þakka ég fyrir mjög málefnalegar umræður og góða meðferð í hv. samgn. á því mikilvæga máli sem flugmálaáætlun er.

[14:52]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma á framfæri þökkum til hæstv. samgrh. fyrir það svar sem hann gaf um að verið væri að skoða möguleika þess að fjölga lendingum flugvéla í millilandaflugi á aðra velli en Keflavík. Það er mjög mikilvægt fyrir svæðin fyrir norðan og austan að fá aukna umferð millilandavéla inn á svæðið, ég tala ekki um ef hægt er að lengja ferðamannatímann með þessum ráðum.

Auðvitað viljum við líka yfir sumartímann sjá reglubundið flug sem er ekki fyrir hendi. Það verður í fyrsta skipti núna í sumar til Egilsstaða. Þetta viljum við styrkja og það yrði þá allt til bóta ef hægt yrði að lengja þennan tíma. Ég þakka þá athugun og þann möguleika að hafa mismunandi lendingargjöld.

Hvað varðar Reykjavíkurflugvöll held ég að öllum hv. þm. hér inni sé ljóst að ef flugvöllur á að vera í Reykjavík fyrir innanlandsflug þarf tvær flugbrautir til að tryggja öryggi flugsins, og það situr jú fyrir. Ég ætla ekki að fara inn í þær deilur núna en tel að það sé fullur skilningur á því að ekki verði rekinn flugvöllur í Reykjavík með einni flugbraut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, síðari umr.

Stjtill., 680. mál. — Þskj. 1096, nál. 1278 og 1428, brtt. 1279.

[14:54]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004 frá meiri hluta samgn.

Sú vegáætlun sem hér er til umræðu er frábrugðin fyrri áætlunum eins og flugmálaáætlunin að því leyti að hún tekur eingöngu til eins árs. Ástæður þessa eru raktar í frhnál. meiri hluta nefndarinnar með frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, og vísast til þess sem þar segir, en samhliða því áliti leggur nefndin til breytingu sem veitir Alþingi heimild til að samþykkja vegáætlun í því formi sem hér er lagt til.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir frestun stofnkostnaðarframkvæmda fyrir 1.519 millj. kr. á þessu ári. Við þessa fjárhæð bætist frestun framkvæmda á árinu 2001 að fjárhæð 700 millj. kr. Nefndin hefur tekið málið til skoðunar í samstarfi við Vegagerðina og þingmenn einstakra kjördæma og birtist niðurstaða meiri hluta nefndarinnar á frestun framkvæmda og sundurliðun útgjalda í brtt. meiri hlutans.

Samkvæmt niðurstöðu meiri hlutans deilist frestun á framkvæmdum milli einstakra landshluta þannig:

1. Suðurland 76 millj. kr.
2. Reykjanes 20 millj. kr.
3. Vesturland 79 millj. kr.
4. Vestfirðir 75 millj. kr.
5. Norðurland vestra 55 millj. kr.
6. Norðurland eystra 76 millj. kr.
7. Austurland 79 millj. kr.
8. Höfuðborgarsvæðið 329 millj. kr.

Að auki er lögð til frestun á framkvæmdum í einstökum flokkum framkvæmda, sbr. sundurliðun framkvæmda í brtt.:

1. Brúarframkvæmdir 60 millj. kr.
2. Jarðgangaframkvæmdir 1.150 millj. kr.
3. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi 200 millj. kr.
4. Landsvegir 10 millj. kr.
5. Safnvegir 10 millj. kr.

Sundurliðun útgjalda samkvæmt brtt. meiri hlutans er í samræmi við þetta en jafnframt hefur verið tekið tillit til frestunar framkvæmda 2001 fyrir 700 millj. kr. og endurgreiðslu þeirra.

Í fylgiskjali með nál. er listi yfir skuldir og skuldbindingar sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004. Þetta er nauðsynlegt með hliðsjón af því að vegáætlun sú sem hér um ræðir nær aðeins til eins árs.

Meiri hlutinn telur að stefna skuli að því að bjóða út fyrirhugaða breikkun á Reykjanesbraut í stærri áföngum en áætlað hefur verið til að auka hagkvæmni framkvæmdarinnar og draga úr slysahættu. Ljóst er að á móti verður að draga úr öðrum framkvæmdum á svæðinu. Endanleg ákvörðun Alþingis um þetta atriði bíður næsta hausts.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Þetta er undirritað 18. apríl af meiri hluta samgn., þ.e. hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, Hjálmari Árnasyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Magnúsi Stefánssyni, Þorgerði K. Gunnarsdóttur og Sigríði Ingvarsdóttur.

[14:58]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta samgn. um till. til þál. um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Eins og hér hefur komið fram ber samkvæmt núgildandi vegalögum að endurskoða á þessu þingi vegáætlun til næstu fjögurra ára, þ.e. fyrir tímabilið 2002–2006.

Sú skipan sem komist hefur á, að gera vegáætlun til nokkurra ára í senn, hefur skapað aukna festu í þessum málaflokki. Hægt hefur verið að bjóða út verk sem eru á vegáætlun næstu ára og vinna í samfellu. Að sjálfsögðu er framkvæmd áætlunarinnar háð fjárveitingum í fjárlögum hvers árs. Það er mikil afturför af hálfu Alþingis að geta ekki haldið í heiðri það ágæta vinnulag að samþykkja þáltill. um vegáætlun til fjögurra ára í senn. Sú áætlun sem nú liggur fyrir Alþingi, og við erum að fjalla hér um, tekur aðeins til næstu átta

mánaða. Rökin sem færð eru fyrir þessu ráðslagi eru að frá og með næsta hausti verði unnin annars vegar fjögurra ára samræmd samgönguáætlun og hins vegar tólf ára samræmd samgönguáætlun sem taki til samgangna á landi, sjó og í lofti.

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að það ber að vinna að samræmdri áætlanagerð í samgöngumálum fyrir samgöngur í lofti, á sjó og á landi og ég tel að tillagan sem var samþykkt á dögunum og laut að gerð samræmdrar samgönguáætlunar sé til bóta, og muni bæta og styrkja framtíðarvinnulag þótt ýmislegt hefði mátt betur vanda við gerð þeirra laga.

Þarna er ekki verið að kúvenda í miklu því að allir þessir þrír málaflokar, samgöngur á sjó, samgöngur á landi og samgöngur í lofti, heyra undir sama hæstv. ráðherra. Ætti hæstv. samgrh. því að vera í lófa lagið að vinna að þessum málum með nokkuð samræmdum hætti, alla vega ekki ósamræmdum, enda tel ég að það hafi ekki endilega verið gert á undanförnum árum. Ég tel að horft hafi verið til allra þessa þátta nokkuð samtímis. Sömuleiðis hafa þessi mál öll sameiginlega verið til meðhöndlunar hjá hv. samgn. þannig að ekki er hægt að halda því fram í sjálfu sér að hér sé um byltingu að ræða hvað það varðar. Öll þessi mál, bæði áætlanagerð hvað varðar samgöngur á sjó, í lofti og á landi, hafa verið unnin á ábyrgð sama ráðuneytis og sömu nefndar. Þetta segi ég bara til þess að menn átti sig á að ekki er verið að gera neina grundvallarbyltingu á samfélaginu hvað varðar gerð samgönguáætlunar. Að sjálfsögðu má lengi bæta vinnulag og ef það styrkir vinnulagið að festa í lög að samgönguáætlun skuli unnin með samræmdum hætti er það að sjálfsögðu til bóta og það styrkir og bætir það vinnulag. Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, út af umræðum sem hér hafa verið um gerð samræmdrar samgönguáætlunar.

Ég tel að varðandi vegáætlun hefðum við átt að nýju í sæmræmi við lög sem giltu um meðferð þessa máls, þ.e. að vinna fjögurra ára áætlun og tveggja ára áætlun í samræmi við lög um vegagerð þannig að hægt væri að horfa til þeirrar samfellu sem tíðkast hefur í þessu máli, enda er það svo að ef einungis á að vinna þáltill. um vegáætlun til eins árs verður Vegagerðin að óska eftir því — og það hefur hún gert — að samhliða þessu nefndaráliti fylgi sérstakur listi yfir þær skuldbindingar sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004 samkvæmt þeirri vegáætlun sem við höfum starfað eftir til þessa. Að sjálfsögðu hafa þær skuldbindingar verið háðar fjárveitingum hverju sinni. En með því að vinna eftir vegáætlun til nokkurra ára hefur engu að síður líka verið hægt að vinna og bjóða út verk sem gengið hefur verið út frá að yrðu unnin samkvæmt þáltill. sem Alþingi hefur samþykkt á hverjum tíma. Eftir þá breytingu sem hér er verið að gera, þ.e. að gera einungis vegáætlun fyrir eitt ár, verður því að fylgja sérstakur minnislisti frá Vegagerðinni um að búið sé að ganga frá því á grundvelli fyrri vegáætlana að ákveðin verk verði unnin með þeim hætti sem búið er að semja um á árunum 2003 og 2004. Þetta er dæmi um hvað gerist þegar verið er að breyta út frá annars föstu, heföbundnu og nokkuð góðu vinnulagi. Vonandi kemst góður skikkur á þetta aftur að ári þegar farið verður að vinna eftir samræmdri samgönguáætlun sem vonandi tekst vel til með að vinna á næsta ári.

Herra forseti. Að öðru leyti varðandi þessa vegáætlun hér þá gerir tillaga meiri hlutans ráð fyrir niðurskurði til vegamála frá gildandi vegáætlun á þessu ári um 2.219 millj. kr. ef teknar eru með fjárveitingar til vegamála sem frestað var á síðasta ári, um 700 millj. kr. Beinn niðurskurður á þessu ári er 1.519 millj. kr.

Vert er að geta þess í tengslum við þennan niðurskurð að þetta er niðurskurður frá nokkuð metnaðarfullri vegáætlun sem var kynnt í upphafi stjórnartímabils núverandi ríkisstjórnar, en hefur í raun aldrei verið hægt að framfylgja. Er það dapurlegt þegar samþykkt er vegáætlun, sett markmið og skapað í kringum það væntingar, því að þörfin er nóg fyrir vegaframkvæmdir í landinu, að ekki skuli vera hægt að fylgja henni eftir eins og ráð var fyrir gert og það þó að við teljum okkur áfram vera í góðæri eða hagur ríkissjóðs sé slíkur að hann gefur ekkert sérstakt tilefni til þessarar frestunar, enda er það svo að vegaframkvæmdir og góðar vegasamgöngur eru ein grunnforsenda öflugs atvinnulífs, öflugs efnahagslífs og öflugs samfélags um allt land. Samdráttur í vegamálum hlýtur því að koma niður á þessum markmiðum sem við öll viljum ná sem bestum.

Í allri byggðaumræðu hefur verið lögð áhersla á bættar samgöngur og betri vegi, bæði innan sveitar og milli héraða. Íbúar sveitanna eru í auknum mæli háðir bættum samgöngum. Æ fleiri stunda daglega vinnu í næsta þéttbýli. Fækkun íbúa og sífellt strjálbýlli byggð auk sameiningar sveitarfélaga hefur leitt til þess að litlum sveitaskólum hefur verið lokað einum af öðrum. Við það lengist akstur skólabarna og kröfur um styttingu leiða og betri vegi verða enn háværari. Gott vegasamband getur ráðið úrslitum um byggð og búsetu á mörgum svæðum. Það skýtur því skökku við í allri byggðaumræðunni að skera niður fjárveitingar til vegamála í hinum dreifðu byggðum landsins. Heilu byggðarlögin, svo sem á Vestfjörðum og Norðausturlandi, bíða enn stórátaks í vegamálum til að treysta innri byggð og samgöngur við aðra landshluta.

Þá er og í tillögum meiri hlutans gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum við endurgerð tveggja stórbrúa sem eru mikill flöskuháls í flutninga- og öryggismálum. Hér er um að ræða brýrnar yfir Vatnsdalsá í Austur-Húnavatnssýslu og Skaftá í Vestur-Skaftafellssýslu. Komi ekki aukið fjármagn til þessa málaflokks á næsta ári mun þessi niðurskurður seinka átaki sem boðað var um endurgerð og breikkun einbreiðra brúa.

Herra forseti. Starfsmenn Vegagerðarinnar tjáðu okkur að þannig háttaði til við þessar brýr að vegna tillits til veiði og annars slíks mundi hafa orðið að fresta framkvæmdum í sumar við þessar ár og því hefði ekki verið hægt að fylgja þeirri áætlun sem upp var sett. En þetta voru þó atriði sem áttu að vera ljós fyrir og hefði átt að vera hægt að taka tillit til þeirra á liðnu ári til þess að tryggja eðlilega framkvæmd málsins við þessar brýr. En hvað um það. Niðurskurður á fjármagni til brúargerðar á þessu ári mun leiða til frestunar á átaki sem ætlunin var að gera á næstu árum í því að breikka einbreiðar brýr komi ekki til þess aftur að auka fjármagn til þessa verkefnis. Það vil ég benda skýrt á.

Í umræðum á Alþingi og í umræðum úti í þjóðfélaginu hefur verið lögð áhersla á brýna þörf þess að taka jafnvel enn betur á við endurbætur á brúm en Alþingi hefur lagt til í gildandi vegáætlun. Komið hafa komið fram óskir og umræða orðið um enn þá stærra átak á þeim vettvangi. Þess vegna tel ég afar mikilvægt að við hér séum ekki að skera niður í þessu átaki sem var þó ætlunin að stefna að við endurgerð og breikkun einbreiðra brúa á þjóðvegum landsins.

Samkvæmt vegáætlun sem við höfum starfað eftir til þessa var gert ráð fyrir að jarðgangagerð færi á þessu ári á fulla

ferð fyrir austan, á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, og einnig gerð jarðganga til Siglufjarðar.

Dapurlegt er dugleysi stjórnvalda í áframhaldandi jarðgangagerð til samgöngubóta. Þegar gerð svokallaðra Vestfjarðaganga lauk 1996 voru áætlanir um að í beinu framhaldi yrði ráðist í gerð jarðganga á Austurlandi. Átta ár hafa nú liðið í fullkomnu aðgerðarleysi af hálfu stjórnvalda. Í stað þess að einblína á stóriðjuframkvæmdir á Miðausturlandi hefðu stjórnvöld átt að verja auknu fé til samgöngubóta og jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar ættu að fá sérstaka flýtimeðferð. Þau jarðgöng gætu raunar verið tilbúin eða langt komin ef hugur stjórnvalda hefði fylgt máli.

Herra forseti. Ég vil og gagnrýna það varðandi samgöngubætur að tengja mannvirkjagerð í samgöngumálum við sölu á einstökum fyrirtækjum. Rætt var um það í umræðu um sölu Landssímans að andvirði hans ætti að renna til hinna og þessara samgöngubóta og jarðgangagerðar vítt og breitt um landið. Sem betur fer var hætt við sölu Landssímans, enda hefur tenging á þennan hátt í sjálfu sér engan tilgang og er almennt andstæð stjórnsýslulögum. Það er líka andstætt lögum um fjárreiður ríkisins því svona tengingar eiga ekki að eiga sér stað. Ríkiskassinn er einn sjóður. Í hann koma tekjur hvort heldur það er fyrir sölu eigna, skattar eða annað. Síðan tekur Alþingi ákvörðun um hvernig þessum fjármunum er ráðstafað. Forðast ber eyrnamerkingar eins og látið hefur verið að liggja varðandi þessar framkvæmdir.

Síðast höfum við rætt í þessu sambandi ákveðinn hluta af eigum ríkisins í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Ef við verðum svo ólánssöm að sá hluti verður seldur þá á hugsanlega að setja hluta af því í veg yfir Þverárfjall. Nauðsynlegt er að hraða veginum yfir Þverárfjall. Að mínu mati hefði átt að fá veginn yfir Þverárfjall fastsettan inn á stórframkvæmd því hann er það stór framkvæmd. Ekki er hægt að ætlast til þess að hann sé fjármagnaður af þeim skammti sem kjördæmið hefur annars fengið almennt til vegagerðar. Þetta er svo stór framkvæmd. Hún hefði átt að komast inn á sérfjárframlög eins og aðrar stórframkvæmdir í staðinn fyrir að vera núna í nokkri óvissu um framhaldið. Ég tel brýnast varðandi þá vegaframkvæmd að hún komist inn á stórframkvæmdaáætlun og verði lokið sem fyrst á þeim grunni. Ég tel hins vegar alveg fráleitt að tengja sölu á einstökum fyrirtækjum heima í héruðunum, sem ríkið á hluta í, einstökum framkvæmdum sem eru hvort eð er á ábyrgð ríkisins og eiga að vinnast á landsgrunni, þó að auðvitað fagni hver og einn þeim peningum sem síðan endanlega koma heim í þeirra hérað til framkvæmda. En svona tengingar eiga ekki að eiga sér stað. Ef við höldum áfram á þeirri braut að tengja sölu einstakra eigna framkvæmdum á viðkomandi svæðum vitum við ekki hvar við lendum í því rugli. Ef t.d. einhver ríkiseign á Reykjavíkursvæðinu verður seld á þá andvirðið að fara til framkvæmda á Reykjavíkursvæðinu? Þegar menn að tengja svona saman sölu einstakra eigna ríkisins og ákveðinna framkvæmda vítt og breitt um landið þá lenda þeir í fullkomnum ruglingi og vita ekkert hvar þeir enda, enda er það andstætt öllum lögum sem ríkinu ber að starfa eftir hvort heldur það eru stjórnsýslulög, fjárreiðulög eða önnur sem um starfsemi af hálfu ríkisins gilda. Ég vara við því að þetta sé gert.

Virðulegi forseti. Í dreifbýlu landi eins og Íslandi skipta samgöngur miklu máli fyrir hagsæld, búsetu, þróun atvinnulífs og jöfnun lífskjara meðal þjóðarinnar. Niðurskurður fjármagns til samgöngumála og frestun framkvæmda í vegamálum bera með sér rangar áherslur stjórnvalda og valda miklum vonbrigðum hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

Fjármagn til vegaframkvæmda á þessu ári var ákveðið með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2002. Var ákveðinn heildarniðurskurður fjármagns til vegamála frá gildandi vegáætlun um 1.519 millj. kr. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmæltu þessum niðurskurði við afgreiðslu fjárlaga.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefði kosið öflugri framkvæmdir í vegamálum í stað niðurskurðar, en mun þó ekki leggjast gegn því að þessi vanburða vegáætlun ríkisstjórnarflokkanna fyrir árið 2002 verði afgreidd frá Alþingi eins og málum er komið.

[15:15]

Útbýting þingskjals:

Óðalsjarðir, 740. mál, fsp. KPál, þskj. 1455.

[15:15]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Sú vegáætlun sem hér liggur fyrir er til staðfestingar á þeim niðurskurði til vegamála sem ákveðinn var á fjárlögum fyrir þetta ár. Það er mjög slæmt til þess að vita að við þurfum að grípa til þeirra aðgerða að skera niður í vegamálum. Því miður hefur það komið oft fyrir áður á Alþingi. Menn hafa ekki gegnum árin og áratugina sýnt það þrek sem þarf til að halda niðri rekstrarkostnaði ríkisins og þá er oftast gripið til þess ráðs, sem er ákaflega óheppilegt og vont, að skera niður opinberar framkvæmdir í samgöngumálum.

Ef við lítum á Ísland, stöðu þess og Íslendinga, getum við með sanni sagt að við stöndum fullkomlega jafnfætis öllum þjóðum heimsins að öllu leyti nema einu. Það eru íslensku vegirnir. Þar erum við langt á eftir öðrum þjóðum. Við þyrftum nánast að fara til Afríku til að finna sambærilega vegslóða og troðninga og enn eru til á Íslandi. Hér eigum við við það að etja að þetta er langsamlega brýnasta málið sem ríkisstjórn á hverjum tíma verður að vinna að, samgöngur Íslands, þá fyrst og fremst vegakerfið. Vegakerfið er líka fjárfesting sem skilar bæði Íslendingum í dag og Íslendingum á morgun ríkulegum ávexti. Það er mikill arður sem fylgir því að fjárfesta í vegagerð. Það er grunnforsenda þess að okkur takist að byggja þetta land og því verðum við að heita okkur því að reyna af fremsta megni að láta það ekki gerast aftur og aftur að í tímaþröng komumst við í þá stöðu að geta ekki sparað eins og við eigum að geta gert í opinberum framkvæmdum og hlaupum í að skera niður vegi, höggva þar sem síst skyldi. Þetta er mjög slæmt, herra forseti.

Ég þekki sérstaklega vel til á norðvesturhorni Íslands. Mér er sagt, og hef líka séð það, að á norðausturhorninu sé svipað ástand. Það er gríðarlega þýðingarmikið að taka þessi landsvæði til sérstakrar umfjöllunar og átta sig á því að það er upp á líf og dauða að tefla að koma þar vegasambandi við. Í Barðastrandarsýslu er t.d. ekkert vegasamband nema hluta úr ári. Við erum að vísu að fara að hefja þar miklar framkvæmdir núna, við Klettsháls, sem er mikið fagnaðarefni. Þegar sá vegur verður kominn erum við miklu nær því að geta horft fram á veginn varðandi það að Barðastrandarsýsla verði í vegasambandi við Ísland allt árið. Þó vantar verulega mikið á. Ég tel að veginn megi þó laga eða gera þetta nokkurn veginn kleift fyrir 250 millj. kr., og heildarframkvæmdir við það að gera heilsársveg eftir Barðaströnd, sem tryggir mjög

góðar samgöngur sem er hægt að halda opnum allt árið, mundu kosta líklega milli 900 og 1.000 millj.

Fyrir um 15 árum stóðu samtök sveitarfélaganna á Vestfjörðum og þingmenn á Vestfjörðum, úr öllum flokkum, saman að því að menn gripu til þeirra samgöngubóta að koma á ferju yfir Breiðafjörð. Þessi ferja var barn síns tíma og skiljanlegt að menn vildu grípa til þeirra ráða vegna þess að menn töldu þá ekki í sjónmáli neinn möguleika á að gera heilsársveg um Barðaströnd. Þetta hefur gjörbreyst. Bæði hefur það fjármagn sem við höfum til vegagerðar aukist stórlega á undanförnum árum í takt við þær framfarir sem hafa orðið á Íslandi og það aukna fjármagn sem við höfum til ráðstöfunar vegna mjög góðrar afkomu þessa þjóðarbús, og svo er líka tæknin í vegagerð stórlega breytt, bæði flutningatæknin og ég tala ekki um sprengjutækni, sem gerir þetta allt saman mjög vel mögulegt. Það er hægt að gera þetta á nokkrum árum.

Þessi ferja fullnægir alls ekki því sem hún þarf að gera í dag, langt frá því, enda hafa svo miklar breytingar orðið síðan þessar ákvarðanir voru teknar að það er engu saman við að jafna, t.d. hafa strandsiglingar mjög lagst niður en það sáu menn ekki fyrir þegar þeir áætluðu að þeir gætu leyst málið með þessari ferju. Hún fullnægir alls ekki þessum þörfum.

Ég ætla að ég fari nokkuð rétt með það að rekstrarstyrkir sem Vegagerðin veitir þessari ferju séu milli 50 og 60 millj. kr. á ári plús það að Vegagerðin þarf að standa undir vöxtum og afborgunum af skipinu. Það liggur alveg ljóst fyrir að fátt mundi vera jafnarðsamt fyrir Vegagerðina og að flýta því að leggja vegi um Barðaströnd og geta lagt þessari ferju. Við getum sparað tugi milljóna á hverju ári þegar við leggjum ferjunni, og að því eigum við að keppa. Menn verða að gera sér grein fyrir hversu hörmulegt ástand veganna er á Norðaustur- og Norðvesturlandi og hversu gríðarlega brýnt það er að það hafi forgang. Ég vil sérstaklega vara við hugmyndum sem eru að koma hér upp. Maður veit ekki alveg hvað menn eru að hugsa sem koma opinberlega fram, jafnvel ráðherrar í ríkisstjórninni og ræða um að leggja milljarða og aftur milljarða í einhverjar vegbrautir upp á Sprengisand á sama tíma og stór byggðarlög hafa ekki vegasamband. Menn verða að halda hugsun sinni í því sem við erum að gera og verðum að gera og eigum að láta hafa forgang.

[15:23]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún var kröftugleg, ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að venju. Ég vildi þó aðeins brýna það sem mér finnst vanta í hana. Það er líklega ekki lengra síðan en 1972 sem menn óku á malarvegum þegar þeir skruppu út fyrir borgarmörk Reykjavíkur. Ég minnist þess sjálfur að 1975 var ekið undir Ingólfsfjalli á klöpp og malarvegi. Ég vil bara taka það fram að frá 1970 hafa gerst undur og stórmerki í vegagerð þrátt fyrir að ég sé sammála hv. síðasta ræðumanni um að vegagerð á Íslandi sé nokkuð aftur úr miðað við aðrar þjóðir. Ég get alveg tekið undir það með honum.

Það sem menn mega ekki gleyma er að mikið fjármagn hefur verið lagt til vegagerðar en betur má ef duga skal. Síðan koma jafnvel þingmenn og segja að hér hafi verið sett metnaðarfull vegáætlun sem sé búið að draga verulega úr af því að sala ríkisfyrirtækja gekk ekki fram sem skyldi. En látum gott heita. Ég get tekið undir að það þarf að horfa til hinnar dreifðu byggðar en það eru samt fleiri aðilar sem gera kröfur til ríkisins, til vegagerðar, og þá benda þeir á hvar umferðin er mest. Það þarf auðvitað að vinna að því líka.

Varðandi hálendisvegina er ég hjartanlega sammála hv. þm. um að auðvitað er mál málanna að koma þjóðvegi númer 1 í skikkanlegt horf. Þeir aðilar sem tala um hálendisvegina segja að við þurfum að búa betur að erlendum ferðamönnum sem koma hingað til landsins. Við erum ekki einu sinni búin að klára þjóðveg númer 1 áður en menn vilja fara að hoppa til fjalla til að ganga þar frá vegaframkvæmdum. Það er full ástæða til þess, ég tek undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að vel takist til um rétta niðurröðun og hvernig eigi að halda á því máli.

[15:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég vildi sagt hafa í ræðu minni og ég vona að hafi komist til skila er að það vantar ekkert á Íslandi nema vegi. Við erum í fremstu röð allra þjóða á öllum sviðum en vegakerfið okkar er langt á eftir öðrum. (**ÖJ:** Við eigum líka fátækt fólk.)

Við höfum sannarlega náð verulegum árangri á síðustu tíu árum, herra forseti, en við megum ekki draga úr þessu vegna þess að þörfin er svo brýn, hagkvæmnin er svo mikil, arðurinn af þessari fjárfestingu er svo mikill.

Auðvitað kalla menn á framkvæmdir þar sem umferðin er mest. En ég var að benda á mjög mikla hagkvæmni sem lægi í því að flýta vegagerð um Barðaströnd til að losa Vegagerðina við þann gríðarlega kostnað sem er því samfara að halda uppi þessari ferju, sem var barn síns tíma og skiljanlegt að menn hafi farið út í, en í dag fullnægir hún alls ekki því sem hún þarf að gera.

[15:26]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að stóra vandamálið sem við stöndum frammi fyrir sé að þingmenn kjördæma hafa verið að gera kröfur til þess að alls staðar skyldi unnið að vegagerð, smáum jafnt sem stórum, í stað þess að taka heildstætt á vegamálum á Íslandi eins og nú stendur til með samræmdri samgönguáætlun. Það er mjög kostnaðarsamt fyrir þjóðfélagið að byrja á vegarspottum hér og þar í stað þess að taka heildstætt á málinu.

Í annan stað held ég að stærsti vandi okkar Íslendinga og seinlætið í vegamálum sé að við vegagerð með bundnu slitlagi hafa menn fylgt gömlum vegarstæðum og áningarstöðum, beygjum og miklum lykkjum á leið til góðra staða, og hafa þurft að búa við að meira hefur verið hugsað um áningarstaðina og um það hvernig vegirnir lágu áður í stað þess að horfa fram veginn eins og nú er gert. Því miður hefði það átt að gerast áður fyrr. Þegar menn fóru að leggja bundið slitlag átti auðvitað að fara beina leið en ekki að fylgja gömlu vegarstæðunum og áningarstöðunum eins og gert hefur verið.

[15:28]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvað formaður samgn. var að fara með þessum síðustu orðum sínum en ég hélt, og veit ekki betur, en að öll héruð á Íslandi, allar sveitarstjórnir á Íslandi, hafi á síðustu áratugum lagt á það grundvallaráherslu að samgöngur innan héraðs ættu að hafa allan forgang. Ég segi jafnt hvort sem það er á Austfjörðum, fyrir sunnan, norðan eða vestan. Á þetta hafa menn lagt megináherslu, allir saman. Auðvitað er það rétt að við eigum að fara í

samræmda vegáætlun til lengri tíma. Auðvitað kæmi það miklu betur fram ef við gætum gert stærra og meira átak.

Ég var einmitt að benda á það mikla átak sem við verðum að gera og eigum að gera gagnvart héruðum sem eru ekki í vegasambandi nema bara hluta úr árinu eins og fyrir norðvestan og norðaustan. Þetta er gríðarlega brýnt og menn verða að sjá að það á að byggja upp þessa vegi þannig að þeir séu heilsársvegir. Það er algjört forgangsverkefni sem hefur orðið enn þá brýnna eftir að strandsiglingarnar lögðust nánast niður.

[15:29]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Fulltrúi okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hv. þm. Jón Bjarnason, hefur gert grein fyrir nál. 1. minni hluta samgn. og farið þar yfir áherslur okkar en ég vil nefna nokkur atriði til viðbótar. Eins hef ég á fyrri þingum kallað eftir samræmdri samgönguáætlun með það í huga að mikilvægt sé að stilla af áætlun, bæði til lands, sjávar og í lofti, þannig að við lítum á málið heildstætt. Það er mikilvægt þegar farið hefur verið í niðurskurð, og af ýmsum ástæðum að leggja niður t.d. flugvelli, að á sama tíma verði horft á vegarbætur og vegagerð, og til þeirra staða þar sem flugvellir eru lagðir af eða þjónusta er skert.

Það er líka mikilvægt að horfa til þess að miklar breytingar hafa orðið hvað varðar strandsiglingarnar. Það hefur orðið hægfara þróun og þannig er það nú að strandsiglingar hafa nær alfarið lagst af. Allir flutningar eru komnir upp á land og við höfum alls ekki verið undir það búin að taka á móti öllum þessum þungaflutningum yfir á vegakerfið. Ef við hefðum haft þessa hugsun í samræmdri samgönguáætlun eins og á að taka hér upp eða innan þess ráðuneytis sem fer með vegáætlun, hafnaáætlun og flugmálaáætlun — þetta er allt á einni hendi og í einni nefnd Alþingis — ef horft hefði verið á þetta meira samræmt í gegnum árin væri hugsganlegt að ekki væri eins fyrir okkur komið og er í dag. Þessi þróun hefur leitt til mikils kostnaðar og mikillar slysahættu sem við höfum öll orðið vitni að.

Herra forseti. Það er eins með þessa vegáætlun og flugmálaáætlun að hún gildir eingöngu til nokkurra mánaða. Það orsakast af tæknilegum ástæðum því verið er að vinna samræmda samgönguáætlun. Hv. þm. Jón Bjarnason fór yfir þau atriði sem lúta að Vegagerðinni. Hún hefur fengið í raun staðfestingu á því að geta haldið úti verkáætlunum sem ná til lengri tíma og er eðlilegt að það sé staðfest hér að hægt sé að bjóða út verk sem ná til lengri tíma en þessi áætlun segir til um, þar til langtímaáætlun kemur.

Ég vil taka undir það sem sagt hefur verið um afgreiðslu á fjárlögum fyrir þetta ár, þ.e. niðurskurð á vegáætlun. Nokkur bjartsýni ríkti hjá hæstv. ríkisstjórn í upphafi þessa kjörtímabils. Það var mikill metnaður í gangi, sem ég hygg að við þingmenn langflestir höfum tekið undir, til að taka virkilega á í vegagerð. En því miður hafa þær vonir margar hverjar brostið. Mikill niðurskurður var á þessu ári og verður á næsta ári þannig að ljóst er að ekki verður hægt að fara í mikilvæga uppbyggingu á vegakerfinu þar sem það er hvað verst, á Vesturlandi, Vestfjörðum og norðausturhorninu, en virkilega þarf að fara í stórátak til þess að koma þeim landshluta í heilsársvegasamband. Ekki verður hægt að uppfylla væntingar fólks á þessum svæðum. Eins er alveg ljóst að búið er að slá jarðgangaáætlunina af og frestur verður á þeim stórframkvæmdum.

Ég vil enn og aftur fordæma þau vinnubrögð að binda jarðgangaáætlun við sölu ríkisfyrirtækja. Það gengur ekki þegar til lengri tíma er litið. Jarðgangaáætlun þarf að standa ein og sér alveg óháð því hvort hægt er að selja ríkisfyrirtæki eða ekki. Ég vil sérstaklega nefna þetta hvað varðar jarðgangagerðina á Austurlandi, þ.e. jarðgöng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Þau jarðgöng eru nú fullhönnuð. Miðað við það ástand sem nú ríkir á Austurlandi, sem er bæði huglægt og ekki síður hvað varðar verkefni, er mjög mikilvægt að fá jákvæðar framkvæmdir sem fólk veit að munu efla byggð og eru, eins og í þessu tilfelli, mikil samgöngubót. Því tel ég, og hef nefnt það hér áður, hvað varðar útboð á þessum jarðgöngum sem eru núna í einum pakka, þ.e. Siglufjarðargöngin svokölluðu og göng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, að einnig eigi að leita eftir frávikum frá útboðinu, gefa sem sagt verktökum möguleika á því að bjóða í allan pakkann eða í hvor göngin í sínu lagi því það er alveg ljóst að mjög misjafnlega stendur á hjá verktökum og það er ekkert gefið að endilega sé ódýrara að fá þetta í heilum pakka. Ég tel alla vega rétt að það eigi að bjóða út með fráviki og skoða hvort það geti komið betur út.

Ég legg á það áherslu að sem allra fyrst verði farið í jarðgöngin fyrir austan því búið er að fresta vegagerð og í raun hefur sú ákvörðun verið tekin að fara ekki í Vattarnesskriðurnar og dýrar vegaframkvæmdir út Reyðarfjörðinn. Í stað þess ætti að fara í þessi jarðgöng. Bæði hvað varðar öryggi á þjóðveginum og eins ef við horfum til þess að hugsanlega verði reist stóriðja á Reyðarfirði þá tel ég að huga ætti að því að grafa þessi göng (Gripið fram í.) á undan stóriðjunni. Ef af henni verður á að byrja á þessum jarðgöngum því að það styrkir rekstur stóriðjunnar að stækka atvinnusvæðið í kringum hana. Nú er ég alls ekki að tala fyrir þessum stóriðjuframkvæmdum. En þetta er skynsamleg (Gripið fram í.) framkvæmdaröð ef af stóriðju verður. Burt séð frá því að stækka atvinnusvæðið þá styrkir þetta búsetu á Austurlandi. Eins og ég sagði er búið að taka þá ákvörðun að fara frekar í jarðgöng en fyrir Vattarnesskriðurnar og því er þetta algerlega óháð stóriðju. En það ætti að fara í þetta á undan, eins og ég sagði áður.

Hvað varðar þá hugsun að horfa á samhengið á milli flugáætlunar og vegáætlunar er ljóst að eftir að áætlunarflug hefur verið lagt niður eða mjög takmarkað til Vopnafjarðar verður að huga að daglegum snjómokstri yfir vetrartímann. Það verður að koma því á að mokað sé sjö daga vikunnar til þess að gera ungmennum mögulegt að sækja framhaldsskóla. Það hefur sýnt sig að snjómokstur eins og hann er í dag er ekki fullnægjandi. Ég nefni þetta svæði. Til fleiri svæða þarf að huga, en sérstaklega þarf að huga að meiri snjómokstri á Vopnafirði.

Hvað varðar vegagerð og samgöngur þá geta og hafa lélegar samgöngur til ákveðinna staða hamlað atvinnuuppbyggingu. Svo er m.a. í Mjóafirði þar sem verið er að koma upp miklu sjóeldi. Nú er vegurinn frá Héraði og yfir í Mjóafjörð rétt eins og ferðamannavegur. Hann þolir alls ekki þá þungaflutninga sem fylgja fiskeldinu. Því er líklegt að vegasamband við Mjóafjörð sé þessari nýju atvinnugrein til mikils trafala.

Herra forseti. Ég vil aðeins nefna eitt. Yfirskrift IV. kafla vegalaga er þessi:

„IV. kafli. Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar."

Þar kemur fram skilgreining:

„Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.“ — Í vegáætlun er gert ráð fyrir reiðvegum. En svo kemur líka: — „Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.“

Þarna er nákvæmlega sama skilgreiningin á hverjir eiga að kosta hjólreiða- og göngustíga. En það er ekki króna í hjólreiða- og göngustíga í vegáætluninni, eingöngu í reiðvegi. Þar sem átt hefur að bæta aðgengi gangandi og hjólandi fólks þá hefur það strandað á því að það séu möguleikar fyrir Vegagerðina að koma að þessum framkvæmdum. Þeirri athugasemd við ég beina til hv. samgn. að hún skoði þetta og taki til rækilegrar athugunar fyrir næstu afgreiðslu sem verður þá í samræmdri samgönguáætlun.

Enn og aftur: Góðar samgöngur, hvort sem þær eru á láði, lofti eða sjó eru forsenda fyrir byggð í landinu. Þær eru undirstaðan alveg sama hvort það er innan sveitar eða á þjóðvegum landsins, a.m.k. ein af mörgum. Því er mjög miður að til þessa niðurskurðar skuli koma enn og aftur. Því tek ég hjartanlega undir það að aldeilis fráleitt er að huga að uppbyggingu hálendisvega og fara þar í stórkostlegar vegabætur, jafnvel með meiri háttar framkvæmdum, áður en búið er að tengja byggðir landsins inn á þjóðvegakerfið.

[15:45]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl., Þuríður Backman, talaði í ræðu sinni um stórfelldan niðurskurð í vegamálum. Þarna fer þingmaðurinn ekki alls kostar með rétt mál því að um ákveðnar frestanir er að ræða. En þrátt fyrir þær frestanir er ríkið nú að verja 11,4 milljörðum til vegamála sem er með því mesta sem gerst hefur. Á sl. ári var einnig varið 11,4 milljörðum til vegamála. Árið 2000 voru það 10,3 milljarðar og árið 1999 voru það 9,9 milljarðar. Rétt skal vera rétt.

[15:45]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt skal vera rétt. Þetta er niðurskurður frá núgildandi vegáætlun og þó svo ekki sé búið að blása af jarðgangagerðina, ég vil ekki trúa því, henni er frestað, þá er þetta niðurskurður frá núgildandi vegáætlun og það er það sem ég er að segja. Það er niðurskurðurinn. Miklar væntingar vakna þegar vegáætlun er samþykkt og menn treysta því að farið verði í hinar langþráðu vegarbætur, hvort sem það er á norðausturhorninu, innan sveitar eða jarðgöng, og því er um niðurskurð á núgildandi vegáætlun að ræða. Annars getum við hártogað þetta fram og til baka. En það er niðurskurður frá núgildandi vegáætlun.

[15:46]

Sigríður Ingvarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn talar þingmaðurinn um niðurskurð sem ég vil frekar kalla frestanir af því að þessum verkum er frestað fram á næsta ár og þau koma til framkvæmda þá.

Af því að þingmaðurinn minntist á jarðgangagerð, þá er varið 300 millj. núna á áætlun til jarðgangagerðar og ekki er gert ráð fyrir að það sé hvort sem er hægt að ráðstafa meira fé til þess málaflokks á þessu ári. Það er svo að jarðgöngin, bæði fyrir austan og fyrir norðan, eiga að fara í útboð saman núna í sumar. Ég tek ekki undir með hv. þm. Þuríði Backman að bjóða eigi þetta út hvort í sínu lagi heldur er mjög mikilvægt að ná fram hagræðingu með því að bjóða jarðgöngin út saman og hefja framkvæmdir nú í haust og til þess eru áætlaðar á vegáætlun 300 millj.

[15:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við ræðum um vegáætlun sem er einungis til eins árs sem er alveg nýlunda á þessu sviði, en í sjálfu sér ekki óeðlilegt miðað við margt sem er að breytast, eins og varðandi kjördæmaskipan í landinu. Eftir næstu kosningar verður um allt annan þingmannahóp að ræða sem kemur til með að skipta vegafé á milli kjördæma en er núna þannig að það er út af fyrir sig eðlilegt, þó ekki væri nema út af nýrri skiptingu milli kjördæma að áætlunin sé gerð á þennan hátt að þessu sinni.

Það er slæmt og í rauninni mjög alvarlegt að fresta þurfi vegaframkvæmdum eða fella jafnvel niður einstakar vegaframkvæmdir vegna fjárskorts. Það eru að sjálfsögðu einhverjar ástæður fyrir því að sá fjárskortur er svo mikill sem raun ber vitni, en sala ríkisfyrirtækja hefur þar helst komið til álita og ástæðan fyrir því að við höfum þurft að skera niður er sú að við höfum þurft að fresta sölu ríkisfyrirtækja.

Það er samt sem áður ljóst, og ég tek undir það með þeim hv. þm. sem hér hafa talað áður, að það er afskaplega slæmt að við skulum ekki geta gert meira fyrir íslenska vegakerfið. Ef við keyrum erlendis á þeim hraðbautum og malbikuðu vegum sem eru út um allt, þá áttum við okkur á því hvað við erum aftarlega á merinni í vegagerð á Íslandi. Þó svo að mikið hafi verið gert á síðustu árum erum við samt sem áður aftarlega á merinni.

Það er því miður svo að einstök svæði á landinu eru jafnvel vegasambandslaus á ákveðnum tímum ársins.

Ég hef alltaf sagt að eitt af því sem við gerum best í byggðamálum sé að geta sett fé í vegagerð til þess að breikka vegi, einbreiðum brúm verði eytt og malbik verði víðar á vegum en er og ferðamáti landans eða ferðaleiðirnar verði auðveldari en nú er.

Það er af mörgu að taka í þessu efni. Það sem mig langaði sérstaklega til að ræða um er að lengi hefur verið talað um að tvöfalda Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Keflavíkur og var á síðustu vegáætlun sérstaklega bókað að framkvæmdum yrði flýtt þar af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að telja upp en allir þekkja. Ég sé ekki að það verði nein sérstök flýting samkvæmt þessari nýju tillögu og finnst mér miður að það skuli ekki hafa náðst. Ég sé samt að ekki er gert ráð fyrir því að skera niður frá þeirri langtímaáætlun og þeirri vegáætlun sem var þó samþykkt tölulega.

Ég sé að í brtt. er gert ráð fyrir ákveðinni upphæð, 134 millj., í stórverkefni, en í nál. hv. nefndar er einnig verið að tala um breikkun fyrir 651 millj. á árunum 2003–2004.

Að hefja framkvæmdir við breikkun Reykjanesbrautarinnar er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni strax og framkvæmdir geta hafist þó svo að ekki væri um að ræða alla leiðina eins og um var talað í þeirri bókun sem gerð var við vegáætlun fyrir tveimur árum. Ég vildi spyrja formann hv. samgn. um það sem stendur í nál., með leyfi forseta, en þar stendur:

„Meiri hlutinn telur að stefna skuli að því að bjóða út fyrirhugaða breikkun á Reykjanesbraut í stærri áföngum en áætlað hefur verið til að auka hagkvæmni framkvæmdarinnar og draga úr slysahættu. Ljóst er að á móti verður að draga úr öðrum framkvæmdum á svæðinu. Endanleg ákvörðun Alþingis um þetta atriði bíður næsta hausts.“

Það er þetta atriði, herra forseti, sem ég vil fá skýringar á. „Endanleg ákvörðun Alþingis um þetta atriði bíður næsta hausts.“ Hvað þýðir það? Ég hef litið svo á að leyfilegt væri að bjóða framkvæmdina út í sumar þannig að hún gæti hafist í haust en ætti ekki að bíða fram á haust eftir því að framkvæmdir gætu hafist vegna ákvörðunar Alþingis. Ég hef ekki skilið þetta þannig. Ég vænti svara frá formanni samgn. hvað það er sem meint er með því atriði sem þarna stendur.

Það er ýmislegt sem má segja um vegamál umfram það sem ég hef þegar sagt og hægt að halda langar ræður um það. Í byggðaáætlun sem ég samþykkti ásamt öðrum sem sátu í meiri hluta iðnn. fyrir nokkrum dögum var tekið sérstaklega á málefnum Vestmannaeyja og hvernig ætti að auðvelda ferðir á milli Eyja og lands. Sérstaklega er tekið á því í byggðaáætluninni og er eitt af mestu áhyggjuefnum Eyjamanna hvernig hægt sé að auka tíðni ferða á milli lands og Eyja, en það er eitt af því sem menn telja helstu ástæðuna fyrir fólksflótta frá Vestmannaeyjum hversu ferðir eru strjálar þó það sé ferð einu sinni á dag og jafnvel tvisvar. Hæstv. samgrh. hefur beitt sér fyrir auknum ferðafjölda á milli lands og Eyja sem er mjög virðingarvert, en ég lít svo á að menn reyni að finna leiðir til þess að auka ferðatíðnina.

Ég vildi aðeins að lokum, herra forseti, minnast á þær hugmyndir sem eru uppi um hraðbraut yfir hálendið. Ég hef út af fyrir sig ekki verið neinn andstæðingur hálendisvega, hef samt sem áður alltaf verið frekar á báðum áttum. Eftir því sem ég kynnist þó betur ferðamálum landsins held ég að menn ættu að fara hægt í þeim efnum að fara að hanna hraðbrautir yfir hálendið, yfir Kjalveg, yfir Sprengisand eða aðrar leiðir sem færar eru í dag yfir sumartímann á vel búnum bílum. Ég held að sjarmi hálendisins mundi hverfa mjög fljótt í augum ferðamannsins ef maður gæti farið Sprengisand á tveimur klukkustundum í staðinn fyrir einni dagleið. Ég vara við því að fara of hratt í þeim efnum. Það hlýtur að þurfa að bera allar slíkar áætlanir undir ferðaiðnaðinn sjálfan. Ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh. ætli sér að gera það og þannig nái menn einhverri lendingu sem gæti verið í sátt við ferðamannaiðnaðinn og svo að sjálfsögðu einstaka landshluta. Ég skil ósköp vel einstaka landsbyggðarmenn, sem búa langt frá höfuðborginni, að þeir vilji finna allar þær leiðir sem eru mögulegar til að stytta þennan ferðatíma. Það er nauðsynlegt að finna leiðir til þess, en ég held að þetta væri jafnvel skaðlegt fyrir landsbyggðina ef við erum að hugsa um ferðamennskuna, ferðamennina sjálfa. Ég er ansi hræddur um að áhugi þeirra fyrir Íslandi mundi minnka mjög fljótt ef við færum að leggja upphækkaða hálendisvegi, hraðbrautir þannig að menn gætu hoppað yfir hálendið á nokkrum klukkutímum.

[15:58]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið áður í máli mínu byggist vegáætlun og flugmálaáætlun sem hér hafa verið ræddar í dag á því að samræma væntanlega samgönguáætlun og þá áætlun til fjögurra ára, allt að tólf ára. Þess vegna er m.a. sá texti sem hv. þm. Kristján Pálsson kom inn á og gerði fyrirspurn til mín um hvers vegna sá texti væri í tillögunni þar sem segir að endanleg ákvörðun Alþingis um þetta atriði bíði næsta hausts, þ.e. endanleg ákvörðun um það hvernig verði raðað niður í framkvæmdunum. En það hefur hvergi verið um það rætt að draga úr framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar, aðeins það sem nefndin leggur áherslu á og er sammála bæði hæstv. samgrh. og þeim aðilum hjá Vegagerðinni hvar sagt er að nauðsynlegt sé að stækka áfangana í tvöföldun Reykjanesbrautar vegna þess að ef á að taka þessa framkvæmd í styttri áföngum mun það verða kostnaðarsamara og þá mun verða meiri slysahætta. Þess vegna þótti okkur eðlilegt að skerpa á þessu ákvæði.

[16:00]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka formanni samgn., hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, fyrir svörin. Ég skil þetta svo að ekki sé gert ráð fyrir því að ákvarðanatöku um útboð á tvöföldun Reykjanesbrautar verði frestað fram á haustið vegna þess að það eigi að taka fjármuni úr öðrum verkum. Ég fagna því að hugmyndir eru uppi á borðinu í dag um að hefja tvöföldunina í sumar og reyna að ná eins löngum áfanga og kostur er, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh. muni tilkynna hvað verði langur, og að við munum sjá þær framkvæmdir hefjast strax í sumar. Þá loksins sjáum við hilla undir að Íslendingar muni eignast hraðbraut í orðsins fyllstu merkingu. Tími er til kominn að á Íslandi verði ein hraðbraut og þá á milli eina alþjóðaflugvallar landsmanna og höfuðborgarinnar þar sem ferðatíðnin er sú allra mesta á einum þjóðvegi á landinu.

Ég fagna því, herra forseti, að þessi skuli vera raunin þó að eftir sem áður verði að segja að mörg okkar sem höfum barist fyrir því að láta tvöfalda Reykjanesbrautina trúðum því að sú bókun sem gerð var um vegáætlun fyrir tveimur árum mundi halda. Að framkvæmdir skuli þó hefjast eru vatnaskil í þeirri baráttu sem fram hefur farið á undanförnum árum.

[16:02]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er svo sem ekki að undra þó að hv. síðasti ræðumaður hafi verið dálítið ruglaður í ríminu. Hvaða pappírum ber að trúa og hverjum ekki, hvaða pappírar gilda og hverjir ekki, hvaða bókanir eru marktækar og hverjar ekki? Við stöndum frammi fyrir þeirri margfléknu stöðu að hér erum við í raun og sanni eingöngu að færa til veruleika þá ákvörðun sem meiri hluti Alþingis tók á síðasta hausti, nefnilega að skera niður framlög til vegamála um 1.500 millj.

Hv. þm. Sigríður Ingvarsdóttir kom í andsvar áðan, hældist um og sagði framlög til vegamála aldrei hafa verið meiri en á síðustu árum. Fróðlegt væri að skoða gildandi vegáætlun sem var samþykkt hér á árinu 2000. Staðreyndin er að hún hefur aldrei staðist. Langtímavegáætlun sem samþykkt var 1998 hefur aldrei staðist. Því miður er það þannig enn þá, herra forseti, að hér er stundum um of ráðandi ákveðið daður þar sem ýjað er að því að þetta verði hægt og hitt verði hægt, þar sem verið er að segja hálfsannleika við fólkið í landinu og gefa því vonir um að ráðist verði í þetta eða hitt stórvirkið sem síðan þarf meira og minna að taka aftur þegar til kastanna kemur.

Það er af þeim ástæðum sem ég hef sérstaka samúð með hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem bar sig talsvert aumlega, eðlilega, yfir því að hafa hvað eftir annað komið fram fyrir kjósendur sína á Suðurnesjum og raunar norðan megin í kjördæminu líka og talað um að vilji væri fyrir því hjá hinu háa Alþingi, hjá þingmeirihlutanum, að verja miklum fjármunum til þess að tvöfalda Reykjanesbraut, og nefnt bókun og yfirlýsingar og ræður og einlægan vilja. Tölurnar tala hins vegar sínu máli, herra forseti, og við komumst ekki undan því að horfa á þær eins og þær eru. Það er ekkert í spilunum,

hvorki hér né í gildandi vegáætlun né á þeim óskalista sem bætt er aftan við niðurskurðartillögu vegna yfirstandandi árs, sem gerir það að verkum að hv. þm. Kristján Pálsson geti farið heim í hérað og sagt: Hér skila ég því sem ég lofaði. Það einasta sem er borðliggjandi er að hægt er að hefja framkvæmdir við 8 km, og tæplega þó, af því stórvirki sem tvöföldun Reykjanesbrautar er. Annað er því miður ekki í hendi.

Það eru að vísu frómar óskir í langtímavegáætlun, ég veit það. En þar er að finna langstærstu fjárhæðirnar á síðustu þremur árum í langtímavegáætlun, nefnilega á árunum 2007–2010. Það fer ekki alveg saman við loforð margra í þá veruna að ljúka eigi tvöföldun Reykjanesbrautar árið 2005. Sumir gengu svo langt að tala um að ljúka ætti þessu árið 2004 og ég man ekki betur en það hafi verið hv. þm. sem kvað upp úr með það. (Gripið fram í.) Við erum eins langt frá því markmiði og frekast getur verið, herra forseti. (**KPál:** Ég sagði að það væri hægt.) Það væri hægt, já. Það er einmitt þetta sem ég er að segja, herra forseti. Það er verið að ýja að því og gefa út óútfyllta víxla til fólks um að þetta og hitt sé hægt og það sé almennur vilji fyrir því að reyna að koma þessu áfram þegar veruleikinn sem við okkur blasir er allt annar, þegar fjármunirnir sem til skiptanna eru, og skipt hefur verið, segja allt annað. Af því að ég staldraði við Reykjanesbraut og tvöföldun hennar er óhjákvæmilegt að fara aðeins yfir það að í gildandi vegáætlun — fyrst verðum við hins vegar að koma skikki á það, herra forseti, hvað það er sem við erum að ræða hér og hvað það er sem við erum raunar að ákveða hér. Ég spyr þráðbeint hæstv. ráðherra og raunar formann samgn. einnig: Hvernig líta þeir á þann veruleika sem við okkur blasir?

Í fyrsta lagi er í gildi langtímavegáætlun sem ber að endurskoða á yfirstandandi ári. Hún er auðvitað brotin niður og yfir henni ríkir gildandi fjögurra ára áætlun fyrir árin 2000–2004. Nú erum við að reyna að stemma af þessa fjögurra ára áætlun frá árinu 2000 til ársins 2004 vegna þess að fjárlög stemma ekki við gildandi vegáætlun. Það vantar fjármuni og það þarf að skera niður. Raunar strax á fyrsta ári þessarar fjögurra ára áætlunar hófu menn þann leik með því að taka 700 millj. af. Þeir gerðu betur og fóru enn hraðar yfir sögu á síðasta ári, fóru þá enn þá lengra í niðurskurði. Í tillögum til niðurskurðar á yfirstandandi ári fylgir með, eins og segir í nál. meiri hluta samgn., listi yfir skuldir og skuldbindingar sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004. Þetta er nauðsynlegt með hliðsjón af því að vegáætlun sem hér um ræðir nær aðeins til eins árs.

Herra forseti. Spurning mín er þessi: Eru þá tvær vegáætlanir í gildi? Ber að líta á þennan lista, þetta fskj., sem ígildi breytinga á gildandi vegáætlun? Nei, auðvitað ekki. Það getur ekki verið. Það er ekki verið að leggja til með formlegum hætti að gerðar verði breytingar á gildandi vegáætlun. Hún gildir þar til henni verður breytt. Ég hlýt að spyrja, herra forseti, og óska eftir skýrum svörum: Hvaða vegáætlun verður í gildi á árunum 2003–2004 eða þar til henni verður að vísu breytt, vonandi, á næsta þingi eins og fyrirheit eru um? Við getum ekki bæði sleppt og haldið. Við getum ekki verið við vinnu — óhjákvæmilega vinnu, mér er það ljóst vegna þess að forsendur fjárlaga verða að standa — við að skera niður í vegáætlun ársins 2002 en láta síðan fylgja einhvers konar lausan og fastan óskalista um það hvað kunni að gerast á árunum 2003 og 2004. Í sumum tilfellum fer það saman við gildandi vegáætlun sem samþykkt var fyrir tveimur árum og í öðrum ekki. Það er þar sem er misræmi, og þá spyr ég, herra forseti: Hvort gildir? Þegar heimamenn og aðrir spyrja mig sem þingmann míns kjördæmis, því að þeir sjá á þessu misræmi, hlýtur mér að vefjast tunga um tönn: Hvort er í gildi á næsta ári? Er það vegáætlun sem samþykkt var fyrir tveimur árum eða er það viðaukinn, þetta fylgiskjal, sem samgn. hefur sent frá sér? Vafalaust, og vonandi til að leysa úr þessum vanda, verður heildarendurskoðun hæstv. samgrh. lögð fram á hausti komanda og menn búnir að leysa úr þessum vanda fyrir næstu áramót þannig að á vegáætlunina reyni ekkert sérstaklega í praxís. (**JB:** Þá fáum við kosningaáætlun.) Ég ætla að koma að því seinna, hv. þm., því að auðvitað erum við engin börn á hv. Alþingi. Auðvitað sjá menn hvað hér er á ferðinni, af hverju verið er að ýta þessum óskalistum öllum fram á haustið í stað þess að menn vinni vinnuna sína eins og vera ber og klári þetta mál á vorþingi eins og venja er til. Það gefur algjörlega augaleið.

Þetta verður hins vegar að vera skýrt. Ég verð að geta svarað því heima í héraði, þegar við göngum frá þessu eina ári, hvort Alþingi Íslendinga hafi í raun verið að samþykkja fylgiskjalið, listann sem fylgir þessum breyttu tölum á yfirstandandi ári, og hafi þar með tekið af lífi gildandi vegáætlun frá 2000–2004. Það er þetta sem gerir alla stjórn þessara mála jafnómarktæka og allt of oft hefur verið. Ég vona svo sannarlega — það veit sá sem allt veit — að samræmd samgönguáætlun muni laga til í þessari flóru. Ég er hins vegar ekki handviss um það. Ég held að menn hafi ekki fundið upp einhvern hókus pókus í þeim efnum því að kjarni málsins er sá — ég veit að hv. þm. sem eru sérstakir áhugamenn um vega- og samgöngumál eru mér auðvitað hjartanlega sammála um það, og hæstv. ráðherrar fyrr og síðar sem með þennan málaflokk hafa höndlað hljóta að vera mér sammála um það — að verst af öllu er að setja saman áætlanir til skemmri eða lengri tíma sem síðan verður ekki unnt að fara eftir, sem þarf eilífa og aftur að laga fram og til baka aftur og aftur. Nú veit ég mætavel að auðvitað þurfa menn að endurmeta að breyttu breytanda. Það er ekki það sem ég er að tala um hér. Ég er að tala um að á sama árinu og vegáætlun er til samþykktar gerist eitthvað annað við afgreiðslu fjárlaga. Kannski eru of miklir peningar og það þarf að draga saman seglin í vegamálum til að skapa ekki óþarfa þenslu. Þá er einkum og sér í lagi horft á höfuðborgarsvæðið. Það þykir mjög góð afsökun þegar á að svíkja vilyrði á höfuðborgarsvæðinu og loforð og yfirlýsingar í vegáætlun að draga þar saman seglin. Þegar hið sama er gert úti á landi er því gjarnan borið við að spara þurfi í ríkisrekstrinum, og allar áætlanir fara út og suður og þarf að byrja allt upp á nýtt. Í langtímavegáætlun ætluðu menn t.d. 1998 ekki að gera neina stórkostlega hluti í jarðgangagerð. Svo allt í einu vöknuðu menn upp við vondan draum. Það þurfti að gera mönnum gott til hér eða þar og þá fóru menn af stað í fjögurra ára áætlanir árið 2000 og voru uppi með stór áform í þá veruna, áform sem tveimur árum seinna eru skorin niður í ekki neitt eins og hér er, nákvæmlega ekki í nokkurn skapaðan hræranlegan hlut. Samt er gefið undir fótinn með það að fara eigi í útboð. Á sama tíma er þessum fylgiskjölum bætt við þennan óskalista, frómum óskum í þá veruna að 1.500 millj. þurfi á árinu 2003 til jarðgangagerðar á öðrum hvorum eða báðum stöðunum, í Siglufjarðargöngin og Reyðarfjarðargöngin. Í gildandi vegáætlun kveður hins vegar við allt annan tón. Þar stemma ekki tölur. Þeir hljóta því að spyrja fyrir austan og

norðan: Hvort gildir? Hvar er sú ákvörðun sem taka ber mark á? Eða á þetta bara að vera fljótandi? Þykir það þægilegast? Kannski er það kjarni málsins. Allt of oft þykir mönnum býsna þægilegt að hafa þetta ekki alveg skýrt upp á punkt og prik og geta aðeins leikið sér með tölur og áform og vonir og væntingar heima í héraði þannig að hv. þm. Kristján Pálsson geti farið suður með sjó og sagt að það séu góðar vonir og mikill vilji til að flýta sér með breikkun Reykjanesbrautar þó að veruleikinn sem við honum blasi á hinu háa Alþingi sé allt annar. Sama gildir með Norðlendinga og Austfirðinga í stjórnarliðinu, að þeir geti farið heim í hérað og daðrað og duflað við kjósendur undir þeim formerkjum að það sé almennur vilji til að gera eitthvað og þeir séu að vinna á fullu í þessum málum.

Það er ljótur leikur, herra forseti, sem við leikum þegar við gerum svona hluti. Við eigum að segja hlutina eins og þeir eru, hvort sem þeir hljóma vel eða illa fyrir umbjóðendur okkar. Það er alla jafna til lengri og skemmri tíma affarasælast.

Í heimabæ mínum, Hafnarfirði, er ráð fyrir því gert að fara í umtalsverðar stórframkvæmdir við Reykjanesbraut innan bæjarmarka Hafnarfjarðar. Að vísu hefur þar orðið nokkur dráttur á framkvæmdum, aldrei þessu vant, ekki vegna þess að fjármunir hafi ekki verið til staðar heldur vegna þess að undirbúningur og aðdragandi hefur verið miklum mun flóknari, víðfeðmari og erfiðari en nokkur gerði ráð fyrir. Upp úr kafinu kemur að kostnaður við þessar endurbætur eða nýframkvæmdir á Reykjanesbraut innan bæjarmarka Hafnarfjarðar hefur rokið upp úr öllu valdi, (Gripið fram í.) er kominn í himnahæðir. Kílómetra kafli frá Kaplakrika suður fyrir Lækjargötu og Hlíðarberg í Hafnarfirði — margir kannast við bensínstöð á þeim gatnamótum — er á annan milljarð kr., 1.250 millj. eða þar um bil, bara sá kafli. Í þeim áætlunum sem hér eru fyrir framan okkur vantar talsvert upp á að hægt verði að ljúka bara þessum kafla. Hér eru inni í kringum 680 millj. samkvæmt listanum góða sem ég hafði orð á, að vísu bara 630 millj. samkvæmt gildandi vegáætlun fyrir þessi tilteknu ár þannig að það hefur verið bætt við 50 millj. á þennan óskalista. En það dugir ekki til. Það verður ekki hægt að ljúka verkinu við svo búið. Hér erum við eingöngu að tala um kílómetra kafla. Hvað svo? Uppi eru áform um tvöföldun og niðurgrafningu brautarinnar í gegnum allan Hafnarfjörð meira og minna, allt frá bæjarmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar og suður fyrir Straum. Þess sér hvergi stað í þessu töfluverki öllu saman, hvorki í fjögurra ára áætlun sem í gildi er né heldur í langtímaáætlun, hvernig eigi að bregðast við þeim verkefnum. Nú bið ég hæstv. ráðherra að leggja við hlustir. Þó að ég geti kannski ekki gert þá kröfu til hans að hann geti svarað mér fullt og fast í þá veruna þá hlýtur hann að hafa hugleitt þessi mál.

Ég er að fjalla um vegabætur á Reykjanesbrautinni og endurbætur á henni innan bæjarmarka Hafnarfjarðar, frá bæjarmörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar og allt suður fyrir Straumsvíkina, því fyrir þann áfanga sem hér er gert ráð fyrir að farið verði í eru aðeins fjármunir upp á 650 millj. í gildandi vegáætlun, en 680 millj. í þessum lista sem ég hef gert að umtalsefni.

Þetta er eingöngu til þess að mæta hluta þess kostnaðar sem á að bjóða út núna á haustdögum á svona um það bil kílómetra kafla, niðurgröfnum að langmestu leyti, og mislæg gatnamót við Lækjargötu/Reykjanesbraut. Ég spyr: Hvað svo? Á að hætta við þetta verk? Markmið Vegagerðarinnar hafa verið þau að það verði hindrunarlaus umferð í gegnum Hafnarfjörð eins og aðra þéttbýlisstaði á höfuðborgarsvæðinu frá alþjóðaflugvellinum í Keflavík. En það er svo langur vegur frá að það verði með þessum hætti. Hér er aðeins um smáskák að ræða. Fróðir menn hafa sagt mér að ef það eigi að ljúka því verkefni að lemja sig í gegnum Hafnarfjörð með hraðbraut neðan jarðar eða ofan jarðar þá verði heildarkostnaðurinn aldrei undir 3–4 milljörðum kr. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það liggi eitthvað fyrir og hvort bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafi unnið heimavinnu sína hvað varðar legu brautarinnar ofanvert við og umleikis Straumsvíkursvæðið.

Ég fjallaði áðan um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar frá Straumi að Fitjum. Sú framkvæmd hefur farið í umhverfismat. Það er búið að hanna hana að verulegu leyti. Hún er tilbúin til framkvæmda að mestu leyti. En hvað svo? Hvað gerist þegar menn koma sunnan úr Keflavík og ætla sér til Hafnarfjarðar eða inn á höfuðborgarsvæðið? Eftir því sem ég best veit liggur ekkert fyrir um það. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti upplýst mig nokkuð nánar um það. Ég hef verið að spyrja eftir því, en engin svör fengið. Auðvitað verður að standa að vegamálum eins og öllum öðrum framkvæmdum. Vegamál eru ekkert öðruvísi en að byggja hús eða mannvirki. Menn hætta ekki í miðju kafi. Menn leggja ekki til einhvern smábút til þess að liðka fyrir umferð og síðan eru stíflur beggja vegna. Þannig horfir þetta við á þessu svæði, því miður.

Ég ætla að nota ferðina og benda hæstv. ráðherra og fleirum á að mat mitt hefur lengi verið, af því að framkvæmdir eru ekki hafnar á þessu svæði, að hægt væri að gera þetta miklum mun ódýrara og skilvirkara. Þá er ég að vísa til þess að í stað þess að fara í þessar milljarða framkvæmdir innan bæjar í Hafnarfirði væri miklu skynsamlegra að leggja ofanbyggðarveg, góðan og greiðfæran veg ofan byggðar í Hafnarfirði sem tengdist síðan við byggðarlögin Garðabæ og Kópavog og endaði á Suðurlandsvegi og síðan Vesturlandsvegi. Þessi vegur hefur stundum verið inni og stundum úti. Allt frá því að ég gegndi störfum framkvæmdastjóra Hafnarfjarðarbæjar hef ég verið mikill ákafamaður um þetta. Ég fékk dágóðar undirtektir á þeim árum. Þessi mál hafa hins vegar, finnst mér, fallið milli skips og bryggju. Menn eru mjög uppteknir af því að fara í þessar rándýru framkvæmdir innan bæjarins og setja raunar Reykjanesbrautina að meira eða minna leyti í stokk í gegnum allar Hafnarfjörð þannig að þeir sem þar fara um sjá aldrei bæinn heldur keyra neðan jarðar í lokuðum stokki eða opnum eftir efnum og ástæðum á 80 km hraða í gegnum bæinn með tilheyrandi kostnaði.

Ofanbyggðarvegur sem færi ofanvert við iðnaðarsvæðið gegnt álverinu í Straumsvík og síðan norðanvert eða austanvert við Ásfjallið í legu gamla Flóttamannavegarins og tengdist síðan niður í Garðabæ, fyrst hjá Urriðakotsvatni niður á Reykjanesbrautina núverandi, í öðru lagi ofanvert við Vífilsstaði og væri með nokkrar tengingar við byggðina væri miklu skynsamlegri, ódýrari og eðlilegri leið. Ég held að skynsamlegt væri að hæstv. ráðherra notaði sumarið og gaumgæfði þennan þátt málsins því hann þarf miklu meiri peninga til þess að loka dæminu, og þá jafnvel á langtímavegáætlun næstu tólf árin, á Hafnarfjarðarsvæðinu til þess að fullnægjandi sé. Þessari vinsamlegu ábendingu vildi ég koma til hæstv. ráðherra því að um þetta gildir það sama og um Reykjanesbrautina sem ég gat um áðan, að á næstu þremur árum að þessu meðtöldu eru eingöngu til ráðstöfunar

800 millj. kr. til tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Straumi suður í Fitjar.

Herra forseti. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra að einu í sambandi við þetta því ég hef séð hönnun þessarar brautar og af því að ekki eru til allt of miklir peningar til skiptanna. Þar skipta hverjar 10 millj. máli. Hverjar 100 millj. skipta mjög miklu máli. Ég sá það í hönnun brautarinnar að gert er ráð fyrir mjög mislægum gatnamótum í Hvassahrauninu. En þar er engin byggð því sem næst. Ég kann ekki nákvæmlega á þetta. Ætli heils árs byggð sé ekki þarna í tveimur húsum. Einhver sumarhús eru þarna. Þau eru teljandi á fingrum annarrar handar. Á fundum með Vegagerðinni var okkur svarað því til að þarna þyrftu að koma mislæg gatnamót upp á 100 millj. kr. til þess að tryggja að ekki væru krossgatnamót á brautina alla leið og einnig til þess að hjólandi vegfarendur gætu farið yfir brautina einmitt þarna. Til eru miklu ódýrari leiðir til þess að leysa þennan vanda, a.m.k. tímabundið.

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það dálítill skandall og flottræfilsháttur að verja 100 millj. kr. til þess að búa til mislæg gatnamót sem ég skýt á, án þess að ég viti það, að fari 20 bílar um, kannski 30, á hverjum sólarhring — ég efast um að þeir séu svo margir — í stað þess þá að leyfa þessu fólki að fara með hægri beygju inn á brautina og keyra suður úr 2 km og taka síðan hring á mislægum gatnamót sem eru í Kúagerði.

Ég er bara með markvissar ábendingar til hæstv. ráðherra um að þó að litlir peningar séu ætlaðir í brautina er óþarfi að nota þessa litlu peninga til að fremja skandal á borð við þennan því að 100 millj. skipta máli. Þetta eru litlir peningar í hinu stóra dæmi. Því geri ég mér fullkomlega grein fyrir. En safnast þegar saman kemur.

Ég get svo sem haldið áfram að ræða þessi mál. Ég ætla hins vegar ekki að eyða tíma þingsins öllu frekar en ástæður eru til. Ég hef alla samúð með hæstv. ráðherra að þurfa að koma hingað til þingsins og þurfa að finna niðurskurði fjárlagagerðar frá desember sl. stað við þessar aðstæður þegar menn hafa verið að lofa á hægri og vinstri hinu og þessu. En þetta er veruleiki sem hann þarf að eiga við. Hann tapaði þessum slag við fjárlagagerðina, því að ég gef mér það að hæstv. samgrh. hafi tekið slag til að fá að halda sig við gildandi vegáætlun, þá vegáætlun sem Alþingi samykkti árið 2000 og stjórnarmeirihlutinn skar rækilega niður í desember sl. við fjárlagagerð yfirstandandi árs og er nú að uppskera í samræmi við það. Hér er auðvitað um verk stjórnarmeirihlutans að ræða. Hann er að standa frammi fyrir þeim gjörðum sem hann bar ábyrgð á við fjárlagagerðina í desember sl. Þess vegna gengur það ekki að einstaka stjórnarliði komi hálfkjökrandi í stólinn og beiðist undan því að þurfa að bera ábyrgð á eigin verkum og gjörðum. Þetta er hreinlega afleiðing þeirra eigin gjörða.

Auðvitað hefur margt verið ágætlega gert í vegamálum á síðustu árum. Ég ætla alls ekki að draga úr því. Ég efast ekkert um vilja og heilindi hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar, stjórnarmeirihlutans og allra þingmanna til þess að halda áfram því átaki sem hefur verið gert í þeim efnum. Mest er hins vegar um vert — og þá árétta ég þau orð sem ég hóf ræðu mína á — að við þær áætlanir sem gerðar eru verði hægt að standa og hægt að taka mark á þeim þannig að almenningur í þessu landi, fólk í dreifðum byggðum og í þéttbýli, geti með nokkri vissu vitað að ályktanir Alþingis séu marktækar, ekki aðeins út árið heldur út allt áætlunartímabilið. Þannig hefur það því miður ekki verið. Það eru vond vinnubrögð sem við eigum ekki að temja okkur heldur snúa af braut með. Við í stjórnarandstöðunni getum hjálpað stjórnarliðunum með að standa þannig að verki að eitthvert vit sé í og að áætlanir séu þannig unnar að þær standist bæði tímans tönn og sveiflur og hæðir og lægðir í efnahagskerfi þjóðarinnar sem ævinlega verða alltaf til staðar.

[16:29]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er oft skondið að hlusta á hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Þegar hann talar um að þingmenn stjórnarliðsins komi kjökrandi yfir því að hafa ekki náð öllu því fram sem þeir ætluðu sér þá veltir maður því fyrir sér hver háttur hv. þm. hefur verið í gegnum árin þegar hann hefur verð að kynna hugmyndir sínar um það hvernig mætti ljúka verkum.

Ég er einn af þeim sem hafa lagt mikla áherslu á að ná fram tvöföldun Reykjanesbrautar og ég veit ekki annað en hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafi verið áhugamaður um það einnig. Ég hef leitað allra leiða til að vekja athygli á málinu. M.a. hafði ég um það samráð eða við getum sagt að ég hafi fengið um það upplýsingar frá Vegagerðinni og fleiri aðilum, sérstaklega stærstu verktökum landsins, vegna umræðu sem varð um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar fyrir tveimur árum. Umræðan gekk út á að hægt væri að ljúka þessu dæmi fyrr en 2005–2006, þ.e. að klára tvöföldun Reykjanesbrautar. Ég lét skoða þetta fyrir mig og mér var sagt að hægt væri að ljúka þessari framkvæmd 2003–2004. Þá er ég að tala um frá Hafnarfirði til Reykjanesbæjar eða að Fitjum. Þetta er einungis það sem ég var að segja. Ég hefði viljað sjá þetta gerast svona. Núna er árið 2002. Svo koma 2003 og 2004. Það er eftir tvö ár sem sagt. Við hefðum þá verið að horfa tvö ár fram í tímann. Þá hefðum við séð fyrstu hraðbraut á Íslandi á þeirri leið sem er fjölförnust utan þéttbýlis á öllu landinu. Við vitum vel báðir tveir að þetta er mjög mikilvægt mál. Það er ástæðulaust að gera lítið úr því hvernig menn hafa reynt að berjast fyrir því máli.

[16:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg það ekki í efa eitt aukatekið andartak að við hv. þm. erum samherjar í þeirri baráttu að gera tvöföldun Reykjanesbrautar að veruleika. Ég hugsa að það séu einar fimm eða sex tillögur sem ég hef flutt hér í þá veruna, bæði við fjárlagagerð og einnig við gerð vegáætlunar á umliðnum árum, sem miðuðu í þá átt. Mér dettur ekki í hug að ætla það að hv. þm. sé ekki einlægur í þeim vilja sínum að berjast fyrir þessu.

Staðreyndin er bara sú að hv. þm. Kristján Pálsson, sem er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og er í stjórnarliðinu hér, ver hæstv. ráðherra vantrausti og þar á meðal samgrh. og samþykkir það í eigin þingflokki hvernig þessum málum lyktar. Þeim lyktar þannig, eins og ég var að fara yfir, að í tvöföldun Reykjanesbrautar til ársins 2005 fara kringum 800 millj. og það dugir fyrir 8 km. Hv. þm. gaf fyrirheit um að hann ætlaði að berjast fyrir því að þessu lyki á árunum 2003, 2004 til 2005. Það er sá veruleiki sem við okkur blasir.

Ég hef alla samúð með hv. þm., en hann getur auðvitað ekki verið beggja vegna borðs. Hann getur ekki setið í þingflokki Sjálfstfl. og látið þetta yfir sig ganga og samþykkt þetta með kurt og pí og komið síðan upp í ræðustól eða öllu heldur suður með sjó og sagt: Ég er búinn að gera það sem ég get og ég held áfram minni baráttu. Menn geta ekki

setið beggja vegna borðs. Menn geta ekki haft tvo herra. Það verður annar hvor að láta undan.

[16:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. að ég geti ekki farið suður með sjó, borið höfuðið hátt og haldið áfram að berjast fyrir því að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar. (Gripið fram í.) Það verður verkefni mitt að reyna að ljúka þessu sem allra fyrst og auðvitað er það verðugt verkefni. Það hefur aldrei verið þannig svo ég viti til að menn hafi getað gert hlutina á nákvæmlega þann hátt sem þeir hafa endilega viljað. Það er a.m.k. ekki mjög algengt að menn nái öllu fram á mesta hraða.

Ég ætla aðeins að minna hv. þm. á það hvernig margt hefur breyst svo undir forustu hans í Hafnarfirði með hugmyndum um ofanbyggðarveg, sem ég veit að hv. þm. hefur haft sérstakan áhuga á, að allar lausnir á legu Reykjanesbrautar í gegnum Hafnarfjörð í dag eru margfalt dýrari en þær annars hefðu þurft að vera. Það er dæmi um skipulagslegt klúður í mínum huga hvernig þrengt hefur verið að Reykjanesbrautinni í gegnum Hafnarfjörð þannig að nú er ekki hægt að gera þarna neitt nema með alveg ótrúlegum tilkostnaði. Verið er að tala um göng eða yfirbyggðan veg í gegnum Hafnarfjörð að hluta, gríðarlega dýr mislæg gatnamót og síðan þegar komið er yfir hæðina, yfir lækinn erum við komnir á mjög þröngt svæði milli Hafnarfjarðar og kirkjugarðsins. Allt þetta hefur leitt til þess að ekki er hægt nema með alveg ótrúlegum tæknilega erfiðum lausnum að klára dæmið.

Ég hef oft sagt og ég hef sagt hv. þm. það sjálfum að það hefur skemmt mikið hvað menn hafa lagt mikla áherslu á þennan ofanbyggðarveg og haldið að hægt væri að leysa þessi vegamál með einhverjum öðrum hætti en verið er að tala um núna.

[16:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef allan skilning á því að hv. þm. hrökklist inn í Hafnarfjörð og frá Reykjanesbrautinni í málsvörn sinni. En það er óþarfi fyrir hann að endurtaka ræðu mína varðandi þau vandamál sem skapast og þá svakalega dýru framkvæmd sem um ræðir innan bæjarmarkanna í Hafnarfirði með gerð skurðs, gjáar og mislægra gatnamóta. Það er alveg ljóst og var markviss stefna jafnaðarmanna þegar þeir réðu ríkjum í Hafnarfirði að Reykjanesbrautin yrði innanbæjarvegur. Það var algerlega markviss stefna jafnaðarmanna og er enn og þar verði hæg og örugg umferð, en hraðaumferðin og þungaumferðin fari ofanvert við bæinn. Það hefur ekki breyst. En ef flokkssystkini hv. þm. vilja endilega lemja sig í gegnum miðjan bæinn á 100 km hraða með kostnaði upp á 6 milljarða kr., þá verður hann að bera ábyrgð á því. Það geri ég ekki. (Gripið fram í.) En yfir í Reykjanesbrautina því að menn sleppa ekki svona billega frá veruleika hlutanna: Ber að skilja það svo að hv. þm. sé með fyrirvara fyrir þeirri tillögu sem hér liggur fyrir? Hann hefur ekki fyrirvara þannig að hann með öðrum orðum samþykkir það þegjandi og hljóðalaust að verja eigi á næstu þremur árum 800 millj. kr. til breikkunar og tvöföldunar Reykjanesbrautar þegar verkið kostar 3 milljarða.

Þessi hv. þm. var á 800 manna fundi í Reykjanesbæ, í Stapanum, fyrir sex eða átta mánuðum þar sem hann lofaði því, og lét klappa fyrir sér, að hann mundi skaffa peninga til að ljúka verkinu á árinu 2005. Með þessu áframhaldi verður tvöföldun Reykjanesbrautar lokið árið 2012. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að berja sér á brjóst annað slagið en láta síðan stinga ofan í sig allt öðrum hlutum í hópi þingmanna Sjálfstfl. og Framsfl. Það þýðir ekkert að tala tungum tveimur. Það þýðir ekkert að bera kápuna á báðum öxlum. Menn verða að standa sig og horfast í augu við þennan veruleika. Það er veruleiki hlutanna.

[16:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við tökum til umræðu vegáætlun og ljóst að á því máli eru margar hliðar sem ástæða er til að velta upp. Hægt er að skoða málið t.d. út frá skiptingu á fjármagni til vegaframkvæmda til höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar, sem ég ætla nokkuð að gera í máli mínu, og einnig þarf að skoða þetta mál líka út frá þáttum eins og nýlegri umferðaröryggisáætlun sem ríkisstjórnin kom með inn í þingið og hefur verið samþykkt og inna t.d. hæstv. samgrh. eftir því um umferðaröryggisáætlun og stefnumótun um aukið umferðaröryggi sem hér hefur verið samþykkt í 15 liðum, hvort fjármagn til vegaframkvæmda og vegáætlunar sé í samræmi við þá stefnumótun og hvort það sé svo þegar verið er að veita fjármagn til vegamála að stefnumótun í umferðaröryggismálum sem þingið hefur haft til skoðunar og búið er að samþykkja sé höfð til hliðsjónar.

Það er nefnilega allt of oft svo þegar verið er að samþykkja ýmis góð stefnumið og stefnumótanir í hinum ýmsu málaflokkum að minna verður úr því að framkvæmdarvaldið fari eftir því sem þingið setur framkvæmdarvaldinu í því efni. Þetta er allt of oft skraut sem lítið er notað eða höfð hliðsjón af þegar verið er að móta stefnur eða framkvæmdir í hinum ýmsu málaflokkum. Vissulega er það svo að vegáætlun á hverjum tíma og hvað er veitt til vegamála skiptir auðvitað máli upp á umferðaröryggi.

Ég held nefnilega, herra forseti, að sá niðurskurður og frestun sem við erum núna að ræða, niðurskurður fjármagns til samgöngumála og frestun á þeim, t.d. til nýframkvæmda, og ég get tekið höfuðborgarsvæðið sem dæmi og vissulega landsbyggðina líka, gangi gegn áætlun ríkisstjórnarinnar um að auka umferðaröryggi. Ég tel að allur niðurskurður og hvernig haldið hefur verið á þeim málum, t.d. að því er varðar höfuðborgarsvæðið og höfuðborgina, auki verulega á slysahættu. Umferðarþunginn hefur farið stöðugt vaxandi í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu er síaukin slysahætta, en gatnakerfið annar engan veginn umferðarþunganum á helstu álagstímum. Það er því alvarleg ógn við umferðaröryggi í borginni ef skera á niður fé til vegamála.

Arðsemi vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu er líka yfirleitt mjög mikil sem skilar sér í miklu færri tjónum og slysum. Þegar við lítum á stefnumótun sem var samþykkt um aukið umferðaröryggi, þá ályktaði Alþingi að á næstu 11 árunum eða til loka ársins 2012 skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001 og því takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um umferðaröryggismál. Sú áætlun liggur fyrir mjög ítarleg og þar er einmitt talað um það í einum tölulið af þessum 15 að vinna skuli að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Þetta er mikilvægt að skoða með það í huga sem hér er verið að afgreiða, en samkvæmt tillögum meiri hlutans er gerð tillaga um niðurskurð til vegamála frá gildandi vegáætlun á þessu ári um 2.219 millj. ef teknar eru með fjárveitingar til vegamála sem frestað var á síðasta ári

um 700 millj. kr. og þá er beinn niðurskurður á þessu ári rúmar 1.500 millj. kr.

Herra forseti. Ég sagði að nauðsynlegt væri að skoða skiptinguna á vegafé og ég vil segja það, herra forseti, og hef ég setið nokkuð lengi á þingi, að ég hef fullan skilning á því að verulegur hluti af því fjármagni sem er til skiptanna hverju sinni þurfi að renna til landsbyggðarinnar. Ég hef tekið þátt í því, herra forseti, nokkuð mörgum sinnum á Alþingi að samþykkja að veita hlutfallslega miklu meira fjármagn út á landsbyggðina en hingað til höfuðborgarsvæðisins. Auðvitað er það svo að vegasamband við landsbyggðina var slæmt á árum áður og vissulega hefur það lagast mjög mikið. Samgöngur voru mjög erfiðar og eru víða enn þá og þess vegna höfum við þingmenn fyrir Reykjavík og Reykjanes haft skilning á því að veita þurfi hlutfallslega meira fjármagn út á landsbyggðina.

Engu að síður er athyglisvert, herra forseti, að skoða skiptinguna á fjármagni til nýframkvæmda alveg frá árinu 1995 til ársins 2001 og skoða hvað mikið hefur komið í hlut höfuðborgarsvæðisins og hve mikið í hlut landsbyggðarinnar og þær tölur eru nokkuð athyglisverðar. Höfuðborgarsvæðið hefur á sjö árum, frá 1995 til 2001, fengið tæpa 8 milljarða í sinn hlut en landsbyggðin 30 milljarða. Við erum þó, herra forseti, að tala um að á höfuðborgarsvæðinu eru 178 þús. íbúar og rúmlega 100 þús. á landsbyggðinni. En það er ekki nema fjórðungur sem hefur runnið á höfuðborgarsvæðið á þessu sjö ára tímabili, en $^3/_4$ af öllu vegafé til nýframkvæmda eða 30 milljarðar hafa runnið til landsbyggðarinnar þannig að við erum að tala um út frá því að verulega hallar á höfuðborgarsvæðið í þessu efni, enda er það svo eins og ég nefndi í máli mínu að vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu og hérna í höfuðborginni annar engan veginn sívaxandi umferðarþunga með tilheyrandi slysahættu. Það sem við erum að kalla eftir, herra forseti, er að stjórnarflokkarnir hafi skilning á því að það verður líka að auka fjármagn til höfuðborgarsvæðisins til vegamála.

Þegar við ræðum fjármagn til vegaframkvæmda og niðurskurð í því efni og frestun á framkvæmdum skulum við hafa í huga að bifreiðaeigendur leggja mjög mikið fjármagn í ríkissjóð vegna þess að tekjur af bifreiðaeigendum eru gríðarlega miklar. Þær voru t.d. á árinu 2000 um 30 milljarðar. En á árinu 1995 voru þær 18,6 milljarðar kr. Það eru því sívaxandi tekjur af bifreiðaeigendum.

Það er líka staðreynd, sem vert er að hafa í huga þegar verið er að ræða fjármagn til vegamála, að tekjur sem ríkið hefur af bifreiðaeigendum eru miklu hærri hlutfallslega eða sem hlutfall af landsframleiðslu en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Samgöngur eru hér með þeim hætti að við verðum að veita myndarlegt fjármagn til þeirra verkefna. Eins og ég segi: Við þingmenn á höfuðborgarsvæðinu höfum haft mikinn skilning á vegaframkvæmdum á landsbyggðinni, en ætlumst líka til þess að sá skilningur sé gagnkvæmur og að við fáum fjármagn til þess að mæta vaxandi umferðarþunga á vegakerfinu á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í Reykjavík.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti. Ég sé að það á að skera niður. Ef ég horfi til Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins þá verður aðallega núna færsla Hringbrautar fyrir barðinu á niðurskurðinum. Þær framkvæmdir hafa orðið miklu dýrari en upphaflega var áætlað. En þetta er auðvitað svo brýn vegaframkvæmd að það er mjög slæmt ef þarf að fresta henni vegna fjárskorts.

Ég vildi gera að umtalsefni tvær samgöngubætur sem Reykvíkingar horfa mikið til. Í fyrsta lagi er það Sundabrautin. Tvær leiðir hafa farið í umhverfismat, ef ég skil málið rétt. Um það er tekist milli borgaryfirvalda og Vegagerðarinnar, sem ráðherra stýrir, hvora leiðina eigi að fara. Maður hefði haldið að það væri borgaryfirvalda að ráða nokkuð ferðinni í því máli. Ég hef ekki skilið annað en að bæði meiri hluti og minni hluti í borginni vilji fara þá leið sem borgaryfirvöld mæla með, þ.e. hina svokölluðu miðborgarleið norðan Holtagarða. Um þá leið er samkomulag í borginni. Það er sú leið, ef ég skil málið rétt, sem alltaf hefur verið á skipulaginu. Ég spyr hæstv. ráðherrann um afstöðu hans til þess að styðja borgaryfirvöld í þeirri leið sem samkomulag er um hjá minni hluta og meiri hluta að fara í þessu máli að því er varðar Sundabrautina.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkuð liggi fyrir um arðsemismat á Sundabraut, t.d. á þeirri leið sem hér er verið að leggja til af hálfu borgaryfirvalda. Ég spyr hvort borgaryfirvöld hafi ekki stuðning hæstv. ráðherra í að fara þá leið.

Síðan hefur verið tekist á, eins og menn þekkja, um gatnamót Miklubrautar og Hringbrautar sem er ekki hægt, herra forseti, að fresta miklu lengur og verður að taka á. Þar er mjög mikil slysahætta eins og allir vita. Hæstv. ráðherra þarf ekki að eyða tíma sínum í ræðustól að ræða um þann ágreining sem hefur verið um málið. Núna liggja fyrir ákveðnar hugmyndir um að taka á þessum málum með því að leggja Kringlumýrarbraut í stokk undir Miklubraut. Þetta er á aðalskipulagi Reykjavíkur og bíður staðfestingar ráðherra. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann sjái fyrir sér varðandi þá miklu framkvæmd sem margir horfa til. Ég er alveg sannfærð um að arðsemi slíkrar framkvæmdar er gífurlega mikil. (Gripið fram í.) Ég spyr hvort nokkuð liggi fyrir t.d. um arðsemi þessara tveggja vegaframkvæmda sem ég er hér að nefna.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti. Við samgrh. tókumst nokkuð á um fjármagn til höfuðborgarsvæðisins. Á síðasta þingi hafði orðið verulegur niðurskurður til framkvæmda í Reykjavík eins og á árinu 2000. Af því að ég er með fyrir framan mig skiptinguna milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, þá fékk höfuðborgarsvæðið ekki nema 724 millj. í sinn hlut, sem var bætt upp á árinu 2001 að nokkru leyti, á móti 4,4 milljörðum sem fóru á landsbyggðina. Það er alveg gegnumgangandi á því sjö ára tímabili sem ég er með fyrir framan mig að þrisvar til fjórum sinnum meira gengur í vegaframkvæmdir á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða tíma þingsins lengur í þetta mál þó það sé mjög brýnt og mikilvægt. Ég hefði viljað og óska eftir því að ráðherrann tjái sig aðeins um þær tvær framkvæmdir sem ég nefndi og hvernig hann sér þau mál fyrir sér á næstu árum, þ.e. hvernig hægt sé að ljúka þeim og hvort þess sé ekki að vænta að hann styðji þær framkvæmdir. Ég á að vísu ekki von á því að hann verði neitt lengur í stól samgrh. eftir næstu kosningar fremur en aðrir ráðherrar Sjálfstfl. En meðan hann stýrir þessum málum beini ég því til hans hvernig hann sjái fyrir sér þær brýnu vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem ég hef nefnt.

[16:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mig langar aðeins að taka þátt í þessari umræðu um vegáætlun. Ég hef samt ekki hugsað mér að halda langa ræðu sérstaklega um þetta, þó í nokkrar mínútur.

Það sem mér finnst að þurfi sérstaklega að ræða til framtíðar er að taka frekari afstöðu til þess hvernig menn hugsa sér varanlegar framtíðarlausnir í vegagerð. Þegar ég tala um varanlegar framtíðarlausnir í vegagerð á ég m.a. við jarðgöng, brýr yfir firði eða þveranir fjarða þar sem það á við, þar sem því verður við komið og þar sem það telst hagkvæmt til framtíðar litið.

Auðvitað hefur umferðin á vegum landsins aukist mikið á undanförnum árum. Að mínu viti mun svo verða áfram. Ég tel að ekkert lát verði á því til framtíðar. Það er líka alveg ljóst að um leið og vegakaflar batna eða vegalengdir styttast þá hvetur það þá sem þurfa að ferðast til þess að nota þjóðveginn. Allt samanlagt gerir þetta það að verkum að umferðarþungi mun halda áfram að vaxa og vafalaust fer fólk eftir því sem vegalengdir styttast og þjóðvegir batna að setja það minna og minna fyrir sig að ferðast milli landshluta eða svæða á þjóðvegum landsins. Hér verður örugglega sama þróun og hefur orðið víða úti í Evrópu, að mönnum þyki ekki neitt tiltökumál, innan nokkurra ára hygg ég, þó að ferðalög af einhverjum orsökum, hvort sem það er vegna atvinnu eða annarra verkefna, taki eins og kannski eina klukkustund. Ég hygg að sú verði þróunin og við sjáum þegar vísbendingu í þessa veru.

Á Stór-Reykjavíkursvæðinu er fólk farið að velja sér búsetu þó nokkuð utan þess sem almennt hefur verið skilgreint sem Stór-Reykjavíkursvæðið, þ.e. Kjalarnes og suður fyrir Hafnarfjörð. Menn eru í raun farnir að tala núna um Akranes, jafnvel Borgarfjörð og austur á Hellu.

Í mínum huga mun þróunin örugglega verða sú, hygg ég, að innan mjög skamms tíma mun fólk sækjast eftir því að búa jafnvel nokkuð fjarri höfuðborginni ef það hefur á annað borð efni á því vegna launa sinna og atvinnu og ferðast til atvinnusvæðisins jafnvel þó að vegalengdin sé allt að 100 km. Þetta mun gerast með batnandi vegakerfi og auðvitað kallar það á, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, breytingar á vegakerfinu inn til höfuðborgarasvæðisins, úr báðum áttum vafalaust, eftir Reykjanesbrautinni, austan frá Hveragerði, Hellisheiði og síðan Vesturlandsvegi. Þetta hlýtur að liggja nokkuð ljóst fyrir eins og þróunin hefur verið. Engin líkindi eru til þess að þróunin hér á landi verði öðruvísi en hún hefur orðið erlendis, þ.e. með batnandi vegakerfi og betri og hraðskreiðari bílum. Það fer venjulega saman. Ef vegirnir verða nógu góðir og tvær aðskildar akreinar í báðar áttir þá geri ég ráð fyrir því að það komi að því að hér á landi að leyfður verði hámarkshraði umfram 90 km. Ef við værum með alvöruvegakerfi eða alvöruhraðbrautir sé ég ekki hvers vegna hraði á Íslandi mætti ekki vera 120 km eins og víða erlendis, þ.e. ef vegakerfið á annað borð býður upp á það. Auðvitað hlýtur að koma að því einhvern tíma í framtíðinni að svo verði. Ef við horfum til þess að þannig verði það þá stækka svæðin þar sem menn treysta sér til þess að stunda atvinnu. Þetta vildi ég sagt hafa almennt um suðvesturhornið.

Auðvitað mun það líka verða svo úti á landi að þegar vegalengdir styttast og vegir verða öruggir þá hverfur sú hugsun að langt sé á milli staða og menn fara að stunda atvinnu, þjónustu, skemmtan og menningartengsl á milli byggðakjarna og byggðastaða. Þetta sést mjög vel á Vestfjörðum t.d. eftir að Vestfjarðagöngin komu.

Þá er ég kominn norður á firði sem ég vildi aðallega ræða um þó að ég kæmi að málinu með þessum hætti. Auðvitað mun sú þróun líka verða annars staðar á landinu að ef vegirnir batna mun fólk ekki setja það fyrir sig að ferðast einhverja kílómetra til og frá vinnustað eða til og frá þeim stað sem það hyggst sækja sér þjónustu eða afþreyingu ef því er að skipta. Í sambandi við það vil ég vekja athygli á því að á landsvæði eins og Vestfjörðum verða varanlegar lausnir, sem ég kalla, víða ekki í sjónmáli nema því aðeins að teknar verði um það ákvarðanir að fara undir fjöllin á nokkrum stöðum. Þegar hefur verið sett inn á jarðgangaáætlun að einhvern tíma í framtíðinni, vonandi sem fyrst, muni koma jarðgöng úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð.

Núna erum við sennilega um 35 mínútur að keyra milli Ísafjarðar og Þingeyrar. Ef göng koma úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð erum við orðin 35 mínútur vestur í Mjólká, fyrir þá sem ferðast hafa um Vestfirði. Það verður orðin nánast sama vegalengd að fara örlítið inn Dýrafjörðinn og í gegnum fjallið og vestur í Mjólká eins og að keyra út Dýrafjörðinn að vestanverðu og út á Þingeyri. En þá eigum við auðvitað eftir einn fjallveg til að tengja saman norður- og suðursvæði Vestfjarða, Dynjandisheiðina. Ég hygg samt að með lagfæringum á veginum þar og öðruvísi aðkomu upp á heiðina, sérstaklega að norðanverðu, megi með góðu lagi halda Dynjandisheiðinni akfærri yfir vetrarmánuðina. Örugglega er Dynjandisheiðin snjóléttara svæði en t.d. Steingrímsfjarðarheiðin. Ég held að á því leiki ekki nokkur vafi. En það kostar örugglega að breyta vegarstæðinu eins og það er í dag og fara annars staðar upp, upp með Svínánni að vestanverðu, koma veginum undan fjallshlíðinni og breyta auðvitað vegarstæðinu á heiðinni að öðru leyti, eða jafnvel fara út fyrir Dynjandisvog og annars staðar upp á heiðina, vestar og sunnar, þ.e. ef niðurstaðan er sú að fara þar áfram yfir fjöllin. Eins og menn þekkja er miklu snjóléttara á sunnanverðum Vestfjörðum en norðanverðum. Munar þar bara þó nokkuð miklu. Jafnvel ef menn bera saman tvær leiðir í Ísafjarðardjúpi, annars vegar Steingrímsfjarðarheiði og hins vegar Kollafjarðarheiði, þó að þar sé eingöngu sumarvegur í dag og ekki nema jeppafær, eru minni snjóalög eftir því sem vestar kemur þótt ekki sé lengra á milli en á þessum tveimur stöðum.

Ég var búinn að ræða fyrr um flugmálaáætlun og kom þá örlítið inn á vegagerð, m.a. inni í Djúpi. Ég ætla ekki að endurtaka það en vil víkja örstutt að vegagerðinni um Barðaströnd. Þar er núna fyrirhugað að fara í verulegar framkvæmdir og lagfæringar á veginum, og var ekki vanþörf á. Þar ætlum við að fara með nýjan veg yfir Klettsháls. Eftir því sem ég kemst næst mun vegurinn liggja upp að norðanverðu á mjög svipuðum stað og hann liggur í dag, örlítið innar á fjallinu, yfir það og síðan niður fjallshlíðina hinum megin.

Því miður er Klettshálsinn, þótt ekki sé hann hár, bölvað veðravíti. Það skefur eftir honum úr norðaustan- og suðvestanáttum þannig að mér finnst það ekki nein sérstök lausn að hafa tekið þá ákvörðun að fara yfir Klettshálsinn. En við það verður auðvitað að búa um einhver ár. Það er búið að taka ákvörðun um það. Ég hefði talið miklu nær að fara inn í dalina beggja vegna, inn í Skálmardal að vestan og síðan inn í dalinn sem gengur norðvestur úr botni Kollafjarðar og fara þar undir Klettshálsinn, t.d. í 100 eða 150 metra hæð yfir sjó. Þá held ég að menn hefðu verið algerlega lausir við hann sem farartálma til langrar framtíðar. Það verður örugglega gert einhvern tíma síðar. Ef svo fer að vegurinn yfir Klettsháls reynist mjög erfiður yfirferðar eða ekki fær kemur að því innan ekki margra áratuga að menn leysa þetta mál.

Síðan eru eftir á Barðaströndinni aðrir áfangar til að tengja suðurfirði Vestfjarða við þjóðvegakerfi landsins. Það er mjög brýnt að því verði fylgt fram.

Eins og margir vita, og samgrh. örugglega, hafa komið margar hugmyndir um það með hvaða lagi eigi að leggja veginn um Barðaströndina, m.a. um að fara með veginn út á nes og fara yfir firðina, jafnvel með einni brú. Mönnum hefur þótt það svolítið glannalegt. Það gæti verið mjög dýr framkvæmd. En það er ekki spurning að ef menn færu þá leið að fara frá Reykhólum og með veginn þar beint yfir fyrir firði væru þeir að gera mikla samgöngubót og alveg geysilega styttingu. Mér finnst að sú hugmynd eigi virkilega að koma til skoðunar, þá kannski líka vegna þess að sá möguleiki sem annars er, þ.e. að fara þvert fyrir tvo firði og síðan yfir Þorskafjörð, er hæpinn. Menn hafa bent á að örðugt gæti reynst að fara þá leið vegna náttúruverndarsjónarmiða og ef menn ætla að vernda fjöruna og lífríkið í þessum fjörðum. Það kæmi hins vegar ekki til álita, finnst mér, ef farið væri þvert yfir á Reykhóla. Þá tel ég að við værum laus við að fara út fyrir firðina en hefðum þá sumarveg, ef menn vildu, með eitthvað svipuðu sniði og hann er í dag þó að sjálfsagt þyrfti að laga þarna eins og eina brekku sem allir þekkja sem hafa farið þar um. Hún er ansi brött og kröpp.

Þetta vildi ég sagt hafa. Síðan þarf að tæpa á fjöldamörgu öðru. Ég vil aðeins í lokin víkja að veginum norður Strandir. Ég tel að vel sé hægt að leggja veg norður Strandir þannig að hann geti orðið fær meginhluta ársins, að öllu eðlilegu. Vegurinn liggur að stærstum hluta með ströndinni nema þegar kemur inn í Veiðileysufjörð, þá fer vegurinn inn í fjarðarbotn og það sem meira er, hann fer algerlega upp í hlíðina og hangir utan í hlíðinni þar sem snjóþyngst er. Þetta veit ég að samgrh. veit og þekkir. Með breyttu vegarstæði þar væri örugglega hægt að færa veginn verulega undan þeim snjóþyngslum sem þar eru og með uppbyggingu yfir háls og niður í Reykjarfjörð. Ég tel því að vel megi laga þann veg til framtíðar þannig að hann geti orðið vetrarfær, og að með eðlilegum snjómokstri megi halda þeim vegi færum. Samt eru auðvitað ákveðin svæði sem þarf virkilega að huga að þegar verið er að lagfæra þann veg. Til framtíðar litið hlýtur þó sú að verða raunin að vegurinn norður á Strandir verði einnig lagfærður þannig að hann geti orðið fær meginhluta ársins og honum megi halda opnum með eðlilegum snjómokstri einhverja daga í viku.

Þetta held ég að séu brýnustu verkefnin sem við stöndum frammi fyrir á Vestfjörðum fyrir utan þau sem ég vék að í fyrri ræðu minni þegar ég blandaði saman flugmálaáætlun og vegagerð í Djúpi.

Að endingu vil ég hins vegar segja að miðað við umferðarþungakannanir yfir Þorskafjarðarheiði finnst mér, hæstv. samgrh., að ekki verði undan því vikist að gera einhverja bragarbót á þeirri heiði, a.m.k. setja í hana tvö, þrjú ræsi og taka af eina eða tvær stórhættulegar beygjur. Ef vegurinn yrði hækkaður upp um einn metra þar sem ræsin yrðu sett í hann yrði þessi vegur örugglega miklu fyrr fær á vorin og miklu lengur fram eftir hausti.

Það er ekkert launungamál að hinn almenni ferðamaður sem ferðast yfir sumartímann á Vesturlandi annars vegar og norður á Vestfirði hins vegar ekur geysilega mikið um Þorskafjarðarheiðina þótt vegurinn þar sé nánast fjallagata. Það er samt 70 kílómetra hámarkshraði á honum ef ég veit rétt þó að það sé ekki nema 90 kílómetrar þegar komið er niður í Ísafjörðinn á nýlagðan veg með tveimur akreinum, þ.e. einni í hvora átt. Maður furðar sig oft á þessum reglum okkar, að mönnum leyfist að aka svo greitt, þó að mér sé fullkomlega ljóst að auðvitað eiga menn að keyra eftir aðstæðum. Svona eru reglurnar samt og menn þurfa að hafa sig alla við til að keyra á 70 km hraða yfir Þorskafjarðarheiði, og þarf dálítið lag til. Það tekst auðvitað stundum þegar vegurinn er nýheflaður. Hins vegar er mjög létt verk að keyra á 90 km hraða niður í Ísafjörð, og þarf lítið að hafa fyrir því. Ég segi þetta vegna þess að mér finnst stundum gæta svolítils ósamræmis í því hvernig við tölum um hraða þó að hann eigi auðvitað alltaf að vera miðaður við aðstæður. Ég verð að segja að mönnum finnst kannski svolítið skrýtið að hraðinn geti einungis aukist um 20 km frá því að koma ofan af Þorskafjarðarheiði og niður á malbikaðan veginn, ekki síst þegar menn sjá inn og út fjörðinn beggja megin og vita að það er ekki einn einasti bíll á ferðinni. Þetta vekur upp annað sem ég hef stundum velt fyrir mér: Er ásættanlegt eða eðlilegt að velta upp þeirri spurningu að hraði á þjóðvegum landsins geti verið annar á sumrin en á veturna, og hann fari eftir gerð veganna miðað við umferðarþunga? Þetta er nokkuð sem mér finnst að við getum spurt okkur. Þó að það sé auðvitað álitamál með tilliti til slysahættu og annars hversu mikið við megum auka hraðann er það ekki spurning að þær bifreiðar sem við notum í dag eru miklu öruggari en þær sem menn notuðu fyrir 25–30 árum. Ég held að það fari ekkert á milli mála og það vita sjálfsagt allir sem keyra bíla. Við getum því alveg talað af hreinskilni um að 70 km hraði fyrir 30 árum er örugglega eins og 90 km hraði í dag miðað við aksturseiginleika bifreiðanna. Það breytir ekki því að það er nánast stórhættulegt að vera á 90 km hraða þegar akreinarnar eru ekki aðskildar. Það er ekki langt á milli tveggja bíla sem mætast á 90 km hraða. Lítið þarf út af að bera og af því hljótast auðvitað stórslys ef svo illa fer að menn rekast á á þeim hraða.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti.

[17:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar umræður um vegáætlun fyrir árið 2002. Alveg sérstaklega þakka ég hv. samgn. fyrir ágæta vinnu og tillögur sem hér liggja fyrir.

Ég má til með að byrja á því að segja að ég sakna þess að hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, skuli ekki vera hér í salnum og sömuleiðis hv. 6. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson. Þessir ágætu þingmenn fluttu ræður sem vöktu athygli mína. Og fyrir hvað skyldi það vera? Hér hafa verið fluttar margar góðar ræður í dag. En þær vöktu athygli mína fyrir það hvaða breyting hefur orðið á málflutningi hv. þingmanna Samfylkingarinnar sem eru talsmenn í samgöngumálum hér í dag frá því sem verið hefur með hv. þm. Lúðvík Bergvinsson í broddi fylkingar. Ég vil vekja athygli á þessu alveg sérstaklega því að þessir hv. þingmenn hafa flutt hér málefnalegar ræður um samgöngumál. Það sama verður hins vegar ekki sagt um hv. 6. þm. Suðurl. þegar hann hefur fjallað um samgöngumál á þessum vetri.

Vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er gengin í salinn endurtek ég þakkir mínar fyrir málefnalegar umræður af hálfu Samfylkingarinnar. Það bregður nýrra við þegar talsmenn Samfylkingarinnar eiga í hlut og verið er að fjalla um samgöngumál.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson var síðasti ræðumaður á undan mér og fór yfir mörg athyglisverð efni. Eitt af því

vildi ég taka út úr sem ég held að þurfi að gaumgæfa mjög rækilega, þ.e. þetta með að auka ökuhraðann á þjóðvegum landsins. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétta leiðin í kjölfar þess að við samþykkjum hér sérstaka umferðaröryggisáætlun til næstu ára (**GAK:** Ég var að tala um tvær brautir í báðar ...) já, í þeim tilgangi að draga úr slysum. Ég held að það sé alveg ljóst að við þurfum að huga mjög vel að umferðaröryggismálunum og það gerum við að sjálfsögðu með uppbyggingu vegakerfisins alveg sérstaklega.

Að öðru leyti get ég verið sammála hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni um mjög margt af því sem hann sagði um þörf á uppbyggingu vegakerfisins á Vestfjörðum, bæði um Barðaströndina, í Djúpi og víðar. Sannarlega er af mörgu að taka þegar við fjöllum um vegakerfið á Vestfjörðum sem um margt er mjög á eftir. Það þarf mikla fjármuni til að ná árangri og að sjálfsögðu þarf að taka tillit til þess.

Hv. þm. Jón Bjarnason fór yfir vegáætlun og þær tillögur sem eru til umfjöllunar og hélt, rétt eina ferðina enn, ræðu um að ekki mætti tengja saman framkvæmdaáform í vegagerð og tekjur af sölu ríkiseigna. Mér finnst hv. þm. Jón Bjarnason stundum tala eins og fjármunum rigni af himnum ofan. Við höfum takmarkaðar tekjur. Við höfum látið meira fé í samgöngumál og vegamál á þessu kjörtímabili en nokkru sinni áður. Það er raunveruleikinn. Við höfum hins vegar gert ráð fyrir því að í þeim tilvikum þegar við seljum ríkiseignir nýtum við þær til að lækka skuldir í fyrsta lagi, og í annan stað höfum við lagt áherslu á að nýta fjármuni vegna sölu ríkiseigna til uppbyggingar vegakerfisins. Það held ég að sé af hinu góða, hið besta mál. Ég held að það sé mjög skynsamleg fjárfesting að færa þannig ríkiseign úr einu formi í annað og þá í afar arðbært form því að framkvæmdir í vegagerð eru í langflestum tilvikum mjög arðbærar framkvæmdir.

Hv. þm. Jón Bjarnason talaði um frestun framkvæmda við brúargerð. Ekki er miklu til að dreifa í þeim efnum. Það er að sjálfsögðu sameiginleg ákvörðun þingmanna viðkomandi kjördæmis, væntanlega á grundvelli tillagna frá Vegagerðinni, sem slík áform eru uppi. En við höfum verið að gera stórátak í því að byggja upp brúarkerfið í landinu og fækka í þjóðvegakerfinu einbreiðum brúm sem eru miklar slysagildrur. Samkvæmt þessari áætlun sem hér er til umfjöllunar eru mikil áform um það.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson minntist á að af mörgu er að taka, að mikil þörf er fyrir fjármuni til uppbyggingar vegakerfis og slæmt að þurfa að draga úr framkvæmdum. Það er alveg ljóst að ég er hv. þm. og varaformanni fjárln. innilega sammála í því. En þetta er hinn kaldi veruleiki sem við stjórnmálamenn þurfum að glíma við. Byr verður að ráða í þessum efnum. Verkefni okkar núna er að fella vegáætlun að fjárlögum. Það er það sem ekki verður undan vikist. Ég er sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að erum við enn langt á eftir í vegamálum að ýmsu leyti. Við höfum samt verið að vinna stórvirki í þeim síðustu áratugi, vil ég segja, og fram undan eru áform, m.a. samkvæmt þeirri vegáætlun sem við erum að fjalla um í dag.

Hv. þm. nefndi ferjurekstur. Auðvitað á að leggja áherslu á uppbyggingu vegakerfisins um Barðaströnd og þar er af mörgu að taka eins og komið hefur fram í þessari umræðu. En ég tel að á meðan ferja er rekin á Breiðafirði til að þjóna Vestfirðingum þurfi að gera það myndarlega. Ég hef lagt áherslu á að nýta þurfi ferjuna til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og aðra þá sem nota hana þannig að flutningaþjónusta inn á svæðið og út af því sé sem allra best. Á meðan ferju er þarna yfirleitt þörf þarf að standa þannig að málum. Þess vegna þurfum við að huga að breytingum á rekstri hennar með það fyrir augum að bæta þjónustuna. Það er nauðsyn vegna þess að við eigum svo langt í land, bæði með tengingunum milli suður- og norðurfjarða og að ljúka framkvæmdum á veginum um Barðaströnd. Það verður því ekki undan því vikist að reka þessa ferju enn um sinn.

Hálendisvegi bar á góma og ég ætla að fara nokkrum orðum um þá. Ég fagna því að fram fari umræða um áform um framkvæmdir við hálendisvegi. Þær umræður hafa komið í þingið, m.a. vegna þáltill. um hálendisveg sem mundi liggja skemmstu leið milli höfuðborgarsvæðisins, væntanlega upp úr Borgarfjarðardölum, og til Akureyrar. Með sama hætti hefur að undanförnu orðið umræða í kjölfar þess að í tillögu stýrihóps, sem vann skýrslu og tillögur um samræmda samgönguáætlun, er fjallað um hálendisvegi. Þar er gerð tillaga að grunnneti samgöngukerfisins, hvaða vegir teljist til þessa grunnnets, meginumferðarnets vegakerfisins. Þar eru nefndir til sögunnar fjórir hálendisvegir sem hluti af þessu grunnneti. Út af fyrir sig eru ekki gerðar tillögur um að á næstu 12 árum eigi að byggja þessa hálendisvegi upp sem hraðbrautir enda teldi ég það algerlega af og frá. Það yrði framkvæmd upp á tæpa 10 milljarða kr. ef úr yrði, þ.e. vegur um Kaldadal yfir til Húsafells, vegur um Kjalveg, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri.

Áður en teknar eru ákvarðanir um uppbyggingu þessara leiða sem hraðbrauta held ég að mikil umræða þurfi að fara fram og mikið samráð við þá sem vinna að ferðamálum og markaðssetningu landsins sem ferðamannalands fyrir utan það að slíkar framkvæmdir þyrftu að sjálfsögðu að fara í umhverfismat. Miðað við hversu strangar kröfur eru gerðar í byggð er ég ekki alveg sannfærður um að allt næðist fram hvað varðar framkvæmdir uppi á hálendinu þegar kæmi að því að byggja hálendisvegi upp sem hraðbrautir. Ég tel að við eigum fyrst og fremst að leggja áherslu á að byggja upp vegakerfið í byggð og inn til landsins þar sem umferðin er mest en jafnframt þurfum við að sjálfsögðu að bæta þessa hálendisvegi skipulega og leggja á ráðin um það í þeirri samgönguáætlun sem verður til umfjöllunar í þinginu í haust. Þetta vildi ég segja um hálendisvegi og undirstrika að af minni hálfu eru ekki uppi tillögur um að þessar fjórar leiðir verði á næstunni byggðar upp sem hraðbrautir, hvaða ákvarðanir sem Alþingi kann að taka að öðru leyti um aðrar hálendisleiðir. Auðvitað þarf samt að fjalla um þetta allt saman og gera sér grein fyrir því hvaða áfanga á að taka og hvaða leiðir á að velja til að tryggja sem best uppbyggingu vegakerfisins í landinu. Þetta er það sem ég vildi gera að umtalsefni í framhaldi af því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði um uppbyggingu hálendisvega.

Hins vegar vil ég segja að ég tel að við þurfum að skoða þessa kosti alla, gera áætlun um það hvernig við eigum að stytta leiðir á milli landshluta og að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til að leggja á ráðin um það og fela Vegagerðinni að vinna að slíkum verkefnum, hvernig við getum byggt upp vegakerfið þannig að það nýtist okkur sem best og verði sem hagfelldast í bráð og lengd.

Hv. þm. Þuríður Backman ræddi nokkuð um framkvæmdir við jarðgöng, nauðsyn þess að verktökum yrðu boðnir margir kostir og að frávikstilboðum yrðu í útboðum. Um þetta er ekki verið að fjalla núna þannig að ekki kemur til kasta þingsins að taka afstöðu til þess með hvaða hætti útboð eiga sér stað í einstökum verkefnum.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson velti fyrir sér hvaða áætlun yrði í gildi á næstunni. Það er ekki óeðlilegt. Við erum að fjalla um árið í ár. Í gildi er hins vegar vegáætlun til fjögurra ára, og nær þannig til lengri tíma. Til þess að taka af öll tvímæli fylgir með brtt. meiri hluta samgn. listi yfir þau verk sem eru í gangi og gert er ráð fyrir að bjóða út. Það á ekki að fara á milli mála hvaða verk við gerum ráð fyrir að vinna á þessu ári. Sum þeirra verka þarf að bjóða út á þessu ári og ganga inn í næsta ár þannig að gildandi fjögurra ára áætlun gildir að sjálfsögðu með þessari breytingu sem varðar árið í ár. Síðan þekkjum við að langtímaáætlunin frá 1998 er að sjálfsögðu í fullu gildi að því marki sem fjögurra ára áætlunin hefur ekki yfirtekið hana.

Hvað varðar Reykjanesbrautina í gegnum Hafnarfjörð sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi liggur alveg ljóst fyrir að við gerum ráð fyrir að bjóða þá framkvæmd út á þessu ári. Þar er hægt að taka nokkuð stóran áfanga. Til eru allnokkrir fjármunir sem hafa safnast upp á síðasta og þessu ári. Um er að ræða býsna snúið verkefni, að leggja brautina þarna í gegn, og að sjálfsögðu hafa bæði Vegagerðin og bærinn komið að. En ég geri ráð fyrir því að í haust, þegar samgönguáætlunin verður lögð fram, verði tekin afstaða til þess hvernig við fjármögnum á næsta og þarnæsta ári þessa framkvæmd í heild sinni. En það verður, og gert er ráð fyrir því að bjóða verkið út á grundvelli þeirra fjármuna sem við höfum nú þegar, og þá verður að sjálfsögðu ekki undan því vikist að gera ráð fyrir því að á næsta ári verði tekið frá fjármagn. Þess vegna er þetta fskj. með brtt. meiri hluta samgn. til að leggja áherslu á að þetta verk er inni.

Um ofanbyggðarveg hefur ekki náðst samkomulag þannig að hann er ekki á áætlun hjá okkur. Hann bíður síns tíma. Hann bíður þess að landsmönnum fjölgi, umferðin aukist og að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komi sér saman um hvernig þessi leið eigi að byggjast upp.

Hins vegar er alveg ljóst að skipulag þessara umferðarmannvirkja í gegnum höfuðborgarsvæðið hefur leitt til þess að áætlaður kostnaður er mun meiri við þessi verk en við höfðum gert ráð fyrir í þeim áætlunum sem við vinnum að. Það er vegna þess að gerðar eru miklu meiri kröfur til þessara framkvæmda en áður var, bæði vegna umhverfismála og vegna þess að gönguleiðir og frágangur allur er miklu kostnaðarsamari en við höfðum gert ráð fyrir.

Hv. þm. fjallaði nokkuð um mislæg gatnamót á Reykjanesbrautinni. Ég lít svo á að það séu gagnlegar ábendingar fyrir okkur, ekki síst fyrir þingmenn Reykn. sem þurfa að taka afstöðu til skiptingar þeirra fjármuna sem koma inn á svæðið. Vel kann að vera að hægt sé að taka þetta í einhverjum áföngum og það verður skoðað.

Hv. þm. talaði um að hér stæðum við frammi fyrir þessum breytingum vegna þess að samgrh. hefði tapað í fjárlagaslagnum í fyrrahaust. Ef við lítum aðeins á það vil ég benda hv. þm. á að líta á skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar árið 2001. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ætti að huga að þeirri skýrslu einnig vegna þess að þar kemur fram, þegar gerð er grein fyrir framlögum til vegamála á föstu verðlagi ársins 2001, að aldrei hefur meira verið lagt til vegamála, og þá er ég að tala um á föstu verðlagi, en á þeim tíma sem núv. samgrh. hefur setið. Ef við dyttum nú í það að bera þetta saman við önnur kjörtímabil, t.d. tímabilið 1987–1992 þá er þess að geta að á (Gripið fram í.) árunum 1987–1988 voru þetta 6,8 og upp í 7 milljarðar á ári. Á árinu 1999 voru þeir 9,9, 10,3 árið 2000 og 11,4 árið 2001. Þeir eru enn fleiri á þessu ári þrátt fyrir þessar frestanir. Ég vil því bara vekja athygli hv. þingmanns á hinni miklu sókn á þessari tíð og því að miklu meiri fjármunir hafa farið til samgöngumála en nokkru sinni áður. Það er af hinu góða og ég á von á því að hv. þingmenn geti fagnað því.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var hins vegar að vekja athygli á því að kökunni væri illa og misjafnt skipt. Þetta er ræða sem við þekkjum afskaplega vel. Mjög er alið á því að höfuðborgarsvæðið verði út undan. Ef við lítum á það úr hvaða áttum þessar tekjur koma þá skiptast hinar mörkuðu tekjur á milli bensíngjalds og þungaskatts. Það þekkja nú ýmsir sem taka þátt í umræðunni um dreifbýlismálin að hann þykir allnokkur skattur, þ.e. þungaskatturinn sem leggst á alla flutninga út á land, af landi og hingað suður. Meginflutningur á fiski er af landsbyggðinni og út um hafnir hér. Allt kostar þetta fjármuni og er partur af útgjöldum landsbyggðarinnar.

Ef við lítum á þetta þá er bensíngjaldið á árinu 2001 5,4 milljarðar á meðan þungaskatturinn sem að verulegum hluta kemur af flutningum og akstri út á land, 4,8 milljarðar. Ég held því að þegar hv. þm. tala um að aðalþunginn af tekjum Vegasjóðs komi frá bíleigendum á höfuðborgarsvæðinu sé það ekki alls kostar rétt. Þetta er nokkuð sem þarf að huga að. Auðvitað er vandi okkar þingmanna sá að skipta þessum fjármunum Vegasjóðs milli verkefna miðað við þá miklu þörf sem vissulega er til staðar. Þá get ég komið aðeins að því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi.

Það er hárrétt hjá þingmanninum að vegáætlun þarf að taka tillit til samþykktar Alþingis sem birtist í umferðaröryggisáætlun. Vegagerðin leggur mjög mikla áherslu á að taka einmitt tillit til þess. Við höfum samþykkt umferðaröryggisáætlun með mjög háleitum markmiðum og þau áform birtast í tillögum Vegagerðarinnar um fækkun einbreiðra brúa, um að breikka vegi, lækka brekkur, leggja slitlag á vegi o.s.frv. og leggja betri vegi í mesta þéttbýlinu, koma á mislægum gatnamótum og greiða úr flækju umferðarinnar. Þetta er allt saman partur af þeim skyldum sem umferðaröryggisáætlunin leggur okkur á herðar.

Hv. þm. nefndi að vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu annaði ekki umferðinni. Á vissum tímum dagsins og sólarhringsins þrengir nokkuð um þar. En ég held að hvergi nærri sé hægt að segja að það sé stórfellt vandamál. Því miður verður mikið af alvarlegu slysunum úti á þjóðvegunum á mjóum og erfiðum vegum. Ég held því að það sé ofsögum sagt að mestu slysagildrurnar eða vandræðin í vegakerfinu séu á höfuðborgarsvæðinu.

Engu að síður er þar af mörgu að taka. Hv. þm. nefndi gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og spurði um afstöðu mína til framkvæmda þar. Ég vil hvetja hv. þm. til þess að fylgjast með því sem ég segi núna. Ég hef áður lýst þeirri afstöðu minni hér úr þessum ræðustól að ég tel að framkvæmdir við mislæg gatnamót eða viðunandi úrlausn á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar sé afar mikilvæg og hljóti að vera framarlega í röð þegar við endurskoðum vegáætlunina í sumar og leggjum fram tillögur í haust. Það er óhjákvæmilegt. Hins vegar hefur ágreiningur verið innan borgarkerfisins um það, eða hjá stjórnmálamönnunum í borginni, hvaða lausnir ætti að velja þar. En nú hillir undir niðurstöðu og vonandi verður ekki mikil breyting á því.

Hins vegar hafa komið upp tillögur sem eru alveg nýjar og út af fyrir sig mjög athyglisverðar, þ.e. að tengja inn á

þessi gatnamót þjónustustöð eða skiptistöð almenningssamgangna, þ.e. að strætisvagnarnir yrðu þarna neðanjarðar með þjónustustöð. Ef það ætti að verða þá breytir það náttúrlega mjög miklu og yrði að skoða það sérstaklega. Ég hef raunar ekki séð neinar tillögur aðrar en þær sem komu frá forsvarsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur. En þetta er eitt af því sem þarf að skoða auk þess sem mótmæli hafa borist frá eigendum Kringlunnar sem sjá ekki að mislæg gatnamót verði lausn á þessu mikla umferðarhorni. Þetta þarf allt saman að skoða áður en við leggjum á ráðin um framkvæmdir, en þetta eru gatnamót sem óhjákvæmilegt er að fara í framkvæmdir við.

Hv. þm. spyr hver afstaða ráðherra sé til Sundabrautar og hvert arðsemismat þeirra framkvæmda sé. Ég hef svarað fyrirspurnum hér um Sundabrautina. Í langan tíma hefur undirbúningur staðið vegna þeirrar mikilvægu framkvæmdar að tengja þessi byggðasvæði, Grafarvog og þar vestur af. Tillögur um nokkrar leiðir hafa verið lagaðar fram. Mér skilst að lengi vel hafi embættismenn borgarinnar verið sammála vegargerðarsérfræðingunum um að skynsamlegast væri, ekki síst þegar litið er til kostnaðar, að fara svokallaða landmótunarleið, sem er innri leiðin, fremur en að fara á hábrú langt úti á sundunum nánast og skapa þá óvissu fyrir höfnina. Það er alveg ljóst að taka yrði tillit til Sundahafnarinnar. Svo kann hins vegar að vera að menn sjái svo langt að gera ráð fyrir því að byggja þurfi nýja vöruhöfn vegna Sundabrautarinnar ef þessi brú kæmi. En hvað um það.

Þessir kostir liggja ekki fyrir enn þá. Mér hefur ekki gefist tækifæri til að taka afstöðu til þessara tillagna vegna þess að þær liggja ekki formlega fyrir. Það þarf einmitt að fara yfir arðsemismat beggja þessara leiða. Talið er að það sé mikill kostnaðarmunur, það geti verið á bilinu 5 milljarðar sem ... (**GÁS:** Björn Bjarnason ... undir alla peningana.) Já, hv. þm. veit að þeir vaxa á trjánum hjá okkur, peningarnir. (**GÁS:** Björn heldur það.) Milli þessara tveggja leiða þarf að velja og það þarf að leggja mat á arðsemi þessara framkvæmda. Þar verður af mörgu að taka auk þess sem endanlegt umhverfismat þarf auðvitað að liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar.

Niðurstaða er sem sagt ekki fengin enn þá en ég tel að sjálfsögðu að miklu máli skipti hver afstaða borgaryfirvalda sé til þessara leiða. Ég er svo mikill sveitarstjórnarmaður í mér að ég tel það að sjálfsögðu mjög mikilvægt. Hins vegar geta sveitarstjórarmenn ekki sent reikning til ríkisins hvað sem verkið kostar. (Gripið fram í.) Ég held að það hljóti að vera á ábyrgð okkar þingmanna að taka einhverja afstöðu til (Gripið fram í.) slíkra tillagna.

En hvað um það. Ekki er tímabært að lýsa skoðunum á þessum tveimur leiðum vegna Sundabrautarinnar. Þegar þar að kemur mun ekki standa á mér að taka afstöðu til þeirra.

Herra forseti. Ég held að ég sé búinn að fara yfir þær spurningar sem sérstaklega var beint til mín. Ég vil bara endurtaka þakkir fyrir mjög málefnalegar umræður hér í dag.

[17:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra málefnalega ræðu um margt. Eitt vil ég þó gera alvarlega athugasemd við. Mér fannst það ekki mjög málefnalegt og stórmannlegt hjá hæstv. ráðherra að þakka okkur fulltrúum Samfylkingarinnar málefnalegt innlegg til þessarar umræðu en nota síðan ferðina og leggja lykkju á leið sína til að koma höggi á fjarstaddan hv. þm., fulltrúa Samfylkingarinnar í samgn., hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Svona gera menn ekki, hæstv. ráðherra.

Yfir í efni máls. Hæstv. ráðherra tók undir það með mér að þetta er býsna flókin samsetning og flókið hugverk sem við okkur blasir. Hér erum við annars vegar með gildandi vegáætlun og erum að gera breytingar á yfirstandandi ári í þeim efnum en eftir sem áður er síðan bætt við einhverjum lista yfir skuldir og skuldbindingar, eins og það er kallað, sem eiginlega hefur samt ekkert gildi og enga stoð af Alþingi sérstaklega. Þegar misræmi er á skapar þetta ákveðin vandkvæði sem er ákaflega óheppilegt og ákveðinn losarabrag sem ég gagnrýni sumpart. Hins vegar er erfitt við þetta að eiga því að hæstv. ráðherra er á seinni skipunum með formlega endurskoðun á langtíma- og fjögurra ára áætlun.

Ég ætla hins vegar í örstuttu máli að fara yfir Reykjanesbrautarmálið. Hann gat þess réttilega að í fyrsta áfanga Reykjanesbrautar innan Hafnarfjarðar vantar einar 500 millj. til þess að hægt verði að ljúka þeim áfanga. Á þessari áætlun eru 680 millj. Verkefnið kostar á annan milljarð kr. og þá er allt hitt eftir.

Ég vil að lyktum spyrja hæstv. ráðherra af því að ég skaut því að honum. Hann hefur stundum gagnrýnt borgaryfirvöld fyrir það að vera sein fyrir með skipurit sitt og skipulagsmál sín. Hefur hæstv. ráðherra í höndunum skipulag vegakerfisins í kringum Straumsvík af hálfu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði? Ég hef leitað eftir upplýsingum um það og fékk fá eða engin svör. Veit hann betur?

[17:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður kannski ekki mikið að því gert þó að hv. þm. séu ekki mættir, en hinar málefnalegu umræður sem hér fóru fram í dag af hálfu hv. þingmanna Samfylkingarinnar vöktu alveg sérstaka athygli mína. Ég vakti athygli á því að svo hefði ekki verið í vetur. Það eru skilaboð sem hv. þm. sem eru viðstaddir umræðuna nú gætu borið inn í sinn þingflokk.

Hv. þm. segir að við séum á seinni skipunum með samgönguáætlun. Þannig er að í síðustu viku voru afgreidd lög um samgönguáætlun, það er því fyrst núna sem formlega er hægt að leggja af stað með þá vinnu og hún verður unnin í sumar og lögð fram í haust og ég á von á því að umræður geti orðið þá.

Hvað varðar skipulag á Straumsvíkursvæðinu, þá hef ég ekki upplýsingar um það við höndina, en það er alveg ljóst að uppi eru áform um að skapa rými til stækkunar álverinu og nauðsynlegt er að taka afstöðu til þess þannig að ég á ekki von á öðru, svo mikilvæg framkvæmd sem þar er á ferðinni, en að sveitarfélagið Hafnarfjörður bregðist hratt og vel við þegar að því kemur að breyta þarf skipulagi og leggja á ráðin um færslu Reykjanesbrautarinnar þess vegna.

[17:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get lofað hæstv. samgrh. því að nýr meiri hluti jafnaðarmanna mun bregðast hratt við núna að loknum sveitarstjórnarkosningum og ljúka þessu skipulagi því að það gengur auðvitað ekki þegar verið er að fara í vegabætur á leiðinni Keflavík–Reykjavík að ákveðnir bútar séu ófrágengnir og meiri hluti sveitarstjórnar hafi ekki klárað heimavinnu sína hvað það varðar þannig að það vanti heila búta í skipulagið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera það að neinu aðalatriði en mér hefði þótt eðlilegra að hæstv. ráðherra bæðist einfaldlega afsökunar á því að vera að gera að umtalsefni ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem ég hef fylgst vel með í allan vetur. Hann hefur verið virkur í umræðum um samgöngumál þó að sum viðhorf hans hafi nokkuð farið í taugarnar á hæstv. ráðherra, þá finnst mér eðlilegra að hann lýsi viðhorfum sínum í hans garð augliti til auglitis en sé ekki að fara þessar Krýsuvíkurleiðir til þess.

[17:49]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gagnrýndi í ræðu minni niðurskurð til vegaframkvæmda frá vegáætlun. Ég gagnrýndi líka að verið væri að tengja vegaframkvæmdir sölu á einstökum ríkisfyrirtækjum sem mér finnst alveg fráleit nálgun.

Hins vegar kom hæstv. ráðherra og sagði að það þyrfti fjármagn til framkvæmda og auðvitað þarf fjármagn og þá forgangsröðun. Ég get bent hæstv. ráðherra á það t.d. að ég hefði talið skynsamlegra og eðlilegra að taka þær 300 millj. sem lagðar voru til einkavæðingarnefndar til þess að vinna að einkavæðingu Landssímans og setja þær í vegaframkvæmdir. Það hefði verið miklu eðlilegra. Og úr því að við erum hætt við að selja Landssímann, getum við þá ekki tekið þær 300 millj. og lagt þær í vegarspotta, vegaframkvæmdir?

Sömuleiðis hefðu þær 300 millj., eða hvað það nú er, 250–400 millj. sem fara eiga í NATO-fund sem á að halda á næstu dögum, verið betur komnar í vegaframkvæmdir t.d. úr því að hæstv. ráðherra er að spyrja um hvert megi sækja fjármagn. Þetta er spurning um forgangsröðun.

Hvað það varðar að þingmenn skipti ákveðnu fjármagni sem er deilt á kjördæmin, þá var það bara svo að ekki eru nema þrjár eða fjórar vikur síðan þingmenn Norðurl. v. voru kallaðir saman til þess að skipta því litla fjármagni sem þar var til útdeildingar. Þá lá niðurskurðurinn fyrir, niðurskurðurinn var ákveðinn í fjárlagagerð fyrir nærri ári síðan, á miðju ári á haustdögum fyrir nærri ári síðan, þá lá niðurskurðurinn fyrir og ákvörðun um framkvæmdir þannig að þingmenn standa nánast frammi fyrir orðnum hlut. Ég harma t.d. að það skuli verða að fresta framkvæmdum við breikkun á Vatnsdalsá, ég vil bara segja það. En þingmennirnir standa í rauninni frammi fyrir gerðum hlut að stórum hluta þegar þeir eiga að fara að skipta því vegafé þannig að þetta var óþarfaskot hjá hæstv. ráðherra.

[17:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en mér finnst ekki mikið að þakka þó að einhver aukning hafi orðið á vegafé á föstu verðlagi þegar borin eru saman tímabil frá 1987–1992 eins og ráðherrann gerði eða frá 1995–2000. Það er ekki saman að jafna raunaukning á þjóðartekjum á þessu tímabili eða hvað ríkisvaldið eða ríkissjóður hefur haft í tekjur af bifreiðaeigendum, t.d. þegar tekin eru árin 1995 og 2000 þar sem aukning á fjármagni af bifreiðaeigendum sem ríkið hefur haft hefur aukist um 10–12 milljarða á þessu tímabili.

Það sem ég var aðallega að vekja athygli á er að höfuðborgarsvæðið hefur ekki fengið nema $^1/_4$ af vegafé, af 38 milljarða kr. vegafé sl. sjö ár. Ég er að biðja um að höfuðborgarsvæðinu sé sýndur ákveðinn skilningur í þessu efni vegna þess að mikið umferðaröngþveiti er orðið á háannatímanum á höfuðborgarsvæðinu og veruleg slysahætta orðin og það þarf að taka verulega á í því efni.

En ég fagna því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra varðandi Kringlumýrarbrautina. Það kom fram hjá ráðherra að hann telji að þessi mikilvæga samgöngubót eigi að koma framarlega í röð við endurskoðun á vegáætlun í sumar og haust. Ég fagna þeirri yfirlýsingu og tel að þarna sé ákveðin lausn í sjónmál sem menn hljóta að fylgja fast eftir. Ég spyr um arðsemismat að því er varðar Kringlumýrarbrautina. Liggur eitthvað fyrir um það?

Síðan varðandi Sundabrautina þá eru tvær leiðir í umhverfismati og það er mjög mikilvægt að fylgja því eftir sem borgin velur í því efni. Bæði minni hlutinn og meiri hlutinn vilja fara þarna ákveðna leið sem kölluð er miðborgarleiðin norðan Holtagarða sem hefur alltaf verið á skipulagi. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvenær arðsemismat muni liggja fyrir að því er varðar þessar tvær leiðir við Sundabrautina. Ég held að það sé afar mikilvægt að fá það fram sem fyrst.

[17:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna vegna ræðu hv. þm. að framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eru og hafa verið allmiklar ef við lítum til þeirra dýru umferðarmannvirkja eins og mislægu gatnamótanna í Mjóddinni þar sem tengd er saman Breiðholtsbrautin og Reykjanesbrautin. Sömuleiðis Vesturlandsvegar- og Víkurvegargatnamótin sem eru í gangi núna. Ég geri ráð fyrir að mislæg gatnamót um Stekkjarbakka/Reykjanesbraut verði til meðferðar á þessu ári og vonandi tekst að setja þá framkvæmd af stað þannig að það er af mörgu að taka á þessu svæði þar sem Vegasjóður greiðir eins og eðlilegt er.

En hvað varðar Sundabrautina og arðsemismat hennar, þá get ég ekki svarað því hvenær það liggur fyrir en til skamms tíma var verið að vinna í því að meta og leggja á ráðin um hvernig umferðarspá er fyrir þær brautir en umferðarspá er afar mikilvægur þáttur í hönnun slíkra mannvirkja. Nú liggur hún fyrir eða forsendur hennar og í framhaldi þess verður hægt að vinna áfram fullum fetum að þessu stóra og mikilvæga máli sem Sundabrautin er. Ég geri ráð fyrir að þegar kemur að umhverfismatinu og því að velja á milli þessara tveggja leiða muni arðsemisþættirnir sömuleiðis liggja fyrir þannig að áður en langt um líður höfum við þetta allt saman fyrir okkur og getum að sjálfsögðu tekið afstöðu til þess.

[17:56]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að fylgjast með þessari umræðu í dag og að mörgu leyti þótt hún ágæt þangað til hæstv. samgrh. kom hér upp í stólinn og lýsti því yfir að hann hefði átt í vandræðum með mál sín í vetur og ekki ráðið almennilega við þá umræðu sem fram hefur farið og ekki treyst sér til þess að taka þátt í henni af þeirri festu og þunga sem nauðsynlegt er. Hann kom hér í stólinn og kvartaði yfir því að umræðan í vetur hefði ekki verið eins og hæstv. ráðherra hefði helst viljað hafa hana og nafngreindi menn sem hefðu þá líklega ekki flutt nægilega málefnalegar ræður ef marka má orð hæstv. ráðherra.

Nú þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um það. Hæstv. ráðherra hefur sýnt það í vetur að hann hefur átt í miklum erfiðleikum með að halda utan um sitt starf og í hverju málinu á fætur öðru hefur hann átt í miklum erfiðleik-

um. Það er því kannski ekki nema von þegar menn koma til leiks með miklar væntingar og miklar áætlanir, þurfa síðan að koma hingað og leggja fram hugmyndir um að skera niður framlög til vegamála um 1,5 milljarða að menn þurfi að reyna að finna sér einhverja blóraböggla annars staðar í umræðunni eða einhvers staðar annars staðar en hjá sjálfum sér. Hvort sem það er vegna þess að hæstv. ráðherra klúðraði sölunni á Landssímanum eða hvað það var nákvæmlega sem gerði það að verkum að hann á í þessum erfiðleikum, þá liggur fyrir að hér er lagt til að skorið verði niður á vegáætlun um 1,5 milljarða. Það þarf því svo sem ekkert að fara mörgum orðum um það að hér birtast í hnotskurn afrek hæstv. ráðherra og það sem hann ætlar að reyna að ná fram.

Hins vegar verð ég að segja, virðulegi forseti, að mér þykir ekki mikil reisn yfir því, í ljósi þess vetrar sem hæstv. ráðherra hefur lifað á hinu háa Alþingi þar sem hann hefur í hverju málinu á fætur öðru verið rassskelltur í umræðu og víðast hvar, að hann skuli veitast að mönnum þegar þeir eru ekki í salnum. En það er í sjálfu sér ekkert annað og meira og ekkert öðruvísi en við mátti búast í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið í vetur af hálfu hæstv. ráðherra. En menn temja sér þá siði sem þeir ráða við og temja sér þá kurteisi sem þeir þekkja og hæstv. ráðherra hefur birst hér í þeirri mynd sem hann sýndi sig í ræðu fyrr í dag. Það er kannski ekki miklu við það að bæta en ég held að hæstv. ráðherra væri maður að meiri ef hann kæmi hér upp í ræðustól og bæðist afsökunar á framferði sínu áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]

41. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 48 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 505. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 1447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, GunnB, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1456).

Búfjárhald o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (heildarlög). — Þskj. 1449.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

20 þm. (AKG, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1457).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 630. mál (gróðurhúsaafurðir og garðávextir). — Þskj. 1450.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (ÁSJ, JB*, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, GÖ, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

[Forseti gat þess að ÖJ hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætlaði að segja já. Sjá: Um fundarstjórn – Leiðrétting við atkvæðagreiðslu.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1458).

Varnir gegn landbroti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 504. mál (heildarlög). — Þskj. 1451.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1459).

Útlendingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 1431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]

Frv. samþ. með 31:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:05]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að afgreiða sem lög frv. sem hefur hlotið mikla umræðu og mikla gagnrýni, og verður fróðlegt að sjá hvort hér fást yfir 50% þingmanna til að vera með þessu máli. Stjórnarandstaðan segir nei við frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1460).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 616. mál (grunnskólabyggingar). — Þskj. 1432.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er m.a. um það að ræða að ríkisstuðningur komi í þeim tilvikum þegar um svokallaða einkaframkvæmd er að ræða eða rekstrarleigu. Það er eingöngu í Hafnarfirði sem það á við. Svo ógeðfelld aðferð sem þetta er í mínum huga, hvað snertir uppbyggingu grunnskóla í sveitarfélögum, þar sem bæjarfélagið er í raun leigutaki hvað skólahúsnæði varðar næstu 25 árin eiga Hafnfirðingar ekki að gjalda þess. Þeir eiga að njóta þess sama þegar kemur að stuðningi ríkisvaldsins varðandi uppbyggingu grunnskóla. Því hlýt ég að segja já.

[18:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur fráleitt að sambærilegur stuðningur komi úr opinberum sjóðum við almenna opinbera skóla og skólarekstur sem hefur verið einkavæddur. Við lögðum fram brtt. við frv. þar sem girt yrði fyrir þetta með því að aðeins yrði heimilaður slíkur stuðningur við skóla sem þegar hefðu verið reistir eða verið væri að reisa.

Hæstv. félmrh. lýsti því yfir að hér væri ekki um að ræða stefnumótun til frambúðar, hann liti svo á að þessi lög tækju aðeins til þeirra skóla sem verið væri að einsetja. Í því ljósi styðjum við frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1461).

Húsnæðismál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 710. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1433.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, JB, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1462).

Flugmálaáætlun árið 2002, frh. síðari umr.

Stjtill., 681. mál. — Þskj. 1097, nál. 1209, brtt. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]

Brtt. 1210 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1463).

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frh. síðari umr.

Stjtill., 680. mál. — Þskj. 1096, nál. 1278 og 1428, brtt. 1279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]

Brtt. 1279 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:10]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að vekja á því athygli að hér er niðurfærsluleið á fullri ferð. Hér er verið að færa niður tölur í gildandi vegáætlun um 2 milljarða kr. sem er afleiðing niðurskurðar þessarar ríkisstjórnar á framlögum til vegamála við afgreiðslu fjárlaga í desember sl. Þetta er hugur ríkisstjórnarinnar til vegamálanna í landinu hvað sem öllum fögrum fyrirheitum líður.

[18:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um vegáætlun fyrir yfirstandandi ár. Hún felur í sér niðurskurð upp á rúma 1,5 milljarða frá gildandi vegáætlun, þeirri sem unnið hefur verið eftir. Það er hvorki í takti við áherslur í byggðamálum né í atvinnumálum eða öryggismálum í umferð að skera niður fjármagn til vegamála í landinu.

Herra forseti. Ég harma að ríkisstjórnin skuli velja vegaframkvæmdir til að skera niður ef hún hyggst draga saman í ríkisfjármálum. Það er andstætt hagsmunum þjóðarinnar, a.m.k. hinna dreifðu byggða.

[18:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þrátt fyrir frestun framkvæmda 2002 er heildarfjármagnið heldur hærra að krónutölu en á síðasta ári þannig að hér má sjá að það er ekki verið að draga úr fjármagni eins og haldið hefur verið fram. Ég segi já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1464).

Lýðheilsustöð, 1. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1144.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, GÖ, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Um fundarstjórn.

Leiðrétting við atkvæðagreiðslu.

[18:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég var heldur seinn á takkann í atkvæðagreiðslu um eitt frv., þ.e. frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Ég styð þetta frv. og er umhugað um að sá stuðningur sé sýndur í verki og óska eftir að það verði leiðrétt við atkvæðagreiðsluna.

[18:13]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er hér með leiðrétt og er allur stuðningur vel þeginn.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 638. mál (starfsleyfi, hollustuvernd o.fl.). — Þskj. 1018, nál. 1275, brtt. 1276.

[18:13]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið komu nokkrir gestir og auk þess fékk nefndin skriflegar umsagnir hjá nokkrum aðilum.

Megintilgangur frv. er að kveða skýrar á um starfsleyfisskyldu og aðrar þær kvaðir sem þeirri skyldu fylgja í lögunum. Þannig er nú kveðið skýrt á um að allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun sem og stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögunum skuli hafa gilt starfsleyfi. Jafnframt er tekið fram að óheimilt sé að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Þá er lagt til að skilgreining hugtaksins hollustuvernd og heimild til að setja almennar reglur um framkvæmd hollustuverndar verði rýmkaðar nokkuð frá því sem nú er. Ástæða þessa er m.a. sú að á vissum sviðum eru atriði er varða öryggi almennings og slysavarnir svo tengd heilbrigðiseftirliti að rétt þykir að víkka skilgreiningu hugtaksins hollustuvernd þannig að það nái einnig til þessara þátta.

Nefndin ræddi sérstaklega starfsemi olíubirgðastöðva. Á grundvelli 24. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, lúta olíubirgðastöðvar eftirliti Hollustuverndar ríkisins, samanber einnig reglugerð nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Samkvæmt 4. gr. frv. (5. gr. a laganna) er gert ráð fyrir því að allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun verði starfsleyfisskyldur. Verði þessi breyting lögfest verður starfsemi olíubirgðastöðva starfsleyfisskyld og eftirlit sem verið hefur hjá Hollustuvernd ríkisins mun flytjast til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Það eftirlit sem hér um ræðir felst í sérhæfðum skoðunum sem óeðlilegt væri að byggja upp í hverju heilbrigðiseftirlitssvæði fyrir sig. Þar sem það er ekki markmið frv. að breyta því fyrirkomulagi sem hér um ræðir er nauðsynlegt að bæta olíubirgðastöðvum inn í fylgiskjal I með lögunum sem geymir lista yfir þann atvinnurekstur sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir.

Fram kom í máli gesta að við setningu fyrrnefndrar reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi var sú kvöð lögð á eigendur olíubirgðastöðva að mengunarvörnum skyldi komið í fullkomið horf fyrir 31. desember 2005 og er 75% þeirrar áætlunar nú lokið. Til einföldunar við starfsleyfisgerð þar sem allar olíubirgðastöðvar munu þá uppfylla sömu skilyrði og til að koma í veg fyrir óþarfaóþægindi er nauðsynlegt að ekki verði gerð krafa um að olíubirgðastöðvar hafi starfsleyfi fyrr en að loknu því tímabili. Því er nauðsynlegt að bætt verði inn í lögin ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að aðilar sem féllu ekki áður undir starfsleyfisskyldu skuli afla sér starfsleyfis fyrir 31. desember 2005.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. skrifa allri fulltrúar í umhvn., hv. þm. Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Fjeldsted, Jóhann Ársælsson, Gunnar Birgisson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta Möller og Ísólfur Gylfi Pálmason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1276,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1276,2 (7. gr. falli brott) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1276,3 (tvær nýjar greinar, verða 7.–8. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1276,4 samþ. með 41 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

[18:20]

Útbýting þingskjala:

Smygl á tóbaki og áfengi, 718. mál, svar fjmrh., þskj. 1452.

Útlendingar, 433. mál, þskj. 1431.

Umhverfisstofnun, 2. umr.

Stjfrv., 711. mál. — Þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327.

[18:21]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta umhvn. um frv. til laga um Umhverfisstofnun. Í umfjöllun sinni fékk nefndin á sinn fund fulltrúa frá umhvrn., frá Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins, fulltrúa starfsmanna Hollustuverndar og fulltrúa starfsmanna Náttúruverndar ríkisins auk fleiri aðila. Nefndin fékk einnig skriflegar umsagnir frá nokkrum aðilum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Umhverfisstofnun, sem taki við starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðistjóraembættinu, hreindýraráði og dýraverndarráði er falin samkvæmt lögum. Með þessum breytingum yrðu reknir á vegum einnar stofnunar þeir stjórnsýsluþættir umhverfismála sem falla undir umhverfisráðuneytið. Stofnanaskipting ráðuneytisins byggist að mestu leyti á gömlum grunni frá því áður en það var stofnað en fram að því heyrðu þessar stofnanir undir mismunandi ráðuneyti. Þykir nú bæði tímabært og eðlilegt að endurskipuleggja stofnanaskiptingu ráðuneytisins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að styrkja, efla og einfalda stjórnsýslu umhverfismála, gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi. Umrædd sameining er talin efla stofnanir ráðuneytisins faglega og stuðla að hagkvæmni í rekstri.

Nefndin ræddi sérstaklega þá faglegu og stjórnsýslulegu árekstra sem kunna að verða innan hinnar nýju stofnunar, t.d. þar sem Náttúruvernd ríkisins veitir umsagnir um ýmis málefni sem heyra nú undir Hollustuvernd ríkisins, svo sem veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. grein 8.2. reglugerðar nr. 785/1999. Fram kom að við sameiningu þessara stofnana í eina stofnun muni vinnutilhögun við starfsleyfisgerð breytast. Þannig verði náttúruverndarsjónarmið tekin til athugunar strax í upphafi og felld inn í tillögur Hollustuverndar um veitingu starfsleyfa. Þannig mun fagleg ráðgjöf Náttúruverndar ríkisins fyrr í vinnsluferlinu skila sér í betur útfærðum tillögum að starfsleyfi. Með breyttu fyrirkomulagi eru starfsleyfistillögurnar betur undirbúnar frá byrjun sem hefur í för með sér aukna skilvirkni við vinnslu þeirra.

Meiri hlutinn telur rétt að benda á að í 4. gr. frumvarpsins er ekki tæmandi talning lagaákvæða sem breyta þarf verði frumvarpið samþykkt. Nægir í því sambandi að vísa til 1. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er því að fram fari gaumgæfileg

skoðun á þeirri löggjöf sem hér um ræðir og í framhaldi af því verði gerðar tillögur um breytingar á lögum.

Nefndin fjallaði sérstaklega um réttarstöðu starfsmanna þeirra stofnana sem munu sameinast í Umhverfisstofnun. Það er mat meiri hlutans að skv. 1. tölulið ákvæðis til bráðabirgða sé gert ráð fyrir að hægt sé að bjóða öllum starfsmönnum þessara stofnana og nefnda, annarra en forstöðumanna, hliðstæð störf og þeir sinna nú. Biðlaunaréttur starfsmanna fer síðan eftir því hvaða lög giltu við ráðningu þeirra. Ef starfsmaður hlutaðeigandi stofnana þiggur sambærilegt starf í Umhverfisstofnun og hann hefur gegnt fram að þessu fellur biðlaunaréttur hans niður. Að öðru leyti vísast hér til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hreindýraráð verði lagt niður en verkefni þess og hlutverk færist undir Umhverfisstofnun. Áfram er þó gert ráð fyrir því að starfsmaður hreindýraráðs hafi aðsetur á Egilsstöðum. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar ábending um að vegna eðlis málsins sé rétt að áfram starfi hreindýraráð í einhverri mynd og það verði fyrst og fremst ráðgefandi fyrir Umhverfisstofnun. Meiri hlutinn leggur til að þessi hugmynd verði skoðuð af þeirri nefnd sem mun undirbúa stofnun Umhverfisstofnunar.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram nokkur gagnrýni á það að veiðistjóraembættið stjórni og skipuleggi veiðar samtímis því að standa að rannsóknum á því sviði. Meiri hlutinn leggur til að við undirbúning að stofnun Umhverfisstofnunar verði sérstaklega fjallað um þessi mál.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að Umhverfisstofnun muni annast framkvæmd alþjóðlegra samninga hér á landi á sviði mengunarvarna og náttúruverndar sem nú eru í umsjá Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í máli fulltrúa ráðuneytisins kom fram að við endurskipulagningu á stjórnsýslu umhverfismála sé óhjákvæmilegt að einhverjar breytingar verði sem hafi áhrif á núverandi starfsemi. Þannig sé eðlilegt að eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra samninga á þessum sviðum sé í höndum stjórnsýslustofnunar en ekki rannsóknastofnana. Hins vegar sé ljóst að fagleg ráðgjöf rannsókna- og vöktunarstofnana verði áfram fyrir hendi og í því sambandi og ýmsum öðrum muni Umhverfisstofnun vafalítið þurfa að reiða sig á faglegan stuðning Náttúrufræðistofnunar Íslands, t.d. varðandi friðlýsingar o.fl.

Herra forseti. Að lokum leggur meiri hluti umhvn. til að hugað verði að því að auka fjármagn til þessa málefnaflokks, m.a. vegna umfangsmikilla alþjóðlegra skuldbindinga.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Undir þetta álit meiri hluta umhvrn. skrifa eftirtaldir hv. þingmenn: Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller og Ísólfur Gylfi Pálmason, en hv. þm. Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[18:26]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá 1. minni hluta umhvn. í stað hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og geri grein fyrir þeirri gagnrýni sem 1. minni hluti hefur á þetta frv.

Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun var lagt fram á Alþingi 9. apríl 2002 og var tekið á dagskrá þingsins með afbrigðum 10. apríl. Bæði var málið of seint fram komið og einnig var of skammt liðið frá útbýtingu til að það mætti koma á dagskrá án afbrigða. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiddu atkvæði gegn því að málið yrði tekið á dagskrá vegna þess hve skammt var liðið frá útbýtingu þess, enda langt frá því að vera boðlegt að taka fyrstu umræðu um viðamikið mál án þess að nokkur í þingsalnum hefði fengið tíma til að kynna sér það. Mikill þrýstingur var á umhverfisnefnd um að afgreiða málið hratt út úr nefndinni svo ekki var gert ráð fyrir því að málið yrði sent út til umsagnar til þeirra aðila sem eðlilegt hefði verið að tjáðu sig um það. Umfjöllun í nefndinni fór fram í flýti á þremur fundum og 19. apríl var það tekið út úr nefndinni, átta dögum eftir að því var vísað til hennar af Alþingi. Það er mat 1. minni hluta umhverfisnefndar að vinnubrögð af þessu tagi séu ámælisverð í hæsta máta og lýsir 1. minni hluti því yfir að langt sé frá því að málið hafi fengið þá umfjöllun sem eðlileg getur talist.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnuð verði ný stofnun, Umhverfisstofnun, sem taki við hlutverki Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og embættis veiðistjóra, auk þess sem gert er ráð fyrir að starfsemi hreindýraráðs og dýraverndarráðs falli undir verksvið stofnunarinnar. Stofnanirnar þrjár eiga það allar sameiginlegt að búa við þröngan kost fjárhagslega, engin þeirra hefur getað sinnt lögbundnum hlutverkum af þeirri reisn eða myndarskap sem forstöðumenn og starfsfólk hefðu kosið. Fjárþörf þeirra er ævinlega mun meiri en heimildir eru veittar fyrir í fjárlögum. Hér er því um að ræða þrjár fjársveltar stofnanir og vandséð hvernig stjórnvöld gera ráð fyrir að sækja fram á sviði umhverfismála með því að breyta þeim í eina stóra, fjárvana stofnun. Í tengslum við umfjöllun um málið hafa engin fyrirheit komið frá stjórnvöldum um að auka beri fjárveitingar til þeirra mála sem yrðu á verksviði Umhverfisstofnunar heldur þvert á móti því niðurstaða fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu er á þá leið að frumvarpið leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð að undanskildum mögulegum biðlaunakostnaði.

Meginmarkmið frumvarpsins eru sögð vera að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi. Enn fremur segir að sameining stofnananna þriggja og ráðanna tveggja muni efla stofnanir ráðuneytisins faglega og stuðla að hagkvæmni í rekstri. Þá kemur einnig fram að það sé talið auðvelda stjórnvöldum að ná fram stefnumiðum sínum við framkvæmd umhverfismála að fara út í þær aðgerðir sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ekkert af þessum atriðum er rökstutt frekar í greinargerðinni, þvert á móti virðist hvað rekast á annars horn þegar rýnt er í textann. Þá er í greinargerðinni ekki gerð nein tilraun til að lýsa stefnumiðum stjórnvalda eða sýn umhverfisráðherra sem virðist útheimta endurskoðun stofnanauppbyggingar ráðuneytisins eins og það er orðað. Eðlilegt hefði verið að í frumvarpi af þessu tagi væri litið heildstætt yfir málaflokkinn og heildarsýn mótuð. Þess í stað virðist sjónum beint að litlum hluta stofnana- og verkefnaflóru ráðuneytisins og einungis brot af heildarmyndinni lagt til grundvallar breytingunum.

Það er mat 1. minni hluta að hér sé um flaustурslega nálgun að ræða og hroðvirknislega samið frumvarp. Mun skynsamlegra hefði verið að efna til formlegrar umræðu milli stjórnvalda og stofnana á sviði náttúru- og hollustuverndar, sem hefði getað skýrt þarfir þessara stofnana og mögulegan hag þeirra af því að starfa saman undir einum hatti. Þá er líklegt að taka hefði þurft á öllum þáttum umhverfisverndarmála, svo sem gróður- og jarðvegsvernd-

arþætti landgræðslunnar, vernd hafsins, vatnsverndarmálum og landbótaskógrækt. Þá hefði líka verið hægt að skilgreina rannsóknarþátt umhverfis- og náttúruverndar ofan í kjölinn og með því móti finna rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins eðlilegan sess í skipulaginu. Þá er einnig líklegt að hugmyndir um Matvælastofnun hefðu skýrst og mögulega hefði verið hægt að leggja samhliða fram frumvarp um stofnun hennar. Loks hefði mátt skoða rækilega staðsetningu verkefnanna og í því sambandi skilgreina hlutverk og vægi náttúrustofa landshlutanna með tilliti til heildarinnar. Nálgun af því tagi sem hér hefur verið lýst hefði verið faglegri og líklegri til að skila skynsamlegri niðurstöðu en sú sem stjórnvöld kjósa að fara í frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins verði skilin eftir í lausu lofti, án tengsla við Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun Íslands. Hún er ekki rekin á grunni laga heldur á grundvelli samnings við Hollustuvernd ríkisins. Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til yrði rannsóknastofan munaðarlaus í kerfinu, þar sem ekki er gert ráð fyrir að hún flytjist með Hollustuvernd ríkisins í nýtt húsnæði. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að umsýsla alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar og mengunarvarna, sem nú eru í umsjá Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og ekki síst Náttúrufræðistofnunar Íslands, skuli færast til Umhverfisstofnunar. Þetta er að mati 1. minni hluta aldeilis fráleit ráðstöfun a.m.k. að því er varðar samninga sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur annast hingað til, svo sem Bernarsamninginn, samninginn um líffræðilega fjölbreytni og Ospar. Allir þessir samningar hafa verið á verksviði Náttúrufræðistofnunar þótt umsjá samningsins um líffræðilega fjölbreytni hafi verið færð undir umhverfisráðuneytið vegna þess að Náttúrufræðistofnun sá sér ekki fært að taka fjármuni til framkvæmdar samningsins af rekstrarfé sínu. Að mati 1. minni hluta umhverfisnefndar vantar hér alla undirbyggingu og stefnumörkun af hálfu stjórnvalda og alveg ljóst að þau gera sér ekki grein fyrir því að framtíðarsýn umhverfis- og náttúruverndar er fólgin í þessum stóru alþjóðlegu samningum.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að tímabært sé og eðlilegt að endurskipuleggja stofnanaskiptingu umhverfisráðuneytisins þar sem hún byggist að verulegu leyti á gömlum grunni frá því áður en ráðuneytið var stofnað. Fyrsti minni hlutinn bendir á að Náttúruvernd ríkisins hefur einungis verið til síðan árið 1997 þegar hún tók við hlutverki Náttúruverndarráðs. Þá starfar hún samkvæmt nýjum heildarlögum um náttúruvernd sem tóku gildi árið 1999 og hefur nýlega flutt starfsemi sína í ný húsakynni. Þannig er að mati 1. minni hlutans beinlínis rangt að halda því fram að tími hafi verið kominn til að stokka upp málefni stofnunarinnar.

Nokkrir þættir frumvarps til laga um Umhverfisstofnun orka mjög tvímælis. Benda má á mögulega hagsmunaárekstra við umfjöllun um veitingu starfsleyfa fyrir mengandi atvinnurekstur. Eins og málum er nú háttað er Náttúruvernd ríkisins umsagnaraðili um starfsleyfi sem Hollustuvernd ríkisins veitir og þegar sú umsýsla verður öll á einni hendi má gera ráð fyrir að sjónarmið náttúruverndar verði látin víkja fyrir þörfum atvinnulífsins, sem þrýstir á um veitingu starfsleyfanna. Sjónarmiða náttúruverndar er að mati 1. minni hluta betur gætt hjá sjálfstæðri stofnun en á borðshorni þess sem veitir starfsleyfin. Þá má á sama hátt halda því fram að dýraverndarráð hafi lítið að gera undir sama þaki og veiðistjóri, auk þess sem sú spurning hefur vaknað við umfjöllun málsins hvers vegna dýraverndarráð skuli heyra undir Umhverfisstofnun en ekki ráðgjafarnefnd um villt dýr og ekki heldur tilraunadýranefnd.

Húsnæðismál Hollustuverndar ríkisins hafa verið í ólestri um langt skeið, núverandi húsnæði orðið svo skelfilegt að varla er mönnum bjóðandi. Nýtt húsnæði hefur ekki verið í sjónmáli þrátt fyrir umfangsmikla leit. Það er mat 1. minni hluta umhverfisnefndar að hér séu stjórnvöld að beita starfsfólk Hollustuverndar ríkisins ósæmilegum þrýstingi og gera sameiningu þessara stofnana að skilyrði fyrir því að stofnunin komist í nýtt húsnæði.

Loks gagnrýnir 1. minni hlutinn það að umhverfisráðherra skuli ekki hafa undirbúið málið í samráði við forstöðumenn og starfsfólk stofnana, heldur einungis tilkynnt þeim símleiðis um fyrirætlan sína einhverjum stundum áður en hún var kynnt fjölmiðlum.

Með vísan til þess sem að framan greinir leggur 1. minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hluti telur undirbúningi málsins hafa verið mjög ábótavant og telur skorta verulega á fagleg rök fyrir þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér. Enginn rökstuðningur fylgir þeim fullyrðingum að ætlunin sé að efla málaflokkinn með breytingunum heldur eru vísbendingar um að ekki verði varið neinum fjármunum til hans umfram það sem stofnanirnar sem um ræðir hafa haft úr að spila hingað til. Með vísan til þessa samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir nefndarálitið skrifar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, en í fjarveru þingmannsins fór ég yfir nefndarálitið.

Herra forseti. Margt má um þessar fyrirhuguðu breytingar segja og tek ég undir það að hér vantar verulega á að faglegur undirbúningur sé eðlilegur.

Það er ljóst að mikil gerjun er í allri stjórnsýslu okkar. Við megum ekki staðna í einhverju fyrirkomulagi sem hefur verið til fyrirkomulagsins vegna. Við eigum auðvitað fyrst og fremst að líta til þess hvort viðkomandi málaflokki sé vel fyrir komið, hvort starfsemin sé viðunandi, hvort nokkuð sé að og hvort þá sé ástæða til að breyta eða hvort við erum bara að breyta breytinganna vegna. Ég tek hjartanlega undir þá hugsun að styrkja beri umhvrn. og allt sem snýr að umhverfisvernd og náttúruvernd. Sannarlega tek ég undir það að styrkja eigi allt matvælaeftirlit og starfsemi Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, embætti veiðistjóra og hreindýraráð. En ég er langt frá því að vera sannfærð um að rétt sé að því farið með þessum hætti.

Herra forseti. Mig langar að gera aðeins grein fyrir nokkrum gagnrýnisröddum. Ég er með umsagnir frá nokkrum aðilum sem hafa komið að þessu. Þó að þetta hafi ekki allt verið sent til hv. umhvn. þá eru þetta umsagnir um Umhverfisstofnun. Eitt er ljóst, að þau sveitarfélög sem fjallað hafa um málið, m.a. Samband ísl. sveitarfélaga, mótmæla þessu harðlega hvað snýr að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna. Það er vegna þess að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur fengið í gegnum tíðina nokkuð styrkan sess og virkar alveg prýðilega. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur margþætt verkefni á sinni könnu en eftirlit með matvælum er stór hluti starfseminnar. Það er alveg ljóst að ef það verður tekið frá eftirlitsskyldu sveitarfélaganna þá verður erfitt að ráða í og manna þær stöður sem sveitarfélögin þurfa eftir sem áður að ráða í. Það verður þá hugsanlega ekki gert nema

fleiri sveitarfélög komi að ráðningu starfsmannanna til þess að þetta sé þá meira en hálft starf. Það mundi þýða að starfssvæði heilbrigðisfulltrúanna yrði enn stærra en það er í dag og eru þau þó mörg nægilega stór fyrir. Þá segir sig sjálft að mjög erfitt verður að ráða í þessar stöður. Fagleg einangrun er mikil. Starfið krefst mikilla ferðalaga og verði ferðalögin enn meiri en þau eru í dag þýddi það að eingöngu þeirra vegna yrði erfiðara að ráða til starfa hæft og vel menntað starfsfólk í það eftirlit sem eftir verður. Ég hef af því fregnir að nú þegar sé komið rót á marga heilbrigðisfulltrúa og erfitt er að sjá fyrir núna hver staðan verður varðandi ráðningu heilbrigðisfulltrúa vítt og breitt um landið ef þetta fer óbreytt í gegn.

Herra forseti. Mig langar til þess að fá að vitna aðeins í skýrslu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands sendi til sveitarstjórnarmanna á Austurlandi núna í desembermánuði. Ég veit ekki hvort það sé hugsanlega undirrótin að þessu eða hafi hreyft hugmyndum að þessari Umhverfisstofnun, að nokkuð lengi hefur það legið í loftinu að koma þyrfti á fót sérstakri stofnun um matvælaeftirlit. Núna er í gangi vinna innan nokkurra ráðuneyta á mismunandi sviðum og það er nokkuð sem ég held að menn séu sammála um að þurfi að vinnast mjög vel og skoða, þ.e. hvernig matvælaeftirliti sé best fyrir komið. En sú vinna fór í gang og gerð var skýrsla. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur skilaði af sér skýrslu um framtíðarskipan opinbers matvælaeftirlits. Skýrslan sem var unnin að tillögu umhvrh. kom í kjölfar mikilla kampýlóbaktersýkinga árið 1999 og var lögð fyrir ríkisstjórnina í febrúar 2001. Nokkuð hefur verið vitnað í þessa skýrslu án þess að hún hafi verið öllum sýnileg. En menn hafa komist í skýrsluna og þar af leiðandi vekur Heilbrigðiseftirlit Austurlands sveitarstjórnarmenn á Austurlandi *til umhugsunar og fleiri hugsa ég. Í skýrslunni kemur fram,* með leyfi hæstv. forseta:

„Lagt er til að verkefni gæðasviðs Fiskistofu, matvælasviðs Hollustuverndar, yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlits, plöntueftirlit og kjötskoðun ásamt því eftirliti með matvælum sem nú er framkvæmt af heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga verði sameinað í einni stofnun, Matvælastofu."

Í inngangi skýrslunnar kemur fram að nefndin hafi átt samstarf við fjölda aðila sem komu að eftirliti með matvælum á vegum ríkisins og erlendar stofnanir en ekki við aðila sem framkvæma matvælaeftirlit á vegum sveitarfélaga eða samtök sveitarstjórnarmanna til að afla upplýsinga um starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Einungis kemur fram að formanni og framkvæmdarstjóra Sambands ísl. sveitarfélaga hafi verið kynntar helstu niðurstöður nefndarinnar.

Herra forseti. Það á við um þessa vinnu sem ég er að vitna til þegar var verið að skoða hvort það ætti að koma á einni matvælastofnun nákvæmlega það sama og á við um Umhverfisstofnun að ekki var haft samband við þá aðila sem framkvæma eftirlitið á vegum sveitarfélaganna. Svo að ég vitni hér áfram í Heilbrigðiseftirlit Austurlands:

„Tekið skal fram að þegar vitað varð að skýrsla þessi var í vinnslu fór stjórn Samtaka Heilbrigðiseftirlitssvæða ... á fund Orra Haukssonar, formanns nefndarinnar, og vakti athygli hans á að nauðsynlegt væri að ræða við aðila á vegum sveitarstjórnarstigsins. Það var sem sé ekki gert. Að mati undirritaðrar er hér um slæleg vinnubrögð að ræða, enda í skýrslunni settar fram fullyrðingar og rangfærslur um matvælaeftirlit sveitarfélaganna og heilbrigðiseftirlitið.

Sé til þess vilji að færa matvælaeftirlit það sem sveitarfélögin reka til ríkisins, þá þarf að skoða alla fleti málsins og einnig að íhuga hvaða afleiðingar slík tilfærsla hefur í för með sér, ekki bara fyrir matvælaeftirlitið, heldur einnig fyrir þann hluta heilbrigðiseftirlits sem ekki er lagt til að breyta." — Og því er lagt til að sveitarstjórnarmenn á Austurlandi kynni sér þetta vel.

Þar sem þetta er hugsanlega undirrót að þeirri hugmynd að koma hér á einni Umhverfisstofnun, þá ætla ég að fá að grípa niður í aðeins fleiri atriði í þessum athugasemdum. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sinnir auk matvælaeftirlits umhverfiseftirliti/mengunareftirliti, tóbakseftirliti, eiturefnaeftirliti og almennu heilbrigðiseftirliti. Um helmingur starfstíma heilbrigðisfulltrúa fer í matvælaeftirlit og þótt um einhverja sérhæfingu sé að ræða þurfa allir starfsmenn að geta sinnt eftirliti á öllum þessum sviðum, einkum í dreifbýlinu, þar sem fáir starfsmenn sjá um eftirlit á stórum landsvæðum. Verði matvælaeftirlit fært frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna standa eftir litlar einingar og óburðugar. Einnig ber að hafa í huga að með slíkri tilfærslu yrði eftirlit flóknara, því skólar, veitingastaðir, sjoppur, matvöruverslanir og aðrir þeir sem sýsla með matvæli þyrftu eftirlit frá Matvælastofu" — hérna er vitnað til hennar — „en einnig frá heilbrigðiseftirliti hvað varðar aðrar tegundir eftirlits ... Þannig yrðu tveir eftiritsaðilar í stað eins núna. Í stað þess að einfalda og létta eftirlitsþegum lífið yrði hér um íþyngjandi ákvörðun að ræða." Í skýrslu ráðgjafarnefndar um framtíðarskipan opinbers eftirlits segir: „Samþætta skal framkvæmd eftirlitsins þannig að sami skoðunarmaður geti í sem flestum tilfellum framkvæmt allt eftirlit sem framkvæma þarf hjá hverjum eftirlitsþega."

*Farið er yfir ýmsar fullyrðingar sem snúa að starfsmönn*um heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og í það látið skína að til Umhverfisstofnunar eigi eingöngu að ráða fólk með háskólamenntun en benda má á að heilbrigðisfulltrúarnir eru allir með góða menntun og háskólamenntun á sínu sviði, (Gripið fram í.) já, þannig að ég vil láta það koma fram varðandi heilbrigðisfulltrúna að þeir eru einnig vel menntaðir og hæfir starfsmenn.

Hér var ég að vitna til þeirra hugmynda sem fram komu varðandi matvælastofu eða stofnun sem var hugsanlega undirrótin að þessum breytingum en með Umhverfisstofnun er verið að leggja það sem m.a. sveitarfélög sinna núna undir opinbera stofnun og verið er að taka tvö ráð, embætti veiðistjóra og hreindýraráð og ráð um dýravernd undir Umhverfisstofnun. Ég vil sérstaklega benda á að það hefur tekið þó nokkurn tíma að koma hreindýraeftirliti þannig fyrir að eftirlitið sé virkt, að hægt sé að beita viðurlögum við brotum og núna fyrst er hreindýraráð að ná nokkuð góðri fótfestu og virkni. Ég legg á það höfuðáherslu að það fái að starfa í núverandi mynd og starfi á Austurlandi. Hreindýrin eru á Austurlandi og þetta skiptir svæðið miklu máli. Og þó svo að lagt sé til að starfandi verði einhvers konar ráðgjafarnefnd og að starfsmaður hreindýraráðs verði búsettur á Austurlandi, þá er það ekki það sama og að hreindýraráð eins og það er núna starfandi verði á Austurlandi. Það er allt annar hlutur.

Ég tel að vinna þurfi þetta mál miklu betur. Það að láta starfsmenn þessara stofnana sitja fyrir hvað varðar ráðningu eingöngu fyrsta árið finnst mér aldeilis óviðunandi og skapar mikla óvissu hjá núverandi starfsmönnum. Eins vil ég benda á að staða rannsóknastofunnar verður algjörlega í lausu lofti

og ég dreg í efa að það verði ódýrara fyrir þessa ríkisstofnun að kaupa allar rannsóknir sem hún þarf að láta fara fram á sviði matvælaeftirlits eins og hér er í raun og veru gerð tillaga um.

Þó svo að ég hafi, herra forseti, vitnað í þessar grunnhugmyndir um matvælastofu, þá er það óuppgert mál. Það hefur ekki verið gengið frá því á milli ráðuneytanna, umhvrn., landbrn. og sjútvrn., hvort þessi matvælastofnun eigi að vera starfandi og hvernig henni verður þá fyrir komið. Það hefði verið hið minnsta. Ég hefði talið algjört frumskilyrði að sú skipulagsbreyting yrði þá rædd samhliða þessari en ekki að taka Hollustuvernd og heilbrigðiseftirlitið inn í nýja stofnun sem heitir Umhverfisstofnun og svo hugsanlega eftir einhvern tíma að fara að búa til eitthvað sem héti Matvælastofnun. Þetta á auðvitað að vinnast samhliða og í samráði við það starfsfólk sem hefur sinnt þessum verkefnum og hefur hugmyndir um það hvernig eigi að koma þessu fyrir. Það á að gefa þessu nokkurn tíma. Það á að byrja á því að ráða forstöðumann. Hugsanlega er það hvatinn að þessu öllu saman, að fá stöðu fyrir ákveðinn forstöðumann en gefa þessu svo tíma að gerjast og finna flöt fyrir þær breytingar sem hér á að fara að ákveða út í loftið, hvernig þetta eigi allt saman að virka sem ein stofnun, að fara svo í það í framhaldinu. Mér finnst það nokkuð ábyrgðarlaust að fara í þá vinnu eftir að við höfum samþykkt þessi lög. Það á auðvitað að vinna þetta miklu lengra áður en við förum í slíkar breytingar en það er ekkert heilagt, hvorki þessar stofnanir né aðrar en við eigum að vanda vinnubrögðin betur en gert er hér.

[18:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég ætla bara að fá nánari skýringu á því frá hv. þm. hvað hún meinar með því að starfssvið heilbrigðisfulltrúa muni breytast eitthvað með lögum um Umhverfisstofnun. Ég veit ekki til þess að starfssvið heilbrigðisfulltrúa breytist neitt með þessum lögum. Og vegna þess að hv. þm. hafði sérstaklega orð á því að þeir hefðu áhyggjur af stöðu sinni, þá vildi ég að fá að vita hvað það er nákvæmlega sem hv. þm. er að meina.

[18:58]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú. Hvað varðar stöðu heilbrigðisfulltrúanna sem nú eru starfandi, þegar slík uppstokkun er fyrirhuguð eins og hér er kynnt án þess að það sé útfærsla á þeim hugmyndum. Það á eftir að vinna hvernig þessi stofnun á að starfa í framtíðinni, það er sú vinna sem m.a. forstöðumanni er ætlað að stýra, og þá eru starfsmenn auðvitað óöruggir með sinn hag um hvernig starfsvettvangur þeirra verður, hvort hann verður óbreyttur eða hvort hann verður á þá lund sem hugmyndir voru um með matvælastofnun. Eða finnst hv. þm. það óeðlilegt að miðað við það frv. sem hér liggur frammi, þegar það á eftir að vinna útfærsluna, að starfsmennirnir séu uggandi um stöðu sína?

[18:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það þá þannig að hv. þm. sé að meina að hugsanlega kæmi einhver matvælastofnun síðar og þá ættu heilbrigðisfulltrúarnir hugsanlega að hafa einhverjar áhyggjur af sinni stöðu, ef matvælastofnun yrði einhvern tíma sett á laggirnar. Ég held að hv. þm. sé að hafa áhyggjur langt fram í tímann og að ástæðulausu og engin ástæða til að vera að blanda stöðu heilbrigðisfulltrúa sem eru með ákveðin svæði samkvæmt ákveðnum lögum inn í þessa umræðu því að það á engan veginn við.

[19:00]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort sem það á við eða ekki, þá er staðan sú að verið er að setja á fót stofnun sem er ekki fullmótuð og vissulega hafa þeir starfsmenn sem vinna við viðkomandi stofnanir og þau sveitarfélög sem þetta snertir áhyggjur. Og ekki bara hvað varðar starfsmennina heldur líka verkefnin. Auðvitað hafa menn áhyggjur. Það hefði hugsanlega verið hægt að draga úr þeim áhyggjum ef verkið hefði verið komið lengra á veg en hér er.

[Fundarhlé. — 19:01]

[19:29]

Frsm. 2. minni hluta umhvn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Þann 22. mars sl., ef mig misminnir ekki, boðaði hæstv. umhvrh. til fréttamannafundar og lýsti þar fyrirætlan sinni að setja á fót nýja Umhverfisstofnun, sameina nokkrar stofnanir ráðuneytisins. Hér stöndum við sex vikum síðar. Þetta mál hefur verið afgreitt með miklum hraði svo ekki sé dýpra í árinni tekið í hv. umhvn. Um málið voru haldnir þrír fundir. Málið var í nefndinni í rétt rúma viku og var tekið út úr henni 19. apríl sl.

Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta umhvn. sem ég rita undir ásamt hv. þm. Jóhanni Ársælssyni.

Annar minni hluti umhverfisnefndar Alþingis gagnrýnir vinnubrögð umhverfisráðuneytisins við undirbúning og framlagningu frumvarps til laga um Umhverfisstofnun. Frumvarpið var, eins og ég var að lýsa, afgreitt á mjög stuttum tíma í umhverfisnefnd Alþingis, umfjöllun um það var ófullnægjandi og mörgum spurningum er enn ósvarað um markmið, skipulag, verkefni og almenna starfsemi hinnar nýju Umhverfisstofnunar. Málið er því bæði vanbúið og ótímabært að okkar áliti. Nær hefði verið að undirbúa skipulagsbreytingar á stofnunum umhverfisráðuneytis betur og gefa útfærslu breytinganna meiri gaum. Þá hefði t.d. gefist kostur á því að huga að verkefnum á sviði umhverfismála sem heyra nú undir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti.

Að auki telja undirrituð að við endurskoðun sem þessa hefði verið skynsamlegra að skoða stofnanauppbyggingu umhverfisráðuneytisins í heild. 2. minni hlutinn gerir ekki lítið úr nauðsyn þess að huga að sameiningu ríkisstofnana í því augnamiði að gera rekstur þeirra hagkvæmari, skilvirkari og faglegri. Í því tilfelli sem hér um ræðir er undirbúningur og markmiðssetning sameiningarinnar öll í skötulíki og í þokkabót má skilja á umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið að eftir sem áður verði þeim stofnunum sem hér um ræðir naumt skammtað fé til rekstrar og því verði eftir sem áður aðeins unnt að sinna brýnustu verkefnum þeirra. Varla geta það talist háleit markmið á sviði umhverfismála.

Ég vil taka fram, herra forseti, að því fer fjarri að við fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. umhvn. séum því mótfallin að ræða skipulagsbreytingar á þessu sviði eða skipulagsbreytingar á sviði stofnanauppbyggingar í umhverfismálum en eins og áður hefur verið frá greint í umræðunni hafa verið á floti hugmyndir um matvælastofnun að evrópskri fyrirmynd eða eins og verið er að setja á fót innan Evrópusambandsins og því hefðum við haldið að kannski hefði mátt nota ferðina til þess að gera þetta vandlega og huga betur að því hvað

heyrði undir væntanlega matvælastofnun, hvað undir Umhverfisstofnun og hvernig ætti að sinna rannsóknarþættinum sem líka heyrir undir umhvrn.

En ég ætla að tíunda aðeins nánar rök okkar sem skipum 2. minni hluta umhverfisnefndar fyrir því að leggjast gegn stofnun Umhverfisstofnunar með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpi umhverfisráðherra.

Það er álit 2. minni hluta að réttast hefði verið að skipa fyrst starfshóp til að undirbúa sameiningu þessara stofnana og að sá starfshópur hefði átt að hafa náið samráð við starfsmenn stofnananna um fyrirkomulag sameiningarinnar og verkaskiptingu. Einboðið er að fulltrúar starfsmanna eigi sæti í starfshópi sem skipaður verður samkvæmt frumvarpinu verði það að lögum.

Hæfniskröfur til forstjóra eru ekki skýrar utan að viðkomandi á að hafa háskólamenntun. Ekki er því talið nauðsynlegt að forstjórinn hafi sérþekkingu á viðfangsefnum stofnunarinnar en engu að síður hefur hann síðasta orðið um mannaráðningar. Í nýrri Umhverfisstofnun getur einnig hæglega komið til hagsmunaárekstra innan húss, t.d. ef Náttúruvernd ríkisins leggst gegn veitingu starfsleyfis sem Hollustuvernd þarf svo að taka afstöðu til. Hver á þá að vera úrskurðaraðili innan stofnunarinnar, herra forseti? Forstjóri sem e.t.v. hefur ekki sérþekkingu á því máli sem fjallað er um? Þennan hnút þarf að leysa áður en af sameiningu framangreindra stofnana getur orðið.

Lagt er til í frumvarpinu að hreindýraráð verði lagt niður en áfram á að hafa einn starfsmann á Austurlandi. Í umsagnarbréfi hreindýraráðs er ekki gerð athugasemd við að yfirstjórn hreindýramála verði hjá Umhverfisstofnun en skipulagning veiðanna verði áfram í höndum heimamanna. Lögð er áhersla á að áfram verði starfandi ráðgefandi hreindýraráð sem umhverfisráðherra skipi. Hreindýraráð fengi hlutverk ráðgjafarnefndar um vernd, veiði og nýtingu hreindýrastofnsins á Austurlandi. Við þessu er ekki orðið í frv.

Í umsögn Skotveiðifélags Íslands kemur fram að félagið telur embætti veiðistjóra eiga að vera í Reykjavík, enda búi um 80% íslenskra skotveiðimanna á höfuðborgarsvæðinu. Þá er bent á að sum verkefni embættisins mætti bjóða út, t.d. námskeiðahald og útgáfu veiðikorta.

Vegna þess hversu flýtirinn var mikill við afgreiðslu frv. hefur í raun ekki gefist tóm til að athuga þau atriði betur sem hér er verið að benda á.

Áhyggjur af sessi matvælaeftirlits innan hinnar nýju stofnunar koma til dæmis fram í umsögn Samtaka iðnaðarins. Þar segir m.a. að samtökin telji nær að efla matvælaeftirlit fremur en draga úr því eins og veruleg hætta virðist á að þeirra áliti ef málefni matvæla verða gerð að lítt skilgreindum hluta mun stærri stofnunar. Er hér komið aftur inn á það sem ég nefndi í upphafi, herra forseti, um nauðsyn þess að skipuleggja slíka hluti heildstætt og ef það er ætlan stjórnvalda að setja á stofn matvælastofnun, þá er það skoðun þeirrar sem hér stendur að betra hefði verið að horfa á allt sviðið eins og það liggur fyrir núna en ekki bara til Hollustuverndarinnar og Náttúruverndar ríkisins auk þeirrar litlu stofnunar sem hér heyrir undir líka.

Starfsmenn eru uggandi um sinn hag. Fram kom á fundi umhverfisnefndar að starfsfólk matvælasviðs Hollustuverndar hafi áhyggjur af því að sviðið verði utan garðs í hinni nýju stofnun. Starfsfólk eiturefna- og mengunarsviðs er hins vegar jákvætt gagnvart breytingunni, ekki síst í ljósi þess að það á að flytjast í nýtt og boðlegt húsnæði. Starfsmenn Náttúruverndar ríkisins fluttust í nýtt húsnæði árið 2000 en eins og gefur að skilja tekur nokkurn tíma að koma sér fyrir á nýjum stað og því bera menn nokkurn kvíðboga fyrir flutningi enn á ný. Til þess að eyða óvissu vegna hins hugsanlega sameiningarferlis verður m.a. að tryggja starfsmönnum sæti í undirbúningshópnum sem á að setja á fót, eða starfshópnum eins og hann heitir, og sjá til þess að þeir hafi aðgang að öllum upplýsingum um ferlið. Réttarstöðu starfsmanna þarf líka að skýra betur, t.d. það ákvæði til bráðabirgða að starfsmenn eigi forgang til starfa á fyrsta starfsári stofnunarinnar en það orkar tvímælis.

Hlutfallsleg stærð þeirra stofnana sem á að sameina er einnig umhugsunarefni eins og bent hefur verið á, m.a. í umsögn dýraverndarráðs. Þar segir, með leyfi forseta:

„Dýraverndarráð bendir á að þær stofnanir og nefndir sem ætlunin er að sameina í Umhverfisstofnun eru misstórar og ráðið telur mikla hættu á að ekki verði jafnræði með þeim. Í þessu sambandi má nefna að dýraverndarráð hefur í dag einn starfsmann í 25% starfshlutfalli, hreindýraráð hefur einn starfsmann, embætti veiðistjóra á Akureyri fimm starfsmenn, Náttúruvernd ríkisins 17 starfsmenn á móti 50 starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins. Að mati dýraverndarráðs verður í lagafrumvarpinu að vera tryggt að starfsemi minni einingana beri ekki skaða af sameiningunni. Einnig verður að koma skýrt fram hvernig slík sameining á að auka hagræðingu en það er að mati ráðsins ekki nægilega vel rökstutt." Óhætt er að taka undir hvert einasta orð í þessari umsögn, herra forseti.

Eftirlit með alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála er í lausu lofti og óljóst hvernig þeim verður framfylgt. Svo virðist sem lítill skilningur sé innan umhverfisráðuneytisins á mikilvægi þeirrar þekkingar sem aflað hefur verið innan Náttúrufræðistofnunar Íslands á framkvæmd og eftirliti með alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála. Ekki er hægt að draga aðra ályktun af þeirri hugmynd að flytja þessi verkefni til Umhverfisstofnunar án þess að kveða nánar á um hvernig skuli að því staðið. Fram kom í máli fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem kom á fund umhvn., að þar á bæ þætti eðlilegt að stækka starfshópinn títtnefnda sem undirbúa á starfsemi Umhverfisstofnunar, m.a. með tilliti til þessa verkefnisflutnings.

Einnig verður að teljast fráleitt, herra forseti, að kveða á um það í lögum, sbr. 1. gr. frumvarpsins, að stofnunin skuli vera í Reykjavík. Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði og það hlýtur að ráðast af framboði hentugs leiguhúsnæðis á svæðinu hvar hagkvæmt verður að setja hina nýju stofnun niður ef af henni verður.

Að síðustu skal á það bent að það er til lítils að sameina nokkrar fjársveltar stofnanir og gera úr þeim eina stóra fjársvelta Umhverfisstofnun. Sem dæmi má nefna að forstjóri Hollustuverndar telur að um 150 millj. kr. vanti árlega til þess að stofnunin geti staðið undir skuldbindingum sínum vegna EES-samningsins. Hvert verður í raun sóknarfæri hinnar nýju Umhverfisstofnunar ef framlög þessarar starfsemi verða áfram skorin niður við trog?

Þá verður að teljast óraunhæft með öllu að kostnaður við flutning þessara fimm stofnana undir eitt þak verði ekki neinn eins og haldið er fram í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið. Verði af þessari sameiningu er ljóst að gera verður ráð fyrir flutningskostnaði í fjárlögum 2003 en fram kom í máli forstjóra Náttúruverndar ríkisins, sem hefur mjög nýlega og góða reynslu af flutningi stofnunar sinnar, að

kostnaðurinn gæti numið allt að 40 millj. kr., herra forseti, þ.e. kostnaðurinn við flutning og sameiningu stofnananna.

Annar minni hluti umhvn. telur fagleg samlegðaráhrif af sameiningu þessara stofnana geta verið jákvæð til lengri tíma litið en undirbúningi sameiningarinnar er ábótavant í öllum aðalatriðum sem sést best á því að við erum að ræða frv. í 2. umr. sex vikum eftir að hæstv. umhvrh. hélt blaðamannafundinn þar sem hún tilkynnti um þessa ákvörðun. Því leggst 2. minni hluti umhvn. gegn því að frumvarp til laga um Umhverfisstofnun verði samþykkt.

Þetta nefndarálit, herra forseti, er undirritað af þeirri er hér stendur og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni.

[19:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál því að sjónarmiðum hefur verið ítarlega lýst af hálfu stjórnarandstöðunnar og fyrir okkar hönd hefur hv. þm. Þuríður Backman talað. En við fyrri umræður málsins hefur fulltrúi okkar í umhvn., hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, gert ítarlega grein fyrir afstöðu sinni sem annars birtist í minnihlutaáliti.

Herra forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að mótmæla vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í málinu og þá sérstaklega hæstv. umhvrh. Það á ekki að þekkjast að róttækar breytingar séu gerðar í stjórnsýslunni með þessum hætti. Hér er sett inn á borð alþingismanna rétt fyrir þinglok frv. sem felur í sér uppstokkun á stjórnsýslunni. Ekki gefst tími til að senda frv. til umsagnar heldur eru kallaðir inn þeir aðilar sem málið snerta til þess að fjalla um það án þess að þeim gefist tóm og kostur til að kynna sér málið til hlítar. Síðan er það borið á milli manna hver afstaðan sé og hvernig hún kunni að hafa breyst. Þessi vinnubrögð eru mjög ámælisverð og skrifast algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, í þessu tilviki hæstv. umhvrh.

Frumvarpið felur að auki í sér kerfisbreytingar sem við teljum vera mjög vafasamar. Þær munu leiða til aukinnar miðstýringar, þær munu hafa það í för með sér að störf sem eru og hafa verið á landsbyggðinni munu flytjast á suðvesturhornið. Það er staðreynd. Ég vil einnig leggja áherslu á að það er mjög slæmt þegar verið er að hringla til í stjórnsýslunni eins og hér hefur verið gert á þessu málasviði. Komið hefur verið á fót ákveðnu skipulagi sem hefur tekið sinn tíma að festa sig í sessi og skjóta rótum og það hefur gefist ágætlega. Það á enn eftir að koma reynsla á annað og að rífa þá starfsemi upp með rótum eins og hér er lagt til er mjög ámælisvert og mér finnst það hryggilegt að slíta þinginu, sem er fyrirsjáanlegt að verði í allra næstu framtíð, það styttist í þinglokin, það gera sér allir grein fyrir því. Við erum komin marga daga fram yfir áætluð þinglok og ljóst er að ríkisstjórnin ætlar með offorsi að keyra þetta mál í gegn. Það er mjög gagnrýnivert. Þótt hæstv. umhvrh. hlæi að þessu máli, þá gera starfsmenn sem þetta snertir það ekki. Það er mjög ámælisvert að gera þetta svona. Og þegar menn nota sér síðan starfsmenn sem skálkaskjól eins og gert hefur verið í umræðunni og sagt hefur verið að þeir þoli ekki biðina, að sjálfsögðu þolir fólk biðina ef það veit að taka á málefnalega á málum þeirra og á vandaðan hátt. En það er ekki gert með þessum vinnubrögðum. Á þeirri forsendu lýsi ég yfir mikilli andstöðu við þetta lagafrv.

[19:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um Umhverfisstofnun og hafa nokkrir hv. þm. farið nokkuð yfir það. Ég mun einbeita mér að umræðunni um hreindýraráð en það er eitt af því sem gert er ráð fyrir að leggja niður með frv. Í raun má segja að starfsemi þess sé skilin eftir í lausu lofti. Það á að vísu að færast undir hina nýju stofnun en er á engan hátt útfært hvernig þeim verkefnum sem hreindýraráð hefur haft með höndum verður sinnt af hálfu stofnunarinnar.

Þetta mál er miklu stærra en það lítur kannski út fyrir. Nú eru rúm tíu ár síðan unnið var að því að koma þeirri starfsemi sem heyrir undir hreindýraráð heim í hérað, eins og við getum kallað það. Það var hluti af valddreifingu, því að færa verkefni sem eiga heima í ákveðnum landshluta út í landshlutann. Ráðið var staðsett þarna af þeirri einföldu ástæðu að hreindýrin eru ekki í öðrum landshluta heldur en á Austurlandi. (**PHB:** Hvað með krókódíla?) Það kann að verða næsta verkefni, hv. þm., sem væri kannski eðlilegt að velta fyrir sér ef sett verður ráð um krókódíla, sem við vonumst til að verði nú fljótlega fluttir til Húsavíkur, það yrði þá málefni þess sveitarfélags að hlutast til um mál þeirra ágætu dýra.

Þannig á það auðvitað líka að vera um hreindýrin. Hreindýrin skapa auðvitað ýmsa möguleika þó þau skapi líka ýmsan vanda og það er eðlilegt að slík mál séu í höndum heimamanna. Það tókst fyrir rúmlega tíu árum að færa þessa ákvörðunartöku úr ráðuneytunum hér í borginni og ég held að enginn geti bent á að það hafi skaðað málaflokkinn. Fremur væri hægt að benda á að gengið hafi mun betur að sinna þessu en áður var. Þess vegna er það mikil öfugþróun að nú árið 2002 skuli lagt fram frv. um að taka þetta aftur úr höndum Austfirðinga og færa undir stofnun í borginni, ekki síst miðað við ýmislegt sem fram hefur komið um það hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þessarar stofnunar. Það er auðvitað afar sérkennilegt að það skuli síðan eiga að vera í höndum starfshóps að útfæra allt málið. Það er allt saman eftir.

Þá vekur auðvitað athygli, þegar skoðuð er samsetning starfshópsins, að þar er ekki tryggð nokkur aðkoma þeirra sem hafa fram til þessa unnið að málefnum hreindýranna þannig að þar skortir líka á.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. umhvrh. að því hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra hefur um ábendingar sem m.a. koma fram í áliti meiri hluta umhvn., skref sem stigin eru í rétta átt í þessu máli, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að hreindýraráð verði lagt niður en verkefni þess og hlutverk færist undir Umhverfisstofnun. ... Fram kom í umfjöllun nefndarinnar ábending um að vegna eðlis málsins sé rétt að áfram starfi hreindýraráð í einhverri mynd og það verði fyrst og fremst ráðgefandi fyrir Umhverfisstofnun. Meiri hlutinn leggur til að þessi hugmynd verði skoðuð af þeirri nefnd sem mun undirbúa stofnun Umhverfisstofnunar."

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að hæstv. umhvrh. tjái sig um hvort það verði ekki tryggt í erindisbréfi starfshópsins að þessi hugmynd verði sérstaklega skoðuð. Ég trúi því ekki að menn ætli á árinu 2002 að snúa alla leið til baka, þ.e. taka málefni hreindýra á Austurlandi til baka til höfuðborgarinnar. Eins og ég sagði áðan væri það þvílík afturför að ekki er hægt að trúa því að menn fari þá leið til enda.

Til viðbótar, herra forseti, er óhjákvæmilegt að velta því upp og líklega er rétt að beina því til formanns umhvn., hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, að gerð er tillaga af hálfu

meiri hlutans um breytingu á staðsetningu stofnunarinnar. Mér hefði þótt töluvert meiri reisn yfir því ef sú tillaga hefði verið orðuð þannig að stofnunin skyldi staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. Það er hins vegar haft þannig að hún verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þá tel ég nauðsynlegt að fá upplýsingar frá hv. þm. um merkingu þessa orðs „höfuðborgarsvæðið"? Í hvaða merkingu er það notað? Það er misjafnt hvað menn telja til höfuðborgarsvæðisins. Ég held að það sé hægt að horfa til þess í víðasta skilningi, að það sé í austurátt Árborg, í norðurátt a.m.k. Akranes og síðan getum við sagt suður á Reykjanestá, þetta sé höfuðborgarsvæðið. Síðan má þrengja þetta enn frekar. Það má fara yfir í að horfa á höfuðborgarsvæðið svo þröngt að það sé rétt Reykjavíkurkjördæmin bæði, síðan kraginn þar um og örlítið kannski sunnar, kannski Hafnarfjörður einnig. Þetta er að vísu þröng skilgreining. Skilgreiningarnar eru sem sagt margar. Það er auðvitað nauðsynlegt, áður en þetta frv. kemur til afgreiðslu, að það liggi ljóst fyrir hvað meiri hluti nefndarinnar á við með hugtakinu „höfuðborgarsvæðið".

En fyrst ég er farinn að ræða um þessa staðsetningu væri auðvitað, eins og ég sagði áðan, miklu meiri reisn yfir því ef nefndin hefði komist að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að stefna ætti að því að þessi stofnun væri staðsett utan höfuðborgarsvæðisins vegna þess að stærsti hlutinn af þeim verkum sem menn eru að sinna á þessu sviði eru meira og minna um landið allt. Ýmsar rannsóknir sem þarna tengjast o.s.frv. eiga auðvitað ekki síður heima vítt og breitt um landið. Að því væri eðlilegt að stefna. En ég geri mér grein fyrir því að það verður ekki gert á þeim örfáu mínútum sem við eigum eftir að ræða þetta frv., að fá þessa breytingu fram. En vegna þessa er lykilatriði að formaður nefndarinnar, hv. þm. Magnús Stefánsson, skýri fyrir okkur hvernig nefndin skilur hugtakið „höfuðborgarsvæðið".

Herra forseti. Ég læt þetta duga að sinni en vænti þess að hæstv. ráðherra svari skilmerkilega því hverjar skoðanir hennar eru á að þess verði látið getið í starfslýsingu starfshópsins sem starfa mun eftir að frv. verður samþykkt að hann skoði þetta mál býsna vel.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt, vegna miða sem ég fékk í ræðustóllinn, að velta upp enn einni skilgreiningunni á höfuðborgarsvæðinu sem er ábyggilega ekki mikið vitlausari en margar aðrar og kemur vissulega til greina að sé notuð, með þeim fyrirvara að þetta gæti orðið síbreytilegt. Þessi tillaga um skilgreiningu á höfuðborgarsvæðinu hljóðar þannig að höfuðborgarsvæðið sé það svæði sem nú er á milli álvera.

[19:53]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson velti fyrir sér því sem fram kemur í frv. um staðsetningu stofnunarinnar. Það kom fram hjá fulltrúum ráðuneytisins að tillagan í frv., um að stofnunin sé staðsett í Reykjavík, markaðist fyrst og fremst af því að með því væri ekki verið að raska högum starfsfólks. Þær stofnanir sem verið er að sameina, þ.e. fyrst og fremst Hollustuverndin og Náttúruvernd ríkisins, eru staðsettar í Reykjavík. Eftir umfjöllun í nefndinni var niðurstaðan sú að gera tillögu um þá breytingu að stofnunin yrði staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Það liggur að vísu ekki fyrir formleg skilgreining á höfuðborgarsvæði, að því er ég best veit, en ég hygg að menn hafi haft í huga svæði sem hv. þm. reyndar nefndi, Reykjavík og kragann. Það er alla vega minn skilningur. Ég geri hins vegar ráð fyrir að umhvrn. muni vinna úr því.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að í nál. 2. minni hluta, sem fulltrúar Samfylkingarinnar standa að, er fjallað um þetta og þar telja hv. þm. fráleitt að kveða á um það í lögum að stofnun skuli staðsett í Reykjavík, höfuðborgarsvæðið sé eitt atvinnusvæði og það hljóti að ráðast af framboði hentugs leiguhúsnæðis á svæðinu hvar hagkvæmast er að setja niður stofnunina. Ég sé að hv. þm. 2. minni hluta eru sammála meiri hlutanum hvað þetta varðar. Það er auðvitað ánægjulegt mál.

Ég hygg að ég hafi svarað spurningu hv. þm. og vona að hann sé sáttur við það.

[19:55]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir skýr svör þó að ég sé að vísu ekki að öllu leyti sammála skilgreiningunni á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að það eigi að skilgreina höfuðborgarsvæðið eins vítt og nokkur kostur er. (**KPál:** Og Suðurnesin með.) Ég tel t.d. mjög eðlilegt að hv. þm. Kristján Pálsson, fyrst hann grípur hér fram í, sé staðsettur á höfuðborgarsvæðinu. Eins og kom fram í máli hv. þm. er höfuðborgarsvæðið eitt atvinnusvæði. Hv. þm. Kristján Pálsson sýnir okkur fram á að hann er á sama atvinnusvæði með því að fara daglega á milli heimilis síns og vinnustaðar í miðborg Reykjavíkur. Ég held þannig að það sé ekki vandamál.

Síðan er auðvitað spurningin, þegar við erum að staðsetja stofnanir eins og þá sem hér er til umræðu, hvort síðra sé að ákveða að höfuðstöðvar stofnunarinnar séu á einhverjum ákveðnum stað. Ég held að við eigum hins vegar að horfa til þess að reyna að dreifa stofnunum sem allra mest um landið þannig að þær séu sem næst starfsvettvangi. Við eigum að reyna að hafa starfsstöðvar sem víðast og tengja þær síðan saman. Það er kominn tími til að hinn opinberi geiri átti sig á því að það hafa orðið töluverðar tæknibreytingar, ekki síður á Íslandi en meðal annarra þjóða. Það er auðvitað kominn tími til þess að hinn opinberi geiri nýti sér það sem allra mest. Ég er alveg sannfærður um að þessi ágæta stofnun getur nýtt sér töluvert þá nýju tækni sem komin er til skjalanna til að tryggja það að starfsfólk stofnunarinnar þurfi ekki allt að vera búsett á einhverjum litlum radíusi frá höfuðstöðvunum.

[19:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðurnar um þetta mál. Það hefur komið fram í máli nokkurra hv. þingmanna að við hefðum betur skoðað málefni eða stofnanir sem falla undir landbrn. og sjútvrn. við þessa uppstokkun. Eins og ég skýrði fyrr í umræðunum um þetta mál skoðuðum við einungis stofnanir umhvrn. Það er mun flóknara að skoða málaflokka sem tilheyra öðrum ráðuneytum. Ég tel málið það gott að við ákváðum að gera þetta svona, þ.e. skoða ekki stofnanir annarra ráðuneyta og bíða ekki eftir Matvælastofnun sem ég tel að verði stofnuð innan skamms. Það er mikill vilji til þess. En vegna þess að málið er til bóta fyrir umhverfismál í landinu var ákveðið að gera þetta strax en bíða ekki eftir hugsanlegum breytingum á öðrum sviðum.

Hér hefur komið fram í umræðunum að störf flytjist af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið með þessu frv. og með stofnun Umhverfisstofnunar. Þetta er alrangt. Ég undirstrika að þetta er alrangt. Ef eitthvað er skapast tækifæri fyrir aukna

starfsemi úti á landsbyggðinni. Sú starfsemi sem núna fer fram á Akureyri og á Austurlandi, þar sem verða útibú nýrrar Umhverfisstofnunar, er mun einhæfari en sú starfsemi sem fram fer hjá nýrri Umhverfisstofnun. Það skapast tækifæri til að flytja störf á verksviði Hollustuverndar og verksviði Náttúruverndar út á landsbyggðina eftir að nýja stofnunin hefur tekið til starfa. Við vitum ekki nákvæmlega hvenær það mundi gerast en allt bendir til þess að útibúin muni sinna fjölbreyttari starfsemi hjá Umhverfisstofnun en nú er hjá veiðistjóraembættinu og hreindýraráði.

Hér var spurt sérstaklega um starfsemina á sviði hreindýramála. Það kemur fram í almennum athugasemdum með frv. að starfsemin sem nú fer fram á sviði hreindýramála verður áfram á Austurlandi. Það er því alls ekki þannig, eins og hv. þm. Einar Már var að ýja að, að færa ætti þá starfsemi til Reykjavíkur. Það er alls ekki meiningin og hefur komið skýrt fram í umræðunni um þetta mál.

Ég tel eðlilegt að fara þá leið sem meiri hluti umhvn. bendir á, þ.e. málið verði skoðað í starfshópnum sem undirbúa mun skipuritið fyrir Umhverfisstofnun, starfshópurinn er tilgreindur í ákvæði til bráðabirgða undir lið nr. 2. Ég tel eðlilegt að sá hópur skoði þessa hugmynd og hvernig hægt er að koma þeirri ráðgjöf sem farið hefur fram hjá hreindýraráði til Umhverfisstofnunar í nýrri mynd. Ég tek undir að slík hugmynd verði skoðuð.

Varðandi það hvernig unnið er að þessu máli er ég ósammála því að illa sé staðið að undirbúningi málsins. Ég tel eðlilegt að gera þetta með þessum hætti, þ.e. að ákveða að stofna Umhverfisstofnun og síðan setji forstöðumennirnir ásamt ráðuneytinu upp skipurit fyrir hina nýju stofnun og þetta verði gert hratt. Það hefur komið fram að forstöðumennirnir styðja þessa aðferð og telja að ganga eigi frá málinu hratt en ekki að fara í hægfara sameiningu. Þess vegna tel ég þetta rétta aðferð.

Ég vil leiðrétta tvennt sem hér hefur komið fram. Í fyrsta lagi hefur komið fram hjá 1. minni hluta að umhvrh. hafi símleiðis talað við forstöðumenn nokkrum stundum áður en þetta mál kom í fjölmiðlum. Það er alrangt. Þetta mál var kynnt á fundi með forstöðumönnum síðasta haust úti í Viðey. Það er afar langt síðan. Það er því ekki eins og þetta mál hafi komið upp í einhverjum símtölum nokkrum stundum áður en það kom fram í fjölmiðlum, alls ekki.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt því fram að ég hefði verið að hlæja að þessu máli en það var alls ekki þannig. Ég var að hlæja að orðum hans um að þingstörfum mundi ljúka í nánustu framtíð. Ég vil alls ekki að það komi fram í þingtíðindum að ég hafi gert lítið úr þessum málum eins og hv. þm. hélt fram hér.

Virðulegi forseti. Ég tel eðlilegt, óski umhvn. eftir því, að hún hitti starfshópinn sem undirbýr stofnun Umhverfisstofnunar. Ég mun beita mér fyrir því að sá starfshópur kynni þetta mál fyrir hv. umhvn. ef nefndin óskar eftir því, eftir því sem þessu máli vindur fram.

[20:02]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, að tryggt verði að starfshópurinn fari vel og vandlega yfir þær hugmyndir sem fram hafa komið um að hreindýraráð eða einhvers konar ráðgjafarnefnd verði starfandi áfram. Ég vil hins vegar leiðrétta hæstv. ráðherra, eða leiðrétta misskilning hafi einhver skilið orð mín svo áðan að ég væri að tala um að starfsmaðurinn sem hefur starfað á vegum hreindýraráðsins yrði fluttur suður til stofnunarinnar. Það var alls ekki ætlun mín að skiljast svo. Mér er fyllilega ljóst og það kemur fram í greinargerðinni að gert er ráð fyrir því að starfsemin haldi áfram að vera með svipuðum hætti en hæstv. ráðherra ýjaði einmitt að því að möguleiki væri á að efla það starf og skapa meiri fjölbreytni í því. Það er vonandi að svo verði.

Því miður verð ég að segja, að gefnu tilefni, að við höfum einmitt æðioft heyrt þennan vilja í orði en það hefur æðimikið skort á að hann kæmi fram í verki. Við munum væntanlega ræða það örlítið betur síðar í kvöld eða nótt þegar hér verður umræða um byggðaáætlun. Það er plagg sem við höfum oft fjallað um. Þar er bent á ýmislegt og loforð jafnvel margs konar en efndir hafa verið mun minni.

Það sem ég gagnrýndi hins vegar var að verið væri að færa ákvarðanatökuna um hreindýraveiðarnar, um ráðgjöfina og yfirstjórnina á málinu, burtu úr landshlutanum, færa hana suður. Ég vænti þess að flestir sjái hversu fjarstæðukennt það er, ef ég tek dæmi úr frammíkalli við mig áðan, að það yrði samþykkt á hinu háa Alþingi að öll ákvarðanataka um krókódíla — hugmynd hins ágæta fólks á Húsavík — skyldi fara undir Umhverfisstofnun ef þau dýr yrðu flutt til landsins. Á svipaðan hátt er auðvitað hægt að líta á hreindýrin því að þar er um að ræða staðbundinn stofn sem eingöngu er til í einum landshluta og er mjög lítt tengdur meintri staðsetningu stofnunarinnar. Ég trúi því vel að okkur sé treystandi til þess á Austurlandi að taka ákvarðanir sem tengjast hreindýrum.

[20:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að þetta mál væri ekki illa undirbúið. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það vera illa undirbúið. Ég var í þessari nefnd og mér finnst líka það sem hæstv. ráðherra sagði um leið segja sína sögu. Hér er tekin ákvörðun um að stofna umhverfisstofnun. Með hvaða hætti? Það er í raun og veru bara ákvörðun um að stofna þessa stofnun. Síðan er kosin nefnd sem á að sitja yfir því í sumar að búa til skipurit fyrir stofnunina. Það er verið að fjalla um þetta í Alþingi án þess að menn viti nokkuð meira um málið en það litla sem kemur fram í þessu frv. Ég tel ekki heppilegt að undirbúningi mála sé hagað með þessum hætti.

Mér finnst líka að hæstv. ráðherra hefði átt að svara einhverju um það sem kom fram í framsögu 2. minni hluta áðan, í máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, hvernig eigi að fara með hagsmunaárekstra sem verða innan þessarar stofnunar. Það er augljóst að þegar Hollustuvernd þarf að gefa út starfsleyfi og takast á við það að Náttúruvernd hafi lagst gegn einhverju tilteknu máli eru þessir hagsmunaárekstrar komnir inn í stofnunina. Ekki hefur verið hægt að upplýsa í umfjöllun nefndarinnar hvernig eigi að taka á svona málum.

Ég verð líka að segja alveg eins og er að mér verður á að spyrja: Hvernig hefði þessi stofnun farið með þau átakamál sem hafa verið í gangi að undanförnu, t.d. Kárahnjúkamál og önnur slík? Hvernig hefði þeim reitt af í gegnum stofnun af því tagi sem hér er á ferðinni? Hefur hæstv. ráðherra velt því fyrir sér?

[20:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þá spurningu sem hér kom fram eru henni gerð nokkur skil í nál. meiri hlutans. Ég get stiklað á stóru í því og er sammála því sem þar kemur

fram. Varðandi það sem hér hefur verið kallað hagsmunaárekstrar, þ.e. þegar Náttúruverndin gefur út álit um t.d. starfsleyfisveitingar, verður það þannig í nýju stofnuninni að náttúruverndarsjónarmiðin verða tekin til athugunar strax í upphafi og felld inn í starfsleyfistillöguna. Í staðinn fyrir að menn séu því að senda þetta á milli stofnana mun fagleg ráðgjöf Náttúruverndar ríkisins koma fyrr inn í vinnsluferlið og skila sér í betur útfærðum tillögum í starfsleyfi. Með þessu nýja fyrirkomulagi ættu starfsleyfistillögurnar að vera betur undirbúnar frá byrjun og hafa í för með sér aukna skilvirkni.

Hér kom fram að málið væri illa undirbúið. Ég er ósammála því. Ég tel eðlilegt að nefnd þeirra aðila sem hafa mesta og besta þekkingu á starfsemi stofnananna, þ.e. forstöðumennirnir sjálfir og fulltrúar frá umhvrn., setji upp skipuritið að þessari nýju stofnun. Það mun örugglega breytast í framtíðinni og menn setja ekki almennt lög um skipurit á hinu háa Alþingi. Það er alveg ljóst hvaða málaflokkar tilheyra hinni nýju stofnun. Það eru málaflokkarnir sem tilheyra Náttúruverndinni, Hollustuverndinni, dýraverndarráði, veiðistjóraembættinu og hreindýraráði. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni. Þetta er tiltölulega einfalt frv. Tæknilega séð er verið að sameina stofnanir sem eru með alveg ákveðið hlutverk í dag. Nýja stofnunin mun halda því meginhlutverki sem þar fer fram auk þess að bæta við sig að fara með alþjóðasamninga sem núna eru t.d. líka hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

[20:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru samt 25 lög sem gilda um þær stofnanir sem hér er verið að tala um. Kannski hefði verið ástæða til að fara yfir hvort ekki ætti að taka með einhverjum hætti á því að samræma þá lagasetningu alla sem mun þá gilda um þessa stofnun. 25 lög gilda um hana miðað við það sem hér liggur fyrir.

Ég verð líka að segja alveg eins og er að auðvitað er hægt að ná ákveðinni hagræðingu fram með því að blanda saman hinum ýmsu aðilum sem eiga að fjalla um mál eins og þau sem hér er verið að tala um. En er það heppilegt? Er heppilegt að koma nánast í veg fyrir það með einhverju fyrirkomulagi að gagnrýnin umfjöllun eigi sér stað í umhverfi þar sem menn hafa sjálfstæði til að setja hana fram? Í staðinn á að hræra öllu saman í einn graut og hafa yfir einn mann sem úrskurðar og hefur ekki einu sinni sérfræðikunnáttu á sviðinu sem hann á að úrskurða um.

[20:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég deili ekki þessum áhyggjum með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Eins og ég skil álit 2. minni hluta, sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og hv. þm. Jóhann Ársælsson skrifa undir, telur hann fagleg samlegðaráhrif af sameiningu þessara stofnana geta verið jákvæð til lengri tíma. Þau eru jákvæð gagnvart málinu en telja að undirbúningnum sé ábótavant. Þar skilja leiðir. Ég tel að þetta mál sé mjög jákvætt og geti haft mjög jákvæð samlegðaráhrif eins og 2. minni hluti en ég tel að við höfum undirbúið málið eðlilega og vænti þess að menn samþykki það á hinu háa Alþingi.

Ég býst líka við því að þegar fram í sækir eftir einhver ár líti menn til baka og sameinist jafnvel um þá skoðun að hér hafi menn samþykkt hagsmunamál, framfaramál og gott mál.

[20:11]

Frsm. 2. minni hluta umhvn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil af tilefni orða hæstv. umhvrh. í þessu síðasta andsvari vekja athygli á því að þó að svokölluð fagleg samlegðaráhrif geti orðið jákvæð er ekki þar með sagt að þau verði það. Hins vegar lýsti ég því í framsögu minni að við erum jákvæð gagnvart hugmyndinni sem slíkri.

Það eru hins vegar þessi vinnubrögð, herra forseti, sem eru hreint út sagt óviðunandi. Í öðrum löndum í Evrópu þar sem slíkar stofnanir hafa verið settar á fót hafa menn tekið sér nokkur missiri, nokkur ár, til undirbúnings til að tryggja að faglega væri staðið að málum, og allir hafðir með í ráðum eins og þar segir, herra forseti.

Mig langar að spyrja hæstv. umhvrh. hvort hún hafi hugsað sér að leita ráða hjá starfsfólki þessara stofnana og þá öðrum en forstöðumönnunum, eða forstjórunum núverandi sem verða síðan forstöðumenn einhverra deilda — og síðan verður ráðinn forstjóri í sumar á stofnunina — um þessa sameiningu, hvernig það muni gert og hvort hún muni tryggja starfsfólkinu sæti í starfshópnum.

Það var nefnilega þannig, herra forseti, að þegar fulltrúar starfsfólks komu á fund umhvn. hafði einn starfsmaður það á orði að betri væri snöggur dauði en aumt líf, og ég held að í þessari setningu kristallist viðhorf starfsfólksins til þessarar sameiningar. Það var tekin pólitísk ákvörðun. Starfsmenn voru aldrei spurðir um afstöðu sína til málsins. Nú á að láta þetta yfir sig ganga og þá er eins gott að það verði snöggt.

[20:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú gerist umræðan heldur dramatísk. Ég tel að eðlilega hafi verið staðið að undirbúningi þessa máls. Ég vil draga það fram að forstöðumennirnir eru jákvæðir gagnvart því. Þeir telja þetta almennt til bóta þrátt fyrir að þeir sjálfir séu kannski í mestri óvissu um störf sín af því að það er alveg ljóst að þrír forstöðumenn komast ekki fyrir í einni stöðu nýs forstöðumanns. Mér finnst það segja ansi mikið um þetta mál að þeir sem þekkja mjög vel til telji það til bóta. Þeir telja mörg tækifæri falin í því máli að stofna nýja umhverfisstofnun þar sem menn geti lagt saman krafta sína og fengið faglegri og sterkari stofnun sem niðurstöðu.

Forstöðumennirnir eru fulltrúar starfsfólksins í undirbúningshópnum. Það liggur í augum uppi. Ég tel eðlilegt að starfshópurinn sem á að undirbúa Umhverfisstofnunina haldi fundi með starfsmönnum og ræði málin við þá. Forstöðumennirnir og starfsmennirnir hafa mesta þekkingu á sviði núverandi stofnana. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þetta verði rætt þar. Aðalkeppikeflið er að fá sterka stofnun út úr þessari sameiningu, og ég held að það sé best gert með því að menn vinni saman. Ég hefði ekki viljað gera þetta í öfugri röð, þ.e. setjast fyrst niður og setja upp skipuritið og fara svo að skoða lagafrv. (Gripið fram í.) Ég held að það eigi einmitt að gera þetta svona, taka ákvörðun og svo setja upp skipuritið. (Gripið fram í.) Og það mun örugglega breytast eftir því sem mál þróast. Það mun ekki verða um alla eilífð eins og það mun líta út fyrst.

[20:14]

Frsm. 2. minni hluta umhvn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar embættismenn, forstjórar ríkisstofnana, standa frammi fyrir pólitískri ákvörðun af þessu tagi

hafa þeir um tvennt að velja, að vera jákvæðir og taka þátt í ferlinu eða hreinlega, held ég, segja upp starfi sínu. Það er í raun og veru ekkert val, herra forseti, þannig að ég gef ekki mikið fyrir rök hæstv. umhvrh. um það. Ég er henni algjörlega ósammála um aðferðina, um leiðina sem hún hefur farið að þessu máli.

Hæstv. umhvrh. byrjaði á öfugum enda. Í stað þess að huga vel að undirbúningi og taka tímann sem þurfti til þess að hafa alla með sér í þeirri ferð er hin pólitíska ákvörðun tekin fyrst. Síðan skulu allir fylgja í kjölfarið. Ég skora á hæstv. umhvrh. að tryggja að trúnaðarmenn starfsmanna eigi sæti í starfshópnum því að auðvitað þurfa ekki hagsmunir hinna almennu starfsmanna og hagsmunir forstjóra þessara stofnana alltaf að fara saman.

[20:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ekki hafi verið byrjað á öfugum enda, það sé eðlilega staðið að þessu máli á allan hátt. Hér var gefið í skyn að ríkisstjórnin hefði ekki marga með sér í þessu máli. Ég held að það sé alls ekki rétt. Þvert á móti eru einmitt mjög margir sem styðja málið á viðkomandi stofnunum. Auðvitað eru undantekningar þar á en það eru afar margir sem styðja þetta, og þar fara forstöðumennirnir fremstir í flokki. Forstöðumennirnir verða fulltrúar starfsfólksins í starfshópnum en að sjálfsögðu hlýtur að teljast eðlilegt að fundað verði með starfsfólkinu til að ræða framtíðaruppbygginguna innan stofnunarinnar. Það er eins og menn gera almennt og ekki bara þegar ný stofnun er sett upp. Ég tel að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu. Menn munu sameiginlega setja upp glæsilega nýja Umhverfisstofnun eftir að við höfum samþykkt þetta lagafrv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:17]

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 741. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1466.

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 3. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1425, brtt. 1288.

[20:17]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Sjálfsagt er ekki þörf á málalengingum úr því sem komið er í þessu máli. Vafalaust verður stjórnarliðinu ekki talið hughvarf héðan í frá, og raunar er illt við að eiga að hafa um þetta mál mörg orð vegna þess að það vantar orð í málið til að lýsa þessum málatilbúningi eins og vert væri. Það má kannski orða það svo að stjórnarliðar kasti sér fyrir borð þótt sjáist ekki til lands, eða mætti kannski öllu heldur orða það svo að þeim væri hrint fyrir borð, flestum, þótt ekki sæist til lands.

Efh.- og viðskn. hefur haft málið til meðferðar, og hér á dögunum heyrði ég formann nefndarinnar lýsa þeim vinnubrögðum sem þar hefðu verið höfð í frammi. Upp var talinn í nál. fjöldi stofnana, fyrirtækja og einstaklinga sem hefðu sótt fund nefndarinnar og sagt henni frá áliti sínu. Ekkert orð var um hvað hefði verið sagt þar og hvert innihald álitanna var, ekki eitt einasta orð. Yfirheyrslur fóru fram og þær fregnir hafa borist að alls ekkert hafi komið fram hjá þeim sem þar voru teknir til yfirheyrslu sem mælti með þessu máli, ekki eitt einasta atriði. Og við höfum séð afstöðu fyrirtækja og samtaka í þjóðfélaginu. Hvaðan eru meðmæli þá komin ef þau eru finnanleg í þessu máli? Hvaða marktæk stofnun, fyrirtæki eða samtök hafa mælt með þessu máli? Það væri mjög nauðsynlegt að fá upplýst.

Við höfum séð að ungliðahreyfingar í öllum flokkum gera ströngustu ályktanir gegn þessari ósvinnu. Þjóðhagsstofnun mælti gegn henni þótt kannski sé varhugavert að nefna snöru í hengds manns húsi.

Ég hef hér blaðaúrklippur með áliti sérfræðinga á málinu þar sem hagfræðingar og forsvarsmenn samtaka vinnumarkaðar eru gagnrýnir á ríkisábyrgðina vegna skuldabréfaútgáfu þessarar. Þar segir, með leyfi forseta, fyrir neðan fyrirsögn: „Hagfræðingar innan Háskóla Íslands og forsvarsmenn samtaka á vinnumarkaði eru gagnrýnir á fyrirhugaða 20 milljarða ríkisábyrgð deCODE Genetics. Þeir telja í samtölum við Ómar Friðriksson blaðamann að um mikla áhættu sé að ræða og aðgerðin feli í sér mismunun gagnvart fyrirtækjum." Fyrst er svo vitnað í Ágúst Einarsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, varaþingmann Samfylkingarinnar og fyrrv. formann framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, og við skulum vænta þess að formaður fylkingarinnar taki mark á þeim manni. Hann er mjög gagnrýninn á þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að veita deCODE, móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar, ríkisábyrgð vegna nýrrar lyfjaþróunardeildar og telur hana ekki skynsamlega. Orðrétt sagði hann: „Bæði vegna þess að þetta mismunar fyrirtækjum, auk þess sem ríkið á ekki að veita slíkar ábyrgðir, nema þegar einhverjar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Það er ekki í þessu tilviki," segir hann. Og áfram tilvitnun, með leyfi forseta:

„„Það eru fjölmörg fyrirtæki með sambærilega starfsemi og það er algjört einsdæmi að veitt sé ríkisábyrgð fyrir svona sprotarekstur. Hér er því um pólitíska ákvörðun að ræða. Það er ekki hægt að styðja þessa ákvörðun með hagfræðilegum rökum en ríkisstjórnir á hverjum tíma bera vitaskuld ábyrgð á pólitískum ákvörðunum. Þetta getur haft í för með sér verulegan réttarágreining vegna mismununar," segir Ágúst."

Má ég skjóta því hér inn í að lærðir lögfræðingar og þekktir fitja upp á því hvort þessi lagasetning muni ganga gegn ákvæðum stjórnarskrár, og það má mikið vera vegna samkeppnislaga að ekki komi til að hæstv. ríkisstjórn verði dregin fyrir lög og dóm vegna þessa máls. — Og áfram heldur Ágúst, með leyfi forseta:

„„Það sem verra er, er að þessi ríkisábyrgð getur dregið úr almennum stuðningi við starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, sem er mjög mikilvæg íslensku samfélagi, og þessi aðferð að ábyrgjast af hálfu ríkisins er frekar til þess fallin að vekja tortryggni um starfsemi þessa fyrirtækis. Þá er verr af stað farið en heima setið," segir hann."

Ég hlýt að vitna áfram í þennan sérfræðing og varaþingmann og helsta frammámann Samfylkingarinnar sem virðist í þessu máli rótklofin og er það svo sem ekki nýlunda í hinum mikilvægustu málum þar á bæ. Með leyfi forseta:

„Ágúst segir einnig aðspurður að sú áhætta sem hér er um ræðir sé veruleg. „Þótt ég telji að það hafi verið skynsamlegt af Íslenskri erfðagreiningu að hasla sér völl í lyfjaþróun og lyfjaframleiðslu, þá eru engin sérstök rök fyrir því að þessi verksmiðja sé flutt til Íslands á þessu stigi málsins. Það er miklu mikilvægara að styrkja fjárhagslega stöðu og

starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar hérlendis. Markaðurinn þolir ekki þessa stóru viðbót við eftirspurn eftir þeim vel menntuðu mönnum sem þurfa að starfa þarna." — Þetta er ekki lítið atriði. Og áfram segir hann: „Ég tel þá ákvörðun vera misráðna af hálfu fyrirtækisins að vilja flytja fyrirtækið til Íslands með þessum hætti, enda virðist það hafa verið notað sem tilefni til þess að fá ríkisábyrgðina. Það segir sig sjálft að ríkisábyrgðin mun fyrst og fremst fara í að styrkja almennan fjárhag félagsins og það er allt annað mál. Það má vel vera að þörf hafi verið á því en ríkisvaldið á ekki að koma að því. Ríkisvaldið hefur stutt dyggilega við bakið á þessu fyrirtæki og við það átti að sitja. Núna er það komið út á mjög hættulega braut, og þetta minnir á fyrri afskipti opinberra aðila af atvinnurekstri fyrr á árum, þegar ríki og sveitarfélög voru í atvinnurekstri, svo sem bæjarútgerðum og öðru af því tagi. Það er víti til varnaðar.""

Þá heyra menn það, og það sem aðallega skortir á er að gegn þessum fullyrðingum — köllum þær svo — gegn þessari málafærslu eru engin gagnrök, engin, alls engin. Það er mikið rétt sem segir í Fréttablaðinu í dag að þingmenn svari, þegar þeir eru spurðir um rök fyrir þessu, út úr og segi: Af því bara. Og það verða víst þingmenn að láta sér lynda.

Hér er einnig rætt við Ara Edwald, og Samtök atvinnulífsins mótmæla þessu harðlega. Alþýðusambandið mótmælir þessu. Verslunarráðið hefur sagt sitt orð undir forustu formanns efh.- og viðskn. Alþingis. Hann tjáði sig þar og þá, á þeim vettvangi, að hann væri andvígur þessu máli. Þetta er eitt ömurlegasta dæmið sem ég kann um upplit á þingmanni fyrr og síðar. Þegar svo var farið að ganga á hann á öðrum vettvangi lýsti hann því yfir að af því að þetta væri stjórnarmál hlyti hann að fylgja því. Þvílíkir taglhnýtingar eru fáheyrðir.

Hér er einnig viðtal við Gylfa Arnbjörnsson, framkvæmdastjóra ASÍ. Hann hefur ýmislegt við fyrirhugaða ríkisaðstoð að athuga og segir svo, með leyfi forseta:

„Það er engin launung á því að í umræðunni um lækkun skatta á fyrirtæki var það upplegg ríkisstjórnarinnar að sú breyting mundi leiða til þess að Ísland yrði ákjósanlegasti staður í heimi fyrir fyrirtæki. Meginrökin fyrir þeirri breytingu voru þau að hún mundi valda straumhvörfum í nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins. Nú skilst okkur að það sé ljóst að þetta fyrirtæki [lyfjaþróunardeild deCODE] verði í Bandaríkjunum ef ekki komi til opinberrar aðstoðar." — Áfram heldur Gylfi, framkvæmdastjóri ASÍ, og minnir á að „þegar skattalagabreytingarnar voru til umræðu hafi ASÍ talið skynsamlegra að í stað þess að lækka skatta á fyrirtæki úr 30% í 18% mótaði ríkið almennar reglur, í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins, um styrki til niðurgreiðslu á stofnkostnaði fyrirtækja. „Við vildum að það yrði gert með almennum hætti, þar sem gerð yrði mjög stíf krafa um arðsemi og áhættu þeirra sem réðust í slík verkefni. Það er alveg ljóst að deCODE og þessu fyrirtæki sem deCODE hyggst setja á laggirnar gagnast ekki lækkun tekjuskatta fyrr en það er búið að sýna að það standi sig og geti framleitt og selt þau lyf sem um ræðir. Áhættan fram að því er mjög mikil," segir hann. „Ég verð að viðurkenna að það hafði aldrei hvarflað að mér að eitt fyrirtæki gæti fengið ríkisábyrgð fyrir 20 milljarða. Vafalaust hefði verið hægt að hafa áhrif á þetta verkefni með beinni hætti og án þess að ríkið þyrfti að taka svona mikla áhættu.""

Það er sama hvar borið er niður í álit þessara sérfræðinga. Það ber allt að sama brunni. Þjóðhagsstofnun segir að engin rök hnígi að ríkisábyrgð og segir líklegt að inngrip í markaðinn komi niður á lífskjörum til lengdar. Ekki þarf að minna á að þessi aðferð, þessi lagasetning er þverbrot á þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa haft uppi í þessu efni og stefnir þvert á gildandi lög um ríkisábyrgðir þar sem þau eru gerð að engu, höfð að engu. Nýleg lög þar sem átti að sigla fyrir gömlu skerin sem menn strönduðu á varðandi misnotkun á ríkisábyrgðunum. Þessi stefna hafa stjórnarflokkarnir margítrekað að væri eindregin stefna þeirra. En svo þegar þetta rakalausa mál kemur upp, þá er haft hægt um hönd og gengið þvert á fyrri lög, stefnu og yfirlýsingar.

Því hefur verið haldið fram að þetta mundi veita fordæmi fyrir önnur fyrirtæki. Það eru orð, innantóm orð og merkja enga guðs grein. Auðvitað hlýtur þetta að vera fordæmi. Ég sá þá frétt eigi alls fyrir löngu að Íslensk lyfjaþróun hefði sent inn umsókn um ríkisábyrgð. Og hvernig farið verður að að neita því fyrirtæki en vinna þetta verk fyrir ameríska fyrirtækið deCODE er mál sem maður á eftir að sjá hvernig fer úr hendi.

Hvaða upplýsingar höfum við um þetta fyrirtæki þar sem á að afhenda ábyrgð upp á 20 þúsund millj. kr.? Ekkert nema það sem við höfum séð til þess á markaði. Hvað hefur gerst þar á rúmum þremur árum? Þetta fyrirtæki kom til landsins og barst mjög á. Fjármálamarkaðurinn brást þannig við að það væri gulls ígildi að ná eignarhlut í fyrirtækinu. Mér er fullkunnugt um að Landsbanki Íslands narraði einn af viðskiptamönnum sínum til að kaupa hlut í félaginu á genginu 65 og þannig fóru fjármálastofnanir að að gylla þetta fyrir mönnum til þess að fá illa setta menn til að lagfæra stöðu sína með þessum hætti.

Hvaða upplýsingar höfum við og hvað segir markaðurinn okkur núna? Hann segir okkur að fyrirtækið slær undir 5, genginu 5. Hvað má lesa af þeim upplýsingum? Að fyrirtækið stefni þráðbeint á höfuðið. Ekkert annað verður lesið. Hvaða íslenskt fyrirtæki mundi verða talið gjaldgengt sem hefur hrapað úr genginu 60 í 4 komma eitthvað á þessum skamma tíma? Auðvitað er það svo að fyrirtækið fær ekki vegna fjárhagsaðstöðu sinnar neina fyrirgreiðslu í Bandaríkjunum. Þess vegna er leitað hingað eftir ríkisábyrgð, til þessa litla lands.

Hver skyldi svo þróunin verða, herra forseti, án þess að ég ætli að hafa uppi miklar málalengingar? Hver er líkleg þróun mála þegar að því kemur að deCODE veltur um hrygg? Líklega mundi, ef sömu stjórnarherrar verða við völd, reynt til við að taka málið allt að sér, ganga undir þetta jarðarmen til að reyna að bjarga einhverju af þessum 20 þús. millj. kr. og þá mundi auðvitað, ef þessir sömu menn sætu við völd, formaður Sjálfstfl. hafa uppi sinn vana áróður og vaðal um að hér væri allt í besta gengi, raunar í allra besta gengi eins og hann hefur viðhaft hvenær sem eitthvað kemur upp á sem til ófarnaðar stefnir. Það yrði strax og þetta lægi fyrir boðað til blaðamannafundar í Vatnsmýrinni þegar deCODE væri þar kominn í tálgrafirnar, og þar mundi verða upplýst að þeir væru á næsta leiti með það að finna krabbameinslyf, lyf við sykursýki, hjartveiki yrði náttúrlega fljótlega úr sögunni og stórmerkilegt, það mundi verða ýjað að því vafalaust að þeir væru að finna meðal við ellihrumleika, kannski smátt í sniðum til að byrja með en kannski skammta fyrir eins og tólf menn. Það hefur verið siðurinn þegar fréttir hafa borist um að það hallaði á deCODE. Þegar gengið fellur í fyrirtækinu, þá hefur verið skotið á fundi hjá Íslenskri erfðagreiningu og

upplýst um það að nú væri fyrirtækið að finna ný og ný gen hvort heldur er við hjartveiki eða einhverju öðru.

En hér birtust skrif í Morgunblaðinu í gær þar sem líffræðingur spyr: Hvar eru þessi gen? Hvar eru genin sem þeir þykjast hafa fundið? Og hann rekur það í mjög ljósu máli að þetta eru ekkert nema ýkjur og orðaskvaldur. Þessi grein á erindi í þingtíðindi, herra forseti, og með leyfi hans ætla ég að kynna þingheimi innihaldið því að það er óvíst að menn lesi allar greinar sem í Morgublaðinu koma því að það mun vera svo að meðallesning greina í Morgunblaðinu mun leika einhvers staðar á bilinu 3–4%. En það þykir mikið þegar sá sem hér stendur mun hafa upp undir 8%. En svo segir, með leyfi forseta, og ég bið leyfis hans með þessa grein eins og hún leggur sig og það er ekki langtímamál að lesa hana upp. Árni Alfreðsson líffræðingur, segir svo:

„Í umræðunni um ríkisábyrgð til handa deCODE-ÍE hefur hinn „mikla árangur" á sviði erfðarannsókna og „forskot" fyrirtækisins borið á góma. Þetta er nefnt sem ein grunnforsendan fyrir velgengni á sviði væntanlegrar lyfjaþróunar. Þjóðinni hefur verið talin trú um að fyrirtækið hafi „fundið" fjöldann allan af genum (erfðavísum). Þetta hefur verið gert með miklum lúðrablæstri og hafa fjölmiðlar hvergi dregið af sér í herferðinni. Sannleikurinn er hins vegar sá að ÍE hefur ekkert meingen einangrað svo vitað sé.

Að einangra gen er venjulega notað yfir það þegar gen hefur verið staðsett nákvæmlega, það klónað og raðgreint. Í kjölfarið fylgja svo rannsóknir á starfsemi þess. Fyrirtækið segist hafa fundið eða staðsett fjöldann allan af genum og einangrað a.m.k. þrjú.

Í mars árið 2000 lýsti fyrirtækið því yfir að það hefði staðsett gen sem tengdist heilablóðfalli. Ári síðar (maí 2001) var sagt frá því að tekist hefði að einangra þetta gen. Enn ári síðar (mars 2002) birtist grein í vísindatímaritinu American Journal of Human Genetics um rannsókn ÍE á þessu geni. Þá kemur í ljós að ekkert gen hefur verið einangrað, heldur sé búið að afmarka svæði á litningi sem tengist sjúkdómnum. Rannsóknin á erfðum heilablóðfalls er eitt þeirra verkefna sem virðast hvað lengst komin hjá fyrirtækinu og ein af fáum sem birst hafa í vísindatímariti. Ef fyrirtækinu endist aldur til verður vonandi einangrað eitt eða fleiri gen á áðurnefndu litningasvæði."

Hvað er verið að segja hérna? Verið er að rekja í smáatriðum að allt er þetta skrum sem fram hefur verið sett um þann árangur sem þeir þykjast hafa náð og oftast farið með þetta skrum þegar hallað hefur á fjármagnsfyrirtækið, móðurfyrirtækið deCODE. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Flestar yfirlýsingar fyrirtækisins hljóma á þann veg að fundist hafi gen eða staðsett hafi verið gen. Það sem þarna virðist á ferðinni er að fundist hefur útslag (lod-score) á einhverjum litningi, með öðrum orðum fundist hefur svæði á litningi sem tengist hugsanlega einhverjum sjúkdómi. Þá er eftir gríðarmikil vinna við að finna genin sem eru á svæðinu, klóna þau og raðgreina og kanna starfsemi þeirra til að ganga úr skugga um að raunverulegt stökkbreytt meingen sé til staðar. Þetta hefur ÍE enn ekki tekist.

Orðalag það sem notað er í yfirlýsingum fyrirtækisins er bæði loðið og tvírætt. Væri ekki heiðarlegra að segjast hafa fundið svæði á litningi sem tengist sjúkdómi þegar það á við í stað þess að að segjast hafa fundið gen? Líklega hljómar útgáfa ÍE-manna betur og nýtist betur í áróðrinum.

Að segjast hafa fundið gen þegar það er í raun alls ekki fundið orkar vægast sagt tvímælis. Ekki er heldur ólíklegt að ÍE hafi einhverja aðra skilgreiningu á hugtakinu að einangra gen þegar það hentar.

Að leggja mat á árangur fyrirtækisins út frá yfirlýsingum þess um stórkostlega áfangasigra á vísindasviðinu og eigið ágæti er ekki rétt nálgun. Grein í vísindatímariti er það eina sem staðfest getur árangur á þessu sviði og skýrt hvað fundist hefur í raun. Það er a.m.k. nokkuð ljóst að erfðarannsóknir ÍE ganga mun hægar en fyrirtækið lætur í veðri vaka. Rýrar árangurstengdar greiðslur frá Hoffmann-La Roche styðja því miður þennan grun. Með ekkert einasta meingen upp á vasann á svo að leggja af stað í óvissuferð í lyfjaþróun."

Svo mörg voru þau orð. En ég þykist vita að það sé heldur ekkert mark tekið á þeim enda þótt allt bendi til að hér sé þetta sannleikanum samkvæmt. Auðvitað væntum við þess að starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar skili sem bestum árangri. Við bindum mjög miklar vonir við það fyrirtæki og við höfum líka stutt það eftir fremstu getu. En að freista gæfunnar með þessum hætti sem menn ætla að gera nú er algerlega óforsvaranlegt hvernig sem á það er litið.

Hæstv. fjmrh. rifjaði upp orðtak á dögunum sem mér mun af og til eða löngum hafa um munn liðið, að svo liggur hver sem hann hefur um sig búið. Ég kann að vísu betur við útfærsluna: Svo liggur hver sem lund er til, og mundi einkar vel hæfa hæstv. forsrh. þegar hann er búinn að skrifa upp á Vatnsmýrarábyrgðina. Einu rökin ef rök skyldi kalla eru að menn langar ákaflega til þess að þarna rísi upp lyfjaframleiðslufyrirtæki sem við getum stórgrætt á. En líkurnar á gjaldþroti móðurfélagsins eru yfirgnæfandi.

Fróður maður sem ég get ekki nefnt gerði ráð fyrir að það væru líkur upp á 80–90%. Við óvissuna bætist svo að lyfjaframleiðslan, sá iðnaður, er talinn þrefalt áhættusamari en annar iðnaður að meðaltali. Hvar erum við þá staddir í þessu máli? Þetta er langt handan við það sem stjórnvöldum á að leyfast og þetta er langt, langt fyrir neðan virðingu Alþingis. Þetta er frámunalegasta glapræði sem framið hefur verið í sögu Alþingis, verði þetta ráðstjórnarfrv. að lögum.

Mann undrar og spyr sjálfan sig: Hvernig má það vera að mennirnir freisti þess arna? Eru þeir ekki í leiðinni að búa til pólitískan banabita fyrir sjálfa sig ef þetta fer á þann veg sem allar líkur benda til? Ekki er það út af fyrir sig harmsefni mitt. En mér þykir það allt of dýrt.

[20:46]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það er alltaf að koma betur í ljós, eftir því sem það er skoðað lengur, hve vanbúið þetta mál er til afgreiðslu og hve mikið vantar á að þingið hafi fjallað eðlilega um það og fengið þau gögn og álitaefni sem uppi hafa verið í því.

Við höfum farið í gegnum það hér, herra forseti, að þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað, meira að segja beðið um það í trúnaði, hefur efh.- og viðskn. ekki fengið viðskiptaáætlanir fyrirtækisins eða mat á gjaldþrotalíkum. Lögum um ríkisábyrgð hefur verið vikið til hliðar. Við fórum aftur yfir þann þátt málsins á fundi efh.- og viðskn. í dag ásamt fleiri þáttum. Þar kom í ljós, svo ég taki það fyrir strax, að einn af gestum nefndarinnar, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, upplýsti að skoðun hans á þessu máli væri sú að það gengi ekki að víkja til hliðar ríkisábyrgðalögum að því er varðar ríkisábyrgðagjaldið en ætla sér svo á síðari stigum, í samningum við fyrirtækið, að taka upp ríkisábyrgðagjald. Hann var sérstaklega spurður hvort það

mundi ekki nægja sem stendur í frumvarpsgreininni sjálfri að fjmrh. veiti ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gildar. Taldi Ragnar Aðalsteinsson að það væri fjarri því að nægja og þyrfti a.m.k. að koma fram í frv. sjálfu á hvaða bili mætti taka slíkt ríkisábyrgðagjald. Það hefur ekki unnist tími, herra forseti, til að skoða þetta nánar í nefndinni og fara yfir skoðun hæstaréttarlögmannsins. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði þurft að skoða þetta miklu betur. Með því fyrirkomulagi sem hér á að viðhafa varðandi þessa ríkisábyrgð er 4. gr. ríkisábyrgðalaganna, ef ég man númerið rétt, vikið til hliðar.

Á fundi þeim sem við vorum á í dag var líka farið yfir það sem áðurnefndur hæstaréttarlögmaður hefur sett fram, að það gangi gegn stjórnarskránni að veita einum aðila ríkisábyrgð upp á 20 milljarða kr. með þeim hætti sem hér á að gera. Rökstuddi Ragnar Aðalsteinsson það mjög vel að hann teldi það ganga gegn stjórnarskránni að fara þannig að. Hann taldi líka, eins og reyndar hefur komið fram í grein í Morgunblaðinu í gær, að þetta kæmi í veg fyrir sá aðili sem teldi á rétt sinn gengið, vegna þess að brotið væri gegn jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar, gæti sótt rétt sinn. Hann er sviptur vernd dómstóla.

Ragnar Aðalsteinsson telur að sá sem telur á rétt sinn gengið, t.d. aðili sem starfar á sama sviði, gæti að vísu farið í viðurkenningarmál vegna brots á jafnræðisákvæðum stjórnarskrárinnar og ef það mál ynnist fyrir dómstólunum væri Alþingi þvingað til að setja almenn lög um málið. En það gæti tekið langan tíma. Jafnframt taldi lögmaðurinn að bæði lögfræðileg og siðferðileg sjónarmið, eins og hann orðaði það, stæðu til þess, þar sem 63 þingmenn væru settir í þá stöðu að taka út eitt fyrirtæki og veita forgang umfram annað, að þingmenn gerðu grein fyrir því hvort þeir hefðu hagsmuna að gæta við afgreiðslu málsins og upplýstu t.d. um hvort þeir eigi hlut í fyrirtækinu. Allt það sem þarna kom fram hjá lögmanninum átti að kalla á ítarlegri skoðun nefndarinnar á þessu máli en til þess gafst ekki tími.

Ég vil sérstaklega taka upp annað sem við ræddum í nefndinni, þ.e. hvort Íslensk erfðagreining hefði vegna samninga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, sem samþykktur var fyrir nokkrum árum og samningar og kostnaðargreiðslur sem þeim tengdust, greitt kostnaðargreiðslu til ríkissjóðs eins og henni ber að gera.

Eftirfarandi kom fram, herra forseti, í því máli: Ekki hafa náðst samningar við Sjúkrahús Reykjavíkur og ekki var hægt að upplýsa nákvæmlega á hverju stæði í því efni, hvort það væri Íslensk erfðagreining eða viðsemjendurnir, þ.e. forsvarsmenn heilbrigðiskerfisins. Hins vegar er greinilegt að þar hafa ekki náðst samningar um greiðslur að því er þann þátt varðar. Hæstv. heilbrrh. gerði jafnframt samning upp á 70 millj. kr. greiðslu á ári sem ekki á að ganga fram fyrr en gagnagrunnurinn verður tekinn í notkun. Þar er skýringin á því að slík greiðsla hefur ekki verið greidd.

Síðan koma greiðslur sem ég tel gjaldfallnar og ekki fékkst skýring á hvort hefðu verið greiddar eða ekki. Eftir því sem ég kemst næst hafa þær ekki enn verið greiddar. Þar eru greiðslur vegna undirbúnings kostnaðar við að safna upplýsingum í gagnagrunninn, m.a. vegna nefndar sem hefur eftirlit með höndum varðandi grunninn, mig minnir að hún sé kölluð starfrækslunefnd. Síðan á Íslensk erfðagreining að greiða þann þátt í starfsemi Persónuverndar sem lýtur að persónuvernd og þeim lögum. Síðan er starfandi þverfagleg vísindanefnd. Nefndirnar sem ég nefndi, ásamt kostnaði við persónuverndina, hafa verið í gangi í a.m.k. 2–3 ár og á þær er fallinn kostnaður. En ekki hefur tekist að fá upplýsingar um hve mikill sá kostnaður er. Það var meira að segja upplýst að ríkisféhirðir hefði fengið reikningana til innheimtu en ekki tókst, á þessum stutta tíma sem við höfðum á þessum degi, að staðfesta það.

Mér er skapi næst að ætla, miðað við þær upplýsingar sem ég hef getað fengið í þessu máli, að hér sé um að ræða einhverja tugi milljóna kr. sem út af standa og Íslensk erfðagreining skuldar ríkissjóði. Mér kæmi ekki á óvart að hér væri um að ræða skuld á bilinu 50–100 millj. kr. Í ríkisábyrgðalögum, sem að vísu er vikið til hliðar, segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ábyrgð fyrir aðila sem er í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð."

Ef það er rétt að Íslensk erfðagreining er í vanskilum upp á tugi milljóna við ríkissjóð er með ólíkindum að þessi ábyrgð skuli veitt, ekki síst þegar þetta stendur í lögum um ríkisábyrgðir, sem að vísu er vikið til hliðar. Lögin um ríkisábyrgðir, sem eru nýleg, frá 1997, voru einmitt sett í því skyni að vandað yrði til þess þegar grípa þarf til að veita ríkisábyrgð. Því væri mjög gott ef hæstv. fjmrh. gæti svarað, áður en þessari umræðu lýkur, hvort hann hafi kannað hvort Íslensk erfðagreining er í skuld við ríkissjóð svo að nema kann tugum milljóna kr. Það er mjög alvarlegt ef veita á fyrirtækinu 20 milljarða kr. ríkisábyrgð meðan skuld upp á einhverja tugi milljóna kr. er útistandandi. Þetta kom fram á fundi efh.- og viðskn. í dag, þeir þættir sem ég nefndi. Þetta er eitt af mörgum atriðum sem ég hefði viljað skoða nánar áður en frv. verður afgreitt frá þinginu.

Frá því að við fjölluðum um málið við 2. umr. hefur ýmislegt verið rætt og ritað um það. Í fjölmiðlum hafa komið fram ýmsar nýjar upplýsingar í þessu máli sem eru verulegt innlegg í umræðuna og styðja það sem við, sem erum í andstöðu við þetta frv., höfðum sagt. Ríkisstjórnin er á miklum villigötum ef hún veitir slíka ríkisábyrgð. Það er ekki hlutverk ríkisvaldsins. Þetta eru vinnubrögð sem vissulega tíðkuðust en þó ekki með svo eintækum hætti sem hér er gert ráð fyrir. Menn voru að feta sig út af þessari braut. Það er almennt viðurkennt að það sé hlutverk ríkisvaldsins að skapa fyrst og fremst eðlilegt umhverfi á jafnræðisgrundvelli fyrir atvinnulífið en standa ekki í sértækum aðgerðum eins og hér á að gera.

Það er alveg ljóst, ég fór í gegnum það við 2. umr. málsins, margar leiðir eru til ef ríkisvaldið á annað borð er á þeirri skoðun að styðja eigi við þekkingariðnaðinn og fjölga hátæknistörfum. Þá eru margar leiðir miklu eðlilegri í því sambandi en sú sem hér er lögð til. Ég fór yfir það að ríkisvaldið hefur ekki veitt mikla peninga í hátæknigeirann, a.m.k. mjög lítið samanborið við þá fyrirgreiðslu sem hér á að veita einu fyrirtæki. Fyrir skömmu var t.d. upplýst hver veltan væri í upplýsingatækninni og í hugbúnaðariðnaðinum. Þar var fróðlegt að sjá að áætluð heildarvelta greinarinnar var tæplega 20 milljarðar í fyrra og störfin um 2.900. Þeim hafði fjölgað verulega eða um 1.300 frá 1997.

Það er ýmislegt í gangi í þjóðfélaginu til að styðja við þekkingariðnaðinn og hátæknina og hefði verið eðlilegra að fara þá leið en að fara í svona sértækar aðgerðir. Ríkisvaldið á fyrst og fremst að skapa hér eðlilegt umhverfi fyrir fyrirtæki. Það getur það gert á skattasviðinu og hefur svo sannarlega gert vegna þess að skattar hér eru með því lægsta sem þekkist í löndum OECD, ef ekki þeir lægstu. Ríkisstjórnin á að gera

það á samkeppnissviðinu með því að hlúa að Samkeppnisstofnun og skapa henni þau tæki og tól með löggjöf sem hún þarf til að samkeppnisumhverfi sé eðlilegt. En hún á ekki að ganga þann þrönga stíg sem hún gerir hér með því að láta eitt fyrirtæki hafa forgang umfram önnur með slíkri aðstoð. Það er fullkomlega óeðlilegt að mínu viti að þingmenn séu settir í þá stöðu að þurfa í efh.- og viðskn., ef vel hefði átt að vera, að fara raunverulega í hlutverk markaðarins og vega og meta hvort eitt fyrirtæki á þessu sviði á að hafa forgang umfram önnur. Það er fullkomlega óeðlilegt að mínu mati að setja þingmenn í þessa stöðu, ekki síst þegar um svo mikinn áhætturekstur er að ræða eins og hér hefur margítrekað komið fram. Fáar atvinnugreinar eru eins áhættusamar og mikil áhættufjárfesting í og í lyfjaiðnaðinum. Það er því sama hvar maður ber niður í þessu máli, herra forseti, það er fullkomlega óeðlilega að þessu staðið, fullkomlega óeðlilegt að setja þingmenn í þá stöðu að greiða atkvæði um að þjóðin veiti einu fyrirtæki ábyrgð upp á 20 milljarða kr. sem allar líkur eru á, að mati þeirra sem vel til þekkja, að geti fallið á skattgreiðendur. Það er þetta sem við gagnrýnum sem höfum lagst gegn þessu máli.

Hæstv. fjmrh. hefur sagt að þetta sé ekki fordæmisgefandi en nú þegar liggur fyrir beiðni frá lyfjaþróunarfyrirtæki, sem margir álíta að sé á sama sviði, um sambærilega fyrirgreiðslu.

Herra forseti. Ég vil aðeins fara inn á tvennt sem hefur nýlega komið fram. Ég hef skoðað það sem fram hefur komið í ársskýrslu deCODE fyrir árið 2000. Þar var gerður samningur við ótilgreindan aðila um kaup á hlutabréfum, 5 millj. á hlut, á genginu 7,5. Samningurinn gekk út á það að ef þessi aðili gæti selt yfir 50% bréfanna á hærra gengi en 15 dollara eða verð deCODE á Íslandi væri hærra en 15 seinni hluta ársins árið 1999 mundi þessi aðili greiða 15 dollara í stað 7,5 fyrir bréfin auk 6% ársvaxta en fengi 7% í söluþóknun. 8. ágúst 1999 tilkynnti síðan þessi aðili að hann hefði þegar gengið frá sölu meira en 50% hlutanna á genginu 15. Í árslok var svo gengið frá því að þessi aðili ætti að greiða tæplega 34 millj. dollara eða 2,4 milljarða kr. og greiðir hann það í febrúar árið 2000. Þóknunin sem hann fékk var 5 millj. 250 þús. dollarar eða um 380 millj. kr. Gengi deCODE fór hæst hér á landi á gráa markaðnum svokallaða í 60 í byrjun árs 2000. Ljóst er að þessi dularfulli aðili hefur hagnast verulega á þessum samningi, bæði þóknuninni, 380 millj., og svo söluhagnaðinum af bréfunum en hér á landi, eins og margir þekkja, töpuðu margir gríðarlega á þessu ævintýri. Fólk var í því að kaupa bréf í fyrirtækinu, tók meira að segja til þess lán, og allir þekkja margar sorgarsögur í kringum kaup á bréfunum. En þarna er dreginn upp einn aðili sem með mjög óeðlilegum hætti hefur grætt gífurlega á sölu þessara bréfa, bæði með sérstakri þóknun og svo söluhagnaði af bréfunum. Mér finnst málið sem hér er uppi á borðinu, og sem ég hef skoðað, þannig vaxið að Fjármálaeftirlitið ætti að skoða þetta allt.

Leyndin yfir þessum aðila, sem kallaður er „Buyer" í ársskýrslunni þar sem samningsins er getið, er auðvitað mjög óeðlileg. Líklega er það vegna þess hversu strangt bandarísk fjármálaeftirlitið er sem þeir hafa orðið að tilgreina samninginn í ársskýrslu sinni. En þetta mál sem ég nefni hefði þurft að skoða alveg sérstaklega.

Eins vil ég áður en ég lýk máli mínu nefna að fram hefur komið að Skúli Sigurðsson, vísinda- og sagnfræðingur, hefur ritað grein í þýskt blað og þar kemur fram að vegna árangurstengdra greiðslna sem fyrirtækið samdi um við Hoffmann-La Roche höfðu 1,7 milljarðar kr. komið í formi slíkra greiðslna á fjórum árum en í samningnum átti að vera hægt að ná 10 milljörðum. Sá samningur hefur greinilega ekki gengið eins og til stóð. Bara þessi tvö atriði sem ég hef hér nefnt hefði þurft að skoða miklu nánar en tími og tök voru á í starfi nefndarinnar.

Herra forseti. Allt þetta mál er þannig vaxið að því ber að hafna. Hér er um að ræða gífurlega áhættu. Þjóðin er hreinlega sett í fjárhættuspil með þeirri áhættu sem hér er tekin. Það er ljóst að ríkisstjórnin sjálf verður að bera alla ábyrgð á þessu máli. Ég vísa því alfarið frá og tel að ríkisstjórnin geri gríðarlega mikil mistök með því að veita ábyrgðina. Reyndar er stór efi í huga mínum um að henni sé það heimilt, og ég tel að hér sé verið að ganga bæði gegn stjórnarskránni og samkeppnislögunum. Það sem verst er er að líklegt er að þessi ábyrgð muni falla á skattgreiðendur.

[21:07]

Útbýting þingskjals:

Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, 186. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1467.

[21:07]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að ítreka mjög afdráttarlausa andstöðu mína við þetta frv. Ég tel fyrir neðan virðingu Alþingis að afgreiða þetta mál frá sér sem landslög. Okkur er ekki gert kleift að meta áhættuna af þeirri ríkisábyrgð sem krafa er gerð um að Alþingi skrifi upp á, við fáum ekki aðgang að viðskiptaáætlunum fyrirtækisins, við fáum ekki sömu upplýsingar og starfsmenn fjmrn. fá og okkur er ekki gert kleift að leita til óháðra aðila okkur til ráðgjafar. Það höfum við hins vegar mörg reynt að gera, bæði sérfræðinga í fjármálaheiminum og þeirra sem þekkja vel til vísindarannsókna. Þegar upplýsingar frá þeim eru metnar má ljóst vera að áhættan er mikil.

Ég efast ekki um að þrátt fyrir mikinn og öran bruna á fjármunum í þessu fyrirtæki muni það eiga sér nokkurra mánaða og missira ágætt líf fyrir höndum fáist þeir peningar sem ríkið ætlar að skrifa upp á. En ég spyr um hina síðferðilegu ábyrgð sem hvílir á Alþingi og ríkisstjórn gagnvart þeim stóra vinnustað sem verið er að þenja út, hugsanlega á óraunsæjum forsendum. Hver verður staðan að þeim tíma liðnum sem lánveitingin tekur til? Mér finnst þetta vera stóra spurningin. Jafnvel þótt svo færi að þessir fjármunir glötuðust ekki er það skoðun mín að fyrirtækið sé með þessari ríkisábyrgð að vefa sig inn í samábyrgð samfélagsins til framtíðar. Þetta finnst mér vera hin stóra spurning sem ríkisstjórnin og Alþingi standa frammi fyrir.

Hér er talað um nýja starfsemi. En þegar gengið var eftir því við forstjóra fyrirtækisins og forsvarsmenn í efh.- og viðskn. hvort hér væri um aðgreindan þátt í starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar að ræða kváðu þeir svo ekki vera. Þeir sögðu að þarna væri að sjálfsögðu allt undir og á þeirri forsendu þurfa menn að beina sjónum sínum inn í fjárhirslur þessa fyrirtækis og að árangri af starfi þess. Einnig þar byggjum við á mjög veikum grunni.

Í greinargerð sem fylgir stjfrv. er að finna ýmsar upplýsingar um árangur fyrirtækisins en við eftirgrennslan kom í ljós að upplýsingarnar um ágæti fyrirtækisins eru komnar frá því sjálfu. Einnig sögðust þó starfsmenn fjmrn. hafa leitað fanga á vefnum. Og hvar á vefnum leituðu þeir fanga? Jú, hjá virtum fjármálafyrirtækjum. Og hver voru þessi

virtu fjármálafyrirtæki? Þeir töldu þau upp: Morgan Stanley, Lehman Brothers og Robinson Stephens. Allt viðskiptaaðilar deCODE. Öll þessi fyrirtæki eru í viðskiptum fyrir deCODE og eiga hagsmuna að gæta.

En má ekki ætla að þau séu vönd að virðingu sinni og hugsi grannt um framtíðarviðskipti frekar en að sverta mannorð sitt með óheiðarlegum vinnubrögðum? Staðreyndin er sú að þessi „virtu" fyrirtæki liggja undir grun og eru gagnrýnd fyrir að hafa uppi blekkingar gagnvart viðskiptaheiminum. Núna stendur yfir rannsókn á vegum eftirlitsaðila í Bandaríkjunum og ríkissaksóknara í New York á hugsanlegri sviksemi þessara fyrirtækja. Frá þessu hefur verið greint í fréttum í New York síðustu daga og vikur. Rannsóknin beinist gegn þessum svokölluðu virtu fjármálafyrirtækjum. Ég hef áður sagt að eitt þessara fyrirtækja, Morgan Stanley, sem er virt og annaðist sölu á hlutabréfum deCODE, bauð íslenskum lífeyrissjóðum að kaupa bréf á genginu 16–19 dollarar fyrir hvert bréf rétt áður en þau hrundu niður fyrir 10 dollara. Þetta eru staðreyndir. Síðan mæta menn á fund, fulltrúar fjmrn., til að upplýsa okkur í efh.- og viðskn. og segja okkur að hafa engar áhyggjur, það séu virtir aðilar úti í heimi sem hafi blessað þetta í bak og fyrir. Hvað viljum við upp á dekk með gagnrýni?

Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Nú er það sem betur fer að gerast að ýmsir aðilar sem láta til sín taka og þekkja til þessara mála eru farnir að kafa ofan í starfsemi þessa fyrirtækis og upplýsa okkur. Nú er málið að komast í þann farveg að menn geti farið að ræða þetta af einhverju viti. Það er rétt að byrja. Eftir því sem umræðan þróast gerist hún flóknari og stöðugt koma upp fleiri álitamál. Yfirleitt er því þannig farið með mál í þinginu að þau skýrast í meðförum þingsins og álitamálum fækkar. Þessu er hér þveröfugt farið. Málið verður flóknara og álitamálum sem uppi eru fjölgar.

Annað sem veldur því að ég get á engan hátt stutt frv. er allur umbúnaðurinn. Lögum um ríkisábyrgð er hreinlega vikið til hliðar. Hér voru sett lög árið 1997 um ríkisábyrgð. Þau yrðu afnumin með þessum lögum að undanskilinni einni grein, og það er ekki einu sinni frá því gengið hvernig hún verður framkvæmd. Hvernig sem á þetta mál er litið er það hið undarlegasta að því ógleymdu að sjálfsögðu að jafnræðissjónarmið eru virt að vettugi.

Í upphafi þingfundar í dag óskaði ég eftir því að efh.- og viðskn. þingsins yrði kölluð saman og á fund nefndarinnar mundu mæta fulltrúar frá fjmrn., viðsk.- og iðnrn. og síðan lögmaðurinn Ragnar Aðalsteinsson sem skrifað hefur grein í Morgunblaðið þar sem hann útskýrir hvers vegna hann telur þetta mál ekki standast stjórnarskrá landsins. Hann mætti á fund nefndarinnar og skýrði mál sitt. Hann bætti um betur og sagði að hann vildi vekja athygli okkar á því að ef einhverjir þeirra sem fjölluðu um þetta mál fyrir hönd þjóðarinnar í fjmrn. eða einhverjir sem greiddu atkvæði um þetta mál á Alþingi ættu hlut í fyrirtækinu þá yrðu þeir að upplýsa það. Það væri eðlilegt.

Skyldum við hafa fengið upplýsingar um hverjir eiga fyrirtækið sem við erum að gangast í ábyrgð fyrir? Nei. Einnig því er neitað. Þar skjóta menn sér á bak við einhverja lagasetningu. Við vitum ekkert hver á þetta fyrirtæki. Við vitum ekkert um eignarhlutina eða hvernig þeir skiptast. Ég vil koma því á framfæri í þingsal að lögmaðurinn benti á að ættu einhverjir þeir sem um þessi mál fjalla fyrir hönd þjóðarinnar eða taka ákvörðun á Alþingi hlut í fyrirtækinu væri eðlilegt að þeir upplýstu um það.

Við kölluðum eftir upplýsingum um leiðangur Brusselfaranna og árangur af þeirri för. Svo er mál með vexti að fulltrúar fjmrn. héldu til Brussel. Í sömu ferð voru einnig fulltrúar frá fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu. Þeir voru ekki hluti af sömu sendinefnd, það var upplýst á fundinum, en ráðuneytismenn lögðu þar gögnin fyrir ESA-dómstólinn. Þess má vænta að hann komist að niðurstöðu, frá því að hann hefur fengið gögnin í hendur, innan tveggja mánaða. Það var tímasetningin sem nefnd var og við höfum oft sagt það í umræðunni að það væri eðlilegt að sú niðurstaða lægi fyrir áður en þingið tæki ákvörðun í þessu máli.

Ég bið menn hins vegar að íhuga eitt. Menn eru taugaveiklaðir og allt að því á hnjánum gagvart ESA og þeim skuldbindingum sem við höfum gert í tengslum við hið Evrópska efnahagssvæði. Gagnvart íslenskum lögum hafa menn hins vegar ekki hinar minnstu áhyggjur. Þeir afnema þau einfaldlega. Það var gert í þessu máli.

Við spurðumst fyrir um hvaða fyrirtæki önnur hefðu óskað eftir stuðningi af hálfu ríkisins. Þá voru nefnd Lyfjaþróun og Norðurljós. Þar er talað um ríkisstuðning almennt. Við gengum lengra og spurðum hvort einhver önnur fyrirtæki sem starfa á svipuðu eða skyldu sviði hefðu leitað hófanna gagnvart íslenskum stjórnvöldum um upplýsingar, ekki endilega stuðning en a.m.k. upplýsingum varðandi starfsemi hér á landi. Þess vegna voru kallaðir á fundinn fulltrúar iðn.- og viðskrn. Þar komu starfsmenn Fjárfestingarstofunnar en þeir hafa milligöngu um slíkar fyrirspurnir. Við vorum upplýst um að engar slíkar eftirgrennslanir hefðu verið gerðar.

Við spurðum hvort ráðuneytismenn hefðu farið í saumana á bókhaldi deCODE. Ég nefndi þar vissa þætti. Ég spurði t.d. út í lán eða samninga sem gerðir voru 30. júní 1999 um greiðslu til Lúxemborgar, til einhvers sem heitir „buyer", kaupandi. Þá var sagt að það væri ekki eðlilegt að menn væru að fara í saumana á bókhaldinu með þessum hætti. Jú, það er eðlilegt. Við erum nefnilega sett í þessa stöðu og við viljum fá að vita hvað er að gerast þarna innan veggja. Þetta er sértækur stuðningur og við erum sett í þá stöðu að okkur ber að fara í saumana á þessum málum. Ég spurði sérstaklega um þessa tilfærslu.

Ég hef áður beint spurningum til hæstv. fjmrh., hvort hann hafi kannað lánskjör fyrirtækisins og hvernig það sé skýrt eða hvaða skýringar menn hafa á því, hvaða skýringar fyrirtækið hafi gefið á að lánskjörin virðast fara mjög ört versnandi. Ég vitnaði í lánveitingar í desember og undir lok síðasta árs og síðan aftur lánveitingar í marsmánuði með 6% álagi á Libor. Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaheiminum er það mjög hátt hlutfall. Þar erum við að tala um mörg hundruð milljóna kr. lán svo ég vísi til lánveitingarinnar í marsmánuði. Að hluta til var einnig tekið lán sem samkvæmt upplýsingum deCODE, sem birtast á bandarísku verðbréfavefnum, voru vísitölutryggð með 12% vöxtum. Þetta er óheyrilega hátt ef rétt er en þetta eru upplýsingar frá fyrirtækinu sjálfu. Hefur hæstv. fjmrh. farið í saumana á þessum tölum? Hefur hæstv. fjmrh. kannað hinar árangurstengdu greiðslur deCODE? Fulltrúar fjmrn. komu galvaskir og sýndu okkur samninga sem námu 200 og 300 millj. bandaríkjadollara. Síðan kemur í ljós að þetta eru markmiðstölur, eins og samningur frá 1998 upp á 200 millj. dollara. Þar voru 70 millj. dollarar, ef ég man rétt, fastar greiðslur sem skiptust á fimm ár. Hitt var árangurstengt.

Þegar farið er að skoða málið hefur þetta aðeins verið greitt að hluta. Hefur þetta verið skoðað? Að hluta til mælist árangur fyrirtækisins í þessu en ekki í fjálglegum yfirlýsingum þess sem við fáum aldrei tækifæri til að láta óvilhalla aðila skoða. Hefur það verið kannað? Hefur verið farið rækilega í saumana á viðskiptum fyrirtækisins við íslenska ríkisbanka? Voru það tilmæli ríkisstjórnarinnar á sínum tíma til ríkisbankanna að kaupa bandaríska áhættufjárfesta út úr fyrirtækinu fyrir milljarða kr.? Ég óska eftir upplýsingum um þetta. Voru það tilmæli ríkisstjórnarinnar til ríkisbankanna að kaupa bandaríska áhættufjárfesta út úr fyrirtækinu? Var það svo?

Þegar spurt er út í samninga við ríkið kemur síðan í ljós að gagnagrunnurinn er ekki, eins og við vitum, frágenginn. Þess vegna er ekki farið að greiða neitt fyrir hann. En engu að síður, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að, eru gerðir aðrir samningar um að greiða fyrir útlagðan kostnað við upplýsingaöflun sem ekki hefur verið innt af hendi. Auðvitað þurfum við að fá upplýsingar og svör við öllum þessum spurningum.

Við óskuðum líka eftir nánari upplýsingum um viðskiptasamninga fyrirtækisins við Hoffmann-La Roche, svo að dæmi sé tekið. Þar kemur fram að búið er að gera samning um sölu á blóði og tilgreint hvað það á að kosta. Þetta er hægt að finna í gögnum sem hver og einn getur flett upp á í upplýsingum um bandaríska skjalið sem er vísað til sem 10K frá 27. mars. Á bls. 50 greinir frá þessum blóðsamningum, þ.e. 50 dollara fyrir einhverja einingu. Hvaða samningar eru hér á ferðinni?

Við spurðum fulltrúa heilbrrn. um þetta. Þeir sögðu að um þetta giltu almenn lög og það væri ekki eðlilegt að fara ofan í saumana hjá einstökum aðilum. Ef þeir færu að lögum gætu fyrirtækin gert sína samninga og síðan hlýddu þeir almennum landslögum. Ég vek hins vegar athygli á því að það er að verða æðimikill samruni, ríkisins annars vegar og þessa fyrirtækis. Þegar spurt hefur verið um það í þingsal hvaða samningar hafi verið gerðir milli íslenskra heilbrigðisstofnana og þessa fyrirtækis er því svarað á mjög loðin og óljósan hátt og ekkert fast að hafa í hendi. Þannig hefur það verið. Ég hef margoft beint spurningum til ríkisstjórnarinnar og til hæstv. heilbrrh. um þetta efni og alltaf fengið loðin svör.

Hitt vitum við vel að læknar í íslenska heilbrigðiskerfinu hafa tekið upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu og farið með þær inn í þetta fyrirtæki. Þeir hafa gert það. Ég sagði einhvern tíma frá því að ég hefði upplýsingar um að óskað hefði verið eftir blóðsýni úr sjúklingum geðdeildar á Akureyri, fá það inn í fyrirtækið. Mér er kunnugt um að þeirri beiðni hafi verið hafnað af þeim sem réðu á því sjúkrahúsi. Þetta mál mun hafa verið rætt hjá landlæknisembættinu. En auðvitað vakna ýmsar spurningar þegar maður sér samninga eins og þessa. Sannast sagna finnst mér ekki nógu gott að heilbrrn. skuli ekki fara ofan í saumana á þessu þegar ítrekað er óskað eftir upplýsingum um þetta. Þær er ekki að hafa. Samningar standast ekki. Þeir ganga ekki upp en það er óskað eftir því að Alþingi Íslendinga skrifi upp á 20 milljarða tékka með bundið fyrir augun. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Nú birtast í blöðunum alls kyns sigurfréttir, eins og jafnan gerist þegar erfiðir dagar eru hjá fyrirtækinu eða ríkisstjórninni.

Nú er það styrktarsjóður fyrir börn. Það var mikil frétt um það í Fréttablaðinu í gær. Í hann var veittur stuðningur í formi hlutabréfa á sínum tíma. Þessi hlutabréf þöndu síðan sjóðinn út þegar þau voru seld á gráa markaðnum. Ég spyr um siðferðið í þessu öllu saman, siðferðið í þessum styrktarsjóði. Þótt hann verði notaður til góðra verka eru þetta hlutir sem við skulum fara að ræða í alvöru, þegar skapaðir eru styrktarsjóðir á þessum forsendum á hinum gráa markaði. Við skulum ræða það í alvöru og í samhengi við ríkisstjórn sem hefur skorið niður við öryrkja og þá sem standa höllum fæti, sem greiðir atvinnuleysisbætur í kringum 70 þús. kr. á mánuði og dæmir fólk til örbirgðar og fátæktar. Hún ætlar síðan að kaupa sér sálufrið með þessum hætti.

Mörgum spurningum er ósvarað í þessu máli. Inn á eitt atriði vil ég þó koma undir lokin. Það er spurningin: Að hvaða marki er úthugsuð kerfisbreyting á ferðinni? Íslendingar verja tiltölulega litlu fé til rannsókna og hefur verið svo um langt árabil. Hlutfall ungs fólks sem leggur stund á raunvísindi er tiltölulega lágt hér á landi. Árið 1999 vorum við í 16. sæti. Framlag okkar til rannsókna innan háskóla hefur líka verið af skornum skammti.

Ákveðin kerfisbreyting fer að gerast á síðasta áratug 20. aldarinnar og í hverju er hún fólgin? Hún er fólgin í því að hefja stuðning við fyrirtæki en draga úr stuðningi við opinberar stofnanir á borð við Háskóla Íslands. Ég vek athygli á úttekt sem gerð hefur verið af hálfu Steindórs J. Erlingssonar og birtist vonandi í fjölmiðlum á komandi dögum og vonandi sýna fjölmiðlar henni áhuga. Á sama tíma og styrkurinn og stuðningurinn við einkafyrirtækin þýtur upp dregur úr honum við háskólann. Hvaða punktur skyldi þetta vera í mannkynssögunni? Það er tilkoma deCODE. Ég minni á það sem áður hefur komið fram í umræðunni að allflestir þeir sem komu til nefndarinnar og voru ekki beinlínis undir hæl ríkisstjórnarinnar, voru tiltölulega frjálsir menn, auglýstu eftir allt öðrum áherslum. Þeir sögðu: Það sem við eigum að gera, það sem ríkið á að gera til þess að styrkja þennan vísindageira er að styrkja rannsóknir almennt, styrkja Háskóla Íslands og styrkja rannsóknir almennt. Þetta var ráðleggingin. Síðan ættu fyrirtækin að þróast á eðlilegum markaðsforsendum.

Ég hef aldrei verið andvígur því að stuðningur sé veittur fyrirtækjum, aldrei, og mér finnst að engar alhæfingar eigi að setja fram um það efni. Þó er mjög mikilvægt, tel ég, að um þetta gildi almennar skýrar reglur. Það sem tillagan gengur út á að við gerum er að stuðla með beinum hætti að atvinnuuppbyggingu á tilteknu sviði. Þetta er freistandi hugsun. Ef rétt er að málum staðið og jafnræðissjónarmiða gætt er þetta freistandi hugsun. En hvað segja hinir sem eiga í erfiðleikum, sá atvinnurekstur sem berst í bökkum? Hvað segja menn þar? Ég segi það alveg hiklaust að ég hef ekki síður samúð með þeim geira og þeim byggðarlögum sem eru að bugast vegna erfiðrar stöðu. Þar hefði ég haldið að ríkisvaldið ætti að beita sér og fjármálakerfið og við höfum talað fyrir því í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þess vegna vildum við hafa til staðar í samfélaginu uppbyggingarsjóði atvinnulífsins til þess að jafna út sveiflur og aðstoða atvinnulífið við að taka áföllum en jafnframt verða nýttir til uppbyggingar. Þetta er sú stefna sem við höfum talað fyrir. En frv. ríkisstjórnarinnar og þær tillögur sem liggja hér fyrir þinginu ganga í þveröfuga átt.

Herra forseti. Ég gæti talað miklu lengur og rakið þá umræðu sem fram fer í Bandaríkjunum og víða um heim um fyrirtæki á þessu sviði þar sem ég hef hlustað á ýmsa sérfræðinga sem þekkja inn á þessi mál. Ég gæti líka fjallað um þá umræðu sem fram fer um fjármálaheiminn í Banda-

ríkjunum og það er mjög athyglisverð umræða. Ég er með greinar úr bandarískum blöðum um það efni og málarekstur sem nú fer fram á hendur fjármálafyrirtækjunum. Ég ætla ekki að gera það. Ég tel að flest þau sjónarmið sem ég hef viljað koma fram með í umræðuna séu komin fram og ég geri mér grein fyrir því að ríkisstjórnin er búin að festa sig í því að kýla þetta í gegnum þingið með offorsi og ofbeldi. En ég leyfi mér að beina því til hæstv. fjmrh. að fara varlega með þá heimild sem stjórnarmeirihlutinn hér á þingi kann að veita honum því að sú heimild er ekki vel fengin.

Herra forseti. Ég hef beint nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra, hvort hann hafi kynnt sér lánskjörin, hvort hann hafi kynnt sér skuldastöðu og bókhald fyrirtækisins. Ég nefndi nokkur dæmi þar um, samskiptin við fjármálamarkaðinn hér, hvort því hafi verið beint frá ríkisstjórninni til ríkisbankanna að kaupa bandarísku áhættufjárfestana út á sínum tíma og hvort hann deili með mér áhyggjum um það að með ríkisábyrgð séum við að þenja út stóran vinnustað og gera hann hugsanlega helmingi stærri, með því móti séum við að takast á herðar fjárhagslega og siðferðilega ábyrgð sem hugsanlega verði illa risið undir.

[21:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín í umræðunni eins og eðlilegt er þegar um stórt mál er að ræða eins og hér er á ferð. En það má vera vont þingmál sem ekki er hægt að segja eitt einasta jákvætt orð um því það hefur ekki verið gert af hálfu þeirra þingmanna sem hér hafa talað við umræðuna og það mega vera ábyrgðarlitlir ráðherrar í ríkisstjórn sem standa að slíku máli ef marka má þann málflutning. Þó hef ég sérstaklega lýst því yfir úr þessum ræðustól að þeirri heimild sem hér er verið að veita mér sem fjmrh. verði beitt af varfærni og í fyllsta samræmi við þær reglur sem gilda um ríkisaðstoð á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þess vegna kemur mér á óvart þegar þingmenn eru að halda því fram innan þings og utan að það eigi *eftir að láta á það reyna hvort þetta fari ekki örugglega í bága* við reglurnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Mig minnir að hv. síðasti ræðumaður hafi sagt það í sjónvarpsviðtali síðast í gær að það væri algerlega óljóst — eða hvort það var jafnvel í kvöld — hvort þetta bryti allt saman í bága við þær reglur.

Ekki er auðvelt að rökræða um þessa hluti þegar aldrei er tekið mark á nokkrum hlut sem sagður er, ekki hið minnsta mark. Hv. þm. lauk máli sínu áðan með því að skora á mig að vera varkár í meðferð þessarar heimildar sem *ég hef* þegar að sjálfsögðu lýst yfir að ég muni verða. Að sjálfsögðu mun Alþingi fylgjast með því strax frá og með næsta hausti hvernig þessu máli vindur fram.

Að sjálfsögðu er með þessari heimild verið að leggja mikla ábyrgð og ríka á herðar fjmrh. og ríkisstjórn. Enginn gerir sér betur grein fyrir því en sá sem hér stendur. Þess vegna er það ásetningur okkar sem munum bera ábyrgð á þessu máli að fara eins vel með slíkar heimildir og nokkur kostur er og gæta hagsmuna ríkissjóðs og almennings eins vel og hægt er. En auðvitað erum við að fara af stað með þetta mál vegna þess að við teljum að það sé efnislega réttlætanlegt og skynsamlegt. Annars væri búið að fallast á öll rök gegn þessu máli sem fram hafa komið og þá mætti henda því bara í körfuna. Það er verið að þessu í ákveðnum tilgangi. Menn tala hér eins og þetta mál hafi engan tilgang annan en eitthvað neikvætt að því er þingmenn telja eins og að efla einkaframtak í landinu eða eitthvað því um líkt. Frumvarpið hefur þann tilgang að efla hátækni og vísindastarfsemi í landinu þjóðinni allri til góðs og almenningi til hagsbóta og ríkissjóði til hagsbóta þegar fram í sækir. Þess vegna eru menn að leggja það á sig að fara í gegnum málið og afla slíkra heimilda sem á eftir að láta fullreyna á með hvaða hætti verða nýttar. Það fer að sjálfsögðu m.a. eftir niðurstöðum úr viðræðum við Eftirlitsstofnun EFTA. Það þarf að senda þangað formlega tilkynningu eins og hv. ræðumaðurýjaði að. Eftir að öll gögn hafa borist í því efni hefur stofnunin tvo mánuði til þess að komast að niðurstöðu. Þá þurfa menn að fara vel yfir það hver staðan verður þá, bæði með tillilti til skilyrða af hálfu stofnunarinnar og annarra þátta, m.a. atriða sem snúa að fyrirtækinu sjálfu.

Ég get alveg sagt að ég tel fráleitt, sem hér hefur verið haldið fram, að vegna þess að grein í ríkisábyrgðalögunum um ábyrgðargjald eða áhættugjald eins og það er kallað sé vikið til hliðar þá megi ég ekki sem handhafi þessarar heimildar setja skilyrði um að greitt verði ábyrgðargjald. Ég tel að þetta sé öldungis fráleit túlkun og engum manni hafi dottið í hug að hægt væri að túlka þetta mál svona, enda hef ég margsagt það hér og annars staðar að að sjálfsögðu verður greitt ábyrgðargjald sem í almennu lögunum er kallað áhættugjald. En ekki er hægt að nefna upphæð gjaldsins eða hlutfall þess vegna þess að ekki er komin niðurstaða í þá flokkun sem skiptir máli á Evrópska efnahagssvæðinu, hjá þeirri ágætu stofnun EFTA. Þess vegna er það eitt af skilyrðunum sem ekki er búið að ganga frá.

Auðvitað finnst mér, ef það er rétt að fyrirtækið sé í skuld við ríkissjóð vegna nokkurra atriða sem þingmenn hafa hér haldið fram, sjálfsagt að ganga eftir því að slíkar skuldir séu gerðar upp. Mér finnst slíkt sjálfsagt. Ég tek undir það með þingmanninum að þetta fyrirtæki á að sjálfsögðu að gera upp skuldir sínar við ríkissjóð ef einhverjar eru. En ég þekki ekki nákvæmlega hvernig þeim málum er háttað.

Ég tók eftir því að hv. þm. Sverrir Hermannsson vitnaði til orða fyrrv. formanns framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar um að þessi verksmiðja ætti ekkert erindi hingað til lands. Þessi verksmiðja? Það er ekki verið að tala um neina verksmiðju nema þá kannski hugvitsverksmiðju. Þetta snýst ekki um það. Þetta er eitt af grundvallaratriðum í málinu og afhjúpar annaðhvort misskilning eða útúrsnúning að tala um þetta með þeim hætti.

Við munum að sjálfsögðu fara rækilega yfir öll atriði í þessu sem skipta máli áður en ábyrgðin verður veitt. Það er ekki verið að veita hana með því frv. sem við erum nú að láta verða að lögum. Ábyrgðin verður ekki veitt fyrr en síðar, eins og allir átta sig auðvitað á sem hafa lesið frv., og þá munum við fara yfir þau atriði gagnvart einstökum liðum í starfsemi félagsins sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um. En eitt vildi ég þó nefna strax varðandi fyrirspurn hans um hvort það hefðu verð tilmæli ríkisstjórnarinnar til ríkisbankanna að leysa til sín einhverja milljarða af bréfum bandarískra áhættufjárfesta í fyrirtækinu. Ég kannast ekki við nein slík tilmæli, hef ekki komið nálægt þeim ef einhver hafa verið, fullyrði reyndar að svo hefur ekki verið, enda hef ég ekkert boðvald í þeim efnum gagnvart ríkisbönkunum. Ég átta mig satt að segja ekki alveg á því um hvað hv. þm. er að dylgja með þessum hætti, (**ÖJ:** Dylgja? Þetta var spurning.) að það hafi vísvitandi verið ásetningur ríkisstjórnarinnar að koma þessum hlutabréfum inn í landið til þess að hægt væri að hafa fé af almenningi með því að selja þetta of háu verði. Það er það sem er undirliggjandi í þessari spurningu alveg

eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði. Hann vissi dæmi þess að bankarnir hafi verið að troða þessum bréfum upp á fólk á allt of háu gengi. Ég kann ekki við svona málflutning. Þetta er alveg tilefnislaust.

(**ÖJ:** Er það tilefnislaust?) Þetta er tilefnislaust, (**ÖJ:** Hvað finnst fólki ...?) hv. þm. Það er tilefnislaust að gera því skóna að ríkisstjórnin hafi gefið bönkunum einhver fyrirmæli í þessum efnum. Það er tilefnislaust.

Menn hafa síðan velt fyrir sér öðrum þáttum í þessu máli, m.a. hefur verið spurt um það í umræðunni, reyndar ekki núna heldur um daginn, hvort þessi ábyrgð hefði áhrif á lánshæfi ríkissjóðs. Ég tel ekki að svo sé. Reyndar er þessi upphæð af þeirri stærðargráðu að hún hefur ekki úrslitaáhrif á lánshæfi ríkissjóðs. En þar fyrir utan er málið þess eðlis að það eru engar líkur á því að lánshæfi ríkissjóðs skerðist og jafnframt ástæðulaust að gera því skóna.

Ég vil hins vegar nefna eitt atriði sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni og kom einnig fram hjá samflokksmanni hans við 2. umr. um málið, þ.e. hvað tekur við eftir þessi sjö ár. Verið er að tala um að veita ríkisábyrgð á láni til sjö ára. Hvað á svo að gera? Þetta finnst mér vera spurning sem við eigum að velta fyrir okkur, bæði í þessum ræðustól og annars staðar, vegna þess að ég tel að það sé ekki verið að marka þá stefnu með frv. að ríkissjóður haldi áfram að veita þessa aðstoð eftir sjö ár. Gert er ráð fyrir að þess þurfi ekki. Hins vegar tel ég athyglisvert og umræðuvert að benda á þetta, og þá gefst mér tækifæri til að segja það hér að ég tel ekki að það sé tilefni til að gera ráð fyrir því að aðstoðar verði þörf í þessu formi að þessum tíma liðnum. Reyndar geri ég mér góðar vonir um að það verði búið að gera upp þetta lán áður en lánstíminn, sjö ár, verður allur liðinn. Það eru því engin fyrirheit undirliggjandi í þessu máli um áframhaldandi fyrirgreiðslu af þessu tagi og það verður sjálfstætt og sérstakt mál að taka afstöðu til hjá þeim sem um það munu fjalla ef og þegar til slíks kæmi sem, eins og ég segi, ég leyfi mér að efast mjög um. (Gripið fram í.) Hvað segir þingmaðurinn? (**Gripið fram í:** Gæti gerst.) Þingmaðurinn gæti orðið fyrir bíl á morgun. Ég veit það ekki. Við getum ekki talað í slíkum viðtengingarhætti í þessu máli. — En það eru engar fyrirætlanir um það, og auðvitað er ráð fyrir því gert að fyrirtækið verði komið það vel á veg að það þurfi ekki á neinu slíku að halda.

Út af vangaveltum um stjórnarskrána og almennu lögin um ríkisábyrgðir vil ég láta þess getið að eftir því sem ég best veit hefur ekki verið veitt ábyrgð á grundvelli þeirra laga frá því að þau tóku gildi 1. jan. 1998. Ef einhver hefði átt að fá ábyrgð á grundvelli þeirra hefði þurft að veita slíkum aðila heimild í lögum með svipuðum hætti og við erum að gera núna, þ.e. nafngreina aðilann og veita honum leyfið, veita honum ábyrgðina með samþykki á Alþingi. Það hefði sem sé þurft að tiltaka aðilann alveg eins og við höfum áður oft gert á Alþingi í gegnum árin og áratugina. Ég minnist þess að eitt fyrsta málið sem kom til minna kasta þegar ég sat á Alþingi sem varaþm. vorið 1986 var frv. til laga um aðstoð við flugfélagið Arnarflug. Lög um málefni Arnarflugs minnir mig að málið hafi síðan heitið. Nokkrum árum áður voru afgreidd lög um aðstoð við Flugleiðir. Þetta voru nafngreind fyrirtæki. Og þannig held ég að lögin um ríkisábyrgðir frá 1997, sem gildi tóku 1. jan. 1998, séu hugsuð. Það er ekki hægt að veita ábyrgðir á grundvelli þeirra nema Alþingi veiti sérstaka heimild til nafngreinds aðila. En tilfellið í þessu máli er reyndar að hér er um að ræða fyrirtæki sem jafnframt er heil atvinnugrein, ný atvinnugrein, og sjá þá allir að hér er um stærra og meira mál að ræða en aðstoð við eitt lítið fyrirtæki. Öll stærðargráðan í þessu máli er þess eðlis að við munum ekki fá þessa starfsemi hingað nema til komi einhver atbeini hins opinbera.

Eins og ég sagði við 1. umr. var þessi leið valin í stað þess að fara einhverja aðra leið til þess að hafa hönd í bagga með að fá starfsemina hingað til lands. En vegna þess sem ég er hér að segja tel ég að það sé alveg fráleitt að gera því skóna að hér sé um að ræða stjórnarskrárbrot eða að einhverjir aðrir aðilar séu sviptir vernd dómstólanna. Ef í ljós kemur að aðrir aðilar eru hluti af þeirri atvinnugrein sem hér er verið að ýta úr vör þarf auðvitað að skoða þeirra mál sérstaklega. Það munum við gera eftir að niðurstaða er komin í málið í heild hjá Eftirlitsstofnun EFTA og þegar menn telja sig hafa bundið svo um hnúta að það geti komið til greina að beita þeirri heimild sem hér er verið að veita. Það gerist ekki í dag og ekki á morgun. Það mun taka vikur, hugsanlega einhverja mánuði, m.a. með tilliti til þess frests sem Eftirlitsstofnunin hefur sjálf til að fara yfir þessi mál. Ég vara því við því að menn geri úlfalda úr mýflugu í þessu efni.

Ég vil að öðru leyti þakka fyrir þessar umræður þó að ég geti að sjálfsögðu ekki þakkað fyrir þau ummæli að hér sé verið að fara með málið í gegn með offorsi og ofbeldi eins og hv. síðasti ræðumaður sagði. (**ÖJ:** Því er rétt lýst.) En honum fyrirgefst ýmislegt í hita leiksins, tekur stundum stórt upp í sig, hv. þm., eins og ýmsir í þessum sal. Ég vil hins vegar fullvissa þingmenn, sem ég hef reyndar áður gert, um að varlega verði stigið til jarðar í þessu máli þegar að því kemur að beita þeim heimildum sem hér er verið að veita, og Alþingi mun verða upplýst um framgang málsins eftir því sem unnt verður og tækifæri gefst til strax á næsta vetri.

[21:54]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sakna svara við ýmsum spurningum sem ég beindi til hæstv. ráðherra, um lánskjörin svo dæmi sé tekið, um bókhald fyrirtækisins og á hvern hátt yrði farið í saumana á því. En ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra segir það réttmæta athugasemd að hyggja beri mjög vel að því hvað gerist að lánstímanum loknum og hver ábyrgð okkar er þar. Ég held að þetta sé mergurinn málsins. Þar höfum við skapað, ekki aðeins fjárhagslega ábyrgð heldur siðferðilega með því að þenja þennan stóra vinnustað út. Einmitt vegna þeirrar miklu ábyrgðar sem við höfum tekist á hendur á þann hátt er svo mikilvægt að fara vel ofan í saumana á þessu máli.

Hæstv. ráðherra segir að þetta sé efnislega réttlætanlegt. Ef það er svo, hvernig stendur þá á því að okkur er ekki gefinn kostur á því, þingmönnum sem eigum að taka ábyrgð á málinu, að gera einmitt þetta, sjá viðskiptaáætlanir fyrirtækisins, kveðja til ráðgjafar óháða aðila til að fara í saumana á þessum málum? Það hefur ekki verið gert.

Hæstv. ráðherra segir að farið verði að reglum EES. Ég hefði viljað að farið hefði verið að reglum Íslands, lögum sem Íslendingar hafa sett en er núna vikið til hliðar. Í staðinn fáum við frv. sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta: „Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild." — Hér erum við komin inn í duttlungaákvörðun hæstv. ráðherra sem hefur vikið lögum um ríkisábyrgð til hliðar. Það er m.a. þetta sem ég gagnrýni.

Og síðan að ríkisbönkunum. Ég var ekki að dylgja neitt um þá. Ég spurði hvort ríkisstjórnin hefði veitt ríkisbönkunum fyrirmæli eða tilmæli um að kaupa bandarísku áhættufjárfestana út. Ég kem nánar að því í síðara andsvari.

[21:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við munum að sjálfsögðu fara yfir þau atriði sem varða fjármál fyrirtækisins og þingmaðurinn nefndi, lánskjör, samskipti við fjármálamarkaðinn, annað sem varðar bókhald fyrirtækisins og skiptir máli í þessu sambandi þegar að því kemur að ganga frá þeim skilyrðum sem sett verða. En af því að hv. þm. las úr frv. um þær heimildir sem verið er að veita fjmrh. með lögum en ekki með minni persónulegu ákvörðun, með nýjum lögum sem yfirtaki gömlu lögin og almennu lögin vil ég taka það fram, sem ég hef áður sagt, að ég mun fara eins vel með þessar heimildir og mér er unnt, og með hagsmuni almennings í landinu fyrir augum. Ég er búinn að segja þetta áður. Ég efast ekki um að hv. þm. tekur ekkert mark á því. Þannig er það samt.

[21:58]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er að gerast mjög skrautlegt. Þetta gerist allt með lögum, segir hæstv. ráðherra. Það er verið að víkja til hliðar lögum sem gilda um ríkisábyrgð. Það er gert með lögum og hvað segir í þeim lögum? Það segir að fjmrh. veiti þessa ábyrgð að uppfylltum skilyrðum sem hann metur gild. Og nú kemur hann hingað í ræðustól og segir: Þetta er allt löglegt. Það er löglegt að færa valdið í hendur hans á þennan hátt. Einhvern tíma var sagt: Löglegt en siðlaust. Að sjálfsögðu á það við um þetta efni.

Varðandi ríkisbankana hef ég spurt eftir því hvort ríkisstjórnin, einstakir ráðherrar, hvort sem það er hæstv. fjmrh. eða hæstv. viðskrh., hafi gefið þeim tilmæli um að kaupa bandarísku fjármálaáhættufjárfestana út. Þetta eru engar dylgjur. Ég sagði ekki að þetta hefði verið gert með það í huga að hafa fé af íslenskum almenningi. Ég hef aldrei dylgjað um það. Ég spurði um það eitt hvort þeim hefðu verið gefin þessi tilmæli vegna þess að ég hef grun um að það sem er að gerast í þessu máli sé einfaldlega þetta: Það eru talaðar upp væntingar hjá fjármálakerfinu og hjá ríkisstjórninni af hálfu forsvarsmanna Íslenskrar erfðagreiningar. Þess vegna kemur hæstv. fjmrh. fram og segir: Ég trúi. Ég trúi að fyrirtækið mundi standa sig að lánstímanum loknum. Á þessum forsendum er ætlast til þess að Alþingi Íslendinga afnemi lög um ríkisábyrgð og veiti einum ráðherra heimild að eigin mati til þess að framkvæma þennan óskapnað.

[22:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get endurtekið það fyrir þingmanninn að engin tilmæli til ríkisbankanna hafa frá mér komið varðandi þetta mál, alls engin.

Að því er varðar frv. og þær breytingar sem með því eru gerðar á lögunum um ríkisábyrgð langar mig til að vitna í fyrrverandi bandamann hv. þm., fyrrv. hv. þm. Ragnars Arnalds, sem stundum sagði okkur til í lögfræði í þinginu og sagði þá m.a.: „Það er ekki lögbrot að breyta lögum." Það er það sem við erum að gera. Hér er verið að setja ný lög sem yfirtaka hluta af ríkisábyrgðalögunum og þá förum við eftir þeim nýju lögum í þessu máli.

Hitt er svo annað mál hvort ríkisábyrgðalögin frá 1997, sem sennilega hafa aldrei verið notuð, eru óbreytanleg eða hvort við ættum að skoða þau aðeins. Ég skal ekki fullyrða það. Það má vel vera að ástæða sé til þess. En hvað sem því líður eru þau þess eðlis að ábyrgð samkvæmt þeim verður ekki veitt nema til komi sérstök ný heimild hverju sinni af hálfu Alþingis þar sem tiltekinn er ákveðinn aðili sem ríkisábyrgðar á að njóta. Þannig er það nú og skýrir sig auðvitað sjálft.

[22:01]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er til marks um hvað þetta mál er vanbúið til afgreiðslu og hve mikil handabakavinnubrögð eru hér á ferðinni að hér stendur orð gegn orði. Og hvort eiga þingmenn að trúa og treysta hæstv. fjmrh., að hann hafi rétt fyrir sér þegar hann segir að ekki sé verið að brjóta gegn jafnræðisákvæðum stjórnarskrárinnar, eða eiga þingmenn að trúa hæstaréttarlögmanninum Ragnari Aðalsteinssyni? Ekki gafst tími til að sannreyna þetta eða fara frekar ofan í málið fremur en með ábyrgðargjaldið. Þar stendur orð gegn orði. Hæstaréttarlögmaðurinn segir að ekki sé hægt að taka ábyrgðargjald þegar búið er að kippa lögunum úr sambandi gagnvart þessu máli, en hæstv. ráðherra segir að það sé hægt.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra varðandi greiðslurnar vegna undirbúningskostnaðar við að safna upplýsingum úr gagnagrunninum. Hæstv. ráðherra segir: Ef Íslensk erfðagreining eða fyrirtækið skuldar ríkissjóði, þá á að gera það upp. Er það virkilega svo að hæstv. ráðherra komi með þetta mál til þings og kalli eftir þessari heimild, en hafi ekki kannað það áður hvort Íslensk erfðagreining sé í skuld við ríkissjóð? Það á að gera samkvæmt lögum um ríkisábyrgð. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ábyrgð fyrir aðila sem er í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð."

Ég trúi því varla að hæstv. ráðherra sem vill láta taka sig alvarlega hafi ekki kannað þetta mál. Ég hef ástæðu til að ætla að um sé að ræða tugi milljóna sem fyrirtækið skuldi ríkissjóði og hæstv. ráðherra hefur ekki hugmynd um það, segir að fyrirtækið eigi að gera upp ef það skuldi eitthvað. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann að kanna þetta mál? Ætlar hann að standa þannig að verki að ríkisábyrgð verði ekki veitt fyrr en þessi skuld hefur verið gerð upp?

Mér finnst það alvarleg tíðindi ef hæstv. ráðherra hefur ekki kannað þetta mál.

[22:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hefur komið fram af minni hálfu að ég tel að sé það svo að fyrirtækið sé í skuld við ríkissjóð og gjaldfallnir séu einhverjir reikningar af ríkisins hálfu gagnvart því, þá eigi að sjálfsögðu að greiða þá. Við munum þá kanna það áður en frá þessu máli verður gengið og ábyrgðir veittar að svo verði gert.

Að því er varðar það sem hv. þm. sagði fyrst um að það standi orð gegn orði, annars vegar mitt orð og hins vegar orð hæstaréttarlögmanns sem kom til efh.- og viðskn. í dag, þá spyr ég: Hvernig leysa menn slíkan ágreining? Ef einhver telur á sér brotið, hvað gerir hann þá? Þá leitar hann til dómstólanna. Ef hann telur að á honum sé brotið af hálfu einhverra annarra aðila og ef menn telja að löggjöf í landinu brjóti á þeim þannig að hún fari ekki að stjórnarskrá, þá láta menn á það reyna gagnvart dómstólum.

Að því er varðar ábyrgðargjaldið. Hugsum það mál örlítið. Hv. þm. hefur eftir lögmanninum að ekki megi leggja á ábyrgðargjald af því að ákvæðum í ríkisábyrgðalögum sé vikið til hliðar. Ég segi: Það er rangt og við munum innheimta ábyrgðargjald eða áhættugjald eins og það heitir. Hvaða aðili væri það þá sem gæti hugsanlega talið á sér brotið í því efni? Er það ekki aðilinn sem gjaldið er innheimt hjá, með öðrum orðum deCODE? Finnst fólki líklegt hér í salnum að deCODE muni fara í mál við íslenska ríkið vegna ábyrgðargjaldsins þegar deCODE er sá aðili sem er að njóta ábyrgðarinnar? Hvers lags vitleysismálflutningur er þetta? Halda menn að deCODE fari í mál vegna ábyrgðargjalds til þess að koma í veg fyrir að deCODE fái ábyrgðina?

[22:05]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau orðaskipti sem hér fara fram bæði gagnvart ábyrgðargjaldinu, stjórnarskránni og skuld Íslenskrar erfðagreiningar við ríkissjóð eru öll í vindinum. Þingið veit ekkert hvernig þessi mál standa og hefur ekki haft tíma til þess að kanna það. Ég veit að fyrir dómstólunum þarf að kanna þessi mál að lokum, en það er skylda þingsins að afla sér allra tiltækra upplýsinga þar til bærra aðila og fara ofan í þetta mál, bæði gagnvart því að verið sé að brjóta stjórnarskrána og gagnvart ábyrgðargjaldinu, og síðan er það algerlega út í hött að þinginu sé ætlað að afgreiða málið án þess einu sinni að hæstv. fjmrh. viti um það hvort fyrirtækið sé í skuld við ríkissjóð. Það finnst mér mjög sérstakt og ég spyr enn og aftur: Verður ábyrgðin veitt fyrr en fyrir liggur að það borð hafi verið hreinsað, að engin skuld fyrirtækisins sé við ríkissjóð þegar ábyrgðin verður veitt eða heimild verður notuð ef til þess kemur? Það finnst mér að þurfi að vera alveg klárt.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra í lokin: Ef það er yfirlýstur tilgangur þessarar ríkisábyrgðar að efla hátækni og vísindastarfsemi í landinu hefði þá ekki verið eðlilegra að gera það með almennum hætti þannig að aðrir aðilar sem starfa á þessu sviði hefðu átt kost á að sækja um slíka ríkisábyrgð eða aðstoð til þess að efla hátækni og vísindastarfsemi í landinu? Er það ekki meira í samræmi við þá stefnu sem stjórnarflokkarnir a.m.k. í orði kveðnu þykjast fylgja? Alla vega telur Sjálfstfl. sig vilja fylgja slíkri stefnu. Hefði það ekki verið eðlilegra ef það er megintilgangurinn með ríkisábyrgðinni að efla hátækni og vísindastarfsemi? Staðreyndin er sú að sérhagsmunir eins fyrirtækis eru settir ofar almannahagsmunum. Það er sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir þegar á að fara að afgreiða þetta mál.

[22:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að láta reyna á reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu að því er varðar þetta tiltekna mál. Ég hef útskýrt það oftar en einu sinni að við munum fara í fyllsta máta eftir þeim reglum alveg eins og önnur ríki gera í meira og minna mæli þegar þau fá aðstöðu til eða þurfa á því að halda. Þannig er að önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópusambandinu nýta sér reglur til ríkisaðstoðar þegar þeim hentar. Þetta vitum við og það er m.a. ein ástæðan fyrir því hvernig fór fyrir skipasmíðaiðnaði okkar að menn voru kaþólskari en páfinn í því efni meðan aðrar þjóðir fóru sínu fram í sambandi við það þó að það sé allt önnur saga, en pínulítið til upprifjunar. En við ætlum að hagnýta okkur þessar reglur og ætlum að sjá hvort við getum farið í gegnum þetta mál gagnvart þeim aðilum í þeim tilgangi sem ég hef hér lýst, að byggja upp hátækni- og þekkingariðnað á þessu sviði í nýrri atvinnugrein. Ef það tekst, ef þetta verkefni lukkast og ef þetta mál gengur upp kemur að sjálfsögðu vel til greina að gera þetta á almennari grundvelli gagnvart aðilum sem eru í sambærilegri stöðu og hér er um að tefla.

En við verðum að láta á þetta mál reyna fyrst, sjá hver niðurstaðan úr því verður og síðan taka menn nýjar ákvaranir í ljósi þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárreiður ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 581. mál (Fjársýsla). — Þskj. 910, nál. 1372.

[22:10]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins.

Nefndin hefur fjallað um málið, sent það til umsagnar og fengið aðila á sinn fund sem getið er um í nál.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á frv. sem fjallar um verkefni Fjársýslu ríkisins, að hún annist innheimtu á skuldabréfum og kröfum, sem er svipað hlutverk og hún hefur haft.

Virðulegi forseti. Undir þetta rita allir nefndarmenn sem viðstaddir voru fundinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslunaratvinna, 2. umr.

Stjfrv., 607. mál (fylgiréttargjald, bifreiðasölur). — Þskj. 954, nál. 1408, brtt. 1409.

[22:11]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og sendi það til umsagnar og fékk aðila á sinn fund sem tilgreindir eru í nál. Tillaga nefndarinnar er að gerðar verði þrjár breytingar á frv.

Í 1. lið brtt. er fjallað um að ekki þurfi endilega að gera þá kröfu að aðili sem annast lokaútboð hafi skráningu fyrir verslunarrekstur.

Í annan stað er gerð sú tillaga til breytingar á refsiákvæðum að við því liggi sekt að vanrækja tilkynningu til firmaskrár, hlutafélagaskrár eða samvinnufélagaskrár.

Síðan er í þriðja lagi lagt til í ákvæði til bráðabirgða að greiða skuli 25 þús. kr. fyrir útgáfu leyfis til sölu notaðra ökutækja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (gjaldtökuheimildir og náttúrustofur). — Þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221.

[22:13]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum, frá meiri hluta umhvn.

Nefndin fjallaði um málið, sendi það til umsagnar, fékk nokkrar umsagnir og fékk síðan á sinn fund fulltrúa umhvrn.

Frumvarpið var lagt fram á 126. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Fyrir lágu þó nokkrar umsagnir frá þeim tíma um málið.

Meginatriði frumvarpsins eru að lögfestar eru skýrar gjaldtökuheimildir fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Þá er lagt til að náttúrustofur verði samtals átta í stað þess að vera sex talsins og jafnframt er lögð til sú breyting að staðsetning þeirra verði ekki bundin sérstaklega við kjördæmaskipan. Fram hefur komið að æskilegt sé að náttúrustofur dreifist jafnt um landið allt þannig að öll sveitarfélög hafi greiðan aðgang að náttúrustofu. Gengið er út frá því að starfræksla náttúrustofa sé alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa en með stuðningi ríkisins og að fulltrúar í stjórn komi eingöngu frá sveitarfélögunum sjálfum. Fram hefur komið í máli fulltrúa ráðuneytisins að framlög til einstakra náttúrustofa muni ekki minnka þrátt fyrir fyrirhugaða fjölgun þeirra. Þá er gert ráð fyrir að verkefni þeirra verði aukin og ætlunin er að breytt og aukin starfsemi náttúrustofa muni styrkja sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að í þeim samningum sem ráðherra mun gera við náttúrustofur, á grundvelli 2. gr. frumvarpsins, verði kveðið á um að umhverfisráðuneytið fundi reglubundið með Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins þar sem farið skuli yfir þau verkefni sem stofnanirnar hafa falið náttúrustofum á grundvelli d- og e-liðar 4. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er til laga um í sérstöku þingskjali.

Undir nál. skrifa hv. þm. úr umhvn., Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted, Gunnar Birgisson, Ásta Möller og Ísólfur Gylfi Pálmason. Með fyrirvara rita undir álitið hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jóhann Ársælsson.

[22:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta umhvn. og tala fyrir hönd hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem skilaði þessu nál.

Frv. þetta er nú lagt fram í annað sinn nokkurn veginn óbreytt þrátt fyrir mikla gagnrýni náttúrustofanna, Náttúrufræðistofnunar Íslands og einstakra sveitarfélaga þegar það var til umfjöllunar í umhvn. í lok 126. löggjafarþings. Minni hluti umhvn. lítur svo á að skynsamlegra hefði verið að efna til samstarfs við þessa aðila milli þinga og freista þess að ná samstöðu um markmið frv. Enda kemur fram í nýjum umsögnum til nefndarinnar að sjónarmið umsagnaraðila eru enn þau sömu og ekkert sem bendir til þess að sátt sé í sjónmáli. Það er því mat minni hlutans að með því að afgreiða málið frá Alþingi nú þvert ofan í mótmæli þeirra sem ætlað er að vinna eftir lögunum sé verið að þvinga fram þær breytingar sem frv. mælir fyrir um. Minni hlutinn mótmælir því að slík vinnubrögð séu viðhöfð á löggjafarsamkomu Íslendinga. Það er því mat minni hlutans að málið sé jafnvanreifað og illa undirbúið nú og það var á síðasta vori.

Það er mat minni hlutans að áður en málið getur talist hæft til afgreiðslu þurfi löggjafinn að gera upp við sig hvert markmiðið með starfrækslu náttúrustofanna eigi að vera, hvaða hlutverki þeim sé ætlað að gegna í neti þeirra stofnana sem stunda rannsóknir á sviði náttúruvísinda, hvaða hlutverki þeim sé ætlað að gegna í einstökum byggðarlögum og síðast en ekki síst þarf að ná samkomulagi við samtök sveitarfélaga um ábyrgð þeirra á rekstri stofanna. Ef það kallar á umræðu um aukna tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga til að standa undir öflugum rekstri náttúrustofa á landsbyggðinni, þá er nauðsynlegt að sú umræða fari fram. Að öðrum kosti er hætt við að stofurnar verði olnbogabörn og niðursetningar sem seint komast á legg. Þar að auki telur minni hlutinn frv. ganga í mikilvægum atriðum gegn þeim tilgangi sem stofunum var upphaflega ætlað að uppfylla því þegar ákvæði um stofurnar komu upphaflega inn í lög var gert ráð fyrir að þær gætu með tímanum unnið sig upp í það að verða setur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Með þeim ákvæðum sem frv. hefur að geyma er þessari hugmynd kastað á glæ án þess að rökstuðningur liggi fyrir.

Það eru ekki bara náttúrustofurnar sjálfar sem hafa lagst gegn því að frv. verði samþykkt í þeirri mynd sem það liggur fyrir. Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn því að fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna rekstrar náttúrustofa miðist við ákveðið hlutfall af framlagi ríkisins. Það virðist því nokkuð ljóst að allir aðilar málsins séu ósáttir við grundvallarþætti þess. Vilji löggjafinn takast á við þennan vanda væri eðlilegt að setja á laggirnar nýja nefnd eða starfshóp sem fengi það hlutverk að sætta sjónarmið aðila og leggja svo fram endurnýjaðar hugmyndir á næsta löggjafarþingi.

Með vísan til framangreinds leggur minni hlutinn til að frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Minni hluti umhvn. efast um að frv. þetta verði til þess að efla náttúrustofurnar og telur skorta hin faglegu rök fyrir þeim breytingum sem það felur í sér. Það mætir mikilli andstöðu forsvarsmanna náttúrustofanna, auk þess sem veigamiklar athugasemdir hafa komið fram frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins. Með vísan til þessa samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Herra forseti. Það er með þetta frv. eins og það um Umhverfisstofnun sem við fjölluðum um fyrr í kvöld að það er vanreifað. Þetta hefur það þó fram yfir Umhverfisstofnunina að hér hafa starfsmenn komið að og Samband íslenskra sveitarfélaga ásamt fjölda einstakra sveitarfélaga sem lýsa sig andvíg þessari breytingu. Það er því alveg fullkomlega verið að ganga þvert á vilja sveitarfélaganna í þessu máli. Mér finnst mjög miður að svona skuli vera staðið að verki þar sem miklar væntingar voru til náttúrustofanna og starfsemi þeirra, að þetta væri valddreifing, væri styrking frá Náttúrufræðistofnun Íslands og væru náttúrusetur en ekki að verið væri að varpa svo mikilli fjárhagslegri ábyrgð yfir á sveitarfélögin sem við vitum í dag að eiga í miklum rekstrarörðugleikum. Þetta eru verkefni sem líklegt er að víki til hliðar fyrir öðrum verkefnum sem talin eru brýnni eins og

bygging leikskóla eða grunnskóla eða önnur verkefni sem sveitarstjórnum þykir þá hugsanlega meira krefjandi. Rekstri þessara stofa verður ekki gert eins hátt undir höfði og allir sem litið hafa til þessarar stofnunar hafa gert sér vonir um.

[22:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hluta með fyrirvara og einnig hv. þm. Samfylkingarinnar, Þórunn Sveinbjarnardóttir. Ég vil fylgja þeim fyrirvara úr hlaði með fáeinum orðum.

Fyrst vil ég segja að við glímdum við þetta mál í fyrravetur. Það kom þá mjög seint inn og var illa undirbúið. Má líkja því við málefni Umhverfisstofnunar sem nánast rak á fjörur okkar fyrir fáum dögum. En í fyrra endaði það þannig að þessu máli var frestað og fyrir mitt leyti get ég sagt að bæði hafa verið gerðar ákveðnar bragarbætur á málinu og skilningur þeirra sem eiga hlut að máli hefur aukist á málinu við þá umfjöllun sem hefur orðið.

Meiri fjármunir hafa fengist til náttúrustofanna, og sveitarfélögin una betur við málið núna en var fyrir ári. Ég tel, og við samfylkingarmenn, að það fyrirkomulag sem hér er verið að taka upp, að færa náttúrustofurnar til sveitarfélaganna með þessum hætti, sé rétta fyrirkomulagið. Ég verð hins vegar að segja að ég tel að framtíð náttúrustofanna sé ekki tryggð með þessari niðurstöðu, einfaldlega vegna þess að þær eru of litlar, of lítil starfsemi fer fram í náttúrustofunum. Nánast hver maður sem vinnur á þessum litlu vinnustöðum er upptekinn við rekstur viðkomandi stofu, og stjórnsýsla stofunnar er allt of stór hluti af rekstri hennar. Ég held að menn þurfi að skoða mjög vandlega í framtíðinni hvort ekki sé hægt að finna þessum náttúrustofum stærra hlutverk og veita til þeirra meiri fjármuni þannig að hver stofa geti haft meira umfang og fleiri starfsmenn. Það umhverfi sem þeir byggju við yrði þá þannig að meiri árangur næðist með þá krafta sem eru þar til staðar. Það er ekki hægt með því að einungis sé um einn eða tvo starfsmenn að ræða í þeim litlu náttúrustofum sem við erum að tala um.

Svo er ástæða til að velta því fyrir sér líka hvort náttúrustofurnar þurfi ekki að skilgreina sig með mismunandi hætti, eru þá ýmist stjórnsýslustofur eða við rannsóknir. Þetta var allt saman rætt við umfjöllun nefndarinnar, bæði í fyrravetur og aftur núna. Við teljum þann áfanga sem nú verður í þessu máli vera til bóta og þess vegna höfum við ákveðið að styðja þetta mál. Fyrirvarinn lýtur að því sem ég var að nefna.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð þó að ýmislegt mætti um það segja en ég vona sannarlega að sveitarfélögunum auðnist að byggja þessar stofur upp, samkomulag náist við fleiri sveitarfélög um að taka þátt í þessu. Því miður eru þau allt of fá sem taka þátt í þeim stofum sem um er að ræða og svo eru ákveðnir gallar sem mætti líka nefna, t.d. má segja að engin góð röksemd sé fyrir því að þessar náttúrustofur eigi að vera einmitt átta eins og hér er ákveðið. Það er sem sagt verið að ákveða að tvær náttúrustofur muni bætast við. Samt sem áður er ágreiningur um þær náttúrustofur sem eru til í landinu. Það er t.d. til náttúrustofa í Kópavogi sem greinilega er ekki gert ráð fyrir að falli undir þær skilgreiningar sem hér eru á ferðinni. Það er auðvitað umhugsunarefni vegna þess að sveitarfélagið þar hefur komið þessari starfsemi á fót. Ég þekki þá starfsemi ekki nægilega vel en hún er þó til staðar, og mér finnst ekki nógu gott ef það er ekki hægt að koma til móts við öflug sveitarfélög sem vilja reka einhverja starfsemi af þessu tagi. En þarna er dæmi um það.

Lokaorð mín eru þau að ég tel að þó að þessi áfangi sé kominn sé langt í frá að menn hafi tryggt framtíð þessarar starfsemi og ég vona að menn haldi vöku sinni og reyni að sjá til þess að hún geti eflst og aukist því að ég held að þær litlu stofur sem við erum að tala um eigi ekki langa framtíð fyrir sér ef mönnum tekst ekki að stækka þær og efla.

[22:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur er til 2. umr. Ég vil einmitt vekja athygli á því sem kemur fram í ágætu nál. minni hluta umhvn., hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að í rauninni liggur ekki fyrir skýrt markmið af hálfu löggjafans með rekstri og starfrækslu þessara náttúrustofa. Það hefði verið eðlilegt og miklu nær að farið hefði verið í nákvæma vinnu um hvert ætti að vera hlutverk þeirra og staða, bæði stjórnsýsluleg og verkefnaleg. En frekar er frv. hrist áfram í hálfgerðum óskilgreindum heimi. Þetta er einmitt afar gagnrýnisvert.

Jafnframt erum við að fjalla um frv. til laga um Umhverfisstofnun sem tekur að mörgu leyti á hliðstæðum verkefnum og verið er að ræða um að gæti verið hlutverk náttúrustofanna. Umhverfisstofnun á að verða miðlægt apparat, væntanlega á höfuðborgarsvæðinu, og draga á aftur inn á höfuðborgarsvæðið undir Umhverfisstofnun verkefni án þess að þar sé búið að skilgreina eða átta sig á hvert hlutverk og markmið með starfrækslu þeirrar stofnunar eigi að vera. Við erum því samtímis að ræða um tvö frv. sem fjalla að stórum hluta um sama málaflokkinn markmiðslítið. Það eru, virðulegi forseti, alveg dæmalaust léleg vinnubrögð, óvönduð og ómarkviss, sem við stöndum hér frammi fyrir í líki þeirra frv. sem umhvn. er að afgreiða að beiðni umhvrh. Frv. um Umhverfisstofnun fór meira að segja í gegn án þess að hafa farið til umsagnar.

Herra forseti. Það hefði þurft að taka þessi mál saman og skoða þau í samhengi. Það hefði t.d. verið hægt að taka mörg þeirra verkefna sem ætlunin er að fela Umhverfisstofnun og láta þau falla undir verkefni náttúrustofa úti um land. Með þessu frv. er verið að flytja náttúrustofurnar alfarið undir sveitarfélögin og þá má spyrja hver framtíðarþróun þar verði. Er ekki eins líklegt að hvert sveitarfélag, a.m.k. sveitarfélög sem hafa landfræðilegar hliðstæður eða liggja saman landfræðilega, komi sér upp slíkum stofum? Núna er fullkomlega handahófskennt hvernig þær eru settar niður. Gefin er talan átta meira eða minna út í loftið. Auðvitað ætti engin tala að vera þarna heldur ætti þetta þá að ákvarðast af verkefnum, verkefnastöðu og hlutverki á vegum sveitarfélaganna.

Ég sæi t.d. fyrir mér að önnur stofa gæti komið á Miðvesturlandið, á Borgarfjarðarsvæðið, og væri ekkert óeðlilegt að þar kæmi stofa. Nú er verið að sameina sveitarfélög þar sem leiðir til æ stærri sveitarfélagseiningar. Þá gætu verkefni sem gætu tilheyrt þessari náttúrustofu og einnig á vegum væntanlegrar Umhverfisstofnunar átt samleið og fallið undir verkefni viðkomandi sveitarfélags og gæti þar notið stuðnings ríkisins eins og hér er verið að gera tillögu um varðandi náttúrustofurnar.

Það er líka gagnrýnisvert að hér er verið að samþykkja lög um greiðsluþátttöku sveitarfélaganna, einhliða aðgerðir

af hálfu ríkisvaldsins, að samþykkja lög um útgjaldaskyldur sveitarfélaganna án þess að þau séu samþykk þeirri málsmeðferð, hvorki í heild sinni né að hluta. Sú vinna sem liggur á bak við er því öll í skötulíki, bæði hugmyndafræðilega, markmiðslega og jafnframt gagnvart þeim aðilum sem eiga að standa að framkvæmd á þessum verkefnum, standa ábyrg gagnvart þeim náttúrustofum sem hér er verið að leggja til.

Þess vegna er fullkomlega eðlilegt, herra forseti, að þessu máli verði vísað frá og það unnið betur. Ég ítreka það, og eins að fráleitt er að nefna töluna átta. Hvers vegna ekki tíu? Hvers vegna ekki tólf? Það ætti engin tala að standa þarna. Og hvers vegna er sett inn í frv. að eðlilegast sé að næstu stofur komi á Norðaustur- og Suðausturlandi? Þetta á að ráðast af því hvar verkefnalegar aðstæður eru fyrir hendi og hver markmiðin með þessari starfsemi eru en ekki bara handahófskennd vinnubrögð eins og þetta frv. ber vitni um. Ég ítreka að það ætti að vísa þessu frá eins og fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í umhvn. leggur til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, síðari umr.

Þáltill. KF o.fl., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 1371.

[22:34]

Frsm. umhvn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök frá umhvn.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem var einnig flutt á 125. og 126. löggjafarþingi. Fyrir liggja ýmsar umsagnir um málið.

Með þingsályktuninni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og hvernig samskiptum stjórnvalda og sveitarstjórna við þau er háttað. Jafnframt er lagt til að nefndin skili tillögum til ríkisstjórnarinnar um hvernig samráði stjórnvalda við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði hagað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt svokölluðum Árósasamningi.

Nefndin telur eðlilegra að úttekt þessi takmarkist við frjáls félagasamtök á sviði um hverfis- og náttúruverndarmála og leggur því til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Tillögugrein orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála á Íslandi. Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar um það hvernig samskiptum stjórnvalda við slík samtök verði best háttað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998."

Undir nál. þetta rita auk mín hv. þm. Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted, Kolbrún Halldórsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Jóhann Ársælsson.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Birgisson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 621. mál (gæðastýrð sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 974, nál. 1426 og 1437, brtt. 1427 og 1438.

[22:35]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, frá meiri hluta landbn. á þskj. 1426 og brtt. á þskj. 1427.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Runólf Sigursveinsson og Svein Sigurmundsson frá Búnaðarsambandi Suðurlands, Björn H. Barkarson frá Landgræðslu ríkisins, Jóhann Má Jóhannsson bónda, Ólaf Arnalds frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Aðalstein Jónsson frá Landssambandi sauðfjárbænda.

Meginmarkmið frumvarpsins er að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra 11. mars 2000. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu sé notast við gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir og lagður er grunnur að rekjanleika sauðfjárafurða og vottun framleiðsluaðferða og aðstæðna.

Nefndinni hafa borist nokkur erindi vegna málsins og hefur verið farið yfir þau.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að ákvæði frumvarpsins um landnýtingu verði að byggjast á lögum um landgræðslu og að gæta þurfi sérstaklega að samræmi milli búvörulaga og landgræðslulaga hvað þennan þátt varðar. Ef lög um landgræðslu verða endurskoðuð þarf samhliða að endurskoða búvörulögin. Þá er það skilningur meiri hlutans að kostnaður við mat á landi skv. a- og b-lið 2. gr. frumvarpsins verði ekki lagður á landeigendur heldur greiðist af þeim fjármunum sem felast í samningi ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Þá vill meiri hlutinn geta þess að það merkingarkerfi sem gæðastýringin krefst og frumvarpið gerir ráð fyrir er í raun það kerfi sem bændur nota nú samkvæmt gildandi gæðahandbók Bændasamtaka Íslands.

Eftir að hafa farið yfir málið telur meiri hlutinn rétt að leggja til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að gildistökuákvæði um gæðastýrðan framleiðsluferil verði frestað um eitt ár, til 1. janúar 2004. Vegna frestunar á gildistökuákvæðinu er lagt til að beingreiðslum sem svara til fyrstu 25.000 ærgildanna sem ríkið hefur keypt upp á grundvelli samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 skuli áfram varið til að greiða álag á framleitt dilkakjöt á árinu 2003, þ.e. fyrstu þrjú árin frá gildistöku samningsins en samkvæmt gildandi lögum er einungis gert ráð fyrir að það verði greitt fyrstu tvö árin. Jafnframt er lagt til að sú fjárhæð sem beingreiðslur lækka um á árinu 2003, sbr. 39. gr., renni til greiðslu sérstaks álags á framleitt dilkakjöt á sama hátt og uppkaupaálag, sbr. 4. mgr. 38. gr.

2. Þá er lagt til að takmörkunum á frjálsu framsali greiðslumarks milli bænda verði aflétt frá gildistöku laganna en að sérhver aðilaskipti að greiðslumarki taki ekki

gildi fyrr en staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir, líkt og gildir um greiðslumark mjólkur.

3. Jafnframt er lagt til að samningur milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 verði tekinn til endurskoðunar strax á þessu ári. Ef sú endurskoðun kallar á breytingar á búvörulögum leggur meiri hlutinn áherslu á að lagabreytingar verði lagðar fyrir Alþingi strax á haustþingi.

4. Einnig er lagt til að heiti Landgræðslu ríkisins verði haldið óbreyttu uns ný lög um landgræðslu hafa verið samþykkt en þau lög hafa verið til meðferðar hjá hv. landbn. Þau verða væntanlega með fyrstu málum sem tekin verða upp á haustþingi hjá nefndinni.

5. Að lokum eru lagðar til breytingar á tilvísunum í lagaákvæði vegna nýrra greina sem bætast við frumvarpið en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og koma fram í sérstöku þingskjali.

Undir nál. rita auk mín hv. þm.: Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara; Guðjón Guðmundsson; Karl V. Matthíasson, með fyrirvara, Einar Oddur Kristjánsson, Sigríður Ingvarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[22:41]

Frsm. minni hluta landbn. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti minni hluta landbn. í þessu máli.

Meginmarkmið frumvarpsins er að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands annars vegar og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra hins vegar 11. mars 2000.

Minni hlutinn tekur undir það sjónarmið að koma skuli á gæðastýrðri framleiðslu í sauðfjárrækt, sem og í öðrum greinum landbúnaðar. Einn megintilgangur gæðarstýringarinnar er að hafa framleiðsluna í samræmi við landkosti, æskileg landnýtingarsjónarmið og umhverfisvernd. Annar megintilgangur gæðastýringar er neytendavernd og um leið sóknarfæri til hærra vöruverðs, bæði á innanlandsmarkaði og á erlendum mörkuðum. Síðast en ekki síst á gæðastýringin að vera bændum hjálpartæki til að ná betri árangri í rekstri, kynbótum, búfjárhaldi og landnýtingu.

Minni hlutinn hefur gagnrýnt nokkra þætti sem lúta að framkvæmd fyrirhugaðrar gæðastýringar og telur að eins og gæðastýringin er sett fram í frumvarpinu muni ávinningur af henni ekki skila sér alla leið til neytenda. Gæðastýringin og gæðahandbók Bændasamtaka Íslands ná frá sauðburði að sláturhússdyrum, en eftir að dýrið er komið í sláturhúsið tekur við heilbrigðiseftirlit, kjötmat og flokkun, hver skrokkur er skráður samkvæmt viðurkenndu kjötmatskerfi en gæðastýringarkerfið sem slíkt er lagt til hliðar. Enginn munur er gerður á flokkun kjöts eftir því hvort um gæðastýrða framleiðslu er að ræða við kjötmatið né heldur við markaðssetningu vörunnar. Neytendur hafa ekki möguleika á að fá vottað hvort ræktandi taki fullt tillit til landnýtingarsjónarmiða og að lyfjagjöf sé í lágmarki á líftíma sláturdýranna. Þessi vitneskja kæmi fram með því að merkja kjötvörurnar með sérstöku viðurkenndu merki íslenskrar gæðastýringar. Því til viðbótar ættu upprunamerkingar að koma fram á neytendaumbúðum.

Herra forseti. Þessu til viðbótar má segja að í raun hafi verið búið til nýtt kerfi sem á sér enga fótfestu í flokkun á kjöti eða landbúnaðarvörum eftir því hvort þær eru lífrænar, vistvænar o.s.frv. Þess í stað er verið að búa til eitthvað sem heitir gæðastýrð framleiðsla án þess að falla að vistvænni vottun en þetta er haft sem ígildi þess.

Gæðastýrð framleiðsla af því tagi sem að framan greinir er nær því að nálgast kröfur neytenda og legði grunn að mismunandi verðlagningu kjötvara, eftir því hvort þær hefðu fengið vottun um gæðastýrða framleiðslu eður ei. Fyrst og fremst ættu tekjur sem gæðastýringin skapar að skila sér til bænda í formi hærra afurðaverðs, en ekki með sérstökum álagsgreiðslum sem teknar eru af stuðningi ríkisins við framleiðendur. Fjármagn það sem nú er ætlað til álagsgreiðslna vegna gæðastýringar þarf að haldast innan greinarinnar og bæta þarf við fé til að hvetja bændur til þátttöku í gæðastýringarátakinu.

Í grannlöndum okkar er hvarvetna verið að vinna áætlanir um lífræna landbúnaðarframleiðslu og minna má á þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi í þessa veru. Líta má á gæðastýringuna sem vottun fyrir vistvæna framleiðslu, þ.e. utan þess kerfist en reynt að gera að ígildi hennar.

Í núgildandi sauðfjársamningi er enginn sértækur stuðningur við lífræna sauðfjárrækt og það er augljóst að búum sem leggja stund á lífræna sauðfjárrækt mun ekki fjölga nema til komi frekari opinber stuðningur við greinina.

Minni hlutinn styður því að gildistökuákvæðum um gæðastýrðan framleiðsluferil verði frestað um eitt ár og tíminn notaður til að undirbúa málið betur.

Minni hlutinn styður þá tillögu að taka strax upp sauðfjársamninginn. Komið hafa fram mjög alvarlegar ábendingar um ágalla á samningnum sem nauðsynlegt er að fara yfir, að því gefnu að full sátt sé milli samningsaðila um að taka samninginn upp. Til að eyða rekstrarlegri óvissu hjá sauðfjárbændum við þessar aðstæður er mikilvægt að hraða endurskoðun samningsins. Stefnt verði að því að þeirri vinnu ljúki fyrir ágústlok. Það er mikilvægt að vinnu verði hraðað ef farið verður í að taka upp samninginn og vinnunni ljúki fyrir þann tíma, áður en bændur taka ákvörðun um hve margt fé þeir ætla að setja á fyrir veturinn.

Núgildandi sauðfjársamningur er framleiðsluhvetjandi í stað þess að taka mið af birgðastöðu, innanlandsmarkaði og stöðu markaðssetningar á erlendum mörkuðum. Hann hvetur til slátrunar á þyngri gripum og gengur í því sambandi gegn markaðssetningu á fersku kjöti og nýjum þróunarverkefnum á þessu sviði.

Minni hlutinn telur afar óhyggilegt að framsal á greiðslumarki verði gefið frjálst við þessar aðstæður. Komið hefur fram tillaga um að takmörkunum verði strax aflétt en ef taka á samninginn upp telur minni hlutinn rétt að hafa ákvæðið um að aflétta takmörkunum á frjálsu framsali inni í þeirri endurskoðun. Mjög mikilvægt er að fá góða greiningu á því hvernig uppkaup ríkisins á greiðslumarki samkvæmt sauðfjársamningnum hafa komið út með tilliti til dreifingar og búsetuskilyrða fyrir aðra sauðfjárbændur.

Minni hlutinn telur því öll rök mæla með því að hraða endurskoðun búvörusamningsins sem mest og fresta afnámi takmarkana á viðskiptum með greiðslumark svo og öðrum slíkum breytingum sem eðlilegt er að hafa undir í samningaviðræðum um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar. Minni hlutinn mun því flytja breytingartillögu í þessa veru.

Sauðfjárbændur eru flestir mjög tekjulágir og því brýnt að auka ekki álögur á búgreinina. Gjaldþrot Goða hf. hefur

komið mjög hart niður á mörgum bændum og mun enn auka á útflutningsskyldu allra sauðfjárbænda.

Þessu til stuðnings eru hér nokkur fylgiskjöl sem borist hafa hv. landbn., m.a. ábendingar um ágalla á sauðfjársamningnum sem slíkum og eins varðandi gæðastýringuna. Þessi skjöl fylgja sem vegarnesti í samningaviðræðurnar sem fram undan eru líkt og þær voru gagnlegar hv. landbn.

Það er alveg ljóst að það er mikill ágreiningur milli bænda um hvernig eigi að útfæra gæðastýringuna, hvað hún þýðir. Er þetta eingöngu fyrirkomulag til að styðja bændur í að fá landnýtingarþáttinn inn í framleiðsluferlið eða er þetta einhvers konar vottun á vistvænni framleiðslu? Væri ekki rétt að láta hlutina heita sínu rétta nafni og taka upp slíka vottun?

[22:50]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið áður í kvöld var frv. þetta flutt síðla vetrar til að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem gerður var í mars árið 2000 sem kunnugt er. Með frv. er gert ráð fyrir að við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu sé notast við gæðakerfi Bændasamtaka Íslands og lagður grunnur að rekjanleika sauðfjárafurða, eins og það var orðað, og vottun framleiðsluaðferða og aðstæðna. Það er einmitt eitt af því sem ég vildi gera athugasemd við að mér finnst að þessi rekjanleiki nái ekki nægilega langt. Ég er sem sagt í grunninn hlynnt því að tekin sé upp gæðastýring, en ég held að hún þurfi að ná alveg frá haga til maga en ekki, eins og virðist vera gert ráð fyrir í þessu kerfi, að það sé aðeins að sláturhússvegg og þar með ljúki því.

Ég held að það sé mjög miður hvernig til hefur tekist með kynningu á kerfinu og kom fljótlega í ljós eftir að við fórum að fjalla um málið í nefndinni að það var meiri undiralda varðandi þetta mál en maður hefur áður upplifað við afgreiðslu nokkurs máls a.m.k. í landbúnaðargeiranum og bárust fjölmargar umsagnir víða að af landinu undirritaðar af fjölda bænda þar sem kom fram mikil óánægja með þessi áform og kom vægast sagt svolítið á óvart vegna þess að um þetta hafði farið fram á sínum tíma atkvæðagreiðsla þar sem þetta hafði verið samþykkt með miklum meiri hluta. En það virðist eins og bændur hafi margir hverjir ekki eins og stundum áður kynnt sér nægilega vel um hvað væri í rauninni verið að greiða atkvæði eða þá að þessi ferill hafi breyst eitthvað eftir að atkvæðagreiðslan fór fram. Ég hef aldrei getað höndlað hvort er.

Lagt er til af nefndinni að gerðar verði breytingar á frv. og í raun fela þær breytingar í sér að þessu gæðastýrða framleiðsluferli sem fyrr hefur orðið vart er frestað um eitt ár og sauðfjárbændum þar með gefið tækifæri til að fjalla um málið, t.d. á þingi sínu í sumar, og koma þá fram með tillögur til breytinga eða a.m.k. að sætta félaga sína betur við það sem fyrirhugað er að gera. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt því að jafnhlynnt og ég er í raun gæðastýringu þá held ég að verði að vera mjög mikill meiri hluti bænda sem taki þátt í henni ef hún á að ná tilgangi sínum.

Það eru ýmsar tilfærslur á beingreiðslum fyrirhugaðar á þessum tíma, t.d. að framlengja um eitt ár hvernig á að verja álagi á dilkakjöt vegna beingreiðslna sem svarar til fyrstu 25 þúsund ærgildanna sem ríkið hefur keypt upp á grundvelli samnings um framleiðslu sauðfjárafurða. Fyrirhugað var að það væru tvö ár, en bætt er við einu ári. Einnig er gert ráð fyrir að sú fjárhæð sem beingreiðslur lækka um árið 2003 skiptist jafnt niður á allt framleitt dilkakjöt í landinu á sama hátt og uppkaupaálagið. Þetta hafa sumir talið að væri framleiðsluhvetjandi, þessi skipting. Ég tel að íhuga megi það eins og allt annað í þessu máli og nú þurfi menn virkilega að taka til hjá sér og ákveða hvað þeir vilja. Til þess hafa þeir sumarið að ná einhverri niðurstöðu í málinu.

Jafnframt er gert ráð fyrir að takmörkunum á frjálsu framsali greiðslumarks milli bænda verði aflétt frá gildistöku laganna. Það mun vera búið að kaupa upp það greiðslumark sem áformað var að gera áður en þetta væri gefið frjálst. Og segja má að þetta flýti því um hálft ár og í sjálfu sér hef ég kannski persónulega ekki eins mikla trú á og sumir aðrir að það muni bjarga öllu að greiðslumarkið verði frjálst. Þetta mun kannski hjálpa einhverjum bændum til að hætta, en ég held að vandinn í þessari grein sé mikill og ekki síst vandinn að gefa unga fólkinu einhverja smugu til að byrja í greininni. Ég held að frjálsara greiðslumark muni kannski ekki hjálpa þeim aðilum eins og ég hefði talið æskilegt.

Síðan er það náttúrlega það sem með breytingunum er gert ráð fyrir í frv., að samningurinn milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða verði tekinn til endurskoðunar strax á þessu ári. Þetta tel ég mjög mikilvægt atriði. Þó að ég hafi kannski ýmislegt við frv. að athuga, þá hef ég tekið undir þetta nál. að mestu leyti þó að ég skrifi undir með fyrirvara og það gerir jafnframt hinn fulltrúi Samfylkingarinnar í hv. landbn., Karl V. Matthíasson.

[22:58]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Aðalatriðið sem kemur fram í áliti meiri hluta og áliti landbn. er að samningurinn milli ríkisins og sauðfjárbænda skuli tekinn til endurskoðunar þegar í sumar. Það er aðalatriði málsins. Það er mjög eðlilegt að gera vegna þess að hér erum við að fjalla um mál sem er hagsmunamál mjög margra þó mörgum þyki líka orka mjög tvímælis hvernig eigi að standa að.

Stærsta deilumálið hefur þó löngum verið landnýtingaráætlunin sem í þessu er fólgin og hefur fylgt þessu máli. Ég vil hins vegar segja, herra forseti, að af því hef ég engar áhyggjur. Ég tel að þeim málum sé mjög vel komið fyrir í frv. og það geta allir mjög vel sætt sig við það. Verið er að fara inn á þær brautir sem ég held að sé þverpólitísk samstaða um. Við verðum að passa okkur. Vinstri höndin verður að vita hvað sú hægri gerir. Við ætlum að ganga þannig um landið og það er sameiginlegt markmið að það bíði ekki tjón heldur verðum við í sókn á öllum vígstöðvum.

Vandamálið varðandi sauðfjárræktina er hrikalega stórt, fyrst og fremst þegar menn horfa framan í þær áætlanir sem við höfum gengið út frá. Þær vonir sem við bundum við að útflutningur á lambakjöti gæti orðið meiri og verðið mundi halda áfram að hækka eins og á árunum 1995–1999 hafa mjög dvínað svo ég segi ekki meira. Enn þá verra er þó að markaðshlutdeild lambakjöts innan lands hefur hríðfallið og er nú komið niður í 7.000 tonn. Þetta eru hinar uggvænlegu staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir. Ekki er óeðlilegt að bændur hafi af þessu áhyggjur og að skiptar skoðanir séu á því hvernig við eigum að ganga fram í málinu.

Eins og samningurinn var gerir hann ráð fyrir að hann væri að mörgu leyti framleiðslutengdur, álagsgreiðslurnar kæmu á allar afurðir svo framarlega sem búið fullnægði þeim reglum sem við settum um gæðastýringuna. Margir

hafa um þetta efasemdir vegna þess að þeir benda á að þetta gæti auðveldlega leitt til meiri framleiðslu í minnkandi markaði sem yrði þá aftur til þess að útflutningurinn mundi enn vaxa og yrði bændum óskaplega dýr. Ég vona að bændur fari yfir þetta í sumar. Ég vona að þeir komist að farsælli niðurstöðu. Þeir eiga að ráða ferðinni. Það er rétt að áskilja þeim þann rétt. En einnig er ástæða til að horfast í augu við kjör sauðfjárbænda. Þau eru, herra forseti, að mínum dómi skelfileg. Það er engin stétt í landinu sem stendur jafnilla að vígi og sauðfjárbændur. Og þegar við skoðum verðmyndunina sjálfa, þá segi ég, herra forseti: Það skelfir mig líka.

Bændasamtök landsins hafa um árabil af miklum metnaði og eflaust af miklum og góðum vilja verið að byggja upp ákveðinn farveg fyrir slátrun og afurðasölu. En sá farvegur er skelfilega dýr þannig að það er mjög lítið og allt of lítið sem kemur í hendur bóndans sem má síst við því. Ég efast ekkert um, eins og ég sagði, að bændaforustan hefur í gegnum árin verið að vinna að þessu máli af miklum heilindum í þeirri trú að þetta væri hin rétta leið og þannig ættum við að gera. En ég verð að segja, herra forseti, og láta þess getið að ég efast mjög mikið og ég held að bændur verði að skoða fleiri leiðir. Ég hef margsinnis bent á t.d. sjávarútveg, oft bent á hrognkelsaveiðarnar sérstaklega þar sem einstaklingurinn, einyrkinn hefur getað sýnt fram á að hann er fullkomlega fær um að sýna hið mesta hreinlæti á öllum stöðum alls staðar og fullnægt öllum ströngustu reglum til útflutnings á þeirri dýru afurð sem hrogn eru. Ég held að bændur verði að hugsa til þess hvort þessi löggjöf sé ekki allt of dýr, hvort við getum ekki horft á það af sanngirni og ímyndað okkur að bændurnir sjálfir geti unnið miklu frekar að afurðamálum sínum. Þeir geta og eiga að geta og ég trúi því að í hinum afskekktari byggðum, a.m.k. í hinu meira strjálbýli, þá eigi þeir að geta, hvort sem það er einstaklingurinn eða hópar þeirra, tveir, þrír eða fjórir, haft möguleika á því að stunda slátrun sjálfir. Mennta þarf slátrara á Íslandi. Gera þarf almennar kröfur um hreinlæti, frágang og meðferð á mat og ég er viss um að bændur mundu standast þær kröfur fullkomlega. Þannig komast þeir í snertingu við markaðinn, þannig verða þeir sinnar eigin gæfu smiðir, þannig munu þeir markaðssetja vöru sína sjálfir og þannig geta þeir unnið að velferð sinni sjálfir, ekki með miðstýrðum hætti, eins og við höfum verið að fara inn í hvað eftir annað áratug eftir áratug, heldur með því að einstaklingurinn sjálfur fái að nýta getu sína, atorku og gerhygli til þess að fá meiri tekjur af búi sínu.

[23:04]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get um margt tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni þar sem hann var að fjalla um sýn sína á sauðfjárræktina og jafnframt það að þróunin og það sem hefur verið gert hefur gengið í þveröfuga átt en hann rakti sem sína sýn. Dæmi um þessa hrikalegu oftrú á hagkvæmni stærðarinnar var þegar verið var að keyra alla slátrun á kannski bara þrjú eða fjögur sláturhús í landinu.

Ég ætlaði að spyrja hv. þm. um túlkun hans á þeirri grein í brtt. meiri hlutans þar sem stendur að samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða skuli tekinn til endurskoðunar á árinu 2002. Ber að skilja það svo að þeirri endurskoðun skuli ljúka á árinu 2002? Ég vek athygli á því að það er hægt að byrja alla mögulega hluti en þeir geta tekið endalausan tíma. Er það réttur skilningur sem ég vil leggja í þetta að þeirri endurskoðun skuli ljúka á árinu 2002?

[23:06]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt í mínum huga að með því að endurskoða samninginn, taka hann upp á þessu ári, hefur allra hugsun verið sú að því skuli ljúka líka á þessu ári, alveg skýrt, enda þurfa menn ekki að liggja yfir því missirum og árum saman. Þetta er ákveðin ákvörðun. Það er ákveðinn vilji sem kemur þarna fram, og menn munu gera þetta. Það er mjög brýnt og meira að segja höfum við gengið út frá því að þeir muni klára það ekki seinna en í ágústmánuði. Ef niðurstaða samningsins yrði sú að bændur vildu breytingu frá því sem nú er gæti þingið, og ætti, að taka þetta upp strax næsta haust. Það er líka mjög nauðsynlegt.

[23:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir mjög ákveðið svar hjá hv. þm. um að það sé einhugur og sá skilningur á þessu ákvæði að endurskoðun skuli lokið, eins og hann segir, í ágúst á þessu ári þannig að þingið geti þá unnið í framhaldi af þeirri endurskoðun og endurskoðað þá hluti eftir því sem þörf er á.

Það var mjög mikilvægt að fá alveg klárt fram að þetta er það sem skal gera og ekkert annað.

[23:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í landbn., hefur gert ítarlega grein fyrir því áliti sem hún stendur að um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Með nál. hennar fylgja einmitt samþykktir frá nokkrum félögum sauðfjárbænda og einnig einstaklingum sem vinna að sauðfjárrækt þar sem kemur fram að núgildandi sauðfjársamningur hefur alls ekki verið samkvæmt þeim væntingum sem þeir töldu sig vera búna að ganga frá á sínum tíma, og skora því á stjórnvöld að hann verði endurskoðaður. Ég tel því afar mikilvægt að það verði gert.

Jafnframt tek ég undir að stærsta mál sauðfjárræktarinnar er markaðsmálin, einkum innan lands, sem hafa því miður lent í lamasessi með hörmulegum afleiðingum eins og við upplifum nú. Það væri virkilega þarft að beina frekar kröftum sínum að því að styrkja og efla markaðsstarf á sauðfjárafurðum innan lands en að setja aukna klafa á bændur í sauðfjárræktinni sem ekki hafa sýnilegan tilgang.

Virðulegi forseti. Það sem ég ætlaði að spyrja um varðar úthlutun á þeim ærgildum sem Byggðastofnun var falið að úthluta á sínum tíma, einum 7.500 ærgildum sem átti að úthluta, og ef stjórnarformaður Byggðastofnunar væri í nálægð í húsinu ... (**Landbrh.:** Landbrh. er hérna.) Já, virðulegi forseti. Það er ágætt að hæstv. landbrh. er hér og hann fer kannski með það hlutverk sem var þá falið Byggðastofnun. Ég geri ráð fyrir að hann geti svarað því. En mér finnst mikilvægt að við fáum svar við því hvernig málin standa með úthlutun á þessum ærgildum sem hefur verið ætlað að úthluta til þeirra bænda sem mundu falla undir þau ákvæði sem væru tekin til viðmiðunar við úthlutun á þessum ærgildum. Það hefur lítið heyrst um framkvæmd á þessu en ég tel brýnt að okkur sé öllum gerð grein fyrir því hvernig þau mál standa.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti legg ég áherslu á að endurskoðun á sauðfjársamningum fari fram eins og hér hefur verið talað um og legg áherslu líka á að framsali á

framleiðslurétti, greiðslumarki og öðrum slíkum aðgerðum verði frestað þangað til búið verður að endurskoða þennan samning aftur og átta sig betur á hvaða afleiðingar hann kunni að hafa fyrir byggð og búsetu í landinu og afkomu sauðfjárbænda þannig að Alþingi geti tekið á þessu máli í ljósi nýrra upplýsinga.

[23:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Ég vil nota tækifærið og þakka afgreiðslu hv. landbn. og þá vinnu sem hún hefur unnið að þessu máli og fleirum. Hér er auðvitað verið að lögfesta mjög skýrt ákvæði um gæðastýringu, um framtíðina í sauðfjárræktinni, með skýrum og markvissum hætti sem styðst við og stendur á þeim samningi sem gerður var við bændurna. Ég þakka fyrir það og held að það sé mjög mikilvægt að menn viti hvert formið er.

Nú liggur skýrt fyrir að sá samningur sem bændur gerðu og 66% þeirra samþykktu er lögfestur. Hann er staðreynd og hann er kerfið sem þeir munu vinna eftir. Það er alveg skýrt. Hins vegar er mjög eðlilegt, eins og hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. formanns nefndarinnar, Drífu Hjartardóttur, og skynsamlegt að fresta ákveðnum hlutum, að gæðastýringunni sé frestað um ár. Það er fyrst og fremst gert af því að landnotin tóku sinn tíma. Ekki er síður hitt að ágreiningur hefur frá upphafi verið um þetta mál. Það segir sig sjálft þegar 30% manna eru kannski í anda sínum mjög andvíg forminu. Þeir hafa farið mikinn og það hefur tafið, bæði landnotin og síðan er auðvitað vinnan öll í kringum þetta þannig að það var óskynsamlegt að keyra málið áfram og miða við að menn hefðu orðið að ákveða sig, hvort þeir væru með í gæðastýringu eða ekki, 1. júlí í sumar. Nú er lengri tími til stefnu og ég tel mjög mikilvægt að allir þeir sem ætla að stunda þessa búgrein sem framtíðaratvinnugrein verði með í gæðastýringunni. Hún verður til þess að hleypa mönnum kappi í kinn, auka ræktunarbúskap og nýjar aðferðir í sauðfjárræktinni.

Það liggur fyrir og er auðvitað vert að hugsa um að annar helmingur sauðfjárbænda, sem er í rauninni áfram með það form sem hefur verið, skýrsluhald og ræktunarbúskap á öllum sviðum, hefur í dag einu kílói þyngri meðalvigt eftir sitt bú og hálfu lambi meira á á sem er gríðarlegur árangur. Það er auðvitað markmiðið að allir bændur sem í þessu taka þátt nái slíkum árangri með bústofn sinn. Ég trúi að bændurnir muni sætta sig við þessi málslok og vinna með samningsgerðinni, sækja námskeiðin sem haldin verða í haust til að undirbúa sig undir framtíðina. Það er öllum stéttum gagnlegt að fara á námskeið, hvort sem það eru þingmenn eða aðrir, ræða um mál sín og læra hver af öðrum og ekkert síður af sérfræðingunum. Þetta vil ég setja fram hér því að ég tel að nú liggi málið skýrt fyrir.

Síðan er það atriði að endurskoðun fari fram. Mér finnst það mjög eðlilegt við þessar aðstæður því að margt hefur gerst frá því að samningurinn var gerður, og staðan hefur versnað, ekki síst innan lands. Sérstakt verkefni endurskoðunarnefndarinnar var ekki síst álagsgreiðslurnar á gæðastýringuna. Ég tek undir það hér að því verki þarf auðvitað að ljúka. Hvort það verður í ágúst skal ég ekki segja um en ég tel mjög mikilvægt að endurskoðuninni ljúki í sumar og málið geti þá komið fyrir Alþingi í haust ef þess þarf með, ef menn kjósa einhverjar breytingar hvað það varðar. Ég vona að það eigi sér allt saman stað.

Hv. þm. Þuríður Backman ræðir mjög mikið um lífrænt lambakjöt. Ég vil segja, út af því að kaupmennirnir í Reykjavík segja mér það, að neytandinn á Íslandi lítur á lambið sem alveg sérstaka afurð. Hann treystir þessari afurð. Þeir geta ekki selt neitt sem lífrænt, þ.e. dýrara, eða mjög lítið. Íslenska lambið býr við þær aðstæður í uppeldi sínu að það er svo sérstakt, er nánast lífrænt. Menn kalla það kannski vistvænt.

Sannleikurinn er sá að þegar menn, eins og hv. þm. Jón Bjarnason, vilja leggja af allt markaðssvæði í útlöndum finnst mér það alvarlegur hlutur miðað við það, hv. þingmaður, ef þær tölur sem ég t.d. fékk í dag eru réttar — þegar menn loksins þreifa fyrir sér á raunhæfan hátt á dýrustu mörkuðum heimsins — að skilaverð af hverjum skrokki sem fer nú á Fresh Field markaðina í Bandaríkjunum sé 750 kr. á kg í heilu lambi megum við ekki sleppa slíkum mörkuðum. Það eru náttúrlega hærri og stærri tölur en við höfum séð hingað til. Magnið á slíkum mörkuðum getur á stuttum tíma vaxið verulega. Í þessu er auðvitað fólgin mögnuð landkynning á Íslandi sem sérstöku landi og sem ferðamannalandi. Ég er því sáttur við að menn þreifi fyrir sér og reyni að auka frelsi sitt og möguleika atvinnugreinarinnar með þessum hætti um leið og ég legg áherslu á það, sem hér hefur komið fram í kvöld, að ekkert er mikilvægara en að halda vel utan um sinn besta markað, heimamarkaðinn. Þar hafa menn verið að tapa tökum, því miður, og neyslan minnkað.

Það stingur kannski líka í stúf og segir okkur að bændurnir sjálfir verða að fara yfir markaðsmál sín þegar það liggur fyrir samkvæmt skoðanakönnun sem ég hef frétt af að lambakjötið er í hugum fólks mjög „in". Það er ósk flestra neytenda að ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hvað sagðirðu um lambakjötið?)

Já, hæstv. forseti. Nú er ég farinn að tala mál sem hæstv. forseti ekki skildi þannig að ég verð að leiðrétta. Það er kannski unglingamál í dag að segja „in". Það þykir „gott", og er í tísku. Nú sé ég að hæstv. forseti hefur fullkomlega náð þessu þannig að það er komið í höfn.

Það liggur fyrir að markaðsaðstæðurnar eru mjög góðar þrátt fyrir þessa stöðu. Þess vegna verða bændurnir á þessu sumri að fara vel yfir sölumál sín og mega ekki láta áfallið sem Goði olli og hér hefur verið nefnt valda sér miklum skaða heldur reyna að halda stöðu sinni á markaðnum.

Ég ætla ekki að tefja þetta. Hv. þm. Jón Bjarnason spurði um 7.500 ærgildin en það er sögð sú yfirlýsing sem hér var gefin af minni hálfu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um að varið yrði sem næmi peningum út á 7.500 ærgildi til byggðarlaga sem ættu ekki mikla aðra möguleika í atvinnumálum. Byggðastofnun er nú að fara yfir þau svæði sem hægt er að skilgreina undir þetta ákvæði þannig að síðar á árinu mun þetta koma til framkvæmda. Það er ekki meira hægt að segja um það á þessu stigi, hv. þm. En það er í fullri vinnslu.

Svo vil ég að lokum enn og aftur þakka nefndinni fyrir hennar störf við þetta mál og þá góðu niðurstöðu sem hér er að verða á löggjafarþinginu um leið og ég þakka henni fyrir öll hin málin sem hafa verið afgreidd á þessu þingi.

[23:20]

Frsm. minni hluta landbn. (Þuríður Backman) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mig langar til að fá frekari svör og útskýringar hjá hæstv. landbrh. því að orð hans mátti skilja svo að hann teldi að íslenskir neytendur litu á lambakjötið sem vistvæna vöru og það þyrfti enga sérstaka vottun og vitnanna við, það væri vistvænt kjöt. Hvað er þá þessi gæðastýring?

Til hvers er hún þá? Er hún bara launauppbót til bænda sem vilja taka landnýtingar- og landkostaþáttinn inn í framleiðslu sína og fleiri þætti sem yrðu innifaldir í gæðastýringunni? Á það ekkert að skila sér til neytandans? Á ég sem neytandi, eigum við hæstv. landbrh. sem neytendur ekki rétt á að fá að vita hvort það kjöt sem við kaupum, vistvænt eins og það er, sé framleitt af bændum sem taka fullt tillit til landnýtingar, gæta að lyfjagjöf o.fl.? Kemur okkur þetta þá ekkert við? Á þetta ekki að ná inn á borðið til okkar?

Hvað varðar lífrænt ræktað og vottað kjöt er ég ekki viss um að kaupmennirnir séu alfarið með fingurna á púlsinum þar, og alls ekki íslenskir kaupmenn. Ef við horfum til erlendra markaða og til þeirra krafna sem eru nú gerðar í öllum nágrannaríkjum okkar til lífrænt vottaðra landbúnaðarvara — og þær kröfur munu koma hjá íslenskum neytendum líka, rétt eins og öðrum — er þá ekki rétt, herra forseti, að beina þeirri hvatningu til hæstv. landbrh. að við séum tilbúin með framleiðsluna þegar kallið kemur?

[23:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að Íslendingar eru mjög metnaðarfullur og kröfuharður neytendahópur og gera miklar kröfur til markaðarins um sína vöru. Það höfum við ekki síst séð í sambandi við, hv. þm., írskar nautalundir eða eitthvað slíkt sem komið hefur upp. Við eigum mjög kröfuharða neytendur sem eiga auðvitað því að venjast að hér sé mjög góð vara á markaðnum.

Ég ætla ekki að gera lítið úr lífrænu eða vistvænu. Lífræna hugsunin hefur mikil áhrif á búskap heimsins og er sú hugsun mjög hagstæð fyrir Íslendinga, dregur úr verksmiðjubúum, sóðaskap í landbúnaði, illri meðferð á dýrum o.s.frv. Hún hefur mjög mikil áhrif. Ég hef reynt sem landbrh. að sinna þessu viðhorfi innan lands eins og ég hef getað og komið upp lífrænni miðstöð á Hvanneyri. En gæðastýring þessi er fyrst og fremst auðvitað búskaparaðferð, ræktunarstarf, fyrst og fremst til að bæta tekjur bændanna, auka metnað þeirra og búskaparlag. Síðan hafa menn fullt val og verða að koma vöru sinni á markað eftir öllum þeim reglum sem gilda í heilbrigðismálum og því eftirliti, og ekkert síður að fylgja því eftir sem hv. þm. nefndi að neytandinn er mjög meðvitaður um hvað á borð hans kemur og hvað hann kaupir í versluninni. Það er mjög auðveldur hlutur. Hér er verið að stíga skref og því munu auðvitað fylgja mörg og fleiri skref í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 564. mál. — Þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360.

[23:25]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um brottfall lagaákvæða um héraðslækna. Þetta er 564. mál og nál. á þskj. 1250. Í álitinu eru tilgreindir þeir sem skiluðu umsögnum um málið og eins góðir gestir sem nefndin fékk á sinn fund.

Með frv. er lagt til að embætti héraðslækna verði felld niður. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar hefur starf margra héraðslækna dregist mjög saman á liðnum árum og í mörgum tilvikum hefur starfsemi þeirra aldrei náð þeirri fótfestu sem lagt var upp með. Störf héraðslækna falla vel saman við starf heilsugæslunnar í landinu og gerir frv. ráð fyrir að yfirlæknar heilsugæslustöðva í landinu taki við þeim, að mestu.

Meiri hlutinn telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frv. leiði til hagræðingar og einföldunar á stjórnsviði heilbrigðisþjónustunnar í landinu.

Meiri hlutinn telur engu að síður nauðsynlegt, í kjölfar laganna, að starfsemi og skipulag heilsugæslunnar verði metið að nýju með hliðsjón af þeim auknu störfum sem frv. leggur henni á herðar. Reynslan leiðir þetta í ljós en augljóst er að aukin verkefni innan heilsugæslunnar kalla á aukin fjárframlög til hennar.

Meiri hlutinn leggur til að 9. gr. frv. falli brott. Ákvæðið snertir ráðningarmál yfirmanna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og er þáttur af stærra máli sem unnið er að og snertir stjórnunarskipulag spítalans og samband hans við háskólann. Meiri hlutinn telur ekki tímabært að lögfesta ákvæði þessa efnis fyrr en tekið hefur verið heildstætt á málum varðandi stjórnskipulag spítalans.

Þá er gerð smávægileg orðalagsbreyting á 28. gr. frv. en leggur svo til að frv. verði samþykkt. Undir álit þetta rita auk frsm. hv. þm. Ásta Möller, Einar Oddur Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson og með fyrirvara Ásta R. Jóhannesdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

[23:27]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

Með frv. er lagt til að embætti héraðslækna verði felld niður. Embætti héraðslækna hafa verið í gildi frá árinu 1978 og hafa verið mikilvægur tengiliður heilbrigðisstjórnar við heilbrigðisstofnanir í héruðunum. Með stækkun heilbrigðisstofnana og ýmsum öðrum breytingum hefur hlutverk héraðslækna eðlilega breyst og fyrir nokkrum árum var á fundum héraðslækna með heilbrrn. og landlæknisembættinu rætt um mögulegar breytingar á héraðslæknisembættunum. Það sjónarmið var ríkjandi eftir því sem umræðan þróaðist að fækka ætti embættunum og stækka þau. Þessari umræðu var ekki fylgt eftir með formlegu nefndarstarfi sem leitt hefði til ákvæðinnar niðurstöðu.

Þegar héraðslæknisembættin voru sett á var hugmyndin sú að styrkja opinbera stjórnsýslu innan heilbrigðisþjónustunnar úti um land og koma á meiri dreifingu starfa á vegum heilbrrn. og landlæknisembættis. Því miður fengu héraðslæknisembættin aldrei þann stuðning og fjármagn sem til þurfti til að fylgja þessu eftir og byggja upp raunverulegar þjónustueiningar úti um allt land. Störf héraðshjúkrunarfræðinga voru t.d. aldrei sett á laggirnar.

Starf héraðslæknis er fjölbreytt og tengist m.a. heilbrigðiseftirliti, málefnum fatlaðra, ýmsum málefnum lögreglu og almannavarna og skapar almenna yfirsýn yfir sérkenni og vandamál íbúa í ákveðnum landshluta. Héraðslæknir hefur ákveðið hlutverk sem sérstakur fulltrúi (ráðunautur) heilbrigðisstjórnarinnar í umdæminu og jafnframt talsmaður íbúa gagnvart yfirstjórn heilbrigðismála í Reykjavík. Það hefur veitt fólki þá tilfinningu að ekki þurfi að leita með öll

erindi til höfuðborgarinnar heldur geti það fengið skoðun á sínum málum í heimabyggð.

Með frv. er í raun verið að leggja niður einu 100% embættislæknisstöðuna á landsbyggðinni. Í þessu sambandi má benda á að Reykjavík hefur hátt á annan tug embættislækna ef taldir eru saman þeir sem starfa við landlæknisembættið, heilbr.- og trmrn., Tryggingastofnun ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins. Eðlilegt hefði verið að stærstu héraðslæknaembættin hefðu fengið að halda sér, t.d. á Akureyri.

Í umsögn fjmrn. kemur fram að í fjárlögum fyrir árið 2002 hafi verið tekið tillit til þess að leggja eigi niður héraðslæknisembættin á þessu ári og útgjöld ríkisins lækki við það um 15 millj. kr. Framlag í fjárlögum til héraðslæknisembættisins á Norðurlandi eystra er 8 millj. kr. á þessu ári en hefði orðið 13,5 millj. kr. ef ekki hefðu komið til fyrirætlanir um að leggja embættið niður. Í frv. er gert ráð fyrir að rúmur þriðjungur af þessari fjárhæð, þ.e. 4,8 millj. kr., færist til heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri á árinu 2003 og 3,2 millj. kr. færist til heilsugæslunnar í Reykjavík. Eftir standa 5,5 millj. kr. Samkvæmt þessu verður að gera ráð fyrir að þau verkefni sem eftir standa muni færast til ráðuneytis og/eða landlæknisembættis án kostnaðarauka fyrir þessa aðila sem verður að teljast vafasöm ályktun. Samkvæmt framansögðu færast rétt tæplega $^2/_3$ hlutar núverandi verkefna héraðslæknisembættisins á Norðurlandi eystra burt af svæðinu og minnka fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu á svæðinu að sama skapi um 8,7 millj. kr. Af umsögn fjmrn. og umfangi héraðslæknisembættanna er ljóst að niðurlagning embætta héraðslækna kemur fyrst og fremst niður á Norðurlandi eystra, bæði fjárhagslega og atvinnulega.

Héraðslæknum hefur verið ætlað að sinna því mikilvæga hlutverki að hafa yfirsýn yfir heilbrigðismál í héraði, samhæfa verkefni og tengja aðila saman innan héraðs. Ef á hinn bóginn er ætlast til þess að yfirlæknar einstakra heilsugæslustöðva á hverju svæði sinni hver fyrir sig þessum verkefnum verður erfiðara að ná fram þeirri yfirsýn og samhæfingu sem nauðsynleg er í málaflokknum innan héraðs.

Skv. 4. gr. frv. er kveðið á um að skipting landsins í heilsugæsluumdæmi skuli ákveðin í reglugerð. Eðlilegt hefði verið að þessi skipting lægi ljós fyrir þegar ætlunin er að flytja til verkefni og fjármagn eins og frv. gerir ráð fyrir.

Skv. 8. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, skulu héraðslæknar hafa eftirlit með því að lögum og reglum um heilbrigðismál sé framfylgt í héraðinu. Jafnframt hafa þeir haft á hendi ákveðið eftirlitshlutverk í umboði landlæknis samkvæmt erindisbréfi. Því er mikilvægt að efla þessa þætti í starfsemi landlæknisembættisins ef embætti héraðslækna verða lögð af. Að mati minni hlutans er mikilvægt að halda þeirri sýn að stjórnsýslunni sé sem mest sinnt í héruðum í stað þess að færa verkefnin til landlæknisembættisins og fjölga starfsmönnum þar.

Að undanförnu hefur ríkt mikil óánægja meðal heilsugæslulækna vegna ýmissa þátta sem lúta að kjaramálum og starfsumhverfi stéttarinnar. Þær hugmyndir sem í frv. felast og ganga út á það að bæta verkefnum héraðslækna á yfirlækna heilsugæslunnar án þess að fullar fjárveitingar komi á móti eru því algjörlega óraunhæfar. Hugmyndum af þessu tagi á ekki að hrinda í framkvæmd nema að undangengnum nauðsynlegum skipulagsbreytingum og mannaráðningum, sérstaklega hvað varðar héraðslæknisembættið á Norðurlandi eystra og í Reykjavík, og jafnframt verður að gera kröfu um að fyrir liggi kostnaðaráætlun. Verkefnin hverfa ekki og óvarlegt er að gera ráð fyrir minni kostnaði við framkvæmd þeirra án frekari rökstuðnings.

Minni hlutinn leggur því til að afgreiðslu málsins verði frestað og þegar skipuð samstarfsnefnd héraðslækna, heilbrrn. og landlæknisembættisins til að gera tillögur að skipulagsbreytingum innan heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til breyttrar stöðu heilsugæslulækna og að málið verði tekið upp að fenginni niðurstöðu nefndarinnar.

Til vara leggur minni hlutinn til að gildistöku frv. verði frestað til 1. jan. 2003 svo að tími gefist til að vinna að undirbúningi að framgangi frv., bæði hvað varðar verkefnaflutning, ráðningarsamninga og skipulagsbreytingar innan heilsugæslunnar.

Herra forseti. Því legg ég fram brtt. á þskj. 1360 sem orðast svo:

„38. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003."

[23:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni heilbr.- og trn. í framsögu skrifum við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara.

Við erum út af fyrir sig sammála þeirri skipulagsbreytingu sem lögð er til að gerð verði, þ.e. að hlutverk héraðslækna verði lagt af og aðrar breytingar tengdar því gerðar á ýmsum lögum. Við erum sammála því að eðlilegt sé að gera þessa skipulagsbreytingu en hins vegar er stuðningur okkar háður því að veitt verði fjármagn til þeirrar starfsemi sem færa á yfir til heilsugæslunnar.

Það vekur nokkra furðu að í fskj. með frv., frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., er gert ráð fyrir sparnaði upp á 15 millj. kr. við að færa þau verkefni sem hafa verið hjá héraðslæknum yfir á heilsugæslustöðvarnar. Ætla mætti að þessum verkefnum sem hafa verið hjá héraðslæknum fylgdi enginn kostnaður eða að fyrirliggjandi væri slíkt fjármagn til heilsugæslunnar að hún gæti auðveldlega tekið við verkefnunum og ráðið starfsmenn til að sinna þeim. Það er augljóst að ef yfirlæknir heilsugæslu á að sinna verkefnum sem áður hafa verið hjá héraðslækni verður hann að hafa tíma til að sinna þeim. Það þýðir að hann hefur minni tíma til að taka á móti sjúklingum og sinna öðrum störfum á heilsugæslustöðinni. Þar af leiðandi má reikna með að þetta þýði eitt viðbótarstöðugildi á hverri heilsugæslustöð sem þessi verkefni færast til.

Ég held að þessi umsögn fjárlagaskrifstofunnar, virðulegi forseti, einkennist af vanþekkingu á því mikla starfi sem fram fer á heilsugæslustöðvunum. Eins og fram kemur í umsögninni er meiri hluti nefndarinnar á þeirri skoðun að fylgjast þurfi vel með þessari tilfærslu verkefna yfir á heilsugæslustöðvarnar og Alþingi sjái þá til þess að eðlilegt fjármagn fylgi með.

Fyrirvari okkar beinist fyrst og fremst að þessu. Það kemur fram í umsögnum sem borist hafa sem ég sé ekki ástæðu til að lesa frá orði til orðs, þ.e. umsagnir, m.a. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem minna á að framlög þurfi að fylgja þessari yfirfærslu. Einnig kom umsögn frá héraðslækninum í Reykjavík, en þar segir, með leyfi forseta:

„Er því brýnt að Heilsugæslunni verði tryggðir fjármunir til þess að ráða lækningaforstjóra til Heilsugæslunnar og honum sköpuð fullnægjandi starfsaðstaða með aðstoðarfólki."

Það er umsögn frá heilsugæslunni í Kópavogi þar sem lögð er áhersla á að fjármagn fylgi með og segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt fylgiskjali virðist enn eiga að flytja verkefni yfir til heilslugæslu án þess að eðlilegt fjármagn fylgi. Vandi heilsugæslunnar er nægur þó ekki sé enn aukið þar á."

Héraðslæknirinn á Suðurlandi leggur að sama skapi áherslu á að fjármagnið fylgi. Það gera reyndar flestir umsagnaraðilar. Þeir eru í sjálfu sér ekki á móti því að þessi verkefni séu færð til heilsugæslunnar. Þeir leggja áherslu á að fjármagið fylgi með og fyrirvari okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn., er fyrst og fremst til að hnykkja á að þarna verði vel að verki staðið og við munum að sjálfsögðu fylgjast með því við afgreiðslu fjárlaga í haust að heilsugæslan fái fjármagn til að sinna þessum verkefnum og vitanlega það fjármagn sem hún þarf til að sinna því mikilvæga hlutverki sem hún gegnir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, síðari umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 44. mál. — Þskj. 44, nál. 1374.

[23:40]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum, 44. mál, nál. á þskj. 1374. Í nál. eru tilgreindir þeir aðilar sem skiluðu umsögnum um þetta mál.

Nefndin tekur undir efnisatriði tillögunnar og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni.

Nefndin telur þó nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á tillögugreininni. Annars vegar bendir nefndin á að ráðherra verði ekki skyldaður með ályktun Alþingis einni saman til að hrinda umræddu forvarna- og leitarstarfi í framkvæmd. Í ályktun Alþingis felst hins vegar yfirlýsing sem eðlilegt er að handhafar framkvæmdarvaldsins taki tillit til. Leggur nefndin til breytingar á tillögutextanum í samræmi við þetta. Hins vegar leggur nefndin til að efni tillögugreinarinnar verði afmarkað með skýrari hætti þannig að sjónum manna verði fyrst og fremst beint að forvarna- og leitarstarfi hjá þeim sem teljast vera í áhættuhópi.

Nefndin bendir á að mikið starf hefur þegar verið unnið á þessu sviði og gerir nefndin ráð fyrir að á því verði byggt við þá tillögusmíð og undirbúning sem lagt er til að ráðist verði í.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameins hér á landi."

Undir þetta álit rita auk framsögumanns hv. þm. Katrín Fjeldsted, Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, en aðrir þingmenn heilbr.- og trn. voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[23:42]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til lokaafgreiðslu afar merkileg tillaga um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum, tillaga sem hv. þm. Árni Ragnar Árnason er 1. flm. að. Með honum er fjöldi þingmanna úr öllum þeim flokkum sem hér starfa. Ég fagna því sérstaklega að við skyldum ná að afgreiða þessa tillögu, við sem vorum mætt gerðum það auðvitað einróma en um málið var samstaða í heilbr.- og trn.

Virðulegi forseti. Þetta er fyrsta málið, sem er dálítið sérstakt, af átta þingmannamálum sem hér eru til afgreiðslu í kvöld á dagskrá þingsins, þ.e. sem eru afgreidd frá heilbr.- og trn. Ég vil nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, vegna þess að ég sé ekki ástæðu til að koma upp í hverju einasta máli til að lýsa ánægju minni með afgreiðsluna og samstöðu þingmanna. Þess í stað þakka ég fyrir samstöðna nú við þetta tækifæri. Öll þessi átta mál eru afar mikilsverð. Ég vil sérstaklega þakka fyrir afgreiðslu á 37. máli á dagskránni, sem er aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þar sem 1. flm. er Jóhanna Sigurðardóttir. Engu að síður er það þverpólitískt mál eins og reyndar öll þau sem við höfum verið að afgreiða og full samstaða er um.

Ég sé ástæðu til, vegna þess að ég hef nokkra þingreynslu og verið er að afgreiða fleiri mál þingmanna en ég man áður til að tekin hafi verið til afgreiðslu í þeim nefndum sem ég hef starfað í á hv. Alþingi, að þakka jafnframt fyrir samstarfið í nefndinni. Ég býst við að þetta sé okkar lokafundur. Nefndarmönnum þakka ég fyrir samstarfið en ekki síður starfsmönnum þingsins og starfsmanni nefndarinnar fyrir sérlega ánægjulegt og árangursríkt samstarf eins og dagskrá kvöldsins ber með sér.

[23:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum lýsa fullum stuðningi við þessa tillögu. Ég er ein af mörgum meðflutningsmönnum hennar. Ég var fjarstödd afgreiðslu málsins en yfir henni er mjög góður blær núna og með þeim breytingum sem gerðar eru á henni er tekið tillit til þeirrar vinnu sem verið hefur í gangi og kortlagningar á því hvernig hægt er að fara í skönnun þeirra Íslendinga sem eru í áhættuhóp um að fá ristilkrabbamein og eins skönnun hjá öllum almenningi. Ég styð hjartanlega þessa þáltill.

Ég fer að ráðum fyrri ræðumanns og þakka fyrir samstarfið í heilbr.- og trn. í vetur og lýsi fullum stuðningi við þær þáltill. sem eru afgreiddar að þessu sinni. Ég tel ekki ástæðu til að koma upp við hverja og eina þeirra til að lýsa stuðningi við þær. Þetta eru þáltill. þingmanna og eru hin bestu mál, hver og ein á sínu sviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Óhefðbundnar lækningar, síðari umr.

Þáltill. LMR o.fl., 33. mál. — Þskj. 33, nál. 1215.
[23:47]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. á þskj. 1215 um 33. mál sem er till. til þál. um óhefðbundnar lækningar. Í nál. eru tilgreindir þeir sem skiluðu umsögnum um málið, sem allar voru jákvæðar, svo og þeir gestir sem nefndin fékk á sinn fund vegna þess.

Efni þessarar tillögu gerir ráð fyrir að Alþingi feli heilbrrh. að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar. Atriðin sem tillagan gerir ráð fyrir að verði könnuð sérstaklega eru þau hvaða menntun sé í boði á þessu sviði og hver sé menntun leiðbeinenda sem þar starfa, hvaða reglur gildi um viðurkenningu náms- og starfsréttinda og að hvaða marki samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta, að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga og jafnframt hver sé staða þeirra með tilliti til skatta og þó einkum virðisaukaskatts.

Einnig er þessari nefnd ætlað að safna saman niðurstöðum rannsókna á áhrifum og virkni þessara aðferða og þeirri áhættu sem þeim fylgi og svo að kanna algengi þess að fólk leiti eftir slíkri þjónustu.

Það er álit hv. heilbrn. að brýnt sé að ráðist verði í þá vinnu sem tillagan gerir ráð fyrir og að ljóst sé að svokallaðar óhefðbundnar lækningar eru stundaðar hér á landi í talsverðum mæli með þegjandi samþykki yfirvalda.

Nefndin telur að tilfinnanlega skorti regluramma um þessa starfsemi svo að unnt sé að hafa eftirlit með henni og vernda hagsmuni notenda þessarar þjónustu sem og starfsöryggi og heiður þeirra sem sannanlega hafa aflað sér þekkingar til að veita hana. Þessi starfsemi hefur hingað til farið fram í einhvers konar lagalegu tómarúmi með afskiptaleysi yfirvalda og er mikilvægt að ráða bót á því vegna eðlis þjónustunnar. En áður en af því getur orðið verður þó að vinna ákveðna grunnvinnu og kortleggja þessa starfsemi sem fyrsta skref að því markmiði að mynda um hana lagaramma.

Nefndin bendir á að hugtakið óhefðbundnar lækningar er að mörgu leyti óljóst. Undir það falla mörg ólík meðferðarform og aðferðir sem eiga það fyrst og fremst sameiginlegt að falla ekki undir svokallaðar hefðbundnar lækningar. En nefndin áréttar annars vegar að þær aðferðir sem tillögugreinin getur um eru nefndar í dæmaskyni og ekki er um tæmandi talningu að ræða og hins vegar að samkvæmt þeim skilningi sem nefndin leggur í orðið óhefðbundnar lækningar eiga hnykklækningar ekki þar undir enda hefur frá 1990 verið í gildi reglugerð um starfsemi hnykkja eða kírópraktora og sú starfsemi því notið nokkurrar sérstöðu. Því leggur nefndin til að hnykklækningar verði felldar út úr tillögugreininni.

Nefndin gerir þó ráð fyrir að þessi grein lækninga verði skoðuð með tilliti til skyldra meðferðarúrræða og þeirra menntunarkrafna sem gerðar eru en afstaða nefndarinnar er jafnframt sú að ekki eigi að leggja áherslu á löggildingu starfsréttinda í þessum greinum heldur geti í flestum tilvikum verið nægjanlegt að viðurkenna nám og réttindi og í því felist nægjanleg neytendavernd.

Þá bendir nefndin á að heitið óhefðbundnar lækningar er misvísandi, bæði vegna þess að þessar aðferðir eru oft síður en svo óhefðbundnar en sérstaklega vegna þess að orðið lækningar vísar um of til lækninga sem læknar með læknaleyfi hafa nú lögum samkvæmt einir heimild til að stunda. Því mælist nefndin til að sú nefnd sem skipuð verður, verði tillagan samþykkt, skoði hvort ekki megi finna heppilegra samheiti á þessar aðferðir.

Sá tímarammi sem nefndinni er ætlaður samkvæmt tillögunni er að mati nefndarinnar of stuttur ef vel á að standa að verki og leggur nefndin því til að hann verði rýmkaður.

Hv. heilbr.- og trn. leggur til að þessi tillaga verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef þegar gert grein fyrir og tekur, að frátöldum þeim atriðum sem þær lúta að, undir efni tillögunnar og undir sjónarmiðin á bak við hana í greinargerðinni.

Að áliti þessu standa auk framsögumanns hv. þm. Ásta Möller, Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þuríður Backman og Margrét Frímannsdóttir en aðrir hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn., Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson, voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, síðari umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 37. mál. — Þskj. 37, nál. 1347.
[23:52]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum.

Nefndin fjallaði um þetta mál og henni bárust nokkuð margar og jákvæðar umsagnir um það.

Nefndin tekur undir efnisatriði tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða tillögu um unglingamóttöku og getnaðarvarnir, 317. mál, tillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál, og tillögu um átraskanir, 337. mál. Heilbr.- og trn. telur að þeirri stefnumótun sem gerð er tillaga um að ráðist verði í megi finna stað í starfi á vegum heilbrrh. um þróun og skipulag verkefna heilsugæslunnar, og leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Auk frsm. rita undir þetta nál. hv. þm. Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman en aðrir hv. þm. heilbr.- og trn. voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, síðari umr.

Þáltill. KF o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 1348.
[23:53]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu.

Nefndin fjallaði um þetta mál og henni bárust nokkuð margar og jákvæðar umsagnir um efni tillögunnar. Hv.

heilbr.- og trn. tekur undir tillögugreinina sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni.

Nefndin telur að efni tillögunnar sé framlag til vinnu á vegum heilbrrh. um þróun og breytingar á skipulagi á verkefnum heilsugæslunnar. Með hliðsjón af því leggur heilbr.- og trn. til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir álit þetta rita auk frsm. hv. þm. Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman en aðrir hv. þm. í heilbr.- og trn. voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 233. mál. — Þskj. 260, nál. 1349.

[23:55]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana. Þetta er 233. mál og er nál. á þskj. 1349. Margir aðilar skiluðu umsögn um málið og þær voru allar jákvæðar. Heilbr.- og trn. tekur undir efni tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með tillögunni og leggur til að efni hennar verði skoðað samhliða tillögu um heilsuvernd í framhaldsskólum, tillögu um unglingamóttöku og getnaðarvarnir og tillögu um átraskanir.

Hv. heilbr.- og trn. leggur til að þessi tillaga verði samþykkt. Undir álit þetta rita auk frsm. hv. þm. Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman en aðrir hv. þm. í heilbr.- og trn. voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[23:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég var 1. flm. að tillögunni fagna ég þessum málalyktum. Ég held að þetta sé góður endir á málinu. Það á sér þær rætur að á sínum tíma beitti ég mér fyrir því ásamt fleiri þingmönnum að flutt var skýrsla af hálfu hæstv. heilbrrh. um starfsemi meðferðarstofnana. Þá kom í ljós að þessi starfsemi var mjög víðtæk og fór fram á mjög mörgum stofnunum. Það leiddi til þess að við, nokkrir þingmenn, töldum nauðsynlegt að flytja þáltill. sem fól það í sér að marka heildarstefnu. Það er auðvitað mjög mikilvægt, í fyrsta lagi til að ná sem bestum og mestum árangri varðandi meðferðina og í öðru lagi til að nýta það fjármagn sem til þessa málaflokks er varið enn þá betur í því skyni að glíma við þetta mikla böl.

Það er þó alveg ljóst að jafnframt því að reyna að samhæfa þessa starfsemi meira þarf að tryggja að það frumkvæði sem sýnt hefur verið af hálfu einstakra stofnana á þessu sviði, einstaklinga og samtaka, sé ekki drepið í dróma heldur sé þvert á móti reynt að efla þetta frumkvæði. Það þarf auðvitað að gæta þessa.

Í öðru lagi þarf að hafa í huga að þessar stofnanir eru á margan hátt að sinna mismunandi meðferðaraðferðum, og það er líka þannig að þyngd þessara vandamála er mjög mismunandi. Hér er því alls ekki um auðvelt mál að ræða. Engu að síður er grundvallaratriði að reynt sé að leggja mat á þann árangur sem stofnanirnar sýna, í því skyni að hægt sé að einbeita sér að þeim verkefnum sem mestum árangri skila. Þess vegna, virðulegi forseti, fagna ég því að hv. heilbr.- og trn. komst að jákvæðri niðurstöðu um afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, síðari umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 266, nál. 1350.

[23:59]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Nefndin tekur undir efni tillögugreinarinnar en gerir fáeinar athugasemdir við atriði sem fram koma í greinargerð með tillögunni. Með lögum nr. 95/2000 var foreldrum tryggður réttur til töku foreldraorlofs vegna veikinda barna og þar með lögfest helstu efnisatriði í tilskipun Evrópusambandsins frá 3. júní 1996, um rammasamning um foreldraorlof. Lögin tryggja einnig að réttur foreldris samkvæmt ráðningarsamningi raskist ekki vegna töku foreldraorlofs. Skoða verður greinargerð tillögunnar með hliðsjón af þessu.

Nefndin telur óhjákvæmilegt að breyta orðalagi 1. málsliðar tillögugreinarinnar. Málsliðinn má skilja þannig að nefndinni, sem slíkri, sé beinlínis ætlað að tryggja betur rétt foreldra samkvæmt tillögunni. Slíkar valdheimildir verða ekki veittar með ályktun Alþingis einni saman, enda ljóst af samhenginu að nefndinni er einungis ætlað að gera tillögur um leiðir til að tryggja rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Því leggur nefndin til þá orðalagsbreytingu sem greind er í nál.

Undir nál. þetta rita auk frsm. hv. þm. Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman en aðrir nefndarmenn í heilbrn. voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, síðari umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 317. mál. — Þskj. 393, nál. 1351.

[00:01]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um unglingamóttöku og getnaðarvarnir. Í nefndarálitinu á þskj. 1315 eru tilgreindir þeir aðilar sem skiluðu umsögnum um þetta mál.

Hv. heilbr.- og trn. tekur undir efnisatriði tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða tillögu um heilsuvernd í framhaldsskólum, tillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana og tillögu um átraskanir og sé framlag til vinnu á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og breytingar á skipulagi og verkefnum heilsugæslunnar.

Heilbr.- og trn. leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir álit þetta rita auk framsögumanns hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn., Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átraskanir, síðari umr.

Þáltill. KF o.fl., 337. mál. — Þskj. 436, nál. 1352.

[00:02]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbr.- og trn. um till. til þál. um átraskanir. Í nefndarálitinu á þskj. 1352 eru tilgreindir þeir aðilar sem skiluðu umsögn um þessa tillögu.

Heilbr.- og trn. tekur undir efnisatriði tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða tillögu um heilsuvernd í framhaldsskólum, tillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, tillögu um unglingamóttöku og getnaðarvarnir og sé framlag til vinnu á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og breytingar á skipulagi verkefna heilsugæslunnar.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir álit þetta rita auk framsögumanns hv. 1. flm. Katrín Fjeldsted og hv. þm. Ásta Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman.

[00:04]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta öðru en því að mér líður eins og á uppskeruhátíð eftir þriggja ára setu á þinginu og í heilbrn. þingsins. Nefndin tekur sig fram um það núna að afgreiða þingmannatillögur. Ég vil koma upp og fagna því.

Það er ljóst af þeim málum sem afgreidd eru úr heilbrn. nú hversu frjótt starfið þar er og hversu mjög þingmenn leggja sig fram um að koma fram með og vinna að ýmsum góðum og gegnum málum fyrir heilbrigðisþjónustuna og fyrir almenning í landinu. Ég þakka fyrir það samstarf sem hefur verið í þessari nefnd og þakka formanninum fyrir framgöngu sína í því að ljúka þessum málum. Ég er meðflutningsmaður að einum fjórum af þeim málum sem við höfum fjallað um hér og 1. flm. að tveimur svo mér er málið nokkuð skylt.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, og vona að þó að sumum þessum málum sé vísað til ríkisstjórnarinnar eins og það er kallað — reyndir þingmenn segja að það sé afgreiðsla sem skilar kannski ekki miklu — þá verði ekki svo í þessu tilviki. Ég held að þetta starf muni skila sér í heilbrigðisþjónustuna í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Frv. ÖJ, 265. mál (áfrýjunarréttur, fjölskipaður dómur). — Þskj. 310, nál. 1289.

[00:06]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allsh. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

Hv. allshn. fjallaði nokkuð um þetta mál. Henni bárust jafnframt umsagnir frá þeim aðilum sem eru nándar tilgreindir í þskj. 1289.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að héraðsdómur verði skipaður þremur héraðsdómurum ef sýnt þykir að niðurstaða dómsins kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi framburðar vitna og hins vegar er lagt til að lögbundnar takmarkanir á áfrýjunarheimild til Hæstaréttar vegna áfellisdóms í opinberum málum verði felldar niður.

Allsherjarnefnd vekur athygli á því að lög um meðferð opinberra mála sæta nú heildarendurskoðun af hálfu dómsmálaráðuneytis. Með tilliti til þess leggur nefndin til að að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nefndarálit þetta rita auk framsögumanns hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, formaður nefndarinnar, Ólafur Örn Haraldsson, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Kjartan Ólafsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Lúðvík Bergvinsson, að mér sýnist allir nefndarmenn í allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 2. umr.

Stjfrv., 716. mál (fjárfestingar hlutafélagsins). — Þskj. 1193, nál. 1346.

[00:08]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að veita Norðuráli hf. heimild til að taka þátt í öðrum félögum hér á landi og fjárfesta í öðrum atvinnurekstri en áliðnaði. Þannig skapast möguleiki á að ráðstafa hagnaði úr rekstri Norðuráls hf. í íslensku atvinnulífi í stað þess að hann renni allur úr landi.

Nefndin vekur athygli á því að Norðurál hf. mun ekki njóta skattalegrar fyrirgreiðslu varðandi þátttöku sína í öðrum atvinnurekstri og mun því þurfa að greiða skatta af hlutdeild sinni í þeim rekstri samkvæmt almennum reglum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Pétur H. Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson og Árni Steinar Jóhannsson með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, síðari umr.

Þáltill. KVM o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 1329.
[00:09]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnn. um till. til þál. um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.

Tillagan miðar að því að iðnaðarráðherra verði falið að gera nauðsynlegar forathuganir til að hægt verði að meta hagkvæmni mögulegrar virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum, en virkjun árinnar er einn af ónýttum möguleikum Íslendinga til orkuöflunar.

Nefndin bendir á að ávallt er nauðsynlegt að kanna nýja möguleika á orkuöflun í öllum landshlutum til að tryggja orkuöflun fyrir landsmenn til frambúðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Bryndís Hlöðversdóttir og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir þetta nefndarálit rita Hjálmar Árnason, Ásta Möller, Pétur H. Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.
[00:10]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni og þakka fyrir það hvað iðnn. hefur tekið vel á þessu máli og fallist á þessa till. til þál. sem ég lagði fram ásamt hv. þm. Kristjáni L. Möller, Jóhanni Ársælssyni, Gísla S. Einarssyni og Einari Má Sigurðarsyni.

Mig langar að ítreka ánægju mína yfir þessu. Ég vona að þetta eigi eftir að verða til góðs og að reist verði þarna virkjun í sátt við náttúru og umhverfi. Einnig vona ég að í þá vinnu sem nú er fram undan verði farið. Talað er um það í greinargerð með tillögunni að þetta muni kosta 20 millj. kr. Ég reikna með því, herra forseti, að sú fjárhæð verði sett í þetta verkefni og að Náttúrustofa Vestfjarða fái ýmis verkefni í tengslum við þetta sem verður þá til góðs og til eflingar atvinnulífi á Vestfjörðum sem er hið besta mál.

[00:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa stuðningi við þessa tillögu. Ég fagna því mjög að hún skyldi fá framgang í þinginu. Ég tel að það verði til farsældar fyrir land og þjóð og einkum þó fyrir Vestfirðingana að farið verði í að kortleggja þá virkjunarmöguleika sem þarna eru. Vonandi mun það leiða til þess að menn sjái að þarna er hagkvæmur og góður virkjunarkostur sem verði nýttur fyrr en seinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vistvænt eldsneyti á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. HjÁ og GuðjG, 343. mál. — Þskj. 459, nál. 1330.
[00:13]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnn. um till. til þál. um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi.

Tillagan miðar að því að iðnaðarráðherra verði falið að skipa nefnd sem móti stefnu um vistvænt eldsneyti hér á landi.

Nefndin bendir á að mikilvægt er að kanna framtíðarskipulag eldsneytismála til hlítar, einkum með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og því að mikið hefur gengið á þær orkuauðlindir sem sjá heiminum fyrir hefðbundnu eldsneyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu að í stað orðanna „Alþingi felur iðnaðarráðherra“ í tillögugrein komi: Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra.

Bryndís Hlöðversdóttir og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir þetta nefndarálit rita Hjálmar Árnason, Ásta Möller, Pétur H. Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóðandi lághitasvæði, síðari umr.

Þáltill. ÖHJ o.fl., 192. mál. — Þskj. 203, nál. 1331.
[00:14]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnn. um till. til þál. um könnun á sjóðandi lághitasvæðum.

Tillagan miðar að því að iðnaðarráðherra verði falið að beita sér fyrir samvinnu við sveitarfélög og Byggðastofnun um könnun á svæðum með sjóðandi lághita. Aðalmarkmið rannsóknanna verði að finna ný sjóðandi lághitasvæði.

Nefndin bendir á að með nýrri hitaveitutækni er hægt að framleiða raforku á sjóðandi lághitasvæðum en hingað til hafa slík svæði einkum verið nýtt til hefðbundinnar upphitunar húsa og ylræktar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Bryndís Hlöðversdóttir og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Hjálmar Árnason, Ásta Möller, Pétur H. Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna í byggðamálum 2002–2005, síðari umr.

Stjtill., 538. mál. — Þskj. 843, nál. 1407, 1410 og 1439.
[00:15]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta iðnn. um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. 18 gestir komu á fund nefndarinnar um umfjöllun um málið og eru þeir tilgreindir á þingskjalinu. Þar eru einnig tilgreindir þeir 30 aðilar sem sendu nefndinni umsagnir og gögn.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt hinna almennu markmiða þáltill. og telur að í þeim felist mikil sóknarfæri til byggðarþróunar á landinu. Meiri hlutinn telur að við umræður um byggðaáætlun sé mikilvægt að hafa í huga skynsamlega þróun byggðar á landinu öllu, jafnt höfuðborgarsvæði sem landsbyggð. Höfuðborg þrífst ekki án landsbyggðar og landsbyggðin þarf á höfuðborg að halda.

Meiri hlutinn tekur undir þau rök fyrir þörf á byggðastefnu sem fram koma í greinargerð og styður þær hugmyndir til aðgerða sem fylgja tillögunni. Sjálf tillögugreinin er í

fimm stafliðum um almenn markmið byggðaáætlunar. Undir þau tekur meiri hlutinn. Í greinargerð er síðan kynnt framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í 22 töluliðum. Meiri hlutinn telur að í þeim felist mikil sóknarfæri fyrir landsbyggðina alla en vekur jafnframt athygli á því að þar er um að ræða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og stofnana hennar. Meiri hlutinn hvetur til þess að þeirri áætlun verði fylgt fast eftir en mælir jafnframt með að við þessa framkvæmdaáætlun verði bætt 11 atriðum sem gerð er grein fyrir í nál. Ég ætla að geta þessara atriða í stórum dráttum.

Í fyrsta lagi telur meiri hlutinn eðlilegt að skilgreina nokkra byggðakjarna, hlutverk þeirra og stöðu í þjóðfélaginu. Í ljósi byggðaþróunar þykir nefndinni rétt að taka mið af þeirri skiptingu að í fyrsta lagi verði um að ræða byggðakjarna. Meiri hlutinn tekur undir hlutverk Akureyrar sem mótvægis við höfuðborgarsvæðið. Meiri hlutinn telur jafnframt að byggðakjarnar skuli byggðir upp á Ísafirði og á Miðausturlandi. Með því móti væru sköpuð boðleg búsetuskilyrði fyrir stærstu landshlutana. Í hverjum byggðakjarna er nauðsynlegt að styðjast við sérkenni hvers staðar og byggja upp innviði á þeim grunni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir vaxtarsvæðum þar sem meiri hlutinn telur rétt að skilgreina auk meginkjarna og byggðakjarna vaxtarsvæði þar sem hið opinbera tryggir grunnþjónustu. Í þriðja lagi er rætt um jaðarsvæði, og fjallað sérstaklega um búsetuskilyrði á jaðarsvæðum, þ.e. svæðum sem falla utan byggðakjarna og vaxtarsvæða.

Það kom fram hjá fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga að þessi skipting hafi ekki átt sér stað, skipting í byggðakjarna, vaxtarsvæði og jaðarsvæði. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. jan. 2003 í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Vaxtarsvæði gætu hugsanlega verið staðir eins og Snæfellsnes, suðurhluti Vestfjarða, Skagafjörður, Húsavíkursvæðið, Vestmannaeyjar, Hornafjarðarsvæðið, e.t.v. Suðurnes og kannski fleiri svæði. En við leggjum áherslu á að ríki og sveitarfélög komi sér saman um þessa skiptingu og það fyrir næstu áramót.

Í öðru lagi tekur meiri hlutinn undir skoðanir Sambands ísl. sveitarfélaga, Háskólans á Akureyri og fleiri þess efnis að stækkun sveitarfélaga sé árangursrík byggðaaðgerð. Með því móti verða sveitarfélögin betur í stakk búin til að taka að sér verkefni og veita þá þjónustu sem íbúar kalla eftir. Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga er tekið undir þessa hugsun. Meiri hlutinn telur rétt að fylgjast með umfjöllun aðalfundar sambandsins um mál þetta og að Alþingi bregðist við í samræmi við þær niðurstöður. Við teljum eðlilegra að frumkvæði að þessum breytingum í sveitarstjórnarmálum komi frá sveitarstjórnunum sjálfum en ekki Alþingi.

Í þriðja lagi tekur meiri hlutinn undir mikilvægi góðra samgangna í byggðastefnu og leggur áherslu á gildi jarðganga milli helstu byggðakjarna. Jafnframt telur meiri hlutinn að sérstaklega þurfi að gefa gaum samgöngum við Vestmannaeyjar og bendir á fjóra kosti sem skoða þurfi strax í því sambandi.

Í fjórða lagi telur meiri hlutinn tillöguna fela í sér mörg tækifæri til sóknar í íslensku atvinnulífi um land allt en vill bæta við og leggja áherslu á nokkra þætti, svo sem að efla rannsóknir og nýsköpun sem tengist auðlindum þjóðarinnar í landbúnaði og sjávarútvegi í því skyni að efla verðmætasköpun. Benda má í því sambandi á árangur, m.a. á Siglufirði við vinnslu á rækjuskel, lyfjagerð úr jurtum og ámóta þætti sem áunnist hafa á síðustu árum. Má þar nefna t.d. starfsemi Saga Medica sem framleiðir lyf úr ætihvönn. Sú starfsemi fer einmitt fram á landsbyggðinni, þ.e. á Hvanneyri og í Búðardal.

Meiri hlutinn telur veruleg sóknarfæri geta fólgist í þeirri vakningu sem er meðal bænda um að nýta smávirkjanir til raforkuframleiðslu og mælir með því að Orkustofnun verði falið að hafa umsjón með úttekt og rennslismælingum vegna smávirkjana í samstarfi við atvinnuþróunarfélög einstakra svæða. Meiri hlutinn fagnar skýrslu iðnrn. um þörf fyrir þrífösun rafmagns í landinu og hvetur til að framkvæmdir eftir þeirri áætlun hefjist þegar á þessu ári en ástand rafmagnsmála í sumum sveitum hindrar alla sókn í atvinnulífi.

Meiri hlutinn tekur undir tillögu um uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli en telur jafnframt að leggja þurfi áherslu á að lengja ferðamannatímabilið. Háannatími ferðaþjónustunnar nær aðeins yfir um þrjá mánuði ársins en aðra mánuði nýtist fjárfesting í greininni illa. Þá mælir meiri hlutinn með því að í stefnumótun í ferðaþjónustu verði tekið til *alvarlegrar skoðunar að endurskoða álögur hins opinbera á* flugfargjöld og aðra þætti er beinlínis snerta ferðaþjónustu þannig að fjölga megi ferðamönnum yfir vetrarmánuðina. Slík aukning ætti að nýtast vel ferðaþjónustunni á landsbyggðinni. Meiri hlutinn mælir með því að ríkisstjórnin geri áætlun um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina. Með bættum samgöngum og fjarskiptum hafa aðstæður breyst verulega varðandi aðgengi fólks að stofnunum. Eðlilegt er að stofnanir sem hafa starfsgrundvöll sinn á landsbyggðinni séu staðsettar þar. Hefur t.d. ein slík stofnun, Byggðastofnun, verið flutt að fullu frá Reykjavík og út á land sem er eðlileg tilfærsla þar sem starfssvæði þeirrar stofnunar er allt landið nema höfuðborgarsvæðið.

Þá er einnig eðlilegt að kanna vel hvort hluta af starfsemi einstakra stofnana megi ekki koma fyrir í byggðakjörnum úti á landi. Benda má á fyrirmynd að slíku þar sem rannsóknaraðilar nokkurra stofnana mynda sameiginlega starfsstöð á Ísafirði. Reynslan af slíkum flutningi og samstarfi hefur verið góð. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, lagði áherslu á það í viðræðum við iðnn. að þessi starfsemi verði efld og aukin en áhersla er lögð á það í byggðaáætlun fyrir Vestfirði. Meiri hlutinn telur að slík rannsóknasetur í samstarfi nokkurra stofnana megi vel staðsetja á nokkrum byggðasvæðum og í mörgum tilfellum færa starfið nær vettvangi.

Þá tekur meiri hlutinn afdráttarlaust undir þau sjónarmið að nýjar stofnanir ríkisins skuli staðsettar á landsbyggðinni sem og sú aukning sem kann að verða í ríkisstofnunum.

Talið er að fiskeldi muni eflast um heim allan í náinni framtíð. Þannig verja Norðmenn verulegum fjárhæðum til þorskeldis auk hins mikla laxeldis. Sérfræðingar telja að eldi sjávarfisks sé að mörgu leyti hentugra við strendur Íslands en víða annars staðar. Því er mikilvægt að Íslendingar verði ekki eftirbátar annarra á sviði fiskeldis. Nokkur reynsla er fengin af því hérlendis, samanber árangur Stofnfisks í kynbótum fisks og Fiskeldis Eyjafjarðar við klak og eldi á lúðu. Hafrannsóknastofnun hefur náð jákvæðum árangri í klaki og eldi þorsks. Áframeldi við Eyjafjörð og Ísafjarðardjúp lofar góðu um framhaldið og það er talið að með skipulegum aðgerðum geti Íslendingar framleitt með klaki og eldi 30–40 þús. tonn af þorski til vinnslu, að verðmæti 14–16 milljarða kr. á ári. Meiri hlutinn telur að markviss uppbygging þorskeldis hérlendis kæmi sér vel fyrir efnahagslíf þjóðarinnar og nýttist ekki síst sjávarbyggðum.

Meiri hlutinn mælir með því að næsta haust verði teknar upp viðræður við innlenda og erlenda aðila um stofnun hlutafélags um klak- og kynbótastöð fyrir þorskeldi, og enn fremur verði stefnt að aukinni þorskseiðaframleiðslu hjá Hafrannsóknastofnuninni og að stofnunin skuli hið fyrsta hefja rannsóknir á aðstæðum í fjörðum og víkum fyrir sjókvíaeldi.

Í fimmta lagi hvetur meiri hluti iðnn. til stofnunar átaksjóðs í menningartengdri ferðaþjónustu samkvæmt hugmyndum í skýrslu samgrh. og einnig að komið verði upp ferðasjóði íþróttafélaga til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga í Íslandsmótum og bikarkeppnum en þátttaka íþróttafélaga af landsbyggðinni í þessum mótum er til muna kostnaðarsamari en sambærilegra félaga á höfuðborgarsvæðinu. Dæmi eru um að félög treysti sér ekki til þátttöku vegna mikils ferðakostnaðar. Það er fátt sem eflir jafnmikið samkennd innan sveitarfélaga sem góður árangur íþróttafélags þeirra. Dæmi um það er knattspyrnan á Akranesi og í Vestmannaeyjum, handboltinn á Akureyri, körfuboltinn á Suðurnesjum og Vesturlandi, blakið í Neskaupstað, sundið á Akranesi o.fl.

Meiri hlutinn tekur undir þá áherslu sem í byggðaáætlun er lögð á eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni, svo og endurgreiðslu námslána, en leggur einnig áherslu á að stutt verði við bakið á þeim símenntunarmiðstöðvum sem starfandi eru. Reynsla af slíkum stöðvum er afar jákvæð og hefur skapað aukna festu í þeim byggðarlögum þar sem þær eru starfræktar. Þörf fólks fyrir símenntun er orðin grunnþáttur í menntastefnu og um leið byggðastefnu.

Í sjötta lagi mælir meiri hlutinn með því að annað hvert ár verði haldið byggðaþing fyrir tilstuðlan iðnrh. Á byggðaþingi kynni einstök landsvæði stöðu sína og áætlanir í byggðamálum. Á grundvelli þeirra upplýsinga leggi svo iðnrh. tillögu til þál. fyrir Alþingi. Byggðaþing verði haldið í tengslum við ársfund Byggðastofnunar.

Nefndin leggur mikla áherslu á að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum en atvinnuþróunarstarfið er eitthvað það jákvæðasta sem gert hefur verið í byggðamálum á undanförnum árum, þ.e. hin stórauknu framlög til atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni, félaga sem eru á forræði heimamanna á hverjum stað. Áður var þetta allt á vettvangi Byggðastofnunar sem þá var staðsett í Reykjavík. Þessi félög hafa víða gert mjög góða hluti og við leggjum áherslu á að áfram verði fullur kraftur í þeirri starfsemi.

Meiri hluti iðnn. lítur svo á að Nýsköpunarmiðstöð á Akureyri sé frekari útfærsla á starfsemi Impru á vegum Iðntæknistofnunar en hins vegar séu með stofnun hennar ekki gerðar neinar grundvallarbreytingar á starfsemi Byggðastofnunar sem nú hefur að fullu verið flutt til Sauðárkróks. Á það er lögð mikil áhersla að Byggðastofnun haldi verkefnum sínum. Stofnunin hefur komið sér fyrir á nýjum stað með nýjum forstjóra, nýju starfsliði og nýju húsnæði og það er mikilvægt að núna, þegar stofnunin er komin á fulla ferð eftir þá flutninga, verði ekki reyttar af henni fjaðrirnar. Það er mikilvægt að náið og gott samstarf verði milli Nýsköpunarmiðstöðvar og Byggðastofnunar, ekki síst vegna tengsla Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin en eins og ég nefndi eru stóraukin framlög Byggðastofnunar til þeirra félaga eitthvað það besta sem gert hefur verið í byggðamálum á undanförnum árum. Meiri hlutinn leggur til að Byggðastofnun tilnefni einn fulltrúa í stjórn Nýsköpunarmiðstöðvarinnar til að tryggja tengsl þessara stofnana.

Í áttunda lagi mælir meiri hlutinn með því að Byggðastofnun verði falið að meta gildi byggðaáætlunar, setja viðmið og mæla árangur af framkvæmd hennar. Sú könnun verði kynnt á byggðaþingi. Þetta er með sama hætti og var við síðustu byggðaáætlun. Byggðastofnun gerði nýlega úttekt á því hvernig þar tókst til og hún sýndi að mjög margt af því sem þar var lagt upp með gekk ágætlega eftir.

Í níunda lagi tekur meiri hlutinn undir tillögu nr. 2 í III. kafla greinargerðar með tillögunni um mikilvægi þess að efla samstarf sjóða ríkisins sem tengjast nýsköpun og atvinnugreinum. Meiri hlutinn telur jafnframt að enn skynsamlegra gæti verið að sameina umræddar stofnanir að mestu leyti í eina stofnun og hvetur til að skoðun á kostum þess verði hafin þegar í stað og lokið fyrir næstu áramót og niðurstöður þá birtar. Með sameiningu næst betri sýn yfir atvinnulífið og byggðir og skilvirkni eykst til muna.

Í tíunda lagi leggur meiri hlutinn áherslu á skynsamlega nýtingu vistvænnar orku, m.a. til stóriðju, og bendir á jákvæð áhrif stóriðju á Grundartanga og í Straumsvík fyrir byggðirnar umhverfis sem og efnahagslíf þjóðarinnar.

Í ellefta og síðasta lagi mælir meiri hlutinn svo með því að iðnrh. hefji undirbúning þess að koma á fót Hönnunarmiðstöð Íslands. Hönnun er eitt fyrsta skref framleiðslu og yrði slík miðstöð hvatning fyrir hönnuði og framleiðendur um land allt.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir þeim atriðum sem meiri hluti iðnn. mælir með að bætt verði við framkvæmdaáætlun byggðaáætlunar.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir þetta nál. rita nöfn sín hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Kristján Pálsson, Helga Guðrún Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson og Ármann Höskuldsson.

[00:30]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Til að menn velkist ekki í nokkrum vafa um hvað hér er til umræðu þá erum við að tala um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Hún lítur svona út. Þetta er plaggið. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir þessi fjögur ár, þessir fimm stafliðir sem nefndin mælir með að verði samþykktir.

Það sætir furðu að heyra menn segja í þessum ræðustól að þessir fimm stafliðir séu til þess fallnir að þoka áfram byggðamálum á Íslandi. Hér eru sett fram almenn markmið sem flestir geta tekið undir en afskaplega er lítið handfast í þessu. Hér er ályktað að fela ríkisstjórninni að vinna að stefnumótandi áætlun um byggðamál og síðan eru talin upp meginmarkmiðin. Hér er engin framkvæmdaáætlun og ekkert sem hægt er að miða við, ekkert sem hægt er að nota í hinn mælanlega árangur eins og hv. síðasti ræðumaður gat um að væri æskilegt. Ég tek undir að það væri æskilegt.

Herra forseti. Það sem hér er á ferðinni er hvorki fugl né fiskur. Það er hin dapurlega niðurstaða. Út úr löngu samningaþófi stjórnarflokkanna um byggðamálin kemur þetta eitt, að fyrir Alþingi er lagt að samþykkja fimm stafliði um almenn markmið.

Samkvæmt 7. gr. laga um Byggðastofnun ber iðnrh. að leggja fyrir Alþingi till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Í 7. gr. segir: „Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum," — við skulum ímynda okkur, herra forseti, að þetta plagg hér gegni því hlutverki — „áætlun um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í

landinu. Jafnframt skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu."

Þetta segir í 7. gr. laga um Byggðastofnun og eftir þessu ber að vinna.

Við þingmenn Samfylkingarinnar veltum því fyrir okkur hvaða stöðu þetta plagg hefur í rauninni. Hér er að hluta verið að framfylgja þessari 7. gr. laga varðandi það hvað á að gera en það vantar heilmikið upp á. Í iðnn. var rætt um að endurskoða þyrfti uppsetningu tillögunnar og greinargerðarinnar til að menn fengju inn í tillöguna og samþykkta frá Alþingi þá aðgerðaráætlun sem fylgir. Niðurstaðan varð samt sem áður sú að það eru einungis þessir fimm stafliðir sem hér koma til afgreiðslu.

Ég rifja upp það sem fram kom við fyrri umr. um þetta mál þar sem ýmsir stjórnarliðar lýstu tilteknum efasemdum sínum og fyrirvörum. Einn af þeim var hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem lýsti því fyrir þingheimi hversu mikilvægt væri að hafa afmarkaðar tillögur ef það ætti að framfylgja þeim með þeim fjármunum sem þyrfti. Hann vísaði til þeirrar byggðastefnu sem síðast var í gildi fyrir fjárln. að hafa til viðmiðunar til að setja peninga sína til tiltekinna málefna. Herra forseti. Hún leit svona út, þrjár blaðsíður, 21 atriði sem ber að framkvæma. Þau var hægt að mæla. Það var gert og gefin út skýrsla um það hver árangurinn hefði orðið.

Það er dálítið mikill munur á þessu tvennu, annars vegar á þessum fimm stafliðum með hinum háleitu markmið sem eru almenn og flestir geta tekið undir. Þetta er svipað og í stefnuskrám sumra stjórnmálaflokka. Við getum síðan borið það saman við þetta plagg, 21 tölusettan lið þar sem stafað er út hvað á að gera. Í því felst ákveðin viðspyrna og hægt er að setja peninga í tiltekin verkefni. Um þetta var rætt. Menn höfðu uppi stór orð um að þeirri tillögu sem nú liggur fyrir þyrfti að breyta í grundvallaratriðum til að hægt væri að veita henni brautargengi, til þess að hún yrði nothæft plagg. Herra forseti. Það tókst ekki.

Niðurstaðan er það sem hér liggur fyrir í fimm stafliðum. Áætlanir um aðgerðir eða útfærslu einstakra þátta eru ekki hluti stefnunnar hvað sem líður fyrirsögn lagagreinarinnar sem ég vísað í hér áðan. Við, fulltrúar Samfylkingarinnar, í 1. minni hluta nefndarinnar efumst um að hér sé eðlilega staðið að verki og vekjum athygli á því að með því að samþykkja einungis þessi almennu atriði, þessi almennu markmið, fylgja menn aðeins hluta lagagreinarinnar. Það liggur auðvitað fyrir, eins og menn þekkja, að það sem fram kemur í greinargerð, ég tala ekki um það sem fram kemur í nefndaráliti, hefur lítið gildi ef Alþingi ekki samþykkir það. Sá ágæti listi fyrirheita sem hér voru rakin áðan, listinn sem hér var lesinn áðan, er auðvitað ekkert annað en í besta falli óskalisti þeirra sex einstaklinga sem skrifuðu undir nefndarálitið. Þessi listi hefur enga aðra stöðu, herra forseti. Þessi listi verður aldrei samþykktur á Alþingi. Hann er einungis hluti greinargerðar meiri hluta nefndarinnar, hluti nefndarálits og hefur álíka mikla stöðu og þær frómu óskir sem við önnur hér setjum fram. Hann verður aldrei viðspyrna fyrir fjárlaganefndarmenn eða aðra þingmenn sem vilja beita sér í þessum málum, því miður.

Við þingmenn Samfylkingarinnar getum auðvitað tekið undir ýmislegt af þeim markmiðum sem sett eru fram. Við höfum þó kosið að tekið verði heildstætt á byggðamálunum, þ.e. að menn hefðu allt landið undir, væru hér að fjalla um byggðamál fyrir Ísland en ekki bara fyrir landsbyggðina. Við þurfum að fjalla um stefnu í byggðamálum fyrir landið allt, þar með hlutverk höfuðborgar og höfuðborgarsvæðis.

Herra forseti. Tillagan sem hér liggur fyrir og lýsir almennum markmiðum án útfærslna hvílir einhvers staðar í greinargerð og nefndarálitum. Framkvæmdin verður því alfarið á ábyrgð stjórnvalda. Við vitum að fyrri áætlanir hafa gefið fyrirheit sem ekki reyndist pólitískur vilji til að standa við eða framkvæma jafnvel þó að betur væri um hnúta búið. Það fer auðvitað best á því að þeir sem semja slíka tillögu, þeir sem ekki geta komið sér saman um málin með öðrum hætti en þeim sem hér liggur fyrir, beri líka ábyrgð á framkvæmdinni.

Þingflokkur Samfylkingarinnar mun sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Við munum hins vegar áfram láta til okkar taka í byggðamálum á þeim forsendum sem við teljum réttar og raktar eru að nokkru í nefndarálitinu og ég mun fara yfir.

Herra forseti. Gildistími síðustu byggðaáætlunar rann út um síðustu áramót. Tillaga til nýrrar byggðaáætlunar birtist í netútgáfu á vef iðnaðarráðuneytis 8. febrúar og síðan endurskoðuð sem þingskjal 19. þess mánaðar. Sú staðreynd að ný tillaga var ekki til þegar sú á undan rann sitt skeið á enda sýnir best sinnuleysi ríkisstjórnarinnar um byggðamál. Af þessum sökum er t.d. ekki gert ráð fyrir fjármagni í fjárlögum þessa árs til fjölmargra verkefna á sviði byggðamála.

Í ljós kom við fyrri umræðu að um málið að ekki var einhugur meðal stjórnarliða og að margir höfðu afgreitt það út úr þingflokki sínum með fyrirvara. Sá fyrirvari var nokkuð sterkur og í hópi stjórnarliða voru þingmenn sem höfðu uppi stór orð um að breyta þyrfti þessari tillögu mikið til þess að hún fengi þeirra stuðning. Á það mun reyna á morgun.

Þá hefur það gerst á vinnslutíma tillögunnar í nefnd að tveir hópar, fulltrúar Vestfjarða og Norðurlands vestra, hafa gengið á fund nefndarinnar til að kynna sínar eigin áherslur, eigin byggðaáætlanir, þar sem þeim fannst fram hjá þeim gengið í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Þá liggur það fyrir að í ýmsum atriðum voru tillögur þeirra sem unnu að tillögugerðinni þynntar svo út í meðförum stjórnvalda að þær eru nú ónýtar. Sem dæmi má nefna að í stað þess að samþykkja tillögu um sameiningu sjóða sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og atvinnulífs á landsbyggðinni í einn öflugan byggðasjóð, sem hvatt er til af at vinnuþróunarfélögunum um land allt, er látið nægja að biðja um aukið samstarf sjóðanna. Þar sem þröngir hagsmunir rákust á við hagsmuni landsbyggðarinnar var landsbyggðin látin víkja. Það segir meira en mörg orð. Þetta er kannski eitt af þeim málum sem menn voru ótrúlega sammála um en einhvers staðar inni í kerfinu rákust menn á smákónga sem ekki gátu horft til þeirrar framtíðar að sjóðurinn þeirra yrði hluti af einum öflugri sjóði sem gæti hugsanlega komið að gagni. A.m.k. var það mat atvinnuþróunarfélaganna og ýmissa fleiri, m.a. margra þingmanna sem nefndu þetta við fyrri umr. Smákóngaveldið varð skynseminni yfirsterkara þegar til kastanna kom.

Reynslan af vinnunni við þessa byggðaáætlun og viðbrögðin sem urðu við þessum hugmyndum leiða auðvitað hugann að vinnubrögðum við gerð byggðaáætlana. Eins og fram kom í máli mínu teljum við að við gerð byggðaáætlunar eigi að horfa til landsins alls.

Byggðaáætlun á að vera til marks um það hvernig löggjafinn og stjórnmálaöflin vilja að byggð á Íslandi þróist, að svo miklu leyti sem það er í valdi löggjafans, og hvaða að-

ferðum menn ætla að beita til að ná settum markmiðum. Það þarf bæði að huga að samkeppnishæfni einstakra byggða á Íslandi, að þau fái notið sérstöðu sinnar og möguleika, og samkeppnishæfni landsins alls gagnvart umheiminum. Byggðamál snúast nefnilega ekki bara um landsbyggðina heldur um hvernig við viljum byggja Ísland. Í þeim anda þarf að vinna ef viðhalda á fjölbreytileik byggðar og menningar á Íslandi.

Byggðaáætlun þarf síðan að tengja öðrum áætlunum, t.d. í samgöngumálum. Byggðaáætlun þarf að vinnast í eins mikilli sátt og kostur er við þá sem við eiga að búa. Því væri eðlilegt að þegar við upphaf vinnunnar gæfist sveitarfélögum eða samtökum þeirra kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hægt væri að kalla til íbúaþings heima í héraði til að fjalla um stöðu viðkomandi svæðis svo að sem flestum gæfist kostur á að kynna sér stöðu mála og láta álit sitt í ljós.

Það kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans að eitthvað í þessa veru væru æskileg vinnubrögð. Það ber að fagna því að um það virðist einhugur. Í ljósi þess er þetta í síðasta skipti sem byggðaáætlun er unnin með því fyrirkomulagi sem nú var, þ.e. í tilteknum hópum en þeir sem við eiga að búa komi ekki að málum fyrr en á síðari stigum, líkt og við sáum nú, að einstaka hópar ganga á fund nefndarinnar með eigin áætlanir sem, eins og menn sjá, hafa lítið segja. Enn sitjum við uppi með stafliðina fimm, algerlega óbreytta.

Já, herra forseti. Byggðamál eru öll þau mál sem áhrif geta haft á búsetuskilyrði fólks. Ekki tilteknir málaflokkar heldur miklu fremur áherslur og viðhorf, að litið sé til mála af þeim sjónarhóli að fólk um allt land búi við jöfnuð hvað varðar þjónustu hins opinbera; því séu sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku. Möguleika til áhrifa á byggðaþróunina verður að skoða út frá þeim stórfelldu breytingum sem hafa orðið og verða í atvinnuháttum og tækni og þeim sóknarfærum sem í breytingunum kunna að felast. Byggðamál snúast þó ekki bara um atvinnuþróun. Þau verður einnig að nálgast út frá menntun, félagsþjónustu, menningu og samgöngum.

Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á byggðamál. Í málflutningi og málatilbúnaði á Alþingi hefur verið lögð mikil áhersla á samgöngumál, ekki bara vegi, jarðgöng og flugsamgöngur heldur ekki síður símasamband, ljósleiðara, háhraðanet og önnur almenn skilyrði til samskipta. Þannig hefur flokkurinn bent á tækifærin sem felast í hinni nýju tækni við vinnu, menntun og afþreyingu.

Við höfum líka bent á, herra forseti, vegna þess að það er löngu ljóst að maðurinn lifir ekki á brauði einu saman og í könnun Stefáns Ólafssonar sem var gefin út í bók 1997 kom fram að fólk horfir mjög til þeirra möguleika sem það á varðandi menningarmál og afþreyingu. Menningarmál þurfa stuðnings við langt umfram það sem nú er. Það virðist ekki viðurkennt enn að störf að menningarmálum úti á landi geti verið launuð heldur hljóti þau að vera sjálfboðastörf áhugamanna. Því viðhorfi þarf að breyta.

Samfylkingin hefur líka lagt áherslu á það að menntun sé hið nýja jöfnunartæki og að menntun sé forgangsmál. Fjárhagsaðstæður einstaklinga eða fjölskyldna mega ekki hamla sókn í menntun eða möguleikum til endur- og símenntunar. Allir þurfa að eiga þess kost að mennta sig reglulega til að takast á við síbreytilegt atvinnulíf og einnig vegna þess að menntun hefur gildi í sjálfu sér. Fyrirtækin í landinu ná ekki að þróast með þeim breytingum sem ganga yfir ef þeim er ekki búið gott þekkingarumhverfi. Það fæst með starfrækslu menntastofnana og framboði á þekkingu. Samfylkingin leggur áherslu á eflingu framhaldsskóla sem gætu orðið miðstöð fjarnáms á hverjum stað, háskólamenntunar og símenntunar.

Samfylkingin hefur sett fram tillögu um fjölmennari sveitarfélög sem eiga að fá fleiri verkefni og styrkari tekjustofna. Slík tillaga hefur nú legið fyrir í allan vetur án þess að komast nokkurn tíma á dagskrá, herra forseti, en við sjáum það okkur til óblandinnar ánægju að sú hugmynd að stækka sveitarfélögin er tekin upp af hverjum hagsmunasamtökunum á fætur öðrum og nú síðast tóku Bændasamtökin upp á sína arma að efla þyrfti sveitarfélögin og stækka og sýnist okkur þá að nánast fullum sigri sé náð, nú sé einungis handavinna Alþingis eftir. Kjarna slíkra „stórra" sveitarfélaga ætti að styrkja sérstaklega til að auka fjölbreytileika atvinnulífsins.

Samfylkingin vill einnig að m.a. framhaldsskólar, málefni fatlaðra, heilbrigðisþjónusta, menningarmál og samgöngur verði að hluta til verkefni sveitarstjórna. Einnig hefur verið sett fram tillaga um hvaða leið mætti fara til að fjölga verkefnum og auka þjónustu ríkisstofnana úti um landið. Samfylkingin hefur einnig flutt þingmál um samkeppnishæfni atvinnulífsins bæði varðandi stofnstyrki og í skattamálum.

Herra forseti. Við gerum ekki kröfur til þess að allir búi við sömu aðstæður. Við gerum okkur grein fyrir að það er ekki hægt og ekki æskilegt heldur að öllum verði sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku og lífskjör jöfnuð, t.d. varðandi kostnað við menntun og húsnæði.

Sóknarfærin eru víða. Þekkingariðnaður, þar sem vinnan felst í hugmyndasköpun, þekkingaröflun og dreifingu þekkingar, tekur við af framleiðslusamfélaginu. Þar eru sóknarfæri, líka fyrir landsbyggðina. Æ fleiri vilja njóta, ekki bara ósnortinnar náttúru, kyrrðar og fámennis, heldur einnig ómengaðrar fæðu. Þar eru ekki síst sóknarfæri fyrir landsbyggðina. Aukinn frítími fólks leiðir til meiri ferðalaga. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein. Þar eru sóknarfæri fyrir Ísland og fyrir landsbyggðina sérstaklega.

Fjölbreytileiki menningar og mannlífs verður mikilvægari í hinu einsleita auglýsinga- og neyslusamfélagi. Þar eru sóknarfæri. Og allt á þetta við um Ísland og landsbyggðina sérstaklega. Við verðum að fylgja þessari þróun ef við viljum ná árangri í því að viðhalda fjölbreytileik byggðar og menningar á Íslandi. Sá er að okkar mati tilgangur byggðastefnu.

Herra forseti. Æskilegt hefði verið að ræða þá tillögu sem hér liggur fyrir mjög ítarlega vegna þess að hún gefur fullt tilefni til þess, ekki það sem í henni er heldur miklu frekar hitt sem vantar. Ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem við fyrri umræðu auglýstu eftir því að tillagan yrði þannig úr garði gerð að hægt væri að fá í henni viðspyrnu til framkvæmda, til þess að ná í fjármagn til að vinna mál áfram. Það varð því miður ekki niðurstaðan og ég þykist vita að einhverjum þyki jafnvel verr af stað farið en heima setið og jafnvel séu uppi þær raddir að betra hefði verið að menn hefðu gefið sér tíma til haustsins til að gera þessa hluti úr garði og að vinna tillöguna þannig að hún kæmi að meira gagni. Það er því miður svo að enda þótt einn sem skipar meiri hluta iðnn., fulltrúi ríkisstjórnarflokkanna, hafi uppi frómar óskir, þá koma þær fyrir lítið ef ekki liggur fyrir samþykkt Alþingis.

Samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og Alþingi mun væntanlega samþykkja á morgun eru engar aðgerðaráætlanir, engin tölusett atriði, engin skilgreind atriði sem hægt er að vinna eftir, einungis meginmarkmið. Eins og ég

sagði, herra forseti, eru þau út af fyrir sig ágæt, en þau munu ein og sér ekki duga. Mér segir svo hugur að við munum þurfa að endurskoða þessa ályktun eða a.m.k. vinna þá hluta sem okkur finnst upp á vanta fyrr en hin tveggja ára endurskoðun kallar eftir og ég lýsi því yfir að við erum tilbúin í þá vinnu. Þetta plagg er meira til málamynda, eins og til að standa við það að héðan verði afgreidd þáltill. Ég get svo sem skilið þá sem eru að nudda í slíku, en afskaplega held ég að árangurinn verði rýr.

[00:54]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þykir ekki mikið til tillögunnar koma og auðvitað má alltaf deila um það hvernig á að setja upp byggðaáætlun. Byggðaáætlunin síðasta sem rann út um síðustu áramót var allt öðruvísi uppbyggð og tókst ágætlega. En hv. þm. segir að þessi tillaga sé hvorki fugl né fiskur, fimm stafliðir og ekki til þess fallin að þoka áfram byggðamálunum. En ég minni á að bak við þá fimm stafliði eru 22 tillögur um aðgerðir og þó að hv. þm. talaði heldur niðrandi um þær tillögur sem meiri hluti iðnn. er að gera, þá er þar verið að bæta 11 atriðum við þennan aðgerðalista. Auðvitað munu stjórnvöld taka tillit til þess sem Alþingi er að samþykkja, ekki bara þessara fimm fyrstu stafliða heldur þess aðgerðalista sem liggur bak við þessar samþykktir. Þó það nú væri.

Hv. þm. segir að þeir sem semja slíkar tillögur skuli sjálfir bera ábyrgð á því og Samfylkingin muni sitja hjá. Við erum að vísu ekki mjög óvön því að Samfylkingin sitji hjá, en ég spyr: Hvar eru tillögur Samfylkingarinnar? Það er hérna ágætisnefndarálit og hv. þm. flutti ágæta ræðu, en það er ekki ein einasta brtt. lögð fram á þinginu sem þingmenn fá að taka afstöðu til.

Hv. þm. er að tala um að ekki verði tekin afstaða á þinginu til tillagna meiri hlutans. En hvar eru tillögur Samfylkingarinnar? Ég hef ekki orðið var við þær.

Ég vil síðan minna á að það var ekki meiri hluti iðnn. sem samdi tillöguna, en meiri hlutinn vann sitt verk að sjálfsögðu út frá þeirri hugmyndafræði sem fram kemur í tillögu ráðherra og með því að bæta 11 atriðum við aðgerðalistann og m.a. að draga úr því mikla vægi sem Akureyri hafði í upphaflegu tillögunni. Nú er lögð mikil áhersla á fleiri byggðakjarna og vaxtarsvæði og jaðarsvæði þannig að ég held að með tillögum okkar séum við í meiri hlutanum að bæta þessar tillögur.

[00:57]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert á þeirri skoðun að það eigi að deila neitt um hvernig eigi að setja svona tillögu upp. Það er forskrift fyrir því í 7. gr. laga um Byggðastofnun. Þar segir nákvæmlega hvernig svona tillaga á að vera. Og ef sú forskrift er borin saman við það sem meiri hluti nefndarinnar er nú að afgreiða kemur í ljós að meiri hlutinn er að afgreiða frá sér eins konar inngang að byggðastefnu. Það er ekki meira, almenn markmið.

Þegar hv. þm. segir að auðvitað muni stjórnvöld horfa til þess og fara eftir því sem segir í nefndarálitum eða greinargerðum, þá vil ég einungis segja að mikil er trú þín maður vegna þess að ef marka má þá hv. stjórnarþingmenn sem töluðu í fyrri umræðu um tillögu til byggðaáætlunar, þá kostaði það greinilega slagsmál að ná hverri krónu sem hægt var að krækja í til þessara mála. Það var greinilega ekkert auðvelt.

Af því að hv. þm. er að auglýsa eftir tillögum Samfylkingarinnar, þá rakti ég þær í nál. okkar. Við höfum flutt ótal tillögur, bæði um stækkun sveitarfélaga, tillögur í menntamálum, um stofnstyrki í atvinnulífinu og ýmislegt fleira sem hefur e.t.v. farið fram hjá hv. þm., kannski vegna þess að sumar hafa ekki einu sinni fengið að koma á dagskrá, jafnvel þó að þær séu með tveggja stafa málsnúmer. Það er einu sinni þannig á hinu háa Alþingi að það eru stjórnartillögurnar sem eru teknar fyrir. Þingmannatillögurnar mega liggja nema það henti sérstaklega og þess vegna hafa ýmsar af tillögum okkar mátt liggja annaðhvort óræddar eða óafgreiddar í nefnd. Þetta veit auðvitað hv. þm. þó hann standi hér og auglýsi eftir þeim.

[00:59]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað munu stjórnvöld taka tillit til aðgerðalistans sem fylgir þessari byggðaáætlun. Þó það nú væri. Eftir því verður gengið og ég minni á að þessi tillaga og aðgerðalistinn hefur verið lagt fyrir ríkisstjórnina og allir ráðherrar lagt blessun sína yfir hann. Auðvitað verður gengið eftir því að menn vinni eftir þeim tillögum jafnframt þeim tillögum sem við í meiri hluta iðnn. leggjum í púkkið og eru að mínu mati til þess að stórbæta byggðaáætlunina.

En það var annað sem ég kom ekki að í mínu fyrra andsvari vegna tímahraks og það er það sem stendur í nál. 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Fyrri áætlanir hafa gefið fyrirheit sem ekki reyndist pólitískur vilji til að standa við eða framkvæma."

Ég er ekki sammála þessu, a.m.k. hvað varðar síðustu byggðaáætlun. Það gekk mjög margt eftir af því sem samþykt var í þeirri áætlun, mjög margt. Ég minni á í fljótu bragði að stórauknu fé var varið til atvinnuþróunarmála á landsbyggðinni eins og ég gat um í ræðu minni áðan. Komið var á fót eignarhaldsfélögum. Ríkið er búið að setja á annan milljarð í eignarhaldsfélög á landsbyggðinni. Þá var stóraukið framlag til jöfnunar húshitunar, stóraukin framlög til jöfnunar námskostnaðar. Þau voru tvöfölduð á tímabilinu. Fé var varið í vegi á jaðarsvæðum, lánastarfsemi Byggðastofnunar efld, símenntunarstöðvum komið á fót, fjarkennsla stóraukin sem er náttúrlega stórkostlegt landsbyggðamál, sérstök framlög til hitaveitna á köldum svæðum og fleira mætti nefna. Mér finnst ekki sanngjarnt að segja að ekki hafi verið pólitískur vilji til þess að framkvæma þá áætlun.

Af því að hv. þm. nefndi að ekki væri vilji til að afgreiða þingmannatillögur, þá minni ég á að ég mælti fyrir nál. iðnn. um þrjár þingmannatillögur áðan. Gott ef þær voru ekki allar frá flokkssystkinum hv. þm.

[01:01]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. bindur miklar vonir við það að aðgerðalistinn og nefndarálit meiri hlutans verði að veruleika. En ég bendi á að óskalistinn sem fram kemur í nefndarálitinu hefur hvergi verið og verður hvergi samþykktur, hvorki í ríkisstjórn né af Alþingi. Hann hefur enga stöðu umfram það sem segir í álitum 1. eða 2. minni hluta hvað varðar möguleg mál eða æskilegar framkvæmdir varðandi byggðamálin. Það er í rauninni dapurleg niðurstaða að mínu

mati að ekki skyldi nást samkomulag um annað en þá fimm stafliði sem eru almenn markmið.

Af því að hv. þm. var að telja upp það sem hann taldi að hefði heppnast eða gerst og náðst í gegn af fyrri áætlunum, þá er sumt af því komið í gegn vegna mikillar baráttu og, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti, af því að fjárlaganefndarmenn höfðu viðspyrnu í tillögum og gátu bjargað peningum á milli 2. og 3. umr. Annað gekk ekki eftir, t.d. fyrirheit um að fjölga störfum úti á landi eða fyrirheit um fólksfjölgun eða annað þess háttar. Það voru einungis markmið sem ekki reyndist síðan vilji fyrir. Því miður hefur reynslan verið sú að jafnvel þó sett hafi verið fram ákveðin fyrirheit t.d. í menntamálum þá hafa menn þurft að slást fyrir þeim rétt eins og þau hafi hvergi verið sett á blað, hvað þá samþykkt, og er ég þó sannfærð um það og veit að svo er um fleiri, að aðgerðir í þeim málum eru einmitt það sem hefði getað skipt langmestu máli ef mönnum hefði verið virkileg alvara með því að reyna að lyfta grettistaki út um landsbyggðina.

[01:03]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson): Virðulegi forseti Við ræðum till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Ég ætla ekki að halda langa ræðu í kvöld, en auðvitað er svo sem hægt að taka undir langflest sem þarna er sett á blað. Þetta eru almenn markmið og bollaleggingar. Eins og ég sagði í fyrri umræðu um þetta mál þá er fyrst og fremst talað gegnum fjárlög til að undirbyggja þær tillögur sem svona eru settar fram. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi það áðan í ræðu sinni að þar stendur oftast hnífurinn í kúnni. Það er þrotlaus barátta fyrir því að fá framlög til sjálfsagðra hluta. Við þyrftum auðvitað miklu lengri tíma, einn eða tvo daga, til að ræða um byggðamálin vegna þess að í mínum huga er aðalvandinn í byggðamálum hér á hinu háa Alþingi.

Við erum í hverri einustu viku að samþykkja lög sem byggja á miðstýringu, núna síðast í dag t.d. um Umhverfisstofnun. Allur sá lagapappír sem fer hér í gegn dregur umsvif og umsýslu frá landsbyggðinni og byggir hana upp hér. Ég nefni Umhverfisstofnunina sem dæmi. Ef við hefðum hugsað á nýtískulegum nótum um stöðu og vægi landsbyggðarinnar þá hefðum við nálgast það mál allt öðruvísi. Við hefðum dreift valdinu, lagt niður fyrir okkur í hversu stóru landi við búum og við hefðum látið verkefnin af hendi þannig að þau yrðu unnin heima fyrir. Ég nefni þetta bara sem dæmi. Við erum í hverjum einasta mánuði að styrkja og efla eftirlitsiðnaðinn í landinu. Í fiskveiðistjórnargeiranum sköpum við t.d. tugi starfa á höfuðborgarsvæðinu á hverju einasta missiri. Þannig nálgumst við ekki þessi mál í dag. Þetta er gamaldagsaðferð. Það hefur verið okkar stærsta vandamál í gegnum tíðina að efla miðstýrt kerfi sem síðan nærir sig sjálft.

Það var stórkostleg byggðaaðgerð á sínum tíma að byggja upp Háskólann á Akureyri og við vorum sammála um það. Það sjá allir. Það hefur verið mjög mikið rætt um þá stofnun og allir eru sammála um að það hefur verið gríðarlega stórt mál og til góðs fyrir Eyjafjarðarsvæði og Akureyri. En bara sem dæmi: Á sama tíma er ráðist í uppbyggingu Háskólans í Reykjavík. Það talar enginn um það sem neitt stórmál. En sá háskóli er t.d. sem háskólaeining kominn fram úr Háskólanum á Akureyri hvað varðar framlög úr ríkissjóði. Það telst sjálfsagður hlutur vegna þess að hann er á þessu svæði. Ef við köfum ofan í þetta sjáum við að við erum í vondum málum hvað grunninn varðar, þ.e. hvernig við hugsum þessi mál.

Tökum líka sem dæmi heilbrigðisgeirann, það sem er næst mér norður á Akureyri. Talað er um það í þessum tillögum að efla Akureyri sem byggðakjarna. Bara lítið atriði þar, endurhæfingarstöðin og bæklunardeild á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og Kristnesi, þá kostar smápeninga að láta þá stofnun þjóna þeim sem þarf að þjóna á því svæði, þ.e. Norður- og Austurlandi. En fyrir því er ekki vilji að það sé gert og fyrir vikið eflast tilsvarandi stofnanir hér sem þjóna síðan þessum aðilum og taka við, eins og þeir kalla það, og eru síðan sjálfala nánast á framlögum úr ríkissjóði í framhaldi af því. Þetta eru grunnatriði.

Ef við ætlum að efla hinar dreifðu byggðir þá verðum við að gera það út frá þeirri grunnhugsun að brjóta upp þann fasa sem við erum föst í hvað þetta varðar. Mál eftir mál í þinginu veikir landsbyggðina. Útibúastefna og að færa stofnanir ríkisins út á land er mjög vandasamt verk og hefur hingað til ekki gefist vel. Um stundarsakir getur það gengið, samanber t.d. svæðisútvarpið á Akureyri. Meðan menn höfðu metnaðinn til þess og voru sammála um að efla ætti starfsemina þar var staðan þannig að stöðugildin voru orðin 11. En síðan misstu menn móðinn og létu stofnunina sem slíka ráða ferðinni. Á örfáum missirum er starfsemin helminguð, fór ofan í 4,5–5,5 stöðugildi. Það er mjög erfitt að nálgast þessi mál á þeim nótum sem við höfum gert hingað til. Við keyrum þetta samfélag á miðstýringu og það er ein höfuðástæða þess hvernig komið er fyrir okkur. Þá tek ég út fyrir sviga stóru málin eins og fiskveiðistjórnarkerfið og allt sem að því lýtur.

Rekstur hins opinbera hefur gríðarlegu hlutverki að gegna. Ég nefni sem dæmi, af því að maður tekur það sem manni er næst, að hið opinbera gaf tóninn norður á Akureyri á allra síðustu árum með smávægilegum framlögum í tvo pósta, þ.e. Háskólann á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þ.e. hvora stofnun fyrir sig. Gerður var samningur um uppbyggingu við Háskólann á Akureyri sem losaði 100 millj. Síðan var skotið inn uppbyggingu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í svipuðum skala. Þetta hafði gríðarleg áhrif. Í fyrri ræðu minni um þessi mál gat ég þess að í raun þyrfti kannski enga byggðastefnu eða till. til þál. um byggðastefnu af þeim toga sem hér er vegna þess að í langflestum liðum er hægt að tala þessu máli í gegnum fjárlögin. En það er ekki gert.

Varðandi svæði eins og Eyjafjarðarsvæðið þá þarf í raun að tala í gegnum fjárlögin og gefa tóninn þar til uppbyggingar og reksturs á ríkis- og sveitarstjórnarplani þannig að fólk sé meðvitað um það og finni á sér að standa eigi að því að byggja upp viðkomandi svæði. Þetta er lykilatriði í mínum huga.

Ég hef komið að gerð svona áætlana í námi mínu erlendis, í Skandinavíu. Sú grunnhugsun sem er sett fram með eflingu byggðakjarna hefur ekki tekist neins staðar. Það er einfaldlega vegna þess að til lengri tíma litið stenst byggðakjarni ekki ef baklandið fúnar. Þetta er augljóst hverjum manni ef við tölum um Akureyri, Ísafjörð eða Egilsstaði. Það er verið að nefna þessa þrjá staði. Það er nákvæmlega jafnslæmt fyrir Akureyri sem kaupstað og efnahagskerfið þar ef það fækkar um 50 manns í Ólafsfirði og ef það fækkaði um 50 manns í bænum. Þannig er staðan orðin. Nánast öll þjónustan er fengin á svæðinu, á Akureyri, þannig að baklandið er algjört lykilatriði og allt sem við erum að byggja upp, hvort sem

það eru sjúkrastofnanir, öldrunarþjónusta eða skólar, byggir á fólkinu á þessu baklandi. Þetta vitum við. Svíar fóru í að efla byggðakjarna á sínum tíma. Það gafst vel meðan tæmingin átti sér stað. Það þekkjum við líka frá Vestfjörðum að auðvitað fjölgaði á Ísafirði meðan Strandir voru að tæmast. Hluti fólksins sem bjó þar flutti inn á Ísafjörð o.s.frv. Þetta er gríðarlegt umhugsunarefni. Ég held að þetta sé fyrst og fremst stjórnsýsludæmi hjá okkur og höfuðvandamál okkar er miðstýringarárátttan sem við ástundum hér.

Síðan er hugsunarhátturinn alveg makalaus vegna þess að á síðustu tíu árum alla vega hefur sú stefna verið keyrð að ekki megi styrkja neitt nema í litlum mæli sé og að markaðurinn eigi að ráða o.s.frv. En á sama tíma er beint og óbeint verið að nota opinbert fé til stórkostlegrar uppbyggingar á höfuðborgarsvæði. Menn voru t.d. ekki feimnir við að nýta sér afl fyrirtækja, t.d. Landssíma Íslands eins og hann væri eins konar atvinnuþróunarsjóður fyrir hugbúnaðargeirann á höfuðborgarsvæðinu.

Mér sýndist á plöggum sem við skoðuðum um daginn að Landssíminn hefði verið notaður til þess að koma af stað líklega í kringum 10–15 fyrirtækjum með tuga milljóna kr. framlagi. Ég held að það hafi verið um hálfur milljarður. Síðan missa menn andann yfir því ef farið er fram á smáar upphæðir til þess að leiðrétta gríðarleg mistök eða áföll sem eiga sér stað úti á landi, eins og þrautaganga okkar þingmanna Norðurl. e. fyrir Hrísey upp á einar 30 millj. ber vitni um. Það var bara ómögulegt að koma því í gegn. En á sama tíma var hitt hægt. Menn loka bara augunum fyrir þeirri sjálfvirkni sem hér er, þ.e. sjálftöku á opinberu fé sem þyrfti að kortleggja hvernig í ósköpunum getur átt sér stað. Við verðum að fara yfir í þessa grunnþætti og velta þeim fyrir okkur. Við þurfum miklu lengri tíma til þess að fá frjóa umræðu um þá. Hér verður ekki frjó umræða klukkan að ganga tvö að nóttu um þetta stóra mál. Það er augljóst í mínum huga.

Virðulegi forseti. Ég held að við verðum að taka okkur tak og skoða hvernig aðrir hafa farið í þessi mál. Að mörgu leyti erum við náttúrlega að vinna með gamlar lummur sem hafa ekki gengið annars staðar. Það liggur ljóst fyrir. Þessi stjórnsýslumál eru einn meginþátturinn í vanda okkar í tengslum við búsetumálin.

Annar minni hluti átelur harðlega flaustursleg vinnubrögð við gerð áætlunarinnar og umfjöllun um hana. Í hana vantar stefnu og heildarsýn varðandi byggð og búsetumál í landinu öllu. Það vantar bæði áætlun um hvernig kjör fólks skulu jöfnuð eftir aðstæðum og búsetu og áætlun um jöfnun samkeppnisstöðu atvinnulífs í hinum dreifðu byggðum landsins. Á þeim málum er ekkert tekið. Áætlunin er almennt orðuð án þess að þar séu settar fram áætlanir um kostnað og framlög til einstakra málaflokka sem er þó algjörlega nauðsynlegt til að ná einhverjum árangri í þessum málaflokki. Áætlunin hefur fengið mjög takmarkaða umfjöllun í nefndinni. Hún var afgreidd í miklum flýti og ljóst er að það hefði þurft að vinna hana miklu betur og samhæfa við þær tillögur sem hafa komið frá öðrum stjórnmálaöflum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjölda mála sem eiga heima í áætlun af þessu tagi. Má nefna þar til sögunnar styrkingu skipaiðnaðar, framlög til atvinnuþróunarfélaga, strandsiglingar, almenningssamgöngur í Eyjafirði og aðgerðir í byggðamálum. Þetta eru þær tillögur sem við höfum sett fram.

Ég vil vitna í hæstv. fjmrh. sem tók þátt í umræðunni fyrr í kvöld og viðurkenndi að við hefðum verið kaþólskari en páfinn, t.d. í sambandi við skipaiðnaðinn, og fyrir vikið horft fram á hrun hans. Þetta kom fram í umræðunni um ríkisábyrgð fyrir stórfyrirtækið Íslensk erfðagreining og deCODE. Það var einn liðurinn í því að þessi iðnaður hrundi gjörsamlega. Hann er ekki beysinn lengur og beinist nánast eingöngu að viðgerðum. Auðvitað hanga þessi mál öll saman.

Þá er þess að geta að sjávarútvegsstefnan er veigamikill þáttur í þróun byggðamála. Hún er í uppnámi. Engin tilraun hefur verið gerð af hálfu stjórnarmeirihlutans til þess að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar í þeim efnum.

Margt í áætluninni er þó góðra gjalda vert sem markmið, en áætlun af þessu tagi er gagnslaus nema með fylgi áætlun um framlög til aðgerða. Byggðaáætlun verður að byggjast á efnahagslegum forsendum, en þær eru ekki fyrir hendi þannig að líta verður á þessa áætlun sem almennar bollaleggingar. Það gerist ekkert nema fyrir hendi sé markviss áætlun um fjárveitingar til margra þeirra málaflokka sem dregnir eru fram í tillögunni og eru í sjálfu sér góðra gjalda verðir. Þannig telur 2. minni hluti að á grunni tillögunnar hefði þurft að vera viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar um tilgreinda fjármuni til þessara hluta.

Annar minni hluti telur að vandi hinna dreifðu byggða sé af pólitískum toga. Stefna ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur verið hlutafélagavæðing og síðan einkavæðing grunnþjónustufyrirtækja í samfélaginu. Stefnan hefur verið sú að horfa á hagkvæmni stærðarinnar og stuðla að fækkun og stækkun fyrirtækja. Stefna ríkisstjórnarflokkanna er þannig andstæð hugmyndum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um fjölbreytilegt atvinnulíf og styrkar stoðir þess í hinum dreifðu byggðum landsins.

Annar minni hluti átelur harðlega að áætlunin hafi ekki fengið meiri og víðtækari um fjöllun, bæði í iðnaðarnefnd og á Alþingi og telur miður að ekkert hafi verið gert á Alþingi til þess að skapa breiða samstöðu um innihald hennar. Til þess var fullt tilefni og engin ástæða til að ætla annað en að það hefði getað tekist með meiri umfjöllun og vinnu. Þessi byggðaáætlun er alfarið á ábyrgð stjórnarmeirihlutans og mun 2. minni hluti, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Þetta mál er alfarið á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar og þeirra þingmanna sem hana styðja. Ég árétta þó, eins og kemur fram í nál., að auðvitað er margt góðra gjalda vert í tillögunni, almennar yfirlýsingar og bollaleggingar um byggðamál.

[01:21]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Í fyrri umræðunni um þessa þáltill. lét ég í ljós mikil vonbrigði með hvernig að þessu væri staðið. Ég taldi að sú breyting sem orðið hefði á frá fyrri byggðaáætlun væri öll af hinu verra. Við höfðum reynslu af fyrri byggðaáætlun sem var byggð upp þverpólitískt og ríkisstjórnin flutti. Sú áætlun var okkur mikil stoð og stytta í þeirri mjög svo erfiðu stöðu sem byggðamálin voru í og eru enn. Hún hjálpaði okkur að knýja á að fá fjármuni til brýnna verkefna.

Ég held að sú breyting sem hefur verið gerð, það form sem við höfum á þessu núna sé miklu lakara en það sem við höfum áður. Ég tel að því hafi verið rangt að breyta. Hins vegar er skýrt að í meðförum iðnn. hefur þetta mál batnað mjög. Margir liðir koma þarna inn sem geta eflaust orðið

okkur til styrktar. Ég er hins vegar áfram ákaflega óánægður með þetta. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Hún sagði í kvöld að byggðaáætlunin væri hvorki fugl né fiskur en hins vegar finnst mér, herra forseti, mjög margt í henni í skötulíki.

Ég ætla ekki, á þessum næturfundi, að fara ofan í þetta lið fyrir lið. Þó er eitt atriði varðandi þessa byggðaáætlun sem ég kemst ekki hjá því að ræða því að ég get ekki sætt mig við það. Það kemur fram að stofna eigi aðra Byggðastofnun. Sú á að vera á Akureyri. Okkur í Sjálfstfl. eru flutt þau skilaboð að þetta eigi að gera vegna þess að það sé ekki hægt að styrkja Byggðastofnun eins og hún er í dag, sem nú er til allra heilla búið að flytja til Sauðárkróks, vegna þess að hún sé meira og minna óstarfhæf vegna ósamkomulags.

Ég hlýt að mótmæla þessu, herra forseti. Ég er ekki í neinni aðstöðu til að dæma um hvort þarna er um eitthvert ósamkomulag að ræða eða ekki, eða hverjum það er að kenna. Hitt er ég fullkomlega fær um að dæma um og segja, að Byggðastofnun, sem er okkur gríðarlega þýðingarmikil og við eigum að hafa allan metnað gagnvart, er á ábyrgð iðnrh. Ef eitthvað er athugavert við þessa stofnun er það á starfssviði hæstv. ráðherra að sjá til að þessi stofnun, líkt og aðrar stofnanir undir hæstv. ráðherra, sé starfhæf.

Þetta er mál sem ég get ekki sætt mig við vegna þess að Byggðastofnun er grundvallarstofnun. Ef við höfum ekki metnað fyrir hönd þeirrar stofnunar er hætt við að enginn metnaður sé gagnvart því brýna starfi sem við verðum að standa að í byggðamálum.

[01:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég held að álit meiri hluta iðnn. hafi að mörgu leyti skýrt þá áætlun sem fyrir þinginu lá og dregið fram skýrari línur um áherslur en sjá mátti í upphaflegri útgáfu. Ég held því að álitið sé að flestu leyti til bóta fyrir framgang málsins og vænti þess að það eigi greiða leið í gegnum þingsali þegar það kemur endanlega til afgreiðslu á morgun.

Ég tel að menn hafi verið með réttar áherslur, bæði í skjali ríkisstjórnarinnar og þessu nál., að skynsamlegt sé að draga upp stefnu í byggðamálum fyrir landið allt. Það er ekki lengur talið skynsamlegt, eins og stundum hefur verið lögð mikil áhersla á í umræðu um þennan málaflokk, að skipta landinu í tvennt, annars vegar sé höfuðborgarsvæði og hins vegar landsbyggð, og þess vegna eigi að vera tvær stefnur uppi í þessu máli. Ég held slíkar áherslur hafi að mörgu leyti truflað umræður og valdið togstreitu fólks á höfuðborgarsvæðinu í garð fólks á landsbyggðinni.

Menn hafa ætlað að meiningin með byggðastefnu og áætlunum sem henni tengjast væri að beita áherslum sem ynnu ekki aðeins fyrir ákveðið landsvæði heldur ynnu gegn höfuðborgarsvæðinu. Ég held að það sé nauðsynlegt að eyða þessari tortryggni með því að móta stefnu sem nái yfir landið allt enda þjóðin ekki stór eða fjölmenn og engin ástæða til að skipta henni upp þegar mótaðar eru línur í málaflokki á borð við þennan. Þess vegna held ég að menn eigi að gæta þess að skilgreina áherslur hins opinbera, bæði hvað varðar höfuðborgarsvæðið og eins varðandi einstök svæði á landsbyggðinni. Ég er þess vegna sammála því sem fram kemur í áliti meiri hluta iðnn., að fyrir utan höfuðborgarsvæðið sé rétt að draga sérstaklega fram áherslur á þremur landsvæðum, þ.e. á Akureyri, Ísafirði og Miðausturlandi. Ég tel líka skynsamlegt að menn komi sér á næstunni saman um skilgreiningar á því hvaða áherslum hið opinbera á að beita sér fyrir á þessum landsvæðum.

Ég held líka, eins og fram kemur í áliti meiri hluta iðnn., að hin opinbera stefna eigi ekki bara að ná til afmarkaðra landsvæða á landinu heldur eigi hún að ná til allra svæða landsins þannig að fyrir liggi hverjar áherslurnar eru á hverju svæði landsins, í hverju héraði landsins og af verði heildstæð stefna. Eðlilega getur áhersla hins opinbera, hvort heldur varðandi opinbera þjónustu, uppbyggingu í atvinnumálum eða öðru slíku, ekki verið eins á öllum svæðum landsins. Hún hlýtur að einhverju leyti að vera mismunandi þó að sumir hlutir hljóti að vera til staðar á öllum svæðum landsins.

Hvað áherslur hins opinbera varðar held ég að menn hljóti að skilgreina byggðakjarnana sem hér eru nefndir út frá því að ætlunin sé að hið opinbera beini þar kröftum sínum að uppbyggingu á tilteknum sviðum til að skapa fjölþætta opinbera þjónustu á sviði menntamála, heilbrigðisþjónustu, samgöngumála, menningar, almennrar opinberrar þjónustu, rannsókna o.s.frv.

Í slíkum byggðakjörnum hljóta menn að ætla sér að vera með aðstæður fyrir háskólamenntun auk framhaldsskólamenntunar og fyrir rannsóknir. Menn hljóta að ætla sér að vera með sjúkrahúsþjónustu, nokkuð öfluga og fjölþætta, og menn hljóta að ætla sér að byggja upp menningarstarfsemi af ýmsum toga auk almennrar opinberrar þjónustu. Á öðrum svæðum landsins en þeim sem kölluð eru í nál. meiri hluta iðnn. vaxtarsvæði sem geta verið nokkuð mörg svæði hljóta menn líka að hafa ákveðna stefnu um atbeina hins opinbera og horfa þar til samgöngumála, framhaldsskólamenntunar, aðgangs að háskólamenntun að einhverju leyti og því að byggja upp opinbera þjónustu í ákveðnum mæli þó að það sé ekki eins víðtækt og í byggðakjörnunum. Þannig er hægt að búa til heildstæða opinbera stefnu sem nær til allra málaflokka og getur stuðlað að því að koma á fót jafnvægi í byggð landsins með því að jafna búsetuskilyrðin þannig að á fleiri en einu svæði landsins séu þau sambærileg við það sem gerist í dag á höfuðborgarsvæðinu. Ég tek því að mörgu leyti undir þær áherslur og tel að menn stefni í rétta átt með stefnumótun í þessari ályktun að fengnu áliti meiri hluta iðnn.

Ég held að einnig sé skynsamlegt að skoða í ríkari mæli en menn hafa gert hingað til samgöngumál, bæði að hið opinbera stuðli að reglubundnum áætlunum milli þessara svæða og jafnvel að einhverju leyti eftir því sem aðstæður kalla á innan þeirra, hvort heldur eru flugsamgöngur eða áætlunarsamgöngur á landi. Það má líka styrkja slík svæði, bæði héruð og samband þeirra við miðstöð héraðsins eða byggðakjarnanna og samband þeirra við aðliggjandi landsvæði, með því að taka upp það sem þekkist víða erlendis, að kostnaður við atvinnusókn er frádráttarbær frá skatti. Ég minni á að það var sérstaklega ályktað um það í eldri byggðaáætlun sem féll úr gildi um síðustu áramót.

Það sem ég held að skipti líka verulegu máli í því að styrkja landsvæðin er að skipuleggja hina opinberu þjónustu og stjórnsýslu kannski öðruvísi en verið hefur, þá á þann veg að styrkja sveitarstjórnarstigið og fela því meira ákvörðunarvald í fleiri málum en verið hefur. Hér er lögð dálítil áhersla á að stækka eigi sveitarfélög og það sé árangursrík byggðaaðgerð en ég vil kannski frekar leggja áherslu á að menn eigi að koma sér saman um hlutverk sveitarstjórnarstigsins og koma með tillögur um ný verkefni og fleiri möguleika sveitarstjórna til að taka ákvarðanir í málum en

eru í dag. Þegar það liggur fyrir er miklu einfaldara að afla stuðnings við stækkun sveitarfélaga þegar mönnum er ljóst hvað því fylgir að stækka þau þannig að þetta nýja hlutverk sveitarfélaga nái fram að ganga.

Annað sem ég held að menn þurfi að styrkja frá því sem verið hefur er að beita markvissari opinberri stefnu í atvinnuuppbyggingu en verið hefur. Að sumu leyti hefur byggst upp nokkuð víðtækt kerfi stofnana og sjóða sem standa að þessu hver um sig. Helsta einkenni þess kerfis er að mínu viti að það er of sundurlaust og skynsamlegt er að stokka þar upp og sameina bæði sjóði og stofnanir til að styrkja og auka afl þeirra og gera starf þeirra markvissara en er nú eins og eðlilega hlýtur að vera þegar margir sjóðir eru felldir saman undir eina sameiginlega yfirstjórn sem tekur þá að marka stefnuna og tekur ákvarðanir fremur en það sem verið hefur, að skipt er í marga sjóði og stofnanir sem vinna að mörgu leyti, kannski miklu leyti, óháð hver annarri. Ég er mikill talsmaður þess að menn vindi sér í uppstokkun sjóðakerfisins og sæki fyrirmyndir til annarra landa þar sem við þekkjum þær og vitum að þær hafa reynst vel, t.d. í Noregi, og við eigum að huga að því. Þess vegna fagna ég því sem fram kemur í áliti meiri hluta iðnn. um að nefndin telur jafnframt, með leyfi forseta, „að enn skynsamlegra gæti verið að sameina umræddar stofnanir að mestu leyti í eina stofnun og hvetur til að skoðun á kostum þess verði hafin þegar í stað og lokið fyrir árslok 2002 og niðurstöður þá birtar. Með sameiningu næst betri sýn yfir atvinnulífið og byggðir og skilvirkni eykst til muna.“ Ég held að við eigum að gera þetta og ég held að við eigum að taka upp svipað kerfi og tíðkast í Evrópu og Noregi með stofnstyrkjum og stuðningi við nýsköpun í atvinnulífinu, stofnun nýrra fyrirtækja o.s.frv. Ég held að með því móti næðum við meiri árangri í atvinnuuppbyggingu sérstaklega á landsbyggðinni en við höfum náð hingað til.

Ég held að með því að mynda nýja stofnun úr mörgum og einn sjóð úr mörgum fáum við bæði öflugri stofnun og öflugri sjóð. Við eigum að láta starfssvæði hans vera um landið allt, ekki bara á landsbyggðinni, en við eigum að stýra peningunum til atvinnuuppbyggingar út frá almennum reglum og mælikvörðum um stöðu byggðar sem einfalt er að koma sér upp eins og einhæfni í atvinnulífi, tekjum o.s.frv. sem við getum notað sem mælikvarða eða leiðarvísa til að dreifa peningunum á þau svæði landsins þar sem fyrst og fremst er þörf á að byggja upp öflugra atvinnulíf en er þar fyrir.

Ég hef skoðað dálítið efnahagsreikninga helstu sjóða hér á landi sem veita fé til atvinnuuppbyggingar, hvort heldur er á landsbyggðinni eins og Byggðastofnunar eða á landinu öllu eins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins eða Ferðamálasjóðs, Lánasjóðs landbúnaðarins og síðan Framleiðnisjóðs landbúnaðarins svo ég nefni þá helstu. Ég er alveg sannfærður um að með því að fara í sameiningu á þessum sjóðum náum við miklu öflugri sjóði og stofnun í framhaldinu en við búum við í dag. Sérstaklega held ég að sé mikilvægt að vinna að því að sameina Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem eru langöflugustu sjóðirnir á þessu sviði. Byggðastofnun er fyrst og fremst beint á lánasviði og er nokkuð öflug á því sviði, sérstaklega eftir að stofnunin fékk fé af fjárlögum á síðustu árum til eignarhaldsfélaga. Það fé hefur reynst styrkja Byggðastofnun verulega mikið. Það hefur aukið eigið fé stofnunarinnar um rúman 1 milljarð kr. og gert henni kleift að standa undir auknum lánveitingum sem kallað hefur verið eftir á síðustu árum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er feikilega öflugur sjóður með eigið fé upp á líklega um 5 milljarða kr. Honum er fyrst og fremst beitt til þess að veita fé til kaupa á hlutafé í atvinnulífinu en nánast í hverfandi mæli er honum beint á lánasvið.

Ég held að mjög skynsamlegt sé að láta þessa tvo sjóði vinna saman, annars vegar á lánasviði og hins vegar með því að kaupa hlutafé. Ef við slægjum þessum tveimur sjóðum í einn yrði til mjög öflugur sjóður sem bæði gæti lánað mun meira en Byggðastofnun getur gert í dag vegna þess að eigið fé hefur margfaldast og eins gæti hann haldið áfram að styrkja vænleg fyrirtæki á landsbyggðinni og reyndar á landinu öllu með kaupum á hlutafé. Við fengjum líka mun öflugri stofnanir með því að leggja saman það starfsfólk sem er hjá hvorri stofnun um sig. Þá fengjum við nokkuð fjölbreytta reynslu og þekkingu hjá starfsmönnum sem spanna bæði þekkingu á því að greina og meta umsóknir um lán og um hlutafé. Ferðamálasjóð er einboðið að sameina líka í þessa tvo sjóði og síðar held ég að þegar frá líður eigi landbúnaðarsjóðirnir að koma að þessu líka. Væntanlega hygg ég að skynsamlegt sé, eins og var gert í Noregi, að þeir verði sameinaðir öðrum sjóðum eftir nokkurra ára aðlögun.

Ég held, herra forseti, að það sé skynsamlegt sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, að menn skoði þetta í fullri alvöru og geri það hratt þannig að fljótlega megi vera ljóst hvert menn ætla sér að stefna í þessum efnum.

Ég vil líka benda á að þangað til menn hafa tekið ákvörðun um hvort farið verði út í sameiningu sjóða á þessu sviði er nauðsynlegt að Byggðastofnun haldi stöðu sinni sem hún hefur náð með því að styrkjast á undanförnum árum. Sú stofnun er langöflugasta lánastofnunin sem sinnir landsbyggðinni og það hefur sýnt sig á síðustu árum að eftirspurnin eftir lánum fer mjög vaxandi, m.a. vegna þess að því er ég tel að viðskiptabankarnir hafa heldur dregið að sér hendur í því að þjóna atvinnulífi á landsbyggðinni. Þá verður Byggðastofnun í ríkari mæli að sinna lánveitingum til atvinnurekstrar en stofnuninni er fyrst og fremst ætlað að vera á sviði lánveitinga til fjárfestinga. Það kemur mjög skýrt fram í áliti meiri hluta iðnn. að ekki stendur til á þessu augnabliki að gera neinar grundvallarbreytingar á starfsemi stofnunarinnar og henni er ætlað að sinna því áfram sem hún hefur gert með atvinnuþróunarfélögum og eignarhaldsfélögum. Ég fagna því þeirri niðurstöðu sem þarna hefur náðst.

Einnig kemur mjög skýrt fram að hin nýja stofnun á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, er meira formbreyting á starfsemi sem fyrir hefur verið hjá Iðntæknistofnun en verið sé að taka upp algerlega nýja starfsemi. Hinni nýju stofnun er ætlað að vinna náið með Byggðastofnun sem er auðvitað mjög eðlilegt þar sem verksvið þeirra tveggja er mjög tengt og því eðlilegt að reyna að tryggja það að milli þessara tveggja stofnana verði samstarf. Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar er einmitt lögð áhersla á það.

Ég vil síðan segja líka, herra forseti, að ég tel að tillaga um byggðaþing sé athyglisverð og geti verið mjög forvitnileg. Ég held að mjög fróðlegt verði að fylgjast með hvernig það muni þróast og ég hlakka til að fylgjast með því þegar þar að kemur hvernig heimamenn í hverju héraði landsins muni kynna þær hugmyndir og áherslur sem þeir hafa. Síðan verður væntanlega reynt að vinna úr því sameiginlega stefnu sem menn standa þá í meginatriðum á bak við og verði forsenda fyrir áframhaldandi stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þessa áætlun. Ég tel að hér séu lagðar ákveðnar línur sem eru nokkuð skýrar eftir þessa yfirferð og unnið verði eftir á næstunni. Ég vænti þess að á grundvelli þeirrar stefnu og þeirra humgynda sem hafa verið kynntar í álitinu og tillögu ríkisstjórnarinnar komi út aðgerðir sem verði landsbyggðinni til verulegs gagns og geri mönnum kleift að öðlast þá von sem við skulum segja að hafi stundum skort svolítið á á sumum stöðum landsins, að byggðaþróun geti snúist við frá því sem verið hefur og menn fari að sækja fram víðar um land en verið hefur.

[01:47]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér ræðum við ein mikilvægastu mál samfélagsins, byggðamál, till. til þál. um stefnu í byggðamálum. Hún er ekki löng. Hún er í fáeinum liðum sem eru einkenndir með a, b, c, d og e.

Liður a fjallar um draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.

Þessi þáltill. á að gilda fyrir árin 2002–2005. Nú er komið fram í maí, fimmta mánuð ársins 2002, og hér hefur komið fram í máli manna að fjárlög síðasta árs hafa ekki náð til þessa árs hvað varðar þessa þáltill. og það sem ætlast er til að hún uppfylli.

Varðandi málflutning hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þegar hann talaði um sameiningu sjóða í landinu, Ferðamálasjóðs, Byggðastofnunar, Nýsköpunarsjóðs o.fl. þá má velta fyrir sér hvort í því sé eingöngu fólginn styrkur að sameina slíka sjóði. Spyrja má: Getur ekki verið betra að efla þessa sjóði eins og þeir eru hver fyrir sig og gefa þeim ákveðnari og skýrari hlutverk þannig að Byggðastofnun sé t.d. ekki að vasast inn á svið Ferðamálasjóðs og öfugt?

Við höfum séð sameiningu sjóða eiga sér stað í banka sem heitir Fjárfestingarbanki atvinnulífsins. Það var sameining Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og þróunarsjóðs iðnaðarins, Iðnþróunarsjóðs. Við getum velt því fyrir okkur og spurt: Hefur Fjárfestingarbanki atvinnulífsins tekið við af þessum sjóðum eða hefur hann fengið nýtt hlutverk? Ég hef heyrt fólk kvarta undan því að Fjárfestingarbankinn láni aðeins til mjög dýrra framkvæmda og hafi ekki lánað til lítilla fyrirtækja. Erum við þá að tala um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins 2, ef svo má að orði komast? Er nýr fjárfestingarbanki hugsun hv. þm. eða nýr landsbanki? Erum við að tala um það? Bankarnir hafa ekki staðið undir skyldum sínum. Menn telja að Landsbankinn láni ekki og taki ekki nógu mikinn þátt í að lána til atvinnulífs úti á landi, ekki Búnaðarbankinn heldur og því síður Íslandsbanki. Einhverjar verða varnirnar að vera og þá fara menna að tala um Byggðastofnun. Hún gegnir svo sannarlega mikilvægu hlutverk og hefur komið mörgu góðu til leiðar, enda er yfirleitt áhugasamt fólk í stjórn hennar. Byggðastofnun hefur staðið fyrir því í samræmi við síðustu byggðaáætlun að gera svokallaða SVÓT-greiningu á landsbyggðinni, þ.e. um styrk, veikleika, ógnir og tækifæri hvers staðar fyrir sig, sem var ágætt að var gert. Það er vinna sem við þurfum alltaf að skoða og bæta o.s.frv. því líf byggðarinnar breytist eftir tímanum.

Eins má spyrja að þessu: Hver mundi vera styrkur slíks sjóðs? Mundi hann ekki búa yfir einhverjum veikleika? Er kannski betra að fleiri aðilar komi að því að lána í starfsemi úti á landi? Þetta var það sem ég vildi tala um í sambandi við sameiningu sjóða. Ég tel að menn verði að átta sig á því að ekki er endilega víst að best sé að hafa bara einn stóran sjóð. Það þýðir ekkert endilega að hann skili því besta. Það getur líka kostað ákveðna fjarlægð við athafnalífið, við einstakar greinar þegar við setjum þetta allt í einn stóran sjóð. Auk þess yrði þá bara ein sjóðstjórn og ef hún yrði pólitískt skipuð gæti ýmis hætta verið á ferðum eins og er í hinu mannlega lífi. Þegar deilt er út peningum, styrkjum og lánum þykir mörgum að þeir hafi ekki fengið að njóta sín á réttan hátt.

Þessi þáltill. á að gilda fyrir árin 2002–2005 og á að samþykkjast í maí, væntanlega á morgun, herra forseti. Þessi tillaga minnir á aðra þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Hún var líka samþykkt í maí árið 1999. Það má eiginlega spyrja í þessu sambandi, herra forseti: Hvernig stendur á því að þessar tillögur koma ekki fyrr fram? Er þetta sýndarmennska? Af hverju er t.d. ekki unnið þannig að við samþykktum þáltill. fyrir þetta ár og næstu tvö árin síðasta haust? Það sama hefði átt að gera varðandi þáltill. sem ég nefndi áðan fyrir 1999–2001.

Þessar þálitill. eru að mörgu leyti hliðstæðar. Sú sem nú kemur fram er styttri. Að mörgu leyti er almennara orðalag í henni og ekki eru eins áþreifanlegir hlutir í sjálfri þáltill. En með þessari þáltill. sem hæstv. iðnrh. lagði hér fram eru athugasemdir og líka tillögur um aðgerðir. Ég vænti þess, herra forseti, að þegar hið háa Alþingi samþykkir þessa till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir 2002–2005, þessa a-, b-, c-, d- og e-liði, þá sé meiri hluti Alþingis líka að gangast undir það, þ.e. ráðherrar Sjálfstfl. og Framsfl. og þá felist í því vilji og þess muni sjá stað á næstu fjárlögum að tekið verði fullt tillit til tillagna hæstv. iðnrh., t.d. þar sem talað er um endurskipulagningu atvinnuþróunar á landsbyggðinni, nýsköpunarmiðstöð á Akureyri. Það er nú farið að byrja eitthvað á því. Hér stendur um kostnað, með leyfi forseta:

„Lagt er til að auk þeirra fjárveitinga sem nýsköpunarmiðstöð verða ætlaðar á fjárlögum til almenns rekstrar leggi ríkissjóður 1.000 millj. kr. til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni á árunum 2002–2005.“

Hér er verið að tala um 1 milljarð kr. fyrir árin 2002–2005. Því leyfi ég mér að segja, herra forseti, að það sé í raun fyrir árin 2003–2005. Þá erum við að tala um 333 millj. kr. hvert ár. Munum við sjá í næstu fjárlögum lið þar sem stendur: Nýsköpunarverkefni 333 millj. kr.? Mun það standa í fjárlögunum? Ef það stendur ekki, þá spyr ég: Hvað mun þá standa þar? Þetta hljóta ráðherrar ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh. og allir ráðherrarnir að vera búnir að undirgangast því þetta var náttúrlega lagt fyrir á ríkisstjórnarfundi. Ef svo er ekki þá er þetta bara grín. (**Iðnrh.:** Þetta er klárt.) „Þetta er klárt“, segir hæstv. iðnrh. og gleðst ég yfir því.

Síðar í þessari þáltill. er talað um athugun á búsetuskilyrðum fólks og að undirbúningskostnaður geti orðið allt að 10 millj. kr. Mér finnst hér vera nokkuð vel í lagt. Eins er með athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna því þar getur undirbúningskostnaður verið 10 millj. Hér liggja greinilega gífurlega viðamikil rannsóknarverkefni fyrir. Síðar er talað um að byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð eigi að kosta 20 millj. Hér eru komnar 40 millj. í sambandi við athuganir og rannsóknir.

Mætur hópur manna vann mikið starf í verkefnisstjórn við gerð þessarar till. til þál. Þar var gott fólk.

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að þegar byggðaáætlun er gerð, mótuð og sköpuð þurfi fólkið sem býr í byggðunum

að koma með hugmyndir sínar um hvaða framtíðarmöguleika hver byggð búi yfir. Við skulum taka Vesturbyggð sem dæmi. Hvaða möguleikar eru í Vesturbyggð?

Hvað mundu þeir segja sem búa í Vesturbyggð um möguleika sinnar byggðar? Geta þeir sagt betur til um það en t.d. prófessor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands? Ég held að nálægð þeirra við náttúruna sem þar er, og möguleikana, eigi að gefa þeim a.m.k. jafnmikla möguleika til þess.

Hvernig er þetta með Tálknafjörðinn? Ég spyr. Hafa íbúar í Tálknafirði ekki meiri möguleika til að sjá hver tækifæri þeirrar byggðar eru? Eiga þau ekki að leggja fram hugmyndir og tillögur um hvernig þau sjái Tálknafjörð vaxa, eða kannski standa í stað í mannfjölda, en að atvinnuhættir og búsetuskilyrði verði samt betri?

Ég er á þeirri skoðun, herra forseti, að þetta sé það sem þurfi að horfa meira til við gerð byggðaáætlana. Ég er viss um að það muni verða gert í framtíðinni enda hefur tónninn verið gefinn í því efni þar sem Vestfirðingar hafa komið fram með tillögu í byggðamálum, samanber þá sem þau í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar stóðu að. Hefur bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar verið nefndur í því sambandi en ég leyfi mér að nefna fleiri bæjarfulltrúa, t.d. Bryndísi Friðgeirsdóttur, sem hafa tekið þátt í því starfi. Það var ekki starf eins meiri hluta. Þetta var samstarf fólks sem býr á Vestfjörðum. Atvinnuþróunarfélagið kom að þessu og fleiri aðilar sem er náttúrlega hið besta mál. Þannig á að vinna þessa hluti.

Það er náttúrlega mjög gleðilegt að þessi tillaga hæstv. iðnrh. sé líka kveikjan að þessu. Auðvitað eiga svona tillögur að vera kveikja að því að fólkið taki við sér og sjái að það eigi líka að vinna í sínum málum og skoða möguleikana í byggðinni. Tökum Vesturbyggð aftur sem dæmi. Það eru vaskir og góðir drengir, t.d. á Bíldudal, sem hafa algerlega á eigin kostnað lagt vísi að kræklingarækt. Sú starfsemi gefur mjög góð fyrirheit. Og hvernig eigum við að koma að því? Ég tel, herra forseti, að hér sé um nýsköpunarverkefni að ræða sem sé fullkomlega réttlætanlegt að hið opinbera veiti stuðning og styrki, einkum og sér í lagi með tilliti til þess hve vaxandi kræklingarækt er og hvað þessi skel er orðin dýrmæt og vinsæl og mikið etin. Þetta nefni ég sem dæmi, herra forseti.

Í nál. frá meiri hluta iðnn. um þessa þáltill. er líka ítarefni við tillögu hæstv. iðnrh. Þar er komið víða við og fjallað um hvað hægt er að gera en þó skortir á í nál. meiri hluta iðnn. sem sér þó stað í tillögum hæstv. ráðherra sem nefnir a.m.k. ákveðnar fjárhæðir. Þar er eitthvert kjöt á beinunum ef svo má að orði komast eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur talað um að þurfi að vera. Auðvitað verður að samþykkja þessa þáltill. þó að ég og minn flokkur munum sitja hjá í þessu máli af ástæðu sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur nefnt. Það sem vantar í nál. meiri hlutans er hvaða fjárhæðir eigi að setja í hlutina. Hvað á t.d. að setja í þorskeldið? „Meiri hlutinn telur að markviss uppbygging þorskeldis hérlendis kæmi sér vel fyrir efnahagslíf þjóðarinnar og nýttist ekki síst sjávarbyggðum.“ Þetta er, herra forseti, eitt mesta þjóðþrifamál í mínum huga, og í þessu sambandi þar sem nál. meiri hlutans nefnir þorskeldi á svona jákvæðan hátt, herra forseti, leyfi ég mér að þakka fyrir að það sé gert af þeirri ástæðu að fyrir þingið var lögð till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi fyrir tveimur árum. Í raun og veru er sú þáltill. komin inn í þetta meirihlutaálit iðnn. Þetta er till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi sem undirritaður flutti ásamt Kristjáni L. Möller, Gísla S. Einarssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Einari Má Sigurðarsyni. Sú þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði hafnar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.“

Ég ætla ekki að lesa greinargerðina, herra forseti, en þessi þáltill. er tekin og sett inn í nál. meiri hluta iðnn. núna. Það hefði verið mjög gaman að sjá frá hæstv. iðnrh. og þeim sem unnu þær tillögur fyrir hana sem lagðar voru fyrir þingið talað um ákveðnar fjárhæðir. Hér hefði verið gaman að sjá að það ætti að setja 200 millj. í þetta verkefni, að við þyrðum að setja fjármuni í þessa rannsókn og í kræklingarækt, og trúa á það. Það er það sem við þurfum að gera. Hér trúa menn á Íslenska erfðagreiningu og ætla að ábyrgjast víxil upp á 20 milljarða. Samanborið við það hefði ég talið það lítið tiltökumál að ábyrgjast lán eða leggja bara hreinlega fram fjármagn í gegnum Nýsköpunarsjóð, Byggðastofnun eða einhvern annan sjóð eða banka beint í þessa sprota með markvissum hætti.

Það er talað um ferðamál í þessum tillögum og það er mjög gott. Ferðaþjónustan er náttúrlega næststærsti atvinnuvegur á Íslandi, skapar næstmestu gjaldeyristekjurnar og það er aldeilis fínt að styðja við það.

Mig langar til að minna á, herra forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar eru búnir að leggja fram ótal góðar markvissar tillögur í byggðamálum þar sem tekið er á málunum með beinum hætti og ég er á þeirri skoðun að ýmislegt af þeim tillögum hafi komið inn í till. til þál. um stefnu í byggðamálum. Það hefur verið mjög ánægjulegt að fylgjast með umræðunni í byggðamálum en mig langar til, herra forseti, að lokum í máli mínu að minnast á það sem talað var um í tillögu hæstv. iðnrh., að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga. Eins kveður við svipaðan tón í þáltill. hæstv. forsrh. sem lagði fram hina fyrri þáltill. árið 1999. Þar var líka vikið að þessum aðstöðumun og tekjumun. „Jöfnun lífskjara“ heitir beinlínis einn kaflinn og „bætt samkeppnisstaða“. Í báðum þessum þáltill. kemur því fram viðurkenning ríkisstjórnarinnar á því að lífskjör séu mismunandi. Það verður að fara að vinna með markvissari hætti í því að bæta þessi mál. Ég vil að lokum, herra forseti, benda á þáltill. hv. þm. Kristjáns L. Möllers, Margrétar Frímannsdóttur, Karls V. Matthíassonar, Gísla Einarssonar, Sigríðar Jóhannesdóttur, Gunnlaugs Stefánssonar, Jóhanns Ársælssonar og Lúðvíks Bergvinssonar. Þar er talað um hærri persónuafslátt og lægri tekjuskatt á landsbyggðinni — þetta nefndi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem dæmi um aðgerðir í byggðamálum í Noregi — álagningu hátekjuskatts og ónýttan persónuafslátt barna. Vikið er að framhaldsskólakostnaði, vinnu fjarri heimili þar sem tekið er tillit til þess ef menn þurfa að fara um langan veg, tveimur heimilum vegna vinnu og afslætti af námslánum. Þetta var nefnt í síðustu ræðu. Hærri barnabætur, eignarskattur og skattar á flug — verið er að tala um að þeir séu of miklir hér — virðisaukaskatturinn og tryggingagjaldið, það hefur mikið verið rætt um það líka, og svona má lengi telja. Að lokum minni ég á stofnstyrkjatillögu, þáltill. frá Svanfríði Jónasdóttur o.fl., í þessu sambandi.

Herra forseti. Hin almennt orðaða tillaga hæstv. iðnrh. er góð yfirlýsing en hún er ekki annað en það. Tillögur og annað sem fylgja eru það bitastæða. Ég vona að það sé a.m.k.

réttur skilningur að tillögum um framkvæmdina verði fylgt eftir og fjármagnið verði sett í þessa hluti.

[02:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða till. til þál. um stefnu í byggðamálum á árunum 2002–2005 og það er svo sem búið að ræða hana nokkra stund. Ég ætla að blanda mér aðeins í þessa umræðu, herra forseti, ætla samt ekki að teygja mikið lopann með því að fara sérstaklega yfir tillögurnar lið fyrir lið. Þær eru upptalning, í fyrsta lagi á þessum fimm efnisatriðum sem dregin eru hér saman og eru eiginlega efni tillögunnar. Hitt eru greinargerðir og ábendingar og síðan nál. meiri hluta og nál. minni hluta.

Ég hygg að allir eða flestallir þingmenn geti tekið undir þessa liði sem eru beint efni ályktunarinnar í a-, b-, c-, d- og e-liðum um að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði. Þetta er auðvitað almennt orðað og vafalaust enginn sem getur annað en tekið undir þennan texta eins og hann er orðaður. Það er hins vegar alltaf spurningin um framkvæmdina. Hvernig verður eftirfylgnin, hvernig er henni raðað niður, hvaða tímasetningar ætla menn að setja sér og hvernig ætla menn að fjármagna breytingar? Þetta þarf helst allt að fylgja með svo að vel sé, og þess vegna hefði verið æskilegt að meiri hluti nefndarinnar hefði brotið þessa stefnumótun í fimm liðum meira niður og komið með beinar tillögur út frá því í staðinn fyrir að meiri hlutinn skili þessu nál. Í því er að vísu ýmis upptalning en við munum hins vegar greiða hér atkvæði um efni þáltill. Auðvitað eru þetta fylgiskjöl sem hér koma fram með þessari stefnumótun.

Það er svo sem hægt að hafa ýmislegt við það að athuga hvernig þetta er unnið, en eins og ég sagði áður ætla ég ekki að fara í það að ræða sérstaklega eitt og eitt atriði í þáltill. En ég legg hins vegar ákveðna meiningu í nál. meiri hlutans, sérstaklega þegar kemur á bls. 5. Þá segir í nál. meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn mælir með því að annað hvert ár verði haldið byggðaþing fyrir tilstuðlan iðnaðarráðherra. Á byggðaþingi kynni einstök landsvæði stöðu sína og áætlanir í byggðamálum. Á grundvelli þeirra upplýsinga leggi svo iðnaðarráðherra tillögu til þingsályktunar fyrir Alþingi. Byggðaþing verði haldið í tengslum við ársfund Byggðastofnunar."

Síðan kemur tímasetning á fyrsta byggðaþinginu, árið 2004. Síðan segir aðeins neðar á síðunni:

„Nefndin telur jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum.

Meiri hlutinn mælir með því að Byggðastofnun verði falið að meta gildi byggðaáætlunar, setja viðmið og mæla árangur af framkvæmd hennar. Sú könnun verði kynnt á byggðaþingi."

Af þessum línum úr niðurlagi í nál. meiri hlutans les ég að felist ákveðin stefnumótun og einnig í rauninni þó nokkur gagnrýni á þá tillögu sem hæstv. iðnrh. lagði fram um stefnu í byggðamálum vegna þess að þarna er meiri hlutinn að leggja til að önnur forskrift verði höfð að stefnumótuninni en hæstv. iðnrh. lagði upp með, en eins og menn muna vakti tillaga um stefnu í byggðamálum þegar hún kom fram að mörgu leyti kröftug viðbrögð og við höfum auðvitað heyrt ræður, m.a. stjórnarliða, um að tillögurnar hefðu í raun og veru allar verið í skötulíki þegar þær komu inn þó að þær hefðu að vísu eitthvað batnað síðan. Mér finnst það liggja fyrir, herra forseti, þegar þessi niðurlagsorð í áliti meiri hlutans eru lesin að meiri hlutinn er að leggja upp stefnumótun til vandaðri vinnubragða í framtíðinni varðandi stefnumótun í byggðamálum en kom inn í þing með þessari tillögu hæstv. iðnrh. Með því að leggja til sérstakt byggðaþing sem móti stefnu landshlutanna m.a. í byggðamálum og á byggðaþingi verði sú stefna kynnt og á grundvelli þeirra upplýsinga eigi iðnrh. að búa til till. til þál. til að leggja fyrir Alþingi, þá er auðvitað verið að leggja upp með ákveðna stefnumótun og mér sýnist að hugsun meiri hluta nefndarinnar sé svo, hv. iðnn. sem ég á ekki sæti í og ekki minn flokkur og get þar af leiðandi ekki borið um hvaða umræður fóru fram í nefndinni, en ég dreg þær ályktanir af þessum texta, herra forseti, að hér sé verið að hjálpa upp á það hvernig eigi að betrumbæta ályktanir eða stefnumótun í byggðamálum í framtíðinni svo menn lendi ekki aftur í því að sitja uppi með plagg eins og við erum að vinna með hér sem hefur verið gagnrýnt af bæði 1. og 2. minni hluta í iðnn. þar sem voru lögð fram ákveðin álit og gerðar ýmsar athugasemdir við stefnumótunina. Meðal annars segir í tillögum Samfylkingarinnar á bls. 2:

„Byggðaáætlun á að vera til marks um það hvernig löggjafinn og stjórnmálaöflin vilja að byggð á Íslandi þróist og hvaða aðferðum menn ætla að beita til að ná settum markmiðum."

Þetta var einmitt það sem ég var að benda á, herra forseti, að ekki væri nóg að hafa upptalningu í fimm liðum, stafliðunum a–e, heldur þyrfti að vera bein aðgerðaráætlun og fjármögnun um það hvaða fjármuni þyrfti til þess að fara í ákveðnar áætlanir um þá stefnumótun sem sett er upp.

Það segir áfram, herra forseti, með leyfi forseta, í áliti Samfylkingarinnar, hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem skrifa undir álitið:

„Það þarf bæði að huga að samkeppnishæfni einstakra byggða á Íslandi, að þær fái notið sérstöðu sinnar og möguleika, og samkeppnishæfni landsins alls gagnvart umheiminum. Byggðamál snúast nefnilega ekki bara um landsbyggðina heldur um það hvernig við viljum byggja Ísland. Í þeim anda þarf að vinna ef viðhalda á fjölbreytileik byggðar og menningar á Íslandi."

Ég get ekki annað en tekið undir það sem hér er sagt, herra forseti, og ítreka enn og aftur að mér finnst skorta á það að betur sé kortlagt að hverju við ætlum að stefna, hvernig við ætlum að ná þeim markmiðum og hvernig við ætlum að fjármagna þau. Ég hlýt að taka undir þau orð í minnihlutaáliti þingmanna Samfylkingarinnar í hv. iðnn.

Margir sem hafa tekið til máls hafa verið að tína til eitt og annað sem menn hafa lagt til í sambandi við byggðamál eða stefnumótun sem að því lýtur á ýmsum sviðum. Hægt er að flokka nánast öll mál undir byggðamál að einhverju leyti því að mönnum þykir á margan hátt öðruvísi aðstaða úti í hinum dreifðu byggðum landsins sem eðlilegt er og sem er reyndar staðreynd heldur en er t.d. á stærsta byggðasvæði landsins þar sem mikill meiri hluti þjóðarinnar býr á tiltölulega litlu svæði við tiltölulega mjög góðar samgöngur og mikla þjónustu.

Rætt var í dag um vegáætlun og flugmálaáætlun og þarf svo sem ekki að endurtaka það að samgöngur eru geysilega mikill þáttur fyrir byggð í landinu og verður aldrei ofmælt að leggja áherslu á það að laga samgöngur í hinum dreifðu byggðum. Einnig er hægt að draga ýmislegt annað inn í umræðuna og nefna. Ég hef t.d. velt því fyrir mér hvers vegna

ekki má taka tillit til kostnaðar einstaklinga við atvinnusókn og hef lagt fram ákveðið þingmál í því sambandi, að þegar einstaklingar þurfa að sækja atvinnu sína um langan veg megi þeir draga einhvern kostnað frá við það að fara til og frá vinnu ef þannig hagar til. Þetta er auðvitað heimilt í rekstri þeirra manna sem starfa í einkahlutafélögum eða veita þjónustu. Þá er slíkur ferðakostnaður sjálfkrafa dreginn frá rekstrarkostnaði. Þarna held ég að hægt væri að gera ákveðna hluti í því að viðurkenna að eðlilegt sé að draga frá kostnað sem samfara er löngum ferðalögum til þess m.a. að stunda atvinnu sína vegna þess að fólk kýs að búa á einhverjum stöðum þar sem ekki er kannski næg atvinna í bili eða þá að atvinnuástand hefur af einhverjum orsökum breyst og menn vilja ekki flytja eða réttara sagt geta kannski ekki flutt frá eignum sínum, þær eru illseljanlegar, þá væri slík aðlögun sem ég hef nefnt varðandi frádrátt frá tekjum upp í þann kostnað sem menn hefðu umfram það sem eðlilegt getur talist.

Einnig má ræða um tekjuskatt á landsbyggðinni. Við lækkuðum sérstaklega tekjuskatt á fyrirtæki eins og menn muna á þessu þingi sem nú er senn lokið. Allt var það gert til þess að liðka til fyrir atvinnulífinu og jafnvel laða að fyrirtæki til landsins vegna þess að þau sæktust eftir skattaumhverfi sem væri þeim hagstætt. Á sama hátt má segja að skattaumhverfi landsbyggðarinnar sé ekki hagstætt þegar borið er saman m.a. hvaða kostnaður myndast við það að flytja vöru út á land og mörg fleiri atriði sem eru búsetutengd. Það ætti auðvitað að vera hægt að finna það út hvernig væri hægt að beita skattalegum leiðum til þess að efla búsetu fólks á landsbyggðinni.

Ég vil líka nefna tillögu sem við í stjórnarandstöðunni höfum flutt um aðskilnað veiða og vinnslu sem ég held að skipti verulega miklu máli ef við erum að hugsa til framtíðar um skipan sjávarútvegs og fiskvinnslu og eðlilega viðskiptahætti í því sambandi. Ég lít svo á að sú tillaga gæti skipt landsbyggðina miklu þegar fram í sækir og almennt orðið til góðs varðandi það fyrirkomulag sem við höfum í sjávarútvegi. En næsta mál á dagskrá er reyndar að ræða sjávarútvegsmál svo ég ætla ekki að gera það að löngu umræðuefni.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði hér fyrr í kvöld um nýja sjóði eða réttara sagt að eðlilegt væri að efla Byggðastofnun með því að t.d. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins færðist til Byggðastofnunar. Út af fyrir sig get ég sagt sem svo að það sé hugmynd sem sé allrar athygli verð og sjálfsagt að ræða. Mér finnst, herra forseti, að sameining sjóðanna í FBA sem gerð var á sínum tíma hafi að mörgu leyti orðið til þess að fyrirgreiðsla til minni fyrirtækja hafi minnkað og enn frekar úti á landsbyggðinni og sá sjóður hafi, eða banki eins og nú er, í raun og veru meira færst yfir í það að vera þjónustustofnun stærri og öflugri fyrirtækja og einkum litið þá til lánveitinga á því horni landsins sem við erum stödd á í dag þegar við erum að ræða þessa tillögu.

Síðan langar mig í örstuttu máli að nefna, án þess að ég ætli að gera það sérstaklega að umræðuefni vegna þess að ég býst við að við víkjum að því á eftir þegar við ræðum sjávarútvegsmál, en það er svokölluð aðlæg stjórnun veiða. Ég tók eftir því í viðtali við hæstv. utanrrh., ég held að það hafi verið í gær eða fyrradag á einhverri rásinni, mig minnir á útvarpi Sögu, að þar var hæstv. utanrrh. að ræða um að nú væri umræða um það í Evrópusambandinu að stjórn m.a. veiða ætti að færst til aðlægra svæða og það væri ekki eðlilegt að þær þjóðir sem ættu jafnvel ekki land að sjó eða ættu neinna beinna hagsmuna að gæta í veiðistýringu á ákveðnum svæðum hefðu jafnmikil áhrif og væru mjög háværar umræður innan Evrópusambandsins að breyta stjórninni með þessum hætti. Þetta taldi hæstv. utanrrh. mjög eðlilegt, að stjórnin færðist nær þeim sem við ættu að búa. Ég get að vissu leyti tekið undir þetta. En ég skil ekki hvers vegna menn hafa ekki getað öðlast þennan skilning á Íslandi. Þar sitja þessir stjórnmálaflokkar algerlega í sama rassfarinu um að hér skuli öllu stjórnað með einni aðferð, frá skóhlíf upp í stærstu skuttogara, og þar geti menn ekki hugsað dæmið með nokkrum hætti upp á nýtt og allt skuli það vera í sama kerfinu. Allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa með einhverjum hætti áttað sig á því og tekið það upp að leggja til að fram færi einhver flotaskipting eða flotastýring til þess m.a. að skoða veiðarnar. Eins tel ég að það væri virkilega til athugunar að skoða aðlæga stjórnun, ekki síst í ljósi þess að það eru sífellt fleiri vísbendingar um að fiskstofnarnir hér við land séu ekki einn stofn, hvorki einn þorskstofn né einn annar stofn heldur séu þetta stofneiningar sem jafnvel lifi á tiltölulega takmörkuðu svæði eða mikið staðbundið. Þess vegna held ég, og get alveg tekið undir það, að þau sjónarmið sem hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson lýsti, að hann væri sammála og væru núna til umræðu í Evrópusambandinu, mættu vissulega koma hingað að því leyti að landshlutarnir hefðu svolítið meira um það að segja hvernig stjórnin ætti að eiga sér stað, innan fjarða eða á næstu miðum eða hvernig svo sem menn drægju þær línur.

Ég vona að sá skilningur hæstv. utanrrh. sé ekki bara þegar hann er að tala um Evrópusambandið, hann geti hugsanlega fært þessa hugsun inn í landið á einhverri af sínum fjölmörgu ferðum.

[02:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem margir hafa sagt í kvöld, að Eyjólfur hefur verið að hressast. Þessi byggðaáætlun er nú orðin mun betri en hún var í upphafi þegar hún var kynnt fyrst á netinu og síðar í þinginu. Byggðaáætlunartillagan, virðulegi forseti, er kannski það sem við ættum að fjalla um eða það sem er viðhengi hennar.

Ég held að það sé engu að síður þannig að þessi byggðaáætlunartillaga og það sem henni fylgir taki ekki nægilega markvisst á því sem er aðalvandamálið á landsbyggðinni. Þannig er mál með vexti, virðulegi forseti, að á sínum tíma var gerð mjög ítarleg og vönduð rannsókn á búseturöskun og ástæðum búseturöskunar í landinu og niðurstaðan varð mjög skýr. Tveir, þrír þættir réðu langsamlega mestu og í því sambandi skiptu atvinnumálin langmestu máli, annars vegar það sem menn upplifðu á landsbyggðinni, þ.e. ákveðið atvinnulegt óöryggi, og síðan skortur á fjölbreytni atvinnulífsins.

Í þessari tillögu og því sem henni fylgir er vissulega tekið á ýmsum þessum þáttum og vikið að þeim með ýmsum hætti. Gallinn er hins vegar sá, sem ég benti á í fyrri umræðu þessa máls, að ekki er nægilega markvisst tekið á þessu og fjöldamargt af því sem þarna er verið að segja hefur verið sagt hundrað sinnum áður á einn eða annan veg. Það vantar alla handfestu í þetta mál. Stóru vonbrigðin við þessa tillögu eru að það sem snýr að þessum mikilvæga málaflokki er allt of veikt og gerir það að verkum að við náum ekki þeim árangri sem við ætlum okkur að ná í þessum efnum. Þess vegna, virðulegi forseti, vil ég láta það koma hérna fram

að afstaða mín til málsins hefur því miður ekki breyst. Ég er ekki sannfærður um það enn þá að þessi byggðaáætlun nái því markmiði sínu að skapa þá viðspyrnu sem henni er ætlað að gera og þess vegna, virðulegi forseti, hefur afstaða mín ekki breyst. Þrátt fyrir að ýmislegt í umhverfi þessarar ályktunar hafi verið að styrkjast hefur afstaða mín ekkert breyst til málsins. Ég treysti mér ekki til þess að styðja það í þeirri mynd sem það liggur fyrir.

[02:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Það er síður en svo skeytt viðbótum við hina upphaflegu byggðaáætlun með nægilega markvissum hætti. Af því að hv. þm. er tilheyrandi stjórnarliðinu og það eru ekki aðrir í þessum sal til andsvara vil ég þó varpa til hans nokkrum spurningum.

Ég er eins og hv. þm. nokkuð undrandi á því að þegar hin upphaflega tillaga kom fram var gert ráð fyrir því að menn skytu stoðum undir Akureyri sem ákveðna miðstöð og ég er sammála því. Hins vegar var gert ráð fyrir því að ekki yrði um nokkra fólksfjölgun að ræða á Vestfjörðum. Hv. þm. og ýmsir aðrir voru ákaflega óánægðir með það. Ég tók undir með þeim í þeirri gagnrýni. Síðan er búið að bæta örlitlu við í meirihlutaálitið. Þar er m.a. sagt að það eigi að byggja upp byggðakjarna víðar, m.a. á Ísafirði. Mig langar að spyrja hv. þm.: Er hann þeirrar skoðunar að einhverjar haldbærar tillögur til þess að treysta Ísafjörð séu í þessum textum sem hér liggja fyrir?

Mig langar líka að spyrja hv. þm.: Þegar hann les þetta yfir, er hann ekki þeirrar skoðunar að þetta meirihlutaálit sé ákaflega undarlegur samsetningur, þar sem má jafnvel sjá óskalista einstakra þingmanna? Þegar maður fer yfir þetta eru þetta aðallega hugmyndir sem hafa skotið upp kolli í þingmannamálum ágætra þingmanna Framsóknar. Hvernig ætlar hv. þm. t.d. að bæta stöðu byggða á Íslandi með því að auka lyfjagerð úr jurtum? Hann er kannski þeirrar skoðunar að fara að dæmi Vinstri grænna að tína fjallagrös. Hvernig ætlar hv. þm. að bæta stöðu byggða með því að stuðla að því að hægt verði að breyta bújörðum með litlum heimarafstöðvum í listmunaverkstæði?

Má ég líka spyrja hv. þm.: Hvernig á og hver á að taka upp viðræður við innlenda og erlenda aðila um stofnun hlutafélags um klak- og kynbótastöð fyrir þorskeldi? Ég spyr af því að við erum báðir áhugamenn um þorskeldi á Vestfjörðum. Hverjir eiga að gera það? Hvar á hún að vera?

[02:36]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju ég er tekinn hér upp til þess að svara fyrir þessa ályktun sem ég hef nánast ekki komið að því að búa til. Ég held, virðulegi forseti, að ég geti sagt að ég hafi nánast ekkert komið að því. Ég hef bókstaflega ekkert komið að því nema hér í þingsölum þar sem ég hef reynt að tala fyrir mínu máli.

Ég lýsti því hérna yfir að ég mundi ekki treysta mér til þess að standa að þessari ályktun eins og hún liggur fyrir og það er ekkert nýtt frá mínum sjónarhóli. Af því að hv. þm. spurði hvort eitthvað væri nýtilegt sem sneri að því að styrkja stöðu Ísafjarðar sem miðstöðvar og kjarnamiðstöðvar á Vestfjörðum þá held ég að ýmislegt gæti verið vel til þess fallið ef allt gengur eftir sem þarna er gefið undir fótinn með. Þar væri ýmislegt hægt að tína til sem ekki er tilefni til þess að gera núna þegar líður senn að morgni.

[02:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. En mig langar til þess að spyrja hv. þm. Guðjón Guðmundsson sem hér hefur mælt fyrir nefndaráliti um nokkur atriði. Mig langar að varpa til hans þeirri spurningu sem ég kastaði til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar: Hvernig á að stuðla að því að byggja upp þann byggðakjarna sem í dag er fólginn í Ísafirði? Ég spyr vegna þess að ég er áhugamaður um uppbyggingu byggðakjarna á Vestfjörðum.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið rangt af hæstv. byggðamálaráðherra að leggja fram byggðaáætlun þar sem beinlínis var gert ráð fyrir því að fjöldi íbúa á Ísafirði mundi ekki aukast heldur fremur minnka. Hvað er að finna í þessu meirihlutaáliti, sem mér finnst ekki vera mjög gott álit, sem ýtir undir vöxt Ísafjarðar? Hvað veldur því að ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. eru reiðubúnir til að styðja þessa byggðaáætlun í krafti þessa meirihlutaálits? Ég sé það ekki, herra forseti.

Þegar ég lít yfir þetta sé ég þarna taldar ýmsar óskir ýmissa hv. þm. og aðallega Framsfl. Það væri gaman að heyra álit hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar á því hvernig standi á því að rætt er um samgöngubætur sérstaklega á einum stað á landinu, þ.e. að koma á fót og reka svifnökkva frá Vestmannaeyjum upp að Bakkafjöru. Kann að vera, herra forseti, að skýringarinnar á þessari hugmynd sé að leita í þeirri staðreynd að hv. þingmenn Framsfl. hafa lagt fram tillögu um þetta?

Herra forseti. Hvernig stendur á því að það á að bæta byggð á landsbyggðinni með því að efla og ýta undir lyfjagerð úr jurtum? Ég spyr, herra forseti, vegna þess að þetta er runnið undan rótum hv. þingmanna Framsfl. sem hafa haft að háði og spotti ákveðna þingmenn (**Gripið fram í:** Næsti bær við?) úr hópi Vinstri grænna sem hafa einmitt reynt að ýta því að fólki að hægt sé að efla byggð með því að tína meiri fjallagrös en gert er í dag.

Svo finnst mér ákaflega merkilegt að sjá því haldið fram af stjórnarliðinu að hægt sé að ýta undir byggð á Íslandi með því að breyta bújörðum með litlum heimarafstöðvum í listmunaverkstæði.

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Guðjón Guðmundsson, sem ég sé að hlýðir á mál mitt í afkima þingsins, um það sem segir hér, með leyfi forseta:

„Eðlilegt má telja að stofnanir, sem hafa starfsgrundvöll sinn á landsbyggðinni, séu staðsettar þar.“

Herra forseti. Ég spyr talsmann meirihlutaálitsins: Hvaða stofnanir eru þetta sem hv. þm. meiri hlutans hafa í huga?

Að lokum: Ég er áhugamaður um þorskeldi. Ég er áhugamaður um að þorskeldi sé eflt á Vestfjörðum. Ég tel að Vestfirðir hafi margt til brunns að bera sem miðstöð á sviði þorskeldis. Í meirihlutaálitinu kemur fram að með skipulögðum aðgerðum væri hægt að búa til 30–40 þúsund tonn af þorski til vinnslu á hverju ári á Íslandi. Verðmæti þess gæti verið 15–20 milljarðar. En, herra forseti: Hvernig ætlar meiri hlutinn sér að þetta verði gert? Hvar á að fá fjármagn til þess?

Ég vil líka spyrja: Það kemur fram í þessu að á komandi hausti eigi samkvæmt þessu áliti að taka upp viðræður við innlenda og erlenda aðila um stofnun hlutafélags um klak- og kynbótastöð fyrir þorskeldi. Hverjir eiga að taka þær upp?

Nú er mér er kunnugt um að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er áhugamaður um þetta. Það er líka hv. þm. Karl V. Matthíasson og fleiri. Ég hef rætt um þetta. En hverjir eiga

að taka upp þessar viðræður? Er það Byggðastofnun? Er það byggðamálaráðherrann? Er það kannski hv. 1. þm. Vestf.? (Gripið fram í.) Ég vildi spyrja hv. þm. Guðjón Guðmundsson um það af því að hann hefur mælt fyrir álitinu og ég veit að hann er áfram um að greiða fyrir þingstörfum. Ég veit að það stendur ekki í honum að svara þessu, herra forseti. (**GuðjG:** Þú hefðir átt að mæta fyrr og hlusta á umræðuna, karlinn minn.) Það vill svo til, herra forseti, að ég hlýddi á framsögu hv. þm. og ég beið sérstaklega eftir því að hlýða á útskýringar hans á því af hverju lagt er sérstaklega til að veitt verði heimild til Hafrannsóknastofnunar til þess að leyfa mönnum að veiða 500 tonn af þorski til áframeldis sem síðan á að veita einhverjum sjö einstaklingum eða fyrirtækjum. Af hverju 500 tonn, herra forseti? Af hverju ekki 5 þús. tonn? Ef menn á annað borð eru að velta fyrir sér áframeldi á þorski, af hverju ekki að styrkja þá aðila sem eru í því nú þegar, t.d. menn á Tálknafirði sem hafa stundað það með þokkalegum árangri (**Gripið fram í:** Og Eyjafirði.) og Eyjafirði? Ég hef ekki skoðað þetta og þekki það ekki af eigin raun nema bara á einum stað. Það er í Tálknafirði. Þar finnst mér einstaklingar hafa sýnt frábært framtak og frumkvæði. Þeir hafa ráðist í að veiða þorsk, að meðaltali um eins kílóa þorsk og náð honum upp í svona tvö til þrjú. Þeir stefna að því að ná honum upp í fjögur kíló. Þetta hefur gefið þokkalega raun.

Herra forseti. Ég er líka þeirrar skoðunar að ef menn eru á annað borð að velta þessu fyrir sér þá ættu þeir að búa til einhvers konar hvatakerfi. Þá er ég t.d. að hugsa um að þau útgerðarfyrirtæki sem hafa ráðist í þetta fengju einhvers konar ívilnanir aðrar en bara þær sem felast í þeim 500 lestum sem þarna er verið að tala um, þeir sem ráðast í svona mundu kannski fá það bætt með tvöföldum kvóta, einhvers konar nýsköpunarkvóta.

Ég spyr hv. þm. Guðjón Guðmundsson: Af hverju 500 tonn? Af hverju á að dreifa því á sjö einstaklinga? Kann skýringin að felast í því að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., hefur lagt fram tillögu um nákvæmlega þetta sama? Herra forseti. Mér finnst ekki alveg samboðið þeirri nefnd sem fjallar um málið að rígbinda sig í þetta.

Fyrst við erum að tala um þorskeldi sem mér er hugleikið þá spyr ég náttúrlega hv. þm. Guðjón Guðmundsson og eftir atvikum hv. þm. Einar K. Guðfinnsson: Hvað veldur því að menn reyna ekki að nýta þá staðhætti á Vestfjörðum sem gera þá ákjósanlegri til þorskseiðaframleiðslu en aðra staði á landinu? Þá vísa ég til þess að gamlar og nýjar rannsóknir, gamlar rannsóknir allt aftur til ársins 1908 sem Árni Friðriksson gerði, sýna fram á að í Ísafjarðardjúpi er árvisst hægt að ganga að flekki nýklakinna þoskseiða.

Herra forseti. Við vitum líka í krafti þeirra fræða sem tengjast þessu að 90% þessara seiða deyja á fyrsta ári. Það þýðir með öðrum orðum að ef menn ganga á þá takmörkuðu auðlind sem þarna er að finna og reyndar á einum öðrum stað á landinu, í Húnaflóa, þá er hægt að ná þarna í drjúgan fjölda þorskseiða, náttúrlegra, úr hinum náttúrlega stofni án þess að ganga á hann. Ef mönnum er umhugað um það að efla Vestfirði og efla þorskeldi, af hverju setja menn ekki fjármagn í þetta? Mér finnst, herra forseti, að það sé hálfskrýtið að hér liggur fyrir nefndarálit sem virðist bara byggt á óskalista sem grundvallast á engu öðru en takmörkuðu hugmyndaflugi stjórnarliða eins og það birtist í þingmannamálum sem hér liggja fyrir. Af hverju fara menn ekki í þetta? Það gæti gefið Vestfjörðum forskot á aðra landshluta. Það gæti gefið okkur forskort á Norðmenn. Þetta hefur verið reifað í þessum sölum. Það hefur að vísu ekki verið sett fram af hálfu þingmanna Framsfl. Er það forsenda þess að góðar hugmyndir nái fram að ganga í byggðaáætlun?

[02:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. 7. þm. Reykv. talaði allmikið um þorskeldið verð ég að minna hann á að þingið tók fyrir fáeinum dögum afstöðu til tillögu í frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um að til ráðstöfunar skuli vera 500 tonn af óslægðum þorski, það er rétt að taka fram að það er óslægður þorskur, sem ráðstafað skuli til tilrauna með áframeldi á þorski í samræmi við Hafrannsóknastofnun sem fylgist með tilrauninni og birti niðurstöður um gang hennar.

Í nefndaráliti er sérstaklega vikið að því og vakin á því athygli að þegar hafi verið tekið til við þorskeldi, einkum á Vestfjörðum og í Eyjafirði, og þessi heimild sé veitt til þess að greiða fyrir þeirri atvinnustarfsemi. Í raun er Alþingi komið töluvert lengra í þessu máli vegna þess að við höfum tekið efnislega afstöðu til þess.

Ég tók því miður ekki eftir því hvernig hv. þm. greiddi atkvæði í þessum efnum en ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi stutt hina ágætu viðleitni okkar stjórnarliða.

[02:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði það. En ég hefði heldur kosið að ríkisstjórnin hefði á þessu stigi málsins veitt fjármagn til að kanna með hvaða hætti er best að afla óslægðs þorsks til áframeldis. Auðvitað má spyrja hv. þm., af því að verið er að tala um óslægðan þorsk: Veit hv. þm. til þess að einhvers staðar sé veitt heimild til þess að nota slægðan þorsk við áframeldi?

Herra forseti. Nú er það svo að það er talsvert erfitt að veiða stálpaðan fisk í náttúrlegu umhverfi og koma honum á legg. Það hefur sá sem hér talar reynt í tilvikum tveggja tegunda, sandhverfu og þorsks. Í bæði skiptin var það að vísu utan landsteina Íslands.

Herra forseti. Það er nákvæmlega ekkert eða mjög lítið vitað um hvaða aðferðum er best að beita. — Ef hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vildi hlusta á mig, þá yrði ég glaður. — Það er nákvæmlega ekkert um það vitað hvaða aðferðum er best að beita til að ná stálpuðum þorski til áframeldis. Á að taka hann í einhvers konar nætur? Á kannski að taka hann á króka? Ég taldi upphaflega að það væri ákaflega erfitt að taka hann á króka vegna þess að hann mundi særast og yrði erfitt að koma honum upp. En reynslan sýnir annað.

Við þurfum hins vegar að kanna hvaða aðferðum er best að beita. Væri kannski heppilegast að taka hann í gildrur þar sem hann særist ekki neitt og engin hætta er á að sundmaginn láti undan út af þrýstingi eins og í nótum eða trolli? Við höfðum á þessu stigi málsins átt að veita fjármagn til þess að kanna þetta. Hefur hv. þm. beitt sér fyrir því? Ekki vil ég saka hann um annað. En ekki hef ég séð Byggðastofnun gera það, ekki hef ég séð stjórnarliða gera það. Það hefur hins vegar verið reifað í þessum sölum af hálfu stjórnarandstöðu.

Ef menn ætla að byggja upp atvinnuveg á grundvelli þess að veiða þorsk og ala hann áfram, af hverju ráðast menn ekki í rannsóknir á með hvaða hætti er best að gera það?

[02:50]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins víkja að hugmyndinni um að veita heimild til að ráðstafa sérstökum potti, 500 tonnum af óslægðum þorski, til áframeldis á þorski. Eins og hv. þm. sagði eigum við ýmislegt ólært í þessum efnum. Þess vegna vil ég vekja athygli hv. þm. á því að í lagagreininni sem við vorum að samþykkja fyrir fáeinum dögum og munum vonandi staðfesta endanlega seinna á þessum sólarhring er gert ráð fyrir að þetta séu tilraunir sem unnið skuli að í samráði við Hafrannsóknastofnun, einfaldlega vegna þess að margt er óljóst í þessum efnum.

Hv. þm. rukkaði mig sérstaklega eftir því hvort ég hefði ekki reynt að beita mér í þessum efnum. Ég hef gert það. Ég var 1. flm. að tillögu um stofnun miðstöðvar um atferli eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum. Ég leit svo á að það væri framlag í þessum efnum. Hv. þm. hefur verið ólatur við að vekja athygli á því að aflaheimildir hafi verðgildi og séu ígildi verðmæta. Ætli það megi þá ekki líta þannig á að sú ákvörðun Alþingis, að ráðstafa 500 tonnum í þessu skyni, sé á vissan hátt fjárhagslegt framlag í þessum efnum?

[02:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta þingmál. Hér er að þróast umræða sem að mörgu leyti er góð og gagnleg. Í ljósi þess að samkomulag hefur tekist um að ljúka þinghaldinu á þessum sólarhring og enn eru óræddd stór mál ætla ég ekki að hafa um þetta mörg orð að öðru leyti en því að minna á hvílíkur skrípaleikur þessi umræða er af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Við erum að ræða till. til þál. um áætlun í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Það er komið fram á mitt ár 2002. Hæstv. ráðherra kynnti byggðaáætlun upphaflega í fréttatímum ljósvakamiðlanna áður en málin voru rædd innan stjórnarflokkanna, hvað þá kynnt alþingismönnum. Síðan er þetta mál sent til nefndar í miklum ágreiningi innan stjórnarliðsins. Því næst er málið rifið út úr iðnn. öllum að óvörum og því dengt á borð þingmanna. Nú er okkur gert að ræða það í snarhasti.

Ég vek athygli á hvers konar handarbakavinnubrögðum er beitt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þau eru ekki boðleg. Ég ítreka að ég tel þá umræðu sem hér hefur farið fram mjög gagnlega og góða. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum á sínum tíma til að efnt yrði til sérstaks byggðaþings þar sem byggðamálin yrðu brotin til mergjar. Nú er talað um að senda þann ramma sem hér er að finna út í byggðarlögin til umræðu. Við vorum í raun að leggja þetta til, að samhliða byggðaþingi Alþingis yrði stofnað til slíkrar umræðu.

Að öðru leyti, herra forseti, geri ég orð talsmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli, hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, að mínum en ítreka mótmæli við þessum hroðvirknislegu vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 2. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 729. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 1264, nál. 1375 og 1381.

[02:54]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Nefndarálitið sem ég mæli hér fyrir er um frumvarp sem flutt er af meiri hluta nefndarinnar í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Frumvarpið tryggir að greiðslur samkvæmt lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins renni til félagasamtaka í sömu hlutföllum og verið hefur þrátt fyrir stækkun bátanna.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að í stað þess að tala um krókaaflamarksbáta undir 15 brúttótonnum í lögunum verði einfaldlega talað um krókaaflamarksbáta. Það ræðst síðan af ákvæðum laga um stjórn fiskveiða hvaða bátar teljast til þess bátaflokks. Breytingin hefur ekki efnislega breytingu í för með sér. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með áðurnefndri breytingu.

Undir þetta nefndarálit skrifa auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Vilhjálmur Egilsson, Guðjón Guðmundsson og Helga Guðrún Jónasdóttir.

[02:55]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta sjútvn. Hann skipa ásamt mér hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og Jóhann Ársælsson. Eins og fram kom í máli framsögumanns meiri hlutans er hér um að ræða mál sem er eins konar fylgifiskur máls sem mjög hefur verið rætt, breytingar á stjórn fiskveiða. Þetta er eitt af þeim málum sem menn hafa verið að búa til meðan á umræðu þess hefur staðið. Þetta er ekki kannski beinlínis brtt. við það mál því að hér er um sjálfstæða löggjöf að ræða. Eigi að síður kom þetta mál upp eftir að frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða var komið til umræðu. Þessi eftirávinna sýnir kannski betur en margt annað, eins og þær brtt. sem síðan hafa verið að koma við það mál, hversu stutt það var hugsað að ýmsu leyti.

Þetta frv. er eins og ég sagði fylgifiskur frv. sem snýr að breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða og felur m.a. í sér að krókaflamarksbátar geta orðið allt að 15 brúttótonn.

Á fund nefndarinnar komu vegna þessa máls forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda. Í máli þeirra kom fram að þessi möguleiki til stækkunar krókaflamarksbátanna geti í framtíðinni valdið því að menn hverfi frá vistvænum veiðum enda muni stjórnmálamenn ekki lengi standast þrýsting um að stærstu bátarnir, að minnsta kosti, í þessu kerfi fái að veiða í dragnót og net, þrýstingi sem stjórnmálamenn þekkja nú þegar. Slíkt er talið munu valda mikilli slysahættu enda fátt hættulegra á norðurhöfum en dragnótabátur undir 15 brúttótonnum. Þannig séu þau öryggisrök sem beitt hefur verið til stuðnings stækkunarheimild krókaaflamarksbáta fallin.

Einnig telja forsvarsmenn Landsambands smábátaeigenda að með þessari breytingu sé verið að leggja til atlögu við séreinkenni íslenskrar smábátaútgerðar sem felst í einyrkjabúskap, því með stækkun bátanna muni útgerðarformin breytast og þessi floti renna saman við aflamarksflotann. Það er því að mati minni hlutans brýnna nú en áður að skilgreina hvað það er sem menn telja vistvænar veiðar svo hægt verði í framtíðinni að halda utan um þennan flota og sérkenni hans.

Minni hlutinn telur einsýnt að heimila eigi krókaaflamarksbátum gildruveiðar en þeim eru þær nú bannaðar á þeirri forsendu að þeir megi einungis veiða á krók.

Þá telur minni hlutinn þetta frumvarp og möguleika krókaflamarksbátanna á að stækka bátana kalla á það að mælikerfi skipanna verði samræmd. Nú eru í gangi nokkur mælikerfi sem hafa eins og dæmin sanna valdið ruglingi. Minni hlutinn telur að allar stærðarviðmiðanir sem notaðar eru í lögum sem varða smábáta eigi að miða við samræmt mælikerfi bátana. Rétt er í þessu sambandi að benda á að það sama á við um stærri skip. Réttindi skipstjórnarmanna, skáning áhafna, veiðileyfi og ýmis önnur atriði hafa miðast við mismunandi mælikerfi skipa. Þetta fyrirkomulag hefur valdið og mun áfram valda misskilningi og ruglingi og jafnvel tjóni fyrir þá sem starfa í greininni þar til endurskoðun hefur farið fram.

Forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda lögðu fyrir nefndina hugmyndir félagsmanna sinna um línuívilnun. Það er mat margra að ef þær hugmyndir væru framkvæmdar mætti með almennum hætti komast hjá þeim sértæku aðgerðum sem eru í gangi, svo sem byggðakvótum o.fl., en með þeim væri unnt að mæta vanda þeirra byggðarlaga sem annars treystu á slíkar sértækar ráðstafanir eins og málum er háttað í dag.

Þá vill minni hlutinn benda á í þessu sambandi að umboðsmaður Alþingis tók að eigin frumkvæði til athugunar hvort og þá hvernig það fyrirkomulag sem kveðið er á um í ákvæðum 6. og 8. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, samrýmdist 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Ákvæðin fjalla um skyldu þeirra sem taka til vinnslu og sölu sjávarafurðir af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum til að greiða hlutfall af hráefnisverði þess afla sem þeir taka við á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta og ráðstöfun þeirrar greiðslu til Landssambands smábátaeigenda. Nokkuð sem brugðist er við með þessu frv., herra forseti.

Niðurstaða umboðsmanns var sú að hann taldi rétt að vekja athygli Alþingis og sjávarútvegsráðherra, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, á álitinu og beina þeim tilmælum til þeirra að kannað yrði hvort og þá hvernig huga þyrfti að endurskoðun á lögum nr. 24/1986, að virtum þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu. Umboðsmaður tók fram að í 5., 7. og 9. gr. laga nr. 24/1986 væri að finna samsvarandi fyrirkomulag og mælt væri fyrir um í 6. og 8. gr. laganna, að því er varðar skyldu til að inna af hendi fjárframlag inn á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa og ákveðið hlutfall þess fengið tilgreindum hagsmunafélögum innan sjávarútvegsins, og lagði áherslu á að athugasemdir hans í álitinu kynnu einnig að eiga við um þá tilhögun að breyttu breytanda.

Herra forseti. Minni hlutinn mun við afgreiðslu þessa frumvarps líta til þess hvaða frumvarpi það fylgir og greiða atkvæði í samræmi við það.

Eins og málum er komið á Alþingi er kannski ástæðulaust að ræða frekar innihald þessa nefndarálits. Eins og ég veit að forseti hefur tekið eftir er drepið á ýmsum býsna stórum atriðum. Hér er fjallað um nauðsyn þess að tekið verði upp samræmt mælikerfi, að skoðuð verði sú hugmynd Landssambands smábátaeigenda, um línuívilnun, sem lögð var fram, þ.e. menn reyni að feta sig inn í almennar aðgerðir í stað sértækra og sömuleiðis mikilvægi þess að menn skilgreini vistvænar veiðar.

Þá er fjallað um það sem ég kom inn á í lokin, álit umboðsmanns Alþingis varðandi félagafrelsi og skyldu þeirra sem taka til vinnslu og sölu sjávarafurða til að setja inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning ákveðið hlutfall þeirra fjármuna sem fyrir eiga að koma.

Það sem ég nefndi síðast er í raun angi af stærra máli sem mun vera komið til endurskoðunar, þ.e. þetta innheimtukerfi þar sem ríkið eða löggjöfin með einhverjum hætti tekur að sér að hlutast til um hvernig gjöld eru innheimt og færð á milli. Við minnumst þess að hæstv. forsrh. tók ekki fyrir löngu til umfjöllunar iðnaðarmálagjald. Hann hamaðist nokkuð gegn því á þeim forsendum að því væri ekki varið til þekkilegra hluta að hans mati. Við vitum að fyrir tilverknað Alþingis eru fleiri slík gjöld innheimt og látin renna í sjóði tiltekinna hagsmunasamtaka. En eins og ég sagði, herra forseti, mun þetta allt til skoðunar. Okkur fannst hins vegar ástæða til að nefna að það liggur fyrir sérstakt álit sem er áhugavert aflestrar og lýtur sérstaklega að þeim lögum sem hér er verið að breyta, verði það frv. að lögum sem við erum að fjalla um.

[03:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða fylgifrv. með því máli sem við ræðum á eftir og þess vegna ætla ég ekki að hafa langt mál um þetta frv. Það er hætt við að það yrði þá bara tvítekning því að við mundum hvort sem er fara í gegnum það í hinni almennu umræðu um stjórn fiskveiða.

Það er þó eitt atriði sérstakt sem ég vil láta koma fram í umræðu um þetta tiltekna mál, það sem kom fram í máli manna þegar gestir frá sjútvrn. mættu fyrir nefndina. Þá var að því spurt — þar sem verið væri að breyta fyrirkomulagi greiðslumiðlunar til samtaka smábátasjómanna sem núna eru aðilar að landssambandinu með skip undir 10 tonnum, þ.e. 6 tonna krókabáta og síðan 10 tonna báta í aflamarkinu — hvernig litið yrði á það hjá sjútvrn. ef ósk um það kæmi frá öðrum útgerðaraðilum sem teldu að hagsmunir þeirra væru ekki varðir, hvorki innan LÍÚ né innan Landssambands smábátaeigenda, hvorki fyrir né eftir þessa breytingu, og að því gefnu að slíkir útgerðarmenn mynduðu með sér ákveðin samtök og létu þá kröfu koma fram að þeir vildu að með sama hætti og hér er verið að gera ráð fyrir varðandi greiðslumiðlunina, að það sem af þeim er tekið í greiðslumiðlun rynni til þess félagsskapar sem þeir telja sig vilja tilheyra, hvað svo sem slík samtök hétu. Þá minnir mig, og held að ég fari þar algjörlega rétt með en verð annars leiðréttur af t.d. formanni sjútvn., eða ég skildi a.m.k. orð þess gests sem kom frá sjútvrn. á fundi sjútvn. þannig að með tilliti til þess sem hér væri að gerast, og einnig með tilliti til þess að ákveðin uppskipti urðu á slíkum gjöldum milli Farmannasambandsins og Vélstjórafélagsins á sínum tíma, að ef hópur manna væri búinn að stofna með sér t.d. félagasamtök útgerðarmanna ætti hann vitanlega rétt á því að þau gjöld sem kæmu frá þeirra útgerðum rynnu til þeirra hagsmunasamtaka ef slík samtök væru stofnuð. Þetta vildi ég láta koma hérna fram vegna þess að margir útgerðarmenn minni fiskiskipa, þótt ekki séu þau innan Landssambands smábátaeigenda, telja að Landssamband ísl. útvegsmanna gæti alls ekki hagsmuna þeirra heldur vinni gegn þeim. Það eru m.a. útgerðir sem hafa starfað mörg undanfarin ár, jafnvel áratug, oft nefnd kvótalítil skip eða menn sem væru að leigja mikið til sín af aflaheimildum, og eðlilega hefur þeim fundist að þeirra hagsmuna væri ekki gætt. Ég skildi a.m.k. þetta svar svo að ef slíkur hópur manna stofnaði með sér samtök

eigenda skipa ætti hann sem væri með löglega stofnuð samtök rétt á að fá lagabreytingu í sömu veru og Landssamband smábátaeigenda. Þetta held ég að ég fari algjörlega rétt með og vil að komi fram í þessum ræðustól.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 1362, brtt. 1404.

[03:10]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) (frh.): Hæstv. forseti. Nú er farið að líða nokkuð á nóttina, klukkan að ganga fjögur og þetta mun vera síðasta málið sem menn ætla í raun og veru að ræða á þessu þingi. Ég ætla mér ekki að flytja þá ræðu alla sem ég hafði hugsað mér þegar ég hóf mál mitt fyrir þrem dögum eða svo, einungis að segja fáein lokaorð í þessari umræðu.

Það er auðvitað orðið ljóst fyrir nokkru hvernig stjórnarflokkarnir ætla að láta þetta mál enda, málið sem þeir lofuðu að leysa í sátt við þjóðina. Það er ekki hægt að hafa um það önnur orð en að hér hafi verið brigðir á þeim loforðum, og þær alvarlegar. Það verður aldrei nein sátt um þann málatilbúnað sem hér liggur fyrir og auðvitað mun umræðan halda áfram. Það sem er fram undan í henni er þó augljóslega það að strax í haust munu sjávarútvegsmál vera á dagskrá á Alþingi. Þó að hæstv. sjútvrh. hafi lagt fram þrjú frv. í vetur er strax búið að gera ráð fyrir því að það verði endurskoðað hvað varðar smábátana strax í haust og hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að á næsta vetri verði líka tekist á hendur að koma með tillögur um breytingar á stjórnarskránni eins og auðlindanefnd lagði til að yrði gert. Að vísu hefur það ekki komist á hreint hvort breytingarnar verði í anda þeirra tillagna sem auðlindanefnd var með en a.m.k. liggur það fyrir í yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. að einhver slík tillaga eigi að koma til umfjöllunar. Með þessu er ljóst að sjávarútvegsmálin verða í brennidepli á næsta þingvetri í aðdraganda kosninga.

Ég verð að segja eins og er um þá hugmynd sem hæstv. forsrh. hefur viðrað að mér finnst satt að segja dálítið undarlegt ef menn halda að sú tillaga sem hér er verið að ræða um, um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða og það fyrirkomulag sem í henni felst, geti gengið saman með þessu ákvæði í stjórnarskrá um ævarandi eign þjóðarinnar á auðlindinni. Ég hefði talið að meðferð slíkrar sameiginlegrar eignar gæti aldrei verið með þeim hætti sem menn hafa kosið að hafa á hvað varðar fiskinn í sjónum. Ég held því fram að ef menn í heiðarleika ætla að takast á við það að festa í stjórnarskrá ákvæði um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum þurfi menn að horfast í augu við það að um leið verði að fylgja ákvarðanir um að komið verði á jafnrétti til að nýta auðlindina. En þá umræðu munum við auðvitað taka á hv. Alþingi næsta vetur, og ég fagna henni. Ég held að það sé mjög margt sem þurfi að fylgja í þeirri umræðu. Víða kraumar í umræðupottinum. Sumir hafa verið að ræða um áhugamál sín sem eru þau að skoða möguleika á aðgangi að Evrópusambandinu. Ég hef sett fram skoðun mína á því og sérstaklega vegna þess að mönnum hefur verið hugleikin umræðan um hvort það væri hægt vegna stefnu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum. Ég er ekki tilbúinn að kveða upp úr með það atriði. Ég er hins vegar tilbúinn að kveða upp úr með það fyrir mitt leyti að aðild að Evrópusambandinu kemur ekki til greina að óbreyttri fiskveiðistefnu á Íslandi.

Það er augljóst að ef menn legðu í það að ganga í Evrópusambandið án þess að breyta einkaeignarhaldinu á fiskstofnunum þá væru þeir að bjóða upp á að Ísland yrði í þeirri stöðu sem kvótalausir eru í dag á Suðurnesjum eða hvar sem það nú er og eru að fiska fyrir 50 kall fyrir þann sem á kvótann. Ef það ætti að liggja fyrir útgerðarmönnum og sjómönnum á Íslandi að verða leiguliðar í verstöðinni fyrir þann sem ætti kvótann, hvort sem það væri úti í Evrópu eða ekki, og léti fiska fyrir sig og flytja fiskinn þangað þá sæju menn í hnotskurn hvað fram undan er. Þessu er ekki hægt að verjast. Það er alveg klárt mál að ef menn ganga í Evrópusambandið verða þeir að horfast í augu við að atvinnurekendur á því svæði geta tekið þátt í atvinnulífinu á Íslandi. Undan því verður ekki vikist að þeir geta tekið þátt í útgerð á Íslandi eins og öðrum atvinnuvegum. Það er bara eitt ráð við þessu, þ.e. ef menn hafa á annað borð áhuga á því að ganga í Evrópusambandið, og það er að breyta fiskveiðistefnunni. En það verður að gerast áður.

Áhugi minn á því að breyta fiskveiðistefnunni er ekkert bundinn við það hvort menn ætla að halda áfram umræðunni um Evrópusambandið. Þessi fiskveiðistefna er fáránleg. Einkaeignarhald á þessari sameiginlegu auðlind okkar er ekki boðlegt og hefur aldrei verið það. Baráttan fyrir því að breyta því verður að halda áfram og ég vona satt að segja að það náist einhver áfangi í henni eftir næstu kosningar. En ég geri mér ekki neinar vonir um að það gerist fyrr en þá vegna þess að þeir sem fara með völdin í þeirri ríkisstjórn sem nú situr eru búnir að kveða upp úr með að þeir ætli sko ekki að gera nokkurn skapaðan hlut annan en reyna að festa í sessi eignarhald útgerðarmanna á fiskinum í sjónum.

Af því að ég neitaði mér um að biðja um orðið um byggðamál áðan langar mig að bæta því við að stór hluti þeirra byggðavandamála sem við glímum við á Íslandi í dag er vegna þess að fólk hafði byggt upp hús og fyrirtæki á stöðum sem liggja vel við sjó, vel við góðum fiskimiðum. En eðlisbreytingin sem varð á sjávarútveginum við að einkaváða aðganginn að auðlindinni hefur gersamlega kollvarpað og raskað því munstri sem hafði orðið. Ef menn hefðu ekki með sértækum aðgerðum — það er víst best að nota það orðalag um það — smám saman sprautað inn í þessi lög hér veiðiheimildum gegnum smábátaútgerð alveg frá því 1991 eða 1990 og fram á þennan dag þá væru býsna mörg þeirra byggðarlaga sem við köllum sjávarbyggðir út um landið gjörsamlega eyðibyggðir. Ekki þarf að rökstyðja það með öðru en því að benda á að hefði sú stefna sem tekin var upp 1990 verið látin ganga áfram væri enginn smábátafloti til á Íslandi því gert var ráð fyrir því að sá floti ætti að fá að veiða 2.400 tonn. Síðan er búið að skera niður veiðiheimildir þannig að þessi floti væri að fiska einhvers staðar á bilinu 1.200–1.500 tonn líklega. Þannig var það. En þingmenn þorðu ekki að horfast í augu við stefnuna sem þeir voru búnir að samþykkja á hv. Alþingi og byrjuðu að pota inn réttindum handa smábátum og hafa gert það fram á þennan dag. Smábátar eru að veiða núna — ég man ekki töluna — 60–80 þús. tonn á ári, eitthvað svoleiðis, bátarnir sem áttu að fá að veiða 2.400 tonn árið 1990. Gat á kerfinu sem stjórnmálamennirnir á Íslandi trúa á hefur því bjargað því sem bjargað hefur verið í byggðarlögunum út við sjóinn í kringum landið, í sjávarbyggðunum.

Þegar verkin sýna með svo skýrum hætti merkin er ömurlegt að menn skuli ekki hafa horfst í augu við að þetta kerfi, fiskveiðistjórnarkerfið í landinu, hefur átt langstærstan þátt í því að mynda þau byggðavandamál sem hafa orðið til. Svo geta menn velt því fyrir sér hvort hagræðingin, eins og hún er kölluð, hefur gefið okkur eitthvað í staðinn. Ég er ekki sannfærður um það. Ég hef nefnilega farið yfir það og skoðað og gert það fyrir löngu og gert það oftar en einu sinni hvað því fylgir í atvinnulegu tilliti og í arði til þeirra sem að koma að nýta aflaheimildirnar til þess að veiða á smærri bát og grunnslóð eða nýta þær til þess að veiða á stórum bát eða togskipi á dýpra vatni. Í mínum huga leikur ekki nokkur vafi á því að miklu hagkvæmara er fyrir þjóðina og fólkið sem nýtir þessa auðlind að nota alla möguleikana sem eru fyrir hendi til þess að nýta auðlindina á grunnslóð, ekkert endilega með svona litlum bátum eins og menn eru að gera. Þeir mega vera stærri en það. Ég hef ekkert á móti togskipum. En við eigum bara of mikið af þeim. Við höfum gengið of langt. Ég vildi skjóta þessu inn í þessa umræðu.

Ein röksemd virðist fanga huga þeirra sem trúa á einkaframtakið og hafa komist að þeirri niðurstöðu að eignarhald á þessari þjóðarauðlind til handa útgerðarmönnum muni færa mestan arð af henni. Ég dreg það afskaplega mikið í efa og er reyndar sannfærður um að það er rangt. Við getum náð meiri hagnaði, meiri arði af auðlindinni með því að halda eignarhaldinu hjá þjóðinni og leyfa þeim sem taka þátt í útgerð að keppa á eðlilegum jafnræðisgrundvelli um veiðiheimildirnar. Ég vil biðja þá sem hlusta á áróður LÍÚ að afla sér líka upplýsinga sjálfir. Þá munu þeir kannski átta sig á því að sá gífurlegi arður sem á að hafa orðið til vegna kvótakerfisins — þeir virðast setja beint samasemmerki á milli þess að útgerðarmenn eigi auðlindina og að meiri arður sé af henni — orsakast af því að fiskverð hefur aldrei verið eins hátt og það er búið að vera á undanförnum árum. Ég hef ekki nýjustu tölur. Ég veit að fram að 1994 hafði fiskverð hækkað verulega frá því fyrir 1990. En ég hef tölur um verðvísitölu fiskverðs frá 1994–2001. Og hvað segja þær? Þær segja að ef fiskverðið var 88 árið 1994 þá var það komið upp í 170 í lok ársins 2001. Fiskverð í verðvísitölunni á þessum árum frá 1994 til 2001 hefur sem sagt tvöfaldast. Kannski þarf ekki að leita miklu lengra til þess að finna það út að arðurinn af útgerðinni hefði átt að aukast eitthvað við þessa hækkun á fiskverðinu.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu um þá hluti. Ég ætla að kveðja þetta mál núna í sölum hv. Alþingis. Við munum takast á um það á næsta vetri og ég ætla mér að taka þátt í þeirri umræðu. Ég ætla satt að segja að vona að við fáum hv. alþm. til þess að ræða þetta mál og hlusta á rökin þannig að það verði ekki áfram eins og að skvetta köldu vatni á gæs — eins og það hefur verið — er menn leggja fram rök í þessa umræðu og kalla eftir því réttlæti sem þeim var lofað fyrir síðustu kosningar.

Ég held að umræðan um stjórnarskrárfrv. sem kemur næsta vetur eigi að gefa okkur gott tækifæri til þess að takast á um grundvallaratriði þessa máls.

[03:27]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Við lokaumræðu þessa máls væri auðvitað ástæða til þess að fara í gegnum fjöldamargt. Ég hef samt ákveðið að reyna að stytta nokkuð það mál sem ég hugðist fara með. En ég get þó ekki látið hjá líða að fara í gegnum nokkur atriði. Ég held það sé líka hollt fyrir umræðuna upp á seinni tímann. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Jóhann Ársælsson, sagði í þessum ræðustól, að umræðan sem við erum hér að ljúka um stjórn fiskveiða hefst aftur næsta haust. Það er alveg dagljóst. Það sem hefur verið aðhafst í stjórn fiskveiða og við breytingu á lögunum síðustu þrjú árin er að eingöngu hefur verið reynt með hinum og þessum hætti að festa kerfið nánast óbreytt í sessi og fjölga fisktegundum í kvótakerfinu, hvort sem það er skynsamlegt eða ekki, gera kerfið þvælnara og erfiðara og fjölga þeim einstaklingum sem eiga að vinna í kerfinu, m.a. með kvótasetningu fleiri tegunda og kvótasetningu smábátanna.

Síðan er auðvitað alltaf að koma betur og betur í ljós að ýmis atriði í útfærslu kerfisins fá aldrei staðist þá framkvæmd að við getum búið hér við kerfi sem hægt er að byggja á.

Herra forseti. Ég held að rétt sé að ég reki það örlítið hvers vegna ég held þessu fram. Af því tilefni tók ég með mér í hús frv. sem lagt var fram í Alþingi árið 1990. Það er ansi merkilegt plagg þegar menn skoða það eftir á. Ég ætla að fara örlítið í gegnum það.

Ég hef áður í ræðum mínum rakið það hvernig þetta kerfi komst á 1984 og hvernig við vorum með hinar ýmsu útfærslur eins og meðalkvóta og norður- og suðursvæði. Ég hef minnst á verðlaun fyrir að veiða úthafskarfa sem borgaður er með grálúðu, sérstaka jöfnunarkvóta sem settir voru á í grálúðunni þannig að hún færðist að stórum hluta frá Vestfjörðum til skipa hingað og þangað í kringum landið, og sú reynsla sem Vestfirðingar höfðu myndað sér í grálúðuveiðunum varð útþynnt til fjöldamargra annarra skipa, m.a. með þeim 140 tonna verðlaunum á skip sem stunduðu veiðar á Reykjaneshrygg. Veiðiréttur inn hefur því alltaf verið að færast til. Fyrir þessu var reyndar séð í upphafi, herra forseti, vegna þess að menn tóku strax þá ákvörðun þegar þeir settu þetta kerfi á að nauðsynlegt væri að hafa tvenns konar útfærslu, annars vegar aflamark og hins vegar sóknarmark.

Hvers vegna, herra forseti, tóku menn þá ákvörðun að hafa sóknarmark samhliða aflamarkinu? Ég held að menn ættu að velta því aðeins fyrir sér og ég ætla að fara örstutt yfir það. Jú, það var vegna þess að þegar menn ætluðu sér að fara að útfæra aflamarkskerfið fyrir árið 1984 sáu þeir auðvitað að veiðireynsla skipanna var geysilega misjöfn eftir landshlutum. Ég get bara nefnt eitt dæmi. Sá sem hér stendur var skipstjóri á skuttogaranum Páli Pálssyni, og veiðireynsla Páls Pálssonar á viðmiðunarárunum 1981–1983 var sú að skipið var með 1% af þorskafla landsmanna. Veiðiréttur inn á skipinu miðað við reynslu var akkúrat 1% af þorskafla landsmanna miðað við ... (**KVM:** Þú ert skipstjórinn.) Já, ég hafði líka góða áhöfn. Það voru nokkur önnur skip, t.d. var Guðbjörgin á Ísafirði líka með um 1% ef ég man rétt og Kaldbakur á Akureyri sömuleiðis. Tvö til þrjú aflahæstu skipin á landinu voru sem sagt hvert og eitt með 1% reynslu í þorskstofninum, u.þ.b. 3 þús. tonn af þorski. Þegar átti að fara að skipta þessu upp voru menn auðvitað mjög misjafnlega settir. Þegar þorskurinn var skorinn svona niður urðu þeir auðvitað fyrir mestri skerðingu sem mest höfðu byggt á þorskveiðunum. Þeir fengu á sig langmestu skerðinguna. Þar af leiðandi var búin til sérúthlutun í kola og sérúthlutun í steinbít sem var eiginlega úthlutað sem uppbót til þeirra skipa sem urðu fyrir mestri skerðingunni. Þar að auki var eins og ég sagði áðan búið við norður- og suðursvæði þar sem kvótar voru misjafnir en þrátt fyrir það sáu menn að þetta var ekki sanngjarnt gagnvart mjög stórum hluta flotans.

Menn höfðu verið í alls konar veiðum og alls konar mynstri. Sumir gerðu bara út eftir gamla laginu, að róa á vertíðum og lágu svo jafnvel stóran hluta sumarsins. Hvers áttu þeir að gjalda fyrir að hafa hagað sér eins og þeir höfðu hagað sér? Niðurstaðan varð sú að menn bjuggu til sóknarmark. Sóknarmarksflokkar skipa urðu til. Mig minnir að þeir hafi verið 8 eða 9, sóknarmarksflokkarnir, m.a. sérveiðiflokkar eins og ég veit að hv. sitjandi forseti man eftir varðandi skelveiðiflota í Breiðafirði og annað slíkt. Þetta gerði það að verkum að þrátt fyrir að menn settu á aflamarkskerfi var þeim útgerðum, sem ekki töldu sig geta unnið í aflamarkskerfinu vegna þess að þær fengju allt of litlar heimildir og ættu enga möguleika til þess að bjarga sér eða raða sér upp á nýtt, gefinn kostur á sóknarmarki. Og fjöldamörg skip völdu sér sóknarmörk, ekki alveg fyrsta árið en síðan strax 1985 og svo fleiri og fleiri fram til ársins 1990 þegar um helmingur flotans var búinn að velja sér að vera í sóknarmarkskerfi. Þetta var auðvitað vegna þess að sóknarmarkskerfið var talsvert öðruvísi hugsað. Það var eiginlega blandað kerfi kvóta og aflamarks. Togaraflotarnir höfðu t.d. kvóta í þorski en máttu veiða 20% umfram reynsluna. Síðan fengu þeir lítinn kvóta í karfa en höfðu ákveðinn sóknardagafjölda og frelsi í aðrar tegundir. Þannig var auðvitað með fjöldamarga þessara útgerðarflokka og þessa niðurröðun bátanna. Bátarnir og togararnir röðuðu sér upp á nýtt í sóknarmarkinu.

Árið 1988 var tekin sú ákvörðun að breyta þessari útfærslu, þ.e. sóknarmarksbátarnir gætu ekki tekið úr pottinum og raðað sér upp á nýtt sem hefði þar af leiðandi áhrif á aflamarksskipin. Þeir voru að vinna sér inn nýja viðmiðun og fengu hana metna inn í árið á eftir og röðuðu sér upp á nýtt. Sérstakur pottur sóknarmarksskipa var settur upp sem þýddi að sóknarmarksskipin gátu raðað sér innbyrðis en höfðu ekki áhrif á aflamarksskipin, þau skip sem voru í aflamarkskerfinu. Þannig var þetta til 1990 að menn komu fram með þetta frv. sem ég er nú með í höndunum.

Hvers vegna er ég að rekja þetta? Ég er að rekja þetta, herra forseti, vegna þess að þrátt fyrir að menn hafi tekið upp aflamarkskerfið, svo til einhliða, 1990 með lögum nr. 38 er það samt sem áður staðreynd, herra forseti, að allan þennan tíma, frá 1990, hafa menn líka búið sér til potta. Menn sáu auðvitað að aflamarkskerfið með þeirri útfærslu sem á því var gat ekki gengið upp öðruvísi en að búa til alveg helling af vandamálum. Aflamarkskerfið hefur svo sannarlega búið þau til. Við því hafa menn brugðist með ýmsum lausnum. Allan þennan tíma — þegar menn hafa verið að breyta frá einni viðmiðun sem hefur verið í gangi í eitt eða tvö ár til þess að taka upp aðra viðmiðun — hverju hafa menn byggt á þegar þeir hafa úthlutað upp á nýtt? Á veiðireynslunni. Og meira að segja þegar sóknarmarkskerfið var lagt af 1990 byggðu menn líka á veiðireynslunni, herra forseti. Ég hef orðið var við það í umræðum manna að þeir hafa dregið í efa að ég færi með rétt mál, að veiðireynsla sóknarmarksskipanna hefði að lokum, þegar kerfinu var breytt 1990, verið að hluta tekin úr sameiginlega pottinum. Í frv. frá 1990 er samt í 9. gr. verið að tala um uppbætur, sérstaklega ef aflabrestur verður. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, en botnfiski og úthafsrækju er ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfisksaflamark þeirra fiskiskipa sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund sem breytingum sætir.“

Þarna sést viðlagareglan svokallaða sem menn þekkja auðvitað í dag.

Síðan segir í frv., herra forseti, um meðalkvóta, línutvöföldunina:

„Fiskur, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember, skal aðeins að hálfu talinn með í aflamarki fiskiskips.“

Þarna kemur enn ein reglan, herra forseti, til að taka á því vandamáli sem m.a. fylgdi aflamarkskerfinu. Verið er að taka á þeim vanda með því að gera ívilnun í aflamarkskerfinu. Þannig var það líka þegar kerfinu var breytt varðandi sóknarmarksskipin. Þá var pottinum að hluta til úthlutað sem meðalkvóta inn á þau skip sem höfðu áður verið í sóknarmarkinu.

Hvers vegna er ég að draga þetta fram, herra forseti? Ég er að draga þetta fram vegna þess að veiðireynslan hefur ævinlega verið metin og hún hefur haft áhrif á aðra. Það gerist líka núna þegar verið var að útdeila kvótum á smábátana. Þá hafði veiðireynslan sem var verið að úthluta eftir einhver áhrif á aðra. Það gerðist líka þegar línukvótatvöföldunin var afnumin og því úthlutað sem varanlegum kvóta. Þá hafði sá pottur auðvitað áhrif á aðra. Það gerist líka varðandi það sem er í frv. núna, herra forseti. Þau 12 þús. tonn sem ætluð eru til viðlagaákvæða eru tekin úr pottinum og hafa auðvitað áhrif á aðra, eru til að mæta áföllum. Það gerist líka, herra forseti, varðandi 3 þús. tonna pottinn. Hann er tekinn úr pottinum og úthlutað til skipa sem eru undir 200 rúmlestum, með minna en 450 þorskígildi og ætlað til þess að mæta afleiðingunum af kvótakerfinu. Það gerist líka, herra forseti, varðandi 1.500 tonnin sem núna eru byggðakvóti og hefur þegar verið úthlutað. Það gerist enn fremur, herra forseti, við nýja 1.500 tonna pottinn sem kemur að fullu til úthlutunar á næsta ári en 500 tonn af honum eru hins vegar tekin núna. Það sem ég held fram, herra forseti, er að þrátt fyrir að menn hafi tekið upp þetta aflamarkskerfi og unnið eftir því núna í fjölda ára er staðreynd málsins samt sem áður sú að þeir sem talað hafa fyrir þessu kerfi á undanförnum árum, þ.e. ríkisstjórnarflokkarnir, hafa séð að útfærslan gekk engan veginn upp nema því aðeins að hafa til hliðar viðbótarpotta til að taka m.a. á þeim vandamálum sem fylgdu framkvæmd aflamarkskerfisins.

Í stað þess að viðurkenna að kerfið sé gallað og skipa því á nýjan leik þannig að þau vandamál sem byggðirnar verða fyrir við hið frjálsa framsal hafi ekki þau neikvæðu áhrif sem þau hafa haft á undanförnum árum hafa menn sagt sem svo: Við höldum okkur við óbreytta stefnu en við tökum á afleiðingunum, herra forseti, með því að búa til potta. Svo deilum við þeim út þar sem vandamálin eru til staðar og leysum vandamálin sem við búum sjálfir til með því að halda okkur við þessa fiskveiðistefnu. Svona liggur þetta bara fyrir, herra forseti, og þar af leiðandi er það svo að það sem við erum enn á ný að gera núna með fyrirliggjandi frv. er að búa til potta og deila þeim út eftir þeim aðferðum sem mönnum finnst skynsamlegast á hverjum tíma, annaðhvort út frá hagsmunum byggðanna eða út frá hagsmunum krókabáta sem gerðir eru út frá byggðunum sem eru verulega háðar krókaafla eða út frá þeim sjónarmiðum að veiðiflotinn undir 200 brúttólestum hafi of litlar heimildir og það beri að styrkja strandveiðiflotann með einhverjum hætti — þess vegna eru þeir með 3 þús. tonn inn í þann pott — eða þá vegna þess að við höfum 12 þús. tonn til að bregðast við áföllum eins og ef ekki veiðist rækja, þorskurinn hefur étið

upp rækju í Húnaflóa, og þá getum við brugðist við því að hluta til og þannig mætti lengi telja, herra forseti.

Það sem vakir fyrir mér með því að fara svona í þetta mál er að sýna fram á að útfærsla kvótakerfisins ein og sér er gölluð. Ekki er tekið á því að byggðirnar haldi atvinnurétti sínum eða fólkið atvinnu sinni, og útfærsla kerfis sem að öllu leyti byggist á því að útgerðarmaðurinn hafi yfirráð yfir veiðiréttinum og þar af leiðandi sé afkoma byggðanna háð því hvort viðkomandi útgerð heldur áfram að gera út í byggðinni eða ekki kann ekki góðri lukku að stýra. Þessi útfærsla hefur sett margar byggðir í uppnám á undanförnum árum. Það er auðvitað hægt að færa fyrir því mörg rök, herra forseti.

Ég ætla að gera það með tilvitnun í samantekt Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða frá maí 2001, með leyfi forseta:

„Helstu niðurstöður. Samsetning fiskiskipaflota hefur breyst verulega á Vestfjörðum milli áranna 1995 og 2000. Skipum hefur fækkað um 25% eða úr 188 í 146 og í brúttórúmlestum talið hefur flotinn minnkað um 60%, úr 11.100 brúttólestum í 4.400 brúttólestir. Hér munar mestu um fækkun togara og skipa á aflamarki en í heild minnkar þessi floti úr 10.500 lestum í 3.500 brúttórúmlestir að meðalstærð. Meðalstærð þessara skipa minnkar einnig. Fjöldi smábáta hefur staðið í stað en í brúttólestum talið hefur hann stækkað um 37% eða úr 620 í 850 brúttórúmlestir og meðalstærð bátanna hefur aukist að sama hlutfalli. Hlutdeild smábáta mæld í brúttórúmlestum var tæp 6% fiskiskipaflotans 1995 en er nú 19%." — Svo kemur hér:

„Úthlutað botnfisksaflamark skipa og báta á norðanverðum Vestfjörðum hefur dregist saman úr því að vera 24.000 þorskígildi fiskveiðiárið 1995/1996 í 13.000 þorskígildi fiskveiðiárið 2000/2001. Á sama tíma hefur heildaraflamark í bolfiski aukist." — Á *sama tíma hefur heildaraflamark í* bolfiski aukist, herra forseti, og botnfisksaflamarkið dregst saman á Vestfjörðum úr 24 þús. þorskígildum í 13 þús. þorskígildi.

„Hlutdeild skipa og báta á norðanverðum Vestfjörðum í heildaraflamarki botnfisks hefur því dregist saman úr 9,3% fiskveiðiárið 1995/1996 í 4,8% fiskveiðiárið 2000/2001." — Segir þetta ekki alla söguna um það hvers vegna Vestfirðingar hafa slegist svo hart um að fá einhverja viðurkenningu á rétti sínum til fiskveiða? Eðlilega. Þarna kom í framkvæmd það kvótakerfi sem sett var upp sem aflamarkskerfi þar sem útgerðarmaðurinn hafði sjálfdæmi, af hvaða orsökum sem það var, hvort sem það var vegna þess að menn vildu hætta útgerð, vildu selja, óeining var í hluthafahópnum, fráfall eða bara taprekstur — af hvaða orsökum sem það var seldu menn skipin og þar með fór aflarétturinn, sjósóknarrétturinn. Það er aldrei hamrað nógsamlega á því, herra forseti, að það var sjósóknarréttur útgerðarmannanna sem var fólkinu svo verðmætur. Í sjósóknarréttinum fólst það að útgerðin varð að fara á sjó til að ná í fisk til að búa til tekjur, og um leið og fiskurinn kom á land varð auðvitað til atvinna í viðkomandi byggð. Þess vegna hef ég hamrað á því að það er allt annað fiskveiðikerfi sem byggir á því að menn hafi hvatann í sjósóknarréttinum og þurfi að fara til sjávar til að veiða fiskinn heldur en fiskveiðistjórnarkerfi þar sem menn hafa bæði hvatann í sjósóknarréttinum og í leigu- og sölurétti fisksins. Um leið og útgerðarmaðurinn fékk leigu- og sölurétt fisksins og gat ráðstafað honum einn og sér var réttur fólksins horfinn. Þar með sat fólkið eftir í sjávarbyggðunum með eignir sínar, oft verðlitlar eða mun verðminni en áður var, og allt öðruvísi atvinnuástand en áður hafði verið. Í því sambandi má auðvitað nefna það að meðallaun á Vestfjörðum voru lengi yfir landsmeðaltali en eru núna komin niður fyrir það.

Þetta er bara almennt, herra forseti, til að lýsa því hvaða afleiðingar fylgja aflamarkskerfi ef það bara fær að þróast eitt og sér. Hvað gerðu þessir sjómenn á Vestfjörðum sem misstu plássin sín á stóru skipunum? Þeir keyptu sér smábáta. Þar var smásmuga inn í kerfið. Það var sem sagt þorskaflahámark. Menn þurftu ekki að tryggja sér kvóta nema í þorskinum en gátu svo róið frjálst í tegundir eins og ýsu og steinbít. Það kom sér auðvitað vel því að með því að geta farið svona inn í þetta þurftu menn ekki að leggja út eins mikla fjármuni og gátu í raun og veru bjargað sumum byggðarlögum. Flestar byggðir á Vestfjörðum í dag byggja að stórum hluta á því að þaðan eru gerðir út krókabátar og menn náðu vopnum sínum við að fara inn í þessa útfærslu. Henni var hins vegar lokað um síðustu fiskveiðiáramót með því að fara yfir í kvótaúthlutanir. Síðan erum við enn þá hér að ræða lög sem koma inn með potta til að taka á þeim vandamálum — sem fylgdu hverju? Sem fylgdu þessari kvótasetningu á smábátana. Skyldi hafa verið svona rosaleg hætta varðandi ýsustofninn eða steinbítsstofninn að ástæða væri til að fara yfir í þessa kvótasetningu? Mitt svar er nei. Þrátt fyrir veiði á undanförnum árum sem hefur verið umfram ráðleggingar fiskifræðinga er ýsustofninn núna á uppleið, og það er ekki hægt að sjá annað en að steinbítsstofninn sé í góðu lagi enda var steinbíturinn utan kvóta í fjölda ára, var ekki settur inn í kvóta fyrr en 1996. Ég hef áður rakið það í ræðum mínum að við veiddum að meðaltali ein 12.800 tonn af steinbít sem er nánast sami kvóti og verið hefur síðustu árin, um 13 þús. tonn. Það var í raun og veru engin nauðsyn á því að setja steinbítinn í kvóta 1996 út frá líffræðilegum sjónarmiðum og *ég lít svo á að það hafi heldur ekki verið nauðsyn varðandi* ýsuna.

Við höfum hins vegar verið með þorskinn í kvóta í öllum veiðarfærum og flotaeiningum nema þessum fáu dagabátum sem gerðir eru út. Menn hafa talið að þeir væru í miklu uppbyggingarstarfi varðandi þorskstofninn. Staðreyndin er hins vegar allt önnur. Þorskstofninn hefur dalað í höndum okkar, undir þessari fiskveiðistjórn í kvótakerfinu, og heildarstofninn var í síðustu skýrslu Hafró talinn vera 577 þús. tonn. Þá höfðum við týnt úr honum á tveimur árum um helmingnum því að samkvæmt skýrslunni sem birtist 1999 átti stofninn að vera rúm 1.100 þús. tonn en á síðasta vori komst Hafrannsóknastofnun að þeirri niðurstöðu að hann væri ekki orðinn *nema 577 þús. tonn, hefði sem sagt minnkað um helming* á tveimur árum og í raun og veru um 290 þús. tonn á milli ráðgjafarinnar vorið 2000 og ráðgjafarinnar 2001. Það sem verra var, bæði hrygningarstofninn og veiðistofninn höfðu minnkað samkvæmt þeirri úttekt um svipað hlutfall.

Ég gerði það að gamni mínu, herra forseti, að kíkja í þessa skýrslu í gær af sérstöku tilefni. Ég heyrði nefnilega viðtal við Jóhann Sigurjónsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, og tilefni viðtalsins var það að sjómenn hefðu nokkrar áhyggjur af því að víða yrðu þeir varir við að þorskurinn væri horaður, að ekki væri gott ástand á holdafari þorskins víða í kringum landið. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar taldi að ekki væri ástæða til að hafa miklar áhyggjur af því, honum sýndist að í bráðabirgðaniðurstöðum togararallsins væri fiskurinn þokkalega á sig kominn. En í skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem kom út í fyrravor, og við fjölluðum um

á síðasta vori, voru ráðleggingar fyrir aflahorfurnar á þessu fiskveiðiári sem hér segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt nýrri úttekt um stærð veiðistofns þorsks í ársbyrjun 2001 er hann áætlaður 577.000 tonn. Þar af er hrygningarstofninn talinn 219.000 tonn. Í úttektinni árið 2000 var veiðistofninn áætlaður 866.000 tonn við upphaf árs 2001 en hrygningarstofninn 430.000 þús. tonn. Á árinu 2000 var stofninn í ársbyrjun 2001 ofmetinn um 289.000 tonn.“ — Sem sagt, á ársbili, þ.e. frá vori 2000 til vors 2001, týndust úr stofninum 290 þús. tonn. Og hver var m.a. ástæðan að mati sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar? Jú, þeir segja hér, og takið nú eftir: „Um 40.000 tonn eða 13% af ofmatinu frá því í fyrra má skýra með lægri meðalþyngd eftir aldri en áætlað hafði verið, með lægri fallþunga fisksins.“ — Sem sagt, fiskurinn léttist á árinu 2000. Eftir fréttum frá fiskimönnum virðist þeim að fiskurinn sé jafnvel enn horaðri en hann var í fyrra. Þess vegna fundust mér viðbrögð forstjóra Hafrannsóknastofnunar svolítið furðuleg, að ekki væri ástæða til að hafa áhyggjur, í ljósi þess að vegna fallþungaminnkunar á milli ára missum við 40 þús. tonn úr stofninum í fyrra. Þannig var nú það, herra forseti.

Ég vildi bara draga þetta inn í umræðuna vegna þess að mér finnst ástæða til að hlusta á viðvörunarorð reyndra fiskimanna sem eru búnir að umgangast þessa veiðislóð á Íslandsmiðum í fjölda ára. Því miður hefur það oft verið þannig að skoðanir fiskimannanna hafa ekki farið saman við skoðanir fiskifræðinganna á þeim tímapunkti sem fiskimennirnir setja fram skoðun sína. Ég gæti rakið það í fjölmörgum dæmum sem ég ætla ekki að gera nú.

Þá er ég hins vegar kominn að öðrum punkti, herra forseti, og það er að velta því upp sem er í 1. gr. frv. sem við erum núna með til 3. umr. Í 1. gr. frv. er verið að tala um Hafrannsóknastofnunina, hvaða hlutverki hún eigi að gegna í þessu máli um hafrannsóknir, og í frv. segir eins og það lítur út núna eftir 2. umr., með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.“

Ég hef lýst því í fyrri ræðum, herra forseti, að mér fyndist afar undarlegt að vísindastofnunin Hafró yrði sett í það hlutverk að dæma fyrir fram verk annarra, fara í dómarasæti um það. Ég verð að segja alveg eins og er að það er varla ásættanlegt hlutverk, að Hafrannsóknastofnunin eigi að vera sérstakur dómari fyrir fram á það hvaða hlutverki aðrir geta gegnt í rannsókninni og leggja á það dóm. Það er ekki að ástæðulausu, herra forseti, sem ég hef áhyggjur af þessu. Það er vegna þess að ég hef bréf undir höndum sem sýnir fram á að það er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu.

Í bréfi sem Jón Kristjánsson fiskifræðingur sendi sjútvn. segir, með leyfi forseta:

„Athugasemdir við lagagrein. Eftir að umræður um fiskveiðistjórnarfrv. hófust á Alþingi tók ég eftir að ein grein laganna fjallar um afla veiddan í rannsóknarskyni utan kvóta. Þar sem mér er málið skylt og ég var ekki boðaður á fund nefndarinnar til að segja álit mitt eins og aðrir hagsmunaaðilar vil ég hér með koma athugasemdum mínum á framfæri þó seint sé.“

Hann vitnar síðan til umræddrar greinar sem ég ætla ekki að lesa hana aftur. Ég er búinn að fara yfir hana. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ég er ósammála því að þurfa skuli umsögn Hafró til að veita rannsóknarafla til annarra. Þeir líta á aðra í besta falli sem óþarfa samkeppnisaðila eða í versta falli gagnrýnendur sem með rannsóknum sínum gætu varpað skugga á þá sjálfa.“

Síðar segir:

„Ég hef af þessu ákveðna reynslu og get nefnt dæmi: Árið 1995 er ég hafði verið tæpan mánuð við rækjurannsóknir um borð í togaranum Dalborgu á Flæmska hattinum lék mér hugur á að vita hvort stofninn þar tengdist rækjustofninum á Miklabanka og fór fram á það við sjútvrn. að þeir mundu, með aðstoð Snorra Snorrasonar útgerðarmanns, senda skeyti til Kanada um að við hygðust taka nokkur tog á nefinu utan landhelgi í rannsóknarskyni. Þótt þetta væri utan landhelgi vildum við hafa þennan hátt á til að lenda ekki í veseni ef við yrðum stöðvaðir af eftirlitsskipi. Ráðuneytið leitaði umsagnar Hafró en eftir tvær vikur gáfumst við upp á biðinni. Urðum við frá að hverfa. Seinna frétti ég að skeyti hefðu gengið milli íslensku og kanadísku hafrannsóknastofnananna og þeim hefði komið saman um að þarna væri ekki rækja.

Ári síðar, haustið 1976 fóru Færeyingar í rannsóknarleiðangur á nefið og fundu mikla rækju og hafa farið árlega síðan í stofnmat og fengið borgað fyrir í rækju. Þetta svæði gengur nú undir nafninu L3 og er mikið veiðisvæði og hefur veiði umfram kvóta orðið til þess að nú er hafnbann á færeysk og eistnesk skip í Kanada.“

Þetta var árangurinn af rannsóknum sem Hafrannsóknstofnunin á Íslandi, samkvæmt þessum upplýsingum, lagðist gegn. Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Árið 1998 sótti ég um leyfi til rannsókna á því hvort staðbundnir stofnar þorsks fyndust við Vestfirði. Eftir umsókn til Hafró og langan tíma setti ráðuneytið mér skilyrði sem ég leit á sem höfnun. Lesa má um málið“ — svo kemur heimasíða Jóns Kristjánssonar fiskifræðings.

Ég las það, herra forseti, og fæ ekki annað séð en að beinlínis hafi verið kostað kapps við að koma í veg fyrir að þessi ákveðni fiskifræðingur gæti hafið þær rannsóknir sem hann hugðist stunda við Vestfirði í samstarfi við mjög reynda fiskimenn á Vestfjörðum. Ég verð að segja eins og er að mann rekur í rogastans þegar maður les um að þegar menn koma fram með hugmyndir um rannsóknir skuli Hafrannsóknastofnun sérstaklega leggjast gegn þeim. Ég verð að segja að mér finnst það mjög undarlegt, herra forseti.

Þess vegna segi ég það að ég hef enn styrkst í þeirri trú, herra forseti, að það sé með öllu óeðlilegt að Hafrannsóknastofnunin hafi þetta umsagnarvald, það skuli skilyrt að umsögn fáist frá Hafrannsóknastofnun jafnvel þó að menntaðir fiskifræðingar eigi í hlut í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri eða hvaða stofnun sem er. Þótt menn leggi fram áætlanir er ekki tryggt að þeir fá afgreiðslu á leyfum til að stunda rannsóknir. Það gengur út yfir allt, herra forseti, og nær ekki nokkurri átt að hafa þetta svona útfært. En svona er þetta í þessu frv.

Þetta er eitt af þremur meginatriðum frv. Það gengur út á þetta. Síðan gengur það út á að tryggja pottana og í 4. gr. segir:

„Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir er nema allt að 12.000 lestum af óslægðum

botnfiski í þorskígildum talið til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru ...“

Þetta er sama ákvæðið og ég rakti að hefði í raun komið inn í lögin strax 1990 vegna þess að menn sáu að útfærslan varð vandamál kvótalausra byggða og olli atvinnuleysi fólks. Þess vegna byrjuðu menn að koma inn með þessa potta. Þessi 12 þús. tonna pottur var á tímabili látinn til Hagræðingarsjóðs sem átti að geta leigt hann til byggða sem hefðu orðið fyrir miklum skakkaföllum. Einu sinni reyndi á þetta og það var ein byggð, Bíldudalur, sem komst í gegnum nálarauga þeirra sem höfðu með aflaheimildirnar að gera. Þeim stóð þá til boða að leigja þessar aflaheimildir á sama leiguverði og var á leilgumarkaði en á þeim hvíldu meiri kvaðir en almenni markaðurinn bjó við. Þannig var beinlínis unnið í því að koma í veg fyrir það, m.a. af hagsmunasamtökum LÍÚ, að slíkar heimildir færu til byggðarlaga gegnum þetta leigukerfi.

Útgerðarmenn hafa alltaf verið á þeirri skoðun að þetta kvótakerfi ætti að vera þeirra kerfi, þetta væru þeirra aflaheimildir sem þeir ættu að ráða og deila sín á milli. Þeir vilja ákveða hvar gert er út og hvar væri ekki og hvort fiskur er leigður eða hvort fiskur er seldur óveiddur, eins og heimilt er samkvæmt þessu frjálsa framsali.

Síðan segir áfram í 4. gr.:

„Af þeim 12.000 lestum sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl. er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um ráðstöfun aflaheimilda ...“

Í 5. gr. er síðan talað um 3.000 lestirnar sem ég vék að og má veita til skipa undir 200 brúttótonnum sem hafa minna en 450 þorskígildi. Allt eru þetta viðlagaákvæði, pottar til að taka á þeim vandamálum sem eru innbyggð í kvótakerfið eins og það er útfært. Þess vegna ítreka ég að þó að menn hafi þá meginreglu að reyna að festa kvótakerfið í sessi sjá þeir auðvitað líka að útfærslan á þessu kerfi dugir ekki, hún býr til endalaus vandamál og þau ætla menn svo að reyna að leysa með alls konar pottum.

Ef allt er lagt saman, herra forseti, aflaheimildirnar í 12. gr., 3.000 tonnin, 1.500 tonnin sem núna eru að koma, þ.e. byggðapottar og síðan byggðapottur smábátanna sem var verið að úthluta, 1.000 lestir í ýsu, 1.000 lestir í steinbít og 300 af ufsa, sjá menn auðvitað að þarna eru menn komnir með um 20 þús. tonn í heimildarákvæðum til að bregðast við vandamálum sem beinlínis koma upp vegna þess hvernig kerfið er útfært. Ég segi þess vegna að sú endurskoðun hefði átt að fara fram og birtast okkur í frv. sjútvrh. sem við erum hér að ræða við 3. umr., sem hefur verið kallað sáttafrv., hefur ekki farið fram. Hér er ekki verið að búa til neina sátt. Áfram á að notast við kerfi sem hefur miklar afleiðingar fyrir fólk í sjávarbyggðunum og atvinnuöryggi þess er ekki til staðar. Fólkið hefur ekkert um það að segja hvenær útgerðarmennirnir ákveða að selja þessar heimildir. Þar með er atvinnuréttur þeirra farinn burtu.

Þetta á því miður, herra forseti, einnig við um smábátana. Nú eru orðnir til stórir útgerðarmenn í hinu stóra aflamarkskerfi og síðan eru smábátaútgerðarmenn líka komnir með kvóta og allt er þetta orðin söluvara. Það er sem sagt enn þá frekar gengið á atvinnurétt byggðanna og þess vegna er það auðvitað svo eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar áðan að þetta kerfi svona útfært með innbyggðum atvinnumissi í ákveðnum byggðarlögum, sem enginn getur reyndar séð fyrir, er algerlega óásættanlegt. Þetta er óásættanlegt kerfi.

Þannig er staðan með þetta frv. Í 1. gr. fær Hafrannsóknastofnun sérstakt eftirlit með öðrum sem rannsaka hafið og vald til að leggja á það dóm hvort þeir megi það. Í öðru lagi eru hér 4. og 5. gr. sem kveða á um potta sem ætlað er að taka á þeim vandamálum sem fylgja kvótakerfinu. Síðan er auðvitað þessi skrýtna grein um það að útgerðarmenn á Íslandi skuli geta eignast ákveðið hlutfall af fisktegundum hér við land. Það er verið að hækka það. Í þorskinum voru það áður 10% — er núna hækkað í 12%, hækkað um 20%. Í ýsunni var það áður 10% sem hver útgerð mátti eiga. Það er núna fært upp í 20%, hækkað um 100%, herra forseti, á milli lagasetninga. (**Gripið fram í:** Ráðherrann var með 50%.) Ráðherrann gerði ráð fyrir því að hlutfalið væri 50%. Ráðherrann vildi koma með ákvæði inn í frv. sem gerði mögulegt að tvö fyrirtæki á Íslandsmiðum gætu átt alla ýsuna, alla grálúðuna eða allan karfann, svo að dæmi séu tekið.

Karfinn er settur í 35%, var áður í 20%. Það ver verið að hækka þessa heimild um 75% eins og menn sjá. Hér er verið að undirbúa, herra forseti, að sjö til átta fyrirtæki geti átt allan þorskinn, fimm fyrirtæki átt alla ýsuna og þrjú fyrirtæki átt allan karfakvótann. Hér er enn verið að ýta undir þessa samþjöppun. Það styrkir ekki byggðirnar, herra forseti. Það styrkir ekki hinar dreifðu sjávarbyggðir að gera þetta svona. Menn eiga eftir að reka sig á það þó að síðar verði og þá þurfa menn enn á ný, ef menn ætla að halda við þetta kerfi, að koma með nýja skósóla, nýja potta til að laga ástandið. Þannig verður það meðan menn reyna að keyra þetta kerfi óbreytt. Við fáum endalaust ný vandamál. Það er útilokað annað. Það er beinlínis innbyggt í þessa útfærslu.

Hér er síðan bráðabirgðaákvæði um þau 1.500 tonn sem eiga að koma á næsta ári, að af þeim komi þegar 500 tonn á þessu ári til úthlutunar til að taka á vanda byggða sem hafa orðið fyrir skakkaföllum. Síðan eru auðvitað 500 lestir af þorski sem eiga að fara í áframeldi eins og var rætt í byggðaáætlun.

Milli 2. og 3. umr. komu fram brtt. sem hv. frsm. sjútvn. hefur gert grein fyrir. Þar er verið að lagfæra hluti sem menn sáu, þrátt fyrir að búið væri að liggja yfir málinu, að voru ekki í lagi. Þannig er þetta kerfi því miður orðið, hver skóbótin ofan á aðra. Menn þurfa endalaust að liggja yfir þessum útfærslum til að ekki verði gerð alger mistök miðað við það sem menn ætla sér að gera.

Síðast en ekki síst er í þessu frv., herra forseti, ákvæði um að hér skuli tekið upp sérstakt veiðileyfagjald. Það er tilefni sérstakrar umræðu að ræða hvernig það er útfært. Það byggist, herra forseti, á því að gjaldið sé fundið út árið á undan og lagt á árið á eftir, án þess að vitað sé hver aflabrögðin verða, hvernig veðurfar og sjósókn verður háttað né hvernig verðþróunin verður árið á eftir. Þetta á samt að útfæra svona og finna út fasta krónutölu sem leggjast á ofan á hvert þorskígildi, herra forseti. Síðan á taka gjaldið árið eftir.

Herra forseti. Þrátt fyrir að menn tóku ekki rökum í nefndinni heldur ákváðu að fara með þetta svona áfram þá kemur það samt sem áður fram í nefndaráliti meiri hlutans að menn hafa áhyggjur af þessari útfærslu því það segir í

nefndaráliti meiri hlutans. Það var margrætt í nefndinni og margbent var á að þessi útfærsla gæti þýtt að verið væri að breyta útgerðarháttum á landinu, að verið væri að færa sóknina úr smærri fiski yfir í stærri fisk vegna þess að gjaldið væri föst krónutala á þorskígildiskíló. Þannig háttar til á miðunum við landið að þorskurinn er misstór. Tveggja til tveggja og hálfs kílóa fiskur er mikið veiddur fyrir Norðurlandi á sama tíma og megnið af fiskinum hér sunnan lands er kannski fjögur til fimm kíló og jafnvel þó nokkuð mikið af honum yfir sjö kíló. Fiskurinn er verðmætari eftir því sem hann er stærri. Ég tek dæmi af tveimur útgerðarmenn sem ættu jafnstóran kvóta samkvæmt þessu kvótafrv., t.d. 100 þorskígildistonn hvor. Við skulum segja að þau væru öll í þorski til að einfalda málið, að þetta væru bara 100 tonn í þorski. Annar þeirra gerði út frá norðausturhorni landsins eða Vestfjörðum og væri að meðaltali að fiska tveggja kílóa fisk. Hinn útgerðarmaðurinn sem ætti jafnmörg þorskígildi gerði út frá t.d. Grindavík eða Sandgerði og væri að jafnaði að fiska fimm kílóa fisk. Herra forseti. Við getum sagt að verð fisksins að vestan og norðan legði sig kannski á 120 kr. Það þætti bara nokkuð þokkalegt verð, held ég, jafnvel þó á markaði væri. Jafnmörg þorskígildi væru á báðum bátunum. En á sama tíma legði sig hvert þorskígildiskíló veitt sunnan lands á 250 kr. eða jafnvel meira, 300 kr. Allir sjá náttúrlega hvað er að gerast. Með þessari útfærslu er verið að ýta undir það að útgerðin færist jafnvel frá dreifðum byggðum norðan lands vegna stuðulsins, vegna fallþunga fisksins og verðsins, þangað sem stærsti fiskurinn er. Hvað erum við þá að gera m.a. með þessari útfærslu til viðbótar við leiguverðið? Við erum að ýta sókninni úr því að nýta alla árganga stofnsins í það að veiða ofan af stofninum stærsta fiskinn. Það verður að segjast eins og er að meiri hlutinn tók undir það að þarna væru ákveðin varúðarmerki sem þyrfti sérstaklega að huga að og segir í meirihlutaáliti sínu:

„Samkvæmt frumvarpinu er álagning veiðigjaldsins byggð á mælingu á þorskígildum. Í meðferð nefndarinnar kom fram gagnrýni á þessa mælieiningu. Var meðal annars bent á að hún gæti hvatt til veiða á stærri fiski og að ójafnræði kynni að hljótast af milli einstakra veiðarfæra og landshluta. Meiri hluti nefndarinnar telur að endurskoða þurfi þessar reglur svo og reglur um slægingarstuðul og kvótanotkun og að taka þurfi á spurningunni um undir- og yfirstuðul vegna stærðar fisks. Meiri hlutinn álítur nauðsynlegt að endurskoðun [að þessu leyti] verði lokið í tæka tíð, svo að nýjar reglur geti tekið gildi við upphaf fiskveiðiársins 2003/2004."

Herra forseti. Hvað er hér verið að segja? Í raun er verið að segja að á næsta Alþingi sem kemur saman væntanlega 1. október í haust þurfum við að taka til við að skoða nákvæmlega miðað við þessar forsendur sem hér er lýst og ég var að lýsa að ég hefði áhyggjur af og meiri hlutinn hefur tekið inn í sitt nefndarálit, hvernig þessi útfærsla veiðigjaldsins kemur út fyrir einstakar byggðir, einstök landsvæði, einstök skip miðað við það hvaða veiðimunstur er þar á fiski.

Herra forseti. Það liggur sem sagt ljóst fyrir að það sem hér er verið að gera í frv. er engin framtíðarlausn, alls ekki. Það er meira að segja beinlínis viðurkennt í nefndaráliti meiri hlutans að nauðsyn beri til að fara yfir þetta strax á næsta þingi þannig að slík endurskoðun geti leitt til þess að þetta taki gildi á fiskveiðiáramótunum 2003/2004. Ef við ætlum að taka á þessum vanda verðum sem sagt við að lögfesta það á næsta þingi svo það geti tekið gildi um þessi áramót. Það sýnist mér, herra forseti.

Þegar menn hafa farið í að skoða lögin um stjórn fiskveiða hafa þeir séð að vandamálin sem þarf að taka á eru svo mörg og umræðan hefur oft orðið það ströng að við erum ævinlega hér að afgreiða málin á síðustu dögum þings. Þannig hefur það verið. Þannig var það árið 1990, herra forseti, þegar frv. sem ég vitnaði til var afgreitt. Það var afgreitt á síðustu dögum þings og skrifað var um það í leiðara blaða og komst í fréttir að menn hefðu verið með vökustaura við að komast frá því að afgreiða lögin um stjórn fiskveiða, eins og við erum reyndar að gera á þessari nóttu, þ.e. að ræða lögin um stjórn fiskveiða langt inn í nóttina. Út af fyrir sig er mér alveg nákvæmlega sama um það, herra forseti, mín vegna hvort ég er ræði þetta að nóttu eða degi. Hins vegar er það kannski leiðinlegt fyrir marga aðra sem þurfa að sitja undir umræðunni. Samt er það nú svo að ekki sitja mjög margir undir þessari umræðu aðrir en þeir sem hafa á henni verulegan áhuga.

Herra forseti. Niðurstaðan frv. sem við ræðum er þessi: Verið er að setja inn ákvæði um að Hafrannsóknastofnun skuli dæma um hvaða menn aðrir en þeir fái að rannsaka fisk á Íslandsmiðum. Verið er að setja inn ákvæði í nokkrum greinum frv. um að bæta við pottum og tryggja potta til að taka á þeim vandamálum sem uppi eru. Samtals eru hinir ýmsu viðlagapottar í lögunum núna orðnir um 20 þús. tonn. Verið er að taka ákvörðun um að útfæra veiðigjald með þeim annmörkum að jafnvel meiri hlutinn setur það í nefndarálit sitt að það þurfi örugglega að taka á þessu vandamáli þegar á næsta þingi því að útfærslan sé slík að það komi þannig út. Þannig er nú það, herra forseti.

Herra forseti. Ég hef minnst frekar stuttlega á það í ræðu minni að við höfum ekki verið að veiða með neinu hættulegu móti hinar göfugu fisktegundir, ýsu og steinbít og að ekki hefði verið nein sérstök ástæða til þess að kvótasetja þær fisktegundir á smábátana, ekki út frá líffræðilegum forsendum. Ég er hér með sérstaka talnaröð alveg frá 1993 til ársins 2001 sem sýnir að þannig var það bara. Við þurftum ekkert á þessu að halda. Í raun var engin hætta á ferðum varðandi ýsustofninn. Annað er reyndar að koma í ljós þessa dagana. Togararall Hafrannsóknastofnunar m.a. sýnir að ýsustofninn er á mjög góðu róli. Það er eini stofninn sem virðist vera að stækka verulega þrátt fyrir að þar hafi kannski verið veitt á síðustu árum eitthvað umfram heimildir.

Ég gat aðeins um steinbítinn, aðra tegund sem mikil deila hefur staðið um. Hann var utan kvóta í fjölda ára en kom inn í kvóta 1996. Meðaltalsaflinn hefur verið 12.800 tonn. Meðan hann var utan kvóta var hann 13.300 tonn. Þarna munar ekki miklu á, enda hefur það reynst svo að enginn hefur séð nein hættumörk í sambandi við veiðarnar á steinbítnum.

Herra forseti. Ég hefði haft mjög gaman af því undir öðrum kringumstæðum en við lok þessarar umræðu að lesa kafla úr frv. frá 1990 sem er mjög merkilegt plagg að fara yfir svona eftir á að hyggja. En ég ætla ekki að gera það, herra forseti, því að ég býst við að það væri kannski rúmlega klukkutíma lestur og þar sem þetta er bæði til í þingtíðindunum og eins vafalaust hægt að fá útskrift af þessu frv. annars staðar, á netinu t.d., þá ætla ég ekki að gera það. En ég ráðlegg þeim mönnum sem hafa áhuga á því að kynna sér þá þróun sem hefur átt sér stað að glugga aðeins í þessar heimildir. Þær eru afar fróðlegar, herra forseti, fyrir þá sem þurfa að takast á við umfjöllun um fiskveiðistjórnarlögin því þær sýna okkur að kerfið sem við höfum komið okkur upp dugar ekki. Það mun ekki duga okkur. Það hefur ekki dugað

okkur. Við munum halda áfram að vera með alls konar potta til þess að taka á þessum vandamálum. Fleiri en ég hafa rætt um það í þessum ræðustól.

Síðan er það annað mjög mikið mál, þ.e. að við erum búin að loka okkur í raun af í þessu kerfi með því að núna höfum við kvótasett nánast alls staðar. Þar með er nýliðuninni lokað og menn eiga afar erfitt með að komast inn í þessa grein.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég rifja upp atriði sem mér finnst skipta nokkru máli að komi hérna fram alla vega. Fiskveiðistjórnin og nýting aflans hefur ævinlega skipt íbúa landsins miklu máli, einkum íbúa sjávarbyggðanna. Þar af leiðandi skiptir löndun aflans miklu máli. Samt sem áður fer fiskurinn með batnandi vegakerfi vítt og breitt um landið hvar svo sem hann er seldur. Það gerir það að verkum að vinnsla getur verið víða um landið og margar þessara vinnsla sem kaupa til sín hinar og þessar tegundir og sérhæfa sig eru að gera stórkostlega hluti í verðmætasköpun.

Stjórnarandstaðan á þingi hefur flutt tillögu um aðskilnað veiða og vinnslu, að þar skuli skilja á milli bókhaldslega og að þetta skuli vera tvö fyrirtæki. Ég held að þetta yrði til þess að bæta viðskiptaumhverfi í sjávarútvegi og ég er sannfærður um að þetta mundi líka smátt og smátt leiða til þess að sérhæfing í vinnslunni yrði meiri og að allir mundu hagnast á þessu fyrirkomulagi ef það yrði upp tekið, enda hafa aðrar þjóðir verið að taka þetta upp með góðum árangri, nú síðast Færeyingar og Danir, þ.e. að tryggja að fiskur sé seldur á mörkuðum og að skilið sé á milli veiða og vinnslu. Þetta auðveldar eftirlitsþáttinn og ekki er vanþörf á því því að hann hefur sífellt verið að þenjast út hjá okkur. Ef ég man rétt þá kostar 300 millj. að reka Fiskistofu á þessu fiskveiðiári, það kemur fram í fjárlögum.

Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að það yrði mikill ábati fyrir þjóðina þegar upp væri staðið að aðskilja veiðar og vinnslu. Að lokum mundu allir hagnast á því hvar sem þeir búa á landinu. Það er ömurlegt til þess að vita að sú tillaga sem var flutt af þeim sem hér stendur og hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, Árna Steinari Jóhannssyni og Jóhanni Ársælssyni um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu skuli ekki hafa fengið meiri hljómgrunn en raun ber vitni, einkum í ljósi þess að við völd í landinu situr ríkisstjórn þeirra flokka sem telja sjálfsagt að halda uppi eðlilegri samkeppni og eðlilegum viðskiptasjónarmiðum og að það muni þjóna okkur best til framtíðar. Þegar þetta er rætt er reyndin hins vegar allt önnur og menn fást ekki til þess að taka prinsippafstöðu þó að þjóðirnar í kringum okkur geri það og það hafi reynst vel. Þær eru að vísu með annað fiskveiðistjórnarkerfi, sumar hverjar, eða öðruvísi útfært. Færeyingar eru með sóknarkerfi sem hefur reynst þeim vel en það eru kvótar í Danmörku og Noregi, og samt eru menn með þessar reglur.

Herra forseti. Ég hefði viljað spyrja hvort hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður sjútvn., væri staddur í húsinu. Ég hyggst spyrja hann í lokin nokkurra spurninga þannig að bráðlega mundi ég óska eftir því að hann væri hérna.

Ég hef haldið því fram, herra forseti, að nauðsynlegasta verk við endurskoðun fiskveiðistefnunnar og nýrrar löggjafar um fiskveiðar og stjórn fiskveiðanna væri að tryggja rétt íbúanna, strandbyggðanna, til atvinnu. Ég hef sagt í blaðagrein að við slíka útfærslu þurfi að tryggja forgang til nýtingar fiskimiða og að strandveiðiréttur íbúanna við sjávarsíðuna sé þeim tryggður og hann megi ekki afnema, hann megi takmarka en ekki afnema. Það verður að tryggja strandveiðifólkinu þennan atvinnurétt. Þess vegna eiga markmið nýrra laga að vera að tryggja að strandveiðarnar fái notið nærveru sinnar við fiskimiðin og það verði að viðurkenna, bæði í lögunum um stjórn fiskveiða, í byggðastefnunni og í byggðastefnuútfærslunni, að þannig verði það að vera. Það verður að vera fullvíst að byggðirnar og fólkið sem þar býr eigi þennan rétt og strandveiðirétturinn og byggðarétturinn fari með einhverjum hætti saman. Þetta held ég að sé höfuðnauðsyn og ég hef sagt það líka, herra forseti, og skrifað um það að ég teldi að þetta mál ætti að nálgast með því að vera með meiri flotaskiptingar heldur en við erum með í dag. Þess vegna óttast ég þá aðgerð sem er í frv. núna, herra forseti, að fara í að stækka bátana, krókaaflamarksbátana, úr 6 tonnum upp í 15 tonn. Mér finnst það of róttækt skref og ég ætla m.a. að beina þeirri spurningu til hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar hvort hann hafi ekki efasemdir um að fara í þessa stærð, bæði með tilliti til þess sem þeir sögðu hjá Landssambandi smábátaeigenda þegar þeir komu til okkar og eins með tilliti til þess að við náum að halda þessari sérstöðu strandveiðanna. Hún er þá a.m.k. til staðar varðandi krókaaflamarksbátana sem áður voru þorskaflahámarksbátar og ég tel reyndar að þeir hefðu átt að vera það áfram og að við höfum stigið vond skref með því að fara í þessa kvótaskiptingu. Enn verri skref munum við stíga ef það skref sem við erum að stíga núna verður til þess að smábátaflotinn dettur með einhverjum hætti inn í hið stóra kerfi. Ég tel mikla hættu á því. Það kom m.a. fram í umsögn Landssambands smábátaeigenda og ég tek undir áhyggjur þeirra um þetta atriði.

Þess vegna endurtek ég spurningu mína til formanns sjútvn. um hvort hann hafi ekki af því nokkrar áhyggjur, þrátt fyrir þessa tillögu í frv. um að fara megi í 15 brúttótonna stækkun í smábátunum, að taka svona stórt skref. Ég hefði talið eðlilegt að staldra við smærra skref, t.d. 10 tonn.

Við lok umræðunnar langar mig að spyrja hv. formann sjútvn. — ég hef farið yfir það í löngu máli en veit ekki hvort formaður sjútvn. hefur heyrt að ég tel að við séum með hina ýmsu potta inni í lögunum um stjórn fiskveiða til að taka á vandamálum sem m.a. fylgja þessari útfærslu kerfisins, að veiðirétturinn er söluvara, og fólk í byggðunum hefur ekkert um það að segja, hvorki núna í smábátakerfinu né í stóra kerfinu. Við vitum vel að nokkur styr hefur staðið milli manna vegna þeirra potta sem við höfum úthlutað úr, jafnvel í sama kaupstað, milli byggðarlaga sem liggja tiltölulega nærri hvert öðru og eru í raun og veru með mjög svipaða stöðu, og ekki sjáanlegt að staða sjómanna sem þar vinna sé ólík stöðu hinna í smábátakerfinu sem hafa m.a. fengið síðustu uppbætur. Þess vegna spyr ég formann sjútvn. hvort hann sjái fyrir sér að sú úthlutun sem nú hefur átt sér stað verði óbreytt þannig að staðir eins og Þingeyri eða Patreksfjörður séu út úr myndinni. Breytist málið kannski að öðru leyti? Í lögunum segir t.d. um þessa potta, þúsund tonnin í steinbít, þúsund tonnin í ýsu og 300 tonnin í ufsa, að þeim skuli úthlutað árlega. Þeim á þá aftur að úthluta eftir 1. september nk. Ég þykist alveg vita að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson hefur auðvitað orðið var við það eins og við, aðrir þingmenn, að sitt sýnist hverjum um þessa úthlutun. Kannski verður aldrei gert svo öllum líki. Auðvitað er verið að útdeila pottum, og potturinn er ekki það stór að hann geti komið til allra. En mig langar til að vita, herra forseti, hvað þingmaðurinn sér fyrir sér um breytingar í þessa veru. Verður það t.d. þannig áfram að staður eins og Þingeyri eigi

ekki rétt á úthlutun svo ég taki bara nærtækt dæmi? Það er staður sem liggur milli svæða, Flateyrar og Tálknafjarðar, og mér finnast ýmsar ástæður benda til þess að úthlutunin á þann stað — sem var engin til smábátasjómanna — sé að mörgu leyti óréttlát og miðist í raun og veru við þær aflaheimildir sem áður voru settar þangað til ákveðins fyrirtækis í byggðakvóta og annað slíkt.

Þetta vildi ég spyrja um vegna þess að ég þykist vita að menn séu að velta fyrir sér að á þessu geti orðið einhverjar breytingar. Þess vegna held ég að það væri eðlilegt að hv. þm., formaður sjútvn., segði okkur eitthvað um það hvað hann hugsar í þá veru eða hvað hann þykist sjá fyrir í því. Það er auðvitað sjútvrn. sem úthlutar þessu og gerir það sjálfsagt í samráði við Fiskistofu og stjórnarliða, m.a. í sjútvn. Þegar verið er að útdeila svona rétti sýnist sitt hverjum um það.

Herra forseti. Fullt tilefni væri til að halda þessari umræðu áfram lengur enda engin ástæða til að fara að sofa, það er kominn bjartur dagur og fullt af atriðum sem ég mundi vilja ræða um. Ég ætla samt að láta nokkurn veginn staðar numið. Ég ætla þó, herra forseti, að minna á blaðagrein sem birtist eftir að frv. hæstv. sjútvrh. kom fram, eins og það kom fram og sjútvrh. kynnti sem sátt í málinu. Svofelldum orðum var farið í ritstjórnargrein Bæjarins besta á Ísafirði, með leyfi forseta:

„Ljóst er nú, sem margir spáðu fyrir, að „þjóðarsáttin mikla" sem sáttanefndin um stjórn fiskveiða átti að ala af sér, var andvana fædd. Andlát nefndarinnar sjálfrar leiðir þó gott eitt af sér: Ekki verður lengur skákað í skjóli hennar.

Er þá tími til kominn að þjóðin taki við sér og komi stjórnmálamönnum í skilning um það í eitt skipti fyrir öll, að það verður aldrei sátt um stjórn fiskveiða í þessu landi fyrr en dregin verða mörk milli strandveiða og úthafsveiða, fyrr en gjafakvótinn verður aflagður, fyrr en kvótabraskið verður aflagt. Það verður aldrei sátt um að heilu byggðarlögin verði lögð í eyði og íbúarnir sviptir aldagömlum rétti til veiða á flóum og fjörðum, þegar sýnt er eftir tveggja áratuga reynslu af kvótakerfinu að verndun fiskstofna, höfuðtilgangur laganna um fiskveiðistjórn, hefur ekki gengið eftir. Það næst aldrei sátt um að vistvænasta veiðiaðferðin, krókaveiðar, verði lögð af til þess eins að þóknast stórútgerðinni. Né heldur að rétturinn til fiskveiða við strendur Íslands sé færður fáeinum einstaklingum og fjölskyldum til eignar og umráða um ómunatíð. Aldrei."

Þetta segir í leiðaranum og ég er sammála honum. Síðan segir Ellert B. Schram í grein sem hann skrifaði um þessa sátt — ég ætla ekki að lesa úr henni — með leyfi forseta: „Er spaugað með þjóðina?" þegar talað er um að það frv. sem við erum hér að ræða búi til einhverja sátt. Mörgum finnst auðvitað sú sátt sem menn áttu von á að hugsanlega kæmi fram um þetta mál engin vera, og við munum takast á um þetta mál á næsta þingi og síðan auðvitað í kosningum vorið 2003. Það liggur algerlega skýrt fyrir. Þeim slag verður ekki sleppt. Hann kemur og þá tökumst við bara á um það. Vilja menn halda áfram þessari kvótastýringu og pottaskóbótunum til að leysa vandamálin sem upp koma eða viljum við útfæra veiðiréttinn þannig að fólkið í byggðunum öðlist á ný vissu um að það eigi sama rétt á atvinnunni og útgerðarmennirnir með því að veiðiréttur útgerðarmannanna verði sá að fara til sjávar til að afla sér tekna en ekki leigu- og söluréttur? Þegar það er gert hefur fólkinu aftur verið fenginn sá réttur að hafa atvinnu af því að veiða fisk, og atvinnu af því að vinna fisk í landi. Þá öðlast fólkið á ný þá öryggistilfinningu að það sé áframhaldandi atvinnuréttur í byggðunum. Það held ég að sé nauðsynlegasta mál íslenskrar fiskveiðistjórnar til langrar framtíðar.

[04:45]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf. spurði mig tveggja spurninga. Hann spurði annars vegar hvort ég hefði ekki áhyggjur af ákvæði í þessu frv. um stækkun krókaleyfisbáta úr 6 tonnum í 15 tonn. Ég hef ekki áhyggjur af því. Ég held að þetta sé að flestu leyti skynsamlegt skref eins og ég hef áður fært rök fyrir. Þetta mun auka öryggi við sjósókn, auka öryggi við hráefnisöflun. Ég held að í sjálfu sér sé þetta mjög skynsamleg leið.

Hv. þm. velti fyrir sér hvort þetta mundi ekki draga úr sérstöðu kerfisins. Ég held að svo sé ekki. Í þessu sambandi bendi ég m.a. á að menn hafa verið að tala um það á undanförnum árum að nauðsynlegt sé að þróa þetta kerfi þannig að það nái til þess sem menn hafa kallað strandveiðiflotann. Þar hafa menn verið að tala um stærri báta en 6 tonn. Ég held að það sé ekkert vandamál að tryggja sérstöðu þessara báta.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi ekki að gefa nokkuð eftir með að þetta verði krókaleyfisfloti. Í mínum huga eru fyrst og fremst líffræðileg rök fyrir því. Með því sækjum við í réttar stærðir fisks, þá stærð sem við viljum sækja og þannig eru þessi fiskifræðilegu, líffræðilegu rök.

Í öðru lagi spurði hv. þm. mig varðandi úthlutun á byggðakvóta. Það er rétt að upp koma ýmis umdeilanleg tilvik og ég tel sjálfsagt að menn fari ofan í þau efnislega áður en næsta úthlutun á sér stað. Sérstaklega ber að skoða hvernig hægt er að koma í veg fyrir að bátar sem starfa í raun ekki í viðkomandi byggðarlögum fái þessa byggðakvóta. Mér finnst alveg sjálfgefið að skoða sérstaklega stöðu einstakra byggðarlaga eins og þeirra sem hv. þm. nefndi. Ég vek í því sambandi líka athygli á að við kusum að opna, í brtt. meiri hluta sjútvn., á viðbótarbyggðapott, þ.e. láta þann byggðapott sem gert er ráð fyrir að taki gildi um næstu fiskveiðiáramót taka gildi að $^1/_3$ þegar á þessu ári. Þarna skapast auðvitað ákveðið svigrúm til að koma til móts við þarfir viðkomandi byggðarlaga.

[04:48]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Eins og fram hefur komið er samkomulag um að ljúka umræðu um þessi mál. Í raun flutti ég í fyrri atrennu 3. umr. afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til málsins. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, samrýmist engan veginn okkar stefnu. Það eru einkum fjórir liðir sem þarna er farið í. Ég vil bara fara efnislega í gegnum það.

Við getum ekki sætt okkur við að ekki sé opnað fyrir nýjar víddir í hafrannsóknum. Við höfðum lagt til að það væru aðrir aðilar hefðu aðkomu að hafrannsóknum, félagasamtök, einstakir vísindamenn eða háskólar í landinu. Það var almennur vilji fyrir því í sjútvn., þar sem ég er áheyrnarfulltrúi, en það er greinilega ekki ríkisstjórnarstemmning fyrir því dæmi. Þær hugmyndir komust því ekki í gegn hjá ráðuneyti og ráðherra þó að vilji nefndarmanna stæði til þess. Ég tel það mjög miður.

Svo er lyft þaki varðandi hlutdeild í tegundum þó að búið sé að lækka það aftur frá upprunalegum tillögum. Þaki á karfa er t.d. lyft. Leyft er að fara upp í 35% af veiðiheimildunum,

þ.e. að eitt fyrirtæki hafi svo mikla hlutdeild. Í upprunalegum tillögum hafði verið gert ráð fyrir 50% í ýmsum tegundum, t.d. ýsu, ufsa, karfa og grálúðu. Þessu hefur nú verið breytt aftur og ég tel að það sé af því góða. Í raun hefur ekkert ýtt á að þessi þök yrðu hækkuð hingað til. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að Grandi er ekki einu sinni kominn upp í þakið í karfanum. Hann er með 19% hlutdeild.

Í þriðja lagi sættum við okkur ekki við veiðigjaldið eins og það er ákveðið í frv. Það samræmist engan veginn hugmyndum okkar. Þetta er einhvers konar friðþægingarveiðigjald og útgerðin kemur til með að borga 2–2,5 milljarða í veiðigjald eftir sérstökum formúlum. Það er ekki ásetningur okkar að skattleggja útgerðina en við mundum vilja nota veiðigjald sem hluta af stýringu til að ná fram markmiðum um vernd og viðgang fiskstofnanna. Þannig megum við ná betri árangri. Við getum ekki fallist á aðferðina sem valin er í frv.

Að auki teljum við frv. hluta af aðferð hæstv. ríkisstjórnar eins og hún hefur keyrt sjávarútvegsstefnuna. Með þessu er verið að slökkva eldana og vandamálin eins og þau koma upp í sjávarbyggðum landsins með því að hafa potta til útdeilingar frá sjútvrh. Þessir pottar eru vandræðalausn. Ég kom að því í ræðu minni síðast þegar ég fjallaði um þetta mál í fyrri umræðu. Pottarnir eru einfaldlega leið til að leysa vandamál sem koma upp vegna kerfisins sem leiðir til fækkunar og stækkunar fyrirtækjanna. Þar með spretta stöðugt upp ný vandamál í sjávarbyggðum landsins.

Í málflutningi mínum hefur komið fram að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum sjá allt aðra þróun í sjávarútvegi en hér er lagt upp með. Við höfum lagt fram sjávarútvegstillögur okkar sem byggja á að fara blöndu af svokallaðri fyrningarleið og veiðigjaldsleið. Það sem stendur upp úr í málflutningi okkar er að við viljum byggðatengja kvóta, endurúthluta með byggðatengingum. Við teljum það algert réttlætismál og á því byggjum við stefnu okkar.

Virðulegi forseti. Inn á þetta allt kom ég í fyrri ræðum mínum og nú stendur yfir 3. umr. um þetta mál. Ég held að ég hafi komið öllum sjónarmiðum okkar á framfæri í málflutningi mínum hingað til. Þetta frv. festir í sessi þá stefnu sem tekin hefur verið, með fækkun og stækkun fyrirtækja, stöðugum vandamálum í sjávarbyggðum landsins. Um þetta er hægt að flytja langar og miklar ræður og fara ofan í smáatriði en ég geri það ekki núna, m.a. af tillitssemi við starfsfólk okkar í þinghúsinu sem sumt hefur verið 20 tíma að vinnu. Sum okkar þurfa síðan að sinna skyldustörfum á vegum þingsins á nýjan leik innan örfárra klukkutíma. Ég held að ég hafi skilað því í umræðuna sem ég hef fram að færa og læt máli mínu lokið.

[04:54]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil bara lýsa yfir því að fiskveiðistjórnarkerfið sem festa á hér í sessi er mjög slæmt. Besta dæmið um það er síðasta kvótaúthlutunarkerfi sem var skapað fyrir fáeinum dögum. Sú úthlutun hefur orðið til að skapa illindi, reiði og gremju víða um landið. Ég er á þeirri skoðun að það hljóti að renna upp fyrir hæstv. ríkisstjórn fyrr en síðar að það sem hún hefur staðið fyrir undanfarin ár er eitt mesta ófriðarbál sem logað hefur í landinu.

Ég vona og trúi því að þetta kerfi, fiskveiðistjórnarkerfi hæstv. ríkisstjórnar, muni líða undir lok sem allra fyrst, landinu og byggðinni til blessunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15.–16., 18.–19. og 27.–28. mál.

Fundi slitið kl. 04:56.

---

136. FUNDUR

föstudaginn 3. maí,
að loknum 135. fundi.

Dagskrá:

Raforkulög, stjfrv., 662. mál, þskj. 1072. — 1. umr.

Raforkulög, 1. umr.

Stjfrv., 662. mál (heildarlög). — Þskj. 1072.

[04:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Um þessa þætti raforkumarkaðar er nú fjallað í mörgum lögum og er því samhliða frv. einnig lagt fram frv. til laga um breytingu á viðkomandi lögum sem nauðsynlegar eru vegna frv. þessa.

Núverandi skipulag raforkumála hefur að mörgu leyti reynst vel. Raforkukerfið er tæknilega gott og búa notendur við mikið afhendingaröryggi. Engu að síður er þörf á breytingum og nauðsynlegt var orðið að endurskoða lagaumhverfið. Hvers vegna? spyrja sumir. Svörin við því eru mörg.

Á síðustu árum hefur kerfið sætt gagnrýni. Meðal annars þykir það vera ógegnsætt. Því er haldið fram að aðilar á raforkumarkaði sitji ekki við sama borð og gagnrýnt að engin samkeppni sé fyrir hendi í raforkuframleiðslu. Þá er Ísland skuldbundið samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að innleiða tilskipun í ESB um innri markað raforku fyrir 1. júlí 2002.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá því í nóvember 1999 var tilskipunin hluti af EES-samningnum. Hornsteinar tilskipunarinnar eru:

1. Frelsi til vinnslu raforku og opnun raforkumarkaðarins í áföngum.

2. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu í raforku a.m.k. í bókhaldi.

3. Jafnrétti hvað varðar aðgang að flutnings- og dreifikerfi raforku.

Herra forseti. Hér er um að ræða afar efnismikið mál og hefur það verið til umræðu bæði utan þings og innan sl. sex ár. Í apríl 1996 skipaði páv. iðn.- og viðskrh. sérstaka ráðgjafarnefnd vegna endurskoðunar löggjafar um vinnslu, flutning og dreifingu orku. Í ráðgjafarnefndinni áttu sæti fulltrúar orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila á vinnumarkaði. Álit nefndarinnar var gefið út í ítarlegri skýrslu sem ber heitið Framtíðarskipan orkumála.

Í kjölfar nefndarstarfsins mælti iðnrh. fyrir till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála og var hún lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi. Byggðist tillagan að verulegu leyti á skýrslu nefndarinnar.

Efni þáltill. er gerð skil í athugasemdum við frv. Eðlilega urðu talsverðar umræður um tillöguna á Alþingi. Var henni í kjölfar umræðunnar vísað til iðnn. Fékk nefndin á sinn fund marga aðila og fjölda umsagna um ályktunina. Í niðurstöðum meiri hluta nefndarinnar kom fram að til þess að stuðla að þjóðhagslegri hagkvæmni í nýtingu orkulinda þyrfti að móta löggjöf sem tryggði jafnan aðgang að orkulindum á markaði. Þá þyrfti að haga verðjöfnunaraðgerðum með þeim hætti að kostnaður við notendur væri sýnilegur sem og ráðstafanir vegna orkuverðsjöfnunar. Þá kom fram að opna þyrfti leiðir fyrir fjárfesta til að leggja áhættufé í orkumannvirki og það yrði best gert með því að skapa fyrirtækjum og fjárfestum í raforkugeiranum starfsumhverfi sambærilegt því sem aðrar atvinnugreinar byggju við. Nauðsynlegt væri að breyta eignarformi þeirra í hlutafélög. Meiri hlutinn taldi að megininntak þeirrar skipulagsbreytingar sem gera þyrfti væri aðskilnaður ýmissa þátta starfseminnar sem til þessa hafi verið á einni hendi, þ.e. vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku.

Meiri hlutinn lagði til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á þáltill. til frekari áherslu. Lögð var áhersla á að ný skipan raforkumála leiddi til þjóðhagslega hagkvæmrar nýtingar orkulinda í sátt við umhverfi landsins. Þá var lagt til að mörkuð yrði stefna í rannsóknum á orkulindum og ítrekað að við mótun skilyrða fyrir veitingu virkjunarleyfa yrði sérstaklega litið til afhendingaröryggis. Meiri hlutinn taldi jafnframt að kanna þyrfti rækilega á hvern hátt verðjöfnun yrði best komið fyrir við nýskipan raforkumála.

Með vísan til framangreindra breytinga mælti meiri hlutinn með samþykkt tillögunnar í nál. sínu. Hún kom þó ekki til afgreiðslu Alþingis.

Í framhaldi af umfjöllun á Alþingi skipaði iðnrh. nefnd til að fjalla um stofnun fyrirtækis til að sjá um flutning orku frá virkjunum til dreifiveitna. Nefndin lauk störfum í febrúar 2000 og var álit nefndarinnar gefið út í sérstöku riti og kynnt öllum helstu hagsmunaaðilum vorið 2000. Nefndin lagði til nokkrar skipulagsbreytingar á raforkuflutningi þar sem gert var ráð fyrir að stofnað yrði sjálfstætt fyrirtæki til að sjáum flutning raforku. Skyldi það verða í eigu orkuveitnanna og bæri þeim að leggja eignir til fyrirtækisins. Nefndin gerði ráð fyrir að gjaldskrá fyrir flutning yrði þannig upp byggð að notendur og framleiðendur gætu merkt breytilegan kostnað við raforkuflutning. Lagði nefndin til að í gjaldskrá yrði tekið tillit til jaðartapa í flutningskerfinu. Þá gerði nefndin ráð fyrir því að öll fyrirtækin í greininni yrðu hlutafélög til að tryggja jafnræði milli þeirra.

Herra forseti. Fyrstu drög að frv. til raforkulaga voru unnin í iðnrn. í árslok 1998 og byrjun árs 1999. Hagsmunaaðilar fengu þau í hendur og voru haldnir margir kynningarfundir um efni frv. 1999. Fjöldi athugasemda barst sem hafðar voru til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við frv. Eftir að skýrsla flutningsnefndarinnar kom út í ársbyrjun 2000 var í iðnrn. lögð aukin vinna í lokaundirbúning frv.

Frv. til raforkulaga var lagt fram til kynningar á 126. löggjafarþingi. Iðnn. sendi frv. til umsagnar. Í frv. þessu hefur verið tekið tillit til margra þeirra, bæði efnislegra og þeirra er lúta að orðalagi. Eru breytingarnar raktar í athugasemdum við frv.

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram hefur skipan raforkumála víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur þróunin almennt grundvallast á tilskipun ESB um innri markað raforku. Tilskipunin setur lágmarkskröfur og er hún málamiðlun margra ríkja. Vænta má breytinga á henni í náinni framtíð en í mars á síðasta ári kynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögur um breytingar á tilskipuninni. Miða þær að því að tryggja frekar forsendur samkeppni, auka frelsi á markaði, tryggja framboð raforku og vernd neytenda. Tillögurnar eru nú til meðferðar hjá ráðherraráði Evrópusambandsins og þinginu.

Vinnsla raforku á samkvæmt frv. að vera frjáls þegar 1. janúar 2003. Frá sama tíma mun ekki þurfa samþykki Alþingis fyrir nýjum virkjunum. Í frv. er gert ráð fyrir að settar verði hlutlægar og gegnsæjar reglur um veitingu vinnsluleyfis. Jafnræði til vinnslu á því að vera tryggt sem og gegnsæi við ákvarðanatöku stjórnvalda. Leyfisveitingavaldið á að vera í höndum ráðherra og þarf leyfi hans fyrir virkjunum sem eru 1 megavatt eða meira. Getur ráðherra framselt valdið til Orkustofnunar.

Verði frv. að lögum munu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum. Þau sjónarmið sem heimilt er að byggja leyfisveitingar á eru tæmandi talin í frv. og eru þau samkvæmt tilskipun ESB um innri markað raforku. Líkt og samkvæmt auðlindalögum er lagt til að heimilt verði að innheimta gjald fyrir nýtingu auðlinda á jörðum í ríkseign. Um innheimtu slíks gjalds í þjóðlendum færi samkvæmt þjóðlendulögum.

Herra forseti. Miðað er við að viðskipti með raforkuver verði gefin frjáls í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn er strax 1. janúar 2003 þegar lögin eiga að koma til framkvæmda. Þá eiga allir notendur sem nota meira en 100 gígavattstundir af raforku á ári að geta valið um raforkusala. Síðari áfanginn er 1. janúar 2004 og á þá að verða fullt frelsi á raforkumarkaði. Allir notendur geta þá skipt um raforkusala. Leyfi þarf til að stunda raforkuviðskipti en skilyrði þess eru almenns eðlis og því í raun á færi flestra sem það vilja. Orkuviðskiptin munu lúta sömu lögmálum og önnur frjáls viðskipti. Jafnræði í vinnslu og sölu verða því aðeins tryggð að skilið verði milli samkeppnis- og einokunarþátta. Í því frv. sem kynnt var á síðasta löggjafarþingi var lagt til að einokunarstarfsemi og samkeppnisstarfsemi þyrfti að reka í aðskildum fyrirtækjum. Fulltrúar dreifiveitna gerðu athugasemdir vegna þessa. Þeir töldu rangt að ganga lengra en tilskipun 96/92 EB um innri markað raforku gerir ráð fyrir. Bent var á smæð íslenskra fyrirtækja og að fyrirtækjaaðskilnaður mundi auka kostnað í rekstri.

Í því frv. sem nú er mælt fyrir er lagt til að bókhaldslegur aðskilnaður verði að meginstefnu til látinn nægja. Til þess að tryggja jafn vel og fyrirtækjaaðskilnaður gegnsæi og að ekki verði um að ræða óeðlilegar millifærslur milli einokunar- og samkeppnisþátta eru lagðar til ítarlegar reglur um hvernig að bókhaldslegum aðskilnaði skuli staðið.

Herra forseti. Þá mun ég víkja að sérleyfisþáttum, þ.e. flutningi og dreifingu.

Frv. byggir á því eins og almennt er viðurkennt að náttúruleg einokun sé ekki fyrir hendi við flutning og dreifingu raforku. Rök markaðsvæðingar eru því ekki fyrir hendi hvað þessa þætti varðar. Hins vegar eru í frv. reglur sem eiga að stuðla að því að þau fyrirtæki sem starfa að flutningi og dreifingu hafi sambærilega hvata til hagkvæmni í rekstri og

ef um samkeppnisstarfsemi væri að ræða. Er hér um að ræða verulega breytingu frá gildandi kerfi.

Þá eru settar reglur sem eiga að tryggja að öryggi og áreiðanleiki kerfisins verði eftir sem áður fullnægjandi. Enn fremur eiga reglur frv. að stuðla að auknu gegnsæi.

Hvað flutning raforku snertir byggir frv. að meginstefnu til á tillögum nefndar um framtíðarskipan raforkuflutnings á Íslandi. Er þó í nokkrum atriðum vikið frá áliti hennar. Er þar helst að nefna afmörkun flutningskerfisins þar sem frv. gerir ráð fyrir að það nái niður á lægri spennu en nefndin gerði ráð fyrir, þ.e. allt niður í 30 kílóvatta spennu. Er með því tryggt að allar dreifiveitur tengjast flutningskerfinu eins og gerð er krafa um í tilskipun ESB. Ekki er lagt til að stofnað verði fyrirtæki um flutningskerfið með þvingaðri eignaraðild eigenda flutningsfyrirtækja eins og nefndin lagði til. Þess í stað er lagt til að iðnrh. tilnefni það fyrirtæki sem á að reka flutningskerfið. Skal iðnrh. beita sér fyrir stofnun fyrirtækis með aðkomu eigenda flutningsvirkja. Ekki er skilyrði að allir eigendur flutningsvirkja eigi aðild að fyrirtækinu þó það sé æskilegt. Náist ekki að stofna slíkt fyrirtæki er gert ráð fyrir að stofnað verði ríkisfyrirtæki til að annast þá starfsemi. Þá er í frv. ekki gerð krafa um að raforkufyrirtæki verði rekin í hlutafélagaformi eins og flutningsnefndin lagði til. Er leitast við að ná fram sömu markmiðum með síður íþyngjandi leiðum. Eiga fyrirtækin samkvæmt frv. að vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Hlutafélagsformið er þó að ýmsu leyti æskilegt, m.a. til þess að fá innlenda og erlenda fjárfesta til að taka þátt í byggingu virkjana hér á landi og draga þar með úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju. Flutningsfyrirtækið á samkvæmt frv. að annast alla flutningsstarfsemi og bera ábyrgð á að uppbygging kerfisins sé hagkvæm og tryggi skilvirkni og öryggi í flutningum. Flutningsfyrirtæki verður að gæta jafnræðis og verður að annast flutninga fyrir alla sem þess óska, enda greiði þeir fyrir það og næg flutningsgeta verði fyrir hendi. Flutningskerfið nær eins og áður segir niður á 30 kílóvött en þar sem því sleppir tekur dreifikerfið við. Flutningsfyrirtæki á enn fremur að sinna kerfisstjórnun sem felst fyrst og fremst í því að stilla saman raforkuþörf og vinnslu. Hefur fyrirtækið sem slíkt ríkar íhlutunarheimildir og getur krafið fyrirtæki um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti sinnt hlutverki sínu. Er því afar mikilvægt að tryggja hlutleysi þessa fyrirtækis, m.a. með aðskilnaði frá annarri starfsemi. Er flutningsfyrirtækinu því óheimilt að stunda aðra starfsemi en raforkuflutning og kerfisstjórnun auk reksturs raforkumarkaðar.

Herra forseti. Í frv. eru settar reglur um gjaldskrá fyrir flutning raforku. Á gjaldskráin að vera gegnsæ og byggjast á rekstrarlegum forsendum. Byggðalínuhringurinn tryggir að unnt er að flytja raforku frá öllum vinnslum til allra notenda. Hann tryggir því forsendur samkeppni og öryggi raforkuafhendingar fyrir alla landsmenn. Það er því eðlilegt að allir landsmenn taki jafnan þátt í kostnaði við uppbyggingu og rekstur hans. Í samræmi við tillögu nefndar um framtíðarskipan raforkuflutnings á Íslandi á svo að byggja á raunverulegum stofn- og rekstrarkostnaði í aðveitukerfinu.

Sú breyting hefur verið gerð á frv. frá því að það var kynnt á síðasta þingi að ekki er lengur gert ráð fyrir að tekið sé tillit til jaðartapa í gjaldskrá. Jaðartöpin áttu að stuðla að því að notendur merktu breytilegan kostnað við flutning raforku. Við nánari skoðun þótti slík gjaldskrá flókin og hætta á að notendur skynjuðu því ekki ástæður breytileikans. Þess í stað er nú miðað við að tapi í flutningskerfinu verði jafnað þannig að gjaldskrá í meginflutningskerfinu verði sem næst sú sama alls staðar.

Til að tryggja hagkvæmni kerfisins og vernda neytendur er frelsi fyrirtækisins til að ákveða gjaldskrá settar skorður. Gjaldskráin verður að byggja á tekjuramma sem Orkustofnun ákveður. Gerð verður krafa um arðsemi í rekstri fyrirtækisins og getur Orkustofnun sem eftirlitsaðili krafist þess að fyrirtækið hagræði í rekstrinum. Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti dreifiveitum sérleyfi til dreifingar á tilgreindum svæðum. Eins og flutningsfyrirtæki bera þær ríkar skyldur hvað snertir hagkvæmni, skilvirkni og öryggi kerfisins og jafnræði gagnvart notendum þess. Sama gjaldskrá á að gilda á fyrrgreindum gjaldskrársvæðum og eru dreifiveitum settar sambærilegar takmarkanir við ákvörðun gjaldskrár og flutningsfyrirtækjum.

Herra forseti. Í dag eru óarðbærar einingar í aðveitu- og dreifikerfinu og hefur kostnaður vegna þeirra verið jafnaður út í gjaldskrá á svæðum viðkomandi veitna. Þannig hafa viðskiptavinir Rariks og Orkubús Vestfjarða einir borið kostnað af óarðbærum einingum í aðveitu- og dreifikerfi fyrirtækjanna. Enn fremur hafa hinar óarðbæru einingar leitt til hallareksturs hjá Rarik þar til í óefni hefur verið komið en þá hefur ríkið yfirleitt yfirtekið hluta af uppsöfnuðum rekstrarskuldum. Með því að gjaldskráin á að endurspegla raunverulegan kostnað í aðveitu- og dreifikerfinu og gerðar eru arðsemiskröfur til flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna er ljóst að mæta þarf þessum kostnaði með öðrum hætti en verið hefur.

Samhliða frv. þessu er lagt fram frv. til laga um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku þar sem fram koma tillögur um hvernig jöfnun skuli háttað.

Til að tryggja að markmiðum frv. verði náð þarf opinbert eftirlit með því að leyfishafar uppfylli sett skilyrði og að flutningsfyrirtæki og dreifiveitur ræki skyldur sínar og fari að reglum um gjaldskrá. Mikilvægt er að opinbert eftirlit sé ekki umfram það sem nauðsyn ber til og að því sé hagað á þann veg að kostnaður vegna þess sé í lágmarki. Af þeim sökum er miðað við að eftirlit verði sem mest hjá fyrirtækjunum sjálfum, þ.e. innra eftirlit. Hjá beinu eftirliti verður þó ekki komist. Þar sem því verður við komið þykir rétt að faggiltar skoðunarstofur annist eftirlit fyrir hönd opinberra eftirlitsaðila.

Orkustofnun er falið að hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfar samkvæmt lögunum fullnægi þeim skilyrðum um starfsemina sem þar eru sett. Felst eftirlitið einkum í eftirliti með gjaldskrá og starfsemi sérleyfisfyrirtækjanna. Stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar verður því aukið frá því sem nú er. Þá getur ráðherra framselt leyfisveitingavald sitt samkvæmt frv. til Orkustofnunar. Ef um slíkt framsal verður að ræða verða ákvarðanir Orkustofnunar varðandi leyfið kærðar til ráðuneytisins. Aukið hlutverk Orkustofnunar kallar á rækilega skoðun á starfsemi og skipulagi stofnunarinnar.

Áréttað er í frv. að Samkeppnisstofnun fari með eftirlit með fyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði, þ.e. vinnslu- og sölufyrirtækjum. Til að tryggja neytendavernd er gert ráð fyrir að settar verði reglur um öryggi og gæði raforkuafhendingar. Á Löggildingarstofa að hafa eftirlit með að þeim reglum sé fylgt. Er slík neytendvernd nýmæli. Árlegur kostnaður vegna opinbers eftirlits er metinn um það bil

70 millj. kr. Lagt er til að flutningsfyrirtæki og dreifiveitur skuli greiða kostnaðinn.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að að lokinni umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[05:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á svolítið erfitt með að átta mig á hvers vegna efnt er til þessarar umræðu nú á sjötta tímanum því að frv. hefur verið lagt fram í þinginu og ætti þannig að fullnægja skilyrðum sem sett eru í Brussel hvað það snertir.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er með þessu frv. verið að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Frá þessu segir í 1. gr. frv. Þetta er hið fyrsta sem upp er talið og meginátherslan í máli hæstv. ráðherra var á þetta, enda áréttaði hún að sett hefði verið fram mikil gagnrýni um skort á samkeppni í raforkugeiranum.

Hvaðan hefur þessi gagnrýni komið? Frá almenningi í landinu? Það er talað líka um nauðsyn þess að skapa fjárfestum eðlileg og góð skilyrði. Ég held að almenningur á Íslandi sé upptekinn við annað en þetta. En þetta er nálgun úr þessari fjárfestingar- og markaðsvæðingarátt.

Sú gagnrýni sem ég hef heyrt er að ríkisstjórnin skuli ekki hafa haft dug í sér til að leita eftir undanþágu frá reglum Evrópusambandsins og gagnrýnin sem ég hef heyrt, bæði frá almenningi og innan úr raforkugeiranum, er einmitt sú að okkur sem stöndum utan markaðssvæðis Evrópu skuli gert að laga okkur í einu og öllu að reglustiku Brussel-valdsins, Evrópu. Kom það aldrei til álita af hálfu ríkisstjórnarinnar að leita eftir slíkri undanþágu og kemur það enn til greina að fara fram á slíka undanþágu? Það kæmi ekki í veg fyrir það hins vegar að við gerðum ýmsar breytingar. En okkur væri þá í sjálfsvald sett að ákveða hverjar þær yrðu.

[05:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er um það að ræða að við sækjum um það nú að fá undanþágu frá þessari tilskipun. Ég tel reyndar að ekki hafi heldur verið grundvöllur til þess að fara fram á það fyrr á þessu ferli. Þessi tilskipun er staðreynd sem við þurfum að innleiða og þyrftum að hafa innleitt í sumar fyrir 1. júlí. Það mun ekki takast. Ég tel þó mikilvægt að málið er til umfjöllunar á Alþingi. Mælt hefur verið fyrir því hér. Síðan verðum við að sjá til hvernig ESA mun taka á því. En ég vonast svo sannarlega til þess að það verði að lögum snemma á haustþingi.

Ég tel að þetta mál sé í raun engin neyð fyrir okkur Íslendinga, að það sé ekki bara vegna tilskipunarinnar að mikilvægt sé að við förum í þessa breytingu. Ég held að hún muni leiða af sér gegnsæi í raforkukerfinu sem er mikilvægt. Ég held að með þessu frv. getum við séð fram á nýja tíma og mikla þróun í raforkugeiranum sem verði okkur öllum til framdráttar, bæði neytendum og fyrirtækjum í landinu.

[05:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hæstv. ráðherra um að ekki hafi verið forsendur til að leita eftir undanþágu. Ég tel tvímælalaust að forsendur hafi verið til þess að leita eftir undanþágu, fyrst og fremst vegna þess að við erum ekki hluti af markaðssvæði Evrópu.

Varðandi gagnrýni sem fram hefur komið þá er hún efnisleg. Ég nefni sem dæmi að starfsmenn Orkubús Vestfjarða kvörtuðu yfir því að vera gert að aðgreina í öllum rekstri sínum framleiðslu, dreifingu og sölu á orkunni. Ég átti þess einhvern tíma kost að spyrja þá út í þetta og þeir töldu þetta valda sér erfiðleikum og væri síður en svo til þess fallið að færa raforkuverðið niður. Þvert á móti yrði þetta til trafala og mundi ef eitthvað hækka raforkuverðið.

Gegnsæi í raforkumálum er nefnt um leið og talað er um að blása út eftirlitsiðnaðinn. Við erum búin að heyra þetta allt saman áður. Við þekkjum þetta í rafmagnseftirlitinu. Gegnsæi hefur ekki aukist þar. Þetta er svona tískuhugtak. Ef út í það væri farið þá væri hægt að hafa langt mál um hinar slæmu afleiðingar fyrir almenning vegna markaðsvæðingar raforkunnar í Evrópu. Ég vil í því sambandi benda hæstv. ráðherra á að kynna sér upplýsingar sem m.a. eru komnar frá verkalýðshreyfingunni um afleiðingar markaðsvæðingar raforku í París og London, en nýlega var gefinn út bæklingur eða bók sem heitir Frásögn frá tveimur borgum, þar sem talað er um vaxandi orkufátækt sem þeir kalla svo þar um slóðir.

[05:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um að hv. þm. hefur leitað eftir einhverju neikvæðu um heim allan til þess að koma hér á framfæri í tengslum við þessa umræðu. En það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að innleiða þessa tilskipun. Eins og ég sagði áðan tel ég ekki að það sé neikvætt vegna þess að ég tel að mikilvægt sé að við tökumst á við þetta verkefni. Ég nefni sem dæmi að Norðmenn höfðu innleitt kerfi sem þetta án þess að vera tilneyddir og töldu sig hafa mikinn hag af því.

Hv. þm. gaf hér til kynna að það þyrfti að aðskilja á milli allra þátta. Það er ekki rétt. Það þarf að aðskilja milli einokunarþátta og samkeppnisþátta. Það þarf ekki að aðskilja hvað varðar fyrirtækjaaðskilnað heldur einungis hvað varðar bókhaldslegan aðskilnað miðað við það frv. sem nú er lagt fram. Ég held að með því sé komið mjög til móts við þá aðila sem fyrst og fremst fundu að því frv. sem lagt var fram fyrir ári síðan.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 05:26.

---

137. FUNDUR

föstudaginn 3. maí,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 741. mál, þskj. 1466. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

2. Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, stjfrv., 714. mál, þskj. 1425, brtt. 1288. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Stefna í byggðamálum 2002–2005, stjtill., 538. mál, þskj. 843, nál. 1407, 1410 og 1439. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193, nál. 1346. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974, nál. 1426 og 1437, brtt. 1427 og 1438. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910, nál. 1372. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Verslunaratvinna, stjfrv., 607. mál, þskj. 954, nál. 1408, brtt. 1409. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 562. mál, þskj. 1362, brtt. 1404. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

12. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264, nál. 1375 og 1381. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þáltill., 44. mál, þskj. 44, nál. 1374. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

14. Meðferð opinberra mála, frv., 265. mál, þskj. 310, nál. 1289. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1215. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

16. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 1329. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

17. Vistvænt eldsneyti á Íslandi, þáltill., 343. mál, þskj. 459, nál. 1330. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

18. Sjóðandi lághitasvæði, þáltill., 192. mál, þskj. 203, nál. 1331. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

19. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 1347. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

20. Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1348. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

21. Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þáltill., 233. mál, þskj. 260, nál. 1349. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

22. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 239. mál, þskj. 266, nál. 1350. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

23. Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, þáltill., 317. mál, þskj. 393, nál. 1351. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

24. Átraskanir, þáltill., 337. mál, þskj. 436, nál. 1352. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

25. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1371. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

26. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 638. mál, þskj. 1465. — 3. umr.

27. Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, þáltill., 186. mál, þskj. 193, nál. 1467. — Síðari umr.

Aðalmaður tekur sæti ný:
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.

Heimsókn sendinefndar rússnesku Dúmunnar.

[14:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. alþm. á því að þingmannasendinefnd frá Dúmunni, rússneska þinginu, undir forustu Pjotr Romanovs, varaforseta þingsins, er stödd nú á þingpöllum. Sendinefndin er stödd hér á landi í boði Alþingis. Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða varaforseta rússnesku Dúmunnar, Pjotr Romanov, þá þingmenn sem með honum eru og fylgdarlið velkomin í Alþingishúsið og vænti þess að för þeirra til Íslands verði til þess að styrkja þau góðu tengsl sem eru á milli Alþingis og rússnesku Dúmunnar.

Ég vil biðja hv. þm. að votta hinum rússnesku gestum og rússnesku þjóðinni vináttu og virðingu með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 741. mál. — Þskj. 1466.

[14:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 2. maí 2002 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GunnB, HjÁ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1468).

Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 714. mál. — Þskj. 1425, brtt. 1288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:05]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég mótmæli harðlega að Alþingi samþykki þessi lög um ríkisábyrgð þar sem forsendur eru allar mjög vafasamar. Málið hefur ekki fengið þá athugun og skoðun sem tilefni er til. Efh.- og viðskn. var meinað að sjá viðskiptaáætlanir fyrirtækisins, meinað að fá upplýsingar um eignarhald á fyrirtækinu. Ekki voru kallaðir til óháðir aðilar til ráðgjafar um fjármál og vísindalega stöðu fyrirtækisins heldur einvörðungu hlustað á fulltrúa deCODE og aðila sem eru í hagsmunatengslum við fyrirtækið. Lögum um ríkisábyrgð var vikið til hliðar, jafnræðissjónarmið að engu höfð. Herra forseti. Ég vænti þess að þeir alþingismenn sem kunna að vera persónulega hagsmunatengdir fyrirtækinu greiði ekki atkvæði, enda bryti slíkt í bág við lög og reglur.

Ég leyfi mér að óska eftir því að fram fari nafnakall um málið.

[14:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Sumir hv. þm. og fréttamenn hafa talað um þetta þingmál eins og hér sé verið að veita ábyrgðina sem um er rætt í málinu. Það er reyndar ekki svo. Hér er verið að veita heimild til þess að veita ábyrgð að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Við munum að sjálfsögðu setja öll eðlileg skilyrði áður en þessi ábyrgð kann að verða veitt. Ef það gerist, verður það þá og því aðeins gert að þetta mál leiði til heilla og framþróunar í íslensku þjóðfélagi. Það er mergurinn málsins. Til þess er farið af stað með þetta mál og út af engu öðru þrátt fyrir dylgjur um annað úr þingsal og þrátt fyrir frammíköll eins og frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, varaforseta þingsins.

[14:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég mómæli ríkisábyrgð til eins fyrirtækis í miklum áhætturekstri sem líkja má við fjárhættuspil þar sem hver fjögurra manna fjölskylda er skylduð til að hætta tæpum 300 þús. kr. Allar líkur eru á að frumvarpið gangi gegn þrígreiningu ríkisvaldsins, stjórnarskránni og samkeppnislögum. Ríkisbókhald hefur líka staðfest í dag að Íslensk erfðagreining skuldi ríkissjóði tæpar 100 millj. kr. sem eru í vanskilum en það gengur gegn ríkisábyrgðarlögum að veita slíku fyrirtæki ríkisábyrgð en þeim lögum hefur verið vikið til hliðar. Þetta er pilsfaldakapítalismi af verstu sort og ég hafna því að ríkisstjórnin tefli eina ferðina enn fram sérhagsmunum gegn almannahagsmunum.

Brtt. 1288,1 kölluð aftur.

Brtt. 1288,2 kölluð aftur.

[14:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samkvæmt lögum sem ekki eru orðin fimm ára gömul ákvað Alþingi að því aðeins mætti veita heimild til ábyrgðarskuldbindingar að Alþingi veitti samþykki sitt í hverju og einstöku tilviki. Það er því rétt og eðlileg málsmeðferð sem nú er að flytja sérstakt frv. um að veita slíka heimild. Það er í samræmi við þau lög og þær leikreglur sem Alþingi setti sjálft árið 1997.

Í öðru lagi er hæstv. fjmrh., sem fær heimildina, bundinn af öðrum lögum sem Alþingi hefur sett, lögum um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Alþingi hefur ákveðið að sá samningur hafi einnig forgang fram yfir önnur lög með þeim hætti að þau lög verða skýrð til samræmis við efni meginmáls EES-samningsins. Í þeim samningi eru mjög skýr ákvæði um það hvernig eigi að standa að því að veita ríkisstyrki og ríkisábyrgðir, ekki bara á Íslandi heldur á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Í þriðja lagi eru settar upp sérstakar stofnanir til að fylgjast með því að stjórnvöld sem fái heimildir til ábyrgðar hverju sinni fari að þeim leikreglum sem Alþingi Íslendinga hefur samþykkt. Það er því fullkomlega eðlilega að þessu máli staðið og ég vísa á bug öllum dylgjum um annað sem hér hafa komið fram í umræðunum, herra forseti.

Frv. samþ. með 27:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KHG, KPál, PP, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ArnbS, HGJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÁHösk, JónK, KF, KÓ, HBl.

nei: MF, PHB, RG, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÁSJ, GAK, GÁS, JóhS, JB, LB.

12 þm. (MS, SJóh, SvanJ, ÞKG, ÖS, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JBjart, KVM) greiddu ekki atkv.

11 þm. (KLM, LMR, ÓÖH, SP, SJS, TIO, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Stjórnvöld á Íslandi hafa í gegnum árin gripið til ýmissa aðgerða til að efla og treysta efnahagslíf landsins. Í þeim tilgangi hefur verið beitt ríkisábyrgðum eða sértækum aðgerðum af hálfu Alþingis. Í fersku minni er ábyrgðin til flugfélaganna svo halda mætti uppi flugi á milli landa og sértækir samningar við uppbyggingu áliðnaðar á Íslandi við Ísal svo eitthvað sé nefnt.

Við beitum að þessu leyti svipuðum aðferðum og aðrar þjóðir og getum ekki skorið okkur úr. Íslensk erfðagreining er móðurskip líftækni á Íslandi og hyggur á lyfjaþróun á heimsmælikvarða. Þar vinna í dag um 600 manns og gætu orðið um 900 ef vel tekst til. Hér er nýtt tækifæri á ferðinni við að virkja íslenskt hugvit sem ekki má láta ganga sér úr greipum. Að ríkið komi að slíku er ekki óþekkt.

Íslensk stjórnvöld hafa sýnt það síðustu tíu ár að ríkisábyrgðum hefur verið beitt af mikilli varfærni og aðeins þegar mikið liggur við og aðstæður hafa réttlætt slíkt. Þessi ríkisstjórn hefur sýnt það að fyrirtækjum í landinu er ekki mismunað og er ekki ástæða til að ætla að svo verði í þessu tilviki. Ég segi já.

[14:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við greiðum nú atkvæði um er eitthvert ótrúlegasta mál sem fyrir þingið hefur komið. Þingmenn hafa ekki átt nokkurn möguleika á því að kynna sér málið í þaula og taka um það upplýsta ákvörðun. Hér er því í raun og veru verið að fara út í ákveðið fjárhættuspil sem

ég tel mig ekki geta stutt. Ég get aðeins sagt það, virðulegi forseti, að ég sendi þeim góðar óskir sem fá þessa ábyrgð og vona að þetta gangi vel en af siðferðilegum ástæðum, virðulegi forseti, get ég ekki sagt annað en nei.

[14:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég fór ekki ítarlega yfir tillöguna, enda verður hún vonandi til umræðu fyrr en seinna og ég vænti þess að hv. þm. Halldór Blöndal beiti áhrifum sínum til að hún geti komið til umfjöllunar sem allra fyrst vegna þess að tillagan er mjög mikilvæg eins og ég fór örfáum orðum um áðan. Hins vegar er hún ekki þannig úr garði gerð að þar séu t.d. öll mörk endanleg o.s.frv.

Hér er verið að hreyfa mjög stóru og miklu máli sem er að sjálfsögðu ekki endanlega útfært í till. til þál. vegna þess að fyrsta setningin hljóðar þannig að það eigi að fela umhvrh. að leggja eigi undir þjóðgarð víðerni norðan og norðaustan Vatnajökuls. Síðan er talið ýmislegt upp. Það eru að sjálfsögðu ekki endanlegar línur.

Síðan get ég frætt hv. þm. um að ég held að flutningsmenn hafi ekki verið vísindalega raðaðir inn á tillöguna heldur er meiri hluti þingflokksins sem stendur á bak við hana og ég veit ekki betur en mjög víðtækur stuðningur sé í þingflokknum, hv. þm., við þá tillögu.

[14:15]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að smíða stærsta axarskaft í sögu Alþingis. Almenningur hlýtur að verða uggandi um Íslands hag í höndum manna sem þannig deila og drottna. Þetta mál verður ekki látið liggja í láginni og því síður í þagnargildi, enda mun það vafalaust minna á sig óþyrmilega áður en líður.

Herra forseti. Svar mitt við þessum fráleita málatilbúnaði er þvert nei.

[14:16]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég segi já við þessu frv. Ég tel að með því sé verið að vinna að því að byggja upp nýja starfsemi á þessu sviði á Íslandi, byggja upp klasa af þekkingu, gera það að verkum að margt fólk geti haslað sér völl í nýrri atvinnugrein, fólk sem vinnur í hálaunastörfum. Það er eftir miklu að slægjast fyrir land og þjóð. Vissulega er verið að taka áhættu en ég tel að hún sé ásættanleg. Þess vegna segi ég já.

[14:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að veita hæstv. fjmrh. heimild til að gangast í 20 milljarða ábyrgð fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda. Lögum um ríkisábyrgð er vikið til hliðar en í stað þeirra kemur svohljóðandi setning, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild."

Þessi setning kemur í stað ríkisábyrgðarlaganna frá 1997. Ég segi nei.

[14:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þetta mál er ótrúlegt. Það veit enginn áhættuna. Það veit enginn ávinninginn. Það veit enginn hvort málið standist jafnræðisákvæði stjórnarskrár. Það veit enginn hvort málið standist samninginn um EES. Það fær enginn að vita um raunstöðu þess fyrirtækis sem ríkisábyrgðarinnar á að njóta. Það veit enginn hvort eða hvenær fjmrh. ætlar að nota þessa heimild Alþingis.

Við skulum vona hið besta en vera viðbúin hinu versta. Ég hlýt að segja nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1469).

Stefna í byggðamálum 2002–2005, frh. síðari umr.

Stjtill., 538. mál. — Þskj. 843, nál. 1407, 1410 og 1439.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

25 þm. (ÁSJ, BH, EKG, EOK, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með samþykkt stefnumótandi áætlunar í byggðamálum eru lagðar línur af hálfu Alþingis fyrir næstu fjögur ár. Það er verkefni ráðuneyta að fylgja málum eftir og koma í framkvæmd þeim áætlunum sem hér er kveðið á um.

Það er enn fremur verkefni Alþingis að ákveða með fjárlögum hverju sinni fjárveitingar til þess að gera þessa áætlun að veruleika. Undirbúningur að byggðaáætlun var unninn af nefnd þar sem áttu sæti fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar auk háskólarektors sem leiddi það starf. Ég bind vonir við þessa áætlun. Hún er metnaðarfull en jafnframt sett fram af miklum heiðarleika og raunsæi. Ég segi já.

[14:25]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Byggðaáætlun er nú sett fram á hálfri A4-örk og nefnist þingsályktun. Þetta er e.t.v. ekki verra heldur en það sem samþykkt hefur verið undanfarið en hefur þó takmarkaðan rökstuðning. Niðurstaða byggðaáætlana fyrir Norðurland, Austfirði og Vestfirði hefur verið og er samdráttur en vöxtur á suðvesturhluta landsins. Allt þetta ber sterk áhrif hins vonda fiskveiðistjórnarkerfis. Þetta er húmbúkk sem ég styð ekki.

[14:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum nú atkvæði um stefnu í byggðamálum 2002–2005. Ég hef enga trú á áætlunum af þessum toga, enda samdar á skrifstofum, aðallega hér í Reykjavík, og ætti reynslan að hafa sýnt þeim trúuðu að svona áætlunargerð gerir ekki gagn, ekki hér á landi frekar en í Sovétríkjunum forðum.

Sú áætlun sem við hér ræðum um er líka sérstaklega loftkennd. Mikilvægara væri að reyna að hemja útbreiðslu báknsins sem blæs út í höfuðborginni og sogar til sín fólk af landsbyggðinni. Nýjar stofnanir renna út af Alþingi eins og á færibandi, þar á meðal nokkrar í dag. Flestar eru staðsettar í Reykjavík og alltaf er málefnið gott.

Nei, herra forseti. Við skulum láta landsbyggðina í friði og hætta að stjórna því fólki sem þar býr. Kannski nær það þá andanum. Ég sit hjá.

[14:27]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þó að margar athyglisverðar ábendingar komi fram í þeirri tillögu sem hér er verið að afgreiða er ekki tekið á atvinnumálunum með nægilega afgerandi hætti, því sem mestu máli skiptir til þess að hægt sé að snúa við hinni neikvæðu byggðaþróun. Mér er því fyrirmunað að geta stutt þessa tillögu og sit þess vegna hjá.

[14:27]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er til afgreiðslu tillaga ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum. Almennt orðuð tilmæli í 20 línum og hvergi hönd á neinu festandi. Það er þessi tillaga sem við erum að samþykkja núna.

Þetta er auðvitað ekki boðlegt sem byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, hvorki fyrir fólkið í landinu né hið háa Alþingi. Samfylkingin mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa málamyndagjörnings. Stjórnarflokkarnir verða sjálfir að bera ábyrgð á sínum málamiðlunum.

[14:28]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við greiðum nú atkvæði um stefnu í byggðamálum sem fram hefur komið að er upp á 20 línur. Hér er bæði hölt og lömuð ríkisstjórn að leggja fram byggðastefnu sína og skila verki, byggðastefnu í fimm stafliðum eins og fram hefur komið. Málsmeðferð stjórnarliða segir allt sem segja þarf um þetta mesta olnbogabarn núverandi ríkisstjórnarflokka, enda hefur hæstv. félmrh. sagt að hæstv. ríkisstjórn hafi gleymt landsbyggðinni. Ég er honum hjartanlega sammála.

Jöfnun lífskjara er mikilvægasta byggðamálið í dag. Hér eru ekki stigin stór skref í átt til jöfnunar lífskjara. Nei, nei. Hér eru heldur ekki stigin stór skref til að jafna samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Nei, nei. Og það eru ekki heldur stigin stór skref í að lækka stórhækkuð flutningsgjöld til og frá landsbyggðinni. Hér er aðeins stigið hænufet í byggðamálum. Hér gefur að líta moðsuðu stjórnarflokkanna sem er hvorki fugl né fiskur. Þetta er byggðastefna í skötulíki sagði einn stjórnarþingmaður í nótt og það fer vel á því, herra forseti, að byggðastefna sé rædd í skjóli myrkurs. Ég sit hjá.

[14:29]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við erum öll sammála um það á hinu háa Alþingi að ástandið í byggðamálum sé eitt erfiðasta þjóðfélagsvandamál á Íslandi en það segir sína sögu að stefna í byggðamálum, síðari umr., fór fram á hinu háa Alþingi á örskömmum tíma síðustu nótt. Þetta eru algjörlega óásættanleg vinnubrögð. Margar hugmyndir í tillögunni eru góðar en þetta er allt saman óunnið, bæði í nefnd og hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna munum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði láta stjórnarmeirihlutann bera ábyrgð á þessari tillögu og við munum sitja hjá.

[14:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Stefnunni í byggðamálum 2002–2005, þáltill. sem við ræddum í nótt, var lýst svo að hún væri hvorki fugl né fiskur. Hún væri í skötulíki. Mér finnst hún aðallega snúa út og suður og sérstaklega suður. Ég greiði ekki atkvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

25 þm. (ÁSJ, BH, EKG, EOK, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1470).

Umhverfisstofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 711. mál. — Þskj. 1170, nál. 1326, 1355 og 1366, brtt. 1327.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 1355 felld með 31:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GÁS, JÁ, JB, MF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, KVM, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1327,1 samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:32]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur undirbúning málsins hafa verið mjög ábótavant og telur skorta verulega á fagleg rök fyrir þeim breytingum sem frv. felur í sér. Enginn rökstuðningur fylgir þeim fullyrðingum um að ætlunin sé að efla málaflokkinn með breytingunum heldur eru vísbendingar um að ekki verði neinum fjármunum til hans varið umfram það sem stofnanirnar sem um ræðir hafa haft úr að spila hingað til.

Það er alveg fráleitt að taka málefni hreindýraráðs úr Héraði og færa undir miðstýrða stofnun í Reykjavík. Hreindýrin

eru og verða á Austurlandi og þar eiga umsjón og verkefnin að vinnast.

Herra forseti. Við lögðum fram rökstudda dagskrá um að vísa þessu frá. Hún hefur verið felld. Við munum greiða atkvæði gegn þessu frv.

[14:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Með nýrri Umhverfisstofnun er verið að sameina nokkrar stofnanir á sviði umhverfismála sem sinna stjórnsýslu. Með því næst fram einfaldari og skilvirkari stjórnsýsla. Bæði ég, forstöðumenn undirstofnananna sem hér er verið að sameina og fjöldi starfsmanna lítum svo á að hér sé um mikið tækifæri að ræða til að efla umhverfismál í landinu. Ég segi því já.

[14:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Þetta frv. var afgreitt á mjög stuttum tíma bæði í hv. umhvn. og á hinu háa Alþingi. Umfjöllunin var ófullnægjandi og mörgum spurningum er enn ósvarað um markmið, skipulag, verkefni og almenna starfsemi hinnar nýju Umhverfisstofnunar. Málið er í stuttu máli sagt vanbúið og ótímabært. Samfylkingin segir nei.

[14:34]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér eru á ferðinni tilburðir til miðstýringar. Það er andstætt nútímahugsunarhætti í umhverfismálum að efna til miðstýrðra stofnana. Þetta er andstætt byggðastefnu og í grunninn hefur hæstv. ríkisstjórn nálgast þetta mál á skökkum forsendum. Í stað valddreifingar og þess að virkja einstaklinga og sveitarfélög er farið í miðstýrt apparat héðan frá höfuðborginni. Ég get ekki sætt mig við það og segi nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1327,2 samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JóhS, JB, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, KVM, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1327,3 samþ. með 28:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GHH, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1327,4 samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 30:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JB, LB, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (gjaldtökuheimildir og náttúrustofur). — Þskj. 818, nál. 1220 og 1242, brtt. 1221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
Till. til rökst. dagskrár í nál. 1242 felld með 31:4 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, JB, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.
17 þm. (BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1221,1 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, MF, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:39]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð efast um að frv. þetta verði til þess að efla náttúrustofurnar og telur skorta hin faglegu rök fyrir þeim breytingum sem það felur í sér. Frv. mætir mikilli andstöðu forsvarsmanna náttúrustofanna auk þess sem veigamiklar athugasemdir hafa komið fram frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Við fluttum frávísunartillögu sem var felld en við munum sitja hjá við atkvæðagreiðsluna í heild.

[14:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Með því að samþykkja þetta frv. erum við að stíga skref í að efla náttúrustofurnar á landsbyggðinni. Ég mun beita mér fyrir því að það fari aukið fjármagn til þeirra. Umhvrn. mun gera samninga við náttúrustofurnar og það er ekki mikil andstaða við þetta frv. hjá náttúrustofunum. Við höfum gert breytingar á því til að koma til móts við þau sjónarmið sem hafa komið fram við vinnslu málsins þannig að ég segi já.

[14:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er nú til umfjöllunar í annað sinn á hv. Alþingi og það hefur batnað frá því í fyrra. Við í Samfylkingunni höfum ákveðið að styðja málið og lögðum það til sem eigum sæti í umhvn. Ég tel að þær breytingar sem hafa verið gerðar á málinu séu til mikilla bóta. Ég tel að það sé skynsamlegt að sveitarfélögin hafi með þessar stofur að gera en ég lýsi áhyggjum mínum af framtíð þeirra vegna þess að þær eru of litlar og vanmáttugar eins og þær eru núna. Það þarf að skoða þessi mál betur.

Brtt. 1221,2 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, MF, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1221,3 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1221,4 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, MF, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1221,5 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

6.–8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, MF, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1221,6 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, MF, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, MF, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

2 þm. (GAK, MF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 564. mál. — Þskj. 884, nál. 1250 og 1359, brtt. 1360.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:45]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Með frumvarpinu er lagt til að embætti héraðslækna verði fellt niður. Færa á að mestu verkefni þeirra til yfirlækna heilsugæslustöðvanna í landinu. Með þessari breytingu er m.a. verið að leggja niður einu 100% embættislæknastöðuna á landsbyggðinni. Í stað þess að dreifa verkefnum heilbrrn. og landlæknisembættis út í héruð, þá er stefnt að enn frekari miðstýringu. Héraðslæknisembættin fengu aldrei það vægi í heilbrigðisþjónustunni sem þeim var ætlað og því er ljóst að tímabært var að endurskoða hlutverk þeirra. Í þá vinnu átti að fara í fullu samráði við héraðslækna og heilsugæsluna í stað þess að leggja embættið niður og yfirfæra bæði vinnu og kostnað á yfirlækna heilsugæslustöðvanna. Vinnuálag heilsugæslulækna virðist vera nóg og viðbótarverkefnum ekki á bætandi við núverandi ástand.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum að unnið sé betur að þessu máli og leggjum því til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2003. Að öðru leyti munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

2.–8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1250,1 (9. gr. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÖ, HjÁ, JóhS, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

10.–27. gr. (verða 9.–26. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1250,2 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

28. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

29.–37. gr. (verða 28.–36. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1360 felld með 29:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JÁ, JB, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

38. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JóhS, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 716. mál (fjárfestingar hlutafélagsins). — Þskj. 1193, nál. 1346.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 621. mál (gæðastýrð sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 974, nál. 1426 og 1437, brtt. 1427 og 1438.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Brtt. 1427,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, PHB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður að komið verði á gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en hefur aðrar hugmyndir um útfærslu en þær sem fram koma í frv. Gæðastýring í sauðfjárframleiðslu á að miða að vistvænni og lífrænni vottun framleiðslunnar og skila sér alla leið til neytenda. Frumvarpið er staðfesting á hluta sauðfjársamningsins og er því alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Mikil gagnrýni hefur komið fram á ýmsa þætti gæðastýringarinnar, svo og sjálfan sauðfjársamninginn og því munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja að sauðfjársamningurinn verði tekinn upp nú þegar og stefnt verði að því að ljúka þeirri vinnu fyrir ágústlok og ákvæðum gæðastýringarinnar verði frestað um eitt ár. Að öðru leyti munum við sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[14:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Gæðastýring er góð þegar hún kemur frá grasrótinni, þegar hún kemur frá þeim sem vinna að málum. Gæðastýring er slæm þegar hún kemur að ofan og þegar henni er þrýst ofan í kokið á þeim sem eiga að vinna hana. Það er nauðsynlegt fyrir gæðastýringu að hún nái alveg til neytenda. Það gerir hún ekki hjá bændum. Hún nær bara að sláturhússdyrum. Það er ekkert samband á milli framleiðenda og neytenda í þessu gæðastýringarverkefni. Þess vegna er þetta fyrir fram dæmt til þess að mistakast. Þetta er ekkert annað en skriffinnska og vandræði fyrir bændur og á eftir að valda enn meiri fátækt hjá þeim bændum sem þegar eru verst settir.

Ég sit hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 1427,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, PHB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,3.a (ný 1. gr., verður 3. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (ÁSJ, PHB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1427,3.b (ný 1. gr., verður 3. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, RG, SI,

SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (ÁSJ, JB, PHB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1427,4 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (ÁSJ, JB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (ÁSJ, JB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1438 felld með 28:5 atkv. og sögðu
já: GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.
14 þm. (BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GuðjG, GunnB, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:54]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þessi brtt. á þskj. 1438 er svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 38. gr. laganna skal takmörkunum á frjálsu framsali greiðslumarks ekki aflétt fyrr en endurskoðun sauðfjársamningsins er lokið og farið hefur fram úttekt á uppkaupum greiðslumarks með tilliti til dreifingar og búsetuskilyrða sauðfjárbænda.“

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs telja að koma megi á framsali greiðslumarks milli bænda en rétt sé að skoða vel hvaða áhrif frjálst framsal getur haft á svæðisbundin búsetuskilyrði. Því þurfi að koma á framsalsreglum sem styrki svæðisbundna búsetu ekki síður en afkomu einstakra sauðfjárbænda.

Brtt. 1427,5 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1427,6 („Landgræðslan“ í frv. verður: Landgræðsla ríkisins) samþ. með 49 shlj. atkv.

4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 44:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, JB, ÞBack, ÖJ*.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fjárreiður ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 581. mál (Fjársýsla). — Þskj. 910, nál. 1372.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1372 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

5.–12. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, PHB, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 607. mál (fylgiréttargjald, bifreiðasölur). — Þskj. 954, nál. 1408, brtt. 1409.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1409,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1409,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
10.–11. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1409,3 (nýtt ákvæði til brb.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 562. mál (veiðigjald o.fl.). — Þskj. 1362, brtt. 1404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Brtt. 1404,1 samþ. með 29:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GE, JB, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (BH, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér eru á ferðinni brtt. sem litlu máli skipta í því stóra máli sem hér er verið að fjalla um. Ég tel ástæðu til að Samfylkingin sitji hjá við þær. En það hefur komið fram áður að við ætlum að greiða atkvæði gegn þessu máli í heild og það munum við gera í lok atkvæðagreiðslunnar.

[15:01]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Allt ber að sama brunni. Allt fer á sömu lund. Stefnan er óbreytt, samdráttarstaðirnir visna, markaðsstaðirnir eflast. Þetta segi ég með vísan til skýrslu Þjóðhagsstofnunar um stjórn fiskveiða.

Mannleg stjórn fiskveiða við Ísland er á villigötum. Menn sitja fastir í hinu mannlega þorskaneti, þ.e. fiskveiðistjórnarkerfinu sem er orðið afskræmi og óhugnaður ógeðfelldrar gróðahyggju sem vex eins og slímug forynja og bólgnar út á einum stað um leið og reynt er að setja á hana bönd á öðrum.

Herra forseti. Ég hef áður sagt og segi enn: Fiskveiðistjórnarkerfið felur í sér allt sem er andstætt þeim gildum sanngirni og réttlætis sem ég þekki. Því hafna ég þessu máli.

[15:02]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum greiða atkvæði gegn þessu máli. Hér er fylgt sömu stefnu en hert á fækkun og stækkun fyrirtækja með fyrirséðum afleiðingum, t.d. fyrir landsbyggðina. Það á að nota byggðakvóta í auknum mæli til þess að lina þjáningarnar meðan á hagræðingunni og fækkun og stækkun fyrirtækja stendur. Hér er uppi á borði málamyndagjaldtaka sem leysir engan vanda. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vorum tilbúin að fara í vinnu við grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu, gera það á löngum tíma þannig að ekki framkölluðust neinar kollsteypur. Af þessum sökum, virðulegi forseti, munum við greiða atkvæði á móti þessu máli og einnig öllum brtt.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um brtt. sem við munum sitja hjá við en varðandi málið í heild sinni munum við greiða atkvæði gegn því.

Núverandi kvótabraskskerfi gengur gegn hagsmunum fólksins í sjávarbyggðunum. Útgerðin ein fær úthlutun á veiðirétti. Sala veiðiréttarins á óveiddum fiski jafngildir sölu á atvinnuréttindum fólks og verðfellir eignir þess. Kvótakerfið er nú stagbætt eina ferðina enn þótt árangur þess sé enginn við uppbyggingu fiskstofna.

Þessi niðurstaða stjórnarflokkanna sem hér mun brátt líta dagsins ljós á Alþingi veldur ósætti með þjóðinni en engri sátt.

[15:04]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Með lögfestingu þessa frv. er formlega verið að setja á auðlindaskatt á íslenskan sjávarútveg. Það er mjög mikið óhappaverk. Það er bæði ranglátt og hættulegt.

Þessi auðlindaskattur mun skerða samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar í landinu, fiskvinnslunnar fyrst og fremst sem er burðarás landsbyggðarinnar. Hann mun skerða möguleika fiskvinnslunnar til þess að borga kaup. Það er fiskverkunarfólkið úti um landið sem fyrst og fremst mun borga þennan

skatt. Það er mjög óheppilegt, það er mjög rangt, það er skelfilegt eins og landsbyggðin stendur í dag að við skulum vinna þetta óhæfuverk. Því mun ég greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi. (Gripið fram í.) Ég sit hjá við brtt. um frumvarpið en í heild mun ég greiða atkvæði gegn því við lokaatkvæðagreiðslu.

Brtt. 1404,2 samþ. með 27:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GE, JB, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (BH, EOK, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, GÖ, HjÁ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1404,3 samþ. með 25:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KPál, PP, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GE, JB, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (BH, EOK, GAK, JÁ, JóhS, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, KF, KolH, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1404,4 samþ. með 27:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GE, JB, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (BH, EOK, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, GÖ, HjÁ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1404,5 samþ. með 29:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GE, JB, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (BH, EOK, GAK, JÁ, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, GÁS, GÖ, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 29:23 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, BH, EOK, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Með lögfestingu þessa frv. er í fyrsta lagi verið að skipta um nafn á greiðslum útgerðarinnar og kalla þær veiðigjald. Það mun ekki slá ryki í augu almennings. Í öðru lagi er verið að hækka kvótaþakið svo einstaka útgerðir geti haft umráð yfir stærri hluta kvótans. Um það verður seint sátt. Í þriðja lagi er verið að auka svokallaðan byggðakvóta og festa í sessi. Það mun ekki auka réttlætið í kerfinu.

Herra forseti. Samfylkingin er á móti þessu máli.

[15:08]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vona að mér hafi tekist með fyrri atkvæðaskýringu að setja orð mín í þann búning að tilfinningar og sársauki komi í ljós gagnvart þeim ósóma sem hefur gert suma að öreigum og aðra að auðkýfingum, þ.e. íslenska fiskveiðistjórnarkerfið. Öll framkvæmd þess er á hinn vesta veg þannig að ég greiði atkvæði gegn og mun gera í hverju einasta máli sem ég á eftir að koma að varðandi fiskveiðistjórnarkerfið þangað til það hefur verið aflagt. Ég segi nei.

[15:09]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Árum saman hefur það verið gagnrýnt að ekki sé innheimt veiðigjald af sjávarútveginum. Með því frv. sem hér er verið að afgreiða er það tekið upp án þess að það íþyngi greininni um of. Það ber sannarlega að árétta að hættulegt er að þetta gjald verði hækkað með þeim hætti að það komi illa niður á greininni. Með þeirri aðferð sem hér er verið að leggja til er það hins vegar ekki gert. Því styð ég þetta mál.

[15:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér eru stjórnvöld að efna kosningaloforðin um sátt við þjóðina með tilraun til að festa þetta kerfi í sessi, þetta einokunarkerfi sem hefur verið í gildi. En málið mun verða áfram á dagskrá Alþingis. Næsta vetur verður tekið fyrir samkvæmt yfirlýsingum forsrh. þingmál um breytingu á stjórnarskránni og þá þurfa menn að ræða það hvort þetta biks sem menn eru að gera hér gengur upp við það að þjóðin eigi samkvæmt stjórnarskrá þessa auðlind. Það tel ég að fráleitt gerist. Þá þurfa menn að endurskoða þetta því að það getur varla verið að auðlind sem fest er í stjórnarskrá sem sameign þjóðarinnar sé úthlutað án þess að þar sé viðhaft jafnræði og réttlæti gagnvart þeim sem nýta hana.

[15:11]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frv. sem á að vera niðurstaða sátta en er ekki svo. Það verða engar sættir þó að þetta frumvarp taki gildi sem lög frá Alþingi. Það eykur á ósætti og það eykur það böl sem fiskveiðistjórnarkerfið í landinu hefur valdið íslenskum byggðum. Síðasta kvótaúthlutun fyrir nokkrum dögum undirstrikar það hvers konar skrípafyrirkomulag við búum við í íslenskum sjávarútvegi. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1477).

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 729. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 1264, nál. 1375 og 1381.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]

Brtt. í nál. 1375 samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GHall, HjÁ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

1.–2. gr., svo breyttar, samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, GHall, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: GE.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GHall, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, PP, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

7 þm. (GE, GAK, JB, LB, MF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GHall, HjÁ, JóhS, KVM, KolH, LMR, ÓÖH, PHB, RG, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 44. mál. — Þskj. 44, nál. 1374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]

Brtt. í nál. 1374 (ný tillgr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HGJ, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1479).

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Frv. ÖJ, 265. mál (áfrýjunarréttur, fjölskipaður dómur). — Þskj. 310, nál. 1289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]

Till. í nál. 1289 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv.

Óhefðbundnar lækningar, frh. síðari umr.

Þáltill. LMR o.fl., 33. mál. — Þskj. 33, nál. 1215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]

Brtt. í nál. 1215 samþ. með 51 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HGJ, HjÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1480).

Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, frh. síðari umr.

Þáltill. KVM o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 1329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, HGJ, HjÁ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1481).

Vistvænt eldsneyti á Íslandi, frh. síðari umr.

Þáltill. HjÁ og GuðjG, 343. mál. — Þskj. 459, nál. 1330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Brtt. í nál. 1330 samþ. með 48 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HGJ, HjÁ, KolH, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1482).

Sjóðandi lághitasvæði, frh. síðari umr.

Þáltill. ÖHJ o.fl., 192. mál. — Þskj. 203, nál. 1331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, HGJ, HjÁ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HGJ, HjÁ, KolH, LMR, MS, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1483).

Heilsuvernd í framhaldsskólum, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 37. mál. — Þskj. 37, nál. 1347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Till. í nál. 1347 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv.

Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, frh. síðari umr.

Þáltill. KF o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 1348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Till. í nál. 1348 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 50 shlj. atkv.

Heildarstefna um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 233. mál. — Þskj. 260, nál. 1349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, GuðjG, HGJ, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1484).

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, frh. síðari umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 266, nál. 1350.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Brtt. í nál. 1350 samþ. með 50 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1485).

Unglingamóttaka og getnaðarvarnir, frh. síðari umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 317. mál. — Þskj. 393, nál. 1351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Till. í nál. 1351 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv.

Átraskanir, frh. síðari umr.

Þáltill. KF o.fl., 337. mál. — Þskj. 436, nál. 1352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Till. í nál. 1352 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 50 shlj. atkv.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, frh. síðari umr.

Þáltill. KF o.fl., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 1371.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Brtt. í nál. 1371 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HGJ, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1486).

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 638. mál (starfsleyfi, hollustuvernd o.fl.). — Þskj. 1465.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HGJ, HjÁ, JóhS, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1487).

Umfang skattsvika, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi, síðari umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 186. mál. — Þskj. 193, nál. 1467.
[15:24]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):
Virðulegi forseti. Efh.- og viðskn. gerir tillögu um það að þessi þáltill. verði samþykkt með tveim breytingum. Annars vegar er sú breyting lögð til að reynt verði að kanna umfang skattsvika og skattsniðgöngu eftir landsvæðum og í annan stað að verklok verði fyrir 1. júlí 2003.
[15:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):
Herra forseti. Ég samþykki þessa þáltill. í þeirri trú að skattsniðganga, sem ég hef aldrei heyrt fyrr, sé skattsvik og ekkert annað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Brtt. í nál. 1467 samþ. með 51 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1488).

Fundi slitið kl. 15:25.

---

138. FUNDUR

föstudaginn 3. maí,
að loknum 137. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning aðalmanns í stjórnarnefnd ríkisspítalanna í stað Thomasar Möllers til loka kjörtíma nefndarinnar, 2003, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desemebr 1990, um heilbrigðisþjónustu.
2. Kosning þriggja manna og þriggja varamanna í Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, sbr. samþykkt forsætisnefndar Alþingis 25. mars 2002.
3. Umhverfisstofnun, stjfrv., 711. mál, þskj. 1170 (með áorðn. breyt. á þskj. 1327). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 520. mál, þskj. 818 (með áorðn. breyt. á þskj. 1221). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., stjfrv., 564. mál, þskj. 884 (með áorðn. breyt. á þskj. 1250). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 716. mál, þskj. 1193. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 621. mál, þskj. 974 (með áorðn. breyt. á þskj. 1427). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 581. mál, þskj. 910 (með áorðn. breyt. á þskj. 1372). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Verslunaratvinna, stjfrv., 607. mál, þskj. 954 (með áorðn. breyt. á þskj. 1409). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frv., 729. mál, þskj. 1264 (með áorðn. breyt. á þskj. 1375). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Kosning aðalmanns í stjórnarnefnd ríkisspítalanna í stað Thomasar Möllers til loka kjörtíma nefndarinnar, 2003, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desemebr 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Þórir Kjartansson verkfræðingur.

Kosning þriggja manna og þriggja varamanna í Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, sbr. samþykkt forsætisnefndar Alþingis 25. mars 2002.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 3.–10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

Umhverfisstofnun, 3. umr.

Stjfrv., 711. mál. — Þskj. 1471.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1489).

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (gjaldtökuheimildir og náttúrustofur). — Þskj. 1472.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

10 þm. (ÁSJ, GE, GAK, GÁS, JóhS, JB, MF, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1490).

Brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 564. mál. — Þskj. 1473.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1491).

Álbræðsla á Grundartanga, 3. umr.

Stjfrv., 716. mál (fjárfestingar hlutafélagsins). — Þskj. 1193.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1492).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 621. mál (gæðastýrð sauðfjárframleiðsla). — Þskj. 1474.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

5 þm. (ÁSJ, JB, PHB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HjÁ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1493).

Fjárreiður ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 581. mál (Fjársýsla). — Þskj. 1475.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1494).

Verslunaratvinna, 3. umr.

Stjfrv., 607. mál (fylgiréttargjald, bifreiðasölur). — Þskj. 1476.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KÓ, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SI, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1495).

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 3. umr.

Frv. meiri hl. sjútvn., 729. mál (krókaaflamarksbátar). — Þskj. 1478.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]

Frv. samþ. með 30:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁHösk, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SI, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG.

nei: BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, HjÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SP, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða frumvarp sem fylgir frumvarpi um stjórn fiskveiða og þar sem við greiddum atkvæði gegn því frumvarpi þá munum við einnig gera það þegar þetta á í hlut.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1496).

Þingfrestun.

[15:46]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 127. löggjafarþings.

Þingið stóð yfir frá 1. október til 14. desember 2001 og frá 22. janúar til 3. maí 2002. Á þingtímanum urðu þingfundadagar alls 96. Þingfundir hafa verið 138 og stóðu þeir samtals í 619 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í um það bil 18 klukkustundir. Mun ég nú fyrst gera grein fyrir úrslitum þingmála:

Lagafrumvörp voru samtals 215. Af þeim voru stjórnarfrumvörp 135 og þingmannafrumvörp 80.

Af stjórnarfrumvörpum voru 111 afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 24.

Þá urðu 8 þingmannafrumvörp að lögum, einu var vísað til ríkisstjórnarinnar, en 71 þingmannafrumvarp er óútrætt. Af 215 frumvörpum urðu alls 119 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 131. Af þeim voru stjórnartillögur 25 og þingmannatillögur 106.

Alls voru 39 tillögur samþykktar sem ályktanir Alþingis, fjórum var vísað til ríkisstjórnarinnar og 88 eru óútræddar.

Skýrslur voru samtals 28. Beiðnir um skýrslur frá ráðherrum voru þrjár og bárust tvær skriflegar skýrslur. Aðrar skýrslur lagðar fram voru 26.

Fyrirspurnir. Bornar voru fram 366 fyrirspurnir. Allar voru þessar fyrirspurnir afgreiddar nema 22. Munnlegar fyrirspurnir voru 177 og af þeim var 172 svarað, þrjár voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 189 fyrirspurnum og bárust 172 svör, þrjár voru kallaðar aftur.

Alls var til meðferðar í þinginu 741 mál. Þar af voru 533 afgreidd og tala prentaðra þingskjala var 1.496.

Þá vil ég gefa yfirlit um nefndastarfið. Á þessu þingi voru 14 dagar eingöngu helgaðir nefndastarfi, fyrir utan reglubundna nefndafundi yfir þingtímann. Á yfirstandandi þingi hafa verið haldnir 367 nefndafundir og eru það 30 fundir að meðaltali á hverja fastanefnd. Alls stóðu nefndafundir í 621 klukkustund og er meðaltalið 52 klukkustundir á nefnd. Eru þá ekki taldir aðrir fundir, svo sem meirihlutafundir. Á fundi nefndanna komu 1.817 gestir.

Alls var 287 málum vísað til fastanefnda þingsins og afgreiddu þær frá sér 158 mál. Samtals voru 185 þingmál send til umsagnar utan þings. Bárust nefndum þingsins 2.100 erindi um þingmál. Auk þessa hafa nefndir fjallað um mál að eigin frumkvæði og nokkrar nefndir hafa farið í vettvangsferðir á þessu þingi.

Í dag lýkur fundum Alþingis, á krossmessu á vori. Þingfrestun er í fyrra lagi vegna sveitarstjórnarkosninga sem fara fram 25. þessa mánaðar. Alþingi vill sýna sveitarstjórnum þá virðingu að hin pólitíska umræða í landinu næstu vikurnar snúist fyrst og fremst um sveitarstjórnarmál og að landsmálin og Alþingi skyggi ekki þar á.

Það er eftirtektarvert að hlutur kvenna fer vaxandi í forustu þingstarfanna. Konur fara nú með formennsku í 5 af 12 fastanefndum Alþingis og er það hærra hlutfall en fjöldi þeirra í þingmannahópnum segir til um. Við upphaf þessa kjörtímabils tók Arnbjörg Sveinsdóttir við formennsku í félagsmálanefnd og Þorgerður K. Gunnarsdóttir við formennsku í allsherjarnefnd og í ársbyrjun 2000 varð Jónína Bjartmarz formaður heilbrigðis- og trygginganefndar. Með stuttu millibili hafa síðan tvö karlavígi fallið. Drífa Hjartardóttir varð fyrst kvenna til að taka við embætti formanns landbúnaðarnefndar á seinasta hausti og fyrir stuttu var Sigríður A. Þórðardóttir kjörin formaður utanríkismálanefndar og er hún einnig fyrsta konan sem gegnir því embætti. Óska ég þeim til hamingju.

Við lok þinghaldsins vil ég þakka alþingismönnum fyrir samstarfið á þessu þingi. Ég vil færa varaforsetum sérstakar þakkir fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokka fyrir gott samstarf á þessu þingi. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[15:51]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Fyrir hönd alþingismanna vil ég flytja forseta kærar þakkir fyrir samstarfið í vetur og hlý orð í okkar garð. Það þing sem nú er að ljúka er óvenjustutt og ber eins og forseti greindi frá í ræðu sinni auðvitað svip af þeirri staðreynd að innan fárra vikna fara í hönd kosningar til sveitarstjórna.

Við höfum tekist á hér á Alþingi þetta árið eins og reyndin hefur verið frá fornu fari, en að lokum stöndum við upp sátt á kveðjustund þótt pólitískur ágreiningur skilji að sjálfsögðu oft að.

Ég vil að lokum færa forseta og fjölskyldu hans góðar kveðjur fyrir hönd okkar alþingismanna og starfsfólki Alþingis vil ég einnig þakka fyrir óhemjuþolinmæði, dugnað og umburðarlyndi í garð okkar. Bið ég þingmenn að taka undir góðar kveðjur til forseta Alþingis og fjölskyldu hans og þakkir til starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[15:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þm. fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis og óska þeim velfarnaðar.

[15:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frá 2. maí 2002 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 2. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi slitið kl. 15:53.